ALÞINGISTÍÐINDI

2008–2009

HUNDRAÐ ÞRÍTUGASTA OG SJÖTTA
LÖGGJAFARÞING

B

UMRÆÐUR

REYKJAVÍK
ODDI
2010

ISSN 1028-6063 Alþingistíðindi
ISSN 1017-3641 Þingskjöl
ISSN 1017-365X Umræður
ISSN 1026-3233 Efnisyfirlit

Skrifstofa Alþingis hefur annast útgáfu Alþingistíðindanna.

Skammstafanir

afgr. = afgreitt
allshn. (a) = allsherjarnefnd
alþm. = alþingismaður
Alþt. = Alþingistíðindi
aths. = athugasemd
atkv. = atkvæði
atkvgr. = atkvæðagreiðsla
ákv. til brb. = ákvæði til bráðabirgða
brbl. = bráðabirgðalög
breyt. = breyting
brtt. = breytingartillaga
db. = dagbókarerindi
dóms- og kirkjumrn. = dóms- og kirkjumálaráðuneyti
dómsmrh. = dómsmálaráðherra
dómsmrn. = dómsmálaráðuneyti
efh.- og skattan. (es) = efnahags- og skattanefnd
efnismgr. = efnismálsgrein
fél.- og trn. (ft) = félags- og tryggingamálanefnd
fél.- og trmrh.= félags- og tryggingamálaráðherra
fél.- og trmrn. = félags- og tryggingamálaráðuneyti
félmn. (fél) = félagsmálanefnd
félmrh. = félagsmálaráðherra
fjárln. (fl) = fjárlaganefnd
fjmrh. = fjármálaráðherra
fjmrn. = fjármálaráðuneyti
flm. = flutningsmaður
form. = formaður
forsn. = forsætisnefnd
forsrh. = forsætisráðherra
forsrn. = forsætisráðuneyti
Framsfl. (F) = Framsóknarflokkur
frávtill. = frávísunartillaga
frhnál. = framhaldsnefndarálit
Frjálsl. (Fl) = Frjálslyndi flokkurinn
frsm. = framsögumaður
frv. = frumvarp
frvgr. = frumvarpsgrein
fskj. = fylgiskjal
fsp. = fyrirspurn
fyrirsp. = fyrirspyrjandi
fyrrv. = fyrrverandi
gr. = grein
grg. = greinargerð
hagstrh. = ráðherra Hagstofu Íslands
heilbrn. (h) = heilbrigðisnefnd
heilbrrh. = heilbrigðisráðherra
heilbrrn. = heilbrigðisráðuneyti
hv. = háttvirtur
hæstv. = hæstvirtur
iðnn. (i) = iðnaðarnefnd
iðnrh. = iðnaðarráðherra
iðnrn. = iðnaðarráðuneyti
kirkjumrh. = kirkjumálaráðherra
kjörbn. (k) = kjörbréfanefnd
l. = lög
lagafrv. = lagafrumvarp
landbn. (l) = landbúnaðarnefnd
landbrh. = landbúnaðarráðherra
landbrn. = landbúnaðarráðuneyti
lögþ. = löggjafarþing
málsl. = málsliður
menntmn. (m) = menntamálanefnd
menntmrh. = menntamálaráðherra
menntmrn. = menntamálaráðuneyti
mgr. = málsgrein
Norðaust. (Na) = Norðausturkjördæmi
Norðvest. (Nv) = Norðvesturkjördæmi
nál. = nefndarálit
núv. = núverandi
Reykv. n. (Rn) = Reykjavíkurkjördæmi norður
Reykv. s. (Rs) = Reykjavíkurkjördæmi suður
rg. = reglugerð
rökst. = rökstudd
Samf. (Sf) = Samfylkingin
samgn. (sg) = samgöngunefnd
samgrh. = samgönguráðherra
samgrn. = samgönguráðuneyti
samstrh. = ráðherra norrænna samstarfsmála
samþ. = samþykkt
sbr. = samanber
sérn. = sérnefnd
shlj. = samhljóða
Sjálfstfl. (S) = Sjálfstæðisflokkur
sjútv.- og landbn (sl) = sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
sjútv.- og landbrh. = sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
sjútv.- og landbrn. = sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
sjútvn. (sj) = sjávarútvegsnefnd
sjútvrh. = sjávarútvegsráðherra
sjútvrn. = sjávarútvegsráðuneyti
skv. = samkvæmt
stafl. = stafliður
stjfrv. = stjórnarfrumvarp
stjskl. = stjórnarskipunarlög
stjskr. = stjórnarskrá
stjskrn. = stjórnarskrárnefnd
stjtill. = stjórnartillaga
Stjtíð. = Stjórnartíðindi
Suðurk. (Su) = Suðurkjördæmi
Suðvest. (Sv) = Suðvesturkjördæmi
till. = tillaga
tillgr. = tillögugrein
trmrh. = tryggingamálaráðherra
tölul. = töluliður
umhvn. (um) = umhverfisnefnd
umhvrh. = umhverfisráðherra
umhvrn. = umhverfisráðuneyti
umr. = umræða

utanrmn. (ut) = utanríkismálanefnd
utanrrh. = utanríkisráðherra
utanrrn. = utanríkisráðuneyti
útb. = útbýtt
viðskn. (v) = viðskiptanefnd
viðskrh. = viðskiptaráðherra
viðskrn. = viðskiptaráðuneyti
Vinstri gr. (Vg) = Vinstri hreyfingin – grænt framboð
vþm. = varaþingmaður
þál. = þingsályktun
þáltill. = þingsályktunartillaga
þm. = þingmaður
þmfrv. = þingmannafrumvarp
þmtill. = þingmannatillaga
þskj. = þingskjal

Alþingismenn
ArnbS = Arnbjörg Sveinsdóttir
AtlG = Atli Gíslason
ÁÓÁ = Ágúst Ólafur Ágústsson
ÁI = Álfheiður Ingadóttir
ÁJ = Árni Johnsen
ÁKÓ = Ármann Kr. Ólafsson
ÁMM = Árni M. Mathiesen
ÁMöl = Ásta Möller
ÁPÁ = Árni Páll Árnason
ÁRJ = Ásta R. Jóhannesdóttir
ÁÞS = Árni Þór Sigurðsson
BÁ = Birgir Ármannsson
BBj = Björn Bjarnason
BjarnB = Bjarni Benediktsson
BjH = Bjarni Harðarson
BJJ = Birkir J. Jónsson
BjörgvS = Björgvin G. Sigurðsson
BjörkG = Björk Guðjónsdóttir
EBS = Ellert B. Schram
EKG = Einar K. Guðfinnsson
EMS = Einar Már Sigurðarson
EyH = Eygló Harðardóttir
GAK = Guðjón A. Kristjánsson
GÁ = Guðni Ágústsson
GHH = Geir H. Haarde
GMJ = Grétar Mar Jónsson
GSB = Guðfinna S. Bjarnadóttir
GSv = Gunnar Svavarsson
GÞÞ = Guðlaugur Þór Þórðarson
GuðbH = Guðbjartur Hannesson
HHj = Helgi Hjörvar
HerdÞ = Herdís Þórðardóttir
HSH = Helga Sigrún Harðardóttir
HöskÞ = Höskuldur Þórhallsson
IllG = Illugi Gunnarsson
ISG = Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
JBjarn = Jón Bjarnason
JóhS = Jóhanna Sigurðardóttir
JónG = Jón Gunnarsson
JM = Jón Magnússon
KHG = Kristinn H. Gunnarsson
KJak = Katrín Jakobsdóttir
KaJúl = Katrín Júlíusdóttir
KLM = Kristján L. Möller
KolH = Kolbrún Halldórsdóttir
KÓ = Kjartan Ólafsson
KVM = Karl V. Matthíasson
KÞJ = Kristján Þór Júlíusson
LB = Lúðvík Bergvinsson
MS = Magnús Stefánsson
ÓN = Ólöf Nordal
PHB = Pétur H. Blöndal
REÁ = Ragnheiður E. Árnadóttir
RR = Ragnheiður Ríkharðsdóttir
SF= Siv Friðleifsdóttir
SJS = Steingrímur J. Sigfússon
SKK = Sigurður Kári Kristjánsson
StB = Sturla Böðvarsson
SVÓ Steinunn Valdís Óskarsdóttir
VS = Valgerður Sverrisdóttir
ÞBack = Þuríður Backman
ÞKG = Þorgerður K. Gunnarsdóttir
ÞSveinb = Þórunn Sveinbjarnardóttir
ÖJ = Ögmundur Jónasson
ÖS = Össur Skarphéðinsson

Varaþingmenn
AKG = Anna Kristín Gunnarsdóttir
BVG = Björn Valur Gíslason
DPál = Dögg Pálsdóttir
GStein = Guðmundur Steingrímsson
GuðmM = Guðmundur Magnússon
KHeim = Kristrún Heimisdóttir
MÁ = Mörður Árnason
RGuðb = Rósa Guðbjartsdóttir
RM = Róbert Marshall
RÓ = Ragnheiður Ólafsdóttir
SÁA = Sigríður Á. Andersen
SigÞ = Sigurður Pétursson
SÖE = Samúel Örn Erlingsson

Skammstafanir þessar tákna og orðin í fleirtölu og öllum beygingarföllum.

ÞINGSETNINGARFUNDUR

miðvikudaginn 1. október

Árið 2008, miðvikudaginn 1. október, var hundrað þrítugasta og sjötta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það hundraðasta og ellefta aðalþing í röðinni en hundrað fimmtugasta og fyrsta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Anna Sigríður Pálsdóttir, sóknarprestur við Dómkirkjuna, predikaði og þjónaði fyrir altari ásamt biskupi Íslands, herra Karli Sigurbjörnssyni. Séra Anna Sigríður lagði út af Mattheusarguðspjalli 5:13–16.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Norðaust.
2. Atli Gíslason, 7. þm. Suðurk.
3. Ágúst Ólafur Ágústsson, 4. þm. Reykv. s.
4. Álfheiður Ingadóttir, 11. þm. Reykv. s.
5. Ármann Kr. Ólafsson, 4. þm. Suðvest.
6. Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
7. Árni Johnsen, 6. þm. Suðurk.
8. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðurk.
9. Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
10. Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
11. Ásta Möller, 7. þm. Reykv. s.
12. Birgir Ármannsson, 9. þm. Reykv. s.
13. Birkir J. Jónsson, 6. þm. Norðaust.
14. Bjarni Benediktsson, 3. þm. Suðvest.
15. Bjarni Harðarson, 8. þm. Suðurk.
16. Björgvin G. Sigurðsson, 2. þm. Suðurk.
17. Björk Guðjónsdóttir, 9. þm. Suðurk.
18. Björn Bjarnason, 6. þm. Reykv. s.
19. Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Norðvest.
20. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
21. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv. n.
22. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
23. Grétar Mar Jónsson, 10. þm. Suðurk.
24. Guðbjartur Hannesson, 2. þm. Norðvest.
25. Guðfinna S. Bjarnadóttir, 3. þm. Reykv. n.
26. Guðjón A. Kristjánsson, 6. þm. Norðvest.
27. Guðlaugur Þór Þórðarson, 1. þm. Reykv. n.
28. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
29. Gunnar Svavarsson, 2. þm. Suðvest.
30. Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n.
31. Herdís Þórðardóttir, 8. þm. Norðvest.
32. Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
33. Illugi Gunnarsson, 3. þm. Reykv. s.
34. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 2. þm. Reykv. s.
35. Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv. n.
36. Jón Bjarnason, 4. þm. Norðvest.
37. Jón Gunnarsson, 7. þm. Suðvest.
38. Jón Magnússon, 10. þm. Reykv. s.
39. Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest.
40. Katrín Jakobsdóttir, 4. þm. Reykv. n.
41. Katrín Júlíusdóttir, 5. þm. Suðvest.
42. Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurk.
43. Kolbrún Halldórsdóttir, 5. þm. Reykv. s.
44. Kristinn H. Gunnarsson, 9. þm. Norðvest.
45. Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
46. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
47. Lúðvík Bergvinsson, 5. þm. Suðurk.
48. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
49. Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.
50. Pétur H. Blöndal, 6. þm. Reykv. n.
51. Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvest.
52. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.
53. Sigurður Kári Kristjánsson, 8. þm. Reykv. n.
54. Siv Friðleifsdóttir, 10. þm. Suðvest.
55. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðaust.
56. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 10. þm. Reykv. n.
57. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
58. Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðaust.
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 1. þm. Suðvest.
60. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 8. þm. Suðvest.
61. Þuríður Backman, 8. þm. Norðaust.
62. Ögmundur Jónasson, 6. þm. Suðvest.
63. Össur Skarphéðinsson, 2. þm. Reykv. n.

Forseti Íslands setur þingið.

[14:12]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Hinn 19. september 2008 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október 2008.

Um leið og ég birti þetta er öllum sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 19. september 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson.

_____

Geir H. Haarde.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman miðvikudaginn 1. október 2008.“

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég því yfir að Alþingi Íslendinga er sett.

Þegar alþingismenn koma á ný saman til fundar dvelur hugur okkar hjá hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, og héðan fylgja henni góðar óskir um skjótan bata.

Þótt Alþingi sé í eðli sínu vettvangur þar sem glímt er um stefnur og stjórnarhætti eru samkennd og vinarþel svip-

mót hinnar kjörnu sveitar þegar heilsa brestur eða óvænt áföll ber að garði. Sóknarkraftur landsmanna á sér rætur í samstöðu sem hér hefur myndast og þjóðin þá náð að fagna merkum áföngum í sögu sinni.

Sjálfstæðisbaráttan og lýðveldistíminn eru til vitnis um að grundvöllurinn var einkum traustur þegar saman fóru þjóðarhreyfing og breiður stuðningur meðal alþingismanna.

Hollt er nú þegar við siglum um úfinn sjó, öldurót er í efnahagsmálum, bæði hér heima og erlendis, að sækja lærdóma í baráttuna fyrir þeim sigrum í sögu landsins sem reynst hafa einna stærstir, lærdóma sem eru vegvísar um að víðsýni og stjórnviska leiða jafnan til farsælla lausna þegar þjóðin öll er samferða forustumönnum, þegar vissan um réttlæti og góðan málstað er í hávegum höfð.

Við minnumst um þessar mundir tveggja slíkra áfanga sem færðu Íslendingum aukinn rétt; fullveldi í eigin málum og forræði yfir miðunum við strendur landsins.

Í september voru 50 ár frá því landhelgin var færð út í 12 mílur og Íslendingar hófu baráttu við ofurefli sem þó lauk með sigri þjóðarinnar. Innan tíðar, 1. desember, verða 90 ár liðin frá því að þjóðin varð fullvalda — „sovereign“ eins og það er nefnt á ýmsum tungum. Sjálfstæðisbaráttan, löng og ströng, hafði skilað Íslendingum valdi sem um aldir hafði verið á hendi erlendra herra.

Það er fróðlegt að rifja upp hve stór stundin var í desember 1918 þegar margmenni safnaðist saman um hádegisbil við Stjórnarráðshúsið. *Ísafold* greindi frá því að fjöldinn hefði skipt þúsundum.

Sigurður Eggerz ráðherra minntist í ræðu sinni þeirra sem leitt höfðu þjóðina til þessarar sigurstundar en sagði svo: „Það eru ekki aðeins stjórnmálamennirnir, er miklu ráða um mál þjóðarinnar, sem skapa hina nýju sögu, nei, það eru allir. Bóndinn, sem stendur við orfið og ræktar jörð sína, hann á hlutdeild í þeirri sögu, daglaunamaðurinn, sem veltir steininum úr götunni, hann á hlutdeild í þeirri sögu, sjómaðurinn, sem situr við árarkeipinn, hann á þar hlutdeild. Allir, sem inna lífsstarf sitt af hendi með alúð og samviskusemi, auka veg hins íslenska ríkis. Og sú er skylda vor allra.“

Fagnaðaraldan reis hátt um landið allt. *Morgunblaðið* birti á forsíðu kröftuga ritstjórnargrein. Þar voru tímamótin túlkuð með þessum orðum:

„Í dag sest íslenska þjóðin á bekk með fullvalda þjóðum heimsins. Stjórnmálabarátta vor hefir verið framsóknarbarátta í meira en heila öld. Stig af stigi hafa leiðtogar vorir fært þjóðina nær takmarkinu, sem hún nú er komin að. Verslunarfrelsi, sérmálalöggjöf og fjárforræði, innlend stjórn, heimaháni — allt eru þetta merkissteinar við þá braut, sem þjóðin hefir fetað til fullveldisins.“

Síðar í greininni áréttaði blaðið þessa sýn á hin sögulegu þáttaskil:

„Í dag fá Íslendingar það hlutverk, að halda uppi sæmd yngsta ríkisins í heiminum. Og vonandi finnur öll þjóðin til vandans, sem þeirri vegsemd fylgir, til ábyrgðarhlutans, sem fallinn er oss í skaut með sambandslögunum nýju. Það er eigi minna um vert, að kunna að gæta fengins fjár en að afla þess. Og því er það, að svo áríðandi og mikilsvert sem oss hefir verið starf vitrustu og bestu manna þjóðarinnar í baráttunni fyrir réttinum, þá er hitt eigi síður vandi, að gæta réttarins. Aldrei hefir þjóðinni fremur en nú riðið á að eiga vitra menn og góða til þess, að verja lífi sínu og orku í þágu þjóðar sinnar.“

Slíkur var dómurinn og þúsundir fögnuðu þessum tímamótum með ferföldum húrrahrópum; íslenskir fánar dregnir að húni um allan bæ.

Já, þessi dagur var sannarlega sigurdagur, hinn merkasti á vegferð þjóðarinnar, deilir með 17. júní öndvegi í sjálfstæðissögu Íslendinga. Hvernig má það þá vera að hann hefur smátt og smátt vikið úr hugum okkar, orðið hversdagslegur, glatað hátíðarbrag — jafnvel skólar, sem lengi vel minntust hans, eru flestir hættir að veita honum sérstakan sess? Höfum við efni á að glata slíkum dögum — að gleyma sigri sem var draumur þjóðar, kynslóðanna sem báru í hjarta heita von um fullan rétt, kynslóðanna sem helguðu sjálfstæðisbaráttunni krafta sína? Sæmir það minningu þeirra fjölmörgu alþingismanna sem voru í fararbroddi baráttunnar fyrir frelsi að týna 1. desember í glatkistu hversdagsleikans eins og við höfum að mestu gert? Að vísu hefur verið gleðiefni á síðari árum að fagna þingheimi á Bessastöðum að kvöldi þessa dags en slíkur fagnaður er á engan hátt nægileg þakkargjörð.

Við þurfum að færa þjóðinni 1. desember á ný; sameinast um atburðaskrá helgaða baráttunni sem dagurinn táknar og nýta hann um leið til að líta fram á veg, meta stöðu þjóðarinnar í ljósi hugsjónanna sem gerðu fullveldisdaginn 1. desember 1918 að einstæðri sigurstundu Íslendinga.

Oft var þörf en nú og á komandi tímum er brýn nauðsyn að við eignumst slíkan samræðuvettvang, umræðufarveg þar sem grunngildi Íslendinga kallast á við verkefni dagsins, vandamálin sem bíða lausnar.

Ég heiti á Alþingi að taka nú forustu í þessum efnum, veita 1. desember þá virðingu sem honum ber og gera það í tæka tíð fyrir aldarafmæli fullveldisins 2018.

Þjóðin mun örugglega taka slíku frumkvæði vel, skólar landsins, fjölmiðlar og almannasamtök; gleðjast yfir því að geta í upphafi desember ár hvert hugað að sögu og framtíð um leið og við hefjum undirbúning að hátíð ljóss og friðar.

Fullveldisdagurinn 1. desember og þjóðhátíðin 17. júní eru áminning til okkar allra um hve erfið og langvarandi sjálfstæðisbaráttan var í raun. Samt þurfti áfram að sækja á brattann. Undirstöðurnar voru veikar, efnahagurinn einhæfur, byggðist að mestu á aflabrögðum. Fljótlega varð lýðum ljóst að formlegu réttindin mundu duga skammt ef fjárhagurinn yrði áfram þröngur, ef tækifæri til útflutnings yrðu takmörkuð, ef sjávarafli gæti ekki aukist allverulega.

Hinu unga lýðveldi var þröngur stakkur skorinn, erlendur togarafloti drottnaði á heimamiðum, útgerðir í Hull og Grimsby og hafnarborgum meginlandsins hirtu arðinn af Íslendingum. Það var óvissu háð hvort lýðveldið gæti framfleytt sér, hvort sjálfstæðið yrði raunverulegt eða innantómt.

Fyrir fáeinum vikum voru 50 ár liðin síðan landhelgin var færð út í 12 mílur og átök, oft og tíðum tvísýn, hófust við hið erlenda hervald, glíma sem með réttu má nefna nýja sjálfstæðisbaráttu Íslendinga — leiðangur til að treysta lýðveldið í sessi, koma í veg fyrir að það brotnaði saman vegna arðráns útlendinga á íslenskum miðum.

Við vitum nú að sigur vannst, en fyrir hálfri öld voru úr-

slitin óviss. Aðstæður í veröldinni voru andsnúnar Íslendingum. Hin gömlu nýlenduveldi töldu sig ráða úthöfunum og flotar þeirra höfðu lengi herjað á miðin við strendur Íslands.

Það þurfti framsýna forustusveit til að ákveða útfærslu landhelginnar, leiðtoga sem höfðu kjark til að ganga gegn vilja voldugra ríkja. Fólkið í landinu stóð einhuga að baki þeim, skildi að hin nýja sjálfstæðisbarátta var ekki síður brýn en sú sem Fjölnismenn og Jón Sigurðsson hófu á sínum tíma. Alþingi Íslendinga var á þessum árum og einnig síðar, þegar stefnan var sett á 50 mílur og svo 200, í senn bakhjarl og vettvangur baráttunnar. Hingað sótti forustusveit þjóðarinnar umboð sitt og þingmenn þekktu vel hugsjónaanda og framtíðarsýn sem á fyrri tímum höfðu mótað sjálfstæðisbaráttuna, en voru um leið gjörkunnugir í sjávarplássum, vissu að rétturinn til fiskveiða var ekki aðeins lífsbjörg fólksins heldur líka undirstaða framfaranna. Án ákvarðana Alþingis hefði landhelgisbaráttunni aldrei verið ýtt úr vör. Sigrarnir sem unnust voru í senn Alþingis og þjóðarinnar.

Það er því líkt og með 1. desember einkum hlutverk Alþingis að tryggja að hin merka saga um útfærslu landhelginnar, þekkingin á þeim tímabilum sem við nefnum landhelgisstríðin, verði þjóðinni ávallt nákomin, að um alla framtíð sæki kynslóðir vísdóm og kraft í lýsingar á þessum örlagatímum hins íslenska lýðveldis.

Aðrar þjóðir gera vel við slík tímabil í sögu sinni, reisa jafnvel sérstök söfn til að heiðra þá sem voru í fararbroddi og fjöldann sem fórnaði miklu, efla sýningar- og fræðastarf sem skila þekkingu til hinna ungu.

Vissulega var það áfangi á þessari vegferð þegar varðskipið Óðinn var í sumar afhent Sjóminjasafninu í Reykjavík. Það var góður grunnur en frekari þakkargjörð þarf að færa sjómönnum á fiskiskipum, áhöfnum varðskipanna, þeirri þingmannasveit sem fyrir hálfri öld og síðar reisti burðarstoðir þeirrar velferðar sem við njótum nú.

Það er erfitt fyrir unga kynslóð sem þekkir eingöngu allsnægtir og alþjóðahyggju okkar tíma að gera sér í hugarlund hve erfiðar aðstæður blöstu við þegar Alþingi ákvað að hefja baráttu fyrir útfærslu landhelginnar, hve mikill mótbyrinn var víðast hvar í veröldinni.

Sé slíkt samhengi haft að leiðarljósi, lærdómar dregnir af langvarandi baráttu fyrir fullveldi og forræði yfir miðum landsins, sést glöggt að vandamálin sem nú kalla á farsælar lausnir eru á engan hátt meiri að vöxtum en erfiðleikar á fyrri tímum, gefa hvorki tilefni til uppgjafar né örþrifaráða. Þvert á móti er þjóðin nú ríkulega búin að auðlindum, fjölþættri menntun og margþættri reynslu, nýtur velvildar hjá öllum ríkjum.

En þessi saga kennir okkur líka að djúpstæð vissa um að réttlæti og hagur allra, sanngirni og samstaða séu höfð að leiðarljósi, að lýðræðisleg umfjöllun og aðhald ráði för, hafa verið og verða ávallt forsendur þess að gagnkvæmt traust ríki milli þings og þjóðar og landsmenn skipi sér að baki stefnunni sem hér er mótuð.

Í anda þeirra hugsjóna bið ég alþingismenn að rísa á fætur og minnast ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og forsætisráðherra, **Geir H. Haarde,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

[Strengjakvartett flutti lagið *Hver á sér fegra föðurland.*]

[14:31]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti Íslands, háttvirtir alþingismenn. Megi störf Alþingis, 136. löggjafarþings, sem er að hefjast, verða landi og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna heilsa ég starfsfólki Alþingis og vænti þess að við megum eiga góða samvinnu við það eins og endranær.

Minning Jósefs H. Þorgeirssonar.

[14:31]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Jósef H. Þorgeirsson, fyrrverandi framkvæmdarstjóri og alþingismaður, lést 23. september. Hann var 72 ára að aldri.

Jósef Halldór Þorgeirsson fæddist á Akranesi 16. júlí 1936. Foreldrar hans voru hjónin Svanlaug Sigurðardóttir húsmóðir og Þorgeir Jósefsson forstjóri. Jósef átti ævilangt heimili á Akranesi.

Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1956 og eftir ársnám í Dartmouth College í Bandaríkjunum hóf hann að lesa lög í Háskóla Íslands og lauk lögfræðiprófi 1963. Síðar fékk hann réttindi sem héraðsdómslögmaður.

Jósef H. Þorgeirsson starfaði við fyrirtæki föður síns, Dráttarbraut Akraness og vélsmiðjuna Þorgeir og Ellert hf., á Akranesi eftir að námi hans lauk og rak jafnframt þá, og eins síðar, lögfræðiskrifstofu á Akranesi.

Áhugi Jósefs á stjórnmálum og félagsmálastörfum hófst þegar á unga aldri. Hann var formaður Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta 1958–1959 og varð síðar virkur í starfi Sjálfstæðisflokksins á Akranesi allt til dauðadags. Hann var kjörinn bæjarfulltrúi þar 1966 og sat í fjögur kjörtímabil, eða 16 ár. Sat hann í fjölmörgum nefndum og stjórnum á vegum Akranessbæjar. Hann var árin 1975–1979 í stjórn Íslenska járnblendifélagsins hf. og í stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar frá 1979 þar sem hann beitti sér fyrir þeirri mikilvægu framkvæmd að tryggja virkjun jarðvarma Deildartunguhvers til hagsbóta fyrir íbúa héraðsins. Það var því á grunni reynslu úr atvinnulífi og löngu flokksstarfi að hann vann til sætis ofarlega í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Vesturlandskjördæmi haustið 1977 og var svo í kosningunum sumarið 1978 kosinn á Alþingi sem landskjörinn alþingismaður. Hann var endurkjörinn í kosningunum í desember 1979 en kaus að draga sig í hlé og var ekki í framboði á ný við kosningarnar vorið 1983. Hann sat á sex þingum alls.

Eftir að þingmennsku lauk varð Jósef á ný framkvæmdastjóri hjá Þorgeiri og Ellerti hf. fram til ársins 1991. Hann var á þeim árum formaður Félags dráttarbrauta og skipasmiðja, formaður Sambands málm- og skipasmiðja og sat í framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Ís-

lands. Síðustu starfsár sín, frá 1995 til 2004, var hann deildarstjóri í samgönguráðuneytinu.

Jósef H. Þorgeirsson var áberandi í atvinnulífi á Akranesi og átti góðan hlut í þeim umsvifum sem þar voru í skipasmíðaiðnaði, einkum á 7., 8. og fram á 9. áratug síðustu aldar, samfellt um aldarfjórðungsskeið. Hann var mælskur á fundum, einstaklega orðheppinn, ágætlega ritfær og öflugur forustumaður síns flokks í bæjarfélaginu. Vinsælda og trausts samferðarmanna sinna naut hann, var einstakur sögumaður, hrókur alls fagnaðar á mannamótum og var lengi forustumaður Lions-hreyfingarinnar á Íslandi. Í störfum sínum fyrir samgönguráðuneytið, ráðuneyti siglingamála, naut hann reynslu sinnar af vettvangi skipasmíðaiðnaðarins og margháttaðra samskipta við sjómenn og útvegsmenn.

Ég bið þingheim að minnast Jósefs H. Þorgeirssonar, fyrrverandi alþingismanns, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[Strengjakvartett flutti lagið *Ísland ögrum skorið*.]

Ávarp forseta Alþingis.

[14:38]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Ég býð háttvirta alþingismenn og gesti við þessa athöfn velkomna til þingsetningar á þessum fagra haustdegi. Vindurinn blés að vísu aðeins um okkur þegar við gengum milli Dómkirkjunnar og Alþingishússins en það er ef til vill táknrænt fyrir þann mótbyr sem við eigum nú við að glíma í efnahagslífi okkar. Það er von mín að við berum gæfu til að taka með farsælum hætti á þeim stóru verkefnum sem bíða okkar á næstu vikum og mánuðum. Hugur okkar dvelur hjá utanríkisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, og hef ég sent henni kveðju þingsins.

Á undanförnum árum höfum við gert margar endurbætur á lagasetningarferlinu og bætt starfsaðstöðu alþingismanna að mörgu leyti. Ég tel því orðið tímabært að fram fari endurskoðun á þeim lagareglum sem gilda um þingeftirlitið. Í júní sl. samþykkti forsætisnefnd að skipa nefnd til að fara yfir gildandi lagareglur um eftirlitshlutverk Alþingis og leggja mat á hvort breytinga sé þörf í ljósi þróunar í samfélaginu. Ég skipaði þriggja manna sérfræðinganefnd til að sinna fyrsta hluta þessa verkefnis og mun nefndin skila skýrslu fyrir þinglok. Það kemur svo í hlut okkar stjórnmálamannanna að marka stefnuna í þessum efnum. Ég tel að slík endurskoðun á lagareglum er gilda um eftirlitshlutverk Alþingis sé í takt við þær veigamiklu breytingar sem orðið hafa á ýmsu regluverki er varðar stjórnsýslu ríkisins. Í því sambandi má nefna þau framfaraspor sem stigin voru með því að færa Ríkisendurskoðun undir Alþingi og með stofnun embættis umboðsmanns Alþingis svo og með stjórnsýslulögum og upplýsingalögum.

Þegar hugað er að eftirlitshlutverki Alþingis tel ég að efla þurfi það eftirlit sem fram fer á vegum fastanefnda þingsins. Þáttur í því er að skapa möguleika á að nefndir geti haldið einstaka nefndarfundi fyrir opnum tjöldum. Forsætisnefnd setti í vor reglur um opna nefndarfundi. Samkvæmt þeim reglum getur fastanefnd óskað eftir því að ráðherrar, forstöðumenn sjálfstæðra ríkisstofnana og fulltrúar hagsmunaaðila komi á opna fundi og veiti nefndinni upplýsingar. Væntanlega yrðu slíkir fundir einkum bundnir við mál sem vega þungt í þjóðfélagsumræðunni hverju sinni og áfram verður meginreglan sú að vinnufundir nefndanna verði lokaðir.

Ég tel að með opnum nefndarfundum sé stigið mjög þýðingarmikið skref sem eigi eftir að breyta ásýnd þingsins sem eftirlitsaðila og styrkja störf þess. Með opnum fundum verður eftirlit Alþingis sýnilegra og skapar betri möguleika á því að gefa almenningi kost á fylgjast með þeim viðfangsefnum sem eru til umfjöllunar á þinginu. Um leið er skapaður opinn vettvangur fyrir skoðanaskipti milli þingmanna og aðila í þjóðfélaginu sem aldrei væri mögulegt að fram færu í þingsal þar sem þingmenn einir hafa aðgang.

Fyrsta skrefið verður stigið í þessa átt við upphaf haustþings. Það skiptir miklu að vel takist til og framkvæmdin verði í góðri sátt.

Varðandi önnur atriði í nefndarstarfinu vil ég fyrst nefna að svigrúm nefnda til fundarstarfa er oft mjög þröngt. Það er þess vegna nauðsynlegt að gefa nefndum rýmri tíma í störfum Alþingis. Ég tel að meta þurfi hvort fækka ætti nefndum þannig að hver nefnd hefði möguleika á tíðari og lengri nefndarfundum eftir þörfum og meiri samfella ríkti í störfum þeirra. Þetta mundi um leið jafna álagið á nefndirnar og hægt væri að veita hverri nefnd betri starfsaðstöðu. Annað atriði sem þarf að huga að er hvernig bæta megi upplýsingaþjónustu fyrir þingmenn í nefndarstarfinu. Nú njóta þingmenn góðrar aðstoðar upplýsinga- og rannsóknarþjónustu skrifstofunnar. Það er hins vegar ljóst að vaxandi eftirspurn er eftir þessari þjónustu og þá ekki síst í tengslum við störf þingmanna í nefndunum.

Þá vil ég nefna hversu mikilvægt það er að nefndir geti nýtt sér að fullu sína föstu fundartíma. Stundum gerist það því miður að nefndir hafa fá verkefni vikum saman fyrri hluta þings þar sem boðuð stjórnarfrumvörp koma seint fram. Úr þessu verður ekki bætt nema með því að ríkisstjórnin hraði framlagningu þeirra mála sem hún hyggst fá afgreidd á löggjafarþinginu. Um þetta atriði hef ég þegar ritað ríkisstjórn bréf og vænti þess að hægt verði að sameinast um úrbætur í þessum efnum. Með slíku má bæta vinnubrögð Alþingis og minnka það álag og tímahrak sem oft vill verða þegar mörg mál bíða umræðu og afgreiðslu á síðustu dögum þingsins eins og hv. þingmenn þekkja.

Það hefur löngum verið gagnrýnt að nefndir þingsins liggi á þingmannamálum og að þær afgreiði þau ekki frá sér nema í undantekningartilvikum. Í reynd hafa tiltölulega fá þingmannamál verið afgreidd á hverju þingi og hefur svo verið um langt skeið. Það hefur yfirleitt bitnað jafnt á málum stjórnarþingmanna og þingmanna stjórnarandstöðu.

Ég er þeirrar skoðunar að tímabært sé orðið að gera hér breytingu á. Eðlilegt er að nefndir starfi þannig að öll mál sem til þeirra er vísað fái afgreiðslu úr nefnd, hvort sem meirihlutastuðningur er við að samþykkja mál eða ekki í nefndinni. Það er hlutverk Alþingis sjálfs á þingfundi að taka afstöðu til endanlegrar afgreiðslu þessara mála. Þingið á að vera ófeimið við fella slík mál sem meiri hluti þingmanna styður ekki eða þurfa betri tíma og kannski hentugri tíma. Auðvitað á þingið ekki síður að veita þeim þing-

mannamálum brautargengi sem meiri hluti er talinn vera fyrir. Það mætti hugsa sér einhverja vinnureglu sem fælist í því að þingmannamál sem lögð eru fram fái afgreiðslu í nefnd á kjörtímabilinu.

Breyting sem þessi leiðir til þess að álag á þingfundum mun eitthvað aukast en á móti mætti hugsanlega breyta þingsköpum til þess að gera mögulegt að hægt sé knýja fram afstöðu þingsins án þess að afgreiðsla þingmannamála taki allt of mikinn umræðutíma. Um þessa breytingu vil ég ræða við forustumenn þingflokkanna og ég hygg að við ættum að ná vel saman um lagfæringu á þessu sviði til að treysta stöðu þingsins sem meginvettvangs pólitískrar umræðu og skapa jafnframt festu við afgreiðslu mála sem einstakir þingmenn flytja.

Þessum þingfundi verður nú brátt frestað og vil ég biðja þingmenn og gesti að þiggja veitingar í tilefni dagsins í Skála Alþingis. Þingflokksfundir hefjast kl. 3.40.

Ég bið hæstv. forsætisráðherra að ganga með mér til Skála.

Þessum fundi verður nú frestað til kl. 4.

Fundi frestað kl. 14:47.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

miðvikudaginn 1. október,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning 5. varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
2. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Fjarvistarleyfi:

Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv. n.
Guðfinna S. Bjarnadóttir, 3. þm. Reykv. n.

Varamenn taka þingsæti.

[16:05]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og forseti hefur tilkynnt á vef Alþingis hóf Ragnheiður E. Árnadóttir, 12. þm. Suðvest., fæðingarorlof 25. september sl. Sæti hennar á Alþingi tók frá og með þeim degi Rósa Guðbjartsdóttir bæjarfulltrúi, 1. varamaður Sjálfstæðisflokks í kjördæminu. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin.

Formaður þingflokks Samfylkingarinnar, Lúðvík Bergvinsson, hefur ritað mér bréf um veikindaforföll utanríkisráðherra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttir, 2. þm. Reykv. s., og óskar þess að 2. varamaður flokksins í kjördæminu, Kristrún Heimisdóttir, taki sæti hennar á Alþingi á meðan.

Enn fremur hefur mér borist bréf frá Merði Árnasyni, 1. varamanni á lista Samfylkingarinnar í kjördæminu, um að hann geti ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni. Kjörbréf Kristrúnar Heimisdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á þingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[16:06]

Útbýting:

Fjárlög 2009, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.

Kosning 5. varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

[16:07]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dagsett í gær, 30. september, frá Magnúsi Stefánssyni, 3. þm. Norðvest. og 5. varaforseta Alþingis:

„Þar sem samkomulag liggur fyrir milli þingflokka stjórnarandstöðu um skiptingu embætta á þessu kjörtímabili sem felur það í sér að þingflokkur Frjálslynda flokksins eigi varaforseta í stað þingflokks Framsóknarflokksins á 136. löggjafarþingi, sem hefst 1. október 2008, segi ég af mér sem 5. varaforseti Alþingis svo að fram geti farið kosning nýs varaforseta í minn stað samkvæmt því samkomulagi sem áður er nefnt.“

Samkvæmt þessu bréfi leggur forseti til að fram fari kosning 5. varaforseta. Mér hefur borist ein tilnefning, um 9. þm. Norðvest., Kristin H. Gunnarsson. Þar sem ekki eru fleiri tilnefndir en kjósa skal lýsi ég Kristin H. Gunnarsson réttkjörinn sem 5. varaforseta Alþingis. Ég óska honum til hamingju með kosninguna og allra heilla í starfi.

Tilkynning um stjórn þingflokks.

[16:08]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hefur tilkynning frá þingflokksformanni Frjálslynda flokksins um að á þingflokksfundi 29. september sl. hafi Jón Magnússon verið kjörinn formaður þingflokksins, Kristinn H. Gunnarsson varaformaður og Grétar Mar Jónsson meðstjórnandi.

Mannabreytingar í nefndum.

[16:08]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseta hefur borist eftirfarandi tilkynning frá þingflokksformanni Framsóknarflokksins um mannabreytingar í nefndum þingsins, samanber 16. gr. þingskapa. Magnús Stefánsson tekur sæti Guðna Ágústssonar í samgöngunefnd Alþingis.

Þessi mannabreytinga skoðast samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Umræða um stefnuræðu forsætisráðherra.

[16:08]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Stefnuræða forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, samanber 73. gr. þingskapa, verður flutt annað kvöld og hefst umræðan kl. 7.50 síðdegis, tíu mínútum fyrir átta. Samkomulag er um fyrirkomulag umræðunnar. Umferðir verði þrjár, tólf mínútur, sex mínútur og fimm mínútur en forsætisráðherra hefur 20 mínútur til framsögu. Umræðunni lýkur rétt fyrir klukkan tíu.

Afbrigði um dagskrármál.

[16:09]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Leita þarf afbrigða frá þingsköpum, þ.e. lokamálsgrein 3. gr. þingskapa, um hvernig hluta skal um sæti þingmanna þannig að hv. þm. Helgi Hjörvar geti fengið sæti sem honum hentar. Það er sæti nr. 32.

Enn fremur hefur orðið samkomulag milli forseta og formanna þingflokka um að leggja til að tekin verði frá sæti næst inngangi í salnum fyrir formennina en þeir draga innbyrðis um þessi sæti. Skoðast þau afbrigði samþykkt ef enginn hreyfir andmælum. Það er samþykkt.

Samkvæmt þessu hefur Helgi Hjörvar sæti nr. 32 en síðan fá þingflokksformennirnir sæti svo sem hér segir: Arnbjörg Sveinsdóttir sæti 44, Jón Magnússon sæti 23, Lúðvík Bergvinsson sæti 22, Siv Friðleifsdóttir sæti 8 og Ögmundur Jónasson sæti 45.

Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:

1. sæti er sæti forseta.
2. sæti hlaut Árni Páll Árnason.
3. sæti hlaut Kjartan Ólafsson.
4. sæti hlaut Björk Guðjónsdóttir.
5. sæti hlaut Katrín Júlíusdóttir.
6. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
7. sæti hlaut Illugi Gunnarsson.
8. sæti hlaut Siv Friðleifsdóttir.
9. sæti hlaut Gunnar Svavarsson.
10. sæti hlaut Höskuldur Þórhallsson.
11. sæti hlaut Birgir Ármannsson.
12. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
13. sæti hlaut Jón Bjarnason.
14. sæti hlaut Grétar Mar Jónsson.
15. sæti hlaut Atli Gíslason.
16. sæti hlaut Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
17. sæti hlaut Ólöf Nordal.
18. sæti hlaut Árni Þór Sigurðsson.
19. sæti hlaut Kolbrún Halldórsdóttir.
20. sæti hlaut Ágúst Ólafur Ágústsson.
21. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
22. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
23. sæti hlaut Jón Magnússon.
24. sæti hlaut Valgerður Sverrisdóttir.
25. sæti hlaut Ármann Kr. Ólafsson.
26. sæti hlaut Karl V. Matthíasson.
27. sæti hlaut Ragnheiður E. Árnadóttir.
28. sæti hlaut Magnús Stefánsson.
29. sæti hlaut Álfheiður Ingadóttir.
30. sæti hlaut Guðfinna S. Bjarnadóttir.
31. sæti hlaut Sturla Böðvarsson.
32. sæti hlaut Helgi Hjörvar.
33. sæti hlaut Guðni Ágústsson.
34. sæti hlaut Kristján Þór Júlíusson.
35. sæti hlaut Einar Már Sigurðarson.
36. sæti hlaut Birkir J. Jónsson.
37. sæti er sæti varamanns.
38. sæti er sæti varamanns.
39. sæti hlaut Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
40. sæti hlaut Árni Johnsen.
41. sæti hlaut Guðbjartur Hannesson.
42. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
43. sæti hlaut Guðjón A. Kristjánsson.
44. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir.
45. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
46. sæti hlaut Bjarni Harðarson.
47. sæti hlaut Herdís Þórðardóttir.
48. sæti hlaut Ellert B. Schram.
49. sæti hlaut Sigurður Kári Kristjánsson.
50. sæti hlaut Katrín Jakobsdóttir.
51. sæti er sæti varamanns.
52. sæti er sæti varamanns.
53. sæti hlaut Jón Gunnarsson.
54. sæti hlaut Þuríður Backman.
55. sæti hlaut Bjarni Benediktsson.
56. sæti hlaut Ásta Möller.
57. sæti er sæti varamanns.
58. sæti er sæti samgönguráðherra.
59. sæti er sæti sjávarútvegsráðherra.
60. sæti er sæti menntamálaráðherra.
61. sæti er sæti dómsmálaráðherra.
62. sæti er sæti utanríkisráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármálaráðherra.
65. sæti er sæti félagsmálaráðherra.
66. sæti er sæti iðnaðarráðherra.
67. sæti er sæti umhverfisráðherra.
68. sæti er sæti viðskiptaráðherra.
69. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.

Fundi slitið kl. 16:20.

2. FUNDUR

fimmtudaginn 2. október,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:
Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

Fjarvistarleyfi:
Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv. n.
Guðfinna S. Bjarnadóttir, 3. þm. Reykv. n.
Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurk.
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

[19:50]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir. Forsætisráðherra hefur 20 mínútur til framsögu en aðrir þingflokkar en þingflokkur forsætisráðherra hafa 12 mínútur í fyrstu umferð, í annarri umferð hafa þingflokkarnir 6 mínútur en í þeirri þriðju 5 mínútur hver þingflokkur.

Röð flokkanna er í öllum umferðum þessi: Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Samfylkingin, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn fyrir Sjálfstæðisflokk verða Geir H. Haarde forsætisráðherra í fyrstu umferð, Ásta Möller, 7. þingmaður Reykjavíkurkjördæmis suður, í annarri umferð og Illugi Gunnarsson, 3. þingmaður Reykjavíkurkjördæmis suður, í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Steingrímur J. Sigfússon, 4. þingmaður Norðausturkjördæmis, í fyrstu umferð, í annarri Katrín Jakobsdóttir, 4. þingmaður Reykjavíkurkjördæmis norður, og í þriðju umferð Atli Gíslason, 7. þingmaður Suðurkjördæmis.

Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra í annarri og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra í þriðju umferð.

Fyrir Framsóknarflokk tala Guðni Ágústsson, 3. þingmaður Suðurkjördæmis, í fyrstu umferð, í annarri Valgerður Sverrisdóttir, 2. þingmaður Norðausturkjördæmis, og í þriðju umferð Birkir J. Jónsson, 6. þingmaður Norðausturkjördæmis.

Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Guðjón A. Kristjánsson, 6. þingmaður Norðvesturkjördæmis, Jón Magnússon, 10. þingmaður Reykjavíkurkjördæmis suður, í annarri umferð en í þriðju umferð Grétar Mar Jónsson, 10. þingmaður Suðurkjördæmis.

[19:52]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Í upphafi ræðu minnar vil ég senda hæstvirtum utanríkisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, bestu kveðjur þar sem hún dvelur á sjúkrahúsi í Bandaríkjunum eftir læknisaðgerð. Frá því að við Ingibjörg Sólrún mynduðum ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar á Þingvöllum í fyrravor hefur samstarf okkar verið með miklum ágætum og persónulegur trúnaður og traust á milli okkar dýpkað. Ég mæli fyrir hönd þingheims alls þegar ég óska þess að utanríkisráðherra nái sem fyrst fullum bata og snúi aftur til starfa.

Góðir Íslendingar. Samkvæmt þingsköpum Alþingis var stefnuræðu minni dreift til þingmanna með nokkrum fyrirvara. Hefð er fyrir því að í stefnuræðu forsætisráðherra sé að finna heildstætt yfirlit um störf og áherslur ríkisstjórnarinnar í þeim tilgangi að um þau geti farið fram málefnalegar og gagnlegar umræður hér á Alþingi. Ég vona að mér leyfist, herra forseti, að víkja nokkuð frá þeim skrifaða texta sem dreift var til þingmanna, ég veit að þingheimur hefur skilning á því í ljósi þeirra sviptinga sem orðið hafa í efnahagslífi landsmanna á síðustu dögum. Staða efnahagsmála hér á landi hefur á skömmum tíma breyst mjög til hins verra og fullyrða má að íslensk stjórnvöld, íslensk fyrirtæki og heimilin, fólkið í landinu hafi sjaldan staðið frammi fyrir jafnmiklum erfiðleikum og nú blasa við. Eftir blómlega uppgangstíma er skollið á gjörningaveður í efnahagskerfi heimsins og brimsjórinn af því mikla umróti skellur nú Íslandsströndum af miklu afli. Allir vissu að góðærið mundi ekki vara endalaust en enginn sá fyrir þann storm sem skall á síðastliðinn vetur og fer nú um efnahagskerfi heimsins með mikilli eyðileggingu.

Við horfum fram á að íslensku bankarnir, flaggskip útrásar síðustu ára, búa sig nú undir mikla varnarbaráttu. Þurrausnar lánalindir gera íslenskum fyrirtækjum afar erfitt fyrir og þau sem færst hafa of mikið í fang berjast nú í bökkum. Íslensk fyrirtæki hafa á undanförnum árum teflt djarft í sókn sinni og uppskeran hefur í mörgum tilvikum verið ríkuleg. Hagnaður íslenskra fyrirtækja hefur verið ævintýri líkastur og hafa hluthafar notið góðs af. Þegar uppstreymið hættir er fall þeirra sem hæst fljúga mest. Það sem mest svíður er þó hin óhjákvæmilega lífskjaraskerðing sem almenningur í landinu stendur frammi fyrir. Á undanförnum árum höfum við Íslendingar notið þess að búa við bestu lífskjör sem fyrirfinnast í heiminum. Við gerum öll kröfu um það besta og þannig á það að vera. En íslenska þjóðin er ekki samansafn af óhófslýð sem heldur að verðmæti og góð lífskjör falli af himnum ofan. Íslenska þjóðin veit að leiðin til velmegunar er vörðuð erfiðum hindrunum og íslenska þjóðin er það sem hún er í dag vegna þess að hún hefur tekist á við erfiða tíma og sigrast á þeim. Á sama hátt og við brutumst út úr vesöld og fátækt fyrir áratugum síðan með bjartsýni og baráttuhug að vopni, þá munum við komast út úr þeim hremmingum sem yfir okkur ganga nú. Við Íslendingar gefumst ekki upp þótt á móti blási og við munum ekki örvænta eða leggja árar í bát í þeim stjórsjó sem þjóðarskútan siglir nú í gegnum. Við erum öll á sama báti, stjórnvöld, fyrirtækin og fólkið í landinu.

Íslensku bankarnir hafa ekki farið varhluta af þeim hamförum sem nú geisa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Rótgrónir og traustir bankar víða um lönd hafa horfið af sjónarsviðinu, þar á meðal ýmsir af stærstu bönkum heims.

Erlendir og innlendir bankar halda að sér höndum og fyrirtæki fá takmarkað lánsfé. Þótt enn sé fullsnemmt að kveða upp endanlegan dóm virðist öflug viðspyrna stjórnvalda víða um heim og kröftugt inngrip á fjármálamörkuðum, vonandi nú einnig í Bandaríkjunum, hafa forðað heiminum frá algjöru hruni. Hins vegar er ljóst að það mun taka alþjóðlega fjármálastarfsemi og heimsbúskapinn langan tíma að jafna sig og allt bendir til að ástandið eigi eftir að versna áður en við sjáum til lands.

Fyrr í þessari viku var gert samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands og helstu eigenda Glitnis banka hf., að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið, um að ríkissjóður legði bankanum til nýtt hlutafé. Þetta var gert með hliðsjón af þröngri lausafjárstöðu Glitnis og einstaklega erfiðum aðstæðum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Í þessu felst að ríkissjóður leggur Glitni til hlutafjárframlag að jafnvirði 600 milljóna evra, eða um 84 milljarða íslenskra króna, þegar samkomulagið var gert, og verður með því eigandi að 75% hlut í Glitni.

Þessi aðgerð er ekkert einsdæmi, enda hafa ríkisstjórnir, jafnt vestan hafs sem austan, gripið til hliðstæðra aðgerða nú á síðustu vikum og mánuðum til að koma í veg fyrir ringulreið á fjármálamörkuðum. Tilgangurinn með aðgerðinni gagnvart Glitni er að tryggja hagsmuni sparifjáreigenda og viðskiptavina bankans en ekki síður að tryggja stöðugleika í fjármálakerfinu með því að styrkja áframhaldandi rekstur bankans. Við höfðum hagsmuni almennings að leiðarljósi við þessa ákvörðun og fólk þarf ekki að óttast um innstæður sínar í Glitni frekar en öðrum bönkum hér á landi. Ríkissjóður stefnir ekki að því að eiga hlut í Glitni til langframa og mun selja hann þegar aðstæður leyfa. Frumkvæðið í þessu máli kom frá forsvarsmönnum Glitnis og því fer fjarri að ríkið hafi yfirtekið Glitni með valdboði eða sóst sérstaklega eftir því að eignast hlut í bankanum.

Aðkoma ríkisins að Glitni markar vitaskuld ekki neinn endapunkt í þeim hremmingum sem steðja að bankakerfinu hér á landi. Íslenskir bankar, eins allir aðrir bankar í heiminum, heyja nú mikla varnarbaráttu með liðsinni stjórnvalda og opinberra aðila. Ég fullyrði hér að ríkisstjórn mín mun hvergi slá af í þeirri stefnu sinni að tryggja með öllum tiltækum ráðum stöðugleika fjármálakerfisins og færa þær fórnir sem nauðsynlegar kunna að verða. Í því verkefni verður sem fyrr gengið fram með hagsmuni almennings að leiðarljósi og búið svo um hnútana að hagsmunir fólksins í landinu séu sem best tryggðir.

Herra forseti. Eins og ég hef að framan rakið blasir við okkur Íslendingum dökk mynd og í huga margra er útlitið svart. En eins og ágætur maður sagði eitt sinn, þá er orðið vonleysi ekki góð íslenska, og þó svo að útlitið sé svart núna þegar við siglum í miðjum storminum, þá er hughreystandi að vita til þess að allar undirstöður samfélagsins eru traustar.

Það er til marks um þetta að nýjar tölur um hagvöxt og vöruskiptajöfnuð sýna fram á meiri þrótt í íslenskum þjóðarbúskap en búist var við. Hagvöxtur er meiri sem skýrist fyrst og fremst af auknum útflutningi. Þar kemur bæði til meiri álframleiðsla og jákvæð áhrif af gengislækkun krónunnar á margs konar útflutning. Tölur Hagstofunnar sýna svo ekki verður um villst að það dregur úr neyslu og fjárfestingu. Þetta tvennt bendir til jákvæðrar þróunar: Hagvöxtur er nú borinn uppi af útflutningi en ekki eyðslu og þenslan í hagkerfinu er að minnka til muna. Þjóðarbúið er því byrjað að leita jafnvægis á nýjan leik. Og af hverju er þetta mikilvægt? Jú, vegna þess að aukinn útflutningur og verðmætasköpun er beitt og öflugt vopn í þeirri erfiðu baráttu sem við heyjum nú við verðbólguna. Hin háa verðbólga, sem við upplifum um þessar mundir og er helsti efnahagsóvinur heimila og fyrirtækja, mun ekki hverfa af sjálfri sér en það er svo sannarlega undir okkur komið að ráðast gegn henni með aukinni verðmætasköpun. Tölurnar gefa einnig vísbendingu um að atvinnuleysi verði minna en spáð hafði verið.

Ríkisstjórnin mun láta einskis ófreistað til að jafnvægi myndist sem fyrst á ný í þjóðarbúinu þannig að verðbólga og vextir lækki. Að sama skapi vill hún forðast að atvinnuleysi aukist og verði að þjóðarböli. Ríkisstjórnin ræður ekki við erfiðar ytri aðstæður sem hafa rýrt lífskjör þjóðarinnar en hún hefur síður en svo setið með hendur í skauti, eins og sumir hafa haldið fram. Tekjuskattur fyrirtækja hefur verið lækkaður enn frekar. Stimpilgjald við fyrstu íbúðarkaup hefur verið afnumið. Aðgangur banka og sparisjóða að lausafé í Seðlabankanum hefur verið rýmkaður. Íbúðalánasjóður hefur endurfjármagnað íbúðalán banka og sparisjóða og frekari skref í þá átt hafa verið boðuð. Ríkissjóður hefur gefið út skuldabréf í miklum mæli til að liðka fyrir á skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaði. Gjaldeyrisvarasjóður þjóðarinnar hefur verið fimmfaldaður á tveimur árum, þrátt fyrir afar erfiðar aðstæður á erlendum lánamörkuðum. Og enginn skyldi láta sér detta í hug að við ætlum að láta þar við sitja.

Ráðist hefur verið í auknar opinberar framkvæmdir en með þeim má koma í veg fyrir að efnahagslífið hægi um of á sér og styrkja það enn frekar til framtíðarsóknar. Þó verður að gæta þess að ganga ekki svo langt að þensla grafi um sig áður en tekist hefur að ná niður verðbólgu og vöxtum. Ég tel að í fjárlagafrumvarpi næsta árs sé þræddur hinn gullni meðalvegur í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir meðal annars að hún sé frjálslynd umbótastjórn um kraftmikið efnahagslíf, öfluga velferðarþjónustu, bættan hag heimilanna og aukna samkeppnishæfni atvinnulífsins. Verkefnaáherslur einstakra ráðuneyta taka mjög mið af þessu leiðarljósi eins og ég mun nú víkja lítillega að.

Í félags- og tryggingamálaráðuneytinu hefur verið lögð sérstök áhersla á málefni barna og aldraðra. Þjónusta hefur verið stórbætt á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og til stendur að efla forvarnir til að koma í veg fyrir að börn og unglingar ánetjist vímuefnum. Þegar hefur verið kynnt ítarleg stefnumótun í málefnum aldraðra og hafin er öflug uppbygging á nýjum hjúkrunarrýmum og útrýming fjölbýla á hjúkrunarheimilum. Loks nefni ég heildarendurskoðun á löggjöf um almannatryggingar þar sem meðal annars verður hugað að samspili almannatrygginga og greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Á undanförnum mánuðum hefur orðið viðsnúningur í rekstri Landspítalans til hins betra á sama tíma og aðgerðum fjölgar verulega. Biðlistar hafa víða styst, til dæmis eftir hjartaþræðingum og þjónustu sérgreina, eins og barna- og

unglingageðdeildar. Þá hafa verkefni verið flutt frá Landspítala í heimabyggð stofnana á Suður- og Suðvesturlandi og fram undan er stórátak í heilsutengdri heimaþjónustu við einstaklinga í samvinnu við sveitarfélög.

Á lyfjamarkaði hefur verið lögð áhersla á að láta samkeppni taka við af fákeppni. Sjúkratryggingastofnun, sem Alþingi ákvað að setja á fót eftir vandlegar umræður, er rökrétt framhald af nýjum heilbrigðisþjónustulögum. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að tryggja hagkvæman rekstur heilbrigðisþjónustunnar og skapa svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu. Þetta er ein af forsendum þess að við getum til framtíðar tryggt að allir hafi aðgang að þjónustunni, óháð efnahag.

Í viðskiptaráðuneytinu er unnið að heildarstefnumótun um neytendamál. Ráðgert er að frumvörp og aðrar aðgerðir á grundvelli hennar líti dagsins ljós á næstu mánuðum og missirum, m.a. lögfesting úrræða um greiðsluaðlögun.

Ríkisstjórninni er kappsmál að hlúa að menntun og þekkingaröflun í gegnum menntakerfið, vísindi og rannsóknir. Engin önnur aðildarþjóð OECD ver jafnháu hlutfalli til menntunar og við Íslendingar og hvergi innan OECD er jafnhátt hlutfall þjóðar á öllum æviskeiðum skráð í formlegt nám, eða rúmlega 30%. Á síðastliðnu þingi voru samþykkt lög um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, opinbera háskóla og menntun og ráðningu kennara. Hinn nýi lagarammi myndar grunninn að menntastefnu er opnar óteljandi tækifæri fyrir íslenskt skólakerfi. Þá verður nýtt frumvarp um fullorðinsfræðslu lagt fram á haustþingi og með því má segja að menntakerfið í heild hafi verið endurskoðað á tveimur árum.

Margs konar menningarstarfsemi stendur í blóma og íslenskir listamenn og aðrir andans menn bera hróður landsins víða. Mörg glæsileg íþróttaafrek hafa verið unnin og á sviði fræða og vísinda ríkir óbilandi vilji til að sækja fram og ná í fremstu röð. Það gladdi mig persónulega mikið þegar gamall japanskur skólafélagi minn kom hingað til lands færandi hendi fyrir fáum vikum þeirra erinda að setja á laggirnar myndarlegan sjóð við Háskóla Íslands til að efla samskipti Íslands og Japans. Sá rausnarskapur er vitnisburður um vináttu og framsýni sem margt ungt fólk á vonandi eftir að njóta góðs af um langa framtíð.

Herra forseti. Mikil vakning hefur orðið á sviði umhverfismála um heim allan á síðustu árum eftir því sem afleiðingar loftslagsbreytinga koma betur í ljós. Íslendingar eru ekki meðal þeirra þjóða sem stendur mest ógn af loftslagsbreytingum. Engu að síður þurfum við að laga okkur að breyttu náttúrufari og skilyrðum til lands og sjávar og leggja okkar af mörkum eins og allar aðrar þjóðir. Umhverfisráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafa innleitt umhverfissjónarmið við opinber innkaup. Þá hefur verið ákveðið að breyta skattaumhverfi ökutækja þannig að hvatt verði til jákvæðra umhverfisáhrifa. Opinberir aðilar hafa ákveðið að fjölga vistvænum farartækjum á sínum snærum og sýna þannig gott fordæmi. Í iðnaðarráðuneytinu er nú unnið að því í samvinnu við sveitarfélög og olíufélög að reistar verði fjölorkustöðvar við hringveginn og þannig ýtt undir notkun farartækja sem nota óhefðbundið eldsneyti.

Unnið er að umfangsmiklum samgönguframkvæmdum um land allt og aldrei hefur jafnmiklu fé verið varið til málaflokksins og ráðgert er næstu þrjú ár. Verið er að lyfta grettistaki í útbreiðslu farsímasambands, senn hefst uppbygging á háhraðanetþjónustu á svæðum þar sem markaðsaðstæður eru með þeim hætti að einkaaðilar halda að sér höndum. Lagning á nýjum sæstreng milli Íslands og Danmerkur er hafin.

Í iðnaðarráðuneytinu eru orkumálin í brennidepli, enda hefur áhugi erlendra fjárfesta á margs konar orkufrekum iðnaði farið vaxandi. Skattaumhverfi fyrirtækja hér á landi er hagstætt, auk þess sem fyrirtæki vilja í vaxandi mæli nýta raforku frá endurnýjanlegum orkulindum. Ríkisstjórnin hefur verið sökuð um að einblína á áliðnað sem stórnotanda raforku í stað þess að ýta undir uppbyggingu annars konar orkufrekrar starfsemi. Það er ekki rétt. Á Akureyri er að rísa álþynnuverksmiðja, senn verður hafist handa við uppbyggingu gagnavers í Reykjanesbæ og tvö sólarkísilfyrirtæki hafa sýnt áhuga á að hefja starfsemi hér á landi. Allt eru þetta dæmi um orkufreka starfsemi sem sækist mjög eftir „grænni“ raforku.

Styrkur sjávarútvegsins hefur komið glöggt í ljós með hæfni sjávarútvegsfyrirtækja til að laga sig að þriðjungs niðurskurði á þorskveiðiheimildum á síðasta fiskveiðiári. Hærra afurðaverð erlendis og gengislækkun krónunnar hafa vissulega auðveldað þessa aðlögun. Þrátt fyrir það og ýmsar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar er ljóst að þessi aflasamdráttur reynist sjávarbyggðum og þeim sem starfa í atvinnugreininni erfiður. Það er höfuðmál að hvika ekki frá markaðri fiskveiðistefnu því aðeins þannig mun okkur takast að styrkja þorskstofninn svo unnt verði á næstu árum að auka aflaheimildir á ný.

Innleiðing nýrrar matvælalöggjafar Evrópusambandsins er mikilvæg ef við ætlum að halda stöðu okkar á innri markaði sambandsins fyrir sjávarafurðir og jafnframt að styrkja möguleika til að flytja út landbúnaðarafurðir. Frumvarp þess efnis verður endurflutt með nokkrum breytingum nú í haust. Breytingarnar miða allar að því að treysta heimildir okkar til að tryggja heilnæmi afurða og að gera eftirlitskerfið ekki þyngra en nauðsynlegt er. Það er og verður stefna ríkisstjórnarinnar að standa vörð um öflugan landbúnað og matvælaframleiðslu í landinu og nýta þau sóknarfæri sem fást með samræmdri matvælalöggjöf.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við Íslendingar megum ekki láta hugfallast í því umróti sem nú gengur yfir því að framtíðarhorfur íslensku þjóðarinnar eru bjartar. Ég er sannfærður um að ef við höldum ótrauð áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið á síðustu árum þá muni okkur áfram farnast vel og við skara fram úr í samfélagi þjóðanna. Ég nefni fimm atriði:

Þjóðin býr að auðlindum sem sífellt verða verðmætari í heimi þar sem ásókn í matvæli og orku eykst ár frá ári. Fiskimiðin okkar, jarðvarminn, fallorkan í jökulvötnunum, hreina lindarvatnið, ægifögur náttúra og víðerni eru náttúruauðlindir sem aðrar þjóðir öfunda okkur af. Það á að vera okkur keppikefli að nýta þessar auðlindir á sjálfbæran hátt eftir því sem hægt er.

Með markvissum skattalækkunum á einstaklinga og fyrirtæki hefur verið ýtt undir frumkvæði og þor sem hefur leitt til stórkostlegra framfara á flestöllum sviðum íslensks þjóðfélags. Hið opinbera hefur dregið sig út úr margs konar

atvinnurekstri sem hefur aukið svigrúm einkaframtaksins til hagsbóta fyrir heildina.

Þjóðin er samstiga um að hér á landi eigi að vera öflugt velferðarkerfi sem styður við einstaklingana þegar á bjátar. Þjóðin sjálf er þó mesta auðlindin. Eiginleikar hennar hafa skilað okkur í fremstu röð. Og með sívaxandi menntun mun þjóðin geta áorkað enn meiru.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Langbrýnasta verkefni næstu mánaða er að ná verðbólgunni niður. Hún er sá skaðvaldur sem mestum búsifjum veldur á heimilum almennings og í rekstri fyrirtækja. Um leið og árangur næst í þeirri baráttu munu vextir taka að lækka. Og með auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum mun gengi íslensku krónunnar styrkjast á ný, enda allt of lágt um þessar mundir að mati flestra.

Þjóðin veit að í aldanna rás hefur það ævinlega orðið okkur Íslendingum til hjálpar þegar bjátað hefur á að æðrast ekki, heldur bíta á jaxlinn. Við höfum lært af langri búsetu í harðbýlu landi að orðskrúð og innantómar upphrópanir færa ekki björg í bú. Við viljum að verkin tali. Og þannig munum við sigrast á yfirstandandi erfiðleikum. Við þurfum öll að leggjast á eitt, beita margs konar úrræðum og það mun taka tíma en að lokum munum við sem þjóð og sem einstaklingar á þessu landi sem er okkur svo kært standa af okkur fárviðrið og hefja nýja sókn á öllum sviðum. — Góðar stundir!

[20:13]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Góðir landsmenn. Vofa gengur nú ljósum logum um hinn kapítalíska heim. Það er ekki vofa kommúnismans sem var skrifað um á 19. öldinni; það er vofa kapítalismans sjálfs. Vítt um heim standa nú yfir neyðaraðgerðir þar sem gripið er til gríðarlegra fjármuna úr almannasjóðum til að afstýra því að nýfrjálshyggjukapítalisminn hrynji. Hugmyndafræðin sem vildi færa allt frá hinu opinbera til markaðarins, vildi einkavæða alla hluti, hataðist við reglusetningu frá hinu opinbera og vildi ekkert af hinu opinbera vita; þessi „ismi“ hefur nú étið sjálfan sig innan frá og skríður undir pilsfaldinn. Nýfrjálshyggjubyltingin er að éta börnin sín enda hefur Hannes Hólmsteinn ekki skrifað blaðagrein í margar vikur. Lærdómar heimskreppunnar miklu um 1930 eru nú rifjaðir upp og eðlilega spyrja menn sig í forundran: Hvernig gat mannkynið verið svona heillum horfið — svona vitlaust — að glata reynslunni frá þeim hildarleik og endurtaka sömu mistökin, fólgin í blindri trú á markaðinn?

Er það ekki undarlegt að á nokkurra áratuga fresti, í mesta lagi hálfrar til einnar aldar fresti, þurfi þessi skrýtna skepna „homo sapiens“, sem þýtt er „hinn viti borni maður“, að læra allt upp á nýtt; læra að hún græðgin, hann hrokinn og það siðleysið eru ekki góðir förunautar í þróun mannlegs samfélags? Hér uppi á Íslandi er staðan sú að allt frá því fyrir mitt ár 1991 hefur setið hægri sinnuð ríkisstjórn undir forustu Sjálfstæðisflokksins, fyrst með aðild Alþýðuflokksins sáluga, síðan Framsóknarflokksins í tólf ár og loks Samfylkingarinnar. Þessar ríkisstjórnir hafa fylgt sömu leiðarljósum.

Við Íslendingar erum í lok þessa tíma staddir í versta ólgusjó efnahags- og þjóðmálaupplausnar sem við höfum lent í, a.m.k. um áratugaskeið ef ekki nokkru sinni síðan við endurheimtum fullveldi og sjálfstæði. Ég held að maðurinn í Múrbúðinni hafi orðað þetta svo það skildist þegar hann sagði sem svo að útrásar- og bankastrákarnir væru búnir að skuldsetja okkur upp í rjáfur og einmitt það værum við að glíma við.

Fjármálageirinn og viðskiptalífið ber þó ekki eitt ábyrgð. Leikvöllurinn var undirbúinn með pólitískum ákvörðunum um einkavæðingu, ekki síst banka, með sömu blindu trúnni á markaðinn. Útrásarvíkingarnir voru þjóðhetjur og stjórnvöld hældust um af afrekum sínum; mikluðust af góðæri og velgengni. Ísland var að sigra heiminn.

Hvernig má það þá vera að nú við mánaðamótin september/október árið 2008 skuli fjármálakerfi landsins riða til falls; að eignir almennings og kaupmáttur brenni upp í óðaverðbólgu, gengishruni og okurvöxtum? Þetta átti ekki að fara svona, var það? Nei, ég held ekki.

Hægri menn tala gjarna þannig að þeir einir — svona þegar mestur er gállinn á þeim — hafi vit á peningum; þeir einir kunni með þá að fara og stjórna af ábyrgð þannig að vel fari ríki og sveitarfélögum. Á Íslandi vantar ekki að hægri menn hafi haft völdin sl. 17 ár; það eru ekki vinstri stjórnir sem á þessu tímabili hafa gert Ísland að skuldugasta hagkerfi hins þróaða heims. Það eru ekki sósíalistar, græningjar, anarkistar, marxistar eða reynslulausir unglingar sem hér hafa vélað um. Nei, það eru Davíð Oddsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Halldór Ásgrímsson, Geir H. Haarde, og með honum upp á síðkastið Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem bera pólitíska ábyrgð. Sjálfstæðisflokkurinn, Alþýðuflokkurinn sálugi, Framsóknarflokkurinn og Samfylkingin.

Auðvitað gerir hin alþjóðlega fjármálakreppa illt verra en ég fullyrði að þótt hún hefði ekki komið til ættu Íslendingar samt í miklum erfiðleikum. Við áttum það þegar áður en hún skall á.

Ef það er eitthvað sem ég, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er virkilega stoltur af umfram annað er það hvernig við höfum fjallað um þessa hluti sjálfum okkur samkvæm þótt tískan og tíðarandinn væri á móti okkur. Mér sýnist annað vera uppi á teningnum nú þegar hægri maðurinn Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti vill skipa nefnd til að endurskoða kapítalismann; þá er nú stungin tólg. Nú er því miður komið eins og komið er og það veitir mér afar takmarkaða ánægju þó að ég geti sagt með réttu að við vinstri græn höfum allt frá árunum 2004–2005 bent á hvert stefndi. Á hverju einasta þingi höfum við flutt tillögu um að ráðist yrði í aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, stöðva skuldsetningu þjóðarbúsins og koma þjóðarskútunni á rétta stefnu.

Það gremjulega, sorglega og dýrkeypta er að þetta þurfti aldrei og átti ekki að fara svona en við erum þar sem við erum, gert er gert og liðið er liðið. Nú þarf að takast á við hlutina, leita lausna og taka til hendinni. Áhöfn á lekum bát sest ekki niður til þess að velta því fyrir sér af hverju fór að leka; hún fer strax að ausa. Við verðum að sameina kraftana, vinna saman og slíðra vopnin og það gildir jafnt um hið pólitíska svið sem og bolabrögðin úti í viðskiptalífinu. Við verðum öll að sameinast um það stóra verkefni að vinna okkur út úr vandanum.

Ég eyði ekki orðum um ræðu hæstv. forsætisráðherra. Í

henni var því miður ekkert, nema kannski örlítil gamansemi um hvað ríkisstjórnin hefði góð tök á málum. Nema að þetta hafi kannski verið ræðan frá því í fyrra fyrir misskilning. Ég veit það ekki. Ég eyði þaðan af síður orðum um málflutning Samfylkingarinnar að undanförnu. Orka þeirra fer fyrst og fremst í eitt: Að níða gjaldmiðilinn og útmála hvað hann sé ónýtur. Krónan þarf aldeilis á slíku að halda þessa dagana. Er þessi málflutningur kannski framlag Samfylkingarinnar til þess að lækka greiðslubyrði af erlendum bílakaupa- og húsnæðislánum?

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum að undanförnu unnið aðgerðaáætlun í 20 liðum sem er tilbúin og við getum lagt á borðið. Á næstu sólarhringum verður ríkisstjórn Íslands að svara því hvort hún treystir sér til, hefur bolmagn, styrk, kjark og sjálfstraust til að leiða endurreisnaraðgerðir í okkar þjóðarbúskap. Ef ekki verður að verða breyting þar á.

Við vinstri græn erum tilbúin að axla ábyrgð og leggja okkur sjálf undir. Megi það verða að liði, með hvaða hætti sem það getur gerst. Ég sjálfur er tilbúinn til að leggja mig undir. Ég hef af því litla gleði, hafandi helgað íslenskum stjórnmálum stærstan hluta minna fullorðinsára og setið á Alþingi í 25 ár, að staðan skuli vera sú sem hún er. Við verðum að ganga í að leysa gjaldeyriskreppuna og stöðva fall krónunnar. Takist það ekki innan fárra daga verður gjaldeyrisviðskiptum sjálfhætt og þá eins gott að stöðva þau formlega. Við verðum að fullvissa almenning um að innstæður í bönkum og sparisjóðum verði tryggðar og að í þeim efnum sé ekkert að óttast. Við verðum að ná hratt niður verðbólgu og lækka vexti. Við lifum veturinn ekki af, hvað þá lengur, að óbreyttum aðstæðum. Við verðum að veita fé í umferð þannig að almenningur, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög fái eðlilega bankaþjónustu og hjól samfélagsins og atvinnulífsins geti snúist áfram. Þau eru að stöðvast. Jafnvel stærstu sveitarfélög landsins fá nú ekki lengur fyrirgreiðslu hjá viðskiptabönkum sínum. Getur það ástand gengið? Nei.

Við verðum að sameinast um að verja lífskjörin og stöðu heimilanna eins og kostur er og afstýra því að fólk missi hús sín og komist í þrot. Við verðum að beina þeim mætti sem við höfum til þeirra sem standa verst að vígi. Þeir sem betur eru settir verða að sjá um sig. Tekjulágt fólk, ungt skuldsett fólk, einstæðir foreldrar, aldraðir og öryrkjar sem hafa aðeins lífeyrinn verða að vera í forgangi. Síðast en ekki síst verðum við að slá óvígri skjaldborg um velferðarþjónustuna. Velferðarkerfið er aldrei dýrmætara en þegar erfiðir tímar ganga í garð.

Góðir landsmenn. Oft hefur verið skemmtilegra að koma til Alþingis á fögrum haustdegi og hefja störf en nú. Það var lítið um bros í þingsalnum í gær; öllum er alvara málsins ljós. Við Íslendingar verðum að horfast í augu við veruleikann eins og hann er, afneitun eða sjálfsblekking gerir aldrei nema illt verra. Við skulum þó ekki missa kjarkinn. Ég segi við ykkur, góðir landsmenn, sem sitjið og hlustið eða horfið: Ekki missa móðinn; ekki gefast upp. Við förum í gegnum þetta saman og margt mun einnig hjálpa okkur. Við eigum enn fiskimiðin og tæki, mannafla og þekkingu til að nýta þau. Við eigum landbúnað og matvælaiðnað sem sér fyrir um helmingi af fæðuþörf þjóðarinnar, útflutningsiðnað og tækniþekkingu í matvæla-, stoðtækja- og lyfjaiðnaði o.s.frv. Við eigum þetta dásamlega og orkuríka land sem útlendingar vilja sækja heim og sér okkur fyrir ljósi og hita. Við eigum í ríkulegum mæli það sem nú er að verða ein eftirsóttasta gæðavara jarðarinnar: Hreint vatn. Við erum ung, vel menntuð og dugleg þjóð og við teljum það ekki eftir okkur að vinna mikið, svo lengi sem vinnu er að hafa. Við eigum tungu okkar, menningu og rætur og þangað sækjum við styrk, sjálfsvitund og sjálfstraust. Og við eigum hvert annað; við hjálpumst að. Við styðjum hvert annað innan fjölskyldunnar, vinahópsins og byggðarlagsins. Við erum öll á sama báti og það er löngu komið „ræs“.

Hvernig á að fara í þetta örlagaverkefni íslensku þjóðarinnar? Á morgun á að boða til fundar okkur forustumenn í stjórnmálum, forustumenn fjármálalífsins, verkalýðsforustu, atvinnurekendur og mikilvægustu heildarsamtök og læsa okkur inni. Við þurfum ekki Laugardalshöllina; hið sögufræga hús Höfði nægir. Þetta eru nokkrir tugir karla — og kvenna — því að þarna eiga ekki bara að vera jakkafataklæddir karlar. Þarna þurfa að vera margar hagsýnar húsmæður, konur sem hefðu betur ráðið meiru um okkar mál. Við karlarnir höfum ekki staðið okkur svo vel. Þarna á þessi hópur að sitja og koma ekki út fyrr en búið er að ná samkomulagi um það hvernig þjóðarbúið verður unnið í gegnum þessa erfiðleika. Dyrnar verða læstar þangað til kominn er hvítur reykur.

Við sem höldum á fjöreggi þessarar þjóðar, efnahagslegu og stjórnmálalegu sjálfstæði hennar og framtíð barnanna okkar, höfum ekki leyfi til að láta okkur mistakast. Forsætisráðherra góður, þú átt að boða fundinn. Ég skal mæta og það munu allir hinir gera. Fundarboðinu verður fagnað bæði af þeim sem boðið verður og af þjóðinni.

Munum eitt að lokum, góðir landsmenn: Öll él birtir upp um síðir. Við skulum þó passa vel hvert upp á annað meðan þessi bylur geisar. Vaki nú allar góðar vættir yfir Íslandi.

[20:27]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Herra forseti. Góðir landsmenn. Eins og alþjóð og þingheimi er kunnugt hefur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra tekist á við óvænt veikindi síðustu tíu daga. Það er mér gleðiefni að geta flutt ykkur öllum kveðjur hennar, henni heilsast vel og allt hefur gengið að óskum. Utanríkisráðherra er nú í daglegu sambandi við okkur, fylgist með og veitir leiðsögn í erfiðum viðfangsefnum hér heima. Ég veit að það hefur verið Ingibjörgu Sólrúnu mikill styrkur að finna þann hlýhug og þær góðu bataóskir sem til hennar streyma úr öllum áttum.

Góðir landsmenn. Áhrif hinnar alþjóðlegu lánsfjárkreppu munu ráða miklu um framvindu efnahagsmála hjá okkur Íslendingum á næstu missirum en miklu máli skiptir hvernig okkur sem þjóð tekst að spila úr spilunum sem á hendi eru. Við lifum á tímum þar sem ábyrgð og sveigjanleiki við efnahagsstjórn þarf að vera fyrir hendi um leið og samheldni og samstaða í samfélaginu skiptir okkur máli. Nú reynir á samfélagslega innviði og samfélagslegan styrk eins og ávallt þegar kreppir að.

Það er við aðstæður sem þessar sem grunngildi jafnaðarmanna verða haldreipi og bjargráð þeirra samfélaga sem best vegnar. Því miður hættir mönnum til að gleyma þessum mikilvægu gildum þegar allt leikur í lyndi. Á slíkum stundum þurfa allir að snúa bökum saman til að vinna okkur út úr erfiðleikunum, ná niður verðbólgu og tryggja efnahagslegan stöðugleika og verja þar með stöðu heimila og fyrirtækja. Ég óska eftir stuðningi almennings við þessi viðhorf. Ég óska eftir ábyrgu aðhaldi stjórnarandstöðu. Allra síst nú þurfum við á að halda óábyrgum upphrópunum eða úrtölum sem grafa undan efnahagslegum eða pólitískum stöðugleika. Leit að sökudólgi, sem einkennir málflutning ýmissa um þessar mundir, skilar engum árangri. Það er einfaldlega rangt að reyna að stimpla það inn hjá þjóðinni að ríkisstjórnin sé ekkert að gera.

Gripið hefur verið til margvíslegra aðgerða til að treysta fjármálastöðugleikann. Sömuleiðis hefur verið farið í margvíslegar aðgerðir til að treysta betur velferðarkerfið og stöðu fyrirtækja og heimila í landinu. Nú þegar við glímum við erfiðar efnahagsaðstæður og óstöðugleika á fjármálamörkuðum heimsins — sem vonandi er tímabundinn — er mikilvægt að við byggjum á styrkleika okkar og nálgumst viðfangsefnið með jákvæðum hætti.

Innviðir samfélagsins eru almennt sterkir. Ríkissjóður er skuldlaus og því betur í stakk búinn til að taka á vandanum. Við eigum gífurleg verðmæti í náttúruauðlindum og mikinn mannauð í vel menntuðu vinnuafli og öfluga lífeyrissjóði sem í raun eru okkar olíusjóðir. Allt þetta gerir okkur betur kleift að takast á við þann mikla efnahagsvanda sem við búum við um stund eins og öll hagkerfi heimsins. Takist stjórnvöldum, bæði ríki og sveitarfélögum, með aðilum vinnumarkaðarins og fjármálamarkaðnum að snúa bökum saman og sýna samstöðu á erfiðum tímum — sem hefur verið og verður alltaf stærsti styrkleiki þjóðarinnar þegar á móti blæs — munum við vinna okkur út úr erfiðleikunum.

Verkefnið er að koma á stöðugleika, forða fjöldagjaldþrotum og stórauknu atvinnuleysi. Við verðum að fara að sjá vaxtalækkunarferlið hefjast til að verja fjárhag og velferð heimila og fyrirtækja þessa lands og berjast fyrir hag þeirra sem höllustum fæti standa. Þar duga hvorki kreddur frjálshyggjunnar né ríkiskapítalismi Sovétríkjanna sálugu. Þar dugar best að nýta markaðskerfið í þágu almannahagsmuna en ekki sérhagsmuna og standa vörð um öflugt velferðarkerfi. Útrás fjármálafyrirtækja virðist hafa einkennst meira af kappi en forsjá og kaupréttarsamningar hafa vafalaust átt sinn þátt í því að gera stjórnendur of áhættusækna, græðgin réð því miður för og með ofurkjörunum slitu menn sig úr siðferðilegu sambandi við þjóðina. Af því verða þeir að læra.

Atburðir síðustu daga kalla á endurskoðun á leikreglum fjármálakerfisins, svo sem á krosseignatengslum, eignarhaldi fjármálastofnana í óskyldum rekstri og réttmæti kaupréttarsamninga og ofurlauna í fjármálageiranum. Fjármálastofnunum ber einnig skylda til að koma mjög sterkt inn í þann björgunarleiðangur sem gæti verið fram undan til að bjarga heimilunum og fyrirtækjum. Björgunarleiðangrar eiga ekki bara að snúa að bönkunum í þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin stendur nú í, þeir eiga fyrst og fremst að snúa að fólkinu í landinu. Það er mikilvægt að allir lánardrottnar, hvort sem það eru bankar eða opinberir aðilar, setjist yfir það hvernig hægt sé að auðvelda skuldugum heimilum lausn sinna mála, heimilum sem lenda nú tímabundið í vanskilum eða miklum greiðsluerfiðleikum. Það er ekki boðlegt, eins og haft var eftir einum bankastjóranna, að segja að nú sé hver sinnar gæfu smiður. Nú verða allir að standa saman og sýna ábyrgð og samhjálp.

Ég hef þegar falið Íbúðalánasjóði að skoða hvort hægt sé, a.m.k. tímabundið, að rýmka þær heimildir sem sjóðurinn hefur yfir að ráða fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum. Það er einnig mikið áhyggjuefni ef það verður að veruleika að einhverjar bankastofnanir nýti endurskoðunarákvæði í núverandi lánasamningum til að hækka vexti verulega og kollvarpa þannig fjárhag margra heimila. Í núverandi ástandi má jafna því við einokunarþvingun enda hvergi í annað skjól fyrir lántakendur að leita þar sem allir bankar hafa nú nánast lokað á húsnæðislán. Í slíku ástandi hlýtur að koma til greina að Íbúðalánasjóður verði það skjól sem lántakendur þurfa á að halda og opni þeim dyr til endurfjármögnunar ætli bankarnir að gera alvöru úr þeim möguleika að margfalda vaxtabyrðina hjá lántakendum.

Fjárlagafrumvarpið ber merki þeirra þrenginga sem við erum að ganga í gegnum. Mikilvægt er að fjárlögin fyrir næsta ár dýpki ekki enn meira þann samdrátt sem efnahagslífið er að ganga í gegnum og að við spornum gegn atvinnuleysi og verjum heimilin og fyrirtækin í landinu eins og kostur er. Það á því ekki að koma á óvart að þrátt fyrir samdráttinn mun ríkisstjórnin halda áfram í uppbyggingu velferðarkerfisins. Þessi ríkisstjórn var ekki síst mynduð til að styrkja velferðarkerfið. Þar höfum við þegar stigið mörg og markviss skref og er mér til efs að nokkurn tíma hafi jafnmikið verið gert á sviði velferðarmála eins og á því tæpa eina og hálfa ári sem ríkisstjórnin hefur starfað. Að því munum við nú búa á meðan við erum að ganga í gegnum þessa efnahagserfiðleika en aðgerðirnar hafa ekki síst snúið að því að bæta stöðu lífeyrisþega, barna og ungmenna og barnafjölskyldna almennt.

Unnið er af fullum krafti að því að styrkja hag og velferð barna og fjölskyldna þeirra í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisins og mörg mála á þeim vettvangi hafa þegar komist í höfn. Í félags- og tryggingamálaráðuneytinu einu og sér er raunaukning fjármagns til málefna barna og barnafjölskyldna um 500 millj. kr. á ári og jafngildir það u.þ.b. 45% aukningu til málaflokksins. Auk þess munu barnabætur hækka svo nemur milljörðum króna á næstu árum. Allt þetta eru skýr dæmi um að verkin eru látin tala og loforð efnd um að setja málefni barna og ungmenna í forgang. Kjör lífeyrisþega hafa verið bætt og þau verða varin. Ákvarðanir hafa þegar verið teknar um kjarabætur sem jafngilda 18% hækkun á heilu ári auk verulegra hvata til aukinnar virkni á vinnumarkaði með hækkun frítekjumarka atvinnutekna og afnámi makatenginga í bótakerfinu. Með setningu lágmarksframfærsluviðmiðs var tryggt að tekjur þeirra sem verst hafa staðið munu um næstu áramót hafa hækkað um allt að 30% frá upphafi til loka þessa árs. Tekjur þessa hóps hafa aldrei verið hærri í 13 ár.

Umbreytingunum á almannatryggingunum er ekki lokið. Um áramótin mun séreignasparnaður lífeyrisþega verða undanþeginn öllum skerðingum og þá verða einnig komnar

í ljós tillögur endurskoðunarnefndar sem starfar á mínum vegum um einfaldara og skilvirkara almannatryggingakerfi. Þar vænti ég þess að böndum verði komið á víxlverkanir almannatryggingagreiðslna og lífeyristekna sem leitt hafa til óviðunandi skerðingar á kjörum lífeyrisþega. Því verður að breyta.

Kjör lífeyrisþega hafa verið bætt meira í tíð þessarar ríkisstjórnar en dæmi eru um á svo skömmum tíma og um þessar kjarabætur verður staðinn vörður. Ólíkt því sem áður hefur tíðkast verða lífeyrisþegar ekki látnir dragast aftur úr þegar harðnar á dalnum. En það þarf einnig að stórauka þjónustu og búsetuúrræði aldraðs fólks. Þegar hefur verið kynnt ítarleg framkvæmdaáætlun um uppbyggingu 400 nýrra hjúkrunarrýma sem ætti að eyða biðlistum eftir þessari mikilvægu þjónustu og stórauka framboð á hvíldarrýmum og aðstöðu fyrir heilabilaða. Auk þess gerir áætlunin ráð fyrir 380 rýmum til viðbótar til að breyta fjölbýlum í einbýli en í dag deila um 850 aldraðir einstaklingar herbergi með öðrum. Þá hefur raunaukning til málefna fatlaðra aukist að raungildi um 1.250 millj. kr. á þessu og næsta ári. Skattleysismörkin, sem sérstaklega bæta hag þeirra sem höllustum fæti standa, hækka úr 95 þúsundum í 113 þúsund á mánuði á næsta ári og 2011 verða þau komin í 139 þús. kr.

Ríkisstjórnin hefur gripið til margvíslegra aðgerða til að styrkja stöðu heimilanna á húsnæðismarkaði. Afnumið var viðmið lána Íbúðalánasjóðs við brunabótamat, hámarksfjárhæðin hækkuð og stimpilgjald á fyrstu eign afnumið. Þessar aðgerðir bættu verulega stöðu fasteignakaupenda. Húsaleigubætur hafa jafnframt verið hækkaðar verulega en þær höfðu ekki hækkað í sjö ár og á næstu fjórum árum verður veitt niðurgreitt lán til uppbyggingar 3.000 félagslegra íbúða sem stóreflir leigumarkaðinn. Þá er unnið að breytingum á Íbúðalánasjóði.

Ekki eru mörg missiri síðan þær raddir voru háværar að koma ætti Íbúðalánasjóði út af markaðnum. Þær raddir hafa hljóðnað enda hefur sjóðurinn sannað gildi sitt svo um munar en hann einn ásamt lífeyrissjóðunum heldur nú uppi fasteignaviðskiptum. Allt skiptir þetta máli í þeim þrengingum sem nú eru á fasteignamarkaði. Ég vil að við mótum húsnæðisstefnu til framtíðar sem byggist á fjölbreyttum úrræðum og m.a. á öflugum almennum leigumarkaði og búsetufyrirkomulagi eins og þekkist víða í öðrum löndum. Traustur húsnæðismarkaður og öruggt húsaskjól eru meðal hornsteina þessa velferðarsamfélags sem við ætlum að tryggja.

Framangreind atriði bera því glöggt vitni að sú ríkisstjórn sem nú situr var ekki síst mynduð um velferðarmál. Sú staðreynd að fjölmörgum verkefnum á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar hefur nú þegar verið hrint í framkvæmd mun reynast almenningi í landinu styrkur í þeim þrengingum sem við göngum nú í gegnum.

Ágætu landsmenn. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að mörg ykkar horfast nú í augu við mikla fjárhagslega erfiðleika. Samhent getur íslenska þjóðin undir forustu ríkisstjórnarinnar og með sveitarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins siglt örugg í gegnum þann ólgusjó sem við erum í ásamt ótal öðrum þjóðum um allan heim. Stoðir okkar eru styrkar og sóknarfærin mörg. Þetta eru tímar samstöðu, samstöðu um grundvallargildi velferðar og jafnaðarstefnu, jafnvægis milli nýsköpunar og kröftugrar uppbyggingar annars vegar og velferðar fólksins í landinu hins vegar. Þá vakt mun Samfylkingin og ríkisstjórnin standa af einurð og trúfestu. — Góðar stundir.

[20:40]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Þjóðin er slegin yfir stöðu mála í landinu og kvíði og áhyggjur eru gestir í hverju húsi. Hlutverk stjórnmálamannanna er að róa almenning með aðgerðum og almennri uppörvun en umfram allt að horfast í augu við staðreyndir. Hæstv. forsætisráðherra hefur hér í kvöld flutt þjóðinni stefnuræðu ríkisstjórnarinnar. Ég gat enga stefnu fundið. Missti ég af einhverju, einhverri aðgerðaáætlun sem forsætisráðherra setti fram eða hvað?

Hæstv. forseti. Þúsundir Íslendinga sitja nú daprir og ráðalausir í stofunni heima. Stefnuræðan var um ekki neitt. Um víða veröld eru ríkisstjórnir og þjóðþing að ná saman um björgunaraðgerðir til að bjarga sínu fólki, koma sínu fjármálakerfi í gang til þess að hjól atvinnulífsins stöðvist ekki og fjöldaatvinnuleysi og gjaldþrot ríði yfir. Þessar aðgerðir fara fram fyrir opnum tjöldum, ekki í felum. Hér hefur almenningur tilfinningu fyrir því að verið sé að vinna myrkraverk í skjóli nætur, leynifundir sem vekja tortryggni og illdeilur eru haldnir. Bandaríkjaþing hefur allt sest undir árar til að róa lífróður til að verja sína þjóð. 700 milljarða dala björgunarleiðangur vitnar um vilja forsetans og ríkisstjórnarinnar þar. Vinaþjóðir kasta á milli sín líflínu. Ísland er ekki á blaði.

Hæstv. forseti. Fyrir ári síðan gerðu allar þjóðir heimsins sér grein fyrir því að mikill vandi var í aðsigi, þá var fjármálakreppa að búa um sig. Gjafvextir heimsins voru að breytast í okurvexti og fjármálaþurrð. Bandaríkjamenn sögðu þá að ógnin væri svo stór að nokkrar milljónir manna gætu misst hús sín og eignir. Hér vöruðu margir við því sama, þar á meðal helgirit sjálfstæðismanna, *Morgunblaðið*. Við framsóknarmenn töldum vandann risavaxinn. Ég ræddi þjóðstjórn og þjóðarsáttarborð þar sem allir lykilmenn þjóðarinnar ættu sér samstarf. Hæstv. forsætisráðherra brosti þá í sakleysi sínu og sagði að allt mundi fara á besta veg, botninum væri náð, sagði hann á þorra. Reyndist hann spámaður?

Hver er staðan nú, hæstv. forseti? Mesta verðbólga í áratugi. Gengi íslensku krónunnar er kolfallið, verðgildi hennar er helmingi minna en fyrir ári síðan. Stýrivextir Seðlabankans hafa verið keyrðir upp og eru þeir hæstu á byggðu bóli. Fólkið í landinu horfir agndofa á eignir sínar brenna upp, unga skulduga fólkið okkar ræður ekki við afborganir sínar sem hafa hækkað í tugum þúsunda um hver mánaðamót. Heimili og fyrirtæki loga því miður stafnanna á milli. Hvar er slökkviliðið? Hvar er björgunarsveitin? Hún situr alla vega ekki á bekkjum ráðherranna, því að hér er hnípin þjóð í vanda án úrræða og forustu, því miður.

Ég hef aldrei efast um mannkosti hæstv. forsætisráðherra. Þeim mun sárara er að sjá hann úrræðalausan, stefnulausan í alvarlegasta efnahagsróti Íslendinga fyrr og síðar. Samfylkingin er hætt störfum, hún er ekki með. Ríkisstjórn-

in er setustjórn með hendur í skauti. Ég skil svo sem vandræði forsætisráðherra, það er ekki róið í takt, það er engin stefna uppi, þjóðarskútan er á reki. Þið hafið öll fylgst með aðgerðaleysinu, seint í rassinn gripið, engin alvara nema þá helst að koma Íslandi í öryggisráðið. Þar er hvorki sparað fé né ferðalög.

Hæstv. forseti. Í kvöld ætlaðist íslenska þjóðin til að stefnuræðan boðaði úrræði og samstöðu, nýjan þjóðarvilja. Það eru allir að tapa í aðgerðaleysinu, margir tapa miklu af miklum efnum, aðrir tapa miklu af litlum en dýrmætum efnum alþýðumannsins sem stritað var fyrir með svita og erfiði. Þessi staða er þyngri en tárum taki. Maturinn, bensínið, vextirnir, nauðþurftirnar upp úr öllu valdi, kjarasamningar launafólksins að engu orðnir, atvinnuleysi blasir við íslensku samfélagi, atvinnuleysi sem Framsóknarflokkurinn hafði útrýmt. Vaknið, stjórnarliðar, vaknið. Samviska ykkar má ekki sofa við þessar aðstæður þegar við öll verðum að spyrja okkur: Hvað get ég gert til að bjarga efnahag fólksins í landinu?

Við verðum að bjarga því sem bjargað verður. Hvar stæðu nú skuldugir íbúðareigendur ef við framsóknarmenn hefðum ekki staðið vörð um íbúðalánasjóð fólksins? Nú þarf að stækka hlutverk Íbúðalánasjóðs til að bjarga mörgum frá miklum erfiðleikum. Ég treysti hæstv. félagsmálaráðherra í þeim efnum. Við verðum að skipa strax hóp sérfræðinga til að vinna með okkur stjórnmálamönnunum, sérfræðinga sem geta greint flókna stöðu og hvaða ráð megi best duga. Við verðum að vita hvaða áhrif ein tiltekin aðgerð hefur í för með sér fyrir heildarstöðuna og einstaka þætti en það er ekki alltaf augljóst.

Áleitin spurning hefur vaknað, hvort inngrip ríkisvaldsins í fjármálakerfið um síðustu helgi sé þess valdandi að yfir Ísland sé skollin fjármálakreppa. Við verðum að kalla saman að einu borði verkalýðshreyfinguna, samtök atvinnurekenda og fjármálafyrirtækja, stjórnmálamenn og aðra aðila. Fyrsti fundur ætti að vera á morgun og síðan á hverjum degi. Þetta verður ekki leyst á einum fundi, menn verða að stíga skref fyrir skref, hönd styðji hönd og fótur fót. Þetta er vandasamt verk. Það ríkir nefnilega hálfgert neyðarástand, því miður.

Menn halda kannski að þetta séu óþarfar áhyggjur og vonandi er það, en menn héldu líka að staðan í dag mundi aldrei líta dagsins ljós og ef menn gera ráðstafanir er það alltaf til góðs. Brýnt verkefni sem þarf að vinna að mínu mati er að endurskoða strax peningastefnuna — það er hún sem er gjaldþrota í höndum ríkisstjórnar og Seðlabanka — endurskoða grundvallarstefnu Seðlabankans um verðbólgumarkmiðin og flotgengið, hefja tafarlausar aðgerðir í samráði við erlenda seðlabanka og vinaþjóðir um að margfalda gjaldeyrisvarasjóðinn. Tryggja þarf streymi erlends gjaldeyris inn í landið strax, hæstv. forsætisráðherra, það vantar gjaldeyri. Í því liggur mesti áfellisdómur yfir störfum ríkisstjórnarinnar. Ef sá vandi verður ekki leystur brestur á kransæðastífla í atvinnulífinu, það yrði alvarlegur jarðskjálfti í efnahagslífi Íslendinga. Við framsóknarmenn teljum að nú verði að spýta í lófana og róa lífróður, að allur heimur skilji að við ætlum að róa í takt, róa lífróður til að bjarga fólki og fyrirtækjum á Íslandi.

Hæstv. forseti. Í raun hefur Ísland góða möguleika til langframa til að vinna sig út úr vandanum. Þar er ég sammála hæstv. forsætisráðherra. Við höfum sem betur fer haldið uppi framleiðslu- og útflutningsstefnu á síðustu áratugum. Afturhaldsmenn hafa ekki stýrt þjóðarskútunni. Hvar værum við stödd með gjaldeyrisöflun ef ekki hefði verið virkjað og ráðist í stóriðnað? Ætli Samfylkingin í ríkisstjórn sé nú ekki fegin þeim gjaldeyri sem fæst fyrir álið í dag?

Ég hef sannfærst um það á ferðalagi mínu um landið að tillögur Hafrannsóknastofnunar orka tvímælis. Sjómenn hafa sagt mér að hafið sé fullt af þorski, hægt sé að veiða 200 þús. tonn af ýsu, segja þeir, og 200–300 þús. tonn af þorski. Fiskifræði sjómannsins er grundvölluð á reynslu og þekkingu.

Ísland er grænasta land heimsins, að vísu ekki vinstri grænt. Í orkulindum og fallvötnum eigum við ómældan auð fyrir komandi kynslóðir. Við Íslendingar þurfum ekki að kvíða myrkri og kulda eins og þjóðir sem eru háðar olíu og gasi. Við getum enn fremur treyst á sterkan íslenskan landbúnað og öfluga bændur sem sjá okkur fyrir mjólkurvörum, kjöti og grænmeti, við eigum sæti við háborð gæðanna í matvælum hvað sem gerist á erlendum mörkuðum. Fæðuöryggi er stórmál eyþjóðar, enn er það svo að hollur er heimafenginn baggi.

Við núverandi aðstæður í peningamálum eigum við Íslendingar aðeins einn kost, að skapa jafnvægi og stöðugleika, skapa traust á íslensku efnahagslífi. Evra og gjaldmiðilssamstarf er svo ákvörðun sem tekin verður síðar. Brýnast af öllu er að lækka stýrivexti Seðlabankans úr 15,5% niður í 5% fyrir jól. Ég tel að Maastricht-skilyrðin sem ríki verða að uppfylla til að taka upp evru sé hagsældarleið horft til framtíðar. Við eigum enga aðra leið nú en að verja krónuna. Hins vegar eigum við að vinna í okkar peningamálastefnu eins og við séum á leið inn í myntbandalagið. Öll þau atriði eru grundvöllur batnandi lífskjara. Ísland setji sér metnaðarfull áform um lága verðbólgu, lítinn sem engan fjárlagahalla, skuldir ríkissjóðs í lágmarki, stöðugleika í gengisskráningu, að stýrivextirnir hér verði ekki hærri en í bestu löndum Evrópu. Þegar þessu marki verður náð eigum við alla möguleika og frjálst val um framtíðina. Slík markmið eiga að vera okkar leiðarljós í peningamálastefnunni. Í styrkleika eru okkur allar leiðir opnar, í veikleika erum við fórnarlömb. Það þekkja Glitnismenn í sínum erfiðleikum, lánsfjárskorturinn getur velt fleiri fyrirtækjum en Glitni, krónan er enn í frjálsu falli.

Góðir Íslendingar. Við framsóknarmenn skorumst ekki undan ábyrgð. Við viljum vinna Íslandi allt það gagn sem réttir þjóðarbúskapinn af. Aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar er grafalvarlegt mál. Samvinna og samstarf er nú ákall frá öllum aðilum og forustumönnum. Snúum vörn í sókn, það gera allar sigursælar þjóðir. — Góðar stundir.

[20:53]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Góðir Íslendingar. Allir sem leiða hugann að núverandi ástandi í landinu kvíða í reynd morgundeginum og jafnvel næstu vikum. Það þjónar engum tilgangi að fegra málin, þó svo að menn séu forsætisráðherrar eða seðlabankastjórar. Þingmenn sjá ekki fyrir hvert nú stefnir með þjóðarskútuna,

ekki frekar en aðrir landsmenn. Við siglum í mjög óvissa stefnu. Í kvöld fellur fyrsti snjórinn í Reykjavík, það er hins vegar blindhríð og óðaísing á þjóðarskútunni. Ef óðaísing hleðst á skip þarf alla áhöfn til verka. Skipstjórinn einn getur ekki bjargað því skipi.

Það er illa komið fyrir okkur sem þjóð, Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin stefna okkur í skipbrot. Nú verða allir að leggja sitt besta fram, gefa góð ráð, ræða saman og leggja línur fyrir betri framtíð en nú blasir við okkur — fólkinu í landinu. Við sem kosin vorum til trúnaðarstarfa á Alþingi berum hér mikla ábyrgð. Við verðum að standa saman að lausnum sem verja og tryggja velferð, afkomu og búsetu fólks.

Oft hef ég lýst vanþóknun minni á ofurlaunaliðinu sem fengið hefur einkavæddu fyrrum ríkisfyrirtækin í leikfangasafnið sitt. Mér finnst sumt af þessu fólki hafa sýnt af sér hroka. Það hefur talið lífsstíl sinn og ofurlaun vera gæði sem því væru færð sem sérstök guðsgjöf. Þau ein væru verðug talin og engum kæmu ofurlaunin við.

Ráðherrar, þingmenn, verkalýðshreyfing og atvinnurekendur verða nú að setjast að sama borði og sýna samstöðu á ögurstundu. Framtíð og heill íslensku þjóðarinnar er í húfi. Krafan er að virkur samráðshópur verði settur til verka, ástandið er svo hættulegt og alvarlegt að við getum ekki lengur látið þrönga eiginhagsmuni eða pólitík stöðva bestu manna ráð.

Góðir tilheyrendur. Þegar litið er til baka vekur margt furðu mína í framsetningu ráðherra og verkum. Hið sama má segja um sumar ákvarðanir Seðlabankans. Ég bý ekki að hagfræði-, viðskipta- eða lögfræðimenntun en menn öðlast þekkingu í skóla lífsins og við alþingismenn eigum að geta leitað álits sérfræðinga um málefni efnahags og fjármála. Enginn ætti að hafa betra aðgengi en forsætisráðherra að öllum þeim upplýsingum sem þörf er á hverju sinni, líka fyrir einu ári síðan. Ég spyr: Hvers vegna sá forsætisráðherra engin hættumerki síðastliðið haust? Fyrir nákvæmlega einu ári stóð Geir Haarde forsætisráðherra í þessum ræðustól og flutti stefnuræðu sína fyrir þingi og þjóð. Þar sagði hann m.a. að núverandi ríkisstjórn hefði verið mynduð til að tryggja kraftmikið efnahagslíf, öfluga velferðarþjónustu, bættan hag heimilanna og aukna samkeppnishæfni atvinnulífsins. Forsætisráðherra sagði að þetta væru raunhæf markmið þó að efnahagsþenslunni færi að ljúka. Við tæki tímabil aukins stöðugleika, íslenska hagkerfið byggi yfir styrk og sveigjanleika sem birtist í öflugu atvinnulífi, nægri atvinnu og vaxandi kaupmætti heimilanna. Þetta var sagt fyrir einu ári síðan.

Góðir landsmenn. Þetta voru skilaboðin sem forsætisráðherra færði þjóð sinni þá. Allt var svo bjart, bara gaman í ríkisstjórninni og engar áhyggjur. Þessi ársgamla stefnuræða forsætisráðherra og aðrar ræður sem fluttar hafa verið af ráðherrum ríkisstjórnarinnar sýna að fyrirhyggja stjórnarliða var engin. Hvergi var hlustað á varnaðarorð, hvorki okkar í Frjálslynda flokknum né annarra. Í staðinn var stundaður ósvífinn blekkingaleikur til að villa um fyrir almenningi í landinu. Nú ári síðar liggja fyrir uppsagnir hundruða starfsmanna. Þegar hafa yfir þúsund manns horfið frá vinnu sinni vegna uppsagna. Atvinnuleysi eykst, verðbólga er í hæstu hæðum, gengi gjaldmiðils okkar er hrunið. Þúsundir heimila í landinu ramba á barmi gjaldþrots. Venjulegir heiðarlegir Íslendingar horfa fram á efnahagslegt hrun með tilheyrandi persónulegum harmleikjum. Og nú loksins bregðast menn við þegar allt er komið í óefni.

Sjálfstæðisflokkur og Samfylking rjúka til um eina helgi þar sem ákveðið er — óvíst á hvaða stöðum — að neyðarlausnin sé að kaupa banka, án þess að heimild Alþingis liggi fyrir, svo að fjármálaþjónusta Íslands kollsigli sig ekki. Væri hægt að svara því nú hvernig menn verðmátu t.d. Glitni? Af hverju gerast hlutirnir hér fyrir lokuðum dyrum? Ef fleiri bankar lenda í sömu vandræðum, á þá að ríkisvæða þá hvern á fætur öðrum? Ætlar ríkið að viðhalda ofurlaunakerfinu í nýja ríkisbankanum?

Það mun taka alþjóðlega fjármálastarfsemi og heimsbúskapinn langan tíma að jafna sig, segir forsætisráðherra nú í ræðu sinni. Á það ekki líka við um íslensk fjármálafyrirtæki? Eða sér ríkisstjórnin allt aðra og betri framtíð hér á landi? Það væri gott að fá svar við því. Hvers vegna var bindiskyldu aflétt á uppgangsþenslutímum bankanna sem buðu 100% íbúðalán í aðför sinni að Íbúðalánasjóði? Var ekki frekar ástæða til að hækka bindiskyldu og stýra lánakapphlaupinu sem var uppi á þeim tíma? Var ofurgleði ráðamanna slík vegna athafnamannanna, sem stefndu í hóp öflugustu fyrirtækja í heimi, að ráðherrar horfðu ekki fram á veginn? Einn bankastjóra Kaupþings upplýsti nýlega í fjölmiðlum að þar hafi menn verið þess vissir fyrir 14–15 mánuðum síðan að fjármálakreppa væri hafin. Af hverju vissi forsætisráðherra ekkert um það síðastliðið haust sem bankamenn vissu þegar hann stóð hér og flutti stefnuræðu sína? Ég spyr, því að mér finnst vanta skýringar.

Þjóðin hefur ekki ástæðu til að gleðjast eins og málum er nú komið, enda er henni þórðargleði ekki eðlislæg. Við leikum ekki á hörpu meðan eignir venjulegs fólks brenna upp á báli verðbólgu eða gengisfellingar, ekki einu sinni þótt því sé lýst af forsætisráðherra að við höfum ærna ástæðu til að gleðjast.

Ríkisstjórnin hefur alls ekki stýrt af festu og öryggi á viðsjárverðum tímum eins og kom fram í ræðu forsætisráðherra í kvöld. Nú berast fréttir hvern dag um uppsagnir starfshópa hjá mörgum fyrirtækjum. Spáð er að gjaldþrotum fyrirtækja fjölgi mjög á þessu ári. Lánafyrirgreiðsla til fyrirtækja er í algjöru frosti. Stýrivextir sliga nú atvinnulífið. Forsætisráðherra sagði í ræðu sinni að ríkisstjórnin vilji að jafnvægi myndist sem allra fyrst í þjóðarbúinu, þannig að verðbólga og vextir lækki. Er ekki komið að því að ríkissjóður verður að taka stórt erlent lán og tryggja gjaldeyrisforðann ef von á verða um styrkingu íslensku krónunnar og aukna trú á getu Seðlabankans sem lánveitanda til þrautavara?

Við í Frjálslynda flokknum viljum vinna að afnámi verðtryggingar íslensku krónunnar. Við krefjumst þess að mannréttindi verði virt, að atvinnufrelsi verði innleitt við fiskveiðar eins og ályktun mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna kveður á um. Okkur er nauðsyn að auka tekjur þjóðfélagsins eins og kostur er við núverandi aðstæður. Með auknum þorskafla upp á 90 þús. tonn gætu tekjur aukist um 50–60 milljarða kr. strax í vetur, með tilheyrandi margfeldisáhrifum. Ekki veitir af eins og skuldabrjálæði sjávarútvegsins, með veð í óveiddum fiski, hefur vaxið og

ekki síst nú vegna gengisfalls krónunnar. Sennilega eru skuldir sjávarútvegsins nú eftir gengishrunið undanfarna daga hátt í 500 milljarðar kr. eða fjórum sinnum hærri en árstekjur að óbreyttu.

Veðsetning kvótans er löngu komin út fyrir öll skynsemismörk. Samt er því haldið fram aftur og aftur af hagsmunagæslumönnum kvótans, m.a. þingmönnum ríkisstjórnarinnar, að kvótakerfið sem engum árangri hefur skilað og er mesta rán á þjóðareign sem um getur, sé besta veiðistýringarkerfi í heimi. Þessi áróðurstækni er gamalkunn. Það gildir að halda lyginni fram nógu oft, segja nógu oft það sem ekki er satt, og ef menn hafa menn á launum við að segja ósatt nógu oft fjölgar þeim sem trúa því sem matreitt er.

Það er rétt hjá forsætisráðherra að þjóðin sjálf er mesta auðlindin, eiginleikar hennar hafa skilað okkur í fremstu röð. Þannig var það á Íslandi áður fyrr. Eiginleikar þjóðarinnar voru nýttir því að áður mátti fólk vinna við það sem það sá tækifæri í. Nú er fólki meinuð atvinnusókn bæði til sjávar og sveita. Það þarf engan að undra þó að landsbyggðin sé í vörn og fólki fækki þar þegar slík höft eru lögð á atvinnufrelsið og mannréttindi brotin árum saman. Er það þjóð í fremstu röð sem þolir þessa ríkisstjórn? Sækjum við í öryggisráðið vegna sannleiksástar og virðingar fyrir mannréttindum? Varla er það svo, góðir Íslendingar. Rétturinn til landhelginnar var sóttur með þjóðarvilja og samstöðu eins og forseti okkar, herra Ólafur Ragnar Grímsson, sagði í gær hér á Alþingi. Við þurfum að endurheimta þann rétt þjóðarinnar. Lögin um kvótakerfið eru ólög sem sóa verðmætum, þau ber að afnema.

Góðir Íslendingar. Nú á ögurstundu í sögu þjóðarinnar verðum við að grípa til gjaldeyrisskapandi auðlinda okkar og nýta þær með jafnræði og hagsæld að leiðarljósi. Okkur ber að gera allt sem við getum til að komast út úr núverandi ástandi, samstiga til heilla fyrir íslensku þjóðina. — Góðar stundir.

[21:05]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Íslenskt samfélag stendur nú frammi fyrir einu flóknasta úrlausnarefni síðari tíma. Alþjóðleg fjármálakreppa ríkir í heiminum og hún hefur teygt anga sína til Íslands svo um munar. Því til viðbótar hefur staða íslensku krónunnar aukið á vanda okkar.

Á síðustu árum höfum við Íslendingar lifað góða daga. Hagvöxtur hefur verið mikill og öflugt atvinnulíf hefur skilað sér í auknum kaupmætti og velmegun sem á sér ekki fordæmi. Þar hefur enginn verið undan skilinn. Stjórnvöld hafa notað góða stöðu síðustu ára til að styrkja innviði íslensks samfélags til framtíðar. Aukið fjármagn hefur verið sett til þess að efla samfélagslega þjónustu með góðum árangri. Menntakerfið, ekki síst háskóla- og vísindaumhverfið, hefur verið eflt og menntunarstig þjóðarinnar hefur aukist umtalsvert á stuttum tíma. Heilbrigðiskerfið skilar framúrskarandi árangri, samgöngur hafa verið bættar, félagsleg þjónusta verið styrkt og stuðningur við aldraða og öryrkja hefur verið aukinn verulega. Innviðir þjóðfélagsins eru gerbreyttir og við blasir þjóðfélag tækifæra og hagsældar. Við höfum greitt niður skuldir ríkissjóðs, byggt upp öflugt lífeyrissjóðakerfi sem á sér enga hliðstæðu í heiminum og tekjuafgangur ríkissjóðs undanfarin ár hefur verið lagður til hliðar til mögru áranna og það kemur sér vel nú.

Kaupmáttur almennings hefur aldrei í sögunni verið eins mikill, atvinna hefur verið næg sem og samkeppni um vinnuafl. Þessar aðstæður ýttu undir bjartsýni meðal fólks. Velgengni og uppsveifla í samfélaginu voru smitandi og ekki verður fram hjá því litið að bæði einstaklingar og fyrirtæki hrifust með og tóku á sig skuldbindingar sem reynist nú mörgum erfitt að standa við við breyttar efnahagsaðstæður. Það er ekki síst þess vegna sem við þurfum að taka efnahagsmálin föstum tökum.

Virðulegi forseti. Það eru breyttir tímar. Stjórnvöld, fyrirtækin og heimilin þurfa að bregðast við skyndilegum samdrætti með ráðdeild og skynsemi. Þar kemur sveigjanleiki íslensks samfélags að góðum notum. Við þurfum að koma á jafnvægi í atvinnulífinu á ný, auka traust á og styrkja gjaldmiðilinn, ná niður verðbólgunni, vaxtastiginu og viðskiptahallanum. Þetta er risavaxið verkefni, það verður ekki auðvelt og það mun taka á okkur öll. Vandinn snýr að öllu samfélaginu og fullnægjandi árangur mun ekki nást nema með sameiginlegu átaki allra. Enginn er undanskilinn, ekki ríkisvaldið, ekki sveitarfélögin, ekki fyrirtækin, stéttarfélögin, stjórnmálaflokkarnir né fjölskyldurnar í landinu. Það má enginn skorast undan.

Verkefnið sem við stöndum frammi fyrir snýst um framtíð þjóðarinnar. Það snýst um almannahag. Þar verðum við að setja til hliðar hagsmuni einstakra fyrirtækja og manna. Framtíð barna okkar er í húfi. Það er lykilatriði að auka verðmætasköpun í landinu. Við þurfum að styrkja gjaldeyrisstöðuna, fá erlent fjármagn inn í landið. Þannig getum við nýtt tækifæri til atvinnusköpunar. Við þurfum að nýta auðlindir okkar í þessu skyni. Auðlindanýting á alltaf að vera hluti af eðlilegri atvinnusköpun í landinu en um leið þurfum við að sjálfsögðu að umgangast náttúruna af varfærni og virðingu. Allar þjóðir leggja áherslu á auðlindir sínar og sérstöðu til að skapa sér sóknarfæri meðal þjóða. Aðrar þjóðir eiga olíu, járn, skóga en okkar auðlindir eru orkan, fiskurinn, náttúran og þekkingin sem við getum nýtt okkur með áræðni. Þar hvetur okkur áfram sú staðreynd að verðmæti þessara auðlinda hefur aldrei áður verið metið svo hátt sem nú og verður stöðugt verðmætari. Við verðum að vinna að sama markmiði. Það höfum við ekki alltaf gert. Vænleg verkefni hafa verið hrakin burt, steinar hafa verið lagðir í götu annarra, meiri hagsmunir látnir víkja fyrir minni. Deilur um framkvæmd umhverfismats, um lagningu raflína gegnum sveitarfélög, um lyktar- eða umhverfismengun eru dæmi um mál sem hafa tafið verkefni eða latt áhugasama aðila til að fjárfesta á Íslandi. Það er skylda okkar að leysa slík álitamál.

Þótt boðaföll gangi nú yfir íslenskt samfélag eru bjartari tímar fram undan þegar til lengri tíma er litið. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur metið framtíðarhorfur á Íslandi öfundsverðar. Fleiri hafa tekið undir það. Við byggjum á sterkum grunnviðum og getum mætt áföllum og mótlæti betur en margir aðrir. Ríkissjóður stendur sterkur og öfugt við aðrar þjóðir hvílir ekki á honum stór skuldabaggi gagnvart lífeyrisþegum framtíðarinnar sem er eitt mesta áhyggjuefni annarra vestrænna þjóða.

Þjóðin er ung og atvinnuþátttaka er óvenjumikil, ekki síst meðal ungmenna, kvenna og eldra fólks í samanburði við aðrar þjóðir og við höfum getað gengið að öruggri atvinnu. Ólíkt því sem er víða annars staðar koma erlendir ríkisborgarar til landsins fyrst og fremst í atvinnuskyni og færa tekjur inn í landið. Nánasta framtíð er hins vegar óviss. Við höfum öll áhyggjur af stöðu mála í dag. Við höfum áhyggjur af afkomu fjölskyldna okkar, skuldastöðu heimilanna, verðhækkunum, hugsanlegu atvinnuleysi og áföllum þjóðarbúsins. Þetta er ekki staða sem við höfum kosið okkur. Við höfum hins vegar áður staðið frammi fyrir óvissu og erfiðleikum og þá höfum við borið gæfu til að standa þétt saman og sigrast á þeim. Okkar styrkur er samhygð og samstaða þegar á reynir. Okkar styrkur er einnig traust stjórnmálaleg forusta sem setur almannahag ofar öllu.

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Við skulum ekki gleyma að við höfum allar forsendur til að líta björtum augum til framtíðar. Við skulum þétta raðirnar og nýta alla okkar krafta til að sigrast á þeim tímabundnu erfiðleikum sem við stöndum nú frammi fyrir. — Góðar stundir.

[21:11]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Það er óhætt að taka undir með hæstv. forsætisráðherra að erfiðar ytri aðstæður þrengja nú að íslensku efnahagslífi. Í ljós hefur komið að hinn hnattvæddi kapítalismi hefur galla ekki síður en kosti þó að hér á Íslandi hafi ekki farið mikið fyrir umræðum um þær dökku hliðar sem nú sýna sig. Líkt og við þekkjum frá árinu 1929 hefur fjármálakreppa í Bandaríkjunum áhrif um allan heim, ekki síst í þeim löndum sem hafa lagt kapp á að njóta kosta hnattvæðingarinnar. Ísland er svo sannarlega í þeim hópi.

Hins vegar fór hæstv. forsætisráðherra ekki ítarlega út í orsakir þessara aðstæðna og enn síður ræddi hann þann hluta vandans sem er heimatilbúinn. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum margoft staðið í þessum stól og varað við þenslu, sívaxandi skuldasöfnun þjóðarbúsins og bent á að þjóðhagslegur sparnaður hafi aldrei verið minni. Afleiðingar þenslupólitíkurinnar eru augljósar: Heimilin í landinu eru stórskuldug, það sama má segja um sveitarfélögin og ekki síst atvinnulífið. Reiknað hefur verið út að skammtímaskuldbindingar bankanna nemi rúmum 3.000 milljörðum þegar allt er talið með og heildarskuldir allt að 13 þúsund milljörðum.

Þessi almenna skuldsetning gerir það að verkum að okkur reynist mun erfiðara en ella að mæta ytri aðstæðum. Ástandið í heiminum vekur svo auðvitað upp grundvallarspurningar um hið alþjóðlega fjármálakerfi og af hverju við lifum nú alvarlegri krepputíma en elstu menn muna.

Hér hafa margir ræðumenn notað líkingamál úr sjómennskunni, ólgusjór, þjóðarskúta og boðaföll, en ég leyfi mér að minna á að þegar fólk veiðir of mikið úr hafinu gengur það á auðlindina til frambúðar og skerðir möguleika komandi kynslóða. Nákvæmlega það sama hefur gerst í fjármálalífinu. Menn hafa skammtað sér ótrúlegar fjárhæðir, jafnvel milljarða fyrir skammtímaárangur, ekki bara hér á Íslandi heldur um allan heim, og gengið svo út úr bönkum sem nú riða til falls eða hafa verið þjóðnýttir í flaustri og í andstöðu við eigendur sína.

Samfélag okkar hefur að undanförnu æ meira snúist um dansinn í kringum gullkálfinn, menn hafa farið offari og fjárfest óvarlega. Á sama tíma hafa stjórnvöld setið hjá því að hér hefur verið rekin meðvituð pólitísk stefna um afskiptaleysi, sannkölluð „laissez faire“-stefna, menn eigi ekki að skipta sér af markaðnum. Hann leysir sín mál sjálfur. Í gegnum einkavæðingu hefur markaðurinn sífellt tekið til sín stærri skerf og lögmál hans hafa verið heimfærð upp á grunnþjónustu samfélagsins. Þegar komið er að skuldadögum reynast markaðslausnir hins vegar ekki duga. Þær duga ekki í Bandaríkjunum og þær duga ekki heldur á Íslandi. Hins vegar má segja að markaðurinn hafi tekið völdin af stjórnvöldum. Þegar einhver tapar peningum fer samfélagið á annan endann. Afleiðingin verður sú að við töpum öll. Þetta hefur þó ekki gilt um gróðann, aðeins tapið og þá þversögn þurfa stjórnvöld að horfast í augu við.

Hafa stjórnvöld áttað sig á því? Ég er ekki viss um að ég heyri það á hæstv. forsætisráðherra sem mætir hér og stærir sig enn og aftur af því að hið opinbera hafi dregið sig út úr atvinnurekstri og almannaeignir hafi verið einkavæddar. Það er erfitt fyrir þá sem trúa á Friedman og Fukuyama sem sagði á sínum tíma að mannkynssögunni væri lokið, frjálshyggjan hefði sigrað að eilífu, amen. Auðvitað er erfitt að horfa upp á það hrun sem nú á sér stað á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Hvað ætlum við að gera og hvað ætlar ríkisstjórn Íslands að gera undir þessum kringumstæðum? Við getum ekki sagt að hér sé allt í lagi og að allt hafi verið rétt gert. Við megum ekki viðhalda því kerfi sem hefur aukið þannig bilið í samfélaginu að hér eru öryrkjar og aldraðir með 130 þús. kr. mánaðarlaun, fólk með kjarasamninga upp á 150 þús. kr. á sama tíma og við höfum gengið í gegnum tímabil þar sem fólk hefur tekið sér ofurlaun, kaupréttarsamninga og starfslokasamninga upp á hundruð og jafnvel þúsundir milljóna.

Við sem skipum stjórnarandstöðuna bjóðum ekki upp á auðveldar skyndilausnir. En ég tek undir með formönnum stjórnarandstöðuflokkanna sem hér hafa talað að það þarf að kalla til samráðs. Það þarf að kalla saman fulltrúa allra stjórnmálaflokka, viðskiptalífs, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingar, ábyrgt fólk með yfirsýn og helst að loka það saman inni í herbergi þangað til það kemur út með aðgerðir til lausnar. Það gengur ekki að hér sé seðlabanki og seðlabankastjóri sem gerir eitt, ríkisstjórn sem gerir annað, að viðskiptalífið sé ekki haft með í ráðum og ekki sé talað við þá sem eiga að koma að borðinu. Ég er ekki endilega að tala um þjóðstjórn eins og þá sem talað er um á forsíðu *Fréttablaðsins* í dag svo að enginn haldi að einhverjir ásælist þá stóla sem hér eru þétt setnir. Ég er einfaldlega að tala um að hæstv. forsætisráðherra taki nú forustu, viðurkenni mistök og reyni að greiða úr vandanum með lýðræðislegum og ábyrgum hætti. Það er hægt að ræða endalaust um orsakir ástandsins en sú umræða skilar engu ef ekki verður gengið að því að leysa málið með sem minnstum skakkaföllum fyrir almenning. Við þurfum að huga að lausnum. Við þurfum að ganga í þau verk sem þarf að vinna eins og hv. þingmaður Steingrímur J. Sigfússon fór yfir áðan í ræðu sinni og auðvitað megum við ekki missa

kjarkinn gagnvart því risavaxna verkefni. En málin verða hins vegar ekki leyst til framtíðar nema við komumst út úr þessari skammtímahugmyndafræði. Það er ekki hægt að leysa vandann með sömu ráðum og ollu honum til að byrja með. Það þarf að setja skýrari regluverk um hinn frjálsa markað og það skiptir máli að komast undan oki alræðisfrjálshyggjunnar sem fellir allt undir markaðshugsun. Kannski þarf Sjálfstæðisflokkurinn að taka sér frí eftir að hafa haldið um fjármálin undanfarin 17 ár því að fyrst og fremst er þetta gjaldþrot stjórnarstefnu Sjálfstæðisflokksins.

Við erum að ganga inn í nýja tíma og nýja hugsun, ekki aðeins í efnahagsmálum heldur líka umhverfismálum og velferðarmálum. Ef við ætlum að byggja hús okkar á bjargi þurfum við að fylgja leiðarljósi sjálfbærni. Við getum ekki gengið endalaust á höfuðstólinn hvort sem það eru peningar, auðlindir eða samfélagsbyggingin sjálf. Til að ávaxta sitt pund til langframa þarf að byggja á traustum undirstöðum. Góðir landsmenn. Þær undirstöður höfum við og við skulum standa vörð um þær.

[21:18]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Það er engu logið sem þingmenn hafa sagt hér í kvöld að þetta eru alvarlegir tímar og það eru erfiðleikar fram undan og það er hlustað á það sem þingmenn hafa að segja hér í kvöld. Það er ekki bara hlustað á okkur sem sitjum á bekkjum stjórnarinnar. Það er líka hlustað á stjórnarandstöðuna.

Ég hef hér setið í kvöld og hlustað á tvo formenn stærstu stjórnarandstöðuflokkanna og ég verð að segja það að þó að ég hafi ekki verið í hópi æstustu aðdáenda Steingríms J. Sigfússonar og kannski stundum fyrir hans smekk farið fulldult með þá aðdáun sem ég kann á stundum í leyni að hafa haft þá ætla ég að hrósa honum fyrir ræðu hans. Það var allt annað að hlusta á Steingrím Sigfússon en formann Framsóknarflokksins, Guðna Ágústsson, hérna áðan. Steingrímur talaði kjark í þjóðina. Guðni Ágústsson talaði kjarkinn úr þjóðinni. Steingrímur Sigfússon bauð upp á samráð, Guðni Ágústsson réðst með svigurmælum að forsætisráðherra. Það er honum ekki til sóma. Lægst komst þó formaður Framsóknarflokksins í ræðu sinni þegar hann dylgjaði um það að ákvörðun ríkisstjórnarinnar varðandi Glitni hefði kallað yfir þjóðina þá fjármálakreppu sem hugsanlega er að ríða yfir núna.

Formaður í stjórnmálaflokki getur ekki talað í dylgjum. Hann verður að tala skýrt. Hvað vildi Guðni Ágústsson gera? Vildi Guðni Ágústsson kannski láta Glitni fara í þrot með öllum þeim skelfilegu afleiðingum sem það hefði kallað yfir íslensku þjóðina eða vildi Guðni Ágústsson bregða sér í gervi manns sem stendur við spilavíti í Mónakó og leika rúllettu með 85 milljarða úr sjóðum skattborgara? Vildi hann veita Glitni lán án tryggingа sem Seðlabankinn taldi gildar? Það er þá kannski það eina sem formaður Framsóknarflokksins hefur verið sammála Valgerði Sverrisdóttur um því að hún er eini alþingismaðurinn fram að ræðu formanns Framsóknarflokksins sem vildi velja leið rúllettunnar.

Staðreyndin var sú að ríkisstjórnin þurfti að tefla hraðskák þegar atburðarásin með Glitni gekk yfir. Hún tókst á við það verkefni af festu og með ábyrgð. Hún var að hugsa um hagsmuni almennings og hún var að treysta fjármálalegan stöðugleika í landinu og ekki síst var hún að vernda sparifjáreigendur.

Af því að vinur minn, Steingrímur J. Sigfússon, spurði áðan hvað verði um innstæður sparifjáreigenda þá lýsi ég því yfir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að þær verða varðar. Við þekkjum öll í þessum sölum að þegar erfiðleikar ganga yfir þá birtast oft óvæntar lausnir. Ég tel að núna þurfi að skapa víðtæka sátt um nýtt siglingarkort við þessar gjörbreyttu aðstæður. Þar þurfa að koma að ríkisstjórnin, Samtök atvinnurekenda, ASÍ, BSRB og það þarf allt að vera undir, Seðlabankinn og peningastefnan, myntin og Evrópa, og allt þarf að lúta því lögmáli sem forsætisráðherra hefur lagt, þar sem allt ræðst af bláköldu hagsmunamati.

Það kann vel að vera að sú staða sem nú er komin upp breyti sýn fjölmargra til dæmis á það hvert beri að stefna varðandi Evrópu. En þó að hrikti í rá og reiða, herra forseti, og þó það sé rétt hjá Steingrími J. Sigfússyni að sennilega hafi íslenska þjóðin ekki áður siglt svona ólgusjó er undirstaðan samt sem áður traust. Aflvélar atvinnulífsins sem skapa beinharðan gjaldeyri hafa sennilega aldrei verið betur á sig komnar en núna. Svo vill líka til að ríkisstjórnin hefur verið að leggja góða vaxtarsprota inn í framtíðina og þó að það séu erfiðleikar er þessi ríkisstjórn í dag að verja meiri peningum á öllum stigum skólakerfisins undir forustu öflugs menntamálaráðherra en nokkru sinni hefur verið gert áður. Sömuleiðis er verið af hálfu ríkisstjórnarinnar að ráðast í umfangsmeira átak í samgöngumálum undir forustu öflugs samgönguráðherra en nokkru sinni fyrr. Það er verið að ráðast í gjörbyltingu á fjarskiptakerfunum, háhraðatengingum um allt land og sömuleiðis er verið að ráðast í meiri og umfangsmeiri uppbyggingu á raforkukerfinu en nokkru sinni fyrr.

Það vill svo til að kraftvélarnar sem ég nefndi áðan eru betur á sig komnar en oft áður, meðal annars vegna þess að þar birtist þó jákvæð hlið á þeim breytingum sem hefur orðið á genginu. Það vill svo til að í sjávarútvegi hafa tekjur miðað við afla upp úr sjó sennilega aldrei verið meiri. Ferðamannaiðnaðurinn sem vinnur kraftaverk á hverjum degi við að búa til gjaldeyri hefur sennilega aldrei verið þróttmeiri. Það sýnir kannski framfarahug þessarar ríkisstjórnar að þrátt fyrir erfiðleikana sem allir tala hér um er hún að setja fimmfalt meira í markaðssókn fyrir ferðaþjónustuna en áður.

Sömuleiðis erum við að leggja inn í framtíðina sprota sem skipta máli. Þessi ríkisstjórn er að gjörbreyta umhverfi sprotafyrirtækjanna sem eru mjólkurkýr morgundagsins. Hún siglir hraðbyri í að tvöfalda framlög til Vísindasjóðs og Tækniþróunarsjóðs. Hún hefur þegar gengið frá umfangsmiklum fjárfestingasjóði sem á að liðsinna þessum sprotafyrirtækjum og er upp á 4,6 milljarða. Á morgun mun ég ásamt tveim öðrum ráðherrum taka þátt í að stofna hátæknivettvang sem á að skýra sýnina til næstu tíu ára.

Ágætu landsmenn. Það eru erfiðleikar en við eigum ekki að láta tala úr okkur kjarkinn. Aflvélarnar ganga vel. Undirstaðan er traust og við höfum líka vaxtarmikla sprota sem læsa sig inn í framtíðina. Auðvitað munum við vinna okkur út úr þessu. Það tekur tíma en það gerist.

[21:24]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Það er ekki tími hefðbundins karps á milli stjórnar og stjórnarandstöðu í dag. Ástandið er einfaldlega of alvarlegt til að standa í ræðustóli Alþingis og stunda æfingar á sviði kappræðulistar. En ég heyri að síðasti ræðumaður bíður eftir „óvæntri lausn mála“, eins og hann orðaði það.

Hæstv. forseti. Nú þurfa allir að leggja sig fram um að sýna samstarfsvilja, tala í lausnum og framkvæma í takt við það. Aðgerðaleysi er ekki valkostur. Fram kom hjá forsætisráðherra að langbrýnasta verkefnið sé að ná verðbólgunni niður og það er vissulega rétt. En verðbólgan er ekki upphaf heldur afleiðing. Sérfræðingar halda fram að 40% af verðbólgunni stjórnist af gengi krónunnar og 20% af húsnæðismarkaðnum sem sé tekinn að kólna. Verðbólgan muni því verða fljót að hjaðna um leið og krónan staðnæmist eða taki að styrkjast. Þess vegna er stærsta spurningin þessi: Hvernig stöðvum við fall krónunnar?

Það þarf að auka traust á Íslandi, ekki aðeins út á við heldur einnig inn á við. Auka þarf þjóðartekjur með aukinni framleiðslu í landinu, aukinni verðmætasköpun og knýja fram meiri hagvöxt. Við þurfum áfram að auka nýtingu okkar á endurnýjanlegri orku til atvinnusköpunar, efla nýsköpun og menntun og hefja fyrir alvöru útflutning okkar á þeirri þekkingu sem við búum yfir á sviði orkumála. Við eigum að stefna að uppbyggingu en ekki tala niður allt frumkvæði eða leggja stein í götu eðlilegrar atvinnuþróunar.

Góðir áheyrendur. Á síðustu tíu árum hefur orðið bylting í menntun ungs fólks og sem dæmi má nefna að nú ljúka um 3.500 háskólaprófi á ári hverju. Öllum er ljóst að hin unga og glæsilega kynslóð getur sest að nánast hvar sem er í Evrópu. Með fjórfrelsinu svokallaða eru fáar hindranir í þeim efnum. Til þess að unga fólkið vilji búa á Íslandi þarf Ísland að vera samkeppnishæft og við þurfum svo sannarlega á þessu unga fólki að halda.

Ég skil vel að forsætisráðherra haldi til haga þeim árangri sem síðasta ríkisstjórn náði þegar Ísland skipaði efsta sæti á lista Sameinuðu þjóðanna um lífskjör þjóða. Fyrstu ár þessarar aldar verða lengi í minnum höfð vegna þess uppgangs sem þá ríkti. Aðstæður voru hins vegar þannig að margir fóru geyst og fáir trúðu á að veislunni gæti lokið. Auðvitað er þetta glæsilegur árangur og mikil verðmætasköpun átti sér stað. Sem dæmi má nefna að útflutningsverðmæti áls verður yfir 30% í ár af heildarútflutningstekjum. En þetta breytir ekki því að í dag búum við við frjálst fall krónunnar, háa verðbólgu og okurvexti. Við erum í vanda stödd.

Starf okkar stjórnmálamannanna snýst æ meir um að skapa Íslandi samkeppnishæft umhverfi, að íslensk stjórnvöld geti boðið upp á umhverfi sem stenst samkeppni við önnur Evrópulönd, ekki síst önnur Norðurlönd. Þannig er það ekki í dag og verður ekki á næstu árum nema strax á næstu dögum verði botninum náð og jafnvægi myndist í framhaldinu.

Ef marka má ræðu hæstv. ráðherra er sterkur vilji til að taka á vandanum. Stundum er sagt að viljann þurfi að sýna í verki. Ég ætla ekki að kenna ríkisstjórninni um lausafjárkreppuna í heiminum en ríkisstjórnir víða um heim hafa gripið til róttækra ráðstafana til að bregðast við þeim vanda. Haldnir eru næturfundir í þjóðþingum í því skyni og slíkt mundum við ekki telja eftir okkur að gera hér heldur. Það er lítið gagn í að koma verðbólgunni niður í verðbólgumarkmið Seðlabankans ef afleiðingarnar verða á sama tíma þær að atvinnulífið hrynur vegna fjármagnskostnaðar og fjölskyldurnar missa húsin sín. Þess vegna þarf nú þegar að hefja stýrivaxtalækkanir og viðurkenna að peningamálastefnan gengur ekki upp.

Góðir landsmenn. Þegar ég setti fram hugmyndir um upptöku evru meðal annars án aðildar að ESB fyrir tveimur og hálfu ári var það að sjálfsögðu vegna þess að ég taldi að til lengri tíma litið yrði íslenska krónan ekki gjaldgeng fyrir lítið hagkerfi á hinum opna innra markaði Evrópusambandsins. Strax í framhaldinu komu svör frá ESB um að aðild að Efnahags- og myntbandalaginu væri ófær án aðildar að ESB. Ef stjórnvöld hefðu borið gæfu til að fara strax þá að vinna að framtíðarlausn í gjaldmiðilsmálum stæðum við ekki frammi fyrir sama vanda og raun ber vitni í dag. En það er önnur saga.

Ég er ekki sammála þeim sem segja að umræðu um aðild að Evrópusambandinu eigi að skjóta á frest vegna þess að það leysi ekki vanda dagsins í dag að sækja um aðild. Mín skoðun er sú að við náum síður lausn á aðsteðjandi vanda ef við höfum ekki skýra framtíðarsýn. Samkvæmt könnunum er meiri hluti þjóðarinnar þeirrar skoðunar að við eigum að hefja aðildarviðræður að Evrópusambandinu en til þess að enginn vafi leiki á að sú sé raunin mundi boðuð tillaga Birkis Jóns Jónssonar og fleiri vera heppileg til að fá þau svör sem við þörfnumst. Á sama hátt og við gerðumst aðilar að innri markaði ESB á sviði viðskipta verðum við nú að gerast aðilar að innri markaðnum á sviði peninga- og fjármála. Það eru þung spor fyrir marga en hætt er við að verði þau ekki stigin verði þau enn þyngri síðar.

Við þær aðstæður sem nú ríkja getur enginn svarað áleitnum spurningum með því að segja einfaldlega: „Af því bara.“ — Ég þakka áheyrnina.

[21:31]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. forsætisráðherra sagði í ræðu sinni áðan að sjaldan hefði íslenska þjóðin staðið frammi fyrir jafnmiklum vanda og nú og við getum vafalaust öll tekið undir að þannig er það því miður. Hæstv. forsætisráðherra sagði einnig: „Enginn sá þennan vanda fyrir“ og það var ekki rétt. Ég hef varað við þessu frá því að ég kom á þing síðastliðið sumar, þ.e. sumarið 2007, að hætt væri við því að kreppa væri að síga yfir. Í mars síðastliðnum ræddum við um efnahagsmál og þá var látið sem ekkert væri að. Það var talið að þau varnaðarorð sem við höfðum uppi væru svartagallsraus og ætti að hafa að engu. Það þýðir ekki að tala núna um það að stjórnarandstaðan hafi ekki verið ábyrg. Hún var ábyrg vegna þess að hún varaði við, hún vakti athygli á þeim vanda sem við var að etja. Því miður skellti ríkisstjórnin skollaeyrum við því sem við bentum á.

Hv. þm. Guðni Ágústsson sagði í ræðu sinni áðan að í stefnuræðu forsætisráðherra væri ekki að finna neina

stefnu. Það var að meginhluta til rétt hjá formanni Framsóknarflokksins en ekki algerlega rétt. Þegar grannt er skoðað má finna eftirfarandi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í stefnuræðunni. Í fyrsta lagi að láta einskis ófreistað að ná jafnvægi á ný. Það er hins vegar ekki sagt með hvaða hætti eða hvernig það skuli gert. Jafnframt að forðast skuli atvinnuleysi. Það er heldur ekki gerð grein fyrir því hvernig eigi að ná fram þeirri stefnumörkun. Í þriðja lagi að hvika hvergi frá markaðri fiskveiðistefnu. Þetta voru þau stefnuáhersluatriði sem ég gat fundið í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra og önnur ekki og þar er stefnan því miður ekki mörkuð öðruvísi en sem almennar viljayfirlýsingar um að æskilegt sé að þjóðfélagið þróist með ákveðnum hætti en ekki hvernig. Það er hins vegar það sem skiptir máli fyrir ábyrga forustu í stjórnmálum, að gera þjóðinni grein fyrir því hvað eigi að gera, hvernig eigi að fara að hlutunum. Ég tel að það hafi verið farið mjög rangt að þegar ríkisstjórnin ásamt Seðlabankanum í bakherbergjum ákvað að kaupa Glitni. Af hverju? Ekki vegna þess að ég sé andvígur aðgerðinni í sjálfu sér heldur af því að mig skortir allar forsendur til að gera mér grein fyrir því hvort þetta var hin rétta leið eða hvort ætti að fara aðra leið. Þingið hefur ekki fengið neinar upplýsingar um það. Það er vegna þess að þingræðið á Íslandi er ekki virt og það er ef til vill ástæðan fyrir öryggisleysi almennings.

Í Bandaríkjunum liggur frumvarp fyrir báðum deildum Bandaríkjaþings um aðstoð við fjármálakerfið í landinu. Þar fer fram eðlileg lýðræðisleg umræða fyrir opnum tjöldum þar sem vandinn er reifaður, þjóðin veit hvað um er að ræða, þjóðin gerir sér grein fyrir því hver vandinn er. Þingið gerir sér grein fyrir því hver vandinn er. Hér fara menn á helgarfundi bak við byrgða glugga í Seðlabankanum og koma síðan á miðnætti á sunnudegi og gera grein fyrir því í fámennum hópi að það hafi verið tekin ákveðin ákvörðun en þjóðin fær ekkert að vita um hvaða ástæður liggja að baki því að þannig skuli vera staðið að málum. Ég tel að svona vinnulag hafi stuðlað að því öryggisleysi sem nú ríkir í þjóðfélaginu og það er ríkisstjórnin sem ber alla ábyrgð á því að þannig skuli staðið að málum. En það er ekki bara það að þetta valdi öryggisleysi, þetta er líka alvarleg atlaga að þingræðinu í landinu. Það er verið að tilkynna okkur að það eigi að verja 84 milljörðum, sem eftir gengisfellinguna eru orðnir 93 milljarðar af ríkisins fé, en hverjir eru það sem hafa fjárveitingavaldið? Það er Alþingi Íslendinga. Það er ekki talað við Alþingi fyrir fram. Hvenær á að tala við Alþingi? Hvenær á að bera þessa gjörð undir Alþingi Íslendinga? Hvenær á fjárveitingavaldið að koma að þessu máli? Eftir á, ekki fyrir fram, engar hugmyndir, ekki neitt. Slíkt ber að átelja.

Í annan stað vil ég átelja það þegar hæstv. forsætisráðherra talar um að halda óbreyttu kvótakerfi þrátt fyrir að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafi talað um og ákveðið og sent frá sér álit um að þar væri um mannréttindabrot að ræða. Það er ósæmilegt að þannig skuli vera. Ég hef talið allt frá árinu 2001 að við fylgdum glórulausri peningamálastefnu með því að hafa krónuna á floti, í minnsta myntkerfi heims. Milton Friedman sem aðeins hefur komið til umræðu hjá Steingrími J. Sigfússyni, minnir mig, talaði um að eðlilegt væri að hafa peningakerfið með þeim hætti þar sem um stóra gjaldmiðla væri að ræða en ekki örmyntir eins og íslensku krónuna. Þeir sem að þessu stóðu bera alla ábyrgð á því að svo skuli vera komið. Ég varaði við þessu og ég benti á að vegna þessarar peningamálastefnu — eða eigum við jafnvel að segja vegna skorts á peningamálastefnu? — þá búum við nú við sérislenskan vanda sem er ekki hluti af þeim heimsvanda sem um er að ræða og okkar sérislenski vandi er óðaverðbólga, hrun gjaldmiðils, ábyrgðarlaus peningamálastjórn og skuldir heimilanna eru að vaxa. Við búum við ofurháa stýrivexti sem eru að sliga atvinnulíf og verðtryggingu sem er að eyðileggja fjárhag fjölskyldnanna. Það er þjófur, hljóðlátur, í húsum Íslendinga í dag sem á hverjum degi tekur veruleg verðmæti frá þjóðinni. Það er verðbólgan. Það er verðtryggingin. Það er hinn íslenski vandi og hinn íslenski veruleiki sem unga fólkið stendur frammi fyrir í dag.

Ég lýsi því yfir, eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson gerði, að við í Frjálslynda flokknum erum tilbúnir til allra aðgerða sem geta þokað hlutum fram á við, að sjálfsögðu. Það er ábyrg stjórnarandstaða á Íslandi. Við gerum okkur grein fyrir alvarleika málsins.

Góðir Íslendingar. Við eigum ægifagurt land. Þjóðin er dugleg og vel menntuð. Við vinnum okkur út úr þeim vanda sem við er að etja. Til þess þurfum við ríkisstjórn sem veit hvert á að stefna og hvað á að gera. Með góðri stjórn er auðvelt fyrir dugmikla þjóð eins og Íslendinga að ná tökum á málinu aftur. Erfiðir tímar vara ekki að eilífu. Íslenska þjóðin gerir það. Dugmikil þjóð vinnur sig út úr vandanum en það þarf vilja, hugmyndir, styrk og stefnufestu. Það er það sem þarf. — Ég þakka fyrir.

[21:40]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti, góðir Íslendingar. Ég held að við vitum það öll sem hér erum inni og reyndar örugglega allir þeir sem á okkur hlýða að það liggur eitthvað mikið í loftinu og það ekki neitt gott. Það þarf að leita langt aftur til að finna jafnviðsjárverða tíma í sögu þjóðarinnar og nú eru. Yfir okkur hafa dunið margvísleg áföll, sum ófyrirsjáanleg, sum óviðráðanleg og sum höfum við kallað yfir okkur sjálf.

Það er ekki langt síðan við urðum að skera niður þorskaflaheimildir um þriðjung. Sú ákvörðun var afar þungbær fyrir þjóðarbúið en fyrst og fremst voru það hinar dreifðu byggðir sem máttu taka á sig þær búsifjar. Samt voru þeir til sem ypptu öxlum og fannst lítið til koma um hvort gamla hagkerfinu gengi vel eða illa.

Nýja hagkerfið færði okkur vissulega mikinn auð, meiri auð en þjóðin hefur nokkurn tíma kynnst. Ekki skiptir reyndar minna máli að samfélagið varð miklu fjölbreyttara og þróttmeira en áður. Við Íslendingar fundum til okkar. Við náðum betri árangri en þær þjóðir sem við höfum miðað okkur helst við og lífskjörin jukust á undrahraða, grósku an var gífurleg og þeirri hugsun skaut upp að við Íslendingar værum pínulítið klárari en aðrar þjóðir.

Í nýja hagkerfinu var stundum látið eins og ekki þyrfti annað til en djörfung og dug, hraða og tækni til að mala gull en eiginleg verðmætasköpun, framleiðsla þótti lítt spennandi. Sumir sögðu reyndar að svoleiðis væri nokkuð gamaldags og það væri eiginlega bara fyrir hrædda þjóð

sem þyrfti á sjálfstyrkingarnámskeiði að halda.

Við vöruðum okkur ekki nægilega á því að mikið af þeim nýfengnu lífsgæðum sem okkur áskotnuðust væru fengin að láni. Sú mikla lántaka, einkum fjármálastofnana, byggði um of á því að hagstæð ytri skilyrði mundu ekki breytast. Á þeim forsendum byggðist upp alþjóðleg fjármálastarfsemi á nokkrum missirum og í stað þess að við þyrftum að húka á biðstofum bankastjóranna í von um vinargreiða þá fékk hver sem vildi lánsfé eftir þörfum, jafnvel langt umfram það. Það skapaði sín sjálfstæðu vandamál. En það sem skipti þó mestu máli var að á örskotsstundu var Ísland orðinn hluti af hinu alþjóða fjármálakerfi. Við stöndum því frammi fyrir þreföldum vanda nú, þ.e. að verðmætasköpunin er ekki næg, að við höfum eytt og skuldsett langt umfram það sem við getum gert og að alþjóðleg fjármálakreppa knýr nú dyra og af fullum þunga.

Atburðir síðustu daga hafa rýrt lífsstíl okkar og það er óumflýjanlegt. Fram undan eru mjög erfiðar ákvarðanir og undan þeim verður ekki vikist. Það sem meira er, þær verða umdeilanlegar því það er enginn sem býr yfir einhverju undraráði, einhverri snilldarlausn sem allan vanda leysir. Við höfum séð hvernig öflugir og vel reknir bankar bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu hafa riðað til falls á örskotsstundu. Sumum hefur verið bjargað og sumum ekki. Okkar verkefni er að verja fjármálakerfið eins og við best getum vegna þess að það er allra hagur og við verðum að vernda sparifjáreigendurna, við verðum að tryggja að atvinnulífið og að landsmenn hafi aðgang að bankaþjónustu til þess að hér sigli ekki allt í strand. Það er verkefni stjórnvaldanna þessa dagana, næstu daga, vikur og mánuði. Þetta er erfitt verkefni og þetta er dýrt verkefni en þetta er ekki óviðráðanlegt verkefni. Íslensk stjórnvöld munu vinna að þessu hörðum höndum líkt og stjórnvöld í öðrum löndum gera nú.

Virðulegi forseti. Við finnum öll fyrir því að lánin hækka, verðbólga eykst og atvinna er í hættu og því rýrna lífskjör okkar. Þetta eru afleiðingar fjármálakreppu. Nú á þessari stundu þýðir ekkert að líta í afturspegilinn og velta því fyrir sér hvað hefði betur mátt fara, hvort Seðlabankinn, ríkisstjórnin eða aðrir hefðu getað nýtt tíma sinn betur eða hvað þá bankarnir. Öllu máli skiptir að við sameinumst um að taka á vandanum og við missum ekki móðinn. Það er því alls ekki ástæða til þess að okkur fallist hendur. Önnur samfélög hafa lent í alvarlegum fjármálaerfiðleikum og þau hafa unnið sig út úr því og það munum við einnig gera.

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að öll él styttir upp um síðir og meira að segja þau sem dimm eru. Þegar þessi él eru gengin yfir munum við vinna það upp sem glatast hefur og gott betur en það af því að við erum dugleg þjóð, harðdugleg þjóð og þann dugnað eigum við skuldlausan. Góðir landsmenn. Samstaða, samvinna, einbeittur vilji og þor er það sem best dugar þegar á móti blæs og allt eigum við Íslendingar þetta í ríkum mæli. — Góðar stundir.

[21:45]

Atli Gíslason (Vg):

Góðir landsmenn. Heimilin og almenningur í landinu eru nú að súpa seyðið af óheftri markaðshyggju og óábyrgri einkavæðingu. Þessi blinda stefna Sjálfstæðisflokksins síðustu 17 ár er gjaldþrota. Nú verðum við að stokka upp á nýtt.

Ég ræddi nýlega við þrjá bændur á Vestfjörðum sem fóru út í það fyrir fjórum árum að endurbyggja fjósin sín, taka upp nýja tækni. Það gerðu þeir að eindregnum ráðleggingum sérfræðinga. Nú fer ríflega helmingur af árstekjum þeirra í vexti og verðbætur. Áburðarverð, öll aðföng og flutningskostnaður hafa hækkað stórlega. Þeir, eins og svo fjölmargir aðrir, eru komnir í þrot. Sama gildir um smábátasjómenn með skertan kvóta, þeir og fjölmargir aðrir eru komnir í þrot. Fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, sérstaklega á landsbyggðinni, hefur verið kollvarpað. Þau geta ekki sinnt skyldum sínum ef ekkert verður að gert.

Það vita allir sem vilja vita að ofurauðmenn fleyttu rjómann af svonefndu góðæri, góðæri sem stórir hópar samfélags okkar fengu engan skerf af, ekki nokkurn. Þessir ofurauðmenn hirtu úr samfélaginu milljarða í eigin vasa og fengu síðan skattalækkanir í kaupbæti. Almenningur situr nú hins vegar eftir með sárt ennið, býr við óðaverðbólgu, okurvexti og kaupmáttarrýrnun. Íbúðakaupendur standa frammi fyrir því í dag að mánaðarlegar afborganir þeirra hafa hækkað um 30–60%. Við blasa gjaldþrot og nauðungarsölur ef ekkert verður að gert.

Nú verðum við að snúa bökum saman og byggja upp á nýtt á algjörlega nýjum forsendum þar sem fólk er í fyrirrúmi og heimilin í landinu hafa forgang. Það gerum við eingöngu með því að styrkja velferðarkerfið verulega, hækka persónuafslátt láglaunafólks og meðaltekjufólks, barnabætur og vaxtabætur og við verðum að aflétta okurvöxtunum. Peningamálastefna ríkisins er gjaldþrota.

Við verðum líka að stöðva frekari stóriðjuáform. Nýjar erlendar lántökur til virkjana eru glórulausar rétt eins og þau umhverfisspjöll sem þau valda. Það verður líka að stórefla Íbúðalánasjóð til endurfjármögnunar og Byggðastofnun til að aðstoða bændur og smábátasjómenn. Leiðir verða að skilja núna. Við skulum segja skilið við græðgina, skilið við sjálftökuna, skilið við misréttið og skilið við umhverfisspjöllin — og vel á minnst, við skulum líka útrýma kynbundnum launamun og kynbundnu ofbeldi, þeirri þjóðarskömm.

Við getum og við skulum koma okkur í gegnum þær manngerðu hamfarir sem á okkur dynja, hamfarir sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og fjárglæframenn bera ábyrgð á. Það er svo einfalt. Það er kominn tími til að byggja upp á nýtt, byggja upp á nýjum forsendum, byggja upp á réttlæti og félagslegri ábyrgð. Félagsleg ábyrgð á að vera lykilorðið. Félagsleg ábyrgð og velferð fólksins og heimilanna í landinu, þar eigum við að forgangsraða í stað þess að forgangsraða í þágu fjárglæframanna. Það er kominn tími til að byggja upp, byggja upp á réttlæti og félagslegri ábyrgð og okkar kynslóð ber skylda til þess að byggja upp betra samfélag fyrir komandi kynslóðir, samfélag sem byggir á sanngirni en ekki sjálftöku. — Lifið heil.

[21:50]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Góðir landsmenn. Vetur fer í hönd og heimsbyggðin stendur nú frammi fyrir mesta umróti á fjármálamörkuðum fyrr og síðar. Án efa upplifum við nú mestu viðburði hag-

sögunnar og munum líklega aldrei gleyma þeim dögum sem núna eru að líða. Margir hafa haft uppi varnaðarorð hin síðustu ár um að ójafnvægi og ofþensla í efnahagslífinu væri ávísun á alvarlegan samdrátt og óstöðugleika. Engan óraði þó fyrir því hversu alvarlegar aðstæður mundu skapast úti um allan heim.

Það var óhjákvæmilegt að fjármálakreppan teygði anga sína til Íslands. Tugir banka úti um allan heim hafa farið í þrot og ríkið hefur tekið yfir rekstur þeirra. Röð atvika og brotsjóir á alþjóðlegum mörkuðum urðu til þess að nú stöndum við frammi fyrir því að ríkið hefur neyðst til að veita þriðja stærsta banka landsins gríðarlega umfangsmikla aðstoð í formi hlutafjárframlags sem mun hafa í för með sér að hann verður að 3/4 í eigu ríkisins. Sú aðgerð er vissulega umdeild enda var hún afar sársaukafull fyrir alla hlutaðeigandi og þar virtust allir kostir vondir. Samkvæmt mati Seðlabanka voru tryggingar þær sem Glitnir lagði fram ónógar og á því byggðist niðurstaðan. Höfuðmarkmið stjórnvalda og leiðarljós eru þau ein að tryggja fjárhagslegan stöðugleika í landinu, vernda hagsmuni viðskiptavina bankans og innstæður almennings. Innstæður almennings eru tryggðar og þar er ekkert að óttast.

Nú er unnið að samstilltu átaki stjórnvalda, stofnana og samfélagsins alls um aðgerðir til að skjóta nýjum undirstöðum undir þjóðfélagið, eins og kom fram í ræðu forsætisráðherra, og koma þjóðinni út úr þeim alvarlegustu aðstæðum sem við höfum upplifað á síðari tímum. Það er alveg ljóst að við erum komin að krossgötum og við verðum að taka fastar á til að skapa öryggi fyrir atvinnulífið og til að íslenskur almenningur, íslenskir neytendur njóti hliðstæðra kjara og íbúar nágrannalanda okkar.

Til að skapa stöðugleika til langframa í íslensku þjóðlífi og efnahagslífi þarf mjög margt að breytast. Í því felst að sjálfsögðu engin uppgjöf heldur ábyrg afstaða byggð á raunsæju mati á hagsmunum þjóðarinnar. Við verðum að láta af karpi um brýnustu hagsmunamálin, ræða alvörulausnir af hreinskilni og hispursleysi. Slík umræða er hvorki skrum né nokkrum til skammar. Þar vegur þyngst afstaðan til Evrópusambandsins í framtíðinni. Þetta tekst ekki nema með samstilltu átaki þar sem verkalýðshreyfingin og Samtök atvinnulífsins taka á með öllum stjórnmálaöflum í landinu. Þetta tekst ekki nema með víðtækri sátt í samfélaginu, sátt um stóru skrefin sem við verðum að stíga og með órofa samstilltu átaki okkar allra mun okkur takast það.

Fjármálastofnanir þurfa líka að vera með í þeirri sátt og tryggja þarf að íslenskir íbúðakaupendur séu ekki fastir í sjálfvirkri ofurvaxtavél. Það er siðferðisleg skylda bankanna að veita lántakendum allt það svigrúm sem unnt er að veita, m.a. með frestun á greiðslu höfuðstóls lána. Nú skiptir miklu að þegar í stað verði settur aukinn kraftur í aðgerðir til að aðstoða og leiðbeina fólki sem lendir í greiðsluerfiðleikum, erfiðleikum vegna breyttra forsendna í tekjum, eignum og skuldum. Fólki sem nú horfir fram á erfiða tíma í lífi sínu og örvæntir á stundum um hag fjölskyldu sinnar. Það er afar brýnt að hratt verði unnið, t.d. úr tillögum sem forsætisráðherra kynnti fyrr á árinu og nefndi áðan í ræðu sinni um lögfestingu á ákvæði um greiðsluaðlögun einstaklinga sem af óviðráðanlegum orsökum ráða ekki lengur við fjárhagsstöðu sína, greiðsluaðlögun sem gerir þeim kleift að vinna sig út úr erfiðri stöðu án þess að fara í gjaldþrot. Að því er nú unnið í ráðuneytum dómsmála og viðskipta.

Kæru landsmenn. Gylfi Þ. Gíslason, fyrrverandi ráðherra, sagði einu sinni að markaðurinn væri þarfur þjónn en afleitur herra. Það er augljóst að yfirstandandi atburðir kalla á heildarendurskoðun á umgjörð fjármálamarkaða. Markaðir eru mannanna verk og þeir skila aðeins tilgangi sínum ef þeir eru mótaðir skýrum, áþreifanlegum og áreiðanlegum leikreglum sem byggja undir stöðugleika og traust í þjóðfélaginu. Það er grundvallarafstaða Samfylkingarinnar og leiðarljós í öllum okkar störfum í ríkisstjórn.

[21:55]

Birkir J. Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Óhætt er að segja að mikil efnahagsleg vá sé yfir íslensku samfélagi og á tímum sem þessum er brýnt að við stöndum saman og leitum leiða til þess að leysa þau miklu vandamál sem við okkur öllum blasa. Fólk á mínum aldri, sem margt hvert er nýkomið úr námi og hefur fest kaup á húsnæði, skuldar námslán og tók tilboðum bankanna um myntkörfulán, er vægast sagt uggandi um stöðu mála. Margir ganga jafnvel svo langt að tala um að freista gæfunnar fremur erlendis en hér á landi. Það hefur því sjaldan verið eins brýnt að stjórnvöld veiti nú forustu, hafi skýra framtíðarsýn og grípi til aðgerða.

En höfum við slíka ríkisstjórn? Nú dugar aðgerðaleysi forsætisráðherra nefnilega ekki lengur til, aðgerðaleysið sem m.a. hefur leitt til þeirrar stöðu sem við búum við í dag. Það vantar gjaldeyri í landið. Lausafjárskortur er alvarlegt mál og í raun einn meginvandi hagkerfisins í dag. Því er eðlilegt að spurt sé: Hvers vegna í ósköpunum hefur ríkisstjórnin ekki enn nýtt sér til fulls þá heimild sem Alþingi gaf í vor um aukningu á gjaldeyrisforða Seðlabankans? Heimild til 300 milljarða kr. lántöku liggur enn ónýtt og hver er staðan fyrir vikið? Skuldatryggingarálag íslenska ríkisins er nú komið yfir 600 punkta en var um miðjan maímánuð, þegar heimildin var gefin, 60–70 punktar. Í dag er því hátt í tíu sinnum dýrara að auka gjaldeyrisforðann sem er nauðsynleg aðgerð.

Góðir Íslendingar. Þetta er aðeins hluti herkostnaðar sem aðgerðaleysið hefur haft í för með sér. Það þarf að breyta peningamálastefnu Seðlabankans og hefði þurft að gera það fyrir löngu síðan. Forsætisráðherra boðaði slíkt fyrir um hálfu ári á ársfundi Seðlabankans. Enn hefur hann ekki séð sér fært að hefja þá vinnu. Fyrirtækin í landinu geta einfaldlega ekki lifað við 20–25% vexti. Óbreytt peningamálastefna mun leiða til fjölda gjaldþrota heimila og fyrirtækja og atvinnuleysi mun rjúka upp í framhaldinu. Því þarf að lækka stýrivexti Seðlabankans og breyta óraunhæfum verðbólgumarkmiðum. Þetta eru verkefni dagsins í dag.

Við þurfum einnig að horfa lengra inn í framtíðina. Hvert viljum við stefna, hvað með gjaldmiðilinn okkar? Viljum við halda í krónuna sem gjaldmiðil til næstu áratuga eða viljum við taka upp evru? Ef við Íslendingar viljum taka upp evru er óhjákvæmilegt að við göngum í Evrópusambandið. Þetta eru kostirnir og ég tel að við getum ekki látið aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar ráða för í svo stóru máli sem við ræðum hér. Út frá efnahagslegri velferð þjóð-

arinnar er mikilvægt að úr því verði skorið sem allra fyrst, það er mín bjargfasta sannfæring.

Góðir Íslendingar. Við þurfum að ljúka við Evrópuumræðuna, umræðu sem hefur verið í sama hjólfarinu síðustu árin og hefur einkennst af skotgrafahernaði þeirra sem eru með eða á móti aðild. Ég hugsa að 70% þjóðarinnar séu einhvers staðar þar á milli og ég er einn af þeim. Ákvörðun um inngöngu liggur hjá ykkur. Því tel ég að almenningur í landinu eigi heimtingu á því að segja skoðun sína í einu mikilvægasta hagsmunamáli okkar Íslendinga. Ég mun því leggja fram þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu hér á Alþingi þar sem almenningi verður gefinn kostur á að segja hug sinn hvort Ísland eigi að fara í aðildarviðræður eða ekki. Ég tel einfaldlega að við komum umræðunni og ákvörðunum um Evrópumál ekki áfram með öðrum hætti. Þingmenn þjóðarinnar bera þá skyldu að lyfta umræðunni um þetta mikilvæga mál upp á annað plan þannig að við sem þjóð getum horft til langrar framtíðar um hvernig við viljum haga gjaldmiðilsmálum okkar og samskiptum við aðrar þjóðir.

Góðir Íslendingar. Í dag þarf að leysa þann mikla vanda sem blasir við hvert sem litið er en við þurfum ekki síður að horfa langt fram á veginn. Það er verkefni okkar allra. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[22:00]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við Íslendingar siglum inn í ein mestu efnahagsvandræði sem fólk þekkir í sögu landsins. Fleiri þúsund Íslendingar eru nú þegar gjaldþrota eða á barmi gjaldþrots. Ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar er með þeim hætti að fólkið getur ekki meir. Vaxtaokrið, verðtrygging lána, gengisfall krónunnar sem bitnar á fólki með skuldir í erlendum gjaldmiðli.

Í stefnuræðu forsætisráðherra er ekkert sagt til hvaða ráðstafana eigi að grípa. Hvað eigi að gera til að bjarga fólkinu í landinu. Úrræðaleysið er algjört hjá ríkisstjórninni. Ráðherrarnir eru ekki í neinu sambandi við almenning í landinu, þeir sitja í fílabeinsturni. Þeir gætu aldrei sett sig í spor fólks sem þarf að lifa af 120 þús. kr. á mánuði eins og öryrkjar og aldraðir þurfa að gera. Verðhækkanir og verðtrygging bítur þetta fólk fyrst. Ríkisstjórnin hefur ekki bara brugðist venjulegum fjölskyldum í landinu heldur líka atvinnulífinu öllu.

Í stefnuræðu forsætisráðherra segir að ríkisstjórnin standi traustum fótum. Hún hafi sýnt að hún geti stýrt málefnum þjóðarinnar — takið eftir — af festu og öryggi á viðsjárverðum tímum. Ég spyr: Er ekki allt í lagi með ríkisstjórnina? Finnst ráðherrum hennar virkilega að þjóðinni sé stýrt af festu og öryggi? Eru sumir hér í salnum veruleikafirrtir eða hvað? Ríkisstjórn Geirs Haardes er á villigötum á flestum sviðum. Hún sker niður fjármagn til margra verka en dælir peningum í ýmis gæluverkefni. Mér er ofarlega í huga afgreiðsla Björn Bjarnasonar á lögreglumálum á Suðurnesjum. Þar vantar meira fé til löggæslumála. Því hafði verið lofað fyrir sameiningu embætta fyrir tveimur árum síðan. Afrek lögreglu og tollvarða í Leifsstöð við að koma í veg fyrir innflutning á ýmiss konar eiturlyfjum eru lofsverð. Á sama tíma berjumst við fyrir því að komast í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna sem kostar verulegar fjárhæðir. Þær dygðu vel fyrir rekstri allra lögregluembætta í landinu og Landhelgisgæslunnar sem er nánast stopp í dag.

Samstaðan í þeirri ríkisstjórn sem nú situr er góð ef ekkert er gert en um leið og eitthvað á að gera þá versnar í því. Ef á að virkja eða reisa stóriðju er hver höndin upp á móti annarri. Það hefur komið fram bæði varðandi álver í Helguvík og á Bakka við Húsavík. Við þurfum að nýta allar okkar auðlindir nú sem aldrei fyrr, orkuna og fiskimiðin. Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til 220 þús. tonna jafnstöðuafla í þorski til þriggja ára sem auka mundi tekjur þjóðarbúsins til muna eða um 60 milljarða árlega. Það skiptir verulegu máli að skoða allar leiðir til tekjuöflunar í þjóðfélaginu núna.

Mannréttindi eru mikils virði. Mannréttindabrot út um allan heim eru sorgleg. Auðvitað er fagnaðarefni að íslenskir ráðherrar skuli fara og mótmæla mannréttindabrotum um allan heim en þurfa þeir hinir sömu ekki að byrja á því að taka til í sínum eigin garði og virða mannréttindi á Íslandi? Það er álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna að mannréttindi hafi verið brotin á tveimur sjómönnum frá Tálknafirði. Þeir eigi rétt á bótum frá íslenskum stjórnvöldum. Ég trúi því ekki að forsætisráðherra ætli ekki að virða álit nefndarinnar. Það þurfti ekki þessa mannréttindanefnd til að ríkisstjórn Geirs Haardes vaknaði til að bæta Breiðavíkurdrengjunum kvalir sínar þótt bætur þeirra verði líklega skammarlega litlar.

Góðir landsmenn. Ég tel að skipta verði um yfirstjórn í Seðlabanka Íslands. Fólk verður að fá trú á yfirstjórn peningamála í landinu. Við í Frjálslynda flokknum viljum auka fjármagn til Íbúðalánasjóðs svo hann geti skuldbreytt og hjálpað fólki í neyð. Við viljum auka þorskveiðar um 90 þús. tonn á ári sem skilar 60 milljörðum í þjóðarbúið á hverju ári. Við í Frjálslynda flokknum viljum nýta orkuna í iðrum jarðar og fallvötn til raforkuframleiðslu sem mun skapa atvinnu- og útflutningstekjur. Við viljum styðja hvers konar atvinnuuppbyggingu í landinu bæði stóra og smáa.

Að lokum vil ég segja: Góðir Íslendingar, flokkar eiga að vera fyrir fólk en ekki öfugt.

[22:05]

Útbýting:

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands, 3. mál, frv. utanrmn., þskj. 3.

Þjóðhagsáætlun 2009, 2. mál, skýrsla forsrh., þskj. 2.

Þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar 2008–2009

Í eftirfarandi skrá er getið um þau lagafrumvörp sem unnið er að í einstökum ráðuneytum og áformað er að flytja á 136. löggjafarþingi. Flutt kunna að verða fleiri frumvörp en getið er og atvik geta einnig hindrað flutning einstakra frumvarpa.

Einnig er gert ráð fyrir að lagðar verði fram á annan tug þingsályktunartillagna um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fela í sér breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn.

Enn fremur er gert ráð fyrir að lagðar verði fram tillögur

til þingsályktunar um staðfestingu væntanlegra fiskveiðisamninga vegna ársins 2009, m.a. samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum og samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu.

Forsætisráðherra:

1. Frumvarp til laga um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir við vistun eða dvöl á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007. (Haust)
2. Frumvarp til laga um breyting á stjórnsýslulögum. (Vor)
3. Frumvarp til laga um breyting á lögum um opinberar eftirlitsreglur. (Vor)
4. Frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármál stjórnmálasamtaka o.fl. (Vor)

Dómsmálaráðherra:

1. Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum. (Haust)
2. Frumvarp til laga um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. (Haust)
3. Frumvarp til laga um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða. (Haust)
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. (Haust)
5. Frumvarp til vopnalaga. (Haust)
6. Frumvarp til laga um breyting á lögum um happdrætti. (Haust)
7. Frumvarp til laga um breyting á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu. (Haust)
8. Frumvarp til laga vegna aðildar Íslands að viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn pyndingum eða ómannlegri meðferð. (Haust)
9. Frumvarp til laga um breyting á lögum um útlendinga. (Haust)
10. Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum. (Haust)
11. Frumvarp til lögreglulaga. (Haust)

Félags- og tryggingamálaráðherra:

1. Frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna hlutafélaga yfir landamæri. (Haust)
2. Frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa. (Haust)
3. Frumvarp til laga um þjónustumiðstöð blindra og sjónskertra. (Haust)
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál. (Haust)
5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundna ráðningu starfsmanna. (Haust)
6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um starfsmenn í hlutastörfum. (Haust)
7. Tillaga til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (2008–2012). (Haust)
8. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn mansali. (Haust)
9. Frumvarp til laga um almannatryggingar. (Vor)
10. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð. (Vor)
11. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra. (Vor)
12. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraða. (Vor)
13. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna. (Vor)
14. Frumvarp til laga um aðlögun innflytjenda. (Vor)
15. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða nefndir, stjórnir og ráð á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins. (Vor)
16. Frumvarp til laga um jafna meðferð manna á vinnumarkaði. (Vor)
17. Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um 97. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 2008. (Vor)

Fjármálaráðherra:

1. Frumvarp til fjárlaga 2009.
2. Frumvarp til fjáraukalaga 2008.
3. Frumvarp til lokafjárlaga 2007.
4. Frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt.
5. Frumvarp til laga um húsnæðissparnaðarreikninga.
6. Frumvarp til laga um skattlagningu olíuleitar og olíuvinnslu.
7. Frumvarp til laga um breyting á tollalögum.
8. Frumvarp til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt.
9. Frumvarp til laga um breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
10. Frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga.
11. Frumvarp til laga um breyting á lögum um olíugjald og kílómetragjald.
12. Frumvarp til laga um breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.
13. Frumvarp til laga um breyting á lögum um bifreiðagjald.
14. Frumvarp til laga um breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki.
15. Frumvarp til laga um breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
16. Frumvarp til laga um breyting á lögum um tryggingagjald.

Heilbrigðisráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lýðheilsustöð, landlækni, Geislavarnir ríkisins, lyfjalögum og fleiri lögum. (Haust)
2. Frumvarp til laga um sjúkraskrár. (Haust)
3. Frumvarp til laga um heilbrigðisstéttir. (Haust)
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir. (Haust)
5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar. (Haust)
6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lífsýnasöfn. (Haust)
7. Frumvarp til laga um slysatryggingar. (Vor)

8. Frumvarp til laga um lyfjatjónstryggingu. (Vor)
9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúklingatryggingu. (Vor)
10. Frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. (Vor)
11. Skýrsla heilbrigðisráðherra um Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO). (Vor)

Iðnaðarráðherra:
1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ferðamál. (Haust)
2. Frumvarp til laga um niðurfellingu tryggingardeildar útflutnings. (Haust)
3. Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um ÍSOR. (Haust)
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. (Haust)
5. Frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum. (Haust)
6. Frumvarp til laga um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn. (Haust)
7. Frumvarp til laga um vistvænar hönnunarkröfur. (Haust)
8. Byggðaáætlun 2010–2013. (Vor)
9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. (Vor)
10. Endurskoðun sérlaga um orkufyrirtæki. (Vor)
11. Frumvarp til laga um hitaveitur. (Vor)
12. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurgreiðslur til kvikmyndagerðar. (Vor)

Menntamálaráðherra:
1. Frumvarp til laga um menningarminjar. (Haust)
2. Frumvarp til laga um skil á menningarverðmætum til annarra landa. (Haust)
3. Frumvarp til safnalaga. (Haust)
4. Frumvarp til laga um brottfall laga um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og laga um búnaðarfræðslu. (Haust)
5. Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu. (Haust)
6. Frumvarp til laga um Landsbókasafn – Háskólabókasafn. (Haust)
7. Frumvarp til laga um bókasöfn. (Haust)
8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum. (Haust)
9. Frumvarp til myndlistarlaga. (Haust)
10. Frumvarp til laga um tónlistarfræðslu. (Haust)
11. Frumvarp til laga um listamannalaun. (Vor)
12. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um laun stórmeistara. (Vor)
13. Frumvarp til laga um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. (Vor)
14. Tillaga til þingsályktunar um íslenska málstefnu. (Haust)

Samgönguráðherra:
1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa. (Haust)
2. Frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna. (Haust)
3. Frumvarp til laga um niðurlagningu úrskurðarnefnda á sviði siglingamála. (Haust)
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir. (Haust)
5. Frumvarp til laga um niðurfellingu á lögum um Bjargráðasjóð. (Haust)
6. Frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum. (Haust)
7. Frumvarp til laga um siglingar. (Vor)
8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vaktstöð siglinga. (Vor)
9. Frumvarp til laga um sameiningu rannsóknarnefnda. (Vor)
10. Frumvarp til umferðarlaga. (Vor)
11. Frumvarp til landflutningalaga. (Vor)
12. Frumvarp til laga um leiguakstur. (Vor)
13. Frumvarp til laga um lénamál. (Vor)
14. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012.
15. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2018.
16. Tillaga til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2009–2012.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:
1. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. (Haust)
2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. (Haust)
3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. (Haust)
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. (Vor)
5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar utan lögsögu Íslands. (Vor)
6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. (Haust)
7. Frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum. (Vor)
8. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um landshlutaverkefni í skógrækt fyrir árin 2009–2018 í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 95/2006 um landshlutaverkefni í skógrækt. (Haust)

Umhverfisráðherra:
1. Frumvarp til skipulagslaga. (Haust)
2. Frumvarp til laga um mannvirki. (Haust)
3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir. (Haust)
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðabreyttar lífverur. (Haust)
5. Frumvarp til laga um fráveitur. (Haust)
6. Frumvarp til laga um breytingu á dýraverndarlögum. (Haust)
7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um úr-

vinnslugjald. (Haust)

8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð úrgangs. (Vor)

9. Frumvarp til laga um efni og efnavöru. (Vor)

10. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. (Vor)

11. Frumvarp til laga um innleiðingu á INSPIRE tilskipun 2007/2/EB. (Vor)

12. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni. (Vor)

Viðskiptaráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. (Haust)

2. Frumvarp til laga um vátryggingarstarfsemi. (Haust)

3. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti. (Haust)

4. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. (Haust)

5. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. (Haust)

6. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. (Haust)

7. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um neytendakaup. (Haust)

8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd. (Haust)

9. Frumvarp til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. (Haust)

10. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. (Haust)

11. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunatryggingar. (Vor)

12. Frumvarp til laga um ökutækjatryggingar. (Vor)

13. Frumvarp til laga um hamfaratryggingar. (Vor)

14. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. (Vor)

15. Frumvarp til laga um greiðslumiðlanir og/eða frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki. (Vor)

16. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. (Vor)

17. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um vörumerki. (Vor)

18. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. (Vor)

19. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um samvinnufélög.

Utanríkisráðherra:

1. Frumvarp til laga um eftirlit með hlutum, tækni og þjónustu sem hafa hernaðarlega þýðingu. (Haust)

2. Frumvarp til laga um utanríkisþjónustu Íslands. (Vor)

3. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu tveggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu.

4. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Evrópusamnings um aðgerðir gegn mansali.

5. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu bókunar við Palermo-samning gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi, um að koma í veg fyrir og refsa fyrir mansal, einkum á konum og börnum.

6. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Evrópusamnings um að koma í veg fyrir hryðjuverk.

7. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu kjörfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

8. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu.

9. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Evrópusamnings gegn spillingu á sviði einkamálaréttar.

10. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Luganosamnings um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum.

11. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samnings Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um að stuðla að fylgni fiskiskipa á úthafinu við alþjóðlegar verndunar- og stjórnunarráðstafanir.

12. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Cartagenabókunar við samning um líffræðilega fjölbreytni.

13. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu breytingar á Basel-samningi um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra.

14. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu samnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Noregs um kolvetnisauðlindir beggja vegna markalína.

15. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu samkomulags um breytingar á samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi (NEAFC-samningnum).

16. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu samnings milli Íslands og Grænlands um gagnkvæmar heimildir til kolmunnaveiða innan íslenskrar og grænlenskrar lögsögu á árinu 2008.

17. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samnings um réttindi fatlaðra.

Fundi slitið kl. 22:06.

3. FUNDUR

föstudaginn 3. október,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
Fjárlög 2009, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
Björgvin G. Sigurðsson viðskrh., 2. þm. Suðurk.
Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurk.
Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 10. þm. Reykv. n.

Um fundarstjórn.
Efnahagsmál og umræða um fjárlög 2009.

[10:35]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Á dagskrá þessa þingfundar er frumvarp til fjárlaga fyrir íslenska ríkið á komandi ári fyrir árið 2009. Umræða um fjárlagafrumvarp hefur hliðsjón af þjóðhagsspám og efnahagsspám sem gerðar hafa verið. Vandinn sem blasir við núna er hins vegar óvissan. Þá er ég fyrst og fremst að tala um þá óvissu sem er í Stjórnarráði Íslands. Ef lýsa á á myndrænan hátt ástandinu hjá ríkisstjórn landsins er það í spurningarmerki. Hvað hyggst hún gera varðandi fjármálakerfi landsins? Hvaða skuldbindingar hefur hún gefið og hyggst gefa varðandi einstakar fjármálastofnanir og fjármálakerfið í heild sinni? Þetta hlýtur að sjálfsögðu að skipta sköpum um framvindu efnahagsmála á Íslandi (Forseti hringir.) og þar með fjárlagafrumvarpið. Við hefðum, hæstv. forseti, talið eðlilegt að skjóta umræðunni á frest þar til betur liggur fyrir til hvaða ráðstafana ríkisstjórnin hyggst grípa. Ef ekki verður fallist á það vísum við þessum vinnubrögðum á hendur ríkisstjórninni.

[10:36]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill, vegna orða hv. þingmanns og beiðni, vísa til þess að í samræmi við stjórnarskrá hefur ríkisstjórnin lagt fram fjárlagafrumvarp. Það er hér til umræðu og ég tel eðlilegt að gengið verði til þeirrar umræðu og henni lokið þannig að fjárlaganefnd þingsins geti tekið til við að vinna það verk sem henni er ætlað.

[10:37]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég skil út af fyrir sig ábendingar hv. þingmanns um þá óvissu sem ríkjandi er. Við vitum öll af henni. Hún var rædd í þaula í umræðum í gærkvöldi um stefnuræðu mína. Það breytir ekki því að það er eðlilegt að ganga nú til þess verks að ræða fjárlagafrumvarpið en vissulega fer sú umræða fram í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um ýmsa aðra hluti. En málið verður að komast í vinnslu í þinginu og síðan mun framvinda þess og úrvinnsla markast af öðrum ákvörðunum sem teknar kunna að verða á næstunni.

[10:37]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að umræðan um fjárlögin verður mjög ómarkviss og ómarktæk á þessari stundu. Það sést kannski best á því að þegar skoðað er hvað stendur um efnahagsstefnuna og markmið fjárlaga kemur fram að eftir eitt mesta hagvaxtarskeið um langt árabil er hagkerfið tekið að nálgast jafnvægi. Það er svo fjarri sanni þannig að frumvarpið endurspeglar alls ekki raunveruleikann.

Það má segja að þetta frumvarp sé skrifað með ósýnilegu bleki af því að það mun gufa upp. Það mun koma allt öðruvísi til baka frá fjárlaganefndinni. Við sjáum þó engar ástæður til þess í Framsóknarflokknum að biðja um að umræðunni verði frestað. Við gerum okkur grein fyrir því að hún verður ómarktæk en við teljum að hún eigi að fara fram eigi að síður í ljósi aðstæðna og að málið eigi að fara til fjárlaganefndar. Þar verða örugglega gerðar grundvallarbreytingar á fjárlagafrumvarpinu. Við biðjum því ekki um að umræðunni verði frestað, virðulegi forseti.

[10:39]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Það er ljóst þegar meiningin er að hefja umræður um frumvarp til fjárlaga að við ræðum um frumvarp sem hefur eiginlega ekki annað gildi en spádómsgildi eða ákveðna stefnumörkun. Það hefur litla þýðingu miðað við hvernig ástandið er í dag. Ég ætla að benda á eitt atriði:

Fyrir tæplega viku síðan var Glitnisbanki þjóðnýttur fyrir 84 milljarða sem eru orðnir að 93 milljörðum í dag. Það þarf að koma stöðugleika á í þjóðfélaginu. Það er forgangsverkefni. Við eigum að einhenda okkur í að vinna saman að því og forsætisráðherra ætti að hafa forgöngu um það. Við eigum því að fresta umræðunni um fjárlagafrumvarpið.

[10:40]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar kröfu sem gerð er um að fresta umræðu er fjárlagafrumvarpið alltaf ákveðinn spádómur um það sem koma skal og síðan eru fjárlögin lagfærð í samræmi við veruleikann seinna á árinu. En hv. þingmenn, þið getið rétt ímyndað ykkur hvaða óvissu það mundi skapa ef Alþingi Íslendinga mundi ekki fylgja ákvæði stjórnarskrár og taka málið á dagskrá sem fyrsta mál á þinginu. Þá værum við fyrst að skapa óvissu þannig að ég tek undir með forseta þingsins og þeim sem segja: Við þurfum að hefja þessa umræðu og ljúka henni. Hún er liður í því að skapa þann stöðugleika sem eftir er kallað.

Fjárlög 2009, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[10:41]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er milli þingflokkanna um ræðutíma í umræðunni, samanber 2. mgr. 72. gr. þingskapa og verður hann eins og á síðasta þingi. Ræðutíminn er sem hér segir: Ráðherra hefur 35 mínútur í framsögu, síðan 15 mínútur og loks tíu mínútur. Talsmenn þingflokka hafa 20 mínútur í 1. umferð og síðan tvisvar sinnum tíu mínútur. Aðrir þingmenn hafa tíu mínútur tvívegis. Enn fremur er samkomulag um að andsvör verði leyfð frá upphafi umræðunnar, þó þannig að í 1. umferð verði aðeins talsmönnum þingflokkanna og fjármálaráðherra heimilt að veita andsvör.

Þá vill forseti einnig geta þess að samkomulag er á milli þingflokkanna um að fundur geti staðið lengur en kl. 8 í kvöld.

[10:42]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 sem er 1. mál þessa þings. Hér á eftir mun ég rekja helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar og forsendur frumvarpsins.

Með frumvarpinu er í fyrsta sinn lagður fram rammi um umfang og forgangsröðun ríkisútgjalda til næstu fjögurra ára í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Sett er fram meginstefna í hagstjórn og viðmið um tekjuöflun og raunvöxt útgjalda ríkissjóðs.

Þjónustuverkefnum og framkvæmdum ríkisins er forgangsraðað til að koma áherslum í stefnuyfirlýsingunni í framkvæmd. Gert ráð fyrir fjárveitingum til mála sem þegar hafa verið ákveðin eða lögfest á Alþingi. Einnig er útfært nánar hver tekju- og útgjaldaþróunin verður á næstu árum vegna einstakra málaflokka og verkefna í ljósi efnahagsforsendna og lýðfræðilegrar þróunar.

Breyttar forsendur, svo sem forgangsröðun verkefna, hagræðing eða endurskoðun á núverandi rekstrarliðum, getur þó skapað svigrúm fyrir fleiri áherslumál ríkisstjórnarinnar á tímabili rammafjárlaganna.

Með því að setja fram fjárlagaramma með þessum hætti verða áherslumál næstu ára ljós og ráðuneyti og stofnanir hafa meiri tíma til að undirbúa verkefni sín. Þetta gerir meiri kröfur til þeirra um að vanda fjárlagaáætlanir sínar og að leysa úr rekstrarvanda áður en kemur til framlaga í ný verkefni. Meiri kröfur verða gerðar til rökstuðnings fyrir nýjum verkefnum og gerð krafa um að skoða fyrst alla aðra möguleika á að leysa málin en með auknum útgjöldum úr ríkissjóði. Með öðrum orðum verður gerð krafa um forgangsröðun útgjalda innan þess ramma sem ráðuneytin hafa.

Mikil umskipti eru að verða í þjóðarbúskapnum um þessar mundir. Eftir eitt lengsta og mesta hagvaxtarskeið um langt árabil er nú fram undan nokkur lægð en ef horft er fram til nokkurra ára stefnir í að hagkerfið færist nær jafnvægi á ný. Stefnan í ríkisfjármálum eins og hún birtist í fjárlagafrumvarpinu endurspeglar það. Gert er ráð fyrir að samdráttur í þjóðarútgjöldum sem hófst árið 2007 við lok stóriðjuframkvæmda haldi áfram í ár. Viðsjár á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, sem dregið hafa úr framboði ódýrara lánsfjármagns hér á landi og háir stýrivextir Seðlabankans hafa leitt til þess að íbúðafjárfesting og atvinnuvegafjárfesting hafa tekið að lækka á árinu. Veiking á gengi krónunnar á árinu og samdráttur í kaupmætti ráðstöfunartekna hafa einnig haft þau áhrif að dregið hefur hratt úr einkaneyslu heimila. Aukin framleiðslugeta áls ásamt samdrætti í innflutningi hafa hins vegar framkallað viðsnúning í vöru- og þjónustuviðskiptum sem áætlað er að skili 1,7% hagvexti í ár. Árið 2009, þegar aukning útflutnings verður að mestu afstaðin í bili en einkaneysla og fjárfesting halda áfram að dragast saman, er spáð að hagvöxtur verði neikvæður og að landsframleiðslan dragist saman um 1,6%. Eftir að slaki hefur myndast í efnahagslífinu er spáð að innlend eftirspurn taki við sér á ný árið 2010 og að hagvöxtur það ár verði 1%. Jafnframt er gert ráð fyrir hóflegum og vaxandi hagvexti árin 2011–2012 samhliða lágri verðbólgu og litlum viðskiptahalla. Það er því búist við niðursveiflu í hagkerfinu á næsta ári en hægum uppgangi árin þar á eftir.

Þó ber að gæta þess að á tímum erfiðleika og viðsjár á alþjóðlegum fjármálamörkuðum gætir mikillar óvissu í öllum áætlunum og spám. Ríkið hefur hlaupið undir bagga með innlendri fjármálastofnun og vonir standa til að það dragi úr óvissu. Vonandi þarf ríkissjóður þó ekki að gera slíkt aftur í lengd og bráð.

Lægð í efnahagslífinu leiðir óhjákvæmilega til þess að tekjur ríkissjóðs minnka og útgjöld aukast. Eftir tæplega 89 milljarða kr. afgang árið 2007 er áætlað að tekjujöfnuður ríkissjóðs dragist saman og að afgangurinn nemi 3 milljörðum kr. árið 2008. Rýrnandi tekjuafkoma ríkissjóðs ber þess merki að aðlögun þjóðarbúskaparins er hafin í átt til meira jafnvægis á sama tíma og erfiðleikar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum þrengja að hagkerfinu. Þannig var í fjárlögum fyrir árið 2008 áætlað að rekstur ríkissjóðs skilaði afgangi sem næmi um 39 milljörðum króna. Sú áætlun hefur nú verið endurskoðuð í ljósi nýrra upplýsinga um þróun tekjustofna og útgjalda málaflokka og með hliðsjón af nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Endurmatið felur í sér talsverðar breytingar á helstu stærðum ríkisfjármálanna frá fyrri áætlun. Nú er talið að heildartekjur verði um 10 milljörðum króna minni en reiknað var með í fjárlögum og að útgjöldin verði 26,3 milljörðum meiri. Er því áætlað að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 3 milljarðar króna eða því sem næst liðlega 36 milljörðum minni en í fjárlögum.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2009 ber þessari þróun merki en gert er ráð fyrir að afkoman á næsta ári versni til muna og að 57 milljarða króna halli verði á ríkissjóði. Miðað við óbreyttar áherslur í rekstri ríkissjóðs er því spáð að ríkissjóður verði rekinn áfram með nokkrum halla árin 2010 og 2011 en að afgangur verði á ný á ríkissjóði á árinu 2012. Mjög mikilvægt er að sjá að spár gera ráð fyrir að sú niðursveifla sem nú er fram undan verði aðeins tímabundin og ríkissjóður verði rekinn með afgangi á nýjan leik á síðasta ári tímabilsins.

Eftir áralangt tímabil mikils afgangs í ríkisfjármálum er tímabundinn hallarekstur í efnahagslægð í fullu samræmi við stefnu stjórnvalda um að afkoma ríkissjóðs verði í jafn-

vægi til lengri tíma litið, þ.e. að ríkissjóður sé hallalaus yfir hagsveifluna. Þessi stefna byggir á því að sjálfvirkri sveiflujöfnun ríkisfjármála er leyft að eiga sér stað. Ríkið minnkar á samdráttartímum það sem það tekur til sín í formi skatttekna en um leið eru aukin framlög til hagsveiflutengdra útgjaldaliða eins og atvinnuleysisbóta. Með því hefur ríkissjóður áhrif til að draga úr niðursveiflu í efnahagslífinu og jafnframt takmarka aukningu atvinnuleysis. Við þær aðstæður þegar tekjuhalli myndast á ríkissjóði er mikilvægt að viðhalda aðhaldssamri stefnu sem leggur áherslu á hagkvæmni og varfærni í ríkisrekstri til að tryggja sjálfbærni ríkisfjármála til lengri tíma litið.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á ábyrga efnahagsstjórn sem forsendu kraftmikils efnahagslífs og aukinnar velferðar. Markmið hagstjórnar er að tryggja stöðugleika með lágri verðbólgu, lágu vaxtastigi, betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum, jöfnum og öflugum hagvexti og áframhaldandi traustri stöðu ríkissjóðs.

Staða ríkisfjármála á Íslandi er mjög góð til að takast á við efnahagslægð hvað varðar skuldir ríkissjóðs og stöðu lífeyrismála. Hrein eign ríkissjóðs er jákvæð eftir margra ára tekjuafgang og tekjur af einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Þá eru framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs á Íslandi vegna öldrunar samfélagsins minni en víðast hvar annars staðar vegna þess hve lífeyrissjóðakerfið er öflugt hér á landi en það er að verulegu leyti byggt á sjóðasöfnun en ekki gegnumstreymi. Þá er miðað við að gengið verði á innstæður ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands við að fjármagna tekjuhalla á komandi árum og því komi ekki til aukinnar skuldsetningar vegna hallans.

Í febrúar 2006 skipaði ég nefnd sem hafði það hlutverk að fara yfir skattkerfið og varpa ljósi á hvaða þættir það eru sem gera Ísland samkeppnishæft og skilvirkt. Nefndin skilaði skýrslu með niðurstöðum sínum um miðjan september þar sem m.a. kemur fram að íslenska skattkerfið gegni meginhlutverki sínu með ágætum. Það er einfalt í samanburði við skattkerfi annarra landa, byggir í meira mæli á tekju- og veltusköttum en annars staðar en vægi launatengdra gjalda er lágt. Álagning tekjuskatts á einstaklinga er einföld: aðeins eitt álagningarhlutfall og fastur persónuafsláttur. Jaðarskattur á lágar tekjur og meðaltekjur er fremur hár í alþjóðlegum samanburði, en sé tekið tillit til bótagreiðslna er meðalskattur tiltölulega lágur í alþjóðlegum samanburði. Lítill munur er á launakostnaði fyrirtækja og því sem launþegar fá í vasann þannig að áhrif skattkerfisins á vinnumarkaðinn eru tiltölulega lítil. Fjármagnstekjuskattur er lágur miðað við launatekjur. Samanlögð áhrif tekjuskatts félaga og fjármagnstekjuskatts af arði eru hér tiltölulega lítil sem virkar hvetjandi fyrir fjárfestingar í atvinnurekstri. Skattkerfið er því samkeppnishæft og skilvirkt þegar litið er til þessara þátta.

Helsta viðmið varðandi tekjuöflun ríkissjóðs er að tekjuafkoma ríkissjóðs sé í jafnvægi yfir hagsveifluna og stuðli að efnahagslegum stöðugleika á hverjum tíma. Nokkrar skattbreytingar hafa verið ákveðnar sem hafa veruleg áhrif á tekjuhlið frumvarpsins á næstu árum.

Þannig hækkar persónuafsláttur í áföngum um 7 þúsund krónur á mánuði umfram almenna verðuppfærslu árin 2009 til 2011 og munu þær breytingar strax verða áberandi um næstu áramót þegar gert er ráð fyrir að skattleysismörk hækki um ríflega 18%.

Tekjuskattar fyrirtækja lækka úr 18% í 15% frá og með tekjuárinu 2008.

Stimpilgjöld vegna lána til kaupa á fyrstu fasteign hafa verið felld niður sem óumdeilanlega hefur orðið til hagsbóta fyrir nýja húsnæðiseigendur.

Miðað er við að hagrænar breytingar á tekjum komi fram í breytingum á afkomu ríkissjóðs næstu ár í samræmi við vænt umsvif í efnahagslífinu samkvæmt þjóðhagsspá. Þannig er reiknað með að skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu lækki úr ríflega 31% árið 2007 í 28% árið 2008 og tæplega 26% árið 2009. Slík lækkun er óvenjumikil og helgast af ofangreindum skattbreytingum og spá um minnkandi umsvif, aukið atvinnuleysi, minni hagnað, samdrátt í kaupmætti launa og lækkun fasteignaverðs að raunvirði. Þegar efnahagslífið tekur við sér á ný árið 2010 er gert ráð fyrir að hlutfallið taki að aukast á ný og verði nær 28% af landsframleiðslu árið 2012.

Í umræðu um skattamál undanfarinna ára hefur nokkuð verið gagnrýnt að ríkisvaldið taki til sín of stóran hluta landsframleiðslunnar og að það hlutfall hafi vaxið á undanförnum árum. Þetta hefur gerst þrátt fyrir verulega lækkun skatthlutfalla bæði einstaklinga og lögaðila. Margoft hefur sá sem hér stendur svarað því til að það sé hluti af hinu sjálfvirka sveiflujafnandi hlutverki ríkissjóðs sem tekur til sín hærra hlutfall landsframleiðslunnar þegar vel árar en dregur úr þegar harðnar á dalnum. Þeir sem dregið hafa í efa þau svör á hagvaxtarskeiði undanfarinna ára ættu nú að fá það staðfest að þetta er raunin þegar skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu lækka um 6,4% á aðeins þremur árum. Þeir hinir sömu sem kallað hafa vaxandi skatthlutfall sem hlutfall af landsframleiðslu skattahækkanir ættu þá nú að geta glaðst yfir stórkostlegri lækkun skatta á almenning og fyrirtæki á þessu og næsta ári.

Margir óvissuþættir geta haft áhrif á niðurstöðu þjóðhagsspár og tekjur ríkissjóðs, ekki síst framvinda á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Óvissa í alþjóðlegu efnahagslífi umlykur nú tekjuspár fyrir ríkissjóð. Undanfarin ár hefur fjármálaráðuneytið unnið að rannsóknum sem miða að því að bæta tekjuspágerðina, til að gera hana sem nákvæmasta. Það eyðir þó ekki þeirri óvissu sem nú er til staðar í efnahagslífinu og gæti birst að hvað mestu leyti í þróun tekna af fjármagnstekjuskatti eða tekjuskatti lögaðila á komandi missirum. Við gætum verið að sigla inn á ókunn mið hvað þá tekjustofna varðar. Þróun umsvifa hefur einnig mikil áhrif á aðra tekju- og veltuskatta. Ef samdráttur verður minni en nú er spáð er líklegt að tekjurnar verði þeim mun meiri. Þá er einnig óvissa um það hve mikil framboðsáhrif lækkun skatta á einstaklinga og lögaðila hefur við þær aðstæður sem nú eru að skapast í efnahagslífinu. Í því sambandi má nefna að spár um aukið atvinnuleysi hafa ekki gengið eftir undanfarin ár. Að einhverju leyti má líklega rekja það til jákvæðra framboðsáhrifa. Við þurfum þó um sinn að búa við verulega óvissu hvað alla áætlanagerð varðar.

Ríkissjóður hefur sett sér margvísleg viðmið sem ganga undir nafninu fjármálareglur. Rammafjárlög til fjögurra ára ásamt slíkum viðmiðum eru mikilvæg verkfæri til að

tryggja að sá árangur sem stefnt er að í ríkisrekstrinum náist. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sett markmið um að ríkisútgjöld aukist ekki í hlutfalli við þjóðarframleiðslu frá því sem nú er. Einnig eru markmið um áframhaldandi trausta stöðu ríkissjóðs og markvissan ríkisrekstur sem meðal annars felur í sér ráðdeild og varfærni í fjármálum. Markmiði um að viðhalda traustri stöðu ríkissjóðs verður náð með því að stefna að því að reka ríkissjóð í jafnvægi yfir hagsveifluna. Tímabundnum tekjusamdrætti verður mætt með því að ganga á inneignir. Á þessum grunni hefur ríkisstjórnin samþykkt eftirfarandi viðmið varðandi þróun útgjalda ríkissjóðs:

Árlegur raunvöxtur rekstrargjalda án óreglulegra liða verði ekki umfram 2,0% að meðaltali árin 2009–2012.

Árlegur raunvöxtur tekjutilfærsluútgjalda verði að meðaltali ekki umfram 3,5% árin 2009–2012 og lækki á síðustu tveimur árum tímabilsins undir 2%.

Fjárfesting verði að meðaltali ekki umfram 2,5% af landsframleiðslu árin 2009–2012 en til framtíðar litið verði hún um 2% af árlegri landsframleiðslu.

Hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu hækki ekki á tímabilinu.

Taka ber fram að nokkrir óreglulegir liðir eru ekki felldir undir framangreind viðmið vegna þess að erfitt er að meta og ákvarða útgjöld til þeirra fram í tímann. Þar er um að ræða ýmist reikningshaldslega eða kerfislæga gjaldaliði sem ráðast af ytri aðstæðum

Í fjárlagarömmum er tekið tillit til ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ný verkefni í samræmi við stefnuyfirlýsingu hennar sem jafnframt leiðir til aukinna útgjalda á tímabilinu. Samtals er varið um 77 milljörðum króna til áhersluverkefna ríkisstjórnarinnar á tímabilinu, þar með talið vegna aðgerða í tengslum við kjarasamninga í febrúar 2008 umfram það sem annars hefði orðið. Í rammafjárlögunum er einnig tekið tillit til fyrirliggjandi skuldbindinga um útgjöld sem breytast samkvæmt lögum eftir mannfjölda eða hagstærðum. Áætlað er að útgjöld sem bætast við af þessum sökum nemi í heildina 90 milljörðum króna á tímabilinu.

Í áætluninni eru útgjöld flestra fjárlagaliða framreiknuð miðað við forsendur um tiltekinn raunvöxt þar sem bæði er tekið mið af spám um kerfislægar eða lýðfræðilegar breytingar og áherslum um forgangsröð í uppbyggingu málaflokka. Algengast er að miða við 1% raunhækkun milli ára í rekstri stjórnsýslustofnana og í þjónustu sem ræðst einkum af fólksfjölgun en tilteknir málaflokkar eru látnir njóta meiri forgangs og hækka umfram þetta. Dæmi um það eru 2% árlegur raunvöxtur í málefnum fatlaðra, sjúkrastofnana, slysatrygginga og dvalarrýma, 3% vegna hjúkrunarrýma og um 5% vegna lyfja.

Á móti áformuðum hækkunum er gert ráð fyrir að ráðuneytin undirbúi aðhaldsaðgerðir sem dragi úr framangreindum útgjaldavexti sem skili árlega fjárhæð er svarar til 1,2% lækkunar á rekstrargjöldum hvers ráðuneytis.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 er áætlað að verja auknum útgjöldum til fjölda mála. Þar á meðal til að vinna á biðlistum eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildar, hækka skerðingarmörk barnabóta og viðmiðun um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Lögð er áhersla á að styrkja stöðu aldraða og öryrkja, m.a. með átaki í uppbyggingu 400 hjúkrunarrýma fyrir aldraða og fjölgun einbýla. Þá hefur verið dregið stórlega úr tekjutengingu í almannatryggingum. Starfsendurhæfing verður aukin og átak gert í búsetumálum geðfatlaðra. Stefna ríkisstjórnarinnar er að á Íslandi verði veitt heilbrigðisþjónusta á heimsmælikvarða og verður auknu fé varið til sjúkratrygginga, lækniskostnaðar, lyfja og hjálpartækja, húsnæðis sjúkrastofnana og vegna reksturs nýrra hjúkrunarheimila.

Ríkisstjórnin hefur í frumvarpinu náð því markmiði að auka framlög til þróunarsamvinnu í 0,35% af landsframleiðslu. Hún mun beita sér fyrir áframhaldandi fjárfestingu í rannsóknum og menntakerfi þjóðarinnar ásamt því að bæta kjör námsmanna enn frekar. Framlög til vísinda- og tæknisjóða hækka árlega í áföngum og stórauknu fé verður varið til framhaldsskóla á tímabilinu, aðallega vegna nýrra framhaldsskólalaga. Í fjárlagarömmum tímabilsins er miðað við að framlög til reksturs og uppbyggingar Vatnajökulsþjóðgarðs verði stóraukin. Einnig verður lagt verulegt fjármagn til atvinnumála á tímabili rammafjárlaga einkum til þess að styrkja atvinnulíf á þeim svæðum þar sem hagvöxtur hefur verið lítill eða samdráttur og aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna mótvægis við samdrátt í þorskafla verður fylgt eftir. Sérstök áhersla verður lögð á að efla þróun hátækni og sprotafyrirtækja um land allt, ekki síst í tengslum við áframhaldandi uppbyggingu innviða á sviði samgangna og fjarskipta og að byggja upp þróttmikið markaðsstarf ferðaþjónustunnar. Gert er ráð fyrir auknum útgjöldum vegna áframhaldandi eflingar Landhelgisgæslunnar með nýrri flugvél og þyrlum og auknum umsvifum. Einnig er áhersla á eflingu innviða samfélagsins á sviði samgangna og fjarskipta. Breytingar á framlögum til samgönguverkefna árin 2009–2012 taka að mestu leyti mið af viðauka við samgönguáætlun 2007–2010 og samgönguáætlun 2007–2018. Að lokum má nefna að ríkisstjórnin telur mikilvægt að heilbrigð samkeppni og eðlileg verðmyndun þrífist á öllum sviðum atvinnulífsins og að neytendur njóti góðs af þeim. Eftirlitsstofnanir ríkisins verða efldar með auknum fjárveitingum á tímabili rammafjárlaga auk þess sem unnið verður að betri nýtingu fjármuna til eftirlits með markaðsstarfsemi, m.a. með skipulagsbreytingum.

Eins og áður segir eru horfur á að afkoma ríkissjóðs versni til muna og verði neikvæð sem nemur um 57 milljörðum króna á árinu 2009. Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 53 milljarða króna og lánsfjárjöfnuður verði neikvæður um tæpa 48 milljarða króna. Til samanburðar var 89 milljarða króna tekjuafgangur árið 2007 en í áætlunum um niðurstöðu ársins 2008 er nú gert ráð fyrir að afgangur þessa árs verði um 3 milljarðar króna. Í þessari þróun gætir áhrifa af tímabundnum samdrætti í tekjum og auknum útgjöldum sem leiða m.a. af versnandi efnahagshorfum.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs árið 2009 verði 450,5 milljarðar króna, sem er 23 milljörðum króna minna en í áætlun fjárlaga 2008. Skýrist það af lakari þjóðhagshorfum fyrir árið þar sem nú er spáð 2,5% samdrætti þjóðarútgjalda á næsta ári. Áætlað er að skatttekjur dragist saman milli ára um 8,2% að raunvirði. Skattar á tekjur og hagnað minnka

milli ára, einkum fjármagnstekjuskattar sem eru mjög háðir framvindu á fjármálamörkuðum. Hækkun persónuafsláttar, um 24 þús. kr. á árinu 2009, auk verðtryggingar á honum, leiðir til talsvert minni tekna en ella af tekjuskatti einstaklinga. Áætlað er óbeinir skattar dragist saman um 2,8% að raunvirði.

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2009 eru áætluð 507,4 milljarðar króna, sem er hækkun um 73,2 milljarða króna eða 16,9% frá fjárlögum 2008. Þar af eru 40,6 milljarðar króna vegna kjarasamninga við stéttarfélög ríkisstarfsmanna, aukinnar verðbólgu, gengislækkunar krónunnar og hækkunar á bótum velferðarkerfisins. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 11,5% hækkun verðlags á milli áranna 2007 og 2008. Fjárlög 2008 gerðu hins vegar ráð fyrir 3,8% hækkun. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að bæta þennan mismun upp að fullu til viðbótar við spá um verðlagshækkun til ársins 2009. Þetta felur í sér að fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa og framlög sem eru tengd við vísitölu neysluverðs hækka óvenjumikið eða alls um 13,2%. Til viðbótar þessum verðlagshækkunum er gert ráð fyrir töluverðri raunaukningu útgjalda í frumvarpinu sem er samtals nálægt 33 milljörðum króna. Verulegur hluti þeirra útgjalda er vegna ákvarðana um áform sem fram komu í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Hækkun rekstrargjalda kemur fram í heilbrigðismálum og öldrunarþjónustu vegna sjúkrastofnana, heilsugæslu og stofnunum á sviði öldrunarmála, auk þess sem aukið er við rekstur málefna fatlaðra. Þá aukast framlög til menntamála vegna háskóla, rannsókna og framhaldsskóla. Löggæslu- og öryggismál hækka vegna aukins reksturs Landhelgisgæslunnar með tilkomu nýs varðskips og flugvélar.

Vaxtagjöld ríkisins aukast verulega, eða sem nemur um 13 milljörðum króna frá áætlun fjárlaga 2008, vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar til að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans og til að styðja við vaxtamyndun á innlendum fjármagnsmarkaði. Á móti koma einnig umtalsverðar vaxtatekjur af innstæðum ríkisins í Seðlabankanum þannig að áhrif á afkomu ríkissjóðs eru ekki veruleg.

Mesta aukningin verður í útgjöldum sem flokkast undir neyslu- og rekstrartilfærslur en þau hækka um 28 milljarða króna frá gildandi fjárlögum eða um tæpa 22 milljarða miðað við endurskoðaða áætlun fyrir yfirstandandi ár. Hækkunin á að mestu leyti rætur að rekja til aukinna tilfærslna í frumvarpinu. Talsverður hluti af þeim hækkunum skýrist af því að gert er ráð fyrir að bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur hækki óvenjumikið á næsta ári eða um 9,6%. Þar er tekið mið af spám um þróun á vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til 7,4% hækkunar á bótunum sem gerð var snemma á þessu ári. Þegar þessar og aðrar verðlagshækkanir eru frátaldar og að undanskildum nokkrum óreglulegum liðum þá telst aukningin í tilfærslunum vera um 12 milljarðar króna miðað við áætlaða útkomu 2008 en það svarar til 7,1% að raunvirði. Ef miðað er við gildandi fjárlög er raunaukningin metin á sama hátt um 18 milljarðar, eða 11,3%. Aukningin frá síðustu fjárlögum kemur að stórum hluta fram í almannatryggingum vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ýmsar breytingar á lögum sem flestar hafa nú þegar komið til framkvæmda og fela meðal annars í sér að verulega er dregið úr tekjutengingum og að frítekjumörk hækka. Þá hækka framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs á milli ára í samræmi við endurskoðaða spá um atvinnuleysi. Atvinnuleysisbætur hækka í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hækka þær með hliðsjón af hækkun lágmarkslauna í almennum kjarasamningum. Framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækka vegna endurskoðaðrar áætlunar um fjölgun lánþega og framlagsþörf úr ríkissjóði á grundvelli nýrra úthlutunarreglna. Útgjöld til sjúkratrygginga aukast milli ára aðallega vegna hærri kostnaðar við lyf og hjálpartæki. Greiðslur í Fæðingarorlofssjóð hækka vegna fleiri fæðinga en reiknað hafði verið með. Skerðingarmörk barnabóta hækkuðu samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og er gert ráð fyrir meiri útgjöldum vegna þess. Þá aukast vaxtabætur af sama tilefni vegna 35% hækkunar á eignaskerðingarmörkum. Á móti lækkar framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þar sem framlög sem veitt voru tímabundið renna út. Ég minni á að þessi auknu tilfærsluútgjöld koma í kjölfar mikillar aukningar á framlögum til almannatryggingakerfisins sem fram kom í fjárlögum 2008.

Stofnkostnaður hækkar að raungildi um 1,7% frá fjárlögum 2008. Hér er fyrst og fremst um að ræða aukningu verkefna til samgöngumála í samræmi við viðauka við samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010. Á yfirstandandi ári voru framlög til samgönguframkvæmda stóraukin og í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að framkvæmdastigið haldist álíka hátt. Aukinn stofnkostnaður skýrist einnig af niðurgreiðslu vaxta vegna lána til kaupa á leiguíbúðum sem ákveðin var til að styrkja markaðinn fyrir leiguhúsnæði. Að lokum hækkar framlag til að ljúka kaupum á nýju varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ýmsum aðhaldsaðgerðum til lækkunar á útgjöldum ríkissjóðs á árinu 2009 frá því sem annars hefði orðið. Rekstrargjöld ráðuneyta voru þannig lækkuð um 2 milljarða króna við fjárlagagerðina frá upphaflegum áætlunum eða almennt um 1,2%. Er hér fyrst og fremst um að ræða ýmsar aðhaldsaðgerðir sem ráðuneytin útfærðu í samvinnu við stofnanir á þeirra vegum. Ýmis tilfærsluframlög eru lækkuð um 500 millj. kr. frá því sem ella hefði orðið og tilfærsla verður í tímaröð framkvæmda sem leiðir til þess að stofnkostnaður á árinu 2009 lækkar um 7–8 milljarða króna frá upphaflegum áætlunum.

Herra forseti. Markmið ríkisstjórnarinnar í hagstjórninni er að stuðla að auknum stöðugleika í efnahagslífinu með lægri verðbólgu, lægra vaxtastigi, betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum, jöfnum og öflugum hagvexti og traustri stöðu ríkissjóðs. Fjárlagafrumvarp 2009 felur í sér að ríkissjóður sinnir hagstjórnarlegu hlutverki sínu til að jafna sveiflur í efnahagslífinu, til að mynda með aukinni fjárfestingu á meðan á niðursveiflu stendur en um leið samdrætti í tekjuöflun ríkissjóðs. Á gjaldahlið aukast útgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu um 1,6% og á tekjuhlið lækka skatttekjurnar sem nemur 2,1%. Samanlagt má því segja að sveiflujafnandi áhrif ríkisfjármála verði 3,7% af landsframleiðslu næsta árs.

Mikill tekjuafgangur ríkissjóðs á síðustu árum hefur leitt til þess að skuldir eru nú litlar og verulegum fjárhæðum hefur verið varið í að styrkja stöðu Seðlabanka Íslands og

Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins en um leið hafa inneignir ríkissjóðs í Seðlabankanum vaxið tífalt á aðeins fjórum árum. Þessi sterka staða gerir okkur kleift að takast á við tímabundinn vanda komandi ára þar sem halli verður á ríkissjóði um þriggja ára skeið.

Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins kemur fram að efnahagslífið mun leita jafnvægis eftir mikinn hagvöxt á undanförnum árum. Eftir samdrátt á næsta ári er spáð að efnahagsstarfsemin taki að aukast á ný og að meira jafnvægi einkenni framvinduna með minni verðbólgu og viðskiptahalla. Af þessu leiðir að afkoma ríkissjóðs snýst tímabundið í halla en án þess að auka skuldir ríkissjóðs og að í lok tímabils rammafjárlaganna verði ríkissjóður einnig kominn í jafnvægi og rekinn með afgangi á ný.

Þrátt fyrir nokkra erfiðleika sem fram undan eru höfum við alla möguleika á að snúa vörn í sókn og nýta þau færi sem bjóðast. Við eigum mörg tækifæri í auðlindum hafs og lands og ef við nýtum þær auðlindir bæði vel og skynsamlega getur það fært okkur áfram veginn á næstu árum. Við eigum kraftmikið og vel menntað fólk og öflug fyrirtæki sem munu komast í gegnum þá tímabundnu niðursveiflu sem við horfum nú fram á.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til 2. umr. og háttvirtrar fjárlaganefndar. Óska ég eftir góðu samstarfi við nefndina, nú sem hingað til og að takast megi að afgreiða frumvarpið í samræmi við starfsáætlun þingsins eins og undanfarin ár.

[11:11]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla ekki í stuttu andsvari að gera sjálft efni fjárlagafrumvarpsins að miklu umfjöllunarefni en ég hjó eftir orðum hæstv. fjármálaráðherra þar sem hann vék að áhrifum stýrivaxta á efnahaginn. Allt er þetta nú mjög samhangandi í hagstjórninni hvernig við högum fyrirkomulagi peningamála, stýrivöxtum og fjárlögum. Því vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort ég hafi skilið orð hans rétt — því að þannig bárust þau hér aftast í salinn til mín — að hann teldi að háir stýrivextir Seðlabankans hefðu einkum haft þau áhrif að undanförnu að auka á og flýta fyrir samdrætti í þjóðarbúinu. Ég vil einnig spyrja hvort hann telji þá að það hafi verið rétt að hafa stýrivexti svo háa sem raun ber vitni nú undanfarna mánuði, og svo ég komi með þriðju spurninguna á stuttum tíma, hvort hann telji tímabært að hefja tafarlausa og hraða lækkun stýrivaxta eins og við þingmenn Framsóknarflokksins höfum raunar lagt áherslu á.

Ég þarf ekki að taka það fram að það hefur verið mikil umræða um stýrivextina og um það hlutverk sem Seðlabankinn hefur í þeim efnum og ég hygg svo sem að skoðanir manna hér séu þvert á flokka ekki svo ólíkar í þeim efnum að stýrivaxtavopnið hefur orðið okkur Íslendingum svolítið undarlegt í hendi þar sem því var upphaflega ætlað að draga úr þenslu en varð síðar meir notað til þess að halda uppi háu gengi.

Þess vegna ætla ég að bæta við fjórðu spurningunni til hæstv. fjármálaráðherra, hvort hann telji mögulegt að stýrivaxtavopnið virki virkilega enn þá til þess að halda hér uppi gengi íslensku krónunnar.

[11:13]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður spyr mig nokkurra spurninga sem hann veit að ég svara ekki vegna þess að ég tel að það sé ekki rétt að fjármálaráðherra gefi út eigin skoðanir á ákvörðunum Seðlabankans um vexti.

Ég get þó svarað einni spurningu hans, þ.e. um áhrif stýrivaxtanna, en um það er engum blöðum að fletta að á öðrum og þriðja ársfjórðungi þessa árs hafa stýrivextir Seðlabankans haft mikil áhrif, miklu, miklu meiri áhrif til þess að draga úr hagvexti en þeir hafa haft mörg missirin þar á undan. (Gripið fram í.) Það er auðvitað matsatriði hvort það var æskilegt eða ekki en í öllu falli hafa þeir haft þessi áhrif og meðan þeir eru svo háir munu þeir draga úr umsvifum atvinnulífsins. Það er hlutverk Seðlabankans að ákveða hverjir þeir eru og hvenær þeir verða lækkaðir. Það er ekki hlutverk ríkisstjórnarinnar, fjármálaráðherrans eða Alþingis að gera það, við höfum hagað þeim hlutum þannig hérna og ég álít að ekki sé rétt að ég tjái mig um þá þætti.

[11:14]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að ég var ekki að spyrja hæstv. fjármálaráðherra spurninga sem ég vissi fyrir fram hvernig hann mundi svara en ég tel það ekki svo sjálfgefið að þessi atriði séu öll utan þess sem hæstv. fjármálaráðherra getur með góðu móti tjáð sig um. Ég tel í þessu samhengi að þegar kemur að því hvaða áhrif hlutirnir hafi haft, og er þar með algjörlega komið út fyrir ákvörðunarferli samtímans en skiptir nokkru máli til að meta ástæðuna fyrir þeim ógöngum sem við höfum lent í, þá sé fjármálaráðherra fullheimilt og í rauninni algjörlega skylt að leggja þar mat á vegna þess að þetta er það sem mestu máli skiptir, að við áttum okkur á því hvers vegna við erum lent þar sem við erum, til þess að við höfum möguleika á að komast þaðan til baka því að sú vá sem steðjar nú að þjóðarbúinu er öllu meiri en mér finnst mega lesa út úr frumvarpi hæstv. fjármálaráðherra.

Vegna þess sem hæstv. fjármálaráðherra svaraði mér um að það væri matsatriði hvort æskilegt hefði verið að draga úr hagvexti á öðrum og þriðja ársfjórðungi þessa árs þá vil ég ítreka spurningu mína. Ég er sammála honum um að það geti verið matsatriði eftir því hvaða afstöðu menn hafa t.d. til velgengni íslensks þjóðarbús. En ég kalla hér eftir því að fá á því mat fjármálaráðherra hvort hann telji að það hafi verið æskilegt eða á einhvern hátt forsvaranlegt að stjórnvöld hafi beinlínis stuðlað að því að draga úr hagvexti og hægja á hjólum atvinnulífsins á yfirstandandi ári.

[11:16]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni, það er alls ekki sjálfgefið að fjármálaráðherra taki þá afstöðu sem ég hef tekið varðandi það að tjá mig um vaxtaákvarðanir Seðlabankans. Ég trúi því hins vegar ekki að hv. þingmaður, eins vel og hann fylgist jafnan með, hafi ekki vitað að ég hefði þessa afstöðu.

Eins og ég segi er ekkert sjálfgefið (Gripið fram í.) að þetta sé afstaðan. Ég hef út af fyrir sig tekið eftir því að Seðlabankinn hefur ekki þessa afstöðu gagnvart því hvernig hann fjallar um ríkisfjármálin. En ég tel ekki skynsamlegt að þessir tveir aðilar sem hafa þetta hlutverk, annars vegar að leiða ríkisfjármálin og hins vegar að ákvarða vextina, kallist á í fjölmiðlum um ágæti ákvarðana hvor annars. Ég held að það kalli á allt aðra hluti en við höfum þörf á.

Ég hef hins vegar svarað spurningum hv. þingmanns um hvaða áhrif vaxtahækkanirnar hafa haft og ég held að hann sé ekki ósammála mér um það. Ég minnist þess hins vegar að í fjárlagaumræðu síðasta árs hafi hv. þingmaður haft mestar áhyggjur af því að þau fjárlög væru of þensluhvetjandi fyrir hagkerfið á árinu 2008. Nú hefur hann mestar áhyggjur af því að vaxtastefna Seðlabankans hafi dregið of mikið úr þenslu á yfirstandandi ári.

[11:18]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að á þessum tímum mikils umróts er það vandasamt verkefni að vinna og leggja fram fjárlög íslenska ríkisins. Sú þróun sem fjármálaráðherra lýsti varðandi tekjur og gjöld ríkissjóðs í frumvarpinu sem hér hefur verið lagt fram hlýtur að vera öllum áhyggjuefni.

Í ræðu hæstv. fjármálaráðherra kom fram að gert er ráð fyrir hækkun heildarútgjalda á næsta ári sem nemur rúmum 73 milljörðum kr. sem samsvarar tæplega 17% hækkun frá fjárlögum ársins 2008. Ég geri mér grein fyrir því að forsendur fyrir fjárlagagerðinni hljóta að vera töluvert breyttar þegar við höfum í huga að þjóðhagsspáin gerir nú ráð fyrir verðhækkunum upp á 11,5% á milli áranna 2007 og 2008 þegar fjárlögin gerðu ráð fyrir verðhækkunum upp á rétt innan við 4% eða 3,8%.

Af því leiðir að stór hluti þessarar fjárhæðar, sem eru 73 milljarðar rúmir, hlýtur að vera vegna verðlagshækkana en engu að síður má sjá í frumvarpinu að raunaukning útgjalda er um 33 milljarðar og kom fram í máli hæstv. ráðherra.

En ég vildi spyrja hann um það í hvaða málaflokkum og verkefnum þessar hækkanir er helst að finna.

[11:20]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nokkuð viðamikil spurning. En ef maður dregur frá launa-, verðlags- og gengisliðina má segja að framlög til almannatrygginga, aðallega til elli- og örorkulífeyrisþega, hækki um 5 milljarða. Barna- og vaxtabætur um 2,5 milljarða. Framlag vegna örorkubyrði lífeyrissjóða um 1 milljarð. Fjárveiting vegna húsnæðismála um 1,5 milljarða og vegna fæðingarorlofs um 1,3 milljarða. Þetta eru þá tilfærsluframlög upp á 11 milljarða kr. Í rekstrarkostnaðinum er það til viðbótar þróunaraðstoð upp á 1,2 milljarða kr., vegna menntakerfisins upp á 2,5 milljarða kr. og útgjöld vegna sjúkratrygginga eru upp á 2,3 milljarða kr. Þá er rekstrarkostnaður vegna þjónustu á sviði heilbrigðis, öldrunar og málefna fatlaðra upp á 2,7 milljarða kr. eða samtals 9 milljarðar kr. Þannig að það eru þá samtals 20 milljarðar kr. í raunaukningu á útgjöldunum. Til viðbótar við það koma 13 milljarðar vegna vaxtagreiðslna en að stærstum hluta til koma vaxtatekjur þar á móti.

[11:22]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru miklar stærðir sem hér koma fram og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Það er ljóst að miðað við þær fjárhæðir sem hér hafa komið fram, og ekki síst í ljósi þeirrar stöðu sem við glímum nú við í efnahagslífi þjóðarinnar, þá eru þau verkefni sem fjárlaganefnd stendur frammi fyrir þegar hún fær þetta frumvarp til meðferðar ærin. Ljóst er að þetta hlýtur að kalla á og vekja spurningar um getu ríkissjóðs til að annast þau verkefni sem hér um ræðir og getu sjóðsins til að takast á við það að bæta í.

Ég ítreka þakkir til ráðherra fyrir svörin og vænti þess að í framhaldinu og í þeirri vinnu sem fram undan er, sem á engan hátt verður auðveld, munum við eiga gott samstarf við fjármálaráðuneytið og þá starfsmenn sem þar inna af hendi vandasöm störf.

[11:23]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki miklu að svara þessu seinna andsvari hv. þingmanns. En ég vek athygli hv. þingmanna á töflu á bls. 23 þar sem gerð er grein fyrir raunvexti á milli ára. Þar kemur fram að milli áranna 2008 og 2009 eykst almennur rekstur um 4,2% að raungildi og tilfærslur um 7,1% að raungildi.

Gert er ráð fyrir því að þessar hækkanir verði minni á milli ára síðar á tímabilinu þannig að meðaltalið verði í almennum rekstri 2% á tímabilinu og í tilfærslum 3,2%. Því má segja að hækkanir á milli áranna 2008 og 2009 séu umtalsverðar í þessu samhengi, bæði í því samhengi sem við sjáum fyrir okkur í framtíðinni og einnig að segja má varðandi þær fjármálareglur sem við höfum haft í gildi á undanförnum árum. En þær reglur sem miðað er við í þessum rammafjárlögum eru kynntar á bls. 22 í fyrra heftinu og taflan, sem ég nefndi áðan, er á bls. 23.

[11:25]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur mælt fyrir fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs töldum eðlilegra við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu að umræðu um frumvarpið hefði verið frestað og þess vegna að þingi hefði verið frestað í dag. Eins og kom svo rækilega fram í ræðu hæstv. ráðherra áðan er frumvarpið að öllum grunnforsendum orðið úrelt og talnaleg meðferð á því og umræða á Alþingi er því líka út í hött.

Ég vísa til umræðunnar í gærkvöldi um stefnuræðu forsætisráðherra þar sem formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, lagði til að við þá alvarlegu stöðu sem nú er í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar og þeirri stöðu sem við erum í í viðskiptum og samskiptum við aðila innan lands og utan. Hann lagði til að kallað yrði til víðtæks samráðs um aðgerðir til að sjá

hvernig bregðast á við þeim bráða vanda sem nú blasir við og eins til að ræða hver næstu skref verða. Það er það sem ég tel að við alþingismenn ættum að ræða. Það er það sem ég tel að ríkisstjórnin ætti að beita sér fyrir að verði gert en ekki að ræða plagg sem þegar er orðið úrelt.

Í ræðu hæstv. fjármálaráðherra áðan var veruleikafirringin svo alger að hann las upp og kynnti Alþingi hvert væri núgildandi mat á efnahagsstefnunni og efnahagsstöðu þjóðarinnar. Hann sagði, eins og stendur í ritinu sem fylgir frumvarpi til fjárlaga, með leyfi forseta:

„Eftir eitt mesta hagvaxtarskeið um langt árabil er hagkerfið tekið að færast nær jafnvægi á ný.“

Er það raunveruleikinn? Nei. Það hefur ekki verið meira ójafnvægi eða alvarlegri staða í áratugi. Ég hefði í hans sporum sleppt þessari setningu, það segi ég alveg eins og er.

Síðan las hann áfram lýsti stöðu efnahagsmála og fjármála með íslenska þjóðarbúskapnum sem ekki er til, sem er tálsýn, sem er hrein veruleikafirring frá þeirri stöðu sem nú er. Ég held nefnilega að ríkisstjórnin verði að viðurkenna þá erfiðu stöðu sem nú er og bregðast við en ekki að tala stöðugt eins og ekkert sé að.

Fjármálaráðherrann vitnaði áfram til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þessir flokkar hafa einsett sér að mynda frjálslynda umbótastjórn um kraftmikið efnahagslíf, öfluga velferðarþjónustu, bættan hag heimilanna og aukna samkeppni atvinnulífsins.“

Ríkisstjórnin er búin að sitja töluvert á annað ár og er það þetta sem blasir við þjóðinni? Nei. Þegar hæstv. fjármálaráðherra gat í veruleikafirringu sinni haldið áfram að lesa upp úr stefnuyfirlýsingunni um trausta og ábyrga efnahagsstjórn ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, eins og það væri einhver raunveruleiki sem blasti við þjóðinni í dag, sagði hann:

„Kraftmikið efnahagslíf er forsenda þess að hægt sé að halda áfram uppbyggingu í menntamálum, samgöngumálum og í heilbrigðismálum og félagsmálum.“ Já, ég er sammála því. „Eitt brýnasta verkefni nýrrar ríkisstjórnar er að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu í þágu heimila og atvinnulífs. Markmið hagstjórnarinnar er að tryggja lága verðbólgu, lágt vaxtastig, betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum, jafnan og öflugan hagvöxt og áframhaldandi trausta stöðu ríkissjóðs.“

Er það þetta sem ríkisstjórnin hefur gert? Nei, þveröfugt. Við búum nú við hærri verðbólgu en nokkru sinni um langt árabil og ógnarstöðu íslensks atvinnulífs. Á hvaða tímabili hefur þessi verðbólga rokið svona upp? Jú, einmitt nú á undanförnu einu og hálfa ári í stjórnartíð þessarar ríkisstjórnar. Svo lætur fjármálaráðherra eins og ekkert sé að.

Markmiðið er lágt vaxtastig og hæstv. ráðherra ítrekar í ræðu sinni að það sé stefnumið ríkisstjórnarinnar. Vextir hafa aldrei verið hærri en þeir eru í dag. Var það að furða þó að við þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs legðum til að 1. umr. yrði frestað? Við skiljum hina alvarlegu stöðu sem nú er. Við viljum að Alþingi taki á þeirri alvarlegu stöðu efnahagsmála og fjármála, stöðu heimilanna, stöðu fólks sem nú stendur frammi fyrir meiri fjárhagsvanda en nokkru sinni um áratugi í íslensku samfélagi. Við viljum að á því sé tekið en ekki að menn kyrji frasa upp úr stjórnarsáttmála sem á ekkert skylt við raunveruleikann.

Maður veltir líka fyrir sér dómgreind á ríkisstjórnarheimilinu þegar forsætisráðherra getur sagt að kaup íslenska ríkisins á einum af þremur stærstu bönkum landsins hafi engin áhrif á forsendur fjárlaga. Þegar forsætisráðherra getur verið svo veruleikafirrtur að segja það frammi fyrir alþjóð að ekki sé endilega víst að bera þurfi málið fyrir Alþingi og segir „ef þess þarf“, þá er manni öllum lokið og finnst hæpið að treysta ríkisstjórninni, forsætisráðherra og fjármálaráðherra fyrir fjármálum landsins.

Við getum verið ósammála um leiðir og það erum við. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er mjög ósammála Sjálfstæðisflokknum um leiðir í efnahagsmálum. En það er óþolandi þegar sá sem fer með stjórnina er jafnveruleikafirrtur og raun ber vitni.

Við getum líka vitnað til forustumanna Sjálfstæðisflokksins í þeim efnum, að vandamálið sé nýtilkomið. Í fréttum frá 25. júlí árið 2008 er viðtal við sérfræðing hjá Merrill Lynch sem sagði, með leyfi forseta:

„Markaðurinn hefur þumalputtareglu varðandi punkta skuldatryggingarálagsins. Það var orðið svo hátt hjá íslensku bönkunum. Reglan er frekar einföld. Þegar skuldatryggingarálagið hefur náð upp í þá punkta sem eru nú þegar í tveimur íslenskum bönkum, Glitni og Kaupþingi, yfir 1000 stig, þýðir það oftast að búast má við alvarlegu ástandi á mörkuðum og/eða greiðslufalli sem þýðir aftur að bankarnir borga ekki erlendar skuldir sínar. Við þurfum að hugleiða hvort markaðurinn hafi rétt fyrir sér, að bankarnir eigi ekki eftir að borga þær skuldir.“

Hann spyr í viðtalinu hvort ríkissjóður og Seðlabankinn séu með aðgerðaleysi sínu að senda þau skilaboð að þeir vilji bíða eftir því að bankarnir verði það verðlausir að það eigi að kaupa þá. Viðtalið var tekið 25. júlí sl. Við þeim miklu aðvörunarorðum sem þá komu fram brást þáverandi starfandi forsætisráðherra, hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir með þessum orðum, með leyfi forseta: „Mér finnast þetta makalaus ummæli hjá svona virtum fjárfestingarbanka. Ég velti fyrir mér um tíma hvaða annarleg sjónarmið búa þarna að baki því að þetta á ekki við nein rök að styðjast og ég spyr líka sem menntamálaráðherra: Þarf þessi maður ekki á endurmenntun að halda?“

Þetta voru viðbrögð varaformanns Sjálfstæðisflokksins, sem starfaði þá sem forsætisráðherra, við alvarlegum ábendingum á miðju sumri um stöðu íslenskra efnahagsmála. (**Fjmrh.:** Hvar er Merrill Lynch?) Merrill Lynch er ekki svo vel sett en orðin sem maðurinn sagði standa enn, taktu eftir, fjármálaráðherra. Ég er ekki að óska fjármálaráðherra ófarnaðar og vil nota tækifærið og taka undir óskir til hans með 50 ára afmælið í gær [Hlátur í þingsal.] og hann skal eiga heillaóskir mínar í þeim efnum. En það er ekki þar með eins og honum leyfist allt og eigi ekki að fara að slíta af sér barnsskóna í meðferð fjármála ríkisins.

Ég dreg þetta fram, frú forseti, til að sýna hversu veruleikafirrt ræða fjármálaráðherra var hér áðan, hversu veruleikafirrt viðbrögð hæstv. forsætisráðherra eru að segja að kaup á heilum banka komi fjárlögum og forsendum fjárlaga ekkert við, sjálfsagt stærstu kaupum tölulega sem gerð hafa verið í Íslandssögunni. Þegar varaformaður Sjálfstæðis-

flokksins svarar alvarlegum ábendingum á þá leið að maðurinn þurfi líklega að fara í endurmenntun er eitthvað að þeirri ríkisstjórn.

Ég fór að velta fyrir mér því ferli sem orðið hefur og ef eitthvað má segja um fjárlagafrumvarpið þá speglar það óbreytta stefnu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins frá 1991. Ég fór að lesa ræðu sem þáverandi fjármálaráðherra Geir H. Haarde hélt árið 2001 hjá Samtökum iðnaðarins þar sem hann ítrekar einkavæðingarstefnu Sjálfstæðisflokksins og segir að nú verði næsti áratugur tími einkavæðingarinnar, einkavæðingar bankanna, einkavæðingar Símans. Og þegar horft er lengra komi einkavæðing raforkukerfisins, einkavæðing heilbrigðiskerfisins og einkavæðing menntakerfisins. Þessari stefnu hefur verið fylgt og henni er enn þá fylgt því að ef eitthvað má segja um það frumvarp sem nú er, er það áframhaldandi einkavæðing. Ég ætla ekki að fara mikið í tölur frumvarpsins enda eru forsendur þess ekki fyrir hendi. Gengisskráningin er allt önnur en þar er gert ráð fyrir, vaxtastigið allt annað, staða þjóðarbúsins allt önnur en var og er gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. En það er eitt sem er þó rauður þráður: Áfram skal haldið á því einkavæðingarferli sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks hefur keyrt og nú eru það heilbrigðismálin. Sett er á fót sérstök stofnun sem á að annast einkavæðingu heilbrigðiskerfisins enda segir í landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins frá árinu 2007, með leyfi forseta:

„Því ber að huga að enn frekari einkavæðingu á öðrum sviðum svo sem á sviði heilbrigðis-, mennta- og orkumála.“

Áfram segir svo hæstv. forsætisráðherra sem var orðinn mjög lukkulegur með nýjan bólfélaga í ríkisstjórninni í viðtali við *Morgunblaðið* 30. september 2007, með leyfi forseta:

„Við vildum mynda ríkisstjórn þar sem hægt var að þróa samfélagið áfram, gera víðtækari breytingar í ætt við okkar stefnu en kannski hefði tekist á öllum sviðum í fyrrverandi ríkisstjórn og var líklegt í annars konar samstarfi.“ Við sjáum þann árangur. Og áfram: „Það eru ótrúlega miklir möguleikar fram undan sem Samfylkingin er tilbúin til að vera með okkur í en aðrir flokkar hefðu ekki verið með okkur í.“

Er þar vísað til einkavæðingar heilbrigðiskerfisins?

Hitt gæluverkefnið sem skýtur upp kollinum er hermálastofnun þar sem lagðir eru til 1,5 milljarðar til að byggja upp hermálastofnun sem greiðir m.a. fyrir æfingar erlendra herja hér á landi.

Frú forseti. Ég hef hér aðvaranir Seðlabankans frá því 2003 og á hverju ári eru aðvaranir Seðlabankans um gríðarlegt ójafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar, efnahagsbúskapnum, gríðarlegar stóriðjuframkvæmdir sem séu ofvaxnar íslensku efnahagslífi, skattalækkanir, mikil þensla. Varað er við þessu 2003, 2004, 2005, 2006 og 2007 þannig að sú staða sem upp er komin í ríkisbúskapnum er að stórum hluta heimatilbúin og varað er við henni. Það vorum ekki bara við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem vörum við henni, það gerði Seðlabankinn einnig. Við höfum ítrekað lagt fram tillögur á Alþingi um hvernig bregðast eigi við, síðast sl. vetur þar sem við lögðum fram tillögu til þingsályktunar um endurheimtan efnahagslegan stöðugleika. Það hefði betur verið farið eftir tillögum okkar þá. Við erum áfram reiðubúin, frú forseti, og getum lagt fram aðgerðaráætlun, tillögur okkar til að bregðast við þeim vanda sem nú er. Það ríður á að við snúum öll bökum saman og tökumst á með þjóðinni við þann efnahagsvanda sem við stöndum tvímælalaust frammi fyrir af grimmri alvöru. Við þurfum að standa saman því að samstaðan er nauðsynleg og mikilvæg og forsenda fyrir því að okkur takist vel. Það höfum við lagt til, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lagði það til í ræðu sinni í gær. En innlegg í þá umræðu er ekki þessi veruleikafirrta nálgun ráðherra Sjálfstæðisflokksins þar sem lesið er upp úr stefnuskrá ríkisstjórnarinnar um að allt sé í góðu lagi og allt eigi að vera áfram í góðu lagi. Það er það ekki.

Frú forseti. Ég ítreka að ég tel að engin forsenda sé fyrir því að ræða fjárlagafrumvarpið efnislega í þinginu eins og það kemur nú. Forsendur eru brostnar. Það er alvarleg staða. Við eigum að snúa okkur að því að taka á þeim alvarlegu málum sem nú steðja að þjóðinni og það eigum við að gera, snúa bökum saman og viðurkenna mistökin. Það verður ekki haldið áfram á sömu braut og ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins hefur gert undanfarin 17 ár. Það verður að snúa af þeirri einkavæðingar- og frjálshyggjubraut sem birtist áfram í þessu frumvarpi. (Forseti hringir.) Ef við gerum það, frú forseti — og það verðum við að gera — mun þjóðarskútan sigla farsællega áfram (Forseti hringir.) þó að hún verði að taka á sig ágjöf.

[11:45]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að þegar vitnað er beint í texta eða haft eftir öðrum þá ber að gera það með leyfi forseta.

[11:45]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir afmælisóskirnar. Það er fallegt af honum að nefna það í ræðustóli Alþingis. Hann vitnaði talsvert í Merrill Lynch og skýrslur frá þeim í sumar, og umfjöllun um þá skýrslu. Ég kallaði fram í og spurði hvar Merrill Lynch væri núna enda er staðreyndin sú að Merrill Lynch er ekki til í dag sem sjálfstæður banki. Ég var ekki að hælast um eða hlakka yfir því hvernig farið hefði fyrir Merrill Lynch en tel þarft að minna okkur á að við erum í miðri alþjóðlegri fjármálakreppu. Þó að við getum rifist um það að þetta og hitt hefði átt að vera öðruvísi hjá okkur á fyrri missirum eða fyrri árum er það staðreynd að langsamlega stærstur hluti af þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir í dag er af orsökum hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu. Vandi íslensku bankanna er sami vandinn og Merrill Lynch stóð frammi fyrir og margir aðrir alþjóðlegir bankar.

Ég vildi einungis koma þessu á framfæri vegna orða hv. þingmanns. Hann getur svo haldið áfram að tala um það hvað bæði ég og hæstv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde, séum vitlausir.

[11:47]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra tók sér orð í munn

um sig og forsætisráðherra sem ég nefndi ekki — hann á það við sjálfan sig hvaða einkunn hann gefur sjálfum sér hvað það varðar. Það er alveg hárrétt að við erum hluti af hinu alþjóðlega fjármálaumhverfi, en vegna sérstöðu okkar verðum við miklu harðar úti. En við náum ekkert fram á við ef við viðurkennum ekki mistök okkar og reynum stöðugt að kenna öðrum um. Það er höfuðvandi ríkisstjórnarinnar, ráðherra fjármála og forsætisráðherra, að stinga stöðugt höfðinu í sandinn og kenna öðrum um en líta ekki í eigin barm.

Ég get rakið mjög ítarlega umsagnir — ég vakti athygli á umsögn Seðlabankans sem var þó miklu mjúkorðari en margir seðlabankar annars staðar í heiminum í miklu alvarlegri stöðu, þ.e. við stöndum frammi fyrir alvarlegri stöðu en þeir. Þær eru hér og ég get sýnt hæstv. fjármálaráðherra það. Ég vil því ítreka að það skiptir gríðarlegu máli að við viðurkennum mistökin. Það þýðir ekkert að segja við unga fólkið sem stendur frammi fyrir því að geta misst íbúðina sína að það sé allt útlendingum að kenna, að við verðum að bíða eftir því að útlendingar leysi málin áður en við komum að þeim. Nei, við verðum að líta í eigin barm. Það verður að snúa af brautinni sem ríkisstjórnin, undir forustu Sjálfstæðisflokksins í 17 ár, hefur keyrt á. Hún hefur keyrt á einkavæðingu almannaþjónustunnar, einkavæðingu og aftur einkavæðingu, frjálshyggju. Það speglaðist kannski best í orðum eins bankastjórans, frú forseti, þegar hann sagði að hver væri sinnar gæfu smiður. Það er ekki skoðun Vinstri grænna, við eigum að standa saman.

[11:49]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég sagði aldrei að vandamálin væru bara útlendingum að kenna. Ég sagði að þau væru að langmestu leyti tilkomin vegna alþjóðlegrar lánsfjárkreppu. Við vissum að þegar hinum stóru framkvæmdum mundi ljúka mundum við lenda inni í breytingaskeiði og gætum lent í erfiðleikum. Undir þá erfiðleika vorum við búin. Sem betur fer vorum við búin undir ríflega þá erfiðleika því ef við hefðum ekki verið undir það búin værum við í enn verri stöðu. Það eru fullar forsendur fyrir því að ræða fjárlagafrumvarpið sem hér hefur verið lagt fram — sem hv. þingmaður forðast að gera. Við eigum innstæður í Seðlabankanum til að standa undir þeim útgjöldum sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir þrátt fyrir að við séum að verða fyrir verulegum tekjusamdrætti. Það er ekki forsvaranlegt hjá hv. þingmanni að koma sér undan því að ræða frumvarpið vegna þess að það séu svo miklir erfiðleikar í efnahagslífinu og þar fram eftir götunum. Við vorum búin undir að erfiðleikar mundu líklega verða um þetta leyti og þess vegna eru til fjármunir til að standa undir afkomu ríkisins.

[11:51]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð fyrir vonbrigðum með hæstv. fjármálaráðherra, ég verð að segja það — meginforsendur fjárlagafrumvarpsins eru brostnar, það eru allar grunntölur varðandi verðbólgu, varðandi stöðu ríkissjóðs, varðandi gengi, varðandi vexti o.s.frv.

Þó að við heyrum að önnur þjóðþing séu á fullu að ræða hvernig þau eigi að bregðast við þeim mikla vanda sem að þeim steðjar og þeirra þjóðum — þó að hann sé hlutfallslega minni en við stöndum frammi fyrir — ræðum við frumvarp til fjárlaga, og ég fullyrði að forsendur eru brostnar fyrir því. Að sjálfsögðu getur ýmislegt staðið en við verðum að gera okkur grein fyrir því að frá því að frumvarpið var lagt fram hefur staða ríkissjóðs til að takast á við þau verkefni sem verið er að telja upp stórlega skerst. Við stöndum frammi fyrir 20% gengislækkun eða meir frá því að frumvarpið var lagt fram. Hefur það engin áhrif á grunnforsendur fjárlaga og greiðslugetu ríkissjóðs? Jú, það hefur það. Ég ítreka það, frú forseti, að nú ríður á að sýna ábyrgð, ekki stinga höfðinu í sandinn heldur sýna ábyrgð, viðurkenna mistökin, forgangsraða þeim verkefnum sem tekist verður á um á næstum dögum. Það horfa allir til okkar og við megum ekki bregðast í þeim efnum.

[11:53]

Bjarni Harðarson (F):

Frú forseti. Við komum hér saman til að ræða fjárlög á afskaplega erfiðum og miklum viðsjártímum og það hefur verið lögð fram tillaga um að umræðunni verði frestað. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess úr því að þingmeirihluti og fjármálaráðherra telja rétt að umræðan fari fram nú er ekki annað að gera en að ganga til þess verks.

Það er auðvitað margt um þetta frumvarp að segja jafnvel þó svo að allar helstu forsendur í grunni þess séu mjög á hverfanda hveli. Á leiðinni yfir Hellisheiðina heyrði ég fyrir tilviljun meistaraskáldið Megas syngja í útvarpstækinu mínu texta sem byrjar á þessum orðum, ef ég man rétt: „Þú hjálpar ekki neinum með því að horfa bara á hann þó að þú eflaust meinir vel.“ Ég held að við stöndum frammi fyrir því hérna að það er ekki nóg með að ríkisstjórnin hafi verið aðgerðalaus, hún hefur ekki einu sinni fengist til að horfa á vandann eins og hann er. Fjárlagafrumvarpið sem hér er lagt fram er sögulega mjög merkileg heimild því það er heimild um þá afneitun sem við í stjórnarandstöðunni höfum glímt við. Með leyfi forseta vil ég lesa upphafsorð í I. kafla fyrri bókarinnar, þar sem segir orðrétt:

„Eftir eitt mesta hagvaxtarskeið um langt árabil er hagkerfið tekið að færast nær jafnvægi á ný.“

Það er ekki afsökun fyrir því að þetta skuli svona orðað að frumvarpið hafi verið samið fyrir nokkrum vikum síðan vegna þess að sá ólgusjór sem hér ríkir hefur verið okkur alveg ljós um nokkurra missira skeið. Sú kreppa sem hið alþjóðlega kapítalíska hagkerfi Vesturlanda er að ganga í gegnum hefur raunar verið fjármálasérfræðingum, hagfræðingum og mörgum öðrum ljóst frá miðju ári 2007 og þegar sagt er að þetta komi allt saman á óvart og komi öllum að óvörum í umræðunni hér á Alþingi þá er einfaldlega ekki haft rétt við.

Um hitt getum við deilt að hvað miklu leyti þær aðstæður sem við glímum við núna eru vegna einhvers sem gert hefur verið hér heima og að hvað miklu leyti það er vegna einhvers sem við réðum ekki neitt við og það er höfuðmálið. Það er ekki nákvæmlega hverjar orsakirnar voru heldur hver viðbúnaðurinn var. Það er grátlegt að hugsa til þess að aðeins fyrir hálfum mánuði stóðum við í þessum sal og

ræddum efnahagsmálin á hinu stutta haustþingi sem haldið var og einnig þá skellti stjórnarmeirihlutinn við skollaeyrum og það mátti meira að segja heyra marga stjórnarþingmenn tala um nauðsyn þess að haldið væri aftur af mögulegri þenslu í samfélaginu, að haldið væri aftur af því að hagkerfið færi ekki á hliðina af of miklum vexti og þenslu. Þetta kemur inn á það sem við höfum rætt áður, m.a. í andsvörum við hæstv. fjármálaráðherra fyrr í morgun. Ég hygg raunar að við séum ekki svo ósammála sem ætla mætti um greiningu á þeim aðstæðum og um það mikla tjón sem það hefur skapað samfélaginu að við höfum ekki haft viðbúnaðinn fyllilega við hæfi gagnvart því að hjól atvinnulífsins á Íslandi geta stöðvast ef ekki verður gripið til viðeigandi ráðstafana og þar lýsi ég ábyrgð á hendur þeim stjórnvöldum sem hafa alveg fram eftir septembermánuði þessa árs þrætt fyrir að hér væri eitthvað raunverulegt að sem máli skipti.

Í því samhengi langar mig að koma aðeins inn á málflutning þann sem viðhafður var við gerð síðustu fjárlaga því um það ræddum við hæstv. fjármálaráðherra aðeins í morgun. Það er rétt að við framsóknarmenn vöruðum við því að þá væri farið af stað með fjárlög með 20% aukningu ríkisútgjalda. Einkanlega vegna þess að við töldum mikilvægt að hér væri samstillt efnahagsstjórn. En hefur verið samstillt efnahagsstjórn í landinu? Hún hefur verið með þeim hætti að fjármálaráðherra telur einu leiðina vera þá að hann tjái sig ekki um ákvarðanir Seðlabanka og Seðlabanki gefi honum á meðan frið og tjái sig ekki um ríkisstjórnina. Þetta á ekkert skylt við samstillta stjórn efnahagsmála heldur á þetta skylt við einhvers konar vopnahlé sem fjármálaráðherra hefur vonast til að hann næði við Seðlabanka Íslands en hefur nú verið mjög forgefins að það vopnahlé hafi haldið eins og fréttir bera mjög glöggt með sér síðustu daga og raunar síðustu mánuði.

Við bentum á að það væri heldur ekki þörf á því að auka ríkisútgjöldin svo hratt og margt í þeim veislubúnaði sem efnt var til með síðustu fjárlögum fyrir ári síðan væri allsendis óviðeigandi og ætti ekki rétt á sér. Við töldum að það væri brýnt að sýna aðhald á því ári vegna þess að hagkerfið væri enn að komast út úr hinni miklu þenslu sem hefði verið vandamál. Ég er ekki að segja að það sé einfalt að stýra hagkerfi sem gengur í jafnmiklum bylgjum og verið hefur núna en aftur á móti var þetta ekki bara okkar mat að ástandið væri svona, þetta var líka mat helstu hagfræðinga sem fjölluðu um þetta. Þetta var mat atvinnulífsins. Þetta var mat Seðlabankans og þetta var mat fjölmargra annarra sem tjáðu sig um málið. Og stundum mátti jafnvel lesa það út að þetta væri mat margra stjórnarliða líka en það væri bara erfitt að halda aftur af veislugleðinni þegar ný ríkisstjórn væri sest að völdum. Þess vegna lýsi ég ábyrgð á hendur fjármálaráðherra og ríkisstjórn Íslands fyrir þau lausatök sem voru viðhöfð í fyrra vegna þess að þau hafa síðan aftur stuðlað að því að Seðlabankinn hefur talið sér skylt að halda hér uppi háum vöxtum og verið nokkuð þröngur stakkur skorinn með að fara í þær vaxtalækkanir sem algerlega voru nauðsynlegar.

En að þessu sögðu, á þeim stutta tíma sem ég hef, langar mig að víkja aðeins að fjárlagafrumvarpinu sjálfu og skal ekki verða hæstv. fjármálaráðherra til vonbrigða með það að fjalla ekki efnislega um það í nokkrum orðum að minnsta kosti og fleiri vonandi síðar í dag. Við höfum ekki annað að styðjast við en þær tölur sem hér eru og ég lýsi því yfir enn og aftur að ég tel margt í þeim mjög ómarktækt. Ég held að það sé enginn ágreiningur milli okkar um það atriði því ólgusjóir hagkerfisins eru með þeim hætti. En það verður engu að síður að fjalla um þetta út frá þeim tölum sem hér eru og í frumvarpinu er gert ráð fyrir verulegum halla á fjárlögum.

Ég gagnrýni ekki út af fyrir sig að það skuli vera halli á fjárlögum við núverandi aðstæður. Það er í raun og veru óumflýjanlegt. Ég hef ekki náð að lesa allt frumvarpið en megnið af bókinni hef ég þó lesið og ég hef aðeins komist í það verkefni að bera hana saman við aðrar bækur sem ég hef fundið í hillunum hjá mér og ég tel mjög margt í þeirri aukningu útgjalda sem ég sé í frumvarpinu vera eðlilegt. Til dæmis er ekki hægt að gagnrýna meiri vaxtakostnað eða aukningu í launakostnaði og ég er sammála þeirri áherslu að leggja nú nokkuð ríflega til stofnfjárframlaga og hefði raunar viljað ganga þar lengra á ýmsum sviðum. En nú kemur það fram sem ég sagði í ræðupontu í fyrra að flest það sem var lagt til stofnframkvæmda í fjárlögum síðasta árs fór auðvitað ekki til framkvæmda því það voru mest allt óraunhæf loforð en nú koma þau okkur til góða og það hefði verið betra að bíða með þau loforð til þess að vera með lágstemmdari fjárlög sem hefðu virkað inn í hagstjórnina. Því tölur fjárlaga virka jafnvel þótt um sé að ræða tölur sem hægt er að reikna út að komi ekki alveg til framkvæmda, það eru skilasboð inn í hagkerfið. Það eru skilaboð inn á markaðina, það eru skilaboð varðandi krónuna og það eru skilaboð varðandi vaxtastigið. Við höfum nú svolítið færri sjóði — hversu traustir sem sjóðir Íslendinga eru yfir höfuð um þessar mundir — en við höfum þá a.m.k. svolítið á blaði sem við færum á milli ára og það er vel.

Það sem ég aftur á móti gagnrýni sérstaklega í frumvarpinu eru þau almennu lausatök og það litla tillit sem er tekið til þess hversu alvarlegum tímum við lifum á þar sem allir verða að herða sultarólina. Við leggjum gríðarlegar byrðar á fyrirtæki og almenning við þær aðstæður sem nú eru og við vitum að á báðum þessum vígstöðvum, í atvinnulífinu og á heimilum eru allar fyrri fjárhagsforsendur brostnar og það getur í rauninni enginn lifað komandi ár við sömu aðstæður og hafa verið heldur verða allir að laga sig mjög að nýjum veruleika. Það er einfaldlega þannig að það fær enginn í samfélaginu verðbólguna og gengisfellinguna bætta að fullu. Nema hver? Nema ríkisstofnanir því samkvæmt þessu frumvarpi fá þær þetta algerlega bætt. Varðandi þá miklu verðbólgu sem verið hefur á yfirstandandi ári, en í fjárlögum 2008 var reiknað með verðlagshækkunum upp á 3,8%, þ.e. 11%, þá er í frumvarpinu fyrir 2009 gert ráð fyrir að vega að fullu upp þennan mismun á verðbólguspánni milli áranna 2007 og 2008 með því að bæta honum við hækkun til ársins 2009 sem spáð er að verði 5,4%.

Það kemur víða fram sams konar þankagangur í frumvarpinu við gerð fjárlaga, og kemur kannski ekki á óvart þegar embættismenn smíða það utan um sig og sína kollega hvernig þeir ætla að lifa, en það er kannski einna helsti gallinn við plagg eins og þetta að það er of mikið samið af

embættismannavaldinu og of lítið af hinu pólitíska valdi. Á blaðsíðu 215 segir, með leyfi forseta:

„Í forsendum gjaldahliðar frumvarpsins hefur ekki tíðkast að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur hefur verið miðað við að gengi þeirra haldist óbreytt frá því í byrjun september á undan fjárlagaárinu. Miðað við forsendur fjárlaga 2008 hefur gengi krónunnar veikst verulega, eða um það bil 40%, gagnvart helstu Evrópumyntum en heldur minna gagnvart bandaríkjadal.“

Síðan segir:

„Ef gengi krónunnar breytist á næsta ári frá þessum forsendum má gera ráð fyrir að fjárheimildir viðkomandi liða verði endurmetnar í samræmi við það og að gerðar verði tillögur um breytingar á þeim í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2009.“

Og svo ég haldi enn áfram á blaðsíðu 215 þá segir þar að af 73 milljarða hækkun fjárlaga séu um 29,2 milljarðar vegna launa- og verðlagshækkana á útgjöldum frumvarpsins. Ég tel með öðrum orðum að við getum ekki gagnrýnt það þar sem beinar launataxtahækkanir hafa komið til hjá ríkisstarfsmönnum. Þar hækka auðvitað þeir fjárlagaliðir. En ég tel aftur á móti að stofnanir sem starfa innan ríkisins, fyrirtæki og stofnanir ríkisins verði líkt og atvinnulífið og líkt og heimilin að taka á sig versnandi kjör. Við verðum að leggja raunverulega sparnaðarkröfu á þessa aðila.

En hver skyldi nú hugmyndafræðin vera varðandi sparnaðarkröfuna? Þá er fróðlegt að líta hér í litlu bókina sem mér dettur nú stundum í hug þegar ég er að bera hana saman við bókina frá í fyrra, sem var bleik á litinn en er græn núna, að það hafi verið hreinlega notuð það sem börnin kalla „copy/paste-skipun“ við að framleiða þessar bækur vegna þess að á blaðsíðu 14 í bókinni í ár segir að rekstrargjöld ráðuneyta verði nú lækkuð um 2 milljarða í sérstökum aðhaldsráðstöfunum eða almennt um 1,2%. Skyldi þetta vera eitthvað frábrugðið því sem var í fyrra? Nei, fyrir ári síðan var einmitt gert ráð fyrir því að lækkun rekstrarútgjalda ráðuneytanna og stofnana þeirra vegna aðhaldsaðgerða væri upp á 2 milljarða. Það er sama tala og þarna er inni. Slíkum kjörum mundu öll heimili fagna, ef nú væri aðeins verið að tala um lækkun í heimilisútgjöldum upp á 1,2%. Við verðum að leggja sömu byrðar á í ríkisrekstrinum og við leggjum á í atvinnulífinu. Það vantar mikið á þann hugsunarhátt í þessu frumvarpi. Þess vegna geri ég það að tillögu minni við endursamningu frumvarpsins, því þó svo við tökum það til umræðu núna þá verður það tekið algjörlega til endurskoðunar á komandi hausti vegna þeirra miklu breytinga og þeirrar miklu þróunar sem nú er — enn sem komið er a.m.k. til hins verra þó að maður vilji alltaf vona að einhver spil séu á hendi sem geti lagað ástandið og verður eiginlega að vera — að þá verði opinberar stofnanir að mæta í rekstri sínum þeim 30 milljörðum af þessari 73 milljarða hækkun fjárlaganna sem eru beinlínis verðbólgubætur opinberra stofnana. Þá erum við ekki að tala um launaþáttinn heldur bara almennt að stofnanir þurfi að þola eins og aðrir að allt kostar svolítið meira. Ég tel í rauninni að það sé ekki forsvaranlegt að við hækkum útgjöld stofnana og ráðuneyta algjörlega í samræmi við verðbólguna.

Ég get tekið dæmi upp úr þessu ágæta plaggi án þess að ég hafi neitt horn í síðu þeirrar stofnunar sem ég nefni, þetta er bara valið tilviljanakennt, að hér er talað um menntamálaráðuneytið sem fær um 100 milljóna kr. hækkun vegna aðalskrifstofu. Það er þá um 16% hækkun á útgjöldum til að mæta verðlagsþróun. Þá er ég ekki að tala um sérstök verkefni. Ég er ekki kominn svo langt í lestri þessarar bókar að ég ætli að fara að ræða einstaka fjárlagaliði eða einstök verkefni. Margt sem ég sé þar er ég ánægður með og annað tel ég að mætti kannski bíða. Ég tel að þar þurfum við að ganga miklu lengra í að fresta hlutum sem ekki eru endilega arðbærar framkvæmdir. Við þurfum sérstaklega að horfa til þess núna að verja allri aukningu fjárlaganna til framkvæmdaþátta og hefði raunar talið að það veitti ekkert af að þeir 30 milljarðar sem við sjáum í verðbólgubætur til stofnananna færu beint inn í framkvæmdaþætti.

Ég undrast það ráðslag að hér skuli t.d. stórframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu, fleiri en einni, vera slegið á frest í frumvarpinu vegna þess að það er alveg ljóst af fréttum núna að hin skarpa efnahagsdýfa og fyrirsjáanlegt atvinnuleysi vegna hennar kemur harðast niður á höfuðborgarsvæðinu. Ég veit að menn hafa heyrt mig tala á þeim nótum að ég teldi mikið atriði, og ég tel það, að við beitum ríkissjóði til jöfnunar í byggð landsins. En við þær aðstæður sem nú eru þá þurfum við líka að horfa til þess að hér verður virkilega erfið staða í atvinnumálum og sérstaklega í þeim atvinnumálum sem lúta að framkvæmdum. Við verðum að horfa til þess hvar störfunum fækkar og að auka þau á sambærilegum sviðum. Verktaka- og byggingariðnaðurinn býr við gríðarlega erfiðleika núna og þegar er orðin mjög mikil fækkun starfa þar og til þess verðum við að horfa.

Tími minn er nú senn á þrotum og það er margt fleira sem ég hefði viljað koma inn á. Mig langar rétt í lokin að víkja að því sem er sýknt og heilagt talað um í þessum sal, þ.e. að við höfum ekki getað ráðið við þróunina. Það er líkt og með jarðskjálftann sem við upplifðum á Suðurlandi í sumar að við réðum ekkert við komu hans og við gátum sagt þegar glerbrotin lágu út um öll okkar hús að þau væru ekki okkur að kenna og þess vegna ættum við að láta þau vera. Ég skal að vísu viðurkenna að það kemur enn fyrir núna á haustmánuðum að ég er að finna einhver (Forseti hringir.) glerbrot svo víða spýttust þau, en það hefur ekki enn hvarflað að mér sá hugsunarháttur, kannski af því að ég hugsa öðruvísi en ríkisstjórnin, að láta þau vera af því þau eru ekki frá (Forseti hringir.) mér komin.

[12:14]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Fjárlagafrumvarpið sem við ræðum nú fyrir árið 2009 er að mínu viti í besta falli spádómur. Ég segi ekki að við hefðum getað sett niður sama texta með því að leita til spákonu eins og sagt var hér í gær en í frumvarpinu er auðvitað mikil óvissa vegna þess hvernig málum er háttað. Þessi mikla óvissa er m.a. vegna stöðunnar á fjármálamörkuðum og í fjármálakerfinu í landinu og það er í raun og veru óvíst hvaða fyrirtæki eða fjármálastofnanir halda velli í atvinnulífinu til næsta árs.

Afkoma launafólks og fjölskyldna er í algjöru uppnámi sökum verðbólgu, verðtryggingar og gengisfalls íslensku

krónunnar. Það er næsta víst að margir missa atvinnu sína eins og nú horfir og atvinnuleysisbætur munu engan veginn bæta skaðann, þær eru aðeins neyðarlausn sem hjálpar í skamman tíma. Tekjur ríkisins í sköttum gætu hrunið enn frekar á næsta ári eins og nú horfir, ekki aðeins um 40 milljarða eins og spáð er í frumvarpinu, heldur jafnvel um 60 milljarða ef málin þróast á versta veg. Það er fátt sem nú vekur bjartsýni um þróun mála.

Spáð er neikvæðum hagvexti á næsta ári en síðan vaxi hagur okkar að nýju. Í fjárlögum þessa árs, 2008, standast ekki áætlanir um skatttekjur. Þar munar verulegum upphæðum. Ég tel að óvissa næsta árs sé mun meiri eins og ég gat um áður hvað varðar skatttekjur ríkisins árið 2009. Ég sagði í ræðu minni um fjárlög síðastliðið haust að varasamt væri að treysta á vöxt fjármagnstekna á þessu ári og skatttekjur gætu einnig dregist saman. Hæstv. fjármálaráðherra fannst lítið til um þau aðvörunarorð þá enda var alls staðar bjart hjá honum í lok nóvember síðastliðins.

Við þingmenn hljótum í núverandi stöðu að hugleiða vandlega hvar hægt er að efla atvinnulífið og afla nýrra eða meiri tekna. Ég bendi alls óhræddur á auknar veiðar, einkum auknar þorskveiðar. Það er nauðsynlegt að auka tekjur þjóðfélagsins eins og kostur er við núverandi aðstæður. Með auknum þorskafla upp á t.d. 90 þús. tonn gætum við aukið útflutningstekjur þjóðarinnar um 50–60 milljarða kr. strax á næsta vetri með tilheyrandi margfeldisáhrifum sem hefðu víðtæk áhrif til góðs í þjóðfélagi okkar. Ekki veitir af að auka tekjurnar í sjávarútvegi, því að þótt menn tali hér um að sjávarútvegurinn sé sterkur er samt líklegt er að skuldir sjávarútvegsins um þessar mundir nálgist 500 milljarða kr., m.a. vegna gengisfalls krónunnar undanfarnar vikur. Eru skuldirnar því orðnar um fjórfaldar tekjur sjávarútvegsins á hverju ári. Ég tel að veðsetning aflaheimilda sé komin út fyrir öll skynsemismörk.

Það var rétt hjá forsætisráðherra í gærkvöldi að þjóðin sjálf er mesta auðlindin og að eiginleikar hennar hafa á undanförnum áratugum og öldum skilað okkur í fremstu röð. Við byltum auðvitað þjóðfélaginu á síðustu öld. Hvar fundum við undirstöðu til þess? Við fundum undirstöðu í sjávarútveginum til að gera þá atvinnu- og lífskjarabyltingu sem orðin er hér á landi. Hins vegar er fólki nú meinuð atvinnusókn vegna ákveðinna kvótakerfa bæði í sjávarútvegi og eins til sveita. Það þarf því engan að undra að í núverandi stöðu sé landsbyggðin í vörn og fólki fækki þar. Það eru lögð höft á atvinnufrelsið.

Hæstv. forseti. Um hvað er þjóðin að tala? Þjóðin er ekki að tala um fjárlagafrumvarpið. Þjóðin er að fjalla um þann vanda sem við blasir í fjármálakreppunni í landinu og það ástand sem núna er uppi. Í venjulegu árferði þegar fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fram fer fram mikil umræða í þjóðfélaginu um frumvarpið og skoðanaskipti milli fólks. Svo er ekki nú. Við erum á ögurstundu í sögu þjóðar okkar og við verðum að grípa til gjaldeyrisskapandi auðlinda okkar og nýta þær, bæði með tilliti til hagsældar og jafnræðis að leiðarljósi.

Ástandið nú er grafalvarlegt og þeim fjölgar því miður í hverjum mánuði sem sækja um frest á afborgun húsnæðislána hjá Íbúðalánasjóði. Þetta sýnir skýrt að vandi fólks vex með hverjum mánuði og fjöldi þess fólks sem er með íbúðarlán hjá bönkum í erlendum gjaldeyri sækir nú um að borga aðeins vexti og fresta afborgunum. Það er ljóst, hæstv. forseti, að nú þarf að flýta löggjöf um greiðsluaðlögun fyrir þá sem lenda í vanskilum. Kaupmáttur fólks hefur hrunið og umsamdar kauphækkanir kjarasamninga á almennum vinnumarkaði horfnar í verðhækkunarskriðu, vexti, verðtryggingu og gengisfall krónunnar. Verðugasta verkefnið nú væri auðvitað að við næðum að taka höndum saman um að stöðva eins og kostur er frekari verðhækkanir m.a. á orku, rafmagni og hita til heimilis, sem og einnig aðrar hækkanir sem fara beint út í verðlag og viðhalda verðbólgunni.

Þegar litið er til skatttekna í fjárlagafrumvarpinu vekur eitt sérstaka athygli mína og er ég þó ekki búinn að fara mjög gaumgæfilega í gegnum frumvarpið við þessa umræðu nú. Ástæðan er ekki síst árferðið sem nú ríkir í þjóðfélaginu. Í þessu árferði ætlar ríkisstjórnin að ganga á undan með kostnaðarhækkanir. Ég nefni kílómetragjaldið sem leggst á bifreiðar sem eru yfir 10 tonn og á að hækka um 11,5% frá næstu áramótum að telja. Þessi kostnaður mun að sjálfsögðu koma inn í vöruverð sérstaklega á landsbyggðinni. Ég vek einnig athygli á því að í fjárlagafrumvarpinu er sagt að jöfnun kostnaðar við vöruflutninga sem var á fjárlögum þessa árs upp á 150 millj. eigi að falla niður á næsta ári. Framlag til að ná fram niðurgreiðslu við vöruflutninga út á landsbyggðina.

Ef ég man rétt hygg ég að hv. þm. Kristján Þór Júlíusson, varaformaður fjárlaganefndar, hafi unnið að skýrslu um þetta mál á sínum tíma og lagt til skynsamlegar tillögur um það hvernig hafa mætti áhrif á þann mikla flutningskostnað sem leggst á landsbyggðina, einkum þau svæði sem eru lengst frá höfuðborginni. Ég harma það, hæstv. forseti, að sú vegferð sem lagt var af stað í með jöfnun flutningskostnaðar vegna vöruflutninga og niðurgreiðslu á þeim kostnaði til flutningsaðila, sem ætti að öðru jöfnu að hafa í för með sér lækkun á vöruverði í dreifðum byggðum landsins, skuli nú vera felld niður í fjárlögum næsta árs í stað þess að reyna að þróa þetta til þess vegar að koma upp flutningsjöfnunarkerfi sem hefði áhrif á það að fólk búi við sem sambærilegast vöruverð hvar sem er á landinu. Aðrar þjóðir hafa farið þessa leið að ég hygg með þokkalegum góðum árangri. Og ég held að það sé mjög vanhugsað að koma með frekari álögur á flutningageirann eins og boðað er í fjárlagafrumvarpinu og fella niður þá fjárveitingu sem hugsanlega hefði getað orðið vísir að því að jafna flutningskostnaðinn að einhverju leyti.

Það er auðvitað hægt að víkja að mörgu fleiru, hæstv. forseti, en þessu atriði sem er náttúrlega ekki stærsti liðurinn í fjárlagafrumvarpinu en getur að mínu viti haft veruleg áhrif á búsetu og afkomu fólks í hinum dreifðu byggðum landsins, sérstaklega þeim sem liggja lengst frá aðalvöruhöfninni í Reykjavík og þar sem þjónustuaðilarnir starfa og einnig á þau svæði þar sem vegirnir eru eins og þeir eru. Og við vorum því miður að upplifa það fyrir nokkrum dögum að dæmt var í undirrétti að vegagerð á Barðaströnd fengi ekki þann framgang sem stefnt var að. Ég tel það sorglega niðurstöðu að ekki sé litið til hagsmuna fólks á landsbyggðinni í þeim dómi. Ég tel hann reyndar afglöp eins og hann var kveðinn upp. Það er hins vegar líklegt að sú ályktun

sem dregin er í fjárlagafrumvarpinu um að akstur flutningabíla um þjóðvegi landsins dragist saman kunni að vera rétt eins og kostnaðarþættir hafa þróast í landinu. Ég fagna því vissulega ef skipaflutningar komast aftur á til ákveðinna landsvæða. Ég held að það sé af hinu góða, bæði vegna kostnaðar og ekki síður vegna mikils álags á þjóðvegi landsins sem víða bera ekki þá flutninga sem boðið er upp á. Það var rétt hjá hæstv. forsætisráðherra í gærkvöldi að þjóðin sjálf er mesta auðlindin og við náum því vonandi að gera lífskjör þjóðarinnar allrar þannig að menn standi nokkurn veginn jafnfætis. Það hlýtur að vera markmiðið.

Hæstv. forseti. Það stefnir í geysilega dýrtíð í landinu vegna verðbólgu og hruns á gengi krónunnar. Enginn vafi er á því að hækkun á flutningsgjöldum mun fara beint út í verðlagið sem bitnar svo á almenningi. Ég vil aðeins víkja að tekjunum. Við sjáum að tekjur ríkissjóðs af bensíni og dísilolíu hafa hækkað og þar gætum við haft áhrif til lækkunar með vinnu okkar við gerð fjárlaga fyrir árið 2009. Okkur þingmönnum ber nú skylda til að finna leiðir sem draga úr kostnaði heimilanna í landinu þar sem því verður við komið.

Þegar harðnar í ári og atvinna dregst saman er rétt að auka umsvif ríkissjóðs í arðbærum verklegum framkvæmdum og vinna þannig að verkum sem hvort eð er voru á áætlun næstu ára sé flýtt þegar niðursveifla er í atvinnulífinu. Samdráttur í verkum virkar illa eins og nú horfir í þjóðfélaginu. Þess vegna er rétt að reyna að hafa áhrif á vinnumarkaðinn og atvinnustigið í landinu með þeim sveiflujafnandi áhrifum sem við stefnum væntanlega að varðandi verklegar framkvæmdir. Við munum væntanlega fá góð tilboð í verklegar framkvæmdir og ríkissjóður ætti að hagnast á því sem verkkaupi. Það mun einnig hafa áhrif til góðs á atvinnustigið í landinu og ekki mun af veita.

Þótt ríkissjóður stefni í verulegan halla á næsta ári má alls ekki auka á vandann með víðtækum frestunum verklegra framkvæmda. Við verðum með öllum skynsamlegum ráðum að vinna gegn miklu atvinnuleysi á Íslandi. Ég þekki vel hvað gerist þegar atvinna og tekjur fólks dragast saman. Við sjáum það vel á svæðum eins og Vestfjörðum, þar fækkar fólki jafnt og þétt vegna þess að það fer í burtu þegar tekjur lækka og atvinna verður óviss. Sama mundi gerast á landsvísu ef hér á landi yrði mikið og almennt atvinnuleysi, fólk mundi flytja úr landi og flýja vandræðin sem þá væru orðin staðreynd. Allir eiga val, að vera eða fara. Duglegt fólk sem ekki þolir atvinnuleysið kýs með fótunum og það fer, hæstv. forseti.

Við þurfum einnig að huga sérstaklega að því hvernig við getum tryggt betur stöðu láglaunafólks í landinu nú þegar hækkanir í umsömdum kjarasamningum eru horfnar vegna hækkunar vöruverðs og annarra kostnaðarliða. Við þingmenn Frjálslynda flokksins höfum iðulega lagt það til í hv. Alþingi að taka upp sérstök skattleysismörk og hækkandi persónuafslátt fyrir fólk með lágar tekjur sem hyrfu svo út þegar tekjur fólks hækkuðu. Ég held að í núverandi stöðu þegar verkalýðssamtökin, heildarsamtök launamanna, eru að velta fyrir sér hvernig semja eigi á þessum óvissutímum ætti ríkisstjórnin ekki að slá þær hugmyndir út af borðinu sem verkalýðshreyfingin m.a. hafði uppi í síðustu kjarasamningum, að fá fram sérstakan persónuafslátt sem kæmi best þeim lægst launuðu. Þar settu menn fram hugmyndina um 150 þús. kr. skattleysismörk.

Við stöndum frammi fyrir þeim vanda, þingmenn og ríkisstjórn, að reyna að tryggja hag fólks við mjög erfiðar aðstæður, að reyna að koma í veg fyrir að fólk verði gjaldþrota. Það er að mörgu að hyggja, hæstv. forseti, m.a. í því sem hæstv. félagsmálaráðherra vék hér að í gær um lánveitingar Íbúðalánasjóðs en þá þarf líka að hugsa um lánveitingar frá bönkunum.

[12:34]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegur forseti. Í upphafi ræðu minnar vil ég þakka hæstv. fjármálaráðherra Árna Mathiesen fyrir skelegga framsögu á frumvarpi því sem nú er komið til meðferðar á Alþingi og um leið tek ég undir þær hamingjuóskir sem hæstv. ráðherra hefur fengið úr ræðustól vegna stórafmælisins í gær — það er ekki á hverjum degi sem menn verða fimmtugir. Ég þakka líka hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar fyrir þeirra framlag inn í umræðuna. Ég ætla að reyna að fylla inn í það tóm sem eftir er þrátt fyrir að þessi umræða fari oft út um víðan völl og í sjálfu sér er kannski ekki verið að einblína á sjálft frumvarpið sem slíkt, efnisinntak þess, heldur meira á stöðu dagsins og það er eins og við séum stundum stödd, virðulegi forseti, í umræðum um störf þingsins. En auðvitað er þetta þannig þegar verið er að ræða um fjárlög, líkt og í sveitarfélögunum og við hv. þingmenn sem höfum reynslu þaðan vitum að þegar verið er að ræða fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna eða ársreikninga þá fer umræðan oft út um víðan völl og margt er tínt til til þess að fylla upp í það sem verið er að leggja fram.

Hins vegar byggir frumvarp til fjárlaga á ákveðnum forsendum og hér hefur verið nokkuð rætt um forsendurnar, að þær hafi breyst frá því að punktstaða var tekin í forsendugerðinni eða áætlanagerðinni á sínum tíma. Það er auðvitað þannig að forsendur miðast við ýmislegt, þær geta miðast við gengisvísitölu, þær geta miðast við verðbólguþróun, þær geta miðast við vaxtaálag, þær geta miðast við þær tekjur sem við áætlum að komi inn eða þau gjöld sem við áætlum að fari út. Í áætlunargerðinni notum við síðan mismunandi reiknilíkön og hæstv. fjármálaráðherra gerði grein fyrir því að fjármálaráðuneytið byggir á þjóðhagsspá efnahagsskrifstofunnar sem kom út um leið og fjárlagafrumvarpið og það er haustskýrslan um þjóðarbúskapinn fyrir árin 2008–2013 sem hv. þingmenn hafa undir höndum.

Í þeirri skýrslu er fjallað um forsendurnar sem miðað er við til ársins 2013 og vel má vera að við getum sagt í dag að fyrir ári síðan, þ.e. þegar við vorum að ræða frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008, þá hafi forsendurnar verið rangar. Við getum sjálfsagt rakið okkur þannig ár aftur á bak og sagt að þær forsendur sem voru til viðmiðunar hverju sinni hafi ekki gengið upp. En svona er þetta einfaldlega að við getum ekki verið að ræða frumvarp í rauntíma og verið að uppfæra gögn og miðað við rauntíma. Það er kannski vandamálið hverju sinni, virðulegur forseti, að það innlegg sem við setjum inn í umræðuna miðast við stöðu dagsins og þess vegna er frumvarpið komið til meðferðar á þinginu þannig að þingið og um leið fjárlaganefndin og aðrar fastanefndir þingsins geti fengið frumvarpið til meðferðar og

velt fyrir sér þeim forsendum sem ráðuneytin leggja upp með, framkvæmdarvaldið leggur upp með í þessu innleggi, hvort sem það er fjármálaráðuneytið eða önnur fagráðuneyti. Ég horfi til þess að þeir hv. þingmenn sem sitja í fjárlaganefndinni eða í öðrum fastanefndum, ég get nefnt t.d. í efnahags- og skattanefnd, að þeirra bíði mun meira verk og jafnvel meira en einstakra embættismanna í ráðuneytunum á umliðnum vikum og mánuðum.

Hér hefur verið farið yfir stöðu þjóðfélagsins í dag og stöðu Íslands í alþjóðaumhverfi og menn hafa kannski ekki talað mjög lausnamiðað í umræðunni heldur verið meira að lýsa ástandinu eins og það er, farið í eins konar söguskoðun og velt fyrir sér hver eigi sök á vanda. Ég vil einfaldlega segja að hin lausnamiðaða umræða á auðvitað að fara fram hér í þinginu og hafi menn lausnir er einfaldlega hægt að koma með þær inn í umræðuna um fjárlagafrumvarpið, hvort sem það er í fjárlaganefndinni eða öðrum nefndum þingsins. Þá er auðvitað kostur að hafa þá víðsýni sem er til staðar hjá hv. þingmönnum hverju sinni því að reynsla þeirra og þekking er mjög góð á hinum mismunandi sviðum og menn eiga að leggja til ákveðnar lausnir.

Fyrir ári síðan þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram stóð ég í sömu sporum og nú og boðaði aukið samráð og samvinnu í vinnu við umsagnargerð fjárlaganefndar og annarra nefnda varðandi frumvarpið sjálft. Ég held að ef litið er til baka hafi okkur tekist um margt eða að nokkru að breyta vinnubrögðum. Ég vil lýsa því yfir sem formaður fjárlaganefndar að ég vil taka nokkur skref fram á við í þeirri vinnu enn frekar sem tengist því að víðtækara traust ríki á milli hv. þingmanna í þessari vinnu. Um leið er kannski horft til þess að við hin sömu getum leitað sameiginlega að ákveðnum lausnum á þeim vanda sem farið hefur verið yfir, hvort sem er í ræðum í dag eða í ræðum á hv. Alþingi í gær. Ég finn ekki fyrir öðru, virðulegur forseti, en að hv. þingmenn séu tilbúnir til starfans enda er það svo að við hinir kjörnu fulltrúar erum ekkert að víkjast undan ábyrgð, sama hvort við erum í stjórnarmeirihluta eða stjórnarandstöðu, og nú er ég ekki að álasa einum né neinum í því. Það er hlutverk okkar þegar við tökum við frumvarpi, líkt og frumvarpi til fjárlaga, að við eigum að hafa á því skoðanir. Þá skiptir ekki máli hvort við erum í stjórnarmeirihluta eða stjórnarandstöðu.

Ég hjó eftir því að á eftir ræðu hæstv. fjármálaráðherra fór varaformaður fjárlaganefndar, hv. þm. Kristján Þór Júlíusson, upp í andsvör og óskaði eftir ákveðnum skýringum á því sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra. Nú kann einhver að spyrja: Er það eðlilegt að það gerist? Já, það er eðlilegt að það gerist því að við erum að leita eftir ákveðnum svörum hverju sinni og þar af leiðandi vil ég einfaldlega ítreka að það er gríðarlegur styrkur í því að hafa mjög virka þingmenn — sama hvort þeir tilheyra stjórnarmeirihluta eða stjórnarandstöðu — í því að fara yfir þessi gögn og skýrslur og sitja á fundum í ráðuneytum og ekki síður að fá upplýsingar frá stofnunum hringinn í kringum landið um þau verk sem unnið er að víða á landsbyggðinni.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara ítarlega í þær ræður sem hafa verið fluttar hér í dag. Ég vil hins vegar segja eins og ég vék að í fyrri parti ræðu minnar í dag, að kannski mætti segja að við værum að taka punktstöðu í umræðunni, lýsa ástandi og fara í söguskoðun. Við lendum líka í því að fara fram með ákveðnar þversagnir í umræðunni, ekki það að við ætlum okkur að gera það heldur segjum við bæði að við viljum draga úr útgjöldum og síðan á öðrum stað, jafnvel í sömu ræðu, að við viljum fara fram með aukin útgjöld án þess að það sé skilgreint neitt nánar. Það er talað fyrir því að það eigi að draga saman, það eigi jafnvel að skera niður, en á öðrum stöðum er talað fyrir því að það skipti verulegu máli að hjól atvinnulífsins snúist og að viðamiklar fjárfestingar séu í gangi og svo koll af kolli. Það er kannski þetta sem við þurfum að varast, að ef við förum fram með ákveðin verkefni, t.d. hagræðingarverkefni, getum við ekki talað þannig að við eigum að vera með niðurskurðarhníf á lofti en segja síðan í annan stað að við eigum að halda uppi verkefnastigi hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Hv. þingmenn reyna á stundum að víkja sér undan því og segjast þá vera að tala um fjárfestingarverkefni, en flestallar fjárfestingar leiða af sér rekstur. Það er mjög sjaldan sem ríki eða sveitarfélög, fyrirtæki eða jafnvel heimili fara í einhver fjárfestingarverkefni sem ekki leiða af sér rekstur og hafa afleiddar rekstrarafleiðingar í för með sér og þannig hefur það verið í gegnum tíðina.

Án þess að ég sé að ýja að því að Framsóknarflokkurinn sé að koma sér undan einhverju í þessum efnum virðast mér einhvern veginn ræður hv. þingmanna Framsóknarflokksins vera þannig að þær ákvarðanir sem voru teknar meðan Framsóknarflokkurinn var í ríkisstjórn hafi ekki haft neitt í för með sér. Auðvitað höfðu þær það með sér í för að farið var í ýmis fjárfestingarverkefni og rekstur sem er í byggingum, það var fjölgað starfsfólki og víða var aukinn rekstur. Þess vegna fannst mér mjög ómaklegt, virðulegur forseti, þegar menn komu á lokastigum í 3. umr. við fjárlögin 2008 og sögðu að þeir vildu í raun og veru ekki vera með. Vildu ekki vera með í hverju? Menn vildu ekki vera með í því að fara af stað með verkefni sem var löngu búið að ákveða að ætti að fara í. Síðan var vissulega verið að bæta við nýjum verkefnum. Hverju var verið að bæta við? Það var verið að bæta við m.a. í tekjutilfærslunum, þeim þáttum sem lúta að velferðarkerfinu, þáttum sem lúta að vaxtabótum, almannatryggingakerfinu, lífeyriskerfinu, barnabótum og ýmsu öðru slíku. Það var enginn að tala um að þar ætti að skera niður, það var ekki vilji til þess enda voru þetta verkefni sem þingheimur, virðulegur forseti, vildi standa á bak við. Hver vill standa núna upp og segja að það eigi að skera niður í atvinnuleysisbótakerfinu, mun einhver leggja það til? Það mun enginn gera það enda munu menn standa á bak við þá þætti sem er raunaukning í í tilfærslukerfi ríkissjóðs sem eru nær þriðjungur af útgjöldum ríkissjóðs og ég hef ekki heyrt einar né neinar tillögur um það. Menn koma hins vegar stundum og segja, óábyrgt: Ég vil spýta í, ég vil halda uppi atvinnustigi á höfuðborgarsvæðinu og halda uppi atvinnustigi á landsbyggðinni en hins vegar vil ég ekki auka ríkisútgjöldin. Það sem ég er einfaldlega að kalla eftir, virðulegur forseti, er að umræðan sé raunsönn, menn verða að vera heiðarlegir gagnvart sjálfum sér í umræðunni.

Út af því, virðulegur forseti, að á hv. þingi eru mjög margir sveitarstjórnarmenn, menn sem hafa þekkingu á

sveitarstjórnarmálum þá er þetta svipað og að segja: Við viljum byggja fyrir fólk og fyrirtæki en við viljum ekki byggja leikskóla og grunnskóla. Við viljum ekki byggja leikskóla og grunnskóla nema þegar illa árar og við þurfum að fara í einhvers konar verkefni og halda uppi atvinnustigi en þá ætlum við ekki að vera með neinn rekstur þar. Þetta gengur auðvitað ekkert upp. Við þurfum að horfa á að þau verkefni sem við tökum ákvörðun um hafa auðvitað í för með sér útgjöld, þau hafa ekki bara í för með sér að við reisum bygginguna.

Við getum tekið sem dæmi stórt verkefni í Reykjavík, tónlistar- og ráðstefnumiðstöð á hafnarbakkanum. Halda menn að það verkefni sé einfaldlega þannig að það muni ekkert kosta að reka bygginguna og þá starfsemi sem þar verður? Það er ein af stóru stærðunum í ákvarðanatökunni, það er reksturinn og rekstrarútgjöldin varðandi þá bygginguna. Ætla menn þá að segja sem svo: Ja, við tókum ekki þátt í þessari ákvörðun. Ákvörðunin var tekin, það var tekin ákvörðun um að fara af stað með bygginguna. Það þýðir síðan ekki að láta bygginguna standa auða. Það er ekki hægt að afskrifa þann fjárfestingarkostnað sem liggur í byggingunni, það verður að horfa á þetta allt til enda.

Hér er ég ekki að skamma einn né neinn, ég er einfaldlega að óska eftir því að sú umræða sem hér fer fram, hvort sem er í fjárlaganefndinni, efnahags- og skattanefndinni eða öðrum fastanefndum, sé ekki þannig að menn tali stundum um appelsínur og stundum um epli, það verður að horfa á heildarmyndina. Ég finn fyrir því hjá þingmönnum stjórnarmeirihlutans og stjórnarandstöðu að hv. þingmenn eru tilbúnir til verka varðandi það að fara yfir fjárlagafrumvarpið. Við erum nýlega komin með stöðu á rekstri ríkisstofnana og við höfum kallað eftir upplýsingum. Við munum fá inn alla þá sérfræðinga sem skipta máli bæði hvað varðar ríkisreksturinn en ekki síður varðandi það sem er að gerast á Íslandi almennt í efnahagsumhverfinu og síðan í alþjóðaumhverfinu og þeir hlutir eru auðvitað á fljúgandi ferð.

Hæstv. fjármálaráðherra vék að því að hrein skuldastaða þjóðarbúsins væri góð við upphaf ársins og sérstaklega við upphaf síðasta árs. Við gerðum ráð fyrir því að 40 milljarða kr. væri rekstrarafgangur af fjárlögum þessa árs og það kemur í ljós, kannski þann 16. október hvernig fjáraukalagafrumvarpið mun líta út en hins vegar segja spátölur okkur að það muni verða þó nokkur breyting á. Við höfum fjallað um breytingar á tekjustofnum og um leið að útgjöldin eru að aukast enda sjá hv. þingmenn það að það er 100 milljarða kr. sveifla í fjárlögunum á milli ára eins og þau voru lögð upp og samþykkt 2008 og síðan 2009. Það er gróflega séð 70 milljarða kr. aukning í ríkisútgjöldum en 30 milljarða kr. tekjusamdráttur í tekjuliðum þannig að um er að ræða 100 milljarða kr. sveiflu af 450 milljarða kr. veltu. Þetta eru grófar tölur hjá mér en þeir sem eru fljótir að reikna sjá að það er gríðarleg sveifla hér á milli ára.

Að lokum vil ég, virðulegur forseti, þakka þeim fjölmörgu sem hafa komið að gerð þessa frumvarps og ekki síst þjóðhagsspárinnar fyrir árin 2008–2013. Það er mikið verk að koma saman frumvarpi til fjárlaga hverju sinni, að því koma fjölmargir, einstaka ríkisstofnanir eins og framhaldsskólar, heilbrigðisstofnanir og ýmsir aðrir, starfsfólk á fjármálaskrifstofum þessara stofnana, ráðuneytin koma að því og síðast en ekki síst fjármálaráðuneytið undir forustu hæstv. fjármálaráðherra. Það er efnahagsskrifstofan, það er tekju- og lagaskrifstofan og eigna- og rekstrarskrifstofa ráðuneytisins. Það er verið að reyna að endurmeta þessa þætti dag frá degi, og þrátt fyrir að einhverjir mundu vilja hafa fjárlagafrumvarpið í rauntíma þannig að tölurnar uppfærðust miðað við breyttar forsendur þá er það okkar þingmanna, eins og ég lýsti yfir áðan, að fara yfir þessa hluti og klára þessa vinnu því að nú er frumvarpið komið til þingsins og ég óska eftir góðu samstarfi við hv. þingmenn í fjárlaganefndinni hér eftir sem hingað til.

[Fundarhlé. — 12:54]

[13:30]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Fjármálaráðherra hefur nú fyrir hönd ríkisstjórnarinnar lagt fram frumvarp að fjárlögum ársins 2009 og gert ítarlega grein fyrir forsendum þess í framsögu sinni. Ég hef í rauninni engu þar við að bæta en að sjálfsögðu mun ég í ljósi þeirra aðstæðna sem nú ríkja gera ráð fyrir því að lagt verði mat á allar þær stærðir að nýju áður en frumvarp að fjárlögum ársins 2009 verður endanlega afgreitt af hinu háa Alþingi.

Fjárlagafrumvarp næsta árs er nú lagt fram við allt aðrar aðstæður í efnahagslífi þjóðarinnar en verið hefur um langt árabil. Vextinum er lokið í bili og tekið hefur við tímabil samdráttar á mörgum sviðum. Þegar samdráttur vofir yfir og aldan er þung í efnahagslífinu má ríkið ekki magna þann samdrátt. Grunnhugmyndin í fjárlögum ársins 2009 er einmitt að ríkið stígi fram og leggi sitt af mörkum til að tryggja að grunngerð samfélagsins, atvinnulífsins og efnahagslífsins stöðvist ekki. Að sjálfsögðu tekur frumvarpið mið af þeim veruleika þótt fyllilega megi færa gild rök í umræðunni fyrir því að vart sé nóg að gert, spár séu ekki nægilega svartsýnar, samdráttur verði meiri en forsendur frumvarpsins geri ráð fyrir o.s.frv. Þetta kann að fela í sér nokkur sannleikskorn. Það eru hins vegar engin rök til þess að mæla svo eins og hefur heyrst í morgun að frumvarpinu megi kasta fyrir róða og hefja skuli alla vinnu að nýju vegna þess að hinar efnahagslegu stærðir í þjóðfélaginu og þar með forsendur frumvarpsins séu allar brostnar. Þeir sem tala fyrir slíkum tillögum tala af miklu ábyrgðarleysi.

Ég minnist þess einnig að sá söngur hafi alla tíð hljómað með álíka hætti úr munni stjórnarandstöðunnar á hverjum tíma um frumvarp ríkisstjórnar til fjárlaga. Alltaf er unnt að finna því eitthvað til foráttu.

Ég vil nota tækifærið m.a. til að gera að umtalsefni frumvarpssmíðina og aðkomu þingsins að vinnu við fjárlagafrumvarpið. Enn fremur hyggst ég í síðari hluta ræðu minnar fjalla um þær áherslur sem ég tel skipta meginmáli að menn gefi gaum við þær aðstæður sem nú eru uppi í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Þrátt fyrir að miklar breytingar til batnaðar hafi verið gerðar á undanförnum árum má gera betur og við sjáum að í meðförum þingsins er venja að frumvarpið taki miklum breytingum sem að langstærstum hluta koma frá þeirri sömu ríkisstjórn og lagði tillögur sínar fyrir þingið. Því þarf að breyta. Regluverkið gerir ráð fyrir að ríkisstjórn sam-

þykki útgjaldaramma sem viðkomandi fagráðuneytum er ætlað að vinna eftir, bæði faglega og fjárhagslega. Á þeim grunni er frumvarpið sett saman og lagt fyrir þingið. Þá hefur skapast sú venja að við tekur ferli þar sem breytingar verða milli allra þriggja umræðna um frumvarpið á hinu háa Alþingi.

Frumvarpið er vissulega flókin smíð og snertir eðli málsins samkvæmt alla þætti í starfsemi ríkisins. Það gefur því augaleið að á þeim stutta tíma sem gefst frá því að fjárlagafrumvarpið er kynnt og þar til það er tekið til umræðu í þingsal hefur þingmönnum gefist lítill tími til að kynna sér gaumgæfilega efni þess og áherslur sem það felur í sér. Æskilegt er að vinnuferlið við fjárlagagerðina verði með þeim hætti að framkvæmdarvaldið vinni tillögu sína að fjárlögum með svipuðum hætti og gert er í dag en breytingar eru þó gerðar á vinnu við gerð fjárlaga þegar þau eru lögð fyrir þingið. Líta verður miklu ákveðnar á en nú tíðkast að með fjárlagatillögu sinni sæki framkvæmdarvaldið heimild til Alþingis til að nýta skattfé almennings til þeirra verkefna sem ríkisstarfseminni er ætlað að annast. Almenningur á að sjálfsögðu þá kröfu á alþingismenn að þeir hafi góða þekkingu á því til hvaða verkefna fjármunum skattgreiðenda er ráðstafað og hafi góða sýn yfir þá flóknu starfsemi sem krefur af þeim fé. Þarna skortir á að mínu mati og leita verður leiða til þess að auka upplýsingu og þekkingu þingmanna á fjárlagahaldi hvers árs, forsendum þess og stefnumótandi áhrifum. Það verður best gert með því að auka skoðanaskipti þingsins og framkvæmdarvaldsins í þessum efnum og það má hugsa sér að gera annaðhvort í þingsalnum eða á vettvangi viðkomandi þingnefndar þar sem viðkomandi fagráðherra rökstyddi ósk sína til ráðuneytisins um fjárlagaheimildir hvers árs.

Ástæða þess að ég nefni ráðherra til sögunnar er einfaldlega sú að eins og nýleg dæmi sanna er það ekki á verksviði einstakra embættismanna að rökstyðja ákvarðanir sem eru á verksviði stjórnmálamanna. Breytingar í þá veru sem ég hef gert að umtalsefni mundu hafa í för með sér að þingið yrði betur upplýst um þær áherslur sem fjárlagafrumvarp hvers árs markaði. Þetta mundi gefa viðkomandi fagráðherra traustari stoðir til að standa á varðandi skyldu hans og ábyrgð um framkvæmd fjárlaga. Loks vil ég nefna að breytingar í þessa veru mundu undirstrika að fjárveitingavaldið er á höndum Alþingis. Um nauðsyn þess má eflaust lengi deila og hafa um mörg orð en ég læt einungis nægja að benda á eftirfarandi upplýsingar sem fram koma í frumvarpi því sem liggur fyrir Alþingi:

Í desember á síðasta ári samþykkti Alþingi að tekjuafgangur fjárlaga ársins 2008 ætti að vera tæpir 40 milljarðar kr. en áætlun fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að hann verði um 3 milljarðar kr. Þá má gera ráð fyrir að þegar fjáraukalögin verða lögð fyrir Alþingi hafi um 37 milljörðum þegar verið ráðstafað án þess að þingið hafi fengið beiðni um þá ráðstöfun til umfjöllunar. Hér þarf meiri aga.

Sá stormur sem nú geisar í efnahagslífi landsins dregur bæði fram styrkleika okkar og veikleika sem þjóðar. Það má alltaf deila um hvort styrkur geti falist í því að vera smár en í þessu harðbýla landi norður í miðju Atlantshafi er ég þess fullviss að það eykur okkur styrk að geta starfað saman sem einn maður þegar á reynir. Við þurfum svo sannarlega á því að halda um þessar mundir og næstu missiri. Tækifæri okkar liggja í því að landið okkar býr yfir miklum auðlindum sem gefa okkur kost á góðum lífsskilyrðum en við umgöngumst þær og nýtum með skynsamlegum hætti. Sjávarútvegur, orka, landbúnaður, náttúrufar og saga landsins, hvert með sínum hætti, leggja ómetanleg verðmæti inn í framtíðarmöguleika okkar sem þjóðar. Við höfum borið gæfu til að afla okkur menntunar og þekkingar til að nýta þau verðmæti til uppbyggingar og að flestra dómi eru framtíðarhorfur þjóðarinnar góðar. Öll grunngerð íslensks samfélags er til fyrirmyndar. Það er hins vegar ljóst að nú um stundir árar þannig að verðmætasköpun þjóðarinnar hefur ekki verið í takt við þau lífskjör sem við höfum notið síðustu ár. Við höfum með öðrum orðum eytt um efni fram, byggt upp á ýmsum sviðum atvinnulífs, heimila og í ríkisrekstrinum með þeim hætti að nú dregur saman og við þurfum að endurmeta stöðu okkar.

Að því er snýr að ríkisfjármálum sérstaklega er algerlega ljóst að verðmætasköpunin í hagkerfinu nú um stundir stendur ekki undir þeim sama raunvexti sem verið hefur í ríkisrekstrinum undanfarin mörg ár. Fjárlög næsta árs gera ráð fyrir 4,2% raunvexti í almennum rekstri ríkisins og 7,1% raunvexti í tilfærslum. Það eru gríðarlega miklar hækkanir í rekstri og umfangi ríkisins. Þegar staðan í efnahagsmálum er jafnerfið og raun ber vitni er alveg ljóst að við þurfum að leita leiða til að ná fram lækkun þessara útgjalda. Ég tel það vera eitt af meginviðfangsefnum fjárlaganefndar að vinna í því á milli umræðna.

Af svörum hæstv. fjármálaráðherra við andsvari mínu við annars ágætri ræðu hans má ætla að færi verði til þess að gera breytingar til lækkunar á þessum viðfangsefnum. Eftir langt tímabil mikils afgangs í ríkissjóði er tímabundinn hallarekstur í efnahagslægð í fullu samræmi við stefnu stjórnvalda að afkoma ríkissjóðs verði í jafnvægi til lengri tíma litið, þ.e. að ríkissjóður sé hallalaus yfir hagsveifluna. Við þær aðstæður þegar tekjuhalli myndast á ríkissjóði er mikilvægt að viðhalda aðhaldssamri stefnu sem leggur áherslu á hagkvæmni og varfærni í ríkisrekstrinum.

Eins og kom fram hjá hæstv. fjármálaráðherra fyrr í dag hefur ríkissjóður sett sér margvísleg viðmið sem ganga undir nafninu fjármálareglur. Rammafjárlög til fjögurra ára, sem nú munu vera lögð fram í fyrsta sinn ásamt slíkum viðmiðunum sem kallaðar eru fjármálareglur, eru hvort tveggja mikilvæg verkefni til að tryggja að sá árangur sem stefnt er að í ríkisrekstrinum náist. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sett fram markmið um að ríkisútgjöld aukist ekki í hlutfalli við þjóðarframleiðslu frá því sem nú er. Einnig eru markmið um áframhaldandi trausta stöðu ríkissjóðs og markvissan ríkisrekstur sem m.a. feli í sér ráðdeild og varfærni í fjármálum.

Í fjárlagafrumvarpinu og fylgigögnum þess kemur m.a. fram að á þessum grunni hafi ríkisstjórnin samþykkt eftirfarandi viðmið varðandi þróun útgjalda ríkissjóðs:

1. Árlegur raunvöxtur rekstrargjalda án óreglulegra liða verði ekki umfram 2% að meðaltali árin 2009–2012.

2. Árlegur raunvöxtur tekjutilfærsluútgjalda verði að meðaltali ekki umfram 3,5% árin 2009–2012 og lækki á síðustu tveimur árum tímabilsins undir 2%.

3. Fjárfesting verði að meðaltali ekki umfram 2,5% af

landsframleiðslu árin 2009–2012 en til framtíðar litið verði hún um 2% af árlegri landsframleiðslu.

4. Hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu hækki ekki á tímabilinu.

Það er í mínum huga meginverkefni í vinnu fjárlaganefndar á þessu hausti að bera fjárlagafrumvarp ársins 2009 við þessa stefnu og leggja mat á getu ríkissjóðs og möguleika í því árferði sem nú ríkir — það á örugglega eftir að breytast þegar lengra líður á haustið — til að standast þessa annars skynsamlegu stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. forseti. Ég vil víkja nokkrum orðum að peningamálastefnunni og Seðlabankanum sem ganga um þessar mundir í gegnum mikla eldraun. Stýrivextir standa nú í 15,5% og verðbólgan er um 14%. Þessi staða er vitaskuld grafalvarleg svo ekki sé minnst á hvernig gengi íslensku krónunnar hefur fallið að undanförnu. Seðlabankinn hefur unnið eftir þeim markmiðum og reglum sem bankanum voru sett árið 2001. Þrátt fyrir að stýrivextir séu gríðarlega háir og bankinn beiti þeim úrræðum sem hann hefur yfir að ráða af öllum mætti er staðan engu að síður afar erfið. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að eftir að íslenska hagkerfið var opnað fyrir fjármagnsflutninga er íslenskt efnahagslíf orðið nátengt því sem gerist á alþjóðlegum mörkuðum. Æ oftar ber þá skoðun uppi í umræðu að setja eigi Seðlabankanum ný og raunhæfari markmið í ljósi þess hvernig til hefur tekist undanfarin ár og það tel ég afar brýnt. Það þarf að fara vandlega yfir framkvæmd peningamálastefnunnar og hvernig til hefur tekist líkt og forsætisráðherra boðaði á aðalfundi Seðlabankans sl. vor. Við þurfum að spyrja okkur nokkurra grundvallarspurninga í þessu sambandi svo sem hvort háir stýrivextir með tilheyrandi áhrifum á atvinnulíf og heimilin í landinu séu raunverulega það meðal sem muni vinna gegn vandanum sem við stöndum frammi fyrir. Ég dreg í efa að svo sé en treysti því að fengnir verði til þess hæfir og til þess bærir einstaklingar að fara yfir þessi atriði og vinna hratt — afar hratt og örugglega úr þeim niðurstöðum.

Virðulegi forseti. Fjárlaganefnd mun fara rækilega yfir fjárlagafrumvarpið í umfjöllun sinni milli umræðna. Eins og ég gat um áðan tel ég mjög brýnt að skoða mikla aukningu í rekstri ríkisins og leita leiða til að ná fram lækkun gjalda þar. Það er algert skilyrði að ríki og stofnanir þess fari með skattfé borgaranna og atvinnulífsins af varfærni og ráðdeild í svona ástandi. Það er eitt brýnasta verkefni okkar sem vinnum nú að gerð fjárlagafrumvarpsins að tryggja skynsamlega ráðstöfun almannafjár. Þetta er sérstaklega brýnt þegar ríkissjóður er rekinn með miklum halla enda má halli á fjárlögum ekki vera opinn tékki til stofnana ríkisins um að auka umsvif sín heldur hitt að halda hjólum atvinnulífsins gangandi og tryggja að ríkið magni ekki þá erfiðleika sem nú ganga yfir í samfélaginu.

[13:45]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Án þess að ég ætli að fara að gefa ræðum einkunnir þá var ræða hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar um margt athyglisverð. Það er sérstaklega einn þáttur sem ég vil taka undir og það er um breytt vinnulag við gerð fjárlaga og aðkomu framkvæmdarvaldsins að fjárlagagerð og samskipti við þingið. Ég hef flutt um það tillögur nokkur undanfarin ár að þingið verði miklu meira afgerandi þáttur í fjárlagagerðinni en sé ekki eins og hálfgerður stimpilpúði fyrir ákvarðanir framkvæmdarvaldsins. Við höfum búið við ráðherraræði. Ég vil benda á að tvær stofnanir sem eru gælustofnanir í þessu fjárlagafrumvarpi fóru í gang án fjárlagaheimilda. Varnarmálastofnun, sem fór í gang fyrir ári síðan án fjárlagaheimildar og er núna komin með 1,5 milljarða. Burt séð frá hvaða skoðun við höfum á þessu fór hún í gang utan samþykktar þingsins og með fjárskuldbindingar utan samþykktar þingsins. Sama á við um Sjúkratryggingastofnun, einkavæðingarstofnun eða innkaupastofnun heilbrigðisþjónustunnar, hún fór líka í gang og fjárveitingar eða fjárráðstöfun til hennar á þessu ári án samþykkis Alþingis. Fleiri slík stór verkefni mætti nefna, síðast en ekki síst meint kaup á bankanum Glitni, og ég vil spyrja hv. þingmann: Er það mat hans að staðið hafi verið á fyllilega lýðræðislegan (Forseti hringir.) og löglegan hátt og með eðlilegri aðkomu Alþingis að þeim gjörningum eins og þeir liggja nú fyrir?

[13:47]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni hlý orð í minn garð og gott mat á ræðu minni. Við áttum saman ágæta vinnu í fjárlaganefnd á síðasta ári og kunnum ágætlega að skiptast á skoðunum.

Það er alveg hárrétt sem kemur fram í máli hv. þingmanns að mikið hefur verið rætt um að reyna að gera bragarbót á samskiptum framkvæmdarvaldsins og þingsins við fjárlagaframkvæmdina og flestir sem tjá sig um þau mál hafa verið nokkuð sammála og samhljóða í afstöðu sinni til þess. Mér virðast vandræðin liggja í því að við séum á einhvern hátt ekki tilbúin til að gefa eftir hvort um sig, framkvæmdarvaldið og þingið, í þeirri viðleitni að ná samkomulagi um hvernig við getum bætt þetta verklag. Flestir virðast vera á því að bæta það. Til þess að það gangi eftir að mínu mati þurfa báðir aðilar að laga sig að nýjum veruleika. Að hluta til kann þetta að liggja í því að umhverfi okkar á hinu háa Alþingi er mjög stíft og það tekur langan tíma að afgreiða hluti og þá þurfum við að leita leiða til að breyta því. Hjá framkvæmdarvaldinu hafa menn aftur á móti vanist því á undanförnum mörgum árum að fá tækifæri til að vinna með þessum hætti.

Varðandi spurninguna sem beint var til mín um málefni bankans Glitnis þá hef ég ekki forsendur til að leggja eitthvert mat á þau lög sem um þetta gilda. Í mínum huga er það ekkert umskrafsmál að einfaldasti hluturinn til að eyða óvissunni um það mál er einfaldlega að leggja fram frumvarp á þinginu og afgreiða það.

[13:49]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Af því að hv. þm. Kristján Þór Júlíusson er talsmaður Sjálfstæðisflokksins í fjármálaumræðunni og í fjárlaganefnd og gagnvart þinginu leyfi ég mér að spyrja hann hvort von sé á frumvarpi um kaupin á bankanum Glitni og hvort hann sé sammála þeirri túlkun hæstv. forsætisráðherra sem kom fram í viðtölum og ég hef orðrétt af-

rit af þar sem það var mat hans að kaupin á Glitni hefðu engin áhrif á forsendur fjárlaga og kæmu aðeins til kasta þingsins ef þess væri þörf. Er hann sammála því mati forsætisráðherra? Ég er það ekki, ég tel, sama hvort hægt er að finna lagakróka fyrir þessum gjörningi eins og hann var framkvæmdur — ég ætla ekki að ræða hvort þörf var á honum eða ekki — að þá hafi þetta ekki verið lýðræðislegur gjörningur og enn þá verra að forsætisráðherra skyldi tjá sig um þetta með þeim hætti að þetta hefði engin áhrif á fjárlög og forsendur fjárlaga.

Varðandi hitt málið þá hef ég ítrekað lagt fram á Alþingi frumvarp um fjáraukalög að vori í lok þings þar sem farið væri yfir breytta stöðu sem hefði orðið í meðförum þingsins á fjárlögum o.s.frv. og þá væri tekið á því sem þá lægi fyrir. Það er fullkomlega óviðunandi að ríkisstjórnin, ráðherraræðið í ríkisstjórninni, komi með mörg af stærstu málunum, líka stefnumarkandi mál, og þau séu ákveðin án atbeina Alþingis. Ég nefndi, eins og ég sagði, hermálastofnunina eða Varnarmálastofnun, gæluverkefni ríkisstjórnarinnar, Sjúkratryggingastofnun, (Forseti hringir.) og Tónlistarhús. Stærstu liðirnir hafa komið án heimildar Alþingis.

[13:51]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að það mál sem hv. þingmaður gerir hér að umtalsefni sé mjög ofarlega í umræðunni og hann óski þeirra svara sem hann kallaði eftir áðan hyggst ég ekki svara þeim beint og skal alveg viðurkenna það úr þessum ræðustóli heldur ítreka ég bara það svar sem ég gaf almennt um meðferð slíkra mála á milli þings og framkvæmdarvalds.

Ég tel alveg tvímælalaust að við þurfum að bæta verklagið. Við sjáum það ágætlega á þeim dæmum m.a. sem hv. þingmaður nefndi í síðara andsvari sínu, þar er ágætisdæmi um verkefni þar sem menn hafa tekist á í allnokkurn tíma varðandi það með hvaða hætti þau mál hafa komið til afgreiðslu hjá hinu háa Alþingi. Ég tel engum til gagns að elta ólar við þessi einstöku dæmi heldur draga dóm af þeirri reynslu sem við höfum fengið í þessum efnum og skýra þetta tvímælalaust. Það er það sem ég var að kalla eftir í ræðu minni áðan, framsöguræðu minni með fjárlagafrumvarpinu og tel að við eigum að leggjast á eitt með það og hef kallað eftir því m.a. frá framkvæmdarvaldinu að það komi með sínar tillögur um það hvernig við getum breytt og bætt starfshætti.

Ég undirstrika það líka að þingið er ekkert undanskilið í því og við þurfum að vera tilbúin til að leggja eitthvað á okkur í þá veru að geta hraðað afgreiðslum. Ég er þar með ekkert endilega að taka undir það sjónarmið að við eigum að gera þetta einu sinni eða tvisvar á ári, það kann vel að vera að þingið geti sett upp þær starfsreglur að hægt sé að gera þetta örar en svo. Til þess þurfa menn að setjast yfir þetta og finna sameiginlega lausn.

[13:53]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Það er eiginlega með hálfum hug að ég fer í ræðustólinn og reyni að ræða um fjárlagafrumvarpið 2009 eins og aðstæður eru í okkar þjóðarbúskap og þjóðmálum um þessar mundir. Það er svo sem ekki mikið sem maður segir á þeim tíu mínútum sem manni eru skammtaðar, ef ég hef tekið rétt eftir, það er ekki einu sinni sá ræðutími sem hin nýju þingsköp leyfa. Það er þá væntanlega á grundvelli einhvers samkomulags um að það sé yfrið nóg að hver þingmaður hafi tíu mínútur til að ræða fjárlög ríkisins fyrir næsta ár. Kannski er allt svo einfalt og liggur svo ljóst fyrir að það sé ástæðulaust að eyða meira púðri í það.

Það eru orðin mikil veðrabrigði í efnahagslífi okkar. Eru þau óvænt? Nei. Hvernig eru menn undir það búnir? Gamalt máltæki segir að fáir kunni sig að heiman í fögru veðri að búa. Að vísu verður það ekki að öllu leyti sagt um ríkissjóð. Vissulega hefur staða hans skánað á veltiárunum að undanförnu. Skárra væri það nú að ríkissjóður hefði rétt úr kútnum og verið með afgangi þegar þær miklu þenslutekjur flæddu inn sem viðskiptahallinn og síðan vaxandi verðbólga leiddu af sér. Vissulega hafa peningarnir verið notaðir til að greiða niður skuldir ríkissjóðs og borga inn á lífeyrisskuldbindingarnar og er það vel. Það hef ég alltaf viðurkennt og tekið fram að það er pínulítið ljós í myrkrinu að ríkissjóður er þetta vel staddur, svona á yfirborðinu a.m.k.

Nú er að versna í því. Nú stefnir í umtalsverðan halla á ríkissjóði strax á næsta ári upp á 57 milljarða ef ég man rétt, um 3,7% af þjóðartekjum. Hvers vegna skyldi þessi halli verða svona snögglega og afgangurinn á þessu ári um það bil gufaður upp? Sennilega verður nokkur halli á ríkissjóði árið 2008 þegar upp verður staðið. Það rifjar upp fyrir mér að ég stóð í þessum ræðustól og var nokkuð undrandi á umræðum sem þá höfðu staðið fyrir ári síðan um, ef ég man þetta rétt, að menn vanmætu afganginn sem yrði á ríkissjóði. Það voru allmiklar umræður, ef minni mitt svíkur ekki, fyrir um það bil ári síðan eða var það við 2. umr.? Þá var talið að af því að menn höfðu vanmetið afganginn á ríkissjóði árinu á undan væri líklegt að það mundi gerast aftur. Ég fór þá í ræðustólinn á undan og bað menn að hafa ekki miklar áhyggjur af því. Færi svo vel að ríkissjóður yrði rekinn með svo myndarlegum afgangi eða meiri væri það ekki vandamál. Hins vegar óttaðist ég mjög að að þessu sinni ofmætu menn tekjur ríkissjóðs vegna þess að þá var öllum hugsandi mönnum löngu ljóst að við værum á leiðinni ofan í djúpan öldudal í efnahagsmálum okkar. Froðutekjurnar hverfa eins og dögg fyrir sólu þegar innflutningur snarminnkar og það er nákvæmlega það sem hefur gerst.

Hver er stærðargráða hallans sem spáð er á næsta ári, 57 milljarðar? Ætli hún sé ekki mjög nálægt því að vera, framreiknuð á núvirði, skattalækkunin á kjörtímabilinu 2003–2007? Ég tel að hún sé mjög nálægt því þannig að ef ríkissjóður hefði haldið þeim tekjum inni í grófum dráttum gæti hann sennilega staðið með afgangi eða núlli á næsta ári. Eru þá ógleymdar tekjurnar sem við hefðum fengið inn á árunum 2004, 2005, 2006, 2007 og 2008 ef skattar hefðu ekki verið lækkaðir t.d. á hátekjufólki. Þá ættum við þær innstæður núna í Seðlabankanum, inni á lífeyrisskuldbindingunum og svo víðar. Ég var örugglega einn örfárra manna sem leyfðu sér þann munað þegar menn lækkuðu skatta í gleðivímunni, að minna menn á að ríkissjóður kynni að sakna vina í stað þar sem væru t.d. tekjurnar af hátekjufólki, eignafólki, fjármagnstekjuhöfum og gróðafyrirtækjum sem ríkið af örlæti sínu slakaði út á síðasta kjörtímabili.

Nú stefnir í að við þurfum að reka ríkissjóð Íslands með umtalsverðum halla næstu árin. Það er vissulega ekkert annað að gera en það hefði verið gott að eiga annars staðar inni innstæður upp á fleiri tugi ef ekki um hundrað milljarða vegna þess að við hefðum látið hátekjufólkið borga skatta á meðan það skammtaði sér sjálft ofurlaun. Væri nokkuð að því að eiga þá peninga í dag sem bankastrákarnir hefðu þá borgað til samneyslunnar, fjármagnstekjuhafar sem engar launatekjur telja fram og lifa á sveitarfélögum sínum eins og beiningamenn á meðan þeir berast á? En það er eins og ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og nú ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar vilja greinilega hafa þetta og eru sjálfsagt stoltar af því.

Nei, ég held að það væri ekkert að því að hér væri 4–6% hátekjuskattur, álag á tekjur yfir hálfa milljón á einstakling, eina milljón á hjón. Af tekjunum þar fyrir ofan borguðu menn aðeins meira til samneyslunnar af mánaðartekjum og vonandi verða einhverjir sem hafa slík laun á Íslandi á næstu árum, þ.e. í þeim skilningi að efnahagslífið fari ekki þannig niður að það hverfi.

Horfurnar eru mjög dökkar. Þó að við tækjum ekkert nema viðskiptahallann sem á að verða á þessu ári og er spáð út kjörtímabilið er það dálagleg summa. Við erum með um 200 milljarða viðskiptahalla á árinu 2007 ef við reiknum kosningaárið á þessa ríkisstjórn. Við erum með tæplega 250 milljarða halla á þessu ári, 247 milljarða held ég. Við erum með 126 milljarða áætlaðan halla á árinu 2009 og tæplega 100 milljarða, 97 milljarða áætlaðan viðskiptahalla á árinu 2010, í viðskiptahalla, frú forseti, svo að fjármálaráðherra hafi það á hreinu. Það gerir litla 670 milljarða kr. í viðskiptahalla á kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar ef hún situr það og ef við reiknum kosningaárið hið fyrra til hennar en það seinna til þeirra sem tækju kannski við. Það er talsvert á önnur fjárlög. Svo stendur í plagginu þessi roknabrandari að hagvaxtarskeið sé á enda og að hagkerfið færist nær jafnvægi. Er það eitthvert viðunandi jafnvægi að ætla að reka þjóðarbúið með þótt ekki sé nema með 8 eða 6% viðskiptahalla eins og ætlað er á árunum 2009 og 2010 svo að maður tali ekki um 16% í ár og 15% í fyrra eða 26% eins og var 2006, viðskiptahalli upp á 300 milljarða kr.? Auðvitað er þetta búið að vera svo glórulaust að það hálfa væri nóg og er það enn. Hvað er þetta? Þetta er ávísun á áframhaldandi skuldsetningu þjóðarbúsins og eyðslu langt umfram efni, þannig er það. Horfur eru á halla á ríkissjóði, 57 milljarða sem verða kannski 80–100 milljarðar, að ég spái, á árinu 2009 og að kaupmáttur muni skerðast. Nú skjóta menn á að lífskjararýrnunin á næsta ári verði 5%. Horfur eru á að atvinnuleysi fari að láta á sér kræla og viðskiptahalli eins og ég fór yfir áðan. Það kalla ég ekki að hlutirnir leiti jafnvægis. Það er því miður mjög langt frá því ef þær þjóðhagsforsendur ganga eftir.

Ég vil gera eina athugasemd við landafræðiþekkingu fjármálaráðuneytisins. Það er ekki stórt mál, frú forseti, en rétt skal vera rétt. Það stendur á bls. 9 að fjármálaráðherra skuli hafa heimild til þess að selja íbúðarhús á Sauðanesi í Svalbarðshreppi. Síðast þegar ég vissi var Sauðanes í Langanesbyggð sem heitir nú, var áður í Sauðaneshreppi og þar með leiðréttist það.

Að öðru leyti vil ég aðeins nefna tvennt af efnisatriðum frumvarpsins: Mér finnst sorglegt að í aðstæðum eins og þeim sem við stöndum frammi fyrir í þjóðarbúskap okkar skuli menn telja sig hafa efni á að henda hátt í einum og hálfum milljarði í hernaðarútgjöld suður á Keflavíkurflugvelli. Ég er reyndar einnig hugsi yfir þeim miklu útgjöldum sem fara til utanríkisþjónustunnar þegar ég skoða þann þátt. Ég hef heldur reynt að bera blak af því að við byggðum upp okkar utanríkisþjónustu, það þurfum við auðvitað að gera. En ég er farinn að velta æ meira fyrir mér: Höfum við t.d. efni á því að reka öll þessi sendiráð og þurfum þess? Þurfum þess innan ESB-svæðisins? Geta ekki færri eða jafnvel bara eitt sendiráð séð um tengsl okkar á Evrópusvæðinu?

Síðan verð ég að lokum, frú forseti, að segja að mér finnst dapurlegt að sjá að svelta á Landspítalann áfram með nákvæmlega sama hætti (Forseti hringir.) á næsta ári og gert hefur verið á þessu ári, stofnun sem skuldar birgjum sínum stórfé. (Forseti hringir.) Lyfjafyrirtækin, framleiðendur og heildsalar fjármagna Landspítalann (Forseti hringir.) og hann greiðir þeim 25% vexti af skuldinni. Hvers konar steypa er þetta? (Forseti hringir.) Takið þið nú til þarna, fjárlaganefndarmenn.

[14:04]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Frú forseti. Það frumvarp sem liggur nú fyrir er ekki alveg jafnánægjulegt og það sem við ræddum fyrir ári síðan þar sem boðaður var tekjuafgangur upp á 38 milljarða og leit allt mjög vel út með rekstur ríkissjóðs fyrir líðandi ár. Þvert á móti boðar frumvarpið halla, eitthvað sem ég held að allir hafi búist við. Hallinn er líka talsverður, um 57 milljarðar. Það er alltaf spurningin þegar við stöndum frammi fyrir samdrætti í því ástandi sem nú er hversu mikið við eigum að draga saman í fjárlögunum fyrst tekjur hafa dregist saman. Það er alveg augljóst á fjárlagafrumvarpinu að ekki er dregið mikið saman. Það er auðvitað gert í þeim tilgangi að fjárlögin verði liður í að við getum siglt í gegnum þann öldugang sem nú dynur á okkur. Frumvarpið vinnur gegn því að núverandi ástand hafi keðjuverkandi áhrif þannig að fólk og fyrirtæki hefðu minna fé sem gæti síðan leitt til þess að atvinnuleysi færi vaxandi eins og við höfum séð í löndunum í kringum okkur. Því viljum við sporna gegn og þess vegna er frumvarpið með þessum hætti. Hins vegar er alveg ljóst að þrátt fyrir að ríkissjóður sé sterkur og eigi í kringum 170 milljarða í kornhlöðunum, eins og hæstv. forsætisráðherra hefur orðað það, þolum við ekki mörg ár með slíkum halla. Það er þá ánægjulegt að sjá í frumvarpinu að um er að ræða tímabundið ástand og ekki á að þurfa að taka lán vegna hallans nú eða næstu ára í ljósi þess hversu mikið hefur verið lagt fyrir.

Það er einnig gott að vita til þess að þær framkvæmdir sem boðaðar voru í síðasta fjárlagafrumvarpi hafa ekki gengið eins hratt fram og menn höfðu reiknað með þannig að þær færast aftur á síðara hluta ársins eða í byrjun næsta árs sem er mjög gott því að ég held ekki veiti af því miðað við ástandið sem við stöndum nú frammi fyrir.

Það er ánægjulegt fyrir marga að skattleysismörk munu hækka talsvert mikið um áramótin. Þau munu hækka um 18%. Það er hátt hlutfall sem er til komið vegna þess að hér er verðbólga. Verðbólgan bankar því miður á dyrnar hjá

okkur og þar sem skattleysismörkin eru nú vísitölutryggð hækka þau þannig. Það tryggir þó að skattleysismörkin sem slík draga ekki úr þeim kaupmætti sem ella hefði orðið ef því hefði verið breytt á síðasta ári.

Í frumvarpinu er framkvæmdaátak þannig að sú eyðsla sem bætist við milli ára er talsvert bundin við framkvæmdir en ég undirstrika þó að þarna er heilmikill vöxtur í þáttum sem ekki er hægt að snúa til baka með eins og leiðrétting bóta til ýmissa þjóðfélagshópa sem á því þurftu að halda. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir að leiðrétta það. Þar með er verið að auka útgjöld til velferðarmála og til heilbrigðismála sem er nokkuð sem kallað hefur verið á og þá hefur líka verið tryggð afkoma eldri borgara umfram það sem var fyrir ári síðan.

Það sem er kannski alvarlegast fyrir okkur þegar við horfum upp á hallann á næsta ári er verulegur samdráttur tekna á líðandi ári þannig að rekstrarafgangurinn fer úr því að vera 38 milljarðar, tel að sé rétt munað hjá mér, niður í að vera 3 milljarðar. Jafnvel gæti það endað svo að yfirstandandi ár verði rekið með halla. Þá komum við að því sem mikið hefur verið rætt um, það er sjálfvirk sveiflujöfnun sem er í hinu sjálfvirka fjárlagaframvarpi eða í fjárlögum okkar, þ.e. að tekjur í þjóðfélaginu aukast hratt þegar mikið er umleikis og þá hækka tekjur ríkisins mjög skarpt. Eins og hæstv. fjármálaráðherra benti á hafa það verið kallaðar skattahækkanir. Það sem gerist nú er að tekjur ríkisins sem hlutfall af þjóðarframleiðslu fara lækkandi og eins og hæstv. fjármálaráðherra benti á er hann þar af leiðandi að lækka skatta. Það er þó ekki þannig. Í mínum huga eru skattar lækkaðir með því að lækka skattprósentu. Það þýðir að mínu mati að þegar við fáum niðursveiflu munu tekjurnar jafnframt lækka mjög hratt. Eins og tekjur hækka mjög hratt í uppsveiflunni lækka þær mjög hratt í niðursveiflunni. Þess vegna óttast ég að það gat sem er í fjárlagafrumvarpinu upp á 57 milljarða geti orðið enn stærra. Þess vegna er það, eins og hv. þm. Kristján Þór Júlíusson kom inn á áðan, mjög mikilvægt að gætt sé aðhalds í rekstrinum því að sú staðreynd að tekjurnar lækka hraðar og meira en gert er ráð fyrir er mjög alvarlegt mál fyrir okkur og mun e.t.v. þýða að stíga verði enn þá fastar á bremsurnar á næsta ári en við vonum auðvitað það besta. Afleiðing þess sem við stöndum frammi fyrir í dag er þessi blessaða lánsfjárkreppa sem allt ætlar að drepa núna og farinn er af stað einhvers konar spírall sem er ekki góður og við vonum svo sannarlega að fari að leysast úr. Ef það gerist ekki þýðir það að við getum búist við meira atvinnuleysi en ráð er fyrir gert og þá verða tekjur ríkissjóðs fljótar að dragast saman. Þá eru líka fljótar að hækka þær upphæðir sem við þurfum að reiða fram vegna atvinnuleysis. Það er nokkuð sem við viljum ekki horfa upp á, alls ekki.

Hvað er til ráða? Það er auðvitað engin töfralausn til. Ég held að allir geri sér grein fyrir því. Það róa allir í sömu átt til að reyna að vinna sig út úr þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir, ráðamenn þjóðarinnar vinna að því hörðum höndum. Það sem gátum ekki séð fyrir var að hið mikla hrun bankanna, að svo margir bankar skyldu fara á hausinn erlendis, við gátum einfaldlega ekki séð það fyrir. Við það stoppast lánalínur héðan frá Íslandi. Það er lokað á þær og veldur því að við erum stödd þar sem við erum í dag varðandi gjaldeyrismálin.

Eitt af því sem ýmsir hafa sagt er að efla þarf skuldabréfaútgáfu og gera það meira freistandi fyrir lífeyrissjóði og aðra sem eiga peninga erlendis að flytja þá heim. Það er örugglega eitt af því sem hægt er að gera. Seðlabankinn verður, og vonandi tekst honum það, að afla aukins gjaldeyris með lántöku. Þar sem krónan er svona veik hefur útflutningur (Forseti hringir.) af tækjum og bílum frá Íslandi aukist að undanförnu. (Forseti hringir.) Eitt af því sem við gætum gert er að breyta skatta- og innflutningslöggjöfinni þannig að endurgreiddir verði ákveðnir tollar (Forseti hringir.) eða skattar sem eru við útflutning á venjulegum fólksbílum sem standa í röðum (Forseti hringir.) allt í kringum okkur fyrir milljarða. (Forseti hringir.) Þá gætum við komið í veg fyrir rýrnun á þeim og jafnframt fengið (Forseti hringir.) einhvern gjaldeyri inn í landið.

[14:15]

Birkir J. Jónsson (F):

Frú forseti. Það er vandaverk að tjá sig um það frumvarp til fjárlaga sem liggur núna fyrir þinginu því að þeir óvissutímar sem uppi eru gera það að verkum að mjög erfitt er að ráða í hvernig endanleg fjárlög ársins 2009 munu líta út.

Ef við rifjum upp árið í fyrra þegar ríkisstjórnin lagði fram sitt fyrsta fjárlagafrumvarp vöruðum við stjórnarandstæðingar ríkisstjórnina mjög við því að boginn væri allt of hátt spenntur, allt of spenntur í ljósi þess að útgjaldahlið fjárlaganna hækkaði yfir 20% á milli fjárlagaára. Ríkisstjórnin gaf í sína málaflokka yfir 20% útgjaldaaukningu en reiknaði með því að almenn verðlagsþróun yrði einungis 3,8%. Það sá náttúrlega hver einasti maður þá að það gat ekki gengið að ríkisstjórnin ætlaði sér að eyða opinberum fjármunum, auka eyðsluna um yfir 20% en ætlast svo til þess að almenn verðlagsþróun yrði einungis 3,8%.

Ríkisstjórnin var vöruð við því þá strax hvert stefndi í þessum efnum og menn voru svo sem ekkert vinsælir fyrir þann talsmáta á Alþingi að tala fyrir aðhaldi í opinberum rekstri. En þetta er staðreynd og því miður búum við við það núna að miklir erfiðleikar hafa dunið yfir þjóðfélagið, að mörgu leyti vegna erlendra þátta en ríkisstjórnin getur heldur ekki skotið sér á bak við það að vissulega ber hún að hluta til ábyrgð á því slæma ástandi sem nú ríkir í samfélaginu. Vextir hafa aldrei verið hærri. Stýrivextirnir eru yfir 15%, sem ekkert fyrirtæki í landinu getur staðið undir til lengri tíma, verðbólgan hefur ekki verið hærri síðan fyrir þjóðarsáttarsamningana og stefnir óðfluga í það, að mér sýnist, að fara vel yfir 20% haldi krónan áfram að falla. Þetta eru alvarlegu staðreyndirnar fyrir almenning í landinu, fyrir fyrirtækin í landinu og fyrir íslenskt efnahagslíf í heild sinni.

Þess vegna hefði ríkisstjórnin átt bregðast við og nýta sér það tæki sem Alþingi veitti á vormánuðum þegar Alþingi Íslendinga veitti ríkisstjórninni heimild til að auka varagjaldeyrisforða Seðlabankans um 500 milljarða. Staðreyndin er sú að 300 milljarðar af þessum 500 liggja enn ónýttir og það er tíu sinnum dýrara núna fyrir ríkisstjórnina að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans en um miðjan maí síðastliðinn, tíu sinnum dýrara. Þetta mun ríkissjóður þurfa að

greiða fyrir aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar, því miður. Þetta er mjög alvarlegt mál og í raun og veru er hálfsorglegt að sjá hvernig markvisst aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar þar sem ekkert er gert í mjög mörgum stórum málum er að leika ríkissjóð Íslands. Og í því frumvarpi sem við ræðum nú sem er mjög erfitt að ræða um vegna þess hversu framtíðin er óljós er gert ráð fyrir að hann verði rekinn með 57 milljarða kr. halla en það er margt sem bendir til að sú spá sé í bjartsýnna lagi. Ég bendi á að spáin fyrir árið í ár hljóðaði upp á það að afgangur ríkisins ætti að vera um 39 milljarðar en samkvæmt nýjustu útreikningum fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir einungis 3 milljarða kr. afgangi á þessu ári. Í raun og veru hefur svo margt breyst í efnahagsumhverfi þjóðarinnar síðan þeir útreikningar voru gerðir að reikna má með hallarekstri á árinu 2008, því miður.

Maður veltir fyrir sér forgangsröðun ríkisstjórnarinnar þegar heimilin og fyrirtækin í landinu eru að reyna að láta enda ná saman og sinna ákveðnu aðhaldi í sínum rekstri vegna þess að á tímum sem þessum þurfa allir að taka til í eigin ranni. Nú eru erfiðir tímar og það eru erfiðir tímar fram undan, allir eru sammála um það hvar í flokki sem þeir standa. Það var ljóst í fjárlagaumræðu ársins 2008 í hvað stefndi, við framsóknarmenn vöruðum við því. Allir greiningaraðilar, Samtök atvinnulífsins, verkalýðshreyfingin, allir sögðu ríkisstjórninni að það væri komið æpandi gult ljós á stöðu efnahagsmála og hún var hvött til að sýna aðhald. En hvað gerði ríkisstjórnin þá? Hún jók eins og áður sagði útgjaldaramma fjárlaga um 20%. Utanríkisráðuneytið fékk alveg sérstaka meðhöndlun þá, milli 20 og 30% útgjaldaauki var til utanríkismála á árinu 2008. Og ef við horfum á aðaláhersluefni ríkisstjórnarinnar vegna ársins 2009 er gert ráð fyrir að útgjöld til utanríkisráðuneytisins aukist um 28,3%, að útgjöld til utanríkisþjónustunnar, utanríkisráðuneytisins hækki um 28,3% á milli áranna 2008 og 2009. Er ríkisstjórnin að taka til í sínum ranni, er hún að sýna aðhald á erfiðum tímum? Ég segi nei. Í raun og veru bendir margt til þess að útgjöld til utanríkisþjónustunnar muni aukast miklu meira en um 28,3%.

Ef við flettum upp á blaðsíðu 20 í fylgiritinu *Stefna og horfur* með frumvarpi til fjárlaga og skoðum hvaða forsendur liggja fyrir frumvarpi til fjárlaga árið 2009 þá er gert ráð fyrir að gengisvísitalan á næsta ári — og haldið ykkur nú — verði 144,5 stig. Í dag er gengisvísitalan 206,7 stig. Og ætla menn, án þess bara að springa úr hlátri, að halda því fram að meðaltalsgengisvísitalan á næsta ári verði 144,5 stig? Í hvaða veruleika lifir hæstv. ríkisstjórn? Ég er viss um að ekki er hægt að finna einn einasta aðila fyrir utan ríkisstjórn Íslands sem spáir því að meðaltalsgengisvísitala krónunnar á næsta ári verði 144,5 stig. Og hvað þýðir það ef gengisvísitala krónunnar verður t.d. 160 eða 170 stig? Það mun þýða sjálfvirkt að útgjöld til sendiráðanna, til utanríkisþjónustunnar, aukast í hlutfalli við það. Að öllu óbreyttu munu því framlög til utanríkisþjónustunnar aukast um vel yfir 30% ef vísitala krónunnar verður 160–170 stig.

Er þetta nú sú forgangsröðun sem m.a. Samfylkingin boðaði í aðdraganda síðustu kosninga, að á tveimur árum skuli hækkun til utanríkisþjónustunnar vera komin yfir 50%? Hafa kjör þjóðarinnar og almennings í landinu aukist um 50% á tveimur árum? Maður hlýtur að spyrja sig: Á hvaða vegferð er ríkisstjórnin? Hver er forgangsröðun ríkisstjórnarinnar? Er hún gagnvart eldri borgurum og öryrkjum? Nei. Er hún gagnvart námsmönnum? Nei. Þess vegna er hlálegt, hæstv. forseti, að lesa fyrstu setninguna í *Stefnu og horfum* sem fjármálaráðuneytið gefur út þar sem segir, með leyfi forseta.

„Eftir eitt mesta hagvaxtarskeið um langt árabil er hagkerfið tekið að færast nær jafnvægi á ný.“ — Ég endurtek þetta, með leyfi forseta: „Eftir eitt mesta hagvaxtarskeið um langt árabil er hagkerfið tekið að færast nær jafnvægi á ný.“

Hvert er þetta jafnvægi sem við erum að tala um hér? Það er ekkert jafnvægi í íslensku samfélagi. Verðbólgan hefur ekki verið hærri í 20 ár. Stýrivextirnir eru að gera út af við atvinnulífið. Ég spyr, á hvaða vegferð er ríkisstjórnin? Og maður hlýtur jafnframt að spyrja sig við 1. umr. fjárlaga, hvar eru ráðherrarnir í ríkisstjórn Íslands? Ekki einu sinni fjármálaráðherra situr undir þessari umræðu. Varaformaður fjárlaganefndar, hv. þm. Kristján Þór Júlíusson, má þó eiga það að hann stendur hér og hlustar á þessa umræðu. En þegar allt er að sigla, ég veit ekki hvað við eigum að nota stór orð — og sé ég nú að hæstv. ráðherra er kominn hér í gættina sem er ágætt en það vantar hina 11 ráðherra ríkisstjórnarinnar í þessa umræðu — þegar við horfum upp á mestu óvissu á seinni tíð í ríkisfjármálum, þá er ríkisstjórnin ekki viðstödd umræðu um fjárlögin. Það er vissulega alvarlegt mál því að hún hefur lagt þetta frumvarp fram. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fram og nefndarmanna í fjárlaganefnd Alþingis bíður mjög vandasamt verkefni við að ráða í framtíðina og reyna að sýna fram á að aðhalds verði gætt eins og hægt er og kostur er í þeirri vinnu sem fram undan er.

Hæstv. forseti. Ég hef einungis setið fimm ár á þingi og hef náttúrlega aldrei séð annað eins fjárlagafrumvarp og ég held ekkert (Forseti hringir.) okkar því að við vitum ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér. Það er einfaldlega þannig. En það er mjög eftirtektarvert að sjá hvar forgangsröðun ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) liggur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009.

[14:25]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill upplýsa vegna orða hv. þingmanns að fjórir hæstv. ráðherrar eru í húsinu og fylgjast að öllum líkindum með umræðunni.

[14:26]

Útbýting:

Breytt stjórn fiskveiða í samræmi við úrskurð mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, 6. mál, þáltill. JM o.fl., þskj. 6.

Efnahagsstofnun, 4. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 4.

Samvinnu- og efnahagsráð Íslands, 5. mál, þáltill. GÁ o.fl., þskj. 5.

Stimpilgjald, 26. mál, frv. JM o.fl., þskj. 26.

Þróun efnahagsmála í nokkrum ríkjum, 71. mál, fsp. ÁÞS, þskj. 71.

[14:26]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Það er með hálfum hug að maður leggur

leið sína í ræðustól Alþingis í dag. Ástandið er með þeim hætti að við erum öll fremur hnípin, þjóðin er hnípin enda í vanda. Við þurfum hins vegar að horfa fram á veginn eins og hér hefur verið sagt margoft í dag í þessari umræðum og í umræðunni um stefnuræðu forsætisráðherra í gær. Auðvitað höfum við úr ýmsu að spila en við þurfum sömuleiðis að athuga að það er margs að gæta.

Það sem okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur verið efst í huga á síðustu dögum og í þessum umræðum er það að við viljum að allt sé gert til að fara inn á aðrar brautir í efnahagsmálum, breyta í grundvallaratriðum stjórn efnahagsmála. Það sem skiptir okkur mestu máli og við teljum sömuleiðis að skipti þjóðina mestu máli er að menn fari ekki út í það að viðhalda óbreyttu kerfi. Við höfum lagt okkar af mörkum í þeim efnum. Við höfum lagt fram ýmsar hugmyndir á síðustu árum um það hvernig gera eigi hlutina með öðrum hætti en ríkjandi stjórnvöld hafa verið að gera. Áðan tilkynnti hæstv. forseti að verið sé að dreifa þingmáli frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um Efnahagsstofnun. Þar förum við yfir í nokkuð mörgum liðum þær hugmyndir sem við höfum lagt á borðið og höfum þróað eftir því sem málin hafa breyst á vettvangi efnahagsmála. Við höfum verið tilbúin hvern einasta dag að taka þátt í þeirri vinnu sem fram þarf að fara og við lýsum enn yfir vilja til þátttöku.

Hæstv. forseti. Það er mikilvægt að við skoðum stöðuna og spyrjum okkur: Hvað gerist nú? Við vitum öll að það hefur stefnt í óefni. Það hafa ýmis merki verið á lofti, okkur hefur verið bent á það af sérfræðingum, bæði hér á landi og erlendis, mánuðum og jafnvel missirum saman að óveðursský séu á lofti. Ég minnist þess að það eru kannski rúmir tveir mánuðir frá því að maður las fréttir um efnahagssérfræðinga úti í heimi sem sögðu okkur frá stöðunni í Bandaríkjunum í fjárfestingarsjóðunum þar, fasteignarsjóðunum Freddie Mac og Fannie Mae. Efnahagssérfræðingar spáðu því fyrir tveimur, jafnvel þremur mánuðum að gera yrði eitthvað róttækt í málefnum þessara sjóða og að öllum líkindum væri eina ráðið að þjóðnýta þá, að Bandaríkjastjórn færi inn í þá. Og hvað gerðist? Nákvæmlega það sem efnahagssérfræðingar höfðu spáð.

Það eru kannski 6–8 vikur síðan við heyrðum fréttir um það í fjölmiðlum frá íslenskum sérfræðingum sem töldu að staða Glitnis væri veik. Af hverju kom þá það sem gerðist um síðustu helgi okkur í opna skjöldu? Auðvitað gerði það það ekki. Hins vegar hafa stjórnvöld haft tilhneigingu til að sofa á verðinum, þá tilhneigingu hafa þau haft árum saman — Sjálfstæðisflokkurinn sem farið hefur með efnahagsmálin, verið í forsæti ríkisstjórnar í 17 ár og stjórnað þaðan nú síðustu árin með Framsóknarflokki og á þessu kjörtímabili með Samfylkingunni. En hvað gerist nú? Við hv. alþingismenn horfum fram á það að endurreisa þurfi tiltrú þjóðarinnar á efnahagsstjórninni, ekki efnahagsstjórn þessarar ríkisstjórnar heldur efnahagsstjórn almennt. Það verkefni þurfum við að vinna í sameiningu og það verkefni hefst við borð fjárlaganefndar. Og ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég var nokkuð snortin vegna ræðu hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar hér áðan. Hann hóf mál sitt á því að tala um breytt vinnubrögð við fjárlagagerðina. Á máli hans mátti skilja að tími væri kominn til þess að auka áhrif þingsins á gerð fjárlaga og þar með draga úr áhrifum og völdum ríkisstjórnarinnar á fjárlagagerðina, að við þyrftum að laga okkur að nýjum veruleika.

Hæstv. forseti. Ég fagna þessum yfirlýsingum sem koma frá áhrifamiklum manni, varaformanni hv. fjárlaganefndar við þessa umræðu og ég treysti því auðvitað að það geti verið breyttir og bættir tímar fram undan og menn átti sig á því að þótt við séum knúin til samstarfs núna og samráðs, þá verði önnur vinnubrögð viðhöfð við úrvinnslu þessa fjárlagafrumvarps en áður hafa verið.

Við verðum líka að skoða, hæstv. forseti, það sem hefur verið að gerast í samfélaginu. Við þurfum að athuga á hvern hátt hægt er að endurskoða siðferði viðskiptanna. Við þurfum að spyrja okkur spurninga eins og þeirra: Verður hægt að endurskoða alla kaupréttarsamningana sem hafa verið gerðir? Eða starfslokasamningana? Við þurfum líka að skoða hversu mikið hefur verið tekið af fjármunum út úr kerfinu, út úr bankakerfinu, og þess vegna grunnstoðum samfélagsins sem ríkisstjórnin hefur verið iðin við að einkavæða.

Við höfum heyrt það hvað eftir annað að nýfrjálshyggjan og þeir sem aðhyllast þá stefnu hafi horn í síðu alls eftirlitsins sem er hér með stofnunum og fyrirtækjum. Það henti ekki nýfrjálshyggjunni, markaðurinn eigi að „regúlera“ sig sjálfur, eins og það heitir á vondu máli. Við þurfum að endurskoða þetta. Stefna Sjálfstæðisflokksins hefur verið sú að valdið eigi að vera hjá markaðnum. Það hefur verið pólitísk stefna sem keyrt hefur verið eftir hér. Þeirri stefnu verður að breyta.

Hæstv. forseti. Við spyrjum: Hvað ætla menn að gera? Ætlar ríkisstjórnin að halda áfram áformum sínum um einkavæðingu? Þess eru nokkur merki. Við höfum ekki séð að verið sé að breyta um kúrs í þeim efnum og þetta fjárlagafrumvarp er ekki til marks um að það eigi að breyta neinu þar um. En það verður að breytast, það verður að breytast. Og ég spyr: Ætlar ríkisstjórnin virkilega að fara að setja virkjanirnar og þar með auðlindirnar okkar á markað? Er ekki rétt að staldra við og horfast í augu við veruleikann?

Núna ríður á að taka höndum saman, ekki við það að viðhalda óbreyttu ástandi heldur að horfa inn á nýjar brautir. Þá teljum við sem sitjum á þingi fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð að það séu ákveðin tækifæri fólgin í hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og við þurfum að skoða þá hugmyndafræði líka við fjárlagagerðina. Hvernig stöndum við á bak við sjálfbærni í samfélaginu? Hvernig tryggjum við að atvinnulíf okkar haldist í hendur við það sem er að gerast í ríkisfjármálunum? Hvernig tryggjum við að hjól atvinnulífsins snúist, ekki að þau ofhitni eins og ákveðin tilhneiging hefur verið til heldur að þau snúist áfram og haldi áfram að tryggja velsæld í samfélaginu, ekki ofvöxt heldur ástand sem við getum öll sætt okkur við? Þetta allt er á ábyrgð okkar stjórnmálamannanna og þessara spurninga þarf að leita svara við hjá fjárlaganefnd.

Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar kemur inn á þrjár meginstoðir samfélagsins. Hún byggir á því að þessar þrjár meginstoðir haldist í hendur, séu hver og ein jafnréttháa og hver og ein jafnstyrk. Hverjar eru þessar stoðir? Þetta eru stoðir efnahagslífsins, þetta eru stoðir umhverfisins, þetta er

spurningin um náttúruauðlindir okkar og þetta er spurning um samfélagslegar stoðir. Þessir þrír þættir halda uppi samfélagi okkar. Ef einn þátturinn er vanræktur og fær ekki þá næringu eða þá athygli sem nauðsynleg er þá eru hinar stoðirnar ekki nægilegar til að halda samfélaginu uppi. Ég hvet hv. þingmenn fjárlaganefndar til að hafa þetta í huga þegar farið verður í umræðu um fjárlagafrumvarpið, að leitað verði nýrra leiða og skoðuð verði ný hugmyndafræði og þá tel ég (Forseti hringir.) að hugmyndafræði okkar vinstri grænna, hið nýja vinstri, sé leið til framfara.

[14:36]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Í upphafi þingfundar í morgun gerðum við hv. þm. Ögmundur Jónasson grein fyrir því að við teldum rétt að fresta þessari umræðu. Við höfðum að vísu ekki nema stuttan tíma til þess að gera grein fyrir því af hverju en við töldum rétt að fresta umræðunni vegna þess að það væri ekki hægt að tala um fjárlagafrumvarpið miðað við aðstæður í þjóðfélaginu í dag.

Fyrst hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gengur í salinn má nefna að hann blandaði sér í umræðurnar og hélt því fram að þessar umræður yrðu að fara fram og vísaði til stjórnarskrár. Hvernig sem lúsar er leitað í stjórnarskránni verður þó ekki séð að neitt hald sé í tilvísun í stjórnarskrá hvað þetta varðar. Þar er eingöngu talað um að umræður um fjárlög skuli fara fram og þau skuli afgreidd með ákveðnum hætti en ekki að umræður um fjárlög skuli fara fram á ákveðnum tíma, þ.e. á öðrum þingdegi eða þingdegi eftir að stefnuumræða forsætisráðherra liggur fyrir.

Þá sagði hv. þm. Kristján Þór Júlíusson í umræðunni áðan að þeir sem vildu fresta umræðunni töluðu af miklu ábyrgðarleysi. Í hverju felst það ábyrgðarleysi, mér er spurn? Er ábyrgðarleysi að fara fram á og gera kröfu til þess að hægt sé að fjalla um fjárlögin og fjárlagafrumvarpið miðað við þann raunveruleika sem er fyrir hendi? Raunveruleikinn sem kann að vera til staðar árið 2009 blasir því miður ekki við. Það sem um var að ræða og sett var fram þegar það frumvarp til fjárlaga sem hér liggur fyrir var útbúið — forsendur þess eru gjörsamlega brostnar. Þær breytast með hverjum klukkutíma sem líður miðað við það stórviðri sem gengur á í okkar efnahagsmálum, því miður — það er bara staðreyndin í málinu.

Eitt atriði er stórmál og hefði átt að vera fyrsta mál sem hefði verið lagt fyrir Alþingi Íslendinga, þ.e. yfirtaka ríkisins á Glitni banka. Þar er um að ræða að verja á um 100 milljörðum af fé ríkisins til þeirrar yfirtöku og það er mál sem var aðkallandi að Alþingi ræddi. Ég gerði að umtalsefni í umræðunum í gærkvöldi að nauðsynlegt væri að við færum í gegnum nauðsynlega pólitíska umræðu varðandi ríkisvæðingu þessa banka. Hvert stefnir? Hvað hyggst ríkisstjórnin gera? Ætlar ríkisstjórnin að grípa til sömu ráða og gert hefur verið t.d. í Grikklandi og Írlandi? Er það yfir höfuð mögulegt miðað við ofurstærð bankakerfisins, þá þjóðarframleiðslu og þjóðarauð sem við búum yfir og þá miklu erlendu hluti sem bankarnir standa fyrir?

Þessi atriði hljóta að koma til skoðunar og verða viðfangsefni á næstu dögum. Það sem við stöndum hins vegar frammi fyrir í dag og gerir að verkum að umræða um fjárlagafrumvarp verður mjög ómarkviss er að við vitum ekki hvernig gjaldmiðillinn sveiflast. Það höfum við í raun aldrei vitað síðan gjaldmiðillinn var settur á flot árið 2001. Þá var um að ræða breytingu á stefnu varðandi almenn gjaldmiðilsmál. Hópur hagfræðinga hafði talað fyrir því að það yrði gert, fyrst og fremst til að koma í veg fyrir að ríkisstjórnir gætu með ábyrgðarlausum hætti prentað peningaseðla og þannig stuðlað að verðbólgu. Hugmyndin var sú að gera breytingar á gjaldmiðilsmálum til að koma í veg fyrir þá miklu verðbólgu sem hafði orðið, sérstaklega á árunum upp úr 1970. Þá voru ríkissjóðir reknir með miklum halla eins og reyndar er ráðgert samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir.

Átrúnaðargoð hæstv. fjármálaráðherra og ýmissa fleiri, Milton Friedman, benti sérstaklega á að það væri gjörsamlega út í hött að afgreiða fjárlög með halla; slíkt væri ekkert annað en ávísun á seðlaprentun sem mundi enda í verðbólgu og gengisfellingu gjaldmiðils. Nú erum við stödd mitt í mikilli verðbólgu, því sem við mundum kalla óðaverðbólgu, og gengisfelling gjaldmiðils á hverjum degi er meiri en nokkur hefði búist við.

Þegar við tókum upp þetta gjaldmiðilskerfi árið 2001 lét ég í ljós þá skoðun að þetta væri hið mesta óráð. Þótt það gæti verið gott fyrir stórþjóðir, t.d. Bandaríkjamenn og þess vegna Þjóðverja og ýmsa fleiri, að fara út úr því kerfi sem hafði verið við lýði í gjaldmiðilsmálum fram til þess tíma til þess að ná þeim árangri sem talað hafði verið um — til þess að draga úr verðbólgu — þá var þetta hið mesta óráð fyrir smáþjóð. Það var útilokað að smáþjóð gæti komist í gegnum slíkt; að hafa örmynt á floti eftir markaðsgengi hverju sinni þannig að stærstu markaðsaðilar í hverju þjóðfélagi gætu ráðið dagsgenginu eftir því sem þeim hentaði. Við höfum ítrekað horft upp á það að stórir innlendir markaðsaðilar geta fellt krónuna ef þeim sýnist svo og það þjónar þeirra hagsmunum. Þannig hefur það verið.

Seðlabankinn lækkaði bindiskyldu bankanna árið 2003 úr 4% í 2%. Það var að mínu viti gjörsamlega glórulaus aðgerð á þeim tíma, þegar bankarnir tóku stórt stökk fram á við, þurfti virkilega að gæta aðhalds og sýna gætni og varúð. Það var ekki gert og við erum að súpa seyðið af því í dag, þeim mistökum sem hafa verið gerð í hagstjórn á Íslandi þennan tíma. Kerfi ofurstýrivaxta hafði í för með sér að erlendur gjaldeyrir streymdi inn og stuðlaði að hágengi sem engin innstæða var fyrir. Það magnaði enn vandann og gerði að verkum að undirliggjandi verðbólga kom ekki fram í hagkerfinu vegna þess að í raun var verið að handstýra gengismálum með ofurvöxtum.

Einhvern tíma hlaut að koma að lendingunni. Ég hafði vonast til þess að hún yrði með öðrum hætti og mildari en virðist vera að gerast í dag. Þeir sem hafa ofurtrú á hinum merka hagfræðingi Milton Friedman, sem ég met raunar mikils líka, hafa gleymt einu. Hann benti sérstaklega á að peningamagn í umferð mætti aldrei verða meira en sem næmi framleiðsluverðmætum hverrar þjóðar því að annað mundi leiða til verðbólgu. Einmitt það gerðist hjá okkur. Þenslan undanfarin ár hefur verið skuldsett. Þenslan hefur m.a. komið til vegna þess að við höfum haft aðgang að ódýru lánsfjármagni og við höfum haft möguleika á því með því að handstýra genginu og hafa hágengisstefnu. Það

hefur í raun verið olía á eldinn vegna þess að fólk gerir sér alveg grein fyrir því að það getur verið hagkvæmt að gera hluti meðan hlutir eru á útsölu eins og erlendur gjaldeyrir var á sínum tíma. Með jöklabréfaútgáfunni var enn meiri olíu hellt á þenslueldinn. Þá var peningamagnið í umferð miklu meira en sem nam framleiðsluverðmætunum.

Þann 27. mars sl. skrifaði hið virta rit *Financial Times* að Ísland væri risastór vogunarsjóður. Öll þessi atriði og sjónarmið lágu fyrir í byrjun síðasta þings. Það er því með nokkrum fádæmum að virk raunhæf peningamálastefna skuli ekki hafa verið unnin af hálfu ríkisstjórnarinnar og það er til verulegs vansa að ríkisstjórnin skuli ekki hafa brugðist við og gert ráðstafanir varðandi gjaldmiðilsmálin áður en við lentum í snjóflóðinu.

[14:47]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Við upphaf umræðunnar hér í morgun komu fram óskir um að henni yrði frestað en við framsóknarmenn höfum ekki tekið undir þá ósk. Við teljum að þrátt fyrir að fjárlagafrumvarpið sem við ræðum hér sé meingallað að því leyti að allar forsendur eru meira eða minna brostnar þjóni það engum tilgangi að fresta umræðunni, það er svo mikið að gerast í samfélaginu um þessar mundir að það mundi ekki hafa mikið upp á sig. Við teljum því að þessi umræða eigi að fara fram og málið eigi að fara til fjárlaganefndar og þar verði farið yfir það eins og venjulega. Ég lýsti því þannig í morgun að segja mætti að fjárlagafrumvarpið væri skrifað með ósýnilegu bleki af því að það mun bara gufa upp, það sem í því stendur mun að talsverðu leyti ekki standast hvað forsendurnar varðar. En auðvitað þarf að vinna þetta faglega, það er mikið verk að setja slíkt fjárlagafrumvarp fram, þetta er rammi, og hefð er fyrir því að fjárlaganefnd breyti því eftir því sem þörf þykir og að þessu sinni er, held ég, augljóst að því verður breytt verulega.

Við töldum að umræðan yrði langt fram á kvöld og því var heimilað að fara fram yfir klukkan átta í kvöld án teljandi vandræða hvað varðar störf þingmanna. En ég held að það sé augljóst miðað við mælendaskrá að umræðunni verður brátt lokið, það er því engin þörf á að vera svo lengi. Þetta lýsir ástandinu, það er uppnám í samfélaginu vegna stöðu bankamála. Þingmenn halda að sér höndum, menn vilja ekki rugga bátnum mikið, menn vita ekkert hvað er að ske og hvað mun ske og menn vilja ekki hafa slæm áhrif á markaðinn með því að fara geyst hér á Alþingi. Það er því mjög lýsandi fyrir stöðuna í samfélaginu að enginn kraftur er í umræðum um fjárlagafrumvarpið, það er ósköp lítið um að tala. Staðan er svo óviss og við vitum að forsendurnar eru brostnar að verulegu leyti varðandi frumvarpið.

Hér hefur líka komið fram að í frumvarpinu segir um efnahagsstefnuna og markmið fjárlaga, og það hafa þingmenn lesið upp, með leyfi virðulegs forseta:

„Eftir eitt mesta hagvaxtarskeið um langt árabil er hagkerfið tekið að færast nær jafnvægi á ný.“

Þetta stenst ekki enda sá hæstv. fjármálaráðherra sér ekki fært að fara með þessa setningu í framsöguræðu sinni heldur bætti hann því við að fram undan væri nokkur lægð o.s.frv. Hæstv. ráðherrar hafa því brugðist við, m.a. fjármálaráðherra, gagnvart stöðunni með orðum sínum hér. Þess mátti líka sjá stað í gær í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra, ræðudrögin sem hann hafði dreift sem trúnaðarmáli til þingmanna tóku mjög miklum breytingum. Þar var alls ekki verið að breyta einhverjum örfáum setningum, eins og maður hélt kannski, heldur fuku þar heilu kaflarnir og aðrir kaflar komu inn. Ræðan var þar af leiðandi miklu meira í takt við það sem var að gerast í gær, þannig að nú eru menn að bregðast við þessari stöðu á mjög skömmum tíma.

Allir eru mjög uggandi yfir stöðunni. Mig langar, virðulegur forseti, að lýsa því að ungt fólk hefur miklar áhyggjur og tilgreini þá sérstaklega Samband ungra framsóknarmanna, sem eru ungliðasamtök í mínum flokki. Stjórn samtakanna kom saman í gær og ályktaði, og mig langaði að tipla á ályktuninni sem hún sendi frá sér í gær. Þar er ríkisstjórnin átalin fyrir að taka ekki strax á vandanum sem við stöndum frammi fyrir. Tilgreint er að á þeim tíma sem liðinn er síðan flokkarnir tóku við stjórn landsmála hafa talsmenn þeirra ekki hlustað á varnaðarorð okkar framsóknarmanna né annarra í samfélaginu sem hafa bent á ýmis hagstjórnarmistök sem gerð hafa verið. Það er líka tínt til að staðan í efnahagslífinu sé alvarleg og tímabært að það verði viðurkennt og ef ekki verði strax ráðist í samhentar aðgerðir muni stærri skaði hljótast af. Það er sagt að aðgerðaleysisstefna ríkisstjórnarflokkanna hafi nú þegar stórskaðað trúverðugleika íslensks efnahagslífs og nauðsynlegt sé að ráðast strax í samhentar aðgerðir ríkisstjórnar, Alþingis, sveitarstjórna, Seðlabanka og samtaka atvinnurekenda, launþega og fjármálafyrirtækja með það að markmiði að snúa við þeirri alvarlegu stöðu sem upp er komin.

Það er líka tilgreint hér, virðulegur forseti, að ungir framsóknarmenn vilja greiða fyrir erlendri fjárfestingu í landinu til þess að koma hjólum efnahagslífsins aftur af stað, m.a. með uppbyggingu stóriðju, svo sem á Bakka, í Straumsvík og í Helguvík, í uppbyggingu hátækniþjónustu, t.d. gagnaverum, felast auk þess mörg sóknarfæri. Hér er sagt að auka þurfi gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar verulega til að styðja við fjármálakerfi landsmanna og auka trúverðugleika íslensks efnahagslífs og loksins þarf Seðlabankinn að hefja vaxtalækkunarferli enda ljóst að heimili og atvinnulíf í landinu geta ekki staðið undir núverandi vaxtabyrði. Unga fólkið okkar lætur þessi mál til sín taka og hefur áhyggjur eins og við hin sem eldri erum.

Framsóknarmenn hafa allt frá því í sumar varað við stöðunni. Við bentum á þetta, formaður flokksins, hv. þm. Guðni Ágústsson, hafði forustu um það strax í sumar að benda á stöðuna sem var að mörgu leyti fyrirsjáanleg. Þá var strax kominn óróleiki í fjármálalífið og bentum við á að mjög óvarlega væri farið í fjárlagafrumvarpi síðasta árs eða á síðasta ári, því fjárlagafrumvarpi sem var svo samþykkt og eru fjárlög í dag. Það var 20% þensla í því frumvarpi, sem var afar óeðlilegt miðað við að við vorum að koma úr kosningabaráttu og í slíku árferði leyfðu menn sér að spýta frekar inn í hagkerfið heldur en hitt. Það er hefðbundið að menn stígi á bremsuna eftir kosningar, en það var ekki gert. Áfram var gefið inn gas en ekki stigið á bremsuna og í fjárlagafrumvarpi síðasta árs var mjög óvarlega farið. Miðað við fjárlagafrumvarpið sem við erum með í höndunum sýn-

ist manni að það sé upp á teningnum aftur, það er ekki nógu mikið aðhald í því.

Þó ber að fagna því að verið er að halda til haga fjárfestingum og reyndar verið að færa frá síðasta ári til ársins í ár. Við bentum á það líka, við framsóknarmenn, að fyrirsjáanlegt var að ekki yrði hægt að setja út alla þá fjármuni sem settir voru í samgöngumálin — að ekki væri hægt að koma þeim öllum út á þeim tíma sem áætlað var þannig að þeir peningar yrðu að færast á milli ára núna.

Ég vil benda á það sérstaklega, virðulegur forseti, að það er ágætt að velta því fyrir sér hvar við værum stödd núna hefði Framsóknarflokkurinn, í samstilltu átaki í síðustu ríkisstjórn, ekki staðið að þeirri uppbyggingu í atvinnumálum í stóriðju sem orðin er. Það er mjög athyglisvert að skoða svar sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir fékk frá iðnaðarráðherra við fyrirspurn sinni um þau mál. Þar kemur fram að í ár verður hlutfall álframleiðslu í útflutningstekjum rúmlega 30% af heildarútflutningstekjum. Þetta er mjög stór hluti.

Hvað eykst þessi hlutur mikið milli ára? Jú, árið 2008 er áætlað að útflutningur áls aukist um 70% að magni til, þannig að þetta er mikil aukning. Við bæði fáum inn miklar tekjur, nýjar tekjur, fyrir utan það að við sköpum hér afar mörg störf en nú eru samtals um 4.500 störf í þessum iðnaði, þ.e. bæði fastir starfsmenn og áætluð afleidd störf. Maður spyr sig því núna: Hefðum við ekki haft þrek til þess að fara í þá uppbyggingu, væri staðan miklu verri í dag en hún þó er, þó að hún sé alls ekki góð? Við framsóknarmenn höfum verið þess fylgjandi að við höldum áfram á þessari atvinnuuppbyggingarleið, við höldum áfram í uppbyggingu í m.a. stóriðju en að sjálfsögðu líka í ferðamálum og hátækniiðnaði og öllu því sem hægt er að tína til. En það verður að segjast eins og er, virðulegur forseti, að misklíðin innan ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu í stóriðju hefur skaðað. Ég vona að menn beri gæfu til að snúa bökum saman í því árferði sem við horfum nú upp á og að þeirri misklíð linni.

Svo vil ég líka, virðulegur forseti, tiltaka að við þurfum að horfa til annarra atvinnugreina. Ég nefndi áðan ferðaþjónustuna, þar eru geysilega mörg sóknarfæri. Vegna gengismála kemur ferðaþjónustan frekar vel út þannig að það væri þess virði að setja verulegan kraft í hana. Það er ágætisgrein eftir Ólaf Hauksson í *Morgunblaðinu* í morgun þar sem hann eggjar iðnaðarráðherra til að leggja meiri kraft í markaðsmálin um þessar mundir.

Virðulegur forseti. Tími minn er á þrotum. Ég vona að fjárlagafrumvarpið fái góða umfjöllun í fjárlaganefnd þó að ég geri mér grein fyrir því að allar forsendur eru brostnar. (Forseti hringir.) Það verður geysilega mikið verk í nefndinni að ná þessu saman svo að eitthvert vit sé í miðað við núverandi aðstæður.

[14:57]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að minna á að í upphafi þingfundar í dag óskuðum við eftir því, ég fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og hv. þm. Jón Magnússon fyrir hönd Frjálslynda flokksins, að þessari umræðu yrði skotið á frest þar til í næstu viku þegar fyrir lægju ákvarðanir ríkisstjórnarinnar hvað varðar ráðstafanir til að bregðast við þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir nú um stundir. Við því var ekki orðið og við vísuðum þá ábyrgð á hendur ríkisstjórninni fyrir þessi vinnubrögð. Gott og vel, við ræðum þetta frumvarp núna og umræðan er dæmd til að vera á mjög almennum nótum enda hverjum þingmanni ætlaðar tíu mínútur til hennar.

Talsvert er talað um að við eigum að tala í lausnum. Það deilir enginn um að Íslendingar standa frammi fyrir miklum efnahagsvanda og þrengingum á komandi mánuðum og missirum og að nú ríði á að við snúum bökum saman og tölum í lausnum. Því er ég sammála. Ég tel mjög mikilvægt að við slíðrum sverðin að því leyti sem unnt er, en þó verð ég að segja hitt að þegar menn bæta því við að nú eigi menn að láta það vera að benda á sökudólga og hvað valdi þeim vandræðum sem við stöndum frammi fyrir þá hef ég um það ákveðnar efasemdir. Það er nefnilega orðtæki til á íslensku sem segir: Vítin eru til að varast þau. Til þess að við getum varast vítin þurfum við að þekkja hver þau eru. Við verðum að horfast í augu við orsakirnar, hvað það er sem veldur því að við stöndum frammi fyrir þeim vanda sem raun ber vitni, taumlaus einkavæðing, einkavæðing fjármálafyrirtækja á tíunda áratugnum án þess að reistir væru varnarmúrar fyrir hönd almennings.

Þær fréttir berast úr fjármálaheiminum að bankarnir vinni að því að endurskipuleggja starfsemi sína, m.a. aðskilja almenna viðskiptastarfsemi og fjárfestingarsjóði. Ég geri mér ekki fyllilega grein fyrir hversu langt er gengið í þeim efnum en gengið er í þá átt sem tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa gengið út á. Fyrir þinginu liggur frumvarp frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni og mér um að þessi aðskilnaður verði gerður.

Hvers vegna er mikilvægt að ræða þetta í þessu samhengi? Jú, það er vegna þess að þegar hlustað er grannt á hvað fulltrúar ríkisstjórnarinnar sögðu í gær við stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra og þegar fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár er skoðað kemur í ljós að menn hafa ekkert lært. Fólkið sem nú segist vilja tala í lausnum neitar að horfast í augu við orsakir vandans.

Hæstv. félagsmálaráðherra ræddi það í ræðu sinni í gær að ríkisstjórnin væri í alvöru að hugsa um að þrengja að Íbúðalánasjóði, að fara að kröfu fjármálafyrirtækja og laga starfsemi hans að því sem gerist á almennum markaði þar sem vaxtaprósentan er þyngri og erfiðari. Ríkisstjórnin er í alvöru að tala um þetta enn þá. Þrátt fyrir það hrun sem þjóðin horfir upp á í fjármálaheiminum er ríkisstjórnin í alvöru að bjóða upp á lausnir af þessu tagi. Hún er í alvöru að ræða það að setja heilbrigðisþjónustu landsmanna í ríkari mæli en verið hefur út á markaðstorgið, menn eru í alvöru að ræða þetta. Í þessu frumvarpi er ekki tekið á fjárhagsvanda Landspítalans eða sjúkrahúsanna í landinu, það er ekki gert. Hvers vegna? Það á að kreista starfsemina og þröngva henni út á markaðstorgið. Það er það sem vakir fyrir stjórnvöldum.

Það er ekki tekið á vandamálum löggæslunnar. Við höfum verið að fletta blöðunum á undanförnum dögum og vikum og sjáum hvernig þrengt hefur verið að löggæslunni í landinu. Hún er verr mönnuð núna en hún var fyrir fáeinum árum. Það er verið að hafa kjörin af starfsmönnum löggæsl-

unnar, skafa af þeim kjörin, skerða þau, vegna þess að löggæslan fær ekki þá fjármuni sem hún þarf á að halda. Hverjar eru afleiðingarnar, hvernig munu menn bregðast við í harðnandi samfélagi, hættulegu samfélagi? Hvernig bregst fámenn liðssveit lögreglu við á hættustundu? Hún fer að óska eftir því að fá að bera vopn, svo að dæmi sé tekið. Menn eru farnir að tala um mikilvægi þess að lögreglan vopnist. Væri ekki nær að hlúa betur að löggæslunni en gert hefur verið og halda í þau gildi sem hafa verið við lýði hjá lögreglunni til þessa, sem alla tíð hefur hafnað því að bera vopn og verja sig með þeim hætti? Ég nefni þetta bara sem dæmi.

Við munum skoða fjárlagafrumvarpið með tilliti til velferðarþjónustunnar almennt vegna þess að á samdráttar- og krepputímum ríður á að hún sé í góðu lagi. Velferðarþjónustan er mikilvægasta jöfnunartækið á sveiflu- og samdráttartímum. Við munum lesa þetta frumvarp með það í huga.

Síðan er það hitt, þegar við höldum okkur enn við orsakir vandans: Hvernig stendur á því að við höfum í höndunum fjárlagafrumvarp sem gerir ráð fyrir upp undir 60 milljarða halla? Það er vegna þess að á undanförnum árum hafa skatttekjur ríkisins verið skertar. Hátekjuskatturinn var felldur niður, eignaskattar, skattar á þá sem mest hafa efnin í þjóðfélaginu hafa verið skertir, það hefur verið dregið úr þeim. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vöruðum við þessu á sínum tíma. Við bentum á að tekjuafgangur á fjárlögum væri til kominn vegna þess að ríkissjóður nyti góðs af þenslunni, við töluðum um þensluskatta. Þegar þjóðin keypti um efni fram stóru bílana og keypt var til virkjana runnu auknar tekjur í ríkissjóð. Þetta var skammgóður vermir. Nú kemur á daginn að það vantar peninga. Hvað segja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins þá? Ég er búinn að hlusta á þá við þessa umræðu. Þeir segja: Það þarf að draga saman í ríkisrekstrinum. Það þarf að minnka útgjöldin og fjárframlögin til Droplaugarstaða, til Landspítalans, til löggæslunnar. Þetta frumvarp gengur út á það.

Hæstv. forseti. Tími minn er þrotinn en við munum skoða frumvarpið með tilliti til velferðarþjónustunnar almennt og munum skoða þetta líka með tilliti til þess hvar hægt er að spara í ríkisrekstrinum. (Forseti hringir.) Hér hefur verið vísað á Varnarmálastofnun sem á að gleypa hálfan annan milljarð á sama tíma og skorið er niður við Droplaugarstaði og Landspítalann.

[15:08]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Í dag hefur frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009 verið til umræðu, við erfiðar aðstæður í þjóðfélaginu. Og eins og fram hefur komið í ræðum hv. þingmanna hafa þeir eðlilega áhyggjur af því efnahagsástandi sem nú blasir við. Sveiflur og miklar hræringar á fjármálamörkuðum erlendis hafa áhrif hér á landi. Þá hefur fall íslensku krónunnar haft mikil áhrif á kjör fólksins í landinu. Ungt fólk sem er að koma undir sig fótunum og hefur alist upp við stöðugleika í efnahagsmálum stendur nú frammi fyrir einum mestu efnahagserfiðleikum síðari ára.

Undanfarin ár hefur í síauknum mæli verið auðveldara að fá lán hjá bönkum og sparisjóðum í erlendri mynt. Aðgengi fólks að lánsfjármagni var gjörbreytt og í mörgum tilfellum var fólk hvatt til að taka lán í erlendri mynt. Nú þegar gengi krónunnar fellur eins og raun ber vitni hefur hagur almennings í landinu versnað. Húsnæðislán hækka og matarinnkaup heimilanna taka nú mun stærri hluta af tekjum heimila en fyrir aðeins nokkrum mánuðum. Unga fólkið sem er að koma undir sig fótunum og stofna fjölskyldu stendur nú frammi fyrir miklum erfiðleikum og veltir fyrir sér framtíð sinni. Fólk er eðlilega uggandi um sinn hag. Nú um stundir er útlitið ekki bjart en við munum aftur sjá til sólar.

Brýnasta verkefni næstu mánaða er að ná tökum á verðbólgunni, það er algjörlega nauðsynlegt. Við höfum áður gengið í gegnum mikla erfiðleika í efnahagsmálum og komist út úr þeim. Það gerum við einnig nú. Og við megum ekki gleyma því að fram undan eru bjartir tímar. Um það eru allir sérfræðingar sammála. Við verðum að standa saman, taka sameiginlega á vandamálinu. Það efnahagslega stórviðri sem gengur yfir heiminn og þau áhrif sem það hefur á okkur sýnir í hversu alþjóðlegu umhverfi við erum og hvað sveiflur erlendis hafa mikil áhrif á fjármálalífið á Íslandi.

Eftir góða afkomu ríkissjóðs undanfarinna ára er nú gert ráð fyrir að afkoma hans versni og tæplega 60 milljarða halli verði á honum árið 2009. Miðað við óbreyttar áherslur í rekstri ríkissjóðs er því spáð að hann verði rekinn með halla á næstu þremur árum en að viðsnúningur verði á árinu 2012. Þá er gert ráð fyrir að afgangur verði í ríkissjóði. Í slíku andstreymi á að skoða hvaða kostir eru í stöðunni til að tryggja hér atvinnu. Það er auðvitað mjög brýnt. Og eins og margoft hefur verið bent á er landið okkar gjöfult að auðlindum sem sífellt verða verðmætari. Nú er nauðsynlegt að nýta þær auðlindir sem við höfum yfir að ráða. Í sátt við náttúru og menn gætum við haldið áfram að virkja þær auðlindir sem felast í vatnsorku og ekki síst í jarðvarmaorku. Áhugi manna á nýtingu orku þessara auðlinda hefur verið að aukast til margvíslegra nota og til margvíslegra verkefna. Landsins mesta orka er í Suðurkjördæmi. Áform manna á því svæði beinast að því að nýta þær auðlindir sem þar eru til atvinnuuppbyggingar á Suðurlandi.

Á Keflavíkurflugvelli, gamla varnarsvæðinu, mun netþjónabú taka til starfa á síðari hluta næsta árs og skapast við það ný störf. Netþjónabú er fyrirtæki sem þarf aukna orku. Ísland var því valkostur sem ákjósanleg staðsetning fyrir netþjónabú og þá er vitað um áhuga fleiri í þeirri grein til að hefja starfsemi af slíkum toga hér á landi. Þá hefur áhugi erlendis frá á ferskvatni stóraukist. Nú þegar hefur fyrirtæki staðsett í Þorlákshöfn hafið útflutning á vatni og náð góðum árangri. Áætlanir eru um að allt að 30–50 störf skapist við verksmiðjuna þegar hún er komin í full afköst.

Þá vil ég benda á tækifæri í ferðaþjónustu sem er vaxandi atvinnugrein. Nú í sumar var Vatnajökulsþjóðgarður stofnaður sem mun án efa verða aðdráttarafl fyrir ferðamenn bæði innlenda og erlenda. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að fjárveitingar til stofnkostnaðar Vatnajökulsþjóðgarðs verði 245 millj. kr. og er það í samræmi við endurskoðaða framkvæmdaáætlun þar sem gert er ráð fyrir að uppbyggingu í þjóðgarðinum verði lokið árið 2013, gangi öll áform eftir. Stofnun þjóðgarðsins er eitt stærsta atvinnusköpunar- og byggðaþróunarverkefni sem stjórnvöld hafa

tekist á hendur í þessum hluta landsins. Hægt er að gera ráð fyrir að þjóðgarðurinn skjóti styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á þeim svæðum sem að honum liggja. Gera má ráð fyrir að þeim ferðamönnum sem sækja þjóðgarðinn heim fjölgi eftir því sem umsvif þjóðgarðsins verða meiri, innviðir styrkjast og gestastofum fjölgar. Vatnajökulsþjóðgarður mun gefa ferðaþjónustuaðilum í sveitarfélögum nærri þjóðgarðinum aukna möguleika í þjónustu við ferðamenn. Sóknarfærin sem verða til á næstu árum vegna þjóðgarðsins verða af ýmsum toga. Með víðsýni og frjórri hugsun heimamanna verður til í tengslum við þjóðgarðinn fjöldi nýrra atvinnutækifæra sem þarf að nýta sem mest og best.

Vestmannaeyingar hafa lengi beðið eftir lausn á samgöngumálum sínum sem nú sér fyrir endann á með nýrri ferju og ferjuhöfn í Bakkafjöru. Samkvæmt áætlun á ný ferja að vera farin að sigla um mitt árið 2010. Með henni munu opnast nýir möguleikar fyrir Eyjamenn til að efla ferðaþjónustuna þar sem ferðatími á sjó styttist með hinni nýju ferju og ferðum fjölgar. Í kjölfar þessa munu gefast tækifæri til þess að efla tengslin við Suðurland en það mun án efa gefa Eyjamönnum aukin sóknarfæri á flestum sviðum. Ferðamenn sem ferðast um Suðurland fá tækifæri til að sigla til Vestmannaeyja með minni fyrirhöfn en áður var. Með nýrri ferju til Vestmannaeyja munu því skapast mörg tækifæri í ferðaþjónustu.

Virðulegi forseti. Það er mjög margt jákvætt fram undan í atvinnumálum landsmanna þrátt fyrir tímabundna efnahagserfiðleika sem að steðja nú um stundir. Frumvarpið gerir ráð fyrir auknum opinberum framkvæmdum til þess að koma í veg fyrir að efnahagslífið hægi um of á sér. Það er mikilvægt að gera en á sama tíma er einnig mikilvægt að draga úr rekstri ríkisins og í því sambandi þarf að beita auknum aðhaldsaðgerðum til að ná fram sparnaði og hagræðingu. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að styrkja innviði samfélagsins á sviði samgangna og fjarskipta. Góðar og greiðar samgöngur eru m.a. forsenda atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni auk þess sem góðar samgöngur eru mikið hagsmuna- og öryggismál íbúa landsbyggðarinnar sem þurfa jafnvel að sækja atvinnu eða sækja sér menntun um langan veg oft við erfiðar veðurfarslegar aðstæður. Þá er ekki síður mikilvægt að efla fjarskipti og greiða þannig fyrir möguleikum þeim tengdum til atvinnusköpunar á landsbyggðinni. Á þessa þætti þarf að leggja mikla áherslu eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Virðulegi forseti. Þegar á móti blæs eins og nú gerir um stundir þá verðum við að horfa fram á við og sjá hvort ekki felist tækifæri í mótlætinu. Vissulega eru fjölmörg tækifæri eins og ég hef bent á í ræðu minni og fram kemur í fjárlagafrumvarpinu. Við megum alls ekki gleyma því að þrátt fyrir tímabundnar þrengingar í samtímanum er margt áhugavert að gerast á ýmsum sviðum samfélagsins sem hægt er að vera ánægður með.

Eftir þessa umræðu í dag fer fjárlagafrumvarpið til fjárlaganefndar sem mun skoða frumvarpið vel og vandlega og á það eflaust eftir að taka töluverðum breytingum í meðferð nefndarinnar á þeim óvissutímum sem nú eru. Verkefnið verður vandasamt, virðulegi forseti.

[15:18]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Björk Guðjónsdóttur fyrir ræðu sína. Ég get verið sammála henni í mörgu sem lýtur að framfaramálum en ég verð líka að taka fram að það á við um hennar ræðu eins og hæstv. fjármálaráðherra viðhafði um ræður manna í morgun — að vísu ekki mína ræðu sérstaklega — að í henni var ekki mikil umfjöllun um frumvarpið sjálft. Þess sakna ég og því langar mig til að víkja að tveimur atriðum varðandi þetta frumvarp.

Annað atriðið er Vatnajökulsþjóðgarður sem hv. þingmaður vék að og við erum sammála um að er mikilvægt verkefni. Ég hef margoft áður vakið athygli á því hér í ræðustól að það skiptir máli hvar Vatnajökulsþjóðgarður er byggður upp; hvort hann er byggður upp við Vatnajökul eða Lækjartorg. Það er algjörlega valkvætt og undir stjórnvöldum komið. Því miður hefur afstaða núverandi ríkisstjórnar — og þar með hlýtur það að vera afstaða sem stjórnarflokkarnir skrifa undir — verið að uppbygging þessarar merku stofnunar verði í rauninni fyrst og fremst hér á höfuðborgarsvæðinu. Einu heilsársstörfin sem mér er kunnugt um að hafi verið stofnuð ný við þennan þjóðgarð eru hér í Reykjavík — hv. þingmaður leiðréttir mig ef það er ekki rétt — en úti í gömlu þjóðgarðssvæðunum eru vissulega til eldri störf.

Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um hitt atriðið sem mig langaði til að spyrja um. Það steðjar mikil vá að íslenskum heimilum og ekki síst ungu fólki. Það steðjar líka mikil vá að fyrirtækjunum og þau verða að skera hressilega niður ekki síður en unga fólkið. Ég spyr þess vegna hv. þingmann hvort hún sé sátt við að ekki virðist sama eiga að ganga yfir ríkisstofnanir. Eins og ég vakti athygli á í morgun er gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu að ríkisstofnunum sé bættur upp bæði (Forseti hringir.) verðbólgukostnaður og kostnaður við gengislækkun.

[15:20]

Björk Guðjónsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í ræðu minni fór ég svona út og suður eins og margir hv. þingmenn hafa gert í sínum ræðum hér á undan. Við hv. þm. Bjarni Harðarson höfum greinilega sameiginlegan áhuga á því að Vatnajökulsþjóðgarður byggist upp og verði aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Ég get vissulega tekið undir það með hv. þingmanni að auðvitað færi best á því að þau störf sem búin eru til fyrir garðinn væru ekki í Reykjavík heldur við Vatnajökul. Þau störf sem komin eru hér í Reykjavík eru færanleg og ekki er víst að það verði endilega niðurstaðan. Þannig að við skulum sjá til. Ég veit ekki betur en að í svörum hæstv. umhverfisráðherra hafi komið fram að það sé einmitt hugmyndin þegar fram í sækir.

[15:22]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vildi óska þess að mér hefði tekist að túlka svör hæstv. umhverfisráðherra með jafnjákvæðum hætti og hv. þm. Björk Guðjónsdóttir gerir. Því hefur vissulega verið svarað til að allir möguleikar séu opnir; það vitum við að þeir eru alltaf. Það væri vitaskuld ekki svona far-

ið, trúi ég, ef annaðhvort hv. þm. Björk Guðjónsdóttir eða sá sem hér stendur sæti í stól umhverfisráðherra. Mér þykir þó svarið ekki fullnægjandi. Ég vil fá svar við því hvort hv. þingmaður er til í að ljá þeirri baráttu lið að framkvæmdastjórastaða Vatnajökulsþjóðgarðs verði flutt heim í hérað; að þeirri ákvörðun verði breytt sem fest var fyrr á þessu ári að hafa stöðuna með aðstoðarmannsstarfi hér í miðborg Reykjavíkur.

Nú birtir yfir salnum þegar hinn brosmildi formaður fjárlaganefndar kemur í salinn. Seinni spurning mín lýtur að því hvort hv. þingmaður telji eðlilegt að á meðan atvinnulífinu og heimilunum blæðir af verðbólgu og gengisfalli fái ríkisstofnanir allan sinn verðbólgu- og gengiskostnað bættan, eins og er gert ráð fyrir og hægt er að lesa um í fjárlagafrumvarpinu, að mig minnir á blaðsíðum 214 og 215. Þessar tölur koma náttúrlega fyrir miklu víðar í frumvarpinu en gert er ráð fyrir 13–20% hreinum hækkunum vegna verðbólgunnar. Þá er ég ekki að tala um aðrar sértækar hækkanir vegna einstakra verkefna. Ég kalla eftir því hvort stjórnarliðar telji þetta eðlilegt. Að mínu viti göngum við nú inn í tíma þar sem allir verða að herða sultarólina mjög og það er (Forseti hringir.) ekki eðlilegt að ríkið sé á allt öðru skipi.

[15:24]

Björk Guðjónsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í ræðu minni ræddi ég að það þyrfti að gæta aðhalds í ríkisrekstri. Ég tel reyndar að það þurfi ávallt að gæta aðhalds í ríkisrekstri og kannski er það enn nauðsynlegra nú þegar samdráttur er í tekjum en áður.

Svo ég tali nú eins og hagsýn húsmóðir þá gerist það auðvitað á heimilum í landinu að þegar tekjur til heimilisins dragast saman er reynt að skera niður og hagræða í heimilisrekstrinum. Það sama þarf að vera uppi á teningnum í ríkisrekstrinum.

Hvað varðar Vatnajökulsþjóðgarð, sem við vorum að tala hér um áðan, geri ég fastlega ráð fyrir því að fleiri stöðugildi komi til garðsins þegar fram í sækir og umsvif þjóðgarðsins verða meiri. Þá skal ég leggja hv. þingmanni lið í baráttu fyrir því að þau stöðugildi fari á landsbyggðina. Vonandi verður það þannig, eins og ég sagði í fyrra svari mínu, að þótt þær tvær stöður sem búið er að ráða í séu í Reykjavík geti það breyst innan tíðar.

[15:25]

Forseti (Þuríður Backman):

Að gefnu tilefni vill forseti minna þingmenn enn og aftur á að slökkva á farsímum, eða í það minnsta taka af þeim hljóðið, þannig að hljóð úr farsímum glymji ekki í þingsal.

[15:26]

Bjarni Harðarson (F):

Frú forseti. Ég tek nokkuð til mín þessa síðustu ádrepu forseta því ég er sjálfur sekur að því að hér glumdi minn farsími áðan. Var því nú þannig varið að ég hafði fengið mér kríu í síðdeginu og stillt vekjaraklukku en risið upp fyrr en ég ætlaði og gleymt að slökkva á henni; en nú hef ég slökkt á símanum.

Þótt ég hafi ekki verið í þingsalnum áðan hlýddi ég á ræðu hv. formanns fjárlaganefndar sem ég þakka fyrir. Margt var gott í þeirri ræðu en mig langar þó að koma sérstaklega að þeirri gagnrýni sem þar var á málflutning annarra ræðumanna. Fyrst vil ég segja að ég tel mjög miður í orðræðu sem þessari þegar talað er í hálfkveðnum vísum; þegar höfð er að fyrirmynd sú þula sem nóbelsskáldið setti einhvers staðar í sögu hjá sér: það sem sumir segja um suma þegar sumir eru hjá. Formaður fjárlaganefndar vék með óbeinum hætti að minni ræðu án þess þó að kveða upp úr með það fullum fetum að hann væri í rauninni að tala um mína ræðu. Ég tel miklu eðlilegra að við tölum skýrt og afdráttarlaust í slíkri orðræðu milli okkar og við séum menn að meiri fyrir það.

Þess vegna ætla ég að tala skýrt og afdráttarlaust um það sem hér var til umfjöllunar. Formaður fjárlaganefndar benti á að það væri mótsögn að tala samhliða fyrir ríkisútgjöldum og sparnaði, fjárfestingum og niðurskurði. Þarna gætir ákveðins misskilnings. Fjárlagafrumvarpið er frumvarp um það hvernig við eyðum skattfé almennings, hvernig við eyðum tekjum ríkissjóðs og jafnvel meira en þeim eins og nú er raunin. Viðfangsefnið, bæði hjá þeim sem semja frumvarpið og okkur sem fjöllum um það á síðari stigum í fjárlaganefnd og síðan í þingsölum, er samt sem áður fyrst og fremst hvernig megi takmarka eyðsluna. Þannig er þessu einfaldlega varið. Við höfum ekki bara skóflur til að moka út úr peningatankinum og þurfum ekkert að hugsa um það hvernig gullið lendir. Við þurfum að velta hverri einustu krónu fyrir okkur rétt eins og hin hagsýna húsmóðir sem hv. þm. Björk Guðjónsdóttir vék að áðan.

Vissulega er þörf á ráðum hinnar hagsýnu húsmóður nú um stundir. Það er þörf á almennri hagsýni og því að við veltum hverri krónu fyrir okkur. Jafnhliða því að við köllum eftir að ríkissjóður komi myndarlega inn í atvinnulífið þurfum við líka að gera þá kröfu að ríkissjóður gæti miklu meira aðhalds en hann hefur gert, vegna þess að það leggjum við á allt samfélagið. Það var það sem ég vék að í ræðu minni hérna áðan. Ég var ekki að tala um að við ættum að byggja upp hús eða fjárfestingar og láta þau síðan standa tóm af því við tímdum ekki að hafa þar starfsemi. Það er fráleitt að lesa það út úr málflutningi mínum.

Það sem ég var að tala um var það sama og ég vék að áðan í ræðupúlti. Í fjárlagafrumvarpinu sem liggur fyrir er ekki gert ráð fyrir að ríkisstofnanir líði fyrir ástandið í efnahagsmálum. Þeim sem stýra ríkisstofnunum finnst kannski sanngjarnast og best að þeir séu ósnortnir af verðbólgunni og geti fengið hana bætta að fullu rétt eins og gengistryggðir sparifjáreigendur, eða lánveitendur öllu heldur, hafa getað.

Svona einfalt er þetta þó ekki vegna þess að það hlýtur að vera grundvallarkrafa að nokkurn veginn sami veruleiki sé inni í hinum hlýju stofum ríkisvaldsins og úti í samfélaginu sjálfu. Nú þegar virkilega herðir að bæði í rekstri heimila og fyrirtækja þurfa stofnanir líka að taka á með svipuðum hætti og beita ráðum hinnar hagsýnu húsmóður. Ég hef ekki verið að tala fyrir því að við höggvum ákveðnar fjárveitingar af. Ég er einfaldlega ekki kominn svo langt í lestri þessarar miklu bókar og alls þess sem henni fylgir að ég vilji kveða upp úr með það hvar ég vilji sérstaklega auka í og hvar ég vilji skera niður með einstakar framkvæmdir. Ég

tel þó að 29 milljarða aukning á fjárframlögum sé beinlínis vegna verðbólgu en ekki vegna launaþátta, ef ég hef skilið frumvarpið rétt. Ég hef þegar kallað eftir skýringum ofan úr fjármálaráðuneyti þar sem kaflinn um þetta í fjárlagafrumvarpinu er svolítið óljós. Það er þó ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo að 29 milljarðar séu beinlínis vegna verðbólgunnar að launaliðnum slepptum.

Ég hef aftur á móti ekki gagnrýnt að liðir sem lúta beint að því sem við höfum samið um í kjarasamningum hækki. Það sem ég vík að er á blaðsíðu 214 og 215, af því ég sé að hv. formaður fjárlaganefndar tekur upp stóru bókina. Sú opna er mjög fróðleg, eins og reyndar allt plaggið.

Ég legg áherslu á þetta og kalla eftir ákveðinni samstöðu vegna þess að ég er sammála því mati hv. formanns fjárlaganefndar að við eigum að nota þennan þingsal, þessa umræðu og umræðuna í fjárlaganefnd til að leita lausna. Það er okkar hlutverk. Við eigum ekki að nota hana fyrst og fremst til að höggva hver í annan. Ég held að samstaða og samstarf sé mikilvægara og brýnna fyrir þessa þjóð núna en nokkru sinni. Þótt ekki verði að veruleika það sem seðlabankastjóri hafði að orði — og fór nú mikið fyrir brjóstið á einhverjum að hann skyldi enn þá hafa málfrelsi — að hér skyldi mynduð þjóðstjórn tel ég engu að síður mikilvægt að allir taki höndum saman. Ég tel að ráð væri að ríkisstjórnin gæfi þjóðinni skilaboð um að þrátt fyrir þá miklu gengislækkun sem er nú um stundir — og vissulega getur hún átt eftir að dýpka, það eru til efnahagsspekingar sem telja að vísitalan geti farið langt á þriðja hundraðið — en fólk sé samt fullvissað um að hún muni áður en lýkur fara upp fyrir þá tölu sem hún er nú.

Þetta er mjög mikilvægt til þess að menn telji ekki hag sínum best borgið með því að hamstra gjaldeyri eða liggja á honum. Skilaboðin til almennings ættu núna þvert á móti að vera þau að þeir sem eiga gjaldeyri hafi af því nokkurn hag að skipta honum yfir í íslenskar krónur. Þótt það sé lítið hjá hverjum og einum getur munað um slíkt. Það getur munað mjög mikið um ef ríkisstjórninni tekst þannig að tala samstöðu inn í þjóðina, róa ástandið með almennum orðum og fullvissa þjóðina með einhverjum hætti, betur en í eldhúsdagsumræðunni í gær, um að það verði gripið til aðgerða. Ég vil trúa að það verði gert. Þó að ég hafi gagnrýnt þessa ríkisstjórn fyrir það sem liðið er og telji raunar forkastanlegt hvað hún hefur verið lengi að koma sér að verki vil ég ekki trúa öðru en það líði að því að við sjáum einhvern árangur af hennar vinnu og sjáum menn þar vakna. Það hefur verið verk okkar í meira en ár að reyna að vekja stjórnarmeirihlutann og kannski þurfti hrinan að ganga jafndjúpt niður og um síðustu helgi þegar einn af bönkum okkar var þjóðnýttur.

Það er líka mikilvægt að stjórnvöld fullvissi okkur og kveði niður allan orðróm um að nú sé ástæða til þess að menn óttist um hag hinna bankanna sem enn starfa. Ég vil trúa því að þar sé um of sagt. Við aðstæður eins og núna er í rauninni afskaplega ljótur leikur að ganga of langt í að hafa uppi hrakspá. Það er ekki bara vandasamt hlutverk að vera í stjórnarmeirihluta við aðstæður eins og þessar. Það er ekki síður vandasamt að vera í stjórnarandstöðu og gagnrýna án þess að ganga það langt að einhvers konar ástand skapist í samfélaginu sem getur gert illt mikið verra.

Ég kalla sérstaklega eftir því — af því að ég sé að formaður fjárlaganefndar er í salnum — hvort hann hafi þá sömu sýn á hlutina og ég, að það beri einnig að skera niður í hinum opinberu stofnunum og þær eigi að taka á sig eitthvað af þeim verðbólgukostnaði (Forseti hringir.) sem lendir nú á öllu samfélaginu.

[15:36]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér var vikið að fyrri ræðu minni í dag en sú ræða var nokkuð almenn. Það má vel vera að hv. þm. Bjarna Harðarsyni hafi þótt ég tala í hálfkveðnum vísum. Án þess að taka jafndjúpt í árinni og hv. þingmaður vil ég þó segja eins og krakkarnir í grunnskólunum segja: „Spegill“. Það þýðir í raun og veru að oft er það svo að stjórnarandstaðan talar í hálfkveðnum vísum. Í þessu tilfelli benti ég á að mér hefur fundist Framsóknarflokkurinn á umliðnum mánuðum stundum tala í hálfkveðnum vísum og kannast ekki við þau verk sem ýtt var af stað á síðasta kjörtímabili og endurspegluðust í fjárlögum og fjárlagafrumvarpi fyrir 2008. Ég er alls ekki að setja út á það.

Það eru fjölmörg verkefni, hvort sem það eru reiðhallir eða samgöngumannvirki eða einn og annar samningur sem ríkisstjórnin gerði, sem endurspeglast í þessu frumvarpi. Það var ekki neinn vilji til þess, hvorki af hálfu stjórnarmeirihluta né stjórnarandstöðu, til að taka þau út. Þau verk eru komin af stað hvort sem það eru fjárfestingarverk eða rekstrarverkefni. Það er það sem ég var að tala fyrir í minni frábæru ræðu fyrr í dag, þ.e. að mætti vera með öðrum hætti.

Ég boðaði, líkt og hv. þm. Bjarni Harðarson félagi minn, ákveðið samráð um þessa hluti og var alls ekki að setja út á eitt né neitt hjá stjórnarandstöðunni heldur fyrst og fremst að segja að menn þurfi að koma málefnalega að umræðunni og ýta svona talsmáta til hliðar. Niðurstaða mín, virðulegi forseti, er „spegill“ í þessum efnum.

[15:39]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég veit nú ekki hvaða reiðhallir eru í fjárlagafrumvarpi. Það hefur þá farið fram hjá mér. Ég veit aftur á móti til þess að á síðasta kjörtímabili var ákveðnum sjóðum sem margir töldu með raun og rétti að bændur ættu, varið og skipt milli reiðhallarverkefna í landinu. En reiðhallirnar sjálfar fóru ekki á fjárlög svo mér sé kunnugt um. Það hefur þá farið fram hjá mér.

Varðandi það sem ég spurði um urðu svör lítil. Ég ítreka því spurningu mína um hvort hv. formaður telur eðlilegt að ríkisstofnunum sé að fullu bættur gengisskaði og halli af verðbólgu sem þær verða fyrir eins og rætt er um í fjárlagafrumvarpinu á fyrrgreindum blaðsíðum sem ég vísaði til. Þar er meira að segja gert ráð fyrir að það sem ekki tekst að bæta upp í frumvarpinu fyrir yfirstandandi ár verði bætt í fjáraukalögum 2009. Það tel ég forkastanleg skilaboð þar sem stofnunum er ekki ætlað að taka á sig verðbólguna líkt og heimilunum.

Varðandi það að við framsóknarmenn þykjumst ekki kannast við þær framkvæmdir sem við höfum ráðist í þá veit ég ekki hvaða framkvæmdir eða verkefni það eru. Við

höfum m.a. barist fyrir því að staðið sé að uppbyggingu hátæknisjúkrahúss. Ég hefði talið mjög eðlilegt og æskilegt að því væri ekki kastað út við fjárlagagerð nú heldur héldum við áfram með það verkefni því að það er verkefni sem mun spara okkur mikið til lengri tíma litið í sjúkrahúsrekstri á höfuðborgarsvæðinu. Það er líka mjög mikilvægt að mæta þeirri atvinnukreppu sem fyrirsjáanleg er í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu.

En hvaða verkefni það eru önnur sem Framsóknarflokkurinn hefur ýtt af stað og ekki hefur verið haldið áfram með (Forseti hringir.) — ég veit ekki til hvers hv. formaður vísar.

[15:41]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þarf hugsanlega að koma aftur í ræðustól síðar í dag til þess að klára viðræður okkar hv. þingmanns Bjarna Harðarsonar.

Varðandi hátæknisjúkrahúsið er gert ráð fyrir því í svokölluðum sérlögum um ráðstöfun símafjár. Það verkefni er ekki eins langt komið eins og menn reiknuðu með og þar af leiðandi fara fjármunir því tengdir ekki á fjárlög. Verkefnið fer ekki af stað árið 2009 eins og gert var ráð fyrir á sínum tíma.

Það sem ég vísaði í áðan eru mjög mörg verkefni sem sett voru af stað árin 2005, 2006 og 2007 og eru í pípunum. Þau voru sett á samgönguáætlun eða einfaldlega sem rekstrarverkefni, þjónustusamningar eða eitt og annað sem gengur áfram inn í fjárlög hverju sinni. Hvað varðar launaliði og verðlagsbætur þá færum við úr lið 09-989 í fjárlögum yfir á stofnanirnar. Við höfum fengið kvartanir frá stofnunum sem ekki hafa verið verðbættar. Við þekkjum það af viðræðum okkar við sýslumenn, sjúkrastofnanir og fleiri að launaramminn breytist, hugsanlega út af aukinni yfirvinnu. Það verða forföll og veikindi og kalla þarf inn aukafólk. Við þekkjum það vel í fjárlaganefndinni hvernig umræðan er.

Ég hef sagt eins og ég gerði í fyrri ræðu minni í dag að fjárlaganefndin fær málin til umsagnar eins og aðrar fastanefndir, sérstaklega efnahags- og skattanefnd, varðandi tekjurammann. Auðvitað förum við yfir allan reksturinn. Við höfum nýlega fengið sex mánaða uppgjörið og okkar hlutverk er að fara yfir tölurnar og leggja fram tillögu í 2. umr. Ég á ekki von á öðru en að allir séu tilbúnir til þeirra starfa.

[15:43]

Útbýting:

Afnám tóbakssölu í fríhöfnum, 73. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 73.

Framkvæmdir við Gjábakkaveg, 76. mál, fsp. ÁI og KolH, þskj. 76.

Framkvæmdir við Vestfjarðaveg, 75. mál, fsp. ÁI, þskj. 75.

Hlutdeild sveitarfélaga í innheimtum skatttekjum, 10. mál, þáltill. MS o.fl., þskj. 10.

Húsnæðismál, 9. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 9.

Lyfjagagnagrunnur, 72. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 72.

Mengunarmælingar við Þingvallavatn, 78. mál, fsp. ÁI og KolH, þskj. 78.

Sæstrengir í friðlandi Surtseyjar, 77. mál, fsp. ÁI, þskj. 77.

Tóbakssala í fríhöfnum, 74. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 74.

[15:44]

Ellert B. Schram (Sf):

Virðulegur forseti. Fyrir það fyrsta vil ég taka fram að ég geri ekki lítið úr þeim erfiðleikum sem steðja að í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar. Þau vandamál eru vissulega risavaxin, að því leyti má taka undir sjónarmið stjórnarandstöðunnar um að frumvarp til fjárlaga er lagt fram á miklum óvissutíma og raunar hefur hæstv. fjármálaráðherra undirstrikað það sjálfur. Frumvarpið kann því að taka miklum breytingum við meðferð í þinginu og með tilliti til þeirrar stöðu sem upp kann að koma á næstu vikum og allt fram til áramóta. Spár geta breyst, verðlag hækkað, skatttekjur dregist saman, gengi krónunnar er fallvalt og í rauninni getur enginn sagt til um hver staða ríkissjóðs kann að verða á komandi fjárlagaári.

Það hefur því ekki verið auðvelt verk að setja saman frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár en frumvarpið hefur verið lagt fram. Þar eru meginlínurnar dregnar og þær áherslur sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt upp með fyrir árið 2009. Sá kostur hefur verið valinn í meginatriðum að gera ráð fyrir tæplega 60 milljarða kr. halla og er það viðsnúningur frá síðasta ári upp á 100 milljarða. Það er með öðrum orðum meðvituð ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að leggja til að fjárlög verði afgreidd með halla sem þessu nemur, ekki síst með hliðsjón af því að vega upp á móti þeirri hjöðnun og samdrætti sem vofir yfir.

Sú viðspyrna sem þar er lagt upp með nær ekki eingöngu til aukinna framkvæmda og útgjalda í atvinnuskyni eða til verðmætasköpunar. Þá er ég kominn að því tilefni sem rekur mig hingað upp í ræðustól, virðulegur forseti, að vekja sérstaklega athygli á því að gert er ráð fyrir í frumvarpinu verulegri aukningu til félagslegrar velferðar sem kemur fram í hærri tölum og framlögum til málefna aldraða og öryrkja og raunar fatlaðra. Það kemur fram í vaxta- og barnabótum, með hækkun á skattleysismörkum, með aukinni fyrirgreiðslu Íbúðalánasjóðs vardandi niðurgreiðslu á íbúðakaupum o.s.frv.

Í skjali sem fylgir með frumvarpi til fjárlaga, þar sem fjallað er um stefnur og horfur, segir um þetta á bls. 26, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja og leggur til tæplega 7 milljarða kr. hækkun á árinu 2009 sem fer upp í 8,7 milljarða í lok tímabilsins umfram núverandi framlög. Í heildina verður því varið um 38 milljörðum kr. meira til málaflokksins á tímabili rammafjárlaganna. Til viðbótar er áætlað fyrir hækkunum vegna fjölgunar með hliðsjón af mannfjöldaspá.

Af einstaka breytingum má nefna að gert er ráð fyrir átaki vegna uppbyggingar 400 hjúkrunarrýma fyrir aldraða auk þess sem einbýlum verður fjölgað. Stórlega hefur verið dregið úr tekjutengingu í almannatryggingum. Fylgt verður eftir tillögum um stóraukna starfsendurhæfingu og nýtt matskerfi, átak gert í búsetumálum geðfatlaðra og vaxandi hluta af tryggingagjaldi verður ráðstafað til jöfnunar á ör-

orkubyrði lífeyrissjóða.“

Á tímum kaupmáttarrýrnunar og hækkandi verðlags eru það hinir tekjulægstu, bótaþegar og barnafólk, sem gjalda þyngst og verða sárast fyrir barðinu á verðbólgunni og verðlaginu. Það er skylda stjórnvalda undir slíkum kringumstæðum að standa vörð um þá sem minnst mega sín, sem lifa á bótum eða lágum launum, og gera þeim þannig kleift að standa þessa lífskjaraskerðingu af sér. Það hríðarveður sem nú hefur skollið á kemur niður á okkur öllum en misjafnlega þó og verst á þeim sem minnstar hafa tekjurnar og þeim sem eru að koma undir sig fótunum eða hafa sest í helgan stein vegna aldurs við rýran kost. Þennan hóp verður að verja hvað sem það kostar og á það reynir nú á þessum örlagatímum að við það verði staðið.

Í fjárlagafrumvarpinu er greinilegt að brugðist er við með jákvæðum hætti að mjög mörgu leyti eins og ég hef hér rakið. Ég tel fulla ástæðu til þess að vekja sérstaklega athygli á þeirri staðreynd að frumvarpið skýrir frá og felur í sér tillögu um að fjárframlög hins opinbera hækki í þeim málaflokki sem snýr að velferðarmálum og félagslegri þjónustu. Um það má alltaf deila hvort nóg sé að gert en hér eru að mínu mati stigin spor bæði fram á við og í rétta átt. Hér er lagt til að auknu fé sé varið til félagslegra þátta samfélagsins sem snýr að þeim einstaklingum og hópum sem ég nefndi áðan.

Hvað sem líður meðferð frumvarpsins hér í þinginu á næstu vikum treysti ég því að stefna ríkisstjórnarinnar, fyrirætlanir hennar í þessum málaflokki, verði studd og staðfest við samþykkt fjárlaga. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum almennt snúast sem sagt ekki um það eitt að bjarga bönkum og sparifé landsmanna, sem er auðvitað lykilatriði og mikil þungamiðja, heldur er hér verið að styrkja hið félagslega velferðarkerfi og veita þannig almannafé í þann farveg sem geri þessum þjóðfélagshópum ögn auðveldara að standa af sér fellibylinn sem nú gengur yfir og slotar vonandi um síðir. Frá þessari stefnu má ekki víkja hvað sem á dynur.

[15:52]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Það voru örfá atriði sem ég hefði viljað koma á framfæri hér í þessari umræðu um fjárlagafrumvarpið. Við höfum vakið athygli á því að forsendur þess voru þegar brostnar þegar það var lagt fram en engu að síður er þar þó á ferðinni pólitísk stefnumörkun, eða stefnumörkunarleysi, sem ég vil gera mjög alvarlegar athugasemdir við.

Það er talað um núna á þessum alvörutímum að menn eigi ekki að horfa til baka heldur fram á veginn. Ég er sammála því. Ég er sammála því, og legg áherslu á það, að ef við gerum það sem við þurfum að gera — að horfa fram á veginn — keyrum við ekki óbreytta stefnu. Þá keyrum við ekki óbreytta stefnu einkavæðingar og markaðsvæðingar, þá keyrum við ekki óbreytta stefnu frjálshyggju sem riðið hefur húsum í ríkisstjórnartíð Sjálfstæðisflokksins í 17 ár. Hví segi ég þetta? Vegna þess að það sem einkennir frumvarpið er áframhaldandi stefna hvað varðar einkavæðingu.

Ég vil nefna heilbrigðismálin. Hæstv. forsætisráðherra sagði fyrir liðlega ári á fundi í Valhöll með félögum sínum í Reykjavík að það væri gott að vera kominn með Samfylkinguna í ríkisstjórn því að þá væri hægt að ganga mun lengra í einkavæðingu heilbrigðiskerfisins. Þess vegna er nú leitt inn nýtt hugtak um kostnaðarvitund, um að heilbrigðismál, sjúkdóma, eigi að meta sem tekjur eða gjöld — eins og formaður heilbrigðisnefndar, hv. þm. Ásta Möller, sagði í umræðunni um sjúkratryggingafrumvarpið svokallaða, innkaupastofnun sjúklinga, að það sé svo mikilvægt að koma inn gerbreyttri hugsun í fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar. Orðrétt sagði hún, með leyfi forseta:

„… þar sem í stað þess að horft sé á sjúkling sem leggst inn á stofnun sem kostnaðaraukningu fyrir stofnunina er litið á hann sem tekjulind þar sem umsamin greiðsla fyrir umsamda meðferð felur í sér greiðslu til viðkomandi stofnunar.“

Ég hef aldrei litið á sjúkdóm minn eða annarra eða þeirra sem verða veikir sem einhvern kostnaðarhlut eða tekjulind. Það er þessi markaðshugsjón sem verið er að leiða inn og þess vegna er verið að stofna þessa Sjúkratryggingastofnun. Þetta er sama stefna og hefur verið keyrð á undanförnum árum í einkavæðingu almannaþjónustunnar og á þessum tímum þurfum við einmitt að standa vörð um velferðarþjónustuna og ekki fara út í einkavæðingu heilbrigðiskerfisins.

Sama er með Íbúðalánasjóð. Þar stendur enn yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um að honum skuli skipt upp, hann settur að hluta á markað, færður bönkunum. Er það þetta sem við viljum nú? Finnst okkur ekki nóg komið af því sem við höfum sett af almannaþjónustu undir verndarvæng bankanna?

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs krefjumst þess að staðinn verði vörður um Íbúðalánasjóð, hann verði ekki settur á markað. Það er eitt af því sem Sjálfstæðisflokkurinn leggur til og Samfylkingin hækjast undan. Ég held að það verði engin sátt hjá þjóðinni um það ef fylgja á stefnu ríkisstjórnarinnar og kröfu Sjálfstæðisflokksins um að Íbúðalánasjóður verði settur að hluta undir almenna viðskiptabanka.

Maður sér líka, frú forseti, áherslur ríkisstjórnarinnar sem birtast bæði í fjárlagafrumvarpinu og í þingmálunum sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. Ég staldra við málalista sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Lögð var áhersla á það hér í umræðunni, og hæstv. forsætisráðherra gerði það meira að segja, hve mikilvægt væri að standa vörð um atvinnustigið í landinu. Eitt af þeim frumvörpum sem ríkisstjórnin lagði fram í vor, og tókst að stöðva þá, var hið illræmda matvælafrumvarp, sem svo var kallað, þ.e. heimild á innflutningi á hráu kjöti. Með samstilltu átaki tókst að stöðva það í vor. Nú er það sett aftur efst á lista yfir mál sem hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra ætlar að flytja. Ég minnist ekki nokkurs máls sem hefur fengið eins mikla andstöðu alls staðar í samfélaginu. Í áliti frá samtökum afurðastöðva, vinnslustöðva í landbúnaði, sem var sent landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd, var bent á að næði það frumvarp fram að ganga mundi það þýða stórkostlega fækkun fólks í matvælaiðnaði í landinu. Er það brýnasta mál af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að endurflytja frumvarpið um innflutning á hráu kjöti og stefna kjötvinnslu og innlendri matvælavinnslu í uppnám?

Samtímis lesum við fréttir um það að staða bænda hafi ekki verið verri í áraraðir. Við sem erum í nánu sambandi við bændur um allt land vitum að þeir standa frammi fyrir gríðarlegum fjárhagslegum erfiðleikum, hækkun á aðföngum, áburði, fóðurvörum, vöxtum, fjármagnskostnaði — og síðan þessi gengisþróun sem snertir þá sem eru með erlend lán. Við vitum að mörg bú standa á barmi þess að geta ekki starfað áfram, ná ekki í fjármagn. Ég hefði talið að það hefði staðið landbúnaðarráðherra nær að vera með númer 1 á sínum lista frumvarp sem tæki á og reyndi að koma til móts við hinn gríðarlega fjárhagsvanda sem er í íslenskum landbúnaði og reyndar líka hjá einyrkjum og minni fyrirtækjum í sjávarútvegi. Nei, veruleikafirring ríkisstjórnarinnar er því miður svo sorgleg að fyrsta mál sem sett er á lista af hálfu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra er frumvarp um innflutning á hráu kjöti.

Þetta er ekki að horfa fram á veginn. Hagsmunir íslensku þjóðarinnar standa nú um að þjappa sér saman, þjappa sér saman um þau íslensku gæði sem við þegar höfum hönd á, íslenska matvælavinnslu, íslenskan landbúnað, íslenskan sjávarútveg, íslenska vinnslu í sjávarútvegi en ekki að vita hvernig við getum lamað þessa starfsemi.

Ég hefði líka viljað sjá frumvarp frá hæstv. sjávarútvegsráðherra sem hefði tekið á því að ekki væri verið að flytja óunninn gámafisk úr landi þannig að veiddur fiskur á Íslandsmiðum færi til vinnslu hér á landi og gerð yrðu úr honum eins mikil verðmæti og nokkur kostur væri til að tryggja sem mestan þjóðhagslegan ábata. Þetta tel ég mjög mikilvægt og við höfum flutt um það þingmál, við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Ekki er minnst á að endurskoða eigi kvótakerfið eða sjávarútvegsstefnuna og hæstv. forsætisráðherra sagði meira að segja í gær að ekki ætti að gera það — stendur þó í stjórnarsáttmálanum að það eigi að fara að minnsta kosti í vissa þætti þess. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram frumvarp um að hún verði endurskoðuð þannig að fiskstofnarnir eflist, vinna út um allt land eflist með það allt að leiðarljósi.

Frú forseti. Við þurfum svo gjörsamlega að breyta um stefnu, snúa stefnunni inn á við, taka höndum saman um íslenska hagsmuni, um hagsmuni sem standa með okkur sem öflugri þjóð með öflugu atvinnulífi, góðri menntun, öflugu velferðarkerfi. Við verðum að snúa af þeirri braut sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur markað á undanförnum árum í einkavæðingu og (Forseti hringir.) frjálshyggju í íslensku atvinnulífi og þá munum við þingmenn Vinstri grænna taka á af fullu afli.

[16:02]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í máli flestra nú í umræðunni að höfuðmáli skipti að koma á stöðugleika í íslensku efnahagsumhverfi og þar skipta fjárlög að sjálfsögðu miklu máli til þess að skapa eða leggja ákveðinn grunn að hugsanlegum stöðugleika.

Það fjárlagafrumvarp sem hér er lagt fram ber þess samt sem áður ekki merki að það sé vilji þeirra sem að því standa að leggja grunn að því að íslenskt efnahagskerfi geti þróast með öðrum hætti en verið hefur undanfarna daga, að stuðlað verði að auknum stöðugleika. Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram sem meginatriði að gert er ráð fyrir tekjuhalla upp á 57 milljarða. Það á að taka frá framtíðinni 57 milljarða og það er afsakað með því að það sé erfitt árferði.

Eins og kemur fram í fjárlagafrumvarpinu og skýringum við það á bls. 13, í *Stefnu og horfum,* þá er gert ráð fyrir að útgjaldahækkun ríkisins, útgjaldahækkun fjárlaga eigi að vera 16,9% frá fjárlögum árið 2008. Miðað við það sem hefur verið venjan í þinglegri meðferð fjárlagafrumvarps hefur heldur betur orðið hækkun frá því að frumvarpið er lagt fram og þangað til fjárlög eru afgreidd. Á það hefur verið bent, m.a. af hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að þarna eru ýmis gjöld mjög vanáætluð, t.d. til Landspítala – háskólasjúkrahúss og margra fleiri stofnana. Miðað við það er fyrirséð útgjaldahækkun mun meiri en hækkun verðbólgunnar eins og hún er reiknuð út og hefur verið undanfarna mánuði.

Í fyrra afgreiddum við fjárlög fyrir árið 2008 sem voru fjárlög þar sem olíu var hellt á verðbólgueldinn. Á sama tíma og ríkisstjórnin stóð að því að auka ríkisumsvif, þenja út báknið, fjölga ríkisstarfsmönnum, var talað um að það væri gjörsamlega útilokað að búa almenningi, venjulegu fólki sem var að taka lán, sambærileg lánskjör og gerist í nágrannalöndum okkar. Af hverju? Fyrir hönd ríkisstjórnarinnar svaraði Seðlabankinn þingsályktunartillögu okkar frjálslyndra þar sem fjallað var um að sköpuð yrðu skilyrði til þess að lánamarkaður hér yrði með svipuðum hætti og í nágrannalöndum okkar og fólst svarið í því að slíkt væri ekki unnt miðað við þær aðstæður sem væru í íslensku þjóðarbúi því að það mundi auka þensluna, og eftir því sem á var að skiljast, valda gríðarlegri verðbólgu. Það er gjörsamlega óásættanlegt, virðulegi forseti, að við skulum geta búið í landi þar sem fólk býr við okursamfélag þar sem þeir sem stjórna ferðinni, ríkisstjórnin og Seðlabanki, halda því fram að slíkt setji allt á hliðina. Við horfum upp á það að þrátt fyrir að almenningur í landinu búi við verstu lánakjör í allri gjörvallri Vestur-Evrópu þá skortir samt sem áður verulega á stöðugleikann, það er um að ræða óðaverðbólgu og gengishrun. Það eru því önnur öfl, aðrir þættir sem valda þessu og það er gjörsamlega óásættanlegt að almenningur í landinu skuli þurfa að þola þetta og þurfa að horfa upp á að verðgildi eigna sinna hverfi vegna þess að stjórnvöld, ríkisstjórn og Seðlabanki, skelltu skollaeyrum við og neituðu að hlusta á varnaðarorð okkar frjálslyndra varðandi það atriði að brýna nauðsyn bæri til að koma hér á eðlilegum viðmiðunum varðandi lánakjör almennings í landinu.

Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins fyrir að standa að málum með þessum hætti, fyrir það að ógna efnahagslegu öryggi og frelsi unga fólksins í landinu, fyrir að ógna öryggi fjölskyldnanna í landinu með óábyrgri efnahagsstjórn, sem m.a. hefur falist í þenslufjárlögum í fyrra fyrir árið í ár og öðrum álíka núna. Þetta hefur það m.a. í för með sér að verðbólgan æðir áfram og eignir fólksins verða að engu. Verðtryggingin étur upp eignirnar. Það er óásættanlegt að þannig sé stjórnað í landinu á þessum tíma og það verður að bregðast við og ríkisstjórninni ber skylda til að gera það.

Margir telja að hjálpræðið og bjargráðin komi eingöngu frá ríkinu. Ég er ekki einn þeirra. Ég tel að það sé mikil-

vægt og skynsamlegt að draga sem mest úr bákninu og fækka opinberum starfsmönnum eftir því sem mögulegt er og ég tek heils hugar undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan, að spurningin er m.a. hvort ekki beri brýna þörf til þess að taka á í sambandi við utanríkisráðuneytið og fækka sendiráðum. Að sjálfsögðu eigum við að sníða okkur stakk eftir vexti.

Ég tel að í stað þess að þenja út báknið svo sem verið er að gera með þessum fjárlögum, og eins og gert var í fyrra, þá væri skynsamlegra að veita fjármuni til að tryggja ákveðið lánsfé til þess að efla framtak og sköpunarmátt einstaklinga og félaga þeirra. Ég tel að þeim mun minni þensla ríkisins, þeim mun minna ríki, þeim mun meiri líkur séu á því að við búum hér við góð lífskjör. Það er misskilningur sem hefur verið haldið fram af talsmönnum Vinstri grænna frá því að Alþingi kom saman að það sem nú er að gerast feli í sér endalok markaðshyggjunnar. Við í Frjálslynda flokknum höfum bent á það að við færum óvarlega að og það væri nauðsynlegt að hafa til viðmiðunar það sem við höfum kallað mannúðlega markaðshyggju. Hefði verið farið að því stæði þjóðin öðruvísi núna en hún gerir, en hitt er annað mál að það eru alltaf sveiflur. Við höfum farið í gegnum margar sveiflur á undanförnum áratugum þar sem hlutirnir þróast með mismunandi hætti. Við erum að sjálfsögðu ekki með fullkomið kerfi en markaðskerfið hefur alltaf verið til tryggingar því að það hefur verið ákveðið frelsi í þjóðfélögum og tryggt það líka að valkostir fólksins hafa verið fyrir hendi og það hefur aldrei orðið þannig að í slíku kerfi hafi þjóðfélög ekki brauðfætt sig eins og þar sem um miðstýrt kerfi sósíalisma er að ræða.

Ég bendi á, virðulegi forseti, að það þarf vissulega slæma stjórn, slæma ríkisstjórn til að koma málum svo illa fyrir sem ríkisstjórnin hefur gert og er að gera. Fiskverð er í hámarki, álverð er í hámarki auk ýmissa annarra góðra hluta í viðskiptaumhverfi okkar. Það hefur aldrei verið ríkisstjórn í landinu frá lýðveldisstofnun fyrr en þessi sem hefur leitt samdrátt, óðaverðbólgu og óbærilega skuldastöðu heimilanna yfir þjóðina þegar svo hefur árað, og hvað er það sem veldur því? Eitt af því er það, hæstv. fjármálaráðherra, að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar hefur ekki gætt þess að leyfa einstaklingsframtakinu að blómstra en hefur haldið og talið að bjargráðin komi frá ríkinu. Það hefur verið vikið af þeirri braut sem Sjálfstæðisflokkurinn á að standa fyrir um frelsi og framtak einstaklinganna og það sem hefur heltekið þennan ríkishyggjuflokk eftir slímsetu í ráðherrastólum er að ímynda sér að með því að auka við ríkisútgjöld, bæta við og fjölga ríkisstarfsmönnum sé einhverju bjargað, en það er algjör misskilningur.

[16:13]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Þegar við lítum á launaumfjöllunina í fjárlagafrumvarpinu á blaðsíðu 214 er þar sagt meðal annars, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er ekki spáð fyrir um útkomu nýrra kjarasamninga á næsta ári en þó er gert ráð fyrir tæplega 2,5 milljarða kr. fjárheimild á liðnum 09-989 Launa- og verðlagsmál til að mæta breytingum sem kunna að verða á þessum forsendum. Þar er um að ræða varúðarráðstöfun til að treysta betur forsendur frumvarpsins.“

Til að treysta betur forsendur frumvarpsins, hæstv. forseti.

Það er algjörlega ljóst að mínu viti, hæstv. forseti, að það er til venjulegs fólks sem verið er að beina aðgerðum til þess að koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot heimila sem gætu annars orðið. Þar er auðvitað mesti váboðinn atvinnuleysi sem vafalaust verður vaxandi í vetur og ekki fer á milli mála að verðtrygging til viðbótar skuldum heimilanna heldur áfram að eyða öllu eigin fé fólks á fáum missirum ef svo heldur fram sem nú horfir um verðbólgu.

Það er nauðsynlegt að hér verði eðlilegur lánamarkaður fyrir neytendur sem bjóði einstaklingum og fjölskyldum upp á lánakjör eins og þau gerast í okkar heimshluta og væri æskilegt að við reyndum að taka mið af Norðurlöndum varðandi það atriði og horfa til eðlilegra launakjara hér.

Hins vegar, hæstv. forseti, var forgangsröðun Geirs Haardes og Sjálfstæðisflokksins í fyrri ríkisstjórn lækkun og afnám hátekjuskattsins á sama tíma og ofurlaunamenn tryggðu sér árslaun til jafns við 300–400 fullvinnandi verkamenn sem vinna allt árið samanlagt fyrir sömu launum og einn hæst launaði bankastjórnandinn. Svona ofurlaun eru ekki til þess fallin að stuðla að sátt við launamenn þegar kemur að kjarasamningum.

Það má segja, hæstv. forseti, að ofurlaunamenn hafi að mínu viti gjörsamlega fótumtroðið samstöðu fólksins um eðlilegt jafnræði í þjóðfélaginu. Segja má að þeirri þjóðarsamstöðu og sátt sem áður var hafi verið stolið frá þjóðinni. Ég tel, hæstv. forseti, að sjálfstökuliðið eigi að skattleggja með hátekjuskatti og ekki mun af veita nú að auka tekjur ríkissjóðs frá þeim sem ofurlaunin hafa.

Venjulegt fólk stendur frammi fyrir lækkun raunlauna, okurvöxtum, eins og málum er komið, og verðtryggingu sem afleiðingu hárrar verðbólgu. Það stefnir í að margt fólk geti orðið eignalaust ef svo fer fram sem horfir, hæstv. forseti. Við þessu ber að vara en það verður þá líka að virða rétt láglaunafólksins til að reyna að tryggja sér lífskjör. Ég sé ekki, hæstv. forseti, hvernig menn munu taka hér á kjaravandamálum sem upp koma á næstunni þegar Alþýðusamband Íslands og heildarsamtök launamanna annarra fara að skoða sína stöðu eins og þróunin hefur verið í þjóðfélagi okkar. Þetta snýr sérstaklega að þeim sem lægst hafa launin þegar á að reyna að tryggja að fólk missi ekki lífsviðurværi sitt og eignir.

Af fleiru ber að hafa áhyggjur og rétt er að ræða það í þessari umræðu um fjárlögin. Ekki verður til dæmis hjá því komist að nefna þá erfiðleika sem landbúnaður okkar Íslendinga stendur nú frammi fyrir. Íslenskir bændur hafa þungar áhyggjur af stöðu mála og skyldi enginn lá þeim það. Dýrtíðin og efnahagsástandið eru að leggja landbúnaðinn á hliðina. Boðin var 16–18% hækkun á afurðaverði til sauðfjárbænda. Þeir telja reyndar að þessi hækkun nægi hvergi til þess að mæta rekstrarstöðu þeirra og kostnaðarauka og hafa talað um 25–27% hækkun í því sambandi. Þeir styðja mál sitt mörgum rökum sem okkur eru svo sem kunn. Fjármagn, olía, kjarnfóður, áburður, allt eru þetta þættir í útgjaldaliðum í nútímabúrekstri. Allir þessir þættir hafa hækkað gríðarlega á undanförnum mánuðum og talað

er um að kjarnfóðurverð og áburður geti jafnvel hækkað um 80–100% milli ára.

Um vexti, verðbólgu og gengisfall krónu þarf ekki svo sem að hafa mörg orð eins og nú árar. Flestir vita orðið hver staðan er. Sú þróun mála veldur geysilegum búsifjum einnig hjá bændastéttinni. Ég hygg að staðan sé einna verst hjá þeim bændum sem nýlega hafa hafið búskap og eru skuldsettir. Það á reyndar jafnt við um kúabændur að því er varðar skuldsetninguna sem þarf til að hefja búrekstur. En þeir hafa hins vegar verið hvattir til hagræðingar og uppbyggingar á búum sínum á undanförnum árum. Víða hefur verið ráðist í miklar fjárfestingar til kaupa á framleiðslukvótum mjólkur og til að nútímavæða mjólkurframleiðsluna. Bændur kvarta nú yfir miklum fjármagnskostnaði og dýrum afurðalánum.

Það getur enginn rekstur búið við núverandi fjármagnskostnað. Hvar skyldi þetta hafa verið sagt? Meira að segja hæstv. landbúnaðarráðherra viðurkenndi þetta á opinberum vettvangi á fundi í Búðardal sem ég veit að nokkrir þingmenn hér í salnum sóttu. Mönnum er sem sagt vandinn ljós en ég hef ekki orðið var við neinar tillögur frá landbúnaðarráðherra til þess að takast á við vanda landbúnaðarins. Jú, ég hef heyrt að ríkisstjórnin hafi ætlað að beita sér fyrir að tryggja lánalengingar á markaði. En hvar eru þær efndir? Bændur sjálfir nefna hins vegar dýr afurðalán og benda á Byggðastofnun í því sambandi. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég hef miklar áhyggjur af stöðu landbúnaðarins. Ég tel að landbúnaðurinn sé mikilvæg grein fyrir okkur sem þjóð og að mikil verðmæti felist í því fyrir lífið í landinu að halda landinu í byggð þannig að þar búi fólk og stundi atvinnurekstur. Ég held að það hafi verið nauðsynlegt að vekja athygli á þessari stöðu, hæstv. forseti, nú við fjárlagaumræðuna því að þetta er eitt af stóru vandamálunum sem við stöndum frammi fyrir á næstunni.

Það er líka rétt, hæstv. forseti, að víkja örfáum orðum að sveitarfélögunum. Þar er vandinn geysilegur. Mörg sveitarfélög hafa skuldsett sig á undanförnum árum og ári, meðal annars með því að taka erlent lánsfé til framkvæmda, sem nú veldur því að viðkomandi skuldir margfaldast og menn sjá hreinlega ekki fram úr því hvernig við eigi að bregðast. Reyndar eru merki um að menn neyðist til að loka algjörlega fyrir framkvæmdir. Nýlega birtist frétt í Bæjarins besta á Ísafirði, í Ísafjarðarbæ, þar sem meðal annars var skýrt frá því að þar yrði að draga verulega úr framkvæmdum.

Nú er eðlilegt í sjálfu sér þegar breytingar verða í þjóðfélagi að bregðast svoleiðis við. En ég vek athygli á því að þegar veikar byggðar missa niður þjónustustig sitt (Forseti hringir.) þá laða þær ekki til sín fólk.

[16:23]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Staða þjóðarinnar er vissulega erfið í augnablikinu, til skamms tíma. Mér fannst ræða hv. þingmanns ótrúlega svartsýn, óábyrgt svartsýn, frú forseti. (Gripið fram í.) Þetta er ekki til þess að bæta geð þeirra sem eiga í erfiðleikum í dag og sjá kannski ekki fram úr erfiðleikunum. Það er nefnilega heilmikið í spilunum fyrir þessa þjóð. Við þurfum að standa saman með bjartsýni að leiðarljósi, horfa fram á veginn og vita að álið, fiskurinn og ferðaþjónustan gengur glimrandi vel sem stendur. Það mun innan ekki mjög langs tíma styrkja krónuna og bæta stöðuna. Þetta er alls ekki svona svart eins og hv. þingmaður vill vera láta, alls ekki.

Mér finnst þetta ábyrgðarhluti og landlæknir hefur bent á það að menn megi ekki tala svona óábyrgt, að menn megi það ekki í núverandi stöðu. Margt fólk hefur miklar áhyggjur og menn eiga ekki að vera að auka á þær með svona tali. Það er nefnilega heilmikill þróttur í þessari þjóð. Við eigum mjög sterkan mannafla, mannauð, og við eigum miklar auðlindir, þessi þjóð. Við erum orkuútflutningsþjóð. Það vantar orku í heiminum og það er mjög margt sem er jákvætt bara rétt handan við hornið, eftir eitt eða tvö ár. Við þurfum að segja fólki það.

[16:25]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það hefði verið fróðlegt ef hv. þm. Pétur Blöndal hefði komið hér og sagt okkur fyrir hverju ríkisstjórnin ætlaði sérstaklega að beita sér fyrir í þessum góðu verkum sem hann var að telja upp. Hvaða virkjun er næst, hv. þingmaður? Hvar ætla menn að byrja að ná í orku? Ætla þeir að halda áfram að rífast um það í ríkisstjórninni? Að hvaða uppbyggingu ætla menn að stuðla á orkusviði?

Ætla menn að horfa á það að tekjurnar í sjávarútvegi verði óbreyttar eins og þær eru eða ætla þeir að leyfa meiri fiskveiði og tryggja að tekjur þjóðfélagsins dreifist og nýjar tekjur komi inn í þjóðfélagið eða eru sjálfstæðismenn enn þá jafnbjartsýnir og þeir voru fyrir ári síðan er þeir töldu þjóðfélagið standa svo vel að nú væri sérstök ástæða til að skera niður þorskveiðina og viðhalda því? Það þýðir ekkert að koma hér upp og tala í hring og koma ekki með eina einustu tillögu um hvernig taka eigi á vandanum.

[16:26]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Utan úr heimi berast þær fréttir að þar sé mjög mikið að gerast og flest neikvætt. Það er mjög mikilvægt í þessum ólgusjó að íslenska þjóðin standi saman í þeim bát sem hún er í og rói en sé ekki að rífast innbyrðis. (**Gripið fram í:** Þá þarf góðan formann.) Það þarf góðan formann (Gripið fram í.) og það þarf góðan vilja allra, og menn skulu endilega muna það að þeir breyta ekki fortíðinni. Sumir, og allt of margir, virðast halda það. (**Gripið fram í:** En sumir bera ...) Við þurfum að skoða núverandi stöðu, stöðuna í núinu, og við þurfum að finna lausnir þannig að við komumst yfir ólgusjóinn og komumst yfir á lygnan sjó hinum megin því að hann er hinum megin. Það er lygn sjór hinum megin, bara vegna þess hvað þjóðin er óskaplega sterk og hvað hún er vinnusöm og hvað mikill mannauður liggur hjá þjóðinni og svo eru það þær auðlindir sem við eigum, fiskur, orka og matur (**Gripið fram í:** Hvað á að gera ...) og ferðamannaþjónustan og fjármálageirinn. (**Gripið fram í:** Hvað á að gera núna?) Að því þurfum við öll að vinna og finna lausnir á, ekki rífa niður með svartsýni. Það er ekki til bóta. Við hv. þingmenn sem og aðrir sérfræðingar í landinu, þurfum að vinna saman að lausnum frá og með deginum í dag, ekki horfa aftur í tímann til þess hvað einhver hafi sagt eða einhver hafi gert einhvern tíma.

Það getum við rætt þegar við erum komin á lygna sjóinn. Þá getum við farið í söguskoðun og fundið út hver er sekur og allt svoleiðis.

Núna þurfum við að vinna saman að því að finna lausn til að komast yfir ólgusjóinn á lygnuna hinum megin. (**JBjarn:** Eigum við að halda áfram að einkavæða ...?)

[16:28]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ekki eina einustu tillögu heyrði ég í þessu máli um hvað við ættum að takast á við hér á landi, hvernig við ætluðum að hjóla beint inn í verkið. Ég skal alveg taka undir það, hv. þingmaður, að ég skal sitja með þér á rökstólum um að finna út hvert við ætlum að fara og í hvaða verk við ætlum að stefna og reyna þá að skapa hér aukna bjartsýni og auknar tekjur. Ekki skal standa á því. En menn geta ekki leyft sér að skreppa út í heim þegar rökræðan hér heima stendur ekki undir sér.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið við völd í 17 ár, stjórnað hér forsætis- og fjármálaráðuneyti. (Gripið fram í.) Ha! Nei. Ég breyti því ekki, því miður. (Gripið fram í.) Við erum ekki að breyta því. Þið verðið enn þá við völd í þrjú ár ef að líkum lætur og ég á von á því að hv. þingmaður haldi áfram að tala hér í hring á þessu kjörtímabili sem núna er að líða.

Menn þurfa að koma með ákveðnar tillögur um það hvernig þeir ætli að skapa nýja atvinnu og hafa um það hugmynd. Ég hef haft alveg hugmyndir um að hægt væri að auka tekjur í þjóðfélaginu á tiltölulega örskömmum tíma um 50–60 milljarða kr. En Sjálfstæðisflokkurinn trúir því að þetta þjóðfélag sé nú þannig í stakk búið að það sé svo auðvelt að búa við 130 þúsund tonna þorskafla að við eigum bara að gera það því við séum í svo ofsalega góðum málum. Við eigum að halda öllu óbreyttu, halda áfram að berja niður lífskjörin.

Hv. þingmaður. Ég fer fram á það að næst þegar þú kemur í andsvar um hvernig eigi að auka tekjur í þjóðfélaginu að þú komir með tillögur um það hvernig eigi að gera það. Við skulum ræða þær.

[16:30]

Forseti (Þuríður Backman):

Ég vil minna hv. þingmenn á að beina orðum sínum til forseta en ekki til þingmanna úti í sal.

[16:30]

Útbýting:

Aukinn þorskafli á fiskveiðiárinu 2008–2009, 11. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 11.

Fjármálafyrirtæki, 14. mál, frv. ÖJ og JBjarn, þskj. 14.

Stjórnarskipunarlög, 15. mál, frv. GÁ o.fl., þskj. 15.

[16:31]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér fjárlagagerð fyrir komandi fjárhagsár, 2009, og komið hefur fram í umræðunni að fjárlagagerðin á sér stað undir mjög erfiðum kringumstæðum þar sem fjármálalífið er í mikilli óvissu þessa dagana. Gagnstætt því sem kom fram í upphafi, að ástæða sé þá til að fresta umræðunni, held ég að það sé einmitt mikilvægt að fjárlögin séu lögð fram. Með þeim er lagður grunnur að því hvað fram undan er, að hverju er stefnt og reynt að móta þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur í málefnum samfélagsins á næsta ári. Raunar eru lögð fram jafnhliða rammafjárlög um hvernig eigi að standa að málum næstu árin.

Komið hefur fram í kynningu á fjárlagafrumvarpinu að það er sveiflujafnandi, þ.e. það er sett upp þannig að reiknað er með halla næstu þrjú árin. Þar er reiknað með að við nýtum okkur þann tekjuafgang sem verið hefur á undanförnum árum og nýtum hann til þess að sigla í gegnum þann ólgusjó sem nú er. Við skulum þó gera okkur grein fyrir þeim óvissuþætti að við vitum ekki hvað það mun kosta að reyna að ná jafnvægi og ná niður verðbólgu í því ástandi sem er í dag. Við skulum ekki reyna að leyna því en ég held að við eigum að geta náð samstöðu um það sem skiptir meginmáli, þ.e. hvaða hagsmuni við ætlum að reyna að verja í því ástandi sem dynur nú yfir. Þar eru auðvitað hagsmunir almennings, trygging þess að fólkið hafi nægjanlega aðkomu í þessum ólgusjó, það er það sem verður verkefni númer eitt, tvö og þrjú.

Það verður einnig verkefni okkar að verja velferðarkerfið því að nú þurfum við meira á því að halda en nokkru sinni fyrr. Við þurfum að sjá fara í gegn lög eins og um greiðsluaðlögun þar sem við reynum að hindra að fólk lendi í gjaldþrotum vegna offjárfestinga á síðustu missirum og vegna gengishruns sem við búum við þessa dagana. Allt eru þetta verkefni sem skipta gríðarlega miklu máli og hljóta að koma til tals í umfjöllun um frumvarpið og í fjárlaganefnd. Það verður líka verkefni okkar að reyna að ná samstöðu um að stemma stigu við almennum hækkunum, hindra að við fáum gamalt og þekkt ástand sem eru víxlverkanir launa og verðlags.

Ríkisstjórnin sem nú stjórnar landinu, stjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, lagði af stað með það verkefni að styrkja velferðarkerfið og viðhalda öflugu efnahagslífi. Það er ærið verkefni og við sjáum að það gengur á ýmsu hjá okkur en við getum þó fullyrt að nú þegar hefur náðst umtalsverður árangur í velferðarmálum. Það er sá árangur sem við þurfum að tryggja með fjárlögum og það kemur fram í þeim tölum sem hér eru birtar. Í fjárlögunum velur ríkisstjórnin að draga ekki saman vegna þess að við búum við almennan samdrátt í þjóðfélaginu og nú er rétti tíminn til að viðhalda framkvæmdum og gæta þess að ríkið skeri ekki niður á sama tíma.

Þrátt fyrir lækkun á tekjum er um að ræða raunhækkun á útgjöldum, í almennum rekstri um 4,2% en í tilfærslum, þ.e. til velferðarkerfisins, er hækkunin 7,1%. Það er líka umtalsverð hækkun á viðhaldsframkvæmdum til að reyna að stemma stigu við atvinnuleysi umfram það sem óhjákvæmilegt getur orðið.

Ef við lítum yfir fjárlögin sjáum við að þær áherslur sem lagðar hafa verið á undanförnum mánuðum á þessu rúma fyrsta ári ríkisstjórnarinnar bera fjárlögin þess merki að þar er málum ágætlega fylgt eftir, í fyrsta lagi varðandi málefni barna og fjölskyldna. Tekist hefur að vinna að málum eins og styttingu biðlista m.a. á barna- og unglingageðdeild. Búið er að laga barnabætur að hluta og breyta fæðingarorlofslögum þannig að tekjuviðmið er hagstæðara. Búið er að

breyta lögum um langveik börn og þurfum við jafnvel að taka þar betur á vegna þess að komið hafa fram ýmsir gallar á þeim lögum þótt stórbætt séu. Allt eru þetta verkefni sem bera vott um að við ætlum að fylgja því eftir sem við lögðum af stað með.

Sama gildir um aldraða og öryrkja, þar er rúmlega 7 milljarða hækkun á árinu 2009 og samkvæmt rammaáætlun verður það um 8,7 milljarðar að meðaltali á ári þannig að hér er verið að leggja verulega mikið meira til velferðarkerfisins. Verið er að auka hjúkrunarrými um 400, fækka þvinguðum sambýlum með sérstökum aðgerðum. Dregið er úr tekjutengingum og tryggðar lágmarksbætur, festar við töluna 150 þúsund kr. Þessar bætur eru síðan verðtryggðar, þ.e. leiðrétting kemur um áramót þannig að verðbólgan mun ekki skerða bæturnar á því ári þótt hún geti haft slæm áhrif á margt annað. Við höfum séð hækkanir á bótum öryrkja og aldraðra þó að ávallt megi gera betur. Nú fer fram endurskoðun á almannatryggingakerfinu og þó að menn hafi náð að afnema makatengingu og skattar á séreignarsparnað verði lagðir af um áramót er, eins og ég segi, ýmislegt óunnið.

Verið er að vinna að endurskoðun starfsendurhæfingar og ganga í samstarf milli ríkis og stéttarfélaga. Það er vinna sem maður bindur miklar vonir við og unnið hefur verið verulegt átak í búsetumálum geðfatlaðra. Einnig þarf að vinna í búsetumálum annarra fatlaðra. Það verður eitt af þeim málum sem við sjáum á málefnalistum og verður verkefni vetrarins, að vinna að endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra, um barnavernd o.fl. sem tengist þessum málaflokki.

Tíminn er ekki langur en hægt væri að halda áfram. Við getum tekið menntamálin og rannsóknirnar. Þar eru framlög til kennslu og rannsókna verulega aukin og hækkanir til framhaldsskóla þó að þær tölur eigi eftir að hækka enn meira með nýjum lögum til þess að uppfylla skilyrðin sem þar eru sett.

Fleira má nefna. Í gangi er ýmis vinna í sambandi við atvinnumálin, bæði í gegnum vaxtarsamningana og einnig í gegnum sérstaka samninga sem gerðir voru bæði við Norðurland vestra og Norðurland eystra og auðvitað verðum við að fylgja því eftir að fjármagn fylgi. Ég verð að viðurkenna að ekki hefur unnist tími til að skoða hvort allt er komið sem gefin voru fyrirheit um en auðvitað skiptir það miklu máli og við verðum að standa þá vakt. Sama gildir um mótvægisaðgerðir til minni sjávarplássa eða þeirra sem tapað hafa kvóta. Við þurfum sem sagt að fylgja því eftir að þær mótvægisaðgerðir nái tilgangi sínum.

Skoða þarf stöðu sveitarfélaganna. Það er erfitt því að sveitarfélögin standa svo gríðarlega misvel — eða misilla — og verður það verkefni í fjárlagagerðinni að fara yfir með hvaða hætti á að nota Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til jöfnunar og hvernig tryggja á að sveitarfélög lendi ekki í verulegum vandræðum vegna samdráttar eða ástandsins á fjármálamörkuðum.

Nú eru ráðherra og ráðuneytin búin að skila inn fjárlagatillögum samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar í meginatriðum en mikil vinna er fram undan í fjárlaganefnd. Aðalverkefnið verður þar, eins og áður sagði, að gæta hagsmuna almennings og bótaþega, tryggja að velferðarkerfið standi vel undir þeim væntingum sem gerðar eru. Við þurfum að beita okkur fyrir því að ekki verði gengið hart fram gagnvart einstaklingum sem lenda í vandræðum í framhaldi af því fjárfestingafyllirí sem hér var.

Það þarf að gæta þess sérstaklega að landsbyggðin verði ekki út undan. Tilhneigingin hefur verið sú að hún sitji svolítið eftir þegar menn reyna að hagræða en það er ekki gert í þessum fjárlögum, þ.e. reynt er að halda halda áfram framkvæmdum. Þar eru framkvæmdir í samgöngum mjög mikilvægar og einnig framkvæmdir í fjarskiptum. Við verðum að treysta á og fylgja því eftir að það nái til landsbyggðarinnar. Ákveðin svæði voru algjörlega utan þjónustusvæðis, eins og ég kalla það, þegar hagvöxturinn var hvað mestur, þ.e. Norðurland vestra og Vestfirðir. Það verður alveg sérstakt verkefni að gæta þess að það bitni ekki á þessum svæðum ef menn fara að krukka í fjárveitingar.

Það má einnig sjá í þessum fjárlögum að skoða þarf einstakar stofnanir. Ég hef orðað það þannig að það vanti viðurkenningu fjárveitingavaldsins og ráðuneytanna á raunfjárþörf einstakra stofnana. Það verður verkefni okkar í fjárlaganefnd að reyna að rétta það við. Þar má nefna t.d. stofnun eins og Háskólann á Hólum sem hefur í rauninni aldrei fengið fjárveitingar miðað við það verkefni sem honum hefur verið falið, þ.e. að vera háskóli. Við getum tekið einstakar heilbrigðisstofnanir og hjúkrunarstofnanir sem þarf að skoða sérstaklega og sama gildir um einstaka framhaldsskóla.

Fjárlögin eru að mínu mati í réttum farvegi, megináherslur og stefna eru mjög rétt. Það er engin ástæða til annars en horfa fram á veginn og líta þannig á að við komumst út úr þessum erfiðleikum og getum farið að takast á við að þróa samfélagið áfram í jákvæða átt. Það verður verkefni okkar í fjárlaganefndinni og í framhaldi af því er það verkefni Alþingis að ljúka og afgreiða fjárlög sem duga okkur vel til næstu ára.

[16:41]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir ræðu hv. þm. Guðbjarts Hannessonar um öll þau góðu mál sem nefnd eru í frumvarpinu og verkefnaþætti sem við viljum að allt fari vel með. Hins vegar er það svo að forsendur fjárlagafrumvarpsins eru ekki fyrir hendi eins og verið er að fjalla um og þess vegna er þýðingarlítið að fara út í slíka efnislega umræðu.

Ég spyr hv. þingmann hvort hann hafi t.d. veitt athygli stöðu sveitarfélaganna. Við höfum verið á fundum landshlutasamtaka sveitarfélaga þar sem bent hefur verið á að þær 1.400 milljónir sem settar voru í jöfnunarsjóð til sveitarfélaganna, þ.e. til viðbótar, eru ekki í frumvarpinu. Auk þess hefur tekjugrunnur jöfnunarsjóðs lækkað verulega þannig að það vantar kannski þrjá eða fjóra milljarða í sjóðinn til tekna sveitarfélaganna frá því sem var á þessu ári, það er grafalvarlegt mál. Ég spyr því hv. þingmann hvort hann hafi ekki tekið eftir þessu og hvort honum finnist það vera ásættanleg afgreiðsla af hálfu fjármálaráðherra. Það er fyrirsjáanlegt að þetta skapar mjög slæma stöðu og getur í rauninni aldrei gengið upp. Þetta er eitt dæmi um að sett er fram fjárlagafrumvarp sem er fyrir fram ómarktækt.

[16:43]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason spyr hvort ég hafi gert mér grein fyrir þessum atriðum varðandi sveitarfélögin. Það er nú býsna skemmtilegt að nú spyr hann eins og kennari þar sem hann spyr eingöngu um það sem hann veit svarið við vegna þess að við vorum báðir á fundi þar sem ég spurði hæstv. fjármálaráðherra einmitt þessarar spurningar. Ég vakti athygli á því að þær 1.400 milljónir sem áður höfðu farið til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem sérstök ráðstöfun væru ekki inni í frumvarpinu.

Jafnreyndur maður og hv. þm. Jón Bjarnason veit að viðgengist hefur í fjárlögum að þær fjárveitingar sem eru áætlaðar til eins árs í senn eru hreinsaðar út og síðan teknar upp aftur í fjárlagafrumvarpinu, þ.e. í vinnslu fjárlaganefndar. Það var sú skýring sem ég fékk varðandi málið. Um er að ræða sérstaka fjárveitingu sem tekin er út úr frumvarpinu og verður að koma inn aftur með einhverjum hætti í fjárlaganefnd, í umfjöllun og samningum við sveitarfélögin eða með einhverjum aðgerðum sem snerta fjárhag sveitarfélaganna. Eins og ég kom að í ræðu minni treysti ég á að svo verði. Það er augljóst að fara þarf yfir stöðu sveitarfélaganna, það má öllum vera ljóst, það er búið að ræða um það í nokkuð langan tíma. Það þýðir ekki að sveitarfélögin geti komist hjá því að verða fyrir einhverjum áföllum vegna fjármálaástandsins og lánakjara. Mörg þeirra, sérstaklega stóru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, hafa staðið í gríðarlegum framkvæmdum. Eitthvað af því getur vel verið að dragist saman en það verður okkar hlutverk að verja þau en ekkert síður minni sveitarfélögin og þau sem jöfnunarsjóður hefur haldið vörð um. Um það fáum við væntanlega að véla í fjárlaganefndinni og komast að ásættanlegri niðurstöðu. Mér er því fullkunnugt um það og hef þegar vakið athygli á því. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að draga það fram hér í ræðustóli.

[16:45]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Sá er munurinn á mér og hv. þm. Guðbjarti Hannessyni að hann situr jú í stjórnarflokknum og ég veit ekki annað en að formaður Sambands sveitarfélaga og fulltrúar þess hafi átt ítrekaða fundi með fjármálaráðherra á árinu og allt fram á síðustu daga til að benda á þetta. Þetta er svo augljóst.

Þetta eitt sýnir bara hversu illa unnið þetta frumvarp er í raun og þau rök sem hv. þingmaður færir að þetta eigi að skoðast seinna. Forsendur fyrir þessari fjárþörf liggja svo sannarlega fyrir auk þess sem jöfnunarsjóðurinn skerðist til viðbótar vegna samdráttar í tekjum ríkisins sem er hluti af tekjustofni sjóðsins.

Ekki á að þurfa að takast á um sjálfsagða hluti í fjárlaganefnd ef pólitískur vilji er fyrir því að sveitarfélögin fái þessar tekjur áfram eins og verið hefur og þau verða að fá, því að þau eru einhliða upp á ríkisvaldið komin. Nóg stendur út af samt til að semja um og fyrir fjárlaganefnd til að taka á varðandi vanefndir af hálfu ríkisvaldsins gagnvart sveitarfélögunum eins og við þekkjum báðir.

Frú forseti. Þetta er því miður eitt dæmi um slíkt og sýnir að fjárlagafrumvarpið sem slíkt, forsendur þess og hvernig það er fram sett, er ekki mikið í takt við þann raunveruleika sem fólkið og sveitarfélögin í landinu standa frammi fyrir og okkur ber skylda til að taka á. Ég skal ekki liggja á liði mínu og við vinstri græn við að flytja hér tillögur og standa að því að styrkja og efla fjárhag sveitarfélaganna. Alls ekki.

[16:47]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að það hafi komið fram í máli mínu fyrr að fjárlögin eru ekki samin af fjárlaganefnd. Þau eru ekki samin af ríkisstjórnarþingmönnum. (**Gripið fram í:** Þetta er ríkisstjórnarfrumvarp.) Það er klárlega. Það er framkvæmdarvaldið og ríkisstjórnin sem leggur til afgreiðslu fyrir Alþingi Íslendinga fjárlög fyrir árið 2009. Það kom ágætlega fram með hvaða hætti þau eru unnin og hvaða álitamál fara til fjárlaganefndar og til okkar þingmanna, þar með talið stjórnarandstöðunnar. Og þetta er eitt af þeim málum, þ.e. sveitarstjórnarpakkinn, sem þar mun koma til umræðu.

Það kemur mér verulega á óvart að hv. þm. Jón Bjarnason skuli kveinka sér undan því að eiga að fara að fjalla um þetta og lýsa eftir því að við afgreiðum þetta mál mun lengra áður en það kemur til þingsins svo við getum örugglega neglt þetta þannig niður að menn hafi engin áhrif á það í meðförum þingsins. (Gripið fram í.) Sjálfur hef ég ekki verið talsmaður þess og tel eðlilegt að við fáum þetta til vinnslu og fáum inn hugmyndir stjórnarandstöðunnar og ég treysti á að hún komi þar einlæglega að og flytji tillögur, bíði ekki þar til lokaniðurstaðan er komin þannig að þeir geti þá kvartað að því loknu. Ég treysti á að það verði þannig og hef enga ástæðu til að ætla annað. Ég held að menn hafi unnið heilt í fjárlaganefnd og reynt að leggja málum þar gott lið. Það er okkar að finna út úr því með hvaða hætti sveitarfélögin verða fjármögnuð að fengnum upplýsingum um stöðu þeirra nákvæmlega og við munum væntanlega gera tillögur um það. En það kemur mér á óvart að hv. þm. Jón Bjarnason skuli auglýsa eftir því að við tökum afstöðu fyrir hann fyrir fram.

[16:49]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Guðbjarti Hannessyni fyrir um margt ágæta ræðu og ég er sammála því mati hans að verkefnið á næstu mánuðum og missirum verður einmitt að verja hag heimilanna og hag samfélagsins alls í þeim ólgusjó sem nú ríður yfir.

Það er einfaldlega þannig að við notum ekki sama peninginn nema á einum stað. Það fjármagn sem ríkisvaldið hefur til ráðstöfunar er mjög takmarkað og kannski enn takmarkaðra en það lítur þó út fyrir í þessu fjárlagafrumvarpi og margt sem bendir til að hallinn þar sé jafnvel vanáætlaður miðað við þann ólgusjó sem nú ríður yfir. En það skiptir mjög miklu máli í því að allir taki á saman. Þess vegna kallaði ég eftir viðbrögðum hv. þingmanns við þeirri tillögu minni að ríkisstofnanir verði ekki síður en heimilin í landinu og fyrirtækin látin mæta kreppunni í stað þess, eins og gert er ráð fyrir í núverandi fjárlagafrumvarpi, að bæði minnkandi tekjur þeirra vegna gengislækkunar og versn-

andi kjör þeirra vegna verðbólgu verði algjörlega bætt. Fjárlagafrumvarpið gerir í rauninni ráð fyrir því að bæta þetta að fullu og reyndar sem ég get ekki alls kostar skilið í fjárlagafrumvarpi 2009 er gert ráð fyrir að koma þar inn með bætur vegna verðbólgu ársins 2008 sem ég hefði haldið að ættu heima inni í fjáraukalagafrumvarpi ef þær ættu á annað borð rétt á sér.

En ég kalla eftir svörum hv. þingmanns um það hvort hann telji þetta rétt ráðslag. Ég er með á því að hann samdi ekki þetta fjárlagafrumvarp eins og hann benti á hér fyrr. En afstaða stjórnarmeirihlutans til stefnumarkandi atriða eins og þessara, og þá um leið þeirrar stefnu fjárlagafrumvarpsins að aðhaldsaðgerðir frumvarpsins hljóði aðeins upp á (Forseti hringir.) 2 milljarða eða rúmlega 1%, skiptir miklu máli.

[16:51]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er gott að við erum sammála um það, hv. þm. Bjarni Harðarson og ég, að verja hagsmuni heimilanna. Það er auðvitað meginverkefnið okkar í því sem fram undan er. Það er augljóst að það verður samdráttur í atvinnulífi. Við erum þegar farin að sjá teikn um það og það verður verkefni ríkisvaldsins samhliða því að við verðum að höndla út frá ytri aðstæðum að reyna að halda hjólum atvinnulífsins gangandi. Það er auðvitað liður í því að fara ekki í harðan niðurskurð á ríkisstofnunum á sama tíma með fækkun á fólki eða samdrætti. Það er liður í því að reyna að halda hjólum atvinnulífsins gangandi og tryggja afkomu fólks að ríkisvaldið haldi hlutunum gangandi og taki inn í fjárlög og viðurkenni þann raunkostnað sem verður að greiða þar. Við erum ekki að fást við neitt annað en það sem þegar er komið og er búið að afgreiða. Það er ekki verið að bæta neinu við fram í tímann. Þannig að ef menn ætla að fara að draga saman eða mæta kreppunni með einhverjum hætti eins og hv. þingmaður er að biðja um þá hlýtur það að þýða niðurskurð hjá ríkinu. Ég tel ekki vera rétta tímann nú. Það hefði átt að gerast í góðærinu og það verða aðrir flokkar að svara fyrir það af hverju það var ekki gert.

En varðandi það að ríkisstofnanir geti engu að síður tekið verulega á í kreppunni þá nefndi ég það í minni ræðu að það þarf auðvitað að ná samstöðu um það að fresta hækkunum á ýmissi þjónustu, gjaldtökum hins opinbera, reyna eins og mögulegt er innan þeirra marka sem við ráðum við að reyna að hindra það að þessi spírall eða hringrás verðlags og verðbólgu fari í gang af fullum krafti. Það verður auðvitað líka umræðan í kjarasamningum og öðru slíku.

Þetta er verkefnið sem fram undan er. Ríkissjóður á auðvitað að taka á í kreppunni en það verður ekki gert með því að falsa tölur eða draga saman í ríkisrekstrinum akkúrat á þessu augnabliki.

[16:53]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka fyrir hreinskilnina því að í þessu svari kom skýrt fram að hv. þingmaður telur að ríkisstofnanir eigi ekki að búa við sömu aðstæður og einkageirinn og heimilin að þurfa að mæta kreppunni á einhvern hátt heldur eigi þær að fá verðhækkanirnar, gengisþróunina bætta að fullu til þess að þar komi ekki til niðurskurðar. Ég er ekki sammála þessu mati. Ég tel þvert á móti, þó að auðvitað viðurkenni ég að að einhverju leyti verði að koma þar á móts við, að það eigi að skera þarna niður og hagræðingarkrafan sem í dag er upp á 2 milljarða í frumvarpinu líkt og var á síðasta ári sé allt of lítil og að í rauninni sé stór hluti af þeim 30 milljörðum sem á að verja til þess að bæta ríkinu upp verðbólguna peningar sem betur sé varið með öðrum hætti. Og það er einfaldlega þannig, frú forseti, að við notum ekki þessa 30 milljarða bæði til þess að bæta ríkisstofnunum verðbólguna og til að hjálpa heimilunum í landinu. Við þurfum að velja þarna á milli. Út á það gengur vinnan við gerð fjárlaganna.

Varðandi hitt atriðið sem hv. þingmaður vék að, og ég ætla þá aðeins að knýja á um betri svör ef hann er til í að koma hér aftur, það lýtur að gjaldskrárhækkunum. Það er líka alveg skýrt í fjárlagafrumvarpinu eins og það liggur fyrir að þar er gert ráð fyrir að gjaldskrárhækkanir, t.d. á olíugjaldi, bensíngjaldi, tóbaksgjaldi, bifreiðagjöldum og fleiru og fleiru fylgi algjörlega verðlagsþróuninni, elti verðbólguna algjörlega, og því miður verð ég að hryggja hv. þingmann með því að við erum reyndar löngu komin fram hjá því marki að geta komið í veg fyrir verðbólguna. Verðbólgan er farin af stað eins og við framsóknarmenn vöruðum við á síðasta ári að mundi gerast. En nú er spurningin: Er hv. þingmaður til í að beita sér fyrir (Forseti hringir.) því með mér að þessar sjálfvirku hækkanir ríkisins verði ekki fyrir hendi?

[16:56]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég hélt að hv. þm. Bjarni Harðarson og ég værum meira sammála en virðist vera. Hv. þingmaður virðist hafa þá tilfinningu að hér sé ofgnótt í ríkiskerfinu, full ástæða til þess að hagræða og skera niður og að við eigum að fara í kjölfarið á fyrirtækjum sem hafa lent í hremmingum og þurft að segja upp fólki og gera það sama. (Gripið fram í.) Við erum ekki að tala um það. Við erum að tala bókstaflega um það að verja hagsmuni. Hver er að verja hagsmuni almennings ef ekki velferðarkerfið sem eru einmitt þær stofnanir sem verið er að ræða um? Og ef við ætlum að fara að skera þær niður til að veita minni þjónustu fyrir fatlaða eða barnafjölskyldur eða lækka bætur eða annað slíkt þá er það bara algjörlega í andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar og þess sem við höfum stefnt að.

Ég tel eðlilegt að við reynum að halda úti þjónustunni. Ég færði rök fyrir því að það er ástæða til þess að fara ekki í niðurskurð núna. Það er hægt að skoða það á öðrum tíma þegar atvinnulífið er í blóma og þarf á vinnuafli að halda. Þeir sem stóðu að því að flytja þurfti inn 20 þúsund manns til að halda atvinnulífinu gangandi verða að svara því hvers vegna þeir völdu þá leið. Það er ekki tími núna til þess að fara að bregðast við því með því að fækka ríkisstarfsmönnum eða senda þá út í atvinnuleysið til viðbótar við þá sem eru í atvinnulífinu.

Það hefur auðvitað verið gætt aðhalds og við höfum farið í gegnum það í fjárlögum og við ræddum það m.a. áðan að það vantar víða peninga inn í ríkiskerfið. Því verður

aldrei öllu mætt hvorki til sveitarfélaga né til einstaklinga. Þess vegna held ég að við séum alveg á réttu róli, það er verið að verðbæta aftur í tímann. Það er ekki verið að verðbæta fram í tímann, það er ekki verið að spá (Gripið fram í.) um verðbólgu og það er hárrétt að við þurfum auðvitað að taka á því. Ég tók það fram sérstaklega að við þurfum að skoða það í sambandi við allar hækkanir hvaða áhrif þær hafa á verðlag og reyna að meta það. En við eigum ekki að fara í samdrátt og niðurskurð eins og hv. þingmaður virðist vera að gera tillögu um.

[16:58]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Þetta hefur verið ágæt umræða, hún hefur að sjálfsögðu litast mikið af því efnahagsástandi sem við erum í þessa dagana. Það er ekki óeðlilegt því að staða efnahagsmála hefur auðvitað gríðarlega mikil áhrif á það hvernig fjárlagafrumvarp er lagt fram og hvernig fjárlög við afgreiðum á endanum. Að sama skapi hefur fjárlagafrumvarpið áhrif á það hvernig efnahagsumhverfið þróast og breytist á næstunni þó að auðvitað sé fjöldamargt annað sem hefur heilmikil áhrif á það líka.

Ég hef ekki orðið var við að það sé mikil gagnrýni á að þetta frumvarp sé lagt fram með halla. Ég skynja það að þingheimur hefur skilning á því í þeirri stöðu sem við erum í núna að þá sé óumflýjanlegt að fjárlagafrumvarp sé lagt fram með halla. Mér finnst reyndar líka ánægjulegt að skynja það að þingheimur er þeirrar skoðunar að þrátt fyrir erfiðleika í þjóðfélaginu eigi það ekki að vera réttlæting fyrir því að útgjöld hvers konar þenjist út bara vegna þess að auka þurfi umsvifin. Það verði að fara í það á efnislegum forsendum hvað gert er og að þeir hlutir sem við setjum fjármunina í gagnist okkur í þeirri baráttu sem við erum í við að styrkja efnahagsumhverfið.

Þess vegna er það auðvitað fjárlaganefndar að fara vel ofan í þær tillögur sem eru í fjárlagafrumvarpinu og lagðar fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar því að auðvitað er það aldrei svo að allir hlutir séu fullkomnir þegar þeir eru lagðir fram í þinginu og það er eðlilegt og rétt hlutverk þingsins að fara ofan í þessa hluti og ef þar er ekki allt eins og menn telja réttast þá gerum við á því breytingar.

Ég endurtek þakkir mínar og óska eftir góðu samstarfi við fjárlaganefnd í þeirri vinnu sem fram undan er og að við náum að afgreiða fjárlögin á tilsettum tíma eins og undanfarin ár.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fjárln.

Fundi slitið kl. 17:01.

---

4. FUNDUR

mánudaginn 6. október,
kl. 4.30 síðdegis.

Dagskrá:

1. Varamenn taka sæti.
2. Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Varamenn taka þingsæti.

[16:36]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hafa bréf frá Katrínu Júlíusdóttur, Álfheiði Ingadóttur og Siv Friðleifsdóttur um að þær séu á leið á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og geti því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur. Í dag taka sæti á Alþingi varamenn þeirra, Guðmundur Steingrímsson, Guðmundur Magnússon og Samúel Örn Erlingsson. Guðmundur Steingrímsson og Samúel Örn Erlingsson hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðnir velkomnir til starfa á ný.

Kjörbréf Guðmundar Magnússonar, 2. varamanns á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavíkurkjördæmi suður, hefur verið rannsakað og samþykkt. Hann hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi á ný. Fyrsti varamaður listans í kjördæminu, Auður Lilja Erlingsdóttir, hefur boðað forföll.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[16:37]

Útbýting:

Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, 80. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 80.

Fundi slitið kl. 16:37.

---

5. FUNDUR

mánudaginn 6. október,
kl. 4.50 síðdegis.

Dagskrá:

Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, stjfrv., 80. mál, þskj. 80. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

[16:52]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Svo háttar til með eina dagskrármálið, Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, að of skammt er liðið frá útbýtingu frumskjals til þess að það megi koma á dagskrá þessa fundar. Þarf því að leita afbrigða svo að taka megi málið á dagskrá og til umræðu. Fer nú fram atkvæðagreiðsla um afbrigðin.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:53]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Það er því miður þannig komið að óhjákvæmilegt er að bregðast mjög hratt við og þótt allt orki tvímælis þá gjört er og kannski sérstaklega þegar ekkert er gert þá er ekkert um annað að ræða en að Alþingi taki strax til starfa við þetta mál. Efni þess ræðum við á eftir en við munum greiða fyrir því að málið komi á dagskrá þó að við afbrigðilegar og sérstakar aðstæður sé og greiða því atkvæði að það fái að koma hér á dagskrá með afbrigðum.

Of skammt var liðið frá útbýtingu eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, 1. umr.

Stjfrv., 80. mál (breytt staða íslenskra banka). — Þskj. 80.

[16:54]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Eins og kunnugt er dynja nú yfir fjármálamarkaði heimsins hremmingar sem einkum lýsa sér í skorti á lausafé vegna takmarkaðs lánsfjárframboðs. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa ekki farið varhluta af þessu ástandi frekar en fjármálafyrirtæki í öðrum löndum. Við þessar erfiðu aðstæður hafa stjórnvöld víða um heim neyðst til að grípa til ráðstafana er miða að því að tryggja virkni fjármálakerfisins og efla traust almennings á því.

Í ljósi þessara aðstæðna er nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnina að grípa til aðgerða og var niðurstaðan sú að nauðsynlegt væri að gera breytingar þær á lögum sem hér eru lagðar til en þær gera stjórnvöldum kleift að bregðast við því ástandi sem nú er á fjármálamörkuðum með þeim hætti sem nauðsynlegt er.

Frumvarpið er í nokkrum köflum og gerir ráð fyrir breytingum á fleiri en einum lagabálki. Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði sem heimila fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs við sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði að reiða fram fjármagn til að stofna ný fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki í heild sinni eða að hluta. Þá er lagt til að lögfest verði heimild fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að leggja sparisjóði til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans. Að auki eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, lögum um innstæðutryggingar fyrir fjárfesta og lögum um húsnæðismál.

Helstu breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki felast í því að lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja með víðtækum hætti vegna sérstakra aðstæðna eða atvika í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Þannig er í fyrsta lagi lagt til að Fjármálaeftirlitið geti boðað til hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda án tillits til samþykkta félags og ákvæða hlutafélagalaga.

Í öðru lagi er lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að taka yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í því skyni að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir, m.a. takmarkað ákvarðanavald stjórnar, vikið stjórn frá að hluta til eða í heild sinni, tekið yfir rekstur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta, m.a. með samruna þess við annað fyrirtæki.

Í þriðja lagi er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti takmarkað eða bannað ráðstöfun fjármálafyrirtækis á fjármunum sínum og eignum. Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilað að taka í sínar vörslu eignir sem mæta eiga skuldbindingum fjármálafyrirtækis og láta meta verðmæti eigna og ráðstafa þeim til greiðslu áfallinna krafna eftir því sem forsvaranlegt þykir.

Í fjórða lagi er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti krafist þess að fyrirtæki sæki um greiðslustöðvun eða leiti heimildar til nauðasamninga.

Hér eru Fjármálaeftirlitinu samkvæmt þessum tillögum veittar mjög víðtækar heimildir, miklar valdheimildir sem ekki hafa áður verið í lögum á Íslandi en þekkjast þó í lögum margra nálægra landa. Lýsir það ástandi því sem nú ríkir á Íslandi að við skulum telja nauðsynlegt að afla okkur slíkra valdheimilda fyrir Fjármálaeftirlitið, heimilda sem áður hafa ekki verið taldar neinar líkur á að þyrfti að nýta hér á landi. Jafnframt er lagt til að í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi verði kveðið á um að framangreindar heimildir Fjármálaeftirlitsins til inngripa í fjármálafyrirtæki nái einnig til annarra eftirlitsskyldra aðila en fjármálafyrirtækja. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi. Þær felast m.a. í því að lagt er til að innstæður séu forgangskröfur við gjaldþrotaskipti. Það er mikilvægt atriði sem ekki hefur verið lögfest áður en er til að ítreka yfirlýsingar mínar og ríkisstjórnarinnar um að innstæður í íslenskum bönkum og sparisjóðum eru tryggðar og ef tryggingasjóður er ekki nægjanlega öflugur til að sinna þeim skyldum mun ríkissjóður gera það. Þetta vil ég ítreka hér.

Þá er í þessum tillögum lagt til að heimilt verði að endurgreiða innstæður af bundnum reikningum í samræmi við skilmála þeirra reikninga þannig að greiðsluskylda skapist ekki á tryggingasjóðinn fyrr en innstæðueigandi hefði getað tekið innstæðu sína út úr banka samkvæmt skilmálum. Þá er lagt til að reglur um skuldajöfnuð gildi við uppgjör milli innstæðna og skulda í sama fjármálafyrirtæki. Þá er í frumvarpi þessu, í lokagreinum þess, lagt til að lögfest verði heimild fyrir Íbúðalánasjóð til að yfirtaka húsnæðislán sem

önnur fjármálafyrirtæki hafa veitt. Talið er skynsamlegt við núverandi aðstæður að opna þann möguleika að Íbúðalánasjóður komi að þeim vanda sem skapast hefur með því að yfirtaka slík lán og mundi það geta greitt bæði fyrir fyrrverandi skuldareigendum, þ.e. fjármálastofnunum, en einnig almenningi sem á þarna hlut að máli og á það húsnæði sem notað er sem trygging í þessum viðskiptum. Við höfum talið nauðsynlegt að afla lagaheimilda í þessu skyni til þess fyrst og fremst að gæta að hag almennings.

Þetta mál ber nokkuð brátt að eins og þingmenn allir vita. Þannig háttar til eins og stundum er hér þegar mikilvæg mál eru á ferðinni að brýnt er að hraða afgreiðslu málsins í gegnum þingið eins og ég hygg að allir þingmenn skilji. Aðstæður eru þannig, því miður, að nauðsynlegt er að þessar heimildir fáist sem fyrst hvenær svo sem kann að þurfa að beita þeim. Ég treysti því að umfjöllun í þinginu verði málefnaleg eins og jafnan og að þingmenn treysti sér almennt til að standa að baki þessum lagabreytingum.

Ég hef kynnt þetta mál fyrir forustumönnum stjórnarandstöðunnar og þakka þeim fyrir gott samstarf. Ég vænti þess að mál þetta geti orðið að lögum síðar á þessum degi.

Ég legg til, herra forseti, að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til viðskiptanefndar þingsins en fer jafnframt fram á það að viðskiptanefnd fái umsagnir um hluta frumvarpsins, annars vegar frá efnahags- og skattanefnd og hins vegar frá félags- og tryggingananefnd eftir efni þess.

[17:02]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Það er dapurlegt, það er þyngra en tárum taki, að til þeirra hluta skuli nú þurfa að koma sem raun ber vitni. Þetta hefði að sjálfsögðu aldrei átt að fara svona. Þetta þurfti aldrei að fara svona. En við stöndum frammi fyrir neyðarkostum og það er ekkert annað að gera en að lágmarka skaðann. Lágmarka skaðann fyrir almenning, lágmarka skaðann fyrir íslenska þjóðarhagsmuni og lágmarka skaðann fyrir framtíðina — fyrir börnin okkar og barnabörnin, fyrir komandi kynslóðir þannig að þær beri sem minnstan skaða af þeirri ráðsmennsku sem við núlifandi kynslóð ráðamanna og viðskiptalífs berum ábyrgð á.

Ég gæti sagt hér margt um vinnubrögð, ég gæti sagt hér margt um seinagang, ég gæti sagt hér margt um tilgangslausa kaffidrykkju yfir einskisverðum hlutum borið saman við það sem nú er í húfi. Ég gæti sagt margt um andvaraleysi. En það þjónar litlum tilgangi nú.

Gagnvart þeim víðtæku heimildum, því neyðarvaldi sem menn ætla nú að taka sér með lögum til að skipa fyrir um hluti í fjármálakerfinu segi ég, og það skal vera alveg skýrt: Hér verða margir að axla ábyrgð og sæta ábyrgð, viðskiptalegri og siðferðislegri ábyrgð, lagalegri ábyrgð og pólitískri ábyrgð, og eftirlitsaðilar eru hér ekki undanskildir. Margir munu verða fyrir miklum skakkaföllum, það er óumflýjanlegt. Og þá skulum við líka fara ofan í saumana á því: Eru aðrir, og hafa aðrir, á sama tíma verið að hirða burtu mikla fjármuni og koma þeim jafnvel fyrir á fjarlægum eyjum? Getum við náð til þeirra? Eigum við ekki að reyna það? Er það ekki sanngjarnt? Jú, við eigum að gera allt sem við getum til þess að tjón almennings verði sem minnst og hinir sem ábyrgðina bera verði að sæta henni.

Það eru ýmis atriði í frumvarpinu sem þurfa skýringa við, því að það hefur verið samið í miklu hasti. Það mun verða gert í nefnd eftir því sem kostur er. Ég vil segja um eitt tiltekið efnisatriði frumvarpsins sem varðar heimildir Íbúðalánasjóðs til að endurfjármagna lán almennings með veði í íbúðarhúsnæði sem veitt hefur verið af viðskiptabönkum og sparisjóðum — að það atriði liggur nú þegar fyrir í frumvarpi fluttu af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við styðjum það því að sjálfsögðu að Íbúðalánasjóður fái þessar heimildir, og ég segi enn: Mikið óskaplega mega menn vera þakklátir fyrir að eiga Íbúðalánasjóð, að hann er til staðar og getur núna tekist á við vandann með okkur. Hvað segja spekingarnir sem hafa sem ólmast viljað hann feigan hér á undanförnum missirum?

Hugur manns er á þessum tíma fyrst og fremst hjá þjóðinni. En ég verð að segja að hugur minn er líka hjá mörgum almennum starfsmönnum í þeim fyrirtækjum sem hér eiga í hlut, starfsmönnum sem hafa unnið störf sín af trúmennsku og samviskusemi. Og það ber líka að hafa í huga að við berum ábyrgð gagnvart þeim eins og öllum öðrum sem saklausir verða fórnarlömb þessara óskapa.

Nú er það svo, herra forseti, að stjórnarandstaðan hefur boðið fram útrétta hönd undanfarna sólarhringa, boðið fram aðstoð sína og í raun setið og beðið. Ríkisstjórnin hefur valið að reyna að gera þetta hjálparlaust þangað til í morgun að við áttum ágætan fund með forustumönnum ríkisstjórnarinnar og aftur eftir hádegið með sömu mönnum og seðlabankastjóra og forstöðumönnum Fjármálaeftirlits. Þetta verða eftirminnilegir fundir og þar voru spilin loksins lögð á borðið og menn horfðust þá loks í augu við hlutina eins og þeir eru en voru því miður, að mínu mati, að mestu leyti fyrirsjáanlegir um miðja síðustu viku. Í ljósi þessa er skýrt að það er ríkisstjórnin sem hefur stýrt verkum og ber hina pólitísku ábyrgð. Þau samskipti sem hún hefur átt við okkur jafngilda því ekki að við séum gengin undir hana með ábyrgð á þessu máli, við munum skoða það og afstaða okkar birtast þegar málið kemur til atkvæðagreiðslu.

Gríðarleg verkefni eru fram undan því að við erum hér ekki að ljúka verki heldur hefja það. Það verða gríðarleg verkefni fram undan að vinna landið upp úr öldudalnum og vinna úr þessum málum og það mun skipta miklu hvernig mönnum tekst til í þeim efnum. Ég vil láta það koma hér fram strax, og beini þeirri áskorun til ríkisstjórnar og stjórnvalda, að tafarlaust verði settur af stað viðbúnaður til þess að aðstoða almenning, til þess að aðstoða þá sem eiga mikil tíðindi í vændum í tengslum við þetta mál, með svipuðum hætti og við gerðum um daginn þegar jarðskjálftinn reið yfir Suðurland. Ég held að á næstu klukkutímum, að minnsta kosti næstu sólarhringum, verði að opna miðstöðvar þangað sem fólk getur leitað og fengið úrlausn, fengið upplýsingar, fengið svör og fengið ráðgjöf. Þetta þarf að gera strax og fumlaust og slík þjónusta þarf að vera til reiðu út um allt land. Í raun má líkja þessu við efnahagslegar náttúruhamfarir nema þessar eru af manna völdum.

Fleira ætla ég ekki að segja á þessu stigi. Málið mun fara til nefndar og fá þar skoðun eftir því sem kostur er við þessar erfiðu aðstæður. Við munum ekki leggja stein í götu þess að það fái hér skjóta afgreiðslu, enda ekki um annað

að ræða, það er ekki annað í boði.

[17:09]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Engum okkar sem sleitulaust höfum staðið í miklu og ólýsanlegu ati síðustu sólarhringana munu nokkurn tímann, frekar en öðrum Íslendingum sem nú eru að heyra fréttirnar, líða úr minni þeir dagar og sólarhringar sem að baki eru — sú staða sem upp er komin og varð ekki fyllilega ljós fyrr en líða tók á daginn í gær.

Engum dylst að staðan er afskaplega þung og hefur verið að þyngjast og við erum að afla heimilda hér til að bregðast við ef staðan verður enn þyngri. Ég vil hins vegar segja það skýrt að ég er sannfærður um það á þessari stundu að þessar heimildir mun ekki þurfa að nota í öllum tilvikum. Ég hef góðar ástæður til að ætla að sumir bankanna okkar muni rífa sig í gegnum storminn. Það er lykilatriði að það liggi skýrt fyrir.

En við horfum núna á fordæmislausar efnahagslegar hamfarir ríða yfir heimsbyggðina og í umræðum síðustu vikna voru notaðar samlíkingar við heimskreppuna miklu 1929 og 1930. Nú eru menn farnir að leita enn aftar þegar horft er til þess fordæmislitla gjörningaveðurs sem nú geisar yfir fjármálastofnanir og fjármálakerfi heimsins, og fellir nú banka tugum saman um allan heim. Þessir atburðir á alþjóðamörkuðum hafa leitt okkur inn á þann örlagadag sem við lifum nú, Íslendingar, þegar við stöndum frammi fyrir því sem við höfum lengi vitað að hlutfallsvandi á milli banka og samfélags getur skapað aðstæður sem nú eru upp komnar þó að enginn maður hafi haft hugmyndaflug til að ímynda sér að aðstæður yrðu svo alvarlegar sem þær eru núna.

Laust fé þurrkast upp, vantraust á mörkuðum er algjört. Allt var gert um helgina til að leita leiða, og þá meina ég allt, til að bankarnir, þeir sem verst munu standa, komi sér út úr þessum aðstæðum. En við getum ekki teflt þjóðinni sjálfri í tvísýnu í þeim aðgerðum, það liggur bara þannig fyrir. Það þekkja það allir að við búum við takmarkaðan forða, við erum lítil og fámenn þjóð og getum ekki þegar á reynir teflt á tæpasta vað með þá hagsmuni og peninga almennings.

Staða fjármálakerfisins er þessi: Lánalínur lokast og lindir fjármagns þorna upp og við verðum að vinna úr þeirri stöðu. Á þessu augnabliki sem við stöndum hér í þinginu og samþykkjum og vinnum að neyðarlögunum sem hér eru samþykkt — róttækari lögum en þingið hefur áður fjallað um og farið með í gegn — erum við að sjálfsögðu að hefja upphaf að endurreisnarstarfi, að endurreisn fjármálakerfis okkar. Um er að ræða víðtækar valdheimildir til að endurskipuleggja fjármálakerfið og fyrst og fremst, ef aðstæður verða alvarlegri, að koma í veg fyrir að bankarnir loki, greiðslukerfið frjósi eða hrynji og verði ekki virkt.

Meginmarkmið aðgerðanna hér í dag og í kvöld er að kvöldið og nóttin nýtist til þess að Fjármálaeftirlitið fái þessar heimildir og tryggi að ef vandi þeirra verst stöddu er sá sem talið er sé hægt að koma í veg fyrir að bankar verði lokaðir á morgun og greiðslukerfin frjósi. Félagsmálaráðherra hefur nú þegar sett af stað vinnu við samræmda þjónustumiðstöð um ráðgjöf og velferðarþjónustu fyrir þá sem verst fara út úr þeim ósköpum sem yfir okkur ganga og fyrir þá sem standa frammi fyrir mestu erfiðleikunum þrátt fyrir þær aðgerðir sem stjórnvöld grípa til.

Meginmarkmiðin í frumvarpinu, fyrir utan hinar víðtæku og yfirgripsmiklu heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja, eru að tryggja hagsmuni íslensks almennings, tryggja almannahagsmuni og fjármálalegan stöðugleika, tryggja hann og endurreisa. Megininntakið í þessu er það sérstaklega að við höfum lýst því yfir fortakslaust að við höfum lýst því yfir að allar innstæður í íslenskum bönkum á Íslandi eru tryggðar að fullu og án hámarks. Enginn þarf að óttast um innstæður sínar. Það er algjörlega á hreinu, því hefur margoft verið lýst yfir og hæstv. forsætisráðherra rakti það enn og aftur í ávarpi sínu hér í kvöld. Þá er lagt til að innstæður verði forgangskröfur við gjaldþrotaskipti sem er mjög mikilvægt ákvæði. En síðast en ekki síst er það það sem snýr að fólkinu í landinu og þeim þúsundum sem nú hugsa um stóru lánin sín, hvað verði um íbúðalánin í bankanum, lánin sem tekin voru á síðustu missirum, í þeim bönkum sem hugsanlega kunna að lenda í þessu þroti. Það er því gríðarlega mikilvægt að hér er lagt til að lögfest verði heimild til Íbúðalánasjóðs til að yfirtaka húsnæðislán í öllum íslenskum fjármálastofnunum — þetta er gríðarlega mikilvægt ákvæði.

Auk þess að vernda innstæður sparifjáreigenda takmarkalaust, að fullu, er þetta ákvæði, að Íbúðalánasjóður fái heimild til að yfirtaka og kaupa öll íslensk fasteignalán í öllum fjármálafyrirtækjum á landinu, ef svo fer sem hugsanlega gæti farið, og við horfum að sumu leyti fram á, þá geti það gerst og orðið svo, vegna þessara heimilda, að Íbúðalánasjóður fólksins eignist íbúðarlánin. Með þessum ákvæðum sérstaklega tryggjum við ýtrustu hagsmuni almennings.

Ýmsu er ósvarað fyrir almenningi eins og hvað varðar innstæðutryggingarnar — margir spurðu sig í dag eftir flugufréttir um að innstæður barna undir 18 ára aldri, sem væru undir lögaldri, væru ekki tryggðar. Svarið við því er afdráttarlaust: Þær innstæður eru tryggðar. Allar innstæður á kennitölu eru tryggðar. Séreignarsparnaðurinn er tryggður og svo mætti lengi telja.

Þjónustumiðstöðvarnar, sem hæstv. félagsmálaráðherra hefur nú hafið undirbúning að, sem eiga að veita fólki liðsinni og áfallahjálp, þeim sem munu verða fyrir mestu áföllunum, munu hafa allar þessar upplýsingar á takteinum þegar á reynir. Auðvitað er þetta áfall fyrir okkur öll. Það eina sem við getum gert á þessari stundu er að lágmarka skaðann eins og kostur er, tryggja að hagsmunir fólksins, almannahagsmunir, séu varðir og verndaðir í hvívetna. Til þess höfum við ýmis ráð og þau ráð er að finna í þessum bandormi sem hæstv. forsætisráðherra mælti fyrir og unnið hefur verið að bókstaflega myrkranna á milli.

Auðvitað verða áhrifin af því áfalli mikil og langvarandi en við getum gert gríðarlega margt til að koma í veg fyrir að áföllin verði meiri og alvarlegri fyrir fólkið í landinu. Við getum búið svo um hnútana, í samstilltu átaki okkar allra, að verja hagsmuni fólksins og koma í veg fyrir að þorri landsmanna lendi í erfiðleikum þegar til lengri tíma er horft. Auðvitað verða þetta erfiðir dagar ef til þess kemur

að greiðslukerfi virka ekki o.s.frv. en við þurfum öll að halda ró okkar, sýna yfirvegun og stillingu á meðan þingið er að ljúka þeim frumvarpsdrögum sem hér liggja fyrir, á meðan við erum að greiða úr flækjunni, á meðan ástandið er að birtast og taka á sig mynd og við förum að sjá í gegnum þá þoku sem umlukið hefur fjármálakerfi okkar Íslendinga eins og fjármálakerfi allrar heimsbyggðarinnar á síðustu dögum, vikum og mánuðum. Það gjörningaveður sem ég nefndi hér áðan að hefði gengið yfir fjármálakerfi heimsins hefur ekki gert annað en að ágerast og hefur orðið að þeim fellibyl sem nú fer yfir og hefur orðið þess valdandi að fjöldi banka um allan heim hefur lent í þessu þroti.

Munurinn á okkar stöðu og sumra landa sem lent hafa í þessu fyrr og að sumu leyti harðar en við á fyrri stigum er að þessar víðtæku heimildir hafa verið til staðar. Við þurftum að koma okkur upp þessum heimildum þegar þessar aðstæður sköpuðust og við verðum að gera það allra besta úr því til þess að tryggja að allt gangi sinn vanagang í íslensku þjóðfélagi strax í fyrramálið þrátt fyrir það áfall sem hæstv. forsætisráðherra hefur sagt frá að dynji yfir fjármálakerfið. Við verðum að sýna æðruleysi og ró gagnvart þessum alvarlegu aðstæðum, vinna úr þeim og gera það allra besta úr þeim. Það getum við svo sannarlega gert, þetta er ekki svartnætti þó að staðan sé alvarleg. Við munum vinna okkur í gegnum þetta og þar liggur frumvarpið — með innstæðutryggingum, heimildum til Íbúðalánasjóðs til að kaupa fasteignaskuldir í öllum íslenskum fjármálafyrirtækjum — algjörlega til grundvallar.

[17:19]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja ræðu mína á því að þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir ávarp til þjóðarinnar rétt áðan, hógvært og látlaust, ávarp sem auðvitað gat ekki sagt fyrir um allt sem fram undan er en boðaði þó erfiðleika. Við þær aðstæður er auðvitað mjög mikilvægt að allir menn haldi ró sinni og stillingu.

Ég vil í upphafi segja að við framsóknarmenn erum þeirrar skoðunar að nú sé mjög mikilvægt að allt það fólk sem líður kvalir og býr við óvissu við þær aðstæður sem nú eru eigi aðgang að upplýsingum og fái upplýsingar. Þá á ég ekki einungis við fólk hér innan lands heldur líka Íslendinga sem t.d. eru í námi erlendis, eins og margt ungt fólk er, og Íslendinga sem búa erlendis og hafa áhyggjur af þjóð sinni, Íslendinga sem eru á ferðalögum. Það er mjög mikilvægt að skapa ró og vissu og greiða úr þeim vandamálum sem kunna að koma upp á næstu dögum í þeim erfiðleikum sem nú er við að glíma.

Mér er það alveg ljóst og okkur framsóknarmönnum að í dag er lagt af stað til þess að öll nauðsynleg tæki og tól verði í þeim björgunarbát sem nú er mikilvægt að setja á flot, björgunarbát til þess að bjarga þjóðarskútu Íslands út úr þeim brimgarði sem hún er komin í. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því að þetta eru annars konar hamfarir en yfir okkur hafa gengið fyrr eða síðar. Gamla fólkið man eftir peningakreppu og áfalli í kringum peninga, unga fólkið man það ekki og hefur ekki þekkt það fyrr í lífi sínu. Á hinn bóginn er líka ljóst að það hefur enginn maður farist í þessum hamförum, það er ekkert slíkt á ferðinni eins og stundum hefur verið þegar hefur orðið að ávarpa þjóðina við mjög erfiðar náttúruhamfarir.

Við búum við þá gæfu að vera rík þjóð með mikilvægar auðlindir. Við þurfum að eignast einn þjóðarvilja, eina þjóðarsál við þær aðstæður sem nú eru til þess að við getum á sem skemmstum tíma, á sem allra skemmstum tíma náð á ný byr í þau segl sem við höfum öll tækifæri til. Við Íslendingar eigum dýrmætar auðlindir sem hafa gefið okkur mikið í gegnum áratugina, við eigum lífbeltin tvö, hafið og landið, og við höfum sótt mikinn auð í þær auðlindir og við framsóknarmenn höfum vakið athygli á því á síðustu vikum og mánuðum að þar bíða okkar mikil og ný tækifæri. Við eigum hafið, við getum aukið þorskveiðikvótann, við getum hraðað þeim stóru verkefnum sem nú eru í undirbúningi og hafa verið í mörg ár, á Bakka við Húsavík og í Helguvík, við eigum að geta aflað mikils.

Skammtímavandinn er hins vegar stór. Ég geri kröfu til þess sem formaður Framsóknarflokksins og við framsóknarmenn höfum rætt það í dag, að nú verði allir að axla ábyrgð, líka þeir sem fóru offari á vegferð heimsins á síðustu mánuðum og missirum. Þeir verða að koma til samstarfs við ríkisstjórnina til þess að vinna sig út úr vandanum, það verða allir að leggjast á eitt. Það eru margir að tapa miklu en það stendur til að sá björgunarbátur sem hér er verið að búa til verji þá hagsmuni sem dýrmætastir eru, sparifé fólksins, að menn geti farið í þær mikilvægu aðgerðir að fólk haldi eignum sínum og íbúðum o.s.frv. Við leggjum megináherslu á það. Það er stóra verkefnið í þeirri aðgerð sem nú er fram undan, að bjarga því sem bjargað verður.

Við þessar aðstæður get ég samt ekki annað en rifjað það upp að við framsóknarmenn höfum varað við þessum vanda. Við höfum í rauninni gagnrýnt ríkisstjórnina frá því að hún hóf störf fyrir aðgerðaleysi, fyrir það andvaraleysi sem hún sýndi kreppu sem fæddist fyrir 15 eða 16 mánuðum. Vofan var þá komin af stað. Það lá fyrir úti í Bandaríkjunum, þær upplýsingar höfðu hingað borist. Hið ódýra fjármagn sem setti glýju í augun á mörgum var runnið til þurrðar. Þær lindir voru þornaðar og fram undan var fjármagn, mjög dýrt og fjárþurrð. Þess vegna rifja ég upp að á sumarþingi gagnrýndum við að ekki væri gripið til ráðstafana og þegar heimskreppan var hafin gerðum við það hiklaust hér í þingsalnum í fyrrahaust, við lögðum fram efnahagstillögur í mars, við lögðum fram efnahagstillögur um aðgerðir í júlí, þannig að við vöruðum við og gerðum okkur grein fyrir því. Heimurinn var í hættu, Ísland gat smátt og smátt lent inni í þessum hremmingum. Fjármálakreppan hlaut að skella á Íslandsströndum og nú hefur hún gert það og þess vegna er verkefnið hér aðeins eitt, þ.e. að lágmarka skaðann, að kalla út slökkviliðið og björgunarsveitina eins og ég hvatti til í umræðunni í síðustu viku. Nú er þetta verkefni morgundagsins og að vinna úr þeim mörgu erfiðleikum sem blasa við. Nú er um að gera að slíðra sverð og sakast ekki hver við annan. Fortíðin geymir sinn vanda, hún geymir sín tækifæri sem voru þá góð. Hún geymir líka sín mistök og yfir þau þarf að fara á síðari stigum og verður örugglega gert og er mikilvægur lærdómur.

Aðalatriðið er að ganga til þeirra verka sem nú blasa við Alþingi, ríkisstjórn, atvinnulífi — ég tala nú ekki um fjöl-

skyldunum á Íslandi. Við framsóknarmenn höfum talað um þjóðarsátt í heilt ár, þjóðarsáttarborð þar sem menn kæmu saman til þess að velta morgundeginum fyrir sér, til að velta því fyrir sér hvernig þeir gætu mætt þeim erfiðleikum sem voru svo augljósir, en hér er hvorki staður né stund til þess að tíunda það. Við framsóknarmenn höfum fallist á það hér í dag að greiða fyrir þessari flýtimeðferð, að þingið geti á sem skemmstum tíma útbúið þau tæki og tól sem þarf í björgunarbátinn til þess að siglingin geti hafist, til þess að ausa þjóðarskútuna. Ég trúi því að við höfum manndóm og styrk til þess að koma í veg fyrir að börnin okkar og komandi kynslóðir sitji hér áratugum saman í miklum vandamálum. Skylda dagsins, skylda morgundagsins er nákvæmlega sú að koma í veg fyrir að við sitjum hér undir ábyrgðum og vandamálum sem við ráðum ekki við nema í fátækt því þá ráðum við ekki við það. Þess vegna skulum við horfa fram á veginn. Við Íslendingar erum oft meistarar í að vinna okkur út úr kreppu og erfiðleikum, þá höfum við styrk, við gleymum okkur oft í sólskini og góðæri. Það hefur því miður gerst hér.

Ég segi eins og hæstv. forsætisráðherra sagði: Við Íslendingar eigum mikinn dugnað og mannauð, við eigum bjartsýni og þess vegna er mikilvægt að virkja alla þá orku til þess að vinna með okkur. Ég segi að lokum, hæstv. forsætisráðherra, af því að þú minntist hér á sjómennskuna og brimið og skipin: Gömlu sjómennirnir sögðu þegar úfinn var sjór og þeir stóðu í vörinni: Ýtum úr vör í Drottins nafni.

Nú skulum við standa saman og vinna saman, Íslendingar.

[17:29]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Við stöndum öll frammi fyrir því í dag að takast á við það að lágmarka skaðann sem íslensk þjóð getur orðið fyrir, koma í veg fyrir að hér verði fjármálakrísa og tryggja að fjölskyldurnar í landinu haldi eignum sínum eins og framast er kostur, tryggja inneignir fólks, tryggja séreignarsparnaðinn fyrir fólkið í landinu og leggja fram varnir með þessu lagafrumvarpi sem hér hefur verið kynnt til þess að geta brugðist við.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að við í Frjálslynda flokknum höfum ekki átt neina aðild að ríkisstjórnum á undanförnum árum. Við erum líka að upplifa það að vera kallaðir til eins og aðrir stjórnarandstöðuflokkar þegar málin eru komin í óefni. Menn voru kallaðir hér til fyrir níu dögum síðan, korter fyrir tólf á miðnætti, til að segja þeim hvað ætti að gera við Glitni bankann þá. Það eru ekki endilega líkur á því að mál fari með þeim hætti sem þá var lagt upp með.

Við í stjórnarandstöðunni erum kallaðir til í dag til að segja okkur hvað menn hafa verið að fjalla um undanfarna daga. Okkur er sýnd sú leið sem ríkisstjórnin hyggst fara. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég tel að eðlilegt hafi verið að kalla menn fyrr til skrafs og ráðagerða um þessi mál. Við munum hins vegar ekki leggja stein í götu þess máls sem hér er lagt fram varðandi málsmeðferð og framgang í þinginu. Við munum greiða því atkvæði að þessi mál komi sem allra fyrst til nefndar þannig að menn geti farið yfir rök með og móti í þeim lagagreinum sem hér er lagt upp með því að öll viljum við lágmarka skaðann.

Hins vegar er alveg hægt að segja, hæstv. forseti, að það er afar sérstakt þegar svo alvarlegir tímar eru uppi sem hér birtast í dag með sérstöku ávarpi hæstv. forsætisráðherra til þjóðarinnar að menn skuli þá ekki leita þess sem ég vil leyfa mér að kalla raunverulegs samráðs, líka við stjórnarandstöðuna, þ.e. ekki aðeins að við séum kallaðir til í lok verksins til að kynna okkur það sem þá liggur á borðinu. Ég held að hitt verklagið sé betra, hæstv. forseti.

Við munum, eins og ég sagði áðan, greiða því atkvæði að þetta mál gangi til nefndar þannig að hægt sé að vinna það hratt. Þetta eru jú neyðarlög sem hér er verið að leggja fram og hæstv. forsætisráðherra orðaði það svo að við værum að takast á við efnahagslegar hamfarir í ávarpi sínu til þjóðarinnar. Auðvitað er mikil vinna fram undan þegar búið verður að afgreiða þessa lagasetningu og margt þarf að skoða og gaumgæfa og það er alveg ljóst að hluthafar í íslenska bankakerfinu gætu borið verulega skarðan hlut frá borði. Okkur ber að vernda hagsmuni landsmanna í heild og líta sérstaklega til þess að fara ekki þannig frá þessu máli að þjóðin sitji uppi með verulegar skuldbindingar til langs tíma, verulegar skuldbindingar sem hefðu getað haft veruleg áhrif á efnahag okkar til áratuga jafnvel ef allt færi á versta veg. Hér er þess vegna verið að bregðast við efnahagslegum hamförum og hægt er að taka undir það að við erum að setja hér neyðarlög.

Sem betur fer eigum við Íbúðalánasjóð og væntanlega getum við nýtt okkur hann til að hjálpa skuldugum húsbyggjendum, meðal annars með því að yfirtaka lán inn á Íbúðalánasjóðinn frá bankakerfinu. Vonandi tekst okkur að leysa hlutina þannig að íslenskar fjölskyldur standi sem best eftir þessar aðgerðir okkar núna.

Hæstv. forseti. Hvaða afstöðu við tökum í Frjálslynda flokknum eftir að málið hefur komið út úr nefnd mun koma í ljós. Það þarf auðvitað að ræða margt í þessu máli. Þó að ríkisstjórnin hafi setið með þetta mál í einhverja daga þá á það ekki við um stjórnarandstöðuna. Við munum að sjálfsögðu spyrja spurninga og krefjast svara í meðförum málsins í nefnd. En hitt er alveg ljóst að við viljum öll leggjast á árar til að lágmarka skaða íslenska þjóðfélagsins.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Tilhögun þingfunda.

[17:36]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að nefndir fara þegar til starfa, viðskiptanefnd, svo og efnahags- og skattanefnd og félags- og tryggingnefnd. En ég bið alþingismenn að vera viðbúna því að þingfundir hefjist að nýju síðar í dag.

Fundi slitið kl. 17:37.

6. FUNDUR

mánudaginn 6. október,
kl. 9.30 síðdegis.

Dagskrá:

Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, stjfrv., 80. mál, þskj. 80. — 2. umr. *Ef leyft verður*.

[Fundarhlé. — 21:34]

[21:42]

Útbýting:

Aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum, 30. mál, þáltill. SF o.fl., þskj. 30.

Almannatryggingar, 31. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 31.

Andstaða við eldflaugavarnakerfi í Austur-Evrópu, 49. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 49.

Áfengislög, 54. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 54.

Endurbætur björgunarskipa, 27. mál, þáltill. JónG o.fl., þskj. 27.

Fjárreiður ríkisins, 55. mál, frv. KHG, þskj. 55.

Hámarksmagn transfitusýra í matvælum, 45. mál, þáltill. SF o.fl., þskj. 45.

Háskóli á Ísafirði, 46. mál, frv. KHG o.fl., þskj. 46.

Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, 80. mál, nál. meiri hluta viðskn., þskj. 81; brtt. meiri hluta viðskn., þskj. 82; nál. minni hluta viðskn., þskj. 83.

Hreyfiseðlar í heilbrigðiskerfinu, 8. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 8.

Lánamál og lánakjör einstaklinga, 16. mál, þáltill. JM o.fl., þskj. 16.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 35. mál, frv. BJJ o.fl., þskj. 35.

Losun brennisteinsvetnis af manna völdum í andrúmslofti, 29. mál, þáltill. ÁI o.fl., þskj. 29.

Málsvari fyrir aldraða, 18. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 18.

Olíugjald og kílómetragjald, 40. mál, frv. HöskÞ o.fl., þskj. 40.

Rannsóknarnefnd til að gera úttekt á fiskveiðiheimildum, 21. mál, frv. GMJ og GAK, þskj. 21.

Rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, 20. mál, þáltill. VS o.fl., þskj. 20.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, 61. mál, frv. KHG, þskj. 61.

Samkeppnisstaða fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, 32. mál, þáltill. ÁMöl o.fl., þskj. 32.

Skipafriðunarsjóður, 60. mál, þáltill. MS o.fl., þskj. 60.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 36. mál, frv. GAK og GMJ, þskj. 36.

Stjórn fiskveiða, 63. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 63.

Stjórnarskipunarlög, 58. mál, frv. KHG, þskj. 58.

Stofnun barnamenningarhúss, 24. mál, þáltill. KJak o.fl., þskj. 24.

Tekjuskattur, 41. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 41.

Þjóðlendur, 25. mál, frv. BjH o.fl., þskj. 25.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:45]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 61 shlj. atkv.

Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, 2. umr.

Stjfrv., 80. mál (breytt staða íslenskra banka). — Þskj. 80, nál. 81 og 83, brtt. 82.

[21:46]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta viðskiptanefndar um frumvarp til laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur og Áslaugu Árnadóttur frá viðskiptaráðuneyti, Jónas Fr. Jónsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Tryggva Herbertsson frá forsætisráðuneyti, Davíð Oddsson og Sigríði Logadóttur frá Seðlabanka Íslands, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Eirík Tómasson prófessor frá Háskóla Íslands, Þórð Friðjónsson frá Kauphöll Íslands, Harald Birgisson, Frosta Ólafsson og Finn Oddsson frá Viðskiptaráði Íslands, Hrafn Magnússon og Arnar Sigurmundsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Helgu Jónsdóttur og Sonju Ýr Þorbergsdóttur frá BSRB, Guðmund Bjarnason og Ívar Ragnarsson frá Íbúðalánasjóði, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins og Ernu Guðmundsdóttur frá BHM og Kennarasambandi Íslands.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að við sérstakar aðstæður verði fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að leggja fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða hluta. Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að ríkissjóður geti við vissar aðstæður lagt sparisjóðum til fjárframlag sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé. Sama gildi um sparisjóði sem búið er að hlutafjárvæða.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði fengnar víðtækar heimildir til að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja og bregðast við vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði, að boða til hluthafafundar eða fundar stjórnar auk þess sem gerðar eru breytingar á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi. Loks er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilað að yfirtaka húsnæðislán fjármálafyrirtækja.

Eftir umræður nefndarinnar hefur meiri hlutinn komið sér saman um eftirfarandi breytingar við frumvarp þetta. Lagt er til að 1. mgr. verði breytt á þann hátt að skýrlega sé tekið fram að ekki verði gripið til ráðstafana samkvæmt

lögunum nema við sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði. Þá er einnig lagt til að tenging milli 1. og 2. mgr. 1. gr. verði skýrari með því að vísa í 2. mgr. til hugtaksins sérstakra og óvenjulegra aðstæðna á fjármálamarkaði sem fram kemur í 1. mgr.

Nefndin ræddi um viðskipti með stofnfjárbréf í 2. gr. frumvarpsins og leggur til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að setja sérstakar reglur um viðskipti með stofnbréf.

Einnig er bætt við nýrri málsgrein í 5. gr. þannig að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að skipa fimm manna skilanefnd sem fari með allar heimildir stjórnar fjármálafyrirtækis sem vikið hefur verið frá.

Þá eru lagðar til breytingar sem tryggja að allur lífeyrissparnaður á innstæðuformi falli undir ákvæði laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999.

Einnig leggur meiri hlutinn til að Íbúðalánasjóði verði heimilt að kaupa eða endurfjármagna skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði og að ráðherra verði heimilt að mæla nánar fyrir um slíka yfirfærslu lána í reglugerð. Nefndin ræddi einnig nokkuð um lagaheimildir Íbúðalánasjóðs til skuldbreytinga á lánum og telur nauðsynlegt að kveðið verði skýrt á um að yfirtekin eða keypt lán skv. V. kafla frumvarpsins falli undir heimild til skuldbreytingar sem kveðið er á um í 48. gr. laga um húsnæðismál. Með þessu telur nefndin tryggt að heimilt verði að skuldbreyta keyptum eða yfirteknum lánum einstaklinga sem lenda í greiðsluerfiðleikum.

Að lokum ræddi nefndin um nauðsyn þess að lög þessi verði endurskoðuð og leggur til í ákvæði til bráðabirgða að þau skuli endurskoðuð fyrir 1. janúar 2010.

Nefndin leggur áherslu á að ákvæði frumvarpsins eru hugsuð sem neyðarráðstöfun og því þurfi ráðherra að leita staðfestingar þingsins. Leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess að verði heimildin notuð skuli fjárlaganefnd Alþingis upplýst jafnharðan um ráðstafanir.

Nefndin telur að í ljósi þessara sérstöku aðstæðna sem skapast hafa á innlendum sem og alþjóðlegum mörkuðum sé heimilt að grípa til svo róttækra aðgerða sem hér eru lagðar til og koma með því í veg fyrir keðjuverkandi áhrif á fjármálamarkaðinn og íslenskt hagkerfi. Leggur nefndin áherslu á að hér er umfram allt verið að tryggja hagsmuni hins almenna borgara og skapa skilyrði fyrir stöðugleika í efnahagslífinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem koma fram á sérstöku þingskjali.

Undir þetta álit skrifa Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Jón Gunnarsson, Björk Guðjónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Birkir J. Jónsson, með fyrirvara, Höskuldur Þórhallsson, með fyrirvara.

Ég tek fram að við fengum umsagnir frá bæði efnahags- og skattanefnd og félags- og tryggingamálanefnd.

Að lokum vil ég segja það að hér átti sig allir á því í samfélaginu, bæði innan þings og utan, að um neyðarráðstöfun er að ræða. Hér er á ferðinni setning neyðarlaga til að mæta þeim efnahagslegu hamförum sem nú ríða yfir þjóðina, en það má líka hafa í huga að þetta er hluti af þeim alþjóðlega vanda sem nánast öll vestræn ríki búa núna við. Með þessari lagasetningu erum við að tryggja hag almennings, við erum að tryggja að bankastarfsemi í landinu haldi áfram og greiðslukerfin verði virk, við erum að tryggja að allar innstæður borgaranna verði öruggar, við erum að tryggja að ríkið fái heimild til að grípa inn í við stjórnun fjármálafyrirtækja ef stefnir í óefni. Ef fjármálafyrirtæki lenda í vandræðum er þessi heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að koma að stjórn þess fyrirtækis og það tryggir í mínum huga að ekki muni reyna á það að innstæður einstaklinga séu í hættu.

Við tryggjum þarna heimild til innspýtingar í sparisjóðina, við erum að tryggja að innstæður verði forgangskröfur, við erum að tryggja að Íbúðalánasjóður geti yfirtekið húsnæðislánin, sem er auðvitað gríðarlega mikilvægt í þessu samhengi.

Við höfum sömuleiðis samhliða þessu boðað að sett verði á fót, eins og hér hefur komið fram, samræmd þjónustumiðstöð félagsmálaráðuneytisins til að mæta þeim spurningum sem óneitanlega vakna við það umrót sem nú er í gangi.

Tilgangurinn er að sjálfsögðu sá að tryggja gangverk atvinnulífsins, við erum að tryggja og stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Við höfum orðið fyrir talsverðu höggi, það fer ekki fram hjá nokkrum manni en við megum ekki gleyma því að innviðirnir eru traustir. Við höfum mjög öflugan mannauð, við erum þrátt fyrir allt fimmta ríkasta þjóð í heimi, við erum með eitt öflugasta lífeyrissjóðskerfi í heimi, við erum með öflugt menntakerfi og velferðarkerfi, við erum með endurnýjanlegar auðlindir og þetta þarf allt að setja í samhengi við þau tímabundnu vandræði sem núna ríða yfir okkur. Ég fullyrði að Íslendingar og við öll sem dveljum á þessu landi munum komast út úr þessum vandræðum, við munum halda áfram að vinna að tillögum og hugmyndum um að tryggja hér enn frekari fjárhagslegan stöðugleika þar sem sanngirni og réttlæti verða okkar leiðarljós.

[21:53]

Frsm. minni hluta viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti minni hluta viðskiptanefndar en að honum stend ég ásamt því að hv. þm. Jón Magnússon, sem er áheyrnarfulltrúi í viðskiptanefnd, er samþykkur áliti minni hlutans.

Minni hlutinn hefur að sjálfsögðu reynt að kynna sér og rannsaka efni frumvarpsins eins og kostur er á skömmum tíma og við afar sérstakar aðstæður. Málið er borið fram af ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar þegar komið er í mikið óefni í fjármálalífi landsmanna og engir góðir kostir eru í boði. Við þær aðstæður er að sjálfsögðu verkefni Alþingis og ríkisstjórnar að lágmarka skaðann fyrir almenning og fyrir þjóðarbúið eins og framast er unnt. Ekki skiptir síður miklu máli að reyna að tryggja að framtíðarhagsmunir landsmanna séu varðir þannig að byrðarnar verði ekki þyngri en óumflýjanlegt er á herðum komandi kynslóða. Auðvitað eru það heimilin í landinu sem hugur okkar flestra dvelur hjá um þessar mundir. Það eru undirstöðustofnanir samfélagsins, heimilin, sveitarfélögin og ríkisvaldið sjálft sem umfram allt þarf að verja.

Hæstv. ríkisstjórn hefði á undanförnum dögum og vikum mátt standa sig betur í að hafa samráð og bera sig saman við og hlusta á sjónarmið ýmissa aðila sem hún ræddi ekki við. Það er t.d. umhugsunarefni að ríkisstjórnin skyldi á þessum dögum sem á undan eru gengnir aldrei ræða við sveitarfélögin í landinu sem fara með rekstur mikilvægs hluta velferðarþjónustunnar, sem eru einn stærsti vinnuveitandi landsins og sem mörg hver eru í afar þröngri og erfiðri stöðu með fjárhag sinn um þessar mundir. Ég skýt þessu inn í hér einfaldlega til þess að það hafi verið sagt að þarna hafa menn ekki staðið að verki eins og skyldi. Úr því að rúm var fyrir alla fundina sem ríkisstjórnin hélt — og má nú deila um hverju þeir skiluðu margir hverjir — úr því að það var svona mikið til af kaffi, herra forseti, hefði væntanlega verið hægt að bjóða sveitarfélögunum inn á eins og einn fund.

Ég vil leggja á það sérstaka áherslu fyrir hönd minni hlutans að þeir aðilar máls sem hér hafa vélað um sæti í framhaldinu siðferðislegri, viðskiptalegri, lagalegri og pólitískri ábyrgð. Það er algerlega óumflýjanlegt að hlutur helstu málsaðila komi til ítarlegrar og tæmandi rannsóknar og skoðunar. Benda má á í því sambandi þær aðgerðir sem bandarísk stjórnvöld hafa þegar ráðist í til þess að tryggja að framferði og hrun fjármálastofnana vestan hafs verði rannsakað. Ég skora á ríkisstjórnina sjálfa — henni stendur málið næst — að hafa frumkvæði að slíku en geri hún það ekki verður að sjálfsögðu séð til þess að Alþingi eigi kost á því í framhaldinu að taka afstöðu til slíks.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð og stjórnarandstaðan öll hafa undanfarna daga og vikur boðið ríkisstjórninni samstarf og aðstoð við að leysa úr aðsteðjandi stórvandræðum sem öllum mátti ljóst vera að væru í vændum. Sú útrétta samstarfs- og sáttarhönd hefur enn ekki verið þegin og telur ríkisstjórnin sig því væntanlega einfæra og fullfæra um að ráða fram úr vandanum. Afrakstur þeirrar ráðsmennsku og verkstjórnar ríkisstjórnarinnar sér nú stað í þessum neyðarlögum, sem framsögumaður meiri hlutans kallaði svo réttilega.

Með því að ríkisstjórnin hefur kosið að vinna ein að undirbúningi málsins, þó að væntanlegt efni frumvarpsins og staðan væri kynnt okkur forustumönnum stjórnarandstöðunnar á síðustu stundu, þ.e. á fundum í morgun og aftur eftir hádegið á þessum sama degi og málið er flutt á Alþingi og væntanlega afgreitt, hlýtur hún, þ.e. ríkisstjórnin og meiri hluti hennar hér, að bera ábyrgð á því. Það er einnig ljóst að mjög miklu skiptir hvernig haldið verður á þeim víðtæku heimildum sem í frumvarpinu felast, verði það að lögum, og hvernig þær verða nýttar. Með öðrum orðum skiptir framkvæmdin höfuðmáli og þar sem hún verður að óbreyttu á ábyrgð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar getur minni hlutinn eðli málsins samkvæmt enn síður borið ábyrgð á slíku fyrir fram. Því munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins.

Framsal valds til fjármálaráðherra, og þó einkum til Fjármálaeftirlitsins, er gríðarlega víðtækt og slíkar valdheimildir hafa mér vitanlega sennilega ekki verið framseldar í einu litlu frumvarpi í annan tíma til stjórnvalds sem ekki er lýðræðislega kjörið. Ákvæði frumvarpsins ganga að margra mati fram á ystu brún þess sem stjórnarskráin þolir gagnvart ýmsum vörðum mannréttindum. Ég er þeirrar skoðunar að eðlilegast hefði verið við þessar aðstæður að þingið hefði kosið stjórnarnefnd eða eftirlitsnefnd undir hverja hefðu verið bornar allar ákvarðanir framkvæmdarvaldsins á grundvelli þessara lögheimilda. Það hefði verið hinn þingræðislegi, lýðræðislegi og eðlilegi farvegur að mínu mati en undir slík sjónarmið var ekki tekið þegar ég t.d. hreyfði þeim í hv. þingnefnd.

Ég vil taka fram að minni hlutinn styður heils hugar ákvæði frumvarpsins um að Íbúðalánasjóði verði heimilt að taka yfir íbúðarlán viðskiptabanka og sparisjóða. Reyndar er það svo að fyrir þessu þingi liggur nú þegar frumvarp þessa efnis flutt af öllum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það er á þskj. 9 og varðar að sjálfsögðu breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál. Þar er það útfært þannig að endurfjármögnun þeirra lána sem bankarnir á umliðnum þremur árum, fyrst og fremst, veittu almenningi gegn veði í íbúðarhúsnæði verði stofnuð sem almenn húsnæðislán í þeim köflum húsnæðislaganna sem um það fjalla. Það er að okkar dómi að sjálfsögðu miklu betri frágangur málsins en sá sem var í frumvarpi ríkisstjórnarinnar í byrjun en þar er eingöngu gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður geti yfirtekið eða keypt skuldabréf fjármálafyrirtækjanna eins og þau standa og með þeim skilmálum sem þar eru. Í breytingartillögum meiri hlutans er lagt til að þetta verði lagfært þannig að orðin „eða endurfjármagna“ — þ.e. nákvæmlega sama orðalag og er í frumvarpi okkar — komi inn í lagatextann. Það er að sjálfsögðu til bóta og opnar þá leið að Íbúðalánasjóður geti hvort tveggja keypt lánin sem slík eða skuldabréfin eins og þau standa eða veitt mönnum ný lán til að endurfjármagna þau sem fyrir voru í bankakerfinu, greiða þau upp og komast þar með fram hjá vaxtaendurskoðunarákvæðum sem í skilmálunum eru.

Það er því miður svo, herra forseti, að margt bendir til þess að aðgerðir af því tagi sem frumvarpið væntanlega er fyrirboði að — ég endurtek: Er fyrirboði að — því að þetta eru heimildarlög, verði frumvarpið að lögum, sé illskásti kosturinn, neyðarkosturinn í stöðunni eins og hún er. Hann er best til þess fallinn af þeim úrræðum sem tiltæk eru til að lágmarka skaðann sem stórkostlegt andvaraleysi og mistök fjölmargra innlendra aðila, að viðbættri hinni alþjóðlegu fjármálakreppu, leiða nú yfir þjóðina. Meðal annars af þessum sökum og með vísan til þess að óumflýjanlegt er nú orðið að bregðast mjög hratt við studdum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og ég hygg stjórnarandstaðan öll, að málið yrði hér tekið fyrir með afbrigðum og fengi skjóta afgreiðslu. En eins og áður hefur komið fram og rökstutt hefur verið munum við sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins.

Jón Magnússon, áheyrnarfulltrúi í viðskiptanefnd, er samþykkur þessu áliti eins og áður kom fram.

Þá vil ég gera sérstakar athugasemdir við eitt ákvæði frumvarpsins, þ.e. í 3. mgr. 1. gr. þar sem er ákvæði þess efnis að ákvæði laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum gildi ekki um yfirtöku fjármálafyrirtækisins í heild eða að hluta samkvæmt lögum þessum. Við treystum því og það væri mjög notalegt að fá staðfestingu

hæstv. fjármálaráðherra, eða einhvers annars ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar ef það er í boði, á því að ákvæðið verði ekki notað til þess að almennir starfsmenn fyrirtækjanna sem kunna að færast á milli vinnuveitenda jafnvel í nótt missi í neinu af sínum venjubundnu réttindum við aðstæður sem þessar. Sé ákvæðið hins vegar þannig hugsað og túlkað að hægt sé að koma í veg fyrir að ofurlaunakjör og hneykslanlegir starfslokasamningar og aðrir slíkir hlutir skuli færast yfir erum við að sjálfsögðu sammála því. Við drögum hins vegar mörkin þar að það verði alveg skýrt að almennir starfsmenn fyrirtækjanna verði varðir. Ég treysti því að hæstv. ráðherrar og hæstv. ríkisstjórn geti fullvissað okkur um að svo sé og ég sé hér að ráðherra aðila vinnumarkaðarins kinkar ákaft kolli, það er heldur góðs viti.

Á hinum endanum má svo sannarlega taka til hendinni og að sjálfsögðu dettur vonandi engum einasta lifandi manni í hug að þau ósköp sem viðgengust í sumum þessum fyrirtækjum á umliðnum missirum eigi eftir að sjást í þeim opinberu fyrirtækjum og bönkum sem e.t.v. líta dagsins ljós strax og birtir.

Um breytingartillögurnar er það að segja að þær eru flestar, í raun má segja allar, til bóta enda margar hverjar komnar frá stjórnarandstöðunni. Þannig er í sjálfu sér ágætt að hnykkja á því í 1. tölulið breytingartillagnanna að hér skuli ekki aðeins talað um „sérstakar“ heldur einnig „mjög óvenjulegar aðstæður“ því að það eru þær svo sannarlega.

Í 2. tölulið er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að setja sérstakar reglur um viðskipti með stofnbréf í sparisjóðum þegar eða ef ríkið kemur inn með fé og gerist stóreigandi í þeim. Þetta er að mínum dómi algerlega óumflýjanlegt ákvæði einfaldlega vegna þess að ef ríkið kemur inn með stofnfé sem nemur allt að 20% eigin fjár í viðkomandi sparisjóði, sem oft er með mjög lágt stofnfé að nafnvirði, getur það gerst eigandi hans að stærstum hluta eða að mestöllu leyti. Þá er algerlega óeðlilegt að einstakir stofnfjáreigendur og í raun hvort heldur er ríkið eða hinir stofnfjáreigendurnir geti farið út í viðskipti með bréfin á grundvelli sömu reglna og þar hafa gilt um og því miður. Auðvitað ættu menn nú, þótt sorglega seint sé, að manna sig upp í að afnema allar heimildir til þess að eiga viðskipti með stofnbréf nema á nafnverði. Það var aldrei ætlunin að með þau væri verslað öðruvísi, það brýtur gegn grundvallarhugsun og tilgangi sparisjóða og því hefði betur aldrei verið hleypt af stað. Í öllu falli hljóta allir að sjá að það geta komið upp svo afbrigðilegar aðstæður, ef það gerist, að ótækt er að ekki sé þá hægt að setja sérstakar og takmarkandi reglur um viðskipti með stofnbréf í slíkum tilvikum.

Þriðja breytingartillagan er í raun framlenging af því efni frumvarpsins og lýtur að því sem við munum ekki greiða atkvæði um þannig að væntanlega sitjum við hjá við hana.

Síðan koma aftur tillögur sem eru tvímælalaust til bóta, einkum og sér í lagi 5., 6. og 7. tölulið sem bæta þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að Íbúðalánasjóði og mögu-leikum hans á að kaupa eða endurfjármagna íbúðarlán banka og sparisjóða. Að lokum er að sjálfsögðu eðlilegt að í frumvarpið komi endurskoðunar- eða sólarlagsákvæði og er hér lagt til að fyrir 1. janúar 2010, að 15 mánuðum liðnum eða svo, verði búið að endurskoða lögin. Mér segir reyndar svo hugur um að búið verði að margbreyta þeim áður en þar að kemur og setja mörg önnur í viðbót. Einhvern veginn læðist að manni sá grunur að margt muni þurfa að endurskoða og prjóna upp í þessari framkvæmd.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta, herra forseti, en segi bara að lokum að ég ætla að vona að þess verði langt að bíða og helst um aldur og ævi að aðstæður af því tagi sem við höfum staðið og stöndum nú frammi fyrir komi upp. Hér er ábyrgð mjög margra mikil og miklu skiptir að menn vandi sig og vinni vel úr hlutunum. Málið mun auðvitað draga langan slóða, bæði gagnvart þeim sem verða fyrir áhrifum af því beint og strax og síðan ýmsum öðrum sem framtíðin ein getur leitt í ljós hvernig reiðir af, fyrirtækjum í eignatengslum við fjármálafyrirtæki og þar fram eftir götunum.

Ég vona að landsmönnum farnist sem best og að þeir komist sem best í gegnum þetta. Ég vona að starfsmönnum sem hér eiga undir gangi vel að vinna úr málum sínum og tel auðvitað rétt og skylt að allt sé gert sem mögulegt er til að standa við bakið á því fólki sem nú mun eiga um sárt að binda á ýmsan hátt vegna aðgerða sem liggur í loftinu að ráðist verði í í beinu framhaldi af því að þessi lög taka gildi.

Það er mjög margt, herra forseti, sem ekki er við hæfi eða aðstaða til að segja í dag en það þarf margt að segja á morgun og hinn daginn. Það eru margir óuppgerðir hlutir og stórir sem óumflýjanlegt er að þessi samkoma hér, Alþingi Íslendinga, horfist í augu við og ræði þegar við erum búin að ljúka því verki sem við höfum nú á höndum.

[22:11]

Birkir J. Jónsson (F):

Herra forseti. Eðli þess máls sem við ræðum hér er slíkt að vinna þarf hratt að úrlausn þess. Hægt væri að hafa mjög mörg orð um það umfangsmikla mál sem við þingmenn í viðskiptanefnd fengum í hendur í dag en ég ætla að stytta mál mitt vegna þess að það er mikilvægt að við klárum það sem allra fyrst.

Í umræðum hér á Alþingi fyrir nokkrum dögum töluðum við framsóknarmenn fyrir þjóðarsátt, að nú þyrftum við að standa saman á erfiðum dögum. Þingflokkur Framsóknarflokksins hefur tekið þá afstöðu að styðja það mál sem hér er til umræðu, reyndar með fyrirvara, til þess að leggja fram sína sáttarhönd því að nú þarfnast þjóðin þess að við stöndum saman í svo erfiðu máli sem hér um ræðir. Ég ætla þess vegna ekki að ræða fortíðina hér, hvort hægt hefði verið að standa öðruvísi að málum. Það er einfaldlega ekki staður né stund til að fara í einhverjar söguskýringar hér. Við þurfum að horfa til framtíðar og við þurfum að standa saman um að koma okkur út úr þeirri erfiðu stöðu sem blasir nú við.

Hvað mig varðar og trúlega félaga mína í Framsóknarflokknum einnig snýst málið um að taka afstöðu til þess hvort við eigum að koma efnahagslífinu til bjargar á ögurstundu eða ekki með þeim tillögum sem hér er gerð grein fyrir. Það snýst fyrst og fremst um stöðumat, hvað þjóðinni sé fyrir bestu, hvað starfsfólki fjármálastofnana sé fyrir bestu, heimilunum, fyrirtækjunum og íslensku efnahagslífi. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu að við þurfum að koma efnahagslífinu til bjargar er ekki hægt annað en að styðja efnislega það sem hér er lagt til. Þó að það sé gert

með stuttum fyrirvara, þó að það séu örugglega einhverjir vankantar á því sem við samþykkjum hér stöndum við einfaldlega frammi fyrir stórri spurningu um hvort við ætlum að rísa undir íslensku efnahagslífi og standa vörð um heimilin og fyrirtækin í landinu. Þess vegna styðjum við framsóknarmenn frumvarpið, reyndar með fyrirvara, rétt eins og hv. þm. Höskuldur Þórhallsson mun gera lauslega grein fyrir hér á eftir.

Ég vil nefna eina breytingu sem kveðið er á um í nefndarálitinu þar sem nefndin telur tryggt að heimilt verði að skuldbreyta keyptum eða yfirteknum lánum einstaklinga sem lenda í erfiðleikum og vísum við þar til Íbúðalánasjóðs. Við framsóknarmenn og stjórnarandstæðingar höfum haldið margar ræður um ágæti Íbúðalánasjóðs á undanförnum mánuðum og ég held að það sanni sig fyrst nú hversu gríðarlega dýrmæt sú stofnun er fyrir samfélag okkar á þessum erfiðu tímum. Því er það mikilvægt að við stöndum áfram vörð um Íbúðalánasjóð í þeim efnahagsþrengingum sem yfir okkur vofa núna og ég vona að ríkisstjórnin standi heils hugar að baki þessari mikilvægu stofnun allra landsmanna.

Eins og ég sagði í upphafi er hvorki staður né stund til að lengja málið verulega. Við þurfum að ljúka því fyrr en síðar, mikið liggur við. Framsóknarflokkurinn réttir fram sáttahönd til þess að við getum verið samhent við að leiða þjóðina úr miklum þrengingum. Ég vona að hæstv. ríkisstjórn virði það við okkur og taki í útrétta sáttarhönd því að þjóðin hefur einfaldlega ekki efni á því, herra forseti, að við stöndum ekki saman á einum erfiðustu tímum í efnahagslífi þjóðarinnar allt frá því að við urðum lýðveldi.

[22:15]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég get vissulega tekið undir með síðasta ræðumanni, hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, að það er nauðsynlegt að þjóðin sýni samstöðu við þær aðstæður sem nú eru. Það er hins vegar þannig, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat um í ræðu sinni áðan, að stjórnarandstaðan var reiðubúin til þess að vinna með ríkisstjórninni að öllum góðum hlutum til lausnar þess vanda sem við er að etja og bauð það ítrekað fram við stefnuræðu forsætisráðherra. Það hefur legið fyrir að stjórnarandstaðan hefur virkilega viljað leggja gjörva hönd á plóg til þess að leiða þjóðina farsællega út úr þeim vanda sem m.a. ríkisstjórnin hefur komið henni í. Ég tel að stjórnarandstaðan hafi ekki fengið eðlileg svör frá ríkisstjórninni né hafi verið reynt að koma á samráði eða samstarfi við stjórnarandstöðuna við þá vinnslu sem hér er um að ræða. Forsenda þess að þjóðarsátt geti verið er að ríkisstjórnin hafi forgöngu um að skapa þau skilyrði og taka við þeim möguleikum sem að ríkisstjórninni eru réttir.

Hér er lagt fram frumvarp sem felur í sér mjög víðtæka þjóðnýtingarheimild. Að sjálfsögðu geldur maður mikils varhuga við slíku og þrátt fyrir skamman tíma hefur þó tekist að koma örlítið betri atriðum að varðandi frumvarpið. Nauðsynlegt hefði verið að stjórnarandstaðan hefði verið kölluð til fyrr því þá hefði frumvarpið fengið eðlilegri og betri þinglega meðferð.

Ég vakti sérstaka athygli á, t.d. varðandi 1. gr. frumvarpsins, að þar er um að ræða mjög takmarkalitlar heimildir og fáar orðskýringar á því hvaða aðstæður þurfi að vera fyrir hendi svo að þeim þjóðnýtingarheimildum verði beitt sem frumvarpið kveður á um. Þess vegna var gripið til þess að gera þá breytingartillögu sem liggur fyrir frá meiri hluta viðskiptanefndar og lagt er til að bætt yrði við: „sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður“. Er þá verið að hnykkja á því að það er ekki miðað við að þetta komi til nema óvenjulegar aðstæður séu í íslensku samfélagi sem í raun geti réttlætt að gripið sé til þeirra aðgerða sem frumvarpið kveður á um. Þetta á ekki að vera almenn heimild til afskipta ríkisvaldsins heldur eingöngu við sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður. Ég vil leggja áherslu á að það skiptir máli að heimildinni sé ekki beitt nema við slík tilefni.

Þá vantar í frumvarpið, að mínu viti, ákvæði um það hvað heimildin á að ganga langt, þ.e. hvaða fjármunum má verja til þessara atriða. Það vannst ekki tími til þess að fara sérstaklega ofan í það en æskilegt hefði verið að reyna að gera ákveðna bragarbót á þeim atriðum.

Þriðja stóra atriðið sem var verulegur ágalli á frumvarpinu var að ekkert sólarlagsákvæði er á þessum víðtæku þjóðnýtingarheimildum, þ.e. varðandi endurskoðun og/eða það sem hefði verið enn þá betra, að lögin féllu úr gildi innan ákveðins tíma ef Alþingi gæfi þeim ekki frekara líf. Ég tel að það hefði verið hin eðlilega leið í þessu sambandi að lög sem eru sett við sérstakar óvenjulegar aðstæður og heimila sérstök óvenjuleg atriði, falli hreinlega niður innan ákveðins tíma nema að Alþingi telji að aðstæður réttlæti að þau standi áfram.

Þessi atriði hefði verið hægt að lagfæra ef tími hefði unnist til. Þar af leiðandi, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat um í ræðu sinni, teljum við í Frjálslynda flokknum að okkur skorti nauðsynlegar upplýsingar og faglegar forsendur til að styðja það frumvarp sem hér um ræðir. Við höfum hins vegar ekki viljað bregða fæti fyrir það og höfum stuðlað að því að frumvarpið fái eðlilega og hraða þinglega meðferð. Við munum með sama hætti og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti sitja hjá við afgreiðslu efnisatriða frumvarpsins nema þau ákvæði sem varða sérstaklega Íbúðalánasjóð.

Ég vil geta þess að við frjálslynd höfum varað við því hvert stefndi í íslenskum þjóðarbúskap, sérstaklega fyrir síðustu kosningar. Þá vöktum við athygli á því og gerðum kröfu um að breytt yrði um peningamálastefnu. Við gerðum sérstakar athugasemdir við og vöktum athygli á því að það gengi ekki að gjaldmiðillinn í minnsta myntkerfi heims væri á floti, færi eftir veðri og vindum markaðsaðstæðna hverju sinni. Það skapaði of mikla óvissu og ekki nokkur stöðugleiki yrði í þjóðfélaginu ef þannig ætti að halda áfram. Öll þau varnaðarorð sem þar voru mælt hafa komið fram. Við berum ekki ábyrgð á því ástandi sem hefur skapast. Hefði verið farið að okkar tillögum hefði þetta ástand ekki komið upp. Peningamálastjórnin var óábyrg þar sem menn töldu sig vera í ofurþjóðfélagi sem gæti ráðið fram úr því að hafa flotgengi í minnsta myntkerfi heims.

Við höfum gert kröfu til þess að almenningur í landinu búi við svipuð eða sambærileg lánakjör og fólk annars staðar í okkar heimshluta. Seðlabanki Íslands sagði það ekki

koma til greina og lýsti yfir í lok síðasta árs að það mundi skapa ofurþenslu í þjóðfélaginu. Nú þegar við afgreiðum þessi lög til aðstoðar og hjálpar fjármálamarkaðnum er spurningin þessi: Hvað á að verða um hinn venjulega Íslending, almenning í landinu? Á að líða það að venjulegt fólk þurfi áfram að búa við okurvexti, verðtryggingu á lánum og langtum verri lánakjör en gengur og gerist í okkar heimshluta? Ég segi nei. Það þarf að taka á málinu heildstætt, þetta er aðeins byrjunin. Það verður að hugsa um hagsmuni fjölskyldnanna í landinu og hugsa til þess að friður er rofinn í hverju því þjóðfélagi þar sem venjulegt fólk getur ekki lengur staðið undir skuldbindingum sínum. Þannig hefur það verið og ekki þarf að fara í flóknar söguskýringar eða ábendingar hvað það varðar. Þess vegna skiptir máli og ég lít svo á að hér séum við að afgreiða ákveðinn hluta en margt þurfi að koma til viðbótar.

Við gerðum kröfu til þess að vaxtaokrið yrði afnumið. Við kröfðumst þess að stýrivextir yrðu settir og hófstilltir og í staðinn fyrir að halda uppi hágengisstefnu á fölskum forsendum til tjóns fyrir framleiðsluatvinnuvegina yrði reynt að taka í taumana þannig að með eðlilegum hætti yrði komið í veg fyrir að við flyttum inn óendanlegan fjölda milljarða í jöklabréfum eða með öðrum hætti en flyttum síðan út vexti af þeim greiðslum. Það var ekki orðið við því og afleiðingar þeirrar óábyrgu peninga- og lánastefnu sem hefur verið fylgt eru nú að koma í ljós.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék að því ákvæði sem kveður á um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti í fyrirtækjum og ég tek undir þau sjónarmið sem hann setti fram. Að sjálfsögðu verðum við að gæta allra almennra reglna vinnumálaréttarins um að starfsfólk í fyrirtækjum njóti þeirra réttinda sem það hefur áunnið sér en fyrir löngu hefði átt að vera búið að taka á ofurlaunaaðlinum hjá fjármálastofnunum. Það hefði átt að vera búið að setja ákveðnar reglur fyrir löngu. Ég hef gert kröfu um að settar væru fram ákveðnar reglur, að beitt yrði m.a. sérstakri skattheimtu á þá sem eru með ofurlaun, sérstökum háskatti. Við því hefur ekki verið orðið og á síðastliðnum tíu árum hefur því miður orðið sú gjörbreyting í samfélaginu að við hurfum frá því kerfi, þeim viðmiðunum sem almennt hafa gilt á Norðurlöndum, þ.e. mannúðlegri markaðshyggju þar sem ekki væri um að ræða verulegan mismun á kjörum fólks. Einskis var gætt og kaupleigufurstunum og pappírsbarónunum var leyft að fara sínu fram eftirlitslítið. Þeir sem þannig stóðu að málum verða að bera ábyrgð á því með hvaða hætti þetta var gert. Við frjálslynd berum þar enga ábyrgð. Við höfum varað við þessu allan tímann, að það væri óvarlegt að víkja frá þeim grunni sem hefur verið markaður af markaðshyggjufólki á Norðurlöndum og hefur grundvallast á því að gæta hags okkar minnsta bróður. Markaðshyggjan mætti aldrei fara út yfir þau eðlilegu mörk sem við setjum um að ákveðið jafnrétti og jöfnuður sé í samfélaginu. Því miður hefur raunin ekki orðið sú á síðustu árum.

Í framhaldi af því að þetta frumvarp verður samþykkt opnast væntanlega fyrir möguleika á lánveitingum úr bankakerfinu. Þá er spurningin þessi: Hvað gerum við svo? Því hér er einungis verið að afgreiða frumvarp sem heimilar ákveðnar aðgerðir miðað við sérstakar, óvenjulegar aðstæður. Við þurfum að huga að því hvernig einstaklingar standa í samfélaginu og við þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur, bæði Alþingi og ríkisstjórn verða að reyna eftir mætti að komast hjá atvinnuleysi í samfélaginu. Við þurfum að tryggja hagsmuni venjulegs fólks ekki síður en fjármálafyrirtækjanna, frekar ef eitthvað er.

Hvað gerum við svo? Hvert höldum við svo? Hvernig tryggjum við atvinnustig og velmegun í landinu? Í fyrsta lagi þarf að endurskoða vaxtastefnu Seðlabanka Íslands og það ætti að gerast á morgun. Það gengur ekki að ofurvaxtastefnan lami allt atvinnulíf í landinu eins og hún hefur gert undanfarna mánuði. Við vöruðum sérstaklega við því í vor en ekki var hlustað á það. Ljóst er að það verða að koma til ný atvinnutækifæri. Það þarf að virkja og setja í gang þær áætlanir sem uppi eru um ný álver.

Við þurfum að auka fiskveiðiheimildir, þorskveiðiheimildir, og þá skiptir máli að við gerum það með þeim hætti að almenningur geti notið þess sem best; að við setjum viðbótaraflaheimildir á markað fyrir fólkið í landinu og byggjum upp auðlindasjóð sem það getur nýtt til framtíðar. Við megum ekki láta kvótagreifana fá arðinn heldur fólkið í landinu vegna þess að við stöndum frammi fyrir sérstökum, óvenjulegum aðstæðum. Þá tökum við til ráða sem eru sérstök en þjóna tilgangi sínum miðað við þjóðfélagsgerðina eins og hún er núna.

Það verður að breyta peningamálastefnunni og það er nauðsynlegt að við fáum mynt í þessu landi — hvort sem hún heitir króna eða eitthvað annað — sem hefur þann styrkleika að geta verið gild í viðskiptum hvort heldur er til lengri eða skemmri tíma. Ef skapa á stöðugleika í landinu þá verður það að koma til. Það verður að huga að því að framleiðsluatvinnuvegirnir geti notið þess að skapa velmegun í landinu til frambúðar.

Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á koma þessi atriði til umræðu á næstu dögum. Við erum nú að greiða fyrir því að það frumvarp til laga sem hér liggur fyrir til umræðu geti fengið þinglega meðferð á sem skemmstum tíma, þó að við höfum ýmsar athugasemdir fram að færa við það eins og ég hef gert grein fyrir.

[22:30]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Herra forseti. Miklar hamfarir og hremmingar einkenna um þessar mundir fjármálakerfi, bæði hér heima og út um allan heim. Frumvarpið sem nú er til umræðu felur í sér heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, breytingar á lögum um innstæðutryggingar og breytingar á lögum um húsnæðismál. Um er að ræða mjög víðtækar heimildir til að grípa inn í aðsteðjandi vanda. Ég vil nefna þrjár heimildir þar.

1. Heimild til fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki í heild eða að hluta.

2. Heimild til Fjármálaeftirlitsins til að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja í því skyni að takmarka tjón á fjármálamarkaði.

3. Heimild Íbúðalánasjóðs til að yfirtaka húsnæðislán banka og fjármálastofnana.

Það vill svo til, herra forseti, að ég er þingmaður á Evrópuráðsþinginu. Í síðustu viku þingaði það þing og á meðal ræðumanna þar var yfirmaður OECD, Angel Gurria. Hann lýsti aðstæðum á fjármálamörkuðum heimsins þannig: „Fjármálamörkuðum má líkja við flæðilínu, flæðilínu sem er í kyrrstöðu.“

Herra forseti. Við verðum að átta okkur á því að vandamálið er ekki bundið við Ísland. Í því felst auðvitað vandi líka en við verðum að gera okkur grein fyrir þessu. Þetta er ekki bara íslenskt vandamál heldur hafa þing og ríkisstjórnir víða um heim gripið til aðgerða eða eru í þann veginn að grípa til aðgerða sem eru kannski ekki úr takti við það sem við ræðum hér. Við verðum að átta okkur á því að í Bandaríkjunum og í Danmörku eru sjóðir nú þegar samþykktir til að grípa inn í þessi mál. Svo að ég taki dæmi: Í Bretlandi og í Svíþjóð er verið að vinna að lagapakka til að taka á þessum málum og við gætum lengi talið vegna þess að þetta er vissulega alþjóðlegt vandamál.

Talandi um stöðuna hér heima þá erum við að tala um að endurskipuleggja fjármálakerfið okkar þannig að staðan hér bitni sem minnst á íslenskum einstaklingum, fjölskyldum, fyrirtækjum og framtíðarkynslóðum. Að staðan heima og staðan út um allan heim bitni sem minnst á fólkinu okkar, á fyrirtækjunum okkar. Við viljum lágmarka skaðann og byggja upp sterkt fjármálakerfi. Þetta skulum við öll athuga.

Í öðru lagi fær Íbúðalánasjóður þessa heimild til að yfirtaka húsnæðislán banka og fjármálastofnana. Það mun koma mörgum fjölskyldum til góða.

Í þriðja lagi hefur forsætisráðherra margnefnt það sem við skulum líka öll muna eftir og það er að inneignir einstaklinga og fyrirtækja í landinu í íslenskum bönkum og fjármálafyrirtækjum eru tryggðar. Þetta eru aðgerðir ríkisstjórnarinnar og við væntum þess að það megi vita á gott fyrir alla landsmenn því að við verðum að tryggja stöðugleika í landinu eins og hægt er á þessum viðsjárverðu tímum. Við verðum að tryggja fjármögnun fyrirtækjanna, að við getum haft vinnu fyrir alla landsmenn, farið í vinnu, fengið okkar laun, að fyrirtækin geti greitt fyrir skuldbindingar sínar, að við getum öll í sameiningu notið þess að hafa lifandi og öflug fyrirtæki eins og hingað til. Við þurfum líka að tryggja að fólkið í landinu geti staðið við skuldbindingar sínar og fjölskyldur og einstaklingar geti haldið áfram lífi sínu á þessu góða landi. Ég veit að fram undan eru erfiðir tímar fyrir okkur öll.

Frumvarpið er erfitt fyrir okkur öll, þ.e. að fara í gegnum það á þessum hraða en skynja það samt í leiðinni að við verðum að gera þetta. Ég styð frumvarpið og ég vonast til að það verði okkur öllum til góðs vegna þess að við þurfum að efla samfélag okkar til framtíðar og við þurfum á því að halda að við sýnum öll samstöðu, að við séum öll samtaka. Við erum öll á sama báti og vonum að þetta viti á gott fyrir samfélag okkar.

[22:36]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Mörg þung skref hafa verið stigin í dag. Það er sárt að til þess þurfi að koma að svona neyðarlög líti dagsins ljós en það er því miður sú staða sem komin er upp í íslensku efnahagslífi. Um er að ræða viðamikið inngrip, eitthvert það mesta í sögu lýðveldisins, og við í stjórnarandstöðunni hefðum kosið að við þær aðstæður hefði verið talað við okkur á fyrri stigum málsins. Það er vægast sagt ógjörningur að fara yfir svona viðamikið og stórt mál á þeim fáu klukkutímum sem okkur hefur verið úthlutað hér í dag.

Það eru aftur á móti skýr markmið með framlagningu frumvarpsins og það er fyrst og fremst að halda atvinnulífinu gangandi og að gæta að hagsmunum almennings. Það þarf ekki að fara fleiri orðum um það. Í framhaldinu tel ég að fara þurfi vel yfir málin. Ekki á að leita að sökudólgum heldur kanna gaumgæfilega hvað fór úrskeiðis þannig að við getum lært af þeim mistökum sem íslensk stjórnvöld hafa gert hingað til.

Við framsóknarmenn ætlum að greiða fyrir framgangi þessa máls en við styðjum það þó með fyrirvara. Hér er einfaldlega verið að veita svo víðtækar heimildir til fjármálaráðherra og ekki síst Fjármálaeftirlitsins að mikill vafi leikur á því að það standist stjórnarskrárákvæði. Ég ætla í stuttu máli að fara yfir þær vangaveltur sem við framsóknarmenn höfum farið í gegnum um frumvarpið.

Í 1. mgr. 1. gr. kemur fram að við sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild sinni. Við fögnum því að þarna séu komin inn orðin „við óvenjulegar aðstæður“ sem takmarka þessa heimild að einhverju leyti en hefðum viljað kanna það sérstaklega hvort ekki hefðu átt að vera einhvers konar skorður á því fjármagni sem fjármálaráðherra verður þá heimilt að reiða úr ríkissjóði. Við hefðum líka kosið að það hefði verið skoðað betur hvort ekki hefðu átt að koma inn í lögin einhver viss mörk hvað varðar þann tíma sem þær ákvarðanir hefðu þurft að koma fyrir þingið. Það er nefnt sérstaklega í nefndaráliti meiri hlutans sem við framsóknarmenn setjum fyrirvara við — þar er mælst til þess að þetta komi sem allra fyrst inn til þingsins og vitnað í fjárreiðulög en það er spurning hvort ganga hefði átt skrefinu lengra og setja þetta beint inn í það frumvarp sem hér er til umræðu. Þá tökum við undir þau orð stjórnarandstöðunnar að réttindi almennra starfsmanna verði varin en hér eru ákvæði í 3. mgr., þar er fjallað um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti á fyrirtækjum, um að þau gildi ekki um yfirtöku fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta samkvæmt lögum þessum. Við förum fram á að farið verði afskaplega varlega með þessa heimild. Umræðan um ofurlaunin er svo eitthvað sem þarf að taka upp mjög fljótlega á Alþingi.

Sú grein sem við framsóknarmenn setjum kannski mestan varann við er 5. gr. frumvarpsins þar sem í rauninni má segja að Fjármálaeftirlitinu sé veitt meira vald en stofnun hefur nokkurn tíma verið veitt í sögu lýðveldisins. Ekki er þar um að ræða lýðræðislega kjörna fulltrúa þannig að ég held að hér sé mál að staldra við. Í greininni kemur fram að Fjármálaeftirlitið geti tekið yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda. Það kemur einnig fram að Fjármálaeftirlitið geti tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild sinni eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta, m.a. með samruna við annað

fyrirtæki. Þá kemur fram að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að framselja öll réttindi að því marki sem nauðsynlegt sé í slíkum tilvikum. Þetta eru viðamiklar og stórar heimildir. Þarna er í rauninni verið að ræða um inngrip í stjórnarskrárvarin réttindi. Verið er að taka völdin af kjörnum stjórnum hlutafélaga og ég tel einfaldlega að þetta sé á afar gráu svæði og að um mjög varhugaverða heimild sé að ræða.

Við þurfum að staldra við þegar við setjum ákvæði í lög sem ganga gegn stjórnarskrárvörðum réttindum og við verðum að hafa það hugfast að Alþingi getur ekki breytt stjórnarskránni eða stjórnarskrárvörðum réttindum nema með því að rjúfa þing og boða til kosninga. Er ég þar sérstaklega að ræða um eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og 65. gr. þar sem er hin svokallaða jafnræðisregla en það er afarmikilvægt að við framkvæmd þessara laga sé bönkum, sparisjóðum og fjármálafyrirtækjum almennt ekki mismunað. Við framsóknarmenn munum því sitja hjá við afgreiðslu þessa ákvæðis. Við fengum ekki að vera með við samningu frumvarpsins þrátt fyrir ítrekaðar óskir og framrétta sáttarhönd. Á vissan hátt má segja að sú ósk hafi verið hunsuð og við munum því miður ekki getað verið með þessu ákvæði þó að við greiðum fyrir framgangi þessara laga.

Virðulegi forseti. Með lögum þessum er miðað að því að tryggja grunnstöður íslensks efnahagslífs, að tryggja að innstæður og lífeyrissjóðir landsmanna verði áfram tryggðir. Við framsóknarmenn vonum að með þessum lögum verði framtíð íslensks efnahagslífs tryggð. Við treystum því að áfram verði unnið að málum á þann veg að atvinnuuppbygging haldi áfram og hjól atvinnulífsins stöðvist ekki. Um er að ræða stórar og erfiðar ákvarðanir en við framsóknarmenn skorumst ekki undan ábyrgð í þeim efnum.

[22:44]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því að við erum hér að taka fyrir langstærsta mál sem tekið hefur verið fyrir í lýðveldissögu Íslands. Ég geri eina kröfu, þ.e. að þeir sem bera ábyrgð á þessu frumvarpi séu við þessa umræðu. Hvar er hæstv. forsætisráðherra, hvar er hæstv. iðnaðarráðherra, foringjar stjórnarinnar um þessar mundir? Hvar er hæstv. viðskiptaráðherra? Það er virðingarleysi við stjórnarandstöðuna og þjóðina ef forustumenn ríkisstjórnarinnar halda að þeir þurfi ekki einu sinni að hlusta á það sem sagt er við þessa umræðu. Ég geri kröfu til þess, hæstv. forseti, að þessir hæstv. ráðherrar komi í salinn. Verður orðið við því?

(**Forseti** (StB)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að kanna hvar ráðherrar eru í húsinu og óska eftir því að þeir komi til fundar.)

Get ég farið fram á að fresta ræðu minni meðan þeirra er beðið?

(**Forseti** (StB)**:** Ég sé að forsætisráðherra er genginn í salinn þannig að það ætti ekki að þurfa að vera frestun á ræðu.)

Hæstv. forsætisráðherra er mættur. Ég tel það, hæstv. forseti, virðingu við þingið, virðingu við þjóðina því það sem verið er að gera hér í kvöld og allir hér eru sammála um að er mikilvægt orkar líka tvímælis. Þess vegna er það krafa mín að þeir forustumenn sem leiða ríkisstjórnina við þessar aðstæður séu við þessar umræður og þingmönnum hefur verið sýnd óvirðing eftir því sem líður á umræðuna af hæstv. ráðherrum með því að vera ekki í salnum. Ég geri skýlausa kröfu um að hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. viðskiptaráðherra komi í salinn. Verður orðið við því, hæstv. forseti?

(**Forseti** (StB)**:** Forseti hefur gert grein fyrir því að það hafa verið gerðar ráðstafanir nú þegar ...)

Eru þessir hæstv. ráðherrar í húsi? (Gripið fram í.) Kemur hæstv. viðskiptaráðherra.

Hæstv. forseti. Þá get ég hafið ræðu mína. Ég vil í upphafi segja þetta: Við framsóknarmenn erum hér að taka aðra afstöðu en félagar okkar í hinum stjórnarandstöðuflokkunum. Það eru sérstakar og óvenjulegar aðstæður. Ég virði skoðanir þeirra. Þeir rökfæra afstöðu sína vel. En við höfum farið yfir þetta mál á allan hátt og komist að þeirri niðurstöðu að nú við þessar aðstæður þurfum við að eignast einn þjóðarvilja og ganga eins og ein þjóð með sterka forustu til mikilla verka sem verða mjög erfið bæði fyrir hæstv. ríkisstjórn og marga í samfélaginu. Þess vegna höfum við komist að þeirri niðurstöðu að við teljum að við getum ekki setið hjá heldur munum styðja málið sem heildarlög þó við vitum að margt orki tvímælis. Þjóðþingin hafa mörg hver verið að takast á við svipuð verkefni og vera kann að ekki sé gott að rökstyðja að stjórnarandstöðumaður sé bara stjórnarandstöðumaður þegar mikið liggur við. Ég fagna því að stjórnarliðarnir hafa þó ekki bilað við þessar aðstæður. Það hefði getað gerst. En þeir hafa þó lafað saman þótt auðvitað sé mikil blóðtaka hjá Samfylkingunni að hæstv. utanríkisráðherra sé ekki til að stýra sínu liði. Óska ég henni alls hins besta og að hún megi ná góðri heilsu á nýjan leik. Já, þetta orkar allt saman tvímælis.

Við hér og mínir menn höfum farið yfir það hver afstaða okkar er og hver rök okkar séu. Það er breyttur hagur Íslendinga á morgun. Það verður breyttur hagur Íslendinga á næstu mánuðum og í einhver ár. Tækifærin verða ekki þau sömu. Það verður töluvert langur tími sem tekur okkur að vekja upp traust umheimsins til okkar við þessar aðstæður. Það er engin spurning og það gera allir sér grein fyrir því. Það er mikið verkefni og við eigum öll að vera á sama báti að vinna það traust á nýjan leik og ekki bara stjórnmálamennirnir. Atvinnulífið, aðilar vinnumarkaðarins, fjármálamennirnir, bankamennirnir, allt þjóðfélagið verður að leggjast á árar í þeim báti og róa til framtíðarinnar. Það er náttúrlega einnig ljóst — mér þætti vænt um, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að ræða mín fengi að vera flutt í friði. (Gripið fram í.) Þetta eru mjög alvarlegir tímar.

Ég vil líka segja við hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson að við skulum ekkert grobba okkur af því að við séum fimmta ríkasta þjóð heimsins á morgun. Við verðum í allt öðru sæti. En við skulum jafnframt halda því fram að við stígum á stokk og strengjum þess heit að við ætlum á nýjan leik að ná því sæti með skjótum hætti. Við höfum full rök til þess að ganga þá leið. Það fór ég yfir í ræðu minni í dag að við eigum auðlindir, við eigum sjávarútveg og landbúnað, við eigum iðnað og ferðaþjónustu, við eigum hugvit og duglegt fólk þannig að það stendur allt með okkur þegar þessum verkefnum er lokið hér. En þau stóru verkefni sem ríkisstjórnin verður að fara í á morgun eru svo stór að þau snúa

að því að bjarga peningalegum eignum sparenda á Íslandi í áratugi, fólks sem hefur verið að leggja fyrir í góðri trú og vonandi tekst það og ég trúi því. Það er hið erfiða verkefni að bjarga fjármunum fólks og fyrirtækja og því hefur ríkisstjórnin heitið. Hana vil ég styðja til þeirra verka þó ég geri mér grein fyrir því að í björgunarbátnum, sem ég kallaði svo, sem við erum nú að hlaða tækjum og tólum og vopnum til að takast á við öll þessi vandræði sem hafa skollið yfir íslenska þjóð, skiptir framkvæmdin miklu máli. Þar verður maður auðvitað að treysta hæstv. ríkisstjórn til að setja það í gang sem við framsóknarmenn höfum haldið fram mánuðum saman. Við fórum að tala um þjóðarsátt fyrir ári og að aðilar vinnumarkaðarins, fjármálafyrirtækin, Bændasamtökin, sjávarútvegurinn og stjórnarandstaðan kæmu að slíku borði. Ég fer fram á samráð, hæstv. forsætisráðherra, sem hefur farið fram í dag þar sem við vorum beðnir um að slíðra sverðin og höfum gert það til að vera ekki að takast á við fortíðina því að nú er það framtíðin ein sem skiptir máli. Þess vegna styðjum við það.

Ég vil við þetta tækifæri segja: Hér er í rauninni ekki verið að tala um neina þjóðnýtingu. Hér er bara björgunarleiðangur til að skilja á milli. Við ætlum, eins og allar hinar þjóðirnar í Evrópu og Ameríku, að verja íslenska hagsmuni við þessar aðstæður, verja eignir og innstæður Íslendinga eins og við getum við þessar aðstæður. Það munu allir hinir gera gagnvart sjálfum sér og við erum ekkert á öðrum bát. Þetta er skylduverkefnið sem við framsóknarmenn styðjum við þessar aðstæður.

Ég ætla hins vegar við lok þessarar umræðu, af því að þetta snýst um meira en sparifé, að segja að vandræðin snúast líka um skuldir, gengisskráninguna, stýrivextina. Ég ætla því að leyfa mér að velta því upp að gengisvísitalan var að slá upp í 230 eða 240 undir kvöldið. Það eru venjulegir Íslendingar í góðri trú sem á síðustu missirum og árum tóku erlend lán þess vegna á húsin sín, þess vegna á bílana sína og hafa séð allar þessar skuldir verða óviðráðanlegar. Staða gengisins ræður því.

Það er mikið af erlendu vinnuafli enn þá á Íslandi sem hefur séð kaup sitt falla með þessum hætti og við framsóknarmenn höfum talað fyrir því í allt sumar, í fyrravetur, að stýrivextirnir, sem fóru að slá upp í 15,5% og eru þar enn voru fyrir tveimur árum í 8%, þ.e. að það er mjög mikilvægt að taka á stýrivaxtaokrinu. Vextirnir eru verðbólguhvetjandi. Það verður að keyra vextina niður til að bjarga fólkinu. Það verður að staðsetja gengið. Ég tel að við verðum að taka upp opinbera gengisstefnu. Við verðum að leggja lögmálin til hliðar á mörgum sviðum. Þarna er um að ræða stór verkefni sem eru ekkert síður mikilvæg til bjargar fólki en það sem við erum að gera til að fólk eigi sínar eignir í bönkunum áfram. Ég vil þess vegna heyra hver viðhorf hæstv. forsætisráðherra eru við þessar aðstæður. Telur hann að taka verði upp opinbera gengisskráningu á nýjan leik? Telur hann að innan skamms geti stýrivextirnir lækkað og það verði með handafli, hugviti, íslenskum aðstæðum gengið á hólm við þessi tvö miklu atriði sem einnig raska hag heimilanna, fyrirtækjanna, ekkert síður en mörg önnur atriði? Ég vil fá svar við því, hæstv. forsætisráðherra.

Ég hef farið hlýjum orðum um hæstv. forsætisráðherra við þessar aðstæður og talið hann hafa flutt ágætisávarp í dag og veit að hann gerir sér nú grein fyrir þeim mikla vanda, yfirgengilega stóra vanda sem hann verður að reyna að stýra okkur fram hjá í heila höfn og þarf að hafa alla á bak við sig.

Ég vil svo til gamans — æ, hæstv. iðnaðarráðherra sefur enn. Hann sefur að degi. En ég sá að hann munar ekki um það þegar menn eru beðnir um að slíðra sverð að senda frá sér köpuryrði og ómerkileg orð en það gerði hann í *Morgunblaðinu* í dag í minn garð og framsóknarmanna. Auðvitað eru svoleiðis asnaspörk ekki svara verð. Honum hefur kannski sárnað að við höfum rakið það aftur og aftur í ræðum okkar og tillögum að hér hafi þurft að taka á. Ég veit að það fór í taugarnar á honum að í ræðu minni á fimmtudaginn við stefnuræðu forsætisráðherra sagði ég á þessa leið, með leyfi forseta:

„Fyrir ári síðan gerðu allar þjóðir heimsins sér grein fyrir því að mikill vandi var í aðsigi, þá var fjármálakreppa að búa um sig. Gjafvextir heimsins voru að breytast í okurvexti og fjármálaþurrð. Bandaríkjamenn sögðu þá“ — fyrir ári síðan — „að ógnin væri svo stór að nokkrar milljónir manna gætu misst hús sín og eignir. Hér vöruðu margir við því sama, þar á meðal helgirit sjálfstæðismanna, *Morgunblaðið*. Við framsóknarmenn töldum vandann risavaxinn. Ég ræddi“ — þá þegar — „þjóðstjórn og þjóðarsáttarborð þar sem allir lykilmenn þjóðarinnar ættu sér samstarf.“

Sem sé, Framsóknarflokkurinn hefur tvisvar lagt fram opinberar tillögur um aðgerðir í efnahagsmálum, í mars og júlí. Hann hefur hvað eftir annað sagt að vandinn sem væri á fullri ferð og mundi skella á Íslandsströndum kæmi hingað og það væri nær að bregðast við honum í tíma en að bíða eftir að óveðrið væri skollið á okkur. Óveðrið er skollið á okkur og við eigum engan annan kost en að ganga til þeirra verka sem hæstv. forsætisráðherra hefur boðað. Við vitum það líka að menn herðast í óveðri. Ófarir efla æðrulausan. Þolgóður sigrar hverja þraut. Við harðræði eflast hetjur. Ég trúi því að dugnaðarmenn Íslands margir hverjir sem eiga líka samúð mína og eru að fara illa muni rísa á nýjan leik og sjá hamingjudag og afla Íslandi auðs og fara með meiri gætni. Og ég trúi því að þær aðgerðir sem hér eru boðaðar, þó að orki tvímælis, geti verið björgunaraðgerð til þess að ganga til móts við það að verja hag heimilanna, fjölskyldnanna og við framsóknarmenn skorumst ekki úr leik við þær aðstæður. Við munum gagnrýna ríkisstjórnina eftir þörfum. Við munum leggja henni til góð ráð. En fyrst og fremst leggjum við áherslu á það hér í kvöld, eins og við höfum gert, að Ísland eigi við slíkar aðstæður einn þjóðarvilja.

Ég óska hæstv. ríkisstjórn og ráðherrum velfarnaðar í þeirra erfiðu verkum, erfiðustu verkefnum sem ríkisstjórn hefur tekist á við á lýðveldistímanum. En um leið minni ég á að það hefur stundum verið svo að þegar veðrin eru vond og erfiðleikarnir miklir þá eru Íslendingar fljótir að sigrast á þeim. Þeir eru glannalegri í sólskini og þegar allt virðist leika í lyndi.

Gangi hæstv. ríkisstjórn vel í þessum verkum fyrir þjóð sína.

[23:01]

Frsm. minni hluta viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er margt sem þarf að ræða og mun

verða rætt þegar tími gefst til í framhaldinu á næstu dögum varðandi efnahagsmál, vexti og fleira sem hv. þm. Guðni Ágústsson nefndi. En úr því að hv. þingmaður vék sérstaklega að því, lagði lykkju á leið sína til þess að vekja athygli á því, að framsóknarmenn tækju að hluta til aðra afstöðu til málsins en við hinir stjórnarandstöðuflokkarnir — og er þó svo sem ekki mikill munur á því í sjálfu sér að greiða götu máls og greiða því atkvæði að það fari í gegn með afbrigðum og fái skjóta afgreiðslu en sitja hjá við endanlega afgreiðslu þess og vísa ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meiri hluta hennar eins og alsiða er — má sem dæmi taka þegar fjárlög eru afgreidd og aðrir slíkir hlutir — og hinu að greiða því að mestu leyti atkvæði eins og mér skilst að Framsóknarflokkurinn ætli að gera — ætla ég í allri vinsemd að leyfa mér að minna hv. þm. Guðna Ágústsson á að honum yfirsást þó sá munur á aðstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins í þessu tilviki að við fórum ekki með viðskiptaráðuneytið í 12 ár, frá 1995 og fram á mitt ár 2007. Við einkavæddum ekki bankana þannig að ætli Framsókn sé ekki málið býsna skylt.

[23:03]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég fagna þeirri samstöðu sem um þetta mál hefur náðst og þakka fyrir málefnalegar ræður hér um þetta efni, bæði við 1. og sömuleiðis 2. umr. Ég tel að þó að ekki muni allir þingmenn treysta sér til að greiða þessu frumvarpi atkvæði sitt við 2. umr. sé tekin ábyrg afstaða með því að greiða fyrir því að málið nái fram að ganga. Ég vil sérstaklega þakka Framsóknarflokknum og formanni hans fyrir þann stuðning sem þeir hafa sýnt þessu máli.

Hv. þm. Guðni Ágústsson bar fram nokkrar spurningar sem eru kannski þess eðlis að það væri heppilegra að svara þeim, a.m.k. einhverjum þeirra, við annað tækifæri en þær eru rökræðunnar og umræðunnar virði. Ég hygg að áhyggjur hans af háum vöxtum eigi sér samhljóm með mjög mörgum og tek eindregið undir það sem hann sagði við bæði 1. og 2. umr. um að við eigum að nýta auðlindirnar okkar og það hef ég margsagt bæði hér í Alþingi og annars staðar. Oft var þörf en nú er nauðsyn við þessar aðstæður.

Varðandi opinbera gengisskráningu hef ég ekki þá sannfæringu að það borgi sig að fara til baka í það kerfi en við þurfum að skoða öll þessi mál. Ég er reyndar fullviss um að gengi krónunnar er á kolvitlausum stað miðað við það sem verið hefur undanfarna daga. Það á heima á allt öðrum slóðum og ég hef þá trú að það muni leiðréttast þegar um hægist og öldur lægir þegar þessi aðgerð sem hér er til meðferðar á Alþingi verður um garð gengin, þ.e. þegar þessi lög hafa tekið gildi og til framkvæmda hafa komið einhver ákvæði í þeim. Um það hvenær það gæti gerst er auðvitað ekki hægt að fullyrða neitt á þessu stigi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[23:06]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs er að á þingskjali með breytingartillögunni er villa sem þarf að leiðrétta og koma á framfæri. Í tölul. 7 stendur: „Á undan orðunum „53. gr.“ í 1., 2. og 6. mgr. 48. gr. laganna kemur: 2. tölul. 9. gr.“ Þetta síðasta á ekki að vera svo heldur á þar að standa: 2. mgr. 15. gr.

Brtt. 82,1 samþ. með 60 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, GStein, GÁ, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SÖE, SKK, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

12 þm. (AtlG, ÁÞS, BjH, GAK, GuðmM, JBjarn, JM, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÁRJ, BJJ) fjarstaddir.

Brtt. 82,2 samþ. með 62 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GStein, GÁ, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SÖE, SKK, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

12 þm. (AtlG, ÁÞS, GMJ, GAK, GuðmM, JBjarn, JM, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

1 þm. (ÁRJ) fjarstaddur.

3.–4. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GStein, GÁ, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SÖE, SKK, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

12 þm. (AtlG, ÁÞS, GMJ, GAK, GuðmM, JBjarn, JM, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

1 þm. (ÁRJ) fjarstaddur.

Brtt. 82,3 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GStein, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

19 þm. (AtlG, ÁÞS, BJJ, BjH, GMJ, GAK, GuðmM, GÁ, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SÖE, SJS, VS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

1 þm. (ÁRJ) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:09]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Hér eru greidd atkvæði um breytingar-

tillögu við 5. gr. Við höfum þá afstöðu um alla 5. gr. að hún sé einhver viðamesta grein frumvarpsins og í rauninni sú sem gengur hvað lengst í valdheimildum til einstakrar stofnunar. Í rauninni hefur aldrei verið gengið jafnlangt í sögunni. Við teljum engu að síður að það sé rétt að Fjármálaeftirlitið hafi einhverjar heimildir en við vörum við því að því séu veitt jafnóheftar og -víðtækar valdheimildir til að hlutast til um stjórnarskrárvarin réttindi fólks og hér er kveðið á um. Við framsóknarmenn vorum ekki hafðir með í ráðum um samningu þessa ákvæðis og getum ekki borið ábyrgð á því í framkvæmd. Við munum því sitja hjá við afgreiðslu alls ákvæðisins, einnig þessara breytingartillagna.

5. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GStein, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
19 þm. (AtlG, ÁÞS, BJJ, BjH, GMJ, GAK, GuðmM, GÁ, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SÖE, SJS, VS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
1 þm. (ÁRJ) fjarstaddur.

6.–7. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GStein, GÁ, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SÖE, SKK, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
12 þm. (AtlG, ÁÞS, GMJ, GAK, GuðmM, JBjarn, JM, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
1 þm. (ÁRJ) fjarstaddur.

Brtt. 82,4 samþ. með 61 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GStein, GÁ, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SÖE, SKK, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
12 þm. (AtlG, ÁÞS, GMJ, GAK, GuðmM, JBjarn, JM, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
1 þm. (ÁRJ) fjarstaddur.

9. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GStein, GÁ, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SÖE, SKK, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
12 þm. (AtlG, ÁÞS, GMJ, GAK, GuðmM, JBjarn, JM, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
1 þm. (ÁRJ) fjarstaddur.

Brtt. 82,5 samþ. með 62 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 62 shlj. atkv.
Brtt. 82,6 samþ. með 62 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 62 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 61 shlj. atkv.
Brtt. 82,7 (ný grein, verður 13. gr.) samþ. með 62 shlj. atkv.

13. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GStein, GÁ, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SÖE, SKK, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
12 þm. (AtlG, ÁÞS, GMJ, GAK, GuðmM, JBjarn, JM, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
1 þm. (ÁRJ) fjarstaddur.

Brtt. 82,8 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 62 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 23:16.

---

7. FUNDUR

mánudaginn 6. október,
að loknum 6. fundi.

Dagskrá:

Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, stjfrv., 80. mál, þskj. 84. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:18]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. — Afbrigði samþ. með 62 shlj. atkv.

Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, 3. umr.

Stjfrv., 80. mál (breytt staða íslenskra banka). — Þskj. 84.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:18]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GStein, GÁ, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SÖE, SKK, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

12 þm. (AtlG, ÁÞS, GMJ, GAK, GuðmM, JBjarn, JM, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

1 þm. (ÁRJ) fjarstaddur.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 85).

Fundi slitið kl. 23:19.

---

8. FUNDUR

þriðjudaginn 7. október,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í Þingvallanefnd, til upphafs næsta þings, skv. 2 mgr. 2. gr. laga nr. 47 1. júní 2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum.
3. Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands, frv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
4. Húsnæðismál, frv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
5. Hlutdeild sveitarfélaga í innheimtum skatttekjum, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.
6. Stimpilgjald, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.

[13:35]

Útbýting:

Barnaverndarlög og barnalög, 19. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 19.

Heilsársvegur yfir Kjöl, 17. mál, þáltill. KÓ o.fl., þskj. 17.

Skattaívilnanir vegna rannsókna- og þróunarverkefna, 69. mál, þáltill. HöskÞ o.fl., þskj. 69.

Stjórnarskipunarlög, 70. mál, frv. SF o.fl., þskj. 70.

Tóbaksvarnir, 57. mál, frv. JM o.fl., þskj. 57.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Stóriðjuframkvæmdir.

[13:36]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Í ljósi þungra skrefa sem stigin voru í gær og við fáum fréttir af nú í morgun í ljósi óvenjulegar og sérstakra ástæðna á fjármálamarkaði finnst mér vert að ræða framhaldið. Markmiðin voru skýr með frumvarpinu sem var lagt fram á Alþingi. Það þarf fyrst og fremst að halda atvinnulífinu gangandi og halda áfram að vinna að því að hjól atvinnulífsins stöðvist ekki.

Í lok þeirrar umræðu sem fór hér fram í gær svaraði hæstv. forsætisráðherra spurningum hv. þm. Guðna Ágústssonar um eflingu atvinnulífsins með þessum orðum, með leyfi forseta:

„... og tek eindregið undir það sem hann sagði við bæði 1. og 2. umr. um að við eigum að nýta auðlindirnar okkar og það hef ég margsagt bæði hér í Alþingi og annars staðar. Oft var þörf en nú er nauðsyn við þessar aðstæður.“

Þetta eru stór orð, herra forseti. Á Íslandi eru tvær stórframkvæmdir í burðarliðnum, annars vegar á Bakka við Húsavík og hins vegar við Helguvík á Reykjanesi. Á Bakka skiptir nú öllu máli að leyfi til tilraunaborana fáist á Þeistareykjum því eins og alþjóð veit setti úrskurður hæstv. umhverfisráðherra framkvæmdina í mikið uppnám og ljóst að verkefnið tefst um að minnsta kosti eitt ár ef leyfi til tilraunaborana fæst ekki. Ég spyr því hæstv. forsætisráðherra í ljósi þeirra óvenjulegu og sérstöku aðstæðna sem nú eru í efnahagsmálum hvort hann og ríkisstjórnin muni ekki beita sér sérstaklega og leggja þunga á að þessar tvær stóriðjuframkvæmdir verði að veruleika.

[13:38]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þingmanninum fyrir þessa fyrirspurn og jafnframt fyrir hans ágæta stuðning við það þingmál sem afgreitt var hér í gærkvöldi eins og við þekkjum. Tilvitnun hans í ræðu mína frá í gærkvöldi er ágæt, tel ég, (Gripið fram í.) en það sem þar kom fram er ekki nýtt af nálinni. Ég hef margsagt það bæði í þingsölum og á öðrum vettvangi að ég tel að við eigum að halda áfram uppbyggingu á grundvelli okkar náttúruauðlinda til þess meðal annars að ná þeim markmiðum sem við vorum að vinna að í gær með samþykkt lagafrumvarpsins sem hér var til umfjöllunar.

Það er spurt bæði um Helguvík og Bakka. Helguvíkurverkefnið er komið í fullan gang. Það er byrjað að reisa þá verksmiðju og ég hygg að öllum hindrunum sé rutt úr vegi fyrir því að það mál geti gengið eðlilega fram. Það kunna að vera einhver atriði óleyst en þau munu án efa leysast. Bakkaverkefnið er flóknara. Ég veit ekki annað en allir sem að því koma séu af heilum hug að reyna að leysa úr því máli. (Gripið fram í.) Það er verið að leysa það mál eftir því sem hægt er og eins og hratt og hægt er þannig að ég get fullvissað hv. þingmann um að mín afstaða í því efni er óbreytt. Ég styð þetta verkefni. Sjálfstæðisflokkurinn gerir það og ég efast ekkert um eindreginn vilja Samfylkingarinnar til að koma því máli í heila höfn.

Varðandi hins vegar leyfi til tilraunaborana þá get ég ekki svarað fyrir það nákvæmlega hvar það er á vegi statt en það eru áreiðanlega allir að leggja sig fram um að ganga frá því máli með farsælum hætti.

[13:40]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svör hans. Ég veit vel að afstaða hans liggur fyrir um nauðsyn þess að þetta mál fái áfram framgang. En ég er samt að leggja áherslu á að nú eru komnar upp aðstæður í íslensku efnahagslífi sem eru það óvenjulegar og sérstakar að gripið var til setningar neyðarlaga í gærkvöldi. Það er því enn brýnni nauðsyn en áður að þessar framkvæmdir — og þá á ég sérstaklega við Bakka á Húsavík af því að ég veit að hitt er vel á veg komið — fái haldið áfram og það verður ekki gert nema með styrkri stoð og aðstoð frá ríkisstjórn Íslands. Hún verður að vera meiri og umfangsmeiri heldur en hún hefur verið hingað til. Ég brýni forsætisráðherra, um leið og ég þakka honum fyrir hans svör, til að stuðla að því að þessu verkefni verði fram haldið.

Aukinn þorskkvóti.

[13:41]

Samúel Örn Erlingsson (F):

Herra forseti. Ég legg fram fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra um afstöðu hans og ríkisstjórnarinnar til þess að auka þorskkvóta Íslendinga við núverandi aðstæður.

Atburðarás síðasta sólarhrings líður Íslendingum áreiðanlega seint úr minni og nú sverfur að hjá mörgum. Það er því mikilvægt að auka og styrkja verðmætasköpun í samfélaginu. Nokkur atriði í þessu efni hafa verið nefnd í umræðu síðustu daga. Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, og raunar fleiri hafa meðal annars lagt eindregið til að gengið yrði beint til verks og þorskkvótinn aukinn verulega.

Það er ljóst að verðmætasköpun með aukningu þorskkvótans kæmist hvað fyrst í verk af þeim tillögum sem fram hafa verið settar í þessu efni. Vissulega greinir menn nokkuð á um hversu langt megi ganga. Sjálfsagt er að taka tillit til álits sérfræðinga en ég tel líka hollt að hlusta á sjónarmið sjómanna sem halda því fram að það sé nægur þorskur í sjónum.

Í fyrra var tekin djörf ákvörðun um niðurskurð þorskkvótans. Sú ákvörðun var tekin í góðæri. Nú hriktir í stoðum og þá verða menn að ganga svo langt sem skynsemin leyfir. Ég spyr því forsætisráðherra hvort hann muni beita sér fyrir því að þessi leið verði farin.

[13:43]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég vil taka undir það með þingmanninum að aukin verðmætasköpun er forsenda þess að við getum haldið áfram að bæta kjörin í landinu. Það er okkar markmið allra hér í salnum. En varðandi þetta tiltekna úrræði þá er það þess eðlis að ekki er hægt að hrapa að endurskoðun eða breytingu á þeirri ákvörðun sem tekin hefur verið. Hún er byggð á vísindalegum grundvelli og ráðgjöf færustu vísindamanna. En sjávarútvegsráðherra er að sjálfsögðu með þessi mál öll til skoðunar stöðugt og er í góðu sambandi við greinina og við vísindamennina. Ég tel hins vegar ... (Gripið fram í.) Það er hluti af greininni, hv. þingmaður. Ég tel hins vegar ekki hyggilegt að blanda þessu máli sérstaklega inn í umræðu um það ástand sem nú hefur skapast. Ef það er grundvöllur fyrir því að auka kvótann þá mun það koma út úr athugunum sjávarútvegsráðherra og hans manna. En það væri mjög óskynsamlegt af mér að lýsa því nú yfir úr ræðustól Alþingis að slík ákvörðun stæði fyrir dyrum.

[13:44]

Samúel Örn Erlingsson (F):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svör hans við fyrirspurn minni. Mér er fullljóst að það er í mörg horn að líta hjá honum og ríkisstjórninni og það er í mörg horn að líta í þessu tiltekna máli. En hér er fjallað um það sem mikilvægast er við þessar aðstæður, þ.e. að auka verðmætasköpun í samfélaginu sem er nauðsynlegt til að hamla gegn því sem riðið hefur yfir þjóðina.

Það er ekki síður mikilvægt við þessar aðstæður að auka tiltrú og bjartsýni. Fátt mundi styrkja grunnatvinnuvegi okkar hraðar og sterkar nú en einmitt það að auka veiðiheimildir sé þess nokkur kostur. Ég skora því á forsætisráðherra og ríkisstjórnina að skoða þessa leið mjög alvarlega í samráði við færustu menn.

Staða mála á fjármálamarkaði.

[13:45]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Þegar hinni miklu örlagaumræðu og ákvörðun í gærkvöldi var að ljúka ræddi ég það í fullri alvöru við hæstv. forsætisráðherra hvort ekki yrði að taka upp opinbera gengisskráningu við þessar aðstæður þar sem gengisvísitalan var komin í 230–240. Ég fagna því, hæstv. forsætisráðherra, að nóttin hefur verið notuð vel. Gengið hefur verið staðsett í 175 og þar þarf auðvitað að taka betur á út frá hag heimilanna, skuldastöðu þeirra sem skulda í erlendri mynt o.s.frv. en ég fagna þessari niðurstöðu, að skynsemin og handaflið hefur verið nýtt.

Ég ræddi líka um vextina, stýrivextina háu 15,5%, þá verður að keyra niður og þeir verða að vera orðnir mjög lágir um jól til að bjarga enn frekar hag heimilanna á Íslandi. Það er hagur heimilanna sem við verðum nú að vaka

yfir og þessi tvö atriði hafa mikið að segja.

Ég vil enn fremur fagna því að víðsýni er að vaxa og menn eru ekki bara bundnir við Bandaríkin. Bush hefur ekki reynst okkur neinn vinur. Nú horfa menn til Pútíns og ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hefur komið fram í morgun og vona að því láni, upp á 620 milljarða, verði landað á hagstæðum kjörum til þess að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans.

Ég vil enn fremur segja að þessi yfirlýsing hefur þegar haft mikil áhrif að mér sýnist. Norðmenn og Svíar, frændur og vinir, auðugar þjóðir eins og við, sjá að ástæðulaust er að láta Ísland þjást í þessum heljarböndum óreiðunnar og seinagangsins. Þeir lýsa því nú yfir að þeir geti hugsanlega viljað styrkja Ísland líka og koma til samstarfs með skjótum hætti um að ná árangri hér. Ég vil því spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort ekki séu allar dyr í þessum efnum opnar og hvort ekki sé full ástæða til að senda blessuðum Pútín þakkarskeyti frá Alþingi og ríkisstjórn.

[13:48]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Það kann að vera að tilefni sé til að senda Pútín skeyti, hann á nefnilega afmæli í dag. En ég vil svara spurningu þingmannsins þannig að auðvitað höfum við allar gáttir opnar og reynum að athuga allar mögulegar leiðir í þessum efnum til að styrkja gjaldeyrisvaraforðann eins og við höfum náttúrlega verið að gera en því miður víða komið að luktum dyrum. Við ákváðum það því, og ég beitti mér fyrir því í sumar, að kannað væri hvort grundvöllur væri fyrir því að ræða við Rússana. Niðurstaðan er sú að þeir hafa áhuga á því að ræða um þetta við okkur þó auðvitað sé ekki búið að ganga frá neinu. Það þarf að semja um hlutina í kringum þetta. En það fara væntanlega menn frá okkur til að vinna það verk núna alveg á næstunni. Þetta er jákvætt en er eitt af þeim málum sem ekki var hægt að skýra frá fyrr en það var komið á þetta stig.

Við munum auðvitað halda áfram að þreifa fyrir okkur með annað og þetta er hugsað til þess að styrkja varasjóðinn okkar. Fjármagn af þessu tagi er ekki hugsað til að það komi til endurlána eitthvert annað. Við erum fyrst og fremst að þessu til þess að byggja upp viðbúnaðinn í landinu ef þetta heppnast í samstarfi við Rússland en ekki til að nota hér innan lands í lánastarfsemi, framkvæmdir eða neitt slíkt til að eyða í verkefni innan lands eða á vegum ríkissjóðs. Þetta er ekki hugsað þannig en þetta er gott mál og ég fagna því að hv. þingmaður tekur undir það með mér.

[13:50]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Það er mjög merkilegur dagur í dag, frjálshyggjan og kommúnisminn eru hvort tveggja lögð til hliðar. Nú er það miðjustefnan, skynsemin, samvinnan, nýjar hugsjónir sem líta roða við dagmál í morgun og menn verða að hugsa öðruvísi og vinna öðruvísi. Ég fagna því að hæstv. forsætisráðherra hefur áttað sig á því að hann verður að eignast nýja vini og í afmælisdagabók Sjálfstæðisflokksins eru gömlu kommúnistarnir komnir þannig að það er fylgst með á þeim bæ. En ég held að þetta sé hárrétt. Auðvitað fór þessi frétt kannski fullsnemma. Ég þakka Seðlabankanum og forsætisráðherra fyrir þetta frumkvæði og ég trúi því að Rússar muni semja við okkur, ég trúi því líka að hún muni opna fleiri dyr, þessi frétt, og það sýnir sig eins og ég sagði áðan.

Ég vil enn fremur í lok ræðu minnar hvetja hæstv. forsætisráðherra til að taka handaflið líka upp við að lækka stýrivextina strax í þessari viku. Það mun skapa nýja bjartsýni á Íslandi.

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í Þingvallanefnd, til upphafs næsta þings, skv. 2 mgr. 2. gr. laga nr. 47 1. júní 2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Björn Bjarnason (A),
Kjartan Ólafsson (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Össur Skarphéðinsson (A),
Bjarni Harðarson (B),
Lúðvík Bergvinsson (A).

Varamenn:
Birgir Ármannsson (A),
Björk Guðjónsdóttir (A),
Katrín Jakobsdóttir (B),
Illugi Gunnarsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B),
Katrín Júlíusdóttir (A).

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands, 1. umr.

Frv. utanrmn., 3. mál (kosning í þróunarsamvinnunefnd). — Þskj. 3.

[13:52]

Frsm. utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Hér er lagt fram frumvarp til að gera smávægilega tæknilega breytingu á lögum sem afgreidd voru nú í september um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Við nánari skoðun kom í ljós að þær breytingar sem gerðar höfðu verið á frumvarpinu í meðförum þingsins voru þess eðlis að ekki þótti nægilega skýrt hvort fulltrúar þingsins í þróunarsamvinnunefnd skyldu kjörnir til fjögurra ára og hvort kjósa skyldi þeim varafulltrúa. Frumvarpinu er ætlað að taka af allan vafa um þetta þó að þetta hafi svo sem mátt leiða af almennu samhengi laganna vegna þeirra kjörnu fulltrúa sem hafa hlutverki að gegna á grundvelli laganna. En það er skynsamlegt og rétt að taka af öll tvímæli um þetta með því að breyta lögunum með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu. Frumvarpið stafar frá utanríkis-

málanefnd þannig að ég tel ekki ástæðu til að málið fari til nefndar milli umræðna.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu

Húsnæðismál, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 9. mál (endurfjármögnun lána frá viðskiptabönkum). — Þskj. 9.

[13:54]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Þetta verður mjög stutt ræða því aldrei þessu vant ætla ég ekki að mæla með beinum hætti fyrir þessu frumvarpi heldur aðeins að útskýra stöðu þess eins og hún er nú orðin. Það var eitt af fyrstu þingmálum okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að breyta lögum um húsnæðismál á þann veg að Íbúðalánasjóður hefði fortakslausar heimildir til þess að endurfjármagna og taka í viðskipti lán þeirra sem hefðu fengið íbúðalán hjá bönkunum og sparisjóðum undanfarin ár, fyrst og fremst 3–4 ár eða svo, þannig að opnaður yrði almennur lánaflokkur hjá Íbúðalánasjóði sem gæfi kost á slíkri endurfjármögnun. Þetta er af ástæðum sem ég held að séu öllum kunnar að bankarnir ruddust inn á íbúðalánamarkaðinn með miklum látum á árunum 2005 og þar á eftir og buðu gyllikjör en þeir lánaskilmálar eru mjög margir þannig að í þeim eru endurskoðunarákvæði hvað varðar lánskjör eða vexti oftast eftir 5 ár. Þetta er að vísu dálítið breytilegt en stór hluti þessara lána er á slíkum kjörum. Um er að ræða að mestu leyti erlend lán og þessi lán voru eins og hver önnur neyslulán til almennings með þeirri einu undantekningu að þau voru veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði. Menn þurftu sem sagt ekki að hafa verið að kaupa íbúð eða byggja hús eða endurbæta húsnæði sitt til að fá slíkt lán. Svo fremi sem þeir áttu veðrými í íbúðarhúsnæði gátu þeir fengið þau hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Nú er ljóst að vaxtakjör eru allt önnur í dag en boðin voru á þessum tíma og að óbreyttu mundi stefna í umtalsverða hækkun á vöxtum á endurskoðunardögum lánanna. Síðan þekkjum við auðvitað öll þau ósköp sem gengið hafa yfir fjármálaheiminn og bankastofnanirnar og er þar af leiðandi enn meiri ástæða en ella til að opna fyrir það að almenningur komist í öruggt skjól Íbúðalánasjóðs með þessi mikilvægu lán heimilanna sem eru húsnæðislánin auk þess sem kjörin eru þar betri en bjóðast nokkurs staðar annars staðar.

Frumvarp okkar gerir ráð fyrir því að sérstakur undirlánaflokkur verði búinn til undir liðnum Almenn lán en þau eru sem kunnugt er nú til að fjármagna kaup, byggingar eða endurbætur á íbúðarhúsnæði og þannig gerðum við ráð fyrir því að við bættist sem og lán til endurfjármögnunar lána frá viðskiptabönkum eða sparisjóðum með veði í íbúðarhúsnæði á viðeigandi stöðum í lögunum. En það fór aldrei svo að fyrir því frumvarpi yrði mælt því í frumvarpi sem kom frá hæstv. ríkisstjórn í gær, um neyðaraðgerðir vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, var að finna ákvæði um að Íbúðalánasjóði skyldi heimilt að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð væru með veði í íbúðarhúsnæði. Í viðskiptanefnd lagði ég til að því ákvæði yrði þá breytt þannig að um hvort tveggja gæti verið að ræða að Íbúðalánasjóður keypti skuldabréfin eins og þau stæðu með óbreyttum lánskjörum eða að Íbúðalánasjóður gæti endurfjármagnað slík lán. Um þetta var síðan flutt breytingartillaga sem var samþykkt og þannig hljóðar nú 2. tölul. 9. gr. laga um húsnæðismál, með leyfi forseta:

„Að kaupa eða endurfjármagna skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.“

Þar með er orðinn nánast sami efnislegi frágangur á þessu í gildandi lögum, sem eru frá því í nótt — ætli þau hafi ekki hrokkið út úr prentvélunum um miðnættið — og í því frumvarpi sem við höfum hér flutt og ekki ástæða til að halda því lengur til haga.

Ég ætla svo að leyfa mér að vona að lærdómur okkar af sviptingunum að undanförnu sé sá, allra sem hér sitjum á Alþingi, og verði menn nú stórir í sér og þori að skipta örlítið um skoðun ef það kostar það, að engum heilvita manni detti í hug að fara að hrófla við Íbúðalánasjóði á næstunni og um hann verði slegið alveg óvígri skjaldborg þannig að hann fái að vera í friði og sinna sínu mikilvæga hlutverki. Það hefur sennilega sjaldan ef nokkru sinni á síðustu áratugum verið mikilvægara en einmitt nú að við eigum slíkan öflugan félagslegan samtryggingarsjóð allra landsmanna sem sjái fyrir þeim gríðarlega mikilvægu þörfum sem húsnæðisöflunin er í samfélaginu. Þetta er eins og við öll vitum yfirleitt mikilvægasta einstaka fjárfesting venjulegra fjölskyldna á lífsleiðinni og skiptir sköpum um afkomu heimilanna að eins vel sé búið að því og nokkur kostur er. Ærin ástæða er til að ætla að Íbúðalánasjóður verði tækið okkar á næstu mánuðum til þess að reyna að aðstoða fólk sem er í greiðsluerfiðleikum eða ræður illa við þunga greiðslubyrði af lánum, t.d. því sem kæmi inn í sjóðinn á grundvelli þeirra lagaheimilda sem nú hafa verið stofnaðar og þá á að sjálfsögðu að gera það með því t.d. að Íbúðalánasjóður geti virkjað heimildir sínar vegna greiðsluerfiðleika til að færa afborganir aftur fyrir o.s.frv.

Auðvitað er staðan sú að nú söknum við vina í stað þar sem voru fleiri slíkir sjóðir sem á erfiðleikatímum reyndust oft ómetanlegir, ekki bara fyrir húsbyggjendur eins og nú er heldur fyrir atvinnulífið meðan það átti sína fjárfestingarlánasjóði. Ætli það sé ekki þannig að bændur landsins sakni vinar í stað þar sem er Lánasjóður landbúnaðarins, áður Stofnlánadeild landbúnaðarins. Hvað væru menn með á dagskrá í þeirri stofnun ef hún væri til í dag? Ég get lofað ykkur því, hv. þingmenn, að það væru aðgerðir til að reyna að lina þjáningar bænda sem unnvörpum ráða ekki við gríðarlega greiðslubyrði af lánum sérstaklega þeim sem tekin hafa verið á allra síðustu árum eftir að fjármögnun færðist yfir til bankakerfisins ofan í allar þær kostnaðarhækkanir sem þeir hafa orðið að taka á sig. Ég vil leyfa mér að segja það hér, þó það sé kannski svolítið hliðarspor, herra forseti, að mikla ábyrgð bera þeir sem eyðilögðu Stofnlánasjóð landbúnaðarins, mikla ábyrgð bera þeir sem eyðilögðu Stofnlánasjóð sjávarútvegsins, Fiskveiðasjóð, sem var vel rekin og sterk stofnun og veitti yfirleitt alltaf í árslok viðskiptavinum sínum umtalsverðar endurgreiðslur af vöxtum vegna þess að sjóðurinn stóð vel og gat látið viðskiptavini

sína, sjávarútveginn í landinu, njóta góðs af. Sama mætti segja um Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð á sínum tíma o.s.frv. Hvar eru þessi mál stödd í dag eftir þessa stórkostlegu einkavæðingu á stofnlánasjóðum atvinnuveganna? Er það ekki þannig að við vorum að ræða neyðaraðgerðir og hér ruku ræðumenn í stólinn, t.d. þingmenn Framsóknarflokksins, til að leggja áherslu á það hversu mikilvægt væri að bankakerfinu væri haldið á löppunum til að veita fyrirgreiðslu til atvinnulífsins. Hvað er inni í þessu bankakerfi? Það eru fjárfestingarlánasjóðirnir sem voru stofninn að eigin fé nýju montútrásarbankanna sem við erum núna með í höndunum suma hverja. Sagan endurtekur sig þó að menn læri lítið af henni. Ég ætla að leyfa mér að leggja enn og aftur áherslu á það að vonandi dettur ekki nokkrum lifandi manni í hug að halda til streitu þeim fráleitu hugmyndum sem hér voru uppi um að slátra Íbúðalánasjóði, færa öll hans verkefni yfir til bankanna, gera hann að hlutafélagi eða hvað það nú var.

En með vísan til þess sem áður sagði og þar sem efni frumvarpsins hefur í aðalatriðum, með þeim breytingum sem gerðar voru á stjórnarfrumvarpi í gær, orðið að lögum, kalla ég frumvarpið aftur, herra forseti.

Umræðu lokið.

Frumvarpið var kallað aftur.

Hlutdeild sveitarfélaga í innheimtum skatttekjum, fyrri umr.

Þáltill. MS o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

[14:04]

Flm. (Magnús Stefánsson) (F):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir þingsályktunartillögu á þskj. 10, um aukna hlutdeild sveitarfélaga í innheimtum skatttekjum. Meðflutningsmenn mínir eru félagar mínir úr þingflokki framsóknarmanna Birkir Jón Jónsson, Guðni Ágústsson og Bjarni Harðarson.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka hið fyrsta upp viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga um aukna hlutdeild sveitarfélaganna í innheimtum skatttekjum.

Tillagan var flutt á síðasta þingi, 135. löggjafarþingi. Málið fór til nefndar en eins og um flestöll mál sem hv. þingmenn flytja á Alþingi þá var málið ekki afgreitt úr nefnd og er það nú endurflutt.

Virðulegur forseti. Mjög mörg sveitarfélög í landinu búa við erfiða fjárhagsstöðu af ýmsum ástæðum og mörgum sveitarfélögum hefur reynst erfiðara og erfiðara að standa undir lögbundnum verkefnum sínum vegna þess að fjárhagsstaða þeirra hefur verið mjög erfið og ekki hefur hún farið batnandi. Að vísu ber að geta þess að fjárhagsstaða sveitarfélaga er auðvitað mjög misjöfn af ýmsum ástæðum.

Þegar við ræddum þetta mál á síðasta löggjafarþingi þá var nýbúið að taka ákvörðun um verulegan samdrátt í fiskveiðum. Það var allt útlit fyrir, sem reyndar hefur komið á daginn, að það hefði mjög alvarleg áhrif á tekjur margra sveitarfélaga, sérstaklega þeirra þar sem sjávarútvegur er undirstöðuatvinnuvegur. Sú hefur orðið reyndin og ég hygg að á því fiskveiðiári sem nú er nýhafið muni mörgum sveitarfélögum reynast jafnvel enn erfiðara að standa undir lögbundnum verkefnum sínum en á síðasta ári þar sem þessar breytingar hafa mikil áhrif á tekjur þeirra.

Margt hefur verið að gerast á síðustu dögum í fjármálaheiminum og ég hygg að afleiðingarnar af því öllu saman muni hafa áhrif á mjög mörg sveitarfélög. Að vísu er óljóst hvernig það muni koma niður á sveitarfélögunum, bæði er varðar bankaviðskipti þeirra og jafnvel inneignir í fjármálafyrirtækjum og einnig á tekjur þeirra. Þetta á allt eftir að koma í ljós og við getum í sjálfu sér ekkert sagt fyrir um það hér og nú hvernig það muni þróast.

Virðulegi forseti. Hér er staddur hæstv. ráðherra sveitarstjórnarmála, samgönguráðherra, og ég vil nota tækifærið og beina til hans nokkrum atriðum sem varða þetta mál. Í fyrsta lagi þá er um að ræða að á fjárlögum síðustu ára hefur verið sérstakt tímabundið framlag í jöfnunarsjóð, ég hygg að það hafi verið 1,4 milljarðar á þessu ári. Ég get ekki séð að gert sé ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpi næsta árs enda var um tímabundið framlag að ræða sem var umsamið og það samkomulag er útrunnið eftir þetta ár.

Ég vil því beina því til hæstv. ráðherra hvort til standi að taka þetta framlag upp annaðhvort í sama formi eða einhverju breyttu formi. Þetta framlag skiptir gríðarlega miklu máli sérstaklega fyrir minni sveitarfélög á landsbyggðinni og ég veit að það kom sér mjög vel og skipti sköpum fyrir afkomu margra þeirra og varðandi það að þau gætu staðið við lögbundin verkefni sín. Það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hvað hann hefur um þetta mál að segja.

Þar að auki fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ákveðið hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs og nú er gert ráð fyrir að þær dragist saman sem þýðir auðvitað að framlag í jöfnunarsjóð mun þar með dragast saman. Þetta er mjög stórt mál og mikilvægt og það þarf að finna einhverja lausn á því þannig að sveitarfélögin verði ekki fyrir miklum búsifjum hvað varðar þennan þátt. Ég beini því einnig til hæstv. ráðherra hvort hann hafi eitthvað um þetta mál að segja.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa framsögu öllu lengri. Hér er um mjög stórt og mikilvægt mál að ræða en við þær aðstæður sem nú eru hef ég miklar áhyggjur af fjárhag og afkomu starfsemi margra sveitarfélaga í landinu. Aðstæður hafa ekki batnað, þvert á móti. Ég tel mjög mikilvægt að hæstv. ríkisstjórn og forustumenn sveitarfélaganna í landinu setjist yfir þessi mál sem allra fyrst og reyni að finna leiðir til þess að sjá til þess að sveitarfélögin geti starfað eðlilega og veitt þá þjónustu sem þau eiga að gera. Sú tillaga til þingsályktunar sem hér er rædd gerir einmitt ráð fyrir því og ég vænti þess að þingnefnd sem mun fá þetta mál til umfjöllunar sjái til þess að málið verði afgreitt þannig að til þessara viðræðna geti komið. Hér er um gríðarlega stórt og mikilvægt mál að ræða sem aðilum ber að sjálfsögðu að taka á og finna lausnir á.

Virðulegur forseti. Ég læt máli mínu lokið en legg til að málinu verði vísað til viðeigandi nefndar sem fjallar um sveitarstjórnarmál.

[14:10]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er hér flutt að nýju tillaga til þingsályktunar sem lögð var fram á síðasta

þingi fyrir ríkisstjórn, tillaga um að taka upp viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga, um að auka hlutdeild þeirra í skatttekjum.

Í umræðu um málið síðastliðið haust kom fram af minni hálfu að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styddum framgang þessa máls og í sjálfu sér hefur ekkert breyst í því efni, þ.e. hvað varðar stuðning okkar við málið. En auðvitað hefur ýmislegt í hinu efnahagslega umhverfi hér á landi breyst gríðarlega mikið frá því að þetta sama mál var rætt fyrir ári síðan. Vissulega kann það að hafa einhver áhrif á hvernig um málið verður fjallað. Engu að síður held ég að hafi það verið brýnt fyrir ári síðan að tala um tekjustofna sveitarfélaga, tekjur sveitarfélaga og möguleika þeirra til að standa undir sínum lögbundnu verkefnum þá sé enn frekar tilefni til þess á þeim tímum sem við lifum og þeim sviptingum sem eiga sér stað í efnahagslífinu núna.

Hv. flutningsmaður, Magnús Stefánsson, gat þess í framsöguræðu sinni að í framkomnu fjárlagafrumvarpi væri ekki gert ráð fyrir sérstöku aukaframlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga upp á um 1.400 millj. kr. eins og verið hefur undanfarin ár. Þetta framlag hefur verið þannig, ef ég fer rétt með, að það hefur verið 700 millj. kr. aukaframlag í jöfnunarsjóðinn sem síðan hefur í sérstökum samningum milli ríkis og sveitarfélaga verið aukið í 1.400 millj. kr. til sérstakra verkefna. Þetta aukaframlag hefur því í raun verið óbreytt krónutala í nokkur undanfarin ár, 1.400 millj. kr. Í fjárlagafrumvarpinu sem nú liggur fyrir sér þess ekki stað að gert sé ráð fyrir slíku. Þessu til viðbótar, eins og hv. flutningsmaður gat um, þá þýðir samdráttur í tekjum ríkissjóðs óneitanlega samdrátt á þeim framlögum sem fara í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna þess hvernig tekjur jöfnunarsjóðsins eru reiknaðar.

Mér sýnist í fljótu bragði að þessir tveir þættir þýði að tekjur jöfnunarsjóðs á næsta ári verði um 3 milljörðum kr. minni en á yfirstandandi ári. Þetta eru auðvitað gríðarlega miklir fjármunir fyrir jöfnunarsjóðinn og fyrir sveitarfélögin í landinu og skiptir þau miklu máli. Til viðbótar við það tekjutap sem sveitarfélögin sjálf verða fyrir í minnkandi útsvarstekjum vegna tekjusamdráttar í samfélaginu — þau verða að sjálfsögðu fyrir tekjutapi rétt eins og ríkissjóður — þá blasir við að það verður verulegur samdráttur í tekjum sveitarfélaganna á næsta ári miðað við það sem þau eru með í dag. Við vitum það öll að verkefni sveitarfélaganna eru flest hver lögbundin og það er gríðarlega erfitt að draga úr þeirri þjónustu sem sveitarfélögin veita, að minnsta kosti í sama takti og tekjurnar dragast saman, jafnvel þótt menn hefðu pólitíska vilja til þess sem er auðvitað annað mál. En flest af verkefnum sveitarfélaga eru lögbundin og þar er ekkert um það að ræða að skera þau af, ef svo má segja, til þess að mæta tekjusamdrætti.

Fyrir nú utan að hlutverk sveitarfélaga sem opinbers aðila er auðvitað mikilvægt ekki síst á þeim tímum sem við lifum núna. Það er mikilvægt að þau leggi sitt af mörkum til þess að tryggja, eða skulum við segja til þess að stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu, m.a. með því að tryggja þjónustu sem íbúar sveitarfélaganna þurfa á að halda, tryggja starfsfólki sínu örugga vinnu og koma þannig í veg fyrir atvinnuleysi sem áreiðanlega mun hvort eð er aukast á næstu mánuðum og missirum.

Á þeim tímum kreppir líka að hjá sveitarfélögunum vegna þess að samdrætti í efnahagslífinu fylgir almennt aukin félagsleg aðstoð af hálfu sveitarfélaganna. Því má búast við því að útgjöld sveitarfélaganna, m.a. til þess málaflokks, muni frekar aukast á næstunni heldur en hitt á sama tíma og tekjur þeirra dragast saman. Staða þeirra er því vissulega uggvænleg og í umræðunni um stöðu þjóðarbúsins hefur oft verið sagt með réttu að staða ríkissjóðs sé tiltölulega góð, hann sé nánast skuldlaus, en hið sama verði ekki sagt um þjóðarbúið í heild og þá tala menn um fyrirtækin, heimilin og sveitarfélögin. Sveitarfélögin eru talsvert skuldsett og því má kannski ekki miklu þar við bæta. Ég held að staða sveitarfélaganna sé eða verði á næsta ári — þykist ég vita og heyra úr ranni þeirra sem vinna við fjárhagsáætlanir — gríðarlega erfið og við þeim blasir mikill vandi á næsta ári. Því held ég að það sé mjög mikilvægt að þetta þingmál fái framgang og að farið verði í viðræður við sveitarfélögin um hvernig megi bregðast við vanda þeirra og það væri fróðlegt að heyra hvað hæstv. samgönguráðherra hefur um það mál að segja.

Það eru nokkur atriði sem ég hefði viljað impra á við hæstv. ráðherra þar sem hann er viðstaddur umræðuna. Það er t.d. spurningin um að hvað miklu leyti hæstv. samgönguráðherra telji koma til álita að auka svigrúm sveitarfélaganna sjálfra til að ákveða skatttekjur sínar. Við vitum að í dag eru skattstofnar eða tekjustofnar sveitarfélaganna ákveðnir með lögum. Víða í löndunum í kringum okkur er skattheimtuvaldið alfarið í höndum sveitarfélaganna. Þau hafa sjálf möguleika á að ákveða útsvar sitt og jafnvel aðra tekjustofna og þá með þeim rökum að þar sé um að ræða lýðræðislega kjörin stjórnvöld sem að sjálfsögðu standa skil á því sem þau sjálf ákveða gagnvart kjósendum sínum líkt og á Alþingi.

Ég hef aðeins fylgst með fundum landshlutasamtaka sveitarfélaganna í haust og þar hefur hæstv. samgönguráðherra komið og tekið þátt í störfum þeirra og verið með framsögu um sína sýn á sveitarstjórnarmálin. Þar hefur m.a. komið fram sú afstaða hans, eða hann hefur kynnt að það eigi að fara í eða sé kannski farið í nú þegar endurskoðun á annars vegar sveitarstjórnarlögum og hins vegar lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Því leikur mér forvitni á að vita hvort sú vinna er farin af stað af hálfu hæstv. samgönguráðherra og hvernig hann hyggst standa að henni og hvort hann hafi það markmið, t.d. varðandi tekjustofnana að breikka þá með einhverjum hætti, tryggja þá betur, fjölga þeim eða gefa sveitarfélögunum meira svigrúm til þess að ákveða tekjustofna sína sjálf. Einnig hefði ég gjarnan viljað heyra frá honum með hvaða hætti hann hyggst standa að þessari endurskoðun, hvort það verði í einhvers konar samstarfsverkefni á vettvangi stjórnmálanna. Hér er um gríðarlega þýðingarmikið verkefni að ræða sem varðar sveitarstjórnarstigið og ríkið að sjálfsögðu líka. Það varðar þjónustu við íbúa landsins og snertir alla stjórnmálaflokka sem taka þátt í landsmálum og í sveitarstjórnarmálum. Mér þætti áhugavert að heyra hvað hæstv. samgönguráðherra hefur hugsað sér í þessu máli.

En virðulegi forseti. Að lokum vil ég bara segja að eins og málum er háttað þá er jafnvel enn brýnna nú en áður að

farið verði yfir stöðu sveitarfélaganna, tekjustofna þeirra og hvernig þau eiga að mæta þeim búsifjum sem þau óumflýjanlega verða fyrir á næstu mánuðum og missirum vegna aðstæðna í efnahagslífinu. Þess vegna styð ég og við í mínum þingflokki framgang þess þingmáls sem hér er til umræðu.

[14:19]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég fagna þessu frumvarpi. Ég tel að það sé mjög af því góða og að mikil þörf sé á því að taka til endurskoðunar skiptingu tekna milli ríkis og sveitarfélaga. Af hverju? Það er einfaldlega vegna þess að það hallar á sveitarfélögin og hefur gert á síðustu árum. Sveitarfélög hafa í auknum mæli tekið yfir rekstur, samanber grunnskólana, og er mikill vilji til að sveitarfélögin taki við fleiri verkefnum af ríkinu, bæði varðandi hjúkrun á fólki og ýmiss konar aðra þjónustu sem ríkið rekur í dag. Það er mjög af hinu góða.

Þegar farið er að tala um sveitarstjórnarmál þarf auðvitað að tala um sameiningu sveitarfélaga. Æskilegt er að sameiningar verði á sveitarfélögum, sérstaklega litlum sveitarfélögum með fátt fólk. Þær hugmyndir hafa verið uppi að neyða sveitarfélög til sameiningar. Því er ég ekki hrifinn af og ekki sammála. Sameining sveitarfélaga verður að koma af sjálfu sér og fólkið sjálft verður að fá að ákveða hvort það vill vera í litlu sveitarfélagi eða stærra. Fólk sem býr í litlum sveitarfélögum verður að sjá fram á það áður en af sameiningu verður að hagur sé að slíku fyrir það. Ég vara við því að neyða sveitarfélög til sameiningar með lagaboði frá Alþingi. Ég held að gera þurfi fólkinu í litlu sveitarfélögunum ljóst hvers vegna betra sé að búa í stærra sveitarfélagi.

Í litlum sveitarfélögum eru oft smákóngar sem standa í vegi fyrir því að sveitarfélög séu sameinuð en auðvitað ræður mestu hver skuldastaða sveitarfélaga er þegar verið er að tala um sameiningu sveitarfélaga. Á mörgum svæðum er samstarf sveitarfélaga mjög af hinu góða og í því tilfelli má nefna Suðurnes þar sem samstarf sveitarfélaga hefur verið mjög gott í gegnum tíðina þótt e.t.v. megi segja að í dag séu ákveðnir erfiðleikar í samstarfi sem ekki var áður. Það varðar ýmiss konar mál, m.a. línulagnir yfir svæði á Suðurnesjum og svo gera sumir bæjarstjórar í stórum sveitarfélögum sig breiða og stilla litlu sveitarfélögunum upp sem er ekki af því góða.

Varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er ég þeirrar skoðunar að auka þurfi fé í Jöfnunarsjóð og auka framlagið sem var 700 milljónir sem nú er búið að hækka upp í 1.400 milljónir, að ég held. Það getur auðvitað hjálpað í ákveðnum verkefnum og gerir það eflaust. Í þessu frumvarpi þarf númer eitt, tvö og þrjú að breyta tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og auka þarf veg sveitarfélaganna á kostnað ríkisins enda sést það og menn hafa fram á síðustu daga verið að gorta af því að ríkissjóður sé nánast skuldlaus en sveitarfélögin eru flest mjög skuldsett. Þar af leiðandi liggur í augum uppi að hallað hefur á sveitarfélögin. Flest sveitarfélög fóru illa út úr því þegar grunnskólarnir voru settir til sveitarfélaga þrátt fyrir að menn hafi haldið því fram, m.a.s. hér í þingsal, að það hafi verið vel útilátin fjárveiting með þeirri breytingu sem þar varð á.

Almenningur í litlu sveitarfélögunum hefur æðioft minni þjónustu en í stóru sveitarfélögunum og þess vegna þarf að hafa einhverjar gulrætur til að gera það fýsilegra fyrir fólk að búa í stærra sveitarfélagi. Á Suðurnesjum voru t.d. sameinuð þrjú sveitarfélög, Keflavík, Njarðvík og Hafnir. Minnsta sveitarfélagið, Hafnir, með um 100 manns, hefur dregist aftur úr að mínu mati á mörgum sviðum eftir sameiningu. Til dæmis var tekinn löndunarkrani af bryggjunni þar og bryggjunni hefur ekki verið viðhaldið og fleira mætti nefna. Það hefur leitt til þess að fólk er ekki ánægt með að vera orðið hluti af stærri heild þegar minna fé er veitt til þjónustu á hverjum stað. Fleiri þáttum hefur ekki verið sinnt eins og skyldi, s.s. neysluvatni og tölvutengingum. Reyndar held ég að búið sé að laga vatnsrennsli til Hafnarbúa en til skamms tíma var nánast ódrekkandi vatn þar og hallað hefur á íbúa staðarins í ýmsum málum.

Á næstunni má reikna með því að fleiri verkefni muni færast til sveitarfélaga. Stærri sveitarfélögin vilja taka að sér fleiri verkefni sem ríkið hefur haft á höndum.

Þá er eitt sem kom fram áðan varðandi útsvarið. Ég vara við því að gefa það frjálst að hækka útsvarið, að leyfa sveitarfélögunum hverju fyrir sig að hækka útsvarið eða að ákveða það. Það er ákveðið hámark og kannski er hægt að hækka það eitthvað lítils háttar. En ég vara samt við því að leyfa sveitarfélögunum að ráða hversu hátt útsvar megi leggja á fólk vegna þess að fyrir nokkrum árum var lögum um hafnarsjóði breytt og hafnargjöld voru gefin frjáls. Það hefur leitt af sér að í flestum tilfellum hafa sveitarfélög tapað. Það er ákveðin samkeppni, útgerðir stilla jafnvel sveitarfélögunum upp, fara fram á ýmiss konar afslátt á hafnargjöldum og annað í þeim dúr þannig að tekjur hafna hafa minnkað hlutfallslega eftir að gefið var frelsi í þessum efnum. Ég vara við því að fara of langt í þá átt enda standa sveitarfélögin mjög misjafnlega. Sum sveitarfélög gætu verið með útsvar allt upp í 20% í neyðartilfellum. Það held ég að sé ekki af því góða.

Þess vegna legg ég til að skipting tekna milli ríkis og sveitarfélaga verði gerð með það í huga að bæta stöðu sveitarfélaganna og eins er hægt að bæta stöðu þeirra í gegnum jöfnunarsjóð. Það er þó helst fyrir þau sveitarfélög sem standa hvað veikast. Í dag fer það eftir fólksfjölda í sveitarfélögunum hvernig veitt er úr jöfnunarsjóði og þau sem eru yfir ákveðnum mörkum detta út úr greiðslureglugerðum hjá sjóðnum. Jöfnunarsjóði er auk þess oft og tíðum breytt. Ég held að langeðlilegast sé að gera breytingar milli ríkis og sveitarfélaga, tekjurnar verði auknar til sveitarfélaganna en ég vara við því að gefa frelsi varðandi útsvarið.

Ég styð þetta frumvarp og mér líst vel á hugmyndirnar og vona að frumvarpið fái brautargengi í þinginu.

[14:29]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að blanda mér í umræður um þessa þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir um aukna hlutdeild sveitarfélaga í innheimtum skatttekjum. Ég held að flestir geti í prinsippinu verið sammála því efnislega sem stendur í þessari tillögu og ég hef m.a. talað um þessa tekjumisskiptingu, sem ég leyfi mér að kalla, milli ríkis og sveitarfélaga á öðrum vettvangi. Ég vil líka benda á

að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sérstaklega talað um að þetta mál skuli skoðað og reynt að koma til móts við sveitarfélögin með einhverjum hætti. Hins vegar er svolítið sérstakt að standa í ræðupúlti Alþingis í dag, ræða þingmannamál og hafa fyrirspurnir eins og ekkert hafi í skorist eftir þann stóra og mikla dag sem var í gær. Í nótt samþykktum við neyðarlög vegna þess ástands sem nú skekur Ísland, heiminn allan og fjármálalífið. Þess vegna má kannski færa fyrir því rök að stundum hafi verið heppilegri tímasetning á tillögu sem þessari en akkúrat í dag. Það sjá allir í hendi sér að eins og staðan er í dag munu fjárhagsáætlanir sveitarfélaga, alveg eins og fjárlagafrumvarpsins, breytast gríðarlega. Allar þær forsendur sem menn gáfu sér í sumar eru gerbreyttar eftir gærdaginn. Það verða menn að hafa í huga í þessari umræðu.

Ég sá á vef *Morgunblaðsins* í morgun frétt þess efnis að Reykjavíkurborg hefði kynnt aðgerðaáætlun til að bregðast við ástandinu. Hún felur m.a. í sér að — fólki verður reyndar ekki sagt upp störfum en Reykjavíkurborg ætlar að halda að sér höndum í nýráðningum og trappa niður allar framkvæmdir. Mér skilst að það eigi að setja á gjaldskrárstopp og ég hygg að sveitarfélög víða um land séu í svipuðum stellingum og Reykjavíkurborg, og ríkið ef út í það er farið. Allir fara í þær aðgerðir sem þörf er á miðað við núverandi ástand. Mér fannst fullt tilefni til að nefna þetta í umræðu varðandi þessa tillögu; hún verður að skoðast í ljósi þessa efnahagsástands sem uppi er núna. Hins vegar tek ég hugmyndinni fagnandi inni í samgöngunefnd sem núna fer með sveitarstjórnarmálin. Við munum ræða hana þar efnislega og ef tillögur hæstv. forseta verða að veruleika, sem hann kynnti við setningu þings um að öll mál verði afgreidd út úr nefndum og öll þingmannamál komi til kasta þingsins, verður þetta væntanlega eitt af þeim málum sem þingið getur eftir atvikum fellt, samþykkt eða sett í einhvern farveg. Ég vil reyndar nota þetta tækifæri til að lýsa yfir sérstakri ánægju minni með þessa hugmynd forseta vegna þess að eitt af því sem kom mér ákaflega spánskt fyrir sjónir þegar ég settist inn á þing fyrir ári síðan var að uppgötva að það skiptir í sjálfu sér ekki nokkru máli hversu margar þingsályktunartillögur ég legði fram sem óbreyttur þingmaður; það yrði ekkert gert með þær. Ég held að það auki virðingu fyrir þinginu að allar tillögur komi efnislega til umfjöllunar, fyrst í fagnefndum og síðan í þessum sal.

Flutningsmaður tillögunnar, hv. þm. Magnús Stefánsson, kom efnislega inn á nokkur atriði sem ég vil bregðast við. Hann vakti réttilega athygli á því að 1.400 millj. sem voru settar inn í jöfnunarsjóð á sl. ári eru ekki inni núna miðað við fjárlagafrumvarpið og hæstv. ráðherra mun væntanlega bregðast við því í svari sínu til hv. þingmanns á eftir. Ég hygg að við vitum öll sem hér erum inni að þetta mun auðvitað hafa gríðarleg áhrif á mörg sveitarfélög, en alls ekki öll. Sveitarfélögin eru mjög misjafnlega stödd fjárhagslega. Sum eiga í raun og veru alla afkomu sína undir þeim fjármunum sem þau fá úr jöfnunarsjóði. Við sem eigum sæti í fjárlaganefnd höfum heyrt frá fulltrúum sveitarfélaga, sem hafa komið inn og fylgt eftir sínum málum, að ef framlagið komi ekki frá jöfnunarsjóði geti menn einfaldlega pakkað saman og hætt rekstri. Ég ítreka þó að þetta er auðvitað ekki raunin alls staðar og alls ekki í stóru sveitarfélögunum á suðvesturhorninu.

Ég hef stundum viðrað þá hugmynd á fjármálaráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga og á vettvangi þeim tengdum að mér finnst að Samband ísl. sveitarfélaga eigi sem málsvari allra sveitarfélaganna að skoða mjög gaumgæfilega að skipta og flokka sveitarfélög í a-, b- og c-sveitarfélög. Þau væru meðhöndluð sem slík vegna þess að munurinn á þeim viðfangsefnum sem menn eru að fást við t.d. í Reykjavík annars vegar og á Raufarhöfn hins vegar er eins og svart og hvítt. Menn verða að horfa á málið út frá þessum staðreyndum. Það er ekki hægt að tala um að það sama eigi við í öllum tilfellum og við eigum að horfast í augu við það. Ég hygg að hæstv. ráðherra hafi fullan hug á að ræða við Samband ísl. sveitarfélaga um það hvernig ríkið geti ásamt sveitarfélögunum komið að því að leysa það sem blasir við á næsta ári. Sveitarfélögin eru öll að vinna í sínum fjárhagsáætlunum. Það kann vel að vera að ráðuneytið og ríkið þurfi með beinum hætti að koma sumum sveitarfélögum til aðstoðar en ég ítreka: alls ekki öllum.

Einn ágætur hv. þingmaður, ég hygg að það hafi verið hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, nefndi í umræðunni hugmynd um svigrúm til að auka útsvarsprósentu sveitarfélaga ef þau kjósa svo. Það kann vel að vera að þetta sé áhugaverð hugmynd en í dag hafa sveitarfélögin í raun og veru val. Þau hafa hámarksútsvar sem þau geta lagt á og mörg gera það. Auðvitað eru nokkur sem kjósa ekki að nýta sér hámarksútsvarsprósentuna; nokkur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og þótt ég hafi þetta ekki í kollinum held ég að einnig séu einhver úti á landi sem nýta sér hana ekki. Þetta er auðvitað alltaf spurning um hversu langt menn ætla að ganga og hvar menn ætla að binda þetta hámark. Ætla menn að binda það í ríflega 13% eins og er í dag, 15%, 20% eða hvað? Ég held að það sé miklu nær að þetta sé bundið eins og er í dag og menn leiti þá leiða til að gefa sveitarfélögunum aukna hlutdeild í öðrum tekjum. Hér erum við að ræða fjármagnstekjuskattinn. Ýmislegt annað sem snertir sveitarfélögin hefur líka komið til tals, eins og t.d. almenningssamgöngur. Ég og fleiri í þessum sal höfum talað fyrir því að ríkið komi með einhverjum hætti að almenningssamgöngum og axli þannig samfélagslega ábyrgð sína á því að halda uppi samgöngum í landinu. Ýmsar leiðir eru því færar fyrir ríkið til að koma til móts við og styrkja sveitarfélögin.

Einnig var komið inn á sameiningu sveitarfélaga og íbúafjölda þeirra. Í dag er staðan þannig að 78 sveitarfélög eru á landinu. Þeim hefur fækkað gríðarlega á undanförnum árum og hin svokallaða frjálsa sameining sem hefur staðið yfir linnulaust í nokkra áratugi, leyfi ég mér að segja, hefur tekist býsna vel. Menn deila ekki um það. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að fullreynt sé með hina frjálsu sameiningu. Þess vegna styð ég þá hugmynd hæstv. ráðherra að opna umræðu um að binda lágmarksíbúafjölda við tiltekna tölu til þess að þoka umræðunni áfram og koma henni í einhvern farveg. Við hljótum alltaf að hafa að leiðarljósi að þjónustan sem íbúarnir fá, gamla fólkið og börnin, sé sú sama hvort sem er á Raufarhöfn eða í Reykjavík. Það er ekki þannig í dag en með því að fækka sveitarfélögum og fjölga í sveitarfélögum er ég fullviss um að þessi þjónusta mun batna í framtíðinni.

[14:39]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel ekki ráðlegt að skipta sveitarfélögum í a, b og c. Ég tel það ekki ráðlegt gagnvart Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og hygg að það mundi verða til þess að allir vildu eiga heima í a-sveitarfélagi. Ef þú værir flokkaður í b væri það næstbesti kostur og ég tala ekki um ef þú værir kominn í c-sveitarfélag. Það væri hálfgerður tossabekkur og enginn vildi vera í því sveitarfélagi vegna þess að þar væri fjárhagsstaðan erfið. Fólk forðaðist því að flytja í sveitarfélög sem væru í þessari stöðu. Ef við ætlum að flokka sveitarfélög á Íslandi í dag mundum við væntanlega flokka t.d. nánast alla Vestfirðina, hluta Norðurlands, Norðausturland og Austfirði sem sér sveitarfélög. Það væri mjög óæskilegt, þau gætu litla þjónustu veitt og fólk ætti ekki von á að fá þar sömu þjónustu og sömu hluti og kannski í sveitarfélögum á suðvesturhorninu. Ég tel þetta vera mjög hættulega leið af því að það getur verið dálítið rokkandi hvar er best að vera á hverjum tíma. Við eigum því að varast að fara þessa leið.

Ég gleymdi að tala um fjármagnstekjuskatt áðan. Auðvitað á hann að skiptast í svipuðu hlutfalli á milli sveitarfélaga og ríkis eins og aðrar tekjur. 78 sveitarfélög. Fjárhagsstaða þeirra er mjög misjöfn og það er ekki góður kostur að neyða t.d. lítið sveitarfélag með tiltölulega góða fjárhagsstöðu til að taka þátt í rekstri á sveitarfélagi sem er illa rekið af því að það liggur landfræðilega næst því.

[14:41]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hygg að hv. þingmaður hafi misskilið mig eða talið að ég væri að tala bókstaflega þegar ég tók dæmi um a, b og c. Það sem ég átti raunverulega við var nákvæmlega það sem hv. þingmaður sagði í lokin, það er að fjárhagsstaða sveitarfélaganna er mjög misjöfn. Menn eiga að horfa þannig á að það er alveg hægt að flokka sveitarfélög miðað við fjárhagsstöðu þeirra. Það þarf ekki að kalla þau a, b eða c; það má kalla þau eitthvað allt annað. Kjarni málsins er hins vegar sá að þau búa við mjög mismunandi rekstrarskilyrði. Þær lausnir sem notaðar eru í Reykjavík henta ekki alltaf á Raufarhöfn, bara svo dæmi sé tekið. Þetta er það sem ég var að benda á. Menn verða að horfast í augu við staðreyndir og þær eru að sveitarfélögin eru mjög misjöfn, þurfa mismunandi lausnir og aðferðir og við eigum að viðurkenna það. Ég er alveg sannfærð um að um leið og menn fara að vinna þannig með sveitarstjórnarstigið mun það koma litlu sveitarfélögunum miklu betur en í dag. Í umræðum um t.d. fjármagnstekjuskatt, af því að við vorum að ræða hann áðan, er mjög misjafnt hvar fjármagnstekjuskatturinn verður helst til og hvert hann skilar sér helst. Ég nefndi almenningssamgöngur áðan. Allar umræður um almenningssamgöngur gagnast ekkert sveitarfélögum t.d. á Raufarhöfn og á því svæði. Það er vandamál suðvesturhornsins. Vandamál sveitarfélaganna eru því misjöfn og þau ráðast af stærðinni og engu öðru.

[14:43]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Rekstrarskilyrði sveitarfélaga eru misjöfn. Á árum áður var það þannig að ef vel fiskaðist fyrir vestan var staða sveitarfélaga þar góð. Með tilkomu kvótakerfisins njóta auðvitað margir staðir í dag ekki þeirra gæða að það fiskist vel eða landburður af afla lyfti tekjum flestra í sveitarfélaginu og annað í þeim dúr. Kvótakerfið er þó bara eitt af mannanna verkum og nú þurfum við örugglega að fara að breyta því. Við þær aðstæður sem núna eru í bankamálum er fáránlegt að nota ekki tækifærið og gjörbreyta fiskveiðistjórnarkerfinu í leiðinni þar sem flest útgerðarfélög í landinu eru sennilega farin á hausinn. Að ætla að sameina sveitarfélög með handafli er þó að mínu mati algerlega útilokað. Að neyða vel rekið sveitarfélag sem hefur sýnt ráðdeild og skynsemi í rekstri til margra ára, beðið með að fjárfesta þangað til það hefur burði til þess, byggt sitt íþróttahús, sundlaugar og þjónustu við íbúana á lengri tíma en kannski sveitarfélagið við hliðina; það er dálítið súrt fyrir fólkið sem hefur kannski látið sig vanta ýmsa hluti í langan tíma að vera síðan sameinað öðru sveitarfélagi sem mun auka skuldir á hvern einstakling kannski um fleiri hundruð þúsund. Partur af því sem verið er að tala um er að það er ekki sanngjarnt að neyða fólk með handafli í svona aðgerðir. Fólkið verður að fá að ráða þessu sjálft.

[14:45]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú held ég að við hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir séum í sjálfu sér ekki ósammála í sveitarstjórnarmálum svona í öllum meginatriðum. (Gripið fram í.) Þó gætir aðeins blæbrigðamunar svo að ekki sé sterkara að orði kveðið í nokkrum atriðum.

Vegna orða hennar um það sem ég sagði um aukið svigrúm sveitarfélaga til þess að ákveða tekjustofna sína þar með talið útsvarið — hvar ég ætlaði að setja hámarkið — vil ég segja: Ég held reyndar að langflest sveitarfélög á landinu nýti hámarksútsvar eins og það er í dag og það séu fyrst og fremst örfá sveitarfélög hér á höfuðborgarsvæðinu, tiltölulega vel sett sveitarfélög, sem ekki gera það. Það kunna að vera einhver dæmi víðar en ég held að í langflestum tilvikum sé það nú þannig.

Ég var fyrst og fremst að segja að ég teldi að leiða ætti hugann að því hvort það væru leiðir eða ástæða til að auka sveigjanleika sveitarfélaganna í þessu efni. Ég setti ekki fram neinar ákveðnar hugmyndir eða tillögur heldur var fyrst og fremst að vekja máls á þessu. Ég hygg að það sé t.d. þannig í Danmörku að sveitarfélögin ákveði útsvarið sjálf, það sé ekkert hámark.

Skattlagningarvaldið er á hendi sveitarfélagsins en menn geta alveg rætt hvort þannig eigi að hafa það. Sveitarstjórnarstigið er kosið lýðræðislegri kosningu. Sveitarstjórnarmenn bera ábyrgð og standa skil á gerðum sínum gagnvart kjósendum rétt eins og þingið. Ástæða er til að ræða hvort menn vilja fara þessa leið. Ég er alls ekki að mæla fyrir því að menn geri það en ég tel að full ástæða sé til að blanda því inn í þessa umræðu og taka hana.

Það eru auðvitað fleiri mál — við erum ekki að ræða hér sérstaklega stærð sveitarfélaganna eða sameiningu þeirra. Það er hægt að taka alveg sérstaka umræðu um það og vonandi gefst tækifæri til þess. En ég vara samt við því að menn líti svo á að sameining sveitarfélaga (Forseti hringir.)

ein og sér sé leið til þess að bæta fjárhagsstöðu þeirra eða styrkja tekjugrunninn því það gerir hún ekki.

[14:47]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég geri mér grein fyrir því að við erum ekki að tala hér um lágmarksstærð sveitarfélaga eða önnur atriði. Tveir hv. þingmenn, sem töluðu hér á undan mér, ræddu þetta hins vegar, bæði hv. þm. Grétar Mar Jónsson og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson. Það var þess vegna sem ég kom hér upp og tók til máls um þetta.

Ég skildi hv. þm. Árna Þór Sigurðsson á þann veg í hans síðasta andsvari, hann dró aðeins í land miðað við fyrri ræðu sína. Hann sagðist ekki vera að leggja þetta til heldur kasta þessu inn í umræðuna. Það er sjálfsagt mál. Mér finnst sjálfsagt að ræða almennt tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. En ég verð hins vegar að lýsa mig ósammála því að fara þessa svokölluðu norsku eða dönsku leið sem hv. þingmaður viðrar hér, að ekkert hámark sé á sveitarfélögunum. Ég held að af hálfu ríkisvaldsins verði að vera einhver rammi sem sveitarfélögin fari eftir og miklu nær sé að skoða tekjuskiptinguna og frekari tekjur sveitarfélaga með einhverjum öðrum hætti, m.a. með því sem ég nefndi hér áðan, og ég er að sjálfsögðu tilbúin til að skoða það.

[14:49]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur að vel megi skoða frekar aðrar leiðir en þær sem ég var að nefna. Ég var einungis að vekja máls á því að alls konar leiðir eru farnar í þessu efni í löndunum í kringum okkur. Það má vel fara yfir það og skoða hvaða leiðir koma þá til álita. Ég er sammála því að skynsamlegt sé að einhver rammi sé settur af hálfu löggjafans í þessu efni. Ég er fyrst og fremst að vekja máls á því að ekki er sjálfgefið að það sé á þann veg, það eru til aðrar leiðir.

Þingmaðurinn segist vera ósammála því að fara dönsku leiðina. Það er kannski ekki alltaf gott að taka Dani sér til fyrirmyndar. Ég get upplýst það hér að ég vil ekki fara dönsku leiðina varðandi sameiningu sveitarfélaga, þar sem ríkisvaldið tók ákvörðun um mjög umfangsmikla sameiningu sveitarfélaga með löggjöf sem var tekin til sérstakrar umfjöllunar á sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins í Strassborg. Danir fengu ákúrur fyrir það þar hvernig þeir fóru í það mál, algjörlega án samráðs við sveitarfélögin í landinu sjálfu og knúðu þá sameiningu í gegn með ofbeldi svo að ekki sé meira sagt. Ég er því ekkert sérstaklega að sækja í reynslubrunn Dana í þessu efni að minnsta kosti ekki að þessu leyti til.

En ég tel fulla ástæðu til að fara mjög rækilega yfir þessi mál öll og fordómalaust. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að ýmsar aðrar leiðir kunna að koma til álita, m.a. að því er varðar hlutdeild eða þátttöku ríkisins í einstökum verkefnum. Hún hefur nefnt almenningssamgöngur og ég tek heils hugar undir það og er því algjörlega sammála. Ég hef oft talað um það, flutti um það þingmál á síðasta þingi og er einnig með þingmál á þessu þingi sem lýtur að því efni.

[14:51]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér heyrist við vera komin út í efnisumræðu um sameiningu sveitarfélaga og lágmarksíbúafjölda þeirra og það er svo sem allt í lagi. Ég vara hins vegar við því að menn nálgist umræðuefnið með þeim hætti sem hér er gert, að tala um að verið sé að neyða sveitarfélög í hlutina. Það er auðvitað alls ekki það sem um er að ræða. Það er verið að tala um að skoða þá möguleika að lögbinda lágmarkið og leita síðan leiða til að finna heppilegar stærðir af sveitarfélögum sem geta þá sameinast. Nú þekki ég ekki — ég hygg að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson þekki það betur en ég af störfum sínum fyrir sveitarfélögin úti í Brussel — þessa dönsku leið í þaula og hvort þeir hafa gengið þann veg sem við höfum gengið hér á Íslandi. Við höfum í áratugi verið með frjálsa sameiningu sveitarfélaga og bara gengið nokkuð vel.

Ég hygg að þessi athugasemd sem hv. þingmaður sagði að komið hefði frá Strassborg hafi komið vegna þess að farið var beint í þessa aðferð en ekki þessi langi aðdragandi eins og hefur verið hér á Íslandi þar sem menn hafa ráðið þessu sjálfir. Ég segi: Það er fullreynt með það, ágætu vinir og félagar hér í þessum sal. Það er hlutverk okkar að huga að því hvernig þjónustunni er best fyrir komið. Ég held því fram fullum fetum að sagan sýni það að þar sem sveitarfélög hafa sameinast úti á landi, lítil sveitarfélög hafa orðið að stórum einingum, hafi þjónustan batnað. Skólarnir hafi orðið betri, félagslega þjónustan hafi orðið betri, fólk sé ánægðara, sveitarfélagið sé fjárhagslegra burðugra en það var fyrir sameiningu. (Forseti hringir.) Það hlýtur að vera það sem skiptir máli.

[14:53]

Útbýting:

Fæðingarorlof kvenna sem gengist hafa undir tæknifrjóvgun, 81. mál, fsp. KJak, þskj. 86.

Heimild til að draga opinber gjöld af launagreiðslum, 82. mál, fsp. KJak, þskj. 87.

Hönnun og stækkun Þorlákshafnar, 22. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 22.

Líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum, 42. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 42.

[14:54]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir stuðningi við ályktunartexta tillögunnar sem er um það að ríkisstjórnin taki upp viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga um aukna hlutdeild sveitarfélaganna í innheimtum skatttekjum. Ekki verður hjá því komist að ræða það í alvöru hvar marka eigi sveitarfélögum tekjustofna í framtíðinni. Vitað er um áhuga margra í þjóðfélaginu á því að færa frekari starfsemi til sveitarfélaganna og um sumt af því er ekki mikill ágreiningur, held ég, milli stjórnmálaflokka. En þar spila tekjustofnar sveitarfélaganna inn í og hvernig þau geta aflað sér tekna til nýrra verkefna.

Sú umræða sem hér hefur farið fram var sett fram í ákveðnum fullyrðingum. Ég vil taka upp eina fullyrðingu sem hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir setti fram hér áð-

an. Hún sagði að afkoma réðist eingöngu af stærðinni og engu öðru. Ég held að við getum ekki leyft okkur að fullyrða þetta svona. En það er ljóst að stærri sveitarfélögin eru betur í stakk búin en minni sveitarfélögin. Ég held að það sé af mörgum öðrum orsökum sem minni sveitarfélög eru í miklum vanda. Ég bara nefni sjávarútvegsbyggðirnar þar sem grunnatvinnurétturinn hefur horfið með tilfærslu á kvótakerfinu.

Ég tel líka að það séu fullkomlega frambærileg rök að samgöngur hefta það sums staðar að menn sameinist í sveitarfélög. Ég nefni lítið sveitarfélag á Vestfjörðum, Árneshrepp á Ströndum, sem dæmi um það. Þó að menn hefðu kannski virkilega hug á því að sameinast sveitarfélögunum innar á Ströndunum eru samgöngur þannig að ekki er upp á það bjóðandi. Því miður eru samgöngur innan Árneshrepps líka þannig að vetrarlagi að það er heldur varla upp á það bjóðandi. Það er sennilega eingöngu vegna þess hve ferðir eru strjálar í hreppnum að vetrarlagi, t.d. milli Reykjarfjarðar, Djúpuvíkur, Árneshrepps og Norðurfjarðar, að þar skuli ekki hafa orðið alvarleg slys vegna snjóflóða. Ef börn þyrftu að fara reglulega á milli byggðarkjarnanna til að sækja skóla, og vegakerfið eins og það er, yrði lífi þeirra einfaldlega hætt að vetrarlagi. Ég segi fyrir mig að ég mundi ekki samþykkja það að samgöngum óbreyttum.

Ég leyfi mér að fullyrða að samgöngur eru sums staðar svo afgerandi þáttur í því að sveitarfélög geti ekki sameinast að ekki er hægt að bjóða upp á það. Vonandi leysum við það í framtíðinni þó að mönnum finnist það ganga hægt. En það er ljóst hvað varðar samgöngur norður í Árneshrepp á Ströndum að leggja þarf nýjan veg um svokölluð Naustvíkurskörð ef þar eiga að vera varanlegar samgöngur að vetrarlagi.

Ég vil taka þetta fram vegna þess að við getum ekki fullyrt svona í eina átt þó að ég taki undir þau efnislegu meginatriði að auðvitað ræður stærð sveitarfélagsins mestu um tekjurnar. En það kunna að vera ýmsar aðrar ástæður. Það verður líka að segjast eins og er að mörg sveitarfélög stóðu lengi vel mjög vel hér á landi. Þá nefni ég sjávarútvegsbyggðirnar meðan þær höfðu aðgang að nægilega miklum aflaheimildum og frelsi meðan fiskveiðistjórnarkerfið vann með byggðunum ef maður getur orðað það þannig. Ég sakna þess mjög að menn skuli ekki hafa tekið sér það fyrir hendur að reyna að verja strandveiðisóknina og sjávarbyggðirnar í þeim hremmingum sem fylgt hafa núverandi útfærslu, óbreyttri, á kvótakerfinu. Því til viðbótar bætist svo við þessi mikli niðurskurður í þorskafla sem ég tel reyndar að sé óþarfur við núverandi aðstæður.

Ég vil líka segja, hæstv. forseti, að þó að menn tali um fjármagnstekjuskattinn, að sveitarfélögin geti átt að fá hlutdeild í honum, er hann mjög óviss og sveiflukenndur tekjustofn. Við upplifum það sennilega á þessu ári og á því næsta þegar við munum sjá að þannig er það. En það á líka við um aðra skattstofna, tekjuskatt og skatt af fyrirtækjum o.s.frv., þegar við lendum í erfiðleikum og árferði sem þannig er þá snarlækka tekjuskattarnir.

Það er því mjög viðkvæmt hvernig á að fara að því að auka tekjur sveitarfélaga. Ég tel að í núverandi stöðu — þá er ég að hugsa til gærdagsins — sé ekki mjög auðvelt við það að fást að auka skatttekjur í þjóðfélaginu. Jafnvel þó að menn vildu hækka hlutfall sveitarfélaganna — t.d. að rúnna af heildarskattgreiðslur einstaklinga við 36%, en þau eru 35,72% í dag, væri þá verið að hækka hlutdeild sveitarfélaganna um kannski 0,28% til þess að rúnna það af á 36%. En það er aukin skattheimta á fólk þó að sú viðbót verði mörkuð til sveitarfélaganna sem hámark, sem mundi þá breytast úr 13,06% í 13,34%. Það er ekki mjög auðvelt að tala um þetta eins og ástandið er hjá okkur.

Það er síðan algjörlega rétt, sem hér var sagt í umræðunni, að við erum með fjárlögin undir og við sögðum það flest í þessum ræðustól þegar við vorum að ræða fjárlögin við 1. umr. að þau væru í besta falli spádómur við núverandi aðstæður. Það mundi mjög margt breytast í þeim stærðum sem við værum að fjalla um þar og mjög óvíst um það hvernig þau litu út.

Þar lögðum við þá kvöð á okkur öll að reyna með öllum mögulegum hætti að tryggja að þjóðfélagið okkar haldi áfram á sem bestan hátt og atvinnuleysið verði sem minnst. Það gerum við auðvitað líka með því að taka einhverja áhættu með fjárlögin eins og reyndar er boðað í fjárlögunum upp á 57 milljarða halla. Það er því að mörgu að hyggja þegar við tölum um þetta og ég held að eins og staðan er í dag sé afar nauðsynlegt að taka upp viðræður milli ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvernig tryggja eigi stöðu sveitarfélaganna á næsta ári og því þar næsta. Því ég held að það sé ekki alveg auðhlaupið hjá okkur út úr þeim erfiðleikum sem við erum í, íslenska þjóðin, þó að við höfum væntanlega kraft og dugnað, þ.e. ef við tökum til þess sem við höfum í okkur að eðlisfari að vinna, vinna og vinna mikið.

Því var aldrei lofað þegar við vorum borin í þetta þjóðfélag að hér gætum við lifað ár og síð og alla tíð með góðæri og gullskeið í munni. Við þurfum stundum að taka á okkur erfiðleika við að halda úti þjóðfélagi okkar. Ég segi fyrir mig: Þá ber okkur að gera það. Þá ber okkur einfaldlega að gera það. Ég held að í gærdag höfum við hér í hv. Alþingi sýnt að við munum taka á þeim erfiðleikum sem að höndum ber og reyna að vinna okkur út úr þeim. Við getum svo deilt um það hvernig þeir komu til, hver bjó þá til, hverjir hlupu úr landi, hverjir voru kosnir menn ársins 2006 og búa í Englandi með stórkostlegar tekjur — eru farnir héðan o.s.frv. Við getum deilt um þetta allt saman. En það breytir ekki því að ábyrgð okkar varðandi sveitarfélögin og fjármál ríkisins á næsta ári er mikil og snýr líka að afkomu fólksins þannig að verkið er vandasamt þó ég styðji efnislega efni tillögunnar.

[15:04]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Frú forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um að Alþingi feli ríkisstjórninni að taka hið fyrsta upp viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga um aukna hlutdeild sveitarfélaganna í innheimtum skatttekjum. Það er mál sem flestir sveitarstjórnarmenn, núverandi og fyrrverandi, þekkja. Það hefur verið rætt á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélaganna um langa hríð. Því hefur verið velt upp með hvaða hætti sveitarfélögin gætu fengið sinn skerf af auknum tekjum og hvernig ætti að skipta því

þannig að í sjálfu sér er hér ekkert nýtt á ferðinni.

Ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hér hafa staðið og talað í dag að það er svolítið sérstakt að ræða þessi mál í ljósi þeirra aðstæðna sem hin íslenska þjóð er í nú. Það er sérkennilegt að ætla að ræða auknar tekjur þegar við stöndum frammi fyrir þeim vanda sem nú blasir við. Við getum hins vegar ekki skotið okkur undan þeirri ábyrgð að horfa til sveitarfélaganna, horfa til ríkisins og velta stöðu þessara tveggja stjórnsýslustiga fyrir okkur. Ríkið hefur kynnt fjárlög með 57 milljarða halla, sveitarfélögin gera sínar fjárhagsáætlanir. Væntanlega eru einhver sveitarfélög nú sem áður með fjárhagsáætlanir sem eru með halla. Í mínum huga, hvort heldur er um að ræða ríki eða sveitarfélög, er það óábyrgt og það er enn þá óábyrgara nú í því árferði sem er en nokkru sinni fyrr. Menn verða stundum, hvort sem þeim líkar það betur eða verr, ef þeir standa frammi fyrir vandamálum að taka sársaukafullar ákvarðanir og standa og falla með þeim. Við getum ekki eins og árar í dag lagt meiri byrðar á fjölskyldur í landinu, það er algjörlega kristaltært í mínum huga. Fólkið, þetta venjulega fólk, ég og hinir, á í erfiðleikum í dag og við þurfum að horfast í augu við það. Ríki og sveitarfélög geta að mínu mati ekki undir nokkrum kringumstæðum aukið á þann vanda sem við blasir.

Hins vegar þarf á þessu stigi, sem margoft hefur verið beðið um og verið rætt, samráðsvettvang ríkis og sveitarfélaga um aðgerðir og langtímamarkmið á sviði efnahags-, atvinnu- og félagsmála. Þessi tvö stjórnsýslustig verða að tala saman til þess að ná árangri á þeim sviðum. Um er að ræða tvö samverkandi stjórnsýslustig, annað er ekki æðra hinu því að hvort um sig þarf á hinu að halda.

Ríki og sveitarfélög verða líka að mínu mati að setja sér í sameiningu útgjaldamarkmið, það er einfaldlega þannig. Það er enn þá mikilvægara fyrir okkur þegar illa árar að gera það vegna þess að þá ríður á hvaða þjónustu við getum veitt og hvernig. Það er ekkert mál að spreða peningum í góðæri en það er erfitt að veita góða og örugga þjónustu þegar illa árar. Um það þurfa bæði ríki og sveitarfélög að hugsa, það er grundvallaratriði. Það getur ekkert fyrirtæki, hvorki ríkið né sveitarfélögin, rekið sjálft sig með halla, hvorki milljónahalla né milljarðahalla. Það hefur einfaldlega sýnt sig að ef skuldirnar eru orðnar meiri en eignir fer illa og ríki og sveitarfélög eru ekkert öðruvísi hvað það varðar.

Þess vegna held ég að brýnt sé að samráðsvettvangur milli ríkis og sveitarfélaga verði virkilega virkjaður og hann er nauðsynlegur að mínu mati nú þegar ríkið afgreiðir fjárlög sín og sveitarfélögin afgreiða fjárhagsáætlanir sínar. Við verðum að hafa kjark, hvort heldur er á Alþingi, í ríkisstjórn eða í sveitarfélögum, til að taka við þær aðstæður sem við búum við núna sársaukafullar ákvarðanir og standa við þær. Annað er hjóm, annað er ábyrgðarleysi. Samráð þessara tveggja stjórnsýslustiga er nauðsynlegt, frú forseti, að öðrum kosti getur illa farið.

[15:09]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Frú forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um að Alþingi álykti sem svo að fela ríkisstjórninni að taka hið fyrsta upp viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga um aukna hlutdeild sveitarfélaganna í innheimtum skatttekjum.

Komið hefur fram hjá mörgum hv. þingmönnum sem talað hafa á undan mér að það sé svolítið sérstakt að ræða þessa tillögu í því andrúmi sem við stöndum frammi fyrir núna, staða okkar er gjörbreytt. Á einum sólarhring hefur staðan gjörbreyst. Það er svo að fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru upp í loft. Það er alveg á hreinu að þau munu ekki hafa úr meiru að moða en þegar þær voru lagðar fram, þvert á móti, þær eru hrundar. Fjárlagafrumvarpið og forsendur þess eru orðnar allt aðrar. Við höfum á undanförnum árum fengið gríðarlega mikla skatta greidda inn í ríkissjóð og inn til sveitarfélaganna vegna þess að umsvifin í þjóðfélaginu hafa aukist mjög mikið. Það hefur skilað sér í miklum tekjum í veltusköttum, eins og til að mynda virðisaukaskatti og innflutningsgjöldum ýmiss konar, það mun algjörlega snarminnka.

Ég hef oft talað um að fjármagnstekjuskatturinn svokallaði mundi minnka talsvert. Hann mun ekki minnka talsvert, hann mun nánast hverfa. Við horfum því á algjörlega breytt landslag. Það sem e.t.v. hefur staðið upp úr þegar menn hafa talað um tekjuskiptingu milli sveitarfélaga og ríkis er að sveitarfélögin eigi rétt á því að fá hlutdeild í fjármagnstekjuskattinum. Mér hefur ekki þótt það út í bláinn, mér hefur þótt það óeðlilegt að einstakir aðilar geti notið þjónustu sveitarfélaga án þess að greiða til sveitarfélaganna. Margir hafa leikið á kerfið, minnkað skattbyrði sína með því að stofna til hlutafélaga og stofna til eigin rekstrar í kringum það sem þeir eru að brasa. Þar má nefna sem dæmi þá sem reka litlar útgerðir úti á landi og ná að einhverju leyti niður skattprósentunni sinni með þessu. Þeir sem höndla mikið með verðbréf, hlutabréf og slíkt, komast hjá slíkum greiðslum ef þeir hafa eingöngu tekjur í gegnum slík viðskipti.

Þess vegna hef ég sagt að ég væri tilbúinn til að endurskoða að á slíkar upphæðir kæmi reiknað endurgjald. Það þýðir í rauninni að með slíkri breytingu fær ríkissjóður auknar og eðlilegar tekjur í gegnum reiknaða endurgjaldið og sveitarfélögin einnig sem hlutfall af því. Það er þekkt hjá þeim sem eru í eigin rekstri að þeir þurfa að reikna sér slíkt endurgjald í mörgum tilvikum en það hefur ekki verið svo með þá sem eingöngu hafa fengið tekjur í gegnum hlutabréfa- og verðbréfaviðskipti.

Ég held að við þurfum ekki að hafa rosalegar áhyggjur af því að miklar tekjur komi af þessu, því miður. Það munu allir þurfa að herða sultarólina og draga saman svo um munar. Það þarf hins vegar að gera það með þeim hætti að það komi sem minnst niður á þeim sem síst skyldi, þ.e. fjölskyldunum í landinu.

Ég get tekið heils hugar undir það sem hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir kom inn á ásamt fleirum að æskilegt geti verið að skipta sveitarfélögum upp eftir tegundum eða eftir stærð þeirra í samræmi við hvaða verkefni eiga að vera á höndum einstakra sveitarfélaga. Þannig getum við flutt verkefni til stærri sveitarfélaga þó að við færum ekki slík verkefni yfir á hendur minni sveitarfélaga eða þá að við getum flutt verkefni yfir til minni sveitarfélaga með öðrum formerkjum en þegar þau eru flutt til stærri sveitarfélaga. Ef

við skoðum reikninga sveitarfélaga í dag kemur í ljós að stóru sveitarfélögin verja á bilinu 50–60% af tekjum sínum til fræðslumála en í litlum sveitarfélögum getur það verið miklu hærra hlutfall, 80–90%, þrátt fyrir greiðslur úr jöfnunarsjóði. Það er því mikið og erfitt verkefni fyrir litlu sveitarfélögin að standa undir fræðslumálunum. Það hefur oftsinnis komið upp, m.a. hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en einhvern veginn hafa menn ekki verið tilbúnir til þess að stíga þetta skref en mér finnst það vel athugandi. Mér finnst í rauninni ekki hægt að segja að við getum ekki fært verkefni til sveitarfélaganna vegna þess að litlu sveitarfélögin geti ekki tekið við þeim. Þá verðum við einfaldlega að skilgreina verkefnin sérstaklega fyrir sveitarfélögin eftir stærð þeirra.

Ég get einnig tekið undir að sameining sveitarfélaga er hluti af heildarmyndinni og samgöngur eru að sjálfsögðu mjög mikilvægur þáttur í þeim hvata sem þarf að vera fyrir hendi til þess að sveitarfélög sameinist.

Því miður er það svo, frú forseti, að hið nýja landslag sem við stöndum nú frammi fyrir veldur því að ég átta mig engan veginn á því hvað bíður okkar varðandi tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga og því getur verið mjög erfitt að breyta skipulaginu áður en við sjáum hvaða afleiðingar gjörðir síðasta sólarhrings hafa í för með sér. Um leið undirstrika ég að mjög harðir tímar eru fram undan hjá stóru sveitarfélögunum en enn þá erfiðari hjá litlu sveitarfélögunum. Ég get því tekið undir að það þarf að skoða og horfa þá sérstaklega til þeirra.

Varðandi þá 1,4 milljarða sem sérstaklega var getið um í fjárlagafrumvarpi síðustu þriggja ára, ef ég man rétt, og ekki eru þar núna finnst mér rétt að það komi skýrt fram að það var alltaf hugsað þannig. Það er ekki verið að breyta í neinu frá því samkomulagi sem gert var. Samkomulagið snerist um að framlagið mundi ekki vera inni fyrir fjárlagaárið 2009 svo að það sé á hreinu að það hefur enginn gengið á bak orða sinna hvað þann lið varðar.

[15:17]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Herra forseti. Hér er verið að ræða þingsályktunartillögu um að hlutur sveitarfélaga verði aukinn í tekjum til móts við tekjur ríkissjóðs og það er ástæða fyrir því að þessi tillaga er lögð fram. Það er greinilegt að hallað hefur á sum sveitarfélögin. Lítil sveitarfélög hafa sömu skyldur og hin stóru, t.d. að annast uppfræðslu barna, kenna þeim að lesa og skrifa og koma þeim í gegnum grunnskólann. Það er alveg ljóst að í litlu sveitarfélagi með fáa íbúa er erfiðara að koma upp góðri eðlisfræðistofu með ýmsum tækjum og útbúnaði eins og þarf fyrir grunnskólabörn, sérstaklega 10. bekk. Síðan eru ávallt miklar breytingar eins og hafa orðið síðustu áratugina t.d. í tengslum við uppbyggingu á tölvuverum og öðru og allt kallar þetta á aukinn kostnað. Litlu sveitarfélögin þurfa að geta tekið þátt í þessu alveg eins og hin stóru.

Í öllum þeim þrengingum sem nú ríða yfir er því spáð að tekjur sveitarfélaganna muni minnka gríðarlega og þá þurfum við náttúrlega að gæta þess að ekki halli á í þessum málum. Við þurfum að standa sérstakan vörð um að skólar landsins jafnt á grunnskólastigi sem framhaldsskólastigi njóti alls staðar jafnræðis og gjaldi þess ekki að það séu minni tekjur eða færri íbúar. Um þetta verðum við að hugsa. Það er líka grundvöllur þess að byggð haldist í landinu því ef fólk finnur það að skólinn sem börnin eiga að sækja er ekki jafngóður og aðrir skólar þá vilja foreldrarnir að börnin fari í betri skólana. Þess vegna þurfum við að huga vel að þessum málum á komandi missirum.

Hér er nefnt dæmi um að sveitarfélögin fái aukna hlutdeild í fjármagnstekjuskatti en það er nokkuð ljóst miðað við stöðuna í samfélaginu í dag að sá tekjustofn mun ekki gefa nándar nærri eins miklar tekjur og hann hefur gert undanfarin ár. Mér finnst því þær tillögur og hugmyndir sem hæstv. samgönguráðherra hefur komið með í þessum málum, þ.e. að endurskoða jöfnunarsjóðinn og tekjustofna sveitarfélaganna til að koma betur til móts við þá litlu og fátækari til að sýna meiri jafnaðarmennsku í samfélaginu, vera mjög góðar. Einnig finnst mér umræða hans og margra annarra um stækkun sveitarfélaga vera mjög skynsamleg þar sem því verður við komið.

Það voru ágæt orð hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar áðan um þetta. Auðvitað eigum við að reyna að sameina sveitarfélög þar sem því verður við komið en á öðrum stöðum er það bara ekki möguleiki. Einhvern tíma hefur t.d. komið upp sú hugmynd að gera ætti Vestfirði að einu sveitarfélagi, sem er svo sem hugmynd út af fyrir sig. Það er oft ágætur samgangur á milli sveitarfélaga á Vestfjörðum, góður andi og samstaða, en það verður samt að segjast eins og er að ættu sveitarfélögin Vesturbyggð, Tálknafjörður, Bolungarvík, Ísafjörður og Súðavík að sameinast í eitt, þá þurfum við heldur betur að taka okkur til og laga samgöngur á Vestfjörðum. En ég tek undir þau orð sem hafa fallið um þetta mál. Það er líka mjög eðlilegt að samgöngur milli þéttbýliskjarna komi inn í umræðuna. Ef það á að vera sami skóli eða sameiginlegar þjónustumiðstöðvar í sambandi við félagsþjónustuna eða eitthvað annað, þá þarf fólk náttúrlega að komast á milli staða en ekki vera veðurteppt dögum eða jafnvel mánuðum saman, það liggur í augum uppi þegar við hugsum um þetta. En á svæðum þar sem fólk telur algerlega sjálfsagt að geta keyrt á milli byggðarlaga, í langflestum tilvikum án þess að nokkur hindrun sé, t.d. á milli Seltjarnarness og Keflavíkur, þá hugsar fólk kannski ekki svo mikið um þetta.

Það er mjög við hæfi að sveitarstjórnarmálefnin og samgöngumálin fari undir sama ráðuneyti því þetta eru svo samofin málefni og væri mjög gott að þetta væri á sömu hendi. Ég er ánægður með hve hæstv. samgönguráðherra hefur mikinn áhuga á þessum málum enda hefur hann verið í sveitarstjórnum. Hann hefur líka látið samgöngumál sig miklu varða og þau málefni. Ég vona því að hann fylgi vel eftir skoðunum sínum um að reglurnar um jöfnunarsjóðinn verði skoðaðar betur.

Í lokin langar mig til að árétta að við verðum að gæta þess að grunnþjónustan í byggðum landsins sé með sama hætti um allt land. Það verður að vera þannig að fólk sem býr úti á landi, býr í litlum byggðarlögum, fari ekki að hugsa sem svo að það þurfi að flytja í burtu af því að kennslan sé ekki nógu góð o.s.frv. Auðvitað sjáum við að það kostar jafnmikið að kenna 10 börnum í bekk stærðfræði og 18 börnum og þar sem 18 börnin eru í bekk er náttúrlega

meiri fjöldi og meiri tekjur. Svo eru jafnvel bekkir þar sem bara eru tvö, þrjú eða fjögur börn og þá segja menn: Af hverju sameinast þessi skóli ekki hinum skólanum? Svarið er einfalt. Vegna þess að það eru svo gríðarlega miklar fjarlægðir milli skóla. Þá geta menn farið út í einhverja vitleysu og sagt að fólk ætti þá að flytja af svæðunum og flytja suður. En við viljum hafa landið í byggð og við viljum efla og styrkja landsbyggðina. Þess vegna þurfum við að gefa þessu gaum ekki síst nú á tímum, að það sé jafnræði og réttlæti í þessum málum sem og öldunarmálum og öðrum félagslegum málum, félagsþjónustunni og hvers konar stuðningi við þá sem halloka hafa farið í lífinu.

[15:27]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um sveitarstjórnarmál. Hún hefur verið afar fróðleg og góð. Fyrrverandi og núverandi sveitarstjórnarmenn og fólk í samgöngunefnd hefur komið og rætt þessi mál út frá tillögu sem hv. þm. Magnús Stefánsson fylgdi úr hlaði, um hlutdeild sveitarfélaga í innheimtum skatttekjum. Þótt umræðan hafi samt farið á annan vettvang en einmitt þann þá tengist þetta allt saman. Ég ítreka að umræðan um sveitarstjórnarmál hefur verið fróðleg og góð, um það sem við þurfum að gera á þeim vettvangi og erum að gera og er gott veganesti.

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram á þeim fimm landshlutafundum sveitarfélaga sem ég hef farið á, og er rétt að komi einnig fram hér, þá boðaði ég endurskoðun á tekjustofnalögum, frekari endurskoðun á jöfnunarsjóði, og hef sett þetta í samband við stefnumið núverandi hæstv. ríkisstjórnar um að færa verkefni til sveitarfélaganna. Fyrst verða það málefni fatlaðra 2011 og síðan að tekjustofnalög og lögin um jöfnunarsjóð séu tilbúin áður og hugsunin er auðvitað sú að sveitarfélögin hafi tekjur til að standa undir þeim lögbundnu verkefnum sem þau eiga að inna af hendi.

Inn í þetta hefur umræða um sameiningu sveitarfélaga auðvitað blandast og ég hef að sjálfsögðu gert það viljandi að koma þeim málum að í þessari umræðu. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að það kom mér á óvart hvað þetta fær ánægjulegar og góðar viðtökur þó að ég haldi því auðvitað líka til haga að fulltrúar annarra eða kannski nokkurra minni sveitarfélaga hafa komið og andmælt hugmyndum sem verið er að ræða, þ.e. að hækka íbúatöluna í hverju sveitarfélagi.

Það kemur mér líka á óvart að heyra frá íbúum sveitarfélaga sem spyrja sem svo hvort ekki sé betra að þetta sé teiknað upp fyrir okkur og að Alþingi fari í gegnum málið og klári það. Einhverjir sem fylgjast vel með fréttum hafa kynnt sér það og það er einmitt sú aðferð sem Grænlendingarnir eru að fara ofan í í lögum sem þeir hafa samþykkt og taka gildi um næstu áramót þar sem sveitarfélögin verða fjögur. Þetta er ákaflega ánægjuleg umræða og gott að sveitarstjórnarmenn skiptist á skoðunum um þetta vegna þess að við þurfum að taka á þessu með tekjustofnana eins og öðru hvað sveitarfélögin varðar. Það hefur komið fram að ekki eru miklar líkur á því að hægt sé að flytja fleiri verkefni til sveitarfélaga með 50, 100 eða 200 íbúa. Þess vegna er það ítrekað enn einu sinni að margt ánægjulegt hefur komið fram. Til dæmis kom formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem jafnframt er bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ, í framhaldi af umræðu á Fjórðungsþingi Vestfirðinga og talaði um að hann sæi alveg fyrir sér að það gæti gerst að sveitarfélögin á Vestfjörðum yrðu eitt í staðinn fyrir níu með sína 7.700 íbúa. Sama gerðist austur á landi og þess vegna segi ég að þetta er ágætisumræða og þetta verður að ræða allt saman í heild sinni, tekjustofnana, jöfnunarsjóðinn, stærðina og aukin verkefni.

Virðulegi forseti. Það hefur auðvitað komið fram í umræðunni nú að margt dynur á íslensku samfélagi þessa dagana og því er eðlilegt að það blandist inn í umræðurnar að við í samgönguráðuneytinu höfum startað þeirri vinnu sem að okkur snýr hvað varðar sveitarfélögin. Það hefur verið ákveðinn fundur í ráðuneytinu næstkomandi fimmtudag með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga þegar þeir verða komnir heim úr ferð sem þeir eru í núna í Brussel. Sú vinna er komin í gang og viðræður við þá munu fara af stað þá því það er auðvitað hárrétt að það verður að horfa sérstaklega til sveitarfélaganna.

Sveitarfélögin þurfa að taka til hjá sér og fara í gegnum sín mál eins og ég las í frétt frá Reykjavíkurborg þar sem verið er að kynna aðgerðaáætlun, eins og þeir kalla það. Þetta er ánægjulegt og ætti að vera til eftirbreytni fyrir öll sveitarfélög í landinu að hér virðist sem þverpólitísk niðurstaða hafi skipast um ákveðna aðgerðaáætlun en í henni felst að grunnþjónusta í borginni verði tryggð, svo og sparnaður í innkaupum. Það verður líka tryggt að ekki komi til framkvæmdastopp, eins og ég les út úr þessari aðgerð. Því vil ég nota tækifærið, virðulegi forseti, að segja að ég held að það sé mikilvægt fyrir sveitarstjórnir í landinu að fjalla um þessi mál eins og við erum að gera á Alþingi þar sem stjórn og stjórnarandstaða taka sig saman um að vinna að þeim málum sem þarf að vinna að, íslenskri þjóð til heilla í þeim hremmingum sem að okkur steðja. Þess vegna hvet ég sveitarstjórnir til þess gera slíkt hið sama.

Inn í þetta geta auðvitað blandast alls konar mál sem við erum að ræða í ráðuneytinu. Ég skrifaði t.d. hjá mér vegna þess að hv. þm. Grétar Mar Jónsson ræddi um hafnarsjóðina, að eins og kom fram á nýlegu hafnasambandsþingi sem ég sat þá er verið að setja vinnu í gang hvað það varðar til að fara yfir þá stöðu sem þar er sem er alvarleg eftir þá lagabreytingu sem gerð var. Margt kemur þar til, t.d. kemur alveg til greina að mínu mati að sveitarfélögin verði með lögbundin lágmarksgjöld en bjóði ekki niður hver fyrir öðrum. Allt þetta verðum við að skoða.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara mikið meira út í þessa umræðu og alls ekki að efna til neinnar frekari umræðu, heldur vil ég leggja þetta inn í umræðuna um leið og ég þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni fyrir afar góðar ræður um þessi mál og skoðanaskipti okkar á milli. Við höfum verk að vinna á vettvangi sveitarstjórnarmála og á Alþingi hvað varðar sveitarfélögin í landinu. Nú ríður á að sveitarfélögin standi sig vel í því sem þau eiga að gera í grunnþjónustunni, meðan það óveður sem nú gengur yfir íslenska þjóð gengur yfir og sem við ætlum að vera fljót að vinna okkur upp úr.

[15:34]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. samgönguráðherra hefur verið viðstaddur þessa umræðu og tekið þátt í henni. Það er rétt sem hann sagði að skapast hefur þverpólitísk samstaða í borgarstjórn Reykjavíkur um ákveðna aðgerðaáætlun og ég held að þau vinnubrögð sem þar voru viðhöfð séu til fyrirmyndar. Ég tek undir það. Ég held að það sé til eftirbreytni bæði fyrir önnur sveitarfélög en líka fyrir okkur hér á landsmálapólitískum vettvangi eins og reynt var að einhverju leyti í tengslum við þær miklu hremmingar sem við erum að ganga í gegnum þó að við hefðum að vísu sum hver kosið að það væri gert fyrr í því ferli öllu.

Ég held að þau vinnubrögð sem þar eru ástunduð séu líka til eftirbreytni fyrir okkur í þinginu í almennu lagasetningarferli og svona hinni pólitísku stefnumótun sem á sér stað því að það er jú þrátt fyrir allt þannig að það er Alþingi sem er löggjafinn sem setur lögin en ekki framkvæmdarvaldið, og oft og tíðum tel ég að það skorti meiri og breiðari pólitíska vinnu við undirbúning lagasetningar. Ég tek þetta hér upp í andsvari við hæstv. ráðherra vegna þess að ég spurði hann sérstaklega að því í ræðu minni hvernig hann hefði hugsað sér að standa að endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaganna annars vegar og svo á sveitarstjórnarlögum sem hann hefur kynnt á fundum sínum, fundaherferð og fundum með landshlutasamtökunum að hann hafi áhuga á því að setja í gang, þar sem hann meðal annars fjallaði um þessa lágmarksíbúatölu.

Ég ætla ekkert að fara frekar út í það en get þó sagt að ég er sjálfur áhugamaður um fækkun og eflingu sveitarfélaganna í sjálfu sér þó að ég sé kannski ekki endilega sammála þeirri aðferð sem hæstv. ráðherra hefur kynnt. Ég tel þó að hún sé þess virði að ræða hana ásamt öðrum hugmyndum sem að gagni mega koma í því samhengi.

[15:36]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta andsvar og að minna mig á það sem ég gleymdi að svara hér um samstarfsverkefni við endurskoðun á tekjustofnalögum. Ég get lýst því yfir hér nú, virðulegi forseti, að það er vilji minn að fulltrúar allra flokka sem eru á Alþingi komi að þeirri vinnu. Við eigum að vinna það á þverpólitískan hátt og reyna að skapa sem mesta sátt um það sem þar er gert þannig að það er hugmynd mín þegar sú vinna fer í gang.

Ég held að það þurfi ekki mjög mikla vinnu við það ef við komum með frumvarp fljótlega um að hækka lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga úr 50. Það verður tiltölulega auðvelt ef sú leið verður farin. Annars vegar er þetta í tekjustofnalögunum og hins vegar auðvitað það sem ég kannski gat ekki nógu vel um áðan, sem er þó aðeins fjarlægara en þó mikilvægt líka, eins og ég hef sagt á þessum aðalfundum landshlutasamtaka sveitarfélaga, þ.e. að hugur minn stefnir að sjálfsögðu einnig til endurskoðunar á sveitarstjórnarlögunum og það er auðvitað það sem við erum fyrst og fremst að tala um hér núna, þann mikla lagabálk sem við þurfum að fara í gegnum, sem við þurfum að endurskoða, meðal annars út frá lýðræðislegri þátttöku íbúa í viðkomandi sveitarfélögum og svo framvegis.

[15:37]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra varðandi endurskoðun tekjustofnalaganna sem hann gaf hér um pólitískt samráð um það og er sannfærður um að það verður til góðs.

Hvað varðar sveitarstjórnarlögin er það út af fyrir sig rétt að það þarf ekki mikla pólitíska yfirlegu ef meiningin er að koma bara með breytingartillögu um breytingu á þessari einu tölu sem er lágmarksíbúatalan. Þá væri kannski hægt að hafa þá aðferð að menn settu upp nokkrar tölur á blað og í einhvern pott og svo drægju menn bara úr potti hvaða tala kæmi þar upp.

Að sjálfsögðu er hægt að hafa margs konar skoðanir á því hver lágmarksíbúatalan á að vera. Hér var vitnað í formann Sambands íslenskra sveitarfélaga sem sagði að við gætum til dæmis á Vestfjörðum haft eitt sveitarfélag með okkar 7.700 íbúa. Það er í raun ekkert sem bannar að það sé gert þrátt fyrir að lágmarksíbúatalan sé eins og hún er í lögum í dag. Ef menn eru raunverulega að hugsa það þar af hverju fara þeir þá ekki bara í það? Það má spyrja sig að því. Þurfa menn að fá íbúatöluna úr 50 upp í 500 eða 100 til þess að stíga svo stórt skref? Það held ég ekki. Ég held að menn geti þá bara farið í það ef hugur er á bak við slíkar hugmyndir. Ég held að það sé ekkert vandamál.

Varðandi lágmarksíbúatöluna hugnast mér ekki beinlínis þessi leið, að taka einhverja eina tölu og setja í lögin eða breyta þeirri tölu sem er núna — þó að ég telji það alveg koma til greina — vegna þess að aðstæður eru svo mismunandi eins og komið hefur fram í þessari umræðu. Landfræðilegar aðstæður eru mjög mismunandi og þess vegna þarf kannski, að minnsta kosti áður en slík tillaga er lögð fram, að leggjast svolítið yfir Íslandskortið eins og hæstv. samgönguráðherra var að gefa í skyn að einhverjir hefðu viljað gera og skoða hvað henti á hverjum stað og það er hugsanlegt að hafa eitthvert svigrúm í því í lögunum ef menn svo kjósa. Enn og aftur fagna ég yfirlýsingu hans um þverpólitískt samstarf (Forseti hringir.) við endurskoðun þessara mikilvægu lagabálka.

[15:39]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins um það sem hv. þingmaður fjallaði um í sínu seinna andsvari sem snýr að sameiningu sveitarfélaga og þeim viðræðum. Auðvitað er það svo að hvert og eitt sveitarfélag getur sameinast núna eins og sum eru að gera og nýlegt dæmi er um, þ.e. Þingeyjarsveit og Aðaldælahreppur sem gerðu það af frjálsum og fúsum vilja og þannig verður það áfram. En ég hef líka sagt á þessum landshlutafundum að ég sé fyrir mér að hafa sólarlagsákvæði við það ef við ætlum að hækka íbúatöluna þannig að sveitarfélögin gera þetta að sjálfsögðu af frjálsum og fúsum vilja í tvö, þrjú ár eða eitthvað svoleiðis. Ég hef stundum nefnt árið 2014 þegar þar næst verður kosið til sveitarstjórna, að þá verði menn með töluvert öðruvísi landakort fyrir framan sig, af því við notum það nú um sveitarfélögin.

Það er ákaflega gaman að skoða Íslandskortið og hvernig því er skipt niður í alls konar svæði varðandi vinnueftirlit, varðandi heilbrigðiseftirlit og svo framvegis. Það liggur

við að við höfum forskriftina fyrir okkur ef út í það færi.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan, virðulegi forseti, að auðvitað er það þannig. Ég tek eftir því að þessi mikla og góða umræða um sameiningu sveitarfélaga virkar vel og hún er kannski að ýta við einhverjum sveitarfélögum sem hafa spáð í hvort þau ættu ekki bara að taka upp viðræður sem kannski höfðu verið lagðar á hilluna og fara að ræða saman, og það kemur bara frjáls sameining út úr því sem er auðvitað hið besta mál. En eins og einhver hér sagði áðan þá hefur náðst mikill árangur við þau samningaáform sem hafa verið undanfarið. Sveitarfélögum hefur mikið fækkað og svo gætum við á einhverjum tímapunkti þurft að skoða þetta á hinu háa Alþingi til þess að klára dæmið og setja það virkilega upp til að styrkja sveitarfélögin í landinu og þá íbúa sem eiga að fá þjónustu í viðkomandi sveitarfélögum.

[15:41]

Flm. (Magnús Stefánsson) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Í framsögu minni nefndi ég Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sérstaklega og ég ætla að gera tilraun til að ganga aðeins að hæstv. ráðherra með það mál.

Í fyrsta lagi má nefna það sem við köllum sérstakt framlag í jöfnunarsjóð sem hefur verið á fjárlögum síðustu árin en er ekki gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár og síðan það að samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er útlit fyrir að framlag í jöfnunarsjóð muni dragast saman vegna minnkandi skatttekna ríkissjóðs. Ég vildi gjarnan heyra eitthvað aðeins frá hæstv. ráðherra um þessi mál. Er hann tilbúinn að tjá sig um það hvernig þessum málum verður fyrir komið vegna þess að við vitum það öll sem hér erum að sveitarstjórnarmenn ræða þetta mikið, hafa miklar áhyggjur af þessu og kalla eftir svörum um það hvernig þetta verður og helst að jöfnunarsjóði verði bætt tekjutapið sem blasir við. Þess vegna ítreka ég það við hæstv. ráðherra hvað hann er tilbúinn að tjá sig um þetta á þessu stigi. Þetta er brennandi mál sem við erum hér að ræða.

[15:43]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Aðeins vegna þessarar spurningar hv. þingmanns sem flytur þá þingsályktunartillögu sem við erum hér að ræða vil ég segja varðandi jöfnunarsjóðinn að það er alveg rétt eins og við sjáum í fjárlagafrumvarpinu að það tímabundna framlag sem er að ljúka á þessu ári, 2008, er ekki í fjárlögum. Það er einfaldlega vegna þess að ríkisstjórnin stóð frammi fyrir því í vor og sumar og haust að loka fjárlögum, skila því þannig inn núna vegna þess sem þá var í þjóðfélaginu, þ.e. tekjusamdráttur og annað slíkt með, með tæplega 60 milljarða halla.

Nú verður frumvarpið rætt hér og ég hef auðvitað löngum heyrt áhyggjur sveitarstjórnarmanna af þessu framlagi og veit nákvæmlega hvernig það skiptist á landinu til þeirra sveitarfélaga sem í raun kannski minnst mega sín og mega illa við því að tapa þessum tekjum. Þetta er því verkefni sem við þurfum að vinna að. En við þær gjörbreyttu forsendur sem komnar eru í landinu er kannski ekki hægt að segja mikið um það á þessari stundu.

Hv. þingmaður sagði að skatttekjur ríkissjóðs væru að dragast saman og þar af leiðandi það sem jöfnunarsjóður fær. Hér hefur líka komið fram að mikið góðæri hefur verið í landinu, miklar skatttekjur og sveitarfélögin hafa fengið miklu meira úr jöfnunarsjóði en áður hefur verið við þær miklu tekjur vegna þess að það er ákveðið hlutfall sem rennur til jöfnunarsjóðs. Nú slær í baksegl og þá þarf að fara í gegnum þetta allt saman.

En ég ítreka það sem ég sagði áðan, virðulegi forseti, að á fimmtudaginn verður fundur með forustumönnum Sambands sveitarfélaga og þá munum við fara í gegnum öll þessi atriði. Ég ítreka það líka sem ég sagði áðan að það verður mikilvægt í þessum hremmingum sem ganga yfir íslenska þjóð að sveitarfélögin geti sinnt sínum lögbundnu verkefnum fyrir íbúa þeirra.

[15:45]

Flm. (Magnús Stefánsson) (F):

Hæstv. forseti. Ég vil í lok umræðunnar um þetta þingmál þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram, mér hefur fundist hún málefnaleg og yfirgripsmikil og hér hafa talað margir hv. þingmenn sem hafa reynslu og mikla þekkingu á sveitarstjórnarmálum. Ég vil líka þakka hæstv. ráðherra fyrir þátt hans í umræðunni og margt sem kom fram í ræðu hans skiptir máli.

Ástæða er til að ræða frekar um margt sem fram hefur komið í þessari umræðu en í sjálfu sér er ýmislegt í henni sem kannski má bíða betri tíma. Hér hefur m.a. verið rætt um sameiningu sveitarfélaga sem hefur verið verkefni ríkis og sveitarfélaga í allmörg ár. Átak í þeim málum, sem farið var í á árunum eftir 1990, skiladi reyndar ekki miklum árangri, en í umræðunni hefur verið farið yfir að mikil þróun hefur orðið í þeim málum á allra síðustu árum og á þeim tíma hefur sveitarfélögum fækkað allverulega.

Það er margt sem þarf að huga að í þessu sambandi. Við vitum að víða á landsbyggðinni eru þættir sem skipta máli. Þar á meðal eru m.a. samgöngumál eða samgöngur á milli svæða sem þarf að taka tillit til, þannig að þegar menn tala um lágmarksíbúafjölda — menn hafa nefnt t.d. eitt þúsund manns — þá tel ég að það gangi ekki upp í öllum tilfellum vegna þess að á sumum landsvæðum geta samgöngur m.a. hamlað því að sameining sé raunhæf enn sem komið er.

Við verðum líka að hafa í huga að þegar búið er að sameina sveitarfélög, tvö eða fleiri, í eitt tekur mörg ár að sameina sveitarfélögin. Vísir menn, sem hafa reynslu af þessu, hafa sagt að það geti tekið allt upp í tíu, tólf ár að ná saman sveitarfélagi sem hefur verið sameinað úr tveimur eða fleiri. Það verður því að taka tillit til alls þessa í umræðu um sameiningu sveitarfélaga og það verður einfaldlega að gefa þeim málum tíma.

Síðan er margt fleira sem þarf að taka tillit til þegar menn horfa á og vilja teikna upp sveitarfélög á landakortinu. Það eru samgöngurnar sem skipta máli og margt fleira er hægt að tína til. Við þekkjum þessa umræðu, við höfum farið í gegnum hana margoft á undanförnum árum. Það hefur orðið mikil þróun, sumir segja mikill árangur og allt í lagi með það, en margt hefur gerst í þeim málum á síðustu árum og ég er sannfærður um að það haldi áfram. Hér var einhver hv. þingmaður sem taldi að þessi vegferð frjálsra

sameininga sé komin á enda, ég er ekki sammála því, alls ekki.

Fyrir líklega þremur árum, eða svo, tók ég þátt í starfi þáverandi félagsmálaráðherra og sveitarfélaganna þar sem farið var yfir þessi mál og úr því verki varð töluverð sameining. Ég er sannfærður um að tillögur sem þá náðu ekki fram að ganga eru lifandi og munu koma upp aftur þannig að ég geri ráð fyrir því að sveitarfélög á ákveðnum svæðum landsins muni sameinast fyrr en síðar. En þar kem ég aftur að samgöngumálum sem geta skipt máli í því sambandi. Ég get nefnt sem dæmi að þá ræddum við m.a. um Ísafjarðarsvæðið og möguleika á því að t.d. Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur myndu sameinast. Þá var m.a. horft til þess að Súðavíkurhlíðin var talin ákveðinn tálmi í því sambandi. Það finnst mér ágætt dæmi um hvað samgöngumálin skipta miklu í þessum efnum.

Ég ætla ekki að ræða meira um sameiningarmál sveitarfélaga, við eigum örugglega eftir að ræða þau oft hér í þinginu. Ég ætla aðeins að víkja að nokkrum atriðum sem hæstv. ráðherra nefndi. Ég fagna því að búið er að boða til fundar ef ég hef skilið hann rétt — í þessari viku milli ríkis og sveitarfélaga í ráðuneyti hæstv. ráðherra þar sem fara á yfir þær aðstæður sem nú eru í efnahagslífinu og væntanlega um málefnin almennt. Ég tel það mjög mikilvægt og fagna því, ekki síst vegna þess að það er í anda þeirrar tillögu sem hér er til umræðu. Ég held að það sé mjög jákvætt og gott mál.

Ég vil líka taka undir það sem hæstv. ráðherra og reyndar aðrir hv. þingmenn sögðu þegar rætt var um aðgerðaáætlanir sveitarfélaga til að mæta þeim aðstæðum sem komnar eru upp. Það er mikilvægt fyrir sveitarfélögin að fara í gegnum það vegna þess að þetta er ekki einskorðað við ríkið eða almenning, þetta snertir sveitarfélögin mjög mikið og þess vegna finnst mér til fyrirmyndar hvernig Reykjavíkurborg hefur farið í það mál. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að hvetja önnur sveitarfélög til hins sama.

Síðan er endurskoðun tekjustofnalaga og jöfnunarsjóðs verkefni sem oft hefur verið í gangi og ég tel að það sé einmitt verkefni sem alltaf muni verða í gangi með einum eða öðrum hætti. Út af fyrir sig er tilefni til þess núna að fara í þá vinnu þannig að ég held að það sé mjög gott mál.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta öllu lengra. Ég tel að staða og horfur í fjármálum sveitarfélaga sé gríðarlega alvarleg um þessar mundir. Því miður er útlitið ekki gott á þeim bænum frekar en hjá öðrum í samfélaginu. Ég vil því nota tækifærið og brýna hæstv. ráðherra til þess að beita sér í þessu máli, að eiga gott samstarf við sveitarfélögin þannig að hægt verði að komast að niðurstöðu í þessum málum svo að sveitarfélögin geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum eins og þeim ber. Það er mikilvægt verkefni og vonandi næst fram skilningur á því hjá hæstv. fjármálaráðherra og öðrum í ríkisstjórninni.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, þakka fyrir þessa umræðu. Hér var rætt um ákveðin grundvallaratriði í sveitarstjórnarmálum á málefnalegan hátt. Það sýnir að hér eru margir hv. þingmenn sem þekkja vel til mála og fara yfir þau málefnalega og af þekkingu.

Ég vænti þess að tillagan sem fer núna til samgöngunefndar fái afgreiðslu eins og ég kom að í framsögu minni. Ég tek undir að yfirlýsingar hæstv. forseta Alþingis, um að stefna eigi að því að nefndir afgreiði öll mál sem til þeirra koma, eru mjög jákvæðar. Við erum hér með mjög mikilvægt mál í höndum. Ég vona að hv. samgöngunefnd taki það fljótt og vel til umfjöllunar og afgreiðslu.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og samgn.

[15:54]

Útbýting:

Prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 59. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 59.

Prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson, 62. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 62.

Umferðarlög, 56. mál, frv. ÁJ o.fl., þskj. 56.

Vefmyndasafn Íslands, 65. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 65.

Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, 52. mál, frv. ÁJ o.fl., þskj. 52.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 15:55.

---

9. FUNDUR

miðvikudaginn 8. október,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands, frv., 3. mál, þskj. 3. — 2. umr.
3. Stimpilgjald, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.
4. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 35. mál, þskj. 35. — 1. umr.
5. Stofnun barnamenningarhúss, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.
6. Almannatryggingar, frv., 31. mál, þskj. 31. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
Katrín Jakobsdóttir, 4. þm. Reykv. n.
Kristinn H. Gunnarsson, 9. þm. Norðvest.

[13:30]

Útbýting:

Breyting á lagaákvæðum um húsafriðun, 83. mál, frv. ÁÞS o.fl., þskj. 88.

Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, 80. mál, þskj. 84.

Þríhnjúkahellir, 68. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 68.

Störf þingsins.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Umræðu lokið.

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands, 2. umr.

Frv. utanrmn., 3. mál (kosning í þróunarsamvinnunefnd). — Þskj. 3.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stimpilgjald, 1. umr.

Frv. JM o.fl., 26. mál (afnám stimpilgjalds íbúðarhúsnæðis). — Þskj. 26.

[13:32]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég hef ásamt meðflutningsmönnum mínum, Guðjóni Arnar Kristjánssyni og Grétari Mar Jónssyni, lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum. Þegar unnið var að þessu frumvarpi voru aðstæður töluvert öðruvísi í þjóðfélaginu en þær eru í dag. Frumvarpið var lagt fram til að greiða fyrir almennum viðskiptum í landinu með fasteignir eins og minnst var á þegar til umræðu var lagafrumvarp sem nú hefur orðið að lögum, nr. 59/2008, þar sem stimpilgjald við kaup á fyrstu íbúð var fellt niður. Við þær umræður gerði ég grein fyrir því að ég teldi að það ætti að ganga lengra vegna þess að það væri ljóst að yfir væri að síga mjög alvarleg kreppa í þjóðfélaginu. Á þeim tíma, þ.e. í vor, var því harðlega mótmælt og talið að það væri heldur betur eitthvað annað sem væri á döfinni.

Nú liggur fyrir að dunið hafa á okkur áföll og kreppa langt umfram það sem nokkurn óraði fyrir. Nú er ástandið þannig að spurning er hvort eðlileg viðskipti haldi áfram í þjóðfélaginu og hvort gjaldmiðillinn þjóni lengur nokkrum tilgangi og það er alvarlegt mál. Það er viðfangsefni Alþingis, og hlýtur að vera fljótlega, að kalla eftir aðgerðum sem dugi til að hægt verði að stunda viðskipti með eðlilegum hætti í landinu. En eins og nú háttar til er því miður þannig komið að gjaldmiðilskerfið er hrunið og verður að vinda bráðan bug að því að koma hlutum til þess vegar að eðlileg samskipti, eðlileg viðskipti og eðlileg atvinnustarfsemi geti haldið áfram og þrifist í landinu.

Það frumvarp sem ég mæli hér fyrir var viðleitni í þá átt að greiða fyrir almennum viðskiptum með fasteignir þannig að fólkið í landinu þyrfti ekki að greiða sérstakan skatt sem vikið er að í stjórnarsáttmálanum að sé óréttmætur skattur, að sé skattur sem eigi að fella niður og þá segi ég og sagði þegar við vorum með frumvarpið í smíðum: Það er nauðsynlegt að gera þessar ráðstafanir strax vegna þess að ástandið á þessum markaði er þannig að það er orðið ískalt, viðskipti eru að leggjast af. Þetta var ákveðinn lítill liður í því að örva þessi viðskipti. Ég tel samt sem áður að þrátt fyrir gerbreytt ástand og mun alvarlegra en mann óraði fyrir þegar þetta frumvarp var smíðað og lagt fram, þá sé þetta liður í því að gera viðskipti með fasteignir auðveldari og einfaldari og einn liður í þeim ráðstöfunum sem Alþingi verður að gera og grípa til til þess að þjóðfélagið haldi áfram, tannhjól atvinnulífsins virki með eðlilegum hætti.

Virðulegi forseti. Það var ekki hjá því komist að víkja að þessu atriði við upphaf umræðunnar vegna þess að ástandið breytist svo hratt í samfélaginu að manni satt að segja óar við því hvernig komið er og óar við því að það skuli ekki vera komin nein heildstæð áætlun eða stefnumótun um það með hvaða hætti og hvernig brugðist verði við. Það er alvarlegasti hluturinn sem við er að eiga í samfélaginu, að ákvarðanir hafa ekki legið fyrir, stefnumörkun hefur ekki farið fram og engin hugmyndafræðileg nálgun um það með hvaða hætti og hvernig þjóðin á að vinna sig út úr þeim vanda sem við er að etja, þeim vanda sem ógnar nú sjálfstæðu lýðræðisþjóðfélagi í landinu. Það er viðfangsefni okkar að koma hlutum þannig fyrir að það verði ekki sú vá sem leiði til þess að atvinnulífið stöðvist og viðskipti með gjaldmiðil og samskipti á eðlilegum grundvelli leggist af. Það hlýtur að verða viðfangsefni okkar næstu daga og keppikefli að þjóðin rísi upp og frá því öngþveiti sem hefur skapast, því miður, vegna langvarandi óstjórnar gjaldeyris- og peningamála í landinu.

Ég bið afsökunar á þessum útúrdúr en þetta var aðeins til skýringar á því, virðulegi forseti, að þrátt fyrir að þetta frumvarp skipti miklu máli og mjög mikilvægt sé að það fái afgreiðslu til þess að greiða fyrir almennum viðskiptum — því að þau munu að sjálfsögðu komast á fyrr eða síðar og vonandi fyrr, af því að við skulum öll standa að því að hlutirnir þokast áfram — þá skiptir máli að liðka fyrir þeim samskiptum sem hér er um að ræða.

Breytingin sem frumvarpið felur í sér er fyrst og fremst sú að við 35. gr. laganna um stimpilgjald bætast við þrír nýir töluliðir sem fela það í sér að skuldabréf og tryggingabréf sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði verði stimpilfrjáls. Í öðru lagi að kaupsamningar sem gefnir eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði verði stimpilfrjálsir. Í þriðja lagi að afsöl sem eru gefin út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði verði stimpilfrjáls.

Þetta þýðir að öll stimpilgjöld vegna viðskipta með íbúðarhúsnæði, öllum þeim skjölum sem þarfnast þinglýsingar eða má þinglýsa vegna kaupa á íbúðarhúsnæði verði stimpilfrjáls. Þarna erum við í raun ekki að bæta miklu tekjutapi við það sem verður vegna kaupa á fyrstu íbúð sem kveðið var á um í lögum nr. 59/2008. Hér er um útvíkkun að ræða sem hefur það í för með sér að þessi samskipti verði með eðlilegri hætti en verið hefur og að eitt sé látið

yfir alla ganga. Lögin verða auk þess einfaldari, markvissari og gagnsærri. Þannig kemur fram í 2. gr. að 35. gr. a falli brott. 35. gr. a er í raun þau lög sem samþykkt voru í vor, nr. 59/2008, þar sem fella á niður stimpilgjald vegna kaupa á fyrstu íbúð. Það eru þau lög sem þá falla brott nái frumvarpið fram að ganga. Þá er miklu eðlilegri samfella í lögunum og ég verð að segja að við þá lagasmíð í lögum nr. 59/2008 var í raun farin mjög röng lagatæknileg aðferð við það að hengja við sérstaka aukagrein í staðinn fyrir að skýra það út í þeim töluliðum sem kveða á um stimpilfrelsi í 35. gr. laganna.

Ákvæði þessa frumvarps, nái það fram að ganga, þýðir þá að öll þau verðbréf, skuldabréf, kaupsamningar eða afsöl sem þinglýsa má eða skal vegna kaupa á íbúðarhúsnæði verða stimpilfrjáls. Stimpilgjald fellur niður gagnvart venjulegu fólki, gagnvart venjulegum einstaklingum.

Það ber að minna á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að stimpilgjald í fasteignaviðskiptum verði afnumið á kjörtímabilinu. Síðan segir: þegar aðstæður á fasteignamarkaði leyfa. Hvað skyldi þetta orðalag nú þýða, virðulegi forseti, „þegar aðstæður á fasteignamarkaði leyfa“? Ég bendi á að þegar þetta var tekið upp í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þá var um að ræða gríðarleg umsvif á fasteignamarkaði. Kaupsamningar höfðu aldrei verið fleiri en á því tímabili og það voru mjög lífleg og fjörug viðskipti. Ég skildi því þetta ákvæði stjórnarsáttmálans með þeim hætti að það þyrfti að róast á fasteignamarkaði og þá væru þær aðstæður komnar sem gerðu það að verkum að þessi óréttláta skattheimta yrði afnumin. Ég átti von á því og gerði ráð fyrir því að um leið og fasteignamarkaðurinn breyttist og kólnun yrði á fasteignamarkaðinn þá yrði brugðist við og stimpilgjald fellt niður en sú hefur ekki orðið raunin, því miður. Í framhaldi af því má minna á að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008 í tengslum við gerð kjarasamninga, kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að stimpilgjöld falli niður vegna lána til kaupa á fyrstu fasteign.“

Þarna var verið að þrengja, miðað við þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf í stjórnarsáttmálanum þar sem talað var um að stimpilgjald yrði afnumið á kjörtímabilinu. Þarna var eingöngu verið að tala um fyrstu fasteign og ríkisstjórnin var því að selja hluta af kosningaloforðum sínum til verkalýðshreyfingarinnar til að liðka fyrir samningum. Það er í sjálfu sér ágætt að selja þjóðinni fyrst og verkalýðshreyfingunni síðan og allir verða ánægðir, nema ég. Ég er ekki ánægður með að þannig sé farið að að það sé ekki eitt látið yfir alla ganga hvað varðar skattheimtu. Ef við erum að fella niður stimpilgjald af hlut vegna þess að ákveðinn aðili er að kaupa íbúðarhúsnæði þá eigum við að láta það ganga yfir línuna þannig að hver sá sem er að kaupa íbúðarhúsnæði njóti þess en ekki að einn þurfi ekki að greiða en annar losni við það, þannig að við höfum einföld almenn heildarlög hvað þetta varðar.

Stjórnarfrumvarpið sem fylgdi í kjölfarið af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar lögfesti það sem nú er orðin 35. gr. a í lögum nr. 36/1978, þ.e. um stimpilfrelsi vegna kaupa íbúðarhúsnæðis í fyrsta sinn. Ég ætla ekki að ítreka þau sjónarmið og lagarök sem mæltu gegn því að það næði fram að ganga með þeim hætti sem þar var um að ræða en bendi á, virðulegi forseti, að með því bjuggum við til alls konar vandamál í sambandi við þinglýsingar á þeim skjölum sem þarna var um að ræða. Við bjuggum til vandamál vegna þess að það kallar á sérstakt eftirlitskerfi og könnun af hálfu þinglýsingadómara til að athuga hvort viðkomandi á að greiða stimpilgjald eða ekki hverju sinni. Í því tilviki sem hér um ræðir, verði þessi lög samþykkt og nái fram að ganga, þá er ekki nauðsyn að hafa slíkt eftirlitskerfi því það eru allir jafnir fyrir lögunum hvað þetta varðar, þ.e. að stimpilgjald er ekki greitt vegna viðskipta með íbúðarhúsnæði.

Ég ætla ekki að að ítreka þau sjónarmið og lagarök sem mæltu gegn því að það næði fram að ganga en ég bendi á að með því bjuggum við til alls konar vandamál varðandi þinglýsingar á þeim skjölum sem um er að ræða. Við bjuggum til vandamál vegna þess að það kallar á sérstakt eftirlitskerfi og könnun af hálfu þinglýsingardómara til að athuga hvort viðkomandi á að greiða stimpilgjald eða ekki hverju sinni. Í því tilviki sem hér um ræðir þegar lögin hafa verið samþykkt, nái þau fram að ganga, verður ekki nauðsyn að hafa slíkt eftirlitskerfi því að allir eru þá jafnir fyrir lögunum ef stimpilgjald er ekki greitt vegna viðskipta með íbúðarhúsnæði.

Ég bendi á að á því ári sem nú er að líða hafa fasteignaviðskipti verið mjög lítil og mun minni en undanfarin ár. Einkum hefur dregið úr viðskiptum með íbúðarhúsnæði. Ég hygg að viðskipti með iðnaðar- og atvinnuhúsnæði séu nú nánast engin en það er annað mál.

Það kemur margt til varðandi þá kólnun sem orðið hefur og er að verða á markaðnum. Einkum er nú um að ræða skort á lánsfé á viðunandi kjörum. Ég ítreka það sem ég hef nú reyndar margsagt áður að mér finnst mikilvægt að stuðla að því að eðlileg viðskipti með fasteignir geti átt sér stað á nýjan leik og niðurfelling stimpilgjalds á löggerningum sem varða viðskipti með íbúðarhúsnæði er liður í því að glæða viðskipti með slíkar fasteignir.

Þá bendi ég á að frumvarpið er í raun algjörlega í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þannig að með því að leggja það fram spörum við þingmenn Frjálslynda flokksins sem stöndum að frumvarpinu ríkisstjórninni frumvarpsgerð í þessu efni og ættu menn að taka fagnandi undir það frumkvæði sem við sýnum til þess að bæta kjör fólksins í landinu.

Ég tel nauðsynlegt að fram komi að verði frumvarpið að lögum leiðir af sjálfu að ákvæði laga nr. 59/2008 falla brott þar sem ákvæði þess eru óþörf. Samt sem áður töldum við eðlilegt að hafa sérstakt ákvæði um að 35. gr. a laganna félli brott. Gengið er frá því með eðlilegum hætti vegna þess að ef fallist yrði á að bæta við þeim þremur töluliðum sem lagt er til að komi við 35. gr. laganna leiddi af sjálfu sér að ákvæði sem kveðið er á um í 35. gr. a eru algjörlega óþörf. Þeim er í rauninni eytt út með því að taka ákvæði þessara þriggja töluliða inn í lögin. Með samþykki frumvarpsins yrði starf þinglýsingar því einfaldað og auðveldað og ekki væri nauðsyn að viðhalda flóknu eftirlitskerfi með borgurunum. Þá vil ég ítreka að frumvarpið felur í sér heildstæðar reglur um afnám stimpilgjalds á löggerningum sem varða íbúðarkaup. Viðskipti með íbúðarkaup yrðu þar

af leiðandi til muna einfaldari.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau og sent ríkisstjórn til þóknanlegrar fyrirgreiðslu eins og kveðið er á um. En eins og ég gat um í upphafi máls míns, virðulegi forseti, er þetta einföld aðgerð sem á að vera nokkuð ljóst hvað felur í sér. Hún felur í sér í raun eðlilegri lagasamræmingu varðandi ákvæði um stimpilgjöld, setur alla borgara í sömu stöðu við kaup á íbúðarhúsnæði en mismunar ekki borgurum eftir því hvort þeir hafa keypt íbúðarhúsnæði áður. Í þriðja lagi er um að ræða einföldun og miklu eðlilegri lagasmíð en nú er um að ræða með þeim lögum sem eru lög nr. 59/2008 þar sem 35. gr. a var tekin inn í lögin.

Sé það vilji ríkisstjórnarinnar og þingmanna ríkisstjórnarflokkanna að standa við þau fyrirheit sem gefin hafa verið um að fella niður stimpilgjald á kjörtímabilinu miðað við að þær aðstæður séu fyrir hendi sem talað er um er útilokað annað en að þeir gjaldi jáyrði við því að það sé gert með þeim einfalda hætti þar sem þó ekki er farið lengra varðandi efndir á loforði ríkisstjórnarinnar í stjórnarsáttmála en varðandi íbúðarhúsnæði. Ég vek athygli á að um það hefur verið fjallað, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra hafa báðir talað um stimpilgjaldið sem gjald sem ekki væri eðlilegt að viðhalda. Hæstv. forsætisráðherra talaði um það á sínum tíma að hér væri um óréttláta skattheimtu að ræða. Hvað á að gera þegar um óréttláta skattheimtu er að ræða? Þá er tvennt til: Að viðhalda óréttlætinu eða að afnema það. Hvað skyldi nú vera nærtækast og best að gera í lýðræðissamfélagi? Hvað er það sem við verðum að gera kröfur til að stjórnvöld geri í lýðræðissamfélagi? Jú, að þau láti af óréttlætinu. Það er það sem um er að ræða fyrst hér sé um óréttmæta skattheimtu að ræða sem bitnar á fólkinu í landinu þá af sjálfu leiðir að taka ber fyrir þessa óréttlátu skattheimtu, afnema hana. Það er það sem verið er að gera tillögu um í frumvarpinu, virðulegi forseti, að þessi óréttmæta skattheimta verði afnumin.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns er hér um að ræða tiltölulega einfalda lagfæringu sem kostaði ríkissjóð mjög óverulega fjármuni. Þá væri um mikla réttarbót að ræða fyrir fjölda fólks sem væri að reyna að koma sér upp þaki yfir höfuðið og sem stæði í því að fjárfesta. Ríkisvaldið ætti að reyna að gera því fólki sem auðveldast fyrir. Ég er þeirrar skoðunar að það skipti gríðarlegu máli í samfélagi okkar að við eigum sjálfstæða einstaklinga sem hafi möguleika á því að verða eignafólk, að rífa sig úr viðjum skuldaklafa og verða eignafólk. Það finnst mér skipta gríðarlegu máli.

Hér hefur ekki verið fallist á að lánakjör væru með sama hætti og gerist í nágrannalöndum okkar. Íslenskir lántakendur, ungt fólk, íbúðarkaupendur, hafa þurft að sæta hreinum afarkostum miðað við lánakjör í næstu nágrannalöndum okkar. Þetta fólk hefur samt sem áður haldið áfram. Það hefur staðið sig og viljað verða eignafólk. Það er nokkuð sem ríkisvaldið verður að hvetja til og örva.

Nú þegar peningakerfið er farið þá leið sem raun ber vitni er eðlilegt að margir velti fyrir sér hvernig verði með þær fjárfestingar sem fólk hefur komið sér upp. Þá fyrst er þjóðríkinu og lýðræðissamfélaginu alvarleg hætta búin þegar venjulegt fólk sér ekki möguleika á því að geta staðið við skuldbindingar sínar. Það er það þjóðfélagsástand sem við berum ábyrgð á að reyna af öllum mætti að koma í veg fyrir að skapist eða haldist til langframa í þessu landi. Ég hygg að hér hafi því miður skapast það ástand og það er viðfangsefni okkar að vinna að því að þessu ástandi linni, að hér verði eðlilegt þjóðfélagsástand.

Við í Frjálslynda flokknum höfum bent á að hér þyrftu að vera eðlileg lánakjör. Það þyrftu að vera lánakjör sem væru sambærileg þeim sem gilda í okkar heimshluta. Við höfum líka gert kröfu til þess að við hefðum gjaldmiðil sem væri tengdur stærra myntkerfi þar sem hægt væri að binda ákveðinn stöðugleika og traust við.

Því miður liggur málið nú þannig fyrir að þar sem ekki var farið að þeim hugmyndum og tillögum sem við höfum gert kröfu til heldur farið óvarlega að í peningamálastefnunni og lánastefnunni gagnvart almenningi. Þess vegna stöndum við í þessum sporum í dag, því miður.

Miðað við þær aðstæður sem nú eru hefði ég kosið að ég væri hér að mæla fyrir frumvarpi um miklu víðtækari ákvæði um með hvaða hætti almenningi í landinu væri rétt sú nauðsynlega hjálparhönd sem ríkisvaldið þarf að rétta í svona tilvikum. Að við værum með heildarstefnu um hvernig við siglum út úr þeim brimgarði sem hver stjórnmálaforinginn á öðrum hefur talað um úr þessum ræðustól á síðustu dögum að við munum komast út úr. En að sjálfsögðu komast menn ekki út úr neinum brimgarði nema þeir viti og kunni og átti sig á því hvað gera eigi. Það er þar sem við þurfum að taka á. Sú meginskylda sem liggur á löggjafarvaldinu í landinu, fjárveitingavaldinu, er spurningin um að hér séu þjóðfélagsaðstæður sem tryggi eðlilega og góða lífsafkomu fyrir venjulegt fólk. Þar af leiðandi verðum við að gera þær lagfæringar sem nauðsynlegar eru. Þótt ég hefði kosið að ég væri að mæla fyrir mun víðtækari löggjöf en hér er um að ræða voru aðstæður aðrar þegar þetta frumvarp var smíðað og lagt fram en nú. Það hefur samt sem áður fullt gildi. Það er hins vegar okkar sem hér vinnum að því hörðum höndum að gera frekari lagfæringar og breytingar til þess hreinlega að sigla út úr þeim brimskafli sem við horfum nú á og til þess að eðlilegt mannlíf og góð lífskjör megi haldast í landinu.

[13:58]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Sem einn flutningsmanna frumvarps um stimpilgjald get ég lýst því að við í Frjálslynda flokknum teljum að þetta þurfi að gera strax. Þetta getur liðkað fyrir hjá fólki sem á í erfiðleikum og hefur möguleika á því að minnka við sig eða eitthvað þess háttar, eins og staðan er í þjóðfélaginu í dag.

Áður en ég held lengra vil ég spyrja hæstv. forseta hvernig standi á því að aðeins fjórir þingmenn eru í salnum sem stendur, að mér sjálfum meðtöldum, (Gripið fram í.) já, við erum samtals fimm. Þetta finnst mér ekki góð mæting og tek eftir því að í salnum eru hvorki ráðherrar né stjórnarliðar. (Gripið fram í.) Styður þú þessa ríkisstjórn, hv. þingmaður? (Gripið fram í.) Ég biðst afsökunar á að hafa ekki áttað mig á því að hv. þingmaður styður ríkisstjórnina, ég hélt að hún hefði skipt um skoðun, enda væri það eðlilegt miðað við aðstæður í þjóðfélaginu. (Gripið fram í.)

Það er erfitt að tala um slíkt mál sem er kannski ekki stórt í samanburði við þær aðstæður sem við búum við. Hér er atvinnulífið í rúst, þúsundir fjölskyldna komnar í þrot eða á leiðinni í gjaldþrot. Það er algjör upplausn í þjóðfélaginu og ráðamenn hafa ekki sagt almenningi til hvaða ráða eigi að grípa, hvernig eigi að leysa þessi mál. Engar tillögur hafa komið sem skipta fólk máli, engar lausnir. Sjálfsagt eigum við eftir að horfa upp á að ástandið versni, jafnvel með því að fleiri bankar fari á hausinn. Ríkisstjórnina vantar lausnir til að laga ástandið.

Þingsályktunartillagan sem við flytjum gengur út á að reyna að hjálpa aðeins til en er kannski dropi í hafið miðað við þær hörmungar sem skella á fólki þessa dagana. Ég vona að þingheimur sjái sóma sinn í því að veita frumvarpinu brautargengi.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.

Frv. BJJ o.fl., 35. mál (námsstyrkir). — Þskj. 35. [14:02]

Flm. (Birkir J. Jónsson) (F):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum. Þetta frumvarp er flutt af þeim sem hér stendur og hv. þingmönnum Guðna Ágústssyni, Siv Friðleifsdóttur og Magnúsi Stefánssyni.

Markmiðið með frumvarpinu er að ljúki námsmaður námi á tilsettum tíma breytist þriðjungur af námslánum hans í styrk. Í greinargerð með frumvarpi þessu segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árunum 2003–2005 var brottfall nemenda í háskólum landsins á bilinu 19–57% eftir eins árs nám. Það var meira meðal nemenda ríkisháskólanna en þeirra einkareknu. Brottfall í svo miklum mæli er menntakerfinu dýrt og mikilvægt er að sporna við því með tiltækum ráðum. Öflug náms- og starfsráðgjöf er mikilvægur hlekkur í þeirri viðleitni en auk þess má nýta hagræna hvata til þess að hvetja námsmenn til að ljúka námi sem þeir hefja.

Víða á Norðurlöndunum tíðkast að verðlauna námsmenn fyrir að ljúka formlegu námi með viðunandi hætti og á tilskildum tíma með því að breyta hluta námslána þeirra í óafturkræfan styrk. Í því er fólginn sparnaður fyrir menntakerfið í heild þar sem hvati til þess að ljúka námi á tilsettum tíma er aukinn verulega og sparnaður næst á móti í menntakerfinu. Í frumvarpi þessu er lagt til að Íslendingar feti í fótspor frændþjóða sinna með viðlíka tilhögun. Íslenska leiðin verði sú að ljúki námsmaður námi samkvæmt reglum viðkomandi skóla og á tilskildum tíma breytist þriðjungur af námsláni hans í óafturkræfan styrk sem hvorki verði tekjutengdur né skattlagður. Víðast hvar á Norðurlöndunum eru námsstyrkir ekki bundnir því skilyrði að námsmaður ljúki formlegu námi en hér er lagt til að svo verði. Breyting af þessu tagi hvetur mjög til þess að námsmenn ljúki námi á þeim tíma sem skólinn miðar við. Þó er gert ráð fyrir að námsmenn sem ljúka námi ekki á tilskildum tíma en geta framvísað vottorði um lögmætar tafir njóti þessara breytinga. Lögmætar tafir eru skilgreindar af stjórn LÍN en gætu m.a. verið langtímaveikindi, fæðingarorlof og slys sem hamla námi tímabundið.

Áætlaður kostnaður við þessa lagabreytingu er um 1,6 milljarðar kr. … Árlegt framlag ríkisins er samkvæmt nýjustu útreikningum Ríkisendurskoðunar 51% af heildarútlánum sem skýrist af vaxtaniðurgreiðslum annars vegar og afföllum hins vegar. Í heildina mundi kosta rúma 3 milljarða kr. að breyta þriðjungi námslána í styrk en þar sem helmingurinn er nú þegar ríkisframlag vegna áður greindra ástæðna er breytingin hér metin á 1,6 milljarða kr. Á móti kemur sparnaður í menntakerfinu ljúki námsmenn námi á tilskildum tíma.

Gert er ráð fyrir að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna skeri úr um álitamál sem kunna að rísa vegna þessa. Líkt og öðrum úrskurðum stjórnar má skjóta þeim til málskotsnefndar sem skipuð er af menntamálaráðherra sbr. 5. gr. a í lögunum.

Að sama skapi þarf í þessu samhengi að huga að stöðu þeirra nemenda sem stunda lánshæft nám en kjósa að taka ekki lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Á síðasta námsári voru 16.000–18.000 nemendur í háskólum og sérskólum á háskólastigi á Íslandi. Lánþegar LÍN á sama tímabili voru rétt rúmlega 9.000 talsins. Einhver hluti þeirra námsmanna sem ekki taka lán hjá LÍN er ekki lánshæfur en þó má gera ráð fyrir að þúsundir námsmanna kjósi að framfleyta sér með öðrum hætti en með lántöku. Framsóknarmenn vilja því meta reynsluna af þessu máli þegar fram í sækir til að gæta jafnræðis meðal námsmanna og skoða alvarlega þann möguleika að jafna möguleika námsmanna til þess að hljóta styrk, bæði þeirra sem taka lán til framfærslu á námstíma og hinna sem kjósa að framfleyta sér með öðrum hætti. Mætti hugsa sér að þeir gætu sótt um styrk að námi loknu, þar sem tekið yrði tillit til tekna viðkomandi á námstímanum. Styrkirnir yrðu þó tekjutengdir með sama hætti og útreikningar og lánshæfi lántaka gera ráð fyrir.“

Hæstv. forseti. Eins og ég nefndi í upphafi er um að ræða mál sem við framsóknarmenn fluttum á Alþingi í fyrra og því hefur það hlotið meðhöndlun í hv. menntamálanefnd þingsins, að minnsta kosti var frumvarpið sent út til umsagnar. Ég held að sjaldan hafi verið eins brýnt fyrir námsmenn hér á landi að ríkisvaldið sýni viðleitni til að styðja þá og bæta kjör þeirra. Ég fer ekki nánar út í þau mál, það þekkja allir stöðu námsmanna í dag. Sorglegt er að þegar ég, í fyrirspurnatíma á Alþingi á dögunum, beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra hvort hún væri reiðubúin að beita sér fyrir að bæta stöðu námsmanna erlendis var svarið nei, það stæði ekki til. Við vitum öll hvaða áhrif frjálst fall krónunnar hefur á stöðu þeirra og þurfum að svara þeirri grundvallarspurningu hvort við sem þjóð ætlum að senda fólk út til mennta sem kemur síðan heim og bætir stöðu samfélagsins allverulega. Við þurfum að styðja við það.

Eins og ég nefndi hefur menntamálanefnd sent málið út til umsagnar og það ætti því að vera hægur vandi fyrir menntamálanefnd Alþingis og Alþingi sjálft að afgreiða þetta mál með nokkuð snörum handtökum því að staðreyndin er sú að þær umsagnir sem bárust um þetta mikil-

væga hagsmunamál fyrir stúdenta, fyrir menntakerfið og fyrir samfélagið eru allar á einn veg.

Ég vil til að mynda benda á umsögn Fjölbrautaskólans við Ármúla þar sem segir, með leyfi forseta:

„Undirritaður telur að breytingin sé jákvæð og komi til með að draga úr brottfalli og gera lánshæft nám skilvirkara.“

Undir það skrifar Gísli Ragnarsson, skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti segir, með leyfi forseta:

„Við yfirlestur á þessu frumvarpi er það okkar skoðun að frumvarpið sé til mikilla bóta og þá sérstaklega 2. gr. þar sem rætt er um að breyta láninu að hluta í styrk ljúki námsmaður lokaprófum á tilskildum tíma. Það er og hefur lengi verið okkar skoðun að verðlauna eigi þá námsmenn sem ljúka námi á réttum tíma og það hljóti að vera hvetjandi fyrir þá að vita af þessum styrk ef þeir standa sig. Að styrkurinn sé skattfrjáls skiptir líka miklu máli. Brottfall úr skólum er alvarlegt mál og allar tilraunir til að sporna við því eru af hinu góða. Við styðjum eindregið þetta frumvarp og finnst það stórt skref í baráttu námsmanna fyrir betri kjörum.“

Undir þetta skrifar Kristín Arnalds, skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Hæstv. forseti. Ég gæti nefnt fleiri framhaldsskóla sem hafa sent umsagnir þar sem þeir styðja þetta eindregið, t.d. Verkmenntaskólann á Akureyri. Ekki síst höfum við fengið mikil viðbrögð frá stúdentum í landinu, félögum stúdenta við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands, sem hafa eindregið hvatt til þess að Alþingi sýni viðleitni til að bæta kjör námsmanna, einkum á erfiðum tímum þegar mikilvægt er að stuðlað sé að því að fólk sæki sér menntun við hæfi. Við þurfum að líta á framlög til menntamála sem fjárfestingu en ekki útgjöld.

Hægt er að taka Danmörku sem dæmi um land með fáum auðlindum. Danir áttuðu sig á því fyrir mörgum áratugum að samfélagið yrði að byggja upp með því að treysta og tryggja menntun í landinu og er menntunarstig þeirra hátt og þeir vel samkeppnishæfir á mörgum sviðum. Við Íslendingar höfum á undanförnum árum fetað þá leið að leggja sífellt meiri áherslu á að fólk afli sér þekkingar og menntunar og við eigum að halda því áfram.

Gott dæmi í því samhengi er að árið 1997 voru um 7.000 í háskólanámi hér á landi, árið 2007 voru þeir 17.000, sem sýnir hvers lags gjörbreyting hefur orðið í menntamálum þjóðarinnar á einungis tíu árum. Við þurfum að spyrja okkur að því hvort við séum að gæta að jafnrétti til náms eins og staða mála er í dag. Ég hvet hv. menntamálanefnd til að skoða þessi mál mjög alvarlega því að ég heyri í mörgum námsmönnum, sama hvort það er á innlendum vettvangi eða erlendis, sem segja stöðu sína langt frá því að vera viðunandi og margir eiga erfitt með að framfleyta sér, sem getur leitt til þess að fólk geti ekki sótt sér menntun við sitt hæfi. Ef við erum almennt á því að stjórnvöldum beri að veita ungu fólki jöfn tækifæri til að ná sér í menntun og fleira í þeim dúr verðum við að skoða stöðu námsmanna í dag.

Ég vil fagna því sem hæstv. forseti þingsins sagði í upphafi þings í haust að öll mál ætti að afgreiða úr nefndum og öll mál ættu að koma til atkvæðagreiðslu hér í þingsal. Ég hef trú á að meiri hluti alþingismanna styðji bætt kjör námsmanna með þessum hætti. Samfylkingin talaði í svipaða veru á síðasta kjörtímabili, að styðja ætti námsmenn og bæta kjör þeirra á svipaðan hátt og við framsóknarmenn höfum lagt hér fram, og ég hef fulla trú á að þingmenn Frjálslynda flokksins og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vilji bæta kjör námsmanna.

Það er annað en segja má um svör hæstv. menntamálaráðherra í fyrirspurnatíma um daginn þegar ég spurði hvort til stæði að bæta stöðu og kjör námsmanna sem nú dvelja við nám erlendis, þá var svarið einfalt nei. Því er mikilvægt og í raun og veru mikið framfaraspor fyrir Alþingi ef mál sem þetta festist ekki í þingnefnd, fari einungis í umsagnarferli en dagi að lokum þar uppi og verði ekki að neinu. Það hlýtur að vera sjálfsögð krafa og réttur þingmanna að mál sem þetta komi til endanlegrar atkvæðagreiðslu á vettvangi Alþingis enda hefur hæstv. forseti þingsins boðað slíkar breytingar.

Rétt er það sem kom fram í umræðunni hér áðan um stimpilgjöldin að erfiðlega árar í samfélaginu og vissulega gerir frumvarpið ráð fyrir ákveðinni útgjaldaaukningu. Ég bið menn að horfa til þess að það mun jafnframt gera nám skilvirkara en það er í dag og skila námsmönnum mun fyrr út á vinnumarkaðinn en ella og þar af leiðandi skila meiri fjármunum í ríkissjóð. Það mun líka, eins og skólamenn hafa bent á, auka hagræðingu í menntakerfinu og síðast en ekki síst draga úr brottfalli úr skólum landsins sem er markmið sem stjórnmálamenn hafa reynt að fylgja eftir á síðustu árum. Það er því rökrétt að samþykkja málið hér þar sem það er efnahagslega arðbært og mun í heild hafa mjög jákvæð áhrif á íslenskt samfélag. Við þurfum að auka menntunarstig þjóðarinnar til framtíðar til þess að treysta undirstöður samfélagsins og við þurfum, kannski síðast en ekki síst á tímum sem þessum, að stíga skref í þessa átt. Þetta er mjög mikilvægt mál og ég vonast til að þingmenn, sama hvar í flokki þeir standa, muni styðja frumvarpið og hv. þingmenn í menntamálanefnd þingsins greiða götu þess í gegnum þá nefnd. Það er skýr krafa frá námsmönnum í landinu að þetta mál hljóti brautargengi hér á þinginu. Fylgst er með málinu í meðförum Alþingis og við fáum ákveðin skilaboð frá skólum landsins um að þessi hugmyndafræði verði að veruleika. Eins og ég sagði dagaði þetta mál því miður uppi á síðasta þingi en ég hvet alla hv. þingmenn, og þá sérstaklega þingmenn í menntamálanefnd Alþingis, til að slá skjaldborg um frumvarpið og brýn nauðsyn er á að það verði afgreitt sem fyrst. Um það er skýr krafa hjá námsmönnum og þeim sem til þekkja.

[14:16]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Birki Jón Jónsson, vegna þeirra orða sem hann lét falla um að menntamálaráðherra hefði svarað því neitandi að breyta ætti lánum til námsmanna. Ef ég man rétt spurði hv. þingmaður hvort gengisfall krónunnar yrði bætt. Þá langar mig að spyrja hv. þingmann: Ef hann lítur svo á að gengisbreyta eigi námslánum vegna gengisfalls krónunnar er hann þá reiðubúinn að gengisbreyta öllu öðru vegna gengisfalls

krónunnar til þeirra sem búa í þessu landi og hafa farið illa út úr gengisfellingunni eins og við blasir eða er hann eingöngu að hugsa um Lánasjóð íslenskra námsmanna og námsmenn?

[14:17]

Flm. (Birkir J. Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa spurningu því það er einmitt það sem ég vil sjá að stjórnvöld geri nú, það er að koma til móts við mjög erfiða stöðu námsmanna sem eru í námi erlendis. Ef hv. þingmanni finnst það vera einkennilegur málflutningur úr ræðustóli Alþingis að við hlustum á þá sem eru erlendis í námi og geta varla framfleytt sér er hv. þingmaður náttúrlega ekki alveg í takt við kjósendur sína. Að sjálfsögðu þurfum við tímabundið, þegar krónan er í frjálsu falli, að koma til móts við þessa hópa. Ég get tekið sem dæmi að verði ekkert að gert þá sýnist mér að það muni hindra að margir af bestu námsmönnum okkar leiti sér menntunar á erlendum vettvangi vegna þess að efnahagslega standa þeir þannig að þeim er það ekki kleift.

Nú spyr ég hv. þingmann, sem er gamall og góður skólastjóri, hvort hún hafi ekki áhyggjur af því ef við þurfum að horfast í augu við þá staðreynd sem þjóð að fólk hér á landi hafi ekki efni á því að leita sér menntunar á erlendum vettvangi. Það er ekki endilega jákvætt að við öflum okkar þekkingar einungis á innlendum vettvangi. Við þurfum að styðja við bakið á þeim sem eru erlendis við nám. Ég spyr hv. þingmann hvort hún hafi ekki heyrt frá námsmönnum erlendis sem bera sig illa vegna núverandi ástands. Ég vil þá upplýsa hv. þingmann, ef hún hefur ekki heyrt til þeirra samtaka sem eru fulltrúar þeirra sem eru við nám erlendis, að staða þeirra er mjög erfið og við þurfum að sjálfsögðu að skoða hana. Ég veit að hv. þingmaður getur tekið undir það með mér, þar sem hún var viðstödd þegar ég beindi fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra, að ekki stendur til í ljósi þessarar þróunar að bæta kjör námsmanna erlendis.

[14:19]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég fékk í engu svar við fyrirspurn minni frá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni. Ég hef ekki tekið afstöðu til frumvarpsins. Það hefur ekki komið fram af minni hálfu hvort ég er tilbúin eða ekki tilbúin að gengisbreyta lánum námsmanna erlendis. Málið snerist ekki um það. Ég spurði hv. þingmann að því hvort hann mundi leggja til að á sama hátt og námsmenn erlendis hefðu orðið fyrir gengisfalli krónunnar — hvort hann mundi koma með samsvarandi frumvarp eða leggja til að aðrir sem hefðu lent í sömu sporum fengju sömu meðferð. Ég vænti þess að hv. þingmaður, fyrrverandi sessunautur minn, Birkir Jón Jónsson, svari þeim fyrirspurnum sem til hans er beint en vaði ekki út um víðan völl um það hvort ég hafi lesið eða kynnt mér eitt eða annað. Það er ekki málið í þessu andsvari mínu að fá svör frá honum um það hvort ég hafi lesið eða kynnt mér hluti. Ég hef kynnt mér hlutina ágætlega. Ég sit í menntamálanefnd. Ég er kennari og skólastjóri. Ég veit nákvæmlega um hvað málið snýst. En fyrirspurnin sem ég bar fram til hv. þingmanns er einföld og ég bið um svar við henni — en ekki útúrsnúninga, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, það sæmir þér ekki.

[14:21]

Flm. (Birkir J. Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Við í stjórnarandstöðunni höfum beint því til stjórnvalda að komið verði til móts við mismunandi hópa vegna ástandsins sem nú er í efnahagsmálum. Ef hv. þingmaður heldur að ég geti í tveggja mínútna andsvari gert grein fyrir því hvernig ég ætla að bæta stöðu allra þjóðfélagshópa sem hafa þurft að líða fyrir það ástand sem nú er í efnahagsmálum þá er það einfaldlega ekki sanngjarnt. En það hefði verið fróðlegt að heyra frá hv. þingmanni hvort hún styddi frumvarpið, hvort hún styddi að það kæmi í umræðu í þingið og til atkvæðagreiðslu því að að sjálfsögðu eiga námsmenn og menntastofnanir í landinu kröfu á því að vita hver afstaða þingmanna, sama hvar í flokki við stöndum, er til þessa máls. Eins og ég segi, það dagaði uppi í menntamálanefnd Alþingis þar sem hv. þingmaður sat á síðasta þingi og nú hljótum við að gera þá lágmarkskröfu að málið komi í það minnsta til þinglegrar meðhöndlunar í því formi að menn segi já eða nei við þeim hugmyndum sem hér eru uppi.

Ég vil enn og aftur taka fram að ekki er hægt í tveggja mínútna andsvari að gera grein fyrir því hvernig við í stjórnarandstöðunni ætlum að bæta kjör þeirra sem hafa orðið fyrir barðinu á því að hér ríkir mikil verðbólga og hátt vaxtastig. Ég held réttara sagt að ríkisstjórnin beri einhverja ábyrgð í þeim efnum þó að hún beri ekki algera ábyrgð en mér finnst ósanngjarnt að ætlast til þess að ég geri grein fyrir því hvernig við leysum heildarefnahagsvanda einstakra þjóðfélagshópa í tveggja mínútna andsvari, ágæti fyrrverandi sessunautur.

[14:23]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Mál af því tagi sem hv þm. Birkir Jón Jónsson talaði fyrir er, má segja, til vinsælda fallið meðal stúdenta. Ég er ekki hissa á því að námsmannahreyfingin ljúki öll upp einum rómi og lýsi stuðningi við frumvarpið. Að því leyti má þá kannski segja að það væri óðs manns æði, jafnaðist á við pólitískt sjálfsmorð, að segjast ekki styðja frumvarp af því tagi sem hér er lagt fram. Ég skil flótta hv. þm. Ragnheiðar Ríkharðsdóttur í því þegar hún svarar ágengum spurningum hv. flutningsmanns á þann hátt að hún eigi eftir að gera upp við sig hvaða afstöðu hún muni taka til málsins.

Ég verð að segja að ég hef sjálf ekki gert upp hug minn um hvort ég styð frumvarpið eins og það er. Ég styð hins vegar að sjálfsögðu umfjöllun um málið í menntamálanefnd og mér þykir mjög gott, ég tek undir það með hv. framsögumanni þessa máls, að hæstv. forseti skuli hafi kveðið upp úr um að nú skuli stefnt að því að öll þingmannamál skuli afgreidd frá nefndum. Það er rétt, sem kom fram í máli hv. flutningsmanns, að málið fékk enga meðhöndlun í nefndinni á síðasta vetri en þó var það sent út til umsagnar. Nú höfum við þennan umsagnabunka sem við getum skoðað í nefndinni og tekið umræðu um málið og ég treysti því að það verði gert.

Hæstv. forseti. Á þessum viðsjárverðu tímum er málum einfaldlega þannig háttað að þeir sem eiga lítið og þeir sem skulda lítið verða sennilega þeir sem best koma út úr þeim hremmingum sem við nú göngum í gegnum. Þess vegna má

segja að í prinsippinu sé það ósk mín að sem flestir stúdentar geti komist í gegnum kraftmikla háskóla með gott nám að baki án þess að hafa þurft að skuldsetja sig mikið. Mér finnst það vera atriði í þessu máli að það sé ekki keppikefli hjá stúdentum að fá námslán. Við eigum hins vegar því láni að fagna að eiga mjög öflugan lánasjóð og hann hefur eflst með hverju árinu sem líður. Á síðasta vetri vorum við að auka og rýmka rétt erlendra námsmanna sem eru stúdentar hér á Íslandi þannig að við höfum nánast á hverju ári upp á síðkastið verið að gera bragarbætur.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur unnið í náinni samvinnu við stúdenta að leiðréttingum á úthlutunarreglum þar sem smám saman er verið að færa mál til betri vegar, grunnframfærslan er eilíft vandamál og ég hef verið stuðningsmaður þess og talsmaður að hún sé rétt á hverjum tíma. Þegar maður les yfir núverandi úthlutunarreglur lánasjóðsins og horfir á grunnframfærslu námsmanna þá er hún á ársgrunni 1.876 þús., þ.e. innan við tvær milljónir. Það hljóta allir að sjá það í hendi sér að það er ekki einfalt fyrir námsmenn að framfleyta sér af þessu og þegar við erum að tala um níu mánaða framfærslu þá er framfærslan um það bil 100 þús. á mánuði. Ég er talsmaður þess að við tryggjum að grunnframfærslan sé alltaf raunsönn miðað við það verðlag sem við búum við í landinu á hverjum tíma. Það skiptir stúdenta mestu máli að framfærsla þeirra, eða það sem þeir fá í gegnum sumarvinnuna sína og síðan námslánin yfir vetrartímann, nægi fyrir framfærslu, að fólk þurfi ekki að vera að bæta við sig dýrum bankalánum ofan á námslánin.

Námslánin hafa verið með gríðarlega góðum kjörum. Þau eru verðtryggð. Þau eru með 3% vöxtum og það er sanngjarnt að endurgreiðslur hefjast ekki fyrr en tveimur árum eftir að námi er lokið. Það er mikill sveigjanleiki, það eru undanþágureglur eins og ég segi, það er mjög margt sem við getum mælt fyrir og stutt og talað vel um varðandi Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ég tel það því vera gæfu okkar að eiga þennan sjóð.

Varðandi frumvarpið sem hér liggur fyrir sé ég ekki betur en verið sé að leggja til að við göngum lengra en nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum í því að styrkja námsmenn fjárhagslega. Nú er það svo að segja má að endurgreiðslan í kerfinu eins og það er í dag sé með þeim hætti að námsmenn, stúdentar, greiði aðra hverja krónu til baka af því sem þeir fá. Þeir greiða um það bil helminginn af því sem þeir fá til baka þegar reiknaðir eru vextir og verðbætur og tekið tillit til alls hvað varðar verðlagsbreytingar. Þegar öllu er á botninn hvolft má segja að um það bil helmingur námslána á Íslandi sé styrkur. Það er svipað hlutfall og á Norðurlöndunum. Ef við förum hins vegar í þær breytingar sem hv. þingmenn sem flytja þetta mál leggja til þá göngum við lengra en nágrannaþjóðir okkar. Við værum sem sagt, samkvæmt orðanna hljóðan í frumvarpinu, einungis að tryggja endurgreiðslu á 25% af láninu þannig að um það bil 75% af láninu yrði þá orðinn styrkur. Og ég segi: Það er mikil rausn.

Ég er tilbúin til að skoða þetta mál ofan í kjölinn með opnum huga og ég treysti því að við tökum góða umræðu um það í menntamálanefnd og fáum þessa útreikninga á hreint. Ég sé enga sérstaka ástæðu fyrir okkur til að ganga lengra en Norðurlandaþjóðirnar en það er ástæða til að við skoðum reikningsdæmið og athugum hvort það sem ég nú er að segja sé rétt, hvort það stenst raunveruleikann.

Við verðum líka að skoða aðra þætti í því sambandi. Það er spurning um það hvort þessi fjárhagsfaktor sé svona veigamikill hvað varðar brottfall úr námi. Ég er ekki sannfærð um það. Ég er ekki viss um að brottfallið sé, að jafnmiklu leyti og hv. flutningsmenn vilja vera láta, vegna fjárhagsástæðna stúdentanna. Það kann vel að vera að aðrir þættir komi til þannig að það er líka spennandi að skoða það. En brottfallið er virkilega flókið úrlausnarefni eins og t.d. segir í umsögn Háskóla Íslands um þetta mál þar sem menn taka undir það markmið frumvarpsins að draga úr brottfalli nemenda en segja jafnframt að innan Háskóla Íslands starfi nú nefnd sem hafi m.a. það hlutverk að greina fráhvarf nemenda frá námi og ástæður fráhvarfsins. Það liggur fyrir að einungis sumt af því sem iðulega er talið til brottfalls úr námi er vandi sem við þarf að bregðast, segja talsmenn Háskóla Íslands. Þeir segja einnig að annað eigi sér skýringar sem m.a. helgist af því hvernig skráningu nemenda er háttað t.d. þegar þeir skipta um námsferil, þ.e. að tæknilegar ástæður séu fyrir einhverjum hluta brottfallsins. Það þurfum við líka að athuga þegar við fjöllum um brottfall að við séum með réttar tölur og því skiptir miklu máli að við fáum niðurstöður þeirrar nefndar sem Háskóli Íslands hafði á síðasta vetri sett á laggirnar. Umsögn Háskóla Íslands er dagsett 26. nóvember 2007 og því skyldi maður ætla að niðurstöður þessarar nefndar lægju fyrir.

Það kemur jafnframt fram í umsögn Háskóla Íslands að ákveðins misskilnings gæti í frumvarpinu um það að reglur viðkomandi skóla um námstíma á einstökum námsleiðum séu háðar samþykki menntamálaráðherra. Það er tekið fram að hver háskóli fyrir sig setji reglur um námstíma innan ramma laga um háskóla og viðmið um æðri menntun og prófgráður séu á verksviði skólanna sjálfra en ekki menntamálaráðuneytisins. Þetta eru tæknileg atriði sem við getum að sjálfsögðu leiðrétt í meðförum nefndarinnar ef til þess kemur að málið verði afgreitt aftur til þingsins til afgreiðslu.

Svo vil ég kannski segja eitt, hæstv. forseti, um þann andblæ í greinargerð með frumvarpinu og í ræðu hv. flutningsmanns varðandi það að verðlauna nemendur, að verðlauna stúdenta. Að nota þetta orð, verðlaun, finnst mér orka tvímælis í þessu sambandi. Mér verður hugsað kannski sem uppalanda, sem móður, til barnanna minna. Það eru ekki uppeldisaðferðir sem ég hef aðhyllst eða mínir vinir og félagar að borga börnunum okkar fyrir að fá sér morgunmatinn sjálf á morgnana eða klæða sig í sokkana eða hvað svo sem annað það væri. Ég bið fólk aðeins að íhuga þann móral sem er fólginn í því að vera að verðlauna stúdenta fyrir að standa sig vel í námi með fjármunum. Þetta er hugleiðing sem kemur aðallega upp í hugann líka vegna þess sem er að gerast í samfélaginu og vegna þeirrar áherslu sem við þingmenn þurfum kannski að fara að leggja á önnur gildi en við höfum verið upptekin af fram til þessa eða upp á síðkastið.

Ég er sem sagt fylgjandi því að standa vörð um Lánasjóð íslenskra námsmanna, tryggja áfram öflugan stuðning við íslenska stúdenta, hvort sem þeir eru að stúdera hér á Ís-

landi eða í útlöndum, og það er sjálfstætt úrlausnarefni og gríðarlega mikilvægt að við nálgumst það vandamál sem íslenskir stúdentar í útlöndum standa frammi fyrir núna. Og ekki bara íslenskir stúdentar í útlöndum, við eigum líka Íslendinga sem draga fram lífið á örorkubótum í útlöndum. Ekki er hagur þeirra betri þannig að við verðum að horfa heildstætt á það mál allt og lýsa inn í þann vanda sem þar er við að glíma þó svo að við sjáum ekki út úr deginum hvað það varðar hvernig sá vandi þróast.

Ég ítreka það, hæstv. forseti, að ég tel okkur vera heppin að eiga LÍN. Við eigum að standa við bakið á honum sem öflugum lánasjóði fyrir námsmenn. Við eigum að tryggja að stuðningur hins opinbera við námsmenn sé öflugur og kraftmikill og nægur á hverjum tíma þannig að anda þessa frumvarps styð ég heils hugar. Hvernig við síðan útfærum það í löggjöf er ég tilbúin til að leggja mig fram um að skoða í menntamálanefnd.

[14:34]

Guðmundur Steingrímsson (Sf):

Hæstv. forseti. Við búum nú við þá tíma í þjóðfélagsmálunum að manni virðist eins og að hlutirnir gerist frá klukkutíma til klukkutíma eða frá hálftíma til hálftíma og mér virðist eins og öll íslenska þjóðin sitji við internet-vafrann sinn og ýti á „refresh“ ef ég má leyfa mér að nota ensku í ræðupúlti Alþingis. Þjóðfélagið er hálflamað. En það er ekki síst á slíkum stundum sem þörf er á einhverri langtímahugsun. Það er þörf á því að við lítum fram á við og það er þörf á því að við hugum að undirstöðunum og spyrjum okkur spurninga eins og: Hvað ætlum við að gera við fjöregg þjóðarinnar og hvert ætlum við að halda með þjóðfélagið? Hvar eigum við heima í samfélagi þjóðanna?

Eitt af því sem við eigum, og verðum að minna okkur á, og eitt af því sem gerir grunninn traustan í íslensku samfélagi er menntakerfið. Við erum með menntaða og duglega þjóð, hugvitsamlega þjóð, og þetta frumvarp lýtur í mínum huga að því að efla þær undirstöður sem felast í góðu menntakerfi. Það er engin tilviljun að þetta frumvarp gerir það, það er nokkurn veginn samhljóða frumvarpi sem samfylkingarþingmenn hafa lagt fram áður. Ég hef stutt sambærilega hugmynd og ég held jafnvel að öllu leyti samhljóða með því að styðja einfaldlega kosningastefnuskrá Samfylkingarinnar. Þetta er mál sem Samfylkingin setti ásamt öðrum menntamálum á oddinn fyrir síðustu kosningar. Það þarf engan að undra að ég sem samfylkingarmaður, varaþingmaður Samfylkingarinnar, sé jákvæður gagnvart þessu máli.

Ég vona heitt og innilega að í samræmi við orð forseta Alþingis fái þetta mál góða og vandaða þinglega meðferð og að því verði skilað úr menntamálanefnd aftur inn í þingsal, kannski betrumbættu. Ef menn telja í þeirri þinglegu meðferð að einhver sterk rök séu fyrir því að samþykkja ekki svona frumvarp er ég auðvitað allur ein eyru.

Með öðrum orðum er afstaða mín til frumvarpsins sú að ég þarf að heyra mjög sterk rök fyrir því að fara ekki þá leið að breyta umræddu hlutfalli námslána í styrk að námi loknu. Það kunna að vera góð rök fyrir því að gera það ekki á þessum tímapunkti. Þau kunna að vera fjárhagsleg. Þau kunna að liggja í því að menn treysti sér ekki í fjárútlátin sem eru rúmur milljarður að þessu sinni en þá finnst mér að menn eigi að ræða það hvort svona lagað eigi að gera í þrepum. Menn eiga líka að ræða hvort eitthvað kemur í staðinn fyrir þessa hugmynd. Mér finnst átakanlegur skortur almennt á styrkjahugsun, á styrkjakerfi í háskólakerfinu. Ég vona að þetta verði vönduð umfjöllun og það verði þá margt annað sem komi upp á borðið ef menn treysta sér ekki til að styðja þetta nákvæmlega svona.

Það eru mörg rök fyrir því að þetta eigi að gera. Í fyrsta lagi lýtur þetta náttúrlega, eins og ég sagði áðan, að eflingu háskólamenntunar í landinu. Ég held að maður þurfi ekki að fara neitt náið út í það. En svo eru líka rök sem snúa að menntakerfinu sem afmörkuðu viðfangsefni. Háskóli Íslands fær fjárveitingar, reiknikerfi Háskóla Íslands, svo að ég noti það sem dæmi, er þannig uppbyggt að háskólinn fær fjárveitingar fyrir útskrifaða nemendur. Þar er hvati fyrir háskólann til að reyna að koma nemendum í gegn. Hann fær beinlínis peninga fyrir hvern einstakan nemanda sem hann kemur í gegn.

Hins vegar er ekki endilega sami hvati fyrir hendi, ekki í sama mæli, hjá nemendum. Þetta getur leitt til ákveðinnar togstreitu í kerfinu. Þetta getur leitt til þess að háskólarnir reyni eftir fremsta megni og jafnvel eftir leiðum sem kunna að vera ekki í takt við ýtrustu kröfur um góða menntun að koma stúdentunum í gegn. Það ástand hefur skapað ákveðinn vanda í deildum háskólans að háskólastúdentar fara í gegnum kúrsana en klára síðan ekki ritgerðina. Það er umtalsvert stór hópur fólks sem býður með ritgerðina sína. Þá lendir háskólinn í þeim vanda að fólk fer kannski aftur út á vinnumarkaðinn með ritgerðina á herðunum og tekur mörg ár í að klára hana og á meðan fær háskólinn ekki pening fyrir að útskrifa þann nemanda. Með því móti sem er rætt í umræddu frumvarpi með því að mynda þann hvata — og ég vil ekki segja verðlaun, ég tek undir orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um að það er kannski ekki viðeigandi að tala um verðlaun heldur einfaldlega hvata. Þetta er hreinlega fjárhagslegur hvati, ekki síst til að klára ritgerðir — held ég að væri til bóta. Það mundi mynda forsendu til þess að stúdentar og háskólinn gengju í takt þegar kemur að því að klára nám.

Svo virðist vera það einkenni á stúdentaflórunni hér að stúdentar eru dálítið gamlir. Þeir eru á vinnumarkaði og ákveða að leita sér menntunar og taka sér hlé frá vinnu. Þá er mikilvægt — og þetta viljum við, ég held að endurmenntun og símenntun sé einhver besta leiðin til að stuðla að háu menntunarstigi í þjóðfélaginu — að hugsa um styrkjakerfið. Ég held að námslánakerfið eitt og sér hjálpi fólki ekki nægilega mikið sem vill taka sér hlé frá vinnu.

Það er líka ákveðið akútmóment í þessu. Ef við horfum upp á það í því ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu að hér verði mikið atvinnuleysi, að fyrirtæki fari á hausinn, er einhver besta leiðin til að reyna að reisa þjóðarskútuna við til langs tíma að stuðla að því að fólk geti notið þess tækifæris að leita menntunar. Þá kann að vera þetta extra sem fólk þarf til þess að sjá sér einfaldlega kleift að leita menntunar að hluti námslána sem það fær breytist í styrk að námi loknu. Það kann að vera og menn verða að taka þetta með í reikninginn.

Ég held sem sagt að þetta frumvarp og forsendur þess eigi að reikna vel. Það á að kanna nákvæmlega hvaða áhrif

yfirvöld í menntageiranum telji að þetta muni hafa á brottfallstölur og líka kanna forsendur fyrir brotthvarfi eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir benti á. Og við þurfum að skoða hvað þetta þýðir í samanburði við Norðurlöndin.

En það er enginn vafi í mínum huga að þetta er brýnt mál, það á að ræða það og það á að fá bestu mögulegu þinglegu meðferð og hægt er. Ég vona að ekki komi fram nein þannig rök í þeirri meðferð að ekki verði hægt að samþykkja frumvarpið hér á hinu háa Alþingi.

[14:42]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill gera athugasemd vegna afgreiðslu á frumvarpi um stimpilgjöld hér áðan. Málinu var ranglega vísað til allsherjarnefndar. Það átti að segja að frumvarpið gengi til 2. umr. og efnahags- og skattanefndar ef enginn hreyfði andmælum. Leiðréttist það hér með.

[14:43]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég þakka flutningsmönnum fyrir að flytja þetta frumvarp og lýsi því yfir að við þingmenn Frjálslynda flokksins lítum það jákvæðum augum og teljum ástæðu til að skoðað verði hvernig, í samræmi við þann anda sem boðaður er í frumvarpinu, eigi að koma á þeirri skipan sem verið er að tala um.

Hafa verður í huga þegar verið er að reikna út ákveðnar forsendur og hverju ríkið tapi með því að frumvarp þetta nái fram að ganga, þ.e. að ákveðnum hluta lána yrði breytt í styrki miðað við það að námsmaður ljúki prófi á tilskildum tíma, þá gleyma menn iðulega að taka inn í myndina það mikilvæga þjóðfélagslega hagræði sem felst í því að stytta námstímann. Það hefur aðeins verið minnst á það í þessum umræðum að um það sé að ræða. Í fyrsta lagi lækkar það að sjálfsögðu skólakostnað. Í öðru lagi kemur það líka viðkomandi einstaklingi til góða því hann kemur fyrr á vinnumarkaðinn og vinnur fyrir tekjum og er þar af leiðandi farinn að greiða til samfélagsins. Þegar talað er um að heildarkostnaður af þessu frumvarpi sé 1,6 milljarðar þá er í raun kannski ekki heildarmyndin tekin þannig að í raun er þessi kostnaður samfélagsins mun lægri þegar á allt er litið.

Þegar ég var formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands voru námsmenn í harðri baráttu fyrir því að námslán mundu ná því sem kallað var 100% af fjárþörf. Á þeim tíma fengu námsmenn á Íslandi 30% en námsmenn erlendis 70%. Mismuninn urðu þeir að brúa sjálfir og við töldum að þarna yrði að gera verulegar breytingar á. Mál hafa sem betur fer þróast með þeim hætti að þetta er ekki lengur viðfangsefni námsmannahreyfingar eða stjórnmálamanna vegna þess að þessi markmið hafa náðst fyrir löngu. Nú er hins vegar spurning hvernig sé eðlilegt að hafa hlutina þannig að hægt sé að verðlauna og/eða íþyngja námsmönnum ekki um of sem þurfa nauðsynlega á því að halda að fá námslán þannig að þeir geti sem fyrst orðið virkir þátttakendur án þess að vera bundnir við mikla skuldaklafa. Þá er það vissulega veruleg hvatning til að ljúka námi með eðlilegum hætti á sem stystum tíma að taka upp ákvæði eins og þau sem hér er fjallað um. Spurning getur hins vegar verið um það hvort hér eigi að miða við að tala um tilskilinn tíma, hvort eigi að skilgreina það með einhverjum öðrum hætti eða velta fyrir sér jafnvel að þau verðlaun — því við getum ekki talað um þetta með öðrum hætti en þannig að með því að breyta hlutaláni í styrk sé verið að verðlauna viðkomandi sem fær þann létti á skuldum sínum — þ.e. hvort eigi að miða við að viðkomandi ljúki þá ef til vill námi á skemmri tíma en venjulega er miðað við. Við erum því ekki að miða við hinn almenna venjulega tíma heldur við að þarna sé verið í raun að verðlauna þá sem leggja sig fram um að ljúka námi á sem stystum tíma. Mér finnst það atriði hljóti að koma til ákveðinnar skoðunar.

Að sjálfsögðu geta komið til breytilegar aðstæður hjá fólki. Hér er vísað til þess að menn framvísi vottorði um lögmæt forföll sem hafi tafið námið. Þá er spurningin hvað teljum við að geti verið eðlileg og lögmæt forföll sem valdi því að viðkomandi haldi þeim rétti að geta fengið ákveðnum hluta af námsláni breytt í styrk þrátt fyrir að námsframvindan hafi orðið önnur, þ.e. að menn ljúki því ekki á tilskildum tíma. Þá finnst mér einmitt vanta nákvæmari skilgreiningar í lagafrumvarpið sem má út af fyrir sig bæta úr við meðferð frumvarpsins í nefnd. Hvað er átt við með lögmætum forföllum í þessu tilviki? En á heildina litið tel ég að það sé til bóta að hafa hvata eins og þann sem er meginefni þessa frumvarps og tel því eðlilegt að skoða hvernig þeim málum geti verið best fyrir komið þannig að þeir námsmenn sem standa sig, ljúka sínu námi með eðlilegum hætti — eðlileg framvinda — geti notið þess í einhverju.

[14:49]

Samúel Örn Erlingsson (F):

Frú forseti. Það hefur sennilega aldrei verið mikilvægara en nú að horfa til framtíðar. Þar tek ég sannarlega undir með hv. þm. Guðmundi Steingrímssyni. Það á við um það sem rætt var um hér fyrr í dag, stimpilgjöld við fasteignakaup og það á svo aldeilis við um nám og kjör fólks við þá iðju að afla sér framtíðarmenntunar. Það er mikilvægt að staldra ekki um of við þær mínútur sem nú líða þegar menn haldast í hendur hvar sem þeir standa í flokki við að hamla gegn mótlætinu heldur trúa áfram á framtíðina og þess vegna er sennilega aldrei nauðsynlegra en nú að ræða mál eins og þessi. Við þurfum að horfa til framtíðar og ég held að það sé alveg sama hvar menn standa í pólitík, þeir sjá framtíðina í aukinni menntun þjóðarinnar, auknum tækifærum sem í því felast. Það þarf að örva það kerfi sem við búum við hvar sem er og líka í skólakerfinu. Það er mjög þjóðhagslega hagkvæmt að ljúka námi á um það bil tilskildum tíma. Það er og á að vera hagkvæmt fyrir samfélagið, fyrir skólakerfið og fyrir þá sem eru í námi.

Það þarf að örva þann hraða af ýmsum ástæðum. Hér var vikið áðan einmitt að kjörum á námslánum. Þau eru verðtryggð og þá lít ég nú svo á að með því sé endurgreiðslan tryggð, þ.e. ef fólk nær að greiða til baka lánið sitt á fullu verði þá er endurgreiðslan komin. Það er hins vegar leigan fyrir peningana sem þetta snýst um og mér skilst að námslánin núna séu með 3% vöxtum. Þegar ég fékk námslán á sínum tíma þá voru ekki vextir á námslánum en þau voru verðtryggð.

Það er reyndar sannarlega mögulegt að námsmenn greiði að fullu námslán sín ef námið er ekki því lengra og

taki ekki því lengri tíma því endurgreiðslan er meðal annars háð því að námi sé lokið. Hún er líka háð því hvaða tekjur fólk hefur eftir að námi lýkur. Þess vegna er hagkvæmt fyrir endurgreiðsluna að námið klárist á tilskildum tíma og fólk fari síðan út á vinnumarkaðinn og hefji endurgreiðsluna. Þetta er líka til hagræðis í skólakerfi eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson, flutningsmaður þessarar tillögu, kom svo sannarlega vel inn á og þar með þarf, þegar fjallað er um þetta mál nákvæmar í nefnd til dæmis, að reikna þetta inn í dæmið. Það þarf að reikna það inn í dæmið að sá sem lýkur námi á tilskildum tíma hefur fyrr endurgreiðslu. Hann hækkar að öllum líkindum ævitekjur sínar. Hann borgar meira af því sem á að borga. Þar með er þetta orðið hagkvæmt fyrir alla þá sem að þessu koma.

Við skulum líka átta okkur á því að það er mikilvægt, hvort sem menn vilja kalla það verðlaun, styrk eða ávinning eða hvað það er, að örva námsmenn til þess að ljúka námi á tilskildum tíma af þeim ástæðum sem ég nefndi. Skyldi það ekki vera örvandi fyrir þá námsmenn sem berjast til dæmis við það að halda skuldabyrði sinni niðri, vilja ekki taka of mikil lán og vinna töluvert mikið með námi? Þeir lenda stundum í því að þurfa að seinka námi einmitt þess vegna. Þá er kominn ávinningur og ástæða til að vinna kannski ekki allt of mikið með náminu.

Ég trúi því að þetta frumvarp sé til góðs. Ég trúi því að við sjáum ávinning af því í framtíð og ég held að við sjáum ávinning af því í öllu kerfinu. Við vitum líka, eins og ég nefndi áðan, að vextir hafa sannarlega verið breytilegir af námslánum og það er ekkert sem segir að þeir geti ekki hækkað eins og ég nefndi hér áðan. Einu sinni voru þeir ekki. Síðan fóru þeir í 1%. Nú eru þeir 3% og það er ekki svo óskaplega langt frá 3% upp í það sem við mundum kalla æskilega vexti með verðtryggingu. Það er ekki nema eitt ár, kannski eitt og hálft frá því að menn tóku framtíðarlán til húsakaupa með 4,15% vöxtum og það þóttu fín kjör fyrir þá sem veittu lánin líka þannig að ég tel að þetta styðji þá stefnu og þann veruleika að námslán skili sér til baka því það er ósköp æskilegt og kannski þá það sem eftir stendur skili sér og til þess liggja þær ástæður að fólk útskrifast fyrr, fer fyrr á vinnumarkað, vinnur þá lengur á ævi sinni og er þar með betur í stakk búið til að skila til þjóðfélagsins því sem að því hefur verið rétt.

[14:55]

Flm. (Birkir J. Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hefur átt sér stað um það mál sem við höfum rætt hér og endurspeglast í því meðal annars að þingmenn allra stjórnmálaflokka á Alþingi hafa tekið þátt í þessari umræðu. Umræðan nú um þetta mál var miklu málefnalegri og betri, að mér finnst, en á síðasta þingi þar sem stjórnmálaflokkarnir lentu í þessu hefðbundna karpi um af hverju ekki væri löngu búið að gera þetta og fleira í þeim efnum. En ég fagna því sérstaklega hversu jákvæður vilji hefur birst hjá hv. þingmönnum í því að þetta mál verði tekið til ítarlegrar meðhöndlunar á vettvangi menntamálanefndar og þess að það komi síðar til afgreiðslu á Alþingi til samþykktar eða synjunar því hér er um það stórt mál að ræða að það er einfaldlega ekki hægt að kæfa það í hv. nefnd ár eftir ár.

Ég er mjög ánægður með þessa umræðu eins og ég sagði áðan. Ég er sammála því sem kom fram í umræðunni varðandi framfærslugrunn námsmanna. Ég held að það sé tími til kominn að menn leggist í heildarendurskoðun á því og það strax. Við vitum að verðlag er að hækka óðum hér á landi í ljósi nýjustu atburða og það er alveg ljóst að framfærslugrunnur LÍN er ekki í takti við raunveruleikann í dag. Að sjálfsögðu þurfa námsmenn að lifa eins og aðrir þjóðfélagshópar og í raun og veru eru hjá mörgum þeirra reglur lánasjóðsins þeirra kjarasamningur og rétt eins og menn ræða nú við verkalýðshreyfinguna og aðila vinnumarkaðarins þá þurfa stjórnvöld að taka upp samráð við námsmannahreyfingarnar um það hvernig við komum þeim málum í viðunandi horf á erfiðum tímum.

Ég er sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur í snörpu andsvari áðan að sjálfsögðu hugsum við ekki bara um námsmenn en það er einn þáttur í því vandamáli sem við horfumst í augu við að við þurfum að styðja betur við bakið á námsmönnum rétt eins og svo mörgum öðrum þjóðfélagshópum. Það hefur komið fram í málflutningi okkar framsóknarmanna að við þurfum samstöðu til að fara í slíkar aðgerðir. Við höfum boðið fram útrétta sáttarhönd til að koma til móts við sem flesta hópa á erfiðum tímum. Ég vona að ríkisstjórnin muni taka í þá útréttu sáttarhönd. Við samþykktum mjög umdeilt frumvarp hér á dögunum sem átti að koma í veg fyrir að hér yrði efnahagslegt öngþveiti. Ég held að við höfum gert rétt í þeim efnum að standa með ríkisstjórninni að því máli því að nú sem aldrei fyrr þarf þjóðin að sjá að stjórnmálamenn, sama hvar í flokki þeir standa, geti staðið saman því saman verðum við að takast á við þá efnahagslegu vá sem yfir okkur vakir og það er ekki hægt að klára umræðu sem þessa nema nefna það örlítið á nafn því það er einfaldlega þannig að nú eru erfiðir tímar. En við framsóknarmenn erum reiðubúnir til að koma að lausn þeirra mála í samstarfi við aðra stjórnmálaflokka. Nú skiptir varla máli hvort við stöndum í stjórn eða stjórnarandstöðu. Við þurfum öll að standa saman. Það er markmiðið og þess vegna þakka ég þá ágætu umræðu sem átti sér stað um þetta mál. Ég treysti orðum þeirra þingmanna sem tóku til máls í umræðunni að þessu máli verði fylgt fast eftir á vettvangi menntamálanefndar Alþingis þannig að við getum komið til móts við námsmenn, ekki bara hér á landi heldur líka erlendis eins og ég nefndi. Hugsið þið ykkur, námsmenn á erlendri grundu eru að borga allt að 26% yfirdráttarvexti til að fá lán hjá LÍN vegna þess að þau eru greidd út eftir á. Að sjálfsögðu þurfum við að horfa á öll þessi mál og ég veit að þeir þingmenn sem hafa talað í þessari umræðu eru reiðubúnir til þess og það er mjög brýnt að skoða heildstætt málefni námsmanna rétt eins og annarra þjóðfélagshópa eins og nú árar í samfélaginu.

Ég þakka þessa umræðu og góðar undirtektir við þetta frumvarp sem við framsóknarmenn höfum lagt fram á Alþingi og er eitt af forgangsmálum þingflokks framsóknarmanna.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og menntmn.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 31. mál (frítekjumark lífeyrissjóðsgreiðslna). — Þskj. 31.

[15:00]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Almannatryggingakerfið var á sínum tíma sett á stofn í þeim tilgangi að fólk tryggði ævikvöld sitt og legði í sameiginlegan sjóð landsmanna sem aftur greiddi því þokkalega til framfærslu og lífsviðurværis þegar starfsævinni væri lokið.

Það mál sem ég flyt og mæli fyrir, og meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Grétar Mar Jónsson og Jón Magnússon, snýr að því að taka upp frítekjumark á lífeyristekjur. Þannig hagar til nú eftir ýmsar breytingar á lögum um almannatryggingar að búið er að setja 100 þús. kr. frítekjumark á atvinnutekjur þeirra sem eru 67 ára og eldri. Það á einnig við um öryrkja, þ.e. 100 þús. kr. á mánuði skerða nú ekki almennar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, hvorki tekjutenginguna né grunnlífeyrinn, gamla ellilífeyrinn sem menn kalla svo.

Um næstkomandi áramót munu taka gildi lög sem kveða á um að séreignarsparnaður landsmanna sem varðveittur er í sérstökum sjóðum á nafni hvers einstaklings, en ekki samtryggingarsjóðirnir sem ég fjalla hér um, skerði ekki bætur frá almannatryggingum. Frá og með næstu áramótum getur fólk tekið út séreignarsparnað sinn án þess að bætur frá almannatryggingum, tekjutengingu eða grunnlífeyri verði skertar.

Nú á hins vegar eftir að taka upp frítekjumark og auka það er viðkemur almennum lífeyrissjóðum og miðar tillagan að því. Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp sams konar frítekjumark á lífeyristekjur og lífeyrissjóði og er á atvinnutekjum, bæði hvað varðar aldraða og öryrkja, og að 1. janúar 2010 verði komið á 100 þús. kr. frítekjumark á lífeyristekjur fyrir alla úr almennum lífeyrissjóðum. Er þá orðið nokkurt samræmi milli fólks sem hefur atvinnutekjur og þess sem fær tekjur sínar úr lífeyrissjóði. Það eru margar ástæður fyrir því að fólk sem komið er á efri ár getur ekki stundað vinnu á vinnumarkaði og aflað sér tekna.

Við leggjum til í frumvarpinu að þeim áfanga verði náð í tveimur skrefum: Á næsta ári, 1. janúar 2009, taki gildi 50 þús. kr. frítekjumark vegna tekna úr lífeyrissjóði en síðan komi ákvæði frumvarpsins um 100 þús. kr. frítekjumark til framkvæmda að fullu 1. janúar 2010 eins og áður sagði. Þá megi lífeyrisþegar fá 1.200 þús. kr. greiðslu á ári úr lífeyrissjóði sínum án þess að bætur almannatrygginga skerðist.

Ég tel að aðgerðin sé sanngjörn í ljósi þess sem gert hefur verið varðandi lagfæringar á almannatryggingalöggjöfinni um tekjur og skerðingarreglur á undanförnum missirum. Ég minni á í því sambandi að stjórnarandstaðan á síðasta kjörtímabili lagði sameiginlega fram sérstaka tillögu til eflingar stöðu ellilífeyrisþega með því að taka upp 75 þús. kr. frítekjumark. Það hefur nú sem betur fer verið betrumbætt og sett á 100 þús. kr. frítekjumark jafnt fyrir aldraða og öryrkja og er það vel. Eftir sem áður greiða lífeyrisþegar fullan skatt af tekjum úr lífeyrissjóði, þ.e. 35,72% miðað við skattprósentu í dag en njóta ekki þess sama og aðrir sem hafa sparað, að greiða 10% af fjármagnstekjuskatti af inneign sinni á fjármagnsreikningum.

Það er að vissu leyti rétt að hluti af inngreiðslu í lífeyrissjóð er undanþeginn skattgreiðslu þegar hann er greiddur og það er það sem nemur framlagi launamanns og atvinnurekanda. Það breytir hins vegar ekki því að þegar menn hafa átt lífeyrissparnað sinn í varðveislu hjá lífeyrissjóðum eða öðrum sjóðum í áratugi er stærstur hluti af hinni sameiginlegu eign sem þeir fá svo greidda úr lífeyrissjóðunum og séreignarsjóðum orðnar fjármagnstekjur. Þar þyrfti að leita samræmis en tillagan sem hér flutt snýr ekki að þeim þætti málsins. Hún snýr fyrst og fremst að því að tekið verði upp frítekjumark á lífeyristekjur eins og nú þegar er búið að taka upp á atvinnutekjur aldraðra og öryrkja og jafnframt á séreignarsparnað um næstu áramót.

Við, flutningsmenn þessarar tillögu, teljum að hér sé um mikið réttlætismál að ræða og muni verða til þess að tekjur fólks úr lífeyrissjóði nýtist því betur og að rauntekjur manna til þess að lifa af tekjum almannatrygginga og tekjum úr almennum lífeyrissjóðum muni batna verulega. Hér er auk þess um eðlilegt samræmingar- og réttlætismál að ræða, eins og ég gat um.

Ég tel að við bregðumst hér við mjög þörfu máli og það er jafnvel enn þarfara í dag en ella miðað við stöðuna í þjóðfélaginu í þeim þrengingum sem fram undan eru. Enn frekari ástæða er til að fylgja þessu máli fram og lögfesta þá gjörð sem hér er lögð til. Það liggur í því að talsverðar líkur eru á því að lífeyrissjóðir verði fyrir verulegum skerðingum á eignum sínum. Eignir lífeyrissjóðanna eru jú ekkert annað en það fé sem lífeyrisþegarnir hafa greitt inn í lífeyrissjóðina. Þar af leiðandi verða lífeyrisþegarnir fyrir skerðingu á tekjum. Miðað við þær fréttir sem við fáum frá forustumönnum lífeyrissjóðanna verða lífeyrissjóðirnir líklega fyrir þó nokkuð mikilli skerðingu vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í íslensku þjóðfélagi. Sumt af því fé sem lífeyrissjóðirnir eiga hefur verið varðveitt í eignafyrirkomulagi, m.a. í fjármálastofnunum sem allar líkur eru á að nú tapist.

Hvað er þá til ráða í almennum lífeyrissjóðum þegar lífeyrissjóður á ekki fyrir framreiknuðum tryggingalegum skuldbindingum sem lífeyrisþegarnir eiga ella rétt á? Þá segja lög um almenna starfsemi lífeyrissjóða að stjórn viðkomandi lífeyrissjóðs skuli meta tryggingafræðilega stöðu fyrir framtíðina miðað við hvort lífeyrissjóðurinn eigi fyrir skuldbindingum sínum. Yfirleitt er reiknað með 3,5% ávöxtun lífeyrissjóðanna. Ég hef séð í blöðum, m.a. í morgun, að forustumenn lífeyrissjóða telja að það geti alveg eins komið til þess þegar á næsta ári að skerða verði réttindi fólks úr almennum lífeyrissjóðum. Lög um almenna lífeyrissjóði kveða á um að ef staða lífeyrissjóðs er þannig að hann á ekki fyrir skuldbindingum sínum og vantar meira en 10% upp á að hann eigi fyrir því sem hann hefur gengist undir í réttindum lífeyrisþega, ber stjórninni tafarlaust að grípa til aðgerða í viðkomandi lífeyrissjóði. Ef sú viðmiðunartala liggur á bilinu 5–10% um lengri tíma að mati stjórnar lífeyrissjóðsins ber stjórn lífeyrissjóðsins einnig að grípa til aðgerða.

Við höfum séð á undanförnum árum að þegar slík staða hefur komið upp, sem er allt eins líklegt að gerist nú vegna

erfiðleika okkar Íslendinga almennt á fjármálamörkuðum og tapaðra eigna, skerðast lífeyrisréttindi lífeyrisþeganna og greiðslur lækka. Það er auðvitað ekki björt framtíð fyrir ellilífeyrisþega sem eiga jafnvel ekki nægjanlegt fé til framfærslu eins og því miður er oft jafnvel þótt menn leggi saman þær greiðslur sem þeir eiga í lífeyrissjóði og tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins í formi ellilífeyris og tekjutryggingar.

Sú tillaga sem hér er lögð fram af þingmönnum Frjálslynda flokksins er heldur betur tímabær í núverandi ástandi. Við leggjum til þá skynsamlegu leið að taka hana í áföngum þ.e. á tveimur árum þannig að kostnaðurinn af þessari leið verði þá mun minni fyrir ríkissjóð á næsta ári en ef hún væri farin í einu skrefi. Hún mun þó auðvitað kosta ríkissjóð eitthvað. Yfirlýsingar okkar þingmanna allra og ráðherra á undanförnum dögum hafa jú gengið til þess að vernda sparnað landsmanna. Margir eiga aðeins sparnað sinn í lífeyrissjóðum eða séreignarsjóðum. Þó að tillagan hafi ekki eingöngu verið flutt af því tilefni sem nú er í þjóðfélagi okkar er því miður sennilega um tekjuskerðingu að ræða hjá lífeyrisþegum vegna núverandi aðstæðna.

Við leggjum hér til að staða manna verði jöfnuð, að tekjurnar valdi ekki skerðingu hvort sem þær koma úr lífeyrissjóði, af atvinnutekjum eða úr séreignarsparnaði og að samræmi verði þar á milli miðað við 100 þús. kr. tekjur sem valdi ekki skerðingu á bótum Tryggingastofnunar.

Við teljum að hér sé eðlileg samræming á ferðinni miðað við það sem víða hefur gerst á undanförnum árum og að hér sé um mikið hagsmunamál ellilífeyrisþega og lífeyrisþega almennt að ræða því að ákvæðið mundi að sjálfsögðu einnig ná til örorkulífeyrisþega. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir það fólk sem ekki getur verið á vinnumarkaði og á ekki annan kost en að lifa af almennum bótum frá Tryggingastofnun ríkisins, sem ég vil nú frekar kalla tekjur — tekjutryggingu, lágmarksbætur og ellilífeyrisbætur — og af þeirri inneign sem fólk hefur lagt í almenna lífeyrissjóði. Þeir voru og eru hugsaðir til þess að bæta stöðu fólks þegar það kemst á efri ár.

Það er vissulega talið að á næstu árum muni lífeyrissjóðirnir bera uppi verulegan hluta þeirra tekna sem ellilífeyrisþegar munu njóta á komandi árum. Sú staða er ekki komin enn þá þó að henni sé spáð 30 ár fram í tímann, þá verði tekjur eldri borgara samsettar þannig að þrír fjórðu hlutar teknanna komi úr lífeyrissjóðum en aðeins einn fjórði úr almannatryggingakerfinu. Menn gera ráð fyrir að það gerist eftir um það bil þrjá áratugi.

Það kann vel að vera að það gangi eftir. Tillaga sú sem nú er flutt skiptir geysilega miklu máli og mikið undir lagt varðandi hagsmuni ellilífeyrisþega að hún fái jákvæða afgreiðslu hér í hv. þingi því að hún kveður á um frítekjumark vegna lífeyristekna sem þýðir í raun og veru það sem við erum öll að fást við, að hafa rauntekjur sem duga okkur til framfærslu. Rauntekjur sem við getum horft til dugi okkur til framfærslu eftir skerðingar og skattgreiðslur.

Hæstv. forseti. Lagfæringu á tryggingakerfinu lýkur ekki með tillögu okkar en við teljum að hún sé til mikilla bóta varðandi stöðu ellilífeyrisþega á komandi árum og eðlilegt samræmingarmál miðað við það sem gert hefur verið á undanförnum missirum og þingum.

[15:17]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að taka undir þau sjónarmið og rök sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson færði hér fram fyrir því frumvarpi sem hér er til umræðu. Það liggur fyrir að meginatriði þessa frumvarps miða að því að bæta verulega hag ellilífeyrisþega og öryrkja með því að hækka frítekjumark lífeyrissjóðsgreiðslna þannig að fólk eigi þess kost að afla sér tekna án þess að verða fyrir skerðingum.

Við frjálslynd höfum lagt áherslu á að það skipti gríðarlegu máli að við tökum ekki hvatann frá fólkinu til þess að afla sér tekna, þ.e. þegar um það getur verið að ræða að það skipti ekki máli fyrir einstakling hvort hann vinnur fyrir tekjum eða gerir það ekki vegna þess að varðandi þær tekjur sem hann vinur sér fyrir þá komi til frádráttar aðrir liðir sem valda því að viðkomandi fær þá raunverulega ekki betri kjör. Það skiptir gríðarlegu máli, ekki síst eins og árar í okkar samfélagi, að allar vinnandi hendur geti og hafi hvata til þess að vinna. Hvort sem okkur líkar betur eða verr hefur þegar komið fram mjög alvarleg og víðtæk kjararýrnun í þjóðfélaginu sem bitnar og mun bitna því miður með mjög alvarlegum hætti á þeim sem síst skyldi. Það skiptir máli að reyna eftir fremsta megni að greiða fyrir og bæta hag þeirra sem undir þær skilgreiningar heyra þannig að öryrkjar og ellilífeyrisþegar, svo og láglaunafólk geti notið sem bestra kjara miðað við þær aðstæður sem um er að ræða.

Frumvarp okkar flutningsmanna að þessum breytingum á lögum um almannatryggingar miðar að því að bæta að því leyti sem þar greinir hagsmuni ellilífeyrisþega og öryrkja með því að hækka frítekjumark svo sem var eitt af því sem við lögðum áherslu á fyrir síðustu kosningar. Þetta er því liður í því að koma því að sem við teljum nauðsynlegt, að gefa fólki kost á því að afla sér tekna án þess að verða fyrir skerðingu, njóta þess sem það getur notið vegna þess að það er tvímælalaust hagsmunamál þjóðfélagsins að sem flestar vinnandi hendur geti komið að verki vegna þess að með þeim hætti, þó að ekki séu skertar bætur til viðkomandi, koma hlutir til samfélagsins á þann hátt að eyðslufé eykst, möguleikarnir til þess að leggja eitthvað sig fyrir koma fram meðal annars með því að greiddur er virðisaukaskattur og það þarf ekki eins mikið að koma úr opinberum sjóðum að öðru leyti.

Ég lít því svo á að frumvarpið sem við þrír þingmenn Frjálslynda flokksins flytjum hér verði til þess að gefa fólki, þeim hópum sem hér er fjallað um, betri lífskjör auk þess sem það dregur úr útgjöldum þjóðfélagsins þegar allt verður skoðað.

[15:21]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Ég þarf ekki að fara yfir þetta frumvarp. Félagar mínir hafa gert það. Við í Frjálslynda flokknum lofuðum því fyrir síðustu kosningar að leggja þetta til og reyna að bæta hag öryrkja og aldraðra, ellilífeyrisþega, og við stöndum við það. Auðvitað standa margir núna, sérstaklega við þessar aðstæður, líka illa eins og öryrkjar og aldraðir, eins og kom hér fyrr fram í dag, til dæmis námsmenn sem

fá lánin greidd út í íslenskum krónum og svo náttúrlega fjölskyldur sem eru í þúsundatali núna að missa húsnæði sitt og lenda í gjaldþrotum, jafnvel með fullt hús af börnum, og eru að lenda í verulegum hremmingum. Við í Frjálslynda flokknum munum reyna eins og við getum og eftir mætti að flytja hér tillögur sem munu bæta kjör allra þeirra sem verða núna fyrir verulegum búsifjum.

Það er auðvitað mjög sorglegt til þess að vita, hæstv. forseti, að núna eru aðeins tveir þingmenn auk forseta í salnum. Maður gæti haldið að þingmenn væru úti um allan bæ að leysa út peningana sína úr bönkunum af því að restin af þessum bönkum er kannski að hrynja. Maður skilur ekki alveg áhugaleysið á þessum málum sem eru þó til bóta fyrir þá sem gætu fengið það. Maður skilur ekki í því af hverju stjórnarflokkarnir taka ekki þátt í þessari umræðu og eru að minnsta kosti hérna í salnum til að hlusta á þetta því að þeir hefðu gott af því að taka þátt í þessari umræðu og setja sig inn í málefni þessa fólks sem við erum þó að reyna að laga stöðuna hjá og berjast fyrir. Ég vona bara að þetta frumvarp fái brautargengi í Alþingi.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 15:24.

---

10. FUNDUR

fimmtudaginn 9. október,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands, frv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Efnahagsstofnun, frv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr.
4. Aukinn þorskafli á fiskveiðiárinu 2008–2009, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.
5. Heilsársvegur yfir Kjöl, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
6. Fjármálafyrirtæki, frv., 14. mál, þskj. 14. — 1. umr.
7. Þjóðlendur, frv., 25. mál, þskj. 25. — 1. umr.
8. Rannsóknarnefnd til að gera úttekt á fiskveiðiheimildum, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
9. Endurbætur björgunarskipa, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
Jóhanna Sigurðardóttir fél.- og trmrh., 5. þm. Reykv. n.
Katrín Jakobsdóttir, 4. þm. Reykv. n.

[10:32]

Útbýting:

Greiðslur úr lífeyrissjóðum og skattlagning þeirra, 84. mál, fsp. EBS, þskj. 89.

Seðlabanki Íslands, 50. mál, frv. HöskÞ o.fl., þskj. 50.

Um fundarstjórn.

Umræða um stöðu mála á fjármálamarkaði.

[10:33]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Það á að heita svo að enn sitji ríkisstjórn í landinu. Samkvæmt þeirri dagskrá sem við þingmenn vorum að undirbúa okkur fyrir lá það fyrir að hæstv. forsætisráðherra yrði fjarverandi og yrði ekki til svara við óundirbúnar fyrirspurnir. Nú er mér tjáð að síðbúin breyting sé orðin á og ég sé að hæstv. forsætisráðherra er mættur í salinn. Ég vil engu að síður segja að mér finnst ekki boðlegt að við förum að ræða hið alvarlega ástand í samfélaginu, þó svo hæstv. forsætisráðherra sé mættur, undir þessum lið, Óundirbúinn fyrirspurnatími, með eins til tveggja mínútna ræðutíma. Við getum ekki boðið þjóðinni upp á það að á örlagadögum sem þessum getum við ekki staðið betur að málum á Alþingi Íslendinga. Úr því að sjálfur hæstv. forsætisráðherra sér ekki sóma sinn í að flytja Alþingi skýrslu um stöðu mála svo að við getum rætt hana með eðlilegum ræðutíma þá held ég að það sé eiginlega betra að sleppa því og annaðhvort fresta því og gera það síðar í dag eða alls ekki. Forsætisráðherra hefur tíma þrátt fyrir annir til að halda langa blaðamannafundi með erlendum aðilum og ég held að hann hljóti að geta gefið Alþingi Íslendinga og þjóðinni svolítið af tíma sínum til að við eigum hér skoðanaskipti um ástandið.

[10:34]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna orða hv. þingmanns er rétt að geta þess að þeir ráðherrar sem hefur verið kynnt að yrðu við í dag vegna óundirbúinna fyrirspurna eru forsætisráðherra og menntamálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, iðnaðarráðherra og viðskiptaráðherra. Þessi listi var eins og venja er sendur út síðasta föstudag og hefur ýmislegt breyst á þeim tíma en það er reynt að hafa nokkurn fyrirvara á því fyrir hv. þingmenn um það hverjir verði til svara af hálfu ráðherranna. En sú breyting varð á, og það er rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni, að hæstv. forsætisráðherra er til að svara óundirbúnum fyrirspurnum í dag.

[10:35]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þær athugasemdir sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór með. Ég tel að í núverandi stöðu getum við ekki farið í umræður við forsætisráð-

herra undir þessum lið þingskapa. Málið er einfaldlega allt of alvarlegt og staða okkar þjóðar með þeim hætti að ekki er verjandi að fara í rökræður, eins til tveggja mínútna, um stöðu mála. Þess vegna held ég, hæstv. forseti, að rétt væri að endurskoða dagskrá þessa fundar í dag og setja á dagskrárlið þar sem við fengjum umræður við forustumenn ríkisstjórnarinnar um ástand mála eins og það er nú.

[10:36]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Það er ekki neinn venjulegur dagur. Ég bjóst við því að hæstv. forsætisráðherra sýndi okkur þá virðingu að ávarpa þingheim við þessar aðstæður þegar allt í bankakerfinu hefur farið á versta veg. Ég geri kröfu til þess að við í stjórnarandstöðunni sem afgreiddum þingmál á skömmum tíma til að búa til björgunarbát á mánudag fáum að eiga fundi með forustumönnum ríkisstjórnarinnar reglulega. Alvarleikinn er sá að forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa flutt þingið á blaðamannafundi úti í bæ og þar hafa þeir talað af sér. Einn hæstv. ráðherra sýndi hinum vestræna heimi og vinum okkar í nágrannalöndum fingurinn í þeirri umræðu. Forsætisráðherra sjálfur upplýsti að nú væru nýir vinir mikilvægir þannig að það hafði allt mikil áhrif. Ég geri kröfu til þess að við tökum þetta mál upp í mjög alvarlegri umræðu í dag því að nú þurfa Íslendingar á því að halda að eiga forustu. Ég geri kröfu til þess að forsætisráðherra og ríkisstjórnin með embættismönnum hitti okkur í stjórnarandstöðunni, fari yfir stöðu málsins og síðan verði haldinn þingfundur þar (Forseti hringir.) sem við ræðum stöðuna eins og hún er og höfum öll gögn málsins í höndum. Við höfum engin gögn, engar upplýsingar þrátt fyrir samstarf okkar við stjórnarflokkana á mánudaginn var.

[10:38]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Hér hefur verið settur fundur með fyrir fram tilgreindri dagskrá. Ekki var gert ráð fyrir minni viðveru en ég féllst að sjálfsögðu strax á að mæta hér þegar kom fram að við það væri gerð athugasemd. Það var samkvæmt skipulagi undanfarinna daga.

Auðvitað er sjálfsagt að flytja þinginu skýrslu og gera eins vel grein fyrir stöðu mála í sölum Alþingis og hægt er þegar við höfum allar þær upplýsingar sem eðlilegt er og rétt að leggja á borð opinberlega. Ég tel hins vegar líka mikilvægt að forustumenn stjórnarflokkanna eigi trúnaðarsamtöl við forustumenn stjórnarandstöðunnar eins og við gerðum á mánudaginn og skal hiklaust beita mér fyrir því að það geti orðið sem allra fyrst.

Þessir hlutir eru að gerast mjög hratt. Það eru að verða miklar breytingar á mjög skömmum tíma og því miður mjög alvarlegar breytingar í þjóðfélagi okkar. Við þurfum að ræða þær og gerum það vonandi á trúnaðarfundi sem ég skal beita mér fyrir mjög fljótlega í dag. Þar verðum við þá að meta hvort málið er á því stigi að heppilegt sé að halda um það sérstakan fund í Alþingi en auðvitað væri hægt að koma honum fyrir jafnvel á morgun eða við fyrsta hentuga tækifæri þegar við höfum rætt saman.

[10:39]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Það sem ég ætla að segja gæti ég eins sagt persónulega við hæstv. forseta einhvers staðar í einrúmi en ég tel rétt, í ljósi þess sem hér hefur verið sagt, að segja þetta úr ræðustóli Alþingis. Við sjáum nú að breytingar á þingskapareglunum okkar eru slæmar. Þegar ástand af því tagi sem nú er uppi ríkir þurfum við að hafa meira svigrúm en hæstv. forseti gefur okkur til að ávarpa hæstv. ráðherra. Það skiptir okkur máli að ráðherrar í ríkisstjórninni sitji hér í óundirbúnum fyrirspurnatímum og þeir verði spurðir út úr sem þörf er á að spyrja. Það er ófært að hæstv. forseti velji það með margra daga fyrirvara hvaða ráðherrar eru viðstaddir hvenær. Það kann að vera að þetta sé tæknilegt atriði en í þessari umræðu skiptir það máli.

[10:40]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna orða hv. þingmanns er rétt að geta þess að haldinn var fundur með formönnum þingflokka í gær þar sem farið var yfir dagskrá þessa fundar. Samkomulag náðist um að hún yrði á þeim nótum sem hér hefur orðið. Þá lá allt fyrir. Það lá líka fyrir hvaða ráðherrar yrðu ekki hér til andsvara þannig að forseti hlýtur að vísa til þess þegar gerðar eru athugasemdir um þá framvindu sem er á fundum í dag.

Forseti leggur áherslu á það að við getum haldið dagskránni áfram og síðan mun ég að sjálfsögðu hafa samráð við formenn þingflokkanna, væntanlega með því að gert verði fundarhlé þannig að við getum tekið ákvarðanir um þau skref sem við þurfum að öðru leyti að stíga í dag.

[10:41]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Virðulegur forseti. Sá listi sem við höfðum í höndunum svo seint sem kl. 10, þar sem við sátum á þingflokksfundi og undirbjuggum okkur undir daginn, var þannig að á honum var ekki nafn forsætisráðherra. Ég hringdi á skrifstofu Alþingis líklega 5 mínútur yfir 10 og bað um að því yrði komið til forseta að ég mundi gera athugasemdir við þetta í upphafi fundar, fyrst og fremst þær athugasemdir að ég teldi þá betra að sleppa því að taka þessi mál hér upp heldur en gera það við þessar aðstæður.

Það sem ég er einfaldlega að leggja áherslu á er þetta: Það er skoðun mín að ef við ætlum að ræða á annað borð á Alþingi þau alvarlegu mál og þá alvarlegu stöðu sem nú er uppi í þjóðfélagi okkar, þá eigum við að gera það í yfirvegaðri og málefnalegri umræðu þar sem sæmilega rúmur ræðutími gefst, annars sé betra að sleppa því. Mér finnst það nánast lítilsvirðing við þjóðina ef Alþingi getur ekki gefið sér nema eina og tvær mínútur til þess að eiga skoðanaskipti um þetta núna. Ég sé t.d. ekki ástæðu til þess að reyna að spyrja hæstv. forsætisráðherra út í ástandið í óundirbúnum fyrirspurnatíma daginn eftir að stærsti banki þjóðarinnar kemst í þrot og hafa til þess tvær og eina mínútu.

[10:43]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Þessi sjónarmið eiga auðvitað fullan rétt á sér og þessi fyrirspurnatími er auðvitað ekki hugsaður í

þingsköpum til þess að fara í ítarlega umræðu um alvarleg mál. Það vitum við náttúrlega. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir þessar ábendingar. Ég brást strax við þegar í mig var hringt upp úr kl. 10 og ég beðinn að vera hér og það er sjálfsagt mál. En það er líka sjálfsagt mál að funda með stjórnarandstöðunni og koma sér saman um hvert framhaldið verður í Alþingi. Hlutirnir breytast mjög hratt úti í þjóðfélaginu, það sem nú er að gerast, og um það þarf að hafa ágætt samráð eins og gert hefur verið í fyrri hluta þessarar viku.

Ég vil svo bara bæta því við, út af ummælum hv. þingmanns í fyrri ræðu hans, að ég tel það eitt af skylduverkum mínum eins og nú standa sakir að útskýra málið fyrir erlendum blaðamönnum. Þótt það kosti mig tvo klukkutíma á dag tel ég það þess virði vegna þess að fátt er mikilvægara núna en að koma réttum skilaboðum til umheimsins.

[10:44]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra á að viðurkenna það sem mistök að hafa ekki talað við stjórnarandstöðuna, það er fimmtudagur. Ég fór fram á það í lok umræðunnar á mánudagskvöld að með okkur yrðu haldnir fundir og við fengjum að fylgjast með því, sem í rauninni gerðumst þátttakendur í því að búa til björgunarbát til þess að hægt væri að fara í að bjarga hagsmunum almennings á Íslandi. Ég bað um stuttan fund. Það hefði ekki verið stór fórn hjá einhverjum ráðherranum sem hægt er að treysta, ef einhver er slíkur til orðinn, að eyða með okkur hálftíma á hverjum morgni til þess að hafa okkur inni í stöðunni því það skiptir máli að menn spari grjótkastið og stóryrðin sem virðast að vísu stærst koma núna úr húsi stjórnarliðanna — þeir eru komnir á nornaveiðar og uppgjör innan þeirra raða skaðar líka þessa þjóð.

Ég fagna því að fundur verður haldinn með okkur og þessi umræða tekin upp í dag og get sagt við hæstv. forseta að í ljósi þess fellst ég á það að þingfundur geti haldið áfram með venjubundnum hætti. En þessi dagur er óvenjulegur og kannski einhver stærsti dagur Íslandssögunnar þar sem allir þurfa að standa saman.

[10:45]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég get staðfest það sem fram kom í máli hæstv. forseta að sú dagskrá sem liggur fyrir þinginu er sett fram í góðu samkomulagi við formenn allra þingflokka. Við vitum líka að með morgninum bárust grafalvarleg tíðindi úr fjármálaheiminum sem hafa gerbreytt stöðu mála og þar vísa ég að sjálfsögðu til hruns stærsta banka landsins.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kom saman í morgun og þegar ljóst varð að ekkert frumkvæði kom úr Stjórnarráðinu um samstarf við stjórnarandstöðuna ákváðum við að hefja þessa umræðu nú. Meðal þess sem þarf að sjálfsögðu að ræða á næstu dögum er einmitt skortur á frumkvæði hvað varðar samstarf innan þingsins. Þar er ábyrgð ríkisstjórnarinnar mikil. Þetta er ekki tími fyrir slíkt uppgjör en að því mun koma.

[10:47]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur tekið ákvörðun um að fresta 1. dagskrárliðnum.

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands, frh. 2. umr.

Frv. utanrmn., 3. mál (kosning í þróunarsamvinnunefnd). — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:48]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Efnahagsstofnun, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 4. mál (heildarlög). — Þskj. 4.

[10:49]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Um leið og maður er kannski ekki beinlínis í stuði til að mæla hér fyrir hefðbundnu þingmáli má kannski segja að á engum öðrum degi í háa herrans tíð hafi verið jafnviðeigandi að mæla fyrir frumvarpi til laga um Efnahagsstofnun. Frumvarpið er flutt af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og gengur út á það að komið verði á fót á nýjan leik ráðgjafarstofnun, rannsóknarstofnun og stuðningsstofnun við hagstjórn í landinu sem taki að verulegu leyti að sér það hlutverk sem Þjóðhagsstofnun hafði áður en hún var lögð niður.

Eins og segir um Efnahagsstofnun í 1. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Hún skal fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum, vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis og sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins, fræðimönnum, fag- og fræðastofnunum og öðrum aðilum til aðstoðar eftir því sem efni standa til.“

Við hugsum okkur það fyrirkomulag að Efnahagsstofnun starfi á vegum Alþingis og hafi að því leyti sambærilega stöðu og Ríkisendurskoðun og embætti umboðsmanns Alþingis og sé um leið engum háð í störfum sínum, með öðrum orðum eins óháð stofnun og kostur er að hafa í stjórnskipulagi okkar. Þjóðhagsstofnunin sáluga starfaði á vegum framkvæmdarvaldsins eins og kunnugt er. Hún átti að vera sjálfstæð í störfum sínum og ég held að henni hafi lengst af tekist að njóta trausts og vinna faglega. Til hennar leituðu alþingismenn og nefndir þingsins, til hennar leituðu aðilar vinnumarkaðarins og fleiri og hún var meginstofnunin þegar kom að því að safna saman upplýsingum, vinna úr og greina þjóðhagsupplýsingar og matreiða þær, sérstaklega með skýrslum sínum vor og haust. Um áratugaskeið var stuðst við gögn frá Þjóðhagsstofnun sem aðalgrunngögn við undirbúning fjárlaga, þegar gerðar voru ráðstafanir í efnahagsmálum, þegar lagt var mat á frumvörp eða hugmyndir um breytingar í ríkisfjármálum og efnahagsmálum

og öðru slíku.

2. gr. frumvarpsins fjallar um þau verkefni sem Efnahagsstofnun skuli sinna. Í aðalatriðum er um að ræða sömu verkefni og Þjóðhagsstofnun fór með, að færa þjóðhagsreikninga, semja þjóðhagsspár og áætlanir, að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og haust, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum. Þar yrðu reiddar fram upplýsingar um hluti eins og framleiðslustarfsemina í landinu, neyslu í þjóðfélaginu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuveganna og fjármál hins opinbera.

Stofnunin kæmi niðurstöðunum á framfæri fyrst og fremst með hefðbundnum skýrslum en einnig kæmi hún niðurstöðum sínum fyrir almenningssjónir, eftir því sem kostur væri, og þá ekki síst þeim rannsóknum og athugunum sem hún kysi sjálf að ráðast í. Þar er nokkur breyting á að í þessu frumvarpi er frumkvæðisskylda eða frumkvæðisvald stofnunarinnar gert miklu sterkara en það var hjá Þjóðhagsstofnun. Í gömlu ákvæðunum um Þjóðhagsstofnun var í sjálfu sér ekki gert ráð fyrir því að hún hefði mikið sjálfstætt frumkvæði að því að rannsaka mál heldur væri fyrst og fremst þjónustustofnun og ynni samkvæmt óskum annarra.

Efnahagsstofnun á einnig að annast hagrænar og hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð fyrir Alþingi. Hér er Alþingi orðið frumandlag og ríkisstjórn er talin upp númer tvö. Af hverju er það? Jú, það er vegna þess að með því viljum við árétta að þessi stofnun starfar í skjóli Alþingis og er í fyrsta lagi Alþingi til aðstoðar og ráðuneytis við fjárlaga- og fjárstjórnarverkefni. Engu að síður mundi stofnunin vinna sjálfstætt og láta alþingismönnum, nefndum Alþingis og þingflokkum í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál og vera Alþingi sem fjárveitinga- og fjárstjórnarvaldi almennt til ráðuneytis. Efnahagsstofnun mundi veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um gæti samist og nánar yrði kveðið á um. Síðan mundi stofnunin að sjálfsögðu sinna þeim verkefnum sem henni kynnu að verða falin í öðrum lögum eða með stjórnvaldsfyrirmælum.

Í 3. gr. er að því vikið að Efnahagsstofnun þarf að sjálfsögðu að hafa ríkar heimildir til að krefja stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri um gögn og upplýsingar. Þar mundi hún njóta sömu stöðu og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög mundu liggja við ef brugðið yrði út af þeirri skyldu að veita henni upplýsingar. Að sjálfsögðu er ljóst að Efnahagsstofnun þyrfti að hafa náið samstarf við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem að einhverju leyti starfa á sama sviði og safna hliðstæðum upplýsingum, til þess að koma í veg fyrir tvíverknað og óæskilega skörun.

Kostnaður af starfsemi Efnahagsstofnunar mundi að sjálfsögðu greiðast úr ríkissjóði og vera á fjárlögum undir Alþingi. Forsætisnefnd mundi hafa sambærilegt hlutverk gagnvart Efnahagsstofnun og hún hefur gagnvart Ríkisendurskoðun og að hluta til gagnvart umboðsmanni Alþingis. Forsætisnefnd Alþingis mundi ráða forstöðumann Efnahagsstofnunar, að undangenginni auglýsingu, til fimm ára í senn. Gerðar yrðu skilgreindar fagkröfur til forstöðumanns um að hann hefði lokið háskólaprófi í þjóðhagfræði eða hliðstæðu námi og síðan mundi, eins og nú er yfirleitt um hlutina búið, forstöðumaður annast ráðningu annarra starfsmanna stofnunarinnar. Rétt er að hafa þarna sambærileg ákvæði og er að finna við hliðstæðar aðstæður um að forsætisnefnd Alþingis gæti, að fengnu samþykki Alþingis, vikið forstöðumanni Efnahagsstofnunar úr starfi ef til slíks þyrfti að koma. Laun forstöðumanns yrðu ákveðin af kjararáði með sama hætti og gildir um hliðstæða embættismenn.

6. gr. fjallar um þagnarskyldu og trúnað og skýrir sig í raun alveg sjálf.

Í 7. gr. er vikið að því að forsætisnefnd mundi setja nánari reglur um starfsemi Efnahagsstofnunar að undangengnu samráði við forstöðumann og fulltrúa starfsmanna stofnunarinnar. Þetta yrði stofnun þar sem starfsmannalýðræði yrði í hávegum haft og sjálfsagt að búa svo um hnúta að starfsmenn eða félag starfsmanna ætti aðild að því að setja starfseminni starfsreglur og -ramma.

Í 8. gr. er komið inn á að eðlilegt er að í framhaldi af setningu laga þessara yrðu lög um Hagstofu Íslands yfirfarin og endurskoðuð eftir atvikum og jafnvel ákvæði fleiri laga sem efni kunna að standa til.

Í 9. gr. er hefðbundið gildistökuákvæði.

Við leggjum á það mikla áherslu, samanber ákvæði til bráðabirgða I, að unnið verði hratt að því að koma þessari stofnun á fót. Oft var þörf en nú er nauðsyn, mundi einhver segja, og væri Alþingi tilbúið til þess að vinna röggsamlega að þessari lagasetningu og ganga frá málinu nú í október eða jafnvel fyrir 20. október eða svo mætti í beinu framhaldi ráða forstöðumann og hefja undirbúning starfseminnar sem gæti þá hafist að minnsta kosti í einhverjum mæli strax 1. janúar. Að sjálfsögðu kæmu þá í fjárlög heimildir til fjárveitinga til stofnunarinnar en kostnað sem til félli innan ársins 2008 mætti greiða úr ríkissjóði af fjáraukalögum.

Ákvæði til bráðabirgða II eru að stofni til samhljóða grein í frumvarpi um ráðstafanir í efnahagsmálum sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs fluttum í byrjun marsmánaðar. Þar lögðum við til að við þær erfiðu aðstæður og í ljósi þeirra miklu erfiðleika sem við töldum okkur þá sjá fram undan í efnahagslífi landsmanna yrði komið á sérstöku þjóðhagsráði og búinn til samstarfsvettvangur allra helstu aðila samfélagsins til að takast á við hlutina og glíma við vandann.

Tillaga var að forsætisráðherra skipaði ráðið með einum fulltrúa frá hverjum þingflokki á Alþingi, með fulltrúum frá Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Sambandi lífeyrissjóða. Að sjálfsögðu gætu fleiri aðilar gjarnan bæst þarna við eins og Samband sveitarfélaga og jafnvel fulltrúar einhverra stórra heildarsamtaka. Ráðið yrði undir forustu formanns sem bankastjórn Seðlabanka Íslands mundi skipa. Að því kæmu úr mismunandi áttum allir helstu aðilar á sviði fjármálalífs og atvinnulífs og þjóðarbúskapar. Við leggjum mikla áherslu á að ráðið yrði þannig samansett að þar yrði jafnvægis gætt milli kynja og væri hverjum og einum aðila í hverju tilviki gert skylt að tilgreina bæði karl og konu til setu í ráðinu. Forsætisráðherra bæri ábyrgð á því að endanleg samsetning

ráðsins endurspeglaði vel kynjahlutföll.

Á meðal verkefna þjóðhagsráðs þessa yrði að veita stjórnvöldum ráðgjöf, meta framvinduhorfur í þjóðarbúskapnum, gefa mánaðarlega álit um stöðu mála. Hér var sett inn, og vel að merkja þetta var sett fram í byrjun marsmánaðar síðastliðins, að ráðið skyldi einnig skoða hvernig styrkur lífeyrissjóðanna mætti nýtast best innan hagkerfisins t.d. í samhengi við framtíðarskipan húsnæðismála og til að virkja innlendan skuldabréfamarkað en þó þannig að lífeyrissparnaður landsmanna væri ætíð tryggður eins og best væri mögulegt. Þjóðhagsráði væri að sjálfsögðu heimilt að ráða sér starfsmann og kaupa sér sérfræðiþjónustu eftir þörfum og mundi sá kostnaður greiðast úr ríkissjóði. En að sjálfsögðu mundi Efnahagsstofnun, ef hún kæmi til sögunnar, vera þjóðhagsráði sérstaklega til aðstoðar og veita starfi þess stuðning.

Ég held að þessi ákvæði séu, herra forseti, því miður enn í fullu gildi og sennilega brýnni nú en þau hafa nokkru sinni áður verið. Þegar Þjóðhagsstofnun var á sínum tíma lögð niður var m.a. notað því til rökstuðnings að aðrir aðilar væru að eflast eða gætu eflst þannig á þessu sviði að þeir tækju við þeim verkefnum. Þá var jafnvel vísað sérstaklega til rísandi stjarna í hinu íslenska sólkerfi bankanna og rætt um að greiningardeildir þeirra gætu að miklu leyti tekið þetta hlutverk að sér. Ég þarf ekkert að segja meira um það mál.

Hagstofunni voru vissulega falin ákveðin verkefni sem Þjóðhagsstofnun hafði áður og þegar upp var staðið varð enginn sparnaður af því að leggja Þjóðhagsstofnun niður vegna þess að það er auðvelt að sýna fram á að útgjöld annarra aðila af fjárlögum að mestu leyti jukust að minnsta kosti að sama skapi því sem Þjóðhagsstofnun velti á sínum síðustu starfsárum. Á fjárlögum ársins 2002 var 132 millj. kr. varið til Þjóðhagsstofnunar en 144 millj. kr. var ári seinna varið til þeirra verkefna sem fluttust frá stofnuninni, þ.e. til Hagstofunnar, aukinn fjárstuðningur til hagdeilda aðila vinnumarkaðarins og fleiri aðila.

Ég held að staðan í dag, reynsla okkar af undanförnum dögum, vikum og mánuðum, sé kannski öflugasta röksemdin fyrir því að þessa stofnun eigi að setja á fót fljótt og fumlaust og hún eigi að verða eitt af okkar megintækjum þegar kemur að því gríðarlega verkefni sem nú er fram undan að ná tökum á ástandinu og byggja Ísland upp á nýjan leik sem velferðar- og velmegunarsamfélag.

Þær aðstæður sem sköpuðust þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður voru mjög óþægilegar. Þær voru t.d. mjög óþægilegar fyrir stjórnarandstöðuna sem hafði þá ekki lengur stofnun, sæmilega óháða stofnun, fagstofnun sem naut álits og virðingar, til að snúa sér til — til að senda erindi, til að fá álit, til að fá útreikninga og annað í þeim dúr. Fjármálaráðuneytið tók að umtalsverðum hluta við hinu ráðgefandi og álitsgefandi hlutverki Þjóðhagsstofnunar. Fjármálaráðuneytið gengur nú frá þjóðhagsspám. Þær eru að vísu mun rýrari í roðinu en þær sem Þjóðhagsstofnun birti áður. Og það segir sig sjálft að aðstaða þingmanna og þingflokka, t.d. í stjórnarandstöðu, er önnur ef menn eiga að fara að snúa sér til pólitísks ráðherra eða eininga innan ráðuneytis sem heyra undir pólitískan ráðherra sem skipa hina meginfylkingu stjórnmálanna í meiri hlutanum.

Með þessu er að sjálfsögðu ekki verið að kasta neinni rýrð á það starf sem unnið hefur verið innan veggja fjármálaráðuneytisins án efa á faglegum forsendum samkvæmt bestu vitund. En þær aðstæður sem þarna verða til eru öllum mönnum ljósar og sá eðlismunur sem er á því fyrir þingmenn, þingflokka — og aftur endurtek ég sérstaklega í stjórnarandstöðu — að snúa sér til algjörlega óháðrar og sjálfstæðrar hagstofnunar. Við gætum svo rætt um það hvernig þjóðhagsspár og hagspár og útreikningar hafa reynst okkur á undanförnum missirum og mánuðum. En ég ætla ekki að gera það hér tímans vegna. Ég hef stundum gert það áður að bera þær saman við raunveruleikann og það hefur satt best að segja verið harla ævintýralegt hvernig spár hafa reynst meira og minna algjörlega út í loftið á undanförnum allmörgum árum og eru ekki síst núna, samanber þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá haustinu 2007. Hefur einhver kíkt í það plagg nýlega? Það þarf ekki að segja meira.

Ég held að það verði mikill styrkur fyrir okkur öll, fyrir Alþingi, fyrir þingmenn, fyrir þingnefndirnar, einkum og sér í lagi fjárlaganefnd, efnahags- og skattanefnd og viðskiptanefnd, að fá slíka stofnun sér til stuðnings og hún verði hér innan veggja Alþingis. Ég held að það verði mikill styrkur fyrir ríkisstjórn að hafa slíka óháða fagstofnun. Fá þaðan gögn, upplýsingar, ráðgjöf og sjálfstætt aðhald. Sjálfstæð álit sem ekki er ungað út innan veggja ráðuneytanna sjálfra. Glöggt er gestsaugað segir nú þar.

Ég held líka að við séum að súpa seyðið af því að nokkru leyti nú að við höfum ekki haft síðustu árin nógu aðgengileg gögn um mikilsverðar upplýsingar eins og t.d. tekjudreifingu, jöfnuð eða ójöfnuð í samfélaginu. Til dæmis hafa verið deilur um hluti eins og það hvernig skattbreytingar á undanförnum árum koma út gagnvart almenningi og tekjujöfnunarhlutverki skattkerfis eins og ríkissjóðs. Og hvert höfum við þingmenn getað leitað um óháð álit eða óháð mat á því? Til fjármálaráðuneytisins, til samtaka aðila vinnumarkaðarins, sem er nú málið nokkuð skylt, eða þá að okkur hefur staðið til boða að kaupa dýrum dómum álit einhverra fræðimanna utan úr bæ sem að sjálfsögðu er góðra gjalda vert. En með fullri virðingu kemur það ekki í sama stað niður og að öflug sjálfstæð fagstofnun safni öllum þessum gögnum saman, greini upplýsingarnar og flokki og vinni úr þeim og sé á hverjum tíma hvenær sem eftir er leitað tilbúin að reiða fram upplýsingar og ráðgjöf á grundvelli þeirra.

Ég held ég þurfi ekki að rökstyðja frekar mikilvægi þess að um Efnahagsstofnun verði búið eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ég tel að það fyrirkomulag sem að góðu heilli var valið þegar Ríkisendurskoðun var flutt út úr framkvæmdarvaldinu og færð undir Alþingi hafi reynst vel. Ekki er nokkur minnsti vafi á því að það hefur stóreflt Ríkisendurskoðun. Hún hefur fengið sjálfstæðari stöðu. Þó að hún hefði að mínu mati á köflum mátt veita framkvæmdarvaldinu miklu öflugra aðhald en hún hefur gert þá hafa þeir hlutir þó verið að þróast í rétta átt. Ríkisendurskoðun hefur smátt og smátt fjarlægst uppruna sinn og öðlast aukið sjálfstraust og kjark í ljósi þess að vera óháð og ósnertanleg í skjóli Alþingis.

Hvað varðar umboðsmann Alþingis þá held ég að það sé eitthvert glæsilegasta dæmið um velheppnaða breytingu og

framþróun í stjórnarfari okkar sem hægt er að benda á. Embætti umboðsmanns hefur staðið sig feikilega vel og hefur algjörlega náð að byggja sig upp sem sá faglegi, óháði aðili sem almenningur í landinu getur alltaf snúið sér til ef hann telur sig órétti beittan eða á sig hallað með óvandaðri stjórnsýslu af einhverju tagi.

Það er oft sagt á hátíðarstundum að menn hafi áhuga á því að efla Alþingi. Ótrúlegustu menn verða þingræðissinnar þegar þeir koma t.d. í þennan ræðustól eða þá langar til að halda fallegar ræður. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er að því vikið með býsna fallegum orðum að efla þurfi Alþingi og eftirlitshlutverk þess og búa betur að þinginu og þingmönnum og þar fram eftir götunum. Forseti þingsins hefur einnig haft uppi fögur orð um vilja sinn í þessum efnum og ekki dreg ég hann í efa. Forseti hefur m.a., ef ég veit rétt, sett af stað sérstaka úttekt á eftirlitshlutverki Alþingis. Það er vel. Ég held að það sé nú heldur betur gott að fá stofnun af þessu tagi til að styðja við það hlutverk. Ég held að það væri allt saman á sínum stað og til framfara en svo þurfa menn auðvitað að hafa leyfi til að ræða um hlutina hér á hinu háa Alþingi, tala um og nota þau gögn sem fram eru reidd. Þannig að mikilvægur liður í eflingu Alþingis og virðingar þess er málfrelsið.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að stuðningur við þetta mál hefur komið úr, mér leyfist nú vonandi að segja, öllum áttum. Á síðustu vikum og mánuðum hafa nánast allir sem hafa tjáð sig um þessi mál farið að viðurkenna að það voru mistök að leggja Þjóðhagsstofnun niður, meira að segja aðilar sem stóðu að því. Ef ég man rétt þá hafa þingmenn Framsóknarflokksins, jafnvel fleiri en einn, nánast viðurkennt að sennilega hafi það verið mistök að leggja Þjóðhagsstofnun niður.

Í greinargerð með frumvarpinu eru nefndir nokkrir aðilar. Það er að sjálfsögðu á engan hátt tæmandi listi. Þar er t.d. nefnt að fyrrverandi bankastjóri Seðlabankans, Jónas Haralz, sem mjög hefur verið nefndur til sögunnar í umræðum um þjóðmál á Íslandi upp á síðkastið, hafi sagt í *Fréttablaðinu* 8. september sl. að það vanti ráðgefandi stofnun til að starfa með stjórnmálamönnum. Þorvaldur Gylfason prófessor hefur margoft gagnrýnt að Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Fjölmargir þingmenn úr ríkisstjórnarflokkunum hafa lýst þessu sama. Formaður Samfylkingarinnar hefur lýst þessu sama, þingmenn úr Framsóknarflokknum og að sjálfsögðu lá fyrir stuðningur þingmanna úr öllum stjórnarandstöðuflokkum á síðasta kjörtímabili, m.a. með því að allir viðstaddir þingmenn stjórnarandstöðunnar greiddu atkvæði gegn frumvarpinu þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður.

Við höfum ekki bara mótmælt því allan tímann, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, heldur höfum við æ síðan talað fyrir því að hún yrði endurreist og flutt um það þingmál. Það er m.a. að finna í 9. gr. frumvarps okkar til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum sem flutt var í marsmánuði. Ég leyfi mér að segja, virðulegi forseti, að það séu allar ástæður til að ætla að borðleggjandi þingmeirihluti sé fyrir þessu máli, og að minnsta kosti þingmenn úr fjórum þingflokkum, ef ekki öllum þingflokkum, séu líklegir til að styðja það.

Ég vil taka það sérstaklega fram að ekki er að mínu mati þörf á því að þessi stofnun verði óskaplega mikil að umfangi. Það verður að sjálfsögðu að gera ráð fyrir því að fljótlega eftir að starfsemi hennar væri komin í fullan gang gæti það orðið að umfangi svipað og rekstur Þjóðhagsstofnunar var á sínum tíma. Þó er það ekki einu sinni víst að svo þyrfti að vera. Það kann að vera að að einhverju leyti gæti Hagstofan áfram haldið utan um vissa hluti sem hún hefur gert núna undanfarin ár. Það skiptir að sjálfsögðu ekki öllu máli í kostnaðarlegu samhengi hvort ríkið greiðir þá vinnu sem rekstrarkostnað Hagstofunnar eða rekstrarkostnað Efnahagsstofnunar. Það kemur úr sama vasanum. En verkefnin þarf að vinna. Þessar upplýsingar þurfa að vera til reiðu og það þarf að vinna úr þeim. Það hefur reynslan heldur betur, og dýrkeypt, kennt okkur að undanförnu að í þessum efnum er dýrt að spara.

Það eru miklir hagsmunir í húfi og þegar þjóðarbúið og hagstjórn þjóðarbúsins leiðir af sér gríðarleg áföll og töp eins og við horfumst nú í augu við verða kannski 130–150 millj. kr. í rekstrarkostnað stofnunar af þessu tagi ekki háar tölur, og sá kostnaður fellur til í dag. Hann gerir það bara með öðrum hætti og óskilvirkari að mínu mati. Það var algjör misskilningur að í því væri fólgin einhver framför að dreifa þessari vinnu á marga aðila í staðinn fyrir að hafa hana alla í einni öflugri sjálfstæðri fagstofnun. Það er ekki skilvirkt kerfi að sáldra peningum til Hagstofunnar, fjármálaráðuneytisins, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, ráðgjafarfyrirtækja úti í bæ sem eru keypt til þess að gera skýrslur o.s.frv. í staðinn fyrir að safna mannauði, þekkingu, tækjum og búnaði saman á einn stað þannig að hægt sé að vinna þetta þar samræmt með skilvirkum hætti.

Ég held að ég hafi lokið, virðulegi forseti, við að mæla fyrir og rökstyðja þetta mál. Ég leyfi mér að vona að það fái málefnalega og vandaða en fljóta skoðun hér í þinginu. Ég er ekki að biðja um afgreiðslu á örfáum klukkutímum eins og neyðarlögin á mánudaginn var. Nei, en t.d. að Alþingi tæki sér nú tak og fengi botn í það mál á næstu tveimur til þremur vikum hvort þetta sé eitt af mörgu sem við eigum að gera til þess að reyna að búa okkur betur í stakk til að takast á við verkefni komandi ára.

Ég hef ríka sannfæringu fyrir því að þetta sé rétt. Fyrir hönd Alþingis og fyrir hönd þjóðarhagsmuna er ég alveg sannfærður um að þetta væri framfaraskref. Menn eiga að vera nógu stórir í sniðum til þess að viðurkenna mistök og sjá að sér. Það mæla því mjög fáir bót, að ég held, að það hafi verið til einhverra framfara að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Ég held því að við eigum að stíga þetta skref og gera það í samræmi við þær hugmyndir sem við höfum núna bestar um fyrirkomulag þessara mála. Þess vegna höfum við m.a. valið að setja á stofnunina nýtt nafn sem endurspeglar kannski betur um leið efnahagshlutverk hennar og búa henni starfsaðstæður í skjóli Alþingis eins og hefur gefist vel í öðrum tilvikum.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og ég geri ráð fyrir því að best fari á því að það fari til efnahags- og skattanefndar.

[11:18]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er dálítið erfitt að ræða venjuleg þingmál á þessum degi. Hins vegar þurfa Íslendingar allir að ganga til daglegra verka í ljósi þeirra voveiflegu atburða sem hafa gerst í efnahagslífinu undanfarna daga. Þess vegna tel ég rétt að við göngum til okkar verka eins og aðrir Íslendingar.

Oft hefur það brunnið við þegar Þjóðhagsstofnun starfaði að menn efuðust um heilindi hennar og meðal annars sagði hv. þingmaður sjálfur 13. desember 2001, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég sé ekki alveg tilefni til þessarar bjartsýni. Það er athyglisvert að nú rembast allir við, jafnvel þeir hinir sömu aðilar og maður hélt að hefðu eitthvað lært, og væru varkárir í því að elta fyrirmæli stjórnvalda um góðæri og gleðitíð, rembast við að finna sér einhverjar ástæður til þess að vera bjartsýnir þrátt fyrir hreyfingar milli mánaða aftur og aftur sem eru miklu lakari en þeirra eigin spár gerðu ráð fyrir. Þetta eru verri útkomur í verðbólgumælingunum en bæði Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun gerðu ráð fyrir. Það er staðreynd, herra forseti.“

Í ræðu sem hv. þingmaður hélt 30. maí 1991 kemur sami tónninn upp, að Þjóðhagsstofnun vinni skýrslu samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinnar. Þetta er sú gagnrýni sem var í gangi, að Þjóðhagsstofnun af því að hún heyrði undir ríkisvaldið með fjárveitingar og annað slíkt, dansaði eftir pípu ríkisvaldsins og var mikið gagnrýnd. Þetta er meðal annars það sem ég tel að sé ástæðan fyrir því að Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Ég greiddi á sínum tíma atkvæði gegn því, minnir mig, vegna þess að kostnaður átti að aukast við að leggja stofnunina niður en það er önnur saga.

[11:21]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur aldrei legið í mínu máli að Þjóðhagsstofnunin gamla hafi verið hafin yfir alla gagnrýni og vafa og allt sem frá henni kom hafi verið fullkomið. Hv. þingmaður getur örugglega fundið mörg fleiri ummæli mín þar sem ég leyfði mér að vekja athygli á að spár hennar hefðu ekki alltaf staðist og svo framvegis.

Það er líka alveg hárrétt að ég var gagnrýninn á það fyrirkomulag að Þjóðhagsstofnun starfaði á vegum framkvæmdarvaldsins. Ég man ekki til þess — og ég bið þá hv. þingmann að sýna mér þau ummæli — að ég hafi einhvern tíma gengið svo langt að segja að hún hafi unnið samkvæmt pöntunum frá ríkisstjórn. En kannski hef ég látið að því liggja að mér fyndist hún of höll undir framkvæmdarvaldið það hið sama og hún heyrði undir. Ég held að það sem ég sagði um óhóflega tilhneigingu til bjartsýni hafi stundum reynst rétt, hv. þm. Pétur Blöndal, bæði á þessum tíma og ekki síður síðar.

Í raun þakka ég hv. þingmanni fyrir stuðninginn því að málflutningur hans var náttúrlega rök fyrir því að gera þetta einmitt svona, að Efnahagsstofnun starfi sem algerlega sjálfstæð og óháð fagstofnun í skjóli af Alþingi. Það er ekki hægt að búa henni betra skjól. Það er ekki hægt að tryggja henni betur sjálfstæða stöðu. Eftir vandaða skoðun og yfirlegu var þessi leið valin með Ríkisendurskoðun og þessi leið valin með umboðsmann Alþingis og er mjög víða í löndunum í kringum okkur sem við berum okkur helst saman við, til dæmis hin Norðurlöndin, einmitt valin, þ.e. að embætti umboðsmanna og aðrir slíkir hlutir starfa í því sem ég kalla skjóli þjóðþingsins. En með því að taka það sérstaklega fram eins og hér er gert í 1. gr. að Efnahagsstofnun sé engum háð í störfum sínum þá á að vera eins vel um þetta búið og hægt er.

[11:23]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í raun er engin stofnun sem fjármögnuð er á fjárlögum frá Alþingi óháð Alþingi og ríkjandi meiri hluta vegna þess að það er meiri hlutinn sem samþykkir fjárveitingar og þetta vita menn að sjálfsögðu í viðkomandi stofnun. Ég er ansi hræddur um að þegar upp kemur sú staða að menn þurfa að óska eftir meiri fjárveitingum og jafnframt setja fram einhverjar áætlanir og gefa sér forsendur þá muni þeir í bakhöndinni hafa það í huga að það sé betra að þær forsendur séu í takt við það sem stjórnvöld vilja þannig að þetta er alltaf mjög fínn línudans sem við erum að dansa. Það er ekki þar með sagt að ég sé á móti þessari hugmynd eða að ræða hana alla vega. Ég hlakka til ef hún kemur inn í mína nefnd. Þá mun ég ræða kosti og galla þess að hafa svona opinbera stofnun til að gefa þjóðhagsspá. Við erum með þetta núna í mörgum stöðum, hjá ASÍ, Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði. Bankarnir fyrrverandi voru með svona hagdeildir. Nú veit maður ekki hvað gerist um það þannig að það er (Gripið fram í.) víða verið að búa til þjóðhagsspár — fjármálaráðuneytið að sjálfsögðu — og menn geta þá tekið mismunandi sjónarmið og mismunandi forsendur úr öllum þessum spám og fundið eitthvert meðaltal. Ég hefði talið það vera betra. En auðvitað er það miklu dýrara. Ég held að það sé alveg sjálfsagt að skoða kosti og galla þessa frumvarps.

[11:25]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hans orð og þau skiptir máli af því að hv. þingmaður er formaður efnahags- og skattanefndar og fær málið á sitt forræði í hv. þingnefnd þannig að mér finnst jákvætt og gott að heyra að hv. þingmaður vill skoða þetta með opnum huga og ég bind miklar vonir við það.

Það er auðvitað rétt að það getur verið gagnlegt að fá álit mismunandi aðila og geta borið hluti saman. En við erum nú einu sinni lítil þjóð með takmörkuð efni og verðum það kannski enn frekar á næstu árum. Ætli það sé ekki hyggilegt að reyna að finna vinnu af þessu tagi farveg þannig að við getum með sem minnstum tilkostnaði greint okkar þjóðhagsgögn, flokkað þau, unnið úr þeim og notað þau í okkar ákvarðanatöku við fjárlagagerð og fjárstjórn í landinu.

Ég leyfi mér að halda því fram að þessi tvístrða vinna á undanförnum árum og sérstaklega eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður hafi ekki gefist vel. Ef við förum aðeins yfir það hverjir þetta eru þá eru það að sjálfsögðu fjarmálaráðuneytið sem birtir þjóðhagsspá. Það er Hagstofan sem safnar

þarna ýmsum gögnum sem aðrir þurfa svo að sækja til hennar. Það er Seðlabankinn sem birtir sín rit um efnahagsmál. Það eru samtök á vinnumarkaði, ASÍ, BSRB, Samtök atvinnulífsins. Það eru greiningardeildir bankanna. Það eru hagfræðistofnanir í háskólanum og það eru sjálfstæð ráðgjafarfyrirtæki sem menn grípa stundum til þess að kaupa af vinnu vegna þess að hana er ekki að hafa. Hún er ekki í boði þá annars staðar. Þingflokkum er iðulega vísað á það að þeir fái sérfræðifé og þeir geti látið vinna slíka hluti fyrir sig úti í bæ sem þeir hefðu áður á dögum Þjóðhagsstofnunar sent þangað til skoðunar og útreikninga. Ég gerði það oft á sinni tíð starfandi til dæmis í meira en áratug í efnahagsnefnd — eða (Forseti hringir.) efnahags- og viðskiptanefnd sem þá hét og sat þar með hv. þm. Pétri Blöndal lengi — að senda Þjóðhagsstofnun tillögur til útreiknings og álits. Ég fagna því að hv. þingmaður tekur vel í málið.

[11:27]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Þingmál um frumvarp til laga um Efnahagsstofnun sem allur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytur og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður flokksins, hefur mælt fyrir, er eitt af framlögum okkar til að taka upp gjörbreytt vinnubrögð frá því sem verið hefur á undanförnum missirum og árum.

Efnahagsstofnun á að fá það hlutverk að safna gögnum og taka þátt í að leggja tölulegt mat á forsendur m.a. fyrir fjárlagagerð og áætlanir til næstu ára hvað varðar efnahag þjóðarinnar. Ég sit í hv. fjárlaganefnd fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég sit reyndar einnig í viðskiptanefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram mat á forsendur fjárlaga, bæði tekjur og gjöld, jafnframt áherslur og stefnumörkun til næstu ára. Það gefur augaleið að fyrir þá vinnu þurfum við sem vinnum í þessum nefndum og þingið að eiga aðgang að sem öruggustum og hlutlausustum tölum og upplýsingum.

Ég er búinn að vera í fjárlaganefnd síðan 1999–2000, síðan ég var fyrst kosinn á þing. Frá þeim tíma hefur ráðherraræðið aukist, vald þingsins hefur minnkað og áhrif þess einnig. Tilskipunum frá ráðherrum hefur fjölgað og ráðherravald hefur aukist ár frá ári og hefur kannski aldrei verið meira en nú upp á síðkastið. Þá höfum við staðið býsna höllum fæti, við sem höfum skipað stjórnarandstöðu, við sem viljum leggja áherslu á aðra nálgun hlutanna, við sem viljum fá tölulegar upplýsingar og forsendur til þess að byggja á því að gögnin sem við höfum orðið að styðjast hafa í stórum dráttum verið unnin af hálfu framkvæmdarvaldsins.

Þess vegna skiptir miklu máli að við byrjum nú þegar að feta inn á nýjar brautir varðandi öll þau vinnubrögð og forsendur, hvernig við öflum þeirra og vinnum úr þeim í starfi okkar hér á Alþingi sem lýtur að efnahagsmálum þjóðarinnar. Þess vegna gerum við tillögu um stofnun Efnahagsstofnunar sem fær það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir okkur og þingið og heyri beint undir Alþingi. Það er önnur stefna en ríkt hefur undanfarið þar sem ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og síðan Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hafa lagt áherslu á að fjarlægja stofnanir Alþingi. Ég nefni þær stofnanir sem vitnað til var áðan, eftirlitsstofnanir sem sprottið hafa upp. Ég nefni Fjármálaeftirlitið sem var fjarlægt Alþingi og gert það sem menn kalla „sjálfstætt“ og framkvæmdastjóri ráðinn á öðrum kjörum og öðrum forsendum til að sinna öðrum skyldum en aðrir opinberir embættismenn. Sama er með Samkeppniseftirlitið. Þannig má áfram telja.

Sem betur fer höfum við haft hér stofnanir sem við getum vitnað til reynslu á, eins og umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum í málflutningi hér á Alþingi lagt það til að stofnanir eins og Fjármálaeftirlitið heyrðu beint undir Alþingi. Með því víðtæka hlutverki sem því var falið samkvæmt lögum er mjög óeðlilegt að það starfi með þeim hætti sem það gerir nú. Það á að heyra undir Alþingi og Alþingi á að bera ábyrgð á störfum þess. Ég hef einnig orðið fyrir miklum vonbrigðum með hvernig starfsemi Samkeppniseftirlitsins hefur þróast þegar sum rótgróin, aldagömul félagasamtök mega ekki starfa með eðlilegum hætti vegna þess að það sé brot á samkeppnislögum og vinna sett í gang hvað það varðar. Ég nefni Bændasamtökin, að bændur megi ekki tala saman á búnaðarþingi. Slíkar eftirlitsstofnanir þurfum við að endurskoða.

Það sem við leggjum til, herra forseti, er að við byrjum nú á Efnahagsstofnun. Við erum ekki að endurreisa Þjóðhagsstofnun þó að vitnað sé til starfa hennar. Hún leið sitt skeið og við vorum andvíg því að hún væri lögð niður á sínum tíma en síðan þá höfum við flutt um það tillögur að Efnahagsstofnun sem heyrði undir Alþingi væri sett á fót til styrktar öllu því starfi sem hér er. Það er kannski táknrænt á þessum óvissutímum þar sem sú stefna sem ríkt hefur hér undanfarin ár og það eftirlitskerfi sem byggt hefur verið upp eru nú að sigla í þrot að við leggjum fram tillögu sem gæti verið einn fyrsti liðurinn í að taka á þeim málum. Höfum samt hugfast að þó að við stofnum Efnahagsstofnun eða aðrar stofnanir sem vinna að gagnaöflun og mati á hinum ýmsu þáttum fyrir Alþingi er það Alþingi sem ber ábyrgð. Þar liggur hin pólitíska ábyrgð og hún verður ekki tekin af Alþingi með neinni stofnun sem starfar á vettvangi þess. Það er mikilvægt í því sem nú er fram undan að styrkja stöðu Alþingis, að fá inn á borð Alþingis verkefni eins og þessi. Það þarf að hverfa frá þeirri stefnu sem fylgt hefur verið undanfarin ár að veikja Alþingi með stofnunum og færa ábyrgðina frá því til stofnana sem heyra beint undir ráðherrana. Því verður að breyta. Ég held að við gerum okkur öll ljóst að það verður að gera og leggja þarf allt annað hagrænt mat á hlutina en gert hefur verið undanfarin ár.

Við megum heldur ekki gleyma hinum umhverfislega þætti, hvernig við göngum á náttúruauðlindir okkar. Ekki hefur verið lagt neitt hagrænt mat á það sem við höfum þar verið að gera. Við höfum flutt tillögur á Alþingi um að teknir verði upp grænir þjóðhagsreikningar þannig að allt verði metið í heild sinni en ekki bara út frá peningahliðinni einni saman.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa svo mörg orð um málið að öðru leyti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, 1. flm. þessa frumvarps, hefur gert mjög ítarlega grein fyrir efnislegum þáttum þess. Ég treysti því að Alþingi skynji nú þörfina á gjörbreyttum vinnubrögðum sem þarf að taka upp

og frumvarp okkar er liður í því. Út frá reynslu minni við fjárlagagerð Alþingis tel ég það eina af grunnstoðum þess að þingið geti bætt vinnu sína við fjárlagagerðina. Það verði líka styrkur okkar við að meta kosti og möguleika í efnahagsstjórn landsins á næstu missirum. Þar þarf að taka á og munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja okkur alla fram. Því getur þjóðin treyst.

[11:37]

Guðmundur Steingrímsson (Sf):

Herra forseti. Ég held að óhætt sé að fullyrða að þingsalur er um þessar mundir líklega einhver rólegasti staður á Íslandi. Hér sitjum við og höfum það huggulegt þrjú eða fjögur ásamt forseta Alþingis. Það eru sjómaður, leikstjóri og sjálfur er ég heimspekingur en presturinn hefur nýyfirgefið þingsal sem er verr og miður. Auðvitað hefur það yfirbragð þess að við séum að spila hér á fiðlu meðan Róm brennur að við skulum vera að ræða hér ýmis þingmál með hefðbundnum hætti en ég held að það sé rétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að þrátt fyrir að válegir tímar séu í samfélaginu er engu að síður mikilvægt að reyna að halda áfram daglegum viðfangsefnum. Kannski er það eitt besta sálfræðilega ráðið sem hægt er að gefa þjóðinni á þessum óvissutímum á meðan óvissan er svona mikil að reyna þá alla vega að ríghalda í vissu daglegra viðfangsefna eftir því sem það er unnt.

Hér bregður reyndar svo við að við erum að ræða frumvarp um mál sem er einstaklega vel við hæfi á þessum tímum. Það liggur fyrir að gríðarlegt uppbyggingarstarf er fyrir hendi í íslensku samfélagi og ég held að það sé full ástæða til að álykta að við þurfum svona stofnun við þær aðstæður. Ég held að margir þingmenn taki undir það ef ég þekki þá rétt og tek mið af fyrri yfirlýsingum þeirra og sömuleiðis ýmsir hagsmunaaðilar í þjóðfélaginu. Raunar má segja að við hefðum þurft stofnun sem þessa í þeim atburðum sem hafa gerst og þá ekki aðeins undanfarnar vikur og mánuði heldur undanfarin ár.

Þjóðhagsstofnun var lögð niður um síðustu aldamót. Þar fór í fararbroddi þáverandi forsætisráðherra, í þeirri aðgerð og voru það mikil mistök að mínu mati og ég held að sá maður geri enn mistök þó að það sé ekki til umræðu hér. Þjóðhagsstofnun gegndi t.d. lykilhlutverki við undirbúning þjóðarsáttarsamninganna á sínum tíma. Það var sú stofnun sem aðilar að þjóðarsáttarsamningunum gátu leitað til, fengið útreikninga og mat á ýmsum forsendum sem urðu að vera fyrir hendi áður en gengið var til þeirra víðfeðmu samninga. Þar sannaði sjálfstæð og óháð stofnun — þó að hún hafi verið undir framkvæmdarvaldinu á þeim tíma — gildi sitt. Auðvitað var Þjóðhagstofnun ekki óskeikul. Það hefði mátt betrumbæta hana en það var svo sannarlega ekki ástæða til að leggja hana niður, hvað þá að gera það nánast í sömu andrá og við gáfum gengið frjálst á Íslandi og krónan varð fljótandi. Sú aðgerð eins og sér fleytti okkur inn í alþjóðamarkaðshagkerfið þannig að við urðum fullkomlega undirseld því, sem kunna að hafa verið sterk rök fyrir að gera, en þeim mun meiri ástæða var þó til að efla baklandið í fagþekkingu hér innan lands til þess að hægt væri að stjórna því vel og faglega öllu saman.

Ekki hefur skort fagþekkingu á Íslandi í efnahagsmálum, hún hefur hins vegar verið mjög dreifð. Hún hefur á stundum verið sveipuð tortryggni vegna þess að hún heyrir beint undir pólitískt kjörna ráðherra eða undir greiningardeildir bankanna. Fagþekkingin hefur einnig heyrt undir alls konar samtök á vinnumarkaði þannig að ekki hefur svo sem skort á hana sem slíka en það hefur hins vegar vantað upp á að hlustað væri á þá sem búa yfir henni. Okkur hefur vantað stofnun sem við teljum okkur geta treyst öðrum fremur. Það er aðeins eitt ráð við því ef við teljum að slíkt vanti, að koma á fót slíkri stofnun á faglegan hátt og efla hana til allra góðra verka vegna þess að við þurfum að eyða tortryggni í samfélaginu í garð efnahagsmála. Það held ég að við gerum með því að stofna einhvers konar þjóðhagsstofnun að nýju eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi þingflokks Vinstri grænna um stofnun Efnahagsstofnunar.

Ég tel að það ætti að vera meirihlutastuðningur við að gera eitthvað í þeim dúr. Formaður Samfylkingarinnar hefur lýst því yfir að það hafi verið mistök að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Hún hefur jafnframt lýst því yfir að stofna eigi þjóðhagsstofnun að nýju hvort sem hún verði kölluð Efnahagsstofnun eða eitthvað annað. Varaformaður Samfylkingarinnar hefur einnig lýst því yfir. Ég tel að atburðarás undanfarinna mánaða og vikna ætti að vera mjög sterk rök fyrir því að gera það.

Nú ætla ég að víkja aðeins að frumvarpinu og greinum þess. Ég hegg eftir því í frumvarpinu, sem einhverjir kunna að telja smáatriði, að talað er um að yfirmaður Efnahagsstofnunar þurfi að hafa gráðu í þjóðhagfræði. Ég held að það sé fullþröng skilgreining á þeirri hagfræði sem þarf að fara fram innan Efnahagsstofnunar og því ástæðulaust að krefjast þess að yfirmaðurinn hafi endilega gráðu í þeirri tilteknu grein hagfræðinnar. Ég held að spurningar eins og starfsskilyrði fyrirtækja og rekstrargrundvöllur heimilanna muni koma til kasta Efnahagsstofnunar. Það þarf að ræða samkeppnisgrundvöll á markaði, skattkerfið og áhrif þess á tekjujöfnun, forsendur fyrirtækjarekstrar og heimilisrekstrar og það þarf að skoða verðlagsþróun. Ég tel að jafnframt muni ýmsar „míkró“-hagfræðilegar spurningar koma til kasta Efnahagsstofnunar þannig að það er fullkomlega ástæðulaust að gera endilega þá kröfu til yfirmanns Efnahagsstofnunar að hann hafi gráðu í þjóðhagfræði. Það þarf einnig að skoða hvernig unnið er skipulega og á sem hagkvæmastan hátt að nýtingu náttúruauðlinda hér á landi sem verður eflaust ein stærsta spurning komandi áratuga. Það hefði verið gott í þeirri nýtingu náttúruauðlinda sem þegar hefur farið fram á Íslandi að hafa slíka stofnun ef við lítum í baksýnisspegilinn.

Mér finnst gott að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að Efnahagsstofnun heyri undir Alþingi. Ég held að það sé full þörf á því að efla Alþingi og á því að alþingismenn hafi aðgang að slíkri stofnun. Í því starfi öllu saman þurfa menn auðvitað að hafa í huga að þó að Efnahagsstofnunin heyri undir Alþingi og eftir fremsta megni óháð — hún heyrir þá alla vega ekki beint undir pólitískt kjörna ráðherra með tilheyrandi tortryggni — verður samt að hafa í huga að þó að hún sé óháð upp að ákveðnu marki er hún ekki endilega óskeikul. Menn verða alltaf að hafa það mjög fast í huga, sérstaklega þegar kemur að efnahagsmálum, að þau eru í raun mjög erfið fræði. Eitt af því sem þar er mikið deilt um

er hversu auðvelt er að nýta sér forsendur hagfræðinnar til að spá fram í tímann. Við verðum því alltaf að hafa hugfast að hér er langt í frá um óskeikul fræði að ræða. Það eru ekki rök fyrir því að leggja árar í bát eða að við eigum ekki að efla fagþekkingu á sviði hagfræði á Íslandi. Það er svo sannarlega verk að vinna í þeim efnum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir stofnun þjóðhagsráðs. Ég sé ekki annað en að a.m.k. þingflokkur Samfylkingarinnar ætti að vera jákvæður gagnvart slíkum hugmyndum. Fyrir síðustu kosningar lagði Samfylkingin upp með að samráð við atvinnulífið, samráð þingsins og atvinnulífsins og samráð ríkisstjórnarinnar og atvinnulífsins, yrði eflt til muna innan slíks ráðs. Þar er t.d. vísað til Írlands í því sambandi. Írar hafa lengi með góðum árangri haft ráð af því tagi sem sér um að reyna að rýna í þróunina í efnahagsmálum og gera tillögur að úrræðum ef vandi steðjar að. Mér finnst það því góð hugmynd í grundvallaratriðum. Síðan er það spurning hvort það eigi að vera sérstakt mál eða að tilheyra þessu frumvarpi.

Herra forseti. Ég held því í stuttu máli að hér sé á ferðinni gott frumvarp sem er full ástæða til að styðja, ekki síst nú í því mikla uppbyggingarstarfi sem fyrir höndum er í íslensku samfélagi.

[11:48]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um Efnahagsstofnun frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs og vorum rétt í þessu að fá afar jákvæðar móttökur frá hv. þingmanni Samfylkingarinnar, Guðmundi Steingrímssyni, sem rétt er að þakka og ég tek undir þau orð hans að flokkar hafa rætt þetta aðrir en við, að það sé þörf á því að gera eitthvað í þessum efnum og þegar við blasir það ástand sem við horfumst í augu við núna þá verður þessi þörf ekki bara verulega knýjandi heldur verður hún himinhrópandi.

Mig langar til að gera einn tiltekinn þátt þessa máls að umtalsefni í ræðu minni. Ég þarf ekki að ítreka það sem þeir kollegar mínir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Bjarnason hafa sagt í sínum ræðum en mig langar til að beina augum og athygli hlustenda og þjóðarinnar að því að í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir þessum kynjavinkli sem við í femínískum flokki höfum verið að reyna að flétta inn í öll okkar þingmál og alla okkar pólitík og öll okkar stjórnmál. Til marks um það er grein sem ég skrifaði í dagblaðið *24 stundir* í morgun þar sem ég fjallaði um efnahagsumræðuna séða með kynjagleraugum.

Það er mjög mikilvægt á þessum tímum að við lærum af mistökum fortíðarinnar sem að hluta til eru fólgin í því að það hafa verið karlar sem hafa stjórnað efnahagslífi landsmanna. Karlar hafa stjórnað peningastofnununum okkar. Karlar hafa setið í bankaráðunum og núna þegar við stofnum skilanefndirnar sem eiga að gera upp þá banka sem eru að komast í þrot þá er ein kona í þessum skilanefndum sem búið er að skipa eftir því sem ég best veit. Það er ekki hægt að sætta sig við það endalaust að annað kynið sem skipar þessa þjóð til helminga á við karla komi ekki að stjórn efnahagsmála. Ráðherrarnir sem stjórna efnahagsmálum hafa í yfirgnæfandi fjölda tilvika verið karlar. Forsætisráðherrar, fjármálaráðherrar og bankamálaráðherrar eru yfirleitt og iðulega karlar.

Í hugmyndum okkar vinstri grænna fléttum við inn kynjasjónarmiðin þannig að það sem þarf að horfa til er jöfn aðkoma beggja kynja. Í bráðabirgðaákvæðinu í frumvarpinu tökum við það sérstaklega fram að meðan við erum að brúa bilið og leggja inn á þessa braut, að stofna þessa nýju efnahagsstofnun, þá ætlum við að setja á stofn þjóðhagsráð þannig að það starfi frá gildistöku laganna til ráðuneytis stjórnvöldum. Það verði fjölskipað ráð skipað af forsætisráðherra með einum fulltrúa frá hverjum þingflokki á Alþingi, fulltrúum frá hverjum eftirtalinna aðila: Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Sambandi lífeyrissjóða og það er tekið fram að það skuli tilnefna til setu í ráðið í hverju tilviki bæði karl og konu og forsætisráðherra hlutist til um að fullt kynjajafnvægi ríki við val á endanlegri samsetningu ráðsins.

Þessi hugmynd um þjóðhagsráð er raunar komin úr eldra þingmáli frá Vinstri grænum. Við vorum með á síðasta þingi stórt og mikið frumvarp um ráðstafanir í efnahagsmálum og þar gerðum við ráð fyrir þjóðhagsráði sem við í sjálfu sér heimfærum núna inn í þessa nýju stöðu og gerum ráð fyrir að það starfi að minnsta kosti næstu tvö árin meðan Efnahagsstofnunin er að komast á laggirnar. Við teljum að það sé þörf á víðtæku samstarfi allra helstu burðarása íslensks þjóðarbúskapar til að glíma við þau viðfangsefni sem við blasa í efnahagslífinu. Þetta sögðum við í greinargerð með því frumvarpi sem við fluttum varðandi ráðstafanir í efnahagsmálum á síðasta vetri og töldum mikilvægt að slíkt þjóðarsáttarandrúmsloft skapaðist og við næðum samræmdum takti í hagstjórn. Til að það mætti gerast þyrfti víðtækt samráð og samvinnu allra stjórnmálaflokka og helstu hagsmunaaðila á vinnumarkaði, í atvinnulífi og á fjármálamarkaði og, nota bene, beggja kynja.

Ég hef saknað þess í umræðunni á síðustu dögum að við höfum ekki heyrt meira í hagfræðingum og sérfræðingum úr hópi kvenna. Við höfum í yfirgnæfandi tilvikum heyrt í hagfræðingum og sérfræðingum sem hafa verið karlar. Á viðskiptasíðu *Fréttablaðsins* sjáum við hins vegar í dag viðtal við Eddu Rós Karlsdóttur sem mér finnst að hafi verið sorglega fjarri núna síðustu dagana í þeirri orrahríð sem staðið hefur. Hún talaði einmitt um í því viðtali sem fréttablaðsmenn eiga við hana nauðsynina á samráði og breiðri yfir nálgun hlutanna. Þegar málin eru jafnalvarleg og þau eru nú skiptir okkur verulegu máli að leita sem víðast ráða. Edda Rós Karlsdóttir segir í viðtalinu að það skipti mestu máli að horfast í augu við þá staðreynd að við séum ekki á réttri leið. Sú leið sem við höfum farið við stjórn efnahagsmála hefur leitt okkur inn í blindgötu og það er algerlega nauðsynlegt að taka nýjan kúrs, nýja stefnu. Það er lífsspursmál fyrir þjóðina. Álit alþjóðasamfélagsins á okkur hefur virkilega beðið hnekki og ef við ætlum að endurreisa það álit þurfum við að grípa til aðgerða strax og gera það með þeim hætti að það verði tekið eftir því. Til þess að það verði árangursríkt, það starf sem þarf að fara fram í þeim efnum, þá tel ég mikilvægt að sérfræðingar úr hópi kvenna, hagfræðingar úr hópi kvenna, séu þar við borðið.

Ég fagna því til dæmis, hæstv. forseti, að í fréttum sem

bárust í morgun af hinum nýja Landsbanka Íslands hf. skuli kona hafa verið ráðin bankastjóri. Ég tel að það eitt komi til með að hafa einhver áhrif á það að bankanum verði öðruvísi stjórnað héðan í frá heldur en hingað til, sérstaklega þegar horft er til þess að einn af framkvæmdastjórum bankans er líka kona. Ég hefði gjarnan viljað sjá fleiri konur í röðum þeirra yfirmanna sem búið er að skipa því að ef hinn nýi bankastjóri, Elín Sigfúsdóttir, fær nokkurn fjölda kvenna sér við hlið þá tel ég að þau sjónarmið sem konur hafa haft fram að færa í þessari efnahagsumræðu verði ríkjandi. Það er hætt við að þau verði ekki ríkjandi ef Elín Sigfúsdóttir þarf eingöngu að starfa með karla sér við hlið.

Við höfum heyrt í sérfræðingum upp á síðkastið. Síðast í fyrradag vakti athygli mína viðtal í sjónvarpi við breskan hagfræðiprófessor að nafni Robert Wade sem talaði um að mikið óðagot hefði einkennt viðbrögð íslenskra stjórnvalda við ástandinu síðustu daga. Nákvæmlega sama segir Edda Rós Karlsdóttir í viðtalinu sem ég var að vitna til áðan í *Fréttablaðinu*. Hún segir, með leyfi forseta:

„Núverandi efnahagsvandi á rót sína í fjármálakerfinu, bæði hér heima og erlendis. Rangar ákvarðanir hafa verið teknar í bönkum, af fyrirtækjum og einstaklingum, en áhrifin bitna á öllum — líka þeim sem hvergi áttu hlut að máli.“

Ég leyfi mér að halda því fram, hæstv. forseti, að mikið af þeim röngu ákvörðunum sem teknar hafa verið hefðu verið með öðrum hætti ef konur hefðu setið við borðið til jafns við karla og á þeirra sjónarmið hefði verið hlustað í ríkara mæli en gert hefur verið. Ég tek hins vegar undir með Eddu Rós Karlsdóttur um að það er ekki tími, staður né stund til að einblína á fortíðina núna. Það skiptir hins vegar mestu máli að við horfum til framtíðar og þá þurfum við líka að skoða hvaða mistök við gerðum. Ein af þeim mistökum sem við gerðum og ein þau stærstu voru að konurnar voru víðs fjarri við ákvarðanatökuna.

Á þessu langaði mig til að vekja sérstaka athygli við umræðu um þetta mál, hæstv. forseti. Að öðru leyti vil ég taka undir með hv. síðasta ræðumanni, Guðmundi Steingrímssyni, sem sagði að efnahagsumræðan hefði verið allt of dreifð, hún hefði farið fram allt of víða. Hún hefði verið tvístruð frá því að við lögðum niður Þjóðhagsstofnun. Það á rætur að rekja til þess að það var meðvituð ákvörðun þeirra stjórnvalda sem þá voru við lýði, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, að setja greiningardeildir bankanna meira í forgrunn, hafa greiningardeild í ASÍ, hafa hagskrifstofu hjá forsætisráðuneyti og hjá fjármálaráðuneyti þannig að þetta var algerlega meðvituð ákvörðun þeirra karla sem þessu réðu og fengu þetta í gegn á sínum tíma að tvístra umræðunni, að drepa henni á dreif. Við sjáum hvaða mistök það voru og hvað það hefur fært okkur. Því þurfum við að breyta. Til þess leggjum við fram þetta frumvarp um nýja Efnahagsstofnun og þjóðhagsráð.

Ef það er rétt sem hv. þm. Guðmundur Steingrímsson sagði að það væri meirihlutavilji fyrir þessu frumvarpi á þingi þá hlakka ég til þeirra tíma sem nú eru fram undan og við getum þá afgreitt frumvarpið vonandi hratt og vel út úr nefnd með yfirlýsingu hæstv. forseta Alþingis um að nú eigi að taka öll þingmannamál til meðferðar í nefndum. Þá skiptir verulegu máli að hafa það í farteskinu að bæði formaður og varaformaður Samfylkingarinnar skuli hafa lýst sjónarmiðum af svipuðu tagi og hér er talað fyrir.

Varðandi síðan menntunarkröfuna sem sett er fram í frumvarpinu, að það skuli þurfa að vera þjóðhagfræði. Það er auðvitað bara eitthvert tæknilegt atriði sem við getum að sjálfsögðu tekið til umræðu og skoðað alla vinkla á. Kannski er það of þröng krafa. Ég get vel tekið undir það. En það er einfalt mál að kippa því í liðinn. Mikilvægast er að hugsun af þessu tagi komist í gegn, verði að lögum á Alþingi Íslendinga sem allra fyrst.

[11:59]

Guðmundur Steingrímsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Um leið og ég tek undir það að mikilvægt er að gæta kynjajafnréttis í raunar öllum stjórnum og öllum ákvarðanatökum á vegum hins opinbera og annars staðar hvernig sem það er gert, með beinu valdboði eða öðruvísi — ég hef reyndar efasemdir um beint valdboð í þeim efnum. Ég held að það sé frekar þróun sem eigi um leið að stuðla að — þá verð ég að gera athugasemdir við þá söguskoðun hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að efnahagsvandi heimsins og efnahagsvandi þjóðarinnar sé einungis körlum að kenna. Vissulega er það rétt að karlar hafa í meiri hluta verið við stjórnvölinn. En ég held hins vegar að það sé rangt hjá Kolbrúnu að halda því fram, og það er í raun alveg risastór yfirlýsing, að vandræðin séu vegna þess að stjórnendur hafi verið karlar, að það sé einhver eðlislægur þáttur í því að vera karl að drífa þjóðfélög í svona mikið öngstræti. Ég held að ekki sé hægt að rökstyðja það. Ég held að það sé ekki hægt að rökstyðja það að slíkur munur sé á körlum og konum þegar kemur að því að stjórna almennt, bara að almennt sé munur milli karla og kvenna í eðli þeirra að það hefði ekki getað gerst undir stjórn kvenna að við hefðum ratað í slíkt öngstræti.

Ég vil til dæmis benda á að þetta er ekki bara þjóðhagslegt vandamál sem við stöndum frammi fyrir. Þetta er líka vandamál sem varðar rekstur heimilanna. Heimilin hafa skuldsett sig. Ætlar hv. þingmaður að halda því fram að bara karlmenn hafi ráðið þeim ákvörðunum innan heimilanna til dæmis? Það er auðvitað fjarstæða að tala með þessum hætti.

Maður spyr sig líka: Á maður að fallast á að samræðustjórnmál séu einungis kvenleg gildi? Ég aðhyllist til dæmis samræðustjórnmál og ég er karlmaður að því er ég best veit.

[12:01]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið. Það kemur mér sannarlega ekki á óvart. Ég geri ráð fyrir að flestir karlmenn geti tekið heils hugar undir ræðu hv. þingmanns.

Hins vegar fjölgar femínistum ört í hópi karla og er það fagnaðarefni. Því það er sameiginlegt verkefni karla og kvenna að koma á kynjajafnrétti í samfélaginu. Það gerist ekki fyrr en körlum í hópi femínista fjölgar en það er að gerast og er ánægjulegt.

Um það hvort við séum stödd í öngstræti í efnahagsmálum vegna þess að karlar hafi verið við stjórnvölinn vil ég segja að rannsóknir sýna að fyrirtækjum þar sem konur eru

í meiri hluta eða áberandi í stjórnun, sem forstjórar eða í stjórnum, vegnar betur en þeim sem eingöngu hafa karla við stjórnvölinn. Stórar og alþjóðlegar rannsóknir hafa bent til þess að hv. þingmaður hafi rangt fyrir sér en ég rétt, að það sé meiri hætta á því að rangar ákvarðanir séu teknar ef einungis annað kynið stjórnar. Þetta á líka við ef einungis konur standa við stjórnvölinn, þá henta ákvarðanirnar kannski ekki körlum og þá ekki heldur heildinni.

Ég tel að hægt sé að styðja það með rannsóknaniðurstöðum að ákvarðanir í stjórn efnahagsmála hafi verið rangar vegna þess að konur hafi ekki komið að þeim. Þær hefðu verið betri ef konur hefðu átt aðgang þar að. Ergo: Karlarnir hafa tekið röngu ákvarðanirnar.

[12:03]

Guðmundur Steingrímsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það liggur fyrir að líklega hafa mjög margir karlar tekið rangar ákvarðanir. Við deilum um það hvort þeir tóku rangar ákvarðanir vegna þess að þeir voru karlar eða ekki. Ég tel það vera varhugaverðan málflutning að taka einhvern veginn allt sem er gott eins og samræðustjórnmál og eflingu fagþekkingar og kalla femínísk gildi. Ég get ekki skrifað undir það því ég er menntaður í heimspeki, fagi sem er undirlagt af karlmönnum, og þar ríkja þessi gildi. Í stórum hluta þess sem við lesum t.d. í stjórnmálaheimspeki og hefur verið skrifað af körlum síðustu 2.000 árin er þessi gildi að finna í ríkum mæli. Á þau er ekki hlustað, kannski vegna þess að ekki gætir kynjajafnræðis. Ég get tekið undir að það gæti verið vandamál.

Hér lýtur þetta auðvitað að öðru sem er mjög varhugavert í allri umræðu í samfélaginu vegna þess að hér tæpir hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir á því að það er mjög sterk tilhneiging til þess að kenna ákveðnum strákum um efnahagsvandræðin sem við erum í eða, eins og það er orðað, um að hafa drifið allt til fjandans. Þetta er fordómafull umræða og lýsir því að einhverjir strákar hafi fengið of mikil völd til að keyra allt til fjandans en ég held að það eigi ekki við rök að styðjast. T.d. horfðum við á banka sem viðurkennt var að væri vel rekinn fara á hliðina í nótt. Hann var vel rekinn af strákum. Ég ætla ekki að halda því fram að hann hafi verið vel rekinn af strákum vegna þess að þeir voru strákar. Ég held einfaldlega að í bankakerfinu eins og alls staðar annars staðar (Forseti hringir.) sé að finna bæði skynsama og óskynsama menn og konur.

[12:06]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður má ekki gera mér upp skoðanir. Auðvitað eru til skynsamir karlar og óskynsamir karlar. Skynsamar konur og óskynsamar konur. Það gefur augaleið. En þegar svo áberandi er að annað kynið vantar algjörlega við borðið í jafnveigamiklum málum og efnahagsmálum hlýtur að vera eðlilegt að sú krafa komi upp að þessi þáttur málsins verði endurskoðaður og tryggt verði að bæði kynin eigi jafnan rétt og komi jafnsterk að borðinu.

Þetta einangraða dæmi um efnahagsmál, hvort sem litið er til Íslands eða alls heimsins, er plagað af því að konur hafa ekki setið við borðið. Karlmenn hafa sett leikreglurnar. Vel kann að vera að hægt sé að segja að umræðan sé fordómafull en ég minnist þess ekki að ég hafi talað um stráka sem hafi leitt okkur afvega. En ég segi karla hafa sett þessar reglur. Þær hafa ekki reynst okkur eða efnahagslífinu nægilega góðar.

Rannsóknir sýna fram á að konur nálgast mál á annan hátt, líka efnahagsmál. Konur horfi frekar til langtímasjónarmiða en karlar og þeir séu áhættusæknari en konur, sem séu varfærnari og vilji hafa allt uppi á borðinu og gagnsætt. Karlar hafi meiri tilhneigingu til að halda hlutunum nálægt sér og hafa ákveðna leynd yfir þeim. Þetta hafa kynjafræðirannsóknir leitt í ljós.

Mér finnast þær niðurstöður sem ég hef lesið og kynnt mér í þeim efnum veigamiklar. Við sem stöndum frammi fyrir þessari krísu, höfum engu að tapa en allt að vinna til að breyta kynjahlutföllum í umræðum og gera konur að gerendum í efnahagsmálum en ekki bara passífum hlustendum.

[12:08]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls en ég gat ekki annað en hrifist af hástemmdri og góðri röksemdafærslu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur þegar hún svaraði fyrri spurningu hv. þm. Guðmundar Steingrímssonar. Ég ætla ekki að tala um kynjaumræður en kem kannski að þeim síðar.

Hér er lagt til að sett verði á laggirnar Efnahagsstofnun sem starfi á vegum Alþingis. Eins og nú árar í þjóðfélaginu er spurning hvort þetta sé rétti tíminn til að velta fyrir sér að koma á fót nýrri ríkisstofnun. Ég hefði haldið að Alþingi þyrfti að einhenda sér í með hvaða hætti við getum dregið saman ríkisútgjöld án þess að skerða þá félagslegu þjónustu sem nauðsynleg er hverju þjóðfélagi. Íslendingar eiga að tryggja félagslegt öryggi og efnahagslegt sjálfstæði þeirra sem miður mega sín í þjóðfélaginu og það á að vera forgangsatriði. Síðan koma önnur atriði sem við verðum að skoða með öðrum hætti.

Hitt má til sanns vegar færa að á sínum tíma hafi verið rangt að fella niður Þjóðhagsstofnun. Það hefði verið eðlilegt að láta hana starfa áfram og ég lít þannig á að frumvarp þingflokks vinstri grænna feli í sér að með ákveðnum breytingum sé verið að stofna viðlíka stofnun en þingmiðaðri en Þjóðhagsstofnun var á sínum tíma og ég tel það til bóta. Ég tel gott mál að Alþingi eigi þess kost að leita til sérfræðistofnunar eins og þessarar sem á að vinna með hlutlægum hætti að málunum.

Í þjónustu hins opinbera og opinberra fyrirtækja er heill hagfræðingaher. Ekki þarf annað en að vísa til Seðlabankans. En einhvern tíma var sagt að ekkert þjóðfélag hefði farið allt í öngþveiti án hagfræðinga. Það telst ekki til kynjamála og ég skal ekki gera lítið úr hagfræðinni. Þetta var nú sagt af ákveðnu tilefni og Gylfi Þ. Gíslason, sem hafði þetta helst að orði, sat lengi á Alþingi og var bæði ráðherra og hagfræðingur.

Ég tel þetta frumvarp vera til bóta en það þarf hins vegar að gæta þess með allar nýjar stofnanir að þar sé gætt ráðdeildar og hagsýni og þær vaxi ekki úr hömlu heldur geti gegnt því hlutverki sem þær eiga að gegna. Ég tel þetta frumvarp góðra gjalda vert og mun styðja það. En hitt er

annað mál að þegar litið er til kynjanna og umræðna sem fóru fram áðan þá geri ég mér grein fyrir því, öndvert við hv. þm. Guðmund Steingrímsson, að ég er karlmaður. Hann virtist vera í vafa um sjálfan sig. En það er mál sem mér kemur ekki við.

Ég get tekið undir hugmyndir og skýringar hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um konur og nauðsyn þess að þær komi að málum. Ég tel að í efnahagskerfi okkar og sérstaklega í bankakerfinu hafi verið of lítið um að konur gegndu æðstu trúnaðarstörfum. Það hefur nánast verið undantekning að kona hafi gegnt einhverju meiri háttar starfi í fjármála- og bankakerfi okkar, ekki einungis núna heldur áratugi aftur í tímann. Mér finnst það verulega miður og er sammála því að þær hafi tvímælalaust margt fram að færa.

Hitt er annað mál að ég lít á fólk fyrst og fremst sem einstaklinga og það fer ekki eftir kynferði hvort fólk er hæft til að gegna stöðu í efnahagslífinu. Ég velti því fyrir mér þegar hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talaði um gildi kvenna og hvernig þær væru körlum fremri á öllum sviðum hvort uppáhaldsstjórnmálamaður hennar væri Margrét Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, og hvort henni fyndist Thatcher hafa stýrt Bretlandi svo að til alls hins besta hefði mátt horfa.

Menn geta farið aftar í söguna og velt fyrir sér þeim sem Friðrik mikli barðist við. Hann háði baráttu við það sem hann kallaði pilsin þrjú, Austurríkisdrottningu, Katrínu miklu Rússakeisaraynju og Madame de Pompadour sem þá var valdamesta kona Frakklands. Þessar konur voru valdamestu konur Evrópu og stjórnuðu stærstu ríkjum álfunnar en útilokað er að segja að þær hafi fært þjóðir sínar eða efnahagskerfi landa sinna fram á við. Þegar Madame de Pompadour missti stjórnina jaðraði við hungursneyð í Frakklandi. Hægt er að fara fram og til baka í sögunni í þessu sambandi. En það er aukaatriði, aðalatriðið er Efnahagsstofnun og tel ég að það hefði haft mikla þýðingu ef Alþingi hefði haft slíka óháða stofnun sem við hefðum getað leitað til.

Ég hef í þessum ræðustól ítrekað haldið því fram að Seðlabanki Íslands og ríkisstjórnin færu vill vegar þegar kæmi að hagfræði. Ég er ekki menntaður í hagfræði. En ég og fleiri þingmenn sem einnig eru án hagfræðimenntunar höfum sett fram sjónarmið og röksemdir um að kreppa væri að skella á í þjóðfélaginu og bregðast yrði við. Það hefur ekki bara verið fullyrt á síðustu mánuðum, heldur allt síðasta ár. Þá hefði vissulega verið mikils virði fyrir okkur að geta leitað til óháðar, hlutlægrar hagfræði stofnunar til að gefa orðum okkar meira vægi og skjóta vísindalegum stoðum undir það sem við höfum haldið fram að lægi fyrir.

Hægt var að lesa sér til um það í erlendum blöðum eins og ritinu The Economist allt frá árinu 2005 að alvarleg fjármálakreppa nálgaðist. Til dæmis hefur verið bent á gríðarlega hækkun á húsnæðisverði í ríkjum eins og Bandaríkjunum, Bretlandi og Spáni. Það sama hefur gerst hér. Bent hefur verið á veikleika og vanmátt sem hefur verið við að glíma og það að ríkisstjórnir og bankakerfi seðlabanka hafi ekki tekið á málinu. Margir hafa endurflutt þær röksemdir og sjónarmið úr þessum ræðustól vegna þess að margir þingmenn hafa ekki verið sáttir við eða talið að Ísland lyti öðrum efnahags- og hagfræðilögmálum en löndin í kringum okkur. Það hefur að sjálfsögðu komið í ljós.

Þá hefði tvímælalaust verið styrkur í því að Alþingi hefði getað leitað til hlutlægrar, óháðrar efnahagsstofnunar eins og talað er um. Ég tel því að frumvarpið sé allra góðra gjalda vert og tel mikilvægt að það fái afgreiðslu á þessu þingi og mun ljá því atkvæði mitt.

[12:17]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir stuðningsyfirlýsingu við málið. Ég tel mjög mikilvægt að þingflokksformaður Frjálslynda flokksins gefi yfirlýsingu af þessu tagi því að þá tel ég að það séu mikið meiri líkur á því að við náum því í gegnum þingnefnd, sérstaklega eftir að hafa heyrt í hv. þingmanni Samfylkingarinnar áðan sem telur að Samfylkingin muni styðja málið.

Varðandi hins vegar kynjavinkilinn sem hv. þingmaður kom inn á vil ég aðeins staldra við. Nú er það gjarnan þannig að þegar við femínistar tölum fyrir okkar málum er þeim er slegið upp í hálfkæring og það gerði hv. þingmaður með því að fara aftur í söguna og tala um Thatcher, Katrínu miklu og Madame de Pompadour. Ég sagði ekki í ræðu minni að konur væru fremri körlum á öllum sviðum eins og hv. þingmaður sagði að ég hefði sagt. En karlar sem eiga eftir að temja sér hina femínísku hugsun taka gjarnan orðum femínista á þennan hátt, fyrtast við, telja okkur hafa sagt meira en við sögðum og meina annað en við meinum og í þá gryfju féll hv. þingmaður. Ég hvet því hv. þingmann til að koma með okkur í hin femínísku fræði og temja sér þau. Það er kominn tími til að við fjölgum femínistum á Alþingi og hv. þingmaður kann vel að vera góður kandídat í þann flokk.

[12:18]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég lýsti því yfir í ræðu minni áðan að ég teldi það hafa verið til vansa fyrir íslenskt fjármálalíf hve fáar konur hefðu komist til stjórnunarstarfa í íslensku fjármálalífi. Ég var ekki að tala um þetta mál í neinum hálfkæringi. Ég lít á það sem mjög alvarlegt mál að jafnmikið og -alvarlegt kynjamisrétti hafi viðgengist í fjármálageiranum eins og raun ber vitni undanfarna áratugi. Ég hef talið nauðsynlegt að þarna yrði breyting á og ég hef vissulega horft upp á það mér til mikillar ánægju að mjög stór hópur vel menntaðra, dugmikilla, framsækinna kvenna hefur sótt í hefðbundin karlastörf. Mér finnst ánægjulegt að sjá það gerast vegna þess að þá eru brotnir niður kynjamúrar. Ég veit ekki hvort það er rétt hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að ég sé góður kandídat í femínísk fræði en ég lít fyrst og fremst á þá baráttu sem mannréttindabaráttu. Ég lít svo á að allir einstaklingar eigi rétt á jafnstöðu. Ég sat á sínum tíma sem áheyrnarfulltrúi í ákveðnum þingflokki þegar jafnstöðufrumvarpið var fyrst borið fram. Þá taldi ég það hið mesta framfaramál en þá voru heldur betur aðrar aðstæður í þjóðfélaginu og allt önnur viðhorf og m.a. sterkar kvennahreyfingar sem mæltu á móti því að frumvarpið yrði samþykkt. Ég er ekki að tala um þetta mál í neinum hálfkæringi að öðru leyti en því sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gaf tóninn fyrir. Ég leyfði mér að víkja aftur í söguna

þar sem við höfum dæmi um bæði karla og konur sem hafa unnið góð og ill verk. En það er hins vegar þannig, og ég get tekið undir það, að miklu fleiri karlar hafa unnið vond verk. Þeir hafa yfirleitt verið meira við stjórnunina, því miður.

[12:21]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil segja að lokum að það er mikilvægt að fá þá yfirlýsingu sem hv. þingmaður gaf í síðasta andsvari sínu að hann telji það mikilvægt að konur komi að þessum ákvörðunum í efnahagslífinu og það sé mikilvægt að konur hasli sér völl í hefðbundnum karlastörfum. Ég tel að yfirlýsing af þessu tagi sé mikilvæg og að á henni sé byggjandi. Ég treysti því og veit að hún er til marks um að viðhorfin hjá okkur, einnig hér á Alþingi, eru að breytast.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

[Fundarhlé. — 12:21]

Aukinn þorskafli á fiskveiðiárinu 2008–2009, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

[13:31]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Það má kannski orða þetta mál í upphafi þannig að oft hafi verið þörf en nú sé nauðsyn að auka tekjur þjóðfélagsins með þeim ráðum sem við höfum til þess. Það vill svo til að við Íslendingar eigum nægan fiskiskipaflota og við getum mannað hann. Það vill einnig þannig til að verkefni þessa sama fiskveiðiflota eru ekki nægjanleg og vegna þess hversu lítinn þorskafla við höfum ákveðið fyrir yfirstandandi fiskveiðiár mun útvegurinn lenda í vandræðum við að stunda fiskveiðarnar án þess að því fylgi erfiðleikar og jafnvel sóun að því er varðar nýtingu fiskstofnanna. Oft var þörf en nú er nauðsyn og við eigum öll tækin sem þarf til þess að ná í meiri tekjur.

Tillaga okkar þingmanna Frjálslynda flokksins, en hana flytja ásamt mér hv. þm. Grétar Mar Jónsson og Jón Magnússon, fjallar um að auka þorskaflann nú þegar á þessu fiskveiðiári 2008/2009, því fiskveiðiári sem rétt rúmlega mánuður er liðinn af, en eins og menn vita var þorskaflinn fyrir þetta fiskveiðiár 130 þúsund tonn.

Í fyrra var tekin sú ákvörðun að skera þorskaflann niður í 130 þúsund tonn. Rökin sem bæði hæstv. forsætisráðherra og hæstv. sjávarútvegsráðherra fóru með í máli sínu fyrir þeirri ákvörðun þá voru meðal annars þau að okkar íslenska þjóðfélag stæði svo vel að engin ástæða væri til annars en skera þorskaflann verulega niður. Svo hagaði til með þjóðinni að hún þyldi verr minnkandi tekjur og minnkandi umsvif. Þannig er það nú, hæstv. forseti.

Ég sakna þess sérstaklega að hæstv. sjávarútvegsráðherra skuli ekki sjá ástæðu til að vera í salnum við þessa umræðu og taka þátt í henni eða að a.m.k. að hlusta á mál stjórnarandstöðunnar sem flytur hér tillögu um að bregðast öðruvísi við en stjórnvöld hafa gert, einkanlega í ljósi þess að eigi mun nú af veita að halda uppi atvinnulífi á Íslandi og afla íslensku þjóðinni tekna svo sem framast er kostur.

Sú alvarlega staða sem við Íslendingar erum nú í með hruni bankakerfisins og fjármálakerfisins undirstrikar nauðsyn þess að við gætum sérstaklega að stöðu fjölskyldnanna í landinu, stöðu fyrirtækja, viðhaldi atvinnurekstrarins og þeim leiðum sem við höfum tiltækar til að ná í nýjar og auknar tekjur. Ég held að allir geri sér grein fyrir því að við verðum að reyna af öllum mætti að auka tekjur okkar og viðhalda atvinnustarfseminni, koma í veg fyrir að atvinnustarfsemin falli í kjölfar þeirra þrenginga sem við höfum gengið í gegnum á fjármálamarkaði. Ég segi því enn: Oft var þörf en nú er nauðsyn og ég undrast hvers vegna sjávarútvegsráðherra sér ekki ástæðu til að vera í salnum. Mér hefði fundist að honum bæri siðferðisleg skylda til þess undir þeim kringumstæðum sem nú eru. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að hann láti alla vega hæstv. sjávarútvegsráðherra vita af umræðunni, hafi hann ekki þegar heyrt um að hún færi fram eftir hádegið í dag. Auðvitað getur hæstv. sjávarútvegsráðherra verið að hlýða á okkur einhvers staðar annars staðar. En hvað um það, ég ætla samt að ræða þetta mál út frá þeirri alvarlegu stöðu sem við erum í varðandi atvinnustarfsemi í landinu og hversu mikla þörf við höfum fyrir allar þær tekjur sem við mögulega getum náð í. Í tillögu okkar er vissulega lagt til að ná í nýjar tekjur.

Tillagan fjallar um að þegar á þessu fiskveiðiári verði sett 40 þúsund tonn beint inn í aflamark allra skipa hvort sem það er þorskaflamark krókabáta eða aflamark í hinu svokallaða stóra kerfi. Þá vantar 50 þúsund tonn upp á þá tillögu sem við gerum um að auka heildarþorskaflann um 90 þúsund tonn á fiskveiðiárinu eða í 220 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári. Við leggjum til í greinargerð með tillögunni að þau 50 þúsund tonn sem ekki er lagt til að komi strax inn í aflahlutdeildarkerfið verði sett í sérstakan farveg. Þeim verði ráðstafað til leigu um viðskiptamarkað utan við aflakerfið og ríkið taki til sín þær tekjur og megi ráðstafa þeim milli ríkis og sveitarfélaga. Eigi mun nú af veita í þeirri ábyrgð sem ríkið tekur á sig í þrengingum þessum og við höfum jafnframt heyrt um stöðu sveitarfélaganna sem mörg hver eru skuldsett. Þau hafa tekið fé að láni í erlendri mynt og sjá engan veginn hvernig þau geta ráðið við það, að ég tali ekki um fjölskyldurnar í landinu sem einnig hefur verið ráðlagt af mörgum að taka lán í erlendri mynt.

Hæstv. forseti. Við erum sem sagt að leggja tvennt til: Annars vegar að auka þorskaflann í heild sinni um 90 þúsund tonn á þessu fiskveiðiári sem mundi geta gefið okkur 40–50 milljarða í nýjum tekjum. Það fer vissulega eftir hreyfingu gengis og hreyfingu afurðaverðs á erlendum mörkuðum. Við sjáum að verð á hrávöru er að lækka í þeim þrengingum sem heimurinn er nú í og það kann vel að fara svo þegar kaupmáttur fólks minnkar, ekki bara hjá okkur heldur einnig í öðrum löndum, að sú gæðavara sem hefur verið dýrasta framleiðsluvaran í sjávarútvegi okkar verði ekki jafnauðseljanleg og verið hefur. Við gætum búið við það. Vonandi gerum við það ekki og vonandi eigum við auðvelt með að selja afurðir okkar á komandi mánuðum.

Við þurfum á því að halda. Við þurfum að horfa til allra átta og ég tel reyndar, út frá ýmsum upplýsingum sem ég hef fengið, m.a. frá fiskimönnum vítt og breitt í kringum landið, að það sé engin líffræðileg áhætta tekin með því að auka nú þorskveiðarnar. Ég hef ekki heyrt neinn fiskimann sem talar um að staðan sé sú að menn þurfi að keyra aflamarkið niður í þá viðmiðun sem stjórnvöld hafa gefið út vegna þess að það sé svo mikil áhætta varðandi fiskstofnana. Ég hef ekki heyrt nokkurn fiskimann sem ber á móti því að hann geti ekki auðveldlega veitt þann þorsk sem hann sækist eftir og menn eru frekar að reyna að flýja þorsk heldur en hitt við veiðar.

Ég held líka að staða sjávarútvegsins sé mjög alvarleg um þessar mundir. Ég hygg að skuldir sjávarútvegsins hafi vaxið mjög á undanförnum missirum. Gengið hefur ekki orðið til að lækka skuldir sjávarútvegsins, þvert á móti hafa þær örugglega vaxið. Við fáum því miður ekki nákvæmar upplýsingar um það hverjar skuldir sjávarútvegsins eru í dag en þær eru væntanlega enn þá í íslensku þjóðfélagi því að það hefur verið óheimilt að taka mikla áhættu og veðsetja fiskinn í sjónum til erlendra aðila. Ég tel því að skuldirnar séu að mestu leyti hjá innlendum fjármálastofnunum og hjá þeim bönkum sem við Íslendingar höfum nú verið að yfirtaka. En þær eru kannski gengistryggðar og ef til vill hafa einhver af stærri fyrirtækjunum tekið lán beint að utan til rekstrar og viðhalds.

Það væri fróðlegt ef hæstv. sjávarútvegsráðherra gæti upplýst okkur um hver skuldastaðan sjávarútvegsins er í dag, þ.e. raunveruleg skuldastaða. Það er alveg öruggt að skuldirnar hafa vaxið þar eins og hjá öllum þeim sem eru með meginhlutann af skuldum sínum í erlendum gjaldmiðli. Það á jafnt við um heimili sem fyrirtæki og við Íslendingar erum einfaldlega í þeirri erfiðu stöðu að þurfa að reyna að halda atvinnuvegum okkar þannig að þeir haldi velli en einnig að reyna að styrkja undirstöður þeirra. Það er eiginlega sama á hvaða sviði það er, hvort það er í byggingariðnaði, sjávarútvegi, ferðamannaiðnaði, stóriðnaði eða öðrum því sem við getum viðhaldið og eflt. Við erum í þeirri stöðu að við þurfum að leggja nánast allt í sölurnar til að halda uppi atvinnustiginu.

Það hittist svo á að tillaga okkar kemur inn í þær aðstæður sem eru nú og við bendum á í greinargerðinni að setja þurfi lög um að taka upp sérstakan viðskiptamarkað með þær aflaheimildir sem standa utan við aflahlutdeildarkerfið til þess að stýra því hvert þær eiga að fara o.s.frv., hafa áhrif á það. Í greinargerðinni nefnum við meðal annars að sérstaklega þurfi að horfa til þeirra byggðarlaga sem staðið hafa höllum fæti efnahagslega á undanförnum árum og misst hafa mikið frá sér í aflaheimildum. Við viljum og leggjum það til í greinargerð okkar að horft verði til þess með hvaða hætti ríkið geti fengið tekjur af sjávarútveginum í framtíðinni. Þær skuldir sem nú hvíla á sjávarútveginum geta reynst honum ofviða. Þá kemur einfaldlega spurningin þegar við erum búin að innkalla bankana til íslenska ríkisins: Erum við komin í þá stöðu að þurfa að innkalla skuldirnar af sjávarútvegi og þá jafnframt aflaheimildirnar? Þurfum við þá að skapa sérstakan farveg til að leigja þær og ná til baka á einhverjum árum þeim skuldum settar hafa verið á íslenskan sjávarútveg með veðsetningu aflaheimilda? Ég tel að því miður að farið hafi verið langt umfram það sem eðlilegt er þegar veðsetning á einu kílói af þorski í svokallaðri varanlegri sölu er komin yfir 4.000 kr. eins og var á síðasta ári þó að það hafi nú fallið niður í 2.200–2.300 kr.

Það er búið að skuldsetja íslenskan sjávarútveg markvisst árum saman í gegnum kvótakerfið. Það hefur alltaf verið þannig að þeir sem hafa farið út hafa selt aflaheimildirnar hærra verði til næsta manns. Sá hefur tekið veð í aflaheimildunum og sett það að veði hjá íslenskum bönkum og lánastofnunum. Þannig hafa skuldirnar vaxið árum saman og mér kæmi ekki á óvart þó að skuldir sjávarútvegsins væru nú 500 milljarðar kr. Tekjur okkar af sjávarútveginum á liggja á bilinu 130–140 milljarða kr. á hverju ári og auðvitað sjá allir að við erum í hættulegri stöðu. Við í Frjálslynda flokknum teljum að nú sé tími til að auka þorskveiðarnar, því fylgir engin líffræðileg áhætta.

[13:46]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Tillaga sem flutt er af þremur þingmönnum Frjálslynda flokksins til þingsályktunar um aukinn þorskafla á fiskveiðiárinu 2008 og 2009 finnst mér allrar athygli verð. Okkur ber að endurskoða reglulega ákvarðanir um aflahámark og sundurliðun þess á tegundir og fara yfir þær forsendur sem þær byggja á. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að fiskurinn í sjónum er ein af okkar dýrmætustu auðlindum og minnumst þess ekki síst nú þessa dagana.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum á undanförnum árum ítrekað lagt fram tillögur um að varið yrði auknu fé til hafrannsókna, til rannsókna á líffríki hafsins, samspili tegunda í hafinu og öllum þeim þáttum sem lúta að afkastagetu hafsins án þess að gengið sé á auðlindirnar með varanlegum hætti. Það er alveg sama hversu mikið okkur langar í aukinn afla, hvort sem það er úr sjó eða af landi, við megum aldrei ganga lengra heldur en sjálfbær náttúran ber og hún þarf ætíð að njóta vafans í þeim efnum. Ég skil tillögu þingmanna Frjálslynda flokksins alls ekki á þann veg og ég er þess fullviss að við, þingmenn allra flokka, berum jafnmikinn hag fyrir því, að gengið sé varlega um dyr.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttum frumvarp á Alþingi á síðastliðnum vetri um endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu í heild út frá öðrum forsendum þar sem gerð er miklu ákveðnari og harðari krafa um sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar. Jafnframt væri hún nýtt af íbúunum vítt og breitt um landið.

Það er kannski ekki rétt að ræða kvótakerfið sem slíkt á þessum fáu mínútum en við höfum áður gert grein fyrir því á Alþingi að kvótakerfið eins og það hefur verið útfært og árangur þess hafa gengið þveröfugt á þau markmið sem þar voru sett, þ.e. að efla og auka fiskstofnana í hafinu og tryggja atvinnu og trausta byggð um land allt. Það er ein af forsendum fyrir fiskveiðistjórnarkerfinu sem hefur brugðist.

Það er ekki hægt annað en víkja að þeirri fjárhagsstöðu sem sjávarútvegurinn allur, ekki síst hinir minni útgerðaraðilar, smábátasjómenn, minni útgerðir, standa frammi fyrir þessa dagana, fyrst með niðurskurði á aflaheimildum á síðastliðnu ári og nú fyrirsjáanlegum miklum þrengingum

varðandi fjármögnun og öflun rekstrarfjár og annars sem lýtur að rekstrarumhverfinu. Ég held að samhliða því að það sé kannað sem hér er lagt til hljótum við strax að þurfa að gera úttekt á fjárhagsstöðu útgerðaraðila, ekki síst hinna minni sem skipta miklu máli, en þeirra stærri einnig úti um allt land. Það sé gert því að við verðum að tryggja að þessi atvinnuvegur gangi en undirstöðurnar eru að sligast. Við þurfum að breyta forgangsröðun í þeim efnum og treysta betur sjálfbærar undirstöður þessa atvinnuvegar, bæði í hafi og á landi.

Mér verður hugsað til þeirrar erfiðu stöðu sem margir bændur standa nú frammi fyrir á sama hátt. Þar standa margir frammi fyrir miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Ég held að það sé algjört forgangsmál núna að tryggja stoðir grunnatvinnuveganna, sjávarútvegs og landbúnaðar, og að þegar í stað verði farið ítarlega í rekstrarstöðu hjá bændum landsins og sjá hvort þar sé eitthvað mjög alvarlegt að gerast. Okkur berast þær fréttir að stór hópur bænda velti fyrir sér hvort þeir geti haldið áfram rekstri eða ekki. Nú ríður á að standa vörð um og treysta stoðir þessara grunnatvinnuvega, um matvælaframleiðsluna í landinu. Áform um að innleiða hér ESB-reglur um kjöt og innflutning á hráu kjöti eru jafnfjarlæg og áður.

Ég tek undir þau orð hv. flutningsmanns að það er alveg sjálfsagt og eðlilegt að skoða alla þætti sem lúta að fiskveiðum og fiskveiðistjórnun um að tryggja og treysta afkomu af þeirri atvinnugrein bæði til skemmri og lengri tíma. Eins og ég gat um áðan fluttum við frumvarp til laga á Alþingi í fyrra, hv. þm. Björn Valur Gíslason þá varaþingmaður, Atli Gíslason og ég, um að þessir þættir skyldu allir teknir til endurskoðunar sem og forsendurnar. Við töluðum jafnframt um nýja nálgun í umgengni um auðlindina. Við kölluðum það „sjómenn græða hafið“ alveg eins og „bændur græða landið“. Við þurfum nú að takast á við það á þessum nýja grunni varðandi umgengni og nýtingu sjávarauðlindarinnar.

Það er sjálfsagt að kannað verði hvort auka megi aflaheimildir eins og tillaga hv. þingmanna Frjálslynda flokksins fjallar um. Að sjálfsögðu megum við ekki gera það þannig að það stefni varanlegri nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar í hættu á nokkurn hátt enda er ég ekki að gera mönnum upp þá skoðun.

Við þurfum þó að endurskoða hvernig við höfum staðið að þennan atvinnuveg til að hann nýtist þjóðinni sem best og það með sjálfbærum hætti. Ég undirstrika fyrir hönd okkar þingmanna Vinstri grænna að það er alveg sjálfsagt að skoða alla þætti þessa máls varðandi fiskveiðistjórnina en að sjálfsögðu á grundvelli sjálfbærrar nýtingar og sjálfbærrar þróunar í þessum efnum eins og öðrum.

[13:54]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég er, ásamt Guðjóni Arnari Kristjánssyni og Grétari Mar Jónssyni, flutningsmaður að þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér er til umræðu. Varðandi það sem hv. þm. Jón Bjarnason minntist á í ræðu sinni hygg ég að við séum öll sammála um að við eigum að sjálfsögðu ekki að ganga nær fiskstofnum en svo að um sjálfbærar veiðar geti verið að ræða. Það er mat okkar að við séum ekki að leggja til að gengið verði lengra en sem því marki nemur þannig að um sjálfbærar veiðar geti verið að ræða, að ekki sé verið að ganga of nærri fiskstofnunum.

Þarna geta verið mismunandi sjónarmið. Það liggur fyrir að Hafrannsóknastofnun hefur verið með ákveðnar hugmyndir hvað þetta varðar. Aðrir líffræðingar og sérfræðingar á þessu sviði hafa hins vegar komið með aðra skoðun. Að sjálfsögðu ber að láta náttúruna njóta vafans en menn verða þó að gæta þess að láta ekki eins konar trúarbrögð gilda umfram eðlilega rökhyggju. (**JBjarn:** Enda var ég ekki að segja það.) Ég tek það fram að ég er ekki að vega að þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Jón Bjarnason kom með í ræðu sinni. Ég tek undir þau og þetta á ekki við um málflutning hans, síður en svo.

Ég er eingöngu að gera grein fyrir að hvað þetta svið varðar eins og svo mörg önnur vísindasvið verðum við að líta á hlutina út frá heilbrigðri skynsemi. Við þrír þingmenn Frjálslynda flokksins leggjum til að beitt verði heilbrigðri skynsemi til að sjá hvernig á að bregðast við vegna þess mikla aðsteðjandi vanda sem um er að ræða í samfélagi okkar.

Okkur var það ljóst þegar þessi tillaga til þingsályktunar var lögð fram að við mikinn efnahagslegan vanda væri að etja í íslensku samfélagi. Við áttuðum okkur hins vegar ekki á því á þeim tíma að vandinn væri jafngeigvænlegur og hann er. Tillagan á því mun betur við en þegar við settum hana fram. Það er því mun ríkari ástæða til þess að þessi tillaga til þingsályktunar verði samþykkt og að farið verði eftir því sem hér er verið að leggja til.

Ef tillaga okkar yrði samþykkt segir í greinargerð með henni að það mundi auka tekjur og atvinnu í landinu — sem veitir ekki af — og aukning útflutningsverðmæta gæti verið um 40–50 milljarðar. Nú hafa forsendur breyst m.a. vegna breytts gengis íslensku krónunnar þannig að hér erum við að tala um mun hærri upphæð en um getur í greinargerðinni. Sú fjárhæð sem þá var reiknuð út var miðuð við gengið sem var í gildi á þeim tíma.

Það er alveg ljóst að ný atvinnutækifæri og nýsköpun þurfa að verða í íslensku samfélagi og með því að leggja til að um aukningu á þorskafla á þessu fiskveiðiári verði að ræða bendum við á eina leið sem gæti virkað sem hvati og fengið hjól atvinnulífsins til þess að snúast þar sem þau eru á mörgum stöðum að stöðvast. Það er mjög mikilvægt.

Ég vil ekki láta hjá líða að vekja athygli á því, ekki síst vegna þeirra umræðna sem farið hafa fram um verndarstefnu, að því miður hagar svo til að kvótastýrðar fiskveiðar hafa aldrei náð þeim árangri sem að hefur verið stefnt, hvergi í veröldinni. Við höfum nú búið við kvótastýrðar fiskveiðar og takmörkun á hámarksafla um það langa hríð að við getum dæmt nokkuð vel sjálf út frá þeirri reynslu sem við höfum fengið hvað þar er um að ræða. Þá liggur fyrir að þrátt fyrir mjög miklar takmarkanir á veiðum hefur heimild til veiða samt sem áður stöðugt verið að dragast saman. Sífellt minni heildarafli er leyfður en var í upphafi þegar kvótastýrðar fiskveiðar voru teknar upp og munar þar töluvert miklu. Hvernig skyldi standa á því? Sérfræðingar sem komið hafa að málum hafa haldið því fram þann aldarfjórðung sem kerfið hefur verið við lýði að með því að farið yrði að þeirra mati mundi fljótlega verða bjartari tíð með

blóm í haga og bættum og meiri fiskveiðum en verið hefur. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin.

Á síðastliðnu fiskveiðiári fór sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnin algjörlega eftir þeim tillögum sem Hafrannsóknastofnun lagði til. Þorskaflinn í ár hefur ekki aukist. Það er ekkert útlit fyrir það miðað við þau vísindi sem farið er eftir hjá Hafrannsóknastofnun að um það verði að ræða yfir höfuð. Á sama tíma tala þeir sem gerst þekkja til sjómennsku og veiða að ástandið í hafinu og lífkerfinu í kringum landið sé með allt öðrum hætti en haldið er fram af þessum ákveðna hópi vísindamanna.

Ég hef haldið því fram að það væri mjög mikilvægt að við hefðum möguleika á því að leita til annarrar óháðrar vísindastofnunar varðandi mat á því hvernig við skulum haga hámarksafla og ákvörðunum um aflahlutdeild fyrir hvert fiskveiðiár þannig að við værum ekki bara bundin við hóp vísindamanna í einni opinberri stofnun. Ég hefði talið það vera mikilvægt að við hefðum annan slíkan ráðgefandi aðila sem ekki heyrði undir sjávarútvegsráðuneyti eða ríkisstjórn. Þar yrði um að ræða aðila sem væri hlutlaus og enginn þyrfti að efast um að gæfi hlutlægt mat á því hvernig hlutirnir eru. Ég tel að það væri mjög mikilvægt að við kæmum upp slíkri stofnun einmitt til þess að við ættum auðveldara með að gera okkur grein fyrir hvernig vísindamenn og fleiri leggja mat á hvernig farið skuli að.

Það eru ekki algild vísindi í hafrannsóknum og fiskifræði frekar en í hagfræði og mörgum öðrum háskólagreinum. Þess vegna skiptir svo miklu máli að stjórnmálamenn hafi möguleika á því að fá álit mismunandi aðila eða stofnana þegar þeir leggja mat á hver sé hin eðlilega viðmiðun þegar taka á ákvörðun um mikilvæg mál.

Ég tel að miðað við þær upplýsingar sem óháðir sérfræðingar hafa tjáð mér göngum við ekki það nærri lífkerfinu þó að þorskafli fiskveiðiársins 2008–2009 væri aukinn um 90 þús. tonn þannig að það horfði til ofveiða á þorskstofninum. Við leggjum til til aukningu þjóðarteknanna en stundum áfram sem hingað til sjálfbærar veiðar þannig að við göngum ekki á auðlindir hafsins með óeðlilegum hætti.

Það er hins vegar mikilvægt og við skulum gera okkur grein fyrir því að hér ríkir neyðarástand eins og sakir standa. Við erum að sigla inn í sennilega alvarlegustu kreppu frá stofnun lýðveldisins. Það skiptir máli fyrir stjórnmálamenn að leita allra leiða til þess að þjóðin geti unnið sig sem allra hraðast út úr þeim vandamálum sem augljóslega eru fyrir hendi og eru fram undan. Tillaga okkar þingmanna í Frjálslynda flokknum er viðleitni, ein hugmynd sem miðar að því að þjóðin geti náð að vinna sig sem hraðast og auðveldast út úr þeim vanda sem við er að etja þannig að við búum innan skamms við bættan hag og fulla atvinnu.

[14:05]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil taka þátt í þeirri umræðu sem hér fer fram um tillögu til þingsályktunar um aukinn þorskafla á fiskveiðiárinu 2008 og 2009 sem þingmenn Frjálslynda flokksins hafa lagt fram, og leggja til að Alþingi álykti að þorskafli fiskveiðiársins 2008–2009 verði aukinn um 90.000 tonn.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að leggja neitt mat á þann tonnafjölda sem hv. þingmenn leggja til að þorskaflinn verði aukinn um á yfirstandandi fiskveiðiári, ég hef hreint og beint ekki sjálf þekkingu og kunnáttu til að meta það. Hitt er ljóst að það verða að eiga sér stað róttækar breytingar hvað varðar sjávarútvegsstefnu okkar, hvað varðar stýringu á fiskveiðistjórninni og það verður líka að horfa til þess að við verðum að auka rannsóknir á lífríki sjávarins. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum margoft á undanförnum árum bent á að Hafrannsóknastofnun vanti fjármagn til þess að stunda slíkar rannsóknir. Vísindamenn okkar á þeirri stofnun hafa bent á að þeir hafi stundað þær rannsóknir sem þeir hafa haft fjármagn til. Þeir hafi gjarnan viljað fara í miklu víðfeðmari rannsóknir eða hafa fleiri með sér, Háskóla Íslands og fleiri aðila, til þess að rannsaka betur lífríki sjávarins en hafi ekki haft fjármagn til þess. Þeir telja að þeir hafi getað nýtt fjármagnið best með þeim aðferðum sem þeir hafa notað en þær eru mjög umdeildar, og sérstaklega hjá sjómönnum.

Þar við bætist að hitastig sjávar er að breytast, það hefur hlýnað, og lífríki sjávarins er þar af leiðandi líka að breytast miklu hraðar en við höfðum gert okkur grein fyrir. Þetta er að koma fram, ekki bara í sjávarafla og samsetningu afla heldur einnig hvað varðar lífríki sjávarfugla sem eru að hrynja úr ætisleysi. Það er því greinilegt að það er mikið að gerast. Þar af leiðandi — þrátt fyrir þær aðstæður sem við búum við í dag, og þegar við erum búin að átta okkur á hlutunum og sjá hvar við stöndum — verðum við að huga að því að efla þann grunn sem við verðum svo að byggja á, það eru rannsóknir, m.a. í lífríki sjávar. Ef við gerum það ekki og höldum áfram að veiða eins og við höfum gert núna og eftir því fiskveiðikerfi sem við höfum má eiginlega segja, hvort sem það er til lands eða sjávar, að við séum að borða útsæðið, ef við vitum ekki hversu nærri fiskstofnunum, hversu nærri auðlindum náttúrunnar við getum gengið án þess að ganga á auðlindir framtíðarinnar, þannig að auðvitað verðum við að fara varlega.

Það er ekki síður að við getum horft á kvótakerfið sem slíkt og hvaða afleiðingar það hefur svo haft fyrir atvinnu í landinu, atvinnu í sjávarbyggðum landsins, fyrir skiptingu auðs og uppbyggingu þeirra fyrirtækja sem eru með úrvinnslu sjávarafurða — sem hefur á fáum árum færst á fáa staði og verið umfangsmeiri þar og aflinn verið fluttur fram og til baka um landið á sama tíma og vantað hefur afla á markað þannig að aðrir minni staðir hafi komist í og aflinn verið sogaður frá sjávarbyggðunum vítt og breitt um landið, þeim er að blæða út og við því verður að bregðast.

Þó svo að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt það til — og í því frumvarpi til laga sem hv. þm. Jón Bjarnason vísaði til hér í máli sínu, frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem Björn Valur Gíslason og Jón Bjarnason og Atli Gíslason lögðu til hér fyrir ári, um að gildistími núgildandi laga um fiskveiðistjórnun gilti ekki lengur en til 2010, en tíminn fram að því væri notaður til þess að endurskoða kvótakerfið, allt fiskveiðistjórnarkerfið með tilliti til þess að byrja hreinlega upp á nýtt og koma á kerfi sem uppfylli þau skilyrði, þau markmið, sem núverandi kerfi átti að uppfylla, þ.e. sem sé að vernda fiskstofnana — það hefur ekki gerst — að stuðla að

hagkvæmri nýtingu þeirra — það hefur heldur ekki gerst, að treysta atvinnu — hún hefur öll færst til — og efla byggð í landinu — og það er aldeilis ekki því að víða er atvinnan að hrynja. Þetta er það sem við þurfum að gera og ég skil vel þá tillögu hv. þingmanna Frjálslynda flokksins að leggja til að þetta sé það sem við getum gert núna. Þetta er samkvæmt leiðbeiningum sjómanna sem hafa bent á að víða sé sjórinn fullur af fiski.

Ég vildi líka benda á nokkur atriði sem við getum gert nú þegar og það er að huga betur að fullvinnslu sjávarfangs en gert hefur verið. Mikið er selt út af óunnum fiski og auðvitað verðum við að reyna að horfa til þess að hafa verðmætasköpunina sem mesta hér á landi, að virðisaukinn sé hér, að virðisaukinn verði ekki til á fáum stöðum heldur dreift um landið. Þó að við höfum bent á það að eignir, kvótinn, hafi færst á fárra manna hendur er staðan sem blasir við enn alvarlegri en þegar hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttu frumvarpið fyrir ári. Hver er staða þessara fyrirtækja í dag, hvernig standa þau? Hvað er búið að veðsetja aflann í sjónum, hvernig stendur þjóðin með réttindi sín til veiða og réttindi til að sækja á sjó ef illa er fyrir þessum fyrirtækjum? Skuldastaða sjávarútvegsins hefur verið slæm og ég er viss um að allir kvíða þeim niðurstöðum sem munu trúlega birtast okkur á næstu dögum.

Það er líka hægt að gera fleira. Það væri alveg hægt að taka út fyrir sviga smábátana, smábáta allt að fimm tonnum, með tvær rúllur, þar sem eigendur smábátanna sækja sjóinn, þar sem þessum smábátum er ekki safnað mörgum undir sama aðilann sem gera þá út marga báta. Það væri hægt að taka smábátana með tvær handfærarúllur út fyrir sviga rétt eins og við erum að deila út byggðakvóta. Þetta yrði aldrei það magn að það hefði afgerandi áhrif á heildaraflann og mundi trúlega aldrei verða það magn sem mundi skipta máli. — Mér finnst ekki hægt annað en nefna það að það hefur ekki tekist og mun ekki takast innan núverandi kerfis að koma í veg fyrir brottkast, því að þegar sjómenn og kvótaeigendur, eða þeir sem sækja sjóinn í dag, eru bundnir þessum kvótum er brottkast hluti af þessu kerfi. Einnig væri hægt að gefa stangveiðibátunum heimild til þess að fiska fyrir utan kvóta, smábátarnir og stangveiðibátarnir veiða með vistvænum veiðarfærum en þessi sjósókn mundi sannarlega efla byggð um allt land.

[14:15]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Í þessu stutta andsvari langar mig að víkja að því sem hv. þm. Þuríður Backman kom að um breytileika í lífríkinu og hvaða áhættu við hugsanlega tækjum.

Ef mig grunaði að við tækjum geysilega áhættu með lífríkið í hafinu með því að auka veiðarnar þá hefði ég sennilega aldrei lagt það til.

Ég veit ekki hvernig á að lýsa því nákvæmlega fyrir hv. þingmönnum hvernig ástandið er en það er kannski hægt að gera það með einfaldri samlíkingu. Á svæðinu frá Víkurál austur og norður um og norður fyrir Hraun 37 mílur norður af Kolbeinsey er þorskur í öllum djúpkantinum. Þetta eru sennilega um 200 sjómílur eða svipað og vegalengdin héðan og til Akureyrar í kílómetrum talið.

Ég stundaði sjó í 35 ár. Ég minnist þess ekki að fullyrt hafi verið við mig eða ég nokkurn tíma orðið þess áskynja að á öllu þessu svæði mætti veiða þorsk bæði djúpt og grunnt. Ég sé enga ástæðu til að efast um þær upplýsingar sem koma frá fiskimönnum (Forseti hringir.) og þeim sem stunda veiðar á grunnslóð (Forseti hringir.) að ástand þorskstofnsins sé í mun betra ásigkomulagi en fiskifræðingar gera ráð fyrir.

[14:17]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að koma í þetta andsvar. Ég sagði í upphafi ræðu minnar að ég væri ekki dómbær á hvort þessi 90.000 tonn væru innan þeirra marka sem við teldum ásættanleg eða óhætt að fara í. Ég treysti aftur á móti langri og mikilli reynslu hv. þingmanns. Ég hef heyrt ákall sjómanna og fullyrðingar þeirra um ástand fiskstofna hringinn í kringum landið. Ég hef líka séð, þótt ekki væri nema í mínu eigin kjördæmi, hvernig byggðirnar eru að hrynja og veit því að breyta verður bæði fiskveiðikerfinu og hlusta á sjómenn þegar lagt er á ráðin um hámark aflaheimilda.

Auðvitað eigum við að horfa á þessa heild út frá sjálfbærri þróun. Bæði að ganga ekki á útsæðið í hafinu, ganga ekki of langt og útfæra sjálfbæra þróun í byggðum landsins. Það er ekki sjálfbær þróun að þurrka upp búsetu úti um land og sópa íbúunum á suðvesturhornið. Við lifum ekki af því að versla með bréf fram og til baka. Við lifum ekki á þessu landi nema að framleiða og við eigum auðæfi. Auðæfin eru í hafinu og í landbúnaði sem við höfum ekki nýtt sem skyldi og auðæfin liggja í orkugjöfum landsins sem við verðum að gæta að eins og gulleggi til framtíðar en ekki hrifsa til okkar í dag og eyða. Það er ekki góð fjárfesting.

[14:19]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar. Við lögðum hana fyrir þingið á síðasta þingi. Margt hefur breyst síðan þá. Meðal annars hefur komið álit frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna um að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi gangi ekki upp og við virðum ekki mannréttindi og nú síðast þessi rosalega bankakrísa. Við reiknuðum ekki með þessu þegar við lögðum þingsályktunartillöguna fram en við í Frjálslynda flokknum höfum oft haldið því fram, bæði í tillögum á síðasta þingi og í kosningabaráttunni fyrir einu og hálfu ári síðan að óhætt væri að veiða miklu meiri þorsk en við gerum.

Þar sem allir stóru bankarnir sem hafa verið með veð í óveiddum fiski í sjónum eru aftur orðnir að ríkisbönkum stöndum við frammi fyrir því að nú gæti verið auðveldara að taka til baka þær veiðiheimildir sem fáum útvöldum hefur verið úthlutað í gegnum tíðina.

Í gærmorgun var fundur í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og þar spurði ég hæstv. sjávarútvegsráðherra um skuldastöðu sjávarútvegsins, hversu háar áætlaðar tekjur af honum væru á þessu ári og hver framlegðin yrði. Ég fékk auðvitað engin svör. Það er reyndar erfitt að svara sumu og

ég ætlast nú ekki til að fá þetta upp á krónu og aura eða ákvæma prósentutölu. En hægt er að leika sér aðeins, eða ekki að leika sér. Þetta er auðvitað ekki leikur. Við fáumst við alvarlega hluti.

Beinar skuldir sjávarútvegsins eru í kringum 450–500 milljarðar. Með viðbótarskuldum sem tengjast sjávarútvegi með fjárfestingum í fyrirtækjum í öðrum greinum telja sumir að samtals séu beinar og óbeinar skuldir allt að 800 milljarðar. En ég ætla ekki að stilla dæminu þannig upp, heldur tala um að þetta séu 450–500 milljarðar.

Samkvæmt upplýsingum Arnars Sigurmundssonar á fundi fiskvinnslustöðva 26. september voru áætlaðar tekjur íslensks sjávarútvegs á árinu 145 milljarðar. Auðvitað má reikna með því að þær hækki eitthvað með breyttri gengisskráningu og við skulum tala um að þær verði 160 milljarðar þegar upp verður staðið. Framlegð í sjávarútvegi í veiðum og vinnslu er ekki nema 10–20% og ef við reiknum með því að hún sé 20% að þá sýnist mér að í íslenskum sjávarútvegi séu 30–35 milljarðar afgangs til að borga vexti og afborganir af 450–500 milljarða skuld.

Það gefur augaleið að þetta dugar ekki. Ef sjávarútvegurinn væri eitt fyrirtæki væri hann gjaldþrota. En sem betur fer er hann ekki eitt fyrirtæki heldur mörg og standa sum þeirra betur og önnur verr en sjávarútvegurinn í heild.

Íslenskur sjávarútvegur er í gríðarlegum vanda. Íslenskur almenningur hefur tapað stórfé, bæði fjölskyldur og einstaklingar og að auki tapar almenningur í gegnum lífeyrissjóðina og skaði almennings í landinu er verulegur. Það gefur augaleið að bankarnir sem verið er að endurreisa núna þurfa að gera veðköll og kalla eftir meiri og betri veðum en þeir hafa haft. Sumir geta eflaust staðið undir því en aðrir ekki. Það er eins og gengur og gerist.

Veð í bönkum í dag eru að stórum hluta óveiddur fiskur í sjónum. Þegar þorskur var veðsettur fyrir ári síðan var kílóið metið á 4.200 kr. Í síðustu sölu fyrir hálfum mánuði var talað um 2.000–2.400 kr. á kíló. Mat á óveiddum fiski hefur lækkað um allt að helming. Þetta þýðir að veð fyrir skuldum í sjávarútvegi eru nú ekki nema 40–50% af því sem þau voru áður.

Þegar slík staða er komin upp þarf að skoða allt upp á nýtt og kannski þurfum við eða verðum að innkalla allar veiðiheimildir á Íslandsmiðum og annars staðar til ríkisins og gefa öðrum tækifæri til veiða. Jafnvel bjóða veiðiheimildirnar upp og búa til auðlindasjóð sem hægt væri að nota til að aðstoða og hjálpa til í samfélaginu. Við verðum að hugsa þessi mál upp á nýtt ekki síður en þá uppstokkun sem er á öðrum sviðum þjóðfélagsins. Sérstaklega á ég þá við bankana sem eru með veð og eru í raun farnir á hausinn allir þrír. Það verður að reikna eignir bankanna að hluta til í óveiddum fiski í sjónum sem ekkert stendur á bak við.

Við leggjum til að bæta við 90.000 tonnum. Í kosningabaráttunni fyrir einu og hálfu ári síðan sagði ég að óhætt væri að veiða 250.000 tonn á ári næstu þrjú árin. Ég stend við það. Enda lögðum við tillöguna fram með mikilli varúð svo við ofbyðum ekki öðrum. Við vissum að fáir þingmenn eru vel inni í þessum málum og skilja kannski ekki hvað er óhætt. Eftir að hafa verið skipstjóri í hátt í 30 ár og fengist við að elta fisk verður maður sjálfkrafa fiskifræðingur. Ég hef áttað mig á eftir að hafa í tíðina átt í samskiptum við starfsmenn Hafrannsóknastofnunar að ég veit meira um hegðun fisks og fiskigengd en margir fiskifræðingar. Ég geri mér fulla grein fyrir því að ekki allir vita það sem ég veit.

Í gegnum tíðina hefur mikið verið deilt á Hafrannsóknastofnun vegna þess að nánast öll ráðgjöf hennar byggist á svokölluðu togararalli sem endurspeglar ekki rétta niðurstöðu. Togararallið var útbúið 1984 og enn er togað á sömu slóðum og þá þrátt fyrir að hitastig hafsins og lífríki hafi breyst með hverju ári og þar af leiðandi geti þessi aðferð aldrei verið nothæf. Það er bara þannig. Nýjar upplýsingar hafa komið fram en Hafrannsóknastofnunin samþykkti þær ekki fyrr en á síðasta ári þó að fullorðnir sjómenn, sem hafa lifað og hrærst í sjómennsku allt sitt líf, hafi bent á að margar gerðir af þorski væru í hafinu. Loksins hefur Hafrannsóknastofnunin með DNA-rannsóknum áttað sig á og viðurkennt að margir þorskstofnar eru við Ísland og því þarf að hugsa þetta allt öðruvísi en gert hefur verið.

Hiklaust er hægt að veiða 90–100.000 tonn í viðbót án þess að skaða lífríkið á nokkurn hátt. Við munum ekki bara fá gjaldeyristekjur fyrir þorsk heldur verður auðveldara að veiða ýsu, ufsa, karfa, grálúðu og steinbít en allar þessar tegundir brunnu að hluta til inni á síðasta fiskveiðiári og náðist ekki að veiða þær af því að þorsk vantaði sem meðafla.

[14:30]

Bjarni Harðarson (F):

Frú forseti. Ég ætla ekki að setja á langa tölu um þetta mál en vil samt koma upp og fagna þessari umræðu. Ég tel að þrátt fyrir þau válegu tíðindi sem berast úr samfélaginu sé það skylda okkar sem sitjum á hinu háa Alþingi að halda áfram okkar verki rétt eins og aðrir þegnar og annað starfandi fólk þessa lands verður að gera.

Hér er hreyft við mikilvægu máli og við framsóknarmenn höfum talað fyrir því að horft sé til þess að auka hér veiðar. Þó við höfum ekki viljað ganga eins langt og félagar okkar í Frjálslynda flokknum þá tel ég að aðstæður núna kalli á ákveðið endurmat á þeim úthlutunum sem gerðar hafa verið og við skulum vera þess minnug að við umræðu um þetta fyrir ári síðan voru forsendur þær að hér á landi væri góðæri, að hér á landi væri góð staða og við hefðum efni á því að geyma fiskinn í sjónum, við hefðum efni á því að byggja stofninn upp á þeim forsendum. En það breytti svo sem engu um það að þau vísindi sem segja í fyrsta lagi að við getum geymt hann í sjónum með þessum hætti og í öðru lagi að það sé þörf á því. Þau hafa legið undir mikilli gagnrýni. Ég held að þar þurfi margt að endurskoða. Við framsóknarmenn höfum kallað eftir því að meiru fé sé varið til hafrannsókna og hreyft við þeirri umræðu að ef til vill eigi einhvern veginn að aflétta þeirri einokun sem er á þekkingunni í þessum efnum vegna þess að hið sama gildir með þekkingarskólana og annað í atvinnulífinu að þar þarf að ríkja ákveðið frelsi, þar þurfa allar skoðanir að fá að njóta sín og takast á. Þó ég sé ekki sérfróður um sjávarútvegsmál þá hef ég ekki upplifað umræðuna um ástandið í hafinu og um íslenskan sjávarútveg á þann hátt að þar hafi ríkt það frelsi, að þar hafi ríkt það akademíska andrúmsloft sem ég held að eigi að ríkja í umræðu um stöðu fiskstofn-

anna í hafinu.

Síðan vil ég í þessu sambandi líka minna á að við höfum vakið athygli á því að það eigi að ræða kvótakerfið Ég er einn þeirra framsóknarmanna sem hafa verið í flokki þeirra sem hafa í grundvallaratriðum talið þetta kerfi okkar gott og margt í því styð ég heils hugar og þar á meðal held ég að það sé ekki rétt að afnema hið frjálsa framsalskerfi. Ég held að það væri skref aftur á bak og ekki farsælt upp á þróun í greininni. En ég held engu að síður að við þurfum að koma til móts við þá vankanta sem eru á kerfinu og þá árekstra sem kerfið á við almenn mannréttindi. Ein af þeim leiðum sem ég held — og nú tala ég fyrir mig en ekki fyrir stefnu flokksins í þessum málum. Þar er þetta mjög í umræðu og við höfum rætt þetta á alla kanta og ekki svo sem tekið þar neina gallharða afstöðu — en ég held að ein leiðin í þessum efnum væri sú að skoða hvort við gætum heimilað hér á landi smábátaveiðar í takmörkuðum mæli, þ.e. með smábátum sem væru þó ekki eins öflugir og var í því smábátakerfi sem var hér frjálst fyrir nokkrum árum heldur svona heldur afkastaminni hvað varðar rúllufjölda og annað slíkt því þeir bátar voru nánast orðnir eins og vertíðarbátar og jafnvel að það væru mjög takmörkuð veiðisvæði sem slíkir bátar gætu unnið á. Það gæti jafnframt komið til móts við þá miklu slysahættu sem stafar af mikilli smábátaútgerð.

Þetta held ég að verði brýnt fyrir okkur að skoða á komandi vetri því brýnast er núna að okkur fallist ekki hendur og við gefumst ekki upp í hugarvíli í þeim miklu erfiðleikum sem steðja að heldur horfum til þess að það mikilvægasta hjá okkur núna er að afla gjaldeyris og skapa atvinnu og einhvers konar lítils háttar opnun á kvótakerfinu með þessum hætti gæti verið mörgum þeim sem eru að missa vinnuna í dag og næstu vikur og mánuði og þjóðarbúinu öllu mjög mikilvægt.

Ég held líka að þegar við komum að umræðunni um aflamarkið, um kvótann, um það hversu mikið megi veiða þá lúti þetta í rauninni að fleiru en bara þeim tonnum sem megi taka upp úr sjó. Við þurfum líka að horfa á það hvernig það er gert. Það er þannig við allar nytjar á náttúrunni að ekki bara magnið telur heldur hvernig gengið er með auðlindina, hversu vel er skilið við það sem ekki er tekið og hversu vel er skilið við þær stöðvar þar sem tekið er. Þess vegna held ég að eitt af því sem við þurfum að skoða séu sem umhverfisvænstar veiðar vegna þess að öll umræðan um fiskveiðikerfið er umræða um umhverfisvernd. Það er mikilvægt að við höfum það hugfast. Þá held ég að umræðan verði handfæraveiðunum frekar hagstæð í þessum efnum.

[14:36]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil gera athugasemdir við málflutning hv. þm. Bjarna Harðarsonar. Það er sérstaklega varðandi frjálsa framsalið. Árið 1991 þegar frjálsa framsalið var sett á batt það hendur manna mjög mikið. Áður en það varð til, þ.e. frá 1984–1991, var boðið upp á þrjá valkosti, aflamarkskerfi, sóknarmarkskerfi og svo var hægt að fá meðalafla sambærilegra skipa á sama svæði. Þetta var þriðji valkosturinn sem menn nýttu sér töluvert, sérstaklega þegar þeir voru að kaupa togara á suðursvæði og færa á norðursvæði.

Það er ekki hægt að ætlast til þess að allir þingmenn séu vel inni í sögu fiskveiðistjórnarkerfisins á Íslandi. En við sem nánast vorum búnir að vera nokkur ár skipstjórar áður en kerfið var sett á og upplifðum svo hömlur og skerðingu á atvinnufrelsi og töldum að við værum misrétti beittir við það að af okkur var tekið atvinnufrelsið, höfum auðvitað ekki sætt okkur við þetta og munum auðvitað aldrei gera það. Við fengum stuðning síðasta vetur frá mannréttindanefnd þar sem hún tók undir það að verið væri að brjóta á okkur mannréttindi og atvinnuréttindi væru tekin af okkur með þessu kerfi.

Við í Frjálslynda flokknum höfum flutt tillögur. Á síðasta þingi fluttum við tillögur um frjálsar handfæraveiðar eftir ákveðnum leikreglum, meðal annars um tvær rúllur á hvern mann. Ég vildi bara minna hv. þingmann á þetta.

[14:38]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessi skoðanaskipti. Ég veit að við hv. 10. þm. Suðurk. verðum ekki algerlega sammála í þessum efnum sem er kannski ekki markmið í sjálfu sér. Allra síst þurfum við að vera sammála um það hvort breytt hafi verið rétt í sögunni því henni breytum við ekki. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að þingmenn þekkja sjávarútvegssöguna og sjávarútveginn mjög misvel og hér eru nokkrir inni sem þekkja það mjög vel af sínu ævistarfi. Ég er ekki í þeim hópi og ólst ekki upp við það að sjá til sjávar í minni bernsku. Ég veit ekki hvað ég var orðinn stálpaður þegar ég sá þann mikla poll fyrst en ég hef verið kominn nokkuð á legg.

Ég vil bara segja í sambandi við frjálsa framsalskerfið að margt hefur verið sagt um það nákvæmlega hvernig því var komið á og ætla ég ekki að fara út í það. En það hefur margt verið talað um að það hafi þurrkað upp byggðirnar og það hafi stuðlað að mikilli samþjöppun í þessari grein. Þá mega menn ekki gleyma að samþjöppun hefur líka orðið í öðrum greinum og ekki minni á sama tíma án þess að þar hafi verið neins konar kvótakerfi til staðar. Ég er þess vegna ekki viss um að það sé réttmætt að kenna frelsinu um. Ég held aftur á móti og hef þá trú þrátt fyrir þær hörmungar sem við nú göngum í gegnum að við megum ekki verða allir að steinrunnum kommúnistum heldur verðum við að trúa á að viðskiptafrelsið hafi nokkuð til síns ágætis.

[14:40]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ótrúlegt að hlusta á hv. þingmann segja þetta. Frelsi, þetta var nefnilega ekki frelsisskerðing. Það var frelsisskerðing að setja kvótakerfið á. Það var frelsisskerðing. Þeir sem hafa talað um frelsi til athafna og gjörða æðioft og oft á hátíðisdögum, það er ekki frelsi sem þeir buðu mönnum upp á þegar þeir tóku og ákváðu að kvótasetja allar fisktegundir. Það er alveg þveröfugt. Það var tekið frelsi af mönnum. Frjálsræði manna var tekið. Atvinnufrelsi manna var tekið og atvinnuréttur og færður fáum útvöldum. Þeir sem vildu halda áfram að gera út, vera í útgerð og vinna við það sem þeir voru búnir að læra til, hvort sem það voru skipstjórnarmenntaðir menn eða vélstjóramenntaðir menn, þeir áttu ekki frelsi. Þeir þurftu að

borga. Þeir voru orðnir leiguliðar og voru í því hlutverki að leigja veiðiheimildir af mönnum sem fengu þær gefins ókeypis frá ríkinu. Þær voru afhentar af ríkinu fáum útvöldum sem leigðu svo öðrum það. Þegar frjálsa framsalið var sett á 1991 þá byrjuðu þessi ósköp að menn fóru að verða leiguliðar og lénsherrar og sumir stunduðu ekki fiskveiðar. Þeir bjuggu úti á Flórída eða úti á Spáni og leigðu veiðiheimildirnar sínar af því að þeir höfðu meira fyrir það. Í dag er verð á mörkuðum fyrir þorsk 300–350 kr. En menn borga í leigu 280–290 kr. Þetta er ekki kerfi sem er heilbrigt. Ég þekki til framsóknarmanna og gömlum framsóknarmönnum hefði ekki líkað að þurfa að borga bróðurpartinn af rollunni til að fá að selja dindilinn eða eitthvað svoleiðis.

[14:42]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmanni að það er ekki mjög heilbrigt hvernig viðskipti með kvóta á Íslandi hafa verið á undanförnum árum. Spákaupmennska þar hefur verið mikil og verð ... (**GMJ:** Þetta er aflamarkskerfið Bjarni.) Frú forseti. Eins og ég sé þetta þá er þetta hluti af því óheilbrigða viðskiptakerfi sem hér hefur skapast í mikilli spákaupmennsku. Menn hafa verðlagt kvóta bæði í sjávarútvegi og landbúnaði af þeim sökum langt upp fyrir allt sem raunhæft er rétt eins og menn hafa verðlagt mjög margt annað í því fárviðri sem hefur í rauninni geisað í mörg ár á fjármálamörkuðum og við höfum tekið þátt í af allt of miklum æsingi og látum og sér nú að nokkru fyrir endann á að vísu með erfiðleikum sem eru miklu meiri en við hefðum viljað lenda í og okkur óraði nokkurn tíma fyrir. En þar með held ég ekki að menn geti fullyrt að ekki hefði átt að leyfa mönnum — úr því að kvótakerfið var komið þá var það ákveðin frelsisskerðing og ákveðin hefting að menn gætu ekki ráðstafað þessum rétti sínum og réttur er með vissum hætti eign. Það er aftur á móti mjög mikilvægt í þessu sambandi og fyrir því höfum við talað við framsóknarmenn — ég get alveg viðurkennt að um þetta eru skiptar skoðanir innan Framsóknarflokksins og ég vil að það komi hér fram að ég tala fyrir minni skoðun — en við framsóknarmenn höfum aftur á móti staðið mjög fast saman í því að við viljum og munum leggja fram aftur á þessum vetri eins og þeim síðasta frumvarp um að sett verði í stjórnarskrá að auðlindir sjávar séu sameign þjóðarinnar. Það er mjög mikilvægt skref til að tryggja að kvótinn hegði sér ekki sem eign útgerðarinnar. Það má hann aldrei vera. Við erum að tala um rétt til veiða og ég tel að í (Forseti hringir.) heilbrigðu viðskiptaumhverfi verði það ekki verðlagt upp úr öllu valdi líkt og gert hefur verið á síðustu árum.

[14:44]

Útbýting:

Skipan frídaga að vori, 85. mál, þáltill. SÖE o.fl., þskj. 90.

Sóknargjöld, 7. mál, frv. ÁMöl og GSv, þskj. 7.

Tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópusambandinu, 79. mál, þáltill. BJJ, þskj. 79.

[14:45]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Frú forseti. Hér erum við að ræða um þingsályktunartillögu þar sem lagt er til að leyfilegur þorskafli á fiskveiðiárinu 2008–2009 verði aukinn um 90 þús. tonn. Það er ekki nema von að menn komi með slíka tillögu. Í fyrsta lagi eru mjög margir ósammála þeirri skoðun Hafrannsóknastofnunar að ekki sé þorandi að veiða meira og mjög margir sjómenn sem fara á miðin hvenær sem þeir geta segja að mikill sé fiskur í sjónum og það sé vandamál að ekki megi veiða meiri þorsk. Það er mjög eðlilegt að þessi hugmynd komi fram í ljósi þess ástands sem nú ríkir, ekki veitir af að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Ég tel að brýnt sé að taka þessa tillögu til mjög alvarlegrar íhugunar með jákvæðu hugarfari og hugsa vel hvort ekki sé rétt að auka þorskveiðiheimildirnar, það er skoðun mín.

Ef heimild verður gefin til að veiða umframafla miðað við það sem nú er tel ég að ríkið eigi að setja það á markað og allir sem eru í þessu kerfi núna þekkja markaðinn, uppboðin, samkeppnina og allt sem í kringum það er. Það mundi leiða til þess að meira jafnvægi kæmist á þar. Þá gætu menn sem eiga báta, hvort sem þeir eru stórir eða smáir, kvótalausir eða með kvóta, geta allir boðið í á jafnréttisgrundvelli. Ég legg áherslu á það.

Um leið mundi það skapa aukna möguleika til atvinnu. Það er töluverður hópur fólks í landinu sem kann að veiða fisk hvort sem það er á smáum eða stórum bátum, snurvoðarbátum, skakbátum, línubátum, togbátum o.s.frv., og um leið og meiri afli kæmi eru möguleikar á meiri vinnu, meiri tekjum. Það mundi skapa bjartsýni, von og jákvæðni og það er það sem við þurfum. Við búum svo vel blessunarlega í öllu þessu harðæri, því ástandi sem núna blasir við okkur, og erum við þó það vel sett að við getum aflað okkur fæðu og viðurværis í þeirri náttúru.

Hins vegar langar mig til að bæta því við í þessum tengslum við það mál sem við ræðum hér þegar gefnar voru út tölur um hámarksafla en hæstv. sjávarútvegsráðherra þá að auka yrði rannsóknirnar. Talað var um að fleiri aðilar kæmu að rannsóknum á því hversu mikill fiskur væri í sjónum, að við yrðum að reyna að afla meiri þekkingar. Auðvitað er það mjög misvísandi þegar mikill fjöldi sjómanna talar um að mikill sé fiskur í sjónum og fræðimenn eða þeir sem vinna hjá Hafrannsóknastofnun segja allt annað. Þá spyr ég: Er þá ekkert bil þar á milli eða er það bara annaðhvort eða? Hafa sjómennirnir algjörlega rangt fyrir sér eða er það bara Hafró sem hefur rétt fyrir sér? Er allt sem þeir segja algjörlega rétt? Að því getum við ekki komist nema við aukum rannsóknir, samstarf og þátttöku sjómanna í rannsóknunum.

Þá vil ég líka geta þess að hafsvæði okkar liggur að hafsvæðum annarra landa eins og t.d. Noregs, Færeyja og Grænlands. Auðvitað þurfa þær þjóðir að spýta í lófana og leggja áherslu á sameiginlegar rannsóknir og aukið samstarf á þessu sviði.

Ef við setjum auknar aflaheimildir á markað þannig að allir fái að taka þátt í keppninni er í raun og veru um að ræða frjálsa samkeppni á jafnréttisgrundvelli. Það er eðlilegt í frjálsu hagkerfi í stað þess að um úthlutanir sé að ræða. Svo leigja þeir sem fá úthlutanir hinum. Ef einhver

ætlar að fá að veiða eitt kíló af þorski þarf hann að greiða fyrir það um 300 krónur, eins og hv. þm. Grétar Mar Jónsson sagði áðan. Það eru orðin dálítið dýr veiðileyfi.

Ég ætla ekki að tjá mig frekar um þetta en ég er á þeirri skoðun að skoða eigi þessa tillögu, taka hana mjög alvarlega og ræða hana af fullri alvöru hér í þinginu.

[14:52]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Það mætti kannski halda að maður hafi verið bænheyrður. Loksins hefur einhver úr Samfylkingunni séð ljósið og áttað sig á því að hægt er að gera hlutina með öðrum hætti en við höfum gert hingað til. Ég fagna því að Karl V. Matthíasson skuli vera búinn að átta sig á því að það er bæði óhætt að veiða meiri fisk og að endurskoða þarf verulega vinnubrögð Hafrannsóknastofnunar. Það er ekki víst að það þurfi meiri peninga í hafrannsóknir heldur þarf að nýta betur og með öðrum hætti þær fjárveitingar sem fengist hafa í gegnum tíðina.

Auðvitað eru aðrar tegundir en þorskur í hafinu. Það er t.d. engin spurning um að óhætt er að veiða meira af síld hér á heimamiðum, af íslensku sumargotssíldinni. Það er sennilega einnig óhætt að veiða töluvert meira af humri og ufsa og rækjuna höfum við nánast látið eiga sig. Kolategundum getum við veitt meira af en við höfum gert og svo eru ýmsir aðrir stofnar eins og langa og keila, að ég tali nú ekki um skötusel. Það má auka veiðar á öllum þessum tegundum.

Ég er aftur á móti einn af þeim sem er skíthræddur varðandi ýsuveiðina. Við sækjum of stíft í ýsustofninn og ég hef spáð því að með sams konar sókn og núna og á síðasta fiskveiðiári förum við nærri því að eyðileggja ýsustofninn eftir tvö ár. Þegar við ræðum við fulltrúa frá Hafrannsóknastofnun segja þeir alltaf: Þið viljið bara veiða, veiða og veiða, en það er auðvitað ekki svoleiðis.

Ég hef líka áhyggjur af karfastofnunum. Ég held að karfinn sé í mikilli hættu. Karfinn er fiskur sem er seinvaxta og er lengi að verða kynþroska. Ég held að við höfum farið of geyst í að veiða hann í gegnum tíðina enda sést það á veiðinni, á hverju ári brenna inni fleiri þúsund tonn af karfa, bæði úthafskarfa og djúpkarfa og jafnvel gullkarfa. Auðvitað er hægt að nýta hafið betur en við gerum og það er það sem við höfum verið að leggja til í Frjálslynda flokknum, sérstaklega varðandi þorskinn.

Hv. þm. Bjarni Harðarson talaði um mínar prívat- og persónulegu skoðanir. Fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins hefur ekki verið í miklu uppáhaldi hjá okkur sjómönnum, maðurinn sem setti kvótakerfið á og varði það með öllum ráðum lengst af og stjórnaði svo jafnvel með geðþóttaákvörðunum alls konar gjörningum í gegnum tíðina. Það er fræg sagan af því þegar selt var skip úr Garðinum austur á Hornafjörð og átti að veiða áfram á svokölluðu suðursvæði. Þá var landinu skipt í tvennt, í austur frá Eystra-Horni og í vestur frá Látrabjargi. En þegar búið var að kaupa togarann austur á Hornafjörð fékk hann að veiða á sama svæði og á norðursvæði. Það munaði einhverjum 500 tonnum af þorski sem hann fékk í kvótaúthlutun ef hann var á norðursvæði en enn þá, að ég best veit, tilheyrir Hornafjörður suðursvæði, en togarinn fékk undanþágu til að veiða á norðursvæði. Það voru geðþóttaákvarðanir sem fylgdu með í árdaga kvótakerfisins og maður er búinn að sjá ýmislegt í því sambandi, þegar t.d. síld var breytt í þorsk og annað í þeim dúr. Eins þegar reknetabátar hættu að veiða í reknet og fengu að fara á nót fengu þeir að breyta í hlutfallinu tíu tonn af síld á móti einu tonni af þorski af því sem þeir áttu umfram venjulega nótakvóta. Mest var nú gert út af reknetabátum frá Hornafirði.

Framsóknarflokkurinn ber því mikla ábyrgð og jafnmikla ábyrgð og Sjálfstæðisflokkurinn á fiskveiðistjórnarkerfinu. Það er ekkert óeðlilegt þó að nýir þingmenn haldi áfram að fylgja fyrrverandi forustumönnum og treysti sér ekki til að fara upp úr hinum úreltu hjólförum sem Framsóknarflokkurinn var í varðandi þessi mál. En ég átti von á því að nýir þingmenn (Forseti hringir.) þyrðu að breyta til.

[14:57]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vegna orða hv. þm. Grétars Mars Jónssonar hér áðan vona ég að hann hafi áttað sig á því að stefna Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum er sú að öll þjóðin eigi miðin, þau séu sameign þjóðarinnar og að deila eigi út heimildunum á jafnræðisgrundvelli. Það hefur alltaf legið ljóst fyrir. Þetta er náttúrlega mikið auðlindamál og kemur inn í alla auðlindaumræðu sem verið hefur, um vatnið, orkuna og önnur auðæfi jarðarinnar eða landsins. Um er að ræða sameign þjóðarinnar sem við eigum að reyna að nýta saman og gera það þannig að allir hafi af því hag, ekki bara einhverjir örfáir einstaklingar. Það er það sem ég vildi benda hv. þingmanni á. Ég gleðst yfir því að hann telur að þeir sem aðhyllist það sem við köllum jafnræði í útdeilingu og réttlæti sé að sjá ljósið. Ég er náttúrlega glaður yfir því.

[14:59]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í stjórnarsáttmála milli Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar eru engin ákvæði um að gera neinar breytingar. Það á að skipa nefnd til að skoða áhrif núverandi fiskveiðistjórnarkerfis á hinar dreifðu sjávarbyggðir landsins. Það er ekkert sem segir það og engin breyting er í augsýn.

Það er furðulegt af stjórnmálaflokki eins og Samfylkingunni sem á helming ráðherra í ríkisstjórninni að hann skyldi ekki a.m.k. ná helmingi af því sem hann lofaði fólki í kosningabaráttunni en sveik daginn eftir kosningar. Samfylkingarmenn hafa ekki sýnt burði til að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu með neinum hætti. Maður fagnar því að einn þingmaður skuli þó koma og lýsa því yfir að sennilega þurfi að gera breytingu.

Menn verða að átta sig á að þó að fiskurinn í sjónum sé sameign þjóðarinnar en nýtingarrétturinn afhentur fáum útvöldum þýðir það að hægt er að braska með veiðiheimildirnar eins og gert hefur verið síðustu 18 ár. Hægt er að leigja, selja og veðsetja. Þó að veðið sé ekki upp á marga fiska í dag er hægt að leigja og selja veiðiheimildir.

[15:01]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er náttúrlega ljóst að þegar tveir flokkar með ólík sjónarmið í ýmsum málum mynda ríkisstjórn nást

ekki öll mál fram. (**Gripið fram í:** … bætast þó við …) Það er bara þannig. Þeir mætast á miðri leið. Ég held að það sé deginum ljósara að Samfylkingin hefur náð fram gríðarlega mörgum góðum málum í samfélaginu í sambandi við það sem lýtur að félagsmálum sérstaklega. Það er það sem mig langaði að segja. Ef talað er um að helmingur kosningaloforða sé svikinn þá er væntanlega staðið við hinn helminginn. Og ef þetta hefur verið gríðarlega mikill fjöldi loforða þá er það nokkuð vel ef staðið er við helminginn. Það má líta á þetta sem hrós frá hv. þingmanni ef út í það er farið.

[15:02]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er hægt að segja að það hafi fengist eitthvað í félagsmálunum. Það eina sem Samfylkingin getur hreykt sér af (**KVM:** Nei, nei, láttu ekki svona …) eftir kosningar eru verk Jóhönnu Sigurðardóttur þó að þau séu kannski miklu minni en lofað var og lagt var upp með í kosningabaráttunni. En í sjávarútvegi hefur ekkert verið gert. Og það sorglega er að meira að segja flokkur sem þykist vera jafnaðarmannaflokkur á Íslandi, þ.e. Samfylkingin, lætur það yfir sig ganga að mannréttindi séu brotin á Íslandi og þeir ætla ekki að borga bætur þeim mönnum sem hafa orðið fyrir mannréttindabrotum. Þeir sem brjóta mannréttindi eru auðvitað ekkert annað en — bíp.

[15:03]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Ég þakka umræðuna sem hér hefur fram farið um þá tillögu sem við þrír þingmenn Frjálslynda flokksins fluttum hér. Sem betur fer hafa þó nokkrir tekið þátt í umræðunni og lýst velvilja í garð þessarar tillögu og áhuga á að efni hennar nái til framkvæmda og verði til þess að auka tekjur í þjóðfélaginu sem ekki veitir af um þessar mundir.

Við höfum, mörg hver, áhuga á að reyna að auka frelsi á nýjan leik í sjávarútveginum. Frjálslyndi flokkurinn hefur á undanförnum árum lagt fram tillögur um að leyft verði að stunda frjálsari handfæraveiðar en nú er en þó verulega takmarkað, þ.e. bæði stærð báta, fjöldi manna og fjöldi þeirra handfærarúllna sem menn mættu nota. Við höfum lagt til að í þessu sérstaka kerfi handfæraveiða mætti mest vera með fjórar handfærarúllur á bát fyrir tvo menn, að takmörkunin væri þannig að hver maður mætti eingöngu hafa not af tveimur handfærarúllum til veiða sem er náttúrlega veruleg takmörkun á afköstum miðað við það sem verið hefur í hinu sóknarstýrða og síðar kvótasetta handfærakerfi. Ég fagna því í sjálfu sér að við þessa umræðu hafa margir lýst því yfir að eðlilegt væri að horfa til þess. Það hefur líka komið fram hjá mörgum þingmanninum að eðlilegt væri að horfa til svæða í þessu sambandi hvað varðar aukið frelsi til veiða og nefnt að byggðirnar þyrftu aukið frelsi til veiða og þar mætti horfa til svæðaskiptingar, m.a. til þess að byggðirnar hefðu forgang að grunnslóðinni sem næst liggur.

Allt eru þetta hugsanir sem ég tel að eigi virkilega heima í fiskveiðistjórnarkerfi ef menn ætla að lagfæra það til framtíðar, að byggðirnar hafi forgang að sínum grunnmiðum og veiðar eins og handfæraveiðar hafi meira frelsi en aðrar veiðar og einstaklingar hafi frelsi til að velja að fara þar inn án þess að þurfa beinlínis að sækja í aflaheimildapott eða nálgast aflaheimildir með öðrum hætti.

Ég tek undir viðhorf hv. þm. Karls V. Matthíassonar um að þeir sem stunda fiskveiðar greiði af þeim eitthvert afgjald, hvort sem menn veiða úr stýrðum veiðum eins og handfæraveiðum eða ná til sín öðrum aflaheimildum. Ég held að menn eigi að horfa til þess í framtíðinni að æ stærri hluti aflaheimilda færist úr því formi sem nú er og menn fái þær gegn afgjaldi. Við segjum það í greinargerð með þessari tillögu og ég vek athygli á því og beini þeirri athugasemd minni sérstaklega til Karls V. Matthíassonar sem er í sjávarútvegsnefnd. Við bendum á að það eru engin sérlög til um það hvernig leigja á aflaheimildir. Það vantar löggjöf um að ríkið megi leigja frá sér aflaheimildir og hvernig fara eigi með þau verðmæti. Þó að við leggjum til í tillögu okkar að heildaraukningin verði 90 þús. tonn þá leggjum við til að 40 þús. tonn fari inn í núverandi aflamark en 50 þús. tonn fari eftir allt öðrum og nýjum farvegi þar sem ríkið fari að fá afgjald af notkun aflaheimildanna. Eðlilegasti farvegurinn í því sambandi væri auðvitað sá að þeir sem fengju aflaheimildir úr slíkum úthlutunarpottum eða sjóðum greiddu afgjald af lönduðum afla og það væri reiknað frá á fiskmarkaðnum. Þetta þarf ekki að vera flóknara en það. Og þaðan rynni afgjaldið til ríkisins eða sveitarfélaga eftir atvikum.

Ég held að menn eigi að horfa til þess varðandi strandveiðarnar að byggðirnar fái að njóta sérstaklega þess hluta sem þær veiðar gefa af sér og þar þurfi að horfa til ákveðins forgangs. Við nefnum það í tillögu okkar að sérstaklega þurfi að horfa til svæða sem misst hafa frá sér verulegar aflaheimildir á undanförnum árum þar sem hagvöxtur hefur í raun og veru verið neikvæður og í því sambandi geti þurft að sérmerkja einhvers konar leiguform til ákveðinna svæða.

Tillagan er í rauninni tvískipt. Annars vegar að auka heildaraflann um 90 þús. tonn á þessu fiskveiðiári og setja 40 þús. tonn inn í aflamarkið og hins vegar að Alþingi setji löggjöf um uppboðsmarkað og viðskipti með aflaheimildir. Þetta er tillaga sem Frjálslyndi flokkurinn hefur áður bent á og flutt í hv. Alþingi, og var m.a. með í stefnuskrá sinni fyrir síðustu alþingiskosningar, og telur að þannig eigi að þróa þetta kerfi.

Eins og staðan er núna á Íslandi þar sem miklar og verulegar skuldir hvíla á íslenskum sjávarútvegi, við vitum að þær eru kannski 500 milljarðar íslenskra króna, þá er ekki ólíklegt að mörg fyrirtæki, eins og hv. þm. Grétar Mar Jónsson vék að áðan, séu komin í þá stöðu að tekjur þeirra dugi hreinlega ekki fyrir þeim vaxandi skuldum sem lent hafa á sjávarútvegsfyrirtækjum sem og auðvitað öðrum fyrirtækjum í atvinnurekstri, miðað við þá gengisþróun sem verið hefur.

Hæstv. forseti. Það er að mörgu að hyggja. Ég vil aðeins minna á það vegna þess að við ræðum þetta í samhengi við aðstæðurnar í þjóðfélaginu nú hvernig við tókumst á við kreppuna sem fylgdi í lok síldartímabilsins 1968–1970. Hvernig brugðumst við Íslendingar við? Ég er ekki viss um að mjög margir hér á Alþingi séu með það alveg á tæru hvað við gerðum við íslenska flotann á þeim árum. Við settum sérstök lög sem opnuðu landhelgina fyrir veiði með troll innan 12 mílna. Við bjuggum til sérstök kolahólf, við

bjuggum til sérstök hólf til að veiða inni á grunnslóðinni. Hvers vegna gerðum við þetta? Við gerðum það vegna þess að við áttum ekki stærri skip, skuttogara og öflugri skip til að stunda djúpslóðina og við höfðum misst frá okkur tekjurnar af síldveiðum. Við fórum þá leið að reyna með öllum tiltækum ráðum að gera flotanum sem við áttum kleift að afla nýrra tekna. Við gerðum það m.a. með því að setja löggjöf um að veiðiheimildir flotans yrðu auknar. Þá spurðu menn ekki um hvort of mikið væri veitt af kola, steinbít, þorski eða ýsu eða einhverju slíku. Menn notuðu bara allar tiltækar aðferðir til að auka tekjurnar í þjóðfélaginu og halda atvinnustarfseminni gangandi.

Það er auðvitað það sem við þurfum að horfa til núna. Við þurfum að halda atvinnustarfseminni gangandi því að það versta sem gæti gerst núna í kjölfar þess sem gerst hefur væri að á okkur dyndi hvert gjaldþrotið á fætur öðru eða rekstrarstöðvun fyrirtækjanna á hvaða sviði sem er. Við þurfum að forðast það næsta hálfa mánuðinn, þrjár vikurnar að slíkt gerist. Ég held raunar að íslenska ríkisstjórnin verði að beita sér fyrir því að bæði sýslumenn og húsnæðislánastofnanir, bankar og lánastofnanir gangi ekki að fólki eða fyrirtækjum næstu þrjár vikurnar þannig að menn nái að halda atvinnustarfseminni gangandi meðan við komumst út úr þeim mikla vanda sem við erum í. Þetta tengist auðvitað allt hugsun okkar í þessari tillögu og við þingmenn Frjálslynda flokksins sem flytjum hana teljum að það sé engin líffræðileg áhætta að fara í það far sem við leggjum til og menn eigi að gera það.

Ég bendi á hvað við gerðum á árunum 1968–1970 þegar við þurftum nauðsynlega að auka tekjur okkar og halda uppi atvinnustarfsemi þegar síldin hvarf sem hafði verið meginstoð í tekjum þjóðfélagsins áður, þ.e. fram til 1967. Þetta ástand snýr ekki síður að fjölskyldum í landinu og skuldsettu fólki og við verðum að stöðva það um einhvern tíma að gengið sé að fólki á þeim erfiðu tímum sem við göngum nú í gegnum. Við verðum að veita öllum aðlögun sem verða fyrir þeim miklu skakkaföllum sem nú blasa við.

[15:14]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Góð var ræða og brýningar hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar og formanns Frjálslynda flokksins. Mig langar að taka undir þau orð um að ríkisvaldið og stjórnvöld og Alþingi, allir sem koma þar að verði að gera allt sem hægt er að gera til að lágmarka þann skaða sem orðið hefur í samfélaginu. Frjálslyndi flokkurinn kemur hér með þessa tillögu og bendir á eina leið til að koma inn í það. Það er náttúrlega ljóst að það gefur mörgum mikla von ef kvótinn yrði aukinn, margir mundu fá góða tilfinningu fyrir því.

Hv. þingmaður vék að rannsóknum og slíku og mig langar til að spyrja hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hvernig hann sér fyrir sér samstarf sjómanna og Hafrannsóknastofnunar og auknar rannsóknir á þessu sviði. Hvernig sér hv. þingmaður fyrir sér samstarf Íslands og nágrannaþjóða í tengslum við hafrannsóknir og hvernig sjómenn ættu að koma inn í það?

[15:15]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill minna þingmenn á að ávarpa aðra þingmenn með fullu nafni.

[15:15]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég býð þig velkominn á forsetastól og vona að þér farnist störfin vel.

Varðandi það sem hv. þm. Karl V. Matthíasson spurði um, hvernig ég sæi fyrir mér aukið samstarf hafrannsóknamanna og fiskimanna hef ég alltaf talið að fiskimenn sýndu frumkvæði með því að koma fram með ákveðnar tillögur um rannsóknarferli sem þeir vilji fá að taka þátt í. Mér finnst eðlilegt að þeir fái að taka þátt í því á bátum sínum og komi fram með tillögur um hvernig þeir telja að rannsaka þurfi ákveðin svæði og skoða þau vegna þess að það eru fiskimennirnir sem búa að hinni staðbundnu veiðiþekkingu árstíðanna. Þeir búa að hinni staðbundnu þekkingu á botninum. Þeir vita hvar hörðu og linu blettirnir eru og þeir vita hvar þorskurinn velur sér hrygningarstaði oft ár eftir ár á sömu stöðunum og þeir vita einnig að þorskurinn velur sér ekki hrygningarstaði í ákveðnu tíðarfari á sömu slóðum. Ég get nefnt sem dæmi að fiskimennirnir sjálfir geta komið með tillögur um það hvernig rannsaka eigi ákveðin svæði til að öðlast nýja þekkingu og víðsýni yfir það hvernig fiskarnir í sjónum haga sér við mjög breytilegar og mismunandi aðstæður.

Þegar menn koma fram með tillögur af þessu tagi finnst mér að Hafrannsóknastofnun eigi að verða vel við slíkum beiðnum, að til eigi að vera sérstakir fjármunir sem ætlaðir eru í svona verkefni þannig að Hafrannsóknastofnun beri að leggja til fiskifræðing til þess að fara með fiskimönnum af stað í slíka áætlun og fylgja henni eftir.

[15:18]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir svarið og tek undir þau orð að það liggur í augum uppi að þeir fiskimenn sem róa á ákveðnum svæðum í kringum landið eða nærri sinni byggð — Snæfellingar í Breiðafirði og í kringum Jökul og Vestfirðingar á miðunum fyrir vestan — þekkja auðvitað botninn og vita hvenær fiskurinn gengur upp, hvernig hann hagar sér eftir árstíðum og hvernig hann hefur hagað sér undanfarin ár. Þess vegna finnst mér þetta vera mjög gott innlegg í umræðuna hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni.

[15:19]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við lok þessarar umræðu vil ég nota tækifærið og þakka fyrir hana, andsvör jafnt sem aðrar ræður sem komið hafa fram. Ég tel að umræðan hafi verið málefnaleg og dregið fram ýmis þau atriði sem nauðsynlegt er að ræða þegar menn ræða um nýtingu aflaheimilda í sjávarútvegi og hvernig með skuli fara. Við ræðum þessi mál við mjög sérstakar aðstæður sem ég held að ekkert okkar hafi nokkurn tíma upplifað áður. Það þarf sennilega að fara aftur til ársins 1933 til þess að finna sambærilega erfiðleika og

við stefnum í í íslensku þjóðfélagi nú.

Þess vegna er mjög mikilvægt að tillagan sem hér er lögð fram fái góða og efnislega umfjöllun og að menn horfi á hana frá mörgum hliðum, svo sem hvað tekjuöflun varðar, að tryggja stöðu byggðanna úti um landið, að sjávarútvegurinn fái ráðið við þær miklu skuldbindingar sem á honum hvíla og að við reynum með þessu að auka bjartsýni og von í íslensku þjóðfélagi eins og hv. þm. Karl V. Matthíasson vék hér að. Ég tek undir orð hans um að það þurfum við að gera. Við þurfum að koma skilaboðum til íslensku þjóðarinnar um að menn ætli að takast af alvöru á við að auka hér tekjur og tekjumöguleika og reyna að viðhalda atvinnulífinu, að menn séu tilbúnir til þess að taka einhverja áhættu í því sambandi og geri það sem gera þarf til þess að komast út úr því ástandi sem við búum nú við.

Hæstv. forseti. Ég vona að tillagan gangi til hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og fái þar mjög jákvæða afgreiðslu.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og sjútv.- og landbn.

Heilsársvegur yfir Kjöl, fyrri umr.

Þáltill. KÓ o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

[15:21]

Flm. (Kjartan Ólafsson) (S):

Herra forseti. Ég kem í ræðustól Alþingis til að flytja þingsályktunartillögu um heilsársveg yfir Kjöl. Tillagan er endurflutt frá síðasta þingi en því miður fékk hún ekki þann framgang sem ég hafði átt von á í hv. samgöngunefnd þannig að hún er hér endurflutt. Ásamt mér skrifa 16 aðrir þingmenn undir tillöguna úr öllum flokkum nema Vinstri grænum.

Ályktunin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna þjóðhagslega hagkvæmni þess að leggja heilsársveg yfir Kjöl. Jafnframt verði gerð forkönnun á umhverfisáhrifum og könnuð samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar, m.a. á atvinnustarfsemi og byggðir landsins. Ríkisstjórnin skili Alþingi skýrslu um málið fyrir 1. apríl 2009.“

Eins og ég sagði áður var þingsályktunatillagan flutt í fyrra og fór þá til samgöngunefndar, sem hún mun væntanlega gera einnig núna. Ítarleg greinargerð og rökstuðningur fylgja tillögunni sem ég ætla ekki að fara að eyða tíma þingsins í að fara nákvæmlega í á þeim erfiðu tímum sem við lifum nú. Ástæða þess að stór hópur manna hefur áhuga á því að byggður verði hálendisvegur milli Suður- og Norðurlands er m.a. sú að vegalengdir milli byggðarlaganna á Suðurlandi og Norðurlandi munu styttast um u.þ.b. 150 km. Það mun jafnframt hafa mikil áhrif á atvinnustig, ferðaþjónustu og fleiri þætti atvinnulífsins auk þess sem olíueyðsla og CO_2 munu minnka við þessa breytingu og nýsköpun flutningsmála.

Í nágrannalöndum okkar, bæði í Skotlandi en þó sérstaklega í Noregi, hafa áætlanir verið gerðar um hálendisvegi. Má þar nefna að nú eru nokkrir hálendisvegir, einir fimm, sem liggja frá vesturströnd Noregs til Óslóar. Þeir vegir eru sumir í mjög mikilli hæð yfir sjávarmáli en áður fyrr voru einungis vegasamgöngur með ströndinni. Þarna stytta menn leiðir og spara fjármuni með því að byggja hálendisvegi. Nú er unnið að nýrri leið milli Stokkhólms og Óslóar sem stytta mun vegalengdina þar á milli.

Tillagan hefur mætt nokkuð neikvæðara viðmóti varðandi umhverfisþátt hennar. Í tillögunni sjálfri er m.a. óskað eftir því að gerð verði forkönnun vegna umhverfisáhrifa þessara framkvæmda. Ég skil að vissu leyti þá sem vilja hugsa um náttúruna og umhverfismálin og fáir hér á Alþingi hafa lagt sig meira fram um að standa vel að uppgræðslu og skógræktarmálum en sá sem hér stendur. Ég tel að eins og aðrar samgöngubætur á landinu muni vegur yfir Kjöl hafa mikil og jákvæð áhrif á uppgræðslu og framgang gróðurverndar á þessu svæði. Á Kili var mikill gróður og kjarr víða og ég tel að við getum endurheimt það.

Ég vil í þessu sambandi minna á það hvernig landið var þegar vegurinn frá Vestur-Skaftafellssýslu í Öræfin var byggður upp með brúarmannvirkjum yfir Skeiðarársand þar sem árnar voru stokkaðar, að nú er land fyrir sunnan þjóðveginn að gróa upp með ýmsum grösum og miklu birkikjarri. Ég hygg að eftir 10–15 ár verði eitt stærsta birkiskógarsvæði landsins á Skeiðarársandi. Það er þekkt fyrirbrigði frá öðrum löndum að slíkt gerist.

Ég vil jafnframt benda á þær gríðarlegu landbætur sem urðu þegar vegirnir í Rangárvallasýslu voru byggðir upp og Markarfljót stokkað að ekkert hefur haft jafnjákvæð umhverfisáhrif fyrir náttúru okkar og landgæði á Íslandi og þau tvö mál. Á sama hátt er ég sannfærður um að vegur yfir Kjöl verði til mikilla bóta hvað náttúruvernd varðar og þá þætti sem ég nefndi og koma fram í greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni.

Að svo mæltu legg ég tillöguna, herra forseti, hér fram.

[15:27]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. forseta til hamingju með að vera kominn í forsetastól.

Hér hefur hv. þm. Kjartan Ólafsson mælt fyrir þingsályktunartillögu ásamt 15 öðrum þingmönnum um heilsársveg yfir Kjöl. Tillagan gerir ráð fyrir að Alþingi feli ríkisstjórninni að kanna þjóðhagslega hagkvæmni þess að leggja heilsársveg yfir Kjöl. 1. flutningsmaður gat þess í framsöguræðu sinni að flutningsmenn væru úr öllum flokkum nema Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og eru skýringar á því og er sú helst, eins og gefur að skilja, að við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, erum ekki sannfærð um þingmálið og eru fyrir því ýmsar ástæður. Eins og fram kom í máli flutningsmanns er hér um að ræða endurflutta tillögu frá síðasta þingi sem fékk nokkra umræðu og þá gerðu talsmenn flokks míns grein fyrir meginsjónarmiðum okkar. Það má segja að tvennt standi þar upp úr sem ég vil nú nefna.

Í fyrsta lagi eru það umhverfismálin. Hv. flutningsmaður gat reyndar um þau líka og sagði að hann bæri þau mjög fyrir brjósti og efast ég ekkert um það. En við metum það svo að uppbygging heilsársvegar yfir miðhálendið, þar á meðal yfir Kjöl, mundi hafa mjög neikvæð umhverfisáhrif í för með sér vegna þess að verið væri að breyta eðli vegar-

ins frá því að vera, ef svo má segja, ferðamannavegur sem tekur fyrst og fremst til sín umferð á sumrin í það að vera meginsamgönguæð milli Norður- og Suðurlands með því mikla umferðarmagni og þungaflutningum sem því fylgdi.

Því er um að ræða annars konar veg en verið hefur. Við erum að sjálfsögðu ekki andvíg því að vegurinn yfir Kjöl sé gerður að góðum ferðamanna- og sumarvegi og þjóni því hlutverki vel en teljum að ekki sé heppilegt að gera uppbyggðan, malbikaðan veg á miðhálendinu með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir að verði kannað.

Hinn þátturinn sem ég vil leggja mikla áherslu á er forgangsröðun í samgöngu- og byggðamálum. Í greinargerð með tillögunni er rakið að tenging byggðarlaganna geti verið mikil byggðaaðgerð og er áhersla lögð á þann þátt. Ég dreg ekki úr mikilvægi þess að byggðarlögin verði tengd með góðum samgöngum en held að ef ákveðið yrði að flytja meginþunga umferðar á milli Norður- og Suðurlands yfir á miðhálendið með uppbyggðum Kjalvegi væri talsverður skaði unninn í málum byggðarlaga við núverandi leið á milli Reykjavíkur og Akureyrar. Ég held að betra væri að stytta vegalengdir milli Norðurlands og höfuðborgarsvæðisins á þjóðvegi nr. 1, t.d. með því að breyta legu hans frá Akureyri. Hörgárdalur yrði farinn í stað Öxnadals og þaðan eftir jarðgöngum inn í Hjaltadal og yfir Þverárfjall og þannig yrði aðalsamgönguleiðin tengd við byggðarlögin. Þá væru Akureyri, Sauðárkrókur, Blönduós og fleiri staðir sem ella yrðu klipptir frá þessari mikilvægu samgönguleið á henni.

Ekkert er hægt að segja um forgangsröðun í samgöngumálum annað en að verkefnin eru óþrjótandi og uppbygging vegakerfis á hálendinu er hluti af þeim. Þá komum við aftur að því hvernig vegi við viljum hafa. Ég hefði viljað sjá annars konar veg en hér er lagt til, nefnilega hefðbundinn og góðan ferðamanna- eða sumarveg.

Verkefnin eru óþrjótandi í samgöngumálum, m.a. tengivegir víða um land. Þjóðvegur nr. 1 er víða bágborinn, á honum eru enn einbreiðar brýr og mikið aukið álag af þungaflutningum og eins og þolir hann ekki það mikla álag sem á hann er sett og þarf að gera mikla bragarbót á. Tengivegir innan héraða og milli þeirra eru brýnt viðfangsefni og til að bæta aðgengi að höfuðborginni, sem er mikilvægt fyrir alla landshluta, er nauðsynlegt að tvöfalda vegi sem liggja frá höfuðborginni hvort sem er austur fyrir fjall eða norður eða vestur á land sem og að reisa Sundabraut og fleiri stór mannvirki. Í samgöngumálum eru því fjölmörg verkefni.

Á fundum landshlutasamtaka sveitarfélaga í haust gerðu flest þeirra ákveðnar samþykktir um samgöngumál, því samgöngur skipta sveitarfélög miklu máli. Áhersla hefur verið lögð á bættar samgöngur og er af mörgu að taka í þeim efnum í öllum landshlutum. Við teljum að verkefnið sem þingsályktunartillagan snýst um sé ekki eitt þeirra sem eigi að vera í forgangi í samgöngumálum á næstunni og hef ég í grófum dráttum rakið viðhorfin sem þar liggja að baki.

Hægt væri að fjalla ítarlegar um málið en færi er á í fyrri umr. en ég vænti þess að fjallað verði um tillöguna í hv. samgöngunefnd og þar gefst ráðrúm til að fjalla betur um hana og kalla eftir viðhorfum, umsögnum og þeim rannsóknum sem þegar liggja fyrir. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að Vegagerðin hefur unnið einhvers konar samantekt, kannski ekki mjög ítarlega, um styttingu leiða þar sem hugmyndin um veg yfir Kjöl er m.a. nefnd.

Sjálfsagt er að farið sé yfir þetta en ég hefði líka viljað láta skoða til samanburðar aðrar leiðir til að stytta vegalengdir milli miðs Norðurlands og höfuðborgarsvæðisins. Ég hefði talið að nefndin ætti að gera það en í meginatriðum erum við þingmenn Vinstri grænna ekki hlynnt því að ráðist verði í uppbyggingu heilsársvegar yfir Kjöl eða yfirleitt á miðhálendinu og teljum að framtíðarstefnumótun samgöngumála á miðhálendinu þurfi að vera liður í endurskoðun á svæðisskipulagi og heildarsýn fyrir miðhálendið. Ef hér verður tekið upp landsskipulag eins og áform voru um í frumvarpi hæstv. umhverfisráðherra, sem var til umfjöllunar í umhverfisnefnd á síðasta þingi og kemur væntanlega inn í þingið á nýjan leik í vetur, er hugsanlegt að það verði betri farvegur fyrir umræðu af þessum toga en að einangra þetta ákveðna verkefni og taka það sérstaklega út.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta hér við fyrri umr., þetta voru þau sjónarmið sem ég vildi koma á framfæri. Þau eru kunnugleg og ég veit að hv. 1. flutningsmaður hefur heyrt þau áður í umræðunni í fyrra og svo sem ekkert nýtt í þeim efnum.

[15:37]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hjó sérstaklega eftir því í ræðu hjá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni að hann talar um að eðlilegt sé að byggja góðan ferðamannaveg yfir Kjöl en slæmt að byggja þar heilsársveg. Mér leikur forvitni á að vita hver hinn raunverulegi munur á þessu tvennu er, hvort það sé ætlun þingmannsins að góði ferðamannavegurinn sé eftir sem áður niðurgrafinn malarvegur eða hvort góði ferðamannavegurinn megi vera lítils háttar uppbyggður og malbikaður. Ef hann verður uppbyggður og malbikaður hvað kemur þá í veg fyrir að hann verði notaður árið um kring?

[15:39]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Nú er mér að vísu ekki kunnugt um hvort í vegalögum eða vegáætlun sé sérstök skilgreining á ferðamannavegi þó að ég hafi tekið þannig til orða en ég held að allir sem það vilja skilji hvað felst í því og hvaða munur er á því að tala um ferðamannaveg, sem fyrst og fremst þjónar umferð þegar meginstarfsemi ferðaþjónustu fer fram. Það er munur á því eða byggja upp veg sem á að þjóna öllum þeim miklu þungaflutningum sem óhjákvæmilega færu yfir heilsársveg árið um kring.

Við skulum alveg gera okkur grein fyrir því að á Íslandi er allra veðra von að vetrarlagi og því þarf að gera býsna miklar ráðstafanir til að vegur yfir miðhálendið geti þjónað hlutverki sínu allt árið um kring og þeim miklu þungaflutningum sem eru á íslenskum vegum í dag. Það lýtur að breidd vega, undirlagi, burðargetu o.s.frv. Það er auðvitað allt annað en vegur, sem þarf ekkert endilega að vera malbikaður eða mikið uppbyggður til að geta verið þokkalega góður ferðamannavegur á ferðamannatímanum þegar fólk leggur leið sína á miðhálendið. Við vitum alveg og þekkjum að hálendisvegirnir eru yfirleitt ekki opnaðir fyrr en

komið er fram í júní vegna vetrarveðurs og það er ástand sem við búum við hér á landi og eigum frekar að sætta okkur við og einbeita okkur að uppbyggingu vegakerfisins hringinn í kringum landið.

[15:41]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni svarið og mér þykir athyglisvert að hv. þingmaður og þá væntanlega flokkur hans einnig — því hann vék í fyrri ræðu sinni að afstöðu flokks síns í þessum efnum — hafi þá sýn að góður ferðamannavegur geti bæði verið malarvegur og niðurgrafinn. Ég er ekki sammála þeim sjónarmiðum og hygg að þeir sem reka ferðaþjónustu í landinu séu það ekki heldur. Þar með er ég ekki að segja að ekki verði alltaf til vegir eða vegslóðar á hálendinu sem verði einungis færir jeppum og öðrum slíkum farartækjum og harla holóttir en góðar almennar ferðamannaleiðir eru svolítið annað.

Ég held reyndar að hér gæti nokkurs misskilnings þegar talað er um þungaflutninga vegna þess að með mikilvægari þungaflutningum á vegum landsins eru flutningar með ferðamenn. Langferðabílar sem notaðir eru við hópferðir eru mjög þungir og þeir stærstu jafnast í rauninni á við flutningabíla og þá bíla er ekkert hægt að nota. Ekki er hægt að skapa eðlilega umferð ferðamanna á langferðabílum yfir Kjöl eða Sprengisand nema vegir þar verði nokkuð bættir.

Það gætir líka töluverðs misskilnings í máli hv. þingmanns um að hálendisvegir séu ekki opnaðir fyrr en í júní vegna veðurs. Svo er ekki. Hálendisvegir eru ekki opnaðir fyrr en í júní vegna aurbleytu sem er vegna þess að engin undirbygging er í vegunum. Við erum að tala um það hvort við megum búa til veg yfir hálendið sem mun þola frostsprungur og það sem gengur á þegar land frýs og þiðnar til skiptis. Það er þannig vegur sem við viljum leggja yfir Kjöl en ég er alveg sammála því (Forseti hringir.) að varúðar þarf að gæta þegar kemur að umhverfinu.

[15:43]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta fara að verða hártoganir um það hvort vegurinn er sentímetrunum breiðari eða mjórri eða hærri eða ekki í landinu. Ég ætla ekki að fara mikið út í það heldur hitt, sem þingmaðurinn gat sérstaklega um í andsvari sínu, mismunandi sýn á hvaða hlutverki vegurinn á að þjóna. Eins og hér hefur komið fram og ég las úr tillögunni — og ég get ekki skilið hana öðruvísi og fæ það staðfest hér í andsvari hv. þm. Bjarna Harðarsonar, sem er einn af flutningsmönnum hennar — er hugsun þeirra að búa til veg yfir Kjöl sem á að geta tekið alla flutninga og umferð árið um kring. Til að svo geti orðið í landi okkar þarf talsvert mikið til, ég tala nú ekki um á harðbýlu hálendinu og þýðir ekki að bera á móti því að til að það geti orðið þurfi talsvert til.

Við erum sannfærð um að þetta sé ekki rétta leiðin og að því lúta þær röksemdir sem ég hef fært hér, annars vegar að umhverfinu og hins vegar að forgangsröðun í samgöngumálum og byggðamálum. Um þetta eru bersýnilega skiptar skoðanir og það er ekkert óeðlilegt að menn skiptist á skoðunum um mál af þessum toga og ræði það þá frekar þegar málið kemur til umfjöllunar í samgöngunefnd og kalli eftir gögnum og vinni úr þeim. Ekki ætla ég að vera andvígur því að við vinnum málið, því þar sem mælt er með því hér fer það bersýnilega til nefndar þannig að ég ætla ekki að leggjast gegn því. En það er augljóst að skoðanir eru skiptar um það hvers konar veg eða samgöngur við teljum henta yfir hálendið.

[15:45]

Flm. (Kjartan Ólafsson) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil árétta í andsvari mínu til hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar að hér er um að ræða þingsályktunartillögu um könnun á málinu. Ég get verið honum fullkomlega sammála um að við þurfum að forgangsraða og það gerum við með endurskoðun á samgönguáætlun. Á þessu vetrarþingi endurskoðum við hugsanlega þá áætlun sem fyrir liggur og forgangsröðum. Verk eins og þingsályktunin kveður á um kæmi þá inn í þá endurskoðun þannig að við mundum að sjálfsögðu skoða það heildstætt. Í þingsályktunartillögunni er ekki verið að tala um að það eigi bara að gera eitt og ekki annað þannig að ég hygg að við séum nokkuð sammála um þá leið.

Ég vil jafnframt gera þingmanninum grein fyrir því að í dag fara að mati Vegagerðarinnar um 300 bílar um Kjalveg á sólarhring. Það eru einkabílar, litlir bílar og rútur. Núna er vegurinn svo slæmur að miklar skemmdir verða á bílum. Þetta er gríðarlega vondur vegur þannig að við þurfum að bæta hann með einhverjum hætti.

Ég vil jafnframt benda þingmanninum á að vegtengingin er ekki bara fyrir leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur. Hún er ekki síður á milli landshlutanna Norðurlands og Suðurlands, þar er styttingin mest.

Hæstv. forseti. Ég vil í lokin spyrja um hvernig hv. þingmaður skilgreinir ferðamannaveg, hvort hann er uppbyggður, hvort hann er frostfrír, hvernig slitlagi hann er lagður, hvort hann á að vera beinn eða í hlykkjum, o.s.frv.

[15:47]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir málefnalegt andsvar við ræðu minni. Því fer að vísu víðs fjarri að ég ætli í ræðustóli Alþingis að fara að hanna vegi um landið og segja til um það hvort tilteknir vegir eigi að vera beinir eða bognir, hver hallinn eigi að vera eða hvort upphækkunin skuli vera mikil o.s.frv.

Ég sagði í andsvari við hv. þm. Bjarna Harðarson að ég hefði tekið svo til orða að tala um ferðamannavegi, ég væri ekki viss um að það hugtak væri sérstaklega skilgreint neins staðar. Það sem ég sé fyrir mér er vegur sem þjónar fyrst og fremst ferðamönnum sem leggja leið sína á miðhálendið en hann gegnir ekki endilega hlutverki flutningaleiðar, t.d. fyrir þungaflutningabíla, eins og ég hef þegar sagt.

Við leggjumst að sjálfsögðu ekki gegn því að yfir Kjöl sé gerður góður sumarvegur sem ber umferð fólks en við gerum ekki ráð fyrir því að hann eigi að bera vöruflutninga. Það er sjónarmið okkar. Hvað hann þarf nákvæmlega að vera breiður, hversu mikið uppbyggður eða hvert undirlagið þarf að vera er auðvitað verkfræðilegt úrlausnarefni en ekki pólitískt.

Hvað pólitíkina snertir er hér fyrst og fremst tekist á um

hlutverk þessarar samgönguleiðar og þar erum við augljóslega ekki algjörlega samstiga en það er sjálfsagt að taka þá umræðu frekar á vettvangi nefndarinnar.

[15:49]

Flm. (Kjartan Ólafsson) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Í samgönguáætlunum eru ferðamannavegir tilgreindir en ég man ekki eftir því að tilgreint sé hvernig þeir líta út. Þess vegna reyndi ég að spyrja hv. þingmann að því hvernig honum finnst ferðamannavegir eiga að vera, hvort það séu vegir sem eru uppbyggðir, eins og hv. þm. Bjarni Harðarson nefndi, sem ekki er aur á fram á mitt sumar. Það sem mér finnst að við þurfum að átta okkur á þegar við tölum um ferðamannavegi er hvað við eigum í rauninni við og þá er ég ekki að tala um neina verkfræðihönnun.

Mér finnst að þingmaðurinn geti samþykkt að sú skoðun fari fram. Hins vegar er þingmaðurinn ekki endilega sammála því sem kemur fram í greinargerðinni og það er gott og vel. Mig langar þá í lokin að spyrja hv. þingmann: Kæmi til greina að gera uppbyggðan veg yfir Kjöl? Þá á ég við veg sem er frostfrír og með slitlagi. Það yrði takmarkað hvaða flutningar mættu vera um þann veg. Ef þungaflutningarnir færu fram á þjóðvegi 1 og fólksbílaumferðin og ferðamannatraffíkin yfir sumartímann yrðu meiri, léttum við um leið sannarlega á umferð á þjóðvegi 1 og það yrði einnig til þess að minnka slysahættu og auka umferðaröryggi.

[15:51]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er margt sem kemur til greina í þessu lífi og það er sjálfsagt að fara yfir hluti af þessum toga. En það er ekki það sem tillagan sem hér er til umfjöllunar gengur út á, eins og ég skil hana, heldur er þar talað um að leggja heilsársveg yfir Kjöl. Í greinargerðinni eru færð rök fyrir því. Ég hef reynt að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ég stend fyrir að því er varðar umhverfisþættina og náttúruverndina, að því er varðar forgangsröðun í samgöngumálum, að því er varðar byggðaþróun o.s.frv. Ég hef reynt með þeim hætti að skýra að af þeim ástæðum sem við teljum mikilvægar í því samhengi höfum við ekki verið hlynnt því að samþykkja ályktunina. Ef þingmaðurinn kemur fram með öðruvísi tillögu um annars konar markmið en þessi tillaga gerir ráð fyrir munum við auðvitað taka efnislega afstöðu til hennar.

Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að taka þessa samgöngupólitísku umræðu á vettvangi hv. samgöngunefndar. Ég veit ekki hvort hæstv. iðnaðarráðherra vill koma þar að, hann gæti kannski komið á opinn fund og látið ljós sitt skína en látum það nú vera. Sú umræða mun fara fram á vettvangi nefndarinnar og ég ætla ekki að vera með neina fordóma gagnvart hugmyndum manna í þeim efnum. En þetta eru þau sjónarmið sem hafa ráðið afstöðu okkar til málsins. Þau gerðu það á síðasta þingi þegar málið var til umfjöllunar og ég hef svo sem ekki breytt um skoðun hvað það snertir. Það er til umfjöllunar og verður það á vettvangi nefndarinnar.

[15:53]

Útbýting:

Hagkvæmni lestarsamgangna, 86. mál, þáltill. ÁÞS o.fl., þskj. 91.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 13. mál, þáltill. ÁÓÁ o.fl., þskj. 13.

Tekjuskattur, 12. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 12.

[15:54]

Bjarni Harðarson (F):

Herra forseti. Ég vil taka aðeins þátt í umræðunni og tel brýnt að Alþingi haldi sínu verklagi. Þrátt fyrir að erfiðir tímar séu í samfélaginu þurfa fyrirtækin að ganga og vinnustaður okkar er einn af þeim sem þurfa að sýna að þeir halda höfði. Því þurfum við að vinna okkar verk og eitt af þeim verkum er að fara í gegnum umræðu um þessa þingsályktunartillögu sem ég tel mjög brýna enda einn af flutningsmönnum. Ég þakka umræðuna sem verið hefur um hana hér.

Ég tel að það gæti nokkurs misskilnings í andstöðu sumra við heilsársveg yfir Kjöl vegna þess að menn sjá þá fyrir sér að þar með verði mikilli öræfakyrrð spillt. Þar sem nú eru friðsæl og hljóð öræfi verði skyndilega að grárri hraðbraut. Þá mynd er auðvelt að mála upp fyrir fólki en hún er ósönn vegna þess að það mun minnka hávaða frá vegi að leggja venjulegan malarveg yfir Kjöl. Þegar er búið að leggja veg yfir Kjöl. Það er afskaplega vondur malarvegur og vondum malarvegi fylgir mikil mengun, mikill hávaði, vond meðferð á bílum og ýmislegt annað sem ekki skapar þau þægindi sem þurfa að vera á okkar helstu ferðamannaleiðum. Kjalvegur er tvímælalaust ein af okkar helstu ferðamannaleiðum.

Ég er ekki talsmaður þess að menn leggi vegi þvers og kruss um hálendið eða fjölgi þar mikið vegum frá því sem nú er. Ég tel einmitt brýnt að við höldum í þá ósnortnu náttúru sem við eigum. Ég set ákveðinn fyrirvara við vinnuna sem farið verður í varðandi þessa vegagerð. Við undirbúning verksins hafa komið fram hugmyndir um að velja alveg nýtt vegstæði. Það orkar að nokkru leyti tvímælis, það er betra ef hægt er að nota það vegstæði sem nú er vegna þess að það er óþarfi að fórna nýjum löndum. Vegurinn væri ekki bara til bóta fyrir ferðamennskuna og fyrir byggðirnar beggja megin við, ég held að hann mundi einnig vera mjög hagkvæmur þjóðhagslega til lengri tíma litið. Rétt eins og 1. flm., hv. þm. Kjartan Ólafsson, kom að áðan minnkum við til muna umferðarþungann á þjóðvegi 1 með því að leggja þennan veg.

Það er alveg víst að það er tiltölulega stutt í að menn fari að ræða í alvöru og leggja á ráðin um fjórbreiðan veg alla leið milli Reykjavíkur og Akureyrar að óbreyttu. Ef ný leið er gerð getur það dregið úr þeirri þörf og frestað því verki um ókomna daga eða jafnvel alveg komið í veg fyrir að ráðast þurfi í það því að margt getur breyst í samgöngumálum á hálfri eða einni öld. Að leggja fjórbreiðan veg — það þekkjum við vel sem höfum rætt um fjórbreiðan veg milli Reykjavíkur og Selfoss og milli Reykjavíkur og Reykjanesbæjar — er ekki tvöfalt dýrara en að leggja venjulegan tvíbreiðan veg. Hann er fjórfalt til áttfalt dýrari en slíkur vegur vegna hinna mislægu gatnamóta og ýmissa tæknilegra út-

færslna sem þurfa að vera á vegi með tveimur aðgreindum akstursstefnum. Hann svo miklu dýrari. Það skiptir verulegu máli í þessari umræðu.

Þess vegna held ég að brýnt sé, herra forseti, að Vegagerðin og samgönguráðuneytið skoði þennan samgöngumöguleika af alvöru og við megum ekki ýkja það um of þó að nú séu erfiðir tímar. Það er mjög líklegt erfiðleikarnir gangi tiltölulega hratt yfir hagkerfi okkar því að það hefur mikla teygjumöguleika, mikla aðlögunarhæfileika, kannski langt umfram það sem önnur hagkerfi hafa. Það eru vissulega miklir erfiðleikar meðan þeir ganga yfir og við þurfum að taka á þeim af festu og æðruleysi. Það er kannski æðruleysið sem mér finnst helst hafa vantað í umræðuna, t.d. í ýmsa fjölmiðlaumfjöllun.

Þrátt fyrir erfiðleika megum við ekki leggja árar í bát og hætta að horfa til framtíðar. Eitt af þeim verkefnum sem við þurfum að horfa til er hvernig við getum byggt landið upp og eflt byggðirnar. Það er misskilningur sem kom fram áðan í ræðu hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar að við værum að tala um veg sem væri aðallega ætlaður fyrir mikla þungaflutninga. Þungaflutningar á Íslandi fara eiginlega um alla vegi hvort sem þeir eru skilgreindir sem tengivegir, ferðamannavegir eða annars konar vegir svo lengi sem þeir þola þann öxulþunga sem er á viðkomandi bifreið. En það má alveg hugsa sér, eins og hv. flutningsmaður vék að, að menn setji einhverjar takmarkanir á það enda er ekki aðalmarkmiðið með þessari vegarlagningu að koma á nýrri samgönguleið fyrir landflutningana. Aðalmálið er að koma á samgöngubót, tengingu á milli Norður- og Suðurlands með nýjum hætti.

Tími minn er senn á þrotum en það síðasta sem mig langaði til að víkja að í þessu sambandi er sá ótti sem ég verð var við hjá ýmsum kunningjum mínum á Norðvesturlandi og Vesturlandi, að þetta muni á einhvern hátt rýra stöðu þeirra í byggðaþróun og að umferðin muni öll verða yfir Kjöl. Ég held að það sé mikill misskilningur og við þessa vegarlagningu muni skapast nýr hringvegur á landinu, litli hringurinn á móti stóra hringnum — í rauninni tveir nýir hringir. Það muni auka möguleika á styttri hringferðalögum en ferðamenn hafa haft með hringveginum um þjóðveg 1 kringum landið og á mesta vaxtarsvæðinu á Suður- og Suðvesturlandi muni fólk fara aðra leiðina um Kjöl og hina um Holtavörðuheiði.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–9. mál.

Fundi slitið kl. 16:03.

11. FUNDUR

mánudaginn 13. október,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands, frv., 3. mál, þskj. 3. — 3. umr.
3. Fjármálafyrirtæki, frv., 14. mál, þskj. 14. — 1. umr.
4. Heilsársvegur yfir Kjöl, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Frh. fyrri umr.
5. Þjóðlendur, frv., 25. mál, þskj. 25. — 1. umr.
6. Rannsóknarnefnd til að gera úttekt á fiskveiðiheimildum, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
7. Endurbætur björgunarskipa, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ármann Kr. Ólafsson, 4. þm. Suðvest.
Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
Ásta Möller, 7. þm. Reykv. s.

Varamenn taka þingsæti.

[15:03]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hafa bréf tveggja þingmanna, þeirra Guðfinnu S. Bjarnadóttur og Þuríðar Backman, um að þær séu á förum til útlanda í erindum Alþingis mánudaginn 13. október. Samkvæmt þessum bréfum taka sæti í dag þau Sigríður Á. Andersen fyrir Guðfinnu S. Bjarnadóttur og Björn Valur Gíslason fyrir Þuríði Backman. Björn Valur Gíslason hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Kjörbréf Sigríðar Á. Andersen hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni samkvæmt 2. gr. þingskapa.

[Sigríður Á. Andersen, 3. þm. Reykv. n., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:03]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Sigríður Á. Andersen hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[15:04]

Útbýting:

Almenningssamgöngur, 44. mál, frv. ÁÞS o.fl., þskj. 44.

Áhrif markaðsvæðingar á samfélagsþjónustu, 66. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 66.

Bætt hljóðvist í kennsluhúsnæði, 87. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 92.

Friðlýsing vatnasviðs Skjálfandafljóts, 34. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 34.

Ríkisendurskoðun, 64. mál, frv. KHG o.fl., þskj. 64.

Umhverfisstefna Alþingis, 88. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 93.

Vatnalög, 23. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 23.

Tilkynning um dagskrá.

[15:04]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill greina frá því að fyrirhugað er að fram fari umræða um stöðu mála vegna bankakreppunnar og afleiðinga hennar. Umræðan fer fram síðar í þessari viku, að öllum líkindum næstkomandi miðvikudag.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Yfirlýsingar forsætisráðherra og utanríkisráðherra.

[15:05]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Býsna mikið hefur gengið á síðustu vikuna og m.a. hafa mikið verið í umræðunni málefni Icesave-sparnaðarreikninganna í Bretlandi vegna digurbarkalegra yfirlýsinga tveggja ráðherra Verkamannaflokksins þar í landi. Af því tilefni langar mig til að vitna til framsöguræðu hæstv. forsætisráðherra um þetta efni fyrir réttri viku. Þar sagði ráðherrann að lagt væri til í frumvarpinu að gerðar verði breytingar á lögum um innstæður reikninga, m.a., með leyfi forseta:

„... til að ítreka yfirlýsingar mínar og ríkisstjórnarinnar um að innstæður í íslenskum bönkum og sparisjóðum eru tryggðar og ef tryggingasjóður er ekki nægjanlega öflugur til að sinna þeim skyldum mun ríkissjóður gera það.“

Þessi yfirlýsing er algerlega ótvíræð og ekki nokkur leið að misskilja hana hvað varðar Landsbankann og Icesave-reikningana.

Mér er spurn, virðulegi forseti: Hvernig gat þessi yfirlýsing farið fram hjá ráðamönnum í Bretlandi og hvernig mistókst íslenskum ráðherrum að koma henni á framfæri við breska fjölmiðla?

Ég vil nefna annað mál sem kom frá ríkisstjórninni í dag. Í blaðagrein í *Morgunblaðinu* kom yfirlýsing frá hæstv. utanríkisráðherra um að nú séu aðeins tveir valkostir, annars vegar að ganga í Evrópusambandið og hins vegar aftur til fortíðar. Virðulegi forseti. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvernig ríkisstjórninni dettur í hug að það sé málefnalegt innlegg í stöðu þeirra mála og þess vanda sem við erum að glíma við að halda því fram að þeir sem ekki styðja inngöngu í Evrópusambandið umsvifalaust séu talsmenn þess að hverfa aftur til fortíðar.

[15:07]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Þar erum við hv. þingmaður loksins sammála. Við erum sammála um að það jafngildir ekki því að vilja fara aftur til fortíðar að vilja ekki ganga í Evrópusambandið.

[15:08]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svar við síðari spurningu minni og bendi á að það liggur í augum uppi að aðild að Evrópusambandinu er málefni sem mikilsvert er að ræða og á því eru tvær hliðar: Það eru kostir og það eru gallar. En við vitum að í þeirri stöðu sem við höfum verið nú hefði aðild að Evrópusambandinu engu breytt. Evrópski seðlabankinn tryggir ekki bankana við þær aðstæður sem uppi eru og ríkisstjórnir allra Evrópusambandsríkjanna verja sjálfar, af eigin rammleik, bankakerfi sitt.

Í öðru lagi hefði aðild að Evrópusambandinu ekki tryggt okkur evruna því að eins og hv. þingmenn vita þarf viðkomandi ríki að uppfylla kröfur til að geta tekið upp gjaldmiðilinn. Að tefla því máli fram inn í þann vanda sem við er að glíma finnst mér ekki vera málefnalegt framlag, virðulegi forseti.

Umhverfismat vegna framkvæmda við álver á Bakka.

[15:09]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það ríða mikil áföll yfir samfélag okkar og mikilvægt er þegar við horfum til framtíðar að það sé alveg klárt hvernig við ætlum að byggja upp samfélagið. Íslenska efnahagsundrið hefur beðið mikinn hnekki og ljóst er að það mun ekki skila okkur því í náinni framtíð sem við gerðum okkur væntingar um.

Við höfum hér undirstöðuatvinnugreinar, fiskveiðar, fiskvinnslu og stóriðju, sem skila okkur þeim útflutningsverðmætum sem við munum byggja nýtt samfélag á. Það er sá lærdómur sem við drögum, virðulegi forseti, af því sem við höfum gengið í gegnum undanfarið. Við förum aftur til fortíðar að því leyti að við erum minnt á hvað það er sem við höfum og hvað það er sem við munum byggja á, hvað það er sem í raun gerði þá útrás, sem hefur leikið okkur svo grátt, mögulega á sínum tíma. Það voru bankarnir sem byggst höfðu upp á íslenskum sjávarútvegi, á þeirri stóriðju sem hér var stunduð.

Nú er mikilvægt að skilaboðin verði skýr héðan frá Alþingi og því vil ég spyrja hæstv. umhverfisráðherra varðandi þau málefni sem hjá henni liggja til að greiða sem mest fyrir því að við getum hafist handa. Ég vil spyrja hana sérstaklega um ákvörðun hennar um heildstætt mat um álver á Bakka, hvort ekki komi til greina í ljósi þeirrar óvissu sem skapast þann tíma sem ferlið dregst vegna matsins að draga þessa ákvörðun til baka og setja eðlilegt skipulagsferli í gang (Forseti hringir.) miðað við þær reglur sem gilda.

[15:11]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Við þessu er mjög einfalt svar: Nei. Heildstætt umhverfismat framkvæmdanna sem tengjast hugsanlegu álveri á Bakka eru í eðlilegu ferli, samráðsferli framkvæmdaaðilanna fjögurra og þar liggja þær tímasetningar fyrir sem allir geta sætt sig við. Það er hins vegar í höndum fyrirtækisins sem hyggst reisa álver á Bakka að flýta sér ef menn hafa einhvern vilja til þess. Ég hef ekki orðið vör við þann vilja. (Gripið fram í.) Það er allt í góðu lagi á Bakka, hv. þingmaður.

[15:12]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvar hæstv. ráðherra hefur verið í þessari umræðu þegar hún segir að það sé allt í lagi á Bakka, hjá því fólki fyrir norðan sem hefur gert athugasemdir við ákvörðunina sem hún tók. Það sé allt í lagi hjá því fólki sem ætlar að standa þar að framkvæmdum og hefur gert alvarlegar athugasemdir við ákvörðun hæstv. umhverfisráðherra, að ferlið geti seinkað framkvæmdum um allt að 15 mánuði. Svo er sagt að það muni ekki seinka neinu og að allt sé í góðu lagi á Bakka.

Virðulegi forseti. Við verðum að senda skýr skilaboð frá Alþingi núna. Við verðum að senda skýr skilaboð um á hverju við ætlum að byggja samfélagið í framtíðinni. Það þýðir ekkert að segja við þjóðina að það sé allt í lagi að tefja framkvæmdir. Það er orðið tímabært að við hættum að flækjast fyrir á þinginu með því að setja einhverjar reglur sem eru til þess fallnar að tefja ferlið. Við höfum ekkert efni á því í dag. Það er það sem við ætlum að byggja á í framtíðinni og við þurfum að fá hlutina í gang (Forseti hringir.) hið fyrsta.

[15:13]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil hvetja hv. þingmann til að kynna sér stöðu mála betur en hann hefur gert, kynna sér hvar heildarmatsferlið er statt. Þá mun hið sanna koma í ljós. Ef hv. þm. Sjálfstæðisflokksins, Jón Gunnarsson, er að leggja til að lögum og reglum verði vikið til hliðar, hvað á hann þá við? Er hv. þingmaður að leggja til að við segjum upp EES-samningnum, að við segjum upp öllum þeim skuldbindingum sem við höfum undirgengist samkvæmt honum í umhverfismálum? Hvað er þingmaðurinn að segja? Það er kannski betra að hugsa það aðeins betur áður en menn koma upp (Gripið fram í.) með svona fráleitar fullyrðingar og fráleitar ályktanir sem þeir draga af þeim.

Lög um vörugjald og virðisaukaskatt.

[15:14]

Sigríður Á. Andersen (S):

Hæstv. forseti. Mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra í fjarveru fjármálaráðherra sem fyrirséð er að verður ekki hér þessa vikuna. Fyrirspurn mín lýtur að því hvort til greina komi að endurskoða lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti og fleira frá árinu 1993 og lög um virðisaukaskatt frá árinu 1988 í þeim tilgangi að veita heimild til endurgreiðslu vörugjalda við útflutning nýrra og nýlegra ökutækja og endurgreiðslu virðisaukaskatts af sama tilefni þegar um er að ræða að álagður virðisaukaskattur hafi ekki talist til innskatts í rekstri.

Í ljósi hinna sértæku skattlagningar á ökutæki sem felst í lögum um vörugjöld og í ljósi þess að gríðarleg verðmæti

liggja í stórum og nýlegum bílaflota landsmanna er ástæða til að leita allra leiða til að koma í veg fyrir að verðmæti fari forgörðum við þær aðstæður sem nú blasa við landsmönnum í efnahagslífinu.

[15:15]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég vil þakka þingmanninum fyrir þessa fyrirspurn og ég tel að hún hafi bent hér á raunverulegt vandamál sem full ástæða er til að reyna að leysa. Þegar efnahagsaðstæður breytast jafnskjótt og nú hefur orðið er ljóst að ýmsar ákvarðanir sem teknar hafa verið, t.d. um innflutning á bifreiðum, hafa ekki reynst raunhæfar miðað við nýtt ástand.

Í lögum er gömul heimild, sem ég beitti mér fyrir sem fjármálaráðherra, fyrir því að flytja notaða hópferðabíla úr landi með tiltekinni endurgreiðslu virðisaukaskatts. Þar er fordæmi sem hægt er að byggja á og ég tel að við eigum að greiða fyrir því að hægt verði að flytja aftur úr landi bíla, ökutæki, sem í ljós hefur komið að ekki er þörf fyrir í landinu og gera það þá með skattalegum ráðstöfunum í átt við það sem hv. þingmaður benti hér á.

En auðvitað þarf að fara vel yfir þetta í fjármálaráðuneytinu og finna réttu leiðirnar til þess að ekki komi upp mismunun gagnvart öðrum sem hagsmuna eiga að gæta á þessu sviði.

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands, 3. umr.

Frv. utanrmn., 3. mál (kosning í þróunarsamvinnunefnd). — Þskj. 3.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BVG, EMS, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GAK, GÞÞ, GuðmM, GStein, GÁ, HHj, HerdÞ, JBjarn, JM, KVM, KJak, KHG, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, RR, SÖE, SKK, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

20 þm. (ÁKÓ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjH, BjörgvS, BBj, EKG, GSv, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KÓ, KolH, KÞJ, PHB, RGuðb, SÁA) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 94).

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Frv. ÖJ og JBjarn, 14. mál (kaup viðskiptabanka á hlutabréfum). — Þskj. 14.

[15:19]

Flm. (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Mér finnst óþarfi að hafa mörg orð um þetta frumvarp sem við flytjum tveir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Jón Bjarnason og ég. Við höfum lagt til allar götur frá því að ríkisbankarnir voru einkavæddir á tíunda áratugnum að reistir yrðu varnarmúrar í fjármálalífinu fyrir hönd almennings. Við vöruðum við því á þeim tíma að fjármálakerfið yrði einkavætt á einu bretti. Við sögðum að hyggilegt væri að hafa hér að minnsta kosti einn ríkisbanka sem kjölfestu í fjármálalífinu. Við bentum á að í litlu samfélagi væri sú hætta fyrir hendi að sömu aðilar og hafa undirtökin í atvinnustarfseminni, hafa eignarhald þar á hendi, fengju einnig eignarhald yfir fjármálastofnunum. Að þeir kæmust með öðrum orðum í aðstöðu til að lána sjálfum sér og ráðskast með fjármuni almennings. Þetta var ekki gert og við þekkjum öll afleiðingarnar.

Við lögðum líka til á þessum tíma að aðskilið yrði í lögum annars vegar kjarnastarfsemi, viðskiptabankar sem önnuðust innlán og útlán, og hins vegar fjárfestingarsjóðir. Við vildum ekki að þetta tvennt færi saman. Við horfðum til fyrirmynda að utan og þá ekki síst til Bandaríkjanna sem allar götur frá 1933 fram til ársins 1999 bjuggu við löggjöf af þessu tagi. Það var svokölluð Glass-Steagall löggjöf frá árinu 1933 sett í kjölfar kreppunnar miklu 1929. Mikið var hamast gegn þeirri löggjöf allt frá því að Reagan komst til valda í byrjun níunda áratugarins og dregið úr vægi hennar með reglugerðarbreytingum á síðustu árum. En það var fjármálaráðherra Clintons, Lawrence Summers, sem endanlega gekkst fyrir því að lögin voru numin úr gildi árið 1999. Hann lýsti því yfir í *Washington Post,* held ég að hafi verið, að hann sæi stórlega eftir því að hafa stigið það skref. Þannig að tillögur okkar eiga sér fyrirmynd.

Við þingmenn úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lögðum fram frumvarp þessa efnis frá 130. þingi, það var árið 2003, og síðan aftur og ítrekað og gerum enn núna. Greinargerðin með frumvarpinu ber þess nokkuð merki að þeir atburðir sem við höfum orðið vitni að undanfarna daga höfðu ekki átt sér stað en þar segir, með leyfi forseta:

„Íslenskir viðskiptabankar hafa gerst mjög umsvifamiklir fjárfestar í atvinnufyrirtækjum og á fjármálamarkaði bæði hér á landi og víðs vegar um heim. Margt er óljóst um hve traustar þessar fjárfestingar eru. Hitt er deginum ljósara að komist bankarnir í þrot sem fjárfestingarsjóðir er sá hluti starfsemi þeirra sem snýr að almennum lánaviðskiptum við einstaklinga og fyrirtæki jafnframt hruninn. Við slíkar aðstæður hefur samfélagið þurft að hlaupa undir bagga (sbr. bankakreppur í Kanada, á Norðurlöndum og víðar á tíunda áratug síðustu aldar) og hafa að undanförnu heyrst slíkar óskir úr heimi fjármálanna varðandi íslensku bankana. Nýleg ákvörðun um að ríkið kaupi meiri hluta Glitnis endurspeglar alvöru málsins. Ótækt er að brask á fjármálamörkuðum sé á ábyrgð skattgreiðenda þótt hitt sé víst að hrun viðskiptabanka komi öllu samfélaginu í koll. Af þessum sökum er meðal annars nauðsynlegt að aðgreina með skýrum og afgerandi hætti fjárfestingarstarfsemi og almenn lánaviðskipti.“

Hæstv. forseti. Ekki er þörf á því að hafa fleiri orð um þetta. Við þekkjum öll því miður þá atburði sem samfélag okkar er að verða vitni að og hve sorglegt það er að við skyldum ekki hlusta á varnaðarorð sem voru uppi þegar bankarnir og fjármálakerfið allt var einkavætt á tíunda ára-

tugnum. En það sem við getum allténtgert núna er að setja lög og reglur sem eru líklegri til að skila okkur traustara og öruggara fjármálakerfi.

Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til viðskiptanefndar Alþingis.

[15:25]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég kannast við það mál sem hér er til umfjöllunar og flutt er af hv. þingmönnum Vinstri grænna. Þeir hafa flutt þetta mál alloft og hv. þingmaður vitnar til Bandaríkjanna. En það vill svo til að við erum ekki á bandaríska efnahagssvæðinu heldur evrópska og því spyr ég hv. þingmann hvort hann hafi kynnt sér hvort það samræmist reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu að fara að tillögum hv. þingmanns.

[15:25]

Flm. (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég hef ekki skoðað þær reglur í þaula en hitt veit ég að í tengslum við þá fjármálakreppu sem ríður yfir heiminn allan, þar á meðal Evrópusambandsríkin, þá er öll þessi löggjöf í uppnámi og í endurskoðun. Þar á meðal eru menn að skoða lagalega múra sem menn geti reist almenningi til varnar.

Þessi heimur er allur í uppnámi. Bankar á Evrópska efnahagssvæðinu hrynja hver á fætur öðrum. Í sumum tilvikum hefur Seðlabanki Evrópu komið lítillega að málum en í flestum tilvikum hrynja bankarnir án aðstoðar. En hitt er alveg ljóst að meiri hluti manna er á því máli að endurskoða þurfi alla þá löggjöf sem gildir um fjármálastarfsemi, líka í Evrópusambandinu.

[15:26]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir því að mikið bankahrun á sér stað þannig að hv. þingmaður þarf ekki að taka það sérstaklega fram. Ég geri mér líka grein fyrir því að farið verður út í endurskoðun á þeirri löggjöf sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu í framhaldi af þeim ósköpum sem ganga nú yfir.

En þar sem hv. þingmaður er nú ekki að flytja þetta mál í fyrsta skipti heldur hefur gert það alveg frá því að ég gegndi embætti viðskiptaráðherra — og sú stefna hefur verið uppi hjá þingflokki VG að fara þessa leið. Ég hef alloft svarað því úr þessum ræðustóli að þetta samræmist ekki reglum Evrópska efnahagssvæðisins, hvað sem verður í framtíðinni.

Skilaboðin sem ég vil koma hér á framfæri eru þessi: Þegar við erum í slíku samstarfi þýðir ekki, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að setja fram tillögur á hv. Alþingi sem eru á skjön við þær reglur. Við höfum undirgengist þær reglur með því að vera aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verða því að gera sér grein fyrir því að þeir spila líka með á þessu svæði hvort sem þeir voru jákvæðir gagnvart því að taka þátt í samstarfinu eða ekki þegar ákvörðun var tekin um það hér á þinginu að gerast aðili að EES. (Gripið fram í.) Þetta er því svolítið í líkingu við það sem stundum er kallað sýndarmennska að setja þetta fram, að minnsta kosti fram til þessa. En vel má vera að þegar reglurnar verða endurskoðaðar verði leitað í smiðju Vinstri grænna af hálfu Evrópusambandsins.

[15:28]

Flm. (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort þetta er til marks um óskammfeilni eða ótrúlegt dómgreindarleysi af hæstv. fyrrum bankamálaráðherra, viðskiptaráðherra, í ríkisstjórnum sem eru valdar að því öngþveiti sem við búum við í dag, vegna þess að ekki voru settar þær reglur og þær skorður almenningi til varnar sem nauðsynlegar voru. Þegar nú er vísað til réttlætisins á hinu Evrópska efnahagssvæði þá spyr ég: Hvað er það sem við erum að upplifa núna, íslensk fyrirtæki, íslenskir bankar, af hálfu ríkja innan Evrópusambandsins? Hvernig er komið fram gagnvart okkur þar?

Við hljótum að sjálfsögðu að spyrja um hverjir hagsmunir Íslendinga séu og við þurfum að skoða hvaða reglur við viljum setja íslensku atvinnu- og fjármálalífi í stað þess að byrja alltaf að fletta upp í heilagri ritningu Evrópusambandsins og markaðssáttmálum og túlka þá síðan á þrönga markaðsvísu eins og þær gerðu ríkisstjórnirnar sem hv. þingmaður, fyrrum hæstv. ráðherra, átti aðild að. Það var alltaf gert.

Nú eru uppi deilur um það í Evrópu og í Bandaríkjunum hvort yfirleitt eigi að fara þessa leið. Og ýmsir segja að óhyggilegt sé að aðskilja bankastarfsemina. Og hverjir eru það sem tala á þann veg? Það eru fyrst og fremst þeir sem hafa hagsmuni fjárfestingarkapítalsins að leiðarljósi. Það eru fyrst og fremst þeir. Hinir, sem hafa verið að hugsa um almenning, hafa verið hvatamenn þess að aðskilnaður fari fram á milli kjarnastarfsemi, sem annast venjulega bankastarfsemi, og fjárfestingarsjóðanna.

Að fyrrum ráðherra Framsóknarflokksins sem stóð að því að (Forseti hringir.) einkavæða fjármálakerfið á einu bretti — og það samkvæmt einkavinaformúlum Framsóknarflokksins — (Forseti hringir.) skuli voga sér að koma hingað upp og hafa þessi mál nánast í flimtingum.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu enda var það ætlunin af okkar hálfu að koma þessu máli beint til nefndar. Það á þangað mikið erindi og verður vonandi skoðað á næstu vikum og mánuðum eins og svo margt sem þarf að skoða þegar við hefjumst handa um að endurreisa íslenskt fjármála- og atvinnulíf úr þeim rústum sem nýfrjálshyggjueinkavæðingarstefnan hefur leitt yfir það.

Ég verð að segja að mér finnst hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nokkuð kjörkuð að koma hingað upp til hinna hefðbundnu varna fyrir fyrirkomulagið sem leikur íslenska skattgreiðendur og almenning vítt um heim jafngrátt og raun ber vitni. Enginn vafi er á því í mínum huga að eitt mesta glóruleysið í þessu undanfarin ár, ekki bara hér heldur víðar þar sem hið evrópska regluverk hefur verið keyrt yfir menn í anda þess trúboðs að fjármagninu á markaðnum skuli allt leyfilegt — allan almenning í þessum löndum, sem er að taka á sig gríðarlegar byrðar til að afstýra endanlegu og fullkomnu hruni í formi mikillar fyrirgreiðslu úr

seðlabönkum og opinberum sjóðum, hefði mátt firra miklum hörmungum ef menn hefðu ekki leyft þessu að þróast jafneftirlitslaust og stjórnlaust og án nokkurs regluverks og raun ber vitni.

Ég var allan tímann mjög andvígur því að íslensk bankalög eða lög um fjármálastofnanir væru túlkuð á þann veg sem gert er, og ég tek fram túlkuð, að bönkunum væri innan ramma laganna heimilt það mikla svigrúm sem þeir hafa tekið sér til að blanda saman hefðbundinni viðskiptabankaþjónustu á grundvelli slíks starfsleyfis og áhættufjárfestingum, kaupum og sölu á fyrirtækjum og öðru slíku. Það er eftir því sem ég fæ best séð, og með lögfræðingum sem ég hef ráðfært mig við, fyrst og fremst byggt á því að íslenskir bankar, að því er virðist með stuðningi eftirlitsaðila, hafa fengið að túlka lögin mjög rúmt. Til þess að það sé svo sagt, þannig að hv. þingmaður verði að fara heim með athugasemdir sínar um að á einhvern hátt sé um ómálefnalegan málflutning að ræða, þá skoðuðum við þetta vel þegar við undirbjuggum frumvarpið á sínum tíma, við skoðuðum bæði íslensku bankalöggjöfina og þær evrópsku reglur sem um þetta fjölluðu. Það var mat margra manna, vissulega ekki óumdeilt, að Ísland hefði til þess fulla stöðu að skilyrða útgáfu starfsleyfa eftir flokkum þannig að það jafngilti í raun og veru aðskilnaði viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi. Það er þannig að þessi starfsemi er byggð á starfsleyfum frá hinu opinbera. Þau eru skilgreind og þau eru aðskilin eins og ég veit að hv. þingmaður, og fyrrverandi hæstv. ráðherra bankamála, hlýtur að vita að um sjálfstæð og aðskilin starfsleyfi er að ræða.

Ef við hverfum 10 ár aftur í tímann getum við rétt ímyndað okkur hversu miklu minni áhættu íslenskir skattgreiðendur bæru í dag ef sú þróun hefði ekki hafist hér, með einkavæðingu fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og síðar bankanna, að grauta þessu öllu saman í eina púlíu og leyfa þessum geira síðan að þenjast út á erlendri grund á ábyrgð íslenskra skattgreiðenda, sem er veruleiki. Og ég ætla vegna þeirra aðstæðna sem eru uppi í okkar þjóðarbúskap ekki að ræða um þetta meira að svo stöddu. Við tökum hér væntanlega yfirvegaða og málefnalega umræðu um hremmingarnar sem íslenskt samfélag er að ganga í gegnum á morgun eða hinn daginn og þá komum við kannski betur inn á þessi mál.

Ég held að þeir sem hafa ráðið fyrir bankamálum á Íslandi að einhverju leyti undanfarin 10–15 ár hljóti að þurfa að velta því fyrir sér hvar þeir stóðu vaktina þegar þessar óheyrilegu skuldbindingar riðust íslenskum almenningi sem nú eru að hrynja í hausinn á okkur. Ég held að einhver þurfi að spyrja sjálfan sig: Hvar var ég? Þetta var sem sagt skoðað á sínum tíma. Mér er vel ljóst að þetta er ekki óumdeilt en við höfðum fyrir því gild rök og mat margra sérfróðra aðila að sú leið væri fær sem við lögðum þarna til. Á það hefði þá reynt og hið evrópska regluverk hefði gengist undir það próf að gera athugasemdir við íslenska löggjöf og kvarta undan henni. Við hefðum farið í það ferli og það hefði ekki verið neinn heimsendir þó að Íslendingar hefðu reynt að setja sér sjálfstæða löggjöf sjálfum sér til varnar og almannahagsmunum, og síðan hefði verið tekist á um það hvort hún óbreytt eða í einhverju formi gat staðist hið evrópska regluverk.

Við vorum ekki ein þeirrar skoðunar á sínum tíma þegar við settum þetta mál fram að þetta væri áhugaverð leið. Það voru ekki minni aðilar en *Morgunblaðið* sjálft sem tók undir það að um mjög áhugaverðan kost væri að ræða sem og tillögur okkar (Gripið fram í.) um að yrði sú leið farin að setja banka á markað yrði það bundið í löggjöf að um dreift eignarhald yrði að ræða. Ætli það hefði ekki líka komið sér betur núna að bankarnir hefðu ekki verið í höndum örfárra stórra fjárfesta sem gengu þar út og inn og skömmtuðu sjálfum sér lán til gríðarlegra fjárfestinga í útlöndum ekki síst sem nú eru að hrynja í hausinn á okkur.

Þessum athugasemdum vildi ég koma á framfæri, virðulegi forseti, en ætla ekki að lengja umræðuna og legg til að málið farið sem fyrst til nefndar. Ég treysti hv. þingnefnd til að skoða það ásamt með mörgu fleiru sem þær nefndir Alþingis sem fjalla um viðskipti, löggjöf og fjármál hljóta að þurfa að fá á sína könnu á næstunni.

[15:37]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þingmenn ætla að fara ódýru leiðina í því erfiða máli sem við stöndum frammi fyrir og tala um hluti sem voru ómögulegir. Fyrst það var nefnt hér að *Morgunblaðið* hefði haft ákveðna stefnu uppi sem varðaði fjármálamarkaðinn þá var ritstjóri *Morgunblaðsins* æðioft mjög langt frá raunveruleikanum í skrifum sínum. Það er ekki hægt að halda því fram að við getum farið út fyrir þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, svo einfalt er það. Það getur vel verið að það henti einhverjum hv. þingmönnum að gera mig fyrst og fremst ábyrga í þingsalnum og þá er það bara eins og það er. En bæði það sem varðar þá uppskiptingu sem kemur fram í þessu máli og eins það að hægt hefði verið að setja reglur um hámarkseignaraðild, 10% eða hvað það nú var, sem var í umræðunni, þá var það einfaldlega ekki hægt, það var svo einfalt, nema þá við segðum lausum samningi okkar um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég vildi að þetta kæmi fram af því að mér finnst mikilvægt að við séum ekki, þegar við förum að gera þetta mál upp, sem við munum eflaust gera, að tala um hluti sem voru óraunverulegir og óraunhæfir á þeim tíma sem við settum þessi lög. Þau lög voru mörg og þau voru mjög nákvæm en ég efast ekkert um að það sé rétt sem hefur komið fram hjá hv. þingmönnum að þau verða endurskoðuð í kjölfar þessarar kreppu. En meðan þau giltu þá giltu þau.

[15:39]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott til þess að vita að græðgis- og nýfrjálshyggjukapítalisminn, eins og hann er borinn fram af Evrópusambandinu, skuli ekki vera vinalaus á Alþingi.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Heilsársvegur yfir Kjöl, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÓ o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

[15:40]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Þannig háttar til að þetta mál var rætt á fimmtudaginn í síðustu viku og umræðu frestað og ég var þá næst á mælendaskrá. Ég sé að flutningsmaður tillögunnar, hv. þm. Kjartan Ólafsson, er ekki viðstaddur þessa umræðu en ég tel þó engu að síður rétt að gera grein fyrir afstöðu minni. Þetta mál hefur svo sem verið rætt hér áður, var rætt og flutt á síðasta þingi. Ég vildi hnykkja á þeirri afstöðu minni, sem ég viðraði reyndar í þeim umræðum, að ég er heldur neikvæð gagnvart þessari tillögu. Vil ég færa fram nokkur sjónarmið til stuðnings þeirri afstöðu.

Í fyrsta lagi er það náttúruverndarsjónarmið. Samgöngunefnd hefur sent málið til umsagnaraðila og fengið einar 12, hygg ég, umsagnir um það. Meiri hluti umsagnaraðila er frekar neikvæður í garð þessarar tillögu. Mjög margir nefna náttúruverndarsjónarmiðin út frá þessu og ég get að mörgu leyti tekið undir það.

Hitt atriðið sem ég vildi nefna — áður en ég geri það er rétt að koma inn á það að þetta tengist vinnu hæstv. umhverfisráðherra og umhverfisráðuneytisins varðandi landsskipulag. Það mál er ekki klárað og afgreitt frá þinginu og snýr að landnotkun á hálendinu. Mér finnst ekki ganga að þetta mál sé sett í einhvern forgang meðan landsskipulagið er óklárt. Í þingsályktunartillögu hv. þingmanna sem flytja hana er talað um að Alþingi feli ríkisstjórninni að kanna þjóðhagslega hagkvæmni þess að leggja heilsársveg yfir Kjöl og jafnframt verði gerð forkönnun á umhverfisáhrifum eins og segir í tillögunni. Það er þannig, frú forseti, að það er ekkert til sem heitir forkönnun á umhverfisáhrifum. Annaðhvort fara menn í könnun á umhverfisáhrifum eða ekki. Það er ekkert til í lögunum sem heitir forkönnun svo að því sé til skila haldið.

Það er líka rétt að geta þess að bæði hæstv. samgönguráðherra og hæstv. umhverfisráðherra hafa tjáð skoðun sína og gerðu það síðasta sumar. Þau telja hvorugt rétt að leggja sérstakan heilsársveg yfir Kjöl að svo stöddu og færa fyrir því þau rök að um spurningu um forgangsröðun í samgöngumálum sé að ræða. Ég get tekið undir það og tel að önnur mál séu brýnni í samgöngumálum en heilsársvegur yfir Kjöl.

Þetta eru þau tvö atriði sem ég hef fram að færa, frú forseti. Móta þarf samræmda landnotkunarstefnu á hálendinu og þar með hvernig vegagerð verði háttað. Ég tel að heilsársvegur yfir Kjöl sé ekki í forgangi og í öðru lagi tel ég að menn verði að skoða umhverfisáhrifin vandlega og ekki rasa um ráð fram.

Ég vildi koma þessu á framfæri, frú forseti. Ekki gafst tækifæri til þess í umræðunum á fimmtudaginn. Þetta hefði kannski verið markvissari umræða ef hv. flutningsmaður tillögunnar hefði verið hér en hann þekkir mín sjónarmið, ég hef viðrað þau áður, og þau hafa ekki breyst á milli mánaða.

[15:44]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Miðað við þær aðstæður sem eru í þjóðfélaginu er kannski ekki tímabært að flytja þessa þingsályktunartillögu aftur en það hefur verið gert. Við sem stöndum að henni styðjum hana auðvitað og viljum láta þessar rannsóknir fara fram. Við teljum að mikil samgöngubót yrði að þessu. Útblástursmengun af bílum er mikil og þegar vegaleiðir á milli landshluta eru styttar — leiðin Reykjavík – Akureyri styttist um 47 km, farið um Hellisheiði, úr 388 km niður í 341 km. Stytting verður milli Selfoss og Akureyrar um 141 km, úr 430 km niður í 289 km. Það munar töluvert um útblástursmengun þegar hægt er að stytta vegalengdir svona. Tíminn er líka peningar, það þekkjum við öll. Með nýrri stórskipahöfn í Þorlákshöfn megum við vænta þess að ákveðnir flutningar geti farið yfir Kjöl af Norðurlandi og frá höfnum norðan lands til stórskipahafnar í Þorlákshöfn.

Ég er kannski ekki bjartsýnn á að þessu verði fylgt eftir af fullum krafti eins og aðstæður eru í þjóðfélaginu en það er ágætt að halda þessu til haga. Mér finnst því þessi umræða um það að vera á móti þessu ekki eiga rétt á sér.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og samgn.

Þjóðlendur, 1. umr.

Frv. BjH o.fl., 25. mál (sönnunarregla). — Þskj. 25.

[15:47]

Flm. (Bjarni Harðarson) (F):

Frú forseti. Það mál sem við tökum nú fyrir í þingsal er auðvitað fjarri þeim hvirfilvindi sem þjóðin stendur frammi fyrir núna en þó er það svo að þingið þarf að halda fram störfum sínum. Ég fagna því að fá að flytja þetta mál svo snemma vetrar því að það eykur heldur líkurnar á því og ég treysti því að það verði til þess að það fáist afgreitt úr nefnd eins og reyndar hæstv. forseti og fjöldi þingmanna hafa gefið góð orð fyrir að stefnt sé að því að þingmannamál sofni ekki öll sömul í nefndarstarfi.

Málið er endurflutt óbreytt frá fyrra þingi og fjallar um þá breytingu á lögum um þjóðlendur að ríkið virði þinglýst landamerki og geri ekki kröfur um að þjóðlendur séu innan þinglýstra landamerkja en ef ríkið telji nauðsynlegt að gera slíkar kröfur sé sönnunarbyrðin ekki lögð á eigandann heldur ríkið. Þetta er mikil grundvallarbreyting frá því sem verið hefur en það er þó í rauninni mikið vafamál að sú lagaframkvæmd sem viðhöfð hefur verið um þjóðlendurnar sé réttlætanleg eða sé á nokkurn hátt samrýmanleg því sem upphaflega var ætlað við flutning og framkvæmd þjóðlendumála.

Eins og ég sagði er málið endurflutt frá fyrra ári og hefur í engu verið breytt frá þeim tíma. Flutningsmenn eru hinir sömu en þeir eru auk undirritaðs Magnús Stefánsson og Höskuldur Þórhallsson úr Framsóknarflokki, Árni Johnsen úr Sjálfstæðisflokki, Kristinn H. Gunnarsson og Guðjón Arnar Kristjánsson úr Frjálslynda flokknum.

Það sem við teljum einnig mikilvægt er 2. gr. þessa frumvarps sem er bráðabirgðaákvæði á þá leið að þar sem ríkið hefur komist yfir lönd innan þinglesinna merkja jarðar

skuli fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins innan sex mánaða frá gildistöku þessara laga þinglýsa að eigin frumkvæði og á kostnað ríkisins yfirlýsingu á viðkomandi fasteign þess efnis að það falli frá rétti sínum samkvæmt ákvörðuninni.

Telji íslenska ríkið að uppfyllt séu skilyrði þess að færa sönnur fyrir þeim ágalla í eignarheimild þinglýsts eiganda sem lýst er í fyrri grein getur ríkið krafist þess innan sex mánaða frá gildistöku laganna og þá verður málið að nýju tekið fyrir í óbyggðanefnd. Skal óbyggðanefnd verða við kröfunni og taka málið fyrir innan þriggja mánaða frá því að krafa barst henni. Um málsmeðferðina fer eftir almennum reglum laganna.

Hér er með öðrum orðum gert ráð fyrir því að þar sem að ríkið hefur eignast lönd með þessum hætti gangi þær eignarheimildir í reynd til baka. Þó sé möguleiki á að ríkið haldi þessum löndum sínum en málið verður þá að fara aftur í gegnum meðferð nefndarinnar.

Fjármálaráðherra gaf fyrir síðustu kosningar og aftur nú á nýbyrjuðu kjörtímabili út yfirlýsingar um að fyrirkomulagi við kröfugerð ríkisins yrði breytt. Ég fagna sérstaklega efndum á því loforði sem komu glöggt fram á áliðnu sumri þegar ráðherra dró til baka nokkuð margar af kröfum sínum á Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsvæði. Þessi mál hafa því þokast lítillega til réttrar áttar á þessu kjörtímabili og fyrir það eru bændur og landeigendur afar þakklátir. Það kallar enn frekar á nauðsyn þess að frumvarp sem þetta sé samþykkt vegna þess að það er mikilvægt að allir landeigendur í landinu sitji við sama borð og þó svo að ríkið muni ekki fara fram með óréttmætum hætti í því sem eftir er er nauðsynlegt að fram komi ákveðin leiðrétting. Þegar bíða nokkur þjóðlendumál umfjöllunar Mannréttindadómstóls Evrópu og það væri afar ánægjulegt ef ríkið sýndi sanngirni núna og rétti fram sáttarhönd og bændur gætu þá dregið málin þar til baka. Íslandi er enginn sómi að því að ríkið sé dregið öðru sinni, reyndar ekki öðru sinni, það hefur gerst oftar, á skömmum tíma fyrir mannréttindanefnd út af skiptum sínum við borgarana og það er kannski ekki það sem íslenskt orðspor þarf á að halda um þessar mundir.

Ég vil líka benda á í þessu samhengi að öll meðferð þjóðlendumála eins og hún hefur verið lengst af, með þeim mikla yfirgangi sem ríkið hefur sýnt landeigendum í landinu, hefur í rauninni verið í anda þeirrar stefnu sem einkennt hefur samfélag okkar þar sem hver á að hrifsa til sín eins og hann framast getur og sanngirnissjónarmiðin hafa ekki átt allt of mikið upp á pallborðið.

Það er von mín að þau óveður sem ganga yfir íslenskt samfélag og íslenskt efnahagslíf nú um stundir geti kennt okkur að svona haga menn sér ekki, að svona lagað er ekki farsælt og það eigi við víðar en í fjármálageiranum. Það á líka við í skiptum milli aðila og skiptum milli ríkis og einstaklinga að okkur ber að sýna sanngirni og réttsýni en sækja ekki allt sem framast er unnt fyrir dómstólum.

Í þessu samhengi er í rauninni ekki stór munur á því að taka hlut með óréttu og að ásælast hlut sem liggur samt í augum uppi að viðkomandi hefur ekki rétt til, þ.e. það sem gerst hefur í þjóðlendumálum er að við fyrstu kröfulýsingar og í rauninni allt fram að kröfulýsingum núna í Skagafirði og Eyjafirði hefur ríkið lagt fram kröfur sem eru ekki bara ýtrustu kröfur heldur kröfur sem ganga langt umfram það sem nokkur getur látið sér detta í hug að nokkurt vit sé í. Niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar hefur svo verið sú að langflestum af þessum kröfum ríkisins á hendur bændum hefur verið vísað frá. Bændur hafa þurft að verja hendur sínar varðandi réttmætan eignarrétt sinn á þinglýstum löndum jafnvel allt heim að íbúðarhúsum eða inn í íbúðarhús þar sem ríkinu hefur þóknast, eins og gerðist á jörðinni Fossi í Hrunamannahreppi að draga þjóðlendulínuna þvert í gegnum íbúðarhúsið og þvert í gegnum hjónarúmið.

Við þurfum að láta af þessari óbilgirni og ríkisvaldið þarf að horfa til þess að hún er okkur ekki sæmandi. Kannski er þetta angi af þeim hugsunarhætti sem hefur fært okkur akkúrat þangað sem við erum núna, sú óbilgirni að alltaf skuli allir sækja allt sem þeir mögulega geta hversu siðlegar eða eðlilegar kröfurnar annars eru í augum hins venjulega borgara. Það eru harðir kostir fyrir bændur að hafa þurft að sitja undir að verja slíka hluti og eyða í það tíma og fjármunum.

Þá kem ég að öðrum hlut í þessu máli sem kann vel að vera að ég muni ýta á eftir frekar í fyrirspurnum eða jafnvel með þingsályktunartillögu. Eitt af vandamálum í þjóðlendumálunum sem hefur verið vaxandi upp á síðkastið er að þrátt fyrir ákvæði í þjóðlendulögum um að ríkið standi straum af kostnaði bænda við flutning málanna hefur það farið vaxandi að ríkið hefur hafnað að greiða réttmæta reikninga málsvarnaraðila bænda, lækkað þá og vísað frá. Einn bóndi líkti því við það í mín eyru að það væri eins og að fá iðnaðarmann í heimsókn og þegar hann legði fram reikninginn segðist maður bara ætla að borga helminginn, reikningurinn væri allt of hár. Auðvitað geta menn deilt um hvort þessir reikningar séu háir en það er þó ekki að sjá af upphæðum að þeir hafi farið þannig hækkandi að það sé neitt sérstakt sem réttlæti þessa meðferð. Þetta hefur einfaldlega leitt til þess að bændur hafa lagt út í mikinn og vaxandi kostnað vegna þjóðlendumála, hafa borgað það sem í milli er til að lönd þeirra séu varin eins vel og þeir telja nauðsynlegt. Skoðun mín er reyndar sú og hún styðst við ýmis gögn sem komið hafa fram á fundum og ráðstefnum um þjóðlendumál að því fari fjarri við þennan málatilbúnað að við höfum farið nógu djúpt ofan í heimildir og gögn til að þessi mál séu hafin yfir allan vafa.

Mér er minnisstætt að hafa eftir að mál gengu í Rangárþingi fengið bréf frá eldri manni þar í sýslu sem hafði kynnt sér úrskurðina og örnefnanotkun í þessum úrskurðum og komst að því að mið dómaranna varðandi örnefni og kennileiti á afréttum í hans sveit voru allt önnur en þau sem hann taldi rétt vera. Nú geta stundum verið skiptar skoðanir um örnefni og misjafnt eftir bæjum jafnvel hvernig menn túlka þau en þarna er líka um óskaplega vandmeðfarna hluti að ræða og vinnan við að ná að fara í gegnum öll landamerki jarða sem eiga lönd inn á miðhálendið eða inn á óbyggðir er að mínu viti miklu meiri en sú sem lögð hefur verið í við þjóðlendumálið og verður í rauninni ekki unnin með svona hraðferð um landið.

Hitt málið sem er ekki síður athugunarvert er hvernig við höfum túlkað gerninga fyrri tíðar. Sá merki fræðimaður Einar G. Pétursson hefur m.a. bent á það í fyrirlestri um

þjóðlendumál að þar séum við í flestum tilfellum að túlka þessi fyrri alda gögn út frá 20. aldar eða 21. aldar skilningi á málum. Það er allsendis óraunhæft og í raun og veru á slík túlkun alls ekki rétt á sér. Við verðum að ná að skilja gögnin út frá þeim tíma sem þau eru samin og skilja pólitískt inntak þeirra. Þetta er í rauninni miklu flóknari hlutur en svo að við séum komin neitt nærri því að afgreiða hann, enda verður að játast að sagnfræðirannsóknir okkar og skjalarannsóknir hafa kannski ekki sérstaklega miðast við þetta. Ég er viss um að þetta á eftir að verða vinsælt og vaxandi viðfangsefni fræðimanna á næstu árum og áratugum en það geta liðið margir áratugir enn þangað til að menn fá almennilega sýn á hvernig túlka beri þessi gögn.

Þá er ég kominn að því sem er mér ekki síst áhugamál í þessum efnum og það er hin mismunandi sýn á skrifleg og munnleg gögn vegna þess að dómstólakerfið í landinu er enn þá með þeim, ég vil ekki segja annmörkum en alla vega undir þeim skóla að telja skrifleg gögn margfalt gildari en munnleg gögn. En í ýmsum fræðigreinum hafa menn verið að endurmeta þetta á seinni árum og jafnvel talið að í sumum tilfellum geti hin munnlega geymd verið fullt eins áreiðanleg og hin skriflega. Þetta hljómar fyrir mörgum svolítið skrýtin fræði en rannsóknir sem kannski eiga uppruna sinn á Balkanskaganum og í tengslum við þjóðfræðirannsóknir þar hafa einmitt leitt fræðimenn að þeirri niðurstöðu að hin munnlega geymd hafi verið mjög vanmetin. Þess vegna held ég að þegar kemur að því að meta eigi til gagna annars vegar t.d. pergamentblöð Landnámu, margra alda gömul, og hins vegar munnlega geymd sem vitað er að gengið hefur mann fram af manni á viðkomandi svæði þá er ekki svo óyggjandi að Landnámuheimildin sé endilega betri. Rekur þar margt til, m.a. það að við vitum í rauninni allt of lítið um raunverulegan tilgang og raunverulega ætlan höfunda með ritun Landnámu.

Um þetta væri hægt að hafa hér langt og mikið mál til viðbótar, ég mun hlífa þingheimi við því að sinni en vonast til að fleiri komi inn í þessa umræðu þó að auðvitað sé okkur þingmönnum þannig varið að við eigum, líkt og aðrir, erfitt með að einbeita okkur að hinum daglegu hlutum við þær aðstæður sem nú ríkja. Það er mikilvægt að við sýnum þó það fordæmi að hverfa ekki frá vinnu okkar þegar aðstæður eru með þessu móti því að það getum við ekki ætlað að aðrir borgarar samfélagsins geri.

[16:04]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessa máls sem er nú endurflutt frá fyrra þingi og tel mjög nauðsynlegt að breytt verði um stefnu frá því sem verið hefur og til þess eru lagagreinar þessar samdar. Frumvarpið er aðeins tvær lagagreinar og fjallar um að breyta málsmeðferð, réttarstöðu og túlkun sem ella mundi festast í sessi.

Þar vekjum við sérstaklega athygli á því að ríkið hefur gert kröfu um sönnunarreglu um að menn sanni sérstaklega eignarbönd sín. Ekki er lengur talið fullnægjandi það sem áður var talið sannað og hefur verið viðurkennt af ríkinu oft áratugum saman.

Ég bendi á að ríki og sveitarfélög hafa áratugum saman tekið við sköttum og gjöldum af þeim eignum sem hér er um að ræða. Það er ansi undarlegt þegar svo er komið að eignir sem menn hafa greitt skatta af til ríkisins árum og áratugum saman eru ekki lengur viðurkenndar sem eign og er túlkun laganna breytt að því er það varðar. Sönnunarbyrðinni er nú snúið við og kveðið er á um að það verði að vera ríkið sem sýni fram á eignarheimild, að jörð sé ógild, en ekki öfugt. Fólki sem hefur verið talið eigendur að jörðum árum og áratugum saman samkvæmt þeim landamerkjum sem allir hafa verið ásáttir um og ekki hafa verið deilur um, er allt í einu gert skylt að sýna fram á að jarðir og lönd sem það hefur borgað skatta af til ríkis og sveitarfélaga — og ríkið hefur væntanlega tekið við athugasemdalaust — séu þeirra eign. Mér finnst að þarna hafi málunum verulega verið snúið á hvolf og ekki sé hægt að una því að slík réttarvenja myndist sem ella mundi ná fram að ganga að óbreyttri málsmeðferð.

Þetta er í stuttu máli það sem ég vildi segja um málið. Ég tek undir það sem 1. flm., hv. þm. Bjarni Harðarson, sagði í ræðu sinni og vísa til þó nokkuð langrar ræðu sem ég flutti um þetta mál á síðasta þingi og færði þar rök fyrir því hvers vegna ég tel að lagfæra þurfi þessi lög, svo gölluð sem mér finnst framkvæmdin á þeim vera.

Ég tel að fara verði fram sú lagfæring á lögunum sem hér er lögð til og réttur fólks sé viðurkenndur af þeim eignum sem það hefur greitt fyrir afgjald á undanförnum árum og áratugum og ekki hefur verið ágreiningur um. Það er megininntak málsins og þarf svo sem ekki að hafa mikið lengra mál um það hér á hv. þingi. Málið fær vonandi efnislega og góða umfjöllun í nefnd og verður síðan afgreitt hér í þinginu. Það hefur sýnt sig að fólk hefur ekki náð rétti sínum. Alla vega tel ég að það hafi ekki náð þeirri réttarstöðu sem mér finnst að það eigi í þessu máli að því er varðar eignarlönd og landamerki og að ríkið hafi gengið þar á rétt fólks.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Rannsóknarnefnd til að gera úttekt á fiskveiðiheimildum, 1. umr.

Frv. GMJ og GAK, 21. mál. — Þskj. 21.

[16:09]

Flm. (Grétar Mar Jónsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Ég legg hér fram frumvarp til laga um skipun rannsóknarnefndar til að gera úttekt á umfangi brota á lögum og reglum sem varða fiskveiðiheimildir íslensks sjávarútvegs.

Við erum tveir flutningsmenn þessa frumvarps, sá sem hér stendur og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson.

Í 1. gr. frumvarpsins segir svo:

„Alþingi skal kjósa sjö manna rannsóknarnefnd til að gera úttekt á umfangi brota á lögum og reglum sem varða fiskveiðiheimildir. Nefndin skal í störfum sínum greina hvaða aðferðir hafa verið notaðar við brotin, leggja mat sitt á ástæður þeirra og hverjar afleiðingar þau geta eða hafa haft fyrir þjóðarbúið í heild, sem og nytjastofna sjávar. Rannsókn nefndarinnar skal ná aftur til ársins 1991.

Nefndinni er ekki ætlað að fjalla um sekt eða sakleysi þeirra sem á fund hennar koma eða koma á framfæri við ákæruvaldið grunsemdum um refsivert athæfi.

2. gr. Nefndin skal skipuð fulltrúum allra flokka á Alþingi. Nefndin kýs formann úr hópi nefndarmanna og ræður afl atkvæða.

Nefndin skal setja sér verklagsreglur.

3. gr. Skrifstofa Alþingis skal sjá nefndinni fyrir starfsaðstöðu. Nefndinni skal heimilt að kalla eftir aðstoð óháðra sérfræðinga til að láta skoða einstök atriði sem að gagni koma í störfum hennar.

4. gr. Nefndinni er heimilt að kalla á sinn fund hvern þann sem starfar eða starfað hefur við sjávarútveg, þar með talið sjómenn, skipstjórnarmenn, útgerðarmenn, fiskverkendur og flutningsaðila.

Upplýsingar sem þeir sem koma fyrir nefndina veita má ekki nota til sakfellingar í opinberu máli.

5. gr. Nefndin skal hafa óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda sem snerta starfssvið hennar og skulu starfsmenn láta henni í té alla nauðsynlega aðstoð af því tilefni. Þá getur nefndin krafið einstök fyrirtæki sem starfa við sjávarútveg eða samtök þeirra um upplýsingar sem að hennar mati eru nauðsynlegar til að hún geti sinnt hlutverki sínu.

Starfsmönnum stjórnvalda er skylt þrátt fyrir þagnarskyldu að svara spurningum nefndarinnar varðandi atriði sem eru á málefnasviði hennar. Hið sama gildir um fyrrverandi opinbera starfsmenn.

Komi upp ágreiningur vegna 1. og 2. mgr. er nefndinni heimilt að leita úrlausnar dómstóla.

6. gr. Nefndarmenn og aðrir sem inna af hendi störf í þágu nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um viðkvæm einkamálefni, þar með talið upplýsingar sem varða einstaka refsiverða verknaði. Þagnarskylda helst eftir að störfum lýkur.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda ekki um störf nefndarinnar. Nöfn þeirra sem koma fyrir nefndina skulu ekki birt.

7. gr. Nefndin skal gera Alþingi grein fyrir rannsókn sinni og niðurstöðu í sérstakri skýrslu eigi síðar en 1. nóvember 2009. Skulu þar gerðar tillögur um úrbætur eða aðrar lyktir eftir því sem tilefni þykir til.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

8. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi“ — þ.e. þegar þau hafa verið samþykkt.

Mál þetta var lagt fram á síðasta þingi og er nú lagt fram öðru sinni lítið breytt. Allt frá því að svokallað kvótakerfi var tekið upp í íslenskum sjávarútvegi hafa komið fram alvarlegar ásakanir um að reglum þess hafi ekki verið réttilega fylgt. Flytjendur telja rétt að fá skorið úr um sannleiksgildi þessa og leggja til að komið verði á fót rannsóknarnefnd til að fjalla um umfang brota á lagareglum sem varða fiskveiðiheimildir hvar sem þær er að finna í fiskveiðistjórnarlöggjöfinni. Mætti í því sambandi helst nefna lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, og lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996, og reglur settar á grundvelli þeirra.

Um fátt hefur meira verið deilt í þjóðfélaginu á liðnum árum en íslenska kvótakerfið. Vegna þeirra takmarkana sem kvótakerfið setur hefur því verið haldið fram að útgerðarmenn og sjómenn hafi sniðgengið reglurnar til að auka möguleika til tekjuöflunar og betri afkomu. Ekki aðeins hefur því verið haldið fram að þeir sem stunda fiskveiðar hafi gerst sekir um slíka hegðun heldur einnig þeir sem fylgjast eiga með að reglunum sé eða hafi verið fylgt. Nefna má í þessu sambandi ásakanir um brottkast á fiski, löndun fram hjá vigt, rangar nýtingarprufur, rangar upplýsingar um tegundir, misnotkun á leyfi til heimavigtunar, ranga úrtaksvigtun og annað.

Sumir hafa ekki viljað gera mikið úr sögusögnum um þess háttar brot á kvótareglum. Hafrannsóknastofnunin hefur til að mynda látið hafa eftir sér að lítið sé um brottkast á fiski og ekki fallist á staðhæfingar sumra sjómanna um annað. Flytjendur telja að mat Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand fiskstofna geti ekki talist áreiðanlegt nema leitt verði í ljós hvor aðilinn hafi rétt fyrir sér.

Flytjendur þessa frumvarps telja að rétt sé og nauðsynlegt að komast sem næst sannleikanum í þessu máli og vilja að Alþingi kjósi sjö manna nefnd sem í sé hið minnsta einn fulltrúi frá hverjum þingflokkanna.

Forsenda þess að nefndin geti rækt hlutverk sitt er að hún fái víðtækar heimildir til gagnaöflunar og er lagt til í frumvarpinu að hún skuli hafa ótakmarkaðan aðgang að gögnum í vörslu stjórnvalda sem snerta starfsvið hennar, auk þess að geta krafið einstök fyrirtæki sem starfa við sjávarútveg eða samtök þeirra um upplýsingar sem nefndin telur að séu í þágu starfs síns.

Gert er ráð fyrir að einstaklingar, t.d. sjómenn, útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, fiskverkendur og flutningsaðilar, geti komið á fund nefndarinnar af fúsum og frjálsum vilja til að láta henni í té vitneskju. Nefndinni er alls ekki ætlað að skera úr um sekt eða sakleysi þeirra sem veita upplýsingar eða koma á framfæri grunsemdum við ákæruvaldið um refsivert athæfi sem nýtast munu til sakfellingar í opinberu máli.

Kvótakerfið er af mörgum talið ranglátt og hefur tilvist þess frá upphafi vakið miklar deilur í þjóðfélaginu. Nú síðast upphófust umræður í ársbyrjun eftir að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna gaf út álit í máli Erlings Sveins Haraldssonar og Arnars Snævars Sveinssonar gegn íslenska ríkinu um að kvótakerfið samrýmdist ekki jafnræðisreglu alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Þess vegna tel ég að rannsóknarnefnd á vegum þingsins sem kemst sem næst raunverulegri stöðu í þessum málum sé öllum til góða, bæði þeim sem halda því fram að verið sé að kasta fiski í sjóinn, að verið sé að landa fram hjá, og þeim sem halda hinu gagnstæða fram, að allt sé slétt og fellt. Þess vegna leggjum við þetta frumvarp fram og óskum eftir því að því verði vísað til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

[16:18]

Björn Valur Gíslason (Vg):

Forseti. Þetta frumvarp sem hv. þingmenn Frjálslynda flokksins, Grétar Mar Jónsson og Guðjón Arnar Kristjánsson, hafa lagt hér fram fjallar um skipun rannsóknarnefndar

til að gera úttekt á umfangi brota á lögum og reglum sem varða fiskveiðiheimildir íslensks sjávarútvegs.

Mér finnst dálítið vel í lagt að bæta við fleiri nefndum, stofnunum eða eftirlitsstofnunum fyrir þessa starfsgrein en nú þegar eru fyrir hendi. Ég leyfi mér að efast um að nokkur einasta atvinnugrein á Íslandi sé í dag undir jafnströngu eftirliti og sjávarútvegur og þá kannski sér í lagi fiskveiðarnar.

Ég minni á að Fiskistofa hefur víðtækt eftirlit með veiðum og vinnslu bæði á sjó og landi. Sjálfur þekki ég það af eigin reynslu og veit að hv. þingmenn og flutningsmenn þessa frumvarps geta vitnað um það sömuleiðis að það eftirlit er mjög strangt. Við sem stýrum skipum til veiða og stundum fiskveiðar erum oft og tíðum með eftirlitsmenn frá Fiskistofu um borð í skipum okkar sem fylgjast grannt með öllu því sem þar gerist sem varðar veiðarnar, sem varðar veiðarfæri, sem varðar vinnsluna og frágang á afla, reyndar öllu því sem nefnt er í þessu frumvarpi og grunur leikur á um að menn fari ekki eftir.

Auk þess að vera iðulega með eftirlitsmenn frá Fiskistofu um borð í skipum á veiðum ber skipstjórnarmönnum, sjómönnum sem liggja undir grun samkvæmt þessu frumvarpi hér um að fylgja ekki settum reglum, þ.e. okkur sem þennan atvinnuveg stunda, að skila til Fiskistofu ítarlegum skilagreinum, mjög nákvæmlega útfylltum og ítarlegum skilagreinum um það hvernig veiðarnar hjá okkur fóru fram, ekki bara hvar við veiddum heldur hvaða fisk við veiddum og hvernig við hanteruðum hann, hvernig við fórum með hann og sömuleiðis hvernig nýtingin á þeim afla var. Ég get fullyrt hér að á þeim skipum sem ég þekki til og á þeim skipum sem ég hef starfað á er farið ítarlega, vandlega og nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum sem Fiskistofa lætur okkur vinna eftir hvað þetta varðar.

Vel má vera að flutningsmenn þessa frumvarps sem báðir eru þekktir skipstjórnarmenn hafi aðra reynslu af þeim skipum sem þeir hafa stýrt á þeim árum sem þeir vilja láta rannsaka, þ.e. 17 ár aftur í tímann. En þá reynslu get ég ekki staðfest með þeim.

Því til viðbótar, ef eftirlit Fiskistofu um borð í skipunum og eftirlit með þeim skilagreinum sem okkur ber að skila til Fiskistofu dugar ekki, eru iðulega eftirlitsmenn frá Fiskistofu við löndun, þegar verið er að landa úr skipum, og fylgjast með því að sá komi afli upp úr skipum sem tilgreindur er á aflaskýrslum og fylgjast náið með því að nýting á unnum afurðum sé samkvæmt því sem upp er gefið. Allt þetta veit ég að flutningsmenn þekkja vel og ekki síður en ég geri.

Í öðru lagi er aukið eftirlit frá Landhelgisgæslu með veiðum og vinnslu um borð í skipum, því miður kannski ekki nóg. Eins og hefur nú borið á að undanförnu hefur ekki verið hægt að halda úti skipum Landhelgisgæslunnar vegna fjárskorts. En við megum búast við því á hverjum degi að varðskip banki upp á og þeir komi um borð í skipin til að fylgjast með því sama og eftirlitsmenn Fiskistofu gera, þ.e. veiðum og vinnslu, hvernig við högum okkur við veiðarnar, hvort veiðarfæri standist þær reglur og þær kröfur sem gerðar eru um þau og svo framvegis.

Landhelgisgæslan hefur einnig á undanförnum árum beitt þyrlum við eftirlit með veiðum. Við sjómenn höfum mátt búast við því sömuleiðis að niður úr þyrlu sígi um borð eftirlitssveit frá Landhelgisgæslunni sem þeir gera orðið iðulega til viðbótar auk þess sem þeir beita síðan flugvélum til þess að fylgjast með að skip séu að stunda veiðar á þeim svæðum þar sem þau mega vera og ekki á þeim svæðum sem þau mega ekki vera á. Landhelgisgæslan er því með aukið og strangt eftirlit við veiðarnar og skráningu á veiðum og vinnslu á aflanum sömuleiðis eins og Fiskistofa gerir auk þess sem eftirlit Landhelgisgæslunnar nær út fyrir verksvið Fiskistofu varðandi skráningar á áhöfn, búnað skipa, skoðun og haffærisskírteini og svo framvegis. En það hlýtur að vera eitt af því sem flutningsmenn frumvarpsins telja að sjómenn liggi undir grun um að vera að brjóta.

Dugi þetta ekki til þá er við löndun fylgst með afla þeim sem kemur upp úr skipum af hafnarvörðum í viðkomandi höfn sem standa vaktina við skipshlið og fylgjast með því að upp úr skipunum komi sá afli sem sagður er vera um borð, hvorki meira né minna. Á því bera þeir ábyrgð. Á hafnarvogunum er síðan tekin úttaksvigtun úr afla svo ég tali um vinnsluskip og svo framvegis. Það er því mjög strangt eftirlit, mjög mikið eftirlit með þessari atvinnugrein, fiskveiðunum, og það mikið að ég tel í raun algjörlega óþarft að ætla að bæta fjórðu eftirlitsstofnuninni við það sem þegar er fyrir. Ég veit að margir ef ekki allir skipstjórnarmenn, gæti ég fullyrt, eru mér sammála um að okkur finnst nú þegar vera komið nóg af því eftirliti sem við þurfum að búa við og það að þurfa að stöðugt að liggja undir grun um að vera að brjóta þær reglur sem okkur eru settar eins og mér reyndar finnst andi frumvarpsins vera, þ.e. að við liggjum undir grun. Spurning vaknar líka þegar frumvarpið er lesið. Þar stendur í greinargerð, með leyfi forseta:

„Allt frá því að svokallað kvótakerfi var tekið upp í íslenskum sjávarútvegi hafa komið fram alvarlegar ásakanir um að reglum þess hafi ekki verið réttilega fylgt.“

Og þær reglur sem tilteknar eru í þessu frumvarpi eru í lögum um stjórn fiskveiða, lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands svo einhver dæmi séu nefnd.

Mér þykir augljóst þegar vísað er í lög um stjórn fiskveiða að verið sé að tala um illa eða óviðunandi meðferð á afla sem veiðist, brottkast, svindl á nýtingu og svo framvegis eins og hér hefur verið nefnt. Mér þykir það eiginlega liggja í augum uppi þegar nefnd eru hér sérstaklega lög um fiskveiðar í landhelgi Íslands að sjómenn stundi þar þá eða liggi undir grun um að vera sífellt að brjóta þau lög, vera að veiðum þar sem þeir ekki eiga að vera, brjóta sem sagt landhelgislögin. Ég held að flutningsmenn þessa frumvarps hljóti að búa yfir upplýsingum um ítarleg brot á þessum lögum, þeir hafi vitneskju um að þessi lög séu þverbrotin. Að öðrum kosti held ég að menn leggi ekki fram frumvarp til laga á Alþingi um að reyna að stemma stigu við því. Ég óska eftir því, búi þeir yfir þessum upplýsingum, hafi þeir haldbærar upplýsingar um að sjómenn sérstaklega séu að brjóta lög, þessi tilteknu lög sem eru nefnd í frumvarpinu, að þá upplýsi þeir það hér í þessari umræðu að þeir búi yfir þessum upplýsingum og segi hvaðan þær eru komnar og að þær séu rökstuddar.

Mér þykir sárt sjálfum að þurfa að sitja undir því að flutt sé frumvarp á Alþingi í þessum anda sem beinist í aðalatriðum að mér persónulega, finnst mér sem sjómanni, og starfsfélögum mínum úti á sjó sem ég veit — og fullyrði ég það — að hafa alla tíð reynt að fylgja eftir þeim reglum og lögum sem þeim hafa verið sett. Ég er viss um að fleiri skipstjórnarmönnum og sjómönnum muni sárna að þingmenn sjái ástæðu til að leggja fram drög að frumvarpi sem þessu á Alþingi.

Til viðbótar því sem ég nefndi áðan um eftirlit Fiskistofu sem er mjög ítarlegt, um eftirlit Landhelgisgæslunnar með veiðum og vinnslu sem er mjög ítarlegt og strangt, um eftirlit með löndun og höfnum, þ.e. hafnarverðir og hafnarvogir, má nefna að við búum sömuleiðis við ýmsar takmarkanir úti á sjó varðandi búnað veiðarfæra á veiðisvæðum sem ég veit að flutningsmönnum er báðum kunnugt. Það er ítarlegt eftirlit í gangi með þessari atvinnugrein, mjög ítarlegt eftirlit. Telji hv. þingmenn að auka þurfi eða bæta við það eftirlit þá vil ég gjarnan fá að heyra betri rökstuðning fyrir því en fram kemur í þessu frumvarpi og tel að það hljóti þá að mega nýta þær stofnanir sem fyrir eru í landinu til að auka þetta eftirlit hvort sem það er þá Fiskistofa, Landhelgisgæslan eða að hafnarvörðum og hafnarvogum verið falið þetta eftirlit.

Í greinargerð frumvarpsins stendur, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að einstaklingar, t.d. sjómenn, útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, fiskverkendur og flutningsaðilar, geti komið á fund nefndarinnar af fúsum og frjálsum vilja til að láta henni í té vitneskju.“

Þegar ég les þetta spyr ég: Hvað þarf til að sannleiksnefndin þessi taki mál upp á sína arma? Er það símtal frá vörubílstjóra sem telur sig vera að flytja annan fisk en hafnarvogin segir honum að hann sé að flytja? Er það símtal frá sjómanni sem telur sig búa yfir vitneskju um að hent sé fiski á einhverju skipi, jafnvel hans skipi? Hvað þarf til að þessi sannleiksnefnd taki mál á dagskrá og afgreiði þau? Það er reyndar tekið fram hérna að henni sé ekki ætlað að fjalla um sekt eða sakleysi þeirra sem á fund nefndarinnar koma eða afla nefndinni upplýsinga um hugsanleg brot. Í 6. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Nefndarmenn og aðrir sem inna af hendi störf í þágu nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um viðkvæm einkamálefni, þar með talið upplýsingar sem varða einstaka refsiverða verknaði.“

Ég er nú ekki mjög lögfróður maður, virðulegi forseti, en hafi þeir sem á fundi nefndarinnar koma með einhverjum hætti staðið að refsiverðum verknaði þá sé ég ekki í fljótu bragði hvernig nefndin eigi að geta hylmt yfir með þeim um þau mál. Það kann þó að vera. Ég ítreka að ég er ekki lögfróður maður. En mér finnst þetta þó dálítið vafasamt.

Ég ítreka við þessa umræðu um þetta frumvarp um skipun rannsóknarnefndar í sjávarútvegi að ég tel þetta frumvarp óþarft. Mér finnst andinn í því ekki góður gagnvart þeim sem það beinist að, þ.e. aðallega sjómönnum og sér í lagi skipstjórnarmönnum og útgerðum. Ég tel eftirlit með íslenskum sjávarútvegi nægilegt, mjög mikið í raun og veru og mætti frekar draga aðeins úr því heldur en hitt.

[16:33]

Flm. (Grétar Mar Jónsson) (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Töluverðs misskilnings virðist gæta hjá hv. þingmanni hvað þetta varðar. Í fyrsta lagi er ekki verið að fjalla neitt um Landhelgisgæsluna eða landhelgisbrot og því síður um skoðunarstofur eða Siglingastofnun varðandi útbúnað skipa, hvort þau séu með haffæriskírteini eða hvort einhverju sé ábótavant í því.

Það sem liggur að baki frumvarpinu er að upplýsa það og reyna að nálgast það hvað verið er að kasta miklum fiski í sjóinn á hverju ári, í hverri veiðiferð og hverju verið er að landa fram hjá. Ég minni hv. þingmann á að lesa grein eftir formann Farmanna- og fiskimannasambandsins sem hann birti í *Fiskifréttum* en sú grein heitir „Gula hættan“. Hann talar þar um það að vegna þorskniðurskurðar á síðasta ári sé meiri hætta á því að fiski verði hent í sjóinn af því að þorskur dugi ekki sem meðafli.

Ég minni hv. þingmann líka á það að Guðmundur nokkur, forsvarsmaður Vélstjórafélags Íslands, eða deildar Vélstjórafélags Íslands í nýju sambandi, hélt ræðu á síðasta sjómannadag í Reykjavík. Menn hlustuðu þar á hann tala um brottkast á skipi sem hann hafði verið á — hann er reyndar hættur á því. Ég fagna því að til eru sjómenn sem ekki hafa tekið þátt í brottkasti og hafa aldrei heyrt af því, það er hið besta mál. En við erum að reyna að nálgast þetta mál með því — framhjáföndun, ísprufusvindl og svindl með ýmsum hætti. Við erum að reyna að komast að því hvað þetta er mikið og alvarlegt mál. Það skiptir alla máli að þetta verði upplýst en við förum ekki að draga fólk — sumt er fyrnt, annað ekki.

[16:36]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Grétar Mar Jónsson, sem er annar flutningsmanna frumvarpsins, telur að ákveðins misskilnings gæti hjá mér varðandi það um hvað frumvarpið snýst. Hann fullyrðir að það snúist ekki um þætti eins og landhelgisbrot en þó er í frumvarpinu fjallað um þau lög og reglur sem menn liggja undir grun um að hafa verið að brjóta. Þar segir; með leyfi forseti:

„Mætti í því sambandi nefna lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lög um umgengni um nytjastofna og lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.“

Hvaða lög eru það? Þessi lög hljóta að snerta veiðar í landhelginni. Þá falla þar undir lög um landhelgisbrot, veiðar á svæðum sem ekki má veiða á. Það þarf ekki endilega að vera innan 12 mílna. Það getur verið á lokuðum svæðum eða þar sem veiðar eru takmarkaðar með möskvastærðum eða með einhverjum öðrum hætti.

Ég þekki vel umræðuna um gulu hættuna, eins og hv. þingmaður nefndi áðan, og ég þekki vel umræðuna um brottkast. Umræður um nefnd kvótakerfi hafa oft snúist um að menn séu að henda miklu af fiski í sjóinn en ég fullyrði að á undanförnum árum hefur minna verið hent af fiski í hafið en nokkurn tíma hefur verið gert. Það er alltaf þannig að umræðan fer af stað um mikið brottkast, gífurlegt brottkast, en við sem höfum verið lengi á sjó og löngu fyrir daga kvótakerfisins vitum af samanburði hvernig það er.

Andi frumvarpsins kom kannski best fram í lokaorðum

hv. þm. Grétars Mars Jónssonar þar sem hann segist fagna því ef einhverjir sjómenn hafa ekki tekið þátt í brottkasti. Ég fullyrði að ekki hafa allir sjómenn gert það.

[16:38]

Flm. (Grétar Mar Jónsson) (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Verið er að fjalla um og upplýsa hvernig fiskveiðistjórnarkerfið hefur verið, ekki með tilliti til landhelgisbrota eða ólöglegs útbúnaðar á skipum, veiðarfærum eða annað. Mest er verið að tala um þetta til að upplýsa hvað við drepum mörg tonn af fiski. Það er ágætt að einhverjir togaramenn kannist við að fiski hafi verið kastað í sjóinn. En þetta hefur verið mikið í umræðunni og það þarf ekki mig til að nefna það. Blaðagreinar hafa verið skrifaðar um þetta og margir hafa komið fram og sagt sína sögu af þessu. Það er það sem verið er að gera. Ekki er verið að leita að einhverjum sökudólgum heldur er verið að reyna að upplýsa hvernig fiskveiðistjórnarkerfið á Íslandi hefur virkað, hvað menn hafa verið að henda miklu af fiski í sjóinn, hvað menn hafa verið að landa fram hjá af fiski og annað í þeim dúr. Enn og aftur tek ég það fram að ekki er verið að reyna að draga menn fyrir dómstóla og láta dæma þá. Það er verið að nálgast þetta með þeim hætti að fá sannleikann upp, eða því sem næst, um stöðuna.

Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að eftirlitið til sjós er gríðarlegt. En menn henda ekki fiski í sjóinn þegar fulltrúar frá Fiskistofu eru um borð í skipinu og horfa á þá eða þegar Landhelgisgæslan kemur um borð í skip, í þau fáu skipti sem hún gerir það. Þeir sem þekkja til og hafa tekið þátt í þessu vita um hvað málið snýst og verið er að opna leið fyrir þá svo að þeir geti sagt frá.

Fiskistofa fékk á síðustu fjárlögum 840 millj. kr. en fíkniefnalögreglan fékk ekki nema rúmar 320 millj. kr. — það sést hvar hættulegustu mennirnir eru.

[16:40]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við erum örugglega sammála um það, ég og hv. þm. Grétar Mar Jónsson, að það er í góðu lagi að rannsaka áhrif fiskveiðistjórnarkerfisins sem ég er reyndar ekki stuðningsmaður fyrir. Mér finnst frumvarpið bera af því keim, andi þess er einhvern veginn í þá átt, að við sitjum undir grun, sjómenn, um að brjóta lög og reglur. Ég spurði um stjórn fiskveiða og fiskveiðilandhelgi Íslands, um lög varðandi fiskveiðar utan lögsögu og lög um umgengni nytjastofna sjávar eins og tekið er til í frumvarpsdrögunum.

Ég spurði hv. þingmann að því áðan og spyr aftur: Hvað þarf til að nefnd sem þessi, sannleiksnefnd, taki mál á dagskrá? Hann hefur nefnt í ræðum sínum og andsvörum blaðagreinar sem hafa verið skrifaðar og benda til þess að sjómenn séu (**GMJ:** Af forustumönnum í Sjómannasambandinu.) — já, já og hverjum sem er, mér er nákvæmlega sama um það. En dugar það, hv. þingmaður, til að nefndin taki upp mál að forustumenn Sjómannasambandsins eða einhver annar skrifi grein í blað? Duga sögusagnir, hv. þingmaður — þú sagðir áðan að sögusagnir hefðu verið um brottkast og brot á öðrum lögum og reglum varðandi sjávarútveg — til að nefndin taki mál á dagskrá? Ég tel mikilvægt að fá svar við því.

Ég endurtek að mér þykir óþægilegt vegna þess starfs sem ég gegni — ég er skipstjóri á fiskiskipi — að sitja undir því að á Alþingi sé lagt fram frumvarp í þessum anda. Ég er sannfærður um að flestum sjómönnum og flestum skipstjórnarmönnum þyki óþægilegt að alþingismenn sjái ástæðu til að setja lög með þessum hætti.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sjútv.- og landbn.

[16:42]

Útbýting:

Sjúkratryggingar, 67. mál, frv. KHG, þskj. 67.

Endurbætur björgunarskipa, fyrri umr.

Þáltill. JónG o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

[16:43]

Flm. (Jón Gunnarsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um endurbætur á björgunarskipum Slysavarnafélagsins Landsbjargar þar sem Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að beita sér fyrir því að ráðist verði í markvissar endurbætur björgunarskipa á árunum 2009–2014.

Saga björgunarskipa er löng hér á landi og tengist stofnun slysavarnafélaga og björgunarsveita sem stofnuð voru með stofnun Slysavarnafélags Íslands 1928. Fyrsta björgunarskipið kom til landsins 1929, var gefið hingað af kaupmanni í Reykjavík, Þorsteini Jónssyni og konu hans, og markaði tímamót í björgunarsögu okkar. Það skip fengum við á þeim tíma frá Bretlandi í gegnum þau björgunarsamtök sem við höfum átt árangursríkt og gott samstarf við á undanförnum árum.

Árið 2002 var ákveðið að fara í endurskipulagningu á útgerð og rekstri þessara skipa. Gerð skipa í kringum landið var samræmd, viðhald og þjálfun áhafna tekin til endurskoðunar, metnaðarfull áætlun sett um það og vinna við það og lagt af stað. Fjöldi skipa samkvæmt þessari endurskipulagningu var 14. Þau eru staðsett í Reykjavík, Hafnarfirði, Rifi á Snæfellsnesi, Patreksfirði, Ísafirði, Skagaströnd, Siglufirði, Raufarhöfn, Vopnafirði, Neskaupstað, Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjum, Grindavík og Sandgerði. Nýir staðir bættust í þessa áætlun, þ.e. Hafnarfjörður, Patreksfjörður, Skagaströnd, Vopnafjörður og Höfn, áður voru skip á þeim stöðum sem ég taldi upp.

Ákveðið var að taka í notkun svokölluð ARUN-skip sem við höfum fengið frá systursamtökum okkar í Bretlandi. Þetta eru öflug skip sem við fáum, svona 15–18 ára, skip sem þeir eru að taka úr sinni þjónustu. Reynsla af þessum skipum er mjög góð og hafa þau elstu í nokkur ár verið á Íslandi. Útbúnaður þeirra er góður og þau eru sérstaklega hönnuð og byggð með tilliti til þeirra verkefna sem þau eru notuð í. Vel fer um áhöfn í þessum skipum og þau eru það sem kallað er „all weather lifeboats“ eða skip sem hægt er að senda út við mjög erfiðar aðstæður.

Við höfum fengið þessi skip í mjög góðu standi. Systursamtök okkar í Bretlandi eru mjög öflug og hafa haft mikið

fjárhagslegt bolmagn til að þróa smíði þessara skipa og reynslan af þeim er mjög góð. Það snýst um það að skrokkar og allur búnaður í þessum skipum er eins og best verður á kosið en hægt er að gera þau enn öflugri með þeim breytingum sem ég á eftir að rekja hér á eftir.

Rekstrarfyrirkomulag á þessum flota okkar, eins og reyndar í björgunarstarfinu í landinu, hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg er einstakt. Þetta byggist eins og annað á sjálfboðaliðastarfi. Það þýðir að engar greiðslur eru til áhafna, ekkert orlof, ekkert veikindafrí. Ef menn þurfa að fara frá, ef menn geta ekki staðið vaktina, koma aðrir inn. Þannig er rekstrarkostnaður við þessi skip í algeru lágmarki og enginn kostnaður við mannskap annar en sá að vélstjórar eru í hlutastörfum þar sem þetta eru það stór skip að þau þurfa reglubundið viðhald. Rekstrarkostnaður á hverju skipi er í dag áætlaður um 5–7 millj. kr. Það þýðir að heildarkostnaðurinn við verkefnið hjá Slysavarnafélaginu er 80–100 millj. kr. á ári. Í dag er framlag ríkisins til þessa rekstrar sérstaklega 37 millj. kr. Það kostar ríkið sem sagt 37 millj. kr. að reka 14 öflug björgunarskip hringinn í kringum landið.

Við höfum systursamtök í öðrum löndum þegar kemur að sjóbjörgunarþættinum. Hefð er fyrir svipuðum samtökum og við rekum á Íslandi í Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og á Norðurlöndum. Er fróðlegt að bera saman möguleika þessara stóru landa til að standa í þessum rekstri sem byggður var í grunninum á sjálfboðavinnu eins og hjá okkur á Íslandi. Í áranna rás hefur orðið erfiðara hjá þeim að halda slíkri útgerð úti. Á sambærilegum skipum hjá þessum systursamtökum okkar eru orðnir launaðir starfsmenn að einhverjum hluta á þeim stöðum þar sem þau eru. Þeir hafa sem sagt færri sjálfboðaliða og færri reynslubolta. Það er það sem er svo mikilvægt hjá okkur að við gerum mjög strangar kröfur um þjálfun, námskeið í sjóbjörgunarfræðum, fyrstu hjálp, áhafnanámskeið á bátana, en áhafnirnar eru að stórum hluta víða um landið sjómenn, sjómenn sem hafa mikla staðþekkingu og mikla reynslu, menn sem hafa verið á sjó, menn sem eru á sjó og eru tilbúnir til að taka þessi verkefni að sér þegar eitthvað bjátar á.

Útkallstími þessara skipa er með ólíkindum stuttur og fjölmörg dæmi eru um að hann hefur skipt sköpum í því að bjarga mannslífum. Við höfum fjölmörg nýleg dæmi frá Vestmannaeyjum, Grindavík og mörg önnur þar sem viðbragðstími upp á 5–7 mínútur skipti öllu máli. Menn voru dregnir nær dauða en lífi úr sjónum.

Það getur líka skipt sköpum að þessi skip sem kannski eru ekki svo stór — en þau hafa samt sem áður ráðið úrslitum þegar kemur að því að koma til aðstoðar stórum skipum sem lenda í vandræðum jafnvel í innsiglingum eða rétt fyrir utan þær og hafa þá getað hjálpað þannig til að verðmæti og mannslíf hafa bjargast. Ekki er langt síðan björgunarskipið í Grindavík tók þar flutningaskip sem varð vélarvana í innsiglingunni og var við það að reka upp og náði að snúa því þannig að það rak inn í höfnina aftur. Ef þetta skip hefði farið upp í innsiglingunni hefðu afleiðingarnar orðið hrikalegar.

Það er mikilvægt að hafa þetta þéttriðna net. Fjórtán skip eru árangurinn af því verkefni sem við fórum í 2002 sem við kölluðum „Að loka hringnum“. Þá vorum við með það í huga að hafa útkallstímann ásættanlegan og sem næst helstu fiskimiðum okkar.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur gert samning við Landhelgisgæsluna og dómsmálaráðherra. Sá samningur var gerður árið 2005 um aðkomu Landhelgisgæslunnar að þessum skipum og nýtingu þeirra við þau störf sem hún þarf að sinna. Það felur í sér að starfsmenn Landhelgisgæslunnar, yfirmenn, geta hugsanlega farið um borð í þessi skip og farið með þeim í eftirlitsferðir eða aðra þá leiðangra sem þarf til að sinna verkefnum sem eru á borði Landhelgisgæslunnar. Landhelgisgæslan hefur nú sett sérstök námskeið fyrir áhafnir þessara skipa gagnvart þessu verkefni sérstaklega og haldið það með áhöfnum nokkurra skipa nú þegar.

Það gefur augaleið að með allt þetta hafsvæði sem við þurfum að sinna, og þá löngu og miklu strandlengju sem við höfum, er nánast útilokað fyrir Landhelgisgæsluna að sinna svo vel sé öllum þeim verkefnum sem hún þarf að sinna með þeim takmarkaða skipakosti sem hún hefur. Þó að við séum að endurnýja skipakostinn hjá henni gera 2–3 skip kannski ekki svo stóra hluta á nærsvæðinu, getum við sagt, þ.e. þegar nær kemur ströndinni. Það getur því verið mjög hagkvæmt rekstrarlega séð að styrkja enn frekar þessa útgerð til að hún verði betur í stakk búin til að sinna þeim fjölbreyttu verkefnum sem á þarf að halda.

Það liggur fyrir, virðulegi forseti, að nauðsynlegt er að fara í ákveðna endurbyggingu á þessum skipum að því leyti að skipta þarf um vélbúnað í þeim. Margt fæst með þeim breytingum. Það er meiri siglingahraði, það eru lengri siglingavegalengdir — fer hraðinn úr því að vera kannski 17–18 mílur upp í 23–24 mílur. Segja má að allur annar búnaður skipsins, eins og skrokkur og annar búnaður, sé til þess fallinn að líftími hans sé það langur til viðbótar að breytingar sem þessar mundu duga til að tryggja rekstur þessara skipa um nokkuð langan tíma.

Einnig er mögulegt að hugsanlegt verði að bæta við 15. skipinu. Horft hefur verið til Húsavíkur þar sem er mikil ferðaþjónusta og þó nokkur útgerð. Horft hefur verið til þess að æskilegt væri að bæta við skipi af þessari stærð á því svæði. Einnig hefur verið fjallað um — það kom fram í skýrslu sem nefnd á vegum Slysavarnafélagsins skilaði af sér en í þeirri nefnd voru fulltrúar frá Landhelgisgæslunni, frá Slysavarnafélaginu og skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna — mikilvægi þess að setja mögulega upp stærri skip á ákveðnum svæðum. Í þeirri skýrslu var nefnt að Ísafjörður og Sandgerði, og sérstaklega Ísafjörður væri til þess fallinn að gott væri að hafa þar stærra og enn öflugra skip. Aukin verkefni á svo mörgum af þessum svæðum tengjast einnig auknum siglingum skemmtiferðaskipa og aukinni komu smábáta til landsins og ferðamanna sem eru á afskekktum stöðum, mikið af erlendum skemmtibátum. Ef farið yrði í að skoða rekstur á enn stærra og öflugra skipi þá eru þetta staðirnir sem verið er að horfa til.

Enginn þarf að velkjast í vafa um það öryggi sem björgunarsveitir landsins veita okkur til lands og sjávar og ekki þarf að hafa mörg orð um þann þjóðhagslega ávinning sem er af þessu rekstrarfyrirkomulagi. Það verður vart mælt í fjármunum. Kannski má segja á þessum síðustu og verstu tímum — þar sem fyrir liggur að við munum tímabundið

þurfa að draga saman í ríkisrekstri okkar — sé enn vænlegra að fjárfesta meira í þeim mannauði sem liggur í fólki sem er tilbúið til að gefa vinnu sína hvenær sem er allan sólarhringinn og skapa því vettvang til að geta sinnt enn öflugra og meira starfi. Rekstur þessara björgunarsveita félagsins er mjög stór í hlutfalli við aðra hluta í rekstri þeirra enda er um að ræða öflug og stór skip sem geta brugðist við erfiðum aðstæðum.

Það framlag sem verið er að tala um, virðulegi forseti, ef tekin yrði ákvörðun um að endurnýja vélbúnað þessara skipa á fimm árum, nemur 45 millj. kr. á ári. Það þyrfti félagið að fá til að geta endurnýjað um það bil þrjú skip eða vélbúnað í þremur skipum á ári. Þarna er verið að ræða um framlag til að skjóta styrkari stoðum undir þessa mikilvægu starfsemi og leggja lið við þessa mikilvægu endurbyggingu.

Full ástæða er til að skoða síðan þann möguleika sem ég nefndi hér áðan að félagið geti útvegað sér stærri skip. Í samvinnu við þessi systurfélög okkar og vinafélög í Evrópu hefur félagið getað fengið þessi stóru og öflugu skip. Þau félög eiga enn stærri og öflugri skip sem þau afsetja á ákveðnum tíma og ekki ástæða til að ætla annað en þau standi Íslendingum til boða. Mikið traust ríkir milli þessara aðila og forsvarsmenn stórra björgunarsamtaka í Evrópu, systursamtaka félagsins, hafa sagt mér að þeir treysti Íslendingum einum til að taka að sér svona stór skip. Aðrir vilja fá þau, margir aðrir víðar, en þeir treysta okkur af því að við höfum sýnt ábyrgð og höfum mannskap til að takast á hendur þessi verkefni. Hagkvæmnin er ótvíræð og í því sambandi má nefna að við nýja landhelgisáætlun, sem var lögð fram, er reiknað með að kostnaður við aukið úthald varðskipa verði um 250 millj. kr. á næsta ári þannig að þegar kemur að því að ræða þessi framlög þá eru þetta smáaurar ef maður ber það saman við allt annað á þessum vettvangi.

Meðflutningsmenn mínir á þessari þingsályktunartillögu eru þingmenn allra stjórnmálaflokka sem eiga fulltrúa á Alþingi. Þar kristallast sú pólitíska samstaða sem er og hefur verið um að standa vörð um þetta merka starf í samfélagi okkar. Vonandi dugar hún til að hleypa okkur, virðulegi forseti, inn í þennan áfanga.

[16:58]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það þarf í rauninni lítið að segja um tillöguna. Hún er mjög góð og verður til að bæta öryggi sjófarenda hringinn í kringum landið og stuðla að því að skipt verði um vélar í þessum skipum eða þau löguð til eins og þarf.

Ég vil aðeins minnast á það sem hv. þm. Jón Gunnarsson kom inn á varðandi stærri björgunarskip. Það er gott að eiga einhver stærri skip en þau sem við erum með. Það sýnir reynslan af þessum björgunarskipum. Stærri skip voru í Sandgerði en eru núna og annars staðar þannig að þau eru dýrari í rekstri og erfiðara að reka þau. Gerðar eru meiri kröfur um réttindi vélstjóra af því að vélarnar eru til þess að gera stórar í þessum bátum. Það er ýmislegt að athuga hvað þetta varðar en ég get ekki ímyndað mér annað en að í þinginu verði samstaða um að fylgja þessu eftir og gera það að raunhæfum veruleika að bæta og laga þessi skip. Ég mun styðja það.

Ég sé ekki ástæðu til að segja meira um þetta. Þetta er sjálfsagður hlutur og íslensk sjómannastétt á það skilið, hetjur hafsins og hermenn þjóðarinnar, sem aldrei er meiri þörf á en nú. Þegar þarf að búa til gjaldeyristekjur fyrir þjóðfélagið, sem er nánast komið að fótum fram, reynir aftur á þessa grunnatvinnuvegi okkar, sjómennsku og landbúnað. Til að brauðfæða okkur og skapa gjaldeyristekjur, sérstaklega úr hafinu, þurfum við að auka veiðar og þá þarf sá þáttur að vera í lagi sem snýr að björgunarskipum og aðstoðarskipum. Sem betur fer er ekki alltaf um líf og dauða að tefla en slík skip geta aðstoðað flotann með ýmsum hætti. Þau geta svo að dæmi sé tekið siglt með varahluti langar leiðir sem þau hafa verið að gera. Ég þekki það sérstaklega úr Sandgerði. Þau hafa jafnvel siglt út fyrir 200 mílurnar með umbúðir og þau veita þjónustu með ýmsum hætti. Ekki má heldur gleyma því fólki sem starfar í þessum björgunarsveitum hringinn í kringum landið. Það vinnur frábært verk kauplaust af hugsjón einni saman. Slysavarnafélag Íslands er sennilega einsdæmi í heiminum hvað alla þá sjálfboðavinnu varðar.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og allshn.

Fundi slitið kl. 17:02.

---

12. FUNDUR

þriðjudaginn 14. október,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Vatnalög, stjfrv., 23. mál, þskj. 23. — 1. umr. *Ef leyft verður*.
3. Samvinnu- og efnahagsráð Íslands, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr.
4. Breytt stjórn fiskveiða í samræmi við úrskurð mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Fyrri umr.
5. Hönnun og stækkun Þorlákshafnar, þáltill., 22. mál, þskj. 22. — Fyrri umr.
6. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.
7. Barnaverndarlög og barnalög, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.
8. Lánamál og lánakjör einstaklinga, þáltill., 16. mál,

þskj. 16. — Fyrri umr.

9. Olíugjald og kílómetragjald, frv., 40. mál, þskj. 40. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ármann Kr. Ólafsson, 4. þm. Suðvest.
Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
Ásta Möller, 7. þm. Reykv. s.
Jón Gunnarsson, 7. þm. Suðvest.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Störf þingsins.

Lög um fjármálafyrirtæki.

[13:34]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til að ræða löggjöf um fjármálafyrirtæki og beini máli mínu til formanns hv. viðskiptanefndar, hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar.

Það er þrennt sem mér finnst ástæða til að taka fyrir varðandi það mál. Í fyrsta lagi: Hvernig reynast lögin í því umróti sem gengið hefur yfir síðustu daga? Eru ágallar á lögunum þess eðlis að hagsmuna þjóðarinnar er ekki gætt? Eru það ágallar á lögunum sem leiddu til þeirrar stöðu að íslenska þjóðin ber nú orðið ábyrgð á 600 milljarða kr. sparnaði sparifjáreigenda víða um lönd í Evrópu? Var til þess ætlast þegar löggjöfin var sett að sú staða gæti komið upp? Við vonum öll að þær eignir sem standa bak við starfsemi bankans dugi til að borga skuldbindingarnar en við vitum það ekki.

Í öðru lagi: Hver fylgist með ríkisstjórninni og Fjármálaeftirlitinu? Fjármálaeftirlitið á samkvæmt lögunum að annast eftirlit með þeim fjármálastofnunum sem hafa starfrækt útibú erlendis. Vinnur Fjármálaeftirlitið verk sitt eins og því ber lögum samkvæmt? Hvers vegna var ekki gripið í taumana fyrr? Hvers vegna kom þessi staða upp?

Í þriðja lagi: Hver fylgist með ríkisstjórninni? Hver fylgist með embættismönnum ríkisstjórnarinnar sem eru að gera samninga við hollensku ríkisstjórnina? Hvers konar samningar eru þar á ferðinni?

Virðulegi forseti. Alþingi verður að láta málið til sín taka. Hv. viðskiptanefnd ber hitann og þungann af því eftirlitshlutverki sem Alþingi á að hafa með ríkisstjórn landsins á hverjum tíma.

[13:36]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Herra forseti. Hv. þingmaður spyr: Hver fylgist með ríkisstjórninni? Ég vona að hv. þingmaður geri það eins og allur þingheimur. Okkur ber skylda til að fylgjast með framkvæmdarvaldinu eins og allir þingmenn vita. En varðandi fjármálaþjónustuna almennt er ljóst að við getum ekki sett hvaða lagaramma sem er í ljósi þess að við erum skuldbundnir samkvæmt EES-samningnum og þá sérstaklega varðandi 30. og 37. gr. hans og IX. viðauka. Í þessum greinum samningsins gilda nokkrar meginreglur sem ég tel ekki heimilt að brjóta nema við brjótum þá samninginn sjálfan.

Þar er m.a. sú regla að fjármálafyrirtæki sem hefur fengið starfsleyfi í einu af aðildarríkjunum getur á grundvelli þess opnað útibú í sérhverju hinna ríkjanna án þess að þurfa sérstakt leyfi stjórnvalda fyrir því. Það er hins vegar skýrt að Fjármálaeftirlitinu, hinu íslenska, ber að hafa eftirlit með útibúum. Sú er m.a. ástæðan fyrir því að við hækkuðum fjárveitingar til FME á milli ára í síðustu fjárlögum um 52%. Umsvif íslensku fjármálafyrirtækjanna höfðu aukist svo mikið á undanförnum árum og það krafðist öflugra fjármálaeftirlits.

Í lögunum er heimild fyrir Fjármálaeftirlitið að banna stofnun útibús ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun eða fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fjármálaeftirlitið hefur þetta lagaúrræði sem hefur verið talsvert rætt í fjölmiðlum undanfarna daga en eins og reynslan sýnir hefur Fjármálaeftirlitið augljóslega ekki séð ástæðu til að banna stofnun þessara útibúa á sínum tíma enda sá enginn þessar hamfarir fyrir. Að þessu leyti tel ég ekki nauðsynlegt að breyta lögunum en að banna alfarið stofnun útibúa væri að mínu mati brot á EES-samningnum.

Ég tel hins vegar að þegar mestu lætin eru gengin yfir beri okkur, bæði á þinginu og í viðskiptaráðuneytinu, að fara yfir allar reglugerðir og lög á þessu sviði.

Að lokum varðandi þessa Icesave-reikninga í Bretlandi: Ég tek undir það að auðvitað átti Landsbankinn fyrir löngu að vera búinn að breyta þessum Icesave-reikningum á þann veg að þeir tilheyrðu dótturfélagi en ekki útibúi. Ef þeir hefðu verið búnir að því sætu íslenskir skattgreiðendur ekki með þessa ábyrgð eins og stefnir í að þeir muni að einhverju leyti gera.

[13:39]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir svör við fyrirspurnum mínum. Ég vil árétta það, beina þeim tilmælum til nefndarinnar, að hún taki þessa löggjöf til athugunar nú þegar og láti hendur standa fram úr ermum, skoði ákvæði hennar út frá því sem gerst hefur og beri saman hvort þörf er á að gera breytingar á löggjöfinni eða ekki.

Löggjöfin er byggð á EES-tilskipun, það er rétt. En í þeim tilskipunum er að finna almennar reglur, grundvallarreglur. Hins vegar er mikið svigrúm fyrir hvert og eitt einstakt ríki til þess að fylla út í leikreglurnar innan þeirra almennu reglna sem settar eru í tilskipunina. Ég held t.d. að vel sé hægt að slá frekari varnagla í lögin án þess að ganga á grundvallaratriði EES-tilskipananna. Ég held t.d. að það sé algerlega nauðsynlegt að setja reglur um starfsemi útibúa íslenskra banka erlendis til þess að takmarka ábyrgð íslenska ríkisins. Það skilja allir og sjá allir sanngjarnir menn

að ekki er eðlilegt að lítil þjóð með stóra atvinnugrein á fjármálasviðinu steypi sér í miklar ábyrgðir í fjárhæðum talið sem eru fyrir aðrar fjölmennar þjóðir kannski smápeningur. Við þurfum að hafa ábyrgðina bundna við stærð þjóðarinnar, svo sem þjóðarframleiðslu eða eitthvað slíkt, þannig að við getum verið með sambærilega stöðu og sambærilegar reglur og stórþjóðirnar innan Evrópska efnahagssvæðisins í hlutföllum talið en ekki í beinum fjárhæðum — það held ég að sé stóra gatið í þessari löggjöf.

[13:41]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson velti því fyrir sér í fyrri ræðu sinni hvort sú atburðarás sem við höfum orðið vitni að á síðustu dögum og vikum leiddi til þess að við gætum dregið þá niðurstöðu af því öllu að lög um fjármálafyrirtæki eða önnur lög væru gölluð. Hann velti því fyrir sér hvort á þeim lögum væru gallar og hvort ástæða væri til að bregðast við. Við þær aðstæður sem uppi eru núna er ljóst að eitthvað mikið hefur farið úrskeiðis og við verðum að horfast í augu við það. Skiptir þá engu hvort um er að ræða framferði fjármálafyrirtækja við stofnun reikninga í útibúum sínum annars staðar eða lögin sjálf.

Þegar rykið er sest þarf að vega það og meta hvort ágallar eru á þeirri löggjöf sem fjármálafyrirtækin starfa eftir. Það er rétt sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson benti á að Fjármálaeftirlitið getur samkvæmt núgildandi lögum um fjármálafyrirtæki bannað stofnun útibúa. Einhverra hluta vegna var það ekki gert í þessu tilviki. En menn hljóta líka að velta því fyrir sér hvort íslensk stjórnvöld hafi á grundvelli EES-samningsins tækifæri til að setja strangari reglur en gert hefur verið, m.a. hvað varðar tryggingar á þeim innlánum sem eru í útibúum íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis til að tryggja að ef illa fer beri fyrirtækin sjálf ábyrgð á þeim innlánum sem tapast en ekki íslenska ríkið og íslenskir skattgreiðendur eins og raunin virðist ætla að verða í þeim málum sem við höfum fylgst með á undanförnum dögum og vikum.

[13:43]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel að rík ástæða geti verið til að fara yfir allt regluverkið eftir að þetta er yfirgengið. Auðvitað þarf að draga ýmsan lærdóm af þessum málum. Ýmislegt hefur farið úrskeiðis en ég tel hins vegar mikilvægt að í þeirri endurskoðun fórnum við ekki þeim meginkostum sem felast í EES-samstarfinu, sem felst í fjórfrelsinu. Við eigum ekki að grafa undan þeim rétti fyrirtækja og fólks að fá að starfa í öðrum Evrópuríkjum. Það er grundvallaratriði sem ég tel að við eigum að verja, það er grundvallarfrelsi þegnanna að hafa þennan möguleika. Hins vegar er ljóst að varðandi stofnun útibúa innlendra fyrirtækja á erlendri grundu — það má eflaust endurskoða það og skoða þau mál. Það gengur ekki að starfsemi erlendra banka sem lenda í þroti lendi á íslenskum skattgreiðendum með þeim hætti sem líkur eru á að gerist í þessu máli.

Það að skoða regluverkið lýtur að háttsemi fjármálafyrirtækja og kallar líka á það að við skoðum málið í heild sinni, og við þurfum að draga marga lærdóma af þessu máli. Við þurfum að fara yfir það hvað fór úrskeiðis. Við þurfum að skoða þetta heildstætt. Ég vil nota tækifærið og hvetja til þess að þingið hafi einhvers konar aðkomu að þeirri vinnu. Við höfum mörg í þessum sal talað okkur hás fyrir því að þingið hafi einhvers konar úrræði til að stunda öflugt eftirlit eða einhvers konar rannsóknir. Það er eitt af hlutverkum þjóðþings að hafa þau úrræði. Þau hefur hingað til vantað í löggjöf okkar og nú gefst ágætistækifæri til að stíga fyrstu skrefin í því að eftirlit þingsins verði eflt til muna.

Að lokum minni ég á að þó að EES-samningurinn bindi okkur talsvert niður hvað þetta varðar þá er svigrúm í þeim samningi. Við sjáum t.d. að löggjöf ríkjanna er mismunandi hvað varðar fyrirkomulag um að greiða inn í svokallaðan tryggingarsjóð innstæðueigenda þannig að ekki hafa öll EES-ríkin sömu reglu hvað það varðar. Nýtum okkur það svigrúm svo að hagsmunum almennings sé betur borgið en augljóslega hefur verið í þessu máli.

[13:46]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég dreg enga dul á að við Íslendingar erum í þungri og erfiðri stöðu og ljóst að margt hefur farið úrskeiðis sem við þurfum að skoða og við verðum að læra af þessari reynslu. Eins og hv. þingmaður Ágúst Ólafur Ágústsson og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sögðu verður að skoða eftirlitsstofnanir, ferli og löggjöf okkar. Þetta má aldrei koma fyrir aftur. Miklu máli skiptir að samstaða takist meðal stjórnar og stjórnarandstöðu í sátt við fólkið í landinu um það hvernig sú skoðun fari fram. Hún verður að vera gagnsæ, opin, kristaltær og tryggja að ekkert sé falið og öllum sé heimilt að spyrja þeirra spurninga sem þarf að spyrja. Það er mjög mikilvægt.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði síðan hverjir hafi eftirlit með ríkisstjórninni í þessu máli. Ég vil að það komi skýrt fram að viðræðurnar við Hollendinga um helgina leiddu til ákveðins samkomulags sem við köllum „memorandum of understanding“. Þær viðræður sem fóru fram við Breta komust mun skemmra.

Höfuðmáli skiptir að engir samningar eru gerðir án fyrirvara um samþykki Alþingis. Löggjafarsamkundan tekur að lokum ákvarðanirnar sem munu ráða öllu í þessu máli. Ég vil að ljóst sé að samningar af þessu tagi, sem hugsanlega kunna að binda bagga á herðar þjóðinni, eru ekki gerðir öðruvísi en með fyrirvara um samþykki hins háa Alþingis.

[13:48]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa rætt um mikilvægi þess að læra af því sem við höfum gengið í gegnum. Ég held að erfitt sé að finna mál sem er betur til þess fallið að vera prófsteinn á hið nýja fyrirkomulag sem forsætisnefnd Alþingis hefur kynnt um opna nefndarfundi. Ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. forseta þingsins fyrir frumkvæðið sem hann hefur sýnt í því máli.

Þegar við höfum komist í gegnum þessar erfiðu fyrstu

vikur blasir við að gerð verður úttekt á því sem aflaga fór og á hún hvergi betur heima en í opnu nefndarstarfi viðskiptanefndar svo almenningi verði ljóst hvernig þetta gat gerst og allir geti talað þar með hreinskiptum og opnum hætti og ekki sé reynt að draga nokkra dul á hvernig þessi atburðarás varð.

Við getum rætt um hlutverk eftirlitsstofnana en ég vil undirstrika að maður hlýtur að staðnæmast við þá ábyrgð sem forsvarsmenn Landsbankans bera þegar kemur að siðferði, rekstri og refsirétti en þeir héldu áfram að stofna til skuldbindinga eftir að athugasemdir Fjármálaeftirlitsins lágu fyrir um að ekki væri búið um hnúta með fullnægjandi hætti. Þar liggur mikil ábyrgð og þeir sem kusu að axla hana verða að svara fyrir ákvarðanir sínar.

Umræðu lokið.

Vatnalög, 1. umr.

Stjfrv., 23. mál (frestun gildistöku laganna). — Þskj. 23.

[13:50]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á vatnalögum. Þetta er gamall kunningi okkar þingmanna. Sennilega hafa ekki staðið jafnmiklar deilur um nokkurt annað mál. Frumvarpið er samið á grundvelli niðurstaðna vatnalaganefndar sem ég skipaði í kjölfar frestunar á gildistöku nýrra vatnalaga síðastliðið haust.

Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra þingflokka auk fulltrúa iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Nefndinni var falið að skoða samræmi nýrra vatnalaga við þau lagaákvæði íslensks réttar sem tengjast vatni og réttindum sem varða vatn. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum 15. september ásamt ákaflega ítarlegri skýrslu sem ég held að sé orðin kennslugagn við háskóla landsins. Nefndin vann mjög mikið og gott starf og ég vil þakka öllum þeim sem að þeirri vinnu komu og ekki síst formanni nefndarinnar fyrir vel unnin störf og fyrir að hafa leitt til niðurstöðu sem um ríkti fullkomin eindrægni innan nefndarinnar.

Ekki er ástæða til að rekja aðdraganda málsins í smáatriðum en ég minni þó á að skipun vatnalaganefndar átti rætur að rekja til samkomulags sem var gert á Alþingi í kjölfar mikilla umræðna vorið 2006 milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Þá var ég í stjórnarandstöðu og kom að því samkomulagi sem gert var við hæstv. þáverandi iðnaðarráðherra Valgerði Sverrisdóttur. Samkomulagið átti að freista þess að binda enda á miklar deilur sem lengi höfðu staðið um efni frumvarpsins einkum breytta skilgreiningu á yfirráðum landeigenda yfir vatni á landi sínu.

Í skýrslu vatnalaganefndar er farið rækilega í saumana á ágreiningnum en þar kemur jafnframt fram að nefndin leitaðist við að færa umræðu um vatnalögin og vatnamálin öll úr farvegi deilna sem segja má að hún hafi lokast í. Nefndin leggur mikla áherslu á mikilvægi þess að sátt ríki í samfélagi okkar um hvaða reglur skuli gilda um ráðstöfun og nýtingu þeirrar mikilvægu auðlindar sem vatnið er.

Ég geri ráð fyrir að flestir þingmenn, sem hafa látið sig þetta mál varða, þekki tillögur vatnalaganefndar. Ég ætla samt í örstuttu máli að reyna að grípa utan um kjarnann í niðurstöðunni. Það var einróma samstaða í nefndinni að leggja til að umfangsmikil endurskoðun færi fram á vatnalögunum, nr. 20/2006. Meginástæðan er að nefndin telur ekki tryggt að fullnægjandi tillit verði tekið til hagsmuna almennings gagnvart vatni taki lögin gildi óbreytt.

Þess vegna leggur vatnalaganefnd til að gildistöku laganna verði frestað tímabundið á meðan unnið verði að endurskoðun þeirra í samræmi við tillögur sem koma fram í þessari miklu skýrslu, sem er á þriðja hundrað blaðsíður. Tillögurnar eru ekki svo umfangsmiklar en grunnur þeirra er sá texti sem liggur fyrir. Tillögur vatnalaganefndarinnar um endurskoðun laganna miða að því að afmarka og skýra réttindi bæði landeigenda og almennings gagnvart vatni og byggja á því sjónarmiði að það verði einungis gert með því að skoða í samhengi þá hagsmuni sem eru bundnir við vatnsauðlindina.

Í tillögunum er m.a. gert ráð fyrir að réttindaákvæði og markmiðsákvæði vatnalaganna verði endurskoðuð en nefndin leggur líka til heildarendurskoðun á stjórnsýsluákvæðum laganna m.a. til að tryggja að þau taki mið af ólíkum hagsmunum, sem eru tengdir við þessa mikilvægu auðlind okkar. Nefndin telur rétt að endurskoðunin haldist í hendur við innleiðingu vatnatilskipunar ESB í íslenskan rétt.

Innleiðingin er ekki í verkahring iðnaðarráðuneytisins heldur umhverfisráðuneytisins og stefnt er að því að henni skuli lokið fyrir árslok 2009. Vinna við frumvarp til þess að innleiða þessa tilskipun er hafin í umhverfisráðuneytinu en það er hins vegar ljóst að verkefnið verður mjög umfangsmikið.

Eins og ég hef þegar sagt var samstaða í vatnalaganefnd um tillögurnar sem nefndin skilaði mér í síðasta mánuði. Ég er þeirrar skoðunar sjálfur að niðurstöður og tillögur nefndarinnar séu vel ígrundaðar og rökstuddar. Til þess að skapa svigrúm fyrir vinnuna er í frumvarpinu lagt til að gildistöku laganna verði frestað að nýju og nú til 1. júlí 2010. Með hliðsjón af því þarf líka að lengja aðlögunartíma vatnafélaga, þ.e. frest þeirra til að laga starfsemi að lögunum. Sömuleiðis er gert ráð fyrir að gildistökubreytingu á lögum um varnir gegn landbroti verði frestað til samræmis. Í frumvarpinu er svo kveðið á um að iðnaðarráðherra skuli í samráði við umhverfis- og forsætisráðherra skipa nefnd til þess að endurskoða ákvæði vatnalaga, nr. 20/2006, á grundvelli niðurstaðna sem vatnalaganefnd skilaði samhljóða frá sér.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frumvarp en legg til að þegar umræðunni lýkur verði því vísað til hv. iðnaðarnefndar til meðhöndlunar.

[13:56]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Óþarft er að hafa mörg orð um frumvarpið sem hæstv. iðnaðarráðherra leggur fram en það varðar fyrst og fremst frestun á gildistöku hinna ómögulegu vatnalaga sem ollu hér miklum deilum, sem ekki þarf að rifja upp.

Ég sat í nefndinni sem skilaði tillögunum sem áframhaldandi vinna verður byggð á og vil því segja að mér

finnst mjög mikilvægt að þessi niðurstaða skuli hafa náðst og að þverpólitísk sátt skuli vera um frestun gildistökunnar og að lögin sem við nú erum að fresta skuli þá tekin upp. Þá er ljóst að þau taka ekki gildi í óbreyttri mynd og það er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni.

Ég vil hvetja hæstv. iðnaðarráðherra til að tryggja að nefnd sú sem skipuð verður á grundvelli 2. gr. frumvarpsins verði eins fjölskipuð og vera má og í henni verði fyrst og fremst sérfræðingar á sviði auðlindaréttar. Við höfum afar slæma reynslu af því að fela eingöngu lögfræðingum samningu frumvarps til vatnalaga.

Því legg ég til að hæstv. iðnaðarráðherra tryggi að fjölskipað lið sérfræðinga komi að vinnu næsta frumvarps sem við fáum vonandi að fjalla um á Alþingi Íslendinga áður en langt um líður eða þegar sú nefnd hefur lokið störfum.

Við erum bundin af alþjóðasamningum á borð við Ríóyfirlýsinguna þar sem meginreglur umhverfisréttar eru þær reglur sem hafa á í heiðri við auðlindanýtingu. Einnig þarf að tryggja að nefndin sem tekur næstu skref vinni samkvæmt alþjóðasamningum og tryggi að meginreglur umhverfisréttar verði þær reglur sem byggt verður á í komandi löggjöf.

Nefndin fékk upplýsingar um að úrbóta væri þörf og því er eðlilegt og nauðsynlegt að stjórnsýsluþátturinn verði endurskoðaður. Að lokum tel ég ríkisstjórnina hafa klúðrað ágætu tækifæri sem hún hafði á síðasta vetri þegar farið var í gegnum breytingar á stjórnsýslunni og skipan í ráðuneyti. Þar var tækifæri til rýmri og róttækari breytingar hvað varðar auðlindaþáttinn og gera umhverfisráðuneytið að umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Ég treysti því og vona að sú endurskoðun á stjórnsýsluþættinum sem fer fram á grundvelli frumvarpsins styrki umhverfisráðuneytið og færi Íslendingum umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

[14:00]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Hér er kominn gamall kunningi, svo ekki sé meira sagt. Það er ekki hægt að neita því að það er mjög vandræðalegt ástand uppi, þ.e. að stjórnarflokkarnir skuli ekki geta komið sér saman um hvernig þeir lenda þessu máli og þá er ráðið að fresta því. Sú nefnd sem nú tekur við má vera eins stór og hæstv. ráðherra sýnist en ég held að því stærri sem hún verður þeim mun meiri verði líkurnar á að hún nái engri niðurstöðu. Það segi ég í framhaldi af orðum síðasta ræðumanns.

Þetta mál snýst um vatnið en þegar fjallað var um það stóra mál á sínum tíma og nýju lögin voru sett var reynt að koma þeim skilaboðum til þjóðarinnar að verið væri að einkavæða vatnið. Á þeim tíma heyrðist allt mögulegt úr þessum ágæta ræðustóli. Auðvitað snerist málið alls ekki um það. Ef vatnið var einhvern tíma einkavætt gerðist það árið 1923 því að þau lög sem voru sett á síðasta kjörtímabili voru fyrst og fremst lög sem breyttu nálguninni úr jákvæðri í neikvæða.

Stóra spurningin í málinu er einfaldlega hvort við ætlum að þjóðnýta vatnið eða hvort við ætlum að virða einkaeignarréttinn. Það er það sem ríkisstjórnin berst nú við að ná samkomulagi um og gengur ekki betur en raun ber vitni. Ef fara á út í þjóðnýtingu verður það ekki gert öðruvísi en að bæta landeigendum skaðann vegna þess að hæstaréttardómar sýna og fræðimenn segja að eignarrétturinn sé landeigendanna, samkvæmt lögunum frá 1923. Það eiga sumir erfitt með að sætta sig við.

Hæstv. forseti. Ég held að ekki sé ástæða til þess að orðlengja mjög um þetta mál hér. Það verður að halda áfram að reyna að komast að niðurstöðu, sérstaklega stjórnarflokkarnir, en við framsóknarmenn gætum alveg þegið að taka þátt í því starfi sem fram undan er ef um það er að ræða að skipa nefnd allra stjórnmálaflokka. Mér finnst staðan ekki síður neyðarleg fyrir Sjálfstæðisflokkinn, að hann skuli vera kominn í þá stöðu að geta ekki staðið með þeim lögum sem flokkurinn setti á síðasta kjörtímabili. Í ríkisstjórninni sem þá var og með þeim flokkum sem áttu aðild að henni var samstaða um þessi lög og að lagasetningin væri mikilvæg þar sem gömlu lögin, eins og komið hefur fram, voru frá árinu 1923.

Við framsóknarmenn höfum lagt áherslu á að breyta ekki réttarstöðu landeigenda og frá því munum við ekki hverfa. Hins vegar náðist samstaða í nefndinni sem starfaði þá um að málinu yrði frestað eins og hér er lagt til. Ég ætla ekki að gera athugasemdir við þá niðurstöðu en vildi bara koma því á framfæri að staðan er mjög neyðarleg fyrir stjórnarflokkana.

[14:04]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að það er gamall kunningi hennar sem liggur fyrir þinginu og kannski ekki bara málið sjálft heldur líka niðurstaðan. Sú niðurstaða sem hér er lögð fram í formi frumvarps, tillaga um frestun, kemur úr nefnd sem menn skulu hafa í huga hvernig varð til.

Þegar sáttargjörðin var gerð eina nóttina einhvern tíma að vetrarlagi 2006 var það hæstv. þáv. iðnaðarráðherra sem kom í þann stól sem ég stend í núna og lýsti yfir ákveðnum hlutum. Hún lofaði þingheimi því að sett yrði nefnd með fulltrúum allra stjórnmálaflokka. Ég efndi það loforð fyrir núv. hv. þingmann. Varla getur hún síðan komið hingað og kvartað undan því að einróma niðurstaða nefndar sem hún á frumkvæði að skuli vera lögð fyrir þingið.

Hv. þingmaður segir að þetta sé neyðarlegt fyrir ríkisstjórnina. Ef þetta er neyðarlegt fyrir einhvern er það fyrir hv. þingmann sem er ljósmóðirin að þessu máli og á frumburðarréttinn að þeim tillögum sem liggja fyrir um frestunina. Það var jafnframt fulltrúi Framsóknarflokksins sem sat í þessari nefnd sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir lagði til á sínum tíma að yrði stofnuð. Hann skar sig ekki frá öðrum nefndarmönnum. Eins og ég hef skilið málið er nefndin einróma um að leggja þennan málatilbúnað fyrir og svo kemur hv. þingmaður og segir að það sé neyðarlegt að Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin skuli ekki hafa getað náð niðurstöðu. Það var hv. þingmaður sem bjó til þennan farveg með yfirlýsingu sinni nóttina frægu.

Ég tók málið í arf frá henni, hún hafði sjálf ekki uppfyllt orð sín. Ég gerði það fyrir hana. Það er sjálfsagt af minni hálfu að ég dragi mína ágætu vini í Framsóknarflokknum að landi hvenær sem þeir vilja og hvenær sem þörf er á.

[14:06]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hæstv. ráðherra hefði ekki átt að breiða alveg svona mikið úr sér í ræðustóli (Gripið fram í.) því að sannleikurinn er sá að í minni tíð í iðnaðarráðuneytinu hafði ég ekki fengið tilnefningar frá öllum stjórnmálaflokkum þannig að mér var ómögulegt að skipa nefnd þá sem hér um ræðir.

Varðandi niðurstöðu nefndarinnar. Hún er engin önnur en sú að fresta málinu þar sem hæstv. ráðherra ætlar að reyna að ná samkomulagi við Sjálfstæðisflokkinn. Ég trúi því að engin niðurstaða náist því að menn létu svo stór orð falla í umræðunni þegar hún fór fram á Alþingi, og þá er ég að tala um hv. þingmenn Samfylkingarinnar, að þeir geta aldrei staðið við þau. Málið verður því bara opið þegar þessi ríkisstjórn fer frá og ný tekur við.

[14:07]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að mótmæla því harðlega sem fram kom í máli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um að sú niðurstaða sem nefndin komst að og frumvarpið sem hér er til umræðu lýsi einhverri vandræðalegri stöðu fyrir Sjálfstæðisflokkinn og að sagt sé að Sjálfstæðisflokkurinn eigi nú í einhverjum erfiðleikum með að standa á bak við lögin sem samþykkt voru árið 2006. Sjálfstæðisflokkurinn, þar á meðal ég, á ekki í nokkrum vandræðum með það.

Mér finnst ansi hart að fá svona gusur framan í mig frá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur vegna þess að ég man ekki betur en ég hafi verið hér blóðugur upp að öxlum við að verja frumvarp hennar sem varð að lögum árið 2006. Ég stend alveg við það (Gripið fram í.) eins og fulltrúi Framsóknarflokksins í þeirri nefnd sem ég sat í.

Ég er sammála hv. þingmanni um að ég tel ekki ástæðu til að breyta réttarstöðu landeigenda og vatnsréttarhafa umfram það sem gert hefur verið frá árinu 1923 eða hvað varðar lögin frá 2006. En mér finnst, eins og Sjálfstæðisflokknum, fullkomlega sjálfsagt að útskýra betur í íslenskum lögum almannarétt þegar kemur að vatni ef fram koma athugasemdir úr samfélaginu t.d. um að endurskoða þurfi stjórnsýslu vatnamála, fara yfir hana og einfalda eftir atvikum. Það er sú niðurstaða sem nefndin komst að, að einfalda stjórnsýslu vatnamála og útskýra betur réttindi almennings til vatns. Mér finnst það vera ábyrgðarhluti ef stjórnmálaflokkar eru ekki tilbúnir til að leggjast yfir og skoða réttmætar athugasemdir frá almenningi um að íslensk lög tryggi ekki nægilega réttindi þeirra til vatns.

[14:09]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður neitaði því ekki að stjórnarflokkarnir eru algjörlega ósammála í þessu máli og það var það sem ég vakti athygli á. Það finnst mér vera stóra málið. Ég get alveg sætt mig við að málið frestist eitthvað. Lögin frá 1923 eru alveg nothæf en þau eru engu að síður frá 1923. Ef hv. þingmaður kemur hér upp aftur ætla ég að biðja hann að útskýra aðeins fyrir þingheimi hvernig hann sér þróunina í sambandi við vatnalögin nú á næstu mánuðum og árum þar til kosið verður næst til Alþingis.

[14:10]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að sú niðurstaða sem vatnalaganefnd komst að sýni það og sanni að stjórnarflokkarnir eru ekki ósammála í þessu máli og ég fæ ekki betur séð en að allir flokkar í landinu, þar á meðal flokkur hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur, séu sammála um að fara beri yfir ákveðna þætti varðandi vatnamálin. Ef einhver er ósammála því er það hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir og hún er þá ósammála fulltrúa sínum í nefndinni.

Ég veit ekki hvernig þróun mála verður varðandi vatnalögin fram að næstu kosningum að öðru leyti en því að skipuð verður nefnd sem hefur fengið það hlutverk að fara yfir þá þætti sem gerð er grein fyrir í frumvarpinu. Það verður farið yfir hvort ástæða er til að breyta stjórnsýslu vatnamála, gera hana einfaldari og skilvirkari. Jafnframt verður farið yfir hvort ástæða sé til þess að breyta lögum, vatnalögum, náttúruverndarlögum eða öðrum lögum sem varða vatn og vatnsréttindi, til þess að undirstrika og skýra betur réttindi almennings til vatns. (Gripið fram í.) Allt vitað, segir hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Ég er ekki viss um að allir samflokksmenn hennar séu sammála um það. En þrátt fyrir að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir viti allt þegar kemur að þessum málaflokki komu athugasemdir úr samfélaginu þar sem óskað var eftir því að yfir málið væri farið og það er beinlínis vandræðalegt ef einhver stjórnmálaflokkur eins og t.d. Framsóknarflokkurinn ætlar ekki að svara því eðlilega kalli.

[14:12]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Við fjöllum um einfalt frumvarp sem kallar ekki á beinar efnisumræður um vatnalög því að það er mögulegt að taka ákvörðun um að taka ákvörðun og svo er hægt að taka ákvörðun um að taka ekki ákvörðun. Það sem verið er að taka ákvörðun um í þessu lagafrumvarpi er að taka ekki ákvörðun heldur að fresta ákvörðun eitthvað fram í tímann. Það er í raun það sem verið er að fjalla um og getur verið besti kosturinn þegar ... Ég vil biðja hv. 8. þm. Reykv. n. að bíða augnablik. Ég ætla að aðeins víkja að því sem kom upp varðandi andsvör.

Verið er að kalla á aukið svigrúm, taka ákvörðun um að skipa nefnd til þess að endurskoða ákvæði laganna og í sjálfu sér er ekkert við það að athuga. Þingflokkur Frjálslynda flokksins styður frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra. Ég vil þó, vegna þeirra umræðna sem hér hafa orðið, aðeins geta um nokkur atriði. Þar sem mér er málið skylt vil ég í fyrsta lagi, vegna ummæla hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um lögfræðinga, vekja athygli á því að vatnalögin, nr. 15/1923, voru með eldri lögum og reyndust mjög vel. Það kemur fram í þeirri greinargerð sem hér er lögð fram. Þar kom Einar Arnórsson, sá virti lagaprófessor og lögfræðingur, fram með ákveðna sáttatillögu sem varð grunnurinn að þeim vatnalögum sem um hefur verið rætt og gilt hafa. Það er ekki hægt að fella dóm um eina starfsstétt þó að ágreiningur verði í einhverju máli.

Að öðru leyti varðandi það sem hér hefur verið rætt um, m.a. orðaskipti hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar og Valgerðar Sverrisdóttur, kemur fram í greinargerðinni sem

fylgir frumvarpinu að um er að ræða ágreining um hvernig fara skuli að.

Varðandi það segir í greinargerðinni:

„Þótt umboð vatnalaganefndar standi ekki til þess að gera beinar og ítarlegar tillögur um breytingar á vatnalögum, nr. 20/2006, telur nefndin rétt að leggja til að orðalag 4. gr. laganna verði endurskoðað.“

Síðan segir:

„Ljóst er að um þessa grein hafa skapast miklar deilur sem ekki hefur reynst unnt að kveða niður þrátt fyrir að miklar og ítarlegar umræður.“

Með þessum orðum er því í raun verið að segja að innan nefndarinnar hafi verið og séu miklar deilur sem ekki hafi tekist að kveða niður þrátt fyrir ítarlegar umræður. Það er því ljóst að það er mikill ágreiningur innan ríkisstjórnarflokkanna um þessi atriði. Það er ekkert við það að athuga og ríkisstjórnarflokkarnir vinna bara úr því en þess vegna verður að kalla eftir frestun til 2011 vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir koma sér ekki saman, ekki einu sinni um vatn.

Ég lýsi því yfir að þingflokkur Frjálslynda flokksins styður þetta frumvarp.

[14:16]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég get upplýst hv. þm. Jón Magnússon um að það er verulegur ágreiningur milli mín og t.d. hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur sem sat í þessari nefnd um það hvernig fara eigi með vatnsréttindi og réttindi landeigenda í þeim efnum. Við erum í grundvallaratriðum ósammála um aðferðafræði. Það kom fram í nefndinni og það liggur að baki þeim orðum sem hv. þingmaður vísaði til í greinargerð með frumvarpinu.

[14:17]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir þessar upplýsingar en þá leyfi ég mér að spyrja: Var full samstaða milli formanns nefndarinnar svo ég nefni hann, þ.e. hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, og hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar? Það er ljóst að það er ágreiningur á milli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og hv. þingmanns, sem ég skil mjög vel, en var hins vegar samstaða á milli þeirra sem voru í helstu forustu fyrir vatnalaganefndinni af hálfu ríkisstjórnarflokkanna?

[14:17]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er ágætissamstaða milli mín og hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Sú samstaða lýsir sér í þeirri skýrslu sem nefndin sendi frá sér og því frumvarpi sem við ræðum hér.

[14:18]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fyrst svo er að ágætissamstaða er milli ríkisstjórnarflokkanna um það hvernig haga skuli skipan vatnamála á Íslandi þá er mér það nokkuð illskiljanlegt að ekki skuli hafa tekist að koma fram með heildstætt frumvarp um vatnalög í stað þess að leggja til að taka ekki ákvörðun heldur fresta málinu og setja það ítrekað í nefnd. Hvernig stendur á því? Er það vegna þess — (Gripið fram í.) ég bið hv. þingmann, séra Karl V. Matthíasson, að ganga á guðs vegum og trufla ekki þessa mikilvægu umræðu en ég spyr: Þegar það liggur fyrir, eins og kom fram hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, að það sé full samstaða eftir því sem ég gat best greint í máli hans milli þeirra sem sátu í nefndinni af hálfu ríkisstjórnarflokkanna og reyndar fleiri nefndum, er þá það orðalag sem ég vísaði til í ræðu minni eingöngu vegna þess að sjónarmið hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur úr Vinstri grænum eru andstæð? Tefur það fyrir eðlilegri afgreiðslu nýrra vatnalaga? Mér finnst það nokkuð sérstætt og kannski spurning um hvort taka eigi upp ný og önnur vinnubrögð í þinginu ef eitt minnihlutaálit veldur því að ríkisstjórnarflokkunum tekst ekki að koma með frumvarp í jafnmikilvægu máli og hér um ræðir. Ég veit ekki annað en að t.d. fulltrúi Frjálslyndra í nefndinni hafi sýnt fulla samstöðu með formanni nefndarinnar um afgreiðslu málsins. Það er kannski og seint að spyrja svona en hæstv. iðnaðarráðherra getur þá svarað því: Er ágreiningur milli Vinstri grænna og annarra í nefndinni þá það eina sem tefur afgreiðslu málsins í nefndinni?

[14:20]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 33. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 33.

Félagsleg aðstoð, 51. mál, frv. KHG, þskj. 51.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 38. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 38.

[14:20]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram sem að sumu leyti hefur einskorðast við það að stjórnarandstaðan hefur reynt að kasta rýrð á þá niðurstöðu sem fékkst þrátt fyrir að fulltrúar hennar hafi tekið þátt í nefndarstörfunum og staðið einhuga að baki og ekki einungis það heldur lagt mjög gott til í nefndinni. Í sjálfu sér er það kannski ekki umræðan sem skiptir sköpum hér en ég leiddi þessa nefnd og ég vil byrja á því að þakka sérstaklega þeim sem tóku þátt í störfum nefndarinnar sem stóðu sig að mínu viti framúrskarandi vel.

Nefndin hafði ekki mikinn tíma til að vinna þetta mál, einungis um sex mánuði eða svo. Hún tók í raun við verkefni sem ég held að ég geti sagt að hafi valdið meiri deilum á Alþingi en flest önnur mál í áratugi liggur mér við að segja. Verkefni nefndarinnar var mikið og snúið. Eftir umræðuna sem þar fór fram og eftir að nefndin hefur skilað skýrslu sem er á þriðja hundrað blaðsíður þá vil ég segja að sú ákvörðun var tekin strax í upphafi af hálfu nefndarinnar að reyna að vinna málið á þann veg að losna úr þeim hnút sem umræðan á Alþingi var komin í og reyna að dýpka hana og kalla til verka fræðimenn eins og nokkur kostur var til að greina þá stöðu sem var uppi, varpa fram spurningum og leita eftir svörum.

Ég vil líka nefna það við þessa umræðu að nefndinni var ekki falið og hún hafði ekki umboð til að leggja fram frum-

varp, heildstætt frumvarp, heldur átti hún fyrst og fremst að taka á ákveðnum þáttum. Það var aldrei verkefni nefndarinnar þó að hv. stjórnarandstæðingar vilji líta svo á að það sé merki um að ekki hafi verið sátt í nefndinni, sem skilaði einhuga niðurstöðu, að hér liggi ekki fyrir frumvarp, enda var það aldrei ætlun nefndarinnar.

Nefndin fór yfir málin og kallaði til fjölda sérfræðinga, lagði fram spurningar o.s.frv. Niðurstaða hennar er að endurskoða skuli gildandi vatnalög frá árinu 2006 og eru tillögur hennar tilgreindar í fjórum liðum. Í fyrsta lagi er skilgreining á eignarráðum landeigenda. Það er kannski stóra atriðið sem umræðan sem hér fór fram fyrir rúmlega tveimur árum eða svo spannst um. Í öðru lagi er lagt til að markmiðsákvæði laganna verði endurskoðuð frá grunni sem þýðir það að lögin verða endurskoðuð frá grunni. Þriðja tillagan varðar stjórnsýsluþátt laganna. Farið var vandlega yfir stjórnsýslu laganna og í þeirri yfirferð kom fram að þar er mjög margt sem má bæta og þetta er allt lagt til.

Það er kannski grundvallaratriði þegar öllu er á botninn hvolft að þegar málið var lagt fram á sínum tíma árið 2006, var sagt að með framlagningu frumvarpsins væri ekki ætlunin að breyta neinni réttarstöðu frá því sem var og gilti í lögunum frá 1923. Við rannsókn nefndarinnar kemur í ljós, og vísa ég þar m.a. til fræðimanna eins og lagaprófessoranna Sigurðar Líndals og Eiríks Tómassonar sem báðir tilgreina það, að möguleikar löggjafans til að gera breytingar þrengjast mjög ef lögin taka gildi óbreytt. Það var grundvallarforsenda 2006 að ekki væri um að ræða neinar breytingar hvað þetta varðaði frá lögunum 1923. Þegar svona athugasemdir koma fram hljótum við að taka þær mjög alvarlega. Ég tel að nefndin sem vann þessa vinnu hafi skilað nýjum grunni að umræðu um vatnalög, nýjum grunni að umræðu um vatnið, og að vatnið sé kannski dýrmætasta auðlindin sem við eigum. Við þurfum því að ganga mjög varlega um þegar við setjum reglur um vatnið. Ég held að það sé ágætt að hafa í huga að þegar Norðmenn settu ný vatnalög eyddu þeir 10 árum í undirbúning þeirrar löggjafar. Þeir töldu vatnið það mikilvægt. Í Noregi liggur reyndar fyrir hæstaréttardómur um að enginn geti átt vatnið þannig að það fyrirkomulag liggur fyrir. En Norðmenn eyddu 10 árum í undirbúning slíkrar löggjafar og vildu vanda til verka eins og nokkur var kostur. Ég tel mjög mikilvægt að við gefum okkur góðan tíma til að fara yfir þessi mál og gera þetta þannig að um vatnsauðlindina náist mikil og víðtæk sátt í íslensku samfélagi. Það er ekki við það búandi að við efnum til frekari ófriðar um auðlindir en þegar hefur verið gert. Við hljótum að gera lært af því sem liðið er. Niðurstaða vatnalaganefndar er tilraun til að búa til nýjan grunn undir þá umræðu sem ég tel að sé traustur og á grunni þeirrar vinnu og gagna sem þar liggur fyrir og vinnu sem eftir á að fara í, þá held ég að við munum fá vatnalög sem þjóðin getur verið stolt af.

Ég vil að endingu endurtaka þakklæti mitt til allra sem unnu með okkur í nefndinni. Ég held að segja megi að meira hafi verið lagt á nefndarmenn og starfsmenn en kannski var hægt að ætlast til á jafnskömmum tíma en þeir stóð vissulega undir því og lögðu margt til. Þetta er þverpólitísk sátt um erfitt deilumál og ég lýsi mikilli ánægju með þessa niðurstöðu og vonast til að í framhaldinu fáum við vatnalög sem við getum verið stolt af.

[14:27]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006, og endurskoðun þeirra. Þannig háttaði til þegar þessi lög voru undirbúin og samþykkt árið 2006 að þá átti ég sæti í hv. iðnaðarnefnd og fór í gegnum þann prósess sem þá var. Vegna orða hv. þm. Lúðvík Bergvinssonar, sem minnti okkur á að Norðmenn hefðu tekið sér góðan tíma, 10 ár, til að fara í gegnum sína löggjöf, þá minnist ég þess að þegar þau lög sem við búum við í dag, vatnalöggjöfin frá 1923, voru samþykkt lögðumst menn í mikinn víking. Þá voru nú ekki þrjár til fjórar eða upp í fimm til sex ferðir til Evrópu með þotum á degi hverjum en fyrir þessa lagasetningu fór sendinefnd frá Íslandi og kynnti sér hliðstæða löggjöf á Norðurlöndum þannig að það var gríðarlega vandað til þeirrar löggjafar sem sett var 1923 hvað þetta varðar.

Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs um þetta mál er einfaldlega vegna 2. gr. frumvarpsins þar sem nefndin, sem hefur greinilega unnið gríðarlega mikið og gott starf, kemst að þeirri niðurstöðu að iðnaðarráðherra skuli í samráði við umhverfisráðherra og forsætisráðherra skipa nefnd sem verði falið að endurskoða ákvæði laganna og skuli nefndin hafa hliðsjón af tillögum vatnalaganefndar. Þetta er nákvæmlega það sem ég vildi koma að og leggja inn í þessa umræðu til að sjá hvort hv. iðnaðarnefnd geti fallist á hugmyndir mínar hvað þetta varðar vegna þess að í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir því hvers vegna umhverfisráðuneytið á aðild að þessu máli. Þar er jafnframt gerð grein fyrir því hvers vegna forsætisráðuneytið hefur aðkomu að málinu og þar segir, með leyfi forseta:

„… um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, er gert ráð fyrir að samráð verði haft við umhverfisráðherra og forsætisráðherra um skipun nefndarinnar.“

Tillaga mín og ósk er sú að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipi í þessa nefnd. Ósk mín snýr að því að hv. iðnaðarnefnd taki upp þá hugmynd og tillögu mína að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fái aðild að þessari nefnd þar sem hagsmunir landeigenda, landbúnaðarins og landsins fara svo saman, allt frá hálendinu sem hæstv. forsætisráðherra er að „covera“ og til landbúnaðarins vegna framræslu og notkunar á vatni við landbúnaðarstörf. Þetta er langveigamesta atvinnugreinin sem kemur að þessum ramma. Í þeirri vinnu sem fór fram í aðdraganda lagasetningarinnar 2006 sáum við hversu gríðarlega mikilvægt var að fá alla þá hagsmunaaðila, umsagnaraðila, sem tengjast landbúnaðinum með öðrum hætti, og ætla ég bara að nefna þá gríðarlegu framræslu, það mikla vatn sem landeigendur þurfa að sjá um að komist til sjávar án þess að skemma lönd og þess vegna tel ég nauðsynlegt að þetta ráðuneyti skipi í þessa nefnd.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og iðnn.

Samvinnu- og efnahagsráð Íslands, fyrri umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

[14:32]

Flm. (Guðni Ágústsson) (F):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um að stofna samvinnu- og efnahagsráð Íslands. Flutningsmenn að tillögunni eru auk mín Valgerður Sverrisdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Magnús Stefánsson, Birkir J. Jónsson, Bjarni Harðarson og Höskuldur Þórhallsson.

Þingsályktunin hljóðar svo:

„Alþingi beinir því til forsætisráðherra að koma á fót samvinnu- og efnahagsráði um efnahagsmál sem vettvangi stjórnmálaflokka og helstu hagsmunaaðila til að ræða og leita leiða til að styrkja íslenska atvinnuvegi og efnahag þjóðarinnar til frambúðar. Í ráðinu skulu sitja forustumenn allra þingflokka, þ.e. formenn og varaformenn, ásamt fulltrúum atvinnulífs, launþega, sveitarfélaga, fjármálafyrirtækja og Bændasamtaka Íslands.“

Þingsályktunartillagan er samin áður en öll þau stóru vandræði skullu á sem við glímum við þessa dagana og hefur það lengi verið skoðun okkar framsóknarmanna að slíkur þjóðarsáttarvettvangur sé mikilvægur. Slíkur vettvangur gæti verið mjög mikilvægur fyrir stjórnmálaflokkana og atvinnulífið til að hittast reglulega, jafnvel þó að allt sé í besta lagi og engar neyðaraðgerðir nauðsynlegar. Þeim mun mikilvægari er vettvangur sem þessi þegar til slíkra atburða hefur dregið eins og gerst hefur á Íslandi á síðustu vikum.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir:

„Íslenskt efnahagslíf glímir nú við mjög mikla erfiðleika. Þessir erfiðleikar stafa að talsverðu leyti af áföllum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Margt bendir hins vegar til þess að þeir stafi einnig að hluta til af sérstökum aðstæðum í íslensku efnahagslífi og efnahagsstjórn sem ekki hefur verið tekið nægilegt tillit til.

Afar brýnt er að tekið verði á þessum efnahagsvandkvæðum af festu og ákveðni. Jafnframt eru vandkvæðin svo djúptæk og víðfeðm að á þeim verður ekki fundin viðunandi lausn nema þjóðin í heild taki höndum saman. Takist það ekki munu afleiðingarnar verða dýpri efnahagskreppa, meiri kjaraskerðing og stærri áföll heimila og atvinnulífs en ásættanlegt er.

Í ljósi þessara alvarlegu aðstæðna leggja flutningsmenn fram þingsályktunartillögu um að þegar í stað verði myndaður sérstakur samráðsvettvangur sem hafi það verkefni að leita hagfelldustu leiða út úr þeim efnahagskröggum sem þjóðin hefur ratað í. Þann hóp skipi:

1. Forustumenn stjórnmálaflokkanna á Alþingi (formenn og varaformenn).
2. Fulltrúar atvinnulífsins.
3. Fulltrúar launþega. 4. Fulltrúar sveitarfélaga.
5. Fulltrúar fjármálafyrirtækja.
6. Fulltrúar Bændasamtaka Íslands.
7. Fulltrúar sjávarútvegsfyrirtækja.

Þessum hópi til fulltingis verði:

1. Sérfræðingar á sviði efnahagsmála frá Seðlabanka Íslands.

2. Sérfræðingar á sviði efnahagsmála frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

3. Aðrir innlendir og erlendir sérfræðingar eftir þörfum hverju sinni.

Ráðinu verði falið að samræma leiðir út úr efnahagsvandanum og leggja grunn að styrku íslensku efnahagslífi til frambúðar með það að leiðarljósi að styrkja útflutning og framleiðslu atvinnulífsins og þjóðarsparnað. Hlutverk hópsins er fagleg úrlausn þess að ná jafnvægi í þjóðarbúskap Íslendinga og hefja það brýna úrlausnarefni yfir pólitíska togstreitu.“

Ég ætla ekki að flytja alla þá greinargerð sem fylgir málinu en eins og ég sagði er þingsályktunartillagan samin í september í undirbúningi þingsins með það að leiðarljósi að skapa þann vettvang sem við framsóknarmenn höfum talað fyrir í þeim vandræðum sem hafa farið vaxandi síðustu árin og mjög svo núna síðustu mánuðina. Ég hygg að hæstv. forsætisráðherra finni það nú í öllum þeim vandræðum sem ríkisstjórn hans stendur frammi fyrir, bæði hér heima og erlendis, að mikilvægt er að forustumenn stjórnmálaflokka hittist, sérstaklega þeir sem halda utan um stærstu hreyfingar atvinnulífs og verkalýðs á Íslandi með sérfræðingum og því færasta fólki sem völ er á.

Fundirnir þurfa ekkert að vera langir. Þeir geta verið mikilvægir í góðæri til að menn komi saman og velti hlutum fyrir sér og flytji varnaðarorð við slíkt borð. Þeir geta verið enn þá mikilvægari og hefðu verið það, eins og við framsóknarmenn höfum margrætt hér í þinginu og samfélaginu á síðustu mánuðum, til þess að sporna og vara við og fara yfir þá þróun sem átti sér stað smátt og smátt á Íslandi. Þarna gæti atvinnulífið komið með hugmyndir og umræður um framtíðarsýn sína. Eins gætu stjórnmálaflokkar komið með allar sínar athugasemdir og tillögur til umræðu á slíkum vettvangi.

Í þeirri djúpu kreppu sem skollin er á heimsbyggðinni og er mjög alvarleg á Íslandi skulum við gera okkur grein fyrir að enginn lifandi maður sá hana fyrir, hvorki hér né erlendis. Margir óttuðust að erfiðleikarnir gætu orðið mjög alvarlegir en að það gerðist sem nú hefur gerst í mörgum þjóðlöndum er að hinir gamalkunnu bankar, 150 og 200 ára gamlir, stór og öflug fyrirtæki um allan heim, eru fallnir. Síðan féllu hin kappsömu íslensku fyrirtæki, sem fóru offari að einhverju leyti, ekki síst í undanfara kreppunnar sem einkenndist af mjög ódýru fjármagni um víða veröld, af lágum vöxtum og miklu framboði á peningum, þó að það komi í ljós að það var gert með misjöfnum hætti.

Við framsóknarmenn hvöttum ríkisstjórnina strax til þess — ég vil halda því til haga hér, við fluttum um það margar ræður eftir að hún tók til starfa — að taka strax á þeim vanda sem vissulega var til staðar í of mikilli þenslu í landinu og gálausri siglingu á ýmsum sviðum sem fylgdi því ódýra fjármagni sem hér hafði komið inn. Við getum t.d. nefnt hvernig bankarnir fóru í Íbúðalánasjóð 2004 og ætluðu að velta honum um koll og út af markaði með 100% lánum. Það er gæfa fólks á Íslandi að Íbúðalánasjóður stendur sterkur eftir. Honum var ekki raskað, um hann stóðu margir vörð og fyrir það ber að þakka. Hann er ljós í myrkrinu sem lýsir okkur fram á veginn. Við búum í öruggara samfélagi þess vegna.

Ég vil einnig halda því til haga að hinn 31. mars 2008 fannst okkur framsóknarmönnum ástandið fram undan það

alvarlegt að við lögðum fram tillögu um víðtækar efnahagsaðgerðir til að styrkja gjaldeyrisforðann um 500 milljarða. Við lögðum til að opna skyldi Íbúðalánasjóð til þess að taka strax við fasteignalánum banka til að létta baráttuna og jafnframt að endurskoða peningamálastefnu Seðlabankans sem fyrst til þess að koma í veg fyrir enn frekari vandræði hvað atvinnulífið varðaði. Við lögðum þá tillögu fram og héldum á þeim tíma ágætan blaðamannafund til þess að kynna varnaðarorð okkar.

Í maí báðu hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórnin um samstöðu gagnvart því að leitað yrði eftir því að styrkja gjaldeyrisforðann með 500 milljarða lánsheimild sem veitt var af þinginu en því miður ekki efnd. Um það þýðir ekki að tala hér við þessar aðstæður.

Ég vil líka minna á tillögu okkar frá 11. júlí þar sem við töldum algjörlega brýnt að ganga til þjóðarsáttarverkefna á því plani sem ég legg hér til, til þess að standa vörð um íslenskt samfélag á miklum erfiðleikatímum. Við framsóknarmenn sáum það ekki fyrir frekar en aðrir hvaða voði mundi hér skella yfir. Við óttuðumst samt sem áður fjármálakreppuna, við gagnrýndum andvaraleysið og hvöttum ríkisstjórnina til dáða nánast í hverri viku til þess að búa sig undir þessi vandræði. Nú eru þau orðin staðreynd og við verðum að vinna sem best úr því, bjarga því sem bjargað verður. Þess vegna var það svo á hinum erfiða mánudegi þegar neyðarlögin voru sett að við lögðumst í lið með ríkisstjórnarflokkunum eins og reyndar allir aðrir flokkar á þeim degi. Við studdum þá löggjöf til loka fyrst og fremst til þess að öll úrræði væru í þeim björgunarbát, sem ég kallaði svo, til að skuldsetja ekki um of framtíðina, að við yrðum að höggva á og skipta bankafyrirtækjunum upp hvað íslenska og erlenda hagsmuni varðaði. Ég heyrði þó engan tala um annað, hvorki ráðamenn né aðra, en að við mundum gæta þess og yrðum með einhverjum hætti að bera ábyrgð á peningalegum eignum erlendis og annars staðar.

Þó að bankarnir hafi farið að með mjög ólíkum hætti, eins og hér hefur komið fram, stofnaði Kaupþingsbankinn sem betur fer til útibúa sem voru erlendir bankar í dótturfyrirtæki í þeim löndum sem þeir störfuðu. Innlánsféð var á ábyrgð þeirra þjóðlanda sem þeir störfuðu í. Það var gert með öðrum hætti í Landsbanka Íslands og er Icesave-málið langerfiðasta málið við þessar aðstæður, hvernig það fór og stendur nú. Það sem mér finnst langmikilvægast sem stjórnmálamanni fyrir Ísland er spurningin um hvernig hið nýja Ísland rís þegar storminum linnir og siglingin getur hafist af krafti á nýjan leik. Ég hef miklar áhyggjur af því ef menn skuldsetja íslenska ríkið svo að það hvorki rísi né sigli, ef horft er til framtíðar. Það er auðvitað alvarlegur hlutur. Þess vegna verður að gera málið upp heildstætt og vinna úr því þannig að við sjáum framtíðina bjarta. Það verður gert ekki öðruvísi en að reyna að ná öllum þeim eignum til þess að gera upp skuldirnar, láta ekki hrægamma, erlenda eða innlenda, komast yfir þær og eyðileggja þann auð sem þjóðin á rétt á núna til þess að nýta til þessa. Að skuldirnar verði sem minnstar þegar upp verður staðið því að ef íslenska ríkið þarf að skuldsetja sig fyrir hundruð milljarða er ljóst að erfiðir tímar eru fram undan.

Okkur ber við þessar aðstæður fyrst og fremst að hugsa um að unga fólkið búi áfram á Íslandi og að hér verði áfram einhver bestu lífskjör í veröldinni, það eigum við að geta tryggt. Við eigum margt sem aðrar þjóðir eiga ekki. Við eigum auðlindir hafsins, við eigum auðlindir í orku, við eigum auðlindir í mannauði, en unga fólkinu verðum við að halda heima. Við megum heldur ekki ganga svo langt í þessari umræðu að segja að allir athafnamenn séu glæframenn því að það eru þeir sannarlega ekki. Við þurfum á dugnaði þeirra að halda og þar verðum við að skilja á milli í umræðunni. Við þurfum á þeim við að halda eins og allri alþýðu manna við þau stóru og erfiðustu verkefni sem íslensk þjóð stendur frammi fyrir.

Það er því brýn tillaga og þingsályktun sem ég flyt hér og hana er auðvitað hægt að framkvæma án þess að hún verði að ályktun Alþingis þar sem forsætisráðherra gæti einn og sjálfur ákveðið slíkan vettvang til þess að ná betur saman með öllum lykilaðstæðum þessa þjóðfélags. Það væri alvarlegur hlutur nú við þessar aðstæður að stjórnarflokkarnir, sem tala hvor úr sínu horninu, sundruðust. Ofan í hina miklu kreppu kæmi pólitísk kreppa og sundurlyndi í stjórnmálunum. Þess vegna slíðruðum við framsóknarmenn sverð okkar. (Forseti hringir.) Stjórnarandstaðan gerir sér (Forseti hringir.) grein fyrir því að þetta er dauðans alvara. Við þurfum að eiga samstætt Alþingi og forustumenn (Forseti hringir.) til þess að takast á við hin stóru verkefni samtímans.

[14:48]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari tillögu til þingsályktunar sem borin er fram af hv. þm. Guðna Ágústssyni og fleirum og tek undir þau sjónarmið og rök sem komu fram í málflutningi hans. Það er mun mikilvægara nú en sjálfsagt þegar þessi þingsályktunartillaga var í undirbúningi að koma á fót samvinnu- og efnahagsráði um efnahagsmál á vettvangi stjórnmálaflokka svo sem hér er lagt til. Ég tel, virðulegi forseti, að hefðum við staðið þannig að málum að um hefði verið að ræða virkt samráð um efnahagsmál milli stjórnmálaflokkanna svo sem verið er að tala um hér þá hefði sjálfsagt ýmislegt unnist sem ekki vannst vegna þess að slíkur vettvangur var ekki til. Ég vil benda á að við talsmenn stjórnarandstöðunnar, sennilega fáir oftar en hv. þm. Guðni Ágústsson og sá sem hér stendur, höfum varað við því í hvers konar ástandi þessi þjóð væri að lenda, við hverju mætti búast ef ekki væri brugðist við tímanlega.

Þessi varnaðarorð féllu fyrir ofan garð og neðan og ítrekað var haldið fram af viðkomandi ráðherrum að ekki væri ástæða til aðgerða á þeirri stundu og þau orð hafa fram að þessu verið einkenni og viðhorf ríkisstjórnarinnar. Það vantaði og þrátt fyrir að ítrekað væri kallað eftir aðgerðum, ítrekað bent á misfellur, bent á að íslenskt atvinnulíf væri að kólna og það væri með öllu óskiljanlegt, það væri gjörsamlega glórulaust að Seðlabanki Íslands hefði stýrivexti allt að þrefalt, fjórfalt hærri en tíðkast í okkar heimshluta og þetta væri að kyrkja íslenskt atvinnulíf, samt sem áður var ekki talin ástæða til aðgerða. Jafnvel nú, þótt fyrir liggi og hafi legið fyrir í meira en viku að það er komin veruleg kólnun í íslensku atvinnulífi meðal annars vegna þeirra háu stýrivaxta og lánakjara sem fyrirtækjunum og fólkinu í landinu er boðið upp á, þá samt sem áður þrátt fyrir að kall-

að hafi verið eftir því úr ýmsum áttum þá hefur ekki verið orðið við því að hér yrðu stýrivextir lækkaðir með þeim hætti að það væri hægt að búa atvinnufyrirtækjum og fólkinu í landinu eðlileg lána- og vaxtakjör.

Í yfirlýsingu í dag sagði hæstv. forsætisráðherra að beðið væri eftir nýrri þjóðhagsspá og á grundvelli hennar mundi Seðlabankinn hugsanlega gera eitthvað varðandi stýrivexti. Mér er spurn: Eru ráðamenn þjóðarinnar sem eru múraðir inni í Seðlabankanum eða Stjórnarráðinu svo gjörsamlega úr tengslum við íslenskt atvinnulíf og þjóðlíf að þeir átti sig ekki á því, þeir sjái ekki hvernig hlutirnir eru, sjái ekki að byggingakranarnir hafa stöðvast, sjái ekki að íslenskt framtak og atvinnulíf hefur verið drepið í dróma vegna þess að ekki verður hægt að fá fyrirgreiðslu á viðunandi kjörum sem viðkomandi atvinnurekstur getur staðið undir? Þá spyr ég: Gæti verið, er líklegt, er hugsanlegt, má ætla að efnahagsráð eins og það sem hér er verið að tala um gæti einmitt ekki í þessum tilvikum knúið á um að fyrr yrði brugðist við og með öðrum hætti eða alla vega gerðar tillögur um það sem hlustað væri á meira en það sem hv. þingmenn segja hér og varnaðarorð sem við erum að mæla úr ræðustóli Alþingis?

Ég hygg að í efnahagsráði eins og því sem verið er að tala um hér mundu fara fram faglegar umræður. Fyrir ráðið kæmu aðilar sem hefðu bestu og mestu þekkingu og yfirsýn um efnahags- og atvinnumál í landinu þannig að á þeim grunni gætu nefndarmenn markað sínar ákvarðanir. Ég vek athygli á einu: Þrátt fyrir það, virðulegi forseti, að nú hafi tæpir tíu dagar liðið síðan Alþingi samþykkti sérstök neyðarlög, ráðstafanir vegna þess efnahagsöngþveitis sem við erum komin í — og við höfum horft á blaðamannafundi og ákveðið samráð hefur verið tekið upp við ríkisstjórnina — skortir samt á að Alþingi Íslendinga hafi fengið nokkrar þær tölulegu forsendur sem á er hægt að byggja varðandi það hver vandinn er eða getur verið eða kann að verða í íslensku efnahagslífi og hvaða skuldir og skuldbindingar íslenskir skattgreiðendur eiga og þurfa að taka á sig. Ég fæ ekki betur séð en að ýmsir ráðamenn þjóðarinnar hafi verið heldur ginnkeyptir fyrir því að lofa og fullyrða að ákveðnir hlutir sem engin lagaheimild er fyrir og engin lagaskylda hvílir á ríki að bæta — þ.e. hafi jafnvel lofað upp í ermina á sér hvað það varðar. En þau atriði hljóta að koma til kasta Alþingis þó síðar verði.

Ég hjó eftir einu í máli hv. þm. Guðna Ágústssonar þegar hann talaði um að þó að hér yrðu efnahagsþrengingar þá skipti miklu máli að við misstum ekki hæfileikaríkt fólk úr landi, að við misstum ekki unga fólkið úr landi og það er sú mesta hætta sem við stöndum frammi fyrir í dag í þessu þjóðfélagi. Við eigum mikið af vel menntuðu, hæfileikaríku ungu fólki. Ákveðinn hluti af þessum góða hópi hefur verið að missa vinnuna á undanförnum dögum. Það hefur orðið gríðarlegt gengisfall á íslensku krónunni, lífskjör í landinu hafa versnað gríðarlega mikið og það sem gerist í löndum þar sem lífskjör verða mun verri en annars staðar í viðkomandi heimshluta þá greiðir fólk atkvæði með fótunum, sérstaklega unga fólkið. Það er keppikefli og hlýtur að vera markmið okkar allra, hvar svo sem við stöndum hvað varðar flokkaskipan eða pólitík, að standa saman um að koma hér á þjóðfélagi sem býður borgurum sínum upp á bestu lífskjör þannig að borgararnir gera ekki eins og gerðist í Austur-Þýskalandi forðum að greiða atkvæði með fótunum. Það er keppikefli, sú viðmiðun sem við keppum að og verðum að miða við.

Það er fyrirsjáanlegt að það mun þrengja að á næstu árum. Spurningin er hvernig við getum sem best komist frá hlutunum með eðlilegum hætti og ég tel að sú tillaga sem hér er lögð fram sé eitt atriði í þá veru.

Ég hjó eftir einu í upplýsingum í riti sem var í pósthólfi okkar þingmanna í dag. Þar eru upplýsingar frá fyrirtæki sem heitir Creditinfo Ísland og þar er fjallað um hvernig vanskilum eða skilum íslenskra aðila og fyrirtækja líður. Þá tek ég eftir því — þetta eru upplýsingar frá því í október 2008 — að Íslendingar staddir erlendis eru taldir vera rúmlega 46 þúsund manns. Þetta er tæplega 20% þjóðarinnar samkvæmt þessum niðurstöðum. Þetta er gríðarlega há tala. Við vitum að ákveðinn hópur Íslendinga fer til náms erlendis. En þarna er ljóst að mjög stór hópur Íslendinga er staddur erlendis í vinnu og störfum og út af fyrir sig er ekkert út á það að setja sem sýnir að Íslendingar láta ekki hefta sig. Þeir sækja þangað sem hugurinn ber þá og þar sem þeir sjá fram á að þeir geti lifað góðu lífi þó „römm sé sú taug sem rekka dregur ...“ eins og við þekkjum. En þá skulum við ekki treysta um of á það vegna þess að í nútímasamfélagi skiptir máli að við mótum það samfélag sem býður fólki upp á velferðarþjóðfélag og eðlileg og góð lífskjör í samræmi við það sem best getur gerst í okkar heimshluta. Ég tel að það sé það keppikefli sem við eigum öll að standa saman um að móta og vinna að og ég tel að sú tillaga sem hér liggur fyrir sé tillaga í átt að því markmiði.

[14:58]

Flm. (Guðni Ágústsson) (F):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa efnismiklu ræðu og góðu hugsun sem henni fylgdi í þessum ræðustól og tek undir það að margir hafa flutt varnaðarorð sem eru eftirminnileg á síðustu mánuðum og er hv. þm. Jón Magnússon einn af þeim. Það þýðir ekki að tala um það en á þau var því miður ekki hlustað sem skyldi og viðbrögðin voru aldrei markviss Í rauninni vorum við óundirbúnir því sem nú hefur gerst og erum vanbúnir á margan hátt til að takast á við þessa erfiðleika. Íslendingar hafa um langa hríð lifað í góðæri. Hugsið ykkur að allt í einu erum við komnir í alþjóðadeilu. Það eru orðin yfir 30 ár síðan við glímdum við Bretana síðast út af lögsögu og landhelgi okkar og við urðum að takast hart á við breska heimsveldið, þjóð sem var vinaþjóð okkar og við höfðum gert mikið fyrir, bæði lagt land okkar undir varnarmenn þeirra sem voru að verja sitt land og okkar og Evrópu og leyft þeim lengur en öðrum að vera í okkar lögsögu. Nú er í mínum huga alvarlegasti hluturinn og ég hef á það bent að við eigum enga vörn aðra, ekki síst út af því fólki og þessari þjóð horft til framtíðar, en að takast hart á við Bretana. Þeir hafa fellt íslenskan stóran banka með lögregluaðgerð, með hryðjuverkalöggjöf sem enginn hefði trúað. Þess vegna hef ég haldið því fram við forsætisráðherra og sagt frá því opinberlega að það er mín skoðun að við auðvitað kærum Bretana strax, við kærum þá út af Evrópska efnahagssvæðinu sem Kaupþing starfaði á á allan hátt löglega. Þeir brutu það. Við kærum þá

út af hryðjuverkalöggjöfinni sem þeir beittu á okkur, fyrir öllum hugsanlegum mannréttindadómstólum, Sameinuðu þjóðunum og svo framvegis þannig að þeir eiga ekkert annað skilið við þessar aðstæður því það sem mun gera Íslendingum erfitt í framtíðinni er að þessari aðgerð hefur fylgt mjög vond umræða um Ísland um víða veröld og það finna áreiðanlega best þessir 46 þúsund Íslendingar sem hv. þingmaður minntist á og eru í störfum og námi um allan heim. Hugur okkar dvelur hjá þessu fólki sem hugsar heim við þessar aðstæður en á líka mjög erfitt þar sem það er statt. Þess vegna verðum við að taka allar varnir til sem skipta máli til að berjast við aðgerðir sem verða ekki þolaðar af vinaþjóð, aðgerðir sem eru einstakar í veraldarsögunni og við hljótum að vinna þau mál og eiga þar eins og breskir lögmenn segja miklar peningafúlgur, skaðabætur fyrir framferði bresku ríkisstjórnarinnar. Við verðum að höggva á þann „Gordonshnút“. Gordon Brown á ekki að þurfa að sleppa frá þessu máli. Ég hygg að það verði svo þegar þetta mál verður gert upp að margir vinir okkar og þess vegna pólitískir menn bæði í Stórþinginu og vinir okkar í Bretlandi muni hugsa til okkar og þeim hafi fundist þetta fjandsamleg aðgerð þegar þeir sjá ofan í hana. Ég vildi enn og aftur halda þessu til haga.

Hv. þingmaður minntist á það sem hefur haft mikil áhrif. Það er auðvitað stefna ríkisstjórnarinnar. Seðlabankinn fer með ákveðin verkefni og er stjórntæki og ráðgjafarstofa. En allt sem þar er gert er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Við framsóknarmenn höfum talað gegn hinu háa stýrivaxtastigi mánuðum saman. Við segjum í júlí í tillögum okkar, með leyfi forseta:

„Hafa ber í huga að Seðlabankinn er ekki aðeins bundinn verðbólgumarkmiði heldur einnig því að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi og framgangi efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Þingflokkur framsóknarmanna bendir á að samdráttur íslenska hagkerfisins virðist vera harðari og meiri en gert var ráð fyrir og því eru fullar forsendur fyrir því að hafið verði lækkunarferli stýrivaxta Seðlabanka Íslands hið fyrsta. Þetta verði liður í þeim vegvísi sem ríkisstjórn og Seðlabankinn þurfa að opinbera fólki og fyrirtækjum.“

Þetta sögðum við í júlíbyrjun. Sannarlega er það nú svo að stýrivextina höfum við barið aftur og aftur eins og kerlingin Sæunn á Bergþórshvoli barði arfasátuna forðum og varaði við henni. Það er engin spurning að stýrivextirnir eru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, gengisskráningin bæði meðan það var hátt og nú meðan allt hefur snúist og fallið er auðvitað allt á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og það er furðulegur hlutur eins og kom fram í ræðu hv. þingmanns að menn skuli ekki þegar reyna að gleðja þessa þjóð með einhverju, ganga strax til lækkunar stýrivaxtanna og þessara okurvaxta á Íslandi sem eru að kyrkja fyrirtækin og fólkið, það skulduga. Síðan er það auðvitað að gefa nýja og bjartsýna von. Ég er þeirrar skoðunar að alveg eins og ríkisstjórnin í grandaleysi sínu sagði á sínum fyrstu dögum að nú skyldi þorskkvótinn skertur um 63 þúsund tonn — á einu bretti voru 20 milljarðar teknir út úr hagkerfi sjávarútvegsins, út úr íslensku hagkerfi af því að ríkisstjórnin taldi þá að þjóðin hefði efni á þeirri áhættu. Byggðunum blæddi. Mótvægisaðgerðirnar voru aðhlátursefni og þess vegna eigum við engan kost annan núna við þær aðstæður en að ákveða strax að auka þorskveiðar á ný á Íslandi. Við höfum alltaf í öllum kreppum sem hafa gengið yfir okkur orðið að sækja af meiri festu í auðlindir okkar enda eru allar tillögur vísindamanna, ákvarðanir stjórnmálamanna umdeildar í þessum efnum. Ég tek mikið mark á hagfræði og lífsskoðun sjómannsins. Sjómaðurinn fylgist með lífkeðjunni og menn segja mér að sjórinn sé fullur af þorski, sé hægt að veiða 100 þúsund tonn af ýsu þá eigi að vera hægt að veiða 200–300 þúsund tonn af þorski. Við eigum ýmis góð færi sem við þurfum að gefa sem fyrst út til að draga úr drunga og áhyggjum okkar þjóðar þannig að þjóðin sjái að ríkisvaldið og Alþingi ætli að draga seglin upp og reyna að sigla út úr þeirri lægð, út úr þeim gríðarlegu erfiðleikum sem við erum stödd í. Þetta vildi ég taka fram.

Ég minni á að þegar þessi hagsveifla hófst undir lok síðustu aldar þá var það mikið gleðiefni okkar framsóknarmanna og sjálfsagt allra stjórnmálaflokka og þjóðarinnar að þúsundir Íslendinga, vel menntað fólk sem var sest að í útlöndum, fékk margvísleg verkefni í stórhuga stofnunum á Íslandi sem voru að rísa til mikillar sóknar og eru enn þá sterkar í landinu. Fólkið flutti heim og fékk störf við sitt hæfi. Nú segi ég: Auðvitað þarf unga fólkið að fá að mennta sig þannig það geti líka komið heim að námi loknu og fengið störf við sitt hæfi. Við megum ekki missa 20% þjóðarinnar frá okkur. Þess vegna þurfum við öll að berjast fyrir bjartsýni, berjast fyrir þjóðarsátt. Öll sterkustu öflin verða að setjast í samvinnu- og efnahagsráð til þess að gefa út skýr skilaboð þannig að menn tali ekki í eina áttina í dag og aðra á morgun. Við verðum öll að vera í þeim sama báti að bjarga þessari þjóð út úr þessum erfiðleikum. Það eru allar þjóðir nú að gera. Evrópa er breytt. Ameríka er breytt. Evrópa er ekkert söm á eftir. Evran er ekkert söm. Evrópusambandið er ekki eins góður kostur nú og margir héldu í fyrradag. (Forseti hringir.) Gordon Brown nefni ég eina ferðina enn. Hann segir. „Nú verðum við að hugsa um okkar þjóð og okkar fólk. Það er skylda okkar.“ (Forseti hringir.) Það var viturlega mælt af honum, eitt af fáu. En það er líka skylda okkar hér heima að (Forseti hringir.) hugsa um okkar fólk og okkar þjóð.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

[15:09]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir í meginatriðum öll þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni hér áðan nema þegar hann talaði um að það væri misskilningur að Evrópusambandið væri síðri kostur en verið hefur fyrir Íslendinga. Ég tel það vera betri kost en verið hefur en það er hins vegar spurningin hvort það er nógu góður kostur til þess að við getum átt samleið með Evrópusambandinu. Það er viðfangsefni sem eðlilegt er að ræða og á öðrum vettvangi en hér.

Ég vil taka heils hugar undir það sem hv. þm. Guðni Ágústsson sagði um atferli og atlögu forsætisráðherra Breta Gordons Browns gagnvart okkur Íslendingum. Sumir samfylkingarmenn, þar á meðal ráðherra, hafa talið sig eiga samleið með breska verkamannaflokknum. Það hefur sjálf-

sagt aldrei verið gerð eins fólskuleg og hatrömm árás af nokkrum breskum ráðherra á íslenska hagsmuni og forsætisráðherra Bretlands, Gordon Brown, gerði á dögunum ásamt ríkisstjórn breska verkamannaflokksins að beita hryðjuverkalögum gagnvart Íslandi og íslenskum hagsmunum. Hér er um svo fáheyrða hluti að ræða að mér finnast viðbrögð íslenskra stjórnvalda með ólíkindum, að ekki skyldi hafa verið brugðist við með allsherjarmótmælum. Hvað getur þjóð eins og Ísland gert þegar um slíkt er að ræða?

Ég átta mig á því að þegar þjóð á í erfiðleikum þarf hún að fara með gát. En það má hins vegar aldrei bregðast við að leggjast á hnén og gefast upp fyrir ofbeldinu. Þarna var ekki um neitt annað að ræða en ofbeldi af hálfu þjóðar sem við höfum talið til vinaþjóðar okkar. Það er þjóð sem við störfum með í Atlantshafsbandalaginu og höfum starfað með þar í langan tíma. Það er þjóð sem við lögðum ríkulegan styrk til í síðari heimsstyrjöld. Á hvaða vettvangi hefðum við átt að taka upp málin og gera kröfu til þess að strax yrði brugðist við? Að sjálfsögðu áttum við að gera það á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Við áttum að gera kröfu til þess að þegar yrði brugðist við. Það er með ólíkindum að bandalagsþjóð okkar í Atlantshafsbandalaginu skuli lýsa bandalagsþjóð sinni sem hryðjuverkaþjóð. Ég fæ ekki alveg séð hvernig það getur samrýmst Atlantshafssáttmálanum.

Í hverju voru hryðjuverkin fólgin sem um var að ræða? Hvað réttlætti setningu þessara laga og viðbragða af hálfu ríkisstjórnar Bretlands? Ég fæ ekki séð og mér hefur ekki verið sýnt fram á að nokkur rök eða sjónarmið geti réttlætt þessa aðgerð. Jafnvel þó að eitthvert fjárstreymi hafi verið frá landinu gat það ekki réttlætt þá ofsafengnu aðferð sem Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, beitti Íslendinga í þessu tilviki.

Ég tel að íslenska ríkisstjórnin hefði sama dag á sömu mínútu og Bretar beittu Ísland þessu harðræði átt að gera kröfu til að fundur yrði haldinn í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna þar sem yrði fjallað um málið — á þeim stað þar sem öll íslenska utanríkisþjónustan vinnur nú að kjöri Íslands í ráðið, því miður. Fólki væri nær að vinna að ýmsum ímyndarstörfum til hagræðis fyrir Ísland annars staðar en það er annað mál. Við hefðum átt að gera kröfu til þess að fastaráð Atlantshafsbandalagsins kæmi saman þegar í stað og að kallað yrði saman til fundar þeirra ríkja sem mynda Evrópska efnahagssvæðið.

Á öllum vettvangi þar sem við eigum samstarf og fjölþjóðleg tengsl við Bretaveldi hefðum við átt að grípa til varna og andmæla og gera kröfur til þess að Bretar sýndu þessari þjóð einu sinni mannasiði sem þeir hafa ekki gert og ítrekað troðið henni um tær, farið með hervaldi á hendur íslenskri þjóð. Við brugðumst við á sínum tíma og slitum stjórnmálasambandi við Breta. Ég tel að svo fremi sem Bretar gera ekki bragarbót, biðjist afsökunar og greiði skaðabætur, komi slíkt til greina.

[15:14]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það eru skelfileg tíðindi í peningamálum heimsins þessa dagana en að nota hryðjuverkalög á íslenska banka er ótrúlegur gjörningur. Við verðum að svara því með öllum þeim ráðum sem við kunnum og eigum við að hugleiða hvort við eigum hreinlega að slíta stjórnmálasambandi við Breta.

En við megum heldur ekki gleyma því að við höfum áður átt í stríði við þessa þjóð. Við áttum í fiskveiðideilum við þá margoft og þeir fóru nú alltaf halloka fyrir íslensku þjóðinni, þeirri litlu þjóð. Það má nefna að í þorskastríðunum voru fréttirnar yfirleitt á þann veg að íslensk varðskip væru að gera árásir á tíu sinnum stærri herskip þannig að við megum kannski búast við ýmsu frá Bretum.

Ég vil ekki alveg hvítþvo okkur af öllu varðandi þessi mál. Yfirlýsingar ýmissa manna eins og seðlabankastjóra, fjármálaráðherra og annarra um að slíta eigi íslensku bankana frá erlendri bankastarfsemi og við ætlum ekki að borga skuldir, ekki að láta Jón og Gunnu í Breiðholtinu borga skuldir íslenskra fjárglæframanna erlendis — það gefur náttúrlega augaleið að við verðum að líta í eigin barm þegar við fjöllum um þessi mál. Menn sem hafa verið í forustu fyrir okkur hafa ekki talað af mikilli gætni og verið ótrúlega brattir í ummælum sínum. Ég held að við verðum að líta í eigin barm og kanna hvort þeir hafi ekki ögrað óþarflega mikið með alls konar ótímabærum yfirlýsingum og gjörningum sem kallað hafa á reiði og annars konar viðbrögð frá erlendum stjórnmálamönnum í okkar garð. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að lítum í eigin barm varðandi hvernig við höfum staðið að málum.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og efh.- og skattn.

Breytt stjórn fiskveiða í samræmi við úrskurð mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, fyrri umr.

Þáltill. JM o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

[15:17]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég flyt tillögu til þingsályktunar ásamt hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, Grétari Mar Jónssyni, Atla Gíslasyni, Jóni Bjarnasyni og Ögmundi Jónassyni þar sem segir:

„Alþingi ályktar að hlíta beri niðurstöðu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 24. október 2007 í máli nefndarinnar nr. 1306/2004 þess efnis að fiskveiðistjórnarkerfi Íslendinga, sbr. lög nr. 116/2006, áður lög nr. 38/1990, brjóti í bága við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem Ísland staðfesti með auglýsingu utanríkisráðherra nr. 10 frá 28. ágúst 1979 í samræmi við þingsályktun hinn 8. maí 1979. Enn fremur að breyta verður lögum um stjórn fiskveiða í samræmi við fyrrgreindan úrskurð til að tryggja jafnræði borgaranna, sanngirni og mannréttindi.“

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna tók afstöðu til þess máls sem hér um ræðir og komst að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða brot, að Ísland bryti gegn 26. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi með því hvernig fiskveiðilöggjöfinni væri háttað. 26. gr. al-

þjóðasamningsins um borgaraleg réttindi er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Allir eru jafnir fyrir lögunum og eiga rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Lögin skulu því í þessu skyni banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis …“.

Það er þarna sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna kemst að þeirri niðurstöðu að við brjótum gegn ákvæðum um almenn mannréttindi. Við skulum hafa í huga að mannréttindi eru algild. Frá þeim verður ekki vikið með einum eða neinum hætti.

Í niðurstöðu meiri hluta nefndarinnar segir að meginálitaefnið sé hvort kærendur verði að lögum skyldaðir til að greiða samborgurum sínum fé til að afla sér fiskveiðiheimilda sem séu nauðsynlegar til að eiga kost á að veiða í atvinnuskyni kvótasettar fisktegundir í eigin lögsögu.

Einnig segir að óeðlilegt sé að ákveðinn hópur fiskveiðimanna þurfi að kaupa eða leigja kvóta frá fyrri hópnum en öðrum sem hefur keypt kvóta af honum ef þeir vilja stunda veiðar á kvótasettum fisktegundum af þeirri einföldu ástæðu að þeir áttu ekki eða ráku ekki fiskiskip á því tímabili sem þar var fjallað um.

Við flutningsmenn þingsályktunartillögunnar teljum að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi sé ósanngjarnt. Það brjóti gegn jafnrétti manna, samanber einnig jafnræðisreglu íslensku stjórnarskrárinnar. Þá telja flutningsmenn verulegan vafa leika á því að lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, samrýmist ákvæðum 75. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi.

Í niðurstöðu álits mannréttindanefndarinnar segir að þar sem aðildarríkið — þ.e. Ísland — hafi ekki sýnt fram á að þessi sérstaka skipan á útfærsluformi kvótakerfisins fyrir nýtingu takmarkaðra auðlinda við samninginn sem slíkan álykti nefndin að í sérstökum aðstæðum fyrirliggjandi máls séu forréttindi í mynd varanlegs eignarréttar sem veitt voru upphaflega handhöfum kvótans til óhagræðis fyrir höfundana og ekki byggð á sanngjörnum forsendum.

Það kerfi sem við búum við í fiskveiðistjórn er ekki byggt á sanngjörnum forsendum og er til óhagræðis fyrir alla þá sem þurfa að kaupa heimildir. Mannréttindanefndin telur sem sagt að um sé að ræða brot á 26. gr. samningsins sem ég vísaði til.

Í samræmi við þetta hefur aðildarríkið Ísland, sem er aðili að Sameinuðu þjóðunum, skuldbundið sig til að gera raunhæfa úrbót og borga skaðabætur og endurskoða fiskveiðistjórnarkerfi sitt. Í áliti nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Hafandi í huga að aðildarríkið hefur sem aðili að valkvæðu bókuninni viðurkennt valdsvið nefndarinnar til að ákveða hvort brot á samningnum hafi átt sér stað eða ekki, og að aðildarríkið hefur tekið að sér samkvæmt 2. gr. samningsins að tryggja öllum einstaklingum á yfirráðasvæði innan lögsögu þess þau réttindi sem viðurkennd eru í samningnum og veita raunhæfa og aðfararhæfa úrbót ef brot hefur verið staðfest, þá óskar nefndin eftir upplýsingum frá aðildarríkinu innan 180 daga um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að fylgja eftir skoðunum nefndarinnar.“

Ég vík síðar að því með hvaða hætti ríkisstjórnin kaus að svara þessum tilmælum og raunar kröfu mannréttindanefndarinnar.

Spurningin er þá: Hvaða gildi hefur niðurstaða mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna? Þorgeir Örlygsson, sá virti fræðimaður í lögfræði, skrifaði eitt sinn grein sem hét: *Hver á kvótann?* Í umfjöllun í *Morgunblaðinu* segir, með leyfi forseta:

„„Þegar svo er komið málum er eðlilegt að menn spyrji sig þeirrar spurningar, hvort það fái staðist að afhenda tiltölulega fáum einstaklingum jafnverðmæt réttindi yfir sameiginlegri auðlind þjóðarinnar,“ sagði Þorgeir. „Því er til að svara, að í lagalegum skilningi stenst þetta kerfi í aðalatriðum. Hvort það hins vegar stenst siðferðilega og er að öllu leyti réttlátt, er fyrst og fremst háð siðferðilegu og pólitísku mati, ekki lögfræðilegu.““

Það má lesa út úr því sem hinn virti fræðimaður Þorgeir Örlygsson segir þarna að hann telur á það skorta að um sé að ræða að kvótakerfið standist siðferðilega og það sé réttlátt. En það er að sjálfsögðu háð pólitísku mati. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga lögð fyrir Alþingi Íslendinga að við hv. alþingismenn leggjum siðferðislegt og pólitískt mat á þetta óréttláta kerfi, þau mannréttindabrot sem verið er að fremja á hverjum einasta degi, og tökum ákvörðun um að fara að þeim sjónarmiðum og kröfum sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna gerir hvað þetta varðar.

Það er athyglisvert að þegar fyrir lá sú niðurstaða sem hér um ræðir brást hæstv. sjávarútvegsráðherra, sem sér ekki ástæðu til að vera viðstaddur þessa umræðu, við með þeim hætti að segja að álitið væri ekki bindandi að lögum. Hvað hafði hann fyrir sér í því? Ekki hafði hann niðurstöðu mannréttindanefndarinnar fyrir sér því að í því áliti segir að Ísland hafi að öllu leyti viðurkennt þann samning og lögsögu sem um er að ræða auk þess sem aðildarríkið Ísland hafi tekið til varnar fyrir nefndinni.

Hinn virti lögfræðilegi fræðimaður og fyrrverandi forseti Hæstaréttar, Magnús Thoroddsen, segir að þær raddir hafi heyrst að álit mannréttindanefndarinnar sé ekki bindandi fyrir íslenska ríkið en hann sé því ósammála. Hann segir að íslenska ríkið sé aðili að alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og hafi einnig fullgilt valfrjálsa bókun við samninginn. Hann bendir í öðru lagi á að það sé viðurkennd regla í lögfræði að túlka beri samninga með hliðsjón af tilgangi þeirra. Hann segir í þriðja lagi að alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi hafi ekki lagagildi hér á landi en það hafi mannréttindasáttmáli Evrópu heldur ekki en engu að síður hafi verið farið eftir honum við dómaframkvæmd. Að lokum bendir hinn virti lagamaður Magnús Thoroddsen á að í þessu sambandi sé rétt að vekja athygli á því sem meiri hluti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna hafi um þetta að segja sem ég vísaði til hér áðan.

Í mjög góðri og vel gerðri ritgerð og áður úttekt sem Aðalheiður Ámundadóttir fjárlaganemi gerði um gildi álits mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna bendir hún á mjög gild rök um gildi álitsins í þjóðarrétti og kemst að þeirri niðurstöðu að niðurstöður samningsins séu óumdeilanlega bindandi fyrir íslenska ríkið.

Ég vil þá víkja að því sem helsti sérfræðingur ríkisins í þessum málum, Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild

Háskóla Íslands, hafði um málið að segja. En þar kom fram stuttu eftir að álitið birtist almenningi eða 12. janúar 2008, hún segir

„Ég lít ekki svo á að stjórnvöld geti hunsað álitið þó það hafi engar lagalegar afleiðingar.“

Það liggur fyrir að ekkert refsivald gerir athugasemdir við að alþjóðleg lögregla taki að sér einhverjar aðgerðir gagnvart Íslandi af því við erum að brjóta rétt á okkar eigin borgurum með sama hætti og einræðis- og ofstjórnarríki hafa í gegnum tíðina gert. Þau hafa verið dæmd fyrir mannréttindabrot. Mörg þeirra hafa farið eftir því og gert bragarbót en í þessu tilviki er um það að ræða að það er undir ríkjunum sjálfum komið hvort þau vilja halda áfram að brjóta mannréttindi eða ekki.

Við flutningsmenn tillögunnar erum sammála um að fiskveiðistjórnarkerfið sé ósanngjarnt. Það er í samræmi við álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Þetta er ósanngjarnt kerfi. Það er brot á 26. gr. ákvæðanna sem við höfum undirgengist. Það er brot á jafnræðisreglu þegnanna. Hvernig eigum við að bregðast við? Ég tel að hér sé svo stórt og afdrifaríkt mál að ekki sé hægt að bregðast við með öðrum hætti en þeim að taka undir þá kröfu, sem við frjálslynd höfum m.a. ítrekað sett fram, að gjafakvótakerfið verði afnumið. Við höfum gert þá kröfu að komið verði á allt öðrum viðmiðunum í stjórn fiskveiða þannig að atvinnufrelsis borgaranna sé gætt, að ákvæðum stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi sé fullnægt, að ákvæðum stjórnarskrárinnar um jafnræði borgaranna sé fullnægt þannig að einn þurfi ekki að kaupa það sem annar fær gefið af ríkinu.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir:

„Tryggja skal stöðugleika í sjávarútvegi. Gerð verði sérstök athugun á reynslunni af aflamarkskerfinu við stjórn fiskveiða og áhrifum þess á þróun byggða.“

Og hver hafa nú áhrifin orðið? Það liggur fyrir að byggðirnar eru að komast í þrot. Enn er mannréttindabrotum haldið áfram og við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu, sem fluttum hana á síðasta þingi, fórum fram á að hún gæti komið til efnislegrar afgreiðslu fyrir þinginu, þ.e. að hún yrði afgreidd úr nefnd þannig að Alþingi gæti greitt atkvæði um málið. Það varð ekki og því er málið endurflutt af okkar hálfu. Í millitíðinni frá því að við fluttum þessa þingsályktunartillögu á sínum tíma skal geta þess að ríkisstjórnin fékk 180 daga til að gera ráðstafanir til að bregðast við og gera bragarbót á kerfinu. Og hvað liggur fyrir og hvað sagði ríkisstjórnin? Jú, í svari við áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 9. júní sl. segir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, með leyfi forseta:

„Að framan eru rakin viðhorf og viðbrögð íslenska ríkisins við áliti mannréttindanefndarinnar 24. október 2007 vegna erindis nr. 1306/2004. Samkvæmt því verða kærendum ekki greiddar skaðabætur né fiskveiðistjórnarkerfinu íslenska umbylt í einu vetfangi. Hins vegar er boðað að efnt verði til allsherjarendurskoðunar á íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu í náinni framtíð með breytingar í huga þannig að komið verði til móts við kröfur mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna eftir því sem unnt er. Þessi viðbrögð eru hér með kynnt mannréttindanefndinni.“

Hvað segir þetta svar sjávarútvegsráðherra sem ber að skoðast sem svar ríkisstjórnarinnar? Það segir einfaldlega: Við ætlum ekki að fara að áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Við ætlum að halda áfram mannréttindabrotum. Ég tel það ekki ásættanlega niðurstöðu. Það er því krafa okkar flutningsmanna að Alþingi Íslendinga fái að greiða um það atkvæði og taki um það ákvörðun að íslenska ríkið skuli fara að mannréttindum, fara að niðurstöðu mannréttindanefndarinnar. Tillagan er lögð fram til þess, virðulegi forseti, og mælist ég til að henni verði vísað til sjávarútvegsnefndar (Forseti hringir.) að lokinni þessari umræðu.

[15:32]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar og hef áður á Alþingi minnst á vinnubrögð stjórnarflokkanna um álitið sem kom í janúar frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna og aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í þeim málum. Ég vil minna á að í tillögunni er vitnað í 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Sú grein er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta þingsins:

„Allir eru jafnir fyrir lögunum og eiga rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Lögin skulu því í þessu skyni banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.“

Þessa grein brjótum við hiklaust á tveimur sjómönnum frá Tálknafirði og ekki er að sjá eða skynja að stjórnvöld ætli að gera eitthvað í því og er það sorglegt. Við þessa umræðu um þingsályktunartillöguna er enginn úr sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd í salnum né heldur hæstv. sjávarútvegsráðherra. Sorglegt er að þeir sjái ekki sóma sinn í því að ræða mál sem skipta verulegu máli.

Trillukarl úr Sandgerði hóf að róa 18. júní án veiðiheimilda og hann reri síðasta róðurinn 7. ágúst. Þá var bátur hans innsiglaður og er það enn. Trillukarlinum hefur ekki verið birt ákæra vegna brotsins sem hann átti að hafa framið, þ.e. veiða án kvóta. Maður spyr sjálfan sig auðvitað að því, af hverju er manninum ekki birt ákæra í málinu? Þora yfirvöld í landinu ekki að birta manninum ákæru vegna þess að þau vita að hann mun veifa áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og benda á að mannréttindi séu brotin á honum? Sjómönnum er mismunað með lögum sem ekki standast álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Merkilegt er og verður í framtíðinni fyrir sagnfræðinga að skoða að við skulum hafa haft fiskveiðistjórnarkerfi í aldarfjórðung. Reyndar voru töluverðar breytingar gerðar 1. janúar 1991 þegar frjálsa framsalið tók gildi en það leyfði leigu og sölu veiðiheimilda. Þá fengust peningar fyrir sölu á veiðiheimildum og hægt var að veðsetja þær. Við sjáum nú að slíkar veðsetningar duga ekki fyrir skuldum sjávarútvegsins. Þannig að af mörgu er að taka.

Ótrúlegt er að frá 1991 hafi verið leiguliðar og lénsherrar í íslenskum sjávarútvegi. Sjómenn sem hafa viljað fara á sjó hafa þurft að leigja veiðiheimildir dýrum dómum af sæ-

greifunum sem fengu kvótanum úthlutað ókeypis í upphafi. Ætla stjórnvöld og núverandi stjórnarflokkar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar virkilega að halda því áfram að leyfa fáum útvöldum að eiga fiskinn í sjónum? Mér dettur í hug að þegar búið er að stranda skútunni, eins og nú er, þá ætli fólkið á fyrsta farrými að fara með léttabátnum í land með allt gullið úr lestinni en hetjur hafsins, hermenn þjóðarinnar og þrælarnir verða enn hlekkjaðir við árarnar á neðra þilfari. Það finnst mér blasa við núna.

Framsóknarmenn eru ekki saklausir af kvótakerfinu. Þeir hafa staðið vörð um það ásamt sjálfstæðismönnum frá 1984 og virðist lítill viðsnúningur vera hjá þeim og lítið rofa til í kolli framsóknarmanna þessa dagana. Þeir mega þó eiga það að í vor eða vetur þegar álit mannréttindanefndarinnar kom fram töldu þeir að það þyrfti að virða mannréttindi á Íslandi. Auðvitað fagnar maður því.

Maður botnar ekkert í vinstri grænum nú frekar en áður þegar kemur að sjávarútvegsmálum. Í fyrrahaust samþykktu þeir og lögðu til að veiðileyfagjald af fiski yrði fellt niður þegar við í Frjálslynda flokknum lögðum til að það yrði notað til að hjálpa sjómönnum sem urðu fyrir skakkaföllum vegna kvótaskerðingar og bæta hag fiskvinnslufólks. Síðast í gær varði hv. þm. Björn Valur Gíslason nánast kvótakerfið, galla þess og ókosti og kannaðist ekki við neina vankanta á kerfinu, hvorki brottkast né framhjálandanir né annað slíkt. Það er ágætt ef einhverjir sem hafa unnið í þessu kerfi kannast ekki við þetta og þekkja ekkert til þessara mála. Oft eru til sérstakar undanþágur eða undantekningar eins og sannast í málflutningi hans.

Sjávarútvegsráðherra hefur nú lýst því yfir að hann vilji halda áfram óbreyttu kerfi en ég hef ekki trú á því að honum verði stætt á því. Allir sjá að ef á að fara svona með landsmenn eins og allt útlit er á stefna margir í gjaldþrot og mikla erfiðleika og atvinnufyrirtæki önnur en í sjávarútvegi þurfa að standa sína plikt og vera ábyrg gerða sinna. Þegar kemur að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum skulda þau meira en 500 milljarða fyrir utan óbeinar skuldir en gætu árlega haft, ef vel tækist til, 20–30 milljarða til að borga vexti og afborganir. Ekkert þarf að koma manni á óvart í umræðu um þessi mál. Ég hef horft upp á andvaraleysi manna og þegar ég sé hæstv. sjávarútvegsráðherra vera eins og strengjabrúðu í höndum sægreifanna, kemur mér ekki á óvart að hann haldi áfram að vera málpípa þeirra þótt þeir séu komnir í þrot með allan atvinnurekstur sinn út af græðgi í kvótakaupum og öðru slíku. Auðvitað einnig vegna utanaðkomandi aðstæðna eins og falls krónunnar og annars í þeim dúr, sem þarf nú ekkert að rekja hér þessa dagana.

Eigendur sjávarjarða á Íslandi eru með mál sín fyrir hinum alþjóðlega mannréttindadómstól og leita þar eftir því að réttur þeirra verði virtur. Þ.e. að þeir eigi rétt á því að fiska 60 faðma frá stórstraumsfjöru. Hringinn í kringum landið hafa þeir hafa verið hunsaðir og ekki virtir viðlits. Þeir hafa ekki haft leyfi til að nýta fjöruna heima hjá sér til að draga björg í bú.

Manni finnst sorglegt að svokallaðir jafnaðarmenn á Íslandi, þ.e. Samfylkingin, skuli láta þetta allt yfir sig ganga og ekki einu sinni reyna að spyrna við fótum.

[15:42]

Björn Valur Gíslason (Vg):

Virðulegi forseti. Ekki veit ég í hvaða ástandi hv. þm. Grétar Mar Jónsson var í gær í umræðum um þingsályktunartillögu um að setja enn einn yfirfrakkann á sjómenn og útgerðarmenn. Hann vísaði áðan til þátttöku minnar í henni og túlkaði orð mín sem stuðning við íslenska kvótakerfið. Hann má fara eins langt í því og hann vill.

Hér er um að ræða þingsályktunartillögu sem snýr að úrskurði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna fyrr á þessu ári um óréttmæti í kvótakerfinu. Við því áliti sendi ríkisstjórnin svar í sumar, reyndar á síðustu stundu og án þess að leggja það til umræðu á Alþingi eða láta opinbera umræðu fara fram um það.

Í svari ríkisstjórnarinnar til Sameinuðu þjóðanna segir m.a., með leyfi forseta:

„Fyrir liggur að í áliti mannréttindanefndar SÞ er komist að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn jafnræðisreglu þeirri sem felst í 26. gr. í the Covenant on Civil and Political Rights.“

Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Fullyrða má að jafnræðisregla 65. gr. stjórnarskrár Íslands og jafnræðisregla 26. gr. í the Covenant on Civil and Political Rights hafa sama efnislega inntak.“

Þ.e. að ekki skuli mismuna. Þegnum landsins skuli ekki vera mismunað og allir skuli standa jafnir fyrir lögum. Í svarinu segir einnig, með leyfi forseta:

„Í áliti mannréttindanefndarinnar í þessu máli er þess getið að þessar raunhæfu úrbætur skuli vera m.a. skaðabætur og endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu. Sá vandi sem íslensk stjórnvöld standa m.a. frammi fyrir er að af áliti mannréttindanefndarinnar verður ekki ráðið hversu langt verði í raun að ganga til að um geti verið að ræða raunhæfar úrbætur. Nægja minni háttar tilfærslur og breytingar á íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu, eða verður að bregðast við með stórtækari breytingum?“

Svarið felur í sér að ríkisstjórnin telji niðurstöðuna vera alveg ótvíræða, að mannréttindi hafi verið brotin á íslenskum þegnum. Það stendur skýrum stöfum í svari, sem sjávarútvegsráðherra sendi fyrir hönd stjórnarinnar til Sameinuðu þjóðanna, að ríkisstjórn Íslands telji einsýnt að Íslendingum beri að hlíta áliti nefndarinnar, ekki verði hjá því komist, en hafa alla fyrirvara á því hvernig og hvort það verði gert.

Sjávarútvegsráðherra er ekki viss hversu langt eigi að ganga til að hægt sé að tala um raunhæfar úrbætur eins og mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna fer fram á. Ríkisstjórnin vill frekar gera sem minnst og leita leiða til að komast hjá því að svara og uppfylla kröfur mannréttindanefndarinnar en ganga að þeim og bæta úr málum.

Í svari ríkisstjórnarinnar er einnig reynt að þvæla saman óskyldum hlutum líkt og skiptingu veiðiheimilda og verndun fiskstofna. Þetta tvennt þarf ekki að fara saman og hefur ekki farið saman, um tvennt ólíkt er að ræða. Ef eitthvað er þá hefur þetta farið saman með öfugum formerkjum, þ.e. ranglát skipting veiðiheimilda hefur leitt til þess með beinum og óbeinum hætti að fiskstofnarnir standa illa.

Líklega eru allir sammála því að farið verði varlega við nýtingu auðlinda sjávar og ekki megi ganga nærri fiskstofn-

unum. Ég veit ekki til að nokkur maður vilji fara slíkar leiðir. Menn greinir hins vegar á um hversu langt þurfi að ganga í þessum efnum og hvort aðferðafræðin sem notuð hefur verið til þessa sé sú eina rétta. Um það stendur deilan.

Ég efast stórlega um að við höfum verið á réttri leið og tel að reynslan hafi sýnt okkur að við höfum verið á kolrangri leið í því að reyna að uppfylla ákvæði laga um stjórn fiskveiða.

Í svari ríkisstjórnarinnar kemur einnig fram að umbylting á stjórn fiskveiða kynni að hafa gríðarleg áhrif á íslenskt efnahagslíf sem erfitt væri að vinda ofan af. Í svarinu er einnig vakin athygli á málefnasamningi ríkisstjórnarinnar, þar sem gert er ráð fyrir að fram fari athugun á reynslu af kvótakerfinu og áhrifum þess á þróun byggða. Með því er gefið í skyn að þau mál sem mannréttindanefndin gerir athugasemdir við séu nú þegar til skoðunar hjá stjórninni. En því fer fjarri.

Eitt er reynslan af kvótakerfinu svokallaða á fiskstofna og annað réttlát skipting auðlindarinnar þar sem þess er gætt að allir standi jafnir gagnvart lögum og eigi rétt á sömu lagavernd án mismununar eins og segir í 26. gr. mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Á síðasta þingi lagði ég ásamt hv. þingmönnum Jóni Bjarnasyni og Atla Gíslasyni fram frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Það fól í sér að núverandi lög féllu úr gildi síðla hausts 2010 og í þeirra stað kæmu ný lög um stjórn fiskveiða sem tækju gildi frá sama tíma. Í frumvarpinu voru talin upp mikilvæg atriði sem við teljum að þurfi að leggja áherslu á við mótun nýrrar sjávarútvegsstefnu og væru flest hver viðunandi viðbrögð við áliti Sameinuðu þjóðanna.

Meðal þess sem kemur fram í frumvarpi okkar og öðrum tillögum sama efnis er að við mótun nýrrar stefnu þurfi að hafa það að markmiði að auðlindir sjávar verði sameign þjóðarinnar. Að sjávarútvegsstefnan treysti byggðir og efli atvinnu í landinu öllu og stuðli að réttlátri og jafnri skiptingu gæða og góðum lífskjörum þeirra sem við greinina starfa. Stuðlað verði að betra jafnvægi og réttlátari leikreglum í samskiptum helstu aðila sjávarútvegsins og ákvæði gildandi laga sem setja samkeppni um veiðiheimildaskorður verði styrkt. Að staðið verði að nauðsynlegum kerfisbreytingum og aðgerðum með þeim hætti að stöðugleiki og heilbrigt rekstrarumhverfi sé tryggt.

Ég legg hins vegar mikla áherslu á nauðsyn þess að breið samstaða meðal þingmanna í öllum stjórnmálaflokkum náist við mótun nýrrar stefnu í sjávarútvegi. Víðtæk samstaða meðal þings, hagsmunaaðila í greininni og þjóðarinnar allrar er lykilatriði við mótun nýrra laga um stjórn fiskveiða.

Mikilvægast tel ég, í því þjóðfélagsástandi sem við búum við núna, að breytingar sem gerðar verða á lögum um stjórn fiskveiða leiði ekki til mikils óróleika eða komi sjávarútveginum í uppnám eða skaði hann á nokkurn hátt. Þannig þarf það ekki að vera þótt margir telji að svo verði.

Ef einhvern tíma hefur verið ástæða til að slá skjaldborg um íslenskan sjávarútveg og sjá til þess að hann geti starfað af fullum krafti þá er það núna. Sjávarútvegurinn, sem fyrir ekki svo mörgum mánuðum eða vikum þótti bæði gamaldags og hallærislegur, mun enn og aftur koma þjóðinni til bjargar þegar á reynir. Ekki er svo langt síðan fróðir menn skrifuðu langar greinar í íslensk dagblöð og bentu á að nú skipti sjávarútvegurinn ekki svo miklu máli lengur. Arðvænlegri greinar væru teknar við og framtíðin bjartari en nokkru sinni. Sjálfskipaðir sérfræðingar bentu á að þess hefði ekki gætt á íslenskum fjármálamarkaði þegar ákveðið var að skera veiðiheimildir í þorski niður um þriðjung á síðasta ári. Markaðurinn hefði ekki einu sinni tekið eftir því.

Nú hefur annað komið í ljós og þegar fjármálamarkaðurinn íslenski heyrir nánast sögunni til leggja menn enn og aftur allt sitt traust á sjávarútveginn. Aldrei verður of oft undirstrikað að ofuráherslu verður að leggja á að breytingar í sjávarútvegi muni ekki leiða til ills heldur treysta greinina í sessi og sátt verði um þær meðal þeirra sem starfa í greininni og þjóðarinnar allrar.

Um sjávarútveg hafa staðið miklar deilur í aldarfjórðung og þeim er ekki að ljúka. Á meðan ríkisstjórnin druslast ekki til að svara áliti sem Sameinuðu þjóðirnar beina til hennar á viðunandi hátt eða bregðast við því áliti þá mun aðeins bætast í þennan deilu- og rifrildispott og deilur, sem hafa staðið nógu lengi og valdið greininni allt of miklum skaða á undanförnum árum, harðna.

[15:53]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er stórmál í íslenskri atvinnusögu og við upplifum nú tíma sem eru ólíkir öllu öðru í Íslandssögunni. Ég fagna því að hv. þm. Björn Valur Gíslason er sammála okkur um að virða þurfi mannréttindi. Hann eyddi þó bróðurpartinum af tíma sínum í söguskýringu, hvernig hann túlkaði mannréttindanefndarálitið og hver svör ríkisstjórnarinnar voru við því. Þetta er náttúrlega hlutur sem við þekkjum, höfum hlustað á og farið yfir sjálfir, við þurftum ekkert á því að halda.

Í lögum um stjórn fiskveiða stendur að fiskurinn í sjónum sé sameign þjóðarinnar, það er ekkert nýtt. En nýtingarétturinn gengur kaupum og sölum og er veðsettur og það er það sem skiptir máli. Farin er fjallabaksleið til þess að geta braskað, leigt, selt og veðsett nýtingarréttinn.

Í skoðanakönnunum hefur komið fram að 85% af þjóðinni eru á móti núverandi fiskveiðistjórnarkerfi en baráttan um kvótann snýst alltaf um eignarhaldið — og allt sem er í gangi, útgerðarmenn vilja ekki sleppa eignarhaldi á kvótanum. Þeir eru þó í rauninni búnir að missa það. Nýju ríkisbankarnir eiga allan kvótann og því finnst mér nauðsynlegt að Vinstri grænir tali skýrar um hvað þeir vilja gera og hvernig þeir vilja fara út úr þessu. Mér finnst satt að segja að það vanti á.

[15:55]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvaða tilefni hv. þm. Grétar Mar Jónsson hefur til að agnúast út í mig um þessi mál. Það er mér satt að segja hulin ráðgáta og ég ætladi í sjálfu sér ekki að fara að svara því. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur talað mjög skýrt í þessu máli, hún lagði fram 26. maí í vor tillögur og hugmyndir að svari við áliti mannréttindanefndarinnar og gerði það mjög skörulega. Það hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni nema þá

hv. þingmanni.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu fram frumvarp á síðasta Alþingi eins og ég nefndi áðan — einhverjir hafa kannski tekið eftir því — um að fella úr gildi núverandi fiskveiðistjórnarkerfi og taka upp nýtt og sanngjarnara kerfi þar sem tekið er tillit til þess sem mannréttindanefndin kvartar yfir, þ.e. að hætta að brjóta mannréttindi á Íslendingum. Það er hvorki meira né minna en það.

Sá sem hér talar hefur í mörg herrans ár og áratugi talað hart og fast gegn því kerfi sem hér er við lýði og stundum uppskorið samkvæmt því úr þeim geira. Það hefur ekki allt verið gott. Ég frábið mér allar þær hugmyndir og öll þau orð sem hv. þm. Grétar Mar Jónsson hafði áðan um efasemdir bæði mínar og Vinstri grænna varðandi fiskveiðistjórnarkerfið. Ef nokkur stjórnmálaflokkur hefur talað hart gegn þessu kerfi frá upphafi vega þá er það Vinstri hreyfingin – grænt framboð og þingmenn hennar. Ég frábið mér allar slíkar ásakanir af hendi hv. þm. Grétars Mars Jónssonar.

[15:57]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það virðist koma illa við hv. þm. Björn Val Gíslason að maður skuli gagnrýna Vinstri græna. Á síðasta hausti lögðu þeir til að veiðileyfagjald yrði lagt af. Í frumvarpinu sem þeir fluttu fyrir einu ári segir að auðlindir séu sameign þjóðarinnar, hann lagði aðaláherslu á það. Þær eru það í núverandi fiskveiðistjórnarlögum en það er verið að braska með nýtingarréttinn eins og ég benti á áðan og um það nýst málið.

Maður var dálítið hissa þegar Vinstri grænir lögðu til að veiðileyfagjald yrði fellt af útgerðinni fyrir ári — þegar verið var að skera niður kvótann um 33%. Ég gat ekki betur séð en þá væru Vinstri grænir beinlínis að þjónka sægreifunum. Við í Frjálslynda flokknum höfum alltaf verið helstu baráttumenn gegn núverandi fiskveiðistjórnarkerfi og flokkurinn var beinlínis stofnaður gegn því óréttláta kerfi.

Ekki hafa allir í Vinstri grænum verið gallharðir á móti þessu kerfi. Til eru ræður í þinginu sem menn hefðu hollt af að skoða. Hv. þm. Björn Valur Gíslason ætti að skoða ræður fyrrverandi formanns sjávarútvegsnefndar sem nú er formaður í samtökum Vinstri grænna, en stundum hefur manni fundist eins og þeir séu beinlínis að þjónka sægreifunum.

[15:59]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvað ég á að vera að teygja þetta lengur. Mér er næst skapi að láta það standa hér í loftinu að Vinstri hreyfingin – grænt framboð og hv. þm. Björn Valur Gíslason séu að þjónka sægreifunum í landinu, (**GMJ:** Gerið það með veiðileyfagjaldinu.) einhvern veginn finnst mér það vera … Það getur vel verið að hv. þm. Grétari Mar Jónssyni finnist sanngjarnt að taka peninga út úr greininni til að setja inn í hana aftur þegar illa gengur. Mér finnst samfélagsleg ábyrgð á fiskveiðistjórnarkerfinu vera meiri og að þjóðfélagið eigi allt að koma að því þegar illa gengur í sjávarútvegi frekar en að mjólka hann innan frá. En okkur kann að greina á um það.

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort ég á að vera að teygja þetta lengur, það virðist vera ómögulegt fyrir mig að koma því inn í höfuðið á hv. þingmanni hver skoðun mín er á fiskveiðistjórnarkerfinu og því kerfi sem við búum við þar almennt. Ég held ég láti orð mín á Alþingi, þau mál sem ég hef flutt og málflutning minn innan og utan þings standa fyrir því. Ég nenni ekki að eyða tímanum frekar í þetta karp.

[16:00]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Við ræðum þingsályktunartillögu sem efnislega gengur út á að Alþingi staðfesti það með samþykkt sinni að farið skuli eftir niðurstöðu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem úrskurðaði um það að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi á Íslandi, sem byggir á lögum nr. 116/2006, áður lög nr. 38/1990, brjóti í bága við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem Ísland staðfesti á sínum tíma með auglýsingu utanríkisráðherra nr. 10 frá 28. ágúst 1979 í samræmi við þingsályktun 8. maí 1979. Enn fremur að breyta verði lögum um stjórn fiskveiða í samræmi við fyrrgreindan úrskurð til að tryggja jafnræði borgaranna, sanngirni og mannréttindi.

Þetta er efnistillagan sem hér er flutt. Er verið að reyna að ná því fram í hv. Alþingi að Alþingi hafi skoðun á því hvernig vinna eigi með þessa þingsályktunartillögu.

Við höfum talið, flutningsmenn þessarar tillögu, eðlilegt að Alþingi fengi að greiða atkvæði um tillöguna en það fékkst því miður ekki á síðasta þingi. Nú liggja hins vegar fyrir orð hæstv. forseta Alþingis, Sturlu Böðvarssonar, um að hann telji eðlilegt að mál komi inn í þingið úr nefndum og verði afgreidd með formlegri atkvæðagreiðslu um hver afstaða Alþingis sé til ákveðinna mála. Ég geri mér því vonir um það, hæstv. forseti, að á yfirstandandi þingi fáist þessi tillaga afgreidd úr nefnd og komi hér til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu þar sem þingmenn greiði atkvæði um tillöguna.

Auðvitað er hægt að hafa mjög langt mál um stjórn fiskveiða og allt það kerfi sem verið hefur við lýði á undanförnum árum en þrátt fyrir að það sé búið að vera meira og minna í gildi með ýmsum breytingum í nær fjórðung aldar er málið samt þannig vaxið að engin sátt er með þjóðinni um það og ég held að engin sátt verði um málið eins og það er framkvæmt í dag. Kerfið byggir á því að mönnum er freklega mismunað. Ég held að einfaldast sé að draga fram þá mismunun sem í kerfinu er, hæstv. forseti, með því að benda á að það eru aðilar sem fá úthlutað aflahlutdeild á hverju ári og hafa frelsi til að vinna þannig með þá hlutdeild að þeir geta veitt samkvæmt henni, sem er auðvitað meginmarkmið þessarar lagasetningar, að verið er að úthluta mönnum aðgang að auðlindinni til að stunda fiskveiðar. Menn geta flett upp í mörgum ræðum frá fyrri áratugum við meðferð þessa máls um hvað menn vildu með því að setja á kvótakerfi hér við land. Jú, það var að marka þeim sem stunda útgerð rétt til að stunda fiskveiðar, til að veiða ákveðið magn. Það er auðvitað ekki deilt um þá efnistillögu í sjálfu sér en framkvæmdin hefur hins vegar orðið þannig að þeir sem fá úthlutað aflaheimildum þurfa ekki endilega að veiða þær. Þeir geta leigt þær öðrum sem eru í sams

konar útgerð og þeir sjálfir og þá er allt í einu komin upp sú stétt sem á mannamáli hefur verið kölluð sægreifar, þ.e. þeir sem fá úthlutaðar aflaheimildir og nýta þær ekki heldur fénýta þær, leigja þær leiguliðanum sem er undirsátinn, sá sem tekur við réttindum sem öðrum voru fengin og leigir þau og greiðir viðkomandi handhafa, sem ríkið hefur veitt ákveðna heimild, fyrir að fá að nýta þá heimild. Því er það svo í íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu að annars vegar eru útgerðarmenn sem gera út á heimildir sínar og hins vegar útgerðarmenn sem gera út á hluta af aflaheimildum sínum. Svo eru líka til útgerðarmenn sem gera alls ekki út á heimildir sínar heldur leigja þær allar frá sér og hafa búið til sérstaka aðferð í því sambandi með því að eiga tvo báta o.s.frv. og færa aflahlutdeildirnar á milli bátanna þannig að aldrei lendi bátur í neinum vandræðum með þessar aflaheimildir og á þann hátt komast menn upp með að leigja heimildirnar allan ársins hring. Stundum hafa menn fundið svokallaðar dauðar heimildir til að skrá á bátana, leigt sér heimildir sem ekki hafa veiðst og verið leigðar á einhverjar krónur eða jafnvel ekki neitt og skráð þær á bátana en veitt hlutdeildina að öðru leyti og hafa í raun og veru komist hjá því að gera út.

Þessi mismunun er algert óréttlæti, hæstv. forseti, og um það snýst tillaga okkar auðvitað að mönnum er freklega mismunað. Mönnum sem hafa atvinnuréttindi, menntuðum skipstjórnarmönnum og vélstjórum sem eiga báta eða gera út er mjög mismunað eftir því hvort þeir hafa aðgang að aflaheimildum frá ríkinu annars vegar eða verða að leigja þær af öðrum hins vegar og þá er leigan þannig að það er varla hægt að gera út undir þeim skilyrðum svo vel sé og við þekkjum margar sögur af því.

Hver var tilgangur laganna um stjórn fiskveiða á sínum tíma? Hverju ætluðum við að fá fram með lögunum sem sett voru 1984 þegar menn héldu að upp væri að koma alveg sérstakur aflabrestur og fyrstu tillögur fiskifræðinga á því ári voru þær að vera neðan við 200 þúsund tonn í afla, nokkuð sem menn höfðu aldrei heyrt fyrr í Íslandssögunni? Jú, tillagan kom auðvitað fram vegna þess að menn töldu að þar sem svo litlar aflaheimildir yrðu veittar á árinu 1984 þyrfti að skipta þeim eða útdeila með öðrum hætti en áður hafði verið gert í svokölluðu skrapdagakerfi sem var tegundastýrt sóknarkerfi eftir tímabilum og veiðiferðum. Þá var farin sú leið til bráðabirgða í eitt ár að skipta heimildunum upp á allan flotann, þeim var skipt á allan flotann sem þá var í útgerð. Að vísu voru smæstu bátarnir algerlega undanskildir og höfðu ekki kvótaúthlutun þá og bjuggu reyndar við það í nokkur ár í viðbót.

Til hvers var þetta gert? Í ræðu Halldórs Ásgrímssonar fyrir þessu frumvarpi á sínum tíma var stefnunni lýst. Þetta var gert til að reyna að tryggja atvinnu og byggð í landinu, til að viðhalda útgerðinni, halda uppi atvinnustiginu. Það var megintilgangurinn. Sá tilgangur var síðar skrifaður inn í lög um stjórn fiskveiða þar sem segir m.a. í 1. gr. þeirra að markmið laganna sé að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Það var megininntak þeirrar lagasetningar og menn brugðust við niðurskurði fiskaflans en þetta var samt meginmarkmiðið, að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu og að fiskurinn í sjónum væri sameign íslensku þjóðarinnar.

Því miður hefur það ekki verið gert, hæstv. forseti. Það hefur komið upp alls konar mismunun í þessu kerfi eins og dæmið sem ég tók annars vegar af leiguliðanum og hins vegar þeim sem hefur aflaheimildirnar á sinni hendi og fær þær úthlutaðar frá ríkinu á hverju ári. Það er kannski besta dæmið til að skýra þann mismun sem nú er í stöðunni. En ég velti því fyrir mér, hæstv. forseti: Hvað þýðir svar hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um að í náinni framtíð verði tekist á við það að skipa málum með betri hætti og í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna? Hvað þýða orðin „í náinni framtíð“ hjá sjávarútvegsráðherra? Ég hef litið svo á að orðin „í náinni framtíð“ þýddu innan skamms tíma. Nú er liðið tæpt ár því að 24. október 2007 féll úrskurður Sameinuðu þjóðanna og enn er náin framtíð ekki runnin upp.

[16:11]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég hef veitt því athygli að við þessa umræðu hefur yfirleitt ekki verið nokkur stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar í þingsalnum. Nú háttar svo til að við umræðuna eru eingöngu viðstaddir þingmenn Frjálslynda flokksins og einn þingmaður Vinstri grænna. Það er með nokkrum ólíkindum að þannig skuli staðið að málum en sýnir með hvaða hætti stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að meðhöndla þetta mál. Þetta gerir það m.a. að verkum að það er þeim mun brýnna að fá þetta mál til efnislegrar afgreiðslu á Alþingi Íslendinga til að það geti þá legið fyrir hvaða þingmenn vilja að mannréttindi séu virt hér á landi og hvaða þingmenn það eru sem vilja viðhalda mannréttindabrotum. Spurningin snýst fyrst og fremst um það.

Tilgangur okkar flutningsmanna er fyrst og fremst sá að fá fram vilja Alþingis til þessa grundvallaratriðis: Á íslenska þjóðin að fara að áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna? Á hún að virða eða fylgja mannréttindum eða á að halda áfram mannréttindabrotum? Það er nauðsynlegt að fá skýra og ótvíræða yfirlýsingu frá Alþingi með atkvæðagreiðslu þegar málið hefur verið afgreitt úr sjávarútvegsnefnd vegna þess að í raun þarf nefndin ekki að hafa mikið með þetta mál að gera og getur afgreitt það frá sér. Það er ágreiningur í málinu en það er spurning, nefndir eiga ekki að vera til þess að drepa málum á dreif og koma í veg fyrir eðlilega þinglega meðferð málsins. Sjávarútvegsnefnd er í sjálfu sér ekkert að vanbúnaði að afgreiða þetta mál úr á mjög stuttum tíma og það er mjög mikilvægt að það sé gert sem fyrst.

Í *Morgunblaðinu* 13. janúar 2008 er grein um kvótakerfið og mannréttindi, þar er verið að fjalla um niðurstöðu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um þetta mál — ég býð hv. þm. Kjartan Ólafsson velkominn í þingsal, hann mun vera eini stjórnarliðinn nánast sem hér hefur sést í dag. (Gripið fram í.) Fyrirgefið og hv. þm. Árni Johnsen. — Ég ætla vitna í leiðara *Morgunblaðsins* frá 13. janúar 2008 og þar segir, með leyfi forseta:

„Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem réttindabarátta íslenskra borgara, sem ekki hafa hlotið náð fyrir augum stjórnvalda eða dómstóla á Íslandi, hlýtur stuðning frá þeim, sem fjalla um mannréttindi í útlöndum. Hvað skyldi valda þessari tilhneigingu stjórnvalda og dómstóla til að brjóta á réttindum

fólks? Sjómennirnir tveir eiga þakkir skildar fyrir þetta merka framtak.“

Þarna er verið að tala um sjómennina sem fóru með mál sitt fyrir mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna. Og ég spyr: Hvað skyldi valda þeirri tilhneigingu stjórnvalda og dómstóla að brjóta á réttindum fólks? Í ræðu sinni 8. nóvember sl. sagði hæstv. utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir þegar hún flutti skýrslu um utanríkismál:

„Mannréttindi eiga að vera óaðskiljanlegur þáttur í utanríkisstefnu landsins og samofin öllu okkar atferli á alþjóðavettvangi.“

Samt sem áður segir ríkisstjórn sem hún á sæti í í svari við áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna að hún ætli ekki að fara að niðurstöðum, að við munum hugsanlega í náinni framtíð gera eitthvað en við ætlum ekki að fara að þeim tilmælum og sjónarmiðum sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna gerir kröfu til.

Í sjálfu sér er þetta alveg í samræmi við það sem hæstv. forsætisráðherra hefur sagt og sagði m.a. í ræðu á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna 20. október 2006, með leyfi forseta:

„Núverandi kvótakerfi hefur sannað gildi sitt. Það hefur leitt til bæði ábyrgrar og hagkvæmrar nýtingar auðlindarinnar. Með upptöku auðlindagjaldsins á sínum tíma var einnig séð til þess að útgerðarmenn greiddu rentu til þjóðarinnar fyrir afnot af auðlindinni. Brýnasta verkefnið er að treysta þá sátt sem er um núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Eyða þarf enn frekar óvissu um réttarstöðu útgerðarmanna þannig að ljóst liggi fyrir að réttindi þau sem þeir nú kaupa á markaði muni ekki á einni nóttu verða frá þeim tekin.“

Þetta var það sem hæstv. forsætisráðherra hafði um málið að segja en þungamiðjan í því áliti mannréttindanefndarinnar sem hér hefur verið vísað til er það óréttlæti sem íslenska fiskveiðistjórnarkerfið býður upp á þar sem ákveðinn hluti þeirra sem stunda fiskveiðar þurfa að sæta því að kaupa sig inn í kerfið meðan aðrir fá heimildir til fiskveiða gefins. Það er þungamiðjan í þessu atriði.

Við frjálslynd höfum barist og berjumst gegn kvótakerfinu, þ.e. gjafakvótakerfinu, og að þeim mannréttindabrotum verði fram haldið þar sem sumum er gert að kaupa meðan aðrir fá gefins. Ég tel að í sjálfu sér hafi getað verið ákveðin rök fyrir því að taka upp kvótastýrðar fiskveiðar á þeim tíma þegar það var gert. Síðan eru liðnir áratugir, hátt í þrír áratugir. Á þeim tíma hefur komið betri og frekari reynsla af því hvernig tekist hefur að stýra kvótastýrðum fiskveiðum og niðurstaðan er sú að kvótastýrðar fiskveiðar hafa hvergi skilað þeim árangri sem til var ætlast. Hér á landi er það þannig að nú er okkur heimilað að veiða mun minni afla en mátti veiða áður en kvótastýrðar fiskveiðar voru teknar upp. Nú skyldi maður halda að það kerfi sem lofað hefur verið, m.a. af hæstv. forsætisráðherra, hefði í för með sér að það væri þá einhver afrakstur eða ávinningur af kerfinu en niðurstaðan er sú að svo er ekki. Það er enginn sýnilegur árangur af kerfinu. Ef eitthvað er virðist kerfið gersamlega hafa misheppnast. Þá er spurningin sú: Þarf ekki að hugsa þessa hluti alveg upp á nýtt? Á ákveðnum tíma var ákveðið að skella í lás og segja: þeir sem eru inni í versluninni eða bankanum á þessum tíma eiga kerfið, þeir sem eru fyrir utan geta ekki komist inn. Eins og kvótakerfið hefur verið útfært er nýliðun í greininni nánast útilokuð. Ég tel að hvað sem þeir sem heimildirnar eiga segja um allan ávinninginn af kerfinu, þá sé ekki nokkur ávinningur af því. Þvert á móti höfum við búið til kerfi sem ber dauðann í sér. Í fyrsta lagi hafa aflaheimildirnar verið notaðar til veðsetningar og nú er svo komið að útgerðin á Íslandi er svo skuldug að til stórkostlegra vandræða horfir í greininni. Í öðru lagi liggur fyrir að afli hefur ekki aukist á Íslandsmiðum, alla vega miðað við niðurstöðu Hafrannsóknastofnunar, og þá er spurningin: Hvað hefur áunnist? Það er erfitt að koma auga á það. Landssamband ísl. útvegsmanna og talsmenn þeirra segja að það sé meiri hagræðing í greininni. Ef meiri hagræðing er í greininni ætti það að skila sér í aukinni arðsemi en það er ekki um það að ræða.

Meginatriði þess máls sem við ræðum hér er það að íslenska ríkisstjórnin brýtur mannréttindi á borgurum sínum og það skiptir máli og þess er krafist af flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu að Alþingi Íslendinga megi segja að við sættum okkur ekki við áframhaldandi mannréttindabrot.

[16:21]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Magnússon kom inn á mjög mikilvægt atriði í sinni ágætu ræðu hér áðan varðandi það fiskveiðistjórnarkerfi sem hér er við lýði, þ.e. ég og hann og þeir sem hafa verið að snúast gegn þessu og höfum verið andsnúin þessu kerfi erum þar með ekki að segja að við viljum óheftan aðgang að sjávarauðlindunum. Ég tel það kerfi sem nú er í gildi mjög óréttlátt, rétt eins og hv. þingmaður nefndi hér áðan, rétt eins og mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur bent á er sú leið sem við erum að fara núna óréttlát. Það þýðir hins vegar ekki að við þurfum ekki að takmarka aðgang að auðlindinni með einhverjum hætti. Því verður að finna aðrar leiðir til að skipta þessu með sanngjörnum hætti á milli þeirra sem stunda þessa grein.

Þar er ekki eingöngu um að ræða sjómenn eða útgerðarmenn heldur ekki síður fiskverkafólk og sveitarfélög, þ.e. þá sem hafa í gegnum tíðina, í gegnum árin og aldirnar jafnvel haft afkomu sína af sjávarútvegi með einhverjum hætti. Við þurfum að leita leiða til að skipta auðlindinni þannig að við náum að uppfylla þær kröfur og ákvæði sem nú þegar felast í lögum um sjávarútveg, efla fiskstofnana, efla atvinnu og efla byggð í landinu. Þá fyrst erum við farin að tala um að geta náð jöfnuði um aðgang að auðlindinni.

[16:23]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri í sjálfu sér ekki athugasemdir við það sem hv. þingmaður kom fram með og þau sjónarmiði sem þar var um að ræða. Það kann vel að vera og ég er ekki að mótmæla því að það sé höfð ákveðin stjórn á því með hvaða hætti fiskveiðar eru stundaðar í landinu og við erum sammála væntanlega um að hér skuli miðað að því að fiskveiðar séu sjálfbærar í landinu þannig að ekki sé tekið meira af stofninum þannig að við eyðum ekki eða göngum ekki of nærri þeirri auðlind sem við höfum. Spurningin er bara hins vegar hvernig þetta verður gert.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að verið sé að fara allt of varlega hvað þetta varðar af hálfu Hafrannsóknastofnunar og í raun þannig farið að að líkur séu til að með auknum þorskveiðum til dæmis mundi meiri afrakstur fást af fiskimiðunum, þ.e. að þarna sé um náttúrulegan dauða að ræða sem mundi draga úr ef fiskveiðar væru auknar þannig að að mínu viti mætti að skaðlausu gera það en samt sem áður yrði að gæta þess að hafa það í huga að ganga ekki of nærri fiskimiðunum.

[16:25]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Magnússon sagði að það megi veiða meira af fiski í dag en við gerum og ég er honum hjartanlega sammála um það. Ég þekki það af eigin raun í starfi mínu sem sjómaður að það er óhætt að mínu viti og held ég flestra annarra í minni stétt að óhætt sé að veiða meira og þá sérstaklega af þorski en hefur verið gert.

Það sem ég var að meina með tali mínu áðan — og ég tel að við hv. þm. Jón Magnússon séum sammála um það, er að óheftar veiðar eða óheft aðkoma að þessari auðlind eða óheft nýting auðlindarinnar sé ekki það sem andstæðingar kvótakerfisins biðja um og krefjast. Með því að vilja bregðast eðlilega við áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna erum við ekki að kalla eftir því, síður en svo. Við erum miklu frekar að kalla eftir því að aðgangi að auðlindinni verði skipt jafnar og réttlátar milli þjóðfélagsþegnanna en hefur verið gert og ég held að við verðum að undirstrika það vel í þessari umræðu.

[16:26]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég sé ekki annað en að við hv. þm. Björn Valur Gíslason séum algjörlega sammála um það hvernig skuli farið fram. Við erum sammála um að það þurfi að hafa ákveðna aðgát í nærveru sálar og líka ákveðna aðgát varðandi aðgengi að fiskimiðunum. Það er bara spurningin hvernig það er.

Ég gat ekki heyrt annað í ræðu hans hér áðan í umræðunni en að hann teldi mjög mikilvægt að gæta þess að þeim mannréttindabrotum sem núverandi kvótakerfi hefðu í för með sér yrði hætt og við tækjum upp annað kerfi þar sem jafnrétti borgaranna væri virt. Við erum sammála um það líka að ekki verði annað séð en að auka megi fiskveiðar umfram það sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til án þess að ganga of nærri þeim fiskstofnum sem um er að ræða. Ég get því tekið undir þau sjónarmið.

Ég vísa til þess að hv. þm. Björn Valur Gíslason var flutningsmaður máls hér á síðasta þingi þar kveðið var á um að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi rynni sitt skeið á enda eftir ákveðið árabil og þá væru menn tilbúnir með annað fiskveiðistjórnarkerfi. Sú tillaga og þær hugmyndir voru allra góðra gjalda verðar og ég tók undir með hv. þingmanni á þeim tíma að þetta væri ein leið til þess að gera breytingar á því kerfi sem við höfum í dag. Við erum sammála um að við búum við óréttlátt kerfi varðandi fiskveiðistjórn, kerfi sem er brot á mannréttindum og að það sé fyrst og fremst það sem við þurfum að ná samstöðu um að víkja til hliðar. Það er eitt atriði. Síðan er annað atriði: Hvernig getum við á sem skynsamlegastan hátt nýtt fiskimiðin þannig að þau þjóni best hagsmunum íslenskra borgara og að jafnræðis og atvinnufrelsis sé gætt?

[16:28]

Útbýting:

Aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði, 43. mál, þáltill. EBS og SJS, þskj. 43.

Skuldir sjávarútvegsfyrirtækja, 89. mál, fsp. KHG, þskj. 95.

[16:29]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Hæstv. forseti. Þegar við veltum fyrir okkur áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, þá spyr ég enn og aftur: Af hverju þurfti mannréttindanefnd að koma til sögunnar? Af hverju þurfti að koma til álit frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna um að við mismunum ekki þegnum í landi okkar? Ég hef aldrei skilið þetta né áttað mig á því að þörf væri á því. En það er náttúrlega niðurstaðan eftir 25 ár með þetta óheilbrigða kerfi, óréttláta, ósanngjarna og vitlausa kerfi, því fylgir mikil spilling og misnotkun á ýmsum hlutum og ójöfnuður og óréttlæti. Með því er atvinnufrelsi og atvinnuréttindi brotin á fólki. Það eru leiguliðar sem fylgja þessu kerfi, lénsherrar og sægreifar sem pína leiguliðana statt og stöðugt með því að leigja fiskinn á dýru verði, kvótann.

Íslenskir ráðherrar hafa verið að þvælast út um allan heim að boða mannréttindi, tala um mannréttindabrot við ráðamenn í öðrum löndum, Kína og víðar, og alltaf koma þeir fram eins og þeir séu hvítþvegnir englar af öllu en þegar þeir koma heim til sín þá standa þeir á bak við mannréttindabrot á Íslandi. Það er ótrúlegt hvað þeir komast langt og lengi upp með þessa uppákomu, að geta gert þetta. Það er líka ótrúlegt að flokkar og fólk í flokkum skuli ekki veita ráðamönnum sínum, þingmönnum og forustumönnum sínum meira tiltal en raun ber vitni, að þeir skuli ekki hreinlega setja svona forustumenn af sem bakka upp og styðja mannréttindabrot áfram. Það verður auðvitað hver að svara fyrir sig en sumir flokkar virðast vera verri í þessum málum en aðrir og þá á ég sérstaklega við stjórnarflokkana. Sjálfstæðismenn hafa ekki vílað þetta fyrir sér en það hefur ein og ein sál í Samfylkingunni haft eitthvert samviskubit yfir þessu en þeir láta það samt yfir sig ganga til að halda í stólana sína. Þess vegna eru þeir tilbúnir að leyfa íhaldinu að fara með sig í þessum málum eins og ég veit ekki hvað er rétt að nota sem samlíkingu við þetta — þeir virðast ganga yfir þá á skítugum skónum, það er ekki hægt að orða það neitt öðruvísi.

Ástand fiskstofnanna er einn þáttur í þessu. Af hverju er staða fiskstofnanna svona léleg? Af hverju eru menn að verja kerfi sem skilar okkur ekkert fram á við? Það væri forvitnilegt að fá svar við því en það fæst náttúrlega ekki því eins og er þá eru fjórir menn í salnum og það eru þrír úr Frjálslynda flokknum og einn úr Sjálfstæðisflokknum. (**KÓ:** Hver er það?) Ég þarf ekki að nafngreina hv. þm. Kjartan Ólafsson en hann er hér enn þá.

Það er auðvitað sorglegt til þess að vita að menn í stjórnarflokkunum sjái ekki sóma sinn í því að hætta þess-

um mannréttindabrotum og taka upp betri siði. Menn eiga að skammast sín fyrir að vera að kenna öðrum þjóðum hvernig eigi að virða mannréttindi en gera það svo ekki heima hjá sér.

Þegar við í Frjálslynda flokknum tölum um að við viljum fara í sóknardagakerfi til að koma í veg fyrir brottkast og marga aðra ókosti við núverandi fiskveiðistjórnarkerfi þá tekur maður eftir því að hv. þm. Björn Valur Gíslason er ekki að tala um að fara úr kvótakerfi, hann er að tala um að stokka upp og breyta úthlutun á veiðiheimildum. Ég hef ekki heyrt hann minnast á að breyta þyrfti kerfinu á þann hátt að taka upp sóknardaga. Ég ætla ekki að munnhöggvast meira við hann. Ég hef frekar litið á hann sem samherja í þessum málum, að hann vilji gera breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu og vilji virða mannréttindi og ég þakka honum fyrir það.

[16:34]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn og aftur er ég kominn hér upp til að skiptast á skoðunum eða ég veit ekki hvað á að kalla það, við hv. þm. Grétar Mar Jónsson sem efast enn og aftur um hug okkar vinstri grænna í kvótakerfinu eða varðandi fiskveiðistjórnarkerfið. Ef hann tekur sér það blað í hönd sem á stendur þingsályktunartillaga og hann er flutningsmaður á þá mun hann kannski sjá þar nöfn þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og ætti þá ekki að efast um hug þeirra í það minnsta, (Gripið fram í.) hvað þá Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í heildina. Þá tvo daga sem ég hef núna verið á þinginu veit ég ekki til þess að ég hafi verið að tala um hvers konar fiskveiðistjórnarkerfi við viljum taka upp eða að það hafi verið til umræðu á þinginu. Það getur verið að hann hafi séð draug minn áður en ég hef ekki verið hér fyrr en nú. Þetta var ekki til umræðu á Alþingi í gær, hvorki af hálfu hv. þm. Grétars Mars Jónssonar né annarra og ekki mín. Og hvort sem menn vilja kalla þetta dagakerfi eða kvótakerfi þá var það ekki rætt, það var ekki á dagskrá. Það var ekkert mál sem (Gripið fram í.) — ég ætla að biðja hv. þingmann að hafa sig hægan meðan ég tala, hann getur komið hingað og talað á eftir mér.

Í gær var verið að ræða um stofnun á nýju eftirlitskerfi til að fylgjast með skipstjórnarmönnum og sjómönnum. Það var verið að tala um að koma enn einni stofnuninni á fót, einhvers konar sannleiksnefnd, til að draga fram sannleikann um hvað er að gerast úti á sjó, hvernig sjómenn haga sér. Ég leyfi mér að efast um réttlæti þeirrar nefndar. Ég taldi það í gær og ég tel það enn að það séu nógu mörg eftirlitskerfi í gangi í sjávarútvegi. Ég finn það bara á eigin skinni og ég leyfi mér að efast um þetta. Kvótakerfi, dagakerfi, brottkast, sægreifar, lénsherrar komu ekki til tals, ekki einu sinni hjá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni í ræðu hans í gær.

[16:36]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða mannréttindamál og við erum að ræða fiskveiðistjórnarkerfi sem er ósanngjarnt og óeðlilegt, óheilbrigt og engin skynsemi að hafa það. Það er hér vegna eignarhalds á veiðiheimildum, út af peningum, þetta hefur snúist um peninga, þetta hefur snúist um verðmæti á óveiddum fiski sem menn hafa verið að kaupa, leigja eða selja. Staðan er sú að nú á íslenskur sjávarútvegur ekki möguleika á að borga skuldir sínar. Við erum að ræða þingsályktunartillögu um mannréttindamál sem snúast um það að menn séu jafnir gagnvart sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.

Þegar ég er að tala um sóknardaga eða aflamark þá er það út af því að það hefur hvergi komið fram. Sumir hafa verið að tala um að þeir vildu breyta en þeir vilja ekki breyta aflamarkinu. Þeir eru að tala um að það verði að endurúthluta aflamarki. Það er ekki verið að tala um að gera grundvallarbreytingar með því að fara í sóknardagakerfið eða frjálsa sókn á ákveðnum veiðisvæðum og ákveðnum tegundum báta og annað í þeim dúr eins og við í Frjálslynda flokknum höfum boðað, frjálsar handfæraveiðar á minni bátum. Við höfum boðað að taka tegundir út úr kvóta og við höfum boðað ýmsar róttækar breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu og síðast en ekki síst að fara yfir í sóknarmarkskerfi en með því að vera sóknarmarkskerfi kæmum við í veg fyrir brottkast og ýmsa aðra hluti sem fylgja svokölluðu aflamarkskerfi og númer eitt, tvö og þrjú, að tryggja það að menn standi jafnfætis, atvinnufrelsi manna sé jafn réttur allra.

[16:38]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú þekki ég ekki vel til þess hvernig umræður um mál fara fram yfirleitt, nema með mjög grófum hætti, en ég ætla að leyfa mér að efast að það sé mjög algengt að flutningsmenn mála, þingsályktunartillagna eða lagafrumvarpa, hnýti með þeim hætti í meðflutningsmenn sína eins og hv. þm. Grétar Mar Jónsson er að gera. Ég ætla að leyfa mér að efast um að menn hafi oft séð ástæðu til að efast um hug meðflutningsmanna sinna að málum. Ég veit ekki hvers konar málflutningur þetta er að verða hjá hv. þingmanni, ég verð að segja það eins og það er. Auðvitað er verið að ræða um mannréttindamál og ég er hjartanlega sammála hv. þingmanni í þeim málum og ég vona að hann sé sammála mér. Ég veit ekki betur en hv. þingmenn Vinstri grænna sem eru meðflutningsmenn hans að þessu máli séu sammála hv. þingmanni. Ég skil hreinlega ekki hvert hann er að fara með þessari umræðu, ég verð að viðurkenna það. Það er engin leið að botna í því hvert hann ætlar að leiða umræðuna og hvar hann er að leita andstæðings við stjórn fiskveiða. Ég skil ekki þennan málflutning. Ég ætla að láta þetta duga í dag í þessari umræðu.

En varðandi þetta mál, svo ég ítreki það enn og aftur, í fimmta eða sjötta skipti, þá tel ég að verið sé að brjóta mannréttindi á Íslendingum með íslensku fiskveiðistjórnarkerfi. Það hefur margoft komið fram í máli mínu bæði í dag og í gær og á þeim fundum sem ég hef setið hér áður. Ég hef lagt fram mál þess efnis margsinnis á Alþingi. Annað kann okkur kannski að greina á um, t.d. hvernig eigi að stýra fiskveiðunum, en ég skil ekki almennilega hvert þessi umræða er að fara. Ég óska þess að henni ljúki hér með.

[16:40]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er auðvitað dálítið sárt fyrir suma að þurfa að kyngja því að í Vinstri grænum séu menn, þó að þeir séu ekki meðflutningsmenn á þeirri þingsályktunartillögu sem við flytjum hér, sem hafa talað máli sægreifana og hafa varið málstað sægreifanna. (**BVG:** Þið ættuð að skammast ykkar.) Ég benti á veiðileyfagjaldið sem var samþykkt þegar Vinstri grænir lögðu til að veiðileyfagjald yrði tekið alveg af síðastliðið vor. Ég hef ekki séð í frumvarpinu sem var flutt á síðasta ári að boðið væri upp á sóknarmark. Þá á ég við að stokka upp úthlutun á kvóta. Það er nefnilega töluverður munur á eða hvort menn vilja bylta fiskveiðistjórnarkerfinu eins og við í Frjálslynda flokknum viljum gera og taka upp sóknardaga. Þar er verulegur munur á. Formaður Vinstri grænna hefur ekki talað skýrt um fiskveiðistjórnarmál í gegnum tíðina. Hann var meira að segja formaður sjávarútvegsnefndar í heilt kjörtímabil þó að hann væri í stjórnarandstöðu. Þá fór hann með mér út á sjó til að skoða ástandið á fiskimiðunum og við vorum að sýna honum hvað það væri mikill fiskur. Samt komu engar breytingar eða tillögur frá sjávarútvegsnefnd um að það þyrfti að gera neinar breytingar þá. En hann hefur ótrúlega oft staðið með sægreifunum í sambandi við þetta fiskveiðistjórnarkerfi, því er nú verr. Það er hægt að vitna í margar ræður sem hann hefur flutt í þinginu um að hann vilji fara varlega í að gera breytingar á hinu og þessu.

Ég fagna því auðvitað að menn vilji breyta og virða mannréttindi. Ég dreg ekkert úr því og ég er búinn að hæla hv. þingmanni, Birni Val Gíslasyni, fyrir að vilja það. En málið er einfaldlega að það þarf meira til.

[16:43]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég tel að komið sé að lokum þessarar umræðu og það er athyglisvert að verða vitni að því hverjir töldu ekki ástæðu til að taka þátt í henni. Ég leyfi mér að benda á að þegar þetta mál var rætt á síðasta þingi gerði hv. þm. Karl V. Matthíasson sig mjög gildandi í umræðunni, kom ítrekað í ræðustól og hélt því fram og sagði, og þessu má fletta upp í þingræðum, að að sjálfsögðu mundu íslensk stjórnvöld fara að niðurstöðu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Að sjálfsögðu yrðu gerðar nauðsynlegar breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu í samræmi við álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Ég átti stundum bágt með að átta mig á hvert sá hv. þingmaður, sem ég hér nafngreindi, ætlaði að fara yfir því að við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu skyldum leggja fram slíka tillögu miðað við að það væri ljóst að þarna yrði gerð bragarbót á.

Ég hef nú í umræðunni gert grein fyrir því hver niðurstaða sjávarútvegsráðuneytisins var, hvert svar ríkisstjórnarinnar var við áliti mannréttindanefndarinnar. Svarið var einfaldlega: Við ætlum að halda áfram óbreyttu kerfi. Við getum hlustað á það sem þið hafið verið að segja. Við áttum okkur á því að þið segið að það sé verið að brjóta mannréttindi á íslenskum þegnum en samt sem áður ætlum við að halda því áfram.

Þetta var inntakið sem fólst í svari sjávarútvegsráðuneytisins og þar með íslensku ríkisstjórnarinnar til mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Það er þarna sem málið varðar þá þingsályktunartillögu sem við erum að fjalla um. Við sem unnum mannréttindum og gerum kröfu til þess að íslenska ríkið virði mannréttindi borgara sinna við sættum okkur ekki við þetta og ég ítreka það sem ég sagði í fyrstu ræðu minni um þetta mál: Mannréttindi eru algild. Lýðræðisríki má ekki brjóta mannréttindi á þegnum sínum, má ekki brjóta mannréttindi á borgurum sínum.

Þess vegna og þar sem nú liggur fyrir að andstætt því sem hv. þingmaður Karl V. Matthíasson vildi halda fram þá hefur ríkisstjórnin sýnt það að hún ætlar sér að halda áfram mannréttindabrotum, hún ætlar að halda áfram að brjóta rétt á því fólki sem vill stunda fiskveiðar með eðlilegum hætti. Hún ætlar að viðhalda óréttlátu gjafafkvótakerfi þar sem sumir fá gefins en aðrir þurfa að kaupa dýrum dómum. Þar sem þetta liggur fyrir og afstaða ríkisstjórnarinnar er alveg skýr þá er mjög mikilvægt að Alþingi Íslendinga tjái sig um málið með atkvæðagreiðslu þannig að þingmenn greiði persónulega atkvæði um það hvort þeir vilji fylgja og hlíta mannréttindum eða hvort þeir ætli að halda áfram að styðja ríkisstjórnina í því að brjóta mannréttindi.

Ég vísaði til ummæla hæstv. utanríkisráðherra í fyrra þegar hún gaf skýrslu um utanríkismál þar sem hún lagði þunga áherslu á að mannréttindi yrðu virt. Ég gat ekki skilið orð hennar með öðrum hætti en þeim að hún væri mér sammála um að mannréttindi væru algild og að þau bæri að virða hvar sem væri. Þess vegna finnst mér með ólíkindum að það skuli koma fram þetta álit frá sjávarútvegsráðuneytinu sem svar til mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Það er ekki nema einn aðili sem getur hnekkt því og breytt þessu og það er Alþingi Íslendinga. Þess vegna flytjum við þá þingsályktunartillögu sem hér um ræðir, til að knýja á um að ríkisstjórn Íslands láti af löglausri aðför gegn borgurum landsins, að mannréttindi séu virt gagnvart öllum borgurum þessa lands.

[16:48]

Kristrún Heimisdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Þar sem ég er í hópi þeirra Íslendinga sem hefur frá upphafi efast um réttlæti kvótakerfisins hefur mér þótt miður hvernig talsmenn Frjálslynda flokksins hafa kosið, frá því að niðurstaða mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna lá fyrir, að tala niður þann árangur sem þeir sem ákváðu að fara með þetta mál fyrir nefndina náðu með málafylgju sinni og niðurstöðu nefndarinnar.

Ég verð að segja að mér þykir lýsing hv. þingmanns, sem talaði á undan mér, á svari íslenskra stjórnvalda draga ákaflega úr þeim árangri sem þar hefur náðst. (Gripið fram í.) — Hv. þingmaður hefur vissulega nafn, Jón Magnússon. Það sem ég vildi leggja til málsins er að svar íslensku nefndarinnar og niðurstaða mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna felur í sér verulegan árangur fyrir þá sem telja að breyta eigi kvótakerfinu.

Merkasti árangurinn að mínu mati í niðurstöðu mannréttindanefndarinnar er sú staðreynd að í henni felst túlkun á jafnræðisreglu sáttmála Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem ég tel að íslenskir dómstólar geti ekki litið fram hjá í túlkun sinni á íslensku

stjórnarskránni og þar með á því hvernig kvótakerfið vegur gegn stjórnarskránni. Það er kjarnaatriði að mínu viti vegna þess að það sem Hæstiréttur hefur notað til að hnekkja ákveðnum þáttum kvótakerfisins hingað til á síðastliðnum árum hefur einmitt verið jafnræðisregla stjórnarskrárinnar. Það er mjög mikilvægur árangur sem mér finnst að þeir sem tala heiðarlega og af fullum heilindum fyrir breytingum á kvótakerfinu ættu að halda fram í stað þess að tala þann árangur sífellt niður og slá ryki í augu þeirra sem ef til vill mundu fara fyrir íslenska dómstóla og byggja á því að túlkun jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar ætti nú að taka mið af þeirri túlkun sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna leggur í samninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Ég minni á að þegar hv. Alþingi Íslendinga breytti mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar síðast í kringum afmæli lýðveldisins 1994 var vísað til þessa sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögskýringargagns. Þarna eru því full efni til þess að ná árangri fyrir dómstólum og ég skora á alla þá sem tala heiðarlega um þessi mál að halda þessu frammi, það skiptir verulegu máli.

Í öðru lagi hefur mér þótt sá málflutningur að láta sem enginn árangur hafi náðst fyrir það fólk í landinu sem telur að breyta eigi kvótakerfinu satt að segja mjög vafasamur. Ég bendi á að það ferli sem málið er í er algjörlega sambærilegt við öll þau ferli sem farið hafa fram hér á Íslandi í tengslum við niðurstöður og málsmeðferð Mannréttindadómstóls Evrópu. Sá dómstóll hefur breytt mjög miklu í lögum á Íslandi á síðastliðnum áratugum og þá meina ég í grundvallaratriðum. Ég vísa til þess þegar niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu varð til þess að breyta skipan dómskerfisins í heild í landinu, aðskilnaði umboðsvalds og dómsvalds í héraði, og fleiri atriða sem ég veit að hv. þingmenn þekkja vel til.

Málið sem kemur frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna er í sams konar ferli. Það er alveg eðlilegt að íslensk stjórnvöld færi þau rök sem þau gera í svari sínu til mannréttindanefndarinnar, að lýsa því hvernig dómaframkvæmd hefur verið á Íslandi, hvernig Hæstiréttur Íslands hefur dæmt í þessum málum o.s.frv., það er ekkert óeðlilegt við það. Ég veit og hef heimildir fyrir því að svari ríkisstjórnarinnar til mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna hefur verið tekið mjög vel og að nefndin lítur svo á að íslensk stjórnvöld hafi brugðist mjög vel við málinu, algjörlega í samræmi við þá stefnu sem utanríkisráðherra Íslands og ríkisstjórnin hafa mótað í afstöðu til mannréttinda á alþjóðavettvangi. Með öðrum orðum lítur mannréttindanefndin svo á að íslensk stjórnvöld séu að fullu í samstarfi við nefndina um að greiða úr málinu. Svarið gefur tilefni til þess að ætla að það samstarf sem heitið hefur verið í sérstakri nefnd um málið muni skila árangri fyrir alla þá sem vilja sjá breytingar á kerfinu.

Þess vegna vil ég nota tækifærið, af því að ég hef ekki mörg tækifæri til að tala úr þessum stól, að skora á þá hv. þingmenn sem hér eru í salnum, talsmenn Frjálslynda flokksins, sem ég veit að hafa í hjarta sér þá ósk að breyta þessu kerfi, að þeir fari nú að tala upp þann árangur sem náðst hefur. Að þeir fari nú að vekja athygli samfélagsins og borgaranna í landinu á því að þeir geti kannski farið með mál fyrir dómstóla með öðrum hætti en áður hefur verið, að það sé raunverulega svo að margir vilji ná árangri í þeirri nefnd sem stjórnvöld munu koma á fót. Ég held að það væri mun líklegra til árangurs fyrir málstaðinn en sá málflutningur sem mér hefur iðulega þótt koma fram, að tala alla þessa þætti niður.

Ég held að menn horfi af fullum heilindum til þess að breyta þessu kerfi og bið menn um að bíða árangurs af því.

[16:54]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna yfirlýsingu hv. þm. Kristrúnar Heimisdóttur. Það er mjög ánægjulegt, af því að hún tilheyrir Samfylkingunni og stjórnarliðinu, hvernig hún höndlar þessi mál eða skilur þau. En hún gleymir einu: Hér í þingsalnum höfum við margoft spurt þá sem fara með þessa málaflokka, m.a. hæstv. sjávarútvegsráðherra. Hann hefur beinlínis sagt við okkur að ekki verði greiddar bætur handa þeim tveimur sjómönnum á Tálknafirði sem náðu þessum árangri og fóru alla þessa leið með mál sitt.

Það getur verið að hv. þingmanni finnist það vera hið besta mál en mannréttindanefndin kom með niðurstöðu sína í desember og íslensk stjórnvöld höfðu sex mánuði til að leggja fram tillögur að því hvað þau ætluðu að gera. Þau hafa ekki komið neinar tillögur og enn þá hefur engin nefnd verið skipuð til að fara yfir þessi mál. Yfirlýsingar frá ráðherrum og þingmönnum Sjálfstæðisflokksins hafa verið með þeim hætti að við eigum ekki von á því á meðan þessi ríkisstjórn situr að gerðar verði breytingar, því er nú verr.

[16:55]

Kristrún Heimisdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir þessa ábendingu. Hún er einmitt hluti af því sem ég tel vera meinloku í þessari umræðu. Það er sannarlega rétt að niðurstaðan er sú að því er hafnað að borga bætur en það þýðir samt ekki að menn hverfi frá því sem sagt er í skýringu íslenskra laga í niðurstöðunni.

Staðreyndin er sú að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna býr ekki að jafnfullkomnu réttarkerfi og fyrirmæli um greiðslu bóta eru ekki jafnfullkomin og t.d. hjá Mannréttindadómstól Evrópu, það skýrir ákveðna hluti í málinu. Staðan er sem sagt sú að lögfræðilega séð er álit mannréttindanefndarinnar ekki svo skýrt að hægt sé að líta svo á að það feli í sér bótarétt fyrir alla þá Íslendinga sem mundu sækjast eftir slíkum rétti. Það breytir hins vegar ekki því að í niðurstöðu mannréttindanefndarinnar felst mjög merkilegur nýr skilningur á túlkun íslenskra laga og hugsanlega einnig á stjórnarskrá. Það er mikill árangur og á hann ættuð þið að horfa að mínu mati.

[16:56]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við væntum þess eftir yfirlýsinguna frá mannréttindanefndinni frá 12. desember 2007 að gerðar yrðu breytingar. Þegar mannréttindanefndin segir að verið sé að brjóta jafnræðisreglu, að verið sé að brjóta frelsi einstaklinga og að það sé skylda íslenskra stjórnvalda að borga skaðabætur til þessara tveggja sjómanna, eiga íslensk

stjórnvöld að gera það en það ætla þau ekki að gera. Sjávarútvegsráðherra hefur lýst því yfir að hann ætli ekki að borga þessum mönnum bætur. Þar stendur hnífurinn í kúnni.

Þess vegna hvet ég ykkur sem tilheyrið Samfylkingunni og hafið einhverja löngun til þess að virða mannréttindi að leggja á það áherslu í ríkisstjórninni en ekki bara vera að hugsa um sæti, um ráðherrastólana, og þora að gera þá kröfu til samstarfsflokks ykkar að hann virði mannréttindi, snúi ofan af þessu og borgi þær bætur sem mannréttindanefndin leggur til að verði gert. Ég hvet ykkur til að gera þá kröfu að Sjálfstæðisflokkurinn breyti stjórn fiskveiða þannig að menn þurfi ekki að kaupa kvóta og vera leiguliðar hjá sægreifum til margra ára og eins að atvinnufrelsi og mannréttindi allra einstaklinga séu virt í íslenskum sjávarútvegi.

[16:58]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill árétta þau tilmæli að þingmenn ávarpi forseta en ekki hver annan.

[16:58]

Kristrún Heimisdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef fylgst talsvert vel með umræðum og yfirlýsingum stjórnvalda um málið. Ég tel að aldrei hafi komið fram í þeim yfirlýsingum að menn ætli ekki að breyta neinu. Þvert á móti tel ég ljóst og liggja fyrir af svari ríkisstjórnarinnar til mannréttindanefndarinnar að menn ætli að setja af stað slíka vinnu.

Ég minni jafnframt á og vísaði í fyrri ræðu minni til sögu breytinga í mannréttindaátt á íslensku réttarkerfi sem átt hafa sér stað síðustu áratugi. Breytingarnar hafa aldrei orðið á einni nóttu. Málið er í ákveðnu ferli sem tekur kannski mánuði, jafnvel ár, en það er líka það sem skilar árangri.

[16:59]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. alþingismanni Kristrúnu Heimisdóttur fyrir þau sjónarmið sem komu fram í ræðu hennar og segi: Mæli hún kvenna heilust um að þarna hafi verulegur árangur náðst. Ég er henni sammála í því að verulegur árangur hafi náðst með niðurstöðu mannréttindanefndarinnar og ég hef aldrei dregið það í efa. Það var mikilvægur árangur en spurningin var um með hvaða hætti því yrði fylgt eftir af íslenskum stjórnvöldum. Það eru þau atriði sem við frjálslynd höfum verið að gagnrýna, þ.e. með hvernig íslensk stjórnvöld hafa brugðist við.

Nú hefði verið einfalt að svara niðurstöðu mannréttindanefndarinnar og segja: Íslensk stjórnvöld ætla að bregðast við og gera þær breytingar sem krafist er. Það verður ekki gert strax en það verður hins vegar gert. Hvernig svöruðu íslensk stjórnvöld? Þau sögðu í svari sínu frá 9. júní 2008, með leyfi forseta:

„Samkvæmt því verða kærendum ekki greiddar skaðabætur né fiskveiðistjórnarkerfinu íslenska umbylt í einu vetfangi. Hins vegar er boðað að efnt verði til allsherjarskoðunar á íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu í náinni framtíð ...“

Þetta segir og undirritar Einar Kristinn Guðfinnsson, hæstv. sjávarútvegsráðherra.

Það á því ekki að fara eftir niðurstöðunni, það á ekki að greiða bætur. En ég get verið sammála hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur um að þetta er mikilvægt innlegg fyrir okkur sem teljum kvótakerfið vera andstætt mannréttindum. Ég spyr hv. þingmann: Er réttur sá skilningur minn að hún telji kvótakerfið brjóta gegn mannréttindum og að afnema beri gjafakvótakerfið í núverandi mynd, það sé í raun ekkert minna sem álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna kveður á um?

[17:01]

Kristrún Heimisdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér heyrðist hv. þm. Jón Magnússon einmitt lesa upp úr niðurstöðunni af svari íslensku ríkisstjórnarinnar sem styður og staðfestir það sem ég hef haldið fram. Svar ríkisstjórnarinnar felur í sér að menn ætla að fara yfir kvótakerfið á grundvelli niðurstöðu mannréttindanefndarinnar með þeim hætti sem vinnuferlar mannréttindanefndar ganga út á að gert verði. Ríkisstjórnin fylgir nákvæmlega því ferli sem sett er upp.

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að kvótakerfið brjóti gegn jafnræðisreglunni. Ég er líka þeirrar skoðunar að aðrir þættir hafi haft mikil áhrif, sérstaklega eftir því sem tímanum hefur undið fram. Huga þarf að eignarréttarákvæðum og við stöndum frammi fyrir því að Hæstiréttur Íslands hefur fjallað um þau mál með ákveðnum hætti. Ég segi því hér á hinu hv. Alþingi, og ítreka það sem ég sagði í fyrstu ræðu minni, að tíðindin í niðurstöðu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna felast í túlkun á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Nefndin gengur lengra í túlkun á jafnræðisreglu, það er að segja á jafnræðisreglu samningsins um borgaraleg stjórnmálaréttindi. Það hefur að mínu mati áhrif á túlkunina á jafnræðisreglu íslensku stjórnarskrárinnar eins og kemur beinlínis fram í lögskýringargögnum, þ.e. frumvarpinu sem samþykkt var á Alþingi um breytingar á stjórnarskránni 1994. Þetta er lykilatriði. Þetta er verulegur árangur og um það ættu menn að tala, sérstaklega þeir sem vilja að samfélagið nái árangri í því að breyta kvótakerfinu og færa það í jafnræðisátt.

[17:03]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég gat ekki heyrt annað en hv. þm. Kristrún Heimisdóttir segði það berum orðum að hún teldi að fara ætti eftir niðurstöðu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Ég gat ekki skilið orð hennar með öðrum hætti. Samkvæmt því styður hún þá tillögu sem við leggjum hér fram.

Flokksbróðir hennar, hv. þm. Karl V. Matthíasson, lýsti því yfir að hann gæti efnislega fallist á þau sjónarmið sem fram kæmu í tillögu okkar en taldi ljóst að ríkisstjórnin ætlaði að gera bragarbót í því efni og taldi að það mundi verða gert mjög fljótlega. Það hefur hins vegar ekki gerst. Og það að segja að ekki standi til að greiða skaðabætur, eins og kveðið er á um í niðurstöðum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, þýðir að ekki á að fara eftir niðurstöðunni. Ég er hins vegar sammála hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur

um það að við erum komin með mjög mikilvægt lögskýringargagn í hendur varðandi þetta atriði og getum fært íslenskum dómstólum það í hendur svo að þeir geti kveðið upp dóma í samræmi við mannréttindi.

Það er sorgleg staðreynd að íslenskir dómstólar hafa iðulega dæmt með þeim hætti að fólk hefur þurft að leita til mannréttindadómstóla til að ná fram rétti sínum. Því miður hefur það iðulega verið þannig. Það þyrfti að vera öðruvísi. Sjálfsagt láta einhverjir á það reyna fyrir íslenskum dómstólum hvort sú niðurstaða sem hv. þm. Kristrún Heimisdóttir heldur fram verði raunveruleikinn. Ég er hins vegar ekki jafnbjartsýnn og hún en ítreka að ég get ekki séð að efnislegur ágreiningur sé á milli okkar. Þetta er einfaldlega spurning um túlkun á svarinu. Mín niðurstaða er þessi: Ríkisstjórnin hefur sagt að hún ætli ekki að fara eftir þessu en gefur upp boltann um að einhvern tíma í framtíðinni geti það gerst.

[17:05]

Kristrún Heimisdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég geri ýmsar athugasemdir við tillöguna eins og hún liggur fyrir frá Frjálslynda flokknum. Það breytir því hins vegar ekki að það er skoðun mín, eins og ég hef nú þegar lýst — og get vísað í mínar fyrri ræður um mikilvæga áfanga sem felast í niðurstöðu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Að öðru leyti vil ég enn og aftur vísa til þess að ég tel ljóst að ríkisstjórnin muni fara í endurskoðun og setja af stað vinnu eins og talað hefur verið um og margoft hefur verið sagt. Ég skora á hv. þingmenn að taka mark á orðum sem sett eru fram í fullri einurð og heiðarleika og trúa mönnum þegar þeir segja hlutina. Ég lít svo á að fara eigi í slíka vinnu og ég lít líka svo á að allir þeir sem um áratugabil hafa haft áhuga á breytingum á kvótakerfinu eigi að leggja gott til þeirrar umræðu, og menn eiga að horfast í augu við að breyting á kvótakerfinu verður aldrei einfalt mál. Slík breyting hefði verið miklu einfaldari fyrir 15 eða 10 árum en hún er núna. Það verður aldrei einfalt að breyta kvótakerfinu en að mínu viti eiga allir þeir sem áhuga hafa á því — (**GMJ:** En þegar sjávarútvegurinn er gjaldþrota?) hvort sem við eigum peninga eða ekki þá gilda lög landsins og mannréttindi. Þeir sem hafa talað í þessari umræðu um algildi mannréttinda þurfa að horfast í augu við það að á krepputímum gilda líka mannréttindi og lög. Ef við höldum okkur ekki við lög á krepputímum má guð fara að hjálpa okkur.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–9. mál.

Fundi slitið kl. 17:07.

---

13. FUNDUR

miðvikudaginn 15. október,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Staða bankakerfisins, munnleg skýrsla forsætisráðherra.

Fjarvistarleyfi:

Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
Ásta Möller, 7. þm. Reykv. s.
Jón Gunnarsson, 7. þm. Suðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:32]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hefur bréf frá þingflokksformanni Samfylkingarinnar, Lúðvíki Bergvinssyni, um að Kristrún Heimisdóttir, 2. þm. Reykv. s., geti ekki af persónulegum ástæðum setið lengur á Alþingi í forföllum Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem er í veikindaleyfi. Fyrsti varamaður flokksins í kjördæminu, Mörður Árnason íslenskufræðingur, tekur sæti hennar á Alþingi í dag. Hann hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Störf þingsins.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Umræðu lokið.

[13:33]

Útbýting:

Strandsiglingar, 39. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 39.

Staða bankakerfisins, munnleg skýrsla forsætisráðherra.

[13:33]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er á milli þingflokkanna um ræðutíma í umræðunni. Umferðir verða þrjár. Í fyrstu umferð hefur ráðherra 20 mínútur til framsögu en talsmenn annarra flokka 15 mínútur. Í annarri umferð hefur hver flokkur tíu mínútur til umráða, í þriðju og síðustu umferð fær hver þingflokkur fimm mínútur og að auki fær ráðherra tíu mínútur í lok umræðunnar.

[13:34]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Ég hef óskað eftir því að flytja Alþingi

skýrslu um þá erfiðu og alvarlegu stöðu sem upp er komin í efnahagslífi þjóðarinnar. Örlagaríkir dagar eru að baki og gríðarleg áföll hafa dunið yfir okkur Íslendinga á stuttum tíma. Það er á slíkum stundum sem íslenska þjóðin sýnir úr hverju hún er gerð. Æðruleysi hennar og yfirvegun andspænis þessum hamförum vekur hvarvetna aðdáun. Við kunnum að bogna tímabundið en buguð erum við ekki.

Við erum nú hægt og bítandi að komast út úr versta storminum og nú þegar hafa Landsbankinn og Glitnir tekið til starfa í breyttri mynd. Unnið er hörðum höndum að því að koma gjaldeyrisviðskiptum í eðlilegt horf þannig að alþjóðleg viðskipti geti gengið eðlilega fyrir sig, fyrirtæki geti flutt gjaldeyri til landsins og Íslendingar erlendis fái óruggt aðgengi að gjaldeyri.

Ríkisstjórnin og Seðlabankinn leggja allt kapp á að gjaldeyrisviðskipti færist í eðlilegt horf sem fyrst og í því augnamiði voru í gær hagnýttar lánsheimildir upp á 400 milljón evrur í seðlabönkum Danmerkur og Noregs. Við ætlum að styrkja gjaldeyrisvaraforðann verulega til viðbótar við þetta og nú standa yfir viðræður í Moskvu um hugsanlegt gjaldeyrislán, auk þess sem rætt hefur verið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um hugsanlega aðkomu sjóðsins að því endurreisnarstarfi sem fram undan er hér á landi. Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á að skoða fordómalaust allt sem getur orðið okkur að liði í þeim vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir.

Eftir atburði síðustu daga er útlit fyrir mikinn samdrátt í innlendri eftirspurn og sér þess þegar merki. Því er nauðsynlegt að hagstjórnartækjum ríkisins sé beitt til þess að örva efnahagslífið og milda þannig niðursveifluna.

Í morgun tilkynnti Seðlabanki Íslands um 3,5 prósentustiga lækkun stýrivaxta. Þessi lækkun stýrivaxta mun lækka fjármagnskostnað heimila og fyrirtækja og hjálpa þannig til við að koma hjólum efnahagslífsins aftur af stað.

Hæstv. forseti. Undanfarin ár hafa stjórnvöld opnað íslenska hagkerfið fyrir flæði fjármagns, vöru, þjónustu og fólks. Þær breytingar hafa leitt af sér gríðarlega lífskjarabyltingu hér á landi og stuðlað að mikilli uppbyggingu í atvinnulífinu. Opnunin hefur aftur á móti þær hliðarverkanir að við erum mjög háð atburðum á alþjóðlegum mörkuðum án þess að við getum haft nein áhrif þar á.

Síðasta árið hefur hin alþjóðlega lánsfjárkreppa dýpkað hægt og bítandi. Upptök hennar voru í Bandaríkjunum vegna hinna svokölluðu undirmálslána sem bandarísk fjármálafyrirtæki höfðu selt fram og til baka sín á milli. Þegar í ljós kom hve gölluð þessi lán voru tók að myndast tortryggni og vantraust á markaði sem olli á endanum miklu meiri vandræðum en undirmálslánin ein og sér. Örlög íslensku bankanna eru besta dæmið um það því að þeir höfðu að langmestu leyti staðið utan við viðskipti með bandarísk undirmálslán en alkul á alþjóðlegum lánamörkuðum olli því að staða íslensku bankanna breyttist skyndilega til hins verra.

Íslensku bankarnir höfðu á nokkrum árum stækkað svo hratt að efnahagur þeirra var orðinn margfaldur í hlutfalli við landsframleiðslu Íslands. Vöxtur bankanna var drifinn áfram af miklu aðgengi að ódýru lánsfé síðastliðin ár. En öll lán þarf að greiða og það átti að sjálfsögðu við um bankana líka. Vitað var að árið 2008 yrði erfitt varðandi endurfjármögnun þeirra en lengst af var þó útlit fyrir að hún myndi takast. Komið hafði fram af hálfu stóru bankanna þriggja í sumar að endurfjármögnun þeirra væri tryggð vel fram í tímann og allt fram yfir miðjan september var ekki tilefni til að ætla annað en að áætlanir bankanna myndu ganga eftir.

Um miðjan september breyttist staðan til hins verra á alþjóðlegum lánamörkuðum í kjölfar þess að bandarískri fjármálarisinn Lehman Brothers fór á hausinn auk margra annarra fjármálafyrirtækja og banka í Bandaríkjunum og víðar. Örvænting tók að myndast á mörkuðum og lánsfé þurrkaðist nánast upp. Upp var komin staða sem íslensku bankarnir náðu ekki að vinna úr, staða sem enginn óskar sér að vera í.

Skuldir bankanna voru orðnar of miklar fyrir íslenska þjóðarbúið og stjórnvöld stóðu frammi fyrir spurningunni hvort íslenska þjóðin ætti að borga þessar skuldir og skuldbinda þannig komandi kynslóðir.

Með ákvörðun þeirri sem ríkisstjórnin og Alþingi tóku með lagasetningu í síðustu viku var slegin skjaldborg um innlenda hluta bankanna, um sparifé almennings og tryggt að grunnþjónusta bankanna við íslensk heimili og fyrirtæki gæti haldið áfram.

Á undanförnum vikum hafa tugir banka um allan heim þurft að játa sig sigraða og leita á náðir ríkisins í heimalöndum sínum. Vandinn sem ríkisstjórn Íslands stóð frammi fyrir þegar þessi atburðarás tók að ágerast var alvarlegri en vandi annarra ríkisstjórna vegna þess hvað íslenska bankakerfið var stórt í samanburði við hagkerfið. Það var því ljóst að hvorki var skynsamlegt né mögulegt fyrir íslenska ríkið að hlaupa undir bagga með öllu bankakerfinu.

Þegar bankar sem eru kerfislega mikilvægir riða til falls annars staðar í heiminum er algengt að ríkisstjórnir þjóðnýti þá í heilu lagi. Ef ríkisstjórn Íslands hefði farið þá leið hefði hún skuldbundið sig til að greiða mörg þúsund milljarða króna af erlendum skuldum bankanna. Slík skuldbinding hefði hæglega getað orðið þjóðinni ofviða. Ríkisstjórnin valdi því að fara aðra leið með langtímahagsmuni íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi. Viðbrögð íslenskra stjórnvalda eru einhver róttækustu viðbrögð ríkisstjórnar við bankakreppu sem um getur.

Ég ítreka þakkir mínar til þingmanna úr öllum flokkum fyrir að stuðla að því að neyðarlögin svonefndu náðu fram að ganga jafnhratt og raun ber vitni í síðustu viku. Þeir atburðir sem urðu dagana á eftir tel ég að hafi sýnt að löggjöfin var nauðsynleg og bjargaði því sem bjargað varð.

Mikilvægasta verkefnið nú er að bjarga sem mestum verðmætum úr starfsemi bankanna til að takmarka það tjón sem hlýst af skipbroti þeirra. Um það verðum við öll að standa saman, stjórnvöld, þingmenn og aðrir þeir sem gegna forustuhlutverki. Í þeirri vinnu þurfum við á að halda kröftum allra þeirra sem vit og þekkingu hafa á málum bankanna. Við skulum ekki láta bollaleggingar um upptök eldsvoðans verða til þess að hindra eða tefja slökkvistarfið.

Hæstv. forseti. Á þessum erfiðum tímum er brýnt að koma í veg fyrir að ótti og kvíði sem skiljanlega grípur um sig meðal fólks verði að upplausn eða örvæntingu. Hafa stjórnvöld því þegar gripið til og lagt á ráðin um umfangsmiklar aðgerðir í þessum efnum.

Um leið og þessi atburðarás hófst setti ríkisstjórnin upp starfshóp fjögurra ráðherra til að hafa yfirumsjón með aðgerðum. Undir honum starfar stýrihópur með fulltrúum helstu ráðuneyta og stofnana sem að málum koma og sér um að samhæfa aðgerðir og viðbrögð stjórnvalda. Mikið starf hefur verið unnið síðustu daga og vikur við að miðla upplýsingum og leiðbeiningum til fólks og fjölmiðla.

Í gær var formlega opnuð upplýsingamiðstöð fyrir almenning, fyrirtæki og fjölmiðla sem tekur við spurningum sem fólk kann að hafa, bæði hér heima og erlendis. Í félagsmálaráðuneytinu hefur verið starfrækt þjónustu- og upplýsinganet og verður það rekið áfram, samtengt upplýsingamiðstöðinni. Það leggjast allir á eitt við að aðstoða fólk, útskýra stöðu mála og greiða úr þeim flækjum sem upp hafa komið.

Atburðir liðinnar viku hafa eðlilega vakið mikinn áhuga fjölmiðla, bæði innlendra sem erlendra. Hingað til lands hafa komið á annað hundrað erlendra fjölmiðlamanna hvaðanæva úr heiminum. Ákveðið var að koma upp sérstakri fjölmiðlamiðstöð í Miðbæjarskólanum og unnt hefur verið að beina fyrirspurnum þangað. Sérstakur hópur hefur verið starfandi undanfarið til að halda utan um samskipti við fjölmiðla hér heima og úti. Ég vil færa öllum þeim sem lagt hafa á sig þrotlausa vinnu undanfarna daga, sem og þeim sem hafa haft samband og boðið fram krafta sína og góð ráð, mínar bestu þakkir.

Þær efnahagshamfarir sem nú ganga yfir heiminn eru þær verstu í um 90 ár. Í aðstæðum sem þessum kemur berlega í ljós að þjóðir heims hugsa fyrst og fremst um að bjarga sjálfum sér og setja eigin hagsmuni ofar gömlum vinatengslum. Það höfum við Íslendingar mátt reyna á eigin skinni undanfarna mánuði þegar við höfum komið að lokuðum dyrum varðandi lántöku og aðstoð hjá mörgum af okkar nánustu vinaþjóðum.

Í sjálfu sér er ekki óeðlilegt að þjóðir leggi mesta áherslu á eigin afkomu þegar á bjátar. Sú framkoma sem bresk stjórnvöld sýndu okkur í síðustu viku átti aftur á móti ekkert skylt við að bjarga breskum hagsmunum og var algerlega óásættanleg.

Bresk stjórnvöld tóku þá fordæmalausu ákvörðun að beita hryðjuverkalögum til þess að frysta eignir Landsbankans í Bretlandi. Í fjölmiðlum hélt forsætisráðherra Bretlands því raunar fram að allar eignir íslenskra stjórnvalda hefðu verið frystar en sú yfirlýsing var dregin til baka bréfleiðis skömmu síðar og útskýrt að aðeins hafi verið átt við eignir Landsbankans. Breski forsætisráðherrann hélt einnig fram órökstuddum rangfærslum í fjölmiðlum um gjaldþrot og vanskil íslensku þjóðarinnar og fjármálaráðherra landsins hélt því fram að íslenska ríkið hygðist ekki standa við skuldbindingar sínar. Í kjölfarið var breska fjármálaeftirlitinu beitt gegn Kaupþingi í Bretlandi og starfsemi þess þar í landi lokað sem varð til þess að þetta stærsta fyrirtæki landsins fór á hliðina þrátt fyrir að því hefði verið veitt stórt þrautavaralán frá Seðlabanka Íslands nokkrum dögum áður. Þessar aðgerðir og ummæli ollu fjölda annarra íslenskra fyrirtækja, sem hvergi komu nærri þessu máli, gríðarlegu tjóni.

Hinar fordæmalausu aðgerðir breskra yfirvalda í garð Kaupþings í Bretlandi, sem og sú atburðarás sem ég hef nú rakið, gera það að verkum að við hljótum að skoða réttarstöðu okkar gagnvart breskum stjórnvöldum. Til þess verks hefur ríkisstjórnin ráðið breska lögmannsstofu sem vinnur nú að undirbúningi þess máls auk þess sem ríkisstjórnin hefur gert margvíslegar ráðstafanir til að tryggja að málstaður okkar komist til skila gagnvart breskum almenningi sem á hér ekki neina sök.

Þrátt fyrir þau ágreiningsefni sem upp hafa komið í samskiptum Breta og Íslendinga hafa báðar þjóðir lagt áherslu á að leiða deilur tengdum Icesave-reikningum Landsbankans til lykta. Hið sama á við um Icesave-reikningana í Hollandi.

Samninganefndir frá Hollandi og Bretlandi funduðu með íslenskum embættismönnum um síðustu helgi. Bráðabirgðaniðurstaða hefur náðst í viðræðum íslensku og hollensku sendinefndarinnar varðandi uppgjör milli landanna með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Ekki hefur enn verið gengið frá samkomulagi við Breta en ég er vongóður um að niðurstaða náist fljótlega.

Í neyðarlögunum sem Alþingi samþykkti fyrir viku var kröfum innstæðueigenda veittur forgangur í þrotabúið. Góðar vonir standa því til þess að eignir Landsbankans í Hollandi og Bretlandi muni fara langt upp í þær skuldbindingar sem sparifjáreigendur í þessum löndum eiga á hendur bankanum og minnki að sama skapi kröfur á hendur íslenska ríkinu. Stjórnvöld hafa gripið til aðgerða til þess að tryggja verðmæti eigna bankans og takmarka þannig tjónið eins og hægt er.

Hæstv. forseti. Af öllu því sem á okkur hefur dunið verðum við að læra. Samhliða því að vinna okkur hægt og bítandi út úr verstu erfiðleikunum bíða okkar stór verkefni.

Við þurfum meðal annars að ráðast í uppgjör við fortíðina. Ég greindi frá því í viðtali við *Morgunblaðið* á sunnudaginn að ég mun beita mér fyrir því að unnin verði svokölluð hvítbók á grundvelli ítarlegrar rannsóknar á starfsemi bankanna. Í þeirri rannsókn verður að gefa gaum því sem vel var gert en líka hinu sem fór á verri veg. Dómsmálaráðherra hefur hafið undirbúning að rannsókn á þeim þætti málsins og mun gera grein fyrir því í ræðu sinni á eftir. Ef minnsti grunur leikur á því að framin hafi verið lögbrot er alveg skýrt að viðkomandi aðilar verða dregnir til ábyrgðar.

Þau efnahagslegu áföll sem íslenska þjóðin hefur orðið fyrir gera það að verkum að við verðum að horfa fram á veginn og byggja upp til framtíðar. Íslenska þjóðin byggir á sterkum grunnstoðum og því fer fjarri að við þurfum að byrja upp á nýtt þótt fjármálakerfið hafi orðið fyrir höggi. Við erum rík af náttúruauðlindum sem við eigum að nýta með skynsamlegum hætti og halda áfram uppbyggingu í orkugeiranum. Í gær bárust til að mynda þær ánægjulegu fréttir frá Dalvík að skrifað hefði verið undir viljayfirlýsingu um uppbyggingu gagnavers þar í bæ og ljóst er að við eigum mikla möguleika á því sviði og í skyldum atvinnugreinum.

Íslenskur sjávarútvegur hefur að undanförnu tekið á sig mikla skerðingu aflaheimilda til þess að byggja megi upp þorskstofninn á nýjan leik. Þær fórnir munu borga sig þegar stofninn tekur að styrkjast á nýjan leik og þeir sem tóku á sig byrðarnar í niðurskurðinum munu njóta ávaxtanna þeg-

ar meira veiðist. Með auknum aflaheimildum á næstu árum getum við hafið nýja sókn í sjávarútvegi.

Ein af auðlindum Íslands er landið sjálft, fegurð þess og saga sem laðar til landsins ferðamenn. Möguleikar ferðaþjónustunnar eru miklir og við megum ekki láta deigan síga í markaðsstarfi erlendis.

Mikilvægasta fjárfesting hverrar þjóðar er í menntun fólksins, ungu kynslóðarinnar. Sú áhersla sem stjórnvöld hafa lagt á uppbyggingu í menntakerfinu á undanförnum árum mun veita okkur viðspyrnu í þeim verkefnum sem fram undan eru.

Í erfiðri stöðu má alltaf finna tækifæri. Undanfarna daga höfum við þurft að spila nauðvörn en við munum hægt og bítandi hefja sókn á ný. Við stöndum frammi fyrir því einstaka tækifæri að geta nú komið saman sem þjóð og markað okkur stefnu til framtíðar. Í þeirri vinnu er brýnt að kalla til breiðan hóp víðs vegar að úr samfélaginu til skrafs og ráðagerða en jafnframt tryggja að almenningur geti tjáð sig og lagt hönd á plóginn. Með því getum við skapað sameiginlegan vegvísi til framtíðar. Ríkisstjórnin mun á næstu dögum ýta slíkri vinnu úr vör og koma henni í formlegan farveg, setja tímaramma og kynna nánara skipulag.

Hlutverk ríkisvaldsins verður að halda utan um þá vinnu og tryggja að góðar hugmyndir fái þann stuðning sem á þarf að halda en að öðru leyti treystum við á frumkvæði og kraft einstaklinganna til þess að koma þessum hugmyndum í framkvæmd.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Undanfarna daga hafa margir keppst við að lýsa yfir andláti frjálsra viðskipta og markaðsbúskapar vegna áfalla á fjármálamörkuðum. Slíkar yfirlýsingar byggjast frekar á þórðargleði en raunsæi enda getur ekkert samfélag þrifist til lengdar án frjálsra viðskipta og markaðar. Frjáls markaður er tæki til að hámarka verðmætasköpun í samfélaginu en hann verður að sjálfsögðu að lúta lögum og reglum. Þegar um hægist tel ég einboðið að farið verði í gagngera endurskoðun á regluverki fjármálamarkaða, bæði hér á landi og annars staðar. Markmiðið með slíkri endurskoðun verður að styrkja grundvöll fjármálakerfisins og tryggja fjármálalegan stöðugleika en ekki að setja fjármálastarfsemi í slíkra fjötra að hún nái sér ekki á strik á ný.

Hæstv. forseti. Íslenska þjóðin hefur áður staðið frammi fyrir stórum og erfiðum verkefnum og alltaf hefur mótlætið orðið til þess að efla okkur og ná fram því besta í þjóðinni. Fram undan eru erfiðir tímar og þá reynir á samstöðu okkar sem aldrei fyrr. Enginn þarf að velkjast í vafa um að íslenska þjóðin mun safna vopnum sínum og láta að sér kveða á nýjan leik.

[13:51]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég hef ekki heyrt spádóma af því tagi sem hæstv. forsætisráðherra gefur sér að uppi séu, um að frjáls viðskipti landa í millum og markaður séu fyrirbæri sem heyri nú sögunni til, en hitt ætla ég sannarlega að vona að nýfrjálshyggjan sé dauð og glaður mæti ég í þá jarðarför þar sem kastað verður rekunum. Það er að reynast Íslandi ærið dýrt að slík hafa verið okkar leiðarljós síðustu 17 ár rúm.

Hin stóra alltumlykjandi spurning hlýtur einfaldlega að vera: Hvernig gat það gerst sem við nú stöndum frammi fyrir? Hæstv. forsætisráðherra fór yfir það að stjórnvöld hefðu opnað hagkerfið, eins og það er kallað, og það hefði leitt af sér gríðarlegan lífskjarabata. Síðan hefði því miður skollið á alþjóðleg fjármálakrísa og þar með hefðum við lent í vandræðum.

Er þetta ekki dálítil einföldun? Er þessi nálgun vel til þess fallin að skilja hlutina, er hún vel til þess fallin að læra af þeim? Verðum við ekki líka að líta í eigin barm og horfast í augu við þann hluta vandans sem sannarlega var og er heimatilbúinn? Það er vissulega þannig að framkoma Breta, sérstaklega forsætisráðherra og fjármálaráðherra Breta, í okkar garð er hneykslanleg, hún er óboðleg í samskiptum siðaðra þjóða. Að forsætisráðherra Breta skuli koma fram á tröppurnar og tilkynna umheiminum að Íslendingar séu vandræðamenn og óskilamenn í viðskiptum og gjaldþrota þjóð. Það er algerlega fáheyrt og megi skömm þess stjórnmálamanns vera lengi uppi sem þannig hegðar sér.

En við skulum ekki tala, Íslendingar, eins og þetta hafi komið út af engu. Við skulum ekki gleyma því að þrjú til fjögur hundruð þúsund venjulegir Bretar höfðu áhyggjur af sparifénu sínu inni á reikningum sem íslenskur banki hafði opnað með blessun íslenska Fjármálaeftirlitsins, að sveitarfélög og líknarfélög í Bretlandi sáu þarna innstæður sínar í hættu. Við skulum líka líta í eigin barm og vera þeim vanda vaxin að kenna ekki einhverjum öðrum um það sem er við okkur sjálf að sakast.

Hæstv. forsætisráðherra talaði um hinn mikla lífskjarabata, góðærið væntanlega. Góðærið var vinsælasta hugtak íslenskrar stjórnmálaumræðu hér um árabil. Aldrei heyrðist hærra í góðæriskórnum en 2006, þá réðu menn sér ekki fyrir góðæriskæti. En hvernig var bókhaldið þegar árið 2006 var gert upp? Það var 300 milljarða kr. halli á viðskiptum Íslands við útlönd. Þær skuldir eru þarna einhvers staðar og eru til viðbótar hinum sem nú virðast ríða Íslendingum á slig með ýmsum undirskriftum. Var það raunverulegt góðæri? Þurfum við ekki að horfast í augu við að við lifðum langt um efni fram? Stóra spurningin er aftur: Hvernig gat þetta gerst? Hvernig gat heilt samfélag orðið svona meðvirkt að einungis örfáar raddir reyndu að vara við, að benda á það sem var að gerast? Fjölmiðlar, fræðasamfélag og stærstur hluti stjórnmálanna í algjörum faðmlögum við viðskiptalífið og fjármálamennina sem réðu förinni með þjóðhöfðingjann sjálfan í fararbroddi.

Hvernig gat þetta gerst, hvar var heilbrigð sjálfsgagnrýni? Hvar var það aðhald sem við eigum alltaf að veita okkur sjálf og spyrja okkur: Er nú öruggt að þetta sé svona, svo dásamlegt að hér sé skollin á eilíf og endalaus gullöld og gleðitíð og við getum látið allt eftir okkur? Þegar steypan var þvílík að einn einasti maður hélt afmælisveislu sína og hún kostaði 150 millj. króna, að sögn. Hingað var flogið með tónlistarmann til að syngja tvö lög — ekkert sérstaklega vel að því er sagt er — fyrir 70 millj. króna. Hvers vegna varð ekki uppreisn? Af hverju létum við öll bjóða okkur þetta meira og minna? Það leitar á mig að ég hafi ekki einu sinni staðið mig, ekki gert skyldu mína, og tel ég mig þó hafa reynt.

Árið 2005 fluttum við þingmenn Vinstri grænna á Alþingi tillögu um aðgerðir til að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Hvað stóð í þeirri tillögu fyrir utan hluti eins og þá að fresta þensluhvetjandi stóriðjuframkvæmdum og hætta að lækka skatta á hátekjufólki í miðri þenslunni? Það stóð t.d. í 2. tölulið að beina skyldi þeim tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að huga vandlega að áhættumati í bankakerfinu. Markmiðið verði að hraður vöxtur útlána að undanförnu skapi ekki hættu fyrir efnahagslífið og farið verði yfir eiginfjármörk og áhættugrunn fjármálastofnana í því ljósi. Í 3. tölulið að beina tilmælum til Seðlabanka Íslands um að endurskoða ákvörðun um að lækka bindiskyldu.

Í greinargerð með þessum tillögum er m.a sagt að við blasi samlíkingin milli þess sem sé að gerast á Íslandi og þess sem leiddi til bankakreppunnar á Norðurlöndunum 1990. Tóku margir undir þetta hér? Hvar voru stjórnarliðar þá sem nú eru komnir í einhverja fráhvarfseinkennaumræðu? Það mátti heyra hér á Alþingi í gær að þegar stjórnarandstaðan sat á sér og beið þessa dags til að ræða málin af yfirvegun fóru stjórnarþingmenn í einhverja fráhvarfsumræðu og vildu kenna Landsbankanum um, draga hann til saka. Hvar voru þeir og þeirra ábyrgð? Voru ekki einhverjir ráðherrar, var ekki ráðherra yfir Seðlabankanum, var ekki ráðherra yfir Fjármálaeftirlitinu? Jú, ég held það.

Við skulum ekki reyna að flýja af hólmi, neita að horfast í augu við okkur sjálf og þá ábyrgð sem við berum á þessari kreppu og þá stjórnskipulegu og lagalegu ábyrgð sem margir bera. Það er ekki eitt höfuð — þó að marga langi kannski til að sjá það fjúka — sem hér á í hlut. Hér bera margir mikla pólitíska, lagalega, viðskiptalega og siðferðislega ábyrgð. Það er því mjög brýnt að koma því verkefni strax í farveg sem forsætisráðherra nefndi, að leggja grunninn að ítarlegri og tæmandi rannsókn á þessum atburðum. Við komumst aldrei frá þessu, við endurheimtum aldrei trúnaðartraust í samfélaginu milli aðila nema gera þessa hluti upp, það hlýtur hver heilvita maður að sjá. Það verða ósköp einfaldlega allir að sæta því sem þeim ber að sæta í þeim efnum.

Verkefnin sem við þurfum að vinna eru margþætt og því miður verðum við að vinna þau að einhverju leyti samtímis. Við höfum ekki ráð á því að hugsa bara um björgunaraðgerðirnar núna og geyma allt hitt. Við verðum líka að leggja grunn að þeim hlutum sem þarf að vinna samhliða á næstu vikum og mánuðum til þess að geta skapað grundvöllinn fyrir endurreisn Íslands, grundvöll fyrir nýju og betra samfélagi úr rústunum sem nú hafa verið búnar til.

Stjórnarandstaðan hefur að mínu mati á undanförnum dögum og vikum gert það sem hún gat gert til þess að leggja lið og til þess að sýna ábyrgð. Við höfum ekki staðið hér í pólitískum skylmingum. Við buðum upp á þjóðstjórn, ég fór sérstaklega til forsætisráðherra í upphafi hrinunnar og hvatti hann til að skoða þann hug sinn að á Íslandi væru að skella þvílíkir hlutir að ef einhvern tíma væri þörf fyrir að allir sameinuðu kraftana væri það núna. Fram að þessu hefur ríkisstjórnin talið sig einfæra um verkið, ég efast um að svo sé. Mér sýnist þetta ekki ganga allt of vel. Ég verð að leyfa mér að segja það, að ég tel að verkstjórnin gæti verið sköruglegri og röggsamlegri og mönnum unnist ýmsir hlutir betur. Ég verð að leyfa mér að segja það hér að ég tel að ráðherrar hefðu sumir hverjir getað haft betra taumhald á tungu sinni og jafnvel passað betur upp á pennann sinn.

Ég verð líka að segja að mér finnst það ekki vera í miklum takti við það sem við í stjórnarandstöðunni höfum reynt að hafa sem okkar framlag — að hafa sverð okkar í slíðrum — að annar stjórnarflokkurinn telji sig hafa efni á því við þessar aðstæður að þjóna eingöngu lund sinni, að skrifa blaðagreinar og halda ræður um gæluverkefni sín eins og þau að troða okkur inn í Evrópusambandið. Er það til samstöðu fallið í íslenskum stjórnmálum í dag að Samfylkingin skuli ganga laus? Það er í raun og veru bara einn flokkur á Íslandi sem hegðar sér eins og stjórnarandstöðuflokkur, það er Samfylkingin, ekki við sem eigum þó að forminu til að heita í stjórnarandstöðu. Þetta undrar mig mjög satt best að segja. Við þurfum á öðru að halda en því að menn reyni inn í þetta viðkvæma ástand að troða hugðarefnum sínum, hver sem þau eru, af þessu tagi. Það er ekki viðfangsefnið nú í krísunni miðri þegar við reynum að lifa dag frá degi og bjarga því sem þarf að bjarga á hverjum einasta degi. Og ég hef mikinn skilning á stöðu forsætisráðherra við þær aðstæður — við höfum að undanförnu fundað daglega með honum og það er til bóta frekar en ekki neitt — að við þetta er ekki auðvelt að búa. Af hverju gengur ríkisstjórnin ekki fram samstillt og leggur deilumál til hliðar á sama tíma og við stjórnarandstæðingar reynum þó að leggja þar okkar af mörkum og verðum ekki sökuð um annað?

Það sem við þurfum að gera þegar við höfum unnið þær nauðsynlegu björgunaraðgerðir og samhliða þeim er að sameinast um, þannig að hafið sé yfir allar deilur, að setja rannsókn á þessum málum öllum í farveg. Þar þurfa margir að koma að verki, t.d. Ríkisendurskoðun sem við hlutuðumst til um að færi af stað á mánudaginn var. Það þurfa að koma menn til aðstoðar skilanefndunum sem geta farið yfir það hvað gerðist mánuðina og missirin á undan. Þess þarf að gæta að engir hagsmunir gangi undan þjóðinni, engin verðmæti sem hún á tilkall til. Hafi slíkir fjármunir verið fluttir til útlanda þarf að reyna að sækja þá og það á að bjóða öllum þeim sem kunna að eiga verðmæti á fullkomlega lögmætum forsendum erlendis og hafa auðgast á ástandinu undanfarin ár að koma heim og taka þátt í því af fúsum og frjálsum vilja að byggja þjóðfélagið upp. Ég skora á auðmenn Íslands sem kunna að eiga einhver verðmæti erlendis að koma nú með þau heim og hjálpa okkur við að byggja samfélagið upp. Geri þeir það ekki ættu þeir ekki að láta sjá sig mikið hérna á götunum.

Ég tel að um leið og við höfum róað ástandið niður og um leið og það er tímabært hljóti það að vera skylda okkar að leggja málin í dóm kjósenda, að sýna lýðræðinu þá virðingu að kosið verði nýtt Alþingi og mynduð ný ríkisstjórn. Það er algerlega óhugsandi að menn geti bara setið hver í sínu fleti eða sæti eins og ekkert hafi í skorist og treyst á að gleymskan leggi þeim líknandi hönd með því að draga það nógu lengi að bera ábyrgð á gerðum sínum. Það gengur ekki. Það er ekki lýðræðislegt, það er ekki þingræðislegt.

Stærsta verkefnið er að sameina alla krafta um að byggja landið upp, að fara í gegnum þetta og upp úr því og við höfum til þess alla burði. Það sem er mikilvægast er að mínu mati að forðast tvennt, forðast atvinnuleysi og forðast landflótta. Við megum ekki missa mannauðinn úr landi sem

nú er að tapa störfum í fjármálageiranum og annars staðar í atvinnulífinu. Lærum af reynslu frænda okkar og vina, Færeyinga, sem hugsa nú hlýtt til okkar og senda okkur kveðjur. Þeirra versti óvinur upp úr kreppunni 1990 var landflóttinn, þeir misstu frá sér fjögur til fimm þúsund manns, að uppistöðu til ungt fólk, 10% Færeyinga flúðu land eða um það bil. Það væru 30–35 þús. Íslendingar og við þurfum ekki að hugsa það nema augnablik, við sjáum að þetta hlýtur að vera eitt mikilvægasta forgangsverkefnið. Við þurfum að virkja þennan mannauð og nýta hann í nýsköpun og þróun og þó að þröngt sé um fé eigum við nú að fjárfesta þannig í framtíðinni að þeim mannauði sem nú er að losna út úr öðrum störfum bjóðist tækifæri, stuðningur við að stofna ný fyrirtæki í sprotagreinum og öðru slíku. Það er óhemjumikilvægt að við drögum þetta ekki vegna þess að tíminn er naumur og fólk liggur nú á netinu í stórum stíl og skoðar atvinnutilboð út um allan heim, eðlilega og skiljanlega. Reynum að sjá til þess að sem flest störf verði í boði hér heima.

Það sem við þurfum umfram allt að gera er að endurreisa trúnaðartraust í þessu samfélagi milli stjórnmálalífs og þjóðarinnar, milli fjármálalífs og þjóðarinnar, atvinnulífs og þjóðarinnar og allra. Það gerum við ekki nema gera þessa hluti upp, axla ábyrgð, leyfa þjóðinni að velja sér nýja fulltrúa og mynda sér nýja ríkisstjórn.

Við skulum trúa á okkur sjálf og getu okkar sem sjálfstæðrar þjóðar í þessu dásamlega landi sem vel að merkja er okkur dýrmætara nú en nokkurn tíma fyrr. Þess vegna út í hafsauga með allar hugmyndir um að hjóla fram hjá lögum og rétti um íslenska náttúru. Ég segi eins og ung manneskja sagði á föstudaginn var: Ekki ræna okkur landinu okkar líka, er ekki búið að taka nóg frá okkur að undanförnu?

Pössum upp á Ísland og munið svo að lokum, góðir áheyrendur, að allt vald sprettur frá þjóðinni í lýðræðisríki.

[14:06]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Fordæmislaus fjármálaáföll sem hafa dunið yfir okkur Íslendinga á síðustu dögum koma við hvern einasta einstakling í landinu. Gríðarleg áhrif af því hruni sem varð í íslensku bankakerfi koma við okkur öll, valda okkur öllum búsifjum og tjóni, mismiklu, hvert á sinn hátt. Lánadrifinni ofsaþenslu síðustu ára lauk á nokkrum augnablikum með gríðarlegum afleiðingum og meginverkefni okkar á síðustu dögum og vikum hefur verið að ná utan um ástand sem gat orðið verra og alvarlegra en varð. Við vitum öll hvað hefði t.d. gerst ef greiðslukerfi bankanna hefði frosið, ef starfsemi bankanna innan lands hefði ekki haldið áfram eins og ekkert hefði í skorist gagnvart fólkinu í landinu. Þetta tókst að gera með samstilltu átaki margra og það er hægt að fullyrða að á þeim erfiðu og löngu sólarhringum sem hafa gengið yfir íslenskt þjóðfélag undanfarið unnu margir Íslendingar víða í samfélaginu afrek. Þar lögðu margir hönd á plóg og þessu fólki verður seint að fullu þakkað.

Ég tek undir með þeim sem hafa mælt á undan mér að það er mikilvægt að hafa náið samstarf við Alþingi allt, stjórnarandstöðuna líka. Daglegir fundir forustumanna stjórnarandstöðunnar og forustumanna ríkisstjórnarflokkanna eru afskaplega jákvæðir hlutir og einungis upphafið að því að Alþingi allt mun koma að uppgjöri þessa máls. Það er alveg á hreinu.

Undanfarnir dagar hafa reynst okkur öllum þungir og þá er afskaplega vægt til orða tekið. Almenningur sýndi aðdáunarvert æðruleysi og hélt ró sinni í gegnum atburðina sem varð til þess að með samstilltu átaki, þrátt fyrir þessi gífurlegu og fordæmislausu áföll sem gengu yfir efnahagslíf okkar og fjármálakerfið þá gekk lífið samt sinn vanagang, sem betur fer. Við vitum öll hvaða upplausn hefði getað skapast ef almenningur hefði ekki tekið þátt í þessu, samstilltur með okkur af því að auðvitað voru margir hræddir. Auðvitað óttuðust margir um eigin hag og afkomu sína og sinnar nánustu fjölskyldu, að sjálfsögðu. Það greip okkur öll ótti í þessu ástandi en við héldum ró okkar öll sem eitt, almenningur, stjórnvöld öll, Alþingi allt og það er aðdáunarvert og það ber að þakka núna.

Það er hægt að fullyrða að aldrei í Íslandssögunni hafi annar eins brotsjór gengið yfir íslenskt viðskiptalíf og fyrir aðeins einum mánuði óraði engan fyrir því að örlög allra íslensku viðskiptabankanna yrðu með þeim hætti sem raunin varð. Það var einfaldlega veruleiki sem fáir ef nokkur gerði sér í hugarlund að gæti hafa gerst, nánast í einu vetfangi. Auðvitað hafa allt of margir tapað, allt of miklir fjármunir glatast út úr þjóðarbúinu, allt of mörg fyrirtæki berjast í bökkum og allt of mörg heimili eiga erfiðara nú en áður við að láta enda ná saman. Okkar stóra verkefni á næstu vikum og mánuðum, Alþingi og þjóðarinnar allrar, verður auðvitað að milda áhrifin af þessu mikla falli í fjármálaheiminum, milda áhrifin á almenning, slá skjaldborg utan um hagsmuni almennings, milda áhrifin á atvinnulífið í heild sinni og freista þess með öllum tiltækum ráðum að koma fyrirtækjum sem berjast í bökkum til hjálpar eins og við getum, eins og kostur er hverju sinni, til að koma í veg fyrir að enn þá fleiri lendi í erfiðleikum, að enn þá fleiri missi vinnu sína en nú þegar hefur gerst. Það er hægt að fullyrða að gríðarlegt verkefni blasir við ríkisstjórninni og Alþingi við þessar óvenjulegu aðstæður.

Þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður hefur ríkisstjórnin staðið þétt saman og unnið markvisst og skipulega í gegnum þetta erfiða og flókna ferli. Strax í upphafi var slegin skjaldborg utan um hagsmuni almennings og hafa aðgerðir ríkisstjórnar borið öll þess merki að þar voru almannahagsmunir í fyrirrúmi að öllu leyti og til þess voru neyðarlögin sett. Auðvitað er hægt að minna á að ríkisstjórnin tryggði sérstaklega í upphafi hagsmuni innstæðueigenda til að freista þess að koma í veg fyrir að áhlaup yrði gert á allt bankakerfið. Allar þessar aðgerðir eru forsenda þess að við getum siglt eins hratt og kostur er inn í nýja og betri tíma.

Við þetta má bæta að ríkisstjórnin beindi þeim tilmælum í gær til bankastofnananna þriggja og tilmælum til annarra, að frysta afborganir skulda á myntkörfulánum, sérstaklega húsnæðislána, þar til ró og jafnvægi kemst á gjaldeyrismarkaðinn. Það er von okkar að þannig komist skuldarar erlendra lána sem eru mörg þúsund, yfir erfiðasta hjallann og fái sanngjarna lausn mála sinna þar til gengi krónunnar kemst í jafnvægi. Hæstv. félagsmálaráðherra er einnig að skoða heildstætt aðrar leiðir til að mæta vanda annarra. Við

ætlum að draga sem kostur er úr áhrifum þessara miklu og alvarlegu atburða á almenning alveg eins og við slógum skjaldborg utan um starfsemi íslensku bankanna þá sláum við skjaldborg utan um íslenskt samfélag allt.

Það er rétt að árétta að í öllu þessu ferli hefur verið reynt af fremsta megni að vanda til verka. Auðvitað er auðvelt að gagnrýna og finna misfellur þegar svo miklir hlutir eru unnir á svo miklum hraða. Við gerum einfaldlega okkar allra besta, allir sem að þessu máli koma, freistum þess að fá sem allra flesta í lið með okkur á hverjum tíma og vonandi getum við gert enn þá betur í framhaldinu.

Það er nauðsynlegt að árétta valdmörkin sem liggja á milli stofnana og aðila í þessu hraða ferli. Það voru settar skilanefndir yfir bankana um leið og fjármálaeftirlitið tók fyrir rekstur þeirra. Skilanefndirnar hafa síðan haft umsjón með þessu flókna ferli, þær kanna ofan í kjölinn hvernig eigna- og skuldastaða bankanna liggur, haga framvindu málanna þannig að almenningur beri sem allra minnstan skaða af, þær meta eignir, vernda eignir, koma eignum í verð í framhaldinu og í kjölfarið voru skipaðar bráðabirgðastjórnir yfir bankana, Landsbankann í síðustu viku og Glitni í dag. Með því er tryggt að þau flóknu umskipti sem nú fara fram gangi eins hnökralítið og snurðulaust fyrir sig og kostur er. Þess vegna er rétt að árétta að undanfarna daga hefur verið unnið gríðarlegt starf til að koma þessu öllu áfram, til að koma í veg fyrir að brestir verði á afgreiðslusviði bankanna og því fólki sem þar átti hlut að máli vil ég þakka sérstaklega.

Á næstu dögum verður gengið frá málum með bankana, í dag með Glitni og til að árétta sérstaklega þá eru bankaráðin eingöngu skipuð til bráðabirgða, til að tryggja hnökralausa yfirfærslu þarna á milli og verða í framhaldinu, vonandi eftir örfáa daga, eingöngu og algerlega skipuð á faglegum forsendum og þar verður í engu farið eftir úreltum helmingaskiptasjónarmiðum liðinnar aldar. Enda hefur það ávallt verið skýr stefna okkar að berjast gegn hvers kyns leynimakki og vinveittum stöðuveitingum á vegum hins opinbera og við munum hafna uppbyggingu á hvers konar fyrirgreiðsluverksmiðjum. Ég fullyrði að við munum kappkosta að finna hæfasta og besta fólkið til að taka þessi verkefni að sér.

Það vita allir sem hafa fylgst með umræðunum upp á síðkastið að nú eru uppi viðræður af hálfu lífeyrissjóðanna við skilanefnd Kaupþings, um að taka yfir eða kaupa hlut af þeim rekstri. Seinni partinn í gær eða í dag kom tilboð frá lífeyrissjóðunum þangað inn og viðræður standa yfir milli aðila um það mál. Við vitum ekki núna hvernig það fer en það vita allir að það væri miklu af okkur öllum létt ef einn banki væri í rekstri annarra en ríkisins. Við sjáum hvernig þessu vindur fram og hvernig tilboðið lítur út.

Undanfarna daga höfum við séð betur en nokkru sinni fyrr hvernig fjármálalegur stöðugleiki getur farið úrskeiðis á skömmum tíma og það er brýnt að ríkisvaldið tryggi það til framtíðar að fjármálalegum stöðugleika á Íslandi verði aldrei aftur teflt í tvísýnu. Það er einn af meginlærdómunum sem við þurfum að draga af þessu og þar hljótum við að sjálfsögðu að líta til eignarhalds á íslenskum bönkum í framtíðinni.

Að sama skapi hefur þessi mikli umbrotatími kennt okkur, auðvitað með gríðarlega kostnaðarsömum og alvarlegum hætti, að félagsleg samstaða og lýðræðislegir stjórnarhættir eiga að vera meginstoðir alls staðar í samfélaginu. Þannig má segja að núna fari í hönd nýir tímar með nýju gildismati. Tími ofurlaunanna er liðinn og við taka nýir tímar með félagslegum, sanngjörnum og siðferðilegum undirstöðum.

Það er mjög mikilvægt, eins og hæstv. forsætisráðherra nefndi áðan, að fram undan sé og fari fram hispurslaust uppgjör við fortíðina og aðdragandann að þessu máli öllu saman. Að því uppgjöri er mjög mikilvægt, að mínu mati, að Alþingi og allir flokkar komi. Það hispurslausa og heiðarlega uppgjör er grundvöllur endurreisnar að nýju, að betra og sanngjarnara Íslandi. Það er mikilvægt fyrir þjóðfélagið og almenning í landinu og öll íslensk fyrirtæki að nota tækifærið og draga lærdóm af reynslunni, skoða hvernig málum var háttað og af þessum sökum er það algert lykilatriði að uppgjörið fari fram. Þar verða öll spil lögð á borðið, engum hlíft og engum skotið undan. Þar verður litið til allra átta. Við drögum ekki fram neina sökudólga fyrir fram. Við förum einfaldlega heiðarlega í gegnum málið allt. Slík rannsókn er forsenda þess að við Íslendingar og þjóðfélag okkar geti lært af reynslunni og jafnframt notað þessa bitru reynslu til að efla jöfnuð hjá okkur, félagslegar framfarir og fjármálalegan stöðugleika. Það er einnig brýnt að almenningur í landinu geti treyst því að fram komi með skýrum hætti hvernig framvinda og aðdragandi allra þessara mála var. Þannig og aðeins þannig verður hægt að endurvinna það traust sem nauðsynlegt er og hefur beðið hnekki á meðal almennings og ýmissa máttarstoða í þjóðfélaginu. Í framhaldi af því munum við svo að sjálfsögðu endurskoða allt okkar regluverk, fjármálaumhverfið og þannig standa vörð um okkar öfluga velferðarkerfi.

Það er trú mín, virðulegi forseti, að þrátt fyrir allt, þrátt fyrir þá erfiðleika sem ganga núna yfir íslenskt þjóðfélag og íslenskt viðskiptalíf, yfir allt samfélagið, þá muni Íslendingar rísa með undraverðum hraða upp að nýju og ná sínum fyrri styrk. Við munum ná okkar fyrri styrk og við munum gera miklu betur, miklu fyrr en margir halda nú þegar þessi áföll ganga yfir okkur. Okkur mun ganga vel að vinna okkur út úr þessu. En til þess að það verði mögulegt þá er höfuðatriði að við leggjum öll spil á borðið og förum heildstætt yfir málið allt. Atburðir síðustu daga hafa sýnt okkur hvernig við verðum að gera betur á svo mörgum sviðum og þar verðum við að líta til allra átta. Við munum rísa upp sterkari en nokkru sinni fyrr. Það var mikið verk að ná utan um afleiðingar af falli bankanna. Við þurfum að greiða úr þeirri stöðu. Það er langt frá því að því verki sé lokið. Þar er mikið verkefni fram undan fyrir Alþingi. Við munum slá skjaldborg utan um hagsmuni Íslendinga allra. Svartasti kaflinn er vonandi og örugglega að baki. Nú tekur við tími endurreisnar, uppbyggingar, auðvitað uppgjörs líka eins og við höfum talað um í dag. Það liggur endurreisninni algerlega til grundvallar, en við munum byggja upp nýtt, betra og réttlátara samfélag eftir þessi áföll öll.

[14:20]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Allt hefur farið á versta veg, bæði hér og

um víða veröld. Segja má að heimsstyrjöld geisi um viðskipti og fjármagn, þannig að þetta eru erfiðir tímar sem við lifum á. Auðvitað sá enginn þessa þróun fyrir, það sá enginn að þessir atburðir gætu átt sér stað. Hitt er ljóst að margir fluttu varnaðarorð um heimskreppuna í fjármálum þegar hún var að hefjast í Bandaríkjunum fyrir rúmu ári og hafa viðhaldið þeim varnaðarorðum. Á þau hefur því miður ekki verið nóg hlustað hér og aðgerðaleysi og lítill undirbúningur segir sína sögu.

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi segja: Ábyrgðina, uppgjörið og sannleikann um ástæður alls þessa verður að greina. Þar verða að koma að virtir endurskoðendur, virtir lögmenn, allir flokkar á Alþingi og þess vegna erlendir aðilar til að vinna að slíku með okkur.

Við framsóknarmenn stóðum að setningu neyðarlaganna hér á Alþingi. Við sáum í hendi okkar, eins og ástandið var, að hér var þjóðarvoði og að skjótt yrði að bregðast við. Við treystum okkur ekki til annars en að greiða neyðarlögunum atkvæði okkar. Við töldum þau björgunarbát til þess að fara í það stóra verkefni að bjarga hagsmunum almennings, fjármagni fólks og fyrirtækja, aðskilja íslenska og erlenda hagsmuni til þess að Ísland gæti risið á ný til sóknar ekki hlaðið skuldum og þeim miklu erfiðleikum sem við blöstu. Ég vona sannarlega að sú vegferð gangi.

Ég verð að gagnrýna ríkisstjórnina og forsætisráðherrann sérstaklega fyrir það að hafa ekki þegar snúist af fullri hörku og ákært þegar breska forsætisráðherrann og bresku ríkisstjórnina fyrir fólskulega og hatramma árás á íslensku bankana í Bretlandi, á íslenska þjóð. Þeir beittu hryðjuverkalögum þegar þeir réðust inn í Landsbankann þar vegna Icesave-innlánsreikninganna. Þeir réðust jafnframt inn í Kaupþingsbankann þar með sama hætti sem var breskur banki á EES-svæðinu í góðri stöðu og fullum rétti. Hryðjuverkalög — fáheyrð aðferð gegn lítilli vinaþjóð. Vont er þeirra ranglæti en verra er þeirra réttlæti. Hinn siðmenntaði heimur hlýtur að fordæma slík vinnubrögð.

Aðferð Landsbankans, að opna og reka innlánsstarfsemi í Bretlandi og Hollandi, er ámælisverð, með ríkisábyrgð Íslendinga á bak við sig. Íslenskir, hollenskir og breskir eftirlitsaðilar þurfa að svara því af hverju ekki var gripið í taumana í ljósi áhættunnar sem okkur var sköpuð. Ég varð hins vegar aldrei var við að íslenskir ráðamenn segðu að þeir ætluðu að hundsa og hafa að engu þessa ábyrgð. Ég trúi því ekki að fjármálaráðherra hafi sagt breskum kollega sínum að það væri ætlunarverk okkar.

Hitt þarf svo að vera á hreinu að í þessu efni sem öðru förum við ekki fram úr skyldum íslenska ríkisins. Hinu hlýtur breski forsætisráðherrann, Gordon Brown, að hafa gert sér grein fyrir, að hryðjuverkalög og vopnuð lögregla mundi einnig ríða Kaupþingsbankanum breska og móðurfélaginu íslenska að fullu. Það var framið vopnað rán. Banka var rænt og móðurfélagið féll samstundis hér heima. Íslenska þjóðin var samstundis rúin mannorði sínu og heiðarleika í samfélagi þjóðanna. Lítil drengskaparþjóð sem er þekkt fyrir það eitt að leggja gott til málanna. Þvílík meðferð. Dýr mundi Hafliði allur, var sagt forðum. Þessi fólska gerði það að verkum að íslenska ríkisstjórnin fékk alla bankana þrjá í fangið með þeim ofvöxnu fjárfestingum sem þeim tilheyrðu. Risavaxið verkefni. Allt benti til þess að Kaupþingsbankinn mundi standa af sér bankakreppuna, það sögðu Svíar, það sagði Seðlabankinn hér.

Við framsóknarmenn teljum að Bretana eigi að kæra strax, kæra þá sem samstarfsþjóð á hinu Evrópska efnahagssvæði, kæra þá fyrir ólögmæta og einstaka aðför að lítilli vinaþjóð og fyrir að úthrópa Ísland gjaldþrota. Það gerði forsætisráðherra þeirra. Slík yfirlýsing hafði lamandi áhrif á framsækin íslensk fyrirtæki. Út á þessa yfirlýsingu Browns er verið að stöðva viðskipti Íslendinga um víða veröld fram á þennan dag. — Við Íslendingar töldum okkur starfa samkvæmt löggjöf á forsendum samninga og siðareglna á hinu Evrópska efnahagssvæði. — Við eigum að kæra bresku ríkisstjórnina til Brussel, kæra breska heimsveldið til hæstu skaðabóta. Breskar lögmannsstofur hafa komist að þeirri niðurstöðu að það sé réttur Íslands. Ég hef sannfrétt að til Íslands séu þegar komnir breskir lögmenn vegna Kaupþingsmálsins. Fróðlegt væri fyrir þingnefndir Alþingis, á sviði laga og réttar og viðskipta, að fara yfir stöðu þessa máls með bresku lögmönnunum sem hingað eru komnir. Ég tel enn fremur að við eigum að kæra breska forsætisráðherrann og ríkisstjórn hans sem brotlega þjóð til alþjóðasamfélagsins og öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, framferði þeirra er mannréttindabrot af verstu gráðu.

Breska þjóðin fordæmir örugglega ráðamenn sína. Breska þjóðin veit að hér á hún vini í varpa sem í heimsstyrjöldinni opnuðu land sitt. Landhelgisstríðin voru að vísu hörð en þeim lauk með því að þjóðarleiðtogar beggja landanna hjuggu á þann gordíonshnút. Við urðum að vísu að grípa til örþrifaráða. Geir Hallgrímsson og Ólafur Jóhannesson beittu þeirri nauðvörn að slíta stjórnmálasambandi við Bretland. Þarf þess nú, hæstv. forseti? Við Íslendingar vinnum ekki heiminn á okkar band nema bæði með mýkt og hörku. Mannorðið er farið. Við verðum að verjast. Við verðum að sækja okkar rétt og sýna bresku ríkisstjórninni að drenglynd og heiðarleg þjóð ver mannorð sitt með kjafti og klóm. Við framsóknarmenn óttumst að ómarkviss og taugaveikluð vinnubrögð af hálfu íslenskra stjórnvalda kunni að valda því að íslenska ríkið verði að taka á sig óbærilegar byrðar horft til framtíðar.

Hæstv. forseti. Ég trúi því að á rústum þessarar fjármálakreppu rísi hið nýja Ísland, framsækið, varkárt og heiðarlegt. Fláræðið og frjálshyggjan hafa fengið löðrung. Græðgin verður að víkja fyrir þeim lögmálum viskunnar sem gamla fólkið kenndi okkur í frumbernsku. Eitt þeirra var: Allt kann sá sem hófið kann — að best væri að þræða hinn gullna meðalveg milli öfganna.

Er hætta á því að í hinu fallna bankakerfi séu að störfum menn sem nú standi uppi við pappírstætarana og eyði upplýsingum? Ég spyr. Þjóðin sem nú tekur á sig ómældar fórnir af völdum fárra manna gerir kröfur um að öll kurl komi til grafar. Það þarf eftirlit Alþingis á bak við skilanefndirnar. Það þarf þess vegna erlenda löggilta endurskoðendur til að skapa traust. Jafnræði þarf að gilda milli vinnubragða skilanefndanna. Einstaklingar og fyrirtæki þurfa að njóta jafnræðis. Mikilvægt er að tryggja að eignir bankanna, sem nú eru eignir ríkisins, fari ekki fyrir lítið. Þessum eignum verða skilanefndir bankanna að gera sem mest verðmæti úr til þess að þjóðarskuldir verði sem allra minnstar. Annars rís Ísland ekki til nýs hagvaxtar. Þá flytur

ungt fólk frá okkur. Þá hverfur líka margt duglegt fólk á braut. Það er flókin leið að endurreisa Kaupþing með lífeyrissjóðunum. Þar ber að vanda sig, ekki síst að samstarfsaðilinn sé hreinn ef til þess kemur. Ég tel mikilvægt að hið fjölþætta og almenna starfsfólk Kaupþings verði með í ráðum. Þessi skoðun má ekki tefja endurreisn Kaupþings í marga daga því að það þarf að rísa til viðskipta.

Það vaka ýmsir hrægammar, íslenskir sem erlendir, yfir því að ná eignunum af íslenskri þjóð. Það var óheppilegt að viðskiptaráðherra skyldi fram hjá skilanefndunum eiga fund með íslenskum auðmanni og breskum auðmanni sem var hingað kominn í þeim tilgangi að klófesta á engu verði eignir sem eiga að ganga upp í skaðann. Slíkir fundir ráðherra skaða íslenskan trúverðugleika og skapa áhættu.

Það var enn fremur stór frétt, sem þarf að skýra við þessa umræðu, í sjónvarpinu í gærkvöldi. Sagt var að Landsbankinn hefði beðið breska hagfræðinga að vinna skýrslu þar sem í ljós hefði komið að íslenska bankakerfið stæðist ekki til lengdar. Þessari skýrslu á að hafa verið stungið ofan í skúffu af ráðherra eða ráðherrum. Ég spyr: Sáu og lásu forustumenn ríkisstjórnarinnar þessa skýrslu?

Ég óttast að ríkisstjórnin sé ósamstiga. Þar tala bæði ráðherrar og þingmenn því miður út og suður. Hvers vegna kýs formaður Samfylkingarinnar að hræra í blóði Sjálfstæðisflokksins við þessar aðstæður? Evran og Evrópusambandið eru ekki verkefni dagsins. Þær umræður voru lýðræðislegar fyrir einum mánuði, nú þjóna þær ekki tilgangi. Við erum stödd í verstu krísu lýðveldistímans. Leiðin að myntsamstarfi Evrópu verður ekki á dagskrá í bráð. Við skulum nú sitja einir að auðlindum Íslands, Íslendingar, bæði til lands og sjávar. Þar munum við endurreisa efnahag okkar. Að fórna þremur seðlabankastjórum er fányt umræða. Ég tel meira að segja að ríkisstjórnin, sem ég hef litla trú á, verði að sitja og eigi að róa á bæði borð. Það er hægt að kjósa og gera pólitíkina upp síðar.

Annar flokkurinn sér bara Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem lausn. Liggja skilyrði hans fyrir ef eftir láni yrði leitað? Hver eru skilyrðin? Fyrr er ekki hægt að ræða eða fortaka fyrir hjálp hans. Ég þekki það hins vegar að úrræði sjóðsins eru harðsoðin. Stýrivaxtalækkun er, að mér er sagt, talin vont úrræði á þeim bæ. Þeir vilja jafnvel hækka þá. Íbúðalánasjóður fólksins sem við framsóknarmenn höfum byggt upp og varið verður að lifa. Stýrivaxtalækkunin er mikilvægasta og brýnasta efnahagsaðgerðin á síðustu mánuðum. Útlánsvextir í 25% eru drápsklyfjar fólks og fyrirtækja. Ég fagna sérstaklega stýrivaxtalækkun Seðlabankans í morgun. Betur má ef duga skal.

Við framsóknarmenn höfum margbent á að sú hagfræði sem allar ríkisstjórnir og seðlabankar beita sér fyrir síðustu mánuði er að keyra niður stýrivexti til bjargar fólki og fyrirtækjum, það er leiðin. Við þurfum enn fremur við þessar aðstæður að sækja auð í auðlindir okkar. Þorskveiðikvóta verður að auka strax. Nú þakka allir fyrir að eiga bændur og landbúnað, að matvælaöryggið sé tryggt. Hálft ár er frá því að ráðherrar í ríkisstjórninni vildu fórna svína-, eggja- og kjúklingaframleiðslunni. Ég skora á landbúnaðarráðherra að flýta sér ekki að lögfesta matvælalöggjöf Evrópu við þessar aðstæður.

Ísland á í gegnum ferðaþjónustu að geta risið til að skapa hér miklar tekjur. Það hefur gengið vel á síðustu árum. Við verðum enn fremur að losa bæði Helguvík og Húsavík úr fari hindrana. Báðar þessar framkvæmdir eru í undirbúningi og verða nú að fá framgang. Samfylkingin getur ekki dauðrotað þessi verkefni.

Hvað með íslenska ákvæðið í Kyoto? Verður því haldið til haga áfram? Hvar stæði þessi þjóð ef ekki hefði á síðustu árum ríkt framleiðslu- og útflutningsstefna á Íslandi á öllum sviðum? Gengi krónunnar þarf að styrkja og það verður að vera í þágu útflutnings og framleiðslunnar til að gjaldeyrir komi inn í landið.

Hæstv. forseti. Ég trúi því að Ísland muni rísa þegar moldviðrinu linnir. Við erum dugleg þjóð og fljót á lappirnar á ný. Við erum oft snarpari þegar gefur á bátinn. Mannauðurinn er dýrmætasta auðlindin. Við bítum á jaxlinn og bölvum í hljóði. Nú beitum við oddinum fast. Ísland skal rísa og líta margan hamingjudag. Ég vona þrátt fyrir allt að sterkir íslenskir og norskir kögglar í hæstv. forsætisráðherra færi honum þrek. Færi honum þrek til að skapa samstöðu í ríkisstjórn sinni og skapa samstöðu með íslenskri þjóð til þess að komast yfir heiðina í þessu illviðri. Það þarf eina þjóðarsál og samstöðu. Það er það eina sem við þurfum nú á að halda, Íslendingar.

[14:35]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra gaf okkur áðan munnlega skýrslu um stöðu bankakerfisins og þann vanda sem orðinn er í kjölfar gjaldþrots Landsbanka Íslands, Glitnis og Kaupþings eins og við þekkjum. En hvernig sem á skýrslu hæstv. forsætisráðherra er litið og málin metin er ekki hægt að komast hjá þeirri hugsun og niðurstöðu að ríkisstjórnin og stjórnkerfið brugðust. Okkur hefur verið sagt að hingað hafi borist skýrslur um hvað í vændum var en þeim var stungið undir stól vegna þess að þær þóttu innihalda skaðlegar upplýsingar um fjármálakerfi íslensku bankanna. Ljóst er að bæði Seðlabanki og Fjármálaeftirlitið máttu sýna meiri leiðsögn við þessar aðstæður. Það var vísbending um lítið traust fjármálayfirvalda í Bretlandi á íslenskum fjármálafyrirtækjum að illa gekk að koma Icesave-reikningsstarfseminni í Landsbanka Íslands yfir í breskt fyrirtæki. Það bendir allt til þess að ráðherrarnir hafi sofið á vaktinni og þess vegna kom þetta okkur í svo opna skjöldu sem raun varð á. Fjöldamörgum spurningum er ósvarað og þrátt fyrir að mikið hafi verið unnið að þessum málum víða í kerfinu höfum við ekki fengið nein svör. Ég spyr, hæstv. forseti: Hvenær koma þau? Það má m.a. spyrja um eftirfarandi?

Var starfsemi bankanna eðlileg og lögleg síðustu vikur og mánuði? Hvenær fer rannsókn af stað um störf og stöðu þeirra sem stjórnuðu og áttu mest í bönkum? Seldir voru hlutir í Landsbanka Íslands skömmu fyrir gjaldþrotið. Af hverjum voru hlutirnir keyptir? Mun misferlið leiða til frekari bótaskyldu íslenska ríkisins sem ábyrgðaraðila? Vita svokallaðar skilanefndir í dag, þó að það hafi ekki verið upplýst, hvort íslenska ríkið hafi gengist í ábyrgð fyrir bankana víðar, hvort meira kemur í ljós og þá hvar, varðandi hvaða störf og starfslönd bankanna?

Í fyrradag bárust okkur fréttir um 46 milljarða ábyrgðir í

Þýskalandi. Spyrja má um önnur lönd. Hvað með Lúxemborg? Hvað með Belgíu? Er von á meira og þá hvaðan? Það er von að spurt sé hvort við höfum heildaryfirlit í dag yfir skuldir og ábyrgðir Íslendinga og eignir bankanna á móti eins og þær eru metnar. Það er vissulega rétt sem hæstv. forsætisráðherra sagði í skýrslu sinni að það liggur mikið við að vernda eignir íslensku bankanna, reyna að viðhalda eignastöðunni og fá sem mest fyrir eignirnar til að minnka þær skuldbindingar sem ella munu lenda á íslenska ríkinu.

Þar sem minnst var á lán frá Rússum sem hafa boðið okkur fyrirgreiðslu af velvild, að því ég vil meina, hefði verið fróðlegt að fá svör við því hvort þau mál verða kláruð í dag, hvort sendinefndin í Rússlandi hefur það umboð að klára að ganga frá málum við Rússa með lánasamningi ef mál skipast með þeim hætti eða munu þau verk dragast á langinn? Þarf sendinefndin að koma heim til að fá nýtt og endurnýjað umboð til framhaldsins? Mér finnst skorta á að við fáum skýr svör þó að hæstv. ráðherrar komi og tali um vandamálin og skilgreini þau. Ég tel að taka eigi það lán sem Rússar bjóða, sérstaklega í núverandi stöðu. Það væri best að það lán væri áfangalán sem við gætum tekið eftir brýnum þörfum þjóðarinnar í áföngum eins og við sjálf teljum henta við núverandi aðstæður. Það væru líka skilaboð til þeirra þjóða sem veist hafa að okkur með óvild eins og ég tel að gert hafi verið undir forustu Gordons Browns. Þar hefur verið vegið að íslenskum hagsmunum með ódrengilegum hætti og allt að því unnin skemmdarverk gagnvart okkur Íslendingum.

Eitt er víst, hæstv. forseti, að við þurfum núna lánsfé án þeirra skilyrða sem við getum átt von á frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Við þurfum að geta metið okkar eigin stöðu án þess að okkur séu sett of stíf skilyrði í núverandi stöðu. Við verðum að tryggja viðskipti okkar og gjaldeyrisforða sem allra fyrst og kortleggja stöðu okkar vegna þeirra áfalla sem glæfrafjárfestingar fárra manna hafa sett þjóðina í. Hvað gert verður við bankana í framtíðinni er síðari tíma mál. Við þurfum núna örugg og trygg bankaviðskipti. Áratugaviðskiptasambönd manna og fyrirtækja erlendis geta verið í hættu ef greiðslur í gjaldeyri eru fastar í kerfinu. Hvernig lítur ríkisstjórnin á að lífeyrissjóðirnir kaupi meiri hluta í Kaupþingi eins og látið hefur verið í ljós af þeirra hálfu? Hvernig á með þau mál að fara? Ætlar ríkisstjórn áfram að eiga í Kaupþingi ef af verður eða ætlar ríkisstjórnin að losa sig við það ef einhverjir fjárfestar vilja kaupa alla hluti. Ég vil lýsa skoðun minni á því máli: Ég tel að þó að lífeyrissjóðirnir kaupi 51% hlut í bönkunum eigi ríkissjóður samt sem áður ekki að selja allan sinn hlut, hann eigi að halda þar 30% að lágmarki. Það er skoðun mín í núverandi ástandi. Okkur liggur ekki á að selja bankana aftur í einkarekstur eftir þá meðferð sem íslenska þjóðin hefur fengið undir einkarekstri þeirra.

Hæstv. forseti. Á morgun er ætlunin að ræða fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2008. Eins og ástandið er nú er að sjálfsögðu allt í uppnámi og sama má segja um fjárlög næsta árs. Vafalaust verðum við að skera niður á næsta ári þó að það verði ekki auðvelt, enda verðum við að standa að verklegum framkvæmdum og ríkissjóður þarf að vera virkur þátttakandi í því að halda uppi atvinnu á samdráttar- og jafnvel krepputímum. Við þurfum með öllum ráðum að koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot fólks og fyrirtækja svo að atvinnulífið haldi sem best áfram.

Ég spyr, hæstv. forseti, hvort ríkisstjórnin hafi rætt við aðila sem starfa á byggingamarkaði um horfur til þess að verkum verði haldið áfram? Það skiptir miklu fyrir atvinnustigið hvort verktakar í byggingarstarfsemi ná að halda áfram starfsemi sinni þó að vissulega sé ljóst að mínu viti að þar muni ekki allir halda velli. Hvers er að vænta varðandi aukningu kvóta í þorski og síld og hugsanlega öðrum fisktegundum nú þegar? Með því að auka kvótann mundum við stuðla að auknum tekjum. Ég heyrði orð hæstv. forsætisráðherra þar sem hann talaði um að það væri nokkuð sem við ættum í handraðanum fyrir framtíðina. Ég spyr hvort við þurfum ekki að bregðast við í núinu, afla okkur tekna, auka bjartsýni í íslensku þjóðfélagi og stuðla að auknu atvinnuöryggi. Framleiðsla, tekjur og störf eru skilyrði þess að við komumst sem best frá þeim þrengingum sem vissulega verða á vegi okkar Íslendinga næstu árin. Það mun reyna á velferðarkerfi okkar og afkoma aldraða, öryrkja, atvinnulausra og láglaunafólks verður erfið. En einkum þess vegna þurfum við að standa vörð um velferðarkerfi okkar og styrkja afkomu fólks eftir megni. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á því að við þingmenn Frjálslynda flokksins höfum lagt það til með þingmáli í Alþingi að tekjur fólks úr almennum lífeyrissjóðum verði með frítekjumark gagnvart tekjutryggingu úr almannatryggingum líkt og atvinnutekjur og síðan séreignarsparnaður um næstkomandi áramót. Ég tel að sú tillaga sé þáttur í því að hjálpa fólki að bregðast við þeim aðstæðum sem nú eru uppi, minnkandi tekjum og minni tekjumöguleikum.

Það var merkilegt að heyra fréttaviðtal Stöðvar 2 við Ágúst Einarsson, rektor við Viðskiptaháskólann í Bifröst, í gærkvöldi. Ágúst er, eins og kunnugt er, fyrrverandi alþingismaður jafnaðarmanna á Íslandi og nú síðast fyrir Samfylkinguna sem nú er í ríkisstjórn. Ágúst var ómyrkur í máli og sagði að stjórnvöld hefðu staðið sig afburðailla. Allt hafi verið gert vitlaust í þeirri kreppu sem steðjað hefur að og skollin er á af fullum þunga. Búið sé að leggja bankakerfið í rúst á tveimur og hálfri viku og búa þannig um hnútana að hér verður stórfellt atvinnuleysi og kjaraskerðing sem mun vara um mörg ár, jafnvel áratugi. Ágúst sagði einnig að þótt margt hefði verið óumflýjanlegt vegna ytri aðstæðna hefðu verið gerð mistök í þessu ferli. Hann talaði um dæmalaust viðtal bankastjóra Seðlabankans í sjónvarpi og viðtal íslenska fjármálaráðherrans við þann breska. Það hafi valdið því að mannorð okkar í viðskiptum erlendis sé nú „farið fjandans til“, svo að vitnað sé beint í orð rektors, með leyfi forseta, og óvíst hvenær við vinnum það aftur. Viðskiptaprófessorinn sagði að fyrir löngu hefði átt að vera búið að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að koma á eðlilegum gjaldeyrisviðskiptum. Töf á því valdi nú stórkostlegu tjóni.

Virðulegi forseti. Þar talaði einn af okkar virtustu fræðimönnum innan efnahagsmála og hagfræði. Hann er ekki samflokksmaður þess sem hér stendur heldur tengdur innsta hring Samfylkingarinnar, varfærinn og athugull maður, einn af okkar helstu trúnaðarmönnum í forustu Samfylkingarinnar. Varaformaður Samfylkingarinnar sagði í þinginu í gær að mikið hafi farið úrskeiðis í fjármálakreppu þjóðarinnar. En þegar hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmað-

ur Samfylkingarinnar, var spurður um ábyrgð benti hann á Fjármálaeftirlitið og Landsbankann sem ekki fóru að kröfum Fjármálaeftirlitsins. Ég spyr, hæstv. forseti: Hvar var ríkisstjórnin og hið virka aðhald Samfylkingarinnar í þessum málum? Viðskiptaráðherra ber ábyrgð á þessum málum, eins og segir í lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta í 8. gr. laganna. Það geta þingmenn kynnt sér og lesið. Þar ber viðskiptaráðherra beina ábyrgð á því að sjá til þess að óeðlileg starfsemi haldi ekki áfram. Ég spyr hvort sú aðvörun sem viðskiptaráðherra á að senda bönkunum hafi verið send samkvæmt þeirri lagagrein. Voru ráðherrarnir á vakt, í þessu tilfelli hæstv. viðskiptaráðherra? Er það svo að stór hluti þingmanna Samfylkingarinnar reyni nú að færa ábyrgð sína sem aðilar að ríkisstjórn, yfir á aðra? Rætt er um aðild að Evrópusambandinu eins og það bjargi einhverju í þeirri stöðu sem við erum nú í. ESB-veiki sumra þingmanna Samfylkingarinnar skaðar okkur öll við núverandi aðstæður. Hún veldur okkur erfiðleikum og býr til þá skoðun í þjóðfélaginu að ríkisstjórnin sé alls ekki samtaka í málinu, höndli ekki málin sem verið er að vinna með. Ég mælist til þess að Samfylkingin ýti nú þeirri umræðu til hliðar þannig að hún valdi ekki frekari skaða á þessum erfiðu tímum en þegar er orðið. Ég tel að annað sé ábyrgðarleysi.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að íslenska þjóðin muni vinna sig út úr þeim vanda sem við stöndum nú frammi fyrir. Það getur þurft að taka á mörgum erfiðum hlutum, skattbreytingum og mörgu öðru, en þá á sérstaklega að horfa til þeirra (Forseti hringir.) sem hafa ofurtekjur í þjóðfélaginu.

[14:51]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Virðulegi forseti. Eftir að alþjóðlega lánsfjárkreppan kom íslenskum bönkum og fjármálalífi í þrot í síðustu viku er óhætt að segja að íslenska þjóðin standi á krossgötum. Það fárviðri sem nú geisar á fjármálamörkuðum um allan heim hefur komið sérstaklega illa niður hér á landi og við höfum misst mikið. Enda voru bankarnir okkar meðal stærstu fyrirtækja landsins með starfsemi úti um allan heim sem hefur fært okkur miklar tekjur og mikil verðmæti undanfarin ár. Hugur minn og okkar allra í ríkisstjórninni er með þeim sem eiga nú um sárt að binda vegna áfalla sem orðið hafa. Ég vil fullvissa fólk um að stjórnvöld eru að gera og munu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að veita aðstoð, upplýsingar og ráðgjöf.

Ég vil sérstaklega fagna því, frú forseti, sem forsætisráðherra gat um hér áðan, að rannsaka beri það sem úrskeiðis hefur farið. Það er mikilvægt að brugðið verði upp heildstæðri mynd af því sem gerðist og að allir flokkar komi að þeirri myndbirtingu. Ég vil hins vegar vara við því að farið verði af stað með fullyrðingar og sleggjudóma er byggja einvörðungu á vangaveltum og getgátum, hvort sem það er hér í þingsal eða annars staðar. Við höfum slæma reynslu af slíku.

Á fundi sem haldinn var fyrir skömmu með Fjármálaeftirlitinu í einum af bönkunum stóð upp kona og bað fyrir skilaboð til stjórnmálamanna og ráðamanna að þau sem bankastarfsmenn væru ekki brotamenn. Við skulum því tala gætilega, stjórnmálamenn í öllum flokkum, hvar sem okkur er að finna í þjóðfélaginu. Einnig skulum við óhikað fara vel yfir fortíðina og þannig styrkja okkur í nútíð og efla okkur til framtíðar.

Á sama tíma og við reynum að ná áttum og takast á við erfiða stöðu er ljóst að framtíðin bíður ekki eftir okkur. Við megum engan tíma missa í uppbyggingu og eigum að ganga keik og ákveðin til verkanna sem fram undan eru. Okkur gefst ótrúlegt tækifæri til að stokka spilin og setja okkur ný markmið. Þegar við lítum til baka eftir nokkur ár og veltum fyrir okkur því sem gerst hefur, munum við ekki síður horfa til þess hvernig við sem þjóð nýttum tækifærið til þess að snúa vörn í sókn og byggja okkur upp til framtíðar.

Fyrstu skrefin á þeirri vegferð eru að tryggja að hjól atvinnulífsins haldi áfram að snúast. Ríkisstjórnin leggur nú allt kapp á að gjaldeyrisviðskipti við útlönd komist í lag og að traust myndist milli manna þannig að gjaldeyrir flæði eðlilega um kerfið, bæði hér heima og á milli landa. Gífurlega mikilvægt er að koma því í lag sem allra fyrst og ég skora á alla að gera sitt til að svo geti orðið.

Það er fagnaðarefni að Seðlabankinn tók af skarið í dag og lækkaði vexti og byrjaði þannig að losa fyrirtæki úr spennitreyju hávaxtastefnunnar. Þetta var skynsamleg ákvörðun. Við þurfum á öllu okkar að halda og höfum ekki efni á að fyrirtæki leggi upp laupana.

Mikið áhyggjuefni er hversu erfitt hefur verið að þjónusta íslenska nemendur erlendis og koma til þeirra framfærslueyri. Allra leiða er nú leitað til að koma því í eðlilegt horf. Þetta er algjört forgangsmál því að við verðum að tryggja að ástandið hafi sem minnst áhrif á námsmenn okkar erlendis og trufli þá ekki í námi.

Hæstv. forseti. Á grundvelli neyðarlaganna sem Alþingi samþykkti í síðustu viku til að tryggja hagsmuni almennings hefur Fjármálaeftirlitið tekið yfir starfsemi Landsbanka, Glitnis og Kaupþings. Starfsemi þeirra tveggja fyrstnefndu hefur verið komið inn í félög sem hafa þegar tekið til starfa. Skjót vinnubrögð í því máli ber að þakka enda höfum við engan tíma mátt missa. Brýnt er að tryggja að innviðir bankakerfis okkar séu virkir bæði innan lands og við útlönd.

Í fjölmiðlum hefur að undanförnu komið fram að lífeyrissjóðir hafi lýst yfir áhuga á að festa kaup á ráðandi hlut í Kaupþingi. Ég fagna því ef unnt verður að koma málum svo fyrir að hér starfi alla vega einn stór banki í einkaeigu. Lífeyrissjóðir hafa hag af því að vinna til baka tapið sem þeir urðu fyrir vegna falls Kaupþings og því tel ég brýnt að þessi möguleiki verði skoðaður vandlega.

Í umróti undanfarinna daga hafa ýmsir haldið því fram að einkavæðing bankanna hafi verið mistök, að hinn opni og frjálsi markaður hafi verið mistök. Ég mótmæli þessu harðlega og hvet menn til að hafa í huga þau verðmæti, þá nýsköpun og þann kraft sem einkavæðing, til að mynda banka og annarra ríkisfyrirtækja, gaf okkur, en öllu frelsi fylgir mikil ábyrgð. Ábyrgðarhlutverkið var ekki tekið nægilega alvarlega á síðustu missirum.

Vissulega gerðum við öll mistök, við verðum öll að líta í eigin barm eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði

áðan, stjórnmálamenn, forustumenn fyrirtækja, eftirlitsstofnanir, Seðlabanki og ekki síst fjölmiðlar, allir eiga hér hlut að máli. (Gripið fram í.) Breytingar sem urðu á samfélaginu gerðu það að verkum að Ísland varð eftirsóknarverður staður. Unga fólkið okkar kom heim, vel menntaða fólkið okkar kom heim, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Við fengum kraftmikið og vel menntað fólk inn í samfélagið og hefur það gefið af sér mikil verðmæti. Við verðum að muna úr hvaða ástandi við vorum að koma þegar tekin var ákvörðun um að einkavæða bankana, sem höfðu verið í ríkiseigu með tilheyrandi pólitískum áhrifum og ítökum í starfsemi þeirra. Það væri mikil afturför ef áföll liðinnar viku yrðu til þess að við mundum hverfa varanlega aftur til þess tíma þegar bankarnir lutu alfarið pólitísku valdi og flokksskírteini en ekki færni réð því hverjir fengu lán og fyrirgreiðslu hjá bönkunum.

Ég tel afar brýnt, hæstv. forseti, að við skerum sem allra fyrst á naflastrenginn sem er byrjaður að myndast á milli ríkisvaldsins og nýju bankanna og sést m.a. á því að pólitískir fulltrúar sitja í stjórnum nýju bankanna. Tími pólitískra pótintáta má ekki renna upp að nýju í bankakerfinu. Núverandi ástand er algjör bráðabirgðaráðstöfun á meðan verið er að ganga frá lausum endum en ég tel forgangsmál að fagfólk komi að stjórnun nýju bankanna og stefnumótun þeirra alveg frá byrjun. Ljóst er að öðruvísi skapast ekki traust á starfseminni. Ég fagna sérstaklega ummælum hæstv. viðskiptaráðherra hér áðan þar sem hann dró þetta sérstaklega fram en sá ágæti maður hefur heldur betur staðið vaktina vel að undanförnu.

Með uppskiptingu bankanna kemur margt hæfileikaríkt og velmenntað starfsfólk út á vinnumarkaðinn. Ég legg mikla áherslu á að við höldum vel utan um þennan hóp og tryggjum honum næg viðfangsefni hér heima enda væri miður ef við misstum þetta öfluga fólk úr landi. Undanfarin ár höfum við sem betur fer lagt áherslu á að byggja upp og styrkja umhverfi nýsköpunar- og sprotafyrirtækja hér á landi og ég vona að þar finni sem flestir kröftum sínum farveg á næstunni. Við þörfnumst frumkvöðla og framsækinna hugmynda og þess að ríki, sveitarfélög, háskólar, fjármálastofnanir og fyrirtæki vinni saman að því að virkja sprengikraftinn sem í þessum mannauði felst. Það mun skila okkur fyrr inn í gifturíka framtíð.

Frú forseti. Nú sem fyrr skiptir máli að byggja upp í menntamálum. Við stöndum á krossgötum og verðum að hafa kjark til að forgangsraða og taka stórar ákvarðanir. Engin fjárfesting er tryggari fyrir framtíðina en að fjárfesta í menntun, rannsóknum og nýsköpun enda sýnir reynsla þjóða sem það hafa gert að slíkar ákvarðanir margborga sig og leiða til aukinnar fjölbreytni í atvinnulífinu. Þar bendi ég sérstaklega á reynslu Finna sem tóku þá ákvörðun í erfiðri stöðu á sínum tíma að veðja á menntun, ákvörðun sem hefur svo sannarlega margborgað sig fyrir finnskt samfélag. Í byrjun síðasta áratugar gengu þeir í gegnum eina dýpstu efnahagslægð vestrænna landa í marga áratugi. Bankakerfið skall harkalega niður eftir að hafa vaxið hratt, vextir voru háir og gengið óstöðugt. Kannast ekki einhver við þessa lýsingu? Vöxtur finnska hagkerfisins hefur verið stöðugur upp á við síðan hefðbundið iðnaðarsamfélag þróaðist yfir í hátækniþekkingarsamfélag. Við eigum að skoða hvað aðrar þjóðir hafa lært af áföllum, hvað hefur gengið vel og hvað illa.

Við höfum verið í mikilli menntasókn á öllum stigum. Árið 1997 voru nemendur á háskólastigi um 7.500 en nú nálgast þeir 20.000. Fyrr á þessu ári var tíu ára afmæli Háskólans í Reykjavík fagnað, fyrsta einkarekna skólans á háskólastigi, en hann hefur sýnt sig og sannað þrátt fyrir að hafa verið umdeildur þegar til hans var stofnað. Tilkoma einkaskóla og aukinnar samkeppni á háskólastigi hefur haft jákvæðar afleiðingar í för með sér fyrir alla skólana. Breyttar aðstæður í fjármálakerfi þjóðarinnar búa til tómarúm sem háskólasamfélagið á að nýta sér með því að leggja áherslu á enn frekari tengsl við atvinnulífið á næstu árum. Þetta er tími djarfra ákvarðana sem fela í sér langtímalausnir. Við höfum ekki efni á skammtímalausnum eða smáskammtalækningum.

Hæstv. forseti. Ekkert okkar gat séð fyrir þá atburði sem síðustu dagar og vikur hafa borið með sér. Margt af því sem gerðist var ósanngjarnt og óverðskuldað og þar vísa ég ekki síst til framgöngu Breta, gamallar vinaþjóðar, gegn okkur. Sú deila sem hefur skapast hefur ekki verið Bretum til mikils sóma. Aðgerðir þeirra gegn Kaupþingi í Bretlandi voru algjörlega óafsakanlegar og urðu til þess að fyrirtækið fór í þrot. Íslendingar hafa verið í hlutverki ábyrga aðilans í samskiptum við þetta gamalgróna og reynslumikla heimsveldi. Við höfum reynt eftir fremsta megni að útskýra stöðu okkar og leiða málið til lykta með diplómatískum leiðum. Hins vegar hefur komið á daginn að við áttum í höggi við ófyrirleitna spunamenn sem notfærðu sér vanda og erfiða stöðu smáþjóðar til að reyna að klóra í bakkann í pólitísku dauðastríði sínu í Bretlandi.

Við breytum hins vegar ekki því, virðulegi forseti, sem gerst hefur og eina leiðin í stöðunni er að horfa fram á við. Ísland er ríkt af auðlindum og hæfileikaríku fólki sem hefur hingað til ekki verið þekkt fyrir aðgerðaleysi eða kyrrstöðu. Efnahagsleg áföll, sama hversu alvarleg — og það er engin klisja heldur bláköld staðreynd — munu ekki svipta íslensku þjóðina þeim eiginleikum, sem hafa einkennt hana og fleytt áfram hingað til, bjartsýni, samheldni, æðruleysi og dugnaði. Með slíka eiginleika er og verður framtíðin okkar.

[15:01]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Á mér brenna eins og hverjum öðrum Íslendingi margar spurningar við þær aðstæður sem nú eru uppi. Sú fyrsta snýr að hugmyndafræði, hugmyndafræðinni sem átti sinn þátt í því að fjármálakerfið raknaði upp eins og lausprjónuð lopapeysa og liggur nú eins og lúinn garnflóki. Við gætum rætt hvaða hugmyndafræði við ætlum að hafa þegar við fitjum upp á nýtt. Sjálf er ég ekki í neinum vafa um það. Nú er tími fyrir félagshyggju og jöfnuð, tími fyrir sjálfbæran hugsunarhátt á öllum sviðum samfélagsins.

Ég átta mig hins vegar ekki á því, herra forseti, hvert ríkisstjórnin stefnir í sínum hugmyndafræðilega prjónaskap. Hæstv. forsætisráðherra talaði hér um frjálsan markað. Viðskiptaráðherra talaði um að tími ofurlauna væri liðinn og kominn tími fyrir félagsleg gildi. Þarf það ekki að liggja fyrir hvert við stefnum, virðulegi forseti? Á að endurheimta

gamla kerfið, gera það sama og áður? Á að stoppa í verstu götin með skýrari löggjöf og regluverki? Eða á jafnvel að gera róttækari breytingar á kerfinu og auka félagslegar áherslur í samfélagi okkar? Við verðum að hafa þessa spurningu í huga í öllu því sem gengur á.

Ég hef fleiri spurningar. Í gær var greint frá skýrslu tveggja hagfræðinga frá London School of Economics sem unnin var að beiðni Landsbankans. Í fréttum kom fram að hrunið hefði verið fyrirsjáanlegt. Ekki væri vafi á því hver bæri ábyrgð á því, Fjármálaeftirlitið, Seðlabankinn og fjármálayfirvöld. Þessari skýrslu, þar sem fram kom að bankakerfið mundi springa framan í okkur af því það væri orðið talsvert stærra en hagkerfi okkar, var stungið undir stól að beiðni fulltrúa ríkisstjórnarinnar, það kom fram í fréttunum. Hverjir eru þeir fulltrúar? Þarf ekki að svara því? Af hverju var ekki brugðist við? Mér er spurn.

Önnur spurning sem á mér brennur varðar gjaldeyrisvaraforðann blessaðan sem við vinstri græn lögðum til í mars sl. að yrði aukinn en fengum þá lítil viðbrögð. Síðan hefur þörfin bara vaxið og möguleikar á góðum lánskjörum minnkað. Allir eru sammála um að íslenska þjóðin þarf á lánsfé að halda en upplýsingarnar hafa verið misvísandi. Tilkynnt var um rússneskt lán og svo sagt að það væri reyndar ekki í höfn en það er verið að vinna í því, gott og vel. Rætt hefur verið um lánsfé frá Norðurlöndum. Er búið að leita til Norðurlanda umfram þær lánalínur sem komið var á í sumar? Hvernig stendur á því að fulltrúar norrænna ríkisstjórna segja að ekkert hafi verið talað við þá? Hefur verið leitað til annarra vinaþjóða okkar í Evrópu? Eða stefnum við beint á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn? Eru fjárhæðirnar sem við þurfum svo háar að við þurfum að fé frá öllum þessum aðilum? Fær Alþingi eitthvað að vita um þetta eða er þetta allt saman leyndó?

Þegar kemur að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum mundi ég líka vilja vita hvað íslensk stjórnvöld ætla að biðja um. Er um að ræða lán? Ráðgjöf? Eða ferli sem mörg þróunarríki hafa lent í með misjöfnum árangri, mikilli markaðsvæðingu en ekki endilega framförum?

Spurningarnar hrannast upp. Í morgun er grein í *Morgunblaðinu* eftir Stefán Má Stefánsson og Lárus Blöndal þar sem því er haldið fram að ríkinu beri ekki lagaleg skylda til að tryggja innstæður umfram það fé sem liggur í innstæðu í tryggingasjóði. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún muni tryggja allar innlendar innstæður og það er gott, en þarf að skýra lagaheimildir fyrir þeirri yfirlýsingu?

Ef þetta liggur fyrir þá velti ég líka vöngum yfir misvísandi skilaboðum um það hvort eitthvað verði komið til móts við þá sem lögðu allan sinn sparnað í þessa blessuðu sjóði. Þeir sem lögðu fyrir í hverjum mánuði til að eiga eitthvað í ellinni, til að komast í sumarfrí eða til að stækka við sig og var sagt að þetta væri fullkomlega áhættulaust. Verður eitthvað komið til móts við þá?

Hvað með þau líknarfélög og góðgerðasamtök sem nú sitja handlama af því að allur sparnaður þeirra lá í þessum sjóðum? Og hver fylgist með ferlinu núna? Hæstv. viðskiptaráðherra og hæstv. menntamálaráðherra tala um að helmingaskiptu bankaráðin, sem komið var á strax í byrjun, starfi tímabundið. Ég spyr: Hverjir eiga að hafa eftirlit með eignasölu bankanna núna? Hvernig hefur verið staðið að uppsögnum og mannaráðningum? Þarf ekki þingið að koma hér að?

Það er rétt, sem hér hefur verið sagt, að við getum lært margt af kreppunni, það er margt sem við þurfum að tileinka okkur. Við þurfum að fá rannsóknarnefndir. Við þurfum að fá hjálp erlendra sérfræðinga. Við þurfum að fela Ríkisendurskoðun hlutverk og þingið þarf að koma að þessum málum. Við verðum að endurskoða lagaumhverfið og hugmyndafræðina.

Hæstv. forsætisráðherra ræddi um þórðargleði þeirra sem töluðu um dauða kapítalismans. Hann er ekki dauður, hæstv. forsætisráðherra. Það er nú víst aldeilis rétt því að kreppan sem nú ríður yfir er ekkert frávik frá gangverki hans. Hún er eðlilegur hluti hans — loftbólan þar sem reynt er að hámarka skyndigróðann og hrunið sem kemur á eftir. Á þessu áttuðu menn sig eftir heimskreppuna og þess vegna varð velferðarkerfið til eins og við þekkjum það í dag og blandað hagkerfi. Það er nefnilega ekki hægt að búa við hreinan kapítalisma. Sá lærdómur sögunnar er fyrir hendi einu sinni enn og við verðum að læra af því. Ég segi því: Það er rétt að láta hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar gossa og setja núna félagshyggjuna í öndvegi.

[15:07]

Guðmundur Magnússon (Vg):

Frú forseti. Þegar vel árar eru menn ekki að hugsa um jafnrétti eða jöfnuð þegnanna heldur gleðjast yfir öllum stóru molunum sem hrjóta af allsnægtaborðinu. Frjálshyggju, útrás og svokallaða velmegun síðustu árin á Íslandi má líkja við Titanic, skipið sáluga. Þar hélt almúginn til í þrengslum þriðja farrýmis og einn og einn stalst upp í dýrðina á meðan fína og ríka fólkið boltraði í óhófi og lúxus á fyrsta farrými. En þegar gat kom á skrokkinn og sjórinn byrjaði að fossa inn bitnaði það fyrst á þeim sem neðst voru í skipinu. Og ekki nóg með það, ekki voru til nægilega margir björgunarbátar. Hver reyndi að bjarga sér í óðagoti. Þeir sem voru neðst í skipinu áttu óhægt um vik að ekki sé talað um þau sem stríða við einhvers konar fötlun eða hömlur.

Frú forseti. Það er einmitt á tímum eins og nú sem hafa þarf í heiðri hin gullnu hugtök jafnrétti og bræðralag. Að allir hafi sama tækifæri til lífsins. Nú ríður á að við vinnum saman og hjálpumst að. Ekki að sumir komist upp með að nota lítilmagnann sem flotholt til að bjarga sjálfum sér.

Öryrkjabandalag Íslands hélt aðalfund sinn 4. október sl. og sendi frá sér ályktun sem hefst á þessa leið, með leyfi forseta:

„Slæmt efnahagsástand þjóðarinnar hefur haft alvarlegar fjárhagslegar afleiðingar fyrir fjölda öryrkja, sjúklinga og ellilífeyrisþega. Sú staðreynd að einstaklingar hafa 130 þús. kr. á mánuði eftir skatt og hjónafólk 116 þús. kr. hvort eftir skatt til framfærslu er engan veginn ásættanlegt. Aðalfundur ÖBÍ skorar á stjórnvöld að grípa til aðgerða með markvissum hætti og hækka bætur almannatrygginga til að fólk geti lifað mannsæmandi lífi.“

Þetta var áður en botninn datt úr efnahagslífi þjóðarinnar. Áður en upp komst að búið var að veðsetja land og lýð og hneppa næstu kynslóðir í skuldaklafa. Hér var fyrst og fremst verið að vitna til aðgerða síðasta vetrar þegar ákveð-

ið var að hækka lægstu laun um 18 þús. kr. á mánuði. Þá fengu öryrkjar 4–5 þús. kr. eða um 4% hækkun.

Ég er ekki að gleyma þeim lagfæringum sem gerðar voru í vor og sumar þegar skerðing bóta vegna tekna maka var afnumin og þegar frítekjumarkið var hækkað í 100 þús. kr. á mánuði. Hvort tveggja löngu tímabærar aðgerðir sem öryrkjum hafði verið lofað um árabil. Sumir flokkar buðu hins vegar miklum mun betur í kosningaloforðum sínum.

Rétt er að minna á að þegar herti að við upphaf tíunda áratugs síðustu aldar var gerð svokölluð þjóðarsátt sem m.a. fól í sér að launafólk með lágar eða miðlungstekjur, að ógleymdum elli- og örorkulífeyrisþegum, tók á sig skerðingar. Því var lofað að þeim yrði bætt það upp um leið og betur áraði. En í öllu útrásar- og græðgisfylliríinu gleymdust þessir hópar eða nutu að minnsta kosti ekki nema brotabrots af gróðanum. Samt er alveg ljóst að það voru ekki þessir hópar sem settu landið á hliðina með græðgi sinni.

Nú verða þessir hópar að fá forgang og það strax. Nú þegar óðaverðbólga geisar eru allir á sama báti hvað varðar húsnæðis- og bílalán sem margfaldast við hver mánaðamót. En fáir eru jafnháðir bifreiðum og þeir sem stríða við einhvers konar hreyfihömlun. Undantekningarlaust verða menn að bæta í þegar þeir skipta um bifreið á fimm ára fresti og að sjálfsögðu eru elli- og örorkulífeyrisþegar með húsnæðislán líkt og aðrir þegnar þessa lands. Það er því forgangsverkefni að finna leiðir til að aðstoða þessa hópa sérstaklega sem hafa mjög takmarkaða möguleika á að auka tekjur sínar.

Að þessu sögðu vil ég sérstaklega brýna félags- og tryggingamálaráðherra til áframhaldandi góðra verka því oft var þörf en nú er nauðsyn. Má þar minna á samning Sameinuðu þjóðanna sem undirritaður var 30. mars sl. þar sem aðildarríkin skuldbundu sig til að viðurkenna rétt fatlaðra og fjölskyldna þeirra til betri lífskjara og lífsskilyrða.

Það er sama hvert litið er. Samfélagsleg úrræði eru þau einu sem duga í slíkum hremmingum sem nú ganga yfir. Nú þegar bankarnir eru komnir í eigu þjóðarinnar er áríðandi að þeir verði nýttir til að jafna byrði af verðtryggingunni. Seðlabankinn verður að lækka stýrivexti enn meir og er óskiljanlegt að það hafi ekki gerst fyrr.

Einu verð ég að koma að áður en ég hverf aftur af þingi í lok vikunnar. Það er sú þjóðarskömm sem kallast vasapeningar. Allir flokkar hafa verið sammála um að afnema þá smán. Mikið vildi ég gefa til að geta sagt að núverandi félags- og tryggingamálaráðherra gangi í þetta og klári sem allra fyrst. — Góðar stundir.

[15:13]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það áfall sem þjóðin gengur nú í gegnum snertir með einum eða öðrum hætti hvert einasta heimili á landinu. Því þarf að grípa til margvíslegra aðgerða á öllum sviðum þjóðlífsins, bæði til lengri og skemmri tíma. Þegar við sjáum til lands í þessu ölduróti, sem vonandi verður fyrr en seinna, hefst endurreisn og umsköpun á samfélagi okkar og endurmat á þeim lífsgildum sem við viljum sjá í þjóðfélaginu. Við þurfum endurskoðun á leikreglum, ekki bara í fjármálakerfinu heldur í samfélaginu í heild. Við höfum alla burði til að vinna uppbyggingarstarfið þannig að þjóðin standi sterkari á eftir. Það er frumskylda að við treystum allar undirstöður velferðarkerfisins og atvinnulífsins, endurreisum grunn- og siðferðisgildi í samfélaginu, hverfum frá ofurlauna- og kaupréttarkerfum og að stjórnendur og stjórnmálamenn verði ábyrgir gjörða sinna.

Þau gífurlegu áföll sem þjóðin hefur orðið fyrir krefjast þess að við lærum af þessari dýru reynslu og tryggjum meira réttlæti og jafnræði í samfélaginu. Liður í því er að fram fari umfangsmikil rannsókn þar sem dregið verði fram í dagsljósið allt það sem leitt hefur til þeirrar erfiðu stöðu sem þjóðin er í. Þar getum við ekki bara kennt um alþjóðlegri fjármálakreppu, þó að hún sé vissulega stór hluti af hremmingunum, heldur kemur einnig til of mikill glannaskapur auðjöfra í íslensku útrásinni þar sem djarft var spilað með almannafé. Greinilega eru líka miklir veikleikar í eftirlitskerfinu og peningastefna þjóðarinnar hefur beðið skipbrot.

Virðulegi forseti. Félags- og tryggingamálaráðuneytið og stofnanir þess hafa unnið markvisst undanfarna daga að fjölþættum aðgerðum til að vernda sem best hag einstaklinga og heimila og draga úr þeim skakkaföllum sem fólk verður óhjákvæmilega fyrir. Við höfum gengið frá breytingum á greiðsluerfiðleikaúrræðum sem Íbúðalánasjóður hefur yfir að ráða, þar sem verulega eru rýmkaðar heimildir sjóðsins til forvarna fyrir þá sem eru að komast í mikla greiðsluerfiðleika og eins aðgerða sem milda innheimtu hjá þeim sem lenda í vanskila- og nauðungarferli. Heimildir Íbúðalánasjóðs gefa okkur líka færi á því að fresta greiðslum lána tímabundið í allt að þrjú ár, hvort sem lánin eru innlend eða erlend. Það úrræði getur verið mikilvægt að nýta tímabundið vegna gengisbundinna lána þar til meiri ró kemst á gengismálin. Við verðum þó að muna að þeir sem tóku gengistryggð lán höfðu val. Þeir voru að taka áhættu og forðast á sama tíma verðtryggingu lána sem þorri Íslendinga sér nú fram á að fari í risavaxnar hæðir. Það þarf að breyta peningastefnunni í uppbyggingunni fram undan. Þá hljótum við að skoða hvernig við getum farið út úr verðtryggingunni og hvernig við á sama tíma getum komið til móts við fólk sem sér höfuðstól lána og afborgana hækka mikið. Þar sem yfirtaka bankanna á lánum Íbúðalánasjóðs tekur nokkurn tíma er mikilvægt að greiðsluerfiðleikaúrræði Íbúðalánasjóðs séu líka virk gagnvart þeim sem eru með lán í bankakerfinu og hefur ríkisstjórnin beint slíkum tilmælum til stjórnenda bankanna.

Ég tel mikilvægt að eignarhald allra fasteignaveðlána nýju viðskiptabanka ríkisins verði fært til Íbúðalánasjóðs og því verði flýtt eins og kostur er. Yfirtakan á íbúðalánum í bönkunum þarf að vera með þeim hætti að staða Íbúðalánasjóðs sé ekki teflt í tvísýnu. Lágmarka þarf áhættu sjóðsins sem allra mest. Mikilvægt er einnig að sem fyrst verði lögfest frumvarp um greiðsluaðlögun sem hjálpar skuldugum heimilum og flytja þarf frumvarp um að breyta lögum um Íbúðalánasjóð þannig að lánstími skuldbreytingalána verði lengdur úr 15 árum í 30 ár. Verkefnið fram undan er síðan að endurskipuleggja íbúðakerfið til framtíðar og skipuleggja eðlilegan aðgang fólks að íbúðalánum. Þar þarf m.a. að endurmeta þau skilyrði sem Íbúðalánasjóður setur um hámark lána og hvernig fasteignaviðskiptum

eða umsýslu annarra lánastofnana með fasteignalán verði best fyrir komið í framtíðinni. Í þeim efnum getum við ýmislegt lært af þróun undangenginna mánaða á húsnæðismarkaði.

Á meðan við erum að komast í gegnum skaflana á næstu vikum og mánuðum þurfum við líka að skoða hvernig við getum mildað innheimtuaðgerðir annarra opinberra aðila. Við ætlum t.d. að endurskoða lög sem heimila innheimtumönnum ríkissjóðs að taka 75% af launum vegna skulda við ríkissjóð og undanskilja að skuldajafna megi barnabótum vegna opinberra gjalda og meðlagsskulda, a.m.k. tímabundið meðan við erum að ganga gegnum mestu hremmingarnar. Um þetta hefur þó ekkert verið ákveðið enn sem komið er.

Ég hvet einnig til þess að aðrir innheimtuaðilar utan opinbera kerfisins reyni eins og kostur er að ganga ekki óþarflega hart fram í innheimtuaðgerðum gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum sem eru í miklum fjárhagsvanda.

Herra forseti. Forsvarsmenn lífeyrissjóðanna leggja nú nótt við dag til að lágmarka þann skaða sem lífeyrissjóðirnir verða fyrir. Mikilvægt er að reynt verði að búa svo um hnútana að ekki þurfi að koma til skerðingar á lífeyrisréttindum og minnka með því eins og hægt er þann kvíða og ótta sem lífeyrisþegar finna nú fyrir. Þrátt fyrir skakkaföll nú eru lífeyrissjóðir landsmanna áfram traustir eftir mikla uppgangstíma undanfarinna ára, þeir traustustu í heimi, og nauðsynlegt er að sýna þjóðinni það samhjálpargildi sem þeir eru byggðir á. Ég hvet forsvarsmenn lífeyrissjóðanna til að ganga nú af krafti til samstarfs um heildarlausn á grundvelli þeirrar vinnu sem nú er í gangi í ráðuneyti mínum og hefur m.a. það að markmiði að koma í veg fyrir víxlverkun almannatrygginga og lífeyrissjóðanna. Við verðum líka að endurreisa traust á sparnaði í landinu þannig að þjóðin þurfi ekki að búa við þann ugg að ævisparnaður fólks brenni upp á einni nóttu.

Virðulegi forseti. Nýfrjálshyggjan hefur beðið mikinn hnekki í þessum alþjóðlega fjármálaskelli. Af því eigum við að draga þann lærdóm að markaðslausnir eiga að vera í þágu almannahagsmuna, almannahagsmuna en ekki sérhagsmuna. Við eigum nú að hverfa frá því einstaklingshyggjusjónarmiði að hver sé sjálfum sér næstur, að stærra hús, stærri bíll, snekkjur og einkaþotur séu þau lífsgildi sem mestu máli skipti. Við eigum að endurreisa gildi samhjálpar og jafnaðar. Við eigum að nýta kosti markaðarins til að bæta lífskjör almennings en ekki til að hygla sífellt meira þeim sem mest hafa fyrir. Það er gífurlega mikilvægt að byggja upp traust almannatrygginga- og velferðarkerfi í anda okkar norrænu vinaþjóða.

Það er sannarlega miður á þessum örlagatímum þjóðarinnar að ekki skuli hafa verið byggt upp traustara velferðar- og öryggisnet þegar við vorum í mikilli uppsveiflu í efnahagslífinu á síðustu 10–15 árum. Nú þarf sem aldrei fyrr að slá skjaldborg um velferðar- og grunnþjónustu, mennta-, heilbrigðis-, félags- og almannatryggingakerfin sem mikið mun mæða á á næstu mánuðum og árum. Nú gildir að verja grunnstoðir samfélagsins. Það er það sem almenningur mun setja traust sitt á á þessum erfiðu tímum.

Virðulegi forseti. Þjóðin hefur aldrei þurft eins mikið á því að halda og einmitt nú að standa sterk saman. Munum það sem Bubbi söng á Austurvelli nú á dögunum: Við erum öll ein fjölskylda. Saman eigum við að horfast í augu við það að um stund munum við ganga í gegnum erfiðleika. Lífskjörin munu dragast saman og atvinnuleysi aukast. Í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins erum við í félags- og tryggingamálaráðuneytinu að fara yfir hvernig mest og best sé hægt að draga úr skakkaföllum sem fólk verður fyrir vegna atvinnuleysis sem vonandi verður bara tímabundið. Mikilvægt er að það fólk sem nú er að missa vinnuna finni að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins láti einskis ófreistað til að tryggja atvinnuöryggi þeirra. Við eigum sóknarfæri og tækifæri í þeirri erfiðu stöðu sem við erum í. Okkur verður að takast að koma atvinnulífinu til bjargar, m.a. með breytingu á peningastefnunni og nýjum sóknarfærum í atvinnulífinu.

Við verðum öll að skoða með opnum hug aðild að Evrópusambandinu. Þjóðin veit ekki hvað hún fær nema hún sæki um aðild. Aðildinni er þá hægt að hafna í þjóðaratkvæðagreiðslu ef okkur finnst það sem við fáum óaðgengilegt. Vissulega var ekki samið um þetta milli stjórnarflokkanna. En nú er allt breytt. Þjóðfélagið er annað í dag en það var í gær. Allt á að vera undir. Aðild að Evrópusambandinu, upptaka evru og nýting náttúruauðlindanna þar sem umhverfisvernd verður þó í fyrirrúmi. Ekkert á að vera tabú hvað það varðar að skoða og endurmeta hlutina hjá stjórnarflokkunum. Fyrir fram eigum við heldur ekki að útiloka aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, að minnsta kosti ekki fyrr en við sjáum að skilyrðin verði algerlega óaðgengileg og óásættanleg.

Herra forseti. Nú þarf að sækja fram. Það gerum við öll saman. Stjórn, stjórnarandstaða, aðilar vinnumarkaðarins, sveitarfélögin og öll íslenska þjóðin. Þá mun okkur takast að breyta nótt í dag fyrr en okkur órar.

[15:22]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Umræðuefni dagsins er annars vegar: Hvernig gat þetta gerst? Og hins vegar: Hvað skal til bragðs taka? Það er dálítið sérstakt að umræðan skuli fara fram á þessum degi, 15. október, sem er í raun örlagadagurinn í bankakreppunni á Íslandi. Það er ekki fyrr en á þessum degi sem brimskaflinn þurfti að skella á okkur sem þýðir að við höfðum meiri tíma. Við þurftum ekki að vera á undan öðrum löndum í þeim miklu erfiðleikum sem að steðja. En ákvörðunartaka umrædda helgi, 27. og 28. september, verður lengi í minnum höfð og ekki síður það sem kom í framhaldinu. Mjög margt bendir til að ákveðið óðagot hafi einkennt vinnubrögð af hálfu Seðlabanka og ríkisstjórnar og framkoma ríkisstjórnar Bretlands í framhaldinu er náttúrlega algerlega mál út af fyrir sig og formaður Framsóknarflokksins hefur farið vel yfir það.

Það er hárrétt, sem hefur komið fram hjá forsætisráðherra, að regluverkið sem spilað er eftir á fjármálamarkaði kemur að mestu leyti frá Evrópusambandinu og það hefur verið ærið verk að innleiða alla þá löggjöf í íslenskan rétt og það þekkja þingmenn best. En svo virðist sem þessi löggjöf geri ekki ráð fyrir því fyrirbæri, ef þannig má að orði komast, sem íslenski fjármálamarkaðurinn hefur þróast í. Það eru engar sérstakar reglur t.d. um getu og stærð lánveit-

enda til þrautavara fyrir bankakerfið.

Vissulega hefur Seðlabankinn það hlutverk að tryggja fjármálastöðugleika og samkvæmt orðum formanns bankastjórnar Seðlabankans hafði hann margvarað við ástandinu. Það sem hér verður að koma fram er hverjir það voru sem hann varaði við. Voru það eingöngu bankastjórarnir eða var það ríkisstjórnin líka? Það er svo að sjálfsögðu umhugsunarefni að ekkert var gert með þær viðvaranir sem komu fram.

Hæstv. forseti. Hvers vegna var skýrslu bresku hagfræðinganna, sem margoft hefur verið nefnd í umræðunni, ýtt til hliðar? Samkvæmt fréttum dagsins var leitað til þessara sérfræðinga á þessu ári af hálfu Landsbankans og þeir beðnir um að skrifa skýrslu um ástæður efnahagsörðugleika sem Ísland og bankarnir stæðu andspænis. Í júlímánuði var skýrslan kynnt. Viðstaddir voru hagfræðingar frá Seðlabankanum, fjármálaráðuneytinu, einkageiranum og háskólasamfélaginu. Hver varð niðurstaða þessara sérfræðinga frá Bretlandi? Hún hefur lítið verið rædd hér hvernig sem á því stendur.

Niðurstaða þeirra var sú að landið gæti haldið alþjóðlegu bankakerfi sínu en það krefðist þess að það skipti um gjaldmiðil, það þyrfti að leggja af krónuna og leita inngöngu í Evrópusambandið til að verða fullgildur þátttakandi í myntbandalaginu og taka upp evru sem gjaldmiðil. Eins gæti Ísland haldið gjaldmiðlinum en þá þyrfti að flytja alþjóðlegan hluta bankakerfisins úr landi. Viðskiptaumhverfið réði ekki við að halda alþjóðlegri starfsemi bankanna í landinu og hafa um leið eigin gjaldmiðil.

Hvers vegna skyldi ekki neitt hafa verið gert með þessa niðurstöðu? Ástæðuna vita flestir sem fylgjast með íslenskum stjórnmálum. Sjálfstæðisflokkurinn, með Davíð Oddsson í broddi fylkingar, og Sjálfstæðisflokkurinn, undir forustu Geirs H. Haarde, ræðir ekki þann möguleika að ganga í Evrópusambandið. Þetta er orðið íslensku þjóðfélagi dálítið dýrt. En ég lýsi að sjálfsögðu ánægju með skrif varaformanns flokksins, sem hafa komið fram nýlega, þau eru vísbending um breytta afstöðu í flokknum í Evrópumálum — hæstv. menntamálaráðherra kom þó ekkert inn á það í máli sínu áðan. En ég get tekið undir það með síðasta ræðumanni að það þarf allt að vera undir í þessari umræðu.

Hvað er að gerast einmitt í dag? Leiðtogar Evrópusambandsins funda um fjármálakreppuna. Þeir vilja skjóta styrkari stoðum undir evrópska banka en áætlunin hljóðar upp á milljarða evra. Búist er við að leiðtogar Evrópusambandsríkjanna 27 muni styðja áætlunina sem ríkin 15 sem eru í myntbandalagi Evrópu samþykktu á sunnudag. Þeir vilja affrysta bankakerfið þannig að bankarnir hefji aftur að lána hver öðrum og efla markaðinn. Á sama tíma erum við Íslendingar að pukra ein í okkar horni — og þegar ég segi okkar horni þá sé ég fyrir mér Evrópukortið eins og við höfðum það fyrir augunum í barnaskóla. Við vorum þar vissulega úti í horni og þar erum við og erum aðallega að ræða við Rússa um hugsanlegt lán. Reyndar hafa lánalínur til Norðurlandanna verið virkjaðar að einhverju leyti en samkvæmt fréttum í gær taldi seðlabankastjóri ekki fyrr en núna að ástandið á Íslandi væri það slæmt að ástæða væri til að virkja þessa möguleika.

Fréttir af erfiðleikum íslenskra fyrirtækja við að koma vörum á markað erlendis eru samt ekki nýjar. Fréttir af fyrirtækjum sem ekki geta leyst út vöru eru samt ekki nýjar. Nei, það átti að þráast við. Ég hef áhyggjur af að Ísland einangrist frá umheiminum og ég hef áhyggjur af að við verðum vinalaus í þessum opna heimi með þessu áframhaldi.

Hæstv. forseti. Icesave er stórt mál sem ekki sér fyrir endann á. Fjármálaeftirlitið er í lykilhlutverki á markaði og getur kallað fram hvaða upplýsingar sem er. Spurningin sem liggur í loftinu er sú hvernig það gat gerst að Icesave gæti hafið sams konar starfsemi í útibúi Landsbankans í Hollandi í júní þar sem Fjármálaeftirlitið hafði verið að ráðleggja Landsbankanum að koma því fyrir í dótturfyrirtæki í Bretlandi af því að útibúaleiðin væri of áhættusöm. Ég spyr því hæstv. viðskiptaráðherra: Fór Fjármálaeftirlitið þess á leit við viðskiptaráðuneytið að styrkja lagagrundvöll eftirlitsins þannig að það gæti komið í veg fyrir að það sama gerðist í Hollandi? Ég minni á að viðskiptaráðherra hefur tvívegis beitt sér fyrir bráðabirgðalagasetningu á sínum stutta ferli sem ráðherra þannig að varla hefði verið fyrirstaða að setja eins og ein þess háttar lög til viðbótar ef það hefði hjálpað.

Hæstv. forseti. Hvað er fram undan? Það þarf að byggja upp nýtt Ísland, segja ýmsir, og það þarf að hafa hraðar hendur. En það er að mínu mati ekki nægilega traustvekjandi að fá fréttir af því á meðan á þessari umræðu stendur að efnahagsráðgjafi forsætisráðherra hafi sagt upp störfum. Hvað er að gerast? Ríkir alger ringulreið á stjórnarheimilinu? Þetta finnast mér ekki vera góðar fréttir, burtséð frá því hvort þessi einstaklingur hafi verið rétti einstaklingurinn í starfið. Að mínu mati þarf að ræða sem allra fyrst við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að koma hér inn með aðstoð og ráðgjöf og það þarf að auka möguleika á menntun þess fólks sem missir vinnuna. Við eigum enn þá marga möguleika, Íslendingar, ef við höldum rétt á málum.

Nýting orkulinda til lands og sjávar verður áfram mikilvæg. Ég tek eftir því að þrátt fyrir neikvæða umræðu um útrás hefur fólk enn trú á því að útrás á þekkingu í orkugeiranum sé eitthvað sem við eigum að einbeita okkur að. Ég tel því mikilvægt að mennta fleiri Íslendinga á því sviði og bendi m.a. á að við orkuskólann á Akureyri, RES-orkuskólann, er boðið upp á meistaranám á því sviði sem er rannsóknartengt og alþjóðatengt. Ég tel að þar geti verið tækifæri fyrir Íslendinga eins og svo víða annars staðar í menntun, það hefur komið fram hjá hæstv. menntamálaráðherra hér í umræðunni.

Þau eru vissulega mikið til umræðu núna gömlu gildin og það er vel. Ég vil engu að síður taka undir með hæstv. forsætisráðherra þegar hann segir að þessir atburðir séu ekki andlát frjálsrar verslunar. Við getum allflest dregið saman í neyslu en þessi nýja staða kemur mjög illa við marga Íslendinga og hugur okkar er hjá þeim.

Að síðustu, hæstv. forseti, er það ímynd Íslands. Við höfum lagt mikið á okkur við að efla og styrkja hana. Nú hefur hún beðið hnekki og verk er að vinna í þeim efnum. Þar verðum við öll að taka höndum saman um að vinna okkar vinnu.

[15:32]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Íslendingar horfa upp á þrot íslensku

bankanna. Erlendis eru miklar skuldir sem ríkið, skattgreiðendurnir eiga að borga samkvæmt yfirlýsingum forsætisráðherra og viðskiptaráðherra. Margir sjá fram á að fá ekki peningana sína út úr gjaldþrota bönkum vegna þess að þeir voru ekki á sparireikningum sem eru tryggðir eða á að tryggja. Í því sambandi ber að leggja áherslu á að margir voru í raun blekktir, fólk taldi sig vera að leggja peninga sína inn á öruggar sparnaðarleiðir sem reyndist svo ekki vera. Fjármálamarkaðurinn er svo margslunginn að venjulegt fólk og jafnvel þeir sem eiga að heita sérfræðingar höfðu ekki yfirsýn yfir kosti einstakra aðgerða eða ókosti. Tjón þjóðfélagsins og allra venjulegra Íslendinga er gríðarlegt. Nútíðin og framtíðin verða skuldsett miðað við yfirlýsingar þeirra ráðamanna sem ég gat um áðan og spurningin er: Hvernig gat þetta gerst?

Miðað við reglur sem gilda um greiðslur af reikningum fjármálafyrirtækja þá hefur verið talað um það af hálfu ríkisstjórnarinnar að þar verði gengið mun lengra en almennar reglur ná, þ.e. almennar reglur um neytendavernd. Þegar svo er liggur náttúrlega fyrir að það er Alþingis að ákveða hvernig með það skuli fara og þá er spurningin: Eiga þá ekki allir að fá greitt sem höfðu reikninga í þessum lánastofnunum? Hverja á að skilja eftir? Þegar vikið er frá hinum almennu reglum, frá þeirri löggjöf sem mörkuð hefur verið og teknar ákveðnar geðþóttaákvarðanir verður að gæta þess að jafnræðis og jafnréttis sé gætt. Það getur verið vandmeðfarið við aðstæður eins og þessar.

Það er eðlilegt að nú sé spurt: Hvernig gat það gerst að allur bókfærður hagnaður af bönkum undanfarin ár, samanlagður hagnaður undanfarin þrjú ár á yfir 500 milljarða skuli allt í einu hafa gufað upp? Hvar er allt þetta fé? Er það ekki tiltækt þegar til á að taka? Var það ef til vill aldrei til? Var þetta kannski spilaborð og munum við upplifa það að unga fólkið í landinu greiði atkvæði með fótunum vegna þess að það getur betur freistað gæfunnar og leitað auðnu sinnar annars staðar en á Íslandi sem er, miðað við yfirlýsingarnar sem ég gat um áðan, skuldsett algjörlega út yfir öll mörk?

En það sem ég bjóst við að mundi koma hjá hæstv. forsætisráðherra voru upplýsingar til Alþingis og þjóðarinnar um hvort þetta hefði þurft að gerast. Voru þær aðgerðir sem gripið var til nauðsynlegar? Í ræðu sinni áðan vék hæstv. forsætisráðherra að því að nauðsynlegt væri að koma gjaldeyrisviðskiptum í eðlilegt horf. Það liggur fyrir að að sjálfsögðu ber brýna nauðsyn til þess en af hverju fóru gjaldeyrisviðskiptin úr eðlilegu horfi? Það var vegna aðgerða sem gripið var til auk þess sem sú tímasprengja að hafa gjaldmiðilinn á floti hlaut einhvern tímann að springa með þeim hætti sem nú hefur gerst.

Þá vísaði hæstv. forsætisráðherra til þess að það hefði orðið mikill samdráttur í innlendri eftirspurn á undanförnum mánuðum. Það er ljóst og það vita allir sem fylgjast með íslensku þjóðfélagi. Í því sambandi talaði hann um að í dag hefði Seðlabankinn lækkað stýrivexti. Stýrivextir voru lækkaðir mjög óverulega miðað við þá ofurhæð sem stýrivextir hafa verið í. Danske Bank mat það svo að það skipti í sjálfu sér sáralitlu máli, það þyrfti að lækka stýrivexti mun meira. Ég tel að stýrivaxtabrjálæði Seðlabankans hafi gjörsamlega keyrt yfir öll mörk og drepið niður framtak íslensku þjóðarinnar. Það eru fyrst og fremst rangar aðgerðir Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar sem við horfum framan í í dag. Í raun hefði Seðlabankinn þurft að lækka stýrivexti sína niður í svipaða tölu og seðlabanki Evrópu hefur gert og jafnvel niður fyrir það til að koma íslensku atvinnulífi í virkilegan gang. (**GÁ:** Heyr, heyr.)

Varðandi ummæli hv. þm. Guðna Ágústssonar, formanns Framsóknarflokksins, um aðgerðir Breta, um aðgerðir Gordons Browns, flokksbróður hæstv. iðnaðarráðherra, þá er með ólíkindum að íslensk stjórnvöld skyldu ekki hafa beitt sér af alefli og leitað allra færra leiða. Af hverju tókum við það ekki upp hjá Atlantshafsbandalaginu þegar bandalagsþjóð beitti hryðjuverkalögum gagnvart bandalagsþjóð sinni? Af hverju tókum við þetta ekki upp í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna? Af hverju slitum við ekki stjórnmálasambandi við Breta þegar þeir beittu okkur hryðjuverkalögum? Það var engin ástæða til að leggjast á hnén gagnvart Bretum. Við höfum fyrr átt í útistöðum við Breta og þá var það forsætisráðherra úr röðum Sjálfstæðisflokksins sem tók þá afdrifaríku ákvörðun að slíta stjórnmálasambandi við Breta þegar framferði þeirra keyrði um þverbak og þá fyrst fóru hlutirnir að gerast og bandalagsþjóðir okkar að gera ráðstafanir til að tryggja það að Ísland nyti ákveðinna réttinda en þyrfti ekki að lúta í (**GÁ:** Sama gerði Geir.) gras fyrir stórþjóðinni.

En ég spyr og ég bjóst við að heyra það frá forsætisráðherra — hann talar um uppgjör við fortíðina, það sem við stöndum í núna er fyrst og fremst spurning um nútíðina, uppgjörið við fortíðina kemur síðar — en spurningin sem á okkur brennur núna er þessi: Var nauðsynlegt að fara þá leið sem farin var? Maður sér í erlendum blöðum sem fjalla um fjármál m.a. í Financial Times frá 13. október eða á mánudaginn en þar talar blaðið um hin hræðilegu mistök sem séu á bak við íslensku fjármálakreppuna og í blaðinu segir að íslensku bankarnir hafi verið taldir of áhættusamir af því að Seðlabanki Íslands virtist ekki hafa traust sem þrautavaralánveitandi. Og um leið var ríkisstjórnin og Seðlabankinn ekki talin nægilega traust af því að þau gætu þurft að taka bankana yfir.

Hver er þá spurningin? Báru slæmir bankamenn ábyrgðina á þessum hlutum sem sumir hafa haft stór orð um eða var það vegna þess að við höfðum byggt upp stjórnkerfi sem var ekki nægilega virkt og sem brást þegar á reyndi? Spurningin er að sjálfsögðu um þetta. Um þetta hefðum við þurft að fjalla og þetta hefði þurft að vera þungamiðjan í þeirri skýrslu sem hæstv. forsætisráðherra flutti Alþingi um gang mála.

Þá segir einnig í umfjöllun Financial Times frá því á mánudaginn að allir íslensku bankarnir hafi verið gjaldfærir og allir sýnt góða niðurstöðu í hálfs árs uppgjöri og enginn þeirra hafði það sem blaðið kallaði „eitrað eða ónógt örryggi“. Þetta er niðurstaða einna fremstu sérfræðinga sem um er að ræða á alheimsvísu í efnahagsmálum. Og þá er niðurstaðan sú að það voru ríkisstjórnin og Seðlabankinn sem brugðust. Það er sama niðurstaða og rektor Háskólans á Bifröst, sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson vísaði í áðan, komst að og rakti fyrir nemendum sínum í gær.

Fleiri fjalla um málið með þessum hætti erlendis og það er iðulega þannig að fjallað er með öðrum hætti um efna-

hagsmál erlendis en hér á landi. Meðal annars segir í Sunday Times frá því á sunnudaginn var að Ísland hefði fengið mýkri lendingu ef Seðlabankinn hefði lækkað stýrivexti sína og sett bremsu á útlán, eins og við í Frjálslynda flokknum höfum verið að leggja áherslu á að þyrfti að gera. Við höfum talað um mannúðlega markaðshyggju, ekki græðgishyggjuna sem hefur riðið hér röftum frá því um 2000. Það þurfti að gera hlutina öðruvísi.

Ég er sammála þeim sem hafa talað um að við þurfum að sjálfsögðu að glíma við þann vanda sem um er að ræða sameiginlega. Við þurfum að sækja fram sameiginlega sem þjóð. Að sjálfsögðu gerum við það. En til þess að við getum sótt fram og til þess að við tökum réttar ákvarðanir og komumst að réttum niðurstöðum þurfum við að hafa forustu sem dugar. Ekki aðeins ríkisstjórn heldur líka Alþingi og líka Seðlabanka. Allir þurfa að vinna saman og það þarf að vera skilvirk forusta. Og ég segi að eitt af því fyrsta sem Alþingi á að gera á tímum þrenginga er að skera niður hjá sjálfu sér, að horfast í augu við sjálft sig, eftirlaunin og allt sem hefur verið hlaðið utan á.

Ríkisstjórnin þarf að veita forustu og ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er nauðsynlegt að efna til kosninga eins fljótt og auðið verður þegar þjóðin hefur stýrt í gegnum mesta brimskaflinn til að þjóðin fái þá forustu sem hún á skilið.

[15:42]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í umræðunni hafa ýmsir ræðumenn vakið máls á nauðsyn þess að rannsakað verði hvort refsivert athæfi af einhverju tagi tengist fjármálakreppunni og falli þriggja stærstu banka landsins. Um þennan þátt málsins fer að sjálfsögðu að lögum og í því tilliti ber m.a. að líta til hlutverks ríkissaksóknara. Við áttum fund í gær og í framhaldi af honum ritaði ég ríkissaksóknara svofellt bréf sem ég les í heild, með leyfi forseta:

„Vísað er til viðræðna okkar, herra ríkissaksóknari, fyrr í dag, þar sem þér tjáðuð mér að þér munduð hafa forustu um gerð skýrslu um stöðu og starfsemi íslenskra peninga- og fjármálastofnana á þessum tímamótum í rekstri þeirra og eignarhaldi auk aðdraganda hinna miklu umskipta sem orðið hafa í rekstri þeirra. Til að draga upp heildarmynd af stöðunni, eftir því sem unnt er við núverandi aðstæður, er ég sammála því að þér fáið til liðs við yður fulltrúa frá embætti skattrannsóknastjóra, Fjármálaeftirliti og Ríkisendurskoðun. Með gerð skýrslunnar yrði aflað staðreynda um starfsemi bankanna Glitnis hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings hf., útibúa þeirra og fyrirtækja í þeirra eigu, tilfærslu eigna, einkum á síðustu mánuðum starfseminnar. Markmiðið yrði að kanna hvort sú háttsemi hefði getað átt sér stað sem gæfi tilefni til lögreglurannsóknar á grundvelli laga um meðferð opinberra mála. Þess er vænst að gerð skýrslunnar verði hraðað og að því stefnt að hún liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2008.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið vinnur að löggjöf um stofnun sérstaks embættis sem ætlað er að sjá um rannsóknir og eftir atvikum saksókn vegna þeirra réttarbrota sem kunna að koma í ljós í tengslum við atburði sem orðið hafa í starfsemi fjármálastofnana að undanförnu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið mun óska eftir fjárveitingu til embættis yðar, að höfðu nánara samráði við yður, til að standa undir kostnaði sem leiðir af ofangreindum störfum svo sem við að ráða tímabundið faglega menntaða starfsmenn, útvegun starfsstöðvar og annað sem af þessu leiðir.“

Virðulegi forseti. Í þessu bréfi felst í fyrsta lagi að ég styð þá ákvörðun ríkissaksóknara að leita liðsinnis frá embætti skattrannsóknastjóra, Fjármálaeftirliti og Ríkisendurskoðun og hef ég samhliða þessu bréfi óskað eftir því við þessar stofnanir að þær tilnefni án tafar fulltrúa sína til þessa samstarfs. Í öðru lagi segir í bréfinu að ég muni beita mér fyrir því að tryggðar séu fjárveitingar til að vinna skýrslu af þessu tagi en til þess þarf að ráða sérstaka starfsmenn. Heiti ég á stuðning Alþingis í því efni. Engum ætti að vera ljósara en okkur sem hér sitjum hve miklu skiptir fyrir allt jafnvægi og jafnræði í þjóðfélaginu að leitast sé við að gæta laga og réttar með hverjum þeim úrræðum sem nauðsynleg eru hverju sinni. Í þriðja lagi boða ég í bréfinu til ríkissaksóknara að á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sé verið að semja frumvarp að sérstakri löggjöf um að stofnað verði tímabundið rannsóknarembætti sem taki við rannsókn á kærum um meinta refsiverða verknaði sem sprottnir eru af eða tengjast falli bankanna. Ráðinn verði sérstakur forstöðumaður þessa embættis sem starfi í nánu samstarfi við hverja þá opinbera stofnun, innan lands og utan, sem getur lagt liðsinni við að upplýsa mál og greiða fyrir rannsókn þeirra. Embættið starfi undir forræði ríkissaksóknara sem gæti ásamt forstöðumanni ákvarðað hvaða rannsóknarefni féllu til þess.

Það mun að sjálfsögðu verða undir Alþingi komið hvernig lög um þetta efni verða í endanlegri mynd, en hitt er ljóst af minni hálfu að réttarvörslukerfið getur ekki brugðist við auknu álagi vegna þessara atburða án þess að gripið sé til sértækra aðgerða. Við setningu laga um þetta efni er eðlilegt að því sé velt fyrir sér hvort samhliða því sem þessi nýskipan er lögfest verði einnig ákveðið að koma á laggirnar samráðs- og eftirlitsnefnd með fulltrúum allra þingflokka sem hitti forstöðumann hins nýja embættis reglulega og geti í þeim trúnaði sem ber að virða, fylgst með framvindu mála.

Virðulegi forseti. Við núverandi aðstæður er nauðsynlegt að gera allt sem skynsamlegt er til að efla traust á þeim innviðum sem eru meginstoðir réttarríkisins. Þá er afar mikilvægt að ekki sé hrapað að neinu eða gefa sér í anda nornaveiða að lög hafi verið brotin. Ég heiti á samstöðu þingmanna um úrlausn hinna brýnu verkefna sem við íslensku þjóðinni blasa á þessari örlagastundu.

[15:47]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Okkur Íslendingum hefur verið sagt að upp á síðkastið hafi alþjóðafjármálakerfið fylgst með íslensku efnahagskerfi eins og kanarífugli í námu. Á daginn kom, hæstv. forseti, að íslenska efnahagskerfið var jafnviðkvæmt og kanarífugl. Eiturgufurnar í námu heimskapítalismans, þar sem gullgrafararnir athafna sig, reyndust svo eitraðar að kanarífuglinn komst ekki undan þeim.

Úr munni ræðumanna kemur spurningin: Hvernig gat þetta gerst? Við höfum síðustu daga hlustað af athygli á hæstv. forsætisráðherra og oft hefur mér fundist hann hafa tilhneigingu til að einfalda vandann, jafnvel afneita ákveðnum þáttum hans. Hæstv. ráðherra hefur ekki getað sannfært þjóðina um að allt sé gert til að bregðast við vandanum. Ekki hefur almannavarnaráð enn verið kallað saman.

Hæstv. forseti. Í ræðu sinni hér áðan upplýsti hæstv. forsætisráðherra að málin væru í höndum ráðherrateymis fjögurra ráðherra og stýrihóps ráðuneytisstarfsmanna og tiltekinna stofnana. Ég verð að segja að mér er ekki mikið rórra. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum gert kröfu um að Ríkisendurskoðun fái skilgreint hlutverk sem endurskoðunar- og eftirlitsaðili við ráðstöfun þeirra miklu fjármuna sem koma í hendur ríkisins með yfirtöku bankanna. Gríðarlegir almannahagsmunir eru í húfi og útilokað annað en að opinbert eftirlit og endurskoðun komi til.

Hæstv. ráðherrar sem hér hafa talað hafa ekki látið í ljósi neinar skoðanir á kröfunni en henni er ekki beint til þeirra heldur til forsætisnefndar Alþingis. Því nú er nauðsynlegt að skilja á milli þings og ríkisstjórnar og að hér verði á ný þingbundin stjórn en ekki ríkisstjórnarbundið þing. Talsvert vantar upp á, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin geri allt sem í hennar valdi stendur. Ég furða mig til að mynda á því hvers vegna hæstv. forsætisráðherra sagði ekkert um tilraunir ríkisstjórnarinnar til að leita aðstoðar ríkisstjórna nágrannaríkja okkar. Mér er óskiljanlegt hvers vegna enn hafa ekki verið send formleg erindi til ríkisstjórna Norðurlandanna um aðstoð. Þær hljóta að bíða eftir formlegri beiðni og lánalínurnar sem voru virkjaðar í gær eða dag eru ekki hluti formlegs erindis til ríkisstjórnanna. Í hugann koma líka EFTA-þjóðirnar, Sviss og Liechtenstein, og vinaþjóð í vestri, Kanada. Ég spyr: Eru engin formleg samtöl í gangi við ríkisstjórnir þessara þjóða?

Hæstv. forseti. Tími ofurlaunanna er liðinn, sagði hæstv. viðskiptaráðherra áðan í ræðu sinni og ég krefst þess að fá að sjá það í vinnu við fjárlagafrumvarp fyrir 2009. Krafa þjóðarinnar er sú að stjórnmálamenn taki sig á og axli hluta byrðanna. Það getum við gert með því að jafna launakjör þeirra sem sitja í salnum. Ef tími ofurlauna er liðinn, afnemum þá ofurlaun í opinbera kerfinu líka og byrjum á eftirlaunaskandalnum. Setjum alla þingmenn og aðra sem gegna toppstöðum hjá hinu opinbera á sömu laun, einfalt þingfararkaup væri sanngjarnt. Viðskiptaráðherra undirstrikar að nú þurfi að endurvinna traust þjóðarinnar og gæti aðgerð af þessu tagi verið liður í því að endurvinna traust á þeim sem með valdið fara.

Hæstv. forseti. Nú er nauðsynlegt að finna grundvöll að sátt við íslensku þjóðina, leggja öll spil á borðið og opna aðgang að öllum upplýsingum um það sem gerst hefur. Þjóðin hefur ekki fengið skýr svör um það hjá ríkisstjórninni hvernig þetta hafi getað gerst eða hvaða aðgerðir ríkisstjórnin sér til lausnar á vandanum.

Hæstv. forseti. Við okkur blasir hrun þess þjóðfélagsmunsturs sem byggt hefur verið á skammsýni og taumleysi. Tímabært er að leiða önnur gildi til öndvegis svo sem hófsemi og nægjusemi og huga að samfélagslegum gildum og siðferðislegum. Ég sé ekki að þessari ríkisstjórn sé treystandi til þess. Fulltrúar hennar og stuðningsmenn á Alþingi virðast einungis kalla á meira af því sama. Við heyrum vanhugsað ákall stjórnarþingmanna um að nauðsynlegt sé að ýta til hliðar lögum um mat á umhverfisáhrifum svo virkja megi fyrir stóriðju án þess að leggja mat á skaðann sem af hlýst. (Forseti hringir.) Ákall um nýtt fix, ekki lausn.

[15:53]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Umræðurnar í dag hafa verið hreinskiptar og menn hafa skipst á skoðunum með málefnalegum hætti. Áherslan sem flestir þingmenn hafa lagt á nauðsyn þess að þjóðin standi saman hefur birst í ræðum þeirra sem hafa talað í dag og ég segi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að við erum líkt og síðustu daga reiðubúin til að hlusta á öll ráð og fá stuðning frá stjórnarandstöðunni.

Þetta hafa verið erfiðir tímar og sérstök ástæða er til að þakka þjóðinni fyrir einurðina sem hún hefur sýnt með því að leitast við að sýna okkur sem í þessu stöndum samstöðu. Ég vil, eins og svo margir á undan mér, þakka æðruleysið sem þjóðin hefur sýnt. Það hefur staðfest það sem við vissum áður að þjóðin hefur alltaf getað komist í gegnum erfiða tíma með því að standa saman. Eins og ég sagði áðan vil ég þakka stjórnarandstöðunni fyrir það hvernig hún hefur komið með ábyrgum hætti að málum. Sérstaklega vil ég þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni, formanni Framsóknarflokksins, fyrir traustsyfirlýsinguna sem hann gaf ríkisstjórninni áðan. Líkt og fram kom í máli hans tók hann ekki undir þá ósk, sem kom t.d. fram hjá hv. síðasta ræðumanni og formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um kosningar eða þjóðstjórn. Hv. þm. Guðni Ágústsson sagði: Þessi ríkisstjórn á að sitja. Í því hlýtur að felast sá dómur að hann telji að stjórninni takist þokkalega upp við erfiðar aðstæður.

Ég tel að ríkisstjórnin hafi gert mistök, eins og eðlilegt er við aðstæður sem þessar, en hún hefur gengið af fumleysi til verkanna sem hennar hafa beðið og notað þær stofnanir og tæki sem hún hefur átt völ á til að koma málum í sem bestan farveg. Ríkisstjórnin hefur heldur ekki hikað við að fá hingað til lands með örskotshraða erlend ráðgjafarfyrirtæki sem hafa reynslu af því að sigla bönkum og þjóðum í okkar stöðu gegnum fjármálakreppur. Því álít ég ríkisstjórnina hafa brugðist við með réttum hætti við ákaflega erfiðar aðstæður. Við höfum fyrst og fremst hugsað um hag almennings í landinu, unnið að því að koma á stöðugleika í fjármálum og reynt að verja hagsmuni sparifjáreigenda. Við höfum ekki gleymt þeim sem voru með gylliboðum fengnir til að leggja — í sumum tilvikum ævisparnað sinn — í sjóði sem áttu að vera gulltryggir. Einnig höfum við unnið hörðum höndum að því með þeim ráðum sem okkur eru tæk að koma aftur á virku bankakerfi til að tryggja að hjól atvinnulífsins hætti ekki að snúast.

Síðustu daga höfum við lagt langmesta áherslu á að verja eignir og skiptir það öllu máli ef við eigum að komast með sem minnstar byrðar út úr þessum erfiðu tímum. Reynslan sýnir að við aðstæður sem þessar geta eignir rýrnað með ógnarhraða. Við höfum reynt að vinna að þessu undanfarna daga og tekist þokkalega upp, held ég, með aðstoð góðra ráðgjafa. Ég tel að í þeirri stöðu sem við Íslend-

ingar erum núna verðum við að skoða alla kosti þegar við horfum til framtíðar.

Hjá formönnum allra þriggja stjórnarandstöðuflokkanna kom fram að þeir telja sérstaklega ámælisvert að Samfylkingin skuli nú sem áður viðra þá skoðun sína að Ísland væri betur komið innan Evrópusambandsins. Herrar mínir, Samfylkingin lætur hvorki beita sig skoðanakúgun né þöggunarstefnu. Eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði áðan á allt að vera undir og okkar skoðun er sú að við værum ekki í þessari stöðu ef við hefðum gengið í Evrópusambandið fyrr og tekið upp evruna. Við hljótum, þegar við skoðum veginn til framtíðar, að leggja viðhorf okkar inn í umræðuna og það vill svo til að meiri hluti þjóðarinnar hefur verið okkur sammála. Meiri hluti kjósenda Steingríms J. Sigfússonar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs (Forseti hringir.) og Framsóknarflokksins lýsa sömu skoðun í könnunum. Við þessar aðstæður verður einfaldlega allt að vera undir og við þurfum að skoða allt.

[15:58]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Íslenska þjóðin stendur nú á tímamótum. Reynsla síðustu daga hefur verið okkur öllum mjög erfið en ber þess merki að sá heimur og það fyrirkomulag sem við höfum lifað við er að mörgu leyti að líða undir lok. Það hefur miklar og margvíslegar afleiðingar fyrir samfélagið, við stöndum á krossgötum og verðum að velja þá leið sem við viljum og ætlum að fara til móts við framtíðina.

Undanfarnar vikur og daga hafa verið teknar stórar og afdrifaríkar ákvarðanir. Það hefur komið fram gagnrýni á margar þeirra og framganga valdamikilla manna verið gagnrýnd. Hér hefur m.a. verið vísað til gagnrýni rektors Háskólans á Bifröst sem hefur haft uppi stór orð um þessi mál og margir spyrja sig í dag: Getur verið að hann hafi rétt fyrir sér?

Hér hefur verið minnst á skýrslu breskra hagfræðinga sem vöruðu við því að íslenska fjármálakerfið gæti hrunið. Það var ekkert gert með þessi aðvörunarorð (**Gripið fram í:** Það var mikið gert) og margir spyrja sig hvers vegna og vilja fá svör við því. Það ástand sem skapast hefur í alþjóðlegum fjármálaheimi er að miklu leyti afleiðing græðgi, metorðagirndar, botnlausrar peningahyggju og trúnaðarbrests. Við höfum upplifað það allt hér í samfélagi okkar og verðum að segja skilið við það. Við sem þjóð verðum að setja okkur ný markmið til framtíðar, endurmeta gildi okkar og hafa þau að leiðarljósi.

Eitt allra mikilvægasta verkefnið og viðfangsefnið nú er að tryggja að atvinnulífið missi ekki mátt og að hér verði ekki mikið atvinnuleysi. Það verður að gera allt til þess að halda atvinnulífinu gangandi. Stýrivextirnir verða að lækka meira en ákveðið var í morgun, það finnast ekki einföld rök fyrir því að þeim sé haldið í himinhæðum.

Hæstv. forseti. Það eru margar spurningar sem liggja í loftinu og þarf að leita svara við. Eftir hvaða hugmyndafræði vinna skilanefndir bankanna? Hvernig verða eignir þeirra meðhöndlaðar sem felast í skuldum atvinnulífsins og einstaklinga? Hvernig verða ákvarðanir teknar um hvaða atvinnufyrirtæki lifa og hver geta haldið áfram? Kemur til greina að fá erlenda sérfræðinga til að vinna með skilanefndunum að því mikilvæga verkefni sem þær vinna? Verður ekki að gera það til að skapa sem mest traust á verk þeirra?

Hver er þjóðréttarleg staða Íslands gagnvart skuldbindingum um innstæðutryggingar, t.d. hjá Icesave og hvernig lítur samningurinn við Holland út? Er hann í samræmi við skuldbindingarnar? Spyr sá sem ekki veit. Er samningurinn við Hollendinga þeim og öðrum þjóðum mikilvægur til að koma í veg fyrir að innstæðueigendur taki út fjármuni sína og tæmi erlenda banka í viðkomandi löndum, að upp komi svonefnt „run“? Á Ísland að taka á sig slíka ábyrgð?

Það hafa komið fram mjög misvísandi upplýsingar og yfirlýsingar um raunverulega ábyrgð ríkisins á innstæðum í Icesave. Það mál er líklega það stærsta og mikilvægasta hvað varðar efnahagslega framtíðarhagsmuni þjóðarinnar og við verðum að fá botn í það sem allra fyrst.

Síðan er spurt: Hverjir eru heildarhagsmunir okkar Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi? Liggur fyrir eitthvert mat á því hver heildarmyndin er varðandi fjárhagslegar ábyrgðir okkar, t.d. varðandi bankastarfsemi á við Icesave?

Almenningur spyr hvort raunveruleg rök og efni séu fyrir öllum yfirlýsingum ráðherra ríkisstjórnarinnar varðandi inneignir fólks í fjármálafyrirtækjum. Tugir þúsunda Íslendinga eru í mikilli óvissu um fjárhagslega framtíð sína og það má ekki undir neinum kringumstæðum senda þeim misvísandi skilaboð eða vekja með þeim óljósar væntingar með óvarlegum yfirlýsingum. Ég er hræddur um að það hafi þegar verið gert.

Alþingi verður að fjalla um og greina hvað fór úrskeiðis, hvar ábyrgðin liggur o.s.frv. Við verðum og eigum að gera það bæði til þess að læra af því og til þess að gera okkur grein fyrir því hvort nauðsynlegt er að lagfæra löggjöf og regluverk. Almenningur kallar eftir því og við verðum að gera það á faglegan hátt í samstarfi við færustu sérfræðinga á hverju sviði. Í því sambandi fagna ég yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra í framsögu hans og einnig því frumkvæði sem dómsmálaráðherra hefur gert grein fyrir.

Virðulegur forseti. Nú skiptir miklu að við göngum fram af ábyrgð með bjartsýni og trú á framtíðina. Við eigum mörg tækifæri. Við höfum áður staðið frammi fyrir erfiðum málum og jafnan unnið okkur út úr vanda og erfiðum aðstæðum. Við sem þjóð verðum nú að setja okkur ný markmið, móta nýja framtíðarstefnu og ná samstöðu um þá uppbyggingu sem þarf að eiga sér stað í framtíðinni. Það er verkefnið fram undan nú þegar við göngum til móts við nýja tíma.

[16:03]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Á undanförnum dögum hafa stjórnvöld þurft að glíma við ótrúlegar aðstæður og óvænta erfiðleika sem ég býst við að fæst okkar muni upplifa á nýjan leik. Ég vil segja að þessa daga finnast mér þeir tveir ráðherrar sem málið hefur mest hvílt á, hæstv. forsætisráðherra og viðskiptaráðherra, hafa staðið sig vel í störfum sínum, komist vel frá verkum, og það er ástæða til að vekja athygli á því og þakka þeim fyrir framgöngu þeirra.

Ég er sammála því sem fram kom í máli hæstv. forsætisráðherra að huga beri alvarlega að því að skoða möguleik-

ana á lögsókn í Bretlandi á hendur breskum stjórnvöldum fyrir framferði þeirra, bæði gagnvart Landsbankanum og Kaupþingi. Sú framkoma var ótrúleg og engu lagi lík og sæmir ekki þjóð sem vill kalla sig vinaþjóð okkar Íslendinga. Mér finnst meiri mannsbragur á því að bregðast við framkomu Gordons Browns og Alistairs Darlings með þessum hætti en hinu að nota þessar aðstæður til þess að tala fyrir því að Íslendingar eigi að ganga í Evrópusambandið í ljósi þess sem við vitum öll, að jafnvel þó að við hefðum verið komin í Evrópusambandið og haft evruna hefðum við eftir sem áður staðið ein á báti. Vandi okkar hefði verið sá sami og niðurstaðan sú sama, að skuldir íslenska bankakerfisins voru margfalt meiri en íslenska ríkið gat ábyrgst. Hver ríkisstjórnin á fætur annarri í Evrópusambandinu hefur lýst því yfir að hún ábyrgist bankakerfi sitt en engin þeirra, svo að ég viti til, hefur lýst því yfir að hún taki ábyrgð á bankakerfi annars ríkis, hvort sem það er í Evrópusambandinu eða Evrópska efnahagssvæðinu.

Mér fannst, virðulegi forseti, að hæstv. félagsmálaráðherra gengi fram með yfirlýsingu sem er algjört nýmæli, hún lýsti því í raun yfir að stjórnarsáttmálinn væri úr gildi fallinn, aðstæður hefðu breyst svo mikið að ákvæði í honum ættu ekki lengur við og nú ætti ríkisstjórnin að söðla um, þótt ekki væri um það samið á milli stjórnarflokkanna, og sækja um inngöngu í Evrópusambandið. Við vitum hvað í því felst, þá opnum við fiskveiðilögsögu okkar aftur upp í 12 mílur fyrir Breta. (Gripið fram í.) Viljum við gera það fyrir Breta í staðinn fyrir það sem þeir hafa gert okkur? Við vitum að við opnum fyrir það að breski ríkissjóðurinn og bresk fyrirtæki geti keypt hér upp útvegsfyrirtæki og fiskveiðiheimildir og nýtt þær á þann hátt sem þeim sýnist. Finnst einhverjum hér líklegt að þeir muni setja íslenska hagsmuni ofar sínum eigin? Við vitum það, hæstv. forseti.

Það sem við vitum ekki er hvað þeir vilja sem tala fyrir því að við göngum inn í Evrópusambandið. Vill Samfylkingin ganga að sjónarmiðum Evrópusambandsins, sem eru þekkt, eða setur hún einhver samningsmarkmið af sinni hálfu í þessu efni? Vill varaformaður Framsóknarflokksins ganga að sjónarmiðum Evrópusambandsins eða setur hún einhverja fyrirvara og skilyrði fyrir því að samningar geti tekist? Það kom ekki fram, það var enginn fyrirvari um það hjá þeim sem nú hafa fjallað um málið. Ég hlýt að álykta sem svo að þau séu sammála stefnunni sem Evrópusambandið hefur í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að hefja endurreisnarstarfið. Þungamiðjan í því hlýtur að hvíla á Seðlabanka Íslands. Við erum í þeirri stöðu að annar stjórnarflokkurinn hefur lýst yfir vantrausti á aðalbankastjóra Seðlabankans. Ég fæ ekki séð hvernig ríkisstjórnin á að geta fylgt fram stefnu sinni með trúverðugum hætti til að endurreisa íslenskt atvinnulíf öðruvísi en að á bak við þá sem þeirri stefnu eiga að fylgja, og sem þeir setja fram af hálfu Seðlabankans, ríki fullkomin eining. Menn verða að greiða úr því vantrausti áður en lengra er haldið, virðulegi forseti. Ég vona og tek undir það með hv. formanni Framsóknarflokksins að á þessum dögum þýðir ekki að henda mönnum úr bátnum þegar við erum í brimlendingunni. Það verður að láta áhöfnina ná landi (Forseti hringir.) áður en menn huga að því.

[16:08]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég hef hlustað á þessar umræður af mikilli athygli og ég fagna því hvað þær hafa verið málefnalegar, æsingalausar og ábyrgar. Það er mjög mikilvægt að við komum þannig fram sem samstillt heild hér á Alþingi þegar við tökumst á við þann gríðarlega vanda sem nú blasir við okkur. Enn á ný vil ég fagna þeirri samstöðu sem hér virðist almennt vera gagnvart þessum vanda.

Það má margt segja um orsakir hans. Ég fór vel yfir hann í ræðu minni, ég hef gert það margoft áður en ég tel og vil láta það koma fram að bankarnir hefðu átt möguleika og hefðu getað komist í gegnum þessa erfiðleika ef bankakreppan, hin alþjóðlega kreppa, hefði ekki skollið á af jafnmiklum þunga hér á landi og raun bar vitni. Að vísu má segja að margt í verkum þeirra og störfum hafi verið glannalegt, sérstaklega þegar horft er til baka, og að það hefði átt að gera ráðstafanir til að minnka bankakerfið sem hlutfall af þjóðarframleiðslu okkar og hagkerfi. En ég tel eigi að síður að hefði þeim unnist tími til að vinna sig úr þeim vanda áður en holskeflan reið endanlega yfir hefði þetta getað bjargast. Því miður varð raunin ekki sú.

Nú segja menn: Íslenska ríkisstjórnin og Seðlabankinn gerðu mistök á þessari leið. Það getur vel verið að gerð hafi verið einhver mistök, það væri mjög undarlegt að takast á við svona erfiðleika án þess að einhvers staðar væru gerð mistök. Ég hygg þó að það sé alveg sama, þegar menn líta í baksýnisspegilinn, til hvaða ráða hefði verið gripið þegar komið var fram undir lok septembermánaðar. Niðurstaðan blasti við, bankarnir voru að komast í þrot vegna þess að þeir gátu hvergi endurfjármagnað sig. Þess vegna breytti í raun og veru litlu til hvaða ráða var gripið af hálfu ríkisstjórnar og Seðlabanka hvað það varðar, þroti þeirra varð ekki afstýrt. Menn geta komið eftir á og sagt: Ef stjórnin hefði gert þetta eða Seðlabankinn hitt hefði þetta kannski farið eitthvað öðruvísi. Ég tel að það sé rangt vegna þess að niðurstaðan varðandi bankana blasti við eftir þá atburði sem gerðust vestur í Bandaríkjunum 15. september þegar Lehman-bræður fóru á hausinn með þeim afleiðingum sem það hafði á alþjóðafjármálakerfið og allir þekkja.

Nú er verið að reyna að reisa við bankakerfi um allan heim með þvílíkum fjárveitingum og stuðningi hins opinbera að annað eins hefur aldrei sést. Ganga þar fremst í flokki forusturíki alþjóðakapítalismans, Bandaríkin og Stóra-Bretland, og beita hiklaust ríkissjóðum sínum til þess að koma hér til aðstoðar. Þau standa ekki frammi fyrir því sem ríki að nánast allt bankakerfi þeirra hafi verið komið að fótum fram þó að margir stórir og fornfrægir bankar hafi mátt lúta í lægra haldi gagnvart þessum ósköpum. Vandi okkar er hins vegar sá að langstærsti hlutinn af bankakerfi okkar voru þeir þrír bankar sem nú hafa átt við erfiðleika að stríða sem við erum nú að fást við afleiðingarnar af.

Ég tel að sú leið sem við fórum sem Alþingi samþykkti og lagði blessun sína yfir í síðustu viku hafi verið hin rétta við þessar aðstæður og nú er unnið að því á öllum vígstöðvum að koma þessum málum í heila höfn eftir því sem aðstæður frekast leyfa. Það er gert í skilanefndum bankanna þriggja, það er gert innan nýju bankanna sem nú er verið að endurreisa. Það er gert á vettvangi Fjármálaeftirlitsins,

Seðlabankans, í ráðuneytunum og annars staðar í okkar opinbera kerfi þar sem þessi mál eru til umfjöllunar.

Ég tel að allir sem að þessum málum koma með einhverjum hætti séu að reyna að gera sitt besta og við höfum leitað til erlendra ráðgjafa sem þekkja til mála þessum skyldum til þess að hjálpa okkur að greiða úr því að það vitum við, eins og hv. formaður Framsóknarflokksins sagði, að við aðstæður sem þessar er þess aldrei langt að bíða að hrægammar, innan lands og utan, gefi sig fram með sínum hætti. Það þarf að verjast þeim, það þarf að verja eignirnar sem eftir eru í bankakerfinu og svo þarf að nýta þær með sem allra skynsamlegustum hætti til að standa skil á skuldum, innstæðum og síðan að sjálfsögðu til áframhaldandi uppbyggingar hérna í landinu. Það er verkefnið og það er vissulega risavaxið eins og margoft hefur komið fram. Við sem berum ábyrgð á þessum málum í dag ætlum ekki að hlaupa frá verkinu eða gefast upp í miðjum klíðum. Við erum í miðjum brimgarðinum og við ætlum okkur að ná landi á nýrri strönd — eins og formaður Framsóknarflokksins mundi orða það — á hinu nýja Íslandi sem mun rísa eftir að við erum komin í gegnum þessar hremmingar.

Gátum við séð þetta fyrir? Ja, menn geta verið vitrir eftir á. Ég tel að ég sé búinn að svara þeirri spurningu með því að fullyrða bankarnir hefðu getað komist í gegnum erfiðleikana ef þeir hefðu ekki fengið náðarhöggið nú síðast í september ofan í það sem yfir þá hefur gengið frá því að undirmálslánakreppan byrjaði í Bandaríkjunum síðla sumars (**GÁ:** Og helvítis Bretinn.) í fyrra. Það bætti svo ekki úr skák, eins og hv. þingmaður kallar hér fram í, hver framkoma Breta var í okkar garð í síðustu viku vegna þess að ég tel að Kaupþing hefði átt möguleika á að komast í gegnum þetta ef það hefði ekki fengið svo óréttmæta meðferð sem raun bar vitni. Þess vegna veitti Seðlabankinn þeim sérstakt risavaxið þrautavaralán, með góðum tryggingum að sjálfsögðu, sem allir töldu að mundi duga bankanum til að fleyta sér yfir mesta vandann.

Menn hafa talað hér mikið um Bretland. Ég ætla að bæta því við að auðvitað þurfum við samstarf við bresku ríkisstjórnina um að komast í gegnum þetta. Við þurfum t.d. samstarf um að gera okkur þann mat úr eignum Landsbankans sem hægt er og Kaupþings í Bretlandi. Ég tel að þakkarvert sé að breska ríkisstjórnin beitti sér fyrir láni til Landsbankans upp á 100 milljónir punda fyrr í þessari viku til að rekstri bankans væri hægt að halda áfram til að varðveita innviði hans og eignir. Ég tel að það hafi þó bætt úr skák miðað við það ástand sem upp var komið. Það snýr að Landsbankanum.

Hitt er svo annað mál að ég tel að það sé ófyrirgefanlegt að beita lögum um varnir gegn hryðjuverkum gegn Íslendingum. Ég tel afar ólíklegt, ef ekki óhugsandi, að það hefði verið gert gagnvart einhverri stærri og voldugri þjóð en okkur. Því miður horfir það þannig við mér. Hitt er svo annað mál að í þessum lögum eru ákvæði sem hugsanlega mætti beita við aðrar aðstæður en það breytir ekki eðli málsins að fyrst og fremst er þetta löggjöf sem ætluð er til þess að varna árás hryðjuverkamanna. Ég hélt að við værum bandamenn Breta og Atlantshafsbandalagsríkjanna allra í baráttunni gegn hryðjuverkamönnum. Við höfum tekið málið upp á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og kvartað undan þessu og munum fylgja því eftir þar sem við höfum aðstöðu til. En ég legg áherslu á að við munum þurfa að eiga gott samstarf við breska ríkið, við bresk fyrirtæki — fyrirtæki okkar þurfa að gera það áfram — og að sjálfsögðu við breskan almenning sem við höfum alla tíð litið á sem vini okkar.

Umræðu lokið.

[16:18]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 90. mál, frv. JBjarn o.fl., þskj. 96.

Gengisjöfnun á námslánum og námsstyrkjum til íslenskra námsmanna erlendis, 91. mál, þáltill. KJak o.fl., þskj. 97.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 28. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 28.

Vatnalög, 23. mál, nál. iðnn., þskj. 98.

Fundi slitið kl. 16:19.

---

14. FUNDUR

fimmtudaginn 16. október,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Vatnalög, stjfrv., 23. mál, þskj. 23. — 2. umr.
3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 33. mál, þskj. 33. — 1. umr.
4. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 38. mál, þskj. 38. — 1. umr.
5. Breytt stjórn fiskveiða í samræmi við úrskurð mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Frh. fyrri umr.
6. Hönnun og stækkun Þorlákshafnar, þáltill., 22. mál, þskj. 22. — Fyrri umr.
7. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.
8. Barnaverndarlög og barnalög, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.
9. Stofnun barnamenningarhúss, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.
10. Lánamál og lánakjör einstaklinga, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
11. Aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Fyrri umr.

12. Seðlabanki Íslands, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
13. Skipan frídaga að vori, þáltill., 85. mál, þskj. 90. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
Björgvin G. Sigurðsson viðskrh., 2. þm. Suðurk.
Jón Gunnarsson, 7. þm. Suðvest.
Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest.

[10:34]

Útbýting:
Verðbréfaviðskipti, 53. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 53.
Virðisaukaskattur, 48. mál, frv. MÁ og HHj, þskj. 48.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Aðgerðir til aðstoðar bændum.

[10:35]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég spyr hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um aðgerðir til aðstoðar bændum. Vandi þeirra og úrræði hafa lítið komið til tals í kreppunni en hann er í raun tvöfaldur. Það vita allir sem vilja vita að aðföng til þeirra hafa stórhækkað, áburðurinn yfir 100% og miklar hækkanir á aðföngum eru í pípunum. Vaxtakostnaður hefur stóraukist, flutningskostnaður og þannig mætti lengi telja.

Fjölmargir kúabændur sem hafa endurnýjað bú sín á síðustu árum eru komnir í þrot. Þeir borga yfir helming af tekjum sínum í vexti og verðbætur. Það vita líka allir hvernig staða sauðfjárbænda er. Það er sagt að um 30% bænda á landinu séu tæknilega gjaldþrota og það er ótrúlegt en satt að í forgangi hæstv. ráðherra skuli vera matvælafrumvarp sem er ógnun við matvælaöryggi, ógnun við fæðuöryggi þjóðarinnar og ógnun við hundruð starfa í matvælaiðnaðinum. Þetta er veruleikafirring, að mínu mati.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hyggst hann beita sér fyrir úttekt á stöðu bænda? Ég spyr hæstv. ráðherra: Veit hann hversu margir bændur hafa í hyggju að bregða búi í haust og á vetri komanda? Við megum ekki missa einn einasta bónda úr búrekstri í dag. Við verðum að fjölga þeim. Fæðuöryggi okkar, eins og staðan er í dag, er í húfi.

Ég spyr ráðherra líka hvort hann hyggist beita sér fyrir því að endurreisa Stofnlánadeild landbúnaðarins, lánasjóðinn. Hvernig hyggst hæstv. ráðherra tryggja búsetu og afkomu og atvinnu bænda? Hyggst ráðherra beita sér fyrir hækkun á afurðaverði til bænda með auknum niðurgreiðslum eða öðrum hætti? Hyggst ráðherra beita sér fyrir frystingu lána og endurfjármögnun? Hyggst ráðherra beita sér fyrir frekari vaxtalækkunum? Hvað hyggst hæstv. ráðherra fyrir?

[10:37]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég býst ekki við að hv. þingmaður hafi gert ráð fyrir því að ég gæti svarað öllum þessum spurningum á tveimur mínútum en almennt um stöðu bænda er það alveg rétt að hún er alvarleg. Að hluta til er þar um að ræða sömu vandamál og við er að glíma almennt í efnahagslífi þjóðarinnar og hjá atvinnulífinu almennt, m.a. vegna mikillar lækkunar gengis og vegna hárra vaxta. Stóra verkefnið er þess vegna að koma á gjaldeyrisviðskiptum sem mundu leiða til þess að gengi krónunnar geti styrkst og það eru auðvitað allar forsendur til þess. Við erum að flytja mjög mikið út og innflutningurinn er miklu minni en svarar útflutningnum. Hér eru allar forsendur til þess að gengið geti styrkst að nýju. Þegar hefur verið stigið fyrsta skrefið í þá átt með ákvörðun Seðlabankans í gær um lækkun vaxta. Ég fagna því og tel að við hljótum að sjá frekari skref fram undan í þeim efnum sem munu þá draga úr fjármagnskostnaði bænda.

Ég var á fjölmennum bændafundi í vikunni þar sem mjög vel kom fram að það eru ekki síst þessir fjármagnsliðir sem valda miklum erfiðleikum í búrekstrinum og þess vegna er stóra verkefnið að ná utan um það. Til viðbótar við þetta get ég nefnt tvennt: Við höfum þegar í samstarfi við Bændasamtökin óskað eftir viðræðum við hinn nýja Landsbanka og Landsbankinn er auðvitað í þeirri sérstöku stöðu að hafa keypt á sínum tíma Lánasjóð landbúnaðarins. Því má ætla að talsverður hluti skulda landbúnaðarins séu þar inni og auðvitað eru forsendur til að ræða við Landsbankann af þeim ástæðum.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því að landbúnaðurinn er í þeirri sérstöðu að þar er um að ræða blandaðan rekstur bús og heimilis og þess vegna þarf sérstaklega að skoða möguleika á frystingu lána hjá landbúnaðinum. Það liggur fyrir vilji til að frysta afborganir af húsnæðislánum, eins og fram hefur komið, en þarna þarf sérstaklega að hyggja að stöðu landbúnaðarins.

Í þriðja lagi vegna spurninga hv. þingmanns vil ég segja að það hefur þegar verið gerð gangskör að því að úttekt á stöðu bændanna geti farið fram þannig að við gerum okkur enn þá betri grein fyrir hvert vandamálið er, hver stærðargráðan er og af hvaða toga það er.

[10:39]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta svar veldur mér miklum áhyggjum. Ég var á fyrsta opna fundi Alþingis um daginn með sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þegar kreppan var skollin á og þegar ég hélt að forgangsatriðið væri að ræða aðgerðir til bænda, til sjómanna, smábátasjómanna og fleiri þá var það bara ekki á dagskrá heldur matvælafrumvarpið sem er ógnun við fæðuöryggi, sem er grundvallaratriði í stöðu okkar í dag, ógnun við matvælaöryggi og ógnun við störf. Enn sýnist mér hæstv. ráðherra loka augunum fyrir þessum stóru vandamálum. Hvaða vinna er í gangi í ráðuneyti hæstv. ráðherra til að koma bændum til hjálpar? Á að frysta lánin? Hvaða skilaboð hafa bændur fengið? Á að bregðast við gagnvart áburðarverði og öðru slíku? Þeir verða að fá hærra afurðaverð. Miðað við hvað aðföng hafa hækkað á síðustu árum þá er það grundvallaratriði. Ef til vill verðum við að niðurgreiða matvælin meira en umfram allt verðum við að tryggja að öll bú verði í rekstri.

[10:40]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Eftir þessa ræðu veit ég ekki hvaða tilgangi það þjónar í sjálfu sér að svara hv. þingmanni því hann hlustar ekki neitt á það sem ég er að segja. Ég rakti á þessum tveimur mínútum allmörg atriði sem verið er að vinna að í ráðuneytinu með Bændasamtökunum. Við höfum átt fundi með forustumönnum bændanna til að fara yfir þessi mál og það er alger samhljómur í vinnu okkar í þeim efnum. Það liggur fyrir að við gerum okkur grein fyrir alvöru málsins. Það er einfaldlega rangt hjá hv. þingmanni að þessi mál séu ekki í forgangi. Þau eru í forgangi og þetta eru þau mál sem hafa verið í forgangi hjá ríkisstjórninni undanfarna daga, þ.e. að reyna að ná tökum á efnahagslífinu til þess að reyna að koma til móts við þarfir landbúnaðarins líka. Eins og aðrar atvinnugreinar lýtur landbúnaðurinn auðvitað tilteknum lögmálum sem við erum að reyna að takast á við.

Hv. þingmaður sagði að það þyrfti að hækka afurðaverð til bænda. Hv. þingmaður hefur greinilega ekki fylgst með fréttum. Í gær náðist samkomulag í verðlagsnefnd búvara um rúmlega 10% hækkun á mjólk til bænda og afurðastöðva. Það tókst sem betur fer í góðu samkomulagi fulltrúa neytenda og afurðastöðvanna og bændanna en hv. þingmaður vill greinilega ekki hlusta. Hann vill reyna að halda fram einhverjum ranghugmyndum sem þjóna lund hans og málstað en hlustar ekki á það sem verið er að segja.

Frumvarp um matvæli.

[10:42]

Bjarni Harðarson (F):

Herra forseti. Ég vil koma inn á ekki alveg óskylda hluti þeim sem hafa verið í umræðunni. Það sem ég hef einkanlega áhyggjur af við þær aðstæður sem nú steðja að íslensku þjóðarbúi og íslenskri atvinnu er einmitt matvælafrumvarpið sem liggur fyrir þingnefnd. Ég hef líka áhyggjur af fréttum um, nú síðast á fimmtudaginn í síðustu viku, að það sé staðfastur vilji ráðherra að koma frumvarpinu í gegn. Í ljósi þeirra frétta og þeirra stórfelldu breytinga sem orðið hafa í samfélaginu á mjög stuttum tíma til hins verra vil ég spyrja hæstv. ráðherra eftirfarandi spurninga og svo svör geti verið skýr og skorinorð skal ég hafa þetta já/nei spurningar:

Herra forseti. Ég spyr hvort landbúnaðarráðherra sé orðinn sá Evrópusinni, eins og sagt var frá í einum af Evrópufréttamiðlum fyrir nokkrum dögum, að hann ætli sér að keyra þetta frumvarp í gegn í blóra við hagsmuni bænda, hvort ekki komi til greina að afturkalla frumvarpið alveg og leggja það í salt þar til um hægist í hagkerfinu. Þriðja já/nei spurningin er ef það er ekki möguleiki að taka frumvarpið til baka, hvort það komi til greina að tryggja að frumvarpið verði með þeim hætti að ekki verði flutt inn hrátt kjöt, hvorki hvítt ket né annað, því bæði ógnar það matvælaöryggi en eins og staðan er núna ógnar það líka störfum á höfuðborgarsvæðinu þar sem atvinnuleysi á eftir að verða hvað erfiðast, en það fara líklega jafnmörg störf með því eins og færu ef álverið í Straumsvík lokaði alveg.

Ég mun fylgja þessum spurningum betur eftir en ég vil fá skýr svör, já eða nei. Þetta eru þrjár já/nei spurningar sem ég vona að hæstv. ráðherra geti gefið svar við, bæði þinginu og þeim fjölda bænda í hvíta kjötinu og fleiri greinum sem eru í rauninni í mikilli óvissu með rekstur sinn.

[10:44]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég skal svara spurningu hv. þingmanns strax. Nei, það er ekki hugmyndin að leggja þetta frumvarp í salt. Það hefur verið unnið að þessu máli mjög samviskusamlega í sumar, alveg frá því að ákveðið var sl. vor að ljúka ekki afgreiðslu þess þá. Sú vinna hefur miðast við að reyna að tryggja varnirnar fyrir íslenskan landbúnað. Það er einfaldlega þannig, eins og ég rakti á fundi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, það eru allar forsendur til þess og allir möguleikar til þess og ef menn lesa t.d. álit Bændasamtakanna kemur það glögglega fram, m.a. með skírskotun til EES-samningsins, að við höfum þarna mjög miklar varnir, alveg eins og ég sagt frá upphafi.

Það er vel hægt að útbúa þetta frumvarp og lögin þannig að það sé hægt að hafa þær varnir eins góðar og þörf er á og við höfum alla hagsmuni af því að slík matvælalöggjöf sé til staðar. Hluti af því matvælaöryggi sem við sem íslensk þjóð erum að tala um snýr að því að við getum tryggt t.d. að eðlileg viðskipti milli þjóða geti átt sér stað. Það er það sem við höfum verið að reka okkur á núna upp á síðkastið þar sem matvælaöryggi okkar hefur helst verið ógnað af því að það er verið að reyna að koma í veg fyrir að slík viðskipti eigi sér stað.

Þetta frumvarp sem við höfum verið að fara höndum um og höfum verið að skoða, m.a. með hliðsjón af ábendingum Bændasamtakanna og margra annarra, hefur m.a. það hlutverk að tryggja að við getum verið með heilbrigð matvæli hér á landi og auðvitað verður ekki hvikað frá því með nokkrum einasta hætti. Það er einfaldlega rangt hjá hv. þingmanni að þessi löggjöf verði þannig úr garði gerð að hún sé á nokkurn hátt tilræði við matvælaöryggi þjóðarinnar, öðru nær, né heldur tilræði við hagsmuni bænda.

Ég vil svo vekja athygli á því, virðulegi forseti, að síðustu vikur eða mánuði hefur nánast alveg horfið innflutningur á erlendum kjötvörum og þess háttar sem heimildir eru til að flytja inn og hafa verið fluttar inn. Þær eru ekki fluttar inn vegna þess að aðstæður eru þannig að samkeppnisstaða íslensks landbúnaðar hefur sem betur fer batnað að þessu leyti.

[10:46]

Bjarni Harðarson (F):

Herra forseti. Ég þekki ekki til innkaupavenja hæstv. landbúnaðarráðherra eða hvar hann verslar inn í matinn en sjálfur þekki ég það mjög vel að í þeim verslunum sem ég kem er mikið af innfluttu kjöti og sala á því kjöti hefur í mörgu verið tregari nú en undanfarið því að margt af þessu er hágæða lúxusvarningur. En ástæður fyrir því að ekki hefur verið flutt mikið inn núna eru aðrar sem ég ætla ekki að fara út í nú og þingheimur veit fullvel um.

Ég lagði fram þrjár já/nei spurningar fyrir hæstv. land-

búnaðarráðherra og fékk svar við einni þeirra. Ég hef ekki fengið svar við því hvort í frumvarpinu eins og það verður lagt fram núna verði tryggt að ekki komi hrátt kjöt inn í landið. Ég tel svar við þessu vera algjört lykilatriði vegna þess að mjög margir af þeim atvinnurekendum sem eru í svínabúskap, kjúklingabúskap og fleiri búgreinum horfa í rauninni fram á eins og reyndar víða í atvinnulífinu mjög erfiða stöðu. Ef ekki fæst skýrt svar við þessu geta margir þessara aðila farið að hugsa um að pakka niður og skila inn kennitölunni því að staðan er ekki björt ef þeir eiga að fara að keppa við evrópskan (Forseti hringir.) landbúnað með þessum hætti.

[10:47]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður veit vel að það er ekki þannig að í þessari matvælalöggjöf verði neitt fortakslaust bann við að flytja inn ófrosið kjöt. Það verða hins vegar settar varnir með öðrum hætti sem tryggja að (Gripið fram í.) mögulegur innflutningur á þessu kjöti verður háður því að við getum haft algjört eftirlit með því að ekki sé verið að fórna á nokkurn hátt hagsmunum landbúnaðarins eða þeim hagsmunum sem neytendur hafa í því að fá hér heilbrigt kjöt. (Gripið fram í.) Ég er búinn að vekja athygli á því og rakti það m.a. í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd sem var með opinn fund sem sjónvarpað var frá. Þá var þetta mál m.a. kallað af hv. þingmönnum aukaatriði. Ég er algjörlega ósammála því, þetta er stórmál og skiptir okkur máli. Það hefur verið unnið mjög samviskusamlega að því að breyta þessu frumvarpi á þann veg og styrkja allar varnir gagnvart landbúnaðinum.

Þetta er tilefnislaus hræðsluáróður hjá hv. þingmanni og undarlegt að hann skuli hafa uppi þennan órökstudda hræðsluáróður þegar það liggur fyrir að verið er (Gripið fram í.) að fara mjög rækilega yfir þessi mál og leggja fram hugmyndir, sem ég gerði grein fyrir í nefndinni, sem lúta að því að styrkja varnirnar fyrir íslenskan landbúnað og hagsmunum íslensks landbúnaðar (Forseti hringir.) verður ekki fórnað í þessu máli.

Vísitöluhækkun lána.

[10:49]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Í þeim hamförum sem nú ríða yfir þjóðfélagið bera margir kvíðboga fyrir þróun lána sinna sem koma til með að hækka mjög mikið á næstunni ef við náum ekki vísitöluþróuninni niður. Þetta er mjög erfitt mál í því ástandi sem nú er í ljósi þess að þegar krónan er eins veik og raun ber vitni þá kemur mikil hækkun matvæla mjög fljótt inn í vísitöluna. Á sama tíma vitum við að fasteignaverð lækkar mjög hratt en það kemur hins vegar ekki fram. Það er lítil sala á fasteignum og þær fasteignir sem seljast fyrst og fremst eru á langvinsælustu svæðunum og svo ódýrustu fasteignirnar. Vitað er að fasteignaverð er raunverulega að lækka mjög mikið, dýrar eignir með háum lánum seljast hreinlega ekki. Þetta verður til þess að vísitalan getur til skamms tíma hækkað mjög hratt þar sem aðföng hækka mjög mikið en fasteignaverð sem telur mikið inn í vísitöluna kemur ekki inn með lækkunina sem er raunverulega í kerfinu. Þetta verður til þess að lán hækka mjög hratt núna til skamms tíma. Vísitalan sem þar kemur ofan á kemur til með að sitja á lánunum þangað til þau eru uppgreidd. Þetta er mjög alvarlegt mál og mjög erfitt fyrir marga aðila að sjá lánin hækka með þessum hætti.

Ég spyr því hæstv. félagsmálaráðherra hvort henni finnist koma til greina að gera sérstaka undanþágu eða nálgast vísitöluútreikningana með öðrum hætti meðan þessi holskefla eða hamfarir ganga yfir. Útreikningar þessir eru svo slæmir til skamms tíma að það tekur engu tali og því er spurningin sú: Getum við leyft okkur að hafa eins konar hamfaraútreikninga þannig að þessi holskefla og hækkun til skamms tíma komi ekki ofan á lánastaflann sem síðan kemur til með að sitja á fjölskyldunum í landinu alveg þangað til að uppgreiðsla lána hefur átt sér stað?

[10:51]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn vegna þess að það er mikilvægt að við leggjum öll fram tillögur og hugmyndir sem geta orðið til þess að minnka þann skaða sem fólk verður óhjákvæmilega fyrir og þar er sjónum þingmannsins beint að lánum hjá Íbúðalánasjóði.

Ég get ekki svarað þessari spurningu hér á stundinni en ég mun auðvitað láta skoða þetta og allar hugmyndir en við verðum að horfa á þær út frá því hvað er raunhæft í þessu efni. Margra augu beinast að Íbúðalánasjóði til að bjarga ýmsu sem nú fer aflaga í samfélagi okkar. Vissulega mun Íbúðalánasjóður gera þar sitt besta en við verðum alltaf að horfa til þess að allar aðgerðir sem við förum í tefli ekki sjóðnum í hættu. Við megum ekki við því.

Hér er spurt um vísitöluna, hvort þurfi að hreyfa við henni og búa til ef ég skil einhvers konar hamfaravísitölu. Ég held að allt slíkt sé mjög varhugavert þó að ég segi hér og nú að ég muni láta skoða þetta. Við megum ekki vera með vísitölu sem mælir vitlaust eða er með rangar mælingar. Ég vil nefna að við fórum í gær ákveðna leið í þá átt sem hv. þingmaður nefndi með þeim hugmyndum og tillögum sem við settum fram. Þar var m.a. sett fram sú tillaga sem nú er farið að vinna eftir að það sé val hjá fólki um að greiða eingöngu vexti og verðbætur af vöxtum í tiltekinn tíma. Það mun lækka verulega greiðslubyrði hjá fólki sem vill velja þá leið. Síðan erum við með frystingu á lánum sem er heimil í allt að þrjú ár og það gildir bæði um innlend og erlend lán. En sú leið sem opnað var fyrir núna í vikunni um að eingöngu séu greiddir vextir og verðbætur af vöxtum í tiltekinn tíma getur lækkað lánin um kannski einn eða tvo tugi þúsunda hjá þeim sem eru t.d. með 20 ára lán. Þá erum við að tala (Forseti hringir.) um 13 þús. kr. lægri greiðslubyrði á mánuði og enn lægri greiðslubyrði ef fólk er búið að borga eitthvað af þessu. En ég mun að sjálfsögðu láta skoða þá leið sem þingmaðurinn nefndi.

[10:53]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir

svörin. Ég veit að henni og ríkisstjórninni er umhugað um að létta byrðina af fjölskyldum í landinu og reyndar öllum þeim sem skulda og ég er ánægður með þær aðgerðir sem þegar hefur verið ráðist í.

En varðandi það að hræra í vísitöluútreikningnum þá er ég bara að horfa til þess að við munum á meðan hamfarirnar ganga hér yfir fá inn vísitölu sem er ekki raunveruleg miðað við það sem verður þegar fram í sækir, þ.e. af því að fasteignaverðið er ekki komið inn með þeim hætti sem við komum til með að sjá eftir tvo þrjá mánuði. Matvælaverð kemur til með að vera miklu hærra í vísitöluútreikningnum núna en þegar gengið verður orðið rétt skráð eða í það minnsta réttara skráð. Ég er ekki að biðja um neinar blekkingar svo það sé undirstrikað við þingheim.

Staða sjávarútvegsins.

[10:55]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég er með þrjár spurningar til hæstv. sjávarútvegsráðherra. Í fyrsta lagi hverjar eru heildarskuldir sjávarútvegsins í dag? Í öðru lagi hverjar eru ætlaðar tekjur sjávarútvegsins á þessu ári? Og í þriðja lagi hver er framlegð í íslenskum sjávarútvegi í dag?

Tilefni þessara spurninga er auðvitað það að atvinnulífið er á algjörum brauðfótum, maður hefur á tilfinningunni að það sé að stoppa bæði út af gjaldeyristilfærslum og að það er hætt að borga út laun í sumum fyrirtækjum og þetta er allt að hruni komið. Því spyr ég hæstv. sjávarútvegsráðherra þessara þriggja spurninga og vænti þess að fá svör.

[10:56]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður verður að virða mér það til vorkunnar að ég er ekki með þessi svör á takteinum þannig að ég geti svarað þessu af öryggi vegna þess einfaldlega að þessir hlutir breytast mjög hratt núna og hér um bil dag frá degi, m.a. vegna þeirrar óvissu sem er á gengismarkaðnum. Og ég held því að svar á þessari stundu mundi ekki þjóna mjög miklum tilgangi. Bráðabirgðauppgjör sem við höfum aðgang að liggja ekki endanlega fyrir. Hins vegar liggur fyrir spurning af þessu tagi frá hv. flokksbróður hv. þingmanns, Kristni H. Gunnarssyni, sem ég geri ráð fyrir að verði svarað þannig að það ætti að geta svarað þessu að einhverju leyti.

Við vitum að þrátt fyrir allt þá hefur framlegðin í sjávarútveginum verið góð og hún hefur verið vaxandi. Það er líka athyglisvert ef við berum saman t.d. heildarútflutningstekjur á síðasta fiskveiðiári og fiskveiðiárinu þar á undan að þá jukust þær á milli ára. Og ef við skoðum þorskinn sérstaklega þá hefur þetta líka gerst þar, bæði vegna hækkandi afurðaverðs og líka vegna þess að gengið hefur verið að veikjast.

Hins vegar er ljóst mál að í því ástandi sem nú er hefur þessi mikla gengislækkun haft þau neikvæðu áhrif að skuldirnar hafa verið að aukast. Við vitum líka að efnahagsreikningur fyrirtækja í landinu, ekki bara sjávarútvegsfyrirtækja heldur flestra annarra fyrirtækja, er mjög slæmur vegna þess að lækkun gengisins hækkar skuldirnar tímabundið en auðvitað er það þá stóra verkefnið að breyta þessu þannig að gengið styrkist að nýju og þar með breytist skuldastaða sjávarútvegsins.

Aðalatriðið er þó að við reynum að koma ró á. Það er hins vegar óneitanlega þannig að þrátt fyrir þessa erfiðleika hefur framlegðin og þar af leiðandi rekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna gengið bærilega. Vandamálið núna er hins vegar það að gjaldeyrisviðskiptin eru ekki í lagi. Menn ná ekki heim sínum tekjum og það veldur auðvitað miklum vandræðum í rekstri sjávarútvegsfyrirtækjanna, veldur því m.a. að þau gætu farið að eiga í erfiðleikum með að greiða reikninga sína. Nú er unnið að því hörðum höndum að reyna að ráða bót á þessu og ég trúi því að það muni gerast á allra næstu dögum.

[10:58]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Þetta var auðvitað eins og við mátti búast. Fyrir rúmri viku vorum við með opinn fund í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og þá spurði ég þessara sömu spurninga og fékk engin svör. Ég hélt kannski að hæstv. ráðherra mundi sjá að sér og reyna að svara þessu þó að maður ætlist ekki til að það sé upp á krónur og aura en að það sé svona um það bil eins og maður segir um heildarskuldir. Eins er það hvað varðar áætlaðar tekjur. 26. september var reiknað með, samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fiskvinnslustöðva, að áætlaðar tekjur sjávarútvegs á þessu ári yrðu 145 milljarðar. Og þegar rætt er um framlegð þá er verið að tala um 10% í besta falli, sumir tala jafnvel um 5%. Við erum því að tala um að íslenskur sjávarútvegur hafi í það heila eitthvað á bilinu 15–30 milljarða til að borga (Forseti hringir.) niður skuldir af 500–600 milljörðum.

[10:59]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er það náttúrlega alrangt hjá hv. þingmanni að framlegðin í sjávarútvegi um þessar mundir sé 10%. Hún er miklu meiri sem betur fer. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að auðvitað eru skuldirnar við þessar aðstæður allt of miklar. En það sem ég var að reyna að vekja athygli á er að stóra verkefnið okkar núna er að koma á eðlilegum gjaldeyrisviðskiptum þannig að það hafi þau áhrif m.a. sem leiði til styrkingar á íslensku krónunni og þar með lækkandi skuldum fyrirtækjanna.

Ég vil líka vekja athygli á því sem ég nefndi í svari við spurningu áðan að við vitum að búið er að stíga fyrsta skrefið til lækkunar á vöxtum hér á landi með lækkandi stýrivöxtum Seðlabankans og auðvitað mun þetta allt saman hafa áhrif.

Sjávarútvegurinn siglir auðvitað mikinn ólgusjó við þessar aðstæður. Stóra verkefnið sem hann stendur frammi fyrir og stóra vandamálið er skortur á gjaldeyrisyfirfærslum sem eins og ég sagði áðan er unnið hörðum höndum við að reyna að breyta þannig að sá mikli gjaldeyrir sem verið er að skapa í sjávarútveginum, í stóriðjunni, í ferðaþjónustunni og mörgum öðrum atvinnugreinum komi til landsins og verði þess valdandi að krónan styrkist og menn geti haf-

ið hér eðlileg gjaldeyrisviðskipti.

Álver á Bakka.

[11:00]

Mörður Árnason (Sf):

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs því á þessum svo alvarlegu tímum fyrir land vort birtist í dagblöðum í dag auglýsing frá sveitarstjórum og öðrum fyrirmönnum á Norðurlandi um álver á Bakka. Auglýsingin er birt í ljósi alvarlegra atburða í íslensku efnahagslífi og meðal efnis hennar er áskorun á ríkisstjórn Íslands, með leyfi forseta:

„Við skorum á ríkisstjórn Íslands að taka af skarið og gera allt sem í hennar valdi stendur til að hægt sé að taka ákvörðun um byggingu álvers á Bakka sem allra fyrst og stuðla þannig að framförum íslensku þjóðinni til heilla.“

Ég verð að viðurkenna að auglýsingin kemur mér nokkuð á óvart. Vitað er hver hugur forustumanna á Norðurlandi er til verkefnisins og enginn efast um að þeir telji það til þjóðþrifa í héraði sínu. Um það geta menn deilt eða verið sammála. Hins vegar kemur á óvart að því sé haldið fram að framkvæmdir við álverið leysi úr neyðarástandi í banka- og gjaldeyrismálum og að menn telji að bygging álvers á Bakka nú þegar leysi úr atvinnuvanda sem hefur skapast einkum meðal starfsmanna fjármálastofnana, verktaka eða í þjónustu á suðvestursvæðinu. Einnig kemur á óvart að ríkisstjórnin skuli ekki hafa gert allt sem í hennar valdi stendur til að koma þessu af stað því hingað til hefur það verið talin sérstök stefna ríkisstjórnarinnar að álverið á Bakka verði að veruleika.

Jafnframt koma upp í hugann, hæstv. forseti, úrskurður hæstv. umhverfisráðherra um heildstætt umhverfismat, ákvörðun Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmda við Gjástykki og vinna við rammaáætlunina. Þetta þrennt tel ég að sveitarstjórnarmennirnir eigi við og þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra: Ætla ráðherra eða ríkisstjórn að bregðast við þessu og standa fyrir einhvers konar neyðarlögum til að flýta framkvæmdum á Bakka? Eru slíkar hugmyndir á sveimi hjá ríkisstjórninni eða hvernig hyggjast hún og hæstv. iðnaðarráðherra bregðast við ákallinu að norðan?

[11:02]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Iðnaðarráðherra og ríkisstjórnin hyggjast bregðast við ákallinu að norðan með sama þeli og spurningu hv. þingmanns, jafnaðargeði og skilningi. Ég hef fullan skilning á því að menn séu áhyggjufullir um afkomu sína á þessum viðsjárverðu tímum. Ríkisstjórn Íslands hefur lýst yfir stuðningi við álver á Bakka og ég hef sagt að ég vilji gera það sem hægt er til að flýta framkvæmdum þar. Ég hef lagt lóð mitt á þá vogarskál eins og fram hefur komið í sölum hins háa Alþingis.

Það liggur hins vegar ljóst fyrir að ríkisstjórnin hyggst ekki setja sérstök lög eða afnema lög sem nú eru í gildi. Ef hv. þingmaður á við hugmyndir, eins og þær sem hafa komið úr röðum Samtaka atvinnulífsins á fyrri skeiðum þessarar erfiðu atburðalotu, sem hafa falið í sér að lög um umhverfismat yrðu afnumin, þá kemur það ekki til greina. Sú tillaga nýtur heldur einskis stuðnings meðal þeirra sem eru í stóriðju eða orkuframkvæmdum og hafa forsvarsmenn iðnaðarins komið því skýrt til skila til mín sem iðnaðarráðherra að þeir hafi engan áhuga á slíku.

Að því er varðar framkvæmdir við Bakka þá eru þær núna í eðlilegum farvegi, (Gripið fram í.) þ.e. þær rannsóknarborholur sem hv. þm. Guðni Ágústsson gjammar hér fram í um eru í eðlilegum farvegi. Þær munu fara í umhverfismat sem verður lokið um miðjan apríl og að farsælli niðurstöðu kominni geta þær boranir farið fram næsta sumar, á þeim tíma sem ákveðið var í upphafi. Ríkisstjórnin hefur lagt hönd sína að því að greiða úr ákveðnum misskilningi sem kom upp og ég held að allir geti verið sáttir, jafnvel hv. þm. Mörður Árnason.

[11:05]

Mörður Árnason (Sf):

Hæstv. forseti. Ég er ákaflega sáttur við svörin og það að ekkert sé hægt að gera til að flýta framkvæmdum við Bakka meira en orðið er, þannig að auglýsing sveitarstjórnarmanna og annarra höfðingja á Norðurlandi virðist ekki stefna að því heldur einhverju öðru, væntanlega til vekja athygli á þeim málstað.

Mér þykir leitt að ágætir sveitarstjórnarmenn á þessu góða landsvæði skuli taka þátt í talkórnum sem upphafist hefur síðustu daga og vikur um það að svarið við ástandinu sem ríkir sé að nýta auðlindir landsins eins og það heitir og varpa til þess til hliðar lögum, reglugerðum og sátt sem gerð hefur verið.

Hvað skapaði þetta ástand hér? Græðgi, aðhaldsleysi og óstjórn í viðskipta- og atvinnulífi og við björgum því ekki, forseti góður, með því að sýna græðgi, aðhaldsleysi og óstjórn gagnvart náttúru landsins og miðunum umhverfis það.

[11:06]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég vil leggja ríka áherslu á að ríkisstjórnin hefur ekkert gert til að draga úr hraða framkvæmda fyrir norðan og ég framlengdi viljayfirlýsingu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar vegna þess að allt í fyrri yfirlýsingunni hafði verið uppfyllt, nema tiltekin mál sem tengdust Alcoa. Sveitarfélögin og ríkisvaldið höfðu staðið við sitt. Það verður að liggja ljóst fyrir.

Ég er ekki algerlega sammála áherslum sem komu fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að við þessar aðstæður leiti menn ráða til að styrkja gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar eins og stóriðju. Kanna þarf hvort hægt sé með einhverjum hætti — eins og ríkisstjórnin hefur gert og ég lýst — að greiða úr misskilningi sem kom upp um Bakka. Það höfum við gert. En ekki kemur til greina að ætla að víkja frá alþjóðlegum samningum eða landslögum.

Vatnalög, 2. umr.

Stjfrv., 23. mál (frestun gildistöku laganna). — Þskj. 23, nál. 98.

[11:08]

Frsm. iðnn. (Kristján Þór Júlíusson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 98 frá iðnaðarnefnd, um 23. mál, frumvarp um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006, og endurskoðun þeirra. Á 132. löggjafarþingi var frumvarp til nýrra vatnalaga samþykkt sem lög frá Alþingi og við umfjöllun um frumvarpið í þinginu var samkomulag um að gildistöku laganna yrði frestað til 1. nóvember 2007 og iðnaðarráðherra falið að skipa nefnd til skoðunar á lögunum. Vatnalaganefnd var skipuð í janúar 2008 og skilaði niðurstöðum sínum og tillögum til iðnaðarráðherra í september ásamt ítarlegri skýrslu um vatnsréttindi og vatnalöggjöf.

Einróma samstaða var í nefndinni um að leggja til að endurskoðun færi fram á vatnalögum, nr. 20/2006, og lagði vatnalaganefnd jafnframt til að gildistöku laganna yrði frestað tímabundið á meðan nefnd sem skipuð yrði á vegum iðnaðarráðherra í samráði við umhverfis- og forsætisráðherra ynni að endurskoðun laganna í samræmi við tillögur nefndarinnar. Frumvarpið sem hér liggur fyrir byggir því á tillögum nefndarinnar en er að öðru leyti óbreytt lög frá þeim sem samþykkt voru á þingi síðasta haust.

Hv. iðnaðarnefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Að nefndarálitinu standa sá sem hér hefur framsögu ásamt Einari Má Sigurðarsyni, Guðmundi Magnússyni, Herdísi Þórðardóttur, Guðmundi Steingrímssyni, Rósu Guðbjartsdóttur, Björk Guðjónsdóttur og Grétari Mar Jónssyni. Hv. þm. og sessunautur minn Guðni Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu þessa máls — upptekinn við að bjarga málum þjóðarinnar geri ég ráð fyrir — en hefur lýst sig sammála nefndarálitinu.

[11:10]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil fagna skjótri afgreiðslu málsins og hvet hæstv. iðnaðarráðherra að láta ekki bíða eftir sér með að skipa þá nefnd sem frumvarp þetta mælir fyrir um. Ég kveð mér einungis hljóðs hér vegna dagsetninganna sem um ræðir. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ný og breytt vatnalög taki gildi 1. júlí 2010. Jafnframt er tekið fram í greinargerð með frumvarpinu að vinnan við lögin og breytingarnar skuli haldast í hendur við innleiðingu vatnatilskipunar, sem var ein af þeim kröfum sem sett var á oddinn í þeirri miklu vinnu sem fram fór þegar verið var að koma í gegn lögunum sem nú hefur verið ákveðið að breyta.

Í fylgiskjali II með frumvarpinu kemur fram að vatnatilskipun Evrópusambandsins sem samþykkt var árið 2000 var tekin upp í EES-samninginn haustið 2007 og segir að lögleiðingu hennar hér á landi eigi að ljúka fyrir haustið 2010. Við gætum staðið frammi fyrir því að dagsetningin í júlí 2010 sé fullsnemmbær ef vinnan bregst eða tekur lengri tíma en ætlað er. Haustið 2010 er í raun tímamörk vatnatilskipunarinnar og því kannski eðlilegt að við áttum okkur á því að nýju vatnalögin fylgja vatnatilskipuninni og gæti gildisdagsetningin frestast fram á haustið.

Að öðru leyti er ég afar ánægð með það að nefndin, sem skilaði af sér til hæstv. iðnaðarráðherra, skuli hafa lokið verkum sínum með glæsilegri skýrslu og sömuleiðis með það hversu vel hefur verið brugðist við af hæstv. iðnaðarráðherra og hv. iðnaðarnefnd við að koma þessu máli í höfn.

[11:13]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Nú er málið úr mínum höndum, það er á forræði þingsins og þingið verður að vega og meta athugasemd hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur.

Ég vil þakka hv. iðnaðarnefnd fyrir skjót vinnubrögð. Það er snarborulegt af hv. formanni og þeim sem með honum starfa og hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni sem stýrði þessu gegnum nefndina. Það lá á frumvarpinu og ég vil ítreka þakkir mínar til hv. þingmanns og nefndarmanna í iðnaðarnefnd sem og þeirra sem sátu í vatnalaganefnd fyrir vönduð og skjót vinnubrögð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 33. mál (upptaka eigna, hryðjuverk, mansal o.fl.). — Þskj. 33.

[11:14]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Frumvarpið var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga er m.a. varða upptöku eigna, hryðjuverk, mansal og peningaþvætti. Er um að ræða endurskoðun umræddra ákvæða vegna alþjóðlegra skuldbindinga, annars vegna fullgildingar samnings um alþjóðlega brotastarfsemi og hins vegar vegna tilmæla frá alþjóðlegum nefndum sem Ísland á aðild að.

Helstu efnisákvæði frumvarpsins eru í fyrsta lagi þau að lagt er til að lögfestur verði nýr kafli um upptöku eigna, samanber 2. gr. frumvarpsins. Um er að ræða heildstæðar breytingar sem taka að verulegu leyti mið af gildandi ákvæðum í dönsku og norsku hegningarlögunum. Lagt er til að lögfest verði ákvæði samanber c-lið 2. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir því að unnt verði að gera upptæk verðmæti án þess að sýnt sé fram á að þau megi rekja til tiltekins refsiverðs brots hafi viðkomandi gerst sekur um brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og geti brotið varðað a.m.k. 6 ára fangelsi. Að þessum skilyrðum uppfylltum megi gera upptæk verðmæti sem tilheyra viðkomandi nema hann sýni fram á að þeirra hafi verið aflað með lögmætum hætti. Við þessar aðstæður og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum megi jafnframt gera upptæk verðmæti sem tilheyra maka eða sambúðarmaka viðkomandi og verðmæti sem runnið hafa til lögaðila sem viðkomandi hefur einn eða með sínum nánustu ráðandi stöðu í sé ekki sýnt fram á að þeirra hafi verið aflað með lögmætum hætti. Er því gert ráð fyrir fráviki frá meginregl-

unni um sönnunarbyrði ákæruvaldsins við þessar aðstæður.

Dæmi um slík tilvik sem falla undir þessa grein er þegar maður hefur gerst uppvís að meiri háttar fíkniefnainnflutningi. Við rannsókn málsins verður lögregla þess áskynja að brotamaður á verulegar eignir. Í slíkum tilvikum gæti brotamaður þurft að sýna fram á að eignirnar hafi ekki verið fengnar með ólöglegum ágóða. Mikilvægt er að árétta að endanlegt mat á þessu er í höndum dómstóla og ættu því hagsmunir sakbornings að vera nægjanlega tryggðir. Í IV. kafla frumvarpsins og í sérstökum athugasemdum við c-lið 2. gr. er fjallað ítarlega um þessa tillögu.

Í öðru lagi er lagt til að gerðar verði ákveðnar breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga um hryðjuverk, samanber 3.–5. gr. frumvarpsins. Verknaðarlýsing hryðjuverka í 1. mgr. 100. gr. a er gerð skýrari og jafnframt er gert ljóst að hvers konar fjármögnun hryðjuverka eða annað liðsinni við slíka brotastarfsemi telst refsiverð. Þá er lögfest sérstakt ákvæði sem bannar opinbera hvatningu til hryðjuverka.

Þá er í þriðja lagi lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði um skipulagða brotastarfsemi, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Í V. kafla greinargerðarinnar með frumvarpinu er ítarlega fjallað um þær réttarpólitísku röksemdir sem liggja til grundvallar þessari tillögu og því nánar lýst í sérstökum athugasemdum við greinina.

Í fjórða lagi er svo lagt til að gerðar verði ýmsar breytingar á 227. gr. a almennra hegningarlaga um mansal, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Skilgreining á mansalsbroti er gerð skýrari og í samræmi við Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali og bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um fjölþjóðlega skipulagða brotastarfsemi, svokallaða Palermó-bókun. Þá bætist við ný málsgrein sem lýsir refsinæmi athafna sem tengjast ferða- og persónuskilríkjum.

Loks er í fimmta lagi lagt til að gerðar verði verulegar breytingar á 264. gr. almennra hegningarlaga um peningaþvætti, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Er m.a. lagt til að almenn verknaðarlýsing peningaþvættis verði gerð skýrari og gildissvið hennar rýmkað. Þá er refsihámark fyrir peningaþvættisbrot hækkað úr fjórum árum í sex. Það skal tekið fram að ekki er hróflað við reglu 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga þar sem kveðið er á um að refsing geti orðið allt að tólf árum ef um ræðir ávinning af fíkniefnabroti.

Virðulegi forseti. Ég fer hér yfir greinar frumvarpsins með þessum hætti til þess að árétta mikilvægi frumvarpsins en ég veit að málið var tekið til gaumgæfilegrar athugunar í hv. allsherjarnefnd á síðasta þingi og nefndin afgreiddi það samhljóða frá sér en því miður tókst ekki að fá það samþykkt á síðasta þingi. Ég tel mjög mikilvægt að þetta frumvarp verði að lögum og raunar er mér óskiljanlegt að menn leggi stein í götu frumvarpsins með því að flytja við það breytingartillögur sem eru allt annars eðlis en um er að ræða í frumvarpinu sjálfu. Raunar dreg ég í efa að staðið hafi verið þinglega að þeim málum án þess að ég ætli að fara að rekja það sérstaklega hér. Hér er um að ræða mjög mikilvægt mál þegar litið er til þeirrar þróunar sem því miður hefur orðið í afbrotastarfsemi hér á landi og mikilvægt að veita þær heimildir til upptöku eigna m.a. sem frumvarpið gerir ráð fyrir og raunar óskiljanlegt fyrir mig að menn skuli ekki hafa skilning á því að þetta frumvarp fái hér skjóta meðferð í þinginu og nái fram að ganga.

Ég veit að þeir sem berjast hér gegn fíkniefnabrotum og skipulagðri glæpastarfsemi bundu miklar vonir við að þetta frumvarp næði fram á síðasta þingi og ég segi, virðulegi forseti, að þeirra ábyrgð er mikil sem lögðu stein í götu þess eftir að allsherjarnefnd hafði afgreitt málið frá sér samhljóða, að koma í veg fyrir að frumvarpið yrði samþykkt og gert að lögum hér á síðasta þingi. Það er einkennilegt að heyra þá sem þannig beittu sér, virðulegi forseti, tala síðan um að það þurfi að gera hér ráðstafanir til þess að efla löggæslu og auka hana og stuðla að því að lögreglumenn geti sinnt störfum sínum á markvissari hátt en áður. Þetta frumvarp stuðlar einmitt að því að gera lögreglunni kleift að vinna sín störf með markvissari hætti og ná betri árangri í störfum sínum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[11:21]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Þetta frumvarp hefur áður verið flutt hér eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra. Hann heldur því fram að steinar hafði verið lagðir í götu frumvarpsins. Við studdum hins vegar frumvarpið með ákveðnum breytingum vegna brýnnar nauðsynjar á vissum hlutum. Mér er það óskiljanlegt af hverju frumvarpið var ekki afgreitt í vor með þeim breytingartillögum sem við gerðum og ég hef ekki fengið skýringu á því.

Með þessu frumvarpi eru lagðar til ýmsar breytingar á almennum hegningarlögum. Það er lagt til að við lögin bætist nýr kafli um upptöku eigna, breytingar á ákvæðum laganna um hryðjuverk, refsiákvæði í skipulagðri brotastarfsemi, breytingar á ákvæðum laganna um peningaþvætti og breytingar á ákvæðum laganna um mansal. Að mati minni hlutans í allsherjarnefnd var talið að of skammt væri gengið varðandi hið síðastnefnda.

Auk þess eru í frumvarpinu ákvæði sem takmarka borgaraleg réttindi, mannréttindi einstaklinga, og slík ákvæði má um margt rekja til hörmulegrar hryðjuverkaárásar í New York 11. september 2001. Sumir halda því fram að tilgangur þeirra hryðjuverka hafi verið að ráðast á grunngildi vestrænnar menningar og annarra menningarheima og viðbrögð Bandaríkjanna og ýmissa Evrópuríkja bera þess merki og líkt og sjá má í ákvæðum frumvarpsins virðist þessum hryðjuverkamönnum hafa orðið nokkuð ágengt.

Það er grundvallarskoðun mín að við eigum ekki að takmarka mannréttindi okkar og önnur grunngildi nema þörfin fyrir slíkt sé brýn og skilgreind. Við eigum að viðhalda menningu okkar, mannréttindum og lýðræði og styrkja þau fremur en að guggna fyrir hryðjuverkum. Ég vil taka það sérstaklega hér fram að meint hryðjuverkaógn á Íslandi hefur ekki verið skilgreind og það liggur ekki fyrir skýrt ákveðið hættumat í þeim efnum. Að svo stöddu, með þann formála segi ég að það sé ótímabært að innleiða hert ákvæði — ég segi hert ákvæði — í hegningarlög um hryðjuverk, fjármögnun þeirra og hvatningu til svonefndra hryðjuverka sem frumvarpið skilgreinir ekki.

Við höfðum líka fram að færa athugasemdir við það að ýmis ákvæði frumvarpsins væru matskennd og óskilgreind

og bentum m.a. á a-lið 3. gr. og 4. gr. frumvarpsins. Við töldum að þessi ákvæði fullnægðu ekki skilyrðum um skýrleika refsiheimilda.

Hér á landi eru hryðjuverk óþekkt, áhættan er hverfandi lítil og reyndar sýna tölur það afar glöggt, hæstv. dómsmálaráðherra, að Evrópubúum stafar fyrst og fremst hætta af viðvarandi kynbundnu ofbeldi, heimilisofbeldi, sem því miður vex miðað við tölulegar staðreyndir á krepputímum eins og við búum við í dag. Okkur stafar líka miklu meiri hætta af umferðinni, óheilbrigðum lífsháttum, mengun og eiginlega flestu öðru en hryðjuverkum hér á landi. Þá spyr maður sig: Á ekki að forgangsraða í þau verkefni þar sem hættan er mest?

Okkur Íslendingum stafar líka hætta á misbeitingu bresku ríkisstjórnarinnar á hliðstæðum ákvæðum laga sem frumvarpið mælir fyrir. Sorglegar aðgerðir og fordæmanlegar aðgerðir bresku ríkisstjórnarinnar gegn okkur byggja á löggjöf sem sett var gegn þessari meintu hryðjuverkaógn. Töluleg gögn um hættu og tjón af hryðjuverkum í Evrópu eru fátækleg og staðfesta ekki þá ógn sem frumvarpinu er ætlað að bregðast við, réttlæta það ekki að takmarka borgaraleg mannréttindi einstaklinga. Lýðræði og frelsi kosta fórnir sem við færum frekar en að farga þeim fyrir meintri hryðjuverkaógn byggðri á hinni hörmulegu árás sem ég minntist hér á áðan og á sér vart hliðstæðu í mannkynssögunni. Ég ítreka að meintri hryðjuverkaógn verður best svarað með því að styrkja lýðræði, mannréttindi og einstaklingsfrelsi borgaranna.

Ég vil taka það fram og benda sérstaklega á að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum ekki ein um þessar áhyggjur af mannréttindum. Í mars 2005 lýstu sérfræðingar mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem fylgist með framfylgd alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, áhyggjum sínum af skilgreiningu íslenskra hegningarlaga á hryðjuverkum sem finna má í 100 gr. a í almennum hegningarlögum. Mannréttindanefndin telur að í ákvæðinu sé að finna óljósa og víðtæka skilgreiningu á hryðjuverkum sem gæti náð til lögmæts athæfis í lýðræðisþjóðfélagi og stefnt því í hættu. Nefndin mæltist til þess að Ísland móti og taki upp nákvæmari skilgreiningu á hryðjuverkum. Undir þessi tilmæli tók Íslandsdeild Amnesty International og Mannréttindaskrifstofa Íslands í umsögnum sínum. Ég vil líka benda á það hér í framhjáhlaupi að það fer illa á því lagatæknilega að lögfesta alþjóðasamninga með tilvísun til þeirra án þess að taka þá heildstætt upp sem hluta af lögum.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að með ákvæðum frumvarpsins um eignaupptöku þar sem sönnunarbyrði sé að hluta snúið við sé gengið býsna langt í skerðingu á mannréttindum en við viðurkennum jafnframt þá brýnu þörf, hæstv. dómsmálaráðherra, sem er fyrir hendi þegar fíkniefnabrot eru annars vegar og peningaþvætti og fyrir því er einnig dómur Mannréttindadómstóls Evrópu frá 5. júlí 2001. En í því samhengi viljum við vísa til umsagnar Persónuverndar, sem gerði athugasemd við 2. gr. frumvarpsins og taldi ekki unnt að fullyrða að það mundi samrýmast mannréttindasáttmála Evrópu að lögfesta ákvæðið í c-lið 2. gr. óbreytt.

Stofnunin hvatti til þess að við vinnslu frumvarpsins yrði eftirfarandi haft í huga: Í fyrsta lagi hvaða afbrot séu það alvarleg og það brýnir þjóðfélagshagsmunir að barist sé gegn að rétt sé að lögfesta slíkar heimildir. Í öðru lagi hvort raunveruleg þörf sé á að láta heimild til eignaupptöku ná til eigna maka og sambúðarmaka. Í þriðja lagi hvort ekki sé nauðsynlegt að mæla fyrir um það með skýrari hætti hvernig tryggt skuli að réttinda sakbornings og eftir atvikum annarra sé gætt við eignaupptökuna.

Ég vil líka vekja sérstaka athygli á því varðandi fíkniefnabölið að það mætti stórefla samstarf lögreglu, tollgæslu og skattyfirvalda, það þarf að stórefla hana til að unnt sé að uppræta fíkniefnabölið. Við teljum það vera ágalla á frumvarpinu að ekki séu lagðar til fullnægjandi lagabreytingar til að unnt sé að fullgilda Evrópuráðssamninginn um aðgerðir gegn mansali. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að efni hans kunni að kalla á aðrar lagabreytingar. Það hefði þurft að huga að því við samningu frumvarpsins og koma fram með þær breytingar.

Það er líka ágalli á frumvarpinu að þar er vændi ekki skilgreint. Það má tína fleira til, t.d. það sem kemur fram í umsögnum Mannréttindaskrifstofu Íslands og Amnesty International. Í áliti sínu lagði Íslandsdeild Amnesty International m.a. ríka áherslu á að Ísland fullgildi Palermósamninginn í heild sinni og að íslensk stjórnvöld geri lagabreytingar sem fyrst til að uppfylla kröfur samningsins en þær lúta einkum að beinni aðstoð, vernd og stuðningi við þolendur mansals. Í því samhengi er brýnt að fest verði í lög ákvæði um vernd fórnarlamba, vitnavernd, fyrirbyggjandi aðgerðir og skaðabætur, og búið svo um hnútana að þolendur mansals geti óttalaust leitað stuðnings yfirvalda án þess að eiga á hættu að lenda í aðstæðum sem eru jafnslæmar eða verri en þær sem þeir eru í fyrir. Í sama streng tekur Mannréttindaskrifstofa Íslands.

Mannréttindaskrifstofan hvatti líka til þess að vændisákvæði almennu hegningarlaganna yrði útvíkkað í takt við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum og Evróparáðsamningurinn um aðgerðir gegn mansali kveður á um. Í því felst að í ákvæðinu verði talað um kynferðisbrot og vændi sérstaklega auk annarrar kynferðislegrar misnotkunar. Allt eru þetta rökstuddar ábendingar til að gera frumvarpið betra.

Mannréttindaskrifstofan benti líka á um aðgerðir gegn mansali að það hefði verið unnin gríðarleg vinna í frjálsum félagasamtökum við mótun tillagna til að taka á vændi og mansali og það er nauðsynlegt að löggjafarvaldið nýti sér þá miklu þekkingu sem þar er að finna við lagasmíð þessa. Það þarf að tryggja aðstoð, vernd og stuðning við þolendur mansals og innleiða ákvæði um vitnavernd, fyrirbyggjandi aðgerðir og skaðabætur. Hin knappa innleiðing samkvæmt 7. gr. frumvarpsins fullnægir ekki þeim skuldbindingum sem við eigum að axla samkvæmt nefndum alþjóðasamningum. Og það hafa ekki komið fram skýringar, frú forseti, á af hverju þær eru ekki innleiddar að fullu með frumvarpinu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun leggja til fulla innleiðingu og jafnframt brottfall ákveðinna greina í frumvarpinu, samanber nefndarálit okkar frá í vor, í því skyni að þetta frumvarp verði betra og virkara en það er í núverandi mynd. Við munum leggja til aðrar breytingar sem ég ætla

ekki að gera að umtalsefni hér en við munum jafnframt leggja til breytingar sem varða nauðgunarákvæði hegningarlaganna, 194. gr., og það er vegna þess að ofbeldi gegn konum er viðvarandi og þeim stendur stöðug ógn af því og af heimilisofbeldi. Það er brýnna að taka á því en meintri hryðjuverkaógn. Við leggjum til að það segi beinlínis í 194. gr. að hver sem gerist sekur um nauðgun skuli sæta fangelsi ekki skemur en tvö ár en allt að 16 árum. Í gildandi lagaákvæði er lögð meginhersla á verknaðaraðferð, líkamlegt ofbeldi, líkamlega áverka og hótanir. Sú áhersla hefur endurspeglast í rannsóknum nauðgunarmála.

Hins vegar er það svo að aukin þekking á afleiðingum nauðgana hefur fært okkur vitneskju um að andlegir áverkar eru alvarlegustu afleiðingar nauðgana og það er nauðsynlegt að lögin endurspegli þekkingu á málum sem snerta kynbundið ofbeldi. Það verður að meta ofbeldið heildstætt en ekki út frá einberri verknaðaraðferð, rétt eins og gert er (Gripið fram í.) í ákvæðum hegningarlaga um manndráp og líkamsmeiðingar. Nauðgun er ekkert annað en líkamsmeiðing og dráp á sálarlífi kvenna. Í þessu samhengi skiptir ekki máli hvernig maður drepur eða meiðir mann heldur er horft til afleiðinganna, það er grundvallaratriði. Hið sama á að gilda um nauðgunarákvæði. Breytt orðalag nauðgunarákvæðisins samrýmist best ákvæðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífsins.

Síðari viðbótin sem við leggjum til varðar vændisgrein almennra hegningarlaga. Enn ítreka ég það að þarna er mest hætta búin kvenfólki, vændi, mansal og öll sú gróðrarstía ofbeldis og misbeitingar sem þar býr. Við leggjum til að gagnvart umræddum hryðjuverkum gegn konum, þ.e. nauðgunum, heimilisofbeldi, vændi og mansali, verði gripið af festu og hörku. Við munum leggja til að farin verði hin svonefnda sænska leið í þeim efnum.

Við munum líka leggja til breytingar við 7. gr. frumvarpsins, þ.e. að tekin verði upp í almenn hegningarlög skilgreining mansals, upp úr viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri fjölþjóðlegri glæpastarfsemi, ekki síst sölu kvenna og barna.

Frekari breytingar munum við enn fremur hugleiða varðandi fórnarlambavernd o.fl. sem ég ætla ekki að gera að umtalsefni hér og nú, en með þessum breytingum sem við leggjum til getum við stutt frumvarpið en ekki lagt stein í götu þess. Það er ábyrg afstaða að koma fram með rökstuddar breytingartillögur, það er hlutverk þingmanna. Það verður með öllum tiltækum ráðum að uppræta kynbundið ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Þar er ógnin og gegn þeim kynbundnu hryðjuverkum er brýnt að berjast af fullri hörku. Á því sviði, frú forseti, liggur fyrir skýr og skilgreind þörf. Hættan er augljós og ógnin viðvarandi ef ekkert er að gert.

Hið sama verður ekki sagt um þá meintu hryðjuverkaógn sem frumvarpinu er ætlað að taka á. Hún er ekki skilgreind og hættumat liggur ekki fyrir.

[11:35]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil nefna nokkur atriði í þessari umræðu. Í fyrsta lagi er mikilvægt að árétta að þær efnisbreytingar sem felast í frumvarpinu fengu verulega umfjöllun í allsherjarnefnd síðasta vetur. Farið var yfir alla þætti frumvarpsins og var afstaða tekin til ýmissa álitaefna sem þar komu upp.

Nefna má umræður um breytingar sem varða lagaákvæði um hryðjuverk. Einnig má nefna atriðin, sem kannski fengu mesta athygli í nefndinni, sem vörðuðu eignaupptöku þar sem vissulega komu fram sjónarmið um að visst stílbrot væri í löggjöf — með vissum hætti væri verið að leggja öfuga sönnunarbyrði á varðandi tilkomu þeirra eigna sem dæmdir brotamenn eða þeirra nánustu eiga.

Það var hins vegar niðurstaða nefndarinnar að til þess að raunverulega yrði hægt að beita sér gegn skipulagðri glæpastarfsemi með markvissum og áhrifaríkum hætti, og ekki síst þeim brotum sem miða að því að skapa fjárhagslegan ávinning, eins og í fíkniefnabrotum, væri nauðsynlegt að innleiða breytingar af þessu tagi. Að mati þeirra sérfræðinga sem fyrir nefndina komu, og að mati nefndarmanna, eftir verulega umfjöllun, varð það niðurstaðan að slíkt væri hægt að gera án þess að það stangaðist á við viðurkennd mannréttindasjónarmið.

Annað atriði sem ég vildi nefna af því hv. þm. Atli Gíslason gerði það nokkuð að umfjöllunarefni í ræðu sinni — hann hafði mikla fyrirvara á því að við værum að eiga við þau ákvæði almennra hegningarlaga sem vörðuðu hryðjuverk með almennum hætti. Nú er rétt að það komi fram að tilgangur frumvarpsins var ekki síst að skýra þau ákvæði sem þegar eru í lögum um hryðjuverk til þess á annan veginn að draga úr hættunni á því að þau verði skilin á þann veg að þeim sé ætlað að ná til einhverra fleiri atriða en raunverulegra hryðjuverka. Hins vegar var verið að bregðast við ákveðnum athugasemdum sem fram höfðu komið með því að fara í lagfæringu þessara ákvæða.

Varðandi þörfina fyrir að hafa í íslenskum lögum ákvæði sem varða hryðjuverk þá deili ég ekki þeirri skoðun með hv. þm. Atla Gíslasyni að það sé algjörlega óþarfi af því að við höfum ekki reynslu af hryðjuverkum hér á landi. Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur eins og önnur vestræn lýðræðisríki að hafa ákvæði sem gera kleift að bregðast við hryðjuverkaógninni sem hefur farið vaxandi í vestrænum samfélögum á undanförnum árum. Það er rétt að við Íslendingar höfum ekki sjálfir reynslu af þessum þáttum en það segir ekki að ástæðulaust sé fyrir okkur að hafa ákvæði í lögunum sem taka til slíkra tilfella ef þau koma upp.

Það er líka vinkill á þessu máli, sem mér finnst rétt að vekja athygli á, að í því samfélagi sem við búum við, hinu opna og lýðræðislega samfélagi Vesturlanda, þar sem tengsl milli landa eru sífellt meiri og meiri, getum við ekki útilokað að hér á landi fari fram starfsemi sem hugsanlega miðar að hryðjuverkum í öðrum löndum. Hryðjuverkum sem ekki beinast gegn stjórnvöldum eða öðrum aðilum hér á landi heldur geti beinst að stjórnvöldum eða almenningi í nágrannaríkjunum. Það væri mikill ábyrgðarhluti af hálfu okkar Íslendinga ef við hefðum ekki ákvæði í okkar lögum sem tækju á slíkum málum bara gagnvart okkar nánustu nágrönnum. Við höfum séð dæmi um það frá Norðurlöndunum að þar hafa verið hópar sem að minnsta kosti eru grunaðir um að standa að skipulagningu hryðjuverka. Ef löggjöfin er veikari hér á landi, eða hér eru ekki fullnægjandi

úrræði til að taka á þessum málum, eigum við á hættu að Ísland verði mögulega notað sem vettvangur til þess að skipuleggja hryðjuverk annars staðar.

Að þessu sögðu held ég að það sé ljóst, burt séð frá útfærslu eða orðalagi einstakra ákvæða, sem við getum rætt nánar í nefndinni eins og við gerðum raunar síðasta vetur, að við getum ekki, eins og mér fannst hv. þingmaður gera, blásið á það að við ættum að huga að þessum málum einfaldlega vegna þess að hér hefur ekki farið fram hryðjuverkastarfsemi af því tagi sem fjallað er um í þeim alþjóðlegu sáttmálum sem hafðir voru til hliðsjónar þegar frumvarpið var samið.

Ég ætla ekki að fara djúpt í efnisatriði við þessa umræðu. Við eigum þess kost, bæði í allsherjarnefnd og hér við síðari umræður í þinginu. Ég vildi hins vegar aðeins minna á það í sambandi við málsmeðferðina að víðtæk samstaða var um það í allsherjarnefnd að gera þær meginbreytingar sem frumvarpið fól í sér. Vandinn sem skapaðist var hins vegar sá að eftir að umfjöllun í allsherjarnefnd var lokið kaus fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Atli Gíslason, að koma hér með fjölmargar breytingartillögur sem vörðuðu önnur atriði almennra hegningarlaga.

Nú er um það að ræða að í þessari umferð var verið að skoða tiltekna þætti almennra hegningarlaga. Ekki var um að ræða heildarendurskoðun á lögunum. Lögin eru, ef ég man rétt, hátt í 300 greinar og það var verið að taka fyrir einhverja afmarkaða þætti. Eftir umfjöllunina í allsherjarnefnd kaus hv. þingmaður hins vegar að blanda inn í umfjöllunina mun fleiri breytingartillögum sem vörðuðu aðra þætti en þá sem við höfðum verið að fjalla um í nefndinni og það skapaði vissan vanda vegna þess að það var ljóst að ekki var samstaða um að gera allar þær breytingar sem voru í anda þess sem hann lagði til, ólíkt því sem var með flestar efnisbreytingar frumvarpsins sjálfs. Það skapaði vissan hnút hér þegar tínd voru til fjölmörg önnur álita- og ágreiningsefni eftir á, þegar við höfðum lokið umfjöllun okkar í allsherjarnefnd.

En þetta verður aftur tekið fyrir í nefndinni í framhaldi þessarar umræðu og við munum að sjálfsögðu fara yfir allar þær athugasemdir og breytingar sem fram koma af hálfu umsagnaraðila og annarra nefndarmanna. En það er mikil og einlæg von mín að við berum gæfu til að samþykkja þær meginbreytingar sem felast í frumvarpinu. Við gerum okkur grein fyrir því að það eru álitaefni varðandi það hvort ganga eigi lengra á sumum sviðum og hvort breyta eigi einhverjum öðrum atriðum í almennum hegningarlögum.

Ég tel hins vegar mikilvægast að við reynum að ná samstöðu um að afgreiða þær breytingar sem í þessu felast. Við getum svo í sérstakri umræðu eða sérstakri umfjöllun farið yfir þau atriði önnur sem líklegri eru til þess að valda ágreiningi og látum það ekki tefja meðferð þessa mikilvæga máls.

[11:44]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessar umræður og þær skýringar sem fram hafa komið hjá hv. formanni allsherjarnefndar á því hvað gerðist hér á þinginu. Þegar þetta mál hafði verið afgreitt frá nefndinni komu fram breytingartillögur sem ekki höfðu verið ræddar í nefndinni frá hv. þm. Atla Gíslasyni og þær breytingartillögur urðu til þess að afgreiðsla málsins varð með þeim hætti sem lýst var hér áður. Málið náði ekki fram að ganga í þinginu, hvorki síðastliðið vor né á fundum okkar í september.

Það er alveg skýrt að mjög einkennilega var að þessu máli staðið af hálfu hv. þm. Atla Gíslasonar og í raun og veru lagður steinn í götu þess að frumvarpið næði fram að ganga. Ég harma það og tel að með því hafi verið unnið gegn mikilvægum hagsmunum sem varða rannsóknir mála sem standa nú yfir. Rannsóknarmenn höfðu gert ráð fyrir því að frumvarpið yrði að lögum eins og samstaðan í allsherjarnefnd gaf til kynna en síðan kom það öllum í opna skjöldu að málið skyldi lenda í einhverjum undandrætti og vegna þess að fram komu breytingartillögur eftir að frumvarpið hafði verið afgreitt úr nefndinni með þeirri samstöðu sem þar var.

Mér finnst þetta líka mjög óeðlileg málsmeðferð hér í þinginu og raunar mjög óeðlileg fyrir mig sem flutningsmann frumvarps um afmarkaða þætti um breytingar á almennum hegningarlögum að þurfa að sæta því að í meðferð þingsins komi síðan fram breytingartillögur um raunar allt annað efni en varðar frumvarpið sjálft. Ég tel að hér hafi ekki verið þinglega að máli staðið og ítreka þá skoðun mína og henni hefur í sjálfu sér ekki verið hnekkt þótt að þingið hafi látið þetta yfir sig ganga.

Það kom líka fram í máli hv. þm. Atla Gíslasonar — annars vegar segir hann að það sé gagnrýnisvert hvað hryðjuverkahugtakið er óljóst og óskilgreint og að athugasemdir hafi verið gerðar við það af alþjóðlegum eftirlitsaðilum. Á því er tekið hér í frumvarpinu. Vísað er til þessara athugasemda. Gerðar eru breytingar á 100. gr. laganna sem um þetta mál fjallar til þess að koma til móts við það sjónarmið. Því er ekki hægt að standa hér og láta eins og ekkert hafi í skorist varðandi þennan þátt. Tekið er á málinu í frumvarpinu og tekið mið af þeirri gagnrýni sem fram hefur komið.

Hv. þingmaður kýs hins vegar að fara út á þær brautir að skilgreina hugtakið hryðjuverk með allt öðrum hætti en nokkrum öðrum manni hefur dottið í hug, að vilja fella undir það heimilisofbeldi og nauðganir. Að þannig beri að líta á að slíkan verknað eigi að fella undir hryðjuverkahugtakið eins og það er um rætt hér.

Hann gagnrýnir það að 4. gr. sé eitthvað sérstaklega óljós. En hvernig getur hún verið óljós nema þegar hv. þingmaður nálgast þetta með þeim hætti sem hann vill. Ef við fellum nauðgun og heimilisofbeldi undir hugtakið hryðjuverk samkvæmt þessum lögum verður náttúrlega margt óljóst. En í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði ný málsgrein þar sem verið er að tala um beina fjármögnun hryðjuverka, að hún verði gerð refsiverð og varði allt að 16 ára fangelsi. Í greinargerð stendur, með leyfi forseta:

„Ákvæði 1. mgr. 100. gr. b er takmarkað samkvæmt orðalagi sínu við beinan eða óbeinan stuðning við mann, félag eða hóp sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk skv. 100. gr. a með því að leggja fram fé eða veita annan fjárhagslegan stuðning, útvega eða safna saman

fjármagni eða með öðrum hætti að gera fjármagn aðgengilegt. Með 4. gr. frumvarpsins eru tekin af öll tvímæli um að refsinæmi beinnar fjármögnunar á hryðjuverki sé gerð sérstaklega refsinæm samkvæmt hegningarlögum, hvað sem líður vangaveltum um inntak og gildissvið hins almenna hlutdeildarákvæðis í 22. gr. almennra hegningarlaga.“

Þarna bera menn fyrir sig afstöðu alþjóðlegu eftirlitsnefndarinnar.

Ef menn líta hins vegar þannig á eins og hv. þingmaður að fella beri nauðgun og heimilisofbeldi undir hugtakið hryðjuverk samkvæmt þessum lögum vakna bæði spurningar um þetta atriði og mörg önnur.

Ég tel að hv. þingmaður sé á villigötum þegar hann talar á þann veg að við séum að fjalla um heimilisofbeldi og nauðganir þegar við ræðum þessi lög hér og hugtakið hryðjuverk. Ég skora á hann að líta frekar á það sem sérstakt álitaefni og sérstakt frumvarpsefni sem hann leggi þá fyrir þingið — að við ræðum það sérstaklega og líka hugmyndir hans um að hér sé tekin upp hin svokallaða sænska leið varðandi vændi, að lagt verði fram sérstakt frumvarp í stað þess að nota tækifærið þegar við flytjum frumvarp um stöðu okkar gagnvart alþjóðlegum samningum og skilyrðum sem ber að uppfylla. Mér finnst ekki rétt að fara að blanda allt öðrum ágreiningsefnum inn í málið þegar litið er til þeirra þátta — það er að nokkru leyti tilræði við málið sem hér er til umræðu sem hv. þingmaður segir í hinu orðinu að hann styðji.

Og það að ekki liggi fyrir neitt hættumat varðandi hryðjuverk, það liggi fyrir hættumat varðandi hryðjuverk innan heimilanna og gagnvart konum. Það að ekki liggi fyrir hættumat sem geri okkur skylt að velta þeim málum fyrir okkur eins og gert sé í frumvarpinu er alrangt. Við erum hér að framfylgja alþjóðlegum skuldbindingum varðandi skyldur ríkja til þess að berjast gegn hryðjuverkum og þar liggur að baki alþjóðlegt hættumat. Þeir alþjóðasamningar hefðu ekki verið gerðir nema þær alþjóðastofnanir og þeir alþjóðafundir og þeir sérfræðingar sem hafa fjallað um þessi mál hefðu lagt til grundvallar hættumat sem er mun víðtækara en hv. þm. Atli Gíslason virðist vilja viðhafa þegar verið er að skoða þessa hluti.

Við erum ekki að fjalla hér um hættumat sem byggist á því að Ísland sé sérstaklega útsett fyrir þessa starfsemi. Við erum, eins og hv. formaður allsherjarnefndar rakti, að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi til að tryggja þær aðstæður hvarvetna að aðilar sem leggja á ráðin um hryðjuverk geti ekki búið um sig, komið sér fyrir og hagað sér þannig að þeir geti stundað hina hrikalegu iðju sína.

Mér finnst mikil vanþekking á því hvað um er að ræða einkenna ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar um þessi mál, hvað hann vill gera lítið úr þeim alþjóðasjónarmiðum sem liggja að baki þeim alþjóðaskuldbindingum og alþjóðasamningum sem gerðir hafa verið og við erum hér að laga okkur að.

Ég vil því ítreka áskorun mína til hans um að þau mál sem hann telur að séu mjög brýn — ef þau eru jafnbrýn og hann lýsir hlýtur þingheimur að fallast á það þegar hann flytur um þau sérstök frumvörp og rökstyður þau frá efni þess máls með hliðsjón af ákvæðum í hegningarlögunum en reynir ekki að bregða fæti fyrir þetta mál með því að blanda óskyldum atriðum inn í það.

[11:52]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Ég er ásakaður um að hafa farið fram með óþinglegum hætti. Það eru stór orð. Ég verð að benda á að þær breytingartillögur allar eða allflestar sem ég lagði til á frumvarpinu lágu fyrir Alþingi í frumvarpsformi, bæði breyting á almennum hegningarlögum varðandi vændiskaupin sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur haft forgöngu um og fleiri frumvörp lágu fyrir þinginu, en fengust ekki rædd í allsherjarnefnd. Þau fengust ekki afgreidd frekar en svo fjölmörg önnur þingmannafrumvörp. En við, mjög margir þingmenn, teljum löst á þingstörfum hve þingið er ríkisstjórnarmiðað og rödd okkar eða vald Alþingis lítið.

Það var einfalt mál í þessum tilvikum að fella þá þessar breytingartillögur og samþykkja frumvarpið í vor eða í haust. Við höfðum þessar leiðir uppi í öðrum málum þar sem við lögðum fram breytingartillögur. Til að koma þeim inn í lýðræðislega umræðu og í lýðræðislegri umræðu á að taka afstöðu til mála, samþykkja eða fella. Við vildum gera frumvarpið betra en ekki var gefinn kostur á því.

Ég get hins vegar sagt að umfjöllun allsherjarnefndar, ég hef ekki gagnrýnt hana, hún var vönduð. En þessi mál okkar komast ekki að og það er fullkomlega þinglegt að gera breytingartillögur á öllum stigum meðferðar frumvarpa fyrir þinginu.

Ég er að tala um forgangsröðun mála. Ef ég er á villigötum, hæstv. dómsmálaráðherra, í því að forgangsraða því að berjast gegn kynbundnu ofbeldi gegn konum, heimilisofbeldi, vændi og mansali, þá ætla ég að vera það áfram. En ég held að ég gangi ekki einn á þeim villigötum. Ég held að meiri hluti þjóðarinnar gangi á þeim villigötum ef villigötur skyldi kalla. Og það á að forgangsraða í löggæslu og réttarvörslukerfinu þar sem nauðsynin er brýnust, það er ekki flóknara en svo.

Hæstv. dómsmálaráðherra ástundar það að gefa þeim sem hér stendur einkunnir. Ég vil bara segja að ef ég á að gefa einkunn hefur réttarvörslukerfið brugðist að því er varðar kynbundið ofbeldi. Ég nefni það til áréttingar að af öllum þeim kærum sem bárust til lögreglu vegna nauðgana á árinu 2004 eða 2005 leiddu innan við 5% til sakfellingar fyrir dómi. Afleiðingar nauðgana eru hryllilegar. Ég hef löngum sagt að þær feli í sér sálrænt morð ef ekkert er að gert. Það er hægt að gera ýmislegt þar og það er hægt að lækna meinið. En ég er í pólitík til að forgangsraða og taka á brýnustu hagsmunamálum nútímans. Ef ég kem því ekki að nema með því að gera breytingartillögur við hegningarlögin þegar frumvörp koma fram þá geri ég það í framtíðinni.

[11:56]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get staðfest það sem hv. þm. Atli Gíslason sagði að þau frumvörp sem hann vísaði til frá Vinstri grænum varðandi sum af þessum atriðum komust ekki til umræðu í allsherjarnefnd síðasta vetur. Hv. þm. Atli Gíslason veit að það er ekki vegna þess að allsherjarnefnd hafi setið auðum höndum síðasta vetur heldur vegna þess að málafjöldinn hjá nefndinni var gríðarlegur. Það er vissu-

lega rétt að við forgangsröðuðum með þeim hætti að þau mál sem komu frá ríkisstjórn og fyrir lá að nutu stuðnings meiri hluta þingsins, vegna þess að það voru mál sem höfðu fengið umfjöllun og stuðning í þingflokkum stjórnarflokkanna, voru tekin fram fyrir. Þar á meðal voru mjög mörg stór og merk frumvörp sem í flestum tilvikum var allgóð sátt um þegar á reyndi.

Ég veit ekki hvort það er hins vegar málefnalegt hjá hv. þm. Atla Gíslasyni — ég veit ekki hvort hann ætlaði að ná sér niðri á okkur í stjórnarmeirihlutanum eða hefna sín fyrir það að þau mál sem hann bar fyrir brjósti og komust ekki á dagskrá voru ekki afgreidd með því að trufla framgang annarra mála.

En ég verð að geta þess, af því að hv. þingmaður talar hér mikið um kynferðisbrot annars vegar og heimilisofbeldisbrot hins vegar, að menn geta ekki látið eins og ekkert hafi verið gert í þeim málum. Á undanförnum árum hafa verið verulegar breytingar á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Við höfum tekið heimilisofbeldismál sérstaklega fyrir, m.a. í sakamálalöggjöfinni sem afgreidd var síðasta vor. Og þó að þær breytingar (Forseti hringir.) gangi ekki allar jafnlangt og hv. þm. Atli Gíslason hefði helst viljað held ég að hann hljóti að fagna þeirri meginstefnu sem hefur komið fram í þeim breytingum sem samþykktar hafa verið á undanförnum árum því að þessi mál (Forseti hringir.) hafa svo sannarlega fengið athygli.

[11:58]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held því fram að ekki sé nóg að gert í þessum málum þrátt fyrir þær breytingar sem hafa verið gerðar. Þær voru gerðar á nauðgunarákvæðum en ég tel þær ekki hrökkva til því að við erum í sama farinu með ofuráherslu á verknaðaraðferðir og annað slíkt í staðinn fyrir að líta heildstætt á málið.

Ég get hins vegar verið sammála hv. þm. Birgi Ármannssyni að málsmeðferð þeirra mála sem tekin voru fyrir í allsherjarnefnd var vönduð og verkstjórnin með ágætum svo að því sé haldið til haga.

Hvort aðferð mín er málefnaleg eða ekki er auðvitað gildismat og hv. þingmaður verður að hafa það fyrir sig. Ég er þeirrar skoðunar að þau mál sem ég hef gert að umtalsefni séu það brýn að nota verði hvert einasta tækifæri til að koma þeim á framfæri. Ég vek athygli á því að þó svo að þessi mál hafi ekki verið tekin fyrir í nefndinni þá er það ekki vandamál allsherjarnefndar, þetta er vandamál Alþingis í heild sinni að breyta þar um. Ég þykist vita að hv. formaður allsherjarnefndar hefur fullan hug á að þingmannamál fái meiri athygli. Mér er engin launung á því.

Því var líka þannig háttað með það frumvarp, frumvarp um breytingu á hegningarlögunum — um nauðgun, að mér gafst ekki einu sinni tækifæri til að mæla fyrir því á þingi. Þannig að maður hefur þingleg úrræði og beitir þeim.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 1. umr.

Stjfrv., 38. mál (útfarir, útfararþjónusta o.fl.). — Þskj. 38.

[12:00]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp var flutt á síðasta þingi. Það á langan aðdraganda, ég skipaði nefnd árið 2005 til að fara yfir lögin um þessi málefni, kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Þá var frumvarpið flutt á 39. kirkjuþingi í október 2006 og síðan var það lagt fram á síðasta þingi og kom til meðferðar í hv. allsherjarnefnd en var ekki fullafgreitt þar og nefndin hafði því ekki tök á því að senda það frá sér, enda mörg mikilvæg málefni á verksviði nefndarinnar.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað að nýju til allsherjarnefndar og 2. umr.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Breytt stjórn fiskveiða í samræmi við úrskurð mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. JM o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

[12:06]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Það er alltaf ágætt að ræða mál sem skipta máli en það er kannski ekki tímabært að ræða það mál sem hér er verið að ræða vegna þess að gefnar hafa verið ákveðnar yfirlýsingar sem taka mun tíma að vinna úr og það þarf að skoða marga fleiri þætti en menn hafa gengið út frá til að endurskoðun fiskveiðistjórnarkerfisins verði trúverðug.

Sú niðurstaða sem vitnað er til hjá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna leggur auðvitað á ráðin um það að á upphafstíma kvótakerfisins hafi ýmislegt mátt betur fara og það vita hv. þingmenn allir. Þegar þessi ákvörðun var tekin á sínum tíma var hún tekin með samkomulagi allra aðila til sjós og lands nema eins sem var Félag botnvörpuskipaeigenda sem áttu þá gamla síðutogara í Reykjavíkurhöfn. Allir aðrir, LÍÚ, samtök sjómanna og fiskvinnslu voru sammála um þetta kerfi. Menn þreifuðu sig áfram í því í ein þrjú ár þar sem ekki var fullkomið samræmi í hlutum að mínu mati. Sá sem hér stendur var einn af þremur þingmönnum sem sýndu mikinn óróa í samstöðu um þetta mál á Alþingi. Hinir voru hv. þingmenn Garðar Sigurðsson og Vestlendingurinn Skúli Alexandersson. Þar komu mestar efasemdirnar fram.

Niðurstaða mannréttindanefndarinnar sem hér er vitnað til tengist þessu, að í upphafi hafi ekki verið hugsað til enda en síðan hefur svo margt breyst í meðferð þessa kerfis að forsendur fyrir því sem gagnrýnt var á þeim tíma, fyrir 25 árum, eru auðvitað fyrir löngu lagðar fyrir róða. Þess vegna er ekki skynsamlegt að gera þetta að meginþætti málsins.

Við skulum láta liggja á milli hluta hvernig við getum

túlkað þessa niðurstöðu. Niðurstöður hinna ýmsu heilögu hópa frá Sameinuðu þjóðunum, frá Evrópusambandinu, í slíkum ákveðnum túlkunaratriðum minna svolítið á stíl sem oft er talað um að sé í saumaklúbbum, með fullri virðingu fyrir þeim klúbbum, því að þeir ræða kannski oft af meiri skynsemi en hinir svokölluðu sérfróðu samsetningaraðilar í þessum hópum, sem oft eru afdankaðir stjórnmálamenn, afdankaðir embættismenn, menn sem hafa enga áhættu tekið í að vinna til árangurs nema að hafa vatnið kyrrt og svo eiga þeir að fara að ráðleggja öðrum, þeir eiga að fara að ráðleggja vinaþjóð eins og Íslendingum. Við skulum taka þeim kurteislega en við skulum líka sinna þeim varlega. Þetta á við í þessu máli. Lagakrókurinn í þessu er eitt af því sem er eilífðartúlkun og sýnir hve lagakrókarnir eru skemmtilegir og fjölbreyttir. Þær þúsundir lögfræðinga sem eru á Íslandi voru til að mynda ekki svo vitað sé á neinn hátt sammála hinum frægu fjölmiðlalögum sem rædd voru á Alþingi. Þar hafði hver sína túlkun, engir tveir lögfræðingar voru sammála. Þetta er auðvitað hlutur sem við þurfum að meta sem sjálfstæð þjóð sem tekur tillit til andardráttar samfélagsins, þeirrar þarfar sem er — ég nota ekki orðið þarfagreiningu en þörfina þarf að meta og möguleikana — og vinna úr því fyrst og fremst á skynsamlegan hátt með eðlilegu brjóstviti.

Við eigum ekki að rækta á Íslandi almennt og alþjóðlegt kurteisishjal. Við verðum að vera beittari. Það höfum við séð best síðustu daga. Við verðum að vera mun beittari og taka afstöðu án þess að vera einhverjir flatlendishjalarar. Þegar við lentum í brimsköflum fyrir stuttu voru það ekki grannar okkar úti í hinni sterku Evrópu sem sýndu okkur einhverja alúð eða vinsemd. Það var ekki Evrópusambandið, ekki Seðlabanki Evrópu, ekki Þjóðverjar, Bretar eða Frakkar nema síður sé. Hvað segir það okkur? Það segir okkur að við þurfum fyrst og fremst að treysta á okkur sjálf og okkar eigið mat og gera ekki mál sem er kannski fyrnt að einhverju meginmáli þó að gott sé að hafa það til viðmiðunar, því er ég alveg sammála. Það eru miklu viðameiri atriði sem þarf að tryggja í endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu. Það hefur þó sýnt sig, enda eru menn hættir að tala um sægreifana sem einhverjar ótuktir, þegar menn sjá það núna svart á hvítu á síðustu dögum að það er sjávarútvegurinn sem hefur hegðað sér skynsamlegast og eðlilegast í gegnum alla atvinnusögu Íslands. Sjávarútvegurinn sem er eina atvinnugreinin á Íslandi sem hefur setið undir einelti, einelti stjórnvalda, fjölmiðla og margra sem teygja sig með lagakrókana eins og þeim hentar. Við ættum að fara að sýna manndóm til þess að tryggja að sjávarútvegurinn hafi atvinnufrið. Ég er ekki fullkomlega sáttur við það kerfi sem nú er en það er eina kerfið sem sátt er um og það er eina kerfið sem við getum byggt á í stöðunni. Þegar kemur, vonandi fyrr en seinna, að ákveðinni endurskoðun þarf að tryggja til að mynda endurskoðun á veiðiskyldunni, endurskoða þarf mat á veiddum fiski og stöðu einyrkjanna í sjávarútveginum sem hefur hallað mjög á á síðustu 10 árum en lagasetningu um að taka stöðu einyrkjanna til gagngerðrar endurskoðunar hefur ekki verið sinnt. Þetta eru atriði sem skipta máli. Við eigum að beina athygli okkar að þessu og verja sjávarútveginn, sjómenn, útvegsmenn og fiskvinnslu gegn einelti.

[12:16]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki alveg á málflutningi hv. þm. Árna Johnsens í sambandi við þetta mál. Ég ætla fyrst að geta um það sem hefur legið fyrir og liggur fyrir og á hefur verið bent ítrekað í þessari umræðu, að mannréttindi eru algild, virðulegi þingmaður. Það sem hv. þm. Árni Johnsen sagði var að á upphafstíma kvótakerfisins hefði margt mátt betur fara en það er ekki það sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna er að gera athugasemd við. Mannréttindanefndin segir: Í sjálfu sér gat það verið afsökunarvirði að setja kvótakerfið á með þeim hætti sem gert var á þeim tíma en það gengur ekki til langframa að hafa þetta kerfi þannig að sumir fá ókeypis en aðrir þurfa að kaupa. Það er grundvallaratriðið þannig að það er ekki upphafið heldur nútíminn sem um er að ræða.

Síðan varðandi það sem var vísað til, þ.e. hverjir væru vinir okkar og annað í þeim dúr, þá sé ég ekki að það eigi erindi í þessa umræðu, en þó að því marki að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur sagt í umræðu um þetta álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna að það væru aðallega dómarar frá þriðja heims ríkjum en ekki frá Bretlandi eða Evrópuríkjum sem stæðu að þessu meirihlutaáliti. Það eru því akkúrat dómarar frá þeim þjóðum sem hv. þm. Árni Johnsen sagði að væru ekki vinir okkar í dag sem standa að meirihlutaáliti og við ættum því að reyna að standa með því sem þeir segja.

Varðandi það að sátt sé um kerfið þá er það alrangt. Það liggur fyrir að það er algert ósætti um kerfið.

Að lokum, hv. þm. Árni Johnsen: Það liggur fyrir að kerfið er svo óhagkvæmt að sjávarútvegurinn í dag á ekki lengur fyrir skuldum.

[12:18]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er árás að segja að sjávarútvegurinn eigi ekki fyrir skuldum. Það er árás. Það er mjög alvarleg árás á sjávarútveginn. Kannski er eitt af því sem þarf að skoða í endurskoðun fiskveiðistefnunnar heimildirnar til mats, til veðbanda á óveiddan fisk. Það hefur viðgengist árum saman. Er það útgerðinni að kenna eða var það kannski hluti af glimmerinu í augum bankamannanna, ráðgjafa þeirra, lögfræðinga þeirra, sérfræðinga þeirra? Var það glýjan til að auka fjármagnið í veltunni í þessum geggjaða hamagangi? Það er ekki útgerðinni að kenna.

Það skiptir miklu máli að við kunnum að meta hverjir eru vinir okkar því að í málum sem þessum gildir ákveðin viðmiðun sem er út frá afstöðu ýmissa þjóða hvort sem þær eru í Afríku eða annars staðar. Það er ekki lagakrókurinn sem gildir þarna. Það er matið.

Það er líka rangt að segja að kerfið byggist á því að sumir fái frítt en aðrir þurfi að kaupa. Það er bara rangt. Það er misskilningur hjá hv. þm. Jóni Magnússyni, bara misskilningur, útúrsnúningur.

[12:20]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er enginn misskilningur hjá mér varðandi þessa skuldastöðu. Það liggur alveg fyrir. Það

hefur meðal annars verið sérstaklega bent á það af helsta hagfræðingi Landsbanka Íslands, Eddu Rós Karlsdóttur, að kvótasetningin var sá stofn sem var nýttur til skuldsetningar íslensku þjóðarinnar, var nýttur af bankakerfinu. Það er staðreyndin í málinu. Það eru afleiðingar kvótasetningarinnar sem við erum meðal annars að glíma við í dag vegna þess að sægreifarnir, kvótagreifarnir slógu lán. Þeir fóru á verðbréfamarkaðinn og þeir fóru margir hverjir, því miður, í fjárfestingar sem nú orka mjög tvímælis. Þetta er afleiðingin af þessu rangláta, vitlausa ránskerfi sem komið var á af stjórnvöldum á sínum tíma og hefur verið viðhaldið fyrst og fremst fyrir tilstuðlan Sjálfstæðisflokksins frá þeim tíma síðustu árin. Þetta er óréttlátt kerfi. Það er engin sátt um það og núna skiptir máli að þjóðin geti nýtt sínar þjóðarauðlindir fyrir fólkið í landinu en ekki fyrir þá fáu. Við erum að uppskera í dag afleiðingar af því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið þannig að stjórn landsins að hann hefur stjórnað fyrir þá ríku á kostnað allra annarra, hækkað skatta á láglaunafólki og fólki sem hefur meðaltekjur á meðan það hefur verið skattafsláttur fyrir þá sem hafa hæstu tekjurnar í landinu. Þessar staðreyndir erum við að horfast í augu við og það eru afleiðingar þeirrar helstefnu sem við erum að taka út þessa dagana þar sem verður meðal annars að skammta gjaldeyri og við erum komin aftur til fyrir 1960 áður en viðreisnarstjórnin tók við völdum fyrir tilstuðlan þess að menn í Sjálfstæðisflokknum fylgdu ekki sjálfstæðisstefnunni heldur davíðskunni.

[12:22]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef áhyggjur af hv. þm. Jóni Magnússyni. Honum er svo (**Gripið fram í:** Það er ágætt að einhver hefur það.) illa órótt. Það er af sem áður var þegar hv. þingmaður stýrði með glæsibrag Sambandi ungra sjálfstæðismanna sem forustumaður þess. (**JM:** Það var öðruvísi Sjálfstæðisflokkur.) Það hefur ekkert breyst í Sjálfstæðisflokknum. Það hefur hins vegar kannski eitthvað breyst í hjartalagi þingmannsins (**JM:** Mildari ...) og það getur verið af hinu góða og gott er (**JM:** og betri.) að vera ekki fastur fyrir í öllum kreddum. En hjartalagið er það sama. Þess vegna hef ég áhyggjur af því að þetta er ekki í samræmi við stíl eða stefnu þess hjartalags sem býr í hinum ágæta hv. þm. Jóni Magnússyni.

Það er mikið alvörumál að segja að atvinnugrein sem er burðargrein á Íslandi eigi ekki fyrir skuldum. Ætli það þurfi ekki að færa meiri rök fyrir því en í einni setningu eða einni tilvitnun í einhverja greiningardeild einhvers banka? Þetta er ekki boðlegt. Þetta er ekki boðlegt því að við erfiðar aðstæður eiga menn að hafa rænu á því og vit til þess að halda sjó, taka pusið í hnakkann ef ekki vill betur og komast í gegnum skaflana án þess að hræða fólk. Það á ekki að vera hlutverk alþingismanna að hræða Íslendinga.

Mjög fáir útgerðarmenn fóru á hlutabréfamarkað, mjög lítið hlutfall. Meginlína þeirra hefur verið sú að reka starfsemina (Forseti hringir.) til hagsbóta fyrir land og þjóð af metnaði og hugsjón. Samt sæta þeir einelti og samt er hv. þingmaður að bauna á þá sem kvótagreifa (Forseti hringir.) og sægreifa. Þetta er skammarlegt.

[12:25]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í þessa umræðu. Ýmislegt annað brennur á mínu hjarta í dag við þær aðstæður sem við búum við. En sá sem hér stendur og tveir hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Jón Bjarnason og Ögmundur Jónasson, eru meðflutningsmenn þessa frumvarps þar sem við ályktum að Alþingi hlíti niðurstöðu mannréttindanefndarinnar og að lögunum verði breytt í samræmi við úrskurðinn þannig að jafnræði borganna verði tryggt og það verði gætt sanngirni og mannréttinda.

Ég er alveg sammála hv. þm. Árna Johnsen um að það verður að fara fram í þessu máli, sérstaklega núna, af yfirvegun og trúverðugleika. Það er alveg hárrétt. Miðað við efnahagsástandið og miðað við kreppuna er erfitt að fara að rugga bátnum þar sem undirstöðuatvinnugrein okkar á í hlut. Það er ekki þar fyrir, eins og hv . þm. Árni Johnsen benti á, full ástæða til að fara í slíka endurskoðun út af þessum ósköpum. Hann nefndi þar nokkur atriði sem ég get tekið undir. Þau eru fleiri, framsalið. Fleiri þættir sem tengjast þessu kerfi, til að mynda útflutningur á óunnum fiski í dag. Viljum við ekki hafa sem mesta atvinnu í landinu? Það er að koma atvinnuleysi. Aðstæður eru gjörbreyttar. Það verður að tryggja fullvinnsluna innan lands, tryggja atvinnu. Þannig getum við brugðist við.

Við verðum líka að minnast þess að tilgangur laganna hefur ekki náðst að mörgu leyti. Staðar sjávarbyggða vítt og breitt um landið er afar slæm. Smábátasjómenn standa afar illa og skuldir þeirra hafa auðvitað vaxið með gengishruninu allsvakalega. Kvótaskerðingin bitnar harðast á þeim og smærri byggðarlögum. Það þarf líka að hugleiða það vel og vandlega — þar höfum við lagt fram tillögur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði — að tryggja rannsóknir svo við séum ekki á hálum ís um fiskstofna í hafinu. Þar höfum við meðal annars lagt fram tillögu undir formerkinu *Sjómenn græða hafið*, um að nýta reynslu og þekkingu sjómanna, nýta þá til upplýsingaöflunar um hitastig í hafinu, veiðar, brottkast og allt slíkt í samvinnu við okkar færustu vísindamenn. Allt þetta og fleira þarf að skoða. En núna er hugurinn við efnahagsvandann mikla sem er algert forgangsatriði og eiginlega verða öll önnur mál hjóm eitt.

Hv. þm. Jón Magnússon hefur gert ítarlega grein fyrir rökstuðningi þess og ég ætla ekki að endurtaka það en ég vil bara lýsa þeirri skoðun minni að við séum bundin við niðurstöðu mannréttindanefndarinnar. Við höfum þar alþjóðlegar skuldbindingar sem okkur ber að fara eftir. Við höfum samþykkt þessa sáttmála. Þeir hafa verið birtir í C-deild Stjórnartíðinda og ef við spilum ekki eftir alþjóðasamningum sem við höfum skuldbundið okkur til þá missum við trúverðugleika á alþjóðavettvangi. Að mínu mati eru viðbrögð ríkisstjórnarinnar við niðurstöðum mannréttindanefndarinnar ófullnægjandi.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og sjútv.- og landbn.

[Fundarhlé. — 12:29]

[13:34]

Útbýting:
Áfengislög, 47. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 47.
Meðferð sakamála, 92. mál, frv. KHG, þskj. 99.
Sala áfengis og tóbaks, 37. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 37.

Tilhögun þingfunda.

[13:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og hv. alþingismenn vita er næsta vika ætluð til funda og starfa í kjördæmum samkvæmt starfsáætlun Alþingis. Ekki er ætlunin að víkja frá þeirri áætlun en forseti vill beina því til alþingismanna að vera viðbúnir því að þeir kunni að verða kallaðir til þing- eða nefndafunda í næstu viku. Forseti gerir fastlega ráð fyrir að fundir verði engu að síður í nefndum og er því beint til formanna þeirra að láta undirbúa nefndafundi nú þegar ef gert er ráð fyrir þeim í næstu viku. Formenn þingnefnda hafa fulla heimild til að undirbúa slíka fundi þrátt fyrir að kjördæmavikan standi yfir. Þetta vildi forseti undirstrika alveg sérstaklega.

Vatnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 23. mál (frestun gildistöku laganna). — Þskj. 23, nál. 98.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Hönnun og stækkun Þorlákshafnar, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 22. mál. — Þskj. 22.

[13:38]

Flm. (Árni Johnsen) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu um undirbúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar ásamt hv. alþingismönnum Lúðvíki Bergvinssyni, Guðna Ágústssyni, Kjartani Ólafssyni, Björk Guðjónsdóttur, Grétari Mar Jónssyni og Bjarna Harðarsyni.

Tímabært er að reyna að tryggja stöðu Þorlákshafnar með stækkun sem gæti rímað við þá möguleika sem fram undan eru á næstu árum með nýtingu og uppbyggingu margþættra hugmynda um stórvirkar framkvæmdir, sem ítarlega hefur verið rætt um í Þorlákshöfn. Ástæða er að skora á samgönguráðherra að fela Siglingastofnun Íslands að hefja nú þegar undirbúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar svo hún geti þjónustað allt að 60.000–80.000 tonna og 225 metra löng skip.

Eins og höfnin er í dag komast ekki þangað skip sem eru meira en 150 metrar og 20 þúsund tonn. Miklu munar til að það geti tryggt eðlilega uppbyggingu á komandi árum, bæði á Íslandi og ekki síst í Þorlákshöfn. En þar, í næsta nágrenni orkukatla þjóðarinnar, hefur lengi verið biðstaða.

Mikil uppbygging er fyrirhuguð í Þorlákshöfn á næstu árum á sviði iðnaðar, stóriðju og matvælaiðnaðar. Þess vegna er það einmitt mikilvægt að íslensk stjórnvöld hafi á takteinum hugmyndir að stærð og gerð hafnar á næstu missirum. Þorlákshöfn er eina þjónustuhöfnin fyrir allt Suðurlandsundirlendið, en þar er mjög mikil uppbygging atvinnurekstrar og byggða eins og sést hefur á undanförnum missirum og árum.

Árnessýsla og Rangárvallasýsla eru mjög ört vaxandi athafnasvæði og mesta uppbygging á landinu er í Árnessýslu. Erlend stórfyrirtæki í ýmsum greinum stóriðju standa nú í viðræðum við bæjaryfirvöld í Ölfusi um uppbyggingu þar, sem mun hafa mikla og jákvæða þýðingu fyrir Suðurland og landið allt. Því skiptir miklu að geta brugðist við eftirspurninni með stuttum fyrirvara.

Ugglaust eru vandkvæði á því að stækka Þorlákshöfn verulega án þess að það kosti mjög mikið en þessa úttekt þarf að ganga í. Siglingastofnun á að vinna það verk og hefur hún að mestu lokið líkanaprófum á öllu svæði hafnarinnar í Þorlákshöfn. Það gæti verið að byggja þurfi nýja höfn til að sinna verkefninu en einnig þarf að gera ítarlegar úttektir á því hvort hægt sé að breyta mannvirkjum núverandi hafnar þannig að hún stækki líkt og hér er talað um og geti sinnt allt að 225 metra löngum og 60.000–80.000 tonna skipum.

Mikilvægt er að gengið sé í þetta nú þegar. Það er borð fyrir báru hjá Siglingastofnun í nýtingu líkanaprófunarstöðvar og það er vinna sem þarf að vinna í framhaldi af því sem hefur þegar verið gert í Þorlákshöfn en því þarf að fylgja eftir til að freista þess að nýta stækkun hafnarinnar á skynsamlegan hátt. Nær 100 stór flutningaskip og farþegaskip koma nú þegar árlega til Þorlákshafnar og mikil aukning er fyrirsjáanleg við eðlilegar aðstæður — sem hljóta að skapast á næstu mánuðum og missirum á Íslandi — auk alls fiskiskipaflotans sem Þorlákshöfn þjónustar, bæði lítil og stór skip.

Þetta er verkefni sem þarfnast ekki margra orða en er eitt af brýnu verkefnunum sem varða landsbyggðina, nýtingu hennar og traustari styrkingu fyrir allt samfélagið og skynsamlega staðsetningu hafnar á einu uppbyggilegasta svæði landsins í dag og á næstu árum og áratugum. Það er mikill munur fyrir allt sem lýtur að skiparekstri og samgöngum við landið að geta sloppið við Reykjanesröstina að einhverju leyti eða fara með djúpsiglingar þar. Fyrir utan það að aðstæður eru allar þannig í nágrenni Þorlákshafnar að þar liggur fyrst og fremst krafa um að gerð verði stærri höfn sem geti sinnt nútímakröfum.

[13:44]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Við ræðum hér þingsályktunartillögu um undirbúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar. Hv. frummælandi og framsögumaður, Árni Johnsen, hefur farið nokkrum orðum um málið. Ég er ásamt öðrum þingmönnum úr Suðurkjördæmi meðflutningsmaður tillögunnar sem ég er í raun að sjá fullprentaða núna.

Ég held að það sé afskaplega mikilvægt þegar við ræð-

um þessa tillögu að við áttum okkur á hver staða málsins er. Hún er sú að það er nýbúið að stækka höfnina í Þorlákshöfn og sú stækkun miðaðist við þær þarfir sem eru í dag fyrir vinnu og framkvæmdir í höfninni í Þorlákshöfn, þ.e. skipakomur þangað.

Það er hárrétt hjá hv. flutningsmanni Árna Johnsen að það hefur staðið nokkuð lengi mikil umræða um stóriðjuframkvæmdir í Þorlákshöfn. Hjá nefnd á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem sveitarstjórnarmenn í Ölfusi hafa tekið þátt í hafa þessir möguleikar verið ræddir beint við aðila sem eru í álframleiðslu og ýmsum öðrum þungaiðnaði en þær viðræður taka alltaf mið af því að byggð verði stórskipahöfn í Þorlákshöfn. Það verður hvorki álver né þungaiðnaður sem þarf mikla hráefnisflutninga að eða frá nema byggð verði stórskipahöfn í Þorlákshöfn. Þess vegna er mjög mikilvægt fyrir okkur að huga að því máli.

Hins vegar er staðreyndin sú að þegar líkanaprófi sem gert var í líkanamiðstöð Siglingamálastofnunar í Kópavogi var lokið og farið var í að bjóða út þær hafnarframkvæmdir sem nú er lokið við í Þorlákshöfn þá fengust fjármunir fyrir tilstuðlan samgönguráðuneytisins á þeim tíma til að gera líkanapróf af stórskipahöfn og það var gert einmitt vegna þess að botnlíkanið af Þorlákshöfn var til í líkanamiðstöðinni í Kópavogi. Það kostaði því tiltölulega lítið að breyta því líkani þannig að gerð væri slík höfn. Það var keyrt í nokkra mánuði í Kópavogi. Þetta er höfn sem gert er ráð fyrir að taki um 220–230 metra löng skip sem rista um það bil 14–15 metra. Það eru þeir möguleikar sem eru í Þorlákshöfn.

Gerð var gróf kostnaðaráætlun um hvað slík höfn mundi kosta og á þeim tíma var talað um 5–6 milljarða. Það eru líklega ein fjögur ár síðan. Hluti af því var dæling á sandi innan þessarar nýju hafnar sem mig minnir að hafi verið reiknaður á milljarð. Þetta var sundurgreint og er til áætlun um það. Það sem strandar á eru verkefni fyrir svo dýra og viðamikla höfn. Hún verður ekki byggð nema verkefni séu fyrir hana sem borga þann kostnað sem af hlýst. Það er í rauninni það sem ég vil að þessi þingsályktunartillaga beinist meira að og að unnið verði þannig með hana í hv. samgöngunefnd; að menn skoði þar reiknimódel og hagkvæmni þess ef til stóriðnaðar kæmi í Þorlákshöfn sem mundi nýta þessa höfn. Það er aðalmálið. Við vitum nákvæmlega hvernig líkanið lítur út og sú hönnun sem Siglingamálastofnun gerði og hvaða möguleika sú höfn hefur til að taka við stórum skipum.

Mikil vinna hefur verið í gangi í sambandi við stóriðju og orkufrekan iðnað í Þorlákshöfn, sem því miður hefur ekki gengið sem skyldi, en ekki er mjög langt síðan greint var frá því að fyrirtæki sem heitir REC og hafði mikinn áhuga á þessari staðsetningu fyrir sólarselluframleiðslu hafi hætt við og mun setja starfsemi sína upp í Kanada. Það var mikið áfall eftir þá miklu vinnu sem búið var að leggja í varðandi orkufrekan iðnað í Þorlákshöfn.

Það eru enn miklir möguleikar, við eigum mikla orku á þessu svæði og það eru auðvitað skýrar óskir og krafa þess fólks sem býr við Þjórsár/Tungnaársvæðin, Hellisheiðina, að sú orka verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á þessu svæði.

Mér er kunnugt um að orkufyrirtækin, bæði Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur, hafa mikinn hug á að þangað megi beina orku- og atvinnuuppbyggingu í sambandi við þeirra vinnslu. Við skulum stuðla að því að svo megi verða að þessi orka megi notast í heimabyggð til atvinnuuppbyggingar þar. En varðandi höfnina sem slíka þá liggur allt fyrir hve stórum skipum þessi höfn geti þjónað, þetta er hægt. Við þurfum að fá rekstrarmódel með tilliti til þess hvaða iðnaður kemur á svæðið. Það er það sem okkur liggur mest á að fá að vita núna.

[13:51]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Stórskipahöfn í Þorlákshöfn er auðvitað sjálfsagt mál og ég er einn af meðflutningsmönnum hv. þm. Árna Johnsens á þessari þingsályktunartillögu. Þetta er mjög þarft verk. Í Þorlákshöfn er í dag flutt mikið út af vikri. Væntanlegur er mikill útflutningur á vatni, vatnsútflutningur. Þegar vatnsverksmiðjan verður komin á fullt verður það gríðarlegt magn. Eftir því sem ég best veit þá er talað um að þegar allt verður komið á fulla ferð í vatnsútflutningnum fari einn gámur á þriggja mínútna fresti frá verksmiðjunni niður að höfn. Menn eru jafnvel með hugmyndir um að setja upp járnbrautarteina og flytja vatnið þannig niður að höfn.

Það er auðvitað full þörf á því núna að við hugleiðum hvernig við getum nýtt orkuna. Við þurfum að fara fram á það við Landsvirkjun að hún endurskoði hugmyndir sínar um stóriðju með því að virkja neðri hluta Þjórsár. Þetta eru hlutir sem gætu auðveldað atvinnuuppbyggingu. Ef við gætum fengið útlendinga til að koma inn í landið með peninga þá væri enginn staður hagkvæmari þegar búið er að ákveða að virkja í Helguvík og á Bakka við Húsavík en að fara í stóriðjuframkvæmdir í Þorlákshöfn eða einhvers konar stóriðju þar.

Það liggur fyrir að hvergi er framleitt meira rafmagn en einmitt í Árnes- og Rangárvallasýslum og þetta er eina höfnin á því svæði í dag sem er möguleg fyrir útflutning á ýmiss konar vöru. Auðvitað er verið að byggja líka höfn núna austar í kjördæminu, þ.e. á Bakka, sem gæti orðið útflutningshöfn með tíð og tíma ef hún verður alvöruhöfn sem ég held að hún verði. Þegar búið verður að setja yfir 20 milljarða í hana verður kannski hægt að nota hana. Þá verður þar stórskipahöfn líka þó svo að ég hafi ekki verið sammála því að fara í þær framkvæmdir. Ég vildi frekar fara í framkvæmdir í Þorlákshöfn. En það er annað mál og framkvæmdir eru hafnar þannig að vonandi hefur maður haft rangt fyrir sér hvað varðar höfnina á Bakka í framtíðinni.

Það er mjög þarft að undirbúa stórskipahöfn í Þorlákshöfn og standa klár að því, því að slíkt tekur allt sinn tíma. Og þó svo að menn séu að byrja á því að undirbúa stækkun og rannsóknir tekur þetta langan tíma og vonandi verðum við komin í annað umhverfi en við erum í akkúrat í dag þegar við getum farið í framkvæmdir þarna, sem verður vonandi sem fyrst.

En þegar verið er að tala um orku í Árnessýslu má ekki gleyma því að það eru bara nokkrir kílómetrar frá þessari væntanlegu höfn og upp í Hellisheiðina. Þar er mikil orkuframleiðsla sem hægt væri að nýta til ýmiss konar atvinnustarfsemi í Þorlákshöfn. Þess vegna held ég að allir sjái að

það er auðvitað sjálfsagt að fara í framkvæmdir eða rannsóknir og undirbúning fyrir stækkun Þorlákshafnar eða jafnvel nýja höfn fyrir stórskip í Þorlákshöfn .

Ekki má gleyma því að hv. þm. Kjartan Ólafsson flutti ásamt öðrum þingmönnum úr Suðurkjördæmi þingsályktunartillögu um veg yfir Kjöl sem gæti einmitt orðið til þess að mikill útflutningur á fiski og öðrum sjávarafurðum yrði frá Norðurlandi í gegnum Þorlákshöfn. Það mundi stytta siglingaleið verulega að sigla með fisk frá Þorlákshöfn fremur en frá Eyjafjarðarsvæðinu. Mér sýnist því ef af þessu verður að þetta yrði mjög gott fyrir þjóðfélagið í heild sinni og allir mundu njóta góðs af.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og samgn.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, fyrri umr.

Þáltill. ÁÓÁ o.fl., 13. mál. — Þskj. 13.

[13:57]

Flm. (Ágúst Ólafur Ágústsson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18 frá 2. nóvember 1992.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989. Samningurinn öðlaðist gildi 2. september 1990 þegar 20 ríki höfðu fullgilt hann en flest ríki Sameinuðu þjóðanna eru nú aðilar að samningnum.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna felur í sér skuldbindandi samkomulag þjóða heims um sérstök réttindi börnum til handa óháð réttindum hinna fullorðnu. Þótt aðildarríkin að samningnum séu skuldbundin til að tryggja börnum þau réttindi sem samningurinn veitir þeim er sú skuldbinding aðeins samkvæmt þjóðarrétti. Vegna svokallaðrar tvíeðliskenningar sem lögð er til grundvallar í lagatúlkun hér á landi þarf að lögfesta alþjóðasamninga ef þeir eiga að hafa bein réttaráhrif hér á landi. Því er ekki hægt að beita barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með beinum hætti fyrir íslenskum dómstólum eins og lög væru. Flutningsmenn telja hins vegar rétt að slíkur grundvallarsáttmáli verði lögfestur hér á landi með sama hætti og gert var með mannréttindasáttmála Evrópu. Vægi barnasáttmálans yrði þá talsvert meira hér á landi þar sem stjórnvöld og dómstólar landsins yrðu að taka mið af honum við úrlausnir mála sem varða börn og taka mið af honum sem settum lögum. Til fróðleiks má nefna að vinir okkar frá Noregi lögfestu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna 1. október árið 2003 en sá dagur er alþjóðlegur barnadagur.

Eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins var að samþykkja aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Þar segir m.a. að aðgerðir skuli byggjast á rétti barna eins og hann er skilgreindur í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að sérstakur samráðshópur skuli yfirfara tilmæli barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna varðandi framkvæmd barnasáttmálans á Íslandi. Hér er lagt til að gengið verði skrefinu lengra og ályktað um lögfestingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir 20. nóvember á næsta ári en þá verða einmitt 20 ár liðin frá því að sáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Barnasáttmálinn felur í sér viðurkenningu á því að börn hafi sjálfstæð réttindi óháð vilja foreldra og forráðamanna. Samningurinn tryggir ekki einungis borgaraleg réttindi heldur einnig félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi. Með samningnum skuldbinda aðildarríkin sig til að tryggja börnum ákveðin lágmarksréttindi en vegna skorts á tíma við fyrri umræðu þessa máls mun ég ekki fara nánar yfir hvernig það er í sjálfum barnasáttmálanum en það kemur að sjálfsögðu fram í þingmálinu sjálfu og þar er barnasáttmálinn sömuleiðis fylgiskjal með þingsályktunartillögunni.

Fljótlega eftir undirritun barnasáttmálans af hálfu Íslands var hafist handa við að laga íslenskan rétt að ákvæðum hans og voru gerðar ýmsar réttarbætur í því sambandi. Barnasáttmálinn er hins vegar mjög víðfeðmur og stundum matskenndur. Það getur því verið álitamál hvort viðkomandi ákvæði sáttmálans sé nú þegar að finna í íslenskum lögum eða ekki og einnig getur verið munur á lögunum sjálfum og framkvæmd þeirra. Með þingsályktunartillögunni leggja flutningsmenn til að ríkisstjórn skoði hvort og þá hverju ber að breyta í gildandi löggjöf við lögfestingu sáttmálans. Þá telja flutningsmenn að við lögfestingu barnasáttmálans sé nauðsynlegt að laga texta barnasáttmálans að hefðbundnu lagaformi.

Frú forseti. Mig langar að minnast á nokkrar lagabreytingar sem hugsanlega þyrfti að gera ef við lögfestum barnasáttmálann. Þetta er ekki tæmandi upptalning af minni hálfu og fleiri hugmyndir um hugsanlegar lagabreytingar eru í sjálfu þingmálinu.

Í fyrsta lagi ber að hafa í huga 3. gr. barnasáttmálans sem tryggir að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi sem ber að virða. Í ársskýrslu umboðsmanns barna frá árinu 2002 var bent á að víða í íslensku samfélagi væru hagsmunir hinna fullorðnu teknir fram yfir hagsmuni ungu kynslóðarinnar og þótt margt hafi áunnist á liðnum árum sé enn langt í land með að tryggja sérhverju barni þann rétt sem því ber. Á það ekki síst við um framkvæmd ýmissa laga, segir umboðsmaður barna. Þá hefur m.a. verið bent á að réttindi samkvæmt 3. gr. barnasáttmálans séu hugsanlega ekki nægilega vel tryggð innan stjórnsýslu ýmissa sveitarfélaga.

Í öðru lagi lýtur 1. mgr. 7. gr. sáttmálans að réttinum til nafns, ríkisfangs og eftir því sem unnt er réttinum til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Hér þarf að hafa í huga rétt barns til að þekkja foreldra sína og hvort það eigi við um sæðisgjafa og kynforeldra ættleiddra barna en á þetta hefur umboðsmaður barna einmitt bent.

Í þriðja lagi eru í 12. og 13. gr. sáttmálans málfrelsi barna hjá stofnunum tryggt. Umboðsmaður barna hefur bent á að íslensk barnalög séu ekki að fullu leyti í samræmi við barnasáttmála hvað þetta varðar. Réttur barnsins samkvæmt barnasáttmálanum er ekki einungis bundinn við persónumálefni heldur nær hann einnig til málefna samfélagsins. Hér hafa verið nefnd dæmi um ákvarðanir sem varða

skólastarf, tómstundir, forvarnastarf og jafnvel skipulag íbúðahverfa.

Hjá umboðsmanni barna var nýlega unnin skýrsla um umgengnisrétt og hvernig sjónarmið barna komast að ef úrskurðað er í slíkum málum samkvæmt barnalögum. Helstu niðurstöður skýrslunnar voru á þann veg að ræða þyrfti við börn í mun fleiri tilvikum en nú er gert hjá sýslumannsembættum. Afstaða foreldra réð því í of mörgum tilvikum hvort rætt væri við barn eða ekki.

Í fjórða lagi geta 14. gr. og 29. gr. barnasáttmálans kallað á hugsanlegar breytingar á grunnskólalögum og námskrá, t.d. hvað varðar kennslu um aðrar þjóðir, menningarheima og trú. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur gert þetta að umtalsefni, síðast árið 2003, um stöðu nýbúabarna hér á landi.

Í fimmta lagi er einkalíf barns varið í 16. gr. barnasáttmálans. Það ákvæði getur kallað á lagabreytingar í þá áttina að friðhelgi einkalífs barns sé virt í hvívetna. Hér vakna að sjálfsögðu spurningar um sjálfsákvörðunarrétt barna. En þetta lýtur að fjölmörgum lagabálkum sem ég ætla ekki að fara yfir í þessari lotu.

Í sjötta lagi er í 37. gr. sáttmálans fjallað um barn sem svipt er frjálsræði sínu en það ákvæði krefst, að mínu mati, endurskoðunar á lögum um fangelsi en í núgildandi kerfi er hægt að vista börn með fullorðnum í fangelsum Íslands. Þegar Ísland fullgilti barnasáttmálann 1992 var gefin út sérstök yfirlýsing hvað varðar aðskilnað ungra fanga frá hinum eldri. Samkvæmt barnasáttmálanum þarf slíkur aðskilnaður að vera til staðar en við sem þjóð höfum beðist undan því.

Hinn 15. júlí 1998 kom eftirfarandi fram í *Morgunblaðinu,* með leyfi forseta:

„Umboðsmaður barna telur að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé brotinn með því að ungir fangar sem afplána refsivist eru um þessar mundir ekki aðskildir frá eldri föngum heldur vistaðir á almennum deildum afplánunarfangelsa og njóta þar engrar sérstöðu.“

Flutningsmenn telja því að skoða eigi sérstök úrræði fyrir fanga undir 18 ára aldri og reyndar tel ég að nýta megi þau úrræði fyrir fanga allt að 24 ára aldri og hef ég reyndar lagt fram þingmál þess efnis á fyrri þingum. Í tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna sem fylgist með framkvæmd sáttmálans í hinum ýmsu löndum er m.a. farið fram á að tekið verði upp sérstakt réttarfarskerfi í sakamálum ungmenna með alþjóðlegar viðmiðunarkröfur að leiðarljósi. Í barnaverndarlögum kemur m.a. fram að óheimilt er að beita barni innilokun, einangrun eða öðrum slíkum þvingunarráðstöfunum eða agaviðurlögum nema nauðsyn beri til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Enn fremur segir að óheimilt sé að hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema sérstakar ástæður komi til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Vegna þessa ákvæðis barnaverndarlaga hefur umboðsmaður barna sagt að hann telji nauðsynlegt að í lögum sé kveðið nákvæmlega á um réttarstöðu barna við þessar aðstæður. Hann telur öldungis ófullnægjandi og að það bjóði hættunni heim að kveða á um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög í reglugerð sem sett er af framkvæmdarvaldinu.

Umboðsmaður barna segir í ársskýrslu sinni frá árinu 2003 að hann telji að þetta sé hugsanlega brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir m.a. að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt lögum en ekki í reglugerð, eins og þetta ákvæði barnaverndarlaga kveður á um.

Í sjöunda lagi geta 19. gr. sáttmálans og 34. gr. kallað á heildarendurskoðun á þeim köflum almennra hegningarlaga sem fjalla um ofbeldi. Má þar nefna þá staðreynd að í íslenskri löggjöf er enn ekki að finna neitt lagaákvæði sem tekur á heimilisofbeldi með fullnægjandi og heildstæðu mati. Í þessu sambandi ber þó að fagna þeim réttarbótum sem hafa náðst á undanförnum þingum og vil ég sérstaklega minna á þá staðreynd að þingheimur sameinaðist í því fyrir nokkrum þingum að gera alvarleg kynferðisbrot gegn börnum ófyrnanleg og að því er ég best veit er Ísland eitt, ef ekki eina ríkið í heiminum sem hefur gert þau alvarlegu brot ófyrnanleg.

19. gr. sáttmálans kallar að mati flutningsmanna sömuleiðis á að starfsemi Barnahúss verði tryggð. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna telur æskilegt að þær hugmyndir sem Barnahús byggist á verði styrktar. Það er einnig hvatt til að embætti umboðsmanns barna verði tryggt enn betur og þar eru sveitarfélögin hvött til að móta opinbera fjölskyldustefnu.

Í skýrslu sinni frá 2004 benti umboðsmaður barna á nauðsyn á afdráttarlausu ákvæði í barnalögum sem banni foreldrum að beita barn sitt líkamlegu ofbeldi og hvers konar annarri vanvirðandi framkomu. Að mati umboðsmanns þarf slíkt að vera í barnalögum svo þjóðréttarlegar skuldbindingar séu uppfylltar.

Virðulegi forseti. Þó að nokkur ákvæði sáttmálans geti verið matskennd í eðli sínu er hins vegar ljóst að með lögfestingu þessara ákvæða í barnasáttmálanum munu dómstólar landsins gera ríkari kröfur um að þau réttindi barna sem þar er kveðið á um séu virt. Hér getur komið sérstaklega til skoðunar staða langveikra barna, fatlaðra barna, geðsjúkra barna, fátækra barna, barna nýbúa o.s.frv. í íslenskum lögum. Samtökin Barnaheill hafa lengi kallað eftir heildarskoðun á stöðu fátækra barna í íslensku samfélagi og í tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá árinu 2003, kemur m.a. fram að auka þurfi aðstoð við einstæða foreldra og við fjölskyldur fatlaðra barna á Íslandi.

Í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 til barnaverndarnefndar Sameinuðu þjóðanna kom einnig fram að styrkja þyrfti meðferðarúrræði fyrir unga kynferðisafbrotamenn. Einnig þyrfti að styrkja þær stofnanir sem sjá sérstaklega um unga afbrotamenn og unga þolendur.

Í áttunda lagi lýtur 18. gr. sáttmálans m.a. að því að virða þá meginreglu að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Þetta ákvæði getur kallað á ýmsar breytingar á lögum á sviði sifjaréttar. Umboðsmaður barna hefur hvatt til að hjón og sambúðarfólk með börn undir 18 ára aldri verði skyldað til að leita ráðgjafar áður en til skilnaðar eða sambúðarslita kemur. Umboðsmaður telur það umdeilt hvort börn geti leitað ráðgjafar í slíkum tilfellum án samþykkis foreldra og það sé því í andstöðu við barnasáttmálann að réttur barna til tján-

ingar í málum af þessu tagi ráðist af vilja foreldra.

Að lokum, virðulegi forseti, má nefna að í niðurstöðum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd sáttmálans frá árinu 2003 eru íslensk stjórnvöld hvött til að auka upplýsingagjöf um barnasáttmálann og framkvæmd hans og standa að varanlegri og kerfisbundinni fræðslu um mannréttindi handa öllum sem starfa fyrir börn og með börnum.

Hæstv. forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. allsherjarnefndar.

[14:10]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir um að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins verði lögfestur en eins og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson tók fram eru 20 ár liðin frá því að sá sáttmáli var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Mér finnst við Íslendingar hafa ákveðnu hlutverki að gegna að lögfesta þennan sáttmála, ekki síst því hlutverki að vera fordæmisgefandi fyrir aðrar þjóðir. Því eins og við vitum verða börn oft illa úti í þeim ríkjum þar sem erfiðleikar steðja að og á ég sérstaklega við fátæk svæði og stríðshrjáð svæði þar sem börnum er jafnvel beitt í hernaði eða börn eru hreinlega þrælkuð og því held ég að það skipti miklu að land eins og okkar land, norrænt ríki með styrkar undirstöður, sýni hér gott fordæmi.

Það eru fjögur atriði sem mig langar að nefna sérstaklega í því samhengi. Í fyrsta lagi er í sáttmálanum kveðið á um jöfn tækifæri og jafnræði barna sem ég held að sé mjög mikilvægt fyrir samfélag sem okkar, að við veitum börnum sömu tækifæri til menntunar. Um það er kveðið á í 28. gr. sáttmálans þar sem lögð er gríðarleg áhersla á menntun. Það telst til grundvallarréttinda barna að njóta góðrar menntunar, til að þau geti komist til manns.

Annað sem mig langar að nefna sérstaklega er aðgangur barna að heilbrigðisþjónustu. Við Íslendingar höfum verið svo heppnir að geta státað af minnsta ungbarnadauða í heimi og mæðraeftirlit er til mikillar fyrirmyndar. Þetta þurfum við að horfa á og setja okkur markmið hvað varðar heilbrigðisþjónustu fyrir börn og þetta er líka rætt í sáttmálanum. Ég held að þetta sé líka grundvallaratriði í því að koma börnum til manns og setja um leið gott fordæmi.

Síðan eru þau atriði sem mér hafa verið mjög hugleikin og það er lýðræði barna, að börn hafi rétt til að tjá skoðanir sínar og taka þátt í að móta umhverfi sitt. Við Íslendingar megum kannski standa okkur betur í því að koma á nemendalýðræði innan skólakerfisins. Um það var nokkuð rætt þegar frumvörp menntamálaráðherra sem hér lágu fyrir síðasta þingi voru til umræðu, að auka mætti hlut nemendalýðræðis í skólunum. Ég held að þetta sé lykilatriði í því að tryggja hér lýðræðissamfélag, þ.e. að ala börnin upp í lýðræði. Hér var líka rætt um kennslu í mannréttindum handa þeim sem vinna með börnum og ég held að það hafi gefið mjög góða raun þar sem það hefur verið iðkað, þ.e. að fræða börn um mannréttindi og um lýðræði, kenna þeim á lýðræðissamfélagið sem við búum í og að iðka þetta lýðræði. Rannsóknir frá Norðurlöndunum, sem hafa verið mjög framarlega á þessu sviði, sýna að það er mjög góður bragur á þeim skólum þar sem nemendur taka virkan þátt í því að móta skólaumhverfið, skólasamfélagið og skólastefnuna.

Eins og getið er um í greinargerð með tillögunni hefur umboðsmaður bent á að börn séu allt of sjaldan spurð þegar verið er að taka mikilvægar ákvarðanir um mál sem þau varða. Það geta verið önnur mál en þau sem flutningsmaður tillögunnar fór yfir, þ.e. mál sem tengjast fjölskyldu þeirra, það geta líka verið dagleg mál í nánasta umhverfi. Það hefur stundum gleymst þegar skólar eru hannaðir og skólalóðir, að spyrja börn álits sem þó eiga að eyða dagvinnutíma sínum þar. Þetta þarf að koma inn á öllum stigum hvort sem verið er að ræða um umhverfi barna á heimilum þeirra eða í starfi því flest börn eyða átta til níu klukkustundum utan heimilis síns á dag.

Fjórða atriðið sem mig langar sérstaklega til að nefna er sjálfstæði barna sem einstaklinga. Það er umhugsunarefni af því að við lifum í samfélagi sem býður upp á mun meiri eftirlitsmöguleika en áður þekktust. Nú er hægt að hafa eftirlit með því hvort börnin neyta skólamáltíða, í hverja þau hringja, hvernig lífi þeirra vindur fram og við þurfum auðvitað alltaf að hafa það í huga með slíkum tækniframförum sem hafa gert allt þetta eftirlit mögulegt, að tryggja sjálfstæði barnanna, að þau eigi sinn rétt á einkalífi óháð þessu. Mig langar bara að nefna eitt dæmi sem hefur víða komið upp en það er þegar settar hafa verið upp eftirlitsmyndavélar í skólum og jafnvel inni á heimavistum þar sem börn undir 18 ára aldri dveljast og jafnvel án þess að ráðgast við nemendurna í heimavistunum. Þetta er auðvitað þeirra heimili og staður fyrir einkalíf og því held ég að við þurfum einmitt að hafa þetta í huga, að þarna erum við að tala um einkalíf þessara barna og það skiptir máli að spyrja um skoðanir þeirra.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar en ítreka það að ég tel þetta framfaraskref og fagna þeirri þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir og vonast til að hún fái afgreiðslu.

[14:15]

Guðmundur Magnússon (Vg):

Herra forseti. Ég vil styðja þetta frumvarp sérstaklega og minna um leið á að nýlega skrifuðum við undir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun. Þar er kafli um fötluð börn en þau eru einstaklega brothættur hópur og það hefur sýnt sig að líklega er hvergi eins mikið um kynferðislegt ofbeldi og gegn þeim.

[14:16]

Flm. (Ágúst Ólafur Ágústsson) (Sf):

Herra forseti. Ég vil þakka þingmönnum örstutt fyrir góðar undirtektir. Ég vil líka taka undir það sem síðasti ræðumaður gat um að sérstaklega þurfi að huga að fötluðum börnum og í barnasáttmálanum eru þau forgangshópur þegar kemur að vernd gegn ofbeldi. Þetta er mjög góð ábending og ég vona að ef þetta mál fer í gegn — sem ég vona að gerist, sérstaklega í ljósi þess vilja hæstv. forseta að afgreiða hér fleiri þingmannamál — muni einstök börn

verða sérstaklega til skoðunar.

Enn og aftur þakka ég góðar undirtektir. Ég vona að við einhendum okkur í að vinna málið vel, sem og önnur góð mál í allsherjarnefnd.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og allshn.

Barnaverndarlög og barnalög, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 19. mál (bann við líkamlegum refsingum o.fl.). — Þskj. 19.

[14:18]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir máli sem er okkur flutningsmönnum mikið hjartans mál og eitt það fyrsta sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggur fram á þessu þingi. Málið varðar breytingar á barnaverndarlögum og barnalögum og er kveikjan dómur sem gekk í sumar í máli nokkru í Héraðsdómi Norðurlands eystra og varðaði refsinæmi þess að beita börn líkamlegum refsingum. Ég fer nánar í dóminn þegar ég fer yfir greinargerðina, en frumvarpinu er ætlað að breyta bæði barnaverndarlögum og barnalögum í þeim tilgangi að tryggja stöðu barna gagnvart foreldrum og forsjáraðilum og tryggja ýmis réttindi barna sem nánar er fjallað um í greinargerðinni. Þessar breytingar snúa fyrst og fremst að þremur þáttum.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á barnaverndarlögum og barnalögum sem tiltaka með skýrum hætti að líkamlegar og andlegar refsingar gagnvart börnum eru óheimilar og refsivert athæfi. Frumvarpið tekur bæði til ofbeldis af hálfu foreldra eða forsjármanna og af hálfu annarra umsjáraðila. Í annan stað er um að ræða viðbót við barnaverndarlögin þar sem hugtökin óviðunandi aðstæður, uppeldisaðstæður og uppeldisskilyrði eru skilgreind sérstaklega. Í þriðja lagi er um að ræða breytingu á ákvæði 99. gr. barnaverndarlaga þar sem hugtakið lauslæti er fellt brott og notað í staðinn hugtakið vændi.

Í 19. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er tekið sérstaklega fram að börn skuli njóta verndar gegn öllu ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðislegu. Þá er einnig í 39. gr. tekið fram að börn megi ekki beita ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu. Ísland hefur undirritað barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er þannig bundið að þjóðarétti til að virða reglur þær sem hann mælir fyrir um.

Í ágústmánuði sl. féll dómur í Héraðsdómi Norðurlands eystra í máli karlmanns sem hafði beitt tvo drengi unnustu sinnar líkamlegum refsingum, nánar tiltekið flengingum. Maðurinn var ákærður annars vegar fyrir líkamsárás á grundvelli 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og hins vegar á grundvelli 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/ 2002. Í báðum tilfellum var maðurinn sýknaður með þeim rökum, og nú vitna ég beint í dóminn, með leyfi forseta: „að hugsanlega tíðkast eitthvað, eða hefur tíðkast, að flengja börn.“

Þá var vísað til þess í dómnum að barnaverndarlögin kveði ekki með skýrum hætti á um algert bann við því að börn séu beitt refsingum, þar á meðal líkamlegum refsingum.

Þessi niðurstaða héraðsdóms hlýtur að teljast verulega óeðlileg, sérstaklega í ljósi barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennrar afstöðu íslensku þjóðarinnar til líkamlegra refsinga gegn börnum. Þá má benda á að nú er í gangi átak Evrópuráðsins til að stöðva líkamlegar refsingar gegn börnum. Einkunnarorð átaksins eru: *Your hands should not punish. Raise your hands against smacking*. Frumvarpi þessu er þannig ætlað að taka af allan vafa um að líkamlegar eða andlegar refsingar gegn börnum séu undir engum kringumstæðum heimilar.

Við flutningsmenn teljum okkur með frumvarpinu vera í samhljómi við það sem er að gerast í nágrannalöndum okkar í þessum efnum. Þess má geta að samtökin Barnaheill brugðust harkalega við þegar dómurinn féll í sumar og sendu frá sér ályktanir þar sem þau hvöttu dómara landsins til að fara að lögum. Þau töldu nægilega vel kveðið á um það í þeim greinum sem hér um ræðir, þ.e. 99. gr. barnaverndarlaga og 28. gr. barnalaga, að ekki sé ætlast til þess að börn séu beitt líkamlegum refsingum. Ef og úr því að dómarar eru jafnlinir eða lesa lögin svona bókstaflega hvetja Barnaheill Alþingi Íslendinga til að taka af öll tvímæli og gera breytingar á þessum lögum. Þetta frumvarp er viðbragð við ákalli Barnaheilla.

Samkvæmt núgildandi barnaverndarlögum, sem eru nr. 80/2002, eiga börn tilkall til þess að búa við viðunandi aðstæður eftir atvikum fyrir tilstilli barnaverndaryfirvalda. Hugtökin óviðunandi aðstæður, uppeldisaðstæður og uppeldisskilyrði koma víða fyrir í barnaverndarlögunum en hvergi er skilgreint hvað í þeim felst. Úr því að við vorum að hreyfa hér þessu máli og hreyfa við þessum lögum fannst okkur flutningsmönnum að eðlilegt væri að nota ferðina, eins og maður gerir þegar lög eru opnuð, og taka af öll tvímæli um að það teldist til óviðunandi uppeldisskilyrða og aðstæðna að börn þyrftu að búa á heimilum þar sem ofbeldi væri beitt. Til þess leggjum við til þær breytingar sem hér er getið á barnaverndarlögum, nr. 80/2002.

Með heimilisofbeldi er ekki einvörðungu átt við að barn sé sjálft beitt ofbeldi heldur einnig að því sé misboðið með ofbeldi gegn öðrum á heimili eða þar sem það dvelst. Samkvæmt skilgreiningu sem birt er á heimasíðu Barnaverndarstofu er misfellum á umönnunar- og uppeldisskilyrðum barna skipt í tvo meginflokka, ofbeldi og vanrækslu. Birtingarmyndir ofbeldis og vanrækslu geta verið margvíslegar en þó er ekki útilokað að annars konar misfellur foreldra eða annarra umsjáraðila geti fallið utan þessarar flokkunar. Í frumvarpinu er þess vegna gert ráð fyrir að nota hugtakið „ill meðferð“ sem almennt heiti yfir misfellur þessara aðila hvort sem þær eru fólgnar í ofbeldi, vanrækslu eða öðru framferði.

Samkvæmt frumvarpi þessu má slá því föstu að orðalagið óviðunandi aðstæður í lögunum vísi til vanrækslu, ofbeldis eða annars konar illrar meðferðar af hendi þess sem fer með umsjá barns eða annarra sem hafa afskipti af því. Á það skal bent að skilgreiningin á óviðunandi aðstæðum sem hér er mælt fyrir um gerir ráð fyrir að barni þurfi að vera misboðið. Með því er átt við að atvik séu með þeim hætti

að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin.

Að lokum, hæstv. forseti, eins og ég orðaði það áðan notum við ferðina í enn einum tilgangi, þriðja tilganginum, því að í 2. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga segir að ef maður hvetur barn til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiði það með öðrum hætti á glapstigu þá varði það sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Í frumvarpi þessu er lagt til að orðalagi í 2. mgr. 99. gr. verði breytt þannig að hugtakið lauslæti verði tekið út og notast við hugtakið vændi í staðinn. Ekki þykir ástæða til þess að halda í hið gamla hugtak lauslæti auk þess sem erfitt er að skilgreina það með tilliti til barna. Því er hér farin sú leið að notast við orðið vændi og talið að það hugtak nái yfir markmið ákvæðisins og tryggi nægilega vernd barna. Þessi leið er í samræmi við breytingar sem gerðar voru á almennum hegningarlögum á 133. löggjafarþingi, sbr. lög nr. 61/2007, en þá var lauslætishugtakið tekið út úr þeim greinum almennra hegningarlaga sem vörðuðu vændi.

Ég vil hnykkja á því, hæstv. forseti, að ef vafi leikur á því að lögin séu nægilega skýr fyrir dómara þessa lands til að dæma eftir þeim eins og andi laganna er, merking barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og virðing og vilji Alþingis, tel ég nauðsynlegt að gera þær breytingar sem hér eru lagðar til.

Að svo mæltu legg ég í hendur hæstv. forseta að ákveða til hvaða nefndar eða nefnda málið fer. Hér kann að vera um að ræða mál sem heyrir undir tvær nefndir, annars vegar allsherjarnefnd þar sem barnalögin eru og hins vegar félagsmálanefnd þar sem barnaverndarlögin eru, þannig að hæstv. forseti greiðir úr þeirri formlegu flækju til hvaða nefndar málið fer til skoðunar.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Stofnun barnamenningarhúss, fyrri umr.

Þáltill. KJak o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

[14:27]

Flm. (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um stofnun barnamenningarhúss. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þingmenn Kolbrún Halldórsdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Katrín Júlíusdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jón Magnússon. Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela menntamálaráðherra að setja á stofn starfshóp sem undirbúi stofnun barnamenningarhúss, móti því stefnu, finni húsnæði og geri tillögu um fjárhagsgrundvöll til fimm ára. Þar verði miðstöð fyrir menningarstarf fyrir börn, með börnum og skapað af börnum. Stefnt verði að því að slíkt hús geti hafið störf á degi barnsins í maímánuði 2010.

Mér finnst við hæfi að gerast dálítið söguleg þegar við ræðum um barnamenningu því barnamenning er eldri menning en við áttum okkur oft á. Börn eru reyndar ekki viðurkennd sem börn, svona menningarlega, fyrr en á 18. öld. Þau voru fremur talin vera litlir fullorðnir og það tengist einfaldlega þeirri samfélagsgerð sem við höfðum þar sem fólk bjó í dreifbýli og börn tóku þátt í sömu störfum og fullorðnir og neyttu sömu menningar og fullorðnir. Börn deildu með fullorðnum lífi, kjörum og menningu. En bæði með þéttbýlismyndun, þar sem börn og konur fara meira inn á heimili en karlmenn sækja störf utan heimilis, og svo auðvitað með upplýsingarstefnunni þá breytist þetta hugarfar. Börnin þurftu að fá sína menningu og konurnar sína menningu og á sama tíma, og það er dálítið merkilegt, þá verða líka til afþreyingarbókmenntir og það verða til barnabókmenntir. Um leið tengist þetta upplýsingunni því upplýsingarmenn 18. aldarinnar höfðu mikinn uppeldisfræðilegan áhuga og vildu gjarnan nýta bókmenntirnar til að koma góðum boðskap til barnanna. Þeir vildu uppræta hjátrú og hindurvitni og mennta fólk og efla sjálfsvitund miðstéttarinnar. Það er mjög áhugavert að kynna sér barnabækur sem bera þessu vitni.

Fyrsta íslenska barnabókin, sem hefur verið skilgreind sem slík, kom út árið 1780 og það var ljóðabók, *Barnaljóð,* eftir séra Vigfús Jónsson sem orti ljóðaflokkinn handa dóttur sinni árið 1739 en hún var ekki gefin út fyrr en 1780. Þetta eru heilræðaljóð fyrir börn og mjög gaman að lesa þau heilræði svona tveimur öldum síðar. En það minnir einna helst á heilræðakafla *Hávamála,* bara ætlaðan fyrir börn.

Barnabækur hafa síðan þróast eins og aðrar bókmenntir. Rómantíska stefnan hafði áhrif á barnabækur eins og aðrar bækur og við þekkjum öll *Lísu í Undralandi* sem er dæmi um rómantíska barnabók. Við þekkjum listævintýri H.C. Andersen sem endursamdi dönsk ævintýri og skrifaði einnig frumsamin ævintýri og við eigum auðvitað okkar ágæta Jónas Hallgrímsson sem ekki var einungis ljóðskáld heldur samdi ævintýrin *Leggur og skel, Fífillinn og hunangsflugan* og *Stúlkan í turninum* og svo auðvitað hina stórkostlegu unglingasögu, *Grasaferð,* þar sem er fengist við kynjamyndir barna og unglinga þegar tvö systkin fara í grasaferð og eru að uppgötva hvernig það er að ganga inn í heim hinna fullorðnu.

Raunsæja stefnan hefur síðan áhrif. Torfhildur Hólm skrifaði fyrir börn og það má sjá hvernig bókmenntasagan þróast í barnabókunum en af einhverjum orsökum hafa barnabækurnar ekki fengið sama sess og hinar hefðbundnu fullorðinsbókmenntir. Við eigum auðvitað gríðarlega stólpa í barnabókasögu okkar og þá má nefna Jón Sveinsson eða Nonna, Sigurbjörn Sveinsson, Hendrik Ottósson, Stefán Júlíusson, Hreiðar Stefánsson og Jennu Jensdóttur, Stefán Jónsson, Ragnheiði Jónsdóttur og fleiri og alltaf hefur þeim farið fjölgandi sem betur fer, ekki síst eftir tíma Guðrúnar Helgadóttur sem þótti slá mjög merkan tón þegar hún kom fram á sjónarsviðið en hún er enn að skrifa fyrir þennan mikilvæga lesendahóp.

Barnabókmenntir eru auðvitað ekki eina tegund barnamenningar en þær eru ákveðin undirstaða í íslenskri barnamenningu alveg eins og menning okkar byggist mjög mikið á bókmenningunni. Það er ekki að ósekju sem við erum kölluð söguþjóðin og ég held að barnabókmenntir skapi ákveðna undirstöðu fyrir það hvernig við hugsum um barnamenningu. En það má auðvitað nefna svo ótalmargt fleira, t.d. þá tónlist sem hefur verið samin fyrir börn, *Hrekkjusvínin* og *Eniga meniga,* barnaefnið í sjónvarpi sem

er náttúrlega stórmerkilegt og nátengt bókmenningunni. Ég minni hérna á brandarabrúðuna Pál Vilhjálmsson sem seinna varð aðalsöguhetja í bók Guðrúnar Helgadóttur, eða hver man ekki eftir leikfimikennaranum sem setti sig á háan hest eða slagorðinu allt í steik sem Palli samdi fyrir kjötkaupmanninn.

Ég hef ekki nefnt leikhús fyrir börn en leikhúsin hafa sinnt sínu hlutverki alveg frábærlega og við getum bara nefnt þær sýningar sem hafa verið í gangi núna, t.d. *Óvita,* fyrir norðan, *Skoppu og Skrítlu, Gott kvöld, Skilaboðaskjóðuna, Einar Áskel* og fleira. Það er því margt að gerast á sviði barnamenningar og þá er ég að tala um menningu fyrir börn.

Í þingsályktunartillögunni og fylgiskjali með henni sem er skýrsla unnin af Sigurði Valgeirssyni fyrir Samtök um barnamenningarstofnun sem kom út í júní 2004 og fjallar um hvaða leiðir er hægt að fara til að útbúa miðstöð um barnamenningu þá hefur þetta verið skilgreint í þrennt. Það er menning fyrir börn eins og ég hef verið að fara yfir hér, það er menning sköpuð af börnum og menning sem unnin er með börnum. Eins og kemur fram í greinargerðinni er hægt að nefna óteljandi hluti sem er verið að vinna með börnum hér á landi. Þar nægir að nefna skólana; leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, og alla okkar góðu listnámsskóla hvort sem það eru myndlistarskólar, tónlistarskólar eða dansskólar.

Ekki vil ég láta hjá líða að nefna bókasöfnin sem mörg hver hafa staðið sig algjörlega frábærlega. Listasöfn, minjasöfn og alls kyns söfn hafa í raun gert safnaheiminn miklu barnvænni en áður tíðkaðist. En það sem við flutningsmenn tillögunnar erum að horfa á er að aldrei hefur verið ráðist í það að koma á fót neinni sérstakri miðstöð sem tengir saman þessar ólíku greinar, sinnir því hlutverki að miðla menningu fyrir börn, að kynna menningu fyrir börnum og hvetja börn til list- og menningarsköpunar.

Í umræddri skýrslu er talsvert horft til Norðurlanda og það er ekki að ósekju þar sem Norðurlöndin hafa staðið mjög framarlega þegar kemur að barnamenningu. Þar hafa menn farið ýmsar leiðir. En eins og kemur fram hér í greinargerðinni erum við aðilar að norrænu samstarfi en á fjórum Norðurlandanna, þ.e. á öllum nema Íslandi, eru reknar sérstakar barnabókastofnanir sem eingöngu fást við bókmenntirnar og síðan er mikill fjöldi barnamenningarhúsa. Í skýrslu Sigurðar Valgeirssonar kemur fram að árið 2003 voru starfandi 19 barnamenningarhús í Svíþjóð, 15 í Danmörku, eitt í Noregi og átta í Finnlandi. Þessi hús eru mjög ólík innbyrðis og með ólíkar áherslur. Þar er ýmist verið að vinna með börnunum eða verið að kynna börnum menningu eða verið að einbeita sér að rannsóknum á barnamenningu. Ef þessi tillaga hlýtur brautargengi þá eru því ýmsir möguleikar í stöðunni, hvert við gætum leitt starfsemi slíks barnamenningarhúss.

Í skýrslunni eru sett fram tvö líkön, ef við getum orðað það svo, þ.e. líkön um hvernig barnamenningarhús er hægt að stofna og teknar tvær ólíkar gerðir. Það er annars vegar Barnas hus í Björgvin í Noregi sem er barnamenningarhús sem leggur samt mesta áherslu á að starfa út yfir húsið sjálft, út fyrir veggi hússins, tengir saman ólíka aðila, er út um alla borg og fer mikið inn í skólana og virkar sem einhvers konar miðlun inn í skólastarf, leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla til að koma lista- og menningarverkefnum sínum á framfæri og ýta um leið undir listsköpun barna. Húsið, per se, er því kannski ekki endilega svo mikil stofnun heldur er starfsemin miklu fremur utan við húsið.

Svo er lýst öðru dæmi, og ég hvet hv. þingmenn til að lesa skýrsluna því það er mjög margt áhugavert sem þar kemur fram um þetta, en hitt líkanið sem er nefnt er barnamenningarhús í Óðinsvéum sem kallast Eldfærin og er þar að sjálfsögðu vísað í ævintýri H.C. Andersen sem hér var áður nefndur. Þar er áherslan fyrst og fremst á húsið sjálft og starfsemina sem þar fer fram og þangað geta börn og fullorðnir mætt og sótt sér sína menningu. Þarna geta börnin komið og snert hluti, þau geta kynnt sér eftirlætishöfunda sína eða barnatónlist eða eitthvað slíkt og húsið sjálft er eiginlega eins og mjög lifandi safn.

Það eru náttúrlega fjöldamörg önnur slík hús eins og ég fór yfir hér áðan. Ég heimsótti sjálf Junibacken í Stokkhólmi sem kannski einhverjir hér hafa heimsótt. Það er safn í Stokkhólmi sem átti einkum að snúast um persónur Astrid Lindgren sem er auðvitað einn fremsti barnabókahöfundur Norðurlanda. En hún sjálf setti það skilyrði að safnið eða húsið mundi líka snúast um aðra norræna höfunda.

Það er algjörlega mögnuð upplifun og ég hvet alla sem leið eiga til Stokkhólms að heimsækja þetta og helst náttúrlega með börn því þarna getur maður gengið inn í Múmínhúsið, einkum ef maður er mjög lágvaxinn og lítill. Þetta er sem sagt ætlað börnum fyrst og fremst. Maður getur keyrt í lest og heimsótt helstu persónur norrænna barnabókmennta, t.d. horft á leiksýningu, *Kalla á þakinu* og fleira, hlustað á tónlist og allt er þetta sniðið að þörfum barna. Ég verð að segja að mér fannst þetta mjög heillandi heimsókn þegar ég fór þangað og kynntist þessu.

Þetta er í Stokkhólmi og Svíar hafa auðvitað verið mjög öflugir og eins og ég sagði. Þar voru 19 barnamenningarhús starfandi 2003 sem sýnir þá áherslu sem þeir hafa lagt á þetta. Ég held að það sé alveg orðið tímabært fyrir okkur að fara að horfa aðeins á það hvernig við getum eflt þetta starf því það er svo gríðarlega mikilvæg undirstaða fyrir allt annað menningarstarf í landinu. Við tölum oft um menninguna og við höfum nokkrum sinnum í þessum sal rætt um mikilvægi íslenskrar tungu og hvort ekki beri að stjórnarskrárbinda stöðu hennar og annað slíkt. Við höfum margoft lýst yfir áhyggjum af minnkandi lestri barna og unglinga sem sýnt er fram á í rannsóknum. Við vitum líka að þegar börn og unglingar kynnast spennandi lesefni þá skortir iðulega ekki áhugann og þá skiptir máli að koma menningunni út til barnanna.

Ég hef þá trú að það besta sem við getum gert til þess að viðhalda tungunni og efla menningarstarf í landinu sé að ala upp fólk sem er menningarlega meðvitað, hvaða leið sem við förum í því. Það getum við einmitt gert með því að skapa vettvang fyrir þá sem starfa að barnamenningu og ýtt undir hana, t.d. með svona barnamenningarhúsi.

Við eigum fjölda menningarstofnana sem sinna menningu fyrir fullorðna en með þessu erum við líka að viðurkenna sérstöðu þeirra vinna að menningu fyrir börn og hún lýtur ekki nákvæmlega sömu lögmálum. Þetta er auðvitað sérmarkhópur. Eins og ég fór yfir áðan er ekki langt síðan

börn voru bara litlir fullorðnir. Nú erum við farin að viðurkenna að börn eru börn og þetta er sjálfstætt æviskeið sem hefur sína sérstöðu. Mér finnst því mjög mikilvægt að til verði slík miðstöð, fyrir það menningarstarf sem nýtur þessarar sérstöðu.

Við þekkjum það t.d. að barnabækur fá alltaf styttri ritdóma en „alvörubækur“ og alvörubækur set ég innan gæsalappa. Barnamenningin fær alltaf styttri umfjöllun í öllum menningarþáttum en fullorðinsmenningin. Barnabókmenntir eru kenndar í háskólanum annað hvert ár, þar er þessu öllu dembt saman. Það skiptir því máli, að mínu viti, að ýta undir þessa menningarstarfsemi og hefja hana til vegs og virðingar, ekki síst út af þeim sjónarmiðum sem ég hef nefnt um lestur barna, viðhald tungunnar og menningarstarfsemi framtíðarinnar.

Ég vona því að þessi tillaga fái notið brautargengis og ef umsagnir um hana verða jákvæðar þá vonast ég auðvitað til þess að hún hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og menntmn.

Aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði, fyrri umr.

Þáltill. EBS og SJS, 43. mál. — Þskj. 43.

[14:41]

Flm. (Ellert B. Schram) (Sf):

Herra forseti. Undirritaður og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafa leyft sér að leggja fram hér tillögu til þingsályktunar sem hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela félags- og tryggingamálaráðherra að gera úttekt á mikilvægi þess að bæta aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði á Íslandi svo að fötluðum, öldruðum, barnafólki og öðrum sem þess þarfnast verði gert mögulegt að búa lengur í íbúðum sínum en nú er hægt eða festa kaup á hentugum íbúðum í eldra húsnæði.

Þannig hljóðar þessi þingsályktunartillaga. Ég geri mér grein fyrir því að þetta mál er sennilega ekki efst í huga flestra Íslendinga eða alþingismanna á þessari ögurstundu. En lífið verður að halda áfram og við verðum líka að fjalla um gagnlega og hversdagslega hluti. Það er af þeim sökum og í þeim anda sem þessi tillaga er lögð fram vegna þess að hún hefur sína þýðingu á sínum stað.

Aðgengi að íbúðarhúsnæði skiptir miklu máli, ekki síst fyrir þá sem búa við fötlun vegna örorku, aldurs eða af öðrum ástæðum. Það er hægt að grípa til aðgerða sem greiða fyrir góðu aðgengi fyrir flest fólk, fatlað sem ófatlað. Það hefur meira að segja komið til meðferðar og umræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og árið 1973 var gerð samhljóða samþykkt um alþjóðlegar reglur varðandi einstaklinga með hvers konar fötlun og aðgengi þeirra að húsnæði eða heimilum eftir atvikum. Þessi samþykkt var gerð 1973 og því hefur í 30 ár eða jafnvel lengur verið skipulega unnið að því, einkum og sér í lagi á Norðurlöndum, að ganga þannig frá íbúðarhúsnæði og öðrum mannvirkjum að greiður aðgangur sé fyrir sem flesta. Skipulags- og byggingarlögum hefur verið breytt að þessu leyti og skýlaus ákvæði sett þar inn um aðgengi fyrir alla.

Hins vegar er það svo fjölmörg íbúðarhús og þá er ég einkum og sér í lagi að tala um fjölbýlishús eða blokkir sem voru byggðar upp á Íslandi í ýmsum byggðarlögum, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu, sem voru annaðhvort fjögra eða fimm hæða, ekki mikið stærri og þessi hús eru velflest án lyftna. Þetta hefur torveldað öryrkjum og öldruðum að búa í þessum húsum enda þótt fyrri kynslóðir, eldri kynslóðir búi af eðlilegum ástæðum kannski í auknum mæli í eldri húsum.

Það er engin launung á því að þetta mál er flutt hér fyrir beiðni aðila sem starfa á þessum vettvangi og þá vísa ég fyrst og fremst til Félagsbústaða sem er stofnun eða starfsemi sem lýtur að og rekur íbúðarhúsnæði og gegnir mjög mikilvægu félagslegu hlutverki í húsnæðismálum. Af þeirra hálfu hefur verið mælst til og við hv. þingmenn höfum tekið það upp á þingi í formi þessarar þingsályktunartillögu, að skipulags- og byggingarlögum og aðkomu að slíkum málum verði breytt til hagsbóta fyrir eigendur eða rekstraraðila fjölbýlishúsa til að mögulegt verði að setja upp lyftur í þessum húsum til að auðvelda aðkomu gamals fólks, hreyfihamlaðra, barnafjölskyldna og fleiri.

Það er staðreynd að eldra fólki fjölgar. Það býr mjög margt í húsum sem ekki eru með lyftum en eru þó fjölbýlishús. Þetta fólk vill gjarnan halda áfram að búa í húsum sínum eða geta keypt á skikkanlegum kjörum húsnæði sem í boði er af félagslegum ástæðum. Að okkar mati er því að þessu þjóðhagslegur ávinningur sem vert er að líta með jákvæðum augum.

Yrðu framangreindar hugmyndir að veruleika þá gefast möguleikar á að hafist verði handa við margvíslegar aðgerðir til að bæta aðgengi íbúa í íbúðir gamals húsnæðis. Slíkt er að okkar mati ekki aðeins þjóðhagslega hagkvæmt heldur tryggir það einnig bætt lífsskilyrði og aukin lífsgæði allra þeirra sem njóta munu góðs af slíkum aðgerðum.

Ég þarf ekki, herra forseti, að hafa framsöguna mikið lengri vegna þess að hér er verið að þrýsta á um að eitthvað jákvætt gerist á þessum vettvangi. Ég bind miklar vonir við að hv. þingnefnd bregðist skjótt við og afgreiði málið jákvætt frá sér og enn fremur vonast ég eftir jákvæðum viðbrögðum hjá félags- og tryggingamálaráðherra um að gerð úttekt á þessari stöðu og komið með tillögur til úrbóta.

Ég legg svo til herra forseti að þetta mál gangi til hv. félags- og tryggingamálanefndar.

[14:49]

Guðmundur Magnússon (Vg):

Forseti. Ég styð eindregið þetta mál, hér er um mjög gott mál að ræða og það er líka þjóðhagslega hagkvæmt og ekki veitir af á þessum tímum. Ég hef kynnt mér þetta mál vel nokkur undanfarin ár og eldri blokkir sem ekki hafa lyftur eru einmitt til mjög mikilla vandræða. Þetta er erfitt að leysa vegna þess að ef settar eru lyftur utan á þær, sem liggur beinast við, lenda menn alltaf inn á hálfri hæð og það gengur náttúrlega ekki því að þá þurfa menn að príla tröppurnar. Aftur á móti hefur þetta verið leyst þannig í Noregi og Danmörku að taka úr stigaopinu, þ.e. úr auga stigans, og ná þar með nægilega stóru plássi fyrir lyftur, ekki mjög stórar en þó nægilega stórar fyrir hjólastól og einhverja burðarpoka og samt er nægilegt pláss í stiganum í kring til

að fara með sjúkrabörur. Sjúkraflutningamenn voru lengi vel á móti þessu og vildu kanna þetta betur. Þeir gerðu það og fundu út að þetta mundi ekki hamla för þeirra og það er náttúrlega mjög mikilvægt. Það kom í ljós hjá þeim að í stigahúsi þar sem eru sex eða átta íbúðir og ef í einni íbúðinni eru t.d. hjón sem gætu verið þar áfram í staðinn fyrir að fara á elliheimili sem er mjög dýrt úrræði, tæki ekki nema tvö ár að vinna upp kostnað lyftunnar. Menn sjá því hve þjóðhagslega hagkvæmt þetta hlýtur að vera, hvað þá ef þetta ætti við um alla íbúana.

Þegar ungt fólk flutti inn í blokkirnar fyrir 30, 40 árum fullt af atorku og krafti fannst því ekkert mál að vera á fjórðu hæð með þrjú, fjögur börn en nú þegar börnin eru flogin burt og fólkið orðið gamalt og lúið er hræðilega erfitt að ganga með matarpokana upp alla stigana. Þetta væri hægt að leysa með svona lyftu. En mér er sagt að breyta þurfi einhverju í lögum og lagfæra og þar sem frumvarp um mannvirki er í vinnslu núna væri upplagt að koma þar inn kafla um þetta. Ég legg til að það verði gert, að það verði skoðað hvort ekki sé hægt að koma þessu inn í lög um mannvirki.

Að auki vil ég benda á þörfina hjá fólki sem lamast skyndilega, fatlast eða veikist á miðjum aldri, fyrir styrki eða lán til að breyta húsnæði sínu. Fólk gat sótt um og fengið mjög hagstæð lán hjá Tryggingastofnun ríkisins á sínum tíma, þau voru aðeins með 1% vöxtum og ég efast um að þau hafi einu sinni verið verðtryggð, þetta voru mjög ódýr lán og nánast styrkir. Það er eitthvað slíkt sem við þurfum að koma á þar sem við komum því við. Ég vildi endilega nota tækifærið til að koma þessu inn í umræðuna um þetta mál.

Umræðu lokið.
Tillagan gengur til síðari umræðu og fél.- og trn.

Lánamál og lánakjör einstaklinga, fyrri umr.

Þáltill. JM o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

[14:53]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég flyt ásamt þingmönnunum Grétari Mar Jónssyni og Guðjóni Arnari Kristjánssyni svohljóðandi tillögu til þingsályktunar um skipan lánamála:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að leita leiða til að koma skipan húsnæðislána og lána til neytenda í svipað horf og annars staðar á Norðurlöndum þannig að verðtrygging verði afnumin og samkeppni á lánamarkaði fyrir neytendur tryggð. Gjaldtaka lánastofnana verði svipuð og annars staðar á Norðurlöndum. Þá láti ráðherra fara fram skoðun á orsökum þess að lánakjör neytenda eru önnur á Íslandi en um ræðir annars staðar í okkar heimshluta.“

Þessi þingsályktunartillaga er endurflutt en hún var flutt á síðasta þingi. Þegar tillagan var lögð fram var ekki brostið á það gjörningaveður sem nú er í íslenskum banka- og lánamálum og ætluðu fáir að til þess kæmi með þeim hætti sem um ræðir en hitt er annað mál að það er orðið. Samt sem áður hefur sú þingsályktunartillaga sem hér er flutt sjálfsagt aldrei verið eins mikilvæg og einmitt núna. Vegna hvers? Jú, vegna þess að aðstæður eru þannig í þjóðfélaginu að skuldir heimilanna nálgast að vera þúsund milljarðar og stór hluti þeirra verðtryggður og annar hluti gengistryggður og þá skiptir höfuðmáli fyrir líf og afkomu fólks að hagsmuna þess sé gætt.

Það er með ólíkindum hvernig farið hefur verið með íslenska lántakendur, íslenska neytendur hvað þetta varðar þar sem við, venjulegt fólk, höfum búið við mun lakari lánakjör en verið hafa í okkar heimshluta. Gerðar hafa verið sítrekaðar samanburðarkannanir, m.a. af hálfu Neytendasamtakanna og neytendasamtaka á Norðurlöndum, og niðurstaðan er alltaf sú sama: Bankaþjónusta á Íslandi er langdýrust og vextir hæstir og auk þess kemur verðtrygging. Þetta er niðurstaðan sem kemur fram og hefur verið alla þessa öld. Það er sá herkostnaður sem íslenskir neytendur hafa þurft að greiða til fjármálastofnana og menn hefðu kannski ætlað að þær stæðu þar af leiðandi betur að vígi en raun bar vitni en alla vega var ekki um annað að ræða en að íslenskir neytendur, íslenskir lántakendur greiddu sinn toll til þeirra og ríflega það. Það er staðreynd málsins.

Miðað við þær spár og þá framvindu sem er að verða í samfélagi okkar er ljóst að það verður mikil verðbólga. Miðað við það sem er að gerast og hefur gerst er ljóst að alla vega það sem eftir lifir þessa árs verður um að ræða verðbólgu sem sjálfsagt verður í tveggja stafa tölu þó að ég satt að segja voni að spár sem komu úr Danaveldi í gær frá Danske bank rætist ekki að neinu leyti en þar var því spáð að verðbólgan á Íslandi gæti jafnvel farið í þriggja stafa tölu. (**MÁ:** Danske bank hefur haft mjög rétt fyrir sér undanfarið.) Já, það kann vel að vera, hv. þm. Mörður Árnason, en ég vona að þeir hafi ekki rétt fyrir sér í þessu efni og við skulum vona að það taki ábyrg ríkisstjórn við af ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins sem taki að sér stjórn efnahagsmálanna með eðlilegum og raunhæfum hætti til hagsbóta fyrir almenning í landinu.

Það gæti alla vega stefnt í gríðarlegt öngþveiti fyrir venjulegt fólk í landinu en eins og ég gat um áðan nálgast skuldir heimilanna að vera um þúsund milljarðar, meginhluti þeirra verðtryggður og/eða gengisbundinn. Það liggur því fyrir að hver einasta breyting sem verður, annars vegar vegna þess að gengið fellur eða að verðbólgan fer af stað, þýðir einfaldlega að höfuðstóll lánanna breytist og það vonda við verðtrygginguna er það að höfuðstóll lánanna hækkar. Í hvert skipti sem breyting verður á útreiknaðri vísitölu hækkar höfuðstóll lána og síðan er reiknað áfram af þessum upphækkaða höfuðstól við næstu mánaðamót af upphækkaðri vísitölu. Þannig er búið til kerfi þar sem fólk greiðir jafnvel fimmfaldan höfuðstól þess láns sem það fékk upphaflega.

Það liggur fyrir að verðtryggingin var tekin upp og sett á vegna þess að fólk treysti ekki gjaldmiðlinum. Á sínum tíma voru laun verðtryggð og lán verðtryggð og í sjálfu sér var það kerfi sem gat kannski haldist í hendur en síðan var verðtryggingin á launanum afnumin en eftir stóð verðtryggingin á lánunum. Það var gefið með öðrum hætti gagnvart þeim sem skulduðu og þurftu að hafa tekjur til að borga af lánunum en gagnvart vinnu fólksins í landinu.

Þróunin hefur orðið sú að íslensk heimili hafa orðið æ

skuldsettari. Sú ástæða sem varð til þess að tekin var upp verðtrygging á sínum tíma var vegna ákveðins öngþveitis sem orðið var í íslenskum efnahags- og lánamálum þar sem verðbólga hafði verið mjög há um langt skeið og gera þurfti óvenjulegar, óeðlilegar ráðstafanir til að sporna gegn því að allt lánsfé hyrfi úr fjármálastofnunum. Hins vegar liggur fyrir að óeðlilegar ráðstafanir eiga að sjálfsögðu ekki að haldast þegar hlutirnir eru komnir í annan farveg. Við höfum því meginhlutann af þessari öld búið við a.m.k. gengislegan stöðugleika, allt þangað til fyrir tæpu ári síðan, þar sem íslenska krónan var einn sterkasti gjaldmiðill veraldar. Hún breyttist ekki til veikingar miðað við aðra gjaldmiðla, höfuðgjaldmiðla viðskiptaþjóða, heldur styrktist. Þá er spurningin: Hvaða áhrif hafði það á verðtrygginguna? Dró það úr hækkun höfuðstólsins? Svarið er nei. Þrátt fyrir það að íslenska krónan stæði óbreytt eða jafnvel styrktist gagnvart dollara, gagnvart pundi, gagnvart evru eða Norðurlandagjaldmiðlunum hækkuðu samt verðtryggðu lánin vegna þess að allar breytingar á verðlagi innan lands eða utan koma til hækkunar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Allt sem gerist í veröldinni er á ábyrgð og er áhætta íslenskra lántakenda. Það er ekki til sá gjaldmiðill sem á endanum þegar til lengri tíma er litið er jafnsterkur og vísitala neysluverðs til verðtryggingar. Enginn. Það er hægt að reikna það til lengri tímabila og það kemur alltaf sami hlutur út.

Margir sem tóku gengisbundin lán fyrir stuttu síðan horfa að sjálfsögðu upp á það að höfuðstóll lánanna hefur hækkað gríðarlega. Fyrir rúmu ári voru menn varaðir við því, m.a. af Neytendasamtökunum, að taka gengisbundin lán miðað við þær aðstæður sem fyrir hendi voru í þjóðfélaginu vegna þess að hver einasti maður gat séð að gengið sem þá var gat ekki staðist, það var engin innstæða fyrir genginu. En vegna skammsýnar efnahagsstjórnar var reynt að þráast við með þeim afleiðingum að við erum komin aftur til ársins 1960 eða fyrir þann tíma þar sem urðu að vera gjaldeyrishöft og gjaldeyrisskammtanir. Við erum komin aftur fyrir tíma viðreisnarstjórnarinnar. Það er alvarlegt mál og spurning með hvaða hætti unnið verður úr því en það er útilokað að það verði gert á kostnað þeirra einstaklinga sem tóku lán, að þeir eigi að bera þær byrðar og greiða kostnaðinn vegna þess ónýta gjaldmiðils sem við höfum haft og núna er hruninn. Það liggur ljóst fyrir. Og það hefur sjálfsagt aldrei verið jafnljóst og núna að ætli stjórnvöld sér að viðhalda þeirri verðtryggingu og þeim útreikningi sem notaður er til að reikna út vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, þá er hætt við að eigið fé stórs hluta fjölskyldnanna í landinu þurrkist upp, að skuldir á fasteignum verði hærri en verðmæti eignanna.

Borgaralega sinnað fólk leggur höfuðáherslu á að einstaklingarnir verði eignafólk, geti eignast hluti, og m.a. hefur verið talað um að það sé í raun spurning um það að fólk njóti frelsis að það hafi efnahagslegt svigrúm til að geta notið sín og nýtt sér aðstæður í þjóðfélaginu. Nú horfir svo við í þjóðfélagi okkar að hætt er við því að stór hluti fjölskyldna, sérstaklega ungt fólk, lendi í erfiðleikum með að greiða af skuldum sínum. Sagt hefur verið að þegar aðstæður eru orðnar slíkar að venjulegt fólk, skilafólk, telur hagkvæmara að snúa lyklinum í skránni, loka húsum sínum og ganga í burtu en að reyna að standa í skilum vegna þess að það er ekki hægt, þá verði friðurinn rofinn í samfélaginu. Ég tel því miður, virðulegi forseti, að við séum að þokast í þá átt að allt of margir standi frammi fyrir því að þrátt fyrir að hafa staðið í skilum undanfarin ár, greitt samviskusamlega af lánum sínum, sé höfuðstóllinn horfinn vegna þess að þetta óbærilega, ég vil segja djöfullega kerfi sem hefur verið fundið upp varðandi verðtrygginguna með upphækkun höfuðstólsins um hver mánaðamót þurrkar út eignina. Það er ekki bara verðbólgan sem er eins og þögull og kyrrlátur þjófur í húsum fólksins í landinu, heldur tekur verðtryggingin líka í burtu lífssparnað fólks og eyðileggur möguleika þess á því að geta notið afraksturs af vinnu sinni og erfiði og það er óásættanlegt. Hafi einhvern tíma verið hægt að tala um að það væri vitlaust gefið í samfélaginu þá er það m.a. með því að leggja drápsklyfjar á lántakendur í landinu þannig að þeir geti ekki með neinu móti staðið undir því, þegar staðið hefur verið að efnahagsmálum með þeim hætti sem nú er að stefnir í óðaverðbólgu og gjaldmiðillinn er í raun hruninn þannig að taka hefur þurft upp gjaldeyrisskömmtun. Því er nauðsynlegt sem aldrei fyrr að hér verði eðlilegur, venjulegur lánsfjármarkaður í landinu fyrir neytendur, fyrir fólkið og heimilin í landinu.

[15:08]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Ég hef mikla samúð með þessum málflutningi. Ég skil líka að þetta er frumvarp sem tekið er upp frá fyrra þingi og ekki er hægt að miða alla hluti við þá viðburði sem hér hafa orðið á undanförnum dögum.

Gjaldmiðillinn er ónýtur, það kom fram í máli 1. flutningsmanns, hv. þm. Jóns Magnússonar. Það er auðvitað það nýja í málinu að okkur hefur verið sýnt fram á það svart á hvítu að hann er ónýtur, það er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Það er ekki lengur spurning um tilfinningar, álit, þjóðrækni eða einhverja slíka hluti heldur er það ósköp einfaldlega ein af staðreyndunum í málinu.

Þar með held ég að við getum líka orðið sammála um verðtrygginguna. Menn hafa talað um að málflutningur af því tagi sem Jón Magnússon viðhefur hér sé popúlismi, m.a. vegna þess að verðtryggingin er illafnemanleg. Hún er eins konar lærisveinn galdramannsins að því leyti að hún var sett af stað og það er ekki hægt að stoppa hana. Ef hún yrði afnumin á morgun mundu vextirnir hækka um a.m.k. 15%, sem nemur núverandi verðbólgu, hver sem hún nú er, við vitum það ekki en síðustu tölur voru um 15%. Hún var víst 14% við síðustu mánaðamót. Þess vegna hlýtur maður að spyrja, með fullum skilningi á þeim aðstæðum sem verða til þess að flutningsmaður mælir fyrir þessu frumvarpi frá því í fyrra: Er ekki hið raunverulega mál það að þingheimur, stjórnvöld og aðrir í samfélaginu komi sér saman um að afnema hinn ónýta gjaldmiðil og taka upp nýjan með þeim hætti sem það er hægt? Ég held að hann sé í raun og veru innganga í Evrópusambandið og upptaka evru, a.m.k. er hann sá nærtækasti.

[15:10]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði í framsögu fyrir þessari

þingsályktunartillögu fyrir tæpu ári síðan að verðtryggingin væri í raun ekkert annað en hækja ónýts gjaldmiðils, gjaldmiðils sem fólk treysti ekki nema í almennum daglegum viðskiptum og það er óásættanlegt. Við eigum að vera með þann verðmæli, með þá verðeiningu, með þá mynt sem við treystum bæði til lengri og skemmri tíma eins og allar aðrar þjóðir í okkar heimshluta. Það eru nú dæmi um að tekin hafi verið upp verðtrygging, meðal annars meðan Mexíkóar gengu í gegnum efnahagshörmungar á sínum tíma. En verðtryggingin þar í landi var afnumin um leið og menn komust í gegnum þær hremmingar af því að meira að segja þar töldu menn algjörlega fráleitt að haldið væri við þeirri óeðlilegu stöðu þegar eðlilegt ástand ríkti í þjóðfélaginu og gjaldmiðillinn hafði náð ákveðinni festu.

Ég sé ekki að það sé ágreiningur á milli mín og hv. þm. Marðar Árnasonar varðandi gjaldmiðilinn, ég hef lengi haldið því fram að okkur bæri nauðsyn til að tengjast stærra myntkerfi til þess að við hefðum gjaldmiðil sem tryggði okkur öryggi. Það hefur komið í ljós hreinlega í þessum mánuði og máttu allir sjá það fyrir að til þessa gat dregið. Þar af leiðandi erum við í þeirri stöðu sem við erum í dag.

Síðan er það annað mál hvort menn telja það heppilegast varðandi myntina að tengjast ákveðnum gjaldmiðli eða hreinlega myntkörfu en það er alveg ljóst að það kerfi sem við höfum gengur ekki.

[15:12]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Magnússyni, 1. flutningsmanni þessarar tillögu, fyrir að taka undir ályktun mína og við virðumst vera sammála. Ég held að niðurstaða af þeirri gagnrýni sem kemur fram í þingsályktunartillögunni á peningastefnuna á Íslandi, á verðtrygginguna og á gjaldmiðilinn, hljóti að vera sú að við eigum að taka upp nýjan gjaldmiðil.

Við hv. þm. Jón Magnússon getum ekki klárað umræðuna um hvaða gjaldmiðill það eigi að vera en ég er ákveðinnar skoðunar í því efni. Það sem hv. þingmaður gæti kannski upplýst okkur um núna er þó það, með tilvísun til orða hans um núverandi ríkisstjórn Íslands áðan, hvort þeir tveir flutningsmenn sem með honum eru úr fjögurra manna þingflokki, og flokkur hans í heild, taka undir þá stefnu að nú beri okkur að skipta um gjaldmiðil, leggja af krónuna — sem er nú ekki þjóðlegri en það að hún heitir eftir höfuðfati erlends konungs — og taka upp nýjan, með hvaða hætti sem það kynni að verða gert.

[15:13]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt athugasemd hjá hv. þm. Merði Árnasyni um höfuðfat erlends konungs. Ég ætla þá að vekja athygli hv. þingmanns á því að það er eins með höfuðfat Alþingis, það er skjaldarmerki og höfuðfat erlends konungs, þess konungs sem hvað harðast barðist gegn þingræði í landi sínu á sínum tíma. Þá lutum við honum og það er náttúrlega til vansa fyrir Alþingi að hafa merki arfakonungsins uppi á þingi. Ég lagði á sínum tíma fram þingsályktunartillögu um að þessi óskapnaður yrði tekinn niður en skjaldarmerki Íslands sett í staðinn. Ég mun reyna að halda því til streitu þegar mér gefst tækifæri til.

Varðandi það hv. þm. Mörður Árnason var að velta fyrir sér get ég verið mjög stuttorður. Það liggur alveg fyrir og hægt er að lesa í stefnuskrá Frjálslynda flokksins frá því fyrir síðustu kosningar að við gerðum sérstakar athugasemdir við skipun gjaldmiðilsmála. Við vöruðum við því að við hefðum hér í minnsta myntkerfi í heimi gjaldmiðil sem væri á floti, þ.e. stjórnaðist af markaðsaðstæðum hverju sinni. Við vöruðum við þeirri hættu sem íslenskri þjóð, efnahagslegum stöðugleika væri búin með því að hafa málin með þeim hætti. Við lögðum til að íslenska krónan yrði fyrst um sinn tengd helstu viðskiptagjaldmiðlum þjóða sem við ættum viðskipti við sem eru þá náttúrlega evruþjóðirnar, Bretar og Bandaríkjamenn aðallega. Það lögðum við til fyrir kosningar og hefur komið í ljós að skynsamlegasta stefnan varðandi gjaldmiðils- og efnahagsmál sem boðuð var af nokkrum stjórnmálaflokki fyrir kosningarnar var stefna okkar frjálslyndra.

[15:16]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Við erum hér að ræða þingsályktunartillögu um skipan lánamála og að unnið verði að því að kjör hér á landi verði sambærileg lánakjörum sem þekkjast annars staðar á Norðurlöndum. Tillagan hefur verið flutt áður af þingmönnum Frjálslynda flokksins, á síðasta þingi. Reyndar fjölluðum við einnig um verðtrygginguna í tillögu á þingi á síðasta kjörtímabili, hvernig mætti vinna að því að afnema hana og taka hér upp sambærileg lánakjör, sérstaklega á húsnæðismarkaði, og gilda í öðrum nágrannalöndum okkar.

Þó að við ræðum þessa tillögu undir þeim sérstöku aðstæðum sem nú eru hér á landi, undirstrikar það bara hversu nauðsynlegt er að taka á þessu máli. Við gerum okkur vel grein fyrir því að það þarf að vinna að því skipulega að afnema verðtrygginguna og ég minni á orð hæstv. félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, úr þessum ræðustól þegar við ræddum skýrslu hæstv. forsætisráðherra um að alveg ljóst væri að verðtryggingin væri að sliga heimilin ekki síður en hin gjaldeyristryggðu lán. Væntanlega eigum við í Frjálslynda flokknum bandamenn í ríkisstjórninni sem vilja líka afnema verðtrygginguna en við höfum haft sérstaka verðtryggingu sem miðast við tilbúinn útreikning vegna vísitölu neysluverðs. Vísitalan, og verðtryggingin þar af leiðandi, hefur orðið til þess að bæta við og hækka höfuðstól lánanna samkvæmt ákveðnum reglum. Þær hækkanir hafa fylgt lánunum alla tíð þar til þau hafa verið uppgreidd og þessu hafði verið komið á vegna verðbólgunnar.

Mismunur er á þeim tveimur aðallánum sem allar venjulegar fjölskyldur taka til fjárfestinga, þ.e. annars vegar lán með verðtryggingu, sem er almenna reglan, alla vega í húsnæðiskerfinu, hjá Íbúðalánasjóði, og hins vegar gengistryggðu lánunum sem bankar hafa á undanförnum árum haldið að fólki til þess að bera uppi kostnað og lánaskuldbindingar varðandi húsnæðiskaup.

Ef við tölum um ástandið eins og það er í dag mundu gengistryggðu lánin lækka ef gengi íslensku krónunnar færi aftur í eðlilegt horf. Stofninn þar hefur verið uppreiknaður á undanförnum vikum og menn hafa séð hann margfaldast.

Gengistryggð lán hafa hækkað um 50–60% á skömmum tíma vegna þróunar gengisins. Það gengur þó alla vega til baka ef gengisskráningin á íslensku krónuna verður eðlileg aftur. Fyrir því höfum við svo sem enga örugga tryggingu eins og málum er komið hér á landi en vonandi tekst okkur það því að ella væri skaði fjölskyldna af því að hafa tekið gengisbundin lán alveg geigvænlega mikill.

Að því gefnu að gengið leiti aftur jafnvægis munu gengistryggð lán lækka en lán sem bundin eru með verðtryggingum munu ekki lækka. Þau halda áfram allri sinni verðtryggingu og menn bera þá byrði ár og síð og alla tíð hvort sem lánin eru til 25 ára eða 40 ára að hún hefur bæst við lánin. Við leggjum til í þingsályktunartillögunni að viðskiptaráðherra sé falið að leita leiða til að koma skipan húsnæðismála og lána til neytenda í svipað horf og annars staðar á Norðurlöndunum þannig að verðtrygging verði afnumin og samkeppni á lánamarkaði fyrir neytendur verði tryggð.

Þar að auki er ekki gaman að tala hér um samkeppni og eðlilega fjármálastarfsemi í landinu undir þessum kringumstæðum. En efni tillögunnar er jafngilt eftir sem áður og á jafnvel meira erindi inn í umræðuna en verið hefur á undanförnum árum og hefur mönnum þó fundist nóg um hvernig verðtryggð lán hafa hækkað. Það er alveg ljóst að greiðslubyrði verðtryggðra lána verður mörgum fjölskyldum verulega erfið á næstu mánuðum. Það er kannski einn mesti vandinn sem snýr að heimilunum í landinu hvernig innheimtan á ofurvöxnum skuldum mun verða, bæði gengistryggðum og vísitölutryggðum lánum með verðtryggingu, en þau hækka enn frekar að óbreyttu.

Við núverandi aðstæður væri eiginlega réttast að verðtryggingin væri tekin úr sambandi næstu þrjá mánuðina. Ég veit ekki hversu minnugir menn eru þeirra aðgerða sem gripið var til í Vestmannaeyjagosinu. Ef ég man rétt voru greiðsluskuldbindingar Vestmannaeyinga afnumdar um nokkurra mánaða skeið meðan þeir tókust á við afleiðingar gossins. Nú hefur öll þjóðin orðið fyrir áfalli og ég held að við þurfum virkilega að reyna að halda fjölskyldunum og atvinnulífinu gangandi. Ég held að í núverandi stöðu, með tilliti til þess sem hæstv. félagsmálaráðherra sagði varðandi gengistryggðu lánin, þurfi menn einnig að horfa til verðtryggðu lánanna. Ég beini þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að báðir lánaflokkar, vísitölu- og verðtryggð lán og gengistryggð lán verði tekin til sérstakrar skoðunar við núverandi aðstæður. Oft var þörf en nú er nauðsyn að búa til farveg þannig að fjölskyldurnar haldi velli. Menn ættu að nota næstu þrjá mánuði til þess að reyna að finna farveg til að koma til móts við þá sem eru með verðtryggð lán. Við fjöllum um verðtrygginguna í þingmáli okkar og þingsályktun sem beinist að viðskiptaráðherra. Það held ég að sé nauðsynlegt og aldrei nauðsynlegra en nú.

Ef við Íslendingar ætlum að byggja upp þjóðfélag í nýrri og eðlilegri framtíð, sem við ætlum vonandi öll að gera, eigum við að stefna að því að hér á landi verði sambærileg lífskjör að því er varðar réttindi, laun og stöðu fólks og eru á öðrum Norðurlöndum.

[15:26]

Samúel Örn Erlingsson (F):

Herra forseti. Sú tillaga til þingsályktunar sem hér er rædd er í alla staði afskaplega æskilegur útgangspunktur og veganesti hverjar svo sem þjóðfélagsaðstæður eru, hvort sem þær eru eins og í dag þar sem eru heldur dökkar horfur, eða hvort þær eru eins og þær voru fyrir ári þegar íslenska þjóðin taldi sig almennt á fljúgandi siglingu velferðar.

Hér er um að ræða helstu skuldbindingar hinnar venjulegu fjölskyldu, lán til húsnæðiskaupa, þar sem hver fjölskylda tekst yfirleitt á við stærstu fjárfestinguna í lífi sínu. Þess vegna lít ég svo á að við séum í raun að ræða hér fjölskyldumál sem rímar afskaplega vel við þau góðu og flottu mál sem verið hafa til umræðu í dag, hvort sem þau eru um lögfestingu samnings frá Sameinuðu þjóðunum um réttindi barna, breytingu á barnaverndarlögum eða þingsályktunartillögu um stofnun barnamenningarhúss. Þau eru öll aldeilis góð og fín fjölskyldumál.

Við þessar aðstæður er gott að skoða það, ekki síst vegna þeirra orða sem féllu hjá málsmetandi ráðherrum við nefnda umræðu í gær um að nú skuli allt undir, allt skuli vera til athugunar og var þar sérstaklega nefndur gjaldmiðillinn okkar. Ég ætla ekki að fjölyrða neitt um það, nóg er búið að benda á í því sambandi en vissulega er þar stór hluti af þessari mynd hvernig fjölskyldulánin okkar, húsnæðislán, vaxa með vísitölu- og verðtryggingarreikningi. Þar ætti allt að vera undir, allt þarf að athuga.

Mér hefur alltaf fundist það ákaflega skrýtið hvernig húsnæðisverð hafði áhrif á vísitölu, sérstaklega þegar það fór á mikið flug. Vísitalan hafði svo bein áhrif á lán fólksins sem átti húsin sem voru allt í einu svo hátt metin. Fólkið hafði greitt af þeim í mörg ár og lánin hækkuðu. Í hvers þágu var það? Það er skrýtin stærðfræði fyrir mína parta.

Nú lækkar húsnæðisverð aftur og sérfræðingar segja að það lækki hratt og mikið en það kemur ekki fram. Af hverju? Af því að húsnæði selst ekki og þess vegna kemur hið lága verð ekki fram. Ármann Kr. Ólafsson, hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, nefndi þetta í fyrirspurn í dag og spurði um úrræði hvað það varðar. Vísitalan gæti haldist óbreytt í marga mánuði þrátt fyrir að ein af meginstoðum hennar, húsnæðisverðið, lækki. Við vitum það en það kemur ekki fram. Þar með halda lánin áfram að vaxa með tilliti til gengisbreytinga og slíkra hluta. Það á nefnilega oft við um verðtryggingu og vísitölu, og kannski aldrei sem nú og þann tíma sem fram undan er, að ranglætið í þessu efni er vont en kannski er réttlætið enn þá verra þegar farið er að reikna út samkvæmt þeim forsendum sem búið er að gefa.

Tillagan er gott veganesti fyrir þá sem takast á við það vandasama verkefni að greiða úr vandræðum íslenskrar þjóðar. Hún er gott veganesti fyrir viðskiptaráðherra sem er sérstaklega nefndur í tillögunni. Hún gengur út á að hann skuli láta fara fram skoðun á orsökum lánakjara hér og annars staðar. Það er ekki síður gott veganesti fyrir hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra sem flutti snjalla ræðu í gær um úrræði í slagnum við þann mikla vanda sem fram undan er og þjóðin á nú við að glíma. Það gladdi mitt litla hjarta að hæstv. félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, skyldi í því efni sérstaklega nefna verðtryggingu ekki síður en gengistryggingu.

[15:31]

Flm. (Jón Magnússon) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Samúel Erni Erlingssyni sem benti á varðandi húsnæðisverðið að sú lækkun sem hefur orðið sem ætti að draga úr að öðru leyti hækkun vísitölunnar og ætti þá að koma skuldurum til góða, mælist ekki miðað við það ástand sem er á húsnæðismarkaðnum. Það er m.a. eitt af því sem sýnir hversu vafasamur þessi útreikningur er í heild og hvað hann getur verið háður ákveðnum sérkennilegum duttlungum. Ég hef stundum nefnt það sem dæmi að einu sinni þegar fram fór verðmæling Hagstofunnar þá vildi þannig til í þeirri verslun sem verðmælingin var gerð að spænskar gúrkur voru uppseldar. Þetta þýddi að um 500 milljónir króna skiptu um hendur og fóru til lánastofnana sem ella hefðu verið eftir hjá neytendum. En vegna þess að spænsku gúrkurnar voru uppseldar einmitt þennan dag hækkaði gúrkuverð sem hafði þessi áhrif á vísitöluna því þegar við erum komin í svona miklar tölur skiptir hver lítil breyting verulegu máli. Ég bendi á að bara þessi litla breyting þýddi síðan að komin var hækkun á höfuðstól lánanna en síðan þurfti að kippa einhverju öðru meira til baka. Þetta er óeðlilegt og rangt kerfi og ber að afnema það.

Í fyrra þegar þetta mál var flutt og komst til nefndar fékk það umsagnir frá ýmsum aðilum, m.a. þeim, að mínu mati, versta banka sem starfandi er í landinu og heitir Seðlabankinn og ber framar öðrum ábyrgð á því efnahagshruni sem hér hefur orðið en frá bankastjórninni kom eftirfarandi: Að útilokað væri að koma lánakjörum einstaklinga í landinu til sambærilegra viðmiðana og eru á hinum Norðurlöndunum vegna þess að það mundi magna verðbólgu í landinu. Þetta sýnir nú hversu þeir sem þar búa og þar stjórna eru heillum horfnir þegar þeir fjalla um efnahagsmál einstaklinganna í landinu.

Ég vil þakka fyrir þá góðu umræðu sem hér hefur verið um þessa tillögu okkar til þingsályktunar og mælist til þess, virðulegi forseti, að málinu verði að umræðu lokinni vísað til hv. viðskiptanefndar.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og viðskn.

[15:35]

Útbýting:

Frítekjumark örorkulífeyrisþega, 96. mál, fsp. GuðmM, þskj. 103.

Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, 94. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 101.

Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta, 97. mál, fsp. SJS, þskj. 104.

Vistakstur, 95. mál, fsp. MÁ og KVM, þskj. 102.

Skipan frídaga að vori, fyrri umr.

Þáltill. SÖE o.fl., 85. mál. — Þskj. 90.

[15:36]

Flm. (Samúel Örn Erlingsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um skipan frídaga á vori. Flutningsmenn með mér eru hv. þingmenn Bjarni Harðarson og Birkir Jón Jónsson.

Tillagan hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem vinni að undirbúningi lagasetningar um breytta skipan frídaga að vori til hagræðis fyrir almenning og til að auka framleiðni í atvinnulífinu. Nefndin fjalli um eftirfarandi breytingar:

a. að flytja fimmtudagsfrídaga yfir á föstudaginn eftir,

b. að 1. maí verði haldinn hátíðlegur sem frídagur verkamanna, fyrsta mánudag í maí.

Greinargerð með þessari tillögu er svohljóðandi:

Landsmenn eiga allajafna frídag tvo fimmtudaga á hverju vori, þannig að hvorki er frídagur á undan né eftir. Þessir frídagar tveir eru uppstigningardagur og sumardagurinn fyrsti. Sömuleiðis eiga landsmenn frídag 1. maí, þegar hann fellur á virka daga og auðvitað fellur hann þá saman við helgidaga þegar hann fellur á laugardaga og sunnudaga en hann fellur eðli málsins samkvæmt til skiptis á daga vikunnar.

Flestir eru sammála um það að stakir frídagar eru á margan hátt óheppilegir á vinnustöðum. Þeir skapa óhagræði og draga úr framleiðni, og valda að margra mati því að vinnuvikan verður varla nema þrír dagar. Á sama hátt nýtist stakur frídagur launþegum ekki nema að nokkru leyti, með vinnudegi á undan og eftir.

Í mörgum nágrannaríkjum hefur þessari skipan verið breytt og stakir frídagar verið færðir að helgum eða felldir að öðru fríi með ýmsum hætti. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að koma svipuðu á hérlendis, m.a. með framlagningu þingsályktunartillagna á 117. og 132. þingi og þá í tengslum við breytingu á sumartíma o.fl. Aðilar vinnumarkaðar hafa einnig fjallað um þessi mál í tengslum við kjarasamninga, án þess að breytingar hafi orðið, en sagan segir að það hafi a.m.k. í eitt sinn munað litlu. Því er ekki að neita að hér getur verið um tilfinningamál að ræða, sumardagurinn fyrsti markar upphaf sumars samkvæmt gamalli hefð, uppstigningardagur er helgidagur þjóðkirkjunnar og 1. maí hefur bæði sögulega og táknræna þýðingu fyrir verkalýðshreyfinguna. Eðlilegt er þó að ganga beint til þessa verks, en leggja um leið áherslu á gildi þessara daga og það að almenningi sé gert auðveldara að hafa þá í heiðri. Með því er hlúð bæði að framleiðni fyrirtækja sem og samverustundum fjölskyldna í landinu.

Lagt er til að nefnd verði sett til að skoða möguleika á lagasetningu sem lengir helgar fyrir almenning og stuðlar jafnframt að betri nýtingu vinnuvikunnar hjá atvinnurekendum. Það væri til að mynda ákjósanlegur möguleiki að sumardagurinn fyrsti og uppstigningardagur yrðu haldnir hátíðlegir daginn eftir, á föstudegi, og lengdu þannig helgina sem í hönd fer. Á sama hátt yrði vinnuvikan þá samfelldir fjórir dagar og nýttist því betur. Viðbúið er að flutningur frídags vegna uppstigningardags verði viðkvæmt mál þar sem hann er einn af helgidögum þjóðkirkjunnar, en í því sambandi er bent á að samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laga um helgidagafrið, nr. 32/1997, hefur uppstigningardagur sömu stöðu og almennir sunnudagar og raunar líka eins og annar í páskum, annar í hvítasunnu og fleiri slíkir.

Hvað varðar 1. maí væri t.d. hægt að hafa þann hátt á að hann verði ævinlega haldinn hátíðlegur fyrsta mánudag í maí og lengja þannig helgina. Að sama skapi fengi almenningur aukafrídag þau ár sem 1. maí kæmi upp á laugardegi eða sunnudegi.

Virðulegi forseti. Hér er fyrst og fremst lagt til að nefnd fjalli um það að stakir frídagar að vori verði felldir að helgum. Það á sérstaklega við nú á erfiðum tímum að laga skipan frídaga þannig að örvi framleiðni á vinnustöðum og samverustundir fjölskyldna, hér er því allt að vinna. Vissulega er hér tekið í viðkvæma strengi og snertir bæði trúarvenjur og verkalýðssögu en ég fullyrði að sú skipan sem hér er mælt fyrir geri umræddu daga meiri og betri fyrir almenning allan. Nefndarinnar sem um málið fjallar er síðan að meta hvort of langt er seilst í einhverjum þessara tilfella en hér er vissulega um mál að ræða sem snertir allan almenning og margir hafa lýst skoðun á því að í þessum efnum mætti skipa málum betur en nú er gert.

Ég legg til að þessi tillaga til þingsályktunar fari til umfjöllunar í allsherjarnefnd og svo til síðari umræðu.

[15:40]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Á tímum sem þessum kunna menn að líta á það sem léttara hjal að ræða um frídaga að vori þegar ekki hafa verið leyst þau vandræði sem steðja að þjóðfélaginu. Það er nú reyndar svo að það er kannski einn þátturinn í því að bregðast við þeim vanda sem upp er kominn að halda áfram að ræða það sem menn vilja, halda sér við það að hið daglega líf okkar sé ekki ónýtt, halda áfram að skipuleggja framtíðina og ræða um þá kosti sem okkur bjóðast í ýmsum efnum.

Um leið og ég þakka flutningsmönnum fyrir að gefa tækifæri til þessarar umræðu bæði hér í salnum og í samfélaginu þá bendi ég á að hér er tvennt á ferð í senn, annars vegar er skipulag daglegs lífs, vinnu og frístunda, og hins vegar hefðir og samhengi í samfélaginu, og hvort tveggja er mikilvægt. Það er sjálfsagt að ræða þetta — þó að það verði kannski ekki leyst á þessu þingi eða í þessu nefndarstarfi — vegna þess að þetta rekst stundum á, tímarnir líða, skipulag daglegs lífs breytist og bæði samhengi og hefðir þurfa að semja sig að þeim breytingum og endurnýjast að vissu marki.

Hér er einkum fjallað um þrjá daga, uppstigningardag, sumardaginn fyrsta og 1. maí, það er ekki meira lagt undir, sjálfsagt til þess að gera verkefnið viðráðanlegt. Það er ekki minnst á aðra frídaga að vori sem eru klárlega tveir í viðbót, annars vegar annar í hvítasunnu, sem er auðvitað ekki fimmtudagur, og hins vegar 17. júní, sem er hátíð sem fylgir mánuðinum en ekki dögum vikunnar. Það þýðir auðvitað að tillöguflytjendur hafa með nokkrum hætti gert upp á milli frídaga, telja sem sé 17. júní vera að einhverju leyti óhreyfanlegri eða óviðráðanlegri frídag en 1. maí og að annar í hvítasunnu sé vegna þess að hann er á mánudegi ekki hér til umræðu. Ég vek athygli á þessu og er ekki viss um að þetta sé alveg rétt.

Forsendu þessarar umræðu, sem er auðvitað ekki ný, er lýst ágætlega í greinargerðinni. Hún er annars vegar sú að fólk vilji gjarnan fá lengri frí en áður tíðkaðist, lengra en dag í senn, vilji leggja frí sem eru einn dagur við helgina og fá út úr því þrjá daga, eitthvað því um líkt, væntanlega til t.d. ferðalaga eða dvalar í sumarbústað. Að hinu leytinu er sú forsenda að stakir dagar í viku nýtist ekki vel á vinnustöðum. Fyrir þessu eru auðvitað þau rök sem flutningsmaður nefndi í ræðu sinni og í greinargerðinni. Ég er samt ekki alveg viss um öll þessi rök og bendi t.d. á það með þessi löngu frí að það hafa orðið breytingar á vinnusamfélaginu, m.a. þær að sumarfrí eru hreyfanleg, það er ekki lengur um það að ræða, eins og einu sinni var, að menn þyrftu að taka fríið allt í einu í tilteknum mánuði með löngum fyrirvara, nú er miklu meira um að menn taki það jafnvel í hlutum. Í öðru lagi eru á mjög mörgum vinnustöðum komin vetrarfrí sem menn geta hreyft til, tekið jafnvel frí að vori eða dag í senn. Þetta gefur auðvitað miklu meiri tækifæri fyrir sveigjanleika í frítíma fyrir launafólk.

Það má líka nefna að miklu fleiri en kannski fyrir 20, 30, 40 árum starfa sjálfstætt, eru einyrkjar eða stunda þannig störf að þeir geta skammtað sér frí. Ég held að það sé kannski frekar um það að ræða að þeir fylgi ekki venjulegum reglum um vinnu en hitt er auðvitað til líka.

Að auki má svo nefna að í hina áttina hefur það gerst að frídögum ákveðinna stétta, t.d. verslunarmanna, hefur í raun og veru fækkað, föstum reglulegum frídögum þeirra hefur fækkað. Fólk vinnur um helgar, á helgidögum annarra, þ.e. á þeim frídögum sem til falla í miðri viku og fá það auðvitað með einhverjum hætti bætt upp en þó aðallega í launum frekar en frídögum. Þetta er því á mikilli hreyfingu sem hefur kannski dregið úr þeim rökum sem áður voru fyrir þeim tvenns konar forsendum sem hér eru nefndar.

Auk þessarar mótbáru eða athugasemdar vil ég verja a.m.k. tvo af þeim dögum sem hér eru nefndir. Uppstigningardagur er ekki annar af þeim, ég held að uppstigningardagur sé dagur sem út af fyrir sig væri hægt að hreyfa við þótt ég beri fulla virðingu fyrir kristnum hefðum í þessu efni. Hann hefur frá upphafi ekki verið mjög merkur dagur í kirkjuárinu íslenska, sem er aðeins öðruvísi en önnur kirkjuár, og kannski tilviljun að hann varð frídagur. Um hina dagana tvo er það að nefna að ég tel að þá eigi að verja, annan á þeim forsendum að hann er mjög þjóðlegur dagur, hinn á þeim forsendum að hann er mjög alþjóðlegur dagur. Fyrsti maí er baráttudagur og hátíðisdagur verkalýðs um allan heim. Þau lönd munu vera til, held ég, sem halda hann hátíðlegan á öðrum tíma, Bandaríki Ameríku hafa sérstöðu í því efni, en að öðru leyti er 1. maí nánast um allan hinn siðmenntaða heim haldinn hátíðlegur á þessum degi og eðli hans er þannig að því er erfitt að breyta.

Um sumardaginn fyrsta er hins vegar það að segja að það er eini frídagurinn á Íslandi sem við eigum algjörlega sérstakan. Auðvitað má segja að 17. júní er ekki haldinn hátíðlegur annars staðar og verslunarmannahelgin er íslensk hátíð, en það eru tilefni sem menn þekkja vel í öðrum löndum og eiga með ýmsum hætti, en sumardagurinn fyrsti, hygg ég, að sé ekki haldinn hátíðlegur neins staðar nema þá kannski í Íran og heitir þar nýársdagur. Við búum við hefð í þessu efni sennilega frá því á fyrstu norrænum tímum en Íranar búa hins vegar við enn þá eldri hefð um sitt nýár sem er aftur í persneska fornöld, tíma Daríusar og Xerxesar.

Ég held því að það verði erfitt að hreyfa við þessum dögum og kannski væri nær að reyna að finna aðra daga, hugsanlega einhverja af kirkjudögunum, til þess að leggja við þessa daga, til að búa til samfelldara frí ef menn vilja. Þá vil ég líka bæta því við að ég er ekki alveg jafnviss og flutningsmaður, hv. þm. Samúel Örn Erlingsson, um það að þessir stöku frídagar séu slæmir og að fólk sé mjög áfram um að lengja þau frí sem þannig gefast.

Að lokum vil ég aðeins nefna að það kann að vera að í framtíðinni þurfum við að fara dýpra í þessa umræðu. Hér er að vaxa upp fjölmenningarsamfélag þar sem ekki er víst að menn sætti sig um eilífð við að frídagaskipan Íslendinga miðist við kirkjuár hinnar lútersk-evangelísku þjóðkirkju. Við vitum að erlendis eru víða hræringar á ferð í því efni.

Þess vegna er kannski rétt að rifja hér upp tillögu sem Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur lagði fram, að ég held á áttunda áratugnum. Hún var sú að helgidagar þjóðkirkjunnar yrðu vissulega virtir en með þeim hætti að höfð yrði á þeim eins konar hálf-helgi, menn ynnu þá helgidaga sem ekki eru taldir allra mestir, t.d. á öðrum í páskum og öðrum í hvítasunnu og skírdag jafnvel, en héldu sig til hlés um kvöldið, skemmtanir yrðu takmarkaðar og sýnd full virðing hinum trúuðu og helgidögum þeirra og á sama hátt og við kunnum í framtíðinni að verða að sýna fulla virðingu helgidögum og hátíðum annarra trúflokka en hinna kristnu. Um þetta má hafa lengra mál en þetta sýnir að ekki má fara sér óðslega í þessum efnum og sýna samfélaginu og hinni alþjóðlegu samstöðu fulla virðingu og gæta þess að okkar daglega líf sé skipulagt með reisn og í samhengi við forna tíma og erlenda bræður og systur.

[15:51]

Flm. (Samúel Örn Erlingsson) (F):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni kærlega fyrir hans ágætu framsögu og rök í þessu máli. Það er vissulega svo að það var ekki tilviljun, og það er rétt hjá hv. þingmanni, að umræddir þrír dagar urðu fyrir vali. 17. júní hefur mjög mikla og sterka merkingu sem „hinn sautjándi júní“, rétt eins og sú tilhögun að áhugamenn um þetta mál höfðu það í pakka með fleiri málum sem fengu miklu meiri athygli og voru kannski enn þá umdeildari, t.d. sú hugmynd að hafa sumartíma. Þetta gerði það að verkum að talið var að enginn vinnandi vegur væri að færa þann dag enda verð ég að viðurkenna að persónulega hef ég engan sérstakan áhuga á því, sautjándi júní hefur það stóra og mikla merkingu fyrir hina íslensku þjóð.

Það er vissulega svo að bæði í trúarlegu og verkalýðslegu tilliti líta þjóðir mjög misjafnt á þessa hluti. Það má nefna að sumar þjóðir hafa komið fyrir bænadegi eða degi sem kemur í rauninni í staðinn fyrir uppstigningardag. Í því sambandi má t.d. nefna Dani. Aðrar halda sérstaklega upp á mánudag í maí en ekki 1. maí, og má þar nefna t.d. Bretland og Frakkland. Sumir ganga lengra, á Mön er þjóðhátíðardagur 7. júní, ef ég man rétt, en er alltaf haldinn hátíðlegur næsta mánudag á eftir og fylgir þannig helginni. Ástæðan fyrir því að annar í hvítasunnu var ekki tekinn þarna með er augljós, hann er mánudagur, fylgir helgi sem er frí, þetta eru ástæðurnar. Þetta getur vissulega verið viðkvæmt í ýmsu tilliti og þess vegna er lagt til að nefnd fjalli um málið. Mér þykir mjög merkilegt að heyra rökin um sumardaginn fyrsta sem er sérstakur að þessu leytinu til og er því ekki síður umræðuefni en hinir dagarnir. Eins og þjóðfélagið hefur þróast gæti samverustund fjölskyldu alveg eins verið í lok þess dags því þá væri frídagur daginn eftir.

Hér er ekki lagt til að fjölga frídögum svo neinu nemi, kannski um tvo á sjö árum, þ.e. með 1. maí, þannig að hann fái aukið gildi sem frídagur þá daga sem hann annars félli á laugardag eða sunnudag. Þar með hefði helgin það gildi að hún ýtti undir þetta. Þetta breytir í sjálfu sér engu um vinnutíma til að mynda verslunarmanna sem ég veit ekki betur en vinni flestir alla þessa daga, þ.e. í hinum almennu verslunum sem við komum oftast í — þótt kannski eigi annað við um sérverslanir — en þar sem unnið er á vöktum er unnið nánast alla daga og þá alheilögustu líka. Ég ætla ekkert að fjölyrða sérstaklega um slíkt háttalag en ég hef ekki svo sem neina sérstaka velþóknun á því.

Tillagan gengur út á að bæði frídagarnir og vinnudagarnir nýtist betur. Frídagarnir eru jafnmargir og ég tel að færa megi rök fyrir því að þeir séu verðmætari bæði atvinnulífinu og fjölskyldulífinu og það er vissulega ekki sama hvernig svona lagað er sett fram.

Því ítreka ég að lagt er til að nefnd fjalli um málið og ræði við þá sem helst hafa með þessi mál að gera, t.d. verkalýðshreyfingin, kirkjan og ýmsir fleiri. Ég held hins vegar, bæði af eigin reynslu af því að hafa mannaforráð á vinnustað og í ljósi þess sem ég hef heyrt hjá afskaplega mörgum sem ég hef rætt við um þessi mál, að þetta geti orðið gott mál en það muni taka sinn tíma. Ég held að í því felist ekki þau helgispjöll að dagarnir detti dauðir heldur hitt að þeir fái aukið verðmæti, bæði atvinnulífi og fjölskyldulífi. Því ítreka ég að sú tillaga til þingsályktunar sem hér er lögð fram fái umfjöllun í nefnd og aðra umræðu.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og allshn.

Út af dagskrá var tekið 12. mál.

Fundi slitið kl. 15:58.

---

15. FUNDUR

þriðjudaginn 28. október,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Vatnalög, stjfrv., 23. mál, þskj. 23. — 3. umr.
3. Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála,

stjfrv., 94. mál, þskj. 101. — 1. umr.
4. Sóknargjöld, frv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.
5. Hreyfiseðlar í heilbrigðiskerfinu, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.
6. Stjórnarskipunarlög, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
7. Málsvari fyrir aldraða, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Fyrri umr.
8. Tekjuskattur, frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.
9. Háskóli á Ísafirði, frv., 46. mál, þskj. 46. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Álfheiður Ingadóttir, 11. þm. Reykv. s. (20.10.)
Guðfinna S. Bjarnadóttir, 3. þm. Reykv. n. (27.10.)
Katrín Júlíusdóttir, 5. þm. Suðvest. (20.10.)
Siv Friðleifsdóttir, 10. þm. Suðvest. (20.10.)

Fjarvistarleyfi:
Atli Gíslason, 7. þm. Suðurk.
Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðurk.
Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n.
Jóhanna Sigurðardóttir fél.- og trmrh., 5. þm. Reykv. n.
Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest.
Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurk.
Kolbrún Halldórsdóttir, 5. þm. Reykv. s.
Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.
Siv Friðleifsdóttir, 10. þm. Suðvest.
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðaust.
Þórunn Sveinbjarnardóttir umhvrh., 8. þm. Suðvest.

Lagt fram á lestrarsal:
Ályktun sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar.
Áskorun bæjarráðs Fjarðabyggðar.
Ályktun Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.
Ályktun bæjarráðs Árborgar.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:33]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hefur bréf frá þingflokksformanni Samfylkingarinnar, Lúðvíki Bergvinssyni, um að Björgvin G. Sigurðsson, 2. þm. Suðurk., sé á förum til útlanda í opinberum erindagjörðum og geti ekki sótt þingfundi á næstunni. Fyrsti varamaður Samfylkingarinnar í kjördæminu, Róbert Marshall, aðstoðarmaður ráðherra, tók sæti á Alþingi frá og með deginum í gær. Hann hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Tilkynning um dagskrá.

[13:33]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill greina frá því við upphaf þingfundar að lokinni kjördæmaviku að á fimmtudaginn kemur fer fram umræða um efnahags- og viðskiptamál þar sem forsætisráðherra mun flytja skýrslu um málið.

[13:33]

Útbýting:

Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 101. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 108.

Eignarhald og varðveisla listaverka ríkisbankanna, 102. mál, þáltill. ÁI og KolH, þskj. 109.

Listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis, 100. mál, frv. KHG o.fl., þskj. 107.

Loftrýmisgæsla Breta á Íslandi, 99. mál, þáltill. ÁÞS o.fl., þskj. 106.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Hækkun stýrivaxta.

[13:34]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Í ljósi þess að stórtíðindi hafa borist úr Seðlabankanum um að stýrivextir hafi verið keyrðir upp í 18% og voru lækkaðir fyrir nokkrum dögum um 3,5 prósentustig þá kemur þetta mjög á óvart. Það kemur líka á óvart af því að efnahags- og skattanefnd var með opinn fund í gær þar sem hv. þm. Magnús Stefánsson spurði eftir því hvort einhver skilyrði væru í IMF með fyrir slíku. Þar kom skýrt fram að Seðlabanki ákvæði stýrivexti, engin fyrirframlína um stýrivaxtahækkun lægi fyrir af hálfu IMF var sagt við þingið í gær af talsmanni ríkisstjórnarinnar.

Ég spyr hæstv. iðnaðarráðherra sem hefur staðið í forsvari fyrir ríkisstjórnina með hæstv. forsætisráðherra: Var honum kunnugt um þetta skilyrði og var það lagt upp við ríkisstjórnina strax? Ég undrast mjög að ríkisstjórnin sé að mestu leyti erlendis þegar þetta gerist og þjóðin er vanbúin þessu. Menn bjuggust við að hér yrði til einhver heildarpakki um það hvernig bjarga ætti fólki og fyrirtækjum. Þetta er leið til þess að dauðrota.

Nú heyri ég að aðilar vinnumarkaðarins sem töluðu mjög fyrir IMF-leiðinni (**Gripið fram í:** Ekki allir.) segja alveg hiklaust að þetta muni hafa mjög alvarleg áhrif. Og ég sé að ýmsir eru farnir að efast um þetta, fréttaveitan Bloomberg gagnrýnir strax þessa vaxtahækkun og efast um hana. Hún minnir á Bretland frá 1992 þegar stýrivextir þar voru keyrðir upp að kröfu IMF úr 5 og upp í 15% og allt hrundi, pundið hrundi. Ég er ekki viss um að það liggi lausn í þessu en ég undra mig á því, hæstv. iðnaðarráðherra, að heildarmyndin er ekki til. Forustumenn ríkisstjórnarinnar eru ekki í landinu og þá er þessu hellt eins og bensíni á bálið. Ég vil fá skýringar á þessu. Hvenær verður heildarmyndin til, hvernig á að takast á við þetta stóra verkefni? Af hverju er það ekki gert þannig að fólk og fyrirtæki geti róað sig? Nú óttast fyrirtækin gjaldþrot, nú óttast fólkið gjaldþrot.

[13:37]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Það hefur komið fram oftar en einu sinni í þessum sölum að hv. þm. Guðni Ágústsson er í nánara og betra sambandi við aðalbankastjóra Seðlabankans en flestir þingmenn hér svo ég held að hv. þingmaður ætti bara að

taka upp símann og fá þessar skýringar og afstöðu hjá Seðlabankanum. (Gripið fram í.) Seðlabankinn tekur þessa ákvörðun. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að ýmsir sérfræðingar bæði erlendis og líka hér innan lands hafa talið nauðsynlegt, þegar við erum að fara að ráðast í það með erlendum gjaldeyrislánum að opna gjaldeyrismarkaðinn aftur, að grípa til aðgerða sem styðja við gengið. (**Gripið fram í:** Og …?) Innlendir sérfræðingar hafa t.d. greint frá því að þeir telji réttara við þær aðstæður að styrkja gengið t.d. með vaxtahækkunum. Það hefur legið ljóst fyrir. Hins vegar undrast ég að hv. þingmaður skuli spyrja mig um það. Það er Seðlabankinn sem tekur þessa ákvörðun og hv. þingmaður hefur tekið þátt í því að slá skjaldborg um afstöðu Seðlabankans. Enginn þingmaður hefur komið upp í ræðustól Alþingis til að verja Davíð Oddsson seðlabankastjóra jafndyggilega og formaður Framsóknarflokksins þannig að sumum hefur þótt nóg um og jafnvel talað um það opinberlega að seðlabankastjóri hafi formann Framsóknarflokksins í kjöltu sinni. (Gripið fram í.) Kynni nú að vera að þeir vinirnir ættu að ræða saman um þetta. Ég held að það væri mjög gott fyrir hv. þingmann.

[13:39]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Þjóðin sem fylgdist með þessari umræðu sá að hér stóð nakinn ráðherra, hér stóð allsber ráðherra sem réðist með ómerkilegum hætti bæði á Seðlabanka og seðlabankastjóra sem ríkisstjórnin hefur hlýtt í einu og öllu. Ég hef ekki átt fund í Seðlabankanum frá því að ég var kallaður þar út þegar hrunið á Glitni átti sér stað. Það er mikill áróður um að ég sitji uppi í Seðlabanka alla daga. Ég hef ekki komið þar síðan, ekki verið boðið í kaffi eða nokkurn hlut. Þetta er ómerkilegasta ræða sem flutt hefur verið í þinginu, hún er marklaus og dónaskapur við þingið, hæstv. forseti. Ef ég réði hér mundi ég reka þennan hæstv. ráðherra úr sal því að hann á ekki skilið að tala hér þegar hann talar svona. Það á að vísa honum úr sal. Við erum að tala hér um grafalvarlegt efni. Við erum að tala um það að tekin hafi verið vaxtaákvörðun og ég spyr í grandaleysi — það kom fram í nefnd í gær að þetta lægi ekki fyrir — ég spyr hvenær heildstæðar tillögur liggi fyrir og ég fæ bara skít og dónaskap. Þetta er ekki málefnalegt.

Ef blessuð ríkisstjórnin er í þessum farvegi (Forseti hringir.) þá er ekki von að hún leysi stærri mál. Nú fer ég að verða talsmaður þess að hún fari frá strax. Ég hélt að hún yrði að sitja aðeins lengur, blessunin, en ég held hún sé dáin, því miður.

[13:40]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Það sannaðist á viðbrögðum hv. þm. Guðna Ágústssonar að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Það er einfaldlega þannig að Seðlabankinn tekur þessa ákvörðun. Hv. þingmaður spurði um það hvenær ríkisstjórnin (Gripið fram í.) mundi leggja fram heildstætt plan sitt í þessum efnum. Það hefur komið fram nú þegar að einstakir ráðherrar hafa ráðist í umfangsmiklar aðgerðir til að lina þær þjáningar sem fjölskyldur og heimilin og fyrirtækin í landinu hafa orðið fyrir vegna þessara alvarlegu hamfara sem skekið hafa íslenskt samfélag. (Gripið fram í.) Hins vegar lýsti hæstv. forseti því hér yfir að á fimmtudaginn færi fram umræða um þessi mál. Þá mun forsætisráðherra flytja skýrslu og greina frá þeim viðbrögðum sem ríkisstjórnin hefur nú þegar gripið til og sömuleiðis þeim aðgerðum sem hún hyggst grípa til. (Forseti hringir.) Eins og menn hafa þegar séð er ákaflega margt sem ríkisstjórnin hefur nú þegar gert til að draga úr kvíða og öryggisleysi fólks.

Málefni sveitarfélaga.

[13:41]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Okkur er öllum ljóst að það eru grafalvarlegir tímar í íslensku samfélagi í dag og áhyggjur margra eru miklar eins og gefur að skilja. Eitt er það efni sem ég vil taka upp við hæstv. samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í þessu samhengi og það er staða sveitarfélaganna.

Það er ljóst að mörg sveitarfélög og vafalítið öll standa frammi fyrir miklum erfiðleikum á næstu vikum og mánuðum í vinnu sinni við fjárhagsáætlunargerð fyrir næsta ár, í vinnu við að koma til móts við vaxandi þarfir íbúa sinna, almennings, m.a. í formi ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar og fleiri slíkra hluta. Í fjárlagafrumvarpi sem lagt hefur verið fram í nafni ríkisstjórnarinnar er m.a. gert ráð fyrir því að lögum um tekjustofna sveitarfélaga verði breytt og fasteignaskattur lækkaður, skattur sem í dag er 1,32% verði lækkaður í 0,88%. Þessi ráðstöfun ein og sér mun að öllum líkindum þýða tekjutap fyrir sveitarfélögin á bilinu 700–800 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir sérstöku viðbótarframlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga upp á 1.400 millj. kr. og það er að sjálfsögðu viðbúið að mikið fall verði í útsvarstekjum sveitarfélaga vegna þess efnahagsástands sem við stöndum frammi fyrir. Þar að auki munu almennu framlögin í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að líkindum lækka um a.m.k. 2 milljarða kr. vegna tekjutaps ríkisins. Í gildi er samstarfssáttmáli ríkis og sveitarfélaga og þar segir:

„Komi fram tillögur um breytingar á verkaskiptingu eða fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og/eða tekjustofnum sveitarfélaga skulu þær teknar til umfjöllunar á árlegum samráðsfundi fulltrúa stjórnar sambandsins og ráðherra.“

Ég spyr hæstv. samgönguráðherra: Hefur ríkisstjórnin rætt vanda sveitarfélaganna og til hvaða aðgerða hyggst hún grípa? Hvað hyggst ráðherra með 1.400 millj. kr. viðbótarframlagið í jöfnunarsjóð? Var rætt við sveitarfélögin um þær forsendur sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir um að lækka fasteignaskattinn?

[13:44]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Það er ekki víst að hægt sé á þessum stutta tíma að svara öllum þeim spurningum sem hv. þingmaður bar fram en ég skal reyna.

Um leið og þessi holskefla gekk yfir í efnahagslífi landsmanna var strax boðað til fundar með sveitarfélögunum. Og um leið og forustumenn þeirra komu frá Brussel af ráðstefnu sem þeir voru þar á var fundað um þessi mál og

farið yfir öll þau atriði snúa að ríki og sveitarfélögum. Sett var í gang ákveðin vinna og fleiri samráðsfundir ákveðnir, m.a. var einn haldinn í gær hjá okkur með forustumönnum Sambands sveitarfélaga og sett í gang vinna eins og gagnvart Lánasjóði sveitarfélaga, sem er sem betur fer traustur og öflugur og hefur ekki verið einkavæddur og fór ekki í útrás þannig að hann hefur góða CAD-stöðu, 112 ef ég man rétt, sem ætlaði sér í útboð til lífeyrissjóðanna til að hafa sem lán til sveitarfélaganna. Það var talið eitt af brýnustu verkunum til að framkvæma út af bráðum vanda sveitarfélaga sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu sem hafa þurft að greiða til baka mikið af úthlutuðum lóðum og það með verðbótum sem er reyndar annar þáttur og hefur verið ræddur.

Nú hefur þetta útboð, fyrsti áfangi, átt sér stað og ég er bjartsýnn á að það gangi vel eftir og að sjóðurinn geti gert það sem strax var lagt upp með þrátt fyrir að hafa ekki ákveðna stimplun frá Seðlabankanum sem bankinn gat þó veitt undanþágu frá. Þetta var lagt upp sem fyrsta atriði en auðvitað ræddu forustumenn Sambands ísl. sveitarfélaga önnur atriði sem hv. þingmaður ræddi um eins og fasteignagjaldsprósentuna og aukaframlagið til jöfnunarsjóðs. Ég skal reyna, virðulegi forseti, af því að tíminn er búinn í fyrra svarinu að fara yfir það í seinna svari mínu.

[13:46]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Spurningar mínar til hæstv. ráðherra voru reyndar ekkert óskaplega flóknar og hefði verið hægt að svara þeim í fáum orðum.

Hefur ríkisstjórnin rætt vanda sveitarfélaga og til hvaða aðgerða hyggst hún grípa? Mér finnst mikilvægt að fá það fram hvort hæstv. samgönguráðherra hefur gert ríkisstjórninni grein fyrir þeim vanda sem blasir við sveitarfélögunum og hvort ríkisstjórnin hyggst grípa til einhverra ráðstafana. Ég spyr líka hvað ráðherrann hyggst gera varðandi viðbótarframlagið í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga upp á 1.400 milljónir. Áður hefur verið spurt um það hér en engin svör komið fram og er mikilvægt að ráðherra taki af allan vafa um þetta. Hafði ráðherrann samráð við sveitarfélögin eins og samstarfssáttmáli ríkis og sveitarfélaga gerir ráð fyrir að sé gert þegar svona ákvarðanir eru teknar, að setja inn í fjárlagafrumvarpið forsendu um lækkun fasteignaskattsins? Það er mikilvægt að fá þetta fram.

Mér virðist á þeim svörum sem ég hef þegar fengið að enginn málsvari sé fyrir sveitarfélögin í ríkisstjórninni. Sú staða er hins vegar uppi að það þarf neyðaráætlun gagnvart sveitarfélögunum í landinu (Forseti hringir.) og ráðherrann á að beita sér fyrir því nú þegar.

[13:47]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr: Hefur vandi sveitarfélaga verið ræddur? Svarið er já. Hef ég gert ríkisstjórn grein fyrir vandanum? Svarið er já. Er reiknað með að gera einhverjar ráðstafanir? Já, það er gert ráð fyrir því.

Varðandi 1.400 milljónirnar bíður það fjárlagavinnu sem er verið að vinna. Eins og allir vita þarf að taka fjárlögin sem lögð voru fram töluvert upp þannig að samráð við sveitarfélögin er mikið og gott og því verður haldið áfram.

Fasteignaskattarnir eru mál sem er heldur erfiðara að eiga við, við skulum segja að það sé erfðagóss sem við fengum úr félagsmálaráðuneytinu, þar sem ágreiningurinn er um annars vegar prósentuna, 1,32%, og síðan krónutölur sem settar voru þar fram. Þar er ágreiningur um túlkun, hvernig þetta var sett fram. Þetta ræddum við m.a. í gær á samráðsfundi ráðuneytisins og forustumanna Sambands íslenskra sveitarfélaga og verður það gert áfram.

Áfengisauglýsingar.

[13:48]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Í síðustu viku fengum við alþingismenn hvatningu frá fjölda samtaka í tilefni af vímuvarnaviku, Viku 43, eins og það var kallað. Yfirskrift þessarar hvatningar var: „Velferð barna, stöndum vörð um það sem virkar.“ Þar er vitnað í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem sagt er að börn eigi rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska og réttilega sagt að allar ákvarðanir eða ráðstafanir skuli byggðar á því sem börnum er fyrir bestu.

Í hvatningunni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Neysla áfengis og annarra vímuefna raskar uppvexti og ógnar velferð margra barna. Sum bíða ævarandi tjón. Það er bitur reynsla að sjá barn sitt lenda í fjötrum vímuefnaneyslu og villast á brautir glæpa og ofbeldis.“

Síðan eru talin upp nokkur atriði í forvörnum sem rannsóknir hafa sýnt að virka, sem sagt bæta árangur í forvörnum. Nefnd eru þrjú atriði: 20 ára aldursmark til áfengiskaupa, bann við auglýsingum á áfengi og bann við sölu áfengis í almennum verslunum. Þetta þýðir að samhengi er á milli aðgengis að áfengum drykkjum og neyslu og á milli áróðurs og neysluhvatningar og neyslu.

Í sömu viku kvað Hæstiréttur upp úrskurð um 1 milljón kr. sekt vegna birtingar fjögurra áfengisauglýsinga í *Blaðinu* 2005. Þrátt fyrir varnir með tilvísun í stjórnarskrána og skuldbindingar okkar í EES telur Hæstiréttur að 20. gr. áfengislaga, nr. 75, frá júní 1998, hafi verið brotin með þessum auglýsingum.

Ljóst er að farið er í kringum þetta auglýsingabann með ótrúlegri útsjónarsemi og svindli. Auglýsingar eru á bílum á götum úti, á veitingastöðum, í blöðum og í sjónvarpi og menn fela sig á bak við bjórauglýsingar með því að setja „léttöl“ í hornið jafnvel þó að ekki sé boðið upp á óáfenga drykki með slíku merki.

Í framhaldi af þessu (Forseti hringir.) spyr ég hæstv. dómsmálaráðherra:

Hyggst dómsmálaráðherra beita sér fyrir því að reglur verði hertar varðandi áfengisauglýsingar og málum betur fylgt eftir í samræmi við lög og niðurstöður í dómi Hæstaréttar?

[13:51]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Herra forseti. Ég tel að þessi dómur Hæstaréttar sé nauðsynleg ábending til allra um það hvernig túlka eigi 20. gr. áfengislaga og í sjálfu sér þurfi ekki að setja hertar regl-

ur í framhaldi af dóminum því að hann er skýr varðandi þetta — og mjög mikilvægt, að mínu mati, að fá þessa niðurstöðu í Hæstarétti. Ég hef á undanförnum árum oftar en einu sinni verið spurður hér á þingi um 20. gr., hvort hún sé í raun sú vörn sem menn telja að hún eigi að vera og ég tel að þessi dómur Hæstaréttar sýni að svo sé. Ég hef hvatt til þess hér í þingsalnum að ákæruvaldið léti á það reyna með þeim hætti sem það teldi skynsamlegast hvernig staðið yrði að því að framkvæma þessa grein ef það færi í gegnum allt dómskerfið. Nú liggur dómur Hæstaréttar um þetta mál fyrir og ég tel að hann sé það skýr og afdráttarlaus að hann sé til leiðbeiningar öllum þeim sem hafa verið eða kunna að vera í einhverjum vafa um hvernig túlka beri 20. gr. áfengislaganna.

Ég sé því í sjálfu sér ekki ástæðu til að boða að af minni hálfu verði settar hertar reglur, það er Alþingis að ákveða inntak í lagagreinum eins og þessari en inntakið hefur nú verið skýrt af Hæstarétti á þennan ótvíræða hátt og ég er viss um að það mun hafa fordæmisgildi.

[13:52]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Ég tek undir það að það verður þá verkefni Alþingis að fylgjast með framkvæmd í framhaldi af þessum dómi og fylgja því eftir að menn gæti sín betur varðandi auglýsingar og fylgi þeim lögum sem sett hafa verið.

Stofnuð hafa verið heilu samtökin hér til þess að vekja athygli á þessu máli, þ.e. Samtök foreldra gegn áfengisauglýsingum, og er ástæða til að vekja athygli foreldra á þeim samtökum. Þau hafa heimasíðu og hafa haldið uppi umræðu um þennan málaflokk.

Ég hvet þingmenn og alla þjóðina til að taka höndum saman um að verjast ágangi söluaðila á áfengi og öðrum vímugjöfum og standa vörð um börnin okkar og unglingana. Það hefur aldrei verið brýnna en nú vegna þess að það ástand sem nú er að skapast í samfélaginu mun örugglega geta leitt til ákveðinnar upplausnar og aukins óöryggis og kvíða hjá börnum og unglingum. Við verðum því (Forseti hringir.) að standa vörð um þann hóp.

Virkjunarframkvæmdir.

[13:54]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil ekki víkja frá þeirri umræðu sem varð hér í upphafi þingfundar á milli hv. þm. Guðna Ágústssonar og hæstv. iðnaðarráðherra um stýrivaxtahækkun, sem er út af fyrir sig frávik frá því sem ég ætlaði að tala um við hæstv. iðnaðarráðherra.

Eftir því sem skilja mátti af orðum hæstv. iðnaðarráðherra þá segir hann: Það var Seðlabanki Íslands einn sem tók þessa ákvörðun — sem gefur þá til kynna, og má gagnálykta út frá því sem þar er sagt, að íslenska ríkisstjórnin hafi ekki komið að þessari ákvörðun um hækkun stýrivaxta frekar en öðrum ákvörðunum Seðlabanka Íslands um hækkun stýrivaxta, og að þetta hafi ekki verið sérstakt skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég vænti þess að hæstv. iðnaðarráðherra geri í framhjáhlaupi hér á eftir grein fyrir því hvort þetta sé réttur skilningur miðað við þau orð sem hann viðhafði við fyrstu fyrirspurninni.

Ég ætlaði að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra um áform Landsvirkjunar varðandi Búðarhálsvirkjun og Bjallavirkjun og Tungnaárlón. Vil ég spyrja hann sérstaklega að því hvort hann sé sammála og samþykkur og hafi vilja til þess að þær ráðstafanir og aðgerðir sem Landsvirkjun hefur gripið til, annars vegar varðandi Búðarhálsvirkjun og hins vegar varðandi Bjallavirkjun og Tungnaárlón, og þær hugmyndir sem þar liggja fyrir — hvort hann sé fylgjandi þeim hlutum, leggi áherslu á að þessar virkjanir geti komist á framkvæmdastig sem allra fyrst og hver hans viðhorf eru að öðru leyti til þeirra mála.

[13:55]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég hef eins og aðrir þingmenn stutt Búðarhálsvirkjun og eins og hv. þingmaður veit er búið að bjóða hana út. Við Íslendingar höfum hins vegar lent í fjárhagslegum hremmingum og það á eftir að koma í ljós með hvaða hætti Landsvirkjun og íslenska ríkinu tekst við þær aðstæður að afla fjármagns til þess að hrinda framkvæmdinni af stað. Það er einfaldlega, svo að ég sé alveg ærlegur, ekki alveg ljóst á þessari stundu.

Að því er varðar aðrar framkvæmdir sem hv. þingmaður nefndi, Bjallavirkjun og ákveðnar framkvæmdir sem tengjast Tungnaá, þá er það, eins og áður hefur komið fram, eitt af því sem verður skoðað í þeim hópi sem vinnur nú að rammaáætlun. Það er alveg ljóst, eins og ég hef sagt, að ekki er verið að víkja frá neinum reglum eða lögum að því er varðar ýmsar þær framkvæmdir sem tengjast hugsanlegum virkjunum og stóriðjuframkvæmdum. Þetta fer í þann farveg og verður unnið þar og engin sérstök flýtiafgreiðsla kemur til af minni hálfu ef hv. þingmaður er að spyrja um það. Ef hann er að velta fyrir sér rannsóknarleyfum og öðru slíku liggur það fyrir að að því er varðar óröskuð svæði mun ég ekki veita nein rannsóknarleyfi fyrr en þessari vinnu er lokið.

Nú vill svo til að sá vinnuhópur hefur boðað til sérstaks opinbers fundar til þess að ræða framvindu þess verks og þar munu væntanlega koma fram spurningar um þessa þætti og þeim verður svarað þar. Af minni hálfu liggur það ljóst fyrir að ég hyggst ekki veita rannsóknarleyfi á svæðum sem eru ósnortin og ekki var búið að veita leyfi til áður en þessi ríkisstjórn tók til starfa. Það er reyndar afstaða sem hefur mörgum sinnum komið fram hér og ég held að ég hafi svarað hluta af þeirri spurningu áður úr þessum stóli.

[13:58]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. iðnaðarráðherra að hann hefur svarað þessari spurningu að hluta til áður. Nú vill þannig til að í tilkynningu frá Landsvirkjun segir, eftir því sem ég fæ best skilið, að hugsanlegt sé að flýta þurfi vinnu við Búðarhálsvirkjun þannig að ekki verði beðið eftir niðurstöðu rammaáætlunar. Það var m.a. þess vegna sem mér fannst nauðsynlegt að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra að þessu atriði og vænti ég þess að hann geri þá grein fyrir því hvort hann telji eðlilegt að hraða Búðarhálsvirkjun að breyttu breytanda með tilliti til þess þó að rammaáætlun liggi ekki fyrir.

Að öðru leyti vil ég lýsa því yfir, virðulegi forseti, að miðað við þá gagnályktun sem ég dró hér áðan og gerði grein fyrir lít ég þannig á að með þögn sinni — eða það mátti skilja af orðum hans — sé iðnaðarráðherra að staðfesta þá skoðun mína að hvorki ríkisstjórnin hafi komið að stýrivaxtahækkun Seðlabankans (Forseti hringir.) né hafi það verið skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

[13:59]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Að því er varðar síðasta hluta máls hv. þingmanns er það svo, eins og ég sagði fyrr á þessum degi úr þessum stóli, að sérfræðingar sem ríkisstjórnin hefur hlustað á, hér innan lands og líka erlendir sérfræðingar, hafa talið nauðsynlegt að grípa til aðgerða til þess að reyna að stuðla að því að styrkja gengið þegar gjaldeyrismarkaður hefst aftur. Hv. þingmaður, sem er snjall lögmaður, getur síðan ályktað og gagnályktað eins og hann vill út frá orðum mínum en þannig vill til að ég lít ekki svo á að ég sé staddur hér við gagnspurningar í réttarhaldi.

Að því er varðar Búðarháls vildi ég gjarnan að þær framkvæmdir hæfust. Öll leyfi liggja fyrir varðandi sjálfa Búðarhálsvirkjun, langt er síðan þau voru öll til reiðu. Það var í tíð hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur og ég held að allur þingheimur hafi greitt því atkvæði á sínum tíma.

Hvað varðar ýmislegt annað sem Landsvirkjun hefur komið fram með segi ég einfaldlega: Ekki hefur verið rætt við iðnaðarráðherra og ekki verið óskað eftir neinni flýtimeðferð (Forseti hringir.) vegna þess og ekki stendur til að veita neinn afslátt frá þeim reglum sem við höfum sett okkur um þetta mál.

Áfengisauglýsingar og viðbrögð við dómi Hæstaréttar.

[14:00]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á dómi Hæstaréttar frá 23. október í síðustu viku um bann við áfengisauglýsingum, rétt eins og fram kom í fyrirspurn frá hv. 2. þm. Norðvest. Mig langar að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra hvernig hann hyggst bregðast við dómnum varðandi framfylgd þeirra laga sem í gildi eru í ljósi dómsins.

Það liggur fyrir og kom fram í dómi frá einum dómaranum að til varnar hinum ákærða hafi verið lagðar fram fjórar möppur frá Fjölmiðlavaktinni og bent á 999 sambærileg brot á áfengislöggjöfinni á aðeins þrettán mánaða tímabili frá 1. maí 2005 til 1. júní 2006. Dómurinn hlýtur að þýða að yfirvöld geta ekki lengur haft það umburðarlyndi gagnvart áfengisauglýsingum sem greinilega hefur verið hjá mörgum, svo sem þeim embættum sem eiga að bregðast við þegar grunur leikur á að brotið sé á þessari löggjöf.

Á heimasíðu foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum er nefnt sem dæmi um meint brot á þessari löggjöf að áfengisauglýsingar hafi stundum birst á heimasíðum barna. Áfengisauglýsingar frá Agli Skallagrímssyni voru settar upp í strætóskýlum síðastliðið vor og þeim var sérstaklega beint að börnum og unglingum. Ríkisútvarpið lagði sitt af mörkum með því að birta áfengisauglýsingu að lokinni útsendingu frá Bessastöðum þar sem verið var að heiðra handknattleikslandslið þjóðarinnar.

Mér finnst, virðulegi forseti, vera kominn tími til að hið opinbera beiti sér fyrir annarri og betri stefnu og minna umburðarlyndi gagnvart áfengisauglýsingum en verið hefur í gildi.

[14:02]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Herra forseti. Ég get í raun endurtekið það sem ég sagði áðan: Ég tel að þessi dómur marki ákveðin þáttaskil í allri meðferð þessara mála og nú liggi fyrir alveg skýr niðurstaða hjá Hæstarétti um hvernig túlka eigi 20. gr. áfengislaganna. Ég hef sagt það áður á þingi þegar menn hafa verið að ræða þessi mál að ég æskti þess mjög að fá slíka niðurstöðu að menn vissu hvar þeir stæðu varðandi túlkun á 20. gr. áfengislaganna.

Hæstiréttur á síðasta orðið um það hvernig þessi grein er túlkuð. Það er alveg skýr meiri hluti fyrir því og ég held að ákæruvaldið og allir sem um þessi mál fjalla verði að taka mið af þessari niðurstöðu. Það liggur því fyrir og það eru hin merku tímamót með dómnum. Menn hafa beðið eftir honum til þess að skýr svör um álit þess sem á síðasta orðið um inntak í lögum. Það mun þá hafa fordæmisgildi í framtíðinni og tekur af mikla óvissu í þessu máli sem m.a. er lýst í þeim gögnum sem hv. þingmaður nefndi. Hæstiréttur tekur í dómi sínum, ef ég man rétt, afstöðu til jafnræðis og hvernig því er háttað og ég hvet þingmenn til að lesa dóminn.

Síðan liggur einnig fyrir þinginu tillaga til breytinga á reglum um auglýsingar á áfengi og það er eitthvað sem þingmenn hljóta að taka afstöðu til eins og annarra mála sem eru lögð fyrir. En ég tel að túlkunin á 20. gr. áfengislaganna sé mjög skýr og ótvíræð eftir dóm Hæstaréttar.

[14:04]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég fagna orðum hæstv. ráðherra um viðbrögð hans við þessum dómi. Það liggur þá alveg skýrt fyrir að ráðherrann og þau embætti sem að málinu koma munu framvegis beita sér í samræmi við þá skýringu sem liggur fyrir á umræddu lagaákvæði áfengislaga.

Ég held að stjórnvöld og þar með talin ríkisstjórnin verði í auknum mæli að beita sér fyrir því að fólk dragi úr áfengisneyslu. Markmið í heilbrigðisáætlun sem samþykkt var fyrir nokkrum árum gerir ráð fyrir því að úr áfengisneyslu dragi en hið gagnstæða hefur gerst. Áfengisneysla hefur aukist verulega, líklega um 30% og er um 30% umfram það markmið sem menn settu sér árið 2010. Hún hefur aukist sérstaklega í hópi yngri kynslóðarinnar.

Ég hvet því hæstv. ráðherra til þess að beita sér fyrir stefnumörkun í þá átt (Forseti hringir.) og hvet hann til þess að leggjast gegn lagabreytingum sem eru til þess fallnar að auðvelda áfengisauglýsingar.

Um fundarstjórn.

Stýrivaxtahækkun.

[14:06]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Ég get ekki orða bundist í lok þessarar umræðu af því að ég hef hingað til borið virðingu bæði fyr-

ir Alþingi og ríkisstjórn en mér finnst þingið nú niðurlægt af hálfu hæstv. iðnaðarráðherra. Vegna hinnar miklu stýrivaxtahækkunar bendi ég á að það kom fram hjá fulltrúa ríkisstjórnarinnar á nefndarfundi í gær að engin fyrirframlína um stýrivaxtahækkun liggur fyrir af hálfu IMF. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann þekki aðra línu.

Ég heyrði í hádegisfréttum að forustumenn Sjálfstæðisflokksins, bæði fjármálaráðherra og forsætisráðherra, vörðu þessa ákvörðun og sögðu hana gerða í sínu nafni og ríkisstjórnarinnar. Þess vegna efast ég um þá framkomu sem við urðum vitni að hjá hæstv. iðnaðarráðherra sem hefur verið leiðandi maður í samstarfi síðustu vikna með okkur í stjórnarandstöðunni og í aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Að menn skuli ekki geta spurt um það sem fram kemur í (Forseti hringir.) þinginu og síðan er snúið út úr og engu svarað um, bendir annaðhvort til þess að hæstv. ráðherra sé rökþrota og vilji aldrei tala um alvörumál (Forseti hringir.) eða að ríkisstjórnin sé klofin í stýrivaxtahækkunarmálinu. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að sú framkoma er ekki líðandi í þinginu, að hæstv. (Forseti hringir.) ráðherra komi hér fram eins og gerðist í dag.

Vatnalög, 3. umr.

Stjfrv., 23. mál (frestun gildistöku laganna). — Þskj. 23.

[14:08]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frumvarp sem nú er komið til 3. umr. Ég fagna því að hin umdeildu vatnalög sem samþykkt voru með fyrirvara um gildistöku fyrir fáeinum missirum skuli nú vera komin á ís og búið að skjóta gildistökunni aftur til sumarsins 2010.

Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs um málið núna er að vekja athygli á því að þingið þurfi að taka auðlindamálin almennt til umræðu. Í ljósi þeirra erfiðleika sem þjóðin gengur nú í gegnum held ég að það renni upp fyrir æðimörgum hve mikilvægt það er fyrir okkur Íslendinga að tryggja kirfilega eignarhald á auðlindum þjóðarinnar. Það verði ekki aðeins gert í lögum heldur einnig í stjórnarskrá landsins.

Við þyrftum að taka upp ýmsa lagabálka. Ég vek t.d. athygli á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sem illu heilli voru samþykkt árið 1998 þar sem t.d. eignarhald á jarðhitanum var bundið einkaeignarrétti. Landeiganda voru þar með tryggð eignarréttindi á jarðvarmanum. Þar var um að ræða ríkari einkaeignarrétt en jafnvel gerist í Texas hvað varðar olíuna þar. Það var mikið óheillaspor og ég tel að það frumvarp hafi á sínum tíma verið einhver versta lagasmíð sem gengið hefur í gegnum þingið. Ég held að það væri ráð og beini því til hæstv. iðnaðarráðherra að taka þessi lög nú til endurskoðunar.

Við þurfum líka að huga að sjávarauðlindinni, að tryggja að eignarrétturinn á sjávarauðlindinni heyri þjóðinni til eins og reyndar kveðið er á um í lögum. (**SKK:** ... drepa útgerðina.) Að hann skuli tryggður þjóðinni. Drepa útgerðina, hrópar hv. þm. Sjálfstæðisflokksins, Sigurður Kári Kristjánsson, fram í. (**GMJ:** Hún er steindauð.) Það vakir ekki fyrir mér að vilja drepa sjávarútveg á Íslandi heldur vil ég tryggja það að sjávarauðlindin sé í eigu þjóðarinnar og sé ráðstafað af þjóðinni en sé ekki háð duttlungum markaðarins. Við ættum að gera okkur betur grein fyrir því nú en oft áður hve varasamt það er að vera háður duttlungum markaðarins hvað þetta snertir.

Ég hef reyndar vakið máls á því að sú hætta blasi við okkur núna í ljósi skuldsetningar sjávarútvegsfyrirtækja að þjóðinni verði gert að borga fyrir kvótann, að henni verði gert að borga fyrir kvótann með því að koma óbeint að þessum málum með því að veita skuldsettum sjávarútvegsfyrirtækjum stuðning. Hvers vegna eru þau svona skuldsett? Það er vegna þess að þau hafa fest kaup á kvóta frá aðilum sem margir hverjir fengu hann gefins, á silfurfati. Það er ástæðan fyrir því að sjávarútvegsfyrirtækin mörg hver eru mjög skuldsett. Þess vegna blasir það við að tillögur komi um að þjóðin kaupi að nýju af sér sína eigin eign.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjH, BjörkG, BVG, EKG, EMS, EBS, GMJ, GSB, GAK, GÁ, HerdÞ, HöskÞ, JM, KaJúl, KHG, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, RM, SKK, SVÓ, StB, VS, ÖJ, ÖS.

30 þm. (AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, GHH, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, KVM, KJak, KÓ, KolH, KÞJ, MÁ, RR, RGuðb, SF, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:13]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég greiði atkvæði með þessu frumvarpi en vek athygli á því að ástæða þess að það er hér til meðferðar á hv. Alþingi er sú að stjórnarflokkarnir ná ekki samkomulagi um hvernig leysa skuli úr þessum málum. Að mínu mati er bara tvennt til í stöðunni: Það er annaðhvort að staðfesta það sem ákveðið var árið 1923, að vatnsréttindi fylgi fasteign, eða að afnema þá reglu og þjóðnýta þessa auðlind. Þá þarf líka að greiða landeigendum og fasteignaeigendum miklar skaðabætur.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 111).

Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, 1. umr.

Stjfrv., 94. mál. — Þskj. 101.

[14:15]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um niðurlagningu úrskurðarnefnda á sviði siglingamála en frumvarp sama efnis var lagt fram á 133. löggjafarþingi en var eigi útrætt.

Með frumvarpinu er lagt til að tvær úrskurðarnefndir á sviði siglingamála verði lagðar niður. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 13. gr. laga, nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, og hins vegar á 24

gr. laga, nr. 47/2003, um eftirlit með skipum. Helsta markmiðið með breytingunni er að færa kæruferli vegna ákvarðana Siglingastofnunar Íslands til samgönguráðuneytisins í samræmi við almenna reglu stjórnsýslulaga. Með því verða tvær úrskurðarnefndir sem hafa verið skipaðar en ekki haft verkefni á undanförnum árum lagðar niður. Það er annars vegar úrskurðarnefnd siglingamála og hins vegar farbannsnefnd.

Virðulegi forseti. Með þessu er lögð áhersla á einföldun stjórnsýslu á sviði ráðuneytisins. Þetta er hluti af framkvæmd þeirrar stefnu. Meginreglan er sú að ráðherra úrskurðar um ágreiningsefni lægra setts stjórnvalds er undir hann heyrir. Reynslan hefur sýnt að það fyrirkomulag að hafa starfandi sérstakar úrskurðarnefndir er heppilegt á sviðum þar sem mikill fjöldi mála er til úrlausnar. Því er ekki til að dreifa varðandi úrskurðarnefnd siglingamála eða farbannsnefnd og þykir því ekki rétt að starfrækja slíkar nefndir.

Þá þykir eðlilegra og í samræmi við almenna þróun innan stjórnsýslunnar að ráðherra og ráðuneyti axli sjálf ábyrgð á úrlausn ágreiningsefna á þessu sérsviði ef þau kunna að koma upp og byggi upp frekari þekkingu innan ráðuneytisins á þeirri framkvæmd.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta frekari orð heldur legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[14:17]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Hæstv. samgönguráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til laga um niðurlagningu tveggja úrskurðarnefnda á sviði siglingamála. Rökstuðningurinn og efnisatriðin koma fram í greinargerð með frumvarpinu og í örstuttri framsöguræðu hæstv. ráðherra og þarf ekki að hafa mörg orð um það. Ég geri enga athugasemd við að úrskurðarnefndirnar séu lagðar niður og á ekki von á að það verði ágreiningsefni þegar frumvarpið kemur til meðferðar í hv. samgöngunefnd eins og hér er lagt til að verði.

Ég get samt ekki látið hjá líða að fjalla um skipan úrskurðarnefnda á stjórnsýslustigi. Ljóst er að gríðarlega margar úrskurðarnefndir af þessum toga eru í íslenskri stjórnsýslu og vitna þá til þess að á 130. löggjafarþingi var lögð fram fyrirspurn til forsætisráðherra um fjölda sjálfstæðra og óháðra úrskurðarnefnda sem starfa á vegum ríkisins og hver kostnaðurinn við þær væri. Í svari forsætisráðherra, sem er á þskj. 1492 frá 130. löggjafarþingi, kemur fram að þá hafi um 42 slíkar nefndir verið starfræktar og gert ráð fyrir að kostnaður við þær á árinu 2003 hafi verið tæplega 340 millj. á verðlagi þess árs. Nefndunum hefur ekki fækkað síðan þá, ég held að þeim hafi þvert á móti frekar fjölgað þannig að þetta er mikill fjöldi nefnda og umtalsverður kostnaður sem hlýst af starfrækslu þeirra.

Rétt er að hafa í huga að úrskurðarnefndir á stjórnsýslustigi eru settar á laggirnar til að tryggja réttarstöðu þeirra sem vilja leita réttar síns eða telja á sér brotið með stjórnsýsluákvörðunum og því verður að gæta þess að tryggur farvegur sé fyrir einstaklinga, samtök, fyrirtæki, félög og hvern þann sem vill leita réttar síns eða telur á rétti sínum brotið. Mikilvægt er að tryggja að slíkar leiðir séu til staðar. Hin hefðbundna leið er auðvitað sú að — eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. samgönguráðherra — ráðherra úrskurði um kærumál eða ágreiningsmál á stjórnsýslustigi lægra setts stjórnvalds. Í vaxandi mæli hefur sú leið verið farin að setja á laggirnar sérstakar úrskurðarnefndir til að taka ómakið af ráðherrum. Um það eru skiptar skoðanir, bæði í pólitíkinni en einnig meðal fræðimanna. Árið 1999 gaf forsætisráðuneytið út skýrslu nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda og þar er m.a. fjallað um framtíðarstefnu þróunar stjórnsýslukerfisins og í skýrslunni segir m.a., með leyfi forseta:

„Á síðustu árum hefur sjálfstæðum stjórnsýslunefndum fjölgað mikið án þess að séð verði að baki stofnun þeirra liggi heildarstefnumörkun. Fjölgun stjórnsýslunefnda getur leitt til þess að erfitt verði að manna þær hæfum einstaklingum auk þess sem kostnaður við stjórnsýslu eykst og stjórnsýslukerfið verður flóknara. Miðað við smæð hins íslenska stjórnsýslukerfis gæti verið skynsamlegt að sameina nefndir á ákveðnum sviðum og bæta starfsskilyrði þeirra og gera þær öflugri þyki á annað borð ástæða til að færa vald frá ráðherra til nefndar. Æskilegt er að mótuð verði framtíðarstefna um þróun stjórnsýslukerfisins. Bæri þar að taka m.a. afstöðu til þess í hvaða tilvikum réttlætanlegt verður talið að gera undantekningu frá meginreglu íslenskrar stjórnskipunar og setja á fót sjálfstæða stofnun eða stjórnsýslunefnd.“

Ég tek undir sjónarmið skýrslunnar og tel að heildarstefnumótun eigi að fara fram á vegum hins opinbera um stjórnsýslunefndirnar og hvort rétt sé að fækka þeim, slá þeim saman og vera hugsanlega bara með eina stjórnsýslunefnd fyrir hvert ráðuneyti um allt sem undir það ráðuneyti fellur. Eða jafnvel fara þá leið sem stundum hefur verið farin — og ég hygg að Páll Hreinsson prófessor, nú hæstaréttardómari, hafi talað fyrir, m.a. á málþingi Lögfræðingafélags Íslands árið 2004 — að setja stjórnsýsludómstól inn í núverandi dómstólakerfi, þ.e. að starfrækja sérstakan stjórnsýsludómstól þangað sem allar kærur varðandi stjórnsýsluna færu. Þetta er álitamál sem ég tel fulla ástæðu til að gefa meiri gaum að heldur en gert hefur verið og hef leitt hugann að því sjálfur að flytja þingmál sem gæti lotið að endurskoðun á kerfinu þó að það sé hvorki komið fram né komið í neinn sérstakan búning. Á 131. löggjafarþingi fluttu þingmennirnir Atli Gíslason og Sigurjón Þórðarson þingsályktunartillögu um stjórnsýsludómstól og úrskurðarnefndir þar sem gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra skipi nefndir til að gera tillögur um stofnun stjórnsýsludómstóls innan núverandi dómstólakerfis og móta reglur um störf og starfshætti úrskurðarnefnda á æðra stjórnsýslustigi. Þetta mál var ekki afgreitt en ég tel engu að síður ástæðu til þess og kannski enn frekar nú eftir því sem þessum nefndum hefur fjölgað að taka þetta mál til rækilegrar endurskoðunar.

Í svari forsætisráðherra frá 130. löggjafarþingi, sem ég vísaði til áðan, kemur fram að á vegum samgönguráðuneytis starfi úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála og úrskurðarnefnd siglingamála. Ekki er langt síðan við — á síðasta þingi hygg ég — töluðum um lög um Póst- og fjarskiptastofnun þar sem m.a. var fjallað um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Ég lét þá skoðun í ljós þá, bæði við

umræðu og eins við umfjöllun í samgöngunefnd, að mér fyndist mikið álitamál að vera með sérstaka úrskurðarnefnd á þessu sviði og byggði það á skoðun minni að úrskurðarnefndir séu dálítið sérkennilegt fyrirbæri í íslenskri stjórnsýslu og ekki alveg góð skipan mála. Vald og ábyrgð eru þá, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, færð frá ráðherra og yfir á sérstakar nefndir og alveg undir hælinn lagt hvernig þær eru mannaðar. Nefndir í stjórnsýslunni eru fjölmargar og starfa á mismunandi forsendum og ég tel að réttaröryggi og réttarstaða almennings og þeirra sem leita til nefnda af þessum toga sé ekki nægilega skýr og trygg með svo mörgum nefndum sem hafa mismunandi umboð og eru skipaðar á mismunandi forsendum. Af þessum sökum finnst mér eðlilegt að taka þetta mál til frekari umfjöllunar.

Hæstv. forseti. Ég er ekki andvígur því að þetta frumvarp nái fram að ganga og nefndirnar verði lagðar niður og tel það í samræmi við þau sjónarmið sem ég hef haft að frekar eigi að fækka nefndum en fjölga. Réttaröryggisins vegna er mikilvægt að skýra það gagnvart almenningi og starfsmönnum hver staða þeirra er og betur ætti að skoða að taka upp stjórnsýsludómstól eða stórfækka úrskurðarnefndum þannig að aldrei starfi fleiri en ein á hverju málasviði eða í samræmi við fjölda ráðuneyta. Þess vegna finnst mér mikilvægt að ákvörðun eins og sú sem lögð er til í frumvarpinu sé tekin á grundvelli heildarstefnumótunar og kalli eftir heildarendurskoðun. Það verður ekki á verksviði hæstv. samgönguráðherra heldur væntanlega á vettvangi forsætisráðherra eða dómsmálaráðherra, ef dómstólaleiðin verður farin. Ég mun líklega beita mér fyrir að slíkt þingmál verði flutt á þessu þingi.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og samgn.

Sóknargjöld, 1. umr.

Frv. ÁMöl og GSv, 7. mál (hlutdeild skráðra trúfélaga í jöfnunarsjóði). — Þskj. 7.

[14:26]

Flm. (Ásta Möller) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987. Flutningsmaður auk þeirrar sem hér talar er hv. þm. Gunnar Svavarsson.

Frumvarpið er tvær greinar og fyrri greinin er í þá veru að lagt er til að 5. gr. laga um sóknargjöld orðist svo:

„Auk gjalds skv. 2. gr. ber ríkissjóði að skila af tekjuskatti gjaldi er nemur 18,5% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga skv. 2. og 3. gr. í sjóð er nefnist Jöfnunarsjóður sókna. Gjald þetta greiðist mánaðarlega.“

2. gr. fjallar um að lögin taki gildi þegar í stað.

Samkvæmt núgildandi lögum er starfsemi skráðra trúfélaga fjármögnuð með sóknargjöldum sem er ákveðin prósenta af útsvarsstofni. Þjóðkirkjan á hinn bóginn er fjármögnuð í fyrsta lagi með framlagi úr ríkissjóði samkvæmt sérstökum samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, í öðru lagi með sóknargjöldum með sömu viðmiðum og til skráðra trúfélaga, í þriðja lagi með framlagi til Jöfnunarsjóðs sókna sem er 18,5% álag ofan á sóknargjöld og í fjórða lagi ber ríkissjóði að skila kirkjumálasjóði árlega af tekjuskatti sem nemur 11,3% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða samkvæmt lögum um sóknargjöld.

Með því frumvarpi sem hér er mælt fyrir er lögð til sú breyting að skráð trúfélög hafi aðgang að Jöfnunarsjóði sókna til jafns við þjóðkirkjuna og að ríkissjóður greiði sama hlutfall af sóknargjöldum í sjóðinn vegna þeirra sem eru í skráðum trúfélögum samkvæmt lögum þar um. Þessi breyting felur í sér kostnaðaraukningu sem nemur milli 50 og 60 millj. kr. fyrir ríkissjóð.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a.:

Núgildandi lög um sóknargjöld voru sett árið 1987 á 110. löggjafarþingi og tóku þau gildi í ársbyrjun 1988. Fram til þess tíma voru sóknargjöld innheimt af hverjum einstaklingi yfir 16 ára aldri sem nefskattur, sem ríkið stóð skil á gagnvart þjóðkirkjunni, trúfélögum og Háskólasjóði og þáði ríkið þóknun fyrir með innheimtugjaldi. Sóknargjald hafði viðmiðun í útsvari og var 0,2–0,4% en sóknir höfðu heimild til að hækka viðmiðunina í allt að 0,8% með samþykki dóms- og kirkjumálaráðherra við sérstakar aðstæður, t.d. þegar sóknir stóðu í fjárfrekum framkvæmdum.

Eftir því sem ég kemst næst náði þessi heimild til hækkunar sóknargjalda jafnt til þjóðkirkjunnar og skráðra trúfélaga.

Breytingin sem varð með gildistöku laganna í ársbyrjun 1988 fól í sér að sóknargjaldið var fellt inn í tekjuskattinn, ásamt ýmsum öðrum sköttum eins og t.d. sjúkratryggingagjaldi, kirkjugarðsgjaldi og fleiri álíka sköttum. Meginbreytingin varð því sú að í stað þess að gjaldendur greiddu beint til sinna sókna var ákveðið að þjóðkirkjusöfnuðir, trúfélög og Háskóli Íslands, vegna þeirra manna sem standa utan trúfélaga, fengju hlutdeild í hinum nýja sameinaða tekjuskatti. Þessi hlutdeild var útreiknuð og ákveðin með hliðsjón af upphæð álagðra sóknargjalda á árinu 1987. Var upphæðin miðuð við hinar venjulegu álagningarheimildir þágildandi laga um sóknargjöld, þegar búið var að draga frá þá fjárhæð sem sóknir gátu nýtt sér gegnum sérstaka álagningarheimild, sem gat farið í allt að 0,8% samkvæmt sérstöku leyfi dóms- og kirkjumálaráðherra, eins og ég greindi frá hér á undan. Var þar fundin ákveðin grunntala sem notuð var til þess að ákveða hlutdeild sókna, trúfélaga og Háskólasjóðs í tekjuskattinum til frambúðar. Gjaldið skyldi síðan fylgja sjálfkrafa breytingum sem kynnu að verða á fjölda þeirra manna sem náð hafa 16 ára aldri og tilheyra hverjum söfnuði. Auk þess var gert ráð fyrir að gjaldið fylgdi þeim breytingum sem yrðu á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga tveggja síðustu ára á undan gjaldári. Í þessu fyrirkomulagi fólst ákveðinn jöfnuður, þar sem söfnuðir sem höfðu lægri meðaltekjur á mann fengu hærri tekjur en samkvæmt eldra fyrirkomulagi og öfugt. Hið nýja fyrirkomulag hafði í för með sér að í stað þess að hver og einn einstaklingur greiddi ákveðinn nefskatt til safnaðar síns er sóknargjaldið greitt úr ríkissjóði í samræmi við fjölda þeirra sem skráðir eru í viðkomandi sókn eða trúfélag. Sóknargjaldið er því í raun fjármagnað af almennum skatttekjum, þar sem það kemur úr ríkissjóði, en upphæðin tekur breytingum eftir launavísitölu. Því til áréttingar má benda á að

ríkissjóður tekur ekki lengur gjald vegna innheimtu sóknargjalda eins og gert var við fyrra fyrirkomulag.

Samhliða breytingum á ákvæðum um sóknargjöld var tekin ákvörðun um að setja á laggirnar Jöfnunarsjóð sókna. Í greinargerð með frumvarpi til laga um sóknargjöld frá árinu 1987 segir m.a. um hlutverk sjóðsins að honum sé „ætlað að mæta fjárþörf þeirra sókna er annars mundu nota núverandi heimildir skv. 3. gr. laga um sóknargjöld um sérstaka hækkun sóknargjaldsins“. Var þar vísað til heimildargreinar um hækkun sóknargjalds „fyrir hvert ár allt að helmingi og miða það við 0,80% af útsvarsstofni“. Jafnframt var gert ráð fyrir að sjóðurinn skyldi styrkja fámennar og fátækar sóknir, að auðvelda stofnun sókna þar sem byggð er að breytast og að styrkja kirkjulega, félagslega og menningarlega starfsemi á vegum safnaðanna, svo og ýmis kirkjuleg verkefni sem höfðu áður fengið fjárframlög úr ríkissjóði. Þá var hinum nýja Jöfnunarsjóði sókna ætlað að standa að hluta til undir rekstri og viðhaldi kirkna sem kallaðar hafa verið landskirkjur, þótt ekki hafi verið ætlast til að felldur yrði niður stuðningur ríkissjóðs við sérstaklega fjárfrekar framkvæmdir og nefndar til sögunnar Hallgrímskirkja og Hóladómkirkja. Tekið var fram í greinargerð með frumvarpinu að fjárhæðir sem lagðar voru til grundvallar viðmiðunarhlutfalli í Jöfnunarsjóð sókna með hliðsjón af sóknargjaldi væru eingöngu vegna þjóðkirkjuverkefna. Stjórn Jöfnunarsjóðs sókna er samkvæmt lögum um sóknargjöld falin kirkjuráði, en reikningshald er hjá biskupsstofu.

Eins og ég greindi frá hér á undan er rekstur þjóðkirkjunnar fjármagnaður úr fjórum áttum:

Í fyrsta lagi af fjárlögum samkvæmt samningi sem gerður hefur verið við þjóðkirkjuna. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir 1,6 milljörðum kr. til þjóðkirkjunnar. Þetta fjármagn stendur m.a. undir launum presta þjóðkirkjunnar, vígslubiskupa, biskups og starfsmanna á biskupsstofu og rekstri biskupsstofu, embættiskostnaði presta, ýmsum sérverkefnum þjóðkirkjunnar, rekstri prestssetra og söngmálastjóra þjóðkirkjunnar auk annars.

Í öðru lagi er reksturinn fjármagnaður með sóknargjaldi, sem samkvæmt frumvarpi til fjárlaga nemur um 2,5 milljörðum kr., þar sem um 80% þess falla til þjóðkirkjunnar eða um 2 milljarðar kr. Sóknargjald dreifist á kirkjur landsins eftir fjölda þeirra sem skráðir eru í söfnuð og stendur undir rekstrarkostnaði, svo sem launum annarra starfsmanna kirkjunnar, kirkjustarfi og rekstri og byggingu sjálfrar sóknarkirkjunnar.

Í þriðja lagi hefur þjóðkirkjan aðgang að Jöfnunarsjóði sókna, en til hans munu renna á árinu 2009 samkvæmt frumvarpi til fjárlaga um 417 millj. kr. Gjald í þann sjóð er 18,5% álag ofan á sóknargjöld, framlag ríkisins vegna þeirra sem eru í þjóðkirkjunni. Jöfnunarsjóðurinn er notaður til að veita styrki m.a. til bygginga og viðhalds kirkna, auk þess til að jafna aðstöðu milli safnaða innan þjóðkirkjunnar.

Að lokum ber ríkissjóði að skila kirkjumálasjóði árlega af tekjuskatti sem nemur 11,3% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða samkvæmt lögum um sóknargjöld, samanber lög um kirkjumálasjóð, nr. 138/1993, og samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 falla um 324 millj. kr. þar til. Kirkjumálasjóður er notaður til að fjármagna prestssetrasjóð, auk þess að standa straum af kostnaði við kirkjuþing, kirkjuráð og prestastefnu, biskupsgarð, ráðgjöf í fjölskyldumálum (fjölskylduþjónustu kirkjunnar), söngmálastjórn og tónlistarfræðslu á vegum þjóðkirkjunnar, starfsþjálfun guðfræðikandídata og önnur verkefni samkvæmt ákvörðun kirkjuráðs. Þannig leggur ríkið í raun til aukaframlög til þjóðkirkjusafnaða umfram sóknargjöld sem nema 29,8% í heild.

Rekstur annarra skráðra trúfélaga er hins vegar eingöngu fjármagnaður af sóknargjöldum, nema í þeim tilvikum sem safnaðarmeðlimir sjálfir leggja til fjármagn eða með öðrum utanaðkomandi stuðningi.

Sóknargjöld annarra trúfélaga utan þjóðkirkjunnar standa þannig undir launum presta og annarra starfsmanna trúfélags, annarri safnaðarstarfsemi, viðhaldi og endurbyggingu kirkju og aðstöðu fyrir söfnuðinn, t.d. safnaðarheimilis. Mikið fjárhagslegt ójafnræði er því milli stöðu safnaða innan þjóðkirkjunnar annars vegar og skráðra trúfélaga hins vegar. Má þar m.a. nefna stöðu fríkirkna hér á landi, en það eru fjölmennar söknir sem byggja á sömu evangelísku trúarsetningu og þjóðkirkjan, prestar þeirra stunda nám sitt við guðfræðideildir t.d. hér á landi og eru vígðir til starfa af biskupi Íslands.

Að öllu samanlögðu nemur fjármagn sem ríkissjóður greiðir vegna hvers einstaklings sem skráður er utan þjóðkirkjunnar um það bil helmingi þeirrar upphæðar sem ríkissjóður leggur til vegna hvers einstaklings sem skráður er í þjóðkirkjuna.

Hér á landi ríkir trúfrelsi. Þjóðkirkjan hefur sérstöðu meðal trúfélaga hér á landi, m.a. í ljósi sögunnar. Samkomulag er í gildi milli ríkisins og þjóðkirkjunnar um fjárhagsleg málefni sem byggist á sterkum grunni. Þessu frumvarpi er ekki ætlað að hrófla við þessu fyrirkomulagi. Hins vegar er með frumvarpi þessu lagt til að styðja frekar við önnur skráð trúfélög hér á landi með því að gefa þeim hlutdeild í Jöfnunarsjóði sókna með sama hætti og gildir um söfnuði þjóðkirkjunnar til að styðja við kirkjulegt starf og ekki síður til að veita styrki til uppbyggingar og endurbóta í aðstöðu trúfélaga.

Með vísan í röksemdir hér á undan — þegar sóknargjaldið var lagt niður með fyrra fyrirkomulagi, þar sem söfnuðir höfðu heimild til þess að hækka allt upp í 0,8%, þá átti það við önnur skráð trúfélög en þjóðkirkjuna jafnt sem kirkjusóknir innan þjóðkirkjunnar. Þannig má segja að skráð trúfélög hafi misst þá heimild til þess að auka tekjur sínar tímabundið til þess að standa undir t.d. byggingu kirkna, safnaðarheimila eða slíku.

Óumdeilt er að trúarlegir söfnuðir, burt séð frá trúarhugmyndum, eru ákveðin kjölfesta í samfélaginu og veita stuðning og styrk til einstaklinga og fjölskyldna óháð samfélagslegri stöðu, langt umfram það trúarstarf sem er grundvöllur starfsemi þeirra. Í flestum tilvikum eru gerðar sambærilegar kröfur til skráðra safnaða og til safnaða þjóðkirkjunnar um þjónustu. Í því sambandi er nærtækt að benda á fríkirkjusöfnuðina sem byggja á sömu evangelísku trúarsetningu og þjóðkirkjan, en fjárhagsleg staða er gjörólík, eins og bent hefur verið á.

Virðulegi forseti. Hlutfall þeirra sem eru skráðir í þjóð-

kirkjuna hefur farið lækkandi á síðustu árum. Árið 1987 voru um 93,5% þeirra sem álögð sóknargjöld náðu til skráðir í þjóðkirkjuna, en árið 2007 — eða 20 árum seinna — hafði þetta hlutfall lækkað í 80,7%. Milli áranna 1990 og 2007 er mesta fjölgunin í hópi þeirra sem eru skráðir í önnur trúfélög eða ótilgreindir, en þeir fóru úr 0,6% í 6,2% á þessu tímabili, og hlutfall þeirra sem eru utan trúfélaga fór úr 1,32% í 2,8%.

Þetta er allt saman samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Skráðum trúfélögum hefur fjölgað mjög mikið á tímabilinu 1990–2007 eða úr 14 í 30. Mikil fjölgun hefur verið í kaþólska söfnuðinum, Fríkirkjunni í Hafnarfirði og Reykjavík og Óháða söfnuðinum. Má benda á í þessu sambandi að í núverandi skipulagi felst að hver einstaklingur sem skráir sig úr þjóðkirkjunni felur í sér sparnað fyrir ríkissjóð sem nemur framlagi í Jöfnunarsjóð sókna, sem er 18,5% af sóknargjaldi, og kirkjumálasjóð, sem nemur um 11,8% af sóknargjaldi, samtals um 30% af sóknargjaldi.

Við vinnslu frumvarpsins kom til álita að breyta samsetningu stjórnar Jöfnunarsjóðs sókna í samræmi við það að fleiri trúfélög en þjóðkirkjan hefðu aðgang að sjóðnum. Niðurstaða flutningsmanna var í þá veru að beina því til hv. allsherjarnefndar að taka það til skoðunar með hliðsjón af umsögnum þeirra skráðu trúfélaga sem málið varðar.

Að lokum, virðulegi forseti, legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til allsherjarnefndar að lokinni 1. umr.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Hreyfiseðlar í heilbrigðiskerfinu, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 8. mál. — Þskj. 8.

[14:40]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu. Tillagan er 8. mál þingsins á þingskjali 8. Flutningsmenn ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þingmenn Þuríður Backman, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Árni Páll Árnason, Kristinn H. Gunnarsson, Ellert B. Schram og Pétur H. Blöndal.

Ályktunartillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd til að undirbúa að hreyfing geti orðið valkostur í heilbrigðisþjónustu, sem lækning og í fyrirbyggjandi tilgangi, þannig að læknar geti vísað á hreyfingu sem meðferð við sjúkdómum á sama hátt og vísað er á lyf eða læknisaðgerðir. Nefndin kanni kostnað og ávinning af fyrirkomulaginu. Hún meti hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem hafa umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum.

Nefndin verði skipuð sjö manns. Ráðherra skipi formann án tilnefningar og landlæknir, Læknafélag Íslands, Samtök sjúkraþjálfara, heilsugæslan, Íþróttasamband Íslands og Lýðheilsustofnun tilnefni einn hver. Nefndin skili tillögum sínum í júní 2009.“

Þessi tillaga er nú flutt í fimmta sinn undir forustu þeirrar sem hér stendur, í þriðja sinn undir heitinu tillaga til þingsályktunar um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu, en hún hét áður tillaga til þingsályktunar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu.

Þar sem hreyfiseðlar hafa verið teknir upp í tilraunaskyni í a.m.k. einni heilsugæslustöð telja flutningsmenn ástæðu til að farið verði í þá vinnu sem hér er lögð til. Í nefndarvinnu sem innt hefur verið af hendi í heilbrigðisráðuneytinu á síðasta kjörtímabili hefur verið tekið undir þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram. Sömuleiðis má nefna vinnu sem forsætisráðuneytið hafði forgöngu um undir stjórn Þorgríms Þráinssonar. Þar var einnig tekið mjög sterklega undir tillögur um að koma á hreyfiseðlakerfi í heilbrigðisþjónustunni.

Á tímum síhækkandi útgjalda til heilbrigðiskerfisins, þar sem lyfjanotkun eykst stöðugt og aðgerðum fjölgar sífellt á sjúkrahúsum að ég tali ekki um í ástandi eins og ríkir hér í dag þar sem menn verða að horfa til hagkvæmni á allan hátt og þurfa að bregðast við, er full ástæða til að taka upp leið eins og þessa. Auðvitað hafa læknar ráðlagt fólki að hreyfa sig og stunda líkamsrækt og veitt leiðbeiningar um mataræði en það hefur ekki verið gert á markvissan hátt og ekki eftir ákveðnu skipulagi eins og gert er í þeim löndum þar sem hreyfiseðlar hafa verið teknir upp sem er á Norðurlöndunum. Þegar ástandið í samfélaginu er orðið eins og það er núna, margir að missa atvinnuna, fólk er haldið depurð og jafnvel þunglyndi, þá er þetta leið sem hægt er að fara til að vinna gegn og minnka þau áhrif sem slíkt ástand skapar.

Þessi hugmynd er útfærð þannig á Norðurlöndunum að í stað þess að læknir skrifi lyfseðil eða sendi sjúkling í aðgerð á sjúkrahús skrifar hann upp á ráðgjafar- og hreyfingaráætlun, svokallaða hreyfiseðla, og þannig getur sjúklingurinn tekist á við heilsuleysi sitt með eigin atorku og ekki eingöngu heilsuleysi heldur líka vanlíðan.

Eins og ég nefndi áðan aukast útgjöld til heilbrigðiskerfisins stöðugt og leita þarf leiða til að bregðast við því og breyta þeirri hugsun að eina lækningin við kvillum séu lyf eða læknisaðgerð, því að sjúklingar geta oft breytt heilsufari sínu sjálfir með breyttu líferni, mataræði og hreyfingu. Og ég vil nefna að þótt það sé auðvitað ekki alltaf hægt er það vissulega hægt í mörgum tilvikum.

Ýmsir menningarsjúkdómar sem orsakast af óheilbrigðu líferni kosta samfélagið sífellt hærri fjárhæðir. Við höfum fylgst með því í allri umræðunni um offitu og kvilla sem fylgja henni hvaða áhrif það hefur haft á kostnað í heilbrigðiskerfinu. Í greinargerð með tillögunni er það einmitt nefnt að offita meðal fullorðinna hefur tvöfaldast á Íslandi á 20 árum og er komin yfir 20% og hjá níu ára börnum fjórfaldaðist hún á tímabilinu frá 1978–2002. Ofþyngd hefur líka aukist, en 65% fullorðinna hér á landi eru yfir æskilegri þyngd og fylgir því auðvitað fjöldi sjúkdóma. Með þeirri leið sem hér er lögð til er hægt að hvetja til geðræktar um leið og hvatt er til heilsuræktar og eins og ég nefndi áðan tel ég að það sé aldrei mikilvægara en í dag að fara þessa leið.

Í greinargerð með frumvarpinu er útlistað hver helstu

verkefni nefndarinnar skuli vera. Menn kynni sér hvernig hreyfimeðferð var komið á í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og hver reynslan hefur verið af þeirri meðferð þar. En samkvæmt því sem ég hef kynnt mér hefur það skilað miklum og góðum árangri að fara þessa leið ekki bara sem meðferð heldur einnig í forvarnaskyni og hefur verið boðið upp á alls kyns átak til að auka heilsu fólks einmitt með aukinni hreyfingu.

Ýmsar breytingar hafa orðið í samfélaginu á undanförnum árum, fólk hreyfir sig minna og núna þegar atvinnuleysi herjar á er mjög mikilvægt að hvetja fólk til athafna, til hreyfingar og til að sinna heilsufari sínu. Þetta mál er því mun brýnna í dag en þegar það var lagt fram í upphafi þings.

Í greinargerðinni er bent á þær leiðir sem Norðurlandaþjóðirnar hafa farið. Þar er líka talað um offitu og hvaða félagslegar afleiðingar offita hefur, svo sem einelti, einangrun og fordóma sem leiða til minni möguleika til náms og atvinnu og til að stofna fjölskyldu. Einnig alla þá sjúkdóma sem rekja má til óheilbrigðra lífshátta, eins og hjarta- og æðasjúkdóma, háan blóðþrýsting, áunna sykursýki, sykursýki eldra fólks og sömuleiðis hefur komið í ljós að með aukinni þyngd barna hefur áunnin sykursýki aukist hjá þeim hópi. Þetta er stór vandi sem við stöndum frammi fyrir.

Ég vil líka minna á að ef hægt er að koma í veg fyrir skurðaðgerðir, sem hefur sýnt sig þar sem þessi leið hefur verið farin, þá er einnig hægt að koma í veg fyrir ýmsa áhættu því að auðvitað hefur allt inngrip eins og skurðaðgerðir hættur í för með sér og spara náttúrlega bæði einstaklingum og samfélaginu mikla fjármuni. Ég hef einmitt nefnt í umræðu um þetta þingmál dæmi um hóp eldri borgara sem beið eftir því að komast í liðskiptaaðgerð og var sendur í vatnsleikfimi og að lokinni þeirri þjálfun þurfti ekki nema helmingur þeirra að fara í aðgerðina. Það sýnir að þessi leið hefur skilað árangri þar sem hún hefur verið farin.

Það er lagt til að margir aðilar komi að þessari vinnu, svo sem sjúkraþjálfarar, íþrótta- og líkamsræktarfyrirtæki, fyrirtæki og stofnanir o.s.frv. og ég tel fulla ástæðu til þess að fyrirtæki sem þurfa núna að taka á og efla liðsheild og hvetja starfsfólk sitt taki upp einmitt svona hreyfiátak innan sinna raða. Menn hafa bent á t.d. gönguferðir, stafgöngu og ýmislegt fleira sem hefur skilað árangri á Norðurlöndunum. Ég hef fylgst með því frá því að ég lagði þetta mál fram fyrst hvernig umræða um þessar leiðir hefur verið á Norðurlöndunum og hún er nánast undantekningarlaust jákvæð. Hér á landi eru líka kjöraðstæður til að fara þessa leið, hvergi eru fleiri sundlaugar, íþróttaaðstaða er mjög góð og hún er ekki alls staðar fullnýtt, hér er margt vel menntað fagfólk sem getur tekið að sér að veita þá fjölbreyttu þjónustu sem þyrfti að standa til boða þegar og ef þessi hreyfiseðlaaðferð verður tekin upp.

Fyrir nokkrum árum eða árið 2005 gerðu nemendur í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun Háskóla Íslands lokaverkefni um hreyfingu sem meðferð í heilbrigðisþjónustunni. Verkefnið nefndist „Hreyfiseðill“ – ávísun á hreyfingu, og lauk því með skýrslu um hvernig hægt væri að koma slíku tilraunaverkefni á laggirnar. Heilsugæslan í Garðabæ horfði einmitt til þessa verkefnis þegar hún tók þetta upp í tilraunaskyni. Og vegna þess að þetta verkefni liggur fyrir ætti að vera enn þá auðveldara fyrir heilbrigðisyfirvöld að fara þessa leið. Búið er að vinna þarna hluta af því verki sem þarf að vinna áður en teknir verða upp hreyfiseðlar í heilbrigðisþjónustunni og hægt er að hafa vinnu þessara nemenda í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun sem vinnuplagg í starfi þeirrar nefndar sem lagt er til að sett verði á laggirnar.

Ég hef mælt fyrir þessu máli áður svo ég ætla ekki að orðlengja það en auðvitað væri hægt að tala lengi um þessi mál. Ég ítreka að aldrei hefur verið mikilvægara en nú að taka upp hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu og ég legg því til að hv. þingmenn í heilbrigðis- og tryggingarnefnd, sem ég mælist til að málinu verið vísað til, skoði málið af alvöru og afgreiði það til þingsins aftur og það verði samþykkt vegna þess að hér er á ferðinni mikið þjóðþrifamál sem hefur sýnt sig að hefur skilað góðum árangri í nágrannalöndum okkar.

[14:52]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér er komin til umræðu tillaga til þingsályktunar um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu og hefur 1. flutningsmaður hennar, hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, flutt sína ræðu. Í þingsályktunartillögunni segir m.a. að Alþingi álykti að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd til að undirbúa að hreyfing geti orðið valkostur í heilbrigðisþjónustu, sem lækning og í fyrirbyggjandi tilgangi, þannig að læknar geti vísað á hreyfingu sem meðferð við sjúkdómum á sama hátt og vísað er á lyf eða læknisaðgerðir. Nefndin kanni kostnað og ávinning af fyrirkomulaginu. Hún meti hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem hafa umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum. Síðan er kveðið á um skipan nefndarinnar og hverjir mundu skipa þá nefnd, sjö manna nefnd.

Þessi þingsályktunartillaga kom til heilbrigðisnefndar á síðasta ári og hefur reyndar komið þangað áður. Nefndin kallaði til fjölda umsagnaraðila til að fjalla um málið og gefa okkur yfirsýn yfir hvernig því væri varið. Almennt má segja að þeir aðilar sem komu til nefndarinnar hafi talað jákvætt um tillöguna og talið hana vera til bóta. Meðal annars vísaði Lýðheilsustöð í umsögn sinni til reynslu Svía, Dana og Norðmanna sem benda á að útgáfa hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu sé góð leið til að stuðla að aukinni hreyfingu og bættu heilsufari þeirra sem þurfa á slíkum stuðningi að halda. Jafnframt komu fram þau sjónarmið hjá umsagnaraðilum bæði bréflega og hjá þeim sem við kölluðum á okkar fund að ef til vill væri ekki þörf á að þjálfa sérstaka fagstétt til að takast á við þetta verkefni. Til væru íþróttaþjálfarar og sjúkraþjálfarar og slíkir aðilar, íþróttafræðingar, íþróttakennarar, sem gætu tekist á við þetta verkefni án þess að vera sérstaklega menntaðir í þessa veru og í dag væri starfandi fjöldi aðila sem kæmi að þjálfun einstaklinga með sjúkdóma. Hins vegar töldu flestir að ávinningurinn væri mikill. Félag íslenskra sjúkraþjálfara sagði okkur frá því, bæði í nefndinni og í bréflegri umsögn sinni, að félagið hefði lagt í töluvert mikla vinnu til að kynna sér þetta mál og telji að ávinningur af þessu kerfi sé augljós ef horft sé til bæði meðferðar og forvarnagildis hreyfingar. Félagið bend-

ir jafnframt á að það sé byggt á vísindalega gagnreyndum rannsóknum um áhrif hreyfingar og segir að áætla megi að ávinningurinn sé bætt lífsgæði einstaklinga og jafnvel lækkun lyfjakostnaðar sem gæti síðan leitt til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu.

Það er engum blöðum um það að fletta að hreyfing er til góðs hvernig sem líkamlegt ástand fólks er, hvort sem það er gott eða slæmt. Í gegnum tíðina hafa læknar ávísað á hreyfingu eða á bætt mataræði en þó ekki með þeim hætti sem hreyfiseðill gerir ráð fyrir, þ.e. skriflega. Það er dálítið athyglisvert að í gögnum sem ég hef komist yfir frá dönskum heilbrigðisyfirvöldum er hreinlega sagt að helsti ávinningurinn við að skrifa sérstaklega út seðil til hreyfingar sé sá að sjúklingar vænta þess að fá einhvern seðil í hendur þegar þeir koma til læknis til að fá úrræði vegna sjúkdóma sinna eða einkenna vegna sjúkdóma eða einhvers líkamlegs ástands. Og þar er sagt að seðillinn sé nefnilega ávísun eða sönnun þess að læknirinn vilji gera eitthvað með þann sjúkdóm sem sjúklingarnir koma út af til hans. Það er vitað mál að í mörgum tilvikum er besta meðferðin bætt mataræði og aukin hreyfing og hægt er að takast á við mjög marga sjúkdóma með reglulegri hreyfingu og bættu mataræði, m.a. hina klassísku menningarsjúkdóma sem við burðumst nú með, hátt kólesteról, ofþyngd, háþrýsting, sykursýki, þ.e. sykursýki af tegund 2, hjartasjúkdóma og m.a. geta bjúgur og lungnasjúkdómar líka skánað með hreyfingu. Svo er náttúrlega þekkt að hreyfing er mjög góð meðferð við kvíða og þunglyndi. Við hreyfingu losast endorfín, náttúrulegt morfín í líkamanum sem gerir það að verkum að fólki líður betur, það veldur vellíðan.

Það er engin spurning að hreyfing er eftirsóknarverð til að bæta líkamlegt og andlegt ástand. Það sem vekur mann hins vegar til töluverðrar umhugsunar er af hverju þetta ráð er ekki gefið í ríkara mæli — ég er reyndar ekki í vafa um að þessi ráð eru gefin af heilbrigðisstarfsfólki — og hvers vegna fólk fylgir ekki ráðgjöf af þessu tagi. Þá er spurningin hvort einhvers konar formlegt bevís eins og Danir segja, formlegt plagg um það að fólk eigi að gera eitthvað ákveðið, sé betra en munnleg fyrirmæli. Það er kannski tilraunarinnar virði að skoða það. Eins og kom fram hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur hefur þetta verið prófað hjá heilsugæslunni í Garðabæ og þetta er ekki bara ávísun út í loftið heldur í samvinnu við heilsuræktarstöðvar eða sjúkraþjálfara og sveitarfélagið hefur komið þar að. Þetta er ekki bara einn farvegur, ein ávísun send út í loftið heldur er fólki leiðbeint með áframhaldið. Það er alveg ljóst að þetta ber ákveðinn árangur en þá spyr maður sig líka hvort verið sé að opna þarna á einhverja útgjaldaleið sem þarf kannski að velta fyrir sér hvort við viljum fara eða hvort við vísum þessu á ábyrgð fólksins, þ.e. að fylgja þessum hreyfiseðli hvort sem það fær niðurgreiðslu frá ríkinu eða ekki. Það er því í ýmis horn að líta varðandi þessa tillögu sem er hin ágætasta.

Að lokum vildi ég aðeins vísa í það að ég rakst á rannsókn frá Svíþjóð þar sem sagt er frá árangri slíkrar meðferðar. Það var rannsókn sem Lone Kelling, doktorsnemi við Karolinska sjúkrahúsið, gerði. Hún skoðaði 300 sjúklinga sem flestir voru á sextugsaldri og fengu hreyfiseðla á 13 ólíkum stöðum. Hreyfiseðillinn var yfirleitt vegna ofþyngdar, verkja eða stoðkerfisvanda í hrygg eða hálsi. Af þessum 300 sjúklingum hafði um þriðjungur eða 100 manns alls ekkert hreyft sig svo neinu næmi en sex mánuðum seinna hafði þetta hlutfall farið niður í 16%. Árangurinn var þó ekki meiri en það að þriðjungurinn sem hafði ekkert hreyft sig var kominn í 16% og hafði fækkað um helming. Hins vegar var alveg ljóst að fólkið lýsti aukinni vellíðan bæði líkamlegri og andlegri þannig að það er eins og ég sagði tilraunarinnar virði að fara þessa leið.

Í sjálfu sér furða ég mig svolítið á því að það skuli þurfa fyrirmæli ofan frá, frá Alþingi eða heilbrigðisyfirvöldum, til að koma slíku kerfi á og að árangursríkum meðferðum sem heilbrigðisstarfsmenn þekkja og vita að skipta máli skuli ekki vera beitt í meira mæli án þess að þurfa að setja það í einhvern slíkan formlegan farveg. Að mínu mati á heilbrigðisstarfsfólk sem hefur þekkingu á þessum málum að geta leiðbeint fólki, með sama hætti og það ávísar á lyf, um að fara að hreyfa sig í meira mæli með þeim röksemdum að það muni leiða til betri líðanar.

Þetta eru í stuttu máli sjónarmið mín varðandi þessa ágætu þingsályktunartillögu. Það var eitt atriði í viðbót sem ég vildi nefna en í dag fá læknar ekki greitt sérstaklega fyrir lyfseðla þannig að það væri í raun og veru engin þörf á að greiða frekar fyrir hreyfiseðla.

[15:02]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að koma inn á nokkur atriði sem hv. þm. Ásta Möller nefndi og þakka henni fyrir að taka undir þessa tillögu. Það er rétt sem hún nefndi að það skiptir máli að fólk fái seðil í hendurnar þar sem er áætlun um hvernig það eigi að hreyfa sig alveg eins og þegar fólk fer til læknis og fær lyfseðil til að fá lyf. Hér fær það hreyfiseðil þar sem sagt er: Farðu í sund þrisvar í viku. Þú átt að synda í ákveðið langan tíma. Síðan ferðu í líkamsrækt og hreyfir þig eða ferð í göngutúr, eða það sem læknirinn telur að skili bestum árangri hjá viðkomandi sjúklingi. Það nægir ekki að segja: Farðu út og hreyfðu þig og farðu svo að borða hollan mat. Það þarf að setja upp „prógramm“, áætlun fyrir fólk til að það fari eftir þessu. Ástæðan fyrir því að við nefnum námskeið fyrir þá sem fylgja hreyfiseðlum eftir er sú að á hinum Norðurlöndunum er talið að þeir sem taka við fólki sem fengið hefur hreyfiseðil og hjálpi því að fara eftir seðlinum, þurfi á því að halda. Það er ekki mikið nám heldur er um að ræða námskeið fyrir þá sem taka við hreyfiseðlahandhöfum, fylgja eftir meðferðinni og fylgjast jafnvel með því að farið sé eftir seðlinum.

Í heilbrigðiskerfinu hefur þetta ekki verið beinn valkostur þótt læknar hafi getað leiðbeint fólki varðandi þessi mál en hefðbundnu leiðirnar eru aðgerðir eða lyf eða aðrar læknisfræðilegar leiðir. Það er ekki venjan að fólk reyni markvisst af eigin atorku að ná heilsu. Ef hreyfiseðlakerfi væri komið á innan heilbrigðiskerfisins væri um viðurkennda leið að ræða.

[15:04]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir röksemdir hv. þing-

manns í þá veru að það er eins og það séu einhver meiri formlegheit í kringum það ef fólk fær ávísun á ákveðna aðferð eða meðferð í hendurnar. Ég legg þá áherslu á það í þessu samhengi að hreyfiseðilinn er ávísun á tiltekna meðferð þannig að fólk á að fylgja ákveðnu „prógrammi“. Varðandi lyf og meðferðarheldni — þ.e. hvort fólk tekur lyf eftir ráðleggingum — hefur það sýnt sig að um það bil 50% þeirra sem taka blóðþrýstingslyf taka ekki lyfin. Ef fólk fer hins vegar í ákveðna meðferð þar sem um er að ræða ákveðna eftirfylgni, því er fylgt eftir að fólk fái stuðning til að taka lyfin sín með því að hringt er í það eða það þarf að kvitta fyrir eða eitthvað í þá veru, tekur það lyfin frekar. Það er gríðarlega mikil sóun á lyfjum þegar fólk fer ekki eftir þeim ráðleggingum sem það fær á lyfseðli. Í Garðabæ hefur fólk farið í ákveðnar meðferðir sem eru samvinnuverkefni milli sveitarfélagsins og heilsugæslunnar. Ég held að setja þurfi upp tilteknar meðferðir fyrir ákveðna hópa fólks. Fólk með ákveðna sjúkdóma fer í meðferð sem er sérsmíðuð fyrir það.

Ég set mig því alls ekki upp á móti þessu en ég er dálítið vonsvikin yfir því að heilbrigðisstofnun skuli ekki taka þetta upp án þess að þurfa að fá hvatningu utan frá því að þar liggur þekkingin á meðulunum.

[15:06]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er með smáviðbót sem ég kom ekki að áðan. Varðandi niðurgreiðslur hefur ekki endilega verið gert ráð fyrir að þetta yrði neitt niðurgreitt. Auðvitað gætu sveitarfélög komið til móts við þá sem væru með hreyfiseðla og veitt frítt í sund eða komið á annan hátt til móts við þá. Það væri þá nefndarinnar sem lagt er til að skipuð verði, að skoða hvort koma þurfi til móts við atvinnulausa, lágtekjufólk eða lífeyrisþega. Við getum metið hvort komið er til móts við þessa hópa, annaðhvort með niðurgreiðslu á þjónustunni eða hvort menn fá uppbót á lífeyri meðan þeir eru í meðferðinni. Þetta er ávísun á hreyfimeðferð og í henni felast jafnvel einnig næringarleiðbeiningar. Þetta er því ekki síður meðferð en aðrar heilbrigðismeðferðir, svo að maður haldi því til haga, þess vegna er það enn mikilvægara að tilvísunin sé skrifleg.

Ég var með seðla frá Norðurlöndunum þegar ég mælti fyrir málinu áður til að sýna hvernig þessir hreyfiseðlar líta út þar. Þeir eru alveg staðlaðir eins og umsóknareyðublöð eða læknabréf og þar er fyllt inn í sams konar glugga. Ég get alveg heils hugar tekið undir að það þarf auðvitað að setja upp ýmiss konar meðferð, sérsniðna fyrir ákveðna hópa. Mér finnst það liggja alveg beint við.

Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að taka undir þetta þingmál.

[15:08]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi niðurgreiðslur á engan veginn að útiloka þær. Oft finnst mér skorta ákveðin hlutverk í kringum hina stóru og virku sjúkrasjóði sem eru í landinu, að stuðningi sé beint til fólks með skilvirkari hætti. Það er eitthvað sem mætti skoða enn betur. Síðan eru margir sem eru með þá sjúkdóma sem ég nefndi í ræðu minni áðan, fólk sem jafnvel er öryrkjar og þarf á endurhæfingu að halda. Það þarf þá jafnvel að fara í gegnum ákveðið ferli til þess að ná fyrri heilsu eða bæta heilsuna, þar inni er m.a. hreyfing.

Ekki alls fyrir löngu ræddi ég við sjúkraþjálfara sem vann við að hjálpa ungum konum sem þjáðust af offitu og það var alveg ljóst að sjálfsmynd þeirra var mjög skert. Þær voru öryrkjar og þurftu verulega á stuðningi að halda, fjárhagslegum stuðningi, til þess að koma sér í gegnum meðferðina til að geta náð heilsu á ný. Það strandaði á peningalegu hliðinni, þær gátu ekki haldið áfram að byggja sig upp með þessum hætti. Aðalatriðið er útfæra hugmyndina með skynsamlegum hætti, að meðferð skili árangri og sé beint að ákveðnum hópum sem þurfa sérstaklega á henni að halda.

[15:10]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum um tillögu til þingsályktunar um að skipa nefnd til að skoða hreyfiseðla í staðinn fyrir lyfseðla eða innlagnir. Það kom fram hjá hv. þm. Ástu Möller að það væri forsjárhyggja. Ég tel ekki svo vera. Fólk leitar til læknis vegna þess að það er með einhvern kvilla að eigin mati, einhvern sjúkdóm. Vegna frumkvæðis sjúklingsins er það læknirinn sem leggur til lyfjanotkun eða innlögn á spítala eða annað, t.d. hreyfingu. Mér finnst að læknirinn eigi í rauninni að bregðast við frumkvæði sjúklingsins og það er engin forsjárhyggja heldur er verið að bjóða upp á fleiri leiðir en hingað til hefur tíðkast. Það má ef til vill flokka undir forsjárhyggju, að bjóða ekki upp á hreyfingu sem er stundum mjög góður kostur.

Það er ljóst að við búum nú við mjög óvenjulegt ástand í þjóðfélaginu. Það óvenjulega ástand kallar á óvenjulegar lausnir og ein af þeim er sú að í staðinn fyrir að skrifa upp á lyfseðil sem gefur fólki lyf sem hafa í för með sér alls konar aukaverkanir eða að leggja fólk inn á spítala sem kostar lifandis býsn er vísað á það sem er eðlilegast af öllu, hreyfinguna. Hreyfingin og gott mataræði eru miklu eðlilegra úrræði en að dæla lyfjum í fólk eða setja það í einhverja aðgerð á spítala, og alveg sérstaklega ef það gefur góðan árangur, fyrir utan það hvað það er miklu ódýrari og ánægjulegri leið fyrir sjúklinginn.

Nú er verið að skoða greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu og ég held að það kæmi alveg til greina að þessi kostnaður félli undir það kerfi vegna þess að hægt er að sýna fram á með mjög einföldum hætti að hreyfiseðlar spara heilbrigðiskerfinu og ríkissjóði þar með heilmikla fjármuni. Ekki mun veita af á næstu missirum og árum.

Ég ætla ekki að endurtaka ræðu hv. frummælanda í þessu máli en ég má til með að koma inn á offituna. Offitan er að verða alheimsvandamál. Hún eykur líkur á dauða fyrir aldur fram o.s.frv. Við munum í auknum mæli sjá foreldra grafa börnin sín sem er mjög óeðlilegt ástand og ætti ekki að gerast. Það ættu foreldrar að hafa í huga þegar þeir horfa á börnin sín verða akfeit — ég segi það bara — og þeir ættu að hafa í huga að þeir auka dánarlíkur barnanna sinna og það kallar á aðgerðir. Gagnvart börnum hef ég engar áhyggjur af forsjárhyggju því að börn þurfa forsjá. Þau eru nefnilega ekki fullorðin. Mér finnst allt í lagi að t.d. skól-

arnir, skólalæknir og skólahjúkrunarfræðingur, skoði nákvæmlega hvort börn séu orðin of feit. Þá verði þau hreinlega sett í meðferð með hreyfingu á vegum skólans.

Hv. frummælandi ræddi um þunglyndi í ræðu sinni. Í mörgum tilfellum þunglyndis eru útivist og göngur sennilega besta úrræðið til að losa fólk undan því. Ég held, sérstaklega í ljósi síðustu atburða, að það muni verða mjög mikilvægt að skora á fólk að stunda útivist, göngu og hreyfingu almennt því að fólk er yfirleitt mjög ánægt þegar það stundar slíkt. Sem betur fer á sér stað mjög ánægjuleg þróun. Á göngustígum bæjarins rekst maður sífellt oftar á gönguhópa, stafgönguhópa o.s.frv., fólk sem nýtur samveru og er að hreyfa sig úti, upplifir sólina og veðrið. Við Íslendingar búum sennilega við besta veðurfar í heimi þótt margir vilji ekki trúa því. Hér er eiginlega aldrei allt of heitt, þ.e. yfir 25–30°C og hér er aldrei eða mjög sjaldan allt of kalt veður, þ.e. undir -25°C eða -30°C. Það er yfirleitt mjög heppilegt veður til fara út að ganga, menn þurfa að klæða sig sæmilega vel en það er hvorki of heitt né of kalt úti.

Ég skora því á hv. heilbrigðisnefnd sem fær málið til umsagnar að samþykkja það sem allra fyrst og leggja til að það verði þegar tekið upp vegna þess að ég held að það sé mjög brýnt að spara fjármuni og koma í veg fyrir hugsanlegt þunglyndi sem gæti leitt af þeirri stöðu sem við búum við í dag. Það sparar lyfjagjöf sem kostar gjaldeyri yfirleitt og það sparar dýrar aðgerðir sem er mikill kostnaður fyrir ríkissjóð. Það veitir ekki af að létta af honum nú um þessar mundir.

[15:16]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu. Ég vil byrja á því að þakka og fagna þrautseigju flutningsmanna tillögunnar og þá sérstaklega 1. flutningsmanns, hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, því að tillagan er hér flutt í fimmta sinn. Oft var þörf en nú er nauðsyn eins og bent hefur verið á.

Í rauninni er verið að leggja til mjög lítið skref. Það er verið að leggja til að sett verði á laggirnar nefnd — það eru öll ósköpin — til að kanna kostnað og fyrirkomulag af þeirri kerfisbreytingu að læknum sé heimilt að ávísa á hreyfingu rétt eins og lyf og læknismeðferð. Það er mikilvægt að þessi tillaga verði samþykkt og fái stuðning í heilbrigðisnefnd, bæði með tilliti til góðrar reynslu, sem er rakin í greinargerð, og líka með tilliti til þeirrar almennu skynsemi sem er byggð á þekkingu sem flestir búa yfir um þessar mundir, sem sagt að hreyfing sé kannski ekki allra meina bót en flestra meina bót.

Það er líka mikilvægt að þessi tillaga fáist samþykkt með tilliti til laga um réttindi sjúklinga en samkvæmt lögum þar um eiga sjúklingar rétt á sem fullkomnastri heilbrigðisþjónustu og upplýsingum um önnur úrræði en fyrirhugaða læknismeðferð. Samkvæmt þeim lögum eiga menn líka rétt á því að hafna meðferð og væri æskilegt að skýrar væri kveðið á um að menn mættu velja meðferð. Er ég þar að vísa til óhefðbundinna lækninga ýmiss konar sem margir eru farnir að notfæra sér hér á landi, bæði til að bæta lífsgæði almennt og einnig til þess að ná heilsu til baka. Það er mikilvægt að hvetja menn til að taka virkan þátt í að bæta heilsu sína og til að halda henni, sem sagt að taka ábyrgð á eigin heilbrigði. Fátt er betra í því en hreyfing, eins og við vitum, en það er fleira sem mætti nefna eins og komið hefur fram í þessari umræðu, bæði mataræði, ýmsa þjónustu sem græðarar, sjúkraþjálfarar og hómópatar veita fólki, m.a. með nuddi og nálarstungum, og síðan er það skipulögð þjálfun í kraftgöngu, sundi eða á líkamsræktarstöðvum eins og bent hefur verið á.

Ég tel ástæðu til að minna á nauðsyn þess að óhefðbundnar lækningar fái viðurkenningu í heilbrigðisþjónustu okkar og sérstaklega hvatning til að breyta líferni og bæta mataræði og hreyfingu. Það er mikilvægt að við leggjum meiri áherslu á þessa hluti en verið hefur og meiri áherslu en á lyf og læknisaðgerðir.

Spurt var hér áðan — hv. formaður heilbrigðisnefndar lýsti vonbrigðum sínum yfir því — af hverju tillaga sem þessi, um að taka upp jafnsjálfsagðan hlut og hreyfiseðla eða ávísun á hreyfingu í læknismeðferð, þyrfti að koma ofan frá, af hverju það þyrfti að koma frá hv. Alþingi. Í mínum huga er svarið tvíþætt. Annars vegar er það staðreynd að heilbrigðisstarfsmenn eru menntaðir í lyfjagjöf og læknisaðgerðum frekar en því að ráðleggja um mataræði, hreyfingu eða lífsstíl. Það er einfaldlega þannig. Ég held því miður að kennsla við læknadeildina okkar sé kannski ekki nógu góð á þessu sviði því að hér á landi hafa læknar lagt minni áherslu á þessa hluti en læknar í nágrannalöndunum. Þar er hefðin fyrir óhefðbundnum lækningum mun ríkari og eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni hafa hreyfiseðlar jafnvel verið notaðir á Norðurlöndunum um nokkurra ára skeið.

Annað atriði sem ég vil nefna sem svar við því af hverju slík kerfisbreyting þarf að koma ofan frá er að það er dýrt að hreyfa sig skipulega í þessu landi. Við skulum muna að það kostar áreiðanlega 5–15 þús. kr. á mánuði að sækja líkamsræktarstöðvar í þéttbýlinu. Það segir sig sjálft að frístundakortið sem Reykjavíkurborg hefur tekið upp er skref í rétta átt, og í þá átt sem þessi tillaga til þingsályktunar varðar. Þar veitir borgin 24 þús. kr. styrk á ári í tvennu lagi til ungmenna til að fara í frístundir sem í flestum tilfellum er hreyfing. Auðvitað eru dæmi um annað en oftast kaupa börnin sér rétt til þátttöku í æfingum hjá íþróttafélögunum. Styrkurinn frá Reykjavíkurborg er þó ekki nema helmingurinn af raunkostnaði sem fjölskyldan þarf að reiða fram til að borga þátttökugjaldið í íþróttunum, í félaginu, að ekki sé talað um búninga, keppnisferðir og allt annað. Við höfum ekki lagt næga áherslu á hreyfingu í skólunum og við byggingu framhaldsskóla hefur íþróttahúsið oftar en ekki verið síðast á dagskránni.

Herra forseti. Það lítur út fyrir að við Íslendingar fáum ekki aðeins tækifæri til breyttra lífshátta í framtíðinni heldur verðum við tilneydd til þess. Með því m.a. að draga úr innflutningi á jarðefnaeldsneyti notum við bílana minna og þá fjölgar gönguferðum og hjólreiðum og hreyfing eykst, það er auðvitað af því góða. Við höfum ekki haft úrræði til að hvetja fólk til hreyfingar eftir að það hefur veikst eða orðið fyrir slysi á annan hátt en þann að veita ávísun til sjúkraþjálfunar í tiltekinn fjölda skipta eða þá að leggja menn inn á Reykjalund eða heilsustofnun Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði til þess að ná heilsu með þessu móti.

Það hefur sýnt sig að hreyfing er bæði árangursrík sem forvörn og sem meðferð við sjúkdómum sem hér hafa verið taldir upp. Ég tel því að ekki sé eftir neinu að bíða að hv. heilbrigðisnefnd taki tillöguna til afgreiðslu enda mun ekki mikið liggja fyrir nefndinni um þessar mundir.

[15:24]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið til máls í þessari umræðu fyrir góðar undirtektir. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir nefndi óhefðbundnar lækningar og tek ég undir þau orð. Ég vil halda því til haga að heilbrigðisnefnd tók fyrir þingmál um óhefðbundnar lækningar á síðasta kjörtímabili og afgreiddi það. Óhefðbundnar lækningar höfðu ekki verið mikið ræddar á Alþingi fyrir þann tíma og skal ekki gert lítið úr þeim leiðum til að bæta heilsu sína og ná heilsu. Eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir nefndi er dýrt að hreyfa sig hefðbundið, það er dýrt að sækja líkamsræktarstöðvar o.s.frv. Þegar harðnar í ári þá er það oft það fyrsta sem fólk sparar við sig sem því miður ætti ekki að vera, það er aldrei mikilvægara en einmitt þá að hreyfa sig. En þetta hefur allt komið fram í umræðunni sem ég þakka kærlega fyrir og ég vonast til þess að hún verði til þess að þessi mál verði samþykkt. Það er ekki verið að fara fram á mikið. Verið er að leggja til að það verði fært í farveg að vísa á hreyfingu og hollt mataræði með hreyfiseðlum, samanber lyfseðla, það er ekki stórt mál, og að nefnd vinni það verk sem hér er lagt til.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málið fari til 2. umr. og hv. heilbrigðis- og tryggingaefndar að lokinni þessari umræðu.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og heilbrn.

Málsvari fyrir aldraða, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 18. mál. — Þskj. 18.

[15:27]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um málsvara fyrir aldraða, 18. mál á þskj. 18. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson, Katrín Júlíusdóttir, Guðbjartur Hannesson, Árni Páll Árnason og Ellert B. Schram.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félags- og tryggingamálaráðherra að beita sér fyrir því að komið verði á þjónustu sem sinni gæslu hagsmuna og réttinda aldraðra. Það verði metið hvort sett verði á laggirnar sérstakt embætti umboðsmanns aldraðra eða hvort sveitarfélög annist verkefnið. Samráð verði haft við hagsmunasamtök aldraðra við vinnuna.“

Á liðnum árum hefur á Alþingi og í almennri þjóðfélagsumræðu verið rætt um þörfina á að stofna sérstakt embætti umboðsmanns aldraðra sem hefði það hlutverk að annast hagsmunagæslu fyrir aldraða og fylgjast með því að stjórnvöld og einkaaðilar tækju fullt tillit til réttinda þeirra og þarfa.

Hér er verið að miða við þann hóp sem er kominn á eftirlaunaaldur. Hópurinn er stór og fjölbreyttur og eðli málsins samkvæmt er hann misjafnlega fær um að gæta réttar síns og hagsmuna sjálfur. Ég vil nefna að frá því að þessi tillaga var lögð fram hefur ýmislegt breyst í samfélaginu og segja má að ekki síður nú en þá sé nauðsyn að koma þessum hópi til aðstoðar við að gæta réttar síns og hagsmuna.

Ábyrgð á þjónustu við aldraða dreifist á hendur ríkis, sveitarfélaga, félagasamtaka og einkaaðila. Lögin um málaflokkinn eru flókin, ekki síst á sviði skatta, almannatrygginga og heilbrigðismála. Þess vegna er brýnt að aldraðir geti á einum stað nálgast upplýsingar um lögvarin réttindi sín og hvernig þeim verður best fylgt eftir, m.a. í því skyni að styrkja stöðu þeirra með tilliti til fjárhags, heilsu, búsetu og umönnunar. Þetta er hópur sem fer ört stækkandi. Árið 2007, eða í fyrra, voru Íslendingar 67 ára og eldri tæplega 32 þúsund og samkvæmt spá Hagstofunnar verða þeir orðnir um 46 þúsund árið 2020.

Þegar embætti umboðsmanns barna var stofnað með sérstökum lögum var útskýrt hvað almennt fælist í störfum umboðsmanna sérhópa í almennum athugasemdum með frumvarpinu og segir þar, með leyfi forseta:

„Í umræðu um umboðsmenn sérhópa í þjóðfélaginu er yfirleitt átt við óháða embættismenn sem hafa það hlutverk að taka við kvörtunum vegna tiltekinna málefna sem heyra undir verksvið þeirra jafnframt því að vera talsmenn þeirra hópa gagnvart stjórnvöldum, gefa út álitsgerðir, þrýsta á stjórnvöld um úrbætur, hafa frumkvæði að ábendingum til stjórnvalda um það sem betur mætti fara í löggjöf eða á viðkomandi sviðum framkvæmdarvaldsins og almennt að móta viðhorf í þjóðfélaginu og hafa stefnumarkandi áhrif fyrir þá þegna þjóðfélagsins sem þeir eru talsmenn fyrir.“

Flytjendur þessarar þingsályktunartillögu telja eðlilegt að metið verði hvort sett verði á laggirnar sérstakt embætti umboðsmanns aldraðra eða hvort sveitarfélögum verði falið að annast hagsmunagæsluna. Það er erfitt við þær aðstæður sem nú ríkja í samfélaginu að leggja til aukin útgjöld ríkissjóðs en við bendum einnig á þjónustu sveitarfélaganna. Mig langar þá að nefna nýtt embætti sem hefur verið sett á laggirnar hjá Reykjavíkurborg sem sinnir að hluta til þeim verkefnum sem hér eru lögð til en það er mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar sem nýlega er tekinn til starfa. Má líta á hann sem umboðsmann ýmissa hópa og þar á meðal aldraða. Því er full ástæða til þess að hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra skoði þá þjónustu sem þar er í boði. Málefni aldraðra heyra undir félags- og tryggingamálaráðherra og því er rétt að hann kanni kosti þessarar leiðar. Verði niðurstaðan sú að fela sveitarfélögunum verkefnið ætti ráðherrann að hafa samráð við samgönguráðherra um það verkefni en hann er yfirmaður sveitarstjórnarmála. Einnig er mjög mikilvægt að hafa samráð við samtök aldraðra á öllum stigum málsins.

Félag eldri borgara í Reykjavík hefur á undanförnum árum reynt eftir bestu getu að annast hagsmunagæslu fyrir aldraða en nú er svo komið að samtökin eiga erfitt með að sinna því vegna mikils umfangs. Það hefur komið fram í umræðum við Félag eldri borgara að það hefur verið með lögfræðing í starfi við lítil efni og löng bið hefur verið eftir þjónustu þessa lögfræðings sem samtökin hafa verið með á

sínum snærum. Hefur hann aldrei getað annað öllum þeim fjölda sem sóst hefur eftir stuðningi. Félagið hefur einnig verið með upplýsingagjöf sem mikið hefur verið sótt í þannig að full þörf er á að koma á þessari þjónustu. Félag eldri borgara í Reykjavík hefur bent á að fordæmi séu fyrir réttindagæslu af hendi opinberra aðila í lögum um málefni fatlaðra sem þeir benda á að mætti hafa til hliðsjónar í þessum efnum.

Það er líka í samræmi við tíðarandann að þjónusta við aldraða sé nærþjónusta og þannig að miklu leyti á hendi sveitarfélaganna enda hefur það verið stefna stjórnvalda að koma þessari þjónustu við aldraða yfir til sveitarfélaganna. Í ljósi þess ættu sveitarfélögin að aðstoða eldri borgara innan sinna umdæma við að gæta réttar síns í málefnum sem þá varða. Þar sem sveitarfélög eru misstór er eðlilegt að smærri sveitarfélög sameinist um þessi verkefni.

Á Norðurlöndunum er ýmis háttur hafður á við að gæta hagsmuna og réttinda aldraðra og leggja flytjendur þessarar tillögu áherslu á að reynslan þaðan verði höfð til hliðsjónar. Dæmi eru um óháð embætti á vegum yfirvalda, borgar- eða sveitarstjórna, sem búa yfir sérþekkingu á málefnum aldraðra. Hlutverk þeirra er að aðstoða eldri borgara við að fá rétta úrlausn mála sinna og má nefna sem dæmi að umboðsmaður aldraðra í Stokkhólmi aðstoðar eldri borgara við það sem snýr að málefnum aldraðra og þjónustu við þá. Þeir geta komið beint til hans með skoðanir á málefnum sínum, kvartanir og spurningar og hann vísar þeim áfram rétta leið í kerfinu. Borgaryfirvöld í Stokkhólmi telja mikilvægt að efla tengslin við aldraða sem njóta þjónustu borgarinnar á þennan hátt. Áhrif eldri borgara á þá þjónustu sem þeir fá eru þannig talin mikilvæg og jafnframt að þeir hafi val um þá þjónustu. Hlutverk umboðsmannsins þar er líka að safna saman athugasemdum og nýta þær til að bæta þjónustu við aldraða. Þetta skoðuðum við þegar við vorum á ferðinni í Stokkhólmi, ég kynnti mér þetta aðeins og spurðist fyrir um þetta þegar við vorum þar að kanna sjúkratryggingastofnun nú í haust.

Flytjendur þingsályktunartillögunnar telja ástæðu til að aldraðir hér á landi eignist málsvara sem sinni réttindamálum þeirra og í sama streng hafa félög eldri borgara tekið, en það sést vel í fylgiskjali sem er grein eftir Margréti Margeirsdóttur, formann Félags eldri borgara í Reykjavík. Hún skrifaði grein í *Morgunblaðið* 21. apríl 2007 í framhaldi af ályktun sem aðalfundur Félags eldri borgara samþykkti aðeins fyrr á því ári. Það var áskorun til ríkisstjórnarinnar að stofna embætti umboðsmanns aldraðra. Við leggjum sem sagt til að annaðhvort taki sveitarfélögin þetta að sér — Reykjavíkurborg hefur hafið þjónustu með mannréttindastjóranum — eða að ráðherra leggi til umboðsmann eða skoði a.m.k. þessi mál. Hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra mundi þá ákveða leið til þess að ná þeim markmiðum sem hér eru lögð til grundvallar.

Virðulegi forseti. Þar sem málefni eldri borgara heyra undir félags- og tryggingamálaráðherra er eðlilegt, í framhaldi af umræðu um þingsályktunartillögu um málsvara fyrir aldraða, að málið fari til 2. umr. og hv. félags- og tryggingamálanefndar til umfjöllunar. Ég vil áður en ég lýk máli mínu ítreka að þetta hefur verið mikið baráttumál Samtaka aldraðra í alllangan tíma og þörfin er mikil eins og fram kemur, bæði í greininni sem fylgir og í fjölda ályktana sem aðalfundir Samtaka eldri borgara hafa sent frá sér á undanförnum árum.

[15:36]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég fagna þessari þingsályktunartillögu og tel að hún sé mjög af því góða. Ekki veitir af að aldraðir eignist formlegan málsvara sem getur gætt hagsmuna þeirra.

Ýmislegt þarf að skoða samhliða þessu. Ríkið rekur sumt sem snýr að málefnum aldraðra og sumt eru sveitarfélögin að gera. Kannski má segja að full ástæða sé til þess við þessar aðstæður, og þetta er kannski eitt af því sem styrkir þá stöðu og þá leið að endurskoða skiptingu tekna milli ríkis og sveitarfélaga. Það þarf að setja meira fjármagn til sveitarfélaganna ef þau eiga að taka yfir þætti sem snúa að málefnum aldraðra.

Heimaþjónusta er á vegum sveitarfélaga, hjúkrunarheimili á vegum ríkisins og svo öldrunarheimili, elliheimili, sum hver einkarekin — það eru margir þættir sem þarf að skoða í þessu. Við sjáum t.d. einkarekin elliheimili eins og Hrafnistu, Grund og Ás í Hveragerði — og ástand hjóna er oft með þeim hætti að annað þarf að njóta þjónustu frá ríkinu og hitt frá sveitarfélaginu. Þó að ég sé kannski kominn út fyrir tilganginn með tillögunni þá er þetta hluti af því sem þarf að huga að þegar verið er að hugsa um málefni aldraðra. Í framtíðinni þurfum við að sjá þetta á einni hendi, rekið af sveitarfélagi en ekki ríki. Þetta er nærþjónusta og sveitarfélögin þekkja betur til aðstæðna hjá fólki en ríkið. Málsvari eða umboðsmaður aldraðra, eða hvað sem embættið verður látið heita, verður mjög af því góða og getur m.a. komið í veg fyrir að átök séu á milli ríkis og sveitarfélaga í þessum málaflokki.

Mér líst vel á þetta og finnst þetta vera skref í rétta átt. Ég mun styðja þessa þingsályktunartillögu.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og fél.- og trn.

Tekjuskattur, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 41. mál (ferðakostnaður). — Þskj. 41.

[15:40]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Grétar Mar Jónsson og Jón Magnússon.

Við höfum flutt þetta mál áður hér í hv. Alþingi, þingmenn úr Frjálslynda flokknum. Frumvarpið gengur út á að tryggja heimild í skattalögum til þess að menn sem sækja vinnu um langan veg megi sem launþegar draga þann kostnað frá tekjum áður en skattlagt er, þ.e. að sá ferðakostnaður sem menn leggja sérstaklega í til að stunda vinnu sé frádráttarbær frá tekjum áður en skattar eru lagðir á þær.

Þessu ákvæði eru sett ákveðin takmörk. Í fyrsta lagi þarf viðkomandi að leggja fram gögn um kostnað vegna atvinnusóknar, akstursbók ef hann notar eigin bifreið, flugfarseðla, ferjuseðla o.s.frv. Umræddur kostnaður þarf á heilu ári að vera hærri en 200 þús. kr. til að viðkomandi eigi rétt á skattafrádrætti. Kostnaður undir 200 þús. kr. fæst ekki dreginn frá tekjum áður en skattlagt er því að allir hafa jú einhvern kostnað af því að sækja vinnu.

Umræddum kostnaði er einnig sett hámark. Í frumvarpinu er lagt til að hámarkið sem draga megi frá á ári hverju sé 700 þús. kr. og er þá m.a. tekið tillit til þess að bensínkostnaður hefur hækkað mjög og ýmis annar kostnaður við ferðalög hefur hækkað á milli ára — hvað svo sem framtíðin ber í skauti sér með þróun bensínverðs og annarra orkugjafa, það vitum við ekki. En við teljum að full rök séu fyrir þeim kostnaði sem menn mega draga frá, hann er þá að hámarki 700 þús. kr. Ef menn nota eigin bifreið verða menn að færa akstursbók og leggja fram gögn sem staðfesta að um atvinnusókn sé að ræða en ekki önnur ferðalög sem ekki tengjast vinnu.

Það er þekkt fyrirkomulag að menn færi akstursbók, t.d. þeir sem fá greitt frá fyrirtækjum. Við alþingismenn fáum greitt fyrir ferðalög þegar við þurfum að sækja ákveðna fundi í kjördæmi okkar. Við eigum rétt á því að færa akstursbók vegna ferðalaga sem beinlínis eru tengd vinnu okkar og fáum greiðslu samkvæmt því, en við verðum að sýna kostnað á móti. Ef skattyfirvöld taka mark á þeim kostnaði sem við leggjum út fyrir er sambærileg upphæð varðandi aksturspeningana skattfrjáls en það sem út af stendur bætist á okkur sem tekjur.

Eins yrði það í þessu tilviki. Sá sem vill fá að draga kostnað frá tekjum verður að sanna það með skattframtali sínu og fylgigögnum að sá kostnaður sé réttmætur og rétt færður. Skattyfirvöld fara þá yfir það hvort rétt sé frá greint og menn geta þá lent í úrtaki eins og gerist og gengur þegar skattyfirvöld fara yfir það hvort rétt sé talið fram hjá viðkomandi aðila. Við erum því ekki að leggja til eitthvert fyrirkomulag sem ekki er þekkt í kerfinu. Fyrirkomulagið er þekkt en það hefur hingað til einungis náð yfir það að einhver annar greiði ferðakostnaðinn, þ.e. atvinnurekandinn en ekki launþeginn sjálfur.

Við leggjum til, hæstv. forseti, að ákvæðið verði víkkað út og nái yfir venjulega launþega sem ferðast um langan veg til að sækja vinnu og hafa af því verulegan kostnað. Við gerum ekki greinarmun á því hvort sá kostnaður verður til með flugferðum, ferjufargjöldum, langferðabifreiðagjöldum eða akstri á eigin bifreið, eingöngu að kostnaðurinn sé sannaður. Menn þurfa því að halda utan um gögn sín og færa fram rök fyrir því að högum þeirra sé þannig háttað að atvinnusókn þeirra sé dýrari en annarra. Við teljum að um sanngirnismál sé að ræða enda sé um að tefla kostnað sem til fellur varðandi öflun atvinnutekna. Markmiðið er að ná sérstaklega til þeirra sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað.

Oft hefur verið þörf á því að flytja þetta mál en nú er sérstaklega brýnt að fá það afgreitt hér í hv. Alþingi og vonandi þá sem lög þegar þar að kemur. Ég vænti þess að þau orð hæstv. 1. forseta þingsins, um að almennt eigi að vinna að því að afgreiða mál, verði til þess að málið verði tekið til afgreiðslu við 2. umr. og síðan 3. umr. og væntanlega samþykkt sem lög.

Hæstv. forseti. Ljóst er að brátt verður verulega aukið atvinnuleysi hér á landi, mun meira atvinnuleysi en við höfum átt að venjast og jafnvel meira atvinnuleysi en við höfum áður séð, alla vega á síðustu áratugum. Líkur eru á því að atvinnuleysið vaxi mjög hratt á næstu mánuðum, margt bendir til þess þó að ég voni vissulega að það fari ekki fram með þeim hraða sem menn spá. Ég hef heyrt stjórnarliða nefna að atvinnuleysi hér á landi geti á næstu mánuðum farið yfir 10%. Ég vænti þess að við þurfum ekki að vera svo svartsýn. En hvað um það, allar horfur eru á því að störfum fækki verulega. Störfum hjá bönkum og fjármálastofnunum hefur fækkað, störfum í byggingariðnaði, verkamannavinnu við byggingariðnað, mun fækka. Í framhaldi af því mun störfum iðnaðarmanna fækka þegar saman dregur á byggingarmarkaðnum. Önnur þjónustustörf sem tengjast venjulegri atvinnustarfsemi þar munu einnig dragast saman þó það fari kannski hægar en samdrátturinn hjá byggingar- og iðnaðarmönnum.

Síðast en ekki síst er rétt að vekja athygli á því, hæstv. forseti, að enn sem komið er þráast stjórnvöld við að lagfæra þá stöðu í atvinnumálum sem þau hafa tök á. Á ég þá við það að menn vilja ekki auka þorskaflann, en allt bendir til þess að mjög eðlilegt sé að gera það við aðstæður eins og þær eru nú. Þar koma til bæði líffræðilegar forsendur, eins og sjómenn líta á þær, og ekki síður þær forsendur að við þurfum nýjar tekjur. Nú sem aldrei fyrr þurfum við auknar tekjur. Ég sagði því í upphafsorðum mínum að oft hefði verið þörf á því að setja inn slík ákvæði en nú væri enn frekari nauðsyn til þess og hefði aldrei verið brýnna.

Ég vænti þess vissulega að stjórnvöld sjái innan tíðar skynsemina í því að auka þorskaflann og gefa þjóðfélaginu á þann hátt tækifæri til að auka tekjur og auka atvinnu. Það er sú aðgerð sem við eigum auðveldast með að framkvæma og þurfum minnstu til að kosta. Við þurfum einfaldlega að taka þá ákvörðun að auka veiðina. Við eigum öll tæki til þess að ná í aflann, mannskap, skip og vinnslustöðvar, og markaðir eru fyrir hendi. Þar er auðveldast að bregðast við og auka atvinnuna. Eins og nú horfir kallar mjög margt á það að það frumvarp sem við ræðum um verði samþykkt. Það mundi auðvelda fólki sem lendir í því að missa vinnuna að sækja vinnu á milli staða um lengri veg. Ekki er vanþörf á eins og horfurnar eru í landinu um þessar mundir.

Hér er sem sagt lagt til að launþegar fái þennan rétt. Ef atvinnuleysi eykst hér á landi gæti það orðið til þess að menn sjái sér meiri hag í því að sækja vinnu á milli staða en ella væri. Það gæti þá dregið úr því að menn leiti inn á atvinnuleysistryggingar og atvinnuleysisbætur en aukið líkur á því að menn sjái sér hag í því að sækja vinnu um lengri veg. Við verðum að forðast atvinnubrestinn sem fram undan er eins og mögulegt er og þessi tillaga getur virkilega gagnast í því.

Sjávarbyggðirnar urðu fyrir niðurskurði í þorskafla á síðasta ári og einnig á þessu ári og var þá af hendi ríkisstjórnarinnar talað um sérstakar mótvægisaðgerðir sem gætu orðið til þess að styrkja stöðu þeirra og þess fólks sem byggi á svæðum þar sem samdráttur í atvinnumöguleikum hefði orðið. Frumvarpið sem hér er mælt fyrir gagnast mjög

vel í því tilfelli þegar menn þurfa að horfa á mótvægisaðgerðir til að halda uppi atvinnu og auka atvinnusókn og einnig til að tryggja að fólk nái þá betri rauntekjum út úr vinnunni þó það þurfi að kosta til hennar talsverðum fjármunum.

Lagt er til að umræddur frádráttarliður verði settur inn í skattalögin, að menn sem sækja vinnu um langan veg megi draga ferðakostnað frá ef þeir geta sýnt fram á að hann sé umfram 200 þús. kr. á ári en þó að hámarki 700 þús. kr. á ári. Ég er ekki viss um að menn hafi almennt stöðu til að sækja upp í þá upphæð en þó kann það að vera í einstaka tilfellum. Fólk sem býr á Reykjavíkursvæðinu gæti séð sér hag af því að sækja vinnu á Austurlandi og þyrfti þá að fljúga þangað á sunnudagskvöldi og aftur til baka á föstudagskvöldi en það er enginn smákostnaður sem fylgir því að fljúga á milli Egilsstaða og Reykjavíkur. Ég veit að hver og einn í þessum sal getur auðveldlega reiknað það út í hvaða upphæðir það stefnir á ári ef menn ætla að stunda vinnuna sína vel og þurfa að haga atvinnu sinni svo sem ég nefndi í þessu dæmi.

Ég vænti þess að þetta þingmál fái góða og efnislega umfjöllun í nefnd og þegar því verði lokið muni málið verða með þeim hætti, þeim úrbótum, sem nefndarmenn vilja. Vel má vera að menn vilji setja einhverjar frekari skorður og útfæra hlutina með einhverri viðbótarútfærslu. Til dæmis mætti velta því fyrir sér varðandi akstur eigin bifreiðar að miða við að lágmarki einhverja ákveðna kílómetra sem menn yrðu að sækja vinnu til þess að eiga rétt á því sem hér er lagt til. Ég held ég fari rétt með það að þeir þingmenn sem keyra daglega til Akraness fái þann ferðakostnað viðurkenndan þegar þeir sækja vinnu á Alþingi. Við höfum því fordæmin ákaflega nálægt okkur, hæstv. forseti, og þurfum ekki að leita yfir lækinn að slíkri viðmiðun, ef það væri eitthvað sem þingmönnum fyndist að ætti að vera til viðmiðunar í þessu máli.

Efnislega legg ég sérstaka áherslu á það að við erum hér að hvetja til þess að fólk leiti lausna við að reyna að halda uppi atvinnu og afla sér tekna. Það er stórt mál við núverandi aðstæður að þannig sé unnið á hv. Alþingi að við reynum allt sem við getum til að tryggja að sem mest atvinna haldist uppi í landinu og fólk sjái sér hag í því að stunda vinnu hvar svo sem hún er í boði. Þar með minnkar atvinnuleysið, bætur og kostnaður okkar vegna atvinnuleysis. Það er ekki síður mikilvægt, hæstv. forseti, að fólk afli tekna því að allir greiða jú skatta og skyldur af tekjum sínum til ríkissjóðs eins og við þekkjum öll.

Í frumvarpinu eru margar hvetjandi hliðar. Það er allt að vinna fyrir ríki og ríkissjóð að halda uppi atvinnu annars vegar og halda uppi tekjum — okkur mun ekki veita af í núverandi krepputali að komast út úr þeim vandræðum sem við höfum því miður komið okkur í. Þó að deila megi um það hver eigi þar mesta sök og hver aðdragandinn var er ljóst að íslenska þjóðin er stödd frammi fyrir því að þurfa að takast á við hörmulega niðurstöðu í þeim efnum, hvort sem við erum að tala um færri hundruð milljarða eða fleiri. Það er ljóst að þær byrðar verða þungar til næstu ára sem á þjóðinni eru að lenda. Okkur ber sem alþingismönnum að koma fram með allar þær hugmyndir sem við teljum að megi verða til bóta í þeim efnum. Hér er verið að leggja eina hugmynd í þann farveg sem getur orðið til þess að auka atvinnusókn á landinu og hvetja til hennar og gera fólki mögulegt að sækja vinnu þó að því fylgi talsverður kostnaður og ferðalög. Við verðum að horfa á þetta raunhæft út frá þessum sérstöku forsendum. Ég segi því enn og aftur að þessi tillaga hefur aldrei átt betur við en einmitt nú vegna þeirra aðstæðna sem uppi eru í þjóðfélaginu.

Ég vil einnig láta þess getið að slík tillaga sem við flytjum hér er þekkt í lögum annarra landa, m.a. í Noregi, og hægt er að sækja fyrirmyndir þangað um hvernig draga megi kostnað vegna atvinnusóknar frá tekjum áður en skattlagt er. Ég hvet til þess að menn líti frumvarpið jákvæðum augum og sérstaklega við núverandi ástand eins og ég hef hér rakið. Full ástæða er til þess, og aldrei fremur en nú, að ýta undir að þetta frumvarp verði samþykkt. Það mundi færa launþegum aukinn rétt og búa til frádráttarreglur þegar menn sækja sér atvinnu og tekjur og það er hagur þjóðfélagsins í heild að við höldum uppi sem allra mestri atvinnu og sem mestri tekjuöflun. Það mun fleyta okkur í gegnum erfiðleika í framtíðinni að halda uppi atvinnustiginu og tekjum fólksins. Nóg er nú samt um byrðarnar sem lenda á íslensku þjóðinni að því er varðar kostnað af ýmsum ástæðum sem hafa fylgt þeirri stöðu sem við erum komin í, kostnað vegna lánsfjármagns, hvort sem það eru gengistryggð lán eða vísitölutryggð lán. Þetta eru hlutir sem kristallast sem aldrei fyrr með þeim hætti að okkur ber að taka alveg sérstaklega á þessum málum.

Ég vil vekja athygli á því, hæstv. forseti, að við í Frjálslynda flokknum höfum lagt fram sérstök þingmál sem snúa að tvennu er varðar lánamál fólks. Annars vegar að unnið verði markvisst að því að afnema verðtryggingu á lánsfé — að við stefnum í sambærileg lánakjör og lánafyrirgreiðslu og þekkist í löndunum í kringum okkur. Við höfum einnig lagt fram þingmál um það að þegar fólk breytir lánasamningum sínum eða sækir um húsnæðislán eða íbúðalán þurfi ekki að greiða af slíkum gjörningum stimpilgjöld. Hvort tveggja er til þess fallið að létta álögur á íslenskan almenning vegna fjármagnskostnaðar sem eru úr öllu hófi í dag. Öllum hlýtur að vera orðið löngu ljóst að þessir hlutir eru ekki með neinu sambærilegu lagi og gerist í öðrum löndum. Aldrei hefur verið meiri nauðsyn en nú, hæstv. forseti, að vera með aðgerðir sem styrkja launþegana og styrkja vinnumarkaðinn.

Ég verð, hæstv. forseti, í lok máls míns að lýsa furðu minni á þeirri ákvörðun Seðlabankans í dag að hækka stýrivextina upp í 18%. Mér finnst það afar slæm aðgerð og tel að hún vinni gegn því að halda uppi atvinnustiginu í landinu og hjálpa atvinnufyrirtækjunum og fólkinu til að komast út úr þeim þrengingum sem það stendur nú frammi fyrir. Ég átta mig alls ekki á því á hvaða vegferð Seðlabankinn er og ekki á því umboði ríkisstjórnarinnar að samþykkja þá vegferð sem Seðlabankinn boðar í dag. Því þessi verk eru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og það þýðir ekkert fyrir stjórnarflokkana að skorast undan því eða benda á Seðlabankann sem eitthvert sérstakt fyrirbæri sem sé lausríðandi eins og veikt hross um þjóðfélagið sem enginn hafi stjórn á.

[16:02]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessa frumvarps og ég ætla ekki að fara yfir það sem slíkt. Skattafslátturinn gæti orðið um 500 þús. kr. og ég held að allir átti sig á að það getur hjálpað til og lagað stöðu þeirra sem þurfa daglega að fara langan veg, eins og frá Suðurnesjum á höfuðborgarsvæðið eða öfugt. Það er jafnlangt frá Sandgerði til Reykjavíkur og frá Reykjavík til Sandgerðis og það sama á við um Borgarnes og Árborgarsvæðið. Þetta er að verða eitt stórt atvinnusvæði en fólk á lágu kaupi vílar það dálítið fyrir sér vegna kostnaðar við að koma sér til og frá vinnu og kannski bara þeir hæst launuðu sem treysta sér til þess.

Aldrei hefur verið meiri þörf fyrir þetta frumvarp en einmitt nú þar sem atvinnuástandið mun breytast mjög hratt á næstunni. 18% stýrivextir hjálpa fyrirtækjum í atvinnurekstri og almenningi ekki á næstunni og munu sennilega verða til þess að drepa í sumum sem áttu einhverja smávon og fleira fólki verði því sagt upp um mánaðamótin en mátti eiga von á og er nú nóg samt. Talað er um að 25% af fyrirtækjum í landinu muni ekki borga út um næstu mánaðamót. Ég hefði haldið að þar sem stjórnvöld gortuðu fyrir einungis ári síðan af því að mótvægisaðgerðir þeirra væru þær mestu og bestu sem gerðar hefðu verið í lýðveldissögunni að þá væri alvöru mótvægisaðgerð að samþykkja frumvarpið og gera að lögum.

Endalaust er hægt að tala um ástandið í þjóðfélaginu núna, það er ömurlegt og óvissa um fjárlög og nánast allt. Tekjur þjóðarinnar á næsta ári og skuldir hennar eru enn þá óljósar og allt í þeim dúr. Við flytjum því frumvarp til að reyna að koma til móts við fólk og hjálpa og ég vonast til þess að þeir sem mynda ríkisstjórnina, Samfylking og Sjálfstæðisflokkur, sjái sóma sinn í því að standa með okkur í þessu og gera frumvarpið að lögum. Þetta er kannski dropi í hafið en þó spor í rétta átt.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Háskóli á Ísafirði, 1. umr.

Frv. KHG o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

[16:06]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um Háskóla á Ísafirði, 46. mál á þskj. 46, sem ég flyt ásamt hv. þingmönnum Magnúsi Stefánssyni og Jóni Bjarnasyni. Frumvarp þetta er endurflutningur frá síðasta þingvetri en málið flutti ég þá ásamt þingmönnunum Guðjóni Arnari Kristjánssyni og Jóni Magnússyni.

Frumvarpið er í sex köflum, samtals 19 greinar. Í I. kafla er gerð grein fyrir hlutverki skólans og samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er Háskólinn á Ísafirði vísindaleg mennta- og rannsóknastofnun sem veitir stúdentum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til að gegna ábyrgðarstörfum í atvinnulífinu. Háskólanum er heimilt að veita framhaldsmenntun og endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru í deildum hans.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um kennara og stúdenta og kveðið á um að kennarar við skólann séu prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar. Þá er einnig kveðið á um að rektor ráði prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara og að skipuð sé dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs til að dæma um hæfi umsækjenda um störf við skólann.

Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um stjórnskipulag hans og kveðið á um að háskólaráð sé æðsti ákvörðunaraðili innan skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum, og að í háskólaráði sitji rektor, sem jafnframt er forseti þess, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi stúdenta og einn fulltrúi skipaður af menntamálaráðherra.

Þá er í þessum kafla mælt fyrir um að menntamálaráðherra skipi rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs og að rektor sé yfirmaður stjórnsýslu háskólans. Háskólaráð ákvarðar deildarskipan háskólans og afmarkar aðrar stjórnunareiningar innan hans. Fyrir hverja deild háskólans eða skilgreinda námsbraut skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talda starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við.

Í IV. kafla frumvarpsins eru ákvæði sem varða kennslu, framkvæmd prófa og agaviðurlög og eru hefðbundin miðað við ákvæði annarra háskóla á vegum ríkisins.

Í V. kafla er fjallað um rannsóknir og bókasöfn og kveðið á um að skólanum sé heimilt að starfrækja rannsóknastofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra og eiga aðild að, með samþykki menntamálaráðherra, rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að á hverjum tíma.

Þá er kveðið á um að við háskólann skuli vera rannsókna- og sérfræðibókasafn sem tengist fræðasviðum skólans og að skólanum sé heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði háskólans, t.d. um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna. Þá er að finna í þessum kafla ákvæði sem veitir háskólaráði rétt til að veita doktorsnafnbót.

Í VI. kafla eru ákvæði um gildistöku og reglugerð með hefðbundnum hætti. Gert er ráð fyrir að lög þessi öðlist gildi þegar í stað og í ákvæði til bráðabirgða er menntamálaráðherra falið að skipa fimm manna háskólaráð sem tekur til starfa þegar í stað til þess að undirbúa stofnun skólans. Miðað er við að kennsla hefjist við skólann eigi síðar en á haustönn 2009 og þá verði skipað nýtt háskólaráð samkvæmt ákvæðum 5. gr. frumvarpsins.

Þetta er megininntakið í lagafrumvarpinu, virðulegi forseti. Það er gert ráð fyrir því að skólinn verði hefðbundinn ríkisháskóli og við hann séu ekki innheimt skólagjöld með öðrum hætti en gildir um slíka skóla. Auðvitað má hugsa sér annað form, t.d. kemur vel til greina að skólinn sé sjálfseignarstofnun eða hugsanlega hlutafélag. Það eru allt spurningar um form sem engin ástæða er til að útiloka að geti komið til greina ef samstarfsaðilar eru fyrir hendi sem

gera þá leið mögulega. Við flutningsmenn leggjum til að skólinn verði hefðbundinn ríkisháskóli og er það á valdi ríkisins og Alþingis ef vilji er til að hrinda því í framkvæmd með skjótum hætti, sem full þörf er á.

Flutningsmenn telja að farsælast sé að stjórna uppbyggingu á háskólanámi á Vestfjörðum með sjálfstæðri stofnun með fjárveitingu á fjárlögum eins og aðrir háskólar búa við. Þá munu forustumenn skólans vinna að uppbyggingu hans og móta námsframboð á þeim forsendum sem gagnast best þeim sem skólanum er einkum ætlað að þjóna. Ég vek athygli á því að fyrir liggur að töluverður fjöldi nemenda er til staðar. Áætlað er að um 150–200 manns á Vestfjörðum stundi nám við háskóla og þá fyrst og fremst í fjarnámi.

Bent er á reynslu af uppbyggingu Háskólans á Akureyri. Í upphafi var lagt til að hafin yrði kennsla á háskólastigi á Akureyri í tilteknum greinum á vegum Háskóla Íslands en frá því var horfið og stofnaður sjálfstæður háskóli fyrir norðan. Væntanlega efast fáir um það núna að það hafi reynst heillaráð og að háskólanám fyrir norðan væri allt með öðrum og minni hætti nú ef það hefði verið „annexía“ frá háskóla héðan að sunnan og uppbyggingu þess hefði verið stjórnað af fjarlægum stjórnendum í öðrum landshluta.

Miklar framfarir á síðasta áratug gera það kleift að hinn nýi háskóli geti átt samstarf við aðra háskóla og sótt til þeirra þekkingu og námsframboð. Er gert ráð fyrir að þeir möguleikar verði nýttir sem mest í þágu háskólanáms á Vestfjörðum. Rökin fyrir sérstökum háskóla á Vestfjörðum eru enn þau sömu og sett voru fram þegar stofnaður var Háskólinn á Akureyri.

Birgir Ísleifur Gunnarsson, þáverandi menntamálaráðherra, mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi 12. desember 1987 og sagði þá, með leyfi forseta:

„Ég gat þess áðan að Háskóli á Akureyri hefur verið mikið áhugaefni forustumanna í byggðum norðan lands. Það er mjög skiljanlegt, ég hygg reyndar að ekkert sé raunhæfara í byggðamálum en að flytja menntun út í byggðir landsins. Mér er það í minni að menntamálaráðherra Svía var hér í heimsókn á sl. sumri og við ræddum um þróun skólamála, ekki síst þróun skólamála í Svíþjóð. Hann sagði mér að ríkisstjórnir í Svíþjóð hefðu gert mjög margt til þess að halda uppi byggðastefnu. Þær hefðu látið mikið fé af hendi rakna í ýmiss konar félagsleg verkefni og til ýmiss konar atvinnufyrirtækja en í rauninni hefði ekki nein stefna reynst betri en sú þegar Svíar fóru að flytja sitt æðra nám út í hinar dreifðu byggðir landsins.“

Ég legg áherslu á lokaorð framsöguræðu þáverandi menntamálaráðherra, Birgis Ísleifs Gunnarssonar. Sömu sjónarmið komu síðar fram hjá Ólafi G. Einarssyni, þáverandi menntamálaráðherra, 26. febrúar 1992 þegar hann mælti fyrir frumvarpi til nýrra laga um Háskólann á Akureyri.

Hann sagði þá, með leyfi forseta:

„Ég vil einnig minna á að starfsemi Háskólans á Akureyri er mikilvægur þáttur í byggðastefnu, þ.e. að fólk í hinum dreifðu byggðum landsins fái aukna möguleika á að notfæra sér þá menningu og þau lífsgæði sem felast í þróttmikilli háskólamenntun og vísindastarfsemi.“

Mikill áhugi er á háskólanámi á Vestfjörðum. Milli 150 og 200 manns stunda þar nám í fjarnámi eins og fyrr kom fram. Enginn háskóli hefur starfsemi þar, aðeins háskólasetur. Þó að háskólasetur sé að mörgu leyti merkileg stofnun og ýti áfram uppbyggingu á háskólanámi er það ekki háskóli, getur ekki orðið það og getur ekki tekið að sér slíkt hlutverk vegna þess að um er að ræða þjónustuaðila fyrir aðra háskóla. Þess vegna þarf að stíga skrefið til fulls. Ef aðsókn að nýjum háskóla verður svipuð og ætla má út frá þeim fjölda sem stundar fjarnám á Vestfjörðum munu nemendur við nýjan háskóla í upphafi verða margfalt fleiri en þeir sem hófu nám við Háskólann á Akureyri þegar kennsla hófst þar en þeir munu hafa verið innan við 40. Allar ástæður eru til að ætla að nýr háskóli á Vestfjörðum á næsta ári mundi þegar í upphafi hafa margfaldan þann fjölda sem menn lögðu af stað með við stofnun Háskólans á Akureyri. Þó að fjöldinn væri ekki mikill þar á þeim tíma tókst vel til og Háskólinn á Akureyri er orðinn mjög öflugur háskóli sem hefur skilað því inn í samfélagið sem honum var ætlað að gera, ekki bara til þjóðfélagsins í heild, sem hann að sjálfsögðu hefur lagt sitt af mörkum til að efla, heldur hefur hann styrkt samfélagið sem hann starfar í.

Í þessu sambandi minni ég á nýlega skýrslu sem kom út á vegum OECD þar sem einmitt er bent á að eitt öflugasta tæki til þess að styrkja byggð í dreifðum byggðum einstakra landa er í gegnum menntastofnanir og sérstaklega háskóla. Það helgast af því að háskólinn er auðvitað sjálfur stofnun eða atvinnufyrirtæki sem hefur starfsfólk og nemendur og þar er starfsemi, en fyrst og fremst vegna þess að út úr háskólunum kemur fólk sem sest að á þessum stöðum í meira mæli en væri ef það væri gengið til mennta annars staðar, tekur til starfa í samfélaginu og beitir sér hvert á sínum vettvangi hvort sem það er hjá atvinnufyrirtæki, hinu opinbera, í félagasamtökum eða stjórnmálum. Það hefur þekkingu á ýmsum viðfangsefnum þjóðfélagsins sem við er að glíma og getur hjálpað atvinnufyrirtækjum og öðrum í samkeppni í þjóðfélaginu um fólk, tekjur, verkefni, tækifæri og annað og leiðir til þess að svæði eflist vegna þess að þekkingin hefur styrkst. Fleiri verða á svæðinu með meiri þekkingu og meiri getu til þess að drífa hlutina áfram og í því felst helsti styrkur og ávinningur viðkomandi svæðis. En fyrst og fremst legg ég áherslu á ávinninginn fyrir þjóðfélagið í heild því að aukið menntastig þýðir aukin landsframleiðsla, auknar tekjur og meiri velsæld í þjóðfélaginu — og mætti ætla við þær aðstæður sem við búum við þessa mánuðina að menn séu sammála um að ekki veiti af.

Með fjölgun skóla hefur þeim fjölgað sem gengið hafa menntaveginn. Það er þróun sem menn sáu fyrst í framhaldsskólunum eða kannski öllu heldur fyrst í iðnskólunum sem voru víða um land og áttu sitt blómaskeið á sínum tíma. Síðan komu menntaskólarnir og mikil togstreita var um það fyrir 30 árum eða svo að fá nægilegan pólitískan stuðning til að stofna framhaldsskóla í ýmsum byggðarlögum landsins, t.d. á Ísafirði. Að baki stofnunar Menntaskólans á Ísafirði var margra ára barátta nokkurra alþingismanna sem að lokum skilaði því að skólinn var stofnaður því að þeir skólar sem fyrir voru óttuðust að þetta hefði áhrif á hag þeirra. Þannig eru hlutirnir og þess vegna var þessi togstreita á sínum tíma.

Við sjáum að því víðar sem við förum með framhalds-

skólana styrkjast viðkomandi byggðarlög og landsvæði, sem styrkir svo þjóðina í heild, af því að stærri hluti af hverjum árgangi menntar sig meira en ella væri. Breytingar sem sem orðið hafa gera það auðveldara að stofna framhaldsskóla með færri nemendum en var fyrir 30–40 árum. Þess vegna er gerlegt að stofna framhaldsskóla í Borgarnesi, á Snæfellsnesi og Ólafsfirði og víðar. Ég hygg að það sé nokkuð samdóma álit þingmanna í þeim kjördæmum þar sem skólar hafa verið settir á fót að það hafi verið til góðs. Ég man ekki eftir dæmi um að menn haldi því fram að það hafi leitt til verri stöðu að stofna framhaldsskóla á tilteknum stað.

Sama þróun á sér stað með háskólana. Þeir eru að færast út um landið rétt eins og framhaldsskólarnir áður. Þeir munu skila jákvæðum áhrifum alveg eins og framhaldsskólarnir gerðu. Það er deginum ljósara að það er ávinningur fyrir þjóðina eða þjóðarbúið í heild að háskólar eru á Bifröst, Hvanneyri, Hólum og Akureyri. Það er líka ávinningur fyrir viðkomandi byggðarlög eða landsvæði sem njóta í ríkara mæli en önnur góðs af starfseminni. Þannig mun þetta halda áfram. Það mun koma háskóli á Suðurnesjum og reyndar er búið að gefa því vel undir fótinn af hálfu ríkisstjórnarinnar að koma honum þar á legg. Það mun koma háskóli á Selfossi, ég er alveg sannfærður um það. Það mun verða háskóli á Egilsstöðum innan skamms og hér er lagt til að það verði háskóli á Ísafirði. Allt þetta mun koma, vil ég leyfa mér að halda fram, og verða til góðs fyrir þjóðina og einstök svæði.

Ég flutti þingsályktunartillögu um stofnun háskóla á Ísafirði fyrir fimm árum ásamt þremur öðrum þingmönnum, Gunnari Birgissyni, Einari Oddi Kristjánssyni og Magnúsi Stefánssyni. Þá létum við taka saman fyrir okkur upplýsingar. Þar var m.a. dregið fram, til að sýna áhrifin af skóla á tilteknu landsvæði eins og lagt er til í þessu frumvarpi, að 400 stúdenta skóli sem hefði þar af 300 í staðnámi, sem kallað er, mundi leiða til fjölgunar íbúa um 900. Það munar dálítið um það. Fimm árum síðar höfum við hátt í þann fjölda af nemendum á svæðinu í fjarnámi. Ég hugsa að við hefðum kannski ekki þorað að halda því fram þá að fjölgunin yrði svo hröð sem reyndin hefur orðið. Svo bætast við nemendur af svæðinu sem eru í staðnámi í öðrum háskólum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga ályktaði um stofnun Háskóla á Ísafirði á þingi sínu í byrjun september á síðasta ári og hvatti til þess að skólinn yrði stofnaður og tæki til starfa á þessu ári. Þá hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lýst yfir stuðningi sínum við stofnun Háskóla á Ísafirði og því til viðbótar liggur fyrir stuðningur við tillöguna frá því fyrir fjórum árum frá bæjarstjórninni í Bolungarvík og ýmsum hagsmunasamtökum á svæðinu og reyndar frá Menntaskólanum á Ísafirði, sem ég vil sérstaklega geta um að lýsti strax yfir stuðningi við stofnun háskóla. Fræðslumiðstöð Vestfjarða er annað dæmi um samtök sem studdu málið fyrir fimm árum og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að sú afstaða sé óbreytt.

Hins vegar hefur komið fram, eins og ég reyndar átti von á, og hvað skýrast í umsögnum um málið fyrir fimm árum andstaða annarra háskóla svo sem Kennaraháskólans og Háskólans í Reykjavík af þeirri einföldu ástæðu að þeir eiga hagsmuna að gæta. Þeir óttast um hagsmuni sína verði skólinn að veruleika og leggjast því gegn málinu. Ég tel það vera skammsýni, ég tel að menn eigi að draga lærdóm af reynslunni á Akureyri og að þessir háskólar eigi að leggjast á sveif með okkur flutningsmönnum, styðja frumvarpið og vinna að því að stofna háskóla á Ísafirði.

Virðulegi forseti. Það er hægt að hugsa sér ýmsar aðrar útfærslur á stofnun háskóla á Ísafirði en frumvarpið gerir ráð fyrir, svo sem sjálfseignarstofnun og jafnvel er hugsanlegt að sjá fyrir sér eina háskólastofnun með starfsemi á nokkrum stöðum á landinu en þá að því tilskildu að sjálfstæði einstakra starfsstöðva sé fyrir hendi bæði í stjórnun og fjárhagslega. Ég nefni dæmi um þetta fyrirkomulag erlendis frá þar sem háskólar eru oft safn af minni skólum eða stofnunum sem snúa bökum saman í eina. Þetta er sett fram til þess að láta vita af því að við þekkjum þessar hugmyndir og erum tilbúin til að ræða þær, en tillagan er alveg skýr og leiðin sem við veljum í frumvarpinu fer ekki á milli mála og það er afstaða okkar flutningsmanna að hún sé farsælust þegar horft er til lengri tíma.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta mál í framsögu, legg til að því verði vísað til 2. umr. og menntamálanefndar að lokinni þessari umræðu.

[16:26]

Útbýting:

Innköllun íslenskra aflaheimilda, 98. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 105.

Seðlabanki Íslands, 103. mál, frv. JM o.fl., þskj. 110.

[16:26]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi lýsa því yfir að það mál sem hér er til umræðu nýtur fulls stuðnings þess sem hér stendur og annarra þingmanna Frjálslynda flokksins.

Það er til mikils að vinna að ná því í gegn sem hér er lagt til, að stofna sjálfstæðan háskóla á Ísafirði. Til þess hefur áhugi manna staðið eins og kom fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar áðan þegar hann vísaði til þess réttilega að bæjarstjórnir á Vestfjörðum hafa lagt þessu máli lið og Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur einnig sérstaklega mælt með því að stofnaður verði sérstakur háskóli á Vestfjörðum.

Háskólasetur Vestfjarða, sem nú er staðsett á Ísafirði, hefur vissulega hafið starfsemi og sú starfsemi gengur ágætlega og er góður vísir að því sem koma skal en ég tek sérstaklega undir það í þessu frumvarpi að stíga eigi skrefið til fulls og stofna sérstakan háskóla á Vestfjörðum. Því fylgir auðvitað mikill ávinningur eins og kom fram í máli hv. 1. flutningsmanns og framsögumanns þessa máls og reynslan af háskólum annars staðar á landinu bendir eindregið til þess að eftir miklu sé að slægjast í því máli sem hér er lagt upp með. Ef horft er til háskóla í landinu og þróun þeirra og þeirrar byggðar þar sem þeir eru staðsettir er reynslan sú að þeir efla mjög byggð og að sjálfsögðu er mest um verð sú menntun sem þeir hljóta sem stunda þar háskólanám. Það er því eftir miklu að slægjast að hafa háskóla í viðkomandi byggðarlögum, það styrkir byggðirnar og gerir það mögulegt að stunda háskólanám heima í hér-

aði. Það mælir allt með því að staðið verði þannig að verki sem hér er lagt til, að stofnaður verði og sett lög um sérstakan háskóla á Vestfjörðum. Er þá ekki verið að gera lítið úr því, hæstv. forseti, sem gert hefur verið hingað til í þeim málum vestur á fjörðum, á Ísafirði, og ber auðvitað að fagna því sem vel hefur tekist til með. Það breytir ekki þeim einlæga vilja mínum og að sjálfsögðu flutningsmanna að háskóli verði starfræktur á Ísafirði og þar starfi sjálfstæður háskóli.

Það er líka rétt að benda á, eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, að atvinnulíf á Vestfjörðum hefur löngum verið talsvert einhæft. Það hefur byggst mikið á sjávarútvegi og staðið styrkum stoðum sem slíkt á honum en með niðurskurði aflaheimilda á síðasta ári var vegið verulega að þeirri undirstöðu sem vestfirskar byggðir byggja á en þar skiptir auðvitað botnfiskaflinn og þá einkum þorskaflinn langmestu máli. Þegar við sitjum uppi með það annað árið í röð að þorskaflinn eigi að vera 130 þúsund tonn er náttúrlega vegið sérstaklega að undirstöðum þessarar byggðar og það er ekki tilviljun, hæstv. forseti, að fækkað hefur í byggðum Vestfjarða á undanförnum árum og áratugum. Ég vil einnig minna á að tillögur svokallaðrar Vestfjarðanefndar eru í þá veru að reyna að styrkja atvinnulíf og ýta undir menntun á Vestfjörðum og ég tel að það frumvarp sem hér er lagt fram sé því virkilega orð í tíma töluð og að við eigum að afgreiða þetta mál sem lög frá Alþingi. Ég hvet eindregið til þess að það verði gert. Það mun að mínu viti hafa mjög jákvæð áhrif á byggðaþróun á Vestfjörðum og einnig þá tilfinningu fólks að geta sótt menntun í sínu heimahéraði og að þar verði til störf sem tengjast háskólamenntun og háskólastarfi, rannsóknum og vísindum.

Þess vegna er ég eindreginn stuðningsmaður þess, hæstv. forseti, að málið fái góða afgreiðslu í hv. Alþingi. Aldrei er meiri þörf en einmitt nú að slíkt mál eins og hér um ræðir fái afgreiðslu og stefnumótun til framtíðar og er mikill vísir að því að stjórnvöld ætli sér að standa gegn þeirri byggðaþróun sem verið hefur á Vestfjörðum og að gera þeim landshluta mögulegt að ná fótfestu til jafnfætis við aðrar byggðir. Við sjáum þróunina sem orðið hefur samfara aukinni háskólamenntun í Borgarfirði, við sjáum þróunina á Akureyri og í Skagafirði þar sem Hólaskóli hefur eflst og er Skagfirðingum afar mikilvægur á því svæði öllu. Það er því ekki spurning að hér er um ákaflega þarft og gott málefni að ræða sem vissulega er búið að stíga skref í en nú tel ég, hæstv. forseti, að stíga eigi það til fulls á yfirstandandi þingi og samþykkja frumvarpið sem lög frá hv. Alþingi.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og menntmn.

[16:33]

Útbýting:

Geðheilbrigðismál, 106. mál, fsp. SF, þskj. 114.

Hlutur áliðju og ferðaþjónustu í þjóðarframleiðslu, 107. mál, fsp. MÁ, þskj. 115.

Íbúðalánasjóður, 108. mál, fsp. JBjarn, þskj. 116.

Kæra bankanna á hendur Íbúðalánasjóði, 109. mál, fsp. JBjarn, þskj. 117.

Mælingar á brennisteinsvetni í andrúmslofti, 105. mál, fsp. ÁI, þskj. 113.

Tæringaráhrif brennisteinsvetnis í andrúmslofti, 104. mál, fsp. ÁI, þskj. 112.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 16:34.

---

16. FUNDUR

miðvikudaginn 29. október,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til samgönguráðherra:

2. Framkvæmdir við Vestfjarðaveg, fsp. ÁI, 75. mál, þskj. 75.

3. Framkvæmdir við Gjábakkaveg, fsp. ÁI og KolH, 76. mál, þskj. 76.

Til félags- og tryggingamálaráðherra:

4. Fæðingarorlof kvenna sem gengist hafa undir tæknifrjóvgun, fsp. KJak, 81. mál, þskj. 86.

Til fjármálaráðherra:

5. Heimild til að draga opinber gjöld af launagreiðslum, fsp. KJak, 82. mál, þskj. 87.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanrrh., 2. þm. Reykv. s. (29.10.)

[13:33]

Útbýting:

Framleiðsla köfnunarefnisáburðar, 110. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 118.

Tóbakssala í fríhöfnum, 74. mál, svar fjmrh., þskj. 119.

Störf þingsins.

Þakkir til Færeyinga – stýrivaxtahækkun.

[13:33]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Mitt í öllu efnahagsóveðrinu berast okkur Íslendingum þær fréttir að færeyska landsstjórnin hafi ákveðið að leggja til við færeyska lögþingið að rétta okkur hjálparhönd á óvenjurausnarlegan hátt. Með því sýna Færeyingar okkur mikinn drengskap og veglyndi sem snertir streng í hjörtum allra Íslendinga. Færeyingar hafa áður sýnt í verki

vináttu og frændrækni þegar við höfum þurft á að halda. Ég veit að fjölmargir hafa nú þegar brugðist við þessu vinarbragði og fréttum og sent færeyska lögþinginu og færeyskum fjölmiðlum persónulegar þakkir.

Það er einnig sérstaklega ánægjulegt að í færeyska lögþinginu virðist vera alger pólitískur einhugur um að rétta Íslendingum hjálparhönd með lánveitingu á sérstökum vildarkjörum enda þótt málið hafi ekki enn þá fengið fullnaðarafgreiðslu í færeyska lögþinginu. Það sýnir svo ekki verður um villst að vinátta Færeyinga í okkar garð er fölskvalaus og einlæg og verðskuldar að við þökkum fyrir okkur með sóma og á afgerandi hátt. Ég álít að forseti Alþingis ætti að beita sér fyrir því á vettvangi forsætisnefndar eða ásamt formönnum þingflokka að Alþingi Íslendinga sendi færeyska lögþinginu, þegar það hefur fjallað um málið, og færeysku þjóðinni þakkir þings og þjóðar fyrir einstakan vinargreiða og stórlyndi.

[13:35]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni að sá vinarhugur og höfðingsskapur sem Færeyingar sýna okkur Íslendingum með þeim tillögum sem fram hafa komið hjá landsstjórninni snerta strengi djúpt í hjörtum okkur. Það er rétt að minnast þess að það er ekki í fyrsta sinn sem Færeyingar hafa sýnt slíkan höfðingsskap þegar á móti hefur blásið hjá okkur Íslendingum.

Sá sem hér stendur var búsettur vestur á Flateyri þegar snjóflóðið hræðilega féll á þorpið. Það er mér ógleymanlegt og í miklu minni hvernig Færeyingar, þegar á móti blés hjá þeim sjálfum og efnahagslíf þeirra var í lægð, stóðu fyrir mikilli söfnun sem síðan gerði það kleift að byggja stóran og mikinn leikskóla á Flateyri sem var stór hluti í því að byggja upp þorpið eftir það áfall sem þar hafði orðið. Þetta kemur því ekki á óvart. Ég tek undir að ég tel að það sé mjög vel við hæfi og beini því alveg sérstaklega til hæstv. forseta þingsins að komi til þess að færeyska þingið samþykki tillögu landsstjórnarinnar munum við koma þakklæti okkar með mjög skýrum hætti til færeysku þjóðarinnar. Tel ég að forseti muni leiða það starf vel og dyggilega.

Við höfum sjálf lært mikið af þessu. Hvað varðar samskipti okkar við Færeyinga höfum við sýnt að hér eru vinaþjóðir sem vinna vel saman. Það hefur verið gott samstarf t.d. um veiðar Færeyinga inni á lögsögu okkar. Við höfum veitt þeim ákveðinn forgang hvað það varðar og við eigum, nú sem endranær, að styðja öll okkar samskipti við Færeyinga. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hóf máls á þessu áðan og þess vegna vil ég nefna að við verðum báðir á EFTA-fundi á næstunni. Þar eigum við að beita okkur af mikilli hörku og festu við það að fylgja eftir hugmyndum Færeyinga um að þeir fái aðild að EFTA. (Forseti hringir.) Ég held að þetta eigi að hvetja okkur til þess að sýna stuðning (Forseti hringir.) við færeysku þjóðina hvað það varðar.

[13:37]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau orð sem hér hafa fallið í garð Færeyinga fyrir þeirra rausnarlega tilboð og væntanlega ákvörðun um lánveitingu til okkar og er ekkert ofmælt í þeim efnum sem hér hefur verið sagt.

Mig langar að víkja að öðru sem ég held að sé meira aðkallandi að fá botn í í þinginu og það er stýrivaxtahækkunin sem ákveðin var í gær. Hæstv. forsætisráðherra lýsti því í útvarpsfréttum að vaxtahækkunin væri í samræmi við samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og staðfesting á því að tilgangurinn með hækkuninni væri að styrkja krónuna. Það sama kom fram í máli hæstv. utanríkisráðherra í hádegisfréttum í dag þar sem ráðherrann sagðist ekki geta annað en stutt þessa stýrivaxtahækkun.

Hins vegar lýsti hæstv. menntamálaráðherra því yfir í viðtali við Stöð 2 í gær að sér fyndist stýrivaxtahækkun ekki heppileg og er afar óhress með hana. Ríkisstjórnin situr í umboði þingsins þannig að það sem hún gerir þarf að vera þingmeirihluti á bak við. Mig langar að forvitnast um það hjá þingflokksformönnum stjórnarflokkanna hvort stýrivaxtahækkunin sé liður í aðgerð sem ríkisstjórnin hafi samþykkt og stjórnarflokkarnir standi á bak við. Það hlýtur að vera grundvallaratriði að það sem ríkisstjórnin gerir og semur um við erlenda stofnun eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sé í umboði meiri hluta þingsins. Það gengur auðvitað ekki að ríkisstjórnin tali tveimur tungum í þessu máli. Annars vegar koma tveir ráðherrar og lýsa yfir stuðningi við aðgerðina og telja hana nauðsynlega. Hins vegar kemur einn ráðherra og varpar allri ábyrgð af herðum sér yfir á herðar annarra. Ég fer fram á það, virðulegur forseti, að botn fáist í málið.

[13:40]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég tek undir þakklæti til Færeyinga fyrir að hafa sýnt okkur þann vinarhug í verki að styðja okkur á þessum erfiðu tímum. En ég held að það sé líka mikil ástæða til þess að ræða það mál sem kom fram í gær, þ.e. stýrivaxtahækkunina. Ég fullyrði, alla vega fyrir mína hönd, að við vorum ekki upplýstir um það, formenn stjórnarandstöðuflokkanna, að slík skilyrði væru inni í samningum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og umsókn um lán frá honum að hækka ætti stýrivexti upp í 18%, um 50% frá því sem áður hafði verið ákveðið. Ég get sagt það hreinskilnislega að við forustumenn stjórnarandstöðunnar lýstum því sérstaklega yfir að við teldum að halda ætti stýrivöxtunum alla vega óbreyttum við núverandi aðstæður.

Ég sá í Morgunkorni Glitnis að vísasta leiðin til að lækka vexti einn, tveir og þrír væri bara að lýsa því yfir að Íslendingar væru á leiðinni inn í ESB og tækju upp evruna. Það mundi strax hafa áhrif. Ég spyr: Í hvers umboði tala greiningardeildir bankanna núna? Þetta eru ríkisbankar og við höfum notið leiðsagnar greiningardeilda þeirra á undanförnum árum og höfum nú lent í dæmalausu klúðri og vandræðagangi í fjármálum þess vegna. Ég spyr: Ef svona „patent“-lausn er fyrir hendi, (Forseti hringir.) hvar voru þessir menn þegar við fórum í þann vandræðaferil sem við erum í nú?

[13:42]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að fagna og

þakka framgöngu Færeyinga í okkar garð. Færeyringar hafa alla tíð stutt okkur með ráðum og dáð og það er alveg klárt mál að á vettvangi alþjóðasamfélagsins voru Færeyingar okkur bestu og kannski einu sönnu vinir. Vinátta þeirra hefur aldrei verið háð skuldbindingum. Það þurfum við að meta, það þurfum við að rækta. Þess vegna þurfum við að gæta þess að styrkja Færeyinga í einu og öllu sem við getum, eins og hér hefur komið fram, virðulegi forseti.

Það er vonandi að það fari að minnka froðulöðrið í umræðunni sem verið hefur síðustu daga um alvöru málsins. Vonandi beina menn sjónum að því sem skiptir miklu máli nú, þ.e. að því að létta róðurinn hjá þeim sem verst fara út úr ágjöfinni, hjá fjölskyldum og fyrirtækjum, að finna þar flöt sem getur brúað bil. Það eru hlutir sem þarf að ræða og skoða í fullri alvöru án þess að góna á „glimmer“ Evrópubandalagsins sem er hvorki í nálægð né í framtíðinni svo að mark sé á takandi miðað við þann tíma sem allt slíkt tekur. Þess vegna er rétt að menn spóli sig aðeins niður. Það væri kannski ekki svo vitlaust að kanna það að taka upp færeyska krónu í samfloti með Færeyingum á jafnréttisgrundvelli. En öll mál þarf að skoða.

[13:44]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í kjölfar þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kallaði eftir því hvort ríkisstjórnin hefði meirihlutastuðning á Alþingi við þær aðgerðir sem hún hefði gripið til, þ.e. vegna stýrivaxtahækkunar sem Seðlabankinn tók ákvörðun um. Það má ekki gleyma því að Seðlabankinn er sjálfstæð stofnun og tekur sína ákvörðun.

Það samkomulag eða áætlun sem íslensk stjórnvöld hafa sent Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á eftir að taka fyrir í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hefur hún ekki enn tekið afstöðu til þeirrar áætlunar. Afstaða stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins liggur því ekki á þessu stigi fyrir nema að komið hafa vilyrði úr þeirri átt. Seðlabankinn tók þá ákvörðun í gær að hækka stýrivexti úr 12% í 18% og hækkaði þar um 6 prósentustig. Væntanlega gerir Seðlabankinn það til að reyna að standa vörð um krónuna og til að reyna að fá verð á hana. Staðreyndin er vitaskuld sú að um það bil 80% af skuldum fyrirtækja eru í erlendri mynt og það er mikill hagur fyrir fyrirtækin að fá verð á krónuna þannig að hægt sé að meta þær skuldir af einhverju viti. Ég get ímyndað mér að 20% heimila séu með erlendar skuldir og það er því mikill hagur fyrir heimilin og innflutninginn að fá verð á krónuna. Varðmenn krónunnar, þeir sem telja að krónan sé framtíðarmynt íslensku þjóðarinnar, hljóta að dásama þessa aðgerð. (Forseti hringir.) Fyrir hina sem telja skynsamlegra að leita annarra leiða, (Forseti hringir.) til að mynda að ganga til liðs við Evrópusambandið, horfa menn á þetta sem tímabundna aðgerð (Forseti hringir.) til að krónan fái verðgildi.

[13:47]

Bjarni Harðarson (F):

Frú forseti. Ég kem hér til þess að ræða aðeins mál málanna, stýrivaxtahækkunina. Ég get þó ekki látið hjá líða að taka undir þær þakkir sem fluttar hafa verið Færeyingum. Ég tel líka ástæðu til að Alþingi hafi hugfast að þrátt fyrir nokkurn fjandskap sem Bretar, og jafnvel fleiri þjóðir, hafa sýnt okkur, sérstaklega þó Bretland, eigum við þar líka marga vini. Í stjórnmálum Bretlands hafa margir — kannski ekki kratarnir — tekið svari okkar.

Varðandi þá umræðu sem verið hefur í samfélaginu er ég ekki einn um það — ég hygg að svo sé með þjóðina alla að hún sé nokkuð ráðvillt í því hver fari með völd. Framan af þessu kjörtímabili báru ráðherrar Samfylkingarinnar því fyrir sig að þeir hefðu engin völd, allt hefði verið ákveðið af fyrri ríkisstjórn. Nú er viðbáran sú að þeir hafi engin völd, þetta sé allt ákveðið uppi í Seðlabanka. Málflutningur af þessu tagi nær ekki máli að mínu viti.

Ástæða er til þess að það sé á hreinu hver afstaða Samfylkingarinnar er til stýrivaxtahækkunarinnar — þetta er pólitísk ákvörðun, ákvörðun sem tekin er í samskiptum Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fylgt eftir af embættismönnum sem starfa á vegum og í umboði framkvæmdarvaldsins og lúta þar með vissum hætti pólitísku valdi. Enda hefur ekki heyrst nein breyting á því að valdskiptingin sé þrískipt, framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald. Það hefur ekki verið gefið út að það fyrirkomulag sé með neitt öðrum hætti. Það að fulltrúar Samfylkingarinnar skjóti sér bak við hið svokallaða sjálfstæði Seðlabankans þykir mér ekki mjög stórmannlegt.

Við áttum fund um þetta í fjárlaganefnd í morgun og ég kalla eftir svörum fjárlaganefndarmanns frá Samfylkingunni, hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, um það hver afstaða hennar er (Forseti hringir.) til þeirrar stýrivaxtahækkunar sem nú (Forseti hringir.) hefur verið ákveðin og ég tel að sé ekki að öllu leyti farsæl fyrir þjóðina.

[13:49]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir að beina þessari fyrirspurn til mín. Fyrst hélt ég að hann væri að því vegna þess að ég gegni formennsku í samgöngunefnd þingsins en ég heyrði það á ræðu hans að það er vegna setu minnar í fjárlaganefnd.

Það er rétt sem hv. þingmaður sagði að á fund fjárlaganefndar í morgun komu m.a. fulltrúar frá Seðlabanka Íslands, frá fjármálaráðuneyti og hagfræðingar frá háskólasamfélaginu til að ræða efnahagsmálin og ekki síður stýrivaxtahækkunina. Ég ætla ekki að fara efnislega yfir það sem þar kom fram enda veit hv. þingmaður það eins vel og ég — þær upplýsingar voru gefnar þar — að Seðlabanki Íslands tók ákvörðun og kynnti þessa tilhögun um hækkun stýrivaxta. Það er jú Seðlabankinn sem fer með þetta vald lögum samkvæmt og hann tilkynnti þetta í gær. Hvorki ég né hv. þingmaður eða aðrir hafa einhverjar forsendur til að efast um þá hækkun á þessum tímapunkti.

Fyrst ég er komin upp í þennan ræðustól er ágætt að rifja það upp — af því að hv. þingmaður kemur úr Framsóknarflokknum — að á síðasta kjörtímabili stóð Framsóknarflokkurinn fyrir gríðarlegum stýrivaxtahækkunum með tilheyrandi vandræðum. Nú glímum við við allt annan veruleika í íslensku efnahagslífi, við erum fyrst og fremst að reyna að ná stöðugleika gengis og gjaldmiðils og ná niður verðbólgu. Við skulum vona að þessi stýrivaxtahækkun

sem Seðlabankinn hefur kynnt nái markmiðum sínum en verði ekki til þess sem gerðist hér á síðasta kjörtímabili og hv. þingmaður þekkir býsna vel.

[13:51]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir þær undirtektir sem ég hef fengið við það mál sem ég tók upp í upphafi þingfundar um vinarbragð Færeyinga í okkar garð. Ég verð ekki var við annað en að breið pólitísk samstaða sé um þá afstöðu sem ég þá lýsti. Ég get tekið undir með hv. þm. Illuga Gunnarssyni þar sem hann fjallaði m.a. um afstöðu okkar Íslendinga til aðildarumsóknar Færeyinga að EFTA. Það viðhorf hefur komið fram í máli íslenskra stjórnvalda og þingmannanefndar EFTA að við eigum að styðja við beiðni þeirra þar að lútandi. Í heimsókn EFTA-nefndarinnar til Færeyja nú fyrir skemmstu kom fram í máli okkar hv. þm. Jóns Gunnarssonar — við vorum fulltrúar Alþingis þar — stuðningur við það.

Ég ætla aðeins að víkja að hinu málinu sem tekið hefur verið upp undir þessum dagskrárlið en það er stýrivaxtahækkun Seðlabankans. Það er nokkuð sérkennilegt að verða vitni að því að ráðherrum í ríkisstjórninni ber ekki saman um það hvort þetta sé hefðbundin stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans, á þeim forsendum sem hann leggur venjulega til grundvallar, eða hvort þetta sé í samhengi við ákvörðun stjórnvalda um að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það er mjög mikilvægt að fá það á hreint hvað er satt og rétt í því máli. Ríkisstjórnin hafði lýst þeirri skoðun, gagnvart stjórnarandstöðunni a.m.k., að engin skilyrði héngju á spýtunni gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem ekki væru ásættanleg. Ég tel að þessi mikla hækkun, 50% stýrivaxtahækkun, sé ekki ásættanlegt skilyrði af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Réttilega er hægt að færa hagfræðileg rök fyrir því að slík hækkun sé sett fram til þess að reyna að styrkja gengi íslensku krónunnar en margar ákvarðanir af þessum toga hafa í gegnum tíðina haft þveröfug áhrif víða um heim þar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur komið að. (Forseti hringir.) Það er því ekki sjálfgefið að menn nái fram þeim markmiðum sem að er stefnt með þessari ákvörðun.

[13:54]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir mál þeirra þingmanna sem hafa fært þakkir til Færeyinga fyrir þeirra vinarhug og það sem landstjórnin hefur sett fram um að þeir muni koma að því að lána Íslendingum á þessum hörðu tímum hjá okkur.

Það er ljóst að allir flokkar nema Vinstri grænir kölluðu eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það var jafnframt ljóst að í því samstarfi sem tekið var upp við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn mundi felast að hækka þyrfti stýrivexti. Það kom hins vegar töluvert á óvart að sú hækkun þyrfti að vera jafnmikil sem raun bar vitni í gær, þ.e. að grípa þyrfti til svo róttækra ráðstafana.

Það er hins vegar mjög mikilvægt að gjaldeyrismarkaðurinn komist á rétt ról og að það gerist sem fyrst. Þetta er liður í því að það gerist og við skulum vona að stýrivaxtahækkunin hafi tilætluð áhrif þannig að eftir frekar skamman tíma verði hægt að lækka stýrivexti og atvinnulífið eigi bærilega möguleika á að lifa í gegnum þá kreppu sem við göngum nú í gegnum. Það skiptir máli að atvinnulífið komist sem fyrst í gang og það eru okkar meginhagsmunir að svo verði.

Ég ítreka það að menn vildu, og (Forseti hringir.) töldu það einu leiðina, að farið yrði í samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og að því stóðu flestallir flokkar.

[13:56]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim þingmönnum sem hafa fært Færeyingum þakkir fyrir þann stórhug og vinarþel sem þeir hafa sýnt í garð okkar Íslendinga. Ég vil sérstaklega þakka Árna Þór Sigurðssyni fyrir að vekja máls á því atriði. Mér finnst full ástæða til þess að við Íslendingar sendum Færeyingum hlýjar kveðjur og þökkum fyrir — þegar við þurfum á að halda er ljóst að við eigum þar mjög góða vini.

Varðandi stýrivextina liggur það fyrir að hingað til hefur verið miðað við það í hagstjórninni að stýrivextir séu notaðir til að koma í veg fyrir verðbólgu. Seðlabankinn hefur miðað við að hækka stýrivexti til að draga úr þenslu í þjóðfélaginu, það er það sem Seðlabankinn hefur haft fram að færa hvað það varðar. Seðlabankinn hefur farið fram með þeim hætti á undanförnum árum, með mjög óábyrgum stýrivaxtahækkunum, að hann gerði íslenska gjaldmiðilinn að ákveðnum lottógjaldmiðli sem varð til þess að færa upp gengi gjaldmiðilsins án nokkurra eðlilegra viðmiðana. Nú þegar beita á þessari aðferð við þessar aðstæður er það rangt.

Ég vil vekja athygli á því að í gær talaði hæstv. iðnaðarráðherra með þeim hætti að það varð ekki skilið öðruvísi en svo að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði ekki sett þau skilyrði að stýrivextir yrðu hækkaðir eins og hér er um að ræða. Því verður að líta svo á að þetta sé fyrst og fremst mál Seðlabanka Íslands og ekki annarra meðan annað er ekki upplýst. Þetta er mjög óráðlegt. Það skiptir mestu máli í dag að koma hjólum atvinnulífsins í gang, gera fyrirtækjunum og heimilunum mögulegt að starfa. Það gerum við ekki með því að hækka vexti. (Forseti hringir.) Við gerum það með því að lækka vexti og skapa skilyrði vaxtar og eðlileg lánakjör í landinu.

[13:58]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir þingmenn taka undir þær þakkir sem hafa verið færðar til frænda okkar Færeyinga. Ég vil þakka Árna Þór Sigurðssyni fyrir að taka það mál upp hér og ræða. Það er afar mikilvægt að finna stuðning hjá frændþjóð við þessar aðstæður og staðreyndin er sú að í hvert skipti sem á móti hefur blásið hjá okkur, og má þá nefna Vestmannaeyjagosið, snjóflóð o.fl., hafa Færeyingar staðið upp og reynt að styðja okkur sem mest þeir mega og fyrir það eiga þeir þakkir skildar.

Það þarf ekki að koma á óvart að þingmenn séu örlítið hugsi eða undrandi yfir því hvernig Seðlabankinn hefur komið þessum stýrivaxtahækkunum á framfæri. Seðlabank-

inn tekur þessa ákvörðun, um að hækka stýrivexti um 6 prósentustig, dálítið óvænt en gerir það síðan þannig að það sé vegna samkomulags ríkisstjórnarinnar við IMF, sem reyndar er ekki komið á. Ef Seðlabankinn hefur gert það vegna þess er hann í reynd að lýsa því yfir að hann sé hættur að styðjast við sjálfstæða peningastefnu, þ.e. þá er hann ekki lengur sjálfstæður, yfirlýsing hans felst í því. Ef hann er hættur að taka sjálfstæðar ákvarðanir á eigin forsendum en gerir það á einhverjum öðrum forsendum þá er hann í reynd að lýsa því yfir að hann sé ekki lengur sjálfstæður, en á sama fundi lýsti Seðlabankinn því yfir að hann væri sjálfstæður. Það þarf því ekki að koma á óvart að ýmsir þingmenn séu hugsi yfir þessari stöðu.

Staðreyndin er hins vegar sú að í augnablikinu eigum við fáa aðra kosti en að styðjast við krónuna. Í því eru tveir kostir, að setja hana á flot eða festa gengið. Báðir kostirnir eru erfiðir. Í þeirri áætlun sem lögð hefur verið fram hefur verið lagt upp með að setja krónuna á flot og forsenda þess að það geti gengið (Forseti hringir.) er sú að krónan fái verð. Þetta er liður í því og þetta er líka liður í því að ná verðbólgunni niður og að (Forseti hringir.) lækka skuldir fyrirtækja og heimila í landinu, þó að stýrivaxtahækkunin sé að sjálfsögðu erfið fyrir fólk og fyrirtæki sem þurfa að styðjast við krónuna.

[14:01]

Bjarni Harðarson (F):

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu um stýrivextina en ég verð að játa að ræða hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar um sjálfstæði Seðlabankans minnti mig helst á rausið í Bjarti í Sumarhúsum svo undarlegt sem það er og á skjön við allar þær reglur sem gilda. Seðlabankinn hefur visst sjálfstæði en fylgir stefnu stjórnvalda, það er alveg ljóst. Og sé það svo að um það hafi verið samið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í þeim drögum að samningi sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vitnaði hér til eins og plaggs sem hann hefði lesið en sagði í hinu orðinu að væri ekki til vegna þess að það væri ekki búið að skrifa undir það — auðvitað er plaggið til þó að ekki sé búið að ganga endanlega frá því til undirskriftar — ef svo er að þar sé gert ráð fyrir þessari stýrivaxtahækkun þá er alveg ljóst að bæði hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hæstv. iðnaðarráðherra, sem talaði hér í gær, eru algjörlega ómerkir orða sinna. Þeir hafa algjörlega vísað því á Seðlabankann sem sjálfstæðri ákvörðun hans. Þetta er pólitísk ákvörðun. Það er pólitísk ákvörðun um hvað er samið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það er ekki bara einhliða skilyrði heldur er það ákvörðun sem tekin er í stjórnmálum. Það er kallað eftir því hér að Samfylkingin átti sig á að hún er í ríkisstjórn við mjög erfiðar aðstæður og það er mikilvægt að ríkisstjórnin komi fram í samstöðu á slíkum tímum en að annar ríkisstjórnarflokkurinn standi ekki upp í Alþingi og mótmæli þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur tekið og standi svo fyrir mótmælaaðgerðum á tröppum Ráðherrabústaðarins um helgar gegn þeirri ríkisstjórn sem hann sjálfur situr í. Við búum orðið við algjört stjórnarfar fáránleikans með því að hafa aðra eins menn við stjórnvölinn.

Hitt er miklu lengra mál en svo að ég geti lokið því á tveimur sekúndum sem ég á eftir (Forseti hringir.) af ræðutíma mínum að ræða um gildi þessarar stýrivaxtahækkunar. Ég held að það hefði verið farsælla að skoða aðrar leiðir (Forseti hringir.) en aðalatriðið hefði þó verið að það væri samstaða innan ríkisstjórnarinnar um þá leið sem farin er.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Ummæli þingmanns.

[14:03]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil bara vísa því til forseta þegar hv. þingmenn beita því orðalagi að menn séu ómerkingar og að þá sé að minnsta kosti sett ofan í við þá þegar þeir nota ræðustólinn á þann hátt sem hér er gert.

Hv. þingmaður sem fyrir nokkrum dögum studdi þá ákvörðun og flokkur hans hefur lýst þeirri skoðun sinni að skynsamlegt sé að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur hingað upp í kjölfar þess að ákvörðun er tekin og lýsir því yfir án þess að blikna að menn séu ómerkingar orða sinna og án þess að færa fyrir því nokkur rök. Ég tel, virðulegi forseti, að nægur orðaflaumur eigi sér nú stundum stað hér þó að menn beiti ekki svona orðfæri við þær aðstæður sem nú eru uppi. Ég held að hv. þingmaður verði að gæta orða sinna og ég held að það sé mikilvægt að forseti líti til með honum þegar hann er hér í ræðustól.

[14:04]

Bjarni Harðarson (F):

Frú forseti. Ég vil reyndar bera af mér sakir. Í fyrsta lagi fyrir það að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur ekki það góða heyrn að hann taki rétt eftir því hvað sagt er. Ég hef ekki sagt að hann væri ómerkingur. Það er töluverður munur á því eða að segja að menn séu ómerkir orða sinna. Á þessu er grundvallarmunur og ráðlegg ég hv. þingmanni að kynna sér muninn á þessum hugtökum. Þar fyrir utan sem skiptir nokkru máli í þessu þá hef ég einungis gagnrýnt það að menn komi hér upp og tali gegn ákvörðun eigin ríkisstjórnar. Það er vítavert á þeim tímum sem nú eru. Það er rétt, ég hef ekki eða við í Framsóknarflokki (**Gripið fram í:** Hver var að því?) töluðum ekki gegn henni. Við höfum staðið með ríkisstjórninni á ögurtímum. Við höfum ekki beitt okkur þvert gegn því (Forseti hringir.) að leitað sé til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. (Gripið fram í.) Við stóðum með neyðarlögunum en vandinn við stjórn landsins nú (Forseti hringir.) er samstöðuleysi í ríkisstjórninni og orðaflaumur samfylkingarmanna sem (Forseti hringir.) koma hér upp og kalla þingmenn stjórnarandstöðunnar kjölturakka ef þeir voga sér að fara í málefnalega umræðu.

Framkvæmdir við Vestfjarðaveg.

Fsp. ÁI, 75. mál. — Þskj. 75.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Einstaklingar og félagasamtök hafa á undanförnum missirum aftur og aftur orðið að grípa til þeirrar

nauðvarnar að höfða mál fyrir dómstólum til að verja náttúru Íslands fyrir atgangi stóriðjufyrirtækja og Vegagerðar. B-leið Vestfjarðavegar númer 60 um Barðaströnd milli Bjarkarlundar og Reykhólahrepps er ein þeirra framkvæmda sem rataði fyrir dómstóla. En á þeirri leið er áætlað að leggja veginn í gegnum Teigsskóg sem er upprunalegur og ósnortinn birkiskógur á náttúruminjaskrá og yfir þveran Gufufjörð og Djúpafjörð og svo nærri gamalgrónum arnarsetrum að sérfræðingar telja einsýnt að þau verði afrækt úr ábúð fyrir vikið.

Skipulagsstofnun lagðist á sínum tíma gegn þessum framkvæmdum og taldi þær hafa umtalsverð og neikvæð umhverfisáhrif. Í því dómsmáli sem hér er vitnað til var tekist á um lögmæti úrskurðar fyrrverandi umhverfisráðherra sem sneri við þeirri afstöðu Skipulagsstofnunar. Það voru landeigendur, Náttúruverndarsamtök Íslands og Fuglavernd sem höfðuðu málið og þann 26. september síðastliðinn felldi Héraðsdómur Reykjavíkur þann úrskurð ráðherra úr gildi sem fjallar um þennan umdeilda kafla milli Bjarkarlundar og Reykhólahrepps.

Bent hefur verið á, frú forseti, að réttara væri að leggja veginn á þessum kafla í göngum undir Hjallaháls og Gufudalsháls og að það væri í samræmi við framtíðarsýn um vegagerð á Vestfjörðum. Trúlega er það ekki ódýrasta lausnin en gangalausnin hefur þó hvorki verið skoðuð í umhverfismati né lagt mat á endanlegan kostnað við hana. Það eina sem heyrist er að hún sé of dýr. Ég spyr ekki aðeins um framkvæmdakostnaðinn heldur um ávinninginn í heild. Ég spyr um viðhald og snjómokstur. Ég spyr um umferðaröryggi, arðsemi af styttingu vegarins um eina 30 kílómetra og bendi á að mikil verðmæti eru fólgin í ósnortinni náttúru á Vestfjörðum.

Nú má enginn túlka þessi orð mín sem andstöðu við vegagerð á sunnanverðum Vestfjörðum. Samgöngubætur á Vestfjörðum eru forgangsmál og varða landsmenn alla. En þau má hins vegar ekki leysa á kostnað ósnortinnar náttúruperlu sem Teigsskógur er eða á kostnað aldagamalla arnarsetra. Vegagerðin tók hart til varna í þessu máli og hefur lýst vonbrigðum með niðurstöðuna og því er eðlilegt að spyrja ráðherra hér og nú um viðbrögð.

Ég dreg enga dul á að ég tel að Vegagerðin eigi að sætta sig við niðurstöðu héraðsdóms og hef bent á að hún er í samræmi við upphaflega afstöðu Skipulagsstofnunar og í samræmi við framtíðaráform um vegagerð á Vestfjörðum. Ég bendi því á að í niðurstöðu dómsins felast tækifæri fyrir samgönguyfirvöld til að endurskoða þetta vegarstæði, leita sáttar um það og nýta tímann til að setja gangalausnina í umhverfismat. Og spurningin er, frú forseti: Hvernig hyggst ráðherra bregðast við dómi héraðsdóms um þetta efni?

[14:09]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Sem svar við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur á þingskjali 75 vil ég segja þetta: Í dómi héraðsdóms um téðan áfanga Vestfjarðavegar var niðurstaðan sú að umhverfisráðherra hafi brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga þar sem í matsferlinu hafi ekki farið fram mat á líklegum umhverfisáhrifum þverunar Djúpafjarðar og Gufufjarðar. Hins vegar hafnar dómurinn öllum öðrum málsástæðum stefnanda þar á meðal að umhverfisáhrif framkvæmda á gróðursamfélag hafi ekki verið upplýst þegar ráðherra féllst á leið B.

Andstaða við þessa mikilvægu samgöngubót fyrir sunnanverða Vestfirði hefur einkum mótast af áhyggjum um áhrif vegarins á Teigsskóg í Þorskafirði en niðurstaða dómsins tekur af öll tvímæli um að ráðherra hafi haft nægilegt svigrúm til að kveða á um mótvægisaðgerðir og séu í úrskurði hans sett fram slík skilyrði.

Fram hefur komið að jarðgangavalkostur með göngum undir Hjallaháls og göngum undir Gufudalsháls er um 3 milljörðum kr. dýrari en leið B. Það er mikill munur á að hægt sé að taka jarðgöng sem raunhæfan valkost. Vegagerðin hefur haft til umfjöllunar dóm héraðsdóms og forsendur hans og hefur ákveðið að áfrýja honum til Hæstaréttar.

[14:11]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég fagna ákvörðun hæstv. ráðherra um að fara með þetta mál til Hæstaréttar. Það er full ástæða til að reyna að hnekkja þeirri niðurstöðu sem þarna varð samhliða því að rétt er að vekja athygli á að helstu málsástæðurnar, sem voru þær að Vegagerðin mundi skaða Teigsskóg um of, var í raun og veru vísað frá í héraðsdómi. Héraðsdómur hafnaði kröfum um það efni og öðrum sem tjaldað var til til að reyna að koma í veg fyrir þessa vegagerð að undanskildu einu atriði sem varðar þverun tveggja fjarða.

Ég vil segja, virðulegi forseti, að mér ofbýður algjörlega framganga félagasamtaka eins og fuglaverndarsamtakanna og Náttúruverndarsamtaka Íslands þar sem þau leggja sig í líma við að torvelda vegagerð, þarfa vegagerð á landsbyggðinni, en þegja þunnu hljóði þegar Vatnsmýrin í Reykjavík er grafin sundur og saman í byggingum. Grafin sundur og saman (Forseti hringir.) án þess að nokkurt hljóð heyrist úr horni frá þessum ágætu samtökum.

[14:12]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil sömuleiðis fagna niðurstöðu hæstv. samgönguráðherra að senda þetta mál áfram til Hæstaréttar. Þetta er mjög sérkennilegt mál að því leyti að þarna eru heimamenn sem búa á sunnanverðum Vestfjörðum og hafa allir stutt þá vegarlagningu sem áætluð var og þekkja hvað best til náttúrunnar og bera hagsmuni hennar hvað mest fyrir brjósti. Ég hef litið þannig á að þarna hafi nokkrir einstaklingar farið offari í sambandi við þetta mál og á stundum hefur mig grunað að menn væru bókstaflega að reyna að sækjast eftir einhverjum bótum sjálfum sér til handa svo ég sé svolítið grófur. (Gripið fram í.) Ég ætla rétt að vona að það hafi ekki verið ástæðan. En sjálfur er ég þeirrar skoðunar að þetta sé eingöngu til að tefja mjög mikilvægar framkvæmdir sem er löngu orðið tímabært að ráðast í.

[14:13]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þá ákvörð-

un að þessu máli skuli vera áfrýjað til Hæstaréttar. Ég tel að í þessu máli og við staðsetningu vegarins um Teigsskóg hafi verið leitað allra þeirra eðlilegu leiða sem hægt var að leita og vegarstæðið fært m.a. til að valda sem minnstum spjöllum. Ég tel að það sé svo mikil og róttæk aðgerð að stöðva þessar framkvæmdir að ekki sé við það unað, bara alls ekki við það unað, hæstv. forseti. Búið er að tefja þessar framkvæmdir árum saman með þessu þrasi fram og til baka og það er bara ekki búandi við slíkt vinnulag. Ég sé ekki annað, ef þetta á að ganga svona fram, en að þá neyðist menn til að fara að endurskoða það ferli sem verið hefur um framkvæmdir almennt.

[14:15]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu ekkert athugavert við það að látið sé reyna á mál af þeim toga sem hér er til umfjöllunar fyrir öllum dómstólum, þar á meðal Hæstarétti. Ég vek þó athygli á því að það mun að sjálfsögðu lengja eitthvað í málinu frá því sem verið hefur og kemur þá dálítið spánskt fyrir sjónir að þeir þingmenn sem fagna því sérstaklega að þetta mál fari til Hæstaréttar kvarti einmitt yfir því að málið hafi dregist úr hömlu og ekki sé við það unandi. (Gripið fram í.) Ég verð að segja alveg eins og er burt séð frá efnisatriðum þessa máls að mér finnst alvarlegt þegar þingmenn koma hér upp og gera athugasemdir við að lögformleg ferli séu nýtt af þeim aðilum sem vilja sækja rétt sinn og mega það samkvæmt íslenskri stjórnskipun. Það hljótum við að vilja hafa í heiðri, virðulegi forseti. (**KHG:** Taka sér fimm og hálft ár í þras.) Þingmaðurinn getur kallað það þras ef honum sýnist svo en það er lýðræðislegur réttur í okkar samfélagi (**KHG:** Þetta er afskræming á lýðræðinu.) og ef menn vilja snúa af þeirri braut væri fróðlegt að fá að heyra þingmenn segja það.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég vil taka það fram vegna orða Vestfirðinga sem hér hafa talað að málflutningi í þessu máli er lokið. Það þýðir ekkert að standa hér í ræðustóli Alþingis og halda áfram að deila við dómarann. Niðurstaða er fengin og ég tek undir með hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni að það er ekkert eðlilegra, ef menn svo kjósa, en að fara með málið fyrir Hæstarétt.

Ég vek athygli á að það voru fleiri kostir í boði og enn er sá kostur í boði að fara með málið fyrir Hæstarétt en nýta tímann til þess að setja gangaleiðina í umhverfismat og til að ganga úr skugga um raunverulegan kostnað við hana, því að við vitum það sem hér erum inni að bent hefur verið á það af mætri verkfræðistofu og verkfræðingi hér í borginni sem hefur unnið við vegagerð áratugum saman að útreikningar Vegagerðarinnar hvað varðar þessa gangaleið (**KHG:** Það er málsaðili.) þurfa ekki endilega að standast. Já, hv. þingmaður, það er málsaðili. Það er líklega einn af þessum málsaðilum frá Fuglavernd sem eiga heima á þessu svæði eða hvað? Ég vil benda á að þeir sem hv. þm. Guðbjartur Hannesson talaði um áðan eru meðal annarra landeigendur á því svæði sem vegurinn á að fara um, landeigendur sem munu ekki vera tilbúnir til að selja land sitt, landeigendur sem núna bíða eignarnáms sem í uppsiglingu hlýtur að vera.

Ég skora á hæstv. ráðherra að sitja ekki með hendur í skauti, og allra síst þegar þau brýningarorð eru uppi um að ekki megi tefja eitt eða neitt, heldur nýta tímann og fara með gangaleiðina í mat og láta finna út raunverulegan kostnað. Það er alveg klárt að það þarf að bæta vegina þarna en það má ekki gera það á kostnað viðkvæmrar náttúru og af skammsýni einni. (**KHG:** 3 milljarðar.)

[14:18]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Fyrir það fyrsta vil ég segja vegna þess að það kemur ekki einu sinni heldur tvisvar fram hjá hv. fyrirspyrjanda að gangaleið hafi ekki verið skoðuð með tilliti til kostnaðar. Vegagerðin hefur öll þau gögn sem þarf til að meta kostnað við þessi jarðgöng. Hv. þingmaður vitnar í einn málsaðila sem hefur lagt fram gögn máli sínu til stuðnings um kostnaðarmun milli leiðar B og gangaleiðarinnar. Þar er ekki verið að bera saman alveg nákvæmlega sömu hlutina. Vegagerðin telur að miðað við að vera Þorskafjarðarmegin í 60 metra hæð yfir sjávarmáli þurfi að gera jarðgöng sem eru 3,8 km löng. Viðkomandi aðili setur fram göng sem eru 2,8 km, styttir leiðina um jarðgöngin um einn kílómetra og fer upp í 110 m yfir sjávarmál og sama má segja um Gufudalsveit. Það er því ekki verið að bera saman sömu kosti. Við setjum ekki peninga í dag í það að búa til fullkomin almennileg jarðgöng með því að fara lengst upp í fjöll með þau. Þess vegna er ekki hægt að bera þetta saman. Það er 3 milljarða kostnaðarmunur á gangaleiðinni og leið B. Það er óumdeilanlegt. Vegagerðin hefur öll gögn til að vega og meta kostnað við þetta og þarf ekki að fara í umhverfismat til þess. Þetta er bara tekið úr kostnaðar- og gagnabanka.

Ég fagna því hins vegar að þeir þingmenn sem hér hafa talað fagni því að málinu skuli áfrýjað til Hæstaréttar. Ég taldi það strax nauðsynlegt að láta það koma fram. Ég fagna þó alveg sérstaklega yfirlýsingu hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar um að það sé ekkert athugavert við áfrýjunina. Sei, sei. Gott og vel. Og hv. fyrirspyrjandi (**ÁI:** Kom þér það á óvart?) tók undir það (**ÁI:** Ertu hissa?) að þetta væri gert og þess vegna er það bara ágætismál að við erum svona sammála um að láta málið fara til Hæstaréttar og klára það fyrir dómstólum vegna þess að málflutningi er ekki lokið eins og hv. þingmaður talaði um. Hæstiréttur er eftir og hann hefur endanlegt úrskurðarvald og sjáum hvað gerist þar.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Svar ráðherra.

[14:20]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Það er afskaplega önugt þegar talað er í svona fyrir fram ákveðnum ramma í þinginu og lagðar eru fram skriflegar fyrirspurnir og hæstv. ráðherra nýtir ekki nema lítið brot af ræðutíma sínum sem eru 5 mínútur í fyrri

umferð en tekur síðan seinni umferðina í það að taka upp mál og ráðast á fyrirspyrjanda. Ég á þess ekki kost að fara í efnislega umræðu áfram um málið en ég vil vekja athygli á því að framganga með þessum hætti er mjög erfið og ég held að hún geti ekki verið í samræmi við hugmyndir þingskapa.

[14:21]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að hér er farið að þingsköpum og í rauninni ekkert við fundarstjórn forseta að athuga

Framkvæmdir við Gjábakkaveg.

Fsp. ÁI og KolH, 76. mál. — Þskj. 76.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Það veldur mér nokkrum vonbrigðum ef hv. þingmenn Norðurlandskjördæmis vestra hafa ekki áhuga á vegabótum nema í sínu kjördæmi, því að þeir fóru úr salnum einir tveir. En miklar deilur hafa staðið … (**GAK:** Sá þyngsti situr eftir.) Já, hann situr eftir og það er góð vigt í því. Miklar deilur hafa staðið um fyrirhugaðan Gjábakkaveg, frú forseti, sem er ætlað að koma í stað núverandi Kóngsvegar milli Þingvalla og Laugarvatns og framkvæmdir munu hafnar við. Það komu nokkrar leiðir til greina í upphafi og m.a. sú að byggja núverandi Kóngsveg upp og bæta hann og töldu náttúruverndarar það besta kostinn. Vegstæðið sem valið var er hins vegar umdeilt og færð hafa verið haldgóð rök fyrir því að áformaður vegur komi til með að valda óafturkræfum spjöllum á landslagi og náttúru svæðisins og jafnvel mengun í lífríki Þingvallavatns. Vatnalíffræðingar með dr. Pétur Jónasson í broddi fylkingar hafa varað eindregið við þeirri hættu sem Þingvallavatni og vatnasviði þess getur stafað af aukinni niturmengun. Því hefur verið lýst þannig að í stað blátærs fjallavatns geti Þingvallavatn orðið grænt og gruggugt af þörungavexti og því miður, frú forseti, benda nýjar rannsóknir á tærleika Þingvallavatns til þess að hann sé að minnka. Hér vísa ég til nýrra rannsókna sem hafa verið birtar og Náttúrufræðistofa Kópavogs vann á árinu 2007. Samanburður við eldri mælingar frá árunum 1974–1982 sýna að rýni eða gegnsæi vatnsins hefur minnkað úr 10–12 metrum að meðaltali niður í aðeins 6 metra í október 2007. Þessar vísbendingar um breytingar á vatnsbolnum á aðeins 25–30 ára tímabili eru skýr viðvörunarmerki sem taka ætti alvarlega. En það náðist ekki sátt um vegstæðið í þessu máli frekar en í Teigsskógsmálinu og því neyddist Pétur Jónasson vatnalíffræðingur, doktor og prófessor emeritus, til að stefna Vegagerðinni og það gerði hann í mars sl. Málflutningur er hins vegar ekki fyrirhugaður fyrr en 17. nóvember. Hann óskaði því eftir því 30. maí sl. að framkvæmdum yrði frestað þar til niðurstaða héraðsdóms lægi fyrir. Ég tel þetta eðlilega ósk vegna þess að framkvæmdir við vegagerðina eru óafturkræfar að miklu leyti.

Ég spyr um viðbrögð hæstv. ráðherra við þessum erindum og einnig um framkvæmdir við veginn. Hvenær hófust þær? Hvað verður um núverandi Gjábakkaveg þegar nýr vegur hefur verið lagður? Ég spyr um þá ósk að framkvæmdum verði frestað þar til niðurstaða fæst í málinu og hvort ráðherra hafi brugðist við henni og þá hvernig. Og loks hvort ráðherra telji að sú ákvörðun að ganga frá verksamningum geti skapað ríkinu skaðabótaskyldu falli dómsmál málshöfðanda í vil.

[14:25]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Sem svar við fyrstu spurningu hv. fyrirspyrjanda á þskj. 76 vil ég segja þetta: Verkið var boðið út í apríl sl. og tilboð opnuð 20. maí sl. Skrifað var undir verksamning við lægstbjóðanda, Klæðningu ehf., þann 4. júlí sl. og hófust framkvæmdir í byrjun ágúst. Verkinu á að vera lokið fyrir 15. október 2010 samkvæmt verksamningi.

Í öðru lagi er spurt: „Hvað verður um núverandi Gjábakkaveg þegar nýr vegur hefur verið lagður?“ Núverandi vegur verður að mestu notaður sem göngu- og reiðleið samkvæmt aðalskipulagi Laugardalshrepps frá 2000–2012 og samþykkt við aðalskipulag Þingvallasveitar 2004–2016. En einnig eru uppi hugmyndir um að á um 2 kílómetra kafla á milli tenginga við vegslóða til suðurs vestan Litla-Reyðarbarms sem mun tengjast nýjum Lyngdalsheiðarvegi og vegslóða til norðurs um Bragarbót sem liggur inn af hálendinu verði vegurinn að einhverju leyti notaður af annarri umferð vegna útivistar á svæðinu. Á þessum vegarkafla eru upphaflegur Kóngsvegur og núverandi akvegur að mestu aðskildir og þannig gæti Kóngsvegurinn nýst hestamönnum svo dæmi sé tekið.

Svar við þriðju spurningunni er einfaldlega nei.

Í fjórða lagi er spurt: „Telur ráðherra að sú ákvörðun að ganga frá verksamningum og hefja framkvæmdir við vegarlagninguna skapi ríkinu skaðabótaskyldu falli dómur kærendum í vil? Því er til að svara að matsnefnd eignarnámsbóta fjallar nú um bætur til landeigenda fyrir það land sem fer undir Lyngdalsheiðarveg. Ekki er gert ráð fyrir að til frekari bóta muni koma.

[14:27]

Bjarni Harðarson (F):

Frú forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við ræðum um þennan merkilega vegarkafla sem hefur orðið mörgum þyrnir í augum og menn hafa talið að líkur séu á að af honum skapist aukin niturmengun í Þingvallavatni. Ég vil gera athugasemdir við þennan málflutning þar sem mjög margt bendir til þess að umferð inn á vatnasvæði Þingvallavatns verði ekki meiri við lagningu þessa vegar, heldur er í raun og veru í dag verið að beina umferðinni úr Reykjavík og til Reykjavíkur aftur. Það eru ákveðnir hagsmunir af því. En við sem búum í Árnesþingi teljum gott að umferðin fari frá Þingvöllum og síðan áfram inn í sýsluna og þá verður umferðin eftir þessum vegi sem er að langstærstum hluta, og það skiptir mjög miklu máli í þessu, á vatnasvæði Laugarvatns því að vötn falla ævinlega eftir Newton-lögmálinu. (Forseti hringir.) Að öðru leyti er ég feginn því að ekki hafi verið ráðist í það að leggja veginn ofan í gamla vegstæðið sem eru hinar merkustu fornminjar.

[14:28]

Sturla Böðvarsson (S):

Virðulegur forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar og þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram vil ég segja að það var mikil nauðsyn á því að endurbyggja Gjábakkaveginn og leggja nýjan veg til að auka umferðaröryggi. Það er mikil umferð þarna miðað við aðstæður á veginum og óforsvaranlegt að hafa hann í óbreyttri mynd áfram.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því að þessi vegarlagning er í fullu samráði og í sátt við þingmenn Suðurkjördæmis og forsvarsmenn þjóðgarðsins á Þingvöllum voru að sjálfsögðu hafðir með í ráðum við undirbúning málsins. Hins vegar hefur einn aðili, vatnalíffræðingur, lagt sig fram við að reyna að tefja og koma í veg fyrir þessa framkvæmd og ég tel að það hafi ekki verið ástæða til að hlaupa á eftir þeim sjónarmiðum sem þar voru sett fram. Við hljótum að fagna því að vegakerfið við þjóðgarðinn sé endurbætt.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Svar hans við þriðju spurningunni undrar mig þó, þ.e. hvort ráðherra hafi brugðist við ósk þess efnis að framkvæmdum verði frestað þar til niðurstaða fæst í málið sem höfðað var gegn Vegagerðinni vegna framkvæmdanna og ef svo er þá hvernig. Svarið var nei. Hann hefur ekki brugðist við því.

Ég spyr: Barst ráðherra ekki erindi þess efnis eða kaus hann að bregðast ekki við því? Er það rangt sem haldið hefur verið fram að ráðherra hafi borist erindi 30. maí síðastliðinn sem hann hafi svarað 5. ágúst síðastliðinn og þá vísað til þess að ekkert væri hægt að gera vegna þess að búið hafi verið að semja við verktaka? Það var ekki gert fyrr en fimm vikum eftir að erindið barst. Ef rétt er með farið er það ótrúleg stjórnsýsla sem vart fær staðist skoðun. Hitt er þó sýnu verra, ef þetta er rétt, að ráðherra skuli koma hér upp og neita því. Ég óska eftir að fá frekari skýringar á því.

Ég nefndi áðan að það er að verða plagsiður að almenningur þarf að fara að leita til dómstóla til þess að verja náttúru Íslands. Mér þykir miður að hlusta á þann valdhroka og mannfyrirlitningu sem komið hefur fram hjá mönnum í umræðum um þessar tvær fyrirspurnir. Þá á ég við hversu menn tala af mikilli lítilsvirðingu um þá sem sækja rétt sinn og rétt náttúrunnar sem eðlilegt er og rétt og skylt samkvæmt íslenskum lögum.

Ég hef haft góða stöðu til þess sem náttúrufræðingur og ritstjóri *Náttúrufræðingsins* í tíu ár að fylgjast með þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á Þingvallavatni. Allir þeir sem haft hafa færi á því vita að rannsóknir dr. Péturs M. Jónassonar eru þess eðlis að þær bera höfuð og herðar yfir annað sem unnið hefur verið á sviði (Forseti hringir.) vatnarannsókna á Íslandi. Það mjög miður að menn skuli tala um að þar sé einhver einn aðili sem sé ekki ástæða til þess að hlaupa eftir. Ég (Forseti hringir.) minni á að menntamálaráðherra, dómsmálaráðherra, umhverfisráðherra og Þingvallanefnd hafa lýst óánægju með þessa niðurstöðu. Það er samgönguráðherra sem ræður þessu og við heyrðum í (Forseti hringir.) honum hér áðan.

[14:32]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ef til vill er fyrirspyrjandi enn þá að ræða um hvað sé það síðasta sem sett var fram um málið en það er annar handleggur. Ég hef svo sem ekki miklu við þetta að bæta þar sem ég hef svarað fyrirspurninni. Kæran frá landeiganda sem hefur neitað að láta land undir veg, eins og hann kallar það sjálfur, er lögð fram vegna deilu eins landeiganda út af ákveðinni framkvæmd líkt og þeirra tveggja landeigenda í Teigsskógi sem við ræddum um áðan. Það gerist stundum að landeigendur vilja ekki láta land undir veg og þá hafa þeir sinn rétt og geta varið þann rétt. Hér er ekki um neinn valdhroka að ræða. Málið er búið að fara alla leið í gegnum kerfið í umhverfismat, svo að það komi nú fram.

Ég hef lesið öll þau gögn sem borist hafa út af þessum vegi og frá Pétri M. Jónassyni. Ég tek líka eftir því að mest er talað um nítrítmengun í vatninu. Mér kemur á óvart að sami aðili beitti sér fyrir því að Þingvellir kæmust á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Þá má alveg leiða líkur að því að við það að setja Þingvelli inn á heimsminjaskrá aukist mjög umferð um svæðið og þar með mengun. Það má líka spyrja sig að því hvort mengunin sem berst í Þingvallavatn frá sumarbústöðum, m.a. í þessu landi, sé ekki töluvert mikil. Það er því alltaf spurning um hvað á að taka til.

Ég ítreka þau svör sem ég gaf áðan og segi að málið er í vinnslu eins og kom fram. Framkvæmdir hófust á þessum tíma og verklok hafa verið áætluð.

Umræðu lokið.

Fæðingarorlof kvenna sem gengist hafa undir tæknifrjóvgun.

Fsp. KJak, 81. mál. — Þskj. 86.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil ræða um fæðingarorlof kvenna sem gengist hafa undir tæknifrjóvgun. Eins og kunnugt er var lögum breytt undir lok síðasta þings í maí eða júní 2008 og einhleypum konum gert heimilt að gangast undir tæknifrjóvgun hér á landi þó að við höfum auðvitað mörg dæmi þess að konur hafi leitað eftir slíkri þjónustu í útlöndum áður.

Lög um fæðingarorlof hafa þó ekki verið endurskoðuð sérstaklega með tilliti til þessara breytinga þannig að einhleypar konur sem gangast undir tæknifrjóvgun eiga rétt á sex mánuðum eins og annað foreldrið samkvæmt lögunum um fæðingar- og foreldraorlof.

Spurning mín snýst um hvort hæstv. félagsmálaráðherra telji vænlegt að skoða að lögum um fæðingar- og foreldraorlof verði breytt þannig að einhleypar konur sem gengist hafa undir tæknifrjóvgun og eiga von á barni með þeim hætti geti sótt um níu mánaða fæðingarorlof. Þannig njóti börn þeirra níu mánaða samvistar við foreldri sitt þótt aðeins sé einu foreldri til að dreifa.

Ég veit að menn hafa ólíka sýn á lög um foreldra- og

fæðingarorlof en líklega voru þau sett ekki síst til að jafna rétt foreldra til samvista með börnum sínum. Sú hugsun hefur verið höfð í heiðri áfram í þeirri löggjöf og enn fremur hefur hún snúist um rétt barna til að eyða tíma með báðum foreldrum sínum. Þessi tilvik eru annars eðlis. Við vitum að í lögum um foreldra- og fæðingarorlof er kveðið á um ef annað foreldrið deyr áður en barnið nær 18 mánaða aldri getur hitt foreldrið sótt um þann rétt þannig að barnið fái níu mánuði með því foreldri sem eftir lifir. Hér höfum við sannanlega bara eitt foreldri inni í myndinni þannig að það snýst ekki um að brjóta rétt á hinu foreldrinu.

Mig langar til að kanna hvort hæstv. félagsmálaráðherra telur ástæðu til að endurskoða lögin og veita þeim konum sem gangast undir tæknifrjóvgun heimild þannig að þær geti sótt um að fá lengra fæðingarorlof því að eins og við þekkjum er börnum það ómetanlegt að fá lengri tíma heima með foreldri sínu. Ég held að réttur þeirra sé ekki síst það sem við þurfum að hafa í huga í þessum efnum.

[14:38]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Herra forseti. Ég get svarað spurningu hv. þm. Katrínar Jakobsdóttur þannig að í mínum huga kemur það vel til greina að endurskoða lög um fæðingar- og foreldraorlof þar sem sérstakt tillit verður tekið til aðstæðna einhleypra kvenna sem eignast börn eftir að hafa gengist undir tæknifrjóvgun.

Ég undirstrika að aðstæður þessara kvenna eru sérstakar og tel ég þess vegna ástæðu til þess að það verði skoðað hvernig komið verður til móts við aðstæður þeirra. Ég hefði að sjálfsögðu kosið að unnt hefði verið að breyta þessu þegar í vor þegar frumvarpið um breytingar á lögunum um fæðingar- og foreldraorlof var til umfjöllunar hér í þinginu. Því miður vannst ekki tími til þess þar sem umræðu um það frumvarp var að mestu lokið þegar frumvarp hæstv. heilbrigðisráðherra var lagt fram sem heimilaði einhleypum konum að gangast undir tæknifrjóvgun.

Það breytir því ekki að ég er enn þeirrar skoðunar að mikilvægt er að haldið verði áfram með þá meginreglu laganna að sjálfstæður réttur foreldra til fæðingarorlofs sé ekki framseljanlegur á milli þeirra nema í skýrt afmörkuðum undantekningartilvikum. Ástæðan er einfaldlega sú að það er sterkt tilhneiging til þess að móðirin taki orlofið í heild sinni hafi foreldrið um það val hvernig þeir skipta því sín á milli og eru til glögg dæmi um það frá öðrum löndum. Í því sambandi er nægilegt að líta til reynslu grannríkja okkar sem og þeirrar staðreyndar að flestar mæður nýta sér sameiginlegan rétt til fæðingarorlofs samkvæmt lögum okkar.

Við þurfum því enn að höfða til jafnréttissjónarmiðanna sem lágu að baki þegar lögin voru sett árið 2000 þar sem áherslan var lögð á jafna foreldraábyrgð og þátttöku kvenna og karla á vinnumarkaði. Ég held að einmitt á svo mikilvægum umbrotatímum sem við göngum í gegnum núna að hvert og eitt foreldri, og þá ekki síður karlarnir, sjái hversu mikilvægt það er að eiga gott samband við börnin sín til þess að geta hlúð að þeim sem best svo að unnt sé að veita þeim þroskavænleg skilyrði áfram.

Virðulegi forseti. Það er einmitt þess vegna sem ég tel svo mikilvægt að við tryggjum enn jafnan rétt kvenna og karla til fæðingarorlofs með þeim hætti sem við höfum gert enda þótt eðlilegt sé að taka tillit til svo sérstakra aðstæðna sem hér eru til umræðu og hv. fyrirspyrjandi spyr um. Það er eðlilegt að við slíkar umræður vakni sú spurning sem við ræddum í fyrra: Hvað með einstæða foreldra, einstæðar mæður sem hafa nú sex mánaða fæðingarorlof? Oft hefur verið kallað eftir því að þær hefðu níu mánaða fæðingarorlof. Við fórum í gegnum í það í fyrra og er ástæða þá til að rifja það upp að til að koma til móts við foreldra sem ekki búa saman og rétt barnanna var lagt til að veita forsjárlausum foreldrum rétt til fæðingarorlofs þegar samþykki þess foreldris sem fer með forsjána liggur fyrir.

Samþykki þess sem fer með forsjána þarf að liggja fyrir og þess vegna er ákaflega erfitt að veita einstæðum foreldrum níu mánaða fæðingarorlof. Einstætt foreldri hefur þá í hendi sér að neita hinu foreldrinu um fæðingarorlofsréttinn í þrjá mánuði og nýta sér réttinn sjálft í níu mánuði. Við erum þar fyrst og fremst að hugsa um rétt beggja foreldra en um það var að vísu ekki spurt. Ég vil þó halda til haga því mikilvæga atriði sem við fórum í gegnum á síðasta þingi.

[14:41]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Mig langar að lýsa yfir ánægju minni með svör hæstv. ráðherra við fyrirspurn hv. þm. Katrínar Jakobsdóttur varðandi það mál sem hér er til umræðu. Hér er um ákveðið réttlætismál að ræða og eins og hæstv. ráðherra kom inn á telur hún það hið besta mál og ætlar að beita sér fyrir því.

Það eru hins vegar, eins og hæstv. ráðherra kom inn á, ýmis ljón í veginum fyrir því ef menn ætla að halda lengra og yfirfæra það á einstæðar mæður almennt. Við verðum að hafa það í huga að markmið laga um foreldra- og fæðingarorlof, þegar þau voru sett, var ekki síst að tryggja samvistir feðra við börnin sín og í raun „skilyrða“ þannig feður í þrjá mánuði til þess að vera með börnum sínum. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á er tilhneiging til þess, eins og við þekkjum frá öðrum löndum, að móðirin (Forseti hringir.) nýti réttinn að fullu en markmið laganna var jú að tryggja báðum foreldrum sama rétt.

[14:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Hér fer fram mjög mikilvæg umræða og ég þakka bæði fyrirspyrjanda fyrir að taka málið upp og ráðherra fyrir svörin. Það var mikill áfangi sem náðist þegar samþykkt var að breyta lögum þannig að réttur einhleypra kvenna til tæknifrjóvgunar var tryggður. Í framhaldinu ætti auðvitað að huga að breytingum á lögum um foreldraorlof. Þau lög eru líka til að tryggja þann rétt sem börn eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að tryggja rétt barna til samvista við báða foreldra sína.

Það er auðvitað ýmislegt sem þarf að skoða. Lög eins og þau sem við ræðum hér þurfa sífellt að vera í endurskoðun. Ég heyri það á hæstv. ráðherra að hún er viljug til að skoða þessi mál og auðvitað þurfum við að skoða þau sérstaklega í ljósi þess að þarna er svo sannarlega um eitt foreldri að ræða.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra hæstv. fyrir svörin og þeim sem tekið hafa hér til máls. Ég ítreka það og tók það reyndar fram í fyrri ræðu minni að þetta er alveg sérstakt tilvik þar sem aðeins um eitt foreldri er að ræða. Það eru ekki tveir foreldrar í spilinu og ég tel að þessi hópur sé það sérstakur að rétt sé setja heimild inn í lögin fyrir þessar konur. Ég held að það skipti líka miklu því að um er að ræða konur sem lengi hafa borið von í brjósti um að eignast barn og oft er þetta eina barnið sem þær eignast. Auðvitað skiptir það máli af því við viljum horfa á málið í heildarsamhengi og tryggja rétt þessa litla hóps kvenna.

Ég setti fram frumvarp í fyrra þar sem ég lagði til breytingar á stöðu einstæðra mæðra og vitnaði í þá sérstöðu ef forsjárlausir foreldrar eða foreldrar með forræði sæktust ekki eftir að nýta sinn hluta fæðingarorlofsins væri möguleiki fyrir hitt foreldrið að sækja um að nýta þann rétt. Hins vegar geri ég mér fullkomlega grein fyrir því að sú umræða er mjög viðkvæm út frá sjónarmiðum um rétt barna til beggja foreldra og að foreldrar deili ábyrgð á uppeldi. Ég held að það sé önnur umræða sem við eigum kannski eftir að eiga seinna því að það er rétt að lög sem þessi þurfa alltaf að vera í endurskoðun. En auðvitað eru til foreldrar sem nýta sér hreinlega ekki rétt sinn og hann fellur niður. Hvað verður þá um þau börn?

En ég fagna orðum hæstv. ráðherra um að það komi til greina að endurskoða lögin og hvet til þess að það verði gert. Ég hvet jafnframt til þess að tekið verði sérstakt tillit til þessara kvenna úr því að sú lagabreyting og framför, leyfi ég mér að segja, er komin á að einhleypar konur geti gengist undir tæknifrjóvgun. Það verði þá vonandi gert fyrr en síðar.

Umræðu lokið.

Heimild til að draga opinber gjöld af launagreiðslum.

Fsp. KJak, 82. mál. — Þskj. 87.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Þessi fyrirspurn snýr að hæstv. fjármálaráðherra, hún snýst um heimild til að draga opinber gjöld af launagreiðslum, þ.e. heimild til skattstjóra og Innheimtustofnunar sveitarfélaga til að draga af launum launþega sem skulda skatt og meðlög. Hún snýst um 115. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfsskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 112. gr. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum þessum.“

Þarna er gert ráð fyrir að innheimtumaður ríkisins og sveitarfélaga geti tekið allt að 75% af heildarlaunum launþega sem skulda þessum aðilum frá fyrri tíð og fyrirspurn mín snýst um það hvort ráðherra telji ástæðu til að endurskoða þetta ákvæði, t.d. með tilliti til launafjárhæðar. Því miður þekkjum við dæmi þess að skuldir fólks, hvort sem það er við Innheimtustofnun sveitarfélaga eða skattstjóra, eiga það til að vinda upp á sig. Fólk fer út í verktöku og forðast að vera launþegar af því að þá fer það í þann farveg að sá sem greiðir launin tekur allt að 75% af laununum, oft með þeim afleiðingum að fólk getur hreinlega ekki lifað af. Þetta á það til að vinda upp á sig þannig að fólk er fast í því að vera verktaki, greiða sjálfu sér laun, gerir ekki upp við skattinn, gerir ekki upp meðlög við Innheimtustofnun, lendir í vanda. Spurning mín snýst um það hvort ástæða sé til að miða þarna við einhverja hámarksfjárhæð launa.

Vissulega ber að gjalda keisaranum það sem keisarans er og fólk á auðvitað að borga skatta og skyldur en fólk verður líka að geta borgað. Það græðir enginn á því að menn forðist það að þiggja laun og fari fremur út í verktöku til þess að komast hjá því að gera upp gamlar skuldir. Ég velti því fyrir mér hvort þessi heimild eigi fremur að miðast við fjárhæð tekna til þess að auðvelda fólki að gera upp skuldir sínar og skatta.

Þessi fyrirspurn var sett fram áður en efnahagsástandið varð með þeim hætti sem það er í dag en við sjáum fram á talsverðar greiðsluþrengingar hjá mörgum og þetta er einn af þeim póstum sem þar á eftir að vega þungt. Mig langar því að kanna það hjá ráðherra hvort hann telji ástæðu til að skoða þetta eitthvað.

[14:49]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina. Í 115. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er kveðið á um að launagreiðanda sé skylt, að kröfu innheimtumanns ríkissjóðs, að halda eftir hluta af kaupi launþega til lúkningar gjöldum sem launþegar bera sjálfsskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 112. gr. laganna, þó að hámarki 75% af heildarlaunagreiðslum hverju sinni. Nánari ákvæði um framkvæmd þessa innheimtuúrræðis er að finna í reglugerð nr. 124/2991, um launaafdrátt.

Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar segir að innheimtumanni sé heimilt að semja við launþega um lækkun umbeðins launafrádráttar ef sýnt þykir að tekjur launþega muni ekki duga til framfærslu hans, maka og barna sem hann hefur á framfæri sínu. Með slíku samkomulagi er jafnframt heimilt að fresta aðfarargerð vegna kröfunnar skv. 2. mgr. sömu greinar. Ákvæði þessi eru í samræmi við meðalhófsreglur stjórnsýsluréttar og í þeim felst að innheimtumenn skuli ekki ganga lengra við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda en svo að fullnægt sé því lögmæta markmiði 105. gr. tekjuskattslaga að tryggja skilvirka innheimtu þeirra gjalda sem standa eiga undir sameiginlegum útgjöldum ríkisins. Um þá kvöð sem heimilt er að leggja á launagreiðanda samkvæmt ákvæðinu, þ.e. að halda eftir af kaupi launþega, gildir þannig sama meginregla og um aðrar íþyngjandi ákvarðanir stjórnvalda að hún getur aðeins komið til greina þegar því markmiði sem að er stefnt verður ekki náð með vægara móti. Jafnframt gildir að ekki skal

gengið lengra við beitingu úrræðisins en nauðsyn ber til.

Heimild til að gera kröfu um að launagreiðandi haldi eftir af kaupi launþega er eitt veigamesta úrræðið til innheimtu opinberra gjalda sem innheimtumenn ríkisins búa yfir. Ákvæði um að launþegi haldi eftir að lágmarki 25% heildarlaunagreiðslna og heimildir til þess að taka tillit til félagslegra aðstæðna launþega við beitingu úrræðisins eru jafnframt mjög mikilvægar til þess að ekki sé gengið um of á ráðstöfunartekjur einstaklinga. Í því sambandi er rétt að benda á að tekið er tillit til staðgreiðslu opinberra gjalda, lögbundinna iðgjalda til lífeyrissjóða og stéttarfélaga og vangreiddra meðlaga launþega, sé þeim til að dreifa, ef launaafdrætti er beitt og launþegar halda því alltaf eftir a.m.k. 25% launa sinna.

Í ljósi þess sem að framan er sagt hefur fram til þessa ekki verið talin sérstök ástæða til að gera breytingar á 115. gr. tekjuskattslaga, m.a. vegna þess hversu sveigjanlegar reglur um launaafdrátt eru fyrir innheimtumenn til þess að koma til móts við launþega á einstaklingsbundinn hátt.

[14:52]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að blanda mér í þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég held að kjarni málsins sé einmitt sá sem hæstv. fjármálaráðherra sagði hér í lok ræðu sinnar, það er sá sveigjanleiki sem mér er kunnugt um að menn nota í flestum tilfellum. Þannig vill til að ég er í vinnuhópi á vegum hæstv. félagsmálaráðherra ásamt með nokkrum þingmönnum úr stjórnarliðinu þar sem við erum að skoða ýmis úrræði í ljósi efnahagsástandsins, úrræði sem geta hjálpað heimilunum. Þar var þetta sérstaklega rætt og við fengum m.a. á okkar fund Snorra Olsen, tollstjóra í Reykjavík, og hann fullyrti að sú regla sem þeir ynnu eftir væri, eins og hann orðaði það, giska mannúðleg. Menn sniðu stakk eftir vexti, reyndu að semja við aðila og í fæstum tilfellum væri það þannig að 75% væru dregin af launum fólks vegna þess að það liggur í augum uppi að fólk sem rekur heimili og stóra fjölskyldu á erfitt með að lifa af 25% af launum sínum. Ég sannfærðist um það á þessum fundi að sveigjanleiki (Forseti hringir.) er til staðar í þessu kerfi.

[14:54]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Þau reglugerðarákvæði sem hæstv. fjármálaráðherra minntist á kalla á umsóknir og málsferli og eru tafsöm. Ég tel að tímabundið, meðan mestu erfiðleikarnir ganga yfir okkur, á næstu vikum, mánuðum og missirum, næstu tólf mánuðum eða lengur, eigi að færa þessa prósentutölu niður í a.m.k. 50%. Þetta er hluti af því að fólk sem t.d. hefur keypt íbúðir með 80–100% lánum á ekkert í þeim lengur, það er allt farið. Stýrivaxtahækkunin er nánast náðarhögg á stóran hluta atvinnurekstrar í landinu, heimilin í landinu og fleiri, og það þarf öll viðbrögð og úrræði í gang strax. Það er miður að almenningur í landinu hefur ekki fengið upplýsingar um faglegar tillögur um endurreisn, um úrræði. Það eina sem hann hefur fengið í andlitið er þessi stýrivaxtahækkun úr 12% í 18%

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég held þó að það væri mjög áhugavert fyrir alla aðila að kanna þetta. Þó að ýmsir leiti eftir samningum á þann hátt sem hæstv. ráðherra fór yfir hér áðan og semji um að halda eftir meiru af launum sínum en 25% þá er það svo að verktaka, eða gerviverktaka eða hvað við viljum kalla það, verður oft til af þeim sökum að fólk fer ekki út í þetta samningaferli, kannski af því að það treystir sér ekki til þess, kannski af því að það er ekki nógu aðgengilegt ferli fyrir fólk sem er komið í skuldir. Því miður eru fjölmörg dæmi þess að fólk forðast að vera á launum til þess að sneiða hjá þessum ákvæðum.

Ég beini því til hæstv. ráðherra að skoða hvort þessi samningaleið sé nægilega aðgengileg fyrir fólk sem hefur lent í vandræðum, hvort þetta kalli á ákveðið frumkvæði sem fólk kannski miklar fyrir sér og fer frekar þá leið sem mörgum kann að virðast auðveldari við fyrstu sýn, þ.e. að fara út í verktöku. Sú leið skapar oft fleiri vandamál en hún leysir, því miður er það svo. Ég velti því fyrir mér hvernig fólk nýtir þessa samningaleið, það hefur verið nefnt hér af hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur að tollstjóri telji að tiltölulega vel takist til en það er kannski efni í aðra fyrirspurn að kalla eftir tölum um þau efni og hvernig verktakabransinn hefur þróast á sama tíma, þ.e. skoða þá sem fara í það að þiggja laun eftir þeim leiðum en ekki hinum hefðbundnu launþegaleiðum.

[14:57]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég er ekki viss um að það sé rétt hjá hv. þingmönnum sem telja að það þurfi eitthvert mikið ferli eða að það þurfi að taka langan tíma, að einhver vandkvæði séu á því og eitthvert sérstakt frumkvæði þurfi til þess að semja við innheimtumanninn. Ég held að fólki hljóti að vera ljóst hver það er sem er að innheimta og ef því sýnist það vera um of íþyngjandi á að vera mjög einfalt mál að nálgast innheimtumanninn og semja um niðurstöðuna á grundvelli þeirra reglugerðarákvæða sem ég las upp áðan. Ég held í öllu falli að það hljóti að vera einfaldara að semja við innheimtumanninn en að fara út í verktöku með því sem þá þarf að koma fram, með þeim skilyrðum sem um verktöku gilda og það sem er lagt á herðar þeim sem um verktökuna fara. Ég held að það sé örugglega ekki flóknara eða krefjist meira frumkvæðis að semja við innheimtumanninn en að útbúa sig í útgerð eins og verktöku. Það má vera að einhverjir aðrir hlutir liggi að baki því að einstaklingar fari út í þessa verktöku en það eitt að innheimtan sé svo íþyngjandi vegna daglegra þarfa einstaklingsins og fjölskyldunnar.

Það er sjálfsagt að halda þessari umræðu áfram ef hv. þingmaður vill koma með aðra fyrirspurn um tölur og slíkt í þessu sambandi. Ég hlakka til þeirrar umræðu því að á næstunni verður því miður örugglega ekki minna um erfiðleika hjá þeim sem þegar er í erfiðleikum af þessu tagi.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 15:00.

17. FUNDUR

fimmtudaginn 30. október,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Skýrsla forsætisráðherra um efnahagsmál og aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 6. þm. Reykv. s.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.

Störf þingsins.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Umræðu lokið.

Skýrsla forsætisráðherra um efnahagsmál og aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

[10:35]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Hæstv. forseti, góðir landsmenn. Ég hef óskað eftir því að flytja þinginu skýrslu mína um efnahagsmál og aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að uppbyggingu og efnahagsaðgerðum hér á landi á næstunni.

Fáir hefðu trúað því fyrir nokkrum mánuðum að Íslendingar, ein ríkasta þjóð heims, mundu lenda í svo alvarlegum áföllum að við þyrftum að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sú djúpa og alvarlega lánsfjárkreppa sem nú ríður yfir heiminn hefur í einni hendingu gerbreytt hinni efnahagslegu heimsmynd og horfum í heimshagkerfinu. Allir sem fylgjast með fréttum að utan af efnahagsmálum og fjármálamörkuðum gera sér grein fyrir því að það sem nú er að gerast í umheiminum á sér ekki sinn líka, hefur ekki sést í marga áratugi. Áhrifin á Íslandi hafa komið fram, við erum að bregðast við þeim, en áhrifin á ýmsa aðra hafa ekki enn komið fram. Í slíkri stöðu hefur engin þjóð efni á að útiloka tilteknar leiðir við að leysa úr vanda sínum eða hafna boði um aðstoð, enda leita nú margar ríkisstjórnir til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og kunnugt er.

Margar af stöndugustu þjóðum heims róa nú lífróður til að bjarga því sem bjargað verður á fjármálamörkuðum sínum og beita í þeirri baráttu meðölum og aðferðum sem margir töldu fyrir ekki alls löngu að yrðu aldrei notuð aftur. Ástæða þess er einföld — ábyrg stjórnvöld láta ekki bankastarfsemi í landi sínu fara afskiptalaust á hliðina. Mikilvægi þessarar starfsemi fyrir allt efnahagskerfið í hverju landi er slíkt að stjórnvöld hafa talið sig knúin til að grípa inn í og lágmarka það tjón sem af hlýst.

Fáar þjóðir hafa gripið til jafnafgerandi og róttækra aðgerða og Íslendingar. Með því að veita Fjármálaeftirlitinu heimild til þess að taka yfir starfsemi bankanna og skipta upp starfsemi þeirra var tekið af skarið með að innlendur hluti bankastarfseminnar, þjónusta við almenning, venjulegt fólk, og fyrirtæki, færi ekki úr skorðum. Stjórnvöld hafa síðustu daga og vikur unnið linnulaust að því að tryggja verðmæti og búa svo um hnútana að þeir sem eiga kröfur á hendur bönkunum fái eins mikið í sinn hlut og hægt er miðað við þessar aðstæður.

Engum dylst að þessar aðgerðir hafa verið harkalegar en að sama skapi efast fáir um nauðsyn þeirra. Ekki var mótatkvæði á Alþingi þegar neyðarlögin voru samþykkt og ég hef fundið það á fjölmörgum samtölum og fundum sem ég hef átt að undanförnu við erlenda þjóðarleiðtoga og ráðamenn að aðgerðir okkar mæta skilningi og flestir átta sig á að enginn annar kostur var fyrir hendi í jafnþröngri stöðu og íslenska þjóðin var komin í.

Virðulegi forseti. Samhliða því að ríkisstjórnin og stjórnvöld unnu að viðbrögðum við falli bankanna var ljóst að við mættum engan tíma missa við að byrja endurreisn íslenska hagkerfisins og uppbyggingu til framtíðar. Ég vil gera stutta grein fyrir helstu verkefnum sem við stöndum frammi fyrir á næstu vikum og mánuðum og þeim miklu breytingum sem orðið hafa á efnahagsumgjörðinni hér á landi og því efnahagslega landslagi sem við blasir.

Það er sameiginlegt verkefni okkar hér á Alþingi að vinna okkur út úr þessum vanda. Við treystum því að þjóðin sýni því skilning sem óhjákvæmilegt er að gera á næstu vikum og mánuðum. Fyrir það fyrsta hefur verið mikill skortur á erlendum gjaldeyri í landinu vegna þeirra efnahagshremminga sem yfir okkur hafa gengið. Þetta þýðir að gengi íslensku krónunnar er afar veikt um þessar mundir með tilheyrandi áhrifum á verðlag og verðbólgu. Ég tel það vera stærsta einstaka verkefni ríkisstjórnarinnar og þjóðarinnar allrar að ná niður verðbólgu á næstu mánuðum og skapa þar með grundvöll til varanlegrar vaxtalækkunar í landinu. Til þess að ná þessu markmiði þurfum við að fá lán erlendis frá og gjaldeyri inn í landið til að styrkja gengið.

Í öðru lagi stöndum við frammi fyrir því að ríkissjóður verður fyrir miklu tekjutapi vegna þeirra áfalla sem dunið hafa á atvinnulífinu og sömuleiðis vegna nýrra útgjalda sem til koma vegna gjörbreyttrar stöðu. Halli á rekstri ríkissjóðs á næsta ári verður meiri en gert hafði verið ráð fyrir og allt útlit er fyrir að við verðum nokkur ár að vinna okkur út úr þeim hallarekstri. Ríkisstjórn og Alþingi þurfa að hefjast handa á næstunni við að marka sér stefnu varðandi fjárlög næsta árs og þar mun að sjálfsögðu reyna mjög á hv. fjárlaganefnd.

Í þriðja lagi verðum við að setja fjármagn inn í Seðlabankann og nýju bankana sem stofnaðir hafa verið á grunni hinna gömlu og koma þeim af stað. Hagkerfið mun styrkjast mikið þegar þeir verða komnir í fullan gang.

Í þessari stöðu er afar mikilvægt að hafa til reiðu sterkan sjóð í erlendri mynt til að lífga við gjaldeyrismarkaðinn, mynda kjölfestu og trúverðugleika fyrir gengisstefnu stjórnvalda og bregðast við óhóflegum sveiflum krónunnar.

Allt þetta krefst þess að við ráðumst í stórar lántökur erlendis. Það er engin óskastaða og engin ríkisstjórn vill skuldsetja sig eða ríkissjóð, komist hún á annað borð hjá

því. Reynsla okkar Íslendinga af slíkum lántökum er ekki góð og fyrir um 15 til 20 árum höfðum við safnað upp slíkum skuldastabba að vaxtagreiðslur og afborganir voru einn af stærstu útgjaldaliðum á fjárlögum hvers árs. Sem betur fer höfðum við náð að snúa þeirri þróun við á síðustu 10 árum eða rúmlega það.

Ég lagði á það mikla áherslu sem fjármálaráðherra að greiða niður skuldir ríkissjóðs og sá árangur hafði náðst að íslenska ríkið var í reynd orðið skuldlaust. Það er því þyngra en tárum tekur að við séum í þeirri stöðu að þurfa að skuldsetja ríkissjóð á ný en það er því miður okkar eina leið út úr vandanum. Þó að það sé sérstaklega sárt að horfa á eftir jafngóðri stöðu og ríkissjóður var í, tel ég að einmitt sú áhersla sem lögð var á niðurgreiðslu skulda reynist okkur nú heilladrjúg og augljóst er hve vonlítil og erfið staða okkar hefði verið ef ríkissjóður hefði siglt inn í þennan efnahagslega ólgusjó skuldum hlaðinn.

Virðulegi forseti. Þegar íslensk stjórnvöld ámálguðu það við aðrar þjóðir að við gætum þurft á lántöku að halda kom alls staðar skýrt fram að aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var talin forsenda fyrir slíkri aðstoð. Skilaboðin voru einfaldlega þau að kæmi sjóðurinn hingað og ynni með íslenskum stjórnvöldum að koma þjóðinni í gegnum þann vanda sem hún stendur frammi yrði litið á slíkt samstarf sem nauðsynlegt heilbrigðisvottorð og forsendu þess að okkur yrðu veitt lán.

Aðkoma sjóðsins er því ekki einasta mikilvæg ein og sér heldur opnar hún í leiðinni dyr sem ella hefðu staðið lokaðar. Þegar ríkisstjórnin tók afstöðu til þess hvort leita ætti til sjóðsins snerist spurningin því ekki um sjóðinn sjálfan, ágæti hans eða fyrri verk eingöngu, heldur hitt hvort við ættum yfirhöfuð að leita aðstoðar erlendis frá. Eins og ég fór yfir áðan voru hagsmunirnir af því að fá erlent lánsfé inn í landið svo gríðarlegir að valið var augljóst og stjórnarflokkarnir stóðu einhuga að baki þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Þær væntingar sem við höfðum gert okkur varðandi áhrif þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn færi í samstarf með okkur eru nú vonandi að rætast smám saman. Á Norðurlandaráðsþingi, sem fram fór í Helsinki fyrr í vikunni, átti ég fund með forsætisráðherrum hinna Norðurlandanna þar sem fram kom mikil samstaða. Ég met það svo að góðar líkur séu á að önnur Norðurlönd muni veita okkur aðstoð í formi lána sem mundi skipta okkur miklu. Sérstakur vinnuhópur á vegum forsætisráðherranna vinnur nú að málinu.

Það var ómetanlegt að finna þann ríka og einlæga stuðning sem við eigum meðal okkar norrænu frændþjóða á þessum erfiðu tímum. Sérstaklega snerti mig sú samstaða og drengskapur sem frændur okkar Færeyingar sýndu með því að stíga fram og bjóðast til að veita okkur lán sem er mjög stórt á þeirra mælikvarða. Ég vil leyfa mér fyrir hönd þings og þjóðar að færa þakkir okkar til vina og frænda í Færeyjum fyrir þessa aðstoð og þann vinarhug sem hún bar vott um.

Á sama tíma og við finnum mikinn stuðning frá Norðurlöndunum stöndum við enn í deilum við bresku ríkisstjórnina. Eins og ég hef greint frá áður hefur íslenska ríkisstjórnin falið breskri lögfræðistofu að kanna hvort grundvöllur sé fyrir málssókn á hendur breska ríkinu vegna þeirrar fráleitu ákvörðunar þarlendra stjórnvalda að beita hryðjuverkalögum gegn íslenskum hagsmunum í Bretlandi. Sú ákvörðun hefur haft mjög örlagaríkar afleiðingar eins og við þekkjum, þar á meðal gagnvart aðilum sem komu hvergi nærri upphaflega málinum, þ.e. ágreiningi um eignir og skuldir Landsbanka Íslands. Ríkin tvö eiga í viðræðum um lausn á uppgjöri í tengslum við svonefnda Icesave-reikninga í Bretlandi og auðvitað verðum við að reyna að leysa þau mál, annaðhvort með samkomulagi eða með samkomulagi um að leggja það í úrskurð þriðja aðila eða einhvers konar dómstólameðferð. Það er von okkar að sameiginleg lausn finnist, það er mikilvægt að samskipti þessara gömlu vinaþjóða séu eðlileg. En íslensk stjórnvöld hafa verið alveg skýr hvað það varðar að við munum aldrei sætta okkur við skilmála sem leggja efnahag Íslendinga í rúst. Það verða Bretar að skilja.

Hæstv. forseti. Ég mun nú fara nánar yfir viðræður og samkomulag íslenskra stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Viðræður fulltrúa okkar og sjóðsins um fyrirkomulag samstarfsins hafa staðið yfir um nokkurt skeið og unnin hefur verið ítarleg efnahagsáætlun í samráði við fulltrúa sjóðsins með það að markmiði að koma á efnahagslegum stöðugleika að nýju. Fyrir liggur samkomulag á milli íslenskra stjórnvalda og sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem verður borið undir stjórn sjóðsins til endanlegrar afgreiðslu vonandi eigi síðar en næstkomandi þriðjudag og verður samkomulagið einnig birt opinberlega hér á landi á næstu dögum.

Ég átti samtal við aðalframkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins seint í gær og kvaðst hann ekki sjá meinbugi á því að mál þetta hlyti eðlilega afgreiðslu á næsta fundi stjórnar sjóðsins og fagna ég því. Samstarf Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins felur í sér lánveitingu frá sjóðnum að andvirði rúmlega tveggja milljarða bandaríkjadala og koma um 830 milljónir af þeirri fjárhæð til greiðslu þegar við staðfestingu stjórnar sjóðsins, vonandi strax í næstu viku.

Í kjölfar styrkingar gjaldeyrisforðans verður tekið upp fljótandi gengi eins og áður var. Væntum við þess að þótt krónan kunni að lækka eitthvað fyrst í stað muni gengið styrkjast og það jafnvel verulega þegar nægilegur trúverðugleiki verður kominn á markaðinn, gengi krónunnar orðið stöðugt og myndað með eðlilegum hætti í markaðsviðskiptum.

Meginmarkmið efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar eru í fyrsta lagi að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar með markvissum og öflugum aðgerðum. Í öðru lagi að undirbúa markvissar aðgerðir til að styrkja stöðu ríkissjóðs og í þriðja lagi að endurreisa íslenskt bankakerfi.

Til að framfylgja þessum markmiðum mun ríkisstjórnin fara í viðamiklar aðgerðir í peninga- og gengismálum og í ríkisfjármálunum. Þegar er að sjálfsögðu unnið hörðum höndum að því að endurreisa bankakerfið, eins og ég hef áður vikið að.

Hvað varðar stefnu ríkisstjórnarinnar í peninga- og gengismálum er brýnasta verkefnið, eins og allir gera sér grein fyrir, að tryggja stöðugleika krónunnar og búa í hag-

inn fyrir gengishækkun í framhaldinu. Á síðustu dögunum fyrir bankakreppuna lækkaði gengi krónunnar mjög hratt. Þegar bankarnir hrundu leiddi það til þess að innlendi gjaldeyrismarkaðurinn lokaðist og enn frekari lækkun varð á gengi krónunnar. Lækkun gengisins og aukin verðbólga sem leiddi þar af, hafa þegar haft alvarleg áhrif á hag heimila og fyrirtækja vegna þess að stór hluti skulda þeirra var gengisbundinn eða vísitölutryggður. Til að koma í veg fyrir öldu gjaldþrota og auka enn á þann samdrátt sem þegar er orðinn teljum við það vera algjört forgangsverkefni að koma á stöðugu gengi krónunnar.

Þótt gengið sé nú vissulega langt undir raunvirði hefur hrun bankanna þriggja rýrt traust á gjaldmiðlinum og áhættan af verulegu útflæði fjármagns frá landinu er töluverð. Það á sérstaklega við vegna þeirra óvissu sem ríkir um lausafjárstöðu hins nýja bankakerfis. Af þeim ástæðum þarf að grípa til sérstakra aðgerða til að mæta þessari skammtímaáhættu.

Hækkun stýrivaxta í 18% sem Seðlabankinn kynnti í fyrradag er liður í þeirri viðleitni þar sem mjög mikilvægt er að koma í veg fyrir frekara fjármagnsútflæði eins og sakir standa. Samhliða því er að sjálfsögðu mikilvægt að tryggja að gjaldeyrir flæði inn til landsins eins og þessi aðgerð mun vonandi leiða til. Því til viðbótar verða reglur um lausafjárstýringu hertar og Seðlabankanum verður að sjálfsögðu gert kleift að beita stjórntækjum sínum af allri þeirri festu sem hann mun telja nauðsynlega.

Öllum er ljóst að stýrivaxtahækkun upp í 18% er afar viðkvæm aðgerð en hins vegar er brýnt að setja hana í samhengi við þær heildaraðgerðir sem verið er að fara út í í samstarfi ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Tilgangurinn er sá að festa nýtt gengi í sessi og koma þannig böndum á verðbólguna sem síðan mun leiða til þess að vextir geta lækkað hratt í kjölfarið. Það má líkja þessu við þá aðgerð sem ríkisstjórnin greip til í fyrra þegar þorskkvótinn var skertur. Það kostar að vísu tímabundinn sársauka en hugmyndin er sú að það skili sér ríkulega til baka þegar árangri er náð. Þess vegna verða menn að sætta sig við ákveðinn sársauka núna vegna þessarar vaxtahækkunar því að það er forsenda þess að árangur geti náðst og við komum á jafnvægi og betri lífskjörum hér að nýju.

Gripið hefur verið til tímabundinnar takmörkunar á fjármagnsviðskiptum og verður þeim viðhaldið eftir þörfum. Vissulega hafa slíkar takmarkanir ýmiss konar neikvæð áhrif og verða þær því afnumdar eins fljótt og auðið er. Stjórnvöld gera ráð fyrir að traust á gjaldeyrismarkaði með íslensku krónuna verði brátt endurvakið þannig að vextir geti lækkað fljótlega. Það getur gerst um leið og krónan verður stöðugri á gjaldeyrismarkaði og utanríkisviðskipti með vöru og þjónustu fara að skila afgangi.

Hvað varðar stefnu í ríkisfjármálum er ljóst að uppgjörið á þrotum bankanna mun leiða til mikillar byrði fyrir opinbera geirann og leiðir bráðabirgðamat í ljós að sá kostnaður geti numið allt að 85% af vergri landsframleiðslu. Hins vegar verður að hafa í huga að það er ekki ætlun ríkisins að eiga bankana til langframa. Lagt er inn hlutafé sem vonandi verður hægt að selja síðar meir, jafnvel með ávinningi, þannig að hér er vonandi um að ræða fjárfestingu sem á eftir að skila sér þó að hún birtist með þessum hætti í skuldatölum ríkisins. Það er reynslan annars staðar frá að þeir ríkissjóðir sem hafa þurft að gera þetta — og þeir eru margir í nálægum löndum — hafa komist skaðlaust frá slíkum aðgerðum þegar upp er staðið. Þar að auki er um að ræða innlendar skuldir sem eru annars eðlis en erlendar. Ofan á allt bætist aukinn halli á rekstri ríkissjóðs sem má reikna með að geti verið jafnvel um 10% af landsframleiðslu á næsta ári. Það má gera ráð fyrir því að brúttóskuldir ríkissjóðs muni hækka úr 29% af vergri landsframleiðslu í lok ársins 2007 í rúmlega 100% í lok ársins 2009. Þess vegna mun bankakreppan, sem er með þeim stærri sem upp hafa komið í heiminum, ef ekki sú stærsta, setja opinbera geiranum verulega þröng mörk og leggja byrðar á þjóðina á næstu árum.

Við gerum ekki ráð fyrir að grípa til sérstakra stórra aðgerða til að hindra sjálfvirka sveiflujöfnun á árinu 2009. Til þess að bregðast við aukinni skuldasöfnun hins opinbera verður langtímaáætlun um þessi mál enn þá mikilvægari en áður. Framkvæmd hennar mun hefjast á árinu 2010 og við áformum að lækka grunnhalla ríkissjóðs um 2–3% á ári allt fram til ársins 2013.

Virðulegi forseti. Sem betur fer býr íslenskt efnahagslíf yfir miklum sveigjanleika og líkt og í fyrri efnahagsáföllum má gera ráð fyrir því að hröð aðlögun í gengismálum skili sér fljótt í betra jafnvægi. Íslenska þjóðin hefur áður gengið í gegnum ótrúlega erfiðleika en þeir eru miklir nú upp á síðkastið og þeir hafa komið við marga. Hin miklu áföll hafa eðlilega vakið angist, ótta og reiði meðal fólks en því má ekki gleyma að undirstöður þjóðarbúsins eru firnasterkar og á þeim munum við byggja til framtíðar.

Við tökumst á við erfitt tímabil í efnahagslífi okkar á meðan við horfum framan í afleiðingarnar af falli bankanna en við munum að sjálfsögðu vinna okkur út úr þeim vanda eins og við höfum ávallt áður gert. Við munum taka þetta mál föstum tökum á öllum vígstöðvum. Það hefur áður verið sagt frá því að rannsókn fari í gang á hugsanlega sakhæfu athæfi og því verður að sjálfsögðu fylgt eftir. En í máli sem þessu koma jafnan upp alls kyns sögusagnir og getgátur. Ég vara við því að einhliða frásagnir séu hafðar sem hinn eini sannleikur um það sem gerst hefur í þessu máli. Það mun allt verða upplýst og lagt á borðið, atbeini einstakra fyrirtækja og manna, hvað gerðist, hvenær, og svo framvegis.

Ég fullyrði að allir sem komið hafa að málinu af hálfu hins opinbera hafa gert það af fullum heilindum með það fyrir augum að reyna fyrst að bjarga bönkunum en úr því sem komið er að vinna úr stöðunni eins vel og hægt er fyrir íslenska þjóð.

[10:56]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram að ekki er gert ráð fyrir andsvörum fyrr en talsmenn allra flokka hafa talað.

[10:56]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir þakkir í garð bræðraþjóðar okkar í Færeyjum. Það má kannski segja að hér eigi við hið fornkveðna að góðar þyki mér gjafir þínar

en betri þó vinátta þín. Ég held að það sé ekki síður dýrmætt að þeir sýni okkur þetta hugarfar og stuðning en aðstoðin sem slík, sem þó er mikilvæg og ótrúlega rausnarleg miðað við stærð færeyska hagkerfisins.

Hæstv. forsætisráðherra fór með kunnuglegan inngang um hamfarirnar í heiminum, um áhrif hinnar miklu heimskreppu fjármagnsins. Vissulega er það allt rétt sem sagt er um að ný-frjálshyggjukapítalisminn, hinn hnattvæddi græðgiskapítalismi, er að hrynja inn í sjálfan sig með skelfilegum afleiðingum víða um heim og ekki síst á Íslandi.

Það leitar æ meira á mig hvort þessi einhliða nálgun, hinn klassíski inngangur hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar um orsakir vandans sé ekki angi af hinu sama, rót af því sem kom okkur þangað sem við erum nú, hættulegur af þeim ástæðum, þ.e. þessi undarlegi skortur á allri heilbrigðri sjálfsgagnrýni. Það dugar ekki fyrir okkur Íslendinga að reyna að kenna óhagstæðum ytri skilyrðum um, það er stórhættulegt. Við skiljum aldrei þessa hluti. Við komumst aldrei í gegnum þá ef við erum ekki menn til að horfast í augu við okkur sjálf og viðurkenna ábyrgð okkar á því sem gerst hefur hér. Höfuðábyrgðin á því sem hefur gerst á Íslandi hvílir á herðum Íslendinga sjálfra þótt vissulega hafi þessar þrengingar allar gert illt verra og átt sinn þátt í að hraða endalokum á ástandi sem gat þó aldrei varað til lengdar, að reka eitt þjóðfélag endalaust með bullandi viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun, jafnvægisleysi í hagstjórn og öðru slíku.

Ég verð var við að bæði erlendir blaðamenn og stjórnmálamenn taka sérstaklega eftir þessum málflutningi íslensku ríkisstjórnarinnar. Ég hef oft fengið spurninguna á undanförnum dögum: Lítið þið Íslendingar svo á að þið berið enga ábyrgð á þessu sjálfir? Það undrar fólk og ég held að menn skynji hversu óhyggilegt það er og lítt til þess fallið að skilja hlutina, að læra af þeim, að axla ábyrgð og horfast í augu við veruleikann eins og hann er. Allra síst gengur það fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Íslandi sem stjórnað hefur í sterkum meirihlutaríkisstjórnum í meira en 17 ár að reyna algerlega að koma sér hjá því að líta í eigin barm, eða þá flokka aðra sem með honum hafa starfað. Þá læra menn ekki mikið þessu ef þeir finna sífellt nýja sökudólga og helst í útlöndum fyrir öllum þeim mistökum sem þeir hafa sjálfir gert.

Ég tel jafnframt að það sé óumflýjanlegt að ræða hvernig menn hafa staðið að málum á síðustu dögum og vikum hvað varðar miðlun upplýsinga og að gera þjóðinni heiðarlega og rétta grein fyrir því hvað er að gerast. Það er alveg með endemum hversu misvísandi eða beinlínis rangar upplýsingar eru reiddar fram og hvernig yfirlýsingar einstakra ráðherra eða forustumanna á þessu sviði stangast á. Ég tek nýjasta dæmið um það, þ.e. að aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafi verið skilyrði þess að aðrar þjóðir vildu veita okkur aðstoð. Ekki voru Færeyingar mikið að láta það vefjast fyrir sér og ekki heldur Norðmenn.

Það er rangt sem hér hefur verið reynt að halda fram að Norðmenn hafi nokkurn tíma sett það fram sem skilyrði að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og prógramm af hans hálfu sem við værum komnir í væri forsenda þess að þeir mundu aðstoða okkur. Ég fullyrði það hér og hef ekki lakari heimildir um það en hver annar að fyrstu dagana í októbermánuði var slíkt ekki einu sinni nefnt á nafn af hálfu Norðmanna þegar við þá var rætt um málið, enda Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þá sama og ekkert kominn inn í myndina. Það er vissulega rétt að eftir að fréttir bárust af því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn væri með sendinefnd á Íslandi og að viðræður væru farnar í gang að menn fóru að tengja þetta saman. Þó er það svo að nú á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki þegar hv. þm. Siv Friðleifsdóttur spurði Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, að þessu svaraði hann endurtekið á þá leið að það væri ekki skilyrði af hálfu Norðmanna. Hann endurtók í svari við fyrirspurn hv. þingmanns það sem hann hafði áður sagt í ræðu að það gerði það auðveldara fyrir Noreg. Með öðrum orðum var það ekki skilyrði þess að Norðmenn hefðu rætt við okkur um aðstoð. Af hverju er þá verið að halda svona löguðu fram? Af hverju er ekki einfaldlega byggt á réttum skjalfestum upplýsingum, beinum tilvitnunum í menn þar sem þeir svara spurningum eins og í þessu tilviki? Er það ekki heillavænlegra eða telja menn sér það leyfilegt til heimabrúks af því að þeir eru í vandræðum með Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og fyrsta inngrip hans í íslensk efnahagsmál að færa hlutina svona til? Að búa sér skjól í því að menn hafi engan annan kost átt en Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og að það hafi verið skilyrði af hálfu annarra þjóða til að koma okkur til aðstoðar þegar það liggur fyrir að það er ekki sett þannig fram af ráðamönnum þeirra hinna sömu þjóða?

Hvernig er það með vaxtahækkunina hjá IMF, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Ég er með í höndunum þrjár skjalfestar útgáfur af sannleikanum frá hæstv. ríkisstjórn og Seðlabankanum. Það er með endemum. Össur Skarphéðinsson, hæstv. iðnaðarráðherra, sagði á Alþingi í fyrradag, með leyfi forseta:

„Seðlabankinn tekur þessa ákvörðun.“

Það er Seðlabanki Íslands sem ákveður stýrivaxtahækkunina samkvæmt hæstv. iðnaðarráðherra.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir verður ekki skilin öðruvísi en svo að hún telji að það hafi verið ríkisstjórnin sem átti tillöguna, samanber t.d. frétt Vísis í gær, með leyfi forseta:

„Stýrivaxtahækkun ekki skilyrði IMF heldur tillaga ríkisstjórnarinnar.“

Það er útgáfa nr. 2 á sannleikanum. En í Helsinki í fyrradag sagði Árni Mathiesen: „Hækkun stýrivaxta er eitt af skilyrðum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setti fyrir lánveitingum.“

Sama segir í fréttatilkynningu Seðlabankans frá sama degi. Þrjár skjalfestar mismunandi útgáfur af sannleikanum í þessu máli frá hæstv. ríkisstjórn.

Þetta gengur ekki, svona geta menn ekki hegðað sér. Halda menn að það létti leikinn að ná einhverjum trúnaði úti í samfélaginu þegar ráðherrar í ríkisstjórn og ráðamenn umgangast sannleikann með þessum hætti? Það er bara tvennt til í þessu efni: Annaðhvort hafa menn unnið heimavinnuna sína svo illa að þeir vita ekki hvað raunverulega er á ferðinni eða að menn hagræða hlutunum vísvitandi. Það er bara þannig. Sama má segja að sé uppi varðandi hvort okkur Íslendingum sé heimilt að upplýsa um skilmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þótt það séu kannski aðallega tvær útgáfur af sannleikanum. Því hefur verið haldið fram að svo

sé ekki og það sé að ósk stjórnar sjóðsins að þessum skilmálum skuli haldið leyndum.

Hæstv. utanríkisráðherra sagði t.d. á blaðamannafundi 24. október síðastliðinn:

„Það er erfitt fyrir okkur að geta ekki gert grein fyrir inntakinu í þessu [þ.e. aðgerðaráætluninni] en ástæðan er sú að þeir sem sitja í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vilja ekki lesa um inntakið í þessu í fjölmiðlum.“ Síðar segir hún: „Það er ekki þannig að við viljum ekki segja frá inntakinu í þessu. Það eru stjórnarmennirnir í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem vilja fá að sjá þetta áður en það fer inn í fjölmiðla.“ Síðar segir hæstv. utanríkisráðherra: „Þó að við birtum þetta ekki í dag er það ekki vegna þess að við viljum það ekki ...“

Á blaðamannafundi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hélt sjálfur klukkutíma á eftir blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar þennan nefnda dag upplýstu þeir hins vegar miklu meira um málið en ríkisstjórn Íslands upplýsti almenning á Íslandi um, hvað þá Alþingi. Utanríkismálanefnd Alþingis hefur ekki fengið að sjá einn einasta skriflegan texta um þetta mál og ríkir þar þó trúnaður. Hverju sætir það? Hvers konar vinnubrögð eru þetta?

Síðan kemur einfaldlega texti frá upplýsingafulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í gær til fréttastofu Ríkisútvarpsins þar sem segir að það sé ákvörðun ríkisstjórnar Íslands hvort áætlunin verði gerð opinber. Hvað er hér á ferðinni? Þetta gengur ekki, þetta er ekki boðlegt. Ef menn hafa misskilið eitthvað í þessum efnum eiga þeir að koma fram og leiðrétta það. Þarna hafi orðið einhver misskilningur eða ef eitthvað annað og verra er á ferðinni bið ég guð að hjálpa mönnum. Í örlagamálum af þessu tagi geta menn ekki leyft sér vinnubrögð af þessu tagi. Svo kemur vaxtahækkunin eins og fallhamar í hausinn á Íslendingum og menn láta eins og það komi þeim á óvart.

Kom það svo mjög á óvart? Ég hef ástæðu til að ætla að svo hafi ekki verið. Hvað segja þeir sem mest hafa hrópað á lækkun vaxta á Íslandi undanfarin ár en jafnframt fögnuðu aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins og vinnumarkaðarins? Er þetta nokkuð nema forsmekkur þess sem koma skal? Er ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn núna að semja nýja áætlun fyrir Ísland í aðalatriðum? Jú, ég held það.

Ég gagnrýni ríkisstjórn Íslands fyrir að hafa staðið illa að þeim þætti málsins sem varðar að veita réttar, traustar og fullnægjandi upplýsingar til þjóðarinnar. Það er ekki nóg að halda endalausa blaðamannafundi ef ekkert kemur fram á þeim nema tilefni til einhvers endalauss misskilnings. Þjóðin á heimtingu á því að fá upplýsingar um þessi mál.

Ég gagnrýni líka verkstjórnina sem hér hefur viðgengist. Hvernig stendur á því að ekki hefur verið sett upp einhvers konar stjórnstöð aðgerða sem allir þræðir liggja til og þar sem ráðið er ráðum í innsta herbergi? Af hverju eru þessir hlutir á hlaupum á milli húsa í miðbænum og tætingslegt mjög hvernig að þessu er staðið, að því er best verður séð? Ég gagnrýni hæstv. forsætisráðherra sem margoft hefur talað um hug sinn og stjórnar sinnar til að upplýsa þessa hluti, talað um hvítbók í þeim efnum. Hann hefur hins vegar ekki rætt það mál einu orði t.d. við okkur í stjórnarandstöðunni hvernig hann ætlar að standa að því. Það er eitt af því sem setja verður í farveg og það fljótt. Ég gagnrýni að ekki er enn búið að skipa í varanleg bankaráð hinna nýju ríkisbanka sem þó var talað um að yrði gert innan fárra daga. Það er mjög brýnt að vinna hratt og fumlaust að þessum verkefnum og það verður að ganga eitthvað undan mönnum. Það er bara ekki nógu gott ef ríkisstjórnina vantar allt „drive“ eins og mundi verða sagt á ódýrri íslensku í dag. Það er bara ekki nógu gott.

Það er margt að mínu mati sem er óumflýjanlegt að takast á við af miklum krafti næstu daga. Það þarf t.d. að fá fram í dagsljósið eitthvert mat, einhverjar áætlanir um forsendur fjárlaga og þjóðarbúskaparins næstu ár. Það er mjög brýnt til að menn geti síðan farið að takast á við hvað við getum gert til þess að afstýra fjöldaatvinnuleysi og þar með landflótta. Það er allra brýnasta málið að snúa sér að því og til þess þarf að skýrast hver staðan er og hvað ríkissjóður, sveitarfélögin og aðrir aðilar verða í aðstöðu til að leggja af mörkum. Stendur ekki til að setja aukið fé t.d. í Tækniþróunarsjóð og Nýsköpunarsjóð? Stendur til að hafa Byggðastofnun áfram peningalausa við þessar aðstæður? Er það gæfulegt að hún geti ekki einu sinni veitt lágmarkslán og fyrirgreiðslu til fyrirtækja sem þó eru starfandi en þurfa á því að halda, eru að þorna upp vegna ástandsins? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera gagnvart sveitarfélögunum sem verða að vera eitt megintækið okkar í því að hafa okkur í gegnum þetta, bæði vegna þeirrar félagslegu þjónustu og nærþjónustunnar sem þau veita íbúunum en líka sem stórir vinnuveitendur og sem þátttakendur í því að reyna að halda uppi störfum og eftirspurn í samfélaginu? Þá hluti verður að vinna hratt og mér finnst þessi mánuður sem nú kveður hafa farið fyrir of lítið, tíminn hafa hlaupið háskalega frá okkur og verkstjórnin hefði þurft að vera fumlausari og markvissari.

Auðvitað geta menn sagt að lokum, þegar þeir bera sjálfir ábyrgð á því hvernig þá er komið, að engir aðrir kostir séu eftir í stöðunni. En það er kannski harkalegasta sjálfsgagnrýnin sem menn geta ástundað, að þurfa að koma fram og segja að svo illa hafi málum verið komið á Íslandi — ef menn telja svo — og ekkert annað eftir en að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það er einhver hroðalegasta lýsing á eigin frammistöðu sem einn forsætisráðherra þjóðar getur gefið, að þannig hafi hann og flokkur hans komið málum með þægum meðreiðarsveinum eftir 17 ára ráðsmennsku íslenska samfélagsins. Það er ekki glæsilegt.

Það er mikið verkefni fram undan og við verðum að snúa okkur að því að reyna að byggja upp traust á nýjan leik og koma á eðlilegu ástandi í samfélaginu. Það verður að mínu mati aðeins gert með tvennum hætti og hvoru tveggja er brýnt: Að rannsaka þessa hluti algerlega ofan í kjölinn til að tryggja að þeir beri ábyrgð og axli hana sem það eiga að gera, pólitíska, lagalega og siðferðislega og um leið og aðstæður bjóða þarf þjóðin að fá að kjósa sér nýtt þing.

[11:11]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Alþjóðleg fjármálakreppa skekur nú þjóðir heims sem kosta kapps um að forða því sem forðað

verður undan kreppunni. Staðreyndin sem við blasir er sú að fjármálakreppan ógnar flestum þjóðum og staðreyndin er líka sú að það er ekki hægt að takmarka tjónið af henni nema með alþjóðlegri samvinnu ríkja. Fram undan er algjört endurmat alþjóðlegs fjármagnsmarkaðar og fram undan er algjört endurmat íslensks fjármálakerfis. Við munum þar þurfa að draga þunga lærdóma.

Hið efnahagslega gjörningaveður sem við Íslendingar förum nú í gegnum skellur sannarlega á okkur með meiri þunga en á aðrar þjóðir. Ástæðan er m.a. smæð þjóðarinnar, stærð fjármálakerfisins, glannaskapur margra stjórnenda og eigenda banka og fyrirtækja og síðan takmarkaður varnarviðbúnaður. Má segja að efnahagskreppan sé í ætt við hamfarir sem hafi áhrif á öll heimili og fyrirtæki í landinu. (Gripið fram í.) Íslenskt fjármálakerfi hefur orðið fyrir miklu áfalli og afleiðingarnar eru fjárhagslegt tjón fyrir almenning, atvinnulíf og þjóðarbúið allt sem nemur hundruðum milljarða króna.

Verkefni stjórnvalda þessa dagana má líkja við björgunaraðgerðir á slysstað. Allra leiða er nú leitað til að tryggja greiðsluflæði til og frá landinu, útvega gjaldeyri svo að hægt sé að greiða fyrir nauðsynjavörur og skjóta styrkari stoðum undir gjaldmiðilinn. Með þessu er stefnt að því að draga úr frekari búsifjum fyrir almenning og atvinnulíf í formi síhækkandi verðbólgu til framtíðar. Það er í þessum tilgangi sem við höfum lagt á það höfuðáherslu undanfarnar vikur að ná samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til að ná því jafnvægi í gjaldeyrisviðskiptum þjóðarinnar sem er forsenda þess að við getum hafið endurreisnarstarfið hér í samfélaginu.

Ekki eru allir á eitt sáttir um nauðsyn þess að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hefur raunar verið þekktur fyrir að setja ríkjum heims, ekki síst þróunarríkjum, harkaleg skilyrði um einkavæðingu og markaðsbúskap sem í mörgum tilvikum hefur ekki byggst á raunsæju mati á stöðu og getu viðkomandi ríkja. Ég lít hins vegar svo á að eins og málum er nú komið á Íslandi sé samstarf við sjóðinn eina leið okkar Íslendinga út úr gjaldeyris- og bankakreppunni. Í því sambandi skulum við líka hafa það hugfast að Íslendingar voru meðal þeirra 29 þjóða sem stofnuðu sjóðinn árið 1945 og lánið nú verður fimmta stóra lánið sem Íslendingar taka hjá sjóðnum á þessum ríflega 60 árum. Við höfum að sönnu aldrei áður horfst í augu við gjaldeyrishrun eins og nú er en söguleg reynsla Íslands af lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er farsæl.

Ég sagði að þetta væri eina leiðin nú eins og málum er komið og af hverju er þetta eina leiðin? Það er vegna þess að stuðningur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var forsenda þess að við gætum leitað eftir stuðningi annarra þjóða svo sem frændþjóða okkar á Norðurlöndunum. Þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir að forsætisráðherra Noregs hafi sagt að þetta væri ekki skilyrði fyrir því að Norðmenn kæmu að þessu þá er það að vissu leyti ákveðinn orðhengilsháttur vegna þess að það hefur skýrt komið fram í samtölum sem ég hef m.a. átt við forsætisráðherra Noregs og utanríkisráðherra Noregs og raunar aðra ráðherra að þetta væri ein af forsendum þess að þessar þjóðir gætu komið að lánveitingum til Íslendinga. Hvort það er skilyrði, hvort menn vilja orða það þannig, er eins og ég segi ákveðinn orðhengilsháttur. Þetta hefur eins og ég sagði komið skýrt fram af hálfu norskra yfirvalda og þetta hefur komið skýrt fram í samtölum mínum við forsvarsmenn annarra ríkja. Það var sem sagt einfaldlega ekki í boði. Samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er lykillinn að frekari stuðningi einstakra ríkja því að sjóðurinn tekur að sér að leggja faglegt mat á efnahagslega stöðu okkar, horfur í þjóðarbúskapnum og vaxtarmöguleika og á grundvelli þess mats koma aðrar þjóðir til skjalanna. Staðreyndin er einfaldlega sú að lánveitingar annarra ríkja, jafnt næstu vinaþjóða sem fjarlægari ríkja, virðast háðar því að utanaðkomandi alþjóðlegur aðili leggi mat á stöðu okkar og gefi trúverðugri áætlun um viðreisn fjármálakerfis og gjaldeyrisviðskipta nokkurs konar heilbrigðisvottorð.

Yfirlýsing framkvæmdastjóra sjóðsins strax á föstudag um stuðning sjóðsins við Ísland var mjög mikilvæg. Bein samtöl okkar við ráðherra sterkustu ríkjanna innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa staðfest mikilvægan stuðning og á næstu dögum munum við ræða við fleiri ríki. Lánsfé sem áður var ófáanlegt verður vonandi og ég segi vonandi fáanlegt og hin nauðsynlega viðspyrna fengin. Viðspyrnan verður að skila fjölskyldum og fyrirtækjum eðlilegra umhverfi og andrými til að endurskipuleggja, bregðast við og horfa til framtíðar. Það verður að fá krónuna til að virka á ný gagnvart veröldinni, gjaldeyrismarkaðurinn, hin mikilvæga vél nútímaefnahagslífs verður að snúast þó að orðið hafi að beita startköplum til að koma henni í gang og gangurinn í vélinni verði ójafn í fyrstu.

Vaxtahækkunin frá í gær var sannarlega erfið en vonandi er hún aðeins til skamms tíma. Henni er auðvitað ætlað að styðja við krónuna og sporna gegn verðbólgu. Fátt er mikilvægara fyrir fjölskyldurnar í landinu sem eru með 75% af skuldum sínum í verðtryggðum lánum og 15% í gengistryggðum lánum. En veik króna og mikil verðbólga eru að sjálfsögðu mikill skaðvaldur við slíkar aðstæður. Í þessu sambandi er rétt að halda því til haga að ég tel að samhliða þessum aðgerðum, vaxtahækkun Seðlabankans, þurfi að koma til aðrar aðgerðir, m.a. að sett verði ákveðin höft á frjálsa fjármagnsflutninga sem ekki tengjast viðskiptum með vöru eða þjónustu, sem vonandi gætu þá verið skammvinnar líka rétt eins og vaxtahækkunin.

Það hefur komið hér til tals og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur gert það að sérstöku umræðuefni hvort þetta hafi verið skilyrði af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í þessu sambandi verða menn að hafa í huga að það prógramm sem sett er upp er sett upp af íslenskum stjórnvöldum, þetta er það prógramm sem við leggjum fyrir stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og á þeirri forsendu fjallar sjóðurinn um umsókn okkar um lánveitingu. Þetta er sem sagt prógramm sem við berum ábyrgð á og þar af leiðandi hlýtur vaxtahækkunin sem í því felst að vera á okkar ábyrgð, íslenskra stjórnvalda, og við getum ekki vísað henni frá okkur á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Ég vil líka segja í þessu sambandi, af því að hér hefur verið spurt hvort hægt væri að upplýsa um það sem í þessu prógrammi felst, að það kom skýrt fram hjá þeirri sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem hér var að ekki væri hægt að upplýsa um þetta fyrr en það hefði verið lagt fyrir stjórnarmenn í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hvað felst í

því sem upplýsingafulltrúi sjóðsins segir veit ég ekki um en þetta voru þau skýru skilaboð sem við fengum frá sendinefndinni sem hingað kom frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þess vegna upplýstum við ekki um þetta vegna þess að við vildum ekki spilla möguleikum okkar hjá stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Verkefnið sem við stöndum andspænis á næstunni er brýnt og margslungið en í stuttu máli má kannski skipta því í fernt. Í fyrsta lagi aðgerðir til að bæta hag heimilanna. Í öðru lagi aðgerðir til að styrkja stöðu fyrirtækja og forða þeim frá gjaldþroti. Í þriðja lagi aðgerðir sem lúta að því að skapa hér skilyrði fyrir heilbrigt samfélag í framtíðinni og loks aðgerðir sem lúta að því að gera upp með heiðarlegum hætti þá atburði sem leiddu til kollsteypu íslenska fjármálakerfisins.

Eitt brýnasta verkefni næstu daga er að hrinda í framkvæmd markvissum aðgerðum í þágu heimilanna í landinu. Leita þarf allra leiða til að draga úr gjaldþrotum einstaklinga og fyrirtækja en jafnframt að rýmka ákvæði í gjaldþrotalögum til að þeir sem verða gjaldþrota komist sem allra fyrst á réttan kjöl á ný. Við þurfum að grípa til sérstakra aðgerða í húsnæðismálum, bjóða upp á greiðsluaðlögun húsnæðislána sem gefa því fólki sem á þarf að halda aukið svigrúm í formi léttari greiðslubyrði á meðan það er að ráða fram úr sínum málum. Við þurfum að leita eftir samstarfi við Íbúðalánasjóð og sveitarfélögin til að fjölga leiguíbúðum og gefa þeim sem horfa fram á að missa húsnæði sitt kost á að leigja húsnæðið með það fyrir augum að eignast það á ný þegar hagurinn vænkast.

Það er nauðsynlegt að grípa til skjótra úrræða til að draga úr atvinnuleysi, skapa ný störf og bæta framtíðarmöguleika þeirra sem missa vinnuna með úrræðum á sviði endurmenntunar og starfsþjálfunar. Þar er mikilvægt að við leitum nýrra lausna og vil ég nefna í því sambandi hugmyndir sem nú er verið að útfæra í iðnaðarráðuneytinu. Þar kemur til álita að Atvinnuleysistryggingasjóður taki upp samstarf við Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja um að skapa 100 ný störf í sprotafyrirtækjum fyrir fólk sem misst hefur vinnuna. Við þurfum að bjóða þeim sem missa vinnuna endurmenntun við hæfi sem geri þessa einstaklinga að eftirsóttum starfskröftum í framtíðinni. Þar gegna háskólarnir lykilhlutverki og er mikilvægt að boðið verði upp á ný hagnýt námskeið fyrir atvinnulausa á allra næstu mánuðum.

Jafnframt því að grípa til aðgerða sem bæta hag heimilanna þurfum við að beina sjónum okkar að umhverfi fyrirtækjanna í landinu og þar er forgangsmál að tryggja gjaldeyrisviðskipti til og frá landinu. En fleira þarf að koma til. Mörg góð en skuldsett fyrirtæki munu ramba á barmi gjaldþrots ef ekkert verður að gert. Þessi fyrirtæki sem mörg hver eru með skuldir í erlendri mynt hafa orðið fyrir þungum búsifjum að undanförnu vegna gengisfalls krónunnar og hruns verðbréfamarkaða. Ríkisvaldið þarf að skoða hvort hægt sé að beita niðurfærslu skulda hjá slíkum fyrirtækjum í því skyni að koma í veg fyrir frekari uppsagnir, atvinnuleysi og tekjumissi hjá heimilunum í landinu. Í því skyni verður hins vegar að gæta þess að fylgt verði almennum og gegnsæjum reglum sem byggi á jafnræði og sanngirni. Þar getum við ýmislegt lært af frændum okkar Svíum og Finnum sem fóru í gegnum fjármálakreppur fyrir nokkrum árum. Við þurfum að taka atvinnustefnuna til endurmats í ljósi breyttra aðstæðna og þar er mikilvægt að við Íslendingar nýtum sérstöðu okkar á sviði endurnýjanlegra orkuauðlinda til að skapa hér ný atvinnutækifæri sem sameini verðmætasköpun og virðingu fyrir umhverfinu.

Hér innan lands þurfum við að leita leiða til að örva fjárfestingar í atvinnulífinu og þar fagna ég sérstaklega ályktun Alþýðusambands Íslands sem kallar eftir því að skapaðar verði forsendur fyrir aðkomu lífeyrissjóðanna að endurreisn atvinnulífsins með breytingum á ákvæðum um fjárfestingar lífeyrissjóðanna í lögum og samþykktum sjóðanna.

Við verðum að læra af reynslunni og það verður að vera okkar leiðarljós við uppbyggingu nýs fjármálakerfis á Íslandi. Nýtt bankakerfi þarf að byggja á gegnsæi, fagmennsku og gildum eins og góðu viðskiptasiðferði í samskiptum við einstaklinga og fyrirtæki. Óhófleg launakjör æðstu stjórnenda verða að heyra sögunni til, sömuleiðis himinháar starfslokagreiðslur og bónusgreiðslur sem byggðar eru á skammtímagróða. Við verðum að læra af reynslunni og þess vegna verðum við að viðurkenna að peningamálastefnan hefur gengið sé til húðar. Ný peningamálastefna á að byggja á stöðugum gjaldmiðli og faglegri yfirstjórn Seðlabanka Íslands sem nýtur trausts jafnt hér heima sem erlendis.

Samfylkingin hefur um árabil haft þá stefnu að Ísland ætti að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Lengi vel naut þessi skoðun stuðnings minni hluta þjóðarinnar en nú hafa aðstæður breyst með þeim hætti að mikill meiri hluti þjóðarinnar telur nú að Evrópusambandsaðild og upptaka evru þjóni hagsmunum okkar best til framtíðar. Í hvorutveggja hefði líka falist sá varnarviðbúnaður í fjármálakreppunni sem okkur skortir nú svo sárlega. Alþýðusamband Íslands ályktaði á ársfundi sínum um liðna helgi að aðild að ESB og upptaka evru væri eina færa leiðin til að tryggja hér stöðugan gjaldmiðil til framtíðar. Mikill og vaxandi stuðningur er sömuleiðis við upptöku evru og ESB-aðild í röðum atvinnurekenda. Aðilar vinnumarkaðarins hafa unnið sína heimavinnu og komist að þeirri niðurstöðu að breyttar aðstæður kalli á nýjar lausnir. Sama verkefni bíður stjórnmálaflokkanna í landinu og ég minni á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er að finna leiðsögn um að stefnan í Evrópumálum geti tekið breytingum í samræmi við endurskoðað hagsmunamat.

Virðulegur forseti. Fram undan er erfiður vetur fyrir landsmenn alla og við þurfum öll að taka á okkur auknar byrðar. Ríkissjóður þarf að bera aukna skuldabyrði vegna lána til að efla gjaldeyrisforðann og það kallar á aukinn sparnað í ríkisbúskapnum. Ljóst er að draga þarf verulega úr ríkisútgjöldum en þá er mikilvægt að við stöndum vörð um hag heimilanna í landinu og hlúum að þeim sviðum samfélagsins sem geta gert okkur kleift að snúa vörn í sókn innan fárra ára. Þar þarf sérstaklega að huga að menntakerfinu og í því sambandi er mikilvægt að ríkisvaldið taki til sérstakrar skoðunar hvernig koma megi til móts við námsmenn og ungt fólk sem hefur nýlokið námi. Þar þarf m.a. að kanna hvernig hægt sé að létta endurgreiðslubyrði námslána sem og möguleika á að greiða námslán út í samræmi

við framvindu náms en ekki eftir á eins og nú er raunin.

Við þurfum öll að taka á okkur byrðar til að vinna okkur út úr kreppunni og þar erum við ráðamenn þjóðarinnar ekki undanskildir. Ríkisstjórnin verður að ganga á undan með góðu fordæmi og gera nauðsynlegar breytingar á eftirlaunakjörum þingmanna og ráðherra til að skapa meiri jöfnuð við lífeyriskjör annarra landsmanna. Þetta verkefni hefur verið til umræðu milli formanna flokkanna og til meðferðar í forsætisráðuneytinu frá því í sumar og ég legg áherslu á að við hröðum þessari vinnu sem kostur er þannig að nýtt frumvarp geti orðið að lögum fyrir jól.

Þjóðin hefur orðið fyrir áfalli. Það er mikil óvissa um framtíðina og almenningur kallar eftir heiðarlegu uppgjöri á þeirri atburðarás sem leiddi til bankahrunsins í upphafi þessa mánaðar. Því kalli verðum við að svara og ég tel mikilvægt að á allra næstu dögum verði tekin ákvörðun um tilhögun þeirrar úttektar. Þar er frumskilyrði að til verksins verði kallaðir aðilar sem njóta fulls trausts og virðingar af störfum sínum. Ég tel að hér sé farsælast að um verði að ræða nefnd sérfræðinga sem standa utan hins pólitíska sviðs og þar verði m.a. leitað til erlendra aðila sem hafa reynslu af sambærilegum verkefnum, t.d. á Norðurlöndunum. Þjóðin á kröfu um að hreint verði gengið til þessa verks með fagmennsku og gegnsæi að leiðarljósi og þar verði ekkert dregið undan.

Herra forseti. Við Íslendingar höfum orðið fyrir þungri ágjöf á liðnum vikum jafnt í efnahagslegu tilliti en ekki síður hvað varðar orðstír okkar á alþjóðavettvangi. Það mun taka okkur einhvern tíma að vinna upp það sem tapast hefur. Við þessar aðstæður eigum við þann kost helstan að nýta styrk okkar sem atorkuþjóðar í einstöku landi, þjóðar sem er vön að takast á við válynd veður og óblíða náttúru. Við höfum unnið mörg þrekvirki á undanförnum áratugum og öldum og við munum halda því áfram. Með íslenskan galdur í farteskinu og í náinni samvinnu við alþjóðasamfélagið munum við komast í gegnum kreppuna. Gleymum því ekki að í öllum aðstæðum felast tækifæri og þó að við horfum fram á gerbreytt umhverfi eigum við sögulegt tækifæri til að skapa hér forsendur fyrir nýju og heilbrigðara samfélagi sem byggir á jöfnuði, samhjálp og réttlæti. Það er verkefni sem getur dregið fram það besta í okkur öllum og við skulum ganga til þess verks full vonar og bjartsýni.

[11:27]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Þegar ég gekk yfir Austurvöll á leið til þingsins á þessum fallega morgni voru við styttu Jóns Sigurðssonar leikskólakennarar með mörg lítil börn. Leikskólakennurunum þótti ég niðurlútur og brúnaþungur og ávörpuðu mig og sögðu að það þýddi ekkert, heldur yrðum við að horfa til framtíðarinnar. Þeir bentu mér á börnin og hvöttu til varna í kringum ungt fólk.

Kannski er það kjarni málsins að við þurfum að líta upp og gera okkur grein fyrir því að við eigum ærin tækifæri þrátt fyrir hvernig allt hefur þróast á síðustu vikum þessa langa októbermánaðar.

Hæstv. forseti. Í upphafi vil ég sérstaklega þakka hæstv. utanríkisráðherra sem hefur tekið upp harða vörn og sókn gegn flokksbræðrum sínum í Bretlandi, eftir að hún kom aftur til starfa. Ég sagði einhvern tímann úr ræðustól að sorglegt hefði verið hinn 9. október að í því starfi skyldi ekki hafa verið alvörustjórnmálamaður, en vegna veikinda var hæstv. utanríkisráðherra fjarverandi. Þegar Gordon Brown lýsti Ísland gjaldþrota og réðst að Íslendingum og íslenskri þjóð með hryðjuverkalöggjöf — sem er einhver óvægnasta árás sem ein þjóð hefur orðið fyrir — sagðist hæstv. forsætisráðherra því miður ekki vilja munnhöggvast við breska forsætisráðherrann.

Þar varð eitt slysið enn á vegferð okkar að við skyldum ekki taka það mál strax upp af meiri festu en gert var af hálfu ríkisstjórnarinnar og kæra Bretana, eins og ég sagði hinn 10. október. Kæra þá fyrir alþjóðasamfélaginu. Kæra þá fyrir að lýsa Ísland gjaldþrota, sem engum hafði í rauninni dottið í hug. Þeir lokuðu öllum dyrum fyrir íslenskri þjóð um víða veröld hægt og hljótt og menn urðu hugsi þegar þessi valdamikla þjóð í Evrópu lýsti Ísland gjaldþrota og sagði að við óbótamenn og hálfgerða hryðjuverkamenn væri að eiga. Ég vil þakka viðbrögðin, því þótt þau komi seint eru þau mikilvæg, og mjög mikilvægt er að halda því fram að við eigum kröfur á hendur breskum stjórnvöldum fyrir að hafa gert kreppuna miklu alvarlegri en hún hefði annars orðið.

Engin spurning er um að þegar Bretar fóru inn í íslensku bankana út af Icesave-reikningunum felldu þeir Kaupþingsbankann í Bretlandi, sem var breskt fyrirtæki í eigu Íslendinga, og um leið féll móðurfélagið hér heima. Það dýpkaði kreppuna og gerði hana enn þá alvarlegri viðfangs hér heima við, þannig að ég fagna því að breskir lögmenn á vegum Kaupþings og Íslendinga hafa hafið að skoða hvernig megi sækja Breta til saka. Fast þarf að fylgja því eftir, sem ég sagði í upphafi, hvernig með okkur var farið af forsætisráðherra Bretlands við þessar aðstæður.

Ég vil vekja athygli á því hæstv. forseti að vel kann að vera að reiði Bretanna hafi verið mikil út frá framgöngu íslenskra stjórnmálamanna. Það gerðist núna fyrir nokkrum dögum að einhverjir í ríkisstjórninni — hvort það voru samfylkingarmennirnir eða sjálfstæðismennirnir veit ég ekkert um — láku í Kastljós samtali Árna M. Mathiesen hæstv. fjármálaráðherra og kollega hans í Bretlandi. Vel kann að vera að menn hafi haldið að fjármálaráðherra skaðaðist af viðtalinu. Ég hygg að í því hafi margt sem við var að glíma komið í ljós.

Hæstv. forsætisráðherra. Mjög mikilvægt er að minnisblað af fundi hæstv. viðskiptaráðherra Björgvins Sigurðssonar við breska ráðherra og stjórnvöld 2. september verði gert opinbert. Þingið á rétt á að þessi gögn verði lögð á borðið til að hægt sé að átta sig á heildarmyndinni.

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn höfum staðið að neyðarlögunum. Við höfum gert okkur grein fyrir því að þessi kreppa er margþætt. Íslenskir athafnamenn og auðmenn eiga stóra sök á hvernig farið hefur. Fjármálakreppan á, eins og víða um veröld, enn stærri þátt í hvernig þetta hefur allt saman þróast. Þess vegna var það niðurstaða framsóknarmanna, eftir jaml og japl og fuður, þegar allar dyr voru lokaðar íslenskum stjórnvöldum um hjálp, að standa að því og fallast á að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kæmi að málefnum Íslands. Fyrst og fremst sem blessandi hönd sem gæti opnað dyr á nýjan leik sem öryggisatriði fyr-

ir Ísland. Formenn stjórnarandstöðuflokkanna fóru yfir það með forsætisráðherra og hann sagði ekkert vera í skilyrðunum sem væri að óttast. Við höfðum haft áhyggjur af því og óttuðumst sérstaklega þau gamaldags úrræði sem sjóðurinn hefur víða beitt í slíkum þrengingum að keyra vexti upp á nýjan leik. Ég er alveg klár á því að slíkt á ekki við á Íslandi og var skaðlegt.

Þess vegna undra ég mig á því af hverju megnið af hæstv. ríkisstjórn fór úr landi og síðan skall á vaxtahækkun Seðlabankans, sem þrettán dögum fyrr hafði keyrt vextina úr 15,5% niður í 12%. Nú voru vextirnir keyrðir upp í 18%. Af þessari ákvörðun hef ég meiri áhyggjur en nokkurri annarri. Það birti yfir þjóðinni þegar vextirnir lækkuðu. Vaxtahækkunin mun hafa mikil áhrif á fyrirtæki í erfiðleikum svo ég tali ekki um skuldug heimili. Maður finnur gjarnan að það er eins og margt hafi brostið við þessa ákvörðun.

Hæstv. forseti, við þessar aðstæður hefur það verið mér undrunarefni að heyra í ráðherrum sem hafa barið sér á brjóst. Ég átti t.d. viðræður við hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson í fyrradag þar sem ég spurði hvort vaxtahækkunin hefði verið skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða einkaákvörðun Seðlabankans þótt ríkisstjórnin hefði komið að þessu. Allir vita að útúrsnúningar og dónaskapur hæstv. iðnaðarráðherra var einstakur við þessar aðstæður. Hann fullyrti að Seðlabankinn hefði tekið ákvörðunina og ríkisstjórnin hvergi komið að. Nokkrir ráðherrar, m.a. varaformaður Sjálfstæðisflokksins hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hafa sagt að Seðlabankinn einn beri ábyrgð á þessu. (Gripið fram í.) Hæstv. utanríkisráðherra hefur sagt slíkt hið sama sem og hæstv. iðnaðarráðherra. Áður en ég fór í ræðustól leit ég inn á heimasíðu Seðlabankans sem sá ástæðu til þess í morgun að skýra sína hlið málsins. Í athugasemd frá Seðlabanka Íslands segir, með leyfi forseta:

„Eins og kunnugt er hefur verið litið svo á að samningsgerð (Letter of Intent) á milli ríkisstjórnar Íslands og sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé enn trúnaðarmál. 19. tl. samningssgerðarinnar er þó eðli málsins samkvæmt ekki lengur trúnaðarmál. Ráðherrar úr ríkisstjórn hafa undrast vaxtahækkun í 18% og hafa jafnframt sagt að ekkert ákvæði um slíka gjörð sé í samningsgerðinni. Í samningsgerðinni segir í 19. tl.: „To raise the policy interest rate to 18 percent.““

Það liggur fyrir, hæstv. forsætisráðherra. Seðlabankinn fékk samning sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði gert við ríkisstjórn Íslands um að til þess að hann færi í þann leiðangur með Íslendingum að opna dyrnar um allan heim yrði að hækka vextina í 18%. Sorglegt er við þessar aðstæður að margir ráðherrar eru staðnir að því að segja ósatt. Hæstv. iðnaðarráðherra skrökvaði hér í fyrradag. Hann hlýtur að hafa vitað betur og ég vil að hæstv. forsætisráðherra skýri það hér. Er Seðlabankinn að fara með rangt mál með þessari yfirlýsingu? Fer hann með rétt mál? Ég vil hafa það á hreinu í lok þessarar umræðu hvort slíkt samkomulag hafi verið gert. Þingmenn og Alþingi Íslendinga eiga rétt á að þessi gögn verði öll lögð á borðið.

Ég hef áhyggjur af vaxtahækkuninni og sé að hagfræðingar, sem margir hverjir hafa oft haft rétt fyrir sér um viðbrögð ríkisstjórnarinnar, óttast mjög afleiðingar þessarar ákvörðunar. Henni mun fylgja hrina gjaldþrota bæði hjá heimilum og fyrirtækjum. Því munu peningarnir sem menn halda að þeir dragi heim ekki koma í gegnum þessa aðgerð, því Ísland er um þessar mundir í litlu áliti bæði hjá íslenskum fjárfestum og athafnamönnum og þeir vilja áreiðanlega ekki hætta fé sínu. Það hafa þeir sjaldan gert. Þannig að ég efast um aðgerðina og spyr hæstv. forsætisráðherra. Hvað þarf hún að standa lengi?

Ég hef vakið athygli á tvískinnungi af hálfu ráðherra og ómerkilegrar umræðu þar sem þeir víkja sér undan því að hafa fallist á í ríkisstjórninni að vaxtahækkun væri frumforsenda þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kæmi að málefnum okkar. Ég vil hafa það á hreinu.

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn teljum mjög mikilvægt að hvítbók sannleikans verði skrifuð um þessa margþættu og flóknu atburðarás. Sjálfsagt eru margir sekir og margir hafa brugðist, bæði íslenskir stjórnmálamenn fyrr og síðar. Eftirlitsstofnanir, Fjármálaeftirlitið, Seðlabankinn. Hvers vegna hafði Fjármálaeftirlitið ekki oft farið og skoðað lifur og lungu í bankakerfinu? Það hafði heimildir frá Alþingi Íslendinga til að velta fyrir sér þeim krosstengslum og hringamyndunum sem nú er upplýst um daglega. Margir hafa brugðist og mikilvægt er að fá hlutlausa aðila til að rannsaka málið. Þeir verða að vera erlendir því vináttu og vild yrði vantreyst ef þeir væru íslenskir.

Að lokum vil ég segja, hæstv. forseti, að ekkert er mikilvægara nú en að horfa bjartsýnn fram á við. Við eigum að geta bjargað okkur út úr þessum vanda og það gerir íslensk þjóð fyrst og fremst með samstöðu. Sem allra fyrst þarf hæstv. ríkisstjórn að lýsa því yfir að hún ætli að gefa í, taka utan um heimilin og gera allt með skynsamlegum hætti. Þess vegna segi ég hæstv. forsætisráðherra að kalla aðila vinnumarkaðarins og stjórnarandstöðuna oftar að borðinu og fara yfir ráðagerðir, en aðilar vinnumarkaðarins gagnrýndu t.d. vaxtahækkunina. Gefa þarf út þá bjartsýnu skipun sem fyrst að aðstæður í sjónum leyfi aukningu aflans. Við eigum landbúnaðinn sem er okkur dýrmætari en fyrr og matarforðabúr Íslendinga við þessar aðstæður. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sagt að framtíðarstaða okkar sé öfundsverð. Úr þessu verðum við öll að vinna af mikilli samstöðu. Orka landsins og orka mannauðsins eru þau dýrmæti sem við eigum. Þess vegna er mikilvægt að vinna hratt og vel. (Forseti hringir.) Reisa sig frá því að vera (Forseti hringir.) þungbrýnn og daufgerður og alvarlegur. Setja gleðina í gang og róa í takt. Framtíð okkar Íslendinga (Forseti hringir.) er björt.

[11:43]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Mér finnst að nú sé kominn tími til að tala skýrar en við höfum gert hér í umræðum undanfarinna daga. Þar á ég einkum við þá eðlilegu kröfu okkar og þjóðarinnar að ráðamenn, sérstaklega forsætisráðherra, fari nú að tala mjög skýrt um það hvert við stefnum.

Ég er iðulega spurður að því hver skuldabyrði þjóðarinnar á næstu árum muni verða. Það er auðvitað ekki hægt að svara því nema með einhverjum dæmum eins og málum er komið. Ríkisstjórnin hefur ekki upplýst okkur um hvert

við stefnum í þeim efnum, þ.e. hvað líklegt er að lendi á íslensku þjóðinni. Við forustumenn stjórnarandstöðunnar höfum ekki fengið að sjá þau gögn sem ríkisstjórnin sendi til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Ég tók hins vegar eftir því í fréttum í gærkvöldi að verið var að tala um að líkleg vaxtaprósenta af láni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins væri 4,98 eða 4,99%, þ.e. tæp 5%. Ég geri nú kröfu til þess að hæstv. forsætisráðherra fari að útskýra með dæmum fyrir þjóðinni og okkur í hvað við stefnum. Ef rétt er að vextir af láni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins muni verða tæp 5% eða 5% — það er ákaflega þægileg tala til útreikninga — erum við að tala um tæpa 13 milljarða í vaxtabyrði af því láni einu. Þess vegna spyr þjóðin okkur þingmenn að því: Hvert stefnum við? Það er sama hvort ég kem á bílaverkstæðið mitt eða heimsæki önnur fyrirtæki sem ég þarf að eiga viðskipti við, alls staðar spyr fólks þess sama: Guðjón, í hvað stefnum við? Undanfarna daga hef ég svarað þessu með dæmum og sagt eitthvað á þessa leið: Það er ekkert ólíklegt að við stefnum í heildarskuldir upp á 700 milljarða eða þaðan af meira.

Mér finnst að hæstv. forsætisráðherra eigi að segja þjóðinni hvaða framtíð bíður hennar að því er varðar þær skuldir sem á henni lenda. Ef við tækjum á okkur 700 milljarða væri vaxtagreiðsla, miðað við 5% vexti, 35 milljarðar á ári. Ef heildarskuldir nálgast 900 milljarða er um að ræða um 45 milljarða í vexti. Það eru svo háar tölur sem ég nefni hér að þær vekja mönnum mikinn ugg í brjósti. Allt að einu þurfum við að fá skýrari svör. Forsætisráðherra skuldar okkur öllum að tala skýrt.

Hæstv. forsætisráðherra upplýsti í ræðu sinni að það hefði gengið vel að ræða við samkollegana á Norðurlöndunum, þeir mundu leitast við að styðja Ísland með lánveitingum o.s.frv. Hvaða kjör telur hæstv. forsætisráðherra að við eigum von á ef Norðurlandaþjóðirnar styðja okkur? Það verður að fara að segja þjóðinni í hvað við stefnum, það er ekki hægt að tala svona fram og til baka um að allir vilji lána okkur nema kannski Rússar. Það var frétt um það í *Fiskaren* í morgun að Rússar væru búnir að missa allan áhuga á að lána Íslendingum fé. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvort sú frétt sé rétt. Getur hann upplýst þjóðina um hvort viðræður við Rússa séu dottnar upp fyrir, að engar séu líkur á að við fáum lánafyrirgreiðslu þar og þá hvers vegna? Hafa hæstv. ráðherrar vitneskju um það?

Nei, nú verður hæstv. forsætisráðherra og forustumenn ríkisstjórnarinnar að fara að gefa skýr svör um í hvað við stefnum. Það er ekki hægt að tala um þetta endalaust í heilan mánuð með þeirri óvissu sem verið hefur. Það verður að fara að skýra frá því hverjar skuldbindingar okkar eru, hverjar eignir gömlu bankanna eru og þá eignir nýju bankanna. Hvar lenda ábyrgðir á ríkissjóði í því sambandi? Þegar maður reynir að átta sig á skuldastöðunni sem við gætum átt von á eru tölurnar skelfilegar. Við verðum hins vegar að tala af raunsæi við fólkið í landinu, segja eins og er.

Íslenska þjóðin hefur oft áður lent í þrengingum en ævinlega unnið sig út úr þeim. Þó að tímarnir sem fram undan eru verði erfiðir hef ég fulla trú á því að við munum vinna okkur út úr þeirri stöðu. Það breytir hins vegar ekki því að það verður að fara að ræða þessa hluti meira opinskátt en verið hefur. Það er í raun og veru ömurlegt fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að hafa setið á þó nokkrum fundum með ráðamönnum ríkisstjórnarinnar og það er ekki einu sinni hægt að upplýsa okkur í trúnaði um það hvað var í því bréfi sem ríkisstjórnin sendi til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Við forustumenn stjórnarandstöðunnar lögðum sérstaka áherslu á það í viðræðum á síðasta fundi við hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra að ekki yrði farið í stýrivaxtahækkun hér á landi, að ekki yrði vegið að atvinnulífinu og skuldsettum fjölskyldum í landinu með þeim hætti. Hæstv. utanríkisráðherra talaði um það áðan að verja yrði stöðu heimilanna. Ég tek alveg undir þau orð en ég get ekki séð að vaxtastefna ríkisstjórnarinnar tryggi það, þvert á móti. Það er bæði vegið að heimilunum í landinu og atvinnulífinu, einkum minni fyrirtækjum.

Ég verð að líta svoleiðis á að komið hafi fram bein krafa frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um að vextir yrðu hækkaðir hér, það er ekki hægt að draga neina aðra ályktun af því. Varla værum við með 18% stýrivexti, hátt í 30% dráttarvexti, nema vegna þess að þyrftum að mæta ákveðnum kröfum. Er það þá svo að athafnaleysi ríkisstjórnarinnar í heilan mánuð hafi orðið til þess að við verðum að ganga að þeim kosti, kannski þeim eina sem við eigum völ á, sem er lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum með þessum skilyrðum? Ég vil fá að vita hvort það voru skilyrðin.

Ég hef hins vegar tekið eftir því að hæstv. menntamálaráðherra, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, er andvíg vaxtahækkuninni, ef ég hef skilið rétt það sem eftir henni var haft. Ég spyr um það m.a. vegna þeirra umræðna sem farið hafa fram hér í þingi um hvort stjórnarliðar séu samstiga í stefnunni um hækkun vaxta.

Mesta vandamál okkar á komandi tímum er staða heimilanna í landinu og staða atvinnurekstrarins. Þess vegna þurfum við á öllu okkar að halda til að koma í veg fyrir að atvinnuleysi aukist mikið í landinu. Það kallar auðvitað á að ríki og jafnvel sveitarfélög þurfi að taka verulega áhættu með fjárlögin á næsta ári til þess að reyna að tryggja að atvinnustigið fari ekki niður úr öllu valdi. Það er mjög sárt að horfa á það sem nú er að gerast á byggingarmarkaðnum þar sem hvert fyrirtækið á fætur öðru segir upp starfsmönnum sínum. Það stefnir allt í það, því miður, að atvinnuleysi verði mikið eftir áramót. Þess vegna held ég að við séum í þeirri stöðu að þurfa að afgreiða fjárlögin á næsta ári með verulegum halla, sennilega yfir 100 milljarða, vegna þess að við getum ekki leyft okkur að færa atvinnustigið enn þá neðar en það sem það stefnir nú í. Þó að ríkissjóður verði rekinn með verulegum halla næstu árin held ég að árið 2009 þurfi menn að taka þá áhættu.

Ég fæ ekki séð hvernig atvinnufyrirtækin í landinu eiga að geta rekið sig undir því vaxtaokri sem þau standa núna frammi fyrir, ég kem ómögulega auga á það. Ég skora á forustumenn ríkisstjórnarinnar að leita allra leiða til þess að forðast fjöldagjaldþrot fyrirtækja og reyna að styðja við atvinnustarfsemina af öllum mætti.

Við sjáum að eignastaða fjölskyldnanna er að hruni komin. Húsnæðisverð lækkar á sama tíma og skuldirnar hækka. Hver fjölskyldan á fætur annarri stendur nú frammi fyrir því með hverri vikunni sem líður að eignir hennar eru algjörlega uppurnar. Þær fjölskyldur sem áttu 10–15 milljónir í húsnæði sínu fyrir örfáum mánuðum síðan eiga nú

ekki neitt, ekkert eigið fé. Það er mjög alvarlegt og ég hef lagt til að reynt verði að bregðast við þeirri stöðu með sértækum aðgerðum.

Við í Frjálslynda flokknum höfum margsinnis lagt það til að brugðist verði við í þjóðfélaginu með því að auka tekjur þjóðfélagsins. Við höfum lagt til að það verði gert þar sem auðveldast er að grípa til þess, í sjávarútveginum, með því að auka þorskveiðina. Þar eigum við skipin, þar höfum við mannskapinn, þar höfum við vinnslustöðvarnar og fiskurinn er í sjónum. Ég hef stundum orðað það svo til hughreystingar fyrir þá sem eru með hroll gagnvart því veiða meiri þorsk að þeir geti þá litið á að við séum að taka lán í lífríkinu. Ég hef hins vegar engar sérstakar áhyggjur af því þó að við mundum auka þorskveiðina verulega. Ég tel að nauðsynlegt sé að grípa til allra tiltækra ráða til þess að efla tekjustöðuna og atvinnustigið í þjóðfélaginu. Ég mælist til þess við hæstv. sjávarútvegsráðherra að hann fari nú að taka þá ákvörðun að auka þorskveiðina. Það kann vel að vera skynsamlegt að gera það í áföngum og leggja til 30, 40 þúsund tonna veiði og jafnvel meira síðar þegar líður á næsta ár.

Það er ekki hægt að bjóða upp á kyrrstöðu eins og þá sem við erum í þar sem menn sjá ekkert fram undan annað en samdráttinn, tekjumissinn og kostnaðinn við lántökur. Ríkisstjórnin verður að leggja fram áætlun um hvernig hún ætlar að standa með fólkinu í landinu og með atvinnulífinu. Annað er ekki boðlegt í núverandi stöðu, hæstv. forseti.

[11:58]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns nota tækifærið og þakka forsætisráðherra fyrir skýrslu hans um stöðu efnahagsmála og aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nú þegar ríkisstjórn Íslands hefur tekið þá skynsamlegu ákvörðun að leita aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna stöðunnar sem upp er komin í íslensku efnahagslífi blasir við ný staða hér á landi. Staða þjóðarbúskaparins er allt önnur og verri en hún var fyrir ekki lengri tíma en mánuði síðan. Allar áætlanir í rekstri ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og fjölskyldna eru í uppnámi. Þess vegna er nauðsynlegt að stokka spilin upp á nýtt og taka ákvarðanir um hvernig leysa beri úr vandanum sem við blasir og hvernig eigi að haga uppbyggingarstarfinu sem fram undan er.

Hagfræðiprófessorarnir Gylfi Zoëga og Jón Daníelsson bentu á það í grein í Morgunblaðinu á mánudag að líkja mætti ósköpunum sem hér hafa dunið yfir á síðustu vikum við náttúruhamfarir og undir þá lýsingu er óhætt að taka. Fjármálakerfið er hrunið, gengi gjaldmiðilsins er hrunið, vextir eru himinháir, verðbólga líka, eignir brenna upp, fasteignaverð fellur, viðskipti okkar við útlönd eru í uppnámi, við eigum í deilum við önnur ríki, námsmenn eru í kröggum og svo mætti lengi telja og allt hefur þetta gerst á örskömmum tíma.

Engin ástæða er til að draga fjöður yfir það að eitthvað mikið hefur farið úrskeiðis sem leitt hefur til stöðunnar sem uppi er og þess að Ísland hefur þurft að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir aðstoð. Á næstu missirum er fyrir séð að byrðarnar sem þjóðin þarf að bera verða þyngri en áður. En almenningur og fyrirtæki í landinu eiga ekki að bera þær ein. Ríkið og sveitarfélögin þurfa þess ekki síður. Þótt halda megi því fram með góðum rökum að ýmsir hafi gengið of hratt um gleðinnar dyr í góðærinu þá eru hvorki ríki né sveitarfélög saklaus af því að hafa tekið þátt í gleðinni.

Sú aðstoð sem óskað hefur verið eftir hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum kallar á nýja efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ríkisfjármál þarf að endurskoða nánast frá grunni. Fjármálakreppan sem nú geisar mun hafa það í för með sér að tekjur ríkisins munu dragast verulega saman. Því er ljóst að grípa þarf til aðgerða til þess að endar náist saman í ríkisfjármálunum. Þar eru tvær leiðir einkum nefndar. Önnur er að hækka skatta á fólk og fyrirtæki til að standa undir útgjöldum ríkissjóðs. Hin er að draga úr ríkisútgjöldum. Það þarf að hugleiða afar vel, herra forseti, hvernig við þessum aðstæðum verður brugðist. Sjálfum hugnast mér síður að við fyrirséðu tekjutapi ríkissjóðs verði brugðist með því að hækka skatta á almenning og fyrirtæki. Ég fæ ekki séð að mögulegt sé að auka skattheimtu á fólk og fyrirtæki ofan á yfirvofandi tekjufall, atvinnuleysi, gjaldþrot, háa vexti og háa verðbólgu. Nóg er nú samt.

Með góðum rökum má halda því fram að kjaraskerðingin sem nú þegar hefur orðið vegna verðbólgu feli í sér ígildi skattahækkana. Skynsamlegra væri að draga verulega úr ríkisútgjöldum á flestum eða öllum sviðum. Eins og áður segir voru hvorki ríki né sveitarfélög saklaus af því að hafa verið þátttakendur í góðærinu. Þó verður að halda því til haga að ríkið greiddi upp skuldir sínar á meðan vel gekk og það er mjög lofsvert og mestan heiður af því á núverandi hæstv. forsætisráðherra. Engu að síður hefur opinberum starfsmönnum fjölgað, stjórnsýslan þanist út, laun hækkað og ráðist hefur verið í kostnaðarsöm gæluverkefni. Á þessu berum við öll ábyrgð, líka hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem kvartaði yfir því áðan að menn skorti sjálfsgagnrýni. Ofan af þessu þarf að vinda, herra forseti. Draga þarf saman í ríkisbúskapnum á flestum eða öllum sviðum og forgangsraða útgjöldum með skynsamlegum hætti í þágu grunnþjónustu sem veita þarf almenningi og grunnstoðanna sem byggja skal þjóðfélagið á. Lúxusinn þarf hins vegar að setja á ís.

Niðurskurður útgjalda ríkisins á að bera það með sér að ríkið ætli að ganga á undan með góðu fordæmi og sýna með afdráttarlausum hætti að það ætli að skera niður eigin útgjöld svo fólkið og fyrirtækin í landinu sjái svart á hvítu að því sé ekki ætlað að bera allar byrðarnar. Þar á ekkert að vera undanskilið og skilaboðin verða að vera skýr. Fækka á ráðuneytum og undirstofnunum þeirra. Starfslið hins opinbera má ekki vera fjölmennara en nauðsyn er á. Alþingismenn sem hafa ráðið sér aðstoðarmenn verða að sætta sig við að sjá á bak þeim. Auka þarf sveigjanleika á opinberum vinnumarkaði og veita yfirmönnum fyrirtækja ríkis og stofnana aukið aðhald. Launakjör og önnur réttindi opinberra starfsmanna hvort sem er í stjórnsýslunni, hjá fyrirtækjum ríkisins eða stofnunum þurfa að taka mið af efnahagsástandinu. Risnukostnað ríkis og sveitarfélaga og öll hugsanleg fríðindi starfsmanna þeirra þarf að skera við nögl. Með öðrum orðum þarf að skera af alla þá fitu sem fyrirfinnst í ríkisrekstrinum

Þar fyrir utan er nauðsynlegt að endurskoða umfang

verkefna og umsvif ýmissa ráðuneyta. Utanríkisþjónustuna þarf að endurskipuleggja. Ríki sem þarf á aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að halda er nú varla aflögufært til að veita þróunaraðstoð og um það má deila hvort við getum ráðist í öll þau samgönguverkefni sem menn vilja. Ég er ekki viss um að við getum borað jarðgöng um allt land og fæ ekki betur séð en við þurfum að fresta byggingu hátæknisjúkrahúss og fleira mætti telja. Við þurfum einfaldlega að skera niður á öllum sviðum.

Niðurskurður eins og sá sem ég hef nefnt verður ekki sársaukalaus, hann verður mjög erfiður. En menn verða að horfast í augu við það að hjá honum verður ekki komist. Hið opinbera verður að sníða sér stakk eftir vexti við þær aðstæður sem nú eru uppi. Við höfum því miður ekki efni á öðru.

Samhliða niðurskurðaraðgerðunum er mikilvægt að stjórnvöld hugi vel að þeim atvinnurekstri sem stendur eftir hrun fjármálakerfisins. Hinar kraftmiklu útflutningsgreinar þjóðarinnar, sjávarútvegur og stóriðja, munu ásamt ferðaþjónustu gegna lykilhlutverki við að afla þjóðarbúinu tekna í framtíðinni og þær þarf að vernda. Jafnframt þarf að auka framleiðslu innan lands til að afla aukinna tekna og leita allra leiða til að efla erlenda fjárfestingu í landinu, m.a. með því að nýta þær auðlindir landsins sem í dag standa ónýttar svo að þær skili þjóðarbúinu tekjum. Það þarf að virkja þann sköpunarkraft og þekkingu sem býr í fólkinu í landinu og efla nýsköpun til atvinnusóknar á öllum sviðum. Nú er mikilvægt, herra forseti, að vel sé haldið á spöðunum og ígrundað vel og vandlega með hvaða hætti stjórnvöld ættu að grípa til aðgerða til að leysa úr viðfangsefnunum sem við blasa. Meginverkefnið hlýtur að vera að styðja við bakið á fyrirtækjum sem hér starfa, standa vörð um hag almennings, efla verðmætasköpun í landinu, verja störf og koma í veg fyrir að ungt og vel menntað fólk finni kröftum sínum farveg í öðrum löndum. Leiðin til að ná þessum markmiðum er að mínu mati ekki sú að leggja auknar byrðar á fólk og fyrirtæki í landinu. Við eigum að skera niður útgjöld ríkisins, skera burt alla fitu sem þar fyrirfinnst og ekki síst hjá okkur sjálfum, stjórnvöldum, alþingismönnum og öllum sem að ríkisrekstrinum koma.

[12:07]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég var að velta því fyrir mér hvort gæti verið að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson væri nýkominn frá tunglinu. Hann predikaði í mikilli eldmessu áframhald þeirrar stefnu sem hefur keyrt okkur út í fenið. Ég get að vísu tekið undir sitthvað í málflutningi hans þegar hann segir að nú eigi að skera óþarfann og fituna burt. Ætlar hann að styðja tillögur sem fram munu koma frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að horfið verði frá áformum um að setja á fót nýtt hernaðarmálaráðuneyti eða hernaðarmálastofnun? Ætlar hann að styðja okkur í því?

Hæstv. forseti. Það er ljótt að ljúga að fólki og það er ljótt að ljúga að heilum þjóðum. Málflutningur ríkisstjórnarinnar og framkoma gagnvart íslensku þjóðinni einkennist ekki bara af því hve mótsagnakenndur hann er heldur hve ósannur hann er. Íslendingum er ekki sagt satt og rétt frá. Okkur var sagt, m.a. í efnahags- og skattanefnd þingsins, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði ekki sett nein skilyrði fyrir hugsanlegum lánveitingum til Íslands. Fáeinir klukkutímar liðu þar til skýrt var frá því að ákveðið hefði verið að hækka stýrivexti um 50% og fara með þá upp í 18%. Þá hófust í fyrsta lagi mótsagnakenndar yfirlýsingar þar sem annars vegar var fullyrt að þetta væri samkvæmt skilyrðum og skipunum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í annan stað að Seðlabankinn hefði tekið ákvarðanirnar og í þriðja lagi að þetta væri á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Hvað af þessu er rétt? Eitt er víst að í Seðlabankanum velkjast menn ekki í vafa um hvað rétt er. Eins og hefur komið fram í umræðunni hefur Seðlabankinn sent frá sér athugasemd í dag þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Eins og kunnugt er hefur verið litið svo á að samningsgerð (Letter of Intent) á milli ríkisstjórnar Íslands og sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé enn trúnaðarmál. 19. tl. samningssgerðarinnar er þó eðli málsins samkvæmt ekki lengur trúnaðarmál.

Ráðherrar úr ríkisstjórn hafa undrast vaxtahækkun í 18% og hafa jafnframt sagt að ekkert ákvæði um slíka gjörð sé í samningsgerðinni. Í samningsgerðinni segir í 19. tl.:“ — Á enskri tungu, með leyfi forseta: „To raise the policy interest rate to 18 percent.“

Þetta eru skilmálar. Þetta eru skilmálar sem okkur var sagt að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði ekki sett. Með öðrum orðum, fulltrúar ríkisstjórnarinnar lugu þessu að þinginu og lugu þessu að þjóðinni. Ég segi í framhaldi af þessu: Burt með þetta pukur. Farið að segja þjóðinni rétt til. Hverju öðru í þessu samkomulagi sem þið hafið gert við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hafið þið leynt Íslendinga? Ég krefst þess fyrir hönd þingsins að ríkisstjórnin setji þennan samning á borðið. Þetta er ekkert einsdæmi. Hið sama eiga menn nú við að stríða gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Ungverjalandi og Úkraínu. Einnig þar neita stjórnvöld sem sett hafa sig undir hælinn á Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að upplýsa þing og þjóðir sínar.

Síðan er hvernig ákvarðanirnar koma við heimilin í landinu, við fyrirtækin í landinu og við þjóðina. Okkur er sagt að vextirnir séu færðir upp til að slá á fjármagnsflutninga einkum út úr landinu og stuðla að því að hjól gjaldeyrisviðskipta geti farið að snúast. Þegar þessi ráðstöfun er gagnrýnd á þeirri forsendu að hún muni setja hengingaról á heimilin og fyrirtækin í landinu, þá segir fulltrúi ríkisstjórnarinnar og ráðherra: Þetta mun vara í mjög skamman tíma. Hvers konar ruglríkisstjórn er þetta? Á sama tíma og hún segist vera að slá á óvissu manna sem eiga fjármuni inni í íslenska fjármálakerfinu og segja þeim að nú sé ekki tími til að fara með þessa fjármuni út lýsir hún því yfir að þetta muni standa mjög skammt yfir. Hvaða skilaboð eru það? Auðvitað skilaboð um að taka peningana hið allra fyrsta út. Þetta er efnahagsstjórn ríkisstjórnar hæstv. ráðherra Geirs H. Haarde og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur í hnotskurn, annars vegar að fara með ósannindi gagnvart þjóðinni og leyna hana upplýsingum og síðan að koma fram á þennan fálmkennda, mótsagnakennda hátt sem grefur undan hagsmunum okkar. Hæstv. forseti. Er ekki komið nóg af þessu rugli, af þessum lygum, þessum ósannindum, þessum hálfkveðnu vísum? Er ekki kominn tími til að setja öll spilin á

borðið gagnvart þjóðinni og gagnvart Alþingi Íslendinga? Það er löngu kominn tími til þess.

[12:15]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Mér skilst að fyrirkomulag þessarar umræðu sé þannig að mér sé heimilt að tala í annað sinn í tíu mínútur þegar mér hentar og ég hef ákveðið að gera það núna til að svara þeim spurningum sem fram hafa komið. Mér þykir vænt um að formaður Framsóknarflokksins skuli vera mættur vegna þess að hér er haldið fram af hálfu ýmissa ræðumanna ósannindum um það hvernig að þessum málum hefur verið staðið gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Ég vil nota tækifærið til að fara aðeins betur yfir það mál ef það hefur ekki dugað sem fór á milli mín og utanríkisráðherra með formönnum stjórnmálaflokkanna þegar við kynntum þeim þetta að morgni síðasta föstudags.

Þá kom reyndar fram af okkar hálfu að vaxtahækkun væri í spilunum. En hvernig er þetta úr garði gert? Það er þannig að ríkisstjórnin og menn á hennar vegum hafa komist að tiltekinni niðurstöðu um efnahagsáætlun á grundvelli þess sem við höfum lagt fram um það hvernig bregðast eigi við þeim vanda sem nú horfir við. Á grundvelli slíkrar efnahagsáætlunar er gjaldeyrissjóðurinn reiðubúinn að lána Íslendingum ríflega 2 milljarða dollara. Frá þessu verður gengið formlega með bréfi af Íslands hálfu á morgun. Ég tók það fram í upphafsræðu minni að þetta skjal yrði að sjálfsögðu birt um leið og hægt er.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er stór og mikil alþjóðastofnun og innan veggja og dyra hans gilda ákveðnar leikreglur. Það er ekki þannig að hver og ein ríkisstjórn sem óskar eftir samstarfi við gjaldeyrissjóðinn geti þegar henni sjálfri hentar spilað út öllum upplýsingum um hvað aðilum hefur farið í milli. Þess vegna verðum við að taka tillit til þess að á vettvangi gjaldeyrissjóðsins er núna verið að leggja síðustu hönd á tiltekna skýrslu um þetta mál sem fara mun til aðildarríkjanna og lögð mun verða fyrir stjórn sjóðsins. Jafnskjótt og þessum formsatriðum er fullnægt innan húss hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum munum við að sjálfsögðu birta þetta plagg því að það er ekkert leyniplagg. Ekkert frekar en ýmislegt annað sem gert er í Stjórnarráðinu og síðan birt þegar tímabært er og allar aðstæður leyfa.

Í þessu plaggi er vikið að vaxtamálum og Seðlabankinn hefur núna séð ástæðu til að gera sérstaka athugasemd og um hana spurði hv. formaður Framsóknarflokksins. Hjá ríkisstjórninni og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var farið vel yfir þetta atriði á þeim fundum sem fram fóru á milli okkar sérfræðinga og þeirra, milli okkar ráðherranna og sendinefndarinnar, og í þessum viðræðum öllum var að sjálfsögðu fulltrúi Seðlabankans, þ.e. á sérfræðingastiginu. Við gerum ráð fyrir að á morgun fari þetta bréf frá Íslandi undirritað af hálfu ríkisstjórnarinnar og af hálfu Seðlabankans. Þetta er sem sagt þríhliða samstarf ríkisstjórnar, Seðlabanka og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þó að sjálfsögðu séu það fyrst og fremst ríkisstjórnin og gjaldeyrissjóðurinn sem unnu þessa vinnu og komu að þessari niðurstöðu og Seðlabankanum ber að sjálfsögðu að virða hana og það hefur komið fram að það mun bankinn gera.

Ég hef látið það koma fram að vonandi verður þessi vaxtahækkun ekki langtímaaðgerð, vonandi verður hún skammtímaaðgerð — það má vel vera að hv. þm. Ögmundi Jónassyni finnist út í hött að gera sér vonir um það — og að spekúlantarnir, sem hann talar stundum um, muni bregðast við og gera sínar ráðstafanir á grundvelli þess að þetta verði hugsanlega skammtímaaðgerð en ekki langtíma. En hvað er verið að gera með þessari aðgerð? Ég fór yfir það í fyrri ræðu minni hér. Það er verið að sporna við fótum á gjaldeyrismarkaðnum. Það er verið að búa gjaldeyrismarkaðinn þannig úr garði að hann geti myndað nýtt alvörugengi fyrir íslensku krónuna (**GÁ:** Heldurðu að það hafist?) þannig að þar verði sú viðspyrna sem þarf að vera til að koma böndum á verðbólguna til að vextirnir geti lækkað á nýjan leik. Þetta er ekki flókið orsakasamhengi. Þetta skilja allir, m.a. þau samtök úti í bæ sem voru langt á undan ríkisstjórninni að krefjast þess að við færum í samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þeir sem voru að biðja um þetta samstarf vissu vel hvað í því fólst, bæði stjórnmálaflokkar, samtök aðila vinnumarkaðarins og fleiri. Allir vissu að það yrði að grípa í taumana á gjaldeyrismarkaðnum með því að sporna við með þeim hætti sem áhrifaríkastur væri. (**BjH:** Samfylkingin líka?) Auðvitað vissu allir þetta og sérstaklega þeir sem unnu að undirbúningi þessa skjals að það kynni að þurfa að grípa til vaxtahækkunar og við höfum ekkert afsalað okkur réttinum til að hækka eða lækka vexti. En það er ekki hægt að tala um þetta sem ófrávíkjanlegt skilyrði af hálfu gjaldeyrissjóðsins. Það eru engin ófrávíkjanleg skilyrði í þessu samkomulagi. Þetta er samstarfsáætlun okkar og gjaldeyrissjóðsins um það hvernig eigi að koma okkur út úr þessum vanda. Vinstri grænir eru eini stjórnmálaflokkurinn hér sem hefur virkilega horn í síðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og telur að aðkoma hans að þessu sé til bölvunar. Við teljum það ekki sem sitjum í öðrum stjórnmálaflokkum á Alþingi. Ég hef skilið það svo að a.m.k. hinir stjórnarandstöðuflokkarnir auk stjórnarflokkanna teldu að þessi aðkoma sjóðsins væri frekar til að hjálpa okkur, frekar til hins betra, til góðs. (Gripið fram í.) Frekar til góðs en ills.

Nú eru fleiri lönd að leita til gjaldeyrissjóðsins. Það er rétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Meðal annars Ungverjaland sem er búið að vera í Evrópusambandinu í ein fjögur eða fimm ár. Þannig er málum komið þar núna vegna þess að efnahagsaðstæður hafa breyst mjög til hins verra og þeir telja líka rétt að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Við munum ábyggilega vera í góðu samstarfi við þá. Ungverjar hafa líka verið fórnarlömb hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu eins og mörg önnur ný efnahagskerfi sem hafa verð að rísa úr öskustónni á undanförnum árum þó að margt sé öðruvísi þar en hér. Við óskum þeim að sjálfsögðu alls hins besta. En það er rangt að gefa sér það, eins og hv. þingmenn Vinstri grænna gera og forustumenn þeirra, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé að skipta sér af okkar málum til að koma illu til leiðar. Til að berja á almenningi, til að refsa íslensku þjóðinni, til að pína launþega eða eitthvað slíkt. Það er viðhorfið hjá hv. þingmönnum að það geti aldrei neitt gott frá þeirri stofnun komið og að allt sem þaðan kemur sé til bölvunar. (Gripið fram í.) Því miður er þetta viðhorfið, hv. þm. Ögmundur Jónasson. Það hefur margoft komið fram bæði í umræðunni um Ísland og önnur lönd að allt sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kemur nærri sé til

bölvunar fyrir viðkomandi lönd. Þetta tel ég ekki rétt. Ég tel að þetta sé rangt og ég tel að það muni sannast í samstarfi okkar við sjóðinn.

Við munum komast í gegnum þetta vandamálatímabil tiltölulega hratt, m.a. vegna þess að við njótum aðstoðar gjaldeyrissjóðsins. Við erum að tala um tveggja ára prógramm með sjóðnum, tveggja ára efnahagsáætlun sem mun vonandi leiða til þess að eftir 18 mánuði eða tvö ár verðum við komin í gegnum það versta, hagvöxtur farinn að ná sér á strik á nýjan leik og tekjur og kaupmáttur að hækka aftur. Þetta er auðvitað hugmyndin. En til þess að þetta geti gengið upp þarf að teyga beiskan bikar í upphafi, þ.e. þessa vaxtahækkun sem hefur alveg ákveðinn tilgang og allir sem hafa hugsað þetta mál til enda skilja mætavel. Það kemur alveg glöggt fram t.d. hjá aðilum vinnumarkaðarins þó að þeir séu ekki ánægðir með þetta. Það er enginn ánægður með að hækka vexti í 18%. En jafnvel þótt menn séu ekki ánægðir með þetta skilja menn hugsunina á bak við það.

Ég ætla síðan að svara hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrst ég er kominn í ræðustólinn en hann spurði um allt annað mál. Hann spurði hvort viðræður við Rússa um gjaldeyrislán væru hættar eða hvort þær hefðu dottið upp fyrir. Það er ekki svo en það hefur verið gert hlé á þeim viðræðum. Gert er ráð fyrir að þeim verði haldið áfram hér í Reykjavík áður en mjög langt um líður. En hitt er rétt og það hefur komið fram í blöðum og viðtölum m.a. við rússneska ráðamenn að staðan er mjög breytt frá því að við byrjuðum fyrst að tala við þá. Staðan í Rússlandi er gjörbreytt, Rússar hafa orðið fyrir þungu áfalli vegna gjaldeyriskreppunnar. Stórlækkað olíuverð núna kemur mjög illa við Rússland þannig að staða þeirra er breytt. Og auðvitað er ástandið hjá okkur allt annað núna en það var þegar við byrjuðum að tala við þá í sumar sem var að mínu frumkvæði. Þá voru aðstæður hér allt aðrar og það getur vel verið að þeir líti það mál öðrum augum vegna breyttra aðstæðna núna bæði hjá sér og líka hér hjá okkur.

[12:25]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hefði haldið að hæstv. forsætisráðherra hefði annað þarfara að gera en að eyða stórum hluta ræðutíma síns hér í að afflytja stefnu og viðhorf annarra flokka. Ég held að hann hafi alveg fullar hendur með að tala fyrir sinni ríkisstjórn og geti bara leyft okkur sem höfum aðrar áherslur að útskýra okkar sjónarmið.

Það er rétt að á fundi okkar formanna flokkanna í Ráðherrabústaðnum síðastliðinn föstudag upplýsti ríkisstjórnin að inni í þessum samningum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn væri það sem þá var kallað sveigjanleg vaxtastefna sem þýddi vissulega að vextir gætu líka hækkað. Ég spurði nánar að því hvað það þýddi. Má jafnvel búast við því að vextir fari upp í það sem þeir voru áður, 15,5%? Forsætisráðherraýjaði að því að það mætti jafnvel búast við því eða meiru. (Gripið fram í.) En okkur var ekki trúað fyrir því að þá væri væntanlega til þegar í textadrögum krafa um 18% stýrivexti. Mér finnst það ómerkilegt að fá svo fréttir af því síðar meir að í þessum drögum sem þá hafa væntanlega verið til skyldu (Forseti hringir.) þeir hlutir standa en okkur var ekki treyst fyrir því. Utanríkismálanefnd Alþingis var ekki treyst fyrir því og hefur engan texta séð um þessi mál enn þá. Þetta (Forseti hringir.) er ekki eins og á að standa að málunum.

[12:26]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það má sjálfsagt deila um vinnubrögð í þessu eins og ýmsu öðru. En við gáfum það fyllilega til kynna og það var reyndar sagt hreint út að vaxtahækkanir væru í spilinu í þessu máli. Það var ekki farið neitt í felur með það en það var heldur ekki komin niðurstaða um endanlegu töluna í því efni.

En aðalatriðið er það, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skrifaði á heimasíðu sína, að ef menn vilja stuðla að því að koma gjaldeyrismarkaðnum hér í lag þannig að við getum myndað nýtt gengi og á þeirri forsendu barið verðbólguna niður, þá verða menn að sætta sig við þessa tímabundnu aðgerð. Mér þótti vænt um að sjá að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skrifaði með þeim hætti á heimasíðu sína.

[12:27]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er gott fyrir ríkisstjórnina að eiga hauk í horni þar sem er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Gagnrýni okkar á ríkisstjórnina hefur auðvitað fyrst og fremst verið sú að hún skyldi koma málum þannig að við lok októbermánaðar væru engir aðrir kostir eftir í stöðunni enda hafði ekkert verið unnið í öðru. Það er auðvitað það sem er langámælisverðast í þessu öllu.

Við höfum vissulega gagnrýnt Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og bent á hvernig það hefur reynst löndum að lenda þar á klafann. Það sem maður óttast auðvitað er að skilmálar hans og íhlutun hér þýði að byrðarnar lendi fyrst og fremst á almenningi og innlendu atvinnulífi, það verði passað upp á fjármagnið en fólkið látið mæta afgangi. Og er það ekki forsmekkurinn af því sem við erum að sjá framan í? Þessi svakalega vaxtahækkun er allt of dýru verði keypt. Það eru aðrar og nærtækari aðferðir til þess að reyna að hafa tök á gjaldeyrismarkaðnum enda veit ég ekki betur en til standi hvort sem er að hafa á næstunni takmarkanir á (Forseti hringir.) fjármagnsflutningum til og frá landinu. Og af hverju er því tæki þá ekki beitt fremur en að (Forseti hringir.) keyra vextina svona ofboðslega upp?

[12:28]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Því tæki verður áreiðanlega beitt líka. Beita þarf öllum ráðum hér við þær aðstæður sem upp eru komnar. Það þýðir ekki að afhjúpa slíka fordóma gagnvart einni alþjóðastofnun sem við höfum verið aðilar að frá 1945 eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerir. Var það alltaf vitleysa hjá okkur að taka lán í þau fjögur skipti sem við höfum áður tekið lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Var það vitleysa hjá okkur að taka svo virkan þátt í starfi sjóðsins eins og við höfum gert undanfarin rúm 60 ár? Við höfum tekið fullan þátt í þessu starfi. Við höfum átt fulltrúa í stjórn sjóðsins ítrekað. Við höfum tekið fullan þátt í starfi á norrænu skrifstofunni sem núna er norræn-balt-

nesk skrifstofa. Áttum við ekki bara að segja okkur úr lögum við sjóðinn ef við hefðum ákveðið það að við mundum aldrei nokkurn tímann vilja leita til hans um fyrirgreiðslu? Þetta gengur ekkert upp, við erum aðilar að heiðarlegu alþjóðlegu samstarfi þarna og þurfum ekkert að skammast okkur fyrir það. (Gripið fram í.)

[12:30]

Guðni Ágústsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forsætisráðherra sérstaklega. Þetta er óvenjuleg stund að sjá forsætisráðherra ganga upp í ræðustól Alþingis og í rauninni hýða ráðherra sína hvern af öðrum sem farið hafa með rangt mál í fjölmiðlum. Hæstv. forsætisráðherra staðfestir það hér að það var þríhliða samkomulag að vextirnir skyldu fara í 18%. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setti 18% sem skilyrði, Seðlabankinn varð að éta það fóður, ríkisstjórnin varð að éta það fóður og fýla kannski grön og allt það en þetta var ákvörðun sem menn stóðu frammi fyrir til að þetta færi í gang. Hæstv. forsætisráðherra hefur staðfest þetta hér.

Ég bendi því aftur á — ég fór yfir það í ræðu minni að hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson fór vísvitandi með rangt mál í fyrradag — að hér er ég með upplýsingar þar sem hæstv. utanríkisráðherra segir, með leyfi forseta, „að hækkunin hafi ekki verið ákvörðun eða skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins“. Nú segir hæstv. forsætisráðherra að þetta hafi verið samkomulag þriggja aðila (Forseti hringir.) og ég þakka honum fyrir það, það var heiðarlegt, og ég held að hæstv. forsætisráðherra þurfi nú að tala við ráðherra sína og biðja þá að segja satt.

[12:31]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég kannast ekki við að einn einasti ráðherra hafi sagt ósatt í þessu máli. Það að þetta skuli vera þríhliða samkomulag eða fyrst og fremst samkomulag milli ríkisstjórnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um þetta mál þýðir ekki að sett hafi verið skilyrði. Ef það hefðu verið einhver óaðgengileg skilyrði, sem ekki er um að tefla í þessu, hefðum við ekki gert neitt samkomulag. Það er bara svo einfalt mál. Þetta er samstarf en ekki það að aðilar séu að setja hver öðrum stólinn fyrir dyrnar. Við hefðum alveg getað sleppt því að gera þetta. Við hefðum alveg getað sleppt því að leita út fyrir landsteinana um samstarf. Við hefðum getað látið það eiga sig að tala við aðrar þjóðir. Við hefðum getað tekið upp hætti Norður-Kóreu og einangrað okkur algerlega ef menn hefðu talið það fyrir bestu. En vitanlega gerum við það ekki. Vitanlega viljum við vera í góðu samstarfi við aðrar þjóðir, vitanlega viljum við vera í samstarfi við alþjóðastofnanir þar sem það á við og það á vissulega við í þessu efni.

[12:32]

Guðni Ágústsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta er alveg furðuleg ræða hjá hæstv. forsætisráðherra um einangrun og allt það. Allir eru sammála um það og líka Framsóknarflokkurinn að menn verði að opna þessar dyr. En af hverju eru skilyrðin þá ekki sett á borðið? Af hverju komast hæstv. ráðherrar upp með að segja að þetta séu ekki nein skilyrði af hálfu sjóðsins? Nú liggur það fyrir og hæstv. forsætisráðherra segir að þetta séu aðgengileg skilyrði. Ég er ekki viss um að þetta séu aðgengileg skilyrði. Þetta kom Vilhjálmi Egilssyni og Gylfa Arnbjörnssyni jafnmikið á óvart og okkur framsóknarmönnum. Þeir segja að það hafi verið búið að ræða það hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að það hafi ekki átt að gera þetta svona, ekki keyra vextina svona upp. Ég segi hérna, hæstv. forsætisráðherra: Kann svo að fara að eftir nokkra daga stöndum við frammi fyrir því að þessi gjörð hafi fyrst og fremst valdið ringulreið og hruni? Ég óttast það því miður en vona sannarlega að þetta hafi góð áhrif, en mér heyrist að margir hagfræðingar nútímans séu á því að þetta muni hafa vond áhrif.

Ég þakka að lokum hæstv. forsætisráðherra fyrir (Forseti hringir.) að staðfesta það við þingheim og þjóð að nokkrir ráðherra hans fóru með rangt mál. Þetta var þríhliða samkomulag, menn stóðu frammi fyrir skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um 18%.

[12:33]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort mér tekst að útskýra þetta eitthvað betur. Við munum senda frá Íslandi skjal sem kallað er „Letter of Intent“, væntanlega á morgun. Það skjal er yfirlýsing um hvað við ætlum að gera á næstunni og lýsing á aðstæðum hér heima. (**GÁ:** Láttu okkur heyra það hérna.) Það skjal mun verða birt (**GÁ:** Leyfðu okkur heyra það fyrst.) við fyrsta mögulega tækifæri. Það sagði ég strax í upphafi en auðvitað verðum við að fara að þeim lögmálum sem gilda hjá sjóðnum um þetta. Það skjal mun verða birt. Það er okkar yfirlýsing um þetta og á þeirri forsendu hyggst sjóðurinn taka þátt í þessu með okkur, leggja okkur lið en leggja ekki steina í okkar götu og jafnframt veita okkur þá lánafyrirgreiðslu sem rætt hefur verið um.

[12:34]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Fyrst um afstöðu okkar til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég vil vekja athygli á því að ég held að ég hafi lesið hverja einustu ræðu sem utanríkisráðherra Íslands hefur flutt á fundum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á undanförnum árum eða hefur verið flutt í okkar nafni því að iðulega höfum við komið fram undir merkjum Norðurlandanna. Ég hef tekið þessa umræðu upp á þingi og skýrt frá því á hvern veg ég tel að við ættum að breyta áherslum okkar þar inni. Hæstv. forsætisráðherra upplýsti áðan að þjóðinni og þinginu yrði greint frá samningsforsendum gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þegar tímabært væri og aðstæður leyfðu. Ríkisstjórnin er fyrir okkar hönd að semja upp á 2 milljarða dala lán og talað er um að fjórfalda það lán áður en upp er staðið. Því er neitað að gera okkur grein fyrir því í þinginu (Forseti hringir.) á hvaða forsendum gengið er til þessara samninga og opnuð leið fyrir okkur, lýðræðisleg leið, til að við sem líka erum fulltrúar þjóðarinnar fengjum möguleika á að taka þátt í (Forseti hringir.) stefnumótuninni sjálfri en látum ekki mata okkur á þann hátt sem hér er gert.

[12:36]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil enn víkja að þeirri umræðu sem hér hefur verið um það hverjir hafi tekið hina umdeildu ákvörðun um stýrivaxtahækkun upp í 18% og ég vil að hæstv. forsætisráðherra svari því skýrt hvort ráðherrum Samfylkingarinnar og þingmönnum Samfylkingarinnar hafi átt að vera kunnugt um að sú ákvörðun var pólitísk ákvörðun sem tekin var með vitund og vilja þeirra sem að stjórnarsamstarfinu standa. Um þetta var deilt í þingsalnum í gær, um þetta var deilt í þingsalnum í fyrradag og ekki er hægt að merkja það með öðrum hætti af svörum forsætisráðherra sem hér hafa komið fram en að fjöldi þingmanna Samfylkingarinnar, frá hæstv. iðnaðarráðherra Össuri Skarphéðinssyni til formanns þingflokks sama flokks og hv. þm. Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, hafi staðið í þessu púlti og farið vísvitandi (Forseti hringir.) með ósannindi um þetta mál. Það er alvarlegur hlutur.

[12:37]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þessar ásakanir um að þingmenn eða ráðherrar séu að fara með vísvitandi ósannindi eru auðvitað mjög hvimleiðar þó að þær séu jafnframt mjög alvarlegar ásakanir. (Gripið fram í.) Það er Seðlabankinn sem tekur hina formlegu ákvörðun, þannig er okkar stjórnkerfi. En þetta er byggt á vinnu sem fyrir liggur í samstarfi okkar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og við munum á morgun ganga frá þessu bréfi til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem síðan verður birt hér. Ég skil það svo að hv. þm. Ögmundur Jónasson sé raunverulega að finna að því að þessi umræða skuli vera áður en skjalið er birt. Kannski hefði átt að hafa þessa umræðu á mánudaginn eða þriðjudaginn þegar búið verður að birta þetta skjal. (**ÖJ:** Nei, við viljum taka þátt í mótun þess og …) Það er búið að kynna þetta bæði í utanríkismálanefnd og fyrir formönnum stjórnarandstöðuflokkanna en ríkisstjórnin tekur auðvitað alla ábyrgð á þessari samningsgerð, hún gerir það. (**ÖJ:** Hún er umboðslaus.) Nei, við erum ekki umboðslaus. (**ÖJ:** Þið eruð umboðslaus.) Hefur þú meira umboð, hv. þingmaður? (**ÖJ:** Nei, en þið hafið glatað trausti þjóðarinnar.)

[12:38]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil óska eftir því þegar forsætisráðherra kemur til að svara fyrirspurn sem ég ber upp í ræðupúlti að hann noti þann tíma til að svara fyrirspurn minni. Ég og þjóðin erum engu nær um þá spurningu sem ég lagði fyrir: Komu þingmenn Samfylkingarinnar að þeirri ákvörðun og ráðherrar hennar að stýrivaxtahækkunin ætti að vera upp í 18%? Já eða nei, hæstv. forsætisráðherra.

[12:39]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Umræðan síðustu mínúturnar hefur kannski farið í annan farveg en við mátti búast þegar verið er að ræða jafnstórt mál og raun ber vitni, þ.e. þá stöðu sem nú er uppi í íslensku samfélagi. (**Gripið fram í:** Traust til ríkisstjórnarinnar.) Ég held að óhjákvæmilegt sé að koma aðeins að þeirri umræðu sem hér fór fram og upplýsa um þann skilning sem a.m.k. sá sem hér stendur hefur á þessu máli.

Það er alveg augljóst að sú yfirlýsing eða ákvörðun eða sú áætlun öllu heldur sem nú á að senda Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er unnin af íslenskum stjórnvöldum, þ.e. ríkisstjórninni og Seðlabanka. (**Gripið fram í:** Þingmönnum Samfylkingarinnar.) Fyrst og fremst ríkisstjórninni og Seðlabanka og er unnin af þeim. Þetta er (Gripið fram í.) einhliða plagg sem Íslendingar senda Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og sem verður sent á morgun að sögn hæstv. forsætisráðherra og tekið fyrir í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á þriðjudaginn. Þá liggur fyrir hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn samþykkir þessa áætlun eða ekki. Þannig er þetta. (**ÖJ:** Þarf ekki fyrst að spyrja þingið, Alþingi Íslendinga, áður en það sendið erindi til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington?) Að sjálfsögðu hlýtur þessi umræða að koma inn í þingið og þingið þarf að fjalla um … (**ÖJ:** Áður en þið sendið bænaskjalið?) Þingið þarf að fjalla um (Gripið fram í.) þennan samning.

Virðulegi forseti. Er ekki rétt að einn tali í einu? Ég veit að hv. þingmanni er mikið niðri fyrir og hann talar oft og ég efast ekki um að hann hefur beðið um orðið aftur. En það er a.m.k. mikilvægt að þeir sem hér tjá sig fái tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri vegna þess að hér voru settar fram mjög harðar ásakanir í umræðunni áðan. Það var fullyrt að þingmenn færu með rangt mál (**Gripið fram í:** Já.) sem er algerlega fráleitt. Það var stuðst við yfirlýsingu Seðlabankans frá í morgun þar sem talað var um samningsgerð. Hér liggur fyrir einhliða áætlun íslenskra stjórnvalda sem er á leiðinni til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og þá kann að vera kominn á samningur. Og það er í raun og veru alveg makalaust að Seðlabankinn skuli taka að sér að vera blaðafulltrúi ríkisstjórnarinnar á þann hátt sem hann gerir, það er alveg með ólíkindum, og kalla þessa áætlun samningsgerð þegar enginn samningur liggur fyrir. Það er mjög athyglisvert. (Gripið fram í.) Já, alveg rétt, reyndar hef ég (Gripið fram í.) ekki séð þennan samning. (Forseti hringir.) Þetta er allt í lagi, virðulegi forseti. Reyndar hef ég ekki séð þessa áætlun sem Seðlabankinn kallaði samningsgerð eða samningsdrög, ég hef ekki séð hana og get þar af leiðandi ekki staðfest það sem Seðlabankinn segir. Hins vegar er mjög athyglisvert að Seðlabankinn skuli tjá sig á þennan hátt áður en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur fengið tækifæri til að fjalla um þá áætlun sem verið er að senda honum. Þetta finnst mér vera mjög athyglisvert innlegg í þá umræðu sem hér fer fram.

Ég held að það sé líka rétt, virðulegi forseti, vegna þeirrar umræðu sem hér fer fram að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er ekki ástæða þess að við erum í þeirri stöðu sem hér er nú um stundir. Við erum að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og höfum óskað eftir láni. Það hefur líka komið fram að aðrar þjóðir sem kunna að vera tilbúnar að aðstoða okkur í þeirri stöðu sem nú er uppi hafa sett það sem skilyrði að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn verði með í för enda er það ofur eðlilegt. Það er eðlilegt að hingað komi fulltrúar þessarar stofnunar og taki út íslenskt efnahagslíf og rannsaki það í stað þess að hver einasta þjóð sem hugsanlega mundi vilja leggja okkur lið komi hingað og taki upp sjálf-

stæða rannsókn á stöðu efnahagsmála hér. Það er ofur eðlilegt og skiljanlegt á allan hátt. Þetta er forsenda fyrir þeirri aðstoð. Við getum síðan rætt það sérstaklega (Gripið fram í.) hvernig á því stendur að þessi staða er komin upp og kannski ekki síst við hv. formann Framsóknarflokksins sem hér hefur sig talsvert í frammi í salnum og kallar fram í. Það er líka athyglisvert að þeir sem rituðu skýrslu nýverið sem Landsbankinn óskaði eftir, tjáðu sig einmitt í dag um þá stöðu og nefna þar að árið 2000, 2004 eða 2006 hafi löngu verið orðið ljóst að það módel sem var að verða til í bankageiranum gæti ekki gengið eftir. Þá var á vaktinni alla vega hv. formaður Framsóknarflokksins, Guðni Ágústsson, þannig að þetta er mjög athyglisverð umræða sem hér fer fram.

Að þessum orðum sögðum, virðulegi forseti, er mikilvægt að við lútum að því verkefni sem fram undan er, snúum okkur að því uppbyggingarstarfi sem fram undan er sem er vitaskuld það verkefni sem við höfum. Verkefni númer eitt, tvö og þrjú er að tryggja hag fyrirtækjanna og hag heimilanna í þeirri stöðu sem nú er uppi. Við þörfum að fara í samstillt átak um að efla vinnumarkaðinn og atvinnulífið á nýjan leik, annars komumst við ekki út úr þessu. Það er algert lykilatriði í þeirri stöðu sem við erum í að fara sameiginlega í það verkefni að vinna okkur út úr þeirri stöðu sem nú er uppi. (**ÖJ:** En eigum við ekki að gera það?) Í þeim efnum eru ýmsar leiðir færar, hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem kallar hér fram í. En af því að kallað var fram í er kannski rétt að nefna það að ég hef hlustað mjög grannt eftir tillögum stjórnarandstöðunnar til uppbyggingar í þessari umræðu og ég held að ég geti sagt það eins og ég stend hér að það eru tvær tillögur sem ég hef tekið eftir. Önnur er sú að fram fari ítarleg rannsókn á þeirri stöðu sem nú er uppi og ég er sammála því, ég er algerlega sammála því. Ég tel að hér eigi að fara fram rannsókn og ég tel eðlilegast að utanþingsnefnd verði sett á laggirnar á grundvelli löggjafar sem sett verður í þinginu í anda ýmissa rannsóknarnefnda sem komið hefur verið á fót. Ég held að það sé eðlilegast og að í þeirri nefnd eigi sæti bæði innlendir og erlendir sérfræðingar. Þetta er önnur tillagan sem stjórnarandstaðan hefur sett fram. Hin tillagan er sú að það fari fram kosningar. (Gripið fram í.) Hin tillagan er sú að fram fari kosningar og ég er sammála því að þær munu fara fram en hvenær þær fara fram get ég ekki sagt til um. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Þetta er í raun og veru helsta innleggið sem hér hefur verið lagt fram auk þess sem hér hefur verið kallað fram í að taka upp norsku krónuna. (Gripið fram í.) Þetta eru þær tillögur sem hér hafa verið (Gripið fram í.) lagðar fram. Ég er nokkuð viss um að við hljótum að skoða það mjög vandlega að auka þorskaflann. (Gripið fram í.) En þetta eru þau lykilatriði sem hér hafa verið sett fram.

Við þurfum að gera miklu meira en einvörðungu þetta. Við þurfum að sigla í gegnum þá alvarlegu bankakrísu sem hér er uppi hvað sem okkur kann að finnast um þá stöðu sem nú er uppi varðandi það að vera með evru, krónu o.s.frv. Það er alveg ljóst að í næstu viku þegar ætlunin er að koma á ný upp virkum gjaldeyrismarkaði, sem er forsenda þess að við getum snúið við þeirri þróun sem hér hefur verið, þá þurfum við að styðjast við krónuna. Við höfum tvo valkosti í þeim efnum. Annaðhvort að festa gengið eða setja krónuna á flot. Ef við festum gengið þurfum við alveg óheyrilegt magn gjaldeyris til að styðja við það og ég leyfi mér að fullyrða að við höfum ekki aðgang að þeim gjaldeyri. Hinn valkosturinn er að setja krónuna á flot og þá verðum við að grípa til aðgerða, (**Gripið fram í:** Jarða seðlana.) mikilla aðgerða. Hér hefur verið kynnt sú vaxtahækkun sem er talin einn liður af mörgum við að reyna að byggja upp gjaldeyrismarkað. Hér hefur einnig komið fram að mikilvægt sé að grípa til gjaldeyrishafta, þ.e. hvað varðar frjálsa fjármagnsflutninga úr landinu. Það hefur einnig komið fram hér í umræðunni að til þess verði að grípa. Hér er um að ræða atriði sem skipta sköpum við að snúa þessari þróun við og til þeirra verður gripið. Það er enginn að hækka vexti vegna þess að menn hafi gaman af því. Það gera sér allir grein fyrir því (Gripið fram í.) hversu alvarlegt það er en það væri gaman að heyra, af því að hv. þm. Guðni Ágústsson hefur tekið að sér það hlutverk að vera yfirgjammari í dag, hvaða hugmyndir hann hefði og hvernig ætti að reyna að koma gjaldeyrismarkaðnum af stað í næstu viku. Það væri mjög fróðlegt því að þá dugar kannski ekki, þegar verið er að kalla eftir sjónarmiðum og rökum, það eitt að gjamma fram í.

[12:50]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það fer eins og fyrrum þegar hingað koma stjórnarliðar og ræða þetta alvarlega ástand að þjóðin og þingheimur sem hlustar hlýtur að verða stöðugt ráðvilltari vegna þess að ekki er neitt samræmi í málflutningi hv. stjórnarþingmanns Lúðvíks Bergvinssonar og þess sem kom fram hjá forsætisráðherra fyrir augnabliki síðan. (Gripið fram í.) Nú heitir það sem hæstv. forsætisráðherra lýsti áðan með nokkuð greinargóðum hætti sem þríhliða samkomulagi milli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Seðlabanka og ríkisstjórnar; nú heitir það einhliða áætlun.

En ég spyr hv. þingmann — hann má hafa aðra sýn á þetta heldur en forsætisráðherra, það heyrir sjálfsagt undir hans frelsi — en komu ráðherrar Samfylkingarinnar að því sem forsætisráðherra kallar þríhliða samkomulag en hann kallar einhliða áætlun? Hann kallaði það reyndar (Forseti hringir.) sjálfur samningsdrög í ræðu í gær þannig að það er ekki einu sinni samræmi milli þess sem hann segir í dag og (Forseti hringir.) þess sem hann sagði í gær.

[12:51]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það þjónar endilega miklum tilgangi í umræðum um svo alvarleg mál að standa í orðhengilshætti eins og hér hefur verið stundaður bæði í gær og í dag. Kjarni þessa máls er að íslensk stjórnvöld hafa sent áætlun til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem verður tekin fyrir á þriðjudag. (**Gripið fram í:** Komu ráðherrar Samfylkingarinnar að þeim málum?) Án þess að ég geti fullyrt um það tel ég víst að þeir ráðherrar sem hafa verið í forustu fyrir ríkisstjórnina af okkar hálfu hafi komið að þessu á einn eða annan hátt. (**Gripið fram í:** Það hefur einn þingflokkur …)

Virðulegi forseti. Ég verð að leyfa mér að klára. Málið

er að ríkisstjórnin, framkvæmdarvaldið, er að taka þessa ákvörðun. Þetta mun án efa koma síðar fyrir þingið, það er alveg klárt, en ríkisstjórnin hefur klárt umboð þingsins. Hún styðst við mjög stóran meiri hluta hér á þingi og vinnur að sínu verki í (Forseti hringir.) því umboði. Hvernig ráðherrar vinna (Forseti hringir.) nákvæmlega frá degi til dags, ætla ég að leyfa mér að segja, (Forseti hringir.) hef ég kannski ekki nákvæma skýrslu um. (Forseti hringir.) Ég get því ekki svarað hv. þingmanni betur en svona.

[12:52]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er nú svo að batnandi mönnum er best að lifa og ég vil þakka fyrir það að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson viðurkennir að hann hafi í raun enga þekkingu á því sem hann ræddi í gær. Hann fullyrti þá að ákveðnir hlutir væru með ákveðnum hætti en dregur nú til baka að hann hafi nokkurn tíma vitað nokkuð um þetta.

Varðandi orðhengilshátt og það hvort umræðan hér snúist ekki um aðalatriði þá er það misskilningur hjá hv. þingmanni. Við þær aðstæður sem þjóðin býr við núna er aðalatriðið að ríkisstjórnin komi fram sem einn maður og telji kjark í þjóðina. Að hún tali ekki út og suður og skapi óvissu um það ástand sem er og þær aðgerðir sem fram undan eru og skapi öryggisleysi hjá öllum þeim fjölda sem nú á um sárt að binda í þeim efnahagshremmingum sem ríða yfir. Þann leik hefur Samfylkingin leikið allan tímann með ósannindavaðli og öðru sem er alls ekki sæmandi þeim sem sitja í ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Heyr.)

[12:54]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir eru einhuga í því að leita eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ríkisstjórnarflokkarnir eru sannfærðir um að þeir muni sigla út úr þeim öldudal sem við erum nú í. (**BjH:** Og einhuga um ...)

Virðulegi forseti. Ég hafði orð á (Gripið fram í.) því í umræðunni í gær að það væri mjög mikilvægt að hæstv. forseti liti til með hv. þingmanni reglulega. (Gripið fram í.) Ég vil bara ítreka þau ummæli.

[12:54]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Vegna þess sem fram kom í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, þar sem hann fjallaði um yfirlýsingar Seðlabanka Íslands um sérstakan samning við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, vil ég spyrja hann: Er slíkur samningur eða samningsdrög til? Hann lýsti því jafnframt yfir að hann hefði ekki séð neinn slíkan samning. Ef slíkur samningur er til eða hann hefur einhverja þekkingu á því er þá ekki skylda samkvæmt stjórnarskrá að bera slíkan samning undir eða fyrir Alþingi áður en gengið verður frá?

Hv. þingmaður spurði um tillögur stjórnarandstöðunnar. Þingflokkur Frjálslynda flokksins kynnti sínar tillögur í mörgum liðum í byrjun þessarar viku og ég bendi honum á að kynna sér þær. Hins vegar voru hugmyndir ríkisstjórnarinnar sem komu fram hjá forsætisráðherra heldur rýrar í roðinu. Hvaða tillögur voru birtar? Jú, erlend lántaka og hallarekstur á ríkissjóði. Var um einhverjar (Forseti hringir.) aðrar frekari tillögur að ræða?

[12:56]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að fyrir lægi áætlun stjórnvalda um hvernig þau ætla að vinna sig út úr þeim efnahagsörðugleikum sem við er að etja. Sú áætlun er á leiðinni til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og verður send á morgun. Það hefur komið fram í umræðu af hálfu hæstv. forsætisráðherra og það er sú áætlun sem hér um ræðir.

Í annan stað hefur einnig komið fram að meginefni þessarar áætlunar er lántaka hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Á vordögum var samþykkt mjög rík heimild af hálfu Alþingis til stjórnvalda um lántöku og ég gef mér að þessi lántaka rúmist innan þeirrar heimildar. Á hinn bóginn; ef eitthvað í þessum samningi kallar á frekari aðkomu Alþingis gef ég mér að það verði leitað eftir staðfestingu Alþingis á því þegar og ef samningur milli ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemst á.

[12:57]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skil hv. þm. Lúðvík Bergvinsson með þeim hætti að það sé til áætlun. Ég veit ekki hvað hann vill kalla það, hvort það er samningur eða samningsdrög sem hann talaði um í ræðu sinni áðan, en það liggi fyrir áætlun stjórnvalda sem lögð verði fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Eftir því sem ég gat best greint miðað við það sem hv. þingmaður sagði áðan hefur þetta mál ekki verið borið undir þingflokk Samfylkingarinnar. Það var út af fyrir sig gott að fá úr því skorið hvort þessi áætlun hefði verið lögð fyrir þingflokk Samfylkingarinnar eða þingmenn stjórnarinnar almennt vitað um þessa svokölluðu áætlun. Stjórnarandstöðunni hefur alla vega ekki verið kynnt eitt eða neitt. Það er dálítið merkilegt að henni skuli haldið gjörsamlega úti í kuldanum eftir að hafa ítrekað lýst sig tilbúna til þess að eiga allt samstarf við ríkisstjórn. Ég (Forseti hringir.) tala nú ekki um ef þingflokkar stjórnarinnar eru eins settir. Hverjir eru þá að bauka með þetta (Forseti hringir.) á hnjánum á sér?

[12:58]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil svara hv. þingmanni. Að sjálfsögðu hefur verið haft samráð við þingflokka ríkisstjórnarinnar. Hins vegar liggur það einnig fyrir og mér er alveg óhætt að upplýsa það að þingflokknum var ekki í smáatriðum kynnt sú áætlun sem hér liggur fyrir enda hefur verið greint frá því. (Gripið fram í.) Hún hefur verið kynnt í meginatriðum, já, og ríkisstjórnin fengið umboð þingflokkanna til þess að vinna áfram með þetta. Hins vegar hefur hún ekki verið kynnt í grundvallaratriðum vegna þess (Gripið fram í.) að eins og hæstv. utanríkisráðherra hefur sagt liggur fyrir ósk frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um að þetta verði ekki kynnt í smáatriðum fyrr en hann hefur fjallað um málið.

[12:59]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ríkisstjórnin sækir umboð sitt til Alþingis. Þegar hún semur áætlun til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í hverri felast mikilvægar skuldbindingar fyrir ríkissjóð og íslenska þjóð til margra ára eða jafnvel áratuga, skuldbindingar sem við tökum okkur á herðar, ber henni skylda til þess að kynna þá áætlun. Það hlýtur að vera lýðræðisleg skylda ríkisstjórnarinnar að leggja hana fyrir Alþingi. Það er ekki hægt að afgreiða málið á óformlegum þingflokksfundum stjórnarflokkanna, þeir fara ekki með umboð Alþingis sjálfs. Það er lýðræðisleg krafa okkar að slík áætlun fái umfjöllun hjá Alþingi áður en ríkisstjórnin gengur frá skuldbindingum gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það er ekki nægjanlegt að koma eftir á og óska eftir samþykki Alþingis. Það er skrumskæling á lýðræðinu, virðulegi forseti.

[13:00]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í grundvallaratriðum er það þannig að það er ríkisstjórnin sem gerir alþjóðasamninga. Þegar um tilteknar skuldbindingar er að ræða þarf Alþingi að staðfesta það ella getur hún ekki skuldbundið íslenska þjóð og íslenskt ríki. Þannig er þetta alla jafna unnið, kannski full ástæða til að upplýsa um það hér. Okkur hefur verið kynnt þetta í grundvallaratriðum og ég hef ekki séð neitt í þessum samningi sem er andhverft við það sem jafnan gildir. (Gripið fram í.) Fyrir liggur heimild til handa ríkisstjórninni að taka lán upp á fimm milljarða evra, ef ég man þessa tölu rétt, og sú tala sem um ræðir hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er klárlega innan þess ramma.

[13:01]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ekki er hægt að taka sjálfstæða umræðu um það að hve miklu leyti skuldbindingin hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum heyrir undir þá lánsheimild sem fengin var í vor með sérstakri samþykkt Alþingis. Það er áreiðanlega umdeilanlegt vegna þess að í greinargerð með því frumvarpi eru skilmálar um til hvaða þarfa sú lánveiting má fara. Það getum við tekið umræðu um síðar.

Hitt segi ég að hér er um gríðarlegar skuldbindingar að ræða. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, sagði í ræðu sinni að hann hefði ekki séð þessa áætlun. Það þýðir í mínum huga að hún hefur ekki verið lögð fyrir þingflokka stjórnarflokkanna. Hún var ekki lögð fyrir utanríkismálanefnd sem eðli málsins samkvæmt á að fjalla um mál er varða samninga við önnur ríki — í trúnaði meira að segja — það hefur ekki verið gert. Ég deili á þessa málsmeðferð, ég tel að hún sé ekki sæmandi í lýðræðissamfélagi. Það er lýðræðislegur réttur alþingismanna allra að taka umræðu um þessa skilmála (Forseti hringir.) og vera eftir atvikum sammála þeim eða ósammála.

[13:03]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er tvennt í þessu sem kannski er vert að ræða. Hið fyrra er það að í vor var samþykkt að taka stórt lán til að styrkja gjaldeyrisvarasjóðinn. Þessi lántaka er algerlega í takti við það.

Í annan stað nefndi ég hér áðan að samningsgerð af hálfu ríkisins er á hendi ríkisstjórnar og samningar eru staðfestir eftir á, það er meginreglan og þannig hefur verið unnið. Í þessu tilviki hafa a.m.k. þingflokkum ríkisstjórnarinnar, formönnum stjórnarandstöðuflokkanna og efnahags- og skattanefnd verið kynnt í grundvallaratriðum efni þess samnings eða þeirrar áætlunar sem um ræðir. Ég sé því, virðulegi forseti, ekkert í þessari umræðu sem hefur kallað á jafnofsafengin viðbrögð stjórnarandstöðunnar og hér hafa verið í dag (**Gripið fram í:** Ég kannast ekki við ofsafengin viðbrögð.) — nei, ég átti ekki við hv. þingmann, ég átti kannski við aðra. Ég held að ekkert í þessari umræðu kalli á það að stjórnarandstaðan saki menn um (Forseti hringir.) ósannindi, lygi o.s.frv. (Forseti hringir.) Það er ekkert sem hér hefur komið fram sem réttlætir slíkar ásakanir.

[13:04]

Guðni Ágústsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður stendur hér og veifar höndunum og segir: Hvaða tillögur aðrar en vaxtahækkun upp í 18%?

Nú vill svo til að strax og þetta gerðist, þetta þríhliða samkomulag, gagnrýndi fréttaveitan Bloomberg þessa vaxtahækkun. Minnti á Bretland á tíunda áratugnum og Asíu — þegar vextir voru að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins keyrðir úr 5% í 15% féll pundið um 22% og það varð strax að snúa frá þessu. Þessi fréttaveita óttast þessa aðgerð.

Fram hafa komið mjög merkilegir hagfræðingar, Jón Daníelsson, Gunnar Tómasson, Lilja Mósesdóttir, svo að ég nefni einhver þeirra, og þau vekja athygli á því að við búum ekki í eftirspurnarverðbólgu og að þetta geti haft öfug áhrif. Margir telja að miklu skynsamlegra hefði verið að lækka vexti og ganga til hliðaraðgerða, þannig að um þetta er deilt út frá hagfræðilegu sjónarhorni og sýnist sitt hverjum.

Við Íslendingar þekkjum það að það að hækka vexti hefur yfirleitt haft hér öfug áhrif, verðbólga vex, vandinn vex. (Forseti hringir.) Ég hefði því viljað sjá aðrar aðgerðir og furða mig á því að ríkisstjórn og þingmenn (Forseti hringir.) sem fögnuðu vaxtalækkun fyrir nokkrum dögum skuli nú blessa 18% vexti.

[13:05]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með þingmanninum að segja má að allar aðgerðir í þeirri erfiðu stöðu sem við erum nú í séu vondar. Það er ekki gott að þurfa að hækka vexti en markmiðið með vaxtahækkuninni er að slá á verðbólgu og tryggja að gjaldeyrismarkaður komist á á nýjan leik. Þetta er sem sagt liður í þeirri aðgerð.

Það hefur líka komið hér fram af hálfu forustumanna ríkisstjórnarinnar að báðir vænta þess að hér sé um skammtímaaðgerð að ræða og að vextir geti gengið hratt niður. Það verður til þess að efla og styrkja atvinnulíf, það verður til þess að efla og styrkja heimilin í landinu þannig að markmiðið er alveg klárt.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þingmanni að sumir

telja að aðrar leiðir séu betri og það kann að koma í ljós. En í þessari stöðu hafa Seðlabankinn og ríkisstjórnin ákveðið að fara (Forseti hringir.) þessa leið þannig að það liggur fyrir hér með þessi skýru markmið að leiðarljósi.

[13:07]

Guðni Ágústsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Nú kallar hv. þingmaður þetta skýr markmið. Ég held að þetta séu mjög óskýr markmið sem muni hafa margþættar afleiðingar í för með sér og þess vegna stefna heimilin að hluta til í mjög mikla erfiðleika og gjaldþrot og atvinnuleysi. Hagfræðingar benda á að verðtryggðu lánin muni nú standa upp úr þökunum, að fyrirtækin muni vegna þessarar aðgerðar flýja land eða verða gjaldþrota.

Hv. þingmaður hefur spurt eftir því hvað menn sjái. Ég hef bent á það, og við framsóknarmenn, að nú þurfi menn að hugsa um atvinnulífið og heimilin. Íbúðalánasjóðinn vörðum við og hann ber að verja, hann er mikilvægt tæki til þess að bjarga heimilunum. Við viljum láta veiða og ákvarða strax meiri veiði úr hafinu. Við teljum að hér þurfi erlenda fjárfestingu og það eigi ekki að tefja fyrir stórum virkjunum, hvort sem það er Bakki eða Helguvík. Við þurfum síðan að fást við skuldir fólks og fyrirtækja. Sumt þarf að núllsetja. Menn þurfa að leggja til hliðar (Forseti hringir.) gjaldþrotin. Ef það er satt að 70% fyrirtækjanna séu svo skuldug að þau séu gjaldþrota er það mjög alvarlegur hlutur. Þess vegna verður ríkisbankakerfið nýja (Forseti hringir.) að takast á við þennan vanda með ríkisstjórn og stjórnvöldum.

[13:08]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Allt sem hv. þingmaður nefndi eru hugmyndir sem hægt er að styðjast við við þær aðstæður sem nú eru. Forsenda þess að við fáum hér erlenda fjárfestingu er að verð komist á krónuna, er að ró náist á gjaldeyrismarkaði, er að við getum snúið frá þeirri þróun sem við höfum staðið frammi fyrir nú um nokkurt skeið. Þetta er lykilatriði.

Þessi vaxtahækkun, sem án efa verður gagnrýnd og verður vonandi skammvinn, er liður, einn liður, í því að reyna að ná þessu markmiði. Ég er sannfærður um að ef allir taka höndum saman og þjóðin tekur höndum saman munum við ná því á skemmri tíma en margir hyggja að komast upp úr þeim öldudal sem íslenska þjóðin er nú stödd í.

[Fundarhlé. — 13:09]

[13:31]

Bjarni Harðarson (F):

Herra forseti. Áður en ég hef mál mitt vil ég vekja athygli á því að við umræður um grafalvarlegar aðstæður íslensks þjóðlífs og afskaplega brýna hagsmuni er mér ætlað að tala yfir tómum sal. Ég sætti mig ekki við það og geri þá kröfu að ræðu minni verði frestað þar til forseti hefur kallað til þingmenn og ráðherra.

[13:32]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Þar sem hv. þingmaður hefur gengið úr ræðustól vill forseti freista þess að fjölga í salnum með því að hringja til fundar og athuga hvort það ber ekki árangur.

Vegna orða hv. þingmanns er rétt að taka fram að bæði hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra eru í húsi.

[13:33]

Bjarni Harðarson (F) (frh.)**:**

Herra forseti. Ég skal fyrir orð forseta hefja ræðu mína en lýsi enn og aftur yfir vanþóknun minni á því að ráðherrar séu fjarstaddir umræðuna og tel það virðingarleysi við þingskipulagið sem við búum við. Mjög mikilsvert er að við þessar aðstæður, þar sem verið er að gera stóran alþjóðlegan samning sem mun binda komandi kynslóðir — það er engin leið að slíkir samningar séu gerðir án aðkomu þingsins og án þess að lýðræðislegur vettvangur þess sé virtur. Þingheimur heyrði hér áðan orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar þegar spurt var um aðkomu þingsins að hann ætlaði að treysta á að framkvæmdarvaldið færi rétt að. Þetta tel ég ekki vera rismikið sjónarmið hjá einum af talsmönnum þingsins, einum af þingflokksformönnunum, að líta á málið með þessum hætti, ég tel raunar að þingið þurfi að ganga eftir því með sínum skelegga hætti að aðkoma þess sé ekki vanvirt, eins og er raunar með því hvað umræðan — ekki bara undir minni ræðu heldur umræðan öll — í morgun hefur verið fáliðuð af hendi stjórnarliða og síðasta hálftímann sem umræðan var fyrir mat var enginn fulltrúi stærsta stjórnmálaflokksins, Sjálfstæðisflokksins, í salnum og ef mér yfirsést ekki þá held ég að staðan sé sú sama enn þá. (Gripið fram í.) Frjálslyndi flokkurinn má vel eiga það að hann hefur hér fullt hús. (Gripið fram í.) Ég ætla að víkja að þessari umræðu þrátt fyrir framíköll þeirra manna sem aðeins vilja tala um Evrópu og ætla að mestu að sneiða hjá þeim þætti.

Kallað hefur verið eftir því að fjallað sé um framtíðarsýn. Ég tel það mjög mikilvægt að við fjöllum við þessar aðstæður um framtíðarsýn íslensku þjóðarinnar en ætla ekki að hætta mér út í umræðu um hvort rétt hafi verið á þessu augnabliki að leita Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég er aftur á móti jafnsannfærður um, eins og ég hef hreyft í umræðu áður, að afar óheppilegt hafi verið í því ferli að annar stjórnarflokkurinn og mörg af fjölmennustu samtökum aðila vinnumarkaðarins höfðu afskipti af viðkvæmri samningagerð sem þá var í undirbúningi, samningagerðinni við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, með því að kalla í sífellu eftir sjóðnum. Það styrkti ekki samningsstöðu hæstv. fjármálaráðherra og hans manna að hafa þau köll yfir sér og það gagnrýni ég og tel hafa verið afskaplega óþjóðholla hegðun.

Talað hefur verið um að það sem gerst hafi í samfélaginu hafi verið skipbrot kapítalismans. Því er ég ekki sammála. Þetta er skipbrot ákveðinnar tegundar kapítalisma. Kapítalisminn er stórt og flókið kerfi viðskipta og þar eru margir skólar til, margar kenningar uppi. Ég held að stórfyrirtæki og alþjóðakapítalisminn hafi beðið hér ákveðið skipbrot. Sjálfur vil ég enn trúa (Gripið fram í.) á það að frjáls markaður og einkaframtak sé affarasælast á flestum

sviðum atvinnulífsins.

Það sem við höfum byggt upp, ekki bara hér á Íslandi heldur alls staðar, er mjög undarleg útgáfa af kapítalisma, það er kapítalismi markaðskratismans, kapítalismi eftirlitsfrjálshyggjunnar, sem í raun og veru hefur verið byggð upp af stórfyrirtækjaveldinu í heiminum og hentar því eingöngu, vegna þess að innan kerfisins geta lítil fyrirtæki ekki starfað. Þau ráða ekki við að starfa í þeim frumskógi reglugerða og ofurmarkaðshyggju sem hefur verið innleidd, ekki bara af hinu sæla Evrópusambandi heldur miklu víðar í heiminum bæði vestan hafs og austan.

Ég hygg að tímar þessa skrifræðis og tegundar af alþjóðahyggju komi nú til nokkurs endurmats og aftur verði horft til margra þeirra klassísku gilda í kapítalismanum og frjálslyndi sem hafa ríkt á Íslandi og verið ráðandi í íslenskri framtíðarsýn í hálfa aðra öld. Við getum þar vísað til hugsunar og skrifa Jóns Sigurðssonar sem var bæði fullveldissinni og mikill frjálslyndismaður í viðskiptum og talsmaður utanríkisviðskipta, því að þau eru okkur mikilvægust. Við megum aldrei trúa því að við getum lifað hér án þess að hafa opið land fyrir viðskiptum sem víðast, en það þýðir ekki að við þurfum að binda okkur á klafa nokkurra stórvelda.

Ég held að tími sé kominn til að stjórnmálamenn í landinu taki umræðuna út frá aðeins breiðari sjóndeildarhring en þeim að lesa einungis stöglið í greiningardeildum bankanna eða hlusta á vaðal í hagfræðingum sem nú vissu allir að þetta var mislukkað. Þeir sögðu okkur það ekki á meðan ósköpin grófu um sig, þeir gerðu það hreinlega ekki. Marga þeirra þekkjum við ekki úr fjölmiðlum undanfarinna ára þó að þeir séu virtir fræðimenn á sínu sviði. Fræði þeirra sögðu þetta ekki og margt í hagfræði undanfarinna áratuga verður tekið til mikils endurmats á heimsmælikvarða og er afskaplega úrelt nú þegar. Ég held að við getum leitað í klassíska smiðju hugsunar, þar sem við eigum menn á borð við Jón Sigurðsson, sem ég nefndi áðan, Jónas Hallgrímsson, innblástur frá Jónasi frá Hriflu og leiðtoga á borð við Ólaf Björnsson hagfræðing og alþingismann Sjálfstæðisflokksins, sem hér sat fyrir nokkrum áratugum, og frammámenn í náttúruvernd eins og Eystein Jónsson. Til þessara manna eigum við að leita og kannski er kominn tími til að alþingismenn geri eitthvað annað (Gripið fram í.) en að sitja undir fundahöldum embættismanna og lesa skýrslur. Ég held að menn mættu leita aðeins dýpra að framtíðarsýninni því að ég held að við eigum ... (Gripið fram í.)

Utan úr sal er spurt hvort ekki megi leita til neinna núlifandi og er nokkur óþolinmæði í máli þingmanns, en ég hafði þá virðingarröð á að ég ákvað að telja hina fyrri upp fyrst og hina síðari upp síðar og bið ég hv. þingmann um að hlusta vel. Ég held að þetta endurmat hugsunar sé þegar komið langt af stað meðal núlifandi samferðarmanna okkar sem þingmenn hlusta kannski ekki allt of mikið á. Ég hef bent mörgum á að lesa skrif Páls Skúlasonar heimspekings og Einars Más Jónssonar og ég bendi hv. þingheimi líka á, hvað sem líður tónlistarsmekk, að hlusta eftir boðskap Bjarkar Guðmundsdóttur söngkonu. Kannski eru komnir þeir tímar sem meistari Megas spáði, en hann er einnig talinn meðal núlifandi — þó að oft hafi gengið þjóðsögur um annað — og á að hafa byrjað eina af tónleikum sínum með þeim fleygu orðum: Framsóknarmenn allra landa, sameinist.

Ég held að nú séu þeir tímar að renna upp að við gerum okkur grein fyrir því að aðrar hugsjónir eru til en blindir hagsmunir stórfyrirtækja og önnur gildi en hinn blindi mammon. Margt í markaðshyggju samtímans hefur drepið niður margt það besta í samfélagi okkar. Ég vil nefna lítið dæmi varðandi þá trú á reglugerðarmarkaðskratisma, sem nú ríður húsum og við höfum innleitt hér í gegnum Evrópu — en aðrar þjóðir hafa líka innleitt, svo að við höldum því öllu til haga — að fyrir nokkrum árum var bændum bannað að tala saman af því að þeir ættu að keppa sín á milli á frjálsum markaði og klóra augun hver úr öðrum. Niðurstaðan varð sú að við settum fjölda bændabýla í kartöflurækt og garðyrkju á höfuðið og verð lækkaði ekki neitt. Sömu stofnunum og keyrðu bændur í þrot var ætlað að hafa eftirlit með því að olíufélög kepptu sín í milli og varð ekkert ágengt. Fyrir nokkrum árum fóru þær þó af stað og höfu mikla krossferð gegn olíufélögunum og hefur það verið mikil mál í samfélaginu síðan.

Hvað hefur gerst varðandi samkeppnina? Hún er jafnlítil milli stórfyrirtækja og áður vegna þess að í kerfinu eru alvarlegar hugsanaveilur og ég er ekkert viss um að við getum nokkuð komist nær um það hvar þær liggja með því að lesa rit hagfræðinga. Ég held að tími sé kominn til að þeir sem hér fara með völd lesi skáldin og ekki er verra að það séu núlifandi skáld og því yngri því betra, því margt þess sem nú er skrifað um krúttkynslóðina er einmitt það sem við framsóknarmenn höfum talað fyrir í áratugi. Krúttkynslóðin er eins og sótt beint aftur í skræður Jónasar frá Hriflu og er þó það nýjasta og flottasta sem við eigum í samtímanum, þannig að þeir sem héldu að þeir væru nýmóðins með því að ganga hér um eins og Bör Börson (Forseti hringir.) eru nú úreltir.

[13:44]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð ræða þar sem annars vegar var boðað frelsi í viðskiptum en hins vegar talað gegn samkeppniseftirliti og fer kannski fleirum eins og mér að skilja ekki alveg hvort hv. þingmaður var að koma eða fara í ræðunni.

Ég kom hingað upp fyrst og fremst til að gera athugasemd við ummæli hv. þingmanns um ummæli þingflokksformanns Samfylkingarinnar hér áðan. Hv. þingmaður taldi undarlegt hvernig með áætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum hafi verið farið í þingflokkum stjórnarflokkanna og þá sérstaklega í þingflokki Samfylkingarinnar. Auðvitað er það svo að ríkisstjórnin markar við þær aðstæður sem nú eru stefnu um viðbrögð og kynnir hana í þingflokkum. Í þingflokki Samfylkingarinnar voru grundvallaratriði áætlunarinnar kynnt (Gripið fram í.) og hvaða stefnu væri verið að marka. Skriflega útgáfan var ekki lögð fyrir þingflokkinn, en ráðherrar okkar kynntu alla grundvallarefnisþætti málsins og á þeim grundvelli fengu þeir umboð til að ljúka málinu. Þetta er hefðbundin framganga í slíkum málum.

Mér finnst athyglisvert ef framsóknarmönnum er allt í einu orðið það annt um þingræðið að þeir telji þetta að-

finnsluverða framgöngu. Ég man ekki betur en að hafa lesið um að við stórslysi hafi legið þegar hæstv. þáverandi ráðherra Guðni Ágústsson heyrði í útvarpinu að tveir menn í forustu ríkisstjórnar Íslands hefðu ákveðið að ráðast inn í Írak. Ekki var framsóknarmönnum þá svo annt um þingræðið að þeir teldu ástæðu til að leggja á miklar ræður í þingflokki Framsóknarflokksins um grundvallaratriði. (Gripið fram í.)

[13:46]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér er nokkuð svara vant því að ég veit ekki hvaða spurningum var beint til mín í ræðu hv. þingmanns annarri en þeirri að það skyti skökku við að tala fyrir frjálsri samkeppni og á móti samkeppniseftirliti. Ég tala ekki á móti samkeppniseftirliti sem slíku, ég tala á móti þeim reglugerðaskógi sem við höfum búið til og er algjörlega haldlaus. En ég vil benda hv. þingmanni á að við höfðum frjálsari samkeppni og betri samkeppni um margt í íslensku hagkerfi og í erlendum hagkerfum líka áður en fundin voru upp samkeppniseftirlit. Væri hollt fyrir þingmanninn, af því að honum er aðallega annt um að ræða hér mannkynssögu, að hann kynnti sér þann kafla. Um aðra kafla mannkynssögunnar sem hann ræddi, eins og þátttöku Íslands í Íraksstríðinu, hef ég margoft rætt bæði í þessum ræðustóli og annars staðar. Fyrir það hafa formenn Framsóknarflokksins, bæði hv. formaður Jón Sigurðsson og hv. núverandi formaður, Guðni Ágústsson, svarað og beðist afsökunar á því frumhlaupi sem þar var framið og það var ekki gert með vilja okkar meginþorra Framsóknarflokksins. Um það þarf því ekki meira að tala og má þingmanni vera það frjálst þegar hann verður algjörlega rökþrota í umræðu dagsins að tala þá um að Halldór Ásgrímsson hafi stutt Íraksstríðið. Það er mjög rismikil umræða á þessum tímapunkti. Það voru vissulega, að mínu viti, ein hörmulegustu mistök í lýðveldissögunni fyrir utan þau mistök sem framin hafa verið í efnahagsmálum á undanförnum mánuðum, en þau koma þessu máli ekki við og hér hefur verið kallað eftir því að umræðan sé um framtíðarsýn. Ég kom með umræðu um framtíðarsýn og þá fór, eins og ég mátti svo sem vita, að hv. þm. Árni Páll Árnason skildi ekkert um hvað verið var að tala. Það segir meira um hv. þingmann en þá ræðu sem flutt var.

[13:48]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var um margt sérstök og kynleg ræða sem hv. þm. Bjarni Harðarson hélt hér áðan og á stundum það samhengislaus að ég náði ekki alveg innihaldinu. Ég staldra við einn þátt í ræðunni og mig langar að óska eftir upplýsingum frá hv. þingmanni um hvað hann átti við þegar hann talaði um óþjóðholla hegðun þeirra sem hefðu óskað eftir aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, eins og ég skrifaði niður eftir hv. þingmanni. Á hann við að allir þeir virtu hagfræðingar sem bentu strax í vikunni eftir fall bankanna á að það væri nauðsynlegt að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kæmi hér að, til að mynda Jónas Haralz, Jóhannes Nordal og fleiri mætir hagfræðingar, séu óþjóðhollir menn sem sýni af sér óþjóðholla hegðun? Þetta vakti athygli mína og mér þætti vænt um að fá svar frá þingmanninum um hvað hann átti við. Hvað vildi þingmaðurinn ef hann vildi ekki aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins?

[13:49]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér er ljúft að svara málefnalegri spurningu hv. þm. Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur. Það sem ég átti við í þessu sambandi var að við samningaborð sátu tveir aðilar, fulltrúar íslenska ríkisins og fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og ræddu um það hvort og þá með hvaða hætti koma ætti til samstarfs þessara aðila. Það segir sig algjörlega sjálft og þarf ekki yfirgripsmikla þekkingu í samningatækni til að gera sér grein fyrir því að það er mjög óþægilegt fyrir samningamenn íslenska ríkisins að á sama tíma og þeir sitja í viðkvæmum samningaviðræðum sé yfirboðari þeirra á Íslandi að kalla á eftir því að þeir geri eitthvað ákveðið. Þeir þurftu að hafa frelsi þar. Þetta kalla ég óþjóðlega hegðun vegna þess að þarna var Ísland að semja við alþjóðasamfélagið. Þarna voru hagsmunir íslensku þjóðarinnar öðrum megin við borðið án þess að um neitt fjandsamlega aðila væri að ræða. Því hef ég aldrei haldið fram, ég hef aldrei tekið undir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé einhver sérstakur andstæðingur okkar. Ég held aftur á móti að hann sé óskaplega úrelt stofnun í viðhorfum sínum. Ég bakka ekkert með það en það er ekki af sérstökum illvilja.

Varðandi aftur á móti þátt hagfræðinganna í þessu máli þá verður (Forseti hringir.) Samfylkingin að fara að átta sig á því að staða þeirra í þessu máli með allt öðrum hætti — samkvæmt klukkunni á ég 15 sekúndur eftir — staða þeirra er með allt öðrum hætti (Forseti hringir.) þar sem þeir eru ekki stjórnendur landsins og eru þess vegna ekki íhlutunaraðilar um samningaviðræðurnar þó að þeir segi sína sérfræðiskoðun. En þingmenn (Forseti hringir.) og aðrir ráðamenn verða að skilja að þeir bera ábyrgð (Forseti hringir.) sem ráðamenn.

[13:51]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Bjarna Harðarsyni fyrir málefnalegt svar við andsvari mínu. Ég skildi hins vegar ekki efnislega alveg hvað þingmaðurinn átti við vegna þess að ég held að öllum hafi verið ljóst frá upphafi, um leið og sú staðreynd blasti við að bankarnir hér allir þrír væru farnir á hliðina að grípa þyrfti til mjög drastískra og róttækra aðgerða. Og sú aðgerð sem blasti við öllum sem fylgdust með umræðunni, bæði stjórnmálamönnum, sérfræðingum, hagfræðingum og öllum öðrum, var að sjálfsögðu að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég held að sú staðreynd hafi ekkert verið að þvælast fyrir eða trufla samningsstöðu okkar gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Vegna þess eins og komið hefur fram í umræðunni í dag, bæði af hálfu hæstv. utanríkisráðherra og forsætisráðherra, þá eru tveir aðilar að semja þarna og þær aðgerðir sem verið var kynna í (Forseti hringir.) morgun eru aðgerðir sem við hefðum alla jafna þurft að (Forseti hringir.) fara í sjálf án aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

[13:52]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er reyndar algjörlega ósammála síðustu orðum þingmannsins að við hefðum þurft að gera þetta allt saman sjálf. Við hefðum ekki þurft að hækka stýrivexti að mínu viti upp í 18% en það er tæknileg umræða sem þarf miklu lengri tíma til að ræða en hér er gefinn. En ég vil benda á í þessu sambandi að þegar samfylkingarþingmenn og forustumenn Samfylkingarinnar hófu þessa umræðu var algjörlega ljóst — jafndagljóst og hv. þingmaður talaði um að hefði verið ljóst að við þyrftum að leita aðstoðar — að það var ekki eining um þessa stefnu innan ríkisstjórnarinnar. Þess vegna er það mjög sérkennileg stefna í ríkisstjórnarsamstarfi og við sem erum í stjórnarandstöðu getum kært okkur kollótt hvunndags en þegar þjóðarhagsmunir eru í húfi eins og hér getum við ekki setið þegjandi undir því að samstarf ríkisstjórnar sé með þessum hætti og að ráðherrar fjármála þurfi að sitja við samningaborð fyrir vestan haf og sitja á meðan undir glósum frá samstarfsflokki sínum hér heima. Það er það sem ég kalla óþjóðholla hegðun (Forseti hringir.) og skemmdi stórlega fyrir, hef ég heimildir fyrir, (Forseti hringir.) hagsmunum Íslendinga í því mikilvæga máli.

[13:54]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við stöndum frammi fyrir miklum erfiðleikum núna eins og skýrslan sem hæstv. forsætisráðherra flutti hér, og menn hafa verið að ræða í dag, ber með sér. Það er svolítið skondið við þá umræðu að framsóknarmenn með hv. þm. Bjarna Harðarson í broddi fylkingar reyna að hvítþvo sig af því ástandi sem þjóðfélagið er í. (Gripið fram í.) Já. Málið er að helmingaskiptareglan var við lýði þegar bankarnir voru einkavæddir á Íslandi og hver var hinn aðilinn í þeirri ríkisstjórn sem þá var við völd annar en framsóknarmenn? Þannig að ábyrgðin er … (Gripið fram í.) Það kemur þér bara ekkert við. Ábyrgð framsóknarmanna er mikil í þessu máli og þeir bera ásamt Sjálfstæðisflokknum fulla ábyrgð. (**Gripið fram í:** Eðlilega.) Og einkavinavæðing bankanna var hluti af því sem Framsóknarflokkurinn tók þátt í að gera. Mér finnst sjálfsagt að halda þessu til haga þegar menn tala um að allir beri ábyrgð. Auðvitað ber hæstv. viðskiptaráðherra Samfylkingarinnar ábyrgð sem hefur kannski lítið verið fjallað um enn þá. Auðvitað ber Samfylkingin mikla ábyrgð í heild sinni. En það er alveg gagnslaust fyrir hv. þm. Bjarna Harðarson að reyna að telja fólki trú um að framsóknarmenn séu alveg saklausir af þessu.

[13:56]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég verð að lýsa nokkurri furðu yfir ræðu hv. þm. Grétars Mars Jónssonar. Ég hef hvorki í ræðum mínum núna né í fyrri málflutningi haldið fram sakleysi Framsóknarflokksins. Ég hef einmitt vakið athygli á því oftar en einu sinni í þessu ræðupúlti að við þurfum að ganga í gegnum ákveðið endurmat á því sem við gerðum. En það er aftur á móti rétt að ég kom ekki í ræðupúlt núna við þessar aðstæður til að fara í gegnum sérstök syndaregistur einstakra flokka, hvorki Framsóknarflokksins né annarra flokka. Ég kom til að ræða stöðuna eins og hún er núna og þá framtíðarsýn sem væri sem ég treysti Framsóknarflokknum betur en mörgum öðrum flokkum til að leiða okkur í vegna þess að ég held að nú séu runnir upp þeir tímar sem þær hugsjónir sem hann hefur staðið fyrir í 90 ára sögu sinni muni verða þjóðinni affarasælastar.

Ég held reyndar, ef menn vilja endilega vera hér með syndaregistur, að nær væri að hv. þm. Grétar Mar Jónsson svaraði þingheimi því í hvaða stjórnmálaflokki hann var og hvar hann stóð í pólitík þegar EES-samningurinn milli Íslands og Brussel var samþykktur sem er í rauninni afdrifaríkastur í þeirri stöðu sem við erum í núna. Það eru ekki bara orð mín fyrir því, ég hef skilið orð forsætisráðherra þannig að hann líti þetta nokkuð líkum augum.

[13:57]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er alveg sjálfsagt að upplýsa hv. þm. Bjarna Harðarson sem og aðra í þingsalnum og þá sem hlusta á að ég var í Alþýðuflokknum þegar að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var gerður en það skiptir akkúrat engu í þessu máli. Hv. þm. Bjarni Harðarson og fleiri í Framsókn eru að reyna að þvo af sér helmingaskiptareglu Framsóknarflokksins. Það stendur enn og aftur upp á þá að svara fyrir það. Þeir lögðu grunninn að þeim ófarnaði sem þjóðin situr í í dag og bera ábyrgð á honum. Þeir losna ekkert undan því að ábyrgð þeirra er mikil. Þeir voru tólf ár í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum og tóku þátt í að skipta bönkunum upp og ákveðinn hópur framsóknarmanna, svokallaður S-hópur, tók annan helminginn og Sjálfstæðisflokkurinn hinn. (Gripið fram í.)

[13:58]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni að framsóknarmenn bera auðvitað ábyrgð hafandi setið við stjórnvölinn í tólf ár. Það er rétt. Það bera allir ábyrgð sem hafa komið að þessu. Stjórnarandstaðan á þeim tíma ber líka mjög mikla ábyrgð (**Gripið fram í:** Nú?) vegna þess að þrátt fyrir margs konar málþóf sem hún hélt uppi hér þá skulu menn leita, og það verður eins og að leita að nál í heystakki, að einhverju í þeirri gagnrýni frá Samfylkingunni eða vinstri grænum á þeim tíma sem hefði á einhvern hátt gagnast til þess að við færum ekki í þau spor sem við erum í núna. Hér flutu allir sofandi að feigðarósi þó að ég skuli ekki segja um hvað hv. þm. Grétar Mar Jónsson hugsaði þá suður í Sandgerði, en hann hefur ekki svarað spurningu minni um hvar hann stóð í pólitík þegar (**GMJ:** Ég var að segja það, maður) (**Gripið fram í:** Hv. þingmaður hlustaði ekki á hann.) EES-samningurinn var gerður og hvaða ábyrgð (Forseti hringir.) hann vill bera á því.

[14:00]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Vegna þeirra umræðna sem hér hafa farið fram um ábyrgð þá ætla ég ekki að fjalla um það hverjir bera ábyrgð því það liggur nokkuð ljóst fyrir. Hins vegar vil ég segja þetta: Ég ber enga ábyrgð á því ástandi

sem hér er. Ég ber enga ábyrgð á því að við skulum hafa haldið áfram með ónýtan gjaldmiðil svo lengi sem raun ber vitni sem í raun er helsta orsök þess hruns sem hefur orðið. Ég ber enga ábyrgð á þeirri stýrivaxtavitleysu sem hér hefur viðgengist undanfarin ár. Allan tímann frá því að krónan var sett á flot eða í rúm sex ár hef ég gagnrýnt það og ég held þeirri gagnrýni áfram. Það er glórulaus aðgerð að ætla að halda áfram svo sem ríkisstjórnin er að boða og hæstv. forsætisráðherra kom inn á í skýrslu sinni.

Ég verð að viðurkenna, virðulegi forseti, að eftir að hafa hlustað á skýrslu hæstv. forsætisráðherra þá fannst mér ég eiginlega enn vera staddur í fyrsta þætti þess sorgarleiks sem hófst þann 6. október og að í raun hefðu mál ekki þokast áfram, við værum á svipuðum stað og úrræðin væru ákaflega takmörkuð. Í skýrslu hæstv. forsætisráðherra er um að ræða ákveðna greiningu á helstu verkefnum sem hann hefði getað flutt og flutti að mörgu leyti með sama hætti þann örlagaríka dag 6. október sl. Það var talað um gjaldeyrisskort, að ná niður verðbólgu, um tekjutap ríkissjóðs, að setja fjármagn í Seðlabanka Íslands og stórar lántökur erlendis. Nú hlustum við á nýja skýrslu um sömu viðfangsefni. Það eina sem hefur verið gert er að fengin hafa verið einhver vilyrði fyrir lánafyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum upp á rúmlega 2 milljarða Bandaríkjadala eftir því sem hæstv. forsætisráðherra upplýsti. Hann upplýsti jafnframt að við ættum áfram að hafa fljótandi gjaldmiðil og að við ættum að hafa sem hæsta stýrivexti en þeir voru hækkaðir um 6 prósentustig í gær, upp í 18%. Til hvers? Til að reyna að viðhalda þeim lottógjaldmiðli og lottósjónarmiðum sem hafa verið allsráðandi í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem nú er við lýði. Á sama tíma eru seðlabankar vítt og breitt í okkar heimshluta að lækka stýrivexti. Í gær voru stýrivextir í Bandaríkjunum lækkaðir verulega og eru nú 1%. Á sama tíma eru stýrivextir á Íslandi 18% og hækkuðu í gær um heil 6 prósentustig.

Hæstv. forsætisráðherra heldur því fram og það virðist vera stefna ríkisstjórnarinnar að með þessum aðgerðum geti orðið hröð aðlögun í gengismálum. Hvað þýðir það? Það er greinilega von ríkisstjórnarinnar að enn og aftur muni streyma inn gjaldeyrir erlendis frá til að reyna að halda við þeim gjaldmiðli sem hér er um að ræða.

Samkvæmt hagfréttum er verðbólgan nú án húsnæðisliðar 17,8% og hefur ekki verið hærri síðan á síðustu öld. Í gær var tilkynnt um uppsagnir mikils fjölda starfsmanna ýmissa fyrirtækja, m.a. fyrirtækja í byggingariðnaðinum. Í dag er tilkynnt um að öllum starfsmönnum sjónvarpsstöðvarinnar Skjás eins hafi verið sagt upp og að öllum starfsmönnum í Fjörfiski á Húsavík hafi verið sagt upp. Atvinnuleysi hér er töluvert og fer vaxandi og verður gríðarlega mikið ef ekki verður brugðist við með ákveðnum aðgerðum. Talsmenn þess gjaldmiðils sem við höfum og þeirrar gjaldmiðilsstefnu sem við höfum haldið hafa jafnan haft það á orði að með þeim hætti hefðum við ákveðinn sveigjanleika sem gæfi okkur svigrúm þannig að við hefðum m.a. hátt atvinnustig og hafa bent á löndin í Evrópusambandinu þar sem um hið gagnstæða væri að ræða. Allt þetta er einhver orðræða sem á ekki við og þarna var verið að tala á röngum forsendum. Ég bendi á, virðulegi forseti, að atvinnuleysi í Danmörku í dag er 1,6% en hæstv. forsætisráðherra hefur talað um að atvinnuleysi hér geti farið allt upp í 10% eða þar yfir.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson benti réttilega á í góðri ræðu sinni fyrr í dag að brýna nauðsyn bæri til þess við núverandi aðstæður að draga úr ríkisútgjöldum. Hann benti á að nú þyrfti Alþingi að taka til höndunum og skera niður hjá sér, m.a. að koma á öðrum skikk en að þingmenn væru með sérstaka aðstoðarmenn svo sem samþykkt var í fyrra og ég var raunar eini alþingismaðurinn sem greiddi atkvæði gegn því að þannig væri farið að, taldi það vera ranga stefnu. Hann talaði um að skera niður risnu og fríðindi og ég vil taka undir þau sjónarmið en ég segi líka: Það þarf að skera í burtu ofureftirlaun æðstu embættismanna ríkisins, hæstaréttardómara, forseta og ráðherra. Það þurfa allir að sitja við sama borð hverjir svo sem það eru, allir opinberir starfsmenn eiga að sitja og búa við sömu lífeyrisréttindi.

Ég tek undir þau sjónarmið að við þurfum að draga stórkostlega úr umsvifum utanríkisþjónustunnar, leggja niður óþörf sendiráð eins og ég hef haldið fram í mörg ár að við ættum að gera. Við eigum að leggja niður varnarmálastofnun og taka það inn í ráðuneytið sem minni háttar afstöðu. Við eigum að hætta þessu fokdýra gersamlega nauðsynjalausa loftrýmiseftirliti. Til hvers er það? Þetta er bara bruðl. Það er bara verið að henda peningum.

Varðandi þá stýrivaxtahækkun sem hefur verið ákveðin þá tel ég það eitt versta óráð sem hefur verið gripið til. Háir vextir eru fyrst og fremst til að draga úr þenslu í þjóðfélaginu. Nú eiga fyrirtækin örðugt með að fjármagna sig erlendis frá þannig að þau byggja á íslensku krónunni og að búa við 18% vexti þýðir í flestum tilvikum að það getur ekki verið arðsemi fyrirtækjanna að ræða. Þetta mun því leiða til atvinnuleysis og ef menn tala um, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og fleiri hafa gert, að við ættum að koma í veg fyrir fjöldaatvinnuleysi og koma í veg fyrir fólksflótta, þá erum við þarna að bregðast við með röngum hætti.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt áherslu á nokkur atriði sem við teljum geta verið til viðreisnar íslensku efnahagslífi. Við höfum m.a. bent á að það þurfi að vera lágir stýrivextir, þeir þurfi að lækka til að treysta atvinnulíf og afkomu heimilanna í landinu og við höfum talað um það að til að tryggja stöðugleika gjaldmiðilsins verði að tengja krónuna svo fljótt sem auðið er stærra myntkerfi. Við höfum bent á að það eigi að skoða hvort náið samstarf við Noreg í því sambandi komi til greina og sú leið verði könnuð til hlítar hvort Ísland og Noregur geti komið sér saman um að hafa sameiginlega mynt- og peningamálastefnu. Og hvaða annar möguleiki er til langframa nema sá, virðulegi forseti, að við þjóðir á norðurslóðum sem eigum sameiginlega hagsmuni, erum sameiginleg í EFTA og myndum raunverulega það samband í dag og höfum líka hagsmuni, komum okkur saman í þessu mikilsverða máli? En ef við getum ekki náð því hvaða aðra möguleika á þá íslenska þjóðin miðað við langtímastefnu en að leita eitthvað annað eftir samstarfi?

Það er alveg ljóst að minnsta myntkerfi í heimi verður ekki haldið uppi nema með óheyrilegum kostnaði, miðað við það sem hæstv. forsætisráðherra talaði um, hann talaði

um 10% halla á ríkissjóði sem þýðir um eða yfir 130 milljarða. Hann talaði um að við mundum þurfa að yfirtaka skuldbindingar og vegna innspýtingar í banka og Seðlabanka um 1.100 milljarða. Hverjir eru vextir af slíku? Þeir eru um 60–70 milljarðar á hverju ári. Og hvernig ætlum við að standa undir þessum gríðarlegu útgjöldum? Það er eðlilegt að spurt sé. Við getum ekki haldið áfram þeirri stefnu að eyða um efni fram og við getum ekki og megum ekki halda áfram þeirri stefnu að flytja inn erlenda mynt og út vexti. Við verðum að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum, það er grundvallaratriði. Það gerum við með því að efla framleiðslufyrirtækin í landinu. Það gerum við með því að efla atvinnu í landinu. En það gerum við fyrst og fremst þegar við höfum náð því stigi að gæta að hagsmunum fjölskyldnanna, að gæta að hagsmunum fólksins sem skuldar, að það búi við sambærileg lánakjör og fólk á hinum Norðurlöndunum, að við búum ekki lengur við það vaxtaokur og verðtryggingu sem nú er að setja heimilin á slig.

[14:10]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mig langar aðeins til að víkja að einu atriði sem hv. þingmaður nefndi í ræðu sinni og það er gjaldmiðillinn. Ég get alveg tekið undir það með hv. þingmanni að því fylgja auðvitað ókostir að halda úti minnsta gjaldmiðli í heimi, það er auðvitað alveg rétt og við eigum ekki að útiloka að í náinni framtíð verði tekin upp annar gjaldmiðill hver sem hann nú verður. En mig langar til að spyrja hv. þingmann hvernig hann sjái fyrir sér að það geti gerst, eins og staða krónunnar er núna og hríðfallandi gengi hennar.

Sumir segja að í dag eigum við að ganga í Evrópusambandið, taka upp evruna. Ætli Íslendingar þyrftu ekki að kaupa evru í dag á um það bil 200 kr. eða meira? Ef íslenska krónan yrði tengd við annan gjaldmiðil miðað við gengi hennar og stöðu í dag, hvað mundi það þýða? Værum við þá ekki að festa í sessi gríðarlega kjararýrnun fyrir fólkið í landinu? Það held ég. Ég fæ ekki séð að menn geti reiknað sig öðruvísi út úr því. Þar með er ég ekki að segja að við eigum ekki að taka upp annan gjaldmiðil, alls ekki, en ég velti fyrir mér hvaða útfærslur hv. þingmaður sér á þessu vandamáli og hvernig hann vill leysa það.

[14:12]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni þessa umræðu. Varðandi gjaldmiðilinn liggur fyrir að opinbert skráð gengi á evrunni í dag er 153 kr. Það sem hv. þingmaður var að tala um að hugsanlega væri verið að kaupa eða selja krónuna á 200 kr. það kann vel að vera, það þekki ég ekki. Þegar ég er að tala um hvaða kerfi við eigum að taka upp varðandi gjaldmiðilsmálin þá er ég að tala um og velta fyrir mér hvernig við getum skapað stöðugleika til frambúðar í þjóðfélaginu og ég legg áherslu á að við gerum það ekki með því að halda áfram þeim hrunadansi sem hefur verið stiginn hér undanfarin sex ár með flotkrónunni. Við eigum að hætta því. Við eigum að nýta og athuga kosti þess að tengjast stærra myntkerfi.

Hv. þm. Árni Páll Árnason sagði í umræðunni í vetur á þingi að það kostaði 100 milljarða að halda uppi þessum gjaldmiðli. Ég veit ekki hvort sú tala er rétt en hæstv. forsætisráðherra mótmælti ekki þeim útreikningi hv. þingmanns, en við höfum a.m.k. ekki efni á slíkum lúxus í dag. Það sem ég var einfaldlega að benda á, þ.e. tillögur okkar frjálslyndra í málinu, er að við getum með einföldum skjótvirkum hætti leitað eftir samningum við Norðmenn um að komast í myntsamstarf við þá. Þá mundi að sjálfsögðu byrja ákveðið aðlögunarferli sem hugsanlega leiddi til samninga. Einhverra leiða verðum við að leita til þess að stöðugleiki geti orðið að veruleika, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Það er grundvallaratriði. Það er forsenda þess að atvinnulíf verði á nýjan leik blómlegt og þetta verði þjóðfélag vaxtar. Það er það sem við sameiginlega viljum stefna að.

[14:14]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum efnahagsmál og aðildarumsókn að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hér hafa orðið mikil umbrot undanfarið, miklar hremmingar, og það er von að fólk vilji vita hvar sá jarðskjálfti átti upptök sín. Hann átti að hluta til upptök sín erlendis — þ.e. dómínó-áhrif — bankar fóru á hausinn annars staðar og það olli því að íslenskir bankar misstu greiðsluflæði, fóru þar af leiðandi í greiðsluvandræði og síðan í gjaldþrot. Erlendis var fyrst mikil ofgnótt af peningum og síðan kom í kjölfarið mikill skortur, áhættufælni og lausafjárskortur. Þetta er ein af ástæðunum fyrir þessum miklu hremmingum sem við höfum lent í en það er líka ástæða innan lands.

Skuldsetning bankanna var komin upp í 40 millj. á hvern íbúa á Íslandi, 160 millj. fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Það voru að sjálfsögðu ekki ríkisskuldir heldur skuldir einkabanka. Jöklabréfin ollu líka miklum vanda en það sem kannski olli mesta vandanum var krosseignarhald, áhættutaka banka, ríkissjóðs, fyrirtækja og einstaklinga. Áhættugleðin var höfð í öndvegi. Gamlar dyggðir eins og ráðdeild og sparsemi, öryggi og lítil áhætta voru sem sagt gleymdar.

Ég ætla ekki að skorast undan ábyrgð eins og hv. síðasti ræðumaður. Ég sem þátttakandi í að semja þessi lög sem hafa brugðist ber vissulega ábyrgð á þessari stöðu. Ég ber líka ábyrgð á því að hafa ekki minnt nægilega mikið á þessar gömlu dyggðir og ekki staðið nógu ákveðið gegn því sem ég sá að var afleiðing af gagnkvæmu eignarhaldi. Þannig að ég er ekki að skorast undan ábyrgð, alls ekki.

Hvað er búið að gera? Það er búið að gera ýmislegt. Við settum neyðarlög og í kjölfarið var greiðslukerfum bankanna bjargað, það má ekki gleyma því. Við vorum að bjarga greiðslukerfi bankanna þannig að fólk gæti notað debetkortin, borgað fyrir matinn sinn, olíuna og bensínið og allt það, haldið við þjóðfélaginu. Ég held að það sé neyðarréttur að gera þetta og öryggisatriði. Við erum búin að stofna nýja banka utan um innlendar kröfur og innlend innlán og vonandi er búið að bjarga öllum innstæðum í landinu með þeim hætti. Þetta verður keypt út úr þrotabúinu á núll krónur. Innlánin sem menn skulda, skuldir bankanna, og útlánin til einstaklinga, bílalán, íbúðalán, lán til fyrirtækja og sveitarfélaga o.fl., það eru eignir bankanna, þessar eignir og skuldir eiga að standast á og með mjög skynsamlegum

hætti þannig að enginn getur mótmælt því að þetta hafi verið selt út úr bönkunum.

Við erum búin að sækja um aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hann kemur með lánveitingu og svo hækkar hann stýrivexti. Það er hluti af öllum pakkanum og þeir sem báðu mest um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn verða nú að taka þá pillu með. Ég er alls ekki sáttur við hana. Ég skil rökin á bak við það; þetta er gamaldags hagfræði sem gildir í venjulegu árferði en núna er ekkert venjulegt árferði. Þetta er mjög óvenjuleg staða og ég held að hefðbundnar aðferðir dugi ekki. Þessi stýrivaxtahækkun hefur engin áhrif á aukningu sparnaðar eða skulda hér á landi. Reyndar, herra forseti, vil ég geta þess í leiðinni að október mun sennilega líða fæstum úr minni í framtíðinni. Hann mun örugglega verða sá mánuður í Íslandssögunni þegar Íslendingar spöruðu mest vegna þess að tekjur komu inn á reikningana, fólk var ekki orðið atvinnulaust og útgjöld nánast þurrkuðust út. Það var mikill sparnaður sem fólst bæði í því að greiða upp skuldir og eins í því að leggja inn.

Það er sem sagt uppi áætlun um að setja í gang gengismarkað með aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þetta verður allt upplýst á þriðjudaginn; það er ekki hægt að upplýsa það fyrr því að stjórnin hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er ekki búin að samþykkja. Einnig er búið að setja af stað sérstakan saksóknara sem á að kanna hvort misjafnt hafi verið farið með hluti, hvort um sé að ræða eitthvert glæpsamlegt athæfi í aðdraganda þessa eða kannski áður.

Ýmislegt á eftir að gera og ég tel að nokkur atriði séu brýn, t.d. að endurgreiða vörugjald af bílum þannig að hægt sé að flytja út þennan bílaflota sem við höfum kannski ekki efni á að reka og eiga. Það þarf að hægja á öllum innheimtum og aðgerðum gegn skuldurum; setja í lög að til bráðabirgða hægist á þessu. Hugsanlega þarf að taka einhver ákvæði samkeppnislaga úr sambandi tímabundið en það þarf að vera mjög ákveðið tímabundið. Síðan þurfum við að læra af mistökunum, búa til hvíta bók sem ég held að mjög nauðsynlegt sé að alþingismenn, stjórnarandstaðan og stjórnarþingmenn, komi að en ekki framkvæmdarvaldið. Þá lærum við af því hvað gerðist. Hvað fór úrskeiðis? Voru það lögin eða framkvæmdin?

Við þurfum að skoða afkomu ríkissjóðs og þar kemur vandinn mikli. Hækkum við skatta? Ég tel að það sé í lagi að hækka krónutölu skatta sem hafa setið eftir undanfarin ár. Þar er fjöldi af sköttum sem má hækka, afleiðing af þeirri verðbólgu sem hefur verið. Svo megum við líka skoða að lækka hreinlega laun opinberra starfsmanna eins og er að gerast á almenna markaðnum. Tökum sem dæmi laun yfir 400 þús. kr., þar verði það sem umfram er skert um 10% og þau laun sem eru yfir 600 þúsund verði skert um 10% af því sem umfram er, til viðbótar. Það verði tillaga til opinberra starfsmanna því það eru nefnilega í gangi ofurlaun hjá ríkinu líka.

Við þurfum að skoða lífeyrisréttindi því að þar er að verða mjög skrýtin staða. Ég hef margoft bent á þetta á liðnum árum eða áratugum. Núna þegar þarf að skerða lífeyri frá almennu sjóðunum vegna áfalla á markaðnum um kannski 10%, vonandi ekki mikið meira, 15 eða 20%, þá halda opinberir starfsmenn sínum réttindum að fullu en iðgjald ríkissjóðs, þ.e. skattgreiðenda, þeirra sem lenda í áföllum vegna almennu lífeyrissjóðanna, er hækkað. Þetta er misrétti sem gengur varla upp og þarf að skoða mjög nákvæmlega. Sérstaklega þarf að skoða ofurlífeyrisréttindi sem eru í gangi í B-deildinni. Síðan þurfum við að skoða alveg opið að selja einhvern af þessum þremur ríkisbönkum sem fyrst til þess að minnka áhættu ríkissjóðs og framlag í þá banka.

Hver er framtíðin? Verkefni númer eitt er að semja við Breta og Hollendinga á þeim nótum að þjóðin geti undir því risið. Það þarf að kenna þessum mönnum sem eru að semja við okkur að það sé ekki skynsamlegt að leggja á Íslendinga þyngri byrðar en þær sem lagðar voru á Þjóðverja eftir fyrri heimsstyrjöld og ollu þar óðaverðbólgu, gífurlegri fátækt, massaatvinnuleysi og því að Hitler komst til valda. Það er engin skynsemi, enginn græðir á slíku. Við þurfum að taka þátt í þessu, ef okkur ber yfirleitt skylda til þess, en ég er ekki sannfærður um það.

Ég vil benda á að með þessari aðgerð sem búið er að gera lækka skuldir þjóðarinnar niður í 1/4, úr 40 millj. á íbúa niður í kannski 10 millj. á íbúa, og það er ósköp viðráðanlegt.

Viðskiptajöfnuður og vöruskiptajöfnuður verða sennilega báðir jákvæðir þegar gengið fer aftur í gang, þegar búið er að ráða við jöklabréfin sem eiga eftir að streyma út. Um leið og búið er að ráða við þann stabba verður þetta jákvætt og þá verður meira framboð á erlendri mynt en krónum. Gengið mun styrkjast verulega í kjölfarið en það er spurning hversu langan tíma tekur að komast yfir þennan hjalla sem krónubréfin eru.

Mjög sterkur útflutningur sem vonandi verður ekki bjagaður af hráefnisverði um heiminn — því það er að lækka núna en þar tengist saman olíuverðslækkun og lækkun á álverði. Ég vona að það stoppi og hækki jafnvel aftur. Ef það gerist erum við með mjög sterkan útflutning, mikið minni innflutning af því að þjóðin er búin að læra að spara, og framtíðin er tiltölulega björt.

Varðandi það að ganga í Evrópusambandið — það er náttúrlega alveg fráleitt. Það er töfrasproti sem einhverjir eru að veifa en engin lausn vegna þess að við þurfum að uppfylla Maastricht-skilmálana. Við erum langt frá því að geta það og þegar við erum búin að uppfylla Maastricht-skilmálana er krónan bara ljómandi góð.

[14:24]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég get tekið undir margt sem hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á í þessari ræðu en því er ekki að leyna að upp á síðkastið, bæði hér í þinginu og á fundi í Iðnó um daginn, hefur hv. þingmaður talað um að á síðustu fjórum, fimm vikum hafi verið gerð ýmis mistök. Ég held að við eigum að tala skýrt og tæpitungulaust um hvað hefur farið miður og hvaða mistök hafa verið gerð. Ég held að okkur öllum sé hollt að þora að tala um það tæpitungulaust.

Það að hafa alþingismenn í rannsóknarnefndum getur svo sem verið ágætt en ég tel að það þurfi að byrja að skipa rannsóknarnefnd til þess að skoða einkavæðingu bankanna á sínum tíma, bæði Búnaðarbankans og Landsbankans og hvernig var staðið að því. Þetta var að mínu mati einkavinavæðing en ekki bara einkavæðing. Ég held að það væri allt í

lagi að fara aftur til þess tíma og skoða upphafið að þessu. Einnig vita náttúrlega allir að þegar svokallað kvótakerfi var sett á byrjaði að myndast eignarhlutur hjá mönnum sem fengu úthlutað veiðiheimildum fyrir ekkert og gátu farið að leigja þær, selja og veðsetja og braska með þær. Þetta er auðvitað partur af því sem hefur orsakað ýmislegt sem hefur farið úrskeiðis hjá okkur.

Ég hvet hv. þingmann til þess að tala tæpitungulaust um það hvað hafi farið úrskeiðis síðustu fjórar, fimm vikur.

[14:26]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Í heimi hratt breytandi forsendna þar sem aðstæður breytast frá mínútu til mínútu gera menn óhjákvæmilega mistök vegna þess að þeir taka ákvörðun á grundvelli einhverra forsendna en hálfum degi síðar eru þær ekki lengur í gildi og ákvörðunin reynist hafa verið röng. Ég vil bara minna á að þýski seðlabankinn er nýbúinn að hlaupa undir bagga með stórum þýskum banka með 6 milljarða evra vegna þess að hann lenti í áföllum á Íslandi. Einn milljarður evra hefði dugað á sínum tíma til þess að bjarga öllum íslensku bönkunum fyrir horn. Þetta eru afdrifarík mistök sem Þjóðverjar sáu ekki fyrir. Þeir vildu ekki hjálpa okkur á sínum tíma og enginn vildi hjálpa, af því að menn sáu ekki fyrir hvað mundi gerast og hvaða afleiðingar þetta hefði í Bretlandi, Hollandi og úti um allt. Það hefði margborgað sig að aðstoða; þetta eru mistökin sem ég er að tala um. Þau eru ekki endilega viljandi og alls ekki, heldur taka menn ákveðnar ákvarðanir á grundvelli þeirra forsendna og þeirra aðstæðna sem þá eru í gildi og svo allt í einu eins og hendi sé veifað eru forsendurnar ekki lengur fyrir hendi. Þetta eru erfiðleikarnir. Þetta er það sem sjómenn þekkja og aðrir sem gera út og búa við síbreytilegar aðstæður. Þeir kannski leggja net en síðan kemur lagnaðaris og leggst yfir allt saman og þá var ákvörðunin um að leggja netin röng, svo maður tali sjómannamál.

Varðandi kvótakerfið vil ég minna á að ég er eini þingmaðurinn sem hefur flutt tillögu um að dreifa kvótanum á þjóðina. Ég man ekki eftir að neinn kvótaáhugamaður hafi flutt slíka tillögu.

[14:28]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég var að spyrja um hvaða mistök hefðu verið gerð síðustu fjórar, fimm vikur. Ég fékk ekki svar við því annað en einhverja söguskýringu úr fyrra stríði, hvaða mistök hefðu verið gerð í Þýskalandi. (Gripið fram í.) Já, já, en burtséð frá því hvort það var í Þýskalandi þá erum við að tala um Ísland hérna og hvaða mistök við höfum gert á Íslandi. Það kveður nefnilega allt of mikið við hjá stjórnarsinnum að þeir eru alltaf að reyna að koma þessu yfir á efnahagsástandið almennt í heiminum. Sem betur fer hafa önnur lönd ekki lent í jafnvondum hremmingum og við þó svo að efnahagsástand sé auðvitað slæmt víða í heiminum. Sums staðar er ástandið bara tiltölulega gott og það hefur væntanlega eitthvað að gera með hvernig ríkisstjórnir þeirra landa hafa höndlað þessi mál. Við sjáum að þó að einhver vandræði séu á Norðurlöndunum eru þau ekkert í líkingu við það sem við erum að fást við.

Ég spurði af því að á fundum sem hv. þingmaður hefur verið á, bæði inni í þinginu og á fundi í Iðnó fyrir nokkrum dögum, eða viku síðan, talaði hann einmitt um að hér hefðu verið gerð mistök undanfarið, síðustu fjórar, fimm vikurnar. Náttúrlega sjá allir sem hafa verið að fylgjast með þessum málum að það hefur verið algjört ráðaleysi. Seðlabankinn lækkaði stýrivexti fyrir 13 eða 14 dögum síðan, hækkaði þá svo aftur um 50% núna þegar við fórum úr 12% upp í 18%, ríkisstjórnin og ráðherrar hafa talað í kross og samstaðan virðist vera lítil í ríkisstjórninni um hvað á að gera og hvernig á að taka á hlutunum. Það var það sem ég var að fiska eftir, hv. þm. Pétur Blöndal, (Forseti hringir.) hvaða mistök varstu að tala um að hefðu verið gerð á íslenskum markaði, (Forseti hringir.) ekki þýskum?

[14:31]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hygg að þegar öll kurl verða komin til grafar og rykið hefur sest — ætlaði hv. þingmaður að hlusta á andsvarið? — (**GMJ:** Já.) sjái menn betur þau mistök sem gerð hafa verið. Ég tel að þau séu nokkur. Ég get ekki dæmt um þau núna af því að ég hef ekki allar forsendur. Ég hef ekki allar forsendur um það sem menn tóku ákvörðun um en ég hef grun um að forsendurnar hafi breyst og það mjög hratt. Þegar ríkið ætlaði að koma inn í Glitni í upphafi reiknuðu menn greinilega með því að lánsfjármat ríkisins og annarra banka mundi haldast. Það gerðist ekki og það er vegna þess að heimurinn hafði breyst í millitíðinni að einhverju leyti. Kannski var þetta rangt mat á því hvernig matsfyrirtækin mundu bregðast við.

Stundum taka menn ákvörðun sem reynist svo vera röng vegna þess að þeir mátu forsendurnar rangt eða að forsendurnar hafa breyst. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt að komi í ljós með hvítbók, þetta þarf ekki að vera saknæmt þannig að þetta fellur ekki undir þann saksóknara sem þegar er búið að skipa til þess að fara í gegnum það sem saknæmt er. Þetta getur verið hreinlega einhver lærdómur sem menn þurfa að draga ályktun af.

Ég nefndi líka fleira sem við gerðum ekki sem er gagnkvæmt eignarhald, krosseignarhald. Það er eitthvað sem ég benti á fyrir löngu í efnahags- og skattanefnd, hélt sérstakan fund um fyrir þrem árum. Ég ræddi líka um jöklabréfin, vildi fá skýringar á þeim, og þá ógn sem af þeim stafaði, ég hélt sérstakan fund um það líka í efnahags- og skattanefnd. Mín ábyrgð felst í því að hafa ekki hamrað nógu mikið á þessu og hafa ekki staðið nógu fastur á því að þetta yrði leiðrétt.

[14:33]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Við ræðum hér Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, samskipti íslenskra stjórnvalda við hann og með hvaða hætti þau hafa farið fram, þ.e. það sem hefur verið opinbert gert. Hér hafa fyrri ræðumenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þeir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson, farið mjög rækilega yfir þau samskipti sem hafa átt sér stað og þá miklu leynd sem stjórnvöld vilja hjúpa þessi samskipti öll.

Ég er þeirrar skoðunar, frú forseti, að ríkisstjórnin og

stjórnvöld séu hér á barmi þess að brjóta íslenska stjórnarskrá, brjóta íslensk lög hvað varðar upplýsingaskyldu til Alþingis, upplýsingaskyldu til samfélagsins, hvað varðar samráð og upplýsingagjöf til nefnda þingsins og það líka að gera sér grein fyrir að það er í rauninni Alþingi sem ræður. Í hvaða umboði getur ríkisstjórn Íslands, framkvæmdarvaldið, gert samkomulag við aðila eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um fleiri hundruð milljarða lántökur sem íslenskur almenningur verður síðan að axla ábyrgð á og borga, án þess að ræða þá skilmála fyrir fram hér á Alþingi. (**VS:** Er ekki þingræði?) Það ætti nefnilega að vera þingræði en svo er ekki.

Ríkisstjórnin tekur sér þetta einhliða vald og ætlar síðan að ganga frá skriflegum samningi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn áður en nokkrir þættir hans koma fyrir Alþingi. Síðan á jú að bera þann samning upp á Alþingi, en frammi fyrir hverju stendur þá Alþingi þegar ríkisstjórnin hefur skrifað undir slíkar hundruð milljarða skuldbindingar? Alþingi á ekki margra kosta völ í þeim efnum en þó tel ég að ábyrgðin liggi að sjálfsögðu hjá Alþingi og reyndar líka hjá forsetanum, þ.e. hvort hann þá samþykki þau lög sem ríkisstjórnin þvingar í gegnum Alþingi um mörg hundruð milljarða skuldbindingar á íslenska þjóð. (Gripið fram í.) Forsetavaldið er sjálfstætt og það er hluti af afgreiðslunni þannig að við skulum bara horfa á þetta allt í samhengi. Það er ekki þetta vald sem ríkisstjórnin tekur sér.

Auk þess verðum við líka vitni að því að ráðherrar ríkisstjórnarinnar tala út og suður, í austur og vestur hvað varðar þessi mál eins og hér hefur verið rakið og Seðlabankinn sá sérstaka ástæðu til að senda frá sér yfirlýsingu nú fyrir hádegið hvað varðaði stýrivaxtahækkunina sem hér hefur verið til umræðu og var tilkynnt í fyrradag. Þá gaf Seðlabankinn út þá yfirlýsingu að þessi stýrivaxtahækkun væri hluti af því samkomulagi sem ríkisstjórnin og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefðu gert en ríkisstjórnin sá ekki ástæðu til þess að upplýsa Alþingi eða íslenska þjóð um það. Reyndar fáum við síðan hérna tvær ólíkar útgáfur.

Það er líka dapurlegt að fylgjast með því hvernig umræðan hér gengur. Samfylkingin er í ríkisstjórninni og búin að vera nú í rúmt eitt og hálft ár og ber að stórum hluta ábyrgð á þeim verstu þáttum sem komið hafa yfir eins og þessum Icesave-reikningum og öðrum slíkum úti í Bretlandi sem eru stór hluti af vandanum, þeir hlóðust einmitt upp síðasta eina og hálfa árið án þess að þar væri gripið til aðgerða. En þegar kemur til þeirra kasta Alþingis að ræða hvernig nú eigi að bregðast við hinum bráða vanda koma forustumenn Samfylkingarinnar og tala um Evrópusambandið. Veruleikafirring bæði ráðherra Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar er með ólíkindum. Ráðherrar Sjálfstæðisflokksins segja að þetta sé allt öðrum að kenna, einhverjum vondum útlendingum og líta ekki í eigin barm. Það er ekki trúverðugt.

Mjög athyglisvert opið bréf birtist — bara vekja athygli á því, frú forseti — til Þorsteins Pálssonar eftir Víglund Þorsteinsson í Fréttablaðinu í dag þar sem hann bendir á að þegar til kastanna kemur í Evrópusambandinu er það hvert ríki sem verður að axla ábyrgð á sínum bönkum. Þegar verið er að leita aðstoðar hjá Evrópusambandinu til að bjarga bönkum á Spáni, í Þýskalandi eða Frakklandi er sagt nei. Angela Merkel lýsti því bara yfir sem er ítarlega rakið í greininni að þýski seðlabankinn bjargaði fyrst og fremst þýskum bönkum. Eins og kom fram í máli forsætisráðherra fyrr í dag er Ungverjaland, sem er búið að vera líklega fjögur ár í Evrópusambandinu, núna líka að sækja um lán til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þannig að ekki bjargar Evrópusambandið Ungverjum. Þessi síbylja af hálfu Samfylkingarinnar um Evrópusambandið í þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir í dag er mjög ábyrgðarlaus og er þá vægt til orða tekið.

Ég er í fjárlaganefnd sem á að fjalla um þessi mál fyrir hönd Alþingis en hún fær engar upplýsingar hvað þetta varðar. Það er ekki hægt að vinna að fjárlagagerð vegna þess að upplýsingar um þá skilmála sem á að fara að binda þjóðina í liggja ekki fyrir. Vinnubrögðin hér eru þau ólýðræðislegustu sem ég hef nokkurn tíma kynnst varðandi nokkurt mál hér á Alþingi og það í svo gríðarlega stóru mál eins og því að skuldbinda íslenska ríkið um hundruð milljarða króna til næstu ára.

Samtímis hefði líka þurft að vinna að öðrum þáttum sem væru til styrktar og kæmu til stuðnings íslensku atvinnulífi nú um mundir. Stýrivaxtahækkunin sem ákveðin var í fyrradag og var rökstudd kemur mjög harkalega niður á t.d. útflutningsgreinunum, hún kemur mjög harkalega niður á framleiðslugreinunum, (**Gripið fram í:** Álveri.) sjávarútvegi, og landbúnaði þar sem langur ferill er. Eiga afurðalánin í landbúnaði að fara að bera milli 20 og 30% vexti? Það mun ríða þessari atvinnugrein að fullu.

Þessar atvinnugreinar, landbúnaður, sjávarútvegur, ferðaþjónusta, eru þær atvinnugreinar sem við eigum núna að setja traust okkar á. Fyrir nokkrum missirum var sagt að landbúnaður og sjávarútvegur heyrðu sögunni til sem stórir atvinnuvegir á Íslandi. Núna setjum við traust okkar á þessar atvinnugreinar. (**ÓN:** Og virkjanir?) Að boða hér stórkostlega stýrivaxtahækkun án þess jafnframt að koma með skilaboð um úrlausnir fyrir þessar atvinnugreinar, sem alls ekki ráða við þessa vexti á nokkurn hátt, er líka mikið ábyrgðarleysi.

Ég minni líka á einn þátt hér enn. Til okkar þingmanna berast nú mörg skilaboð um að innheimtustofnanir, Intrum eða hvað þetta heitir allt saman, beiti núna meiri hörku í innheimtu en nokkru sinni áður. Það þarf núna líka að senda skilaboð til þeirra sem hafa innheimtu að atvinnu að fara hægt um. Ég tel t.d. brýnt að setja hér lög sem hreinlega banni eða stöðvi að einstaklingar verði teknir til gjaldþrotaskipta við þessar aðstæður, lög sem banni að það verði gert um nokkurra mánaða skeið meðan eitthvert jafnvægi kemst á eða eitthvað stillist af í þessum málum hér á landi. Einmitt í svona gruggugu vatni eins og nú umlykur íslenskt efnahagslíf, fjármálalíf, er hættan á að þá komi hýenurnar, vargarnir, hrægammarnir til þess að krækja sér í bita. Þess vegna þarf að standa gríðarlega sterkan vörð um að einstaklingar sem lenda nú hópum saman í greiðsluvandræðum séu ekki líka beittir harðræði af þeim aðilum sem eiga að innheimta kröfur hjá þeim. Við verðum að taka höndum saman um íslenskt samfélag og við eigum mikla möguleika í þessum atvinnugreinum sem ég nefndi, ferðaþjónustunni — mikla möguleika í ferðaþjónustunni — íslenskum landbúnaði, sjávarútvegi. Hvaða vit er í því að þessu hafi verið létt

af gámaálagi á óunnum fiski til að flytja út? (Forseti hringir.) Það eru um 50, kannski 60 þús. tonn af óunnum gámafiski sem eru flutt út sem ætti að vinna hér á landi.

Það er (Forseti hringir.) svo margt sem við getum gert, frú forseti, til að mæta þeim hörmungum sem eru að koma núna yfir þjóðina.

[14:43]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem ég vildi einkum gera athugasemd við í máli hv. þingmanns. Í fyrsta lagi staðhæfði hv. þingmaður að ríkisstjórnin væri að brjóta skyldu sína samkvæmt stjórnarskrá og lagaskyldur með því að leita ekki samráðs við Alþingi um þær umleitanir um lánafyrirgreiðslu sem nú hafa staðið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Hvorugt á við okkur rök að styðjast og mér þætti gaman að heyra hv. þingmann fara með þær lagatilvitnanir sem hann vísar í máli sínu til stuðnings. Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár gerir utanríkisráðherra í umboði forseta samninga við erlend ríki.

Hvað varðar erlendar lántökur veitti Alþingi hér með lögum í vor sérstaka heimild til lántöku, allt að 500 milljörðum kr., og lántaka hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum rúmast innan þess ramma. Að öðru leyti hefur verið lagður grunnur að efnahagsáætlun sem er unnin til þess að greiða fyrir lántökunni og efni hennar hefur verið kynnt þingflokkum stjórnarflokkanna. Hér hefur að öllu leyti verið staðið fullkomlega eðlilega að málum.

Hv. þingmaður talaði um ábyrgðarleysi Samfylkingarinnar sem fælist í því að benda á mikilvægi aðildar að Evrópusambandinu við lausn á núverandi efnahagsvanda. Íslenska krónan hefur haft í för með sér hrikalegar afleiðingar fyrir íslenskan almenning á undanförnum mánuðum og missirum. Íslenska krónan hefur magnað hagsveiflur en ekki dregið úr þeim og hún hefur aukið á vanda almennings og launafólks í landinu. Ábyrgðarleysið er Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem stendur dyggan vörð um þennan gjaldmiðil sem fyrst og fremst hefur þær afleiðingar að draga úr lífskjörum almennings, skaða hagsmuni hans og veita fé í vasa útlendra spekúlanta.

[14:45]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í fyrsta lagi sagði ég ekki að stjórnarskráin hefði verið brotin, ég sagði að við gætum verið á barmi þess, þannig að hv. þingmaður verður að gæta sín á því.

Ég vil þó benda á að í stjórnarskránni stendur, að mig minnir, að ekki megi skuldbinda ríkissjóð öðruvísi en með samþykki Alþingis. Sömuleiðis stendur í lögum um fjárreiður ríkisins að ekki megi skuldbinda ríkissjóð nema með samþykki Alþingis. Ég spyr þingmanninn: Hvaða stöðu er Alþingi sett í þegar ríkisstjórnin eða forustumenn hennar hafa skrifað undir skuldbindingar eins og við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða innlánseigendur í Hollandi og koma svo með það til Alþingis og Alþingi fellir það? Auðvitað er í valdi Alþingis að gera það, ég veit það, en þegar svona gríðarlegir hagsmunir eru í húfi, skuldbindingar jafnvel á næstu kynslóðir, finnst þá hv. þingmanni í lagi að ríkisstjórnin gangi fram með þessum hætti?

Finnst hv. þingmanni líka í lagi að fjármálaráðherra skrifi undir viljayfirlýsingu um að greiða hundruð milljarða króna vegna vafasamra innstæðureikninga í öðrum löndum án þess að búið sé að kanna hver greiðsluskylda eða -krafa eða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands geti verið? Mér finnast þetta ekki vinnubrögð og tel að þau samræmist ekki traustri og góðri stjórnsýslu og er hissa ef þingmaðurinn telur að þetta megi allt saman ganga fram. Það veldur mér miklum vonbrigðum, frú forseti. (Forseti hringir.) Að hinu atriðinu kem ég svo í seinna andsvari.

[14:48]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður fer nokkuð úr einu í annað í andsvari sínu. Það er einfaldlega þannig að fyrir hendi er — það er alveg rétt sem hv. þingmaður rekur — að heimild Alþingis þarf til ýmissa ráðstafana úr ríkissjóði, en hv. þingmanni sést yfir að Alþingi hefur þegar samþykkt lög sem veita heimild til erlendrar lántöku til að efla gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans. Lagaheimildin er fyrir hendi, hún var samþykkt hér í vor og ég held að hv. þingmaður hafi greitt henni atkvæði. (**Gripið fram í:** Nei.) Á grundvelli þeirrar lagaheimildar er unnið að lántöku.

Stjórnvöld hafa verið í erfiðri stöðu að vinna úr þeim ábyrgðarkröfum sem komið hafa á íslenskt samfélag, sérstaklega vegna Icesave-reikninganna. Þar tel ég stjórnvöld hafa haldið mjög vel á málum og viðurkenningu á greiðsluskyldu hefur verið frestað. Við höfum ekki fallið í þá gryfju að semja á okkur ábyrgð umfram þjóðréttarlegar skuldbindingar. Af hálfu stjórnvalda hefur verið staðið fast við að ekki verði greitt umfram þjóðréttarlegar skuldbindingar og kallað eftir því að þeir sem gera kröfur á hendur okkur viðurkenni rétt okkar til að fá úr þeim skorið. Mér er hulin ráðgáta hvernig hv. þingmaður hefði viljað að með öðrum hætti yrði haldið á málinu en að neita viðurkenningu um greiðsluskyldu umfram skuldbindingar. Það er þvert á móti réttur og eðlilegur framgangsmáti af hálfu ríkisstjórnarinnar og á hún hrós skilið.

[14:49]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mál hv. þingmanns veldur mér miklum vonbrigðum, að honum finnist í lagi að ráðherrar skuldbindi íslenska þjóð með þeim hætti sem verið hefur að undanförnu, undirskrift Árna Mathiesens, bréfaskriftir hæstv. fjármálaráðherra, bréfaskriftir Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra. (**ÁPÁ:** Allt innan þjóðréttarskuldbindinga.) Þar er rambað mjög á barminum og á fjárlaganefndarfundi í gær var þróunin dregin í efa og fullyrt að þetta væri ekki góð stjórnsýsla og dregið í efa að eðlilega væri að staðið. Ég tel að það alvarlegasta sem nú hafi gerst sé hvernig ríkisstjórnin — sem hv. þm. Árni Páll Árnason ver — kemur fram og blekkir íslenska þjóð um þá miklu erfiðleika sem við stöndum frammi fyrir og krefst þess að þjóðin bíði og hlusti og taki á móti því sem yfir hana verður látið dynja, líka í skuldbindingum til næstu ára. Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með það. (**ÁPÁ:** Það hef ég aldrei sagt.)

Varðandi Evrópusambandið vil ég benda á þetta: Er það Evrópusambandinu að kenna að bankarnir voru einkavædd-

ir og fóru í útrás? Í skjóli hvaða laga voru Icesave-reikningarnir stofnaðir í Bretlandi? Þeir voru einmitt stofnaðir í skjóli EES-samningsins (**ÁPÁ:** og Evrópusambandsins.) og Evrópusambandsins, að þar væri hægt að stofna til innlánsreikninga, skuldbindinga upp á hundruð milljarða króna með ábyrgð íslensks almennings. Ég frábið mér að við séum aðilar að slíkum samningum sem heimila að hægt sé að (Forseti hringir.) skuldsetja íslenskan almenning fyrir hundruð milljarða króna. (**ÁPÁ:** Úrsögn úr EES.) (Forseti hringir.) Ef þetta er það sem yfir okkur á að dynja þá er það alveg hárrétt.

[14:52]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Stundum er dálítið erfitt að átta sig á því hvað felst í orðum hv. þm. Jóns Bjarnasonar og oft ýjar hann frekar að hlutum en segir þá hreint út. Hann ýjaði að því að ekki væri farið að lögum í þessum sal án þess að geta fundið því stað og hann ýjaði líka að því að forseti Íslands ætti jafnvel ekki að fallast á aðgerðirnar sem hér verða lögsettar væntanlega í haust. Svolítið einkennilegt er að hv. þingmaður skuli ekki segja hreint út hvað hann hugsar, þá væri hægt að ræða það en erfitt er að eiga við hann orðastað þegar hreinskilnin er ekki meiri en þetta.

Vegna þess að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa talað mikið í dag um að vont hafi verið að leita til IMF og mistök verið gerð og komið hefur fram að sumir eru í afar miklu sambandi við stjórnir á Norðurlöndunum og hafa upplýsingar sem virðast eingöngu vera á þeirra borði en eru algerlega framandi ráðherrum ríkisstjórnarinnar — og þegar litið er til þess að aðkoma IMF skiptir meginmáli í því verkefni okkar að kalla eftir hjálp víða um lönd þá langar mig til að spyrja hann hvað hann hefði viljað gera til þess að koma þjóðinni út úr þeim vanda sem hér er. Nú ætla ég ekki að deila um það við hann af hverju vandinn er. Þetta er sú staða sem við blasir og við þurfum að koma okkur upp úr. Mig langar til að vita hvernig hv. þingmaður hugsar sér að gera það án þess að leita til alþjóðasamfélagsins og án þeirrar mikilvægu staðfestingar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur gefið undirstöðum íslensks samfélags.

[14:54]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

(**LB:** Nú er það erfitt!) Frú forseti. Það er hægt að gagnspyrja hv. þingmann hvort honum finnist að í lagi hafi verið með stjórn Sjálfstæðisflokksins á efnahagsmálunum undanfarin 17 ár og þetta sé algjörlega útlendingum að kenna hvernig komið er, því eitt það alvarlegasta er að viðurkenna ekki mistök sín og það gerði hæstv. forsætisráðherra ekki.

Hvað hefði annað verið hægt að gera? Ég minni á að á undanförnum árum hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ítrekað lagt fram frumvarp á Alþingi um hvernig ætti að breyta stefnu í efnahagsmálum og hvað ætti að gera og hefði betur verið farið að þeim tillögum. Þess vegna er rangt þegar því er haldið fram að þetta sé öllum að kenna. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu ítrekað fram tillögur (**ÁPÁ:** Hvað á að gera núna?) um gjörbreytta stefnu og bráðaaðgerðir til að leysa efnahagsvandann því þessi gríðarlega skuldasöfnun sem maður sá fyrir, hver heilvita maður hlaut að sjá að slíkt gat ekki gengið.

Um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, vafalaust getur sú staða komið upp — og hún er sjálfsagt að ríkisstjórnarinnar mati komin upp — að enginn annar vegur sé fær en að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en hvers vegna mega þá ekki skilmálarnir koma upp á borðið? Hvers vegna geta ekki Alþingi, þingmenn og þjóðin rætt þá skilmála? Ef þrautaráðið er að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hvers vegna má þá ekki koma með skilmálana upp á borðið? Er það eitthvert vinnulag að ríkisstjórnin komi hér með hálfkveðnar vísur um hvað standi í skilmálunum? (Forseti hringir.) Látum skilmálana koma upp á borðið og ræðum þá sameiginlega um (Forseti hringir.) aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, ef þess reynist þörf.

[14:56]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Hv. þm. Jóni Bjarnasyni gengur treglega að svara spurningum sem ég beindi til hans. Ég ætla samt að biðja hann um að leggja mér ekki þau orð í munn að við séum á því að engin mistök hafi verið gerð. Ég orðaði það nú ekki einu sinni í andsvari mínu og dettur ekki í hug að halda því fram að allur vandi okkar komi einungis erlendis frá.

Ég reyndi að spyrja hv. þingmann að því hvernig hann hefði viljað bregðast við núverandi stöðu án þess að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hæstv. forsætisráðherra hefur lýst því í dag hvernig ferlinu er fyrir komið, hvernig samskiptum okkar við gjaldeyrissjóðinn verður háttað og hvenær hægt verði að greina almennilega frá skilyrðum sem þar eru. Ég spurði hv. þingmann ekki hvernig honum fyndist það. Ég spurði hann hvaða leiðir það væru sem menn hafa gefið til kynna í dag að séu færar okkur Íslendingum til að komast upp úr hremmingunum sem blasa við? Hvaða leiðir eru það sem menn tala um? Hvar ætti okkur að bera niður þegar liggur fyrir að búið er að tala við þjóðir í marga mánuði til þess að auka gjaldeyrissjóð þjóðarinnar — ýmsar leiðir voru reyndar áður en hv. þm., formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hóf samtal sitt við ráðherra í ríkisstjórn Noregs. Það hafa fleiri komið að þessu máli, ráðherrar í ríkisstjórninni, sem eru að ég tel í ágætu sambandi við nágrannalönd okkar. Mig langar til að spyrja þingmanninn og vil fá svar við því hvað það er sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð sér í þessu sem er okkur hinum svona gjörsamlega hulið.

[14:58]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við mundum byrja á því að segja satt og leggja spilin á borðið, en ekki umgangast þjóðina af lítilsvirðingu eins og ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins gerir, (**ÓN:** Hver er að ljúga hér?) (**Gripið fram í:** Við erum búin að leggja spilin á borðið.) og greina frá þeim skilmálum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setur.

Hvers vegna er það svona mikið leyndarmál, hvers vegna er það gríðarlegt kappsmál ríkisstjórnarinnar að leyna grundvallarþáttum þess sem hér er tekist á um? Ef það er síðasta þrautaleiðin að ná í Alþjóðagjaldeyrissjóðinn

hvers vegna er því þá leynt? Hvers vegna veitir Seðlabankinn ríkisstjórninni, ráðherrum Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar, áminningu (**ÓN:** Þú talar bara út og suður og svarar ekki spurningunni.) með því að benda á að stýrivaxtahækkunin var hluti af samkomulaginu? Hvers vegna á að leyna þjóðina þessum samningum? (**LB:** Þetta er einföld spurning.) Hvers vegna á að leyna hana, hvers vegna á að skrifa undir samning við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn áður en nokkrar upplýsingar eru gefnar um hvað í því samkomulagi stendur? (**EBS:** Hvað viljið þið gera?) Ég tel að allt eigi að vera uppi á borði, talað verði við þjóðina og samningar um gríðarlegar lántökur erlendis verði ekki gerðir bak við luktar dyr, segja að þjóðinni komi þetta ekkert við, hún eigi bara að borga. Nei, svona mundu Vinstri grænir ekki starfa.

[15:00]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir allar þær frábæru ræður sem hafa verið haldnar hér í dag, ekki hvað síst orðaskipti í andsvörum. Hér er verið að fylgja eftir umræðu um efnahagsmál og margt hefur verið sagt vegna þess. Í sjálfu sér tel ég ekki rétt að bæta miklu við en vil nota tækifærið þar sem þessi umræða er í gangi til að greina frá því hvað fjárlaganefnd þingsins hefur verið að gera undanfarna daga og vikur frá því að fjárlagafrumvarpið var lagt hér fram á þinginu.

Fjárlaganefnd hefur fundað nokkuð og farið yfir einstök mál. Við höfum fengið á fundi okkar sérfræðinga bæði frá fjármálaráðuneytinu, efnahagsskrifstofunni, og síðan frá Seðlabankanum. Í gær fengum við yfirhagfræðing Seðlabankans til að koma á fund og horfa inn í hvort tveggja nútíð og framtíð með tilliti til þróunar á ríkisfjármálum, bæði tekjuhliðar og gjaldahliðar. Á sama hátt höfum við fengið sérfræðinga úr háskólasamfélaginu til að fara yfir hagstjórnaratriði og einnig yfir mál sem ég veit að hafa verið tekin upp í efnahags- og skattanefnd og viðskiptanefnd sem lúta að ábyrgðartryggingum og umræðum um þær, þá sérstaklega tengt fjárreiðum í sjö erlendum útibúum íslenskra viðskiptabanka og hafa verið mjög til umræðu bæði hér á þingi og í íslensku samfélagi.

Strax í byrjun mánaðarins sendi fjárlaganefnd bréf til Fjársýslu ríkisins þar sem óskað var eftir því að Fjársýsla ríkisins gerði grein fyrir því hvort ríkissjóður bæri ábyrgð á innstæðum í bönkum innan lands samkvæmt lögum nr. 98/1999, um Tryggingarsjóð innstæðueigenda. Fjárlaganefnd barst strax svar sem fjárlaganefndarmenn hafa haft og hafa getað vitnað til. Í erindi Fjársýslunnar þar sem fjárlaganefnd óskar eftir því að fá tilvísun í ríkisreikning umliðinna ára er skýrt tekið fram að hvorki í umræddum lögum um innstæðutryggingar né í tilskipun EB um innlánatryggingakerfi er að finna fyrirmæli um ábyrgð ríkissjóðs á innlánum í útibúum íslenskra viðskiptabanka. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa beint upp úr bréfi Fjársýslunnar:

„Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta er að lögum sjálfseignarstofnun en ekki sjóður í eigu eða á ábyrgð ríkisins, sbr. 2. gr. nefndra laga. Af þessari ástæðu er engar upplýsingar um ábyrgð ríkissjóðs á umræddum kröfum að finna í ríkisreikningi liðinna ára.“

Forseti, það var einmitt það sem við vorum að leitast eftir, hvort umræddar kröfur hefðu átt að vera tilgreindar í ríkisreikningi liðinna ára.

Hér segir síðan, með leyfi forseta, áfram í bréfinu frá Fjársýslunni:

„Gangist ríkið á hinn bóginn lögformlega í ábyrgð ber samkvæmt d-lið 2. töluliðar b-liðar 1. mgr. 8. gr. fjárreiðulaga að gera grein fyrir þeim í A-hluta ríkisreiknings.“

Má í þessu sambandi minna á yfirlit yfir skráðar ríkisábyrgðir á bls. 72 í heildaryfirliti ríkisreiknings fyrir árið 2007 en þar er m.a. gerð grein fyrir skráðum ábyrgðum ríkissjóðs í árslok 2007. Ég vil, virðulegur forseti, að þetta komi hér fram í umræðunni þannig að það liggi skýrt fyrir af hálfu Fjársýslunnar og ég lít líka svo á af hálfu Ríkisendurskoðunar um hvernig með þessi mál eigi að fara í ríkisreikningi. Síðan hefur ríkisreikningur verið staðfestur á formlegan hátt eins og venja er.

Ég vil einnig í ljósi þess að ég sit í efnahags- og skattanefnd draga fram ákveðnar upplýsingar í umræðunni er varða samningsgerð við IMF, þ.e. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Á mánudaginn var, forseti, fékk efnahags- og skattanefnd á fund til sín þá félaga Ásmund Stefánsson, sem hefur verið ráðinn af forsætisráðuneytinu til að fara yfir ákveðin samræmingaratriði, eins og það hefur verið kynnt, og Friðrik Má Baldursson sem var kallaður til starfa í forsætisráðuneytið fyrir rúmum þremur vikum, hafði umsjón með viðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og var tengiliður við hann megnið af þeim tíma. Nú vitna ég til minnisblaðs sem var lagt fram í efnahags- og skattanefnd.

Friðrik Már Baldursson segir:

„Í viðræðunum tóku fjölmargir þátt frá forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, viðskiptaráðuneyti og utanríkisráðuneyti, Seðlabanka og Fjármálaeftirliti.“

Hann segir hér einnig að sínu hlutverki hafi lokið sl. föstudag þegar gengið var frá samkomulagi við sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hins vegar telji hann að mikið starf sé enn óunnið í tengslum við þessa samninga.

Virðulegur forseti. Nú les ég beint upp úr minnisblaðinu en ekki mínum eigin minnispunktum. Hér er efnahags- og skattanefndinni tjáð að forræði þeirrar vinnu sé að sjálfsögðu hjá forsætisráðuneyti en stofnanir á borð við Seðlabankann, Fjármálaeftirlitið og fjármálaráðuneytið muni líka bera ríka ábyrgð á framkvæmdinni á þessari samningagerð.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Staða málsins eins og hún var sl. mánudag:

Fyrir liggur samkomulag íslenskra stjórnvalda og sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fjárhagslegan stuðning sjóðsins. Samkomulagið byggir á áætlun íslenskra stjórnvalda sem miðar að því að endurheimta efnahagslegan stöðugleika og búa í haginn fyrir framtíðarhagvöxt á Íslandi. Framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur lýst yfir jákvæðri afstöðu til samkomulagsins en það öðlast ekki gildi fyrr en stjórn sjóðsins hefur staðfest það“ — og hér var sagt — „væntanlega á fundi eftir rúma viku.“

Í sjálfu sér var síðan ekki upplýst neitt frekar um umrætt samkomulag. Það hefur heldur ekki verið gert í fjárlaganefnd en vissulega mun umrætt samkomulag væntanlega hafa í för með sér ákveðnar leiðarlínur inn í efnahagsþróun og hagvöxt á Íslandi á næstu mánuðum og árum. Þar af leiðandi liggur það fyrir og ég tel einsýnt að umrætt sam-

komulag hafi í för með sér að forsendur fjárlaga, efnahagsspáin eins og hún var birt 1. október, muni breytast. Það ætti ekki að koma neinum á óvart.

Ég verð því að segja, virðulegur forseti, að það kemur mér verulega á óvart að í dag, 30. október, skuli miðað við þær upplýsingar sem við höfum fengið hér á þinginu berast athugasemd frá Seðlabanka Íslands. Í umræddri athugasemd er sagt:

„Eins og kunnugt er hefur verið litið svo á að samningsgerð (Letter of Intent) á milli ríkisstjórnar Íslands og sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé enn trúnaðarmál."

Það er nákvæmlega það sama og Friðrik Már Baldursson, sem segist hér hafa leitt umræddu vinnu, tjáði okkur en Seðlabankinn upplýsir hins vegar hér um það í framhaldinu að 19. töluliður samningsgerðarinnar sé eðli málsins samkvæmt ekki lengur trúnaðarmál sem þýðir að Seðlabankinn, sem tók þátt í þessari vinnu miðað við umrætt minnisblað Friðriks, tekur ákvörðun um að viðkomandi samningsgerð, „Letter of Intent" sé ekki lengur trúnaðarmál. Í athugasemdinni frá Seðlabankanum segir í lokin að vegna þess að einstaka ráðherrar úr ríkisstjórn hafi undrast vaxtahækkun í 18% og hafi jafnframt sagt að ekkert ákvæði um slíka gjörð væri í samningsgerðinni vilji Seðlabankinn tilgreina að í 19. tölulið sé kveðið á um það að stýrivextir eigi að hækka.

Virðulegur forseti. (Forseti hringir.) Ég vil ítreka og taka undir það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði hér áðan, ég tel það ekki hlutverk Seðlabanka Íslands að tilkynna hér um (Forseti hringir.) hvað stendur í umræddu trúnaðarsamkomulagi. Það liggur fyrir að það er trúnaður á samkomulaginu og þar til bær yfirvöld eiga að tilkynna það þegar þeim þykir (Forseti hringir.) vera réttur tími til, óháð því hvort við höfum aðrar skoðanir á því.

[15:11]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil inna hv. þingmann og formann fjárlaganefndar, Gunnar Svavarsson, eftir því hvort honum finnist eðlilega staðið að málum af hálfu framkvæmdarvaldsins með því að ganga til svona viðamikilla samninga upp á hundruð milljarða króna, jafnvel margföld fjárlög íslenska ríkisins, og að ráðherrar skrifi undir slíkt samkomulag, þó með fyrirvara um samþykki Alþingis, án þess að þingmenn og án þess að fjárlaganefnd fái nokkuð að vita hvað í þessum gjörningi stendur.

Finnst hv. þingmanni eðlilegt að ráðherrar skrifi undir viljayfirlýsingar um skuldbindingar Íslendinga erlendis upp á jafnvel hundruð milljarða króna án þess að forsendur þess séu a.m.k. ræddar og farið yfir þær í þingnefndum Alþingis eða formlega af Alþingi? Er þessi háttur ásættanlegur að mati þingmannsins og fylgir það eðlilegum og góðum stjórnsýsluháttum að framkvæma þetta svona?

[15:13]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Þetta voru svo margar spurningar (**JBjarn:** Þær voru bara tvær.) en ég skal reyna að svara þeim á svipaðan hátt og hv. þingmaður svarar jafnan.

Það liggur ljóst fyrir hver afstaða mín er gagnvart þingræðinu og gagnvart lýðræðislegum vinnubrögðum og ég er ánægður með að sjá það í þingsal í dag, virðulegur forseti, að hér eru fjölmargir hv. þingmenn sem vilja standa vörð um þingræðið og efla þingið en hafa á sama tíma kannski verið gagnrýnir á framkvæmdarvaldið. Það er í raun og veru þverpólitísk skoðun fjölmargra. Hér eru einstaka aðilar og sérstaklega held ég að það hafi breyst í tímanna rás, jafnvel með nýjum hv. þingmönnum sem hafa komið inn, að þeir hafa allir viljað efla þingið. Það þýðir að þegar við viljum efla þingið erum við á beinan hátt að draga úr vægi framkvæmdarvaldsins, það þýðir að þingnefndir munu fá aukið vægi og ábyrgð þingmanna bæði í umræðu og ákvarðanatökum verður mun meiri.

Í þessu máli sem um er rætt held ég að vinnulagið sé ekkert ólíkt því sem hefur verið á Íslandi í áratug. Ég held að þingmenn verði að gera sér grein fyrir því og sem betur fer held ég að þeir þingmenn sem hér eru í salnum geri sér fulla grein fyrir því að tími valdastjórnmálanna er á nokkru undanhaldi hér á landi sem betur fer og tími lýðræðisstjórnmálanna að hefja sig til vegs og virðingar. Þeir þingmenn sem ekki gera sér grein fyrir því eru á villigötum. Það á ekki hvað síst við í umræðu um Evrópumál. Við fórum yfir þau, a.m.k. í mínum flokki, fyrir áratug og erum með skýrar skoðanir á því hvernig þjóðin eigi að (Forseti hringir.) fá tækifæri til þess að vinna þau með þinginu. Þar af leiðandi er hér lokasvar mitt, virðulegur forseti, að ég er sannur lýðræðissinni.

[15:15]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég skil þá svar hv. þingmanns þannig — hann getur þá leiðrétt mig á eftir — að hann telji þetta ekki ásættanleg vinnubrögð. Þau eru náttúrlega engan veginn lýðræðisleg og í raun og veru mjög gerræðisleg, að ríkisstjórnin skuli með þessum hætti ganga til samninga og setja nafn sitt undir þá. Eins og fram kom í ræðu forsætisráðherra í morgun á aftur að nota nöfn ráðherranna á morgun undir bréf sem senda á til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins án þess að innihaldið eða þær skuldbindingar sem þar er verið að leggja til að íslenska þjóðin undirgangist hafi verið kynnt, hvorki þingmönnum né almenningi. Þetta eru þau gerræðislegustu vinnubrögð sem ég hef kynnst í svo stóru málisíðan ég kom á þing. Það er ekki einu sinni svo að menn séu að ganga frá fjárlögum til eins árs, menn skuldbinda hér íslensku þjóðina kannski um tvær, þrjár kynslóðir. Það á að gerast með þeim hætti að bara örfáir einstaklingar í framkvæmdarvaldinu véli þar um. Staða Alþingis er ekki mjög rúm þegar þrír eða fjórir ráðherrar eru búnir að setja nafn sitt undir skjal, undir viljayfirlýsingu, undir samkomulag á alþjóðavettvangi.

Ég spyr því hv. þingmann hvort hann vilji ekki slást í för með okkur í Vinstri grænum og mótmæla þessum valdagjörningi og yfirgangi sem framkvæmdarvaldið sýnir þarna og fyrirlitningu sem það sýnir Alþingi og íslenskri þjóð.

Það er alveg rétt að framkvæmdarvaldið hefur verið mjög ásælið og ég styð (Forseti hringir.) alveg hv. þingmann í því að færa eigi (Forseti hringir.) valdið til þingsins frá framkvæmdarvaldinu.

[15:18]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Við hv. þm. Jón Bjarnason erum nýlega búnir að rifja upp hverjir voru saman í för fyrir kosningarnar 1999 en þá fórum við saman yfir allt Norðvesturland. Ég er ekkert á leiðinni yfir í Vinstri græna (**JBjarn:** Þú ert nú um margt ágætur maður.) [Hlátur í þingsal] — þakka fyrir það. Það er líka ágætisfólk í öllum stjórnmálaflokkum, hv. þm. Jón Bjarnason, en þakka þér fyrir hvatninguna í minn garð.

Ég svaraði mjög almennt áðan og var ekki að tala um þetta tiltekna verkefni. Það má auðvitað túlka þetta eins og margir hafa gert að það gæti rúmast innan þeirra laga sem samþykkt voru í vor og gáfu ríkisstjórninni heimild til að fara í ákveðnar lántökur. Hins vegar sagði ég í mínu frábæra andsvari áðan við þig, hv. þm. Jón Bjarnason, að ég teldi að það mætti breyta mjög mörgu, ekki bara í þessu tiltekna máli heldur almennt í vinnuskipulagi og vinnutilhögun hjá framkvæmdarvaldinu. Ég hef verið talsmaður þess, og ætla ekkert að víkja mér undan því þó að ég sitji í stjórnarmeirihluta, að styðja vel við bakið á þeim sem starfandi eru inni á Alþingi og vilja efla þingið, eftirlitshlutverk þess og skýra leikreglur. Á sama hátt tiltók ég áðan að ég er ekki hræddur við að framselja valdið til þjóðarinnar, hvorki til einstakra sveitarfélaga eða þjóðarinnar í stærri kosningum. Ég hef góða reynslu af því að tekist sé á við stór mál á þann hátt.

[15:20]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Það er ekki ofsögum sagt að það eru alvörutímar sem íslenska þjóðin upplifir um þessar mundir. Líklega hafa meiri tíðindi gerst hér í efnahagsmálum en áður í sögu lýðveldisins jafnvel þótt lengra væri leitað aftur í tímann. Það skiptir því máli hvernig haldið er á málum þessar vikurnar á meðan hættulegasta siglingin fer fram. Við þær aðstæður tel ég skynsamlegast að reyna að stappa stálinu í þá sem eru undir árum í bátnum og sérstaklega þann sem er skipstjóri eða stýrimaður á skipinu. Við höfum ekkert upp úr því á þessum dögum sem nú eru að líða að reyna að gera lítið úr þeim verkum sem unnin eru eða tortryggja þá sem vinna þau. Það þýðir ekki endilega að ég sé sammála öllu því sem gert er en ég held að það sé meiri ávinningur af því að reyna að beina mönnum áfram og styðja við bakið á ríkisstjórninni en að grafa undan trúverðugleika hennar. Það er nógur tími síðar til þess að fara yfir málin og forsöguna og ábyrgðina á því sem hefur leitt til þess sem gerst hefur og það verða örugglega nógu margir til þess að ræða þá hluti. Mér hefur heyrst í umræðunni í dag að menn hafi rætt um ábyrgð á fortíðinni — þó að ég geri ekki lítið úr því að menn geri upp ábyrgðina — en mér finnst að núna skipti mestu máli að greina stöðuna og finna lausnir sem eru farsælar fyrir land og þjóð. Það finnst mér vera höfuðverkefni okkar þessa dagana, að ræða lausnirnar sem menn kunna að hafa og það er ekkert að því að hafa mismunandi lausnir á þeim vanda sem uppi er. Það er eðli lýðræðisins og þess vegna skipa menn sér í flokka. Menn eru ekki alltaf sammála og þeir eiga að draga upp úr pússi sínu hugmyndir og tillögur um aðgerðir á næstunni og sýn á vandann, hvað helst þarf að glíma við.

Ég held að minna eigi að ræða um ábyrgðina þar til hitt er yfirstaðið en sú umræða verður örugglega tekin. Ég hef heyrt það í umræðunni að við erum svo lánsöm hér í hv. Alþingi að það eru nokkuð margir þingmenn sem búa yfir vitneskju og þekkingu hvað það varðar. Þeir hafa haft rétt fyrir sér í einu og öllu á því sem á undan er gengið og þeir bera enga ábyrgð á þeirri stöðu sem upp er komin. Það hlýtur að vera mikil gæfa fyrir Alþingi að búa svo vel að eiga svona marga hæfa þingmenn. Við hljótum þá að komast að skynsamlegri niðurstöðu þegar menn fara betur ofan í það sem er mest aðkallandi að ræða og greina stöðuna og vandann og síðan lausnirnar sem menn sjá út úr því.

Ég er sammála því að það sem skiptir mestu máli þessa dagana er að koma gjaldeyrismálunum í viðunandi horf. Það er sá vandi sem hefur reynst okkur erfiðastur fram til þessa frá því að bankarnir fóru á hausinn og sem hefur valdið þjóðinni mestum búsifjum enn sem komið er. Það er auðvitað álitamál hvort sú leið sem valin var, að hækka stýrivexti, sé sú rétta. Það hefur komið fram í máli þeirra sem telja má sérfræðinga á þessu sviði. Sumir eru henni sammála og aðrir ekki. Ég hallast að því að þessi leið sé sú sem menn eiga að fara. Ég geri ekki ágreining við ríkisstjórnina um að beita þessari aðferð til þess að reyna að koma gjaldeyrismarkaðnum á réttan kjöl þannig að gengi krónunnar hækki frá því sem nú er og verðbólgan lækki. Það er íslenskri þjóð til hagsbóta ef menn ná þeim árangri. Sérstaklega er það þeim til hagsbóta sem skulda og þeir eru býsna margir sem safnað hafa ansi miklum skuldum á síðustu fjórum, fimm árum þegar lánsfé var svo ódýrt sem raun bar vitni á þeim tíma. Sá hópur á mest undir því að menn nái árangri í þessum efnum.

Ég viðurkenni að það má vel hugsa sér að fara aðrar leiðir. Það má vel hugsa sér að hafa vextina lægri vegna þess að eftirspurnin er ekki vandamál um þessar mundir, það er gjaldeyririnn sjálfur og trúverðugleiki þjóðarinnar. Það má einnig hugsa sér að nota þá hugmynd sem send var hv. þingmönnum í tölvupósti utan úr bæ, að greiða sérstaka vexti á krónubréfin. Það eru þau sem eru höfuðvandinn þessa dagana, þeir tvö til þrjú hundruð milljarðar króna í krónubréfum sem við getum þurft að borga út á mjög skömmum tíma og ef það gerist fellur gengið. Þá hefst verðbólgan og framhaldið þekkja allir. Það er hugsanlegt að finna leið til þess að koma í veg fyrir það með því að bjóða eigendum þeirra að endurnýja þau gegn tiltölulega háum vöxtum. Það er mikill kostnaður sem við leggjum á þjóðina með því að borga þá vexti en það kann að vera að það sé leið sem er ódýrari en að hafa háa stýrivexti.

Þá má einnig hugsa sér að skattleggja gjaldeyrisviðskipti. Gjaldeyrisviðskipti eru ekkert annað en viðskipti með vöru eins og hver önnur viðskipti og það er almenn regla í þjóðfélaginu að greiddur sé virðisaukaskattur af viðskiptum, bæði af vörum og þjónustu. Ég heyrði það á máli hæstv. utanríkisráðherra að til greina kæmi að setja tímabundnar takmarkanir á frelsi fjármagnsins. Ég held að menn eigi að hugleiða þá leið mjög alvarlega því að það er þekkt hér á landi eins og víðar að sumir hlutir eru þess eðlis að óheftir eru þeir mönnum ekki heilsusamlegir. Áfengi er engin venjuleg vara, segir í einni bók. Þess vegna höfum

við reglur um áfengið og frelsið, hvernig eigi að meðhöndla það og selja. Græðgin er heldur engin venjuleg synd. Hún er sennilega versta syndin sem við höfum séð síðustu árin. Græðgin, sem engar hömlur eru settar á með reglum um frelsi fjármagnsins, hefur leitt okkur í þessar ógöngur. Það er ekkert að því að hafa skynsamlegar reglur um viðskipti með gjaldeyri og flutninga á fjármagni, virðulegi forseti.

Umfang vandans er mikið. Það verða miklar skuldir sem ríkið verður að taka á sínar herðar. Það er ýmislegt sem menn þurfa að gera á næstu árum sem ekki er til vinsælda fallið. Ég held að stjórnmálamenn eigi að draga þá mynd upp fyrir þjóðinni þannig að menn hafi tíma til þess að vega hana og meta. Það er rétt að fram undan eru í fyrsta lagi skattahækkanir og í öðru lagi niðurskurður á útgjöldum ríkissjóðs. Það er óhjákvæmilegt. Það kom fram í máli hæstv. forsætisráðherra að halli ríkissjóðs á næsta ári geti numið meira en 10% af landsframleiðslu, það eru um 150 milljarðar kr. Við þolum ekki svona mikinn halla á ríkissjóði, ekki í eitt ár hvað þá í fleiri. Það verður þegar í stað að grípa til aðgerða til þess að koma í veg fyrir að hallinn verði svo mikill á næsta ári. Það þarf að eyða honum á fáeinum árum þannig að ríkissjóður verði ekki rekinn með miklum halla í mjög mörg ár því að það eru drápsklyfjar ofan á skuldirnar sem við munum væntanlega taka á okkur á næstu vikum.

Það þarf að bregðast við vanda skuldsettra heimila með því að opna möguleika á skuldbreytingum, frestunum á greiðslu skulda og öðru slíku sem gerir fólki kleift að halda húsnæði sínu og skapa sér svigrúm til að borga skuldirnar. En ég vara sérstaklega við hugmyndum um að afnema verðtryggingu fjármagns. Það væri enn einn hausverkurinn sem við bættum við ef menn álpuðust út í þá forarvilpu. Þá opnuðum við fyrir það að þeir sem safnað hafa þessum skuldum geti losnað undan því að borga þær til baka vegna þess að tekið er af hinum sem eiga skuldirnar, sparifjáreigendum og þeim sem eiga lífeyrissjóðsréttindi í sínum sjóðum. Við erum engu bættari með því að láta þann hluta þjóðarinnar borga fyrir hinn hlutann sem ber skuldir um þessar mundir þannig að ég held að engin bót yrði að slíkri ráðstöfun.

Við eigum að auka útflutningsverðmæti þjóðarinnar eins og hægt er, m.a. með því að auka veiðar á þorski nú þegar um 20–30 þúsund tonn og við eigum að byggja fleiri álver. Það er ekkert að því að byggja fleiri álver á Íslandi (**KolH:** Hvar ætlarðu að fá lán fyrir því?) (Forseti hringir.) rétt eins og það er ekkert að því að veiða fleiri þorska, virðulegi forseti.

[15:30]

Herdís Þórðardóttir (S):

Frú forseti. Á síðustu vikum hafa dunið yfir okkur Íslendinga dapurlegar fréttir, tíðindi sem fáa hefði grunað fyrir nokkrum mánuðum að biðu okkar. Hvert áfallið hefur rekið annað á stuttum tíma og eðlilegt að fólki sé brugðið við svo slæmar fréttir af fjármálakerfi landsins. Ofan á það hafa bæst ótrúlegar fréttir af viðbrögðum breskra stjórnvalda, ríkisstjórnar þjóðar sem við höfum talið til vinaþjóðar okkar og Íslendingar hafa í langan tíma átt mikil og fjölbreytt samskipti við.

Þjóð okkar er í vanda. Landsmenn eru í áfalli. Þjóðarstoltið og ímynd landsins hefur beðið hnekki. En við megum ekki láta bugast og nú er mikilvægt að bregðast við af yfirvegun og skynsemi. Í svona stöðu bíða alltaf fjölmörg tækifæri og nýir möguleikar. Vandamálin sem við horfumst í augu við eru auðvitað risavaxin á okkar mælikvarða þegar þrír stærstu bankar landsins fara á hliðina.

En við megum heldur ekki gleyma því í umfjöllun um þessi mál innan lands að við erum hluti af alþjóðlegu fjármálakerfi og kreppan í fjármálakerfi heimsins hittir okkur mjög hart fyrir. En nú er það skynsemi og rósemi sem skiptir mestu máli og að allir aðilar taki sameiginlega á málum til að lágmarka skaðann sem við verðum fyrir og hefja eins fljótt og unnt er uppbyggingarstarf að nýju. Þar berum við stjórnmálamenn mikla ábyrgð. Við eigum að vera í fararbroddi og hvetja til samstöðu, efla bjartsýni og grípa til þeirra aðgerða sem þörf er á jafnvel þó að sársaukafullar geti verið um skamma hríð. Samstaða þarf að nást með sveitarstjórnum, aðilum vinnumarkaðarins og heimilunum í landinu. Við verðum öll að gera okkur raunsanna grein fyrir ástandinu en megum ekki missa sjónar á góðum kostum í stöðunni.

Einhvers staðar segir að þegar einn gluggi lokast opnist hurð annars staðar. Þetta verðum við ávallt að hafa hugfast. Við verðum að leita leiða til að tryggja framtíð íslenskrar þjóðar og þá meina ég allra leiða. Við búum að því núna hvað undirstöður samfélagsins eru í rauninni traustar. Nú kemur sér vel að hafa náð því á undanförnum árum að greiða upp nánast allar skuldir ríkissjóðs. Nú kemur sér vel að hafa byggt upp innviði samfélagsins eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Nú kemur sér t.d. vel sú áhersla sem ríkisstjórnin og Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt á menntamálin og þær framfarir sem þar hafa orðið með nýjum menntastofnunum og öflugu vísindasamfélagi.

Nýlega var ég viðstödd vígslu nýs menntaskóla í Borgarbyggð. Þar var mikið lof borið á menntamálaráðherra og ríkisstjórnina fyrir stuðning við uppbyggingu á svæðinu. Samfélag á Vesturlandi hefur styrkst mikið með nýjum og öflugum skólastofnunum, bæði framhaldsskólum og háskólum. Margfeldisáhrif slíkrar uppbyggingar eru mikil og skila sér í ríkum mæli út í samfélagið. Þetta allt þurfum við að standa vörð um nú þegar hagur okkar þrengist um sinn.

Í menntun þjóðarinnar er einn mesti auðurinn fólginn. Þar munum við finna undirstöður fyrir nýjar sóknir með nýtingu þeirra auðlinda sem landið býr yfir og við eigum að halda áfram að nýta af virðingu og skynsemi. Smæð hagkerfis okkar og Seðlabankans hefur nú gert okkur erfitt fyrir og loks ómögulegt að standa undir hinum mikla bankarekstri sem hér var risinn og því höfum við þurft að leita til annarra þjóða og til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fyrirgreiðslu, eins og hér er til umræðu og hæstv. forsætisráðherra hefur gert skilmerkilega grein fyrir í skýrslu sinni í þinginu.

Allt frá því að neyðarlögin voru samþykkt samhljóða mótatkvæðalaust á þinginu 6. október sl. hefur ríkisstjórnin og aðilar á hennar vegum verið að vinna að því að bjarga því sem hægt var við þessar aðstæður. Fyrst bankarnir gátu ekki staðist þetta ástand og ríkisvaldið varð að grípa inn í var aðalatriðið að tryggja að þeir gætu haldið uppi grunnþjónustu í landinu. Það hefur tekist. Það þurfti að eyða

óvissu með innstæður í bönkum. Það hefur í meginatriðum tekist. Nýju bankarnir eru nú komnir af stað og við hljótum öll að óska þeim velfarnaðar í þeim ólgusjó sem þeir sigla nú í. En nú skiptir mestu að koma gjaldeyrismálum okkar í lag og tryggja stöðugleika krónunnar. Samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er auðvitað lykilatriði í því sambandi og mikilvægt að menn standi nú heils hugar að baki þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru í því sambandi og aðilar vinnumarkaðarins hafa m.a. hvatt til að undanförnu. Vonandi tekst svo fljótt í framhaldinu af því að útvega meira fjármagn frá öðrum löndum eins og fyrirheit hafa verið gefin um.

Skiljanlega hefur fólk brugðist við ástandinu með mismunandi hætti. Ýmsir eru mjög reiðir. Það er skiljanlegt enda ekki eftirsóknarvert að lenda í þessum ósköpum. Enginn vildi að þessar aðstæður kæmu upp. En þótt reiði grípi um sig verður engu að síður að hugsa málið í gegn með eins yfirveguðum hætti og hægt er. Ég vara við hættunni á því að ýmis mál séu sett í uppnám við þessar aðstæður. Við verðum af fremsta megni að halda í það sem við höfum þegar stormurinn geisar líkt og nú er. Við vitum hvað við höfum en við vitum ekki endilega hvað við fáum ef við hreyfum við of miklu líkt og fólk sem er í tjaldútilegu og lendir í stormi. Nokkrir hælar losna og það þarf að finna þeim nýjan stað og stinga þeim niður svo tjaldið veiti áfram skjól gegn óveðrinu. En ekki er ráð að losa um alla hælana og eiga á hættu að tjaldið fjúki út í veður og vind. Með sama hætti verðum við að koma nauðsynlegum atriðum í fjármálakerfinu í réttar skorður áður en hægt er að taka önnur mál á dagskrá.

Umræður um hugsanlega inngöngu í Evrópusambandið, hugsanlega annan gjaldmiðil en íslensku krónuna og þar fram eftir götum eru ekki forgangsatriði í dag. Umræðan um það, eins takmörkuð og hún hefur verið, getur í raun villt mjög um fyrir fólki. Stór hluti þjóðarinnar trúir því að bara með því að taka upp evru leysist öll okkar vandamál. Fólki er jafnvel talin trú um að verðlag muni lækka við upptöku evru og almenningur er jafnframt farinn að halda að unnt sé að ganga inn í Evrópusambandið með skömmum fyrirvara og evran bíði bara við næsta horn. Hlutirnir eru ekki svona einfaldir og allir hljóta að sjá að samningsstaða okkar í dag er ekki góð við gerbreyttar forsendur.

Í þessari umræðu allri fer enn fremur lítið fyrir þeirri staðreynd að við værum að færa yfirráð yfir helstu auðlindum landsins í hendur miðstýrðs valds í Brussel. Það er því að mínu viti mikill ábyrgðarhluti að standa fyrir umræðu um hugsanlega aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru með þeim hætti að almenningur fari að halda að slíkt sé úrræðið í dag og leysi þau vandamál sem við eigum nú við að glíma. Ég tel hins vegar að það sé forgangsatriði að endurskoða peningamálastefnu þjóðarinnar og vænti þess að í því sambandi verði allar hugsanlegar leiðir skoðaðar og aðilar víða að fengnir til þess verks.

Umræður um hvar ábyrgðin á stöðu mála liggi er skiljanleg. Eðlilega liggur sú ábyrgð víða en mikilvægt er að sú skilgreining fari fram málefnalega og með faglegum hætti. Reiði og hefndarþorsti er ekki gott veganesti inn í þá vinnu. Hæstv. forsætisráðherra boðaði þegar í viðtali við Morgunblaðið hinn 12. október sl. að nauðsynlegt væri að búa til svokallaða hvítbók um ástæður þess hvernig komið væri. Rannsókn sem miðaði að því að greina málið og hvort einhverjar reglur hefðu verið brotnar eða lög og þá yrðu menn að sæta ábyrgð. Auk þess hefur ríkissaksóknara nú þegar verið falið að hefja gagnasöfnun og undirbúa rannsókn. Það er að mínu viti afar mikilvægt að væntanleg hvítbók verði unnin sem fyrst, um leið og ástandið batnar og öldur lægja og af aðilum sem hafa til þess þekkingu og njóta trausts. Ég fagna enn fremur að ákveðið hefur verið að undirbúa málsókn gagnvart Bretum vegna þess skaða sem þeir hafa valdið Íslendingum með framgangi sínum og beitingu hryðjuverkalaga.

Virðulegi forseti. Nú skiptir mestu að missa ekki sjónar á aðalatriðum málsins og vinna hratt og örugglega og án flumbrugangs að því að koma málum í eins eðlilegt horf og kostur er. (Forseti hringir.) Samvinnan við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og lán frá honum verða okkur vonandi til heilla og stuðla að frekari lántöku hjá öðrum þjóðum. Með þeim hætti mun okkur takast að styrkja gjaldmiðil okkar og koma gjaldeyrisfærslum í öruggan farveg.

[15:41]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Frú forseti. Við sem eigum sæti í Íslandsdeild Norðurlandaráðs fylgdumst með umræðum síðustu daga í gegnum vefmiðla, fjölmiðla og á þingi Norðurlandaráðs sjálfu. Þar höfðu menn á orði að loksins væri talað um alvörupólitík á Norðurlandaráðsþingi. Allir forsætisráðherrarnir komu inn á fjármálakreppuna í ræðum sínum og ekki hvað síst stöðu Íslands í þeim efnum. Þá kom auðvitað upp sagan sem við höfum heyrt bæði í fjölmiðlum og á vettvangi úti í samfélaginu að hinn alþjóðlegi fjármálageiri hafi fylgst með Íslandi eins og kanarífuglinum í námunni þegar fór að sverfa að. En þegar senda þurfti námumenn niður í kolanámur eða hvers konar námur þar sem hætta var á eiturgufum og eitruðu lofti þá sendu menn kanarífugla niður í námuna fyrst og ef kanarífuglinn kom ekki lifandi upp þá var ekki óhætt að senda mennina niður. Og það kom á daginn að Ísland var kanarífuglinn í námunni. Þannig talar fólk núna um Ísland. Það er mjög áhugavert að fylgjast með því en um leið líka dapurlegt en norrænir kollegar okkar segja við okkur fullum fetum: Af hverju eruð þið svona hissa? Hvað kom ykkur svona á óvart? Vissu ekki allir að þetta yrði svona? Við höfum fylgst með Íslandi í marga mánuði eins og kanarífuglinum í námunni. En hvað með ykkur? Voruð þið með bundið fyrir augun? Voruð þið með tappa í eyrunum? Hvar voruð þið? Svona erum við spurð.

Menn segja fullum fetum: Á Íslandi hefur þrifist samfélag búið til af skúrkum fyrir skúrka. Þetta segja norrænir kollegar okkar í ræðustóli á Norðurlandaráðsþingi. Okkur leið að sjálfsögðu ekki mjög vel undir þeim tölum sem við heyrðum sem voru á þessum nótum. En hins vegar urðum við að viðurkenna að hættumerkin voru öll til staðar og við hunsuðum þau. Þegar ég segi við, þá er ég að tala um stjórnvöld Íslendinga og íslensku þjóðina. Stjórnvöld gengu þar fram fyrir skjöldu og slógu á áhyggjur fólks. Þau gerðu það meðvitað og meira að segja þegar bankarnir voru að hrynja stóð hæstv. forsætisráðherra í dyrum Stjórnarráðsins með menn úr bönkunum á fundum hjá sér og blaðamenn

spurðu hvað væri í gangi og hann brosti sínu blíðasta og sagði: Hvað er þetta, ég er bara svona að fylgjast með. Ég hef verið í útlöndum og ég er að gera svolítið „catching up“.

Þetta allt, virðulegur forseti, var auðvitað ekki boðlegt. Ríkisstjórnin kom illa fram þegar þetta var allt að gerast og það vita félagar okkar á Norðurlöndunum, það hefur fólk úti um allan heim séð í hendi sér að íslenska ríkisstjórnin stóð ekki við bakið á íslensku þjóðinni. Hún viðhafði ekki opin tjáskipti hvorki við fjölmiðla, Alþingi né íslensku þjóðina meðan á þessu stóð. Svo standa stjórnarliðar hér í ræðustóli og tala um að allt eigi að vera uppi á borðum og allt eigi að vera opið og allt eigi að vera gagnsætt.

Núna skyndilega segir hæstv. forsætisráðherra í ræðu sinni, ég tók það meira að segja niður, en hann sagði: Ríkisstjórn og Alþingi þurfa að finna leiðir til að vinna sig út úr þessu. Það er auðvitað alveg rétt hjá hæstv. forsætisráðherra. „Ríkisstjórn og Alþingi þurfa að finna leiðir til að vinna sig út úr þessu.“ En hvers vegna hefur Alþingi ekki verið með í málunum hingað til? Hvers vegna hefur Alþingi Íslendinga verið haldið frá þessu máli? Við höfum verið að fella niður fundi, við höfum verið að fella niður nefndafundi, við höfum verið meira eða minna með hálfum hug af því að við höfum ekki fengið að komast að málinu. Hvers vegna kallaði hæstv. forsætisráðherra ekki á almannavarnaráð, hvers vegna bjó hann ekki til neyðarráð strax þegar þetta var að gerast þar sem allir stjórnmálaflokkar og allir okkar helstu sérfræðingar í efnahagsmálum voru settir niður til vinnu og síðan með beinu sambandi við ríkisstjórnir Norðurlandanna leitað lausna? Nei, hæstv. forsætisráðherra, hæstv. utanríkisráðherra og ríkisstjórnin öll, kusu að gera það eftir öðrum leiðum. Hvaða leiðir valdi ríkisstjórnin á þessari ögurstundu? Hún valdi leiðir fjármálamannanna. Hún valdi leið fjármagnsins, kapítalismans og fór inn í seðlabanka Norðurlandanna og dögum saman lét hún undir höfuð leggjast að hafa það frumkvæði að eiga viðræður á formlegum grunni við ríkisstjórnir Norðurlandanna. Norðmenn biðu dögum saman eftir því að ríkisstjórn Íslands nálgaðist Noreg formlega og hún gerði það ekki.

Svo segja menn núna og það var eitt af því sem deilt var um á Norðurlandaráðsþinginu hvort norrænu ríkisstjórnirnar hefðu sett það sem skilyrði að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kæmi að málum og það var afar athyglisverð fyrirspurn sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir lagði fyrir Jens Stoltenberg, mjög skýr og klár fyrirspurn þar sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði: Á Íslandi er talað um tvennt. Það er talað um að Norðmenn hafi viljað koma að þessum málum og viljað koma að þeim fyrr og ekki gert það að skilyrði að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn væri við borðið og hin sagan er sú að Norðmenn hafi sett það sem skilyrði að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn væri við borðið áður en ríkisstjórnir Norðurlandanna kæmu þar að. Jens Stoltenberg sem er klókur stjórnmálamaður, góður ræðumaður og flytur mál sitt afar skýrt, hann svaraði Siv Friðleifsdóttur ekki skýrt á þessum fundi. Hann sagði einungis: Það var auðveldara fyrir ríkisstjórnir Norðurlandanna að koma að borðinu þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var kominn þangað. Það var auðveldara, það er alveg rétt. En hin auðvelda leið er kannski alltaf sú rétta. Og það er enn þá mín bjargfasta trú að ef ríkisstjórnin hefði haft beint formlegt samband við ríkisstjórnir Norðurlandanna, auðvitað fyrst og fremst ríkisstjórn Noregs og síðan fengið fulltrúa frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að borðinu þegar ríkisstjórnirnar voru búnar að ráða sínum ráðum, þá horfði málið öðruvísi við en það gerir í dag. Þá hefðum við ekki fengið tilkynningu frá Seðlabankanum um 50% stýrivaxtahækkun í gær. Hvernig stendur svo ríkisstjórnin þegar talað er um hvers vegna vextirnir voru hækkaðir um 6 prósentustig í gær? Þá svaraði einn ráðherra: Það er vegna þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setti þetta sem skilyrði. Annar sagði: Nei, nei, þetta var ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, það var bara — hvað sagði Össur Skarphéðinsson í ræðustóli fyrir tveimur dögum? — það var Seðlabankinn sem tók ákvörðunina. Þessi deila milli ráðherranna orsakar það að seðlabankastjórnin er núna komin út með fréttatilkynningu þar sem hún birtir 19. liðinn í samkomulaginu. Það þurfti því ekki að koma þessum ráðherrum sem eru búnir að vera að kasta ryki í augun á okkur síðustu daga á óvart að 18% stýrivextir væru skilyrði í samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þess vegna á það heldur ekki að þurfa að koma neinum á óvart að niðurskurður í velferðarþjónustunni verður líka eitt af skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir þessu láni. Ég leyfi mér að fullyrða að það hefðu verið aðrar áherslur í samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og aðrar ríkisstjórnir ef íslenska ríkisstjórnin hefði ekki gert þetta allt með endalausum þumalfingrum og handarbökum í byrjun. Hún neitaði að horfast í augu við staðreyndir málsins, hún þverskallaðist við og hugsaði bara um það eitt að endurreisa hið kapítalíska kerfi sitt, fá meira af því sama eins og hæstv. forsætisráðherra sagði bara: Framleiða, framleiða, framleiða. Það var lausnin.

Hæstv. forseti. Ég er rétt búin með innganginn að ræðu minni og sé að tíminn er rétt að verða búinn. Það er af mörgu að taka þegar við skoðum þessi mál. Ég hefði haft gaman af því að fara yfir ályktun sem vinstri sósíalistarnir og græna grúppan eða flokkahópurinn í Norðurlandaráði gerði í gær þar sem við lögðum áherslu á að í þeim aðgerðum sem þyrfti að fara í nú í framhaldinu yrði að sjálfsögðu að setja hinn almenna borgara, almenna smáspararanda á Íslandi í forgang. Það er lykilatriði, ekki þá sem eiga fjármagnið, stóru upphæðirnar. (Gripið fram í.) Hverjir eiga peningana í jöklabréfunum? Það er auðvitað það fólk sem verið er að vernda með 50% stýrivaxtahækkun, fólkið sem á peningana í jöklabréfunum sem hefði auðvitað aldrei átt að leyfa að fjárfest yrði í.

Það skiptir líka máli að setja í forgang smærri fyrirtæki á Íslandi. Við verðum að halda hjólum atvinnulífsins gangandi og þar berum við öll ábyrgð. Við þurfum líka að tryggja það að hlutir séu opnir og gagnsæir og það sé unnið saman að málunum og það sé ekki farin sú leið sem hingað til hefur verið farin að meira að segja í utanríkismálanefnd hafa engir pappírar verið lagðir á borðið og menn hafa verið að fá allt í trúnaði eins og gjarnan er hér. (Forseti hringir.) Síðan verðum við auðvitað að endurreisa bankakerfið og fjármálageirann og vinna í því að hann fái að starfa eftir öðrum lögmálum en hingað til hefur verið því að lögmál kapítalismans verða að víkja. Þau hafa runnið sitt skeið, skulum við vona.

[15:51]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að það er mikið umhugsunarefni með stýrivaxtahækkunina en eins og kom fram í ræðu minni hneigist ég til þess að líta á hana sem illskásta kostinn. Við eigum enga góða kosti í þeirri stöðu sem við erum í þannig að ef við ætlum bara að velja þann kost sem hefði ekkert slæmt í för með sér gerðu menn ekki neitt.

Mér finnst hins vegar umhugsunarefni hvers vegna stýrivaxtahækkunin var tilkynnt í fyrradag. Um er að ræða, eftir því sem upplýst er, þríhliða samkomulag milli Seðlabanka, ríkisstjórnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðs. Það er ekki komið á fyrr en stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er búin að afgreiða málið fyrir sitt leyti og þess er vænst að það verði á þriðjudaginn í næstu viku. Þess vegna getur ekki annað verið en að ætlunin hafi verið sú meðal þessara þriggja samningsaðila að stýrivaxtahækkunin tæki ekki gildi fyrr en eftir að stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins væri búin að samþykkja hana. Orðalag þess texta sem Seðlabankinn hefur upplýst bendir til þess að svo sé. Ég spyr hv. þingmann hvort hann hafi ekki velt því fyrir sér hvað Seðlabankanum gangi til, hvort hann sé raunverulega að vinna að því að uppfylla samkomulag eða koma í veg fyrir að samkomulag nái fram að ganga.

[15:53]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að líta svo á eftir að hafa lesið tilkynninguna frá Seðlabankanum, bæði þá sem kom í gær og einnig þá sem kom í dag, að krafan um 18% stýrivexti hafi verið með þeim hætti að hún hafi átt að vera gengin í gildi áður en samkomulagið að öðru leyti yrði samþykkt í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það segir á heimasíðu Seðlabankans í dag — nú les ég, með leyfi forseta, úr tilkynningu bankans:

„Ráðherrar úr ríkisstjórn hafa undrast vaxtahækkun í 18% og hafa jafnframt sagt að ekkert ákvæði um slíka gjörð sé í samningsgerðinni.“

Síðan er greint frá efni 19. töluliðar. Í honum segir upp á íslensku að hækka eigi stýrivexti í 18%. Svo skulum við fara í annað blað, Morgunblaðið, 29. október sem er í gær, með leyfi forseta:

„Í rökstuðningi bankans frá því í gær segir: „Í liðinni viku gerði ríkisstjórnin samkomulag við sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í samkomulaginu, sem lagt verður fyrir framkvæmdastjórn hans til staðfestingar á næstu dögum, felst m.a. að Seðlabankinn skuli þá hafa hækkað stýrivexti í 18% sem nú hefur verið gert.““ Krafan virðist hafa verið sú að þegar samkomulagið kæmist á og stjórnin mundi samþykkja það væri forsenda fyrir samþykkt stjórnarinnar að við hefðum þegar að því kæmi verið búin að hækka stýrivextina í 18%. Svona les ég út úr þessu.

[15:55]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta kann að vera möguleg skýring sem hv. þingmaður nefnir hér, að í þessu þríhliða samkomulagi sé gert ráð fyrir því að búið verði að hækka stýrivextina þegar stjórn sjóðsins tekur málið fyrir. En það þarf að upplýsast. Þeir sem standa að samkomulaginu þurfa að upplýsa þetta. Viðbrögð ráðherranna sem undruðust þessa hækkun benda til þess að þeir hafi ekki átt von á henni. Hafi þeir ekki átt von á henni hafa þeir lesið skjölin þannig að ákvörðun yrði ekki tekin fyrr en eftir að stjórn sjóðsins væri búin að fjalla um málið, og orðalagið „letter of intent“ er ekki ákvörðun heldur ásetningur sem er um eitthvað sem menn ætla að gera ef eitthvað fer einhvern veginn. Mér finnst málið vera þannig vaxið að Seðlabankinn kunni að hafa verið of fljótur á sér.

[15:56]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er hjartanlega sammála hv. þingmanni um að þetta þarf að upplýsa. Það er auðvitað ekki boðlegt að þingmenn á Alþingi Íslendinga skuli þurfa að vera að ráða í aðrar eins rúnir og fólgnar eru í einhverjum tilkynningum frá Seðlabanka Íslands og einhverjum óformlegum eða formlegum viðtölum við hæstvirta ráðherra. Það er búið að gefa út mjög misvísandi upplýsingar um þetta og þannig afhjúpa á hvern hátt ríkisstjórnin kýs að vinna. Hún kýs að vinna án þess að þjóðin eða þingið sé upplýst um þessi mál. Það er ámælisvert.

Ég hefði haldið að kollegar okkar, a.m.k. hv. þingmenn Samfylkingarinnar sem hafa talað um opna og gegnsæja stjórnsýslu, létu ekki bjóða sér vinnubrögð af þessu tagi. Mér þykir dapurlegt að horfa á þessa félaga okkar þurfa að kyngja þessum vinnubrögðum sem eru að sjálfsögðu forkastanleg. Ég vil líka benda á annað sem mér finnst forkastanlegt úr því að ég er farin að nota svo stór orð, hæstv. forseti, mér finnst ekki boðlegt að núna eftir hádegið, þ.e. frá kl. hálftvö þegar umræðan hófst eftir hádegið, hefur hæstv. forsætisráðherra ekki sést í þessum sal og enginn gerir athugasemdir við það. Við erum vön því að hann gangi hér inn og út eins og honum sýnist og þurfi ekki að vera viðstaddur klukkutímum saman. Það getur vel verið að hann sé að horfa á einhvern sjónvarpsskjá en hann á bara að vera hér þegar við erum að ræða þessi mál, alveg eins og hann átti að vera á þingi Norðurlandaráðs þegar verið var að ræða við hann um formennskuár Íslendinga í norrænu ráðherranefndinni sem verður árið 2009. Þá lét hann sig hafa það að fara úr salnum af því að hann þurfti að fara í mat með forsetanum. Það fannst honum mikilvægara en að svara þeim spurningum sem þingmenn á þingi Norðurlandaráðs hefðu þurft að bera upp við íslenska forsætisráðherrann.

Vinnubrögð af þessu tagi og viðhorf af þessu tagi eru ekki boðleg, hæstv. forseti.

[15:58]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem hv. þingmaður endaði á því að gera að umtalsefni viðveru hæstv. forsætisráðherra í fyrirspurnatíma á Norðurlandaráðsþingi held ég að það sé óhjákvæmilegt að fram komi að hæstv. ráðherra var einungis að fylgja þeirri tímaáætlun sem lagt var upp með af hálfu þeirra sem skipulögðu þann fund. Það er ekki hægt að áfellast hann fyrir að vera mættur á þeim tíma sem honum

er sagt að vera mættur á og finnst mér það frekar ósanngjarnt. Þetta kom fram á þinginu og mér finnst ósanngjarnt að nefna það í þessari umræðu.

Það sem ég vildi gera að umræðuefni í þessu andsvari er að mér þykir hv. þingmaður ganga frekar langt í því að halda sig í þeirri undarlegu skógarferð sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kaus að fara í til Noregs til að reyna að finna fyrir því einhvers konar rökstuðning að eitthvað annað en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og samstarfið við hann hefði getað verið mögulegt og að í reynd væri í því einhver valkostur. Það kom skýrt fram í máli forsætisráðherra Noregs á Norðurlandaráðsþingi að aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að þessu máli auðveldaði aðkomu annarra ríkja. Það kom líka skýrt fram hjá honum að einstök ríki hefðu ekki burði til að hanna eða fylgja eftir verkefnum af þessum toga. Ég er ekki með nákvæmt orðalag fyrir framan mig. Hann tók afar skýrt og jafnvel enn skýrar af skarið með þetta í viðtali við Ríkisútvarpið, sjónvarp í gærkvöldi frekar en fyrrakvöld og fjallaði þar nákvæmlega um þessi atriði, með öðrum orðum að það eru ekki einstök ríki sem hafa þekkingu eða hæfni eða burði til að stjórna eða reka nauðsynlegt samkomulag sem forsendu lánveitingar af þeim toga sem hér um ræðir.

[16:00]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Fyrst varðandi þá reiði sem greip um sig í þingsal Norðurlandaráðs í fyrradag þegar hæstv. forsætisráðherra ákvað að fara frekar í mat með forseta Finnlands og hinum forsætisráðherrum Norðurlandanna en að klára að svara fyrirspurnum. Ekki í almennum fyrirspurnatíma, hæstv. forseti, heldur þegar hann var að fylgja úr hlaði formennskuáætlun Íslands fyrir árið 2009 og Ísland var í fókus í einn klukkutíma af þingtímanum. Hæstv. forsætisráðherra kaus að fara þegar korter eða 20 mínútur voru eftir af þessum klukkutíma í stað þess að ljúka við að svara þeim spurningum sem þingmenn beindu til hans. Síðar um daginn þegar forsætisráðherrarnir voru hver fyrir sig að halda sínar ræður fékk hann auðvitað ákúrur frá þingmönnum fyrir að hafa farið úr salnum. Menn komu í andsvör við hann og gerðu þetta að umtalsefni en þá sneri hæstv. forsætisráðherra bara upp á sig og skammaði þá sem höfðu skipulagt fundinn. Það vakti heldur ekki mikla virðingu og afsakaði ekki framferði hæstv. ráðherra.

Það kann vel að vera ósanngjarnt, eins og hv. þm. Árni Páll Árnason segir, að ég skuli nefna þetta. Mér finnst það þó ekki því þetta er nákvæmlega sama framkoma og við höfum verið alin upp við hér á Alþingi Íslendinga. Ráðherrar á Íslandi hafa ekki sýnt þinginu nægilega virðingu að mínu mati.

Varðandi síðan orð Jens Stoltenbergs. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að það kom skýrt fram að það auðveldaði öðrum ríkisstjórnum að koma að borðinu þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var kominn að því enda er það Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem nú setur reglurnar. Samkvæmt hinu módelinu, sem við höldum enn fram að hefði verið möguleiki, hefði hið pólitíska vald sett grunnreglurnar (Forseti hringir.) og síðan hefði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn getað komið með ákveðna þætti inn í það. (Forseti hringir.) En við förum öfugt að þessu.

[16:03]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst af því sem forsætisráðherra Noregs hefur sagt að við fórum ekki öfugt að hlutunum. Við fórum alveg hárrétt að þeim. Það er ljóst að norska ríkisstjórnin telur sig ekki hafa til að bera hæfni eða aðstöðu til þess að stjórna verkefni af þessum toga. Að koma með vangaveltur og getgátur um að eitthvað annað hefði verið í boði þegar ekkert bendir til að svo hafi verið og ljóst er af afstöðu forsætisráðherra Noregs að í hans huga var ekki annar valkostur í boði að þessu leyti — það finnst mér ekki eðlilegt.

Síst af öllu finnst mér það sæmandi hv. þingmönnum Vinstri grænna að koma aftur og aftur hingað upp, eins og hv. þingmaður áðan, með vangaveltur og hálfkveðnar vísur um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn muni setja skilyrði um niðurskurð á velferðarkerfi þegar það er sannarlega ekki þannig. Farið hefur verið yfir helstu atriði samkomulagsins í samtölum forsætisráðherra og formanna stjórnarandstöðuflokkanna sem og í utanríkismálanefnd. Það er alveg ljóst að þar er ekki kveðið á um nokkurn niðurskurð í velferðarþjónustu.

Mér finnst satt að segja íslensk þjóð eiga annað og betra skilið á þessum óvissutímum en að hv. þingmenn Vinstri grænna ali á óvissu um grundvallarforsendur velferðarkerfis þjóðarinnar í þeim tilgangi að reyna að slá pólitískar keilur til þess að réttlæta röklausan málflutning sinn um að eitthvað annað hafi verið í boði en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Með öðrum orðum til þess að reyna að hífa hv. þm. Steingrím J. Sigfússon upp úr því norska skógarrjóðri sem hann týndist í. Menn eru komnir í endalausar ógöngur og eru að reyna að vekja upp efasemdir um þau skilyrði sem liggja fyrir í samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Mér finnst það ekki réttmætt og ekki eðlileg pólitísk umræða að fiska í svo gruggugu vatni til þess að reyna að réttlæta hluti sem augljóslega voru settir fram á röngum forsendum í upphafi af hálfu forustu Vinstri grænna.

[16:05]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður kallar það rökleysu sem við þingmenn Vinstri grænna förum með og talar um týndan formann í skógarrjóðri. Nú vil ég upplýsa hv. þingmann um að allt það sem við erum að segja hefur komið fram í norskri pressu. Í morgun heyrði ég viðtal á Rás 1 við Íslending sem býr í Ósló og sagði útvarpsmanni frá því að allir Norðmenn vissu að norska ríkisstjórnin hefði beðið eftir því að íslenska ríkisstjórnin hefði samband en hún gerði það ekki. Norðmenn undruðu sig á því. Þeir gerðu það í síðustu viku og vikunni þar áður og þeir gera það enn í dag. Ég vil því bara segja við hv. þingmann að við förum ekki með rökleysu.

Auðvitað er mjög erfitt að þurfa að tala um þessa hluti í einhverri páskildagatíð og segja hvað ef? Við gerum okkur fulla grein fyrir því. Auðvitað stöndum við hér og reynum að koma með hugmyndir til lausnar. Við höfum boðið okk-

ur fram til þess frá fyrsta degi. Hefur verið tekið í þá hönd? Höfum við verið mikið við borðið að hanna einhverjar lausnir með ríkisstjórninni? Ó nei. Engin samræðustjórnmál núna. Stjórnarandstöðuflokkarnir eru ekki við borðið. Við þurfum að reyna að leita fyrir okkur í því sem sagt er, ráða í orð ráðherranna og sömuleiðis að leita fyrir okkur í fjölmiðlunum um hver hin raunverulega staða sé.

Ég er algjörlega sannfærð um það, hæstv. forseti, að skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins varðandi niðurskurð á velferðarkerfinu verða kannski ekki orðuð á sama hátt og ég gerði í ræðustóli Alþingis en þau eru fólgin í skilyrðunum engu að síður. Við heyrðum hæstv. forsætisráðherra segja í morgun að það kostaði 85% af vergri landsframleiðslu að endurreisa bankana og gera mætti ráð fyrir því að skuldir ríkissjóðs hækki úr 29% í lok árs 2007 í 100% í lok árs 2009. Hvað vitum við varðandi skilyrðin sem IMF setur? Árið 2012 á ríkissjóður að vera hallalaus. Við vitum að við stefnum í gríðarlegt hallatímabil með ríkissjóð en hann á að vera hallalaus árið 2012 samkvæmt skilyrðunum, eftir því sem okkur hefur heyrst. Hvað þýðir það annað en gríðarlegan niðurskurð á endanum? Á hverju? Á velferðarkerfinu.

[16:07]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Herra forseti. Þetta hefur um margt verið ágætisumræða um efnahagsmálin og stöðuna það sem af er degi. Ég hygg að einir 20 þingmenn hafi tekið til máls síðan að umræðan hófst í morgun og hún hefur að mestu leyti verið málefnaleg vil ég leyfa mér að segja. Auðvitað mismálefnaleg eins og gengur og gerist og virðist fara svolítið eftir flokkum.

Mig langar að koma inn á þrjú atriði í upphafi áður en ég sný mér að aðalatriði ræðu minnar sem lýtur að hag heimilanna og fjölskyldunum í landinu. Í fyrsta lagi vil ég bregðast við því sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði fyrr í dag. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að rannsókn á því hvað gerðist í aðdragandanum að bankahruninu ætti að fara fram á vegum þingsins og þingmanna. Ég tel það ekki heppilegt. Mín skoðun er sú að þingið geti jú sett af stað vinnu en sú yfirferð verður að vera algerlega hafin yfir allan vafa. Til þess að svo megi verða verðum við að fá hingað óháða sérfræðinga. Líklega verða þeir að koma að utan til þess að enginn vafi leiki á einhverjum tengslum. Ég vil bara nefna hér að það er mín skoðun að hvítbók sú, eða sú rannsókn sem fara á fram, verði að vera óháð og að henni verði að koma erlendir sérfræðingar.

Ég vil líka nefna áður en lengra er haldið — af því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, sem nú er reyndar farin úr salnum sýnist mér, talaði um hugmyndir til lausnar. Ég hef nú setið hér og hlustað á allar ræðurnar 20 sem hafa verið haldnar í þessari umræðu í dag en ég varð ekki vör við margar hugmyndir til lausnar í ræðum þingmanna Vinstri grænna. Því miður. Þeir notuðu frekar tímann til að gagnrýna og dvelja í fortíðinni og velta því fyrir sér hvað hefði farið úrskeiðis.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kom hingað upp í dag og hélt ágæta ræðu þar sem hann talaði m.a. um það sem fram undan er og gerði helst að umtalsefni sparnað í ríkisrekstrinum. Ég held að við séum að horfa á gerbreytta heimsmynd og gerbreytt landslag á Íslandi. Ég held því miður að samhliða miklum niðurskurði hjá ríkinu og einstaka stofnunum sé óhjákvæmilegt að menn líti líka til aukningar tekna. Ríkissjóður er ekkert öðruvísi en heimilin í landinu. Til hvaða aðgerða eru heimilin að grípa núna? Það er tvennt. Þau draga saman og reyna að auka tekjur sínar til þess að ná endum saman.

Hæstv. utanríkisráðherra gerði grein fyrir því í dag að hún sæi fyrir sér sparnað í sínu ráðuneyti, á sínum póstum, og ég fagna því. Ég vil hvetja aðra ráðherra í ríkisstjórninni til þess að hugsa hlutina upp á nýtt. Það er fita víða í þessu stjórnkerfi sem má svo sannarlega skera niður. Ég held, án þess að ég fari nánar út í þá sálma, að í vetur verði óhjákvæmilegt að ríkissjóður horfi til þess að auka tekjur sínar með einhverjum hætti.

Þriðja atriðið sem ég vil gera að umtalsefni og mörgum hefur orðið tíðrætt um er stýrivaxtahækkunin sem Seðlabankinn kynnti. Ég ætla ekki að hafa miklar efnislegar skoðanir á því eða velta mér upp úr því að öðru leyti en að ég verð að segja að mér fannst útspil Seðlabankans mjög einkennilegt varðandi þessa fréttatilkynningu sem hann sendi frá sér. Í yfirlýsingunni segir Seðlabankinn — ég geri ráð fyrir því að þar tali formaður bankastjórnar Seðlabankans því þegar Seðlabankinn sendir eitthvað frá sér ber formaður bankastjórnar yfirleitt ábyrgð á því — að ráðherrar í ríkisstjórninni hafi að mati bankans undrast hækkunina og í ljósi þess telji bankinn nauðsynlegt að birta þessa tilkynningu.

Ég er búin að vera að skoða yfirlýsingar ráðherranna síðustu daga og ég sé ekki nema einn ráðherra sem hefur sérstaklega undrast þessa ákvörðun. Hvaða ráðherra skyldi það nú vera? Það er hæstv. menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Hvaða skilaboð eru þetta frá fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins til núverandi varaformanns sama flokks? (**VS:** Það er augljóst.) „Það er augljóst“ er kallað hér úti í sal. Ég er ekki með neinar samsæriskenningar á takteinum og ætla svo sem ekki að hafa þær uppi en mér finnst þetta vægast sagt einkennilegt útspil. Mér finnst alls ekki við hæfi að embættismaður í þessari stöðu eða bankastjórnin sendi frá sér yfirlýsingu af þessu tagi. En nóg um það.

Það sem mér finnst skipta mestu máli og langar að ræða hér í lokin er hagur heimilanna og fólksins í landinu. Ég held að við verðum núna alvarlega — ég veit að sú vinna fer fram m.a. vegna þess að ég er þátttakandi í vinnuhópi sem er að skoða alls kyns tillögur til úrlausnar fyrir heimilin í landinu. Þar kemur ýmislegt til. Það er staðreynd að bankastofnanir hafa að undanförnu boðið upp á frystingu lána og alls konar greiðsluaðlaganir. Ég held hins vegar að við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að við þurfum hugsanlega að færa niður lán. Bandaríkjamenn hafa gert það og mér finnst allt í lagi að við Íslendingar skoðum það til þess að standa vörð um heimilin, að lán þeirra, sérstaklega til íbúðakaupa, verði færð niður til þess að þau fari ekki á hausinn.

Ég held að við verðum að leyfa okkur að hugsa upp á nýtt og út fyrir rammann. Ég vil nefna eitt dæmi þar að lútandi sem snýr að viðbótarlífeyrissparnaði landsmanna eða séreignarsparnaðinum. Þegar lögin um séreignarsparnað

voru sett árið 1999 — það augljóst þegar maður les lögin að séreignarlífeyrissparnaðurinn er hugsaður sem áfallatrygging þannig að lendi einhver í því að verða öryrki getur hann fengið viðbótarlífeyrissparnaðinn greiddan út. Ef ég fell frá fær maki minn eða erfingjar lífeyrissparnaðinn greiddan út. Ég lít svo á að það séu áföll sem dynja yfir þjóðina núna og þess vegna eigi að skoða mjög rækilega að við tilteknar aðstæður gefist fólki tækifæri til þess að taka út þennan séreignarlífeyrissparnað núna og nota til þess að greiða niður skuldir, hvort sem það eru óhagstæðar yfirdráttarskuldir, íbúðalán eða þar fram eftir götunum. Ég bendi líka á að í ályktun ASÍ frá ársþingi þeirra fyrir nokkrum dögum síðan er einmitt opnað á þessa leið og ég fagna því mjög.

Ég hef einnig upplýsingar um að þessa dagana segi fólk í stórum stíl upp séreignarlífeyrissparnaði sínum vegna þess — við verðum að átta okkur á því — að það er svo mikið traust horfið í þessu samfélagi. Traustið á bankastofnununum er farið. Traustið á stjórnmálunum er trúlega líka farið og traust á lífeyrissjóðum hefur beðið alvarlegan hnekki. Lífeyrissjóðirnir sjá það í uppsögnum á þessum samningum. Ég held að til þess að bregðast við því og byggja þetta traust upp aftur til framtíðar væri mjög vel við hæfi að skoða að þetta væri borgað út. Það er ekki víst að allir mundu nýta sér það en þetta væri borgað út til þeirra sem þyrftu á því að halda og menn gætu síðan byrjað frá grunni. Því hvaða réttlæti er fólgið í því að manneskja sem á kannski á bilinu tvær til fimm milljónir í séreignarlífeyrissparnaði og er hugsanlega að fara á hausinn vegna álíka hárra skulda annars staðar í bankakerfinu geti ekki notað þessa peninga núna? Ég held að engin huggun sé í því að fjölskyldur verði gjaldþrota en viti af því að við 62 ára aldur, eða 67 ára aldur, eigi þær einhvern pening.

Herra forseti. Ég sé að tími minn er að verða búinn. Ég vildi nefna þetta vegna þess að ég held að þetta gæti verið liður í því að leggja heimilunum lið í þeim áföllum sem núna dynja á íslensku samfélagi.

[16:17]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er sammála hv. þingkonu Steinunni Valdísi Óskarsdóttur um flest atriði en stjórnarliðar eru ekki að tala um atvinnulífið. Þeir eru númer eitt, tvö og þrjú að hugsa um fjölskyldurnar í landinu sem er gott og vel — það er mjög af því góða að leyfa fólki að nota séreignarsparnað til að greiða niður skuldir. Vissulega má skoða þá hugmynd að skera niður skuldir en það er erfitt því að gæta þarf jafnræðis meðal allra. Hvers eiga þeir að gjalda sem hafa alltaf staðið í skilum og eru með allt sitt á hreinu? Eiga þeir að sitja hjá eða á að mæta þeim með einhverjum hætti líka? Þetta er ekki auðvelt en ég fagna því að fólk skuli vera að reyna að finna leiðir til þess að hjálpa þeim sem verst eru staddir.

Ég hefði viljað heyra álit hv. þingkonu um sjávarútvegsfyrirtækin, hvort hún og flokkssystkini hennar ætli virkilega að horfa upp á fólk sem verður gjaldþrota og tapar húseignum sínum, fer jafnvel á vergang eða lendir í alvarlegum hrakningum — hvort þau ætli að horfa upp á að sægreifarnir, sem hafa fengið fiskinn í sjónum afhentan og braska með nýtingarréttinn á honum, leigja hann, selja hann og veðsetja hann, fái að gera það áfram og að kerfið í sjávarútveginum verði óbreytt. Ég hefði viljað heyra það frá stjórnarþingmönnum hvernig þeir ætla sér að taka á þeim málum.

[16:20]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Aðalatriði málsins og aðalatriðin í ræðu minni voru þau að við þær aðstæður sem nú eru í íslensku samfélagi verðum við að leyfa okkur að hugsa upp á nýtt í öllu tilliti. Í stuttri ræðu hér áðan gerði ég fyrst og fremst heimilin í landinu, fjölskyldurnar, að umtalsefni en að sjálfsögðu skipta fyrirtækin ekki síður máli. Fyrirtækin skipta jafnvel meira máli ef út í það er farið því að það eru jú þau sem sjá fjölskyldunum fyrir atvinnu.

Hv. þingmaður talaði um jafnræði í sambandi við þá hugmynd að færa niður lán og að sjálfsögðu á það við um alla, líka þá sem standa í skilum. Þetta er ákvörðun sem samfélag okkar þarf að taka. Slíkar ákvarðanir eru þekktar erlendis þar sem menn hafa lent í sams konar hremmingum.

Varðandi sjávarútegsmálin og stefnuna þar get ég endurtekið það sem ég sagði hér áðan: Við verðum að leyfa okkur að hugsa upp á nýtt gömlu aðferðirnar og gömlu vinnubrögðin sem við höfum notað allt of lengi í sjávarútveginum og í öðrum málum á undanförnum áratug. Við verðum að stokka spilin upp á nýtt og gefa upp á nýtt og sjávarútvegsmálin eru ekki undanskilin.

[16:21]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég fagna þessari yfirlýsingu hv. þingkonu um að taka eigi á þessu eins og öðru. Ég vonast til þess að það verði gert. (Gripið fram í.) Maður ætlast til þess að það verði gert og ég trúi ekki öðru en að Samfylkingin standi við það. Ég veit að hún á við erfiðan samherja að eiga, þ.e. Sjálfstæðisflokkinn sem vill hafa óbreytt fiskveiðistjórnarkerfi. Sá flokkur hefur, jafnvel eftir að bankarnir féllu, sagt að þó að skuldir sjávarútvegsins séu langt umfram það sem atvinnuvegurinn getur borið og borgað af eigi að halda kerfinu óbreyttu.

Ég segi enn og aftur: Ég þakka fyrir þessa yfirlýsingu.

[16:22]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Forseti. Margt var ágætt í ræðu hv. þm. Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur. Ég get að mörgu leyti tekið undir það sem hún sagði um stöðu heimilanna í landinu og aðgerðir til að bregðast við því. Hún nefnir hugmyndir um að færa niður lán sem víða hefur verið gert. Mér finnst það góð hugmynd sem vert er að ræða betur og útfæra. Ég tel nauðsynlegt að grípa til slíkra aðgerða til að halda heimilunum gangandi og samfélaginu í heild.

Ég tek einnig undir þau orð hennar að fram þurfi að fara algjörlega óháð rannsókn á ástandinu og það af utanaðkomandi aðilum. Annað er ekki trúverðugt, ekki fyrir þá sem starfa í þessu góða húsi eða í stjórnmálum almennt og ekki fyrir viðskiptalífið eða þá sem þurfa að vinna sér traust að nýju. Ég held að allir hljóti að vera sammála því.

Þingmaðurinn kvartaði yfir því að þingmenn Vinstri

grænna hefðu haft lítið fram að færa í þessari umræðu og öðrum líkum um efnahagsmálin, ekki hafi komið fram margar tillögur. Ég held samt að á undanförnum dögum, vikum, mánuðum og árum hafi ekki komið fram jafnmargar tillögur frá nokkrum stjórnmálaflokki í efnahagsmálum öðrum en Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum á undanförnum vikum lagt fram fjölmargar tillögur, fjölmargar hugmyndir, bæði á þingi og utan þings, sem snúa að þeim málum sem verið er að fjalla um. Við höfum tekið afstöðu til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Við höfum tekið afstöðu varðandi vaxtamálin. Við höfum beint því til ríkisvaldsins að reynt verði að byggja betur undir útflutningsatvinnugreinarnar, það sem við höfum kallað stoðatvinnugreinar, þangað eigum við að beina sjónum okkar. Við höfum viljað frysta eignir auðmanna, reyna að kalla þær inn í landið aftur o.s.frv. svo að fátt eitt sé nefnt. Ekki hefur skort tillögur og hugmyndir af okkar hálfu.

[16:25]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir hlý orð í minn garð. Ég heyri að við erum að flestu leyti sammála um það sem fram undan er varðandi heimilin og aðgerðir fyrir fólkið í landinu.

Eitthvað held ég að hv. þingmanni hafi misheyrst eða að hann hafi oftúlkað ræðu mína. Ég veit mætavel að þingmenn Vinstri grænna hafa lagt fram ótal tillögur í vetur og jafnvel svo að mörgum hefur þótt nóg um. Ég átti hins vegar við það að í umræðunum í dag, sem um 20 þingmenn hafa tekið þátt í, hefur ekki einn einasti þingmaður Vinstri grænna talað um þær hugmyndir sem þeir þó hafa lagt fram eða kynnt. Þingmenn Vinstri grænna hafa frekar kosið að nota tímann í að gagnrýna Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, gagnrýna Seðlabankann, gagnrýna ríkisstjórnina. Áðan var gengið eftir svörum frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni um hugmyndir og var fátt um svör. Ég hefði haldið að hv. þingmenn Vinstri grænna hefðu átt að nota daginn til að tala fyrir öllum hugmyndum sínum í efnahagsmálum, kynna þær fyrir þjóðinni (**Gripið fram í:** Það er löngu búið að kynna þær.) því að þúsundir manna horfa á okkur. Það er löngu búið að kynna þær, er kallað utan úr sal. Það kann vel að vera en af hverju ekki að nota tækifærið þegar þjóðin horfir og hlustar eftir hugmyndum og úrræðum kjörinna fulltrúa og kynna þær hugmyndir í stað þess að standa enn eina ferðina og gagnrýna án þess að leggja eitthvað uppbyggilegt fram — þegar gengið er eftir því að hugmyndirnar séu kynntar verður fátt um svör.

Ég hefði kosið að menn hefðu notað umræðurnar í dag til þess að tala fyrir öllum þeim frábæru, góðu hugmyndum sem þingmenn Vinstri grænna segjast hafa talað fyrir í vetur. Þeir hafa sannarlega lagt fram margar hugmyndir (Gripið fram í.) en ég kvitta kannski ekki upp á að þær séu allar frábærar og góðar — ég efast ekki um að hv. þingmaður telur þær mjög góðar.

[16:27]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér þykir það leitt ef ég hef valdið hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur einhverju hugarangri með því að benda henni á að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur oft og tíðum bent á aðgerðir í efnahagsmálum.

Í dag hefur verið rætt um efnahagsmál og hvers vegna staðan er sú sem hún er. Um það fjallaði m.a. ræða hæstv. forsætisráðherra og einnig ræða hæstv. utanríkisráðherra. Ég varð ekki var við að margar mótaðar tillögur kæmu fram í ræðum þeirra um það hvað gera ætti í framhaldinu. Menn fóru bara almennt yfir stöðu efnahagsmála.

Við lögðum fram frumvarp á vordögum um efnahagsmál, ítarlegt frumvarp í mörgum liðum, frumvarp um ráðstafanir í efnahagsmálum. Þegar því var fylgt úr hlaði sagði hæstv. iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, með leyfi forseta:

„Þetta er í annað skipti sem hv. þingmaður“ — og átti þá við þingmann Vinstri grænna — „kemur hér upp á örfáum dögum og neitar að horfast í augu við veruleikann. Hann neitar að horfast í augu við þá staðreynd að Ísland er opið hagkerfi. Hann neitar að viðurkenna að bankarnir standi sterkir.“

Björgvin Guðni Sigurðsson kom upp í kjölfar þess hv. þingmanns sem talaði fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og sagði:

„Þið neitið að horfast í augu við staðreyndir, hér er sterkt efnahagslíf, hér eru sterkir bankar og engin hætta á ferðum.“

Við höfum margoft reynt að koma að málum í sambandi við ríkisstjórnina, allt frá fyrstu dögum hrunsins, bjóða fram aðstoð okkar, hvetja til samstöðu á þingi, stofna til þjóðstjórnar til að halda utan um það sem þarf að gera í samfélaginu til að við náum okkur á strik, (Forseti hringir.) út úr þessum ógöngum, en á það hefur ekki verið hlustað frekar en annað.

[16:29]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er ágætt að heyra að þingmenn Vinstri grænna hafa margar hugmyndir í efnahagsmálum. Við hljótum þá að heyra þær hugmyndir til lausnar mjög fljótlega þegar við ræðum pakkann þegar hann kemur frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, eins og hæstv. forsætisráðherra gerði grein fyrir hér áðan.

Ég vil hins vegar mótmæla því, sem hv. þingmaður sagði, að umræðan af hálfu stjórnarliða hefði ekki snúist um hugmyndir heldur hefði einungis verið lýsing á ástandinu. Ég veit ekki betur en að ég hafi í ræðu minni kastað fram mörgum hugmyndum til lausnar á ástandinu. (Gripið fram í.) Ég veit ekki betur en að — þingmaðurinn kallar hér fram í og segir ráðherra, ég veit ekki betur en hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hafi m.a. mælt fyrir hugmynd um sparnað í ríkisrekstri. Ótal aðrir þingmenn, bæði úr Samfylkingu og Sjálfstæðisflokki, hafa viðrað hugmyndir um viðbrögð við stöðunni. Það er einfaldlega rangt, sem hv. þingmaður heldur fram, að ráðherrar og þingmenn stjórnarliðsins hafi ekki viðrað neinar hugmyndir.

[16:30]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Ég ætla að nota tíma minn til annars en að hlaupa eftir yfirlýsingum ráðherra, þingmanna og embættis-

manna á síðum dagblaða en skoða heldur ástandið eins og það blasir við þjóðinni í dag og hvernig hugsanlega sé hægt að grípa til aðgerða þannig að betur horfi þegar fram líða stundir. Fram undan er kaldur vetur á Íslandi. Eftir góðæri undanfarinna ára er skellur okkar afar mikill þegar saman fara djúp alþjóðleg kreppa og íslenskt banka- og fjármálakerfi sem var margfalt stærra en allur þjóðarbúskapurinn. Við vissum þvert á það sem menn hafa haldið fram hér að hið stóra fjármálakerfi hafði boðið upp á hættur, en að allt íslenska bankakerfið hryndi í einni svipan með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir íslenska þjóð gat enginn séð fyrir. Þótt ljóst sé að vandinn eða náðarhöggið hafi komið utan frá getum við ekki horft fram hjá þeim vanda sem safnast hefur fyrir hér heima.

Það fjarar allt of hratt undan íslensku efnahagslífi. Við vitum að það er vandasamt að reka hagkerfi með smáum gjaldmiðli í alþjóðlegum ólgusjó. Við erum svo sem ekki eina landið sem berst við veikan gjaldmiðil nú um stundir en það hjálpar okkur ekki í þeim vanda sem hér ríkir. Það er því grundvallaratriði að koma á gjaldeyrisstöðugleika í landinu og í því verkefni er aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gríðarlega mikilvæg.

Enginn velkist í vafa um að mikill sláttur var á íslenskum athafnamönnum á liðnum árum. Það á raunar ekki aðeins við um þá. Öll þjóðin horfði með aðdáun á dugnað þessara manna og útsjónarsemi. Það átti ekki aðeins við á Íslandi. Í gjörvöllum vestrænum heimi var uppgangur svo gríðarlegur að svo virtist sem engum kæmi til hugar að þar gæti orðið breyting á. Að sama skapi er fallið mikið og vonbrigði okkar íslenskrar þjóðar, lítillar þjóðar, gríðarlega mikil. Nú eru það auðmjúkir Íslendingar sem fara bónleið til erlendra bankastofnana að leita fyrirgreiðslna.

Við töldum áður að Færeyjar væru hugguleguir viðkomustaður á leið okkar til útlanda en nú hefur þessi góða vinaþjóð, sem fyrir fáum árum lenti í gríðarlegum vanda, rétt okkur hjálparhönd. Fyrir það þökkum við öll. Það sýnir svo ekki verður um villst að það er skammt á milli feigs og ófeigs. Um leið og við köllum eftir því að allt sé skoðað sem varð til þess að þessir atburðir urðu verðum við að gæta að því að við reisum land okkar upp á ný á grundvelli frumkvæðis og krafts. Þá þurfum við það lundarfar sem í frumkvöðlum býr.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að horfa til framtíðar. Það þarf að móta stefnu um hvernig við ætlum að byggja upp íslenskt samfélag að nýju. En um leið og við gerum það megum við ekki gleyma þeim fjölskyldum sem munu eiga afar erfitt næstu vikur og mánuði. Venjulegum Íslendingum mun blæða núna, eldri borgurum sem tapað hafa sparnaði sínum og þeir eru uggandi um hag sinn. Við horfum upp á gríðarlega háa vexti, verðbólgu og kjararýrnun. Við sjáum framan í ófreskjuna, atvinnuleysið, sem þegar er farið að koma sér fyrir hér á landi. Dag eftir dag berast fréttir af uppsögnum í atvinnulífinu. Það er ekki bara í bankakerfinu heldur einnig í byggingariðnaði og nú á fjölmiðlamarkaði og áfram má telja. Þessa dagana berast uppsagnarbréfin. Jólin verða án efa þung fyrir margar fjölskyldur. Höggið er að koma og það er þungt. Því lengur sem vextirnir haldast háir því erfiðara verður fyrir heimilin og öll fyrirtækin í landinu.

Við skulum setja heimilin í landinu í forgang. Því lengur sem þau eru í vanda því erfiðara verður fyrir okkur að komast upp úr þessum táradal. Svo skulum við ekki gleyma einu lykilatriði: Þegar þessi ósköp dundu yfir voru það ekki bara bankarnir sem fundu til tevatnsins. Öll fyrirtækin í landinu eru undir. Ekkert heimili gat búið sig undir þessi ósköp. Í byrjun október 2008 þegar allt gekk sinn vanagang voru býsna margir með yfirdráttinn og greiðslukortin í botni, verðtryggðar skuldir, gjaldeyrisskuldir og fleira. Það var enginn tími til að bregðast við. Það vannst enginn tími fyrir okkur til þess að gera breytingar á högum okkar. Höggið kom og fólkið situr uppi með skuldirnar.

Við þær aðstæður kom upp mikill órói og reiði í þjóðfélaginu. Það er eðlilegt að reiðin beinist að stjórnvöldum og við því þurfum við að bregðast. Við verðum að svara kalli þjóðarinnar um skynsamlegar aðgerðir til að bregðast við vandanum. Það er raunveruleikinn sem við þurfum að horfast í augu við. Grunnurinn er sterkur en til þess að hann verði það áfram má ekki pota í hann um of. Þar skiptir í mínum huga nýsköpun meginmáli. Við megum ekki hverfa af þeirri braut að halda uppi einu besta menntakerfi í heimi. Við munum byggja framtíð þjóðarinnar á grunni hugvits, frumkvæðis og þróunar. Margt af því fólki sem missir nú vinnuna er vel menntað. Það verður að finna þeim krafti farveg. Við höfum ekki efni á því að missa það fólk út úr landinu. Við eigum ekki að horfa til baka eða halda því fram að við séum að hverfa aftur í tímann.

En hvað ætlum við að gera núna? Hvaða verkefni blasa við okkur? Við skulum varast að leggja óþarfabyrðar á þjóðina. Aukin skattheimta gæti hreinlega haft ófyrirséðar afleiðingar á þungan heimilisrekstur. Það þarf að skera alla þá fitu sem við höfum safnað utan á okkur. Í góðærinu höfum við leyft okkur svo margt sem við höfum ekki leyfi til að gera lengur. Við skulum bara byrja hérna í þingsalnum. Við skulum leggja af stöðu aðstoðarmanna þingmanna. Við skulum fækka ráðgjöfum ráðherra. Við skulum athuga hvort hægt sé að endurskipuleggja stjórnræðið t.d. með því að sameina ráðuneyti. Við skulum athuga launakerfi ríkisins. Við skulum endurskipuleggja utanríkisþjónustuna. Við skulum reyna að draga eins og kostur er úr óþarfaferðalögum á vegum ríkisins. Við skulum hraða endurskoðun á svokölluðum eftirlaunalögum. Ef við ætlum að leggja á þjóðina að borga svo miklar skuldir sem raun ber vitni eigum við að byrja á okkur sjálfum og spara þar.

Eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á áðan er það við aðstæður sem þessar sem tal um pólitík skiptir máli. Það er núna sem við þurfum að velja hvað við ætlum að gera og þá skipta pólitískar skoðanir verulegu máli. Þegar við lítum upp skiptir meginmáli að undirstöður lýðræðisins séu traustar. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna löggjafarsamkunduna, þennan sal. Við verðum að efla eftirlit þingsins og tryggja að rödd þess sé há og snjöll.

Nú stöndum við í stríði við erlent stórveldi. Fyrir því munum við Íslendingar aldrei gefast upp. Við gerðum það ekki fyrr á tímum og við munum ekki gera það núna. Í gegnum alla okkar sögu hefur það skipt meginmáli að hafa í landinu fólk sem hefur mikla framsýni, stefnufestu og kjark til að koma þjóðinni upp úr þeim vanda sem að steðjar. Nú reynir á. Við verðum að bretta upp ermarnar öll sem

eitt. Við skulum setja þjóðina í forgang því að við byggjum upp öflugt og kraftmikið samfélag á okkur sjálfum.

[16:39]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Erindi mitt er fyrst og fremst að hrósa hv. þingmanni fyrir góða ræðu og sérstaklega að taka undir með henni um mikilvægi þess að við þingmenn göngum á undan með góðu fordæmi í aðhaldi í ríkisrekstri. Hið sama eigi við um ríkisstjórn. Við þær aðstæður sem nú hafa skapast í samfélaginu fá allir áhuga á stjórnmálum og allir hafa skoðun á því réttilega hvernig við forgangsröðum í ríkisrekstri og förum með opinbera fjármuni.

Ég held að enginn vafi sé á því að eftir 12 ára linnulausa aukningu ríkisútgjalda hljóta að vera miklar matarholur í hinu opinbera kerfi. Það er hins vegar mikilvægt að við mörkum strax í upphafi þá stefnu að skera niður þar sem mest ástæða er til og að við reynum í lengstu lög að verja þá þætti sem skipta máli fyrir grundvallarvelferð borgaranna, heilbrigðiskerfið, menntakerfið og löggæsluna. Þessir þættir verði grunnstoðirnar en við byrjum á að skera niður óþarfakostnað.

Hv. þingmaður nefndi eftirlaunalögin og sérréttindi ráðherra og æðstu embættismanna í því samhengi. Ég tek sérstaklega undir með henni hvað þau varðar. Það er ófært að ætla almenningi í landinu að þola verulega lækkun eigin lífeyris um næstu áramót eins og nú blasir við en á sama tíma að halda óbreyttu forréttindafyrirkomulagi hjá æðstu embættismönnum ríkisins. Mig langar þess vegna að spyrja hv. þingmann hvernig hún sér fyrir sér að við getum gengið í þetta verk fljótlega og hvort hún er sammála mér um að við ættum einfaldlega að afnema þessi réttindi og leyfa þeim sem eru slíkar smásálir að vilja sækja sér laun með dómi að gera svo.

[16:41]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég held að þegar staðan er orðin eins og hún blasir við okkur í dag, þegar við þurfum að horfast í augu við skuldir sem ekki eiga sér hliðstæðu í manna minnum, hvíli sú ábyrgð á kjörnum fulltrúum að líta í eigin barm áður en þeir leggja óþarfaklyfjar á þjóðina.

Það var af þeim sökum sem ég taldi upp þessa sparnaðarþætti áðan. Ég hefði kannski viljað bæta við í því skyni að mér finnst að við eigum að líta til alls launastrúktúrs hjá ríkinu. Við þurfum að athuga hvort verið er að semja um laun sem ekki eru í takt við það sem fram undan er á almennum markaði þar sem menn draga nú saman launakostnað. Þar sem fólk á almennum markaði sættir sig við lægri laun en það hafði fyrir mánuði síðan megum við hjá ríkinu ekki bjóða einstökum aðilum há laun á sama tíma.

Varðandi eftirlaunalögin er það óumdeilt að sú lagasetning hefur haft mikil áhrif í þjóðfélaginu. Mörgum hefur gramist mjög hvernig að þeim var staðið. Ríkisstjórnin hefur haft það á stefnuskrá sinni alveg frá því að hún tók við að endurskoða þau. Mér finnst ekki lengur hægt að bíða með þá endurskoðun. Ég verð samt að segja að ég hef engar töfralausnir í því sambandi. Mér finnst bara ekki hægt við þessar aðstæður að bíða lengi eftir því að gerð verði endurskoðun á eftirlaunalögunum. Hvernig menn fara að því, hvort þeir afnema þau með einu og öllu eða ekki, veit ég ekki. Ég treysti þeim sem vinna við það til að meta það.

Aðalatriðið er að við í þessum sal þurfum ekki að búa við tortryggni gagnvart störfum okkar á sama tíma og við leggjum gríðarlegar skuldir á þjóðina en viljum síðan ekki horfast í augu við okkar eigin stöðu. Það er meginmálið og ég legg áherslu á það í máli mínu.

[16:43]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég fagna orðum hv. þingmanns. Ég held að það sé afar brýnt að við sýnum strax vilja þingsins í þessu efni. Ég held að það sé mjög mikilvægt að samstaða myndist um það meðal þingmanna að taka strax á eftirlaunamálinu.

Ég veit að menn hafa hingað til velt fyrir sér ýmsum stjórnskipulegum hindrunum sem geti verið í vegi þess að réttindin séu tekin af og hvort þær kunni að valda ríkinu bótaskyldu. Ég held að tími lögfræðilegra vangaveltna af þeim toga sé löngu liðinn við þær aðstæður sem við búum við nú þótt það sé, eins og ég nefndi áðan, rétt að afnema þessi réttindi og leyfa þá þeim sem eru slíkar smásálir að vilja sækja forréttindi sín með dómi að gera það. Þeir verða þá sjálfum sér til skammar og að athlægi. En tjón ríkisins verður ekki meira en það hefði orðið óbreytt af að borga þeim þessi réttindi út.

Við skulum afnema þessi réttindi. Við skulum leyfa litlu aurapúkunum að koma og draga ríkið fyrir dóm til að fá sér til dæmd forréttindi sín. Þá skulum við borga þeim, nauðug viljug. En við skulum sýna fólkinu í landinu þá virðingu að bjóða því ekki upp á að verða að greiða þessi forréttindi að óbreyttu til eilífðarnóns án undangengins dóms.

[16:45]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Margt hefur verið sagt í þessum ræðustól í dag um aðdraganda bankahrunsins og aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Menn spyrja sig eðlilega: Hvað gerðist, hvernig metum við viðbrögðin og aðgerðirnar og ekki síst, hvað tekur við? En því miður fer það allt eftir svarandanum hver svörin eru við þessum stóru og alvarlegu spurningum. Því miður bendir hver á annan og gjarnan út í heim. Auðmennirnir, bankastjórarnir, Fjármálaeftirlitið, Seðlabankinn, ráðherrarnir, allir virðast hafa verið að æfa lögreglukórinn í aðdraganda bankahrunsins. Enginn vissi neitt, enginn ber ábyrgð, hvað þá sök. Það alvarlega er að menn tala, sumir hverjir, eins og um smámistök hafi verið að ræða, smáslys sem óvænt bar að garði og það utan úr heimi. Alþjóðleg fjármálakreppa, segir forsætisráðherra, alþjóðleg lánsfjárkreppa, segja bankastjórarnir, Seðlabankinn brást á ögurstundu, segja auðmennirnir. Bara ef ekki hefði verið alþjóðleg fjármálakreppa, bara ef ekki hefði verið skrúfað fyrir lánsfjármagn í útlöndum til bankanna, bara ef Glitnir hefði fengið lánið á sunnudeginum, bara ef Seðlabankinn hefði borgað þessar 200 millj. punda fyrir Landsbankann á einhverjum mánudegi. Bara ef — og þá hefði allt verið í lagi eða hvað? Þá hefðu Íslendingar kannski getað haldið áfram á sömu braut skuldasöfnunar, bullandi viðskiptahalla og of-

fjárfestingar. Nei, auðvitað er þetta ekki svona einfalt. Dæmið er miklu stærra, alvarlegra og flóknara.

Mig langar til að reyna að takmarka mig aðeins við stöðuna eins og hún er í dag og það sem fram undan er. Mér finnst nefnilega mikilvægast að ekki verði haldið áfram á sömu braut, að Ísland morgundagsins verði ekki byggt á þeirri sömu stefnu um markaðsvæðingu samfélagsins og nú hefur beðið skipbrot. Það er ekki eins og hér hafi verið gerð smámistök sem hægt sé að leiðrétta og svo geti allt byrjað á nýjan leik. Hér voru gerð grundvallarmistök í hagstjórn og það var gert vitandi vits með peninga, atvinnu og efnahagsstefnu sem byggir á hagfræðikenningum nýfrjálshyggjunnar sem segir að ríkið eigi ekki að hafa afskipti af markaðnum og alls ekki af fjármálamarkaðnum. Í þessari kenningu er fólgin sú staðreynd að eftirlitið var slakt. Það var ekki tilviljun, það var ekki slys, það voru ekki mistök, það var pólitísk stefna. Eftirlitið með bönkunum og útrásinni, hvort heldur var í fjármálaeftirliti fjármálaráðuneyti eða Seðlabanka, var alveg í takt við þá stefnu sem öllu réð. Markaðurinn skyldi látinn í friði. Ríkið átti ekki að skipta sér af honum og eins og fyrr segir alls ekki af peninga- eða fjármálamarkaðnum. Afskiptaleysisstefnan er hluti af nýfrjálshyggjunni, „part av programmet“ eins og sagt er.

Þetta voru engin smámistök sem hægt er að kippa í liðinn. Hér er um að ræða skipbrot pólitískrar stefnu nýfrjálshyggjunnar sem hefur því miður náð að kollsigla íslensku efnahagslífi og staðan í dag krefst þess að hér verði allt tekið til endurmats. Við megum ekki gleyma misskiptingunni í samfélaginu. Við megum ekki gleyma á hvaða braut við vorum. Við megum ekki gleyma ofurlaununum annars vegar og sultarlaunum öryrkja og ellilífeyrisþega hins vegar sem boðið var upp á í þessu ríkasta samfélagi í heimi eins og forsætisráðherra kallaði Ísland gærdagsins í ræðu sinni í dag.

Ég ætla að rifja það upp að fyrir rúmu ári var skýrt frá því að slegið hafi verið nýtt Norðurlandamet, Íslendingar höfðu slegið Norðurlandamet. Tveir forustumenn eins íslenska bankans voru hæst launuðu stjórnendur á Norðurlöndum. Hvor um sig hafði 85 millj. sænskra króna eða um 800 millj. íslenskra króna þá í árslaun. Næstur á Norðurlöndum var forstjóri Nokia og hann var hálfdrættingur á við þessa menn. Árið 2003 þurfti 36 verkamenn til að afla þeirra launa sem samsvöruðu heildartekjum bankastjóra KB-banka. Á árinu 2006 þufti 600 verkamenn til að ná sömu fjárhæð en þá var Kaupþingsbankastjórinn með rúmar 64 millj. kr. í tekjur á mánuði. Þetta var Ísland gærdagsins, þetta var Ísland í gær. Samfélagsleg viðhorf og þarfir höfðu vikið fyrir viðskiptaviðhorfum og markaðshyggju. Stefnu sem bitnaði mjög illa á þeim sem minna mega sín og þeim sem ekki voru í bisness og þeim sem bjuggu úti á landi. Bilið jókst milli ríkra og fátækra og allir dönsuðu í kringum gullkálfinn, í kringum nýríka Nonna og félaga hans.

En hvernig er Ísland í dag? Við stöndum eins og ég segi á rústum nýfrjálshyggjunnar. Björgunaraðgerðirnar hafa því miður einkennst af því að ríkisstjórnin vill ekki grafa niður á meinið. Menn eru í bullandi afneitun í báðum flokkum. Ég sé því miður engin merki stefnubreytingar í aðgerðum eða vinnubrögðum því að bankarnir voru vart fyrr komnir í ríkiseign en búið var að helmingaskipta bankaráðunum á milli stjórnarflokkanna tveggja. Skipað var í bankaráð nýrra ríkisbanka til bráðabirgða með þeim hætti. Það átti að vera aðeins til örfárra daga en það bólar ekkert á öðrum vinnubrögðum. Næst voru settir þrír 2 millj. kr. menn í bankastjórastólana, konur auðvitað með svolítið lægri laun eins og gengur og þeir voru auðvitað ráðnir án auglýsingar og valdir beint innan úr bankakerfinu sjálfu. Launakjör þessara bankastjóra í ríkisbönkunum, nota bene, voru leyndarmál þangað til bankastjóri KB-banka, Kaupþings nýja, upplýsti að hann fengi 2 millj. kr. á mánuði. Þá opnaðist fyrir hvað hinir fengu.

Ég ætla að minna á íbúðalánin, yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að aðstoða fólk sem lendir í vanskilum og erfiðleikum vegna húsnæðislána. Ráðherrarnir voru ekki fyrr búnir að lýsa því yfir að stefnt væri að yfirtöku Íbúðalánasjóðs á almennum íbúðalánum og menn mundu fá sömu aðstoð í öllum þessum bönkum og Íbúðalánasjóði en að fréttirnar voru uppfullar af fólki sem var ýmist neitað um fyrirgreiðslu vegna íbúðalána eða sagt að borga himinháar summur fyrir að lengja í hengingarólinni. Hver banki fór sína eigin leið og gerir enn. Það veit enginn hvert verður framhaldið. Verður frystingin á þessum lánum í fjóra mánuði? Í sex mánuði? Í tólf mánuði? Og hvað kemur hún til með að kosta lántakendur?

Herra forseti. Í gær tók þó steininn úr þegar í fréttum var frá því skýrt að innheimtufyrirtæki bjóði nú fyrirtækjum að stytta í ferlinu, þ.e. að kröfur sem ekki eru greiddar á eindaga fari umsvifalaust til innheimtufyrirtækis, fresturinn sé fjórir dagar í stað þess að venja hefur verið að gefa umþóttunarfrest í 20 daga áður en kemur til innheimtu. Ég kýs að spyrja fjármálaráðherra eða viðskiptaráðherra og ég óska eftir því, herra forseti, að leitað verði svara við því hver á Intrum Justica, innheimtufyrirtækið sem hér um ræðir og skýrt var frá að hegðaði sér svona í fréttum Ríkisútvarpsins í gær kl. 6. Er fyrirtækið enn í eigu Landsbanka Íslands, þ.e. í eigu íslenska ríkisins? Er þetta stefna ríkisstjórnarinnar sem hér birtist um hertar innheimtuaðgerðir gagnvart skuldurum? Hvar var sú ákvörðun tekin? Er það svona sem á að fara með fólk sem er að missa vinnuna og missa húsnæðið? Var þetta samþykkt í bankaráði Landsbankans? Var þetta samþykkt í skilanefndinni? Var þetta samþykkt í viðskiptaráðuneytinu? Var þetta samþykkt í félagsmálaráðuneytinu? Það verða að fást svör við þessu, herra forseti. Það ríkir nefnilega algerlega óbreytt ástand í bönkunum, nú bara í nafni ríkisins en ekki einkafjármagnsins, og það er þess vegna sem reiðin bullar í fólki og er svo mikið vantraust á þessum aðgerðum sem því miður virðast beinast fyrst og fremst til að bjarga viðskiptalífinu en síður heimilunum og atvinnu manna.

Menn bera ekki lengur traust til ríkisstjórnarinnar. Menn vita sem er að hún ber ábyrgð á þessu ástandi, ekki síst Sjálfstæðisflokkurinn. Sautján ár, sviðin jörð, segja menn á götunni. En spurningin er: Hvernig verður Ísland á morgun? Ég óttast, herra forseti, að aftur verði byggt á sama grunni. Traustið er farið, sagði Steinunn Valdís Óskarsdóttir. Og já, ég treysti ekki þessari ríkisstjórn til að undirbúa eða hefja uppbyggingu og endurreisn íslensks samfélags.

Hún þarf aðstoð til þess. Hún þarf aðstoð til þess frá þingi og þjóð en til þess þarf hún að treysta þingi og þjóð fyrir þeim upplýsingum sem hún býr yfir og þora að kynna aðgerðir sínar þannig að menn skynji að þær þoli dagsins ljós. Allt þetta ástand kallar auðvitað á opna rannsókn á efnahagslegum, pólitískum og siðferðilegum þáttum bankahrunsins. En við munum halda áfram og þjóðin mun taka sameiginlega á þessum vanda, en ef það á að gerast með núverandi ríkisstjórn verður hún að breyta um vinnubrögð.

[16:55]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Við ræðum skýrslu forsætisráðherra um efnahagsmál og aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Fyrir liggur sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leita eftir fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í formi gjaldeyrisláns til að koma gjaldeyrisviðskiptum við umheiminn í eðlilegt horf. Ísland er í dag eyríki í meira en landfræðilegum skilningi, öll okkar tengsl við umheiminn í formi eðlilegra gjaldeyrisviðskipta hafa rofnað og í reynd er ekki eðlileg verðmyndun á gjaldeyri. Rétt áðan kallaði Seðlabanki Íslands eftir því að viðskiptaaðilar komi með gjaldeyri sem mögulegt er inn á þann vísi að gjaldeyrismarkaði sem nú er rekinn í skjóli Seðlabankans í því skyni að treysta verðmyndun með gjaldeyri. Með öðrum orðum þýðir þetta að seljendur vöru og þjónustu í útlöndum hafa eðlilega vantreyst möguleikum sínum á að koma með gjaldeyri hingað vegna þess að þeir hafa ekki getað reitt sig á að fá yfirfærslu aftur og að geta notað gjaldeyrinn á síðari stigum í útlöndum.

Hrun bankanna leiddi líka til hruns viðskiptasambanda við erlendar bankastofnanir sem áður höfðu tryggt gjaldeyrisviðskipti og auðvitað fer ekki hjá því heldur að orðsporstjón okkar í Bretlandi vegna aðgerða breskra stjórnvalda hefur haft áhrif í þessa veru. En á meðan þetta ástand varir er íslenska krónan lágt skráð og við söfnum glóðum elds að höfði okkar því að í reynd er Seðlabanki Íslands að ganga á gjaldeyrisvaraforða dag frá degi og ekki er eðlileg verðmyndun með gjaldeyri. Fyrir lítið land sem er mjög háð milliríkjaviðskiptum eins og Ísland er þá er enginn valkostur við það að hafa eðlilegt gjaldeyrisflæði og eðlilegan gjaldeyrismarkað. Það er óhugsandi fyrir okkur að fara aftur til þess tíma þegar hlutirnir voru nokkurn veginn eins og þeir eru í dag, þ.e. þegar hið opinbera skammtaði gjaldeyri og meira að segja á mismunandi gengi eftir því hvaða atvinnugrein átti í hlut vegna þess að sumar atvinnugreinar voru meira í náðinni hjá stjórnvöldum en aðrar. Það er einfaldlega þannig að það er enginn valkostur í nútímasamfélagi við það að byggja upp öflugan gjaldeyrismarkað sem geti lagt grunn fyrir velferð heimila og fyrirtækja. Því fyrr sem við fáum eðlilegt verð á krónuna þeim mun betra og þeim mun hagstæðara fyrir íslenskan almenning og fyrirtæki.

Það hefur nokkuð verið gert úr því að sú stýrivaxtahækkun sem nú er orðin verði skaðleg heimilum og fyrirtækjum. Í því felst mikil einföldun af því að valkostirnir í stöðunni eru engir, þeir eru einfaldlega engir. Og það er algerlega ljóst að ef við ekki grípum til allra þeirra aðgerða sem við getum til að koma á gjaldeyrismarkaði sem allra fyrst í gang þá gerum við tvennt: Í fyrsta lagi eyðileggjum við stöðu fyrirtækja sem skulda 80% af skuldum sínum í erlendum gjaldeyri og eru því nú öll nokkurn veginn í raun gjaldþrota vegna þess að krónan er svo lágt skráð. Í öðru lagi hættum við á að viðhalda hér verðbólgu, langvinnri verðbólgu fram á næsta ár sem mundi éta upp eign almennings í íbúðarhúsnæði og auka á verðtryggðar skuldir heimilanna. Því má ekki gleyma að heimilin í landinu skulda einungis um 10% af skuldum sínum á vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með stýrivöxtum, 90% eru annars vegar verðtryggðir vextir sem ekki ráðast af stýrivöxtum og svo erlendar skuldir. Heimilin í landinu eiga því allt undir því að við komum gjaldeyrismarkaðnum í eðlilegt horf sem allra allra fyrst og það eiga fyrirtækin líka. Þetta er verkefnið sem við stöndum frammi fyrir og undan því verður ekki vikist. En þetta verður ekki auðvelt, þetta verður alls ekki auðvelt og það er veruleg óvissa um hversu vel tekst til.

Við skulum ekki gleyma því að íslenska krónan hefur aldrei flotið á markaði nema síðustu sjö ár. Þegar ákveðið var að láta krónuna fljóta á markaði og opna hindrunarlaus viðskipti með gjaldmiðilinn var lögð mikil áhersla á að byggja trúverðuga peningamálastefnu að bestu manna yfirsýn með verðbólgumarkmiði og mikið var lagt upp úr að gera hana vel úr garði og treysta sjálfstæði Seðlabankans sem átti að auka tiltrú á krónuna á markaði. Þetta hefur verið nauðsynleg forsenda gjaldeyrisviðskipta í öðrum opnum hagkerfum.

Núna blasir við okkur það tröllaukna verkefni eftir að íslenska krónan hrundi og eftir að traustið á íslensku efnahagslífi hrundi að skapa traust á gjaldeyrismarkaði á ný án þess að ljóst sé eftir hvaða leiðarstjörnum verði stýrt vegna þess að verðbólgumarkmið Seðlabankans hefur verið aftengt og við þær aðstæður þegar orðspor landsins hefur beðið mikinn hnekki og þar af leiðandi ólíklegt að margir erlendir aðilar vilji halda á krónum um þessar mundir. Og í þriðja lagi þegar orðspor Seðlabankans hefur fallið nokkurn veginn dag frá degi og sérstaklega nú upp á síðkastið og verður ekki betur séð af yfirlýsingu dagsins í dag en þar séu menn uppteknari við að standa í stríði við hæstv. menntamálaráðherra en að sinna efnahagsstjórninni í landinu. Þetta eru auðvitað hrikalega erfiðar aðstæður til að setja gjaldmiðil á flot, sérstaklega ef haft er í huga að um er að ræða minnsta fljótandi gjaldmiðil í heiminum. Ég held að sé óhætt sé að fullyrða að aldrei nokkurn tíma hafi gjaldmiðill verið látinn fljóta á gjaldeyrismarkaði við erfðari aðstæður en þessar. Við skulum því búa okkur undir að þetta verði erfið sigling. Vonandi verða það tímabundnar aðstæður en þetta getur vel orðið erfið sigling og það getur orðið erfitt að byggja upp tiltrúna aftur. Ég er bjargfastlega þeirrar skoðunar að það sem best geti orðið til að auka traustið á íslenskri krónu, auka viðskipti með hana og auka stöðugleika hennar jafnt til skamms tíma sem lengri tíma sé yfirlýsing um aðildarumsókn að Evrópusambandinu vegna þess að þá verður íslenska krónan verðmæt í augum þeirra á markaði sem vilja veðja á aðild að Evrópusambandinu og því að þessi gjaldmiðill breytist í evru. Með öðrum orðum, kaupendahópurinn stækkar. Ég held satt að segja að yfirlýsing um Evrópusambandsaðild og ákvörðun um að taka upp evru yrði besta akkerið sem við gætum mögulega sett í

krónuna við þessar aðstæður til að reyna að tryggja stöðugleikann á ný. Því það er sannarlega dapurlegt ef okkar eina leið í þessum erfiðu aðstæðum er að halda áfram með markaðsviðskipti með krónuna sem hingað til hefur verið gríðarlega óstöðug og sá óstöðugleiki hefur valdið heimilum og fyrirtækjum miklu tjóni og það er alvarlegt þegar við sjáum svo fram á að allar horfur eru á að óstöðugleikinn verði enn meiri á næstunni.

Virðulegi forseti. Þetta eru erfiðir tímar og verða erfiðir tímar, við eigum margar erfiðar brekkur fram undan. Það skiptir öllu máli að við nálgumst verkefnin af einurð og undan því verkefni sem við stöndum frammi fyrir verður ekki vikist. Sama hvaða skoðanir menn hafa á langtímafyrirkomulagi gjaldmiðilsmála og hvaða skoðanir menn hafa á stjórn efnahagsmála að öðru leyti, þá er það forgangsatriði í svona opnu hagkerfi, sérstaklega þar sem almenningur skuldar svo mikið sem raun ber vitni í verðtryggðum skuldum hér á landi, að fá sem fyrst verð á krónuna, styrkja gengi hennar þannig að við drögum úr verðbólguhættu því að ef við viðhöldum núverandi ástandi, óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði með hættu á vöruskorti, bjóðum við heim hættunni á óðaverðbólgu á næstu mánuðum og þá er ekki að spyrja að leikslokum. Íslenskt efnahagslíf er sérstakt hvað varðar hið háa hlutfall verðtryggðra skulda en það leggur líka gríðarlegar byrðar á herðar okkar að taka réttar ákvarðanir núna og beita öllum tiltækum meðulum, þar með talið stýrivaxtahækkun, til að reyna að tryggja að verðbólguskotið verði eins lítið og eins stutt og mögulegt er.

[17:06]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég furða mig æ meira á því hvernig stendur á því að hv. þm. Árni Páll Árnason er í flokki sem kennir sig við jafnaðarmennsku. Vegna þess að hér kemur hann með málflutning sem maður hefði getað trúað að kæmi úr munni þeirra sem aðhyllast helst hagfræðikenningar Miltons Friedmans og Friðriks Hayeks. Hér talar hann fyrst og fremst fyrir harðri stýrðri peningamálastefnu sem einkennir hagfræðikenningar þessa skóla.

Og þegar hann segir að við eigum engra kosta völ nema að taka þessari stýrivaxtahækkun þá er ég honum ósammála. Að vísu segir hann að við þurfum að skapa traust á gjaldeyrismarkaði og styrkja krónuna og draga úr verðbólgu. Um þetta markmið erum við sammála. En sú leið sem hér er farin, að hækka stýrivextina við þær aðstæður sem við búum við í efnahagslífinu að öðru leyti, er mjög varhugaverð að mínum dómi vegna þess að hún getur allt eins haft þveröfug áhrif eins og hún hefur haft annars staðar í heiminum þar sem hún hefur verið farin við svipaðar erfiðar efnahagsaðstæður. Hún getur allt eins leitt til þess að við horfum hér upp á hrinu uppsagna og gjaldþrota heimila og fyrirtækja og þá er verra af stað farið en heima setið hvað þetta snertir.

Ég held að leiðin til þess að draga úr verðbólgu, sem er vissulega mjög mikilvægt markmið, sé ekki sú við þessar aðstæður þegar við erum í raun og veru við frostmark í efnahagskerfinu að öðru leyti, að hækka vextina eins og Seðlabankinn ákvað að gera samkvæmt einhverju samkomulagi sem gert hefur verið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ég held þvert á móti að það hefði verið nær að fara með vextina niður ef eitthvað er. Ég er sannfærður um að það hefði ekki haft verri áhrif á gjaldeyrismarkaðinn en sú leið sem hér varð ofan á.

Um þetta erum við bersýnilega ósammála en því miður heyrist mér hv. þm. Árni Páll Árnason aðhyllast harða peningamálastefnu í anda Miltons Friedmans og Hayeks.

[17:08]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi áðan þá má þessi tilraun ekki mistakast og þess vegna verðum við að gera allt sem við mögulega getum til að reyna að tryggja að hún takist. Meðal þess sem þarf að gera er að vinna sem kostur er gegn mögulegum flótta fjármagns úr landinu og til þess er þessi stýrivaxtahækkun hugsuð.

Ég get alveg tekið undir með hv. þingmanni að það er ekki 100% öruggt að hún takist. En ég held einfaldlega að þær sérstöku aðstæður sem eru í íslensku efnahagslífi og eru ekki í öðrum þeim ríkjum sem hann vísar til, réttlæti að við tökum einfaldlega enga áhættu hvað varðar óðaverðbólgu. Því þótt óðaverðbólga geti í sjálfu sér verið vond í öðrum ríkjum þá hefur hún ekki þar í för með sér þann hrikalega skaða sem hún mundi hafa á Íslandi miðað við þann fjölda verðtryggðra skuldbindinga sem við búum við.

Varðandi þá merkimiða sem hv. þingmaður kýs að setja á hlutina með því að reyna að kenna mig við frjálshyggju Miltons Friedmans og gera lítið úr jafnaðarmennsku þá vísa ég því til föðurhúsanna. Hv. þingmenn Vinstri grænna sem hafa barist eins og ljón fyrir þeirri peningamálastefnu sem hér hefur ríkt á síðustu árum þurfa að átta sig á því að sá gjaldmiðill sem við búum við og það fyrirkomulag gjaldmiðilsmála sem við búum við hefur í för með sér gríðarlegt tjón fyrir launafólk í landinu, óásættanlega áhættu fyrir launafólk í landinu eins og nú er komið á daginn. Mér finnst slíkir þingmenn ekki eiga úr háum söðli að detta þegar kemur að því að kenna öðrum jafnaðarmennsku. Því afturhaldssemi vinstri grænna á sviði peningamála er einmitt stærsti áfellisdómurinn yfir framsýni þess flokks í efnahagsmálum og gerir afar hjákátlegt tal þess flokks um jöfnuð að öðru leyti.

[17:10]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Menn óttast fjármagnsflótta úr landi og að stýrivaxtahækkunin sé ákveðin til þess að koma í veg fyrir hann. Í fyrsta lagi mætti spyrja, hvaða fjármagn? Í öðru lagi mætti segja að sé eitthvert fjármagn sem menn óttast að flýi úr landi þá verði að grípa til ráðstafana og tímabundinna ráðstafana til þess að setja takmarkanir á flutning fjármagns úr landi eins og hæstv. utanríkisráðherra lagði til í ræðu sinni fyrr í umræðunni. Ég er sammála að það verði að gera, jafnvel með nokkuð miklum takmörkunum, að minnsta kosti tímabundið vegna þeirrar stöðu sem við erum í. Þar verðum við einfaldlega að grípa til neyðarréttar ef ekki vill betur til og ég tel að við eigum að gera það.

Hv. þingmaður sagði að við mættum enga áhættu taka en að mínu mati erum við að taka verulega áhættu með

ákvörðun um stýrivaxtahækkun. Nú kann vel að vera að hv. þingmaður sé ósammála því. En ég tel að við séum að taka verulega áhættu með henni. Það kann að vera að sú leið heppnist og að sjálfsögðu vonumst við til þess að hún skili þeim árangri sem að er stefnt. En það er teflt á tæpasta vað að mínu mati hvað þetta snertir.

Hv. þingmaður svarar mér til baka varðandi gjaldmiðilinn og honum finnst ég ósanngjarn með merkimiða í sinn garð. Það kann vel að vera að það hafi verið ósanngjarnt af minni hálfu. En svona blasti þessi málflutningur við mér engu að síður og hafi þingmanninum þótt það ósanngjarnt þá skal ég bara taka það til baka.

En ég vil þó segja varðandi gjaldmiðilinn og okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði: Við höfum aldrei sagt að það eigi ekki að ræða um gjaldmiðilsmál og að gjaldmiðilsstefnan sé ekki mikilvæg. Forustufólk í okkar flokki hefur m.a. skrifað greinar um þau mál þannig að við erum að sjálfsögðu ekki þeirrar skoðunar að gjaldmiðillinn sé óumbreytanlegur eða að það verði ekki að grípa til ráðstafana til þess að styrkja gjaldmiðil okkar, hvort sem það er nú íslensk króna, norsk, færeysk eða eitthvað annað þegar til framtíðar er (Forseti hringir.) litið.

[17:12]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að við verðum náttúrlega við þessar erfiðu aðstæður að grípa til allra aðgerða sem við mögulega getum til að reyna að halda fjármagni í landinu og vaxtahækkunin er hugsuð sem hluti af því. Auðvitað munu líka koma hindranir á meðferð fjármagns úr landinu. En aðgerðin er náttúrlega líka hugsuð til þess að gera það að valkosti að koma með fjármagn inn í landið. Eftir stendur að við erum í þröngri stöðu að reyna að setja á markað gjaldmiðil sem við töldum okkur ekki fært að setja á markað nema með sérstökum aðgerðum fyrir sjö árum síðan og reynslan af því var slæm. Þetta er nú hinn kaldi veruleiki.

Ég fagna því að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson útilokar ekki gjaldmiðilsskipti því það held ég að sé brýnasta hagsmunamál íslensks almennings. Ég held satt að segja við þessar erfiðu aðstæður, þegar við erum að setja á markað krónu sem hefur enga tiltrú þá væri besta leiðin til að tryggja tiltrú á hana yfirlýsing í dag um aðildarumsókn að Evrópusambandinu vegna þess að þá mundu menn hafa fyrirheit um hvert væri stefnt með krónuna. Við getum ekki gefið sams konar fyrirheit og við þó gátum gefið 2001, um að við værum að fara eftir ákveðinni peningamálastefnu, um að við hefðum seðlabanka sem ynni eftir ákveðnum grundvallarmeginreglum, vegna þess að það er allt farið.

Ef við ætlum að reyna að tryggja stöðugleika krónunnar þá er mikilvægt að geta gert hvort tveggja í senn. Við getum nýtt hana sem hagstjórnartæki vegna þess að hún er á okkar valdi en við getum líka reynt að tryggja stöðugleika hennar á markaði með því að lýsa því yfir að til lengri tíma litið stefnum við að því að hún breytist í evru þegar við uppfyllum skilyrði þar um. Það er mjög mikilvægt að tvinna þetta tvennt saman við þær aðstæður sem nú eru. Í því felst engin þversögn heldur þvert á móti eina vonin til þess að reka íslensku krónuna á næstu árum með einhverjum stöðugleika. Ég óttast það að ef menn gera það ekki stöndum við frammi fyrir því að gjaldmiðillinn verði óstöðugri en nokkru sinni fyrr á næstu árum.

[17:15]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Í dag höfum við rætt það alvarlega efnahagslega vandamál sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir í kjölfar alþjóðlegrar efnahagskreppu og umsóknar Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um lánveitingu. Umræðan hefur verið góð. Atburðarásin einkenndist af miklum hraða fyrstu dagana eftir að neyðarlögin voru sett, þann 6. október. Nú stendur þjóðin frammi fyrir erfiðum tímum og gríðarlega miklum breytingum á samfélaginu. Stór hópur bankastarfsmanna hefur misst atvinnuna og við horfum fram á enn frekari uppsagnir í öðrum starfsgreinum. Þessa dagana fá starfsmenn í byggingariðnaði, verktakaiðnaði og ýmsum þjónustugreinum uppsagnarbréf. Erfitt verður fyrir þjóðina að vinna sig út úr vandanum á farsælan hátt en það mun okkur takast með samstilltu átaki.

Vegna þrenginganna fram undan mun reyna mikið á sveitarfélögin í landinu. Með auknu atvinnuleysi munu tekjur þeirra dragast verulega saman á sama tíma og líklegt er að þörfin fyrir aukna velferðarþjónustu sveitarfélaganna aukist. Nú þegar hefur verið undirrituð yfirlýsing stjórnar Sambands sveitarfélaga og ráðherra sveitarstjórnarmála þar sem sveitarfélögin eru hvött til að endurskoða fjárhagsáætlanir sínar í því skyni að forgangsraða upp á nýtt, hagræða í rekstri og fresta þeim framkvæmdum sem mögulegt er. Sveitarfélög eru oft stærsti vinnuveitandinn á svæði sínu og um leið stórir framkvæmdaaðilar og verkkaupar og verða að vera það áfram, þótt augljóslega hægi töluvert á framkvæmdum á þeirra vegum. Jafnframt eru sveitarfélög hvött til að gera aðgerðaáætlanir þar sem forgangsröðun verkefna miðar að því að treysta stoðir grunnþjónustu. Mörg sveitarfélög hafa lagt mikla vinnu í aðgerðaáætlanir og gert þær aðgengilegar fyrir íbúa á heimasíðum sínum.

Sveitarfélög í landinu eru mörg hver veikburða þegar kemur að auknum útgjöldum. Mörg þeirra voru skuldsett fyrir hrun fjármálakerfisins og í efnahagsóvissunni sem ríkir dragast framkvæmdir saman og fjölskyldur í húsbyggingarhugleiðingum halda að sér höndum og skila jafnvel úthlutuðum lóðum. Allt þetta bætist ofan á annan vanda sveitarfélaganna, en í mörgum þeirra hefur verið lagt í verulegan kostnað við skipulag nýrra íbúðahverfa og gatnagerð. Sveitarfélögin munu taka á sig auknar byrðar og taka þátt í að verja störf auk þess sem félagsþjónusta sveitarfélaganna mun grípa inn í og aðstoða fjölskyldur sem þess þurfa.

Því er mikilvægt við þessar aðstæður að ríkið komi til móts við sveitarfélögin og endurskoðað verði í fjárlagavinnunni sem nú er í gangi að ríkið komi með aukaframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. En samkvæmt fjárlagaframvarpinu sem hefur verið kynnt er ekki gert ráð fyrir þessu aukaframlagi. Sveitarstjórnarmenn um allt land kalla mjög skýrt eftir því að ríkið greiði áfram það aukaframlag sem það greiddi í sjóðinn 2006–2008 vegna þeirrar stöðu sem upp er komin í samfélaginu í dag.

Þótt ég tali fyrir aukinni aðstoð ríkissjóðs við sveitarfélögin er mér ljóst að gæta þarf fyllsta aðhalds í ríkisfjármál-

um og að niðurskurðar er þörf, en það verður verkefni fjárlaganefndar á næstu vikum. Í dag hafa margar ágætar tillögur um niðurskurð í ríkisfjármálum komið fram í ræðum hv. þingmanna og ber að skoða þær.

Virðulegi forseti. Unga fólkið í landinu stendur frammi fyrir miklum erfiðleikum, sennilega í fyrsta sinn á lífsleiðinni. Kynslóð sem hefur verið alin upp við stöðugleika í efnahagsmálum. Þetta unga fólk horfir nú fram á hugsanlegt atvinnuleysi og gjörbreyttan veruleika auk þess sem skuldir leggjast þungt á þennan aldurshóp. Við eigum mikið af vel menntuðu ungu fólki og margt af því hefur á undanförnum árum unnið í alþjóðlegu umhverfi. Þetta fólk stendur nú margt uppi án atvinnu og vonast eftir nýjum tækifærum hér á landi. Það þarf að bregðast skjótt við og hefja nýja sókn í atvinnulífinu m.a. til að halda í þetta unga fólk og þann auð sem í því býr.

Með einhverjum ráðum þarf að koma í veg fyrir að við missum efnilegasta fólk okkar úr landi. Við erum fámenn þjóð og þurfum á öllum kröftum að halda í uppbyggingunni sem fram undan er. Íslensk þjóð býr við mjög gott menntakerfi, sem hefur verið í stöðugri uppbyggingu á síðustu árum. Sú uppbygging mun verða okkur til góðs, nú þegar búast má við að ásókn í menntun verði meiri en áður í ljósi efnahagskreppunnar og aukins atvinnuleysis.

Þegar 700 manns misstu atvinnuna á varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll fyrir tveimur árum vegna brotthvarfs bandarískra varnarliðsins hófst umbreyting úr varnarstöð í vísindasamfélag. Þar er skólasamfélag þróað í góðu samstarfi við háskóla, ríki og nokkur fyrirtæki á svæðinu. Húsnæði er til staðar, bæði til vinnu og gistingar. Þar er þegar til vísir að hugmyndasamfélagi eða hugmyndahúsi sem kallað er Eldey. Hugmyndina er hægt að stækka, styrkja og stórefla. Að slíkri frumkvöðlastarfsemi er nú nauðsynlegt að hlúa að og efla því í nýsköpun felast tækifæri til framtíðar.

Virðulegi forseti. Fólkið í landinu kallar eftir svörum um það hvernig framtíðin verði hér á landi nú þegar almenningur áttar sig á raunveruleikanum sem blasir við okkur og afleiðingum alþjóðakreppunnar í kringum okkur. Fólk kallar eftir því við stjórnvöld hvað fram undan er og spyr hversu lengi varir muni vara og hvenær vænta megi stöðugleika á ný. Slík viðbrögð eru eðlileg. Samt má ekki draga upp þá mynd af samfélagi okkar að við séum að hverfa aftur til fortíðar. Öll þekking sem hefur safnast á undanförnum árum mun nýtast okkur áfram í framtíðinni.

Þjóðir heims eiga vonandi aldrei eftir að standa aftur frammi fyrir slíkum erfiðleikum í efnahagsmálum eins og við gerum nú. Þess vegna er mikilvægt að við skoðum mjög vandlega allt þetta mál og lærum af mistökunum sem hugsanlega hafa verið gerð, eins og fram hefur komið hjá hæstv. forsætisráðherra að gert verði. Auk þess hefur hæstv. dómsmálaráðherra sagt að unnið sé að löggjöf um stofnun sérstaks embættis sem ætlað er að sjá um rannsóknir og eftir atvikum saksókn vegna þeirra réttarbrota sem kunna að koma í ljós í tengslum við atburði sem orðið hafa í starfsemi fjármálastofnana.

Í ljósi stöðunnar sem skapaðist í efnahagsmálum hérlendis var nauðsynlegt að leita eftir aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og í framhaldi ræða við Norðurlöndin. Færeyingar sýna okkur mikinn höfðingsskap og vináttu með því að rétta fram hjálparhönd og það ber að þakka. En mörg brýn verkefni bíða okkar við endurreisn hagkerfisins. Til að við náum sem fyrst tökum á ástandinu, sem ríkir hér á landi í efnahagsmálum, þurfum við að ganga saman í eina átt og skapa grundvöll til þess að atvinnulíf okkar fari að starfa eðlilega að nýju. Við þurfum að ná okkur sem fyrst upp úr þessum öldudal og læra af reynslunni. Þannig mun okkur farnast vel í framtíðinni.

[17:24]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Í dag hefur farið fram ítarleg umræða um stöðuna í efnahagsmálum og ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og gerði hæstv. forsætisráðherra grein fyrir málinu með skýrslugjöf fyrr í dag.

Ég tel að umræðurnar hafi verið yfirgripsmiklar og málefnalegar í öllum meginatriðum þó að sjálfsögðu komi til þess í snarpri umræðu af þessum toga að ýmis orð fljúgi á milli manna og sumum sárnar það sem sagt er og öðrum finnst að það sé ekki málefnalegt. En í öllum meginatriðum tel ég að það hafi verið.

Ég er þeirrar skoðunar að fátt handbært hafi í raun verið í ræðu hæstv. forsætisráðherra, hún var almenn yfirferð yfir málið og að miklu leyti afsökun á því hvernig að öllu hefur verið staðið. Mér fannst vera gæðamunur á framlagi hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra því hæstv. utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, bar þó við að lýsa því hverjar ættu að vera pólitískar forsendur í endurreisn á Íslandi eins og það blasti við henni. Í þeirri lýsingu sá ég ekki, með pólitísku gleraugunum mínum, rúm fyrir Sjálfstæðisflokkinn við stjórnvölinn.

Við erum þeirrar skoðunar — og það hefur komið hér fram í máli þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs — að illa hafi verið haldið á málum að mörgu leyti. Við hefðum á fyrri stigum átt að leita til vina okkar á Norðurlöndum, einkum Norðmanna. Hér hefur verið nokkuð orðaskak um það hvort aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafi verið skilyrði eða forsenda fyrir slíkri fyrirgreiðslu. Ég er sannfærður um að svo hafi ekki verið, í upphafi að minnsta kosti, og við hefðum verið betur sett, jafnvel með aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, ef við hefðum verið með ráðgjafateymi undir norrænni forustu. Vegna þess að þá hefði verið annars konar yfirbragð, annars konar pólitísk sýn á málin en er.

Auðvitað er afar ósannfærandi og í raun ekki boðlegt hversu margræð svör ráðamanna eru um það hvað olli stýrivaxtahækkun Seðlabankans úr 12% í 18%. Bent hefur verið á það að minnsta kosti þrjár skýringar séu á ferðinni og athygli vekur auðvitað tilkynning frá Seðlabanka Íslands þar sem hann tekur að sér að ákveða að einn liður í svokölluðu samningsuppkasti eða samningsgerð, Letter of Intent, á milli ríkisstjórnar Íslands og sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé ekki lengur trúnaðarmál og veitir upplýsingar um hvað felst í þessum 19. tölulið, þ.e. að stýrivextir skuli hækkaðir í 18%. Þetta vekur auðvitað athygli og hlýtur að vekja upp spurningu um það hvort Seðlabankinn sé orðinn eins konar fréttafulltrúi ríkisstjórnar Íslands. Hvað á það að

þýða að svona sé staðið að málum? Hvað þá með hina liðina 18 — og kannski eru þeir miklu fleiri en þessir 19? Af hverju má ekki segja þingi og þjóð frá því hvað í þeim felst? Er það vegna þess að stjórnarmenn í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eru svona viðkvæmir fyrir því að það geti frést hvaða efni þeir ætla að fjalla um? Hvert er leyndarmálið? Er ekki hægt að senda þeim þetta bara í tölvupósti þannig að þeir geti séð það áður en það er birt hér þingi og þjóð?

Leynd veldur alltaf tortryggni. Auðvitað er ekkert í þessu sem á að vera svo mikið leyndarmál að þingið og þjóðin eigi ekki að fá upplýsingar um það hvað ráðamenn þjóðarinnar eru að hugsa í þessu sambandi. Það getur ekki spillt fyrir. Það er algjörlega óhugsandi. Miklu betra er fyrir ráðamenn að standa þannig að málum að segja þingi og þjóð hvað þeir hugsa og fá fólk í lið með sér í þeim málflutningi. Nú, eða að gagnrýnisraddir komi fram og menn taki þá umræðu. Þetta vildi ég segja um þessa þætti, virðulegur forseti.

Ég ætla að fara örlítið í það sem ég tel að eigi að vera brýnustu verkefni okkar á næstunni. Atvinnuástandið er að mínu viti algjört lykilatriði. Það á að tryggja eins hátt atvinnustig og unnt er og sporna við atvinnuleysi og landflótta. Í nýrri hagspá Alþýðusambands Íslands, sem mér barst í hendur í dag, er spáð að hér geti orðið á næstu árum 10% atvinnuleysi umfram ný störf, sem er gríðarlega hátt hlutfall af vinnuafli okkar og miklu hærra en við höfum lengi séð, ef nokkurn tímann.

Opinberir aðilar verða að stuðla að margháttuðum lausnum til að sporna við atvinnuleysi, viðhaldsverkefnum og framkvæmdum vítt og breitt um landið. Styðja við hvers konar sprotaverkefni t.d. í samstarfi við Atvinnuleysistryggingasjóð og fleiri aðila. Fjölga náms- og endurmenntunarmöguleikum og margt fleira. Það þarf að styðja við mikilvægar grunnatvinnugreinar eins og sjávarútveg, landbúnað og ferðaþjónustu til þess að skapa fleiri störf og fá meiri verðmæti út úr þessum atvinnugreinum. Við þurfum að styrkja velferðarkerfið. Á þessum tímum er mikilvægt að við höldum hvert utan um annað og styðjum við hvers kyns félagsleg úrræði. Mikilvægt er að fólk geti leitað sér félagslegrar ráðgjafar og stuðnings hjá velferðarkerfi sveitarfélaganna. Mikilvægt er að styrkja afkomu sveitarfélaganna því þau munu sannarlega gegna lykilhlutverki og bera þyngstu byrðarnar.

Ég nefni m.a. skólamáltíðir og leikskóla sem eru mikilvægir útgjaldapóstar hjá mörgum fjölskyldum í landinu og við ættum að hugleiða hvort við getum með einhverjum hætti komið til móts við þær þannig að fjölskyldur skeri þessa þætti ekki niður við sig á þessum erfiðu tímum.

Við þurfum að tryggja afkomu heimila og fyrirtækja í landinu. Við þurfum sérstakar ráðstafanir vegna íbúðalána og skuldastöðu fyrirtækja t.d. með vaxta- og húsnæðisbótum, lengingu lána eða niðurfærslu lána eins og hér hefur verið nefnt í umræðunni og ég tek undir.

Að sjálfsögðu verðum við að vinna bug á verðbólgunni. Það er sársaukafullt verkefni en það er líka óhjákvæmilegt. Í því efni vil ég nefna að við þurfum að taka á launadeilum í samfélaginu og koma á meiri jöfnuði. Ofurlaunin sem hafa tíðkast í bankakerfinu og annars staðar, m.a. í stjórnunarstöðum hjá ríkinu, verða að heyra sögunni til.

Vexti verður að lækka. Þeir eru að sliga atvinnulífið og fjölskyldurnar í landinu og stýrivaxtahækkun Seðlabankans er að mínu viti tvíbent vopn í þeirri baráttu. Hún er í anda harðrar peningamálastefnu og meðal fræðimanna eru afar skiptar skoðanir um þessa leið svo ekki sé meira sagt. Hún hefur mistekist víða um lönd þar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur lagt hönd á plóg.

Auðvitað vonumst við til þess að svo verði ekki. Að þetta sé skammvinn hækkun og það takist að slá á verðbólguna með henni. Ég held hins vegar að miðað við umfang og „aktívitet“ ef svo má segja, virkni hagkerfisins, að þá sé alls ekki víst að þessi leið dugi eða sé rétt til þess, heldur þvert á móti geti hún fyrst og fremst virkað eins og frystir sé skrúfaður úr mínus 12 gráðum í mínus 18.

Við þurfum líka að styrkja tekjur hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga. Það kostar að sjálfsögðu álögur og þá er mest um vert að þeir sem eru aflögufærir beri þær byrðar. Í því efni er fróðlegt að huga að því hvernig þróunin hefur verið. Í nýlegri skýrslu frá fjármálaráðuneytinu, sem að vísu hefur ekki verið dreift mjög víða, kemur loks fram staðfesting á því sem m.a. Stefán Ólafsson prófessor hefur haldið fram í gegnum árin að tekjulægstu hóparnir í samfélaginu hafi tekið á sig auknar skattbyrðar á meðan tekjuháu hóparnir hafa fengið skattalækkun. Það er fróðlegt að sjá að fjármálaráðuneytið sem mótmælti hér og fór í hvern leiðangurinn á fætur öðrum gegn Stefáni Ólafssyni prófessor viðurkennir það sem hann hefur verið að rannsaka.

Að sjálfsögðu verðum við að endurskoða peningamálastefnuna og gjaldmiðilsmálið þarf að sjálfsögðu að taka til umfjöllunar. Þar verður allt að vera undir, líka hin veika íslenska króna þótt nú sé óhjákvæmilegt að styrkja hana eins og kostur er, enda skiptir gríðarlegu máli komi til þess að við tökum upp annan gjaldmiðil, hver sem hann kann nú að vera, á hvaða gengi það er gert og við hvaða efnahagslegu aðstæður það er gert. Þar verðum við að koma fram af styrkleik þegar að því kemur og ef svo verður.

Þrátt fyrir mótlæti verðum við að vera bjartsýn. Við höfum áður séð hann svartan, kannski ekki eins svartan og nú en engu að síður. Við getum tekist á við erfiðleikana saman. En þá verður líka ríkisstjórnin að treysta þingi og þjóð fyrir því sem hún er að gera og taka ákvarðanir í sátt og samstöðu og hleypa fleirum að stefnumótuninni. Annars er hún algjörlega á berangri — eins og kannanir sýna að vísu að ríkisstjórnin sé nú. Við eigum að endurreisa íslenskt samfélag með félagslegt réttlæti og jöfnuð að (Forseti hringir.) leiðarljósi og á grundvelli sjálfbærrar atvinnustefnu og ganga hnarreist til móts við komandi tíð.

[17:35]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hafði á orði að það hefði verið mikill gæðamunur á ræðum hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra. Hann fór nokkuð lofsamlegum orðum um þá innihaldsríku framtíðarsýn sem hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefði haft í ræðu sinni og lét það fylgja að hann hefði ekki séð að í þeirri framtíðarsýn hefði verið neitt pláss fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Kannski gat hv. þingmaður tímans vegna ekki útskýrt ummæli sín neitt nánar og því inni ég

hann eftir því hvaða efnisatriði þetta voru í framtíðarsýn hæstv. utanríkisráðherra sem þingmanninum þóttu svo efnismikil og vönduð og í hverju það var sem hann sá þar ekki samleið með Sjálfstæðisflokknum. Ætli hann hafi í þeim efnum séð samleið með einhverjum öðrum? (Gripið fram í.) Mér hlýtur að leika nokkur forvitni á því fyrst hv. þingmaður tók málið upp.

[17:36]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það sem mér fannst eftirtektarvert í ræðu hæstv. utanríkisráðherra var að hún talaði um framtíðarsýn sína. Hún talaði þar miklu meira í takt við kosningastefnu Samfylkingarinnar eins og hún birtist almenningi fyrir síðustu kosningar en þá stefnu Samfylkingarinnar sem við síðan höfum séð í stjórnarsáttmála með Sjálfstæðisflokknum. Eins og hv. þingmaður veit eigum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði margt sameiginlegt í grundvallarhugsjón okkar í pólitík með jafnaðarstefnunni sem Samfylkingin boðar. Það er ekkert leyndarmál. Við hv. þm. Helgi Hjörvar höfum átt samstarf í stjórnmálum um margra ára skeið og verið sammála um mjög marga hluti þótt að sjálfsögðu skilji stundum á milli eins og gengur. En það er hinn félagslegi jöfnuður sem hæstv. utanríkisráðherra talaði um í máli sínu, áherslur á jafnrétti, réttláta tekjuskiptingu í samfélaginu, sem ég tel að hafi átt miklu meiri samhljóm með hefðbundinni vinstri mennsku en með þeirri stefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn talar fyrir og hefur unnið að allar götur sem hann hefur verið í ríkisstjórn, samfleytt undanfarin 17 ár. Það var það sem ég átti fyrst og fremst við. Mér fannst ég sjá þarna boðskap um að Samfylkingin vildi fara aðra leið en þá sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur valið við uppbyggingu á íslensku samfélagi. Ég fagna því að sjálfsögðu og vonast til þess að við sem erum róttækir jafnaðarmenn getum átt samleið með Samfylkingunni við uppbyggingu og endurreisn slíks samfélags. Við viljum að sjálfsögðu ekki fara þá leið sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur varðað í pólitísku starfi sínu og með pólitískum áherslum sínum (Forseti hringir.) í gegnum tíðina.

[17:38]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að stjórnarflokkarnir eru ólíkir flokkar og að vinstri flokkarnir hafa átt ýmis sameiginleg áhersluatriði, einkum varðandi tekjuskiptingu og aðra slíka þætti. Ég hygg hins vegar að pólitískar áherslur í því verði á komandi missirum miklu líkari en þær hafa verið því að hvar svo sem í flokki menn standa, hægra megin eða vinstra megin, er óhjákvæmilegt að jafna tekjuskiptinguna í landinu verulega í kjölfar þeirra áfalla sem nú hafa dunið yfir. Við sjáum viðbrögð við kreppum af þessu tagi, hvar sem þær hafa orðið í heiminum, að fyrst og fremst er reynt að jafna byrðarnar, tekjuskiptinguna, að endurnýja samfélagssáttmálann og setja í forgang hina efnaminni, setja fjölskyldurnar í forgang, að bjarga heimilunum og bjarga vinnunni en ekki að hlaða undir auðmennina, eignasöfnunina eða forréttindastéttirnar í samfélaginu. Ég held að um það muni stjórnarflokkarnir eiga gott samstarf á næstu missirum og vonandi við alla flokka sem hér starfa.

Af þessu tilefni og vegna orða hv. þingmanns um að ræða verði hina veiku íslensku krónu vil ég inna hann aðeins nánar eftir því til hvers hann vísar í því efni. Þeim sem er umhugað um kjör íslenskrar alþýðu hlýtur að vera mikið umhugsunarefni sú króna sem fært hefur íslenskri alþýðu óðaverðbólgu, okurvexti og einhver óstöðugustu lífskjör sem við finnum í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við.

[17:40]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar sagði að stjórnarflokkarnir yrðu væntanlega samstiga í að tryggja jöfnuð og félagslegt réttlæti á næstu missirum eins og hann orðaði það. Hann tók ekki dýpra í árinni en að segja næstu missiri. Það kann auðvitað vel að vera en þann samhljóm hef ég ekki heyrt í ræðum þeirra þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem hér hafa talað. Þeir hafa m.a. talað sérstaklega gegn öllum hugmyndum um tekjuauka hjá ríki og sveitarfélögum sem t.d. hæstv. utanríkisráðherra boðaði í ræðu sinni vegna þess að þeim er illa við að innheimtar séu tekjur, þeir vita að tekjuskattur er leið til tekjujöfnunar. Jafnaðarmenn og róttækir vinstri menn hafa alltaf lagt áherslu á tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki að tala um það. Það er undarlegt að heyra hv. þingmann komast svo að orði að stjórnarflokkarnir munu verða samstiga í þessu efni miðað við þann málflutning sem hér hefur verið haldið uppi af hálfu sjálfstæðismanna. Við skulum bara sjá hvað framtíðin ber í skauti sér í því efni næstu vikur, mánuði og kannski missiri.

Hvað krónuna snertir og gjaldmiðilsmálið sagði ég einfaldlega að við þyrftum að endurskoða peningamálastefnuna og gjaldmiðilinn. Þar yrði allt að vera undir, líka hin veika íslenska króna, þótt ég hafi síðan lagt áherslu á að nú væri verkefni að styrkja hana eins og kostur væri. Hv. þingmaður veit nákvæmlega hvað ég á við í þessu efni og það þarf ekki frekari útskýringa við. Ég á við að við þurfum ræða um hvort sú skipan gjaldeyrismála sem við höfum haft til þessa þjóni hagsmunum íslensks almennings.

[17:43]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við ræðum efnahagsmál og aðkomu gjaldeyrissjóðsins að efnahagslífi íslenska ríkisins. Það hefur auðvitað komið fram í ræðum hér á undanförnum dögum að það eru örlagaríkir tímar þessar vikurnar og fram undan og raunar ótrúlegt að vera kominn í þetta viðfangsefni rétt nýsestur á þing og að horfa á það hrun sem hefur átt sér stað í fjármálalífi okkar.

Ég verð að viðurkenna eftir að hafa hlustað á ræðurnar í allan dag og fyrst áætlun ríkisstjórnarinnar og samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn liggur ekki fyrir að ég átti kannski von á að heyra meira af óskum stjórnarandstöðunnar og kröfur til þeirrar áætlunar, því að hafi ég skilið þetta rétt hlýtur samkomulagið að koma til afgreiðslu á þinginu og með þeim fyrirvara að hér verði hugsanlega gerðar einhverjar breytingar á því. Við eigum líka von á því að stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins komi með einhverjar tillögur eða

óskir í umfjöllun sinni um málið. Ég er sem sagt að lýsa eftir að gaman hefði verið að heyra meira af tillögum og óskum um með hvaða hætti þetta hefði átt að vera. Það eina sem komið hefur fram í sjálfu sér er að Vinstri grænir virðast hafa mikinn ímugust á sjóðnum og telja ónauðsynlegt að leita til hans, hefðu viljað fara aðrar leiðir og hafa þar með kannski sett sig út úr umræðunni um þær kröfur sem eðlilegt var að gera til sjóðsins.

Í umræðunni í samfélaginu undanfarið hefur komið fram að almenningur spyr hvernig þetta hafi getað gerst og hver beri ábyrgðina. Það er eðlilegt að menn spyrji og eðlilegt að menn velti því fyrir sér hver beri sökina á því sem gerst hefur og öll hljótum við að líta til baka og reyna að leita svara en ég skal viðurkenna hreinskilnislega að ég get ekki svarað þeim spurningum í dag.

Ég hef velt því fyrir mér hverjir beri ábyrgð á því lagaumhverfi sem samþykkt var þegar einkavæðing bankanna átti sér stað. Ég hef oftast kallað það gjöf eða skiptingu bankanna á milli tveggja stjórnmálaafla árið 2002. Þá talaði ég fyrir því að öðrum ríkisbankanum yrði haldið eftir og Samfylkingin hafði raunar þá skoðun á þeim tíma og sat hjá við afgreiðslu á því frumvarpi vegna þess að hún vildi sjá að ríkið væri áfram inni á markaðnum.

Ég velti því líka fyrir mér hvort ég beri ábyrgð á þeim röngu ákvörðunum sem teknar voru á þenslutímanum þegar uppbyggingin var öll fyrir austan og fyrirsjáanlegt að hér yrði mikið um að vera. Þá var gripið til stýrivaxtahækkana sem leiddu m.a. til þess að erlent fé streymdi inn til landsins og svoköllуð jöklabréf komu til. Á sama tíma var bindiskyldan lækkuð, skattar voru lækkaðir á fyrirtæki, húsnæðislánin voru aukin og allt gerist þetta á sama tíma og þensla var mjög fyrirsjáanleg. Ég veit ekki hvort ég ber ábyrgð á þessu, eflaust geri ég það að einhverju leyti en ég veit þó að ég ber ábyrgð á minni eigin skuldsetningu þar sem ég stórjók lán til húsnæðiskaupa og tók bílalán í erlendri mynt. Ég get líka borið ábyrgð á því að hafa sofið á verðinum og ekki séð fyrir að á síðastliðnu hálfa ári gætu bankarnir hrunið, að hafa ekki gert tillögur um að brjótast út úr regluveldi alþjóðasamfélagsins þar sem tryggingin fyrir innlánsreikningum bæði hér og erlendis átti að vera tryggingarsjóður sem greiddi ákveðið framlag og ekkert annað. Sjóður sem dugir skammt með sína 18–19 milljarða til að tryggja öll innlán innan lands hvað þá upp í þau hundruð milljarða sem voru erlendis.

Auðvitað hefði ríkisstjórnin getað sagt: Þetta voru einkabankar, þetta voru einkafyrirtæki sem bera ábyrgð á þessu og engin ástæða til annars en að greiða bara úr tryggingarsjóði í hlutfall við það sem hann ber ábyrgð á. En ég er hræddur um að það hefði verið enn þá erfiðara að fara í gegnum þessa tíma ef svo hefði verið gert.

Ég gerði mér ekki heldur grein fyrir því að peningarnir mínir í líftryggingum eða í séreignarsparnaði væru ekki tryggir. Ekki vegna þess að skilmálarnir eru alveg klárir á þeim bréfum sem ég hef í höndunum en oftrú mín á efnahagslífi á þeim tíma og á þeim fyrirtækjum sem tóku að sér að ávaxta peningana mína hefur orðið til þess að ég sást ekki fyrir. Ég hefði getað gert mér grein fyrir að það stefndi í óefni. Við vissum að það var lánsfjárkreppa, við gátum séð að bankarnir voru í vandræðum með að fjármagna sig. Við vissum að þeir voru að fara að auka innlán sem þá þótti fín aðferð til að skapa sér fjármagn. Allt þetta hefði maður kannski átt að sjá.

Það eina sem við getum gert til að svara þessum spurningum er auðvitað að fara þá leið sem hér hefur verið boðuð, að gerð verði úttekt á þessu öllu saman, peningamálastefnunni og því sem dró okkur á þennan stað. Að það verði gert af fullum heilindum með aðilum bæði innan lands og erlendis sem enginn ágreiningur er um og það verði gert á ábyrgð þingsins. Á sama tíma er þegar komin af stað vinna til að gæta að því hvort einhverjir hafi misnotað sér þetta ástand og skarað eld að sinni köku með ólöglegum hætti.

Og það eina sem ég get gert í stöðunni í dag er að halda áfram að vinna að þeim markmiðum sem ég hafði með því að bjóða mig fram til Alþingis, þ.e. að vinna að velferðarmálum og menntamálum og reyna að gæta hagsmuna landsbyggðar í þeim átökum sem nú eru fram undan. Baráttan stóð um það þegar þenslan var hvað mest og ákveðin svæði urðu út undan og það má auðvitað ekki bitna á þeim svæðum nú þegar hugsanlega verður að grípa til niðurskurðar að þau verði enn og aftur látin gjalda.

Ég hef lagt mitt af mörkum í starfshópi um björgunaraðgerðir til að reyna að vernda einstaklingana og heimilin í þessum slag öllum saman. Þetta er hópur sem hefur starfað með félagsmálaráðuneytinu og ég sem formaður félags- og tryggingamálanefndar hef komið þar að. Ég get sagt frá því að félags- og tryggingamálanefnd boðaði á sinn fund alla þá aðila eða stofnanir sem heyra undir félags- og tryggingamálaráðuneytið ásamt fulltrúum frá Samtökum atvinnulífsins og ASÍ. Á þeim fundi kom fram að gríðarlega mikil og góð vinna hefur verið í gangi hjá öllum þessum aðilum, hjá ráðuneytinu sjálfu, hjá Vinnumálastofnun, Barnaverndarstofu, Ráðgjafarstofu heimilanna og Íbúðalánasjóði til að undirbúa sig og bregðast við því ástandi sem nú er komið upp.

Sett hefur verið upp öflugt upplýsinganet, heimasíða, hjá ráðuneytinu og þangað kemur mikið af heimsóknum. Inn á þessa síðu tengjast síðan verkalýðsfélög og ýmis sveitarfélög og aðrir sem eru að vinna að málum á öðrum stöðum. Haldnir eru reglulegir fundir stofnana og ráðuneyta bæði með Íbúðalánasjóði og innbyrðis. Samtök atvinnulífsins eru við borðið og fleiri og fleiri aðilar.

Þegar hafa komið fram ýmsar tillögur og sumt er komið í framkvæmd. Þær reglur sem hafa gilt um greiðsluerfiðleikalán hjá Íbúðalánasjóði hafa verið látnar gilda um íbúðalán hjá bönkunum. Gefnar voru út heimildir til að frysta gengistryggð íbúðalán. Verið er að ljúka drögum að lögum um greiðsluaðlögun. Unnið er með stimpilgjöld og kostnað af lántöku og þannig mætti lengi telja. Það er verið að glíma við að reyna að lágmarka innheimtukostnað, aflétta gjöldum. En það er auðvitað eins og annað þegar maður stendur í ræðustól Alþingis og kemur með svona upptalningu þá skapast ákveðnar væntingar og það er auðvelt að koma svo síðar og segja að menn hafi ekki staðið við slík fyrirheit og þess vegna ætti maður kannski ekki að segja neitt. En ég held að menn verði að taka þátt í þessu, allir sem mögulega geta. Koma með góðar hugmyndir, leita góðra lausna og koma þeim á framfæri hvort sem er við ráðuneyti eða okkur sem vinnum að þessu eða inn í félags-

og tryggingamálanefnd þar sem allir flokkar eiga aðild og reyna þannig að gera allt sem við getum til að verja heimilin og einstaklingana frá því að lenda í gjaldþroti, frá því að lenda í fjötrum skuldsetninga umfram það sem óhjákvæmilegt er nú þegar.

Ýmislegt er hægt að gera en það er vandmeðfarið vegna þess að margt af því sem gert er getur orkað tvímælis, einkum varðandi hugsanlegar lögsóknir vegna jafnræðisreglna og vegna þess að menn mismuni á einhvern hátt eigendum hvort sem er lána eða inneigna. Þetta hefur þegar verið boðað og þess vegna verða menn að vanda sig í sambandi við þetta.

Hér hefur ýmislegt verið nefnt. Búið er að efla Ráðgjafarstofu heimilanna. Rætt hefur verið um hvort heimila eigi að nýta séreignarsparnaðinn til að bjarga mönnum út úr þessu. Komið hafa fram hugmyndir um hvort setja eigi sérstök lög um dráttarvexti þannig að stýrivaxtahækkunin sem nú er komin verði mildari en ella og svona mætti lengi telja. Þetta gildir raunar eins og ég sagði um allar innheimtuaðgerðir hvort sem er hjá einstaklingum eða fyrirtækjum að menn þurfa að fara eins varlega og hægt er.

Sjálfur hef ég haft áhyggjur af börnum og unglingum í þessari umræðu allri og bið menn um að gæta orða sinna í sambandi við lýsingar á ástandinu eða upphrópanir, hvort sem er gegn ráðamönnum eða öðrum þrátt fyrir reiði. Menn verða að reyna að hindra það að skaðinn verði meiri með því að tala ekki þannig að börn haldi að hér sé allt að fara á alversta veg.

Það verður verkefni okkar að byggja nýtt samfélag, ný tækifæri og ný viðmið í samfélaginu og við eigum að nýta okkur (Forseti hringir.) það vandamál sem við stöndum frammi fyrir til þess að byggja upp í framhaldinu.

[17:53]

Róbert Marshall (Sf):

Herra forseti. Íslenska þjóðin stendur á krossgötum og hvar sem fólk safnast saman er spurt: Hvað nú? Hvað tekur nú við? Þetta er gott að því leytinu til að fólk er þegar farið að horfa til framtíðar. Ég sótti í gærkvöldi málþing um átaksverkefni í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu að Skógum en hugmyndin var sú að huga að atvinnumöguleikum þessara sýslna, huga að uppbyggingu, þróun, fullvinnslu. Þarna var rætt um möguleikana í korn- og jarðrækt og ýmislegt fleira. Það gleðilega var að þarna var horft til framtíðar. Einn fundarmanna sagði að menn ættu að sammælast um að stöðva kreppuna við Þjórsá. Það var bjart yfir þessum fundi og það er vel. Það er batamerki. Nýja Ísland sem margir tala um þessa dagana byggir m.a. á gamla Íslandi, á atvinnuvegum sem fylgt hafa þjóðinni í gegnum aldirnar.

Það er mín tilfinning að Íslendingar séu að mestu búnir að jafna sig eftir andlega áfallið sem á okkur dundi í byrjun þessa mánaðar jafnvel þó svo að ástandið eigi enn eftir að verða verra með tilliti til atvinnuleysis og gjaldþrota. Botninum er náð hvað varðar andlegt hugarástand þjóðarinnar og nú tekur við uppbyggingarstarf með aðstoð vina og frændþjóða. Samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var lykilatriði í þessum efnum en það er harkalega gagnrýnt hér á Alþingi. Hv. formaður Vinstri grænna segir ónauðsynlegt að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og virðist orðinn sjálfskipaður talsmaður Norðmanna á Íslandi og vita betur en forsætisráðherra Noregs hvað það er sem Norðmenn meina. Hann segir Norðmenn ekki hafa sett nein skilyrði um aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hins vegar var það haft eftir Jens Stoltenberg í fréttum Ríkisútvarpsins í fyrradag að það hafi verið forsenda fyrir öll Norðurlöndin að Íslendingar færu fram á aðstoð gjaldeyrissjóðsins. Í viðtali í fréttinni sem allir geta skoðað á ruv.is segir hann, með leyfi forseta, að það hafi verið lykilatriði að Íslendingar kæmust að samkomulagi við sjóðinn. Hann segir enn fremur að það hafi verið afgerandi fyrir öll Norðurlöndin að samkomulagið væri grundvallaratriði sem auðveldaði Norðurlöndum að veita Íslandi lán.

Það er þetta orðalag sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og formaður Vinstri grænna festir sig í og segir að forsætisráðherrann norski hafi bara sagt að það auðveldaði þeim að aðstoða okkur. Með öðrum orðum, ef ég gagnálykta, sagði þá ekki Stoltenberg að það væri erfitt að lána okkur ef ekki kæmi til aðstoð gjaldeyrissjóðsins? Ef ég bæði vin minn um lán og hann segði að það væri erfitt, þá mundi ég túlka það sem neitun en hv. þingmaður mundi láta vin sinn hafa reikningsnúmerið sitt.

Læknir sem ég þekki sagði við mig að vinstri grænir hegðuðu sér nú eins og sjúklingur sem neitaði að fara í aðgerð vegna þess að hann væri á móti sjúkdómnum. Hann spurði hvort það væri á stefnuskrá vinstri grænna að setja Ísland á líknandi meðferð.

Hvaða framtíðarsýn ætla forustumenn stjórnarandstöðunnar að bjóða þjóðinni á þessum krossgötum? Þeim finnst ef til vill gaman að flytja innblásnar ræður um nýfrjálshyggju, hrun hennar og græðgiskapítalismans en hvaða lausnir bjóða þeir upp á?

Hv. þm. Bjarni Harðarson, talsmaður friðarins í Framsóknarflokknum, telur það mikilvægasta verk dagsins að skamma fjölmiðla fyrir að fjalla um Evrópumál. En nú eru viðsjárverðir tímar í íslenskum fjölmiðlum og það eru viðsjárverðir tímar hvað varðar tjáningarfrelsi á Íslandi því að bág staða fjölmiðlafyrirtækja er ein helsta ógn tjáningarfrelsisins. Það er þá sem ritstjórnir veikjast. Það er þá sem er nauðsynlegt fyrir þá sem stjórna landinu að hugsa mjög alvarlega um veru íslenska Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði vegna þess að það er ábyrgðarhluti þegar verið er að segja við fólk á fjölmiðlum í dag að íslenska ríkið standi í harðri samkeppni við þá miðla.

Það á að rannsaka hvers vegna bankakerfið á Íslandi hrundi og það á að vera óháð rannsókn sem er hafin yfir allan vafa. Þetta á að gera til að koma í veg fyrir að Íslendingar endurtaki mistökin. Ég efast um að við munum finna einhvern einn sökudólg í málinu þó að sumir auðmenn keppist nú við að kenna stjórnvöldum um að hafa ekki fylgst nægilega vel með sér. Það er mikilvægt að læra af sögunni annars erum við dæmd til að endurtaka hana. Ríkisstjórnin tekst nú á við núverandi ástand og ég er sannfærður um að við munum ná tökum á því og komast út úr þessari krísu. En það er mikilvægt að það sé útskýrt vandlega að innganga í Evrópusambandið leysir ekki þann vanda sem við erum stödd í núna. Það mun ekki leysa öll viðfangsefni íslenskra stjórnvalda. Hins vegar er alveg klárt að vilji ís-

lenska þjóðin forða sér frá því að lenda í öðrum eins gjaldeyris- og gengisháska og við göngum nú í gegnum þá blasir það við að okkur ber að stefna að inngöngu í Evrópusambandið og taka upp evru. Það mun tryggja stöðugleika til langs tíma á Íslandi. Það mun tryggja að íslenskur almenningur geti farið til útlanda án þess að breytast í áhættufjárfesti og að íslensk fyrirtæki geti stundað viðskipti á alþjóðamarkaði og gert spár og áætlanir og gert ráð fyrir því að þær standi.

Íslendingar eru að spyrja sig núna hvað taki við og búa sig undir framtíðina. Það er ábyrgðarhluti fyrir stjórnmálaforingja að hlýða ekki á raddir flokksmanna sinna og raddir mikils meiri hluta þjóðarinnar í þessum efnum. Almenningur á Íslandi kærir sig ekki um að ganga í gegnum aðra eins dýfu. Það verður bara tryggt með því að breyta um mynt, það er ekki flóknara en það. Það mun ekki gerbreyta íslensku þjóðfélagi að ganga í Evrópusambandið og taka upp evruna en það mun færa okkur sambærilegan stöðugleika og aðrar þjóðir í Evrópu búa við. Þetta er stærsta hagsmunamál almennings í landinu, venjulegs vinnandi fólks og atvinnulífsins.

Herra forseti. Nú skapast tækifæri fyrir fleiri hundruð Íslendinga til að afla sér menntunar. Það sýnir sig að þeir sem missa fyrst vinnuna í því ástandi sem nú er komið upp er fólkið með minnstu menntunina. Við þurfum að búa okkur undir það að taka á móti þessu fólki og auka möguleika þess á að ná sér í góða vinnu. Árið 2005 höfðu 45.000 Íslendingar á aldrinum 25–60 ára aðeins lokið grunnmenntun. Þarna erum við langt á eftir flestum Evrópuþjóðum og á svipuðu róli og Malta, Portúgal og Tyrkland. Nú er tækifæri fyrir Íslendinga til að leggja mun meiri áherslu á menntun en áður og freista þess að virkja frumkvöðla og nýsköpun og auka við rannsóknir á nýjum sóknarfærum í atvinnumálum. Við stöndum á krossgötum á þeim felast tækifæri. Við þurfum að komast til móts við þá sem missa vinnuna um þessar mundir. Við þurfum að huga að fjölskyldunum í landinu, standa vörð um grunnþjónustu samfélagsins, félagslega kerfið, heilbrigðiskerfið og ekki síst menntakerfið. Þar er grunnurinn og þar liggja tækifæri þjóðarinnar.

[18:01]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Sá kafli í ræðu hv. þingmanns vakti athygli mína þar sem hann fjallaði um fjórða valdið í þjóðfélaginu sem eru fjölmiðlar en hv. þingmaður er, eins og menn vita, fyrrverandi formaður Blaðamannafélags Íslands sem ég er enn biðfélagi í og hann væntanlega líka.

Það er ekki ofsögum sagt að fjölmiðlar beri mikla ábyrgð í lýðræðisskipan okkar og ekki síst þegar samfélagið er jafnfjölbreytt og hraðinn og alþjóðavæðingin jafnmikil og þau eru. Við getum ekki verið sérfræðingar í öllu eða fylgst nákvæmlega með. Það er hlutverk fjölmiðla að leita svara, að rýna undir yfirborðið og veita upplýsingar til almennings á gagnrýninn hátt.

Við vitum að fjölmiðlar hafa verið gagnrýndir nú að undanförnu og þeir hafa líka beitt sjálfsgagnrýni og komist að þeirri niðurstöðu að þeir hafa kannski flotið með straumnum eins og margir gerðu, ýtt undir neyslukapphlaupið og aðdáunina á því sem ég vil kalla „nýríka Nonna“ og félögum hans.

Ein ástæðan fyrir tortryggni gagnvart stjórnvöldum, ríkisstjórn, ráðuneytum og fjölmiðlum í samfélaginu eru fréttir sem bárust af fundi sem haldinn var í húsakynnum Háskólans í Reykjavík, að mig minnir, fyrir nokkrum dögum. Þar voru saman komnir, að ég held, þrír aðstoðarmenn ráðherra, þar á meðal sá sem hér talaði, hv. þm. Róbert Marshall, og útvaldir fulltrúar fjölmiðla. Ég vil nota tækifærið og spyrja þingmanninn og aðstoðarmann samgönguráðherra: Hvað fór fram á þessum fundi, hverjir voru boðaðir til hans og er reglan sú að menn haldi fundi sem þennan með útvöldum vinum sínum á fjölmiðlum í ríkisstjórninni?

[18:03]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég sé ekki að það komi málinu nokkuð við sem við ræðum hér en það hefur komið fram í fréttaflutningi af þessum svokallaða „leynifundi“ sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir nefnir, að þar var verið að kynna fyrir fulltrúum þeirra fyrirtækja og stofnana sem þarna er um að ræða, vinnu sem farið var af stað með á vegum ríkisstjórnarinnar til þess að endurheimta orðspor Íslands á erlendri grundu og traust á þjóðina. Sú vinna tók um það bil tíu daga. Búin var til aðgerðaáætlun á átta blaðsíðum og henni skilað til ríkisstjórnar. Á því tímabili sem hún var unnin var rætt við hátt í 40 manns eingöngu til þess að kynna vinnuna, og óska eftir hugmyndum og tillögum í starfið sem fram undan er.

Það er langt í frá að þar hafi verið reynt að leggja einhverjar línur fyrir þá fjölmiðla sem komu á fundinn. Mér þykir afar athyglisvert að hv. þingmaður skuli finna það upp hjá sér að koma hér upp og fjalla um eitthvað allt annað og óskylt mál sem birtist í fjölmiðlum fyrir mörgum dögum í refsingarskyni fyrir að mér skyldi hafa dottið í hug að gagnrýna þann ágæta flokk Vinstri græna og framlag hans til umræðunnar.

[18:04]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Margur heldur mig sig. Það er ekkert fjær mér en að refsa hv. þingmanni fyrir eitt eða annað. Það er hins vegar alger grundvallarmisskilningur hjá hv. þingmanninum að þetta komi málinu ekki við. Málið er nefnilega það að það er afskaplega mikil tortryggni og reiði úti í samfélaginu. Hún beinist eðlilega að ríkisstjórninni, að ráðamönnum, eins og ég rakti í máli mínu í dag, líka að auðmönnunum, að bönkunum, að Fjármálaeftirlitinu, að Seðlabankanum og einnig að fjölmiðlum. Við vitum alveg hvernig eignarhaldi á fjölmiðlum í þessu landi er háttað og hvernig valið hefur verið inn á ríkisreknu fjölmiðlana.

Þess vegna kemur það málum við, hæstv. forseti, þegar fregnir berast af leynifundum sem sumir fjölmiðlar hafa verið boðaðir til og aðrir ekki. Nú hefur hv. þingmaður upplýst hvert tilefni þessa fundar var, sem sagt kynning á aðgerðaáætlun til þess að endurheimta orðspor Íslands. Ég ætla rétt að vona að sú aðgerðaáætlun skili einhverjum árangri því að ekki veitir af að reyna að endurheimta orðsporið.

Það er miður að í rauninni skuli þurfi eitt hneyksli á dag að reka á fjörur fjölmiðla. Ég er hér að vísa til fregna sem verið hafa í blöðum undanfarna daga, annars vegar um kaup bankastjóra á 200 millj. kr. hlut í Glitni og hins vegar sölu ráðuneytisstjóra á einhverjum ótilgreindum hlut í Landsbankanum. Staðfestar fregnir eins og um þennan leynifund ala auðvitað á tortryggni manna meðan ríkisstjórnin þorir ekki að koma beint fram með það sem (Forseti hringir.) kallað er eftir sem eru skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sú þögn elur á tortryggni sem þýðir að við spyrjum um allt.

[18:07]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta er lýsandi fyrir þann málflutning sem ég var að gagnrýna hér áðan. Af hverju kallar hv. þingmaður þennan fund „leynifund“ sem búið er að greina frá í bak og fyrir, bæði hverjir sóttu hann, hvar hann var haldinn og hvenær og hvað rætt var á honum? (**ÁI:** Hann var kallaður leynifundur.) Af hverju er hann kallaður leynifundur þegar búið er (Gripið fram í.) að upplýsa það allt saman fyrir hv. þingmanni?

Það er alþekkt að fyrirtæki, stofnanir og jafnvel stjórnmálaflokkar haldi kynningarfundi fyrir fjölmiðla (Gripið fram í.) án þess að fjallað sé sérstaklega um það sem kynnt er heldur er það til upplýsingar fyrir fjölmiðlamenn og stjórnendur til þess að draga fram ólíkar hugmyndir. Hefur það aldrei hent hv. þingmann að ræða óformlega við einhvern fjölmiðlamann hér á landi? (Gripið fram í.) Er það þá alveg sjálfgefið að í hvert einasta skipti sé um leynisamtal að ræða þar sem hv. þingmaður reynir að koma einhverjum annarlegum sjónarmiðum síns stjórnmálaflokks á framfæri við fjölmiðlamanninn? (**ÁI:** Voruð þið að því?) Hvers lags er þetta?

[18:08]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég reyndi nú eftir fremsta megni í ræðu minni áðan að vera tiltölulega hupplegur við Samfylkinguna en það er bersýnilegt hverju maður á von á ef það er reynt og er ekki meira um það að segja.

Hv. þm. Róbert Marshall sagði hér að það væri engu líkara en að Vinstri hreyfingin – grænt framboð væri á móti sjúkdómum. Það er ekki svo, hv. þingmaður, en að sjálfsögðu verður að greina sjúkdóminn sjálfan (Gripið fram í.) og þá er óhjákvæmilegt (Gripið fram í.) að skoða neyslumunstrið vegna þess að í raun er um ákveðinn lífsstílssjúkdóm að ræða sem við Íslendingar líðum nú fyrir. Þá verður að greina hvernig við höfum farið með þjóðarlíkamann á undanförnum árum. Ég dró það sérstaklega fram í ræðu minni að við hefðum farið eftir stefnu Sjálfstæðisflokksins um einkavæðingu og tekið opinberar, samfélagslegar eigur og einkavætt, einkavinavætt. Það hefur verið ákveðin græðgisvæðing í samfélaginu, dramb og misskipting. Það er sú stefna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur boðið upp á, neyslan sem hann hefur boðið þjóðarlíkamanum upp á og þess vegna segi ég að um er að ræða ákveðinn lífsstílssjúkdóm.

Til þess að takast á við þann vanda sem við er að etja verða menn að vita í hverju sjúkdómurinn felst og það er það sem við höfum verið að reyna að gera. Ég tel að það sé ákveðin nauðhyggja sem felst í því að segja að við eigum engra annarra kosta völ en þessara. Það eru ýmsar læknisaðferðir til. Læknirinn sem var í sambandi við hv. þingmann hefði átt að geta upplýst hann um að alls konar lyf væru í boði, að til væru „alternatífar“ aðferðir til þess að takast á við ýmsa sjúkdóma o.s.frv. (Forseti hringir.) Það er það sem við höfum bent á í þessari umræðu og ég hefði talið að Samfylkingin ætti að taka því fagnandi að við höfum ýmislegt til málanna að leggja í þessu sambandi.

[18:10]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vakti athygli á ummælum hv. formanns Vinstri grænna vegna þess að hann fjallaði um það í ræðu sinni fyrr í dag að ríkisstjórnin væri með þrjár útgáfur af sannleikanum. Mér finnst það vera ábyrgðarhluti og kannski ekki síst hjá fjölmiðlum að draga það fram að í fyrradag var rætt við Jens Stoltenberg í fréttum Ríkissjónvarpsins. Þar sagði hann að það hefði verið grundvallaratriði fyrir aðkomu allra Norðurlandanna að málefnum Íslendinga að við sæktum um aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Í sama fréttatíma var viðtal við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon þar sem hann hélt því fram að það væri ekki skilyrði. Þess vegna lagði ég út af því í ræðu minni að það væri engu líkara en að formaður Vinstri grænna hefði gert sjálfan sig að sjálfskipuðum talsmanni Norðmanna í þessum efnum.

[18:11]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Í umræðunni hefur nokkuð verið vísað í þann ágæta mann og minn gamla skólafélaga, Jens Stoltenberg, og hvað hann hefur sagt í þessu máli. Meðal annars var vísað til fyrirspurnar sem hann fékk á þingi Norðurlandaráðs og svarsins sem hann gaf þar. Ég hef sjálfur hlustað á þær fréttir sem hv. þm. Róbert Marshall vitnaði í og ég hef líka kynnt mér umræður í norska Stórþinginu um málið.

Ég tel óhætt að fullyrða, a.m.k. ef frumtextinn þar sem Jens Stoltenberg talar um þetta mál er skoðaður, að hann segir hvergi að um sé að ræða skilyrði af hálfu Norðmanna. Hann hefur réttilega sagt að það mundi auðvelda aðkomu þeirra að málinu og þannig hjálpaði það til. Hann hefur sagt að það væri ákveðin forsenda en hann hefur ekki sagt, og ég vísa einnig í ummæli utanríkisráðherra Noregs, Jonasar Gahrs Støres, að Íslendingum yrði ekki sagt neitt fyrir verkum í þessu efni. Þeim yrði ekki sagt að þeir yrðu að fara eftir skilmálum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, það hafa Norðmenn líka sagt.

Einhver orðaði það hér sem svo að einhver orðhengilsháttur væri í gangi í þessu efni. Það kann vel að vera, ég ætla ekki að fullyrða um það. Ég held að mergurinn málsins sé samt sá að Norðmenn hafa ekki, eftir því sem ég fæ best séð og skilið út frá þekkingu minni á samfélagi þeirra og tungumáli, að þeir hafi sett aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem einhverja skilmála eða fyrirframskilyrði af sinni

hálfu þó að þeir hafi vissulega sagt þegar leið á málið að það mundi auðvelda aðkomu þeirra og annarra Norðurlanda að vinna eftir einhverju tilteknu „prógrammi“.

[18:13]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hvet hv. þingmann til þess að fara inn á vef Ríkisútvarpsins, www.ruv.is, smella þar á tengil sem heitir *fréttaupptökur* og skoða fréttaupptökur frá því í fyrrakvöld. Þar sést umrædd frétt og allir geta kynnt sér viðtalið sem fréttamaður Ríkisútvarpsins átti við forsætisráðherra Noregs.

[18:14]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegi forseti. Það fer fram skemmtileg keppni þessa dagana. Ég varaði við, ég benti á, ég sá þetta fyrir; einhvern veginn þannig hljóma upphrópanirnar í þeirri keppni þar sem hver maðurinn keppir við annan um að hafa séð það fyrir sem nú hefur skollið á Íslandi og í heiminum — en það sá enginn fyrir.

Víst höfum við öll sem fjöllum um þjóðmálaumræðu haft uppi varnaðarorð sem með einhverjum hætti kunna að eiga við í dag. Svo grafalvarleg er staðan, ekki bara hér heldur um heim allan, að enginn sá það fyrir. Um leið og við horfumst í augu við það að staðan er grafalvarleg verðum við samt að muna að ólíku er saman að jafna við þá erfiðleika sem íslensk þjóð hefur fyrr gengið í gegnum. Við erum auðug þjóð, við búum að miklum verðmætum og þeir erfiðleikar sem við þurfum nú að fást við eru auðvitað sem hjóm eitt hjá því sem fyrri kynslóðir á Íslandi hafa þurft að takast á við. Við getum bein í baki tekist á við þetta og eigum að vera bjartsýn í þeirri glímu.

Við eigum líka að muna að þessi viðfangsefni eru ekki bundin við Ísland og ekki daginn í dag. Viðfangsefni okkar eru viðfangsefni mannsins frá því að sögur hófust. Ætli Aristóteles hafi ekki verið fyrstur til þess að vara við þeim á prenti þegar hann greindi svo gáfulega breyskleika mannsins og benti svo skemmtilega á kosti peninganna en jafnframt þá galla þeirra að fé safnast upp og dautt fé ber vexti. Í þessum atriðum felast helstu viðfangsefni fjármálalífsins í heiminum í dag.

Fyrst minnst er á ritlistina getum við líka kveikt á BBC í útvarpinu og hlustað á upplestur úr *The Great Gatsby* sem lýsir óhófslífinu í Bandaríkjunum á þriðja áratug síðustu aldar sem lauk með heimskreppunni miklu og minnir auðvitað um margt á síðustu árin hér á Íslandi, þensluna og neyslufylliríið sem við höfum verið á. Við eigum að leita í þessa reynslu sögunnar og veraldarinnar að þeim lyklum að farsæld sem hún geymir, að gömlum og góðum dyggðum og málsháttum eins og „dramb er falli næst“ og „sígandi lukka er best“.

Hvað hefur gerst? Fyrst og fremst ákváðu Vesturlönd í hroka sínum fyrir 25 árum síðan, á tíma Thatcher og Reagans, að við Vesturlandabúar værum svo klár að við gætum leyft okkur að lifa um efni fram og gætum einhvern tímann í framtíðinni af gáfum okkar greitt þær skuldir sem við söfnuðum í dag. Þessi hroki gat náttúrlega ekki gengið endalaust. Skoði menn viðskiptahalla á Vesturlöndum síðustu 50 árin hófst hann fyrir 25 árum — á þessum tíma — og ég hygg að nú sé honum að ljúka. Einmitt nú þurfum við Vesturlandabúar að horfast í augu við að við getum ekki leyft okkur að lifa um efni fram og þessu hlaut að ljúka. Við þurfum að endurskoða lífshætti okkar með það að leiðarljósi að við þurfum að eiga fyrir því sem við gerum.

Hér á Íslandi, þegar rykið sest, sagan verður skrifuð og persónurnar sem við erum nú svo upptekin af hverfa í skuggann, munu menn benda á að árið 1994 hafi Íslendingar, eins og stundum áður í alþjóðasamskiptum, viljað fá allt fyrir ekkert. Við gerðum samning um að gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, verða virkir þátttakendur á 400 milljóna manna markaði, en við vildum ekki taka þátt í Evrópusambandinu. Við ætluðum nefnilega að fá allt fyrir ekkert og töluðum þannig. Við ætluðum að maka krókinn á markaðnum og í viðskiptum þar en vildum ekki eiga aðild að myntinni, ekki eiga aðild að Evrópska seðlabankanum, ekki að skrifræðinu, þinginu eða framkvæmdarvaldinu yfir þessum markaði. Við héldum í barnaskap okkar að þannig gætum við fengið allt fyrir ekkert og komist undan þessu leiðinlega og kostnaðarsama, skrifræðinu í Brussel, öllum flóknu reglunum, stofnununum og öllu þessu þunglamalega sem litla eyþjóðin vildi vera laus við þegar við værum að græða á markaðnum og nýta sveigjanleika okkar, eins og við kölluðum það. Barnaskap vegna þess að staðreyndin er auðvitað sú að með reglulegu millibili bresta markaðir og þess vegna, og af því að kreppur koma líka með reglulegu millibili, hefur maður stofnanir yfir markaði. Maður hefur myntbandalög og skrifræði á markaði og yfir markaði sameiginlegan pólitískan vettvang og sameiginlegt pólitískt framkvæmdarvald. Mistök okkar voru þau að við gerðumst ekki aðilar að öllum þessum þáttum sem voru nauðsynlegir til þess að geta með farsælum hætti starfað á þessum markaði yfir lengri tíma.

Þegar stormurinn skall á 14 árum síðar og kreppan í heiminum byrjaði hrundum við eins og spilaborg vegna þess að við vorum laus undan skrifræðinu og hinu pólitíska samstarfi, höfðum ekki Evrópska seðlabankann og enga bandamenn til að vinna með í þeim erfiðleikum sem að markaðnum steðjuðu. Írar hafa bent á að ef þeir hefðu ekki verið svo heppnir að vera hluti af þessu samfélagi — hluti af þessum viðbrögðum — hefðu þeir verið einangraðir. Þá hefði farið nákvæmlega eins fyrir þeim og hinni eyjunni úti fyrir meginlandi Evrópu, Íslandi.

Af þessu þurfum við að læra. Við þurfum einfaldlega að læra að ef við ætlum að vera hluti af hinum evrópska 400 milljóna manna markaði þurfum við að vera hluti af samfélagsstofnunum þess. Enda er það í raun og veru ósiðleg hugmynd að vilja græða á markaði en vera ekki tilbúinn til þess að taka þátt í því félagslega samstarfi sem fram fer á og yfir þeim markaði. Ég held að við þurfum kannski ekki síst á næstu mánuðum og missirum að gæta að sóma okkar og reisn og leitast við að vera fullgildir og virkir þátttakendur en ekki reyna í sífellu að fá allt fyrir ekki neitt.

Hvers vegna vildu menn ekki gerast aðilar að skrifræðinu í Brussel? Það er dálítið hjákátlegt að hugsa til þess núna. Menn sögðu að þá værum við að afsala okkur sjálfstæði okkar. Eins og Svíþjóð, Danmörk eða önnur aðildarríki Evrópusambandsins séu ekki sjálfstæð ríki? Hvar

standa einangrunarsinnarnir eftir að hafa haldið þessu fram hér árum saman? Jú, þeir liggja grátandi á tröppum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og biðja um neyðaraðstoð. Við gerum út sendinefndir austur til Moskvu til þess að biðja um lán, förum land úr landi til þess að leita eftir aðstoð, skömmtum gjaldeyri og höfum djúpstæðar og verulegar áhyggjur af framtíðinni. Hvar er nú sjálfstæðið? Ætli okkur væri ekki sæmra að vera sjálfstæðir, virkir þátttakendur í samstarfi fullvalda ríkja í Evrópu eins og í Evrópusambandinu en að vera í stöðu beiningamannsins eins og við hljótum að þurfa að horfast í augu við að við erum nú.

Jú, virðulegi forseti, ég held að sjálfstæðisrökin um að gerast ekki aðilar að Evrópusambandinu heyri sannarlega sögunni til því að einangrunarstefnan sem menn vildu fylgja gagnvart Evrópusambandinu hefur gert okkur algjörlega ósjálfstæð. Við erum einfaldlega hjálparþurfi og magnvana. Við sjáum núna þegar reynir á að við höfum ekki þau tæki sem þarf til þess að bregðast við áföllum í alþjóðlegum fjármálaviðskiptum og á fjölþjóðlegum markaði eins og hinu Evrópska efnahagssvæði. Ríkisstjórnin hefur ekki þann styrk sem hún þarf að hafa, Seðlabankinn er eins og áhugamaður á þessum harða leikvelli og þar reka hver mistökin önnur. Við leitum og leitum að bandamönnum en finnum fáa og við höfum enga varasjóði til að sækja í. Ef þetta verður ekki stjórnmálaflokkunum á Alþingi tilefni til þess að endurskoða afstöðu sína (Forseti hringir.) til Evrópusambandsins, eins og það hefur orðið þjóðinni tilefni til þess að endurskoða afstöðu sína, þá held ég að við (Forseti hringir.) í þessum sal þurfum að hugsa verulega okkar gang.

[18:24]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta var um margt athyglisverð og vel upp byggð ræða hjá hv. þm. Helga Hjörvar. Ég ætla ekki að fara mikið efnislega í hana nema upphafið þar sem hann lagði út af því að nú kæmi hver á fætur öðrum fram á völlinn og segðist hafa séð þessa þróun fyrir en í raun hefði enginn séð hana fyrir. Það var kjarninn í því sem hv. þingmaður sagði í upphafi síns máls.

Ég vil þó segja að auðvitað hafa mjög margir á undanförnum árum varað við þeirri þróun sem hefur orðið í okkar efnahagsmálum, geigvænlegum viðskiptahalla, þessari miklu og takmarkalausu — ef svo má segja — útrás og skuldbindingum með mikilli uppbyggingu bankakerfisins þannig að bankageirinn var orðinn tí- til tólfföld þjóðarframleiðsla okkar.

Það má segja að auðvitað sá enginn fyrir að allt mundi gerast í einu en menn áttu að sjálfsögðu, m.a. eftirlitsstofnanir okkar, að taka mark á viðvörunarbjöllunum sem voru í gangi um stærð bankakerfisins. Jafnvel þótt ekki hefði annað gerst en að einn af stóru bönkunum þremur hefði orðið gjaldþrota, og þurfti ekki endilega alþjóðlega fjármálakreppu til, hefðu fylgt því gríðarlegar skuldbindingar fyrir íslenska þjóð. Allar þessar viðvörunarbjöllur klingdu en það tók enginn mark á þeim og enginn tók að sér að grípa til ráðstafana. Ríkisstjórnirnar, bæði sú sem nú situr en einnig og ekki síður sú síðasta, létu þetta allt saman eiga sig. (Forseti hringir.) Það er auðvitað það sem er blóðugt í þeirri stöðu sem við erum í nú.

[18:27]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir. Já, auðvitað vöruðu margir við ýmsu, bæði ég og hv. þingmaður og eflaust hinir 60 kollegar okkar hér í þinginu. Skárra væri það nú, við erum í þjóðfélagsmálum, ræðum um þjóðfélagsmál og auðvitað eru alltaf ýmsar blikur á lofti sem við bendum á. En sá fellibylur sem gengur yfir heiminn í dag og ekki hefur sést í 100 ár og hið algjöra hrun hér á Íslandi er langtum meira en nokkur spáði eða sá nokkru sinni fyrir. Ég undirstrikaði það bara til þess að leggja áherslu á hversu alvarleg staðan væri.

Um eftirlitsstofnanir okkar og það sem hefði mátt gera — út af fyrir sig er margt rétt í því og eflaust hefur margt verið gagnrýnivert. Það sem ég var að segja í ræðu minni var hins vegar að þegar öll þau smáu atriði og einstöku þættir falla í gleymskunnar dá og menn horfa yfir þetta tímabil sem liðna sögu munu menn skýra hana þannig að árið 1994 hafi lítil þjóð reynt að fara inn á gríðarlega stóran markað og haldið að hún gæti með sínum litlu eftirlitsstofnunum, litlu pólitísku völdum og litlu varasjóðum tekið þátt í þeim leik. Hún hafi lært þá hörðu lexíu í hinum stóra og harða heimi viðskiptanna að það er ekki hægt að fá allt fyrir ekkert.

Ég vona að lærdómurinn verði líka sá að þess vegna hafi hún tekið ákvörðun um að verða fullgildur þátttakandi í því félagslega samstarfi sem fram fer á Evrópska efnahagssvæðinu og heitir Evrópusambandið.

[18:29]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður sagði að fellibylurinn hefði verið langtum meiri og verri en menn hefðu nokkurn tíma séð fyrir. Ég sagði reyndar líka að jafnvel þótt ekki hefði komið til hinnar stóru og miklu alþjóðlegu fjármálakreppu voru samt sem áður blikur á lofti í okkar efnahagslífi hvað varðar þær skuldbindingar sem við vorum að taka á okkur með þessari miklu uppbyggingu og miklu stærð bankakerfisins, þannig að því sé til haga haldið.

Hins vegar voru einnig farin að koma fram teikn fyrir ári síðan í Bandaríkjunum, í ágúst eða september árið 2007, sem áttu að vera mönnum umhugsunarefni. Þetta var rætt m.a. hér á vettvangi Alþingis. Það var talað um mikilvægi þess að efla gjaldeyrisvaraforðann æ ofan í æ en aldrei var talinn vera rétti tíminn til þess að gera það. Þannig að þó að þessi kreppa sé miklu meiri og alvarlegri en við sáum fyrir og gerðum okkur grein fyrir stefndi samt sem áður í að mikil vandræði gætu orðið í okkar samfélagi. Fyrir utan það sem menn gátu ekki séð fyrir átti bara það sem mönnum átti að vera ljóst að vera tilefni til þess að gripið yrði til ráðstafana, m.a. þess að efla gjaldeyrisvaraforðann, en því miður var það látið reka á reiðanum.

Síðan er hægt að segja að það hafi engan tilgang í sjálfu sér að vera að rifja þetta allt upp því nú sé verkefnið að takast á við þá stöðu sem við erum í. Auðvitað má segja að það sé rétt að við verðum að koma okkur út úr þeim vandræðum sem við erum í núna en það má bara ekki gleyma þessu þegar menn gera dæmið upp og taka ákvörðun um í hvaða átt við ætlum að stefna héðan í frá. (Forseti hringir.) Kúrsinn má ekki verða sá sami.

[18:31]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir hvert orð hjá hv. þingmanni. Ég vil hins vegar árétta það og undirstrika að það er sannfæring mín að þær áherslur sem Samfylkingin hefur haft, allt frá stofnun sinni, um að við ættum að vera virkir þátttakendur í hinu félagslega samstarfi á þeim markaði sem við störfum á, virkir þátttakendur í því myntbandalagi sem þar er, hefur oft úr þessum ræðustól verið hrópað niður sem töfralausnir eða skammtímalausnir, að það sé ekki svar við vanda dagsins í dag því það sé langtímameðferð.

Við höfum haldið þessu fram allt frá stofnun Samfylkingarinnar og allt frá þingkosningunum árið 1999 eða í nærfellt áratug. Í nærfellt áratug höfum við haldið þessu til haga í allri umræðu og það er orðinn býsna langur skammtíminn sem menn hafa ekki hlustað á þau aðvörunarorð. Í raun og veru vék hv. þingmaður sjálfur að því í ræðu sinni fyrr í dag, sem var efnismikil og málefnaleg eins og hans er von og vísa, að sannarlega væri ein af stærstu orsökunum þess sem við erum að glíma við það sem hann kallaði orðrétt: hina veiku íslensku krónu.

[18:33]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var að mörgu leyti magnþrungin ræða sem hv. þm. Helga Hjörvari hélt hér áðan. Hann kom mjög mikið inn á Evrópusambandið og hversu mikils virði það samstarf væri, hversu vel þessar þjóðir bökkuðu hver aðrar upp og þá sameiginlegu samfélagslegu ábyrgð sem þær deila með sér. Ég get að mörgu leyti tekið undir þetta. Ég er enginn sérstakur aðdáandi Evrópusambandsins en enginn sérstakur andstæðingur heldur.

Mér hefur þó fundist að undanförnu að um margt hafi — já ég er hér í andsvörum og ætlast til að þingmaðurinn hlusti. Ég var að spá í það, ef ég hefði spurt hv. þm. Helga Hjörvar að því í gær að ef upp kæmi bankakreppa í Danmörku, hvort honum hefði ekki þótt líklegast að stuðningur hefði komið frá hinu Evrópska efnahagssvæði.

[18:34]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið og get út af fyrir sig tekið undir ýmislegt af því sem hann sagði. Ég held ekki að maður eigi að vera með eða á móti þessu samstarfi. Ég held að maður eigi bara að taka þátt í því. Það eru bæði kostir og gallar við skrifræðið í Brussel. Það eru kostir og gallar við Evrópuþingið. Það eru kostir og gallar við ráðherranefndina.

Hv. þingmaður spyr um Danmörku og með hvaða hætti Danir takist á við viðfangsefni sín í dag en þar eins og annars staðar í heiminum er sannarlega líka fjármálakreppa. Það segir okkur auðvitað til um hvers konar erfiðleikar eru að gamalgróin viðskipta- og fjármálaþjóð eins og Danaveldi sjálft, Danir sem lengi voru nýlenduherrar okkar séu í þeim erfiðleikum sem þeir nú eru.

Þar ræða menn mjög ákaflega og það er skoðun forsætisráðherra Danmerkur, sem er sömu stjórnmálaskoðunar og er í systurflokki hv. þingmanns í Danmörku, að það valdi þeim verulegum erfiðleikum að hafa hafnað upptöku evrunnar á sínum tíma. Þrátt fyrir að þeir hafi næstum því farið alla leiðina og ákveðið að tengja dönsku krónuna með 2,5% vikmörkum við evruna þá reynist það þeim mjög erfitt núna. Og hvaða sögu segir það ekki um þá fráleitu ákvörðun okkar, 300.000 manna þjóðar, að reyna að halda hér á floti í Atlantshafinu minnstu gjaldmynt í heiminum þegar Danir ræða það í alvöru að þeir hefðu þurft að vera með evruna að vopni í þeim erfiðleikum sem þeir eru að fást við í núna? Ef þeir þyrftu á því að halda hversu mjög hefðum við ekki þurft á hinu sama að halda?

[18:36]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Lendi þeir í fjármálakreppu verður þá ekki að teljast líklegast að fyrsta aðstoð þeirra komi frá Evrópusambandinu?

[18:37]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er náttúrlega eins og ég vék að að Danir höfnuðu upptöku evrunnar, ólíkt því sem Finnar gerðu. Ég kom heim í gærkvöldi af Norðurlandsráðsþinginu þar sem við fengum að heyra umræður forsætisráðherra Norðurlandanna um fjármálakrísuna, ræðu Stoltenbergs, m.a. um það sem sneri að Íslandi og sömuleiðis umræður Anders Foghs Rasmussens um það hversu mikilvægt hefði verið fyrir Dani að hafa evruna núna. En í Finnlandi þar sem evran var tekin upp þá hafa Finnar auðvitað bakstuðning Evrópska seðlabankans. Ef menn ætla að hafa þann bakstuðning að fullu þá þurfa þeir náttúrlega að vera fullir aðilar að myntbandalaginu.

Ég held hins vegar að ég muni það rétt þótt það sé alltaf varasamt að fara með svoleiðis „på stående fod“ eins og Danirnir mundu segja, að Evrópski seðlabankinn sé að vissu leyti bakhjarl að þessari tengingu dönsku krónunnar við evruna og hljóti að minnsta kosti tiltölulega snemma í ferlinu að koma á stuðningi við Dani þó að það kunni að vera að Norðurlöndin geri það fyrst.

[18:38]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Það hefur margt komið fram í dag en ekki endilega allt um efnisatriði málsins sem er efnahagsástandið og samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Margir þingmenn hafa eytt helsta púðri sínu í að kalla eftir tillögum þingflokks vinstri grænna, tillögum til úrlausnar, og virðast hafa gleymt því að við erum margoft búin að bjóða fram hjálp okkar í þeim vanda sem nú steðjar að en hún hefur ekki verið þegin. Þannig að ég ætla svo sem ekki að eyða miklu púðri í þann málflutning.

Mig langar hins vegar að ræða dálítið um form og það hvernig við tökumst á við þennan vanda, við sem sitjum hér á þessu þingi. Stjórnarandstöðuþingmenn og jafnvel sumir þingmenn ríkisstjórnarflokkanna hafa kvartað undan því að þingið hafi ekki verið haft nægilega með í ráðum. Við ræðum hér um plagg sem hefur verið kallað efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar sem þó hefur ekki komið til neinnar formlegrar umfjöllunar hér inni. Við vitum að ríkisstjórnin seg-

ist vera með áætlun og við vitum að stýrivaxtahækkun Seðlabankans er hluti hennar. Að minnsta kosti samkvæmt sumum ráðherrum.

Það hefur komið fram að ekki eru allir á eitt sáttir um þetta, hæstv. fjármálaráðherra segir að stýrivaxtahækkunin sé skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hæstv. utanríkisráðherra segir að þetta sé tillaga ríkisstjórnar og svo kemur hæstv. iðnaðarráðherra sem sagði að þetta ákvörðun Seðlabankans en þeir kusu hins vegar að birta sérstaka fréttatilkynningu um að þetta væri jú víst skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Og þó að þetta væri allt saman trúnaðarmál, þ.e. hið fræga „Letter of Intent“ sem hefur verið nefnt, þá væri þetta eðli málsins samkvæmt ekki lengur trúnaðarmál. Á heimasíðu Seðlabankans kemur fram að í samningsgerðinni í 19. tölulið segi, með leyfi forseta:

„To raise the policy interest rate to 18 percent“ sem mér finnst svona skemmtileg tilvitnun hjá Seðlabankanum en þessi yfirlýsing þeirra þýðir væntanlega að þeir telja sig „de facto“ hafa verið svipta sjálfræði í vaxtaákvörðunum og eru að láta vita af því á heimasíðu sinni og það er auðvitað stórmerkilegt mál því Seðlabankinn á að vera sá sem ákveður vexti í landinu. Þetta er enn og aftur til marks um hið einkennilega stríðsástand sem ríkir milli Seðlabankans, bankastjóra hans og ríkisstjórnarinnar.

Ég velti því fyrir mér úr því að málið er í þessum einkennilega farvegi hvort ekki væri betra að fá breiðari aðkomu að efnahagsáætluninni þar sem jafnvel væri hægt að fá upplýsingar um á hverju hún byggist þannig að við þurfum ekki að reiða okkur á svona óljósar heimildir. Hér kemur hin munnlega geymd inn í og það verður áhugavert fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar að ráða í mismunandi orð manna um þessi mál öllsömul.

Ég er ekki sannfærð um, svo að ég standi við þau orð mín um að ræða efnislega um málið, að þessi vaxtahækkun sé endilega rétta leiðin. Það er kannski erfitt fyrir mig að leggja mat á þetta því ég er ekki hagfræðingur en ég veit að samkvæmt hefðbundnum hagfræðilíkönum þá á að hækka vexti um leið og vart verður við verðbólgu til þess að reyna að berja hana niður og ef vextirnir, nafnvextirnir, eru ekki hækkaðir nægilega mikið þá rýkur verðbólgan upp og það getur orðið til þess að vextir hækka en ekki nægilega til að hamla verðbólgunni, sem getur endað með því að bæði verðbólga og vextir rjúka upp. Við þekkjum þetta auðvitað frá Suður-Ameríku þar sem vextir hafa farið yfir 100% og óðaverðbólga ríkt. Þar hafa hlutirnir farið úr böndunum en samt hafa menn fest sig í líkönin, oft með skelfilegum afleiðingum.

Hér hefur verið gefið til kynna að vaxtahækkuninni sé ætlað að koma jafnvægi á gjaldeyrismarkaðinn. En mér finnst að menn verði að átta sig á því að hér er búið að halda mjög háu vaxtastigi mjög lengi, án þess að það hafi skilað sér með lægri verðbólgu. Mér finnst líka að það þurfi að taka tillit til þess að ýmsir hagfræðingar hafa bent á og talið að í svona skarpri kreppu sé vaxtahækkun óskynsamleg. Vaxtalækkun geti haft betri áhrif því kreppan sé orðin svo djúp. Því auðvitað er það þannig þegar allt kemur til alls, að myntin og gjaldeyrismarkaðurinn snýst um trúverðugleika hagkerfisins og ef vaxtahækkun verður til þess að fyrirtæki fara á hausinn unnvörpum og fólk missir vinnuna unnvörpum þá dregur það úr trúverðugleika hagkerfisins og þá mun slík vaxtahækkun ekki hafa þau áhrif sem henni er ætlað.

Eins og ég sagði hér áðan þá er ég ekki hagfræðingur en mér finnst full ástæða til þess að þingið skoði þessa vaxtahækkun og þá vaxtastefnu sem hér er í gangi. Skoði rökin í málinu og fái kynningu á þessari efnahagsáætlun. Þetta væri t.d. hægt að gera í efnahags- og skattanefnd þingsins. Ekki aðeins vaxtahækkunarkafla meintrar efnahagsáætlunar heldur líka kafla tvö, þrjú, fjögur o.s.frv., sem ég vona að sé búið að skrifa af því við þurfum fyrst og fremst að byggja upp traust. Ekki bara á hagkerfinu heldur líka traust úti í samfélaginu.

Það er alveg rétt sem ýmsir sem hér hafa staðið í dag hafa rætt að traust á stjórnmálamönnum, traust á hagstjórninni, traust á peningamálastefnunni, allt þetta er langt niðri alveg eins og þjóðin er langt niðri. Atvinnuhorfurnar eru slæmar. Sparifé horfið. Skuldbindingar vaxnar mönnum yfir höfuð. Það skiptir máli til þess að byggja upp þetta traust að hér sé gagnsæi í ákvörðunum. Að þetta sé rætt á þinginu og við stöndum ekki hér og bítumst um hver segir hvað, hvernig heldur líka hvað við erum að tala um. Hvert við erum að fara með þessa efnahagsáætlun. Hvað ætlum við að gera? Af því að fólk skilur þessa vaxtahækkun ekki, vaxtahækkun sem kemur eftir að búið er að lækka vexti um þrjú prósentustig og þá kemur skyndilega hækkun um sex prósentustig og enginn áttar sig alveg á því hvaðan þetta kemur. Hver eru rökin fyrir því? Það er það sem við þurfum að ræða og mér finnst ekki hafa komið nægilega skýrt fram, virðulegi forseti.

Það er kallað eftir tillögum og auðvitað liggur það fyrir að það þarf að koma gjaldeyrisviðskiptum í lag. Þetta ástand gengur ekki mikið lengur og við sjáum það á öllum okkar viðskiptum sem eru enn í lamasessi. Við sjáum það líka á stöðu Íslendinga í útlöndum. Núna síðast í morgun voru fulltrúar sambands íslenskra námsmanna erlendis á fundi menntamálanefndar Alþingis og skýrðu frá aðstæðum námsmanna í útlöndum sem ekki eru beysnar.

Auðvitað þarf að koma markaðnum í lag og við þurfum að átta okkur á því hvort þessi vaxtahækkun muni þjóna þeim tilgangi sínum og hvað meira þarf að gera. Það þarf að klára samkomulagið við Breta en ekki undir hvaða kostum sem er. Því það má ekki skuldsetja þjóðina kynslóðir fram í tímann.

Það þarf að taka ákvörðun um endurskoðun bankakerfisins. Hæstv. forsætisráðherra sagði áðan að hann væri enn þeirrar skoðunar að þessi ríkisvæðing væri tímabundin og það þyrfti að setja bankana í einkavæðingu um leið og hægt væri. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að læra talsvert af því hvernig fór og ég held að við getum t.d. lært af nágrannaþjóðum okkar, Norðmönnum og Svíum, því eftir bankakrísuna þar í upphafi tíunda áratugarins var ákveðið að ríkið yrði hluthafi í stærri bönkum í þeim löndum, upp á 25–30% hreinlega til að geta haft þar áhrif, ekki til þess endilega til að ráða þar öllu heldur til að geta haft áhrif á það hvert bankarnir stefna. Og þar hefur verið rekin mun skynsamlegri bankapólitík en hér á landi.

Við verðum líka að gæta þess þegar lögð eru fram fjárlög að það má ekki glutra niður velferðarkerfinu. Það má

ekki glutra niður menntakerfinu eða menningunni. Ég minni á nýútkomna skýrslu ASÍ um horfurnar í efnahagsmálum þar sem lögð er áhersla á að þetta bitni ekki á velferðarkerfinu. Að þetta komi ekki niður á sveitarfélögunum og jafnvel að sveitarfélögin komi til móts við íbúana með aukinni þjónustu, t.d. með því að afnema þjónustugjöld í skólum, leikskólum og tómstundastarfi. Við vitum hins vegar að á sama tíma er búið að taka út 1.400 millj. kr. framlag frá jöfnunarsjóði og illa horfir fyrir mörgum sveitarfélögum í því árferði sem nú er.

Við þurfum líka að velta fyrir okkur atvinnuástandinu, hvernig hið opinbera geti komið að því að bæta það. Hvort hið opinbera hafi svigrúm t.d. til að fara út í viðhaldsverkefni, atvinnusköpun án þess að ráðist sé í miklar stofnfjárfestingar. Því þó að ástandið sé erfitt má það ekki verða til þess að auka misskiptinguna í samfélaginu. Hún hefur aukist á undanförnum árum og af því að hv. þm. Helgi Hjörvar ræddi áðan um alla þá sem nú kæmu og segðu: „Ég sagði það“, þá er það vissulega rétt. Það er vissulega líka rétt að það hefur verið varað við misskiptingunni og við höfum verið á ansi hraðri leið þangað.

Hér hefur líka verið rætt um fjölmiðla. Ég ætla að ljúka þessu með því að segja frá því að ég er búin að lesa yfirferð þess merka tímarits *Séð og heyrt* á því ástandi sem nú er. Það er dálítið merkilegt, ég hvet þingmenn til að skoða nýjasta eintakið af því tímariti þar sem er verið að sýna gömul blöð. Sjáið nýja Hummerinn hans. Sjáið nýja flotta húsið hans. Sjáið nýju sundlaugina hans. Við verðum auðvitað að horfa til baka og hugsa. Á hvaða vegferð höfum við verið og ætlum við að halda áfram á sömu braut um leið og við getum? Nú er kominn tími, ekki fyrir Hummera, heldur fyrir félagsleg gildi og fyrir sjálfbæra þróun og þar eigum við mikil sóknarfæri þegar við erum komin í gegnum það ástand sem nú er. En til þess að við komumst í gegnum það þarf að gera þetta ferli gagnsærra. Þingið þarf að koma að því og við þurfum að taka mjög (Forseti hringir.) yfirvegaðar ákvarðanir um peningamálastefnuna og hvert hún stefnir á næstu dögum og mánuðum.

[18:49]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hennar ágætu ræðu. Hún vék að því sem lýtur að trúverðugleika hagkerfisins og ég held að hv. þingmaður hafi haft mikið til síns máls. Það gegnir lykilhlutverki við að koma að nýju á gjaldeyrisviðskiptum með þá mynt sem við höfum haft og munum kannski hafa eitthvað áfram. Hún vék líka að stýrivaxtahækkuninni í 18% og því að það kynni að verða til þess að halda aftur af verðbólgu eða þenslu. Það er auðvitað fjarri lagi. Hér er allt í frosti og 18% stýrivextir eru ekki til þess að halda aftur af þenslu eða verðbólgu í samfélaginu.

Ég er hræddur um að 18% stýrivextir séu til þess að bæta upp trúverðugleikaskort gjaldmiðilsins og hagkerfisins. Þannig gjaldi íslenskur almenningur þess í vaxtastigi að við erum að reyna að gera hið ómögulega. Staðreyndin er sú að hér eiga spekúlantar í íslenskum krónum umtalsverðar upphæðir og sennilega umtalsvert meiri upphæðir en þessi mikli áfangi, lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem hér er til sérstakrar umfjöllunar heilan dag á Alþingi. Ef opnað er fyrir gjaldeyrisviðskipti og þeir peningar hverfa allir í burtu þarf enginn að spyrja að leikslokum.

Þess vegna hlýt ég að spyrja hv. þingmann hvort að hún telji það ekki líklegt að 18% stýrivextir séu einmitt kostnaðurinn sem íslenskur almenningur þarf að bera af því að halda úti því sem ekki er hægt að halda úti, þ.e. minnstu flotmynt í heimi sem hefur verið skotspónn alþjóðlegra spekúlanta á fjármálamarkaði (Forseti hringir.) nú um árabil og þeir hafa makað krókinn á og við fáum nú reikninginn fyrir.

[18:51]

Katrín Jakobsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt sem hv. þm. Helgi Hjörvar segir að 18% stýrivöxtum sé ætlað að reyna að stöðva gjaldeyrisflæði út úr landinu. En ég óttast líka að 18% stýrivextir verði svo sligandi fyrir almenning og fyrirtækin í landinu að hækkunin muni ekki þjóna tilgangi sínum. Eins og ég sagði áðan hljóta gjaldeyrisviðskiptin að ráðast af trúverðugleika hagkerfisins sem heildar og hugsanlega fjöldagjaldþrotum, atvinnuleysi og öðru slíku. Það er ekki trúverðugt. Þó að vaxtahækkuninni sé ætlað að skapa þann trúverðugleika óttast ég að hún muni ekki hafa þau áhrif.

Hv. þingmaður nefnir síðan hinn litla gjaldmiðil sem við búum við, hvernig fara muni fyrir honum þegar hann verður settur aftur á flot því að það er jú ætlunin. Ég held að það sé alveg ljóst að við þurfum að endurskoða alla peningamálastefnuna í kringum þennan litla gjaldmiðil því að í hagkerfi með flotgengi sem við höfum búið við virðist krónan vera ansi lítil og veik.

[18:52]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Mér finnst að við hv. þingmaður séum í mörgum atriðum sammála hvað þetta varðar. Ég held að það ætti að vera okkur mikið umhugsunarefni að við höfum í raun og veru skapað þá stöðu sjálfviljug á undanförnum árum að fjárfestar, gjaldeyriskaupmenn, vogunarsjóðir og hinir ýmsu aðilar hafa á vixl getað tekið hér stöðu með og á móti krónunni, eins og það er kallað, í gjaldeyrisbraski og haft í ávinning af því gríðarlegar fjárhæðir, trúlega tugi milljarða í það minnsta á hverju einasta ári mörg undanfarin ár. Þeir fjármunir vaxa ekki á trjánum. Þeir duttu ekki af himninum ofan. Í lok dagsins þarf einhver að greiða hagnaðinn til spákaupmannanna, hagnaðinn sem þeir höfðu af því að hafa að leiksoppi þá tilraun okkar til þess að halda úti þessari flotmynt.

Ég vil leyfa mér að efast um að með þá sáralitlu fjármuni sem við tölum um að fá frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hugsanlega nágrönnum okkar á Norðurlöndunum séum við í neitt betri aðstöðu til þess að glíma við spákaupmenn á markaði því að ég er hræddur um að þeir hafi í rassvasanum umtalsvert meira en einhverja 4–5 milljarða dollara til þess að taka stöðu með eða á móti því sem við ætlum að reyna að setja á flot aftur. Ég spyr hv. þingmann hvort hann hafi trú á því að við með þá litlu varasjóði (Forseti hringir.) sem við höfum nú getum yfir höfuð rekið hér peningamála-

stefnu sem byggir á því að koma krónunni á flot aftur.

[18:55]

Katrín Jakobsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er satt að segja nokkuð erfitt að svara spurningu sem þessari af því að mér finnst ég sem og aðrir þingmenn ekki hafa fengið nægar upplýsingar um t.d. hvað við höfum í hendi og hvað felst í skilmálum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég lýsti áðan áhyggjum mínum af skuldsetningu þjóðarinnar. Ég lýsti einnig áhyggjum mínum af krónunni sem litlum gjaldmiðli í hagkerfi með flotgengi.

Til þess að geta talað um þessi mál af einhverju viti finnst mér þingið þurfa að fá frekari upplýsingar. Nú er Úkraína að fá neyðarlán og þar krefst Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þess að gjaldmiðill þeirra verði settur á flot. Það eru ýmis fleiri skilyrði sem þar hafa komið upp. Meðal annars er þess krafist að almenningssamgöngur verði ekki niðurgreiddar, að húsnæðiskostnaður verði ekki niðurgreiddur af ríkinu þannig að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setur mjög hörð skilyrði á velferðarkerfið, félagslega kerfið. Það veldur mér því áhyggjum að vita ekki hvaða skilmála við eigum von á heyra um frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þótt okkur hafi verið sagt að þeir séu aðgengilegir.

Það er erfitt að taka afstöðu til peningamálastefnunnar meðan þokan er enn jafnþykk í efnahagsumræðunni og raun ber vitni. Ég ítreka að ég hef talsverðar áhyggjur af krónunni sem gjaldmiðli í þessu samhengi fljótandi gjaldmiðla.

[18:56]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Þessi umræða hefur nú staðið í allan dag og auðvitað af ríku tilefni. Ég ætla ekki að endurtaka það sem aðrir ræðumenn hafa sagt hér í fjölmörgum ræðum í dag að ástandið er auðvitað grafalvarlegt og aðstæðurnar eru þannig að við þurfum að skoða marga hluti upp á nýtt.

Aðstæðurnar eru grafalvarlegar eins og ég segi og ástæðurnar fyrir því eru margar. Ég held hins vegar að það sé ekki uppbyggilegt fyrir okkur að ræða mikið um þessi mál í páskildagatíð eða viðtengingarhætti eins og mér hefur þótt bera nokkuð við hér í þessari umræðu. Ég held að það sé mikilvægara fyrir okkur að hugsa hver þau verkefni eru sem við stöndum frammi fyrir, hvað við þurfum að gera og hvernig við ætlum að koma okkur út úr þeim vanda sem við blasir.

Það fyrsta sem þarf að takast á við er það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera að undanförnu, að reyna að lágmarka þann skaða sem fjármálakreppan og bankahrunið hafa valdið hér á landi. Að reyna að tryggja eftir mætti að hér starfi áfram bankakerfi. Að reyna með nýjum aðgerðum, m.a. með samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, að koma gjaldeyrismarkaði aftur á. Það eru þær aðgerðir sem hægt er að lýsa sem fyrstu skrefunum til að bregðast við vandanum.

Í framhaldinu, þegar við verðum komin yfir erfiðasta hjallann, blasir annað við. Við þurfum að vega og meta hvað fór úrskeiðis. Við þurfum bæði að fara yfir hvað gerðist á hinum alþjóðlegu fjármálamörkuðum sem hafði svo mikil áhrif á okkur og hefur haft áhrif út um allan heim. Menn hafa lýst þessu þannig að hér sé um að ræða verstu fjármálakreppu í hundrað ár og þótt ekki sjái fyrir endann á henni hugsa ég að hægt sé að leggja slíkt mat á stöðuna.

Við þurfum líka að meta og skoða hvaða þættir gerðu það að verkum að við Íslendingar vorum jafnberskjaldaðir fyrir áhrifum hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu og raun ber vitni. Þó að orsakir þeirra atburða sem átt hafa sér stað á undanförnum vikum séu að miklu leyti áhrif hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu getum við ekki horft fram hjá því að ýmsir innlendir þættir ollu því að við vorum ef til vill viðkvæmari en aðrir. Það þarf að meta og fara yfir.

Síðasta og kannski mikilvægasta verkefnið er að reyna að horfa til framtíðar og meta hvernig við ætlum að byggja hér upp samfélag til framtíðar sem getur boðið landsmönnum upp á þau lífskjör sem við viljum búa við, lífskjör sem eru sambærileg við það sem gerist í löndunum í kringum okkur, lífskjör sem gera það eftirsóknarvert að búa hér á landi. Við sem stjórnmálamenn hljótum að móta framtíðarstefnu okkar sem fellur að þeim markmiðum um að Ísland verði sambærilegt öðrum vestrænum ríkjum, bjóði upp á sambærileg lífskjör bæði hvað varðar efnisleg gæði og aðstæður að öðru leyti. Það er alveg ljóst að við þurfum að endurmeta marga þætti þegar kemur að þeirri stefnumótun. Við þurfum að skoða hug okkar, skoða hvað við höfum verið að gera, hvað betur má fara og leita leiða til þess að finna lausnir í því sambandi.

Ég tek eftir því í umræðunni, bæði hér í dag og í fjölmiðlum, að margir vilja líta til Evrópusambandsins og evruaðildar sem einhvers konar töfralausnar í þessu sambandi. Flestir viðurkenna eins og eðlilegt er að aðild að Evrópusambandinu og upptaka evrunnar fela ekki í sér lausn á þeim bráðavanda sem við eigum nú við að stríða. Samt er mjög stutt í að harðir áhugamenn um Evrópusambandið fari að tala um Evrópusambandsaðildina og evruupptöku í samhengi við þau vandamál sem við glímum nú við frá degi til dags. Ég held að það sjónarmið byggi meira á óskhyggju en raunhæfum kostum. Ég held að hvernig sem við skoðum þetta þurfum við að taka sjálf á okkar málum til þess að ná okkur upp úr þeim vanda sem við eigum í. Við getum ekki leitað til Evrópusambandsins eða Myntbandalags Evrópu og sagt: Þar er lausnin. Við þurfum sjálf að taka til hjá okkur og koma á þeim stöðugleika sem nauðsynlegur er til þess að hér geti þrifist öflugt efnahagslíf.

Evruaðildin er þar að auki ekki eitthvað sem menn panta og fá í hraðpósti. Evrópusambandsaðild gerist ekki á einni nóttu. Sama þótt menn vilji ákafir komast þar inn þarf að uppfylla ákveðin skilyrði. Það þarf að gera samkomulag við Evrópusambandið. Það þarf að fara í gegnum ákveðið ferli þar innan dyra. Hér á landi þurfa menn auðvitað að hugsa til þess að Evrópusambandsaðild er ekki möguleg nema að við förum í gegnum ákveðnar breytingar á stjórnarskrá okkar og öðrum slíkum þáttum. Það er því sama hversu ákaft menn vilja komast inn. Það gerist ekki einn, tveir og þrír.

Sama á við um evruna því að evruaðild byggir á mjög ströngum skilyrðum t.d. um að stöðugleika í efnahagsmálum sé náð áður en farið er inn en ekki eftir að inn er komið. Skilyrðin lúta auðvitað að ríkisfjármálum með kröfum um fjárlagahalla. Skuldastaða hins opinbera má ekki fara yfir tiltekin mörk. Það byggir líka á atriðum sem varða peninga-

málastjórn eins og um vexti sem mega ekki vera yfir ákveðnu meðaltali þeirra landa sem búa við lægsta verðbólgu. Verðbólgan sjálf má ekki vera nema 1,5% yfir þeirri viðmiðun sem er meðaltal þeirra þriggja landa sem búa við minnsta verðbólgu innan evrusvæðisins. Eins er gerð krafa um að gengissveiflur hafi verið innan tiltekinna marka í aðdraganda inngöngu. Það er því ljóst, hvernig sem menn líta á málið, að menn verða að ná stöðugleika hvort sem þeim líkar betur eða verr og stöðugleikinn þarf að koma á undan evruaðild en ekki dugar að bíða þangað til að evruaðildin er orðin að veruleika.

Við Íslendingar erum harla langt frá því að uppfylla skilyrði Maastricht-samkomulagsins eins og staðan er í dag. Þær hremmingar sem gengið hafa yfir okkur síðustu vikurnar hafa gert það að verkum að við erum enn lengra frá því að ná Maastricht-skilyrðunum en áður.

Ég held hins vegar, fyrst ég ræði hér um Maastricht-skilyrðin, að full ástæða sé til að skoða þau bæði fyrir stuðningsmenn og andstæðinga Evrópusambandsins og upptöku evrunnar og jafnvel að sameinast um að gera þau að markmiðum sem við viljum stefna að. Ég held að báðir hópar ættu að geta sameinast um að ná því að uppfylla Maastricht-skilyrðin en auðvitað verðum við að hafa í huga að það krefst gríðarlegra erfiðra aðgerða, bæði á sviði ríkisfjármála og peningamála.

Ég held að það væri nær að gera það frekar en ætla að útkljá deilurnar í dag sem vissulega eru hjá þjóðinni um hvort við eigum að ganga í Evrópusambandið eða ekki. Ég tel að brýnna að við náum saman um að stefna að Maastricht-skilyrðunum eins og forsætisráðherra benti reyndar á í viðtali nú í vikunni. Við eigum að stefna að því að þeir meginhópar sem takast á í Evrópumálunum sameinist um meginsjónarmiðin. Harðir Evrópusinnar ættu að átta sig á því að ef við erum ekki fær um að sameinast um (Forseti hringir.) leiðina að Maastricht-skilmálunum er tómt mál að tala um Evrópusambandið og myntsamstarfið sem framtíðarlausn á okkar málum.

[19:07]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hans. Þar heyrist því haldið fram enn einu sinni að umræðan um Evrópusambandið eigi ekki við til að leysa vandamál dagsins í dag.

Við í Samfylkingunni höfum heyrt þá röksemdafærslu í níu ár eða frá stofnun Samfylkingarinnar árið 1999 og í kosningunum þá. Þessi dagur og vandamál hans eru farin að vera býsna langdregin þegar dagarnir eru komnir á fjórða þúsundið. Ég spyr hv. þingmann hvort hann telji ekki í ljósi sögunnar að farsælast hefði verið fyrir Ísland að taka þá stefnu þegar árið 1999 að uppfylla fyrsta Maastricht-skilyrðið, sem er auðvitað að ganga inn í Evrópusambandið, og leitast síðan við að uppfylla hin skilyrðin um stöðugleika.

Ég spyr hv. þingmann einnig hvort hann telji það ekki óhóflega bjartsýni í þeim aðstæðum sem við erum í núna að við getum yfir höfuð rætt að við munum ná Maastricht-skilyrðunum um stöðugleika í ríkisfjármálunum á næstu missirum eins og þjóðhagsspáin blasir við okkur.

[19:08]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar spurði mig hvort að ég teldi ekki að við hefðum átt að fylgja tillögum Samfylkingarinnar þegar árið 1999 og ganga inn í Evrópusambandið og stefna að Maastricht-skilyrðunum og evruaðild.

Ég tel svo ekki vera. Ég held hins vegar að það sé miklu mikilvægara fyrir okkur að ræða núna, frekar en hvaða stefnu við höfum haft í fortíðinni, hvernig við ætlum að horfa til framtíðar, hvaða skref við ætlum að taka á næstu árum til þess að byggja hér upp þann stöðugleika sem nauðsynlegur er fyrir íslenskt efnahagslíf.

Ég vek athygli hv. þingmanns á því að ég mælti hér fyrir ákveðinni sáttaleið sem er þess eðlis að bæði stuðningsmenn og andstæðingar upptöku evru og aðildar að Evrópusambandinu ættu að geta fallist á hana. Maastricht-skilyrðin sem slík eru skynsamleg efnahagsleg markmið, þau eru skynsamleg hagstjórnarmarkmið. Ég held að það væri í rauninni meiri ástæða fyrir okkur að sameinast um þau markmið, vinna að tillögum og leiðum sem færa okkur nær þeim frekar en að eyða tíma okkar í að deila um hvort við ætlum að ganga í Evrópusambandið eða ekki.

Ég held að bæði fyrir andstæðinga og stuðningsmenn evruaðildar og Evrópusambandsaðildar ættu Maastricht-skilyrðin að geta verið ákveðið leiðarljós. En það er hins vegar rétt sem hv. þm. Helgi Hjörvar segir að við núverandi aðstæður erum við býsna langt frá því að ná þeim markmiðum. Því er það ef til vill bjartsýni að stefna að þeim en hvort sem við viljum (Forseti hringir.) vera innan eða utan Evrópusambandsins og myntsamstarfsins eru þetta markmið sem við ættum að stefna að.

[19:11]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Við erum greinilega sammála, ég og hv. þingmaður, um að Maastricht-skilyrðin eru ekki innan seilingar og í nálægri framtíð hljótum við að hafa önnur og raunhæfari keppikefli. Það er skoðun mín að við ættum að keppa að því að fara í Evrópusambandið núna m.a. vegna þess að með því komumst við inn í EMR II, fyrra stig í myntsamstarfinu. Það gæti verið okkur styrkur í þeim aðstæðum sem við erum í nú.

Um fortíðina er ég algjörlega ósammála hv. þingmanni. Ég er þeirrar skoðunar að hægt sé að hafa tvær skoðanir um þetta efni: Annars vegar að við eigum að vera aðilar að evrópska markaðnum og þar með að Evrópusambandinu, evrunni, evrópska seðlabankanum og öllu því sem fylgir því að vera þátttakandi á 400 milljóna manna markaði.

Hins vegar getur maður verið þeirrar skoðunar að hér eigi að reka einangrað íslenskt samfélag með sérstökum gjaldmiðli sem er þá handstýrt eins og gert var stundum með ágætum árangri á árunum áður og byggir fyrst og fremst á frumgreinum um framleiðslu og þess háttar. En að reyna að gera bæði í einu, að spila á hinum stóra alþjóðlega markaði í þeim hörðu viðskiptum sem þar eiga sér stað með pínulitla mynt og veikburða eftirlitsstofnanir, reynslulítinn seðlabanka og litla varasjóði, er að reyna að gera hið ómögulega.

Þess vegna hefði okkur farnast betur ef við hefðum tek-

ið annan hvorn kostinn, að einangra okkur sem þjóðríki og handstýra hér framleiðslusamfélagi upp á gamla mátann eða að taka skrefið alla leið og verða fullgildir aðilar að Evrópusamstarfinu, uppfylla Maastricht-skilyrðin og innleiða hér þá mynt sem við þurftum og fá þann bakstuðning frá Seðlabankanum sem við þurftum. (Forseti hringir.) Valkostirnir til framtíðar eru reyndar einnig þessir tveir.

[19:13]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hygg að við hv. þm. Helgi Hjörvar náum ekki saman um þetta. Hins vegar held ég að það sé mikilvægt fyrir okkur núna, hvort sem við viljum sjá framtíð okkar innan Evrópusambandsins með evruna eða utan þess, að við stefnum að því að ná þeim efnahagslega stöðugleika sem nauðsynlegur er til þess að íslenskt atvinnulíf geti vaxið og dafnað.

Ég held að við þær erfiðu aðstæður sem við búum við ættum við að sameinast um það sem við getum verið sammála um frekar en að ýfa það sem við vitum að við erum ósammála um. Það er í rauninni miklu uppbyggilegri nálgun en að rífast um hvaða skref við hefðum átt að taka árið 1999 eða síðar. Ég held — og mér heyrist við hv. þm. Helgi Hjörvar vera sammála um það — að Maastricht-skilyrðin feli í sér skynsamleg markmið um efnahagsstjórn.

Þess vegna held ég að við ættum að setjast niður og velta fyrir okkur hvernig við náum í náinni framtíð, vonandi sem fyrst, markmiðum um ríkisfjármál og peningamál sem gera það að verkum að við getum uppfyllt Maastricht-skilyrðin. Hvaða skref þurfum við að stíga? Það eru ekki auðveld skref allt saman. Það mun krefjast mjög erfiðra ákvarðana, bæði á sviði ríkisfjármála og peningamála, að uppfylla þessi markmið. Ég held að það væri uppbyggilegra og nærtækara fyrir okkur að sameinast um að vinna slíkar tillögur og áætlun frekar en að deila um Evrópusambandsaðild og evru sem snýst auðvitað um miklu fleira en bara peningamálastjórn þótt hún sé vissulega mikilvæg.

[19:15]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Hér hefur margt verið sagt um munnlega skýrslu forsætisráðherra um efnahagsmál og aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ýmissa skýringa hefur verið leitað á ástandinu sem við stöndum nú frammi fyrir og bent hefur verið á margan sökudólginn.

Víst er að margur hefur farið óvarlega í fjárfestingum á undanförnum árum og ég dreg enga dul á það að ég tel að ákveðnum blekkingum hafi verið beitt þegar sömu fyrirtækin skiptu margsinnis um hendur og hækkuðu um tugi og jafnvel hundruð prósenta án þess að nokkuð annað gerðist en að eigendaskipti urðu. Þetta minnti vissulega á verðlagninguna sem varð þegar netbólufyrirtækin voru og hétu á sínum tíma í kringum árið 2000, bóla sem sprakk. Þrátt fyrir þetta megum við ekki gleyma því að margt var gott gert í kjölfar einkavæðingar bankanna. Það var líka farið í mjög góðar fjárfestingar, arðsamar fjárfestingar, fjárfestingar sem margar voru með þeim hætti að viðskiptalífið um heim allan var sammála um að vel hefði verið gert.

Umheimurinn varaði okkur líka við. Fulltrúar Danske bank voru duglegir að benda á stöðu íslenskra banka sem reyndar höfðu þá sérstöðu að fjárfesta ekki í hinum svokölluðu húsbréfavafningum sem voru framleiddir á færibandi í Bandaríkjunum. Ég verð þó að segja eins og er að mér finnst að sú gagnrýni hafi misst ákveðna vigt og vera nokkuð marklaus í ljósi þess að í dag kom fram — og sýnir það í rauninni ástandið í heiminum — að Danske bank tók að láni 170 milljarða danskra króna. Og hvaðan? Frá bandaríska seðlabankanum. Þetta eru 3.000 milljarðar íslenskra króna, herra forseti, þetta er þrisvar sinnum hærri upphæð en öll íslenska þjóðin var að biðja um að fá að láni til að styðja við íslenska bankakerfið og íslenska hagkerfið, þetta er þrisvar sinnum hærri upphæð.

Ég átti í nokkru orðaskaki við hv. þm. Helga Hjörvar þegar hann var að dásama Evrópusambandið. Ég spurði hann í ljósi þeirrar samheldni og samvinnu og þeirrar félagslegu og viðskiptalegu hugsunar sem er hjá Evrópusambandinu: Hvert mundir þú þá telja að Danir mundu leita ef þeir lentu í fjármálakrísu? Hann taldi einsýnt að þeir mundu leita til evrópska seðlabankans þó svo að hugsanlega mundu þeir fyrst leita til norrænna seðlabanka. En nei, Danir fóru í bandaríska seðlabankann.

Hvar skyldi nú sá ágæti maður Lars Christian hjá Danske bank vera núna? Hann hefði hugsanlega átt að athuga sinn eigin rann áður en hann fór að setja út á allt hér, og það er hægt að tala niður heilt bankakerfi, það er hægt að tala niður heila þjóð ef því er að skipta eins og var gert. Það var staðreynd að bankarnir okkar stóðu ekkert verr en aðrir bankar og betur en flestir þeirra, það er staðreynd. Því má ekki gleyma þegar verið er að tala niður það fólk sem þar var að verki.

Kaupþing, sem varð fyrir hryðjuverkaárás breskra stjórnvalda, var með stöðu sem þótti til fyrirmyndar í Evrópu. En menn þurftu að tala Ísland niður, menn höfðu svo rosalega miklar áhyggjur af Íslandi og svo er Danske bank einn og sér búinn að sækja um 3.000 milljarða frá bandaríska seðlabankanum. Þetta er ótrúlegt. Ég segi það að Danir og fleiri þjóðir sem sneru við okkur baki þegar við báðum um skitna 700 milljarða, liggur mér við að segja í þessum samanburði, ættu að skammast sín. Með því að beita hryðjuverkalöggjöfinni á Íslendinga hafa Bretar fyrirgert öllum rétti sínum, við erum búin að gera upp við þá. Eignirnar sem þeir eyðilögðu eru búnar að borga fyrir Íslendinga.

Herra forseti. Við verðum að horfa fram veginn, þannig er staðan í dag. Það þýðir ekki endalaust að horfa í baksýnisspegilinn þó svo að ég detti í það far eins og hver annar. Spurningin er: Hvað er til ráða? Í mínum huga er ljóst að m.a. verður að fara í framkvæmdir. Mjög ítarlega hefur verið farið yfir ýmis mál sem snúa að því í hvaða stöðu fjölskyldurnar eru, hvað beri að gera til að koma til móts við fjölskyldurnar, til móts við þá sem skulda háar upphæðir. Ég tek undir hvert einasta orð sem hér hefur verið sagt. En við þurfum að fá eitthvert fé til framkvæmda. Hvernig ætlum við að gera það? Hvernig ætlar ríkið að gera það? Hvernig ætla sveitarfélögin að gera það? Hér má ekki allt verða stopp, það er býsna einfaldur „keynesismi“ sem þarf að beita hér. Þær framkvæmdir þurfa að vera með þeim hætti að þær kalli ekki á aukin rekstrarútgjöld en skapi fólki

vinnu sem að þeim kemur. Margar fjölskyldur í byggingariðnaði eiga um sárt að binda og margar fjölskyldur tengdar byggingariðnaði, fjölskyldur þeirra sem þjónusta byggingariðnaðinn, og svo hefur þetta sín margfeldisáhrif inn í bankakerfið o.fl.

Ég er alfarið á móti hækkun þjónustugjalda því að það mun ýta undir verðbólgu og vísitöluhækkanir. Í því samhengi er ég frekar tilbúinn til að skoða skattahækkanir. Sumir hafa talað um að lækka hæstu launin eins og t.d. hefur komið fram hjá fulltrúum Kópavogsbæjar. Það er gott og vel og ég er í sjálfu sér tilbúinn til að lækka launin mín og ekkert vandamál með það. En það er líka til önnur leið til að lækka launin þó að annað orð sé notað og það eru skattar. Mér er í sjálfu sér sama hvor leiðin er farin en við þurfum fjármagn til framkvæmda.

Við þurfum líka að gera allt til þess að laða að erlenda fjárfestingu og við eigum ekki að hika við að breyta löggjöf okkar á þann veg að hún sé ívilnandi og freistandi fyrir erlenda aðila til að koma hér inn. Neyðarlögin geta náð yfir slíkt. Við verðum líka, eins og margir hafa bent á, að skera fituna innan úr stjórnkerfinu, innan úr opinberum stofnunum. Þá er ég ekki að tala um uppsagnir heldur vitum við að margt er hægt að gera betur í rekstrinum þar inni.

Ég hef stundum spurt mig að því þegar maður er staddur á ráðstefnum erlendis hvort Íslendingar hefðu kannski ekki sloppið með helmingi færra fólk á einstaka ráðstefnur eða fundi. Við þurfum að líta í okkar eigin barm hér, stofnanir þurfa að líta í sinn eigin barm. Fyrirtækin eru á fullu að skera niður rekstur sinn og við þurfum að gera það líka. Við græðum hins vegar ekkert á því að fara í einhverjar uppsagnir, ekki nokkurn skapaðan hlut, það væri að hella bensíni á eldinn. (**Gripið fram í:** Varnarmálastofnun.) Já, hv. þingmaður, ég held að það megi taka til hendinni þar og ég get algjörlega tekið undir álit þeirra sem telja að við ættum ekkert að vera að kalla Bretana hingað í byrjun þar næsta mánaðar.

Herra forseti. Hér hefur byggst upp mikil þekking þrátt fyrir allt, mikill þekking í viðskiptum, mikil þekking í ferðaþjónustu, mikil þekking á öllum sviðum ef svo má segja. Sú þekking má ekki liggja í dvala. Hún er okkar nærtækasta auðlind og sú auðlind sem auðveldast er að virkja. Sú virkjun verður ekki tafin með umhverfismati.

[19:25]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hlýddi á ræðu hv. þm. Ármanns Kr. Ólafssonar og tók eftir því að hann nefndi að við þyrftum að laða að erlenda fjárfesta og byggja upp atvinnulífið hér. Nú háttar þannig til að við erum nokkur nýkomin af þingi Norðurlandaráðs sem var haldið í Helsinki. Þar hélt þingmaður frá danska þinginu, Lene Barfod, ræðu, en hún er úr sósíalistaflokknum Vinstri grænum. Hún hélt því fram að eitt af því mikilvægasta sem Norðurlöndin gerðu væri að fjárfesta í loftslagsmálum. Þetta var skýr og ákveðin skoðun þessa hv. þingmanns. Forsætisráðherra Dana ræddi mikið um græna orku, hún væri framtíðarlausnin, hún væri framtíðin og að við þyrftum að fara út í að finna upp græna orkugjafa og leysa vandamál okkar með því.

Nú langar mig að spyrja, þar sem hv. þingmaður ræddi um erlenda fjárfesta sem þyrftu að koma hingað til lands, hvort við eigum að skoða breytingu á lögum um umhverfismat og hvernig við eigum að laða þessa fjárfesta að með tilliti til þess að það er ósk og nánast krafa af þessum þingum að við notum og virkjum græna orkugjafa á Norðurlöndum.

[19:26]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Kjartani Ólafssyni fyrir þessi orð. Ég vil undirstrika það að þegar kemur að umhverfismati er ég algjörlega fylgjandi því. Það er algjört grundvallaratriði, held ég, þegar kemur að framkvæmdum upp að ákveðnu stigi.

Það er líka grundvallaratriði, og mér er sagt að það sé alveg skýrt erlendis, að þegar settur er einhver tímarammi á umhverfismat ber að ljúka því á þeim tíma. Ef þú reynir að fá fyrirtæki inn til Íslands og ekki er vitað hvort umhverfismatið tekur hálft ár, heilt ár, þrjú ár eða sex ár þá vilja fyrirtækin ekki koma hingað. Það mun t.d. hafa verið ein meginástæðan fyrir því að REC, norska sólarorkufyrirtækið, kom ekki hingað. Þeim fannst þeir ekki geta fengið skýr svör um það hvenær umhverfismati yrði lokið.

Að auki verð ég að segja: Eftir því sem mér er sagt geta framkvæmdir hafist áður en umhverfismati lýkur, rannsóknarboranir eru nærtækt dæmi í okkar tilviki, þ.e. að umhverfismatinu þurfi ekki að vera lokið. Ég held að við ættum að horfa til annarra þjóða og virðist mér sem einkum sé horft til norrænna þjóða, sem við höfum gjarnan tekið okkur til fyrirmyndar. Ég held að það sé grundvallaratriði að jafnmikil skylda hvíli á þeim sem framkvæmir umhverfismatið að ljúka því rétt eins og á hinum sem biðja um það.

[19:28]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Má ég þá skilja hv. þingmann á þann veg að hann vilji ekkert gefa eftir í umhverfismati, ekki ganga á hlut náttúrunnar, heldur fyrst og fremst standa við þær tímasetningar sem um ræðir í þeim lögum sem við búum við núna? Ef svo er er ég sammála þingmanninum.

[19:29]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta er hárrétt túlkun hjá hv. þingmanni, þetta er einmitt það sem ég meina. Það er hins vegar spurning hvort við getum gert sömu kröfur innan styttri tímaramma. Það mætti líka endurskoða og það tel ég mjög mikilvægt.

Eitt af því sem menn nota t.d. í Danmörku til að laða að erlenda fjárfestingu — mjög oft þarf að halda úti dýrum starfskröftum í byrjun til að kanna og skoða fjárfestingarmöguleika, og þá eru þeir með sérstakar skattafrestanir og skattaívilnanir á stjórnendateymum og sérfræðingum sem eru yfir ákveðnum tekjumörkum. Ég held að það gæti verið ein leið til að fá fyrirtækin til að freista þess að senda starfsfólk hingað til að vinna með okkur.

Ég vil líka undirstrika að við það að laða að erlent vinnuafl og við það að nýta orkuna okkar finnst mér mikið atriði að þetta sé ekki allt á sama sviði og mér finnst líka mikið atriði að það sé skoðað hversu mörg störf koma á

hverja orkueiningu. Þannig getum við verið með störf sem kalla á eitt starf — þá er ég ekki að tala um afleidd störf heldur eitt starf í viðkomandi verksmiðju eða framleiðslu — og svo getum við verið með aðra framleiðslu sem jafnvel kallar á fjögur störf á hvert megavatt. Ekki nóg með það heldur getur hlutfallið þar verið kannski 50 til 60% hálaunastörf. Þetta finnst mér líka þurfa að skoða.

Því miður, herra forseti, er ástandið að verða þannig í heiminum að maður veit ekkert hvar þetta endar. Við hefðum getað selt orku eins og ekkert væri fyrir hálfum mánuði, mánuði, þetta er kannski allt að breytast. Sama getur gerst með okkar helstu afurð, fiskinn, það getur orðið verðfall á honum. Það er grundvallaratriði að ástandið í heiminum fari að skána í efnahagslegu tilliti.

[19:31]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa því yfir að færeyska þjóðin hefur sýnt það og sannað að henni er mjög umhugað um að velgengni fái að ríkja á Íslandi. Færeyingar hafa með boði sínu um lán til Íslendinga sýnt takmarkalaust göfuglyndi sem þegar er skráð í íslenska sögu. Þetta hafa þeir gert vegna þess að þeir hafa séð að við erum í miklum vanda, svo miklum, eins og fram hefur komið, að íslenska þjóðin þarf að taka mikil og stór lán. Gríðarlega háar upphæðir, út af ástæðum sem margir hafa rakið og stafa af því að íslenskir bankar fóru í gjaldþrot. Svona í stuttu máli sagt og ég ætla ekki að segja meira um það, herra forseti.

Rætt hefur verið um hvar eigi að fá lánið. Hvað sé skynsamlegast og réttast. Ég held að allir eða langflestir séu á þeirri skoðun að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leita eftir láni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sé rétt vegna þess að með því að fá lán þar fæst alþjóðleg viðurkenning á því að það sem við gerum í endurreisn okkar og viðleitni til að bæta hag landsins fari eftir eðlilegum leiðum.

Einnig má velta því upp, þegar talað er um hvernig fjármálaheimurinn hefur verið, að fjármálalíf íslenska samfélagsins hefur verið mjög óábyrgt og glannalegt og menn hafa farið mörgum orðum um hversu óábyrgt það hefur verið. Miðað við það er varla hægt að vænta þess að eitthvert eitt ríki sé tilbúið til að lána Íslendingum fleiri hundruð milljarða, eða hvað á nú að segja háa tölu, án nokkurra skilyrða eða ákvæða.

Alveg ljóst er, herra forseti, að vandinn sem við stöndum nú frammi fyrir er það mikill að það liggur í augum uppi að framtíðin, næstu vikur, næstu mánuðir og jafnvel ár verða ekki eins og árin sem eru nú nýliðin. Þannig er það. Fyrir þjóð sem er í þeirri stöðu sem Ísland er er mjög óábyrgt að segja að hægt sé að koma inn með fjármagn. Breyta ástandinu með því og fá peninga svo allt verði eins og áður. Við stöndum frammi fyrir vandamálum og á það hefur margsinnis verið bent.

Hvernig ætlum við að taka á vandamálunum og hvert munum við horfa? Margir horfa nú þegar fram á atvinnuleysi eða eru orðnir atvinnulausir og til þess þurfum við að líta. Hvaða möguleika er hægt að koma með til að fólk geti fengið vinnu aftur? Okkar ágæti utanríkisráðherra, hæstv. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, talaði um það í ræðu sinni í dag að við ættum að efla samtök iðnaðarins, samtök sprotafyrirtækja með því að Atvinnuleysistryggingasjóður taki upp samstarf við þau með sama hætti og hann átti að taka upp samstarf við sjávarútvegsfyrirtæki sem urðu fyrir tjóni vegna niðurskurðar á fiskveiðiheimildum.

Herra forseti. Skoðun mín og margra annarra er að í lagi sé að auka þorskveiðiheimildirnar. Þær eigi þó ekki að fara beint á skipin eftir sömu reglum og verið hefur, heldur á að setja heimildirnar á markað og gefa þannig mörgum möguleika á þeim.

Um þessar mundir eru einnig margir byggingarverkamenn að missa vinnuna. Náttúrlega vegna þess að ekki verður meira byggt í þessu landi að svo komnu máli, því í og kringum borgina — t.d. í höfuðborginni og í Kópavogi, Garðabæ og ég veit ekki hvort á að segja í Mosfellsbæ — og víða um land er fullt af tómu húsnæði. Ekki halda menn áfram að byggja stóru musterin, sem hafa verið byggð að undanförnu. Þá missa byggingarverkamennirnir vinnuna og þurfa að fá aðra. Hver á hún að vera? Ég legg til að við reynum að sjá tækifæri í sjávarútveginum, í því að gefa fleirum möguleika á aðgangi að fiskimiðunum og þá væri einmitt tilvalið, eins og ég segi, að auka veiðiheimildir. Leyfa þeim sem eru með minni útgerðir og minni báta að bjóða í og róa.

Af því að hæstv. utanríkisráðherra nefndi sprotafyrirtæki í ræðu sinni í morgun verð ég að nefna atvinnugrein sem miklar vonir eru bundnar við en hefur ekki verið í jafnmikilli framrás og ætla hefði mátt, kannski vegna þess að meira rannsóknarfé hefur vantað inn í hana. En það er þorskeldi. Ég var í för með hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd vestur á fjörðum þar sem við sáum það glæsilega starf sem þar hefur átt sér stað og viðleitni til að efla nýja atvinnugrein og vera með þorskeldi. En forsvarsmenn þess kvörtuðu undan eða bentu á að meira rannsóknarfé vantaði til að ýta undir atvinnugreinina til þess að þróunin gæti orðið örari og afköstin og arðsemin meiri.

Mig langar líka, herra forseti, að nefna grein sem lætur lítið yfir sér, kræklingarækt. Í Evrópu — ef segja má það orð hér — er etinn kræklingur í hundruð þúsunda tonna vís og fleiri þúsundir manna hafa lagt sér krækling til munns bara í dag. Ég spyr: Hvers vegna hafa Íslendingar ekki selt krækling til annarra landa í mörg ár? Þetta er atvinnugrein og atvinnuvegur, sem stundaður er í mörgum löndum en við höfum ekki sett nógu mikið í það. Þetta er eitt af því sem ég tel að við ættum að gera. Vegna þess að nú er minni markaður, með fullri virðingu fyrir þeim eðlislétta málmi, fyrir ál og ekki svo mikil ásókn í að kaupa það. En það er alltaf ásókn í mat og í heimi þar sem fólki fjölgar stöðugt þarf að framleiða meiri mat. Að þessu skulum við gefa gaum, herra forseti.

Mig langar til að fara inn á margt annað. En þegar fólk lendir í vanda þá lítur það í allar áttir og spyr: Hvernig losna ég úr vandanum? Hvernig kemst ég út úr þessum vandræðum? Þótt ýmsir hafi haldið því fram að ráðamenn þjóðarinnar hafi ekki bent á ýmsar leiðir þá hefur það verið gert. Auðvitað verður vandinn ekki leystur einn, tveir og þrír og það strax á morgun, alveg eins og maður fari út í búð og kaupi sér bíl á margar milljónir og ætli svo bara að borga seinna. Þetta tekur (Forseti hringir.) allt sinn tíma.

[19:41]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég veitti ræðu hv. þm. Karls V. Matthíassonar athygli. Hann fór nokkrum orðum um mikilvægustu atvinnugrein okkar til áratuga, sjávarútveginn, og lýsti áhuga sínum á því að við sinntum fiskeldi betur m.a. þorskeldi. Ég er þingmaðurinn sem fór með hv. þm. Karli V. Matthíassyni til Vestfjarða og við kynntum okkur þorskeldi þar. Það var mjög áhugavert og ég er sannfærður um að við eigum að halda því áfram. Eldi og kynbætur eru langtímaverkefni og það þurfum við að hafa í huga.

Í dag hafa margar ræður verið haldnar og menn talað um aðild að Evrópusambandinu og verið bæði með og á móti. Sumir hafa viljað kanna möguleikana. Nú langar mig að spyrja hv. þingmann hvert álit hans er á hugsanlegri Evrópusambandsaðild, með tilliti til sjávarútvegsins, atvinnugreinar sem honum er mjög hugleikið um.

[19:43]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)***:**

Ég skildi spurninguna ekki alveg en reikna með því að hv. þingmaður hafi verið að spyrja mig hvort ég teldi sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins óæskilega fyrir íslenska hagsmuni (**KÓ:** Eða hvort við ættum að ganga inn?) eða hvort við ættum að ganga í það. Ég vil ekkert tjá mig um það. Mér finnst að þessi mál eigi að skoða mjög vel. Þegar við fjöllum um hag lands og þjóðar gerum við það á mjög hlutlausan hátt án þess að vera í einhverjum, hvað eigum við að segja, lokuðum, föstum hólfum. Annaðhvort er það svona eða hinsegin. Við verðum að hafa opinn huga fyrir því sem er að gerast í kringum okkur.

Ég er t.d. á þeirri skoðun, fyrst verið að tala um Evrópumál, að íslenska krónan sé ekki helgitákn og á ekki að vera slíkt. Sumir eru þannig þenkjandi að þeir telja að alls ekki megi sleppa henni eða láta hana fara. En hún er í raun og veru bara tákn fyrir ákveðin verðmæti. En umhverfið sem við erum komin inn í núna, efnahagsumhverfi og aukin samskipti við aðrar þjóðir hefur gert það að verkum að menn hafa spilað á íslensku krónuna. Veðjað með hana, keypt hana, selt hana og búið til alls konar bréf og dót í kringum hana sem hefur m.a. valdið þeirri slæmu stöðu sem við erum í umfram aðra.

[19:45]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Áður en hv. 6. þm. Suðvesturkjördæmis, Ögmundur Jónasson, tekur til máls er rétt að forseti geti þess að litið er svo á að samkomulag sé á milli þingflokkanna um að þessi fundur standi þar til umræðu um skýrslu forsætisráðherra er lokið.

[19:45]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Við erum að nálgast lokin á umræðu um skýrslu hæstv. forsætisráðherra um stöðuna í efnahagsmálum og um aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að okkar málum. Margir hafa tekið þátt í umræðunni sem þó hefur verið harla fálmkennd og að vissu leyti má segja að við höfum verið dæmd til þess að fálma okkur áfram því að svo margt er óljóst um forsendur þessarar umræðu.

Við vitum að miklar skuldbindingar eru að falla íslensku þjóðina, geigvænlegar lántökur. Hversu miklar þær eru vitum við ekki. Við vitum ekki heldur á hvaða forsendum íslensk stjórnvöld ætla að standa. Ég held að við séum öll sammála um að við viljum að Íslendingar standi við þjóðréttarlegar og lögbundnar skuldbindingar sem þeir hafa tekist á herðar, en hverjar eru þær? Á hvaða forsendum ætlum við að standa? Það vitum við ekki. Erum við að tala um 500 milljarða, 600 milljarða, 700 milljarða?

Síðan er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að koma að okkar málum. Hann mun fara með það fyrir stjórn sína næstkomandi þriðjudag að heimila lánveitingu til Íslands upp á 2 milljarða dollara. Okkur er sagt að við þurfum að fjórfalda þá upphæð til að ná markmiðum okkar. Hver eru þau, hver eru þessi markmið? Hér er verið að tala um tæpa landsframleiðslu sem stjórnvöld segjast reiðubúin að skuldbinda okkur og næstu kynslóðir fram í tímann, fram í næstu ár. Af hverju 2 milljarða bandaríkjadala? Af hverju 8 milljarða bandaríkjadala? Veit einhver hvers vegna? Nei.

Hæstv. forseti. Muna menn eftir támjóu skónum? Muna menn eftir þykku botnunum? Ég óttast múghyggjuna, ég óttast tískuna. Ég óttast líka tískuna í hagfræðinni og í stjórnmálunum, sömu tísku og leiddi okkur út í fenið. Í gærkvöldi kom fulltrúi Merrill Lynch, bandarísks fjármálafyrirtækis, alþjóðlegs, og sagði að vaxtahækkun hjá íslenska Seðlabankanum væri góð. Þetta er talsmaður fulltrúa jöklabréfanna á Íslandi. Þetta er talsmaður fyrirtækis sem er ekki alveg komið á hliðina en var við það og er komið núna í samkrull með öðru fyrirtæki og er hagsmunaaðili á fjármálamarkaði. (Gripið fram í.) Ég spyr: Hvers vegna þurfum við 8 milljarða bandaríkjadala? Eigum við ekki að ræða það? Það hefur enginn rætt það. Það spyr enginn stóru grundvallarspurninganna vegna þess að menn eru tilbúnir að fara inn í nýju tískusveifluna, nýju támjóu skóna, þykkbotna sólana og halda bara áfram á rússíbananum lengra út í fenið.

Ég spyr: Gæti verið að við þyrftum ekki að taka öll þessi stóru lán? Gæti verið að við ættum að hugsa það aðeins betur hvort rétt sé að fara út í frjálst flæði í gjaldeyri? Gæti verið að við með okkar litla gjaldmiðil ættum að hafa meiri stjórn á honum, meiri handstýringu og skuldbinda íslensku þjóðina minna en fjármálasérfræðingar og hagsmunaaðilar á fjármálamarkaði leggja að okkur að gera? Ég hallast að því.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 19:51.

18. FUNDUR

föstudaginn 31. október,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, stjfrv., 101. mál, þskj. 108. — 1. umr.
3. Rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Fyrri umr.
4. Aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum, þáltill., 30. mál, þskj. 30. — Fyrri umr.
5. Samkeppnisstaða fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.
6. Almenningssamgöngur, frv., 44. mál, þskj. 44. — 1. umr.
7. Andstaða við eldflaugavarnakerfi í Austur-Evrópu, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.
8. Félagsleg aðstoð, frv., 51. mál, þskj. 51. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Álfheiður Ingadóttir, 11. þm. Reykv. s.
Ármann Kr. Ólafsson, 4. þm. Suðvest.
Björn Bjarnason dómsmrh., 6. þm. Reykv. s.
Guðfinna S. Bjarnadóttir, 3. þm. Reykv. n.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanrrh., 2. þm. Reykv. s.
Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðaust.

[10:34]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 111. mál, frv. SVÓ o.fl., þskj. 120.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Hækkun stýrivaxta.

[10:34]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég tel nauðsynlegt að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. forsætisráðherra í framhaldi af því sem gerðist í gær og varðar hækkun stýrivaxta og þá yfirlýsingu og þann pólitíska rökstuðning sem kom frá Seðlabankanum í gær. En samkvæmt viljayfirlýsingu sem Seðlabankinn hefur nú gert opinbera að hluta til þrátt fyrir að um trúnaðarmál sé að ræða — og er það kannski önnur spurningin til hæstv. forsætisráðherra, hvort hann telji að Seðlabankinn hafi brotið trúnað með því að senda frá sér þá yfirlýsingu sem kom fram í gær, ég ætla ekki að fara yfir hana, hæstv. forsætisráðherra hlýtur að hafa kynnt sér hana — en í stuttu máli kemur þar fram að sú ákvörðun sem tekin var um stýrivaxtahækkun upp á 6 prósentustig sé í raun ekki tekin af Seðlabankanum heldur af alþjóðlegri stofnun í samstarfi við ríkisstjórnina eins og þetta lítur út. Þá er náttúrlega stóra spurningin sú hvort Seðlabankinn sé ekki enn þá sjálfstæð stofnun sem tekur ákvörðun um stýrivaxtahækkanir eða lækkanir eftir því sem verða vill.

Ég spyr svo í framhaldinu hæstv. forsætisráðherra: Hefði þurft að breyta lögum um Seðlabankann á hv. Alþingi áður en sú ákvörðun var tekin að hækka stýrivextina? Ég spyr líka: Var hæstv. forsætisráðherra kunnugt um að stýrivaxtahækkunin færi fram á þessum degi þegar a.m.k. helmingurinn af ríkisstjórninni var í útlöndum ef ekki meira?

[10:37]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Það er sjálfsagt að útskýra þetta mál eina ferðina enn. Í viðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans tóku þátt í bæði á vettvangi sérfræðinga en einnig á vettvangi ráðherra og bankastjóra var gert bráðabirgðasamkomulag sem kynnt var síðastliðinn föstudag. Það samkomulag á eftir að leggja fyrir stjórn sjóðsins. Það gerist vonandi í næstu viku. Á meðan er ekki hægt að birta þetta samkomulag vegna þess að um slík mál gilda ákveðnar birtingarreglur innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem við verðum að lúta en við munum auðvitað birta þetta skjal um leið og það er hægt.

Samkomulagið er í mörgum liðum. Það er í grunninn byggt á yfirlýsingu eða bréfi frá okkur til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem verður síðan tekið til afgreiðslu. Við höfum auðvitað farið vandlega yfir þann texta með sendinefnd sjóðsins sem hér var í síðustu viku. Í þessu samkomulagi er gert ráð fyrir vissum sveigjanleika hvað varðar vaxtastig og ég man ekki betur en að hv. þingmaður og fyrirspyrjandi hér hafi verið í hópi þeirra þingmanna á Alþingi sem einna fyrstur kvað upp úr með það að leita ætti til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna þessa máls. Það er gert ráð fyrir sveigjanleika í sambandi við vexti og það lá fyrir að í upphafi þyrfti að hækka vextina vegna þess að það vantaði viðspyrnu á gjaldeyrismarkaðnum til að koma fótunum undir íslensku krónuna til að ná niður með þeim hætti verðbólgunni sem er forsenda fyrir vaxtalækkunum í framhaldinu. Þannig var þetta og það lá fyrir að slík vaxtahækkun þyrfti að gerast áður en málið kæmi til afgreiðslu í stjórn sjóðsins. Seðlabankinn tekur hina formlegu ákvörðun um það. Hún var kynnt á þriðjudaginn. Þar með er sú tala að sjálfsögðu ekki lengur neitt leyndarmál, hún getur ekki verið það.

[10:39]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst leiðrétta það að ég var ekki að fjalla efnislega um hækkun stýrivaxta, ég er ekki að gagnrýna það. Ég er að gagnrýna það hvernig þetta birtist þjóðinni og nógir eru erfiðleikarnir samt hjá íslensku þjóðinni þó að hún þurfi ekki að fá þessi misvísandi skilaboð endalaust frá ríkisstjórninni, misvísandi skilaboð frá stjórnarflokkunum og svo bætist Seðlabankinn við. Í yfirlýsingunni sem kemur frá Seðlabankanum er verið að réttlæta þessa gjörð en jafnframt sagt að hún sé alls ekki tekin af bankanum sjálfum, hún sé tekin af annarri alþjóðlegri stofnun. Þar með erum við ekki lengur að fara að lögum er

varða Seðlabankann sem segja að bankinn sé sjálfstæð stofnun og taki ákvörðun um stýrivexti í landinu. Þetta er aðalatriðið og hæstv. forsætisráðherra verður að einbeita sér að því að svara þessu. Þetta er stóra málið. Sennilega hefur hann ekki reiknað með því að Seðlabankinn kæmi fram með þessum hætti og segði frá öllu málinu. (Forseti hringir.) En í Seðlabankanum stjórnar maður sem lætur ekki berja á sér eins og honum hefur greinilega fundist gert í gær og svarar fullum hálsi sem er óþolandi og segir okkur líka að það þarf að gera breytingar í Seðlabankanum.

[10:40]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Hv. þingmaður spurði áðan og mér vannst ekki tími til að svara því hvort breyta hefði þurft lögunum um Seðlabankann áður en síðasta vaxtaákvörðun var tekin. Það tel ég ekki vera. Það er auðvitað bankinn sjálfur sem formlega tekur þessa ákvörðun lögum samkvæmt og kynnir hana, enda eru þetta vextir Seðlabankans í viðskiptum við aðra banka. Það er ekkert vafamál um það. En að baki þessari ákvörðun liggur samkomulag sem gert hefur verið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til að tryggja fyrirgreiðslu á hans vegum. Það liggur fyrir samkomulag þriggja aðila, tveggja íslenskra, ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans, (**ÖJ:** Leynibréf.) það verður undirritað af báðum aðilum þegar þetta bréf fer héðan vestur um haf og mótaðilinn er svo sjóðurinn sem á eftir að afgreiða þetta formlega á sínum vettvangi.

Norrænn markaður fyrir heilbrigðisþjónustu.

[10:41]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Á þriðjudaginn var, á Norðurlandaráðsþingi, talaði hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde fyrir formennskuáætlun Íslands í norrænu ráðherranefndinni árið 2009. Þar vakti sérstaka athygli og viðbrögð einn ákveðinn þáttur í áætluninni sem bendir til þess að Íslendingar ætli að beita sér fyrir því á næsta ári að leggja áherslu á að opna markað fyrir heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndunum og komi til með að greina frá því á árinu hvaða hindranir séu á því að slíkur markaður verði til og með hvaða hætti verði hægt að ryðja þeim hindrunum úr vegi.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að þessi þáttur í formennskuáætlun Íslands olli mér verulegum vonbrigðum. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra: Er ekki komið nóg? Er þetta rétti tíminn til að gefa út yfirlýsingu um það að Íslendingar ætli að hafa forgöngu um að markaðsvæða heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndunum? Er það nákvæmlega þetta sem við þurfum á að halda sem þjóð, hvort heldur út á við eða inn á við, að búa til samkeppni í framboði á heilbrigðisþjónustu? Ég segi að sjálfsögðu nei. Hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórnin öll er á verulegum villigötum í þessu máli og það var verulega niðurlægjandi þótti mér sem sat í salnum þegar viðbrögð komu frá þingmönnum á Norðurlandaráðsþinginu þar sem þau frábáðu sér þá vinnu sem nú væri í vændum undir formennsku Íslands og spurt var hvort Íslandi hefði stuðning ríkisstjórna hinna Norðurlandanna við þessi áform sín. Nú spyr ég hæstv. forsætisráðherra: Er stuðningur hjá ríkisstjórnum Norðurlandanna við þessi áform og ætlar hæstv. forsætisráðherra virkilega að beita sér fyrir því að heilbrigðisþjónustan á Íslandi og öllum Norðurlöndunum verði markaðsvædd?

[10:44]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Hv. þingmaður virðist hafa sérstaka ánægju af því að snúa út úr alveg eins og þingmaðurinn sem tók til máls út af þessu á þingi Norðurlandaráðs gerði. Það er ekki niðurlægjandi fyrir forsætisráðherra Íslands eða hvaða stjórnmálamann sem er að sæta gagnrýni frá þingmönnum í Norðurlandaráði sem sitja yst á vinstri vængnum og eru á móti öllum breytingum og framförum til að nýta betur það fjármagn sem lagt er í þá viðamiklu velferðarþjónustu sem tengist heilbrigðismálum.

Við ræddum þessi mál mjög ítarlega á síðasta þingi. Við fórum í gegnum lög um sjúkratryggingar og við vitum alveg hver afstaða hv. þingmanns og hennar flokks er í því máli. En á norrænum markaði í heilbrigðisþjónustu er t.d. verið að tala um samnorrænan lyfjamarkað. Eru menn á móti því? Eru menn á móti því að spara peninga í almannaþjónustunni með því að nýta betur þá kosti sem t.d. sameiginleg innkaup, sameiginleg þjónusta á þessu sviði getur náð fram? Hvað á það eiginlega að þýða að vera að gera stórmál úr því sem er sjálfsagður hlutur, að reyna að fara sem best með almannafé á þessu sviði sem er auðvitað markmiðið með þessu?

Þetta er formennskuáætlun Íslands. Það þarf ekki að leita samþykkis annarra ríkisstjórna fyrir henni og hefur aldrei tíðkast á þessum vettvangi. Spurning þingmannsins á Norðurlandaráðsþinginu var út í hött hvað það varðar hvort ég hefði lagt þetta fyrir aðrar ríkisstjórnir og leitað samþykkis þeirra. Við höfum áhuga á því að vinna saman með Norðurlöndunum að því að finna leiðir til að nota almannafé sem best á þessu sviði. Er þingmaðurinn á móti því? Þýðir það að almenningur á Íslandi fái verri þjónustu en ella? Þýðir það að komin séu einhver ljót og vond markaðseða svokölluð græðgisöfl að setja klærnar í sjúklinga á Íslandi? Auðvitað ekki. Það dettur engum lifandi manni í hug. Ég held að þingmaðurinn ætti að lesa betur ræðu mína á þessu þingi og þá áherslu sem ég lagði á velferðarþjónustuna, velferðarkerfið og það sem Norðurlöndin eiga sameiginlegt í þessu máli en vera ekki með útúrsnúninga af þessu tagi (**ÖJ:** Við höfum heyrt þig tala í Valhöll.) (**ÓN:** Ert þú oft þar?)

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gefa hljóð.)

[10:46]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Já, sannleikanum verður hver sárreiðastur, vil ég segja. Það er staðreynd að hæstv. ríkisstjórn talar í tvær áttir í þessum efnum. Undirliggjandi yfirlýsingunum sem koma hér um samábyrgð og velferð er markaðsvæðingin. Sú leið hefur víða verið farin og ekki reynst vel. Við getum nefnt sem dæmi Bretland og Svíþjóð, en fyrirmyndin að hugmyndafræðinni sem ríkisstjórn Íslands ætlar að keyra núna er frá Stokkhólmi þar sem verið er að reyna nákvæmlega það sem hæstv. forsætisráðherra ætlar að keyra hér inn

í krafti meiri hluta á Alþingi og undir því yfirskini að greitt sé úr sameiginlegum sjóðum. Það á að markaðsvæða en greiða úr sameiginlegum sjóðum.

Það stendur skýrum stöfum í formennskuáætluninni að mikilvægt sé að skoða hvernig þróa megi norræna velferðarlíkanið þannig að það styrki samkeppnishæfni. Við vitum öll hvað þetta þýðir, þjóðin veit það og Norðurlandaþjóðirnar vita það (Forseti hringir.) og Norðurlandaþjóðirnar og ríkisstjórnirnar hafa ekki lýst sig samþykkar því að heilbrigðiskerfið á Norðurlöndunum verði markaðsvætt.

[10:47]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Já, það er athyglisvert, herra forseti, að nú eru þingmenn Vinstri grænna líka á móti því að styrkja samkeppnishæfni. Gera menn sér ekki grein fyrir hvað í hugtakinu felst? Við Íslendingar stöndum frammi fyrir miklum erfiðleikum og gætum misst fólk úr landi. Þá er auðvitað ekkert mikilvægara en að styrkja samkeppnishæfni landsins á öllum sviðum, veita sem besta þjónustu og liður í því, þegar kemur að opinberri velferðarþjónustu, er að fara vel með peninga, fá meira fyrir sama fé eða veita sömu þjónustu fyrir minni pening. (Gripið fram í.) Þetta snýst allt um það, hv. þingmaður. Þetta snýst ekki um illmennsku einhverra þingmanna eða ráðherra eða, eins og alltaf er verið að gefa í skyn, að til standi að níðast á gömlu fólki, sjúklingum eða öðrum. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er sí og æ að gefa slíkt í skyn en það hefur aldrei verið sagt af okkar hálfu, hvorki hér í þingsal né í Valhöll. (Gripið fram í.)

Staða Seðlabankans.

[10:48]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Í síðustu viku bárust fréttir af því að Seðlabanki Íslands hafi orðið fyrir verulegu tjóni í veðlánaviðskiptum sínum við viðskiptabanka og sparisjóði. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsætisráðherra um hvaða stærðargráðu er að ræða, hvort við erum að tala um milljarða, tugi milljarða eða hundruð milljarða. Mér er ljóst að margt er enn óráðið í þessu en við á Alþingi hljótum að geta fengið einhverja nálgun á hvort hér er um tugi eða hundruð milljarða að ræða.

Þá heyrði ég hæstv. forsætisráðherra lýsa því yfir í ræðustóli í gær að Alþingi Íslendinga mundi koma með nýtt fjármagn inn í Seðlabankann. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsætisráðherra hvaða stærðargráðu hann tali um í því samhengi, hvort við þurfum að leggja tugi milljarða inn í Seðlabankann eða hvort eitthvað sem nálgast eigið fé bankans upp á 100 milljarða geti verið í hættu.

Þegar mikið tjón verður og miklir fjármunir í eigu almennings tapast er óhjákvæmilegt að spyrja um ábyrgð, hverjir axli hana og með hvaða hætti. Í endurskipulagningu á viðskiptabönkunum hefur verið gengið fram með þeim hætti að bankastjórarnir sem þeim hafa stýrt hafa þurft að láta af störfum og nýir bankastjórar verið ráðnir til að hefja uppbyggingarstarfið. Ég spyr hvort sömu leikreglur muni gilda fyrir Seðlabankann og viðskiptabankana. Ég spyr kannski ekki síst vegna þess að nú liggur fyrir að á Alþingi, sem á að veita fjármuni inn í Seðlabankann, hafa, að ég held, flestir stjórnmálaflokkar lýst því yfir að þeir telji mikilvægt að endurskipuleggja yfirstjórn Seðlabankans með fagleg markmið að leiðarljósi. Ég held að ef svona tjón hefur orðið hljótum við að geta verið sammála um það, ég og hæstv. forsætisráðherra, að yfirstjórn bankans hljóti að koma til umræðu þegar slíkar fjárveitingar verða ræddar.

[10:50]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Seðlabankinn er ekki að fara í þrot með sama hætti og viðskiptabankarnir. Fyrr á þessu ári voru gerðar mjög ríkar kröfur til Seðlabankans um að hann veitti bönkum fyrirgreiðslu um lausafé í enn ríkara mæli en áður hafði verið og það var gert. Tekið var við veðbréfum frá bönkunum, bréfum sem bankarnir höfðu gefið út og skipt eða víxlað á milli sín þannig að einn banki lagði til tryggingarbréf frá öðrum banka fyrir lausafjárfyrirgreiðslu í endurhverfum viðskiptum í Seðlabankanum. Þetta var af flestum talið eðlilegt og nauðsynlegt.

Þegar bankarnir fóru í þrot kom á daginn að mun minni verðmæti voru falin í veðbréfunum en menn höfðu áður gert sér vonir um. Þá blasir óumflýjanlega við sú staðreynd að Seðlabankinn verður fyrir miklu tapi, hversu miklu nákvæmlega hefur ekki verið reiknað nákvæmlega út en það skiptir tugum milljarða ef ekki á annað hundrað milljarða, kannski er það um 150 milljarðar, eitthvað svoleiðis, það á eftir að komast að niðurstöðu um það.

Eigið fé Seðlabankans er um 90 milljarðar. Þess vegna er ljóst að ríkið verður að leggja bankanum til nýtt eigið fé. Alþingi verður að koma þar við sögu, hversu mikið nákvæmlega er ekki búið að reikna út eða ákveða, en hins vegar er mikilvægt að menn átti sig á að slíkt er gert með því að ríkið gefur út skuldabréf og leggur það inn í bankann. Í raun og veru er það millifærsla í bókhaldi ríkisins, skuld myndast hjá ríkissjóði og eign hjá bankanum, sem er í eigu ríkisins, á móti. Því er ekki um bein fjárútlát að ræða nema í mjög litlum mæli og ekki aðgerð sem ætti að hafa áhrif á önnur fjármál ríkisins.

[10:52]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ekki ætla ég að gagnrýna trúmennskuna sem hæstv. forsætisráðherra hefur sýnt bankastjórn Seðlabankans. Ég tel þetta ekki dagana til að leita sökudólga á Íslandi en ef ofan á allt annað hafa tapast tugir milljarða eða 150 þúsund milljónir, hálf milljón fyrir hvert mannsbarn í landinu í viðskiptum bankans þá er óhjákvæmilegt að bankastjórnin axli ábyrgð. Ekki vegna þess að það þurfi að hengja sökudólga heldur vegna þess að þá blasir við að við þurfum að endurskipuleggja yfirstjórn bankans sem svona hrapallega hefur tekist til hjá. Ekki vegna þess að í henni séu vondir menn heldur vegna þess að okkur hefur mistekist og við stjórnum landinu og verðum að axla ábyrgð á mistökunum og endurskipuleggja þá starfsemi sem er á ábyrgð okkar.

Í ljósi þess að Alþingi kemur ekki bara að málinu heldur hefur fjárveitingavaldið og fjórir af fimm stjórnmálaflokkum hér á Alþingi hafa lýst skýrt þeirri stefnu að yfirstjórn

Seðlabankans eigi að vera fagleg (Forseti hringir.) spyr ég hæstv. forsætisráðherra hvort þetta sé honum a.m.k. ekki efni til umhugsunar þegar við horfum á (Forseti hringir.) 150 milljarða króna.

[10:53]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég vil ítreka að endanleg tala liggur ekki fyrir í málinu, ég nefni þessa tölu til að fara eins nærri sannleikanum og ég get en hún gæti orðið önnur.

Þetta er til komið af ástæðum sem ég lýsti áðan. Þarna er ekki um það að ræða að bankinn hafi gert sig sekan um sérstök afglöp, bankinn reyndi að hjálpa bankakerfinu í landinu í gegnum kreppuna með lausafjárfyrirgreiðslu eins og allir aðrir seðlabankar hafa gert og lá undir ámæli fyrri part ársins fyrir að gera ekki nógu mikið í þeim efnum, sem sagt að hafa ekki komið sér upp frekari stabba af veðbréfum sem síðan hefur reynst lítil innstæða fyrir.

Við vitum ekki nákvæmlega hvað þessi veð eru mikils virði, verið er að reyna að geta sér til um það og vonandi kemst sem fyrst botn í málið.

LÍN og námsmenn erlendis.

[10:55]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Mig langar að gera stöðu námsmanna erlendis að umtalsefni hér. Nú liggur fyrir að margir þeirra eiga í miklum erfiðleikum í ljósi gengissveiflna og erfiðrar stöðu krónunnar. Fulltrúar Sambands íslenskra námsmanna erlendis komu á fund menntamálanefndar í gær ásamt fulltrúum stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna og menntamálaráðuneytis og viðruðu þar hugmyndir um hvort hægt væri að koma til móts við íslenska námsmenn erlendis. Þar hafa ýmsar hugmyndir verið nefndar, 500 þús. kr. sérstakt aukalán, neyðarlán sem kveðið er á um í reglum um lánasjóðinn, hækkun á yfirdrætti út frá meðaltalsgengi, vaxtastyrkur eða einhverjar slíkar viðbætur þannig að hægt sé að gera aðstæður námsmanna erlendis auðveldari í ástandinu sem hér gengur yfir. Við vitum að ástandið er erfitt fyrir alla hér á landi en námsmenn erlendis eru í sérstakri stöðu þar sem þeir hafa ekkert félagslegt net í kringum sig og eru einir á báti úti í heimi að eiga við þessar efnahagsþrengingar.

Mig langar að kanna það hjá ráðherra því formaður menntamálanefndar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, tók mjög vel í að settur yrði á laggirnar einhvers konar aðgerðahópur undir stjórn ráðuneytis til að fara sérstaklega yfir ástandið núna og ljóst er að mánaðamótin sem nú eru verða námsmönnum erfið og líka þau næstu. Mig langar að kanna afstöðu ráðherra til þess og hvort hún muni beita sér sérstaklega í málinu því þetta er mál sem þarf að bregðast við núna. Ljóst er að hægt er að skoða námslánakerfið í heildarsamhengi og þar má gera ýmsar breytingar en ég kalla eftir því hvort gengið verði í einhverjar skammtímalausnir til að bregðast við ástandinu eins og það er núna.

[10:57]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur fyrir að koma fram með þetta mikilvæga málefni og það er alveg rétt að námsmenn okkar erlendis mega ekki flosna upp úr námi eða finna fyrir óöryggi vegna þessa erfiða ástands. Ég hef beitt mér fyrir lausnum í málinu og mun eftir að þessum fyrirspurnatíma er lokið, hitta formann sjóðsins og námsmannahreyfinganna, aðallega SÍNE, til þess að geta vonandi í dag komið með tillögu til að leysa þennan tímabundna vanda.

Síðan, eins og hv. þingmaður sagði, getum við alltaf rætt heildarstefnu sjóðsins. Hún er náttúrlega alltaf umræðunnar virði en í dag verðum við að bregðast hratt við og líta til þeirra hugsanlegu möguleika sem við höfum og ég held að við höfum ákveðið svigrúm innan ramma sjóðsins einmitt til þess að koma til móts við þessa erfiðu stöðu námsmanna og ég vonast til þess að geta kynnt það síðar í dag.

[10:58]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég fagna því ef einhverjar aðgerðir verða kynntar í dag því ég tel að þetta sé erfið staða eins og kom fram áðan. Ég tel einnig að sú staða sem nú er uppi gefi okkur tilefni til að ráðast í endurskoðun á námslánakerfinu því eitt af því sem hefur staðið upp úr námsmönnum, sem hafa örugglega haft samband við fleiri þingmenn en mig, er yfirdráttarkerfið, að námsmenn séu settir í þá stöðu að taka yfirdráttarlán í upphafi annar og fá námslánin greidd eftir á. Þetta kerfi hefur nú verið við lýði í talsvert mörg ár eða frá 1992 og ég held að í framhaldinu, þegar við skoðum þessi mál heildstætt, sé full ástæða til að endurskoða þennan þátt lánakerfisins því þetta setur fólk oft í mjög erfiða stöðu, að vera komið í yfirdráttargildruna strax frá fyrstu önn í námi og eiga jafnvel erfitt með að losna úr henni til frambúðar.

[10:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Já, það er rétt, að mörgu er að hyggja þegar til lengri tíma er litið varðandi sjóðinn. Ég held að í þrengingunum sem við erum í muni álagið á sjóðinn aukast verulega og við verðum að hafa það hugfast nú þegar við förum í frekari stefnumótun gagnvart honum. Ég held að sjóðurinn verði að hafa ákveðið svigrúm til þess að taka á móti aukinni aðsókn — við sjáum strax merki í þá veru — í skólana, bæði háskólana en ekki síður framhaldsskólana. Ég tel að Alþingi hafi borið gæfa til að afgreiða þau lög sem voru samþykkt núna um framhaldsskólana.

Aukin aðsókn er í starfsnám, í iðnnám, og það þýðir að ákveðnar álögur leggjast þá á LÍN því ákveðinn hluti iðnmenntunar er lánshæfur. Yfir þetta allt verðum við að fara, við verðum að gera fólkinu okkar kleift að komast í nám og fjárfesta þannig í framtíðinni.

Nýsköpun og sprotafyrirtæki.

[11:00]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Mig langar að ræða stuttlega við hæstv. iðnaðarráðherra um nýsköpunar- og sprotafyrirtæki því að þær hamfarir sem nú ganga yfir skilja marga Íslendinga eftir á berangri. Þessa dagana streyma uppsagnarbréfin inn um lúgurnar en fyrirtækin eru samt sem áður að reyna allt sem hægt er til að halda í starfsfólk sitt, m.a. með því að lækka við það launin og fólk bregst vel við því við þær aðstæður sem skapast hafa. Atvinnuleysi sem við höfum ekki séð árum saman, okkar versti óvinur, er farinn að láta óþyrmilega finna fyrir sér.

Það sem er óvenjulegt við þessar aðstæður núna er hve mikið af vel menntuðu fólki er að missa vinnuna. Margt af því fólki hefur verið drifkraftur í uppbyggingu atvinnulífsins á Íslandi og við verðum að reyna að nýta krafta þess til hins ýtrasta og ná að leysa þann kraft úr læðingi áður en fólk missir hreinlega móðinn. Samtök iðnaðarins, ásamt íslenskum líftæknifyrirtækjum og fleirum hafa kallað eftir því að stjórnvöld skoði sérstaklega þetta mál út frá nýsköpunarsprotafyrirtækjum í landinu á þessum umbrotatímum, með það að markmiði að kraftar þeirra verði virkjaðir og í leiðinni að það fólk sem er að missa vinnuna geti fundið starfsorku sinni vettvang og farveg. Í því sambandi hafa menn nefnt tímabundinn samning við Atvinnuleysistryggingasjóð sem mætti nýta þá sérstaklega í tengslum við þá starfsmenn sem hafa misst vinnuna núna, sérstaklega á fjármálamarkaði. Undir þetta tók hæstv. utanríkisráðherra á þinginu í gær.

Mig langar því til að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort hann hafi haft tök á því í þeim miklu önnum sem hafa verið í ráðuneytinu á undanförnum vikum að líta til framtíðar að þessu leyti og hvort það sé einhver vinna um þessi mál í gangi í ráðuneytinu og hvort ráðherra telji að þetta sé ein af þeim leiðum sem eru fýsilegar til að hjálpa ungum Íslendingum sem nú eiga mjög erfitt.

[11:02]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Svarið við þeim þremur spurningum sem hv. þingmaður varpar til mín er játandi. Ég hef haft tök á því að skoða þetta mál og ég og starfsmenn mínir höfum haft tök á því að eiga fundi með fólki sem hefur komið fram brimandi með hugmyndir á þessu sviði. Ég vek eftirtekt á því að jafnólíkir einstaklingar og hæstv. forsætisráðherra og söngkonan Björk hafa einmitt kallað eftir því að þjóðin öll komi fram með hugmyndir á þessu sviði nú þegar þessir atburðir hrynja yfir okkur. Það hefur gerst.

Hv. þingmaður spurði sérstaklega um það hvort verið væri að vinna að því að ná samkomulagi við Atvinnuleysistryggingasjóð til að tryggja að hámenntað, vel þjálfað fólk sem nú skyndilega þarf viðfang fyrir hendur sínar og huga geti notið aðstoðar sjóðsins til þess að starfa t.d. hjá sprotafyrirtækjum eða til að stofna sín eigin nýsköpunarfyrirtæki. Svarið er já. Sú vinna er í gangi. Ég hef reyndar haft þær hugmyndir án þess að þær sé leiddar til lykta að bæði Atvinnuleysistryggingasjóður og Samtök iðnaðarins, sem hafa látið sig þessi málefni mikið varða, komi að því.

Það hafa komið fram hugmyndir, t.d. úr hópi kvikmyndagerðarmanna, um að nýta tiltekið húsnæði sem nú er komið í eigu ríkisins til að setja upp kvikmyndaver og er frábærlega hæft til að gera stúdíó. Sú hugmynd er í vinnslu. Það hafa komið fram hugmyndir frá starfsmönnum í fjármálageiranum um að setja upp frumkvöðlastöð. Það er búið að hrinda því í framkvæmd. Hún er tekin til starfa í húsinu sem er stundum kennt við apótekið, skammt frá Alþingishúsinu. Það hafa komið fram margar aðrar hugmyndir sem eru í vinnslu en þar að auki bendi ég hv. þingmanni á það að áður en þessi erfiða atburðarás hófst var búið að leggja drög að margvíslegum aðgerðum til að ýta undir nýsköpun og sprota.

[11:04]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Já, ég veit að árum saman hefur verið unnið að því að efla nýsköpunarþróun í landinu. Samt sem áður er það nú oft þannig að þegar best gengur þá fer allur krafturinn í þær áttir og oft og tíðum verður minna úr því að klára verkefni sem að þessu snúa.

Mér þótti gaman að hæstv. ráðherra skyldi nefna hugmyndabanka. Ég talaði við konu á Melrakkasléttu í morgun sem hringdi í mig og sagði: Ég er með svo margar hugmyndir, hæstv. forsætisráðherra sagði að það ætti að stofna hugmyndabanka. Ég vil endilega koma hugmyndum mínum á framfæri, hvað á ég að gera? Það vilja allir leggja sitt af mörkum í þessum vanda og ég er mjög ánægð með að heyra að hæstv. ráðherra sinni þessum málum. Ég held nefnilega að varðandi það fólk sem við erum að missa núna af vinnumarkaðinum skipti tíminn svo gríðarlega miklu máli og að fólk hafi það á tilfinningunni að það geti gert eitthvað til að koma landinu aftur upp. Við vitum að mörg merkileg fyrirtæki, t.d. Íslensk erfðagreining, eru í miklum vanda núna. Það mun verða erfitt að reka þessi fyrirtæki á næstunni, við megum heldur ekki gleyma þeim fyrirtækjum sem eru enn þá til.

[11:06]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég er sannfærður um að hugmyndabanki hæstv. forsætisráðherra verður burðarstoð í nýju bankakerfi Íslendinga. Ég vil líka nefna það að einmitt út úr þeim hugmyndum sem hafa streymt til okkar stjórnvalda frá hópum sem sjá fram á að þeir þurfa að framfleyta sér með öðrum hætti en áður og finna sér nýja iðju fyrir hendur sínar, þá hefur iðnaðarráðuneytið verið að þróa markáætlanir í tengslum við Tækniþróunarsjóð, t.d. á sviði vistvænna orkugjafa, ákveðinnar tegundar jarðhitanýtingar og sömuleiðis ferðaþjónustu. Allt eru þetta hugmyndir sem verða kynntar á næstunni og beinlínis má segja að séu sprottnar út úr þessu. Iðnaðarráðuneytið og vinna þar innan veggja hefur sömuleiðis leitt til þess að núna er komin frumkvöðlabraut á háskólastigi við einn háskólann hér. Sömuleiðis bendi ég á það að frumtakssjóðurinn mikli, Fjárfestingarsjóðurinn, mun senn taka til starfa, Tækniþróunarsjóður hefur verið efldur, það er verið að brúa nýsköpunargjána, það er því ákaflega margt í gangi. Ekki er það allt frá þeim sem hér stendur, það er alveg rétt sem hv. þm. Valgerður

Sverrisdóttir sagði. Hún lagði grundvöll að mörgu því sem núna kemur sér ákaflega vel og fyrir það er ég henni þakklátur eins og flest annað sem hún gerir gott. Það mætti auðvitað vera meira.

Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 1. umr.

Stjfrv., 101. mál. — Þskj. 108.

[11:07]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Efnislega sama frumvarp var lagt fram á 135. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Í því frumvarpi var að finna bráðabirgðaákvæði sem er ekki að finna í því frumvarpi sem hér er lagt fram. Þetta mál á sér nokkurn aðdraganda sem ég tel rétt að reifa stuttlega í byrjun.

Starfsemi frístundafiskiskipa má rekja til ársins 2005. Á þeim tíma var ekki að finna heildstæða löggjöf um starfsemina en í ljósi eðlis hennar, þar sem skip eru leigð ferðamönnum til sjóstangaveiða, var litið svo á að starfsemin sem slík væri atvinnustarfsemi. Í ljósi þess voru gerðar sömu kröfur til skipanna eins og um fiskiskip af sömu stærð væri að ræða. Hins vegar var litið svo á að áhöfnin lyti sömu lögmálum og áhöfn skemmtibáta þar sem um frístundaiðju væri að ræða og þyrfti því engin tilskilin réttindi til þess að stjórna frístundafiskiskipi.

Þau skip sem nú eru leigð til frístundaveiða eru sérsmíðuð, með einfalt stjórnkerfi og eru styttri en 8 metrar að skráningarlengd.

Í byrjun þessa árs skipaði ég starfshóp með það hlutverk að fara yfir öll lög og reglur er varða frístundafiskiskip með það að markmiði að einfalda stjórnsýslu og minnka skriffinnsku en um leið að treysta og tryggja öryggi sjófarenda. Hópurinn er enn að störfum en ákvað í byrjun að taka til sérstakrar skoðunar réttindamál stjórnenda frístundafiskiskipa.

1. janúar 2008 tóku í gildi lög nr. 30/2007, um áhafnir fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa. Í lögunum er að finna ákvæði um þær kröfur sem gerðar eru til áhafna mismunandi flokka skipa og stjórnenda þeirra eftir því hvernig skipin eru skilgreind í lögunum.

Með lögunum eru frístundafiskiskip ekki sérstaklega skilgreind. Skilgreiningarhugtak skipanna er háð því hvernig þau eru skráð í aðalskipaskrá Siglingastofnunar Íslands. Í því sambandi ráðast réttindakröfur að miklu leyti eftir því hvernig skipin eru skráð, auk stærðar þeirra o.s.frv. Þannig þurfa stjórnendur skráningarskyldra skemmtibáta að hafa sérstakt skemmtibátaskírteini. Í ljósi þess að frístundafiskiskip eru skráð sem slík í skipaskrána rúmast það ekki innan skilgreiningarhugtaka fiskiskipa eða skemmtibáta og fellur því undir flokkinn önnur skip.

Þegar af þeim sökum verður að horfa til krafna um áhafnir slíkra skipa þannig að hægt sé að heimfæra þær kröfur yfir á frístundafiskiskip. Ljóst má vera að skemmtibátaskírteini á aðeins við um skemmtibáta eins og þeir eru skilgreindir og þær kröfur sem gerðar eru til annarra skipa eiga einungis við um þá sem starfa um borð á slíkum skipum. Í ljósi þess kveða lögin ekki á um hæfnisskilyrði þeirra sem stjórna frístundafiskiskipum.

Nauðsynlegt er að bregðast við því tómarúmi, sem hefur skapast, með því að gera a.m.k. sömu kröfur til þeirra sem stjórna frístundafiskiskipum og þeirra er stjórna skemmtibátum. Um ört vaxandi atvinnugrein er að ræða og skiptir því verulegu máli að tryggja öryggi sjómanna og gera tilteknar kröfur um hæfni og þekkingu þeirra er stjórna skipunum. Þess má geta að í lok apríl sl. fórust fjórir þýskir ferðamenn í Noregi sem höfðu leigt sér frístundafiskiskip.

Hæstv. forseti. Ég mun nú stuttlega gera nánari grein fyrir helstu efnisatriðum frumvarpsins. Frumvarpið fjallar fyrst og fremst um frístundafiskiskip og um hæfniskröfur þeirra sem stjórna skipunum.

Í fyrsta lagi er að nefna að lagt er til að frístundafiskiskip verði skilgreint sérstaklega líkt og aðrar tegundir skipa.

Í öðru lagi er lagt til að gera skuli a.m.k. sömu kröfur til þeirra sem stjórna frístundafiskiskipum og þeirra sem stjórna skemmtibátum, þ.e. að viðkomandi þurfi a.m.k. að hafa skemmtibátaskírteini til strand- eða úthafssiglinga eða annað sambærilegt erlent skírteini að mati Siglingastofnunar Íslands.

Í þriðja lagi er lagt til að sá sem gerir út á starfsemi frístundafiskiskipa skuli sjá til þess að stjórnandi frístundafiskiskips hafi fullnægjandi réttindi og hafi fengið fullnægjandi kennslu á skipið, m.a. á björgunarbúnað þess, fjarskiptatæki, siglingakort o.s.frv.

Ég hef nú rakið helstu efnisatriði frumvarpsins en því til viðbótar má nefna að í frumvarpinu er að finna reglugerðar- og gjaldtökuheimild.

Eins og fram hefur komið er hér um mikilvægt mál að ræða og nauðsynlegt að tilteknar lágmarkskröfur verði gerðar til stjórnenda frístundafiskiskipa og að um starfsemina verði ákveðin umgjörð með tilliti til öryggis mannslífa, eigna og umhverfis.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð lengri heldur legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[11:13]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Það er auðvitað gott að það skuli koma fram frumvarp um réttindi á frístundaskip sem og önnur skip. Það sem mér finnst kannski vanta í greinargerð með frumvarpinu og í frumvarpið sjálft er nánari skilgreining á því hver þau réttindi eru. Í dag þurfa íslenskir sjófarendur hvort sem þeir eru á fiskibátum eða skemmtibátum að vera með svokallað 30 tonna pungapróf og margar konur eru meira að segja með slíkt próf. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hver munurinn á þessum nýju réttindum á frístundaskip og hinu svokallaða pungaprófi er. Í fyrsta lagi hefði ég haldið að gott væri að fá skýringu á því.

[11:14]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Vegna þess að þessi starfsemi, þessi nýj-

ung í íslensku atvinnulífi hefur ekki komið mikið á dagskrá á hv. Alþingi þá vildi ég fá að segja örfá orð til að lýsa ánægju með þetta frumvarp. Þetta verður vissulega skoðað í nefnd og ég hef ákveðinn fyrirvara um frumvarpið á þessu stigi máls en það hlýtur að skjóta styrkari stoðum undir þá starfsemi sem hefur skipt máli á ákveðnum landsvæðum, ekki síst á Vestfjörðum. Það hefur að sjálfsögðu ekki veitt af því að skapa ný atvinnutækifæri þar. Þess vegna lýsi ég ánægju með að hér sé verið að leggja fram frumvarp til að styrkja þá starfsemi. Að sjálfsögðu skilur maður það vel að þarna þurfi að gera ákveðnar kröfur til að þetta geti allt saman farið vel fram og að hættan sem af því stafi sé í lágmarki.

Það var svo sem ekki margt fleira sem ég ætlaði mér að segja, hæstv. forseti, annað en að lýsa þeirri skoðun minni að ég vonast til að þessi lagasetning geti eflt þá starfsemi og að hún eigi framtíð fyrir sér.

[11:16]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Frú forseti. Við fjöllum hér um frumvarp sem hæstv. samgönguráðherra hefur lagt fram um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa. Það er mjög gott að hæstv. ráðherra skuli koma með þetta frumvarp sem á að tryggja að þessi nýja atvinnugrein, frístundaveiðar, þar sem eigendur báta bjóða upp á að leigja þá út og erlendir menn fara á þeim og veiða fisk — auðvitað þurfa að vera ákveðnar reglur um það hverjir fá að róa á þessum bátum og skiptir þá engu máli hverrar þjóðar þeir eru. Það liggur í augum uppi að þeir sem fara á fiskibátum út frá ströndum lands okkar þurfa að kunna á bátana, hafa kynnt sér aðstæður og vita eitt og annað í sambandi við björgunarbúnað, talstöðvar og staðsetningartæki. Allt þetta er — að því er ég les út úr þessu frumvarpi — nánast sambærilegt við pungaprófið sem hv. þm. Grétar Mar Jónsson segir að margar konur hafi. Ég skildi nú ekki alveg hvað það kom umræðunni við en það er önnur saga.

Ég vil taka undir með hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur sem talar jákvæðum orðum um þessa atvinnugrein sem hefur vaxið mjög t.d. á Vestfjörðum. Ég hugsa að þegar komnar eru skýrar og góðar reglur í kringum bátana og annað eigi þessi grein eftir að vaxa. Menn muni sjá tækifæri í henni t.d. hér á þessu svæði, höfuðborgarsvæðinu og Faxaflóanum, því að margar hafnir eru við Reykjanes og hér í flóanum, uppi á Skaga og Arnarstapa. Einu sinni var ágæt höfn á Hellnum en hún er svo sem ekkert góð í dag.

Þetta er því mjög gott mál og vonandi verður þetta til þess að styrkja og efla þessa atvinnugrein sem fer vaxandi. Nú þegar veit ég að nokkur hundruð, ef ekki þúsundir, manna horfa til þess að njóta þeirrar ánægju og gleði sem fylgir því að fara aðeins út fyrir bryggjuna og veiða fisk í soðið, vera í tengslum við náttúruna og lífið. Það mætti vera meira um það. Ég gæti hafið hér langa ræðu um smábátaútgerð en geri það ekki.

[11:19]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Ég taldi mig vera í andsvari áðan en það var misskilningur. Ég ætlaði að fá upplýsingar hjá hæstv. samgönguráðherra um muninn á svokölluðu pungaprófi og þessum réttindum sem þarf til að geta verið á frístundabát og stunda frístundaveiðar. Það vill nú þannig til að þessir frístundabátar eru innan um aðra báta, stóra og smáa, og þekking á siglingareglum og lögum verður að vera jafngóð þar og hjá öðrum. Það að slá af og vera með minna próf og minni þekkingu en í pungaprófinu gengur náttúrlega ekki upp.

Annað vandamál fylgir þessum bátum sem kom í ljós á síðasta sumri, þ.e. að þeir aðilar sem koma og stunda veiðar á þessum frístundabátum leigja veiðiheimildir í smábátakerfinu og hafa beinlínis tekið atvinnu af atvinnusjómönnum. Þeir hafa leigt veiðiheimildir á þessa báta. Þeir aðilar sem koma frá útlöndum og stunda mest veiðar á þessum bátum eru flestir útlendingar, þeir eru tilbúnir að borga svo og svo háar upphæðir fyrir að fá að veiða og síðan láta þeir fiskinn inn í frystihús, fiskverkanir eða jafnvel á fiskmarkað. Þetta kemur illa við sjómenn á smábátum sem eru í hinu svokallaða litla fiskveiðistjórnarkerfi, litla kerfinu. Þetta þarf að horfa á varðandi þessa frístundabáta. Af hverju og til hvers erum við að hafa þá inni í einhverjum kvótum. Ég hefði haldið, sérstaklega á meðan þessi atvinnugrein er að ná fótfestu, að hún ætti alls ekki frekar að vera kvótabundin en aðrar veiðar á Íslandi. Þær eiga ekki að vera í kvóta en það er annað mál og stærra.

Rétt er að leggja áherslu á að þessir frístundabátar tóku veiðiheimildir og hækkuðu leigu á leigumarkaðnum verulega síðasta sumar. Menn fengu ekki veiðiheimildir vegna þess að frístundabátarnir spáðu ekkert í afkomu, þeir borguðu fyrir að fá að vera þetta marga daga á veiðum og það skipti þá engu máli hvort kvótinn væri 200 kr. eða 250 kr., þeir leigðu hann samt. Það eina sem fyrirtækin sem gerðu út þessa frístundabáta lögðu áherslu á var að ná í kvóta, sama hvað hann kostaði. Á sama tíma urðu íslenskir atvinnumenn — íslenskir trillukarlar — að binda báta sína og gátu ekki farið á sjó út af því að þeir voru kvótalausir og gátu ekki keppt við þessa frístundabáta um kvótaleigu.

Ég spyr hæstv. samgönguráðherra aftur: Hver er munurinn á réttindum sem menn þurfa til frístundaveiða og þessu svokallaða pungaprófi? Það væri gaman og fróðlegt að fá að vita það. Síðan bendi ég á að það þarf auðvitað að taka þannig á þessari atvinnugrein að hún eyðileggi ekki möguleika atvinnumanna í smábátaútgerð.

[11:24]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þær viðtökur sem þetta frumvarp hefur fengið hjá þeim þingmönnum sem um það hafa fjallað og vænti þess að það fái fljóta og góða afgreiðslu í samgöngunefnd. Þetta er atriði sem er mikið samkomulagsatriði.

Eins og ég gat um í ræðu minni skipaði ég starfshóp í byrjun þessa árs til að fara yfir þetta. Sú vinna átti m.a. að einfalda reglugerðarumhverfið og stjórnsýslu frístundafiskiskipa og þar með minnka skriffinnsku en um leið treysta öryggi sæfarenda. Þetta voru meginatriðin. Þetta var fyrst og fremst hugsað til þess að einfalda og styrkja þessa mikilvægu atvinnustarfsemi sem, eins og hér hefur komið fram, hefur skotið rótum og er mikill vaxtarbroddur í ferðaþjón-

ustu á Íslandi. Í þessum starfshópi eru m.a. fulltrúar frá tveimur af þeim félögum sem starfa á þessu sviði, þ.e. Finnur Jónsson frá Sumarbyggð hf. og Elías Guðmundsson frá Hvíldarkletti ehf. Eins og ég sagði hefur þessi starfshópur ekki lokið störfum en ákvað að taka þetta mál sérstaklega fyrir og því er þetta frumvarp flutt hér. Það er mikilvægt að þetta verði unnið vel í samgöngunefnd og afgreiðist vonandi fyrir jól vegna þess að þegar við fluttum frumvarpið rétt fyrir þinglausnir sl. vor — við reiknuðum náttúrlega ekki með að fá það samþykkt á þeim tíma — voru það ákveðin skilaboð til þessara fyrirtækja sem voru að auglýsa sína starfsemi.

Vegna þess sem hv. þm. Grétar Mar Jónsson fjallaði um get ég eiginlega bara vísað til þess sem ég sagði í ræðu minni, að það er lagt til að gera skuli a.m.k. sömu kröfur til þeirra sem stjórna frístundafiskiskipum og þeirra sem stjórna skemmtibátum, þ.e. að viðkomandi þurfi a.m.k. að hafa skemmtibátaskírteini til strand- eða úthafssiglinga eða annað sambærilegt erlent skírteini að mati Siglingastofnunar Íslands. Í þriðja lagi sagði ég að m.a. er lagt til að sá sem gerir út á starfsemi frístundafiskiskipa skuli sjá til þess að stjórnendur skipanna hafi fullnægjandi réttindi og hafi fengið fullnægjandi kennslu á skipið, björgunarbúnað þess, fjarskiptatækni, siglingakort o.fl.

Má ég líka vitna í það, virðulegi forseti, að hér eru auðvitað heimildir til frekari útfærslu á þessum atriðum, í reglugerðum o.s.frv. Það er mikilvægt að það komi fram. Eins og ég sagði áðan er þetta unnið í samvinnu við fulltrúa þessara fyrirtækja og þess vegna tel ég að hér sé um hið besta mál að ræða. Ég ítreka að þarna verður m.a. — væntanlega í reglugerð — lögð sú krafa á fyrirtæki sem stunda þessa starfsemi að þau verði með ákveðin grunnnámskeið þar sem farið verði í gegnum alla þessa þætti, björgunarbúnað, fjarskiptatæki, stjórnbúnað skipsins og annað, þannig að við séum að auka öryggi.

Þess má geta að margir af þeim sem hafa tekið þessa báta á leigu hafa skemmtibátaskírteini til strand- eða úthafssiglinga eða annað sambærilegt erlent skírteini. Siglingastofnun mun útfæra frekar hve miklar kröfur skuli gera til þessa.

[11:28]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig vantar nánari skýringar á því hver sé munurinn á skemmtibátaskírteini, frístundabátaskírteini og pungaprófinu svokallaða sem hefur hingað til verið talin lágmarkskrafa um réttindi sem menn þyrftu til þess að geta siglt skipum. Mér finnst vanta nánari upplýsingar hjá hæstv. samgönguráðherra um muninn á þessum þremur skírteinum sem eiga að vera í framtíðinni því að ég tel mikið öryggismál að skipstjórar á þessum skipum hafi til þess alvöru réttindi.

Ég tók eftir því að í ræðu sinni minntist hæstv. samgönguráðherra ekkert á veiðiheimildir, enda falla þær kannski undir annað ráðuneyti en hans, en þær eru hluti af útgerð á frístundaveiðiskipum. Auðvitað er mjög gott að þarna myndist nýir möguleikar í ferðamannaiðnaðinum og ekkert annað að gera en fagna því og vona að þeim gangi vel í framtíðinni. En ég hefði viljað að hæstv. samgönguráðherra útskýrði fyrir þingmönnum muninn á pungaprófi, skemmtibátaskírteini og frístundabátaréttindum og það sem varðar veiðiheimildirnar.

[11:30]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get varla í stuttu andsvari farið yfir muninn á þessum prófum sem hann var að tala um en auðvitað er það svo að í grunninn er þetta allt saman mjög sambærilegt. Við skulum líka hafa í huga að þau skip sem verið er að nota í þessa frístundaveiðimennsku eru sérsmíðuð og miklu einfaldari en aðrir bátar. Þess vegna er talið að hægt sé, m.a. til að spara kostnað, að leggja til að viðkomandi fyrirtæki séu með ákveðin námskeið sem menn verða að fara í gegnum áður en þeir fá að fara út á sjó. Það er grundvallaratriði í þessu líka og þarf auðvitað að hafa það í huga. Við frekari útfærslu á þessu atriði kemur til kasta Siglingastofnunar að útbúa hvað skuli felast í þessu námskeiði eða hvað við viljum kalla það, hvað menn telja rétt að setja þar inn og ég treysti Siglingastofnun fullkomlega til að gera það. Ég ítreka það sem hér hefur komið fram, bæði hjá mér og öðrum þingmönnum, sem eru aðvörunarorð líka um það að þrátt fyrir að við ætlum ekki að gefa afslátt á öryggismálum, við ætlum að reyna að efla þau til að koma í veg fyrir slys, þá ætlum við heldur ekki að ganga það langt að setja óþarfa byrðar á þessi félög þannig að þessi starfsemi geti ekki þrifist hér á landi.

[11:31]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er ekki nógu ánægður með þessi svör vegna þess að það vantar að skilgreina þetta betur. Yfirmaður samgöngumála í landinu, hæstv. samgönguráðherra, á að geta sagt okkur hver er munurinn á skemmtibátaskírteini, frístundabátaskírteini og svokölluðu pungaprófi eða 30 tonna réttindum heitir það nú. (**Gripið fram í:** Þú hlýtur að vita það sem skipstjóri.) Ég veit það en ég veit að þú veist það ekki og hefðir gott af því að fá upplýsingar um það hver er munurinn á þessu (Forseti hringir.) af því að við erum að fjalla um öryggismál.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Ekki ávarpa þingmenn beint úr ræðustól.)

Frú forseti. Ég harma að mér skuli hafa orðið á og að ég skyldi þúa manninn beint en ég biðst velvirðingar á því og afsökunar að hafa gert það. En vegna frammíkalls ágæts þingmanns væri mjög þarft fyrir hann og aðra hér að vita hver munurinn er á þessum hlutum. Í siglingalögum er nefnilega ákvæði um það að skipstjórnarmenn á fiskiskipum á Íslandsmiðum eiga t.d. að kunna íslensku. Mörg vandamál síðsumars hjá Landhelgisgæslunni voru út af því að þýskir ferðamenn sem voru skipstjórnarmenn á þessum frístundabátum voru ekki með réttindi og kunnu ekki íslensku. Í eitt skipti veit ég til að varðskipsmenn fóru um borð í nokkra þessara báta og þar var enginn sem kunni íslensku og enginn var með réttindi. Ég held að það hafi verið tíu bátar þar sem enginn reyndist hafa skírteini eða tala íslensku.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og samgn.

Rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, fyrri umr.

Þáltill. VS o.fl., 20. mál. — Þskj. 20.

[11:34]

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir) (F):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Siv Friðleifsdóttir, Magnús Stefánsson, Birkir Jón Jónsson og Höskuldur Þórhallsson.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að setja á stofn rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál.“

Eins og allir þekkja hafa á undanförnum tveimur áratugum orðið miklar breytingar á alþjóðlegu umhverfi Íslands. Áhrif þeirra á Ísland eru óumdeilanleg, allt frá hruni Sovétríkjanna fram að brotthvarfi varnarliðsins, sem var ekkert smámál að varnarliðið skyldi allt í einu fara af landi brott með litlum fyrirvara en það er mál út af fyrir sig sem ég ætla ekki að verja tíma í að rifja upp hér. Fyrrverandi kommúnistaríki hafa mörg hver gerst aðilar að Evrópusambandinu og NATO. Þá hefur aðild Íslands að Schengensvæðinu og sú staðreynd að Evrópa er að verulegu leyti án landamæra haft miklar breytingar í för með sér. Ég vil í tilefni af þessu bæta því við að ég tel að það hafi verið mikilvægt fyrir Ísland að nást skyldi samkomulag við Evrópusambandið um að Íslendingar gætu orðið aðilar að Schengen því að ef svo hefði ekki orðið hefði norræna vegabréfasvæðið í raun heyrt sögunni til og það hefði haft miklar afleiðingar og þýtt mikil óþægindi fyrir okkur Íslendinga.

Hröð bráðnun íss á heimskautasvæðum sem kann að valda hækkun sjávarborðs og gjörbreyta siglingaleiðum á norðurslóðum mun hafa veruleg áhrif á Íslandi. Í tengslum við það hefur vissulega verið unnið nokkuð af hálfu utanríkisþjónustunnar á Íslandi að því að reyna að átta sig á þeim breytingum sem verða við það að ísinn bráðnar og siglingaleiðir verða örugglega um þetta svæði og þá fram hjá Íslandi. Í því felast bæði ógnanir og tækifæri en við þurfum að sjálfsögðu að vera á varðbergi með að nýta okkur þau tækifæri sem af þessu skapast og ekki síst í sambandi við umskipun sem er augljóst að fara þarf fram einhvers staðar á þessu svæði. Við Íslendingar eigum því að mínu mati að leggja okkur fram við að sjá svo um að Ísland fái þarna þjónustuhlutverk. Unnin hefur verið skýrsla þar sem greind eru svæði sem líklegust eru til að koma þarna til greina og ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það að sinni. Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að þessi þróun mun að öllum líkindum valda nýrri spennu í alþjóðamálum og hafa þannig bein áhrif á íslensk öryggis- og varnarmál.

Þá má nefna þróun mála í Asíu, einkum í Kína sem er á hraðri leið í átt að verða efnahagslegt stórveldi og trúi ég að þær breytingar sem nú eiga sér stað í heiminum með efnahagsþrengingunum muni ekki breyta því og það mun hafa gríðarleg áhrif í heiminum. Ég nefni líka þá viðleitni Rússlands að endurheimta fyrri áhrif í alþjóðamálum og efast ekki um að það muni hafa áhrif á þróun heimsmála almennt og ekki síst á þróun mála á því heimssvæði sem við búum. Þá mun mótun utanríkis- og varnarmálastefnu Bandaríkjanna í kjölfar þess að nýr forseti tekur við völdum í janúar næstkomandi hafa breytingar í för með sér í sambandi við alþjóðlegt samstarf og nefni ég bæði Atlantshafsbandalagið og Sameinuðu þjóðirnar í því sambandi. Ég gef mér að það verði breytingar hvor kandídatinn sem nær því að verða kjörinn forseti Bandaríkjanna en eins og mál standa í dag eru meiri líkur á að það verði demókratinn Obama. Eins og hv. þingmenn þekkja er hann einn vinstri sinnaðasti þingmaðurinn sem situr á Bandaríkjaþingi svo menn hljóta að eiga von á því að einhverjar breytingar verði í framhaldinu.

Vaxandi fólksflutningar milli landa, sérstaklega frá Norður-Afríku og Asíu til Evrópu og frá Austur-Evrópu til Vestur-Evrópu, eru mikil áskorun og hafa Norðurlöndin ekki farið varhluta af þeirri þróun. Ég nefni líka neikvæða fylgifiska alþjóðavæðingarinnar, svo sem mansal og smygl á fólki sem eru vaxandi vandamál. Alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi er viðvarandi vandi sem ekki sér fyrir endann á. Hætta á útbreiðslu gereyðingavopna er einnig fyrir hendi og má í því sambandi minna á yfirstandandi deilu alþjóðasamfélagsins við Íran vegna áætlana Írans um auðgun úrans. Atlaga netþrjóta á tölvukerfi, í sumum tilfellum að áeggjan stjórnvalda ákveðinna ríkja, er ný ógn sem þjóðir heims standa frammi fyrir. Það er því eitt og annað sem tína má til sem rök fyrir því að halda því fram að margt sé að breytast í umheiminum og ekki síst hvað varðar Ísland og stöðu þess í hinu stóra samhengi.

Víða erlendis, þar með talið annars staðar á Norðurlöndunum, starfa rannsóknarstofnanir sem sérhæfa sig í alþjóðamálum og þróun þeirra. Við Háskóla Íslands starfar Alþjóðamálastofnun sem sett var á laggirnar árið 1990 og hefur hún unnið ágætt starf. Hún er hins vegar ekki rannsóknarstofnun eins og hér er gerð tillaga um. Vel má hugsa sér að sú stofnun sameinaðist rannsóknarstofnuninni sem hér um ræðir ef það þætti henta. Ég tek ekki afstöðu til þess hvort það er skynsamlegt og vonast til að þessi tillaga mín sé á engan hátt ögrun gagnvart því starfi sem þar fer fram.

Mikilvægt er að við uppbyggingu rannsóknarstofnunar um utanríkis- og öryggismál sé lögð áhersla á faglegt og stjórnunarlegt sjálfstæði. Þá er samstarf við alþjóðlegar stofnanir augljóslega mikilvægt.

Íslendingar búa yfir mikilli þekkingu á sviði utanríkis- og öryggismála. Þeirri þekkingu má koma á framfæri og nýta á skipulegan hátt með stofnun rannsóknarstofnunar um utanríkis- og öryggismál. Ég tel ekki nokkurn vafa á að það að hafa farið í gegnum framboðið til öryggisráðsins og allt það starf sem utanríkisþjónustan innti af hendi við að leggja sig fram um að hljóta kosningu sé m.a. ástæða þess að við höfum aldrei búið yfir eins mikilli þekkingu í utanríkis- og öryggismálum og einmitt nú. Kosningin fór eins og allir þekkja, við náðum ekki sæti og er í sjálfu sér hægt að hafa ýmis orð um það og ýmsar skoðanir á því hvers vegna svo fór en þetta er sú staðreynd sem liggur fyrir. Skoðun mín er sú að stofnun sem þessi gæti auk þess þjónað stuðningshlutverki við þann samstarfsvettvang stjórnmálaflokkanna sem boðaður var í yfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar í kjölfar samkomulags ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál frá 26. september 2006.

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta séu aðalatriðin sem hér hafa komið fram um þessa hugmynd sem er ekki óáþekk því sem við þekkjum frá öðrum Norðurlöndum. Ég geri mér grein fyrir að miðað við stöðu mála í dag og miðað við stöðu efnahagsmála, ríkisfjármála, séu ekki líkur á að af þessu verði og þessi tillaga verði samþykkt á yfirstandandi þingi en ég tel mikilvægt að hreyfa þessum málum og það geti hugsanlega og vonandi síðar orðið til þess að þessi hugmynd og tillaga geti orðið að veruleika.

[11:44]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég ætla að blanda mér stuttlega í umræðuna um þingsályktunartillögu Valgerðar Sverrisdóttur og fleiri þingmanna Framsóknarflokksins um rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál. Ég tel að hér sé hreyft mjög þýðingarmiklu máli sem varðar mikla hagsmuni Íslendinga í þessum málaflokki. Ég rifja það upp sem hv. flutningsmaður kom einnig inn á í máli sínu að stofnun af því tagi sem hér er lagt til að sett verði á fót gæti verið stuðningur við þann samráðsvettvang stjórnmálanna sem lofað var strax þegar herinn fór haustið 2006 en var jafnframt sérstaklega fjallað um í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Því miður hefur ekki orðið af þeim samráðsvettvangi enn þá eins og lagt var upp með og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum talað fyrir að settur yrði á laggirnar. Ef þetta þingmál verður til þess að þoka því máli eitthvað áleiðis er það að mínu mati mjög jákvætt. Við höfum talað fyrir því að slíkur vettvangur yrði settur á laggirnar sem gæti haft hlutverk áþekkt því sem öryggismálanefndin hafði á sínum tíma eða eitthvað í þá veru. Sú nefnd fjallaði um öryggismál á breiðum grundvelli og stóð fyrir rannsóknum, athugunum, skýrslugerð o.s.frv. um öryggismál. Ég tel því eðlilegt að við ræðum þessi mál.

Við eigum mjög mikilla hagsmuna að gæta hér á norðurslóðum. Það kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni að heilmiklar breytingar verða nú í þeim málum með bráðnun íss á heimskautasvæðum, vaxandi umferð skipa um norðurslóðir og landslagið hefur í alþjóðamálum breyst. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að stórauka samvinnu við Norðmenn á þessum vettvangi eins og reyndar á fleiri málasviðum sem hafa verið talsvert til umræðu hér í samfélaginu að undanförnu. Nægir þar að nefna efnahagsmálin og peningamálastefnu. Ég tel að við eigum að auka þar samstarf okkar við Norðmenn og eins á sviði utanríkis- og öryggismála. Við eigum mikla samleið með þeim hvað varðar ýmsa hagsmuni á þessum slóðum, t.d. varðandi öryggishagsmuni og auðlindahagsmuni. Ég tel því að við ættum að sækjast eftir samstarfi við þá hvað þá varðar.

Auðvitað má líka velta því fyrir sér, eins og hv. flutningsmaður reyndar kom inn á í lok ræðu sinnar, hvort þetta sé rétti tíminn til þess að leggja til nýjar stofnanir með auknum útgjöldum sem þeim fylgja. Það er auðvitað sjónarmið í sjálfu sér. Það er rétt hjá þingmanninum að það er kannski ekki það sem manni dettur helst í hug nú við þessar aðstæður. En það má líka spyrja sig að því hvort það gæti komið í staðinn fyrir eitthvað annað og ég nefni Varnamálastofnun í því samhengi. Frá mínum bæjardyrum séð væri nær að setja það fjármagn sem nú fer í Varnamálastofnun í verkefni eins og þetta.

Ég tek einnig undir að stofnanir eins og Alþjóðastofnun Háskóla Íslands gætu verið samstarfsvettvangur við rannsóknarstofnun um öryggis- og utanríkismál. Ég legg líka á það áherslu að stofnun af þessu tagi þarf að vera sjálfstæð. Hún þarf að búa við faglegt og stjórnunarlegt sjálfstæði eins og flutningsmenn gera ráð fyrir í greinargerðinni með tillögunni. Ég ítreka að hún getur líka verið vettvangur fyrir samstarf stjórnmálaflokka í öryggis- og utanríkismálum. Þeir gætu hugsanlega átt einhverja aðkomu að stofnun af þessum toga þannig að frá okkar bæjardyrum séð tel ég óhætt að fullyrða að við skoðum þessa tillögu mjög gaumgæfilega og erum alls ekki með einhverja fyrirframgefna afstöðu hvað málið varðar. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum einnig haft hugmyndir um að setja á laggirnar smáríkjastofnun Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og er það liður í sjónarmiðum okkar í utanríkis- og öryggismálum sem eru þekkt.

Við munum skoða tillöguna með opnum huga og sjáum marga kosti við hana. Hún gæti leyst aðra starfsemi af hólmi sem við höfum síður áhuga á að lagðir séu miklir fjármunir í eins og komið hefur fram í umræðum á Alþingi.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og utanrmn.

Aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum, fyrri umr.

Þáltill. SF o.fl., 30. mál. — Þskj. 30.

[11:50]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum. Meðflutningsmenn með þeirri sem hér stendur eru hv. þingmenn Kolbrún Halldórsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir og Magnús Stefánsson.

„Alþingi ályktar að félagsmálaráðherra feli Jafnréttisstofu það verkefni að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum.“

Tillagan var áður flutt á 135. löggjafarþingi og flutningsmenn telja að það sé mjög mikilvægt nú í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga að beitt verði markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnum. Ein leiðin að því markmiði er að fela Jafnréttisstofu, sem þekkir þessi mál mjög vel í samfélaginu, að annast slíkar aðgerðir. Samhliða því þyrfti að auka fjármagn til Jafnréttisstofu.

Næstu sveitarstjórnarkosningar verða haldnar vorið 2010. Það hefur verið talsverð umræða um að efla þurfi hlut kvenna í þeim kosningum en það er alveg ljóst að þrátt fyrir umræðu í gegnum árin og ýmis átaksverkefni vantar enn þá töluvert upp á að hlutur kvenna í sveitarstjórnum geti talist eðlilegur.

Ég rifja það upp að í síðustu sveitarstjórnarkosningum árið 2006 var hlutur kvenna 35,9% og svipaðar prósentutölur má sjá í stjórnum, nefndum og ráðum sveitarfélaganna. Hlutur kvenna í sveitarstjórnum hefur aukist mjög hægt eins og menn geta séð á öllum tölulegum upplýsingum. Það

er líka rétt að minnast þess að síðustu alþingiskosningar skiluðu ekki til baka því hlutfalli sem við höfðum náð á fyrri tíð. Á kjörtímabilinu 1999–2003 voru konur 34,9% fulltrúa á Alþingi en við kosningarnar 2003 varð mikið bakslag og hlutfallið fór niður í 30,2%. Í síðustu kosningum fór prósentutalan aðeins upp á við, upp í 31,7%, en náði ekki fyrra hlutfalli sem var 34,9%. Við erum því enn þá neðar í dag en við vorum á tímabilinu 1999–2003 og það er auðvitað mjög alvarlegt að bakslög verði sem við náum ekki að rétta almennilega við. Þetta gerðist í alþingiskosningunum og er mjög brýnt að ekki verði hliðstætt bakslag í sveitarstjórnarkosningunum árið 2010. Við höfum reynslu af bakslögum og við viljum ekki upplifa þau í sveitarstjórnunum.

Gert hefur verið átak á svipaðan hátt og verið er að fjalla um í þessari tillögu. Það var þingsályktunartillaga sem sú er hér stendur flutti og var samþykkt á 122. löggjafarþingi, um aðgerðir til þess að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Það var einnig þverpólitísk samstaða um þá tillögu. Í kjölfarið var sett á fót þverpólitísk nefnd, opinber nefnd, sem fékk fjármagn af fjárlögum og hún stóð fyrir aðgerðum í um fimm ár.

Árangurinn af verkefnum og starfi þessarar nefndar var mjög góður. Þá jókst hlutur kvenna á þingi um 10% í alþingiskosningunum 1999, m.a. vegna aðgerðanna sem nefndin fór í og þeirrar umræðu sem aðgerðirnar sköpuðu, bæði í flokkunum og í samfélaginu.

Hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tjáði sig þá í fjölmiðlum og dró fram að vinna nefndarinnar og sú umræða sem skapaðist í kringum þá vinnu hefði orðið til þess að hjálpa henni að ná góðum árangri í prófkjöri sem þá fór fram innan Sjálfstæðisflokksins. Konur hafa því komið fram og sagt að þetta skipti mjög miklu máli.

Gefin var út skýrsla eftir að verkefninu lauk. Þar kemur fram að konur eru helmingur þjóðarinnar og það sé réttlætismál að fleiri konur gefi kost á sér til stjórnmálastarfa. Tilgangurinn er að konur og karlar taki sameiginlega ákvarðanir í stjórnmálum og þar með aukast líkurnar á að ákvarðanir séu teknar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Maður hlýtur að spyrja sig: Hvað þarf til þess að hlutur kvenna í stjórnmálum verði aukinn? Það er ljóst að konur þurfa að gefa meira kost á sér til stjórnmálastarfa. Það þarf meiri fræðslu til almennings, það þarf fræðslu í fjölmiðlum og í skólum um mikilvægi þess að konur séu til jafns við karla í stjórnmálum. Konur þurfa meiri hvatningu en karlar og þær hafa færri fyrirmyndir í stjórnmálum þannig að það þarf að hvetja þær alveg sérstaklega. Svo þarf að sjálfsögðu, og það er kannski það mikilvægasta, að vera vilji innan stjórnmálaflokkanna til að fjölga konum á framboðslistunum og skipta þar fyrstu sætin mestu máli.

Þar sem reynslan af átaksverkefnum sem þessum er góð leggjum við flutningsmenn eindregið til að farin verði sama leið gagnvart sveitarstjórnarkosningunum svo að við sækjum fram en upplifum ekki bakslag í næstu sveitarstjórnarkosningum.

Virðulegur forseti. Ég vil að lokum taka sérstaklega fram að Kvenréttindafélag Íslands hélt fund um málið fyrir stuttu síðan. Það ályktaði í lok fundarins og skoraði á Alþingi að samþykkja þessa tillögu. Vísað var sérstaklega til þessarar tillögu í þeirri áskorun þannig að hópar í samfélaginu sem fylgjast vel með jafnréttismálum standa á bak við tillöguna og skora á þingið að samþykkja hana.

[11:56]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Ég fagna þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér er lögð fram og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur mælt fyrir. Það er reyndar í annað sinn sem tillagan er sett fram hér í þinginu. Hún var einnig sett fram á síðasta þingi og þá tjáði ég mig ásamt nokkrum fleiri þingmönnum um hana. Ég játa það þó að ég hefði gjarnan viljað heyra fleiri taka til máls og ekki síður karla en konur vegna þess að þetta er mál sem skiptir ekki bara konur máli heldur allt samfélagið. Það er rétt sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kom inn á að Kvenréttindafélag Íslands hefur látið sig þetta mál miklu varða og hélt m.a. fund nýlega þar sem það var til umræðu. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og ég vorum á þeim fundi. Það er rétt að það er ákveðinn hópur í samfélaginu sem hefur mikinn áhuga á jafnréttismálum og fylgist með því sem fram fer hér á Alþingi, hvaða mál eru lögð fram til þess að stuðla að jafnrétti. Þess vegna skiptir tillöguflutningur af þessu tagi afar miklu máli.

Mér finnst ég alltaf vera að segja sömu hlutina aftur og aftur og tala stundum fyrir daufum eyrum en í jafnréttismálum þarf alltaf að vera á vaktinni, því miður. Við sjáum það t.d. á þeim tölum sem fylgja með greinargerðinni með þingsályktunartillögunni að okkur miðar afar hægt. Það þarf alltaf að koma með hugmyndir um aðgerðir og setja málin á dagskrá til þess að ná einhverjum árangri.

Þar skipta mjög miklu máli þær aðferðir sem notaðar eru. Komið er inn á það í greinargerðinni með tillögunni að það þarf að vera vilji til þess innan stjórnmálaflokkanna að fjölga konum á framboðslistum og þar skipta fyrstu sætin mestu máli. Það er auðvitað kjarni málsins. Það er ekki nóg að vera bara með konur til jafns við karla á framboðslistum ef þær eru allar í þeim sætum sem ekki eru örugg og ekki miklar líkur á að þær komist inn sem fulltrúar. Þess vegna eru stjórnmálaflokkarnir sjálfir lykillinn að því að konur komist að.

Sá fundur sem ég nefndi áðan sem haldinn var á vegum Kvenréttindafélags Íslands fjallaði m.a. um aðferðir sem flokkarnir hafa notað til þess að velja fólk á lista. Þar hefur lenskan verið sú að margir flokkar hafa notað opin prófkjör en staðreyndin er sú, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, að það er aðferðafræði sem hefur ekki gagnast konum sérstaklega vel. Það eru margar rannsóknir sem styðja það og margir fræðimenn hafa skoðað það mál. Margt hefur þar áhrif í prófkjörum: Kostnaður við prófkjör, afleiðingar fyrir flokkinn af því þegar slegist er um sæti og margt fleira. Ég held því að þegar til stykkisins kemur séu það stjórnmálaflokkarnir sjálfir sem skipta þar afar miklu máli.

Flokkur minn hefur sett sér ákveðna reglu um hlut kvenna á framboðslistum. Ég er reyndar þeirrar skoðunar sem formaður kvennahreyfingar Samfylkingarinnar að ég hefði viljað sjá minn flokk ganga lengra og taka af skarið varðandi það að sé karl í fyrsta sæti eigi kona að vera í öðru og svo framvegis. Sé kona í fyrsta sæti eigi karl að vera í

öðru sæti og svo koll af kolli. Um það hefur m.a. kvennahreyfingin ályktað en auðvitað eru skiptar skoðanir um það. Ég held því að stjórnmálaflokkarnir sjálfir skipti afar miklu máli þarna.

Í umræðunni var einnig talað um fyrirmyndir. Þær skipta auðvitað mjög miklu máli hér. Við sem störfum á Alþingi erum fyrirmyndir. Fólk horfir til okkar, tekur eftir því hvað við segjum og gerum, bæði konur og karlar þannig að það sem við segjum skiptir máli. Fjöldi kvenna á löggjafarþinginu og í sveitarstjórnum skiptir miklu máli fyrir ungar stelpur sem hafa áhuga á pólitík.

Af því að ég er farin að tala um fyrirmyndir er rétt að nefna að ég held að árangur kvennalandsliðsins okkar í gær í fótbolta skipti t.d. afar miklu máli. Ég vil nota tækifærið, hæstv. forseti, til þess að óska þeim hjartanlega til hamingju með árangurinn því að hann er algerlega stórkostlegur. Ég er sannfærð um það og ég tel mig reyndar vita að árangur þeirra hefur gríðarlega mikil áhrif á stelpur sem æfa og spila fótbolta. Þarna erum við komin með landslið kvenna í fótbolta sem hefur sýnt það og sannað að þær eru með þeim bestu í heiminum. Stelpurnar sjá að þær geta ef þær bara vilja og fá tækifæri til þess. Þess vegna skipta fyrirmyndirnar mjög miklu máli.

Þessi tillaga til þingsályktunar skiptir máli varðandi þau skilaboð sem Alþingi sendir hér út um þau mál sem hér eru til umfjöllunar. Í dag var einnig lagt fram frumvarp sem ég mun væntanlega mæla fyrir á næstu dögum, frumvarp til breytinga á lögum um fjármálastofnanir, kannski að gefnu tilefni í ljósi þeirra atburða sem orðið hafa í íslensku efnahagslífi að undanförnu. Þar legg ég til ásamt nokkrum öðrum þingmönnum að norska leiðin verði farin, að sett verði í lög að jafnmargar konur og karlar verði í stjórnum fjármálastofnana. Skilaboðin sem koma héðan frá Alþingi í jafnréttismálum, hvort sem það er í þessu máli um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum eða öðru, skipta máli og eitt útilokar ekki annað í þeim efnum.

Ég varð vör við það í umræðum þetta mál og fleiri á síðasta vetri að það varð opinber umræða um að búið væri að ná tilteknum árangri og óþarfi væri að setja svona mál á dagskrá. Ég er algjörlega ósammála því. Við eigum alltaf að vera á vaktinni og við eigum alltaf að ræða þessi mál því að sagan hefur sýnt okkur konum að ef við erum ekki á vaktinni, flytjum þessi mál og tölum fyrir þeim gerir það enginn annar.

[12:04]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum. Sambærileg tillaga hefur áður komið fram og hefur að sumu leyti verið framkvæmd í nefnd sem fékk það hlutverk á sínum tíma að auka hlut kvenna í stjórnmálum, eins og kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Það var alveg ljóst að sú herferð vakti mikla athygli og hafði áhrif á margar konur til aukinnar þátttöku og vitundar um aukna þátttöku kvenna í stjórnmálum eins og kemur fram í þingsályktunartillögunni.

Það hefur verið mikið rætt af hverju konur og karlar skila sér í mismunandi mæli í stjórnmálin og einnig hvort konur og karlar hafi mismunandi áherslur í stjórnmálum. Flokkarnir hafa lagt mikla áherslu á að virkja konur til þátttöku í stjórnmálum með einum eða öðrum hætti. Hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir nefndi að hún væri formaður kvennasamtaka Samfylkingarinnar og ég er fyrrverandi formaður kvennasamtaka sjálfstæðiskvenna og við höfum báðar velt þessum málum mikið fyrir okkur.

Einmitt þessa dagana hef ég verið að safna saman ýmsum tölum varðandi aukinn hlut kvenna á ýmsum vettvangi á sviði stjórnmála og stjórnsýslu og í samfélaginu vegna fyrirlesturs sem ég mun halda í annarri viku hér frá. Ég tók saman tölur frá árinu í ár til samanburðar við það sem var 2004 þegar ég hélt sambærilegan fyrirlestur.

Það kom mér töluvert á óvart hvað mikið hafði áunnist á þessum stutta tíma, m.a. varðandi ráðherraembætti. Það er ekki síst að þakka þátttöku Samfylkingarinnar í núverandi ríkisstjórn að hlutur kvenna í ríkisstjórn hefur aukist úr 25% í 33%. Hins vegar hefur verið töluverð stöðnun í hlut kvenna á þinginu. Af 33% þingmanna voru tæplega 32% þegar þing kom saman eftir kosningarnar í fyrravor. Ég bendi á að hlutfallið var komið í 36,5% fyrir kosningar 2007 og reyndar einnig árið 2003 var það komið í 36,5% þannig að það lækkaði við kosningarnar.

Það sem kom mér líka á óvart var hve hlutur kvenna innan stjórnsýslunnar hefur aukist. Á árinu 2004 voru 15% ráðuneytisstjóra konur en eru núna 33%. Árið 2004 voru konur í nefndum og ráðum á vegum ríkisins 30% en það hlutfall var komið í 36% á síðasta ári. Árið 2004 var hlutfall kvenna í stöðum sendiherra 3% en var komið í 14% í árslok 2007. Einnig kemur í ljós að í stjórnum aðildarfélaga Samtaka atvinnulífsins var hlutfallið árið 2004 2% en fór upp í 9% 2006. Það er reyndar ekki stórt stökk hlutfallslega séð þótt það sé stórt stökk frá 2 upp í 9% og hefur því í rauninni fimmfaldast. Framkvæmdastjórar starfandi fyrirtækja í landinu eru enn þá í kringum 25%. Við höfum því séð ákveðin skref fram á við í þessu á örfáum árum. En betur má ef duga skal.

Mig langar aðeins að fjalla í ræðu minni um rannsókn sem fór fram á vegum IPU, Inter-Parliamentary Union, Alþjóðaþingmannasambandsins en ég er formaður Íslandsdeildar þeirra samtaka. Fyrr á þessu ári kom út skýrsla á vegum samtakanna um jafnrétti í stjórnmálum sem byggð er á viðtölum við konur og karla í þingum. Þar kemur skýrt fram, svart á hvítu, hvað áherslur karla og kvenna í stjórnmálum eru mismunandi og líka hversu þeir þættir sem letja karla og konur til þátttöku í stjórnmálum eru mismunandi. Til dæmis varðandi virkni kvenna í mismunandi málaflokkum, þ.e. hvaða þættir og málaflokkar það eru sem konur beita sér fyrir. Þar kemur í ljós að hjá konum eru í fyrstu fimm sætunum eftirfarandi þættir í þessari röð, þ.e. málefni kvenna í fyrsta sæti, jafnréttismál í öðru sæti, félagsleg málefni í þriðja sæti, fjölskyldutengd málefni í fjórða sæti og menntun í fimmta sæti.

En ef maður horfir á forgangsröðun karla þá eru utanríkismál í fyrsta sæti hjá þeim, í öðru sæti eru efnahags- og viðskiptamál, í þriðja lagi menntun, í fjórða lagi dóms- og stjórnarskrármál og í fimmta lagi félagsleg málefni. Betri rökstuðning fyrir því að konur og karlar eigi að taka jafnan þátt í pólitík hef ég ekki fengið. Áherslurnar eru svo ólíkar að í raun bæta þær hver aðra upp varðandi þau samfélags-

legu málefni sem karlar og konur taka til umfjöllunar og gera það að verkum að þörfum allra sviða samfélagsins er betur mætt með því að hafa konur og karla til jafns við þátttöku í stjórnmálum.

Annað sem líka vekur athygli er þegar litið er til bakgrunns þeirra sem taka þátt í þjóðþingum og hvað það var sem leiddi til þátttöku karla og kvenna í stjórnmálum. Þá kemur í ljós að tveir þriðju karla eiga pólitískan bakgrunn eða þeir koma inn á þing eftir þátttöku í pólitísku starfi. En það á einungis við um rúmlega helming kvenna.

Konur eru líklegri til að koma inn í pólitík en karlar vegna fyrri starfa að félagslegum málum, m.a. á vegum frjálsra félagasamtaka og vegna starfa í sveitarstjórnum. Það segir okkur einmitt, af því að í þessari þingsályktunartillögu er lögð áhersla á að hvetja konur til aukinnar þátttöku í sveitarstjórnum, að það er ein leiðin til þess að fá konur inn á þing.

Það er ekki síður athyglisvert að skoða hvaða þættir það eru sem letja konur til þátttöku í stjórnmálum. Þingmenn voru þarna beðnir um að setja á skalann einn til fimm hvaða þættir það eru sem þeir draga fram sem þætti sem letja fólk til þess að taka þátt yfirleitt í stjórnmálum. Þá eru fyrstu þættirnir hjá konum fjölskylduábyrgð, hæst 3,4 af 5, síðan ríkjandi viðhorf gagnvart hlutverki kvenna í samfélaginu, þá skortur á stuðningi í fjölskyldu, í fjórða lagi skortur á sjálfstrausti og í fimmta lagi fjármagnsskortur.

Það má segja að þegar þetta er metið á skalanum einn til fimm þá þurfi maður að komast aftur í ellefta sæti hjá konum til þess að komast í fyrsta sæti hjá körlunum. Þannig að þegar konur eru búnar að meta fyrstu ellefu þættina þá fyrst kemur að körlunum á sama skala að meta hvað það er sem letur þá. Og í fyrsta sæti hjá þeim er stuðningsleysi frá kjósendum. Í öðru lagi fjármagnsskortur. Í þriðja lagi skortur á pólitískum stuðningi frá stjórnmálaflokki. Í fjórða lagi reynsluleysi í að koma fram og í fimmta lagi er skortur á sjálfstrausti. En það vekur líka athygli að fjármagnsskortur vegur hátt hjá körlunum sem og hjá konunum en hann vegur mun hærra hjá konunum varðandi mat á skalanum einn til fimm.

Mér fannst þessar upplýsingar sem ég hef ekki séð áður settar fram með þessum hætti vera mjög áhugaverðar og að þær eigi að geta hjálpað okkur til þess að styðja við bakið á konum til þess að taka þátt í stjórnmálastarfi. Þarna sjáum við bæði rökstuðning fyrir því af hverju konur og karlar eiga að taka til jafns þátt í stjórnmálum og í öðru lagi hvað það er sem veldur því að konur veigra sér við að taka þátt í stjórnmálum. Ég vildi í þessari stuttu ræðu minni koma þessu á framfæri og ljúka með því að vísa í þingmenn sem vísað er í í skýrslunni, um mismunandi áhrif karla og kvenna. Kona sem er þingmaður í Kenía segir hér, með leyfi forseta:

„Konur og karlar eru jöfn en þau eru ólík. Konur líta mun meira á fjölskyldumálefni. Þær horfa á hvort það er rennandi vatn, hvort það er næg fæða og hvort það er öryggi í umhverfinu. En karlar horfa meira á samgöngur, vegi, samskipti, íþróttir og stríð.“

Þetta er dæmi um sjónarmið sem komu þarna fram og þau voru reyndar ekki mjög ólík því sem kom fram í þessari beinu tilvísun. Á svona rannsóknum getum við byggt þegar við erum að taka ákvarðanir og erum að ákvarða hvaða áherslur skulu lagðar varðandi það hvernig við eigum að takast á við þetta málefni.

[12:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða mjög mikilvægt mál um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum. Hlutur kvenna í stjórnmálum er ekki eðlilegur miðað við það að konur eru helmingur landsmanna. Hér hefur verið rækilega farið yfir það hvernig málin hafa þróast.

Árin 1999–2003 var staða kvenna góð ef við horfum aðeins til þingsins. Hér hefur komið fram að það er m.a. þakkað því að í þinginu kom fram þingmál 1997–1998, sem var samþykkt, um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Þetta var fimm ára aðgerðaáætlun, nefnd var sett á laggirnar og í kjölfar þeirrar vinnu jókst hlutfall kvenna á þingi um 10%, þ.e. á árunum 1999–2003. Ég verð að segja að með þá reynslu að hafa setið á þingi fyrir og eftir þann tíma hefur þróunin því miður orðið aftur á bak og við finnum fyrir því. Við finnum fyrir því, konur, þegar fækkar í okkar hópi, t.d. innan þingflokkanna, á vinnubrögðum og umræðunni.

Eftir kosningarnar árið 1999 var sá þingflokkur sem ég átti sæti í, þingflokkur Samfylkingarinnar, með fleiri konur en karla. Það var mjög óvenjulegt, það er í annað skipti sem það gerist en fyrri þingflokkurinn sem var með fleiri konur en karla — fyrir utan náttúrlega Kvennalistann á sínum tíma þar sem voru engir karlar — var þingflokkur Þjóðvaka þar sem voru fleiri konur en karlar. Það skiptir verulegu máli, það er öðruvísi tekið á hlutunum þar sem konurnar eru ráðandi. Það er mikill munur að starfa við þær aðstæður, sérstaklega þegar horft er til jafnréttismála og þeirra mála sem konur telja mikilvægust.

Mig langar að nefna aðeins þetta átak sem farið var í eftir að þingsályktunartillagan var samþykkt á 122. löggjafarþingi. Þetta átak vakti nefnilega mikla athygli, m.a. hefur auglýsingaherferðin sem farið var í síðar verið kennsluverkefni í kennslubókum í Bandaríkjunum og hefur vakið athygli eiginlega á heimsmælikvarða sem ég vil geta hér úr því að við erum að ræða þessi mál.

Mér fundust líka athyglisverð þau atriði sem hv. þm. Ásta Möller nefndi hér, bæði hvað varðar þær tölur sem hún hefur tekið saman um þróunina hér á landi og sömuleiðis þessi könnun sem Alþjóðaþingmannasambandið hefur farið í og niðurstöður hennar, mjög athyglisverðar niðurstöður þar á ferðinni og mikil og góð röksemdafærsla fyrir því að fara í aðgerðir til að auka hlut kvenna bæði á þingi og í sveitarstjórnum.

Kvenréttindafélag Íslands hefur samþykkt áskorun til Alþingis um að samþykkja þessa tillögu. Ég verð að segja að ég tek undir þá áskorun, ég tel mjög mikilvægt að við samþykkjum tillöguna. Hún mun fara til hv. félags- og tryggingamálanefndar að lokinni þessari umræðu og það verður að segja um þá nefnd að þar er aðeins ein kona, þar er nú ekki jafnréttinu fyrir að fara, en sú sem hér stendur á sæti í þeirri nefnd og mun leggja því lið að þetta mál verði samþykkt þar. Það er verulega mikilvægt að farið verði í þá vinnu sem hér er lögð til. Skýr skilaboð verða að koma frá Alþingi um að það þurfi að bæta stöðu kvenna, bæði í sveit-

arstjórnum og á þingi.

Svona hluti þarf að tala um, það þarf að tala um þá þangað til árangur næst. Þannig er það með jafnréttismálin, það þarf að tala um þau þangað til við náum jafnréttinu fullkomlega. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, fyrstu sætin skipta mestu máli. Þar verða konur að vera og þær þurfa að vera í öruggum sætum. Stjórnmálaflokkarnir verða að taka ábyrgð, taka málin í sínar hendur og tryggja að konur komist í þessi sæti.

Ég hef verið í stjórnum margra kvennahreyfinga, m.a. í Kvenréttindafélaginu, og unnið að þessum málum. Ég hef verið hlynnt því að farið verði í átaksaðgerðir. Ég hef ekki verið sammála fléttulistaaðferðinni og hef ekkert legið á því. Það er nefnilega þannig að flokkarnir eru missterkir eftir kjördæmum og það verður að vera þannig að t.d. tvær konur geti verið í tveim efstu sætunum eins og hefur verið hjá Samfylkingunni. Árið sem við konurnar vorum fleiri í þingflokki Samfylkingarinnar en karlarnir voru tvær konur í efstu sætum á höfuðborgarsvæðinu þar sem við vorum sterkust. Ef við hefðum verið með fléttulista, ein kona og karl til skiptis, hefðum við ekki verið eins margar. Það sést ef við skoðum reynsluna. Sama á við í Suðvesturkjördæmi þar sem konur voru fleiri í öruggu sætunum. Við þurfum að horfa á þetta aðeins víðar en með fléttulistana.

Ég tek undir það að prófkjör eru karlaaðferð. Það er mjög erfitt fyrir konur að fara í prófkjör, það er mjög erfitt fyrir konur að skuldsetja sig í slíkri baráttu og það er skaðlegt fyrir flokkana að vera með átök inn á við þannig að samherjar takist á við að komast áfram í stjórnmálum. Það er skaðlegt og það er ekki gott fyrir flokka að vera alltaf með prófkjör. Það getur vel verið að það sé hægt að koma því þannig fyrir að vera stundum með prófkjör en ekki við hverjar kosningar, það er ekki gott.

Hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir nefndi kvennaknattspyrnuna og glæsilegan árangur okkar kvenna í gærkvöldi og ég er alveg sammála því að þetta á eftir að skila miklum árangri, breyta afstöðu ungra stúlkna og auka sjálfstraust þeirra á allan hátt.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins leggja því lið að hvetja til þess að þetta þingmál verði samþykkt. Ég mun gera það í nefnd þegar málið kemur til hv. félags- og tryggingamálanefndar en þetta er vissulega mál sem þarf að huga að. Við vitum ekkert hvaða kosningar verða næstar þannig að ég held að það þurfi að huga að konum í bæði alþingis- og sveitarstjórnarkosningum. Við vitum a.m.k. hvenær sveitarstjórnarkosningar verða og mikilvægt er að samþykkja þetta mál í ljósi þess að þær eru fram undan, en munum líka eftir konum á þingi því að viðhorf kvenna þurfa að vera sterk hvort sem er á löggjafarsamkundunni eða í sveitarstjórnum.

[12:23]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu um að auka aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum er flutt af þingmönnum úr öllum stjórnmálaflokkum og því augljóst að hún hefur breiðan pólitískan stuðning. Þessi tillaga var áður flutt á síðasta löggjafarþingi en var þá ekki afgreidd þannig að hún er endurflutt hér.

Ég vil strax í upphafi lýsa því yfir að ég er eindreginn stuðningsmaður þess að þessi tillaga nái fram að ganga og verði samþykkt og tel að sá breiði pólitíski stuðningur sem er við hana í formi þess að flutningsmenn eru úr öllum flokkum eigi að vekja vonir um að hún geti náð fram að ganga á þessu þingi. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum skilgreint okkur sem femíníska flokk og ég veit að það eru að sjálfsögðu femínistar í öllum flokkum, eða vona það a.m.k., og þess vegna erum við mjög eindregnir stuðningsmenn þess að auka og jafna hlut kynjanna á hvaða vettvangi sem er, m.a. í hinu pólitíska umhverfi.

Eins og hér hefur komið fram hjá þeim sem þegar hafa tekið til máls í þessari umræðu er í raun ekki boðlegt að hinn pólitíski vettvangur sé jafnmisskiptur milli kynja og raun ber vitni, að ég tali ekki um þegar horft er til þess að við höfum horft upp á bakslag í þessari baráttu og þessari stöðu á undanförnum árum. Í greinargerð með þessari tillögu er einmitt birt yfirlit yfir hlut kvenna í sveitarstjórnum annars vegar og á Alþingi hins vegar nokkrar kosningar aftur í tímann. Þó að vissulega hafi orðið aukning á hlut kvenna bæði í sveitarstjórnum og á Alþingi yfir lengri tíma litið horfum við upp á það að t.d. í þingkosningunum 2003 varð nokkurt bakslag miðað við kosningarnar 1999 og það þokaðist ákaflega lítið áfram í kosningunum 2007. Það má segja það sama með sveitarstjórnirnar, hlutur kvenna er þar enn þá of rýr, í kosningunum 2006 var hann tæp 36%, talsvert hærri þó en hlutur kvenna á Alþingi og er það að sjálfsögðu vel en breytir ekki því að hér þarf að gera betur.

Það er einfaldlega þannig að alls staðar í heiminum sæta konur í raun misrétti vegna kynferðis. Það er staða sem stríðir gegn grundvallarmannréttindum, það er staða sem endurspeglast líka í menningarlegri, félagslegri, efnahagslegri og stjórnmálalegri stöðu kvenna. Við höfum að sjálfsögðu lagt áherslu á það í mínum flokki að berjast fyrir fullum mannréttindum, og kvenréttindi og kvenfrelsi eru hluti af þeirri stefnumótun. Sú barátta kallar vissulega á breytt hugarfar, hún kallar á uppstokkun ríkjandi gilda í samfélaginu og felur í sér að það verður að beita aðgerðum á vettvangi stjórnsýslu og sameiginlegra stofnana samfélagsins til að ná viðunandi árangri í þessari baráttu.

Ég held að þegar við horfum á stöðuna í stjórnmálum megi kannski segja að á þeim vettvangi sé jafnvel meira jafnrétti en á mörgum öðrum sviðum samfélagsins. Afsakar það að sjálfsögðu ekki þá stöðu sem við stöndum frammi fyrir á Alþingi og í sveitarstjórnum en ef við horfum t.d. til viðskiptalífsins, atvinnulífsins, er mjög mikið verk óunnið á þeim vettvangi. Hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir greindi frá því að hún flytti hér þingmál þar sem m.a. er tekið á hlutfalli kynjanna í stjórnum fyrirtækja, (**SVÓ:** Fjármálafyrirtækja.) fjármálafyrirtækja og vísaði þar til hinnar svokölluðu norsku leiðar. Ég tek undir það með henni að það er leið sem ég held að við verðum að fara að fara vegna þess að það virðist ekki vera hægt að ná árangri öðruvísi en með því að grípa til markvissra aðgerða í þessu sambandi.

Hér kom m.a. fram í máli hv. flutningsmanns þessarar tillögu og reyndar í máli annarra þingmanna líka að sú vinna sem fór fram í kjölfar þingsályktunar sem samþykkt var hér fyrir allmörgum árum hefði leitt til þess að hlutur kvenna jókst umtalsvert í þingkosningunum 1999 en þá fór hlutfall kvenna úr rúmum 25% í tæp 35% á milli kjörtíma-

bila sem var auðvitað umtalsvert stökk og verulegur árangur. Ég segi bara fyrir mína parta að ef aðgerðir af þessum toga, átaksverkefni eða hvaða aðgerðir aðrar sem menn telja að séu til þess fallnar að rétta hlut kynjanna, skila árangri á þessum skala, t.d. í næstu sveitarstjórnarkosningum, verðum við í allt annarri stöðu en við erum í í dag. Ég held því að það sé sannarlega tímabært að grípa til ráðstafana í þessu efni.

Hér hefur verið talað um hlutverk stjórnmálaflokkanna og að þeir verði að vera reiðubúnir til þess að vinna þetta mál innan frá, ef svo má segja, hver í sínum ranni. Ég tek undir það, ég held að það sé afar þýðingarmikið. Hlutur kvenna verður auðvitað ekki aukinn, hvorki í sveitarstjórnum né á Alþingi, nema í gegnum stjórnmálaflokkana og þá þau samtök eða stjórnmálahreyfingar sem bjóða fram og þá verða menn að vera reiðubúnir á þeim vettvangi til að vera með kerfi getum við sagt sem tryggir jafnrétti, sem tryggir jafnan hlut beggja kynja.

Auðvitað hafa verið farnar ýmsar leiðir í þessu og það má kannski segja að margar leiðir geti verið færar. Við höfum farið þá leið í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, bæði til alþingiskosninga síðast og eins fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar, að vera með svokallaða fléttulista þar sem við höfum a.m.k. í prófkjörum gengið þannig frá málum að kynjunum sé raðað á listana til skiptis. Reyndar höfum við líka sagt að jákvæð mismunun geti komið til álita þar sem hlutur annars kynsins er umtalsvert minni en viðunandi er og í stjórnmálunum á það fyrst og fremst þá við um hlut kvenna. Þannig háttaði t.d. til í Reykjavíkurkjördæmunum tveimur hjá okkur í VG fyrir síðustu þingkosningar að í fjórum efstu sætunum í Reykv. n. eru tvær konur og tveir karlar, þ.e. kona í 1. og 4. sæti og karl í 2. og 3., en í Reykv. s. eru í fjórum efstu sætunum þrjár konur og einn karl. Þrjár konur í fyrstu þremur sætunum og karl í 4. sæti. Þetta töldum við okkur geta gert á grundvelli ákvæðis um jákvæða mismunun þó að meginreglan í prófkjörinu hefði verið fléttulisti. Í öðrum kjördæmum höfum við notast við fléttulista sem virkar þá þannig að ef karl er í 1. sæti er kona í 2. og síðan getur þá verið hvort sem er karl eða kona í 3. og svo öfugt í 4. Þetta höfum við notað með ágætum árangri og í okkar níu manna þingflokki eru sem sagt fjórar konur og fimm karlar þannig að það er eins jöfn skipting og fæst miðað við oddatölufjölda.

Fyrir hönd okkar í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tek ég undir það þingmál sem hér hefur verið mælt fyrir og tel að í raun og veru sé ekki eftir neinu að bíða að taka það til umfjöllunar í nefnd og helst afgreiða sem allra fyrst því að um það á að vera nokkuð breið samstaða þannig að Jafnréttisstofa geti þá, verði þessi tillaga samþykkt, farið af stað með þetta verkefni í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum fyrir næstu kosningar. Að sjálfsögðu má hugsa sér að víkka það jafnvel út til næstu þingkosninga í framhaldinu því að það er ekki eftir neinu að bíða í því efni. Eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir gat um er aldrei að vita hvenær þær fara fram.

[12:33]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig langaði aðeins að bregðast við því sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson sagði í ræðu sinni um aðferðafræði flokkanna. Ég er honum hjartanlega sammála nánast um hvert atriði sem hann gat um í ræðu sinni. Þetta er því kannski hugleiðing frekar en beint andsvar við ræðu hans. En þó, það snýr að þessu með prófkjörin og kvótana.

Við verðum að hafa í huga að við viljum byggja á jafnræði í samfélaginu. Við erum ekki að tala um að konur séu settar framar eða þeim sé hyglað á framboðslistum eingöngu vegna kynferðis og markmiðið sé að konur verði fleiri en karlar. Það hlýtur að vega þyngst, eins og hv. þm. Ásta Möller kom hér inn á, að kynin hafa mismunandi áherslur og mismunandi áhugamál og það skiptir miklu máli að sjónarmið beggja kynja komi alltaf fram.

Ég vil því segja varðandi prófkjörin og fléttulistana að útfærslan á því getur verið með ýmsum hætti. Það var nefnt að í einhverjum tilfellum væru konur fleiri en karlar og þess vegna væru fléttulistar þar sem kynin skiptust á ekki heppilegir. Ég hefði frekar viljað nálgast það þannig að flokkarnir skoðuðu það að ef fjórir öruggir þingmenn eru í tilteknu kjördæmi þá hafi flokkurinn þá reglu að það skuli vera tvær konur og tveir karlar.

Ef flokksmenn velja síðan að tvær konur séu í tveimur efstu sætunum og tveir karlar í tveimur neðri eða öfugt þá er það allt í lagi svo fremi sem menn ganga út frá því að þessir fjórir séu þá öruggir fyrir viðkomandi flokk. Það má líka útfæra þetta á þennan hátt án þess að þetta sé endilega alltaf kona, karl, kona, karl eða karl, kona, karl, kona.

[12:35]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er algjörlega sammála því sem hv. þingmaður segir að aðferðafræði flokkanna skiptir miklu máli og hægt er að fara ýmsar leiðir í þessu sambandi. Nú er að vísu svo að það er ekkert öruggt í henni veröld þegar kemur að sætum til þings eða sveitarstjórna hvað flokkana varðar. Auðvitað getur fylgið hreyfst á milli flokka. Það er ekkert fast bundið eða öruggt í því efni.

Flokkarnir vita í stórum dráttum hvað þeir geta reiknað með að hafa af fulltrúum í sveitarstjórnum og á þingi og auðvitað skipta efstu sætin mestu máli.

Það er líka hægt að segja að ef menn eru með prófkjör – og ég tek undir það sem hér hefur verið sagt með prófkjörin, þau geta í fyrsta lagi verið hagfelldari fyrir karla en konur almennt séð og líka hagfelldari fyrir þá sem fyrir sitja en nýliða, það er tvennt í því.

Ef slíkar leiðir eru farnar má hugsa sér að sá sem tekur þátt í prófkjöri þurfi að kjósa bæði karl og konu vegna þess að við gerum ráð fyrir því að skipting karla og kvenna sé jöfn. Ekki vegna þess að fólk eigi að komast inn á kynferði heldur vegna þess að það er svo mikilvægt fyrir breiddina í hinni pólitísku umræðu að hún sé spegill samfélagsins. Það gerist ekki ef hlutfall kynjanna er ójafnt. Það er því hægt að hugsa sér margar aðferðir í þessu sambandi. Ég held að við hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir séum í öllum meginatriðum sammála í þessu álitaefni. (**SVÓ:** Eins og í mörgu öðru.)

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og fél.- og trn.

Samkeppnisstaða fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, fyrri umr.

Þáltill. ÁMöl o.fl., 32. mál. — Þskj. 32.

[12:37]

Flm. (Ásta Möller) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga. Flutningsmenn eru auk þeirrar sem hér stendur hv. þingmenn Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Ólöf Nordal, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Kristján Þór Júlíusson og Björk Guðjónsdóttir.

Tillagan hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gera athugun á því hvort og á hvaða sviðum fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga eru í samkeppni gagnvart einkaaðilum, svo og að hve miklu leyti þessi fyrirtæki hafi eflt samkeppnisstöðu sína gagnvart einkafyrirtækjum á undanförnum árum. Viðskiptaráðherra er jafnframt falið að gera athugun á því í hversu miklum mæli stofnanir og fyrirtæki hins opinbera sinna verkefnum sem sérhæfðir aðilar í atvinnulífinu gætu leyst með hagkvæmari hætti. Athugunin skal einnig beinast að því að skoða reynslu sem þegar hefur fengist af einkarekstri og einkaframkvæmd við verklegar framkvæmdir eða veitingu lögboðinnar þjónustu ríkis og sveitarfélaga hér á landi. Viðskiptaráðherra er falið að koma með tillögur um hvernig unnt sé á markvissan og skilvirkan hátt að draga úr núverandi samkeppnisrekstri opinberra aðila.

Ráðherra skili Alþingi skýrslu um málið fyrir 1. apríl 2009.

Tillaga sambærilegs efnis var flutt á 131., 132. og 135. löggjafarþingi. Var hún send til umsagnar margra aðila á 132. og 135. þingi og fékk hún almennt jákvæðar viðtökur. Á 135. þingi var tillagan afgreidd af meiri hluta viðskiptanefndar til síðari umr., en hlaut ekki afgreiðslu í þinginu. Þess má geta að þingsályktunartillagan hefur breyst nokkuð frá því sem áður var, m.a. var tekið mið af ábendingum hv. viðskiptanefndar í nefndaráliti hennar til síðari umr.

Greinargerðin með þingsályktunartillögunni stendur fyrir sínu og vil ég tæpa á nokkrum atriðum í henni.

Á síðustu tveimur áratugum hefur ríkið markvisst dregið sig út úr samkeppnisrekstri á ýmsum sviðum. Má þar t.d. nefna að ekki eru mörg ár síðan að fyrsirtæki eins og prentsmiðja, síldarverksmiðja, skipaútgerð, lyfjaverslun, skýrsluvélar og fjarskiptafyrirtæki báru mörg hver heiti með viðskeyti ríkisins í nafninu. Fyrirtæki sem í dag þykir fráleitt að séu hluti af ríkisrekstri, hluti af almannaþjónustu í þeim mæli sem við köllum almannaþjónustu sem á að vera á höndum ríkisins.

Bankastarfsemi var einnig rekin í nafni ríkisins um áratugaskeið en hefur, við þær aðstæður sem nú ríkja í heiminum — sem hafa haft afdrifarík áhrif hér á landi sem öllum er kunnugt um — tímabundið verið tekin í ríkisrekstur. Á hinn bóginn hefur fjölgað þeim stofnunum ríkisins sem sinna stjórnsýsluverkefnum og öðrum samfélagslegum verkefnum sem talið er eðlilegt að séu fjármögnuð af ríkinu.

Oft eru stofnanir settar á laggirnar til að sinna afmörkuðum verkefnum, sem síðan vinda upp á sig og aukast að umfangi með tilheyrandi auknum kostnaði. Til þessara stofnana eru ráðnir vel menntaðir og metnaðarfullir starfsmenn, með víðtæka yfirsýn á þeim vettvangi sem þeir starfa. Af þeim sökum og jafnvel einnig vegna kröfu um sértekjur viðkomandi stofnana sjá þeir ákveðin tækifæri í því að útvíkka starfsemi stofnunarinnar, sem getur kallað á fleira starfsfólk, aukin umsvif og aukið fjármagn til reksturs viðkomandi stofnunar.

Rekstur á vegum ríkis og sveitarfélaga hefur sökum umfangs síns mikil áhrif á starfsumhverfi og starfsmöguleika fyrirtækja í landinu. Þegar opinber stofnun færir út starfsemi sína, ýmist vegna aukinna skyldna sem sett eru á starfsemina, rúmrar skilgreiningar á þeim lögum sem hún starfar eftir eða af eigin hvötum, er veruleg hætta á að hún fari að rekast í horn starfsemi sem einkaaðilar hafa markað sér bás. — Með þessum orðum mínum er ég ekki að setja þetta í neikvætt samhengi.

Við slíkar aðstæður er opinber stofnun viljandi eða óviljandi komin í beina samkeppni við einkaaðila og farin að þrengja að starfsskilyrðum og vaxtarmöguleikum þeirra. Allmörg dæmi eru um að ríkisstofnanir undirbjóði þjónustu einkaaðila, bjóði þjónustuna ókeypis undir merkjum tilraunaverkefnis eða taki upp hugmyndir sem kynntar hafa verið fyrir þeim og hrindi þeim í framkvæmd. Ríkisstofnanirnar gera þetta í krafti þess að þær fá fjármagn til reksturs frá ríkinu og geta niðurgreitt þjónustuna eða alfarið staðið straum af viðkomandi verkefnum með ríkisfé.

Aðrar aðstæður sem blasa við í þessu sambandi er þegar ríkisstofnanir taka ákvörðun um að taka til sín verkefni sem áður voru útvistuð til einkaaðila, eða semji við aðra ríkisstofnun um framkvæmd verkefna, þótt fjölmargir aðilar á markaði séu tilbúnir til að takast á við verkefnið með samningum við viðkomandi stofnun. Slíkt er í ósamræmi við yfirlýsta stefnu ríkisins um framkvæmd innkaupa á vegum þess, eins og hún birtist í riti fjármálaráðuneytisins *Innkaupastefna ríkisins – Hagkvæmni, samkeppni, ábyrgð og gagnsæi*, frá nóvember 2002. Markmið hennar er að fela einkaaðilum tiltekin verkefni, t.d. með útboðum, til að auka hagræðingu, auka fjölbreytni í þjónustu, byggja upp þekkingu í samfélaginu og efla samkeppni á markaði. Í formála þess rits leggur fjármálaráðherra áherslu á að innkaupastefnan nái einnig til útboða á verkefnum eða rekstrarþátta sem „nú eru hluti af ríkisrekstri“.

Aukið samstarf ríkis og einkaaðila hefur þann eftirsóknarverða tilgang að auka hagkvæmni í rekstri ríkisins og efla samkeppni í einkageiranum. Þannig getur ríkið dregið sig út úr starfsemi sem unnt er að vinna á betri og hagkvæmari hátt hjá fyrirtækjum sem starfa á opnum samkeppnismarkaði. Með slíku samstarfi verður ríkið í hlutverki upplýsts og krefjandi kaupanda þar sem aukin áhersla er lögð á árangur og góða nýtingu fjármagns. Ávinningur af þessari aðferðafræði felst í því að með því að tiltekin starfsemi flytjist til einkaaðila frá opinberum stofnunum eykst samkeppni um opinber verkefni og kaupendahópur fyrirtækjanna stækkar. Þeim eru jafnframt sköpuð betri starfsskilyrði með því að færa þeim stór og krefjandi verkefni. Jafnframt verður til ný þekking innan fyrirtækjanna sem styrkir stoðir þeirra til

frekari afurðasköpunar.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni eru tekin nokkur dæmi þar sem opinber fyrirtæki eru eða hafa verið í beinni samkeppni við einkafyrirtæki. Ég vil hér í ræðu minni nefna eitt þessara dæma sem varða ríkisfyrirtækið Íslandspóst.

Íslandspóstur er hlutafélag í eigu ríkisins. Það hefur nú endurskilgreint hlutverk sitt til að takast á við verkefni á samkeppnismarkaði. Í þeim tilgangi hefur fyrirtækið ráðist í byggingu tíu pósthúsa á landsbyggðinni sem eru sérhönnuð með þarfir flutningafyrirtækis í huga og miklar endurbætur hafa verið gerðar á sex öðrum í sama tilgangi, en kostnaður hefur verið áætlaður um 1 milljarður kr. Stjórnendur fyrirtækisins hafa útskýrt þessar breytingar með því að verið sé að gera fyrirtækið hæfara til að takast á við afnám einkaréttar sem fram undan er í póstþjónustu, á árinu 2010, jafnframt sem þeir telja að þessi starfsemi takist varla á við starfsemi einkaaðila sem nú eru á markaði. Jafnframt hefur Íslandspóstur hafið sölu á ritföngum í útibúum sínum í samkeppni við einkaaðila. Hagsmunaaðilar í flutningaþjónustu hafa á hinn bóginn bent á að umsvif ríkisfyrirtækisins og uppbygging í þá veru sem að framan er lýst sé langt umfram það sem eðlilegt getur talist þegar litið er til lögbundins hlutverks þess í almannaþjónustu og að með þessu sé skattfé almennings notað til að niðurgreiða samkeppni í landinu á þessum sviðum. Viðskiptaráð hefur í yfirlýsingu mælt með því að fyrirtækið verði selt og að skilgreining fyrirtækisins á hlutverki sínu sé langt umfram þjónustuþætti sem með réttu ættu að heyra undir hið opinbera.

Í þessu sambandi vil ég lesa úr bréfi sem mér var sent frá kjósanda á Vesturlandi sem lýsti áhrifum útvíkkunar af starfsemi Íslandspósts á eigin fyrirtæki, bóka- og ritfangaverslun sem hún hefur rekið um langt skeið. Bréfið fékk ég frá Dagbjörtu Höskuldsdóttur í Stykkishólmi, 9. nóvember á síðasta ári, og hef ég fengið leyfi hennar til að vísa í það.

Hún segir, með leyfi forseta:

„Ég hef síðan 1994 rekið bóka- og ritfangaverslun í Stykkishólmi í húsi þar sem hefur verið rekin verslun síðan 1937. Reyndar er það svo að ýmislegt annað er og hefur verið selt í búðinni en bækur og ritföng. En bækur og ritföng hafa ávallt verið það sem lögð hefur verið höfuðáhersla á. Það voru Jón Eyjólfsson, faðir Eyjólfs Konráðs Jónssonar, og kona hans, Sesselja, sem hér var skólastjóri og kennari, sem stofnuðu verslunina á sínum tíma. Það hefur örugglega aldrei verið létt að reka verslun í litlu þorpi úti á landi en ekki hefur það orðið auðveldara með árunum. Góðærið í verslun hefur ekki skilað sér í rekstri þessara smáfyrirtækja. En það hefur verið markmiðið að halda úti bóksölu allt árið og hafa talsvert breitt vöruúrval í þeim vöruflokkum sem í versluninni eru. Þá kem ég að ástæðu bréfaskrifa minna.

Nú á haustdögum opnaði Íslandspóstur glæsilega aðstöðu í nýju húsi hér í bæ. Þetta er póstdreifingarstöð fyrir Snæfellsnesið og um leið póstafgreiðsla hér í bænum. Öll vinnuaðstaða starfsmanna póstsins hefur stórbatnað og öll aðstaða viðskiptavinanna líka. Eins og ykkur er kunnugt um er Íslandspóstur hlutafélag í fullri eigu ríkisins. Nú hefur þetta fyrirtæki ákveðið að auka við vöruúrval sitt. Þar er nú til sölu mikið af alls konar skrifstofuvörum, ritföngum, tölvuvörum, jafnvel föndurvara og geisladiskar og smávægilegt sýnist mér af bókum — svo að ekki sé talað um að þeir eru komnir út í samkeppni við ljósmyndastofur og jafnvel prentstofur, en það þekki ég ekki vel. Fyrirtækið bætir ekki við starfsmönnum. Það notar húsnæði sem það þegar á og það flytur vöruna sjálft hingað. Auk þess kaupir það vörurnar að mestu frá aðila sem flytur allar sína vöru hingað með Íslandspósti.

Nú spyr ég ykkur: Er þetta eðlilegur viðskiptamáti? Er það eðlilegt að fyrirtæki í 100% eigu ríkisins standi í samkeppnisrekstri við einkaaðila og hafi að auki þá aðstöðu sem ég nefndi áðan? Ég verð að játa að mér mislíkar þetta mjög. Ég stend frammi fyrir því að endurskoða mjög rekstur inn og sé ekki hvernig ég get staðið í svona samkeppni.“

Í lok bréfsins segir, með leyfi forseta:

„Ég veit að sama staðan er t.d. á Húsavík en þar hefur verið rekin bóka- og ritfangaverslun sem ég held að sé orðin 100 ára. Er ég viss um að forsvarsmenn þeirrar verslunar eru varla ánægðir með þessa samkeppni.

Með vinsemd og virðingu, í hjarta Stykkishólms.

Dagbjörg Höskuldsdóttir

versluninni Sjávarborg í Stykkishólmi.“

Svo mörg voru þau orð. Þarna er manneskja sem hefur rekið verslun til margra ára í litlu þorpi úti á landi. Hún lýsir því hvernig starfsemi ríkisfyrirtækis hefur haft áhrif á verslun í hennar eigu sem hefur þjónað samfélaginu frá 1937.

Virðulegi forseti. Tilgangur með framlagningu þessarar þingsályktunartillögu er að fá yfirsýn yfir þá starfsemi á vegum ríkis og sveitarfélaga sem er í beinni samkeppni við einkaaðila. Með slíkar upplýsingar í höndunum er markvisst hægt að stefna að því að ríkið dragi sig út úr starfsemi sem er á samkeppnismarkaði og um leið vekja ríkisstofnanir til vitundar um skaðsemi þess að hamla þróun framsækinnar starfsemi á vegum einkaaðila.

Í tillögu þessari er jafnframt lagt til að skoðað verði hvort lögbundnar skyldur stofnana kalli á sífellt meira umfang þeirra og hvort lagabreytinga sé þörf. Jafnframt þarf að skoða hvað af lögbundnum verkefnum ríkisstofnana sé hægt að fela einkaaðilum.

Ég er þeirrar skoðunar að einmitt á þeim tímum sem við lifum nú þurfi sérstaklega að hlúa að því að fólk með þrek og þekkingu til að takast á við sjálfstæðan rekstur geti það án þess að starfsemi á vegum ríkisins þrengi þar að. Á þeim tímum sem við lifum þarf ríkisvaldið að ganga á undan og skapa ný atvinnutækifæri. Ekki síst að rýmka til svo að sá mikli fjöldi vel menntaðs fólks sem nú er að missa vinnu sína geti komið undir sig fótunum með frumkvöðlastarfi.

Eins og ég nefndi í byrjun ræðu minnar afgreiddi meiri hluti viðskiptanefndar sambærilega tillögu til síðari umr. Í nefndaráliti meiri hlutans segir m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Nefndinni bárust á annan tug umsagna um tillöguna sem voru langflestar jákvæðar í garð hennar. Tilgangurinn með tillöguflutningnum er m.a. að fá yfirsýn yfir starfsemi á vegum hins opinbera sem er í samkeppni við einkaaðila. Nefndin telur æskilegt að fá slíka yfirsýn svo dýpka megi umræðu um hlutverk og þátttöku hins opinbera í atvinnulífinu.

Meiri hlutinn tekur undir með Alþýðusambandi Íslands sem bendir á í umsögn sinni að „mikilvægt sé að tryggja ákveðna fjölbreytni í rekstrarformum samfélagsþjónustu…“ og að mikilvægt sé að tryggja að „gæði þjónustu verði ávallt fullnægjandi og að allir hafi jafnan aðgang að henni óháð efnahag og félagslegri stöðu.“

Í umsögnum má meðal annars finna tillögur um útvíkkun tillögugreinarinnar auk umfjöllunar um einstök svið eða geira sem einkum þykir þörf á að athuga með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem í tillögu þessari felast. Í því sambandi hefur m.a. verið minnst á rekstur hins opinbera á eftirliti sem hugsanlega gæti átt heima hjá einkaaðilum, ólíkar skattareglur milli opinberra aðila og einkaaðila, kaup opinberra aðila á utanaðkomandi sérfræðiaðstoð, kaup opinberra aðila á tölvuþjónustu frá einkaaðilum, þátttöku hins opinbera í verslunarrekstri, vernd og stuðning hins opinbera í landbúnaði, kröfur til einkaaðila í rekstri, þátttöku hins opinbera í rannsóknum.

Þótt sumir þessara þátta kunni að vera á mörkum úttektar af þessum toga telur nefndin æskilegt að viðskiptaráðherra marki úttektinni í upphafi hæfilega rúman ramma sem tryggi að heildaryfirsýn fáist yfir verkefni sem opinberir aðilar sinna nú og gætu verið í höndum einkaaðila. Slík yfirsýn er nauðsynleg forsenda upplýstrar umræðu um hvort einhver sérstök sjónarmið kunni að réttlæta viðamikið hlutverk ríkisins á einstökum sviðum og þá að hvaða markmiðum sé stefnt með umfangsmeiri ríkisrekstri í samkeppnisrekstri en almenn viðskiptasjónarmið kalla á.

Þá telur meiri hlutinn rétt og eðlilegt að jafnframt verði litið til þeirrar reynslu sem þegar hefur fengist af einkarekstri og einkaframkvæmd við verklegar framkvæmdir eða veitingu lögboðinnar þjónustu ríkis og sveitarfélaga hér á landi.

Meiri hlutinn telur rétt að ráðherra leggi skýrslu um niðurstöðu athugunarinnar fyrir Alþingi til umræðu. Í þeirri skýrslu geri ráðherra tillögur til Alþingis um frekari athuganir, ef hann telur þörf á slíku.

Ég vil að lokum leggja það til að þingsályktunartillaga þessi verði send til hv. viðskiptanefndar til umfjöllunar og afgreiðslu.

[12:52]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga. Það er ekki í fyrsta skipti sem þetta mál kemur fyrir þingið, ekki í annað eða þriðja skipti heldur í fjórða sinn sem hv. flutningsmenn reyna að berja þetta í gegn og velja til þess að mínu mati afar góðan tíma.

Í greinargerð með þessari tillögu til þingsályktunar segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur með framlagningu þessarar þingsályktunartillögu er að fá yfirsýn yfir þá starfsemi á vegum ríkis og sveitarfélaga sem er í beinni samkeppni við einkaaðila. Með slíkar upplýsingar í höndunum er markvisst hægt að stefna að því að ríkið dragi sig út úr starfsemi sem er á samkeppnismarkaði og um leið að vekja ríkisstofnanir til vitundar um skaðsemi þess að hamla þróun framsækinnar starfsemi á vegum einkaaðila.“

— Um skaðsemi þess að hamla þróun starfsemi á vegum einkaaðila.

Í upphafi greinargerðarinnar segir, með leyfi forseta:

„Á síðustu tveimur áratugum hefur ríkið markvisst dregið sig út úr samkeppnisrekstri. Fjölmörg fyrirtæki á vegum ríkisins hafa verið einkavædd og má þar m.a. nefna bankastarfsemi og fjarskiptaþjónustu.“

— Má þar nefna bankastarfsemi og fjarskiptaþjónustu, segir hér í þessari greinargerð með þingsályktunartillögunni, virðulegi forseti.

Ég spyr: Fær fólk aldrei nóg? Mér finnst það í raun og veru talsverð bíræfni að koma með þingsályktunartillögu af þessu tagi þar sem hreinlega er hvatt til þess að ganga áfram þann sama veg og við stöndum nú í rjúkandi rústunum af, að fylgja áfram þeirri hugmyndafræði sem leitt hefur samfélagið, íslensku þjóðina, í þá stöðu sem er í dag. Að hvetja til áframhaldandi markaðsvæðingar og einkavæðingar á öllum sviðum, reyna að grafa upp úr öllum skúmaskotum samfélagsins (Forseti hringir.) eitthvað sem má með einhverjum hætti færa markaðnum í hendur.

[12:54]

Flm. (Ásta Möller) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi farið vitlaust fram úr rúminu í morgun. Það er ekki svo að verið sé að berja þessa tillögu í gegn í fjórða sinn. Hv. viðskiptanefnd afgreiddi tillöguna úr nefndinni til síðari umr. Eins og kom fram í lestri mínum áðan á nefndaráliti nefndarinnar var álit þeirra umsagnaraðila — en þeir voru fjölmargir — sem barst nefndinni um tillöguna almennt mjög jákvætt. Það er því ekki eins og þetta sé eitthvert upphróp í samfélaginu, að verið sé að ganga gegn einhverjum viðmiðunum eða gildum sem almennt eru viðurkennd í samfélaginu.

Ég sagði í ræðu minni að það væri mjög mikilvægt einmitt á þeim tímum sem við lifum nú að stuðla að auknum tækifærum fyrir fólk til að takast á við frumkvöðlastarf. Í greinargerð minni rek ég fjölmörg dæmi um starfsemi á vegum ríkisstofnana sem hefur rekist á horn starfsemi einkaaðila. Það er ekki af mannvonsku eða neinu slíku sem mál þetta er tekið upp en það hefur hins vegar gert það að verkum að starfsemi t.d. á vegum tölvufyrirtækja og þess háttar hefur verið aðþrengd og ekki fengið að blómstra eins og skyldi. Jafnvel hafa verkefni sem þessi fyrirtæki eru hæfust til þess að takast á við, hæfari en aðilar innan ríkisins, liðið fyrir það.

Ef hv. þingmaður hlustaði á mig í dag heyrði hann að ég las bréf frá Dagbjörtu Höskuldsdóttur í Stykkishólmi sem lýsti því nákvæmlega hvaða áhrif það hefur á (Forseti hringir.) starfsemi hennar þegar ríkisfyrirtæki eins og Íslandspóstur er farinn að selja ritföng. Ég get ekki ímyndað mér að hv. þingmenn séu sammála því að ríkið selji ritföng.

[12:57]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Mér kemur ekki til hugar að ætla að hér sé einhver mannvonska á ferðinni með því að fylgja þessu máli úr hlaði einu sinni enn. Vissulega var það afgreitt til síðari umr. á síðasta þingi, ef ég man rétt, en það hefur ekki fengið afgreiðslu enn þá og enn á ný kemur það fram hér.

Ég vek athygli á því að í greinargerð með þingsályktun-

artillögunni er 17 sinnum rætt með einhverjum hætti um sjúkrahús, heilsugæslu, spítala, heilbrigðisstétt, heilbrigðisvísindi, sjúkrahússtarfsemi o.s.frv. og tiltekin orð sem tengja má þeirri starfsemi. Í stórum kafla greinargerðar með þingsályktunartillögunni er vakið máls á því að ef til vill mætti víða ganga inn í heilbrigðiskerfið og finna þar tækifæri til að draga út úr sjúkrahúsunum, út úr samfélagsþjónustunni, og færa einkaaðilum. Það finnst mér varasamt.

Ég held að ef íslenska þjóðin hefur einhvern tíma þurft á því að halda að hér sé traust samfélagsþjónusta, að kjölfesta sé í þjónustu hins opinbera, í allri samfélagsþjónustunni upp úr og niður úr, sé það í dag. Mér finnst það ábyrgðarhluti af þeim hv. þingmönnum sem leggja þessa tillögu fram í fjórða sinn — því að þeir hafa ekki fengið hana afgreidda á undanförnum þingum — að velja þennan tíma núna þegar samfélagið er meira og minna í uppnámi og hefur nóg við að glíma frá degi til dags. Mér finnst það ábyrgðarhluti að færa fólki slíkar hugmyndir eins og þær sem finna má í þessari þingsályktunartillögu, í þeim anda sem í henni er.

[12:59]

Flm. (Ásta Möller) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Vissulega er það ábyrgðarhluti en ég horfi á hann með algjörlega öfugum formerkjum við hv. þingmann. Ég tel einmitt að það felist í því mikil ábyrgð að koma með tillögur í þá veru að gefa fólki aukið tækifæri til að takast á við verkefni sem það hefur þekkingu til að leysa, fólk sem stendur jafnvel frammi fyrir atvinnuleysi í dag. Hafi þessi tillaga einhvern tíma verið tímabær er það einmitt í dag.

Um einkarekstur eða samstarf ríkis og einkaaðila varðandi heilbrigðisþjónustu þykir mér merkilegt að hv. þingmaður hafi lagt á sig að telja orðin þar sem heilbrigðisþjónustan er tekin til. Það er í einni eða tveimur málsgreinum sem rætt er um heilbrigðisþjónustu. (**BVG:** Tveimur síðustu.) Raunin er sú að 30% af því fjármagni sem fer til heilbrigðisþjónustu hér í landinu er á vegum annarra aðila en ríkisins. (Gripið fram í.) Ég hef ekki orðið vör við að hv. þingmenn Vinstri grænna hafi gert athugasemdir við stóran hluta af þeim rekstri.

Það sem hefur hins vegar vakið furðu mína er að hv. þingmenn Vinstri grænna hafa ekki gert athugasemdir við það þegar Hjúkrunarheimilið Grund er með samning við ríkið um ákveðinn rekstur en um leið og Hjúkrunarheimilið Grund, sami aðili, tekur að sér rekstur á einni deild á sjúkrahúsinu Landakoti, er eitthvað athugavert við það að þeirra mati. Það er því ekki heil brú í málflutningi Vinstri grænna varðandi samstarf einkaaðila og ríkisins um rekstur heilbrigðisþjónustu, ekki heil brú.

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:31]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga sem tíu þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa sameinast um. Þetta mun vera í fjórða skipti sem þessi þingsályktunartillaga er lögð fram en hún gengur í grófum dráttum út á það að reyna að færa verkefni sem er sinnt hjá hinu opinbera út á samkeppnismarkað.

Hv. þm. Ásta Möller sagði um þá gagnrýni sem fram hefur komið á þingsályktunartillöguna frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að ekki væri heil brú í málflutningi okkar. Ég er ekki sammála því.

Ég vil segja við hv. þm. Ástu Möller að mér finnst vera heil brú í málflutningi hennar og samherja hennar, fullkomlega heil brú. Mér fannst m.a.s. ákveðin samfella í málflutningi hv. þingmanns, sem er einn af meðflutningsmönnum hv. þm. Ástu Möller á þingsályktunartillögunni, Sigurðar Kára Kristjánssonar, í gær og röksemdafærslum sem er að finna í greinargerð með þingmálinu.

Hann sagði að við þær aðstæður sem við byggjum við nú væri mjög mikilvægt að færa verkefni frá ríki og sveitarfélögum út á markað. Hann orðaði þetta ekki alveg svona kurteislega, heldur talaði um fitu, að skera fitu af ríki og sveitarfélögum og hafði á orði að sveitarfélögin hefðu sérstaklega farið offari í launagreiðslum til starfsmanna sinna og opinber rekstur hefði blásið út og nú þyrfti að snúa af þeirri braut. Þessu er ég algjörlega ósammála. Ég tel að á krepputímunum sem við lifum nú og erum því miður að fara inn í sé mikilvægt að styrkja innviði samfélagsins og starfsemi sem fram fer á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Það er ekki bara í þessu sem hina heilu brú í málflutningi hv. þm. Ástu Möller og félaga er að finna. Hin heila brú kemur fram í ályktunum og greinargerðum frá Verslunarráði Íslands og síðan frá Viðskiptaráðinu svo lengi sem ég man eftir. Þetta þingmál er nefnilega fyrst og fremst tillögugerð og rökstuðningur sem Verslunarráðið hefur haldið fram undangengin ár og áratugi, þ.e. að einkavæða og markaðsvæða samfélagsþjónustuna, reyna að finna þá þætti þjónustunnar sem hægt er að hafa hagnað af, skilja hitt eftir hjá ríki og sveitarfélögum en fara með arðvænlegu bitana út á markaðinn. Þetta þingmál er mjög hlaðið að þessu leyti því að viðskiptaráðherra er beinlínis falið samkvæmt tillögunni, að koma með tillögur um hvernig unnt sé á markvissan og skilvirkan hátt að draga úr núverandi samkeppnisrekstri opinberra aðila.

Með öðrum orðum er orðið bannorð að opinberir aðilar sinni verkefnum sem hægt er að framkvæma á markaði. Er þetta mjög skynsamlegt? Ég held ekki. Ef við horfum til opinberrar þjónustu, það er t.d. vísað í sjúkrahúsin, Vinnueftirlitið, Siglingamálastofnun og aðskiljanlega aðila, og skerum alltaf burtu vaxtarsprotana, spennandi verkefni og nýjungar, og gerum það að bannorði að framkvæma slíkt innan opinberra veggja veikjum við þessa þjónustu. Ég segi ekki þar með að ekki séu til verkefni hjá hinu opinbera sem megi ekki fara út á samkeppnismarkað, ég gef mér ekkert í þeim efnum. En þegar þetta er sett fram sem pólitísk stefna hef ég mjög miklar efasemdir um það.

Ég hef oft velt fyrir mér hvernig standi á því að menn hafi ekki meiri metnað fyrir hönd einkageirans en raun ber vitni. Á síðustu árum hefur hann í allt of ríkum mæli einblínt á það sem þegar er til og vill komast yfir þau verkefni sem þegar eru til, t.d. innan velferðarþjónustunnar. Þetta þekkjum við í heilbrigðiskerfinu þar sem Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin hafa nú sameinast um þá stefnu að láta skattborgara greiða fyrir alla þjónustu en vilja síðan fá

arðvænlega bita til sín til þess að hagnast á. Það er þarna sem hin pólitíska brú liggur, sérstaklega í stefnu Sjálfstæðisflokksins en einnig hluta Samfylkingarinnar, að fara með heilbrigðisþjónustuna út á markaðinn.

Mjög misvísandi yfirlýsingar hafa komið fram á undanförnum vikum, annars vegar frá aðilum eins og hv. 1. flutningsmanni þessa þingmáls, Ástu Möller, sem segist vilja að heilbrigðisþjónustan sé greidd úr opinberum sjóðum, fjármögnuð af opinberu fé, og hins vegar manna á borð við hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hefur talað fyrir markaðsvæðingu, að læknar og fyrirtæki auglýsi verkefni sín og keppi á grundvelli verðlags. Hann hefur lýst þeim vilja sínum yfir — og þetta er maður sem hefur verið falin formennska í nefnd sem fjallar um kostnað í heilbrigðiskerfinu — að ríkið greiði einvörðungu upp að tilteknu hámarki en þar fyrir ofan eigi sér stað samkeppni á markaði. Þannig að misvísandi raddir og mismunandi sjónarmið koma innan úr Sjálfstæðisflokknum hvað þetta snertir.

Við höfum sett fram þingmál, gerðum það að fyrsta þingmáli okkar í vetur sem leið, að leggja til ítarlega rannsókn á kostum og göllum einkavæðingar innan almannaþjónustu. Það er alveg rétt að við höfum ákveðna meginhugsun þar að leiðarljósi, við teljum mjög mikilvægt að grunnþjónustan sé ekki háð duttlungum markaðarins og höfum bent á dæmi þess að það sé kostnaðarsamara og komi í koll þeim sem njóta þjónustunnar þegar á heildina er litið. Einkavædd þjónusta er dýrari en samfélagslega rekin þjónusta auk þess sem við viljum ekki innleiða markaðshugsun í þessi kerfi.

Síðan er sagt, eins og hv. þingmaður gerði hér áðan, að við séum mótsagnakennd að því leyti í málflutningi okkar að við horfum fram hjá því að hluti heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi sé rekinn af einkaaðilum. Það er engin mótsögn í þessu og við höfum margoft sagt að við drögum markalínuna á milli fyrirtækja og starfsemi sem er rekin með hagnaðarvon að leiðarljósi og sjálfseignarstofnana sem sprottnar eru upp úr almannasamtökum eins og SÍBS eða Hrafnista úr verkalýðshreyfingunni. Þar er markalínan sem við drögum á milli.

Ég velti fyrir mér þegar ég heyrði málflutning hv. þingmanns áðan um mikilvægi þess að koma Íslandspósti og heilbrigðiskerfinu í ríkari mæli út á markað og þar er vitnað til hversu ágætlega hafi til tekist í markaðsvæðingu undangenginna ára og bent á fjarskiptaþjónustu (Forseti hringir.) og bankastarfsemi, þá spyr ég nú, hæstv. forseti, hvort við höfum ekki fengið nóg. Erum við ekki búin að fá nóg?

[13:41]

Flm. (Ásta Möller) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér er vel kunnugt um afstöðu hv. þingmanns til málsins, hún hefur komið fram áður. Ég sagði í andsvari við annan hv. þingmann Vinstri grænna að ekki væri heil brú í málflutningi varðandi framsal ríkis og einkaaðila, eða þess vegna sjálfseignarstofnana ríkis og annarra en ríkisins í heilbrigðisþjónustu. Við tókum mjög snarpa umræðu t.d. um sjúkratryggingafrumvarpið núna í september og reyndar líka í vor. Í september kom einmitt fram það sjónarmið frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur að vinstri grænir væru í sjálfu sér ekki á móti einkarekstri í heilbrigðisþjónustu en ekki var nokkur leið að finna út úr því hvar mörkin liggja. Hvað er það sem vinstri grænir eru á móti í einkarekstri og hvað er það í einkarekstri heilbrigðisþjónustunnar sem þeir eru tilbúnir að vera með?

Skýrustu mörkin voru einmitt varðandi rekstur Hjúkrunarheimilisins Grundar á Hjúkrunarheimilinu Grund, sem samkvæmt ummælum hv. þingmanna Vinstri grænna er í lagi. En þegar Hjúkrunarheimilið Grund bauð í rekstur hjúkrunardeildar á Landakoti í því skyni að opna þá deild sem hafði verið lokuð töluvert lengi og þar að auki fól tilboðið í sér sparnað fyrir ríkið, ekki aukinn kostnað eins og hv. þingmaður nefndi áðan heldur sparnað á ársgrundvelli, 14 eða 17 milljónir — ég man ekki hvort var en það var á þessu bili — þá var eitthvað athugavert við það. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur oftar en einu sinni og oftar en tvisvar komið í ræðustól til þess að mótmæla nákvæmlega þeirri tilhögun að bjóða út rekstur á hjúkrunardeild á Landakoti, (Forseti hringir.) þó vitandi að það mundi hjálpa fleira fólki. Þetta skil ég ekki, það er þessi brotna brú sem ég næ ekki.

[13:44]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að þeir skilji þetta alveg hjá leigubílastöðinni Hreyfli um útboðin hvað það getur þýtt fyrir atvinnurekstur þegar honum er þröngvað langt niður í útboðum. Ég held að þeir sem liggja á sjúkrahúsum og njóta þjónustu á öldrunarheimilum viti alveg hvað ég á við þegar um er að ræða hvort eigi að fara með heilbrigðisþjónustuna og félagslega þjónustu á útboðsmarkað, ég held að allir skilji hvað það getur þýtt.

Mér finnst ekki alveg nógu mikil reisn yfir þeim málflutningi að snúa sífellt út úr rökum okkar, mér finnst við hafa gert mjög vel grein fyrir þeim, mér finnst þau liggja mjög skýr fyrir — á nákvæmlega sama hátt og ég ætla að virða sjónarmið hv. þm. Ástu Möller, ég er bara mjög ósammála þeim. Ég tel að hún dragi taum markaðssinna og þeirra sem vilja fá þjónustuna í sínar hendur af hagsmunaástæðum, ég held það og hef fært rök fyrir hvers vegna. Við höfum lagt fram tillögu um að fram fari markviss skoðun á hvað þetta hafi þýtt fyrir þá sem greiða og þá sem njóta þjónustunnar. Við þekkjum úttektina sem var gerð á Sóltúni á sínum tíma og hvernig kom í ljós að skattborgarar borga meira þar en fyrir aðrar öldrunarstofnanir. Við þekkjum líka hvaða afleiðingar þetta hefur haft fyrir starfsfólk, ekki satt? Það er ekki sama hvað það er, það er ekki sama hvar það stendur í „hírarkíinu“. Við sáum t.d. hvað gerðist í vetur þegar læknaritarastörfin voru boðin út. (Forseti hringir.) Til hvers? Til að spara á kostnað starfsfólksins, láglaunafólksins. Læknar (Forseti hringir.) með vel á aðra milljón á mánuði skipulögðu þetta á kostnað þessa fólks.

[13:46]

Flm. (Ásta Möller) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skil að við séum ósammála um ýmsa hluti, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, af því að við horfum á hlutina með mismunandi hætti en fyrsta skilyrðið fyrir því að við skiljum sjónarmið hvors annars er að það liggi ljóst fyrir hvar brýtur á. Það er það sem ég kalla

eftir. Ég kalla eftir því hvar þessi lína liggur.

Hv. þingmaður svaraði því til áðan að það séu útboðin, ágreiningurinn er ekki um rekstraraðilann, honum er sama um rekstraraðilann en það er aðferðafræðin, það eru útboðin. Hvernig getur þá hv. þingmaður sagt að á sama tíma og útboð fer fram sé ekki verið að gæta hagsmuna starfsmanna? Hvernig getur hann jafnframt sagt að þetta sé dýrari kostur? Það er mótsögn í þessu. Ef útboð fer fram er verið að reyna að ná besta fjárhagslega kosti fyrir ríkið en á sama tíma segir hv. þingmaður að þetta sé dýrara fyrir ríkið. Það er þetta sem ég skil ekki í málflutningi hv. þingmanns.

Hvað læknaritarana varðar þá var það þannig að útboðið fyrir læknaritun varðaði ekki það starf sem læknaritararnir voru í á þeim tíma sem það var gert. Málið snerist um að það átti eftir færa mörg þúsund sjúkraskrár og það var óskað eftir því að fá samstarfsaðila til að rita þessar sjúkraskrár til að þær lægju fyrir vegna hagsmuna sjúklinga.

Varðandi tuð hv. þingmanns um hagsmuni mína í einhverja veru þá verður hann að skýra það nánar. Þeir hagsmunir sem ég er að gæta eru hagsmunir þjónustunnar, sjúklinganna fyrst og fremst. Þar liggur mín hagsmunagæsla fyrst og fremst.

[13:48]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Í fyrsta lagi að mér sé sama um rekstraraðilann, hver hann er og á hvaða forsendum hann starfar, þá er það ekki svo. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki svo. Ég hef verið að gera grein fyrir hvaða munur getur verið þar á. Dýrari kostur fyrir ríkið og jafnframt lélegri kjör sérstaklega fyrir þá sem neðst standa. Það liggur í því eins og fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Sóltún á sínum tíma að eigendur þurfa að hafa arð af þessari starfsemi. Það var skýringin á því að Sóltúnskosturinn var dýrari fyrir skattborgarann en aðrir kostir. Þetta er staðreynd.

Þegar ég segi að frumvarpið dragi taum skjólstæðinga Verslunarráðs og Viðskiptaráðs sem nú heitir, og hv. þingmaður tekur til sín og segir að ég sé að tuða um hagsmuni hennar, þá minntist ég ekkert á hv. þingmann í þeim málflutningi mínum, ég gerði það ekki. Ég er að tala almennt um þessa aðkomu og segja að Sjálfstæðisflokkurinn dragi taum þessara aðila. Þetta er bara pólitísk skoðun og pólitísk barátta sem Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir og ég er að gagnrýna. Hvað varðar tengsl einstaklinga í því samhengi hef ég sagt að ef menn telja sig borna einhverjum ósanngjörnum sökum sé bara ein ósköp einföld leið í því, þ.e. að upplýsa um öll slík tengsl.

Ég hef aldrei skilið hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn er ekki tilbúinn að fara að dæmi okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og setja þetta á borðið. Við erum með inni á okkar heimasíðum upplýsingar um öll okkar tengsl, (Forseti hringir.) eignatengsl þar með. (**Gripið fram í:** Og skuldir?) Og skuldir? (Forseti hringir.) Ja, það er alveg álitamál að gera það líka. Ég skal upplýsa hv. þingmann um allar mínar skuldir ef hún hefur áhuga á því.

[13:51]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Við ræðum hér þingmál sem er gamalkunnugt og fram fór ítarleg umræða um á síðasta þingi sem ég tók þátt í ásamt fleirum og þarf svo sem ekkert að fara mjög ítarlega í saumana á því eða þeim rökum og sjónarmiðum sem haldið hefur verið á lofti af hálfu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, það hefur verið gert áður og einnig fyrr í þessari umræðu af hv. þm. Ögmundi Jónassyni.

Nú liggur það fyrir að sjónarmið okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði eru mjög ólík sjónarmiðum sjálfstæðismanna þegar kemur að þáttum eins og rekstrarformi, eignarhaldi í grunnsamfélagsþjónustu. Við lítum á heilbrigðisþjónustuna sem eina af okkar mikilvægustu samfélagsþjónustu, grunnþjónustu fyrir alla landsmenn og viljum byggja hana upp þannig. Það er að vísu rétt sem hér kom fram hjá hv. flutningsmanni að nú þegar er heilmikill einkarekstur í íslenskri heilbrigðisþjónustu en eins og við höfum litið á málið skipta stóru línurnar mestu máli í því sambandi og þar erum við ekki síst að tala um sjúkrahúsþjónustuna sem við höfum viljað standa vörð um með þeim hætti sem hún hefur verið rekin til þessa.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir varðar þó ekki eingöngu heilbrigðisþjónustuna heldur samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga á fjölmörgum sviðum. Í greinargerð með tillögunni er vikið að allmörgum þáttum, allmörgum stofnunum og starfsemi á vegum hins opinbera þar sem vísað er til þess að sú starfsemi hafi í raun og veru kannski þvælst fyrir samkeppnisrekstrinum eða einkaaðilunum.

Ég sagði í umræðu um þetta mál á síðasta þingi að mér fyndist allt yfirbragð málsins vera það að opinber rekstur stæði í vegi fyrir einkarekstrinum. Ég er ekki sammála þeirri nálgun vegna þess að mér finnst grundvallarsjónarmiðið sem þar liggur á bak við vera það að einkarekstrinn eigi alltaf að eiga fyrsta rétt. Ég sé að hv. þingmaður, 1. flutningsmaður, hristir höfuðið yfir þessu og það kann vel að vera að þetta sé misskilningur hjá mér en þetta er það yfirbragð sem mér finnst tillagan og allur textinn og röksemdafærslan bera með sér. Þess vegna sagði ég líka síðast þegar þetta mál var til umfjöllunar hér að alveg eins mætti snúa þessu við og spyrja sig hvort ekki ætti að skoða samkeppnisstöðu fyrirtækja í einkaeigu gagnvart ríkinu og sveitarfélögunum, þ.e. að setja öfug formerki á þetta þingmál.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan við ræddum málið hér á síðasta þingi. Ég hygg að við stöndum á mjög mikilvægum tímamótum í íslensku samfélagi að því er varðar afstöðu til grundvallarhluta, afstöðuna til þess hvernig við viljum standa að uppbyggingu og endurreisn íslensks samfélags og á hvaða grunni við viljum að íslenskt samfélag verði byggt upp. Nú hefur það gerst að ríkið hefur tekið til sín alla stóru viðskiptabankana þrjá og fjármálakerfið allt er í vissri herkví. Talað var um það á sínum tíma að einkavæðing opinberra fyrirtækja og opinberrar starfsemi hefði gefið góða raun og menn vitnuðu þar gjarnan m.a. til fjármálastarfseminnar og bankastarfseminnar. Nú má segja að í einni svipan hljótum við að horfa á það mál með allt öðrum augum en við gerðum fyrir bankahrunið vegna þess að þær forsendur sem menn höfðu áður eru ekki lengur til staðar. Við höfum séð að hið einkavædda bankakerfi óx íslensku

samfélagi stjórnlaust upp fyrir höfuð og er að valda þjóðarbúinu, öllum almenningi í landinu og atvinnulífinu gríðarlegum skaða til langrar framtíðar. Þess vegna er það skoðun mín að við þurfum að fara í grundvallarumræðu um þessar stoðir samfélagsins.

Ég hef auðvitað ekkert á móti því að samkeppnisstaðan sé skoðuð, hvort sem um er að ræða fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga gagnvart einkaaðilum eða öfugt eins og ég hef talað um. Við höfum flutt um það þingmál, vinstri græn, að skoða ætti áhrif markaðsvæðingarinnar á samfélagsþjónustuna og finnst það ekkert síður merkilegt þingmál en það sem hér er talað fyrir og ef til vill ættu menn að segja að þetta ætti allt að gerast í einhverju samhengi. Ég held að í grundvallaratriðum stöndum við á slíkum tímamótum að við þurfum að taka prinsippumræðu um samfélagsþjónustuna og samfélagið okkar og hvernig við viljum byggja það upp.

Ég hef talað um að í þessu þingmáli felist ákveðið viðhorf, ég er ekki að segja kreddur en ákveðið viðhorf um að einkarekstur sé að öllu jöfnu ákjósanlegri. Ég varð t.d. stundum var við það þegar ég starfaði sem borgarfulltrúi í Reykjavík og verið var að tala um opinberan rekstur þar gagnvart einkarekstri að menn ættu alltaf einhvern veginn að leita leiða til að koma sem mestu af opinberri starfsemi í hendur einkaaðilum vegna þess að markaðurinn væri betur til þess fallinn að leysa þarfirnar, láta framboð mæta eftirspurn o.s.frv.

Það vill svo til að ég er ekki sammála þessum grundvallarsjónarmiðum. Þar með er ekki sagt að ég sé á móti því að markaðurinn sé nýttur þar sem það á við, ég tel að það geti verið ágætt en eins og oft hefur verið sagt er markaðurinn ágætur þjónn en afleitur herra. Það er auðvitað það sem gerst hefur í samfélagi okkar á undanförnum árum að markaðurinn hefur einhvern veginn tekið völdin og orðið herrann í samfélaginu og með skelfilegum afleiðingum eins og við horfðum upp á síðustu vikurnar og munum þurfa að glíma við til næstu framtíðar. Þess vegna finnst mér að menn eigi að tala varlega um það að taka opinbera þjónustu og opinberan rekstur og setja út á einkamarkaðinn. Það á m.a. við um bankastarfsemina sem núna hefur verið ríkisvædd. Ég tel að það sé mjög varhugavert að rjúka til og losa um hlut ríkisins í þessum bönkum eins og t.d. hæstv. forsætisráðherra hefur talað fyrir. Ég minni á að í Noregi og Svíþjóð þar sem menn þurftu að fara þá leið í byrjun tíunda áratugarins að ríkisvæða viðskiptabankana, það eru 15 ár síðan, er það enn þannig í báðum löndunum að ríkið á umtalsverðan hlut í bankakerfinu, í Svíþjóð 25% að ég held og í Noregi um 33%. Það er þverpólitísk samstaða þar um að svoleiðis eigi það að vera til að markaðurinn taki ekki algjörlega völdin, að það séu tæki fyrir hið opinbera til að hafa áhrif, ekki þannig að það eigi endilega að vera ráðandi aðili á þeim markaði sem bankakerfið er heldur hafa nægilega sterk ítök til að geta séð til þess að hlutirnir fari ekki úr böndum.

Fyrir utan það sem ég hef áður sagt um þetta mál, virðulegi forseti, var þar bara þetta sem ég vildi segja hér og nú að mér finnst tímasetningin til að fjalla um þetta á þessum nótum einhvern veginn röng. Mér finnst við eiga að nálgast þá aðstöðu sem við búum við á markaðnum og í samfélaginu í dag með öðrum hætti, þ.e. að taka þá grundvallarumræðu í samfélaginu öllu hvaða gildi eigi að ráða við endurreisn íslensks samfélags og þar með talið hvaða gildi eigi að ráða við uppbyggingu grundvallarsamfélagsþjónustu í samfélaginu.

[14:01]

Flm. (Ásta Möller) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála síðustu orðum síðasta ræðumanns um að tímasetningin sé röng. Ég rökstuddi í máli mínu áðan að ég teldi þvert á móti að þetta væri rétt tímasetning. Ef einhvern tíma hefur verið þörf fyrir að koma fastari fótum undir frumkvöðlastarfsemi í landinu er það nú, þar á meðal ákveðin verkefni sem ríkið á ekki að hafa með höndum. Ég er alls ekki þeirrar skoðunar að opinber rekstur sé óþarfur. Ég tel að opinber rekstur eigi fyllilega rétt á sér á mörgum samfélagslegum sviðum.

Í ræðu minni áðan las ég upp úr bréfi frá kjósanda á Vesturlandi — nú man ég ekki hvort hv. þingmaður var hér í salnum. Þessi kona í Stykkishólmi lýsir því hvernig Íslandspóstur, sem er í eigu ríkisins, er að færa út kvíarnar á hennar svæði. Hún er búin að reka bóka- og ritfangaverslun í langan tíma, verslun sem var stofnuð 1937.

Hún lýsir þessu svona, með leyfi forseta:

„Nú hefur þetta fyrirtæki, Íslandspóstur, ákveðið að auka sitt vöruúrval. Þar er nú til sölu mikið af alls konar skrifstofuvörum, ritföngum, tölvuvörum, jafnvel föndurvara og geisladiskar og smávægilegt sýnist mér af bókum, svo að ekki sé talað um að þeir eru komnir út í samkeppni við ljósmyndastofur og jafnvel prentstofur.“

Það er þetta sem ég er að tala um. Þarna er fyrirtækið Íslandspóstur búið að koma sér upp góðri aðstöðu í Stykkishólmi. Einnig hefur Húsavík verið nefnd sem dæmi og tíu starfsstöðvar um allt land þar sem þeir eru að auka starfsemi sína á þessum sviðum og jafnframt í flutningastarfsemi.

Nú spyr ég hv. þingmann: Finnst honum þetta vera eðlilegt hlutverk ríkisfyrirtækis einmitt á stöðum þar sem mjög viðkvæm þjónusta er til staðar?

[14:03]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér finnst að Íslandspóstur eigi fyrst og fremst að sinna póstþjónustu en vandinn með það ágæta fyrirtæki er að það gerir það alls ekki af neinum myndarbrag. Það er mjög undarlegt ef fyrirtækið fer út í starfsemi eins og þá sem hv. þingmaður las hér upp úr bréfi á sama tíma og það dregur úr almennri póstþjónustu sem er auðvitað grundvallar samfélagsleg þjónusta og henni á að sinna almennilega.

Getur verið að það sé vegna þess að markaðslögmálin hafa verið innleidd í stjórnun þessa fyrirtækis — sömu lögmálin um árangurstengdar greiðslur til stjórnenda og hafa verið við lýði í einkageiranum eru nú farin að sogast inn í ríkisgeirann líka — og stjórnendur fyrirtækis eins og Íslandspósts eru einhvern veginn undir þá sök seldir að breyta þjónustunni þannig að það þjóni þeirra hagsmunum best? T.d. að draga úr almennri póstþjónustu af því að hún skilar ekki miklu af sér og fara í eitthvað sem betur gefur af sér?

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að pósturinn eigi að sinna póstþjónustunni en hann gerir það alls ekki nægilega vel. Ég get því alveg tekið undir að á ýmsum sviðum — eins og þeim sem þingmaðurinn las upp úr þessu bréfi frá kjósanda í Norðvesturkjördæmi — á ríkið ekki endilega rétt á sér. Það þýðir ekki að einkaaðilar geti alltaf komið og ýtt opinberri starfsemi til hliðar eða út af borðinu þar sem þeim dettur í hug, því allt of oft er þannig að málum staðið.

[14:05]

Flm. (Ásta Möller) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði getað haldið þessa ræðu hv. þingmanns. Það er nákvæmlega þetta sem þingsályktunartillagan gengur út á, að ríkisstofnanir haldi sig við sína kjarnastarfsemi en láti öðrum eftir að sinna öðrum verkefnum, þar á meðal tölvustarfsemi og fleiri verkefnum sem ég nefni í þingsályktunartillögunni, þannig að aðrir aðilar geti blómstrað á þeim vettvangi. Algjörlega sammála, Íslandspóstur á að sinna póstdreifingu en láta allt hitt vera.

Ég get notað sömu rök um ýmsar aðrar ríkisstofnanir, þau eiga að láta annað vera. Það er sem sagt af engri mannvonsku eins og hv. þingmaður sagði — kannski notaði hann ekki nákvæmlega það orð en það var andinn í orðum hans bæði núna og síðast þegar þessi tillaga var til umræðu — að ég væri að ýja að því að mannvonska lægi að baki hjá forstöðumönnum stofnana að víkka þetta út. Alls ekki. Örugglega ákveðinn metnaður um að veita mikla og fína þjónustu á mörgum sviðum en það sem ég á við er: Ríkisstofnanir eiga að sjá um kjarnastarfsemina sem lögin kveða á um. Aðra starfsemi eiga aðrir að sjá um, m.a. einkaaðilar, og þeim verkefnum innan stofnana sem snerta ekki kjarnastarfsemi eiga þær að geta útvistað til einkaaðila. Þannig blómstrar atvinnulífið.

Með þessu litla dæmi er hv. þingmaður búinn að sýna nákvæmlega fram á réttmæti þessarar tillögu .

[14:07]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður dragi of miklar ályktanir af því sem ég sagði hér. Ég vil nefna í þessu samhengi að í greinargerð með tillögunni eru tiltekin margvísleg dæmi sem ég er algjörlega ósammála um að eigi að taka úr höndum opinberra aðila. Ég get t.d. vísað til rannsóknarstarfsemi sem tengd er Landspítalanum eða heilbrigðisstofnunum. Oft og tíðum eru sú starfsemi og rannsóknir og jafnvel þjónusta o.s.frv. svo nátengdar að það verður ekki með góðu móti aðskilið. T.d. er Tilraunastöð Háskóla Íslands nefnd í greinargerð með þessari tillögu en þar eru þjónusturannsóknir og vísindalegar rannsóknir nánast óaðskiljanlegar og verða að haldast í hendur til þess að þjóna, má segja, hinum vísindalega tilgangi.

Ég tók líka á sínum tíma dæmi um Landmælingar sem nefndar eru hér í þessari tillögu og ég tók líka fyrir það sem hér er nefnt um Siglingastofnun og verkefnin þar. Þar erum við með tiltölulega smáar ríkisstofnanir sem sinna mjög mikilvægu hlutverki. Það mundi kippa grundvellinum undan þeim ef það sem að einhverju leyti er hægt að markaðsvæða er síðan tekið vegna þess að einhverjum markaðsaðilum, einkaaðilum, dettur í hug að fara inn á þann markað. Þessu viðhorfi er ég ósammála í málflutningi hv. þingmanns. Það kann þó vel að vera að við getum orðið sammála hvað varðar póstþjónustuna sérstaklega, að hana eigi að efla og styrkja, en það verður þá að gera það. Það er ekki það sem Íslandspóstur hefur verið að gera og ekki það sem núverandi ríkisstjórn hefur verið að gera í málefnum póstsins.

[14:09]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Þessi tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga er flutt af allmörgum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Flutningsmenn eru hv. þingmenn Ásta Möller, Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Ólöf Nordal, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Kristján Þór Júlíusson og Björk Guðjónsdóttir. Þetta lýtur að því hvernig megi huga að bættri samkeppnisstöðu einkaaðila varðandi ýmsa opinbera þjónustu. Það er mjög táknrænt að þetta skuli vera eitt fyrsta þingmál stórs hluta þingmanna Sjálfstæðisflokksins á þessu þingi. Þar er í rauninni verið að hvetja til aukinnar einkavæðingar í almannaþjónustunni, eins og rakið er í greinargerðinni.

Í greinargerðinni er einmitt vitnað til þess hve vel hafi tekist á undanförnum áratugum, með leyfi forseta:

„Á síðustu tveimur áratugum hefur ríkið markvisst dregið sig út úr samkeppnisrekstri. Fjölmörg fyrirtæki á vegum ríkisins hafa verið einkavædd og má þar m.a. nefna bankastarfsemi og fjarskiptaþjónustu.“

Þessu þingmáli var dreift í fyrra og það síðan endurflutt. Svo nöturlegt sem það gat verið var þessari einkavæðingarþingsályktunartillögu dreift hér á sama degi og síðasti bankinn var þjóðnýttur. Umrædd setning sem er höfð eins og kennileiti fyrir tillöguna — einkavæðing bankanna, hvað hún hafi tekist vel og síðan eigi að fara með aðra þjónustu í kjölfar hennar — það hrundi einmitt sama dag og tillögunni var dreift hér á Alþingi. Ég fagna því ekki að bankarnir hafi hrunið með þessum hætti, síður en svo, en þetta segir okkur að það er þessi harða einkavæðingarstefna sem við súpum nú seyðið af.

Það er alveg rétt eins og kemur fram í greinargerðinni að á sl. 17 árum, eða frá árinu 1991, hefur þessi einkavæðingarstefna ríkt. Einmitt í fyrstu ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, undir forsæti Davíðs Oddssonar, með Alþýðuflokknum og formanni hans, Jóni Baldvini Hannibalssyni, — svokallaðri Viðeyjarstjórn — er þessi einkavæðing almannaþjónustunnar, ríkisfyrirtækja, í rauninni sett á fullt og gerð að einu megininntaki þess stjórnarsáttmála.

Í Viðeyjarstjórnarsáttmálanum var kvótakerfið fest í sessi og framsal aflaheimilda veitt sem síðan var undirrót þess sem á eftir fór varðandi veðsetningu á óveiddum fiski og átti mikinn þátt í því sem síðan fór á eftir. Í stjórnarsáttmála Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins frá 1991 segir: Eitt meginverkefni ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu verður að lækka ríkisútgjöld, breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög, hefja sölu þeirra þar sem samkeppni verður við komið, breyta þjónustustofnunum í sjálfstæðar stofnanir

sem taki í auknum mæli gjöld fyrir veitta þjónustu og verkefni í ríkisrekstri verði boðin út.

Þetta var eitt megininntakið í stjórnarsáttmála Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks árið 1991. Þessu var síðan fylgt mjög dyggilega eftir þegar Framsóknarflokkurinn gekk í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum árið 1995 og ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks gengu undir nafninu einkavæðingarríkisstjórnirnar. Þá var gengið enn lengra og bankarnir einkavæddir, reyndar á grundvelli helmingaskiptareglunnar þannig að þeim var skipt upp á milli flokksgæðinga Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Það herti enn á þeirri spillingu í fjármálaheiminum sem við búum við enn þá og súpum seyðið af í dag. Þessi einkavæðing sem var sett í gang árið 1991 hefur síðan farið stigmagnandi.

Meira að segja í ríkisstjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar — það má segja eiginlega að Samfylkingin hafi á vissan hátt tekið sæti Jóns Baldvins og Halldórs Ásgrímssonar í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum — er einmitt áréttuð landsfundarsamþykkt Sjálfstæðisflokksins frá árinu 2007 um aukna einkavæðingu á nýjum sviðum í ríkisrekstrinum og sérstaklega eru nefnd t.d. heilbrigðisþjónustan og Íslandspóstur. Eins og haft var orðrétt eftir formanni Sjálfstæðisflokksins og núv. forsætisráðherra Geir H. Haarde í *Morgunblaðinu* 30. september 2007, þar stendur með leyfi forseta:

„Við vildum mynda ríkisstjórn þar sem hægt væri að þróa samfélagið áfram og gera víðtækari breytingar í ætt við okkar stefnu en kannski hefði tekist á öllum sviðum í fyrrverandi ríkisstjórn og var líklegt í annars konar samstarfi.“

Það er áfram áréttað:

„Þar eru ótrúlega miklir möguleikar fram undan sem Samfylkingin er tilbúin til að vera með okkur í en aðrir flokkar voru og hefðu ekki verið.“

Þarna er því verið að vitna til áframhaldandi einkavæðingarstefnu sem núverandi ríkisstjórn setti sér í sínum sáttmála og Sjálfstæðisflokkurinn hlakkaði svo til.

Nú er það svo að mjög mikilvægt er að virkja einstaklingsrekstur og einstaklingsframtak svo að það fái notið sín, einstaklingsframtakið. (**ÓN:** Frelsi einstaklingsins.) Frelsi einstaklingsins í félagslega sinnuðu samfélagi. Einkavæðing eins og hún nú hefur gengið fyrir sig hefur í raun og veru byggst á því að menn einkavæða fyrst og fremst gróðann og gróðavonina en þegar það fer á hina hliðina er tapið ríkisvætt. Þessi þingsályktunartillaga hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins um einkavæðingu í opinberri þjónustu er eiginlega nöturlegt dæmi um þá veruleikafirringu sem þessi ríkisstjórn, sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru haldnir. Það að nú sé það brýnasta að herða á einkavæðingu í opinberri þjónustu.

Hver er staðan í dag? Hún er ekki glæsileg. Nánast allir bankarnir eru orðnir ríkisvæddir. Það er talað um að einkavæðing Símans hafi tekist mjög vel. Það er kannski dæmi um einkavæðingu sem ekki tókst vel og hvernig er staðan nú? Ætli Síminn sé ekki að stórum hluta aftur kominn, (Gripið fram í.) með beinum eða óbeinum hætti, í eigu ríkisins? Ég fagna ekki því hvernig það gerðist en þetta er dæmi um gríðarleg mistök.

Hins vegar er ég ekki sammála því sem nú er einnig að gerast að ríkið skuli með beinum eða óbeinum hætti vera komið með mestalla matvöruverslun í landinu. Ég fagna því ekki, síður en svo, og ég tel að mjög mikilvægt sé að nú komi einmitt tími kaupmannsins á horninu. (**ÓN:** Einkaframtaksins.) Einstaklingsframtaksins, ekki einkaframtaksins. Hins vegar getur verið að verslun með matvöru sé svo mikilvæg grunnþjónusta í sumum byggðarlögum að þar verði opinberir aðilar að hlutast til um að hún sé til staðar.

Þessi þingsályktunartillaga sjálfstæðismanna um að nú sé brýnast að auka einkavæðinguna er (Forseti hringir.) ótrúlega veruleikafirrt, herra forseti.

[14:19]

Flm. (Ásta Möller) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður hefur lokið máli sínu.

Í framsöguræðu minni las ég bréf frá kjósanda á Vesturlandi, Dagbjörtu Höskuldsdóttur í Stykkishólmi (**Gripið fram í:** Góðri vinkonu og frænku.) góðri vinkonu og frænku minni. Hún segir farir sínar ekki sléttar og ég veit að hv. þingmaður þekkir þá sögu ágætlega. Hún hefur rekið bóka- og ritfangaverslun í Stykkishólmi frá 1994 í húsnæði sem hefur verið rekin verslun í frá 1937, í 71 ár.

Dagbjört segir frá því að Íslandspóstur, hlutafélag að fullu í eigu ríkisins, hafi ákveðið að auka vöruúrval sitt eftir að hafa byggt ágæta aðstöðu í Stykkishólmi og reyndar víðar um landið og þar segir hún, með leyfi forseta:

„Þar er nú til sölu mikið af alls konar skrifstofuvörum, ritföngum tölvuvörum, jafnvel föndurvara og geisladiskar og smávægilegt sýnist mér af bókum, svo ekki sé talað um að þeir eru komnir út í samkeppni við ljósmyndastofur og jafnvel prentstofur en það þekki ég ekki vel.“

Nú langar mig að spyrja hv. þingmann: Hvað finnst honum um þetta? Finnst honum eðlilegt hlutverk Íslandspósts, sem er ríkisfyrirtæki, að fara yfir á þetta svið einkaframtaks — sem mér finnst reyndar vera það sama og einstaklingsframtak þó að hv. þingmaður hafi viljað meina annað hér áðan — hvað finnst honum um þetta? Nú spyr Dagbjört Höskuldsdóttir hér, með leyfi forseta:

„Er þetta eðlilegur viðskiptamáti, er þetta kjarnastarfsemi Íslandspósts?“

Mig langar að heyra svar hv. þingmanns við þessu því hann talar mjög mikið fyrir opinberum rekstri og ekki er langt síðan ríkið rak prentsmiðju, síldarverksmiðju, skipaútgerð, lyfjaverslun, skýrsluvélar, fjarskiptafyrirtæki og rafmagnsvöruinnflutning. Ég spyr því: Hvar eiga mörkin að liggja, hv. þingmaður?

[14:21]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það vill svo til að ég tók þetta bréf frá Dagbjörtu Höskuldsdóttur í Stykkishólmi, sem hún sendi okkur þingmönnum Norðvesturkjördæmis í fyrravetur, upp á Alþingi þá. Við tókum þetta sem dæmi um hvernig fyrirtæki eins og Íslandspóstur ætti ekki að haga sér. Hver voru rökin? Jú, rökin voru þau að Íslandspóstur væri orðið hlutafélag á vegum ríkisins og gæti þess vegna farið sínar eigin leiðir og væri bundið lögmálum einkareksturs og auk þess væri verið að búa fyrirtækið undir sölu, það væri verið að

undirbúa sölu Íslandspósts og til þess að hann gæti orðið sem söluhæfastur þyrfti hann að komast yfir þjónustu sem væri arðbær.

Þetta er sjónarmið þeirra sem vilja fyrst hlutafélagavæða og síðan búa fyrirtæki undir sölu. Ég er þessu fullkomlega andvígur. Það væri nær fyrir Íslandspóst að sinna póstþjónustu. Af hverju er Íslandspóstur að skera niður póstþjónustu um allt land, setja póstkassa á þjóðvegi langt frá bæjum til að spara, til að geta skilað auknum hagnaði en ræðst svo í starfsemi þar sem einstaklingar eru með starfsemi fyrir — bara til að búa fyrirtækið undir að verða söluhæfara? Þetta er stefnan sem ríkisstjórnin hefur sett þessum fyrirtækjum.

Ég tel einmitt að Íslandspóstur sé dæmigert fyrirtæki og dæmigert fyrir þá stefnu ríkisstjórnarinnar að hlutafélagavæða þjónustuna fyrst og selja hana síðan, í staðinn fyrir að Íslandspóstur eigi fyrst og fremst að sinna (Forseti hringir.) þeirri kjarnastarfsemi sem póstþjónusta er, hvort sem það skilar halla eða gróða. Auðvitað á það að vera gert á eins hagkvæman hátt og hægt er (Forseti hringir.) en þjónustan á að vera í fyrirrúmi.

[14:24]

Flm. (Ásta Möller) (S) *(andsvar)***:**

Já, sem sagt, hv. þingmaður, virðulegur forseti, það hefði átt að selja strax, en ekki búa til hlutafélag, fyrirgefið útúrsnúninginn.

Í svari hv. þingmanns kom fram að Íslandspóstur jók starfsemi sína, útvíkkunarstarfsemi, í ákveðnum tilgangi. Það má vel vera og er örugglega hárrétt hjá hv. þingmanni. Það eru bara aðrar ríkisstofnanir sem nota önnur rök til þess að víkka út starfsemi sína. Vegna þess að þær eru með svo hæft starfsfólk, þurfa meiri sértekjur og starfsemi þeirra er svo sérhæfð að einungis þær geta séð um hana, t.d. eru búnar til tölvudeildir þegar stofnanirnar mundu fá meira út úr því að kaupa tölvuþjónustu.

Við tölum því um að ýmsar ríkisstofnanir og stofnanir sveitarfélaga fari út fyrir kjarnasvið sitt af miklum metnaði og þrengi síðan að starfsemi einkaaðila. Ég er þeirrar skoðunar að ríkisstofnanir þurfi virkilega að gæta sín. Þær eru í ákveðinni aðstöðu, þær geta gnæft yfir og þrengt að og ég er þeirrar skoðunar að þær þurfi að passa sig að þrengja ekki að einkaaðilum. Þetta er mín skoðun og ég get yfirfært lýsinguna á Íslandspósti yfir á mjög margar stofnanir þannig að þá getum við kannski verið sammála að einhverju leyti þótt það sé kannski ekki markmið umræðunnar að vera sammála um það.

[14:26]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Að sjálfsögðu á þessi umræða sér ýmsar hliðar, en ef hún er sett fram undir því markmiði að einkavæðing sé það sem eigi að stefna að í opinberri þjónustu og að opinbera þjónustan sé einhvers konar neyðarúrræði þá er ég ekki sammála því. Suma grunnþætti á að standa vörð um og þar má gefa metnaði í starfi tækifæri. Vel má vera að í sumum byggðarlögum sé verjanlegt og eðlilegt að Íslandspóstur geti selt pappír og annað slíkt ef þar er ekki samkeppnisumhverfi. Það verður náttúrlega að meta þjónustuþörfina og þjónustustigið.

En hlutafélagavæðing á þjónustufyrirtækjum og síðan sala eins og á Íslandspósti eða á Landssímanum, einkavæðing á honum og sala á Símanum, hefur leitt til mun verri og dýrari þjónustu um allt land. Það var hins vegar keyrt fram af miklu offorsi og blindri trú á einkavæðingu opinberrar þjónustu. Greinilega hefur komið fram, m.a.s. hjá forustumönnum stjórnar Íslandspóst, að markaðsvæðing fyrirtækja sé frumskilyrði og krafa af hálfu ríkisins. Þá verður að byrja á því, og ríkisstjórnin átti að byrja á því, að taka þá kröfu af Íslandspósti að hann eigi fyrst og fremst að vera rekinn á markaðslegum forsendum.

Af því að við tölum um Íslandspóst sýnist mér að hann fari einmitt svo hryllilega kolranga leið í einkavæðingar- og markaðsvæðingarstefnunni að hún bitni fyrst og fremst á þeim sem eiga að (Forseti hringir.) njóta grunnþjónustu hans.

[14:28]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er ástæða til að fagna þessari þingsályktunartillögu sem er til umræðu undir forustu Ástu Möller. Þessi tillaga fékk góðan framgang á síðasta þingi en náði því miður ekki afgreiðslu á lokametrunum. Mér finnst þetta ágætisdæmi um mál sem eðlilegt er að þingið hleypi í gegn, eitt af svokölluðum þingmannamálum sem hafa gengið frekar hægt í gegnum þingið. Vonandi verður einhver breyting á því eins og forseti hefur reyndar boðað.

Ég get ekki látið hjá líða að blanda mér aðeins í umræðuna. Hv. þm. Jón Bjarnason talar fallega um einstaklingsframtakið og er það vel. Ég held að hann hljóti þar með að vera kominn á þá skoðun að frelsi einstaklingsins geti verið gott á mörgum sviðum. Hann fagnar einstaklingsframtakinu en lýst ekki á einkaframtakið. Þetta kom fram í lok ræðunnar og mig langar að spyrja hann að því: Hver er munurinn á því og af hverju — af því að Íslandspóstur er sérstaklega til umræðu — er einstaklingsframtakið svona óskaplega vont þegar kemur að póstþjónustu en ekki þegar um var að ræða ritfangaverslunina í Stykkishólmi?

Fyrst og fremst þetta: Er einkaframtak eitthvað annað en einstaklingsframtak og frelsi einstaklingsins eins og þingmaðurinn hv. talaði svo fallega um?

[14:30]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er töluverður munur á einstaklingsframtaki og einkaframtaki. Ef við tökum t.d. verslanirnar sjáum við að kaupmennirnir hafa orðið að lúta í gras fyrir stórum verslunarkeðjum og einkaframtakið í þeim skilningi er þá ekki orðið beint einstaklingsframtak heldur eitthvað allt annað. Ég vil t.d. draga skýr mörk á milli kaupmannsins í Melabúðinni og Baugs eða 10–11 búðanna, (Gripið fram í.) þar er gríðarlegur munur.

Af því að hv. þingmaður veltir fyrir sér þessari tillögu og er meðflutningsmaður á henni bendi ég á að ein af meginröksemdum sem tilgreindar eru í tillögunni er hversu vel hafi tekist við einkavæðingu bankanna og reyndar einnig fjarskiptaþjónustunnar. Það væri fróðlegt að vita hvort þingmaðurinn er enn þá þeirrar skoðunar að hægt sé að sækja gott fordæmi fyrir áframhaldandi einkavæðingu, auk-

inni einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu, eins og sjálfstæðismenn leggja mikið kapp á núna og hafa gert í tillöguflutningi sínum. Er það gott fordæmi eins og hér er gert að vísa til þess að hvað einkavæðing bankanna hafi tekist vel og að þingmálinu um einkavæðingu bankanna sé dreift hér sama dag og síðasta bankinn var ríkisvæddur? Nei, ég held að það sé einmitt dæmigerð tillaga um veruleikafirringu þingmanna Sjálfstæðisflokksins að halda að aukin einkavæðing í almannaþjónustu sé eitthvað sem nú þurfi að keppa að. Þetta er bara dæmigerð veruleikafirring, því miður, og hún er mjög alvarleg.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og viðskn.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Frv. KHG, 51. mál (rýmri ákvæði um umönnunargreiðslur). — Þskj. 51.

[14:32]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga á þskj. 51, um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Frumvarp þetta flyt ég ásamt hv. þm. Birki Jóni Jónssyni.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á 5. gr. laganna að hún orðist svo sem hér segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að greiða umönnunargreiðslur skv. 4. gr. maka elli- eða örorkulífeyrisþega sem dvelst í heimahúsi eða öðrum nákomnum lífeyrisþeganum sem annast lífeyrisþegann. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.“

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Núverandi lagaákvæði í 5. gr. laganna frá 2007 er rýmkað nokkuð með frumvarpi þessu. Í fyrsta lagi verða heimilar umönnunargreiðslur til annarra en þeirra sem eiga sameiginlegt lögheimili með elli- eða örorkulífeyrisþeganum og er þá miðað við að sá sem umönnunargreiðslur fær sé nákominn lífeyrisþeganum, ættingi eða náinn vinur. Í öðru lagi eru lagðar niður núverandi makabætur og umönnunarbætur og þess í stað lagt til að teknar verði upp umönnunargreiðslur skv. 4. gr. laganna. Við það hækka greiðslurnar úr því að vera allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga nokkuð eða um 15% á mánuði. Upphæðin var fyrir ári síðan 82.700 kr. og frumvarpið gerir ráð fyrir að umönnunarbætur og makabætur hækki upp í það sama og umönnunargreiðslur voru þá eða 96.978 kr. á mánuði. Loks er í þriðja lagi fellt úr gildandi lögum skilyrði um að sérstakar aðstæður þurfi að vera fyrir hendi og þannig verður heimild laganna rýmri en áður.

Breytingarnar í frumvarpinu munu sérstaklega gagnast aðstandendum alzheimer-sjúklinga og öðrum þeim sem þurfa stöðuga umönnun og athygli annarra. Þær eru auk þess í takt við sjálfsagðar kröfur sem nú eru uppi um að öldruðum verði gert kleift að búa sem lengst á eigin heimili og auka með þeim hætti lífsgæði þeirra.

Þrátt fyrir nokkra hækkun á greiðslum verður kostnaður við umönnun í hverjum mánuði einungis sem svarar einnar viku kostnaði við hjúkrunarrými og má því leiða að því sterkar líkur að umrædd breyting leiði til sparnaðar fyrir ríkissjóð. Á árinu 2006 voru greiddar samtals 92 millj. kr. til 125 einstaklinga í makabætur og umönnunarbætur. Þær greiðslur hefðu orðið um það bil 107 millj. kr. ef fjárhæðin í frumvarpinu hefði gilt, hún hefði hækkað um 15 millj. kr. Rýmkun á heimild laganna mun vafalaust fjölga þeim sem fá umönnunargreiðslur enda er til þess ætlast. Ekki er unnt að leggja mat á þann kostnað að svo stöddu né þann sparnað fyrir ríkissjóð sem hlýst af því að viðkomandi mun líklega dvelja lengur í heimahúsi en ella. Þykir því rétt að hafa lagaákvæðið í formi heimildar um sinn.

Frumvarpið er endurflutt óbreytt frá síðasta þingi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til félags- og tryggingamálanefndar að lokinni þessari umræðu og til 2. umr.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Almenningssamgöngur, 1. umr.

Frv. ÁÞS o.fl., 44. mál (heildarlög). — Þskj. 44.

[14:37]

Flm. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um almenningssamgöngur sem ég flyt ásamt hv. þm. Atla Gíslasyni, Álfheiði Ingadóttur og Þuríði Backman.

Hér er um að ræða frumvarp um heildarlöggjöf á sviði almenningssamgangna. Frumvarpið markar þar af leiðandi viss tímamót vegna þess að til þessa hefur ekki verið til staðar heildarlöggjöf á sviði almenningssamgangna þar sem skilgreind er ábyrgð og markmið með almenningssamgöngum eða fjármögnun þeirra tryggð.

Í 1. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að stuðla að öflugum, öruggum og hagkvæmum almenningssamgöngum í lofti, á láði og legi með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Enn fremur að auka hlutdeild almenningssamgangna í samgöngum almennt, bæta skipulagningu þeirra og tryggja fjármögnun. Við skipulag almenningssamgangna skal hafa hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og markmiðum stjórnvalda og alþjóðaskuldbindingum í umhverfismálum, m.a. í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.“

Í þessari 1. gr. er reynt að hnýta saman þau mikilvægu meginmarkmið sem eiga að mati flutningsmanna að liggja að baki skipulagi og rekstri almenningssamgangna, þ.e. að tryggt sé að bæði á landi, í lofti og á legi séu skipulagðar markvissar almenningssamgöngur. Þær eiga að vera öflugar og öruggar og þær eiga að vera hagkvæmar og markmiðið eða leiðarljósið á að vera sjálfbær þróun. Enn fremur er það eitt af mikilvægustu markmiðunum, samkvæmt þessu frumvarpi, að auka hlutdeild almenningssamgangna í samgöngum almennt. Það er mikilvægt markmið í sjálfu sér. Mörg sveitarfélög hafa sett sér tölusett markmið varðandi almenningssamgöngur vegna þess að á undanförnum árum hefur orðið æ meiri umræða í sveitarfélögum um mikilvægi

almenningssamgangna og þess vegna hafa þau sett sér markmið í því sambandi. Að mati flutningsmanna frumvarpsins á það að vera mikilvægt markmið hins opinbera, löggjafans, að hlutdeild almenningssamgangna verði aukin. Meginröksemdin fyrir því er auðvitað þjóðhagsleg hagkvæmni. Þar getum við talað um þann efnahagslega sparnað sem það getur haft í för með sér fyrir samfélagið allt að almenningssamgöngur séu efldar og hlutur þeirra verði aukinn. Það getur leitt til minni kostnaðar við margs konar innviði og stofnframkvæmdir í vegamálum, gatnamálum. Það er auðvitað sérstaklega mikilvægt á þeim tímum sem nú eru, m.a. að því er varðar orkumálin, orkugjafana, að við getum dregið úr notkun innflutts jarðefnaeldsneytis sem knýr bílaflota landsmanna að mestu. Það er auðvitað líka mikilvægt þegar við horfum á viðskiptajöfnuðinn við útlönd að við getum aukið hlut almenningssamgangna og þar með dregið úr þeirri miklu fjárfestingu sem liggur í hinum almenna bílaflota.

Hér er líka talað um þjóðhagslega hagkvæmni sem markmið við skipulag almenningssamgangna en það hafa verið gerðar rannsóknir á því, m.a. eftir því sem ég best veit, af hálfu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um þjóðhagslega hagkvæmni almenningssamgangna þar sem kemur fram að hún er gríðarlega mikil. Hér er líka vísað til markmiða stjórnvalda og alþjóðaskuldbindinga í umhverfismálum, m.a. í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þar höfum við tekist á herðar ákveðnar skuldbindingar sem við eigum að sjálfsögðu að reyna að uppfylla enda er tilgangurinn með því að gangast undir slíkar skuldbindingar að sjálfsögðu sá að þær séu uppfylltar. Aukin hlutdeild almenningssamgangna er tvímælalaust þáttur í því, ég held að enginn ágreiningur sé um að með því móti getum við dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Í frumvarpinu er kveðið á um það að samgönguráðherra fari með yfirstjórn þessa málaflokks. Við gerum tillögu um það í 3. gr. frumvarpsins að landinu öllu verði skipt í ákveðin þjónustusvæði almenningssamgangna og það eigi að gerast í samgönguáætlun. Þar eigi að koma fram hvernig landinu er skipt í þjónustusvæði og þá verði skilgreind þjónustuþörf og markmið fyrir hvert svæði. Sú skilgreining þarf að sjálfsögðu að taka mið af þeim meginmarkmiðum sem lögð eru til í 1. gr. og að sjálfsögðu þarf að taka mið af hagsmunum hvers svæðis fyrir sig enda geta þau verið æðimismunandi.

Í 4. gr. er gerð tillaga um að opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, beri ábyrgð á að almenningssamgönguþjónusta sé veitt samkvæmt lögum þessum og í samræmi við ákvæði samgönguáætlana. Það er ekki tekin afstaða til þess með hvaða hætti sú þjónusta er veitt en ábyrgðin á því að hún sé til staðar er á herðum opinberra aðila, ríkinu, að því er varðar almenningssamgöngur með flugvélum og ferjum sem nú þegar á sér stað í takmörkuðum mæli. Hér gætu strandsiglingar fallið undir ef ákveðið verður að taka þær upp í einhverjum mæli á nýjan leik og þar er vísað til laga um loftferðir og til vegalaga. Síðan á ríkið einnig að bera ábyrgð á fyrirkomulagi almenningssamgangna með bifreiðum samkvæmt sérleyfum. Ríkið hefur það reyndar með höndum í dag og veitir sérleyfi til aksturs og fólksflutninga og farmflutninga á tilteknum sérleyfisleiðum.

Í öðru lagi er lagt til að sveitarfélög beri ábyrgð á fyrirkomulagi almenningssamgangna innan sveitarfélags, með bifreiðum innan sveitarfélags. Þá erum við að tala um hina hefðbundnu strætisvagnaþjónustu og svo að á milli sveitarfélaga sé um að ræða einkaleyfi til handa sveitarfélögunum á grundvelli laga um fólksflutninga og farmflutninga.

Hér er síðan gerð tillaga um að í sveitarfélögum með meira en 10 þúsund íbúa sé skylt að skipuleggja almenningssamgöngur. Ég held raunar að flest sveitarfélög sem ná 10 þúsund íbúa markinu, sem eru reyndar ekki mörg hér á landi, skipuleggi nú þegar almenningssamgöngur. Sveitarfélögin sinna því þessu verkefni þó það sé ekki lögbundið en þá kemur það líka að þau hafa ekki sérstaka tekjustofna til þess aðra en þá að greiða þann kostnað annars vegar með notendagjöldum og hins vegar af almennu útsvars- eða skatttekjum sveitarfélaganna.

Í 5. gr. er síðan fjallað um fjárframlög og m.a. um að framlög ríkisins til almenningssamgangna á vegum sveitarfélaga skuli taka til stofnkostnaðar stofnframkvæmda og innviða svo sem vegna forgangsakreina, umferðarstýringar og búnaðarniðurgreiðslu opinberra gjalda eða beinna rekstrarstyrkja. Það er sem sagt veitt heimild samkvæmt frumvarpinu til þess að ríkið veiti framlög til almenningssamgangna á vegum sveitarfélaga í gegnum samgönguáætlun. Það eru einhverjar fjárhæðir til almenningssamgangna og samgönguáætlunar nú þegar. Þær eru ekki háar en með markvissri stefnumótun á sviði almenningssamgangna og með skilgreiningu á þjónustuþörf einstakra þjónustusvæða mundu framlög ríkisins til þessa málaflokks vera ákveðin í samhengi við önnur framlög í samgönguáætluninni.

Ég lít svo á, virðulegur forseti, að hér sé að mörgu leyti um tímamótafrumvarp að ræða. Það er kunnara en frá þurfi að segja að samgöngur af ýmsum toga eru hverju samfélagi mikilvægar og það er mikilvægt að það sé boðið upp á fjölbreyttan samgöngumáta og samgöngumátarnir búi við visst jafnræði sín í milli. Um leið þarf að tryggja að unnt sé að draga úr neikvæðum áhrifum samgangna með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi og búa þannig um hnúta að við áætlanagerð í samgöngumálum sé umhverfisrask og mengun af völdum samgangna lágmörkuð.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum um langt skeið lagt ríka áherslu á almenningssamgöngur bæði á landsvísu, á vettvangi Alþingis, og eins á sveitarstjórnarvettvangi þar sem við höfum tekið þátt. Undanfarið þing hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt til að ríkið komi til móts við rekstur almenningssamgangna með frekari lækkun, niðurfellingu á virðisaukaskatti og olíugjaldi og þetta frumvarp er í raun framhald af málatilbúnaði flokksins í málefnum almenningssamgangna. Í markmiðsgrein frumvarpsins sem ég hef þegar lesið er farið yfir mikilvæga þætti, t.d. umhverfismálin, þjóðhagslega hagkvæmni og mikilvægi þess að ríkið móti sér stefnu í málefnum almenningssamgangna. Þar er m.a. vísað í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem látið er að því liggja að efla eigi almenningssamgöngur. Við höfum gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar, m.a. þar sem tekið er fram að ríkið eigi að efla almenningssamgöngur til að ná markmiðum alþjóðasáttmála á sviði umhverfismála. Það er einnig kunnara en frá þurfi að segja að almenningssam-

göngur í þéttbýli hafa mikið og raunar alfarið verið á hendi sveitarfélaganna en þau hafa ekki fengið tekjustofna til að sinna þessum mikilvæga málaflokki.

Sveitarfélögin sjálf hafa í vaxandi mæli fjallað um mikilvægi þess að efla almenningssamgöngur. Það kom m.a. fram þegar samgöngunefnd Alþingis heimsótti sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu í haust en þá var það einn fyrsti punkturinn sem við samgöngunefndarmenn fengum frá sveitarstjórnarfólki, talsmönnum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, fyrsta atriðið sem þau nefndu gagnvart samgönguyfirvöldum var að efla almenningssamgöngur. Ég held að það sé því orðið brýnna en nokkru sinni fyrr að þessum málaflokki verði gefinn meiri gaumur og um hann sett heildarlöggjöf og tryggt að við setjum aukið fjármagn til málaflokksins og það sé þá gert, eins og ég sagði áðan, á grundvelli þjóðhagslegrar hagkvæmni, þjóðhagslegrar arðsemi og þjóðhagslegra arðsemisútreikninga. Ég er sannfærður um að við getum sparað þjóðarbúinu heilmikið á öðrum sviðum með því að efla almenningssamgöngur.

Í fylgiskjali með frumvarpinu fylgir kafli úr skýrslu nefndar sem samgönguráðherra skipaði á fyrri hluta árs 2007 til að fjalla um almenningssamgöngur og sú skýrsla eða sú nefnd sem þá var skipuð skilaði skýrslu til samgönguráðherra í júlí sl. Þar er að finna margvíslegar tillögur sem allar lúta að því að efla almenningssamgöngur hvers konar og þar er m.a. gerð grein fyrir aðstæðum á hinum Norðurlöndunum að því er varðar almenningssamgöngurnar og skýrt með hvaða hætti hið opinbera kemur að rekstri almenningssamgangna. Víðast hvar í löndunum í kringum okkur, bæði á Norðurlöndum og einnig annars staðar í Evrópu, er litið svo á að almenningssamgöngurnar séu einn af hornsteinunum í heildarstefnumótun hins opinbera á sviði samgöngumála þannig að til að mynda markaðir tekjustofnar til samgöngumála fara einnig til almenningssamgangna. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að leiða hugann að þessu og fara að gera slíkt í auknum mæli.

Við höfum líka séð það að til að mynda í Reykjavík hefur verið farin sú leið að reyna að treysta almenningssamgöngur með því að gera sérstakar forgangsakreinar. Víða um heim, bæði austan hafs og vestan, eru slíkar akreinar taldar sjálfsagður hlutur. Við höfum ekki gert mikið af því hér en ef á að takast að efla almenningssamgöngur og fá fleiri til að nýta sér þær þá þurfa þær að vera öruggar, þær þurfa að vera áreiðanlegar. Fólk verður að vera visst um að það komist leiðar sinnar á skjótan hátt og forgangsakreinar eru liður í því að liðka fyrir umferð almenningssamgangna í umferðarkerfi sem er vaxandi að öðru leyti og við höfum orðið vör við meiri umferðartafir á höfuðborgarsvæðinu en áður. Reyndar er höfuðborgarsvæðið ekki eitt um þetta. Ég veit að Eyjafjarðarsvæðið, svo dæmi sé tekið, er líka svæði þar sem umferðarþungi hefur vaxið mikið og mengun af völdum umferðar hefur vaxið verulega og bæði í Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri hafa yfirvöld með reglubundnu millibili þurft að gefa út sérstakar viðvaranir um loftmengun af völdum umferðar.

Ég tel sem sagt, virðulegi forseti, að hér sé mikilvægt mál á ferðinni sem ætti að geta orðið nokkuð góð samstaða um að veita brautargengi. Ég vænti þess að málið fái góða umfjöllun á vettvangi samgöngunefndar Alþingis og vonast að sjálfsögðu til þess að fá jákvæðar umsagnir þegar málið fer í umsagnarferli á vegum nefndarinnar.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu mikið lengri. Greinargerðin með frumvarpinu fer ágætlega yfir meginmarkmiðin með frumvarpinu og rökstyður hvers vegna mikilvægt er að efla almenningssamgöngur. Þar er enn fremur að finna athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Frumvarpið er ekki mikið að vöxtum, aðeins sjö greinar, en hugsunin er að það myndi eins konar ramma utan um starfsemi almenningssamgangna, um þessa mikilvægu þjónustu og í frumvarpinu er að sjálfsögðu vísað til annarra laga, m.a. vegalaga, laganna um loftferðir og laga um fólks- og farmflutninga á landi.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar til meðferðar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og samgn.

[14:54]

Útbýting:

Fundur með fjármálaráðherra Breta, 113. mál, fsp. SF, þskj. 122.

Tilboð Breta um að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu, 112. mál, fsp. SF, þskj. 121.

Út af dagskrá var tekið 7. mál.

Fundi slitið kl. 14:55.

19. FUNDUR

þriðjudaginn 4. nóvember,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna til setu í Þróunarsamvinnunefnd til fjögurra ára, skv. 2. gr. laga nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.
3. Kosning aðalmanns í bankaráð Seðlabanka Íslands í stað Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 26. gr. laga nr. 36 22. maí 2001 um Seðlabanka Íslands.
4. Losun brennisteinsvetnis af manna völdum í andrúmslofti, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Fyrri umr.
5. Friðlýsing vatnasviðs Skjálfandafljóts, þáltill., 34. mál, þskj. 34. — Fyrri umr.
6. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 36. mál, þskj. 36. — 1. umr.
7. Hámarksmagn transfitusýra í matvælum, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
8. Seðlabanki Íslands, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
9. Áfengislög, frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.
10. Fjárreiður ríkisins, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
11. Fjármálafyrirtæki, frv., 111. mál, þskj. 120. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Þuríður Backman, 8. þm. Norðaust. (3.11.)

Fjarvistarleyfi:
Ágúst Ólafur Ágústsson, 4. þm. Reykv. s.
Ármann Kr. Ólafsson, 4. þm. Suðvest.
Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðurk.
Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
Bjarni Benediktsson, 3. þm. Suðvest.
Illugi Gunnarsson, 3. þm. Reykv. s.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanrrh., 2. þm. Reykv. s.
Katrín Júlíusdóttir, 5. þm. Suðvest.
Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Ungmennafélagi Íslands.

Tilkynning um dagskrá.

[13:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Um klukkan tvö í dag, að loknum óundirbúnum fyrirspurnatíma, fer fram umræða utan dagskrár um stöðu á fjölmiðlamarkaði á Íslandi. Málshefjandi er hv. þm. Guðni Ágústsson. Menntamálaráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Um fundarstjórn.

Mæting á fundi í viðskiptanefnd.

[13:35]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Herra forseti. Að undanförnu hefur viðskiptanefnd fundað ótt og títt um þann vanda sem blasir við íslensku þjóðinni. Við framsóknarmenn berum vissa ábyrgð á þeim tíðu fundahöldum en við óskuðum ekki bara eftir neyðarfundi út af stöðu sparisjóðanna og annarra minni fjármálafyrirtækja heldur einnig út af málaferlum gamla Kaupþings við breska ríkið og samningunum við Holland og Bretland. Enn liggur fyrir beiðni okkar um að viljayfirlýsing sem íslenska ríkið er búið að gera við Hollendingana verði lögð þar fram.

Í gær fjallaði nefndin um gríðarlega mikilvæg mál, annars vegar um stöðu launþega og hins vegar um stöðuna á peningamarkaðssjóðunum. Fulltrúar Samfylkingarinnar sáu sér ekki fært að mæta við þær umræður og lét stjórnarandstaðan bóka að hún lýsti undrun sinni á því. Svo gerðist það aftur í morgun þegar við vorum að ræða um mjög mikilvæg mál eins og bráðavanda atvinnulífsins og afstöðu um peningamarkaðssjóði að þeir létu sig vanta. Nú er það þannig að ...

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill aðeins gera athugasemdir hér. Umræður um störf þingsins eru undir öðrum dagskrárlið. Athugasemdir um fundarstjórn forseta eiga að snúast um fundarstjórn forseta.)

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskiptaráðherra er ekki hér til að svara spurningum þingmanna og hann verður heldur ekki hér næstkomandi fimmtudag. Ég vil lýsa yfir óánægju minni með þessa fundarstjórn. Það brenna margar spurningar á okkur þingmönnum sem við viljum beina til hæstv. viðskiptaráðherra og mér þótti viðeigandi að kæmi fram hér.

[13:37]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna þessara athugasemda er rétt að geta þess að hæstv. viðskiptaráðherra er með fjarvistarleyfi og situr varamaður á þingi í hans stað. Forseti á því erfitt um vik en að sjálfsögðu eru athugasemdir hv. þingmanns teknar til skoðunar á vegum forseta.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Rannsókn á hræringum á fjármálamarkaði.

[13:38]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég vil inna hæstv. forsætisráðherra og talsmenn stjórnarflokkanna eftir því hvar séu á vegi stödd þau mál sem lúta að heildarrannsókn og tæmandi rannsókn á þeim atburðum sem orðið hafa í fjármálakerfi okkar. Það hefur borið á góma af og til og menn hafa þá talað um hvítbækur og annað í þeim dúr en síðan hefur lítið gerst. Það er rétt að upplýsa að engar viðræður hafa farið fram milli stjórnmálaflokkanna eða þingflokkanna um það hvernig staðið verði að þessum málum.

Almenningur gerist nú æ órólegri. Það er mikill skortur

á upplýsingum og menn eru hissa og hugsi yfir ýmsu sem virðist vera að gerast í skjóli Fjármálaeftirlits, skilanefnda og tímabundinna bankaráða þótt afar takmarkaðar upplýsingar komi fram um það. Almenningur hefur þá óþægilegu tilfinningu, og við þingmenn hér á Alþingi hljótum að deila henni enn sem komið er að nokkru leyti, a.m.k. fulltrúar stjórnarandstöðu, að það litla sem gerist í þessum málum er að framkvæmdarvaldið og þeir aðilar sem komið hafa efnahag landsins í kaldakol burðast nú við að rannsaka sig sjálfir. Slíkt getur eðli málsins samkvæmt aldrei gengið. Tæmandi og heildstæð rannsókn og yfirumsjón með slíku getur augljóslega ekki verið í höndum framkvæmdarvaldsins. Spurningin er: Þarf ekki að koma til kasta Alþingis og þurfa stjórnmálaflokkarnir og þingflokkarnir ekki að sameinast um markvissan og skjótan undirbúning að þessu, annaðhvort með því að setja lög um sérstakar rannsóknaraðgerðir af þessu tilefni eða að koma þessu með einhverjum öðrum hætti í farveg?

Ég held að það dugi ekki lengur að ýta þessu á undan sér. Það þarf að gæta að því að slík rannsókn komist í farveg það tímanlega og það skjótt að engin gögn hafi glatast og auk þess er nauðsynlegt að fullvissa almenning í landinu um að það verði gert.

[13:40]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég vil taka undir meginsjónarmið þingmannsins sem hann hefur gert grein fyrir. Ég vek athygli á því að nokkrum dögum eftir að þeir atburðir urðu sem í daglegu tali eru nú kallaðir hrun bankanna greindi ég frá því að af minni hálfu stæði til að láta rannsaka það mál til hlítar og gera um málið það sem kalla mætti á íslensku hvítbók.

Við forseti Alþingis höfum síðan rætt þetta mál og það hefur einnig verið rætt í ríkisstjórninni. Ég tel eðlilegt að Alþingi hafi þar ákveðna forustu og mun beita mér fyrir því í samstarfi við forseta Alþingis og vonandi forustumenn allra flokka á Alþingi að málinu verði komið í farveg sem ekki verði deilt um. Nóg er samt um þrætur og deilur í þjóðfélaginu út af þessu máli þó að sá þáttur málsins verði hafinn yfir slíkt. Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir slíkri niðurstöðu og það verður velt við hverjum steini þegar að því kemur í þessari athugun, vænti ég. Við þurfum að fá til verksins einstaklinga sem allir geta treyst en við gætum hugsanlega jafnframt þurft að leita til erlendra sérfræðinga um aðstoð eða ráðgjöf á þessu sviði. Það er enginn áhugi á því að draga þetta mál eða tefja það. Það þarf að vanda undirbúninginn og gera þetta vel þannig að allir þingmenn, allir þingflokkar, allir aðilar í þjóðfélaginu sjái að rétt og eðlilega sé að málinu staðið. Ég lagði strax upp með það í Morgunblaðsviðtali 12. október sl. og hef margítrekað á Alþingi að til stendur að gera það.

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra svörin og ég tek það þá þannig að nú snúi menn sér að þessu verki. Ég held að það sé mjög mikilvægt að á næstu einum til tveimur vikum verði þessum hlutum komið í farveg. Það ætti ekki að þurfa að vefjast fyrir Alþingi að setja sérstök lög um þessa rannsókn sem margt mælir með að gerð verði, að hún fari einfaldlega fram á grundvelli sérstakra lagaheimilda sem settar verði. Fyrir því eru nýleg fordæmi að standa þannig að málum fremur en beita gildandi úrræðum eins og 39. gr. stjórnarskrárinnar sem auðvitað gæti líka komið til greina.

Ég er sammála því að þarna þarf að vanda mjög val á þeim aðilum sem fengnir verða í verkið, þeim sérfróðu, óháðu aðilum og væntanlega er kostur að fá að einhverju leyti liðsinni erlendra aðila. Þar má nefna þá aðstoð sem ýmsar nágrannaþjóðir á hinum Norðurlöndunum hafa boðið fram og gæti m.a. falist í því ásamt öðru að leggja til mannafla, aðstoð eða sérfræðiþekkingu í þennan þátt endurreisnarstarfsins á Íslandi að rannsaka hlutina ofan í kjölinn þannig að hægt verði að gera þá upp (Forseti hringir.) og láta þá axla ábyrgð sem hana eiga að bera.

Bankaráð ríkisbankanna.

[13:43]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Ég sé mig knúinn til að ræða við hæstv. forsætisráðherra um þá stöðu sem upp er komin í nýja ríkisbankakerfinu. Þar sitja í skjóli ríkisstjórnarinnar bráðabirgðabankaráð, handlangarar ráðherranna og embættismenn sem sagt er að taki nú miklar ákvarðanir í hinu nýja ríkisbankakerfi. Það er umræða um að milljarðaafskriftir útrásarmanna séu felldar niður. Fram fari brunaútsala á eignum bankanna við þessar aðstæður á síðustu vikum til manna sem áttu þær eignir fyrir, hafa tapað þeim og kaupi þær nú á nýjan leik. Það er margt sem sagt er um þessar mundir.

Ég tel mjög mikilvægt, hæstv. forsætisráðherra, að strax hefjist opinber rannsókn á þessum fullyrðingum, rannsókn á því hvort stóreignamenn hafi lokið störfum sínum í einkabankakerfinu með því að afskrifa milljarðaskuldir á sjálfa sig. Þeir afskrifuðu það ekki að ætla að bera ábyrgð á því að almenningur sem hefur tapað milljörðum í peningamarkaðsreikningum, sem færði sparifé sitt í góðri trú fyrir áróður bankamanna innan slíkra reikninga og eru núna stórtap almennings svo milljörðum skiptir.

Ég tel mjög mikilvægt, hæstv. forsætisráðherra, að hin nýju bankaráð sem eiga að stjórna þessum bönkum í framtíðinni líti strax dagsins ljós. Mér var sagt í upphafi að þessi bankaráð verði bráðabirgðabankaráð. Ef svo er ekki verður forsætisráðherra að upplýsa það hér. Það þolir enga bið og opinber rannsókn þarf að fara í gang strax.

[13:46]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Hv. þingmaður er í raun og veru að tala um tvennt hér. Í fyrsta lagi spyr hann um skipun varanlegra bankaráða en það er ætlunin að ganga frá þeirri skipun á næstu dögum að höfðu samráði við stjórnarandstöðuna. Við gerum ráð fyrir að því máli geti lokið í vikunni en það er rétt að það hefur dregist nokkrum dögum lengur en til stóð. Varðandi rannsókn á hugsanlega saknæmu athæfi er komið fram að ákveðnum mönnum hefur verið falið að hefja und-

irbúning að slíkri rannsókn á vegum dómsmálaráðherra. Ég held að það sé alveg skýrt og nauðsynlegt að slík rannsókn fari fram.

Í öðru lagi að því er varðar annars konar athæfi sem ef til vill er ekki sakhæft en er hins vegar eitthvað annað athugavert við hefur Fjármálaeftirlitið að sjálfsögðu þar ákveðna eftirlitsskyldu. Ég veit ekki betur en að á vegum þess sé unnið að slíkum athugunum eins og efni standa til og eðlilegt er. Ég fullvissa hv. þingmann um að engu verður undan skotið í þeim efnum.

[13:47]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Varðandi það sem ég minntist á er eðlilegt að Fjármálaeftirlitið fari strax yfir þær fullyrðingar sem nú hafa verið í fjölmiðlum um að milljarðaafskriftir hafi verið gerðar í einkabankakerfinu á síðustu dögum þess. Það verður að rannsaka það strax sem sakamál. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra aftur: Hefur það ekki verið rætt í ríkisstjórn og hver eru áformin í þeim efnum? Mér fannst svarið ekki skýrt.

Ég vil enn fremur segja að það hefur dregist hjá hæstv. forsætisráðherra að skipa varanleg bankaráð. Það hefur margt dregist og hvað er verið að gera í skjóli þess dráttar? Eigum við í stjórnarandstöðuflokkunum svo að koma að bankaráðunum þegar búið er að ganga frá ýmsum hlutum? Það vekur tortryggni og áhyggjur margra manna. (Forseti hringir.) Ég bið um heiðarleika og hrein viðskipti við stjórnarandstöðuna og við samfélagið á Íslandi sem allt er í sárum.

[13:48]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég tek það fram að í bráðabirgðabankaráðunum sitja embættismenn og starfsmenn ráðuneyta sem þekktir eru að samviskusemi og heiðarleika í störfum sínum og hafa reynt að sinna sínum erfiðu verkefnum, sem óvænt komu í fangið á þeim fyrir nokkrum vikum síðan, af prýði og ég veit ekki annað en allir hafi gert það.

Það þarf að ganga frá þessum máli með varanlegri hætti, það er alveg rétt hjá hv. þingmanni. Til stendur að gera það á næstu dögum og þá þarf líka að velja hæft, traust og heiðarlegt fólk úr flokkum til setu í bankaráðin.

Um hitt málið vísa ég til míns fyrra svars. Það eru engir skuldarar öðrum merkilegri í viðskiptabönkunum á Íslandi og allir eiga að fá sömu meðferð.

Viðræður forsætisráðherra við Gordon Brown í apríl.

[13:49]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Í fréttum *Morgunblaðsins* 1. nóvember var gerð grein fyrir því sem kom fram á vef dagblaðsins *The Daily Telegraph*, sem þykir hallt undir breska íhaldsflokkinn, og sem tekið var upp í fréttaskýringaþætti Channel 4 í Bretlandi þar sem segir frá því að forsætisráðherra Íslands, hæstv. Geir H. Haarde, hefði aðvarað Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, við því í apríl sl. að íslenska fjármálakerfið stæði frammi fyrir miklum erfiðleikum. Jafnframt var vísað til þess varðandi þennan fund hæstv. forsætisráðherra og forsætisráðherra Breta að Downingstræti 10 í apríl að þeir hafi þar rætt ýmis vandamál í íslenska bankakerfinu. Þar er fullyrt að Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, hafi þá ráðlagt forsætisráðherra Íslands að snúa sér beint til Alþjóðgjaldeyrissjóðsins varðandi aðstoð handa Íslendingum.

Vegna þessara frétta og þess sem þarna kemur fram vil ég í fyrsta lagi spyrja: Er þær staðhæfingar sem hafðar eru uppi í vefriti dagblaðsins *The Daily Telegraph* og sem komu fram í fréttaskýringaþætti á Channel 4 og hafa verið birtar í *Morgunblaðinu*, réttar? Það er fyrsta atriðið. Það skiptir gríðarlega miklu máli hvort þarna er farið rétt með sem haldið er fram, að hæstv. forsætisráðherra hafi varað Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, við aðstæðum á Íslandi og hann ráðlagt forsætisráðherra Íslands að leita þá þegar eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Í annan stað, ef þessi frétt á við rök að styðjast er eðlilegt að spurt sé: Á grundvelli hvaða upplýsinga varaði hæstv. forsætisráðherra breska forsætisráðherrann við varðandi fjármálakerfi Íslands?

[13:52]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Það gætir töluverðrar ónákvæmni í þessari frétt sem hv. þingmaður vitnar til. Eigi að síður er fótur fyrir einhverju sem þar stendur, m.a. því að við Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, hittumst í London 25. apríl sl. Gefin var út fréttatilkynning um þann fund. Í henni segir að við höfum m.a. rætt alþjóðlegu efnahags- og fjármálakreppuna, erfiðleikana í bankakerfi heimsins og áhrif þess á Íslandi og m.a. í því samhengi þau áhrif sem það gæti haft á starfsemi íslenskra fyrirtækja í Bretlandi sem eru með yfir 100 þúsund manns í vinnu. Það munar um það þar í landi. Það var rætt en komið hefur fram á öðrum vettvangi að Seðlabanki Íslands hafði fyrr á árinu leitað fulltingis breska seðlabankans um einhvers konar gjaldmiðlaskiptasamning eða fyrirgreiðslu af því tagi.

Málefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins bar vissulega á góma á þessum fundi en mig rekur ekki minni til að forsætisráðherra Bretlands hafi sérstaklega mælt með því að við leituðum þangað á því stigi. Þetta voru góðar umræður og mjög gagnlegar og ég taldi mig hafa mikið gagn af þeim. Fréttirnar af fundinum rugluðust dálítið vegna misskilnings sem fram kom á heimasíðu breska forsætisráðuneytisins um að meginefni hans hefði verið aðild Íslands að Evrópusambandinu sem var ekki einu sinni rætt. Þau mál sem hv. þingmaður spyr um voru rædd með þeim hætti sem ég hef nú lýst og ég tel að það hafi verið góðar umræður sem voru vonandi báðum aðilum gagnlegar og hafa skipt máli í framhaldinu.

[13:54]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin. Ég bjóst satt að segja ekki við því að sú frétt sem ég vísaði til væri að öllu leyti nákvæm. Samt sem áður liggur fyrir og er hér staðfest af hæstv. forsætisráðherra að strax í apríl var ríkisstjórn Íslands það ljóst að alvarlegar blikur

væru á lofti í efnahagsmálum íslensku þjóðarinnar og að dregið gæti til alvarlegra vandamála hvað varðaði starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis. Þess vegna velti ég því fyrir mér af hverju ekki var gripið til aðgerða eða ráðstafana þá þegar.

Hæstv. forsætisráðherra minnist þess ekki að talað hafi verið um aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en spurningin er: Hringdu þá ekki aðvörunarbjöllurnar strax í apríl sem hefði átt að taka tillit til og grípa til aðgerða?

[13:55]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Aðvörunarbjöllur í alþjóðahagkerfinu byrjuðu að hringja í ágústmánuði árið 2007 þegar undirmálslánakreppan hófst í Bandaríkjunum. Hún hefur síðan magnast upp í mikinn fellibyl út um allan heim sem við sjáum ekki enn þá fyrir endann á. Enn hrynja bankar víðsvegar um heiminn og stjórnvöld víða dæla nú stórkostlegum upphæðum af almannafé í bankakerfi sín.

Við sáum þetta ekki fyrir í aprílmánuði ef það er það sem hv. þingmaður spyr um. Við sáum ekki fyrir að Merrill Lynch mundi leggja upp laupana, við sáum ekki fyrir að Lehman Brothers mundu fara á hausinn og þar af leiðandi sáum við ekki fyrir að bankarnir mundu lenda í erfiðleikum við að endurfjármagna sig eins og raunin varð í síðari hluta septembermánaðar. Það er orsökin fyrir því að þeir féllu með þeim hætti sem raun bar vitni. Auðvitað sáu menn fyrir ýmsa efnahagslega erfiðleika og það var það sem var til umræðu á þessum fundi, alþjóðlega efnahagsvandamálið sem þá blasti við.

Frumvarp um eftirlaun.

[13:56]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég vil spyrja út í vinnubrögð Samfylkingarinnar. Í stjórnarsáttmálanum stendur að breyta eigi eftirlaunalögum og Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn hafa ætlað að standa saman að því. Síðan ber svo við að fimm þingmenn Samfylkingarinnar leggja fram slíkt mál hér í þinginu. Það gengur út á að breyta eftirlaunum forseta Íslands, ráðherra, þingmanna og hæstaréttardómara. Þrír þessara þingmanna eru hér í salnum núna.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar og hæstv. utanríkisráðherra, segir í vor að hún vilji helst láta breyta þessum lögum fyrir slit á vorþingi. Nú kastar tólfunum þegar hv. þm. Árni Páll Árnason segir í fjölmiðlum að hann vilji afnema eftirlaunalögin strax þrátt fyrir mögulega bótaskyldu, smásálir geti þá sótt forréttindi sín með dómi.

Gott og vel. Ég held að það sé stefna allra flokka að afnema þessi lög eða að breyta þeim. Hér er 43 manna þingmeirihluti Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar. Þess vegna spyr ég: Af hverju er ekki búið að breyta lögunum nú þegar? Hvað er Samfylkingin að blaðra daginn út og inn og gerir svo ekkert í málunum? Þess vegna spyr ég hæstv. iðnaðarráðherra: Hvenær verður lögunum breytt fyrst Samfylkingin rekur svona á eftir því? Ég tek fram að ég styð það. Framsóknarflokkurinn hefur ályktað um að breyta eigi lögunum. Af hverju er ekki búið að gera það, hæstv. iðnaðarráðherra?

[13:58]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að það liggja fyrir yfirlýsingar að ég hygg frá öllum stjórnmálaflokkum um mjög ótvíræðan vilja til þess að breyta þessum lögum. Það hefur líka komið fram að það hafa verið í gangi ákveðnar viðræður á milli forustumanna flokkanna um samstöðu til þess að ná þessu fram. Ég tel að það sé mjög mikilvægt, með tilliti til þess hvernig til þessara laga var stofnað, að samstaða náist um þetta mál.

Hv. þingmaður spurði síðan: Hvenær mun sú samstaða nást? Ég hugsa að það ráðist af afstöðu stjórnarandstöðunnar ekki síður en þeirra sem eru stjórnarmegin. Hv. þingmaður vísaði til þess að það væri 43 manna stjórnarmeirihluti hér á þingi. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni en þetta er hins vegar mál sem stjórnarmeirihlutinn hyggst ekki knýja fram í andstöðu við vilja stjórnarandstöðunnar. Nú tek ég það alveg skýrt fram að ég er ekki með þessu að ýja að því að stjórnarandstaðan sé eitthvað að stympast við í þessu máli. Þetta er hins vegar mál sem er mjög nauðsynlegt að vinna hratt og nauðsynlegt að ná sem breiðastri samstöðu um það.

Ef hv. þingmaður innir mig eftir afstöðu Samfylkingarinnar til þess hvenær eigi að ná því fram hefur það komið fram hjá formanni Samfylkingarinnar í nýlegu merku viðtali, sem ég veit að hv. þingmaður hefur legið yfir eins og fleiri, að hún væntir þess að það gerist fyrir jól. Það hefur komið fram af hálfu Ingibjargar Sólrúnar, hæstv. utanríkisráðherra, að hún vildi gjarnan sjá það gerast fyrir jól. Sama gildir um mig.

[14:00]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég tel það hneyksli hvernig Samfylkingin hagar sér í þessu máli. Það er fáránlegt að þurfa að hlusta á það hér að hæstv. ráðherra segi að hann vilji helst ekki knýja stjórnarandstöðuna til að taka þátt í þessu máli. Hvað er hér á ferðinni, virðulegi forseti? Við höfum sagt að við viljum breyta þessu. Við bjóðum fram krafta okkar og samstarf. Hér er 43 manna meiri hluti stjórnarflokkanna, fleiri en tveir þriðju þingmanna tilheyra stjórnarflokkunum og Samfylkingin er þar á meðal. Ég spyr aftur: Af hverju er ekki búið að breyta þessu? Af hverju hefur Samfylkingin ekki beitt sér í því? Af hverju er ekki búið að ná samstöðu um breytingar fyrst þingmenn Samfylkingarinnar eru óþreytandi að koma hér upp og heimta breytingar á þessu strax? Menn skulu þá bara gera það og vinda sér í það mál og hætta að benda á einhverja aðra.

[14:01]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég tek undir hvert orð sem hv. þingmaður sagði: Við skulum vinda okkur í að breyta þessum lögum, til er ég í það. Það er fólk í þessum þingsölum sem er þeirrar skoðunar að það sé svo erfitt að gera það, að ekki sé hægt að ná því fyrir jól. Einn situr á ská fyrir aftan hv.

þingmann, það er hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Ég heyrði hana segja í útvarpi á laugardaginn að hún teldi að ekki væri hægt að breyta því fyrir jól. Ég veit ekki af hverju hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er þeirrar skoðunar en hún sagði það eigi að síður. Ég er ekki að ýja að því að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir eða þingmenn Framsóknarflokksins yfirleitt séu eitthvað á móti því. Ég bendi bara á það að þeir sem sitja í þessum sölum og hafa meiri þingreynslu en jafnvel hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. fyrrverandi umhverfisráðherra Siv Friðleifsdóttir telja vandkvæði á því. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að ekkert eigi að standa í vegi fyrir því að eftirlaunalögunum verði breytt fyrir jól. Samfylkingin er til í þann dans og vonandi allir.

Samstarf um nýtt lagaumhverfi fyrir fjármálakerfið.

[14:03]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Fjármálakerfið á Íslandi er komið á hliðina. Efnahagskerfið í heild sinni á í miklum alvarlegum og vaxandi erfiðleikum en það sorglega er að þetta hefði ekki þurft að fara svona. Það sorglega er að ef löggjafinn hefði reist nauðsynlega múra til varnar almenningi og heimilum í landinu hefði t.d. Icesave-hneykslið ekki orðið að veruleika og við stæðum ekki frammi fyrir þeirri hrikalegu katastrófu sem við nú gerum.

Ég nefni sem dæmi um reglur og löggjöf sem setja hefði þurft um ýmislegt sem snertir krosstengsl í viðskipta- og fjármálalífinu, lög um aðskilnað viðskiptabanka og fjárfestingarsjóða sem hefðu komið í veg fyrir Icesave-hneykslið þar sem viðskiptahlið bankans fóðraði óseðjandi fjárfestingarófreskjuna. Nú þegar við stöndum frammi fyrir því að greiða úr þeim flækjum sem eru í fallít fjármálakerfi þjóðarinnar blasir við okkur annað og ekki síður alvarlegt og mikilvægt verkefni en það er að reisa nýtt fjármálakerfi. Þá skiptir miklu máli hvernig til tekst um allt lagaumhverfið og ég leyfi mér að beina þeirri spurningu til hæstv. forsætisráðherra hvort hann muni beita sér fyrir þverpólitískri aðkomu alls þingsins að því starfi. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum aftur og ítrekað á undanförnum mánuðum, missirum og árum lagt fram tillögur í þessa veru. Þær hafa allar verið hunsaðar og nú spyr ég: Er hæstv. forsætisráðherra reiðubúinn að efna til þverpólitísks samstarfs um nýtt lagaumhverfi fyrir íslenska fjármálakerfið?

[14:05]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Eins og hv. þingmaður veit byggist lagaumgjörðin um fjármálakerfið á Íslandi á samevrópskum reglum. Bæði hér á landi og annars staðar hafa þær að ýmsu leyti reynst mjög gallaðar. Það þarf að laga til í þeim efnum og við eigum að taka forustu um það á Íslandi sjálf, það sem snýr að okkur. Atriði eins og hv. þingmaður kallaði réttilega Icesave-hneykslið mega ekki koma upp í nokkurri mynd aftur. Þetta verkefni sem við í ríkisstjórn og fólk á okkar vegum er nú að eyða dýrmætum tíma sínum í að reyna að greiða úr, er auðvitað ömurlegt mál á alla lund.

Samkvæmt verkaskiptingu í Stjórnarráðinu hefur viðskiptaráðherra frumkvæði að undirbúningi löggjafar um regluverkið á fjármálasviðinu. Eftir það kemur málið til ríkisstjórnar og þingflokka hennar og síðan til Alþingis þannig að á þeim vettvangi koma allir flokkar að og ég er alveg sannfærður um að góð ráð úr ranni Vinstri grænna verða ekki síður vel metin en annarra í þessum efnum. Það er eitt og annað í regluverki okkar sem eftir á að hyggja reyndist ekki vel og krosseignarhald, eignarhald eignarhaldsfélaga á hlutabréfum í bönkunum og fleira af því tagi eru atriði sem við höfum brennt okkur illilega á. Koma þarf í veg fyrir að lagaákvæði um þetta og evrópskar reglur verði misnotaðar af öflum og aðilum sem ekki hafa hagsmuni þjóðarbúsins að leiðarljósi.

[14:07]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Það er ýmislegt sem við getum ekki breytt sem er orðið að veruleika. Ég nefni andvaraleysi og fyrirhyggjuleysi fyrrverandi og núverandi ríkisstjórnar. Ég nefni stefnu fyrrverandi og núverandi ríkisstjórnar. Ég nefni afstöðuna sem var að finna í fjármálakerfinu hjá þeim sem þar stýrðu för. Þetta er liðin tíð. En nú þurfum við einnig að horfa til framtíðar og ég tók það sem svo að hæstv. forsætisráðherra væri því fylgjandi að efnt yrði til þverpólitískrar samstöðu um smíði nýs lagaumhverfis fyrir fjármálakerfið í landinu. Það er mjög mikilvægt að við komum öll að því verki.

[14:08]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ef það yrði skoðað hvernig lög um regluverk á fjármálamarkaðnum hafa verið afgreidd á Alþingi á undanförnum árum allt frá því að við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu kæmi í ljós að flestöll lagaframvörp um þetta efni hafa verið samþykkt samhljóða út úr þinginu, að hvorki Vinstri grænir, forverar þeirra né aðrir stjórnmálaflokkar hafi gert veigamiklar athugasemdir við það regluverk. Vill þingmaðurinn gera athugasemd? (**ÖJ:** Ekki gleyma ... söguð út af borðinu.) Það er nefnilega það. En ég vildi segja að frumkvæðisrétturinn í þessu máli og skyldan er að sjálfsögðu hjá ríkisstjórninni og viðskiptaráðherra hennar en atbeini annarra þingflokka kemur að sjálfsögðu til skjalanna hér í Alþingi. Ekki verður fúlsað við athugasemdum eða hugmyndum hvaðan svo sem þær koma úr hinu pólitíska litrófi í því starfi sem fram undan er í þessum efnum. En fyrst þarf að vinna þetta mál á vettvangi ríkisstjórnarinnar. (**ÖJ:** Hættu að snúa út úr ...) Kemur það ekki úr hörðustu átt þegar hv. þingmaður segir öðrum að hætta að snúa út úr?

Um fundarstjórn.

Orð þingmanns um eftirlaunafrumvarp.

[14:10]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að fá að segja örfá orð og útskýra mína hlið málsins.

Hæstv. iðnaðarráðherra bar það á mig áðan að ég hefði sagt að ekki væri hægt að breyta eftirlaunalögunum fyrir jól. Málið er þannig vaxið að ég tók ásamt fleiri þingmönn-

um þátt í umræðum á laugardag í þætti sem heitir Í vikulokin. Þar ræddum við um þessi margumtöluðu eftirlaunamál og eftirlaunalög og fórum yfir það öll frá okkar sjónarhorni. Ég ætla ekki að fara yfir það hverjir hinir þingmennirnir voru. Nema hvað að ég fór yfir hvernig Samfylkingin þjófstartaði í málinu eins og hv. 10. þm. Suðvesturkjördæmis gerði áðan og að það hefði gert málið miklu erfiðara en það hefði þurft að vera t.d. vegna þess að þetta kemur fram í stjórnarsáttmála og það þýðir að sjálfstæðismenn og Samfylking ætla að taka á þessu máli saman. En með þessu þjófstarti Samfylkingarinnar er málið miklu flóknara og þess vegna ber Samfylkingin ábyrgð á því að málið er ekki komið lengra en raun ber vitni.

En það sem ég sagði var: Þetta verður ekki samþykkt fyrir jól (Forseti hringir.) og ég vísa til þess sem ég sagði áðan. Hæstv. ráðherra sagði að ég hefði sagt að ekki væri hægt að samþykkja þetta fyrir jól — (**Iðnrh.:** Ég sagði það ekki.) jú, þú sagðir það.

[14:12]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill ítreka að hv. þingmenn hafa býsna góð og mörg tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Við höfum á hverjum einasta degi í upphafi fundar möguleika á að koma með óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra og síðan að ræða störf þingsins annan hvern dag. Forseti hvetur hv. þingmenn til að nýta sér þá tíma og ganga ekki of nærri umburðarlyndi forseta hvað varðar umræður um fundarstjórn forseta.

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna til setu í Þróunarsamvinnunefnd til fjögurra ára, skv. 2. gr. laga nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Við kosninguna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur (A),
Haukur Már Haraldsson kennari (A),
Sigfús Ólafsson viðskiptafræðingur (B),
Drífa Hjartardóttir framkvæmdastjóri (A),
Katrín Ásgrímsdóttir garðyrkjubóndi (B),
Guðrún Ögmundsdóttir, fyrrv. alþingismaður (A),
Ásgerður Jóna Flosadóttir stjórnmálafræðingur (B).

Varamenn:
Margrét Sigurgeirsdóttir kennari (A),
Guðrún Erlingsdóttir (A),
Maríanna Traustadóttir mannfræðingur (B),
Anna Þóra Baldursdóttir lektor (A),
Helga Sigrún Harðardóttir verkefnisstjóri (B),
Árni Gunnarsson, fyrrv. framkvæmdastjóri (A),
Pétur Bjarnason framkvæmdastjóri (B).

Kosning aðalmanns í bankaráð Seðlabanka Íslands í stað Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 26. gr. laga nr. 36 22. maí 2001 um Seðlabanka Íslands.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Valgerður Bjarnadóttir sviðsstjóri.

Þar sem varamaður hafði verið kosinn aðalmaður lagði forseti til að nýr varamaður yrði kosinn. Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Guðmundur Örn Jónsson verkfræðingur.

Umræður utan dagskrár.

Staða á fjölmiðlamarkaði á Íslandi.

[14:15]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Alltaf gerist eitthvað stórt um helgar. Nú reis upp Rauðsól eða vígahnöttur eða rosabaugur og ætlar að eignast alla einkarekna fjölmiðla á Íslandi. Ég spyr: Er hér í gangi brunaútsala á nánast öllum fjölmiðlum og fjölmiðlavaldi Íslands til eins manns sem jafnframt hefur yfirburðastöðu á neytendamarkaði? Er það ríkisvaldið sem stendur fyrir þessu í gegnum ríkisbankann?

Salan á 365 miðlum til Rauðsólar, einkahlutafélags í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, er gerð að tillögu Landsbankans að sagt er. Ekki er ljóst hver ætlar að lána Jóni Ásgeiri fyrir kaupunum. Vil ég ekki fullyrða neitt þar um. En ég spyr: Á einhver ríkisbanki þar hlut að máli með bráðabirgðabankaráð og bráðabirgðabankastjórn? Greitt er fyrir hlutinn með 1.500 millj. kr. og til viðbótar yfirtekur nýja félagið að minnsta kosti 2 milljarða af skuldum 365 og ábyrgðir fyrir 2 milljarða til viðbótar. Talað er um afskriftir skulda upp á 5–6 milljarða.

Á félaginu hvíla ábyrgðir í breskri prentsmiðju fyrir 2 milljarða sem hafði áður verið aflétt og þær færðar yfir til FL Group en nú birtast þær í reikningum 365 á nýjan leik. Viðskiptin með þessa prentsmiðju hafa ekki farið hátt hérlendis en Bretar hafa reist brúnir yfir þeim og svo virðist sem sami leikur hafi verið leikinn þar og með síendurtekna yfirskuldsetta sölu FL Group og fleiri fyrirtækja.

Sumir hluthafar eru mjög óánægðir og átelja vinnubrögð stjórnar fyrir að hafa fyrirvaralaust á síðustu metrunum selt kjarnastarfsemi og verðmætustu eignirnar úr því til stærsta hluthafans áður en hinum hluthöfunum 600 gæfist svigrúm til þess að athafna sig. Bent var á að enn væru til á Íslandi menn sem gætu hugsað sér að eignast félagið og þyrftu ekki lán til en stjórnin ákvað snarlega að selja stærsta hluthafanum félagið á spottprís.

Á einn ríkisbankanna, sem nú ber fólk út af heimilum sínum vegna vanskila á lánum sem því var af starfsmönnum sama banka ráðlagt að taka, að fjármagna einn einasta athafnamann með þeim afleiðingum að lýðræði þjóðarinnar bíður hnekki? Er ekki ljóst að vegna annarra umsvifa Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á neytendamarkaði hérlendis er

þessi hlutur honum meira virði en flestum öðrum? Eru allir hinir frjálsu fjömiðlarnir gjaldþrota eða svo yfirhlaðnir skuldum í nýju ríkisbankakerfi? Ég spyr: Er þá ekki réttara fyrir ríkið í nafni frelsisins að selja hina góðu fjölmiðla á markaði hæstbjóðanda? Einhverjir mundu vilja kaupa *Morgunblaðið*, aðrir *Fréttablaðið*, hinir þriðju hið góða útvarp Bylgjuna og fjórðu Stöð 2 með öllum sínum tækifærum. Fjórða valdið væri tryggt í höndum margra einstaklinga og fyrirtækja. Lykilatriðið er þrátt fyrir allt að setja löggjöf utan um eignarhald fjölmiðla í ljósi fenginnar reynslu.

Ég spyr hæstv. menntamálaráðherra: Telur ráðherra ásættanlegt að einn maður skuli nú eiga flesta fjölmiðla og þar með langstærstan hlut fjölmiðlamarkaðar á Íslandi og ráða þar með að mestu leyti yfir fjórða valdinu sem gjarnan er nefnt í sömu andrá og þrígreining ríkisvaldsins? Telur ráðherrann að þessi staða sé ásættanleg fyrir lýðræðið í landinu, að ekki sé minnst á almenning sem á rétt á hlutlausum, óvilhöllum upplýsingum? Telur ráðherrann að lagaumhverfi samkeppnissjónarmiða heimili að fjórða valdið safnist á eina hendi eins og hér virðist vera að gerast? Í hverju felst endurskoðun ráðherrans á starfsumhverfi RÚV sem rætt hefur verið um? Eru fyrirhugaðar breytingar til þess fallnar að veikja stöðu RÚV á þessum fákeppnismarkaði sem virðist vera að líta dagsins ljós?

Ég hef reyndar sannfrétt í morgun að enn sé þessi yfirtaka eins manns á öllum frjálsum fjölmiðlum ekki frágengin. Bankaráð Landsbankans er bráðabirgðabankaráð, ég endurtek það, handlangarar ráðherra og ráðuneyta. Slík bankaráð eiga ekki að taka þessa ákvörðun á sig eða sætta sig við að bankastjórn geri slíkt í þeirra skjóli.

Samkeppniseftirlitið hlýtur að fjalla um það stóra einokunarvirki sem nú er að rísa sem Rauðsól eða rosabaugur eins og ég sagði í upphafi. Í vörn og sókn öflugasta athafnamanns Íslands og að eigin sögn jafnframt stærsta skuldara Íslandssögunnar í gegnum félög sín. Ég vil fá hér skýr (Forseti hringir.) svör. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í þessum málum? Hún ber hér alla ábyrgð.

[14:20]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka Guðna Ágústssyni, hv. þingmanni Suðurkjördæmis, sérstaklega fyrir að taka þetta mikilvæga mál upp hér á Alþingi þannig að þingmönnum öllum gefist tækifæri til þess að tjá hug sinn til þessarar þróunar á fjölmiðlamarkaði. Málefni fjölmiðla hafa verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu, á Alþingi sem og annars staðar undanfarin ár og þá ekki síst sú varhugaverða þróun almennt á fjölmiðlamarkaði að eignarhald fjölmiðla færist nú á sífellt færri hendur.

Við munum það öll hversu deilurnar urðu harðar um fjölmiðlana á Alþingi vorið og sumarið 2004 en þá samþykkti Alþingi lög um fjölmiðla sem öðluðust ekki gildi þar sem forseti Íslands neitaði að staðfesta þau með undirritun sinni. Í kjölfarið á því taldi ég afar mikilvægt að hér næðist þverpólitísk sátt um stöðuna á fjölmiðlamarkaði með það í huga að fjölmiðlar gegna lykilhlutverki. Sú sátt náðist og þverpólitísk nefnd skilaði sameiginlegu áliti hvað varðaði eignarhaldið á fjölmiðlamarkaði. Þar voru því settar ákveðnar skorður.

Það þverpólitíska frumvarp varð ekki að lögum og nú blasir við, líkt og hv. þingmaður vekur athygli á, sú staða að einn maður getur nú öðlast yfirráð yfir nær öllum fjölmiðlum á Íslandi að Ríkisútvarpinu undanskildu. Það er auðvitað grafalvarlegt mál og kallar á mjög margar spurningar.

Þar ber fyrst að nefna þá undarlegu staðreynd að svo virðist sem banki sem nú er í eigu ríkisins virðist hafa átt frumkvæðið af þessum gjörningi ef marka má ummæli framkvæmdastjóra 365 í fjölmiðlum. Það skiptir að mínu mati miklu máli að sem mest gegnsæi ríki um allar þær ákvarðanir sem nú eru teknar í bankakerfinu í kjölfar atburða síðustu vikna. Það má ekki gerast að spurningar vakni um hvort verið sé að hygla ákveðnum einstaklingum eða fyrirtækjum á kostnað heildarhagsmuna. Það er ekki gott að óþarfa tortryggni skapist í þjóðfélaginu. Nóg er nú samt. Slík tortryggni getur að mínu mati leitt til ákveðinnar tæringar. Ég tel algjört lykilatriði í þessu samhengi varðandi fjölmiðlamarkaðinn að stjórn og stjórnendur Landsbankans skýri fyrir þjóðinni hvaða hagsmunir hafi legið þarna að baki.

Það er svo annað mál að ef af yrði væri mjög alvarleg staða komin upp fyrir fjölmiðlamarkaðinn í heild sinni. Fjölmiðlar eru lykilþáttur í lýðræðislegri þjóðfélagsumræðu. Það væri háskaleg þróun ef samþjöppun á fjölmiðlamarkaði yrði algjör. Hún stefnir í það. Það er með engu móti hægt að færa rök fyrir því að slík samþjöppun væri heilbrigð þegar litið er til lýðræðislegrar umræðu. Við þurfum að hvetja mjög til lýðræðislegrar umræðu þvert í samfélaginu.

Ég tel því mikilvægt að þetta mál verði skoðað annars vegar með hliðsjón af þeirri sjálfsögðu kröfu að fyrirtæki séu meðhöndluð með sama hætti í bankakerfinu og að eigendur bankanna, íslenskur almenningur, verði ekki hlunnfarinn. Hins vegar verður að skoða málið með hliðsjón af því mikilvæga hlutverki sem fjölmiðlar gegna í lýðræðisþjóðfélagi.

Hitt er svo annað mál að staðan á fjölmiðlamarkaði er alvarleg. Þar kemur fyrst og fremst tvennt til: Hrun á auglýsingamarkaði, sem er mikið, um 50% samkvæmt mínum tölum, og óhagstæð gengisþróun og hár fjármagnskostnaður. Nú þegar hefur verið boðað að ein sjónvarpsstöð, Skjár 1, mun hætta rekstri og ljóst er að öll fjölmiðlafyrirtæki í landinu berjast í bökkum.

Ég hef því, líkt og hv. þingmaður kom inn á, boðað sérstaka skoðun á stöðunni á fjölmiðlamarkaði og verður sérstökum starfshópi falið það verkefni. Ég vonast til að hann geti hafið störf nú í vikunni og unnið verk sín hratt og örugglega. Ég tel mikilvægt að stjórnarandstaðan komi inn í það verkefni.

Meðal þess sem skoða verður er sú samþjöppun sem á sér stað um þessar mundir og átti sér í raun stað núna um helgina eins og hv. þingmaður kom réttilega inn á. Hins vegar verður líka að skoða stöðu sjálfstæðra fjölmiðla með tilliti til umsvifa Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði, hvort rétt sé að takmarka hlutverk og umfang Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði til skemmri tíma eða til frambúðar.

Í því ljósi verða menn þó að hafa hugfast að þrátt fyrir miklar sögur um fyrirferð Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði var hlutdeild þess í sjónvarpsauglýsingum innan við þriðjungur. Samhliða því sem auglýsingamarkaðurinn er skoðaður verður að fara yfir stöðu Ríkisútvarpsins sem ekki hefur farið varhluta af þeim efnahagslegu erfiðleikum sem nú hrjá samfélagið. Ríkisútvarpið okkar gegnir mikilvægu hlutverki á fjölmiðlamarkaði og um það hefur verið þverpólitísk samstaða. Það er vissulega óhjákvæmilegt að Ríkisútvarpið dragi saman seglin líkt og önnur fyrirtæki í landinu í ljósi aðstæðna en hins vegar verður að tryggja að það geti áfram gegnt sínu mikilvæga almannaþjónustuhlutverki með sóma.

Ef við blasir að algjör samþjöppun verður á markaði sjálfstæðra fjölmiðla, sem ég geld varhuga við, verður hlutverk Ríkisútvarpsins brýnna en nokkru sinni fyrr. Við slíkar aðstæður væri sömuleiðis varhugavert að setja því of þröngar skorður og afhenda (Forseti hringir.) einum aðila allan auglýsingamarkað landsins á silfurfati.

[14:26]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það er mjög þörf umræða sem hér fer fram í dag og merkileg tíðindi ef svo fer að allir einkareknir fjölmiðlar verði á sömu hendi. Ég tel fulla ástæðu til þess að rykið verði dustað af því frumvarpi sem þverpólitísk sátt náðist um fyrir einhverjum árum. Ég fagna því ef hæstv. menntamálaráðherra hyggst skipa samstarfshóp með þátttöku allra flokka þar sem farið verður yfir þessi mál því að við þurfum að setja skynsamleg lög um fjölmiðla.

Hér ríktu miklar deilur og ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að rifja þær upp en um þessi lög þarf að ríkja sátt. Eignarhald á fjölmiðlum þarf að vera upplýst. Hugsanlega þarf að setja um það ákveðin mörk, hvort það eignarhald eigi að vera í einhverri tiltekinni dreifingu eða að eigendur eigi ekki að vera í einhverjum öðrum rekstri. Við þurfum að skoða þessi mál.

Það er mikilvægt að hér verði áfram fleiri en einn fjölmiðill, þ.e. að fjölmiðlar verði á fleiri en einni hendi. Lítum bara á forsíður blaðanna í dag þar sem verið er að fara yfir málefni þeirra starfsmanna Kaupþings sem tóku lán fyrir hlutabréfakaupum. Hlutverk fjölmiðla er að setja málin á dagskrá, að vekja upp spurningar, svara spurningum, ýta við þeim sem hér eru inni, ýta við þeim sem eru úti í viðskiptalífinu, úti í atvinnulífinu. Fjölmiðlar eru fjórða valdið og það þarf að vera virkt.

Ég vil sérstaklega nefna að þegar svona horfir þarf að undirstrika mikilvægi Ríkisútvarpsins. Ef svo fer að Ríkisútvarpið verður tekið af auglýsingamarkaði, sem er í góðu lagi að ræða enda á það við um marga ríkisfjölmiðla í heiminum, þarf að sjálfsögðu að tryggja tekjustofna þess á móti því að það skiptir miklu máli að hér verði áfram fjölmiðill í almannaeigu með almannahagsmuni að leiðarljósi. Það er ekki viðunandi að staða þess verði skert umfram það sem þegar er orðið.

[14:28]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir að brydda upp á málinu og hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin. Sem kunnugt er hefur tekið til starfa fjölmiðlafyrirtæki með því fallega nafni Rauðsól. Við hljótum að óska því fyrirtæki allrar velgengni en um leið hlýtur maður að segja að ef unnt er að sameina í eitt fyrirtæki *Morgunblaðið* og *Fréttablaðið* er eitthvað mikið að á Íslandi.

Það getur einfaldlega ekki verið að það standist 17. gr. samkeppnislaga að sameina tvö stærstu blöð landsins í eitt fyrirtæki. Það leiðir svo augljóslega til einokunarstarfsemi á dagblaðamarkaði að þau lög sem Alþingi hefur sett hljóta að vernda neytendur fyrir slíkri sameiningu. Ég fagna því að hér á þingi höfum við skerpt á samkeppnislögunum. Slíkur samruni nær ekki fram að ganga fyrr en að lokinni athugun Samkeppniseftirlitsins og við hljótum að hafa traust á henni. En verði sú aðgerð ekki stöðvuð hlýtur Alþingi að þurfa að endurskoða samkeppnislöggjöfina því að það er líka hættulegt fordæmi fyrir önnur svið á markaði.

Ef þessi samruni verður ekki hefur í sjálfu sér ekki annað gerst, að öðru leyti en því sem lýtur að samkeppnislögunum, en að þeir miðlar sem reknir eru undir hatti 365 eru reknir í sérstöku fyrirtæki. Þá hafa ekki sameinast sérstakir miðlar. Við hér á þingi hljótum hins vegar að þurfa að huga aftur að þeim niðurstöðum sem tókust í sameiginlegri nefnd um fjölmiðlamál um þá hættu sem við höfum áður rætt, um ritstjórnarlegt sjálfstæði, hvernig hægt er að beita leyfisveitingum m.a. með ljósvakarekstri til þess að setja margvísleg skilyrði til að tryggja bæði fjölbreytni og sjálfstæði í fjölmiðlun á Íslandi. Það verður sannarlega mikilvægt á komandi mánuðum og missirum, (Forseti hringir.) sennilega sem aldrei fyrr.

[14:30]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Enn og aftur lendum við í því hlutskipti, þingmenn, að ræða um fjölmiðlamál og að gefnu tilefni þar sem einn aðili er að eignast öll dagblöðin í landinu að stærstum hluta. Þess vegna er mjög tímabært að fjalla um þessi mál og skoða þau upp á nýtt. Auðvitað er hægt að fagna þeim hugmyndum hæstv. menntamálaráðherra að skipa nefnd til að skoða þessi mál. Samkeppni á fjölmiðlamarkaðnum er með þessu móti engin og það þarf að laga. Frjálsir fjölmiðlar eru sárafáir. Þó er rétt að minna á útvarpsstöð eins og Útvarp Sögu en í blaðaheiminum eru ekki önnur blöð gefin út en þessi fáu. (**Gripið fram í:** Viðskiptablaðið.) Reyndar *Viðskiptablaðið*, eins og þingmaður kallar fram í. En fjórða valdið er ekki virkt. Vandi sjálfstæðra útvarpsstöðva, sjálfstæðrar fjölmiðlunar er líka það ægivald sem Ríkisútvarpið hefur á markaðnum. Þar er Ríkisútvarpið einrátt á stórum hluta og með sérstaka fjárveitingu á fjárlögum og fær að vera í samkeppni á auglýsingamarkaðnum og það gengur auðvitað ekki upp að búa við þessi skilyrði. Þess vegna þarf ekki síst að taka Ríkisútvarpið og starfsemi þess til endurskoðunar fyrst verið er að taka fjölmiðlamál almennt á dagskrá sem vissulega þarf að gera. En einokunarlög, samkeppnislög þarf auðvitað að skoða af þessu tilefni.

[14:32]

Bjarni Harðarson (F):

Frú forseti. Við ræðum mjög mikilsvert mál sem er staðan í fjölmiðlum á Íslandi. Ég get ekki alls kostar tekið undir árnaðaróskir til þess nýja félags sem boðar núna algera yfirtöku eins manns á nær öllum fjölmiðlum, árnaðaróskir sem komu fram áðan, því að ég tel þetta grafalvarlegt mál og í raun og veru er staðan sú að sömu öfl og komið hafa íslensku viðskiptalífi í mjög þrönga og erfiða stöðu, svo ekki sé fastar að kveðið, ráðast nú fram og henda hluta af fjölmiðlaskuldum sínum framan í almenning en ætla sér sjálf að sitja að sömu fjölmiðlavöldum og hafa orðið þjóðinni mjög dýrkeypt. Það hefur orðið þjóðinni dýrkeypt hvernig tengslin milli stórfyrirtækjanna og fjölmiðlanna hafa verið. Ég hafna því alfarið þegar menn tala um stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði sem sérstaklega óeðlilega. Sjálfur hef ég verið fjölmiðlamaður og rekið fjölmiðlafyrirtæki allan minn starfsaldur og ég kvarta ekki undan þeirri samkeppni sem kemur frá Ríkisútvarpinu. Ég kvarta undan þeirri óvægnu samkeppni sem raunverulegir og heiðarlegir fjölmiðlaeigendur hafa þurft að glíma við frá matvörukaupmönnum sem hafa notað mjólkurlítrann til að greiða niður auglýsingaverð í þeim mæli að í raun og veru er staðan sú að auglýsingaverð hefur verið nánast óbreytt í krónutölu þau 25 ár sem ég hef sjálfur rekið slíkt fyrirtæki, nánast óbreytt í krónutölu, svona u.þ.b. 40 þúsund fyrir heilsíðuna í litlum blöðum eins og þeim sem ég stóð að og eins og fjölmörg blöð eru rekin í Reykjavík líka, sjálfstæð og inni í stærri keðjum. Í raun og veru hafa þessir aðilar gengið freklega á svig við öll eðlileg samkeppnislög og sú staða sem nú er komin upp er grafalvarleg, herra forseti.

[14:35]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Með kaupum Rauðsólar á fjölmiðlahluta 365 og fyrirhugaðri sameiningu *Fréttablaðsins* og *Morgunblaðsins* er að eiga sér stað mesta samþjöppun á fjölmiðlamarkaði sem sést hefur á Íslandi. Fullyrða má að hið nýja fjölmiðlafyrirtæki sem nú er að myndast hér á landi með 24 fjölmiðla innan vébanda sinna eigi sér engan samjöfnuð í hinum vestræna heimi. Gangi þessi áform eftir eru svo gott sem allir einkareknu fjölmiðlarnir hér á landi komnir á eina hendi. Slíkt getur varla talist lýðræðislegri umræðu í samfélaginu til framdráttar alveg óháð því á hvers hendi eignarhaldið er en fjármögnun kaupanna vekur auðvitað upp spurningar.

Árið 2004 var reynt að koma á regluverki hér á landi sem hafði þann tilgang að tryggja dreift eignarhald á fjölmiðlum og lýðræðislega umræðu í samfélaginu. Við sem stóðum að lögunum og samþykktum þau máttum á þeim tíma m.a. sæta ásökunum um að hafa gerst sekir um tilraði gegn lýðræðinu, valdhroka og valdníðslu og meira að segja dreifðu menn banönum á stéttir Alþingishússins. Undir þessi ósköp öll yttu fulltrúar allra þeirra flokka sem þá voru í stjórnarandstöðu á Alþingi. Lögin hlutu ekki staðfestingu forseta Íslands sem hélt því fram að gjá hefði myndast milli þings og þjóðar. Í ljósi sögunnar er mjög athyglisvert, svo ekki sé meira sagt, að heyra að nú er komið allt annað hljóð í strokkinn hjá fulltrúum þeirra stjórnmálaflokka sem fyrir fjórum árum máttu ekki heyra á það minnst að slíkar reglur yrðu settar um eignarhald á fjölmiðlum og fundu málinu allt til foráttu. Og það væri ekki síður athyglisvert að fá nú upplýst hvort þeir sem töluðu hvað mest um gjána milli þings og þjóðar telji að hún sé enn til staðar eða hafi jafnvel verið brúuð og hvort þeir aðilar séu ánægðir með þá þróun sem átt hefur sér stað á íslenskum fjölmiðlamarkaði. (Forseti hringir.) Ég held að menn verði að velta því fyrir sér hvernig við viljum að fjölmiðlar á Íslandi þróist til framtíðar, frú forseti, og ég hef óskað eftir því við forseta Alþingis að fá að halda opinn fund í hv. menntamálanefnd um málið þar sem fulltrúar allra fjölmiðla geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

[14:37]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Frú forseti. Já, nú eru sagðar fréttir af kaupum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á helstu eignum 365 miðla og í þeim fréttum er mest talað um hvort hann sé að notfæra sér veika fjárhagsstöðu fyrirtækisins, hvort hann sé að greiða of lítið fyrir eignirnar og hvar hann hafi grafið upp þennan eina og hálfa milljarð. Þetta er umfjöllun viðskiptalegs eðlis en hún segir heilmikið um fjölmiðla og fjölmiðlaumfjöllun á Íslandi. Við höfum því miður sjaldan náð lengra í fjölmiðlaumfjölluninni en að takast á um það hvort þeir eigi að vera einkareknir eða ríkisreknir og frá 1985 þegar einkareknir fjölmiðlar fóru af stað hefur það vægast sagt gengið misjafnlega. Fjárhagslegur grundvöllur einkarekinna miðla hefur alltaf verið mjög erfiður enda segir það sig sjálft í jafnsmáu samfélagi, ekki einu sinni meðan Ríkisútvarpið var eitt á hinum eftirsóknarverða auglýsingamarkaði nægðu auglýsingatekjurnar fyrir rekstrinum. Samþjöppunin nú er auðvitað til marks um þetta.

Á seinni árum hafa gírugir kaupahéðnar þanið auglýsingamarkaðinn út, klappaðir upp af frjálshyggjufólki, fyrst og fremst að því er virðist til að ná að standa undir útgáfu blaða og tímarita og útsendingu sjónvarps og hljóðvarps, fjölmiðla sem hafa jafnvel verið í eigu þeirra sjálfra. Nú þegar harðnar á dalnum og auglýsingatekjur næstum gufa upp, þá eru fjölmiðlafyrirtækin hluti af atvinnufyrirtækjum landsmanna og við í þessum sal þurfum að horfa á að fjöldi fólks sem hefur átt lifibrauð sitt undir þessum fyrirtækjum er að missa vinnu sína. Þetta er afar snúin staða, virðulegi forseti, sem bregðast þarf við en við þurfum líka að svara hinni pólitísku spurningu, ekki aðeins hinni viðskiptalegu: Til hvers eru fjölmiðlar? Eru þeir eins og hver önnur fyrirtæki sem eigendur setja á stofn til að ávaxta pund sitt? Nei, auðvitað er ekki. Fjölmiðlar eru mikilvæg tæki til að stunda lýðræðislega umræðu (Forseti hringir.) og lýðræðislega upplýsingu og á þessum tímum er veruleg þörf fyrir sterkt ríkisútvarp og sterkt ríkissjónvarp.

[14:40]

Róbert Marshall (Sf):

Frú forseti. Fyrirferð Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði veldur samþjöppun einkarekinna miðla á fjölmiðlamarkaði og veikir lýðræðið. Það segir sig sjálft að þegar fjölmiðlafyrirtæki standa illa og atvinnuleysi er meðal blaðamanna, þá laskast kínamúrar fréttamiðla. Auglýsinga-

samningurinn fer að skipta meira máli og ótti blaðamanna við að missa vinnuna eykur líkurnar á að þeir láti undan þrýstingi eða jafnvel ritskoði sjálfa sig.

Það þarf enginn að velkjast í vafa um að stjórnendur fjölmiðlafyrirtækja, hvort sem þau eru rekin af ríkinu eða einkaaðilum, reyna að hafa áhrif á fréttamiðla þó að engin dæmi þekki ég, enda reyna blaðamenn, ritstjórar og fréttastjórar að standa í fæturna í þessum efnum. Hjá Ríkisútvarpinu hefur útvarpsstjórinn ákveðið að hann skuli lesa fréttirnar, þar setur dagskrárstjórinn sjálfan sig á dagskrá og þeir eru á sama tíma talsmenn fyrirtækisins. Hjá 365 eða Rauðsól vill forstjórinn ákveða sjálfur hverjir skulu vinna á fréttastofu og fréttablaði. Það er skoðun mín að fjölmiðlalöggjöf eigi að takmarka eignarhald til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi og ritstjórnarlegt frelsi fréttamiðla þannig að almenningur geti treyst því að fjölmiðlar sem fjalla um þjóðfélagsmál gefi hlutlausa mynd af samfélaginu. Atvinnurekendur ættu samkvæmt slíkri löggjöf að gefa rökstuðning fyrir uppsögn blaðamanns. Þá mundi slík löggjöf undirbyggja og treysta siðareglur um sjálfstæði fréttamiðla gagnvart yfirstjórn og auglýsingadeild. Það að nánast allir frjálsir fjölmiðlar séu um það bil að færast á hendi eins og sama eigandans gerir slíka löggjöf nauðsynlega enda dregur hún verulega úr áhrifum eignarhalds á efni og innihald fréttamiðla.

Hið breska BBC er að draga saman seglin vegna fjármálakreppunnar, lækka laun þáttastjórnenda og stjórnenda en á Íslandi er boðið upp á kreppuafslátt til auglýsenda til að taka meira af kökunni sem fer smækkandi. Það gengur ekki. Það getur enginn keppt við þá forgjöf sem Ríkisútvarpið hefur í þessum efnum. Þess vegna fagna ég fyrirætlunum hæstv. menntamálaráðherra að skoða þessi mál og styð þær.

[14:42]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Þó að ákveðinn auðmaður, í þessu tilviki handhafi Rauðsólar, hafi ákveðið að kaupa fjölmiðla sem ekki var rekstrargrundvöllur fyrir í góðæri, er í sjálfu sér ekkert við því að segja þó að slíkur maður vilji setja peningana sína í fyrirtæki sem varla geta talist óarðbær nema að það séu ákveðnar reglur sem gilda í þjóðfélaginu um samkeppnisrétt. Að mínu viti brýtur þetta algerlega í bága við þær reglur og hugmyndir sem menn hafa um samkeppni. Í annan stað gilda víða reglur vegna eðlis fjölmiðla, m.a. í Danmörku þar sem kveðið er á um að fyrirtæki í ákveðnum rekstri megi ekki eiga ráðandi hlut í útvarpsstöðvum. Í Noregi er miðað við að tryggja beri fjölbreytni í fjölmiðlum með sérstakri löggjöf og það er vísað til 2. mgr. 10. gr. sáttmála um mannréttindi sem við höfum í okkar löggjöf. Þessi sjónarmið gera það að verkum að handhafar þeirra úrræða sem hér eru, m.a. Samkeppniseftirlitið, hafa alla möguleika og grundvöll til að bregðast við að hér verði ekki slík samþjöppun.

Ég tel gersamlega óþolandi að samþjöppun sem þessi eigi sér stað. Ég þekki sjálfur hvað það er að verða fyrir þöggun og þurfa að hætta sem fastur greinahöfundur þegar vikið er að máli sem snertir eiganda viðkomandi fjölmiðils. Sá maður sem talaði á undan mér, hv. þm. Róbert Marshall, þekkir það og benti á að það væri eigandinn sjálfur sem veldi hverjir ynnu eða ynnu ekki á fréttastofu. Það segir okkur hversu grafalvarlegt mál hér er um að ræða.

[14:44]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Hæstv. menntamálaráðherra sagði: Það blasir við að einn maður getur eignast alla einkarekna fjölmiðla á Íslandi.

Já, það er rétt, en valdið er ráðherra og ríkisstjórnar að stöðva þetta mál strax. Þetta er allt gert í nafni ríkisstjórnarinnar ef það er gert í gegnum bankaráð sem er bráðabirgðabankaráð, í gegnum bankastjórn sem er bráðabirgðabankastjórn.

Ég verð að segja að mér finnst hæstv. menntamálaráðherra boða það seint að í rassinn verði gripið. Nú á að skipa fjölmiðlanefnd, það á að gera það eftir að þessi gjörningur hefur átt sér stað. Ég fer fram á að gjörningurinn verði stöðvaður og að við förum yfir markaðinn. Með þeim hætti getur Framsóknarflokkurinn, og stjórnarandstaðan að ég hygg, komið að því máli með ríkisstjórninni.

Ég vil líka minnast á samkeppnismálin. Samkeppnisráðherra hlýtur að stöðva þetta mál. Hann hefur gert sig gildandi sem samkeppnisráðherra, Björgvin Sigurðsson, og hlýtur að stöðva þetta mál strax.

Ég fagna umræðu sjálfstæðismanna í þessari umræðu. Ég vek hins vegar athygli á því að samfylkingarmenn hafa talað með öðrum hætti enda bera þeir rauða sól í barmi. Hv. þm. Róbert Marshall ræddi um forgjöf Ríkisútvarpsins eina ferðina enn. Þegar þessum gjörningi verður lokið verður RÚV með 12% tekjuhlutfall eftir eignabreytingarnar um helgina. Hin nýja sól mun hafa 75% hlutfall. Hver er staðan? Þetta er hin eilífa umræða og það er sorglegt að hlusta á hæstv. menntamálaráðherra sem við hvert tækifæri boðar að hún muni taka tekjurnar af Ríkisútvarpinu. Þetta er staðan sem blasir nú við og ég mótmæli því (Forseti hringir.) að það verði gert sem ég hef hér rætt í dag, að færa einum manni alla einkarekna fjölmiðla. (Forseti hringir.) Við förum yfir málið með þeim hætti, ríkisstjórnin getur með valdi sínu stöðvað Landsbankann í þessum gjörningi sínum.

[14:46]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Frú forseti. Ég þakka sérstaklega þessa umræðu sem hefur verið merkileg fyrir margra hluta sakir en undirstrika það sem ég sagði við lok minnar fyrri ræðu, að það væri varhugavert eins og þróunin er þessa dagana (Gripið fram í.) að afhenda einum aðila allan auglýsingamarkaðinn á silfurfati. Á hinn bóginn verðum við líka að huga að því hvaða tillögur eru til úrbóta til að styðja við frjálsan fjölmiðlamarkað. Við viljum ekki hafa hér eitt ríkisútvarp. Þó að mikil þörf sé fyrir því að hafa hér sterkt ríkisútvarp verðum við líka að huga að því hvaða tillögur eru raunhæfar til að halda hér uppi frjálsri fjölmiðlum þannig að það sé sagt.

Ég minni líka á það sem stóð á sínum tíma í tillögum hinnar þverpólitísku nefndar. Þar voru m.a. ákvæði um breytingu á samkeppnislögum sem hefðu þá snert einmitt samruna eins og hér er um að ræða, t.d. Árvakurs og *Fréttablaðsins*. Þá hefðu verið sett sérstök samkeppnislög

sem hefðu tekið á þessu og við hefðum þá betur samþykkt þau lög á sínum tíma.

Um hvað snýst þetta mál í heild sinni? Það snýst auðvitað um það, frú forseti, að traust ríki í samfélaginu, að trúnaður ríki. Við þurfum að byggja samfélagið upp. Fjölmiðlar leika hér lykilhlutverk (Gripið fram í.) og þess vegna skiptir máli að við ræðum hvernig við ætlum að hafa eignarhald á fjölmiðlum, hvernig við ætlum að hafa stöðu Ríkisútvarpsins á (Gripið fram í.) auglýsingamarkaði. Við þurfum að byggja upp traust, við þurfum að byggja upp trúnað alls staðar í samfélaginu, hjá stjórnvöldum, þingi, fyrirtækjum en ekki síst á fjölmiðlunum.

Losun brennisteinsvetnis af manna völdum í andrúmslofti, fyrri umr.

Þáltill. ÁI o.fl., 29. mál. — Þskj. 29.

[14:49]

Flm. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um takmörkun á losun brennisteinsvetnis af manna völdum í andrúmslofti. Flutningsmenn auk mín eru þrír hv. þingmenn Vinstri grænna, Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir og Árni Þór Sigurðsson.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja umhverfismörk fyrir leyfilegum hámarksstyrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Samhliða þessu er ríkisstjórninni falið að efla rannsóknir á losun brennisteinsvetnis með því m.a. að tryggja að fram fari ítarlegri mælingar á magni þess í andrúmslofti og á fleiri stöðum. Ríkisstjórninni er jafnframt falið að tryggja að brennisteinsvetni verði hreinsað úr útblæstri jarðgufuvirkjana og að notuð verði besta fáanleg tækni til að farga eða nýta brennisteinsvetni svo að umhverfi, lífríki og heilsa fólks hljóti engan skaða af.“

Tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu er að koma í veg fyrir heilsutjón og reyndar líka náttúruspjöll frá rekstri jarðvarmavirkjana en hvort tveggja hefur greinilega verið mjög vanmetið í mati á umhverfisáhrifum virkjananna. Það er mjög brýnt að mati flutningsmanna að áður en lengra er haldið í boðaðri stóraukinni, ágengri og ósjálfbærri nýtingu jarðvarmasvæðanna okkar, háhitasvæðanna, verði að taka til í þessum ranni, setja umhverfismörk, efla rannsóknir, fjölga mælingarstöðvum og hreinsa brennisteinsvetnið úr útblæstri jarðgufuvirkjananna.

Nýlega komu í ljós, og ég vil byrja á að vekja athygli á því, umfangsmiklar gróðurskemmdir umhverfis bæði Hellisheiðarvirkjun og Svartsengi sem sýna, eins og ég sagði áðan, hversu brýnt er að bregðast við þessu strax. Það að slíkar upplýsingar skuli ekki hafa legið fyrir þegar þessar virkjanir í Svartsengi og Hellisheiðarvirkjun voru í umhverfismati segir manni að matið á áhrifunum er langt í frá að vera rétt.

Brennisteinsvetni, H_2S, er náttúrulegt efni sem við þekkjum sem hveralykt og veldur í rauninni efnamengun í lofti, á yfirborði og í grunnvatni. Það er margt annað sem kemur upp með jarðgufunni okkar en þessi þingsályktunartillaga fjallar einungis um þetta eina efni, brennisteinsvetnið.

Í svari umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur á 135. löggjafarþingi kom fram að á árinu 2005 losuðu jarðvarmavirkjanir tæplega 17 þús. tonn af brennisteinsvetni og enn fremur að eftir að við hafi bæst annar áfangi Hellisheiðarvirkjunar, Hverahlíðarvirkjun og Bitruvirkjun, muni þetta vaxa í 38 þús. tonn á ári.

Í umsögn sinni um Hverahlíðarvirkjun bendir Umhverfisstofnun á að þegar, og ef, bæði Bitruvirkjun og Hverahlíðarvirkjun verða reistar verði losun brennisteinsvetnis af manna völdum orðin fimm sinnum meiri en náttúruleg losun brennisteinsvetnis frá öllum hverasvæðum landsins. Við vitum að strax og Hellisheiðarvirkjun var gangsett 1. september 2006 komu fram kvartanir undan aukinni hveralykt eða aukinni mengun af völdum blásandi hola á Hellisheiðinni og í deilum sem urðu um Bitruvirkjun, sem er fyrirhuguð í aðeins 6 km fjarlægð frá næstu húsum eða byggð í Hveragerði, kom fram að bæði skipulags- og byggingarnefnd Hvergerðinga og bæjarstjórnin sem slík lýstu miklum áhyggjum af þessum framkvæmdum við Bitru. Það endaði í því að yfir þúsund athugasemdir bárust sveitarstjórn Ölfuss vegna Bitruvirkjunar og sveitarstjórnin frestaði í kjölfarið afgreiðslu skipulags Bitruvirkjunar í byrjun september sl. Það var reyndar aðeins frestun, ekki afturköllun, það var ekki hætt við að setja Bitru á skipulag, því miður því að hún er allt of nálægt byggð í Hveragerði. Þessi áform og það að ekki skuli hafa verið fallið frá þeim heldur aðeins frestað sýna enn frekar nauðsynina á því að setja skýr umhverfismörk fyrir leyfilegan hámarksstyrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti og að efla mælingar og rannsóknir eins og tillögugreinin fjallar um.

Það vill svo til að jarðgufa í Hellisheiði er óvenjurík af brennisteinsvetni og, eins og ég sagði áðan, um leið og Hellisheiðarvirkjun var gangsett 1. september 2006 fóru að berast kvartanir, meira að segja bárust kvartanir frá kaupmönnum sem versluðu með silfurmuni við Laugaveg um að nú þyrfti að pússa silfrið, það félli of mikið á það út af brennisteinsvetninu.

Í greinargerð þessarar þingsályktunartillögu má sjá á bls. 3 hvernig brennisteinsvetni, vikumeðaltal samkvæmt mælingum á Grensásvegi, á árinu 2006, eykst um leið og virkjunin er gangsett. Loftgæði eru nú mæld á fimm stöðum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. við Grensásveg, í Húsdýragarðinum í Reykjavík, síðan er færanleg lítil stöð sem Reykjavíkurborg hefur rekið og auk þess fara fram mælingar á loftgæðum á Keldnaholti og Hvaleyrarholti. Ég vek athygli á því að ég hef lagt fram fyrirspurn um þessar mælingar til hæstv. umhverfisráðherra og af orðalagi fyrirspurnarinnar má m.a. marka að þessi færanlega mælistöð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar hefur lengst af í sumar verið óstarfhæf. Þegar þessir fjórir föstu mælipunktar eru upp taldir eru komnir þeir staðir sem er mælt á í Reykjavík. Það segir sig sjálft að stöðin á Grensásvegi er miklum mun fjær upptökum mengunarinnar en næsta byggð er og það er nauðsynlegt að bæta við mælistöðvum í Norðlingaholti þar sem næst er Hellisheiðinni og ekki síður í Hveragerði sem er enn þá nær Hellisheiðarvirkjun. Það þarf líka að auka rannsóknir og mælingar á útivistarsvæðunum á Hellisheið-

inni vegna þess að þar fara auðvitað hundruð ef ekki þúsundir manna um á góðviðrisdögum og reyndar allan ársins hring. Þar getur mengunin verið verulega mikil.

Neðan til á bls. 3 í greinargerðinni er línurit sem sýnir niðurstöðu mælinga í lok mars, einnar viku í mars núna í vor. Því miður hefur þetta línurit ekki prentast nægilega vel en á bls. 4 má aftur sjá hvernig brennisteinsvetni mælist á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði núna fyrstu fjóra dagana í októbermánuði. Þar kemur fram að styrkurinn rauk upp aðfaranótt 3. október og fór þá yfir 70 míkrógrömm í rúmmetra. Ég fór inn á vef Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar í dag til að skoða hver þróunin hefði verið frá þessari dagsetningu, aðfaranótt 3. október sl., og þá kemur í ljós, með leyfi forseta, eins og sjá má á þessu línuriti hér, að þrisvar sinnum hefur þessi toppur farið upp fyrir 40 míkrógrömm í rúmmetra frá þessum degi og einu sinni, þann 19. október, fór það upp í 70 míkrógrömm aftur.

Nú eru menn ekki á eitt sáttir um það hversu mjög brennisteinsvetni sé skaðlegt heilsu manna. Það er ljóst að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur fram að þessu miðað við gríðarlega hátt hlutfall sem er 150 míkrógrömm í rúmmetra á sólarhring. Þau viðmið eru nú til endurskoðunar hjá stofnuninni og hefur Umhverfisstofnun vakið athygli á því að nær væri fyrir Íslendinga að fylgja ákvörðun Kaliforníubúa sem miða við 42 míkrógrömm á klukkutíma en við það mæligildi er talið að 80% manna finni lyktina af brennisteinsvetninu, þ.e. hveralyktina.

Hvers vegna skyldi þurfa að setja umhverfismörk, hvers vegna skyldi þurfa að efla mælingar og fjölga mælingarstöðvum, hvers vegna skyldi þurfa að taka brennisteinsvetnið úr útblæstri frá jarðvarmavirkjunum? Staðreyndin er sú að brennisteinsvetni er baneitrað í miklum mæli. Það verður líka að viðurkennast að þær mælingar, styrkur efnisins, þær upplýsingar sem vitað er um hann í andrúmslofti í Reykjavík, eru ekki það miklar að hann sé talinn valda bráðri heilsufarslegri áhættu en hins vegar, eins og ég nefndi áðan, skortir mælingar í byggð þar sem hún er nærri virkjununum á Hellisheiði.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því sem í greinargerðinni segir um útvarpsviðtal við Sigurð Þór Sigurðarson, lækni og sérfræðing í lungna-, umhverfis- og atvinnusjúkdómum, í nóvember 2007 þar sem hann vitnar m.a. í erlendar rannsóknir og segist hafa áhyggjur af því að börn alist upp í umhverfi þar sem magn brennisteinsvetnis sé ávallt til staðar, enda þótt það sé ekki í mjög miklum mæli. Þar kemur einnig fram að þessi mengun bitnar fyrst og fremst á lungna- og astmasjúklingum og að ýmis mengunarefni hafi mjög neikvæð áhrif á lungnaþroska í börnum. Eins og við vitum vex astma og öðrum öndunarfærasjúkdómum barna ásmegin um allan heim.

Sigurður Þór Sigurðarson sagði í þessu viðtali rétt að brennisteinsvetnið yrði fangað úr útblæstri jarðgufuvirkjananna á Hellisheiði og vildi hann með því ítreka að það er betra að hafa varann á en að komast að því eftir kannski 10–20 ár að þetta hafi verið eins skaðlegt og hann óttast. Ég tek sérstaklega undir þessi orð. Tækni til að farga brennisteinsvetni er alþekkt og á vegum Orkuveitu Reykjavíkur er ýmislegt í gangi í þeim efnum. Algengast er að brennisteinsvetnið sé notað til framleiðslu á gifsplötum en Orkuveitan leitar einnig leiða til að veita því aftur um borholur ofan í jarðhitageyminn með skiljuvatni frá virkjununum. Þá eru líka hafnar tilraunir á Nesjavöllum við að framleiða hágæðaprótínmjöl úr örverum sem nýta brennisteinsvetnið. Það er af nógu að taka, tæknin er eins og ég sagði alþekkt enda er þetta miklu meira vandamál við jarðgasvinnslu en við jarðhitavinnsluna og menn þekkja þetta í öðrum löndum.

Ég vil að lokum, frú forseti, vekja enn og aftur athygli á því að gróðurskemmdirnar uppi á Hellisheiði og í kringum Svartsengi sýna okkur að í mati á umhverfisáhrifum hafa áhrifin af brennisteinsvetninu og áhrifin af rekstri jarðgufuvirkjana verið vanmetin. Það segir manni líka að kostnaðurinn við byggingu þessara virkjana hefur verið vanmetinn þar sem ekki er gert ráð fyrir því að hreinsa brennisteinsvetnið úr útblæstrinum, sem segir aftur að arðsemi þessara veitna er væntanlega minni en menn gerðu ráð fyrir.

Ég lýsi að lokum, frú forseti, vonbrigðum mínum yfir því að (Forseti hringir.) hæstv. umhverfisráðherra sé ekki til staðar við þessa umræðu þar sem þó eru á dagskrá mörg brýn mál sem undir ráðuneyti umhverfismála heyra, (Forseti hringir.) en ég legg til að þessari tillögu verði að lokinni fyrri umr. vísað til umhverfisnefndar.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og umhvn.

Friðlýsing vatnasviðs Skjálfandafljóts, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 34. mál. — Þskj. 34.

[15:05]

Flm. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts. Auk mín eru flutningsmenn hv. þingmenn Atli Gíslason, Árni Þór Sigurðsson, Guðmundur Magnússon, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson.

Hæstv. forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytur þingsályktunartillöguna og er hún í sama anda og svipuð þingsályktunartillögum sem fram hafa komið áður, m.a. um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum og Jökulsánna í Skagafirði. En þingsályktunartillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Skjálfandafljóts. Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Skjálfandafljóts ásamt þverám og verði hvers kyns röskun á náttúrulegum rennslisháttum fljótsins óheimil, svo og mannvirkjagerð. Skal friðun svæðisins stuðla að varðveislu landslags þess, náttúrufars og menningarminja ásamt því að það verði notað til útivistar, ferðaþjónustu og hefðbundins landbúnaðar. Sérstaklega skal hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Skjálfandafljóts geti tengst fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla.“

Hæstv. forseti. Alþingi er ljóst að unnið er að rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma og vonandi lýkur þeirri vinnu sem fyrst svo hægt verði að

takast á um niðurstöður nefndarinnar og ná í nánustu framtíð sátt um hvaða vatnasvið og hvaða jarðvarma við ætlum að vernda til framtíðar og hvaða svæði við teljum ásættanlegt að fara inn á og nýta til virkjana, orkuöflunar eða annarra nota. En þessari vinnu er ekki lokið. Ég vona okkar allra vegna og landsins að vatnasvið Skjálfandafljóts verði á verndunarlistanum en til að taka af allan vafa tel ég mikilvægt að líta á vatnasvið Skjálfandafljóts út frá náttúruverndarsjónarmiðum og fá nýja og breytta sýn á vatn og náttúru sem auðlind og möguleika til að nota svæði eins og vatnasvæði Skjálfandafljóts til að byggja upp atvinnu til lengri tíma, t.d. ferðaþjónustu. Í greinargerðinni segir:

„Frá Vatnajökli norðvestanverðum rennur Skjálfandafljót. Fljótið á uppruna sinn í Vonarskarði, rennur norður Sprengisand og fellur til sjávar í Skjálfanda. Skjálfandafljót er 175 km langt og rennur um stórbrotið og fjölbreytt landslag á leið sinni til sjávar.“

Náttúrufegurð fljótsins, umhverfis og vatnasvæðis er einstök og þeir sem hafa farið um svæðið, hvort sem er í heild eða að hluta, segja að allir séu jafnhrifnir af því. Ég held að óumdeilt sé að svæðið er einstakt og þar má svo taka út einstaka þætti sem eru alveg sérstakir.

„Þótt fljótið sé jökulfljót er vatnið í því ekki eingöngu jökulvatn þar sem lindarvatn rennur í það í Ódáðahrauni, m.a. suður úr Suðurá og Svartá, og gengur því nokkuð upp af fiski upp í fljótið. Goðafoss, einn af þekktustu og jafnvel tilkomumestu og fegurstu fossum landsins er í fljótinu. Samkvæmt Kristni sögu á Þorgeir Ljósvetningagoði að hafa kastað heiðnum skurðgoðum sínum í fossinn við kristnitöku Íslendinga árið 1000.

Skjálfandafljót á einnig náin tengsl við sögu þjóðarinnar því nokkrum kílómetrum fyrir neðan Goðafoss kvíslast fljótið og umvefur Þingey, sem staðsett er gegnt Fellsskógi. Talið er að Þingey sé forn þingstaður héraðsins frá 963 og er þar að finna fornar minjar. Af eynni draga Þingeyjarsýslur og Þingeyjarsveit nafn sitt. Fjölmörg svæði og náttúrufyrirbæri í fljótinu og vatnasviði þess eru á náttúruminjaskrá nú þegar, m.a. Goðafoss, Aldeyjarfoss, Hrafnabjargafoss og Þingey. Ferðaþjónusta í Þingeyjarsýslum er í örum vexti og er Goðafoss meðal vinsælla áfangastaða ferðamanna, enda einungis steinsnar frá þjóðveginum. Einnig hafa verið farnar ferðir út í Þingey og uppi hafa verið hugmyndir um að gera eyna aðgengilegri fyrir ferðafólk. Þá eru vinsælar gönguleiðir meðfram fljótinu þar sem ferðamenn geta notið hinnar einstöku náttúrufegurðar.“

Ferðaþjónustuaðilar í Þingeyjarsýslum hafa litið bæði á Jökulsá á Fjöllum og Skjálfandafljót sem mikilvæga áfanga fyrir ferðamenn og vilja gjarnan byggja upp öflugri ferðaþjónustu með tilliti til náttúruskoðunar og menningarlegrar ferðaþjónustu og ég tel að umhverfi Skjálfandafljóts og saga bjóði upp á enn frekari eflingu ferðaþjónustu á svæðinu.

Önnur ástæða, hæstv. forseti, er fyrir því að tillagan er lögð fram. Mikil ásókn hefur verið í orkuauðlindir þjóðarinnar, bæði vatnsafl og jarðvarma, og ég tel að við höfum ekki alltaf sést fyrir í þeim efnum. Við höfum viljað fara nokkuð bratt í nýtinguna fyrir þá kynslóð sem nú lifir og þá næstu í staðinn fyrir að horfa til framtíðar og líta til þess hvort kynslóð okkar hafi ein rétt á því að nýta auðlegðirnar sem landið gefur okkur. Hvort okkur beri ekki skylda til að vernda og skilja eitthvað eftir handa komandi kynslóðum til að nýta til orkunotkunar, ef á þarf að halda.

Í áformum sem hafa verið uppi hafa orkufyrirtæki litið til Skjálfandafljóts, og það fleiri en eitt og fleiri en tvö, og uppi hafa verið hugmyndir um að virkja á svæðinu. Ég tel að mjög varlega eigi að fara í undirbúning að öllu slíku. Efla þarf rannsóknir á svæðinu með tilliti til náttúrufars og sögu og kortleggja grunnrannsóknirnar vel áður en farið verður út í rannsóknir sem beinast eingöngu að orkuöflun. Til þess þarf fjármagn og ég tel að fjármunum sé betur varið í grunnrannsóknir á náttúrufari og náttúruauðlindum í Þingeyjarsýslum sem grunn að fjölbreyttri atvinnustarfsemi en rannsóknir sem miðast eingöngu við stóriðju og orkunotkun af mikilli stærðargráðu, en tímabært og nauðsynlegt er að leggja þær af. Við flutningsmenn teljum þarft að Alþingi taki af skarið í því að friðlýsa vatnasvið Skjálfandafljóts og eðlilegt er að láta nú reyna á yfirlýsingar sem fallið hafa á undanförnum mánuðum og missirum um vilja til að ekki verði hróflað við Skjálfandafljóti. Ekki er nóg að lýsa yfir að vilji sé til að vernda Skjálfandafljót og gefa yfirlýsingar um að ekki eigi að sækja orku í Skjálfandafljót fyrir stóriðju á Norðausturlandi en fara fyrr í háhitasvæðin og aðra virkjunarkosti. Eftir sem áður eru þessar rannsóknir í gangi og beiðnir orkufyrirtækja um að rannsaka ákveðin svæði Skjálfandafljóts með tilliti til orkuöflunar til virkjana.

Mörgum er umhugað um að vernda svæðið og stofnuð hafa verið samtök sem beita sér eingöngu fyrir verndun Skjálfandafljóts og hafa opnað heimasíðu með góðum greinum og kynningu á svæðinu. Því eins og þingheimur veit eru mörg falleg og undraverð svæði á Íslandi sem liggja það fjarri þjóðveginum að ekki fara allir inn á þau til að skoða og svæði sem við höfum ekki séð og kynnst verða oft ekki eins merkileg í huga okkar og önnur. Því er mikilvægt að kynna vel svæði sem vitað er að þarf að vernda og ganga vel um. Ekki eru til margar eða miklar bókmenntir um Skjálfandafljót og náttúrufar í kringum það, en nokkrar greinar hafa verið skrifaðar og ferðafélagsbækur hafa tekið svæðið fyrir. Ég hef ekki fundið rit og rannsóknir sem hafa eingöngu fjallað um svæðið en tel að með friðlýsingunni gefist einstakt tækifæri til að horfa á vatnasviðið í heild og einbeita sér að rannsóknum á því öllu.

Bændur í Svartárkoti og í Þingeyjarsýslum hafa stofnað til og eflt menningarsetrið Svartárkot þar sem unnið er að rannsóknum og kynningu á náttúrunni. Mjög ánægjulegt er þegar atvinna er styrkt og aukin með því að koma á menningarsetrum og rannsóknarsetrum eins og Svartárkoti og ef hlúð er að þeim geta þau orðið mun öflugri.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þingsályktunartillögu um friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts, allt frá Vatnajökli og norður í Skjálfanda, verði vísað til hv. umhverfisnefndar að loknum þessum umræðum.

[15:19]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að segja nokkur orð um þetta ágæta mál sem hér er framkomið sem mér finnst áhugavert að mörgu leyti. Hv. þingmenn sem það flytja eru þeirrar skoðunar að friðlýsa eigi þetta svæði sem kemur

ekki á óvart því svæðið er mjög fallegt og býður upp á margt að mínu mati. Ég get því lýst því yfir hér að ég tel að þetta sé allt saman athugunarvert og vil segja að það eru ekki uppi áform um að virkja þarna, það ég best veit. Ég veit t.d. að fyrirtækið Alcoa sem hefur áhuga á að byggja álver við Húsavík hefur ekki sýnt áhuga á því að orkan komi úr hugsanlegri virkjun í fljótinu sem væri þá Hrafnabjargavirkjun. En hún er ein af þeim virkjunum sem er til umfjöllunar í sambandi við rammaáætlun og miklu fleiri virkjunarmöguleikar sem ekki endilega endast sem virkjanir heldur er það rannsóknarstarf sem þarna fer fram. Þess vegna eru þessir möguleikar bornir saman með ýmislegt í huga, nýtingu eða ekki nýtingu.

Þetta mál er mér dálítið kært og svæðið er mér kært. Ég á heima í stuttri fjarlægð frá Bárðardalnum og hef þekkt þetta svæði alla mína ævi og tel að það sé einstaklega fallegt frá náttúrunnar hendi. Eins og kom fram hjá framsögumanni þá býður það upp á möguleika í sambandi við ferðaþjónustu sem vissulega eru mikið nýttir nú þegar en þar eru eflaust frekari tækifæri sem þarf að huga að.

Svo er það Þingey, eyjan sem á mikla sögu og ég er einmitt félagi í hinu þingeyska fornleifafélagi sem er að rannsaka eyna. Þar hefur ýmislegt athyglisvert komið í ljós og örugglega á margt fleira eftir að koma í ljós. Þarna hefur t.d. fundist vorþingstaður. Alþingi hefur verið rausnarlegt í sambandi við fjárveitingar til þessa rannsóknarstarfs og ber að þakka það. Í ár fékk félagið 10 millj. kr. og þær nýttust ákaflega vel.

Svo má nefna fræðasetrið sem er tengt við Svartárkot. Þar er fyrirhuguð starfsemi sem er að hefjast en er ekki komin langt á veg. Þó hefur í tvö sumur verið stundað þar mjög áhugavert fræðastarf og margir útlendingar hafa komið til þess að taka þátt í því.

Ég kveð mér hér hljóðs vegna þess að ég tel að þetta mál sé allrar athygli vert um leið og ég minni á það starf sem fer fram í tengslum við rammaáætlun. Það mun að sjálfsögðu verða fjallað um þetta svæði eins og önnur og þá virkjunarmöguleika sem þar eru þó svo að ég viti ekki til, eins og ég sagði áðan, að uppi séu áform um að ráðast í neinar slíkar framkvæmdir á þessum slóðum.

[15:24]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ég vil bara örstutt fagna þeirri tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts sem hér hefur komið fram. Allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru flutningsmenn tillögunnar og hv. þm. Þuríður Backman, 1. flutningsmaður hennar, hefur gert hér ítarlega grein fyrir henni.

Ég vil líka lýsa ánægju minni með jákvæðar undirtektir hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur sem af mörgum hefur þótt nokkuð áhugasöm og hefur, að margra mati, farið fram úr sér í áhuga sínum á virkjunum, stóriðjudraumum og framkvæmdum. En það er mjög mikilvægt hvar sem við drögum mörkin þar að við stöndum vörð um náttúruperlur, síkvikar, sílifandi náttúruperlur eins og jökulárnar eru, Jökulsárnar í Skagafirði, Skjálfandafljót, Jökulsá á Fjöllum o.fl. Þetta eru lífæðar og í orðsins fyllstu merkingu, ekki aðeins á landi heldur einnig í sjó. Áhrif framburðar og blöndunar efna við hafið fyrir ströndum landsins mynda hið síkvika líf og við megum ekki grípa þar inn í nema að mjög vandlega athuguðu máli. Tillagan um friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts er virkilega tímabær. Við vitum að það hafa verið uppi áform um virkjanir á einstökum stöðum í fljótinu sjálfu eða í aðrennslisám. Þess vegna er mikilvægt að við getum dregið þarna varnarlínu um Skjálfandafljótið.

Það er líka ánægjulegt að það hefur verið stofnaður áhugahópur heimamanna um friðlýsingu Skjálfandafljóts. Heimamenn gera sér auðvitað langbesta grein fyrir því hversu dýrmæt náttúruauðlind Skjálfandafljótið er, óspjölluð, fyrir samfélagið bæði í nútíð og til framtíðar. Áhugahópurinn hefur sett á fót vefsíðu með upplýsingum, greinum og möguleika á stuðningsyfirlýsingum, að skrifa undir stuðning við friðun og friðlýsingu Skjálfandafljóts og vatnasviðs þess, á skjalfandafljot.is. Í stefnuyfirlýsingu hópsins segir, með leyfi forseta:

„Stofnaður hefur verið áhugahópur um friðlýsingu Skjálfandafljóts. Það er markmið hópsins að vinna að friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts, stuðla að friðun og varðveislu landslags þess, náttúrufars og menningarminja ásamt því að það verði notað til útivistar, ferðaþjónustu og hefðbundinna nytja.“

Þarna er fyrst og fremst verið að standa vörð um hefðbundna stöðu vatnasviðs Skjálfandafljóts. Á heimasíðu þessa ágæta öfluga félagsskapar er að finna greinar, upplýsingar og kynningu á náttúrufari, sögu og ýmsu mjög áhugaverðu og athyglisverðu.

Hliðstæður hópur var stofnaður fyrir einum þremur árum, áhugahópur um verndun vatnasviðs jökulánna í Skagafirði. Ég er viss um að fyrir atbeina þess fólks sem þar steig fram tókst að stöðva áform um virkjanir í jökulsánum í Skagafirði, að þær yrðu stíflaðar og virkjaðar og þeim þannig spillt. Hlutverk hópsins var ekki síst að kynna þá dýrmætu fjársjóði sem fólust í fljótunum eins og þau voru. Þar er rekin öflug ferðaþjónusta, fljótasiglingar, en fljótin móta líka ásýnd og ímynd heils héraðs auk þess að móta lífríki frá fjalli til sjávar.

Ég vildi bara, frú forseti, árétta hversu mikilvægt það er að við stöndum vörð um þessar auðlindir okkar, þessar náttúruperlur. Við höfum séð hvernig þær hafa lotið í gras fyrir virkjunaræðinu, hver á fætur annarri. Slagurinn stendur núna m.a. um Þjórsá. En við viljum vernda jökulárnar okkar, Jökulsárnar í Skagafirði, Skjálfandafljót og svo mætti áfram telja. Það er ánægjulegt að það skuli vera komnir upp áhugahópar heimamanna til að vernda þessar ár, eins og hér hefur verið greint frá. Það liggur líka fyrir þinginu tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu vatnasviðs jökulánna í Skagafirði sem flutt var á síðastliðnum vetri undir sömu formerkjum og hér er gert varðandi vatnasvið Skjálfandafljóts.

Ég vona að það verði þverpólitísk samstaða um að þessi þingsályktunartillaga nái fram að ganga og Alþingi geti stolt kynnt samþykkt sína um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts.

[15:30]

Flm. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vildi bæta hér við nokkrum orðum og

þá kannski helst að þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir góðan stuðning við þessa þingsályktunartillögu. Hún er jú búsett skammt frá því svæði sem við leggjum til að verði friðlýst og ég er nær sannfærð um að hún þekkir svæðið sjálf.

Það er svo mikilvægt að heimamenn sjálfir taki upp baráttuna og veifi flagginu, kynni þau svæði sem þeir vita sjálfir hversu verðmæt eru. Ég tel mig tala af nokkurri reynslu, búsett austur á Héraði. Það opnaðist mér alveg nýr heimur við að flytjast austur á Egilsstaði fyrir 25 árum síðan og fara í fyrsta skipti inn að Snæfelli, að Hafrahvammagljúfrum og inn á Austur-Öræfin þar sem ég hafði aldrei komið áður. Ég hafði ekki hugmynd um að þessi miklu gljúfur, Hafrahvammagljúfur, væru til á landinu. Ásbyrgi og gljúfrin fyrir norðan eru þekkt en Hafrahvammagljúfur höfðu ekki komist á blað. Það voru bara smalar og heimamenn sem vissu um þetta svæði. Ég efast um að ef sú óspillta náttúra sem núna finnst ekki nema undir vatni hefði verið þjóðinni kunn hefðum við ekki farið í að gera hið mikla lón, Hálslón. Það er alltaf sú nálgun að maður þurfi að þekkja til eða kynna sér til þess að geta verið í forustu og beitt sér fyrir verndun.

Því fagna ég sérstaklega vinnu heimamanna að heimasíðunni þar sem svæðið er kynnt. Ég vona að þessi þingsályktunartillagan fái enn frekara brautargengi. Ég tala nú ekki um ef við förum að vinna svo með nýja vatnatilskipun Evrópusambandsins þar sem fram kemur sú breytta sýn að líta á vatn sem auðlind, að gera sér grein fyrir mikilvægi drykkjarvatns og þeim skorti sem víða blasir við í heiminum þar sem fólk á heilu landsvæðunum og jafnvel í heilu álfunum þjáist af drykkjarvatnsskorti. Þar er einnig talað um aðgengi fólks að vatni, um forgangsröðun þjóða á nýtingu vatns og mikilvægi þess að vernda vatnasvæðin og koma þeim helst í sitt upprunalega horf á þeim svæðum sem hefur verið spillt af ýmsum ástæðum, auka sjálfbæra nýtingu vatns.

Hæstv. forseti. Það liggur í augum uppi að líta á á svæðið í kringum Skjálfandafljót og vatnasvæði þess sem hluta af Vatnajökulsþjóðgarði. Það hefur verið litið mjög jákvætt til þess að færa Vatnajökulsþjóðgarð til vesturs og taka inn vatnasvið Skjálfandafljóts. Ég tel að það sé næsta skref sem við eigum að taka í því máli þrátt fyrir aðhald í ríkisfjármálum og þeim þrengingum sem við stöndum frammi fyrir núna. Það verður erfitt að koma saman fjárlögum, ég geri mér grein fyrir því, hæstv. forseti, en það eru verkefni eins og fornleifarannsóknir sem skila okkur auðæfum til lengri tíma litið sem má ekki skera svo niður að ekki verði hægt að stunda þær með sóma áfram. Þar vil ég sérstaklega nefna Þingey sem er mjög merkilegur staður. Við Íslendingar ættum að þekkja þann stað og kynna hann betur í ferðaþjónustunni.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og umhvn.

[15:36]

Útbýting:

Atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa, 115. mál, stjfrv. (fél.- og trmrh.), þskj. 124.

Stjórn fiskveiða, 114. mál, stjfrv. (slrh.), þskj. 123.

Hámarksmagn transfitusýra í matvælum, fyrri umr.

Þáltill. SF o.fl., 45. mál. — Þskj. 45.

[15:37]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég flyt hér tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum. Flutningsmenn að þessari tillögu eru sú er hér stendur og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Magnús Stefánsson, Bjarni Harðarson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Árni Páll Árnason, Björk Guðjónsdóttir og Þuríður Backman.

Eins og sést á flutningsmönnum koma þeir úr öllum flokkum, þ.e. úr Framsóknarflokki, Sjálfstæðisflokki, Samfylkingu og Vinstri grænum en ekki úr Frjálslynda flokknum. Það ríkir því nokkuð breið pólitísk samstaða um málið.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hefja undirbúning að setningu reglna um að hámarksmagn transfitusýra í matvælum verði tvö grömm í hverjum hundrað grömmum af fitumagni vörunnar.“

Til þess að útskýra það betur vil ég nefna að tillagan var lögð fram síðastliðið vor en hlaut ekki umræðu þannig að ekki fór hún nú í gegn þá. Hún er því endurflutt hér. Norðurlandaráðsþing hefur nýlega samþykkt tillögu af þessu tagi sem mér þótti mjög gott að skyldi vera gert.

Á síðustu árum hefur mjög mikil umræða skapast um transfitusýrur í matvælum vegna þess hversu hættulegar þær eru heilsu manna. Neysla á transfitusýrum eykur líkur á hjarta- og æðasjúkdómum mun meira en neysla á mettaðri fitu sem þó er vel þekktur áhættuvaldur fyrir slíka sjúkdóma. Transfitusýra eykur líka hættu á offitu og sykursýki 2 sem eru nú þegar sjúkdómar sem menn segja að fari mjög vaxandi og er líkt við faraldur.

Til þess að nefna tölulegar staðreyndir aukast líkur á hjarta- og æðasjúkdómum um meira en 25% ef neytt er fimm gramma af hertri transfitusýru á dag. Það er auðvelt að fá það magn margfalt eingöngu í einni máltíð ef hún er þannig samsett. Transfitusýrur myndast þegar olía er hert en hörð fita er notuð í matvæli til að fá ákveðna eiginleika sem taldir eru eftirsóknarverðir á nútímamarkaði, þ.e. eiginleikar sem auka geymsluþolið. Eins og menn þekkja vilja þeir sem selja matvöru að hún geymist sem lengst þannig að hún rýrni ekki í hillum búða. Þess vegna hefur transfitusýran verið nýtt.

Transfitusýra er t.d. í matvörum þar sem notað er smjörlíki eða djúpsteikingarfeiti með hertri fitu, svo sem í kökum, kexi og frönskum kartöflum. Þá innihalda djúpsteiktur skyndibitamatur, örbylgjupopp, snakk og sælgæti í mörgum tilvikum umtalsvert magn transfitusýra. Einnig má nefna að frá náttúrunnar hendi má finna transfitusýrur t.d. í rjóma og smjöri þannig að við getum ekki sneitt algjörlega fram hjá transfitusýrum í matvælum. Dæmi eru um að hert fita geti verið allt að 60% af heildarfitumagni í vöru. Hér er því um að ræða geysilega há gildi.

Steen Stender, yfirlæknir á Gentofte-sjúkrahúsinu í Kaupmannahöfn, hefur rannsakað magn transfitusýra í völdum fæðuflokkum í mörgum löndum. Hann hefur í því sambandi sérstaklega skoðað skyndibita, kex, kökur og örbylgjupopp. Þar kemur í ljós að Ísland skorar alveg svakalega hátt í þeim samanburði. Ef við tökum þá fæðuflokka sem hann hefur skoðað er ljóst að í Danmörku eru gildin lægst. Dagleg neysla Dana á transfitusýrum eru 0,4 grömm í 100 grömmum af fitu. Í Finnlandi eru þessi gildi 10 grömm, í Svíþjóð eru það 14 grömm og í Noregi 16 grömm en á Íslandi er hlutfallið 35 grömm af 100 grömmum af fitu sem allt of hátt. Við skipum okkur á bekk með Austur-Evrópuþjóðum og Bandaríkjamönnum. Bandaríkjamenn eru með 36 grömm og er því aðeins fyrir ofan okkur. Ungverjar er með 42 grömm og eru hæstir. Neysla transfitusýra hér á landi er því allt of mikil og vekur það athygli. Talið að það sé m.a. vegna þess að við flytjum inn mikið af matvöru frá Bandaríkjunum, það geti skýrt að hluta til þessi háu gildi.

Steen Stender segir að út frá rannsóknum sínum á transfitusýrum sé ljóst að þær eigi ekkert erindi í matvæli. Hann telur að þær séu ágætar í skóáburð og koppafeiti, sem er nú svolítið merkilegt að lesa, en eigi alls ekki vera í matvörum.

Hér á landi hefur neyslan á transfitusýrum sem betur fer minnkað um tæplega þriðjung á síðastliðnum tveimur áratugum þannig að við erum að fara í rétta átt. Þar vegur mest minni smjörlíkisneysla og jafnframt að framleiðendur smjörlíkis framleiða smjörlíki með öðrum hætti nú en áður. Það er mjög jákvætt en samt skipum við okkur á bekk með þeim löndum og þjóðum sem neyta transfitusýra í mestu magni eða um 3,5 grömm á dag sem er tæplega tvöföld sú neysla sem mælt er með. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segir að ekki sé æskilegt að neyslan fari yfir 2 grömm á dag og við liggjum sem sagt þar yfir.

Hér á landi er ekki skylda að merkja matvöru með næringargildismerkingu. Engar reglur eru í gildi um leyfilegt magn hertrar fitu í matvælum hér á landi og ekki eru reglur um hvernig merkja eigi magn þessarar fitu á matvörum. Neytendum hér á landi er því ekki gefinn kostur á að forðast transfitusýrur þótt viljinn sé fyrir hendi. Þó eru einhverjar matvörur merktar en það er vegna þess að í Bandaríkjunum eru þær merktar og við flytjum vörur þaðan inn til landsins þótt reglur um slíkt séu ekki í gildi hér.

Danir ákváðu árið 2003 að setja reglur um að festa hámarksgildi transfitusýra í mat þar í landi við 2 grömm af 100 grömmum af fitu. Danmörk er fyrsta ríkið sem fer þessa leið. Danir fengu á sig kærur innan Evrópusambandsins frá tveimur matvælaframleiðendum sem töldu að reglur þeirra væru til þess fallnar að hindra frítt flæði vöru um Evrópusambandsmarkaðinn. Þeir voru tilbúnir þess að fara með málið fyrir Evrópudómstólinn og standa á sínu en Evrópusambandið féll frá málaferlunum á hendur Dönunum og þótti það miklum tíðindum sæta af því að venjulega hefur Evrópusambandið ekki málaferli sem það dregur til baka. Það var þó gert í þessu tilviki og sú niðurstaða Evrópusambandsins að hætta við málsókn byggðist á viðurkenndum vísindarannsóknum. Ekki var hægt að hrekja röksemdafærslur Dananna um að transfitusýrur eru mjög hættulegar heilsunni.

Danmörk er því fyrsta landið í heiminum sem setur takmarkandi reglur um iðnaðarframleiddar transfitusýrur í matvælum og reglur þeirra í Danmörku gilda bæði um mat sem framleiddur er þar í landi og um vörur sem eru fluttar inn til Danmerkur. Reynsla þeirra er góð og fundu þeir ekki fyrir neinum erfiðleikum við að innleiða reglurnar. Það var ekki einhver tegund matar sem hvarf gjörsamlega úr hillunum heldur brugðust matvælaframleiðendur við þessari kröfu með því að breyta framleiðsluháttum sínum og það gekk alveg upp.

Bandaríkjamenn hafa valið aðra leið. Þeir hafa sett reglugerð um merkingar á matvælum þannig að hlutfall transfitusýra kemur skýrt og greinilega fram á umbúðum. Síðan þurfa neytendur að ákveða sig hvort þeir velja vöruna eða ekki. Það tel ég að sé mjög tímafrek og flókin leið og hún útheimtir talsvert eftirlit en látum það nú vera. Erfiðast við þá leið, þ.e. að merkja vöruna, er að það krefst svo mikillar þekkingar hjá neytendum að skilja hve mikið magn transfitusýra er í vörunni og miða við magn þeirra í annarri vöru sem þeir neyta. Það er mjög flókin leið fyrir utan það að þeir hópar sem neyta mest af transfitusýrum vita oft ekki af því. Það eru hópar sem ekki rýna í merkingar á matvöru, borða skyndibitamat á veitingastöðum þar sem þeir fá matinn í hendur án þess að vita um innihaldið. Þeir hópar geta því ekki sneitt hjá transfitusýrunum nema þeir sem matreiða á skyndibitastöðunum geri það fyrir viðskiptavinina. Það er mjög ólíklegt að það sé gert ef ekki eru settar reglur um hámarksmagn transfitusýra í matnum.

En það sem menn geta gert til þess að hindra hin neikvæðu áhrif transfitusýra er að velja olíu og mjúka fitu í staðinn fyrir herta. Það er langbest, rannsóknir benda til þess. Mig langar til að draga það sérstaklega fram að rannsóknir benda jafnframt til þess að lýsisneysla vinni gegn neikvæðum afleiðingum af neyslu transfitusýra. Það er auðvitað mjög gleðilegt fyrir Íslendinga og er hugsanlega skýringin á því að hér er þó ekki hærra hlutfall hjartasjúkdóma en raun ber vitni þrátt fyrir að við neytum hlutfallslega svona mikils af transfitusýrum. Það má vera að mikil vörn sé í lýsinu og vinni gegn þessum háu gildum. Mig langaði að benda sérstaklega á þetta af því að það er mikil hefð fyrir því að taka lýsi á Íslandi.

Í New York hafa heilbrigðisyfirvöld bannað notkun transfitusýra á veitingastöðum. Þau hafa sett hámarksgildi um magnið þar. Það eru eitthvað um 25.000 veitingastaðir í New York og þrátt fyrir að Bandaríkjamenn almennt velji leið merkingar hafa heilbrigðisyfirvöld í New York verið í fararbroddi í ýmsum lýðheilsumálum sem þessum. Þau hafa bannað reykingar á veitinga- og skemmtistöðum og voru mjög framarlega í því á sínum tíma. Nú hafa þau sem sagt bannað að notað sé svo mikið magn transfitusýra í mat sem leyfilegt er í Bandaríkjunum, á veitingastöðum í New York.

Virðulegur forseti. Síðustu mínúturnar vil ég nota til að lýsa umræðunni á Norðurlandaráðsþinginu sem var haldið nú fyrir skömmu. Miðvikudaginn 29. október var samþykkt með þorra greiddra atkvæða að fara dönsku leiðina eða þá leið sem ég og fleiri hv. þingmenn leggja til hér. Gefin eru fimm ár í aðlögun. Þar er líka áskorun á ríkisstjórnir landanna að reyna að þrýsta á Evrópusambandslöndin og EES-löndin að taka inn sömu reglur fyrir utan að breyta þessum

reglum í hverju landi fyrir sig. Danir eru búnir að því.

Það var mjög skemmtileg umræða þingi Norðurlandaráðs. Þó var hópur þingmanna sem beitti sér gegn þessari tillögu en það voru hægri menn. Málflutningur þeirra var á þá leið að þetta væri nú allt í góðum gír og færi allt í rétta átt, það þyrfti nú ekkert að standa í þessu. Það er að vissu leyti rétt að við erum að þokast í rétta átt, gildin eru að lækka. Það er vegna þrýstings frá neytendum. Menn vilja selja vöruna sína og vita að neytendur eru mjög viðkvæmir fyrir transfitusýrum. Að minnsta kosti beita neytendasamtök sér gegn þeim.

Það er mjög brýnt að hafa í huga að hópur fólks, sérstaklega börn og unglingar og reyndar ýmsir aðrir, neyta mikið skyndibita. Sumir gera það vinnu sinnar vegna, t.d. vörubílstjórar. Slíkar stéttir eru í mestri hættu vegna mikillar neyslu á transfitusýrum. Með því að setja mörkin við 2% verndum við þessa hópa. Það er því tilefni til þess að setja reglur um það. Það er ódýrt og einfalt og skilar miklum árangri. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Þó að ýmsir hlutir stefni í rétta átt eins og reykingar, sem fara minnkandi, er samt ástæða til þess að setja reglur sem fara verður eftir. Við settum reglur um að ekki væri leyfilegt að reykja á veitinga- og skemmtistöðum. Þess vegna eigum við líka að setja reglur um að vernda neytendur gegn transfitusýrum. Að flestu leyti gilda sömu rökin, þ.e. lýðheilsurök, virðulegur forseti.

[15:51]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég er ein af meðflutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu og styð hana hjartanlega. Ég hef lengi fylgst með áhrifum transfitusýra á heilsu fólks, þ.e. eftir að fram fóru að koma rannsóknir á áhrifum af þessari eðlisbreytingu fitunnar, þ.e. hvaða áhrif það hefur að neyta slíkrar fitu. Notkun vestrænna þjóða á hertri fitu eða transfitusýrum hefur aukist með breyttu mataræði og þá sérstaklega með tilkomu ruslfæðis, eins og við köllum það, eða djúpsteikingar og franskra kartaflna og annars í þeim dúr þar sem þessi fita er í miklu magni. Það ætti að vera fyrirhafnarlítið fyrir okkur að taka upp ákveðnar reglur hvað varðar hámarksinnihald af transfitusýrum í matvælum. Ekki síður þarf að fylgja því eftir að matvæli séu merkt og að neytendur eigi þess kost að kynna sér innihaldslýsingar á matvælum — sama hvort það eru transfitusýrur, erfðabreytt efni eða efni úr umbúðum — og hafi þannig val um það hvaða matvöru þeir kaupa.

Ég tel mjög mikilvægt að við förum að fordæmi þeirra þjóða sem hafa tekið niðurstöður rannsókna alvarlega, séð hvaða áhrif þessi tegund fitu hefur á heilsu fólks og þannig haft áhrif á það að þjóðir breyti mataræði sínu, borði hollari mat — og síðan má fylgja þessu öllu eftir með hvatningu til betri lýðheilsu með meiri hreyfingu o.s.frv.

Það þarf líka að koma upplýsingum um hollustu matvæla að, upplýsingum um að það skipti máli hvað við borðum því við erum það sem við borðum. Það skiptir máli hvernig maturinn er eldaður. Það skiptir líka máli hvernig maturinn er framreiddur ef út í það er farið. Þegar við erum að reyna að koma hollum mat ofan í börnin okkar þá er ekki sama hvernig hann er borinn fram. Við þurfum að hafa þetta allt í huga. Við getum ekki leyft okkur að horfa á síhækkandi hlutfall af þjóðartekjum fara í heilbrigðisþjónustu, í lyf og aðgerðir sem við getum með mjög einföldum hætti fyrirbyggt. Við getum eflt lýðheilsu. Við getum gert það með þessu móti. Við getum aukið og eflt meðvitund fólks um að velja hollan mat, að forðast það sem er óhollt. Við getum áfram verið ströng á reykingabanninu, horft á reykingar út frá óhollustu, út frá óbeinum reykingum og hvika ekki frá því reykingabanni sem við höfum sett á, að það sé bannað að reykja í opinberu húsnæði, á veitingastöðum o.s.frv. Ég styð þessa þingsályktunartillögu einlæglega og tel að þetta sé eitt af þeim málum sem við ættum að geta látið fara hratt hér í gegnum þingið.

Ég bar fram fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra um iðnframleiddar transfitusýrur í matvælum, það var á 131. löggjafarþingi. Þá var nú ósköp fátt um svör og langt í það að ráðherra treysti sér til að lýsa því yfir að hægt væri að koma takmörkunum á en það yrði gert síðar. En ég tel að tími sé kominn til þess að við gerum það og tökum Dani okkur til fyrirmyndar. Um þetta efni ættum við að geta sameinast hér á þessu haustþingi og með því móti farið út í fyrirbyggjandi aðgerðir og eflt lýðheilsu.

[15:57]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Hér er um að ræða mikilvægt heilbrigðismál og að mínu viti einboðið að bregðast hratt við, fara að fordæmi Dana og minnka, að minnsta kosti um helming, neyslu Íslendinga á transfitusýrum, hertri fitu, niður í 2 grömm af hverju hundraði. Við verðum að átta okkur á því að neysla transfitusýra eða umbreyttra fitusýra hefur aukist gríðarlega síðastliðin hundrað ár sem og þau heilsufarslegu vandamál sem því hafa fylgt. Fitur hafa verið hertar með þessu móti allt frá því upp úr aldamótunum 1900. Fyrsta einkaleyfið var veitt á herðingu jurtafitu á árinu 1911 þegar hin fræga bandaríska Crisco-feiti var búin til.

Þetta þótti góð tækni. Herðing eykur geymsluþol jurta og fiskifitu. Herðingin breytir áferðinni þannig að auðveldara verður t.d. að nýta afurðina sem viðbit. Gríðarlega mikill áróður var rekinn fyrir notkun þessarar fitu og jafnframt gegn dýrafitu og kókosfeiti sem eru hvort tveggja náttúrulegar fitur, eins og smjörið okkar og kókosfeitin, og hafa reynst miklum mun hollari og meinhollar í samanburði við þessa hertu fitu.

Þær fitur sem hér um ræðir eru búnar til við kemískt ferli. Þetta eru ekki náttúrulegar fitur þó að þær finnist í dýraafurðum, sérstaklega hjá kúakyninu þar sem örverur mynda transfitusýrur í vömb jórturdýra. Þaðan er upprunnið það sem er náttúrulegt af þessu. Allar aðrar transfitusýrur, hertar fitur, eru búnar til við efnafræðilegt ferli og eru algjörlega ónáttúrulegar líkamanum, gjörsamlega framandi og virka á hann eins og eitur.

Melting manna er mjög sérhæfð og líkami manna bregst á mismunandi hátt við því sem inn í hann fer. Til eru tvö form af öllum lífrænum fitum, svokölluð cis og transform — og nú er ég farin að halda hér smákennslufyrirlestur yfir hv. þingmönnum og komin í minn gamla ham sem lífefnafræðikennari. (Gripið fram í.)

En þessi tvö form, cis og trans, geta aldrei komið hvort í

annars stað. Líkaminn getur á engan hátt nýtt transfituna. Þetta er eins og hendurnar á okkur. Þær eru spegilmynd hvor af annarri en geta aldrei komið hvor í stað hinnar. Og ensímið sem brýtur niður fituna, lípasinn sem brýtur niður fitu í líkama manna, ræður ekki við þetta tilbúna kemíska form, þessar transfitusýrur. Þess vegna nýtast þær ekki í líkamanum. Þessi tegund fitu dvelur miklum mun lengur í blóðinu en hin fitan, sú náttúrulega, og veldur þess vegna miklu meiri áhættu, m.a. á blóðtappa, og þetta ferli er mjög þekkt. Ég nefndi áðan að þessar transfitusýrur virkuðu eins og eitur fyrir líkamann og það er vegna þess að mótstöðuafl líkamans verður upptekið við að hreinsa þetta efni sem ekki getur nýst úr blóðinu og sinnir þá ekki öðru á meðan.

Það var ánægjulegt að heyra þá yfirlýsingu Jóa Fel í útvarpsviðtali síðastliðið sumar — en hann er jafnþekktur á Íslandi og Jói pípari er nú í Bandaríkjunum — að bakarar á Íslandi væru hættir að nota hálfhertar fitur í framleiðslu sína, og er það vel. Það þýðir að menn nota þá væntanlega fullhertar fitur. En ef fljótandi jurtafita er fullhert verður hún bara að köggli og til þess að hægt sé að nota hana sem viðbit, til eldunar eða í bakstur þarf að bæta í hana olíu. Þetta virðist vera sú leið sem bakarar hafa farið og það er vel.

Ég hef líka fengið staðfestingu á því að þeir íslenskir framleiðendur sem selja viðbit, undir þekktum vörumerkjum eins og Smjörvi eða Létt og laggott, eru líka hættir að nota transfitusýrur í framleiðslu sína og það er líka mjög gott og veitir ekki af. Hins vegar vantar algjörlega opinbera staðfestingu á því að svo sé í öllum tilfellum. Það er þess vegna sem setja þarf reglur, eins og þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir, þannig að hægt sé að fá á því staðfestingu að með þessu sé eftirlit, að þessu sé fylgt eftir og eins konar vottun sé á þessu ferli.

Ég get ekki stillt mig um að ítreka það sem 1. flutningsmaður, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sagði hér áðan um þá sem eru viðkvæmastir fyrir neyslu á transfitusýrum. Það eru að mínu viti tveir hópar. Það eru þeir sem liggja í skyndibitanum — og það eru því miður ekki bara vörubílstjórar, það væri þá smærri markhópur, heldur eru það börn og ungmenni, sérstaklega hvað varðar djúpsteiktan mat og þá einkum franskar kartöflur. Ég hef séð niðurstöður rannsóknar frá New York frá árinu 2005 en sú rannsókn er ein af forsendunum fyrir því að notkun á transfitusýrum til djúpsteikingar á veitingastöðum í New York var bönnuð. Rannsóknin leiddi í ljós að það var 28 sinnum meira af transfitum í feitinni þar en í Danmörku. Þetta var á McDonald's-skyndibitastöðum. Nú er þetta ástand væntanlega breytt með banni á notkun slíkrar feiti í New York en ekkert eftirlit er með því hér á landi hvernig þessu er háttað og þess vegna þarf að setja þessar reglur.

Ég vil að lokum nefna þann hóp sem getur enga björg sér veitt í þessu efni, getur ekki lesið á innihaldslýsingar og getur ekki einu sinni valið hvað fer ofan í hann, en það eru ungbörn, það eru börn á brjósti. Rannsóknir hafa sýnt að magn transfitusýra í móðurmjólkinni sveiflast eftir því hve mikið af þeim móðirin leggur sér til munns. Það endurspeglast síðan í magni transfitusýra í blóði ungbarnsins hvað þau láta mikið af því ofan í sig með móðurmjólkinni.

Hér er að mörgu að hyggja og eitt er víst að ég tel að þetta eigi líka erindi í heilbrigðisnefnd. Ég velti því fyrir mér frú forseti: Hér er reiknað með því að þetta fari í samræmi við matvælalöggjöfina til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og mig langar að óska eftir því, vegna þess hversu brýnt heilbrigðismál þetta er, að einnig verði kallað eftir því að málið fari til umsagnar í hv. heilbrigðisnefnd.

[16:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða hér tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum. Ég vil byrja á því að þakka hv. 1. flutningsmanni, Siv Friðleifsdóttur, fyrir að endurflytja þetta mál sem er mjög mikilvægt. Ég hef verið með hv. þingmanni á þessu máli frá því að hún flutti það fyrst, á síðasta þingi.

Það hefur líka verið mjög fróðlegt að hlusta á umræðuna og heyra þá umfjöllun sem málið hefur fengið hér. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hélt lærðan fyrirlestur um þetta mál og hversu transfitusýrur er slæmar heilsunni og hvenær umbreyting á fitusýrum hófst, 1911 með Crisco sem fékk fyrsta einkaleyfið. Ég minnist þess að í gegnum tíðina hefur sú fita verið mikið auglýst, geysilega mikið, og þessi herta fita hefur orðið hluti af matarmenningu og matreiðslu á heimilum, ekki bara hér á landi heldur víða í heiminum, þessu hefur verið haldið mjög að þeim sem annast matargerð. Í ljósi þess er öll umræða um hættuna af notkun þessara hertu fitusýra geysilega mikilvæg.

Eins og bent hefur verið á eykur þetta hættu á ýmsum sjúkdómum, blóðtappa, hjarta- og æðasjúkdómum og kannski er það rétt eins og kom fram í umræðunni að ástæðan fyrir því að við höfum ekki farið verr út úr notkun þessara transfitusýra hingað til er að hér tekur fólk almennt lýsi sem vinnur gegn áhrifum þessara fitusýra. Engu að síður er geysilega mikilvægt að settar verði reglur um þetta og það fellur undir verksvið sjávar- og landbúnaðarráðherra að setja slíkar reglur þar sem matvælamál heyra undir þann ráðherra. Vissulega er þetta stórt heilbrigðismál. Þetta er forvarnamál sem fellur undir heilbrigðismál og þess vegna er eðlilegt að heilbrigðisnefnd fái málið til umsagnar og veiti landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd umsögn um það.

Hér hefur verið farið vel yfir hvernig þróunin hefur verið. Ísland hefur staðið sig illa og í greinargerðinni er listi yfir það hvar við stöndum í samanburði við aðrar þjóðir. Við erum óhugnanlega ofarlega á þeim lista. Þó hefur þróunin verið jákvæð, við höfum minnkað notkunina um þriðjung á undanförnum tveimur árum, bakararnir eru hættir að nota þessa fitu eins og bent var á í yfirlýsingu Jóa Fel.

Það er verið að leggja á ráðin um að setja svona reglur víða, t.d. leggur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, til að þjóðir fari ekki yfir 2 grömm á dag. Norðurlandaráð samþykkti í síðustu viku þingmál af þessu tagi þar sem lagt er til að farin verði danska leiðin sem útskýrð er í greinargerðinni og það er sú leið sem við hv. þingmenn, flutningsmenn sem standa að þessu máli leggjum til. Norðurlandaráð gefur þjóðum eða ríkisstjórnum fimm ár til þess að koma þessu á. Við eigum ekki að þurfa að bíða svo lengi, við ættum að geta samþykkt þetta þingmál á þessum vetri, þetta á ekki að kosta neitt. Þetta er þingsályktunartillaga um að setja reglur

og það er verið að benda á aðra leið en Bandaríkjamenn hafa verið að fara með merkingum því að merkingarnar eru dýrar og það eru margir sem ekki lesa merkingar á matvælum og því er mun árangursríkara að setja reglur.

Öll umræða er líka mikilvæg, að fólk geri sér grein fyrir því hvaða áhrif neysla á vörum með þessum fitusýrum í hefur á heilsuna. Það eru djúpsteiktu vörurnar og óhollusta alls konar. Við höfum bent á þetta í umræðu um offitu, þetta eru einmitt efnin sem leiða til hennar, djúpsteiktar skyndibitavörur og í ljósi þess er náttúrlega sérstaklega mikilvægt að við tökum á þessum málum. Kostnaður í heilbrigðiskerfinu fer síhækkandi, sérstaklega vegna aukinna hjarta- og æðasjúkdóma og fleiri sjúkdóma sem slíkur lífsstíll, mikil neysla á skyndibitamat, hefur í för með sér. Við þurfum því að grípa til allra ráða til þess að koma í veg fyrir að fólk fái þessa sjúkdóma. Við þurfum að efla lýðheilsu, sérstaklega í dag þegar illa árar í efnahagslífinu og við þurfum að leita allra leiða til þess að spara og gera fólki lífið léttbærara og auka heilbrigði. Einmitt þá þurfum við að taka á þessum málum. Það skiptir máli hvað við borðum, það skiptir máli hvernig við högum lifnaðarháttum okkar og það er einmitt það sem við erum að benda á hér.

Bandaríkjamenn hafa tekið upp merkingar á matvælum en heilbrigðisnefnd New York borgar hefur, eins og getið er um í greinargerð með tillögunni, bannað notkun transfitusýra á veitingastöðum frá því í júlí 2007, sem er ákaflega jákvætt. Við eigum auðvitað að fara sömu leið og banna notkun þeirra á veitingastöðum þar sem fólk getur ekki fylgst með því hvaða efni eru í þeim mat sem það neytir.

Mig langar að nefna eina athugasemd sem okkur flutningsmönnum þingmálsins hefur borist, hún er frá ísframleiðendum, Kjörís, sem bentu okkur á að það þyrfti að skoða notkun transfitusýra í ís. Þar var okkur bent á að transfitusýrur væru ekki allar jafnslæmar. Ég tel rétt að sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar skoði þær athugasemdir sem komið hafa fram hjá þessum framleiðanda og kanni hvort þarna er eitthvað á ferðinni sem þurfi að taka tillit til þegar slíkar reglur verða settar. Ég nefni það hér vegna þess að þessi athugasemd hefur borist okkur.

Ég vil fagna því að þetta mál er komið fram og hvetja þá sem eiga sæti í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til að afgreiða það, þetta er á allan hátt til bóta fyrir okkur öll.

[16:15]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Við ræðum þingsályktunartillögu um setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum. Þó nokkuð margir hv. þingmenn skrifa undir tillöguna en 1. flutningsmaður er hv. þm. Siv Friðleifsdóttir.

Ég vil geta þess strax í upphafi að ég er ekki einn af þeim þingmönnum sem skrifa undir tillöguna eins og hún birtist á þessu þingi og ég vil gera örlitla grein fyrir því hvers vegna ég er ekki með á tillögunni. Ég vil byrja á því að segja að það er ekki vegna þess að mér þyki málið ekki gott en ég hefði viljað fara örlítið öðruvísi í þennan málaflokk. Ég held í raun að sú stutta ræða sem ég hyggst flytja hér, frú forseti, verði bara til þess að ítreka verkefnið sem slíkt og hversu nauðsynlegt það er. En þingsályktunartillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hefja undirbúning að setningu reglna um að hámarksmagn transfitusýra í matvælum verði tvö grömm í hverjum hundrað grömmum af fitumagni vörunnar.“

Ég hefði viljað hafa þessa tillögu dálítið víðtækari og kveða á um meiri fræðslu hvað þetta varðar, að tillagan geri meiri kröfur en að bara séu búnar til reglur. Eins og kom fram hjá hv. framsögumanni, Siv Friðleifsdóttur, hafa þessi mál verið rædd á tveimur undangengnum Norðurlandaráðsþingum og ég hef einmitt tekið þátt í þeirri umræðu. En munurinn í hinni svokölluðu dönsku leið þar sem verið er að tala um boð og bönn og setja reglur og reyna að fylgja þeim eftir, og annarri leið er sá að hafa gríðarlega mikið af upplýsingum og fræða almenning, eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir gerði að umtalsefni áðan og hélt mjög faglegt erindi um málið. Það er einmitt það sem ég vil, að við vekjum verulega athygli á þessu máli. Ég tel að við eigum að gera það annars vegar með því að setja ákveðnar reglur, einhver mörk og einhver markmið, og hins vegar og ekki síður að líta á þetta sem heilbrigðismál, eins og reyndar hefur komið fram í ræðum þingmanna, og gera þetta svolítið með frjálsum og fúsum vilja fólks. Í Svíþjóð til að mynda eru fyrirtæki með merkingar á matseðlum þar sem sagt er hvort notaðar eru transfitusýrur eða ekki. Ég tel að við þurfum að horfa til þess hvað þennan málaflokk varðar að koma þessum upplýsingum sem fræðslu til notenda þannig að fólk verði meðvitað um hvað um er að ræða.

Við erum með reglur bæði varðandi neyslu á áfengi og tóbaki og höfum bannað notkun á tóbaki á tilteknum stöðum og þrátt fyrir að við séum með miklar upplýsingar um skaðsemi tóbaks er viss hluti fólks sem notar það en gerir það þá meðvitað um skaðsemi þess.

Frú forseti. Ég vil vinna að framgangi þessarar tillögu í svolítið breyttri mynd og ég held að það sé fyrst og fremst til góðs fyrir verkefnið vegna þess að þetta er stór þáttur í heilbrigðismálum okkar. Þetta er líka þáttur í markaðssetningu Íslands fyrir ferðamenn. Það má því líta á þetta frá mörgum hliðum. Ég vil ekki gera lítið úr því sem hér hefur raunar komið fram í framsöguræðum að lýsið er mikilvægt fyrir okkur. Kannski ættum við að vera með miklu meiri fræðslu og áróður fyrir því að fólk noti lýsi á Íslandi. Þetta er þvílíkur vökvi sem gerir okkur gott allt frá vöggu til grafar. Við ættum að leggja það sem lóð á vogarskálina fyrir þetta málefni að nefna lýsið og koma því t.d. inn í skólamáltíðir ef nefna má einhverja þætti hvað það varðar.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og sjútv.- og landbn.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Frv. HöskÞ o.fl., 50. mál (ráðning bankastjóra). — Þskj. 50.

[16:20]

Flm. (Höskuldur Þórhallsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001.

Flutningsmenn ásamt mér eru Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir, Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir, Birkir J. Jónsson og Bjarni Harðarson eða allur þingflokkur framsóknarmanna.

Í stuttu máli fjallar þetta frumvarp að mestu um það að faglega skuli staðið að ráðningu seðlabankastjóra en einnig er þar mjög mikilvægt ákvæði um að fundargerðir vaxtaákvarðanafunda bankastjórnar Seðlabankans skuli birtar opinberlega.

Málefni Seðlabankans og ekki síst seðlabankastjóra hafa mikið verið til umræðu að undanförnu og má kannski segja að trúverðugleiki bankans hafi hrunið samhliða stóru viðskiptabönkunum. Eftir að frumvarpið var lagt fram þann 3. október sl. hafa þingmenn Frjálslynda flokksins lagt fram sambærilegt frumvarp. Það er þó tæknilegur munur þar á og þeir fara með öðrum hætti í frumvarpið en meginefni þess fjallar líka um að seðlabankastjóri skuli vera faglega skipaður. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa einnig tekið undir þetta svo ég á von á að þetta frumvarp nái fram að ganga en hljóti ekki sömu örlög og mörg þingmannafrumvörp á Alþingi.

Markmiðið með frumvarpinu er fyrst og fremst að faglega sé staðið að ráðningu seðlabankastjóra og að ákvarðanir við beitingu stjórntækja Seðlabanka Íslands í peningamálum séu teknar á faglegum forsendum. Verulegu máli skiptir fyrir trúverðugleika og ímynd bankans hvernig staðið er að skipan seðlabankastjóra. Það má engum blandast hugur um að þeir sem eru skipaðir í embætti séu ekki aðeins hæfir til að gegna því heldur séu þeir hæfastir í hópi þeirra sem völ er á. Trúverðugleiki hvers seðlabanka er honum afar mikilvægur. Því má enginn vafi leika á því að Seðlabankinn sé sjálfstæður og starfi á faglegum forsendum.

Gerð er tillaga um að stöður seðlabankastjóra verði auglýstar og að gerð verði krafa um reynslu og þekkingu á sviði peninga- og efnahagsmála. Einnig er nauðsynlegt að viðkomandi hafi háskólapróf á þessum sviðum. Með þessu er komið til móts við harða gagnrýni um að ákvarðanir seðlabankastjóra séu teknir á öðrum forsendum en faglegum á tímum þar sem sífellt meiri krafa er gerð um markvissa og faglega stjórnun peningamála.

Eitt af markmiðum með setningu laganna sem hér er gerð tillaga um að verði breytt um Seðlabanka Íslands var að auka sjálfstæði bankans og gera honum kleift að vinna markvisst og faglega að stjórnun peninga- og efnahagsmála landsins. Ljóst er að slíkum markmiðum verður ekki náð nema eining og samstaða ríki um bankann og að tryggt verði að bankanum verði stjórnað af faglega hæfum einstaklingum. Einnig verða ákvarðanir sem þar eru teknar að njóta trausts almennings og fjármála- og efnahagslífsins. Frumvarpið naut víðtæks stuðnings á Alþingi enda voru með því gerðar sömu kröfur um gagnsæi, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði Seðlabankans og gerðar eru til annarra seðlabanka víðs vegar um heiminn.

Ákvarðanir í peningamálum eru að verulegu leyti orðnar faglegt viðfangsefni þar sem bankinn stefnir að ákveðnu verðbólgumarkmiði en gengi krónunnar ræðst af markaði. Það er því til samræmis við þær kröfur að gerð er tillaga um að færustu sérfræðingar í peningamálum séu við stjórn bankans. Við þessu hafa flestir seðlabankar heims brugðist enda eru flestir seðlabankastjórar heimsins menntaðir hagfræðingar.

Í 2. mgr. núgildandi 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands er fjallað um skipun seðlabankastjóra. Þar segir m.a. að forsætisráðherra skipi formann bankastjórnar Seðlabankans og aðra bankastjóra til sjö ára í senn. Ekki er skylt að auglýsa þessi embætti til umsóknar. Ljóst er að forsætisráðherra er veitt skipunarvaldið án nokkurs aðhalds frá Alþingi, ríkisstofnunum eða fjármálamarkaðnum. Hvorki eru gerðar sérstakar kröfur til umsækjenda í lögunum né þarf að fara fram sérstakt mat á þeim sem ætlað er að gegni starfinu. Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er sérstaklega tekið fram að almenn skilyrði til skipunar eða ráðningar í starf á vegum ríkisins eru að hlutaðeigandi starfsmaður hafi almenna menntun og þar að auki þá sérmenntun sem lögum samkvæmt er krafist eða eðli málsins samkvæmt verður að heimta til óaðfinnanlegrar rækslu starfans. A.m.k. sömu kröfur hlýtur að þurfa að gera til ráðningar seðlabankastjóra en þó eru engar slíkar kröfur uppi. Gamlar venjur byggðar á gömlum sjónarmiðum og forsendum eiga ekki lengur við.

Í ályktunum síðasta flokksþings Framsóknarflokksins frá árinu 2007 er sérstaklega kveðið á um að afnema beri pólitískar ráðningar seðlabankastjóra. Þá tóku ráðherrar og þingmenn flokksins þá ákvörðun er flokkurinn sat í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili að óska þess að seðlabankastjóri yrði faglega ráðinn.

Við upphaf 136. löggjafarþings árið 2008 eru blikur á lofti í íslensku efnahagslífi. Þegar frumvarpið var lagt fram 3. október mældist verðbólga um 14%, stýrivextir eru 15,5% og skuldatryggingarálag ríkisins mældist um 600 punktar. Nú hafa allar þessar tölur breyst til mikilla muna, mikið vatn hefur runnið til sjávar á örskömmum tíma, og til að mynda eru stýrivextirnir nú orðnir 18% sem því miður mun ekki leiða af sér neitt annað en mikið atvinnuleysi. Brýni ég því ríkisstjórnina sérstaklega að taka höndum saman og lækka stýrivextina sem allra fyrst þannig að hjól atvinnulífsins fái áfram snúist.

Áður en löggjafarþingið var sett hafði Seðlabankinn forustu í þjóðnýtingu eins stærsta banka landsins, Glitnis. Sú ákvörðun var ekki bara umdeild út frá stöðu Glitnis heldur einnig út frá því hvernig staðið var að ákvörðuninni. Það má hins vegar engum dyljast að svo stór ákvörðun sem snertir allt fjármálalíf þjóðarinnar er eingöngu tekin út frá faglegum forsendum en ekki pólitískum. Í raun á það ekki að gerast að spurningar vakni um hvort hagfræðingar Seðlabankans hafi verið með í ráðum við ákvörðunina eins og gerðist þegar Glitnir var þjóðnýttur. Það er því enn brýnni nauðsyn nú en áður að frumvarp þetta nái fram að ganga. Og eftir að Seðlabankinn tók jafnumdeildar ákvarðanir og raun ber vitni, seðlabankastjóri kom fram í umdeildu viðtali í Kastljósi, Seðlabankinn festi gengið í nokkra klukkutíma, hætti því, fór svo út í þá aðgerð að lækka gengið en hækkaði það nokkrum dögum seinna, viljum við framsóknarmenn benda á að það er enn brýnni nauðsyn að þetta frumvarp nái fram að ganga á Alþingi.

Einnig er lagt til í frumvarpinu að birtar verði fundargerðir vaxtaákvarðanafunda bankastjórnar Seðlabankans. Í fundargerð skuli gerð grein fyrir forsendum ákvörðunarinn-

ar og þeim markmiðum sem eiga að nást með henni. Flutningsmenn þessa frumvarps telja að það sé nauðsynlegt fyrir fjármálalífið að það fái upplýsingar um á hvaða grunni þessar ákvarðanir séu teknar. Gagnrýnt hefur verið af hálfu fjármálafyrirtækja að forsendur og markmið stýrivaxtaákvarðana séu ekki uppi á borðinu. Í rauninni er það alveg galin hugmynd að þeir sem fást við fjármálamarkaðinn og peningamarkaðinn skuli ekki geta fengið rökstuðning fyrir stýrivaxtaákvörðunum Seðlabankans, sérstaklega þegar jafnmikið er í húfi og raun ber vitni. Sú breyting sem hér er lögð til er fyrst og fremst sett fram til að auka tiltrú á Seðlabankanum og auka gagnsæi stýrivaxtaákvarðana bankans. Um leið fengi bankinn nauðsynlegt aðhald og málefnaleg umræða mundi aukast. Það er mat flutningsmanna þessa frumvarps að trúverðugleiki bankans hvað varðar stjórn peningamála verði ekki tryggður nema jafnstórar ákvarðanir og þessar séu uppi á borðinu.

Herra forseti. Ég óska eftir að frumvarpinu verði vísað til viðskiptanefndar og fái þar faglega umfjöllun. Ég vona einnig að það verði sent út til umsagnar. Ég hef fundið mikinn stuðning í umræðunni við þessa hugmynd, þetta er faglega unnið og ég held að þetta sé eitthvað sem flestir ættu að geta sætt sig við. Því segi ég aftur að ég óska þess að frumvarpið nái fram að ganga en verði ekki svæft í nefnd eins og því miður er raunin með svo mörg þingmannafrumvörp.

[16:32]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Erindi mitt í þennan ræðustól er eitt og það er að lýsa eftir Samfylkingunni. Seðlabankar hafa vissulega verið í kastljósi fjölmiðla um allan heim, bæði austan hafs og vestan á undanförnum vikum eins og við þekkjum. Þeir hafa brugðist við fjármálakreppunni með ýmsum hætti, hægri/vinstri eins og gengur og ýmist mokað fé í banka eða þjóðnýtt þá eftir aðstæðum hverju sinni.

Hér á Íslandi hefur umræðan um fjármálakreppuna nokkuð snúist í kringum ekki bara Seðlabankann heldur einn bankastjóra og formann bankastjórnar Seðlabankans. Ég verð í tilefni af því að segja að það er eitt að ráða pólitíkusa sem bankastjóra Seðlabankans en annað að hann haldi sig áfram í pólitík og taki jafnvel að sér að vera blaðafulltrúi ríkisstjórnar, eins og hér hefur verið bent á, og hirti ráðherra eftir því sem hentar.

Ég tók eftir því í dag, frú forseti, að hæstv. forsætisráðherra hefur opnað efnahagsskrifstofu í forsætisráðuneytinu. Ekki veit ég hvort það eru viðbrögð við þeirri gagnrýni sem Samfylkingin lét bóka um á ríkisstjórnarfundi og leka síðan þaðan út. Ég verð hins vegar að segja að ég tel að það sé kominn tími til að endurvekja Þjóðhagsstofnun um leið og sjálfstæði og faglegir burðir Seðlabankans eru styrktir. En það undrar mig að þegar tækifæri gefst til að ræða sérstaklega um stöðu Seðlabankans og val á seðlabankastjóra og það hvernig menn eru upplýstir um vaxtaákvarðanir þessa sama banka þá skuli Samfylkingin ekki láta sjá sig í þessum sal að undanteknu þó því að í þessum töluðu orðum mínum gengur nú í salinn einn hv. þingmaður, Karl V. Matthíasson, og vænti ég þess að hann taki til máls um þessa merku tillögu, ella mun það sannast sem góður maður sagði við mig á dögunum um Samfylkinguna, að hún væri hér í dag og þar í gær en hvergi þegar á henni þarf að halda.

[16:35]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Frú forseti. Hér er verið að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands þar sem gert er ráð fyrir að fram fari fagleg ráðning í embættið og tel ég það vera hið besta mál. Reynslan hefur sýnt að ráðning í stöðu seðlabankastjóra, úr hvaða flokki sem þeir hafa verið, hefur alltaf verið umdeild en þetta embætti þarf að vera þannig að svo sé ekki og sama gildir um þá sem hafa setið í bankaráðum seðlabankans. Ég gæti talið upp fjöldann allan af bankastjórum, t.d. gömlum alþýðubandalagsmönnum og bankaráðsmönnum úr öðrum flokkum, framsóknarmönnum og fleirum en ég læt það ógert.

En með þeim breytingum sem orðið hafa á samfélaginu að undanförnu þá er orðin meiri krafa um að menn hafi að leiðarljósi sanngirni og menn hafi að leiðarljósi almennilegt siðferði og réttlæti. Mér finnst þetta vera angi af því. Eins er með allar þær stöður sem menn koma til með að þurfa að veita vegna hinna miklu breytinga. Auðvitað gerir samfélagið kröfu um að það sé gert á faglegan og réttlátan hátt. Þetta hlýtur í raun að ná til allra stofnana samfélagsins og félaga, meira að segja verkalýðsfélaga sem ráða menn í störf og til stjórnmálaflokka, skóla, kennara og allt hvað eina. Það er því mjög gott að þetta frumvarp kemur fram, það vekur okkur til umhugsunar um þessa hluti.

En að halda því fram að Samfylkingin hafi ekki verið til staðar, ég skildi ekki alveg hvað það kom þessu máli við þegar hv. þm. Álfheiður Ingadóttir var að tjá sig áðan. Ég ætlaði reyndar að fara í andsvör en það misskildist aðeins og því held ég þessa stuttu ræðu á undan en ég hvet hv. þingmann til að fara yfir þau mál og þau atriði sem hefur verið unnið að á vegum ráðherra Samfylkingarinnar í sambandi við það sem lýtur að velferðarmálum, félagsmálum og öðru því sem hefur verið til góðs fyrir fólk. Ég ætla hins vegar ekki að tjá mig um það hvort það sé hægt að gera allt algerlega eins og allir vilja. Það getur reynst erfitt en menn reyna að gera sitt besta. Við erum nú komin í þá stöðu að við verðum að vera í miklu varnarstarfi fyrir atvinnuleysingja, fyrir öryrkja og gamalt fólk, aldraða og sjúklinga, fólk sem á undir högg að sækja. Ég held því fram að Samfylkingin muni gera allt sem í hennar valdi stendur því fólki til góðs.

[16:39]

Flm. (Höskuldur Þórhallsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls og þakka þann stuðning sem þeir lýstu yfir við frumvarpið. Ég geri mér vonir um að það nái fram að ganga en átta mig engu að síður á að þetta er þingmannafrumvarp. Eitt óttast ég sérstaklega og það er að þó að Samfylkingin hafi tekið undir þetta, bæði í þingsal og svo í fjölmiðlum, bókað á ríkisstjórnarfundum, þá er hún við völd og hún framkvæmir einfaldlega ekki í samræmi við þau orð sem hún lætur svo almenning heyra. Í mínum kokkabókum heitir þetta bara að tala upp í eyrað á fólki eða að hrópa á torgum.

Stýrivaxtaákvæði Seðlabankans og þjóðnýting Glitnis eru gríðarlega umdeildar ákvarðanir og nutu í rauninni ekki trausts vegna þess að almenningur, greiningarfyrirtæki og fjármálalífið, fékk það á tilfinninguna að þær væru teknar á einhverjum öðrum forsendum en faglegum. Það gengur einfaldlega ekki. Auðvitað snýst þetta núna um atvinnuleysi og um það að fólk hefur það miklu erfiðara. Það er gott að Samfylkingin segist ætla að vinna að hag öryrkja og þeirra sem um sárt eiga að binda en hún er í ríkisstjórn, ekki Framsóknarflokkurinn eða Vinstri grænir. Þess vegna er það eina sem við flutningsmenn þessa frumvarps getum gert er að óska eftir að frumvarpið nái fram að ganga og að þeir sem eru í ríkisstjórn og taka undir með okkur fylgi því eftir.

Að öðru leyti þakka ég umræðurnar sem hafa farið fram. Ég hefði að vísu kosið að þær hefðu verið fjörlegri og aðeins öflugri, ég tala ekki um af hálfu ríkisstjórnarflokkanna, en það er víst ekki á allt kosið í þeim efnum.

[16:42]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Höskuldur Þórhallsson talaði um að Samfylkingin segðist ætla að gera eitthvað í sambandi við atvinnuleysið. Ég skora á þingmanninn að kynna sér það sem hefur verið gert, t.d. neyðarsímann sem félagsmálaráðuneytið hefur komið upp, kynna sér þær viðbætur sem hafa verið lagðar í Ráðgjafarstofu heimilanna og kynna sér þá vinnu sem er í gangi og undirbúning vegna þess fjölda fólks sem horfir fram á gjaldþrot ef ekkert verður að gert. Ég skora líka á hv. þingmann að kynna sér þær tillögur sem hafa komið í samræmi við greiðsluaðlögun og jafnvel lög sem ég held að hæstv. viðskiptaráðherra hafi lagt fram.

Mér finnst það líka vera svolítið — ég ætla ekki að koma með nein lýsingarorð, ég er ekki alveg sáttur við það að þingmaðurinn skuli tala í þá veru um ástandið að gefa í skyn að Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn standi fyrir því. Allir atburðir eiga sinn aðdraganda og við getum velt fyrir okkur aðdraganda þeirrar stöðu sem samfélagið er í í dag. Þá getum við velt fyrir okkur hvar sú skrúðganga byrjaði og hverjir eru búnir að vera hvað duglegastir að ganga í þeirri skrúðgöngu, t.d. í einkavæðingu, í einkavæðingu Búnaðarbankans m.a. Ég get nefnt ótal mörg dæmi sem ég læt hjá líða í sambandi við einkavæðinguna og það sem sumir kalla í dag græðgisvæðinguna. Ég held að menn eigi ekki að vera að kasta grjóti úr glerhúsi.

[16:44]

Flm. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér sýnist mér hafa tekist að æsa þingmann Samfylkingarinnar upp og neyðist til að svara því sem ég tel að hafi verið afar ómaklega vegið að Framsóknarflokknum.

Það er rétt að Framsóknarflokkurinn var í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum síðustu 12 ár, hárrétt. Á þeim tíma var farið í mikla uppbyggingu á samfélaginu. Það má í rauninni líkja því við að hér hafi verið byggt stórt og mikið hús, atvinnuleysi var ekkert og kaupmáttur launa jókst. Hins vegar tók þjóðin ákvörðun um að Framsóknarflokkurinn bar skarðan hlut úr býtum í stjórninni og Samfylkingin tók við. En hvað sögðu framsóknarmenn þá? Við sögðum einfaldlega að það þyrfti að styrkja undirstöðurnar vegna þess að þótt húsið væri orðið stórt og mikið, þótt efnahagslífið væri stórt þá væru bankarnir stórir og það þyrfti að styrkja undirstöðurnar. Við sögðum líka: Ekki byggja ofan á húsið, ekki auka 20% á ríkisfjármálin vegna þess að þá getur þetta hús hrunið. Það er ekkert gaman að koma fram og vera „I told you so-maðurinn“ en þetta er hins vegar staðreynd. Þótt það sé óvinsælt að minna á það þá höfum við framsóknarmenn bent á að hér hafi þurft á undanförnum 18 mánuðum að grípa til efnahagsráðstafana. Hvaða aðgerðaáætlun er ríkisstjórnin eiginlega með? Hér var minnt á Ráðgjafarstofu heimilanna. Það þarf að stórauka fjárframlög til hennar og það þarf að gera það sem allra fyrst. Frumvarp um innheimtulögin tekur ekki gildi fyrr en um áramótin. Er þá ekki bara málið að flýta þeirri framkvæmd?

Við horfum fram á atvinnuleysi og það er útilokað að Samfylkingin geti með einhverri bókun í ríkisstjórn firrt sig allri ábyrgð á ástandinu eins og það er núna.

[16:46]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Blessað fólkið. Það er rétt, Framsóknarflokkurinn bar skarðan hlut frá borði, þannig er það bara, og samvinnuhugsjónirnar og allt það fóru fyrir bí á þessum tíma (**HöskÞ:** Þær eru ekki fyrir bí.) og leifarnar af Sambandinu fóru — ég veit ekki hvert. Kannski hv. þingmaður viti betur en ég hvar þær eru niðurkomnar og hvert þær fóru og í hvaða höndum þær eru og hver örlög þeirra og þeirra sem hafa unnið við þessi störf eru.

Hús var byggt, segir hv. þingmaður, og byggja hefði þurft ofan á það. Það sem gerðist var að enginn grunnur var undir húsinu. Hús þarf að reisa á grunni en það var ekki gert. Farið var af stað á gríðarlegum hlaupum og hamagangi með einkavæðingunni á bönkunum og ýmsu öðru og ekki hugað nógu vel að því.

Ég ætla svo sem ekki að segja að — samfylkingarmenn vöruðu margsinnis við mörgu, (**HöskÞ:** Mátti ekki byggja ofan á það?) t.d. þegar Síminn var seldur. Samfylkingin krafðist þess að netið yrði ekki selt með. Það var eitt. Einnig er hægt að tala um net raforkufyrirtækjanna og margt annað, en ég ætla ekki í kappræður um þetta við hv. þingmann. Mig langar bara til að segja þetta vegna orða hans hér, en legg áherslu á að við ættum frekar að reyna að standa saman og taka á þeim málum sem standa að okkur núna, byggja upp það sem er að hrynja og reyna að koma því á fæturna aftur.

[16:48]

Flm. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það skal ekki standa á okkur framsóknarmönnum að við bjóðum ekki fram aðstoð okkar við uppbyggingu á verkefninu sem blasir við enda höfum við ítrekað gert það og það veit hv. þingmaður vel. Samvinnuhugsjónin lifir enn og þótt aðeins hafi komið ryk á hana er vert að taka hana upp nú á tímum.

Við framsóknarmenn fórum í atvinnuuppbyggingu. Hver eru afrek Samfylkingarinnar á því sviði — t.d. varðandi Bakka á Húsavík, hvernig er staðan í þeim málum?

Hæstv. iðnaðarráðherra og þingmenn Samfylkingarinnar fullyrtu að það tefðist ekki um einn dag og hver er staðreyndin? Það tefst og atvinnuuppbyggingin líka, (**KVM:** Af hverju tefst það?) á stað þar sem er atvinnuleysi og fólksflótti, alveg eins og getur gerst á öllu Íslandi, það er niðurstaðan.

Svo finnst mér ansi hart að gagnrýna einkavæðingu á bönkunum þegar þingmenn Samfylkingarinnar hafa lýst því yfir trekk í trekk í ræðupúlti að strax verði farið í að selja bankana á ný. Lýsir hv. þingmaður því hér yfir að hann sé á móti því? Ætlar hv. þingmaður að segja þjóðinni fyrir hönd Samfylkingarinnar að hér verði ríkisbankar næstu tugi ára? Ég vona svo sannarlega ekki.

Hæstv. forseti. (Gripið fram í.) Þetta hefur verið ágætisumræða og gott að fá að svara þessum rakalausu aðdróttunum í garð framsóknarmanna. Ég ítreka að við framsóknarmenn erum ekki (Forseti hringir.) í ríkisstjórn.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

[16:51]

Útbýting:

Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, 117. mál, fsp. SJS, þskj. 127.

Fjármálafyrirtæki, 119. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 129.

Hæfi við ákvarðanir er varða Kaupþing, 118. mál, fsp. KHG, þskj. 128.

Sérsveit ríkislögreglustjóra, 116. mál, fsp. KolH, þskj. 126.

Skuldir sjávarútvegsfyrirtækja, 89. mál, svar viðskrh., þskj. 125.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 54. mál (auglýsingar). — Þskj. 54.

[16:52]

Flm. (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Á Íslandi er bannað að auglýsa áfengi. Engu að síður birtast bæði í blöðum og sjónvarpi auglýsingar um áfengi. Þetta komast sölumenn upp með að gera vegna þess að í áfengislögunum, nr. 75/1998, er glufa. Þetta frumvarp til laga er tilraun til að stoppa í þá glufu.

Hér fylgir ítarleg greinargerð. Hana samdi starfshópur sem skipaður var árið 2000 og skilaði af sér í nóvember árið eftir og þar er að finna tillögu sem frumvarpið byggir á. Vinnuna inntu aðrir af hendi, en ég og meðflutningsmenn mínir höfum tekið að okkur að vera dropinn sem holar steininn. Við hefðum gjarnan viljað að þessi einfalda lagabreyting væri þegar orðin að veruleika. Við erum, auk mín, hv. þingmenn Magnús Stefánsson, Karl V. Matthíasson, Jón Magnússon, Þuríður Backman og Gunnar Svavarsson, fólk úr öllum flokkum á þingi að undanskildum Sjálfstæðisflokknum.

Við leggjum fram tillögu um breytingu á áfengislögunum til að minni líkur verði á að menn misnoti lögin og smeygi sér um glufuna sem þar er að finna. Við viljum láta bæta einum málslið við 20. gr. laganna með það fyrir augum að koma í veg fyrir að hætta verði á ruglingi á milli áfengrar framleiðslu og þeirrar sem verið er að auglýsa, vegna nafns vörunnar, umbúða eða annarra einkenna. Á þessa leið hljómar breytingin.

Við höfum flutt þetta frumvarp á fjórum þingum. Það hefur ekkert verið gert. Við sjáum þessar auglýsingar aftur og ítrekað. Dómstólar hafa því miður brugðist í málinu, þeir hafa hysjað upp um sig núna upp á síðkastið, sem er mjög gleðilegt. Benda má á að samtök fólks hafa verið stofnuð um þetta, upphaflega að frumkvæði Árna Guðmundssonar, sem var æskulýðsfulltrúi í Hafnarfirði. Árni er kröftugur maður og hópurinn, sem hefur skipað sér í baráttusveit með honum, góður. Í þjóðfélaginu eru ýmsir sem vilja ýta á og þrýsta á að lagabreytingin verði að veruleika.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta. Rökin hafa áður komið fram á fjórum þingum, ég bæti ekki neitt með því að þusa um þetta lengi í ræðustól en hvet til þess að málið fái skjóta afgreiðslu í allsherjarnefnd þingsins, þar sem það á heima, og verði brátt að lögum.

[16:55]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Frú forseti. Rætt er um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögunum og eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði grein fyrir fjallar málið um að ekki sé hægt að birta áfengisauglýsingar eða auglýsingar á vöru sem á ekki að vera áfengi en er það samt. Ég hef orðið vitni að því, frú forseti, að unglingar eða — svo ég haldi nú öllu til haga — drengur sem ég þekki mjög vel kom til mín og sagði: „Heyrðu, í sambandi við eina bjórauglýsinguna.“ Ég segi við drenginn: „Heyrðu, bjórauglýsingu, það er bannað að auglýsa bjór hér á Íslandi.“ „Nei, það var þarna í sjónvarpinu, það var bjórauglýsing, það var verið að segja frá einhverjum köllum sem voru í kulda og eitthvað svona.“ Þetta sagði þessi ungi drengur, 14 ára gamall, við mig. Þannig skildi hann þessa auglýsingu, frú forseti, hún var ekkert annað en bjórauglýsing. Þeir sem horfðu á auglýsinguna voru hvattir til að drekka bjór.

Við vitum að í bjór er efni sem heitir alkóhól og það fer mjög illa með marga og skaðlegt er fyrir ungmenni að neyta þess, það hefur reynslan kennt okkur. Við þurfum ekki annað en að lesa fréttir liðinna mánaða, vikna, og ára til að sjá að áfengisneysla kemur oft við sögu þegar vandræði, vesen, erfiðleikar og þjáningar hrjá fólk og oft þegar menn eiga í erjum. Því styð ég tillöguna og er meðflutningsmaður hennar vegna þess að ég vil gera allt sem hægt er til að draga úr neyslu alkóhóls.

Á fræðslukvöldum og samkomum með ungmennum er talað um að reyna að tefja þau, reyna að fresta drykkjunni um eitt ár enn, frú forseti. Af hverju er aldrei sagt: Það er allt í lagi að lifa lífi án áfengis? Þurfa allir unglingar sem fæðast hér á landi að bíða spenntir eftir því? Já, núna þegar ég verð 18 ára þá á ég að drekka — reyndar er það ólöglegt — eða: Þegar ég verð tvítugur eða tvítug þá má ég drekka og ég hlakka til að ná þeim aldri að ég geti drukkið alkóhól.

Frú forseti, sú mynd er dregin upp að alkóhólneysla sé eitthvað eftirsóknarvert og maður eigi að hlakka til og fresta því að byrja að drekka. Ekki er sagt: Ég ætla að lifa

lífi án áfengis. Ég veit hvaða glötun alkóhólneysla hefur leitt yfir margar þúsundir manna.

Ég sá í fréttunum í gær, frú forseti, að dauðsföllum vegna lifrarskemmda hefur fjölgað á Íslandi. Það er hægt að rekja beint til þess að drykkjumunstur og svokölluð vínmenning þjóðarinnar hefur breyst frá því að menn fóru á stór fyllerí um helgar — svo ég orði það þannig — og drukku brennivín, vodka og slíkar tegundir. Nú er siðmenningin komin og fólk drekkur meira bjór og rauðvín með mat, en í rauðvíni er alkóhól. Í hverjum dropa af rauðvíni eru 11% af hreinu alkóhóli. Efnið fer inn í líkama fólks og líkaminn þarf að vinna úr því sem er mjög erfitt og gerir að verkum að lifrin eyðileggst. Nú sjáum við skýrslur um að fólk deyi vegna skorpulifrar, þetta eru staðreyndir. Þegar við leyfðum bjórinn á sínum tíma varð það til þess að alkóhólneysla þjóðarinnar jókst. Þegar vínmenningin kom með léttvínum og svokölluðum borðvínum — sem sumir eru svo ósvífnir að kalla matvöru — jókst alkóhólneyslan og menn sötra rauðvín og bjór miklu meira en sterku vínin áður.

Frú forseti. Við þurfum að gera allt sem við getum til að draga úr þessu, bæði gagnvart börnum og unglingum og leggja áherslu á að líka sé hægt að lifa án alkóhóls. Það er hægt að ganga í gegnum lífið án þess að nota alkóhól og vera hamingjusamur og glaður og elska tilveru sína án þess að þurfa að hlakka til að eiga lög við Bakkus. Þannig er það, frú forseti.

Ég gleðst yfir því að frumvarpið skuli vera lagt fram því það vekur umræðu um þessi mál og vekur okkur líka til umhugsunar um hvernig líf okkar eigi að vera, um hvað það eigi að snúast? Eigum við að vera heil, eigum við að vera ósköddуð, eigum við að taka inn efni sem fara í heilann, gera slæma hluti og valda því að fólk missir dómgreind og lendir í alls konar vandræðum og veseni, lögbrotum og ljótum málum?

Frú forseti. Talað er um að íþróttaiðkun hafi forvarnagildi, en ég hef rekið mig á að í samfélagi okkar, og reyndar öðrum samfélögum, hópast fólk saman til að drekka alkóhól og horfa á íþróttir. Þetta finnst mér vera mótsögn. Á sumum íþróttavöllum og jafnvel á íþróttabúningum frægra félaga eru hreinar og beinar áfengisauglýsingar. Þá spyr maður sjálfan sig: Þeir íþróttamenn sem auglýsa alkóhól, bjór og svona, ætli þeir fái sér tvo, þrjá létta bjóra, eins og kallað er, eða sterka jafnvel — Elefant, eða hvað þetta nú heitir — áður en þeir hlaupa inn á völlinn til að keppa? Ég er hræddur um að það rími alls ekki við allt það sem talað er um í sambandi við forvarnagildi íþrótta.

Þegar talað er um forvarnir má ekki gleyma listnámi, tónlist. Forvarnir eru líka í tónlistarnámi og í myndlistarnámi og hvers kyns andlegri og góðri iðkun. Á þetta þurfum við að leggja meiri áherslu.

Ég vona, frú forseti, að þetta frumvarp verði að lögum fyrr en síðar og fólk gefi sér tíma til að velta fyrir sér hvers vegna það drekkur og af hverju alkóhól er svona nauðsynlegt. Er það vegna þess að fólkið er undir stjórn áfengisins eða þess að fólkið stjórnar drykkjunni?

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Fjárreiður ríkisins, 1. umr.

Frv. KHG, 55. mál (brottfall heimildar til greiðslu án heimildar í fjárlögum). — Þskj. 55.

[17:05]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins sem eru frá 1997. Frumvarpið er stutt og hnitmiðað. Í því er lagt til að 33. gr. laganna falli brott og lögin öðlist þegar gildi. Frumvarpinu fylgir eftirfarandi greinargerð sem ég vil leyfa mér að fara yfir og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Með frumvarpi þessu er lagt til felld verði brott úr lögum um fjárreiður ríkisins lagagrein sem heimilar fjármálaráðherra að greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Greinin er svohljóðandi:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“

Greinin var umdeild þegar frumvarpið, sem síðar varð að lögum um fjárreiður ríkisins, var rætt og afgreitt á Alþingi á 121. löggjafarþingi vorið 1997. Var á það bent að greinin færi í bága við 41. gr. stjórnarskrárinnar en hún hljóðar svo:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“

Tvær breytingartillögur komu fram við 33. gr. sem báðar miðuðu að því að lögin gengju ekki lengra en stjórnarskráin var talin heimila, en þær voru báðar felldar. Að öðru leyti er vísað til umræðunnar sem þá fór fram um málið sem var 100. mál þingsins, þskj. 103.

Flutningsmaður flutti á 133. löggjafarþingi að nýju þá tillögu í frumvarpsformi að fella alveg brott 33. gr. og vildi með því undirstrika að löggjafarvaldinu er samkvæmt stjórnarskrá ætlað að fara með fjárveitingavaldið. Frumvarpið varð þá ekki útrætt og var endurflutt á 135. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Verði frumvarpið að lögum mun það styrkja löggjafarvaldið og stefna að aðgreiningu þess og framkvæmdarvaldsins. Vissulega var full þörf á því að flytja frumvarpið á sínum tíma en síðan hafa gerst þau tíðindi sem undirstrika enn frekar nauðsyn þess að draga skýrar línur milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Er þar vísað til Grímseyjarferjumálsins og skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í ágúst 2007. Það mál einkenndist af því að fjármálaráðherra teygði æ lengra túlkun sína á heimild til þess að stofna til útgjalda án heimildar í fjárlögum. Heimildarákvæði í fjárlögum til þess að selja ferjuna Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri ferju túlkaði ráðherrann sem sjálfstæða heimild til útgjalda án þess að sala á ferjunni hefði farið fram og taldi einnig að upphæð þeirrar heimildar takmarkaðist ekki af andvirði hinnar seldu ferju. Ríkisendurskoðun gagnrýndi þetta harðlega og sagði í skýrslu sinni: „Að mati Ríkisendurskoðunar stenst þessi aðferð á engan hátt ákvæði fjárreiðulaga og getur ekki talist til góðrar

stjórnsýslu.“ Telja verður að ákvæði 33. gr. fjárreiðulaga ýti undir þessa óheillaþróun og affarasælast sé að afnema greinina og fella þar með niður allar heimildir til greiðslu fjár úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum ríkisins. Að þeirri breytingu gerðri verður það skýr og ótvíræður vilji Alþingis að virða ákvæði 41. gr. stjórnarskrár lýðveldisins.

Þannig er greinargerðin með frumvarpinu, virðulegi forseti. Ég vil fara frekari orðum um þetta mál og sérstaklega gera grein fyrir mismunandi sjónarhorni á heimild stjórnarskrárinnar, en í henni er kveðið skýrt á um að ekkert gjald megi greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum og fjáraukalögum — og hins vegar þeirri grein fjárreiðulaga sem kom inn fyrir 10 árum þar sem fjármálaráðherra var veitt heimild til að greiða fjármuni úr ríkissjóði þótt ekki væri fyrir því heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum. Sú heimild er á þann veg að ráðherra meti sjálfur hvenær heimildin er fyrir hendi og aðrar aðstæður sem tengjast matinu. Með öðrum orðum er heimildin algjörlega komin í hendur framkvæmdarvaldsins og matið á því hvenær henni skuli beitt er líka í höndum ráðherra. Þetta hefur ekki alltaf verið skilningur Alþingis á þessu ákvæði sem kom fyrir 11 árum inn í fjárreiðulögin.

Ég vil rifja upp að veturinn 1989–1990, á 112. löggjafarþingi, fjallaði fjárveitinganefnd Alþingis, sem þá hét, um þessi mál af því tilefni að greiðslur úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum höfðu færst svo í aukana að til vandræða horfði að mati þeirra sem þá fjölluðu um málið. Þeir töldu að stemma yrði stigu við þessari sjálftöku úr ríkissjóði sem kölluð var. Fjárveitinganefnd Alþingis varð sammála um að taka fyrir þetta atferli sem er mjög athyglisvert í ljósi þess hver þróunin hefur verið síðustu 11 árin þar sem fjármálaráðherra opnar þessa heimild sem Alþingi veitti honum 1997 í því skyni að stofna til útgjalda oftar og meira en áður var.

Fjárlaganefndin gamla flutti frumvarp um málið á 112. löggjafarþingi eins og fyrr segir. Meðal annars var það flutt í neðri deild og þar voru flutningsmenn þáverandi þingmenn Sighvatur Björgvinsson, Pálmi Jónsson, Alexander Stefánsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Ásgeir Hannes Eiríksson og Friðjón Þórðarson. Það var frumvarp til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði o.fl. en 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Greiðslu úr ríkissjóði má ekki inna af hendi nema heimildar til hennar sé aflað fyrir fram í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir hvert reikningsár.“

Fyrir fram, virðulegi forseti, og það er kjarni málsins. Það var einróma niðurstaða fjárveitinganefndar á þeim tíma að stjórnarskrárákvæðið bæri að skilja þannig að heimild til að greiða út peninga yrði að veita fyrir fram í fjárlögum en ekki eftir á. Þetta var rökstutt frekar í greinargerð með frumvarpinu þar sem segir t.d. um það sem þá hafði tíðkast og ég nefndi, það eru aukafjárveitingar, með leyfi forseta:

„Öllum ætti að vera ljóst að í þessum efnum hefur ein af grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar verið brotin, þ.e. reglan um að Alþingi fari með fjárveitingavaldið.“

Þetta var dómur fjárveitinganefndar um það sem þá tíðkaðist. Þótt það sé í minna mæli er það hið sama í eðli sínu og þá var. Fjárveitinganefnd komst að þeirri niðurstöðu að þarna væri brotin ein af grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar. Síðan er rakið í greinargerð að fjárveitinganefnd hafi gert tillögur undirnefndar sinnar að sínum og flutt sem frumvarp.

Í nefndaráliti undirnefndar fjárveitinganefndar segir, með leyfi forseta:

„Reglan skal vera sú að greiðslur úr ríkissjóði umfram lagaheimildir eigi sér ekki stað. Nægi slíkar heimildir ekki eða komi upp ný viðfangsefni er ekki heimilt að greiða kostnað þeirra vegna nema eftir afgreiðslu fjáraukalaga og skulu fjáraukalög lögð fyrir Alþingi þegar þurfa þykir.“

Með öðrum orðum: Ef upp kæmu einhver tilvik eða atvik sem kölluðu á útgjöld sem ekki væri séð fyrir í gildandi fjárlögum væri samt óheimilt að greiða út og ríkisstjórnin yrði að afla heimilda áður en greiðslan færi fram. Þetta var skilningur fjárveitinganefndar, allra nefndarmanna úr stjórnarliði og stjórnarandstöðu úr öllum flokkum þingsins. Að þessu leytinu til, og á því vek ég athygli, hefur stjórnarskráin ekki breyst. Reglan er nú í 41. gr. nákvæmlega eins og hún var á þessum tíma veturinn 1989–1990.

Það er athyglisvert í ljósi þess rökstuðnings sem gripið var til þegar fjárreiðulögin voru til umfjöllunar fyrir 11 árum, og voru samþykkt, að fjárveitinganefnd lét athuga fyrir sig hvernig þessu væri fyrir komið á Norðurlöndunum. Þar kemur fram að meginreglan er sú í þjóðþingunum að þau fara með fjárveitingavaldið og það er virt af framkvæmdarvaldinu. Það er svolítið breytilegt eftir löndum hvernig útfærslan er. Í sumum löndum er heimilt að greiða utan fjárlaga en þá með samþykkt þingnefndar sem fer með umboð þingsins. Í megindráttum er það niðurstaðan af athuguninni á þeim tíma að það tíðkaðist ekki á Norðurlöndum sem hér gerist að ráðherrar gætu greitt úr ríkissjóði greiðslur vegna útgjalda sem Alþingi hafði ekki samþykkt og síðan látið Alþingi standa frammi fyrir gerðum hlut með frumvarpsflutningi, svokölluðu fjáraukalagafrumvarpi.

Í fjárreiðufrumvarpinu sem lagt var fram á 121. löggjafarþingi, og ég hef vikið að, er opnað fyrir þessa heimild og hún sett inn í frumvarpsform sem hér var samþykkt um að fjármálaráðherra hefði heimild til að greiða án þess að fyrir því væri samþykki Alþingis ef ófyrirséð atvik valdi. Er þetta rökstutt með því að eitthvað geti gerst sem ekki verði séð fyrir og verði að bregðast við, svo sem ef dómstólar dæma ríki til að greiða bætur í dómsmáli um bótaskyldu. Þetta var rökstuðningurinn fyrir því að hafa þyrfti þessa heimild til ráðherra. Rökstuðningi fjárveitinganefndar Alþingis, eins og hann var á sínum tíma, var hafnað og rökum annarra þjóðþinga einnig, að einfalt sé að sjá við slíkum óvæntum útgjöldum með því að gera ráð fyrir þeim í fjárlögum eða með því að flytja mál og afla heimildar hverju sinni áður en greiðsla fer fram.

Það er mjög athyglisvert að þingið skuli hafa farið þá leið að víkja eigin hlutverki til hliðar með jafnafgerandi hætti og þarna er, að hafna eigin rökstuðningi, sem þá var ekki nema nokkurra ára gamall, og veita einstökum ráðherrum, fyrst og fremst fjármálaráðherra, heimild til að greiða úr ríkissjóði að eigin mati. Það er líka lykilatriði í þessu að þannig er gengið frá heimildinni í fjárreiðulögum að ráðherra einn hefur matið. Honum ber að vísu að láta fjárlaganefnd vita og leggja málið fyrir hana en það hefur líka breyst. Það er ekki gert eins og segir í lagagreininni, að

það eigi að gerast þegar í stað að loknu því að heimildin hafi verið nýtt, um leið og ákvörðun hefur verið tekin, heldur er því safnað saman eða lagt fram í frumvarpsformi jafnvel mörgum mánuðum síðar. Ráðherrann fer því ekki einu sinni eftir lagatextanum hvað þessa upplýsingaskyldu til þingsins varðar. Þingið getur ekki setið undir þessu, virðulegi forseti. Breyta verður lögunum og framkvæmdinni til samræmis við stjórnarskrá lýðveldisins.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og skattanefndar. Ég vil að lokum segja að ég held að æ fleirum verði ljóst hversu knýjandi nauðsyn er á því að breyta stöðu löggjafarþingsins gagnvart ríkisstjórn á hverjum tíma. Þetta ákvæði sem fór inn í fjárreiðulögin á sínum tíma, og lagt er til hér að fellt verði brott, er kannski talandi tákn um þá veiku stöðu sem Alþingi hefur sjálft sett sig í gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þinginu ber að vinda bráðan bug að stjórnkerfisbreytingum sem gera Alþingi að Alþingi og ríkisstjórn að ríkisstjórn, sem færa fjárveitingavaldið að fullu og öllu til Alþingis þar sem það á að vera samkvæmt stjórnarskrá og færa ráðherrana af þingbekkjunum upp í Stjórnarráð þar sem þeir eiga heima, virðulegi forseti. Ég vil minna á frumvarp sem liggur fyrir þinginu, sem ég er einnig flutningsmaður að, um að ráðherrar eigi ekki sæti á Alþingi.

[17:20]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég tek undir allflest sem kom fram í máli hv. flutningsmanns, Kristins H. Gunnarssonar, að hugsanlega því undanskildu sem hann lauk ræðu sinni með, að ráðherrar eigi ekki að eiga sæti á Alþingi. Ég tel að það eigi að fara aðrar leiðir til að styrkja þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu og þetta er vissulega leið í þá átt. Það er augljóst, eins og hér kom fram í mjög skýru máli hv. flutningsmanns, að þarna hefur þingið rekið af leið. Ekki bara þarf að bæta lagaumgjörðina heldur framkvæmdina líka, það hefur slaknað á lögum og framkvæmd.

Ég kem hingað fyrst og fremst til að lýsa því yfir að ég tel mjög mikilvægt að þetta mál fái hið allra fyrsta vandaða og hraða umfjöllun í efnahags- og skattanefnd þingsins þar sem ég á sæti.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 11. mál.

Fundi slitið kl. 17:22.

20. FUNDUR

miðvikudaginn 5. nóvember,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til iðnaðarráðherra:

2. Tæringaráhrif brennisteinsvetnis í andrúmslofti, fsp. ÁI, 104. mál, þskj. 112.

Til umhverfisráðherra:

3. Sæstrengir í friðlandi Surtseyjar, fsp. ÁI, 77. mál, þskj. 77.

4. Mengunarmælingar við Þingvallavatn, fsp. ÁI og KolH, 78. mál, þskj. 78.

5. Mælingar á brennisteinsvetni í andrúmslofti, fsp. ÁI, 105. mál, þskj. 113.

[13:30]

Útbýting:

Umferðarlög, 93. mál, frv. SVÓ o.fl., þskj. 100.

Störf þingsins.

Umræða um ESB – hlutverk þingsins í efnahagsaðgerðum – fundir fastanefnda.

[13:30]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegur forseti. Ég beini máli mínu og ræðu til hv. þm. Bjarna Harðarsonar í Framsóknarflokki. Bjarni hefur látið hafa það eftir sér að haldið sé úti ESB-trúboði í boði ríkisins. Hann gerir í greinaskrifum athugasemdir við að ríkið skuli reka sömu áróðursdeild í bankanum Glitni með sömu starfsmönnum sem telji sig greinilega enn vera í krossferð. Hv. þingmaður víkur einnig að því að innan fjölmiðlanna sé því ítrekað haldið fram að fylgi við Evrópusambandsaðild sé mun meira en raunverulegar tölur gefi til kynna í skoðanakönnunum.

Hv. þingmaður hefur einnig látið fara frá sér greinar um einangrunarsinna og ESB en á sama tíma birta fjölmiðlar yfirlit yfir það að meiri hluti þingflokks Framsóknar vilji ESB-viðræður og vísa þar til niðurstöðu kjördæmaþings í Norðausturkjördæmi og viðtals við hv. þm. Birki Jón Jónsson. Þeir vísa einnig til upplýsinga frá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni og yfirlýsinga hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, þingflokksformanns Framsóknarflokksins, sem lýsti því yfir að hún væri Evrópusinni og hefði stutt tillöguna um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu á miðstjórnarfundinum. Þá hafa framsóknarmenn í Suðvesturkjördæmi einnig lýst þessu yfir.

Í framhaldi af kjördæmaþingi Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi í október sagði hv. þm. Bjarni Harðarson hins vegar að óróamenn í flokknum væru vísvitandi að vinna flokknum tjón með umræðum um Evrópumál. Ég spyr hv. þingmann: Er það svo að allir hinir séu óróamenn en hann einn sé sá sem vitið hafi?

[13:32]

Bjarni Harðarson (F):

Frú forseti. Mér þykir skörin vera farin að færast upp í bekkinn ef hv. þm. Gunnar Svavarsson vill hafa áhrif á það hvaða skoðanir menn hafa í öðrum flokkum. En varðandi þær spurningar sem hér hafa komið fram er því fljótsvarað að ég tel alls ekki — og tók það skýrt fram í blaðaviðtölum ef hv. þingmanni þóknast að lesa þau til hlítar — alla þá sem aðhyllast Evrópuskoðanir innan Framsóknarflokksins vera óróamenn. Ég vakti aftur á móti athygli á því að ákveðnum fjölmiðlum hefði verið beitt af mikilli óbilgirni gegn formanni flokksins og við það stend ég.

Varðandi þá hlið málsins, sem var upphaf þessarar umræðu, að Glitnir héldi úti áróðri fyrir Evrópusambandsaðild, þá fer það ekkert á milli mála. Það hafa fjölmiðlar líka gert. Nú skrifa leiðarahöfundar beggja stóru blaðanna mjög á eina lund um það mál og ætti sú staða sem uppi er í fjölmiðlaheiminum í þessum efnum að vera öllum lýðræðissinnum áhyggjuefni, bæði þeim sem aðhyllast aðild okkar að Evrópusambandinu og þeim sem gera það ekki.

Úr því að ég er kominn í ræðustól vil ég víkja sérstaklega að því að mér þykir það ekki mjög merkilegt erindi hjá hv. formanni fjárlaganefndar í ræðustól Alþingis að ræða þessi mál meðan vinna fjárlaganefndar liggur algerlega niðri á þessu hausti. Ég kalla eftir því að fjárlaganefnd taki til starfa og þingnefndir meiri hlutans og þingið taki til starfa um þau efnahagsmál sem uppi eru (Gripið fram í.) en það sé ekki talið eina málið að allir fari rétt með trúarjátningar í Evrópusambandsmálum. Vissulega er ágreiningur um það í öllum flokkum. (**Iðnrh.:** Nei, nei.)

Ég var sjálfur á fundi í hádeginu í dag með tveimur varabæjarfulltrúum Samfylkingarinnar, öðrum úr Reykjavík og hinum úr Grindavík, sem báðir eru miklir andstæðingar Evrópusambandsaðildar. Það getur vel verið að Gunnar Svavarsson vilji ekki kannast við tilvist þeirra manna í flokknum en þeir hafa margoft bent mér á að mjög skiptar skoðanir eru um þetta í hans flokki eins og í öllum öðrum flokkum, og eru það engin ný tíðindi.

[13:35]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Ég vil minna hv. þingmann á að ávarpa þingmenn á réttan hátt.

[13:35]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Bjarna Harðarsyni, sem ekki er óróaseggur í Framsóknarflokknum, fyrir. Fjárlaganefnd hefur starfað á þessu hausti, svo að ég víki að því. Hv. þm. Bjarni Harðarson hefur mætt þar á fundi eins og flestir aðrir og á að vera að vinna að þeim verkum sem lúta að fjárlagafrumvarpinu. Hver og einn fjárlaganefndarmaður á að vera að fara yfir frumvarpið jafnframt því sem við höfum farið yfir það á fundum fjárlaganefndar.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að víkja neitt frekar að þessum yfirlýsingum. Vil þó einfaldlega benda á að niðurstöður skoðanakannana tala fyrir sig. Hv. þingmaður vék að því að Glitnir héldi úti ESB-trúboði á vegum ríkisins. Ég tel það ekki rétt. Greiningardeildir bankanna og ýmsir aðrir fjalla um Evrópumál og um lýðræðismál. Ég tel augljóst að þjóðin vill fá að taka mikilvægar ákvarðanir í Evrópumálum, og þá sem fyrst, algerlega óháð afstöðu einstakra stjórnmálamanna eða stjórnmálaflokka. (**GMJ:** Þau eru svo sammála í ríkisstjórninni.) Það mun verða gert á lýðræðislegan hátt og sá tími mun einfaldlega koma að við munum standa frammi fyrir því.

Ég hef talað fyrir því í áratugi. Jafnvel þegar ég var með hv. þm. Grétari Mar Jónssyni í Alþýðuflokknum (**GÁ:** Hvernig er stjórnarsáttmálinn?) minnir mig að við höfum báðir talað fyrir því.

Ég þakka hv. þm. Bjarna Harðarsyni fyrir skýr svör um stefnu Framsóknarflokksins í Evrópumálum. Þau hafa komið fram á þinginu. Vert er að geta þess að ég ætla ekki að hafa áhrif á þá stefnu heldur mun Framsóknarflokkurinn gera það mál upp við sig eins og allir aðrir flokkar.

[13:37]

Bjarni Harðarson (F):

Frú forseti. Ég sakna þess að hv. formaður fjárlaganefndar hefur engan áhuga á að ræða þau málefni sem ég vék að og þann ágreining sem er í hans eigin flokki um þetta mál, það er slíkt tabú að ekki má um það tala. Vissulega eru þar Evrópuandstæðingar eins og í öllum flokkum og þetta mál gengur einfaldlega þvert á flokkslínur. Það er ekkert nýtt.

Það hefur verið venja að fjárlaganefnd fundi morgun hvern á haustdögum eftir að fjárlagafrumvarp er komið fram. Það hefur ekki verið svo nú. Fjárlaganefnd hefur í mesta lagi komið saman vikulega, einstöku sinnum tvisvar í viku — jú, ég skal viðurkenna það. (**GSv:** Jafnvel þrisvar í viku.) Það hefur komið fyrir að fundir hafi verið haldnir þrisvar í viku en það eru um það bil helmingi færri fundir en venja er á þessum árstíma. Fjárlaganefnd er enn ekki farin að fjalla að neinu leyti um fjárlagafrumvarpið sem þó er full ástæða til að fjalla um og (**GSv:** Það er ekki rétt.) taka fyrir gjaldahlið þess. Formaður nefndarinnar kallar hér fram í að þetta sé ekki rétt, það kann að vera að honum finnist það vera umfjöllun um fjárlagafrumvarpið að talað hafi verið um tekjuhliðina. Ekkert hefur verið fjallað um gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins sem vel er hægt að tala um. Það er vel hægt að kalla fyrir stofnanir ríkisins eins og gert hefur verið á þessum tíma og — (**Gripið fram í:** Hverjir voru á fundinum í gær?) formaður vill vekja athygli á því að mig hafi vantað á einn fund en ég vil benda á að Framsóknarflokkurinn hefur samanlagt hærra skor í mætingu á fundum fjárlaganefndar en Samfylkingin með sína þrjá fulltrúa. Og þó mig hafi vantað á einn fund þá tel ég það (Gripið fram í.) ekki vera rismikla umræðu að hrópa það upp hér. Ég kalla eftir því að þingnefndir taki til starfa um efnahagsmál og þau mál sem máli skipta en menn eyði ekki tíma sínum í karp sem þetta.

[13:39]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Frú forseti. Mig langar að víkja að hlutverki þingsins í núverandi efnahagsástandi. Segja má að þó að hér hafi verið tvær umræður um efnahagsmál hafi þinginu verið haldið utan við alla ákvarðanatöku. Einstakar nefndir hafa vissu-

lega tekið málin til umfjöllunar, viðskiptanefnd, efnahags- og skattanefnd og fjárlaganefnd, aðallega þó til að fá upplýsingar. Þegar kemur að því að leggja til aðgerðir til að bregðast við ástandinu fer sú umræða fram hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar, hjá framkvæmdarvaldinu, ekki í nefndum þingsins sem eru aðallega í því að kynna sér málin.

Ég beini máli mínu til hv. þm. Péturs Blöndals sem er formaður efnahags- og skattanefndar. Hann hefur að mínu mati staðið sig mjög vel því að hann hefur brugðist mjög vel við óskum okkar um fundi og boðað fundi um nýlega stýrivaxtahækkun og líka um efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar þegar hún mun liggja fyrir eftir afgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á föstudaginn. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort ekki þurfi að efla hlutverk efnahags- og skattanefndar og þingsins alls við að taka ákvarðanir, ekki bara að kynna sér málin og votta svo ákvarðanir sem má segja að þegar hafi verið teknar.

Hefði það ekki átt að vera hlutverk þingsins að móta þessa efnahagsáætlun fyrir þjóðina? Mig langar að fá álit formanns efnahags- og skattanefndar á því, og annarra þingmanna ef þeir vilja, hvort efnahags- og skattanefnd eigi ekki að gegna forustuhlutverki í þessu starfi. Er Alþingi fyrst og fremst umræðuvettvangur eða tekur það raunverulegar ákvarðanir? Virkar það eins og búðarkassi þegar einhver annar hefur fyllt körfuna? Mér þætti vænt um að fá álit fólks undir þessum lið, Störf þingsins, í stað þess að nota hann til að ræða innanflokksmál Framsóknarflokksins. Ég held að það skipti verulegu máli fyrir okkur sem hér sitjum hvert okkar hlutverk á að vera þegar kemur að raunverulegum ákvörðunum.

[13:42]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Það er hárrétt ályktun hjá hv. þingmanni að hlutverk þingsins hefur verið ótrúlega veikt. Það á að vera miklu sterkara. Hlutverk þingsins er að setja lög, setja ramma utan um þjóðfélagið og það á að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Þetta er hlutverk þingsins fyrir utan fjárveitingar. Við erum þeir aðilar í þjóðfélaginu sem setjum lög og við eigum að standa okkur í þeirri kreppu sem nú ríður yfir þjóðina, við eigum að setja þann ramma sem nú þarf að breyta. Það er alveg greinilegt að lagasetningin hefur brugðist, hún er reyndar að miklu leyti tekin frá Evrópusambandinu, og eftirlitið og eftirlitsstofnanir hafa brugðist. Þess vegna erum við í þeirri hræðilegu stöðu sem þjóðin er í í dag.

Að mínu mati þurfum við fyrst og fremst að gæta að því að atvinna haldist í landinu. Það er forsenda þess að heimilunum vegni vel og við þurfum líka að gæta að þeim. Við þurfum að gæta að velferð, setja ný lög um velferðarmál, við þurfum að gæta sérstaklega að börnunum. Við þurfum að gæta að þeim sem voru ofsaríkir en eru orðnir sárafátækir, það er líka mikið áfall. Við þurfum að milda gjaldþrot og við þurfum að milda stöðu heimilanna. Við þurfum svo að horfa til framtíðar en fyrst af öllu þurfum við að læra af því sem fór úrskeiðis.

Lagasetningin um gagnkvæmt eignarhald fór úrskeiðis. Lögin eru allt of víðtæk og þarf að stöðva það. Það er að vísu alþjóðlegt fyrirbæri en við getum haft ákveðið frumkvæði í að reyna að bremsa það niður. Svo þarf að gæta að hlutum eins og jöklabréfunum sem skella nú yfir þjóðina eins og jöklaskriða og þrýsta genginu niður endalaust, þessi jöklabréf sem við nutum í nokkur ár. Við þurfum líka að gæta að Icesave-fyrirbærinu sem er evrópsk lagasetning.

[13:44]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Frú forseti. Ég held að ég og hv. þm. Pétur Blöndal séum í prinsippi sammála um að þingið þarf að vera öflugra. Ég spyr: Hvað gerum við nú? Svo að dæmi sé tekið hefur ákvörðun verið tekin um stýrivaxtahækkun og var margoft farið yfir það í umræðum um efnahagsmál í síðustu viku, eða hvenær sem það var, hver hefði tekið þá ákvörðun, menn voru ekki á eitt sáttir um það. En ég tók eftir því að menn voru ekki heldur á eitt sáttir í þinginu, sama hvar í flokki þeir stóðu, um hvort sú vaxtahækkun væri endilega það sem þyrfti. Þess vegna fer efnahags- og skattanefnd að funda um hana.

Við þurfum að ræða um það í þinginu hvort þær ákvarðanir sem eru teknar hér og nú, og hafa áhrif hér og nú á fyrirtækin í landinu, almenning, heimilin — við þurfum að bregðast hraðar við en við höfum gert. Það skiptir því máli að þingið taki sjálft sig til skoðunar, hvernig það kemur fram í þessu máli og hvað við getum gert hér og nú til að bregðast við. Ekki bara til framtíðar með lagasetningu sem tekur ákveðinn tíma — því að vissulega er það hlutverk okkar að endurskoða lögin, fara yfir þau, bæta lagarammann — heldur líka með því að horfa á þær aðgerðir sem verið er að grípa til og þau lög sem þarf að setja strax.

[13:45]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við setjum lög um eftirlitsstofnanir og reynum að gera þær eins sjálfstæðar og hægt er. Þær eiga að vera óháðar löggjafarvaldinu og framkvæmdarvaldinu, bæði Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn og aðrar stofnanir sem taka ákvarðanir og framfylgja þeim lögum sem við setjum. Vandinn er sá að þegar Seðlabankinn t.d. ákveður stýrivexti 18%, þá gerir hann það og hann er óháður.

Ég get í sjálfu sér ekki sagt honum fyrir verkum eða þingið nema þá að breyta lögum um Seðlabanka. Ég er hjartanlega ósammála því að Seðlabankinn hækki stýrivexti í þessari stöðu, ég held að það hafi akkúrat engin áhrif. Ég held að hækkun stýrivaxta hemji ekki flutning á fjármagni til útlanda og hækkun stýrivaxta hvorki eykur sparnað né minnkar hann eins og tilgangurinn ætti að vera. Ef ég fengi að ráða ættu stýrivextir ekki að lækka heldur ættu að koma nýir stýrivextir 6%, ég hef nefnt það. En Seðlabankinn ræður þessu og við höfum sett lög sem gera hann sjálfstæðan einmitt til að ráða því. (Gripið fram í.)

Þetta munum við ræða í hv. efnahags- og skattanefnd á föstudaginn þar sem við ætlum að ræða sérstaklega um stýrivexti og áhrif þeirra og fá rökstuðning fyrir því af hverju stýrivextirnir eru 18%. En það er margt fleira sem við setjum lög um og það er rétt hjá hv. þingmanni að það hefur ekki verið hefð fyrir því á Alþingi að þingmenn komi með sérstakt frumkvæði og það er mjög lítið um að þingmannafrumvörp séu samþykkt. Reyndar eru frumvörp þing-

nefnda oft samþykkt og kannski væri það leiðin að þingnefndir yrðu virkari í því að semja lög sem menn eru sammála um að þurfi til að breyta lagarammanum um þjóðfélagið.

[13:48]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín er á sömu nótum og það sem kom fram hjá hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur. Hún snýr að viðskiptanefnd en við framsóknarmenn höfum ekki bara óskað eftir neyðarfundi út af stöðu sparisjóðanna og annarra minni fjármálafyrirtækja heldur einnig út af málaferlum gamla Kaupþings við breska ríkið og samningunum við Holland og Bretland þar sem enn liggur fyrir beiðni okkar um viljayfirlýsinguna sem íslenska ríkið hefur gert við Hollendinga. Þá höfum við tvisvar fengið á fund nefndarinnar stjórnendur peningamarkaðssjóða viðskiptabankanna til að ræða stöðu þeirra. Á að bjarga sparisjóðakerfinu? Hvað stendur í viljayfirlýsingunni við Holland? Er ríkið að kaupa verðlaus skuldabréf og víxla gömlu bankanna í peningamarkaðssjóðunum? Eru engar samræmdar aðgerðir í gangi?

Það hefur verið meira en full þörf á að ræða þessi mál og fylgja þeim eftir og upp koma stór mál á hverjum einasta degi sem nauðsynlegt er að ræða í nefndinni. Ég þakka formanni nefndarinnar og varaformanni fyrir að vel hefur verið tekið í beiðnir okkar framsóknarmanna en spyr um leið: Er ekki ástæða til að funda á hverjum degi og halda þingmönnum upplýstum um hvað sé að gerast? Það ríkir neyðarástand í þjóðfélaginu og heimili og fyrirtæki eru í bráðri hættu. Okkar færustu hagfræðingar, eins og Jón Daníelsson og Gylfi Zoëga, hafa sagt að vandi fjölskyldna og heimila sé svo mikill að ríkið verði jafnvel að kaupa upp fasteignir og leigja þær svo aftur út til einstaklinga. Er staðan virkilega svona slæm?

Forseti þingsins brást illa við í gær þegar ég reyndi að benda á að þingmenn væru að brenna inni með mikilvægar spurningar sem viðskiptaráðherra getur einn svarað en hann var fjarverandi á fyrirspurnatíma þingsins og verður áfram fjarverandi. Ég spyr því: Er ekki tímabært að hið háa Alþingi leggi þingsköpin til hliðar og þingmenn, óháð flokkadráttum, fái fleiri tækifæri til að funda og ræða þann (Forseti hringir.) alvarlega vanda sem blasir við íslensku þjóðinni og um leið að efla virðingu almennings fyrir (Forseti hringir.) störfum þingsins?

[13:50]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Mig langar að byrja á að upplýsa það að viðskiptanefnd heldur fund í þriðja sinn í vikunni á morgun þannig að við höfum fundað nokkuð títt að undanförnu en frá 17. október hafa verið haldnir sjö fundir og sá áttundi verður á morgun.

Farið hefur fram mjög víðtæk umræða í nefndinni um málefni fjölskyldna, launþega og neytenda, um málefni sem tengjast gjaldeyrismálum, fjármálamarkaði, peningamarkaðssjóðum, um málefni sparisjóðanna og nú síðast bráðavanda fyrirtækjanna. Það var umræðuefnið í nefndinni í gær og verður aftur á morgun.

Ég tek undir margt af því sem kom fram í máli hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar því að ég er alveg sammála því að núna þegar staðan er svo grafalvarleg að elstu menn muna ekkert líkt þá á að sjálfsögðu að endurskoða leikkerfi eða leikfléttu þingsins. Ég ætla að leyfa mér að skora á forseta þingsins og þá sem ákveða dagskrá þingsins að ýta aðeins til hliðar því sem við erum að ræða þessa dagana í þinginu og hugleiða hvort ekki sé kominn tími á einhvers konar forgangsröðun í ljósi þeirra staðreynda sem við blasa. Í dag er 5. nóvember og ég ætla að lesa upp dagskrá þingsins í dag, með leyfi forseta, hún er skráð fyrir framan hv. þingmenn og hljóðar svona:

1. Störf þingsins.
2. Tæringaráhrif brennisteinsvetnis í andrúmslofti, fyrirspurn.
3. Sæstrengir í friðlandi Surtseyjar, fyrirspurn.
4. Mengunarmælingar við Þingvallavatn, fyrirspurn.
5. Mælingar á brennisteinsvetni í andrúmslofti, fyrirspurn.

[13:52]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka þau svör sem hv. þm. Guðfinna Bjarnadóttir gaf hér áðan. Ég óska þá eftir því við þingið að þessum fyrirspurnum og óskum verði fylgt eftir.

Það er alveg rétt að vissulega hafa málin verið rædd í viðskiptanefnd en það var líka brýn þörf á, t.d. málarekstur Kaupþings við breska ríkið, eitthvert mikilvægasta hagsmunamál þjóðarinnar og kannski eina leiðin til að rétta af málstað okkar í Bretlandi. Hverjir héldu utan um þann málarekstur? Það var upplýst einmitt á nefndarfundi en þar kom líka í ljós að það er skilanefndin sem á að sjá um að halda málarekstrinum áfram og hún þarf fjármuni til þess og eftirrekstur af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það hefur komið fram að það verði gert en það var brýn þörf á að halda þann fund. Sama með neyðarfundinn um sparisjóðina vegna þess að þeir voru hársbreidd frá því að falla ásamt má segja restinni af fjármálakerfinu.

Ég beini því til forseta Alþingis að endurskoða til að mynda fyrirspurnatíma til ráðherra. Mér finnst þetta ekkert sérstaklega skemmtilegt form, ég held að það væri miklu meira fjör og málefnalegri umræða að fá þingmenn til að ræða málin. Um hvað eigum við að ræða á þessum tíma annað en efnahagsmál þjóðarinnar? Viðskiptaráðherra var ekki hér í gær og því var hæstv. forsætisráðherra í rauninni eini maðurinn sem hægt var að beina fyrirspurn til. Eigum við að fara að ræða menntamál á þessum tíma. Það er búið að afboða alla fundi í menntamálanefnd og umhverfisnefnd. (Gripið fram í.) Þingið á að einbeita sér að þeim málum (Forseti hringir.) sem brenna á þjóðinni núna.

[13:55]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Mig langar að halda áfram þar sem ég hætti síðast vegna þess að tími gafst ekki til klára það sem ég vildi sagt hafa í þeirri lotu, en vissulega og með fullri virðingu fyrir umhverfismálum, fyrir umhverfisráðherra og fyrirspyrjanda í dag, hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, vildi ég draga fram dagskrána bara til að hnykkja á því að við þingmenn eigum ekki að láta það yfir okkur ganga að við séum

ekki að ræða málefnin sem skipta þjóð okkar öllu máli. Við höfum aldrei séð það eins svart og það er kominn tími til að þingið fái þann kraft og þann mátt sem það á að hafa. Ég tek undir það sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði áðan, þingið er máttlaust.

[13:56]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Mig langar að blanda mér aðeins í umræðuna um þingið sem hv. þm. Katrín Jakobsdóttir opnaði á áðan. Allur kraftur stjórnvalda undanfarnar vikur hefur farið í að bregðast við þeim aðstæðum sem hér hafa skapast sem er í sjálfu sér ekkert skrýtið. Aðalþunginn á vettvangi ríkisstjórnarinnar hefur verið á stofnanir ríkisins en með neyðarlögunum svokölluðu voru m.a. Fjármálaeftirlitinu falin mikil völd til að sýsla með eignir bankanna og koma nýjum bönkum á fæturna.

Meðan á þessu öllu hefur gengið má segja að þingið hafi verið nokkuð á hliðarlínunni. Mín skoðun er sú að æskilegt sé að aðkoma þingsins sé sem mest. Fram undan er erfitt uppbyggingarstarf, við þurfum að vera klár í það hvert skuli stefna og hvernig við ætlum að fara þangað. Við þurfum að hafa pólitíska sýn og hugsun og það skiptir máli, ekki síst á þessari stundu, hver sú hugsun er. Hvernig ætlum við að fara að því að rétta af fjárhag ríkisins? Hvar ætlum við að spara í ríkisrekstrinum? Hvernig ætlum við að hjálpa heimilunum í landinu? Ætlum við að sitja uppi með ríkisbanka, ríkisfyrirtæki, einokunarfjölmiðla og þar fram eftir götunum? Við því segi ég nei. Mér finnst gott að þessi umræða skuli hafa farið fram í þessum sal í dag og fínt að menn skuli hafa skipst á skoðunum um það hvert verkefni þingsins er núna við þessar aðstæður. Ég held að það skipti máli fyrir þingmenn að taka þátt í umræðum á þinginu eins og kostur er jafnvel þótt um sé að ræða fyrirspurnir af ýmsum toga. Fyrir fólkið í landinu skiptir verulegu máli að þingmenn séu aktífir í störfum sínum og ávallt vakandi fyrir því sem hér er að gerast. Sú umræða sem snúast mun um framtíð íslensku þjóðarinnar og þau stefnumið sem þar verða í hávegum á að fara fram í þessum sal. Til þess erum við kjörin og undan því skulum við ekki víkjast.

[13:58]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Frú forseti. Mig langar að taka upp það sem hv. þm. Katrín Jakobsdóttir nefndi um þingið og fjallar um störf þingsins. Ég hef setið á þingi síðan 12. maí 2007 og telst því nýr þingmaður þótt ekki sé ég ung og ég verð að segja að verklag löggjafarsamkundunnar á þessum tíma hefur vægast sagt komið mér á óvart. Ég hefði kosið að aðild þingsins að einu og öllu, að gerð frumvarpa, að umræðu um gerð frumvarpa, aðild þingsins að flestöllum málum væri meiri en hún er. Flokkur minn, Sjálfstæðisflokkurinn, ber ábyrgð á þessu sem og allir aðrir flokkar sem sitja á þingi. (**Gripið fram í:** Halló.) Hæstv. forseti þingsins hefur þó á þessum tíma reynt að breyta verklagi þingsins og er það vel. Hann hefur fyrst og síðast gert það með tilliti til þingskapa. Ég held að allir þingmenn, hvar í flokki sem þeir standa, þurfi að velta því fyrir sér að við erum ekki afgreiðslustofnun heldur hluti af því að setja landinu lög, að við afgreiðum ekki bara það sem kemur frá framkvæmdarvaldinu heldur erum við líka þátttakendur. Þetta er ekki svona, þetta hefur ekki verið svona um áratugaskeið. Þetta hefur verið með öðrum hætti og þessu þarf að breyta. Að öðrum kosti erum við þingmenn eins og ágætar afgreiðsludömur eða -herrar í búð sem segja já eða nei.

[14:00]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Það er gott að þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru búnir að uppgötva þingræðið og ætli þeim sé það mál nú ekki skylt eftir 17 ára samfellda setu í meiri hluta á Alþingi og hafandi átt forseta Alþingis allan þann tíma? Það er sömuleiðis gott að þingmenn Sjálfstæðisflokksins átta sig á því að ástandið er alvarlegt. Við höfum aldrei séð það jafnsvart, sagði hv. þm. Guðfinna Bjarnadóttir sömuleiðis, eftir það sem vonandi verður nú lokakaflinn á 17 ára ráðsmennsku Sjálfstæðisflokksins í landsmálum.

Ég vil þakka hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur fyrir að taka hér upp undir liðnum Störf þingsins, efni sem loksins er um störf þingsins því flest annað er yfirleitt rætt undir þeim lið. Hún ræddi hlutverk Alþingis og aðkomu að þeim viðfangsefnum sem við er að glíma í þjóðmálum okkar núna.

Hv. þm. Pétur Blöndal fór með skilgreiningu á hlutverki Alþingis, ég vil leyfa mér að bæta þar örlítið við. Fyrir utan það að fara með almennt lagasetningarvald, fjárlaga- og fjárstjórnarvald, (Gripið fram í.) að veita framkvæmdarvaldinu — sem vel að merkja sækir umboð sitt til Alþingis — aðhald, er Alþingi að sjálfsögðu einnig stefnumótunarvettvangur og einn helsti vettvangur pólitískrar umræðu í landinu og því ber ekki að gleyma.

Það hefur verið dapurlegt að sjá Alþingi standa á hliðarlínunni allan októbermánuð en það er ekkert annað en áframhald á niðurlægingu Alþingis vegna ofríkis valdstjórnarmanna undanfarin ár sem hafa með framkvæmdarvaldinu valtað yfir löggjafarsamkomuna. En það er enn þá aumara að Alþingi skuli gera það, horfandi upp á handónýtt framkvæmdarvald, ráðlausa ríkisstjórn, það er dapurt. Og er það ekki dapurt fyrir þingmenn á Alþingi Íslendinga að fá fréttir frá Úkraínu, um hvað? Um að ríkisstjórn Úkraínu er að ræða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um aðstoð, en hvað gerir þingið á meðan? Þingið fjallar fyrir opnum tjöldum um skilmálana sjálfstætt og tekur afstöðu til þess hvort úkraínska þingið fellst á þá eða ekki. (Forseti hringir.) Hvað er Alþingi Íslendinga að gera í sömu sporum á sömu dögum? Ekki neitt. Og á því ber meiri hlutinn og umfram alla aðra Sjálfstæðisflokkurinn ábyrgð.

Umræðu lokið.

Tæringaráhrif brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Fsp. ÁI, 104. mál. — Þskj. 112.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Það má með sanni segja, eins og hv. þm. Guðfinna Bjarnadóttir benti á áðan, að minn tími sé kominn í þessum ræðustól — eða hvað? — þar sem dagskrá þings-

ins, gjörvallri dagskrá þingsins í dag er haldið uppi, af hverju? Fjórum fyrirspurnum frá undirritaðri og varða þær allar umhverfismál, fyrirspurnir sem voru lagðar fram löngu áður en til þessa svarta mánudags kom.

Hvað veldur? Við venjulegar aðstæður væri það fagnaðarefni að fá þann tíma sem maður þarf í ræðustól Alþingis undir hugðarefni sín. En því miður ber þetta ekki vott um annað en málefnafátækt ríkisstjórnarinnar sem ekki skilar neinu inn í þennan sal. Ég vil taka undir þau orð sem voru látin falla áðan og kröfur um annað verklag á Alþingi. Það stendur upp á ríkisstjórnina og stjórnarflokkana að koma með alvörumál inn í þingið. Við sitjum uppi með ríkisstjórn sem treystir hvorki þingi né þjóð fyrir því sem hún er að pukrast með og á meðan eru menn verklausir í þingsal. En þingið kemur saman á hverjum degi og það er eins gott að ég tók vítamínin í morgun og lagðist ekki í rúmið vegna þess að þá hefði trúlega orðið að fella niður fundi á hv. Alþingi í dag.

Frú forseti. Þetta er ekki mjög skemmtileg staða. Ég átti um tvennt að velja og ég kýs auðvitað að halda uppi sóma þingsins og flytja fyrirspurnir mínar sem eru fjórar. Sú fyrsta er til hæstv. iðnaðarráðherra og er ég nú langt komin með ræðutíma minn þar um.

Í fyrirspurn minni vil ég vekja athygli á mikilli aukningu sem hefur orðið á loftaðbornu brennisteinsvetni en mælst hefur mikil aukning á því í mælistöðinni við Grensásveg í Reykjavík. Það tengist beint framkvæmdum á Hellisheiði. Það er ekki aðeins að mælingar sýni þetta heldur hefur orðið vart við mikil óþægindi vegna lyktarmengunar, mosi hefur drepist í stórum stíl bæði á Hellisheiði og í kringum Svartsengi og það blasa við áberandi brún brennisteinsmöstur í gömlu Búrfellslínunni sem núna heitir líklega Sogslína. Loks má til nefna að þrátt fyrir allan þann fjölda fólks sem vinnur við Hellisheiðarvirkjun þá eru bílastæði starfsmanna tóm vegna þess að gler og málmur tærast svo fljótt þarna upp frá að menn láta ekki bílana sína standa þarna part úr degi einu sinni.

Þetta er sem sagt tilefni þeirrar fyrirspurnar sem hér er lögð fram á þingskjali 112 og hlakka ég til að heyra viðbrögð hæstv. ráðherra við henni.

[14:05]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess vegna orða hv. þingmanns að fundir á miðvikudögum eru ætlaðir undir fyrirspurnir frá þingmönnum til ráðherra. (**ÁI:** Í dag frá mér.) Í dag frá hv. þingmanni en alla miðvikudaga eru fundir ætlaðir undir fyrirspurnir frá þingmönnum sem ráðherrar svara.

[14:06]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég vil nú upplýsa hv. þm. Álfheiði Ingadóttur um það að það er ekki nóg bara að taka vítamínin sín á morgnana, hv. þingmaður verður að fara að mínu fordæmi í því efni, ég læt mér ekki nægja að taka þrjár gerðir af vítamínum heldur fæ ég mér alltaf vænan slurk af lýsi. Það er þess vegna sem iðnaðarráðherra er þrátt fyrir allt svo keikur og glaður og brattur í dag, m.a. vegna þess að ég fagna þessari fyrirspurn frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur.

Hv. þingmaður gerir að umræðuefni hugsanlega skaðsemi brennisteinsvetnis og það er alveg rétt að sú lofttegund er hættuleg yfir ákveðnum mörkum og hún kemur m.a. frá jarðvarmaveitum. Ég hef kynnt mér niðurstöður mælinganna sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni. Nú er það svo að í íslenskum reglugerðum eru engin sérstök mörk, hvorki gróðurverndarmörk, lyktarmörk né heilsuskaðsemismörk og ég tel að það sé ekki gott. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur hins vegar sett slík mörk. Mörk hennar eru hundraðfalt minni en þau mörk sem almennt eru talin valda skaða á heilsu og ég get trúað hv. þingmanni fyrir því að ég hef efasemdir um að þessi alþjóðlegu mörk séu nógu lág. Sömuleiðis hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin sett ákveðin lyktarmörk líka sem miðast við það að 83% venjulegra einstaklinga nemi lyktina.

Ég sagði áðan að svarið við spurningu hv. þingmanns væri jákvætt. Ég hef kynnt mér niðurstöðurnar og það hefur komið í ljós að frá því að mælingar hófust, ég held í byrjun árs 2006, hefur styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti jafnt og þétt farið vaxandi og það er áhyggjuefni. Það er einnig áhyggjuefni sem hv. þingmaður nefndi, m.a. um áhrifin á gróður, ég hef minni áhyggjur af því þó að bílaforði starfsmanna Orkuveitunnar skaðist eitthvað örlítið af ryði eða tæringu en ég hef áhyggjur af gróðrinum. Auðvitað verður líka að velta fyrir sér hvort hugsanlegt sé að langvarandi nábýli við mengun af þessu tagi geti haft skaðleg áhrif á heilsu manna.

Ég vek hins vegar eftirtekt á því að þær mælingar sem hafa farið fram benda til þess að styrkurinn sé þrátt fyrir allt langt, langt undir þeim heilsuverndarmörkum sem alþjóðlegar stofnanir hafa sett. Hv. þingmaður spyr mig hins vegar með hvaða hætti ég telji að eigi að bregðast við þessu. Ég tel, frú forseti, að það eigi t.d. að bregðast við með þeim hætti sem Skipulagsstofnun gerði þegar hún afgreiddi Hverahlíðarvirkjun. Þar setti hún sem skilyrði að áður en hún yrði gangsett væri búið að koma upp búnaði sem næmi brennisteinsvetni úr blæstrinum. Ég held að það sé lang-, langbesta leiðin.

Það eru til ýmsar leiðir. Ég gæti nefnt fjórar en ég kýs að nefna tvær vegna þess að mér finnast þær vera langbestar. Í fyrsta lagi að nota örverur til þess beinlínis að éta það úr loftinu. Það felst í því að til verður úr örverunum ákveðið hráefni sem hægt er að selja, m.a. til fóðurs og ýmiss konar nýtingar. Í öðru lagi höfum við í iðnaðarráðuneytinu m.a. styrkt verkefni með nokkrum tugum milljóna hér innan lands, sem miðaði að því að finna og þróa í krafti þess sem kalla má orkulíftækni örverur sem koma úr safni sem menn hafa tekið við neðansjávarhverfi, í loftfirrðu umhverfi, þar sem örverur beinlínis éta brennisteininn og skila honum tárhreinum. Sú vara er mjög mikilvæg og hún er dýr. Þarna held ég að sé hægt að slá tvær flugur í einu höggi, framleiða mikilvæga afurð og ná þessu úr andrúmsloftinu.

Ég er sammála hv. þingmanni um að það þarf að setja í umhverfisreglugerðir mörk sem ekki eru til í dag, bæði varðandi gróðurfarsmörk, lyktarmörk og það sem við getum kallað heilsufarsmörk.

Hv. þingmaður spyr mig síðan um tæringuna og hvað sé verið að gera varðandi það mál. Þá er frá því að greina að það er alveg hárrétt hjá henni að þetta hefur ákveðinn tær-

ingarmátt sem til framtíðar gæti aukið svolítið kostnað þeirra sem fara með línulagnirnar. Orkuveita Reykjavíkur er með rannsóknir á þessu, Landsnet hefur samning við Orkuveituna. Það er talið að kostnaðurinn af þessu verði ekki mjög mikill en umfram allt skiptir það máli að (Forseti hringir.) fjarlægja þetta úr útblæstrinum. Ég er sammála hv. þingmanni um það.

[14:11]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Það er kannski alveg rétt til orða tekið hjá hæstv. forseta að ég ætli að gera stutta athugasemd. Eftir að hafa hlýtt á fyrirspurnina og svör hæstv. ráðherra vil ég gera þá athugasemd við ummæli sem féllu í þingsalnum áðan frá hv. þingmönnum, m.a. hv. þm. Guðfinnu Bjarnadóttur, sem voru þess eðlis að gert var lítið úr fyrirspurninni og þeim störfum þingsins að taka fyrir fyrirspurnir frá þingmönnum til ráðherra. Mér finnst slík framganga algjörlega óviðeigandi og ósæmandi og þingmönnunum til skammar.

Hitt kann að vera rétt og um það ekki mikill ágreiningur, að ég hygg, að það megi gera bragarbót á störfum þingsins og betrumbæta þau. Það höfum við þingmenn verið að gera á undanförnu þingi undir stjórn forseta Alþingis. Þeir þingmenn sem sjá ekkert annað en svart þessa dagana ættu þá að beita sér fyrir breytingum þar sem þeir hafa tök á í stað þess að gera lítið úr þeim verkum sem þingmenn (Forseti hringir.) eru að vinna.

[14:12]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég tel að þær fyrirspurnir sem liggja fyrir iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra í dag séu mikilvægar og nauðsynlegt að fá svör við þeim. Jafnframt tel ég mikilvægt að þingstörfin séu sveigjanleg og að hægt sé að koma og eigi að koma inn á dagskrá umræður um efnahagsmál umfram það sem verið hefur til þess að opna umræðuna um þau mál sem brenna á okkur öllum.

Hvað varðar fyrirspurnina og tæringaráhrif brennisteinsvetnis í andrúmslofti þá veit ég að það liggur ekki inni á borði hæstv. iðnaðarráðherra en ég tel afar brýnt að sett verði af stað lýðheilsurannsókn sem taki yfir langt tímabil. Tæringaráhrif brennisteinsvetnis í andrúmslofti hafa áhrif á heilsufar manna og dýra, langtímaáhrif, sérstaklega hvað varðar fólk sem er með astma og lungnasjúkdóma og á (Forseti hringir.) einkanlega við um þá sem búa nærri slíkum virkjunum. Ég hvet því iðnaðarráðherra til að huga að slíkri rannsókn sem taki yfir langt tímabil hvað varðar mengun af þessu tagi.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir ágæt svör og góðar undirtektir við þá tillögu til þingsályktunar sem ég mælti fyrir í gær og er að finna á þskj. 29, 29. mál, um takmörkun á losun brennisteinsvetnis af manna völdum í andrúmslofti. Það urðu ekki miklar umræður um tillöguna í gær, reyndar tók enginn til máls annar en sú sem hér stendur.

Frú forseti. Það er staðfest að brennisteinsmengun frá jarðvarmavirkjunum og kannski sérstaklega á Hellisheiðinni, er miklum mun agressífari eða meiri en mat á umhverfisáhrifum gerði ráð fyrir. Það er gott til þess að vita að Orkuveitan sé að mæla og Landsnet sé að skoða en það sem vantar er að sett verði umhverfismörk. Það þarf, eins og hæstv. ráðherra sagði, að hreinsa brennisteininn úr jarðgufunni og annaðhvort farga honum eða það sem enn þá betra er, að nýta hann. Ég tek undir það sem hann sagði um þau efni og ég nefndi reyndar aðrar leiðir líka í ræðu minni í gær.

Það er mjög brýnt að reikna þann kostnað sem hreinsun brennisteinsvetnisins úr jarðgufunni veldur inn í arðsemisreikninga jarðvarmavirkjana en einnig kostnaðinn við þá eyðileggingu sem mengunin hefur í för með sér. Menn hafa ekki ætlað sér að taka brennisteinsvetnið úr holum sem eru látnar blása, heldur bara úr vinnsluholum og það er atriði sem þarf að skoða líka.

Frú forseti. Það er mikilvægt að það verði brugðist strax við, ekki síst þar sem uppi eru áform um stóraukna, bæði ágenga og (Forseti hringir.) ósjálfbæra nýtingu á jarðvarmasvæðum okkar.

[14:16]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Hv. þingmaður flutti framsögu fyrir gagnmerkri þingsályktunartillögu í gær. Ég ætlaði að vera viðstaddur til að taka þátt í umræðunni, eins og ég hef oft reynt þegar hv. þingmaður flytur tillögur, og hægt er að sjá af verkum mínum að ég hef stundum hlustað á og farið að ráðum hv. þingmanns. Ég ber mikla virðingu fyrir þeim störfum sem hv. þingmaður hefur einkum tekið að sér, að veita okkur sem förum með framkvæmdarvaldið mjög hart og virkt aðhald í þessum efnum. Þannig á það að vera. Ég þurfti því miður að fara og gat ekki tekið þátt í umræðunni í gær en hafði búið mig undir hana.

Ég er sammála hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um nauðsyn þess að þingmenn geti í efnum sem þessum veitt framkvæmdarvaldinu aðhald. Hér ræðum við mál sem gæti hugsanlega haft áhrif á heilsu manna og það þurfum við að ræða hvað sem líður öðrum erfiðleikum þjóðarinnar.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sagði brennisteinsvetnismengun af völdum jarðvarmavirkjana vera, a.m.k. á sumum stöðum, meiri en menn ætluðu. Hún telur nauðsynlegt að setja reglur um umhverfismörk. Ég er því hjartanlega sammála. En ég undirstrika að hugsanleg áhrif á heilsu manna og áhrif á gróður og mannvirki verða leyst ef okkur tekst að hrinda í framkvæmd aðferðum, sem ég tel að liggi á teikniborðinu, þróuðum af Íslendingum um hvernig megi taka brennisteinsvetnið úr útblæstrinum.

Um kostnaðinn er það að segja að vonir standa til að úr þessu verði til tárhreinn brennisteinn. Erfitt er að fá hann og framleiða og hann er afskaplega dýr þannig að ég tel þetta verða virðisauka fyrir virkjanirnar.

Umræðu lokið.

Sæstrengir í friðlandi Surtseyjar.

Fsp. ÁI, 77. mál. — Þskj. 77.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég ætla að fylgja úr hlaði með örfáum orðum fyrirspurn sem er að finna á þskj. 77 og er 77. mál þessa þings og fjallar um lagningu sæstrengja í friðlandi Surtseyjar.

Íslendingar njóta þess heiðurs að vera gæslumenn tveggja staða á heimsminjaskrá UNESCO. Þingvellir voru settir á skrána 2004 sem einstæðar menningarminjar og með ákvörðun heimsminjanefndarinnar 7. júní var Surtsey sett á skrána sem einstakar náttúruminjar.

Eins og flestir vita varð Surtsey til við eldgos á sjávarbotni og hlóðst upp á árunum 1963–1967. Strax 1965 var það sem var ofan sjávarborðs í Surtsey friðlýst en í aðdraganda tilnefningarinnar á heimsminjaskrána í janúar 2007 var friðlandið stækkað verulega með tilvísun í 53. gr. laga um náttúruvernd og nú nær friðlandið til eldstöðvarinnar allrar bæði ofan sjávar og neðan, þar með talið hinna sokknu eyja, Jólnis, Syrtlings og Surtlu og tiltekins hafsvæðis umhverfis eyna sjálfa.

Um friðlýsinguna gilda óvenjustrangar reglur, enda er henni ætlað að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar sjálfrar og án afskipta manna. Í 4. gr. reglugerðarinnar er tekið fram að Umhverfisstofnun hafi með umsjón eyjarinnar að gera og hafi til ráðuneytis sex manna ráðgjafarnefnd sérfræðinga frá ýmsum stofnunum, Náttúrufræðistofnun, Hafrannsóknastofnun og Umhverfisstofnun sem og Surtseyjarfélagi og tveimur fulltrúum frá Vestmannaeyjabæ. Samkvæmt 7. gr. sömu reglugerðar eru allar mannvirkjagerðir, jarðrask, efnistaka og aðrar breytingar á landi og hafsbotni innan friðlandsins óheimilar nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar og að fenginni umsögn Surtseyjarfélagsins.

Mikið fagnaðarefni var að Surtsey var skráð á heimsminjalistann. Sjálf sagði hæstv. ráðherra í grein í Morgunblaðinu að það væri mikill heiður fyrir íslenska þjóð, en því fylgdi einnig aukin ábyrgð og skuldbinding um áframhaldandi verndun Surtseyjar. Það var því nokkuð að óvörum að í lok ágúst voru lagðir tveir sæstrengir Farice á 2,5 kílómetra kafla í gegnum friðlandið við Surtsey. Umhverfisstofnun veitti leyfi fyrir þessari framkvæmd þvert á umsagnir allra þar til bærra aðila.

Ég vakti máls á þessu fyrr í vetur en tel, eins og ég sagði þá, að umhverfisráðherra skuldi þingi og þjóð skýringu á því hvernig á því stóð að Umhverfisstofnun hunsaði álitin og það átölulaust af hálfu ráðuneytisins.

[14:22]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Frú forseti. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir spyr:

„1. Hver var aðkoma umhverfisráðuneytis að veitingu leyfis fyrir lagningu sæstrengja um friðland Surtseyjar í ágúst sl.?“ Umhverfisráðuneytið átti ekki aðkomu, eins og það er orðað í fyrirspurninni, að veitingu leyfis fyrir lagningu sæstrengjanna um friðlandið. Í samræmi við auglýsingu um friðlandið er það hlutverk Umhverfisstofnunar að veita leyfi til framkvæmda innan friðlandsins og samkvæmt 38. gr. laga um náttúruvernd þarf að leita leyfis stofnunarinnar ef hætta er á að framkvæmdir spilli friðlýstum náttúruminjum. Einnig er spurt:

„2. Hversu langan tíma tók afgreiðsla Umhverfisstofnunar á umsókn Farice?“ Umsókn um leyfi frá Farice kom til Umhverfisstofnunar 11. júlí í sumar og var afgreidd frá stofnuninni 6. ágúst. Um leið og umsóknin kom var hún send til umsagnaraðila, þ.e. Surtseyjarfélagsins, ráðgjafarnefndar um Surtsey, heimsminjanefndar Íslands og menntamálaráðuneytisins. Stofnunin taldi ekki hægt að afgreiða umsóknina fyrr en úrskurður Skipulagsstofnunar um matsskyldu lá fyrir en sá úrskurður er skráður inn í skjalakerfi Umhverfisstofnunar 29. júlí.

„3. Var leitað umsagnar Surtseyjarfélagsins, sbr. 7. gr. auglýsingar um friðland í Surtsey nr. 50/2006, og ef svo er, hver var hún?“ Því er til að svara: Já, það var leitað eftir áliti Surtseyjarfélagsins sem lagðist gegn lagningu sæstrengsins.

„4. Var aflað umsagnar frá ráðgjafarnefnd um málefni friðlandsins, sbr. 4. gr. auglýsingarinnar, og ef svo er, hver var hún?“ Já, umsagnar ráðgjafarnefndarinnar var aflað. Nefndin lagðist gegn lagningu og í umsögn hennar kom m.a. fram að með vísun til 7. gr. auglýsingar um friðlandið í Surtsey eru framkvæmdir eins og lagning ljósleiðarastrengja óheimilar nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar Vestmannaeyjabæjar að fenginni umsögn Surtseyjarfélagsins. Jafnframt minnti nefndin á að Surtsey var tekin inn á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna á 32. fundi heimsminjanefndar UNESCO þann 7. júlí.

„5. Var aflað umsagnar frá heimsminjaskrifstofu UNESCO og ef svo er, hver var hún?“ Það var ekki gert. Umhverfisstofnun leitaði ekki eftir umsögn heimsminjanefndar UNESCO, enda er það ekki í verkahring hennar.

„6. Var aflað umsagna frá öðrum aðilum og þá hverjum?“ Já, Umhverfisstofnun leitaði eftir umsögn frá heimsminjanefnd Íslands og frá menntamálaráðuneytinu. Í umsögn heimsminjanefndar Íslands, sem dagsett er 28. júlí 2008, kemur fram að nefndin hafi fjallað um málið á fundi sínum 26. maí 2008 og að ekki hafi komið fram athugasemdir við framkvæmdina á fundi nefndarinnar. Heimsminjanefnd Íslands, sem skipuð er af menntamálaráðherra, á að vera vettvangur samráðs um framfylgd samnings UNESCO frá 1972 um menningar- og náttúruarfleifð heimsins hér á landi, þar á meðal undirbúning að tilnefningu íslenskra staða á heimsminjaskrá. Í umsögn menntamálaráðuneytis kom fram að ráðuneytið telji ekki rétt að leggjast gegn lagningu strengjanna um friðlandið að höfðu samráði við heimsminjanefnd Íslands.

„7. Fer áðurnefnd lagning sæstrengja um friðland Surtseyjar saman við verklagsreglur, markmið friðlýsingar Surtseyjar og þá ábyrgð sem Íslendingar bera á verndun eyjarinnar með tilliti til stöðu hennar á heimsminjaskrá UNESCO?“ Innan friðlandsins er mannvirkjagerð, jarðrask, efnistaka og aðrar breytingar á landi og hafsbotni óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins, að fenginni umsögn Surtseyjarfélagsins. Í bréfi Umhverfisstofnunar, sem dagsett var 6. ágúst 2008, er tekin rökstudd

afstaða til lagningar sæstrengjanna með tilliti til markmiðs, friðlýsingar Surtseyjar og annarra ákvæða um friðlýsingu eyjarinnar. Í þessu tilfelli var það mat Umhverfisstofnunar að lagning sæstrengjanna færi ekki gegn markmiðum friðlýsingarinnar. Ekki er ljóst hvort og þá hvaða áhrif lagningin hefur á stöðu eyjarinnar á heimsminjaskrá UNESCO á meðan heimsminjanefnd UNESCO hefur ekki fjallað um málið en menntamálaráðuneytið sem vörsluaðili UNESCO-samningsins fyrir hönd Íslands hefur sent skrifstofu samningsins upplýsingar um framkvæmdina.

[14:27]

Útbýting:

Umgengni um nytjastofna sjávar, 120. mál, stjfrv. (sjútv.- og landbrh.), þskj. 130.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka svör hæstv. ráðherra enda þótt hún hafi vikið sér undan því að taka afstöðu til efnisins sem fjallað er um og vísað til þess að ráðuneytið eigi formlega ekki aðkomu að málinu, það sé í höndum Umhverfisstofnunar. Ég sagði áðan að ég teldi að hæstv. ráðherra skuldaði þingi og þjóð skýringar á því af hverju þetta var látið viðgangast átölulaust. Þær skýringar fékk ég ekki.

Hæstv. ráðherra sagði einnig að ekki væri ljóst hver áhrifin kynnu að vera á stöðu Surtseyjar á heimsminjaskrá UNESCO. Ég tel ljóst að þetta kunni að hafa mjög alvarleg áhrif á stöðu Surtseyjar á heimsminjaskránni miðað við þá þekkingu sem ég hef á vinnubrögðum á þeim bæ. Það er ótrúlegt en satt og kom ekki fram í máli ráðherra að menntamálaráðherra lagðist í fyrstu umferð eindregið gegn því að farið væri með sæstrengina inn í friðlandið vegna hagsmuna sem hún taldi heimsminjaskrána hafa af því. Síðan var þeirri niðurstöðu breytt, eins og hæstv. ráðherra sagði réttilega, að höfðu samráði við íslensku heimsminjanefndina sem er, eins og kunnugt er einstök í sinni röð, skipuð þremur stjórnmálamönnum — að því er mig best minnir að morgni kjördags 12. maí 2007.

Ég vil taka undir það sem sagt hefur verið um að vinnubrögðin í málinu lýsa ótrúlegri óvirðingu fyrir umhverfislöggjöfinni og friðlandinu í kringum Surtsey og skráningu eyjarinnar á heimsminjaskrána. Mér finnst mjög dapurlegt að farið hafi verið þvert gegn lögboðnum umsögnum sem fyrir lágu og ég ætla rétt að vona að þetta geti ekki verið fordæmi fyrir annað og meira.

[14:30]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil bara bæta því við að ég vil fullvissa hv. þingmann um að þetta mál skapar ekki fordæmi fyrir annað og meira, eins og hv. þingmaður orðaði það í ræðu sinni. Auðvitað bera stjórnvöld á Íslandi mikla ábyrgð vegna þess að við höfum tilnefnt Surtsey og fengið hana skráða á heimsminjaskrá UNESCO og ef einhverjar athugasemdir koma frá skránni verður auðvitað að mæta því. Þær hafa ekki borist og mér er ekki kunnugt um að það hafi gerst.

En að öðru leyti ætla ég alls ekki að standa hér og reyna með nokkrum hætti að draga úr ábyrgð stjórnvalda á þeirri friðlýsingu og þeirri tilnefningu eins og hún hefur verið framkvæmd.

Umræðu lokið.

Mengunarmælingar við Þingvallavatn.

Fsp. ÁI og KolH, 78. mál. — Þskj. 78.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Á þskj. 78 er fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra um mengunarmælingar við Þingvallavatn. Eins og þar kemur fram er verið að vísa í úrskurð umhverfisráðuneytis þar sem gerð var krafa um að Vegagerðin mæli ákomu loftaðborinnar köfnunarefnismengunar áður en framkvæmdir við Gjábakkaveg hefjist og í fimm ár eftir að þeim lýkur.

Það er spurt hvort mælingar séu hafnar, hvernig og hvar þær fari fram og hvort fyrirhugað sé að mæla styrk köfnunarefnissambanda í andrúmslofti í nágrenni við Ólafsdrátt eða aðra þekkta hrygningarstaði í Þingvallavatni sem eru sérlega viðkvæmir fyrir breytingum á næringarbúskap.

Ég legg þessa fyrirspurn fram vegna þess að það hafa verið uppi efasemdir um að skilyrðum ráðuneytisins sé fullnægt. En í úrskurði þess 10. maí 2007 segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið felst á að aukning í umferðarmagni á svæðinu“ þ.e. við Þingvallavatn, „muni hugsanlega geta leitt til aukningar í loftaðborinni köfnunarefnismengun í Þingvallavatni. Í ljósi hás verndargildis Þingvallavatns og lífríkis þess telur ráðuneytið rétt að framkvæmdaraðila verði skylt að mæla ákomu loftaðborinnar köfnunarefnismengunar áður en framkvæmdir hefjast og í a.m.k. 5 ár eftir að framkvæmdum líkur og gera samanburð við aðrar mælingar sem gerðar hafa verið á svæðinu.“

Efasemdirnar sem uppi hafa verið varðandi framkvæmd þessa skilyrðis ráðuneytisins eru tvenns konar. Annars vegar um það hvaða aðferðum er beitt og því spyr ég um það. Hins vegar vegna staðsetningarinnar sem mælingarnar eiga að fara fram á en það mun vera við Mjóanes sem til að mynda er í sex kílómetra fjarlægð frá Ólafsdrætti sem nefndur er í fyrirspurninni.

Mig langar til þess að vekja athygli á því að þetta mál er angi af þeim áhyggjum sem vatnalíffræðingar undir forustu Péturs M. Jónassonar hafa sett fram um það hvaða áhrif aukin niturákoma hafi á Þingvallavatn og benda á að það geti breyst úr tæru fjallavatni í grænþruggugan poll og því miður virðast nýjar rannsóknir frá Náttúrustofu Kópavogs staðfesta að það hafi orðið verulegar breytingar á gagnsæi í vatninu (Forseti hringir.) á síðastliðnum 25 árum.

[14:34]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Forseti. Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar hefur Vegagerðin aflað bakgrunnsgilda á tvenns konar hátt.

Annars vegar var gerð samantekt á efnasamsetningu í úrkomu á vegum Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands og samantekt gagna frá Rjúpnahæð, Írafossi, Vegatungu, Litla-Skarði og Langjökli og hins vegar var settur upp úrkomumælir við Mjóanes. Ákvörðun um staðsetningu var tekin með hliðsjón af niðurstöðum í samantektinni.

Sýni er tekið vikulega í Mjóanesi og um leið eru tekin sýni á Írafossi til samanburðar og meðhöndluð á sama hátt. Með þessu fæst raunhæfur samanburður á milli staðanna með það að leiðarljósi að nýta bæði tímaseríur frá Írafossi þar sem mælingar hafa farið fram lengi til að meta bakgrunnsgildi sem og til samanburðar eftir að framkvæmdum lýkur.

Fyrirspyrjandi spyr einnig: „Eru mælingar samkvæmt úrskurði ráðuneytisins hafnar og ef svo er, hvar fara þær fram og hvernig er staðið að þeim?“

Í úrskurðinum segir, með leyfi forseta:

„Vegagerðinni er skylt að láta gera mælingar á ákomu loftaðborinnar köfnunarefnismengunar áður en framkvæmdir hefjast og í a.m.k. 5 ár eftir að framkvæmdum lýkur og gera samanburð við aðrar mælingar sem gerðar hafa verið á svæðinu. Vegagerðinni ber að hafa samráð við Umhverfisstofnun um slíkar mælingar og mat á þeim.“

Vegagerðin hafði samráð við Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands um aðgerðir til að meta bakgrunnsgildi og setja upp mælistöð. Mælistöðin er, eins og áður segir, við Mjóanes og þar er mæld úrkoma og efnasamsetning hennar. Það er mat Umhverfisstofnunar að þetta sé í samræmi við úrskurðinn og til þess fallið að geta metið hvort framkvæmdin og sú aukning á umferð sem til kemur vegna hennar muni auka marktækt ákomu köfnunarefnis á Þingvallavatn. Samráði við Umhverfisstofnun er þó ekki lokið þar sem það tekur líka til mats á þeim niðurstöðum sem fást úr þessum mælingum.

Þá spyr hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hvort fyrirhugað sé að mæla styrk köfnunarefnissambanda í andrúmslofti í nágrenni Ólafsdráttar eða við aðra þekkta hrygningarstaði í Þingvallavatni.

Ekki er fyrirhugað að mæla sérstaklega styrk köfnunarefnissambanda í andrúmslofti við Ólafsdrátt eða aðra þekkta hrygningarstaði. Varðandi Ólafsdrátt er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á vegakerfinu þar og því ekki um að ræða bein áhrif vegna þeirra framkvæmda sem úrskurðurinn nær til. Áhrif þar yrðu einungis vegna aukinnar umferðar um svæðið sem er væntanlega samspil nýs Gjábakkavegar þegar hann hefur verið lagður og þess að Þingvellir eru komnir á heimsminjaskrá eins og kunnugt er.

Til að meta svokallaða þurrákomu köfnunarefnis er oftast stuðst við líkanareikninga og samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins er Vegagerðin að kanna möguleika á að gera slíka útreikninga fyrir Þingvallavatn.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin en ég verð að lýsa miklum vonbrigðum með þau. Ég vil lýsa miklum vonbrigðum með það að ráðherra telur að úrskurður ráðuneytisins sé uppfylltur enda þótt verið sé að mæla niturmagn í úrkomu en ekki í andrúmslofti. Í skýrslu Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem vitnað er til í samskiptum Vegagerðar og Umhverfisstofnunar, kemur skýrt fram að mælingar í úrkomu segja lítið sem ekkert um áhrif bílaumferðar á losun köfnunarefnis á svæðinu og kemur þar margt til, m.a. það að umferð bíla í úrkomu, mikilli rigningu í kringum Þingvallavatn er minni en á þurrviðrisdögum og mengunin berst með öðrum hætti.

Ég vil lýsa vonbrigðum mínum sérstaklega með þetta og skora á ráðherra að kynna sér þær mælingar sem Reykjavíkurborg hefur stundað allt frá árinu 1995 á niturmagni í lofti samkvæmt Evrópustaðli. Tæki og aðgerðir til að framkvæma slíkt mat eru fyrir hendi og þekkingin líka. Mér er því alveg óskiljanlegt að menn skuli fara að finna upp hjólið með þeim hætti sem hér er lýst, því það mun ekki gefa neinar upplýsingar.

Mig langar til þess að vitna til þess hér sem ég nefndi áðan að nýjar rannsóknir á tærleika Þingvallavatns benda því miður til þess að hann sé að minnka. Náttúrufræðistofa Kópavogs gerði rannsókn á þessu á árinu 2007 og samanburður við fyrri mælingar, frá árunum 1974–1982, sýnir að gegnsæi vatnsins hefur minnkað úr 10–12 metrum að meðaltali niður í aðeins 6 metra í október 2007. Þetta eru vísbendingar um breytingar á aðeins 25–30 árum og eru skýr viðvörunarmerki sem taka ber mjög alvarlega að mínu (Forseti hringir.) viti.

[14:40]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Vegna ábendinga hv. þingmanns þá verður það að koma fram að auðvitað er verið að mæla niturmagnið eða köfnunarefnismengunina í úrkomunni með mælum. Hins vegar er aðferðin við að meta þurrákomuna einmitt mat, það er metið og til þess eru notaðir sérstakir líkanareikningar og samkvæmt mínum upplýsingum hefur Vegagerðin aflað sér upplýsinga um það mat. Mér skilst að þar sé einmitt farið eftir evrópskum aðferðum, t.d. hefur verið nefnt að menn hafi leitað ráða í Noregi og ég geri ráð fyrir að notast sé við samræmdar evrópskar aðferðir, þ.e. að leggja mat á þurrákomuna, af því að þannig fer sú mæling fram. Það er í raun og veru mat eftir líkani sem ég get því miður ekki skýrt betur hér og nú en það fer fram líka.

Að auki langaði mig til þess að taka undir með hv. þingmanni, að auðvitað eru þetta athyglisverðar og umhugsunarverðar niðurstöður sem koma fram í rannsóknum Náttúrustofu Kópavogs um tærleika vatnsins og nokkuð sem væntanlega verður rannsakað frekar. En við þurfum þá einnig að meta og sjá hvað veldur og hvað er í raun hægt að gera í því eða hvernig sé hægt að ráða bót á því þar sem ég er alveg sammála hv. þingmanni um að það eru ekki góðar fréttir.

Umræðu lokið.

Mælingar á brennisteinsvetni í andrúmslofti.

Fsp. ÁI, 105. mál. — Þskj. 113.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég ætla með nokkrum orðum að fylgja úr hlaði fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra á þskj. 113, 105. mál, um mælingar á brennisteinsvetni í andrúmslofti.

Spurt er:

1. Hvernig er háttað mælingum á loftbornu brennisteinsvetni á höfuðborgarsvæðinu og í Hveragerði?

2. Hvar eru mælistöðvar staðsettar og hvenær voru þær settar upp?

3. Eru uppi áform um að fjölga mælistöðvum í byggð umhverfis Hellisheiði og telur ráðherra forsvaranlegt að eina færanlega mælistöð heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar hafi lengst af í sumar verið óstarfhæf?

Tilefni þessarar fyrirspurnar er, eins og tilefni fyrirspurnar minnar til hæstv. iðnaðarráðherra fyrr í dag, að leita í þeirri staðreynd að mengun af völdum brennisteinsvetnis frá jarðvarmavirkjunum á Hellisheiði er miklum mun meiri en menn höfðu gert ráð fyrir í umhverfismati. Hún er svo mikil að menn telja jafnvel að það geti verið heilsu manna hættulegt. Það er greinilegt að það hefur slæm áhrif á gróður og fyrr í dag var um það rætt að þetta hefur einnig áhrif á mannvirki.

Nú mun gufan í Hellisheiði vera óvenju rík af brennisteinsvetni. En í þingsályktunartillögu sem ég mælti fyrir í gær og er að finna á þskj. 29, um takmörkun á losun brennisteinsvetnis af manna völdum í andrúmslofti, eru í greinargerð rakin þau áhrif brennisteinsvetnis sem hafa orðið til þess að í öðrum löndum hafa menn sett umhverfismörk fyrir leyfilegum hámarksstyrk þess. En um það fjallar einmitt sú þingsályktunartillaga.

Það er auðvitað þyngra en tárum taki að þessar mælingar sem sýna hina miklu aukningu á brennisteinsvetni eru teknar í 25–30 kílómetra fjarlægð frá upptökum mengunarinnar. Það er mín skoðun að það sé mjög mikilvægt, eins og reyndar kemur fram í þingsályktunartillögunni, að auka mjög rannsóknir á losun brennisteinsvetnis og tryggja að fram fari ítarlegri mælingar og á fleiri stöðum auk þess sem gerðar verði ráðstafanir til þess að hreinsa brennisteinsvetni úr útblæstri jarðgufu virkjananna.

Þetta eru forsendurnar, herra forseti, fyrir þeim spurningum sem fram eru bornar á þskj. 113.

[14:45]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr hvernig háttað sé mælingum á loftbornu brennisteinsvetni á höfuðborgarsvæðinu og í Hveragerði.

Því er til að svara að brennisteinsvetni er mælt samfellt á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu, við Grensásveg í Reykjavík, í Kópavogi og á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Einnig hefur Orkuveita Reykjavíkur mælt styrk brennisteinsvetnis á nokkrum mælipunktum í stuttan tíma í Hveragerði og á Hellisheiðarsvæðinu en þar er ekki um að ræða samfelldar mælingar.

Þá er spurt hvar mælistöðvar séu staðsettar og hvenær þær hafi verið settar upp.

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnun hafa í sameiningu rekið mælistöð til margra ára við Grensásveg. Tæki til mælinga á brennisteinsvetni var sett upp í stöðinni í janúar 2006 eða fyrir tæplega þremur árum. Álverið í Straumsvík og Umhverfisstofnun reka saman mælistöð sem m.a. mælir brennisteinsvetni við golfvöllinn á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Hún var tekin í notkun í ágúst 2007. Nýjasta stöðin er færanleg mælistöð fyrir Kópavogsbæ sem m.a. mælir brennisteinsvetni. Hún er rekin af heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og var tekin í notkun í júní á þessu ári.

Þá er spurt hvort áform séu uppi um að fjölga mælistöðvum í byggð umhverfis Hellisheiði og hvort ráðherra telji forsvaranlegt að eina færanlega mælistöð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar hafi verið óstarfhæf lengst af í sumar.

Í mati á umhverfisáhrifum hugsanlegra framkvæmda við Bitruvirkjun og Hverahlíðarvirkjun lagði Umhverfisstofnun til að komið yrði upp mælistöðvum fyrir brennisteinsvetni á Hellisheiðarsvæðinu og í Hveragerði ef farið verður út í þær framkvæmdir. Viljinn liggur fyrir og kemur það fram í áliti Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum þessara tveggja framkvæmda.

Stofnunin telur að hvort sem farið verði í Bitruvirkjun eða Hverahlíðarvirkjun eða ekki sé mjög æskilegt að gefa fullnægjandi mynd af mengun brennisteinsvetnis á höfuðborgarsvæðinu og bæta við núverandi mælistöðvar nýrri mælistöð í Norðlingaholti vegna áhrifa frá Hellisheiðarvirkjun. Það mál verður tekið upp við útgefanda starfsleyfis Hellisheiðarvirkjunar sem mér skilst að sé Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Ég tel fyllilega tímabært að það verði gert og vonandi er þess ekki langt að bíða að mælistöð komi í Norðlingaholti.

Færanleg mælistöð Reykjavíkurborgar er ekki hluti af vöktunarkerfi Umhverfisstofnunar. Þar fyrir utan er ekki mælitæki fyrir brennisteinsvetni í stöðinni, að mér skilst, og hafa bilanir því ekki beinlínis áhrif á það. Stöðin er rekin á ábyrgð Reykjavíkurborgar og engin bein tengsl eru á milli mælinganna sem þar eru gerðar, þeirra sem stundaðar eru og vöktunarinnar sem Umhverfisstofnun sér um á loftgæðum.

En það er vissulega óheppilegt þegar mælistöðvar bila og mikilvægt að eftirlitsaðilar reyni að lágmarka tímann sem fer í viðgerðir. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun kemur það fyrir að við stærri bilanir þurfi að panta varahluti erlendis frá og það getur tekið einhvern tíma. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun hefur nituroxíðeining færanlegu mælistöðvar Reykjavíkurborgar verið óvirk í um þrjár vikur á þessu ári vegna bilana og svifrykseiningin í um það bil mánuð þannig að greinilega hefur nokkuð verið um bilanir.

Við þetta vil ég bæta, hæstv. forseti, að ég hef kynnt mér efni tillögu til þingsályktunar um takmörkun og losun brennisteinsefnis af manna völdum í andrúmslofti sem hv. þingmaður hefur lagt fram og mælt fyrir. Ég bíð þess eins og aðrir að fá tíðindi frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni þegar lokið verður endurskoðun þar á skaðleysismörkum og

öðru slíku. Ég tel einboðið að bæta þurfi bæði mælingar og regluverk og endurskoða þær reglugerðir sem um það fjalla í framhaldinu.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör sem voru skýr og fagna því að í bígerð er að fjölga mælistöðvum. Ég fagna því sérstaklega að koma eigi upp mælistöð í Norðlingaholti sem væri þá sú byggð, í Reykjavík alla vegana, sem er hvað næst upptökum mengunarinnar.

Ég saknaði þess hins vegar að fá ekki skýr svör við því hvort fyrirhugað sé að setja upp í Hveragerði slíka stöð vegna þess að í ljós hefur komið að sveitarfélagið Ölfus hefur bara frestað Bitruvirkjun í bili og Orkuveita Reykjavíkur heldur áfram undirbúningi að virkjun þar. Frá Bitru að næstu byggð í Hveragerði eru aðeins um sex kílómetrar þannig að ég held að það væri mjög mikilvægt að taka inn í starfsleyfi frekari virkjana á Hellisheiði skilyrði um að setja jafnframt upp mælistöð í Hveragerði.

Ég vil nefna þriðja staðinn og það er á útivistarsvæðunum því að Hengilssvæðið er mjög vinsælt til gönguferða og það er þekkt að áhrif brennisteinsvetnis eru aðallega á öndunarveg, augu og lungu. Þessi áhrif geta orðið mun skaðlegri við áreynslu þegar menn eru í kraftgöngu eða í fjallgöngu.

Ég tel ljóst af þessum svörum og þeim umræðum sem fram hafa farið í dag, herra forseti, að við höfum ekki staðið okkur sem skyldi hér á landi. Við höfum ekki sett nein umhverfismörk á magn brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Mælingar eru enn langt frá uppsprettunum og við höfum ekki enn þá gert kröfu um hreinsunarbúnað í jarðvarmavirkjunum og séð hann virka. Því þarf að breyta og ég heiti stuðningi við ráðherrann í þeim efnum.

[14:52]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Vegna mælinga í Hveragerði tel ég liggja fyrir, og það kemur auðvitað fram í umsögn Umhverfisstofnunar og í áliti Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum Bitruvirkjunar, að koma verði fyrir mælistöðvum. Ég lít svo á að ef af þessum virkjunum verður verði það hluti af starfsleyfisskilyrðum sem þar eru sett. Annað er algjörlega óviðunandi.

Það ber líka að hafa í huga að þrátt fyrir allt mælist brennisteinsmengunin undir þeim mörkum sem talin eru skaðleg heilsu manna og meira að segja langt undir þeim oftast nær, sem betur fer. En auðvitað þarf að hafa mjög gott og glöggt eftirlit með því. Ég vísa líka í fyrirspurn hv. þingmanns til hæstv. iðnaðarráðherra áðan um aðferðir við að hreinsa úr útblæstri sem verða vonandi færar, ég tel að svo sé. Þær mundu í raun leysa þennan vanda. Að sjálfsögðu þarf að mæla víðar og betur, það liggur fyrir, og jafnframt þurfa að vera til samfelldar mælingar.

Að síðustu þakka ég hv. þingmanni aftur fyrir fyrirspurnina og tel að þau mál sem hún hefur tekið upp hér og jafnframt fjallað um í þingsályktunartillögu sinni séu bæði brýn og tímabær. Vonandi fá þau vandaða umfjöllun í umhverfisnefnd og iðnaðarnefnd Alþingis í vetur.

Umræðu lokið.

[14:54]

Útbýting:

Húsaleigusamningar ríkisins og ríkisstofnana, 122. mál, fsp. ÁI, þskj. 132.

Lífsýnasöfn, 123. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 133.

Fundi slitið kl. 14:55.

---

21. FUNDUR

fimmtudaginn 6. nóvember,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 115. mál, þskj. 124. — 1. umr.
3. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 119. mál, þskj. 129. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanrrh., 2. þm. Reykv. s.
Þórunn Sveinbjarnardóttir umhvrh., 8. þm. Suðvest.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi bæjarráðs Árborgar.

Tilkynning um dagskrá.

[10:34]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Í dag fara fram tvær umræður utan dagskrár. Sú fyrri hefst um kl. 11 strax að loknum óundirbúnum fyrirspurnatíma og er um afkomu heimilanna. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónsson. Forsætisráðherra verður til andsvara. Umræðan stendur í tvær klukkustundir.

Síðari umræðan hefst um kl. 1.30, að loknu hádegishléi, og er um málefni fasteignaeigenda. Málshefjandi er hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Félags- og tryggingamálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:35]

Útbýting:
Íbúðabyggingar, 121. mál, fsp. KÓ, þskj. 131.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Lán Landsbankans til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

[10:36]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Ég fagna því að sjá hæstv. ráðherra Björgvin Sigurðsson hér í dag en hann heldur utan um tvö mikilvæg svið í nútímasamfélagi sem bankamálaráðherra og samkeppnismálaráðherra.

Við höfum miklar áhyggjur af þeirri þróun sem hér hefur verið. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort bráðabirgðabankaráð Landsbanka Íslands sé búið að ganga frá því með einhverjum hætti að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi fengið í hendur nánast alla einkarekna fjölmiðla á Íslandi. Ég spyr: Eru bráðabirgðabankaráð og bankastjórn búin að ganga frá þessum hlut? Ég sé að Jón Ásgeir Jóhannesson segir í dag að hann sjái að það sé ófært fyrir sig að eiga þessa fjölmiðla alla því að samkeppni þurfi að ríkja og þess vegna ætlaði hann að selja þá. Ég er tilbúinn að flytja þingmál þar sem Alþingi gæfi ríkisstjórninni heimild til að kaupa þessa fjölmiðla og selja þá aftur því að margir munu vilja eignast þá og lýðræðið verður að hafa að leiðarljósi. Um þetta vil ég spyrja.

Svo verð ég að spyrja bankamálaráðherrann, hitt sagði ég við samkeppnisráðherrann: Er ekki rétt að fara inn í þessa banka eins og umræðan er á götunni og velta um borðum víxlaranna? Við trúðum því að byggja ætti upp nýja, sterka banka en sögusagnirnar af götunni og menn eins og Egill Helgason — sá bloggari á Íslandi sem fær mest viðbrögð — segja að einn fyrrverandi bankastjóri Landsbankans gangi þar um og sé nú í vinnu hjá Baugi að ganga frá þessum málum. Sagt er að annar bankastjóri sem ber ábyrgð á þeim stóru málum síðustu mánaða (Forseti hringir.) sé orðinn aðalráðgjafi og starfsmaður Fjármálaeftirlitsins. Hvar erum við stödd, Íslendingar, ef ekki er hægt að gera þetta með heiðarlegum hætti?

[10:38]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er ágætt að undirstrika hér að að sjálfsögðu verður allt gert með heiðarlegum og gagnsæjum hætti. Það vita allir að embættismannastjórnunum sem skipaðar voru tímabundið á sínum tíma var fyrst og fremst falið það hlutverk að halda íslensku bönkunum gangandi til að hér frysu ekki greiðslukerfi og til að bankamálin væru ekki í því ástandi að ekki væru starfandi bankar eftir hrun einkareknu bankanna. Það var verkefni þeirra fyrst og fremst.

Á morgun verða þau tímamót í rekstri hinna nýju banka og uppbyggingu nýrra, góðra, sanngjarnra og heiðarlegra banka að valdar verða varanlegar bankastjórnir. Þær verða skipaðar af fjármálaráðherra með aðkomu allra stjórnmálaflokka á Alþingi. Það eru mikil tímamót í þessari uppbyggingu. Embættismannastjórnirnar hafa staðið sig afskaplega vel við ákaflega erfiðar aðstæður. Það er mjög auðvelt að hlaupa hér upp með alls konar sögusagnir og fleira en það er hins vegar ekki viðeigandi í jafnviðkvæmri umræðu og þessari. Hvað varðar einkarekna fjölmiðla og Jón Ásgeir (Gripið fram í.) er um að ræða fyrirtæki sem er enn í rekstri. Einu upplýsingarnar sem ég hef úr Landsbankanum eru þær (Gripið fram í.) — ég er að svara þér beint núna, virðulegi formaður — að hann hafi ekki fengið krónu að láni frá Landsbankanum til þessara hluta. Það eru þær upplýsingar sem ég hef úr bankaráði Landsbankans.

Um rekstur þessa fyrirtækis veit ég ekki annað en það sem ég las í blöðunum í dag, að Jón Ásgeir talaði sjálfur um að ekki væri heppilegt að þessir miðlar söfnuðust á eina hendi og tók þar með undir umræður í þinginu frá því fyrr í vikunni. (**BjH:** Treystir viðskiptaráðherra Jóni Ásgeiri?) Við erum ekki að ræða um traust og vantraust á einhverjum mönnum. Ég er að svara spurningum beint frá hv. formanni Framsóknarflokksins um hvort búið sé að ganga frá því í bráðabirgðastjórn Landsbankans (Forseti hringir.) að Jón Ásgeir eignist alla fjölmiðla í landinu. — Að sjálfsögðu ekki.

[10:40]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Hér komu engin svör. Ekki ætla ég að fara að skíta út persónu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Hann hefur verið mikill athafnamaður og er skuldugasti Íslendingur samtímans í ríkisbönkunum núverandi. Hann hefur kallað hæstv. ráðherra út að nóttu sem degi og ef það er svo að bráðabirgðabankaráð nýju ríkisbankanna er búið að selja þessa fjölmiðla til eins manns er það á fulla ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Bráðabirgðabankaráð og bankastjórnir geta ekki gert það og nú á að skýla sér bak við það að stjórnarandstaðan eigi að koma inn í bankaráðin á morgun eins og rætt var um við okkur áður. Það er vandasamt verk eftir það sem hefur á undan gengið. Það hefði kannski þurft að gera það fyrr því að það eru miklar sögusagnir í gangi. Hvers vegna er sagt að aðallögmaður Kaupþings sem var ráðgjafinn varðandi að fella niður milljarðaskuldir af ríka fólkinu sem hafði tekið sér laun og braskað, sé núna aðalráðgjafi líka? (Forseti hringir.) Þetta er ekki hægt, þetta gengur ekki upp, hæstv. forseti. Það er hneyksli hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að þessu máli.

[10:41]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég endurtek það sem ég sagði áðan að eftir þeim heimildum sem ég hef frá bankaráði Landsbankans hefur ekki króna verið lánuð þaðan til kaupa á neinum fjölmiðlum (**GÁ:** ... fyrirtækin voru seld.) og engin fyrirtæki hafa verið seld eftir því sem kemur fram í þeim upplýsingum sem ég hef, engin fyrirtæki hafa verið seld þar. (Gripið fram í.) Nei, nei, eins og við sáum í blöðunum í morgun eru þessi mál ekki frágengin og Landsbankinn hefur ekki lánað krónu þar.

Hvað varðar Kaupþingsmálið og afskriftir á því kom það fram í yfirlýsingum bæði frá gamla Kaupþingi og nýja Kaupþingi að þetta væri gjörningur sem var gerður með

bókun í stjórn gamla Kaupþings í lok september. Nýja Kaupþingsstjórnin hefur farið fram á að honum verði rift. Nú er málið rannsakað af Fjármálaeftirliti og menn í efnahagsbrotadeild og annars staðar hafa tjáð sig um það. Það er mjög alvarlegt mál og menn hafa bent á að ef það stenst gæti það verið skattskylt upp á 14–18 milljarða. Þetta er hins vegar mjög líklega riftanlegur gjörningur og óeðlileg eftirgjöf. Rannsókn málsins er í eðlilegum farvegi. Það er ekki okkar að dæma menn og stofnanir úr ræðustóli Alþingis. Það eru galdrabrennur. (Forseti hringir.) Við látum rannsaka málið og síðan kemur í ljós hvernig í því liggur.

Skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

[10:43]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur til þessa ekki viljað greina þingi og þjóð frá þeim skilmálum sem fylgja lánveitingu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Íslands og borið fyrir sig trúnaði við stjórn sjóðsins. Þó hefur Seðlabankinn, eins og kunnugt er, upplýst um innihald 19. töluliðar skilmálanna á bloggsíðu sinni um hækkun stýrivaxta í 18%.

Í umræðu á Alþingi um aðkomu IMF að efnahagsvanda Íslands kom fram af hálfu okkar þingmanna Vinstri grænna að við teldum að skilmálar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gætu reynst vafasamir og varasamir enda mörg dæmi um slíkt þar sem sjóðurinn hefur komið að málum. Einkum voru hafðar uppi getgátur um að forsenda fyrirgreiðslu sjóðsins væri að gengið yrði frá samkomulagi við Breta og Hollendinga og hugsanlega fleiri ríki um uppgjör skulda íslenska bankakerfisins í þeim löndum. Öllum slíkum getgátum og vangaveltum var vísað á bug af hálfu ráðherra í ríkisstjórninni.

Nú ber svo við að á fundi þingmanna sameiginlegu EES-nefndarinnar í byrjun vikunnar kom fram hjá fulltrúum framkvæmdastjórnar og ráðherraráðs Evrópusambandsins að sum aðildarríki hafi íhugað að tengja atkvæði í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins því að niðurstaða næðist í deilum Íslendinga og einstakra ESB-ríkja vegna tryggingaverndar innstæðna. Jafnframt kom fram að forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hefði greint forsætisráðherra frá því að til greina kæmi að Íslendingar gætu fengið lán úr neyðarsjóði ESB en það væri þó einnig háð lausn á umræddum deilumálum. Í mínum huga er tenging lánafyrirgreiðslu og lausn deilumála við einstök ESB-ríki sem ef til vill geta endað fyrir dómstólum ekkert annað en fjárkúgun enda er þá nánast verið að selja Bretum og Hollendingum sjálfdæmi í deilunni. Slíkir afarkostir eru að mínu mati algerlega óaðgengilegir fyrir Ísland.

Nú vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra um stöðu málsins hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hvort hann sé sammála mér um að afarkostir þeir sem ég hef reifað séu óaðgengilegir og hvort og þá með hvaða hætti málið hafi verið rætt á fundi fjármálaráðherra á fundi EES-ríkjanna í Brussel núna í vikunni og hvers vegna íslenskir ráðamenn hafi haldið því fram að engin tenging sé hér á milli.

[10:45]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið eru í því samkomulagi sem ríkisstjórnin og Seðlabankinn náðu við sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins engin skilyrði um niðurstöður í einstökum deilumálum eins og þingmaður nefndi hér. Því er hins vegar þannig farið að þau ríki sem hv. þingmaður nefndi eiga sæti í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og það samkomulag sem við gerðum við sendinefndina á eftir að bera upp í stjórninni til þess að það verði afgreitt endanlega. Því má segja að þessi ríki hafi tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þar hvað deilur okkar við þau varðar og það gæti jafnvel haft áhrif á hvernig afstaða þeirra verður til málsins í stjórninni. Sá möguleiki sem hv. þingmaður nefndi er því fyrir hendi, að þetta hafi áhrif á niðurstöðu stjórnar sjóðsins. Hins vegar er þetta ekki byggt á því að um það sé fjallað í samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans við sendinefndina frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

[10:47]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Það væri náttúrlega best að ríkisstjórnin aflétti leyndinni af þessu samkomulagi þannig að allir, bæði þing og þjóð, fengju að vita nákvæmlega hvað er í þessu plaggi. Hæstv. fjármálaráðherra svaraði því heldur ekki hvað var rætt á fundi fjármálaráðherra EES-ríkjanna í Brussel nú í vikunni en á heimasíðu formennskulandsins, Frakklands, kemur fram að ráðherrarnir hafi rætt málið lengi, stöðu Íslands, á þessum fundi. Er ekki kominn tími til að aflétta þessari leynd á málinu öllu? Á ekki þing og þjóð rétt á að fá að vita hvað ráðamenn eru að véla um? Er hugsanlega verið að knýja Íslendinga til að undirgangast skuldbindingar gagnvart Bretum og Hollendingum sem enginn möguleiki er á að standa undir? Það er mál að linni, hæstv. forseti, það verður að koma fram við þing og þjóð af trúmennsku og virðingu fyrir þeirri staðreynd að ríkisstjórnin starfar í umboði þings og þjóðar. Annars er auðvitað ekki við því að búast að hún njóti trausts og eru raunar þegar komnar fram vísbendingar í skoðanakönnunum um að það séu að verða örlög hennar.

Ég tel, virðulegur forseti, að hér sé um svo stórt mál að ræða (Forseti hringir.) að það sé nauðsynlegt að á vettvangi Alþingis fari fram ítarleg umræða, hugsanlega utandagskrárumræða um aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og þá skilmála sem hér er verið að tala um.

[10:48]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég get vel skilið það sjónarmið sem fram kemur hjá hv. þingmanni að hann vilji fá upplýsingar um bæði það sem er í samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og eins það sem kom fram á þeim fundum sem við höfum átt um þessi mál við þá aðila sem hann nefndi. Það er hins vegar svo að það ríkir trúnaður um ákveðna þætti sem verið er að fjalla um, þar á meðal um þetta samkomulag og það sem fram fór á þeim fundum sem við höfum átt með aðilum um þessi mál. Ég held að það yrði farsælli lausn þessara mála síst til framdráttar ef við færum einhliða

að aflétta slíkum trúnaði. Það gæti leitt til þess að deilurnar færu í enn meiri hnút og finnst mér þær ekki vera í þeirri stöðu að á það væri bætandi.

Ný bankaráð ríkisbankanna.

[10:49]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Í kjölfar stofnunar nýrra ríkisbanka eftir yfirtöku íslenska ríkisins á starfsemi Glitnis, Landsbanka og Kaupþingi liggur fyrir að skipa þurfi í framtíðarbankaráð þessara banka. Ég vil því spyrja hæstv. fjármálaráðherra:

1. Hvenær má reikna með því að skipað verði í þessi nýju bankaráð?

2. Hvaða leiðir verða farnar til að finna hæfustu einstaklingana til að leiða þessa uppbyggingu íslensks fjármálalífs?

3. Munu þessi nýju bankaráð hafa fjrálsar hendur varðandi ráðningu bankastjóra bankanna eða eru núverandi stjórnendur ráðnir til lengri tíma?

[10:50]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég hef verið að vinna að því að gengið verði frá skipun nýrra bankaráða fyrir lok þessarar viku og það verði gert að höfðu samráði bæði við stjórnarflokka og stjórnarandstöðuflokka á Alþingi þannig að hvorir tveggja komi að bankaráðum ríkisbankanna.

Bankaráðin sem setið hafa hafa ráðið bankastjóra og þeir síðan ráðið aðra starfsmenn. Ég man ekki í augnablikinu hvort ráðningarsamningar við bankastjórana eru tímabundnir. (Gripið fram í.) Já, ef svo er þá eru þeir til endurskoðunar að þeim tíma liðnum og ef menn vilja endurskoða þá fyrr er sjálfsagt hægt að gera það miðað við almennar reglur sem gilda um tímabundna samninga sem sagt er upp áður en umsömdu tímabili er lokið, en það væri þá í valdi hinna nýju bankaráða að gera það.

Það sem lagt verður til grundvallar í þeim viðræðum sem um þetta fara fram er að fagleg sjónarmið verði höfð til viðmiðunar við val á bankaráðsmönnum, að þar komi að fólk sem hefur reynslu af bankastörfum eða störfum úr viðskiptalífinu sem það geti miðlað af í störfum sínum. Það þrengir auðvitað nokkuð kost þeirra sem velja í bankaráðin að þeir sem hafa þekkingu á bankamálum hafa almennt starfað eða komið að einhverju leyti nálægt gömlu bönkunum og (Forseti hringir.) því þarf, herra forseti, að vanda valið þegar valdir eru fulltrúar í bankaráðin.

[10:52]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir þessi svör. Íslenskt viðskipta- og atvinnulíf er á miklum tímamótum. Eftir langa uppsveiflu og góðæri erum við á þeim tímamótum að endurskipuleggja grundvallarstarfsemi íslensks atvinnulífs og einn mikilvægasti þáttur þess verks er endurreisn íslensks bankakerfis.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hve mikla ábyrgð og skyldur nýir stjórnarmenn bankanna takast á hendur í samfélaginu. Það er því grundvallaratriði að ráðning þeirra fari fram á faglegum forsendum og sé alls ekki lituð hagsmunum sem valdið geta deilum, hvorki pólitískt né samfélagslega. Áríðandi er að kalla til starfa fólk sem hefur sem víðtækasta reynslu úr atvinnulífinu hér á landi og jafnvel erlendis, fólk sem þekkir vel til grunnþarfa íslensks samfélags og atvinnulífs. Þannig getum við stuðlað að því, virðulegi forseti, að sem víðtækust sátt náist í samfélaginu um þetta mikilvæga atriði.

[10:53]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Hægt er að taka undir hvert einasta orð sem hv. þingmaður sagði í seinni ræðu sinni. Það verður hins vegar að segja að það hjálpar kannski ekki eins og umræðan hefur verið að undanförnu þar sem hafðar hafa verið uppi gríðarlega miklar upphrópanir og mikillar tortryggni gætt í garð allra sem að málum koma. Það eru mörg gríðarlega erfið mál sem þarf að leysa og vinna sig í gegnum en við verðum að gæta þess að ganga ekki út frá því í hvert einasta skipti sem upp kemur vandamál að allir sem að því koma séu glæpamenn, bæði þeir sem að málum komu í upphafi, þáðu lánin og notuðu fjármunina og eins þeir sem lánuðu þá og ekki síst þeir sem síðan eru að reyna að greiða úr málunum þessa dagana.

Meðafli við síldveiðar.

[10:55]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég ætlaði að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra um meðafla við síldveiðar. Það er kannski erfitt að ræða slíkt mál á meðan þingið fær ekki að fjalla um alvörumál, fær ekki að fjalla um það sem skiptir máli núna, þá miklu kreppu sem við erum í. (Gripið fram í.) Það er allt of lítið fjallað um það og þinginu hefur verið haldið frá alvöruumræðu í heilan mánuð um alvörumálin sem skipta máli fyrir fólkið í landinu, fjölskyldurnar og atvinnulífið, sveitarfélögin og framtíð þjóðarinnar. Þrátt fyrir það ætlast ég til þess að hæstv. sjávarútvegsráðherra svari því til hve mikill meðafli var með síld á síðasta fiskveiðiári, þá á ég við af bolfiski, og hve mikill kvóti hafi verið greiddur fyrir þann meðafla.

[10:56]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmaður veit kannski manna best sem gamall skipstjórnarmaður þá verður auðvitað til meðafli við síldveiðar eins og margar aðrar veiðar og gert er ráð fyrir því í fiskveiðistjórnarlögunum að slíkur meðafli skuli koma fram við vigtun og þar af leiðandi dregginn frá kvóta. Ég hef ekki á hraðbergi þær tölur sem liggja því til grundvallar hversu mikill þessi meðafli var. Hins vegar er auðvelt að afla þessara upplýsinga og ég skal hafa milligöngu um það fyrir hv. þingmann, hvort sem hann vill bera það fram sem formlega fyrirspurn þannig að mér gefist tóm til að afla þeirra upplýsinga eða hann vill afla upplýsinganna með öðrum hætti. Eftirlit með þessum málum hef-

ur verið hert mjög umtalsvert og eftirlit með veiðunum þar af leiðandi aukið til að koma í veg fyrir að þarna gerist nokkuð misjafnt. Um þetta gilda sem sagt þær almennu reglur að meðafla sem kemur við þessar veiðar ber að vigta og hann á auðvitað að koma fram og verður þá dreginn frá kvóta eins og lög og reglur gera ráð fyrir.

[10:57]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Það er mjög skondið að þessa dagana er nánast ekki hægt að fá nein svör hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra um eitt eða neitt. Ég spurði hann á fundi í landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd um afkomuna í sjávarútvegi, ég spyr hann núna um meðafla við síldveiðar. Ég spurði hann aftur í þinginu um skuldastöðu íslensks sjávarútvegs, ég hef spurt hann um framlegð í íslenskum sjávarútvegi, ég hef spurt hann um fleiri þætti og það er aldrei hægt að fá nein einustu svör frá hæstv. sjávarútvegsráðherra. Það er mjög vont fyrir okkur þegar við reynum að átta okkur á hvað er í gangi í samfélaginu að fá aldrei svör við einu eða neinu sem við spyrjum hæstv. sjávarútvegsráðherra að. Það segir manni eitthvað, er hann að fela hlutina, er hann að forðast að segja satt og rétt frá, hvað er í gangi?

[10:58]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég skildi ekki þessa ræðu. Ég svaraði hv. þingmanni þannig að ég ber ekki á mér t.d. í vösunum upplýsingar um hver meðaflinn er við einstakar veiðar. Ég held að hv. þingmaður hljóti að skilja það. Það er ekki þannig, þó að ég reyni að fylgjast vel með í sjávarútvegi, að ég sé með á reiðum höndum svör við því hver meðafli er við einstakar veiðar á tilteknum árum.

Ég bauð hins vegar hv. þingmanni upp á (Gripið fram í.) að gerast hér handlangari fyrir hann og finna út úr því hversu mikill þessi afli er. Úr því að hv. þingmaður svaraði því ekki hvort hann vildi að ég gerði það í svari við formlegri fyrirspurn eða með öðrum hætti ætla ég að afla þessara upplýsinga og senda honum þær og það er auðvitað sjálfsagt mál að hv. Alþingi fái þessar upplýsingar líka.

Það er ekki verið að fela neitt og hv. þingmaður á ekki að temja sér það — þótt hann hafi gert það samviskusamlega — að snúa alltaf út úr.

Peningamarkaðssjóðir.

[11:00]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka fyrir að viðskiptaráðherra skuli hafa séð sér fært að mæta og svara spurningum en þær eru fjölmargar sem brenna á okkur þingmönnum. Mig langar til þess að beina að honum spurningu varðandi peningamarkaðssjóðina sem við höfum verið að ræða nú að undanförnu í viðskiptanefnd.

Í rauninni litu þeir sem lögðu fjármuni sína í peningamarkaðssjóðina þannig á að um væri að ræða einhvers konar innlán. Þeir fengu þá ráðgjöf í mörgum tilvikum um að þetta væru algjörlega öruggir sjóðir. Nú hafa margir lýst yfir óánægju með að ekki hefur verið rannsakað hvernig farið hefur með gríðarlega fjármuni sem töpuðust við upphaf bankakreppunnar í byrjun október og eins hefur verið kvartað yfir algjörum skorti á upplýsingum frá stjórnvöldum.

Mig langar í fyrsta lagi til þess að spyrja — það er fyrri liðurinn í spurningum mínum: Hefur verið farið fram á rannsókn á því hvert þessir fjármunir runnu í upphafi kreppunnar og hvernig var eignarhlutfallinu háttað, bæði fyrir og sérstaklega núna á eftir að þetta allt saman hefur gerst? Sú spurning er enn þá mjög brýn vegna þess að komið hefur í ljós að nýju bankarnir hafa keypt bréfin úr peningamarkaðssjóðnum og samkvæmt *Morgunblaðinu* borguðu þeir 200 milljarða fyrir þau bréf. Því spyr ég: Þarf ekki að fara fram umræða um það á hinu háa Alþingi þegar svo gríðarlega miklir fjármunir eru í húfi?

Í öðru lagi: Hvað með jafnræði gagnvart þeim sem eiga í peningamarkaðssjóðum? Þeir sem eiga í peningamarkaðssjóðum (Forseti hringir.) sem ekki voru hjá stóru viðskiptabönkunum hafa ekki fengið greitt (Forseti hringir.) og það er mismunun sem ég tel vera skýrt lagabrot.

[11:02]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Fyrir það fyrsta frábið ég mér dylgjur frá hv. þingmanni um að ég skuli ekki hafa verið hér þegar ég var í raun á fundi Norðurlandaráðs og fundi úti í Rússlandi með utanríkisráðherra ríkjanna með varamann í þinginu og starfandi bankamálaráðherra meðan ég var í burtu. Það eru afskaplega óviðurkvæmilegar og ósanngjarnar dylgjur af hálfu þingmannsins. (Gripið fram í.)

Efnislega er svarið við því ákaflega skýrt. Fjármálaeftirlitið mælti fyrir um slit peningamarkaðssjóðanna þannig að þeim er skipt í tvo hluta: Í A-hluta, laust fé sem er lagt strax inn á innlánsreikninga, og B-hluta, bundið fé greitt út mánaðarlega eftir því sem hægt er. Sjóðir á vegum viðskiptabankanna þriggja kusu að setja því sem næst allt í A-hlutann. Þeir áttu viðskipti við viðkomandi banka og matsverð á þeim eignum sem þingmaðurinn vísar til í frétt í *Morgunblaðinu* var fundið út með aðstoð utanaðkomandi aðila.

Hér er um að ræða viðskiptalega ákvörðun bankanna sjálfra. Ef þingmaðurinn ætlar að ræða þær allar á Alþingi á komandi mánuðum og missirum er nú ansi langt seilst.

Til að upplýsa hv. þingmann vegna spurningar hans um hina sjóðina, hvort verið sé að mismuna einhverjum er að sjálfsögðu ekki verið að því. Auðvitað er algjört grundvallaratriði að engum sé mismunað. Það er makalaust að leggja þetta upp með þessum hætti og nú standa yfir viðræður á milli forustumanna hinna sjóðanna — hann er að vísa í sjóði á vegum SPRON og MP og fleiri smærri fjármálafyrirtækja — við fulltrúa ráðuneytanna sem þarna eiga í hlut. Það hefur ekkert verið klárað í því máli. Auðvitað skiptir öllu máli að gæta jafnræðis á milli allra Íslendinga í því mikla uppgjöri sem nú stendur yfir. Það er rauður þráðurinn í málinu öllu og því er uppleggið mjög undarlegt hjá hv. þingmanni.

[11:04]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég var ekki með neinar dylgjur um af hverju viðskiptaráðherra hefði ekki verið hér. Mér finnst í rauninni undarlegt að hann skuli drepa málinu svona á dreif með því að svara þessari mjög svo brýnu spurningu sem að honum var beint. Á ekki Alþingi að koma að því þegar nýju bankarnir sem eru í eigu ríkisins greiða út um 200 milljarða? Það er heilbrigðiskerfið okkar í þrjú ár, það eru nú engir smáfjármunir.

Að sjálfsögðu hlýtur það að vera mismunun ef nýju bankarnir sjá hagsmunum sínum borgið í því að kaupa eignir af eigin sjóðum en vilja ekki kaupa eignir af sjóðum annarra fyrirtækja. Það er svo augljóst í mínum huga. Það hlýtur að vera skýrt og klárt brot á samkeppnislögum. Að sjálfsögðu fagna ég því að hafnar séu umræður um að jafnframt eigi (Forseti hringir.) að aðstoða sjóðshafa. En ég ítreka fyrri spurningar mínar og mér þætti vænt um ef það kæmu skýr svör við þeim á þeim tíma sem eftir er.

[11:05]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Þetta er nú með broslegri málflutningi sem hér hefur heyrst lengi. (Gripið fram í.) Það er verið að kalla eftir pólitískri stjórnun á bönkunum [Háreisti í þingsal.] — bara verið að kalla eftir beinni pólitískri stjórnun á bönkunum. En til þess að svara þessu algjörlega beint hafa smærri sjóðirnir óskað eftir því að eiga sambærileg viðskipti við ríkisbankana á viðskiptalegum forsendum. Þeirri ósk var að sjálfsögðu tekið þannig að viðræður standa nú yfir á milli þeirra og hinna. Ég svaraði því beint áðan.

Ég skal endurtaka hitt svarið að Fjármálaeftirlitið mælti fyrir um slit peningamarkaðssjóðanna þannig að þeim væri skipt í þá tvo hluta eins og ég lýsti áðan. Ákvörðunin um uppgjörið var tekin á viðskiptalegum forsendum með það að markmiði að takmarka eins og kostur væri tap þeirra sem áttu í þessum sjóðum. Það tókst að því leyti sem fram hefur komið. Landsbankinn var með 68–72%, hinir bankarnir 80–85%. Svo á eftir að koma í ljós hvernig fer í viðræðum smærri fjármálafyrirtækjanna og ríkisbankanna um þessi uppgjör og hvort þeir geti átt sambærileg viðskipti við þá. Það (Forseti hringir.) er bara mjög ánægjulegt að málið sé í þeim farvegi.

Umræður utan dagskrár.

Afkoma heimilanna.

[11:07]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Spurning mín til hæstv. forsætisráðherra er almenns eðlis: Hvaða ráðagerðir eru uppi til varnar heimilunum í landinu, einkum þeim sem síst eru aflögufær í ljósi þess að ef ekki verður að gert blasir við vaxandi atvinnuleysi með stórfelldri kjararýrnun, ekki síst fyrir þessi heimili?

Alþingi gengur til þessarar umræðu nánast með bundið fyrir augun, ekki bara vegna þess að óljóst er um verðlagsþróun á gengi gjaldmiðilsins heldur vegna þess að við vitum ekki hvað ríkisstjórnin er búin að semja um fyrir okkar hönd á bak við Alþingi, á bak við þjóðina. Ríkisstjórnin hefur setið á ákvörðunarfundum með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um málefni sem varða almannahag, sem varða útgjöld ríkisins, sem varða hag heimilanna, sem varða lífskjörin í landinu án þess að málin komi til kasta Alþingis.

Að sjálfsögðu á umræða um alla stefnumótun að fara fram hér. En nei, Alþingi er ekki einu sinni upplýst um hvað farið hafi fram á milli ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessi vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar eru ekki bara ámælisverð, ekki bara forkastanleg. Þau eru tilræði við lýðræðið í landinu.

Okkur er sagt að stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vilji ekki frétta um það á skotspónum hvað samið hafi verið um. En það er í lagi að þjóðin fái ekkert um það að vita þótt verið sé að semja um hennar kjör, hennar skuldbindingar og ég leyfi mér að fullyrða, hæstv. forseti, þótt verið sé að semja á hennar kostnað.

Eitt vitum við þó, að ríkisstjórnin féllst á það fyrir okkar hönd og að okkur forspurðum að hækka stýrivexti um 50%. Að fara með þá upp í 18%. Það er ákvörðun sem smitar út í allt hagkerfið með hrikalegum afleiðingum fyrir fyrirtækin og heimilin í landinu. Gera menn sér grein fyrir því að dráttarvextir á Íslandi eru nú komnir í 26,5%? Það þýðir að af hverri milljón sem komin er í vanskil þarf að borga 265 þús. kr. á ári. Hvaða afleiðingar halda menn að það hafi í för með sér fyrir skuldsett fyrirtæki eða heimilin?

Einstæðir foreldrar eru sá hópur sem þegar mælist í alvarlegustu fjárhagserfiðleikunum. Samkvæmt upplýsingum sem eru nýbirtar frá Creditinfo Ísland kemur fram að flestar einstæðar mæður eru með 250 þús. kr. eða minna á mánuði og af þeim eru 17% í vanskilum. Ég nefni þetta í samhengi við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fallast á kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um vaxtahækkun. Það eru staðreyndir sem við verðum að horfast í augu við og við hefðum að sjálfsögðu átt rétt á ræða hér á Alþingi áður en ríkisstjórn Geirs H. Haardes skuldbatt okkur til þessara afarkosta.

Ef við lítum á þróun kaupmáttar launa, annars vegar kaupgjaldsþróunina og hins vegar verðlagsþróunina á undanförnum mánuðum, kemur í ljós að frá upphafi ársins 2008 hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæp 12%. Á sama tíma hefur launavísitalan hækkað um rúm 6,5%. Frá upphafi árs hefur kaupmáttur launa því rýrnað um tæp 5%. Þessi 5% þurfa heimilin að brúa.

Ef við horfum til kjarasamninga sem gerðir voru fyrr á þessu ári í mars, apríl og svo aftur í maí var samið um almenna hækkun launataxta sem nemur 20.300 þús. kr. Verðbólgan núna á ársgrundvelli er komin í tæp 16% og fer hækkandi. Sú kjarabót sem umsamin var í vor er að helmingi til uppétin og verður að öllu leyti uppétin um næstu áramót, m.a. af vaxtaófreskjunni. Vextir hjá Íbúðalánasjóði eru nú 5,4%. Lán upp á 10 millj. kr., tekið fyrir ári síðan, er núna komið í 11.600.000 og afborgunin af því láni hefur á þessu tímabili hækkað um tæpar 10 þús. kr. á mánuði.

Þeir sem eiga í mestum erfiðleikum eru að sjálfsögðu þeir sem missa atvinnu sína. Nú óttast menn að atvinnuleysi komi á næstu mánuðum til með að fara upp 4–5%. Eitt prósentustig í atvinnuleysi eru 1.700 einstaklingar. Í síðasta

mánuði nam atvinnuleysið 1,3%. Það voru 2.300 manns. Bara í þeim mánuði sem nú er nýliðinn, í októbermánuði, hefur verið greint frá 64 hópuppsögnum. Tæplega 3.000 manns hafa þegar misst atvinnu sína og sú tala fer nú hækkandi ef ekkert róttækt verður að gert.

Ástæður uppsagna að sögn stjórnenda fyrirtækja er verkefnaskortur, fjárhagserfiðleikar, m.a. vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar að keyra upp vextina, og óvissan. Það er þriðji þátturinn sem stjórnendur fyrirtækja nefna, óvissan. En mest er óvissan hjá þeim einstaklingum og heimilum sem búa við bágbornust kjörin, hjá atvinnulausa manninum sem fær 136 þús. kr. á mánuði fyrir skatt. Það er einstaklingurinn og heimilið sem þarf að borga af húsnæðislánum sínum, sem þarf að standa straum af kostnaði í heilbrigðiskerfinu sem fer hækkandi, eða vita menn að í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa komugjöld í heilsugæslu verið hækkuð um 42%? Gera menn sér grein fyrir því? Og komur til sérfræðilækna um 22%?

Þetta eru ráðstafanir ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Þetta er forgangsröðunin. Ég er að tala um hækkun gagnvart öryrkjum og öldruðum, (Gripið fram í.) hv. þingmaður Samfylkingarinnar. Þið skuluð horfast í augu við ykkar eigin gerðir því að nú verður spurt um forgangsröðun.

Hvaða ráða hefur ríkisstjórnin sagt okkur að hún hyggist grípa til? — Frysta lánin. Það er góðra gjalda vert að frysta afborganir af lánum í eitt til þrjú ár. Það linar vissulega þjáningarnar um stund, ég ætla ekki að vanþakka það. En ég vil að við gerum okkur grein fyrir því að þessi frysting kemur til með að leggjast ofan á höfuðstólinn og verður þegar upp er staðið lenging í hengingarólinni. Þess vegna er kallað eftir róttækum aðgerðum.

Ég segi: Hvað ætlar hæstv. forsætisráðherra að segja við atvinnulausa manninn sem er með 136 þús. kr. á mánuði? Hvað ætlar hann að segja við námsmanninn sem ekki kemur til með að rísa undir kostnaði af námslánum sínum? Hvað ætlar hann að segja við öryrkjann? Hvað ætlar hann að segja við þann aldraða? Hvað ætlar hann að segja við þá sem þurfa að leita til rándýrrar heilbrigðisþjónustu? Við segjum: Nú á að keyra niður vexti og lánskostnað með handafli. Nú á að lækka endurgreiðsluhlutfall lána. Nú á að afnema kostnað í heilsugæslunni og á spítölunum og draga úr öllum kostnaði við hina sjúku. Nú á að hækka greiðslur til öryrkja, til aldraðra, til atvinnulausra. Og nú bíðum við eftir svörum frá ríkisstjórninni, frá hæstv. forsætisráðherra.

Við erum búin að heyra hæstv. dómsmálaráðherra tala um nauðsyn þess að efla varnir. Við erum búin að heyra formann Samfylkingarinnar, hæstv. utanríkisráðherra, tala um að nú verði að setja hálfan annan milljarð í nýja Varnarmálastofnun. En hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til varnar fátæku fólki á Íslandi? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera fyrir einstæðu móðurina sem komin er í vanskil með lánin sín? Fyrir námsmanninn sem ekki getur risið undir skuldbindingum sínum? Við öryrkjann? Hinn aldraða? Nú bíðum við svara.

[11:19]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég hyggst nota þetta tækifæri í dag til að gera grein fyrir margvíslegum aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem ákveðnar hafa verið, eða eru í undirbúningi, til að létta undir með fjölskyldum og heimilum við að komast í gegnum það gríðarlega mótlæti sem er afleiðing einhverrar dýpstu og alvarlegustu lánsfjárkreppu sem riðið hefur yfir heiminn.

Þau áföll sem orðið hafa gera það að verkum að útlitið fram undan er dökkt og við megum búast við miklum erfiðleikum. Á það dreg ég enga dul. Margir velta því fyrir sér hvenær við förum að sjá til sólar á nýjan leik. Það getur enginn sagt til um með vissu. Enginn veit það með nákvæmni núna hvenær sá tímapunktur kemur vegna þess að hann er mörgu háður. En við gerum okkur vonir um að í lok árs 2009 verði mesti vandinn að baki og strax á árinu 2010 taki að rofa til á ný. Yfirlit Alþýðusambands Íslands, og fleiri aðila, um efnahagshorfur bendir einnig til þessa.

Margs konar erfiðleikar eru fram undan. Ég hef rakið það hér í þingræðum oftar en einu sinni að undanförnu. Landsframleiðsla okkar Íslendinga er talin geta dregist saman um um það bil 10% á næsta ári vegna þeirra áfalla sem dunið hafa á bankakerfinu og atvinnulífinu. Samtímis mun ríkissjóður verða fyrir miklu tekjutapi og halli á rekstri ríkissjóðs er áætlaður um 10% af landsframleiðslu á næsta ári þótt endanleg spá liggi ekki enn fyrir um það efni. Sviptingar í ríkisfjármálunum eru því gríðarlegar þegar haft er í huga að afgangur á ríkissjóði nam tæplega 7% árið 2007.

Einkaneyslan er talin dragast saman um fjórðung á næsta ári og rýrnun kaupmáttar verður um 12%. Bankakreppan mun því setja opinbera geiranum verulega þrengri mörk og leggja þungar byrðar á almenning á næstu árum. Í fyrsta skipti í langan tíma stöndum við frammi fyrir alvarlegu atvinnuleysi, því miður. Óvissan er því mikil og gremja almennings skiljanleg. Flestir finna á eigin skinni fyrir fjárhagslegu tjóni og margir bera kvíðboga fyrir nánustu framtíð. Það eru erfiðir tímar fram undan og ástandið á atvinnumarkaðnum er ótryggt. En ég vil biðja landsmenn að beina kröftum sínum í jákvæðari áttir og ég fullvissa fólk um að ríkisstjórnin mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að lágmarka tjón þjóðarinnar vegna bankahrunsins og aðstoða heimilin í landinu til að komast í gegnum þá brimskafla sem þau þurfa að fara í gegnum.

Ríkisstjórnin hefur brugðist skjótt við aðsteðjandi vanda og með margvíslegum hætti. Fáar þjóðir hafa gripið til jafnafgerandi og róttækra aðgerða og við. Með setningu neyðarlaganna á Alþingi að kvöldi 6. október var gripið til aðgerða sem m.a miðuðu að því að lágmarka það fjárhagslega tjón sem hlýst af alþjóðlegu fjármálakreppunni. Til að tryggja áframhaldandi innlenda fjármálaþjónustu við venjulegt fólk og fyrirtæki var Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til að taka yfir starfsemi bankanna og skipta henni upp.

Í annan stað var komið á samstarfi stjórnvalda við sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum við að meta ástand og horfur í þjóðarbúskapnum og til hvaða ráða væri unnt að grípa til að vinna á aðsteðjandi vanda. Það samstarf leiddi til þess að ríkisstjórnin óskaði eftir formlegu samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að koma á efnahagslegum stöðugleika á Íslandi. Eitt brýnasta verkefnið sem fram undan er er að koma á starfhæfu bankakerfi og stöð-

ugleika í gengi krónunnar. Það gerir okkur kleift að ná verðbólgunni niður aftur á næstu mánuðum og þar með skapast grundvöllur til varanlegrar vaxtalækkunar í landinu. Til að vel takist til við það verkefni þarf að styrkja gjaldeyrisvaraforðann og eiga greiðan aðgang að erlendum lánum. Atvinnulífinu og heimilunum í landinu er fátt mikilvægara en okkur takist að ná efnahagslegum stöðugleika hið fyrsta.

Samningurinn við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og lánaaðstoð aðildarríkja hans mun tryggja eðlileg greiðslusamskipti við útlönd og við eygjum möguleika á stöðugleika í gengi sem stuðlar að stöðugleika í verðlagi tiltölulega hratt í kjölfar þess að þessar aðgerðir nái fram að ganga. Án aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefði okkur verið um megn að tryggja nægilegt lánsfé. Samstarf Íslands og sjóðsins felur í sér lánveitingu frá sjóðnum að jafnvirði rúmlega 2 milljörðum bandaríkjadala og koma 830 millj. kr. af þeirri fjárhæð til greiðslu við staðfestingu stjórnar sjóðsins sem nú er gert ráð fyrir að verði næstkomandi mánudag. Samstarf við sjóðinn mun einnig opna dyr að lánsfé frá öðrum þjóðum sem ella hefðu staðið lokaðar.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson, málshefjandi, gerði mikið úr aðkomu sjóðsins að málinu og tortryggir hana á alla lund. Ég hef áður svarað því hér að slík tortryggni á ekki við rök að styðjast og í einu og öllu verður unnið í samræmi við bestu hagsmuni Íslands en einnig að sjálfsögðu í samræmi við reglur sjóðsins. Það bréf sem sent hefur verið til sjóðsins og byggist á samkomulagi okkar og þeirra mun að sjálfsögðu verða birt jafnskjótt og öllum formkröfum er fullnægt.

Herra forseti. Vegna þeirra sérstöku aðstæðna á fjármálamarkaði sem við blasa hefur ríkisstjórnin á undanförnum vikum beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til að koma til móts við einstaklinga og fjölskyldufólk. Heimildir Íbúðalánasjóðs voru rýmkaðar til að koma til móts við lántakendur sem lentu í greiðsluerfiðleikum ásamt því að sjóðurinn mildaði innheimtuaðgerðir með tilliti til ástands efnahagsmála. Þjónusta Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna hefur verið efld. Beint hefur verið tilmælum til hinna nýju ríkisbanka um að þeir frysti tímabundið afborganir og vexti af myntkörfulánum, sérstaklega vegna húsnæðislána, sé þess óskað þar til eðlileg virkni kemst á gjaldeyrismarkaðinn. Enn fremur að bankarnir bjóði fólki í greiðsluerfiðleikum sömu úrræði og eru hjá Íbúðalánasjóði vegna greiðsluerfiðleika. Ég tel einnig að skoða þurfi þá hugmynd að gefa fólki kost á því að breyta gengisbundnum lánum í annars konar lán á viðráðanlegu gengi.

Þá hefur ríkisstjórnin boðað lagafrumvarp sem fellir tímabundið niður stimpilgjöld af skilmálabreytingum og skuldbreytingalánum af íbúðarhúsnæðisveðlánum. Ríkisstjórnin hefur samþykkt framlagningu frumvarps um breytingu á lögum um húsnæðismál sem heimili lengingu skuldbreytingalána vegna vanskila hjá Íbúðalánasjóði úr 15 árum í 30 og að lengja upphaflegan lánstíma lána sjóðsins vegna greiðsluerfiðleika. Einnig er gert ráð fyrir því að fólk sem missir íbúð sína geti leigt hana áfram af Íbúðalánasjóði í ákveðinn tíma. Þessi aðgerð er sem sagt langt komin í undirbúningi.

Þá hefur verið fallist á tillögu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna um breytingu á úthlutunarreglum sjóðsins fyrir yfirstandandi skólaár, einkum til hagsbóta fyrir íslenska nemendur erlendis og fjölskyldur þeirra. Hér er um að ræða mjög mikilvæga aðgerð í þágu þessa tiltekna hóps. Háskólar landsins hafa þegar lýst yfir vilja sínum til að bregðast við efnahagsvandanum, m.a. með auknu námsframboði á ýmsum sviðum hefðbundins náms og á vegum endurmenntunarstofnana. Leitað verður samráðs við framhaldsskólana um möguleika á aðkomu þeirra að stofnun stuttra námsbrauta og tækifærum til endurmenntunar, ekki síst fyrir iðnaðarmenn sem misst hafa vinnuna.

Menntamálaráðuneytið og Vinnumálastofnun taka þátt í samráði með aðilum vinnumarkaðarins sem hefur það verkefni að vakta breytingar á vinnumarkaði og hvernig hægt er að bregðast við þeim með ráðgjafar- og námsúrræðum. Áhersla er á menntun og ráðgjöf til fólks á vinnumarkaði sem hefur stutta menntun að baki. Sett var á fót samræmt þjónustunet til að auðvelda fólki aðgang að upplýsingum um stofnanir og samtök sem veitt geta mikilvægar upplýsingar, leiðbeiningar og ráðgjöf. Tilmælum var beint til skólastjórnenda og forstöðumanna opinberra stofnana um að huga að almennri velferð nemenda og starfsfólks stofnana og að sérstaklega verði gætt að þeim sem orðið hafa fyrir skakkaföllum í tengslum við atburði síðustu vikna.

Til að sporna við vaxandi atvinnuleysi hefur ríkisstjórnin samþykkt tillögur um tímabundnar aðgerðir með því að lengja þann tíma sem heimilt er að greiða launamanni tekjutengdar atvinnuleysisbætur í samræmi við lækkað starfshlutfall og að fella niður skerðingu atvinnuleysisbóta vegna launagreiðslna frá vinnuveitanda fyrir hlutastarf. Enn fremur er gert ráð fyrir að greiðslur úr Ábyrgðasjóði launa verði miðaðar við tekjur launamanns samkvæmt því starfshlutfalli sem hann gegndi áður en til samdráttar kom í fyrirtækinu. Frumvarp þessa efnis var unnið í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins og ég veit ekki betur en það verði rætt á Alþingi í dag.

Ekki má gleyma þeim ráðstöfunum sem samþykktar voru á síðasta þingi og tengdust gerð kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum í febrúarmánuði. Þar var um að ræða aðgerðir til að hækka skattleysismörk, hækka barnabætur, lækka skerðingarmörk vegna barnabóta og loks voru húsaleigubætur hækkaðar verulega í aprílmánuði sl. eins og þingmenn muna væntanlega.

Þá vil ég geta þess að ég skipaði fyrir nokkru sérstaka samráðsnefnd vegna þessara mála undir forustu Ásmundar Stefánssonar, fyrrverandi ríkissáttasemjara, og forseta ASÍ, til að hafa yfirumsjón með því starfi sem lýtur að viðbrögðum, jafnt á vettvangi ríkisstjórna sem hinna ýmsu stofnana samfélagsins, við þeim erfiðleikum sem við er að glíma vegna áfallsins á fjármálamarkaði. Að því starfi koma auk fjölda innlendra aðila erlendir sérfræðingar frá fjárfestingarbankanum J.P. Morgan, alþjóðlega ráðgjafafyrirtækinu McKinsay og bresku lögmannsstofunni Lovells. Ríkisstjórnin hefur einnig notið ráðgjafar almannatengslafyrirtækja á Norðurlöndum og víðar til að bregðast við umræðu í útlöndum.

Ríkisstjórnin vinnur að frekari aðgerðum sem miða að því að byggja upp á ný traust og öflugt atvinnulíf. Þar eru m.a. lagðar til grundvallar áherslur í rannsóknum, tækni og

nýsköpun sem Vísinda- og tækniráð hefur mótað á undanförnum árum á sama tíma og opinberir samkeppnissjóðir á þessu sviði hafa verið stórefldir. Skýr framtíðarsýn og raunhæf framkvæmd verða að fara saman. Stefnumörkun um uppbyggingu verður að laga að aðstæðum á hverjum tíma því mikilvægt er að bregðast skjótt og stöðugt við úrlausnarefnum þegar þau birtast.

Herra forseti. Í því björgunarstarfi sem fram undan er, og sem við erum nú önnum kafin við að sinna, mun ríkisstjórnin leggja höfuðáherslu á að koma í veg fyrir umfangsmikið og langvarandi atvinnuleysi. Þjóðfélagið þarf á að halda sem flestum vinnandi höndum og vinnan hefur um langan aldur verið okkur Íslendingum töm og eðlilegur hluti daglegs lífs. Ríkisstjórnin mun á næstu vikum og mánuðum verða í nánu samstarfi við samtök launafólks og Samtök atvinnulífsins um hvernig best verður brugðist við til að forða því að við lendum í langtímafjötrum atvinnuleysis eins og svo margar Evrópuþjóðir hafa lent í á undanförnum áratugum og eru enn að glíma við eins og flestir þekkja. Ég hef fulla trú á því að aðilar vinnumarkaðarins nái niðurstöðu í kjarasamningaviðræðum sem fram undan eru sem verður einnig til þess, vænti ég, að draga úr verðbólgu og hörmungum atvinnuleysis. Ég treysti á ábyrgð aðila vinnumarkaðarins í þessu efni og við munum eiga náið samstarf við þá. Það er gríðarlega mikilvægt að við höldum áfram að skapa ný atvinnutækifæri í landinu, byggjum á auðlindum lands og sjávar í því efni og sameinumst um nýja atvinnustefnu, ný atvinnutækifæri, í þágu landsmanna.

[11:31]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir ræðu hans. Þar kom vissulega ýmislegt fram sem ríkisstjórnin er að vinna að og miðar að því að koma í veg fyrir það versta sem getur gerst, sem er að fólkið og fjölskyldurnar missi heimili sín.

Ég tel mjög mikilvægt að þessi umræða fari hér fram í dag og tel hana í raun vera þá mikilvægustu af öllum þeim umræðum sem við yfirleitt förum í gegnum á hv. Alþingi nú við þessar erfiðu aðstæður. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við höldum okkur við málefnin og reynum í sameiningu að komast að niðurstöðu um hvað rétt sé að gera og hvernig við getum komið hlutum þannig fyrir að það gerist ekki sem ég nefndi í upphafi, þ.e. að venjulegar íslenskar fjölskyldur lendi á vergangi.

Þetta umfjöllunarefni teygir anga sína vissulega víða því staða heimilanna er nátengd stöðu atvinnulífsins og hæstv. forsætisráðherra sagði áðan að meginhersla yrði lögð á að halda uppi háu atvinnustigi þótt óneitanlega verði ekki hjá því komist að fólk missi vinnuna, en reynt verði að halda því í lágmarki. Þetta er vissulega aðalatriði, ég tek undir það með hæstv. forsætisráðherra. Uppsagnir eru nú þegar orðnar staðreynd og er hægt að telja í þúsundum það fólk sem nú þegar hefur misst vinnuna og maður hefur miklar áhyggjur af því að fólk flytji úr landi. Við megum ekki við því, þessi litla þjóð, að það verði atgervisflótti, ef svo má að orði komast, og þess vegna þarf að sinna ungu fólki sem nú þegar hefur misst vinnuna sérstaklega. Staða heimilanna er líka nátengd stöðu sveitarfélaganna vegna skólanna og vegna leikskólanna og ég kem að því síðar.

Fyrsta spurningin hlýtur að vera sú hvað við gerum til að aðstoða skuldsett fólk til að halda húsunum sínum, til að halda heimilunum. Það hefur mikið verið talað um Finnland nú síðustu dagana og þá erfiðleika sem Finnar fóru í gegnum fyrir aldamótin síðustu þegar þeir á sama tíma lentu í fjármálakreppu og misstu að auki mikilvæg viðskipti við Sovétríkin sálugu. Þetta leiddi til gríðarlega alvarlegs ástands í landinu og bókstaflega er hægt að tala um að hluti þjóðarinnar hafi soltið.

Vísir menn hafa haldið því fram að vandinn hér sé jafnvel enn þá meiri en var í Finnlandi. Það kemur til af því að nú ríkir heimskreppa á fjármálamörkuðum og lántaka erlendis er því mjög erfið og fjármálastarfsemi er hlutfallslega meiri hér en hún var í Finnlandi á sínum tíma. Ég ætla ekki meta það hvort vandinn hér er meiri í dag en hann var í Finnlandi á sínum tíma en ég geri mér a.m.k. grein fyrir því að hann er mikill. Á sama tíma erum við að fást við gjaldeyriskreppu með veikan og ef til vill ónothæfan gjaldmiðil.

Ég hef heyrt að stærstu mistök Finna á sínum tíma hafi einmitt verið þau að stjórnvöld reyndu ekki nægilega að koma í veg fyrir að fjölskyldur misstu heimili sín í nauðungarsölum sem síðar leiddi til stórra útlánatapa. Þetta er einmitt það sem við verðum að koma í veg fyrir að gerist hér á landi. Mér skilst á hæstv. forsætisráðherra að ýmislegt af því sem þegar hefur verið ákveðið og er í farvatninu sé hugsað til þess að svo verði ekki en ég skal þó viðurkenna að mér fannst ekki alveg nógu mikið koma fram af, ég vil segja, róttækum tillögum.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands er skuldsettasti hópurinn hér á landi fólk á fertugsaldri og voru meðalskuldir hjóna og sambúðarfólks á því aldursbili um 23 millj. kr. á síðasta ári. Þar af voru 75% skuldir vegna íbúðarhúsnæðis. Hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum þessa aldurshóps er á milli 250% og 350%, sem sagt gríðarleg skuldsetning.

Hæstv. forseti. Ég las í blöðum í dag að landssamtök lífeyrissjóða beina því til lífeyrissjóðanna að bjóða sjóðfélögum í greiðsluerfiðleikum að frysta lífeyrislán sín í 6–12 mánuði með því að breyta lánaskilmálum tímabundið. Einnig er mælt með því að tekið verði upp samstarf við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og mér heyrðist af ræðu hæstv. forsætisráðherra að þegar væri búið að koma hlutum svo fyrir að hún ætti eitthvað auðveldara með að starfa með auknum fjárframlögum. Það virðist vera svo að Landssamtök lífeyrissjóða hafi strax um miðjan október skipað starfshóp til þess að móta tillögur um það hvernig taka skuli á þessum vanda og ég tel að það sé til fyrirmyndar af hálfu samtakanna að bregðast svo skjótt við.

Hvað varðar Íbúðalánasjóð hefur hann vissulega fengið ákveðið hlutverk með neyðarlögunum sem samþykkt voru hér á Alþingi en mér segir svo hugur að þar sé mjög mikil óvissa um hvort sjóðurinn tekur í raun yfir þau lán sem eru hjá bönkunum og sjóðurinn muni í raun ekki sækja þau lán heldur þurfi frumkvæðið að koma frá bönkunum sjálfum. Stimpilgjöld skipta þarna miklu máli, að þau verði afnumin eða felld niður og lýsi ég ánægju með ef það er raunin.

Ég tel að það sé athyglisverð tillaga sem kom fram í

ályktun ASÍ frá síðasta aðalfundi. Tillagan gengur út á það að í þeim tilfellum þegar fólk stendur bókstaflega frammi fyrir því að missa heimili sín verði heimilað að viðbótarlífeyrissparnað þeirra megi nýta til þess að greiða niður höfuðstól húsnæðisskulda. Mér finnst þetta vera tillaga sem verði að skoða alveg til hlítar því að hún gæti bjargað ýmsu, þótt ekki sé meira sagt.

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum dögum fengum við í heilbrigðisnefnd heimsókn fulltrúa frá landlækni og landlækni sjálfan og fulltrúa frá geðsviði Landspítalans. Frá þeim fengum við þær upplýsingar að ekki er enn þá hægt að tala um neina holskeflu sem leitar til heilbrigðiskerfisins en það kom líka fram að þessir aðilar óttast að fyrstu mánuðir (Forseti hringir.) næsta árs geti orðið mjög erfiðir.

[11:40]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp, það er kærkomið að hafa enn þá rýmri tíma til að koma inn á þau fjölmörgu mál sem fyrir okkur liggja núna. Í umræðunni hafa verið haldnar málefnalegar og góðar ræður, bæði af hv. fyrirspyrjanda og forsætisráðherra og varaformanni Framsóknarflokksins og margt athyglisvert hefur komið fram.

Mestu máli skiptir í þessu öllu saman, í stóra samhenginu, að koma aftur verði á krónuna, þ.e. að koma gjaldmiðlinum aftur af stað, styrkja krónuna af því að um leið og það gerist, þegar það verkefni tekst fer allt að ganga betur. Þá bæði lækka gengistryggðu lánin, þá minnkar verðbólgan og vísitölubinding lána dregst saman o.s.frv. Þetta er langstærsta einstaka verkefnið sem fyrir okkur liggur núna, þ.e. að styrkja krónuna, koma gjaldmiðlinum aftur af stað, koma verði á krónuna, það skiptir meira máli en allt hitt.

Við erum annars vegar að fjalla um bráðavandann sem nú blasir við bæði fólki og fyrirtækjum og hins vegar leiðarkort okkar til lengri tíma. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nefndi áðan og vitnaði til finnsku leiðarinnar út úr þeirri mjög alvarlegu kreppu sem gekk yfir Finnland á sínum tíma þar sem atvinnuleysið varð 20% og afleiðingarnar af því mjög alvarlegar í mjög mörg ár. Af því sem þeir gerðu er margt hægt að læra, t.d. í fjárfestingum í nýsköpun, sprotafyrirtækjum, þeir juku stórlega framlög til velferðarmála og margt, margt annað sem mætti nefna og ég kem kannski að á eftir.

Það má segja að lánadrifinni ofsaþenslu síðustu ára hafi lokið á örfáum dögum. Núna glímum við við afleiðingarnar af því sem er að sjálfsögðu kaupmáttarýrnun, aukið atvinnuleysi, verðlaus gjaldmiðill, eins og staðan er núna, og stóra málið er að koma krónunni aftur af stað. Þetta bitnar að sjálfsögðu fyrst og fremst á viðkvæmasta fólkinu í landinu. Afleiðingarnar af fjármálakreppunni bitna fyrst á þeim sem minnst hafa, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi áðan, eldra fólkinu, öryrkjum, námsmönnum og þeim sem hafa naumari tekjur, þeim sem hafa ekki borð fyrir báru til að mæta efnahagslegum áföllum. Öllu skiptir núna fyrir okkur að mæta vanda þessa fólks, það skiptir mjög miklu og gríðarlegu máli. Síðan munum við sjá, eins og nefnt var áðan, aðra hópa bætast við þá sem lenda í vanda og hafa ekki átt í efnahagslegum örðugleikum á Íslandi nú um langt skeið. Það er yngra fólk, í mörgum tilfellum fólk með langa skólagöngu að baki sem hefur haft mjög góða stöðu á atvinnumarkaði, fólk sem hefur fjárfest í fasteignaþenslunni gríðarlega miklu þegar fasteignaverð tvöfaldaðist á þremur árum, fólk sem er með miklar fjárskuldbindingar á bakinu bæði í erlendum lánum og innlendum. Þetta er nýr hópur sem bætist í raðir þeirra sem lenda í tímabundnum erfiðleikum út af fjármálakreppunni núna. Þeim hópi þurfum við líka að mæta og það með ýmsum ráðum og ívilnandi, sem lúta sérstaklega að skuldum vegna húsnæðiskaupa.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nefndi áðan tölur um meðalskuldir þessa hóps, fólks sem er undir fertugu og hefur keypt dýrt húsnæði. Þar skiptir langmestu máli að innleiða — eins og stjórnum viðskiptabankanna hefur verið falið — úrræði fyrir einstaklinga sem lenda í greiðsluvanda með lán með veð í íbúðarhúsnæði, sambærileg þeim úrræðum sem Íbúðalánasjóður starfar eftir. Á morgun verða tímamót í því uppbyggingarstarfi sem er að hefjast innan ríkisbankanna, samfélagsleg ábyrgð þeirra fjármálafyrirtækja og annarra verður gríðarleg á komandi árum við það að greiðsluaðlaga fólk og fyrirtæki við þessar erfiðu aðstæður. Samfélagsleg ábyrgð þeirra er ofboðslega mikil og þess vegna skiptir svo miklu máli að hinar varanlegu bankastjórnir verða skipaðar af fjármálaráðherra á morgun með aðkomu Alþingis alls. Þar verður valið fólk í öfluga og faglega stjórnun á bönkunum og þessum nýju stjórnum viðskiptabankanna hefur verið falið af ríkisstjórninni að flýta sem kostur er færslu allra lána með veðum í íbúðarhúsnæði yfir til Íbúðalánasjóðs. Þetta skiptir mjög miklu máli. Þetta er heimildarákvæði sem var sett inn í neyðarlögin og það skiptir miklu máli að því sé beitt þannig að öll veðlán með veði í húsnæði verði þangað flutt.

Fjármálaráðherra hefur nú þegar flutt frumvarp til laga um tímabundna niðurfellingu á stimpilgjöldum vegna skilmálabreytinga og starfshópur, sérfræðingahópur sem félagsmálaráðherra skipaði um daginn, til að koma með tillögur um hvernig bregðast megi við vanda lántakenda vegna verðtryggingar skiptir mjög miklu máli. Það þarf að ríma saman við, eins og kostur er, tillögu og tilmæli sem var beint til viðskiptabankanna fyrir nokkrum vikum um að fyrsta afborganir af gengistryggðum lánum, það var einfaldari framkvæmd, hitt er miklu flóknari framkvæmd. Forseti ASÍ er formaður þessa sérfræðingahóps og þeirra niðurstaðna er að vænta fyrir 10. nóvember. Það eru mjög áríðandi tillögur sem þar eru undir.

Þá er frumvarp um greiðsluaðlögun að koma inn í þingið með aðkomu sýslumanna, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og það er það sem kallast þvinguð greiðsluaðlögun. Þar er fjármálafyrirtækinu gert að koma að borðinu og semja við skuldara og þetta er mjög mikilvæg aðgerð til að koma í veg fyrir að fólk lendi í gjaldþroti út af tímabundnum efnahagsörðugleikum. Réttarfarsnefnd er með málið í sínum höndum nákvæmlega núna og það er búist við því að það komi inn í þingið á vegum dómsmálaráðherra fyrir lok þessa mánaðar.

Hrun bankanna var mikið áfall, endurreisnin verður gríðarlegt og langt starf, við þurfum að byggja upp traust aftur í samfélaginu, traust á fjármálafyrirtækjum og eyða tortryggni. Samfélagsleg ábyrgð bankanna er gríðarlega

mikilvæg og við þurfum að leita allra leiða til að greiðsluaðlaga fólk og fyrirtæki að þessum nýja veruleika. Þarna skiptir gagnsæi öllu máli og við verðum að byggja upp nýja og öfluga, sanngjarna viðskiptabanka fyrir fólkið í landinu. Miklu skiptir að mæta bráðavanda heimilanna, bráðavanda fyrirtækjanna, það höfum við verið að fara í gegnum í dag í þessari umræðu og munum sjálfsagt ræða áfram og lengi. Það er að bætast skuldugt, ungt fólk í hóp þeirra sem lenda í vanda, við verðum að halda þessu fólki í landinu, við verðum að koma í veg fyrir að það bresti á fólksflótti. Það má ekki gerast eins og áður hefur gerst í kreppum og þess vegna skipta aðgerðirnar sem við erum að vinna að núna öllu máli til að mæta bráðavanda þessa fólks.

Það er afkomuótti í samfélaginu, áhrifin af fjármálaáfallinu og bankahruninu verða lengi að koma fram. Þau hafa komið fram um mánaðamótin í fjölda hópuppsagna, vonandi ganga þær margar til baka þegar fyrirtækin sjá fram á að rekstri þeirra er betur fyrir komið. Það eru margir sárir og hafa orðið fyrir miklum skaða. Góðærið og lífskjörin voru að mörgu leyti fölsk. Við þurfum að byggja upp nýtt og betra Ísland, afstýra fjöldagjaldþrotum með öllum tiltækum ráðum, bæði með greiðsluaðlögun og breytingum á lögum um gjaldþrotaskipti. (**Gripið fram í:** Og stýrivaxtalækkun.)

[11:48]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda, hv. þm. Ögmundi Jónassyni, fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli sem að mínu viti er það mikilvægasta í samfélagi okkar í dag.

Við frjálslynd fluttum fyrir rúmu ári þingsályktunartillögu þar sem við töluðum um og gerðum kröfu til þess að skipan lánamála hérlendis yrði sambærileg við hin Norðurlöndin. Ljóst er að fyrir afkomu fjölskyldna skiptir atvinna sem tryggir launakjör sem standa undir framfærslu og afborgunum lánum alltaf mestu máli. Lán fyrir fjármunamyndun heimilanna hafa orðið þyngri og þyngri kostnaðarliðir fjölskyldna í landinu.

Vegna aðgerða eða aðgerðaleysis, sem ríkisstjórnin ber fulla ábyrgð á, hefur sú þróun orðið í þjóðfélaginu að eignir fólks brenna upp vegna þess að ekki hefur verið tekið tillit til sjónarmiða okkar frjálslyndra um að hér væru sköpuð og sett eðlileg lánakjör, verðtrygging afnumin og lánakjör sett í samræmi við það sem gerist í nágrannalöndum okkar. Tvennt gerist í samfélagi okkar, afborganir lána hækka og höfuðstóll lána hækkar en eignir fólks rýrna í verði. Í stað þess að stuðlað sé að því að þjóðin hverfi frá fátækt til bjargálna þá fer þjóðin frá bjargálnum til fátæktar. Það er því miður sú hörmulega staðreynd sem við stöndum frammi fyrir.

Hæstv. viðskiptaráðherra talaði um að til stæði að setja ákvæði í lög um greiðsluaðlögun. Það er löngu tímabært að setja slíkt í lög, en af hverju þarf að setja ákvæði í lög um greiðsluaðlögun? Það er til þess, hæstv. iðnaðarráðherra, að þeir sem ekki geta lengur staðið undir að greiða af skuldbindingum sínum fái þvingaða dómstólaleið til að þurfa ekki að greiða meira en þeir mögulega geta. Eitthvað sem hefði átt að vera komið í lög fyrir mörgum árum og er í lögum annars staðar á Norðurlöndunum, en er nú talið eitt helsta bjargráð í kreppunni.

Vandamálið sem við stöndum frammi fyrir er m.a. það að á undanförnum árum höfum við ekki gætt að hagsmunum fjölskyldna og því að rétt væri gefið í þjóðfélaginu. Við höfum hleypt fjármálaöflunum á heimilin í landinu með þeim afleiðingum að þau fóru offari. Hefði verið farið að þeim sanngjörnu og eðlilegu tillögum og hugmyndum sem við höfum fært fram hefði vandinn aldrei skapast.

Verðbólga og verðtrygging stela eignum fólksins í landinu og eru hinn hljóðláti þjófur sem brennir upp eignir þess. Ef við ætlum að halda þessari stefnu áfram getur aldrei orðið almenn velmegun hjá venjulegu fólki í landinu. Við verðum að bregðast við þessum langtímavanda. Nú stöndum við frammi fyrir gríðarlegum vanda, gjörbreytt umhverfi veldur því að útlit er fyrir verulegt atvinnuleysi. Ljóst er að reyna verður að tryggja það á allan hátt að hjól atvinnulífsins geti snúist. Um það eru allir sammála.

Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, ef einhver hefur gleymt því að í dag er liðinn mánuður frá því að neyðarlögin svokölluðu voru sett. Dag eftir dag hefur þjóðin beðið eftir því að ríkisstjórn og Alþingi mótuðu stefnu sem mætti duga þjóðinni í framfarasókn á nýjan leik í bráð og lengd. Ekkert slíkt hefur átt sér stað. Ekkert. Ríkisstjórnin virðist vera hugmyndasnauð og vill halda áfram á sömu leið og kallað hefur yfir okkur efnahagslegu þrengingarnar sem við búum við í dag. Enn eru stýrivextir hækkaðir, nú í 18%, sem aldrei fyrr. Enn er reynt að hafa gjaldmiðilinn á floti og láta hann sveiflast fyrir veðri og vindum á alþjóðlegum fjármálamarkaði. Enn eru hagsmunir fjölskyldna settir í annan flokk. Engin haldbær bjargráð eru í boði, hvorki fyrir fólk né fyrirtæki. Fólk bíður eftir þeim og spyr: Hvað eru stjórnmálamennirnir að gera? Og setur iðulega alla stjórnmálamenn í sama flokk, sem er rangt.

Á tímum sem þessum hefur komið í ljós hvað Alþingi hefur gert sjálft sig valdalaust. Um það fóru m.a. umræður fram í gær. Af hverju? Vegna þess að ekki eru nauðsynleg skil á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Alþingi hefur ekki skipt neinu máli á þessum áfallatímum. Þingmenn fá ekki upplýsingar og verða jafnvel að taka ákvarðanir á grundvelli þess sem sagt er við þá án þess að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir. Það er ekki ásættanlegt.

Það er vandamál að komast í gegnum erfiðleika og stærra vandamál ef ekki er hægt að eygja betri tíma fram undan. Þjóðin er að sjálfsögðu tilbúin til að taka á sig tímabundin vandamál og færa fórnir en einhvers staðar verður að vera land fram undan til að viðunandi sé. Stóri vandinn er sá að ríkisstjórnin hefur ekki mótað framtíðarstefnu. Ríkisstjórnin hefur heldur ekki markað skammtímastefnu. Ríkisstjórnin stjórnar einfaldlega frá degi til dags. En við svo búið er ekki hægt að láta standa. Strax verður að grípa til raunhæfra aðgerða fyrir venjulegt fólk og fyrirtæki í landinu. Í fyrsta lagi verður að lækka stýrivexti í hámark 5%. Í annan stað verðum við að beita ákveðnum gjaldeyrishöftum tímabundið á meðan tökum verður náð á gjaldeyrismarkaðnum. Í þriðja lagi verður að tengja gjaldmiðilinn við stærra myntkerfi þannig að um stöðugleika og öryggi geti verið að ræða og í fjórða lagi verður að veita atvinnufyrirtækjum fyrirgreiðslu til að framleiðslan geti haldið áfram

að tryggja sem mesta atvinnu í landinu. Í fimmta lagi verður að frysta verðtryggð lán og myntlán í að minnsta kosti sex mánuði og endurreikna vísitöluna miðað við raunveruleikann og gefa upp á nýtt einu sinni með sanngjörnum hætti fyrir fólkið í landinu (Forseti hringir.) og afnema verðtrygginguna. Við skulum muna það (Forseti hringir.) að það þjóðfélag sem ekki gætir (Forseti hringir.) réttlætis fær ekki staðist.

[11:56]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar lá undir ámæli nánast frá því hún tók við völdum fyrir aðgerðaleysi. Rifjum það aðeins upp. Þetta var aðgerðalaus ríkisstjórn og ráðherrunum sveið og þeir héldu varnarræður og þóttust ekki vera aðgerðalausir. En þjóðinni og stjórnarandstöðunni fannst ríkisstjórnin virkilega aðgerðalaus. Fannst skorta stjórn á efnahagsmálum. Fannst skorta stjórn á peningamálum. Nú síðustu vikurnar eftir hrun bankanna upplifir fólk aftur svipaða tilfinningu um aðgerðaleysi eða átakafælni ríkisstjórnarinnar.

Við settum neyðarlög fyrir mánuði síðan, 6. október. Fyrsta frumvarpið frá ríkisstjórninni eftir það, sem varðar vandann sem við erum í núna, leit dagsins ljós í dag, fjórum eða fimm vikum síðar. Þetta upplifir fólk í bráðavanda sem aðgerðaleysi. Sem leti, sljóleika og skilningsleysi á aðstæðum fólks.

Frumvarpið sem verður rætt í dag og ég geri ráð fyrir að hæstv. félagsmálaráðherra mæli fyrir er auðvitað góðra gjalda vert. Það miðar að því að greiða hærri atvinnuleysisbætur til launþega sem eru ráðnir í lækkað starfshlutfall vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis eða opinbers aðila sem þeir starfa hjá. Sömuleiðis varðar það Ábyrgðasjóð launa að lögum um hann verði breytt þannig að þegar starfshlutfall launamanns hefur verið lækkað innan við tólf mánuðuðum áður en fékkst krafa um gjaldþrotaskipti verði tekið mið af þeim tekjum sem hann hafði áður en kom til lækkunar starfshlutfallsins. Svona lausnir, svona úrræði vill fólk sjá og hefur beðið eftir. Ríkisstjórnin hefur verið afar daufgerð og afar sein að koma með úrræði af þessu tagi.

Hæstv. forsætisráðherra nefnir í ræðu sinni ýmis atriði sem ríkisstjórnin vinnur að. Ég veit ekki hvort ég fylgist verr með fréttum en aðrir. En hæstv. ráðherra setur nú ákveðnar aðgerðir í samhengi í fyrsta skipti í mínum huga eftir að hrunið varð. Ég sakna afar mikið að ekki skuli hafa legið fyrir miklu fyrr og miklu skýrar hvað ríkisstjórnin er að gera og vinna að.

Hæstv. forseti. Mér kemur mjög á óvart að tími minn skuli vera búinn. Mér fannst ræðumaðurinn hér á undan mér hafa svo fínan tíma og gerði ráð fyrir að ég væri með svipaðan. Umræðan sem við fáum að taka hér á Alþingi er allt of stutt. Hún er af skornum skammti. Hún er skammarlega lítil (Forseti hringir.) og ber vott um hræðslu ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) við að tala við stjórnarandstöðuna hér á (Forseti hringir.) Alþingi Íslendinga.

[12:00]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Nú þegar að íslenska fjármálakerfið er nánast hrunið í kjölfar þess að alþjóðahagkerfið lenti í mestu þrengingum síðan í kreppunni miklu á fyrri hluta síðustu aldar er mikilvægast af öllu að missa ekki móðinn — þótt ég sé móður, herra forseti.

Það hefur sýnt sig í gegnum atburðarás síðustu vikna að Íslendingar verða fyrst og fremst að treysta á sjálfa sig. Nú er því ekki rétti tíminn til þess að leggja árar í bát heldur verður að láta hendur standa fram úr ermum. Fyrir utan það að koma gjaldeyrisviðskiptum í eðlilegt horf tel ég einna mikilvægast að viðhalda framkvæmdastiginu. Það gengur ekki við þessar aðstæður að skera niður framkvæmdir heldur þvert á móti. Eins og uppsagnir seinustu daga bera með sér er byggingargeirinn á góðri leið með að enda eins og fjármála- eða bankageirinn og við því verður að sporna með öllum tiltækum ráðum.

Nauðsynlegt er að ráðast í framkvæmdir við þessar aðstæður sem eru mannaflafrekar meðan á þeim stendur. Um leið þurfa þær helst vera þeim gæðum búnar að auka ekki rekstrarkostnað ríkisins að þeim loknum. Dæmigerðar framkvæmdir af því tagi eru vegaframkvæmdir og alls kyns viðhaldsverkefni.

Það er nauðsynlegt að leggjast yfir það hvort bygging nýs háskólasjúkrahúss sé ekki einmitt verkefni af þessum toga sem vert væri að ráðast í. Það er mannaflafrekt meðan á byggingu þess stendur auk þess sem rekstrarkostnaður spítalans á að lækka þegar ný bygging verður tekin í notkun. Þá gæti nýtt sjúkrahús átt aukin sóknarfæri umfram það sem nú er þegar Evrópusambandið hefur, eins og allt bendir til, samþykkt löggjöf um heimild til þess að sækja heilbrigðisþjónustu óháð landamærum. Einnig gæti verið hagkvæmt að ráðast í byggingu nýrra virkjana sem allra fyrst. Þær færa tekjur inn í þjóðarbúið um leið og þær byrja að framleiða rafmagn.

Reykjavíkurborg hefur gefið ákveðinn tón varðandi auknar framkvæmdir. Önnur sveitarfélög þurfa einnig að horfa til slíkra aðgerða og hefur Kópavogsbær nú þegar hafið vinnu við að láta greina verkefni á vegum bæjarins sem kalla á mikla mannaflaþörf. Eðli málsins samkvæmt er ábyrgð ríkisins þó mest í þessum efnum.

Tillaga mín er sú að ríkisvaldið og sveitarfélög vinni sameiginlega að því að setja fram neyðaráætlun um framkvæmdir hins opinbera og eigi sú áætlun að liggja fyrir innan tveggja vikna, tíminn til stefnu er skammur. Það væri neyðaráætlun sem hefur það að markmiði að draga úr rekstrarkostnaði og mynda svigrúm til framkvæmda. Í því samhengi verður líka að horfa til aukinnar lántöku og ekki er hægt að útiloka skattahækkanir til þess að fjármagna framkvæmdir.

Atvinna sem verður til vegna framkvæmda hefur mikil margfeldisáhrif út í þjóðfélagið og afleidd störf í verslun og þjónustu verða fjölmörg. Er talið að hálft starf fylgi hverju starfi við einstakar framkvæmdir. Hér er því um að ræða mikilvægt mál þegar fjallað er um afkomu heimilanna og koma í veg fyrir að lægðin sem við stöndum nú frammi fyrir í íslensku efnahagslífi verði dýpri en nauðsynlegt er. Ríki og sveitarfélögum ber skylda til þess að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að draga úr rekstrarkostnaði, mynda svigrúm til framkvæmda og tryggja þannig atvinnu sem flestra.

Hæstv. forseti. Við þær aðstæður sem nú eru þurfa fjölskyldurnar í landinu að glíma við margs konar erfiðleika. Skuldsetning heimilanna er of mikil sem þýðir að greiðslubyrði vegna lána rýkur upp þegar krónan fellur um tugi prósenta á nokkrum dögum. Við það snarhækka erlend lán. Verðbólgan rýkur upp vegna hækkunar á innfluttri vöru. Vísitalan hækkar mjög hratt og aukin greiðslubyrði hefðbundinna vísitölulána fylgir svo í kjölfarið. Um leið og það gerist dregst saman í atvinnulífinu og margir missa vinnuna. Atvinnumissir er það versta sem fyrir heimilin getur komið í þessu tilliti.

Við verðum að taka höndum saman og gera allt til þess að atvinnuleysisvofan nái ekki að hreiðra um sig. Auknar framkvæmdir til skamms tíma eru best til þess fallnar. Um leið þarf (Forseti hringir.) að gera allt til þess að laða að erlenda fjárfesta og ekki (Forseti hringir.) hika við að breyta löggjöf okkar þannig að hún sé ívilnandi og treystandi fyrir erlenda aðila. Þá þarf (Forseti hringir.) að bæta umhverfi nýsköpunarfyrirtækja, herra forseti, svo að þau komist sem fyrst á fullt skrið.

[12:04]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka kærlega fyrir þá umræðu sem hér fer fram. Ég tel að hún sé afar brýn og í rauninni ekki seinna vænna að ræða þann alvarlega vanda sem blasir við heimilum og fyrirtækjum landsins. Í rauninni má segja að vandinn sé risavaxinn.

Hrun bankanna var gríðarlegt áfall og það var ljóst fyrir nokkru síðan að vandi heimila og fyrirtækja landsmanna verður verri með hverjum deginum sem líður. Góð kona sagði eitt sinn við mig að þeir sem þekktu atvinnuleysi gætu fullyrt að það væri það versta sem fólk lenti í. Það hefur verið skýr stefna okkar framsóknarmanna að róa öllum árum að því að atvinnuleysi verði sem allra minnst í landinu og nú er þörf á að sú stefna komist fljótlega á að nýju.

Ég gerði mér miklar væntingar um að hið væntanlega lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum yrði strax sett út til fyrirtækja svo að hjól atvinnulífsins gætu farið að snúast að nýju. Stýrivaxtaákvörðunin var algjört reiðarslag. Einmitt þegar Seðlabankinn var byrjaður á stýrivaxtalækkunarferli hækkaði hann stýrivextina aftur í 18%. Og á hverjum bitnar þessi stýrivaxtahækkun? Jú, á heimilum landsmanna. Á fólki sem missir vinnuna í kjölfar þess að fyrirtækin í landinu eru komin í slíkan vanda að jafnvel vel rekin fyrirtæki geta lent í miklum greiðsluerfiðleikum. Við fengum þær fregnir á fundi viðskiptanefndar í morgun að tæknilega séð séu 60% eða 80% allra fyrirtækja í landinu gjaldþrota.

Færustu hagfræðingar okkar, Jón Daníelsson og Gylfi Zoëga, hafa ítrekað skýrt og komið með þá skoðun sína að vandinn sé svo mikill að ríkið þurfi jafnvel að fara í það að kaupa eignir landsmanna og leigja þeim þær aftur. Svo slæm er staðan orðin. Trúa menn því í alvörunni að krónan styrkist við þessa stýrivaxtahækkun? Ég hef afar litla trú á því. Færustu hagfræðingar landsins hafa líka afar litla trú á því. Þingmenn ríkisstjórnarinnar hafa sumir enga trú á því.

Af hverju gefur ríkisstjórnin ekki skýr svör um hver skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru? Af hverju kemur ríkisstjórnin ekki hreint fram í þessu máli og upplýsir þjóðina um hvaða skilmála hún þarf að taka á sig til þess að rétta þjóðina við að nýju? Það er óvissan sem nagar heimilin. Óvissan um hvort fólk haldi yfirleitt vinnunni sinni á morgun, hvort það þurfi að taka á sig enn frekari launalækkanir. Óvissan um hvort það nái að standa undir afborgunum næstu mánaðamóta, hvort það haldi húsinu sínu og hvort það eigi í sig og á á næstu mánuðum. Það er óvissan sem við verðum að eyða.

Í mínum huga er nauðsynlegt að íslenska þjóðin og Alþingi verði upplýst um hvað fram undan er í efnahagsmálum. Það má í raun líkja ástandinu við sjúkling sem bíður eftir sjúkdómsgreiningu. Jafnvel þeim sem fá slæma niðurstöðu er oft létt bara vegna þess að biðin eftir fréttunum var að gera út af við þá.

Það þarf að fara út í samræmdar aðgerðir strax. Allar þær ákvarðanir sem teknar verða á næstunni verða að miða að því styrkja (Forseti hringir.) undirstöður samfélags okkar, (Forseti hringir.) með því að hlúa að þeim sem eiga um sárt að binda, styrkja heimilin (Forseti hringir.) og búa vel í haginn fyrir börnin (Forseti hringir.) okkar.

[12:09]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég óska landsmönnum og þingheimi til hamingju með daginn. Í dag er vímuvarnadagur og gott tilefni til að ræða afkomu heimilanna, velferð barna og öryggi fjölskyldunnar.

Meginhersla vímuvarnanna er að foreldrar og börn haldi vel saman og eyði meiri tíma saman. Hafi það einhvern tímann verið mikilvægt er það nú þegar óvissan er hvað mest. Þegar kvíði, óöryggi og reiði er vaxandi þurfum við öll að hafa í huga að upplýsa börnin okkar um ástandið og reyna að valda þeim ekki óþarfahræðslu.

Allir eru sammála um að slá þurfi skjaldborg um heimilin, fjölskylduna og einstaklingana. Tryggja þarf grunnþarfirnar, húsnæði, fæði og klæði og hindra að fólk fari í þrot, hindra að fjölskyldur leysist upp og að fólk flýi land. Gæta þarf samræmis við að vernda inneignir fólks um leið og hagur þeirra sem skulda er sem best tryggður. Í öllu þessu umróti reynir einmitt á velferðarkerfi okkar, hversu vel það er byggt, og réttilega hefur verið bent á að þar þarf ýmislegt að efla.

Við getum verið sammála um að mikilvægt er að ná betur utan um úrræði stjórnvalda. Koma þarf á heildstæðri aðgerðaáætlun og veita betri upplýsingar um aðgerðir til hjálpar heimilunum. Kynna þarf betur þær ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar og ræða þær sem eru í farvatninu og á eftir að koma með inn í þingið.

Það er mikil og góð vinna í gangi. Menn hafa staðið vaktina og félags- og tryggingamálaráðuneyti hefur sett upp heimasíðu og grænt símanúmer til að gefa upplýsingar. Á þeirri síðu eru tengingar við upplýsingasíður stofnana, stéttarfélaga, sveitarfélaga og frjálsra félaga og allir hafa unnið sína vinnu. Félags- og tryggingamálanefnd hefur farið yfir stöðuna og rætt þar viðbrögð ráðuneytisins. Hún hefur fengið aðila Vinnumálastofnunar, Íbúðalánasjóðs, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Barnaverndarstofu, Tryggingastofnun og aðila atvinnulífsins á sinn fund. Þar kom

mjög skýrt fram hversu vel er unnið að mörgum málum.

Næstkomandi mánudag verður ráðherra félags- og tryggingamála á fundi félags- og tryggingamálanefndar. Þar verða rædd verkefni vetrarins og þar fáum við væntanlega frjóa og uppbyggilega umræðu um hugsanleg úrræði til að tryggja afkomu heimilanna.

Ég hef átt þess kost að starfa í starfshópi sem er á vegum þingflokka stjórnarflokkanna í félagsmálaráðuneytinu og ræða þar um hvernig hægt verði að tryggja afkomu heimilanna. Þar hafa fæðst margar hugmyndir sem hefur þá verið vísað til ráðherra. Margar þeirra hafa síðan farið til ríkisstjórnar og sumar eru þegar komnar til framkvæmda.

Við höfum heyrt þar um rýmkun á reglum Íbúðalánasjóðs varðandi greiðsluerfiðleikaúrræði og þar sem bönkum hefur verið gert að fylgja sömu úrræðum. Lífeyrissjóðirnir hafa einnig tekið vel á þeim málum. Við höfum heyrt um tilmæli um að frysta gengistryggð íbúðalán. Það hefur komið til framkvæmda og við höfum rætt færslu íbúðalána til Íbúðalánasjóðs. Þar verður að viðurkenna að það mál hefur tafist. Það virðist nokkuð flókið með tilliti til eigin fjár og þess að tryggja Íbúðalánasjóði örugga afkomu. Það þarf að afgreiða sem fyrst.

Við höfum rætt um stimpilgjöldin, allan innheimtukostnað, uppgreiðslugjöld og annað þess háttar. Við höfum rætt um lög um greiðsluaðlögun sem eru væntanleg inn í þingið fljótlega. Búið er að setja í ákveðinn farveg umræðu um verðbólgu og gengisþróun með hvaða hætti hægt er að frysta eða koma til móts við hið alvarlega ástand þegar verðbólgan mælist langt umfram launavísitölu. Rætt hefur verið um innheimtuaðgerðir ríkis og sveitarfélaga, hvernig hægt sé að milda þær. Þannig væri hægt að halda áfram. Tíminn leyfir það því miður ekki.

Rætt hefur verið um námsmennina og við (Forseti hringir.) fáum tillögu um vinnumarkaðsúrræði inn í þingið í dag. (Forseti hringir.) Sveitarfélögin hafa jafnframt verið (Forseti hringir.) aðvöruð og ræða nú gjaldskrá sína (Forseti hringir.) og afkomu fólks. Tíminn leyfir ekki mikið (Forseti hringir.) lengri ræðu en við fáum tækifæri síðar í dag til þess að (Forseti hringir.) ræða þessi mál að hluta til.

[12:13]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Nú þegar mánuður er liðinn frá því að Alþingi setti neyðarlög vegna fjármálakreppunnar er enn þá mikil óvissa um framvindu mála. Í því efnahagslega fári sem hefur gengið yfir síðustu vikur verður nú að leggja megináherslu á að halda atvinnufyrirtækjum starfhæfum, bæði stórum og smáum. Menn mega alls ekki láta einyrkjana í atvinnurekstri sigla sinn sjó í rekstrarstöðvun vegna þess að lána- og innheimtustofnanir vilji einkum tryggja rekstur stærri fyrirtækja og fórna þeim minni.

Stjórnvöld verða að vinna að því af öllu afli að atvinna og framleiðsla haldi velli í aðsteðjandi kreppu. Lánalengingar og afborgunarleysi næstu mánaða verða að standa fyrirtækjum og atvinnurekendum til boða sem fær leið út úr kreppunni. Atvinnuleysi er mesta böl sem landsmenn geta staðið frammi fyrir og því þarf að gera allt til að viðhalda og efla atvinnu. Þær atvinnugreinar sem afla okkur gjaldeyris eða spara eyðslu á gjaldeyri skipta okkur eins og sakir standa afar miklu máli.

Í morgun kom út spá Seðlabanka Íslands sem mig langar að vitna hér í. Ekki er nú bjart fram undan. Reiknað er með 20% verðbólgu í byrjun næsta árs og að atvinnuleysi geti orðið allt að 10% í lok næsta árs. Þar segir, með leyfi forseta:

„Framhaldið er mjög óvíst og ræðst að miklu leyti af gengisþróun krónunnar. Verðbólgumarkmið Seðlabankans hefur beðið hnekki og tæpast verður haldið áfram á grundvelli þess eins á næstu mánuðum.“

Þannig var boðskapurinn í grófum dráttum frá Seðlabankanum í morgun.

Nýleg 18% hækkun stýrivaxta Seðlabankans er aðgerð sem vinnur gegn því að styrkja atvinnurekstur í landinu og vegur hart að öllum þeim sem þurfa lán eða eru skuldsettir, jafnt fyrirtæki sem heimili í landinu. Hækkun vaxta og dráttarvaxta frá lánastofnunum í kjölfarið eykur aðeins á vandann. Þess vegna þarf að mati okkar frjálslyndra að beita afli til lækkunar á vaxtabyrði og verðtryggingar fyrirtækja og heimila. Heimilin eru mjög skuldsett og koma verður í veg fyrir fjöldagjaldþrot með öllum tiltækum ráðum. Má minna á ályktun ASÍ í því sambandi en þar segir, með leyfi forseta:

„Ársfundur ASÍ leggur þunga áherslu á að staða heimilanna verði varin eins og kostur er í þeim efnahagsþrengingum sem fram undan eru. Ljóst er að kaupmáttur launa mun skerðast á komandi missirum. Forgangsverkefnið við þessar aðstæður er því að lágmarka þann skaða sem heimilin standa frammi fyrir og leggja grunn að því að kaupmáttur geti sem fyrst vaxið aftur.“

Undir þessi orð ASÍ tökum við í Frjálslynda flokknum.

Framleiðsla, tekjur og störf eru skilyrði þess að við komumst sem best frá þeim þrengingum sem vissulega verða á vegi okkar Íslendinga næstu árin. Þar mun reyna á velferðarkerfið okkar. Afkoma aldraðra, öryrkja, atvinnulausra og láglaunafólks verður erfið en einmitt þess vegna þurfum við að standa vörð um velferðarkerfi okkar og styrkja afkomu fólks eftir megni.

Í því sambandi er rétt að vekja athygli á því að við þingmenn Frjálslynda flokksins höfum lagt til að tekjur fólks úr almennum lífeyrissjóðum verði með frítekjumarki gagnvart tekjutryggingu úr almannatryggingakerfinu líkt og nú er með atvinnutekjur og frá næstu áramótum gildi einnig um séreignarsparnað. Þessi tillaga okkar frjálslyndra vegna tekna úr lífeyrissjóði gæti hjálpað mörgum heimilum þar sem aldraðir og öryrkjar eiga hlut að máli vegna réttinda þeirra í almennum lífeyrissjóði sem þá væru með frítekjumarki sem ekki skerðir bætur frá (Forseti hringir.) almannatryggingakerfinu.

[12:17]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Um nokkurn tíma hefur verið mjög brýnt að þingið taki til umræðu og fari sérstaklega yfir stöðu heimilanna í landinu. Þegar utandagskrárbeiðnin var lögð fram strax í upphafi þessa þings voru það fyrst og fremst vaxandi vanskil húsnæðislána og skuldastaða heimilanna sem kallaði á sérstaka umræðu og aðgerðir til að bjarga fleiri fjölskyldum frá því að missa heimili sín og verða

gjaldþrota með öllum þeim hörmulegu afleiðingum sem af því leiðir. Á þeim rúma mánuði sem liðinn er hefur allt samfélagið farið á hvolf vegna hruns bankanna og húsnæðislánin eru einungis hluti af enn dýpri og nær yfirþyrmandi efnahagsvanda sem stjórnvöld, atvinnulífið og heimilin í landinu standa skyndilega frammi fyrir.

Ástandinu í dag er erfitt að lýsa. Hver og einn finnur það á eigin líkama og sál að ekkert er eins og það var. Engin fordæmi eru fyrir því að fullvalda ríki tapi svo miklu í einni svipan og því finnst hvergi leiðarvísir sem svo fámenn þjóð getur farið eftir. Það sem gerir stöðu okkar enn erfiðari eru hin miklu kross- og hagsmunatengsl sem hafa fengið að þróast í lausbeisluðu markaðssamfélagi.

Skuldsetning heimilanna fór verulega að aukast eftir einkavæðingu bankanna og yfirtöku þeirra á íbúðalánamarkaðnum. Léttara aðgengi að neyslulánum á mesta þenslutímabili Íslandssögunnar hefur nú komið mörgum í greiðsluerfiðleika, sérstaklega þeim sem tóku tilboði bankanna um lán í erlendri mynt eða evrulán og þyngja þau enn frekar greiðslubyrðina vegna gengisfellingar krónunnar. Þar til viðbótar koma ofurvextir og vísitölutrygging lána.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi vinnst ekki tími til að skoða hverjir það eru sem hafa fjárfest óvarlega og hverjir það voru sem tóku lán til að hafa þak yfir höfuðið. Afleiðingarnar verða þær sömu fyrir alla einstaklinga og fjölskyldur þeirra ef þeir missa ofan af sér húsnæðið og eru lýstir gjaldþrota. Það sem við blasir er að nú þegar hefur fjöldi fólks misst atvinnuna, ekki eingöngu í byggingariðnaðinum og þeim greinum sem honum tengjast en þar hlaut að koma til uppsagna vegna offjárfestinga heldur hefur hrun fjármálamarkaðarins, greiðslustöðvanir og óyfirstíganleg vaxtabyrði lána og yfirdráttarkostnaðar komið vel reknum fyrirtækjum í þrot, gert fleiri atvinnulausa en tilefni er til. Atvinnuleysi og uppsagnir eða óvissa um eigið atvinnuöryggi gerir afkomu heimilanna enn erfiðari.

Hæstv. forseti. Ég vil sérstaklega minnast á þann mikla fjölda sem þarf að framfleyta sér á lægstu launatöxtunum, lífeyrisgreiðslunum og atvinnuleysisbótum. Þessir einstaklingar gátu varla lifað mannsæmandi lífi á bótagreiðslum fyrir hamfarirnar og ég tel að það sé útilokað fyrir fólk að framfleyta sér á þeim nú. Það verður að huga sérstaklega að kjörum þessara hópa og námsmanna sem framfleyta sér á námslánum.

[12:21]

Rósa Guðbjartsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Það steðja að erfiðari efnahagslegar aðstæður í landinu en flest okkar hefðum getað gert okkur í hugarlund að við mundum verða vitni að. Í þeirri óvissu sem enn ríkir um hve mikið efnahagslegt tjón verður hér á landi eru það heimilin og fjölskyldurnar sem okkur ber sérstaklega að hafa áhyggjur af og því ber að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að taka þetta mál upp.

Þær þrengingar í atvinnulífinu sem blasa við koma á endanum fyrst og fremst niður á heimilunum og fjölskyldunum. Að þeim verðum við að hlúa og ekki síst börnunum og unglingunum sem munu eiga erfitt t.d. vegna atvinnuleysis foreldra og fjárhagsvandræða af þeim sökum. Það verður sameiginlegt verkefni okkar allra í öllum stofnunum þjóðfélagsins að takast á við þessa erfiðleika. Sveitarfélögin sem veita grunnþjónustu samfélagsins eru þar í veigamiklu hlutverki.

Nú er unnið að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár í flestum sveitarfélögum landsins og víst er að þar verður víða erfitt að láta enda ná saman í þeim breyttu aðstæðum sem nú eru komnar upp. Sveitarfélögin eru svo sannarlega misjafnlega undir það búin að þurfa að takast á við fjárhagsleg áföll rétt eins og heimilin og fyrirtækin en ljóst er að flest þeirra verða að draga úr útgjöldum. Að mínu mati er afar mikilvægt að sveitarfélögin geri allt hvað hægt er til að láta væntanlegan niðurskurð ekki koma niður á þeim gjöldum sem barnafólk þarf að greiða. Það skiptir afkomu heimilanna í landinu gríðarlega miklu máli að gjöld á leikskólum og frístundaheimilum, gjöld fyrir skólamáltíðir og til íþrótta- og tómstundastarfs verði ekki hækkuð. Það skiptir heimilin og börnin okkar miklu máli að sem minnstar breytingar eða röskun verði á ytri aðstæðum eða félagslífi þeirra, þ.e. að þau geti enn sótt frístundaheimilin, stundað sínar íþróttir eða tómstundir óháð efnahag og fjárhagslegum aðstæðum foreldranna. Þessi félagslega þátttaka þeirra skiptir líklega aldrei meira máli en einmitt nú. Börnunum er svo mikilvægt að daglegt líf þeirra haldi sem mest óbreytt áfram þrátt fyrir fjárhagslegar þrengingar og nú á forvarnadegi er einmitt vert að minna á mikilvægi þátttöku barna og unglinga í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi og hve mikið forvarnagildi slík þátttaka hefur.

Fræðslumálin eru kostnaðarsamasti liður sveitarfélaganna og þurfa sveitarfélögin óhjákvæmilega að beita niðurskurðarhnífnum á þeim vettvangi eins og annars staðar. Skólastjórnendurnir sjálfir þekkja líklega best hvar mögulegt er að hagræða innan skólanna sjálfra. Hvort sem það verður gert með því að draga úr forfallakennslu, fjölga nemendum sums staðar í bekkjum eða hvaða leiðir verða valdar er ljóst að það verða erfiðar ákvarðanir, enda um viðkvæman málaflokk að ræða. Að mínu mati er þó mikilvægt að passað verði upp á börn sem af misjöfnum ástæðum eiga undir högg að sækja í skólakerfinu, að í lengstu lög verði hlúð að þeim sem minnst mega sín í skólanum.

Á undanförnum árum, á góðæristíma, hafa sveitarfélögin tekist á hendur ýmis og fjölbreytt ný verkefni en nú verður að velja og hafna. Hver eru þau nauðsynlegustu og hvaða verkefni geta íbúarnir verið án? En umfram allt skulum við sameinast um að passa upp á hagsmunamál og heill barnanna okkar og þá um leið afkomu heimilanna.

[12:24]

Bjarni Harðarson (F):

Herra forseti. Við erum að tala hér um grafalvarlega hluti og mér blöskrar nokkuð það alvöruleysi sem er yfir umræðunni í máli hæstv. ráðherra sem reyndar sjá síðan ekki ástæðu til að vera viðstaddir þessa umræðu nú og ég tel það miður. Hér hefur verið talað vikum saman um aðgerðir en það liggja engar fyrir sem máli skipta. Það er ekki nóg að ráðherra gefi út yfirlýsingu um að kannski verði gripið til einhverra ráðstafana, fjölskyldurnar í landinu standa frammi fyrir mikilli neyð. Fjöldi ungs fólks og fólks á öllum aldri stendur frammi fyrir svo alvarlegum greiðsluerfiðleikum að það bíður þess að gefa sig upp til gjaldþrota-

skipta og það er mjög alvarlegur hlutur. Fjöldagjaldþrot í samfélagi okkar er mein eða sár sem ristir mjög djúpt og það hefur áhrif til áratuga, það hefur áhrif á líf þess manns sem fyrir því verður það sem eftir er.

Við lásum í fréttum fyrir nokkrum dögum að eitt af stóru fyrirtækjunum, máttarstólpunum, Samson, hefði verið í greiðslustöðvun. Þegar það fór út úr þeirri greiðslustöðvun lýsti það því yfir að það hefði reyndar aldrei átt krónu upp í þessar skuldir. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að sýna þann manndóm núna að stöðva algerlega aðfarir og gjaldþrot einstaklinga meðan unnið er úr mestu flækjunni. Það er ekki rétt forgangsröðun sem hér kom fram í máli hæstv. viðskiptaráðherra að mestu máli skipti að krónan komist á flot. Það er vissulega mikið atriði en mestu máli skiptir að koma í veg fyrir þau sár sem þessi kreppa getur valdið hjá saklausu fólki, ég segi saklausu vegna þess að bankarnir, fjármálakerfið og það mikla neyslufyllirí sem samfélagið allt hefur verið á hefur ginnt þetta fólk inn í vegferð sem það hafði ekki sérfræðiþekkingu til að meta hver væri og sérfræðingar landsins — það eru ekki bara stjórnmálamenn sem hafa brugðist — sérfræðingastéttin hefur ekki síður brugðist.

Varðandi það markmið sem hæstv. viðskiptaráðherra vill gera að fyrsta og mér heyrðist jafnvel eiginlega eina markmiðinu, að krónunni væri komið á flot, þá væri óskandi í því samhengi að það liði heill dagur, það liði, herra forseti, heill sólarhringur án þess að ráðherrar Samfylkingarinnar og þingmenn sama flokks töluðu krónuna niður. Það er ekki mjög líklegt að árangur náist í því máli meðan sífellt er sparkað í gjaldmiðil okkar og honum kennt um ófarir sem öllum á nú að vera ljóst að er algerlega að ósekju. (Forseti hringir.) Boðað hefur verið að hæstv. dómsmálaráðherra komi með frumvarp um greiðsluaðlögun í næstu viku en ég kalla eftir því að það verði strax á mánudag og hefði reyndar helst viljað að það yrði fyrr.

[12:28]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Við lifum sérkennilega og sögulega tíma. Allt sem við trúðum á hér á landi er hrunið í einu vetfangi. Hver hefði trúað því að fjármálakerfi okkar gæti fallið um sjálft sig á nokkrum dögum og hver hefði trúað því að á einum mánuði þyrftum við öll að horfast í augu við þá dapurlegu staðreynd að við höfum lifað í blekkingu og einhvers konar gerviheimi á undanförnum árum, heimi sem hefur snúist um græðgi og sérhagsmuni og alls kyns samábyrgð hefur verið ýtt til hliðar? Hugmyndafræði frjálshyggjunnar hefur ráðið för, hver er sjálfum sér næstur. Hvað hefur það leitt yfir okkur? Vaxandi óréttlæti og misskiptingu þar sem þeir sem ekki voru með í geiminu urðu undir.

Sú efnahags- og peningamálastefna sem rekin var linnulaust á árunum 1995–2007 er gjaldþrota. Það er staðreynd, hæstv. forseti. Hvað gerir þjóð sem er næstum því gjaldþrota? Það sama og öll heimili í landinu við svipaðar aðstæður, hún skoðar í hvern krók og kima og leitar nýrra lausna og nýrra tækifæra. Gleymum því ekki að það leynast tækifæri til að endurskapa og leyfa sér að hugsa upp á nýtt við svona aðstæður.

Rithöfundurinn Margaret Drabble sagði á einum stað: „When nothing is sure, everything is possible“, sem, með leyfi forseta, útleggst á íslensku: „Þegar ekkert er á hreinu er allt mögulegt.“ Við þurfum að innleiða nýtt gildismat, gildismat sem byggir m.a. á umburðarlyndi, áhættumeðvitund og gegnsæi í allri ákvarðanatöku. Núna horfum við upp á að verið er að gefa upp á nýtt m.a. í fjármálakerfinu og þar er mikilvægt að allt sé uppi á borðum og það sé gegnsæi í öllum ákvörðunum sem varða fyrirtæki og einstaklinga, að allir hafi sömu möguleika og leikreglurnar séu þekktar fyrir fram. Það þarf að lofta út úr bakherbergjum karlanna og setja nýtt fólk til valda, fólk með aðra sýn og annað gildismat. Það gildismat sem ég er að tala um er auðvitað mun kvenlegra en hið gamla og kannski er hreinlega kominn tími til að konur komi meira að rekstri landsins en hingað til. Það þarf að hugsa allt upp á nýtt. Við skuldum heimilunum í landinu það að leggja gömlu gildin, viðmiðin og leikreglurnar til hliðar. Við þurfum að breyta öllu sem var viðtekið. Þess vegna þarf að skoða það vandlega að færa niður lán heimilanna því að það er hræðilegt ef fjölskyldur fara í fjöldagjaldþrot.

Önnur leið sem ég vil líka láta skoða til þrautar er sú að þeir einstaklingar og fjölskyldur sem eiga einhvern viðbótarlífeyrissparnað geti innleyst þá fjármuni og notað þá til að greiða niður skuldir. Margar aðrar leiðir eru færar en til þess að koma með nýjar lausnir þarf nýtt fólk með annað gildismat sem hugsar öðruvísi en þeir sem hingað til hafa ráðið för. Og ég stend hér, hæstv. forseti, og hugsa að mér sé svipað innan brjósts og mörgum öðrum landsmönnum. Ég ætla að leyfa mér að leggja það til sem innlegg í þessa umræðu að skipaður verði hópur kvenkynssérfræðinga sem fái það verkefni að koma með tillögur hið snarasta. Við megum engan tíma missa. Nóg er af klárum og flottum konum, t.d. í fjármálastofnuninni Auður Capital sem nota bene er eitt af fáum fjármálafyrirtækjum í landinu sem ekki eru í kröggum. Það eru konur innan raða Félags kvenna í atvinnurekstri og innan háskólasamfélagsins sem hæglega gætu unnið slíkan pakka. Þjóðin sem átti fyrsta kvenforsetann á heimsvísu og bauð fram fyrsta kvennalistann til þings á nú að sýna umheiminum að við höfum kjark og þor til að horfast í augu við mistök og gjaldþrot karlakapítalismans og setja konur til verka. Þannig eru líkur á að við endurheimtum traust og komum fram með tillögur til úrbóta fyrir heimilin.

Ég vil endurtaka tilvitnunina í rithöfundinn hér á undan og bæta hana og segja: Þegar ekkert er á hreinu er allt mögulegt, jafnvel kynjajafnrétti.

[12:32]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Efnahagsvandinn sem við er að glíma hér á landi í kjölfar fjármálahrunsins er geigvænlegur og kemur við alla Íslendinga, öll íslensk heimili. Efnahagslegt hrun fjölmargra heimila blasir satt að segja við.

Á fundi miðstjórnar Samiðnar í gær var fjallað um vaxandi atvinnuleysi og efnahagslegt hrun heimilanna.

Í ályktun Samiðnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Miðstjórn Samiðnar lýsir fullri ábyrgð á hendur íslenskum stjórnvöldum á því ástandi sem nú ríkir í landinu.

Við blasir meira atvinnuleysi en þekkst hefur í marga áratugi og fram undan er efnahagslegt hrun þúsunda heimila. Orsakir þessa ástands eru að stórum hluta heimatilbúinn vandi, m.a. vegna óstjórnar í íslenskum efnahagsmálum til margra ára, sem hefur einkennst af óstöðugu gengi, mikilli verðbólgu, stjórnlausri gróðahyggju og duglausu eftirliti hins opinbera með fjármálastarfsemi í landinu.“

Síðar:

„Mikilvægt er að í þessum málum verði unnið hratt því að engan tíma má missa. Ef ekkert verður aðhafst blasir við að mikill hluti atvinnulífs stöðvast með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.“

Þetta segir m.a. í samþykkt miðstjórnar Samiðnar. Hér kristallast að sjálfsögðu kjarni málsins.

Við Íslendingar þurfum að ráðast í varnaraðgerðir. Fjárhagslegur varnarviðbúnaður heimilanna í landinu verður að felast í margháttuðum aðgerðum stjórnvalda en því miður hafa viðbrögð ríkisstjórnarinnar verið heldur fálmkennd. Vissulega er verið að kynna einhverjar aðgerðir til sögunnar sem eru góðra gjalda verðar og við hljótum öll að vilja standa á bak við.

Ýmsar leiðir geta að sjálfsögðu komið til álita, nokkrar hafa þegar verið nefndar í þessari umræðu og kynntar til sögunnar en ég nefni hér nokkur atriði sem ég tel mikilvægt að ráðast í eða vil a.m.k. að verði látið skoða mjög alvarlega hvort forsendur eru til. Ég nefni frystingu verðtryggingar lána. Það er óðs manns æði að ætla að láta verðbólguskotið sem við erum að kljást við nú magna upp skuldabyrði með vísitöluhækkunum á sama tíma og kaupmáttur rýrnar geigvænlega og atvinnuleysi eykst dag frá degi.

Ég nefni vaxtabætur og húsaleigubætur. Til að styðja sérstaklega við þá sem hafa lágar tekjur, mikla framfærslubyrði eða hafa misst atvinnu á að hækka vaxtabætur til þeirra sérstaklega og hið sama verður að gera með húsaleigubæturnar. Ríkið á enn fremur að taka alfarið að sér húsaleigubætur og losa sveitarfélögin við þær enda munu sveitarfélögin þurfa að takast á við umtalsverðan aukinn kostnað vegna fjárhagsaðstoðar og ráðgjafar. Þá á að skoða möguleika á lengingu lána og flutningi afborgana en þó þarf að gæta þess að fjármagnskostnaður við slíkar ráðstafanir verði ekki óbærilegur. Það á e.t.v. að athuga möguleika á norskri leið, að innleiða möguleika einstaklinga og fjölskyldna til nauðasamninga þar sem tiltekinn hluti skulda er felldur niður í stað þess að setja fjölskyldurnar í þrot. Þessar og margvíslegar fleiri aðgerðir eru nauðsynlegar og hafa þarf hraðar hendur. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Nú þarf nýja hugsun og framsækna sýn og raunverulega verðmætasköpun byggða á hugviti, þekkingu og reynslu þeirra fjölmörgu sem hafa misst eða munu missa vinnuna. (Forseti hringir.) Ríkisstjórn sem ekki megnar að veita þá leiðsögn sem nú er svo brýn tapar (Forseti hringir.) allri tiltrú og trausti þjóðarinnar.

[12:36]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að stofna til þessarar umræðu í dag, það hefur margt áhugavert komið fram. Það sem stendur kannski upp úr er óvissan sem ríkir nú á tímum, við vitum ekki hvar við stöndum, við höfum ekki enn náð að klára málið gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þótt við vonumst til þess að það klárist strax eftir helgi. Við vitum ekki úr hverju við höfum að spila á næsta ári, við vitum ekki hver sameiginlegur fjárhagur þjóðarinnar er og meðan svo er er fjarskalega erfitt að ákveða til hvaða aðgerða á að grípa til lengri tíma. Þetta er ekki gott svar en þetta er heiðarlegt svar og því miður er ekki til neitt betra svar á þessari stundu.

Það er þrennt sem stendur að mínu mati upp úr umræðunni í dag. Í fyrsta lagi þessi gríðarlegi vandi sem blasir við á vinnumarkaði þar sem atvinnuleysi, verðbólga og gríðarháir vextir eru að sliga atvinnulífið. Það hefur bein áhrif á afkomu heimilanna í landinu þar sem kaupmáttur þeirra, vaxandi skuldasöfnun og gríðarleg bílalán valda mikilli reiði og hræðslu meðal fólks í landinu. Það er sú reiði og sú hræðsla sem ég vil gera að umtalsefni í dag.

Þó að ríkisstjórnin hafi undanfarnar vikur unnið að því að kynna til sögunnar aðgerðir til þess að hjálpa þjóðinni við núverandi aðstæður — ég vil sérstaklega nefna fyrirætlan ríkisstjórnarinnar um að gera fólki kleift að grípa til nauðasamninga á grundvelli gjaldþrotaskiptalaganna, eða hvernig svo sem menn útfæra það — hjó ég líka eftir því hjá hæstv. forsætisráðherra, sem áður hefur komið fram hjá ríkisstjórninni, að ef menn eru komnir algjörlega í þrot sé ekki kippt undan möguleikum fólks á að búa í húsnæði sínu. Ég held að þetta sé kannski mesti óttinn sem nú er í þjóðfélaginu að fólk er hreinlega svo hrætt um sitt nánasta umhverfi, það er hrætt um börnin sín, það er hrætt um heimilið, fólk er hreinlega farið að kvíða fyrir jólunum. Þetta er ástand sem við stjórnmálamenn verðum að horfast í augu við. Þetta er það versta sem getur gerst þegar hræðslan er svo mikil í þjóðfélaginu og hún beinist mjög að fólki í þessum sal, hún beinist að okkur öllum hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu. Nú er ekki gerður greinarmunur á því hvar menn standa í flokkum, nú eru allir stjórnmálamenn undir, nú eru allar stofnanir ríkisins undir, ríkisstjórnin, Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið. Það er allt undir, yfirvöld eru undir. Fólkið fer út á göturnar, þar er hættan sem blasir við. Við þetta fólk þurfum við að tala heiðarlega. Við þurfum að segja fólkinu eins og satt er: Okkar vandi er gríðarlegur, menn eru að reyna að grípa til þeirra aðgerða sem tækar eru en við vitum ekki enn þá nákvæmlega hvernig okkar staða mun verða á morgun og hinn daginn og hinn daginn.

Háttalag Breta gagnvart okkur hefur ekki verið til fyrirmyndar. Þau ósköp sem nú dynja yfir í milliríkjadeilum okkar við Breta eru þessleg að við hefðum aldrei trúað því að við ættum eftir að lenda í slíkum vanda við okkar vinaþjóð, að við töldum. Það er þessi óskaplega reiði sem nú beinist gagnvart Bretum sem er áberandi. Fólk er fokreitt yfir því að þeir meðhöndla okkur eins og stórglæpamenn og spyr eðlilega hvort við hefðum getað varið okkur betur. Þetta háttalag er ekki til að efla trú þeirra sem vilja ganga í Evrópusambandið. Drottinn minn, ef þetta eru viðtökurnar hjá herraþjóðunum við vanda smárrar vinaþjóðar segi ég bara eins og Laxness sagði forðum: Hvað get ég gert fleira fyrir yður?

Íslendingar standa einir. Við munum þurfa að komast upp úr þessum vanda sjálf. Við munum beita öllum þeim

ráðum sem við getum til þess að gera það en aðalatriðið er að við tölum heiðarlega (Forseti hringir.) við fólkið í þessu landi.

[12:40]

Ellert B. Schram (Sf):

Herra forseti. Vissulega er þörf á þessari umræðu þó að ekki væri til annars en að undirstrika að þingheimur og stjórnvöld eru sannarlega með hugann við þetta viðfangsefni, þ.e. heimilin og húsaskjólið. Um erfiðleikana þarf ég ekki að fjölyrða, þeir blasa við öllum.

Eins og hér hefur verið upplýst eru nú í gangi á vegum ráðuneyta sérstakir viðbragðshópar um tillögur um aðgerðir á þessum vettvangi og áfram verður haldið á þeirri braut. Staðan breytist fljótt frá degi til dags og hún getur enn versnað og þess vegna er þetta lífróður. Það má enginn halda eða láta í það skína að Alþingi Íslendinga taki ekki þátt í þessum róðri.

Á tímum sem þessum finnum við til þess að Íslendingar eru ein stór fjölskylda. Hver og einn þarf að taka þátt í þessu björgunarstarfi. Hið opinbera getur ekki skipulagt allt eða bjargað öllu. Það þarf frumkvæði og úrræði af hálfu samfélagsins, félagasamtaka og einstaklinga með því að halda beinlínis utan um hvert annað, bjóða fram krafta okkar, bjóða jafnvel fram aðstöðu á heimilum og taka þátt í heimilishaldi hvert annars ef allt um þrýtur.

Sú röskun sem kann að eiga sér stað í heimilismissi og upplausn er sömuleiðis mikil andleg áreynsla, taugaáföll og hreinlega uppgjöf. Við þessu verður einnig að bregðast, það er hluti af vörn heimilanna. Í þessari baráttu verðum við öll að standa saman sem ein stór fjölskylda og það eru leiðir út úr þessum ógöngum og það birtir upp um síðir.

Herra forseti. Ástandið er slæmt, það er okkur öllum ljóst. Það hjálpar ekki til í augnablikinu að deila um orsakir og skammast út af orðnum hlut. Þær deilur geta beðið og verða gerðar upp síðar. Í stað þess að leita sökudólga er það hlutverk okkar þingmanna að snúa bökum saman, finna sameiginlega ráð til að lágmarka skaðann og þar hefur stjórnarandstaðan vissulega sínu hlutverki að gegna. Við, bæði Íslendingar allir og þingmenn sérstaklega, hvar í flokki sem við stöndum, eigum á næstu vikum að standa saman, telja kjark í fólk og tala einni röddu. Það er okkar sameiginlega verkefni að gefa fólki von og trú. Skammir, rifrildi og svartagallsraus gera ekkert gagn. Ábyrgð okkar felst í því, herra forseti, að brjótast og berjast út úr þessum vanda og róa öll í sömu átt.

[12:43]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum hér afkomu heimilanna og það er afskaplega þörf umræða einmitt núna vegna þess að heimilin standa frammi fyrir verulega miklum vanda, verulega slæmum vanda, vanda sem við höfum aldrei séð áður hér á landi, alla vega ekki núlifandi menn. Ég tel að ef við horfum á afkomu heimilanna sé mikilvægast að horfa á atvinnuna. Fólk sem ekki hefur atvinnu er á margan hátt mjög illa sett, sálfræðilega, aflar ekki tekna, þarf bætur sem eru borgaðar af skattpeningum sem þarf að afla frá hinum sem hafa vinnu, þannig að það er mjög mikilvægt að viðhalda atvinnustiginu í landinu. Það ætti að vera verkefni númer eitt, tvö og þrjú hjá okkur þegar við hugsum um afkomu heimilanna.

Til þess þurfum við t.d. að skoða stýrivexti. Ég held að þeir séu allt of háir til þess að viðhalda atvinnustigi, það er svo aftur mál sem við þurfum að skoða. Við þurfum að skoða það að lengja í lánum fyrirtækja, breyta gjaldþrotalögum, gæta þess að setja ekki fyrirtæki á hausinn nema algjöra og brýna nauðsyn beri til, leyfa þeim að lifa eins lengi og hægt er. Við þurfum að skoða atvinnuleysistryggingar. Þegar er komið fram frumvarp um að menn geti farið í hlutastörf, hlutaatvinnuleysi, og við þurfum að auka fjárveitingar til verkefna sem þurfa mikinn mannskap, við þurfum að fara að skoða þær fjárveitingar ríkisins sem veita atvinnu.

Við þurfum að vernda vissa þjóðfélagshópa með velferðarkerfinu, við þurfum að gæta barnanna sérstaklega. Ef maður hugsar til þess sem gerðist í Finnlandi á sínum tíma og lýst var hér í morgunútvarpinu í fyrradag þá er það alveg skelfilegt og það er eitthvað sem við þurfum að passa að komi ekki upp í íslensku þjóðfélagi. Við þurfum að gæta aldraðra og öryrkja og við þurfum að taka upp nýtt greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustunni til að jafna þær byrðar þannig að enginn þurfi að borga óeðlilega mikið.

Við þurfum að standa vörð um verðtryggingu lána, merkilegt nokk. Lífeyrissjóðirnir, stærstu eigendur verðtryggðra krafna á Íslandi, eru að verða fyrir miklum áföllum og ef veita á þeim eitt höggið í viðbót með því að afnema verðtryggingu lána eru menn bara að segja að skerða eigi lífeyri gamla fólksins enn meira. Það finnst mér ekki falleg hugsun, ekki í þessari stöðu.

Við þurfum að vernda lántakendur, íbúðakaupendur og fólk sem er með bíla- og neyslulán. Menn geta haft alls konar skoðanir á því af hverju fólk fór út í þetta en staðan er svona, við þurfum að horfa á stöðuna eins og hún er núna. Við þurfum að hjálpa fólki við að minnka við sig íbúðir, við þurfum að hjálpa fólki við að selja bílana sína, við þurfum að hjálpa fólki að lengja í lánum, frysta afborganir lána, breyta gengistryggðum lánum í verðtryggð lán frá útgáfudegi, það væri t.d. ein lausn, því að verðtryggðu lánin eru miklu þægilegri afborgunar en gengistryggð lán, alla vega eins og staðan er núna.

Mest um vert tel ég vera að koma gengismarkaðnum á flot þannig að raunverulegt gengi myndist við krónuna og verðlag geti lækkað aftur og gengistryggðu lánin verði bærileg. Við erum búin að sækja um hjá IMF, sem ég vona að nái fram án óeðlilegra aukaskilyrða, að menn séu ekki að nota einhverjar þumalskrúfur þar eins og mér sýnist síðustu daga að sé reyndin.

Við Íslendingar stöndum nokkuð vel að vígi. Ef við ráðum við þessi jöklabréf sem við erum að dæla út höfum við mjög sterkan útflutning, verulega sterkan útflutning. Íslenska þjóðin er farin að spara þannig að vöruskiptajöfnuður og viðskiptajöfnuður er jákvæður og þegar upp er staðið munum við hafa meira framboð á erlendum gjaldeyri en eftirspurn þannig að gengi krónunnar mun styrkjast.

[12:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir hér á landi nú eftir hrun bankanna þarf að huga að öðrum gildum en þeim sem hafa ráðið ferðinni í samfélagi okkar undanfarin ár. Nú þarf að hafa manngildið í heiðri, manngildið ofar auðgildinu. Allir verða og eru reyndar að leggjast á eitt við að lina áhrif þessarar holskeflu sem ríður á okkur, lina áhrifin á venjulegt fólk og heimilin í landinu. ASÍ gerði það á ársfundi sínum með aðgerðaáætlun og hagspá, geysilega mikilvægt framlag og fín vinna. Samtök atvinnulífsins, BSRB og önnur hagsmunasamtök hafa komið að málum og allir verða að taka höndum saman og eru að gera það.

Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að hefja þessa mikilvægu umræðu um grundvallarvelferðarmál dagsins, afkomu heimilanna. Erfiðir tímar eru fram undan og á vegum ríkisstjórnarinnar hefur verið lögð nótt við dag í að vinna aðgerðaáætlun til að vernda heimilin og endurheimta fjármálastöðugleika sem er ærið verk Við verðum að standa vörð um velferðina, það er aldrei mikilvægara en nú. Standa vörð um þá sem þurfa að treysta á hana, aldraða, öryrkja, sjúklinga og aðra sem treysta á velferðarþjónustuna. Nú þegar hefur ríkisstjórnin samþykkt fjölmargar aðgerðir til að tryggja velferð almennings við þessar aðstæður og um leið afkomu heimilanna sem er auðvitað forgangsmál.

Hæstv. forsætisráðherra rakti allmörg atriði í ræðu sinni og ég ætla ekki að endurtaka það en mig langar til að nefna aðgerðir til að sporna við atvinnuleysi, þ.e. frumvarp sem liggur nú fyrir og verður rætt á eftir um breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð, mjög mikilvægt mál sem ber að hraða í gegnum þingið.

Ég ætla að nefna nokkra þætti sem unnið er að vegna þess að fólk kallar eftir svörum, hvað er verið að gera og við eigum að svara því. Samfélagsleg ábyrgð ríkisbankanna er og verður mjög mikil og þeim verður falið að sinna henni. Þeim hefur verið falið að innleiða þegar úrræði fyrir einstaklinga sem lenda í greiðsluvanda á sambærilegan hátt og Íbúðalánasjóður starfar eftir. Þeim er falið að flýta sem kostur er færslu allra lána með veðum í íbúðarhúsnæði yfir til Íbúðalánasjóðs. Til stendur að breyta lögum um að fella tímabundið niður stimpilgjöld af skilmálabreytingum og skuldbreytingalánum af íbúðarhúsnæðisveðlánum, heimilt verður að skuldbreyta lánum vegna vanskila hjá Íbúðalánasjóði og þau lengd í 30 ár í stað 15 ára, greiðsluaðlögun einstaklinga verður komið á og verið er að vinna í vanda lántakenda vegna verðtryggingar. En ég held að það sé rétt sem Lilja Mósesdóttir sagði á fundi Samfylkingarinnar í gærkvöldi að menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af verðtryggingunni, ástandið yrði þannig að verðbólga væri ekki fram undan. (Forseti hringir.)

Að mörgu er að hyggja. Við verðum að svara spurningum fólks og það er búið að koma upp samræmdri þjónustu (Forseti hringir.) og upplýsinganeti til að svara spurningum og ég hvet fólk til að nota sér það.

[12:51]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Herra forseti. Íslenska þjóðin stendur frammi fyrir gríðarlegum efnahagsvanda og sá vandi vindur upp á sig. Í samfélaginu ríkir ótti, kvíði og reiði og það er skiljanlegt. Ástæður þessa vanda eru margþættar og verða væntanlega rannsakaðar af þar til bærum fagaðilum og í ljós mun koma hvar upphafið liggur og þeir sem hugsanlega þurfa að svara til saka munu gera það.

Forsendan fyrir því að við getum tekið á þessum efnahagsvanda er gengisþróun krónunnar, að krónan styrkist, því að það mun hafa úrslitaáhrif á það hve djúpur og varanlegur þessi samdráttur í efnahagsvanda þjóðarinnar verður. Við þurfum líka að koma gjaldeyrismarkaði þjóðarinnar af stað. Við þurfum gegnsæjar reglur um það hverjir fá gjaldeyri og hverjir ekki. Það á hvorki að vera háð duttlungum né vekja tortryggni eða neitt í þá veru. Hins vegar skiptir meginmáli að fram undan er hjá fjölda fólks atvinnuleysi, kaupmáttarrýrnun og áhyggjur af húsnæði og greiðslubyrði lána.

Hvað þurfum við að gera? Í mínum huga er það algerlega klárt að rýmka verður lána- og greiðslukjör bæði til fyrirtækja og einstaklinga til að komast hjá keðjuverkandi gjaldþrotum. Þetta verður að gera strax og allir verða að sitja við sama borð. Það er ekki nóg að fela Íbúðalánasjóði eða bönkunum að gera tiltekna hluti, það þarf að binda þetta með lögum og þar kemur aðkoma Alþingis. Sett voru lög árið 1985, nr. 63, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Ég tel að dusta þurfi rykið af þeim lögum og skoða þau og Alþingi þurfi að setja lög þar sem allir sitja við sama borð og séu ekki háðir duttlungum hvorki Íbúðalánasjóðs né bankanna. Þetta verður að gera, sama hvernig fólk hefur stofnað til skulda sinna. Þetta er grundvallaratriði og þarna þarf Alþingi að láta til sín taka.

Við þurfum líka að taka til í rekstri ríkisins. Þar verður að skoða hvað má betur fara, hvar er hægt að skera niður án þess að það bitni á velferðarþjónustu samfélagsins. Í mínum huga er ekki hægt að hækka skatta við þessar aðstæður. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa, mörg hver, komið sér saman um, og fleiri sveitarfélög í kjörnum úti á landi, að vinna saman og reyna að stemma stigu við hækkun gjaldskráa, standa vörð um velferðarþjónustuna og grunnþjónustu samfélagsins. Á því ríður nú. Skattahækkanir og gjaldskrárhækkanir verða ekki til þess að aðstoða fjölskyldur og heimilin í landinu en grunnatriðið er að aðstoða fólk, aðstoða fjölskyldur við að halda húsum sínum, heimilum sínum, hvernig sem til þeirra lána var stofnað. Þar verður Alþingi að koma að og setja lög þannig að allir sitji við sama borð en séu ekki háðir duttlungum þeirra sem vinna í bönkum eða hjá Íbúðalánasjóði. Það er brýnast, það eru skilaboðin sem þarf að senda heimilunum í landinu.

[12:55]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Herra forseti. Við ræðum hér stöðu heimilanna í landinu og það er skiljanlegt að sú umræða sé vakin. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hóf hana og talaði m.a. um okurvexti lífeyrissjóða, Íbúðalánasjóðs og fleiri stofnana ef ég man rétt. Þetta var mikill reiðilestur þannig að ég varð bara hálf-

hræddur, ég verð að segja það. Ég fékk þá tilfinningu, ástandslýsingin var svo hrikaleg. En svo tók hæstv. forsætisráðherra til máls og flutti þjóðinni mjög góða og þarfa ræðu, sem ég þakka honum fyrir, þar sem hann útskýrði fyrir þjóðinni þær aðgerðir verið er að vinna í. Það er verið að semja lög, það er verið að semja reglur um hvað á að taka til bragðs í þessu ástandi. (**ÖJ:** Lítilþæg Samfylking.) Viltu hætta að gjamma, hv. þingmaður, ég er með orðið, ég kallaði ekki fram í fyrir þér.

Ég vil líka taka undir orð hæstv. viðskiptaráðherra sem lýsti í góðu máli hvaða áform eru uppi til að taka á þeim gríðarlegu vandamálum sem við blasa. Margt fólk sem búið er að segja upp er mjög óttaslegið, margir óttast að missa vinnuna og ríkisstjórnin gerir sér fulla grein fyrir þessari stöðu og hefur margsinnis lýst því yfir í hvaða aðgerðir við erum að fara. Ég hvet fólk til að lesa þær ræður sem hæstv. forsætisráðherra og hæstv. viðskiptaráðherra fluttu hér og margir fleiri. Ég vil líka þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir gott og jákvætt innlegg hennar í umræðu samfélagsins þar sem ríkir ótti og kvíði.

Það er eitt sem mig langar líka til að bæta við, hæstv. forseti. Það hefur orðið mikil breyting á gengi krónunnar. Ég vil benda á að í því geta fólgist ákveðin tækifæri og ég hvet þau fyrirtæki sem flutt hafa starfsemi sína úr landi vegna þess hvernig gengið var statt að koma aftur, ef þau mögulega geta, með starfsemi inn í landið til að auka hér atvinnu. Ég hvet alla iðnaðarmenn á Íslandi sem eru duglegir og góðir menn til að athuga möguleika á því að framleiða vöru bæði til innanlandsmarkaðar vegna gengisstöðunnar og líka til útflutnings.

[12:58]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Íslenskt samfélag hefur orðið fyrir miklu áfalli með hruni bankakerfisins. Við þessar aðstæður er mikilvægast að við komum á fjármálastöðugleika og verjum öflugt atvinnulíf sem byggir á landsins gæðum. Það eru þessir þættir öðrum fremur sem eru mikilvægir þegar kemur að því að verja hagsmuni heimilanna í landinu.

Styrking krónunnar og lækkun vaxta eru grundvallarforsendur fyrir því að ná efnahagsstöðugleika til lengri tíma litið. Það má vera að við verðum um stund að færa enn frekari fórnir til að ná því markmiði eins og kemur fram í mati Seðlabankans og jafnvel annarra og síðan þurfi að hækka stýrivexti tímabundið. En við verðum að grípa til brýnna aðgerða til að hjálpa skuldsettum heimilum og það án tafar. Það er sitthvað sem við getum gert. Við þurfum að tryggja t.d. möguleika Íbúðalánasjóðs til að veita greiðsluerfiðleikalán til þeirra sem skulda bönkunum, einnig að sjóðurinn geti aðstoðað íbúðarkaupendur þegar kemur að vaxtaendurskoðun bankanna á íbúðalánum Við þurfum að afnema stimpilgjöld af húsnæðislánum til að greiða fyrir endurfjármögnun þeirra. Við þurfum að skoða þann möguleika að heimila einstaklingum að nýta viðbótarlífeyrissparnað sinn til að greiða höfuðstól húsnæðislána í þeim tilfellum þar sem metið er að slík aðgerð beri árangur. Við verðum við þessar aðstæður að horfa sérstaklega til ungs fólks og barnafjölskyldna. Við verðum að tryggja að öll börn og unglingar geti notið leikskóladvalar, náms- og tómstunda óháð efnahag og félagslegri stöðu og við þurfum að skoða möguleika á breytingum á barna- og vaxtabótum auk tekjutengingar á endurgreiðslum námslána. Þetta eru hlutir, virðulegi forseti, sem er mikilvægt að grípa til án mikillar tafar og Alþingi hefur sýnt það stundum í verkum sínum og stjórnsýslan að hægt er að vinna hraðar en sá snigilshraði sem oft einkennir störf okkar býður upp á. Þetta er sá farvegur sem þarf að búa til núna.

Atvinnuleysi er eitthvað það versta sem á okkur getur dunið. Við verðum að beita öllum tiltækum ráðum til að efla atvinnustigið. Við verðum að líta til lífeyrissjóðanna og skapa forsendur fyrir þá til að koma að endurreisn íslensks atvinnulífs. Við verðum að auka neyslu á innlendri framleiðslu og efla þannig atvinnulíf og spara mikilvægan gjaldeyri. Við þurfum að flýta mannaflsfrekum framkvæmdum og haga þeim þannig að ekki þurfi að koma til útboða á EES-svæðinu. Við verðum að berjast fyrir hagsmunum Íslands í loftslagssamningum og verja íslenska ákvæðið. Það er okkur gríðarlega mikilvægt til lengri tíma litið. Aðrar áherslur geta skaðað okkur verulega í atvinnumálum þjóðarinnar í framtíðinni. Við verðum að endurskoða verkferla og vinnubrögð vegna umhverfismats og leggja áherslu á takmarkaðri tímafresti en nú er. Við megum engan tíma missa. (Gripið fram í.) Við þurfum að sýna samstöðu um að á gæðum lands og sjávar byggjum við upp öflugt mannlíf til framtíðar og hvaða skoðanir fólk hefur annars staðar í veröldinni á þeirri stefnu sem við þurfum að fylgja í þeim efnum má ekki ráða för.

Virðulegi forseti. Fjölskyldan er hornsteinn samfélagsins og heimilið er öryggi fjölskyldunnar og hornsteinn hennar. Við verðum að verja þessa hornsteina í samfélagi okkar með öllum tiltækum ráðum.

[13:02]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hér hefur margt verið ágætlega sagt, bæði úr röðum stjórnarandstöðu og stjórnar þó að ég skrifi ekki upp á alla hluti þar. Og ekki skrifa ég upp á ræðu hæstv. forsætisráðherra eins og þingmaður Samfylkingarinnar gerði hér áðan og hvatti þjóðina til þess að lesa hana rækilega. Hún olli mér sannast sagna miklum vonbrigðum.

Hæstv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde, segist vera önnum kafinn við björgunaraðgerðir. Á hvern hátt er ríkisstjórn hans önnum kafin? Í hverju birtist björgunarleiðangur Geirs H. Haardes, hæstv. ráðherra, íslenskri þjóð? Það er einkum í fimm liðum:

Í fyrsta lagi birtist björgunaraðgerðin í því að hækka stýrivexti um 50%, að vísu að skipun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en með samþykki ríkisstjórnarinnar. Einn hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Pétur H. Blöndal, sagði áðan að honum þættu þessir vextir að vísu heldur háir. Yfirdráttarvextir á Íslandi eru núna 26,5%, það eru 265 þús. kr. fyrir hverja milljón í vanskilum, fyrir heimili og fyrirtæki — heldur háir. Þetta er björgunaraðgerð hæstv. forsætisráðherra, Geirs H. Haardes, að keyra hér upp vaxtastigið og setja hengingaról á heimili og fyrirtæki.

Í öðru lagi talar ríkisstjórnin um að frysta lán og fresta afborgunum af lánum. Gott og vel. Það er ekki talað um að

lækka vexti og létta byrðunum af fólki til frambúðar, nei, það á að fresta greiðslunum. Þetta er það sem á sínum tíma var kallað að lengja í hengingarólinni.

Í þriðja lagi kynnti hæstv. forsætisráðherra okkur ráðagerðir sem ættaðar eru frá því í upphafi ársins í kjarasamningum á vinnumarkaði. Þetta var okkur kynnt hér sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar við núverandi vanda. Þá er talað um að setja krónuna á flot, talað er um það sem aðgerð. Hæstv. viðskiptaráðherra kynnti þá aðgerð fyrir okkur. Það á að gera að hætti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins með því að keyra upp vextina til að halda í við fjármagnsflæðið út úr landinu. Reyndar lýstu ráðherrar því yfir um leið og það var gert að þetta stæði bara í stuttan tíma sem var vísbending til allra um að drífa sig úr landi með gjaldeyrinn. Þetta eru nú vinnubrögðin á þeim bænum og ég hef miklar efasemdir um aðferðafræðina þar.

Síðan vek ég athygli þingsins á því sem sagt var um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Okkur verður náðarsamlegast kynnt bréf á mánudaginn, okkur verður ekkert sagt hvað þessum aðilum fór í milli. Er t.d. ríkisstjórnin búin að taka út af sínu borði frumvarp sem var tilbúið hér í haust um að gera Íbúðalánasjóð að hlutafélagi? Er hæstv. heilbrigðisráðherra og þar með ríkisstjórnin staðráðin í að halda áfram markaðsvæðingu heilbrigðiskerfisins?

Ég ítreka jafnframt spurningar mínar til hæstv. ráðherra: Hvað ætlar hann að segja við einstaklinginn atvinnulausa (Forseti hringir.) með 136 þúsund á mánuði, við öryrkjann, aldraða? Stendur til að boða til (Forseti hringir.) róttækra breytinga í skattkerfinu með hátekjuskatti og kjarajöfnun, (Forseti hringir.) að afnema gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu, í skólakerfinu? (Forseti hringir.) Ég auglýsi eftir einhverjum svörum, ekki gömlum lummum og aðgerðaleysi, (Forseti hringir.) að menn séu sveittir við að gera ekki neitt.

[13:06]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ef einhver er með gamlar lummur í málflutningi sínum eða frammíköllum hér held ég að það eigi við um hv. þingmann. Ég leyfði mér að rifja upp að við hefðum í upphafi ársins gert samkomulag við aðila vinnumarkaðarins en það er ekki að öllu leyti komið til framkvæmda. Mér þykir leitt ef hv. þingmaður telur að ekki megi rifja þá hluti upp.

Við erum hér að tala um mjög alvarlega hluti. Við göngum í gegnum mjög þungbæra erfiðleika sem eiga eftir að bitna á mörgum. Þá er lágmark að um slík mál sé fjallað á málefnalegan hátt á hinu háa Alþingi. Margir þingmenn hafa auðvitað gert það í dag. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur gert það að hluta til en því miður ekki að öllu leyti því að honum hættir til að missa stjórn á skapi sínu í ræðustólnum eins og við þekkjum. (**ÖJ:** Það er annað en forsætisráðherrann.)

Ég rakti í nokkrum atriðum aðgerðir sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir núna og snerta beint afkomu og hagsmuni heimilanna sem er umræðuefni þessarar umræðu: Heimildir Íbúðalánasjóðs til að auka svigrúm fyrir þá sem lenda í greiðsluerfiðleikum. Aukin þjónusta Ráðgjafarstofu heimilanna og tilmæli til ríkisbankanna um að frysta tímabundið afborganir og vexti af myntkörfulánum. Frumvarp um að fella tímabundið niður stimpilgjöld af skilmálabreytingum og skuldbreytingalánum. Frumvarp um breytingu á lögum um húsnæðismál til að lengja skuldbreytingalán og gera fólki kleift að leigja og búa áfram í íbúðum sem það hefur misst. Breytingar á reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sem skipta þann hóp gríðarlega miklu máli. Aukið námsframboð í háskólum og framhaldsskólum og samstarf við þá aðila. Menntun og ráðgjöf til fólks á vinnumarkaði, sérstaklega þeirra sem hafa litla menntun að baki til að bregðast við breyttum aðstæðum. Samræmt þjónustunet til að auðvelda fólki aðgang að upplýsingum sem skipta máli við þessar aðstæður. Að lokum má nefna frumvarpið sem rætt verður á eftir um lækkað starfshlutfall og tekjutengdar atvinnuleysisbætur sem skerðast ekki vegna launagreiðslna þegar fólk er í hlutastarfi.

Það eru aðgerðirnar sem búið er að kynna og fleira er í bígerð. Þess vegna hef ég leyft mér að segja það, hæstv. forseti, sem hv. þingmaður tók illa upp, að við værum önnum kafin í ríkisstjórninni. Hann telur að við séum ekki að gera neitt og það litla sem við gerum sé rangt.

Hv. þingmaður talar mikið um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn vegna þess að hann hefur frá fornu fari haft horn í síðu hans af ástæðum sem mér hafa ævinlega verið óskiljanlegar. Við stefnum í samstarf við þann sjóð sem er ekki hingað kominn til þess að leggja stein í götu Íslendinga eða hamla hagþróun og uppbyggingu heldur þvert á móti. Til þess að slík áætlun geti gengið upp þarf að vera samstarf milli aðila um þær aðgerðir sem grípa þarf til og ég fullyrði að langflest af því er þess eðlis að við mundum hafa gripið til þeirra hvort eð var, þ.e. hvort sem við værum í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða ekki.

Hitt er svo annað mál, herra forseti, að komið hafa upp önnur mál í þessu sambandi gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem við sættum okkur ekki við að verði blandað saman við afgreiðsluna hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þá er verið að tala um uppgjör vegna hinna svokölluðu Icesave-reikninga og vil ég að eftirfarandi komi fram sem ég hef sagt við fjölmiðla að undanförnu og ítreka hér: Við munum ekki láta kúga okkur í því máli. Við viljum ekki láta þann svarta blett sem þessir Icesave-reikningar eru, verða okkur (Forseti hringir.) til trafala á þessum vettvangi.

[Fundarhlé. — 13:10]

Umræður utan dagskrár.

Málefni fasteignaeigenda.

[13:34]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Nú fer fram áður boðuð utandagskrárumræða um málefni fasteignaeigenda. Málshefjandi er hv. þm. Birkir Jón Jónsson og félags- og tryggingamálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:34]

Birkir J. Jónsson (F):

Herra forseti. Þessi umræða er framhald á umræðu síðan

í morgun um mál málanna, stöðu heimilanna í landinu. Ég hef kvatt mér hljóðs til að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra út í stöðu húsnæðiseigenda almennt.

Eins og alþjóð veit hafa efnahagshamfarirnar sem hafa riðið yfir landið undanfarnar vikur haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslensk heimili og staða margra húsnæðiseigenda er mjög alvarleg. Við skulum játa það — og ég vil játa það — að margir Íslendingar hafa lifað mjög hratt og hátt á undanförnum árum. Sá sem hér stendur er alveg fús til að taka hluta af ábyrgðinni á sig.

Það mun jafnframt koma í hlut kynslóðar minnar að greiða háan reikning í kjölfar hamfaranna. Ég er tilbúinn til að taka þátt í því og er fullviss um að við munum gera það í sameiningu sem þjóð. Mikilvægt er að við stöndum saman á tímum sem þessum.

Þess vegna er mikilvægt að nú þegar ráðist stjórnvöld í aðgerðir sem skipta skulduga húsnæðiseigendur máli. Líkt og bent var á í umræðum í morgun er skuldsettasti þjóðfélagshópurinn hjón og sambúðarfólk á fertugsaldri, en það skuldar að jafnaði 23 millj. kr. Það segir sig sjálft að þegar annar aðilinn eða jafnvel báðir missa atvinnuna þá hriktir í. Því er bráðavandi á mörgum heimilum. Það er til skuldugt fólk sem getur því miður ekki staðið undir miklum skuldbindingum, herra forseti.

Ég er á því, eins og sagt var í umræðum í morgun, að við eigum að halda þessu fólki í landinu og ef það á hreinlega ekki gefast upp á því að lifa og starfa hérlendis verðum við að koma með einhver raunveruleg úrræði. Ég verð að játa það, herra forseti, að mig lengir eftir þessum úrræðum.

Ekki vantaði yfirlýsingar ráðherra ríkisstjórnarinnar fyrir mánuði síðan um að komið yrði til móts við þarfir skuldugra heimila. Ef ekki er hægt að standa við stóru orðin er betra að sleppa slíkum yfirlýsingum því almenningur verður að geta treyst orðum stjórnmálamanna, ekki síst á tímum sem þessum. Það er nauðsynlegt. Ég vil því, herra forseti, vitna í ummæli hæstv. viðskiptaráðherra Björgvins G. Sigurðssonar fyrir mánuði, með leyfi hæstv. forseta:

„„Eitt af því mikilvægara sem við gerum er að koma til bjargar skuldugu fólki. Íbúðalánasjóður mun fá takmarkalausa heimild til að kaupa upp öll veðlán sem tengd eru húsnæðiskaupum,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra aðspurður um örlög fólksins í landinu sem tekið hefur húsnæðislán tengd erlendri mynt og horfir nú upp á að eiga enga möguleika á því að standa undir afborgunum sem hafa hækkað í hlutfalli við fall krónunnar. Björgvin segir að þau lán sem um ræðir verði tekin inn í Íbúðalánasjóð sem samkvæmt heimild muni lækka þau til samræmis við það gengi sem var þegar lánið var tekið. „Þannig munum við koma til móts við þá sem skulda.““

Þetta sagði hæstv. viðskiptaráðherra fyrir mánuði síðan. Ég vil spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort þetta sé gerlegt. Ég vil líka spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort almenningur í landinu geti fært skuldir sínar úr bönkunum yfir í Íbúðalánasjóð. Því heimildir mínar herma að það sé á valdi bankanna að færa ákveðinn stabba af skuldum til Íbúðalánasjóðs og almenningur hafi því miður ekkert um það að segja. Þar af leiðandi hafa yfirlýsingar hæstv. ráðherra fallið um sjálfar sig, þegar fólk hafði væntingar um að það gæti farið með lán sín yfir til þess góða sjóðs sem Íbúðalánasjóður er.

Einnig hefur verið lofað frumvarpi um greiðsluaðlögun, sem er mikið velferðarmál og mikilvægt að við komum á hér. Ég hef þær upplýsingar að málið sé í höndum réttarfarsnefndar sem mun ekki skila af sér fyrr en um næstu mánaðamót. Mjög langt er síðan hæstv. ráðherrar lofuðu frumvarpinu. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort við megum eiga von á að frumvarp um greiðsluaðlögun verði afgreitt frá Alþingi fyrir jól.

Ég spyr líka hæstv. ráðherra um þær hugmyndir að lengja í lánum þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum hjá Íbúðalánasjóði og að lokum, hæstv. forseti, spyr ég um þá mikilvægu stofnun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og hvort hæstv. ráðherra hyggist beita sér fyrir að starfsemi hennar verði stórefld (Forseti hringir.) því Ráðgjafarstofan aðstoðar margar fjölskyldur sem glíma við mikil vandamál (Forseti hringir.) þessi missirin.

[13:40]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Herra forseti. Um mitt sumar tilkynnti ríkisstjórnin um aðgerðir til að liðka fyrir fasteignaviðskiptum. Þær fólu í sér hækkun hámarkslána, afnám viðmiðunarlána við brunabótamat og útgáfu nýrra skuldabréfaflokka til að fjármagna ný og eldri húsnæðislán innan stofnana. Einnig hefur verið gripið til aðgerða til að efla húsaleigumarkað með umtalsverðri hækkun húsaleigubóta og fjölgun á félagslegum leiguíbúðum. Ég er ekki í vafa um að aðgerðir ríkisstjórnarinnar í sumar komi í veg fyrir algera stöðnun á fasteignamarkaði en snemma í haust var Íbúðalánasjóður nánast orðinn einn á markaðnum.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2009, sem var lagt fram 1. október, var gert ráð fyrir fjórðungssamdrætti í fasteignaviðskiptum á árinu að magni til, sem endurspeglar snarpan samdrátt í fasteignaviðskiptum, mikið magn óseldra íbúða, takmörkun á lánsfjármagni til íbúðakaupa og aukinn kostnað.

Virðulegi forseti. Hið mikla áfall íslenska efnahagslífsins í byrjun október gerir eldri spár um framtíð fasteignaviðskipta að engu. Spá Seðlabankans í dag gerir ráð fyrir ríflega 40% lækkun íbúðaverðs að raunvirði til ársloka 2011 sem er hátt í helmingslækkun frá því að íbúðaverð náði hámarki árið 2007. Mikilvægast í húsnæðismálum nú er að reyna með öllum ráðum að gera fólki kleift að halda húsnæði sínu og forða heimilunum frá gjaldþroti vegna ört vaxandi greiðslubyrði. Að því er nú unnið í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Óhjákvæmilegt er að eignir fólks muni á næstunni rýrna að verðgildi. Til lengri tíma mun virði eigna ráðast af því hvernig okkur gengur að vinna okkur út úr erfiðleikunum og laga greiðslubyrði að greiðslugetu fólks. Í því skyni hef ég rýmkað heimildir Íbúðalánasjóðs til að koma til móts við lántakendur sem lenda í greiðsluvanda. Íbúðalánasjóður getur nú heimilað lántakendum að greiða eingöngu vexti og verðbætur af vöxtum og verðbótum í tiltekinn tíma. Þessar heimildir koma til viðbótar eldri úrræðum sem geta m.a. falist í skuldbreytingum vanskila, lengingu lána og frystingu afborgana í allt að þrjú ár.

Ég hef lagt fram frumvarp á Alþingi — síðast er ég vissi var það til umfjöllunar hjá stjórnarflokkunum — sem heimila Íbúðalánasjóði að veita skuldbreytingarlán vegna greiðsluerfiðleika til allt að 30 ára í stað 15 ára áður og fyrir liggur að fella niður stimpilgjald vegna skilmálabreytinga og skuldbreytinga af vanskilalánum. Íbúðalánasjóði er jafnframt veitt heimild til að leigja fyrri íbúum eða fela öðrum, t.d. sveitarfélögum, að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem stofnunin kann að eignast hvort sem um er ræða húsnæði í eigu einstaklinga eða leigufélaga og er það afar mikilvægt ákvæði.

Þá hefur Íbúðalánasjóður mildað innheimtuaðgerðir stofnunarinnar. M.a. hefur frestur frá gjalddaga til sendingu greiðsluáskorana verið lengdur og heimilt er að afturkalla nauðungarsölu gegn greiðslu þriðjungs vanskila í stað helmings áður. Frestur til að rýma uppboðsíbúðir hefur verið lengdur og heimildir til greiðslufrestunar vegna sölutregðu á eldri íbúðum hafa verið rýmkaðar verulega. Tilmælum var beint til bankanna fyrir nokkrum vikum að gefa fólki kost á sömu greiðsluerfiðleikaúrræðum og lántakendum hjá Íbúðalánasjóði bjóðast. Bankarnir hafa brugðist misjafnlega við tilmælunum og m.a. til að gæta jafnræðis að þessu leyti finnst mér mikilvægt að húsnæðislánin verði flutt frá bönkunum til Íbúðalánasjóðs. En fyrst þarf að ljúka mati á eignarfærslu á lánum milli gömlu og nýju bankanna og get ég því miður ekki sagt nákvæmlega til um það hvenær það getur orðið en ég vona að það verði sem allra fyrst.

Áhrif verðtryggingar á skuldir er áhyggjuefni. Áætla má að heildarskuldir heimilanna séu nú um 1.850 milljarðar kr. Þar af eru verðtryggðar skuldir um 1.400 milljarðar. Það var rangt af mér að gefa of miklar væntingar um að hægt yrði að frysta greiðslu verðtryggðra lána eða frysta höfuðstól miðað við ákveðna dagsetningu fyrir hrun bankanna. Engu að síður er starfshópur sérfræðinga á mínum vegum að skoða færar leiðir í þessu efni með það að markmiði að létta greiðslubyrði fólks af verðtryggðum lánum á meðan verðbólga er sem hæst og hef ég góðar vonir um að það geti tekist.

Hugmyndir sem fram hafa komið eins og að gera Íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðunum kleift að eignast fasteignir fólks að hluta eða öllu leyti gegn leigu er einnig til skoðunar ásamt mörgum öðrum. Um er að ræða nokkrar athyglisverðar hugmyndir sem verið er að skoða í félags- og tryggingamálaráðuneytinu og verður félagsmálanefnd væntanlega gerð grein fyrir því máli þegar við komum á fund nefndarinnar eftir helgi.

Þjónusta Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna hefur verið efld en verkefni hennar er að aðstoða þá sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Mikilvægt er einnig að frumvarp um greiðsluaðlögun sem unnið er að komi sem fyrst í framkvæmd og verði að lögum fyrir jól.

Virðulegi forseti. Við verðum að gera allt sem við getum til að tryggja stöðu heimilanna í landinu og aðstoða fólk við að komast yfir erfiðasta hjallann. Í framhaldi af því skulum við einbeita okkur að því að byggja upp nýjan fasteignamarkað til framtíðar með hagsmuni almennings að leiðarljósi.

[13:45]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég tek undir áhyggjur málshefjanda, hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, um aðstöðu fasteignaeigenda og ekki síst unga fólksins sem skuldar hvað mest í sínu húsnæði. Mig langar sérstaklega að ræða tvennt: Í fyrsta lagi almennt um greiðsluörðugleika því að við þingmenn heyrum dæmi um að fólk leitar til síns opinbera viðskiptabanka og fær vægast sagt mismunandi viðbrögð við greiðsluerfiðleikum sínum. Það fær jafnvel þau svör að það teljist ekki eiga í greiðsluörðugleikum þó að það sjái greinilega fram á það út frá því að starfshlutfall þess hafi verið minnkað, laun lækkuð, atvinnuástand ótryggt og afborganir af íbúðum farið stighækkandi svo ekki sé minnst á bílalán og önnur lán sem fólk er með. Það má segja að greiðsluörðugleikar virðast ekki vera skilgreindir á sama hátt eftir því hvert maður leitar. Það er auðvitað áhyggjuefni þegar við erum með þrjá opinbera viðskiptabanka. Það verður auðvitað að gæta jafnræðis gagnvart fólki og það skiptir mjög miklu að komið sé til móts við fólk sem er að reyna að taka á sínum málum í tíma. Það reynir að bregðast við og fær jafnvel þau svör að ekkert sé hægt að gera fyrr en í óefni er komið.

Þeir fasteignaeigendur sem eru með verðtryggð lán á eignum sínum horfa á eignarhlutinn minnka með hverri greiðslu en lánin hækka þar sem áhætta lánveitandans er engin en lántakandans öll. Ég held að nauðsynlegt sé að koma til móts við þá. Hæstv. ráðherra sagði að væntingar hefðu kannski verið of miklar en er ekki hægt að horfa til hærri vaxtabóta eða einhverra lagabreytinga til að hægt sé að kippa verðtryggingunni úr sambandi þetta tímabil þar sem við erum stödd í óvenjulegustu efnahagsaðstæðum Íslandssögunnar?

Ég vil minna á að húsnæði er hluti af íslenska velferðarsamfélaginu og það á að vera kappsmál okkar að fjölskyldur í landinu geti verið öruggar inni á sínum heimilum. Það á að vera forgangsverkefni okkar að styðja við fjölskyldurnar í landinu (Forseti hringir.) á meðan þetta gjörningaveður gengur yfir.

[13:48]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Sá vandi sem blasir við fasteignaeigendum nú um stundir er ábyggilega einn sá alvarlegasti sem nokkurn tíma hefur riðið yfir fasteignaeigendur á Íslandi. Íslendingar hafa tekið gjaldeyrislán í stórum stíl á undanförnum árum og núna þegar er greiðslubyrðin af þeim orðin svo geigvænleg að til vandræða horfir fyrir venjulegar fjölskyldur og heimili í landinu og vandséð að úr rætist á næstunni. Í þeirri vinnu sem unnin hefur verið á vegum félagsmálaráðherra hefur sérstaklega verið litið til þess hvar er hægt að leita leiða til að greiða úr greiðsluvanda heimilanna.

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir og við samþykktum það með neyðarlögunum svokölluðu að hægt sé að færa stafla af íbúðalánum frá bönkum yfir til Íbúðalánasjóðs. Það kann að vera mjög mikilvæg aðgerð með það fyrir augum að leysa málið. Í *Peningamálum* Seðlabankans í morgun var m.a. vikið að fasteignamarkaðnum umfram það sem hæstv.

ráðherra Jóhanna Sigurðardóttir lýsti áðan, um 40% rýrnun fasteigna í landinu sem er gífurlega há upphæð þegar litið er til þess að á sama tíma vaxa lánin margfalt.

Þar kom jafnframt fram nauðsyn þess að menn litu til þess að endurfjármagna lán fyrirtækja og heimila. Mér þykir mikilvægt að það hafi komið fram hjá Seðlabankanum. Það er auðvitað í samræmi við það sem menn hafa verið að tala um á hinum pólitíska vettvangi en um leið verðum við líka að gæta að því að það verður ekkert smávegis verkefni fyrir Íbúðalánasjóð að taka á móti þeim lánum sem þar eru á ferðinni. Það er flókið úrlausnarefni að átta sig á því á hvaða kjörum slík yfirfærsla ætti að verða og eins hvort Íbúðalánasjóður sé í stakk búinn til að gera slíka hluti. Ég tel að ríkisstjórnin muni vinna hörðum höndum að málinu.

Það sem er óvenjulegt við stöðuna núna er að þeir sem lenda í greiðsluerfiðleikum átta sig á því fyrir fram. Fólk leitar ekki hjálpar núna vegna vanskila sem það er þegar komið í heldur leitar það sér hjálpar fyrir fram. Því fólki þurfum við að hjálpa og allar aðgerðir ríkisstjórnarinnar hníga í þá átt.

[13:50]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég hef aldrei efast um vilja hæstv. félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur til að vinna að velferðarmálum. Ég er ekki í vafa um að hún vill gera vel í þeim málaflokki sem og öðrum. En það er ekki hægt að horfa fram hjá því að Samfylkingin og hæstv. félagsmálaráðherra eru í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn sem ekki hefur gefið sig út fyrir að vilja gera breytingar á velferðarkerfinu. Ef eitthvað er hefur Sjálfstæðisflokkurinn haft það að mottói að halda niðri peningagreiðslum til þeirra mála. Hann lagði mikla áherslu á það á síðasta þingi að leggja niður Íbúðalánasjóð og færa viðskiptin frá honum til viðskiptabankanna sem nú eru komnir á hausinn allir með tölu.

Það er auðvitað hægt að fagna því að verið sé að skoða vexti og verðbætur og frystingu á lánum til þriggja ára hjá fólki sem skuldar mikið. Fyrir þinginu liggur frumvarp frá Frjálslynda flokknum um afnám á stimpilgjöldum og er hægt að taka það upp. Eins er hægt að horfa á með jákvæðum hætti að fresta nauðungarsölu ef greiddur er einn þriðji af vanskilaskuldum. Það er allt af því góða en það kostar peninga og ég óttast að erfitt verði að fá þá peninga frá þessari ríkisstjórn af því að það skortir vilja hjá stórum hluta þeirra sem styðja ríkisstjórnina. 1.850 milljarðar í íbúðalán eru miklir peningar og verður erfitt að færa það yfir til lánasjóðs á næstunni. Það mun taka það langan tíma að sjálfsagt mun þá verða farið að hrikta verulega í stoðunum hjá mörgum. Við settum neyðarlög til að reyna að bjarga bankaviðskiptunum. Við þurfum ekki síður neyðarlög til að hjálpa fjölskyldunum í landinu.

[13:52]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Húsnæðismálin eru mikilvægt velferðarmál sem snertir hverja einustu fjölskyldu í landinu. Nú eru blikur á lofti og við getum átt von á því að margir muni eiga í erfiðleikum með að greiða af lánum sínum. Það er hins vegar of stutt síðan helstu áföllin riðu yfir okkur til að við getum gert okkur nákvæmlega grein fyrir hver þróunin verður.

Mikið hefur verið sagt af hálfu ríkisstjórnarinnar. Yfir það var farið m.a. af hálfu málshefjanda og miklar væntingar eru í loftinu. Fólk kallar eftir því að heyra hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar í þessum málum. Það er mikilvægt að reglugerðir um þau mál sem m.a. byggja á ákvæðum neyðarlaganna liggi fyrir sem allra fyrst þannig að allir geti gert sér grein fyrir því hvaða leikreglur eiga að gilda.

Mikilvægt hlutverk stjórnvalda er að beita sér fyrir því að fasteignamarkaður sé virkur og inn á það kom hæstv. ráðherra áðan. Því vakna spurningar m.a. um hvort til standi að gera breytingar á reglum um hámarksfjárhæð lána, ekki síst í ljósi þess að bankarnir hafa ekki verið með á þeim markaði að undanförnu. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðherra hvort til standi að rýmka reglur varðandi endurbótalán sem ég tel að skipti máli, m.a. varðandi byggingarmarkaðinn, varðandi verkefni við viðhald húsa sem við vitum að þarf að huga að.

Margt fleira má auðvitað ræða í þessu sambandi en mig langar af þessu tilefni að spyrja hæstv. ráðherra: Hver er staðan varðandi umfjöllun ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, um Íbúðalánasjóð? Í ljósi breyttra aðstæðna á bankamarkaði spyr ég einnig: Mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að ríkisbankarnir dragi til baka þá kæru sem liggur hjá ESA og fari yfir það mál með öðrum hætti í ljósi nýrrar stöðu? Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og áríðandi að fólk botni það sem allra fyrst.

[13:55]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jónssyni og hæstv. félagsmálaráðherra fyrir umræðu um málefni fasteignaeigenda. Þau hafa farið yfir erfiða stöðu húsnæðiseigenda og stöðu Íbúðalánasjóðs. Íbúðalánasjóður tilheyrir C-hluta ríkisfjármála og er fyrst og fremst lánastofnun en ekki stofnun sem á að eiga eignir. Forsvarsmenn sjóðsins komu á fund fjárlaganefndar fyrir tveimur dögum og fóru ítarlega yfir þá stöðu og horfur sem sjóðurinn stendur frammi fyrir. Eigið fé Íbúðalánasjóðs var um síðustu áramót 20 milljarðar en tæpir 600 milljarðar voru skuldsettir.

Fyrir liggur að Alþingi samþykkti 6. október, neyðarlagadaginn, heimild handa Íbúðalánasjóði til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði. Ekki þarf að leita samþykkis skuldara með slíkri yfirfærslu. Talið er í skýringum með lögunum að slík ráðstöfun geti reynst þáttur í nauðsynlegum aðgerðum við endurskipulagningu rekstrarfjármálafyrirtækja og er til að liðka fyrir fjármögnun. Því má telja ljóst af eðli skýringanna að lagaákvæðið snýr að hinni skuldsettu fjármálastofnun en ekki skuldsettum íbúðareigendum sem tóku lán í bönkunum. Enda er það svo þrátt fyrir að fjármálastofnanir hafi lánað 600 milljarða frá árinu 2004, 500 milljarða í verðtryggðum lánum og 100 milljarða í gengistryggðum lánum, eru þær ekki farnar að huga að sölu á skuldabréfunum. Ekkert hefur verið keypt yfir í Íbúðalánasjóð. Flækjustigið er mikið enda einhver hluti, hundruð milljarða, tengdir skuldabréfavafningum.

Það liggur líka ljóst fyrir að ef Íbúðalánasjóður á að

kaupa stóran hluta af umræddum skuldabréfum þarf að gefa út 600 milljarða í íbúðabréfum á móti nema til komi afföll. Þannig þarf að tryggja samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins að Íbúðalánasjóður fái lánsfjárheimild upp á 600 milljarða og því er ljóst að það kemur ekki að öllu leyti úr ríkisbönkunum enda á yfirfærslan að liðka fyrir endurskipulagningu þeirra og lækka skuldsetningu bankanna. Þá má ekki gleyma því mikilvæga atriði að styrkja þarf um leið eigið fjárhlutfall Íbúðalánasjóðs um tugi milljarða og tryggja viðunandi CAD-hlutfall hjá sjóðnum.

Virðulegur forseti. Þetta var um málefni fasteignaeigenda sem vilja margir komast í skjólið hjá Íbúðalánasjóði enda fullur skilningur á því, en þetta eru ekki síður málefni okkar sem fjöllum um ríkisfjármálin á Alþingi. Ég hvet til þess að um þau sé fjallað af aga og festu og hv. þingmenn muni (Forseti hringir.) að oft veltir lítil þúfa þungu hlassi.

[13:57]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Herra forseti. Ræða hv. formanns fjárlaganefndar var afar athyglisverð því að hún færir okkur heim sanninn um hversu gríðarlegt vandamál hér er við að eiga í tölum talið. En á hinn bóginn tel ég að ræða hv. þingmanns hafi verið fullkomlega óskiljanleg fyrir hinn almenna fasteignaeiganda í landinu. (Gripið fram í.) Það er gott og blessað. Það sem ég vil benda á er ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna gagnvart því að skýra fyrir almenningi á einfaldan hátt hver réttarstaða hans er. Hver er réttarstaða íbúðareigenda í dag? Hvað fólu neyðarlögin í sér? Ég legg við hlustir þegar hæstv. ráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, segir að hún telji að það eigi að heimila Íbúðalánasjóði að taka yfir fasteignatryggðar skuldir sem bankarnir hafa verið að lána íbúðaeigendum en mér finnst eins og það sé ekki komið á hreint. Mér finnst margt í þessum málum enn þá svo óhreint að þó að við getum slegið um okkur með þeim tölum sem hv. formaður fjárlaganefndar getur gert og hann skilur — og kannski við hér sem lesum fjárlagafrumvarpið daginn út og inn — er ekki nóg að gert til að skýra stöðuna fyrir almenningi.

Við skulum líka tala um réttlæti. Almenningur krefur okkur nú um að fella niður verðtrygginguna. Við vitum að það er engin töfralausn því að um leið og við gerum það fellum við líka niður verðtrygginguna t.d. af lífeyrissjóðunum okkar. En þegar hæstv. félagsmálaráðherra segir okkur að gert sé ráð fyrir 40% lækkun raunverðs fasteigna hljótum við að spyrja: Er þá ekki eðlilegt að gera ráð fyrir 40% lækkun á verðtryggingunni á móti? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í því? Ríkisstjórnin verður að tala skýrt við fasteignaeigendur þessa lands og gera það strax. Hún verður líka að svara spurningunum sem settar eru fram í afar athyglisverðri grein í *Morgunblaðinu* eftir Gylfa Zoëga og Jón Daníelsson. Ég spyr: Ætlar ríkisstjórnin að heimila að hægt verði að lengja lán og bjóða upp á umbreytingu lána í eignarhlut húsnæðislánveitanda (Forseti hringir.) í fasteignum? Það fyndist mér afar skynsamlegt. Ég vil að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin svari því.

[14:00]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Þetta er mikið áhyggjuefni sem við ræðum hér, þ.e. staða íbúðareigenda. Vandi margra heimila er mikill vegna þess ástands sem upp er komið. Lán hafa verið að hækka, afborganir hafa verið að hækka mjög skarpt, ekki síst á erlendum lánum.

Það hefur ýmislegt verið gert. Það hefur verið tekið til þess ráðs að heimila Íbúðalánasjóði að skuldbreyta lánum til 30 ára í stað 15 ára. Stimpilgjald vegna skuldbreytinga á lánum hefur verið fellt niður. Íbúðalánasjóði er heimilt að leigja út íbúðir sem hann eignast. Þetta hefur hæstv. félagsmálaráðherra farið yfir allt. Innheimtuaðgerðir hafa verið mildaðar og svigrúm aukið gagnvart þeim skuldurum sem lenda í vandræðum. Erlend lán hafa verið fryst, þ.e. hluti þeirra, sá hluti þeirra sem snýr að vaxtahlutanum, og einnig hafa sérstakar heimildir til þess að frysta lánin í heild sinni verið fryst.

En betur má ef duga skal. Það er spurning hvort það ætti að taka það upp að heimila greiðslu úr séreignalífeyrissparnaðarsjóðum til innágreiðslu á húsnæðislánum. Það gæti verið ein leiðin til að létta undir. Þá er spurning hvort bönkunum verði ekki gert skylt að lækka dráttarvexti. Dráttarvextir eru gríðarlega háir í dag og þungir fyrir heimilin og það er ekkert lögmál að það sé ákveðinn vaxtamismunur á milli stýrivaxta og dráttarvaxta, það er ekkert lögmál. Í svona háu vaxtastigi geta dráttarvextir verið miklu lægri því að nóg bíta vextir samt yfirleitt.

Þá mætti líka skoða það til skamms tíma að tengja afborgun á lánum tekjum einstakra greiðenda. Það verður auðvitað bara skammtímalausn en það gæti verið hins vegar gott að nota það ráð, t.d. til sex mánaða. (Forseti hringir.) Auk þess vil ég að þegar í stað verði hafinn undirbúningur að því að erlend lán verði áfram fryst ef til þess kemur að krónan verði jafnveik og nú eftir sex mánuði.

[14:02]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Menn tala um að það sé engin töfralausn til varðandi vanda íbúðareigenda en ég vil þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir að hafa hafið þessa umræðu. Í umræðunni hefur verið ruglað saman, ég veit ekki af hverju, að þegar verið er að tala um vanda íbúðareigenda þá kemur löggjöf um greiðsluaðlögun ekki sérstaklega að því máli. Vandi íbúðareigenda snýr fyrst og fremst að því sem hæstv. félagsmálaráðherra talaði um, þ.e. lækkun á raunverði fasteigna og hins vegar á móti hækkun á verðtryggðum lánum upp á 1.400 milljarða sem hvíla á fasteignunum. Þetta er vandinn.

Vandinn stafar af því að við höfum farið þá leið að hafa allt, allt öðruvísi lánakerfi en tíðkast nokkurs staðar annars staðar í veröldinni. Af hverju í ósköpunum ættu þeir sem taka lán á Íslandi að bera alla áhættu og horfa upp á eignir sínar brenna á meðan þeir sem veita lán eru bæði með axlabönd og belti og jafnvel eitthvað meira og hafa því alltaf borð fyrir báru? Það er nú einu sinni þannig að víðast hvar í veröldinni er það talinn vera áhættusamur atvinnuvegur að lána út fé en ekki þannig að þeir sem fá lánað eigi að taka alla áhættuna. Hér höfum við skipað þessu með öðrum

hætti og það er óviðunandi.

Það er talað um að það eigi að gera eitthvað varðandi dráttarvexti. Það er ekki það sem er höfuðatriðið í dag. Höfuðatriðið sem varðar íbúðareigendur er að þeir búi við sambærileg lánakjör og fólk í okkar heimshluta, gjaldmiðil sem hægt er að treysta og lánakjör þar sem er miðað við ákveðnar vaxtaforsendur og ákveðinn grundvöll til að standa á en ekki þetta hringl og þá vitleysu sem við búum við í dag. Það verður að taka verðtrygginguna úr sambandi núna vegna þess að hún telur ekki rétt.

[14:04]

Birkir J. Jónsson (F):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram sem endurspeglar náttúrlega hversu gríðarlegt vandamál það er sem við stöndum frammi fyrir. En það er verkefni og það er eitthvað sem við þurfum að takast á hendur.

Ég vil sérstaklega taka undir með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni og spyrja hæstv. ráðherra: Ætlar hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að draga kæru ríkisbankanna sem nú er til meðhöndlunar hjá ESA til baka? Hún er á þann veg að Íbúðalánasjóður eigi að draga sig út af markaðnum. Ég held að þessi umræða hafi sýnt það að mikilvægi Íbúðalánasjóðs hefur aldrei verið jafnmikið og nú. Við sem höfum staðið vörð um starfsemi sjóðsins munum náttúrlega gera það áfram og sé ég að margir vildu Lilju kveðið hafa — ég sé reyndar ekki marga sjálfstæðismenn rétta upp hönd en það er kannski ástæða fyrir því — en mikilvægi Íbúðalánasjóðs er mikið.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því, af því að nú á ríkið alla bankana og ríkið á Íbúðalánasjóð, hvort það þurfi ekki að gæta jafnræðis á milli þeirra sem skipta við bankana og skipta við Íbúðalánasjóð. Hæstv. ráðherra talaði um að fólk ætti að geta breytt lánum sínum á þann veg að Íbúðalánasjóður tæki yfir viðkomandi húsnæði og fólk færi að leigja húsnæði af sjóðnum.

Það er verið að bera fólk út úr íbúðum að kröfu ríkisbankanna í dag. Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort það sé eitthvert réttlæti í því að útbúa sérreglur fyrir þá sem skipta við Íbúðalánasjóð þannig að þeir geti verið áfram í húsnæði sínu á meðan við horfum upp á það, og sjálfur hef ég gert það, að fólk sé borið út að kröfu ríkisbankanna. Hér þarf að stíga mjög varlega til jarðar og ég spyr ráðherrann að því, af því að það er mjög mikilvægt að við fáum svör við því: Ætlar ráðherrann að beita sér fyrir því að það verði farið með sambærilegum hætti að gagnvart skuldurum ríkisbankanna, sem við eigum öll, og Íbúðalánasjóðs, sem er líka í ríkiseigu? Það er mikilvægt (Forseti hringir.) sem og að fá svör við því hvað hæstv. ráðherra ætlar sér að gera varðandi kæru til ESA.

[14:07]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá síðasta ræðumanni og einnig hjá hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur, 4. þm. Reykv. n., að það er afar mikilvægt að gætt sé jafnræðis milli þeirra sem eru með lán sín hjá bönkunum og Íbúðalánasjóði. Það hefur verið gert með ákveðnum tilmælum til bankanna en ég tek undir að það hefur ekki alltaf gengið eftir. Þess vegna hef ég sagt að það sé svo mikilvægt að lánin verði flutt yfir til Íbúðalánasjóðs til þess að jafnræðis sé gætt vegna þess að annað er auðvitað óþolandi, að þeir sem eru hjá bönkunum, eins og hv. þingmaður nefndi, að um þá gildi ekki þær reglur sem eru hjá Íbúðalánasjóði. Mér er gjörsamlega fyrirmunað að skilja af hverju bankarnir geta ekki farið eftir þeim reglum sem gilda hjá Íbúðalánasjóði að því er varðar fólk í greiðsluerfiðleikum og greiðsluvanda, og t.d. að vera ekki að selja ofan af því og fara þær leiðir sem Íbúðalánasjóður hefur.

Íbúðalánasjóður er vegvísirinn í þessu efni og ég skora á bankana að fara eftir þessu og geri þeir það ekki verður auðvitað að fara yfir það mál af viðskiptaráðherra og ríkisstjórninni. Ef Íbúðalánasjóður yfirtekur lánin er það trygging fyrir jafnræði.

Það er auðvitað ýmislegt verið að gera eins og fram hefur komið. Við erum að skoða hvaða leiðir eru færar í verðtryggingamálunum. Það er vandasamt verk að gera það en aðalatriðið er að koma í veg fyrir misgengi launa og lána. Það er það sem við erum einmitt að skoða, að laga greiðslubyrðina að greiðslugetu fólks. Það er lykilatriði og það eru margar hugmyndir uppi á borði í því efni, sumum hef ég skýrt frá og sumar munu koma fram á næstu dögum.

Það sem spurt var um ESA þá er það alveg út af borðinu núna, það er gjörbreytt staða þannig að við munum ekkert vera með þau mál uppi á borðunum á næstu missirum eða árum, ég held að það sé alveg ljóst.

Hámarksfjárhæðina þarf að hækka en hjá Íbúðalánasjóði held ég að sé nú ekki ráð þegar stefnir hjá (Forseti hringir.) mörgum í það að eignir verði yfirveðsettar, en mér finnst endurbótareglurnar vera athyglisverð hugmynd að skoða, (Forseti hringir.) hvort hægt sé að rýmka þær eitthvað vegna endurbóta á íbúðarhúsnæði.

Atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa, 1. umr.

Stjfrv., 115. mál (hærri bætur vegna minnkaðs starfshlutfalls). — Þskj. 124.

[14:09]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.

Upp úr miðjum október komu fulltrúar félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins saman til að fara yfir hvaða áhrif þrengingar á fjármálamarkaði kynnu að hafa á innlendan vinnumarkað þar sem nokkur óvissa ríkir um stöðu og þróun á vinnumarkaði á næstu mánuðum.

Það liggur þó ljóst fyrir að mörg fyrirtæki horfast nú þegar í augu við verulegan samdrátt í starfsemi sinni sem óhjákvæmilega mun hafa í för með sér fjöldauppsagnir meðal launafólks og fjöldauppsagnir hafa verið gífurlega

miklar á undanförnum dögum og vikum. Sumar fjöldauppsagnir hafa þegar litið dagsins ljós og telur Vinnumálastofnun að ástandið á vinnumarkaði geti versnað hratt á næstu vikum.

Þær tillögur sem koma fram í frumvarpinu og byggjast á tillögum fulltrúa framangreindra aðila eru einmitt liður í því að koma til móts við atvinnulífið sem og launafólkið sjálft í þeim þrengingum sem fram undan eru. Það sem skiptir mestu máli er að hafist sé handa nú þegar. Það eru ráð sem okkur berast í ljósi reynslu annarra ríkja sem hafa lent í sambærilegum aðstæðum. Við verðum að hlusta á þessi ráð og læra af reynslu annarra. Ég vona að við komumst hjá því að missa atvinnuleysið í tveggja stafa tölu.

Ég segi þetta hér því það hefur reynst mörgum þjóðum erfiðleikum bundið að ráða við atvinnuleysið þegar það hefur náð að festa sig í sessi. Frumvarpið sem ég mæli hér fyrir er liður í því að sporna við því og vænti ég þess að félags- og tryggingamálanefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, hraði afgreiðslu þess eins og kostur er. Ég hefði gjarnan viljað sjá að það yrði að lögum í þessum mánuði sé þess nokkur kostur þannig að það gæti þá tekið gildi sem fyrst.

Ég hef tekið undir með forustu atvinnulífsins og hvatt fyrirtækin í landinu til að skoða fyrst þann kost að skerða starfshlutfall starfsmanna sinna áður en gripið er til uppsagna þegar þau horfast í augu við tímabundinn rekstrarvanda. Meginmarkmið frumvarpsins er að fólk verði áfram virkt á vinnumarkaði, það er lykilatriði, í stað þess að missa alveg vinnuna til lengri eða skemmri tíma.

Er frumvarpi þessu ætlað að koma betur en áður til móts við aðstæður launafólks þegar það tekur á sig breytingar í ráðningarkjörum í formi skerts starfshlutfalls vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis þess er það starfar hjá. Í frumvarpinu er því lagt til að sá tími sem heimilt er að greiða fólki tekjutengdar atvinnuleysisbætur verði lengdur hlutfallslega frá því sem nú er í samræmi við minnkað starfshlutfall þegar sótt er um atvinnuleysisbætur samhliða skertu starfshlutfalli. Þetta getur haft þau áhrif að launamaður sem hefur áunnið sér fullan rétt til atvinnuleysisbóta en þarf að lækka starfshlutfallið í 50% getur átt rétt á 50% tekjutengdum atvinnuleysisbótum í allt að sex mánuði í stað þriggja mánaða áður, en þó aldrei í lengri tíma en sem nemur gildistíma laganna verði frumvarp þetta samþykkt sem lög.

Enn fremur er lagt til að skerðing atvinnuleysisbóta vegna launagreiðslna fyrir hlutastarf verði felld niður enda hafi launamaðurinn að lágmarki 50% starfshlutfall. Á það við hvort sem launamaðurinn á rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta eða grunnatvinnuleysisbóta.

Ef ég held mig við dæmið um launamanninn sem lækkar starfshlutfall sitt í 50% þá ætti hann rétt á atvinnuleysisbótum að hámarki 110.365 kr. en bæturnar reiknast hlutfallslega miðað við lægra starfshlutfall út frá þeim rétti sem viðkomandi á innan kerfisins. Lagt er til að þessar breytingar á lögum um atvinnuleysisbætur verði tímabundnar og gildi til 1. maí 2009 en þá verði lögin endurskoðuð.

Framangreindar tillögur ganga í raun út á það að í stað þess að segja starfsfólki upp eða lækka við það launin yrði samið um lækkað starfshlutfall. Á móti launagreiðslum mundi Atvinnuleysistryggingasjóður greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur vegna þess starfshlutfalls sem sagt yrði upp. Launamaðurinn mundi þannig halda vinnunni og hluta tekna sinna hjá fyrirtækinu en Atvinnuleysistryggingasjóður mundi bæta 70% af tekjuskerðingunni. Þetta á við um þá sem eru með 315 þús. kr. eða minna á mánuði fyrir fullt starf en hámark atvinnuleysisbóta eru rúmar 220 þús. kr.

Í samanburði við algert atvinnuleysi mundi þessi leið draga mjög úr lífskjaraskerðingu launafólks. Gagnvart þeim sem hafa tekjur undir 315 þús. kr. fyrir fullt starf gæti dæmið litið svona út: Ef starfshlutfall yrði lækkað úr 100% í 50% mundi launamaðurinn halda 85% af fyrri launum í allt að sex mánuði en ef starfshlutfallið yrði lækkað úr 100% í 75% mundi launamaðurinn halda 92,5% af fyrri launum í allt að tólf mánuði þó aldrei lengur en nemur gildistíma laganna eins og ég nefndi hér áðan verði frumvarpið samþykkt hér á Alþingi.

Sjái fyrirtæki sér fært að fara að þessum tilmælum gerir það fleirum kleift að vera áfram virkir þátttakendur á vinnumarkaði en ella gæti orðið þar sem ætla má að færri missi starf sitt að öllu leyti. Ég hef reyndar fengið þær upplýsingar hjá Vinnumálastofnun að mikið hafi verið spurt um þann sveigjanleika sem frumvarpið hefur upp á að bjóða innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Veit ég jafnframt að starfsfólk hefur þegar tekið á sig þá kjaraskerðingu sem felst í minnkuðu starfshlutfalli. Ég óska því eftir að þingmenn og hv. félags- og tryggingnefnd skoði það sérstaklega hvort unnt sé að láta ákvæði 1. gr. frumvarpsins taka gildi frá og með 1. nóvember síðastliðnum. Þegar á heildina er litið er það mitt mat að þær leiðir sem lagðar eru til í frumvarpi þessu geti verið til hagsbóta fyrir alla aðila, einstaklingana sjálfa, fyrirtækin og samfélagið í heild.

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir að staða margra fyrirtækja er svo alvarleg að ekki er lengur grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri þeirra og við blasir gjaldþrot. Eðlilegt er að fyrirtæki grípi til ýmissa aðgerða í líf-róðri sínum til að auka líkurnar á að þau haldi velli næstu missirin. Þess vegna kunna að koma upp tilvik þar sem fyrirtæki hafa farið þá leið að skerða starfshlutfall starfsmanna sinna til að hagræða í rekstri sínum en síðan komið í ljós að gjaldþrotið er samt sem áður óumflýjanlegt. Við slíkar aðstæður, þegar starfshlutfall starfsmanna hefur verið skert skömmu fyrir gjaldþrot vinnuveitanda, er mikilvægt að réttur starfsmanna verði ekki fyrir borð borinn. Er því mikilvægt að dregið verði eins og frekast er unnt úr þeim áhrifum sem ákvarðanir vinnuveitenda um skert starfshlutfall kunna að hafa á réttindi starfsmanna innan velferðarkerfis okkar.

Með frumvarpinu er því lagt til að greiðslur úr Ábyrgðasjóði launa verði miðaðar við vinnulaun starfsmanna fyrir þrjá síðustu starfsmánuði þeirra í þjónustu hins gjaldþrota vinnuveitanda áður en starfshlutfall þeirra var skert vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að tekið verði mið af sama tekjuviðmiði við útreikning bóta vegna launamissis í uppsagnarfresti.

Skilyrði er að héraðsdómara hafi borist krafa um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda innan tólf mánaða frá því að starfshlutfall viðkomandi starfsmanns var skert. Miðað er við að framangreint gildi um kröfu launamanna um greiðsl-

ur úr Ábyrgðasjóði launa sem minnkar starfshlutföll sín á tímabilinu 1. október 2008 til 31. desember 2009. Þá er mikilvægt að áunninn réttur launafólks haldist missi það atvinnu sína áður en kemur til fæðingarorlofs eða börn þess greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Það er þegar tryggt með lögum en sá tími sem foreldrar fá greiddar atvinnuleysisbætur, eru á biðtíma eftir slíkum bótum eða hafa átt rétt á þeim hefðu foreldrar skráð sig án atvinnu samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar telst til þátttöku á vinnumarkaði í skilningi laga um fæðingar- og foreldraorlof og laga um greiðslu til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Í tilvikum ef foreldrar eru án atvinnu á tekjuviðmiðunartímabili framangreindra laga skal við útreikning á fjárhag greiðslna til foreldris tekið mið af þeim viðmiðunartekjum sem tekjutengdar atvinnuleysisbætur foreldra voru miðaðar við. Á þetta ávallt við hvort sem foreldri hefur verið á tekjutengdum atvinnuleysisbótum eða grunnatvinnuleysisbótum á viðmiðunartímabilinu.

Virðulegi forseti. Við verðum að standa vörð um réttindi launafólks í landinu og draga úr atvinnuleysi eins og frekast er kostur. Það hlýtur líka að skipta fyrirtæki máli að geta haldið ráðningarsambandi við starfsmenn sína sem lengst þótt starfshlutfall sé hugsanlega lækkað en allir vinnuveitendur þekkja hvað starfsmannavelta getur kostað fyrirtækin mikið. Ég vona að fyrirtækið sjái sér hag í að halda ráðningarsambandi við fólkið sitt eins og kostur er í stað þess að segja því upp.

Þá vil ég ítreka það hér að það hefur jafnframt löngum verið talið árangursríkasta vinnumarkaðsúrræðið að gera fólki kleift að vera virkt á vinnumarkaði með einum eða öðrum hætti. Má því ætla að sú leið sem hér er lagt til að farin verði innan atvinnuleysistryggingakerfisins sé til þess fallin að draga úr útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar til lengri tíma er litið. Þá á ég ekki endilega við sparnað vegna útgreiðslu atvinnuleysisbóta heldur ekki síður útgjöld vegna vinnumarkaðsúrræða.

Ég vona því svo sannarlega að frumvarpið komi til með að draga úr atvinnuleysi um leið og það gerir fólki kleift að aðlaga sig betur að fjárhagslega breyttum aðstæðum. Lagt er til að gildistími frumvarpsins verði tímabundinn eins og ég nefndi áðan. Ástæða þess er einkum sú óvissa sem ríkir um hver þróunin verður á íslenskum vinnumarkaði. En af þeim sökum tel ég mikilvægt að unnt verði að meta árangur þessara breytinga innan ekki of langs tíma.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu verður fylgst mjög náið með framvindu mála og komið með tillögur að breytingum strax og þurfa þykir.

Eins og ég nefndi áðan skiptir máli að við bregðumst skjótt við og því tel ég mikilvægt að afgreiðslu frumvarpsins verði hraðað eins og kostur er án þess að það hafi áhrif á málefnalega umræðu um efni þess.

Að lokinni umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. félags- og tryggingaefndar.

[14:20]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég fagna þessu nánast fyrsta úrræði gegn því atvinnuleysi sem við búum nú þegar við og mun fara verulega vaxandi á næstu árum. Það hefur ekkert enn komið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig bregðast eigi við atvinnuleysi t.d. með verklegum framkvæmdum sem unnt er að fara í strax. Það eina sem mér sýnist hafa verið gert er að hella olíu á eld atvinnuleysisins með 18% stýrivöxtum.

En hér er sem sagt gott mál á ferðinni — ég vil ítreka það — sem þó má að mínu mati og verður að gera enn betra í þágu þeirra sem hyggja á nám meðan á atvinnuleysi þeirra stendur.

Ég ætla ekki að fara hér út í efnisatriði frumvarpsins og vona að það gangi hratt og örugglega í gegnum nefndina. Ég vil þó setja spurningarmerki við 2. mgr. 1. gr. þar sem talað er um að hinn atvinnulausi sé að lágmarki í 50% starfshlutfalli. Ég velti því fyrir mér hvort þar ætti að vera einn þriðji hluti starfshlutfalls. Ég set líka spurningarmerki við gildistímann, 1. maí 2009, sem mér þykir boða nokkra bjartsýni því að ég hygg að þetta ástand, og eiginlega er það fyrirséð, muni vara talsvert lengur.

Þá vil ég víkja að því sem ég nefndi hér fyrst. Ég er sem sé eindregið þeirrar skoðunar að einnig eigi að breyta til bráðabirgða lögum um atvinnuleysisbætur í þágu þeirra sem fara í nám meðan verstu afleiðingar kreppunnar standa í næstu eitt til tvö ár. Í dag er það svo í lögunum um atvinnuleysistryggingar að nám er skilgreint sem 70–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt. Ég vek sérstaklega athygli á þessu verklega námi sem menn geta þá farið í og verið á atvinnuleysisbótum. Fari menn í nám umfram þetta hlutfall, lánshæft nám, eru þeir út af vinnumarkaði í skilningi laganna.

Í 14. gr. laganna kemur fram hvað sé virk atvinnuleit, þ.e. að viðkomandi hafi frumkvæði að starfsleit og sé m.a. reiðubúinn til að taka hvert það starf sem greitt er fyrir og hafi vilja og getu til að taka við starfi án sérstaks fyrirvara. Það útilokar einstaklinga sem fara í nám, hyggja á nám, ef þeir eru kallaðir til vinnu á miðri námsönn. Ég vil líka vekja athygli á því að ef um lánshæft nám er að ræða er lánið ekki borgað út fyrr en að lokinni önninni að uppfylltum námsárangri. Menn standa því illa að því leyti og verða að fara í dýr okurlán bankanna. Flestir námsmenn hafa þá farið í yfirdráttarlán sem eru hrein og klár okurlán.

Í lögunum eru líka önnur ákvæði en þessi sem þyrfti að víkja frá tímabundið. Það er í 15. gr. varðandi það að nám jafngildi ekki starfi í tímalengd. Ef maður stundar sex mánaða nám jafngildir það ekki tíma hjá Vinnumálastofnun nema sem svarar til þrettán vikna. Ég vil líka vekja athygli á því að í 25. gr. er beinlínis gert ráð fyrir að aðili sem stundi nám hverfi af vinnumarkaði þó svo að réttur hans megi geymast í næstu, að mig minnir, 36 mánuði.

Það er alveg hreint og klárt í 52. gr. laganna að hver sem stundar nám samkvæmt e-lið 3. gr., þ.e. 75–100% nám eins og ég nefndi áðan, er ekki tryggður á því tímabili. Þessu tel ég að þurfi að breyta til bráðabirgða og það er eingöngu í undantekningartilvikum, þegar námið er ekki lánshæft sem til tryggingar kann að koma. Ég ítreka að þeir sem eiga rétt á námslánum fá þau ekki fyrr en árangri er náð eftir önnina og þurfa að vera á okurlánunum sem ég nefndi áðan.

Ég tel mjög brýnt að tvinnaður verði saman réttur hins atvinnulausa til náms og atvinnuleysisbóta og ég hygg, hæstv. félagsmálaráðherra, að ekki eigi að tefja þann ásetn-

ing ráðherrans að ljúka málinu í nóvembermánuði sem ég get tekið undir að sé brýnt að gerist.

Ég vil benda hæstv. ráðherra á að forsætisráðherra boðaði hér í morgun breytingar á úthlutunarreglum LÍN og aukið námsframboð. Þá verður að bregðast við því strax og það verður best gert með breytingum á frumvarpinu í þá veru að námsaðstoðin, námsframboðið, úthlutunarreglurnar og atvinnuleysisreglurnar spili náið saman. Þannig að sá sem verður atvinnulaus og fer í nám eigi rétt á námslánum — ég get alveg eins kallað það námslaun — frá fyrsta degi.

Mönnum verður tíðrætt um finnsku leiðina sem kjarnaatriði í úrræðum gegn atvinnuleysinu sem mun fara vaxandi eins og ég sagði áðan. Finnska leiðin hefur reynst sársaukafull með 7% atvinnuleysi sem varir enn í Finnlandi, en hún verður ekki farin nema tryggja atvinnulausum greiðslur námslauna meðan þeir eru í námi og auðvitað er það svo að þegar menn fara í nám þá binda menn sig í heila önn eða tvær annir, heilan vetur.

Ég verð að segja að þetta er afar brýnt og ég nefni þar til hliðsjónar reynslu Færeyinga frá því upp úr 1990. Þá fluttu frá Færeyjum 10% íbúa og að langmestu leyti ungt fólk á aldrinum frá 20 ára til fertugs. Aðeins um helmingur þeirra mun hafa komið til baka. Þetta þýðir að hér á landi mundi við 10% atvinnuleysi flytja í brott ungt fólk á þessum aldri, um 20–35 þús. manns. Það atvinnuleysi sem blasir nú við og við höfum ekki séð nema að litlu leyti — ég hygg að 60–80% séu enn þá í pípunum fari fram sem horfir. Við verðum að gera allt til að koma í veg fyrir landflótta í kjölfar atvinnuleysisins. Íslenskt þjóðfélag er í allt annarri stöðu, það þekkir vart atvinnuleysi. Sú kynslóð sem er á milli tvítugs og fertugs í dag þekkir vart atvinnuleysi. En það er mesti bölvaldur þjóðarinnar. Það er allt betra en það, líka mikil verðbólga, líka óstöðugt gengi. Það er allt betra en atvinnuleysi og þær hörmungar sem fylgja því, ekki bara út af tekjum og öðru heldur hinar sálrænu afleiðingar þess sem ég þekki sjálfur af starfi mínu fyrir verkalýðsfélög. Einstaklingarnir missa hinn andlega móð og kraft til að sækja sér vinnu eftir nokkurra mánaða atvinnuleysi. Þeir missa uppburðinn og kraftinn og viljann. Það verður að hafa í huga

Hér höfum við breytingar sem ég legg til að gerðar verði og að félagsmálanefnd vinni, tækifæri til menntunar á námslaunum. Ég hygg og ítreka að afar brýnt sé að það sé gert. Í þessu sambandi vil ég líka ítreka, og bara í framhjáhlaupi, að það fannst mér mikið ólán og mikil ógæfa að héraðsskóli og framhaldsskóli sem átti að setja upp í Ólafsfirði skyldi vera sleginn af. Því þar var nákvæmlega tækifæri til að hleypa inn atvinnulausum einstaklingum á öllum aldri í skóla í heimabyggð sinni, heimahéraði. Það var sorgleg aðgerð að hæstv. menntamálaráðherra skyldi slá þann skóla af, hvort sem er til langs eða skamms tíma.

Ekki er hægt að tala eins og hæstv. forsætisráðherra gerir. Hann boðar aukið námsframboð í öðru orðinu þegar hæstv. menntamálaráðherra fellir niður menntunarúrræðin í hinu orðinu. Í því felast miklar þversagnir og gjörsamlega óþolandi. Ég ítreka að við höfum ekki séð nándar nærri allar afleiðingar kreppunnar í því atvinnuleysi sem fer í hönd.

Ég ætla að segja það hér að lokum, og minna á það, hæstv. félagsmálaráðherra, að það er grundvallarskoðun mín að nám sé vinna. Nám er vinna og ekkert annað. Það er sem sé afar brýnt og nauðsynlegt að félagsmálanefnd hugi að þessu og breyti lögunum á þann veg að unnt sé að fara í missirisnám eða einnar annar nám eða tveggja anna nám og vera engu að síður talinn virkur á vinnumarkaði.

[14:31]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við ræðum breytingar á tvennum lögum, annars vegar um atvinnuleysistryggingar og hins vegar um Ábyrgðasjóð launa. Breytingunum er ætlað að bæta möguleika fólks á að halda vinnusambandi eða vera í ráðningarsambandi í hlutastörfum á vinnumarkaði. Hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra hefur gert ágætlega grein fyrir málinu þannig að ég ætla ekki að eyða orðum í að fara yfir efni þess í smáatriðum. Ekki verður of oft ítrekað hversu mikilvægt er að menn geti haldið vinnunni því margir segja upp fólki vegna óvissuástandsins, vegna þess að þeir vita ekki hvað er fram undan. Skelfilegt væri ef menn tapa þessu sambandi og missa reynslu út úr fyrirtækjunum og gott starfsfólk sem hugsanlega væri hægt að halda í á meðan á óvissutímum stæði og ráða aftur í fullt starf þegar þeim lýkur, sem vonandi verður fyrr en síðar.

Ég vil taka undir, og það hefur komið fram ítrekað, að við höfum aðeins séð toppinn af ísjakanum. Við eigum eftir að sjá atvinnuleysið aukast verulega og þurfum því að vanda okkur við umfjöllunina og reyna að leita leiða. Þó eru mörg úrræði sem við verðum að grípa strax til svo þau komi til framkvæmda og bæta þá frekar við síðar, eins og hugmyndir hafa komið fram um, þar sem við sjáum að betur þurfi að gera.

Málið er unnið í samráði fulltrúa frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu og Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands og þar af leiðandi ætti að verða góð samstaða um það. Ég gerði mér vonir um að hægt yrði að afgreiða málið fyrir þinghlé eða kjördæmaviku, þ.e. að við gæfum okkur viku til að reyna að klára þetta. Ég lagði drög að því að félags- og tryggingamálanefnd kæmi saman, jafnvel í dag, til að senda málið til umsagnar til mjög skamms tíma, fram á miðvikudag, kallaði síðan inn aðila til að heyra sjónarmið þeirra, jafnvel fyrir helgi, og reyndi að afgreiða málið endanlega strax á miðvikudag. Þetta er auðvitað ekki hægt nema samstaða sé um málið og ekkert nýtt komi upp í því, þannig að við skulum sjá hvað okkur miðar en svona hafði ég gert mér vonir um að hægt væri að vinna það.

Frá hv. þm. Atla Gíslasyni hafa þegar komið tillögur, sem við hljótum að skoða bæði hvað varðar lágmarkið, — þarna er um að ræða 50% hlutfall vinnu að lágmarki en hv. þingmaður nefnir 30%, sem væri kannski eðlilegri viðmiðun — og sama er með gildistíma til 1. maí. Báðar tillögurnar þarf að skoða og ræða í félags- og tryggingamálanefnd og sjá hvaða rök eru fyrir akkúrat þessum tímasetningum og tölum.

Sama gildir um breytingar varðandi nám, hv. þingmaður hefur rétt fyrir sér að mjög mikilvægt er að skoða möguleika fólks á að stunda nám á meðan það er atvinnulaust. Sú umræða hefur átt sér stað, m.a. í félags- og tryggingamálanefnd þar sem rætt var hvort til greina kæmi að fólk sem lendir jafnvel í lengra atvinnuleysi verði skyldað í einhvers

konar starfsnám, sem boðið verði upp á í símenntunarmiðstöðvum, í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins eða í framhaldsskólum. Mikið framboð er nú af endurmenntun og viðbótarnámi í faggreinum sem fólk gæti stundað. Allt þetta þarf að vera til skoðunar en erfitt gæti reynst að ná því á mjög skömmum tíma að færa það inn í þessa lagabreytingu en þó ætla ég ekki að útiloka það og full ástæða er til að reyna það.

Ég vil benda á málefni námsmanna, af því að þau komu til umræðu, að aðgerðir hafa komið til vegna erfiðrar stöðu íslenskra námsmanna erlendis. Einnig hefur verið rætt um þá sem hafa verið í fullu starfi og haft góðar tekjur á liðnu ári og eru að fara inn í námslánakerfið, að skerðing á lánum verði minni en áður, fari úr 10% niður í 5%, til að reyna einmitt að auka og bæta þann möguleika að fara í nám í framhaldi af fullu starfi. Það hefur oft reynst erfitt og eins og hv. þingmaður benti á hefur lánakerfið — þ.e. bankarnir — oft reynst mönnum erfitt.

Ég lýsi yfir stuðningi við málið og mun gera allt sem hægt er til að hraða því og bið bæði nefndarmenn og aðra þingmenn að hjálpa okkur við þá vinnu. Mjög gott væri að fá viðbótartillögur sem allra fyrst sem og þær breytingar sem koma inn í félagsmálanefndina. Ástæða er til að ítreka það, sem almenningi virðist ekki öllum vera ljóst, að þegar mál er sent til umsagnar er öllum heimilt að gera athugasemdir og koma með ábendingar um lagafrumvörpin og eru þær teknar jafnt til álita og frá þeim aðilum sem málið er formlega sent til.

[14:37]

Birkir J. Jónsson (F):

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og það er örugglega ekki síðasta málið sem verður lagt fram á Alþingi til að koma til móts við þá erfiðu stöðu sem blasir við í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Við þingmenn höfum reyndar kallað eftir því að fá fleiri svona mál sem hægt er að afgreiða með snörpum hætti.

Ég fagna því að mál sé komið fram sem snýr að vanda fyrirtækjanna í landinu en hann er mikill. Í stað þess að vera með fjöldauppsagnir hafa atvinnurekendur brugðið á það ráð að lækka starfshlutfall fólks og frumvarpið mælir fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður komi til móts við launafólk með því að vega að þó nokkru leyti upp mismun á fyrrverandi starfshlutfalli og núverandi. Mjög mikilvægt er að fólk geti verið áfram virkt á vinnumarkaðnum á meðan við komum okkur út úr þeim erfiðleikum sem blasa við og þess vegna er mikilvægt að frumvarpið verði afgreitt með miklum hraða. Ég sem nefndarmaður í félagsmálanefnd Alþingis lýsi yfir vilja mínum til að vinna hratt og vel að þessu og tek jafnframt undir orð hæstv. ráðherra að mér finnst margt mæla með því að gildistökuákvæðið verði frá 1. nóvember enda voru það mánaðamótin sem hamfarirnar skullu á þjóðinni með þvílíkum þunga að þúsundir urðu fyrir gríðarlegum áföllum með uppsögnum og skertu starfshlutfalli. Ég og við framsóknarmenn styðjum því eindregið að gildistakan verði frá og með síðustu mánaðamótum þannig að þetta komi þeim sem misstu atvinnuna, eða réttara sagt þeim sem starfshlutfallið var lækkað við, til góða, það er mjög brýnt.

Eins og ráðherra fór yfir er málið byggt á tillögum frá samráðshópi félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði. Mér finnst vert í þessu samhengi að benda á að við Íslendingar búum við mikið lán að eiga ábyrga verkalýðshreyfingu og ábyrgt atvinnulíf, öfl sem geta talað saman á tímum sem þessum. Trúlega hefur aldrei verið eins mikilvægt fyrir okkur að atvinnulífið, verkalýðshreyfingin og stjórnvöld gangi í takt til að komast út úr því ástandi sem nú er uppi í samfélaginu. Því finnst mér vert héðan úr ræðustól Alþingis að menn heyri það, bæði þingheimur og aðrir, að forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar og stjórnar atvinnulífsins eiga hrós skilið fyrir vinnu síðustu vikna. Þeir hafa haldið krísufundi nær daglega til að koma böndum á ástandið sem blasir við og koma með tillögur að úrbótum. Það skiptir okkur miklu að þessir aðilar skuli vera á vaktinni á erfiðleikatímum.

Við þurfum að standa vörð um réttindi launafólks og halda sem flestum starfandi í samfélaginu á meðan ástandið gengur yfir. Mér finnst líka, eins og kom fram í umræðunni hér áðan, að við, alþingismenn og ríkisstjórnin, þurfum að gæta að jafnræði á milli þegnanna í landinu. Ég benti á það í umræðunni áðan að farið er með skuldunauta á mismunandi hátt. Þó svo að ríkið eigi þrjá stærstu viðskiptabankana og Íbúðalánasjóð er jafnræðis ekki gætt á milli þeirra sem skulda Íbúðalánasjóði og þeirra sem skulda bönkunum og þessa dagana er verið að bera fólk út úr ríkisbönkunum. Ekki verður við það unað að stjórnvöld meðhöndli íslenska borgara sem skulda ríkinu á misjafnan hátt eftir því hvort lánardrottnarnir eru viðskiptabankarnir þrír, ríkisviðskiptabankarnir, eða Íbúðalánasjóður. Almenningur mun ekki sætta sig við það.

Þess vegna fagna ég orðum hæstv. ráðherra áðan þar sem hún talaði fyrir því að við ættum að gæta jafnræðis. Því væri rétt að hæstv. viðskiptaráðherra og handhafar framkvæmdarvaldsins ræddu við bankastjórnir þannig að ekki sé gripið til svo harkalegra viðbragða á þessum erfiðleikatímum. Við þurfum öll að standa saman og það er alveg ljóst að engin samstaða mun nást í samfélaginu um að menn séu beittir slíku misrétti eftir því hvort þeir eru í viðskiptum við Íbúðalánasjóð eða viðskiptabankana. Við þurfum að hafa það í huga því hlutirnir gerast nú mjög hratt á Íslandi og margt gerist daglega sem hefði jafnvel tekið margar vikur fyrir stuttu síðan.

Ég vil líka taka undir með hv. þm. Atla Gíslasyni um stöðu námsmanna og við höfum rætt hana í þinginu á síðustu vikum. Reyndar var það svo að menntamálaráðherra sagði í fyrirspurnatíma á haustþinginu að ekki ætti að bæta stöðu námsmanna sérstaklega, en að sjálfsögðu blasti það við okkur öllum að þess þyrfti. Sem betur fer hefur ríkisstjórnin örlítið tekið sig á í þeim efnum en ég tel að betur þurfi að gera því nú mun fólk á öllum aldri leita sér menntunar í auknum mæli. Eins og staðan er, að fólk fái lánin greidd eftir á í kannski 26%–28% vaxtastigi — yfirdráttarvextirnir eru nú ekkert smáræði — er ljóst að við þurfum að koma til móts við það með einhverjum hætti. Ég hvet því ríkisstjórnina í þessari umræðu — því vinnumarkaðsmál tengjast menntakerfinu vegna þess að fólk hverfur af vinnu-

markaðnum inn í skólana, og ef við viljum stuðla að því að fólk verði hér á landi eftir að það missir vinnuna verðum við einfaldlega að fara í breytingar sem þessar og gera þann kost fýsilegan. Annars lendum við í því sama og Færeyingar á sínum tíma, að fólk leiti sér í síauknum mæli að vinnu annars staðar. Við viljum það ekki og þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að hindra að unga fólkið fari í miklum mæli úr landi. Það yrði gríðarlegur skellur því að það er kynslóðin sem þarf trúlega að borga reikninginn vegna áfallanna sem hafa gengið yfir landið að undanförnu. Ef fólk 20–40 ára fer úr landi hver á þá að borga reikninginn? Við þurfum að hafa skýra heildarmynd í þessu.

Vegna orða hv. þingmanns hér áðan um stofnun framhaldsskóla í Ólafsfirði, þá voru það vissulega misvísandi skilaboð frá ríkisstjórninni að fresta undirskrift um stofnun skólans og í raun og veru kolröng skilaboð að mínu viti. Ég vil upplýsa og vera ærlegur í því að fundur var með menntamálaráðherra í gær þar sem stofnuð var byggingarnefnd og skólanefnd og gefin yfirlýsing um að skólastarf framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð hefjist haustið 2009. Menntamálaráðherra verður að njóta sannmælis í því að hún er öll af vilja gerð til að þessi skóli verði stofnaður. Tilkynning um frestun á undirskrift um stofnun skólans eru ekki góð skilaboð.

Það eru ekki heldur góð skilaboð frá ríkisstjórninni að segjast hafa skrúfað fyrir allar framkvæmdir. Að búið sé að fresta samgöngubótum við Vopnafjörð og Vaðlaheiðargöngum. Ég hitti dúkara á Ólafsfirði í gær sem var heima hjá sér um miðjan dag, maður sem hefur unnið 8–10 tíma vinnudag, og ég spurði hann af hverju hann væri heima. Staðreyndin er sú að allan efnivið vantar, menn geta ekki unnið lengur, það eru hvorki til dúkar né flísar í landinu. Síðan sjáum við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að hætta eigi við allar frekari framkvæmdir á hennar vegum, það eru kolröng skilaboð til atvinnulífsins og það verður að vinda ofan af þessari vitleysu, hæstv. fjármálaráðherra, að hið opinbera ætli að skrúfa fyrir allar framkvæmdir.

Ég vil benda á að meiri hlutinn í Reykjavíkurborg hefur lýst yfir að fara eigi í vinnuaflsfrekar framkvæmdir upp á sex milljarða í Reykjavík á næsta ári. Á sama tíma kemur ríkisstjórnin fram (Gripið fram í.) — þjóðstjórnin í Reykjavík — en á sama tíma kemur ríkisstjórnin fram og ætlar að skrúfa fyrir allar opinberar framkvæmdir á landsbyggðinni. Menn verða náttúrlega að gæta varúðar í slíkum yfirlýsingum og taka slíkt til baka.

Hæstv. forseti. Ég fagna frumvarpi hæstv. félagsmálaráðherra og minni á, af því að við ræddum um þjóðstjórn í Reykjavík, að mikilvægt er að þingheimur standi saman og við öll á þessum erfiðleikatímum. Herkostnaðurinn við þetta frumvarp getur numið allt að 350 millj. kr. Það er herkostnaðurinn fyrir því að fólk haldi störfum sínum og verði áfram á landinu, það skiptir miklu máli. Við þurfum líka að láta flokkapólitík dálítið lönd og leið í þessari umræðu og það olli mér ákveðnum vonbrigðum á fundi félagsmálanefndar í morgun — fyrirgefið þið, viðskiptanefndar — þar sem fulltrúar atvinnulífsins lýstu því að krísufundir væru í gangi á milli aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna, eins og ástandið í dag komi stjórnarandstöðuflokkunum ekkert við. Að sjálfsögðu þarf að halda öllum upplýstum og ég hef ekki orðið var við annað, herra forseti, en að við séum öll hér af vilja gerð til að reyna að leysa það erfiða ástand sem við okkur blasir en því miður verðum við vör við mjög litla tilburði af hálfu stjórnarflokkanna að koma til móts við okkur í stjórnarandstöðunni í samræmdum aðgerðum til þess að mæta aðsteðjandi vanda. Það má þó meiri hluti framsóknarmanna og sjálfstæðismanna í Reykjavíkurborg eiga að þar er virkileg þjóðstjórn og þar hafa allir lagst á eitt til að menn geti orðið sáttir um hvaða skref eigi að stíga næst og ég vona svo sannarlega, fyrst ríkisstjórnin vill viðhafa svo takmarkað samráð við okkur í stjórnarandstöðunni, að henni vegni vel í þeim erfiðu málum sem við okkur blasa nú þegar.

Ég, eins og ég sagði hér áðan, herra forseti, lýsi yfir fullum stuðningi við þetta frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar og tel brýnt að það fari hratt í gegnum þingið og verði afturvirkt þannig að þeir sem starfshlutfall var skert hjá um síðustu mánaðamót fái greiðslur úr atvinnuleysistryggingasjóði því á mörgum heimilum á Íslandi í dag eru erfiðleikar og við þurfum að koma til móts við þá.

[14:50]

Útbýting:

Ábyrgðarmenn, 125. mál, frv. LB o.fl., þskj. 135.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, o.fl., 124. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 134.

[14:50]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða hér mjög mikilvægt mál við þær aðstæður sem nú ríkja í efnahagslífi þjóðarinnar, frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lög um Ábyrgðasjóð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði. Hæstv. ráðherra kynnti málið ítarlega í upphafi þegar hún mælti fyrir því og sömuleiðis er málið vel skýrt út í athugasemdum með frumvarpinu og ástæðulaust að vera að fara yfir það, en mig langar aðeins að gera að umtalsefni nokkur atriði sem hafa komið fram í umræðunni.

Það er örugglega rétt að ástandið á eftir að versna, því miður, en því frekar þurfum við að vera tilbúin með lagabreytingar sem þessar og vera búin að breyta lögum áður en það gerist. Í umræðunni í dag hefur verið bent á ýmis atriði, t.d. nefndi ráðherrann að við ættum að þiggja ráð frá þjóðum sem hefðu reynslu af ástandi eins og við stöndum frammi fyrir í dag og þar hefur verið bent á Finna. Mig langar líka til að benda á að við þurfum líka að læra af mistökum þjóða sem hafa lent í svipuðum áföllum. Á fundi í gærkvöldi hjá kvennahreyfingu Samfylkingarinnar talaði Lilja Mósesdóttir og hún hvatti okkur til þess að skoða hvernig þjóðir eins og Argentína og fleiri tóku á slíkum málum og lagði ríka áherslu á að reyna að slá aldrei á vinnandi hönd. Það er einmitt það sem er verið að gera hér með þessum tillögum til lagabreytinga, að reyna að koma í veg fyrir að fleiri en ella lendi í atvinnuleysinu, það verði haldið ráðningarsambandi við sem flesta og að skert starfshlutfall gefi fólki kost á að fá atvinnuleysisbætur á móti.

Það hefur verið rætt um afturvirka gildistöku. Mér finnst full ástæða til þess að við skoðum það. Það hefur komið

fram að hv. félags- og tryggingamálanefnd komi saman á eftir til að taka þetta mál fyrir og senda til umsagnar. Mér finnst full ástæða til þess að nefndin kalli eftir því hjá lögfróðum starfsmönnum þingsins hvort eitthvað sé því til fyrirstöðu að gildistakan verði afturvirk. Ég get ekki ímyndað mér að það sé eitthvað því til fyrirstöðu og það fólk sem lenti í atvinnuleysi um síðustu mánaðamót fengi þá atvinnuleysisbætur um næstu mánaðamót.

Allt er betra en atvinnuleysið, sagði hv. þm. Atli Gíslason og ég tek heils hugar undir það. Hann hefur talað um tillögur til námslauna, að líta svo á að nám sé vinna. Ég er fullkomlega sammála því, nám er vinna og ég tel rétt að við skoðum þessar tillögur. Ég veit ekki hvort við getum afgreitt þær núna ef við ætlum að hraða afgreiðslu þessa máls mjög en ég tel fulla ástæðu til þess að félags- og tryggingamálanefnd skoði slíkar tillögur. Þær mundu þá koma í kjölfarið ef ekki væru tök á því að afgreiða slíkar tillögur nú um leið og þetta mál verður afgreitt. Ég held að við getum hraðað þessu máli mun frekar en hv. formaður félags- og tryggingamálanefndar talaði um. Ef við sendum málið út í dag er hægt að kalla fólk til strax á mánudaginn til að ræða málið í nefndinni, það hefur verið gert áður. Menn hafa fundað fram á kvöld þegar mikið liggur við og það getum við auðvitað gert við núverandi aðstæður. Það ætti því alveg að vera hægt að afgreiða þetta mál strax í næstu viku eða eftir helgina ef vilji er fyrir hendi, það er ástæðulaust að vera að draga slíkt.

Varðandi námslaunin og það sem Atli Gíslason nefndi í þeim málum, tel ég fulla ástæðu til þess að við ræðum við Vinnumálastofnun og skoðum atriði sem varða sex mánaða námið og 13 vikurnar. Mér finnst full ástæða til þess að við skoðum alla þætti sem snúa að námsmönnum en auðvitað þarf það líka að koma inn á borð menntamálanefndar og ég óttast að það gæti ef til vill tafið þetta mál að einhverju leyti.

Varðandi umræðu um að þeir sem lenda í langvarandi atvinnuleysi, sem ég vona að verði ekki margir en ég óttast að einhverjir muni lenda í því, þá hefur verið rætt um að vera með skilyrði um eitthvert starfsnám. Ég hef nefnt það og viljað tala fyrir því að það sé ekki bara starfsnám heldur þurfi að hvetja fólk til athafna í atvinnuleysi, t.d. fyndist mér alveg koma til greina að hvetja til líkamsræktar og heilsuræktar. Það er alveg rétt sem komið hefur fram að atvinnuleysi, hvað þá langvarandi atvinnuleysi hefur mjög alvarlegar afleiðingar á heilsu fólks bæði líkamlega og ekki síst andlega heilsu og þar er heilsurækt og líkamsrækt geysilega mikilvægur þáttur sem ég tel að við ættum að huga að hvort við getum ekki á einhvern hátt hjálpað fólki sem lendir í atvinnuleysi til þess að sinna heilsu sinni.

Hv. formaður nefndarinnar er ekki í salnum lengur, ég veit ekki hvort hann heyrir mál mitt, en ég mun mæta á fund á eftir hjá nefndinni og mun leggja þar til að við munum hraða þessu máli frekar en sá hv. þingmaður talaði um í ræðustóli. Ég get ekki ímyndað mér annað en að í nefndinni hljóti að vera sátt um að flýta þessu máli mjög, sambærileg þeirri sátt sem ríkir hjá Reykjavíkurborg um frekari framkvæmdir o.s.frv. Þetta er mál sem varðar okkur öll, þetta er mikið velferðarmál og mikið þjóðþrifamál. Við skulum því bara taka til hendinni og flýta því í gegn. Það er mjög mikilvægt að við stöndum vörð um réttindi launafólks, eins og komið hefur fram, og mikilvægt að haldið sé ráðningarsambandi við sem flesta sem lengst.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa mál mitt lengra því að ég mun koma að þessu máli í félags- og tryggingamálanefnd og mun leggja ofuráherslu á að flýta afgreiðslu þess.

[14:58]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og um Ábyrgðasjóð launa. Þetta er ein af þeim ráðstöfunum sem gripið er til í kjölfar þess að bankakerfið hrundi á Íslandi og þjóðin stendur þar með frammi fyrir mikilli vá. Hluti af því eru gífurlegar uppsagnir í síðasta mánuði, eitthvað sem ég held að við Íslendingar höfum aldrei þekkt áður. Ég tek undir með hv. þm. Atla Gíslasyni og Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að atvinnuleysi er með því verra sem menn lenda í, ætti að vera óþekkt, það hefur gífurlega slæm áhrif á fólk sálrænt. Fólk upplifir það yfirleitt sem höfnun, það hefur ekki lengur hlutverk í þjóðfélaginu og reynslan hefur sýnt og rannsóknir hafa sýnt að fólk sem er frá vinnumarkaði lengur en sex mánuði, hvort sem það er vegna sjúkdóma, atvinnuleysis, slysa eða af öðrum ástæðum fer ekki aftur út á vinnumarkað. Það er bara þannig. Atvinnuleysið getur þannig leitt til örorku og er mjög alvarlegt mál, niðurbrot á sjálfsvirðingu fólks. Þetta verðum við að hindra og þetta frumvarp er liður í þá veru.

Ég tek undir með hv. þm. Ástu Ragnheiði að það þarf að virkja þetta fólk, en ég vil líka skora á það fólk sem nýorðið er atvinnulaust að virkja sjálft sig, mynda hópa, aðstoða hvert annað við atvinnuleit, aðstoða hvert annað við að vera virkt, mæta á einhvern stað á hverjum einasta degi þó að það sé atvinnulaust. Það er svo mikið atriði að menn komi innan um aðra, loki sig ekki af heima, það getur hindrað þetta niðurbrot sem ég talaði um. Fólkið sem nú verður atvinnulaust á sannarlega enga sök á því að það sé atvinnulaust, það eru allt aðrir kraftar sem valda því en eigin mistök.

Ég tek undir með hv. þm. Ástu Ragnheiði að við þurfum að hraða afgreiðslu þessa máls, ég bara vorkenni okkur ekki neitt. Það er laugardagur líka sem hægt er að vinna og sunnudagur, ekki skal standa á mér þótt ég þurfi að mæta klukkan þrjú á sunnudeginum eða klukkan átta um kvöldið geri ég það, að sjálfsögðu. Það liggur mikið fyrir og ég vil að þetta verði afgreitt í næstu viku, punktur, ekki orð um það meir.

Frumvarpið byggir að miklu leyti á dálítið sérstöku ástandi sem er á Íslandi, það er félagsleg ábyrgð fyrirtækja, hún er nefnilega miklu meiri en af er látið. Hún hefur verið töluvert mikil, (**Gripið fram í:** Áður.) nei, hún er enn þá til staðar sem betur fer og félagsleg ábyrgð fyrirtækja felst t.d. í því að segja fólki upp að hluta til. Í staðinn fyrir að segja 25% af mannskapnum upp geta þeir sagt öllum upp 25% hverjum og þá halda allir 75% vinnunnar. Það er allt önnur staða fyrir hvern einstakling. Hann mætir í vinnuna og hefur sínar skyldur og hin daglega rútína fer ekki úr skorðum. Þetta er mjög mikilvægt fyrir einstaklinginn, hann viðheld-

ur sjálfsvirðingu sinni og hefur eitthvert hlutverk í lífinu. Þetta er hin félagslega ábyrgð fyrirtækja og ég reikna með því að hún sé til staðar og að hún verði til staðar áfram.

Svo er kannski neikvæð hlið þessa frumvarps, og við skulum bara tala um það opinskátt, að maður sem hefur milljón á mánuði og missir 25% af vinnunni fær bætur. Hann er með 750 þús. kr. fyrir dagvinnulaunin, fyrir 75% vinnu, og hann fengi þá 50 þús. kr. í bætur. Hvort menn vilja hafa það þannig, það getur vel verið að hv. nefnd vilji skoða þetta, en ég bendi bara á þetta til þess að menn átti sig á því að þetta er ekkert mjög félagslegt frumvarp, ekki þannig, það er ekki verið að bæta kjör þeirra sem verst eru settir eða með lægstu launin.

Það má líka benda á að svona hlutastarfsbætur eru mjög viðkvæmar fyrir misnotkun. Ég vil höfða til þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem nota þetta kerfi að misnota það ekki. Hér er verið að grípa til laga til þess að bæta stöðu manna, til þess að milda áhrif kreppunnar og ég skora á menn að sýna ekki tilburði til þess að misnota það á neinn máta en það er mjög viðkvæmt fyrir slíku.

Hér hefur verið rætt um að það eigi að auka menntun. Auðvitað á að auka menntun, það er bara allt annar handleggur. Ég lít alltaf á menntun sem fjárfestingu, ekki sem vinnu. Það er bæði vinna en líka fjárfesting og til þess höfum við ákveðið kerfi sem ég held að sé nokkuð gott og við eigum að auka framboð á menntun og það er reyndar búið að gera það með því að samþykkja frumvörp um breytingu á skólakerfinu öllu. Ég held því að við séum tiltölulega vel undir það búin að mæta kröfum um aukna menntun en það er það sem hugsanlega getur snúið þessu áfalli í jákvæða veru.

Svo má ekki gleyma því að þetta frumvarp getur hreinlega sparað fé. Ef það tekst að ráða menn í 25% starf í staðinn fyrir að segja mönnum upp eru útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs minni en ella og þetta er þá hreinlega fundið fé fyrir skattgreiðendur ef maður lítur þannig á það. Þá geri ég ráð fyrir því að engin misnotkun eigi sér stað því að það getur verið dýrt og það getur orðið til þess að menn bakki út úr lagasetningu sem ella er mjög skynsamleg og mjög góð ef misnotkun verður ekki of mikil.

En, eins og ég sagði áðan, ég mun vinna að því og standa að því ef vilji er fyrir því í hv. félags- og tryggingamálanefnd að vinna þetta mál hratt. Ég skal ekki standa á móti því og mun leggja því mína fyllstu krafta.

[15:05]

Útbýting:

Jafnræði kynja í ríkisbönkum, 126. mál, fsp. SF, þskj. 136.

[15:05]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég fagna því sérstaklega að þetta frumvarp sem rætt hefur verið um í fjölmiðlum og menn hafa haft lausafregnir af utan frá er nú komið fram á hv. Alþingi, á þskj. 124, en efni þess er eins og hér hefur komið fram að greiða hærri atvinnuleysisbætur til launþega þegar starfshlutfall er lækkað vegna aðstæðna sem nú eru uppi á atvinnumarkaði. Það er gert með því að lengja tímabilið sem tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru greiddar og ef frumvarpið verður að lögum munu atvinnuleysistryggingar bæta allt að 75% af þeirri tekjuskerðingu sem hlýst af slíku lækkuðu starfshlutfalli. Í öðru lagi er frumvarpinu ætlað að tryggja óbreytt réttindi gagnvart Ábyrgðasjóði launa ef til gjaldþrots fyrirtækisins kemur á næsta 14 mánaða tímabili frá og með 1. október sl. og fram til loka árs 2009.

Ég vil taka það fram að ég styð þetta frumvarp heils hugar en ég vil líka leyfa mér að taka undir tillögur og ábendingar hv. þm. Atla Gíslasonar að um leið sé rétt að bæta stöðu þeirra sem missa vinnuna og fara í nám. Vegna orða hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur áðan um að slíkt gæti tafið framgang málsins vil ég leyfa mér að segja það úr þessum stól að lýðræðið er seinvirkt og ef menn hefðu hugsað sér að flýta fyrir framgangi þessa máls í þinginu hefðu menn kannski átt að kynna þetta í fleiri þingflokkum en þingflokkum stjórnarflokkanna. Ég vek athygli á því að meðgöngutími þessa frumvarps er nákvæmlega einn mánuður í dag, það er heill mánuður síðan neyðarlögin voru sett og þetta frumvarp er að koma fyrir augu stjórnarandstöðunnar í dag. Ég efast ekki um að búið sé að kynna það og fara nákvæmlega yfir það í þingflokkum stjórnarflokkanna og búið að samþykkja það í ríkisstjórn. Ég vil bara nefna þetta af því að menn hafa líka bent hér á þá samvinnu, þá þverpólitísku samvinnu, þjóðstjórnarmódel sem hefur verið við undirbúning viðbragða Reykjavíkurborgar við því ástandi sem við nú búum við hér á landi. Þar er allt annað upp á teningnum en verið hefur hjá ríkisstjórninni sem treystir hvorki þingi né þjóð fyrir því sem hún er að bardúsa við.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan að hún hefur hvatt til skerðingar vinnuframlags í stað þess að mönnum verði sagt upp. Ég er hjartanlega sammála því og tek heils hugar undir allt sem menn hafa sagt hér um það að öllu máli skiptir að fólk sé áfram á vinnumarkaði og að atvinnuleysi er það böl sem við verðum með öllum ráðum að reyna að bægja frá þjóðinni.

Gildistími þeirra bóta sem hér er rætt um vegna atvinnumissis, þ.e. skerðingar á starfshlutfalli, er áætlaður 5–6 mánuðir, frá 1. nóvember eða miðjum þessum mánuði — eins fljótt og hægt er að afgreiða þetta mál — til 1. maí 2009. Það er vissulega nokkur bjartsýni að ætla að þá verðum við komin út úr þeirri krísu sem við horfum nú fram á, en ég treysti þeim orðum ráðherrans að fylgst verði með og gripið inn í til að lengja gildistíma þessara laga ef nauðsyn krefur.

Ég neita því ekki, frú forseti, að ég hefði viljað sjá og heyra að hæstv. ráðherra hefði einnig hvatt fyrirtæki og stofnanir til að hafa breytingar á starfshlutfalli eða lækkun launa tímabundnar eins og hér er lagt til að lögin séu, í takt við þann gildistíma. Það er því miður ekki þannig í öllum fyrirtækjum og alls ekki í þeim þar sem stóru hópuppsagnirnar hafa verið að það sé umsamið að starfshlutfallið sé lækkað. Ég þekki til á vinnustöðum þar sem menn hafa verið kallaðir saman og þeim hefur verið tilkynnt einhliða að starfshlutfall yrði lækkað eða að laun yrðu lækkuð um 10–25%. Það er ekki verið að semja um eitt eða neitt þarna. Það er mjög mikilvægt að koma þeim skilaboðum út til atvinnulífsins að skerðingar af þessu tagi á vinnuframlagi

manna verði og hljóti að vera til takmarkaðs tíma alveg eins og við erum að setja lög um bætur til takmarkaðs tíma. Við ætlum okkur út úr því feni sem við erum í. Það væri merki um að atvinnulífið og fyrirtækin hefðu trú á að við kæmumst út úr þessu ef aðgerðir sem gripið er til, eins og lækkað starfshlutfall eða lækkun launa, væru bundnar ákveðnum tíma, segjum í hálft ár eða eitthvað þess háttar.

Ég vil því hvetja hæstv. ráðherra til að brýna atvinnulífið, áfram auðvitað, til þess að skerða frekar atvinnuframlagið í stað uppsagnar en einnig að það sé þá til takmarkaðs tíma. Það er mikill þrýstingur á fólk í fyrirtækjum núna að leggja sitt fram, launaframlag og ógreiddan vinnutíma til fyrirtækja og stofnana. Það vekur manni umhugsun um hvort ekki sé rétt í slíkum tilfellum að launamenn í fyrirtækjum og stofnunum fái beina aðkomu að bókum og stjórnun þessara fyrirtækja þegar svo er komið. Ég er að tala um atvinnulýðræði, þetta er orð sem féll úr tísku með frjálshyggjunni og er nú nær horfið úr lögum. Nú er frjálshyggjan fallin af stalli og fallið var stórt hér á landi — stórasta fall í heimi, mundi kannski einhver segja — og þá er kominn tími til að endurmeta alla hluti og líka aðkomu launamanna að stjórnun og rekstri fyrirtækja. Ég vil nota þetta tækifæri til að skora á hæstv. félagsmálaráðherra að setja á stofn svo sem eins og eina litla nefnd til þess að leita leiða til að innleiða atvinnulýðræði í íslenskt atvinnulíf.

Frú forseti. Það hefur komið fram í umræðunni að ekki mun standa á stjórnarandstöðunni við að afgreiða þetta mál hratt og örugglega. Ég tek undir með þeim sem hér hafa sagt að nefndarfundir á laugardögum og sunnudögum eru engin goðgá í þeim efnum. Við skulum fara vandlega yfir málið og við skulum hleypa stjórnarandstöðunni að því og flýta okkur ekkert um of.

Ég verð að segja að 350 millj. kr. í þessu skyni eru hreinn smápeningur í samanburði við þann kostnað sem þjóðin þarf að bera núna af framgöngu og lifimáta útrásarliðsins. Ég minni á í því sambandi að einn einstaklingur fékk 300 millj. kr. bara fyrir að taka það að sér að vera bankastjóri í tilteknum banka sem nú er kominn í skjól ríkisins. Ég tek svo undir þau hvatningarorð að hv. félagsmálanefnd vinni þetta mál hratt og vel og það mun, eins og hér hefur komið fram, ekki standa á stjórnarandstöðunni í þeim efnum.

[15:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Þetta var ágætisræða hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur. Það er alveg rétt hjá henni að nú þarf að endurmeta alla hluti við þessar aðstæður og ég er svo sannarlega sammála henni um það. En mér fannst hún vera óþarflega viðskotaill vegna ummæla minna um fína tillögu frá hv. þm. Atla Gíslasyni, sem ég tók í rauninni undir og taldi rétt að félags- og tryggingamálanefnd skoðaði gaumgæfilega, þó að ég hefði einhverjar efasemdir um að við gætum kannski afgreitt hana um leið og þetta frumvarp. Ég tala bara af mikilli reynslu í nefndarstarfi hér og það tekur lengri tíma þegar breytingartillögur koma við frumvörp sem er ætlað að ganga hratt í gegn.

Auðvitað munum við skoða allar breytingartillögur sem koma fram í nefndinni, mér finnst það alveg fullkomlega eðlilegt og ef hægt væri að breyta þessu þá er það fínt vegna þess að þetta eru góðar tillögur og mikilvægar. En það er alveg ástæðulaust að verða svona hvumpin við því að ég nefni hér að það taki kannski lengri tíma en við höfum til að samþykkja slíkar breytingar, því að það þarf að hafa samráð við fleiri, það þarf að hafa samráð við menntamálaráðherra, ráðuneytið, menntamálanefnd o.s.frv. Aftur á móti ætti okkur að takast að afgreiða frumvarpið eins og það liggur hér fyrir mjög fljótt og vel og ég efast ekki um að við gætum afgreitt það strax eftir helgina, á mánudag eða þriðjudag, ef menn leggja á sig þá vinnu sem þarf til í nefndinni. Ég vildi bara nefna það hér, virðulegi forseti, að svona er gangur mála í þinginu og það tekur tíma að vinna málin, sérstaklega þegar nýjar breytingar koma inn. Ég hef langa reynslu af því.

[15:16]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við stjórnarandstæðingar höfum svolítið verið að brýna ríkisstjórnina í því að leita nú samráðs og fá hugmyndir, tillögur og ábendingar frá stjórnarandstöðunni, ekki bara í þessu máli heldur í öllum þeim brýnu málum sem hér liggja fyrir. Hafi ég verið viðskotaill yfir því að það væri kannski ekki tími til þess að fara að afgreiða breytingartillögur þótt þarfar og góðar væru frá stjórnarandstöðu er það einmitt vegna þess að við höfum verið að kalla eftir aðkomu að málunum. Það mun ekki gera annað en flýta afgreiðslu þeirra að hafa gott samráð við stjórnarandstöðu. Ég vona að litið sé á þessi orð mín frekar sem hvatningu til breyttra vinnubragða að því leyti en nokkuð annað.

[15:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Vissulega eru öll ráð vel þegin. Við þurfum öll að koma að því ástandi sem nú ríkir og leggja tillögur í púkkið. Tillögur hv. þm. Atla Gíslasonar eru t.d. fínar og mér finnst full ástæða til víðtæks samráðs. Haft hefur verið samráð við verkalýðshreyfinguna, Samtök atvinnulífsins, hagsmunasamtök o.s.frv. Að sjálfsögðu á að vera samráð við stjórnarandstöðuna og það er auðvitað hlutverk hennar að veita stjórnvöldum aðhald eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur verið að gera. Það er mjög mikilvægt hlutverk.

Ég þakka fyrir allt það aðhald sem stjórnvöldum er veitt og við eigum að hafa samráð við alla sem geta lagt okkur lið því að nú ríkir alvarlegt ástand sem þarf að bregðast við á margvíslegan hátt.

[15:18]

Jón Bjarnason (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil koma með örfá atriði inn í umræðuna um Atvinnuleysistryggingasjóð og breytingar á lögum um greiðslur úr honum. Ég vil draga athyglina að því sem lýtur að sjálfstætt starfandi fólki. Ákveðinn hluti þessara laga lýtur að sjálfstætt starfandi einstaklingum, bændum, sjómönnum, mönnum sem reka lítil og stærri fyrirtæki en vinna þar sjálfir og hafa viðurværi sitt af því. Þeir geta verið starfandi hjá einkahlutafélagi sem þeir hafa stofnað um fyrirtækið og lúta þá lögum um almenna hlutann, þ.e.

eins og launþegar, og greiða með eðlilegum hætti inn í sjóðinn. Sumir atvinnurekendur greiða inn í Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga sem er í raun hluti af sama fyrirkomulaginu þó að um hann sé sérstök stjórn.

Margir sjálfstætt starfandi einstaklingar geta verið í launaðri vinnu meðfram fyrirtækjarekstrinum. Fyrirtækið er ef til vill ekki það stórt að það skapi nauðsynlegar tekjur og jafnframt getur atvinnumunstrið verið byggt þannig upp að viðkomandi rekur fyrirtæki sitt en vinnur að hluta til utan þess. Þá greiðir hann til hins almenna hluta Atvinnuleysistryggingasjóðs en sem atvinnurekandi greiðir hann til Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Viðkomandi einstaklingur getur misst starfið sem hann vinnur meðfram rekstrinum og vill þá gjarnan sækja rétt sinn til atvinnuleysisbóta úr hinum almenna hluta Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það hefur ekki reynst svo auðvelt. Ég þekki það af umræðunni um bændur og þykist vita að hið sama gildir þá um aðra sjálfstætt starfandi atvinnurekendur. Ef þeir missa launþegavinnuna eiga þeir ekki greiðan aðgang að atvinnuleysisbótum úr þeim tryggingasjóði. Til þess að fá greitt úr Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga þurfa þeir yfirleitt að leggja inn virðisaukaskattsnúmerið eða sýna fram á að þeir hafi hætt rekstri. Við viljum að sjálfstætt starfandi einstaklingur geti stundað rekstur sinn eins og nokkur kostur er, hvort sem hann skapar 100% framfærslu eða 50% framfærslu, sé kerfið ekki því andsnúið.

Ég vil þess vegna biðja nefndina, þegar hún fær þetta mál til meðferðar, að fara sérstaklega ofan í þann hluta sem lýtur að sjálfstætt starfandi einstaklingum. Annars eru það réttindi þeirra innan þess sjóðs og hins vegar réttindi þeirra gagnvart almenna hlutanum, hafi þeir verið launþegar að hluta til og greitt sitt gjald þar. Ég veit að þeir eiga nú ekki greiðan aðgang að þeim hluta þótt þeir missi vinnuna. Við getum hugsað okkur að bóndi sem rekur sitt eigið bú en er jafnframt í 50% starfi utan búsins, missi þá vinnu. Það er býsna alvarlegt en þó er ekki auðvelt fyrir hann að sækja rétt sinn inn í almenna hlutann þó að hann hafi greitt þar inn nema hann skili inn virðisaukaskattsnúmerinu eða leggi af reksturinn. Þá er málið skoðað heildstætt.

Þetta vildi ég draga inn í umræðuna. Mér sýnist að frumvarpið tæpi á þessu, að þetta taki að nokkru leyti til 22. gr. þar sem verið er að fjalla um þetta mál að hluta en ekki þannig að skýrt sé.

Ég tek undir umræðuna um rétt og möguleika fólks til að fara í nám og fá atvinnuleysisbætur ef það missir vinnuna. Ég vil líka vekja athygli á því að fólk sem fer úr launaðri vinnu, hvort sem það missir hana eða hættir og fer í nám, á ekki svo greiðan aðgang að Lánasjóði íslenskra námsmanna vegna þess að tekjuviðmiðið snýr yfirleitt að árinu á undan. Þá getur liðið heilt ár þangað til námsmaður fær rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna þó að hann hafi verið tekjulaus það tímabil sem hann stundaði nám. Rétt fólks sem fer úr vinnu til náms þarf að skoða, ekki aðeins með tilliti til atvinnuleysistryggingabóta heldur einnig réttindi til námslána, að námslánaréttirnir verði strax virkur.

Að lokum vil ég taka undir orð hv. þm. Péturs H. Blöndals um mikilvægi þess að atvinnurekendur og launþegar — sérstaklega atvinnurekendur um þessar mundir — séu sér meðvitaðir um félagslegar skyldur sínar og ábyrgð. Ég held að það sé liðinn sá tími sem hægt er að umbera — og ég umbar hann náttúrlega aldrei — yfirlýsingar flokksbræðra hv. þm. Péturs H. Blöndals sem lýstu því yfir að hver væri sjálfum sér næstur, hver væri sinnar gæfu smiður, eins og við höfum heyrt.

Ég minnist orða eins formanns bankastjórnar skömmu eftir að bankarnir voru einkavæddir þegar hann var spurður hvaða félagslegar skyldur bankinn hefði núna. Hann svaraði á þá lund að skyldur bankans og hans sem stjórnarformanns í bankanum væru þær einar að hámarka arð hluthafanna. Þær væru þær skyldur einar sem hann bæri með sér, að hámarka arð hluthafanna. Mér er það minnisstætt. Á þessum grundvelli hefur efnahagslífið að stórum hluta verið rekið á undanförnum árum, á ábyrgð Sjálfstæðisflokksins hvað þetta varðar. Það er fagnaðarefni að hv. þm. Pétur Blöndal skuli nú draga sterkt inn í umræðuna hin félagslegu gildi og félagslega ábyrgð atvinnulífsins.

Ég vil einnig vara við því þegar fyrirtæki segja upp fólki, lækka laun eða ganga með öðrum hætti á starfsréttindi þeirra, að fara nú að standa vörð um réttindi fólks þannig að útilokað sé að einstök fyrirtæki geti nýtt sér hið ótrygga ástand til að skerða starfsréttindi þess. Þegar vatnið er gruggugt og staðan erfið eins og nú er geta hinar ýmsu hvatir fengið útrás hvað það varðar. Ég er ekki að segja að það hafi átt sér stað en það er samt ástæða til að vera á verði, að ekki sé verið að skerða starfshlutföll eða störf, stilla fólki upp við vegg og láta það skrifa upp á nýja kjarasamninga o.s.frv. án þess að farið sé að lögum hvað það varðar.

Frú forseti. Ég árétta að mikilvægt er við meðhöndlun á þessu frumvarpi í nefnd að hugað verið rækilega að stöðu þeirra sem eru sjálfstætt starfandi einstaklingar og að atvinnuleysisbótarétti þeirra. Einnig þeirra sem eru að hluta til sjálfstætt starfandi einstaklingar og að hluta til launamenn og hafa greitt í Atvinnuleysistryggingasjóð á þeim forsendum. Ég tek undir að því verði hraðað svo sem kostur er.

[15:28]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna mjög þeim einhug sem virðist ríkja í þingsalnum um þetta mál og umfjöllun um það og þeim áhuga sem fram kemur hjá þingmönnum í þessu mikilvæga máli og vilja til þess að það gangi hratt fyrir sig hér á þinginu. Ég tók eftir að stjórnarandstaðan nefndi að hún hefði átt að koma fyrr að málinu og sjálfsagt má taka undir það en málið hefur ekki haft mikinn aðdraganda. Það var byrjað að vinna að því um miðjan okóbermánuð með því að nefnd á mínum vegum sem er starfandi með aðilum vinnumarkaðarins samdi frumvarpið en hugmyndir að því voru fyrst kynntar á ASÍ-þingi. Stjórnarflokkarnir hafa því alls ekki haft mikinn tíma til þess að fjalla um málið. Þetta var t.d. afgreitt í Samfylkingunni á einum og sama fundinum og ég held að líkt hafi átt sér stað varðandi Sjálfstæðisflokkinn.

Ég get tekið undir nánast allt sem hefur komið fram í

þeim umræðum sem hér hafa farið fram. Það er eitt atriði sem mér finnst hafa skinið í gegn hjá ræðumönnum og það er að samábyrgð er lykilatriði nú í samfélaginu, í atvinnulífinu sem annars staðar, og ég höfða auðvitað, eins og margir hafa gert, til félagslegrar skyldu atvinnurekenda um að ganga ekki hart að starfsfólki að því er varðar starfsréttindi fólks. Við erum á mjög viðkvæmum tímum og það er allt satt og rétt sem hér hefur komið fram, t.d. hjá hv. 7. þm. Suðurk., Atla Gíslasyni og fleirum, að fólk sem missir vinnu sína, ég tala nú ekki um ef það er til einhvers langs tíma, á mjög erfitt með að fóta sig í lífinu og koma út á vinnumarkaðinn aftur. Um það er rætt að unga fólkið muni við þessar aðstæður og það sem við blasir kannski flýja land og maður má auðvitað ekki til þess hugsa. Við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir það og þar skiptir auðvitað vinnumarkaðurinn og atvinnulífið mestu máli og síðan það mál sem við ræddum hér fyrr í dag sem eru húsnæðismálin.

Það hefur verið minnst á námsmenn og rétt þeirra sem ég ætla aðeins að fara yfir og eins varðandi sjálfstætt starfandi einstaklinga. Ef ég tek námsmennina fyrst er auðvitað mjög mikilvægt að við skoðum stöðu þeirra við þær aðstæður sem nú eru í atvinnulífinu en við þurfum að átta okkur á að það er ekki hægt að leggja allt á Atvinnuleysistryggingasjóð, við verðum líka aðeins að draga mörkin. Það eru fleiri framfærslukerfi, ef nota má það orð, en Atvinnuleysistryggingasjóður, t.d. Lánasjóður námsmanna. Það má vel vera að það þurfi að skoða meiri sveigjanleika í því kerfi alveg eins og við erum að skoða það núna að því er varðar atvinnuleysiskerfið. Námsmenn sem stunda lánshæft nám sækja framfærslu sína til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og hafa þá ekki verið taldir tryggðir innan Atvinnuleysistryggingasjóðsins en hins vegar hafa atvinnulausir átt þess kost að stunda styttra starfstengt nám svo sem hjá símenntunarmiðstöðvum og verið á atvinnuleysisbótum á sama tíma og það er einmitt það sem við erum að skoða núna í félagsmálaráðuneytinu. Það er svona eins og stundum er nefnt varðandi þennan þátt náms „annað tækifæri til náms“ að við erum að skoða þetta mál að því er varðar tengingu atvinnuleysistryggingakerfisins og námsmanna sem eru í starfstengdu námi eins og hjá símenntunarmiðstöðvum, hvort það sér hægt að auka eitthvað sveigjanleika þar og það er hægt að gera með reglugerðarbreytingu. Ég tel auðvitað sjálfgefið að nefndin skoði stöðu námsmanna að því er þetta varðar og þá eftir atvikum líka að því er varðar aðra námsmenn, eins og hér hefur verið nefnt. Það er afar mikilvægt að við höldum unga fólkinu okkar hér á landi og að það flýi ekki land við þær aðstæður sem nú eru.

Ef við erum að sigla inn í það mikla atvinnuleysi sem talað er um þá er auðvitað ekki hægt að leggja það á Atvinnuleysistryggingasjóð nema með því að setja inn í hann verulega aukið fjármagn. Það er áætlað að eigið fé Atvinnuleysistryggingasjóðs verði um næstu áramót kannski 16–17 milljarðar en miðað við 7% atvinnuleysi, sem er spáð af Vinnumálastofnun nú í janúar, mundi það að óbreyttu — þá erum við ekki að taka tillit til þessa frumvarps — kosta um 23–24 milljarða kr. en þá er líka verið að horfa til þess að allar þær hópuppsagnir sem hafa komið fram gangi eftir. Ég leyfi mér hins vegar að vona að eitthvað af þessum uppsögnum sem hafa skilað sér inn í Vinnumálastofnun gangi til baka, að atvinnurekendur hafi verið að tryggja sig fyrir fram til þess að meta betur stöðuna og sjá hverju fram vindur, maður vonast til þess að eitthvað af þessu gangi til baka.

Hv. þm. Pétur Blöndal nefndi líka að með þeirri leið sem við erum að fara séu miklar líkur á því að hægt sé að spara, þessi leið vinnur ekki einungis að því að halda fólki virku á vinnumarkaðnum heldur getur hún líka sparað. Ef við miðum t.d. við 5% atvinnuleysi þá getum við sparað verulega peninga. Ef 25% af þeim sem eru atvinnulausir nýta sér hlutabæturnar og ef miðað er við að hlutabætur verði t.d. 50% af bótum þá sparast 300 millj. kr. fyrir hvert prósent í atvinnuleysi og hvert prósent í atvinnuleysi er um 3,4 milljarðar kr. ef þetta er nýtt eins og upp er lagt með og ekki farið út í að misnota sér kerfið. Hv. þm. Pétur Blöndal nefndi einnig hversu viðkvæmt þetta kerfi er fyrir misnotkun og ég ætla ekkert að draga það í efa en við hljótum, eins og ég sagði áðan, að höfða til samábyrgðar atvinnurekenda, að það verði unnið með þetta kerfi og tillögur, ef að lögum verða, eins og til er ætlast. Auðvitað verður haft eftirlit með þessu alveg frá byrjun hvernig þetta virkar og það er m.a. ástæðan fyrir því að farið verður í endurskoðun í maímánuði og þá finnast mér meiri líkur en minni á því, ef þetta gengur eftir eins og upp er lagt með, að þetta verði framlengt.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til þess að dvelja mikið lengur við þessa umræðu. Ég vil þó taka fram varðandi sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem hv. 4. þm. Norðvest. nefndi, að þá get ég upplýst um það að í félagsmálaráðuneytinu er verið að skoða stöðu þeirra sérstaklega og þá hvort og með hvaða hætti unnt er að auka sveigjanleika kerfisins gagnvart þeim hópi. Ég tel að þetta sé eitt atriðið sem hv. félags- og tryggingamálanefnd eigi að skoða sérstaklega, þ.e. sjálfstætt starfandi einstaklingar og einyrkjar. Ég hef orðið vör við núna að þeir geti lent í miklum erfiðleikum því að þeir geta ekki tekið að sér tilfallandi verkefni, þá missa þeir rétt sinn til atvinnuleysisbóta og sjálfstætt starfandi einstaklingur sem stöðvar rekstur sinn og hefur störf hjá öðrum vinnuveitanda í hlutastarfi getur nýtt sér þennan sveigjanleika en ekki annars. Það má því vera að það þurfi að skoða það alveg sérstaklega ásamt því að fara yfir það sem fram hefur komið varðandi námsmennina.

Varðandi það að fara neðar með hlutfallið en 50% þá er málið í höndum nefndarinnar og hún skoðar hvort það er eðlilegt en þetta var niðurstaða SA og ASÍ og félagsmálaráðuneytisins að það væri rétt að fara þá leið að miða við 50% hlutfall og líta á það sem framlag vinnuveitandans í þessu efni, það yrði þá um að ræða 50% hlutfall sem atvinnurekendur tækju en á móti kæmi 50% úr Atvinnuleysistryggingasjóði. En þetta er auðvitað allt í höndum nefndarinnar.

Ég ítreka þakklæti mitt, virðulegi forseti, fyrir þann einhug sem hér hefur komið fram varðandi framgang þessa máls og það er einlæg von mín að þegar þetta frumvarp verður að lögum virki það eins og til er ætlast og þingmenn hafa talað fyrir.

[15:38]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil taka það fram að Lánasjóður íslenskra námsmanna endurkrefur lán sem hann veitir en atvinnuleysisbætur eða atvinnuleysislaun eru ekki endurkræf og ég er að tala um að bæta stöðu atvinnulausra sem fara í nám.

Það er talað um tímapressu og ég skil það mætavel að það þurfi að afgreiða þetta frumvarp hratt og örugglega, en frumvarpið er afturvirkt og það er í góðu lagi gagnvart stjórnarskránni af því að það er ívilnandi, það á því að gefast tóm til að vinna að þeim hugmyndum sem ég lagði hér fram, fullt tóm, ef farið verður í það eins og menn hafa boðist til, með oddi og egg á kvöldin og um helgar, þá er það ekkert mál.

Ég spyr hæstv. ráðherra líka í framhaldi af þessu: Er hún tilbúin til þess að setja inn í frumvarpið heimildir sem veita viðtækari undanþágur frá námsákvæðum laganna, m.a. skilyrðum og skilgreiningum, (Gripið fram í.) þ.e. að settar verði viðtækari heimildir inn í frumvarpið um undanþágur frá námskilgreiningum, námsskilyrðum laganna? Í því sambandi nefni ég 14. gr., 25. gr. og aðrar greinar sem ég vék að í fyrri ræðu minni, og að sú undanþága verði virk til bráðabirgða þar til verði búið að samtvinna og setja betri ákvæði í lög um atvinnuleysistryggingar og samtvinna það og samhæfa við lánasjóðsreglur og annað.

Ég vil líka segja að það eru svo ótrúlega mörg menntunarúrræði þegar til staðar í landinu. Ég nefni bara símenntunarstöðvar um allt land, þær sem ég þekki best í mínu kjördæmi, virkar og mjög öflugar stöðvar, og þær mæta þeim þörfum sem eru brýnastar í menntun í dag, þ.e. þörfum kvenna. Konur eru 70–80% af námsmönnum símenntunarstöðva og oft vill nú atvinnuleysi bitna harðast á þeim. Ég ítreka því það, frú forseti, hvort ráðherra leggist gegn því að settar verði viðtækari undanþáguheimildir en núgildandi lög um atvinnuleysistryggingar heimila.

[15:40]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil segja það að ég leggst ekki gegn einu eða neinu sem verður til þess að bæta þetta frumvarp, svo fremi að við teljum að við getum staðið undir því og það sé eðlilegt að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi þær skyldur á sínum herðum.

Hv. þingmaður nefnir heimildir inn í frumvarpið sem mér skildist á hv. þingmanni að væru þá til bráðabirgða, það yrði skoðuð undanþága frá námsskilyrðum laganna og að þetta verði til bráðabirgða. Ég tel alveg sjálfsagt að skoða það og sjá hvaða útfærslu menn eru með í því efni. Ég mun óska eftir því við ráðuneyti mitt að þetta verði skoðað og þá í samráði við SA og ASÍ sem eru höfundar að frumvarpinu. Allt sem er til bóta og gerir frumvarpið betur úr garði í því skyni að minnka atvinnuleysið er ekkert annað en jákvætt.

[15:42]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör. Það er bara orðalagið „ef Atvinnuleysistryggingasjóður getur“ — hann „verður“, hann verður í stöðunni hvernig sem að því verður farið. Ríkissjóður verður að skuldsetja sig mjög verulega næstu missirin.

Það sama er sagt um Íbúðalánasjóð, „ef hann getur“. Maður veltir því fyrir sér, en hann „verður“. Auðvitað byggir þetta allt á því hvort ríkissjóður tekur þá ákvörðun, eða ríkisstjórnin tekur þá ákvörðun að borga fyrir það sem ég tel glæpaverk úti í Bretlandi, að borga Icesave-reikningana. Er það skylda ríkisins og samfélagsins að borga fyrir slíkt, fyrir það sem ég kalla glæpsamlega reikninga — og ég kalla það glæpsamlega reikninga — einkafyrirtækis? Hvað mundi ríkissjóður gera ef þetta einkafyrirtæki væri á Íslandi? Á ríkissjóður að ganga þar inn? Það er hugsanlegt en þetta auðvitað ræðst allt af því hvernig fer um þessa reikninga.

[15:43]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég kýs að nýta mér rétt til andsvara af því að ég hreinlega gleymdi því áðan að spyrja hæstv. ráðherra um þann mismun sem er gerður í frumvarpinu annars vegar hvað varðar Ábyrgðarsjóð launa og hins vegar hvað varðar lögin um atvinnuleysistryggingar.

Það segir í 1. gr. að ákvæði 1. og 2. mgr. séu bundin því skilyrði að hinn tryggði hafi misst starf sitt að hluta vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda, en í lokamálsgreininni í 2. gr. segir að ákvæði hvað varðar Ábyrgðarsjóð launa gildi: „um kröfur launamanna sem minnka starfshlutfall sitt á tímabilinu 1. október 2008 til og með 31. desember 2009 að kröfu vinnuveitanda“ — að kröfu vinnuveitanda — „vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda sem rekja má til sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.“

Hvernig hefur hæstv. ráðherra hugsað sér sönnunarbyrðina í þessu efni? Er ekki hætt við að hún geti orðið mönnum erfið þegar komið er inn í gjaldþrotið?

[15:44]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er prýðisfyrirspurn sem hér kemur fram og það má vel vera að sönnunarbyrði geti þarna reynst erfið. Þetta er eitt af þeim atriðum sem þarf að skoða sérstaklega í hv. félags- og tryggingamálanefnd og ég hef því miður ekki frekari svör við hér, en þetta er góð ábending og þetta þarf að skoða og fá skýringu á.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (leyfisbundin starfsemi þrotabús). — Þskj. 129.

[15:45]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Frumvarpið er á þskj. 129 og er 119. mál þingsins.

Í því frumvarpi sem hér er lagt fram til að ferlið eftir þrot bankanna geti gengið eðlilega fyrir sig eru lagðar til tvíþættar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki er varða gjaldþrotaskipti og greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja. Eru breytingarnar nauðsynlegar til að auðvelda það ferli sem fram undan er hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir stjórn í á grundvelli laga nr. 125/2008 eða neyðarlaganna svokölluðu.

Breytingarnar felast annars vegar í því að skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis er heimilað að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi, þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis. Til að útskýra kjarnann í þessari setningu, þ.e. þegar bú gömlu bankanna eru komin til skiptastjóra, þá eru margar af eignum bankanna fjármálafyrirtæki sem skiptir mjög miklu máli að halda í rekstri til að viðhalda verðmæti eignanna, koma í veg fyrir eignabruna, eignahrun o.s.frv. Eitt stærsta verkefni FME og skilanefndanna er að standa vörð um verðmæti eignanna, helst að koma í veg fyrir að þær séu seldar við þær erfiðu kringumstæður sem núna eru uppi í fjármálaheimi heimsins alls. Mikið er til þess vinnandi að halda utan um þessar eignir og þess vegna þarf skiptastjóri að geta haft þessa heimild tímabundna til starfsemi fjármálafyrirtækis. Það er algert lykilatriði. Fyrr en þessi breyting hefur verið afgreidd af þinginu getur þetta ferli ekki haldið áfram.

Hins vegar miða breytingarnar að því að lengja fresti og auðvelda tilkynningu fyrir aðstoðarmann fyrirtækis sem veitt hefur verið greiðslustöðvun. Þannig er gert ráð fyrir að greiðslustöðvun fjármálafyrirtækis geti varað í 12 mánuði, en almenna reglan er 6 mánuðir.

Loks er í frumvarpinu lagt til að bætt verði við lögin ákvæði til bráðabirgða sem heimilar frestun fyrirtöku máls er varðar greiðslustöðvun fjármálafyrirtækis þrátt fyrir að greiðslustöðvun hafi verið veitt fyrir gildistöku laganna.

Eftir að frumvarpið var lagt fram hafa komið fram ábendingar m.a. frá skilanefnd Landsbankans um að æskilegt geti verið að gera fleiri breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki tengdar setningu laga nr. 125/2008.

Snúa þær breytingar í fyrsta lagi að því að tryggja það að heimildir gjaldþrotaskiptalaga til riftunar gerninga tapist ekki þegar skilanefndir eru skipaðar í fjármálafyrirtækjum.

Í öðru lagi hafa komið fram ábendingar um nauðsyn þess að sett verði í lögin ákvæði til bráðabirgða sem heimilar greiðslustöðvun vegna fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið hefur haft afskipti af á grundvelli 100. gr. a. í lögum um fjármálafyrirtæki. Fram hafa komið sjónarmið um að nauðsynlegt sé að lögfesta slíkt þar sem svo mikil óvissa ríkir um eignastöðu þeirra fjármálafyrirtækja vegna óvissuástandsins í heiminum og á fjármálamörkuðum almennt að ekki sé hægt að leggja raunhæft mat á það hvort ákvæði gjaldþrotaskiptalaga um veitingu greiðslustöðvunar séu uppfyllt. Óska ég því eftir því að hv. viðskiptanefnd taki þessi atriði til sérstakrar skoðunar og meðferðar þegar hún fer yfir þetta mál.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar. Ég gerði formönnum stjórnarandstöðuflokkanna og stjórnarflokkanna, öllum fimm, grein fyrir því að þetta væri brýnt mál sem við þyrftum að koma í vinnu í nefndinni og afgreiða frá þinginu þannig að þetta ferli gæti haldið áfram og gengið sem allra best fyrir sig. Voru viðtökur við því að sjálfsögðu mjög góðar og þakka ég fyrir það.

[15:50]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður þetta frumvarp, þó með þeim fyrirvara að það bar mjög brátt að og lítið tóm hefur gefist til að skoða það í grunninn efnislega. Það verður væntanlega gert í nefnd. Ég vil þó strax segja að í 1. gr. er ákvæði sem ég tel óþarft þar sem vísað er til að þrotabúi sé heimilt að reka áfram fjármálastarfsemi með samþykki og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Ég tel þetta óþarft ákvæði. Það eru lög um Fjármálaeftirlitið og ef þrotabú heldur áfram rekstrinum þá gilda núgildandi lög um Fjármálaeftirlitið og ekki þarf að setja frekari varnagla við það. Það þarf auðvitað að reka það í samræmi við þau lög. Ég held að það að koma Fjármálaeftirlitinu tvöföldu inn í eftirlitið í gildandi lögum og svo með sérákvæði hér sé óþarft og tefjandi fyrir þrotabúið. Mér sýnist nefnilega að Fjármálaeftirlitið hafi ekki verið sérstaklega virkt í störfum á undanförnum árum og eftirlitslítið. (**ÁI:** „Under statement“.) Ekki meira um það efnislega.

Þó er eitt sem ég vil gera áskilnað um, hæstv. viðskiptaráðherra, það vantar inn í þetta frumvarp ákvæði, það vantar reyndar inn í frumvarp um fjármálafyrirtæki, nýju ríkisbankana, ákvæði um launakjör og við áskiljum okkur rétt að setja inn ákvæði um að kjör æðstu starfsmanna bankanna, bankastjóra og æðstu starfsmanna, fari að kjarasamningum opinberra starfsmanna eða kjörum alþingismanna. Ef menn vilja vera ríflegir er hugsanlegt að borga bankastjórunum kjör ráðherra.

Það er auðvitað alger ósvinna sem hefur gerst við stofnun bankanna að bankastjórarnir skammta sér launakjör upp á 1.900 þúsund. Þetta er eins og blaut tuska í andlitið á almenningi í landinu og svo lækkaði viðkomandi sig hjá einum bankanna um 200 þús. og þóttist góður, í 1.700 þús. kr. á mánuði. Hvers konar bruðl og ósköp eru þetta? Og hjá hinum bönkunum eru launakjörin ekki gagnsæ. Ógagnsæið, launaleyndin er eins og hæstv. viðskiptaráðherra veit og tekur eflaust undir með mér, gróðrarstía misréttis í launum. Auðvitað verðum við að setja undir þennan leka og við áskiljum okkur þann rétt að bæta við frumvarpið nýrri grein sem kveður á um launakjör bankastjóra og æðstu starfsmanna hinna nýju ríkisbanka.

[15:53]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Það eru aðeins örfá atriði sem ég vildi bæta við orð hv. þm. Atla Gíslasonar. Ég vil árétta það sem hann lagði áherslu á, þ.e. gagnsæi vinnunnar. Það gagnsæi á að gilda jafnt um uppgjör og vinnu við þrotabú bankanna, sú vinna sem þar fer fram á að vera mjög gagnsæ og kjör þeirra sem að því koma. Menn eru nú þegar farnir að velta fyrir sér kostnaðinum sem fellur á ríkið og ríkissjóð vegna vinnu þeirra aðila sem núna fást við yfirtöku bankanna og skil. Við heyrum að þetta séu einstaklingar sem starfa hjá hinum og þessum fyrirtækjum eða embættismenn. Ef þetta

eru fyrirtæki er það þá útseld vinna sem þarna er verið að vinna? Við þekkjum fordæmi í fortíðinni þegar farið var í einhverja hliðstæða vinnu eða úttekt að þá var keypt vinna af einhverjum stofum. Frægur er Landssíminn á sínum tíma þegar forustumenn fyrirtækisins áttu jafnframt fyrirtækin sem þeir höfðu samið við til að gera úttektina. Ég er ekki að segja að það eigi við þarna en það er svo mikilvægt að allir þessir þættir séu hreinir og uppi á borðum. Næg er nú tortryggnin og henni er aðeins eytt með því að allt sé uppi á borðum, öll vinna og allt sem þessu tengist sé upplýst fyrir fram og af hreinskiptni. Á það hefur mikið skort þann mánuð sem liðinn er síðan þessi aðgerð var gerð.

Sama á líka við um nýju bankana sem þetta frumvarp tekur aðeins lítið til og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé að vænta sérstaks lagafrumvarps um nýju bankana sem komnir eru í allt annað umhverfi en eldri viðskiptabankarnir voru. Þeir eru orðnir bankar í opinberri eigu og þó svo að ég sé ekki að segja að það réttlæti endilega að það þurfi önnur lög þá vitum við að einkavæddu bankarnir fengu með sér í vöggugjöf alls konar leynd. Það var leynd yfir kjörum, leynd yfir starfseminni, allt var hjúpað leynd. Það var talinn styrkur nýfrjálshyggjunnar að allt væri unnið í leynd sem hefur síðan reynst hið mesta glapræði fyrir þessa starfsemi.

Ég spyr: Verður ekki núna strax m.a. kveðið á um áður en nýju bankarnir taka til starfa sem slíkir, þ.e. með bankastjórn og nýjum bankastjórum eða nýráðnum hvernig sem farið verður með þá sem núna sitja, að upplýsingalög og almenn stjórnsýslulög gildi hvað varðar starfsemina sjálfa og rekstur bankanna? Verður starfsleyfið takmarkað eða afmarkað eða ætla menn að láta nýju bankana fara af stað bæði með viðskiptabankaheimild og heimild til fjárfestingarstarfsemi eins og fyrrverandi bankar höfðu? Það skiptir máli að búa þessum nýju bönkum umgjörð strax í upphafi, það er miklu óþægilegra og erfiðara að gera það eftir á. Ég vil því varpa þeim spurningum fram til hæstv. ráðherra hvort ekki komi nú þegar sérstök lög um þessa banka og fjármálastarfsemi á þeirra vegum, bæði í ljósi breyttra aðstæðna á fjármálamarkaði og reynslu af því hvernig fór með þeim lögum sem gilt hafa um þá og til að byggja upp fjármálastofnanir sem geti endurvakið traust bæði almennings og viðskiptavina.

[15:59]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmönnunum báðum kærlega fyrir fínar umræður, ábendingar og góðar spurningar. Auðvitað vekur það upp umræðu um umhverfið allt og mætti hafa langt mál um það. Ég ætla aðeins að tæpa á því helsta. Staðan sem við erum í er eins og allir vita til komin vegna hins fyrirvaralausa hruns bankanna og allt í einu situr ríkið uppi með alla kerfisbankana í fanginu. Það má segja að þetta sé kerfishrun fjármálafyrirtækjanna, fyrir utan sparisjóðina sem nú er unnið ötullega að að koma til aðstoðar til að fjármálakerfi „B“ eða hitt fjármálakerfið okkar falli ekki líka heldur standi áfram með sóma.

Fyrsta verk okkar á þessum örlagadögum þegar bankarnir féllu var að reyna að koma í veg fyrir að bankastofnanir lokuðu, greiðslukerfin frysu og eins var reynt að gæta þess fólk gæti greitt með kortunum sínum, tekið út úr hraðbönkunum og sinnt daglegum viðskiptum. Var allt kapp lagt á það. Þess vegna gekk allt mjög hratt fyrir sig og þarf margt að endurskoða, laga og bæta í því sambandi.

Traust og gagnsæi eru þarna alger lykilorð og fylgja hér með góðar óskir handa bankastjórnum ríkisbankanna þriggja sem verða skipaðar af fjármálaráðherra í fyrramálið. Leitað hefur verið liðsinnis allra þingflokka til að tilnefna fólk í þessar stjórnir. Það skiptir öllu máli að þar sé faglegt, öflugt fólk, að skýr skil séu þannig að ekki sé um að ræða pólitísk afskipti af rekstri bankanna og að allar ákvarðanir þeirra verði umfram allt á viðskiptalegum forsendum af því að þeirra bíður gríðarlegt verkefni.

Aldrei hafa nein fyrirtæki, að ég held, í seinni tíma sögu okkar haft ríkari samfélagslega ábyrgð og skyldur en hinir nýju bankar sem þurfa að laga aðstæður bæði fyrirtækja og einstaklinga að erfiðum tímum, breyttum aðstæðum, tekjumissi, atvinnumissi, viðskiptasamböndum sem rofna og ýmsu öðru. Það á við um bæði fólkið og fyrirtækin og verður aldrei sundur skilið þar á milli. Þar eru ríkir hagsmunir og áttum við mjög fína umræðu um það í dag að frumkvæði hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Auðvitað er þetta allt saman kostnaðarsamt. Kostnaður skilanefnda hefur komið fram að einhverju leyti, alla vega fastakostnaður, og verður allt gert upp og gert með gagnsæjum hætti. Auðvitað kostar ferlið fjármuni og ríkið þarf að setja mikið fé inn í bankana sem eigið fé. Um leið myndast gríðarlega mikill eignastokkur hjá ríkinu, eignir á móti skuldum, þannig að við getum ekkert annað en vonað að þegar upp verður staðið muni ríkið ekki hafa tapað á þessu heldur komið út á sléttu. Það er erfitt að segja til um það núna en auðvitað vonum við öll að það gerist.

Hvað varðar lög um nýju bankana munu þeir starfræktir samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Við höfum lög um banka almennt en ég efast ekki um að það geti verið mjög gagnlegt að vera með sérstök ákvæði í lögum um launakjör stjórnenda hinna nýju ríkisbanka. Hér eru lög almennt um bankana alla, ekki bara ríkisbankana þannig að ég veit ekki hvort þau eiga við hér en við reynum síðan að skoða það mál.

Vegna spurningar hv. þm. Jóns Bjarnasonar hvort von væri á nýjum lögum um ríkisbankana er það ekki á dagskrá. Þeir eru teknir til starfa og tóku til starfa strax um nóttina eftir að Landsbankinn féll. Það liggur mjög á að kjósa varanlegar bankastjórnir til að reyna að byggja aftur upp traust almennings til bankastofnananna.

Heildarendurskoðun á umhverfi fjármálafyrirtækja er að fara af stað. Hún mun m.a. fara fram með aðstoð erlendra sérfræðinga og að því ferli munu að sjálfsögðu allir þingflokkar á Alþingi koma. Það finnst mér skipta öllu máli. Við þurfum að gera heildarendurskoðun á öllu umhverfi fjármálafyrirtækja, ekki bara Íslendingar heldur munu allar þjóðir heimsins gera það af því að fjármálakerfi heimsins hefur beðið þvílíkan hnekki og regluverkið er víða í molum eftir þennan ágang, ýmislegt var gert í fjármálaumhverfinu, í lagagjörningum margra ríkja. Var sagt frá því í *60 mínútum* á sunnudaginn þegar menn breyttu lögum um fjármálafyrirtæki og leyfðu aftur það sem bannað var árið 1907, að veðja á gengi fyrirtækja á markaði án þess að kaupa hlutafé

sjálfur. Það var kallað „bucket shops“ í Bandaríkjunum. Það var svo aftur leyft 90 árum seinna í formi skuldatryggingaálags. Menn kaupa skuldatryggingar og veðja þar með í rauninni á stöðu fyrirtækja. Margt fór algerlega úrskeiðis í þessu kerfi og þarf að fara fram heildarendurskoðun á umhverfi fjármálafyrirtækjanna almennt.

Tvennt skiptir meginmáli nú: Að kjósa varanlegar bankastjórnir með því að tilnefna og skipa með fulltrúum þingflokka, með aðkomu Alþingis alls, og að setja í farveg skoðun og rannsókn á því hvað gerðist. Rannsóknin er þríþætt: Í fyrsta lagi er um að ræða sérstaka rannsókn sem ekki er ólíklegt að Alþingi standi að með aðkomu erlendra sérfræðinga og fleiri utanaðkomandi aðila á stjórnvöldum og stofnunum stjórnvalda. Í öðru lagi á að rannsaka hvað gerðist inni í bönkunum — rannsókn á því hófst reyndar strax — og í þriðja lagi er lögregluþátturinn sjálfur. Einhvern veginn þannig mun heildarendurskoðun á umhverfi og lögum um fjármálafyrirtæki verða.

Það skiptir hins vegar gífurlega miklu máli frá fyrsta degi í starfsemi nýju bankanna með bankaráðunum að setja hinum nýju bankastjórnum skýrar og gagnsæjar verklagsreglur þannig að það sé alveg ljóst hvernig fólk á að starfa þar. Verður það hlutverk okkar hér á Alþingi og bankaráðanna sjálfra að setja þær. Ég efast ekki um að skipanir í nýju bankaráðin muni takast vel og ég fagnaði því mjög að leitað skyldi liðsinnis allra þingflokka að tilnefna í stjórnirnar. Það skiptir gífurlegu máli að skipanir í stjórnir fjármálafyrirtækja almennt takist vel, sérstaklega við þær aðstæður sem nú eru á Íslandi. Okkar bíður það mikla verkefni að byggja upp traust og öflugt kerfi eftir hrun bankanna og vona ég að það takist alveg sérstaklega vel.

Hvað varðar það sem hv. þm. Atli Gíslason nefndi um hvort ákvæði væri óþarft er það að mínu mati mikilvægt og nauðsynlegt af því að í lögunum er nú kveðið á um að FME skuli afturkalla starfsleyfið þegar kveðinn hefur verið upp úrskurður um slit fyrirtækis samkvæmt 12. gr. laganna. Það er mikilvægt að það sé alveg á hreinu og viðskiptanefndin fer örugglega yfir málið af mikilli vandvirkni. Ábendingarnar voru allar góðar, gagnlegar og málefnalegar og gagnast okkur í þeirri miklu vinnu sem bíður okkar. Ég þakka aftur fyrir þessa fínu umræðu.

[16:08]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil aftur víkja að mikilvægi þess að um hina nýju banka verði sett sérstök lög. Ég tel að hafi fyrrverandi bankar getað gert og hagað sér eins og þeir gerðu í skjóli laga, sé eitthvað að lögunum. Þess vegna tel ég ábyrgðarhlut ef nýju bankarnir fara af stað án þess að lögum hafi verið breytt og Alþingi farið yfir þær misfellur og mistök sem gerð hafa verið í eldri lögum. Gildir þar einu hvort um ríkisbanka eða aðra banka að ræða þó að það eigi ekki hvað síst við um ríkisbankana.

Ég ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra og spurningu hv. þm. Atla Gíslasonar: Munu upplýsingalög gilda um stjórn og stjórnsýslu bankans og innri störf hans? Munu þau gilda um starfsemi bankans sem stofnunar? Ég á ekki við einhver bein einstaklingsbundin viðskiptamál. Mér finnst mjög mikilvægt að fá það alveg á hreint. Hvað með starfskjör, ráðningarkjör og laun starfsmanna ríkisbankanna, munu þeir fá stöðu sem opinberir starfsmenn? Munu kjör þeirra og ráðningar taka mið af ráðningum og starfsréttindum opinberra starfsmanna? Mér finnst mjög mikilvægt að það sé upplýst strax. Ég tel að það eigi að vera svo og það eigi líka að vera skýrt. Það á ekki að vera val einhvers bankaráðs sem ég tek alveg undir að þurfi að koma sem fyrst á laggirnar. Þessir þættir eiga að vera ákvörðun Alþingis.

[16:10]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg rétt, Alþingi þarf að koma að heildarendurskoðun og nýrri lagasetningu um fjármálafyrirtæki. Það er vandasamt verk og tekur sjálfsagt einhvern tíma, einhverjar vikur og mánuði. Við gátum ekki beðið með að hefja starfsrækslu nýju bankanna, þeir urðu að hefja starfsemi strax. Um svo mikið er að tefla að það er ekki og verður ekki of seint að breyta því.

Margt er í okkar höndum sem fjöllum um þetta mál í dag. Bankaráðin verða skipuð af fjármálaráðherra, þau eru tilnefnd af þingflokkunum. Það eru þau sem ráða að miklu leyti ferðinni og geta tekið ákvarðanir um starfsmannahald og það eiga þau og verða að gera. Það er ekki okkar að handstýra fjármálafyrirtækjunum úr ráðuneytunum frekar en öðrum ríkisfyrirtækjum. Þar eru kosnar stjórnir sem fara með slík mál þannig að það mun allt koma inn á Alþingi. Það verður Alþingi sem setur ný lög um fjármálafyrirtæki þegar búið er að fara í gegnum heildarendurskoðunina sem er verkefni þessara daga og vikna núna. Bönkunum urðum við að koma af stað og gera okkar besta til að tryggja starfsemi þeirra. Svo er hundruðum spurninga ósvarað um framtíð þeirra og það er Alþingis að svara þeim og setja bönkunum skorður.

Hvað varðar upplýsingalögin er þar um að ræða hlutafélög og um þau gilda hlutafélagalög. Til að starfsemi, stjórn og stjórnsýsla bankanna væru undir upplýsingalögum þyrfti að setja sérákvæði í lög til að þau næðu sérstaklega yfir bankana en ekki annað af því að lögin eiga við um hlutafélög. Það er svo margt sem við þurfum að skoða í þessu sambandi og betrumbæta.

[16:12]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér finnast þetta vera mjög óljós svör. Munu lögin um opinber hlutafélög gilda um þessa banka eða lögin um fjármálafyrirtæki? Þetta eru opinber hlutafélög (**AtlG:** Og stjórnsýslulögin.) — og stjórnsýslulögin. Ég segi hér, frú forseti, að mér finnst mjög óviturlegt, svo vægt sé til orða tekið, að ætla að fara með hina nýju banka af stað á forsendum og grundvelli hinna gömlu laga sem hafa þegar leitt okkur út í þann ófarnað sem við stöndum frammi fyrir. (**GAK:** Alls ekki gáfulegt.) Það er mjög ógáfulegt og ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða það. Alþingi á að setja þessum nýju bönkum lög þar sem bæði stjórnsýslulög og upplýsingalög gilda og ljóst er hver eigi að vera áfram þegar fram líða stundir, viðskiptabankar og fjárfestingarsjóðir.

En af því að hæstv. ráðherra vék að sparisjóðunum vil ég spyrja hv. þingmann hvað er að gerast í málefnum þeirra. Það þarf einnig að breyta lögunum um sparisjóði til þess að koma í veg fyrir að þeir geti haldið áfram á sömu braut eins og sumir fóru í hlutafélagavæðingu og síðan í brask, uppgjörs er þörf þar. Sumir sparisjóðir fóru ekki þessa leið og standa vel en aðrir gerðu það hins vegar og standa höllum fæti. Ég hef ítrekað flutt tillögur á Alþingi um lagabreytingar sem tryggi sparisjóðunum lögvarinn rétt á heitinu „sparisjóður“ þ.e. þeim sparisjóðum sem fylgdu hinni raunverulegu sparisjóðahugsjón og grunni hennar. Ég tel að styðja eigi við sparisjóðina á þeim grundvelli en ekki öðrum. (Forseti hringir.) Það þarf að grípa strax til aðgerða gagnvart sparisjóðunum og tryggja þeim framtíð á þessum grunni. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvað sé að gerast í þeim efnum.

[16:14]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það hefur mikið gengið á í málefnum sparisjóðanna eins og annarra fjármálafyrirtækja hér og það á sér stað lífróður innan þeirra og fyrir þá. Mikil vinna hefur staðið yfir á milli sparisjóðanna og ríkisvaldsins síðustu vikurnar, enda sérstakt ákvæði í neyðarlögunum um 20% eiginfjáraukningu og fleira. Það er allt gert til að styrkja stöðu sparisjóðanna og koma í veg fyrir að þeir falli líka. Allt bendir til að það muni takast ágætlega að koma þeim til aðstoðar.

Þá er spurningin um lagagrunninn. Frumvarp er tilbúið og hefur verið það frá því í haust. Það var unnið í sumar og sl. vetur varðandi endurskoðun á lögum um sparisjóði. Það var gert í samstarfi við sparisjóðsfólkið og marga aðra. Upp komu álitamál en um þau náðist meira og minna sátt og samstaða. Málið er á leiðinni inn í þingið. Þá er það opið fyrir Alþingi að breyta hverju sem það vill í lögum um sparisjóði út frá fortíðinni og þeirri framtíð sem við viljum búa þeim. Frumvarpið sem verið hefur í smíðum er vandað og stórt. Mikil þróun hefur orðið á undanförnum árum á þessum fyrirtækjum og má segja að einhvers konar einkavæðing sparisjóðanna hafi farið af stað þegar menn fóru að versla með stofnhlutina á sínum tíma. Það hefur leitt til mikillar og að mörgu leyti óheppilegrar þróunar á stöðu sparisjóðanna. Eins og áður sagði er málið á leið inn í þingið og þá getum við tekið rækilega umræðu um stöðu sparisjóðanna og Alþingi. Viðskiptanefnd er í lófa lagið að breyta því sem hún vill í þeim efnum og ýmsar tillögur eru lagðar til breytinga á frumvarpinu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Fundi slitið kl. 16:18.

---

22. FUNDUR

mánudaginn 10. nóvember,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 114. mál, þskj. 123. — 1. umr.
3. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 120. mál, þskj. 130. — 1. umr.
4. Stjórn fiskveiða, frv., 63. mál, þskj. 63. — 1. umr.
5. Innköllun íslenskra aflaheimilda, þáltill., 98. mál, þskj. 105. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Björgvin G. Sigurðsson viðskrh., 2. þm. Suðurk. (10.11.)

Fjarvistarleyfi:

Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n.
Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanrrh., 2. þm. Reykv. s.

Tilkynning um dagskrá.

[15:04]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Um klukkan hálffjögur í dag, að loknum óundirbúnum fyrirspurnatíma, fer fram utandagskrárumræða um þorskeldi. Málshefjandi er hv. þm. Karl V. Matthíasson. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Einar K. Guðfinnsson, verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Upplýsingagjöf um aðgerðir í efnahagsmálum.

[15:05]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Þó að í símskeytastíl verði sé ég mig knúinn til að ræða við hæstv. forsætisráðherra um stöðuna í því sem kalla má meintar yfirstandandi björgunaraðgerðir í efnahagsmálum og ekki síður þó hvernig ríkisstjórnin hyggst standa að upplýsingagjöf til almennings. Við finnum öll reiði- og óánægjuöldurnar rísa æ hærra í þjóðfélaginu. Þær eru skiljanlegar og meira en það, þær eru réttmætar. Íslenska þjóðin á betra skilið en það sem mætir henni nú.

Ríkisstjórnin verður að skynja ábyrgð sína við þessar aðstæður og auðvitað Alþingi allt. Almenningur á heimtingu á upplýsingum, almenningur verður að geta treyst því að mál verði rannsökuð og menn axli ábyrgð. Og, hæstv.

forsætisráðherra, er eftir nokkru að bíða? Er ekki tímabært að gefa þjóðinni skýrt og bindandi fyrirheit um að um leið og aðstæður leyfa verði boðað til kosninga? Lýðræðið er það tæki sem við höfum, það úrræði sem stjórnskipun okkar byggir á til að leysa úr aðstæðum eins og þeim sem nú eru komnar upp á Íslandi. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að verja heimilin og atvinnulífið næstu daga, næstu vikur? Þau mál þola ekki bið. Hæstv. ríkisstjórn verður að átta sig á því að nánast hver einasti dagur sem líður í óvissu og aðgerðaleysi er ákaflega dýrkeyptur. Hann er það gagnvart ástandinu í þjóðfélaginu, hann er það í reynd gagnvart fyrirtækjum sem eru að komast í þrot og gagnvart fólki sem er að missa vinnuna. Við verðum öll að vanda okkur við að glíma við þessar aðstæður til að komast sem klakklausast frá þeim. Þess vegna bið ég hæstv. forsætisráðherra að upplýsa hér hvernig ríkisstjórnin hyggst standa að þessum hlutum hvað varðar upplýsingagjöf til almennings, kynningu á stöðunni og því sem gert verður næstu daga og vikur til að rétta þjóðarbúið af.

[15:07]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Mér heyrðist þingmaðurinn drepa á þrennt. Í fyrsta lagi vil ég taka fram að það eru engin áform um að flýta kosningum að svo stöddu. Í öðru lagi að því er varðar rannsókn mála, rannsókn á því sem miður kann að hafa farið við aðdraganda þessa máls, þá hafa formenn flokkanna unnið að því upp á síðkastið og munu funda síðar í dag þar sem leitað verður leiða til að hægt verði að flytja sameiginlegt þingmál um það efni og vona ég að það geti orðið sem allra fyrst að hægt verði að setja lög og koma þeim málum öllum í viðunandi farveg. Það hefur staðið til allan tímann og verður ekki unað við annað en að slíkt verði gert og helst af öllu hefði ég viljað að það væri á ábyrgð allra stjórnmálaflokkanna og hef ekki fundið annað en formenn flokka séu inni á því.

Í þriðja lagi að því er varðar upplýsingagjöf til almennings, þá þykir mér miður ef það er almenn tilfinning að þar sé pottur brotinn. Við munum gera hvað við getum til að bæta þar úr. Opnað hefur verið sérstakt símaver sem veitir upplýsingar. Öll ráðuneytin veita upplýsingar og eru auðvitað reiðubúin að liðsinna hverjum og einum eftir mætti. Ýmsar stofnanir ríkisins eins og Íbúðalánasjóður og Vinnumálastofnun og fleiri slíkar stofnanir vinna hörðum höndum að því að greiða úr málefnum einstaklinga og einstaka málum. Við munum reyna að bæta þessa þjónustu eins og hægt er og því hefur verið beint til viðskiptabankanna þriggja að þeir, hver á sínum vettvangi, reyni að leiðbeina fólki og liðsinna eftir því sem mögulegt er. Við munum að sjálfsögðu reyna að bæta þá þjónustu sem hið opinbera veitir í þessum efnum. Allar góðar hugmyndir í því efni eru vel þegnar og mun verða unnið úr þeim eftir fremstu getu.

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég tel óskynsamlegt af hæstv. forsætisráðherra að taka enn svo til orða eins og hann gerði hér í sambandi við mögulegar kosningar. Þó að hann segði að vísu að svo stöddu væru engin áform um að flýta kosningum, þá held ég að það sé veruleikafirring að horfast ekki í augu við að þetta mun aldrei ganga án kosninga innan skamms.

Í öðru lagi fögnum við því að sjálfsögðu að vilji standi til þess að setja rannsókn á þessum atburðum öllum í farveg en tíminn til gera það er mjög naumur. Við höfum áður tekið það upp hér og ég hef áður lagt á það áherslu og ég vildi helst að í þessari viku sjáist það í verki í formi frumvarpa á borðum þingmanna þannig að þjóðin geti þó a.m.k. treyst því.

Í þriðja lagi varðandi upplýsingagjöf. Ferlið er allt of lokað, hæstv. forsætisráðherra. Það sem hefur gerst í skjóli skilanefnda og tímabundinna bankaráða er of lokað. Þaðan leka út fréttir í fjölmiðla, jafnvel frá stjórnvöldum sjálfum. Þetta er ekki nógu gott og þjóðin þolir ekki þetta ástand lengur. Hæstv. forsætisráðherra hlýtur þó a.m.k. að skynja sína þjóðarsál þannig að það stefnir í óefni og ríkisstjórnin verður að horfast í augu við það.

[15:11]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég hygg að við verðum öll að kannast við það að upp hafa komið í þjóðfélaginu aðstæður sem enginn okkar hefur þurft að glíma við áður, enginn þingmaður, enginn ráðherra. Allir sem hafa komið að þessu ferli hafa reynt að vinna sín verk eins vel og þeir hafa mögulega getað. Það er engum blöðum um það að fletta. Það á við um skilanefndirnar í bönkunum, það á við um hin tímabundnu bankaráð og það mun eiga við um nýju bankaráðin sem við gengum frá fyrir helgi í góðu samstarfi allra flokka. Þetta eru nokkrir af þeim aðilum sem eru á vettvangi í þessu máli en auðvitað koma margir fleiri að. Gagnvart almenningi er auðvitað mikilvægast að fólk hafi á tilfinningunni að það sé rétt og eðlilega að hlutum staðið, að það sé hvergi mismunað, að allir sitji við sama borð og allir eigi sama rétt bæði á upplýsingum og á sömu meðferð gagnvart stofnunum hins opinbera. Þannig er það, þannig viljum við hafa það og munum reyna að tryggja að það verði svo.

Ásakanir um spillingu í fjármálakerfinu.

[15:12]

Bjarni Harðarson (F):

Herra forseti. Það mál sem mig langar til að ræða um er allt annað en skemmtilegt. Ég var eins og fleiri með fólki á laugardaginn og hlustaði á það sem stendur fólki næst í umræðunni sem nú er og ég heyri hana víðar, í bloggheimum og víðar, og það er spillingin í íslensku samfélagi og þær ásakanir sem hafa komið upp og eru að koma upp þessa dagana. Því er haldið fram — ég ætla ekki að fullyrða neitt um sannleiksgildi þess — að menn hafi tekið úr almenningshlutafélagi heilar 3 þúsund milljónir ófrjálsri hendi. Því er líka haldið fram að við kaupréttarsamninga í gömlu bönkunum hafi ekki allir setið við sama borð. Þar hafi bankamennirnir leikið sér áhættulaust meðan almenningur hætti öllu sínu til og tapaði því. Þetta vekur mikla gremju í samfélaginu. Ég hef verið spurður að því af hverju þingið ræði þetta ekki og ég hef verið spurður að því hver við-

brögð stjórnarinnar verði við þessum málum.

Ég hef kosið að beina fyrirspurn minni til hæstv. iðnaðarráðherra vegna þess að það háttar svo til, og frá því verður ekki vikist að hafa orð á í þessum sal, að makar tveggja ráðherra koma við sögu þeirra mála sem ég hef hér drepið á. Það er illt um að tala en það er enn verra um að þegja og þingið verður að taka þessi mál til umfjöllunar og verður að þora að tala um þau. Hæstv. menntamálaráðherra hefur upplýst að hún vilji þar alla hluti upp á borðið. Ég fer fram á svör ríkisstjórnarinnar um hvað hún ætlar að gera til að mæta þeirri kröfu almennings að um þetta sé talað og að ríkisstjórnin geri hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum. Það sem kallað er á í samfélaginu eru viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þeim alvarlegu ásökunum sem fram eru komnar og ég kalla eftir svörum hjá oddamanni annars ríkisstjórnarflokksins í þeim efnum.

[15:14]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Hv. þingmanni er frjálst að taka upp hvaðeina sem hann vill í þingsölum. Ég veit ekki hvort ég er rétti maðurinn til að svara þessu en ég get þó sagt að ég er sammála hæstv. menntamálaráðherra um að setja á allt upp á borðið og það á að skoða allt. Þau málsatvik sem hv. þingmaður rakti hér um að 3 þúsund milljónir hefðu verið teknar, að því er ég skildi hjá hv. þingmanni eins og í fréttum, í heimildarleysi og jafnvel á skjön við lög út úr hlutafélagi og færð til útlanda til þess væntanlega að standa þar í einhvers konar gróðabralli, er auðvitað mál, eins og það ber að mér, með þeim hætti vaxið að það hlýtur að verða skoðað af þar til bærum yfirvöldum og eftir atvikum rannsakað og ef tilefni er til þess að gefa út ákæru verður það gert. Ég er þeirrar skoðunar að lögmál réttarríkisins verða að gilda og ég er þeirrar skoðunar að enginn er sekur fyrr en búið er að rannsaka og fella dóma um hans sök. En það sem hv. þingmaður nefnir hér er auðvitað tilefni til rannsóknar. Ég er honum sammála um það.

Að því er varðar það mál sem tengist þeim banka sem hv. þingmaður nefndi og fjallar um það að menn hafi fengið felldar niður ábyrgðir vegna hlutabréfakaupa, þá vill svo til að hæstv. dómsmálaráðherra hefur kynnt það í þessum sölum að hann hyggist flytja frumvarp um sérstakt embætti saksóknara til að skoða mál sem tengjast bönkunum. Það mál hefur verið rætt í ríkisstjórninni, það frumvarp hefur verið samþykkt þar. Það hefur verið samþykkt í þingflokkum beggja stjórnarflokkanna og það er partur af þeirri allsherjarrannsókn sem þingheimur allur er sammála um að verður að fara fram á tildrögum þeirrar skelfilegu atburðarásar sem riðið hefur yfir. Ég er sammála hv. þingmanni um að það á ekkert undan að draga, allt þarf að koma upp á borðið, sama í hvaða stöðu menn eru.

[15:16]

Bjarni Harðarson (F):

Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. iðnaðarráðherra og ég er honum sammála um að við lifum hér í réttarríki og margt af því sem ég drep hér á heyrir undir ákveðnar stofnanir, það er rétt. En við megum ekki gleyma því að það heyrir líka undir hina pólitísku ábyrgð. Henni vörpum við ekki til stofnana, hana þurfa stjórnmálamenn að axla, hana þurfa stjórnmálaflokkarnir að axla, hana þurfa einstaklingar í stjórnmálum að axla. Það er eftir þeirri ábyrgð sem ég kalla og ég held að Alþingi verði — ef það vill ekki æsa til enn meiri átaka og ófriðar en var hér liðinn laugardag — að koma til móts við þá kröfu sem gerð er í samfélaginu, sem er réttmæt.

Það hefur komið fram að menn hafi gengið út úr þessu fyrirtæki þar sem blöð segja að hafi verið teknar 3.000 milljónir (Gripið fram í.) — þrír milljarðar. Komið hefur fram að þar hafi fólk gengið út með bundið (Forseti hringir.) fyrir munninn. Nú vil ég fá að vita hverjir vissu af því sem þarna fór fram og (Forseti hringir.) hverjir vissu það ekki. Við krefjumst svara við því, almenningur krefst þeirra svara.

[15:18]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Það er eðlilegt í því andrúmslofti sem nú ríkir að tortryggni eflist þegar svör fást ekki. Ég er alveg sammála því sem hv. þingmaður segir að það þarf að rannsaka t.d. það mál sem hann gerði hér að umræðuefni. En ég ítreka að við eigum að varast það í þessum sal að fella dóma yfir einstaklingum áður en þeir hafi notið þeirrar verndar sem réttarríkið gefur þeim. Réttarríkið krefst þess að áður en menn fella dóma verði að rannsaka meinta sök þeirra og komast að niðurstöðu. (Gripið fram í.) — Þá kem ég að því, herra forseti.

Ég er að sjálfsögðu þeirrar skoðunar að skoða þurfi öll tildrög þessarar atburðarásar og það er enginn sem hægt er að taka út fyrir sviga fyrir fram, ekki heldur stjórnmálamenn. Það þarf að skoða eftirlitsstofnanir, Seðlabankann, Fjármálaeftirlitið og okkur sem í þessum sölum sitja, ekki síst ráðherra. Það er einfaldlega krafa almennings og krafa þessa þings að ekkert verði (Forseti hringir.) undan dregið og allt verði lagt á borðið. Þegar það liggur fyrir er sjálfsagt að hv. þingmaður komi hér og dragi sínar ályktanir.

Samvinna í efnahagsmálum.

[15:19]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Það má auðvitað segja að hæstv. forsætisráðherra er ekki í öfundsverðri stöðu og öll spjót standa eðlilega á honum. Forsætisráðherra heldur nokkuð ró sinni. Auðvitað er mjög mikilvægt að segja satt og ná mjög góðu sambandi við þjóðina við þessar aðstæður. Mér finnst vanta töluvert á í þeim efnum og bið hæstv. forsætisráðherra að skoða betur hvernig það er hægt því að við þurfum að ná þjóðinni saman. Ef við náum þjóðinni ekki saman getur Ísland brotnað. Við eigum í miklu alvarlegi átökum en nokkru sinni fyrr sem stafar af offari nokkurra manna á Íslandi en við verðum að axla þessa ábyrgð.

Ég verð þess var að úrræðin eru fá, stefnan er ekki skýr. Ég hef oft talað um það á síðustu vikum að hér þurfi að móta þjóðarsáttarborð. Við þurfum að setjast yfir það stóra verkefni að móta endurreisnaráætlun fyrir Ísland. Það er

svo margt hrunið, það er svo margt erfitt. Það væri styrkur fyrir hæstv. forsætisráðherra að koma sér upp slíku sáttaborði. Mér finnst hæstv. forsætisráðherra vera einstæðingur í öllu þessu, í ríkisstjórn sinni, hann þurfi á breiðari sveit að halda á bak við sig, mönnum úr öllum flokkum, mönnum frá atvinnulífinu, verkalýðshreyfingunni, og það er því miður ekki á borðinu.

Svo kemur í ljós að margt af því sem gagnrýnt hefur verið harðast virkar ekki. Ég nefni það að við framsóknarmenn gagnrýndum 50% hækkun á stýrivöxtum. Það gerðu einnig aðilar vinnumarkaðarins og sögðu að hún væri nánast glæpsamleg við þessar aðstæður. Nú hefur komið í ljós að þó að þríhliða samkomulag hafi verið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hefur þessi vaxtahækkun fellt gengið enn þá meira. Hún hefur sett okkur í enn þá verri stöðu. Það sem við þurfum nú að glíma við er ekki eftirspurnarverðbólga heldur er hrun heimilanna, (Forseti hringir.) hrun atvinnulífs og mikið atvinnuleysi þannig að úrræði þeirra hagfræðinga sem bentu á aðrar leiðir eru ekki uppi á borðinu hjá þessari ríkisstjórn, því miður.

[15:21]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég vil nú taka undir eitt og annað í máli hv. þingmanns og vissulega eru markmið okkar þau sömu. Það sem við viljum gera í stöðunni er ekki svo frábrugðið óháð því í hvaða stjórnmálaflokki menn eru, hvorum megin sem menn eru við ríkisstjórnarlínuna.

Við þurfum að kappkosta að milda það högg sem heimilin og fyrirtækin verða fyrir við núverandi aðstæður, reyna að koma í veg fyrir fjöldaatvinnuleysi og snúa bökum saman, eins og hv. þingmaður sagði, og þjappa þjóðinni saman eftir því sem hægt er. Það er ábyrgðarhluti þegar menn reyna að sundra fólki við núverandi aðstæður eða egna fólk til óþurftarverka.

Ég tel að þingmenn allir hafi mjög ríkar skyldur og fagna því sem kom fram bæði hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni og hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni í umræðunni fyrr í dag að þeir vilji leggja sitt af mörkum til þess að leysa vandamálin, hjálpa til við það frekar en hitt. Við vinnum saman að því að búa til þingmál til þess að setja af stað rannsókn á málunum. Mér finnst ég ekki vera neinn sérstakur einstæðingur í því máli og reyndar ekki almennt séð því að við vinnum öll vel saman í ríkisstjórninni að því að leysa aðsteðjandi vanda.

Það þarf breiða fylkingu og það er hárrétt hjá hv. þingmanni að aðilar vinnumarkaðarins skipta hér miklu máli. Við erum í mjög góðu samstarfi við þá sem mun aukast ef eitthvað er, verða enn meira á næstunni. Ég veit að hv. þingmaður fagnar því.

[15:23]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Haustið er svo ógnarlangt, myrkrið er svo svart um þessar mundir. Þjóðin þarf á því að halda að menn beini kastljósinu í eina átt. Hér eru alls konar hálærðir sérfræðingar sem halda að strax á morgun getum við tekið upp norska krónu, evru eða dollara og svo slæst þjóðin um þessi atriði. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra út í það: Telur hann að það sé lausn sem við eigum möguleika á þegar við stöndum í stórstríði við Bretland og Holland, þess vegna sterka aðila innan Evrópusambandsins, sem er kannski stríð upp á líf og dauða um efnahag Íslands?

Ég spyr einnig: Af hverju er ekki talað við hagfræðiprófessorana Gylfa Zoëga í Háskóla Íslands og Jón Daníelsson í London sem eru sérfræðingar miklir í að fást við kreppu? Þeir fullyrða að margt sem gert hafi verið hér sé skólabókardæmi um hvernig eigi ekki að fara að. (Forseti hringir.) Ég vil leita víðtæks samstarfs og forsætisráðherra ber að leita þess við marga aðila, við háskólann, atvinnulífið og stjórnarandstöðuna. (Forseti hringir.) Ég hygg að það skili sér fljótt í betri árangri og meiri samstöðu með þjóðinni.

Búðarhálsvirkjun.

[15:25]

Rósa Guðbjartsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Í þeim áföllum sem dynja yfir íslenskt atvinnulíf er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að nýta auðlindirnar og öll þau tækifæri sem eru fyrir hendi til atvinnuuppbyggingar í landinu. Við þurfum að sækja fram á tímum sem þessum.

Í dag berast fréttir af því að Landsvirkjun hafi ákveðið að útboðum í Búðarhálsvirkjun, sem opna átti bráðlega, verði frestað í fjóra til fimm mánuði. Sú ákvörðun eru óneitanlega vonbrigði enda hefur sú framkvæmd gefið verktökum von um ný atvinnutækifæri. Ákvörðunin getur hugsanlega einnig haft áhrif á aðra atvinnuuppbyggingu eins og stóriðjuuppbyggingu. Álverið í Straumsvík er til að mynda með í undirbúningi að auka framleiðslugetu fyrirtækisins um 40 þús. tonn innan þeirra bygginga og skipulags sem ríkir á svæði álversins og hefur undirbúið að framkvæmdir geti hafist við fyrsta tækifæri. Sú framleiðsluaukning var ákveðin til að tryggja áframhaldandi rekstur álversins í Straumsvík í kjölfar þess að enn frekari stækkunaráform voru felld með minnisstæðum hætti í Hafnarfirði fyrir einu og hálfu ári þegar ekki þótti þörf á þeim auknu atvinnutækifærum sem álversstækkunin hefði haft í för með sér.

Hugsanlega getur töfin á Búðarhálsvirkjun haft áhrif á fyrirhugaða framleiðsluaukningu í Straumsvík. Því vil ég spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort hann telji að frestunin muni hafa áhrif á áform álversins núna um áætlaða 40 þús. tonna aukningu á framleiðslugetu og hvernig hann sjái þá fyrir sér að álverið í Straumsvík fái næga orku til fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar.

[15:27]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Staðan er einfaldlega þannig að við lifum erfiða tíma. Það er erfitt fyrir Ísland og íslensk fyrirtæki, líka sterk fyrirtæki eins og Landsvirkjun, að fá fjármögnun til bráðnauðsynlegra hluta í dag. Ekki get ég spáð fyrir um það hversu lengi hið harða frost mun ráða ríkjum en ég vænti þess að því muni slota fyrr enn marga grunar.

Staðreyndin er einfaldlega sú að Landsvirkjun hefur ákveðið að fresta því að opna útboð í virkjun á Búðarhálsi. Það var framkvæmd sem átti að kosta 23–25 milljarða og

skiptir náttúrlega miklu fyrir atvinnulífið á þessum tímum. Sömuleiðis áttu þarna að koma 85 megavött. Það er rétt hjá hv. þingmanni að það hefur verið talin forsenda þess að hægt verði að ráðast í framkvæmdir við álverið í Straumsvík sem nauðsynlegar eru til þess að auka framleiðslu þess um 40 þús. tonn á ári.

Hv. þingmaður spyr mig hvort það muni verða til þess að seinka þeim áformum og ég verð bara að vera hreinskilinn og ærlegur við hv. þingmann: Ég tel að það séu miklar líkur á því að svo verði. Hugsanlega er hægt að kreista út úr kerfinu eitthvað upp í þetta en ég tel eigi að síður að eins og málin hafa þróast muni þessi seinkun þýða samsvarandi seinkun á því að álverið komi sér upp þeim búnaði sem nauðsynlegur er til þess að hleypa auknu rafmagni í gegn og þar með að auka framleiðsluna sem því nemur. Það er mín hreinskilnislega niðurstaða á þessari stundu.

Eigi að síður er rétt að undirstrika að hér er einungis um seinkun að ræða. Landsvirkjun hefur gefið þeim fimm aðilum sem tóku þátt í forvalinu kost á því að skoða og bæta við tilboð sín, hugsanlega að kanna hvort þeir, tilboðsgjafarnir, gætu lagt hönd á plóginn (Forseti hringir.) varðandi fjármögnun eins og reyndar mörg dæmi eru um í framkvæmdum hér á Íslandi. Það er einn möguleikinn en hann er ekki fullkannaður.

[15:29]

Rósa Guðbjartsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir svör hans. Jú, það er ljóst að lánsfjármagn er ekki fyrir hendi um þessar mundir í landinu, það vitum við svo sannarlega. En forstjóri Landsvirkjunar hefur meðfram þessari ákvörðun sagt að hann telji að skoða mætti þann möguleika að ræða við lífeyrissjóðina um hugsanlega fjármögnun og tók bæjarstjórinn í Kópavogi reyndar í sama streng í grein í *Morgunblaðinu* í dag. Hann sagði að það gæti verið mjög verðugt verkefni fyrir lífeyrissjóðina að skapa slík skilyrði og koma inn með fjármuni til atvinnuuppbyggingar eins og í því tilfelli sem hér er um ræðir, til virkjanaframkvæmda.

Það væri kannski gaman að heyra viðhorf hæstv. iðnaðarráðherra til þess möguleika, hvort það sé ekki athyglisverð leið sem mundi leggja mikilvæg lóð á vogarskálarnar í þessum efnum.

[15:30]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Þetta er möguleiki sem hefur verið reifaður. Ég hef sjálfur sagt það áður að ég tel æskilegt að lífeyrissjóðirnir komi að uppbyggingu orkuvinnslu í landinu og ég hef reyndar líka sagt það áður en núverandi hrina brast á að ég teldi það vel einnar messu virði að skoða hvort lífeyrissjóðirnir ættu ekki að eiga t.d. hluta í álverum vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að álver séu þrátt fyrir allt iðnaður sem muni skila góðum hagnaði í framtíðinni. Sömuleiðis hef ég velt upp þeim möguleika og er allt í lagi að segja frá honum hér að það ágæta fyrirtæki sem rekur álverið í Straumsvík og er skuldlaust og mjög öflugt velti fyrir sér þeim möguleika að koma að því fjármagna Búðarhálsvirkjun. Það fyndist mér vel vera meira en einnar messu virði að skoða. En ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá hefur þetta viðhorf hins frjálslynda jafnaðarmanns sums staðar og á óvæntum stöðum fallið í grýttan jarðveg.

Frestun framkvæmda í samgöngumálum.

[15:31]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ég beini spurningu til hæstv. samgönguráðherra vegna frétta í Ríkisútvarpinu 4. nóvember síðastliðinn þar sem segir svo að samgönguráðuneytið hafi framsent í síðustu viku til Vegagerðarinnar bréf frá fjármálaráðuneytinu þar sem fram komi að ekki skuli efnt til neinna nýrra útgjaldaskuldbindinga þar til áætlanir um ríkisfjármálin hafi verið endurskoðaðar. Í framhaldinu er svo viðtal við Hrein Haraldsson vegamálastjóra. Þar kemur fram að fresta á útboðum á vegaframkvæmdum sem voru inni á samþykktum fjárlögum þessa árs og voru meira að segja að hluta til hluti af flýtiframkvæmdum sem ríkisstjórnin ætlaði að beita sér fyrir í kjölfar síðustu kosninga fyrir rúmu einu og hálfu ári. Ég tel að fjármálaráðherra hafi ekki heimild til að gefa slíka tilskipun út. Ef hann vill breyta einhverju frá gildandi fjárlögum ber honum að koma með slíkt inn í þingið og það fjallar um það og tekur afstöðu til þess.

Ég vil því spyrja hæstv. samgönguráðherra hvort það hafi verið gert í samráði við hann að senda út bréf með þessum hætti, að slá á framkvæmdir sem Alþingi samþykkti á síðasta vetri að farið væri í, og eins hvort farið hafi verið ofan í saumana á því á hverju þetta bitnar. Ég bendi á að samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra verður t.d. vegur á Barðaströnd skorinn niður nú í stað þess að vera boðinn út en sami vegur var líka skorinn niður vegna þenslu fyrir nokkrum árum. Sumir landshlutar eru því skornir niður bæði í þenslu og líka í kreppu. Er þetta sanngjarnt?

Enda þótt huga megi í sjálfu sér að því að draga eitthvað úr framkvæmdum (Forseti hringir.) eru ákveðnar framkvæmdir samþykktar á fjárlögum og þeim má ekki breyta nema með samþykki þingsins.

[15:33]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að öll ráðuneytin fengu bréf frá fjármálaráðuneytinu þar sem þess var óskað að engar miklar fjárskuldbindingar væru settar fram á meðan við göngum í gegnum krísuna eftir hrun fjármálakerfisins og förum í gegnum fjárlög og annað slíkt. Þetta barst til allra ráðuneyta og þurfti í raun og veru ekki slíkt bréf til vegna þess að þetta er auðvitað sjálfsögð ráðstöfun hjá öllum ráðuneytunum í framhaldi af þeim miklu breytingum sem dunið hafa yfir íslenska þjóð. Og þannig er það með útboð Vegagerðarinnar. Þau örfáu verk sem voru að verða tilbúin vegna hönnunar og undirbúnings og voru að komast á það stig að geta farið í útboð, stoppuðum við líka öryggisins vegna. Við vildum ekki senda útboðin út, opna tilboðin og þurfa svo ef til vill að hætta við þau vegna þess að skorið verði niður til samgönguframkvæmda, munandi hvernig fór með útboð á Héðinsfjarðargöngum á sínum tíma. Það mál er nú hjá dómstólum vegna þess að hætt var við það. Mér finnst því ekkert óeðlilegt við það, virðulegi forseti, að þetta sé

gert en hvaða verkefni það svo verða, ef til þess kemur, er allt annar handleggur.

Það er rétt sem hv. þingmaður nefndi sem dæmi um verkefni sem við vorum komin með og vildum helst geta boðið út en var þó ekki alveg tilbúið til útboðs, þ.e. framkvæmdir á Barðaströnd. Þá er ég ekki að tala um framkvæmdir sem líka hafa beðið mjög lengi og eiga ekkert skylt við það ástand sem er í þjóðfélaginu, en við höfum ekki getað boðið út vegna þess að ákveðin verk eins og t.d. á sunnanverðum Vestfjörðum, vegur um Teigsskóg og þverun Gufufjarðar og Djúpafjarðar, þar sem fjármagn hefur verið til í langan tíma eru stopp út af því að kærumál eru í gangi (**Gripið fram í:** Út af náttúruspjöllum.) sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar (Forseti hringir.) með fullum stuðningi vinstri grænna eins og hér hefur komið fram.

[15:36]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Fyrst vil ég benda á að bréfið sem hér um ræðir og sent var frá fjármálaráðherra til Vegagerðarinnar í gegnum einstök ráðuneyti hefur ekki borist fjárlaganefnd og þótt kallað hafi verið eftir því hefur það ekki borist nefndinni. Þetta er bara dæmi um það hvernig framkvæmdarvaldið telur sig geta hunsað algjörlega samþykktir Alþingis og þingnefndir sem fjalla eiga um mál ef gera á breytingar á samþykktum fjárlögum innan ársins. Þetta vildi ég benda á. Ég hef einnig upplýsingar um að það eru bæði stór og lítil verk sem hefur dregist að kæmust í útboð og til framkvæmda sem verða líka stöðvuð. Það getur ekki verið vilji eða stefna ríkisstjórnarinnar eða Alþingis að ætla að setja hér allt fast. Og af því að hann nefndi Vestfirði og veginn um Barðaströnd, veginn sem var einmitt frestað fyrir þremur árum vegna (Forseti hringir.) þenslu á höfuðborgarsvæðinu og á nú aftur að skera niður vegna kreppu, ja, blessað fólkið sem (Forseti hringir.) verður að taka á sig syndir beggja.

[15:37]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég hef svo sem ekki miklu við þetta að bæta nema því að við skulum hafa í huga þær geysilega miklu fjárskuldbindingar sem eru í gangi og munu koma til greiðslu á öllu næsta ári, hinar miklu framkvæmdir sem eru í gangi nú þegar. Við þurfum að greiða miklar upphæðir á næsta ári og margar framkvæmdir verða í gangi sem þegar eru hafnar.

Ég vil bæta aðeins við þetta, virðulegi forseti, vegna þess að ég hygg að hv. þingmaður hafi ekki tekið það með þegar hann spurði um þetta en hefur auðvitað mikil áhrif líka, þ.e. verðbætur og sú verðbólga sem hefur hækkað mjög framkvæmdakostnað við ýmis verk. Meðan við fáum ekki meira fé inn verðum við auðvitað að taka upp áætlanir og skoða málin hvað þetta varðar. Og síðast en ekki síst, virðulegi forseti, skulum við gera okkur grein fyrir því að tilboð sem við höfum verið að fá í verk eru miklu hærri en þær kostnaðaráætlanir sem við unnum með þegar samgönguáætlun var gerð.

Þegar öllu er á botninn hvolft, virðulegi forseti, held ég að það sé skynsamleg ákvörðun að (Forseti hringir.) doka aðeins við. Það er ekki verið að tala um að fresta öllu. Við vitum ekki hvað kemur út úr þessu en við vitum það, bæði ég og hv. þingmaður, að sum verk eru mikilvægari en önnur og sum verk hafa beðið allt allt of lengi. (**Gripið fram í:** Ekki …)

Umræður utan dagskrár.

Þorskeldi.

[15:39]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Frú forseti. „Það eru erfiðir tímar, það er atvinnuþref.“ Þessi orð sem eru úr kvæði er Ólafur Kárason skáld yrkir í sögunni *Heimsljós* eftir Halldór Kiljan Laxness eiga nú vel við.

Já, það eru erfiðir tímar og atvinnuþrefið mun aukast. Margir eru nú atvinnulausir og gjaldeyrisskortur er mikill. Eitt þeirra verkefna sem blasa við þjóðinni er að auka gjaldeyristekjur með aukinni framleiðslu. Hvar sem við sjáum möguleika og tækifæri til að framleiða vöru sem gefur tekjur og atvinnu skulum við gera allt sem við getum til eflingar.

Ein sú grein sem við ættum að horfa mjög til er þorskeldi, bæði til atvinnusköpunar og verðmætaaukningar. Framleiðsla á eldisþorski er farin að taka nokkrum stakkaskiptum og hefur þróast á nokkuð jákvæðan hátt frá því að brautryðjendur eins og Magnús Guðmundsson frá Tungu í Tálknafirði hófu tilraunir með eldi á þorski. Það eru full rök fyrir því að vel sé í lagt hvað þessa atvinnugrein varðar og ekki skal það vanþakkað sem gert hefur verið bæði af hálfu ríkis og einstakra fyrirtækja sem jafnvel hafa tapað miklum fjárhæðum vegna ófyrirséðra vandræða eða uppákomum í náttúrunni.

Frú forseti. Á 128. löggjafarþingi var samþykkt að vísa til ríkisstjórnarinnar þingsályktunartillögu um þorskeldi sem hljóðar svona, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að hlutast til um að skipulegar rannsóknir á þorskeldi frá klaki til slátrunar verði stórauknar, svo og að fjarða- og kvíaeldi á þorski verði eflt og stutt, með það að markmiði að Íslendingar geti framleitt eldisþorsk til útflutnings innan fárra ára.“

Fyrir fimm árum flutti ég þessa tillögu ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar og var það mikið fagnaðarefni að hún skyldi fá afgreiðslu. Með slíka samþykkt Alþingis í höndunum er hæstv. sjávarútvegsráðherra heimilt, skylt og í lófa lagið að hlutast til um að leggja aukið fé í þessa grein. En mikilvægt er að allt regluverkið í kringum greinina verði skýrt sem og að hún þróist ekki í það að vera á einni hendi eða mjög fárra því að reynslan hefur kennt okkur að ekki sé skynsamlegt að hafa öll sín egg í einni og sömu körfunni. Þær tilraunir og sú vinna sem t.d. hefur verið unnin vestur á fjörðum er mjög góð og kemur í ljós að varan sem þorskeldið gefur þar af sér er í hæsta gæðaflokki.

Eitt enn sem mælir með auknu þorskeldi er krafa margra kaupenda sem vilja frekar höndla með eldisþorsk frekar en villtan af umhverfissjónarmiðum. Þetta hafa dæmin sannað. Síðan má ekki gleyma því að við eigum tæki og þekkingu

til að fullvinna þessa afurð auk þess sem við höfum þekkingu á þessum markaði.

Mjög mikilvægt er að koma á stofn fræðasetri þorskeldis. Ég tel einsýnt að það verði staðsett þar sem þorskeldið er nú hvað öflugast í landinu, vestur á fjörðum. Í tengslum við það er mjög brýnt að auka seiðaframleiðslu, efla þróun í gerð kvía, fóðurs og rannsókna á umhverfisáhrifum sem og að fara í það að semja reglur um allt umhverfi þorskeldisins.

Frú forseti. Ef við bætum nú verulega í ættum við að geta framleitt sem samsvarar afla nokkurra skuttogara innan fárra ára og það munar svo sannarlega um minna en það.

Mig langar í lok þessara orða minna að þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir að þekkjast ósk mína um þessa umræðu og vil spyrja hann eftirfarandi spurninga: Hvernig sér ráðherrann fyrir sér fræðasetur um þorskeldi í framtíðinni? Hver eru áform ráðuneytis hans um þorskseiðaframleiðslu? Hvað telur ráðherrann að framleiða megi mörg tonn af þorski með þorskeldi á næstu 7–10 árum?

[15:43]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir að hefja máls á þessu málsefni hér. Það er alltaf nauðsynlegt að brydda upp á umræðu um ný tækifæri í atvinnumálum og ekki síst á tímum eins og þessum. Ég vil hins vegar segja það sem ég hef oft sagt við svona tækifæri að það er ekki svo um þorskeldið að þar sé fugl í hendi en þar eru sannarlega tækifæri. Hins vegar er ljóst að þetta er áhættusamur atvinnurekstur sem krefst mikils fjármagns og mikillar þekkingar.

Eins og við vitum hafa þorskafurðir verið stærsta einstaka útflutningsafurð þjóðarinnar í sjávarútvegi undanfarna áratugi og mikil þekking byggst upp innan fyrirtækja í sjávarútvegi, bæði í veiðum, vinnslu og markaðssetningu á þorskafurðum.

Ýmsir aðilar og nokkur af stærri sjávarútvegsfyrirtækjum landsins hafa stundað þorskeldi hér við land. Eldisframleiðsla þessara fyrirtækja byggist að langmestu leyti á áframeldi og eldi fangaðra seiða sem hafa verið veidd í Ísafjarðardjúpi. Niðurstöður þessa tilraunaeldis eru í stuttu máli þær að fyrirtækin telja rétt í ljósi þeirrar reynslu sem þau hafa aflað sér að næstu skref verði stigin með það að markmiði að framleiðsla í þorskeldi verði aukin verulega frá því sem nú er.

Það er talið ólíklegt að veiðar á smáþorski og/eða seiðum sem verði alin áfram sé raunhæfur möguleiki til þess að auka framleiðslu á eldisþorski. Eini raunhæfi möguleikinn til að hefja stórfellda framleiðslu á þorskseiðum er í sérhæfðri seiðastöð og ég er sammála því áliti. Uppbygging þorskeldis á Íslandi í atvinnuskyni er mjög mikilvægt en um leið áhættusamt langtímaverkefni sem krefst samstillts átaks einkafyrirtækja og opinberra aðila.

Ef við setjum fram tilgátu um að framleiðsla eldisþorsks á Íslandi verði um 20 þús. tonn á árinu 2015, sem er að mínu mati raunhæft markmið, má áætla eftirfarandi: Áætlaður kostnaður við að byggja upp lífmassa eldisþorsks vegna framleiðslu á 20 þús. tonnum er um 6 milljarðar kr. en sá kostnaður mun að öllu leyti lenda á eldisfyrirtækjunum sjálfum. Auk þess kemur kostnaður við uppbyggingu seiðastöðvar sem gæti orðið sameiginlegt verkefni eldisfyrirtækja sem hið opinbera styðji. Það er nauðsynlegt að góð samræming verði í uppbyggingu seiðaframleiðslu og matfiskseldis til þess að fjármagnið nýtist sem best.

Ég vil í þessu sambandi líka leggja áherslu á að það er eðlilegt að hið opinbera komi svo sérstaklega að því að efla rannsóknir og þróun, einkanlega á þeim sviðum sem leiða til bættrar afkomu og aukins vaxtarhraða í þorskeldi. Það er líka svo að það er eðlilegt að þessi uppbygging eigi sér ekki síst stað á þeim svæðum sem eru í nágrenni við þorskeldi þar sem það hefur verið að eflast. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður benti á að það má segja að á vissan hátt sé vagga þorskeldisins í dag á Vestfjörðum, sérstaklega í Ísafjarðardjúpi, og það er ánægjulegt. Það hefur m.a. orðið til þess að byggst hefur upp sérfræðiþekking, rannsóknar- og vísindaþekking á Ísafirði, í þróunarsetrinu þar, hjá þeim rannsóknastofnunum sem þar starfa sem hefur auðvitað bæði verið til ávinnings fyrir greinina og fyrir það byggðasvæði sérstaklega.

Stærri sjávarútvegsfyrirtæki munu örugglega gegna lykilhlutverki í uppbyggingu þorskeldis hér á landi á næstu árum en þó með aðkomu hins opinbera að nokkrum þáttum. Þetta er fjármagnsfrek starfsemi. Hún kostar mikla þolinmæði og mikla þekkingu og það er löngu ljóst að þetta er ekki eins og menn töldu í upphafi, að hægt væri að kasta nokkrum seiðum í kví og ala þau síðan á einhverjum afskurði með litlum tilkostnaði. Það er ekki þannig, þetta krefst mikillar þekkingar á kynbótastarfsemi og mikillar þolinmæði.

Ástæða er til að undirstrika að uppbygging í þorskeldi í atvinnuskyni er áhættusamt langtímaverkefni þar sem Norðmenn hafa núna ótvíræða forustu. Þess vegna tel ég að kanna ætti til hlítar hvort norsk fiskeldisfyrirtæki sjái sér hag í því að taka þátt í uppbyggingu þorskeldis hér á landi og færa til okkar þekkingu sem við höfum ekki á að skipa eins og málum er nú háttað.

Það er hins vegar afar mikilvægt að árétta eitt og það er sú reynsla sem við höfum fengið úr fortíðinni. Hún er sú að þessi uppbygging þarf auðvitað að vera á forsendum greinarinnar sjálfrar, það getur ekki verið hlutverk ríkisvaldsins að draga þann vagn. Hins vegar hefur ríkisvaldið hlutverki að gegna. Við þurfum að móta grunngerð fyrir þessa uppbyggingu og þar með tel ég vel verjandi að við tökum þátt í þeirri uppbyggingu með hinni nýju atvinnugrein, svo sem með einhvers konar stuðningi við uppbyggingu seiðaeldisstöðvar. Þetta er hins vegar mál sem við þurfum að ræða nokkuð frekar. Ég skipaði nefnd fyrir um ári síðan sem skipuð er fulltrúum mikilla sérfræðinga og þeirra sem einna gleggst þekkja til í þessari atvinnugrein. Hún hefur unnið mjög vel. Ýmislegt hefur orðið til þess að tefja lokafrágang skýrslu nefndarinnar en ég á von á að skýrslan og starf nefndarinnar verði opinbert innan tíðar þegar hún skilar verki sínu af sér til mín.

Ég ítreka að hér er um að ræða mjög spennandi tækifæri sem við eigum ekki að láta fram hjá okkur fara. Það væri að mínu mati algjörlega óverjandi. Hins vegar er ljóst að þetta kostar fjármuni og er áhættusamt en (Forseti hringir.) það

er einfaldlega svo að það verður enginn árangur, engar framfarir nema menn taki líka áhættu.

[15:49]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Karli V. Matthíassyni fyrir að taka þetta mál upp á þingi í utandagskrárumræðu, þ.e. möguleika í framtíð þorskeldis og hvernig hið opinbera geti stutt við þróun þess atvinnuvegar. Ég tel að við eigum mikla möguleika í að þróa þorskeldi sem atvinnugrein þótt það gerist ekki eins og hendi verði veifað. Þar mun þurfa nokkuð langan og öruggan þróunarferil áður en við getum vænst þess að slík atvinnugrein geti staðið sjálf undir sér. Ég tek því undir hvatningarorð hv. þm. Karls V. Matthíassonar um að hið opinbera verður að koma að stoðgreinum sem þessari og að því undirbyggja greinina.

Ég kynntist þessu rækilega þegar við vorum að byggja upp bleikjueldið en það var þegar ég var skólastjóri á Hólum. Þá var farið í fjöldamörg vötn á Íslandi og leitað að stofnum sem hentuðu best til eldis og síðan voru þeir þróaðir og kynbættir áfram. Sama hygg ég að þurfi að gera í þorskeldinu og þess vegna held ég að það sé eðlileg krafa að hið opinbera beri ábyrgð á grunngerðinni eins og hæstv. ráðherra sagði en líka á grunnþróunarvinnunni. Atvinnugreinarnar verða að sjálfsögðu þátttakendur í þessu þróunarstarfi en fjárhagsleg ábyrgð verður að vera á ríkinu hvað þennan þátt varðar. Síðan þegar komið er að grunnþróunarstiginu þá geti atvinnufyrirtækin komið að málum og þá þurfi það að vera á sem breiðustum grunni, (Forseti hringir.) ekki að bara eitt, tvö eða þrjú stórfyrirtæki fái að einoka þetta heldur að sem flestir fái að taka þátt í því og sem víðast þar sem möguleikar eru, frú forseti.

[15:51]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Þetta er eitt af þeim málum sem ég hef gríðarlega mikinn áhuga á og það er nákvæmlega ár síðan ég lagði fram fyrirspurn á hv. Alþingi til hæstv. ráðherra þar sem ég spurði hvernig hæstv. ráðherra hygðist standa að því að efla þorskeldi hér á landi. Ég spurði ekki hvort heldur hvernig af því að ég taldi það svo sjálfsagt að ráðherrann mundi beita sér fyrir því. Hann tók því allvel þá þegar.

Síðan hefur hann bætt svarið, að mínu mati, bæði í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd nú nýlega með því að segja að hann telji að seiðaframleiðslan eigi að vera sameiginlegt verkefni ríkisvaldsins og þeirra útgerðarfyrirtækja sem hafa starfað að þorskeldi og það er gott mál og það var einmitt það svar sem ég vildi heyra. Ég vonast samt til þess, hæstv. forseti, að það verði þó ekki þannig að ef við tölum saman eftir ár þá verði staðan óbreytt. Ég geri kröfu til þess, ég tek svo mikið upp í mig, að hæstv. ráðherra fylgi þessu máli eftir því ekki veitir af að auka verðmætasköpun í landinu og gjaldeyristekjur og ég er þeirrar skoðunar að einmitt þessi atvinnugrein eigi að geta hjálpað okkur á því sviði.

Hæstv. ráðherra nefndi að það væri nefnd að störfum sem skipuð var fyrir um það bil ári síðan og mér finnst ansi mikill hægagangur á því að hún skili af sér því það er nokkuð langt síðan við fengum þær upplýsingar að hún hefði lokið störfum. Ég veit ekki hvað veldur því að niðurstaða hefur ekki verið gerð opinber enn þá. En aðalatriðið er að ég tel að þessi umræða ýti á að þessi atvinnugrein verði tekin alvarlega (Forseti hringir.) að mati ríkisstjórnarinnar og hæstv. ráðherra, þó að hæstv. ráðherra hafi að mínu mati óþarflega oft nefnt orðið „áhættusamur“ í ræðu sinni áðan.

[15:53]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að þessi umræða er tekin. Það veitir ekkert af því að ræða um þá möguleika sem felast í því að auka arðsemi í íslensku þjóðfélagi og möguleika sem við höfum vegna þess sem fiskstofnarnir geta gefið af sér. Þorskeldi í dag byggist á þrenns konar möguleikum, þ.e. að veiða seiði þriggja til fimm sm löng í september til október á sínum náttúrulegum svæðum. Í öðru lagi er klak og eldi seiða og seiðaframleiðsla sem er reyndar talin forsenda þess að verulegur vöxtur geti orðið í þorskeldinu í framtíðinni og þriðja aðferðin er að veiða þorsk eins til þriggja ára gamlan og setja hann áfram í eldi í sjókvíum. Það er verulegur mismunur á því hvernig að þessu er staðið og hvernig fæðunám fiskanna er eftir því hvort um seiði er að ræða eða hvort um þá fiska er að ræða sem teknir eru úr náttúrunni. Það er í raun og veru ekki hægt að ala þorskinn á þurrfóðri, sem er nauðsynlegt til að efla þessa atvinnugrein verulega, nema því aðeins að um seiði sé að ræða í upphafi því að þorskurinn sem er tekinn frá náttúrunnar ríki tekur ekki endilega við þurrfóðrinu.

Þetta eru atriði sem menn verða að skoða mjög vandlega. Það sem ég vildi leggja inn í umræðuna er að ég tel að það þurfi að skoða mjög gaumgæfilega hvernig við stundum veiðar á tveggja til þriggja ára gömlum þorski til framhaldseldis. Það kann að vera varasamt að stunda þær veiðar af miklum krafti á sömu stöðunum ár eftir ár eða innan sömu fjarða og á sömu slóðum því við vitum að þorskstofnarnir eru fleiri en einn og fleiri en tveir við landið og þar með getur sú nýting að veiða ungþorsk í áframeldi haft veruleg áhrif.

[15:56]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. og frummælanda, Karli V. Matthíassyni, fyrir þessa umræðu og ráðherra og öðrum sem hafa tekið þátt í að miðla upplýsingum um þessi mál. Ég vísa, með leyfi forseta, til mjög umfangsmikillar umræðu og greinargerðar og efnisskrifa í *Fréttablaðinu* sl. vor, dagana 6.–10. mars. Þar var fjallað ítarlega um þorskeldi og farið í gríðarlega umfangsmikla úttekt á þorskeldismálum og þá sérstaklega nefnt ýmislegt sem er að gerast í Noregi. Norskir fiskeldismenn stefna á að framleiða gríðarlegt magn af eldisþorski innan áratugar og áætlanir næstu sjö ára hljóða upp á að framleiða meira en Íslendingar veiða af villtum þorski í dag. Veiðar á þorski í Atlantshafi hafa dregist saman um hundruð þúsunda tonna á nokkrum áratugum. Árið 1980 voru veiddar 2 milljónir tonna í Norður-Atlantshafi en veiðin nú er áætluð 750 þúsund tonn. Við þekkjum öll hvað við Íslendingar veiðum mikið af því.

Veiðiráðgjafarsvið Hafrannsóknastofnunar segir að ekki sé að vænta neinnar aukningar í þorskveiðum á næstu fimm

árum. Það eru hins vegar deilur um slíkt og í ljósi þess tel ég við að verðum að nýta okkur krafta þeirra sem stundað hafa fiskeldi, þ.e. í löndum þar sem þorskveiði hefur tíðkast í stórum stíl. Og það er almennur vilji á þinginu til að gera það.

Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt að eldismálin eru áhættusækin. Við höfum hins vegar Hafrannsóknastofnun og ýmsar aðrar rannsóknastofnanir, einkaaðila, til að taka þátt í því með okkur. Ég tek undir það sem hæstv. ráðherra segir að við eigum að nýta okkur þekkingu norskra fiskeldisfyrirtækja og að þau taki þátt í þessu verkefni með okkur (Forseti hringir.) en um leið að stjórnvöld taki þátt í verkefnistengslum við seiðaeldi, grunngerðina og að fylgja eftir þessu góða máli.

[15:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á að þakka hv. málshefjanda og hæstv. ráðherra fyrir þessa umræðu. Það er ljóst að við munum horfa til þorskeldis hér á landi sem framtíðaratvinnugreinar. Það er aðeins spurning um hversu hratt við getum þróað hana til að verða arðbær. Töluverðar rannsóknir, þróun og kynbætur eiga eftir að fara fram til að þorskeldi geti orðið samkeppnishæft.

Í heimsókn sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar til Vestfjarða nú í haust sem var mjög vel undirbúin af heimamönnum var okkur kynnt staða þorskeldis og rannsókna þar vestra. Vestfirðingar eru svo heppnir að þeir hafa fengið vel menntað fólk til að stunda þessar rannsóknir í samstarfi margra aðila, Matís, Hafró og ekki síst sjávarútvegsfyrirtækjanna og við urðum sannarlega vör við mikinn kraft og áhuga þar. En ég vil einnig nefna þær rannsóknir sem farið hafa fram, m.a. við Háskólann á Akureyri og hjá fyrirtækjum á Norðurlandi og Austurlandi.

Ég tel að nú á þessum tímum bjargráðanna eigi að beita rannsóknasjóðum okkar markvisst til praktískra rannsókna, nú þegar mikið liggur við að íslensk þjóð vinni sig sem hraðast út úr kreppunni. Tölur um minnkandi afla úr heimshöfunum eru sláandi en einnig tölur um vaxandi fiskeldi í heiminum. Við verðum að vera með í þeirri þróun og a.m.k. halda okkar hlut á fiskmörkuðum, helst að auka hann. Frændur okkar Norðmenn hafa miklar tekjur af fiskeldi og þar starfa um 4.000 manns við fiskeldi. Þeim hefur tekist vel að sigrast á ýmsum erfiðleikum sem virðast ganga reglulega yfir. Flöskuhálsinn hér á landi er nú, eins og ráðherra nefndi, seiðaframleiðslan. Mín skoðun er að það sé mikið á sig leggjandi til að ná árangri þar og mun því styðja að hið opinbera komi að því að seiðaeldisstöð geti orðið að veruleika eftir að meiri þekkingar og reynslu hefur verið aflað.

Ég tek undir það með ráðherra að það þurfi samstillt átak hins opinbera og einkafyrirtækja. (Forseti hringir.) Einkafyrirtækin hafa dregið vagninn og munu gera það áfram.

[16:00]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Þetta er virkilega góð umræða og ég vil þakka hv. þm. Karli V. Matthíassyni fyrir að vekja hana hér. Það er hins vegar miður að hæstv. ráðherra og aðrir stjórnarliðar sem hér hafa talað hafa ekki svarað þeirri spurningu sem hv. þingmaður lagði fram um það hvort menn sæju fyrir sér að fræðasetur yrði sett upp vestur á fjörðum til að sinna þessum rannsóknum. Að mínu viti er á þessu stigi fyrst og fremst um þekkingaröflun að ræða. Þetta er auðvitað atvinnusköpun og þetta er matvælaframleiðsla, þetta er verðmætasköpun og þetta er gjaldeyrisöflun. En á þessu stigi er þetta þekkingaröflun fyrst og fremst. Við þurfum að vita um hvað eldið snýst. Við þurfum að læra meira um klakið. Við þurfum að geta framleitt kvíarnar og rekið þær, við þurfum að framleiða fóður og við þurfum að meta umhverfisáhrif og læra á kynbætur.

Ég fagna því sérstaklega að ráðherra skuli lýsa sig reiðubúinn til þess að ríkið komi að þessum málum og hann nefnir seiðaeldisstöð. Ég verð að segja það, frú forseti, að í þeim efnum er mjög mikilvægt að virða náttúrulegan fjölbreytileika. Við verðum að virða, þekkja og styrkja þá þekkingu á þorskstofnunum okkar en ekki þorskstofninum vegna þess að það er sannað að þeir eru fleiri en einn og fleiri en tveir við landið. Þess vegna hljótum við bæði í rannsóknum, veiðum og eldi að taka tillit til þess. Ég er með öðrum orðum, hæstv. ráðherra, að vara eindregið við því að menn stefni á eina stóra seiðaeldisstöð fyrir allt landið.

Ég tek undir nauðsyn þess að setja upp fræðasetur á þessu sviði vestur á fjörðum. Þar er vaggan í þessum efnum og ég skora á sveitarstjórnarmenn og ráðherra að snúa sér að því að efla það og hætta við öll áform um olíuhreinsistöð á þessu svæði (Forseti hringir.) vegna þess að þetta tvennt fer ekki saman, matvælaframleiðsla og olíuhreinsistöð. Við skulum velja á milli og við skulum velja náttúruna.

[16:02]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir þá umræðu sem hér fer fram um þorskeldi og þakka hæstv. ráðherra fyrir ræðu hans en í henni kom ýmislegt fram. Við erum að ræða um mjög mikilvæga nýsköpun í atvinnumálum sem er mjög jákvæð. Það hafa ýmsir frumkvöðlar komið að þessum málum og lagt mikið undir. Sumir hafa upp skorið og aðrir ekki eins og gengur þegar við ræðum nýsköpun og frumkvöðlastarf.

Í umræðunni hefur verið farið yfir hversu mikilvægt er að við náum árangri í þorskeldinu. Það hefur orðið samdráttur í þorskveiðum en aukið þorskeldi eykur auðvitað verðmætasköpun og vinnslu. Í dag eru þegar þó nokkuð margir sem hafa fulla atvinnu af því að vinna að afurðum þorskeldisins.

Ég tek líka undir það sem fram hefur komið um þróun og annað varðandi seiðaframleiðslu og seiðaeldi. Það er eitt af grundvallaratriðum í þessu máli sem við þurfum að ná tökum á og það er mjög mikilvægt.

Nýsköpun er auðvitað langhlaup sem kallar á úthald og það sem við köllum gjarnan þolinmótt fjármagn og þorskeldið er einmitt dæmi um slíka nýsköpun. Það er ljóst að stjórnvöld verða að koma að því að styðja við þetta verkefni. Hæstv. ráðherra kom inn á það og nefndi þar m.a. rannsóknir og þróun. Ég tek undir það og nota tækifærið til

að hvetja hæstv. sjávarútvegsráðherra til dáða í þessu máli í heild sinni og veit reyndar að hann hefur mikinn áhuga á því.

Ég tek í lokin, virðulegi forseti, undir það sem kom fram hjá framsögumanni um stofnun fræðaseturs þorskeldis á Ísafirði. Ég tek undir það því við þekkjum að Vestfirðirnir eru vagga þorskeldisins. Þar hefur byggst upp mikil þekking og reynsla og ég tel það mjög jákvætt og gott að við vinnum að því í sameiningu að stofna fræðasetur þorskeldis á Ísafirði.

[16:05]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Það er kannski rétt að minna aðeins á að í því ástandi sem nú er í þjóðfélaginu verða þær raddir sem tala um hluti sem munu kosta verulega mikið fjármagn, þ.e. fjármagn til að byggja upp og þróa alvörufiskeldi eða réttara sagt þorskeldi í þessu tilfelli, dálítið hjáróma. Þess vegna finnst manni það svolítið sérstakt að þurfa að vera að ræða svona mál en auðvitað verðum við að halda áfram þó að við bíðum eftir því að fá alvörumál inn á borð til okkar.

Utandagskrárumræða um þorskeldi er auðvitað mjög af því góða. Ég vil minna á að það er fræðasetur í Sandgerði sem hefur staðið að þorskrannsóknum og rannsóknum á seiðum og einnig er seiðaeldisstöð í Grindavík sem hefur náð mjög góðum árangri þannig að það er ekki bara þörf á því að setja fræðasetur á Vestfjörðum um fiskeldi. Það eru ýmsir aðrir staðir til líka, t.d. var botndýrarannsóknastöðin í Sandgerði með tilraunaverkefni með seiði úr írska hafinu annars vegar og svo af Íslandsmiðum og það var mjög athyglisverð tilraun sem gerð var þar.

Áframeldi er líka einn möguleiki og partur af þessu fiskeldi, þorskeldi, en þar kemur aftur að því hverjir fá kvóta til þess að stunda það og það er verðugt verkefni að menn skoði það vegna þess að þar er verið að mismuna mönnum að mínu mati. Síðan eru ýmis önnur rannsóknaverkefni í sjávarútvegi sem þörf er á, m.a. það sem útgerðarmenn úr Grindavík vildu fara í til að rannsaka djúpkantinn sunnan við land. Það fengust ekki veiðiheimildir í það en þeir ætluðu að gera það í samstarfi við Háskóla Íslands, m.a. að gera DNA-rannsóknir og athuga stærð og aldur í djúpköntunum. Það hefur hvorki fengist fjármagn né leyfi til þess verkefnis.

[16:07]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Frú forseti. Ég vil þakka þessa umræðu um þorskeldi og ráðherra fyrir góð svör, svo og öðrum sem hafa tekið þátt í henni og lagt gott eitt til málanna. Það er greinilegur einhugur um þetta á Alþingi Íslendinga, bæði vegna þess að menn sjá að þetta er efling á atvinnugrein sem við höfum þekkingu á og kunnum að vinna og við höfum allt þetta fyrir hendi. Við það bætist svo að við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu þá verðum við að leggja áherslu á, þó að það gerist ekki bara einn, tveir og þrír, að byggja upp atvinnugreinar sem gefa okkur tekjur og skapa atvinnu og leiða af sér nýja möguleika. Ég veit t.d. að í þorskeldinu vestur á fjörðum hafa menn verið með rannsóknir á ljósum í tengslum við kynþroska þorsksins og allt í einu er framleiðsla þessara ljósa farin að verða möguleiki til sölu og tækifæra í iðnaði. Slík rannsóknastörf geta því leitt margt af sér og verið til góðs.

Ég þakka hæstv. ráðherra aftur og vil gleðjast yfir áliti hans, að hægt sé að framleiða 20 þúsund tonn á ári eftir sjö ár. Hvað þarf marga skuttogara til að veiða þann massa? Ég hugsa t.d. að að á einu ári gætu það verið u.þ.b. fjórir til fimm skuttogarar sem væru þá nær eingöngu í þorskveiðum. Hæstv. ráðherra sagði að þetta mundi kosta 6 milljarða, en hvað kosta fimm til sex skuttogarar? Það eru alveg gríðarlegar fjárhæðir sem þarna eru undir og auðvitað hætta þeir ekki veiðum eftir eitt ár en það er sama með þennan stofnkostnað sem hæstv. ráðherra talar um, 6 milljarða. Auðvitað nýtist þetta til fleiri ára.

[16:09]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka kærlega fyrir þá jákvæðu, uppbyggilegu og málefnalegu umræðu sem hefur farið fram um þetta mál. Það er ánægjulegt að heyra að það er svo mikill samhugur meðal þingmanna um málið sem auðvitað mun skila sér þegar skýrsla nefndarinnar, sem ég gerði að umtalsefni, verður gerð heyrinkunnug en það verður innan tíðar. Það er rétt að það hefur aðeins tafist í lokin að ljúka frágangi hennar. Það eru einfaldlega fleiri flækjustig í málinu en við höfðum almennt áttað okkur á.

Hugsunin á bak við hugmyndina um seiðaeldisstöð eða seiðaeldisstöðvar sem vonandi verða í framtíðinni, er einmitt sú að auðvelda aðgang sem flestra að seiðunum. Það er alveg ljóst að einstök eldisfyrirtæki geta ekki farið í að byggja upp slíkar seiðaeldisstöðvar hver fyrir sig og þess vegna er svo mikilvægt að reyna að sameinast um fjárfestingu til þess að tryggja það að menn geti fengið aðgang að seiðunum.

Ég vil líka vekja athygli á því sem hv. þm. Karl V. Matthíasson nefndi að nú þegar er þetta orðin umtalsverð atvinnugrein þar sem hún hefur helst náð að festa sig í sessi, t.d. við Ísafjarðardjúp. Mér finnst ekki ótrúlegt að a.m.k. 100 manns og kannski fleiri hafi beinlínis framfæri sitt af vinnu við þorskeldi og í kringum það og þá er ég ekki að tala um hin afleiddu störf. Ef ég tek sem dæmi það fyrirtæki sem hefur verið hvað stórtækast í þorskeldinu þá er það hraðfrystihúsið Gunnvör í Ísafjarðarbæ. Þar er það þannig að fimmta hvern dag, einn dag í viku, er eingöngu unnið úr hráefni úr þorskeldinu, ekki bara af þorskeldiskvíum þessa fyrirtækis heldur líka úr þorskeldiskvíum annarra fyrirtækja þarna á slóðinni og þetta er því farið að hafa heilmikil áhrif á atvinnusköpunina við Ísafjarðardjúp.

Varðandi það sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sagði þá hefur alveg frá upphafi verið mjög vel hugað að umhverfisþáttunum og bæði Matís, Hafrannsóknastofnun og Náttúrustofa Vestfjarða hafa sérstaklega hugað að því og á því sviði hefur byggst upp umtalsverð þekking. Ég hygg, virðulegi forseti, þegar grannt er skoðað að menn hafi staðið afar vel að þessum málum, ekki síst vegna þess að það eru fyrirtæki sem hafa leitt þessa þróun í mjög góðu samstarfi við vísindastofnanirnar í landinu. (Forseti hringir.) Það þarf ekki að brýna mig neitt í þessum efnum varðandi Vestfirð-

ina, mér er það alveg ljóst að þar mun verða mikill vaxtarbroddur í rannsókna- og þróunarstarfinu.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 114. mál (aukin heimild til flutnings aflamarks milli ára). — Þskj. 123.

[16:12]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 123, 114. mál, en þar er um að ræða breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Breytingarnar snúa annars vegar að því að lagt er til að heimild til flutnings aflamarks í botnfiski frá einu fiskveiðiári til þess næsta á eftir verði aukin úr 20% í 33%. Hins vegar að heimilt verði að veiða 5% umfram aflamark í humri á einu fiskveiðiári sem dregst þá frá heimildum næsta árs á eftir.

Í 3. mgr. 11. gr. laga, um stjórn fiskveiða, eru ákvæði um heimildir til þess að fresta nýtingu hluta aflamarks milli ára og í 4. mgr. sömu greinar eru tilgreindar þær heimildir sem eru til þess að veiða umfram aflamark hvers fiskveiðiárs enda dregst umframafli frá við úthlutun á því næsta. Þessar heimildir til flutnings aflamarks milli fiskveiðiára miðast við úthlutað aflamark til hvers fiskiskips.

Heimildir til þess að flytja ákveðið hlutfall aflaheimilda milli fiskveiðiára hefur verið í lögum frá upphafi kvótakerfisins. Slík heimild hefur verið talin heppileg til þess að auka sveigjanleika fiskveiðistjórnarkerfisins. Þá er hún fallin til hagkvæmari nýtingar einstakra fiskstofna. Markaðsaðstæður og sveiflur í úthlutun einstakra tegunda geta auk þess gert það æskilegt að hafa þennan möguleika til flutnings milli fiskveiðiára. Heimild til að fresta nýtingu aflaheimilda milli ára hefur verið ríkari en heimild til veiða fyrir fram og styðst það við þá staðreynd að stofn gefur að jafnaði meira af sér þegar veiðum úr honum er frestað. Fiskifræðileg rök hníga því að auknum geymslurétti.

Í núgildandi ákvæði er heimilt að geyma þannig milli ára 20% af botnfiskheimildum en í frumvarpinu er lagt til að sú heimild verði aukin í 33% eins og ég nefndi áðan. Beiðni um slíka breytingu hefur borist frá útgerðarmönnum bæði smærri og stærri skipa sem m.a. hafa bent á að heppilegt gæti verið að nýta slíka heimild í ýsu þar sem líklegt megi telja að leyfilegur ýsuafli kunni að dragast saman á næsta ári í ljósi fiskveiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunar. Það gæti þess vegna komið sér vel að geyma meira frá þessu fiskveiðiári til þess næsta. Hið sama gildir um aðrar tegundir og að mínu mati eru því býsna vandfundin rök sem mæla gegn þessari breytingu.

Í 3. mgr. 11. gr. laganna er ákvæði um heimild til að fresta nýtingu 20% aflamarks í humri milli ára en hins vegar er ekki ákvæði í 4. mgr. um að veiða megi úr þessum stofni fyrir fram eins og gildir almennt. Ástæðan fyrir þessu er trúlega sú að þegar gildandi ákvæði voru sett var ástand humarstofnsins með þeim hætti að ástæða þótti til að fara mjög gætilega í veiðum á honum. Nú er ástand þessa stofns talið gott og því ástæða til að opna þessa heimild með sama hætti og almennt gildir.

Virðulegi forseti. Ég tel mikilvægt að þetta mál fái framgang og legg því til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og umfjöllunar hjá hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

[16:14]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Frumvarpið er að mínu mati ekki gott og verður til þess að halda uppi leiguverði, leiguverð verður hærra en ella, þar sem skip og útgerðir með lítinn kvóta eiga ekki kost á því að veiða upp í heimildir sem ekki nást. Það er nógu slæmt að það sé 20%, hefði þurft að vera 5 eða 10%. Ég er alfarið á móti því að fara þá leið að leggja til að leyfilegt verði að færa á milli ára 1/3 af úthlutuðum veiðiheimildum. Maður getur spurt sig hvort það sé rökrétt ef svo illa gengur að veiða ákveðna fisktegund að leyfa að flytja 33% á milli ára. Ég hefði haldið að það væri ávísun á það að ástand viðkomandi fiskstofns væri mjög lélegt og því ekki gerlegt að bíða með það að veiða ef ekki er hægt að veiða. Þetta hjálpar mönnum að halda uppi leiguverði og eykur enn þjáningar þeirra leiguliða sem fiska á skipum sem eru með litlar veiðiheimildir eða jafnvel engar. Ég er því alfarið á móti því að frumvarpið verði samþykkt.

Það er dálítið skondið að þegar menn eru af ýmsum ástæðum að reyna að ná sáttum í þjóðfélaginu skuli þeir kjósa að búa betur í haginn fyrir svokallaða sægreifa sem hingað til hafa fengið að braska með kvótann. Ekki þarf að taka það fram að þegar gjafakvótakerfið var sett á fóru menn að braska með veiðiheimildir. Eftir að frjálsa framsalið komst á árið 1991 fóru menn að braska af alvöru. Þá fóru þeir að leigja veiðiheimildir, selja og veðsetja dýrum dómi. Ekki er hægt að sætta sig við að nú eigi að gera mönnum það auðveldara en áður — takið eftir — að halda uppi leiguverði og pína leiguliðana meira en gert hefur verið.

Ég hef stundum sagt að halda mætti að hæstv. sjávarútvegsráðherra væri strengjabrúða hjá LÍÚ-klíkunni. Mér sýnist það vera að sannast í dag eins og oft áður. Frumvarpið gengur alfarið út á að hjálpa stóru fyrirtækjunum sem fengu kvótann gefins í upphafi og hafa nýtt sér það að leigja allt að 50% á ári af veiðiheimildum.

Ekki er ástandið betra í svokölluðu smábátakerfi. Þar er sama fyrirkomulag. Ef eitthvað er er það verra en í stóra kerfinu þar sem menn leigja báta á svokallaðri kínaleigu. Þá leigja þeir bátinn og þurfa ekki einu sinni að færa veiðiheimildir á milli. Geta raunverulega leigt 100% ár eftir ár af kvótanum. Í stóra kerfinu er það þó þannig að menn leigja ekki á hverju fiskveiðiári nema 50% af veiðiheimildum. Þetta er partur af þessu brjálaða fiskveiðistjórnarkerfi okkar og ætti í sjálfu sér að vera búið að breyta því. Við höfum fengið tilmæli frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, álit þar sem staðfest er að við séum að brjóta mannréttindi á þegnum okkar með þessu kerfi. Menn ættu að sjá sóma sinn í að leggja þetta kerfi af. Við kynnum einmitt í frumvarpi sem við mælum fyrir á eftir hugmyndir um að innkalla allar veiðiheimildir.

Þetta er ekki til þess að ná sátt. Ef eitthvað er eykur þetta óánægjuna með kerfið og hjálpar þeim stóru sem

fengu ókeypis veiðiheimildir í upphafi og mun einungis þýða meiri átök í samfélaginu. Mér sýnist að sumir ráðherrar ættu að fara að fá sér lífverði með tilliti til þess sem er að gerast í þjóðfélaginu, ef skapað er meira ósætti um fiskveiðistjórnarkerfið sem og önnur mál erum við komin mjög langt frá veruleikanum. Manni finnst stundum að þingmenn og ráðherrar, sem hafa verið að fjalla um þessi mál, séu nánast veruleikafirrtir þegar þeir halda að þeir geti endalaust haldið áfram að misbjóða fólki í landinu með misskiptingu eins og við búum við í fiskveiðistjórnarkerfinu.

Þetta er mjög alvarlegt og ég hvet hæstv. sjávarútvegsráðherra til að draga frumvarpið til baka og vera ekki að leika sér að því að búa til meira ósætti í samfélaginu en raun ber vitni. Þetta er með þeim hætti að ekki er hægt að sætta sig við svona gjörninga. Ég segi því enn og aftur: Dragðu frumvarpið til baka til þess að valda ekki meiri glundroða meðal þjóðarinnar en raun ber vitni. Leggjum af þetta lénsherrakerfi, sægreifakerfi, og tökum upp heilbrigðari skynsemi í fiskveiðistjórnarmálum. Hættum þessu bulli sem við höfum verið með síðustu 20 ár og verum ekki að búa til og viðhalda leiguliðakerfi. Þetta er óréttlátt í alla staði, hefur alltaf verið og verður alltaf. Það verður aldrei hægt að una því að einhverjir fáir útvaldir eigi auðlindina í hafinu og hinir megi éta það sem úti frýs eða jafnvel ekki einu sinni það.

[16:21]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmann á að virða hefðir þingsins í ræðustóli.

[16:21]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur mælt fyrir, um heimildir til að auka hlut fiskveiðiheimilda sem má geyma milli ára, sýnir hversu kerfið er orðið gatslitið og ófært um að ná þeim markmiðum sem því var sett í byrjun, þ.e. að við stjórn fiskveiða skyldi miðað að því að vernda fiskstofna, stuðla að hagkvæmri nýtingu þeirra, treysta atvinnu og efla byggð í landinu. Ekkert af því hefur gengið upp við núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Hér er lagt til að auka hlut sem útgerðir mega geyma af fiskveiðiheimildum á milli ára úr 20% í 33%. Maður veltir því fyrir sér hver rökin séu fyrir þessu. Var ekki ætlunin að fiskveiðiheimildir á viðkomandi fiskveiðiár væru undir öllum venjulegum kringumstæðum veiddar og kæmu til vinnslu í sjávarbyggðunum í landinu á því ári? Á það að vera á valdi útgerðanna að ákveða hvort hún frestar þessu til næsta árs? Það er bara einn punkturinn.

Gerum okkur grein fyrir því hvað verið er að tala um. Við erum kannski með 130 þús. tonna þorskkvóta. Ef allar útgerðir færu í þær heimildir sem þar eru gefnar, því að ekki er sett neitt þak á það, mætti geyma um 50 þús. tonn á milli ára. Viljum við opna á það? Vafalaust má finna einstök tilvik hjá einstaklingi í útgerð sem þetta geti komið upp hjá innan þess kerfis sem nú er. En ég verð að segja að mér finnst þessi aðferð, þessi nálgun, ótrúverðug. Reyndar er verið að misnota fiskveiðistjórnarkerfið, svo gallað sem það er, með því að opna á þessar auknu heimildir. Það á ekki að vera á valdi útgerðarinnar einnar að ákveða atvinnustigið í fiskvinnslu í landinu. Það er afar óábyrgt að gefa útgerðunum einhliða heimild til þess að færa á milli ára og stýra atvinnunni með þessum hætti og sýnir hversu gallað eignarhaldsfiskveiðistjórnarkerfið er.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Grétar Mar Jónsson sagði: Þetta leiðir enn á ný til hækkunar á leigukvóta hjá þeim sem ekki eiga kvóta og eru að reyna að halda uppi veiði og vinnslustigi sínu. Örfáir einstaklingar eða útgerðir sem eru með mikinn kvóta geta þannig raskað grundvelli fiskvinnslu og fiskveiða hjá öðrum innan kerfis sem gengið er sér til húðar. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum fram á síðasta þingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Þar lögðum við til að nú yrði kerfið allt endurskoðað, það hefði brugðist. Ef einhvern tíma var þörf á að gera það er það nú þegar við sjáum að fiskveiðarnar, auðlindin í sjónum, eru von okkar og traust í atvinnu og tekjuöflun þjóðarinnar.

Þeir voru nokkrir spámennirnir, foustumennirnir í íslensku atvinnulífi, sem sögðu að sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn heyrðu í sjálfu sér fortíðinni til. Nú væri allt annað uppi og ánægjulegt að sjávarútvegurinn spilaði ekki eins stórt hlutverk og áður í atvinnulífi þjóðarinnar. Vissulega þurfa að vera sem fjölþættastar stoðir undir íslensku atvinnulífi en nú sjáum við að sjávarauðlindin okkar er sú dýrmætasta. Ég velti því fyrir mér, og vildi gjarnan heyra það frá hv. þm. Karli V. Matthíassyni, talsmanni Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum og varaformanni sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar: Hefur þetta frumvarp gengið í gegnum þingflokk Samfylkingarinnar og verið samþykkt þar? Í öðru lagi: Hvað líður því ákvæði stjórnarsáttmálans sem var þó veiklega og aumingjalega kveðið á um, að fiskveiðistjórnarkerfið skyldi endurskoðað á kjörtímabilinu?

Ég hef heyrt persónulegar skoðanir hv. þingmanns á fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég veit ekki alltaf hvort það er flokksins eða hans þar sem hann, hv. þm. Karl V. Matthíasson, hefur ítrekað að endurskoða beri kerfið. Þessi breyting er, að mér sýnist, eingöngu til þess að treysta enn betur í sessi varanlegt eignarhald eða yfirráð örfárra á fiskveiðiheimildinni svo að þeir geti síðan valsað með hana á milli ára. Ef stórar útgerðir hafa heimild til að fara með 33% af úthlutuðum aflaheimildum á milli ára er það ekkert smáræði sem þær hafa áhrif á bæði veiði og atvinnustigið.

Hvernig er síðan með ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar hvað varðar meðferð og nýtingu á auðlindinni í sjónum? Ef það er í lagi að taka 30% frá þessu ári og vera þá búinn að lofa því upp í ermina á sér að veiða megi það á næsta ári, óháð því hvernig fiskstofnarnir eru settir? Mér finnst, frú forseti, að frumvarpið sé einungis áréttíng á hinu gallaða fiskveiðistjórnarkerfi. Við veiðum á hverjum tíma innan hvers árs þær heimildir og það sem við teljum að fiskveiðistofnar okkar þoli eftir þeim aðferðum sem við metum það. Á næsta ári úthlutum við aftur aflaheimildum á þeim grundvelli sem þá er talið, af hinum vísustu mönnum og stofnunum, að megi taka. Mér finnst, eins og þarna er verið að gera, að hægt sé að rokka svo gríðarlega til með að geyma aflaheimildir á milli ára — mér finnst í raun verið að gefa allri fiskveiðiráðgjöf, sem við höfum þó stuðst við á

undanförnum árum, langt nef.

Vel má vera að það megi gera en þá á ekki að gera það á þessum forsendum. Ég ætla ekki fyrir fram að gera svo lítið úr fiskveiðiráðgjöfinni á undanförnum árum, sem við nú treystum á, að á þessum grunni sé hægt að segja að hún skipti engu máli. Það finnst mér ekki réttlátt. Að það sé í lagi að heimila að menn geymi 33% af aflaheimildum og færi á milli ára að eigin geðþótta sýnir, svo að ég ljúki máli mínu, ítrekað hvernig fiskveiðistjórnarkerfið er. Þegar það passar er því handstýrt á þennan hátt, þegar það passar á hinn veginn er því handstýrt á þann veginn. Hver er það sem líður fyrir þessi vinnubrögð og þessar aðgerðir? Jú, það er aumingja fiskurinn í sjónum sem veit aldrei á hverju hann á von á hverjum tíma frá stjórnvöldum. (Gripið fram í.) Það er fólkið í sjávarbyggðum landsins sem getur búið við það að ein útgerð ákveði að geyma 33% af afla sínum til næsta árs, fólkið sem hélt að það ætti að fá að vinna þennan afla í ár og hefur ekkert um það að segja að útgerðin ákveði svo. Hins vegar eru það þá bæði fiskvinnslur og útgerðir sem í núverandi kerfi hafa ekki fiskveiðiheimildir, kvóta, hafa byggt sína útgerð og sína fiskvinnslu á leigueheimildum, sem standa nú frammi fyrir enn meira óöryggi hvað það varðar og þurfa að kaupa hann dýrara verði.

Frú forseti. Þetta mál kemur svo til hv. sjávarútvegsnefndar en ég ítreka að mér virðist sem frumvarpið sýni það enn og einu sinni að fyllilega sé þörf á að taka allt fiskveiðistjórnarkerfið til endurskoðunar. Ég spyr: Var það ekki eitt af ákvæðum stjórnarsáttmálans?

[16:32]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, það er hægt að sjá hlutina misjöfnum augum. Þegar ég sá þetta frumvarp eins og það var lagt fyrir mig er það þannig að við getum hugsað okkur lítinn línubát sem er að róa á ýsu. Það er alveg að koma að lokum fiskveiðiársins og hann á eftir að veiða, við skulum segja 15 tonn af ýsu. Af því að tíminn er þannig verður hann annaðhvort að veiða það eða hann fær ekki að veiða það.

Með þessu er verið að rýmka möguleika þessa litla báts til að veiða ýsuna nema hann fari að veiða og veiða. Þá kemur kannski of mikill meðafli, t.d. þorskur, sem getur orðið til þess að menn fari að henda þorski af því þeir hafa ekki heimild fyrir honum.

Ég vil hins vegar taka undir það sem sagt hefur verið um fiskveiðistjórnarkerfið. Ég tel að það eigi að endurskoða það og í stjórnarsáttmálanum kemur fram að skipa eigi nefnd til að skoða það. Úrskurður mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna gefur okkur líka tilefni til þess. Ég vona að sú vinna fari sem fyrst í gang og tek undir með þeim þingmönnum sem vilja að það verði gert.

Það er náttúrlega oft erfitt að komast í málin eins snemma og maður vill. Við erum í ríkisstjórnarsamstarfi og það hefur verið gerður ákveðinn samningur um hlutina. Sumt fékk Samfylkingin í gegn og annað ekki og það sama má segja um Sjálfstæðisflokkinn. Ég hef margoft tjáð mig um þetta og skoðanir mínar á kvótakerfinu hafa ekkert breyst. (**VS:** Það stefnir í ríkisstjórnarslit.)

[16:34]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Auðvitað er hægt að vorkenna hv. þm. Karli V. Matthíassyni þegar hann ber sig upp um þetta lélega stjórnarsamstarf og lélegan samstjórnarflokk. En í frumvarpinu er enginn greinarmunur gerður á þessum litla bát, sem hv. þingmaður vitnaði til og ætti erfitt með að ná í síðustu 100 tonnin af þorski, (**Gripið fram í:** Það voru bara 15.) 15 tonn af þorski, og þeim sem eru kannski með upp undir 1/3 eða um 20% af öllum aflaheimildum á viðkomandi fisktegundum. Það er enginn greinarmunur gerður á þeim í þessu frumvarpi.

Ég verð að ítreka spurningu mína til hv. þingmanns. Telur hann að sú leið sem þarna er farin sé liður í endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu í þá átt sem hann vill að það þróist? (**GMJ:** Þveröfuga átt.) Þetta er einmitt í þveröfuga átt eins og hv. þm. Grétar Mar Jónsson segir.

Ætlar varaformaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og Samfylkingin að láta þetta yfir sig ganga og segja bara æ, æ, æ? Það stóð til að endurskoða kerfið og skipa nefnd. Kjörtímabilið er að verða hálfnað. Þetta er ekkert smámál og ekki er bara hægt að segja að flokkar hafi mismunandi skoðun á því. Þar er bara annar flokkurinn sem nær greinilega öllu sínu fram, hafi hinn flokkurinn einhverja raunverulega skoðun. Þetta er ekkert smámál, stjórn fiskveiði og meðferð á sjávarauðlindinni.

Þannig að ég ítreka spurningu mína til hv. þingmanns. Er það virkilega svo að Samfylkingin (Forseti hringir.) með hv. þm. Karli V. Matthíassyni ætli að samþykkja þetta frumvarp og telji þetta bara gott og (Forseti hringir.) nauðsynlegt fyrir stjórnarsamstarfið, það sé einu rökin?

[16:36]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Samfylkingin mun samþykkja þetta frumvarp. Það er alveg á kristaltæru og ég er búinn að koma með rökin fyrir því. Það er einfaldlega vegna þess að við viljum ekki horfa upp á litlar útgerðir, eins og ég var að segja frá (**GMJ:** Hvaða bull er þetta?) áðan. Þú getur verið með þinn bát, segjum að það sé kominn 17. ágúst og þú átt eftir að veiða mörg tonn af þorski eða ýsu og sérð ekki fram á að geta veitt það. Á það þá bara að detta dautt niður? Er þá ekki réttlátara að þeir sem eiga þennan fisk fái að flytja hann aðeins yfir árið?

Ég er hins vegar alveg til í viðræður og umræðu í sjávarútvegsnefnd um hvort setja eigi einhverjar klásúlur um að ef menn færi svona fisk á milli ára fái þeir ekki að leigja hann. Það sé þá bara ljóst. Það skulum við taka til umfjöllunar í nefndinni, ég er algjörlega opinn fyrir þeirri umræðu og að skoða þau mál. Því þetta er ekki hugsað til þess að farið verði að flytja fisk á milli ára til þess að leigja hann og til þess að braskað verði með hann. Þetta er hugsað til þess að hagræða fyrir þeim sem hefur kannski ekki tekist að ná þeim afla (**GMJ:** En leiguverð?) sem þeir ætluðu sér, kannski vegna þess að báturinn bilaði eða af því að það kom eitthvað upp á. Þetta eykur sveigjanleikann fyrir þá.

Ég hef tilhneigingu til að sjá þetta frumvarp, sem sett er hér fram í tveimur greinum, að það sé til hagræðingar í því kerfi sem við búum við og ég vildi hins vegar gjarnan að

væri breytt. Ég legg alltaf mín orð í það, hvort sem er í mínum flokki eða annars staðar.

[16:38]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er nú svo einkennandi fyrir margt samfylkingarfólk í ríkisstjórn — þótt innan um sé reyndar líka ágætis fólk — að leggja orð í belg (**Gripið fram í:** Einn og einn.) en gera ekkert með það. Þjónkunin við stefnu Sjálfstæðisflokksins í sjávarútvegsmálum, í kvótamálum, sem allir vita hver er — okkur þarf ekkert að koma á óvart þó að hæstv. sjávarútvegsráðherra Sjálfstæðisflokksins flytji svona mál. Það sem kemur á óvart er að Samfylkingin skuli liggja svona flöt fyrir því.

Ég leyfi mér að ítreka og spyrja, ef hv. þingmaður kemur upp í ræðu síðar: Á fólkið í sjávarbyggðunum sem treystir á að fá fiskinn í land og fá atvinnu við að vinna hann, á það engan rétt? Samkvæmt þessu er rétturinn allur hjá útgerðaraðilanum.

Hvað með fiskverndar- og fiskráðgjafarsjónarmiðin? Hér er ekki verið að flytja frumvarp nema það eigi bara að taka eina og eina trillu og hún fái heimild til þess að geyma 33% af aflaheimildum sínum milli ára. Þetta er bara flöt heimild á allan flotann eða þannig skil ég frumvarpið. Þá er þetta miklu meira og stærra mál en hv. þingmaður gerir skóna.

Þess vegna ítreka ég, frú forseti, að þetta er enn eitt dæmið um fiskveiðistjórnarkerfi sem komið er gjörsamlega að fótum fram gagnvart almenningsheill í landinu. Það er dapurlegt að Samfylkingin skuli ekki koma með neitt frumvarp inn sem styður þeirra skoðun á málinu (Forseti hringir.) ef hún er önnur, heldur beygir sig flöt fyrir (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokknum í sjávarútvegsmálum.

[16:40]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins blanda mér í þessa umræðu. Ég fagna þessu frumvarpi sem hæstv. sjávarútvegsráðherra leggur fram um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða frá árinu 2006. Já, ég segi heils hugar við vinstri græna og hv. þingmann Jón Bjarnason að ég fagna þessu innilega. Ég tel að þessar breytingar komi bæði stærri og smærri útgerðum til góða, sérstaklega varðandi geymslurétt á ýsu.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er talið líklegt að leyfilegur ýsuafli dragist saman á næsta ári. Þá kemur sér vel fyrir útgerðina að geta fært meiri afla á milli fiskveiðiára. Frá upphafi kvótaársins hefur þessi heimild verið inni og ég tel að það gefi kvótakerfinu sveigjanleika. Eins hefur þetta komið í veg fyrir brottkast.

Sókn í ýsu hefur verið meiri undanfarin ár eftir að niðurskurður varð á þorski, sérstaklega á síðastliðnu ári þegar skerðingin varð svo mikil sem raun bar vitni. Útgerðir hafa þurft að hagræða og gera breytingar á hverju einasta fiskveiðiári og ekki hefur verið öfundsvert að standa í þeirra sporum, hvað þá eins og ástandið er í þjóðfélaginu í dag. Hvaða atvinnugrein í landinu hefur þurft að búa við að þurfa að breyta sínu rekstrarformi og öðru til að laga sig að breyttum aðstæðum á hverju einasta ári? Mörg fyrirtæki hafa orðið fyrir áföllum og stríða núna við gjaldeyrisinnstreymið, hvað það er erfitt inn til landsins. Þá tel ég að það sé gott fyrir útgerðina að hún geti hagrætt eins og hún telur best vera.

Ég fagna þessu frumvarpi. Ég ætla ekki að ræða um ósætti um kvótakerfið en tel jafnframt að þetta komi útgerðinni mjög til góða í framtíðinni.

[16:43]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hagræðing útgerðarinnar, það er einmitt stóra málið sem við ræðum. Þær hafa möguleika á að halda hærra verði á leigukvóta en þyrfti að vera. Þess vegna ætti frekar að lækka þetta hlutfall en hækka. Ýsukvótinn er að mati margra sjómanna núna allt of hár. Ef hann er of hár og næst ekki að veiða hann á þessu fiskveiðiári væri sennilega miklu viturlegra að skera niður kvótann næsta ár vegna þess að ef ekki næst að veiða hann, þegar öll sóknin liggur í ýsu, er verið að veiða of mikið.

Ef við berum saman ýsukvóta og þorskkvóta er tilfellið að hægt er að veiða þrisvar, fjórum sinnum útgefinn þorskkvóta á þessu fiskveiðiári en við megum þakka fyrir ef við náum 80–90% af ýsukvótanum, þrátt fyrir að búið sé að opna veiðisvæði gagngert fyrir ýsu, svæði þar sem smáýsa hefur verið.

Við í þessu þjóðfélagi erum núna í miklum vandræðum. Enn og aftur tek ég fram að þetta þýðir að sjómenn á kvótalitlum bátum og kvótalitlar útgerðir þurfa að borga hærra leiguverð en ella fyrir sínar leiguheimildir.

Það sem er arðbærast í dag í íslenskum sjávarútvegi er að leigja frá sér leiguheimildir. Það er arðbærara heldur en að veiða. Arðbærast er þegar þorskkvóti er leigður á 250 kr. ef fást fyrir hann 300–350 kr. og ef hann er stór og góður. Þegar (Forseti hringir.) menn leigja kvóta með þessum hætti eru þeir algerir leiguliðar.

[16:46]

Herdís Þórðardóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. Grétari Mar Jónssyni. Það er svo langt frá því að þetta muni sliga útgerðina á komandi ári. Ég veit að meiri sókn hefur verið í ýsu undanfarin ár. Af hverju? Var það ekki vegna skerðingar á þorskinum?

Ég tel að útgerðin sé best til þess fallin að ákveða hvort hún veiði ýsu eða þorsk. Ég er ekki á þessu eins og hv. þingmaður vill láta. Mér finnst ekki samboðið að leggja þetta að jöfnu. Við erum að hagræða fyrir útgerðina til að hún geti stjórnað betur hvaða tegundir hún ætlar að veiða.

[16:47]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við erum að hagræða fyrir ákveðinn hluta fólks í sjávarútvegi, þ.e. sægreifana og útgerðarmennina sem fengu kvótann gefins og hafa haft þá sérstöðu að geta leigt, selt og veðsett hann. Þetta þýðir að sjómenn á kvótalitlum bátum þurfa að taka og fá lægra fiskverð en ella. Útgerðirnar gera út báta með litlar veiðiheimildir og geta þurft, jafnvel þótt þær eigi miklar veiðiheimildir, að leigja ákveðnar tegundir til sín. Þá þurfa þær útgerðir að borga

hærra verð en ella fyrir veiðiheimildir og það er ekkert mikið þó að útgerðir þurfi að leigja á tiltölulega lægra verði frá sér ef þær geta ekki klárað að veiða kvótann á einhverjum tímapunkti.

Ef menn sjá fram á að kvóti brenni inni losa þeir sig við hann, sérstaklega í þorski. Það arðbærasta sem útgerðarmaður hefur getað gert í gegnum tíðina er að leigja veiðiheimildir sínar til leiguliða. Upp á síðkastið hefur verið 250 kr. leiguverð á þorski en hægt að selja hann á 300–350 kr. eftir því hversu stór og góður hann er.

Auðvitað er sorglegt að þegar þjóðfélagið er allt að fara á hausinn og til helvítis stöndum við frammi fyrir því að sjálfstæðismenn, með Samfylkinguna í bandi eins og hund á eftir sér, séu tilbúnir til að taka þátt í því að skapa meira ósætti í samfélaginu heldur en þyrfti að vera. Ég segi enn og aftur: Þetta frumvarp á að draga til baka og ekki sýna fólki slíka óvirðingu. (Forseti hringir.) Það er fólk í sjávarútvegi sem þarf á vinnu að halda.

[16:49]

Herdís Þórðardóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég er hjartanlega ósammála hv. þingmanni. Ég tel að þeir sem reka útgerð hér á landi séu fullfærir um að ákveða það og ég tel þetta enga kjaraskerðingu fyrir sjómenn. Langt frá því. Þú mátt hlæja að því, hv. þingmaður, en ég tel að þetta verði til bóta þegar fram í sækir.

Hvers væntum við? Við væntum náttúrlega að þorskkvótinn vaxi á komandi árum. Atvinnugreinin sætir einelti af þeim sem eru á móti kvótakerfinu. Útgerðin verður fyrir stanslausum árásum. (**GMJ:** En mannréttindanefnd?)

Mér finnst mönnum ekki vera viðbjargandi að gagnrýna kvótakerfið svona eins og þeir gera. Mér finnst það ekki viðeigandi. Við höfum komist áfram síðan kvótakerfið var sett á og þurft að standa í ströngu. Við höfum þurft að skera niður kvótann ár eftir ár. En hafa útgerðirnar ekki þurft að aðlaga sig breyttum aðstæðum? Ég veit ekki betur. Þess vegna finnst mér frumvarpið sem hæstv. sjávarútvegsráðherra leggur fram mjög gott og að það muni koma útgerðinni til góða í framtíðinni.

[16:51]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Örfá orð um frumvarpið sem er til umfjöllunar og gengur út á að heimila flutning aflamarks botnfisks frá einu fiskveiðiári til þess næsta og að aukning verði í þeim efnum úr 20% upp í 33% og enn fremur verði heimilt að veiða 5% umfram aflamark í humri á einu fiskveiðiári sem dregst þá frá heimildum næsta árs á eftir.

Þarna er gefið ákveðið svigrúm í útgerðinni og ég get vel sætt mig við það og tel það í raun vera jákvætt. Ég hef að sjálfsögðu ákveðinn fyrirvara um að þetta mál verði skoðað betur í nefndinni og þá verði farið yfir þau álitaefni sem hér hafa komið fram, t.d. í máli hv. þm. Grétars Mars Jónssonar, en hann á sæti í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og mun eflaust leita eftir svörum og rökstuðningi í sambandi við atriðin sem hann fellir sig ekki við í frumvarpinu.

Ég tel eins og síðasti hv. ræðumaður að mikilvægt sé að horfa á útgerðina og fiskveiðar eins og hvern annan atvinnuveg sem þurfi að geta borið sig. Nú drögum við, eins og allir þekkja, mikið saman í þorskveiðum og að mati okkar framsóknarmanna kannski óþarflega mikið miðað við ástandið. En engu að síður erum við komin þetta langt niður og ekki endilega útlit fyrir auknar þorskveiðar þó að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi ekki alveg útilokað það. Nýlega fengum við í nefndinni upplýsingar um að ekki eru líkur á að haustrallið gefi vísbendingar um að mælt verði með auknum veiðum. Þá er spurning um hvað gerist í næsta ralli sem verður í mars og kannski einhver örlítil von um að það komi betur út, en við verðum að sjá til með það.

Sjávarútvegsfyrirtæki sem starfa fyrst og fremst á landinu eru í raun miklu frekar matvælaframleiðslufyrirtæki en hefðbundin fiskveiði- eða sjávarútvegsfyrirtæki. Mörg þeirra eru með alla keðjuna frá veiðum og til markaðssetningar á fiski í útlöndum. Að sjálfsögðu verða þau að geta haft ákveðið svigrúm í veiðum til að geta staðist kröfur og samninga sem þau hafa undirritað, til að skaffa og sjá ákveðnum fyrirtækjum fyrir hráefni eða réttara sagt vöru, þar sem í mörgum tilfellum er nú um mjög unna vöru að ræða. Fljótt á litið finnst mér ástæða til að styðja málið og tel að það verði niðurstaða okkar framsóknarmanna.

[16:55]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér kom ekki á óvart að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir styddi frumvarpið. Foringi og formaður Framsóknarflokksins var nú guðfaðir þessa bölvaða kvótakerfis og framsóknarmenn hafa hingað til stutt það. Reyndar þó með þeirri undantekningu að þegar niðurstöður frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna birtust, töldu þeir að breytingar þyrfti að gera á fiskveiðistjórnarkerfinu til að mannréttindi yrðu ekki brotin.

Að atvinnuvegurinn þurfi sams konar fyrirgreiðslu og aðrir atvinnuvegir og búi við óstöðugleika. Fáum útveldum hefur verið afhentur fiskurinn í sjónum. Hingað til hafa þeir getað leigt hann, selt og veðsett, eins og komið hefur fram, eftir að frjálsa framsalið var sett á 1991. Þetta er mesti ríkisstyrkur sem ein atvinnugrein hefur fengið, sennilega í heimssögunni. Að fá fiskinn ókeypis. Þeir geta leigt hann og braskað með hann á alla kanta. Nú er þeim hjálpað að búa til meiri og hærri leigutekjur af veiðiheimildunum með því að leyfa að færa svona mikið magn af fiski á milli ára. Þetta er það sorglega við framsóknarkerfið — fiskveiðistjórnarkerfið sem Framsóknarflokkurinn átti stærstan hlut í að búa til á sínum tíma. Því reiknar maður ekki með öðru en að þeir haldi áfram (Forseti hringir.) villir síns vegar. En við skulum vona að bjartari tímar komi hjá Framsóknarflokknum.

[16:57]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér er kunnugt um skoðun hv. þingmanns. Hún hefur komið fram í nefndinni, svo vægt sé til orða tekið, og reyndar hér á hv. Alþingi líka. Rétt er að við framsóknarmenn komum mjög að því að koma sjávarútveginum af brauðfótunum sem hann var á þegar kerfið var lögfest.

Það má segja að á þeim tíma hafi útgerðirnar í landinu

allar verið á hausnum og ekki var áfram haldið með það fyrirkomulag sem áður var. Þá varð þetta niðurstaðan og síðan hafa verið gerðar ýmsar breytingar á kerfinu. Þó svo að Framsóknarflokkurinn hafi átt upptökin og átt sjávarútvegsráðherrann þegar lögin voru fyrst sett hafa æðimargir stjórnmálaflokkar setið í ríkisstjórnum síðan og ekki alltaf Framsóknarflokkurinn. En einhverra hluta vegna hafa menn ekki breytt fyrirkomulaginu.

Mér dettur ekki í hug að það verði frekar gert núna þó svo að hv. samfylkingarmenn séu með einhverjar dylgjur um að þeir ætli að vinna að breytingum á kvótakerfinu. Auðvitað verður því ekki breytt. Ég trúi því að á næsta ári þegar þrýstingurinn eykst á þann flokk — og ég veit að ég fer ekki alveg að þingsköpum núna með að beina orðum mínum til einhvers sem ekki hefur tækifæri til þess að svara mér. En ég tel ekki miklar líkur á að fiskveiðistjórnarkerfinu verði gjörbreytt á þessu kjörtímabili.

[16:59]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Sjávarútvegur á brauðfótum árið 1984. Á hausnum. Hvar er sjávarútvegurinn í dag? Gaman væri að sjá muninn á skuldum sjávarútvegsins 1984 þegar kvótakerfið var tekið upp og skuldum sjávarútvegsins í dag. Þar er töluverður munur á og allt í óveiddum fiski, sem er reyndar orðinn verðlaus í dag. Fyrir einu og hálfu ári var þorskkílóið metið á 4.200 kr. Það var bróðurparturinn af veðum. Í bankakerfinu var óveiddur fiskur. Óveiddur fiskur með sporð sem gat synt í burtu og gert hvað sem er. Hann var tekinn að veði.

Í dag er hann nánast verðlaus. Veðin sem eru á bak við skuldir sjávarútvegsfyrirtækjanna í dag eru ekki til staðar. Þau eru ekki til staðar. Þau eru verðlaus. Veðköll þarf nánast á öll sjávarútvegsfyrirtæki í landinu. Ætli það séu ekki á milli 90 og 95% af sjávarútvegsfyrirtækjum sem þurfa að skaffa veð til að eiga fyrir skuldum í nýju bönkunum. Svo talar þú um að sjávarútvegur hafi staðið (Forseti hringir.) svo illa.

Frú forseti. Ég biðst afsökunar á að hafa sagt þú en ég ætlaði að segja hv. þingmaður. Mér varð á í messunni. Hv. þingmaður segir að sjávarútvegurinn hafi staðið svo illa 1984. Það getur vel verið að sjávarútvegurinn hafi staðið illa 1984. En síðustu 100 ár hefur sjávarútvegurinn byggt upp Ísland. Það er staðreynd. Þess vegna er sorglegt að hlusta á svona rök. Sjávarútvegurinn er á hausnum í dag — í alvörunni — og hefur tekið þjóðina með. (**VS:** Á hausnum?)

[17:01]

Útbýting:

Aðstoðarmenn ráðherra og tímabundnar ráðningar, 134. mál, fsp. VS, þskj. 147.

Almenn hegningarlög, 127. mál, frv. AtlG og ÞBack, þskj. 138.

Fundur með fjármálaráðherra Breta, 130. mál, fsp. SF, þskj. 143.

GSM-samband, 135. mál, fsp. VS, þskj. 148.

Húsnæðismál, 137. mál, stjfrv. (fél.- og trmrh.), þskj. 150.

Landgræðsluskóli Sameinuðu þjóðanna, 136. mál, fsp. VS, þskj. 149.

Launakjör á vinnustöðum fatlaðra, 132. mál, fsp. AtlG, þskj. 145.

Launakjör stjórnenda Fjármálaeftirlitsins, 131. mál, fsp. AtlG, þskj. 144.

Starfsmannafjöldi í viðskiptaráðuneytinu, 129. mál, fsp. BJJ, þskj. 142.

Tímabundnar ráðstafanir í þágu einstaklinga, 128. mál, frv. KHG, þskj. 141.

Vinnustaðir fatlaðra, 133. mál, fsp. AtlG, þskj. 146.

[17:02]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Í frumvarpinu, sem er nú ekki stórt í sniðum, er lagt til að í stað hlutfallstölunnar 20% komi 33% í þeirri grein sem þar er miðað við, þ.e. heimild til að fresta nýtingu hluta aflamarks þannig að þriðjungi af úthlutuðu aflamarki eins árs megi fresta til næsta árs. Kerfið sem við búum við og köllum kvótakerfi byggir á því að miðað sé við vísindalegar veiðar og fram fari nákvæmir útreikningar Hafrannsóknastofnunar um hver sé eðlilegur hámarksafli af tegund á því umræddu fiskveiðiári. Þá er talað um viðmiðun á hámarksafla á tegund á því fiskveiðiári en ekki því næsta.

Í frumvarpinu er talað um að hægt sé að fresta hámarksaflanum til næsta árs, sem þýðir að miðað við úthlutaðan kvóta núna, þ.e. 130 þús. tonna af þorski, megi fresta veiði á um 40 þús. tonnum og flytja til næsta árs. Sem þýðir að 90 þús. tonn væru veidd samkvæmt þessu. — Ég bið hv. þm. Karl V. Matthíasson að trufla ekki sjávarútvegsráðherra, hann þarf að hlusta á þetta.

Við frjálslynd höfum lagt til að í því árferði sem við búum nú við þurfi ekki að draga úr fiskveiðum heldur auka þær. Þau rök hafa verið notuð gegn sjónarmiðum okkar og tillögum að þar sé farið á svig við útreikninga og sjónarmið sem lögð eru til grundvallar kvótakerfinu og því að byggja upp þorskstofnana í sjónum. Þá spyr ég að breyttu breytanda miðað við þetta frumvarp: Hvers konar glóra er lögð til? Talað er um að megi flytja það sem Hafrannsóknastofnun leggur til um hámarksafla til á milli ára. Af hverju er það og má gera það í þessu tilviki? Getur það þjónað hagsmunum um vísindalegar veiðar, vísindalega verndun fiskimiðanna og þess að byggja upp fiskstofnana í kringum landið? Ég sé satt að segja enga heila brú í svona stjórnsýslu.

Eðlilegt er að þegar miðað er við 130 þús. tonna hámarksafla af þorski á þessu fiskveiðiári sé miðað við að 130 þús. tonn af þorski komi á land á því ári en ekki sé hægt að fara með þetta eins og stjórnvöldum hentar hverju sinni, veiða pínulítið á þessu ári og breyta því og flytja á milli ára. Það er þá ekkert vit í ráðgjöfinni sem um ræðir heldur er farið á svig við grunnatriðin sem sjálft kvótakerfið byggir á. Frumvarp um að heimila að fresta um þriðjungi aflamarks, alveg óháð tegundum, fer rækilega gegn þeim hugmyndum sem sjónarmið, útreikningar og ráðleggingar Hafrannsóknarstofnunar byggja á. Burt séð frá réttlæti eða óréttlæti kvótakerfisins og hugmyndum um hvort verið sé að leggja sjávarútveginn í einelti eða halda uppi réttmætri gagnrýni á kvótakerfið, gengur ekki rökfræðilega upp að við höfum

vísindalega verndun fiskimiðanna á sama tíma og við förum ekkert eftir því sem vísindin segja.

Í sumum tilvikum virðist það henta ákveðnum aðilum og stefnum að hanna rökin í samræmi við það sem þeim hentar hverju sinni og þá er breytt til eftir atvikum. Það virðist einmitt vera helsta atriðið í þessu sambandi að breyta og hanna rökin fram og til baka eftir atvikum.

Talað var um að verið væri að gagnrýna kvótakerfið og útgerðarmenn hefðu þurft að sæta því að skera niður afla ár eftir ár. Þetta sagði hv. þm. Herdís Þórðardóttir í ræðu sinni áðan. Það sem er rétt í því máli er að þeir sem stunda veiðar, þ.e. þeir sem eiga kvótann, hafa þurft að sæta því að skera niður ár eftir ár. Þegar svo háttar til að við höfum um áratugaskeið haft kvótakerfi þar sem er miðað við að aflinn fari ekki umfram ákveðið hámark sem reiknað er út af Hafrannsóknastofnun, þó miðað við endanlega ákvörðun sjávarútvegsráðherra hverju sinni. Fylgismenn kerfisins hafa ítrekað talað um að við höfum fullkomnasta og besta kerfi í heimi til að stunda sjálfbærar veiðar og auka afrakstur á fiskimiðunum og hafa sem hagkvæmasta hluti hvað varðar veiðar og vinnslu.

Fyrst kerfið er svona fullkomið hvernig stendur þá á því að skera þarf niður afla ár eftir ár? Hvernig stendur á því að áratugum saman skuli kerfið virka með þeim hætti að í stað þess að fiskstofnarnir séu byggðir upp og afraksturinn á fiskimiðunum aukist minnkar afraksturinn aftur og aftur, ár eftir ár, áratug eftir áratug? Geta náttúrulegar sveiflur í hafinu valdið þessu? Vísindamenn hafa ekki bent á að um slíkt geti verið að ræða. Er þá ráðgjöfin frá Hafrannsóknastofnun svona röng eða hvað er verið að gera sem brýtur niður alla hugmyndafræði og aflatakmörkun sem kvótakerfið byggir á?

Hefur nokkurs staðar í veröldinni tekist að byggja upp fiskstofna með sambærilegu kerfi og okkar? Svarið er nei, það hefur hvergi tekist og það er akkúrat staðreyndin í málinu, hin döpru sannindi.

Eins og ég gat um áðan höfum við frjálslynd lagt til að auka fiskveiðar nú þegar kreppir að í þjóðfélaginu til að auka verðmætasköpun og möguleika fólks á að hafa atvinnu og leggja fyrir sig arðbæra vinnu. Þetta hefur verið gagnrýnt harðlega og einmitt vikið að því að við förum á svig við þau sjónarmið sem lögð eru til um vísindalegar veiðar. Ég mótmæli því og tel að sjónarmið okkar eigi mun frekar rétt á sér en sjónarmiðin sem eru í raun forsenda lagafrumvarpsins sem hæstv. sjávarútvegsráðherra leggur fram.

Ég tek undir með hv. þm. Grétari Mar Jónssyni að manni virðist það helsta sem þetta frumvarp hafi sér til ágætis fyrir þá sem fengu kvótann, sem eiga kvótann, sé að þeir geti hækkað verð á leigukvóta, en það er þá til bölvunar fyrir þá sem eiga ekki kvótann að þurfa að borga hærra verð en ella fyrir hann og það er óviðunandi. Að sjálfsögðu er ekki hægt að sætta sig við slíkt.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði að auðvitað verði fiskveiðistjórnarkerfinu sem við búum við í dag ekki breytt og sagði síðan eftir nokkrar sekúndur að hún teldi ekki miklar líkur á að fiskveiðistjórnarkerfinu yrði breytt á þessu kjörtímabili. Engin mannanna verk eru eilíf og við teljum að kerfið sem við búum við í dag hafi ekki skilað árangri heldur dregið úr afla og takmarkað möguleika fólks til að stunda veiðar, þ.e. án þess að hafa til þess sérstakt bréf frá yfirvaldinu. Í dag mega menn hvorki róa til fiskjar né hlaupa fyrir fé nema hafa sérstakt leyfisbréf frá yfirvaldinu og það er óásættanlegt að þannig skuli það vera á því herrans ári 2008.

Hugmyndin með kvótakerfinu þegar því var komið á var ekki sú að það ætti að standa 2008 heldur var um bráðabirgðaráðstöfun að ræða til að leysa úr ákveðnum vanda þess tíma. Í sjálfu sér var hægt að sætta sig við að þannig væri farið að til skamms tíma en gjörsamlega útilokað að hægt sé að sætta sig við að bráðabirgðakerfið hafi verið framlengt og orðið að þessum óskapnaði.

Vegna hvers eru þær miklu þrengingar sem við búum við? M.a. vegna þess að verðmæti hafa verið búin til sem engin innstæða var fyrir. Edda Rós Karlsdóttir, aðalhagfræðingur Landsbankans, benti á að byrjunin á öllu þessu endemis skuldsetningarrugli sem við súpum nú seyðið af hafi verið kvótakerfið í sjávarútveginum. Með því að taka það upp hafi verið búin til verðmæti sem ekki voru til áður. Hvaða verðmæti voru það? Verðmætin voru þau að allt í einu voru búin til takmörkuð gæði. Áður fyrr voru þetta gæði sem voru öllum frjáls og ekkert sérstakt verð á þeim á meðan svo var. En þegar gæðin voru takmörkuð fengu þau, eins og öll takmörkuð gæði, ákveðið verð. Ákveðin verðmæti voru búin til sem ekki höfðu verið til áður.

Afleiðingar þess, eins og hv. þm. Grétar Mar Jónsson gerði grein fyrir áðan, hafa verið þær að heildarskuldir útgerðarinnar hafa vaxið og vaxið og aldrei verið meiri en núna. Hvað svo sem fylgjendur kvótakerfisins segja liggur fyrir að í fyrsta lagi er aflinn sem má veiða minni en hann hefur nokkru sinni verið og minnkað með ári hverju, í öðru lagi er afrakstur útgerðarinnar í föstu gengi talið minni og í þriðja lagi hefur verið búið til ójafnræði og staðið fyrir mannréttindabrotum eins og niðurstaða mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna segir til um.

Þegar við höfum allt þetta fyrir augunum af hverju eigum við þá að halda áfram með kerfi sem er þar að auki svo snargalið — ég biðst afsökunar á að nota þetta orð en því miður er svo lítil vitræn glóra í kerfinu — að hér er lagt til að flytja megi á milli ára, þrátt fyrir öll vísindi, þriðjung af aflaheimildum? Ég get ómögulega séð að hægt sé að fallast á það, 20% hámarkið er á ýtrustu mörkum þess sem hægt er að sætta sig við. Að hækka það enn frekar sýnir að engin vísindi eru á bak við kvótakerfið. Það eru bara geðþóttaákvarðanir til og frá sem eiga að ráða því með hvaða hætti þessum málum er skipað.

Þess vegna sé ég ekki að nokkur forsenda sé fyrir því að ætla að samþykkja frumvarpið sem hér liggur fyrir. Það er í fyrsta lagi andstætt þeim „vísindalegu sjónarmiðum“ sem sögð eru liggja til grundvallar og í öðru lagi er það eingöngu til þess fallið að heimila þeim sem eiga sérstaklega mikið af aflaheimildum að nota þær eftir hentugleikum, eftir geðþótta. Það er óviðunandi og ekki hagsmunir þjóðarinnar að þannig skuli farið með. Eins og nú háttar til skiptir máli að sá afli sem heimilaður er verði veiddur.

[17:18]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mætti svo sem segja margt um ræðu hv. þingmanns en ég ætla aðeins að vekja athygli á einu sem hv. þingmaður gerði hér að umræðuefni og er auðvitað alveg út í hött. Hv. þingmaður sagði að frumvarpið væri í rauninni í andstöðu við þann vísindalega tilgang sem við höfum lagt áherslu á þegar við höfum reynt að byggja upp fiskstofna.

Frumvarpið gefur þann möguleika, ef háttar til eins og það gerir ráð fyrir, að það hentar ekki eða ekki er mögulegt fyrir einstakar útgerðir að ná öllum aflanum, geti menn geymt þann afla fram yfir fiskveiðiáramót. Ef það er eins og hv. þingmaður vísar til, að forsendan fyrir fiskveiðiráðgjöfinni og fiskveiðiuppbyggingarstefnunni sé sú að geyma aflann í sjónum og veiða hann ekki strax leiði það til þess að stofnarnir stækki, er frumvarpið algjörlega í samræmi við það.

Ég hélt satt að segja, virðulegi forseti, að það væri ein ástæðan fyrir því að þeir þingmenn Frjálslyndra sem hér hafa talað væru svo mikið á móti því. Þeir hafa alltaf verið á móti þessari hugsun. Það var ekki rétt hjá hv. þingmanni að þingmenn Frjálslynda flokksins hefðu lagt til að auka þorskaflann vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu núna. Þeir hafa einfaldlega sagt það — og það er ekkert nýtt — að Hafrannsóknastofnun hafi mælt rangt. Það sé meiri þorskur í sjónum og betur hafi tekist til við uppbyggingu þorskstofnsins en vísindamenn og ýmsir aðrir hafa sagt. Þeir hafa með öðrum orðum verið þeirrar skoðunar að fiskveiðikerfið hafi leitt til þess að meiri þorskur sé í sjónum en vísindamenn vilja vera láta og þess vegna sé óhætt að veiða meira. Þess vegna stangast það allt saman á hjá hv. þingmanni þegar kemur að samspili frumvarpsins og fiskveiðiráðgjafarinnar og -stefnunnar að þessu leyti. Það er nauðsynlegt að vinda ofan af þessari algjöru rökleysu hjá hv. þingmanni áður en umræðan heldur áfram.

[17:20]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú þannig með rökin og rökleysurnar að ég spyr: Ef Hafrannsóknastofnun segir að hámarksafli megi vera 130 þús. tonn má hámarksafli það fiskveiðiár vera 130 þús. tonn? Það er hin vísindalega viðmiðun ef um það er að ræða.

Ef frestað hefur verið veiðum á 40 þús. tonnum og veidd eru þau 130 tonn sem má veiða samkvæmt ráðstöfun og ráðleggingu Hafrannsóknastofnunar, má þá líka veiða þau 40 þús. tonn sem frestað er á þessu fiskveiðiári? Miðað við þá röksemd og sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu má það. Hver er þá hámarksaflinn? Einföld samlagning: 170 þús. tonn eða 40 þús. tonn umfram það hámark sem Hafrannsóknastofnun telur óhætt að veiða.

Það er það sem ég meina þegar ég segi að engin vitræn glóra sé í þessu miðað við þá hugmynd sem þeir tala um, að það eigi að vera vísindaleg verndun fiskimiðanna til þess að byggja upp fiskstofnana í sjónum svo sem hugmyndafræðin að baki þessu á að byggja á.

Ég spyr: Er það skoðun hæstv. sjávarútvegsráðherra að með því að geyma þau 40 þús. tonn, sem við skulum segja að verði geymd af þorskafla á þessu ári, geymist þau í sjónum og hægt sé að ganga að þeim ári síðar þannig að ef við veiðum ekkert á næsta ári megi hugsanlega veiða 260 þús. tonn af þorski á árinu 2010? Ímyndar einhver sér að lífkerfið virki með þeim hætti? Ég geri það ekki og ég get ómögulega lesið það út frá þeim skýringum og rökum sem koma fram hjá Hafrannsóknastofnun að einhver vitræn glóra sé í því sjónarmiði sem hæstv. sjávarútvegsráðherra setti fram.

[17:22]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Gallinn við það þegar menn stunda svona hugarleikfimi eins og hv. þingmaður gerði án þess að hafa fimi til þess er hættan sú að menn lendi á hausnum. Það er það sem hv. þingmaður lenti í núna.

Þegar verið er að tala um að byggja upp þorskstofna með því að draga úr veiðinni er grundvallaratriðið að reyna að draga úr sóknarmættinum þannig að færi gefist til þess að þorskstofnar eða aðrir fiskstofnar geti stækkað, þeim fjölgað og þeir aukið þyngd sína þannig að hægt sé að ná meiri afrakstri á komandi árum. Það er grundvallaratriðið sem er á bak við það „prinsipp“ sem Hafrannsóknastofnun fylgir.

Ef hv. þingmaður hefði hlustað á ræðu mína áðan og læsi t.d. þær athugasemdir sem fylgja frumvarpinu er alveg ljóst mál að á bak við frumvarpið liggja ekki í grundvallaratriðum fiskifræðileg rök. Það er ekki þannig að það sé liður í því að byggja fiskstofnana upp hraðar. Það eru allt önnur rök, fyrst og fremst hagkvæmnisrök sem þar liggja að baki. Ef við skoðum frumvarpið t.d. út frá sjónarhóli fiskifræðilegrar ráðgjafar sem komið hefur frá Hafrannsóknastofnun mun það fremur stuðla að því að efla fiskstofnana. Það er ekki þungamiðjan í því sem liggur að baki frumvarpinu eins og kemur fram í athugasemdunum og í ræðu minni. Ekkert af því sem ég hef sagt eða af því sem kemur í frumvarpinu gefur neitt tilefni til útúrsnúninga á borð við þá sem hv. þingmaður kom með, að ef ekkert veiðist eitt árið megi tvöfalda veiðina næsta ár á eftir.

Það sem liggur einfaldlega að baki er að verið er að reyna að búa til aukinn sveigjanleika í fiskveiðistjórnarkerfi sem legið hefur undir gagnrýni fyrir að það sé ekki nægjanlega sveigjanlegt. Frumvarpið hvetur til aukinnar hagræðingar sem á og mun auðvitað skila sér bæði til útgerða og sjómanna og annarra þeirra sem starfa í sjávarútvegi.

[17:24]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Menn geta verið í hugarleikfimi en ég gat nú ekki áttað mig á því að með þeirri hugarleikfimi sem ég hafði, að sögn hæstv. sjávarútvegsráðherra, í frammi áðan — sem var nú ekki hugarleikfimi heldur einfaldlega almenn, einföld rök — hefði ég lent á hausnum. (Gripið fram í.) Ég gat ekki heyrt annað en að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefði ekki annað fram að leggja í málinu en að segja ef og ef, ef hinn hv. þingmaður hefði hlustað, ef hann hefði nú lesið og ef þetta hefði gerst og ef þetta hefði verið.

Sá þingmaður sem hér stendur hefur lesið greinargerð-

ina með frumvarpinu. Hann áttar sig nákvæmlega á því hvað þar er lagt upp með og hlustaði meðal annars á framsöguræðu hæstv. sjávarútvegsráðherra í málinu. Það leiðir hins vegar til þeirra hugleiðinga sem ég var með hér og þeirra sjónarmiða sem komu fram í máli mínu hér áðan.

Ég hef sett fram rök og sjónarmið sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur ekki getað mótmælt í andsvar, ekki fundið einn einasta höggstað á. Ég verð því að telja, miðað við það sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hafði fram að leggja, séu þær ályktanir sem ég dró og þau sjónarmið sem ég hef haft uppi einfaldlega hárrétt. Verið er fara á svig við sjónarmið um vísindalega verndun fiskstofnanna og uppbyggingu þeirra. Verið er að fara að geðþótta einhverra og þjóna hagsmunum sem hafa ekkert með það að gera að koma á stöðugri atvinnu og uppbyggingu fiskstofnanna.

[17:26]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 119. mál, nál. meiri hluta viðskn., þskj. 139; brtt. meiri hluta viðskn., þskj. 140.

[17:26]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Það er sjálfsagt mál að rifja aðeins upp upphaf kvótakerfisins og svörtu skýrsluna 1983 um slæma stöðu þorskstofnsins, um það togararall sem þá var búið til af Hafrannsóknastofnun sem mikið hefur verið rifist um í gegnum tíðina. Sjómenn, starfandi menn í sjávarútvegi, hafa ekki verið hrifnir af því og metið það lítils. Þeir hafa ekki talið það hæft til að mæla hversu mikið er af fiski í sjónum.

Hæstv. ráðherra sagði í kosningabaráttu ekki fyrir mörgum kosningum síðan að hann styddi ekki ríkisstjórn sem ætlaði að hafa óbreytt aflamarkskerfi eða óbreytt kvótakerfi áfram og lýsti því þá yfir ásamt öðrum þingmanni í sínu kjördæmi, hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, að hann styddi ekki óbreytta fiskveiðistefnu. En þegar þáv. hv. þingmaður, Einar K. Guðfinnsson, fékk boð um að verða sjávarútvegsráðherra breyttist ýmislegt í fari hans og hann tók ekki bara 90° beygju, hann tók u-beygju. Hv. þingmaður, nú hæstv. sjávarútvegsráðherra, fór allt í einu að fylgja núverandi fiskveiðistjórnarkerfi út í eitt.

Hv. þm. Karl V. Matthíasson fer með útúrsnúninga í öllu í málflutningi sínum varðandi umræðu um frumvarpið og ber saman svo ólíka hluti sem er alveg út í hróa hött. Breyting á lögunum úr 20% í 33% mun hafa aukið brottkast í för með sér, það verður minna af veiðiheimildum til leigu. Að það sé sátt við fólkið í landinu er af og frá. Það er einmitt þetta sem fólkið í landinu mun ekki sætta sig við en nú stefnir í, að mönnum sé gefið tækifæri til þess að geyma meira á milli ára. Það mun í sumum tilfellum þýða minni atvinnu hjá fólkinu í landinu.

Það er líka ágætt að rifja það upp að hlutabréfamarkaður kom á sínum tíma að miklu leyti út af gjafakvótakerfinu. Þegar kvótinn var afhentur og menn fóru að geta braskað með veiðiheimildir fóru þeir með mikla peninga út úr sjávarútveginum sumir hverjir. Það er kannski að hluta til skýringin á því að sjávarútvegur er nánast á hausnum í dag.

Þegar verið er að tala um skuldir sjávarútvegsins hef ég spurt hæstv. sjávarútvegsráðherra að því endurtekið hverjar skuldir sjávarútvegsins eru í dag, sem er mjög þarft að fá fram. Það er líka mjög þarft að vita hverjar tekjur ársins í sjávarútvegi verða og síðast en ekki síst að fá að vita hver framleiðni er í íslenskum sjávarútvegi í dag. Það útskýrir stöðuna í íslenskum sjávarútvegi fyrir almenningi í landinu.

Segja má um kvótakerfið að það sé tilraun sem ekki tókst. Þó að kerfið sé búið að vera eins og það er frá því að frjálsa framsalið var sett á 1991 er það ekki ósvipað tilrauninni með flotkrónuna sem var sett á í peningamálum 2001. Hún hefur ekki gengið upp.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til að auka veiðar á þorski og teljum það mjög raunhæft. Auðvitað hlýtur Hafrannsóknastofnun að hafa skoðun á því hvort það er til bóta eða ekki. Það verður fróðlegt að heyra þegar búið verður að leggja fram frumvarpið og leita álits hjá Hafrannsóknastofnun um það.

[17:32]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið ágætisumræða. Að mínu viti hafa komið fram ýmsar mjög merkilegar yfirlýsingar. Ég hygg t.d. að yfirlýsing hæstv. sjávarútvegsráðherra hér í pontu, í andsvari við hv. þm. Jón Magnússon, hljóti að teljast með þeim merkilegri. Hæstv. sjávarútvegsráðherra sagði eitthvað á þá leið að af því að þingmenn Frjálslynda flokksins séu á þeirri skoðun að meiri þorskur sé í sjónum en Hafrannsóknastofnun mæli með sé það að sjálfsögðu vegna þess að kvótakerfið sé við lýði. Merkilegt að hæstv. sjávarútvegsráðherra skuli hafa komið sér upp þessari trú, hún var ekki til staðar fyrir nokkrum árum. Ég held að við getum ekki hengt afkomu fiskstofna í lífríki Íslands, hafinu, á það að hér sé kvótakerfi. Ég ætla að nefna nokkur dæmi til að menn átti sig á því hvað ég er að fara.

Ég vænti þess að menn — alla vega þeir sem fylgst hafa með sjávarútvegsmálum og örugglega hæstv. sjávarútvegsráðherra — muni þá tíma þegar ýsustofninn var að stækka sem mest hér við land. Var það vegna þess að verið væri að veiða eftir kvótakerfinu? Nei, menn voru að veiða verulega umfram það sem ráðlagt var í aflaheimildum. Það var m.a. vegna þess að smábátarnir höfðu þá frelsi til að veiða ýsu. Ég hef stundum sagt að ýsustofninn hafi eiginlega stækkað mest undir mjög auknu veiðiálagi smábátanna. Að vísu fór sú veiði fram með krókum eingöngu og egna þurfti fyrir viðkomandi fisktegund með beitu. Það fór saman við það að fiskurinn þurfti að afla sér ætis, það fór líka saman við það að þróun varð í því að stýra veiðum í eina tegund eins og t.d. með pokabeitu, sára og sandsíli o.s.frv. Allt að einu er það staðreynd, hæstv. forseti, að kvótakerfið gerði alls ekki ráð fyrir þeirri uppbyggingu sem varð í ýsustofninum á þessum árum.

Ýsustofninn stækkaði þrátt fyrir kvótakerfið, að mínu viti vegna þess að sjór var að hlýna hér við land. Sjávarhita er alveg örugglega ekki stýrt af sjávarútvegsráðuneytinu eða Hafrannsóknastofnun. Þar eru náttúruleg skilyrði á ferðinni og þau geta breytt verulega stækkun og útbreiðslusvæði botnfiska eins og gerðist með ýsuna þegar útbreiðslusvæði hennar, sem var hér sunnan og vestan lands, færðist einnig norður fyrir land og allan hringinn, þegar ýsustofn-

inn dreifðist miðað við hlýrri sjó allt í kringum land og fór að alast upp í fjörðum og flóum, m.a. norðan lands þar sem ekki hafði sést ýsa áratugum saman. Í því sambandi má minna á trillukarlinn á Drangsnesi sem sagði einhvern tíma þegar ýsan var farin að veiðast í Steingrímsfirði sem aldrei fyrr: Ja, það bregður við frá því sem áður var. Ef við fengum ýsu settum við hana í svartan plastpoka svo að enginn sæi þegar við færum með hana í soðið heim — þegar ekki fiskaðist nein ýsa í Húnaflóa.

Það er staðreynd að fiskstofnar byggja sig upp á allt öðrum forsendum en þeim hvernig kvótakerfi hefur verið við lýði. Við höfum ekki endilega náð einhverri sérstakri uppbyggingu á þorskstofninn í gegnum kvótakerfið og það gerðist ekki heldur þegar ýsustofninn stækkaði. Hægt er að sjá í gömlum tölum aflaheimildir af ýsu sem eru í námunda við það sem við veiðum nú, það gerðist upp úr 1952 eða 1953 og á árunum þar á eftir. Þá var ekkert kvótakerfi við lýði og mikil ásókn veiðiflota hér við land, m.a. breskra skipa sem voru á grunnslóðinni. Ég vil því leiðrétta hæstv. sjávarútvegsráðherra, vara hann við þeirri trú að aðeins kvótakerfið geti stækkað botnfiskaflann. (Gripið fram í.) Ja, það mátti nú skilja það, hæstv. ráðherra, á orðum þínum að þorskstofninn væri kannski stærri en gert hefði verið ráð fyrir — ég held þú hafir einhvern tímann ýjað að því að við þingmenn Frjálslynda flokksins héldum því fram. Ég vil benda á að langflestir sjómenn við Ísland halda því líka fram að þorskstofninn sé stærri en Hafrannsóknastofnun hefur gert ráð fyrir. Ekki fer á milli mála að þorskur í útköntum landgrunns Íslands er nú sennilega meiri en hann hefur verið í mörg ár. Þar til viðbótar er mikið af íslenskum þorski að vaxa upp við Austur-Grænland og heldur þar uppi ágætri veiði eins og ég vænti að hæstv. sjávarútvegsráðherra viti. Þetta er nú um þann þátt málsins sem snýr að lífríkinu og það er fyrst og fremst lífríkið sem ræður því hvort fiskur vex vel upp hér við land eða ekki. Kvótakerfið er þáttur í því að stýra veiðum en engin trygging fyrir því að stofnar stækki.

Ef við ætluðum að nota sömu reglu og ráðherra leggur hér til varðandi það að auka færslu á milli fiskveiðiára úr 20 í 33% má spyrja: Hvers vegna gerðum við það ekki árin 1992–1995 þegar við náðum ekki þorskaflanum okkar, að fara með veiðifærsluna á milli ára og tryggja að við næðum öllum þorskaflanum? Á þeim árum tókst mönnum ekki einu sinni að færa allan fiskinn, allan þorskkvótann, á milli fiskveiðiára. Það var vegna þess að ákaflega illa gekk að veiða hann. Það varð síðan til þess að forveri hæstv. sjávarútvegsráðherra, Þorsteinn Pálsson, ákvað að fara með þorskveiðiaflann niður í 155 þús. tonn, ef minni mitt þrýtur ekki. Ekki var farin sú leið að auka geymsluna á milli ára.

Almennt vil ég segja það um geymslu á milli ára að ég tel að kannski hafi verið talsverð sátt um það á undanförnum árum að hafa hana í 20% reglunni. Ég hef hins vegar sjálfur almennt verið hlynntur því að veiðiskyldan væri sem hæst. Ég hef margoft talað fyrir því að þannig ætti það að vera. Þetta væri nýtingarréttur sem útgerðarmenn fengju og þeir ættu að hafa þann hvata að reyna að veiða sem mest.

Við getum spurt okkur, hæstv. forseti: Hver eru hin raunverulegu áhrif í dag af því að leggja til að hækka færslu á milli ára úr 20% í 33%? Samkvæmt mínum upplýsingum, og ég beini því til hæstv. ráðherra að hann kanni það sjálfur, hefur leiguverð á ýsu verið um 40 kr. undanfarna daga. Nú liggur þetta frumvarp hér fyrir og menn verða þess áskynja að þar sem ríkisstjórnin leggur það fram með 43 manna þingmeirihluta muni málið fara í gegn. Hvað skeður þá? Þeir sem fyrir nokkrum dögum voru að leigja ýsu á 40 kr., buðu í hana 40 kr. og fengu ekki, hækkuðu boðið í 42, 43, 44 og 45 og fengu ekki — leiguverðið í dag er 57 kr. samkvæmt heimildum mínum. Þetta hefur gerst við það eitt að leggja þetta frumvarp fram. Ég skora á hæstv. ráðherra að kynna sér það hvort ég fer með rétt mál. Hann getur skoðað það með því að tala við menn sem stunda svokallaða kvótaleigu eða einstaka útgerðarmenn. Þeir eru nú í verri stöðu en áður sem hefur vantað ýsu til að geta haldið áfram veiðum og fá henni ekki úthlutað um hver fiskveiðiáramót. Þeir sem eiga aðgang að miklum aflaheimildum og hafa fengið þeim úthlutað eru í betri stöðu. Búið er að hækka leiguverðið til kvótahafa um tæplega 50%. Þetta eru áhrifin, hæstv. forseti, og menn skyldu skoða það vandlega hvað verið er að gera.

Ég tel líka að menn þurfi að vega og meta hvort rétt sé að verki staðið upp á það að tryggja að veiðin eigi sér stað innan fiskveiðiársins. Ég byggi þá á því að ég hef verið talsmaður þess að veiðiskyldan væri sem hæst og það væri eiginlega kvöð á útgerðarmönnum að reyna að ná aflaheimildum sínum sem mest. Ég hef svo sem ekki sett fram tillögu um að lækka þessa millifærslu, þessi 20% sem hafa verið í mörg ár í kerfinu. Ég leyfi mér að efast um að við séum að stíga rétt skref núna að þessu leyti.

Mig langar að gera að umræðuefni aðra fullyrðingu í greinargerðinni með frumvarpinu, hæstv. forseti. Hér stendur að stofn gefi að jafnaði meira af sér þegar veiðum á honum er frestað. Hvar geta menn sýnt fram á að það sé gegnumgangandi regla í líffræði sjávar að ef menn geyma aflann í sjónum sé alveg öruggt að menn gangi að honum á næsta ári og það sé víst að stofninn stækki alltaf þegar veiðum er frestað? Við höfum nú ekki náð svo miklum árangri hingað til með kvótakerfinu sem við höfum verið að byggja á þó að talsverð breyting hafi orðið vegna breytinga á hitafari sjávar og auknu fæðuframboði á Íslandsmiðum, m.a. á þessu ári. Náttúrulegar aðstæður eiga mikinn þátt í því, að ég tel, að fiskstofn eins og þorskurinn hefur vaxið meira en gert hafði verið ráð fyrir. Ég tel að útbreiðslusvæði hans til norðurs sé jafnvel enn meira en verið hefur undanfarin ár vegna hlýsjávar, samanber þá veiði sem hefur verið 35–40 sjómílur norður af Kolbeinsey á þessu ári þar sem mikið hefur veiðst af góðum þorski.

Það er því að ýmsu að hyggja í þessu sambandi, hæstv. forseti, og ekki sjálfgefið að það sem verið er að aðhafast hér og á að lögfesta þegar þetta hefur verið samþykkt, þ.e. lög sem taka þegar gildi — auðvitað er verið að hafa áhrif innan fiskveiðiársins, eins og ég nefndi áður, varðandi leiguverðið. Það kann að verða til þess að staða þeirra sem hafa haft minni veiðiheimildir — og hafa m.a. verið að sækjast eftir því að leigja til sín ýsu á því verði sem var í boði, 40 kr. — versnar verulega en staða þeirra sem hafa aflaheimildirnar lagast verulega. Þeir fá sem sagt nýjar tekjur, sem ekki voru áður í hendi, með þessu frumvarpi. Það er því alltaf viðkvæmt þegar verið er að breyta innan fisk-

veiðiársins. Ég skora á hæstv. ráðherra að kynna sér það hvernig leiguverðið hefur verið að breytast síðustu daga og í hvaða hæðum það er í dag og ræða um það við sjómenn sem gera út á þessar heimildir.

Ég geri hins vegar engar athugasemdir við það að menn megi veiða 5% fram fyrir sig af humri á milli fiskveiðiára. Ég tel að eins og árað hefur í humarveiðinni og miðað við dreifingu humarstofnsins séum við ekki að taka mikla áhættu með því að menn hafi þar sömu heimildir og við aðrar veiðar, að veiða fram fyrir sig, ef því er að skipta, sem nemur þessum 5%.

Hæstv. forseti. Ég sé að ég er að verða búinn með tíma minn. Ég get þar af leiðandi ekki farið í frekari söguskoðun á því hvernig fiskstofnar byggja sig upp og hvernig þeir þróast miðað við breytilegar forsendur í lífríki sjávar. Ég vil að endingu leyfa mér að mótmæla þeirri fullyrðingu hæstv. sjávarútvegsráðherra að það sé aðeins kvótakerfið sem byggir upp fiskstofna. Ég held að það sé mikil oftúlkun og vænti þess að hæstv. ráðherra hafi einhverjar efasemdir um það að þetta sé rétt framsetning. Hafi ég misskilið hann vænti ég þess að hann dragi þessa fullyrðingu til baka, að aðeins kvótakerfið byggi upp fiskstofna.

[17:47]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að draga neitt til baka vegna þess að það sem ég var að vekja athygli á var að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins hafa á undanförnum missirum lagt fram tillögur sem fela í sér að auka beri þorskveiðar. Þeir hafa gert það á þeim forsendum að staða þorskstofnsins sé betri en fiskifræðingar hafa metið. Ég vek athygli á því að ef Frjálslyndi flokkurinn hefur á réttu að standa í þessum efnum getur það varla talist mikill áfellisdómur yfir þeirri fiskveiðistjórn og fiskveiðiráðgjöf sem reynt hefur verið að fylgja á undanförnum árum.

Ég er hins vegar alveg sammála hv. þingmanni um að auðvitað koma margir hlutir inn í myndina þegar við reynum að átta okkur á hvað veldur því að fiskstofnar stækka eða minnka. Það eru fjölmargir þættir eins og hv. þingmaður rakti réttilega í mjög málefnalegri ræðu sinni hérna áðan. Hv. þingmaður sagði hins vegar í öðru orðinu að við hefðum ekki náð svo miklum árangri með kvótakerfinu í uppbyggingu fiskstofna þó að hann hafi sjálfur margoft sagt að staða þorskstofnsins sé betri en fiskifræðingar hafi talið. Þess vegna held ég að við séum út af fyrir sig ekki mjög ósammála um þetta.

Ég dreg hins vegar mjög í efa að það sé rétt hjá hv. þingmanni að það að þetta frumvarp sé komið fram hafi skyndilega hækkað leiguverð á ýsu. Margir aðrir þættir hafa örugglega spilað inn í þetta og við vitum auðvitað ekki hvort þetta er varanleg þróun eður ei.

Hv. þingmaður sagði líka eitt nokkuð athyglisvert, að hann teldi að veiðiskyldan í kvótakerfinu ætti að vera sem mest. Þessu sjónarmiði er oft haldið á lofti, ég veit að þetta er t.d. sjónarmið Landssambands íslenskra útvegsmanna og sjómannasamtakanna sem vilja fara með veiðiskylduna úr 50% í 75%. Ég vilja spyrja hv. þingmann hver sé skoðun hans á því og jafnframt hver hann telji að áhrifin af því yrðu á leiguverðið og leiguframsalið og þar með á leigukvótaverðið í landinu.

[17:49]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er einfaldlega þannig að ef mönnum tekst ekki að veiða heimildir sínar og eru ekki með galopnar heimildir til að fara með þær á milli fiskveiðiára þá lækkar leiguverðið. Það bara gerist. Þar af leiðandi held ég að þeir sem vantar heimildir eigi auðveldari aðgang að þeim í núverandi kerfi. Það er náttúrlega líka vegna þess að allar heimildirnar eru á höndum útgerða, það er enginn markaður sem slíkur. Við tökum ekkert sérstakt frá af magni sem við bjóðum til leigu eða gefum byggðum eða sjávarútvegsfyrirtækjum, sem hafa minni heimildir, einhvern forgang að því að leigja til sín heimildir. Við höfum heldur ekki viðurkennt að leiguliðarnir, sem hafa leigt heimildir á undanförnum árum, og fiskvinnslur sem hafa þurft að afla sér heimilda með því að leigja til sín og leigja útgerðum, fái neina viðurkenningu á því á milli fiskveiðiára að það eru þeir sem veiða stóran hluta af fiskinum. Þetta sést vel ef hæstv. sjávarútvegsráðherra skoðar hefti Fiskistofu um hvað mikið fer á milli útgerða á hverju fiskveiðiári. Það eru svo til alltaf sömu útgerðirnar sem leigja frá sér, oft og tíðum sömu útgerðirnar sem leigja langmest frá sér og yfirleitt sömu aðilarnir sem leigja til sín en þeir öðlast ekki neinn rétt við það.

Þetta er náttúrlega staðnað fyrirkomulag, að nýtt fólk geti ekki komið inn í atvinnugreinina og átt einhvern rétt. Að það myndist enginn réttur hjá þeim sem eru að koma inn heldur eingöngu sá réttur að þeir sem eru þar fyrir eigi fiskinn í sjónum.

[17:51]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þessa ræðu hv. þingmanns hef ég oft heyrt, bæði styttri og lengri útgáfuna af henni, en ég var eiginlega ekki að fiska eftir því. Ég var að fiska eftir því hvort hv. þingmaður vildi segja okkur hvaða skoðun hann hefði á því hvað ætti að fara hátt með veiðiskylduna af því að ýmis sjónarmið hafa verið uppi í þeim efnum. Alþingi hefur breytt lögum um veiðiskyldu þannig að hún hefur aukist og reynt hefur verið að gera breytingar í þá átt að auka skyldu manna til þess að veiða úthlutaðar aflaheimildir. (**Gripið fram í:** Nei.) Síðan hafa komið upp sjónarmið frá sjómannasamtökunum öllum og LÍÚ um að fara ofar með veiðiskylduna, (**GMJ:** Það á að innkalla allar veiðiheimildir.) úr 50% í 75%. Ég spurði hv. þingmann einfaldlega, af því að hann sagði áðan að hann teldi sjálfur að það ætti að auka veiðiskylduna, hvort hann gæti sagt okkur hvert hans sjónarmið væri, hvort það ætti að fara úr 50% í 75%.

[17:52]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Í dag er veiðiskyldan 50% annað hvert ár, er það ekki svo? (**GMJ:** Jú.) Það er ekki há veiðiskylda fyrir utan að menn hafa fundið ýmsar leiðir til að fara fram

hjá veiðiskyldunni, eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra veit.

Ég hef talið, hæstv. forseti, og hef aldrei farið dult með það, að það ætti að vera veiðiskylda á hverju ári og eðlilegt væri að veiðiskyldan um 50% væri á hverju fiskveiðiári en ekki annað hvert ár. Ég hef einnig talað fyrir því, og gerði það iðulega meðan ég var í forustu fyrir sjómannasamtök, að veiðiskyldan færi upp. Ég held að ég muni það rétt að sjómannasamtökin reistu þá kröfu um að veiðiskyldan færi í 75%. (**Sjútv.- og landbrh.:** LÍÚ er sammála.) Ég tel að sá réttur sem menn fá til þess að veiða afla úr sjó eigi að miðast við að menn afli tekna með því að veiða fiskinn og geri út á hann. Það á að vera megininntakið.

Þegar menn hafa búið til þann feril sem raun ber vitni — og ég vek athygli á að það eru útgerðarmenn sjálfir sem hafa búið þennan leigukvótaferil til. Það eru þeir sem hafa verðlagt óveiddan þorsk í sjó á 240 kr. hvernig sem menninirnir fara nú að því að gera út á það án þess að lenda í verulega skrýtnum málum. Hafi því einhver búið til þetta kerfi er það fyrst og fremst LÍÚ með leigukröfunni. Ég tel að það eigi að auka veiðiskylduna og hef bent á það mörgum sinnum. Ég gæti vel hugsað mér að veiðiskyldan færi yfir 70%, svo það sé alveg ljóst.

Hins vegar höfum við í Frjálslynda flokknum verið talsmenn þess að breyta þessu kerfi, innkalla þessar veiðiheimildir og setja hluta af (Forseti hringir.) veiðiheimildunum á uppboðsmarkað, enda hefur LÍÚ rutt brautina um hvernig fara á að því að leigja fisk.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sjútv.- og landbn.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 1. umr.

Stjfrv., 120. mál (útflutningur óunnins afla). — Þskj. 130.

[17:55]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 130, 120. mál, en þar er um að ræða breytingar á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Breytingar þessar snúa fyrst og fremst að því að auka aðgengi fiskkaupenda hér á landi að afla sem fyrirhugað er að flytja á markað erlendis án þess að hafa verið endanlega veginn og skráður til kaupa.

Í upphafi síðasta árs tók ég þá ákvörðun að afnema svokallað útflutningsálag á óunnum botnfiskafla sem er fluttur úr landi. Samhliða þessari ákvörðun var skipuð þriggja manna nefnd sem hafði það hlutverk að skila tillögu um hvernig fiskkaupendum hér á landi væri best tryggður möguleiki á að bjóða í fisk sem er fluttur á fiskmarkað erlendis án þess að hafa verið endanlega veginn og skráður hér á landi. Nefndin hefur skilað tillögum sínum og þetta frumvarp er að mestu í samræmi við tillögur nefndarinnar.

Með frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

„Útgerðarmönnum sem fyrirhuga að flytja afla úr landi án þess að hann hafi verið endanlega veginn verður gert skylt að senda upplýsingar um afla til Fiskistofu sem sendir upplýsingarnar áfram til birtingar á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðar með sjávarafla.“

Með þessum hætti er stuðlað að því að fiskkaupendur hafi tækifæri til að kaupa aflann áður en hann fer úr landi.

„Mikilvægt er að hafa í huga að regla þessi á einungis við um afla sem fluttur er úr landi án þess að hafa verið endanlega veginn og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Útgerðir eiga þess kost að vigta aflann hér á landi og þá er þeim frjálst að ráðstafa aflanum að vild.“

Önnur meginbreyting sem lögð er til er að Fiskistofa innheimti kostnað sem hlýst af eftirliti erlendis. Verður það að teljast eðlilegt að kostnaður sem hlýst af sérstöku eftirliti erlendis sé borinn af þeim aðilum sem eftirlitið beinist að.

Þá er lagt til að breyting verði gerð á viðurlagakafla laganna og kveðið verði á um afturköllun leyfis erlends markaðar til að taka á móti íslenskum afla hafi ekki verið farið að ákvæðum III. kafla laganna sem fjallar um vigtun sjávarafla og er það til samræmis við kröfur sem eru gerðar til vigtunarleyfishafa hér á landi. Auk þess er gert ráð fyrir að Fiskistofa afturkalli leyfi erlends markaðar til að taka á móti íslenskum afla sem hefur ekki verið vigtaður í þeim tilvikum sem markaður stendur ekki í skilum með greiðslu kostnaðar vegna eftirlits.

Virðulegi forseti. Ég tel mikilvægt að mál þetta fái framgang og legg því til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og umfjöllunar hjá hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

[17:58]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 119. mál, brtt. 1. minni hluta viðskn., þskj. 152.

Frítekjumark örorkulífeyrisþega, 96. mál, svar fél.- og trmrh., þskj. 137.

[17:58]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Þetta frumvarp um breytingar á lögum nr. 57, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, lítur ágætlega út við fyrstu sýn. Það er að öllum afla sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands skuli landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn.

Svo kemur dálítið sem ég bið þingmenn um að skoða og fara yfir:

„Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum eða hann fluttur úr landi án þess að hafa verið endanlega veginn, enda sé fiskurinn seldur á opinberum fiskmarkaði sem hlotið hefur leyfi Fiskistofu.“

Þarna staldra ég við. Ég tel að ef gera á breytingar á þessum lögum megi ekki vera undanþága í þeim um að vinir eða frændur fái hugsanlega að flytja fisk óunninn út en aðrir ekki, það verði mismunað milli kjördæma, milli landshluta og kannski flokksskírteina hverjir mega flytja út fisk í gámum ef þeir vilja. Ég tel að þetta sé stórhættulegt atriði. Ég hefði lagt til að þessu yrði breytt algjörlega í grundvallaratriðum og það yrði merkt við að þeir sem t.d. lentu í vél-

arbilun eða einhverju þess háttar, einhverju sérstöku, sem reyndar kemur fram þarna í frumvarpinu, gætu fengið sérstaka undanþágu.

Þetta er að mínu mati allt of loðið og þýðir að hæstv. sjávarútvegsráðherra er kominn í þá stöðu að geta ákveðið hverjir fá að flytja út og hverjir ekki. Það eru að mínu mati ekki nein eðlileg vinnubrögð. Það væri einfaldara að hafa prósent af afla eða eitthvað þess háttar. Þetta gerir það að verkum að mínu mati að ekki er hægt að samþykkja þetta frumvarp óbreytt.

Við sjáum þetta kannski í fleiri atriðum. Á síðasta ári voru samþykktar breytingar á landhelgislögum, eða réttara sagt undanþágur til þess að opna hólf til handa sjávarútvegsráðherra, og ýmislegt fleira hefur verið gert sem styrkir reglugerðarvald hæstv. sjávarútvegsráðherra á hverjum tíma í nánast öllum hlutum. Við þekkjum að í kvótakerfinu getur hæstv. sjávarútvegsráðherra ákveðið hvort ákveðin tegund sé kvótabundin eða ekki, það þarf ekki að fara með það í sérstakt frumvarp. Þess vegna óttast ég þessi vinnubrögð og hugsanlega framkvæmd á þessum lögum og legg til að þessu frumvarpi verði breytt verulega.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns er svo sem gott fyrir sitt leyti að fá hugsanlega allan fisk inn í íslenskar fiskvinnslur og tryggja að þær geti boðið í fiskinn. Okkur veitir ekkert af því núna þegar atvinnuástandið er með þeim hætti sem það er. Við þurfum að auka atvinnu innan lands og reyna að auka verðmæti. Það er reyndar ekki víst að það verði vegna þess að oft kemur fyrir að fiskur með haus og hala, eins og maður segir, er dýrari en flök. Þetta á sérstaklega við um ufsa og karfa og þarf að skoða mjög vandlega. Ég legg til að þessi þáttur í frumvarpinu verði ekki þannig að hæstv. ráðherra hafi tækifæri til að leyfa ákveðnum aðilum að flytja út og öðrum ekki, að það sé í hans valdi að ákveða hver fái að flytja út og hver ekki. Það er að mínu mati gjörsamlega ótækt og gengur ekki upp.

[18:03]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt að koma aðeins inn í þessa umræðu til að leiðrétta misskilning. Hv. þingmaður vísar til 5. gr. frumvarpsins. Í 5. gr., eins og lögin eru í dag, er þessi heimild til ráðherrans. Almenna reglan er sú að vigta eigi allan fisk sem íslensk skip veiða innan lands og vigta hann í innlendri höfn en síðan er heimild til að víkja frá því í einstökum tilvikum eins og nánar er kveðið á um.

Það frumvarp sem við fjöllum um setur frekari skorður við þessu, hvernig hægt er að heimila mönnum að flytja fiskinn óvigtaðan úr landi. Ástæðan er sú, sem hv. þingmaður veit, að það getur verið mjög erfitt að koma því þannig fyrir að allur fiskur sé vigtaður innan lands þegar menn eru t.d. að flytja fisk út í gámum eða sigla með hann á erlendan markað. Í frumvarpinu sem við ræðum hér er verið að setja inn nýjar kvaðir sem fela það í sér að með þann fisk skuli fara eins og kveðið er á um í frumvarpinu til þess að auðvelda aðgengi íslenskrar fiskvinnslu að þessum fiski. Frumvarpið felur því ekki í sér að verið sé að opna nýjar heimildir fyrir ráðherrann, öðru nær. Verið er að þrengja þær heimildir og setja í lögin með hvaða hætti skuli farið með þennan fisk. Markmiðið er ósköp einfaldlega að auka aðgengi íslenskrar fiskvinnslu að fiskinum.

[18:05]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta vafðist ekkert fyrir mér. Ég er tiltölulega vel læs, gæti verið betur læs. En þetta hljóðar svo:

„Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum eða hann fluttur úr landi án þess að hafa verið endanlega veginn, enda sé fiskurinn seldur á opinberum fiskmarkaði sem hlotið hefur leyfi Fiskistofu.“

Ég fagnaði 1. gr., ég tel að hún sé af því góða. En ég harma þá breytingu að ráðherra geti með reglugerð heimilað þetta. Mér finnst þetta ekki vera nógu gott hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra. Þessi þáttur og þessi nefnd sem hefur væntanlega samið frumvarpið, eða lagt til efnisatriðin í það — þetta er eins og það var. En setningin sem ég var að lesa fyrir þingheim þýðir að hæstv. sjávarútvegsráðherra getur mismunað mönnum í því hver fær að flytja út og hver ekki. Hún getur falið í sér verulega mismunun og tryggja þarf að allir standi jafnir í þessu eins og öðru. Það er tilfellið að sumir ráðherrar gangast upp í því að reyna að hafa eitt fyrir Jón og annað fyrir séra Jón. Það er það sem maður óttast við frumvarpið að þetta verði með þeim hætti að munur verði á Jóni og séra Jóni.

[18:07]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get eins og allur þingheimur vottað að hv. þingmaður er mjög vel læs, það hefur maður oft heyrt úr ræðustólnum. Það er hins vegar þannig að með frumvarpinu er ekki verið að breyta neinu hvað varðar heimildir ráðherrans til að beita einhverju duttlungavaldi í þessum efnum. Það er einfaldlega verið að segja: Almenna reglan er sú að fisk sem er fiskaður á Íslandsmiðum á að vigta í íslenskum höfnum samkvæmt íslenskum lögum. Við sérstakar aðstæður, sem ég var að gera grein fyrir, er hins vegar hægt að víkja frá þeirri reglu enda sé þá þessi fiskur seldur á opinberum fiskmörkuðum erlendis þar sem vigtunaraðferðir eru viðurkenndar. Til viðbótar, og það er kjarni frumvarpsins, er verið að leggja meiri kvaðir á þann sem ætlar að flytja fiskinn óunninn úr landi. Sá aðili þarf að gefa íslenskum fiskkaupendum færi á að bjóða í fiskinn og kaupa hann áður en hann er seldur úr landi.

Mér finnst hv. þingmaður misskilja þetta á þann veg að með frumvarpinu sé verið að opna einhverjar nýjar reglugerðarheimildir. Öðru nær, verið er að þrengja þá möguleika sem menn hafa til að flytja fiskinn úr landi. Sú heimild sem vísað er til gefur ekki færi á neinni pólitískri eða landshlutalegri misnotkun eins og hv. þingmaður ýjaði að í málflutningi sínum áðan. Öðru nær, alls ekki. Þvert á móti er sagt að reglugerðarheimildin lúti að því að menn geti selt þennan fisk úr landi ef hann er seldur á viðurkenndum fiskmörkuðum erlendis sem búið er að viðurkenna af íslenskum stjórnvöldum. Til viðbótar, og það er aðalatriði frumvarpsins, er verið að setja nýjar kvaðir til að tryggja betra aðgengi íslenskrar fiskvinnslu að fiskinum. Ég vona að hv. þingmaður sé sammála því meginprinsippi og væri a.m.k.

gott að heyra sjónarmið hans og afstöðu til þess máls sem er kjarni frumvarpsins.

[18:09]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ljóst að ég er hlynntur þeim lið að gefa íslenskri fiskvinnslu tækifæri til að bjóða í fisk áður en hann er fluttur út. Ég óttast það hins vegar þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur leyfi til að veita undanþágu frá þeirri reglu að fiskur verði fluttur út. Ég óttast það einfaldlega. Við sem höfum verið að fjalla um og hugsa um þessi sjávarútvegsmál í langan tíma höfum orðið varir við misnotkun á valdi sjávarútvegsráðherra. Veiðiheimildum er úthlutað til fárra útvalinna og þeim gefið tækifæri á meðan öðrum er leyft að éta það sem úti frýs. Þetta er kerfi sem við höfum búið við, mönnum hefur verið allsvakalega mismunað. Þegar þetta frumvarp er lagt fram óttast maður slíkar sérundanþágur sem hæstv. sjávarútvegsráðherra getur veitt mönnum.

Ég óttast að ákveðin grúppa manna í íslenskri útgerð fái oftar að flytja út fisk en aðrir. Ég óttast að sumir fái ekki að flytja út fisk en aðrir fái að gera það ef markaðsaðstæður eru þannig. Þetta verður með þeim hætti að takmarkaður útflutningur á markað í Grimsby og Hull verður til þess að verðið verður hærra þar en ella með takmörkun. Þeir sem fá að flytja út geta grætt verulega á því af því að tiltölulega lítið magn fer frá Íslandi á þessa markaði. Ég óttast þetta og tel að þessu eigi að breyta í frumvarpinu. Ég fagna því hins vegar að öllum skuli vera gert kleift að bjóða í þennan fisk, að íslensk fiskvinnsla eigi möguleika á þeim 50 þús. tonnum á ári sem fara út og íslenskt fólk hafi atvinnu af því að vinna þann fisk.

[18:11]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, felur í sér ákveðna viðleitni til að takmarka útflutning á óunnum gámafiski, ísfiski, og reyna, þó í litlu sé, að stuðla að því að innlendar fiskvinnslur geti boðið í fiskinn. Í 1. gr. frumvarpsins, sem er eiginlega besta greinin í frumvarpinu, hinar eru allar miklu síðri, stendur, með leyfi forseta:

„Öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn.“

Í sjálfu sér væri gott ef frumvarpið stoppaði þarna og þetta væri alveg skýrt. Ég held að hafi einhvern tíma verið þörf á að innlendar fiskvinnslur, vinnufúsar hendur hér á landi, njóti forgangs við að vinna úr fiski sem veiddur er í íslenskri efnahagslögsögu sé það einmitt nú. Lagasetning á þessu sviði á því að vera skýr og klár. Að öllum fiski skuli landað hér og fiskvinnslur geti boðið í fiskinn hér, þá landaðan, á jafnréttisgrunni og hann sé vigtaður hér. Ef menn telja sig þurfa að standa við samninga um að erlendar fiskvinnslur eigi að geta boðið í fisk þá geta þær boðið í hann á jafnréttisgrunni við íslenska fiskvinnslu, og fiskurinn sé þá vigtaður hér og afgreiddur héðan. Þannig er þetta bara klippt og skorið. Mér sýnist frumvarpið ekki taka á því meginatriði, sem er þó yfirlýstur tilgangur þess, að tryggja ótvíræðan forgang innlendrar fiskvinnslu á þeim fiski sem veiddur er í íslenskri efnahagslögsögu.

Það var mjög misráðið þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra, fyrir einum tveimur árum, felldi af kvótaálagið á útflutning á gámafiski, enda fögnuðu fiskmarkaðseigendur í Grimsby og Hull. Þeir fögnuðu ekki sem áttu fiskvinnslurnar á Íslandi yfir þeirri aðgerð, enda var hún afar heimskuleg og gekk gegn íslenskum hagsmunum. Ég tel að stefnumörkun hvað þetta varðar eigi að vera skýr og á þá sem vilja flytja fisk ísaðan út ber að leggja sérstakan skatt, annaðhvort í formi kvótaálags meðan það er ellegar með öðrum hætti þannig að innlendar fiskvinnslur njóti ótvíræðs forgangs að þessari auðlind. Ekki, eins og hefur verið rakið, að ráðherra geti með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað úr erlendum höfnum eða hann fluttur úr landi án þess að hafa verið endanlega veginn, enda sé fiskurinn seldur á opinberum fiskmarkaði sem hlotið hefur leyfi Fiskistofu og gildir þá einu hvort hann er erlendis. Þarna er verið að fara í kringum hlutina og veldur það í sjálfu sér miklum vonbrigðum.

Ég veit ekki nákvæmlega, og fróðlegt hefði verið að heyra það, hve mikið hefur verið flutt út af ísuðum gámafiski á þessu ári. Ég hef þó heyrt að ekki hafi dregið úr þeim útflutningi á þessu ári. Ég veit að á síðustu árum hafa komið til vinnslu innan lands — um 60% af öllum bolfiski voru almennt unnin innan lands. Á síðustu árum hefur þetta aftur vaxið og ef ég man rétt minnir mig að um 50 þús. tonn, milli 50 og 60 þús. tonn, af botnfiski hafi verið flutt út á árinu 2007 eða 2006. Er þar ekki talinn með flugfiskurinn sem að sjálfsögðu er unninn fiskur og allt gott um það, heldur fiskur sem er fluttur út ísaður í gámum án þess að hafa komið hér í gegnum íslenska fiskmarkaði eða íslenskar hafnir.

Í *Morgunblaðinu* er ágæt grein í dag. Fyrirsögnin er, með leyfi forseta: „Nýta mætti verðmætin mun betur.“ Þar fjallar Gunnar Hallgrímsson, framkvæmdastjóri Flúðafisks, um nýtingu og hvernig auka megi verðmæti úr sjávarafla landsmanna. Hann telur t.d. að skylda eigi frystitogarana til að koma með allt í land og bendir á verðmæti hausanna. Segir hér að sér vitanlega hirði aðeins tvær útgerðir fiskiskipa hausana að hluta, Ögurvík og Fish Seafood á Sauðárkróki. Hann rekur í grein sinni hvernig fiskhlutum, sem mætti skapa úr verðmæti, er hent um borð í frystitogurunum. Ég held að krafan eigi að vera harðari í því að allir komi með allt að landi, fisk með haus og sporð og öllu því sem honum fylgir þannig að hægt sé að vinna það hér. Það á að vera frumskilyrði. Allur sá fiskur sem veiðist í íslenskri efnahagslögsögu á að koma inn til Íslands. Það ætti að vera forgangskrafa að það skuli þá skattlagt með einum eða öðrum hætti til að torvelda að það sé flutt út eins og hér er verið að gera. Mér kæmi ekki á óvart að milli 50 og 60 þús. tonn af óunnum fiski hafi verið flutt út á þessu ári. Það er óhæft að á meðan niðurskurður er á aflaheimildum og fiskvinnslur víða um land verða að loka vegna hráefnisskorts — fólki er sagt upp, fólk missir vinnuna — skuli það enn leyfast að óunninn ísaður fiskur sé fluttur úr landi án þess að gefa Íslendingum tækifæri til að vinna úr þeim fiski.

Nei, frú forseti. Ég tel að hér þurfi að setja þannig skorður að nánast útilokað sé að flytja óunninn fisk með þessum hætti út eins og hér er verið að heimila með undanþágum, hann á allur að koma til vinnslu hér. Hvers á fólkið í sjávarbyggðunum að gjalda? Er það eingöngu einhliða geðþóttaákvörðun hverrar útgerðar hvort fiskurinn sem er veiddur úti fyrir ströndum fólksins í sjávarbyggðunum sé fluttur út á markaði og unninn þar en því ekki gefinn kostur á að ná þessum fiski? Þetta á ekki að vera þannig og þetta er dæmigert fyrir það hvernig þeir sem telja sig fara með ímyndað eignarhald á fiskveiðiheimildunum halda að þeir geti ráðstafað þeim að vild, flutt fiskinn óunninn úr landi ef því er að skipta, en fólkið, þjóðin, íbúarnir í sjávarbyggðunum, hafi ekkert um það að segja.

Nú er horft til sjávarauðlindarinnar í efnahagslegu og atvinnulegu tilliti. Hvað ætla þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar að segja við fólkið í sjávarbyggðunum, í fiskvinnslunum, fólkið sem er að missa vinnuna, eða fólkið sem vill komast í fiskvinnu? Að horfa á tugi þúsunda tonna af sjávarafla fluttan úr landi óunninn og ísaðan — mér finnst það vera hneyksli. Við eigum að hafa dugnað, þor og réttlætiskennd og bera þjóðarhag fyrir brjósti. Við eigum að tryggja að sjávarafla, sem veiddur er á Íslandsmiðum, sé skilyrðislaust og án undanþágu landað í íslenskum höfnum og unninn þar og gerður að verðmæti og fluttur út sem slíkur.

[18:22]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég fagna framkomnu frumvarpi hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég tel að það muni verða til bóta fyrir sjávarútveginn sem heild og sem atvinnugrein. Sá sem hér stendur fékk það verkefni að leiða þriggja manna vinnuhóp til að undirbúa tillögugerð vegna þessa lagafrumvarps, sem m.a. var í kjölfar þeirrar ákvörðunar hæstv. ráðherra að afnema svokallað kvótaálag vegna útflutnings á ísuðum fiski á erlenda markaði. Það er rétt að hafa það í huga, m.a. vegna þess sem kom fram hér hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, að sú staða sem sjávarútvegsráðherra var í þegar kom að þeirri ákvörðun að afnema kvótaálagið helgaðist m.a. af niðurstöðu samkeppnisráðs sem hafði gefið út úrskurð þann 29. mars 1999 þar sem fram kom eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Með vísan til alls framanritaðs er það álit samkeppnisráðs að ákvæði laga og reglugerða um stjórn fiskveiða sem gera ráð fyrir sérstöku kvótaálagi á afla sem seldur er ferskur á erlendum markaði, feli í sér mismunun milli innlendra útgerðarfyrirtækja og raski samkeppnisstöðu þeirra innbyrðis, að svo miklu leyti sem fyrirkomulagið styðst ekki við hlutlæg sjónarmið á borð við rýrnun afla. Þá er fyrirkomulag þetta til þess fallið að skekkja verðmyndun á þeim afurðum sem um ræðir, það hamlar gegn eðlilegri markaðssókn útgerðarfyrirtækja erlendis og er til þess fallið að draga úr hagkvæmri nýtingu þeirra framleiðsluþátta sem um ræðir. Kvótaálagið fer því gegn markmiði samkeppnislaga, sbr. 1. gr. þeirra.“

Þetta var bakgrunnur þeirrar ákvörðunar sem hæstv. sjávarútvegsráðherra tók þegar ákveðið var að afnema þetta kvótaálag.

Það er alveg rétt að það er áhyggjuefni fyrir íslenska fiskvinnslu ef stór hluti af þeim afla sem veiddur er á Íslandsmiðum er fluttur út óunninn, sérstaklega þannig að ekki gefist tækifæri fyrir íslenska fiskvinnslu að bjóða í þann afla. Verkefni nefndarinnar var því fyrst og fremst að ná að leiða saman hagsmuni útgerðarinnar annars vegar og þar með sjómanna og hagsmuni fiskvinnslunnar og fiskvinnslufólks hins vegar. Það voru mörg álitamál sem litið var til og eins og þingmenn, margir, þekkja sem fylgjast með umræðum um sjávarútvegsmál hafði verið umtalsverð umræða um það hvort mál og vog væru rétt þegar kæmi að útflutningi á óvigtuðum fiski á fiskmarkaðina m.a. í Grimsby og Hull en einnig á fiskmarkaðinn í Bremerhaven. Nefndin átti því fundi með fjölmörgum aðilum sem höfðu tjáð sig um þessi mál og höfðu þekkingu á þeim. Það verður að segjast eins og er að fram komu margar sögur um áhyggjur manna af misferli en það var minna um sannanir. Þó kom það fram hjá allflestum að menn töldu að dregið hefði úr slíku hátterni að menn væru með einhverjum hætti að fara fram hjá vog með slík viðskipti á fiskmarkaðina erlendis.

Nefndin fór í febrúarmánuði síðastliðnum og heimsótti sérstaklega fiskmarkaðina bæði í Hull og Grimsby og kannaði þá vel, fylgdist með öllu verklagi og hvernig eftirliti á þeim mörkuðum var háttað. Það var skoðun þess sem hér stendur að mjög vel væri haldið á málum á fiskmarkaðnum í Hull, hann væri mjög tæknivæddur og það þyrfti mikinn og einbeittan brotavilja og aðkomu mjög margra aðila til að ná því að hafa rangt við. Jafnframt verður sá sem hér stendur að segja að hann hafði meiri áhyggjur af fiskmarkaðnum í Grimsby, að hann væri ekki eins vel úr garði gerður og fiskmarkaðurinn í Hull til að tryggja þetta öryggi. Þar með er ekki sagt að ég sé þeirrar skoðunar að þar hafi farið fram eitthvert svindl heldur hitt að maður hafði ekki sömu öryggistilfinningu og maður hafði gagnvart fiskmarkaðnum í Hull.

Meginatriðið var þetta: Hvernig á að tryggja aðgengi íslenskrar fiskvinnslu að þeim afla sem fluttur er út? Og enn og aftur: Hér þurfa að fara saman hagsmunir sjómannanna og útgerðanna og hins vegar fiskvinnslunnar og fiskverkafólksins. Þeir hagsmunir liggja saman í þeim punkti að útgerðir fái sem hæst verð fyrir sinn afla og um leið að fiskvinnslan hafi tækifæri til þess að bjóða í hann svo hún geti nýtt framleiðslugetu sína og keppt við aðrar fiskvinnslur hvort heldur er innlendar eða erlendar. Þetta hefur verið rekið þannig fram til þessa að útgerðarmenn þurfa að tilkynna Fiskistofu með 24 tíma fyrirvara ef þeir hyggjast setja fiskinn í gám til útflutnings óvigtaðan og það hefur svo gengið fram með þeim hætti að menn geta séð það á vef Fiskistofu að um slíkan útflutning sé að ræða og þeir geta síðan hringt hver í annan o.s.frv., reynt að ná kaupum saman í gegnum síma eða með einhverjum slíkum hætti. Augljóslega er þetta ekki góður markaður, þetta er ekki markaður sem kallar fram hæsta mögulega verð hjá íslenskri fiskvinnslu.

Niðurstaða nefndarinnar var því sú að búa þyrfti til uppboðsmarkað sem reyndar var kominn vísir að á vegum fiskmarkaðanna hér á landi, sá vísir er kallaður Fjölnetið, en skapa þyrfti styrkara lagaumhverfi utan um þann markað og

gera það þannig að ef útgerðarmaður hygðist flytja afla á erlenda markaði, óvigtaðan á Íslandi, yrði það að vera tryggt að sá fiskur yrði boðinn til kaups fyrir innlenda fiskvinnslu, að hún gæti með öðrum orðum sýnt á spilin, sýnt hver kaupgetan væri. Það er ekki bara hagur íslensku fiskvinnslunnar, það er líka hagur íslensku útgerðarinnar af því að það segir mér enginn neitt annað en að íslenskir útgerðarmenn vilji bara fá sem hæst verð fyrir sinn fisk, það eru hagsmunir þeirra og sjómanna þeirra. Þá skiptir auðvitað máli að samkeppnisgrundvöllurinn sé jafn, þ.e. að menn geti treyst því kerfi sem heldur utan um þetta, þ.e. fiskmarkaðirnir erlendis og eftirlitið á Íslandi, að menn geti treyst þessum þáttum. Það er lykilatriði og um það er töluvert fjallað í þeirri skýrslu sem nefndin skilaði frá sér. Þetta er grunnhugmyndin í því frumvarpi sem hér er til umræðu, þ.e. möguleiki fiskvinnslunnar til að bjóða í afla sem menn hyggjast flytja á erlenda fiskmarkaði.

Einnig var rætt um rýrnun í nefndinni vegna þess að eins og kom fram í áliti samkeppnisráðs sem ég vitnaði til, þá geta verið málefnaleg rök fyrir kvótaálagi á grundvelli rýrnunar. Nefndin fékk á sinn fund fulltrúa frá MATÍS sem áður var Rannsóknarstofa fiskiðnaðarins. Sú stofnun skilaði okkur að mínu mati mjög ágætri vinnu og ágætri skýrslu yfir þær rannsóknir sem hafa farið fram á rýrnun og hvaða þættir það eru sem þar skipta mestu máli og niðurstöður þeirra rannsókna eru birtar í skýrslunni sem nefndin skilaði og dreift var til þingmanna síðastliðið vor.

Þetta eru þeir þættir sem ég tel að skipti máli hvað varðar þetta frumvarp. Ég get tekið undir það sjónarmið með hv. þm. Grétari Mar Jónssyni að það skiptir miklu máli að hafa jafnan aðgang fyrir útgerðir á fiskmarkaðina vegna þess að heilmikil verðmæti geta verið fólgin í því fyrir íslenskan sjávarútveg að geta flutt fisk út á erlenda fiskmarkaði. Það er löng saga og löng hefð á bak við slíkan útflutning, bæði með beinum siglingum og eins með gámafiskinn. Þegar menn horfa á þetta horfa þeir fyrst og fremst á heildarhagsmuni sjávarútvegsins. Ég hef ekki nokkrar áhyggjur af því og ég held að það sé algjörlega útilokað, þó að hæstv. sjávarútvegsráðherra gæti tekið upp á ýmsu, að ráðherra fari að grípa til reglugerðarákvæða til að mismuna mönnum hvað þetta varðar. Regluverkið er mjög einfalt, allir geta flutt út þegar þeir vilja að gefnum ákveðnum skilyrðum. Það er bara ekki hægt, jafnvel þó að hæstv. ráðherra vildi — sem ég hef ekki nokkra ástæðu til að ætla — að beita slíkri mismunun, menn reka sig þá ýmist á stjórnarskrána, samkeppnisákvæði eða bara almenna skynsemi.

Hvað varðar ummæli hv. þm. Jóns Bjarnasonar um að menn verði að horfa á þjóðarhag, þá get ég líka tekið undir þau því að ég tel einmitt að frumvarpið varði þjóðarhag, þ.e. að verið sé að ná saman þessum mikilvægu hagsmunum, þ.e. hagsmunum fiskvinnslunnar og útgerðarinnar, leiða þessar tvær atvinnugreinar saman á þeim punkti þar sem fiskvinnslan getur sýnt á spilin, getur sýnt hversu mikið hún er tilbúin til að greiða og að útgerðin fái sem hæst verð fyrir sinn fisk. Það er þjóðarhagur. Ég er ekki viss um að menn nái að hámarka afraksturinn af fiskveiðiauðlindinni með þeim hugmyndum sem hv. þm. Jón Bjarnason reifaði, þ.e. að sett verði einhver regla sem gerði það að verkum að fullvinna ætti allan fisk vegna þess að það getur bara komið upp sú staða sem hv. þm. Grétar Mar Jónsson benti réttilega á, að menn geti fengið meira fyrir fisk með sporði og haus en þegar búið er að vinna hann fyrir ákveðnar vinnsluaðferðir. Sú staða gæti komið upp og því skyldum við ekki einmitt reyna að hámarka verðmæti auðlindarinnar? Það eru hagsbætur fyrir íslenska þjóð sem mestu skipta.

Í sjálfu sér er ekki fleira um þetta mál að segja að sinni annað en að í tillögum nefndarinnar er getið um fleiri atriði, þar eru fleiri efnisatriði reifuð sem gætu komið að einhverju gagni og ég vænti þess að nefndarmenn í sjávarútvegsnefnd geti kynnt sér þær tillögur þegar kemur að því að málið fari til nefndar.

[18:33]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Illugi Gunnarsson kom inn á álit samkeppnisráðs varðandi ferskfiskútflutning. Samkeppnisráð hefur ekki staðið sig sem skyldi gagnvart sjávarútvegsfyrirtækjum almennt. Samkeppnisstaða fiskvinnslu án útgerðar er töluvert önnur en fiskvinnslu með kvóta eða með veiðiheimildir. Og varðandi verðlagningu á fiski, verðlagsstofuverð, þá hefur samkeppnisráð heldur ekki staðið sig sem skyldi.

Það eru hagsmunir útgerðarmanna að borga sem lægst fiskverð. Þess vegna er svokallað verðlagsstofuverð til sem útgerðarmenn komast upp með að nota þegar þeir eru að kaupa aflann af sjálfum sér. En það eru innan við 20% af veiddum fiski á Íslandsmiðum sem fara í gegnum fiskmarkaði. Það er líka mismunun í úthlutun og hv. þm. Illugi Gunnarsson hefur örugglega áttað sig á því að það að úthluta einum en meina öðrum er í rauninni brot á samkeppnislögum, þ.e. þegar einn fær eitthvað gefins en annar ekki. En það eru sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu núna og þó svo að ég hefði kannski ekki samþykkt þetta fyrir tveimur árum, að fara í þá vegferð að skylda þá sem eru í gámaútflutningi til að flytja fisk, þá eru breyttar aðstæður núna og um tíma verðum við að horfa fram á það að við verðum að reyna að skaffa meiri atvinnu í landinu heldur en hefur verið hægt að gera.

[18:36]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hvað varðar athugasemdir hv. þingmanns um samkeppnisráð þá er í sjálfu sér ekki neinu við þær að bæta nema því að ég treysti ágætlega þeirri stofnun til að vega og meta þau mál sem þangað eru send. Þó að ég þurfi ekki sjálfur alltaf að vera sammála þeim þá er þetta það vald sem hægt er að skjóta málum til og fá úrskurð um og það komu úrskurðir í einmitt þessu máli svo að ég ítreki tilvitnun hér, með leyfi forseta:

„Samkeppnisráð beinir því þeim tilmælum til sjávarútvegsráðherra að taka fyrirkomulag um kvótaálag á ferskan fisk sem seldur er óunninn á erlendan markað til endurskoðunar þar sem gætt yrði þeirra sjónarmiða sem að framan eru rakin.“

Þetta var grundvallaratriði og skiptir miklu um þá niðurstöðu sem hæstv. sjávarútvegsráðherra komst að. Ég er þeirrar skoðunar að það frumvarp sem hér liggur fyrir tryggi eins vel og hægt er aðgengi íslenskrar fiskvinnslu að

þeim afla án þess að skerða möguleika íslenskrar útgerðar til þess að fá sem mest fyrir afla sinn og um leið líka, rétt eins og hv. þm. Grétar Mar Jónsson benti sjálfur réttilega á, að sú staða kann að vera uppi að menn geti fengið og gert meiri verðmæti með því að senda fisk óunninn ísaðan á erlenda markaði en t.d. ákveðin vinnsluleið gæti leitt til hér.

Hvað varðar fiskmarkaðina er augljóst að þetta frumvarp er til þess fallið að auka magn á fiskmörkuðum á Íslandi. Það eykur möguleika fiskvinnslunnar til að kaupa í gegnum fiskmarkaði fisk sem annars hefði farið beina leið á fiskmarkaði erlendis. Annað gildir auðvitað um fisk sem hefur verið vigtaður hér á landi og hefur verið vigtaður samkvæmt meginreglu þess frumvarps sem hér er verið að fjalla um. Um hann gilda önnur lögmál, þ.e. að útgerðarmaðurinn og sjómennirnir hafa þá allt aðra stöðu hvað varðar möguleika þeirra til að annaðhvort ákveða að vinna þetta í sínu eigin fyrirtæki eða selja það á aðra markaði vegna þess að þá hefur aflinn verið vigtaður hérlendis.

[18:38]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Illugi Gunnarsson telur að þetta muni auka fisk á fiskmarkaði. Það er reyndar ekki alveg útilokað að það muni gera það en það er samt ekki víst að fiskvinnslufyrirtæki, sem eru með fiskvinnslu og útgerð, muni auka framboð sitt með þessum hætti inn á fiskmarkaði og jafnvel ólíklegt. En þær útgerðir sem eru ekki með fiskvinnslu munu væntanlega setja meira af fiski inn á íslensku fiskmarkaðina og það er auðvitað jákvætt.

Það eru sérstakar aðstæður núna í landinu og þó svo að kannski megi benda á að í sumum tilfellum væri hægt að fá meira fyrir heilan fisk en jafnvel unnin flök þá erum við í þeirri stöðu núna að við horfum fram á hluti sem við höfum aldrei séð áður. Við horfum fram á alvörukreppu og þess vegna verðum við að reyna allar leiðir sem eru færar til að auka bæði aflaverðmæti og útflutningstekjur af sjávarafurðum. Ég vil benda á að það er til apparat í íslenskum sjávarútvegi sem heitir verðlagsstofa og þar eru ákveðin fiskverð fyrir útgerðir sem eru í fiskvinnslu og útgerð saman. Ég kem kannski inn á það í ræðu minni á eftir hvaða sjón ég vildi hafa í íslenskum sjávarútvegi varðandi þessi mál.

[18:40]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér er að sjálfsögðu einungis verið að fjalla um þann fisk sem seldur hefur verið út óvigtaður á erlenda fiskmarkaðinn þannig að þegar hv. þingmenn velta fyrir sér hversu mikill fiskur muni bætast við á fiskmarkaðinn þá er það einungis sem eitthvert hlutfall af þeim fiski.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að við stöndum nú frammi fyrir gríðarlegum vanda í þjóðarbúi okkar og alvörukreppu. Við höfum auðvitað áður upplifað kreppur á Íslandi og sumar ansi djúpar og þarf ekki að fara mjög langt aftur í söguna til að rekast á slíkar. Þess vegna skiptir máli að sú umgjörð sem við höfum í sjávarútveginum — sem er ein mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar og mikilvægi hennar hefur aukist mjög mikið á undanförnum vikum og mánuðum og var ærið fyrir — að við sníðum henni og búum til þann stakk utan um þá atvinnugrein að við getum búið til sem mest verðmæti úr þeirri takmörkuðu auðlind sem fiskstofnarnir við Íslandsstrendur eru. Það er á grundvelli þeirrar hugsunar sem þetta frumvarp er lagt fram.

Ég vil líka taka það fram að sá útflutningur sem hefur verið á markaðina í Hull og Grimsby hefur t.d. verið að stórum hluta í smáýsu. Þar hafa menn fengið mjög gott verð fyrir smáýsuna og ekki sjálfgefið að menn fengju t.d. miklu hærra verð fyrir hana unna á Íslandi. Það er einmitt í samhengi við það sem hv. þm. Grétar Mar Jónsson nefndi, þ.e. þau sjónarmið sem skipta máli að menn fái sem mest fyrir vöruna. Ég er mjög sammála þingmanninum hvað það varðar. En af því að hv. þingmaður hefur nefnt að það séu sérástæður uppi núna þá held ég einmitt að það sé í þá áttina, að við verðum að hámarka verðmætið sem við höfum úr greinum með þessum hætti en um leið líta til þeirra sjónarmiða að tryggja að íslenska fiskvinnslan geti boðið í þennan fisk þannig að atvinna geti verið hér áfram. Það var megintilefnið með þessari lagasetningu, að tryggja þetta aðgengi og ég tel að það hafi tekist ágætlega með því frumvarpi sem hér er lagt fram.

[18:42]

Útbýting:

Meðferð trúnaðarupplýsinga innan ráðuneyta og ríkisstjórnar, 138. mál, þáltill. SF, þskj. 153.

[18:43]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég held að meginefni frumvarpsins sé til bóta og ætti að tryggja að fiskur sé frekar seldur hér innan lands, alla vega að aðgengi sé opnað að fiski sem fyrirhugað er að fari úr landi á uppboðsmarkaði. En ég lýsi áhyggjum mínum út af undanþáguákvæðinu í 2. mgr. eins og hv. þm. Grétar Mar Jónsson fór yfir. Þar er auðvitað veitt sérstök undanþága, eins og sjá má í athugsemd við 1. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt er í ákvæðinu fjallað um undanþágur frá þessari meginreglu og þau skilyrði sem uppfylla þarf til að heimilt sé að landa og vigta afla erlendis.“

Ég held að allir hljóti í núverandi ástandi að reyna að tryggja sem mesta atvinnu í landinu, eigi mun nú af veita, og í ljósi þess ræða menn þetta mál. Það nýmæli er tekið upp að Fiskistofu ber að senda upplýsingar um afla til birtingar á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðar með sjávarafla og útgerðarmenn skulu gefa upp lágmarksverð fyrir afla og auðveldar það kaupendum að bjóða í hann, eins og hér er sagt. Hugmyndin er sú að reyna að veita fiskkaupendum betri aðgang að afla sem fyrirhugað er að flytja úr landi svo þeir hafi möguleika á að bjóða í hann og viti hvaða lágmarksverð seljandinn setur. Breytingarnar snúa að því að reyna að auðvelda aðgengi fiskkaupenda að afla og reyndar er einnig talað um kostnað vegna eftirlits með vigtun og skráningu afla erlendis.

Hæstv. forseti. Ekki er djúpstæður ágreiningur um efni málsins en fyrst og fremst efasemdir um heimildir ráðherra til að leyfa með reglugerð að afla sé landað í erlendum höfnum og hann fluttur úr landi án þess að vera hér veginn og seldur á opinberum fiskmarkaði. Auðvitað er alltaf

vandfarið með reglugerðarheimildir og framkvæmd á þeim og þess vegna hefur umræðan snúist að nokkru leyti um þetta ákvæði. Almennt er leitast við að reyna að tryggja fiskkaupendum þann forgang að þeir geti boðið í afla áður en hann fer úr landi og sú hugsun held ég að sé til bóta og gæti orðið til þess að afli væri unninn hér á landi.

Eins og komið hefur fram í máli hv. þingmanna, geta markaðsaðstæður fyrir ákveðnar fisktegundir verið betri á erlendum mörkuðum, þó að um heilan fisk sé að ræða, t.d. smá ýsa, sem nefnd var í umræðunni og hefur fengist gott verð fyrir á Bretlandsmarkaði, og einnig karfi og ufsi á Þýskalandsmarkaði, sem oft og tíðum hefur gefið það hátt verð að vafasamt væri að slík verðmæti næðust við ákveðnar aðstæður hér innan lands. En auðvitað er það ekki algilt vegna þess að markaðir í Þýskalandi fyrir karfa og ufsa eru breytilegir, ekki bara á milli mánaða heldur árstíða og einnig hvernig stendur á rótgrónum hefðum þar um neyslu á fiski.

Markmið okkar allra er, vænti ég, að reyna að ná sem mestum verðmætum fyrir aflann úr sjónum og ég held að hv. þingmenn sem hér hafa talað hafi allir sameiginlegt markmið um það. Sérstaklega við núverandi aðstæður til að reyna að tryggja aðgengi fiskvinnslu sem ekki hefur aðgang að útgerð, sem oft var kallað fiskvinnsla án útgerðar. Þessar fiskvinnslur hafa á undanförnum árum oft fundið markaði og rutt brautir til að ná frekari verðmætum, annað en stærri og öflugri útgerðarfyrirtæki sem oft hafa tryggt sér föst viðskipti en ekki leitað að markaðsholum þar sem e.t.v. væri hægt að fá miklu hærra verð.

Oft hefur maður heyrt þá athugasemd frá minni fiskvinnslum, sem kaupa allan afla sinn á fiskmarkaði og greiða því miklu hærra verð en fyrir afla í föstum viðskiptum, að þær finni markaði og byggi upp sölutengsl o.s.frv. og fái að njóta þess í nokkurn tíma. Síðan komi stærri fyrirtæki sem eru bæði með veiðar og vinnslu og bjóði fiskkaupandanum að kaupa sams konar vöru eða svipaða á lægra verði en sá fékk sem markaðinn vann eða fann þá holu sem varð til þess að hægt var að selja jafnvel dýrasta fisk keyptan hér á Íslandi með góðum hagnaði.

Ég held að fiskvinnslurnar sem starfað hafa hér á landi undanfarin ár og haft takmarkaðan aðgang að aflaheimildum frá eigin skipum en keypt mest af sínum afla á fiskmarkaði, hafi oft aukið verðmæti sjávarfangs verulega miðað við það sem ella hefði verið. Ég tel það því af hinu góða að reyna að auka aðgengi slíkra fiskvinnsla að afla og tel að við sækjumst bæði eftir sem mestum verðmætisauka úr íslenskum sjávarútvegi og einnig því að auka atvinnu í landinu og eigi mun af veita eins og nú árar á Íslandi.

Ég vænti þess að málið verði rætt í viðkomandi nefnd og þar farið yfir vafaatriðin sem hér hafa verið nefnd og skoðað ofan í kjölinn hvað megi betur fara eða menn sannfærðir um að ekki þurfi að hafa sérstakar áhyggjur af ákvæðinu. En undanþáguákvæðið er þarna inni og það er algjörlega rétt ábending hjá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni að það þarf að taka til sérstakrar athugunar.

[18:51]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hafi hreyft mjög mikilvægu máli hvað varðar fiskvinnslur, margar án útgerðar, sem hafa verið mjög framsæknar í því að finna nýja markaði og nýjar afurðir og þess vegna tel ég einmitt þetta frumvarp skipta máli til að auka aðgengi þeirra að hráefni. Lykilatriði er að það yrði gert á markaðsforsendum, því það að þurfa að keppa um hráefnið og tryggja sér um leið hátt afurðaverð á móti drífur áfram nýjungar og sókn í það að koma með nýjar vörur og finna nýjar leiðir til að auka verðmætið. Ég tel að þarna hafi verið hreyft við einum af lykilþáttum þessa máls alls.

Hvað varðar reglugerðina sýnist mér nú — ég er auðvitað ekki lögfræðingur en ég sé ekki betur en að orðalagið sé nákvæmlega eins í lögunum sem við fjöllum nú að um og í upphaflegu lögunum frá 1996, þ.e. lögum nr. 57, hvað varðar reglugerðarheimildir hæstv. sjávarútvegsráðherra til að fara með þessa þætti. Við höfum því tólf ára sögu á beitingu reglugerðarheimildarinnar og ég hef ekki orðið var við að menn hafi haft áhyggjur af beitingu þeirrar heimildar í líkingu við þær sem hafa komið fram hjá hv. þingmönnum. (**GAK:** Þegar þetta var frjálst var engin hætta.)

Engin breyting hefur orðið með þessum þætti, þ.e. að menn bjóði upp fiskinn á uppboðsmarkaði, vegna þess að áður þurftu menn að gera grein fyrir útflutningnum til Fiskistofu og gátu þess vegna haft samband við útgerðarmennina símleiðis, eða hvernig það nú var, eða ef þeir hittust á bryggjunni. Eini munurinn er sá að nú verða menn að tilkynna þetta inn á uppboðsvef og setja þar fram lágmarksverð og geta þá tekið eða hafnað tilboðinu (Forseti hringir.) sem kemur. Það hreyfir ekki með neinum hætti við möguleikunum sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur hvað varðar reglugerðarvaldið.

[18:53]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Eiginlega er ekki hægt að svara þessu andsvari öðruvísi en að lýsa því yfir að við erum sennilega nokkuð sammála um að þeir sem á undanförnum árum hafa iðulega keypt fisk hér á landi á dýrasta verðinu hafa einnig fundið dýrustu markaðina fyrir afurð sína og búið til mestan verðmætisauka. Ég tel því að góður hvati sé í því að reyna að auka aðgengi þeirra að afla sem er til sölu eða stendur til að flytja úr landi.

Ég held líka, hæstv. forseti, úr því að hv. þm. Illuga Gunnarssyni sagði þetta, að skoða megi hvort fyrirkomulagið sem við höfum á fiskverðsákvörðunum með sérstakri Verðlagsstofu skiptaverðs tryggi að menn borgi sem hæst verð fyrir aflann, sem verði þá væntanlega hvati til að menn leiti jafnan að dýrustu mörkuðum o.s.frv. Ég skildi hv. þingmann þannig að hann væri sammála mér um að iðulega hefðu einmitt kaup á afla á hæsta verði tryggt að menn leituðu eftir framleiðslu sem gæfi hæsta verðið fyrir afurðina og þar af leiðandi hefði slíkur hvati og pressa, ef maður getur sagt svo, orðið til þess að við hefðum náð meiri verðmætum með sölu á afurðum frá Íslandi á erlendum markaði en ella.

[18:55]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér skiptir máli að horfa á sjávarút-

veginn í heild. Nútímasjávarútvegur er matvælaiðnaður sem byggir á óbrotinni keðju frá veiðum, í gegnum vinnslu og markaðssetningu og til endanlegs kaupanda, þannig að verðmæti stórs hluta markaðarins er fólgið í því að geta tryggt afhendingu á umtalsverðu magni með reglubundnum hætti. Það er sú trygging, sem gerir að verkum að ekki er, tel ég, heppilegt að setja allan fisk á markað. Gott er að hafa hluta aflans á markaði og getur verð þar verið til hliðsjónar og sett ákveðna pressu á verð sem myndast utan fiskmarkaðanna, í beinum viðskiptum eða viðskiptum útgerðarmanna sem selja eigin fiskvinnslu.

Ég tel óskynsamlegt að rjúfa keðjuna sem ég lýsti áðan en um leið eru líka mikil verðmæti fólgin í því að hér starfi fiskmarkaðir og að töluverður hluti þess fisks sem landað er á Íslandi fari í gegnum þá. Mikilvægt er að efla það og ég tel að það höfum við gert með frumvarpinu. Með þeirri leið, sem ég veit að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins hafa ítrekað talað fyrir, að allur fiskur sé settur á markað væri skaða valdið í sjávarútvegi, fiskvinnslu og útgerð. Það væri ekki til happa eða bóta fyrir íslenskan sjávarútveg og mundi draga úr möguleikum til að fá sem hæst verð fyrir auðlindina á erlendum mörkuðum vegna þess að þá væri mikilvæga keðjan, sem getur verið grundvallaratriði fyrir öruggum viðskiptum í matvælaiðnaði, rofin, þ.e. afhendingaröryggið sem getur verið lykilatriðið þegar kemur að miklum og langvarandi viðskiptum.

[18:57]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Hvernig náum við fram hámarksarði af íslenskum sjávarútvegi? Ég hef átt mér draum um íslenskan sjávarútveg — ég segi eins og Martin Luther King sagði: „I have a dream“ — ég á mér þann draum að allur fiskur fari á fiskmarkað og ég á mér þann draum að aðskilja veiðar og vinnslu. Ég á mér þann draum að bjóða upp allar veiðiheimildir á Íslandsmiðum, þ.e. helst hefði ég viljað bjóða þær upp í dögum í stað kílóa og tonna til að koma í veg fyrir brottkast.

Fiskvinnsla án útgerðar er arðbærasta eining íslensks sjávarútvegs. Fiskvinnslufyrirtæki sem þurfa að borga hæsta verð á markaðnum fyrir allt hráefni sitt og eiga hvorki kvóta né útgerðir eru arðbærustu einingarnar í íslenskum sjávarútvegi. Þó að fyrirtækin hafi stundum ekki verið rekin með hagnaði, heldur jafnvel í tapi eru þau arðbærust fyrir þjóðarbúið.

Auðvitað er rétt, eins og Gunnar hjá Flúðafiski segir, að menn og frystiskip eiga að hirða hausa og hryggi. Auðvitað er gott að hirða lifur, hrogn og svil á vetrarvertíðinni. Allt of lítið er lagt upp úr því að reyna að nýta allt sjávarfang sem best. Þegar Samkeppnisstofnun hefur skoðað eða unnið í sjávarútvegi, verðlagningu á fiski og annað þess háttar, hefur hún vísað frá málum. Verðlagsstofa borgar helmingi lægra fiskverð en markaðirnir og ekki er skrýtið þó að útgerðarmenn vilji fá fiskinn á helmingi lægra verði en fiskmarkaðirnir borga. En það er ekki arðbærast fyrir sveitarfélögin eða skatttekjur ríkisins af launum sjómanna, það er ekki arðbærast fyrir hafnirnar að hafnargjöld séu borguð af 150 kr. en ekki 300 kr. og svo mætti lengi telja hvaða áhrif þetta hefur á sveitarfélög og fólk með einum eða öðrum hætti.

Nú eru sérstakar aðstæður, þetta kreppuástand sem við erum í, og þess vegna þurfum við að reyna að búa til og nýta okkur alla þá möguleika sem við höfum til að ná sem mestum verðmætum úr hafinu og þess vegna m.a. að bæta við þorskkvóta og síldarkvóta og fleiri tegundum, löngu, keilu, skötusel og ýmsu sem getur hjálpað okkur verulega að laga stöðuna. Skuldir sjávarútvegs eru náttúrlega með þeim hætti að á næstu dögum og vikum verður farið ofan í kjölinn á þeim og við stöndum kannski frammi fyrir því að þurfa að játa að 90% fyrirtækja í sjávarútvegi eigi ekki fyrir skuldum og það verður einhvers konar kennitöluflakk hjá mörgum fyrirtækjum í sjávarútvegi. Ég hef stundum sagt að fiskveiðistjórnarkerfið sé mesta mismunun og rán Íslandssögunnar og sjávarútvegurinn er ríkisstyrktur. Það er ríkisstyrkur að leyfa mönnum að veðsetja, leigja og selja veiðiheimildir af óveiddum fiski í sjónum.

Við höfum horft upp á að fyrirtæki í sjávarútvegi sem eiga kvóta og geta verðlagt hann upp úr sjó á því verði sem þeir vilja borga og treysta sér til samkvæmt Verðlagsstofu, hafa í sumum tilfellum rænt útflutningsmörkuðum af fiskvinnslufyrirtækjum sem hafa búið til markaði. Mér er sérstaklega hugsað til markaðarins í Belgíu á karfaflökum, en þar lék fyrirtæki, sem borgaði sjómönnum sínum 50 kr. verð fyrir fyrir karfann upp úr sjó á sama tíma og hann var á 80–100 kr. á markaðnum og jafnvel upp í 110 kr., sér að því að bjóða 200 kr. lægra verð fyrir hverja einingu af flökum en fyrirtækið sem hafði byggt upp markaðinn.

Ég endurtek það aftur, sjómenn á Íslandi sem eru verðlagðir í gegnum Verðlagsstofu fá helmingi (Forseti hringir.) lægra verð en þeir sem eru á fiskmarkaði.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sjútv.- og landbn.

Út af dagskrá voru tekin 4.–5. mál.

Fundi slitið kl. 19:03.

---

23. FUNDUR

þriðjudaginn 11. nóvember,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 119. mál, þskj. 129, nál. 139 og 151, brtt. 140 og 152. — 2. umr.
3. Húsnæðismál, stjfrv., 137. mál, þskj. 150. — 1. umr.

Ef leyft verður.

4. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 36. mál, þskj. 36. — 1. umr.

5. Strandsiglingar, þáltill., 39. mál, þskj. 39. — Fyrri umr.

6. Líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum, þáltill., 42. mál, þskj. 42. — Fyrri umr.

7. Skipafriðunarsjóður, þáltill., 60. mál, þskj. 60. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 7. þm. Reykv. s.

Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n.

Afsal þingmennsku.

[13:33]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Alþingi barst í morgun tilkynning frá Bjarna Harðarsyni, 8. þm. Suðurkjördæmis, um að hann segði af sér þingmennsku frá og með deginum í dag, 11. nóvember 2008. Við þingmennskuafsal Bjarna Harðarsonar tekur Helga Sigrún Harðardóttir, framkvæmdastjóri þingflokks Framsóknarflokksins, sæti hans á Alþingi og verður 8. þm. Suðurkjördæmis.

Ég vil af þessu tilefni þakka Bjarna Harðarsyni störf hans á Alþingi og þakka honum góð kynni og óska honum og fjölskyldu hans alls hins besta á komandi árum.

Drengskaparheit.

[13:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Kjörbréf Helgu Sigrúnar Harðardóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Helga Sigrún Harðardóttir, 8. þm. Suðurk., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Helga Sigrún Harðardóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin sem alþingismaður.

[13:35]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 119. mál, nál. minni hluta viðskn., þskj. 151.

Störf þingsins.

Heræfingar Breta í íslenskri lofthelgi – auknar veiðiheimildir.

[13:35]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Í *Fréttablaðinu* í dag segir frá því að nú sé verið að undirbúa að senda bresk hergögn af stað til Íslands. Í fréttinni kemur jafnframt fram að ef hætta eigi við fyrirhugaðar heræfingar Breta í desembermánuði þurfi að taka ákvörðun um það í dag.

Fyrir nokkru lögðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um að fella niður loftrýmisgæslu Breta á Íslandi en hún hefur ekki enn komist á dagskrá þingsins. Hins vegar er ljóst af fréttum að brýnt er að taka af skarið í þessum efnum hið fyrsta.

Þegar þetta mál kom til umfjöllunar í fjölmiðlum fyrr í haust var haft eftir þáverandi starfandi utanríkisráðherra, Össuri Skarphéðinssyni, í *Morgunblaðinu* að hann teldi að ekki ætti að fá Breta hingað til lands til að sinna þessari gæslu því það mundi misbjóða íslensku þjóðarstolti. Hann sagði jafnframt að þeim skilaboðum hefði verið komið á framfæri við Atlantshafsbandalagið. Það er ljóst, virðulegi forseti, að við eigum í efnahagslegum átökum við Breta og erum í miðjum klíðum við að byggja efnahagslegar varnir fyrir land og þjóð. Því er eðlilegt að spyrja hvort það sé við hæfi að þjóð sem hefur beitt hryðjuverkalöggjöf á Ísland og Íslendinga komi hingað til heræfinga núna í desembermánuði. Á það að vera jólagjöf til íslensku þjóðarinnar?

Ég tek undir orð starfandi hæstv. utanríkisráðherra um að koma breskra hersveita hingað til lands í næsta mánuði misbjóði þjóðinni. Ég vil spyrja hv. formann utanríkismálanefndar, Bjarna Benediktsson, hvort hann sé ekki sama sinnis og hvort hann muni beita sér fyrir því að þingsályktunartillaga okkar vinstri grænna um þetta efni, að heræfingarnar falli niður, nái fram að ganga.

[13:37]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég held að við sem erum hér í dag gerum okkur öll grein fyrir því að staðan í viðræðum við Breta er gríðarlega viðkvæm. Ég held að við gerum okkur líka grein fyrir þeim miklu hagsmunum sem við höfum af því að ná að lenda þeim viðræðum sem við eigum í við Bretland á vinsamlegum nótum. Er heppilegt að þjóð sem hefur beitt okkur hryðjuverkalöggjöf komi hingað til að annast gæslu landsins? Nei, ég tel að það sé mjög óheppilegt, sérstaklega ef okkur hefur ekki tekist í millitíðinni að finna friðsamlega lausn í viðræðum við viðkomandi þjóð.

Við skulum líka hafa í huga hvernig til þessa samstarfs var stofnað. Það var fyrir okkar eigið frumkvæði á vettvangi Atlantshafsbandalagsins þar sem við óskuðum sérstaklega eftir því eftir brotthvarf varnarliðsins frá Keflavík árið 2006 að fundið yrði nýtt fyrirkomulag á loftrýmisstefnunni við Ísland. Á liðsaflaráðstefnum NATO höfum við farið þess á leit við bandalagsþjóðirnar að þær legðu til herafla sinn til þess að sinna þessu verkefni á Íslandi. Þetta hafa ýmsar þjóðir gert. Frakkar hafa komið hingað áður og Bretar eru meðal þeirra sem hafa fallist sérstaklega á þessa beiðni okkar. Þannig að við þurfum líka að hafa í huga að

til þessa var stofnað fyrir okkar eigið frumkvæði. Hér er ekki um að ræða tvíhliða samkomulag milli Íslands og NATO heldur fyrirkomulag sem við höfum komið á í kjölfar þess að Bandaríkjaher fór frá Íslandi og það þurfum við jafnframt að skoða í þessu samhengi. Ég tek þó undir með hv. þingmanni að aðstæðurnar eru óheppilegar og það er á allan hátt mjög óheppilegt að þessu loftrýmiseftirliti verði sinnt af Bretum, finnist ekki í millitíðinni ásættanleg lausn á þeim deilum sem (Forseti hringir.) hafa verið uppi við þá.

[13:40]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Þetta mál er í mínum huga mjög einfalt. Það er algerlega fráleitt við núverandi aðstæður að fá Breta hingað til að leika sér með herþotur sínar yfir jólamánuðinn á okkar kostnað. Ætlum við hvort tveggja í senn að vera á hnjánum í samskiptum við þá og borga svo stórfé fyrir algerlega tilgangslausa sýndarmennsku sem auðvitað er fólgin í því að láta herþotur leika sér suður á Keflavíkurflugvelli eða í háloftunum í jólamánuðinum? Veit einhver til þess að það standi til að ráðast á Ísland í desember? (Gripið fram í.) Ég veit ekki til þess. Hvar er sjálfsvirðing okkar og hver er metnaður okkar orðinn ef við ætlum að láta þetta ganga yfir okkur?

Var það ekki hæstv. iðnaðarráðherra sem síðast í gærkvöldi sagði í sjónvarpsfréttum að Bretar væru að gera — hvað? Beita okkur ofbeldi. Eiga þá mennirnir sem settu á okkur hryðjuverkalög, og eru samkvæmt yfirlýsingum ráðherra í okkar eigin ríkisstjórn að beita okkur ofbeldi, að koma og passa upp á okkur á okkar kostnað? Þetta nær ekki nokkurri átt. Það á að sjálfsögðu að senda Bretum þau skilaboð að þeir hafi ekkert hingað að gera, þeir skuli frekar reyna að leysa sín deilumál við okkur eins og siðaðir menn á lögmætum forsendum.

Hverjir eru erfiðustu andstæðingar okkar Íslendinga um þessar mundir? Það eru ESB-þjóðirnar, það eru NATO-þjóðir. Það er veruleikinn sem menn ættu að horfast í augu við. Það eru þá klúbbarnir sem menn vilja endilega líma sig við, er það ekki? Ég lagði til í utanríkismálanefnd strax fyrir nokkrum vikum síðan að utanríkismálanefnd kæmi þeirri skoðun sinni á framfæri við ríkisstjórnina að við ættum að afþakka þetta eftirlit. Því miður var ekki fallist á það eða það ekki gert. Ég þakka þó formanni utanríkismálanefndar fyrir að segja það sem hann sagði hér og hvet hann til þess í sinni seinni ræðu að taka af skarið einu sinni og segja það sem sína skoðun að við eigum að afþakka þetta.

[13:42]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Íslenska þjóðin verður að hafa sjálfsvirðingu til að afþakka það að bresku herþoturnar komi hingað til lands. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það að henda hundruðum milljóna í gagnslaust loftrýmiseftirlit ætti að vera forgangsatriði í sparnaði. Við eigum að taka þetta allt, það hefur enga þýðingu, það er enginn sem ógnar loftrými Íslands. Þetta er bruðl sem engin ástæða er til að viðhafa og eins og mál standa núna kemur sérstaklega ekki til greina að hafa þetta áfram. Það verður að taka á því í fjárlögum.

Það sem við stöndum frammi fyrir núna er spurningin um hvaða sjálfsvirðingu við höfum sem þjóð. Höfum við virkilega ekki meiri sjálfsvirðingu en þá að við ætlum að sætta okkur við að þjóð sem algerlega að ástæðulausu beitti hryðjuverkalögum gagnvart Íslandi og íslenskum fyrirtækjum, setti Ísland í hóp með Osama bin Laden og félögum, sé fengin með sín tæki, tól og hergögn til að gæta loftrýmis Íslands? Að breskir hermenn komi hingað, hafi hér aðsetur með sig sjálfa, vopn sín og verjur? Ætlum við virkilega að sætta okkur við það? Ég sætti mig ekki við það. Ég tel að við eigum að taka ákveðna afstöðu til Breta meðan þeir hafa ekki breytt afstöðu sinni gagnvart okkur. Það má hins vegar ekki setja alla í sama hóp. Það er mjög vafasamt, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði áðan, að setja alla í sama hóp eins og mörgum hættir til, t.d. að setja alla alþingismenn í sama hóp þótt það séu í raun bara ríkisstjórnarflokkarnir sem eiga að sæta ábyrgð vegna þeirra efnahagsþrenginga sem við erum í. Við eigum ekki að setja allar NATO-þjóðir eða allar Evrópusambandsþjóðir í sama hóp og Breta vegna þess að það er rangt. Við ætlum okkur ekki aftur í Norður-Kóreustríðið. (Forseti hringir.) Við verðum að eiga vini en Bretar eru ekki vinir okkar í dag.

[13:44]

Jón Gunnarsson (S):

(**Gripið fram í:** Láttu vaða, Jón, láttu vaða.) Virðulegi forseti. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að það takmarkaða loftrýmiseftirlit sem NATO-þjóðir stunda hér hafi lítinn tilgang. Ástæðan er einföld. Þeir sem til þekkja telja enga hernaðarógn steðja að Íslandi í bráð eða lengd og ég er þess fullviss að sú verður niðurstaða svokallaðrar áhættumatsnefndar.

Fram hefur komið að nú sé í gangi endurskoðun í utanríkisráðuneytinu á verkefnum tengdum Varnarmálastofnun. Í ljósi breyttra aðstæðna og þeirrar ákvörðunar Breta að beita hryðjuverkalögum til að knésetja íslenskt efnahagslíf tel ég fulla ástæðu til að fresta komu þeirra hingað til lands, a.m.k. á meðan sú endurskoðun fer fram. Að mínu mati er óásættanlegt að þjóð sem beitir hryðjuverkalögum á Ísland komi hingað til að sinna verkefnum tengdum vörnum landsins. (**Gripið fram í:** Heyr.)

Það vakna einnig spurningar um það hvort við getum yfir höfuð verið í varnarbandalagi með slíkri þjóð. Við brottför varnarliðsins var endurnýjaður varnarsamningur við Bandaríkjamenn. Þeir töldu sig á þeim tíma ekki þurfa á íslenska ratsjárkerfinu að halda til að uppfylla þann samning. Í ljósi þess og þeirra aðstæðna sem nú eru komnar upp í íslensku samfélagi tel ég fulla ástæðu til að endurskoða einnig rekstur ratsjárkerfisins og þar með hvort þörf sé á rekstri Varnarmálastofnunar um þessi verkefni. Bent hefur verið á miklu ódýrari og einfaldari leiðir til reksturs kerfisins ef viðræður við NATO leiða til þess að vöktun þess sé nauðsyn.

Virðulegi forseti. Við þær aðstæður sem nú eru í okkar samfélagi verðum við að leita allra leiða til að hagræða og draga úr rekstri hins opinbera. Á þessum vettvangi er kjörin leið til þess.

[13:46]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Það er ekki öll vitleysan eins hvað varðar stöðu mála þessa dagana. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni að fyrirhugaðar loftrýmisvarnir Breta eru hluti af áætlun NATO sem við Íslendingar höfum frumkvæði að. En það er vægast sagt óheppilegt að Bretarnir komi hingað núna um þessar mundir og að þeir skuli sýna þann tvískinnung að setja íslenskt fyrirtæki á lista yfir hryðjuverkamenn og ætla svo að koma og sinna loftrýmisgæslu fyrir sömu aðila. Það er náttúrlega alveg ótrúlegur tvískinnungur.

Ég hafði satt best að segja haft þá von í brjósti að Bretarnir sjálfir tækju þá ákvörðun að koma ekki hingað við þessar aðstæður. Það liggur svo sem ekki fyrir en allt útlit er fyrir að þeir ætli sér að koma og sinna loftrýmisgæslu þjóðar sem þeir hafa sjálfir sett á lista yfir hryðjuverkamenn og það er alveg með ólíkindum. Ég lýsi þeirri skoðun minni að ég tel að Bretar eigi ekki að koma hingað núna og ég tel að við eigum að ræða það við NATO fyrst og fremst. Þetta er auðvitað „prógramm“ á vegum NATO.

Það vekur athygli, hæstv. forseti, að hæstv. iðnaðarráðherra sem var hér við upphaf umræðunnar og hefur sagt ýmislegt í málinu, gekk út án þess að taka þátt í umræðunni. Ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. iðnaðarráðherra taka þátt í umræðunni á Alþingi þó að hann hafi sagt ýmislegt í fjölmiðlum um málið. En það er eins og annað hjá þessari blessaðri hæstv. ríkisstjórn, menn vita varla hvað þeir tala um.

[13:48]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Karl V. Matthíasson um aukningu á veiðiheimildum sem við megum búast við á næstunni að verði gefnar út, í þorski og síld og öðru, hvort hann telur rétt að aukning í veiðiheimildum fari til handhafa núverandi kvótahafa. Tilefnið er að ég tel að nota eigi tækifærið til að innkalla allar veiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu og bjóða þær upp á opnum markaði.

[13:49]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Nú á forseti úr vöndu að ráða þar sem hv. þm. Karl V. Matthíasson hefur ekki beðið um orðið enn þá — en gerir það hér með og tekur hann til máls. [Hlátur í þingsal.]

[13:49]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á þessu. Ég taldi bara svo sjálfgefið að ég mundi svara spurningu sem til mín væri beint. Ég þakka fyrir að hafa fengið orðið.

Spurt er: Hvernig á að deila kvótanum út ef gefinn verður út aukakvóti vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í samfélaginu? Það liggur í augum uppi í huga mínum: Þetta er sameign þjóðarinnar og við gerum þetta í þágu lands og þjóðar þannig að við hljótum og reynum að fá sem mest fyrir aflann. Við hljótum að setja hann á almennan markað. Það er eins og gerist með aðrar eignir íslenska samfélagsins, ef deila á kvótanum út er í mínum huga sjálfsagt að hann fari í eðlilegt uppboðsferli.

Fyrst hv. þm. Grétar Mar Jónsson vekur máls á þessu eru aðrar spurningar sem vaknað hafa eftir að bankarnir voru þjóðnýttir og eru orðnir eign íslensku þjóðarinnar. Segjum sem svo að banki sitji uppi með útgerð sem fer á hausinn. Hann situr þá allt í einu uppi með þrjú eða fjögur þúsund tonn af þorskígildiskvóta. Þá má líka spyrja: Hvað á að gera við fiskinn, hvað á að gera við aflaheimildirnar? Á bankastjórinn að ráðstafa því eða hverjir eiga að gera það? Það er mjög verðugt að svo sé spurt eins og hv. þingmaður gerði og við hljótum að velta svarinu fyrir okkur.

Svarið er að ef gefinn verður út sérstakur kvóti vegna efnahagsráðstafana verður það gert undir allt öðrum formerkjum en verið hefur og því hlýtur hann að fara á markað. Í mínum huga er það svo.

[13:51]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Það hefur komið fram í umræðunni að í raun er þverpólitísk samstaða um að það sé mjög óheppilegt að Bretar komi hingað til lands til að taka þátt í loftrýmisæfingum. Þótt enginn fulltrúi Samfylkingarinnar hafi komið sérstaklega í þessa umræðu liggja hér fyrir ummæli þástarfandi utanríkisráðherra, Össurar Skarphéðinssonar, sem hann hefur margítrekað og ekki skipt um skoðun í því efni eftir því sem ég best veit. Ég tel því að hér sé þverpólitísk samstaða um þessa afstöðu.

Hv. þm. Bjarna Benediktsson hélt því fram að það hefði verið að okkar frumkvæði sem Bretarnir kæmu hingað til að sinna loftrýmisæfingum. Það er út af fyrir sig rétt en það getur þá líka verið okkar frumkvæði að hafna komu þeirra við þær breyttu aðstæður sem nú eru uppi í samskiptum okkar við Breta, það hlýtur að vera á okkar færi að gera það. Það var sérstaklega ánægjulegt að heyra í máli eins hv. þingmanns Sjálfstæðisflokksins — ég gat ekki séð annað en að þar glitti í andstöðu við aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Velkominn í hópinn, hv. þm. Jón Gunnarsson.

Það er alveg ljóst að úr þessari stuttu umræðu berast algjörlega skýr skilaboð frá Alþingi til stjórnvalda, bæði til íslenskra stjórnvalda en líka til Breta um að ekki sé skynsamlegt að fá Bretana hingað til lands við þessar aðstæður. Það er óheppilegt og mundi misbjóða þjóðarstolti Íslendinga. Þess utan hefur hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sagt að það sé sjálfgefið miðað við stöðu mála nú að endurskoða þá fyrirætlan þegar við leggjum sérstaka áherslu á efnahagslegar varnir við þær aðstæður sem við búum við núna.

Ég tel því mikilvægt að hv. formaður utanríkismálanefndar taki af skarið hvað það varðar í umræðunni núna á eftir og lýsi þeirri skoðun sinni að það sé ekki bara óheppilegt að Bretarnir komi heldur sé það ástæðulaust. Þeim skilaboðum verði síðan komið af hans hálfu til utanríkisráðuneytisins í kjölfar þessarar umræðu.

[13:53]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að við höfum ekki fengið nein svör við þeirri fyrirspurn sem beint var að hv. formanni utanríkismálanefndar, Bjarna Benediktssyni.

Svarið var eins og ekki-frétt eða ekki-svar. Sagt var: Jú, það er óheppilegt að Bretarnir komi en við erum nú í NATO og báðum þá eiginlega um að koma. Ég held að hv. formaður nefndarinnar verði að gefa aðeins skýrari svör ef umræðan á að skila einhverju.

Það hefði verið spennandi, virðulegur forseti, að fá svar frá hæstv. iðnaðarráðherra sem sat í þingsal við upphaf umræðunnar og vissi að hann mundi fá fyrirspurn. Þó að það sé ekki skylda ráðherra að vera viðstaddir þennan lið var hæstv. iðnaðarráðherra samt hér við upphaf umræðunnar. Það er rétt sem fram hefur komið, hæstv. ráðherrann hefur verið mjög beittur í þessu máli og talað um að það sé alls ekki við hæfi að Bretarnir komi eins og staðan er núna. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur verið starfandi utanríkisráðherra síðustu daga. Hann er reyndar nýbúinn að afsala sér því. Ef það á að fá Bretana til þess að hætta við að koma er það ekki gert á síðustu sekúndu, það er bara ekki gert þannig, virðulegur forseti.

Mér skilst að Bretarnir séu nú að pakka í gáma og undirbúa komu sína. Þess vegna hefði verið fróðlegt að vita hvort hæstv. starfandi utanríkisráðherra, hæstv. iðnaðarráðherra, hefur undirbúið það í stöðu sinni sem starfandi utanríkisráðherra. Það hlýtur að vera, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra hafi gert það. Það hefði verið rétt að það kæmi fram því að þá vissum við öll sem hér erum að Bretarnir væru ekkert á leiðinni. Það er því mikill skaði að hæstv. starfandi utanríkisráðherra skuli ekki hafa verið hér til að svara þeirri spurningu sem ég vildi beina að honum núna, hvort hann hafi undirbúið þetta mál eða ekki.

[13:55]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Mér finnst mestu máli skipta í tengslum við þessa umræðu að átta sig á því að við eigum í viðræðum við Breta til úrlausnar á þeim ágreiningsefnum sem uppi hafa verið á milli þjóðanna. Á meðan í gangi eru virkar viðræður finnst mér vafasamt af okkur að hlaupa til og grípa til einhverra ráðstafana sem geta mögulega sett þær viðræður í uppnám.

Hins vegar ef þær eru strand og sjónarmið okkar fá engan hljómgrunn get ég sagt það fyrir mitt leyti að mér finnst ekki koma til greina að Bretar komi hingað til þess að sinna loftrýmisvörnum. Ég skynja það í þessari umræðu að menn blanda dálítið saman lögum um Varnarmálastofnun, því fyrirkomulagi sem við höfum komið á í loftrýmisgæslu okkar, og þessari einstöku viðveru Bretanna sem fyrirhuguð er í næsta mánuði. Við þurfum að geta aðskilið það í umræðunni, hér er um að ræða hvor sinn hlutinn.

Spurningin sem beint var til mín snerist fyrst og fremst um fyrirhugaða komu Bretanna og ég hef lýst sjónarmiðum mínum varðandi hana. Ég vil jafnframt nota tækifærið til þess að taka undir með þeim sem segja að við eigum að horfa til Varnarmálastofnunar og þess tilkostnaðar sem við höfum stofnað til vegna ytri varna okkar þegar við skoðum með hvaða hætti við getum dregið saman í ríkisútgjöldum. Ég tek heils hugar undir með þeim sem segja að sá þáttur ríkisútgjaldanna eigi ekki að vera undanskilinn í þeirri skoðun.

[13:57]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp vegna umræðu um aukningu þorskveiðiheimilda rétt áðan. Ég held að rétt sé að árétta að taki sjávarútvegsráðherra þá ákvörðun að auka þorskveiðiheimildir mun það að sjálfsögðu ganga til þeirra sem tóku á sig niðurskurðinn þegar draga þurfti saman í þorskveiðum. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að árétta að það eru þau skilaboð sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur gefið og sem hann gaf þegar sú ákvörðun var tekin. Þeir sem höfðu þorskveiðiheimildirnar með höndum og fengu á sig niðurskurð munu að sjálfsögðu njóta þess þegar hægt verður að auka þorskveiðiheimildirnar á nýjan leik.

Það eru skilaboð sem nauðsynlegt er að komi fram í umræðunni.

Umræðu lokið.

Fjármálafyrirtæki, 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (leyfisbundin starfsemi þrotabús). — Þskj. 129, nál. 139 og 151, brtt. 140 og 152.

[13:59]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Guðfinna S. Bjarnadóttir) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta viðskiptanefndar. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið þó nokkuð marga aðila á sinn fund bæði frá viðskiptaráðuneytinu, Fjármálaeftirlitinu, bönkunum, skilanefndunum, Lögmannafélaginu og fleirum.

Í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, sem eru nauðsynlegar til að auðvelda ferlið sem fram undan er hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir stjórn á, á grundvelli laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

Ákvæði frumvarpsins miða í fyrsta lagi að því að heimila skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis.

Í öðru lagi miða breytingarnar að því að lengja fresti og auðvelda tilkynningu fyrir aðstoðarmann fyrirtækis sem veitt hefur verið greiðslustöðvun.

Loks er í frumvarpinu ákvæði til bráðabirgða sem heimilar frestun fyrirtöku þrátt fyrir að greiðslustöðvun hafi verið veitt fyrir gildistöku laganna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til nokkrar breytingartillögur á þskj. 140 sem liggur frammi. Í fyrsta lagi er lagt til að tímamörk greiðslustöðvunar verði lengd enn frekar en gert er ráð fyrir í frumvarpinu og verði tólf vikur í stað sex eins og frumvarpið felur í sér, að héraðsdómari skuli taka greiðslustöðvun fyrir að nýju innan níu mánaða í stað sex mánaða eins og kemur fram í frumvarpinu. Að auki eru breytingartillögur sem varða aðstoðarmann.

Nefndinni barst athugasemd frá skilanefnd Landsbanka Íslands þar sem lagðar eru til breytingar á frumvarpinu, m.a. á þann hátt að skilanefnd fjármálafyrirtækja verði falið að sinna hlutverki aðstoðarmanns skuldara sem gert er ráð

fyrir í III. kafla laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991. Nefndin ræddi þessa tillögu skilanefndar Landsbanka Íslands. Misjöfn sjónarmið komu fram í umræðunum, m.a. um stöðu og hlutverk aðstoðarmanns við greiðslustöðvun og eins um hlutverk, hlutlægni og starfsskilyrði skilanefndanna sem skipaðar eru af Fjármálaeftirlitinu. Niðurstaða meiri hlutans var sú að eðlilegast væri að halda í hið hefðbundna ferli við greiðslustöðvun samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., m.a. til að tryggja eins litlar breytingar á ferlinu og hægt er. Meiri hlutinn leggur þó til að aðstoðarmaður við greiðslustöðvun muni ekki bera fulla skaðabótaábyrgð á framkvæmdum fjármálafyrirtækjanna á greiðslustöðvunartíma. Þessi breyting þykir nauðsynleg til að tryggja stöðu þess einstaklings sem tekur að sér hlutverk aðstoðarmanns og eins að hæfir aðilar fáist í hlutverk aðstoðarmanns við greiðslustöðvun fjármálafyrirtækjanna en hefðbundin starfsábyrgðartrygging lögmanna og löggiltra endurskoðenda, sem hæfir eru til starfa aðstoðarmanna samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., mun tæpast nægja til tryggingar fyrir hugsanlegum skaðabótakröfum í tilfelli fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir stjórn á. Tillaga meiri hlutans felst þannig í því að við 2. gr. frumvarpsins bætist ákvæði sem tryggir að skaðabótaábyrgð aðstoðarmanns stofnist einungis ef viðkomandi hefur sannanlega, af ásetningi eða með stórkostlegu gáleysi, brotið af sér í starfi.

Þá leggur meiri hlutinn til breytingar á 3. mgr. 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki þannig að miða skuli frestdag fjármálafyrirtækis við það tímamark er Fjármálaeftirlitið skipaði því skilanefnd á grundvelli 100. gr. a laganna. Ákvæði laganna mælir nú aðeins fyrir um að frestdagur skuli miðast við það tímamark þegar Fjármálaeftirlitið veitti fjármálafyrirtæki frest í samræmi við 4. mgr. 86. gr. til þess að auka eiginfjárgrunn sinn en að annars skuli miða við þann dag sem héraðsdómara barst krafa Fjármálaeftirlitsins um slit félags. Með þessari tillögu er reiknað með að réttaráhrif frestdags í tilfellum fjármálafyrirtækja þar sem skilanefnd hefur verið skipuð miðist við þann dag þegar skilanefnd er skipuð. Með þessari breytingu er tryggt að heimildir gjaldþrotaskiptalaga til riftunar gerninga tapist ekki þegar skilanefndir eru skipaðar í fjármálafyrirtækjum.

Að lokum leggur meiri hlutinn til breytingu sem felur í sér nýtt ákvæði til bráðabirgða. Í því felst að þegar Fjármálaeftirlitið leitar eftir heimild til greiðslustöðvunar eða framlengingu greiðslustöðvunar fyrir fjármálafyrirtæki skuli slík heimild veitt án tillits til 4. eða 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Með þessu er átt við að þegar dómari tekur afstöðu til þess hvort skilyrði til greiðslustöðvunar fjármálafyrirtækjanna eru uppfyllt þá skuli 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. ekki eiga við.

Breytingartillögum meiri hlutans er ætlað að auðvelda enn frekar ferli við gjaldþrot og greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja undir stjórn Fjármálaeftirlitsins og telur meiri hlutinn að frumvarpið og breytingarnar á því verði til þess að hámarka eins og kostur er verðmæti eigna fjármálafyrirtækjanna og að framkvæmdin verði þannig til hagsbóta fyrir kröfuhafa fjármálafyrirtækjanna ásamt því að skapa aftur traust á íslenskt fjármálalíf.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Höskuldur Þórhallsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita: Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður viðskiptanefndar, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Birgir Ármannsson, Árni Páll Árnason, Birkir Jón Jónsson, Jón Gunnarsson og Björk Guðjónsdóttir.

Það er afar mikilvægt fyrir okkur að endurheimta traust á íslenskt fjármálalíf. Liður í því er að sjálfsögðu að hámarka verðmæti gömlu bankanna og gera þeim mögulegt að koma til móts við kröfuhafana í eins sterkri stöðu og hægt er. Tilgangurinn með frumvarpinu er að auðvelda það ferli sem fram undan er og að verja eignir fjármálafyrirtækjanna sem nú lúta stjórn skilanefndanna til þess að hámarka virði eigna þeirra og krafna. Þetta þarf að gera í þágu hagsmunaaðila og ekki síst í þágu kröfuhafanna sjálfra. Meðal eignanna sem þessir bankar eiga eru útibú og útlánseignir, m.a. með þátttöku þessara banka í lánum, millibankalánum og stórum lánum, og svo auðvitað ýmsar kröfur á aðila víða um heim. Við kjöraðstæður er um gríðarleg verðmæti að ræða. Mögulega verða kröfuhafar hluthafar í gömlu bönkunum. (**Gripið fram í:** Í gömlu bönkunum?) Í bönkunum sem eru undir skilanefndunum núna. Mögulega verða kröfuhafar hluthafar í bönkunum og þess þarf að gæta að ef eignir og verðmæti bankanna hækka frá því sem nú er þá er það þeirra hagur. Ljóst er að viðskiptabréf eru illseljanleg í dag á viðunandi kjörum og því líklegt að mikil verðmæti mundu tapast ef gert væri upp á þeim grundvelli. Ef kröfuhafar koma að gætu þeir frekar notið uppsveiflunnar þegar hún kemur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að frestir verði lengdir í tengslum við greiðslustöðvun, komi til hennar. Þessir frestir eru ekki síst til að ná utan um kröfuhafana og til að gefa þeim rými til að stilla sér saman í hópa sem þeir eru þegar að gera. Ég ítreka að það er mikilvægt að við náum góðri samvinnu við þá og að þeir komi að endurskipulagningarferlinu sem fram undan er.

Virðulegi forseti. Óskað hefur verið eftir að málið fari aftur til nefndar fyrir 3. umr.

[14:09]

Frsm. minni hluta viðskn. (Atli Gíslason) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir minnihlutanefndaráliti mínu sem fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í viðskiptanefnd.

Meginmarkmið þessa frumvarps er að gera breytingar á núgildandi lögum er snúa að gjaldþrotaskiptum og greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir stjórn á. Frumvarpið er afsprengi laga nr. 125/2008, svonefndra neyðarlaga, sem samþykkt voru á Alþingi 6. október sl. Vinstri hreyfingin – grænt framboð studdi þá að málið yrði tekið fyrir með afbrigðum og fengi skjóta afgreiðslu í ljósi þess að frumvarpið væri illskásti neyðarkosturinn í stöðunni. Hins vegar sat Vinstri hreyfingin – grænt framboð hjá við endanlega afgreiðslu málsins með vísan til þess meðal annars að ríkisstjórnin bæri ein ábyrgð á efna-

hagshruninu og auk þess hefði hún ekkert samráð haft við stjórnarandstöðuna við undirbúning málsins. Þá hafi einnig verið óljóst hvernig heimildir samkvæmt frumvarpinu yrðu nýttar og hvernig framkvæmdin mundi takast til. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vildi ekki bera ábyrgð á því fyrir fram hvernig til mundi takast. Frumvarpið sem hér er rætt sýnir að ástæða var til að efast allverulega um það og kem ég betur að því síðar.

Minni hluti viðskiptanefndar hefur kynnt sér efni þessa frumvarps eins og kostur er með mjög stuttum fyrirvara og við sérstakar aðstæður. Málið er eins og neyðarlögin borið fram af viðskiptaráðherra án samráðs við stjórnarandstöðuna og lítið ráðrúm gefið til að gaumgæfa málið í nefnd, þótt nú séu liðnar rúmar fimm vikur frá setningu neyðarlaganna og þessi viðbrögð hefðu hugsanlega átt að koma mun fyrr.

Það er líka illt, herra forseti, að ekki skuli við meðferð málsins í þingnefnd hafa verið kallað eftir skriflegum umsögnum hagsmunaaðila. Það er ekki í þeim anda sem mælir fyrir um vönduð vinnubrögð við lagasetningu.

Þá hefur þess ekki verið gætt að leita skriflegra umsagna og kalla til alla þá hagsmunaaðila sem málið varðar, svo sem réttarfarsnefnd, okkar æðsta sérfræðingahóp í réttarfarsmálum, innlenda kröfuhafa, smærri kröfuhafa í bönkunum, sem geta orðið fórnarlömb nauðasamninga og greiðslustöðvunar og fjárfesta. Ég vil þó halda kröfu minni til haga — ég óskaði eftir því með tölvupósti sl. föstudag við staðgengil formanns nefndarinnar, varaformann nefndarinnar — að réttarfarsnefnd kæmi fyrir og skilaði skriflegri umsögn.

Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd kom á fund viðskiptanefndar 10. nóvember sl. en tók þar fram að nefndin hefði ekki fjallað um málið. Lögð er mikil áhersla á að frumvarpið nái fram að ganga fyrir fyrirhugaðan fund skilanefnda bankanna með erlendum kröfuhöfum sem fram fer á morgun, fimmtudag og föstudag, allt án haldbærra skýringa. Af hverju er nauðsynlegt að flýta afgreiðslu frumvarpsins með þessum hætti og skoða það ekki í víðu samhengi? Minni hlutinn telur að það sé ólíðandi að löggjafarvaldið sé sett í þá aðstöðu að þurfa að afgreiða jafnafdrifaríkt mál, sem kann að hafa jafnafdrifaríkar afleiðingar, frá Alþingi í flýti og óðagoti vegna meintrar pressu frá erlendum kröfuhöfum. Ég óskaði eftir því á fundi nefndarinnar að þetta yrði skjalfest. Það kom ekkert fram. Gengur vilji erlendra kröfuhafa framar vönduðum löggjafarstörfum? Gengur vilji erlendra kröfuhafa framar innlendum kröfum, þeim smærri kröfum sem kunna að verða fórnarlömb í greiðslustöðvun? Hagsmuna þeirra er nefnilega betur gætt innan gjaldþrotaskipta.

Þá vísar minni hlutinn til þess að neyðarlögin hafi fyrst og fremst verið sett til að vernda íslenskt hagkerfi, tryggja hagsmuni almennings á Íslandi og skapa skilyrði fyrir stöðugleika í efnahagslífinu. Því sé einkennilegt að nú eigi að víkja frá grundvallarskilyrðum í íslenskum gjaldþrotalögum sökum meintrar pressu frá erlendum kröfuhöfum og órökstuddra staðhæfinga þeirra og ég ítreka það, órökstuddra staðhæfinga þeirra um að það þjóni betur hagsmunum hinna gjaldþrota banka að fara í greiðslustöðvun og síðar hugsanlega nauðasamninga. Séu bankarnir í raun gjaldþrota, eins og fullvissa virðist vera um, nema hugsanlega hvað Kaupþing varðar, það var upplýst á fundum nefndarinnar, er þeim engu síður skylt að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta þrátt fyrir þær breytingar sem frumvarpið boðar. Vísast þar m.a. til laga um hlutafélög og laga um fjármálafyrirtæki og kem ég betur að því síðar. Hér er vert að benda á að á fundi með viðskiptanefnd kom fram hjá fulltrúum viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins og skilanefnda bankanna að erlendir lánardrottnar vildu að farið væri í þekkt og viðurkennt ferli gagnvart þeim bönkum sem hér um ræðir. Hver eru þá rökin fyrir því að afnema nú þýðingarmikil ákvæði gjaldþrotaskiptalaga, sem er fordæmalaust hérlendis sem erlendis, og fara út í greiðslustöðvun og hugsanlega nauðasamninga sem eru óþekktar leiðir gagnvart fjármálafyrirtækjum sem eru de facto gjaldþrota? Aðspurður á nefndarfundi viðskiptanefndar þekkti fulltrúi Fjármálaeftirlitsins ekki til slíkra dæma erlendis. Sem sé, við erum að fara inn í óvenjulegt ferli sem ekki er þekkt, hvorki hér á landi né erlendis og að ég skil best, þvert á vilja hinna erlendu lánardrottna. Hvaða tilgangur er á bak við það? Einnig skal því haldið til haga að fulltrúi skilanefndar Kaupþings tjáði viðskiptanefnd á fundi 7. nóvember sl. að bankinn fullnægði núgildandi skilyrðum laga fyrir greiðslustöðvun. Boðaðar breytingar, þ.e. afnám 4. og 6. töluliða 2. mgr. 12. gr. gjaldskrárskiptalaga, eru þar með óþarfar gagnvart þeim banka.

Minni hlutinn telur að við þær aðstæður sem nú eru uppi sé enn brýnna en ella að vandað sé til lagasetningar og breytinga og að ekki sé gripið til illa ígrundaðra úrræða sem kunni, og það eru töluvert miklar líkur á því, að skaða almenning, almenningsálitið og þjóðarbúið enn frekar þegar til framtíðar er litið. Ég nefni bara eitt dæmi. Segjum að þessi leið greiðslustöðvana og nauðasamninga verði farin og standi í allan þann tíma sem boðaður er með frestunum, ef það mistekst og búið fer svo í gjaldþrotaskipti, hvað erum við þá búin að gera með því að tefja tímann með þessum hætti?

Minni hlutinn telur að frumvarpið í upphaflegri mynd með ákveðnum breytingum kunni að hafa verið þarft. Sama gildir um breytingartillögur varðandi svonefndan frestdag en leggst eindregið gegn frumvarpinu að öðru leyti og munum væntanlega sitja hjá um þetta frumvarp nema hvað varðar 4. og 6. tölulið sem ég mun a.m.k. greiða atkvæði gegn. Vel má vera að þörf sé á að tryggja eins og kostur er með lagabreytingum heimildir hinna gjaldþrota banka til að geta haldið starfsemi sinni áfram til að lágmarka tjón þeirra og þar með kröfuhafa og þar með þjóðarbúsins. Slíkar heimildir, til að lágmarka tjón, til að halda áfram rekstri, er hins vegar þegar að finna í núgildandi lögum um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, sem taka einnig til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, ég vísa þar sérstaklega til 72. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Rekstur þrotabúa bankanna sem fjármálafyrirtækja er einnig háður núgildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Telji Fjármálaeftirlitið að lagaheimildir skorti til að veita þrotabúum bankanna starfsleyfi er unnt að bæta úr því með einfaldri lagabreytingu án þess að setja gjaldþrotalög og tengd lög í uppnám.

Á fundi viðskiptanefndar um frumvarpið 7. nóvember

sl. voru kynnt til sögunnar ný og einkar umdeilanleg ákvæði til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki, aðeins um hálfum sólarhring eftir að viðskiptaráðherra mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi. Það verða að teljast ámælisverð vinnubrögð og sýnir glöggt að hið upphaflega frumvarp var vanhugsað. Þar er boðað, eins og ég sagði áðan, ákvæði þess efnis að svonefndur frestdagur við gjaldþrotaskipti miðist m.a. við það tímamark er skilanefndir voru skipaðar. Þetta er þarft ákvæði. Hins vegar eru boðaðar þær breytingar, samanber ákvæði til bráðabirgða, að felldir verði niður 4. og 6. töluliðir 2. mgr. 12. gr. gjaldþrotaskiptalaga, þegar fjármálafyrirtæki leitar eftir greiðslustöðvun samkvæmt kröfu Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 100. gr. a. laga um gjaldþrotaskipti. Með frumvarpinu er verið að víkja frá tveimur grundvallarskilyrðum sem fram koma í lögum um gjaldþrotaskipti, varðandi skyldu dómara að synja um heimild til greiðslustöðvunar. Dómara er beinlínis skylt að synja um greiðslustöðvun ef fyrirtæki er gjaldþrota. Minni hlutinn telur að með þessum breytingum sé verið að tryggja að þeir bankar sem sannanlega eru komnir í gjaldþrot fái ekki synjun dómara um greiðslustöðvun og geti því í framhaldinu leitað nauðasamninga. Vert er að benda á að þessi gjaldþrotaskiptalög, sem eru að verða 100 ára gömul með breytingum, eru byggð að norrænni fyrirmynd og frávik frá afar mikilvægum skilyrðum gjaldþrotaskiptalaga við þessar sérstöku aðstæður, eins og stefnt er að með frumvarpinu, eru til þess fallin að valda tortryggni og grafa undan trausti okkar jafnt innan lands sem og á alþjóðavísu. Algerlega ástæðulaust er að grípa til þessara breytinga á lögunum meðan skilanefndirnar hafa ekki séð fyrir endann á því hver staða bankanna er. Það var líka upplýst á fundum viðskiptanefndar og ég ítreka að þetta getur líka orðið á kostnað smærri innlendra hluthafa. Hér ráða ferðinni hagsmunir stórra erlendra lánardrottna. Það kom margsinnis fram á fundum nefndarinnar. Var það tilgangur neyðarlaganna? Ætluðum við ekki að verja Ísland og íslenskan almenning?

Ég vil taka undir og minni hlutinn áréttar þau sjónarmið sem fram komu á fundi nefndarinnar hjá Steinunni Guðbjartsdóttur, sem situr í skilanefnd Glitnis, að óeðlilegt væri að víkja frá tilgreindum skilyrðum gjaldþrotaskiptalaganna. Minni hlutinn telur nefndar breytingar vanhugsaðar og ófaglegar og þær eru ekki skoðaðar í víðu samhengi eins og nauðsyn ber til. Þær eru skoðaðar mjög þröngt en ekki í víðu samhengi. Þær heimili greiðslustöðvun og hugsanlega nauðasamninga fjármálafyrirtækja sem eru gjaldþrota og séu til þess fallnar að valda tjóni og fjölda málaferla. Ríkið kann auk þess að verða skaðabótaskylt vegna þessara breytinga bæði gagnvart kröfuhöfum og ekki síður fyrirtækjum í öðrum rekstri á Íslandi sem kunna að verða gjaldþrota. Það skal ítrekað að þrátt fyrir umræddar breytingar á ákvæðum 12. gr. gjaldþrotaskiptalaga er umræddum fjármálafyrirtækjum, og Fjármálaeftirlitinu að sjá til þess, að viðlagðri refsingu engu síður skylt að gefa sig upp til skipta á grundvelli annarra ákvæða laga og greiðslustöðvun ólögleg samkvæmt þeim. Ég kem betur að því síðar en vil benda á það og fullyrða bæði af reynslu minni sem lögmaður og lögfræðingur og viðtölum við þá lögmenn sem best til þekkja í réttarfari í dag að gjaldþrotaskiptaferlið er traustara, vandaðra og gegnsærra ferli og tryggir betur réttarstöðu kröfuhafa og er mun betri og faglegri kostur fyrir þá en greiðslustöðvun og nauðasamningar. Það er nú einu sinni þannig. Ég ítreka að sú hætta er fyrir hendi að leið greiðslustöðvunar og nauðasamninga tefji ferlið sem geti leitt til frekara fjártjóns og þar getur ríkið orðið skaðabótaskylt, eins og áður er rakið. Minni hlutinn fullyrðir að með gjaldþrotaskiptaferli sé hægt að ná öllum markmiðum greiðslustöðvunar og nauðasamninga og gott betur, öllum þeim markmiðum sem hv. formaður viðskiptanefndar lýsti í ræðustól áðan, og gott betur vegna þess að ferlið er vandaðra. Ég leyfi mér að ítreka að engin haldbær rök studd skjalfestum gögnum hafa komið fram á fundum viðskiptanefndar um frumvarpið sem mæla með þessu greiðslustöðvunar- og nauðasamningaferli. Ég held því fram, sem er auðvitað alvarlegt mál, að þessi breyting á gjaldþrotaskiptalögunum, 4. og 6. töluliður 2. mgr. 12. gr., feli í sér í sér brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Hvað með önnur fyrirtæki í landinu sem munu á næstu mánuðum fara í þrot? Mun verða vikið frá sömu skilyrðum og hér er verið að mæla fyrir gagnvart bönkunum? Hvers eiga þau að gjalda? Ég ætla ekki að nefna nein fyrirtæki en það eru stór fyrirtæki á Íslandi sem slaga upp í þessa banka og standa illa, hvers eiga þau að gjalda? Við höfum búið við farsælt gjaldþrotaskiptakerfi í um eina öld og það er glatað að fórna því með vanhugsuðum tillögum sem ekki hafa verið skoðaðar í víðara samhengi, hv. þm. Jón Magnússon, sem á að vita betur. (Gripið fram í.) Það er ég ekki viss um.

Það sama gildir um lengda fresti. Þeir eru umdeilanlegir og við getum ekki stutt frumvarpið í þessari mynd og ég fyrir hönd þess minni hluta sem ég stend að geri kröfu til að frumvarpið verði samið frá grunni. Þessi sjónarmið mín eru ekki gripin úr lausu lofti.

Benedikt Bogason, einn alfærasti réttarfarssérfræðingur okkar og fulltrúi í réttarfarsnefnd, tók fram á fundi viðskiptanefndar 10. nóvember að frumvarpið, með áorðnum breytingum, kæmi sér spánskt fyrir sjónir. Hann tók fram að réttarfarsnefnd hefði ekki fengið frumvarpið til skoðunar og nefndin sem slík ekki komið að málinu. Það er auðvitað með ólíkindum. Við höfum sérstaka réttarfarsnefnd til að gaumgæfa það að breytingar á réttarfarslöggjöf okkar séu haldbærar og hún kemur ekki að málum. Í henni sitja eins og ég ítrekaði færustu sérfræðingar Íslands í réttarfari. Þeir hafa allir uppi þessi aðvörunarorð. Benedikt Bogason benti enn fremur á að greiðslustöðvun og nauðasamningar væru réttarúrræði í þágu skuldara, ekki kröfuhafa. Menn skyldu átta sig á því. Hann tók skýrt fram að þrátt fyrir tillögur um að fella niður 4. og 6. tölulið 2. mgr. 12. gr. gjaldþrotaskiptalaga, sem ég hef gert að umtalsefni, væri þeim bönkum sem væru raunverulega gjaldþrota skylt að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta og þar vísa ég í 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki þar sem minnsti vafi á því að eignir hrökkvi fyrir skuldum á að leiða til þess að Fjármálaeftirlitið á að hafa frumkvæði að gjaldþrotaskiptum. Það stendur í þessari grein. Sama gildir um hlutafélagalögin. Nú stöndum við frammi fyrir því að það á að fara að undanþiggja tvo tölulið til að komast í greiðslustöðvun en engu að síður stendur að fyrirtækjum, sem skulda meira en þau eiga, sé skylt að fara í gjaldþrotaskipti.

Í lagagreininni er talað um að þegar óvíst sé að eignir

hrökkvi fyrir skuldum þá eigi að fara í skipti. Einber vafi skyldar Fjármálaleftirlitið til að gera kröfu um gjaldþrotaskipti. Benedikt Bogason vísaði einnig til 105. gr. laga um hlutafélög. Hann varaði enn fremur við hugsanlegri bótaábyrgð ríkisins og taldi að verið væri að fara inn á einkar varhugaverðar brautir, eins og ég orðaði það í nefndaráliti minni hlutans. Hann sagði reyndar og notaði þannig orð, hann taldi að við værum að fara inn á jarðsprengjusvæði, það var ekki minna. Hann tók líka skýrt fram að gjaldþrotaferlið væri tryggara ferli fyrir kröfuhafa. Það er fyrir kröfuhafa. Af hverju er þá verið að fara út í nauðasamninga sem eru úrræði fyrir skuldarana að kröfu erlendra lánardrottna? Hvað hangir á þeirri spýtu? Það er illt í efni þegar réttarfarsnefnd er hunsuð með þeim hætti sem raun ber vitni og fyrir mér óásættanlegt að menn leiki sér með réttarfarslögin með þessum hætti.

Það er mín eindregna skoðun að það stefni í réttarfarslegt og þjóðhagslegt slys ef gjaldþrota bönkum verður beint í farveg greiðslustöðvunar og nauðasamninga. Það er þess vegna sem ég legg til í minnihlutaálitinu að frumvarpið komi aftur til viðskiptanefndar milli 2. og 3. umr. og þar verði leitað skriflegs álits réttarfarsnefndar að undangengnum fundi hennar um málið, formlegum fundi og formlegum efnistökum réttarfars utan um málið. Það blasir við.

Minni hlutinn telur, herra forseti, að mörgum spurningum sé ósvarað hvað frumvarp þetta varðar og þær breytingar sem lagðar hafa verið til á því. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar varðandi framtíðarskipan fjármálafyrirtækja á Íslandi, hv. formaður viðskiptanefndar? Hver eru framtíðaráformin? Hver á framtíðarskipunin að verða? Þessari spurningu og fleirum verður viðskiptaráðherra og ríkisstjórnin að svara afdráttarlaust.

Í *Morgunblaðinu* í morgun komu fram ákveðnar upplýsingar um þetta mál. Er það tilgangur laganna að í landinu starfi sex bankar? Það kom fram í ræðu hv. formanns viðskiptanefndar að það ætti að stíla upp á það að bankarnir héldu áfram starfsemi, þeir byrjuðu upp á nýtt og erlendir kröfuhafar kæmu inn sem hluthafar, þ.e. við fengjum þá væntanlega þrjá erlenda banka til Íslands til viðbótar við þrjá ríkisbanka. Eða hangir e.t.v. á spýtunni að sameina eigi síðan þessa erlendu þrjá banka ef allt gengur nú upp við ríkisbankana og einkavæða þá? Hafa menn virkilega ekki fengið nóg af einkavæðingunni, hinni sex ára gömlu einkavæðingu sem hefur leitt þjóðina í mestu ógæfu efnahagsmála sem hún hefur upplifað? Er ekki nóg komið? Hvernig á að varða leiðina fram á við? Hvað er verið að gera? Eða eins og einhver maður úti í bæ sagði, er þetta bara valdabarátta? Er þetta valdabarátta Fjármálaeftirlitsins við ríkisstjórnina og Seðlabankann? Er verið að búa til ríkisstjórn Íslands hjá Fjármálaeftirlitinu inni á Suðurlandsbraut? Er það það sem verið er að gera? Hvað er verið að gera? Hver er tilgangurinn með þessum breytingum? Það verða að koma skýr svör við því. Það er óhjákvæmilegt. Það er algerlega óhjákvæmilegt að það komi fram hvert menn eru að stefna. Ætla menn ekki að læra af reynslunni?

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frumvarpið eins og það er lagt fyrir af meiri hluta viðskiptanefndar en vil mæla svo fyrir tveimur öðrum breytingartillögum sem ég þarf ekki að skýra, þær liggja frammi á þingskjali. Minni hlutinn leggur til þær breytingar á frumvarpinu að kjararáði verði falið að ákveða laun og starfskjör bankastjóra og annarra starfsmanna fjármálafyrirtækja sem eru í meirihlutaeigu ríkisins. Átt er við þá starfsmenn fjármálafyrirtækjanna, bankastjóra og aðra æðstu starfsmenn, sem ekki taka laun samkvæmt kjarasamningum vegna eðlis starfanna og samningsstöðu. Minni hlutinn telur að með slíkri lagasetningu, með slíkri breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, verði alfarið snúið af braut þeirrar öfgafullu launaþróunar, ofurlaunaþróunar, sem orðið hefur eftir að bankarnir voru einkavæddir.

Við teljum að nú séu, í eitt skipti fyrir öll, herra forseti, dagar ofurlauna, bónusgreiðslna og kaupréttarsamninga liðnir. Eðlilegt sé að miða laun bankastjóra og annarra æðstu starfsmanna við laun ráðuneytisstjóra og forstöðumanna ríkisstofnana. Brýnt er að gætt sé innbyrðis samræmis í starfskjörum ríkisstarfsmanna með tilliti til starfa og ábyrgðar. Það er ekkert sem réttlætir það að ríkisbankastjórar og aðrir yfirmenn fjármálafyrirtækja ríkisins séu á sérkjörum og ofurlaunum, eins og raun ber vitni. Ekkert réttlætir það og þjóðin kallar á breytingu og hrópar á breytingar í mótmælum sínum gegn ríkisstjórninni.

Minni hlutinn gerir kröfu til þess að snúið verði þegar í stað af þeirra braut ofurlauna og græðgi, siðspillandi græðgi, sem gegnsýrt hefur þjóðfélagið undanfarin allt of mörg ár, með hörmulegum afleiðingum. Ég þarf ekki að skýra út hvernig kjararáð vinnur. Það eru vönduð vinnubrögð þar. Menn fá að tjá sig, gagna er aflað og þar fram eftir götunum og vísað í lögin um kjararáð.

Minni hlutinn leggur einnig til þær breytingar, nú þegar bankarnir eru orðnir í meirihlutaeigu ríkisins, að þeir lúti ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsingalaga, nr. 50/1996. Minni hlutinn telur að slík lagasetning muni tryggja réttaröryggi og jafnræði borgaranna í samskiptum við bankana og auka gegnsæi. Sá leyndarhjúpur sem umlukið hefur starfsemi þeirra banka sem hér um ræðir hefur verið gróðrarstía misréttis og hefur, ásamt öðru, leitt til efnahagshrunsins. Það er fjallgrimm skoðun mín.

Að lokum ítreka ég að málið fari til nefndar á nýjan leik og ítarlegrar skriflegrar umsagnar réttarfarsnefndar verði aflað og frumvarpið skoðað í víðara samhengi. Hagsmunir hinna erlendu kröfuhafa á fundum með skilanefndum á morgun, fimmtudag og föstudag réttlæta ekki að hér sé afgreitt frumvarp sem ekki er vandað að efni og gerð.

[14:37]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar finnst mér rétt að undirstrika ákveðna þætti. Hann byggir málflutning sinn á því að það frumvarp sem hér er til umræðu og þær breytingar sem þar eru lagðar til séu gerðar af einhverri sérstakri gæsku eða góðsemi í garð erlendra kröfuhafa, að það sé rótin að þessu. Svo er auðvitað ekki.

Eins og svo margt annað í því ferli sem við fáumst við þessa dagana er undirrótin að því að þetta frumvarp er flutt sú að verið er að gæta íslenskra hagsmuna. Það er hagsmunamál Íslendinga, íslenska ríkisins og íslensks almennings að sem mest fáist fyrir þær eignir sem íslenskir bankar hafa átt erlendis. Frumvarpið er einfaldlega liður í ráðstöf-

unum til þess að tryggja að svigrúm gefist til þess að fá sem mest fyrir þær eignir sem eru úti um allan heim á vegum íslensku bankanna. Þetta er auðvitað bara partur af þeim ráðstöfunum. Þetta er rótin að því að farið er út í þær lagabreytingar sem hér eru lagðar til en ekki einhver góðvild eða umhyggja fyrir erlendum kröfuhöfum eins og mátti ráða af mörgu í ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar.

Ég held að við verðum að hafa þetta í huga. Hagsmunir okkar sem heildar eru að sem mest fáist fyrir eignirnar í þessum búum, búum gömlu bankanna. Margvíslegir hagsmunir sem tengjast því en það er grundvallaratriðið og það sem við verðum að hafa í huga þegar við afgreiðum þetta mál.

Þetta er vissulega óvenjulegt mál og ég held að enginn okkar, frekar en þegar við settum neyðarlögin, hefði kosið að vera í þeim sporum að þurfa að afgreiða þessar breytingar. Hins vegar koma (Forseti hringir.) þessar breytingar til vegna einstaklega óheppilegra og óvenjulegra aðstæðna (Forseti hringir.) sem kalla á óvenjulegar aðgerðir á móti.

[14:40]

Frsm. minni hluta viðskn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ítreka enn og aftur að á fundum viðskiptanefndar komu fram skýringar á því að víkja með jafnafdrifaríkum hætti frá ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga, að það væru hagsmunir hinna erlendu kröfuhafa.

Ég spurði hvort einhver gögn væru á bak við það. Eru einhver skjalfest gögn? Er einhver greinargerð eða álit? Er einhver rökstuðningur? Nei. Svo kemur aftur þessi þversögn. Þegar erlendir lánardrottnar biðja um þekkt ferli, af hverju er þá búið til afbrigðilegt ferli sem hvergi þekkist í Evrópu? Af hverju eiga þingmenn að samþykkja frumvarp sem byggir á meintum fullyrðingum eða meintum skoðunum erlendra kröfuhafa án þess að þeir hafi nokkru sinni komið til viðskiptanefndar? Án þess að þeir hafi nokkurn tímann lagt fram eitt einasta skjal eða blað um vilja sinn. Er furða þótt ég dragi þær ályktanir sem ég gerði í ræðu minni?

Það er líka þekkt að við nauðasamninga eru hagsmunir minni kröfuhafa verr varðir. Þetta nauðasamningakerfi er lokað og ekki eins gegnsætt. Gjaldþrotaskiptaferlið er gegnsætt. Það er lýðræðislegt og opið. Það tryggir rétt allra og getur staðið í mörg ár. Það er hægt að reka þrotabúið áfram. Fyrir því er dæmi um tryggingafélag sem varð gjaldþrota fyrir allmörgum árum síðan og var í rekstri í ein átta, níu ár á eftir. Þannig að þetta frávik er mér óskiljanlegt.

[14:42]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við höfum farið vel yfir þessa þætti í viðskiptanefnd og fjallað um þá á nokkrum fundum nefndarinnar. Þeir sem að þessum málum hafa komið, hvort sem um er að ræða viðskiptaráðuneytið, Fjármálaeftirlitið eða skilanefndarfólk, að kannski einum fulltrúa undanskildum, eru sammála um að sú leið sem hér er lögð til sé til þess fallin að koma í veg fyrir stórfelldan eignabruna erlendis. Það er alltaf hættan í þessum málum, sérstaklega þegar um er að ræða fyrirtæki af þessari stærðargráðu með hagsmuni og tengsl út um allan heim, að lendi eignirnar inn í hefðbundið gjaldþrotaskiptaferli verði nauðsynlegt að selja þær á verði sem ekki er það hagstæðasta sem hægt er fá fyrir viðkomandi eign. Þetta er auðvitað ákveðinn liður í að reyna að koma í veg fyrir það.

Annað atriði skiptir líka máli í þessu sambandi. Það er að einmitt um þessar mundir, áður en í rauninni er hægt að segja til um hvort fyrirtækin eru gjaldþrota eða ekki, þarf um leið að verja ýmsar eignir bankanna erlendis fyrir ásókn einstakra kröfuhafa. Í nefndinni kom mjög skýrt fram að þær breytingar sem hér eru lagðar til séu til þess fallnar að koma í veg fyrir að einstakir kröfuhafar geti með réttarfarslegum aðgerðum í öðrum löndum í raun skert verðmæti þeirra eigna sem enn eru í þessum búum. Það er skýringin á því að menn sitja ekki bara rólegir, halla sér aftur og sjá svo til hvort niðurstaðan eftir einhvern tíma verði sú að þörf sé á gjaldþrotaskiptum. (Forseti hringir.) Þarna er um að ræða aðgerðir til að koma í veg fyrir eignabruna. Óvenjulegar aðgerðir sem stafa auðvitað af fullkomlega óeðlilegum (Forseti hringir.) og óvenjulegum aðstæðum.

[14:44]

Frsm. minni hluta viðskn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hér er enn fullyrt og ég segi: staðhæfulausar fullyrðingar. Það er ekkert á bak við þessi orð, engin skjöl, engin gögn, ekki neitt.

Allir sammála um þessa leið. Því fer bara víðs fjarri. Flestir lögmenn sem ég hef talað við og fulltrúar réttarfarsnefndar eru allsendis ósammála þessari leið. Það sé verið að taka mikla áhættu. Það sé verið að samþykkja frumvarp án þess að skoða það í víðu samhengi við önnur fyrirtæki sem kunna að verða gjaldþrota. Síðan er fullyrt að það muni verða eignabruni og þar fram eftir götunum. Þetta eru sömu staðhæfingarnar sem ekki hafa verið studdar rökum eða skjölum.

Ég leyfi mér að ítreka það, hv. þm. Birgir Ármannsson, að innan gjaldþrotaskiptaferlis er hægt að tryggja þetta allt saman. Það liggur fyrir. Tilgangur gjaldþrotaskiptaferlis er að hámarka og varðveita eignir. Ég ítreka að það ferli er gegnsærra og mun betra. Innan gjaldþrotaskiptaferlisins er líka hægt að verjast ásókn erlendra kröfuhafa og úrræðin eru betri ef eitthvað er. Þeim mikilsverðu spurningum sem ég hef varpað fram hefur ekki verið svarað vegna þess að nefndin hefur ekki leitað umsagna, ekki kallað fyrir sérfræðinga. Hún hefur ekki einu sinni gefið réttarfarsnefnd kost á að funda um málið og skoða það. Þetta er allt með miklum ólíkindum og ég verð að fordæma þessa málsmeðferð.

[14:46]

Útbýting:

Embætti sérstaks saksóknara, 141. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 156.

Viðhald á opinberu húsnæði, 140. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 155.

[14:46]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég get sagt eins og hv. þm. Atli Gísla-

son að við frjálslynd sátum hjá við afgreiðslu neyðarlaganna á sömu forsendum og vinstri grænir gerðu en þó til viðbótar vegna þess að við töldum okkur ekki hafa þær upplýsingar í höndum sem réttlætt gætu að við segðum já við afgreiðslu neyðarlaganna. Við sátum hjá. Við bárum ekki ábyrgð á því ástandi sem komið er, við berum ekki ábyrgð á því efnahagsöngþveiti sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa leitt yfir þjóðina. Það var ástæðan, við vildum í sjálfu sér ekki hindra framgang þeirrar lagasetningar sem var hugsanlega fær til að bjarga þó því sem bjargað var en við gátum ekki greitt því atkvæði að öðru leyti.

Hvað er svo aðalatriðið í sambandi við þá lagasetningu sem hér er um að ræða? Eftir langa ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar þar sem hlaupið var úr einu í annað skorti á að menn greindu á milli aðalatriðis og aukaatriðis. Ég tek það fram að ég er samþykkur nefndaráliti meiri hluta viðskiptanefndar, ég gerði fyrirvara í nefndinni um ábyrgðarhlut þeirra sem fengnir væru til að hafa með fjármálafyrirtæki að gera. Gerð var breyting sem liggur fyrir í breytingartillögum í 1. tölulið d sem ég sætti mig við. En aðalatriðið í þessari lagasetningu er að heimila skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi þrátt fyrir að starfsleyfi fjármálafyrirtækisins hafi verið afturkallað. Og í öðru lagi að lengja fresti og auðvelda tilkynningar um það sem þar er um að ræða.

Þetta á að reyna, þetta er markmiðið með þessari lagasetningu. Þá er spurningin hvort handverkið er eðlilegt, þ.e. hvort það frumvarp sem hér liggur fyrir er eðlilegt og í samræmi við það sem ætlast er til, hvort það brjóti gegn einhverjum ákvæðum, eins og hv. þm. Atli Gíslason minntist á áðan, brjóti hugsanlega gegn jafnræðisreglu. Að sjálfsögðu verður að skoða öll slík atriði því að lög verða að standast ákvæði stjórnarskrár. Ég tek það fram að ég tel að lagasetningin, eins og hún lítur út með þeim breytingartillögum sem meiri hluti viðskiptanefndar gerir tillögu um, brjóti ekki gegn jafnræðisreglu stjórnarskrár, m.a. vegna þess að hún tekur til allra einsleitra fyrirtækja hvað þetta varðar. Með tilliti til þess er því ekki um brot á jafnræðisreglu að ræða að mínu viti.

Ég tel að þau viðbrögð sem hér um ræðir og það að kalla erlenda kröfuhafa að borðinu komi allt of seint fram, í raun hefði átt að kalla þá miklu fyrr að borðinu og áður en neyðarlögin voru sett. Það hefði virkilega orðið til þess að um raunverulega jákvæða viðleitni væri að ræða til að koma í veg fyrir eignabruna, koma í veg fyrir það efnahagshrun sem er orðið að veruleika. Þar kom í ljós ráðaleysi stjórnarflokkanna að grípa ekki til aðgerða, koma ekki með viðbrögð fyrr en of seint eins og í öllum þessum tilvikum. Þau vandamál sem um er að ræða bentum við ítrekað á í ræðustól Alþingis, stjórnarandstaðan, að dökk ský væru að hrannast upp við sjóndeildarhring og hinir svörtu riddarar efnahagslægðar væru að geisa af stað og við því yrði að bregðast. Ítrekað bentum við ríkisstjórninni á þetta og vöruðum hana við. Það kallaði ekki á nein viðbrögð og hæstv. forsætisráðherra sagði síðastliðið sumar, aðspurður um hvers vegna heimild Alþingis til að taka erlent lán væri ekki nýtt, að e.t.v. væri best að gera ekki neitt.

Það hefur heldur betur sýnt sig að sú niðurstaða hæstv. forsætisráðherra var röng. Það hefði þurft að gera eitthvað í staðinn fyrir að gera ekki neitt. Þá vil ég ítreka það sem hefur aftur og aftur komið fram í umræðunni að íslensku fjármálafyrirtækin sem nú hafa verið tekin, þ.e. Kaupþing banki, Landsbanki Íslands og Glitnir banki, áttu nóg af íslenskum krónum eftir því sem fullyrt er en þau vantaði gjaldeyri. Af hverju vantaði þau gjaldeyri? Þau vantaði gjaldeyri til að standa við erlendar skuldbindingar sínar vegna þess að lánalínur lokuðust eftir að Lehman Brothers fór á hausinn og Seðlabanki Íslands og ríkisstjórnin höfðu ekki gætt að þeirri frumskyldu sinni að hafa nægjanlegan gjaldeyri tiltækan til að geta veitt eðlilega fyrirgreiðslu. Meðal annars vegna þess að Seðlabankinn og ríkisstjórnin voru sammála um það síðastliðið sumar að það besta sem hægt væri að gera í stöðunni væri að gera ekki neitt. Þegar við stöndum síðan frammi fyrir því ástandi sem hér er um að ræða er alveg makalaust að stjórnarliðar skuli ekki viðurkenna ábyrgð sína á því, ástand sem þeim verður fyrst og fremst kennt um.

En við getum aldrei farið til baka í mannkynssögunni, við getum aldrei snúið tímanum við og við erum komin á þann stað þar sem spurt er: Með hvaða hætti og hvernig getum við lágmarkað tjónið, takmarkað það tjón sem verður? Og þá er spurningin: Höfum við möguleika á því að bjarga verðmætum? Ég tel svo vera. Ég tel að það geti verið raunhæfur möguleiki til að bjarga verðmætum að fá erlenda lánardrottna sem og aðra stóra lánardrottna að borðinu — og þeir sem mestu máli skipta varðandi gömlu viðskiptabankana eru að sjálfsögðu erlendu lánardrottnarnir — að fá þá til að koma til að athuga hvort þeir vilji ásamt öðrum innlendum aðilum aðstoða við að gera hugsanlega takmarkaðar eignir í dag að raunverulegum verðmætum í framtíðinni. Þá skiptir líka máli hvaða stefnu við ætlum að taka.

Ég sem málsvari neytenda hef talið mikilvægt — vegna þess að lánamál okkar hafa verið í ákveðnu öngþveiti, íslenskir lántakendur hafa þurft að greiða mun hærri vexti, verðtryggingu, en gerist í okkar heimshluta — að við fengjum raunverulega samkeppni á bankamarkaði þannig að ungt fólk á Íslandi, íbúðarkaupendur og aðrir nytu sambærilegra lánakjara og um ræðir í okkar heimshluta. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort nauðsyn væri á því að við fengjum erlent fjármálafyrirtæki til að koma hér á raunverulegri samkeppni. Ég tel að svo geti vel verið og því kunni að bjóðast ákveðin tækifæri í því að fá hingað erlend fjármálafyrirtæki sem hafa hagsmuna að gæta vegna þess að fyrirtækin eigi inni í viðkomandi lánastofnunum sem nú gætu fallið undir það lagafrumvarp sem hér er um að ræða, að þau komi að, taki þátt í og komi þess vegna jafnvel að áframhaldandi rekstri þess eða þeirra fjármálafyrirtækja sem um gæti verið að ræða.

Ég sé ákveðna möguleika felast í því að samþykkja þetta frumvarp og þess vegna styð ég það. Að mínu mati hefði átt að beita þessu og fara þessa leið strax, byrja á henni án nokkurs fyrirvara en setja neyðarlögin til vara ef hitt hefði ekki dugað, en úr því sem komið er förum við ekki aftur á bak í tímanum heldur gerum það besta úr stöðunni eins og hún liggur fyrir núna. Það finnst mér vera grundvallaratriði.

Ég mótmæli því sem kom fram í ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar áðan þegar hann talaði um að með frumvarpinu

sé verið að fara að vilja eða hagsmunum erlendra kröfuhafa. Ég tel að ekki sé um neitt slíkt að ræða. Þetta hefur fyrst og fremst með það að gera að við gætum okkar eigin hagsmuna, hagsmuna sem þjóðar. Við erum að hugsa um að það tjón sem þegar hefur orðið verði eins lítið og mögulegt er. Því miður er það svo að ríkisstjórnin hefur ekki greint Alþingi frá því hvað um geti verið að ræða, hvaða vandamál geti verið um að ræða í efnahagslífinu, hvaða skuldbindingar við þurfum hugsanlega að taka á okkur. Almenningur í landinu gerir ráð fyrir því að þarna sé um verulegan skaða að ræða sem nemi hundruðum milljarða íslenskra króna. Um það get ég ekkert sagt eða fullyrt meðan engar haldbærar upplýsingar liggja fyrir um það atriði en hvað sem því líður skiptir máli að þessi fjárhæð verði sem lægst. Ég er tilbúinn að gera það sem þarf, að sjálfsögðu innan lagalegra og siðrænna marka, til að tjónið verði sem minnst.

Hv. þm. Atli Gíslason gerði í minnihlutaáliti sínu og ræðu sinni áðan íslensku gjaldþrotaskiptalögin að sérstöku umtalsefni. Þar mátti helst skilja að þau lög fælu í sér eins fullkomna lagagerð og um gæti verið að ræða á þessu sviði löggjafarinnar. Ég er einfaldlega ekki sammála því mati hv. þm. Atla Gíslasonar. Ég tel gjaldþrotaskiptalögin að mörgu leyti gölluð. Ég tel t.d. að í þeim lögum þyrfti að vera meira svigrúm fyrir fólk og fyrirtæki til að komast hjá því að lenda í gjaldþrotameðferð. Við höfum ekki, andstætt því sem um er að ræða á öðrum Norðurlöndum, sérstök ákvæði og sérstaka löggjöf um greiðsluaðlögun sem heimilar skuldugum einstaklingum að leita til dómstóla til að fá úrskurð þeirra um hvað viðkomandi geti í raun greitt af áhvílandi skuldum vegna þess að það er nú þannig í lífinu að blóð verður ekki kreist undan nöglum þar sem allt blóð er þorrið.

Ég sat á sínum tíma í stjórn Neytendasamtakanna og sem málsvari neytenda gerði ég kröfu til þess ítrekað að sérstök ákvæði um greiðsluaðlögun yrðu sett í íslenska löggjöf en hef því miður talað fyrir daufum eyrum hingað til. Því hefur verið lofað nú í vandræðagangi ríkisstjórnarinnar að setja þessi nauðsynlegu ákvæði. Það er eitt af því sem gæti orðið til þess að lagfæra gjaldþrotaskiptalögin sem að mínu viti eru gölluð og þarfnast breytinga. Ég get því ekki tekið undir með hv. þm. Atla Gíslasyni að hér sé um slíka ofurfullkomnun í löggjöf að ræða að ekkert betra geti komið í staðinn.

Varðandi tillögur minni hluta nefndarinnar, þ.e. þær sem hv. þm. Atli Gíslason stendur að, vil ég taka sérstaklega fram að ég styð þá tillögu hv. þingmanns sem kemur fram í 1. tölulið þeirra, breytingu við 50. gr. laganna um að við hana bætist við ný málsgrein um kjararáð sem ákveði laun og starfskjör bankastjóra fjármálafyrirtækja. Ég styð þá tillögu og tek hana eiga fullkomlega rétt á sér og jafnframt þá tillögu sem af sjálfu leiðir í 4. tölulið, þ.e. ég tek undir þau sjónarmið sem hv. þm. Atli Gíslason gat um áðan að við eigum að sjálfsögðu að miða launakjör ríkisstarfsmanna í ríkisbönkum við launakjör annarra opinberra starfsmanna. Af sjálfu leiðir að ég tek undir þá tillögu og kröfu þingmannsins um að frumvarpið gangi til nefndar á milli 2. og 3. umr., m.a. til að fjalla um þær breytingartillögur sem hv. þingmaður hefur lagt fram.

Ég tel miklu máli skipta varðandi hin opinberu fjármálafyrirtæki sem nú hafa tekið til starfa að við vöndum mjög vel til þess með hvaða hætti þau starfa og hvernig starfskjörum verður háttað í þessum nýju fyrirtækjum. Það skiptir máli að við búum ekki til nýja ofurlaunastefnu í fjármálakerfinu. Af hverju ættu bankastjórar ríkisbanka að hafa hærri laun en forsætisráðherra? Hvaða rök mæla fyrir um það, er nokkur glóra í að þannig skuli það vera? Ég tel svo ekki vera þó að ég sé ekki endilega að mæla með því að laun forsætisráðherra eigi að vera einhver algild viðmiðun, síður en svo.

Að öðru leyti vil ég benda á atriði sem koma fram í greinargerð minni hlutans þar sem segir m.a. að minni hlutinn telji breytingar vanhugsaðar og ófaglegar. Að sjálfsögðu eru þessar breytingar ekki vanhugsaðar, að sjálfsögðu er búið að hugsa þær breytingar, annars væru þær ekki komnar hér á blað. Hugsanlega hefði mátt vinna þær betur en þær eru ekki vanhugsaðar og þær eru að sjálfsögðu ekki ófaglegar heldur. En hér er komið að spurningu um handverk og hvort eðlilegra hefði verið að hafa handverkið með einhverjum öðrum hætti en hér um ræðir. Í sjálfu sér koma ekki fram í tillögum minni hlutans raunverulegar tillögur um breytingar á handverki, hins vegar er talað um að við eigum eingöngu að miða við lög um gjaldþrotaskipti og er vísað til þess. Þar með get ég ekki séð annað en að minni hlutinn sé í raun á móti frumvarpinu og hefði verið eðlilegra að lýsa fullri andstöðu við það og leggja hugsanlega fram breytingar. Ég get ekki séð annað en að verið sé að lýsa andstöðu við frumvarpið í heild.

Ég hef áður minnst á að ég telji að hér geti ekki verið um brot á jafnræðisreglu að ræða þar sem frumvarpinu er ætlað að gilda um öll sambærileg fyrirtæki. Það er alsiða í íslenskri löggjöf og talið að það sé ekki brot á jafnræðisreglu þegar löggjöf tekur jafnt til allra þeirra aðila sem atvinnugrein eða atvinnustarfsemi sinna, þannig að ég tel ekki rétt að þarna geti verið um brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að ræða. (**AtlG:** Hvað með sparisjóðina?) Í sjálfu sér geta sparisjóðirnir fallið undir þetta ef þeir lenda í sama farvegi. Það má miklu frekar velta því fyrir sér hvort neyðarlögin fólu í sér brot á jafnræðisreglu miðað við þau ákvæði sem þar gilda um sparisjóði, hv. þm. Atli Gíslason, og við getum þess vegna tekið umræðu um það en það hefur ekkert með þessa löggjöf að gera.

Þá segir í minnihlutaálitinu að það væri þjóðhagslegt slys ef gjaldþroti á bönkum verði beint í farveg greiðslustöðvunar og nauðasamninga. Af hverju væri það þjóðhagslegt slys? Hvað gerir það að verkum að slíkt væri þjóðhagslegt slys? Það er verið að reyna að takmarka tjón eins og við höfum sagt en í hverju gæti hið þjóðhagslega slys verið fólgið? Ég fæ ekki komið auga á að um slíkt gæti verið að ræða.

Síðan er spurt: Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um framtíðarskipan fjármálafyrirtækja? Ég get tekið undir það í minnihlutaálitinu að að sjálfsögðu ber að krefja ríkisstjórnina svara um hvaða framtíðarskipan menn hafa varðandi þá starfsemi. Eins og ég gat um áðan var ég einnig sammála því að kjararáð taki afstöðu til og fjalli um laun og starfskjör bankastjóra. Mér finnst það mjög góðar tillögur og hefði átt að vera í upphaflega frumvarpinu að sú stefna væri

mörkuð sérstaklega af Alþingi. Ég tek heils hugar undir þau sjónarmið. Við eigum að víkja af braut ofurlauna. Við eigum að taka það upp sem skiptir kannski svo miklu máli í íslensku samfélagi, að hér gildi ákveðinn jöfnuður en ekki sé gríðarlegur launamunur á milli lægstu og hæstu launa eins og verið hefur í mörgum tilfellum í okkar þjóðfélagi.

Virðulegi forseti. Ég styð það frumvarp sem hér liggur fyrir og þær breytingartillögur sem lagðar eru fram og get fallist, eins og ég sagði, í tveim tilvikum á breytingartillögur minni hlutans sem ég tel eiga fyllilega rétt á sér þó að þær komi eiginlega sem algjörar viðbótartillögur við fyrirliggjandi frumvarp. Ég gat þess áðan að ég hefði haft ákveðinn fyrirvara um ábyrgðina, þ.e. það sem kemur fram í 1. tölulið, staflið d, í breytingartillögum á þskj. 140, þ.e. ábyrgð sem varðar brot af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Ég hefði viljað hafa ábyrgðina meiri en féllst á það til málamiðlunar að þessi ábyrgð væri þó fyrir hendi.

[15:06]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er athyglisvert að hv. þm. Jón Magnússon, sem er í stjórnarandstöðu rétt eins og sú sem hér stendur, sat hjá við afgreiðslu neyðarlaganna eins og þingmenn Vinstri grænna og Frjálslyndra gerðu. Að hann sem hefur verið gagnrýninn á margt það sem hér hefur verið gert frá mánudeginum svarta, 6. október, skuli nú styðja ótrúlega mikil frávik frá grunnreglum í íslensku réttarfari og frávik frá gjaldþrotaskiptalögunum til þess að undanþiggja gömlu bankana, sem eru de facto gjaldþrota, frá því að fara í gjaldþrot. Hv. þingmaður styður, að því er virðist, að Fjármálaeftirlitinu sé heimilað að reka áfram gömlu bankana í allt að 24 mánuði eins og hv. viðskiptanefnd leggur hér til. Það undrar mig að hv. þm. Jón Magnússon skuli treysta stjórn og framkvæmdastjóra Fjármálaeftirlitsins betur en hefðbundnu ferli sem þekkt er og reynsla er af í landinu í ein hundrað ár.

Ég tók eftir því að hv. þingmaður nefndi ekki réttarfarsnefnd. Hann lýsti ekki stuðningi við þá kröfu hv. þm. Atla Gíslasonar að kalla réttarfarsnefnd saman þannig að hægt væri að fá formlegt álit nefndarinnar og skoðun á þessum gerningi því að ljóst er að leitað var til formanns nefndarinnar. Ekki náðist að kalla hana saman yfir helgina. Ég vil spyrja þingmanninn hvort hann styðji ekki í það minnsta þá tillögu um vinnulag á milli umræðna hér á þinginu.

[15:08]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Jú, ég styð að málið sé lagt fyrir réttarfarsnefnd og að kallað sé eftir áliti hennar. Að sjálfsögðu eigum við að vanda til allrar lagagerðar. Jafnvel þótt liggi á má Alþingi aldrei falla í þá gryfju að afgreiða lög án þess að fyrir liggi að þau hafi fengið eðlilega þinglega meðferð þannig að ég get alveg tekið undir það sjónarmið.

Hvað erum við að tala um? Erum við að tala um að Fjármálaeftirlitinu séu falin einhver sérstök völd með frumvarpinu? Já, að því leyti að það á að hafa ákveðið eftirlit. En hvaða handverk er hér um að ræða? Það er heimild til þess að leitað sé eftir að fjármálafyrirtæki geti starfað áfram. Síðan er ráðinn lögmaður eða löggiltur endurskoðandi af fjármálafyrirtæki til að aðstoða við að koma nýrri skipan á fjármál og hann á að sjá um að hægt sé að koma starfsemi fyrirtækisins í eðlilegt horf. Fjármálaeftirlitið kemur ekki að því nema sem eftirlitsaðili, eins og ég skil það lagafrumvarp sem hér liggur fyrir. Þarna er beitt vissum afbrigðum frá gjaldþrotaskiptalögunum til að heimila hraðvirkari og einfaldari meðferð til að ganga fyrr fram og kanna vilja kröfuhafa. Ég get ekki séð að beita þurfi sérstakri innköllun.

Þarna er um miklu hraðvirkari meðferð að ræða og að mörgu leyti gagnsærri en gengur og gerist, alla vegana á upphafsstigi skipta samkvæmt gjaldþrotaskiptalögunum. Ég fæ ekki því skilið þessa ofurástúð vinstri grænna á gjaldþrotaskiptalögunum. (Forseti hringir.)

[15:10]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka yfirlýsingu um stuðning við að réttarfarsnefnd verði kölluð saman og málið fái að því leyti eðlilega þinglega meðferð.

Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir, ríkið tók yfir bankana með neyðarlögunum. Fjármálaeftirlitið og skilanefndirnar reka þessa banka núna. Samkvæmt því eru Fjármálaeftirlitið og skilanefndirnar skuldarar eða eigendur í anda gjaldþrotaskiptalaganna. Það er með hagsmuni þeirra í huga sem reka á þessi fyrirtæki áfram í allt að 24 mánuði héðan í frá eða eftir að þeir fá greiðslustöðvun.

Ég fæ annað ekki séð en að það sé nákvæmlega það sem ég sagði, að menn treysti stjórn og framkvæmdastjóra Fjármálaeftirlitsins betur til að reka bankana áfram frekar en að setja þá í eðlilega skiptameðferð vegna þess að þeir eru de facto gjaldþrota.

Hv. þingmaður talar um ást vinstri grænna á gjaldþrotaskiptalögunum. Ég skal ekki lýsa þeirri ást hér. Ég tel að það megi margt bæta í þeirri löggjöf en hér er ekki verið að gera það. Hér er verið að taka úr sambandi grundvallaratriði í gjaldþrotaskiptalögunum. Ef menn hafa eitthvað upp á gjaldþrotaskiptalögin að klaga og vilja breyta þeim, af hverju gildir það þá ekki um alla? Af hverju gildir það ekki um öll fyrirtæki? Við fáum fregnir af því núna dag eftir dag að fyrirtæki koma inn til gjaldþrotaskipta. Skyldu nú ekki einhver þeirra vilja fá þá undanþágu og það frávik frá lögunum sem hér er verið að lýsa, hv. þingmaður?

[15:13]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er nú kannski mergurinn málsins að full ástæða væri til að gera breytingar á gjaldþrotaskiptalögunum. Eins og ég gat um í ræðu minni mundi það skipta máli ef rýmri heimildir væru í gjaldþrotaskiptalögunum til að lengja frest og auðvelda bæði einstaklingum og fyrirtækjum að komast (Gripið fram í.) hjá gjaldþroti. Það get ég algjörlega tekið undir.

Af því ég hef sagt það opinberlega get ég ítrekað það hér: Ég tel að handverkið í sambandi við ákvæði neyðarlaganna hafi að hluta til verið óeðlilegt. Það sem Fjármálaeftirlitinu var fengið að gera varðandi bankana og skipan skilanefnda hefði átt að vera á forræði Seðlabanka Íslands. Ég hef lýst því yfir að ég geti ekki séð annað en að með því að

fela Fjármálaeftirlitinu það verk sem raunverulega hefði átt að heyra undir Seðlabanka Íslands hafi ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir í raun lýst afgerandi vantrausti á Seðlabanka Íslands. Það var Seðlabanki Íslands sem yfirbankinn í landinu sem átti að koma að því verki en ekki Fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið er eftirlitsaðili og það var að mínu viti óeðlilegt í neyðarlögunum svokölluðu að hafa þann háttinn á. Ég hef ítrekað lýst þeirri skoðun minni.

En Seðlabankanum var greinilega ekki treyst til þess að vinna þetta verk. Það þurfti einhver annar að gera það og kannski var Fjármálaeftirlitið til þrautavara besti kosturinn hvað það varðar.

Ég get ekki séð annað en að við séum hér eingöngu að veita rýmri heimildir, frávik, til þess að takmarka tjón og draga úr hættunni á því að eignir skerðist. Þess vegna skiptir máli að þetta frumvarp (Forseti hringir.) verði að lögum.

[15:15]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Við framsóknarmenn lítum svo á að þetta frumvarp sé í raun framhald á þeim neyðarlögum sem við samþykktum fyrr í haust. Við framsóknarmenn ákváðum að styðja þá lagasetningu þó að ég hafi í ræðu sett marga fyrirvara við það frumvarp. Það er kannski líkt og með þetta frumvarp að þar voru ákveðnir hlutir sem að mínu mati brjóta gegn stjórnarskrárréttindum eigenda og jafnræðisreglu.

Ég lýsi yfir vissum vonbrigðum með að þetta mál skuli hafa verið keyrt í gegn. Það var skiljanlegt með neyðarlögin á sínum tíma að það var ekki eftir neinu að bíða þar en þótt það sé brýnt að fá fyrirtækin, þ.e. gömlu bankana, inn í eitthvert ferli, annaðhvort greiðslustöðvun eða gjaldþrotameðferð, þá tel ég að nokkrir dagar til eða frá hefðu ekki skipt þar höfuðmáli. Hugsanlega hefði málið átt að fara fyrir réttarfarsnefnd og það hefði átt að skoða það ítarlegar af viðskiptanefnd og þeim nefndum sem fjölluðu um málið.

Varðandi þetta sérstaka mál þá munum við framsóknarmenn styðja þetta frumvarp. Við teljum að það ferli sem hófst með neyðarlögunum verði að halda áfram og að störf skilanefndanna megi ekki stöðva í miðju ferli. Það er enginn annar kostur í boði en að skilanefndirnar fái að klára þetta mál og með þeim breytingum sem eru boðaðar í frumvarpinu þó að ég telji að það hefði kannski mátt gera það með öðrum hætti en niðurstaðan hefur verið, bæði í frumvarpinu og einnig í áliti meiri hluta nefndarinnar. Ég vil taka það sérstaklega fram að ég er á nefndarálitinu en eins og í neyðarlögunum ætla ég að lýsa þeim fyrirvörum sem ég geri við þetta frumvarp.

Með neyðarlögunum var í rauninni farið í þá aðgerð að skipta bönkunum í tvennt og stofnaðar skilanefndir. Því miður hefur það valdið vissum vandræðum í ferlinu og ég held að þingið og þingmenn ættu að skoða það mjög alvarlega að fara aftur yfir neyðarlögin. Ég harma að það hafi ekki verið gert vegna þess að ég hef tekið eftir því bæði hjá þingmönnum stjórnarandstöðu og stjórnarþingmönnum að þar eru ýmsir fyrirvarar gerðir við það hvort ekki hafi einhvers staðar verið gerð mistök á leiðinni.

Mig langar að benda á að við það að eignir bankanna voru færðar yfir til nýju fyrirtækjanna meðan skuldirnar voru skildar eftir þá eru önnur fjármálafyrirtæki, hin svokölluðu minni fjármálafyrirtæki og sparisjóðir í landinu sett í mikil vandræði. Vandræðin lýstu sér kannski hvað best þegar Seðlabankinn gerði veðköll í þær tryggingar sem þeir áttu í skuldum, þ.e. í kröfur litlu fjármálafyrirtækjanna á hendur viðskiptabönkunum sem rýrnuðu mjög þegar ákveðið var af hálfu Fjármálaeftirlitsins að þær færu inn í gömlu bankana á meðan eignirnar voru skildar eftir í nýju bönkunum.

Hitt atriðið varðar sérstaklega peningamarkaðssjóðina. Það má segja að með neyðarlögunum hafi rétthæfi krafna verið breytt. Margir litu þannig á að þegar þeir settu peningana sína inn í peningamarkaðssjóði þá væri það í rauninni einhvers konar innlán, peningamarkaðssjóðirnir áttu að gera það að verkum að það var hægt að deila innláninu á marga banka þannig að það væri ekki bara trygging fyrir því í einum banka heldur í þremur og um leið áttu náttúrlega skuldabréf og víxlar bankanna að vera mjög tryggar fjárfestingar. En nú sér maður að það hefur verið farið út í einhvers konar, að mínu áliti, undarlegar aðgerðir þegar bankarnir eru sjálfir að kaupa verðlaus skuldabréf og víxla eigin peningamarkaðssjóða en sýna sömu eignum annarra minni fjármálafyrirtækja lítinn áhuga. Það er auðvitað skiljanlegt vegna þess að markaðsvirði þessara eigna er afskaplega lítið og ég held að engum manni mundi detta í hug að fara að kaupa skuldabréf af gömlu bönkunum eins og staða þeirra er núna.

Svo ég fari örstutt yfir frumvarpið þá gerir meiri hluti nefndarinnar þær breytingartillögur að frestir eða tímamörk greiðslustöðvunar verði lengdir enn frekar og ég lýsi mig samþykkan þeim breytingum. Ég held að það sé einfaldlega verið að liðka til og gera þá framkvæmd sem hér er boðuð raunhæfari en ella.

Í nefndinni var mikið rætt um það hlutverk sem aðstoðarmaður á að hafa þegar hann kemur inn í skilanefndir bankanna. Það er þannig að skilanefndir hafa verið að störfum í margar vikur og eytt gríðarlega miklum tíma í að setja sig inn í þau gríðarlega flóknu mál sem bankarnir eru og hvernig eigi að fara með meðferð eigna þeirra. Það komu óskir frá skilanefndunum um að lögunum yrði breytt á þann hátt að aðstoðarmennirnir yrðu ekki fengnir eða þá að aðstoðarmaðurinn mundi einfaldlega koma inn úr skilanefndinni. Því miður var því hafnað og ég held að um leið hafi tilgangurinn með frumvarpinu aðeins rýrnað vegna þess að þegar aðstoðarmaðurinn kemur þá á hann að hafa það hlutverk að vera í sambandi við kröfuhafa og er í rauninni sá aðili sem tekur stærstu ákvarðanirnar. Hann á að bera ábyrgð á þeim verkefnum og þeim framkvæmdum sem skilanefndirnar munu gera. Það liggur í augum uppi að það verður gríðarlega erfitt fyrir þann aðila og tekur tíma að setja sig inn í öll þessi verkefni.

En meiri hlutinn ákvað að fara þessa leið til þess að liðka aðeins fyrir þessu, að aðstoðarmaðurinn muni ekki bera skaðabótaábyrgð á framkvæmdum fjármálafyrirtækjanna á greiðslustöðvunartíma. Þetta er í anda þess að starfsmenn Fjármálaeftirlitsins bera heldur ekki ábyrgð eða skilanefndirnar bera ekki ábyrgð á þeim verkefnum sem þeir inna af hendi og kannski eðlilegt að það sé samræmi þar á milli. En á móti kemur að það eru mörg fyrirtæki út um allt

land sem eiga í miklum greiðsluerfiðleikum og þar mundu þeir aðstoðarmenn sem þurfa að fara að taka við búi í greiðslustöðvun svo sannarlega vilja líka að það verði gert algjörlega ábyrgðarlaust. Ég er því ekki sannfærður um að það skref sem er verið að stíga í þessari breytingartillögu sé rétt og set fyrirvara við það ákvæði.

Meiri hlutinn hefur einnig lagt til að 4. og 6. töluliður 2. mgr. 12. gr. laganna, um gjaldþrotaskipti, sé í rauninni tekinn úr sambandi. Eins og ég skil þetta er það í rauninni til þess að forða fyrirtækjunum frá því að fara í gjaldþrotameðferð. Ég vil taka undir með hv. þm. Atla Gíslasyni að ég sé í sjálfu sér ekki mikinn mun á þessum tveimur leiðum sem þarf að fara. Ég tel að það sé mjög óráðlegt að við séum að taka svona skilyrðisgreinar og í þessu tilviki ýta þeim til hliðar en önnur stór fyrirtæki verða að lúta sömu skilyrðum. Í mínum huga er þarna verið að mismuna aðilum. Því miður verð ég að segja að tilgangurinn með þessum lögum og neyðarlögunum er einfaldlega það mikill að það hefur verið mat manna að það hafi verið í lagi undir þessum kringumstæðum að brjóta hugsanlegt jafnræði. En ég skal ekki spá um hvernig hin mörgu mál sem væntanlega verða rekin út af þessum lögum munu fara.

Það er líka stórt atriði í þessu máli og í mínum huga mjög mikilvægt, að fyrirtækin fari í gjaldþrot til þess að þeir sem hafa verslað með hlutabréf geti fengið tapið af hlutabréfunum jafnað á móti söluhagnaði og það er ekki heimild til þess öðruvísi en undir gjaldþrotaskiptum og mjög mikilvægt að það hefði gerst nú fyrir áramót. Ég tel að þessi lög muni gera það að verkum að það muni því miður ekki verða þannig. En vonandi munu aðrir hagsmunir vega upp á móti því.

Í niðurlagi meiri hluta viðskiptanefndar er sagt að breytingartillögunni sé ætlað að auðvelda frekar ferlið við gjaldþrot og greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja undir stjórn Fjármálaeftirlitsins. Eins og ég vék að áðan þá tel ég að þar séu ýmsir fyrirvarar og ég held að það hefði verið hægt að fara aðrar leiðir til þess að ná sömu markmiðum en hér eru farnar. Við framsóknarmenn munum þó samþykkja þessi lög. En ég ítreka þá fyrirvara sem ég hef gert. Varðandi þær breytingartillögur sem hafa komið frá fulltrúa Vinstri grænna í viðskiptanefnd, hv. þm. Atla Gíslasyni, þá tel ég þær margar vera mjög góðar og virkilega þess virði að fara yfir þær. En þær bárust því miður ekki nefndinni þegar hún fjallaði um málið og þess vegna munum við framsóknarmenn sitja hjá þegar greidd verða atkvæði um þau ákvæði. En ég hefði svo sannarlega viljað skoða sérstaklega ákvæði 1. liðs breytingartillagnanna þar sem segir að við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Kjararáð ákveður laun og starfskjör bankastjóra fjármálafyrirtækja sem eru í meirihlutaeigu ríkisins og annarra starfsmanna þegar svo er háttað um laun þeirra og starfskjör að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, samanber 1. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð.

Þetta ákvæði er vissulega þess virði að það hefði verið skoðað meira og hugsanlega fengið umsagnir vegna þess að þó að þetta hljómi vel þá er þetta kannski ekki alveg jafneinfalt og það hljómar. Því sjáum við framsóknarmenn okkur ekki fært að samþykkja breytinguna eins og hún er en munum sitja hjá við afgreiðslu þessarar breytingartillögu sem og annarra.

[15:29]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessa umræðu en taldi óhjákvæmilegt að fjalla í nokkrum orðum um frumvarpið sem hér liggur fyrir.

Eins og þingheimi er kunnugt upphófst ferlið með setningu neyðarlaganna þar sem skilanefndum var falinn rekstur þeirra banka sem teknir voru yfir af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Skilanefndirnar hafa síðan rekið þessa banka og fara með það hlutverk enn þó að það sé reyndar nokkur ofrausn að kalla þessi fyrirtæki banka við núverandi aðstæður enda almennri bankastarfsemi að mestu lokið. Frekar er um að ræða verkefni sem líkjast skilastarfi í þágu kröfuhafa eins og nafnið skilanefnd ber með sér. Nýir bankar hafa verið settir á fót og eignir hafa verið fluttar til þeirra. Eftir stendur hvað gera skuli við þær eignir sem eftir standa í gömlu bönkunum.

Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er greitt fyrir því að unnt verði að nýta fyrirkomulag greiðslustöðvunar fyrir þessa banka. Ástæða þess er sú að að öðrum kosti blasir einfaldlega við hefðbundin gjaldþrotameðferð. Að óbreyttu mundi það leiða til verulegs tjóns fyrir alla þá sem hagsmuna eiga að gæta, sem eru einkanlega þeir sem kröfur eiga á hendur hinum gömlu bönkum.

Flestar af þeim eignum sem bankarnir eiga eru útlán og eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum. Þessar eignir eiga það sammerkt nú um stundir að vera afskaplega verðlitlar. Hitt er þó alveg ljóst að ef tækifæri gefst til að reka þessar skeljar eða hræ, eins og sumir vilja kalla hina gömlu banka, um einhverja tíð og skapa rekstrarforsendur fyrir þeim rekstri standa vonir til að meira verði úr þessum eignum.

Það er heldur ekki óhugsandi að kröfuhafar geti séð sér í hag í því — margir eru stórir erlendir bankar — að greiða fyrir slíkum rekstri með því að veita rekstrarlán til slíks rekstrar og fá á móti hag af því þegar verð eignanna hækkar á síðari stigum. Eins og allir vita er stærsti hlutinn af vandamálinu og það sem setti íslensku bankana í þrot, skortur á aðgengi að lausafé. Ef erlendir kröfuhafar væru tilbúnir til þess að koma þarna að og greiða fyrir lánsfé til þeirrar starfsemi sem enn er í gömlu bönkunum kann það að reynast allra hagur.

Hér hefur nokkuð talað um að allt sé þetta gert í þágu erlendra kröfuhafa og víst er að það skiptir miklu enda er markmið þessa ferlis auðvitað að tryggja hag kröfuhafanna allra. Það er hins vegar ekki síður mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að eins vel takist til við varðveislu verðmæta og mögulegt er. Orðspor Íslands er í húfi sem og virðing Íslands meðal erlendra viðskiptamanna. Það er mjög mikilvægt að við gerum sem mestan mat úr eignunum við þessar erfiðu aðstæður og á okkur hvílir rík skylda í því efni.

Við eigum mikið undir því að fyrir þessar eignir fáist eins mikið fé og mögulegt er enda kemur ávinningurinn af slíku til frádráttar því sem ella kann að falla á íslenska skattborgara í ábyrgðum vegna starfsemi íslensku bankanna á erlendri grundu.

Það er einnig ljóst að ef ekki kemur til annað tveggja,

umgjörð nauðasamninga eða gjaldþrotaskipta, standa skilanefndirnar og gömlu bankarnir berskjaldaðir fyrir handahófskenndum aðgerðum einstakra kröfuhafa, annaðhvort kyrrsetningum á fjármálafyrirtækjum eða á eignarhlutum bankanna í samsettum lánum. Því verður auðvitað að verjast. Það er mjög mikilvægt fyrir íslenska skattborgara og auðvitað fyrir alla kröfuhafa að jafnræðis kröfuhafa sé gætt sem kostur er og það verður ekki mögulegt nema komið sé í veg fyrir að einstaka kröfuhafar geti leitað kyrrsetningar á greiðslum sem íslensku bönkunum ber að fá úr einstökum lánum sem þeir hafa veitt eða átt hlutdeild í að veita á erlendri grundu á undanförnum árum.

Gjaldþrot er auðvitað valkostur en það er eðli gjaldþrotaskipta að í því felst að verið er að loka rekstri þess félags sem komið er í gjaldþrot og fá fyrir það fé kröfuhöfum til handa. Það er jafnframt ljóst að þó hér hafi verið nefnt eitt fordæmi fyrir því að rekið hafi verið um eitthvert skeið tryggingafélag á Íslandi eftir gjaldþrotaskipti er það undantekning en ekki regla. Hin almenna regla í íslenskum gjaldþrotarétti er að rekstri þeirra fyrirtækja sem verða gjaldþrota er sjálfhætt eftir að gjaldþrotaskipti hefjast.

Það er af þessum ástæðum og jafnframt vegna þess að skilanefndirnar telja æskilegt að hafa sveigjanleika um mögulegt framtíðarfyrirkomulag eignanna að farin er sú leið hér að greiða fyrir því að unnt sé að nýta það svigrúm sem felst í heimildum til nauðasamninga. Það er nauðsynlegt til að verja heildarhagsmuni fyrir aðgerðum einstakra kröfuhafa. Það er nauðsynlegt til að verja hagsmuni íslenskra skattborgara og það er ekki síst nauðsynlegt til þess að verja heildarhagsmuni allra kröfuhafa í búið, jafnt hinna smærri sem hinna stærri.

Hv. þm. Atli Gíslason málaði nokkuð dökka mynd af þeirri aðgerð sem hér er lögð til og telur að hún sé fyrst og fremst í þágu stærri kröfuhafa. Ég tel þvert á móti óbreytt ástand vera það hættulegasta af öllu fyrir smærri kröfuhafa þegar einstakir stórir kröfuhafar geta í krafti stærðar sinnar og aðstöðu handlagt eignir íslensku bankanna á erlendri grundu án tillits til hagsmuna hinna smærri.

Ég tel ekki nokkra ástæðu til að kvíða hag hinna smærri kröfuhafa í hefðbundnu greiðslustöðvunarferli að hætti íslenskra laga. Þvert á móti er það ferli sem er vel þekkt og reynt og hefur gefist vel. Mér þættu það allsérkennileg skilaboð ef skilaboð löggjafans væru þau að greiðslustöðvunarferli samkvæmt íslenskum lögum væri óáreiðanlegt og í því fælist mismunun kröfuhafa minni kröfuhöfum í óhag. Það þættu mér sérkennileg skilaboð frá Alþingi á þessum tíma til þeirra fyrirtækja sem nýta sér nú hvert á fætur öðru möguleika til nauðasamninga í gegnum greiðslustöðvunarferli.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Hér hefur nokkuð verið rætt um aðkomu réttarfarsnefndar og ágæta framsögu fulltrúa nefndarinnar, Benedikts Bogasonar, fyrir viðskiptanefnd. Sá merki lögfræðingur hafði margt athyglisvert um málið að segja. Ég tel fulla ástæðu til þess að við nýtum það tækifæri sem skapast nú með því að vísa málinu til nefndar milli 2. og 3. umr. til þess að óska eftir formlegu áliti réttarfarsnefndar. En málið er vel úr garði gert og er sannarlega til þess fallið að verja meiri hagsmuni jafnt skattborgara sem kröfuhafa.

[15:38]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður Árni Páll Árnason sagði hér áðan: Gjaldþrot er valkostur. Hv. þingmaður, þetta er rangt. Mönnum er einfaldlega skylt að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta þegar þeir standa ekki undir skuldbindingum sínum. Það er ekkert valfrelsi í því. Það sem verið er að gera með þessu frumvarpi er að taka þá skyldu af gömlu bönkunum — sem hv. þingmaður nefndi því virðulega nafni „hræin“ hér áðan — að reka megi bankana áfram í allt að 24 mánuði enda þótt öllum megi ljóst vera að þeir eru de facto gjaldþrota og standa ekki undir skuldbindingum sínum.

Hv. þingmaður virtist mér rugla því algjörlega saman hverra hagsmuna er gætt annars vegar þegar verið er að setja fyrirtæki í gjaldþrot og hins vegar þegar verið er að setja fyrirtæki í greiðslustöðvun. Í greiðslustöðvun er verið að vonast til þess að hægt verði að reka fyrirtækið áfram og þá er greiðslustöðvunin gerð með hagsmuni eigandans — eða skuldaranna, Fjármálaeftirlits, skilanefnda ríkisins — að leiðarljósi. En þegar um gjaldþrotaskipti er að ræða er búið rekið til hagsmuna fyrir kröfuhafa, þá sem eiga eignir inni í viðkomandi fyrirtæki. Gjaldþrot er ekki valkostur. Gjaldþrot er skylda og verið er að taka það af hér.

Síðastliðinn fimmtudag mælti hæstv. viðskiptaráðherra fyrir því frumvarpi sem hér er til 2. umr. og gerði grein fyrir því að þar væri um tvenns konar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki að ræða vegna þrots bankanna og í kjölfar neyðarlaganna. Annars vegar yrði skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis heimilað að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi enda þótt Fjármálaeftirlitið væri búið að taka leyfið af fyrirtækinu. Hins vegar miðuðu breytingarnar, að sögn hæstv. ráðherra, að því að lengja fresti og auðvelda tilkynningu fyrir aðstoðarmann fyrirtækis sem veitt hefur verið greiðslustöðvun.

Þetta kynnti hæstv. ráðherra síðdegis á fimmtudaginn í síðustu viku. Þá var klukkan um hálffimm, ef ég man rétt. Rúmlega hálfum sólarhring síðar eða svo kom hv. viðskiptanefnd saman. Ég vil taka fram að allir sem þar töluðu tóku vel í málið. Gerðir voru eðlilega fyrirvarar við að málið bar brátt að. Hv. þm. Atli Gíslason lýsti fyrirvörum sem við höfum við þá lagaumgjörð sem nýju bönkunum er ætlað að starfa eftir og boðaði breytingartillögur sem hér hafa séð dagsins ljós á sérstöku þingskjali og snúa sérstaklega að launakjörum æðstu yfirmanna í þessum bönkum, að taka ofurlaunastefnuna af í eitt skipti fyrir öll og að bankarnir sem nú eru að fullu í eigu ríkissjóðs lúti stjórnsýslulögum og upplýsingalögum. Ég gæti auðvitað rakið í stuttu máli þau prinsipp sem við vinstri græn teljum að rekstur bankanna eigi að byggjast á. Þeir eiga fyrst og fremst að vera þjónustustofnanir við almenning í landinu en ekki dótakassi fyrir fjármálaspekúlanta og nýríka nonna í samfélaginu eins og verið hefur.

En ég var þar komin í máli mínu, herra forseti, að morguninn eftir framsögu hæstv. ráðherra kom hv. viðskiptanefnd saman. Þá lágu fyrir í löngu og ítarlegu máli breytingartillögur frá viðskiptaráðuneytinu, frá ráðuneyti hæstv. viðskiptaráðherra sem hafði ekki í einu orði getið þeirra um hálfum sólarhring fyrr.

Hér er allt á eina bókina lært. Ríkisstjórnin vinnur gjörsamlega án samráðs í þinginu. Ekki nóg með það. Hæstv. ráðherra sagði hér, og ég les orðrétt með leyfi forseta, í framsöguræðu sinni:

„Traust og gagnsæi eru þarna algjör lykilorð.“

Traust og gagnsæi eru þarna algjör lykilorð, sagði hæstv. ráðherra. Síðan hélt hann áfram máli sínu og hélt því vandlega leyndu að hann ætlaði sér að leggja fyrir viðskiptanefnd tillögur um allt annað, sem sagt að taka gjaldþrotaskiptalögin úr sambandi.

Nú hefur hv. viðskiptanefnd gert þessar tillögur að sínum og í nefndaráliti meiri hlutans segir á blaðsíðu 2 þegar búið er að rekja í löngu máli frestina og starfsleyfið sem framlengd eru, með leyfi forseta:

„Að lokum leggur meiri hlutinn til breytingu sem felur í sér nýtt ákvæði til bráðabirgða. Í því felst að þegar Fjármálaeftirlitið leitar eftir heimild til greiðslustöðvunar eða framlengingu greiðslustöðvunar fyrir fjármálafyrirtæki skuli slík heimild veitt án tillits til 4. eða 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti og fleira.“

Sem sagt: Dómari má ekki samkvæmt þessu úrskurða fyrirtækin gjaldþrota. Hann bannar þeim að fara í greiðslustöðvun enda þótt ljóst sé að þau eru gjaldþrota.

Ég tel, herra forseti, að það sé algjörlega nauðsynlegt að fá upplýsingar um hverjar ástæðurnar eru fyrir svona „drastískri“ aðgerð. Af hverju er verið að gera þetta? Er það virkilega svo að það eigi að fara að reka hér sex banka á grunni þeirra þriggja sem fóru á hausinn í byrjun síðasta mánaðar? Á að reka gömlu bankana í allt að 24 mánuði í greiðslustöðvun og síðan þrjá nýja banka sem verið er að reyna að koma á lappirnar?

Það sem þarf að gera hér er að gera upp bú gömlu bankanna, því fyrr því betra. Það þarf að taka búin til skipta. Það þýðir ekki að allt færi hér á brunaútsölu, eins og hv. þm. Árni Páll Árnason sagði áðan, þvert á móti. Í gjaldþrotaskiptaferlinu er jafnræði kröfuhafa tryggt. Þar með er alveg útilokað að verið sé að þjónka undir stóra erlenda banka sem hafa greinilega bundist samtökum og koma í einum hóp með hirð lögfræðinga á morgun og hinn, stórir þýskir, breskir og ameríkskir bankar, kannski hollenskir líka. Það eru þeir sem setja skrúfstykki á hæstv. ráðherra viðskiptamála. Hann kiknar auðvitað í hnjánum og kippir gjaldþrotaskiptalögunum úr sambandi. Ég átta mig ekki á því hvað hér er í gangi. Það er þagað yfir þeim ástæðum sem hér liggja að baki. Það vantar algjörlega skýringar á því hvað menn eru að fara og það eru engin gögn, eins og hv. þm. Atli Gíslason hefur ítrekað bent á, sem liggja frammi um nauðsyn þess að gera þetta á þennan hátt.

Það er sama virðingarleysið fyrir þingi og þjóð og ríkisstjórnin hefur sýnt allt frá því að vandinn varð opinber í byrjun októbermánaðar. Öllu er haldið leyndu. Þetta er ríkisstjórn sem ekki treystir þingi og þjóð fyrir því hvað hún er að pukrast með.

Hv. þm. Árni Páll Árnason sagði áðan að mikilvægt væri að verja hagsmuni skattgreiðenda og það væri gert með þessu frumvarpi. Ég verð að segja alveg eins og er að ég treysti ekki Fjármálaeftirlitinu og skilanefndunum til þess að gæta hagsmuna skattgreiðenda í þessu máli. Ég vil helst ekki að þessir aðilar stjórni bönkunum, þrotabúum þeirra, deginum lengur. Við skulum ekki gleyma því að þeir hafa þegar sent hverju einasta mannsbarni á landinu 625 þús. kr. reikning. Hvers vegna? Til þess að hægt sé að uppfylla yfirlýsingar hæstv. viðskiptaráðherra um að greiða öllum allt út úr sjóðum enda þótt að sjóðirnir séu tómir og skuldabréfin og hlutabréfin sem í þeim eru séu algjörlega verðlaus. Það voru einfaldlega teknir peningar úr ríkissjóði og fluttir á milli. Hverjum á svo að senda reikninginn? Skattgreiðendum, hv. þm. Árni Páll Árnason.

Þetta eru þau verk sem búið er að vera að vinna frá því að skilanefndirnar tóku við undir forustu og eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Fyrst ég nefni eftirlit Fjármálaeftirlitsins verð ég að segja eins og er að það var nú ekki par gott eftirlitið sem Fjármálaeftirlitið hefur haft með starfsemi bankanna á undangengnum árum. Hér er verið að tala um að Fjármálaeftirlitið eigi áfram að hafa eftirlit með sjálfu sér í rekstri bankanna í allt að 24 mánuði. Það var ekki par gott eftirlitið þegar útrásarvíkingarnir voru byrjaðir að setja hér allt á hvolf. Og það var ekki par gott eftirlitið þegar verið var að heimila Icesave-reikningana og meira að segja að heimila nýja lánalínu í Hollandi eftir að ljóst mátti vera — Fjármálaeftirlitinu var það alla vegana ljóst, það er skjalfest — að Icesave-reikningarnir í Bretlandi voru að sliga þjóðarbúið. Nei, Fjármálaeftirlitið hélt sínu striki.

Þess vegna segi ég: Það verður að fást upp á borðið af hverju menn ætla að láta Fjármálaeftirlitið og skilanefndirnar halda þessu rugli áfram í allt að 24 mánuði í stað þess að fara í lögformlegt, viðurkennt ferli sem þekkt er um alla norðanverða Evrópu á grunni laga sem þekkt eru í norrænum rétti og á grunni reynslu sem gerir öllum kröfuhöfum, innlendum sem erlendum, stórum sem smáum, jafnt undir höfði.

Það væri gaman að fara nánar út í hvernig maður sér hina nýju banka og hið nýja umhverfi sem við þurfum að byggja upp þegar þessari hrinu lýkur. Eitt er víst, herra forseti, að við getum ekki byggt upp á sama grunni. Við verðum að fara að setja stopparann á þetta lið. Við verðum að fara að hætta þessu pukri. Við verðum að fara að hleypa fólki með heilbrigða, almenna skynsemi að þessu máli og lofta út úr herbergjunum.

Ég tel að það megi vel lengja fresti í gjaldþrotalögunum og það megi kveða á um ábyrgðir eins og hér er gert í þessu frumvarpi vegna þess hve gífurlega háar fjárhæðir er um að ræða. Ábyrgðarsjóðir endurskoðenda og lögmanna geta eðlilega ekki staðið fyrir því. En að öðru leyti lýsi ég fullri andstöðu við þetta frumvarp. Það á að loka gömlu bönkunum, það á að gera búin upp, það á að setja eignir og skuldir venjulegra Íslendinga, innlán og skuldir, inn í nýju bankana. Ríkið þarf að koma með hlutafé þar inn og við þurfum að geta hafið rekstur þeirra á réttum grunni. En gömlu bankana eigum við ekki að láta Fjármálaeftirlitið og skilanefndirnar vera að leika sér að í 24 mánuði í viðbót.

[15:52]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst undarlegt að hlusta á hv. þingmann. Ég skil ekki hvaða nauður rekur þingmenn Vinstri grænna til að reyna að láta að engu verða verðmæti sem liggja í þessum bönkum. Hv. þingmaður sagði að loka

ætti bönkunum tafarlaust, það væri grundvallaratriði og skipti miklu máli að þessu ferli yrði lokið strax.

Fyrir liggur að það er fjármálakreppa í heiminum. Fyrir liggur að vaxandi efnahagskreppa er í heiminum. Fyrir liggur að verðmæti þessara eigna, sem margar voru keyptar dýrum dómi fyrir nokkrum árum, eru nú í sögulegu lágmarki. Þá hlýtur maður að spyrja: Þarf ekki ansi sterk rök fyrir því að ákveða að ljúka gjaldþrotaferli á þessum tímapunkti þegar allir vita að það mun þýða hámarkstjón fyrir kröfuhafa? Það mun þýða hámarkstjón fyrir íslenskan almenning sem mun þá þurfa að bera að fullu þær byrðar sem menn eru að vonast til að fá eignir upp í úr þessum búum. Þetta er algjörlega fráleitur málflutningur og undarleg framganga gagnvart almenningi og skattborgurum í landinu.

Almenningur í landinu, sem þarf nú að horfast í augu við að bera að einhverju leyti kostnað vegna atvinnustarfsemi sem einstaklingar stofnuðu til í fyrirtækjum, á betra skilið. Almenningur á ekki að þurfa að bera allar þessar byrðar við erfiðasta ástand sem hægt er að hugsa sér, ef hægt er að finna á því fræðilegan flöt að reka þessar eignir áfram um einhvern tíma til þess að reyna að fá fyrir þær meira verð. Tilgangurinn er sá að íslenskir skattborgarar þurfi ekki að hafa af þessum málum meira tjón en nauðsynlegt er.

[15:54]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get endurtekið það sem ég sagði áðan: Ég er ekki að tala um að ljúka gjaldþrotaskiptum þessara fyrirtækja í dag eða á morgun. Ég er að tala um að taka fyrirtæki sem eru sannarlega gjaldþrota, sem eru gjaldþrota de facto, til gjaldþrotaskipta. Hv. þingmaður veit sem lögmaður að hægt er að gera nákvæmlega það sama undir gjaldþrotaskiptum og gert er í greiðslustöðvun. Það er hægt að leita nauðasamninga. Það er hægt að reka fyrirtækin áfram og hefur margoft verið gert. Nefnd hafa verið dæmi þess að fyrirtæki hafi sem slík verið rekin í átta ár með þeim hætti.

Það er enginn að segja að með því að taka þessi bú til gjaldþrotaskipta sé verið að setja allt á brunaútsölu. Það sem við erum að segja er að með því er verið að fara með hlutina inn í þekkt gagnsætt opið ferli sem mismunar ekki kröfuhöfum og er ekki undir stjórn Fjármálaeftirlitsins eða þeirra sem skipaðir voru í skilanefndir gömlu bankanna. Við skulum muna að með neyðarlögunum voru bæði Fjármálaeftirlitið og skilanefndirnar gerðar ábyrgðarlausar. Með frumvarpinu sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir því að aðstoðarmaður í greiðslustöðvun, aðstoðarmaður við Fjármálaeftirlitið og skilanefndina, verði líka ábyrgðarlaus.

Ég segi alveg hreint eins og er, hv. þingmaður, að ég tel eðlilegra að við göngum fram í þessu máli samkvæmt þeim lögum sem gilt hafa í landinu í hundrað ár. Það er langt í frá að nauður þurfi að reka til að selja allar eignir á brunaútsölu. Það hefur aldrei tíðkast, hv. þingmaður.

[15:56]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur víst tíðkast almennt séð að selja eignir um leið og hafist er handa um gjaldþrotaskipti. Almenna reglan á Íslandi hefur verið sú að rekstur búa hefur verið í lágmarki eftir að gjaldþrotaskipti eru hafin og reynt hefur verið að koma eignum í verð hratt og örugglega. Hér eru sannarlega aðrir og ríkari hagsmunir af langtímarekstri og það kann jafnvel að vera möguleiki að forða mjög miklu tjóni.

Mér finnst líka mjög sérkennileg sú aðför að faglegum heiðri þess fólks sem situr í skilanefndum bankanna sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir setur hér fram. Úr ræðustóli Alþingis falla sleggjudómar yfir þessu fólki og því starfi sem það er að vinna. Ég held að mjög vel hafi verið unnið af skilanefndunum og af fyllstu fagmennsku á undanförnum vikum og algjörlega fráleitt að vera með sleggjudóma sem ekki er nokkur fótur fyrir.

Þetta er líka staðfesting á því sem ég hef oft sagt úr þessum ræðustól að lengi má manninn reyna þegar á hólminn er komið og á það í þessu tilviki við um þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs: Að hér skuli vera lýst sérstakri tiltrú á hundrað ára gömul gjaldþrotalög. Það hljóti að vera eðlilegt að nota þau af því þau eru hundrað ára gömul. Sannast þá hið fornkveðna að hér er um að ræða afturhaldssamasta róttæklingaflokk sem um getur á byggðu bóli — óbreytt ástand er alltaf betra en breytingar og að framfarir eru nú eitthvað það sem þessi flokkur getur aldrei hugsað sér. (Gripið fram í.) Það virðist algjörlega tryggt að óbreytt ástand sé alltaf betra en eitthvað nýtt og breytingar.

Fyrir liggur að hætta er á að verðmæti fari forgörðum. Fyrir liggur að mun ríkari hagsmunir eru af því að reka þessar eignir áfram en að láta fara fram gjaldþrot en þá er samt sagt að hundrað ára aðferðin sé betri en að reyna eitthvað nýtt.

[15:58]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem skiptir máli hér er að fara í gagnsætt opið ferli. Það má vera hundrað ára gamalt og það er þá bara því til hróss vegna þess að erlendir sem innlendir kröfuhafar þekkja það ferli. Hæstv. ríkisstjórn hefur hins vegar valið þá leið að gera allt fyrir luktum dyrum. Koma hér inn með mál algjörlega án ráðslags við stjórnarandstöðuna. Og ég endurtek: Það er vegna þess að hún treystir hvorki þingi né þjóð fyrir því sem hún er að pukrast með.

Hv. þm. Árni Páll Árnason endurtók það hér að ástæðan fyrir því að nauðsynlegt sé að kippa gjaldþrotalögunum úr sambandi sé sú að sú stórfellda vá sé annars fyrir dyrum að þessar eignir fari forgörðum. Þess eru mýmörg dæmi að þrotabú hafi verið rekin um lengri eða skemmri tíma. Það fer allt eftir hagsmununum. Sjálf þekki ég mjög vel til reksturs slíkra búa og af því að hæstv. iðnaðarráðherra er genginn í salinn er ég hér að tala um laxeldisstöðvar sem fóru margar hverjar á hausinn á árum áður, voru teknar til gjaldþrotaskipta. Þær voru auðvitað reknar meðan fiskurinn var að vaxa til þess að fá verðmæti út úr því. Það var ekkert vit í því að slátra fiskinum meðan hann var ekki sláturhæfur. (Gripið fram í.)

Þetta er það sem skiptir máli við rekstur gjaldþrotabúa. Það er að fá sem mest út úr eignunum og að það sem út úr þeim fæst skiptist jafnt á milli kröfuhafa með tilliti til hagsmuna þeirra. Ekki með tilliti til eigendanna, ég tala nú ekki

um þeirra sem hafa verið að pukrast með eignirnar undanfarnar vikur.

Ég mótmæli því harðlega að ég hafi gert aðför að faglegum heiðri þeirra manna sem skipa skilanefndirnar enda þótt ég hafi leyft mér að gagnrýna að þeir hafa sent (Forseti hringir.) hverju mannsbarni 625 þús. kr. reikning. (Gripið fram í.) Það er leyndarmál. Það er leyndarmál (Forseti hringir.) eins og annað hjá hæstv. ríkisstjórn. (Forseti hringir.) Það ætti stjórnarþingmaðurinn Árni Páll Árnason að vita.

[16:01]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er virðingarvert hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur að krefjast þess að hér verði vandaður málflutningur og að vanda þurfi til við uppbyggingu nýrra banka, fá nýja sýn og nýjar áherslur. Undir þetta get ég tekið heils hugar.

Það sem vakti forvitni mína var að í ræðu hv. þingmanns komu ýmsar upplýsingar sem ég hef ekki skjöl fyrir og hef ekki heyrt fyrr. Hér er fullyrt að verið sé að greiða úr sjóðum skattborgara — frá ríkissjóði væntanlega, því að það er umboðsaðili skattborgara — u.þ.b. 620 þús. kr. á mann og það hafi verið gert í einhverjum leyniherbergjum og ákveðið án vitneskju annarra. Þetta eru upplýsingar sem ég hef ekki fengið og væri gaman að heyra hvaðan viðkomandi hv. þingmaður hefur þær.

Einnig er fullyrt að Fjármálaeftirlitið hafi skjalfest, svo að ég hafi orðrétt eftir hv. þingmanni, „að ljóst var að Icesave var að sliga þjóðfélagið þegar hollenska útibúið var stofnað“. Þarna eru upplýsingar sem ég hef ekki heyrt fyrr en hér og vil þá biðja hv. þingmann að gefa mér upp með hvaða hætti hann hafi fengið staðfestingu á þessu þar sem svo er látið sem þetta sé öllum ljóst.

Mér finnst það ábyrgðarhluti þegar hv. þingmenn koma hér í ræðustól og feykja upp moldviðri og auka þannig á óvissu og tortryggni í samfélaginu, sem er af ýmsum ástæðum mikil fyrir. Ég held að mjög mikilvægt sé að hv. þingmaður geri grein fyrir því hvað átt er við með „bakherbergjum“ og hverjir hafi verið þar og þá inn á hvaða einstaklinga á að hleypa lofti svo að þeir lifi betur. (Forseti hringir.) Þetta eru athugasemdirnar sem komu hér í ræðu. Mig langar að fá betri skýringar, takk.

[16:03]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil gjarnan ræða þetta í góðu tómi við hv. þm. Guðbjart Hannesson. Hann kvartar undan því að hafa ekki séð nein skjöl um að það hafi kostað hvert einasta mannsbarn á landinu 625 þús. kr., ekki 620 þús. kr., að greiða 75–85%, það var nokkuð misjafnt eftir bönkum, af peningamarkaðssjóðunum sem vitað er að voru kannski svona 60–70% tómir, ef ekki meira í sumum tilfellum. Það þarf engan sérfræðing til þess að deila 200 milljörðum kr. með íbúafjölda landsins og fá þessa tölu út. (Gripið fram í.) Ja, hver skyldi hafa gert það, hv. þm. Árni Páll Árnason, sem hér kallar fram í? Það er spurningin, það er bara eitt af því sem þarf að fást upp á borðið, það er eitt af því sem þarf að rannsaka við þessi mál öll. (Gripið fram í.) Ég frábið mér frekari frammíköll á þessum stutta tíma. Hv. þingmaður hefur þegar farið í andsvar við mig og ég bið hann að fara þá aftur hér í ræðustól en eyða ekki mínum tíma.

Ég ætlaði að reyna að svara því (Gripið fram í.) sem snýr að Fjármálaeftirlitinu og ég nefndi. Ég veit ekki betur en að — og það hlýtur hv. þingmanni líka að vera ljóst sem og landslýð — stjórnvöld, þar með Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn, hafi fengið erlenda sérfræðinga til þess að gera úttekt á stöðu þessara reikninga síðasta vor. Skrifuð var löng og mikil skýrsla um það. Henni var stungið undir stól (Gripið fram í.) og það hefur verið gagnrýnt harðlega. Hvað segir nú hæstv. iðnaðarráðherra? (Gripið fram í.) Hollensku innlánsreikningarnir byrjuðu 2006? (**Gripið fram í:** Þá var gefið leyfi fyrir þeim.) Já, þá hef ég haft um það rangar upplýsingar vegna þess að það hefur verið fullyrt (Forseti hringir.) við mig að það hafi verið töluvert eftir að bresku reikningarnir hafi vaxið okkur yfir höfuð. Ég fæ kannski að svara þessu betur hér á eftir. (Gripið fram í.)

[16:05]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það fór eins og mig grunaði að þessir 200 milljarðar kr. sem við höfum heyrt um og vitum að hefur verið kostað til þess að bæta stöðu peningamarkaðssjóðanna, að hv. þingmaður viðurkennir að hafa ekki hugmynd um hver greiðir það en ber það samt upp að það séu skattgreiðendur. Að því er ég best veit er það greitt af eignasafni allra þriggja bankanna. Hafi svo verið á ég erfitt með að sjá að hægt sé að líta svo á að ríkissjóður eigi að þurfa að greiða það sérstaklega. Mér finnst mikilvægt að menn séu með réttar upplýsingar, ef hv. þingmaður veit betur og veit að ríkissjóður á að greiða þetta (Gripið fram í.) þá er það eitthvað sem ég hef ekki fengið staðfest. (Gripið fram í.)

Varðandi þessar tilvitnanir sem ég var með: Það var skjalfest að ljóst var að Icesave væri að sliga þjóðfélagið. Mér finnst mjög mikilvægt þegar menn taka svona til orða að þeir geti staðið við orðin. Það er nóg af yfirboðum í alla vega yfirlýsingum í þingsal um ástandið, (Gripið fram í.) yfirlýsingar sem auka tortryggni, yfirlýsingar sem valda ótta og óvissu (Gripið fram í.) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Gefa ræðumanni hljóð.)

Ég biðst undan því að þingmenn eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir komist upp með að kalla þá sem hafa verið að vinna trúnaðarstörf á vegum ráðuneyta og embættismenn í skilanefndum — að kalla þá lið sem vinni einhver óheillaverk í bakherbergjum, herbergjum sem þurfi að hleypa lofti inn í. Mér finnst þetta ekki sæmandi umræða og biðst undan því að sitja undir þessu hér í þingsal, takk.

[16:07]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ef það eru ekki skattgreiðendur sem eiga að greiða 200 milljarða kr. reikninginn sem fór í að borga út úr sjóðunum, hver er það þá? Hver á að borga þetta?

Þannig vill til að bankarnir sem keyptu þessi verðlitlu og verðlausu bréf af gömlu bönkunum eru orðnir ríkisbankar og það liggur fyrir að það er verkefni ríkissjóðs að leggja þeim til hlutafé og rekstrarfé, m.a. til þeirra verka sem þeir nú þegar hafa framkvæmt, sem er að kaupa þessi verðlitlu

og verðlausu bréf, þar á meðal bréf í stórum fyrirtækjum sem eru í greiðslustöðvun. Ég vil nefna hér fyrirtækið Stoðir, sem áður var FL Group. Hvað skyldu bréf þess fyrirtækis hafa verið keypt á mikið og hver á að borga það? Auðvitað kemur reikningurinn til skattgreiðenda, hv. þingmaður. Menn mega ekki vera svona viðkvæmir fyrir gagnrýni.

Það kann vel að vera að hv. stjórnarþingmenn viti ekkert meira um það sem er að gerast en við stjórnarandstöðuþingmenn. Þá skora ég líka á ykkur að viðurkenna það (Gripið fram í.) í stað þess að standa hér og skamma þá sem kalla eftir því að upplýsingar komi fram og liggi uppi á borðum. (Gripið fram í.) Ég kom með fullyrðingar um það að 200 milljarða kr. reikningurinn sem það kostaði að borga fyrir þessa sjóði mun koma til skattgreiðenda og það fullyrði ég enn og aftur. Það er enginn annar sem kemur til með að borga það, hv. þingmaður. (Gripið fram í.)

[16:09]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þm. Álfheiði Ingadóttur að það er mjög mikilvægt að menn læri af þessari reynslu allri og ekki bara Íslendingar heldur öll heimsbyggðin því að hér hafa komið í ljós ákveðnir gallar í kerfunum. Ég nefni t.d. gagnkvæmt eignarhald, það er ákveðinn galli í öllum kerfunum hvað það er orðið víðtækt um allan heim. Ég nefni jöklabréfin sem hrönnuðust upp á Íslandi og við þurfum að læra af. Ég nefni Icesave sem er veila í regluverki Evrópusambandsins og þyrfti að læra af, ekki bara við heldur Evrópusambandið sjálft, hvernig einkafyrirtæki virðast geta „skuldbundið skattgreiðendur“ í gæsalöppum, því að sjálfsögðu gera þeir það ekki, á endanum tekur skattgreiðandinn, þ.e. Alþingi, ákvörðun um þetta.

Þegar skuldarar lenda í vandræðum er það ráð allra góðra manna að þeir snúi sér til kröfuhafa og opni gluggaumslögin. Þetta á við um einstaklinga, þetta er fyrsta ráð sem menn gefa skuldurum í vandræðum; opnið þið gluggaumslögin og hafið þið samband við kröfuhafa. Þetta er einmitt það sem íslensku bankarnir og íslenska þjóðin á að gera núna, hún á að hafa samband við kröfuhafa og hún er að því. Það frumvarp sem við ræðum hér er liður í því.

Mér þótti því dálítið slæmt að hv. viðskiptanefnd hafði ekki fengið á sinn fund fulltrúa þessara kröfuhafa. Nú veit ég það og hér hefur komið fram í umræðum að það eru mjög stórir kröfuhafar, verulega stórir kröfuhafar, það eru þýskir bankar sem sennilega eiga yfir helminginn af þessum kröfum, þessum gífurlegu kröfum sem íslensku bankarnir skulduðu. Þeir eru þarna sem fulltrúar þýskra sparifjáreigenda, sem hafa lagt þetta fé inn, og það er mjög mikilvægt að þeir séu — þeir verða náttúrlega aldrei sáttir við niðurstöðuna — með í að móta niðurstöðuna og verði eins sáttir og hægt er, þ.e. ef við ætlum að eiga viðskipti við þá í framtíðinni, sem er líka mjög mikilvægt fyrir atvinnuuppbyggingu á Íslandi. Ég held því að það sé mjög mikilvægt að við vinnum með kröfuhöfum að lausn þessa vanda.

Hinn venjulegi Íslendingur lagði ekki inn á og leyfði ekki reikninga Icesave í Hollandi. Hann stóð ekki að því að veita lán til þýskra banka þannig að hann ber enga ábyrgð nema það að fá að halda velvild í þessu alþjóðlega umhverfi. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur, bæði gagnvart Icesave-reikningunum og gagnvart þessum stóru kröfuhöfum, að menn séu eins sáttir og hægt er og að lausnin sé unnin í sátt við þá kröfuhafa sem gera kröfu á Íslendinga. Jafnframt, og ég undirstrika það, þurfa þeir að skoða hvað mikið er hægt að leggja á íslenska þjóð og hvað mikið er skynsamlegt að leggja á íslenska þjóð þannig að hún brotni ekki undan því og skili eins miklum afrakstri og afköstum og við höfum gert hingað til og verði ekki brotin í því starfi.

[16:13]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er bara eitt atriði sem mig langar til að koma inn á í ræðu hv. þm. Péturs Blöndals. Hann beindi þeim tilmælum til viðskiptanefndar að hún fengi á sinn fund erlenda kröfuhafa. Ég tel að það sé afar vel til fundið af hálfu hv. þingmanns að benda á það en vil þó taka fram að við í stjórnarandstöðunni höfum ítrekað krafist funda í viðskiptanefnd og líka óskað eftir upplýsingum, t.d. varðandi viljayfirlýsinguna sem hefur verið gerð við Holland. Það er nú ekki lítið mál hvað kemur til með að standa í henni. Er búið að semja við Hollendinga um greiðslu á einhverjum hluta þeirra krafna sem þeir eiga á okkur?

Við höfum líka farið fram á það t.d. að nýju bankastjórarnir komi á fund viðskiptanefndar, viðskiptaráðherra, bara svo að hann geti upplýst um það ferli sem á sér stað, hvað er í gangi og kannski til þess að svara óteljandi spurningum sem brenna á nefndarmönnum og hafa því miður komið fá svör við. Ég vil þó hrósa bæði formanni og varaformanni viðskiptanefndar fyrir að halda mjög ítarlega fundi nánast upp á hvern einasta dag. Ég vil þá kannski spyrja hv. þm. Pétur Blöndal hvort ekki væri vert að skoða það að viðskiptanefnd og efnahags- og skattanefnd komi saman og ræði þessi mjög svo brýnu mál. En ég tek undir að það er mjög góð ábending að fá erlenda kröfuhafa á fund nefndarinnar.

[16:15]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við þessu er bara eitt að segja: Ég hef unnið með hv. formanni viðskiptanefndar að því að taka á þessum málum öllum. Við vinnum vel saman og komið hefur til tals að halda slíkan sameiginlegan fund og væri ég alveg til í það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:24]

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, SKK, SF, StB, VS, ÖS.

6 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, GHH, GÁ, GSv, HHj, IllG, ISG, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KHG, KLM, RR, RGuðb, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 152,1 felld með 22:6 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, HerdÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, SKK, StB, ÖS.

5 þm. (HSH, HöskÞ, MS, SF, VS) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, GHH, GÁ, GSv, HHj, IllG, ISG, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KHG, KLM, RR, RGuðb, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 140,1 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, SKK, SF, StB, VS, ÖS.

6 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, GHH, GÁ, GSv, HHj, IllG, ISG, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KHG, KLM, RR, RGuðb, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, SKK, SF, StB, VS, ÖS.

6 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, GHH, GÁ, GSv, HHj, IllG, ISG, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KHG, KLM, RR, RGuðb, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 140,2.a (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, SKK, SF, StB, VS, ÖS.

6 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, GHH, GÁ, GSv, HHj, IllG, ISG, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KHG, KLM, RR, RGuðb, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 140,2.b (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 27:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, SKK, SF, StB, VS, ÖS.

nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, KolH, SJS, ÞBack.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, GHH, GÁ, GSv, HHj, IllG, ISG, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KHG, KLM, RR, RGuðb, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 152,2 felld með 21:6 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HerdÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, SKK, StB, ÖS.

5 þm. (HSH, HöskÞ, MS, SF, VS) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, GHH, GAK, GÁ, GSv, HHj, IllG, ISG, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KHG, KLM, RR, RGuðb, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

Brtt. 152,3 kom ekki til atkv.

Brtt. 152,4 kom ekki til atkv.

3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, SKK, StB, VS, ÖS.

6 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, GHH, GAK, GÁ, GSv, HHj, IllG, ISG, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KHG, KLM, RR, RGuðb, SF, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

Brtt. 140,3 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, SKK, StB, VS, ÖS.

6 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, GHH, GÁ, GSv, HHj, IllG, ISG, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KHG, KLM, RR, RGuðb, SF, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, SKK, SF, StB, VS, ÖS.

6 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, GHH, GÁ, GSv, HHj, IllG, ISG, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KHG, KLM, RR, RGuðb, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 152,5 kom ekki til atkv.

Fyrirsögn samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, SKK, SF, StB, VS, ÖS.

6 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, GHH, GÁ, GSv, HHj, IllG, ISG, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KHG, KLM, RR, RGuðb, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til viðskn.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:30]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Húsnæðismál, 1. umr.

Stjfrv., 137. mál (lengri lánstími skuldbreytingarlána vegna greiðsluerfiðleika). — Þskj. 150.

[16:31]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Viðsnúningur í efnahagsmálum þjóðarinnar stefnir fjölmörgum heimilum í landinu í hættu. Óhjákvæmilegt er að grípa til aðgerða tafarlaust til að mæta vanda fólks sem stendur frammi fyrir ört vaxandi greiðslubyrði lána, verðlækkun eigna sinna, lækkun kaupmáttar og í sumum tilvikum atvinnumissi. Nú þegar hefur komið í ljós að töluverður hópur fólks getur ekki staðið undir skuldbindingum sínum og að óbreyttu mun þeim fjölga á næstu vikum og mánuðum. Mikilvægt er að bregðast hratt og örugglega við þessum breyttu aðstæðum og þegar um miðjan nóvember kynnti ég fjölmargar aðgerðir sem unnar voru af ráðuneyti mínu í samvinnu við Íbúðalánasjóð til að mæta vanda lántakenda sjóðsins. Fæstar aðgerðanna kröfðust lagabreytingar og eru þegar komnar til framkvæmda á grundvelli reglugerðarbreytinga eða breytinga á verklagi Íbúðalánasjóðs.

Aðgerðirnar í frumvarpinu, sem ég mæli fyrir, eru þær einu sem krefjast lagabreytingar af þeim aðgerðum sem kynntar voru í síðasta mánuði. Helstu aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til eru: Íbúðalánasjóður getur nú boðið viðskiptavinum sínum að greiða ekki af höfuðstóli láns heldur einungis vexti og verðbætur í tiltekinn tíma. Þykir það líklegt til að leysa úr greiðsluvanda lántakenda. Lántakandi getur nú komist hjá nauðungarsölu með greiðslu þriðjungs af vanskilum sínum í stað helmings áður. Lántakandi, sem hefur keypt nýtt húsnæði en ekki tekist að selja eldra húsnæði sitt vegna sölutregðu á fasteignamarkaði, getur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum fengið frest á greiðslu afborgana lána. Íbúðalánasjóður hefur breytt verklagi við innheimtu vangoldinna skulda og bíður nú með sendingu greiðsluáskorunar í fjóran og hálfan mánuð frá gjalddaga í stað tveggja og hálfs áður. Þá hefur tími sem fólk hefur til að flytja úr íbúð sem það missir á nauðungarsölu verið lengdur úr einum mánuði í þrjá. Framantaldar heimildir koma til viðbótar eldri úrræðum sem felast m.a. í skuldbreytingu vanskila, lengingu lána og frystingu afborgana í allt að þrjú ár.

Fyrstu tíu mánuði þessa árs voru umsóknir vegna greiðsluerfiðleika til Íbúðalánasjóðs 718, sem er 127% aukning miðað við sama tíma fyrir ári. Um helmingur umsóknanna barst sjóðnum í september og október og á fyrstu ellefu dögum þessa mánaðar hafa bæst við tæplega 140 umsóknir. Vanskil eru verulegt vandamál og í upplýsingum frá Creditinfo á Íslandi frá 29. október kemur fram að tæplega 14.000 heimili eru á vanskilaskrá eða tæplega 8% allra fjölskyldna í landinu.

Eitt úrræðanna sem gripið hefur verið til er að efla Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Um miðjan október var stöðugildum þar fjölgað um fjögur. Nú er til skoðunar hvort setja eigi stofnuninni stað í lögum og víkka starfsemi hennar fyrir fólk, líka á landsbyggðinni.

Virðulegi forseti. Frumvarpið sem ég mæli hér fyrir miðar að tvennu. Í fyrsta lagi felur það í sér heimild Íbúðalánasjóðs til að lengja lánstíma vegna greiðsluerfiðleika í allt að 30 ár í stað 15 ára nú. Annars vegar verði heimilaður lánstími skuldbreytingarlána vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika lengdur úr 15 árum í 30 ár. Hins vegar verði Íbúðalánasjóði heimilt að lengja upphaflegan lánstíma lánasjóðsins vegna greiðsluerfiðleika um allt að 30 ár í stað 15 ára eins og nú er. Með aðgerðunum er reynt að hjálpa fólki að standa undir skuldbindingum sínum. Þessi breyting ásamt öðrum greiðsluerfiðleikaúrræðum sem fyrir hendi eru geta stuðlað að því að fólki takist að standa undir greiðslubyrði sinni. Breytingin nýtist helst þeim sem eiga stutt eftir af lánstímanum eða þeim sem hafa í góðærinu valið þá leið að taka lán til tiltölulega fárra ára en geta nú lengt lánstímann í ljósi breyttra aðstæðna.

Ég vil nefna dæmi af áhrifunum. Miðað við lán þar sem eftirstöðvar eru 20 millj. kr. og lánstíminn 27 ár er greiðslubyrðin um 103 þús. kr. á mánuði nú. Ef lánstíminn er lengdur um 15 ár verður greiðslubyrðin 84 þús. kr. á mánuði eða 19 þús. kr. lægri. Miðað við lengingu lánstíma í 55 ár yrði greiðslubyrðin um 77 þús. kr. á mánuði eða 25 þús. kr. lægri en ella.

Í öðru lagi tekur frumvarpið til aðgerða vegna fólks sem ekki getur og mun ekki geta staðið undir afborgunum af húsnæðislánum sínum þrátt fyrir úrræði eins og skuldbreytingu, lengingu lána, frystingu afborgana eða greiðslufrest. Fólks sem á í svo miklum vanda að það getur ekki átt íbúðir sínar áfram. Því er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilt að leigja eða fela öðrum með samningi að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur leyst til sín á nauðungarsölu.

Samkvæmt úttekt sem Landsbankinn gerði í sumar voru nærri 2.400 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu óseldar. Er þá átt við íbúðir sem voru ýmist alveg tilbúnar eða langt komnar í byggingu. Þá eru ótalin hundruð íbúða á landsbyggðinni og í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Inni í þessum tölum eru ekki heldur upplýsingar um fjölda húsgrunna eða lóða sem eru tilbúnar fyrir framkvæmdir. Áætlað er að lóðir og húsgrunnar á höfuðborgarsvæðinu séu um 3.500.

Upplýsingar um leiguverð á almennum markaði eru ekki aðgengilegar en samkvæmt upplýsingum frá leigumiðlunum gætir lækkana á húsaleigu. Þá munu vera dæmi um að fólk leigi eignir sínar frekar út undir kostnaðarverði en að hafa engar tekjur á móti útgjöldum vegna húsnæðisins.

Virðulegi forseti. Heimild Íbúðalánasjóðs til að leigja eða fela öðrum að annast leigumiðlun íbúðarhúsnæðis er lögð til með það að meginmarkmiði að gera leigjendum

íbúða sem sjóðurinn hefur eignast á nauðungaruppboði vegna greiðsluerfiðleika leigufélaga og eigendum íbúða sem hafa misst þær vegna greiðsluerfiðleika kleift að búa áfram í íbúðarhúsnæðinu í tiltekinn tíma gegn leigu. Fólki sé þannig forðað frá því að þurfa að hrekjast úr húsnæði sínu með litlum fyrirvara og án þess að eiga í önnur hús að venda. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um þessa heimild sjóðsins í reglugerð svo sem skilyrði fyrir beitingu úrræðisins, forsendur fyrir ákvörðun leigu og mögulega tímalengd leigusamninga. Rétt er að taka fram að ekki er gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður eigi og leigi íbúðarhúsnæði til lengri tíma heldur er fyrst og fremst um skammtímaúrræði að ræða sem nota ber í þágu íbúa húsnæðisins sem um ræðir.

Leiguheimildin til Íbúðalánasjóðs gerir honum jafnframt kleift að gæta hagsmuna sinna og hafa arð af húsnæði sem hann eignast þar til hægt er að selja það á markaði. Eins og áður sagði getur sjóðurinn falið öðrum að annast útleigu samkvæmt samningi og bind ég miklar vonir við að góð samvinna náist við sveitarfélög og fleiri aðila um að finna lausnir fyrir þá sem standa í þeim sporum að missa húsnæði sitt.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir efni frumvarps um aðgerðir í húsnæðismálum vegna greiðsluvanda lántakenda Íbúðalánasjóðs. Aðgerðir sem þar eru boðaðar eru nauðsynlegar en fleira þarf að koma til. Nú er í smíðum í ráðuneyti mínu frumvarp sem ég vonast til að geta lagt fyrir Alþingi á allra næstu dögum og felur í sér aðgerðir til að jafna greiðslubyrði fólks og draga úr misræmi milli launa og lána. Þá hefur fjármálaráðuneytið kynnt frumvarp sem miðar að því að fella tímabundið niður stimpilgjöld vegna skilmálabreytinga og skuldbreytinga lána sem ætti að auðvelda fólki að endurskipuleggja fjármál sín. Einnig er væntanlegt frumvarp sem lengi hefur verið beðið eftir um greiðsluaðlögun, sem er sambærilegt lögum sem lengi hafa verið í gildi hjá hinum Norðurlandaþjóðunum. Þetta úrræði hefur gefist vel þegar ekkert hefur blasað við heimilum nema gjaldþrot.

Virðulegi forseti. Í lok umræðunnar óska ég eftir að frumvarpinu verði vísað til meðferðar í félags- og tryggingamálanefnd og vænti þess að það geti fengið skjóta meðferð.

[16:40]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég lýsi eindregnum stuðningi þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við aðgerðirnar sem hér eru lagðar til og eru til þess fallnar að styrkja Íbúðalánasjóð í því mikilvæga hlutverki sínu að koma í veg fyrir að menn missi íbúðarhúsnæði sitt vegna erfiðleika í fjármálum og bankamálum þjóðarinnar. Hér er gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður geti lengt lánstíma skuldbreytingarlána og nýrra lána og lengt upphaflegan lánstíma eldri lána vegna greiðsluerfiðleika, í báðum tilvikum um allt að 30 ár í stað 15 ára eins og nú er. Auk þess er gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður geti við sérstakar aðstæður leigt fyrrverandi húseiganda íbúðarhúsnæðið svo hann þurfi ekki að fara burt af heimilinu. Þetta er mjög mikilvægt atriði og ég vil rifja upp að tveir virtir hagfræðingar skrifuðu á dögunum grein í Morgunblaðið þar sem þeir stungu upp á því að ríkið, Íbúðalánasjóður, gæti eignast hlut á móti eigendum íbúðarhúsnæðis sem síðan gætu eins og með kaupleigu eignast hlut sinn aftur. Ég tel mjög mikilvægt að hv. félagsmálanefnd skoði vandlega tillögur hagfræðinganna við afgreiðslu málsins.

Þó að ekki sé um mikil útgjöld að ræða úr ríkissjóði — það kemur fram að áætlað er að lenging lánanna og fleiri aðgerðir sem hér eru raktar kosti um 21,5 millj. kr. — er þetta gríðarlega mikilvægt. Í umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að áætlað er að 2–2,5 stöðugildi muni bætast við hjá Íbúðalánasjóði.

Ég spyr af þessu tilefni hæstv. ráðherra um framtíð Íbúðalánasjóðs: Hvað líður málskoti gömlu bankanna til ESA í þeim tilgangi að loka Íbúðalánasjóði í núverandi mynd sem félagslegum íbúðalánasjóði með ríkisábyrgðum? Ég held að það hafi verið mikið gæfuspor að fyrrverandi ríkisstjórn tókst ekki að ganga á milli bols og höfuðs á Íbúðalánasjóði. Ég vil minna á af þessu tilefni að eitt af því sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lagði til á síðasta ári að ætti að gera í efnahagsmálum Íslendinga var að taka ríkisábyrgðir af Íbúðalánasjóði í þeim tilgangi að koma öllum íbúðalánum inn á markaðinn. Það er frábært að við eigum þennan öfluga, félagslega sjóð, við þurfum að styrkja hann og ég vona að hæstv. ráðherra sé mér sammála um það.

Það mun ekki standa á þingmönnum Vinstri grænna að greiða götu frumvarpsins sem sannarlega er gott, en ég vil samt sem áður formsins vegna minna hæstv. ráðherra á það að það er ekki verra að hafa samráð við stjórnarandstöðuna fyrir fram við gerð þingmála þegar óskað er eftir skjótri afgreiðslu í gegnum þingið.

[16:44]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Hér er komið til umræðu frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, þar sem fyrst og fremst er verið að breyta heimildum til lengingar á skuldbreytingarlánum í Íbúðalánasjóði, úr 15 árum í 30 ár, til þess að létta greiðslubyrði hjá þeim sem eru að lenda í vandræðum eftir hrun bankanna. Opnað er fyrir þann möguleika að Íbúðalánasjóður geti leigt út húsnæði sem hann eignast ef fólk lendir í þroti og tryggt að eigendur íbúðanna, sem áður voru, eigi rétt á því að búa þar áfram. Þessum tillögum ber að fagna og þær bætast við tillögur sem áður hafa komið fram, og fleiri eru raunar í farvatninu, í sambandi við það með hvaða hætti við getum tryggt hag heimila og einstaklinga á þessum miklu umbrotatímum í þeim þrengingum sem fyrirsjáanlegar eru vegna vaxandi atvinnuleysis og minnkandi greiðslugetu.

Varðandi það að geta leigt út húsnæði Íbúðalánasjóðs væntir maður þess að lífeyrissjóðir reyni með einhverjum hætti að taka upp sömu reglur og tryggi þá að menn, enn fleiri en Íbúðalánasjóður getur tryggt, geti verið öruggir með að geta búið áfram í húsnæði sínu.

Hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra gerði grein fyrir ýmsum öðrum breytingum. Þetta er í raunveruleikanum aðeins hluti af breytingum sem þegar hafa komið til framkvæmda með reglugerðarbreytingum í Íbúðalánasjóði, reglur sem ríkisstjórnin hefur óskað eftir að nýju ríkisbank-

arnir taki upp í öllum afgreiðslum sínum varðandi greiðsluerfiðleikaúrræði, þær reglur sem Íbúðalánasjóður hefur haft auk þeirra viðbótarreglna sem þar hafa komið upp, að þær verði einnig látnar gilda um ríkisbankana, þau úrræði sem þeir nota gagnvart skuldunautum sínum. Á sama tíma hef ég væntingar um að þeirri hugmynd verði fylgt eftir að öll íbúðalánin færist til Íbúðalánasjóðs einfaldlega vegna þess að ég met það þannig að taka þurfi til í lánasafninu og það verði erfitt að gera það í einstökum bönkum og erfitt að samræma þau kjör sem þar eru í boði varðandi ýmis úrræði.

Ég hef verið svo heppinn að fá tækifæri til að vinna með ráðuneytinu og hæstv. félagsmálaráðherra að ýmsum hugmyndum — að safna saman, get ég frekar orðað það — þeim hugmyndum og þeim vangaveltum sem komið hafa fram í blaðagreinum, í tölvupósti sem við höfum fengið, umræðum hér í þinginu, frá stjórnarandstöðunni, í umræðum í félags- og tryggingamálanefnd og víðar. Við höfum verið að skoða hvaða möguleikar eru til enn frekari úrræða varðandi það að bæta hag heimilanna. Hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra gerði einmitt grein fyrir þessum hugmyndum í félags- og tryggingamálanefnd síðasta mánudag en þar eiga allir flokkar þingsins fulltrúa. Það er brýnt að allir þessir aðilar leggist á eitt um að reyna að ná fram sem allra hagstæðustum tillögum til að tryggja að við lendum ekki í vandræðum með heilu hópana af fjölskyldum, nógir eru erfiðleikarnir samt. Það er eitt af því brýnasta að við getum tryggt fólki afkomu og húsnæði í þessum þrengingum.

Við erum nú að fjalla um frumvarp um atvinnuleysistryggingar og heimild til þess að vera með fólk í hlutastarfi á móti tekjutengdum atvinnuleysisbótum. Sú tillaga liggur fyrir þinginu og hefur verið til umfjöllunar í félags- og tryggingamálanefnd og kemur væntanlega úr nefndinni á morgun og vonandi til afgreiðslu á fimmtudaginn. Það er sem sagt annað mál sem er komið svona langt. Áður hefur verið upplýst að verið er að vinna tillögur varðandi greiðsluaðlögun, þ.e. að breyta gjaldþrotalögunum þannig að hægt sé að vinna að greiðsluaðlögun einstaklinga þar sem reynt verði að stilla saman tekjur og mögulega greiðslugetu fólks og með einhverjum hætti reynt að frysta greiðslur á lánum á meðan fólk er að fara í gegnum þennan vanda.

Í þessu samhengi er rétt að ítreka að ég held að við þessi tímamót í fjármálalífi okkar eigum við að öðlast nýtt hugarfar gagnvart bæði þeim sem taka lán og þeim sem veita lán. Það er mjög forvitnilegt að skoða Evrópusamþykktir og tilskipanir sem hafa verið gefnar út á sl. ári. Evrópuráðið fjallaði um vandkvæðin sem fylgdu þá aukinni skuldsetningu heimila og einstaklinga, varaði við þessu flæði peninga þar sem bankarnir nánast ýttu lánum að lántakendum. Í þeim hugmyndum sem þar eru settar fram og þeirri umræðu sem fram kemur í þessari tilskipun er ítrekað að ábyrgðin á slíkum lánum hlýtur alltaf að vera bæði lánveitandans og lántakandans. Hingað til hefur það verið þannig í íslensku kerfi að það er fyrst og fremst lánveitandinn sem er varinn í öllum aðgerðum þegar fólk kemst í vandræði. Ég held að það sé mikilvægt að á þessu verði breyting þannig að menn verði vandaðri við lánveitingar í nýju bönkunum og setji sér betri reglur varðandi útlán.

Einnig hefur komið fram að verið er að ræða um afnám stimpilgjalda og alls kyns kostnaðar. Þeir sem vilja breyta lánum hafa þurft að borga stimpilgjöld og ýmsan annan kostnað. Það er verið að reyna að koma þessu inn í þingið og tillögum um það með hvaða hætti er hægt að gera þetta. Það hefur einnig verið í umræðunni hvort breyta hefði átt með einhverjum hætti uppgreiðslugjaldinu þannig að fólk sem á kost á því að breyta lánum eða færa sig á milli með einhverjum hætti geti gert það án þess að bera mikinn kostnað.

Það hefur einnig komið fram í umræðunni, og ástæða til þess að halda því til haga, að ítarlega hefur verið rætt um innheimtuaðgerðir og send hafa verið tilmæli til allra ráðuneyta og stofnana ríkisins um að milda eins og kostur er innheimtuaðgerðir gagnvart einstaklingum. Opinberum innheimtuaðilum átti líka að veita enn frekari heimildir til sveigjanleika í samningum um gjaldfallnar kröfur er taki mið af mismunandi aðstæðum einstaklinga. Það er ljóst að það eru mjög þröngar skorður sem innheimtuaðilar hafa varðandi úrræði en það eru sem sagt tilmæli um að þetta verði rýmkað. Þá þarf að huga að því að við höfum heimildir til þess að skuldajafna á móti tekjum eins og t.d. barnabótum og skuldajafna það á móti opinberum gjöldum. Það hefur verið tillaga okkar að þetta verði afnumið og einnig að vaxtabótum verði ekki heimilt að skuldajafna á móti lánum úr Íbúðalánasjóði. Þetta eru allt saman fyrirheit og hlutir sem eru í vinnslu og ástæða til þess að fylgjast með og reyna að ýta á eftir að komi til afgreiðslu á viðeigandi stöðum.

Einnig hefur verið rætt um það hvort með einhverjum hætti sé hægt að hámarka innheimtukostnað og jafnvel verið rætt um hvort hægt sé að setja einhver lög um dráttarvexti vegna þess að þegar stýrivextir eru settir jafnhátt og nú er þarf það ekki að vera lögmál að ofan á það leggist jafnháar upphæðir og verið hefur þannig að menn séu að borga 26–28% í dráttarvexti.

Allt þetta skiptir máli til þess að létta á heimilum og einstaklingum þannig að þeir geti tryggt afkomu sína.

Einnig hefur verið rætt um það, og starfandi hefur verið hópur sem ég vænti að skili af sér á næstu dögum, hvernig meðhöndla eigi verðbólgu og verðbætur á lánum. Varað er við því í grein í *Morgunblaðinu* í dag, eftir Jón Steinsson og Gauta B. Eggertsson, að hrófla við vísitölunni. Ég held engu að síður að mikilvægt sé að tryggja að afborganir af lánum verði ekki langt umfram það sem launavísitalan mælir nú þegar skerðing verður á launum og jafnvel lækkanir — að eitthvert samræmi verði á milli í þeirri úrlausn sem þar verður fundin. Ég vænti þess að þingheimur fái að heyra niðurstöður þessarar nefndar á allra næstu dögum.

Hagsmunir námsmanna hafa verið töluvert til umræðu og brugðist var við með aðgerðum til að tryggja hagsmuni námsmanna erlendis. Það voru tillögur sem unnar voru af Lánasjóði íslenskra námsmanna eftir fund í menntamálanefnd en þangað barst bréf frá Samtökum íslenskra námsmanna erlendis. Síðan hafa komið tölvupóstar um að þessar aðgerðir dugi ekki og verður að skoða það. Þó verður að fagna því hve skjótt var brugðist við en það veldur okkur vandræðum hve illa gengur að koma gjaldeyri á milli landa og hversu lágt gengið er í augnablikinu, hversu mikið þarf

að borga fyrir erlenda gjaldmiðla.

Eitt af því sem hefur verið nefnt í umræðunni og er mikilvægt að ræða í þinginu, og koma því þá til afgreiðslu þar, er með hvaða hætti er hægt að heimila að viðbótarlífeyrissparnaðurinn sé nýttur til að greiða niður lán. Þetta er ekki alveg auðvelt vegna þess að þar er um að ræða sérvarinn rétt sparifjáreigenda og þetta er ekki aðfararhæft í gjaldþrotamálum þannig að mikilvægt er að gæta þessara sjóða fyrir einstaklingana. Með sama hætti hafa margir haft samband og óskað eftir því að þeir fái að nýta sér að opna þessa reikninga og greiða niður lán sín til þess að forða sér frá þrotum og ég tel nauðsynlegt að koma til móts við það. Sú ósk hefur verið studd af samþykktum ASÍ-þingsins nú nýlega þar sem bent er á að rétt sé að skoða þessa leið.

Hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra hefur rætt um Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, sem hefur fengið gríðarlega aukið hlutverk og þar er búið að bæta við mannskap. Ég tel mjög mikilvægt að fylgja því enn frekar eftir þannig að opnaðar verði skrifstofur úti á landi á stærri stöðum þar sem fólk getur fengið aðstoð við að setja heimilisbókhaldið upp að nýju og stilla saman útgjöld og tekjur. Eins þarf að ná samstarfi við þá aðila sem hafa verið afar iðnir og duglegir við að vinna í þessu erfiða ástandi, sem eru verkalýðsskrifstofurnar, skrifstofur sveitarfélaganna og ýmis félög sem hafa gegnt þar mjög mikilvægu hlutverki.

Hægt væri að tína til ýmis fleiri atriði sem hafa verið til skoðunar og munu verða til skoðunar áfram. Sjálfur hef ég væntingar um það að mjög fljótlega komi fram heildstætt yfirlit yfir það sem hefur verið gert og það sem ákveðið hefur verið að gera til að létta undir með heimilunum. Ég held að það sé mikilvægt til þess að létta af áhyggjum heimila og einstaklinga í þeirri stöðu sem nú er. Óvissan er næg, hafandi ekki fengið svör um afgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fyrirgreiðslu þaðan og traustsyfirlýsingu við íslenskt efnahagslíf. Við verðum enn að bíða þar, að því er virðist, en á sama tíma væri afar mikilvægt að við reyndum að skapa heildarmynd um þær hugmyndir sem eru í farvatninu og ákveðið hefur verið að grípa til og það sem þegar hefur verið gert. Mörgum er nefnilega ekki fyllilega ljóst til hvaða aðgerða hefur verið gripið nú þegar.

Það er að vísu líka vegna þess að í byrjun, þegar menn voru að biðja bankana um að fylgja eftir reglum Íbúðalánasjóðs varðandi greiðsluerfiðleikaúrræði, hlýddu bankarnir ekki strax og það skapaði óöryggi þegar fólk fór að mæta í bankana og fékk misvísandi svör. Ég ætla að vona að búið sé að laga það að mestu eða alveg og að framhaldið verði auðveldara.

Það er líka ljóst í þessari umræðu allri að mjög mikilvægt er að sveitarfélögin fái tækifæri og aðstoð frá Alþingi til að geta gripið til aðgerða. Við höfum fyrir því heimildir nú þegar að í einstökum skólum hefur fólk dregið börn út úr skólamáltíðum, jafnvel dregið úr tómstundaiðkun þeirra eða þátttöku í heilsdagsvistun, lengri viðveru, eða tómstundaskólum. Það er mjög alvarlegt ef það sverfur svo að að fólk geti ekki sinnt þessum úrræðum áfram sem hingað til. Þarna verða sveitarfélögin að grípa inn í, standa vaktina mjög vel. Það getur vel verið að við þurfum að grípa til þess að hafa ókeypis skólamáltíðir og lækka gjaldtökur eða hafa ókeypis ýmis þau úrræði sem sveitarfélögin hafa verið að gera. Það er þó ljóst að sveitarfélögin eru ekki það öflug að þau muni gera þetta án aðstoðar frá ríkisvaldinu.

Þarna er kannski verið að tala um væntingar fram í tímann en ég tel samt mikilvægt að við öll, þingmenn og almenningur og þeir sem hafa verið að bera fram tillögur, drögum fram tillögur okkar og úr því verði svo skilvíslega unnið og skipulega. Að við reynum í sameiningu að sigla samfélagi okkar í gegnum þennan brimskafl og náum þeirri lendingu að hér geti fjölskyldur og einstaklingar staðið með fullri reisn innan skamms tíma.

[16:59]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek eftir því að í þessu ágæta frumvarpi, sem ég styð, er talað um leigu í skamman tíma ef fólk hefur misst húsnæði sitt. Ég held að það væri allt í lagi að hafa það eitthvað neglt niður hvað er skammur tími. Væri forvitnilegt að fá að vita það hjá hv. formanni félagsmálanefndar. Ég hefði haldið að þetta þyrfti að vera til þriggja ára að lágmarki á sanngjörnu verði, þ.e. að leigan verði ekki of há. Við horfum upp á að lánveitendur eru tryggðir með belti og axlabönd og jafnvel bleyjur gagnvart lántakandanum. Ég vil endilega skoða hvort ekki er hægt að leyfa fólki að fara í séreignasparnaðinn til að bjarga sér út úr erfiðleikum ef það getur orðið til þess að hjálpa því.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt fram frumvarp um stimpilgjöldin nú á haustdögum og leggjum til að þau verði felld alfarið niður, ekki tímabundið eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, ég hefði viljað að menn skoðuðu það. Það eru 3.000 íbúðir lausar í dag á markaðnum og það gefur augaleið að leiguverð á öllu íbúðarhúsnæði mun lækka mjög skart á næstunni.

Síðan er það verðtryggingin sem mér finnst að þurfi að taka á og skoða hvort ekki er hægt að finna einhverjar leiðir út úr henni. Varðandi neyðarstofur í sveitarfélögum er það mjög gott, að koma því upp, (Forseti hringir.) og sjálfsagt mál að ríkið komi að því að hjálpa sveitarfélögum að hafa ókeypis mat í barnaskólum.

[17:01]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er ljóst að í þeim breytingum á lögum sem hér eru lagðar til er ekki tekið fram hversu langan tíma þetta muni gilda. Það er talað um til skamms tíma einfaldlega vegna þess að Íbúðalánasjóður er ekki stofnaður sem leigustofnun heldur fyrst og fremst sem lánastofnun til íbúðarhúsnæðis. Það er reiknað með því að sjóðurinn geti sjálfur sett sér reglur. En það er jafnframt tekið fram að félögin, þ.e. sjóðurinn muni örugglega leita til þeirra stofnana eða þeirra fyrirtækja sem hafa verið á leigumarkaði til að sjá um umsýslu þannig að ekki þurfi að byggja upp stóra umsýslu fyrir Íbúðalánasjóðinn varðandi útleigu.

En alls staðar þar sem verið er að setja inn tímabundin ákvæði varðandi þær lausnir sem hér eru til umræðu þá er það bara staðfesting á því að við þurfum á hverjum tíma að endurmeta þetta mjög hratt. Við vitum ekki hvert ástandið verður eftir tvo, þrjá eða fjóra mánuði. Það getur orðið miklu verra. Það getur orðið miklu skárra fljótlega, eða um mitt næsta ár. Þess vegna er í nánast í öllum þeim tillögum

sem hér koma fram sett inn ákvæði um að þetta sé metið eftir skamman tíma. Það þýðir ekkert að fella út, þvert á móti tel ég að menn verði að meta það þegar þar að kemur hvort markaðurinn sé orðinn eðlilegur og hvort fólk geti bjargað sér án þess að sjóðurinn sé milliliður.

Það er svona megininntakið og meginskýringin á þessum tímasetningum en að öðru leyti lít ég ekki þannig á að athugasemdir hv. þingmanns hafi verið fyrirspurn eða athugasemd heldur hans eigin bollaleggingar og get tekið undir margt af því sem hann sagði.

[17:03]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég var að tala um leigu til skamms tíma og það auðvitað skiptir máli hvort það eru tveir, þrír mánuðir eða eitthvað rúmlega það, hálft ár eða hvort vandamál er svo stórt að um verði að ræða tvö eða þrjú ár. Ég hef talið það. Ég hefði líka viljað að þó að þetta væri bara til tveggja eða þriggja ára þá hefði viðkomandi leiguaðili möguleika á að kaupa viðkomandi húsnæði aftur á einhverju matsverði.

Það vantar meira inn í frumvarpið til þess að það verði virkilega gott, t.d. að verðtrygging verði endurskoðuð og opnaðar verði neyðarstofur fyrir fólk sem jafnvel mun lenda í verulegum hörmungum eins og við má búast. Fjöldi fólks á nú þegar orðið mjög erfitt, sér ekki til sólar og sér ekki neina von í sínum málum. Það þarf að reyna að mæta þessu fólki með einhverjum hætti.

Við höfum lagt það til að byrjað yrði á því að frysta í þrjá mánuði alla verðtryggingu og allar skuldir af erlendum lánum, a.m.k. hjá þeim sem þess óska á meðan það skýrist hvað þetta verður alvarlegt og hvað verður hægt að gera því það er bersýnilegt að það dregst á langinn enda eru nú komnar fimm vikur frá því að bankarnir hrundu. Það er ekkert að sjá og það er ekki verið að senda nein skilaboð til fólksins. Þetta er í fyrsta skipti sem við sjáum eitthvert hænufet stigið í rétta átt. Fólk veit (Forseti hringir.) ekkert á hvaða vegferð það er og verður.

[17:05]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að mér sé óhætt að segja við hv. þingmann að það verður enginn borinn út á götuna af Íbúðalánasjóði á næstu mánuðum eða árum. Það verður þá að hafa verið eitthvað annað en greiðslugetan sem veldur á þeim tíma. Tímasetningarnar verða endurnýjaðar jafnóðum og metnar. Ég trúi ekki að það komi til þess nema um sé að ræða einhver langvarandi vanskil aftur í tímann sem tengjast ekkert þessari uppákomu.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að það vanti meira. Ég nefndi það áðan að ég vildi sjá heildstæðan pakka sem tæki á þessum málum í heild. En það væri þá fyrst og fremst til að sýna hvað er verið að gera og hvað er í undirbúningi. Það verður ekki allt klárað með einni lagasetningu og ég held að það sé einmitt mjög mikilvægt að við tökum þessu jafnóðum og það er tilbúið að koma inn í þingið. Sem betur fer er það nú þannig að það eru ekki mjög margir sem hafa lent í miklum vandræðum nú þegar en það mun aukast mjög hratt og þess vegna þurfum við að höndla það.

Það er okkar hlutverk að tryggja að fólk sé rólegt. Það skiptir líka miklu máli að þingmenn tali ekki ótta í fólk og láti, af einhverjum annarlegum hvötum, í það skína að ekkert sé verið að gera. Það er búið að gera heilmikið. Það er búið að endurreisa og tryggja að hér verði bankastarfsemi. Það er búið að setja út reglur varðandi Íbúðalánasjóð. Það er verið að vinna að því að koma þessu á. Forseti ASÍ stjórnar hópi sem á að fjalla um verðtrygginguna og ég lýsti því yfir áðan að vonandi skilar sá hópur af sér nú í vikunni. Þetta er að gerast allt saman á þessum dögum.

En það er alveg hárrétt að það er ekki búið að stilla pakkanum upp í heild. Kannski getum við það seint vegna þess að það þarf að grípa til nýrra úrræða á hverjum tíma. Aðalatriðið er að við sýnum einbeittan vilja til að reyna að tryggja að fólk, heimili og einstaklingar lendi ekki í þrotum og að fólk búi ekki við sára fátækt (Forseti hringir.) á næstu mánuðum. Það skiptir mestu máli.

[17:07]

Útbýting:

Aðgerðaáætlun gegn mansali, 143. mál, fsp. KolH, þskj. 158.

Smáríkjastofnun Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, 144. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 159.

Sveitarstjórnarlög, 142. mál, frv. ÁÞS o.fl., þskj. 157.

[17:08]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál sem hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra hefur mælt fyrir. Ég vil í örfáum orðum segja að ég fagna frumvarpinu. Ég held að í því séu ákveðnir þættir sem eru til bóta, sérstaklega í því ástandi sem við erum í í dag. En auðvitað er það svo að það er tiltölulega stutt liðið síðan efnahagslegar hremmingar riðu yfir þjóðfélagið og við erum að sjálfsögðu ekki farin að sjá afleiðingarnar af því enn þá og því ekki hægt að sjá í dag hvernig þetta muni allt saman þróast. En auðvitað gerum við ráð fyrir því að mörg heimili muni lenda í ákveðnum vandræðum með að greiða af húsnæðislánum sínum. Það er eitthvað sem við sjáum fyrir okkur.

Það frumvarp sem hér er til umræðu felur í sér úrræði til þess að bregðast við slíkum vanda og það er vel. Þó svo að að öðru leyti sakni maður þess að ríkisstjórnin kynni ekki áætlanir varðandi framgang mála eins og við hv. alþingismenn höfum margoft rætt þá saknar maður þess að ríkisstjórnin skuli ekki hafa einhver plön varðandi það hvernig eigi að bregðast við. En auðvitað er von til þess að þau birtist.

Aðeins örlítil spurning til hæstv. ráðherra þótt þetta atriði hafi að vísu verið rætt í andsvörum áðan. Það var talað um að húseigendur sem missa húsnæði geti fengið viðkomandi íbúðir leigðar til skamms tíma. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvaða tíma er þar verið að tala um? Mér fannst svarið í andsvari frekar óljóst. Og einnig hitt hvort gert verði ráð fyrir því að viðkomandi aðilar sem fá að leigja íbúðir með þessum hætti hafi einhvers konar forkaupsrétt á því húsnæði eftir að fjárhagur vænkast.

Varðandi Íbúðalánasjóðinn að öðru leyti þá er auðvitað búið að ræða ýmsar aðgerðir til þess að koma til móts við

hugsanlegan vanda húseigenda. Ég vil hins vegar leyfa mér af þessu tilefni að brýna hæstv. ráðherra í því að gæta að hagsmunum Íbúðalánasjóðs. Það er auðvitað hægt að ganga svo langt í aðgerðum að fjárhagsstöðu Íbúðalánasjóðs sé stefnt í tvísýnu en það þarf að gæta að fjárstreymi Íbúðalánasjóðs. Mín aðvörunarorð eru því einfaldlega þau að þess sé gætt að ganga ekki það nærri fjárhagslegri stöðu sjóðsins að við lendum í vandræðum með hann þegar frá líður. Það er auðvitað mjög mikilvægt að gæta að því þó svo að við viljum öll finna leiðir til að koma til móts við vanda þeirra sem skulda Íbúðalánasjóði.

Ég ætla, virðulegi forseti, ekki að hafa þetta öllu lengra. Ég lýsi stuðningi við það frumvarp sem hér liggur fyrir. Það kom fram í umræðu áðan hversu vel það kemur sér fyrir okkur núna að hafa Íbúðalánasjóð. Það var gerð hörð hríð að þeirri stofnun fyrir nokkrum árum af hálfu bankanna og ýmissa annarra aðila. Við framsóknarmenn fórum með félagsmálaráðuneytið á þeim tíma og beittum okkur í því að verja stöðu Íbúðalánasjóðs. Það var eins gott að það var gert því í þeirri stöðu sem við erum í núna er Íbúðalánasjóður til staðar, öflug stofnun og það kemur sér vel.

Það var eitt atriði sem var vikið að áðan, varðandi ESA. Ég hef reyndar spurt hæstv. ráðherra að þessu áður. En eftir þá umræðu hef ég það einhvern veginn á tilfinningunni að sjónarmiðin í ríkisstjórninni séu ekki alveg eins rakin og þá kom fram hjá hæstv. ráðherra. Ég vil því endurtaka spurninguna: Hvað verður með það mál sem liggur fyrir ESA, eftirlitsstofnuninni, þ.e. kæru bankanna á hendur Íbúðalánasjóði? Nú hefur ríkið eignast alla þessa banka og því held ég að það sé mikilvægt að skera úr um í eitt skipti fyrir öll hvað verður með það mál og því leyfi ég mér að beina þeirri spurningu aftur til hæstv. ráðherra þó að við höfum rætt það áður.

[17:13]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég held að best sé að byrja á að þakka almættinu fyrir að við skulum enn þá hafa Íbúðalánasjóð og geta byggt á honum í þessum skelfilegu þrengingum sem við, íslenska þjóðin, erum að lenda í. Mér sýnist frumvarpið sem lagt er fram af hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra sé mjög til bóta. Brugðist er við því ástandi sem uppi er — og hefur svo sem verið gert fyrr af hæstv. ráðherra með heimildum sem falla innan núverandi laga um Íbúðalánasjóð — með því að afla lagaheimilda til viðbótar svo Íbúðalánasjóður megi leigja út íbúðir eða fá leigumiðlun til að sjá um útleigu á íbúðarhúsnæði og um það verða síðan settar nánari reglur af ráðherra.

Einnig er gefinn kostur á að lengja lánstíma allt frá 15 árum og upp í 30 ár þegar fólk lendir í greiðsluerfiðleikum. Báðar aðgerðir lagafrumvarpsins, sem er ekki margar lagagreinar, eru til mikilla bóta í því erfiða ástandi sem við búum við. Að mínu viti, hæstv. forseti, er eitt meginverkefna okkar að bregðast við því að fjölskyldur lendi ekki á hrakhólum með þeirri miklu greiðslubyrði sem lendir á venjulegu fólki sem átti sér einskis ills von, eða ekki í þeim mæli sem hér hefur verið í kjölfar fjárglæfra — held ég að sé óhætt að segja um starfsemi bankakerfisins og afleiðingar hennar fyrir íslensku þjóðina og almenning í landinu. Við erum í neyðaraðgerðum til að reyna að bregðast við því sem upp kemur og ég fagna frumvarpi hæstv. ráðherra og lýsi yfir stuðningi okkar í Frjálslynda flokknum við aðgerðirnar sem hér eru boðaðar.

Ég held að einnig sé mjög mikilvægt að horfa til þess á komandi vikum hvernig við skoðum hina svokölluðu verðtryggingu sem mælir lánin hratt upp í núverandi ástandi, svo hratt að nánast er eignabruni hjá fólki auk þess að á sama tíma eru líkur á að íbúðaverð hrynji hratt og lækki verulega. Hver sem lítur á verðtryggingu og þróun íbúðaverðs veit að fólk sem taldi sig vera í ágætismálum í fasteignakaupum fyrir rúmu ári síðan og eiga þó nokkrar milljónir í eignum þrátt fyrir að hafa nýlega fest kaup á húsnæði, hefur misst þá eign og skuldirnar munu halda áfram að vaxa með þeim hraða sem fylgir núverandi ákvæði um lánveitingar, verðtryggingu vegna verðbólgunnar og vísitölutrygging lána. Upphæðir í gengislánum hafa farið enn hraðar upp en þar er sá munur á að takist okkur að stilla gengi krónunnar af — hvernig svo sem við förum að því — munu þær skuldbindingar lækka verulega miðað við það sem nú er, en það er auðvitað háð þeirri miklu óvissu sem er um gjaldeyri okkar og hvar við getum í raun og veru fest íslensku krónuna.

Í því sambandi, hæstv. forseti, hef ég miklar efasemdir um að okkur takist að ná krónunni í eðlilegar viðmiðanir með svokallaðri flotaðferð, ég er mjög efins um það. Efasemdir mínar aukast bara eftir því sem dagarnir líða og við gætum þurft að fara aðra leið sem er þá að halda uppi skömmtun gjaldeyris um einhvern tíma og reyna þannig að festa krónuna niður og byggja upp gjaldeyrissjóð í landinu. Það er ákvæði um að við skráum gengið fast og skömmtum gjaldeyri. Hvorugur kosturinn er góður en ég held að óvissan um flotkrónuna sé orðin óhemjumikil og mikil hætta á því að við náum ekki valdi á krónunni með þeim hætti þótt ég voni það ef niðurstaðan verður að fara þá leið.

Ég vil líka vekja athygli á því að verðbólgan og viðmið hennar, verðtryggingin, er auðvitað ákvörðun sem tekin var og er mannanna verk og væntanlega okkar þingmanna á löggjafarþinginu að ákveða það hvaða viðmiðunum við ætlum að halda uppi í verðtryggingum. Það er starfshópur ef ég veit rétt á vegum félags- og tryggingamálaráðherra sem skoðar sérstaklega hvernig eigi með að fara en ljóst er að Íslendingar munu ekki ráða við verðtryggingar lánaskuldbindinga eins og þær eru nú.

Hæstv. forseti. Ég tel að nú muni reyna á með hvaða hætti við ætlum að bregðast við því að lagfæra verðtrygginguna sem verið hefur hérlendis. Vísitöluverðtrygging krónunnar sem við höfum búið við mörg undanfarin ár er allt annað fyrirkomulag en gerist í löndunum í kringum okkur. Þar sem þetta eru mannanna verk getum við tekið ákvörðun um að viðmiðunin við verðtrygginguna verði einhver önnur, taki t.d. mið af launaþróun eða reiknist ekki að fullu eins og nú standa sakir. Mér sýnist að ef verðtrygging verður reiknuð að fullu næstu mánuði inn á skuldir heimilanna muni verða slíkur eignabruni í landinu hjá venjulegu fólki að fæstir sem eitthvað skulda muni eiga neitt í íbúðum sínum. Það getur ekki verið markmið okkar, hæstv. forseti, að eignir fólks séu engar þegar upp er staðið eftir þessa kollsteypu, þrátt fyrir að við viljum reyna að hafa einhverja

tryggingu fyrir því að innborganir og inneignir fólks, þar með taldir lífeyrissjóðirnir okkar, brenni ekki algerlega upp. Ég held að allir þingmenn hljóti að vera tilbúnir til að skoða málin í því ljósi. Hvernig stilla á þá viðmiðun skal ég ekki fullyrða um en hún er auðvitað vandasöm því hún virkar ekki bara á þá sem skulda, hún virkar líka á þá sem eiga fjármuni og þá horfum við mest til lífeyrissjóðanna.

Ég hef lýst þeirri skoðun minni að við núverandi aðstæður ætti að frysta algerlega verðbólgureikning inn á lán og hæstv. ráðherra hefur þegar komið því í verk að fólk getur fengið að fresta afborgunum af lánum til talsvert langs tíma en greiðir þá væntanlega vexti. Þar er reynt að koma til móts við þær einkennilegu aðstæður sem íslenska þjóðin hefur nú lent í.

Hæstv. ráðherra vék líka að stimpilgjöldunum. Þingmenn Frjálslynda flokksins hafa lagt til að stimpilgjöld af öllum viðskiptum með húsnæði og samningum sem tengjast því verði felld niður og ég heyrði á máli hæstv. ráðherra að unnið væri að afnámi stimpilgjalda svo fólk gæti m.a. endurskipulagt lán sín án þess að borga stimpilgjöld. Ég fagna því en tel að stíga eigi skrefið til fulls þegar kemur að húsnæðisskuldbindingum fólks og fella stimpilgjöldin niður að öllu leyti þegar fólk fjárfestir í húsi eða þarf að breyta kjörum á skuldasamningum sínum.

Það er rétt sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að margir sem fjárfestu í nýrri íbúð og ætluðu að selja þá eldri hafa lent í vandræðum vegna þess að markaður fyrir íbúðir hefur hrunið og mönnum hefur ekki tekist að selja eldri íbúðir. Þær eru væntanlega í leigu en við vitum, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, að fleiri þúsund íbúðir standa til boða á höfuðborgarsvæðinu. Mig minnir að tala þeirra sé einhvers staðar í kringum 2.500 eða 2.700 þannig að allar líkur eru á því að leiga muni einnig lækka og þar af leiðandi minnki tekjur fólks sem hefur leigt íbúðir sem það hefur ekki getað selt og það mun enn auka á vanda vegna verðtryggðra skulda og skulda sem bundnar eru í erlendum lánum, erlendum gjaldeyri og aukast hratt við núverandi aðstæður.

Hæstv. forseti. Ég tel að hér séu góð skref stigin og vænti þess að það sem hæstv. ráðherra lýsti í ræðu sinni gangi eftir, sérstaklega í ljósi þess sem hæstv. ráðherra nefndi að þeim sem nú sækja um lausnir vegna stöðu sinnar, greiðsluerfiðleika og þess er varðaði Íbúðalánasjóð og húsnæðislán hefði fjölgað um hundruð síðustu vikur og það sýnir okkur í hvers konar erfiðleika við stefnum. Þess vegna segi ég enn og aftur að ég þakka guði fyrir að við eigum Íbúðalánasjóð og getum notað hann í þessum þrengingum og viðhaldið honum og vænti þess að hæstv. ráðherra haldi áfram að vinna að stefnumótuninni sem hún hefur lýst og að mjög fljótlega komi niðurstaða úr nefndinni sem skoðar verðtrygginguna. Ég tel, eins og ég hef lýst í máli mínu, að við því verði að bregðast sérstaklega. Fólk muni ekki ráða við verðtrygginguna eins og hún gengur upp núna í verðbólgunni og ég tala nú ekki um ef verðbólga stendur í einhvern tíma eða vex enn. Eignabruninn er svo hraður þegar á móti fer lækkandi verð á viðkomandi eignum að nánast allt brennur upp sem fólk hafði eignast og komið sér upp. Við verðum auðvitað að reyna að bregðast við því með öllum tiltækum ráðum, bæði fyrir heimilin í landinu og lán fólks.

Hinn hluti málsins er að reyna að halda uppi atvinnu í landinu. Eitt meginmálið sem við stöndum frammi fyrir nú er að reyna að tryggja það að atvinna haldist og fólk lendi ekki í atvinnuleysi ofan í auknar skuldir og erfiðleika. Þar finnst mér skorta, alla vega af því sem ég hef skynjað, beinar tillögur og ákveðnar lausnir. Ég skynja á verkum ráðherra sem mælir fyrir þessu máli í dag að þar er unnið nokkuð markvisst í ýmsar áttir við að taka á vandamálunum sem fram undan eru en mér finnst skorta á það varðandi atvinnulífið. Ég held að menn verði að setja upp aðgerðaáætlun fyrir minni fyrirtæki. Við megum ekki missa frumkvöðlana og þá sem reka einstaklingsfyrirtækin. Þau eru venjulega undirstaða þess að stærri og arðvænlegri atvinnufyrirtæki verði til í framtíðinni.

[17:28]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Við ræðum breytingar á lögum um húsnæðismál. Frumvarpið er ekki mikið að vöxtum, þrjár greinar. 3. gr. kveður á um gildistöku, 1. gr. um að heimila Íbúðalánasjóði að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði og 2. gr. gengur út á það að heimila að lánstími skuldbreytingalána sem Íbúðalánasjóði er heimilt að veita lánþegum sínum vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika verði lengdur úr 15 árum í 30. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þessar tillögur séu þáttur í aðgerðum sem félags- og tryggingamálaráðherra hafi gripið til í samvinnu við Íbúðalánasjóð til að rýmka heimildir og fjölga úrræðum sem Íbúðalánasjóður hefur til að koma til móts við lántakendur sem lenda í greiðsluvanda og síðan er rakið hvernig líklegt sé að sá vandi fari vaxandi vegna þeirra erfiðleika sem við stöndum frammi fyrir.

Um heimildir Íbúðalánasjóðs til að annast leigumiðlun þá er getið um það í greinargerð hvernig þetta taki á þremur þáttum: Í fyrsta lagi að heimildin verði nýtt til að gefa leigjendum íbúðarhúsnæðis sem Íbúðalánasjóður hafi eignast á nauðungaruppboði kost á að leigja íbúð áfram. Í öðru lagi að Íbúðalánasjóður geti við sérstakar aðstæður boðið fyrrum eiganda íbúðarhúsnæðis að búa í húsnæði áfram í tiltekinn tíma. Og í þriðja lagi er heimildin hugsuð til að tryggja að Íbúðalánasjóður geti gætt hagsmuna sinna og haft arð af íbúðarhúsnæði sem kemst í eigu sjóðsins.

Allt er þetta góðra gjalda vert og nokkuð sem ég kem til með að styðja en ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að þótt þetta sé gott mál erum við náttúrlega bara að pissa í skóinn okkar. Hér er enn eina ferðina verið að lengja í hengingarólinni. Ríkisstjórnin er nýbúin að heimila vaxtahækkun um 50%, stýrivextir voru hækkaðir að skipun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um 50% upp í 18 prósentustig, nokkuð sem smitaði inn í allt vaxtakerfi landsmanna. Það eru nokkur áhöld um hver hafi ákveðið þetta og er kapítuli út af fyrir sig hvernig ríkisstjórnin fer undan í flæmingi. Það eru alls kyns útgáfur um þetta, hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi fyrirskipað þetta, hvort Seðlabankinn hafi ákvarðað þetta eða hvort ríkisstjórnin hafi ákveðið þetta. Það sem ég held að sé hið rétta í málinu er að þetta sé samkvæmt forskrift Alþjóðagjaldeyrissjóðsins uppáskrifað af ríkisstjórn en framkvæmt af Seðlabanka vegna þess að hann

hefur hið lögformlega ákvörðunarvald með höndum. Þetta er vandinn sem við stöndum frammi fyrir, ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að keyra upp vaxtaskrúfuna.

Vextir á lánum Íbúðalánasjóðs eru núna 5,4%, þ.e. 5,4% ofan á verðbólgu, verðbólgu sem núna mælist um 16%. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að lán Íbúðalánasjóðs bera núna í reynd vexti upp á 21,4–21,5%. Hvað þýðir það? Það þýðir 250 þús. kr. á hverja milljón. Gera menn sér grein fyrir þessu? Gera menn sér grein fyrir því að við erum að tala um 2,5 millj. á ári fyrir hverjar 10 millj. sem fjöldi fólks skuldar? Þetta er náttúrlega hlægileg aðgerð ef út í það er farið hjá ríkisstjórn sem keyrir upp vaxtaskrúfuna á fyrirtækin og heimilin í landinu. Hér kemur eins konar afsökunarbeiðni, lenging í hengingaról, þetta er ekkert bjargráð fyrir fólkið og fyrirtækin, það er bara verið að lengja í hengingarólinni. Allar tillögur sem koma frá stjórnvöldum núna skuldurum til handa eru í þessa veru, þ.e. að fresta greiðslu á lánum frá einu upp í þrjú ár, færa þessar byrðar yfir á höfuðstólinn eftir þrjú ár en þá verður mannskapurinn náttúrlega leiddur upp í gálgann að nýju með þessum þungu klyfjum. Það er ekkert verið að létta á þeim, ekki neitt. Við skulum því hafa það hugfast, hæstv. forseti, að við búum við ríkisstjórn sem er að torvelda lántakendum, hvort sem það eru íbúðarkaupendur eða fyrirtækin í landinu, að ráða við skuldbindingar sínar. Þetta er bara til að lina þjáningarnar um stundarsakir. Það er ekki verið að gera neitt annað.

Síðan er annað sem ég vildi gjarnan koma inn á vegna þess að við höfum rætt um verðtrygginguna. Ég held að það hljóti að vera keppikefli og markmið að losna við verðtryggingu á lánum. Hins vegar hef ég ákveðnar efasemdir um að afnema verðtryggingu á lánum í óðaverðbólgu einfaldlega vegna þess að það þýðir þyngri raunvexti í núinu. Það er það sem gerist. Ég hef grun um að hæstv. forseti sé sammála mér hvað þetta snertir enda sitjum við saman í félagsmálanefnd þingsins. Hann gerir grein fyrir afstöðu sinni síðar. Vandinn við verðtrygginguna er nefnilega sá að verðtryggð lán eru dýrari kostur fyrir lántakandann þegar upp er staðið en í núinu eru greiðslur af verðtryggðum lánum ekki eins miklar og af óverðtryggðum lánum. Allar skýrslur sem gerðar hafa verið um þetta efni hafa sýnt okkur að greiðslukvöðin, greiðslan í núinu af verðtryggðum lánum er minni en af óverðtryggðum lánum vegna þess að hluti greiðslunnar frestast og færist yfir á höfuðstólinn síðar. Þetta er vandinn. Hins vegar er það svo að lántakandinn greiðir meira þegar upp er staðið og aftur segi ég: Það er dýrt að vera fátækur. Verðtryggðu lánin eru dýrari þegar upp er staðið þó að greiðslubyrðin sé minni í núinu. Þess vegna tel ég að það sé ekki ráð að afnema verðtrygginguna í óðaverðbólgu en hins vegar á það að vera markmið okkar. Þegar þjóðarsáttarsamningarnir svokölluðu voru gerðir árið 1990 var rætt um það og ákvæði var í samningunum eða í markmiðslýsingu sem kom frá ríkisstjórninni og aðilum vinnumarkaðarins um að ráðist yrði í afnám verðtryggingar samfara því að verðbólgan yrði keyrð niður. Það hlýtur að vera sameiginlegt keppikefli okkar og markmið að losa okkur við verðtrygginguna fyrr en síðar en að afnema hana núna er einvörðungu ávísun á meiri greiðslubyrði fyrir þann sem er að greiða af lánum.

Hæstv. forseti. Það sem ég vildi leggja áherslu á er þetta: Ríkisstjórnin er í þessu máli að grípa til ívilnandi aðgerða en þær gera ekkert annað en að lengja í hengingaról fólks, fólkið verður leitt upp í gálgann síðar. Það er ekki verið að létta byrðarnar og ríkisstjórnin er búin að skrifa upp á þyngri skuldabyrðar með því að fallast á afarkost Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að færa vaxtastigið upp og það er vandinn sem við stöndum frammi fyrir fyrst og fremst.

[17:38]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson flutti athyglisverða ræðu um verðtrygginguna og talar fyrir því að hún verði látin mæla áfram í núverandi ástandi. Hann kemur réttilega inn á að búast megi við að verðbólgan fái ákveðið eldsneyti með stýrivaxtahækkuninni en gleymir þó að segja af hverju hagfræðingar hafa mælt með þeirri leið, margir hverjir, en það er þó þannig að ráðleggingarnar eru alltaf misvísandi. Meginrökin fyrir stýrivaxtahækkuninni voru að aðalhvati verðbólgunnar í dag sé gengi krónunnar og að sem allra fyrst þurfi að reyna að ná tökum á því gengi og þetta sé ein leiðin til þess. Ég ætla ekki að fullyrða hvort þetta tekst eður ei en treysti þó á að spá Seðlabankans, sem er mjög svartsýnisleg, um að meðalverðbólga verði þrátt fyrir þessar aðgerðir milli 4 og 5% á næsta ári, ef ég man rétt, gangi eftir.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann af því að ég heyrði ekki margar tillögur um hvernig ætti að gera þetta. Það mátti þó helst skilja af máli hans að verðbólgan og allt mundi lagast ef ríkisstjórnin viki og efnt yrði til kosninga eða eitthvað slíkt, því að hann gefur í skyn að það sé eingöngu ríkisstjórnin sem sé vandamálið. Ég hef kvartað yfir því undanfarið, bæði í félags- og tryggingamálanefnd og almennt, að það sé lítið um úrræði en meira um gagnrýni og mig langar því að heyra hvernig eigi að tryggja að þetta misgengi verði ekki ef ekki má hrófla við verðtryggingunni og hvernig hv. þingmaður ætlar að tryggja að við náum tökum á genginu, þessari veiku krónu okkar, vitandi að hann hefur ekki áhuga á að skipta um gjaldmiðil, og hvaða tillögur hann hefur til lausnar á þessu máli þannig að alþjóð fái að heyra það.

[17:40]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi legg ég til að menn hætti að tala gjaldmiðilinn niður eins og Samfylkingin hefur gert og við reynum að sameinast um að tala hann upp. Ástæðan fyrir því að vextirnir voru hækkaðir sem þessu nemur, um 50% fyrir fáeinum dögum, er sú að stjórnvöld eru meðvituð um að inni í fjármálakerfinu er mikið erlent fjármagn sem leitar út og til að freista þessa fjármagns að halda sig áfram inni í íslensku fjármálaumhverfi eru vextirnir hækkaðir þannig að eigendur þessa fjármagns sjái hag sinn í því að halda því áfram þar.

Síðan búum við við þá ógæfu að hafa ríkisstjórn og hæstv. ráðherra sem lýsa því yfir um leið og þetta er gert að þetta muni vara mjög stutt sem er náttúrlega yfirlýsing í garð þeirra sem eiga fjármagnið um að hypja sig úr landi sem allra fyrst. Þetta er náttúrlega eins mótsagnakennt og ruglað hvernig stjórnvöld standa að þessu en þetta var

ástæðan fyrir því að menn færðu upp vextina til að halda í fjármagnið og reyna að draga úr fjármagnsstreyminu úr landinu.

Hvað við getum síðan gert til að hamla gegn þessu vegna þess að við komumst ekki inn í annan gjaldmiðil þótt við gjarnan vildum eða vilji væri til þess, við gerum það ekki næstu mánuðina. Það er tvennt: Að reyna að ganga eins langt í að stýra og festa gengið og við getum, hvort sem við færum þá út í eitthvert flot að einhverju marki, og að reyna að róa markaðinn, reyna að hamla gegn því alla vega að Íslendingar fari með fjármagn sitt úr landi. Þá ríður á að samfélagið allt og pólitíkin öll og jafnvel Samfylkingin líka sameinist um að reyna að skapa þessa ró. Þetta er bara samfélagslegt átak sem við þurfum að ráðast í. Þetta er tillaga út af fyrir sig. Og af því að hv. þingmaður telur (Forseti hringir.) að við séum ekki með neinar tillögur skal ég halda áfram og bið auk þess um orðið fyrir aðra ræðu.

[17:43]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður segir að meginskýringin á gengi gjaldmiðilsins sé sú að ríkisstjórnin er að tala gjaldmiðilinn niður eða réttara sagt Samfylkingin. Samfylkingin sem talaði fyrir aðild að Evrópusambandinu og fór með það í atkvæðagreiðslu árið 2001 og fékk flokkssamþykkt fyrir því að hafa þetta sem meginstefnu, talaði fyrir því löngu, löngu áður en kom til nokkurra erfiðleika í efnahagslífi þjóðarinnar og hefur talað fyrir evru í mörg ár einmitt til að tryggja að hér sé stöðugra umhverfi, öruggari gjaldmiðill sem geti tryggt afkomu fólks.

Hv. þingmaður bendir réttilega á að tillögur um stýrivaxtahækkun eru einmitt til að halda fjármagninu heima og að fjármagnið í sambandi við jöklabréfin streymi ekki jafnhratt út. En hv. þingmaður gleymir að nefna að lífeyrissjóðir landsins eiga mikið fjármagn erlendis og eins og kom fram í aðdraganda bankahrunsins var rætt um að reyna að færa það fjármagn heim. Ein rökin fyrir því að lífeyrissjóðunum sé gert kleift að koma heim með þetta fjármagn hafa líka verið að þeir komi þá inn í tryggt umhverfi þannig að þeim sé óhætt að vera hér með þessa fjármuni. Það er auðvitað eitt af því sem maður hefði viljað sjá, að lífeyrissjóðirnir gætu með tryggum hætti komið heim með sinn gjaldeyri og lagt hann til inn í uppbygginguna hér heima.

Sagt er að það sé ákveðin mótsögn í því að þetta vari stutt en auðvitað hafa allir átt þá ósk að við náum tökum á gjaldmiðlinum, krónunni í þessu tilviki, þannig að hann verði á einhverju eðlilegu gengi. Það komu ekki fram margar tillögur um hvernig hægt væri að festa hann en þarna er valin ein aðferð til að reyna það. Tekst það eða tekst það ekki? Það er ekki mitt að svara því en mikill meiri hluti hagfræðinga hefur mælt með þessari leið og þess vegna er hún lögð til. Markmiðið er að ná tökum á verðbólgunni með því að laga gengið og þar með kostnað heimilanna. (Forseti hringir.) Það er ekkert sem drífur verðbólguna eins og aukinn kostnaður á innflutningi til matar og annars.

[17:45]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður gefur í skyn að ég hafi talað um að meginástæða þess að verðgildi krónunnar hafi hrapað sé afstaða Samfylkingarinnar, hún hafi talað gjaldmiðilinn niður. Ég hef aldrei sagt það. Auðvitað eru ástæðurnar allt aðrar fyrir þeim hremmingum sem við stöndum frammi fyrir. Ég frábið að snúið sé út úr orðum mínum með þessum hætti. Ég sagði hins vegar að það skipti miklu máli við þessar aðstæður að við sameinuðust um að skapa ró á fjármálamarkaði, einnig Samfylkingin sem hefur talað gjaldmiðilinn niður. Ef við ætlum að fara út á þá braut sem mér sýnist við gera með einhverri blöndu af því að hleypa krónunni á flot og hafa hemil á henni, það virðist mér vera sú formúla sem er uppi núna, tala ég fyrir því að við sameinumst um þá leið. Ég sagði ekkert annað.

Þegar talað er um lausnir sem menn hafa vil ég nefna tvennt: Ég sagði að við hefðum ekki átt að handstýra vöxtunum upp á við eins og gert var. Ég tel það mjög varhugavert vegna þess ... (Gripið fram í.) — nei, ég er að tala um ákvörðunina nú um daginn um að hækka stýrivextina um 50% í þeirri von, ég skil alveg hvers vegna það var gert. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fyrirskipaði það og hann gerði það vegna þess að hann telur að með því móti sé hægt að hamla gegn útstreymi fjármagns úr landinu. Ég segi að áhættan sé svo mikil af þessari hækkun að hún sé ekki þess virði vegna þess að heimilin og fyrirtækin koma ekki til með að þola hana. Það er mín röksemd. Það þýðir ekki að koma og segja við fólk sem reynir að taka þátt í umræðunni að það hafi engar tillögur og að ekkert innihald sé í því sem það segir. Menn verða að hlusta á röksemdir annarra.

Síðan er ég með hugmyndir um hvernig (Forseti hringir.) menn geti gripið til annarra ráða en geri grein fyrir þeim í ræðu minni síðar.

[17:48]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál. Hér hefur farið fram ágæt umræða. Það eru ekki deilur um frumvarpið í sjálfu sér. Ég mun styðja það, greiða atkvæði með því. Verið er að grípa til ráðstafana sem eru eðlilegar og heppilegar til að létta fólki um stund. Ég bendi einvörðungu á að það er mótsögn fólgin í því að segjast vera að bæta stöðu skuldara um leið og vextirnir eru hækkaðir sem kemur til með að kyrkja heimilin og fyrirtækin. Það sem mig langaði til að bæta við er að það er mikilvægt að menn skoði aðrar leiðir líka, t.d. breytingu á vísitöluútreikningum. Komið hefur fram í félagsmálanefnd af hálfu hæstv. ráðherra að uppi séu ráðagerðir t.d. um að skoða útfærslu sem gangi út á að reikna mismuninn á þróun almennrar vísitölu og launavísitölu og skjóta mismuninum þar á milli á frest inn í framtíðina. Það er tillaga sem kom fram á 9. áratugnum og aftur á þeim 10., svo að ég vitni í núverandi hæstv. forseta þingsins. Hann var einn af þeim sem fluttu slíkt frumvarp 1992 eða 1993. Það er ágæt hugsun finnst mér.

Spyrja mætti einnig hvort ganga eigi lengra og að skoða hvort launavísitalan eigi kannski að vera sú vísitala sem miðað er við þegar lánin eru annars vegar. Ég geri það að tillögu minni, það er nokkuð sem við ættum að taka til skoðunar. Þegar ég tala um vísitöluna og afnám vísitölu á verðtryggðum lánum er ég einvörðungu að meina að mér finnst það vera æskilegt markmið inn í framtíðina að ná verðbólgunni niður og koma vísitölubindingu lána út úr

heiminum. Það finnst mér vera æskilegt markmið vegna þess að óverðtryggð lán eru ódýrari lán þegar upp er staðið. Það er staðreynd. En í óðaverðbólgu og mikilli verðtryggingu eru það engu að síður lán sem fólk ræður betur við að greiða af en af óverðtryggðum lánum. Það eru hlutir sem við þurfum einfaldlega að skoða, ekki á einhvern „popolískan“ hátt, við þurfum að skoða hvernig það kemur raunverulega út fyrir skuldtakandann þannig að við tryggjum að raunvextir séu sem allra lægstir, byrðarnar sem allra minnstar á honum en jafnframt, þegar til lengri tíma er litið, að huga að fyrirkomulagi sem gerir lántökuna eins ódýra og kostur er.

[17:51]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Mig langar að ræða aðeins um það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson talaði um en tel rétt að gera það í ræðu frekar en í andsvari vegna þess að þá hef ég aðeins lengri tíma til að ræða málin.

Það sem ég vék að í máli mínu varðandi verðtrygginguna var að ég benti á að við núverandi ástæður þyrftum við að frysta ástandið meðan við erum að ná tökum á þeim vanda sem við erum í, þ.e. varðandi uppreikning lána og því að fólk skuli þurfa að greiða þau til langrar framtíðar. En megininntakið er að reyna að afnema verðtrygginguna. Ég geri mér grein fyrir því að það er erfiðara og snúnara að öllu leyti að afnema verðtryggingu þegar verðbólgan er mikil og í því ástandi sem nú er en allt að einu, þetta eru jú mannanna verk, eins og kom réttilega fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Það eru mannanna verk að ákveða hver viðmiðunin er. Ég leyfi mér að halda því fram að núverandi viðmiðun sé alls ekki heilög. Það eru engin rök fyrir því að byggja á henni til framtíðar, þ.e. að vera með sérstaka vísitölutryggingu á krónunni miðað við verðbólgu.

Vissulega er ástæða til að menn horfi frekar til launavísitölunnar og miði við hana. Allar þessar viðmiðanir, vísitölur, geta gengið í ýmsar áttir. Þó held ég að það sé meira samræmi í því að horfa til launavísitölunnar en annars vegna þess að tekjur fólks aukast þá væntanlega samhliða því að lánin hækka ef menn miða við launavísitöluna. En í dag horfum við á kaupmátt launþeganna hrapa niður en lánin hækka um leið. Þar við bætist svo eignabruninn. Það er því ekki bara verið að gera eignir fólks verðlausar eins og hlutirnir ganga núna heldur vaxa skuldirnar miklu hraðar en tekjurnar. Það er algerlega andstætt hagsmunum launafólks að hafa ástandið eins og það er.

Hvað er þá til ráða? Það eru auðvitað margar aðferðir. Menn geta ákveðið að breyta vísitöluviðmiðuninni í framtíðinni. Ég minni líka á að þegar verðtrygging var sett á fyrir mörgum árum kom hún í áföngum. Þá var það pólitísk ákvörðun og lagaákvörðun að ákveðinn hluti húsnæðismála, sem mig minnir að hafi verið 45%, tæki upp fulla verðtryggingu þegar það var gert. Síðan minnir mig að verðtryggingin hafi verið sett á í öðrum áfanga og svo að fullu en það hafi tekið einhver ár. Ég hef ekki flett þessu upp nákvæmlega en ef minni mitt bregst mér ekki var þetta einhvern veginn svona. Verðtryggingin kom í áföngum. Ég var að byggja á þessum tíma og tók lán sem ekki var verðtryggt og það hvarf bara á verðbólguárunum. Næsta lán var svo að hluta til með verðtryggingu og síðan var að lokum full verðtrygging á lánum og byggingu lokið. Þetta eru mannanna verk og mannanna viðmiðanir.

Eins og nú háttar til þegar við horfum á fjölskyldur tapa öllum eignum sínum í lækkandi kaupmætti í yfirstandandi erfiðleikum í þjóðfélaginu getum við ekki litið vísitölu verðtryggingar sem svo heilaga að hvergi megi að henni koma. Það er alveg útilokað að mínu viti. Hvort við gerum það með því að taka upp viðmið við launavísitölu eða hvort við ákveðum einfaldlega að í 20% verðbólgu megi aldrei reikna hærri verðtryggingu en t.d. 10% eru það bara aðferðir út af fyrir sig. Ég skal ekki fullyrða um hvaða aðferð er best í þessu en við óbreytt ástand getur íslenska þjóðin alls ekki búið.

[17:56]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég stend upp í lokin aðallega til að þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og ýmsar þær athugasemdir og ábendingar sem komið hafa fram. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni og reyndar fleirum að vitaskuld er frumvarpið sem hér um ræðir ekki nægilegt til að taka á þeim mikla vanda sem blasir við heimilunum í landinu. Eins og ég minntist á í framsögu minni sjáum við sjá verulega aukningu umsókna um greiðsluerfiðleikalán t.d. hjá Íbúðalánasjóði, 127% aukningu á fyrstu 10 mánuðum þessa árs í samanburði við stöðuna á sömu mánuðum á sl. ári og við sjáum verulega aukningu núna á fyrstu 11 dögum þessa mánaðar.

Ljóst er að frumvarpið dugar hvergi eitt og sér en ég kom inn á það að við höfum þegar gripið til ýmissa aðgerða í samráði og samvinnu við Íbúðalánasjóð sem ég ætla ekki að endurtaka hér og þetta er einn liður í því máli. Ég minni líka á að það er auðvitað eins og hér kom fram full ástæða til að hafa samráð við stjórnarandstöðuna. Að hluta til taldi ég mig gera það með því að fara í félags- og tryggingamálanefnd og gera grein fyrir þeim helstu málum sem eru til skoðunar til að verja heimilin vegna greiðsluerfiðleika og fór yfir þau mál sem við erum að skoða. Teknar hafa verið upp allar þær tillögur sem hafa komið fram opinberlega í þessu máli og þær allar skoðaðar. Sumar sem hér hafa verið nefndar, eins og að meta hvort lífeyrissjóðir eða Íbúðalánasjóður fái heimild til að fjárfesta í húsnæði að hluta eða í heild og leigja aftur til einstaklinga, eru í skoðun. Það virðast vera ákveðnir erfiðleikar í því en engum hugmyndum sem koma utan frá er kastað út af borðinu. Þá er ég að tala um hugmyndir frá öðrum en stjórnarliðum. Allt er skoðað sem við fáum upp á borðið og engu er kastað að óathuguðu máli. Þannig eru ýmsar hugmyndir enn til skoðunar sem við munum væntanlega sjá á næstu dögum.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi eitt atriði sem við erum að skoða. Það er að koma í veg fyrir misgengi lána og launa. Ég mun vitaskuld hafa samráð við stjórnarandstöðuna um það mál, ég tala nú ekki um ef við þurfum að flýta því á þinginu. Þá má ekki bara skella málinu inn í þingið og ætlast svo til að það sé afgreitt á örstuttum tíma. Ég vil skoða það með stjórnarandstöðunni ef það kemur snöggt upp.

Eins nefndi ég frumvarp um greiðsluaðlögun sem ég tel afar brýnt að afgreiða, helst fyrir jól. Ég vildi gjarnan sjá

það afgreitt fyrir jól en það er aðallega á forræði dómsmálaráðherra. Ég vonast til þess að við getum samþykkt málið fyrir þann tíma og það virkilega hjálpar fólki sem komið er í þá stöðu að sjá ekkert fram undan nema að missa heimili sín. Það hefði fyrir löngu átt að vera búið að afgreiða málið á þinginu þar sem við höfum rætt það í svo mörg ár. Það hefur verið í gildi á hinum Norðurlöndunum lengi og hefur gagnast þar vel.

Ég tel líka brýnt að við sjáum fyrr en seinna í land varðandi heildstæða aðgerðaáætlun sem við grípum til til að verja heimilin og fyrirtækin í landinu. Það er mjög brýnt að slík aðgerðaáætlun sjái dagsins ljós.

Ég ætla ekki að endurtaka þau úrræði sem við fórum yfir í félags- og tryggingamálanefnd. Það er ýmislegt sem við þurfum að skoða. Ég held að við hljótum t.d. að skoða dráttarvaxtafyrirkomulagið sem er með allt öðrum hætti en á hinum Norðurlöndunum. Hér höfum við stýrivexti plús ákveðið vaxtaálag sem er mjög hátt á Íslandi samanborið við á hin Norðurlöndin. Vaxtaálagið er á bilinu 7–15% og Seðlabankinn hefur í langan tíma nýtt sér 11% ofan á stýrivexti sem er náttúrlega glapræði eins og staðan er nú. Dráttarvextir eru nú hátt í 30%. Þetta er ein af þeim hugmyndum sem við höfum verið að skoða.

Annað er mjög mikilvægt og kom fram hjá ýmsum þingmönnum, þ.e. að standa vörð um Íbúðalánasjóð — eða eins og einn þingmaður sagði, guð hjálpi okkur ef hann væri ekki til núna. En við verðum auðvitað að passa upp á að allar aðgerðir sem við förum í taki mið af fjárhagslegri stöðu sjóðsins, að við gerum ekkert sem setji Íbúðalánasjóð á hliðina. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við höfum það í huga.

Ég get verið sammála ýmsu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson og reyndar einnig því sem síðasti ræðumaður sagði um verðtrygginguna en ég held að eins og staðan er núna sé ekki tímabært að afnema hana. Þá yrðu innleiddir hér mjög háir vextir og ég hygg að aðgangur að lánsfé yrði mjög erfiður ef við afnæmum verðtrygginguna í þessari stöðu en það er eitthvað sem við hljótum að stefna að í framtíðinni.

Varðandi leiguna sem hér hefur verið nefnd sem er partur af frumvarpinu sem við ræðum hefur lengst af verið heimilt að leigja íbúð sem Íbúðalánasjóður yfirtekur í einn mánuð. Það er ekki langt síðan það var framlengt í þrjá mánuði og lengur ef um var að ræða börn á skólaaldri sem voru í slíkri íbúð. Við erum auðvitað að tala um lengra svigrúm í breytingunni sem við gerum nú og opna fyrir, eins og hér hefur komið fram, að gerðir séu samningar t.d. við sveitarfélögin um leigu á íbúðum. Ég held að það sé jákvæð aðgerð í þeirri stöðu sem við erum í núna.

Ég hef þessi orð ekki fleiri en þakka fyrir umræðuna og vonast til að sem fyrst verði hægt að afgreiða frumvarpið sem lög frá Alþingi.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

[18:03]

Útbýting:

Hlutafélög og einkahlutafélög, 145. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 161.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 1. umr.

Frv. GAK og GMJ, 36. mál (lausir kjarasamningar). — Þskj. 36.

[18:04]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Það mál sem ég mæli fyrir og flutt er af þeim sem hér stendur ásamt hv. þm. Grétari Mar Jónssyni er gamall kunningi í sölum Alþingis, hefur verið flutt þó nokkrum sinnum í þinginu og margir þingmenn hafa kynnt sér það vel og því er ekki nauðsynlegt að fara í mjög langa ræðu um efni þess. Það byggir á því að auka réttindi launafólks, tryggja að ef kjarasamningar dragast mjög á langinn eigi launafólk, þegar þannig hagar til að ekki kemst á kjarasamningur mánuðum saman, rétt á sambærilegum launabreytingum og öðrum launamönnum hafa verið tryggðir fyrir sömu tímabil eða ár ef svo hagar til að gerð kjarasamninga dregst verulega á langinn.

Vissulega er dæmi til þess að gerð kjarasamninga hafi dregist mánuðum saman og jafnvel árum saman. Í fylgiskjali með þessu máli er tafla sem sýnir m.a. hvernig kjarasamningar sjómanna hafa iðulega dregist á langinn og þeir hafa búið við fjöldamörg samningslaus tímabil, það er rakið í sérstakri töflu alveg frá 1985 og fram til 2004. Það kemur í ljós ef menn líta á þessa töflu að kjarasamningar sjómanna hafa stundum dregist um hálft annað ár, iðulega í meira en ár og nokkrum sinnum í 10–11 mánuði. Það liggur því alveg ljóst fyrir að launþegasamtök lenda stundum í því að vera með lausa kjarasamninga, ekki bara mánuðum saman heldur árum saman.

Þetta hefur átt sér stað hjá fleiri samtökum launafólks en fiskimönnum þó að það dæmi sé tekið hér og sýnt sem rökstuðningur fyrir því að huga að þeirri réttarbót sem hér er lögð til. Réttarbótin felst í því að lög um stéttarfélög og vinnudeilur yrðu algjörlega óbreytt nema því aðeins að það dragist í meira en sex mánuði að koma á kjarasamningi. Sú breyting sem hér er lögð til á lögunum hefur enga virkni fyrr en menn hafa staðið uppi með það að vera með engan kjarasamning í sex mánuði, þá fer hún að hafa virkni og kveður á um að þá sé lögbundið að þegar semst virki upphafshækkun kjarasamninga aftur fyrir sig í tíma og endi með því, ef kjarasamningar dragast lengur en tólf mánuði eða meira, að þá gildi sú lausn sem kemur út úr kjarasamningnum frá upphafsdegi þess að kjarasamningur féll úr gildi.

Þannig er eiginlega settur inn í þetta annar hvati en nú er í kjarasamningsgerðinni, þ.e. að eins og nú er þá geti það geti verið hagur atvinnurekanda að draga kjarasamningsgerð um langan tíma vegna þess að umsamin ákvæði til hækkunar á launaliðum eða öðrum kjörum komi þá ekki til framkvæmda nema frá og með þeim degi sem samningar komast á, hvort sem það verður eftir níu mánuði, tólf mánuði eða eitt og hálft ár eða jafnvel hátt í tvö ár, eins og má

finna dæmi um. Þarna væri verið að tryggja að það skapaðist ákveðin réttarstaða til handa launþegunum um að ef ferlið dregst um sex mánuði byrji það að virkja aftur fyrir sig til þriggja mánaða og ef það dregst aftur um sex mánuði til viðbótar virki það um einn mánuð í viðbót aftur fyrir sig fyrir hverja tvo sem samningar dragast og hækkunarákvæði yrðu þá frá og með því að kjarasamningur féll úr gildi eftir heilt ár. Þá er það orðið sjálfkrafa lögbundið að hver svo sem upphafshækkun samninganna yrði þegar um væri samið gilti hún frá upphafsdegi.

Vissulega hefur það færst í vöxt á undanförnum árum að í kjarasamningum hefur verið stundum kveðið á um að ákveðnar hækkanir tækju ekki gildi bara frá undirritun samninga heldur virkuðu aftur fyrir sig en yfirleitt hefur það ekki verið frá því að kjarasamningur féll úr gildi heldur hafa þarna verið talsverð tímabil á milli og mislöng eftir stéttum og átakapunktum og hægt að finna því dæmi í stéttabaráttu Bandalags háskólamanna og fleiri stétta, sjúkraliða o.s.frv., sem slík lagaákvæði sem hér um ræðir mundu þá ná til ef svo hefði gengið til í kjarasamningsferlinu.

Hér er því verið að leggja til réttarbót launþegum til handa en ég ítreka að þó svo að það dragist að gera kjarasamninga í allt að sex mánuði hefur þessi tillaga að lagabreytingu engin áhrif, enga virkni. Virknin byrjar ekki fyrr en samningar hafa verið lausir í sex mánuði eða lengur og leiðir að lokum til þess að það verði lögbundið að umsamin ákvæði gildi frá upphafstíma þess þegar samningur féll úr gildi ef það fer á annað ár að dragist að gera kjarasamning.

Þetta er meginefni frumvarpsins og þar sem það hefur áður verið til umfjöllunar í hv. þingi hefur það verið sent til launþegasamtaka. Ég kíkti á umsagnir sem bárust í fyrra, því að við erum búin að flytja þetta mál í nokkur skipti, eins og ég gat um áður. Hér er t.d. umsögn frá Farmanna- og fiskimannasambandinu þar sem það lýsir sig algjörlega sammála markmiðum frumvarpsins og telur að í ljósi reynslunnar sé í raun um mikið réttlætismál að ræða.

Sama má segja um umsögn Félags vélstjóra og málmtæknimanna þar sem farið er yfir þau rök sem í frumvarpinu eru og síðan segir í niðurlagi, með leyfi forseta:

„Í ljósi þessa er hér um verulega réttarbót að ræða sem Félag vélstjóra og málmtæknimanna styður“ — heils hugar.

Alþýðusambandið sendi umsögn um málið á síðasta ári og þar er ekki tekið undir að það efni sem hér um ræðir verði lögfest á þinginu enda sé það hlutverk heildarsamtaka launamanna að semja um kaup og kjör en jafnframt er tekið fram í umsögn ASÍ að sambandið undirstriki og taki undir það með flutningsmanni að mikilvægt sé að nýir kjarasamningar komist á um leið og eldri samningar renna sitt skeið eða sem fyrst þar á eftir. Síðan minnir Alþýðusambandið á að það hefur verið reynt að taka upp breytt verklag um svokallaðar viðræðuáætlanir sem voru settar inn í lög um stéttarfélög og vinnudeilur fyrir nokkrum árum í tengslum við gerð kjarasamninga og eftirfylgni með framkvæmd þeirra. Ég held að menn séu sammála um að í mörgum tilfellum hafi það verið til bóta þó að það sé ekki algilt að það hafi gengið neitt betur að ná málunum saman með því markmiði.

ASÍ segir svo í niðurlagi máls síns að þó að það sé ekki fylgjandi því að þetta verði sett í lög sé sambandið samt sammála flutningsmanni um þau markmið sem frumvarpið ber í sér, þ.e. að koma fram kjarasamningum með virkari hætti og skilvirkari hætti en kannski verið hefur og tryggja að á rétt launamanna sé ekki gengið mánuðum og árum saman án þess að réttarstaða þeirra sé aukin.

Um það snýst þetta mál, hæstv. forseti, og ég vænti þess að þingheimur sjái að það sé rétt að taka þetta mál til gaumgæfilegrar skoðunar. Í ljósi þess sem hæstv. forseti þingsins sagði við setningu þings, að eðlilegt væri að mál kæmu hér aftur inn til umræðu og atkvæðagreiðslu og afgreiðslu, þá vænti ég þess að um málið verði fjallað í nefnd og í 2. umr. og það komi til afgreiðslu í þinginu. Því miður hefur það ekki verið þannig undanfarin ár heldur hefur málið yfirleitt verið látið frjósa í nefndum þingsins, eins og oft tíðkast um mál sem þingmenn flytja í hv. Alþingi.

Ég ítreka að ég tel að við séum að bæta réttarstöðu launþega. Við erum að vísu að setja meiri pressu á atvinnurekendur, að meiri ávinningur sé að því að ljúka samningsgerð en að láta hana bíða og lenda undir þeim lagaákvæðum að þetta virki aftur fyrir sig í tólf mánuði. Ég held að það sé rétt að þessi hvati sé óbreyttur í sex mánuði en eftir það telji hann hratt á atvinnurekendur sem þurfi þá að taka mið af því að upphafshækkunin skellur á þá hvort sem þeir vilja eða vilja ekki.

[18:15]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Við fjöllum hér um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Ég ætla ekki að fara ofan í það eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hefur gert, hann hefur útskýrt það. Ég tel mikla þörf á að frumvarpið verði samþykkt. Ég sé fyrir mér að verkalýðshreyfingin í landinu þurfi að fara í mikla baráttu til að bæta kjör sinna manna á næstu árum. Ég held að þetta sé góður liður í því að tryggja að kjarasamningar náist fyrr en ella og það skiptir þá ekki máli þó það dragist aðeins, þeir taka gildi sex mánuðum eftir að síðasti kjarasamningur rann út.

Verkalýðsfélög og stéttarbarátta — viðræðuáætlun er venjulegast byrjuð áður en samningar renna út. Æðioft er það þannig að þrátt fyrir viðræðuáætlanir gengur ekkert fyrr en búið er að hóta verkfalli eða menn hafa boðað til verkfalla, þá nást samningar. Við þurfum ekki að ímynda okkur að í framtíðinni verði mjög auðvelt hjá verkalýðshreyfingunni að ná kjarasamningum. Það verður erfiðara nú en nokkurn tíma áður vegna þess að atvinnulífið stendur illa. Að öllum líkindum verður að stórum hluta uppstokkun í atvinnulífinu og af því leiðir að við erum komnir á ákveðinn byrjunarreit aftur, 50 ár aftur í tímann eða 40, það er óljóst. Erfiðleikarnir verða væntanlega miklir í samskiptum atvinnurekenda og launþega. Enn og aftur segi ég því að þetta góða frumvarp á fullan rétt á sér og hvet ég þingmenn til að styðja það.

Staðan er sérkennileg, hér í þingsalnum eru þrír þingmenn Frjálslynda flokksins, einn frá Sjálfstæðisflokknum og einn frá Vinstri grænum. Verið er að ræða frumvörp og er lítil sem engin þátttaka hjá þingmönnum í þeim umræðum. (Gripið fram í.) Það er rétt að sumir eru breiðari en aðr-

ir og margra manna makar, ég ætla ekki að gera lítið úr því, hv. þm. Árni Johnsen. En þetta er dálítið skondin staða að vera að ræða svona mál með lítilli þátttöku þingmanna. Það er eins með fjölmiðlamennina sem eru ekki til staðar og fjalla ekki um þau mál sem við erum að ræða. Við erum kannski ekki hissa á því í Frjálslynda flokknum vegna þess að flokkurinn hefur verið mjög afskiptur í umfjöllun fjölmiðla, ekki síður en umfjöllun þingmanna, um mál sem við höfum flutt í þinginu.

Þegar maður uppgötvar slíkt afskiptaleysi og litla umræðu í fjölmiðlum um þau mál sem við flytjum finnst manni reyndar stundum líkast því að um einelti sé að ræða. Í sambandi við ýmsa spjallþætti á útvarpsrásum og í sjónvarpsþáttum höfum við verið hunsaðir. Í sjálfu sér kemur það ekki á óvart, við þetta megum við búa, við sem erum í litlum þingflokki. Auðvitað verður bót á því með tíð og tíma. Við eigum eftir að stækka og fá fylgi og sérstaklega þegar fólk áttar sig á öllum þeim góðu tillögum sem við flytjum hér og viljum fá aðra þingmenn til að ræða við okkur um. Okkur finnst því dapurlegt til þess að vita að þingmenn skuli ekki taka meiri þátt í umræðunni.

[18:19]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill geta þess, vegna þess sem fram kom í ræðu hv. þingmanns, að mun fleiri þingmenn eru staddir í húsinu en eru hér í þingsal í augnablikinu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Strandsiglingar, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn o.fl., 39. mál (uppbygging). — Þskj. 39.

[18:20]

Flm. (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég tala fyrir tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar. Fyrsti flutningsmaður er hv. þm. Jón Bjarnason, en ásamt honum flytja tillöguna sá sem hér stendur og hv. þingmenn Katrín Jakobsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Þuríður Backman, Kolbrún Halldórsdóttir og Guðjón A. Kristjánsson.

Þingsályktunartillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa að strandsiglingar verði hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Ráðherra móti stefnu og aðgerðaáætlun og leggi fram lagafrumvörp í þessu skyni, ef með þarf, þannig að ríkið geti tryggt reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með því að bjóða út siglingaleiðir. Ráðherra láti meta kostnað við að halda uppi reglulegum strandsiglingum um allt land miðað við skilgreinda þjónustu og geri tillögur um siglingaleiðir sem bjóða á út. Ráðherra skili niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 1. mars 2009.“

Ég legg áherslu á að það er kannski mikilvægara nú en oft áður að þessi tillaga verði tekin alvarlega. Hér voru strandsiglingar um áratugaskeið við Íslandsstrendur, mikið var fjárfest í höfnum og mannvirkjum sem síðan hafa ekki verið nýtt sem skyldi. Öllum sem skoðað hafa málið ber saman um að frá umhverfislegu sjónarmiði og þjóðhagslegu er þetta skynsamleg ráðstöfun. Það virðast allir leggjast á sveif í orði en skort hefur á að menn séu tilbúnir að fylgja þessu eftir í verki.

Þessi tillaga hefur verið lögð fram áður, og nokkuð oft, á 127., 128., 131., 132., 133. og 135. löggjafarþingi, og er nú lögð fram að nýju, örlítið breytt.

Ég vísa til umræðu sem fram hefur farið um þetta þingmál í þingsal. Ég vísa til greinargerðar sem fylgir frumvarpinu og ætla ekki að fjölyrða um það meira. Ég legg til að málinu verði vísað til samgöngunefndar að umræðu lokinni.

[18:23]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Þessi ágæta þingsályktunartillaga um strandsiglingar á fullan rétt á sér með tilliti til þess að nú stöndum við kannski frammi fyrir því að hafnir víðast hvar eru illa nýttar hringinn í kringum landið og vegir á landinu þola illa þá þungaflutninga sem eru í dag. Ef hægt væri að auka flutninga með skipum hringinn í kringum landið væri það til góðs fyrir vegakerfið okkar, ég tala nú ekki um ef litlir peningar verða til á næstunni í viðhald og viðgerðir og nýlagningu vega.

Það er kannski ekki mikið sem þarf að segja um þetta og ég hvet þingheim allan, hvar sem hann er staddur, og ef hann er að hlusta og horfir á og fylgist með þeim umræðum sem hér eru í gangi, að hann nýti sér það og veiti þingsályktunartillögunni brautargengi.

[18:25]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Sú þingsályktunartillaga sem við ræðum hér er gamall kunningi eins og fleiri mál sem mælt er fyrir í dag og er um strandsiglingarnar. Sá sem hér stendur er einn af flutningsmönnum tillögunnar og telur að hún eigi fyllsta rétt á sér, hún sé bæði þjóðhagslega hagkvæm og einnig umhverfislega hagkvæm. Hún muni leiða til þess að þjóðvegir landsins verði ekki fyrir því mikla álagi sem er í dag vegna þungaflutninga meðal annars og eðlilegt sé að tekist verði á við málið. Það er líka eðlilegt að vekja athygli á því að krafa hefur verið um að reyna að koma strandsiglingunum á á nýjan leik, við Íslendingar erum ekki einir um að ræða það eða vilja framkvæma það. Á vegum Evrópusambandsins hefur verið lagt til — þeir hafa heimilað fyrir sitt leyti sérstaka styrki, að ríkisstjórnum sé heimilt að styðja við strandflutninga með því að styrkja flutningana og efla þannig samkeppnisstöðu sjóflutninga. Núverandi hæstv. samgönguráðherra hefur iðulega talað fyrir því að eðlilegt væri að koma upp strandflutningum á nýjan leik og tryggja að þeir komist á með því að taka m.a. á því að bjóða út ákveðnar siglingaleiðir sem njóti þá ákveðinna styrkja o.s.frv.

Það er svo sem ekki mikið meira um þetta að segja. Þessi þingsályktunartillaga hefur, eins og ég segi, oft verið flutt hér áður. Ég vænti þess að hún fái nú afgreiðslu. Ég tel það til mikilla bóta, hæstv. forseti, eins og ég sagði áður,

bæði þjóðhagslega og umhverfislega, að standa að því að sjóflutningar við strendur Íslands verði aftur settir á laggirnar umfram það sem nú er með okkar ferjuflutningum, sem eru á þremur stöðum, þ.e. til Vestmannaeyja frá Þorlákshöfn og yfir Breiðafjörð og síðan á Eyjafirði út í Hrísey og Grímsey.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að málið fái jákvæða umfjöllun og komi hér inn í þing að nýju eftir þá umfjöllun og fáist afgreitt sem ályktun Alþingis við 2. umr.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og samgn.

Líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 42. mál. — Þskj. 42.

[18:29]

Flm. (Árni Johnsen) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum. Meðflutningsmenn eru hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, Guðni Ágústsson, Kjartan Ólafsson, Björk Guðjónsdóttir, Grétar Mar Jónsson og Bjarni Harðarson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta nú þegar hefjast handa um líkantilraunir í líkanstöð Siglingastofnunar til að undirbúa gerð stórskipabryggju í Vestmannaeyjum. Kannaðir verði þrír valkostir, norðan Eiðis, innan hafnar og utan hafnar í Skansfjöru gegnt Klettsvík," — þ.e. í innsiglingaleiðinni inn í Vestmannaeyjahöfn — „en þessi þrjú svæði hafa verið til umfjöllunar hjá hafnarstjórn Vestmannaeyja. Mikilvægt er að reikna með a.m.k. tveggja skipa viðleguplássi eða um 500 m kanti."

Þetta er ákaflega brýnt mál, í hnotskurn vegna þess að breytingar eru að verða á flutningaskipum landsins og á næstu árum má reikna fyllilega með því að til komi skip sem muni ekki geta lagst að bryggju í Vestmannaeyjum. Vestmannaeyjar eru stærsta útflutningshöfn landsins utan Reykjavíkur. Vestmannaeyjar eru fyrst og fremst útflutningshöfn og þess vegna skiptir ákaflega miklu máli að ekki sé slugsað við að klára það sem gera þarf í undirbúningi þessa máls.

Það liggur ljóst fyrir eins og ég sagði að á næstu árum verða þær breytingar á flutningaskipaflota Íslendinga að skipin munu stækka og þess vegna kann þessi vandi að koma upp. Skip eru á ferðinni á öllum tímum sólarhrings til og frá Eyjum. Vestmannaeyjar eru með um 10% af öllum afla landsins og það gengur ekki að þær yrðu úr leik hvað varðar útflutning landsins, það segir sig sjálft. Þetta er þess vegna brýnt verkefni, nauðsynlegt og full rök fyrir því. Auk flutningaskipanna er mjög vaxandi umferð stærstu farþegaskipa heims til Íslands og mikilvægt að þriðji mest sótti ferðamannastaður landsins um áratugaskeið hafi alla möguleika á þeim vettvangi og til þess þarf auðvitað að bæta aðstöðu á stórskipasvæðum. Það yrði bæði mikil tekjuöflun fyrir Vestmannaeyjahöfn og það yrði jafnframt mikil búbót fyrir ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum.

Siglingastofnun hefur að beiðni hafnarstjórnar Vestmannaeyja unnið frumathuganir á umræddum þremur valkostum, en mikilvægt er að mati flutningsmanna að öll hönnun og líkantilraunir miði a.m.k. við tveggja skipa stórskipakant. Mikilvægt er að hraða líkantilraunum eins og kostur er og vinda bráðan bug að því að byggja upp þessa aðstöðu í Vestmannaeyjahöfn.

Stórskipakantur utan Eiðis, norðan Eiðisins, norðan Heimaeyjar, er fýsilegasti kosturinn vegna nálægðarinnar við aðalathafnasvæði Vestmannaeyjahafnar og möguleika til landauka, en Skansfjara, sem er vestan við Vestmannaeyjahöfn, er einnig magnaður möguleiki þótt aðgengi inn á hafnarsvæðið sé þar ekki eins auðvelt. Stórskipakantur við Lönguna í Vestmannaeyjahöfn yrði við þröngar aðstæður og gæfi ekki mikið svigrúm til mannvirkjagerðar á landi auk þess að mikil höfuðsynd yrði að byggja að sjálfri Löngunni sem er náttúruparadís í sjálfri Vestmannaeyjahöfn og magnað útivistarsvæði framtíðarinnar. Þar er nú eini staðurinn sem hafið kyssir rætur Heimakletts innan hafnar. Engu að síður er þetta valkostur sem þarf að kanna og skynsemin verður að ráða. Auðvitað þyrfti um leið, ef könnuð yrði aðstaða fyrir stórskipalægi við Lönguna, að gera sams konar úttekt við Nausthamarsbryggju því að ekki gæti verið nema eitt stórskipalægi undir Löngunni og þá yrði hitt að vera við Nausthamarsbryggju gegnt Löngunni.

Miklir möguleikar eru á efnistöku í brimvarnar- og hafnargarða í Vestmannaeyjum, en reikna má með að a.m.k. 500.000 rúmmetra þurfi í garða hvort sem er utan Eiðis eða til móts við Ystaklett. Ég bendi á að 500.000 rúmmetrar í garða eru um það bil einn þriðji af því sem menn setja í flóðvarnargarða, snjóflóðagarða bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum. Þetta eru því ekki tölur sem ættu að valda því að mönnum bregði í brún, þetta er einfaldlega það magn sem reikna má með og sem betur fer er það mjög aðgengilegt í Vestmannaeyjum.

Möguleikar eru á efnistöku í nýja hrauninu austur á Urðum, vestur á Skönsum undir Klifi og svo sjálf hrauntungan sem teygði sig inn í miðjan Vestmannaeyjabæ, um 20 m þykk og þekur með þeirri þykkt um 93.000 fermetra lands eða um 1,3 milljónir rúmmetra af mikið til massífu bergi sem auðvelt væri að sprengja. Þessi möguleiki hefur ekki verið ræddur hingað til. Þarna liggur mikið verðmæti bundið og örstutt að flytja það hvort sem er austur á Skansfjöru eða norður fyrir Eiði.

Um 250 stór flutningaskip og farþegaskip koma til Vestmannaeyja á ári þannig að segja má að skip af stærstu gerð séu nær daglega alla virka daga í Vestmannaeyjahöfn. Það sýnir umfangið og hversu brýnt er að þessir hlutir gangi fyrir sig og menn sitji ekki uppi með það að þessi skipafloti geti ekki athafnað sig í Vestmannaeyjahöfn til að sækja þangað verðmæta útflutningsvöru. Komur fiskiskipa af öllum stærðum skipta þúsundum í Vestmannaeyjahöfn á hverju ári.

Ég ítreka, virðulegi forseti, að það er mikilvægt fyrir eina öflugustu verstöð landsins og þá sem skilar mestu hráefni utan Reykjavíkur að meta nú þegar valkostina og áætla kostnað við þá. Allar tafir geta skapað mikið vandamál og nú þegar hefur Vestmannaeyjabær fjármagn af sinni hálfu í verkefnið. Það sýnir líka þungann sem þetta verkefni kallar

á að unnið sé af festu og einurð. Það er svigrúm í líkanstöð Siglingastofnunar að ganga til þessara verkefna og koma því á hreint hvað er fýsilegast, hvað það kostar og þá er hægt að hnýta upp verkefnið og engin ástæða til að hanga neitt yfir því nema síður sé, virðulegi forseti.

Að lokinni umræðu legg ég til að málinu verði vísað til samgöngunefndar Alþingis. Málið er samþykkt af hálfu hæstv. iðnaðarráðherra og þurfum við ekki að ræða það frekar.

[18:37]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég er einn af meðflutningsmönnum hv. þm. Árna Johnsens á þessari þingsályktunartillögu og það þarf ekki að fara mörgum orðum um hana. Þetta er byrjunin á því að fara í verulegar hafnarbætur í Vestmannaeyjum sem byrjar með því að gert er líkan og valin höfn og eins og hv. þingmaður minntist á eru valkostirnir þrír. Ég fyrir mitt leyti er mikill áhugamaður um hafnargerð og hef velt þeim málum dálítið fyrir mér, enda hef ég setið í hafnarnefnd í Sandgerði í 24 eða 25 ár og fengist þar við mörg skemmtileg verkefni á þeim tíma.

Ég held að við ættum að skoða fyrst hvað er æskilegast að skoða og að mínu mati er fýsilegasti kosturinn að fara utan við Eiðið. Það er kannski dýrasta framkvæmdin en hún mundi til framtíðar litið verða besti kosturinn og í svona tilfellum þegar fara á í stórar framkvæmdir eins og þessa er dálítið hættulegt að hugsa í árum eða um einhver peningavandræði sem við erum kannski akkúrat í í dag. Við þurfum að hugsa þetta dálítið stórt til framtíðar litið. Það er gleðilegt að vita að Vestmannaeyjabær eða Vestmannaeyjahöfn er búin að tryggja fjárframlag sitt í þennan gjörning. Það er auðvitað hið besta mál og mjög af því góða.

Það er rétt að 10% af öllum afla á Íslandsmiðum er landað í Vestmannaeyjum og þegar við í Frjálslynda flokknum verðum búnir að breyta um fiskveiðistjórnarkerfi mun sú tala væntanlega hækka verulega (**Iðnrh.:** Hvað með Sandgerði?) þar sem Vestmannaeyjar liggja að góðum fiskimiðum og þegar betri stjórn verður á fiskveiðimálunum mun auðvitað víðast hvar aukast landaður afli, hv. iðnaðarráðherra. (**Iðnrh.:** Hæstvirtur.) Hæstvirtur, fyrirgefðu. Enn einu sinni gleymi ég hvernig ég á að ávarpa ráðherra og þingmenn og orða þetta rangt.

Það þarf ekki mörg orð um þetta mál en enn og aftur furða ég mig á því hve fáir þingmenn eru í salnum til að ræða þessi mál. Við erum hér aðeins tveir þingmenn úr Suðurkjördæmi, einn úr Samfylkingunni og reyndar þrír úr Frjálslynda flokknum. En mér finnst það dálítið sorglegt að þingmenn Suðurkjördæmis skuli ekki taka þátt í umræðunni með okkur.

[18:41]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég er bara venjulegur íslenskur alþýðupungur þannig að mig skiptir engu þó að hv. þm. Grétar Mar Jónsson ávarpi mig ekki rétt. Titlar og tog um þá skipta engu máli.

Ég hef aldrei setið í hafnarnefnd eins og hv. þm. Grétar Mar Jónsson en mér er það ógleymanlegt í fyrsta skipti sem ég kom til Vestmannaeyja og sigldi þangað inn á skipi sem mér fannst nokkuð stórt, lítill togari sem ég var þar á. Síðan hafa mér alltaf verið nokkuð hugleikin hafnarmál Vestmannaeyinga og ég geri mér grein fyrir því að þar er að finna líklega fræknustu sjósóknara á Íslandi.

Ég kem hér aðallega til að lýsa yfir stuðningi við þessa tillögu sem hv. þm. Árni Johnsen er 1. flutningsmaður að. Hv. þingmaður flutti mörg góð rök fyrir því að hefja ætti þessar tilraunir sem eru þá undirbúningur að því að byggja stórskipahöfn af því tagi sem hér var lýst. Það sem mér er kannski hugleiknast er sú staðreynd að ég held að slík höfn sé algerlega nauðsynleg til að skjóta styrkari stoðum undir möguleika Vestmannaeyinga á sviði ferðaþjónustu. Ég held að fram undan séu kaflaskipti, mjög góð, varðandi ferðaþjónustu í Eyjum. Það liggur fyrir að innan skamms verða komnar mjög góðar samgöngur upp á land. Sömuleiðis er það svo í Vestmannaeyjum að þar eru menn að leggja mjög traustar undirstöður að ýmsum nýjum seglum í ferðaþjónustu sem beinlínis varða eyjarnar. Þegar höfn af þessu tagi er komin getur hún tekið við þeirri nýju kynslóð skemmtiferðaskipa sem nú er að ryðja sér til rúms. Þau eru mjög stór og fara stækkandi og þau þurfa höfn af þessu tagi. Þá er það algerlega kjörið að skip sem kæmu og gætu notið þessarar nýju stórskipahafnar í Eyjum legðust þar upp að og afsettu þar alla sína farþega og sigldu síðan til Reykjavíkur fyrir Reykjanesið. Farþegarnir mundu nota dag eða tvo eða þrjá til að skoða eyjarnar, færu síðan upp á land og notuðu síðan hinn fræga gullna hring Suðurlands frá hinni leiðinni sem er öfug við þá hefðbundnu og fara til Reykjavíkur og hitta skipið þar og halda svo áfram leið sinni í kringum landið. Í dag er það þannig að það koma stór skemmtiferðaskip til Reykjavíkur, leggjast þar að og farþegarnir fara í rútum um Suðurlandið, náttúrlega aldrei til Eyja, og koma svo aftur til Reykjavíkur. Þarna mundu þeir sjá miklu meira af landinu en spara líka heilan dag með þessari aðferð þannig. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt til að skjóta stoðum undir ferðaiðnað í Vestmannaeyjum og ég er sannfærður um að hann á eftir að verða mjög blómlegur.

Stundum er talað um að í ferðaþjónustu þurfi að vera það sem menn kalla á íslensku „Vá!-effektin“. Þau áhrif skapast náttúrlega fyrst og fremst af hinni einstöku og stórbrotnu náttúrufegurð í Eyjum. Stundum finnst mér reyndar að Vestmannaeyingar, eins og hv. þm. Árni Johnsen sem þykir ákaflega vænt um Eyjarnar, séu svo hagvanir og heimavanir að þeir skynji kannski ekki alveg sjálfir, af því að þeir lifa við þessa stórbrotnu náttúru á hverjum degi, hvað þetta er mikilfenglegt. Hvergi í heiminum er hægt að sjá náttúru af þessu tagi og jafnstórbrotið landslag, eldfjallalandslag. Um þetta eru auðvitað Eyjamenn núna að reisa söfn eins og safnið sem er til þess að varða inn í framtíðina minningar og menjar t.d. um hin merku eldgos sem sem betur fer leiddu ekki til neinna hamfara á sínum tíma en var einhver stórbrotnasti atburðurinn í Íslandssögunni. Og sú staðreynd að það tókst á þeim tíma, með guðs hjálp, að koma í veg fyrir að nokkur slys yrðu á mönnum er líka eitt af því sem á skilið að menn reisi minnisvarða og söfn um. Það ásamt ýmsu öðru sem eyjunum tengjast, eins og hið einstaka fiskasafn sem þar er og ég tala nú ekki um

fuglalífið sem þar er alveg einstakt. Allt þetta laðar ferðamenn til Eyja. Það hefur hins vegar verið svo, sökum þess hvernig samgöngum er háttað, að ferðamenn hafa ekki átt eins greiða för út í Eyjar og æskilegt væri. En með höfn af þessu tagi opnast algerlega nýir möguleikar á þessu sviði og það er sérstaklega út frá því sem ég sem ferðamálaráðherra kem hér upp og lýsi eindregnum stuðningi við þessa góðu tillögu.

[18:46]

Flm. (Árni Johnsen) (S):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeim umræðum sem orðið hafa um þessa tillögu og ekki síst fagna ég ummælum hæstv. iðnaðarráðherra, Össurar Skarphéðinssonar, sem voru mjög jákvæð og á rökum byggð. Það er líka skemmtilegt að heyra hæstv. iðnaðarráðherra fjalla um orður og titla og má kannski setja það í hnotskurn með tengingu við Vestmannaeyjar og vitna í eitt af ljóðum Ása í Bæ, með leyfi virðulegs forseta, þar sem Ási segir í brag um Sævar í Gröf:

Látum þá bítast um arð og auð
eignast banka og hrað
gleðjast við orður og gáfnafrauð,
við gefum skít í það.

Þetta er góð pólitík að mínu mati þó að allt sé gott í hófi.

Það er mikilvægt að lögð sé áhersla á það sem ég vék að í upphafsorðum mínum, að gerð sé úttekt á þessum þremur valkostum. Við erum allir sammála um að æskilegast væri að ná aðstöðu norðan við Eiðið en það verður að ráðast af því hvað kostar að gera það og þarf að meta hvort unnt er að fara í svona framkvæmdir eða ekki.

Það kann vel að vera að það yrði til að mynda helmingi ódýrara að gera ferjulægi við Skansfjöruna en Eiðið. Það væri hægt að gera þar tveggja skipa lægi á meðan sama aðstaða fyrir eitt skip kostaði það sama við Eiðið. Það eru hlutir sem menn þurfa að meta og þess vegna er verið að óska eftir líkanaprófi frá Siglingastofnun sem getur og kann að meta þessa hluti.

Menn átta sig ekki alltaf á því að í stórskipahöfnum má meðalölduhreyfingin ekki fara upp fyrir 26 sentimetra eða þar um bil. Það er ekki mikil hreyfing. Þess vegna þurfa mannvirkin að vera gerð þannig að oft er flóknara að byggja þau upp en menn ætla í fyrstu. Menn sjá fyrir sér að ölduhreyfingin geti verið miklu meiri án þess að vera til vansa fyrir slíka höfn en þannig eru alþjóðareglurnar og við þurfum að hugsa um það.

Það er alveg rétt sem fram kom hjá hæstv. iðnaðarráðherra að það er sorglegt að stærstu skemmtiferðaskip heimsins skuli sigla fram hjá paradís eins og Vestmannaeyjar eru fyrir ferðaþjónustuna þar sem er bæði lifandi náttúra og eldfjallasvæði sem er eins og kjörið safn á alþjóðavísu þótt víðar væri leitað, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson hefur stundum sagt.

En þetta eru möguleikar sem við eigum að rækta og sækja í því að í þessu felst mikil tekjuöflun og atvinnusköpun. Við verðum að halda til haga aðgengi að þeim perlum sem við eigum. Margt eigum við ógert í þeim efnum. Án þess að það komi þessu máli beinlínis við vil ég minna á Þríhnúkagíg sem situr enn óbættur hjá garði. Stærsti hellir í heimi sem ekki er einu sinni aðgengi að enn þá fyrir ferðamenn þó að áratugir séu síðan hann fannst. Þar er slælega að verki staðið af hálfu okkar Íslendinga og við þurfum að bæta úr því.

Varðandi stórskipabryggjuna eru rökin fyrst og fremst þau að Vestmannaeyjar eru ein öflugasta útflutningshöfn landsins og við þurfum að geta sinnt þeirri þjónustu við breyttar aðstæður. Búbótin felst í auknum möguleikum í ferðaþjónustu með heimsóknum stærstu farþegaskipa heims sem hafa stóraukist norður í höf á undanförnum árum.

[18:51]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það er mjög ánægjulegt að heyra hæstv. iðnaðarráðherra taka svona vel í þessa tillögu okkar þingmanna Suðurkjördæmis sem flytjum þessa þingsályktunartillögu. Auðvitað eru ómældir möguleikar í ferðamannaþjónustu í Vestmannaeyjum og það er gott að vita af því að hæstv. iðnaðarráðherra verður hjálplegur við að byggja hana upp og aðstoða Vestmannaeyinga og aðra landsmenn við það.

Þingsályktunartillagan gengur út á að finna staðsetningu og áætla kostnaðarverð á þeim þremur stöðum sem koma til greina. Ég hvet menn til þess að horfa á þetta sem framtíðarverkefni og horfa þá ekki endilega á ódýrustu lausnina strax ef það þýðir að fara þarf fljótlega aftur í auknar framkvæmdir. Ef til vill má lengja uppbygginguna þótt hún verði dýrari fyrir utan Eiði en inni í höfninni. Þrengslin inni í höfninni verða nokkur hvort sem byggt er á móti Klettsvík eða innan hafnar og erfiðara verður að athafna sig þar, sérstaklega í vondu veðri.

Hv. þm. Árni Johnsen minnist á helli í Kópavogi — eftir því sem ég best veit er hann staðsettur í Kópavogi. (Gripið fram í.) En það eru ýmsir möguleikar í ferðaþjónustu víða. Suðurnes og á Suðurland eru mesta ferðamannaparadís landsins og ... (**Gripið fram í:** og þótt víðar væri leitað) — já, í heiminum og þótt víðar væri leitað, eins og hæstv. iðnaðarráðherra kom inn á hér áðan. Möguleikarnir eru margir og miklir og auðvitað þurfum við að nýta þá eins og allt annað til gjaldeyris- og atvinnusköpunar í landinu. Ég vænti þess og veit að eftir yfirlýsingu hæstv. iðnaðarráðherra eigum við bakhjarl og stuðning hans vísan til góðra mála.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og samgn.

Út af dagskrá var tekið 7. mál.

Fundi slitið kl. 18:55.

24. FUNDUR

miðvikudaginn 12. nóvember,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til fjármálaráðherra:

2. Afnám tóbakssölu í fríhöfnum, fsp. ÁMöl, 73. mál, þskj. 73.
3. Kæra bankanna á hendur Íbúðalánasjóði, fsp. JBjarn, 109. mál, þskj. 117.

Til félags- og tryggingamálaráðherra:

4. Íbúðalánasjóður, fsp. JBjarn, 108. mál, þskj. 116.

Til menntamálaráðherra:

5. Hæfi við ákvarðanir er varða Kaupþing, fsp. KHG, 118. mál, þskj. 128.

Til samgönguráðherra:

6. Vistakstur, fsp. MÁ og KVM, 95. mál, þskj. 102.

[13:31]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 119. mál, þskj. 160.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum og skattlagning þeirra, 84. mál, svar fjmrh., þskj. 164.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 139. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 154.

Störf þingsins.

Smærri fjármálafyrirtæki – sala notaðra bíla – fundur fjármálaráðherra með fjárlaganefnd.

[13:31]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Eftir hrun bankakerfisins hefur vandi íslensku þjóðarinnar verið gríðarlegur. Neyðarlög voru sett en því miður virðast þau hafa kveikt fleiri elda en þeim var ætlað að slökkva. Það sem mig langar hins vegar að ræða í dag er sá mikli vandi sem hin svokölluðu smáu fjármálafyrirtæki eða mörg þeirra standa frammi fyrir. Í mínum huga liggur fyrir að stór hluti þess vanda er til kominn vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar í kjölfar neyðarlaganna. Til að mynda ákvað Seðlabankinn að gera veðköll í hinum svokölluðu endurhverfanlegu viðskiptum sem getur sett þann hluta fjármálakerfisins á hliðina, kerfi sem enn er á lífi og nýtur trausts bæði hérlendis og erlendis.

Nú eru að renna út frestir sem fyrirtækin hafa fengið en því miður er enn algerlega á huldu hvað ríkisstjórnin ætlar sér að gera. Ég beini því þeirri spurningu til hv. formanns efnahags- og skattanefndar hvort ríkisstjórnin ætli að beita sér fyrir því að mörg þeirra fyrirtækja sem vel hafa verið rekin með hátt eiginfjárhlutfall megi lifa eða hvort aðgerðaleysið eigi að láta þau fara niður með kjölsogi bankanna.

Í annan stað vil ég spyrja hvort hv. þingmaður muni beita sér fyrir því að nýju bankarnir sem eru að fullu í eigu íslenska ríkisins gæti jafnræðis og kaupi skuldabréf og víxla út úr peningamarkaðssjóðum smærri fjármálafyrirtækja á sama verði og þeir keyptu hin svokölluðu verðlausu ástarbréf út úr eigin peningamarkaðssjóðum. Því miður virðist mér svo að afar lítill áhugi sé á viðræðum.

Það er eins og ríkisstjórnin sé á hlaupum út og suður með slökkvitækið án þess að vita hvort þar sé í olía eða slökkviduft. Ég tel því afar mikilvægt að fá úr því skorið hvort og þá hvernig leysa eigi hinn stóra vanda sem mörg hinna minni fjármálafyrirtækja standa nú frammi fyrir.

[13:33]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Vandi minni fjármálafyrirtækja á Íslandi er sá sami og vandi margra annarra fyrirtækja. Þegar bankakerfið hrynur, þ.e. þrír stærstu bankar landsins fara á hausinn, veldur það ákveðnum áhrifum sem kalla má „dómínó-áhrif“. Ég tel að það sé mjög brýnt í þessari stöðu að bjarga fleiri dómínó-kubbum frá því að falla með því að veita viðbótarfresti og svo framvegis og það hefur verið gert.

Vandi minni fjármálafyrirtækja er í fyrsta lagi sá að í sumar, við allt aðrar aðstæður, var krafa margra, bæði bankamanna og sumra stjórnmálamanna, að auka flæði fjármagns til bankanna. Það var gert með því að þeir gátu sett að veði bankabréf annarra fjármálastofnana hjá Seðlabankanum. Þegar útgefendur þeirra bréfa fóru á hausinn hvarf veðið og eftir stóð skuldin og það er einn vandinn. Annar vandi er sá að bankarnir höfðu í þeirri stöðu sem þá var og sem talið var eðlilegt, stundað útlán sem í dag reynast hafa verið mjög áhættusöm. Það er annar vandi. Þriðji vandinn er svo lausafjárvandinn sem allar lánastofnanir í heiminum glíma við um þessar mundir. Svo er það smæðin sem gerir það að verkum að þeir þola ekki þessi átök hver um sig.

Lausnirnar felast í því að að borðinu komi kröfuhafar, innlendir og erlendir, Seðlabankinn jafnt sem aðrir, og breyti kröfum sínum annaðhvort í langtíma víkjandi lán eða langtímalán eða jafnvel hlutabréf. Fundin hefur verið lausn sem allir græða á, jafnt kröfuhafar sem stofnunin sjálf, því að ég tel mjög mikilvægt að þessar stofnanir starfi áfram. (Forseti hringir.) Sumar þeirra eru það eina sem við eigum eftir af slíkum stofnunum sem njóta virðingar í útlöndum.

[13:36]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ég legg áherslu á stöðu sparisjóðanna, að þeir verði varðir og þá fyrst og fremst þeir sem farið hafa í einu og öllu eftir hugsjónum og starfsgrundvelli sparisjóðanna, hafa ekki farið út í brask eða út fyrir starfssvið sitt. Ég nefni Sparisjóð Suður-Þingeyinga sem stendur vel. Vandinn er ekki stærðin. Það eru einmitt þessir smáu sparisjóðir sem standa sig betur ef þeir hafa haldið sig innan sinna marka. Ég tel að það eigi að bjarga sem allra flestum sparisjóðum en það á jafnframt að gera þá kröfu að þeir breyti sér hið félagslega form sem er grunnur sparisjóðanna og réttlætir tilveru þeirra. Samhliða því að hið opinbera kæmi að því að rétta hag þeirra sparisjóða sem ekki munu geta staðið hríðina af sér hjálparlaust ætti að benda þeim á að fara þessa leið. Það á að lögvernda heiti sparisjóðanna

við þann starfsgrundvöll og hugsanagrunn sem þeir eru byggðir á en ekki að fara bakdyramegin. Ef menn vilja reka hlutafélagsbanka samkvæmt þeim reglum stofna þeir bara hlutafélagsbanka en kalla hann þá ekki sparisjóð.

Frú forseti. Ég ítreka að sparisjóðsímyndin nýtur virðingar og trausts. Það á að byggja það traust upp og standa vörð um það. Það er þá hlutverk stjórnvalda að gera það en til framtíðar á að byggja á hugsjónagrunni sparisjóðanna eins og þeir voru og hefur gefist best að vera.

[13:38]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni fyrir að taka upp það mál sem hann ræddi í þessari umræðu. Enn á ný ræðum við í þingsölum Alþingis hið stóra viðfangsefni samfélagsins sem eru efnahagsmálin, staða þeirra, peningamálakreppan, bankakreppan. Það kemur eina ferðina enn fram hér að þingið sjálft er býsna vanmáttugt í þessari umræðu allri. Mér finnst standa upp úr að mikið skorti á að góðar upplýsingar séu látnar þinginu í té og reyndar þjóðinni allri. Það er það sem þjóðin kallar eftir á mótmælafundum, í fjölmiðlum, þar sem fólk kemur saman og kvartar yfir því að það vanti upplýsingar um það sem vakir fyrir stjórnvöldum, hvað þau ætla sér að gera í einstökum málum.

Sparisjóðirnir sem hér eru sérstaklega gerðir að umtalsefni eru liður í þessari fjármálakeðju allri. Þeir eru afar mikilvægir og hafa gegnt mjög þýðingarmiklu hlutverki hver á sínum stað um áratuga skeið. Það væri ákaflega sorglegt ef við þyrftum að horfa á eftir þeim sömu leið og viðskiptabönkunum. Við horfumst nú í augu við gerbreyttar aðstæður á bankamarkaði. Væntanlega munu hlutverk bankanna breytast núna. Hér verða fyrst og fremst hefðbundnir viðskiptabankar og þá er sparisjóðakerfið mjög ákjósanlegt til að byggja á. Ég tek undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að auðvitað á að byggja á þeirri félagslegu hugsun sem þeir voru reistir á í upphafi og flestir hverjir hafa starfað eftir, að vísu ekki allir en það er ekki of seint að beina þeim þá í þann farveg sömuleiðis.

[13:40]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Mig langar til að þakka þau svör sem ég fékk frá hv. þm. Pétri Blöndal og verð að segja að ef ríkisstjórnin og fleiri hafa sömu markmið og þar komu fram erum við betur stödd en ég þorði að vona. Varðandi endurhverfanlegu viðskiptin lánar ríkið viðskiptabönkunum með milligöngu smærri fjármálafyrirtækja. Eftir að neyðarlögin voru sett er staðan einfaldlega sú að ríkið hefur í raun lánað ríkinu, heldur eftir peningunum í annarri hendi en krefur minna fjármálafyrirtækið um greiðslu með hinni. Það er sú ósanngirni sem við erum að reyna að koma í veg fyrir.

Ég fagna því að hv. þingmaður hafi lagt til að ríkið komi inn og skuldbreyti eða að erlendir kröfuhafar komi inn sem nýir hluthafar. En ég vil samt taka fram að það skiptir máli hvernig það er gert vegna þess að staðan er mismunandi hjá fjármálafyrirtækjunum. Stundum er staðan það vond og erfið að einhver þarf að koma inn sem nýr eigandi að hlutabréfum. En til að eyðileggja ekki eignarhlut tel ég að stundum sé nóg að skuldbreyta lánum.

Ég skil ekki ummæli hv. þingmanns öðruvísi en svo að hann sé að lýsa því yfir að við þurfum á einn eða annan hátt að vinda ofan af eða endurskoða neyðarlögin sem við settum á fyrir um mánuði síðan. Ég hef óskað eftir utandagskrárumræðu um það efni. Ég tel mjög þarft og brýnt að þingið ræði mjög opinskátt hvernig þau lög hafa gagnast þjóðinni og hvort ekki sé kominn tími til að skoða hvort þau þurfi að laga.

[13:42]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Þetta er mjög þörf og góð umræða. Það er mjög nauðsynlegt að leysa þennan vanda og ég tel það brýnasta verkefni stjórnvalda og Alþingis að halda þeim stofnunum gangandi sem eru gangandi í dag þannig að ekki komi til gjaldþrota. Það má breyta um eignarhald á ýmsa vegu eins og ég nefndi. Kröfuhafar geta komið inn sem hluthafar, jafnt ríki sem aðrir kröfuhafar. Það getur jafnvel farið svo að núverandi eigendur hverfi nánast en stofnanir þurfa að starfa. Ég nefni þar sérstaklega Sparisjóðabankann sem einu hreinu „kennitöluna“ sem Íslendingar eiga gagnvart útlöndum og það er mjög mikilvægt að halda honum við.

Staða minni fjármálastofnana er afskaplega mismunandi. Sumar hafa gott eigið fé og standa umrótið af sér ljómandi vel, aðrar ekki. Þeir sem standa verr þurfa að fá inn nýja hluthafa, þ.e. kröfuhafa og ríkið hugsanlega, en hinir geta staðið með nægilegri lánafyrirgreiðslu. Ég held að það eigi að leysa málið þannig. (**Gripið fram í:** Frá ríkinu?) — Frá t.d. öðrum kröfuhöfum, þeir lengi í lánum sínum og svo framvegis.

Varðandi neyðarlögin og vanmáttugt þing sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson nefndi er þingið ekki vanmáttugt. Það setti neyðarlög sem bjargaði íslenska fjármálakerfinu. Það virðist hafa gleymst að bankarnir héldu greiðslukerfinu gangandi, þeir héldu áfram eins og ekkert hefði í skorist. Við gátum notað debet- og kreditkortin okkar og keypt í matinn sem við ella hefðum ekki getað. Það sem gert var á örstuttum tíma var allt að því kraftaverk, að bjarga greiðslukerfinu og fjármálakerfinu. Við skulum ekki gleyma því.

Varðandi sanngirni er fjölmargt ósanngjarnt búið að gerast í þjóðfélaginu. Tugir þúsunda manna hafa tapað hlutafénu sínu alfarið (Forseti hringir.) þannig að sanngirnin er ekki mjög mikil.

[13:45]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir hlýjar móttökur sem ég fékk í þinginu í gær, bæði frá þingmönnum og starfsfólki þó að aðstæður væru allsérkennilegar. Ég er mjög þakklát fyrir að eiga hér góða að.

En það er undarlegt að koma hér inn og finnast maður sitja í kolniðamyrkri með þjóðinni þar sem menn keppast við að segja draugasögur og ríkisstjórnin, sem hefur falið slökkvarann, neitar að kveikja ljósið. Við slíkar kringumstæður þarf auðvitað að huga að mörgu og einhvers staðar verður maður að byrja. Eitt af því er að losa um skuldafjötra sem mörg heimili sitja föst í og þar gerir margt smátt

eitt stórt. Á þessari stundu standa þúsundir bíla ónotaðir sem hægt væri að selja úr landi í dag. Að hluta til er um að ræða bíla sem eru í eigu einstaklinga sem gætu rýmkað svigrúm sitt til reksturs fjölskyldunnar en einnig er um að ræða bíla í eigu bílaumboða. Í þeim geira vinna upp undir þúsund manns og þeirra störf eru í hættu. Ég hef heimildir fyrir því að starfsmenn einstakra bílaumboða eru þessa dagana að samþykkja töluverða launalækkun frá sjálfum sér til að liðka til fyrir rekstrinum og þar hafa uppsagnir verið miklar undanfarna mánuði.

Ég vil því spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformann Samfylkingarinnar, um það hvað líði afgreiðslu frumvarps fjármálaráðherra sem ætlað er að liðka til fyrir sölu notaðra bíla á landinu og hvort það sé eitthvað sérstakt í málinu sem þingflokkur Samfylkingarinnar telur hættulegt.

[13:46]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Ég vil óska hv. þm. Helgu Sigrúnu Harðardóttur til hamingju með jómfrúrræðuna.

[13:46]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni þann heiður að beina jómfrúrræðunni til mín og óska henni til hamingju með jómfrúrræðuna og býð hana velkomna til þings, eins og hún sagði sjálf, við mjög sérstakar aðstæður.

Það er athyglisvert að þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna skuli vera miklir áhugamenn um að koma í gegn þeim hugmyndum sem eru í vinnslu hjá ríkisstjórninni og það er ánægjulegt til þess að vita. Það er kannski ekki rétt að vera að tala mikið um þá hugmynd sem hefur verið til skoðunar í þingflokkunum áður en málið kemur til þingsins en hins vegar hefur farið á flot hugmynd sem gengur út á það að reyna að liðka til fyrir sölu á bifreiðum úr landi, það er rétt. Það er reyndar ekkert bann á því að flytja bifreiðar úr landi heldur er þetta spurning um að það verði einhvers konar mótframlag ríkisins þegar og ef þessar bifreiðar eru fluttar úr landi.

Það sem hér hefur verið til umræðu og er í tengslum við þau neyðarlög og ástandið sem ríkir er að mikil ásókn hefur einmitt verið í að ríkissjóður komi að hinum ýmsu málum. Þetta er eitt þeirra og auðvitað þurfum við að forgangsraða í þeim efnum. Við höfum verið að horfa til þess að styðja við bakið á heimilunum, styðja við bakið á fyrirtækjunum, breyta atvinnuleysistryggingalögum og fleiri lögum til þess að koma til móts við heimilin. Þetta mál er í fínum farvegi hjá stjórnarflokkunum og ég held að hv. þingmaður þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af því.

[13:49]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að óska Helgu Sigrúnu Harðardóttur til hamingju með jómfrúrræðuna og að vekja athygli á þessu máli því að það tengist í rauninni mjög mikið afkomu heimilanna. Það er þó að því gefnu að enn þá sé markaður fyrir notaða bíla erlendis en því miður er efnahagsástand á Íslandi ekki einsdæmi og þess vegna eru markaðir auðvitað víða orðnir slappir í kringum okkur líka varðandi notaða bíla.

Þetta er auðvitað, eins og hefur verið bent á í fjölmiðlum, eitt af þeim atriðum sem getur hjálpað mjög mikið til við að bæta hag heimilanna að því leytinu til að ef heimilin losa sig við annan bílinn getur þar verið um sparnað upp á tugi þúsunda og jafnvel 100–150 þúsund að ræða, jafnvel þótt ekki sé um mjög dýra bíla að ræða, kannski bíl sem kostar þrjár milljónir eða svo.

Þetta varðar líka svo margt, þetta varðar það að fólk geti greitt af lánum sínum og það eru ýmsir sem starfa í kringum fjármögnunarfyrirtæki sem eru mjög háð því að hægt sé að greiða af bílunum. Þetta snertir líka þá sem vinna í bílaumboðunum og kemur líka að bílaleigunum, þannig að þetta snertir mjög marga. Ef það er staðreynd að bílafloti okkar sé allt of stór, þ.e. að bílar séu fleiri en ökuskírteini í landinu, þá er hægt að bjarga miklum verðmætum þarna.

Hvað afkomu ríkissjóðs varðar álít ég að þó að við þurfum að greiða með þessu núna þá liðkum við fyrir bílamarkaðnum, það kemur fyrr öflugur innflutningur á nýjum bílum sem skilar þessu til baka til ríkissjóðs á tiltölulega mjög skömmum tíma. Ég held því að þetta sé góð (Forseti hringir.) fjárfesting, við fáum gjaldeyri, mikinn gjaldeyri út á þetta ef vel tekst til og endurgreiðslu á tiltölulega skömmum tíma.

[13:51]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ármanni Kr. Ólafssyni fyrir greinargóð svör efnislega um málið. Sömuleiðis vil ég þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir hans svör, mér fundust þau reyndar rýrari í roðinu en ég átti von á, en fullvissa hann jafnframt um að ég tel mig tala fyrir munn ýmissa stjórnarandstöðuþingmanna sem eru tilbúnir til þess að styðja góð mál frá ríkisstjórninni, af því að mér heyrðist hann hafa áhyggjur af því að við mundum ekki gera það. (Gripið fram í.) Ég brýni hann jafnframt til að tala máli þeirra þúsunda sem þetta mál varðar og segi að lokum, að nú skiptir hver dagur miklu máli og ég tel að þingið eigi að hafa það hlutverk að liðka til fyrir svona málum en ekki tefja fyrir þeim.

[13:52]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að þingið á að liðka til fyrir góðum málum og afgreiða góð mál og það skiptir miklu máli að það sé gert. Í þeim verkefnum sem við stöndum frammi fyrir núna skiptir miklu máli að forgangsraða. Hér er um að ræða verulegar niðurgreiðslur svo nemur milljörðum króna úr ríkissjóði ef þetta verður að veruleika og á sama hátt mun þetta hafa í för með sér hækkun á verði bíla því að það mun náttúrlega fækka bílum á götunum sem hefur tilheyrandi afleiðingar fyrir bílamarkaðinn, það segir sig sjálft.

Hins vegar, eins og einnig hefur verið bent á, þá er það jákvæða við þetta að hingað gæti komið inn gjaldeyrir, þótt ég sé ekki endilega að hvetja til þess að fyrir gjaldeyrinn verði svo keyptir aðrir nýir bílar til þess að flytja inn í land-

ið, það er kannski ekki nákvæmlega það sem okkur vantar í augnablikinu.

Ég vil segja við hv. þingmann að þetta mál er í góðum farvegi, hefur verið í vinnslu hjá stjórnarflokkunum og verður það áfram.

[13:53]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegur forseti. Hæstv. fjármálaráðherra kom á fund fjárlaganefndar í morgun og gerði grein fyrir ráðstöfun fjármuna á grundvelli 33. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, en þar segir:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“

Hæstv. ráðherra greindi frá því að þegar hefði verið greitt á grundvelli laga nr. 125/2008, um heimild úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, stofnhlutafé upp á þrisvar sinnum 775 milljónir eða stofnhlutafélög upp á 2.325 milljónir, í hina þrjá nýju viðskiptabanka. Þá liggur fyrir mat fjármálaráðuneytisins um þörf á því að styrkja eigið fé hinna þriggja nýstofnuðu ríkisbanka um 385 milljarða kr. eigið fjárframlag, Nýja Landsbankans um 200 milljarða, Nýja Glitnis um 110 milljarða og Nýja Kaupþings um 75 milljarða.

Fjárlaganefnd var einnig greint frá því á grundvelli 33. gr. fjárreiðulaga sem ég hef áður vísað til, virðulegur forseti, að leitað verði heimilda á fjárveitingum í frumvarpi til fjáraukalaga ársins 2008 eða við 2. umr. fjárlagagerðar ársins 2009, falli skuldbindingarnar til á því ári. Ráðherra greindi einnig frá því að ekki hefðu verið teknar neinar ákvarðanir um að leggja sparisjóðum til fjármuni á grundvelli 2. gr. sömu laga nr. 125/2008.

Ég vil fyrir hönd fjárlaganefndar þingsins þakka hæstv. ráðherra fyrir þennan fund sem var upplýsandi og tel mér skylt að upplýsa þingið um niðurstöður fundarins.

[13:55]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Í tilefni af ræðu formanns fjárlaganefndar, hv. þm. Gunnars Svavarssonar, varðandi komu fjármálaráðherra og ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins og annarra úr fjármálaráðuneytinu á fund fjárlaganefndar þar sem var greint frá, eins og þingmaðurinn gat um, 385 milljarða kr. aukins fjármagns til hinna nýju banka, vil ég vekja athygli á því að ekki kom fram á fundinum hvort þetta væri aukið hlutafé í bankana eða hvort þetta væri fjármagn til þess að styrkja með einhverjum öðrum hætti eiginfjárstöðu bankanna. Ekki komu heldur svör við því hvort þetta fé hefði verið nýtt til þess að greiða þær skuldbindingar sem hinum nýju bönkum var gert að taka að sér í peningamarkaðssjóðum upp á að talið er í kringum 200 milljarða kr., hvort það hafi strax gengið út af þessum 380 milljörðum sem var verið að veita til bankanna. Öll umræða og fyrirspurnir um það hvernig þessar skuldbindingar varðandi peningamarkaðssjóðina komu inn í nýju bankana og svör um þau mál voru mjög óljós og var vísað á viðskiptaráðherra í þeim efnum.

Hér er um að ræða tengdar skuldbindingar hjá bönkum sem með takmörkuðum hætti eru búnir að fá sína eiginfjárstöðu og ég vil láta það koma fram hér, frú forseti, að þessi viðskipti öll, þessi skipti öll nýju bankanna, framlag ríkisins, aukið framlag til þeirra, kostnaður vegna yfirtöku á skuldbindingum vegna (Forseti hringir.) peningamarkaðssjóðanna, er allt að mínu viti of óljóst. Þessu þarf að skýra frá alveg hreint, beint og skorinort.

[13:57]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Það kom fram á fundinum með fjárlaganefnd og kemur fram í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar að hann er að rugla þarna saman tveimur hlutum, annars vegar því að ríkið þurfti að endurreisa hluta af gömlu bönkunum og til þess að það sé hægt þarf að setja inn í þá nýtt eigið fé til þess að CAD-hlutfallið sé nægjanlega hátt til þess að þeir séu starfhæfir og hins vegar viðskiptalegum ákvörðunum sem teknar eru í bönkunum varðandi það hvernig þeir leysi úr málum hinna svokölluð peningamarkaðssjóða. Þar hefur fjármálaráðherrann enga aðkomu að. Það er á vegum bankastjórnanna og bankaráðanna að taka slíkar ákvarðanir og mér finnst vera hálfgerð þversögn í því, eins og mér finnst hafa komið fram hjá hv. þingmanni og reyndar flestum í hv. þingheimi, að það er ekki ætlast til þess að fjármálaráðherrann eða stjórnmálamenn yfirleitt séu að hlutast til um þær ákvarðanir sem bankaráðin og bankastjórnirnar eiga að taka. Þar af leiðandi finnst mér það vera þversögn í málflutningi hv. þingmanns þegar hann fer að draga þetta einstaka mál inn í það hvernig staðið er að því að endurreisa bankana til þess að tryggja það að hér sé áfram og viðvarandi bankastarfsemi innan lands.

Umræðu lokið.

Afnám tóbakssölu í fríhöfnum.

Fsp. ÁMöl, 73. mál. — Þskj. 73.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller) (S):

Virðulegi forseti. Aðalfundur Læknafélags Íslands sem haldinn var nýlega samþykkti ályktun um tóbaksvarnir sem hefur vakið athygli. Þar var m.a. bent á að hér á landi geisar faraldur sem rekja má til reykinga og dregur hundruð manna til dauða árlega. Hvatti aðalfundurinn til þjóðarátaks til að draga úr tóbaksnotkun á næstu 15 árum.

Í greinargerð með ályktuninni er m.a. bent á að eftir lagasetningu sem nýverið takmarkaði óbeinar reykingar, m.a. með banni á reykingum á veitingastöðum hefur bráðum hjartaþræðingum fækkað hérlendis. Ég vil bæta við að þetta er í samræmi við reynslu og rannsóknir annarra þjóða.

Þetta dæmi sýnir að verulegs ávinnings má vænta af aðgerðum sem draga úr tóbaksnotkun. Reykingar valda fleiri dauðsföllum hérlendis en nokkur annar lífsstílstengdur áhrifaþáttur og á tímabilinu 1995–2004 mátti rekja um 18% af dauðsföllum til reykinga. Því valda reykingar miklum

þjóðhagslegum kostnaði bæði beint og óbeint.

Í skriflegu svari við fyrirspurn minni um tóbakssölu í fríhöfnum sem hæstv. fjármálaráðherra svaraði nýverið kemur fram að 2007 var heildarsala vindlingapakka tæpar 15 milljónir og um 8% af heildarsölu í fríhafnarverslunum. Þá kom fram að verð á vindlingapakka í fríhöfn er um 299 kr. eða 47% af verði á algengri tegund út úr búð sem er um 620 kr. Var áætlað tekjutap ríkisins vegna sölunnar talið vera um 490 millj. kr. á síðasta ári. Jafnframt kom fram það sjónarmið að ef þessi sala yrði felld niður í fríhöfnum hérlendis mundi hún færast til annarra landa og hafa áhrif til minnkaðra umsvifa fríhafnarverslana hér á landi. Þá kom einnig fram að engar lagalegar hindranir stæðu í vegi fyrir niðurfellingu á tóbakssölu í fríhöfnum.

Samkvæmt upplýsingum á vefsíðum fríhafna í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi í gær og miðað við gengi gærdagsins kostar sígarettukartonið í fríhöfninni í Kaupmannahöfn um 4.000 kr. og um 4.500 kr. í fríhöfninni í Stokkhólmi. Kartonið af sígarettum kostar um 3.000 kr. í íslensku fríhöfninni í Keflavík og er verðið því mun lægra en hjá nágrannalöndum okkar.

Í fríhöfn landsins hefur sá hluti þjóðarinnar sem ferðast til útlanda aðgang að ódýru tóbaki, mun ódýrara en í fríhöfnunum í kringum okkur og á hálfvirði miðað við útsölustaði í landinu. Verðmunurinn er það mikill að hann hvetur til aukinna kaupa á vörunni. Ljóst má vera að aðgengi að ódýru tóbaki í fríhöfn hér á landi er í andstöðu við heilbrigðisstefnu þjóðarinnar og í hróplegu ósamræmi við stjórnvaldsaðgerðir sem við höfum beitt til að hafa áhrif til minnkunar á neyslu tóbaks. Ég spyr því hæstv. fjármálaráðherra hvort hann telji koma til greina að hætta sölu tóbaks í fríhafnarverslunum.

[14:02]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Eins og fram kemur í svari mínu við skriflegri fyrirspurn sama efnis frá hv. þm. Ástu Möller þarf að horfa til þess að tóbak er dæmigerð söluvara í fríhafnarverslunum um allan heim. Verði skattfrjálsri tóbakssölu hætt í fríhafnarverslunum á Íslandi má gera ráð fyrir að meginhluti þeirrar tóbakssölu sem í dag fer fram hérlendis flytjist til erlendra fríhafna. Slík ráðstöfun mundi óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á tekjuöflunarmöguleika og umsvif innlendrar fríhafnarverslunar jafnframt því að auka útstreymi gjaldeyris. Öll rök standa því til að skattfrjálsri tóbakssölu verði viðhaldið í íslenskum fríhöfnum enda væri annars stuðlað að flutningi verslunar úr landi.

[14:03]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Þetta var nú með styttri svörum sem við höfum heyrt hér. Hæstv. ráðherra nýtti ekki allan tíma sinn en það er kannski í lagi þegar málflutningur hans er svona skýr. Greinilegt var að hæstv. ráðherra telur að ekki eigi að takmarka aðgengi að tóbaki í fríhöfninni.

En ég vil taka undir það sem hefur komið fram í umræðunni. Í heilbrigðisáætlunum okkar eru sett fram talsvert góð markmið varðandi reykingar. Það á að reyna að ná þeim niður og við tókum stórt skref þegar ákveðið var að hefta reykingar á veitinga- og skemmtistöðum. Það kostaði mikla baráttu hér innan dyra á þinginu. Ég man vel eftir því. En það tókst og sú er hér stendur var m.a. með slíkt mál á sínum tíma og fékk góðan stuðning frá þeim sem láta sig lýðheilsu varða. Þannig að ég tel að skoða eigi að halda áfram að takmarka aðgengi að tóbaki, m.a. í fríhöfninni. (Forseti hringir.)

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir stutt og laggott og skýrt svar. Við Íslendingar höfum gengið mjög langt í stjórnvaldsaðgerðum til að sporna gegn tóbaksneyslu. Verð á sígarettum og þar með skattlagning er há. Þó er útsöluverð á sígarettum enn hærra hjá nágrannaþjóðum okkar eins og t.d. Bretum, Írum og Norðmönnum. Við höfum strangar reglur um sölu á sígarettum og um reykingar á almenningssvæðum og við verjum miklu fjármagni í áróður og upplýsingar og auglýsingabann á sígarettum er fyrir hendi. Nýlegar tölur sýna að þessar aðgerðir hafa borið árangur og samkvæmt tölum frá 2008 reykja um 17,6% þjóðarinnar á móti um 30% á árinu 1991 sem er minnkun um nærri helming á 17 árum.

Vitað er að hátt útsöluverð á tóbaki hefur þau áhrif að notkun þess minnkar og í ályktun sinni lagði Læknafélagið m.a. til að hækka verð á tóbaki um 10% á ári að raungildi næstu árin. Að innan fimm ára verði sala á tóbaki eingöngu í sérstökum tóbaksverslunum og að tíu árum liðnum verði tóbak eingöngu afgreitt gegn lyfseðli í apóteki og þá eingöngu við sjúkdómsgreiningunni tóbaksfíkn eftir að meðferðarúrræði hafi verið reynd og brugðist. Má því segja að læknar vilji mjög róttækar aðgerðir til að sporna gegn tóbaksfíkn. Rökin fyrir að hætta sölu tóbaks í fríhafnarverslunum eru fyrst og fremst að það væri hluti af tóbaksvörnum og heilsustefnu hér í landinu.

Vissulega munu ferðalangar í einhverjum mæli flytja verslun sína til fríhafna erlendis en ég bendi aftur á að verð á tóbaki í fríhöfnum erlendis er mun hærra en hér á landi og mjög nálægt því að vera eins og útsöluverð hér innan lands.

Ef við viljum taka á þessum þætti sem er framboð á mjög ódýru tóbaki í fríhöfn á leið til landsins má hugsa sér að hækka verðið. Minnka leyfilegt innflutt magn eða hætta verslun með tóbak. Að mínu mati á að taka þetta skref. Rökin eru heilsufræðilegs eðlis og það er þjóðhagslega hagkvæmt þegar litið er til kostnaðar samfélagsins af reykingum.

Umræðu lokið.

Kæra bankanna á hendur Íbúðalánasjóði.

Fsp. JBjarn, 109. mál. — Þskj. 117.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég beini spurningu til hæstv. fjármálaráðherra sem fer nú með hina nýju ríkisbanka. Fyrirspurnin hljóðar svo: Hyggst núverandi eigandi viðskiptabankanna, íslenska ríkið, draga til baka kæru bankanna á hendur

Íbúðalánasjóði til Eftirlitsstofnunar EFTA eða svokallaðs ESA-dómstóls?

Við þekkjum sögu undanfarinna missira að viðskiptabankarnir, einkavæddu bankarnir, kærðu starfsemi Íbúðalánasjóðs til ESA-dómstólsins. Kærðu hann fyrir að vera í krafti ríkisábyrgðar og taka á ýmsan hátt viðskipti sem bankarnir töldu sig ekki hafa möguleika á að keppa um en vildu gera. Við höfum haft stjórnvöld sem hafa lýst yfir að þau vilji einkavæða Íbúðalánasjóð og koma honum inn í bankana að hluta eða öllu leyti. Umræðan hefur verið mjög á dreif hvað þetta varðar en stöðugt verið sótt að tilveru Íbúðalánasjóðs.

Nú gerum við okkur rækilega grein fyrir því hversu mikilvægt það var fyrir okkur að hafa getað spornað gegn einkavæðingu Íbúðalánasjóðs. Að geta nú átt Íbúðalánasjóð með þeim hætti sem hann er í dag til að taka á þeim gríðarlegu verkefnum sem bíða og eru þegar komin upp varðandi íbúðalán fólks.

Þess vegna hlýtur að liggja beint við til að eyða allri óvissu í málinu um kæru viðskiptabankanna á hendur Íbúðalánasjóði til Eftirlitsstofnunar EFTA að hún sé dregin til baka og málið gjörsamlega látið niður falla. Því spyr ég hæstv. fjármálaráðherra hvort ekki hafi þegar verið tekin ákvörðun um og gripið til formlegra aðgerða til að afturkalla kæru bankanna, sem nú eru komnir í hendur ríkisins, á hendur (Forseti hringir.) Íbúðalánasjóði.

[14:10]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Kæru bankanna má rekja til þess að í ágúst 2004 komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu í kjölfar tilkynningar frá íslenskum stjórnvöldum að fyrirkomulag Íbúðalánasjóðs væri innan ramma 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins og fæli því ekki í sér ólögmæta ríkisábyrgð.

Í kjölfarið kærðu samtök banka og verðbréfafyrirtækja þá niðurstöðu til EFTA-dómstólsins. Í apríl 2006 vísaði EFTA-dómstóllinn málinu aftur til ESA þar sem ESA hafði að mati dómstólsins ekki farið rétt með málsmeðferðarreglur með ákvörðun sinni frá ágúst 2004. Tók ESA því í kjölfarið í júní 2006 málið aftur upp til efnislegrar meðferðar og fór með það í svokallað formlegt rannsóknarferli. Því ferli er ekki lokið.

Í 62. gr. EES-samningsins kemur fram að Eftirlitsstofnun EFTA skuli, með leyfi forseta: Fylgjast stöðugt með öllum kerfum vegna ríkisaðstoðar sem eru til á yfirráðasvæðum samningsaðila, svo og öllum áætlunum um að veita slíka aðstoð eða breyta henni, með það í huga að þau samrýmist 61. gr.

Er þessi eftirlitsskylda ESA nánar tilgreind í bókun 26 við EES-samninginn. Litið er á fyrirkomulag Íbúðalánasjóðs sem ríkisaðstoðarkerfi vegna þeirrar ríkisaðstoðar sem falin er í fyrirkomulaginu, m.a. í formi ríkisábyrgðar og skattaívilnana Íbúðalánasjóðs. Af þeim sökum ber ESA, samanber 62. gr. EES-samningsins, að fylgjast með því að kerfið sé í samræmi við reglur samningsins um ríkisaðstoð. Er það óháð því hvort málið hefur komið til vitundar ESA í gegnum tilkynningu stjórnvalda, kæru þriðja aðila eða að eigin frumkvæði.

Með vísan til þessa er því ljóst að jafnvel þótt ríkið sem núverandi eigandi bankanna dragi til baka kæru frá 2004 þá ber ESA lögum samkvæmt að ljúka því sjálfsagða rannsóknarferli á fyrirkomulagi Íbúðalánasjóðs sem verið hefur í gangi hjá stofnuninni undanfarin ár.

[14:12]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég skal hafa athugasemdina stutta. Tilefni er hins vegar til að gera mjög langa athugasemd við þetta. Við Íslendingar stöndum nú í því að reyna að verja það sem varið verður í samfélagi okkar, þar á meðal Íbúðalánasjóð. Hv. þm. Jón Bjarnason spurði hvað stjórnvöld hefðu gert í þeim efnum og þá hvort kæra sem reist hefur verið á hendur Íbúðalánasjóði af hálfu fjármálafyrirtækja sem nú eru komin í ríkiseign eða undir handarjaðar almannavaldsins hefði verið dregin til baka.

Hæstv. ráðherra kvaddi sér hljóðs og vitnaði í miklar reglugerðir fram og til baka um hvað honum væri heimilt að gera. Hvað honum væri kleift að gera og hvað ekki kleift.

Nú ríkja allt aðrar aðstæður á Íslandi en hafa gert lengi. Nú látum við reyna á öll möguleg úrræði. Þess vegna segi ég að í stað þess að lesa (Forseti hringir.) allar reglugerðirnar og klóra upp einhverja slíka punkta frá Evrópusambandinu þá ber íslenskum stjórnvöldum að reyna einu sinni að standa í fæturna og láta á það reyna, (Forseti hringir.) koma með kröfu og ósk um að þetta verði tekið út úr ferlinu. Öll þessi kerfi, (Forseti hringir.) líka í Evrópusambandinu, hljóta að verða til uppstokkunar og endurmats og nú eiga íslensk stjórnvöld (Forseti hringir.) einu sinni að reyna að standa örlítið í fæturna.

[14:14]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég vona að fyrri ræðumaður hafi ekki tekið neitt af mínum en ég skal reyna að virða ræðutímann. Ég vildi koma því á framfæri í þessari umræðu að maður spyr sjálfan sig nú, eins og eðlilegt er: Hvar værum við ef við hefðum á sínum tíma lagt niður Íbúðalánasjóð eins og bankarnir vildu og voru mjög brattir í að sækja? Þá hefði staðan verið miklu verri en við horfum upp á í dag og nú er einmitt rætt um hvernig Íbúðalánasjóður geti lengt lánstíma o.s.frv. til þess að koma til móts við íbúa landsins.

Þannig að gott er að Íbúðalánasjóður er til staðar og við framsóknarmenn höfum viljað verja stöðu hans eins og hægt er. Því er mjög mikilvægt að stjórnvöld geri allt sem hægt er til að verja stöðu Íbúðalánasjóðs. Ég vil ítreka þetta af því að núna finnur maður að bankarnir hafa ekki sömu stöðu og áður, eins og blasir við, þannig að ríkið hefur þetta meira í hendi sér en áður. (Forseti hringir.)

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég held að þjóðin sé alveg gáttuð á svari hæstv. fjármálaráðherra. Á ekki að draga þessa kæru til baka? Kröfuhafinn á kæruna og getur dregið hana til baka. Ef eftirlitsdómstóllinn telur að hann hafi ekki öðrum merkilegri verkefnum að sinna úti í Evrópu en að taka upp

kæruna er það hans mál. En það á að koma fram pólitísk yfirlýsing af hálfu íslenskra stjórnvalda um að við ætlum að standa vörð um Íbúðalánasjóð og hann á ekki að fara á evrópskan markað. Þegar við sitjum uppi með fjármálaráðherra sem ekki hefur dug eða döngun í sér til þess að segja ákveðið, skýrt og skorinort, að við ætlum að kalla þessa kæru til baka — sem yrði pólitísk yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um að við ætlum að standa vörð um Íbúðalánasjóð — hlýtur þjóðin að verða fyrir vonbrigðum. Það er veruleikafirring hjá hæstv. fjármálaráðherra og ríkisstjórninni að segja: Málið er bara í kæruferli og við kippum ekki kærunni til baka. Við heimtum að kæra bankanna á hendur Íbúðalánasjóði, kæran sem nú er í höndum ríkisstjórnar Íslands, verði dregin til baka þegar í stað.

[14:16]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Mér finnst athyglisvert hvað hægt er að æsa sig mikið yfir hlutum sem ekki skipta neinu máli (**JBjarn:** Æsa sig yfir Íbúðalánasjóði? Já.) og greinilegt að hv. þingmaður er enn að sporna gegn því að Íbúðalánasjóður verði einkavæddur. Ég kannast ekki við að það hafi verið lagt til á hv. Alþingi, að ég hafi nokkru sinni nefnt það eða það hafi nokkru sinni verið á stefnuskrá flokks míns eða þeirra ríkisstjórna sem hann hefur átt aðild að að svo væri. (**Gripið fram í:** Átti ekki að gera hann að hlutafélagi?) En það er greinilega eitthvað (Gripið fram í.) sem er hv. þingmönnum mjög hugstætt og ... (Gripið fram í.) — ef frú forseti gæti séð til þess að ég mætti klára ræðu mína án þess að stöðugt sé gripið fram í. Það er eitt sem mér heyrist koma fram hjá hv. þingmönnum og gæti skipt máli í þessu tilliti, það eru mjög breyttar aðstæður á fjármálamörkuðum bæði hér og erlendis. Það gæti út af fyrir sig haft áhrif á endanlegt mat ESA í þessu máli. (**ÖJ:** Ekki á hnjánum, Árni.)

Síðan varðandi það, frú forseti, að standa í lappirnar gæti komið að því ef niðurstaða ESA væri sú að eitthvað sé athugavert við kerfið, ef fram kæmu athugasemdir sem við vildum ekki taka til greina og ekki bregðast við, gæti ESA vísað málinu til EFTA-dómstólsins. Þá gætum við þurft að verja okkur. Það er þá sem hugsanlegt er að standa þurfi í lappirnar í þessu máli en ekki fara í einhverja hluti sem ekki skipta neinu máli og hafa engin áhrif á það ferli sem þegar er komið í gang.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill minna hv. þingmenn á að gefa ræðumönnum hljóð þegar þeir eru í ræðustóli.)

Umræðu lokið.

Íbúðalánasjóður.

Fsp. JBjarn, 108. mál. — Þskj. 116.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég tel afar mikilvægt að allri óvissu um stjórnsýslulega stöðu Íbúðalánasjóðs sé eytt. Við höfum heyrt það frá stjórnarflokkunum, Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni, núna síðustu missirin að stjórnsýsluleg staða Íbúðalánasjóðs geti verið í óvissu. Stöðugt koma fram breytilegar upplýsingar eða áform um hver hún skuli vera. Ég er t.d. með viðtal við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, hæstv. utanríkisráðherra, frá 27. maí 2007 þar sem rætt er um að færa Íbúðalánasjóð undir fjármálaráðuneytið. Það sem hæstv. ráðherra segir er ekki orðið að veruleika enn þá en það er í umræðunni.

Síðan höfum við heyrt að til standi að breyta rekstrarformi Íbúðalánasjóðs, að minnsta kosti að hluta. Þvílíkar yfirlýsingar hafa gengið ítrekað og leitt til óöryggis í kringum Íbúðalánasjóð. Við sem höfum staðið vaktina um Íbúðalánasjóð og barist gegn öllum áformum og hugmyndum ríkisstjórnarflokkanna um einkavæðingu Íbúðalánasjóðs eða skerða stöðu hans eða hlutverk á einhvern hátt, getum nú fagnað því að við höfum Íbúðalánasjóð og þakkað fyrir það. Þá þurfum við líka að eyða allri þessari umræðu, öllum þessum áformum, öllu því sem valdið getur tortryggni um stöðu Íbúðalánasjóðs. Við heyrðum hjá hæstv. fjármálaráðherra áðan að hann treysti sér ekki til að kveða skýrt upp úr um það af sinni hálfu að Íbúðalánasjóður ætti skilyrðislaust að vera áfram sem þjónustustofnun í eigu ríkisins og kæra á hendur honum verði afturkölluð. Hann treysti sér ekki til að gefa þá yfirlýsingu og því spyr ég nú hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur:

Hyggst ríkisstjórnin draga til baka öll áform sín um uppskiptingu og hlutafélagavæðingu Íbúðalánasjóðs og tryggja óumdeilda stöðu hans án þess að vera stöðugt að koma með hugmyndir um breytingar þar á? Ég held að það sé mikilvægt að við fáum hrein og skýr svör þannig að veruleikinn um stjórnsýslulega framtíð Íbúðalánasjóðs sé klár.

[14:22]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Sú krafa hefur verið upp í nokkurn tíma af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA að gerðar verði tilteknar breytingar á starfsemi Íbúðalánasjóðs þannig að hún samræmist betur ríkisstyrkjareglum EES-samningsins. Byggir sú aðstaða stofnunarinnar m.a. að dómi EFTA-dómstólsins frá því í apríl 2006 þar sem dómurinn benti m.a. á að í reglum um almenn lán Íbúðalánasjóðs skorti takmörkun á því til hve dýrra eða stórra íbúða heimilt væri að lána til. Fyrir vikið væri sú almannaþjónusta sem Íbúðalánasjóði væri ætlað að sinna ekki nægilega skýrt afmörkuð í lögum með hliðsjón af umræddum ríkisstyrkjareglum.

Áform ríkisstjórnarinnar í samræmi við framangreint hafa beinst að því að skilgreina og afmarka lánastarfsemi Íbúðalánasjóðs þannig að hún samræmist umræddum ríkisstyrkjareglum. Íslensk stjórnvöld hafa í því sambandi haldið því fram við ESA að allur meginþorri af lánastarfsemi Íbúðalánasjóðs geti talist þjónusta í almannaþágu í skilningi EES-samningsins og sé þar með innan leyfilegra marka samkvæmt samningnum. Hvar mörkin liggja í þessu efni er hins vegar óljóst á þessari stundu og hafa íslensk stjórnvöld unnið að því að útfæra mögulegar niðurstöður í því efni í samráði við ESA.

Hins vegar er ljóst að þær afar sérstöku kringumstæður sem nú ríkja hér á landi og víða um heim hafa áhrif á mál ESA gagnvart íslenskum stjórnvöldum og má í raun segja að það sé út af borðinu í bili að minnsta kosti. Er óhjá-

kvæmilegt að málinu sé frestað meðan verið er að endurreisa og endurskipuleggja fjármálakerfið. Hefur fulltrúum ESA verið gerð grein fyrir þeirri stöðu og hafa þeir sýnt henni skilning. Ég vil hins vegar undirstrika að íslensk stjórnvöld geta ekki meinað ESA með formlegum hætti að skoða málið áfram né að farið fram á það með formlegum hætti að skoðun af hálfu ESA verði formlega stöðvuð. Það hef ég sérstaklega kynnt mér enda kom ósk um það í félags- og tryggingnefnd fyrir skömmu. ESA ber á hverjum tíma að fylgjast með framkvæmd einstakra ríkja og starfsemi stofnana og fyrirtækja með ríkisábyrgð. Það er hins vegar öllum ljóst að málið er lagt til hliðar þar sem verkefni dagsins eru af allt öðrum toga og lúta m.a. að því að endurreisa og endurskipuleggja fjármálakerfið í landinu í heild sinni. Þegar kemur að því að taka afstöðu til þessara mála á nýjan leik mun ég sem fyrr standa vörð um meginstarfsemi Íbúðalánasjóðs sem er að veita almenningi hér á landi húsnæðislán á viðunandi kjörum. Öruggt og aðgengilegt húsnæði er einn af hornsteinum velferðarkerfisins hér á landi og út frá því mun ég nálgast það viðfangsefni sem hér um ræðir.

Ég hef margoft sagt það í ræðustól Alþingis eftir að ég tók við embætti félagsmálaráðherra að ég mundi standa vörð um Íbúðalánasjóð. Ég er í hópi þeirra sem eru talsmenn fyrir því, m.a. hv. fyrirspyrjandi, að standa vörð um Íbúðalánasjóð og það mun ég gera. Ég tel að heiti fyrirspurnarinnar sé einfaldlega rangt vegna þess að þar stendur: Hyggst ríkisstjórnin draga til baka áform sín um uppskiptingu og hlutafélagavæðingu Íbúðalánasjóðs? Það er hægt að aðskilja starfsemi Íbúðalánasjóðs í félagsleg og almenn lán eins og krafan hefur verið uppi um án þess að hlutafélagavæða sjóðinn þannig að það hefur ekkert komið fram af minni hálfu í þessu efni frá því að málið kom til umræðu að hlutafélagavæða ætti sjóðinn jafnvel þó að fara þyrfti út í það að aðskilja almenn félagsleg lán.

[14:26]

Birkir J. Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda, Jóni Bjarnasyni, fyrir að vekja máls á þessu. Það er nefnilega eðlilegt að spurt sé því að hæstv. ráðherra sagði á Alþingi í síðustu viku, eins og ég skildi hana, að ekki ætti að halda þessu máli til streitu. Síðan kemur hæstv. fjármálaráðherra upp, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, og segir að málið eigi að ganga sinn veg. Ég skil ekki á hvaða vegferð hæstv. ríkisstjórn er, frú forseti.

Hvor stjórnarsáttmálinn er uppi núna? Er það stjórnarsáttmáli Samfylkingarinnar eða stjórnarsáttmáli Sjálfstæðisflokksins? Maður er gersamlega orðinn ringlaður. Hverjir stýra þessu samfélagi? Hæstv. ráðherra hefur talað um að standa eigi vörð um starfsemi Íbúðalánasjóðs. Af hverju í ósköpunum dregur þá ríkisstjórnin ekki kæru ríkisbankanna til baka eins og hún getur gert? Af hverju? Er það vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki að það verði gert? Á málið að ganga sinn veg? (Forseti hringir.) Það er eðlilegt að spurt sé. Hver stýrir þessu ríkisstjórnarfleyi? Ætlar ríkisstjórnin sér að hafa (Forseti hringir.) tvær skoðanir í málefnum Íbúðalánasjóðs eins og í flestum öðrum málum sem snerta íslenskan almenning?

[14:27]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Í haust voru boðaðar breytingar á Íbúðalánasjóði. Frumvarp þess efnis hefur ekki verið lagt fram en okkur var greint frá því að til stæði að aðgreina hinn félagslega þátt og hinn almenna þátt. Hvort það yrði gert í hlutafélagi eður ei, eins og mér skildist reyndar að til stæði að gera, stendur hitt eftir að menn ættu að markaðsvæða almenna hlutann eða láta hann starfa á sama grundvelli og fjármálastofnanir gera almennt. Þetta er tillaga um markaðsvæðingu húsnæðiskerfisins. Engu að síður ætla stjórnvöld að áskilja sér rétt til að sinna tilteknum félagslegum úrræðum. Það tel ég afar varhugavert og ég vek athygli á því þegar ráðherra og ríkisstjórn tala um kröfu frá ESA — engin slík krafa eða álit hafa borist, hvað þá bráðabirgðaálit. Að sjálfsögðu eiga stjórnvöld nú — og áttu náttúrlega alltaf að gera það — að hafa þá döngun (Forseti hringir.) í sér að draga það til baka. Fjármálaráðherra kom upp áðan og las upp úr endalausum reglugerðum um að slíkt væri ekki hægt. (Forseti hringir.) Hvers vegna í ósköpunum er ekki látið á það reyna og ríkisstjórnin hverfi þá frá öllum áformum (Forseti hringir.) um markaðsvæðingu heilbrigðiskerfisins?

[14:29]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að fá skýrari svör en komu fram hjá hæstv. ráðherra við fyrirspurn hv. þm. Jóns Bjarnasonar því að spurt er um áform ríkisstjórnarinnar. Hyggst hún draga til baka þau áform sem kynnt hafa verið um framtíð Íbúðalánasjóðs? Það hefur ekki komið skýrt fram. Það hefur hins vegar komið fram af hálfu hæstv. félagsmálaráðherra að hann þurfi að semja nýjan stjórnarsáttmála. Þá spyr ég hæstv. ráðherra: Á að standa í þeim stjórnarsáttmála að Íbúðalánasjóður starfi eins og hann er eða eins og áform hafa verið kynnt um að hann verði? Er að mati hæstv. ráðherra eitthvað um það í nýja stjórnarsáttmálanum að draga til baka kæru viðskiptabankanna til ESA? Hæstv. ráðherra getur ekki verið trúverðugur í þessu máli ef hann segir eitt en ríkisstjórnin framkvæmir annað. Það er algerlega óásættanlegt og gerir ekkert annað en þyrla ryki í augu kjósenda vegna þess að niðurstaðan er sú að sú stefna er framkvæmd sem boðuð hefur verið.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Þessi viðbrögð ráðherra, hvort heldur sem hæstv. félagsmálaráðherra eða hæstv. fjármálaráðherra, hljóta að valda okkur miklum ugg. Hvers vegna á ekki að koma með pólitíska, afdráttarlausa yfirlýsingu um að öll áform um breytingar á rekstrarformi Íbúðalánasjóðs, eins og það var kallað, þ.e. uppskiptum hans, verði dregin til baka? Hvers vegna er ekki hægt að koma með afdráttarlausa yfirlýsingu um að kæra íslensku viðskiptabankana sem nú heyra undir ríkið á hendur Íbúðalánasjóði verði dregin til baka?

Menn bera við einhverjum ESA-reglum. Var það samkvæmt einhverjum ESA-reglum að búið er að ríkisvæða alla bankana? Var ESA spurt að því? Er það ekki fleira sem við gerum núna sem ESA er ekki spurt um? Eða er búið að

senda erindi til ESA um hvort ríkið hafi mátt ríkisvæða bankana? Þýðir það þá ekki nánari skoðun sem tekur þrjú ár eða meira?

Svona málflutningur af hálfu ráðherra ríkisstjórnar er forkastanlegur við þær aðstæður sem við búum nú, að þylja hér upp einhverjar reglugerðir um ESA en brjóta þær nánast allar samtímis eins og hvað varðar bankana. Og svo segir ráðherra: Þetta fer á ís í bili, þessu hefur verið frestað. Síðan þegar aðstæður breytast muni ESA-dómstóllinn kannski taka málið aftur upp.

Ég vil fá að sjá bréf frá hæstv. félagsmálaráðherra þar sem hún krefst þess og leggur fram þá kröfu að kæra viðskiptabankanna á hendur Íbúðalánasjóði verði dregin til baka formlega og skriflega. (**BJJ:** Við munum styðja það.) (Forseti hringir.)

[14:32]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég hef bara alls ekki orðið vör við það á þeim tíma sem ég hef setið sem félags- og tryggingamálaráðherra, í eitt og hálft ár eða hvað það er, að verið hafi miklar deilur milli mín og Sjálfstæðisflokksins eða Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins um að hlutafélagavæða eigi Íbúðalánasjóð. (**JBjarn:** Ég hef það skjalfest meira að segja.) Það hafa bara alls engar deilur verið um það. Málið hefur ekki komist á það stig að verið hafi neinar deilur um það. Við höfum verið sammála um að við höfum orðið að svara því sem fram hefur komið hjá ESA um að þeir hafa talið að við hefðum verið að brjóta ríkisstyrkjareglurnar. Það höfum við verið sammála um að þurfi að skoða. Og við höfum verið sammála um að ef niðurstaðan væri sú að við hefðum brotið þær reglur þyrfti að aðskilja almenna starfsemi og félagslega starfsemi Íbúðalánasjóðs. En ég kannast ekki við það sem fram kom hjá einum hv. þingmanni áðan að meiningin með því hefði verið að Íbúðalánasjóður ætti bara að sinna félagslegum úrræðum. Langt í frá. Niðurstaðan var sú að Íbúðalánasjóður ætti að starfa áfram og sinna almennum og félagslegum lánveitingum. Það hefur margkomið fram hér í ræðustól. Annað sem sagt er í því efni er hreinn útúrsnúningur.

Spurt er um hvort ég muni gera einhverjar kröfur í nýjum stjórnarsáttmála til þess að gerðar verði einhverjar breytingar þar á. Ég sé nú margt brýnna í svona samræmdri aðgerðaráætlun sem ég vona að stjórnarflokkarnir komi sér saman um en að fara að gera kröfu um það. Við vitum það allir stjórnmálaflokkar að það þarf að endurskipuleggja fjármálamarkaðinn hér. Það þarf algjörlega að endurskipuleggja húsnæðiskerfið miðað við breyttar aðstæður og við skulum skoða hvernig sú leið er.

Ég frábið mér að ég sé í hópi einhverra sem vilja markaðsvæða Íbúðalánasjóð. Ég vil fyllilega standa vörð um hann eins og ég held að flestir þingmenn vilji gera. Það hefur aldrei sýnt sig eins vel og nú að það er nauðsynlegt að hafa (Forseti hringir.) starfræktan Íbúðalánasjóð eins og verið hefur. (**JBjarn:** Þá köllum við kæruna til baka formlega.)

Umræðu lokið.

Hæfi við ákvarðanir er varða Kaupþing.

Fsp. KHG, 118. mál. — Þskj. 128.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl):

Virðulegi forseti. Stjórnsýslulög voru sett fyrir rúmum fimmtán árum. Í þeim eru ákvarðaðar meginreglur stjórnsýslunnar og með hugtakinu „stjórnvald“ er átt við þau embætti, stofnanir og aðra, sem fara með framkvæmdarvald. Ráðherrar eru æðsti hluti framkvæmdarvaldsins og lögin gilda um þá í störfum sínum.

Í stjórnsýslulögum eru skýr ákvæði um hæfi og sérstaklega um vanhæfi til þess að tryggja vandaðar og óvilhallar ákvarðanir ráðherranna. Þar segir m.a. að sá sem er aðili máls sé vanhæfur og einnig er um vanhæfi að ræða ef maki tengist málinu. Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess.

Það er vissulega umdeilanlegt hvort þessar lagareglur gilda um ákvarðanir sem teknar eru á ríkisstjórnarfundum eða í samráði einstakra ráðherra. En ég tel það ákaflega óeðlilegt ef vanhæfisástæðum er vikið til hliðar í slíkum tilvikum. Málefni viðskiptabankanna hafa verið á borði ríkisstjórnarinnar og ákvarðanir þar mótaðar af samráði milli forustumanna stjórnarflokkanna. Það er augljóst að engu hefur verið ráðið til lykta á þessum vettvangi án aðkomu varaformanns Sjálfstæðisflokksins og menntamálaráðherra hafi hún á annað borð viljað hafa afskipti af þeim málum.

Nú er komið í ljós að ráðherrann tengist Kaupþingi fjárhagslega mjög verulega og almennt eru það nægilegar ástæður til þess að ráðherra verði vanhæfur um meðferð mála og því spyr ég hæstv. ráðherra: Telur hæstv. ráðherra sig hafa fullt og óskorað hæfi til þess að koma að yfirtöku ríkisins á viðskiptabönkunum þremur og ákvörðunum er varða nýju bankana, sérstaklega Kaupþing?

Menntamálaráðherra hefur lýst opinberlega yfir að það sé gjörsamlega óþolandi að vera sett í óþægilega stöðu vegna hlutafjárkaupa í Kaupþingi og segir að allt verði að koma upp á borðið og allir að tala af hreinskilni. Ráðherra hefur síðan ekki frekar gert grein fyrir málinu í aðkomu sinni að ákvörðunum svo sem þeirri að ákveðið var að verja Kaupþing einan banka og lána honum háa fjárhæð. Það er því knýjandi að ráðherra skýri málavöxtu frekar en fram hefur komið þannig að leggja megi mat á aðkomu ráðherrans að málinu sem augljóslega varðaði persónulega hagsmuni hennar.

[14:38]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Frú forseti. Til svars þessarar fyrirspurnar vil ég strax í upphafi árétta að menntamálaráðherra fer ekki með málefni banka eða hefur komið að ákvörðunum um stofnun eða rekstur hinna nýju banka. Af ákvæðum stjórnarskrár og reglugerðum stjórnarskrár Íslands leiðir að viðskiptaráðherra fer með yfirstjórn þessara mála. Spurningin um hæfi menntamálaráðherra í þessu samhengi á því ekki við.

Hvað viðkemur setu minni sem menntamálaráðherra í ríkisstjórn Íslands vil ég taka fram að ríkisstjórnin fer hér ekki með stjórnsýsluvald og hefur því ekki lögum sam-

kvæmt verið falið að taka ákvarðanir í þeim málum sem fyrirspyrjandi vísar til. Í þessu samhengi vil ég með leyfi forseta vísa til umfjöllunar á blaðsíðu 223–225 í doktorsritgerð Páls Hreinssonar, nú hæstaréttardómara, en þar segir:

„Ríkisstjórnin verður á hinn bóginn almennt ekki talin stjórnsýslunefnd enda eru ráðherrar hver á sínu sviði í reyndinni æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins og fara með yfirstjórn stjórnsýslunnar hver á sínu sviði nema hún sé að lögum falin öðrum. Það er því yfirleitt ekki í verkahring ríkisstjórnar að taka stjórnvaldsákvarðanir enda þjóna ráðherrafundir fyrst og fremst því hlutverki að vera pólitískur samráðsvettvangur ráðherra.“

Það er nákvæmlega það sem ríkisstjórnin er, hún er fyrst og fremst pólitískur samráðsvettvangur. Hún er ekki, eins og margir hafa haldið, fjölskipað stjórnvald. Það er mikill misskilningur í samfélaginu að hún sé það og sérstaklega er það tekið fram í lögum m.a. í Svíþjóð og Noregi, að mig minnir. Þar gilda aðrar stjórnsýslureglur um ríkisstjórn út af þeirri sérstöku aðstöðu sem ríkisstjórnin er í.

Hæstv. forseti. Það er ljóst að íslensk stjórnskipun gerir ekki ráð fyrir því að menntamálaráðherra fari með mál er varða banka og fjármálastarfsemi í landinu. Þá gera íslensk lög heldur ekki ráð fyrir því að ríkisstjórnin taki hér formlegar ákvarðanir um réttindi og skyldur manna. Reglur um hæfi mitt sem menntamálaráðherra, hvort sem þær eru skráðar eða óskráðar, eiga hreinlega ekki við varðandi þær ákvarðanir sem vísað er til í fyrirspurninni.

Í þessu ljósi vil ég sérstaklega árétta það sem hv. þingmaður kom inn á varðandi það lán sem Kaupþing fékk 6. október síðastliðinn upp á 500 millj. evra til nokkurra daga en það var veitt af Seðlabankanum sem er mjög sjálfstæð stofnun. Þar hef ég engin áhrif. Ákvarðanir um yfirtöku viðskiptabankanna voru teknar af Fjármálaeftirlitinu, sem er líka algjörlega sjálfstæð stofnun, á grundvelli svonefndra neyðarlaga.

Ákvarðanir þessar voru því teknar af þar til bærum stjórnvöldum og beindust fyrst og fremst að því sem allir vita sem hafa fylgst með að því að verja almannahagsmuni. Að sjálfsögðu var undirbúningur neyðarlaganna og setning þeirra rædd í ríkisstjórn enda beinlínis gert ráð fyrir því í starfsreglum ríkisráðsins að á ráðherrafundum séu tekin til umfjöllunar lagafrumvörp ráðherra. Almenn samstaða var síðan um setningu neyðarlaganna. Með lögunum voru Fjármálaeftirlitinu fengnar heimildir til nauðsynlegra aðgerða á fjármálamarkaði, þar með talið að yfirtaka starfsemi viðskiptabankanna.

Frú forseti. Að endingu vil ég segja að það liggur í augum uppi að mál sem varða alla íslensku þjóðina með þeim hætti sem hér hefur orðið í samfélaginu voru að sjálfsögðu rædd ítarlega í ríkisstjórn enda gerir stjórnskipun okkar eins og áður segir ráð fyrir því að ráðherrar geti átt samráð og leitað pólitískrar samstöðu um einstök mál. Að halda því fram að í því geti falist einhvers konar hagsmunaárekstur eða aðkoma að ákvörðunum um einkamálefni einstakra ráðherra stenst að sjálfsögðu ekki. Ríkisstjórnin er fyrst og fremst pólitískur samráðsvettvangur. Hún er ekki fjölskipað stjórnvald.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl):

Virðulegi forseti. Ekki get ég sagt að svörin komi mér mjög á óvart. Ráðherrann fer í hina formlegu hlið mála. Eins og kom fram í máli mínu áðan er það vissulega umdeilanlegt hvort stjórnsýslulögin eigi við um ákvarðanir og samráð sem á sér stað á ríkisstjórnarfundum.

Hitt held ég að geti varla verið umdeilanlegt að lagaákvæði um hæfi og vanhæfi sem sett hafa verið hér og gilda almennt í þjóðfélaginu, ekki bara á stjórnsýslu ríkisins heldur líka sveitarfélaga og um stjórnmálamenn sem sitja í sveitarstjórnum, eiga að mati ráðherra ekki við þegar þau tala saman á ríkisstjórnarfundum eða á öðrum fundum til að ráða málum til lykta.

Það finnst mér dapurlegt vegna þess að séu tiltekin sjónarmið sem leiða til þess að um vanhæfi sé að ræða gilda þau sjónarmið jafnvel þótt menn færi sig úr ráðherrastólnum í sínu eigin ráðuneyti yfir í ráðherrastólinn í ríkisstjórninni. Það eru nákvæmlega sömu sjónarmið sem liggja þar að baki og leiða til nákvæmlega sömu niðurstöðu. Og það er dapurlegt ef þetta er viðhorf ráðherra í ríkisstjórninni að ráðherrar séu hæfir til að fjalla um hvaðeina sem menn kjósa að taka þar upp, jafnvel málefni sem varða þá persónulega og fjárhag þeirra mikið. Það er dapurlegt ef það er skilningur ráðherranna að það sé allt í lagi vegna þess að hin formlega ákvörðun er tekin annars staðar síðar þótt hin pólitíska afstaða sé tekin á þessum fundum. Það er auðvitað það sem máli skiptir. Það er þar sem hlutirnir eru ákvarðaðir og þess vegna eru ríkisstjórnarfundir haldnir, til að ná hinni pólitísku niðurstöðu sem einstakir ráðherrar hrinda í framkvæmd í samræmi við hana.

[14:44]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Frú forseti. Ég hef ítrekað sagt að það þurfi að ríkja gegnsæi í þessum hlutum. En ef fara á eftir því sem hv. þingmaður segir á í raun að lama alla umræðu í ríkisstjórn.

Ekki dettur mér í hug að segja að hv. þingmaður sem á maka, og sá er launaður formaður Félags hjúkrunarfræðinga, sé vanhæfur hér í þessum þingsal að fjalla um málefni hjúkrunarfræðinga eða um málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss og heilbrigðisstéttanna. Það kemur mér ekki hug. Mér dettur ekki í hug að fullyrða slíka þvælu.

Í öðru lagi vil ég benda á að til að mynda hafa mjög mætir menn verið í ríkisstjórn Íslands í gegnum tíðina sem hafa verið bændur eða tengst bændum. Að sjálfsögðu hafa þeir ekki verið vanhæfir að fjalla um landbúnaðarmálefni í ríkisstjórninni, að sjálfsögðu ekki af því það er pólitískur samráðsvettvangur og það er lykilatriði. Það er lykilatriði í öllu þessu.

Það sem skiptir miklu máli hér – og ég fagna því sem heyrst hefur – að það sé að nást þverpólitísk sátt um að skoða það sem gerst hefur. Þá verður að sjálfsögðu að fara yfir alla þætti þessa máls sem leitt hefur til hruns fjármálakerfisins. Það þarf að velta við öllum steinum. Það þarf til að mynda að skoða hvað forsvarsmenn fyrirtækja hafa gert rangt í athöfnum sínum. Það sama þarf að gerast varðandi eftirlitsstofnanir. Það sama þarf að gerast varðandi Seðla-

bankann. Og það sama þarf að sjálfsögðu að gerast varðandi Alþingi og stjórnmálamenn. Við verðum að læra af sögunni þannig að við náum að nýta reynsluna sem við höfum öðlast þar, bitra sem sanna, fyrir börnin okkar til þess að byggja upp betri framtíð.

Umræðu lokið.

Vistakstur.

Fsp. MÁ og KVM, 95. mál. — Þskj. 102.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Karl V. Matthíasson) (Sf):

Frú forseti. Við orkuvanda, loftslagsbreytingar og hörmuleg umferðarslys síðustu ár hefur athygli áhugamanna og sérfræðinga um samgöngur og umferð m.a. beinst að vistakstri, þeim vinnubrögðum við akstur bifreiða sem beinast að ýtrasta eldsneytissparnaði. Saga vistaksturs er orðin nokkur hérlendis, ökukennarar byrjuðu að huga að honum í tengslum við norræna félaga sína fyrir um sjö eða átta árum. Samtök þeirra og einstakir ökuskólar hafa staðið fyrir námskeiðum í vistakstri, m.a. fyrir atvinnubílstjóra og hafa þátttakendur látið vel af. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því framtaki Landverndar að flytja hingað ökuherma fyrir vistakstur, m.a. fyrir atbeina hæstv. samgönguráðherra. Þessir hermar hafa vakið mikinn áhuga og er skemmst að minnast frækilegs sigurs hæstv. forsætisráðherra í sérstakri vistaksturskeppni á ráðstefnu um vistvænar bifreiðar.

Ávinningur vistaksturs er þrefaldur. Eldsneytissparnaður er allt að 10%, að því er starfsmenn Landverndar segja, útblástur minnkar, og við vitum hvað það þýðir, og slysum fækkar, menn aka varlegar, huga betur að aksturslagi sínu o.s.frv. Til að ná árangri verðum við að hafa í huga að vistakstur á ekki að vera einhvers konar jaðarsport eða fyrir sérstaka áhugamenn, hann þarf að snerta alla sem koma að akstri og þá skiptir máli að ungir og nýir ökumenn tileinki sér þessi fræði frá upphafi og líti á vistakstur sem eðlilegt aksturslag.

Í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni í vor kom fram hjá hæstv. samgönguráðherra að talsvert starf væri í gangi í þessum efnum og breyta ætti lögum og reglugerðum. Þess vegna spyrjum við Mörður Árnason varaþingmaður: Hvað líður undirbúningi þessara breytinga?

Í annan stað hefur verið starfshópur að störfum til að efla vistakstur og því spyrjum við Mörður Árnason einnig hvenær megi vænta tillagna frá starfshópnum.

Ég veit að hæstv. samgönguráðherra er mikill áhugamaður um málið sem og öryggi í umferð og þess vegna geri ég ráð fyrir að hæstv. ráðherra svari spurningunum fúslega og með gleði.

[14:49]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Karl V. Matthíasson og Mörður Árnason hafa lagt fyrir mig tvær spurningar. Sú fyrri er svohljóðandi:

„1. Hvenær má búast við að starfshópur sem nú er að störfum til að efla vistakstur skili tillögum sínum?“

Með mikilli gleði segi ég að tillögur starfshóps um vistakstur hafa verið afhentar mér, en þeim er ætlað að hvetja til að einstaklingar og fyrirtæki geri vistakstur að sjálfsögðum hlut í daglegu starfi sínu. Tillögurnar eru í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Áróðursherferð og vitundarvakning meðal almennings. Gefinn verður út bæklingur þar sem kostir og hugmyndafræði vistaksturs eru dregin fram. Með auglýsingum verður almenningur hvattur til að kynna sér vistakstur og tileinka sér slíkan akstur í þágu hagkvæmni, umhverfis og aukins umferðaröryggis.

2. Ökukennarafélag Íslands hefur verið í fararbroddi fyrir kynningu á vistakstri. Félagar þess eru reiðubúnir að standa fyrir námskeiðum fyrir almenning og mun samgönguráðuneytið m.a. bjóða starfsmönnum sínum að sýna gott fordæmi með því að sækja slík námskeið. Hvatt verður til þess að einstaklingar sem og fyrirtæki sæki slík námskeið.

3. Beina mætti þeirri hugmynd til tryggingafélaga að veita afslátt af iðgjöldum bílatrygginga þeirra ökumanna sem sýna fram á staðfesta þátttöku í námskeiði í vistakstri.

4. Samgönguráðuneytið styður kynningu ríkisstjórnarinnar á vistakstri með ökuhermum sem hleypt var af stokkunum síðla sumars í samstarfi við ýmsa aðila.

Með vistakstri er talið að draga megi úr eldsneytisnotkun um 10%–12%. Það hefur í för með sér hagkvæmari rekstur bíla og minni útblástur mengandi lofttegunda. Með hugmyndafræði vistaksturs verða ökumenn meðvitaðri um daglegan akstur sinn og sýna meiri ábyrgð í akstri sem skilar sér í auknu umferðaröryggi.

Samgönguráðherra hvetur til að menn gefi gaum að vistakstri og bendir á að árangursríkasta leiðin til að tileinka sér slíkan akstursmáta er að sækja námskeið hjá ökukennara.

Virðulegi forseti. Önnur spurningin hljóðar svo:

„Hvað líður undirbúningi breytinga á lögum og reglugerðum til að gera vistakstur að formlegum hluta ökunáms?“

Í skýrslu starfshóps samgönguráðherra um ökukennslu, ökupróf, starfsleyfi ökukennara og starfsleyfi ökuskóla sem lögð var fram í september 2008 koma fram ýmsar tillögur um aukið vægi vistaksturs í ökunámi. Eftir er að vinna úr tillögunum en stefnt er að því að sú vinna fari af stað nú á næstunni. Felst hún m.a. í endurskoðun á reglugerð um ökuskírteini en lagt er til í skýrslunni að reglugerðinni verði skipt í tvennt, annars vegar reglugerð um ökuskírteini og hins vegar reglugerð um ökunám, ökupróf og endurmenntun ökumanna.

Í skýrslunni er lagt til að 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar hljóði svo, með leyfi forseta:

„Við samningu námskrár á grundvelli þessarar reglugerðar er ráð fyrir því gert að nemendum í grunnskóla sé veitt umferðarfræðsla í samræmi við viðmið þar um og stefnt skuli að því að allir nemendur í efstu bekkjum grunnskólans (8.–10. bekk) stundi á vegum viðkomandi grunnskóla aðfaranám að ökunámi. Þar sé áhersla m.a. lögð á umhverfislega þætti sem umferð tengjast, farandfræðilega

þætti, kostnaðarþætti bæði fyrir einstaklinga sem og samfélagið í heild ásamt nauðsynlegustu umferðarmerkingum og fræðslu um eðli umferðar.“

Enn fremur leggur starfshópurinn til að þegar bráðabirgðaskírteini er endurnýjað og sótt er um fullnaðarskírteini skuli handhafi þess hafa lokið akstursmati hjá ökuskóla sem fengið hefur heimild til að hafa með höndum akstursmat. Í akstursmati skuli annars vegar kanna hvort mat ökumanns á eigin hæfni og aksturshættum séu í samræmi við raunverulega getu hans og hins vegar hvort hann hafi tamið sér vistvæn viðhorf í akstri sínum. Nauðsynlegt er að endurskoða námskrá vegna ökunáms til að gera vistakstur skilgreindan hluta ökunáms og verður það gert í tengslum við endurskoðun reglugerðar um ökuskírteini.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Karl V. Matthíasson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir tíðindin í svari hans. Ljóst er að þetta er eitt af því sem varðar daglegt líf allra, þ.e. umferðin og aksturinn, ekki síst núna þegar eldsneytisverð er mjög hátt og margir sem eiga ekki mikla peninga. Þá skiptir miklu að menn komist leiðar sinnar á sem ódýrastan hátt og hluti af því er að temja sér vistakstur.

Mjög ánægjulegt er að í væntanlegri reglugerð er tekið sérstaklega á þessum málum og lagt fyrir að þau eigi að vera í ökunámi og almennu námi í grunnskólum. Það er mjög gott og vona ég að þeir sem standa að umferðarfræðslu í skólum, eins og t.d. í Grundaskóla á Akranesi, og hafa sérstakt hlutverk, hugsi um þetta og ég veit að þetta er í efni þeirra.

Annað sem lýtur að vistakstri og hlýtur að koma inn í umræðuna er akstur utan vega. Mjög mikilvægt er að fólk átti sig á því þegar það ekur utan vega, sem er ólöglegt, að það getur skaðað náttúruna og umhverfi okkar sem tekur mörg ár að bæta.

Að lokum, frú forseti, vil ég bara ítreka þakklæti mitt til hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin og vona að allt sem hann hefur í hyggju með þetta og ráðuneytið leiði til góðs.

[14:56]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim fyrirspyrjendum Merði Árnasyni varaþingmanni og hv. þm. Karli V. Matthíassyni fyrir fyrirspurnina og vona að svar mitt hafi sýnt fram á að við í samgönguráðuneytinu viljum vinna að þessu verkefni og teljum okkur vera að gera það. Eins og kom fram í fyrirspurn og ræðu hv. þingmanns er aðalatriðið að fólk, íbúar þessa lands, ökumenn temji sér vistakstur sem eðlilegt aksturslag. Það er kannski það mikilvægasta. Eitt er að sækja námskeið, sem er jú ágætt, en menn geta líka dálítið lært þetta með því að fylgjast með ökuhraða og hvernig þeir keyra. Það er einmitt það sem ég vildi m.a. geta hér um, virðulegur forseti, vegna þess að á heimasíðu Vegagerðarinnar eru nýjar upplýsingar sem sýna að hraði ökutækja hefur minnkað og það er mjög ánægjulegt bæði út frá umferðaröryggismálum og ekki síst út af þessu.

Ætli fólk hafi ekki, virðulegi forseti, m.a. út af háu bensín- og olíuverði gefið meiri gaum að því að mikill aksturshraði og miklar akstursbreytingar gera það að verkum að bílar eyða miklu eldsneyti og það hafi áhrif. Vonandi er að hraði hafi líka minnkað út af þessu.

Þótt það sé ekki endilega tengt þessu, virðulegur forseti, þá sjást líka á hinni ágætu heimasíðu Vegagerðarinnar upplýsingar um að síðustu þrjá ef ekki fjóra mánuði hefur umferð á landinu minnkað töluvert, þannig að allt þetta hefur áhrif.

Ég ítreka virðulegi forseti, þakkir til fyrirspyrjenda fyrir þessa áhugaverðu fyrirspurn.

Umræðu lokið.

[14:58]

Útbýting:

Atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa, 115. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 165; brtt. þskj. 166.

Íslenskukennsla fyrir útlendinga, 150. mál, fsp. KJak, þskj. 170.

Kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna, 147. mál, frv. ÁÞS o.fl., þskj. 167.

Nýtt framhaldsskólapróf og fræðsluskylda, 148. mál, fsp. KJak, þskj. 168.

Olweusar-verkefnið, 149. mál, fsp. SVÓ, þskj. 169.

Stimpilgjald, 151. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 171.

Fundi slitið kl. 14:59.

---

25. FUNDUR

fimmtudaginn 13. nóvember,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 115. mál, þskj. 124, brtt. 166. — 2. umr.
3. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 171. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Lífsýnasöfn, stjfrv., 123. mál, þskj. 133. — 1. umr.
5. Tóbaksvarnir, frv., 57. mál, þskj. 57. — 1. umr.
6. Sjúkratryggingar, frv., 67. mál, þskj. 67. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvest. (13.11.)

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n.
Jón Magnússon, 10. þm. Reykv. s.
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
Þórunn Sveinbjarnardóttir umhvrh., 8. þm. Suðvest.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Fjármálaeftirlitinu.

Mannabreytingar í nefndum.

[10:33]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseta hefur borist eftirfarandi tilkynning frá þingflokksformanni Framsóknarflokksins um mannabreytingar í nefndum þingsins, samanber 16. gr. þingskapa:

Birkir J. Jónsson hverfur úr félags- og tryggingamálanefnd og tekur sæti Magnúsar Stefánssonar í efnahags- og skattanefnd.

Helga Sigrún Harðardóttir tekur sæti Birkis J. Jónssonar í félags- og tryggingnefnd og sæti Magnúsar Stefánssonar í samgöngunefnd. Jafnframt tekur Magnús Stefánsson sæti í fjárlaganefnd sem fulltrúi Framsóknarflokksins en hverfur úr efnahags- og skattanefnd og samgöngunefnd.

Þessar mannabreytingar skoðast samþykktar án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Tilkynning um dagskrá.

[10:34]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Um kl. fjögur í dag fer fram utandagskrárumræða um hlutverk og horfur sveitarfélaga í efnahagskreppu. Málshefjandi er hv. þm. Árni Þór Sigurðsson. Hæstv. samgönguráðherra, Kristján L. Möller, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Tilhögun þingfundar.

[10:35]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti vill tilkynna að búast má við nýjum fundi og atkvæðagreiðslu síðar í dag. Jafnframt vill forseti geta þess að hádegishlé verður lengra í dag en endranær, þ.e. frá kl. 1 til kl. 2 vegna þingflokksfunda.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Aukalán LÍN.

[10:36]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Það er ekki langt síðan fulltrúar Sambands íslenskra námsmanna erlendis komu á fund menntamálanefndar og óskuðu eftir aðgerðum vegna hruns íslensku krónunnar. Í framhaldinu sýndi hæstv. menntamálaráðherra ákveðnar aðgerðir, þeirra á meðal hækkun vaxtastyrks, nýja gengisviðmiðun og lækkun tekjuskerðingar. En veigamest þeirra aðgerða var þó líklega aukalán vegna ófyrirséðrar röskunar á högum lánþega erlendis.

Ástandið núna hlýtur að teljast röskun á högum okkar allra, ekki síst námsmanna erlendis. Lánin sem nemendur höfðu reiknað með hafa lækkað mjög vegna hruns krónunnar og sú lækkun er á framfærslugrunni sem fyrir var sparlegur, svo ekki sé meira sagt. Reyndar hafa verið kröfur uppi af hálfu námsmannahreyfinganna í landinu um að endurskoða framfærslugrunninn mörg undanfarin ár og að gerð verði ný neyslukönnun sem undirstaða grunnsins. En spurning mín til ráðherra varðar þau aukalán sem kynnt voru.

Svo virðist sem til að aukalán verði veitt verði námsmaður að geta sýnt fram á sára neyð sem ekki er skilgreind frekar og mig langar að spyrja: Fyrir hverja er þetta aukalán og hvernig er þessi sára neyð skilgreind? Því yfir mig og aðra nefndarmenn og vafalaust hæstv. ráðherra rignir nú bréfum frá námsmönnum sem spyrja: Hvaða gögnum á ég að skila til að geta sýnt fram á hina sáru neyð? Hvernig á að skilgreina þessa röskun? Með leyfi forseta leyfi ég mér að vitna í eitt þessara bréfa þar sem námsmaður erlendis spyr: Hvað er sár neyð? Er aukalán bara fyrir þá sem hafa orðið fyrir gengisfalli og því búnir með námslánin sín mun fyrr en ella? Er það bara fyrir þá sem eiga ekki mat og eigum við þá að senda mynd af hinum tóma ísskáp sem aukagögn? Er það fyrir þá sem eru með framfærslu í erlendri mynt, lán á Íslandi sem auðvitað hefur rokið upp og framfærslan því orðin skuggalega lág? Er það neyð að geta ekki gefið jólagjafir? Er það neyð að geta ekki keypt flugfar heim til Íslands um jólin? Hvað er sár neyð? Hvernig er hægt að skilgreina hana og hver mun skilgreina hana? Munu námsmenn fá í raun einhverja tilhliðrun frá lánasjóðnum út af því ástandi sem nú er?

[10:38]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Varðandi síðustu spurninguna, já, námsmenn erlendis munu fá tilhliðrun af hálfu lánasjóðsins og þetta mál allt og allar tillögurnar voru unnar í nánu samráði við Samband ísl. námsmanna erlendis og ég veit ekki betur en full sátt og ánægja hafi verið uppi með tillögurnar. Við höfum verið að bregðast við og reyna að átta okkur á hvernig þetta ástand bitnar á fólki og það er alveg ljóst að við erum að fara í þessa vegferð í fyrsta sinn og ekki síst starfsfólk sjóðsins. Það er gríðarlega mikið álag á starfsfólki Lánasjóðs ísl. námsmanna og það mun aukast því að hlutverk LÍN verður mun veigameira að mínu mati á næstu vikum og mánuðum til að sinna þörfum námsmanna. En ég vonast svo sannarlega til að allur þingheimur sé sammála um að við eigum að nýta menntakerfið til að koma til móts við hina miklu erfiðleika sem eru víða í samfélaginu og beina fólki inn í menntakerfið og því mun m.a. álag á LÍN aukast.

Varðandi spurningu hv. þingmanns þá ræddum við m.a. hvers konar neyð þetta er og þar verður að meta hvert einstakt tilvik. Það er ekki þannig að allir fái þetta sjálfkrafa en reynt verður að koma til móts við námsmenn eins og hægt er. Til dæmis fréttum við af námsmönnum sem voru að missa húsnæði, námsmönnum sem ekki fengu framlög sín að heiman send og aðrir hafa lent í miklum greiðsluerfiðleikum vegna hafta í gjaldeyrismálum landsins. Til þessara þátta verður að sjálfsögðu litið og hvert tilvik verður metið. Ég ætla ekki að fara að meta hvort það að eiga ekki fyrir jólagjöfum sé gríðarleg neyð en það er alveg ljóst að það er

mikil alvara að taka á þessum málum því það er þó nokkur hópur námsmanna sem hefur orðið fyrir skakkaföllum út af kreppunni.

[10:40]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er ástandið erfitt og það er ljóst að við Íslendingar munum ekki geta beðið þessa kreppu af okkur eða vonast til þess einhvern veginn að við getum sparað okkur í gegnum hana eins og t.d. Finnar reyndu í upphafi sinnar kreppu. Það þarf að grípa til aðgerða þegar í stað og ég veit að lánasjóðurinn greip til aðgerða í samvinnu við menntamálaráðuneyti og námsmannahreyfinguna. Það skiptir auðvitað miklu að námsmenn eigi greiðan aðgang að þessum lánum. Við finnum það bara á viðbrögðum námsmanna og sjáum það á netinu, á „Facebook“-síðunni þar sem hundruð námsmanna eru komin saman og hafa gríðarlegar áhyggjur af ástandinu, að hugsanlega þarf að skilgreina þessa neyð betur, í upplýsingum fyrir námsmenn svo þeir sæki um þessi lán. Ég held að það sé alveg gríðarlega mikilvægt nú í kreppunni að efla hið félagslega kerfi og ekki síst lánasjóðinn til þess að auðvelda fólki lífið. Ég held að megi ekki skilgreina þessa neyð of þröngt því það eru okkar hagsmunir að fólk geti lokið námi sínu erlendis við sæmilegar aðstæður og að lánasjóðurinn geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu, þ.e. að lána fólki til framfærslu.

[10:41]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Ég vil í rauninni taka undir það sem hv. þm. Katrín Jakobsdóttir sagði áðan. Ég er alveg sammála henni í öllum meginatriðum. Þetta verður að vera túlkað þannig að námsmenn flosni ekki upp úr námi. Við viljum ekki að námsmenn flosni upp úr námi. Þetta er m.a. það viðmið sem starfsfólk lánasjóðsins mun setja sér og fara yfir hverja umsókn.

Hins vegar verður líka að gæta þess að ekki verði sjálfkrafa virkni í kerfinu til aukinna framlaga. Menn verða að sýna fram á á sanngjarnan hátt hver neyðin er. En á hinn bóginn er það mjög hættulegt fyrir samfélagið ef fólk flosnar úr námi, hvort sem það er á erlendri grund eða hér. Þess vegna fagna ég sérstaklega þeirri áherslu sem hv. þingmaður setur fram í máli sínu og við erum sammála um að við eigum að styrkja LÍN. Við eigum að efla þann félagslega þátt því LÍN er ekkert annað en félagslegur sjóður til að stuðla að því að fólk geti sinnt námi sínu með sóma.

Peningamarkaðssjóðir smærri fjármálafyrirtækja.

[10:43]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. viðskiptaráðherra. Tilgangurinn er sá að fylgja eftir fyrirspurn minni um peningamarkaðssjóðina sem ég bar fram fyrir viku síðan. Nú hefur komið í ljós að ríkisbankarnir neita að kaupa skuldabréf úr peningamarkaðssjóðum smærri fjármálafyrirtækja á sama verði og þeir keyptu þau út úr sjóði sínum fyrir skemmstu. Þetta stangast á við yfirlýsingar hæstv. viðskiptaráðherra um að uppkaup í sjóðunum hafi verið viðskiptaleg ákvörðun bankanna og að fyllsta jafnræðis yrði gætt.

Glitnir hefur gefið hinum smærri fjármálafyrirtækjum afsvar við því að kaupa bréf úr sjóðnum og hinir tveir ríkisbankarnir vilja ekki kaupa skuldabréfin á grundvelli sama verðmats og þeir keyptu bréf úr eigin sjóðum samkvæmt fréttum í *Morgunblaðinu* í morgun. Viðskiptaráðherra svaraði fyrirspurn minni á þann veg að viðræður væru hafnar milli viðeigandi ráðuneyta og smærri fjármálafyrirtækja um afdrif peningamarkaðssjóða þeirra. Hann sagði auk þess að öllu máli skipti að gæta jafnræðis. Nú segja aftur á móti hin smærri fjármálafyrirtæki að engar slíkar viðræður séu í gangi við stjórnvöld og spyrja um leið: Af hverju er jafnræðis ekki gætt? Af hverju kaupa stóru ríkisbankarnir ekki bréfin á sama verði og þeir mátu sín eigin bréf? Það er enginn munur á þessum eignum og því spyr ég hvort þetta sé ekki klárt og skýrt brot á samkeppnislögum. Ég spyr hæstv. viðskiptaráðherra: Er ekki þeim mun brýnna að endurskoða það sem hér kemur fram og gæta fyllsta jafnræðis?

[10:45]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspurnina um þetta brýna mál. Það undirstrikar fyrst og fremst það sem ég sagði fyrir viku síðan að hér er um að ræða viðskiptalega ákvörðun ríkisbankanna sjálfra. Ríkið veitti enga fjármuni til peningamarkaðssjóðanna. Samkvæmt upplýsingum sem ég kallaði eftir í síðustu viku um þessa ákvörðun bankanna kom einfaldlega fram að slík viðskipti fóru fram á viðskiptalegum forsendum á grundvelli sjálfstæðs mats óháðs aðila sem í þessu tilfelli var KPMG um verðgildi bréfanna.

Það var niðurstaða málsins og sjóðunum var ekki lagt til neitt ríkisfé enda hefði það fyrst vakið upp spurningar um mismunun á milli sjóða ef ríkið hefði talið sig þurfa að gera það. Fulltrúar annarra peningamarkaðssjóða hafa fundað — nú veit ég ekki hvort það er frá öllum fyrirtækjunum sem eru að minnsta kosti fimm eða sex, en vonandi — með fulltrúum ráðuneytanna og þar hafa verið kynntar óskir þessara aðila um að eiga sambærileg viðskipti með bréf þeirra í sjóðum viðskiptabankanna. Öllum slíkum hugmyndum er vísað þaðan til bankanna sjálfra sem verða að taka þær út frá viðskiptalegum forsendum.

Fjármálaeftirlitið beindi á sínum tíma tilmælum til ríkisbankanna þriggja um upplausn sjóðanna og að samræmis skyldi gætt einfaldlega af því að boðvald þeirra nær til þessara þriggja banka en ekki annarra fjármálafyrirtækja — við getum sagt sem betur fer — sem enn þá eru sjálfstætt starfandi. Skiptir náttúrlega mjög miklu máli að hagsmuna þeirra sé gætt til hins ýtrasta enda hafa menn nú, eins og fram hefur komið, verið að vinna í því í nokkrar vikur og leitað leiða til að styrkja stöðu sparisjóðanna og þess kerfis alls þannig að það hrynji ekki eins og hitt fjármálakerfið okkar. Mér hafa ekki verið gefnar upplýsingar um (Forseti hringir.) annað en að þessar viðræður standi enn þá yfir.

[10:47]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra

svörin. Ég er samt ekki að fullu sáttur við þær skýringar sem hann gaf. Hæstv. viðskiptaráðherra sagði að ríkið veitti enga peninga til þessara kaupa. Nú kemur fram hérna í sama *Morgunblaði* á sömu blaðsíðu sú frétt sem ég vitnaði í áðan, að ríkið hafi einfaldlega lagt bönkunum til eigið fé að andvirði 385 milljarða kr. og að andvirðið sem nýju ríkisbankarnir — þeir eru í eigu ríkisins — hafi verið 200 milljarðar. Það eru ekki litlar fjárhæðir og ég hafna því algjörlega að ríkið komi þar ekki að máli.

Ég vil líka benda á að aðstoðarmaður hæstv. viðskiptaráðherra sendi tölvubréf (Forseti hringir.) á forsvarsmenn stóru sjóðanna en ekki á forsvarsmenn peningamarkaðssjóða hinna smærri fjármálafyrirtækja. Þarna er augljóslega ekki verið að gæta jafnræðis, hæstv. forseti.

[10:48]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að aðstoðarmaður minn var í samskiptum við ríkisbankana var einfaldlega sú að tilmæli Fjármálaeftirlitsins lutu að þeim en ekki hinum bönkunum, yfir þeim ráðum við ekki. Eina aðkoma okkar að peningamarkaðssjóðum hinna smærri fjármálafyrirtækja var að beina því til bankanna að ræða við þá á viðskiptalegum forsendum um hvort forsendur væru til sambærilegra hluta.

Það skiptir miklu máli, af því að Samkeppniseftirlitið var nefnt áðan, að Samkeppniseftirlitið sendi í gær frá sér mjög myndarlega greinargerð og álit á starfsháttum hinna nýju banka og hvernig þeir ættu að gæta samkeppnissjónarmiða til hins ýtrasta. Þeir lögðu það m.a. til að settur yrði sérstakur ábyrgðarmaður samkeppnismála inn í hvern banka fyrir sig og komu með margar mjög öflugar hugmyndir um hvernig gæta megi ýtrustu almannahagsmuna, samkeppnissjónarmiða og jafnræðis innan bankana sjálfra. Allar ákvarðanir eru teknar á viðskiptalegum forsendum en ekki út af pólitískri íhlutun (Forseti hringir.) í bönkunum þó að ríkið eigi þá. Það er það sem við þurfum að forðast umfram allt.

Kostnaður við varalið lögreglu.

[10:50]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. dómsmálaráðherra um fyrirhugað varalögreglulið: Hvaða kostnað við munum bera af fyrirætluðu 240 manna aukalögregluliði, varaliði? Hvaða áætlanir eru um þjálfun á aukalögregluliðinu og öðru slíku? Hvað mun aukalögreglulið kosta ríkið?

[10:50]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Herra forseti. Ég átta mig ekki almennilega á spurningunni, hún er mjög óljóst orðuð en ég gef mér að hv. þingmaður sé hér að spyrja um fjölgun héraðslögreglumanna og breytingu á reglugerð um héraðslögreglumenn sem hefur verið í gildi í 60 ár eða svo. Það sem gert hefur verið í því efni er að ákveðið var að taka mið af nýskipan lögreglumála. Umdæmum lögreglunnar var fækkað úr 26 í 15. Áður voru heimildir fyrir hvert lögregluumdæmi að hafa allt að átta héraðslögreglumenn starfandi fyrir sig, samtals 208 lögreglumenn. Með þeirri breytingu sem ákveðin er núna er því breytt þannig að í Reykjavík megi menn hafa til taks allt að 80 héraðslögreglumenn, 40 á Suðurnesjum og síðan 16 í nokkrum umdæmum eins og gerð var grein fyrir í reglugerðinni frá 17. október. Eftir að sú reglugerð var gefin út hefur komið í ljós að t.d. á Austfjörðum, á Eskifirði og Hornafirði er hámarkstalan átta, sem áfram gilti varðandi það svæði, of lág. Þess vegna höfum við í huga að breyta reglugerðinni aftur og hafa 16 manna svæðin fleiri en við gerðum ráð fyrir í reglugerðinni 17. október. Þá fjölgaði þeim mönnum sem verða til taks kannski upp í 280.

Kostnaður við fjölgunina í fyrri reglugerðinni mundi verða 45 millj. kr. á ári ef allar heimildirnar yrðu nýttar sem ég tel ekki líklegt. Um er að ræða heimildir en ekki ákvörðun um að fjölga héraðslögreglumönnum, verið að útfæra gömlu reglurnar um þá með breytingu á reglugerð.

[10:52]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Hæstv. þingforseti. Ég spyr um þetta vegna þess að ljóst er að nú útskrifast úr Lögregluskóla Íslands 32 eða 33 lögreglumenn um næstu áramót og eftir því sem ég best veit er hvergi gert ráð fyrir því að ráða þá um áramót til neins embættis. Það eru ekki til fjárveitingar fyrir fjölgun lögreglumanna við neitt embætti. Ég tala þar sérstaklega um Suðurnesjaembættið þar sem vantar bersýnilega 20 lögreglumenn. Þá finnst mér skondið að búin skuli vera til einhver varasveit héraðslögreglumanna. Ég hefði haldið að við ættum að snúa okkur að því að fá menntaða lögreglumenn. Mér sýnist ekki veita af núna á þessum tímum að alvörulögreglumenn verði ráðnir til starfa (Forseti hringir.) við löggæslu á Íslandi en ekki einhverjir „amatörar“ eða (Forseti hringir.) björgunarsveitarmenn.

[10:54]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Herra forseti. Hér er mjög óvarlega talað um héraðslögreglumenn. Ég held að þeir hafi reynst ákaflega vel í áranna rás og óþarft að tala til þeirra með þeim hætti sem hv. þingmaður gerði.

Varðandi það að ráða þá til starfa sem koma úr Lögregluskólanum er unnið að því í ráðuneytinu að búa þannig um hnútana að það verði hægt, vonandi. Alþingi á eftir að fjalla um fjárlög ársins 2009 og taka afstöðu til þeirra mála.

Varðandi Suðurnesin sem hv. þingmaður nefndi sérstaklega hef ég lagt fram ákveðnar skýrar tillögur um hvernig eigi að taka á fjárhagsvandanum þar og sem betur fer er vaxandi fylgi við þær tillögur eins og fram hefur komið, m.a. með ákvörðunum Tollvarðafélags Íslands um að mæla með því að Ísland verði allt eitt tollumdæmi. Ég skora á alþingismenn að afgreiða það mál hér fyrir áramótin þannig að hægt verði að vinna í samræmi við það.

Heræfingar Breta í íslenskri lofthelgi.

[10:55]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. iðnaðarráðherra, starfandi utanríkisráðherra eða a.m.k. fyrrverandi

starfandi utanríkisráðherra. Hæstv. ráðherra hefur haft gaman af því að taka það fram af og til á undanförnum dögum, bæði í þinginu og í viðtölum við fjölmiðla, að hann sé starfandi utanríkisráðherra. Ég vil eiga orðastað við hann vegna afstöðu hans til tiltekins máls, þ.e. fyrirhugaðs herflugs Breta hér á Íslandi í jólamánuðinum.

Ég segi ósköp einfaldlega, herra forseti: Það er ekki hægt að bjóða þjóðinni upp á þetta. Það misbýður Íslendingum af ástæðum sem allir skilja ef Bretar eiga að koma hér og leika sér með sín hertól á aðventunni á okkar kostnað. Hæstv. utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, virðist ætla að skilja þannig við málið að Bretar eigi að ráða því sjálfir hvort þeir komi hingað. Það er fráleitt. Það er fráleitt að skilja þannig við málið, það er fráleitt að eyða í það peningum. Samkvæmt fréttum stendur nú til að skera þróunaraðstoð Íslands niður við trog. Það er ömurlegt. Það eru dapurleg skilaboð til umheimsins. Það er yfirlýsing um annað tveggja, að við Íslendingar lítum svo á að við séum orðið þróunarríki og það sé þá árangurinn af starfi manna hér undanfarin ár að þeir hafi komið Íslandi í slíka stöðu, eða yfirlýsing um að við séum svo sjálfselsk að við viljum ekki leggja okkar af mörkum til fátækustu þjóða heimsins. Hvorugt er heppileg yfirlýsing af Íslands hálfu um þessar mundir, á hvorugu þurfum við að halda.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur haft uppi hörð orð og lýst sig algerlega andvígan því að Bretar kæmu hér, talaði um ofbeldi í okkar garð af þeirra hálfu og fleira í þeim dúr. Nú skora ég á hæstv. iðnaðarráðherra að standa við stóru orðin og beita sér fyrir því að hingaðkoma Bretanna verði afþökkuð.

[10:57]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég er algjörlega sammála þeim viðhorfum sem komið hafa fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, það hefur legið alveg ljóst fyrir af minni hálfu. Bretar hafa komið fram við okkur af miklum óþokka og það er fullkomlega óásættanlegt að þjóð eins og Íslendingar sæti þeirri meðferð sem við höfum sætt af hálfu Breta. Ég rifja það upp að við erum gamlar vinaþjóðir. Íslendingar lögðu land sitt undir breskt herlið. Auðvitað hét það herseta og hernám í seinni heimsstyrjöldinni þegar Bretar komu hingað eða við gerðum það án þess að það væri nokkur teljandi mótstaða af hálfu íslenskra stjórnvalda eða íslensks almennings.

Af hverju gerðum við það? Vegna þess að við vorum að veita þeim lið í baráttunni þegar stund þeirra stóru neyðar rann upp. Á sama tímabili lögðu íslenskir sjómenn sig í hættu bæði með því að fylgja skipalestum sem studdu Breta og sömuleiðis með því að flytja fisk til þeirra. Við Íslendingar töpuðum við þær aðgerðir hlutfallslega jafnmörgum mannslífum og Bandaríkjamenn í liðveislu þeirra við Breta. Þegar maður skoðar það er það skammarlegt hvernig Bretar hafa komið fram við okkur. Það er í því ljósi sem ég lét uppi þá skoðun að mér finnst fráleitt að við sem þjóð sem sætum þessum afarkostum af hálfu Breta ætlum síðan að þiggja af þeim einhvers konar vernd. Það er bara í andstöðu við mína eigin vitund sem einstaklings og borgara og líka í andstöðu við það sem mér finnst að Íslendingar eigi að gera gagnvart Bretum. Ég kyssi ekki á vönd kvalara minna.

[10:59]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir og afstaða hans virðist vera skýr og ljós og má segja að í fyrradag, þegar hv. þm. Árni Þór Sigurðsson tók málið upp, hafi birst þverpólitísk samstaða um að afþakka eigi flug Breta. En hér talaði hæstv. iðnaðarráðherra eins og hann væri Jón Jónsson úti í bæ og hann hefði þessa persónulegu skoðun (**Iðnrh.:** Nei ...) en það er ekki svo. Hæstv. iðnaðarráðherra er ráðherra og situr í ríkisstjórninni og hefur verið starfandi utanríkisráðherra á undanförnum dögum. Hæstv. ráðherra verður því að gera betur og það er ekki hægt að skilja svona við málið að annars vegar virðist þverpólitísk samstaða um að það eigi að afþakka þetta, ráðherrar í ríkisstjórninni tala hér svert um það og rökstyðja þá afstöðu sína að fráleitt sé að Bretar komi hingað en ætla svo ekki að gera neitt.

Ég skora á hæstv. iðnaðarráðherra að koma og útlista fyrir okkur hvernig hann ætlar að beita sér fyrir því að afstaða hans, og að því er virðist þingsins í heild sinni, nái fram að ganga. (Forseti hringir.) Því miður afgreiddi utanríkismálanefnd ekki tillögu mína um að nefndin kæmi þeim skilaboðum til stjórnvalda að það bæri að afþakka þetta, þess í stað verður fundað með hæstv. ráðherra. En það er ekki hægt að hafa málið svona afvelta.

[11:00]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Hv. þingmaður getur komið hingað og rifið allan þann kjaft sem hann vill. Það er einfaldlega þannig að mín afstaða kom fram. Afstaða þáverandi starfandi utanríkisráðherra er sú hin sama og afstaða byggðaráðherra, iðnaðarráðherra, orkuráðherra, ferðamálaráðherra og einstaklingsins Össurar Skarphéðinssonar, (Gripið fram í.) ekki er hægt að greina þar á milli og það er alveg ljóst að afstaða mín kom fram meðan ég var starfandi utanríkisráðherra.

Ég hef gert það sem mér ber að gera í því. Það er að láta mína afstöðu koma fram. Ég stend andspænis stjórnarskránni í því efni. Ég þarf að fara eftir sannfæringu minni og hún er svona. Ég tel hins vegar að það muni ekki þurfa liðveislu. Þó að ég þakki liðveislutilboð hv. þingmanns tel ég að ég þurfi ekki á henni að halda til þess að koma þessu máli til hafnar.

En það er mín afstaða ef það er þannig að við eigum í svona harkalegri deilu við Breta eins og staðan hefur verið þá finnst mér það bara fráleitt. Ef við á annan borð náum sátt við Breta (Forseti hringir.) kemur upp önnur og ný staða. Það hef ég líka sagt áður.

Afstaða iðnaðarráðherra til heræfinga Breta.

[11:02]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég hlýt að spyrja mig hér eftir að hafa hlustað á síðustu orðaskipti: Hvað er að ske í Samfylkingunni? Hér er verið að ræða um mjög vandasamt mál af mikilli léttúð. Við erum aðilar að NATO og við báðum um

samning við NATO um ákveðna vernd og við fengum þann samning. Þó vill svo óheppilega til að Bretarnir eru næstir í röðinni að koma hingað til að gæta loftrýmis okkar. Það er mjög óheppilegt og allir sammála um það.

Við þessar aðstæður hefur starfandi hæstv. utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, komið með miklar yfirlýsingar. Hann hefur sagt að það misbjóði þjóðarstolti Íslendinga að Bretarnir komi hingað. Hvað gerði hæstv. ráðherra í stóli utanríkisráðherra? Ekki neitt. Þetta var innihaldslaus yfirlýsing. Sumir mundu kjósa að kalla það gaspur. Ekki sjást nein verk eftir hæstv. ráðherra um að hann hafi undirbúið það að Bretarnir kæmu ekki í takt við yfirlýsingar hans. Hvað segir svo starfandi utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir í gær í fjölmiðlum? Ekki stendur til að afþakka komu breskra flugsveita.

Hér bætir svo hæstv. iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, um betur og segir: Ég kyssi ekki á vönd kvalara minna. Hvað er að ske í Samfylkingunni? Talar þetta fólk ekkert saman, virðulegur forseti? Er hæstv. iðnaðarráðherra að segja hér að hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, kyssi á vönd kvalara sinna?

Svona geta menn ekki talað við þessar aðstæður í samfélaginu. Tveir (Forseti hringir.) ráðherrar úr sama flokki. Það er hneyksli hvernig hér er talað, virðulegur forseti.

[11:04]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Af langri veru hér í sölum Alþingis er ég farinn að þekkja innvolsið í Framsóknarflokknum. Það kemur mér þess vegna ekkert á óvart þó að hv. þingmenn Framsóknarflokksins komi hingað og tali um gaspur og léttúð þegar um það er að ræða að fara að sannfæringu sinni. Þetta er mín sannfæring. Hún hefur komið áður fram og það er ljóst að ég sem starfandi utanríkisráðherra gerði það sem mér bar til þess að þessarar sannfæringar gætti í starfi mínu, þ.e. þessum viðhorfum mínum var komið til Breta. Að minnsta kosti bað ég um það.

Ég sagði jafnframt að ef aðstæður breyttust og sú staða kæmi upp að sátt næðist í þeirri deilu sem við eigum í við Breta og ef þeir mundu láta af þeim skelfilega verknaði sem þeir sýndu okkur, að setja okkur á lista með Al Kaída og hermdarverkasamtökum í heiminum og frysta í krafti þeirra laga íslenskar eignir, þá mundi sú afstaða breytast. Að öðru leyti er það ljóst að þetta er mín skoðun og ég segi eins og Marteinn Lúter: Hér stend ég og get ekki annað. Mér er alveg sama hvað Framsóknarflokknum finnst um það.

Það er bara þannig að þessi karl sem hér stendur fer eftir sannfæringu sinni, öfugt við það sem þingmenn Framsóknarflokksins gera. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir skal svo koma hingað og lýsa því yfir, ef það er stefna Framsóknarflokksins, að hún vilji á þessari stundu, og telji það rétt og verjanlegt, fá Breta til loftrýmisgæslunnar.

Ég vil líka bæta því við sem iðnaðarráðherra og fyrrverandi starfandi utanríkisráðherra — og sama er mér hvaða titlum hv. þingmaður togar mig með — að ég tel einfaldlega að sem fullgildir aðilar að Atlantshafsbandalaginu, sem skipuleggur þessa gæslu, eigum við það skilið að þeir taki tillit til Íslendinga í þessari deilu þegar þeir eru að skipa hingað sveitum.

[11:06]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er nú ekki nýtt af nálinni að hæstv. iðnaðarráðherra kjósi að henda óhróðri í Framsóknarflokkinn, maður er löngu hættur að taka það nærri sér. (Gripið fram í.) En það sem er hér á ferðinni er að tveir hæstv. ráðherrar í sömu ríkisstjórninni tala út og suður í mjög viðkvæmu máli. Það gengur ekki upp, virðulegur forseti. Þetta eru ráðherrar í sama flokki að tjá sig um sama mál á mjög viðkvæmum tímum í íslenskri pólitík.

Ég spyr hæstv. iðnaðarráðherra sem var starfandi utanríkisráðherra, það er nú ekkert lítið — hann sagði að það misbyði þjóðarstolti okkar að fá Bretana hingað. Hæstv. ráðherra upplýsir hér að hann hafi komið þeim skilaboðum til Bretanna. Ég ætla rétt að vona að það sé rétt. Ég kýs að trúa því.

En þá spyr ég: Af hverju kom ekki hæstv. iðnaðarráðherra þessum skilaboðum til hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, (Forseti hringir.) sem nú segir í fjölmiðlum að ekki eigi að afþakka boð Bretanna um að koma hingað, samning okkar við Breta og við NATO? Af hverju kom ekki hæstv. iðnaðarráðherra þeim skilaboðum til eigin flokkssystur sem er formaður (Forseti hringir.) flokksins í þokkabót?

[11:07]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Til þess að allt sé skýrt vil ég að það komi hér fram að ég óskaði eftir því á meðan ég gegndi þessu starfi að þessum skilaboðum yrði komið til Breta í gegnum ráðuneytið. Ég gerði það ekki sjálfur þó að ég hafi átt eina þrjá eða fjóra mjög hreinskilnislega fundi með sendiherra Breta sem vörðuðu deilu okkar og þeirra.

Innan Samfylkingar gengur enginn gruflandi um afstöðu mína í þessu máli. Hún er sú, eins og ég hef sagt, að ég tel mjög óæskilegt og að það mundi særa mjög marga — ég veit það af þeim bréfum og undirtektum sem ég hef fengið við þessu — ef Bretar verða kallaðir hingað til þess að verja okkur á þessari viðkvæmu stundu í samskiptum okkar og þeirra. Ég hef hins vegar líka sagt að ef deilan leysist gegni öðru máli. Hugsanlega leysist hún. Við skulum vona það.

En hver er afstaða Framsóknarflokksins í þessu máli? Guðni Ágústsson hefur lýst sömu afstöðu og ég og hér kemur hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, keppinautur hans um formennsku í (Forseti hringir.) Framsóknarflokknum, og hjólar í formanninn með allt annarri afstöðu. Hvað er að gerast í þessum flokki? Þingmenn segja af sér. Þeir koma hingað (Forseti hringir.) og ráðast á formann sinn fjarstaddan. Ég tek til varnar fyrir hv. þm. Guðna Ágústsson, formann Framsóknarflokksins. (Forseti hringir.) Hann á ekki skilið þessa aðför af hálfu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur.

Atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa, 2. umr.

Stjfrv., 115. mál (hærri bætur vegna minnkaðs starfshlutfalls). — Þskj. 124, nál. 165, brtt. 166.

[11:09]

Frsm. fél.- og trn. (Guðbjartur Hannesson) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég tala fyrir nefndaráliti félags- og tryggingamálanefndar og legg fram breytingartillögur á lögum um atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóð launa vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fulltrúa félagsmálaráðuneytisins og auk þess fulltrúa frá Vinnumálastofnun, Alþýðusambandinu, Samtökum atvinnulífsins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandinu og Bændasamtökunum. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Tryggingastofnun, frá Árna Leóssyni, starfsmanni VR, frá Alþýðusambandinu, Háskólanum í Reykjavík, Háskóla Íslands, Sjúkratryggingum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bandalagi háskólamenntaðra og Kennarasambandi Íslands saman, og frá Viðskiptaráði, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Árna Þorvaldi Jónssyni arkitekt.

Frumvarpið er lagt fram í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði og eru í því lagðar til breytingar sem miða að því að greiða hærri atvinnuleysisbætur til launþega sem þarf að kröfu vinnuveitanda að lækka starfshlutfall sitt. Þá er frumvarpinu einnig ætlað að tryggja þeim launþegum sem hafa þurft að lækka starfshlutfall sitt vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði bætur úr Ábyrgðasjóði launa miðað við fullt starfshlutfall ef til gjaldþrots vinnuveitanda kemur.

Við meðferð málsins ræddi nefndin einna helst gildistíma laganna, lögmætar væntingar og sjónarmið varðandi afturvirkni, úrræði þeirra sem missa vinnu sína til að stunda nám, og þar með stöðu starfsnema, stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga, lágmarksstarfshlutfall samkvæmt frumvarpinu og sérstök sjónarmið um uppsagnarfrest vegna skerts starfshlutfalls.

Öll þessi mál voru rædd vegna ábendinga sem fram komu í 1. umr. um frumvarpið. Farið var í gegnum öll þau atriði af nefndinni.

Nefndin ræddi hvort rétt væri að lengja gildistökuna frá því tímamarki sem frumvarpið mælir fyrir um. Telur nefndin rétt að hafa gildistíma afmarkaðan því að það bjóði upp á endurskoðun ákvæðisins. Þar sem nú ríkir óvissa á vinnumarkaði er eðlilegt að nýta tímann fram til 1. maí næstkomandi til að meta reynsluna af framkvæmd frumvarpsins og taka afstöðu eftir nokkra mánuði þegar hlutirnir hafa skýrst nokkuð. Nefndin áréttar þó þann skilning sinn að þó svo að ákvæðið gildi tímabundið sé vilji hennar að áframhaldandi úrræðum verði beitt kalli ástandið á vinnumarkaði á það.

Eftir umræðu er ekki gerð tillaga um að lengja gildistökuna en menn eru meðvitaðir um að hugsanlega gæti þurft að koma til þess og staðan verður endurmetin í mars/apríl á næsta ári.

Mörg fyrirtæki hafa þegar gripið til þeirra ráðstafana að endursemja við starfsfólk sitt um lægra starfshlutfall með samsvarandi launaskerðingu. Í einhverjum tilvikum virðist slík skerðing gerð á grundvelli væntinga um að frumvarpið verði að lögum og að bætur komi á móti skertum launum. Nefndin telur því nauðsynlegt að ákvæði 1. gr. gildi afturvirkt frá 1. nóvember síðastliðnum um þá sem uppfylltu skilyrði laganna á þeim tímapunkti. Ekki verður séð að þetta sé vandkvæðum bundið eða brjóti gegn grundvallarreglu um bann við afturvirkni laga. Um er að ræða ákvæði sem er ívilnandi, því er ætlað að bæta rétt fólks og það nær jafnt og almennt yfir alla þá sem lenda í skerðingunni eftir ákveðið tímamark.

Þarna er sem sagt breytingartillaga um að flýta gildistökunni til 1. nóvember.

Mikið var rætt um sjálfstætt starfandi aðila í samfélaginu, með hvaða hætti væri hægt að koma til móts við þarfir þeirra.

Það liggur fyrir að verulegur samdráttur á eftir að verða í rekstri hjá mörgum sjálfstætt starfandi einstaklingum og koma til atvinnuleysis margra þeirra í kjölfar þrenginga á fjármálamarkaði. Meðal skilyrða laganna fyrir tryggingu sjálfstætt starfandi einstaklinga innan atvinnuleysistryggingakerfisins er að tilkynnt hafi verið til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra að hlutaðeigandi hafi stöðvað rekstur og að öll starfsemi hafi verið stöðvuð. Ljóst er að aðstæður á vinnumarkaði eru breyttar en atvinnuleysi hefur þegar aukist töluvert frá byrjun október sl. og er gert ráð fyrir frekari aukningu á næstu vikum og mánuðum. Við slíkar aðstæður er þýðingarmikið að ýta undir hvers konar tækifæri sem leitt geta til þess að fólk geti orðið sér úti um verkefni og sé þannig virkt á vinnumarkaði. Svo það megi verða þykir mikilvægt að auka enn frekar á sveigjanleika atvinnuleysistryggingakerfisins en gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu þannig að það nái einnig til sjálfstætt starfandi einstaklinga. Tilgangur breytingartillögu nefndarinnar er að veita sjálfstætt starfandi einstaklingum svigrúm til að taka að sér tilfallandi verkefni samhliða atvinnuleysisbótum.

Þegar sjálfstætt starfandi einstaklingur vill eiga þess kost að taka að sér tilfallandi verkefni í stað þess að stöðva reksturinn alveg með hefðbundnum hætti er það gert að skilyrði að hann tilkynni skattyfirvöldum um verulegan samdrátt í rekstrinum sem leiðir til tímabundins atvinnuleysis hans. Þá getur hann sótt um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar en á þeim tíma sem hann fær þær greiddar er gert að skilyrði að hann geri grein fyrir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi mánaðarlega og skili virðisaukaskattsskýrslum samkvæmt skráningu hans í grunnskrá virðisaukaskatts enda hafi hann ekki hug á að stöðva reksturinn með öllu. Með verulegum samdrætti í rekstri er átt við að fram komi veruleg lækkun á reiknuðu endurgjaldi frá því sem var á fyrra tekjuári sem og að reksturinn hafi nánast stöðvast fyrir utan einstaka tilfallandi verkefni. Þannig fá skattyfirvöld og Vinnumálastofnun séð að um raunverulegt atvinnuleysi sé að ræða hjá viðkomandi og geta fylgst með þróuninni í atvinnurekstri hans. Gert er ráð fyrir að um tímabundna ráðstöfun sé að ræða á sama hátt og gildir um þær ráðstafanir sem lagðar eru til að því er varðar réttindi launafólks enda verið að mæta mjög sérstökum aðstæðum á vinnumarkaði. Að sama skapi telur nefndin mikilvægt að meta stöðuna þegar gildistími ákvæðis rennur út.

Hvað varðar námsmenn telur nefndin nauðsynlegt að greina á milli þeirra sem stunda lánshæft nám samkvæmt

Lánasjóði íslenskra námsmanna og þeirra sem stunda annars konar nám, svo sem framhaldsskólanám og einstök námskeið. Lagabreyting sem leiðir til þess að sá sem missir vinnuna geti stundað lánshæft nám á atvinnuleysisbótum mundi skapa ójafnræði með aðilum og mismuna þeim eftir stöðu þeirra. Nefndin telur því ekki hægt að gera slíka breytingu. Hvað varðar þá sem missa vinnuna en hafa hug á að stunda framhaldsskólanám eða einstök námskeið sem ekki eru lánshæf samkvæmt útlánareglum LÍN, telur nefndin eðlilegt að félags- og tryggingamálaráðuneytið ásamt Vinnumálastofnun og öðrum aðilum leiti leiða til að auðvelda þeim að stunda nám m.a. með það að sjónarmiði að bæta hag þeirra, bæta líkur þeirra á að finna starf og auka við þau störf sem þeir geta innt af hendi.

Í nefndinni var rætt hvort breyta ætti lágmarksstarfshlutfalli en í frumvarpinu er miðað við að launamaður geti fengið bætur enda haldi hann að lágmarki 50% starfshlutfalli. Nefndin leggur þó ekki til breytingar hvað þetta varðar enda sé eðlilegt að atvinnurekendur geri sitt ýtrasta til að lækka ekki starfshlutfall meira en nauðsynlegt er og, ef tök eru á, ekki meira en nemur helmingi vegna þeirrar tekjuskerðingar sem lægra starfshlutfall hefði í för með sér, þó svo að bætur fengjust á móti skerðingunni.

Þar sem allar breytingar á vinnusambandi varðandi kjör og vinnutíma eru háðar uppsagnarfresti komu fram þau sjónarmið að nauðsynlegt væri að kveða á um það með lögum að fallið skyldi frá slíkum uppsagnarfresti vegna ákvæðis um skert starfshlutfall. Nefndin telur þó ekki nauðsyn á slíku enda sé lækkað starfshlutfall gert með nýjum samningi við starfsmenn og því ekki í gildi almenn ákvæði um uppsagnarfrest og laun á slíkum fresti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kristinn H. Gunnarsson ritar undir álit þetta með fyrirvara.

En undir álitið skrifa Guðbjartur Hannesson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Birkir J. Jónsson, Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara eins og áður sagði, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Þetta er sem sagt eitt af þeim málum sem eru að koma inn í þingið til þess að leita úrbóta til að bæta hag fólks sem lendir í atvinnuleysi. Ég vil þakka öllum þeim aðilum sem lögðu því lið að koma þessu hratt í gegnum 1. umr. Ég þakka öllum nefndarmönnum góða samstöðu um málið og mikinn vilja til þess að koma því áfram. Ég vona að þingið nái að afgreiða þetta í dag með afbrigðum þannig að við fáum 3. umr. síðar í dag og getum lokið málinu svo að úrræðin taki sem fyrst gildi.

[11:19]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta fumvarp einfaldlega vegna þess að ég get skrifað upp á það sem fram kom í ræðu hv. formanns félagsmálanefndar, Guðbjarts Hannessonar, enda á ég aðild að nefndarálitinu eins og hann gat um í lokaorðum sínum.

Það er rétt sem fram kom hjá honum að þær ábendingar sem fram komu í þingsal við 1. umr. málsins hafa verið teknar til umfjöllunar. Ég fagna því sérstaklega að gerð skuli sú breyting á lögunum að koma til móts við sjálfstætt starfandi atvinnurekendur, sem margir hverjir koma til með að standa frammi fyrir erfiðleikum á komandi tímum, og einnig að horft sé til launafólks sem misst hefur vinnu sína en verið með einhvers konar atvinnurekstur á hendi, lítils háttar, og á ekki kost á því samkvæmt núgildandi lögum að fá atvinnuleysisbætur nema fyrirtækinu, þótt lítið sé, sé lokað. Þetta slær á sjálfsbjargarviðleitni fólks og skapar því iðulega erfiðleika. Ég þekki nokkur dæmi þess að launamenn missa vinnu sína, hafa aflað sér tekna með einhvers konar atvinnurekstri í hjáverkum. Mér finnst óeðlilegt að gera stóran greinarmun á slíkri vinnu og launavinnu, ekki síst þegar við horfum fram á tíma sem eru því miður óumdeilanlega fram undan.

Ég fagna þessari breytingu og lít svo á að þetta hljóti einnig að taka til bænda sem eru samkvæmt skilgreiningu laga sjálfstætt starfandi atvinnurekendur. Það var einmitt ábending sem fram kom við 1. umr. málsins, gott ef það var ekki hv. þm. Jón Bjarnason sem benti á þetta ásamt eflaust fleiri þingmönnum.

Frumvarpið í heild sinni er hugsað til að skapa meiri sveigjanleika í kerfinu og stuðla að því að fyrirtæki sem verða að draga saman seglin leiti eftir því að draga úr vinnuhlutfalli starfsfólks að einhverju leyti í stað þess að segja fólki upp störfum. Ef vilji er til slíks innan fyrirtækisins og meðal launafólksins þá er ekkert nema gott um slíkt að segja, meira að segja mjög jákvætt ef samstaða er um slíkt og lögin eru til þess sniðin að koma til móts við þetta.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en skrifa að öðru leyti upp á framsögu hv. formanns félagsmálanefndar.

[Fundarhlé. — 11:23]

[11:25]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá tilhliðrunarsemi að doka við svo að ég kæmist til þingfundar en ég var staddur á öðrum fundi skammt frá. Erindið er að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég setti við samþykki mitt á nefndarálitinu og rekja í hverju sá fyrirvari er fólginn.

Áður en ég vík að því vil ég í fyrsta lagi geta þess að það var samhjóða niðurstaða nefndarinnar að rétt væri að stefna að því að hraða afgreiðslu málsins og sú varð raunin. Málið hefur ekki verið nema fáa daga í meðförum þingnefndarinnar frá því að mælt var fyrir því á þingfundi í síðustu viku. Því er ekki að neita að þegar mjög hratt er unnið að máli sem er ekki einfalt þurfa menn mjög að vanda sig til að það verði þannig úr garði gert að menn séu nokkuð vissir um að það sé til bóta og það nái þeim tilgangi sem stefnt er að. Hraður framgangur máls er ávísun á að menn geti gert mistök. Nú ætla ég ekki að halda því fram að svo hafi verið að þessu sinni og ég trúi því að tekist hafi að fara þannig yfir málið á þessum fáu dögum að vel sé um hnúta búið og ekki komi fram síðar nein vandamál sem menn sáu ekki fyrir en hefðu átt að sjá fyrir í þinglegri meðferð málsins.

Ég vil láta þetta koma fram vegna þess að fyrir stuttu var sett fram mjög hörð gagnrýni á þingfundi á þingið sjálft

af þingmönnum úr stjórnarliðinu sem átöldu framgang þingmála, álösuðu ótilgreindum aðilum fyrir að standa þannig að málum að þingið væri veikt og væri eins og verkfæri í höndum ríkisstjórnar á hverjum tíma. Þau orð voru meira að segja látin falla að þingmenn væru eins og afgreiðsludömur við búðarkassa að taka við vörunum frá ríkisstjórninni, setja þær undir strikamerkið og afgreiða þær samstundis til viðskiptavinarins aftur.

Sú gagnrýni sem þar var sett fram af nokkrum hv. þingmönnum gæti vissulega átt við þau vinnubrögð sem heilbrigðis- og tryggingaefnd viðhafði í þessu máli. Ég hefði kosið, ef þess væri nokkur kostur, að þeir þingmenn sem lengst gengu í þessu kæmu upp í umræðunni og gæfu þingheimi álit sitt á þessum vinnubrögðum og segðu okkur frá því hvort þeir teldu að í þessu tilviki ættu ummæli þeirra um þjónustulund þingsins við ríkisstjórnina ekki við. Þar gengu fremst fram hv. þingmenn Guðfinna Bjarnadóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir. Ekki væri úr vegi, ef þeir þingmenn eru staddir hér í þinghúsinu og eiga þess kost að taka þátt í þingfundi, að þeir kæmu hér og gerðu þingheimi grein fyrir afstöðu sinni. Mér þætti verra að heyra það síðar, kannski frá þessum þingmönnum, að starfshættir félags- og tryggingamálanefndar í þessu máli væru með þeim hætti að ástæða væri til að veita nefndinni ofanígjöf af svipuðum toga og þingmennirnir veittu þinginu fyrir nokkrum dögum. Ég hef að vísu ekki séð annan þingmanninn í þingsölum síðan þessi ræða hans var flutt hér og sá ágæti þingmaður hefur ekki flutt eitt einasta þingmál í þingsalnum. Hann hefur ekki notað þennan vettvang til að koma á framfæri þeim málum sem hann telur að eigi brýnt erindi við þing og þjóð eða notað þau tækifæri sem gefast til að beita sér í málefnalegri umræðu.

Ég vildi láta þetta koma fram, virðulegi forseti, þó að ég sé ekki að öllu leyti ósammála gagnrýni um veika stöðu þingsins — ég hef flutt þingmál til að bæta úr því, á þessu þingi er ég með þingmál sem ég hef mælt fyrir og eru ætluð til að bæta stöðu þingsins — fannst mér samt að gagnrýni hv. þingmanna gengi allt of langt og væri ómarkviss, ósanngjörn og hitti raunverulega engan fyrir annan en þingið sjálft. Mér finnst að menn verði að beina gagnrýni sinni í málefnalegan farveg og kannski síðast en ekki síst að nota aðstöðu sína og krafta til að bæta úr þeim ágöllum sem fyrir eru. Ég get tekið undir að ég tel ágalla vera í fyrirkomulaginu en ég hef ekki fengið stuðning við þær tillögur sem ég hef flutt frá þessum ágætu þingmönnum, tillögur sem eru ætlaðar til að bæta úr þeim annmörkum sem þingmennirnir bentu á að væru á stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. En alla vega, ég tel mikilvægt að það liggi fyrir að þingheimur sé sáttur við þessa hröðu málsmeðferð stjórnarfrumvarpsins í heilbrigðis- og tryggingamálanefnd.

Ég kalla eftir því, og sérstaklega frá þingmönnum stjórnarliðsins, að þeir gefi sig fram við þessa umræðu og komi athugasemdum sínum á framfæri ef þeir hafa þær við málsmeðferð félags- og tryggingamálanefndar í þessu máli. Hún er óvenjuleg, málið fær mjög hraða meðferð, umsagnaraðilar fá mjög skamman tíma til að íhuga málið og gefa sína umsögn og þessi hraða meðferð ýtir undir möguleikana á að mönnum yfirsjáist eitthvað í meðferðinni. Menn eiga ekki að beita svona hraðmeðferð í málum nema ástæður séu brýnar og varð samkomulag um það í nefndinni að svo væri að þessu sinni. Ég mundi því gjarnan vilja fá það fram hvort hin almenna gagnrýni á þingið og störfin á þinginu, sem kom fram í síðustu viku, eigi við um þetta mál. Komi hún ekki fram við þessa umræðu er ekki hægt að líta öðruvísi en svo á að engar athugasemdir séu við þetta mál eða málsmeðferðina. En mér þykir miður að þeir sem lögðu sig fram um að koma gagnrýni sinni mjög hvasst á framfæri skuli ekki sjást í þingsölum. Mér finnst það mjög miður en vonast eftir góðu samstarfi um tillögur til úrbóta á stöðu þingsins sem liggja fyrir í þinginu og jafnvel við að flytja frekari tillögur. Þetta vildi ég að kæmi fram, virðulegi forseti, þannig að allur vafi væri tekinn af í þeim efnum að málsmeðferðin í þessu máli sæti ekki gagnrýni, hvorki nú né síðar.

Ég vil í öðru lagi benda á að hugtök í þessu máli eru fleiri en eitt og ekki vel skilgreind. Þess vegna gæti verið tilefni til misskilnings um gildissvið frumvarpsins. Frumvarpið heitir: Frumvarp til laga um breytingu á lögum … vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði. Fram kemur í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins að ákvæði greinarinnar eigi við að hinn tryggði hafi misst starf sitt að hluta vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda sem hann starfar hjá vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði. Þegar menn lesa lagatextann þurfa þeir að meta það hvort breytingin á starfshlutfalli launþegans hafi orðið til vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði eða aðstæðna sem falla utan við það. Það er ekki skilgreint, hvorki í lagatextanum, greinargerð né öðru sem maður sér, hvað raunverulega felst í þessu. Við vitum auðvitað að málið er tengt fjármálamarkaðnum og falli viðskiptabankanna en samþykkt hafa verið lög um það mál sem heita: Lög um sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði. Þar er talað um fjármálamarkað en ekki vinnumarkað og ekki er einungis talað um sérstakar aðstæður heldur sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður þannig að það er annað hugtak.

Tilefni er til að ræða um gildissvið málsins þegar hugtökin sem það grundvallast á eru í fyrsta lagi lítt eða ekkert skilgreind og þeim er lýst með mismunandi orðalagi í mismunandi lögum. Í nefndarálitinu stendur að frumvarpið sé lagt fram í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði og það er þriðja hugtakið. Það þarf því að liggja skýrt fyrir um hvað þetta gildir og ég veit ekki betur, og ég hygg að það hafi komið fram í máli formanns nefndarinnar, en skilningur nefndarinnar á þessu sé á þann veg að þetta eigi við í öllum tilvikum sem launþegi verður fyrir því eða þarf að samþykkja lækkun á starfshlutfalli, eigi við um öll þessi tilvik þann tíma sem lögin gilda þannig að ekki þurfi að gá að því hvort hann starfi á fjármálamarkaði eða annars staðar og ekki þurfi að gá að því hvort tilefni til lækkunar á starfshlutfallinu sé vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði, vegna sérstakra og óvenjulegra aðstæðna eða vegna fjármálamarkaðarins eða vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaðnum. Það þarf ekkert að gá að því og ég tel að skilningurinn sé sá að þetta eigi alltaf við þegar það gerist að starfshlutfallið lækkar. Ég vildi að þetta kæmi fram, virðulegi forseti, og tel að þetta sé sameiginlegur skilningur allra nefndarmanna og að skilja beri frumvarpið með þessum hætti.

Að lokum er það fyrirvarinn sjálfur. Hann er við þann kafla í nefndarálitinu sem fjallar um stöðu þeirra sem missa atvinnu og huga að námi. Ég er ekki að öllu leyti sammála því sem stendur í nefndarálitinu og skrifa því undir það með fyrirvara. Fyrirvarinn lýtur ekki að efnisatriðum frumvarpsins þannig að ég mun styðja þau og breytingartillögur sem nefndin flytur. En ég hefði gjarnan viljað að, í frumvarpinu eða þá síðar, lögunum um atvinnuleysistryggingar yrði breytt á þann veg að sá sem missir atvinnu sína að fullu eða að hluta til geti farið í nám og haldið atvinnuleysisbótum. Þessu sjónarmiði var hreyft við 1. umr. málsins af hv. þm. Atla Gíslasyni og var rætt í nefndinni þó að niðurstaðan yrði ekki sú að flytja um það breytingartillögu sem næði því fram að einhverju leyti. Ég hef áður heyrt þetta sjónarmið sett fram á öðrum stað af fólki sem hefur velt þessu fyrir sér og þekkir vel til í þessum efnum, það er ekkert nýtt af minni hálfu að setja þetta fram. Ég aðhyllist þau sjónarmið að við eigum að breyta atvinnuleysistryggingalöggjöfinni á þann veg að atvinnulaus maður geti stundað nám í eitt til tvö ár og haldið atvinnuleysisbótum á meðan. Ég held að það þurfi að afmarka um hvaða nám gæti verið að ræða. Ég er ekki alveg tilbúinn að stíga það skref strax að opna þennan möguleika fyrir t.d. allt háskólanám. Ég er fyrst og fremst að hugsa um fólk sem ætlar sér að sækja nám sem er á sviði iðnmenntunar, starfsmenntunar eða á einhverju því stigi að námstími sé eitt til tvö ár og menn geti þjálfað sig og menntað sig til starfa í nýju starfi á þeim tíma og hafi þannig aukið hæfni sína á vinnumarkaði. Ég held að taka þurfi háskólamenntunina svolítið sértökum. Þó er hægt að sjá fyrir sér aðstæður sem geta réttlætt það að mínu mati að atvinnulaus maður sem ætlar sér að stunda háskólanám eða frekara háskólanám gæti átt rétt á atvinnuleysisbótum. Almennt held ég að við ættum þó að halda háskólanámi utan við þessa breytingu sem ég er að tala um að skoða, hún ætti fyrst og fremst að miða að öðru námi á öðru stigi en háskólastigi.

Ég hef ekki á þessu stigi máls hugsað mér að flytja breytingartillögur en ég er að skoða þessi mál og mun hugsanlega flytja frumvarp um þetta í vetur. Ég veit að eitthvað er verið að skoða þessi mál á vettvangi ríkisstjórnarinnar hjá hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra og kannski koma fljótlega tillögur þaðan um þetta efni og það væri af hinu góða að mínu viti. En ég tel algerlega nauðsynlegt að opna þennan möguleika af þeirri einföldu ástæðu að þeir sem eru á vinnumarkaði — hafa verið þar um stund, eru búnir að koma sér upp fjölskyldu, kaupa sér húsnæði og eru komnir með skuldbindingar — hafa skert verulega möguleika sína á að fara í umtalsvert nám og fjármagna það með námslánum. Námslán eru ekki bara lán heldur líka skuld sem þarf að greiða. Mér finnst allt of algengt í opinberri umræðu um þessar mundir að menn líti svo á að menn þurfi ekki að borga skuldir sínar en skuldir eru almennt teknar með því hugarfari að þær séu endurgreiddar og sá sem veitir lánið ætlast til þess að sá sem tekur borgi lánið. Við verðum auðvitað að hafa þá meginreglu að lán sé skuld sem á að endurgreiða. Þeir sem eru komnir með skuldbindingar af þessu tagi eru miklu síður í stakk búnir til að auka þær umtalsvert með námslánum. Það er aðeins í örfáum tilvikum, hygg ég að megi segja, sem hið nýja nám gefi svo háar tekjur að það geti staðið undir skuldsetningunni og endurgreitt hana á þægilegum tíma fyrir lántakandanum án þess að skerða lífsgæði hans að öðru leyti. En almennt held ég að menn séu afar illa í stakk búnir til að takast á við nám af þessum toga og hafa engar eða litlar tekjur í svo langan tíma. Ég held því að opna verði þennan möguleika. Það kann líka að vera skynsamlegt að hafa samhliða atvinnuleysisbótunum möguleika á námslánum sem yrði þá minni hluti af kostnaðinum. Ég tel nauðsynlegt að opna þennan möguleika og nota tækifærið sem verður næstu árin til að gefa fólki kost á að bæta hæfni sína á vinnumarkaði.

[11:45]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég fagna því hversu skjótt hv. félags- og tryggingamálanefnd hefur gengið til verka. Og sérstaklega vil ég líka fagna því að nefndin er sammála um að láta þetta verða afturvirkt með þeim hætti að það frumvarp sem hér er rætt verði að lögum frá og með 1. nóvember síðastliðnum. Ég átti þess því miður ekki kost að vera hér við upphaf 2. umr. en á þó kannski ekki von á að það atriði sem mig langar til að spyrja um hafi komið þar til umræðu.

Við 1. umr. vakti ég athygli á að það er töluvert misræmi í lögunum, í skilyrðum laganna annars vegar hvað varðar réttinn til atvinnuleysisbóta. Þar segir að menn hafi hann óbreyttan á þessu tímabili hafi hinn tryggði misst starf sitt að hluta vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Það er 1. gr. frumvarpsins. 2. gr. frumvarpsins fjallar um Ábyrgðasjóð launa ef til gjaldþrots kemur en þá segir að útgreiðslan eða krafan í Ábyrgðasjóð launa verði ekki skert í samræmi við skert starfshlutfall á tilteknu tímabili. Frá 1. október 2008 til og með 31. desember 2009 gildi þetta um kröfur launamanna sem minnka starfshlutfall sitt að kröfu vinnuveitanda vegna samdráttar í starfsemi o.s.frv. Þarna er að mínu viti verið að gera kröfu til sönnunarbyrði sem getur verið mjög erfitt fyrir launamann að uppfylla þegar út í gjaldþrotaskiptin er komið.

Ég spurði hæstv. ráðherra að þessu við 1. umr. og hún sagðist mundu láta athuga hverju þetta misræmi sætti. Svör við því er ekki að finna í nefndaráliti hv. félags- og tryggingamálanefndar heldur er því miður þessu atriði snúið nákvæmlega á hvolf í 2. mgr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið er lagt fram í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði og eru í því lagðar til breytingar sem miða að því að greiða hærri atvinnuleysisbætur“ — hér er vísað til 1. gr. — „til launþega sem þarf að kröfu vinnuveitanda að lækka starfshlutfall sitt.“

Þetta er ekki svo. Í 1. gr. segir þvert á móti að það sé bundið því skilyrði að hinn tryggði hafi misst starf sitt að hluta vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Þar er ekkert minnst á kröfu vinnuveitanda.

En áfram til nefndarálitsins. Í framhaldinu segir, með leyfi forseta:

„Þá er frumvarpinu einnig ætlað að tryggja þeim launþegum sem hafa þurft að lækka starfshlutfall sitt vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði bætur úr Ábyrgðasjóði launa miðað við fullt starfshlutfall ef til gjaldþrots vinnuveitanda kemur.“

Mér skilst að málið fari aftur til nefndar á milli 2. og 3.

umr. og óska ég hér með eftir því að þetta atriði verði skoðað því að ég tel einsýnt, og benti á það strax við 1. umr., að breyta þurfi síðustu málsgrein 2. gr. þessara laga til samræmis. Og það bætir þetta nú ekki þegar nefndarálitið snýr því alveg á haus, hæstv. forseti, þannig að í stað þess að þarna standi „að kröfu vinnuveitanda“ verði notað sama orðalag og er í 1. gr. að ákvæði þetta gildi um kröfur launamanna sem misst hafa starf sitt að hluta á tímabilinu 1. október 2008 til og með 31. desember 2009 vegna samdráttar í starfsemi o.s.frv. Þar með er launþegi sem fyrst lendir í skertu starfshlutfalli hjá vinnuveitanda sem er að reyna að halda starfseminni gangandi en ræður ekki við það og lendir í gjaldþroti, þar með væri allt í einu sú krafa á launþegann eftir á, þegar kemur til þess að búið á ekki fyrir þessum launum, að sanna að það hafi verið að kröfu vinnuveitanda. Það kann vel að vera að hv. formaður geti skýrt þetta betur. En þetta er erindi mitt í ræðustólinn.

Ég fagna því að frumvarpið nái svona skjótt fram að ganga. Það er auðvitað alveg ljóst að ef menn eru sammála um að láta gildistímann vera frá 1. nóvember síðastliðnum þá liggur ekki lífið á að afgreiða málið út úr þinginu og ætti þess vegna vera hægt að skoða þetta atriði betur ef hv. formaður er mér sammála um það.

Ég vonast til að þar sem segir í nefndarálitinu að það muni verða skoðað betur og leitað leiða til að auðvelda þeim sem stunda nám sem ekki er lánshæft í þessari aðstöðu og eru að missa vinnuna, að leitað verði leiða til að auðvelda atvinnulausum að stunda nám, ég vona að það verði unnið á vettvangi þingsins en ekki eingöngu í ráðuneytinu.

[11:51]

Frsm. fél.- og trn. (Guðbjartur Hannesson) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umfjöllun sem hér hefur farið fram um lagafrumvarpið sem liggur fyrir og það nefndarálit sem ég gerði grein fyrir áðan.

Fram komu ábendingar um einstök atriði m.a. frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni þar sem hann vekur athygli á túlkun, sem ég gerði raunar ekki grein fyrir í skýringum með nefndarálitinu, og hvað sé átt við með orðalaginu „vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði“. Hvort þetta sé takmarkandi á einhvern hátt og hvort menn ætli að fara að skilgreina þetta á einhvern sérstakan hátt hjá Vinnumálastofnun. Hv. þingmaður túlkaði þetta sjálfur og benti á að þarna væri fyrst og fremst átt við almennt úrræði og verið væri að vísa til almenns ástands í samfélaginu nú. En jafnframt getur Vinnumálastofnun á hverjum tíma í sjálfu sér metið hvort viðkomandi er að sækja um á allt öðrum forsendum en vegna erfiðleika og getur þá hugsanlega gripið inn í. En úrræðið er klárlega almennt, verið er að búa til reglur fyrir aðila sem eru í þeirri stöðu að fyrirtæki býður þeim að minnka starfshlutfall sitt í stað þess að segja þeim upp og út á það gengur frumvarpið. Það sem við gerðum svo var að víkka þetta út til sjálfstæðra atvinnurekenda og bættum þeim inn til að reyna að tryggja að sem allra flestir reyndu að halda í vinnu sína að hluta.

Ég vona að þetta sé nógu skýrt. Þó að þarna standi „vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði“ þá er þetta auðvitað almennt úrræði sem menn eiga kost á þar sem vinnuveitandi óskar eftir að gera samning við fólk um minnkað starfshlutfall.

Það sem verið var að gera, svo ég svari því að hluta til — ef ég átta mig rétt á athugasemdum hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur — varðandi misræmið, varðandi stöðu fólks ef til gjaldþrots kemur hjá viðkomandi atvinnurekanda og við hvað eigi að miða í sambandi við réttinn hjá Ábyrgðasjóði launa. Hugmyndin var sú að menn tækju tímabilið áður en breytingar á stöðuhlutfalli urðu. Það var meginhugmyndin að taka alltaf tillit til síðustu þriggja mánaða á undan samningnum um lækkað starfshlutfall. Það getur enginn minnkað starfshlutfall starfsmanns án vilja hans. Þá gilda almennar reglur vinnumarkaðarins, að fólki sé sagt upp og það ráðið að nýju og þar gildi uppsagnarfrestur. Tekið er sérstaklega fram í nefndarálitinu að menn reikna ekki með að grípa þurfi til þess vegna þess að þarna sé um að ræða samkomulag á milli viðkomandi fyrirtækis, sem óskar eftir þessu við launþegann, og viðkomandi launþega. Þá er í sjálfu sér búið að skjalfesta gjörninginn og þá gildir þetta ákvæði, áður en til skerðingar á stöðuhlutfalli kom og áður en viðkomandi launþegi fór á atvinnuleysisbætur, og að það verði lagt til grundvallar varðandi Ábyrgðasjóðinn.

Ég vona að þetta sé nógu skýrt en það er rétt hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur að við ræddum þetta ekkert sérstaklega aftur og það verður að biðjast velvirðingar á því vegna þess að vinnuaðferðin sem notuð var — svo ég komi inn á athugasemdirnar sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði almennt um stöðu þingsins — við þetta frumvarp var sú að starfshópur stjórnarþingmanna vann ásamt fulltrúum úr félagsmálaráðuneytinu úr tillögum um það til hvaða úrræða væri hægt að grípa. Auðvitað koma þær hugmyndir héðan og þaðan, m.a. úr þinginu, úr erindum, í blaðagreinum eða tölvupóstum til viðkomandi aðila þar sem menn hafa verið að tína til öll úrræði sem möguleg eru. Þessi úrræði eru að skila sér í frumvörpum inn í þingið þannig að þingmenn hafa að sjálfsögðu mikinn aðgang að þeim.

Síðan gerðum við það sem hefur verið síður í félags- og tryggingamálanefnd, þ.e. ég hlustaði á umræðuna hér þar sem komu fram margar tillögur, m.a. frá hv. þm. Atla Gíslasyni, og við fórum skipulega í gegnum atriði sem komu fram í ábendingum og reyndum að afgreiða þær annaðhvort með því að taka þær inn í breytinguna og inn í nefndarálitið eða með því að rökstyðja af hverju ekki var tekið tillit til þeirra. Þetta gildir m.a. um gildistímann. Það komu ábendingar um að flýta honum. Það komu ábendingar um að minnka hlutfallið þar sem talað er um 50% hlutfall sem lágmark, hvort menn geti ekki farið neðar í hlutfalli þar sem atvinnuleysisbætur komi á móti. Þetta var rætt og skoðað með þeim sem sömdu frumvarpið því að fulltrúar atvinnulífsins og félagsmálaráðuneytisins komu að samningu textans. Það var mat manna að ekki væri ástæða til þess. Menn yrðu þá að endurskoða afstöðu sína í mars/apríl þegar frumvarpið kæmi til frekari skoðunar. Þannig eiga mál að mínu mati að vera, að fólk komi skoðunum sínum á framfæri með formlegum hætti og það hefur verið hlutverk mitt sem formanns félags- og tryggingamálanefndar að betrumbæta mál og þá gildir einu hvaðan tillögur koma. Þetta er okkar hlutverk.

Aftur á móti varðandi einstök atriði eins og t.d. um

menntunina sem kom til tals í umræðunni líka, að ástæða væri til að huga að því með hvaða hætti fólk gæti stundað nám í atvinnuleysi, þá létum við vinna fyrir okkur minnisblað þar sem við skoðuðum stöðu námsmanna í þessu nýja umhverfi. Það var samdóma álit nefndarmanna að mjög hættulegt væri við núverandi aðstæður að fara að krossa á milli þess náms sem í dag er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og annars náms. Við þurfum að passa okkur á því að háskólanám sem nú er lánshæft og er afgreitt með ákveðnum hætti í gegnum lánasjóðinn — að við hleypum ekki þeim sem eru á atvinnuleysisbótum á starfslaun í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð. Þar var niðurstaða nefndarinnar. En það breytir ekki því að í nefndarálitinu kemur skýr skilgreining á því og ósk um að menn einmitt tryggi það að þeir sem eru í iðnnámi eða starfsnámi eða vilja sækja styttri námskeið á vegum símenntunarstöðva eða Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eða framhaldsskóla geti átt kost á því að stunda slíkt nám á atvinnuleysisbótum. En aðalatriðið var að fara ekki að krossa þarna þannig, vegna þeirra sem hafa t.d. verið í framhaldsnámi og þurft að taka lán, að nú verði hleypt þar inn einhverjum einstaklingum sem sleppa við það.

Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur það form að endurgreiðslurnar eru tekjutengdar og það eru mjög góð kjör á lánum lánasjóðsins ef frá eru taldir fyrstu mánuðirnir, svo ég hafi það á hreinu, þar sem menn verða að fara á yfirdrátt í bönkunum en burt séð frá því eru lánakjörin hjá lánasjóðnum með þeim bestu. Við töldum ekki ástæðu til að fara að skipta okkur af því með þessu lagafrumvarpi en vekjum athygli á hinu og það er ekki félags- og tryggingamálaráðuneytið sem mun vinna þá vinnu heldur eru það auðvitað, eins og fram kom hér, þingmenn sem eiga að koma með tillögur en menntamálaráðuneytið og Lánasjóður íslenskra námsmanna þurfa að breyta reglunum.

Við getum strax nefnt þau atriði sem hafa komið fram í umræðunni og hafa komið fram áður annars staðar að sú aðferð að láta námsmenn fara á yfirdrátt í bönkunum þar til þeir hafa sýnt námsárangur á fyrstu önn og fá þá fyrst lán er auðvitað mjög úr takti við núverandi aðstæður. Það væri miklu eðlilegra að taka upp samtímagreiðslur og reyna að tryggja að fólk fengi betri kjör og væri ekki á yfirdrætti, sem er glannalega hár í augnablikinu, í þessu námi. Við töldum ekki ástæðu til að reyna að ná utan um allt með þessu frumvarpi sem heyrir undir félags- og tryggingamálanefnd heldur vísum til þess að þetta verði skoðað annars staðar og þetta mál verði ekki tafið með því að reyna að víkka það út varðandi þessi atriði. Það má líka segja að eitt af því sem þarf að laga er tekjutengingin — margir sem hafa verið jafnvel á ágætislaunum lenda nú í atvinnuleysi og vilja fara í nám — og að lánasjóðurinn bjóði upp á miklu mildari tekjutengingu þannig að skerðingar á láninu verði ekki jafnmiklar og verið hefur. Það er búið að mæta því að hluta en mætti jafnvel gera þar betur. Ég vona að ég hafi svarað þessum athugasemdum um námið og þeim fyrirvara sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði varðandi það mál.

Þetta er eitt af þeim málum sem eru til að milda áhrifin af bankahruninu og fyrirsjáanlegar afleiðingar af því. Ég held að það sé mjög mikilvægt að vekja athygli á þessu, hvetja atvinnurekendur til að beita þessum aðferðum, að halda fólki í vinnusambandi, halda fólki að störfum, fá það í vinnu reglulega í stað þess að loka fyrirtækjunum alveg, bæði til að tryggja þann mannauð sem er þar og undirbúa það líka að auðveldara sé að endurreisa þau ef úr rætist. Ég treysti á að fjölmiðlar lyfti þessu svolítið og komi þessu vel á framfæri og dragi þetta fram sem jákvætt atriði, eins og öll nefndin var sammála um, til að kynna þetta þannig að það komi þá einhver jákvæð skilaboð inn í umræðuna um að verið sé að gera hluti sem gætu mildað fyrir fólk það ástand sem orðið er og fram undan er.

Ég veit ekki hvort ég hef svarað hv. þm. Álfheiði Ingadóttur um þetta, við höfðum ekki reiknað með því að þetta færi til nefndar en hver og einn þingmaður á rétt á að óska eftir því að nefndin fjalli sérstaklega um þessi mál. Það kann að vera að orðanotkun sé óskýr þarna að einhverju leyti en fyrir mér var þetta nokkuð skýrt og ég held að það hafi ekki velkst fyrir neinum að við erum að tala um að fólk sem fer á atvinnuleysisbætur að hluta á móti starfi eigi rétt á að Ábyrgðasjóður taki mið af ástandinu áður en skerðingin átti sér stað. Ég held að það sé alveg klár skilningur allra sem að málinu kom. Ef það er ekki nægjanlegt að hafa þau orð hér frá formanni nefndarinnar og vitna þannig í almennar skýringar við lagatextann þá óskar hv. þingmaður væntanlega eftir því að málið fari til nefndar.

[12:03]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mig langar að spyrja hv. formann félags- og tryggingamálanefndar hvernig launamaðurinn á að sanna að þetta hafi verið, eins og segir í lagatextanum, að kröfu vinnuveitandans. Um það snýst spurning mín.

Ég fagna yfirlýsingu um að þetta eigi að gilda, eins og hv. þingmaður sagði, um þá sem misst hafa starf sitt að hluta vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda og við útgreiðslu úr Ábyrgðasjóði launa eigi þá að miða við þá þrjá mánuði áður en til skerðingarinnar kom. Um það eru allir sammála. En í textanum segir „að kröfu vinnuveitanda“. Ég sé fyrir mér að við búskipti geti sönnunarbyrðin orðið nokkuð erfið.

Mig langar til að fá svar hv. nefndarformanns við því hvernig eigi að sanna það. Ekki er hægt að minnka eða breyta starfshlutfalli án samþykkis eða samkomulags við starfsmann. Aðstæður nú eru hins vegar þannig að þumalskrúfa er á mönnum víða í samfélaginu. Samningar eru lausir og menn hafa ekki samningsstöðu og þiggja þetta til að halda áfram vinnusambandinu, eins og þingmaðurinn nefndi, en erfitt getur verið kannski sex, átta, tíu, tólf mánuðum síðar að sanna að það hafi verið sérstök krafa vinnuveitanda.

[12:05]

Frsm. fél.- og trn. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það kann að vera rétt, sem hv. þingmaður bendir á, að erfitt geti verið að sanna að þetta hafi verið að kröfu vinnuveitanda og ég held að rétt sé að taka þessu sem góðri ábendingu um framkvæmd laganna að þegar sótt er um bætur vegna hlutaatvinnuleysis sé skráð af hverju. Forsenda þess að fá það skráð núna er að það sé að ósk at-

vinnurekanda, að viðkomandi hafi verið beðinn um að minnka vinnuhlutfall. Umsækjandi þarf að gera grein fyrir hvers vegna hann sækir um hlutaatvinnuleysisbætur á móti fullri vinnu og á að fá frávik hvað varðar að vera á tekjutengdum atvinnuleysisbótum, án þess að það skerði tekjutengdar atvinnuleysisbætur síðar. Þetta kann að vera óljóst en ég vona að skýringin sé klár, hugmyndin er að umsækjandi veki athygli á því þegar hann sækir um bætur og hafi hann gert það með formlegum hætti hefur hann plagg um að svo hafi verið. Þeirri ábendingu þarf að koma til Vinnumálastofnunar að hún skrái þegar fólk sækir um slíkar bætur. Skilgreiningin er afar skýr og klár fyrir okkur en ef eitthvað í textanum gæti orkað tvímælis er ástæða til að endurskoða það síðar.

Við höfum tíma núna á milli umræðna til að kíkja á þetta ef ástæða er talin til en fyrir mér er þetta nægjanlega skýrt og ég treysti á að það sé þannig almennt.

[12:07]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er miklum mun vænlegra til árangurs að lögin séu skýr en að við framkvæmd laganna þurfi að leiðrétta eitthvað sem þar mætti betur fara.

Ég tek undir með hv. þingmanni að þetta atriði mætti skoða á milli umræðna og þá geri ég ekki kröfu um að hv. félags- og tryggingamálanefnd verði kölluð sérstaklega saman, ég reikna með að þetta megi skoða með öðrum hætti fyrst formaðurinn segir svo.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífsýnasöfn, 1. umr.

Stjfrv., 123. mál (skil milli þjónustusýna og vísindasýna o.fl.). — Þskj. 133.

[12:08]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lífsýnasöfn. Frumvarpið var samið af nefnd á vegum heilbrigðisráðuneytisins.

Núgildandi lög tóku gildi 1. janúar 2001 og hafa almennt reynst vel. Síðastliðin ár hafa þó komið fram ábendingar um að nauðsynlegt sé að greinarmunur sé gerður á sýnum sem safnað er vegna vísindarannsókna eingöngu og sýna sem safnað er vegna þjónustu við sjúklinga. Jafnframt er talin þörf á að skoða ákvæði um afturköllun samþykkis lífsýnisgjafa, varðveislu lífsýna, aðgang að lífsýnum til vísindarannsókna og eftirlit með lífsýnasöfnum.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

Lagt er til að hugtakið persónugreinanlegt lífsýni verði skilgreint í 3. gr. laganna, en það þykir nauðsynlegt í tengslum við afturköllun ætlaðs samþykkis lífsýnisgjafa svo og varðandi aðgang að sýnum vegna vísindarannsókna. Lífsýni telst persónugreinanlegt ef unnt er að rekja það til lífsýnisgjafa beint eða óbeint svo sem með tilvísun í kennitölu, kóða eða með öðrum hætti.

Í núgildandi lögum eru ekki skýr skil milli lífsýna sem safnað er vegna vísindarannsókna og lífsýna sem tekin eru vegna þjónustu við sjúklinginn og hefur það valdið vandkvæðum við framkvæmd laganna. Því er lagt til að gerður sé greinarmunur á lífsýnum sem safnað er í vísindalegum tilgangi og lífsýnum sem tekin eru vegna heilbrigðisþjónustu og hugtökin vísindasýni og þjónustusýni skilgreind og gerður greinarmunur á lífsýnasöfnun þjónustusýna og lífsýnasöfnun vísindasýna.

Tilgangur lífsýnasafna þjónustusýna er fyrst og fremst að vista lífsýni vegna mögulegra viðbótarrannsókna í þágu lífsýnisgjafans. Tilgangur lífsýnasafna vísindasýna er hins vegar að varðveita vísindasýni í þágu vísindarannsókna. Lagt er til að kveðið verði á um það í 5. gr. laganna að séu vísindasýni og þjónustusýni í sama lífsýnasafni skuli þau vera skýrt aðgreind og merkt þannig að tryggt sé að varsla, meðferð og nýting þeirra sé í samræmi við ákvæði laganna. Enn fremur er lagt til að tekið verði fram í 2. málslið 4. mgr. 7. gr. laganna að beiðni lífsýnisgjafa um afturköllun ætlaðs samþykkis til vistunar í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr. laganna geti varðað öll persónugreinanleg lífsýni sem þegar hafi verið tekin eða kunni að verða tekin úr honum. Sé um að ræða sýni sem ekki er unnt að rekja beint eða óbeint til lífsýnisgjafa er ljóst að ekki er hægt að verða við beiðninni vegna þess að ekki er hægt að finna lífsýnisgjafann. Ekki verður heldur séð að slík notkun gæti með nokkru móti skaðað hagsmuni lífsýnisgjafa.

Þá eru lagðar til breytingar á 6. og 7. málslið 4. mgr. 7. gr. Í núgildandi ákvæðum er gert ráð fyrir að úrsagnaskrá landlæknis sé aðgengileg stjórnum lífsýnasafna. Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að stjórn lífsýnasafns hafi aðgang að skránni. Hins vegar er nauðsynlegt að ábyrgðarmaður lífsýnasafns hafi aðgang að skránni þannig að hann viti hvaða sýni má nota til vísindarannsókna. Hér er því lagt til að ábyrgðarmaður lífsýnasafns hafi skilgreindan aðgang að úrsagnaskrá lífsýnasafna hjá landlækni svo hann geti merkt sýni í sinni vörslu með viðeigandi hætti og þannig tryggt að vilji einstaklings sé virtur.

Samkvæmt núgildandi ákvæði 1. mgr. 8. gr. skulu öll lífsýni varðveitt án persónuauðkenna. Þegar um er að ræða þjónustusýni getur það hins vegar farið gegn hagsmunum sjúklings þar sem þjónustusýni eru í eðli sínu eins og hver önnur sjúkragögn og getur verið nauðsynlegt að þau séu varðveitt með nafni og/eða kennitölu sjúklings til að koma í veg fyrir mistök. Því er lagt til að krafa um að lífsýni séu varðveitt án persónuauðkenna taki einungis til vísindasýna.

Þá er lagt til að bætt verði við 9. gr. laganna nýrri málsgrein þess efnis að þegar þjónustusýni eru afhent til vísindarannsókna skuli þau að jafnaði afhent án persónuauðkenna. Um afhendingu með persónuauðkennum yrði aðeins að ræða í undantekningartilfellum og þá með leyfi Persónuverndar.

Loks er lagt til að eftirlit með lífsýnasöfnum vísindasýna sé hjá vísindasýnanefnd en eftirlit með lífsýnasöfnum þjónustusýna hjá landlækni enda flokkast starfsemi þeirra undir heilbrigðisþjónustu.

Drög að frumvarpinu voru send til sautján aðila og sendu sjö inn umsagnir. Í umsögnum komu fram ýmsar gagnlegar ábendingar sem tekið var tillit til við samningu frumvarpstextans.

Að mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins leiðir frumvarpið ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

Hæstv. forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginatriðum frumvarpsins. Ég tel mikilvægt að frumvarp þetta nái fram að ganga á þessu þingi og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að því verði vísað til hv. heilbrigðisnefndar og til 2. umr.

[12:13]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um lífsýnasöfn, nr. 110/2000.

Það sem hér er lagt til er til mikilla bóta. Að skilgreina persónuauðkennanleg lífsýni, eða persónugreinanleg lífsýni, og veita heimild til að búa til sérstakan flokk, sérstakt safn, sérstakt hugtak lífsýna sem eru persónugreinanleg og tekin vegna heilbrigðisþjónustu. Sýnin verða að vera persónugreinanleg til að þau geti gagnast viðkomandi og þeim verður síðan haldið aðgreindum í söfnum þar sem eru bæði slík þjónustusýni og vísindasýni.

Ég tel líka rétt, eins og lagt er til, að landlæknir annist lífsýnasöfn þjónustusýna en eftirlit með vísindasýnum, sem eru skilgreind og eingöngu tekin í vísindalegum tilgangi og þess vegna ekki persónugreinanleg, verði í höndum vísindasiðanefndar.

Ég hef ekki haft tóm til að skoða frumvarpið nægilega vel, en það mun væntanlega gefast í hv. heilbrigðisnefnd. Í greinargerð og máli ráðherra er sagt að skýrar sé kveðið á um samþykki lífsýnisgjafa og afturköllun, varðveislu lífsýna, aðgang að lífsýnasafni og notkun lífsýna. Ég átta mig ekki alveg á til hvers er vísað þar, það kann að vera d-liður 3. gr. frumvarpsins en mér þætti ágætt að fá upplýsingar um það.

Lykilatriði í öllum þessum málum er að vilji einstaklingsins sé virtur. Ég hef á undanförnum árum gagnrýnt að sýni sem tekin eru, til að mynda við krabbameinsleit, skuli ekki vera rekjanleg þannig að þeir sem taka þátt í leitinni geti haft af því gagn. Mikilvægt er að fólk hafi val um að hafa persónugreinanlegar upplýsingar um sig og ætt sína ef það vill, þannig að hægt sé að nýta söfnun lífsýna í vísindalegum tilgangi, við lækningar og kortlagningu áhættuhópa. Þar held ég að pottur hafi verið brotinn hjá okkur. Þetta kann að virðast erfitt vegna persónuverndarhagsmuna en ef leitað er samþykkis fyrir því að slík sýni séu persónugreinanleg ætti að vera hægt að komast fyrir það horn. Þetta er eitt af því sem ég mun reyna að fá umræður um í hv. heilbrigðisnefnd en ég reikna með að hún fái frumvarpið til umfjöllunar.

[12:18]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér er komið til 1. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, með síðari breytingum. Megintilgangur frumvarpsins er að gera greinarmun milli lífsýna sem eru tekin annars vegar í vísindaskyni og hins vegar sem hluti af þjónustu við sjúklinginn og hluti af rannsóknum til greiningar sjúkdóma. Frumvarpið byggir á lögum frá árinu 2000 þannig að komin er ákveðin reynsla á framkvæmd þessara þátta við meðhöndlun lífsýna. Ég sé það í greinargerð með frumvarpinu að mjög stór hópur sérfræðinga hefur komið að samningu frumvarpsins sem hefur þekkingu á því hvernig þessu verður best fyrir komið og hvaða vanda verið er að leysa með frumvarpinu.

Þetta er eitt af þeim frumvörpum sem eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og taka á ákveðnum praktískum þáttum í framkvæmd en það er erfitt fyrir nefndina að setja sig inn í þau mál nema að kynna sér þau rækilega. Ég mun beita mér fyrir að hv. heilbrigðisnefnd muni skoða málið til hlítar. Hlutverk heilbrigðisnefndar varðandi frumvarpið er fyrst og fremst að fara yfir það og skoða ákveðna þætti, svo sem að persónuverndarsjónarmiða sé gætt, jafnframt að meðhöndlun sýna sé í samræmi við viðurkenndar reglur um slíkt og um leið að réttinda sjúklinga sé gætt. Síðast en ekki síst þarf að skoða málið í samhengi við að það geti stuðlað að auknum vísindarannsóknum hér á landi. Þar fari þá saman þarfir vísindasamfélagsins og sjónarmið sjúklinga varðandi persónuvernd.

Frumvarpið er fremur tæknilegt en ég sé það bæði af þeim sérfræðingum sem komið hafa að samningu frumvarpsins og þeim sem gáfu umsögn um það meðan frumvarpið var til athugunar innan heilbrigðisráðuneytisins að það hljóti að vera vel ígrundað. Hv. heilbrigðisnefnd mun taka frumvarpið til skoðunar, fá til sín gesti og ræða það.

[12:21]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þingmönnum fyrir innlegg þeirra í umræðuna og ég held að öllum sé ljóst sem hlusta á umræðuna að um er að ræða mjög tæknilegt mál. En markmiðin eru skýr með þeirri vinnu sem fram undan er. Í fyrsta lagi reynum við að ganga þannig fram að lífsýnasöfnin nýtist í þjónustu við sjúklinginn. Í öðru lagi að þau nýtist í þágu heilbrigðisvísinda án þess þó að skerða þau persónuverndarsjónarmið sem ég held almenn sátt sé um innan þingsins og hjá almenningi og við viljum viðhalda. Ég held þess vegna að mikilvægt sé að nefndin fari vel yfir þau atriði sem hér koma fram og eru mjög tæknileg. Ég treysti hv. heilbrigðisnefnd til að gera það vel því að okkur er öllum ljóst að hér er mál sem ekki þarf að vera pólitísk deila um heldur er það þvert á móti eitt af þeim úrlausnarefnum sem við höfum og er afskaplega mikilvægt sem slíkt. Lögð hefur verið mikil vinna í frumvarpið og ég veit að sú vinna sem fer fram í heilbrigðisnefndinni mun aðeins bæta það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Ég vil að endingu þakka hv. þingmönnum fyrir þeirra innlegg í umræðuna.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og heilbrn.

Sjúkratryggingar, 1. umr.

Frv. KHG, 67. mál (tannlæknakostnaður). — Þskj. 67.

[12:23]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl):

Virðulegur forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112 frá þessu ári sem er að finna á þskj. 67.

Frumvarpið er tvær greinar. Í fyrri grein þess eru lagðar til breytingar á 20. gr. laganna um sjúkratryggingar á þá lund að sjúkratryggingar taki til tannlækninga allra öryrkja og þeirra sem eru 25 ára og samið hefur verið um samkvæmt IV. kafla laganna.

Gert er ráð fyrir í síðari grein frumvarpsins að lögin taki gildi 1. janúar 2009. Í ákvæði til bráðabirgða er mælt fyrir um að 1. janúar 2010 hækki aldursmörkin sem sett hafa verið 25 ár upp í 28 ár og síðan hækki þau um þrjú ár um hver áramót þar til þau hafa náð 40 árum. Þá ná sjúkratryggingarnar yfir þá sem eru 40 ára og yngri auk aldraða og öryrkja.

Með frumvarpinu fylgir stutt greinargerð svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu eru lagðar til verulegar breytingar á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í tannlæknakostnaði landsmanna. Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi en er nú lagt fram breytt vegna tilkomu nýrra laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008.

Með frumvarpi þessu eru eins og fyrr segir lagðar til verulegar breytingar á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í tannlæknakostnaði landsmanna. Gert er ráð fyrir að tannréttingar verði felldar inn í tannlæknaþjónustuna og greiddar með sama hætti og sjúkratryggingin og látin ná til fleiri en nú er. Aldursmörkin verði hækkuð strax úr 18 árum í 25 ár við næstu áramót og síðan árlega um þrjú ár þar til allir 40 ára og yngri, auk aldraða og öryrkja, falla undir sjúkratrygginguna 1. janúar 2014. Ekki er lagt til að stíga skrefið til fulls að svo stöddu en af hálfu flutningsmanns er markmiðið að kostnaður sjúklings við tannlækningar án tillits til aldurs verði meðhöndlaður eins og annar lækniskostnaður og falli að lokum inn í sjúkratrygginguna.

Gert er ráð fyrir að greiðsluþátttaka sjúklings verði föst fjárhæð, sambærileg við kostnað við aðra læknisþjónustu utan sjúkrahúsa og ákveðin í gjaldskrá sem ráðherra setur en horfið frá því fyrirkomulagi sem verið hefur að endurgreiðsla ríkisins miðist við gjaldskrá sem ráðherra setur án tillits til þess gjalds sem tannlæknar innheimta fyrir þjónustu sína.

Á þessum tímapunkti hefur Sjúkratryggingastofnun ekki samið við tannlækna á grundvelli heimilda skv. 5. gr. sjúkratryggingalaga, sbr. og 20. gr., og því má gera ráð fyrir að greiðsluþátttaka ríkisins verði enn um sinn ákvörðuð í gjaldskrá heilbrigðisráðherra. Flutningsmaður leggur til að á meðan svo háttar verði greiðsluþátttaka sjúklings föst fjárhæð og taki mið af raunverulegu gjaldi sem tannlæknar innheimta fyrir þjónustu sína.

Rétt þykir að minna á frétt í Ríkisútvarpinu frá 14. mars 2007 með fyrirsögninni „Tannverndarstefna stjórnvalda í molum“. Þar er haft eftir Sigurjóni Benediktssyni, formanni Tannlæknafélags Íslands, að stjórnvöld hafi brugðist í tannverndarmálum barna. Segir hann að tannheilsa barna fari eftir því hvort foreldrar þeirra hafi efni á því að senda þau til tannlæknis. Sem dæmi kosti tannskoðun þriggja ára barns hjá barnatannlækni um 11.000 kr. en aðeins um 3.000 kr. fáist endurgreiddar og því greiði foreldrar um 8.000 kr. úr eigin vasa. Þann kostnað sé svo ekki hægt að telja með við umsókn um afsláttarkort vegna lækniskostnaðar. Annars staðar á Norðurlöndum greiði stjórnvöld yfirleitt allan kostnað af tannvernd barna. Sigurjón segir að nýlegar rannsóknir heilbrigðisráðuneytisins bendi til þess að stefna íslenskra stjórnvalda hafi reynst illa. Nýlegar tölur benda til þess að fimmtungur barna og unglinga á aldrinum 4–18 ára fari ekki til tannlæknis.

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um kostnað við tannlækningar en lauslegt mat gerir ráð fyrir að heildarkostnaður, að tannréttingum meðtöldum, geti verið allt að 7–8 milljarðar kr. á ári. Hlutur ríkisins er um 1.300 millj. kr. eða tæplega 20% af heildarkostnaði. Ætla má, verði frumvarpið að lögum, að kostnaður nemi í fyrstunni um 1 milljarði kr. árlega en að fullu komið til framkvæmda nái frumvarpið til ríflega helmings kostnaðar þeirra sem í dag eru ekki sjúkratryggðir og að kostnaður verði þá 3–4 milljarðar kr.“

Þar með er lokið greinargerð sem fylgir með frumvarpinu.

Vissulega má velta því fyrir sér í ljósi þess hversu mjög efnahagsaðstæður hafa breyst frá því að frumvarpið var lagt fram í fyrsta sinn í fyrra hvort rétt sé að leggja fram frumvarp sem bætir útgjöldum við ríkissjóð og það töluverðum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ég fellst alveg á það sjónarmið að það beri a.m.k. að skoða það mjög vandlega. En að athuguðu máli fannst mér ekki rétt að breyta frumvarpinu eða seinka því að greiðsluþátttaka ríkissjóðs taki gildi vegna þess að ég tel að rökin fyrir því að málið taki gildi strax og ríkissjóður yfirtaki stærri hluta af þessum kostnaði en verið hefur vera líka fullgild. Við vitum að niðurstaðan er sú að mati tannlækna að sú stefna sem rekin hefur verið hefur reynst illa. Hún hefur leitt til mjög slæmrar tannheilsu, borið saman við önnur Norðurlönd sem hafa hagkerfi sem ég legg til að verði gengið í átt til.

Í öðru lagi liggja fyrir vísbendingar um að nú þegar hafi efnahagskreppan haft þau áhrif almennt á samskipti fólks við heilbrigðiskerfið að býsna margir virðast draga það eða hætta jafnvel við að leita til heilbrigðiskerfisins ef það hefur í för með sér umtalsverð útgjöld fyrir einstaklinginn. Það held ég að sé mikið áhyggjuefni ef þær vísbendingar reynast réttar því að það mun að lokum leiða til verra heilsufars þjóðarinnar og aukins kostnaðar ríkissjóðs. Að lokum kemur alltaf fram vanrækslan á eftirliti og viðhaldi á líkamanum eins og hverjum öðrum hlut. Ég er því ekki viss um að rökin standi endilega með því að seinka breytingunni. Ég held jafnvel að rökin geti verið í þá veru að skynsamlegt sé nú, vegna þess sem hugsanlega kann að gerast og vísbendingar eru um, að ríkissjóður auki þátttöku sína í þessum kostnaði til að koma í veg fyrir að enn verr fari. Það gæti auk þess verið hluti af sáttmála sem gera þarf milli þjóðarinnar og þingsins um lífskjör á næstu árum að ríkið yfirtaki ákveðna kostnaðarhluti í ríkari mæli en verið hefur. Á móti

kemur það sem virðist vera óumflýjanlegt að lífskjör munu skerðast, kaupmáttur mun skerðast og fólk tekur á sig þyngri byrðar en það hefur borið hingað til.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbrigðisnefndar.

[12:32]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég fagna því að fá tækifæri til þess að ræða um kostnað við tannlækningar. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði áðan að þegar þrengir að í fjárhag heimilanna, og það hefur sýnt sig, þá sleppa menn því því miður að fara til læknis og leysa út lyf. Það er engin ástæða til þess að ætla að það verði öðruvísi núna í þeirri dýpstu efnahagskreppu sem menn hafa séð framan í hingað til.

Það liggja fyrir tölulegar niðurstöður og rannsóknir á því að fólk sem hefur lægri tekjur leitar síður til læknis og auðvitað sérstaklega til tannlækna. Það versta er að þetta bitnar á börnunum og stefnir tannheilbrigði þjóðarinnar til lengri tíma í voða.

Ég vil leyfa mér við þetta tækifæri að minna á fjölmörg frumvörp og tillögur þingmanna Vinstri grænna í gegnum árin um auknar fjárveitingar í þessu skyni, að ríkissjóður leggi fram aukið fé til þess að byggja upp tannheilsu þjóðarinnar og geri fólki sem er með lágar tekjur mögulegt að láta bæði gera við tennur í börnum sínum, verja þær fyrir fram og ekki síður í tannréttingum. En stefna okkar er og hefur verið sú að allur kostnaður við tannviðgerðir barna og ungmenna yngri en 20 ára og einnig kostnaður við tannlækningar aldraðra og öryrkja, verði borinn uppi með greiðslum úr sameiginlegum sjóðum. Það hefur verið og er stefna okkar.

Hér er gerð athyglisverð tillaga um að hækka aldursmarkið úr 18 árum í 25 ár og flytja það síðan upp um þrjú ár í senn þar til það er komið upp í 40 ár. Ég tel eðlilegt að það verði skoðað. Það má þó vera eins og hv. flutningsmaður nefndi áðan að þetta sé ekki rétti tíminn til þess að horfa til svo langs tíma. Við ættum kannski að einbeita okkur að yngri hluta þjóðarinnar og öldruðum og öryrkjum. Því það er auðvitað hlægilegt, bara beinlínis hlægilegt að tala um einhverja endurgreiðslu eða meðgreiðslu frá ríkinu í tannlækningum og tannréttingum barna. Þau dæmi sem hér voru nefnd sýna auðvitað hversu fráleitt það er, hversu fráleit gjaldskrá ráðherra er miðað við það sem menn þurfa að borga. Greiðsluþátttakan verður að hækka, hún verður að aukast.

Það er ekki hægt að skilja við þetta mál öðruvísi en að rifja upp þær umræður sem fóru fram þegar umdeilt sjúkratryggingafrumvarp ríkisstjórnarinnar varð að lögum. Það var mikið til umræðu síðastliðið vor og aftur nú í haust, þegar það var samþykkt á haustþinginu. Ein af meginforsendunum fyrir því að það þyrfti að stilla öllu upp í kaupendur og seljendur í heilbrigðisþjónustu var nefnt að ekki hefðu náðst samningar, m.a. um tannlækningar. Tannlækningar eru í íslenska heilbrigðiskerfinu einkarekin heilbrigðisþjónusta. Eins og staðan er í heilbrigðisþjónustu okkar núna þá eru tannlækningar bara einkavæddar. Þeir sem hafa til þess réttindi opna stofur og selja þjónustu sína og þeir sem þurfa á þjónustunni að halda og hafa efni á því að njóta hennar fara þangað og kaupa þjónustuna dýrum dómum.

Það er ekkert óalgengt að fólk sé að borga allt frá 10 þús. kr. og upp í 120 þús. Ég hef séð reikning fyrir tannréttingar og tanntöku hjá 17 ára dreng upp á 180 þús. kr. Þetta er náttúrlega með ólíkindum en þetta er það sem Sjálfstæðisflokkurinn vill innleiða almennt í heilbrigðisþjónustu á Íslandi, þ.e. einkareksturinn. Við höfum þetta dæmi þar sem eru tannlækningar og það er svo sannarlega víti til að varast. Það er athyglisvert núna eftir að sjúkratryggingalögin hafa verið í gildi í rúman mánuð eða kannski tvo mánuði og aðdragandinn var nú eitthvað lengri, þessu var hent hér inn um síðustu áramót og allt kapp lagt á að vinna málið hratt að það var skipuð stjórn og ráðinn forstjóri áður en lögin voru tilbúin. (Gripið fram í.) Ekki forstjóri, fyrirgefið. Það er rétt sem hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir segir. Það var hætt við að ráða forstjórann heldur var það starfandi formaður stjórnarinnar sem leiddi verkefnið. Það er athyglisvert að engir samningar liggja enn þá fyrir við tannlækna. Ástandið er algjörlega óbreytt.

Þetta vil ég nefna hér og það er mikilvægt að við höfum söguna í huga. Við skulum ekki gleyma því að skólatannlækningarnar voru lagðar niður af samkeppnisástæðum. Skólarnir máttu ekki sinna tanneftirliti, tannvernd og tannlækningum vegna þess að það truflaði hinn frjálsa markað tannlæknanna í heilbrigðisþjónustu. Þetta voru mikil mistök og ég held að það þurfi að endurskoða þetta kerfi frá grunni. Það er klárt að fólk sparar við sig núna í kreppunni en það má ekki bitna frekar en orðið er á tannheilsu barna sem koma frá heimilum þar sem er lítið fé og kannski atvinnuleysi.

En ég fagna því að hv. heilbrigðisnefnd fær nú tækifæri til þess að ræða tannlækningar. Hér liggja líka fyrir frumvörp og tillögur frá Vinstri grænum um það eins og ég nefndi. Það er sannarlega kominn tími til þess að ræða stefnu stjórnvalda í þessum efnum. Því ég tel eins og hv. þingmaður nefndi áðan að þetta sé hlutur sem eigi ekki að spara í kreppu. Það er langt í frá.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og heilbrn.

[Fundarhlé. — 12:39]

[14:23]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 119. mál, frhnál. þskj. 172; brtt. þskj. 173.

Atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 115. mál (hærri bætur vegna minnkaðs starfshlutfalls). — Þskj. 124, nál. 165, brtt. 166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]

Brtt. 166 samþ. með 38 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 5. mál.

Fundi slitið kl. 14:25.

---

26. FUNDUR

fimmtudaginn 13. nóvember,
að loknum 25. fundi.

Dagskrá:

1. Atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 115. mál, þskj. 174. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 171. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

3. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 119. mál, þskj. 160, frhnál. 172 og 177, brtt. 173. — 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa, 3. umr.

Stjfrv., 115. mál (hærri bætur vegna minnkaðs starfshlutfalls). — Þskj. 174.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, HerdÞ, KVM, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, LB, ÓN, PHB, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
23 þm. (ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, EMS, GHH, GÁ, HHj, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KJak, KLM, MS, REÁ, RR, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 175).

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:29]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Um fundarstjórn.

3. umr. um fjármálafyrirtæki.

[14:29]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Nú er búið að setja á dagskrá frumvarp um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki. Ég lýsti því á nefndarfundi í morgun að ég mundi skila áliti minni hluta sem ég hef verið að vinna að í dag. Ég krefst þess að þessum dagskrárlið verði í það minnsta frestað þar til það minnihlutaálit, sem er að komast í lokavinnslu, liggur fyrir.

[14:30]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þá kröfu með hv. þm. Atla Gíslasyni að 3. dagskrárliðnum, Fjármálafyrirtæki, verði skotið á frest. Málið hefur ekki fengið þá umfjöllun í meðferð þingsins sem við teljum æskilega. Við teldum heppilegast að því yrði frestað annaðhvort fram yfir helgi, til mánudagsins, eða efnt til þingfundar á morgun þannig að hv. þm. Atla Gíslasyni gefist tóm til að vinna álit sitt.

Um þau umdeildu mál sem hér eru uppi hefur verið tiltölulega mikil ró, skulum við segja, mikil sátt í þeim skilningi að menn hafa ekki viljað rugga bátnum. Ég fæ ekki annað séð en nú sé stjórnarmeirihlutinn og ríkisstjórnin að byrja að gera einmitt þetta og ég vara við því.

[14:31]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti vill taka fram, vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað, að ákveðið hefur verið að reyna að koma til móts við ósk sem fram hefur komið frá fulltrúa minni hlutans í viðskiptanefnd. Opnað er á það að hugsanlega verði gert fundarhlé að lokinni umræðu um 2. dagskrármálið áður en 3. dagskrármálið kemst á dagskrá ef það mætti verða til þess að liðka fyrir þingstörfum.

[14:32]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Mér láðist að taka það fram í fyrri athugasemdum mínum að rétt í þann mund sem ég kom til atkvæðagreiðslunnar fékk ég í fyrsta sinn í hendurnar endanlegt álit meiri hlutans og enn á ný bútasaum við upphaflega frumvarpið, breytingar sem ákvarðaðar voru á nefndarfundi í morgun og voru ekki útfærðar að fullu og ég sé þær í fyrsta skipti þegar málið er tekið á dagskrá.

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að taka sjónarmið mín til

greina og fresta umræðu um þetta mál þar til álit minni hlutans liggur fyrir.

[14:33]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Það vekur vægast sagt mikla undrun að sjá þetta frumvarp komið á dagskrá með því að ég veit að ekki var orðið við því í hv. viðskiptanefnd að gefa tóm til þess að réttarfarsnefnd kæmi saman og skilaði skriflegu áliti. Ég veit líka að ekki var orðið við þeirri ósk nefndarmanns í allsherjarnefnd, hv. þm. Atla Gíslasonar, að allsherjarnefnd yrði kölluð saman til að fara yfir eitthvað af þeim nýju breytingartillögum sem þingmenn hafa ekki séð hér og hv. þingmaður kallar bútasaum.

Nú hefur verið tilkynnt að væntanlega verði þingfundir á mánudag og þriðjudag og tel ég því einsýnt að til þess að menn geti fengið að skoða hlutina nánar verði málið geymt þar til eftir helgi. Það breytir ekki því fyrst þingfundur er á mánudag.

Stimpilgjald, 1. umr.

Stjfrv., 151. mál (undanþága gjalds vegna skuldbreytingar lána). — Þskj. 171.

[14:34]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um stimpilgjald.

Frumvarpið er lagt fram í ljósi þess ástands sem nú ríkir á fjármálamörkuðum

(**Forseti** (EMS)**:** Ég bið þingmenn um að gefa hæstv. fjármálaráðherra tækifæri til að halda framsöguræðu sinni áfram.)

og tilmæla yfirvalda til banka og sparisjóða um að aðstoða fólk sem kynni að lenda í greiðsluerfiðleikum vegna hækkunar fasteignalána sem rekja má til lækkunar krónu og verðbólguáhrifa.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lög um stimpilgjald þess efnis að stimpilgjald verði fellt niður tímabundið, annars vegar vegna skilmálabreytinga á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga og hins vegar vegna nýrra veðskuldabréfa sem gefin eru út vegna vanskila á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga. Í framkvæmd er vanskilum ýmist bætt við höfuðstól hins upprunalega fasteignaveðskuldabréfs með skilmálabreytingu eða útgáfu sérstaks nýs veðskuldabréfs í tengslum við hið fyrra. Í báðum tilvikum er það skilyrði fyrir undanþágu stimpilgjalds samkvæmt frumvarpinu að sömu aðilar séu útgefendur að hinu nýja skjali og eru kröfuhafi og skuldari samkvæmt viðkomandi fasteignaveðskuldabréfi. Jafnframt er það skilyrði að hið nýja skjal sé gefið út vegna tiltekins áður útgefins fasteignaveðskuldabréfs og vísi í það.

Er lagt til að um tímabundna aðgerð verði að ræða með það að markmiði að auðvelda einstaklingum að skilmálabreyta áður þinglýstum fasteignaveðskuldabréfum sínum, eða gefa út ný veðskuldabréf vegna vanskila á fasteignaveðskuldabréfum, þar sem þörf kann að vera á því hjá fjölda einstaklinga við aðstæður eins og þær eru nú.

Virðulegi forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[14:36]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mig langar að inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig þetta hefur verið á undanförnum árum varðandi skilmálabreytingar á lánum og skuldbreytingar. Nokkuð hefur verið um það undanfarna tvo til þrjá áratugi, og á sumum árum meira en öðrum, að fyrirkomulagið hefur verið á þann veg að greitt hefur verið stimpilgjald af slíkum breytingum. Er þá verið að leggja til núna að fallið verði frá þeirri framkvæmd sem verið hefur? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um þetta hjá hæstv. ráðherra. Ef það er rétt skilið, sem mér heyrðist á framsöguræðunni, að um sé að ræða þá breytingu að aflétta sköttum, stimpilgjaldi sem innheimt hefði verið hingað til, væri fróðlegt að vita hver ástæðan er fyrir því að ráðherrann grípur til þeirra ráða núna. Er umfang vandans það mikið að ástæða er talin til að fella þessi gjöld niður af einstaklingum sem á undanförnum árum hafa mátt bera þessar byrðar án nokkurrar sýnilegrar samúðar úr fjármálaráðuneytinu? Það væri fróðlegt að fá skýringar á því hvers vegna, ef við getum orðað það þannig, ekki er búið að breyta þessu fyrr. Þeir sem á undanförnum árum hafa gengið í gegnum skilmálabreytingar og skuldbreytingar hafa ekki notið þeirra kjara sem verið er að bjóða upp á með frumvarpinu.

[14:38]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Staðan hefur verið sú á undanförnum árum að vanskil hafa verið með minnsta móti í fjármálakerfinu og hvað fasteignalánin varðar. Þar af leiðandi hefur þetta ekki verið slíkt vandamál að uppi hafi verið í umræðu eða talið að gera þyrfti einhverjar sérstakar ráðstafanir vegna þess. Hins vegar eru aðstæður í þjóðfélaginu um mjög margt sérstakar nú um stundir og þá vegna þeirra erfiðleika sem eru í efnahagsmálunum, vegna breytinga á gengi og verðbólguáhrifa. Það hefur gríðarlega mikil áhrif á lántakendur og afborganir og greiðslur af lánum. Verið er að bregðast við því núna svo að þessar afbrigðilegu aðstæður valdi fólki ekki meiri erfiðleikum en nauðsyn ber til og liðka fyrir um það að skuldbreytingar eins og hér er um að ræða geti átt sér stað á þeim forsendum sem kynntar voru.

Á undanförnum árum, undir þeim kringumstæðum sem ég var að lýsa, hafa þessar aðstæður ekki verið fyrir hendi en vegna þeirra aðstæðna sem nú eru er þetta lagt til.

[14:40]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sjónarmið hefur lengi verið uppi í þingsölum sem víðar að stimpilgjaldið væri almennt ekki sanngjarn skattur til ríkissjóðs. Oft hefur verið lagt fram frumvarp til að fella það niður án árangurs þó að aðeins hafi þokast í þá átt.

Ég fer þess á leit við hæstv. ráðherra að hann leggi fram upplýsingar um væntanleg áhrif af frumvarpinu og tekjur á

undanförnum 10–15 árum af skuldbreytingum lána, hversu mikið stimpilgjald hefur verið greitt á hverju ári vegna þessara skilmálabreytinga á skuldabréfum. Gott væri að fá þessar upplýsingar fram í þinginu og hæstv. ráðherra getur þá komið þeim til viðkomandi þingnefndar og eftir atvikum til annarra þingmanna.

[14:41]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að leita eftir þessum upplýsingum og koma þeim til nefndarinnar. Ef aðrir hv. þingmenn hafa áhuga á að fá þær ætti það ekki að vera neitt vandamál að koma þeim til þeirra líka.

[14:41]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra, Árna M. Mathiesen, fyrir að mæla fyrir þessu frumvarpi. Kannski má segja sem svo að þær aðstæður sem við búum við í fjármálum almennt, ríkisfjármálum og öðrum fjármálum, kalli á frumvarp sem þetta. Hugsanlega má segja að með hliðsjón af lögum nr. 125/2008 sé þetta frumvarp hálfgert neyðarlagafrumvarp eða afleiðing af því ástandi sem við búum við. Rétt er að ítreka það hér fyrir þá sem hlusta, virðulegi forseti, að frumvarpið felur í sér heimild til að stimpilgjald sé undanþegið vegna skilmálabreytinga á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga eða þá nýjum skuldabréfum sem gefin eru út til uppgreiðslu vanskila á fasteignaveðskuldabréfum sömu einstaklinga.

Með öðrum orðum er hugmyndin sú, virðulegi forseti, að viðkomandi aðilar sem þurfa að fara fram með skilmálabreytingu, eða þurfa að fá ný veðskuldabréf vegna þess að þeir eru í erfiðleikum vegna vanskila, eru undanþegnir stimpilgjaldinu þannig að það liggi ljóst fyrir. Einnig þarf að liggja ljóst fyrir að um tímabundna aðgerð er að ræða. Lögin kveða á um að þetta taki gildi frá og með þeim tíma sem Alþingi samþykkir og til áramóta.

Eins og hæstv. fjármálaráðherra kom að á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í morgun, í erindi sem hann flutti þar, eru tímarnir sem við lifum í dag miklir óvissutímar og breytilegir og vel má vera að þessi heimild þyrfti að vera til lengri tíma. Ég get talað fyrir sjálfan mig og sagt að ef lengja þarf þennan tíma fram á næsta ár, hugsanlega vegna þess hvernig háttar á mörkuðum og í tæknilegri útfærslu á þessu í bankakerfinu eða hjá lífeyrissjóðum, þá sé það hægt. En lagaákvæðin í frumvarpinu eru skýr um að þetta gildi til áramóta sem mun auðvitað þýða að fjölmargir munu á næstu dögum nýta sér þetta í samstarfi við banka, lífeyrissjóði eða aðra.

Kostnaðarmat fylgir frumvarpinu og get ég tekið undir það að miðað við þær stóru tölur sem við erum að vinna með í dag, sem við teljum hugsanlega í hundruðum milljarða, leiðir þetta ekki til neinna beinna útgjalda fyrir ríkissjóð. En ljóst er að tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi munu minnka eitthvað verði frumvarpið að lögum. Þær eru hins vegar óverulegar í heildinni og einnig er tekið fram að í forsendum tekjuáætlunar fjárlaga fyrir árið 2008 var ekki reiknað með sérstökum tekjum af stimpilgjaldi vegna skilmálabreytinga við þær aðstæður sem nú hafa skapast. Kannski má segja sem svo að við hefðum annars þurft að leiðrétta það í fjáraukalögum þessa árs því að þetta hefðu verið tekjur sem féllu til á þessu ári. Ég vil því ítreka það, virðulegi forseti, við þingheim að hraða frumvarpinu í gegnum þingið og í gegnum nefndir. Ég tek undir það sem sagt hefur verið í andsvörum: Það er eðlilegt að þær upplýsingar sem óskað var eftir komi til þingnefnda og fái umræðu þar.

Ég vil að lokum, virðulegur forseti, taka undir það sem hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt: Þetta er frumvarp sem margir hafa beðið eftir og ætti þingheimur þar af leiðandi að geta sameinast um það.

[14:46]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Frumvarpið er til mikilla bóta þótt það sé nú til komið vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem við búum við. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til að öll stimpilgjöld af viðskiptum sem tengjast húsnæðiskaupum verði felld niður. Hér er lagt til að þau falli niður tímabundið til 1. janúar 2009. Ég tel að það sé of skammur tími, hæstv. forseti.

Ég vil vekja athygli á því að Alþingi starfar ekki í upphafi árs, kemur varla saman 1. janúar, þannig að tímasetningin hefði alla vega átt að vera 1. febrúar svo Alþingi væri komið saman áður en lögin féllu úr gildi til að meta stöðuna sem þá væri uppi og framlengja lögin ef æskilegt væri. Ég tel að á næstu mánuðum verði fólk fyrir miklum erfiðleikum vegna skuldastöðu sinnar og þurfi þá m.a. að gera breytingar á lánafyrirkomulagi sínu. Ég bendi því á, hæstv. forseti, að lokatímasetning lagasetningarinnar er afar óheppileg þar sem Alþingi verður ekki starfandi þá og ef menn sæju nauðsyn til að bregðast við áfram yrði væntanlega einhver dauður tími á milli þess sem lögin féllu úr gildi og þar til ný yrðu sett. Klárt þarf að vera að Alþingi sé starfandi ef framlengja þarf lögin svo ekki þurfi að grípa til bráðabirgðalaga.

[14:49]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson vék að dagsetningunni, þeirri sömu og við höfum talað um, ég og hæstv. fjármálaráðherra. Ég tel að ef dagsetning og gildistími eru það eina sem út af stendur verði það auðvitað tekið upp í efnahags- og skattanefndinni. Um tímabundna aðgerð er að ræða og því gott að fram hafi komið í þingræðu í dag að ræða þurfi um gildistímann. Ef hann er það eina sem út af stendur held ég að efnahags- og skattanefnd ætti að geta afgreitt þetta fljótt og vel og vil hvetja formann nefndarinnar til að hraða nefndarstörfum þessu tengdu. Ég veit að hv. þm. Pétur Blöndal, sem stýrir efnahags- og skattanefnd, mun fylgja eftir því sem hér hefur komið fram og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson bent á.

[14:50]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Frumvarpið gengur að mínu mati allt of skammt. Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til að

stimpilgjald verði fellt alveg niður og ég ítreka að það frumvarp liggur fyrir og nær hefði verið að samþykkja það en að gera einhverjar smálagfæringar sem duga allt of skammt. Þetta getur í sumum tilfellum hjálpað fólki sem er í erfiðleikum verulega og að því leyti tel ég þetta vera af hinu góða og sjálfsagt mál að hafa tímasetninguna eins og er í frumvarpinu. En ég minni enn og aftur á að við í Frjálslynda flokknum lögðum hér á haustdögum fram frumvarp um að fella alfarið niður stimpilgjöld.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

[Fundarhlé. — 14:51]

Umræður utan dagskrár.
Hlutverk og horfur sveitarfélaga í efnahagskreppu.

[16:06]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Forseti. Sveitarfélögin í landinu gegna ríku samfélagslegu hlutverki. Þau annast stóran hluta opinberrar þjónustu í þágu velferðar og menntunar á Íslandi. Þau eru hluti hins opinbera og gegna þannig gríðarmiklu hlutverki í þeirri fjármálakreppu sem nú ríður yfir samfélagið. Sveitarfélögin standa íbúum sínum næst, sinna börnunum, menntuninni og velferðinni.

Sveitarfélögin hafa nú um langt skeið átt í miklum örðugleikum vegna veikra tekjustofna og mikilla verkefna. Er nú svo komið að sum þeirra eiga erfitt með að sinna lögbundnum hluta grunnþjónustunnar og sum hafa raunar búið við kreppu undanfarin ár vegna þenslu og ójafnvægis. Nú dynur kreppan einnig yfir sveitarfélögin á þenslusvæðum.

Samkvæmt nýrri spá Seðlabanka Íslands munu tekjur hins opinbera lækka um 15,5% milli áranna 2008 og 2009. Á sama tíma er því spáð að útgjöld hins opinbera muni aukast verulega. Enda þótt gert sé ráð fyrir að kjarasamningar verði almennt framlengdir óbreyttir er þess að geta að sveitarfélögin eiga ósamið við alla starfsmenn sína að frátöldum kennurum, um 14 þúsund manns. Framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga munu dragast verulega saman og ljóst er að spáin um lækkun skatttekna ríkissjóðs mun bitna verulega á tekjum Jöfnunarsjóðs vegna tenginga þeirra við skatttekjur. Þau sveitarfélög sem hvað háðust eru tekjum úr Jöfnunarsjóði verða því fyrir miklum skakkaföllum. Í mörgum sveitarfélögum nema framlög Jöfnunarsjóðs á bilinu 30–50% af heildartekjum sveitarfélaganna og aukaframlagið upp á 1.400 milljónir eitt og sér vegur víða um 7–10% og allt upp í 20% af tekjum sveitarfélaga. Því til viðbótar munu útsvarstekjur þeirra lækka um 10%, að talið er, og tekjur af fasteignasköttum munu minnka eitthvað ef fasteignamat lækkar.

Á næstu mánuðum og missirum mun ástand atvinnumála versna mikið og atvinnuleysi eykst hratt til loka næsta árs. Þá er gert ráð fyrir að það verði um 10% og á árinu 2010 verður það áfram mjög mikið. Við slíkar aðstæður er hlutverk sveitarfélaganna geysimikið og brýnt. Á þeim brennur vandi fjölskyldna og atvinnulífs í návígi. Þau munu mörg hver heyja baráttu fyrir tilvist sinni, fyrir mannsæmandi samfélagi og félagslegri samstöðu íbúanna. Um leið og tekjur þeirra dragast umtalsvert saman aukast útgjöldin, m.a. til fjárhagsaðstoðar, húsaleigubóta, félagslegrar ráðgjafar og stuðningsaðgerða af ýmsum toga. Enn fremur má búast við að mörg sveitarfélög bregðist við vaxandi fjárhagserfiðleikum fjölskyldna með aukinni þátttöku í kostnaði vegna leikskóla, skólamáltíða, frístundastarfs og þess háttar. Sveitarfélög munu eins og ríkið þurfa að leggja aukið fjármagn í fjárfestingu og framkvæmdir til að stuðla að auknum umsvifum í atvinnulífi og draga þannig úr áhrifum samdráttarins á atvinnustigið.

Nú stendur yfir fjármálaráðstefna sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur bent þar á að áætlaður halli sveitarfélaganna á árinu 2009 er um 30 milljarðar kr. að teknu tilliti til fjármagnsliða en upphafleg áætlun ársins 2008, sem nú er reyndar gerbreytt, gerði ráð fyrir um 30 milljarða afgangi. Viðsnúningurinn er því himinhrópandi og framkvæmdastjóri sambandsins kallar þetta hrun í fjárhag sveitarfélaganna. Þar kom sömuleiðis fram að nú er spáð samdrætti í tekjum jöfnunarsjóðs á næsta ári um 13% miðað við að 1.400 millj. kr. aukaframlagið skili sér. En miðað við málflutning ráðherra á fjármálaráðstefnunni í dag bendir fátt til að svo verði.

Það er mikill uggur í sveitarstjórnafólki um allt land. Miðað við þær forsendur sem nú liggja til grundvallar að því er varðar tekjur sveitarfélaga og skyldur þeirra til að veita þjónustu er dagljóst að þau munu ekki geta risið undir skuldbindingum sínum án verulegra og róttækra aðgerða. Skuldaaukning er fyrirsjáanleg og voru sveitarfélögin almennt talsvert skuldsett fyrir en í árslok 2007 námu brúttóskuldir þeirra um 136 milljörðum kr. Við þeim aðstæðum er óhjákvæmilegt að bregðast og standa þau spjót á ríkisstjórninni.

Það var kvartað yfir því í þessum sal í haust og einnig af hálfu sveitarfélaganna sjálfra að samráð við sveitarfélögin hafi verið mjög takmarkað og að lítið sem ekkert hafi komið frá stjórnvöldum sem eykur sveitarfélögunum bjartsýni um að tekið verði á vanda þeirra. Þess vegna tel ég brýnt að fá hér á Alþingi fram viðbrögð hæstv. ráðherra sveitarstjórnarmála og svör við eftirfarandi spurningum:

1. Til hvaða ráðstafana munu stjórnvöld grípa til að tryggja að sveitarfélögin hafi bolmagn til að sinna lögbundnum verkefnum sínum.

2. Hvernig verður Jöfnunarsjóði sveitarfélaga gert kleift að styðja sérstaklega þau sveitarfélög sem hvað verst standa?

3. Mun ríkið ábyrgjast eða vera bakhjarl sveitarfélaganna vegna væntanlegs hallareksturs og aukinnar skuldsetningar?

4. Verður tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga breytt til að auka hlutdeild sveitarfélaganna í skatttekjum og/eða munu sveitarfélögin fá ríkari heimildir til tekjuöflunar?

Ég vænti þess, forseti, að hæstv. ráðherra gefi hér skýr svör og að hann hafi í farteskinu aðgerðaáætlun í samvinnu við sveitarfélögin sem tekur á vanda þeirra og tryggir stöðu þeirra og ríkar skyldur í samfélaginu.

[16:11]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hefja þessa umræðu. Í gögnum sem kynnt voru á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna sem nú stendur yfir kemur fram að tekjur sveitarfélaganna jukust á verðlagi ársins 2007 um 39% frá árinu 2004 til ársins í fyrra. Þar af jukust útsvarstekjurnar um tæp 27% og jöfnunarsjóðs um nærri 60%. Því hafa þau sveitarfélög sem reiða sig hlutfallslega meira á framlög sjóðsins einnig notið góðs af tekjuaukningunni.

Aðkoma sveitarsjóðanna var því með besta móti á síðasta ári um allt land. Fá sveitarfélög voru rekin með halla og rekstrarniðurstaða þeirra var jákvæð sem nemur 32,7 milljörðum og þá eru óreglulegar tekjur ótaldar. Sú góða útkoma hefur vonandi skapað svigrúm til endurskipulagningar í rekstri sumra sveitarfélaga og þar af leiðandi betri stöðu til að mæta þeim miklu erfiðleikum sem nú steðja að í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Ég veit hins vegar að víða er staðan ekki nægilega góð, því miður. Það er ljóst að mikill viðsnúningur mun verða á milli áranna 2007 og 2008. Í samstarfi ríkis og sveitarfélaga hefur verið lögð áhersla á að fá greinargóðar upplýsingar frá öllum sveitarfélögum landsins um fjárhagslega stöðu sveitarsjóðanna og A-hluta stofnana um þessar mundir. Markmiðið er að reyna að fá heildarmynd af fjárhagslegri stöðu allra sveitarfélaga í landinu svo að hægt sé að segja betur til hvar skórinn kreppir að og hvernig. Nú þegar mikill meiri hluti sveitarfélaga er búinn að skila upplýsingum um rekstur fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins 2008 kemur í ljós við framreikning að rekstrarniðurstaða gæti orðið neikvæð um 4,3 milljarða. Það er mikill viðsnúningur frá síðasta ári, hæstv. forseti, og um leið mikið áhyggjuefni.

Ríki og sveitarfélög þurfa að halda áfram nánu samráði um þessi mál og mun ég beita mér fyrir því að fljótlega eftir að nýtt fjárlagafrumvarp verður lagt fram verði efnt til aukasamráðsfundar ríkis og sveitarfélaga þar sem efnahagsmál verða í brennidepli með hliðsjón af nýjum forsendum í fjármálum ríkisins. Á þeim fundi mun okkur gefast tækifæri til að fara yfir aðkallandi vanda í rekstrar- og fjármálum sveitarfélaga á komandi mánuðum og missirum. Það er vart hægt að taka afstöðu til sérstakrar fyrirgreiðslu við sveitarfélögin fyrr og þá vísa ég til þess sem málshefjandi hefur vikið að varðandi aukaframlög í jöfnunarsjóð. Ég vil þó benda hv. málshefjanda á að nú þegar eru ákveðin úrræði hjá jöfnunarsjóði sem hægt er að beita í því skyni að koma til móts við einstaka sveitarfélög sem eiga við mikinn fjárhagsvanda að glíma.

Ég hef boðað að ráðist verði í heildarendurskoðun á tekjustofnun sveitarfélaga m.a. í tengslum við að ný verkefni munu færast til sveitarfélaganna árin 2011 og 2012. Þau áform standa en ekki er hægt að útiloka að lögunum verði breytt lítillega áður en slíkri heildarendurskoðun er lokið. Sambandið hefur t.d. lagt til sem lið í ráðstöfunum vegna efnahagsvandans að ákvæði í tekjustofnalögum um lögveð í fasteignaskatti verði lengd og höfum við verið að skoða forsendur fyrir slíkri breytingu í ráðuneytunum.

Bráðavandi sveitarfélaganna um þessar mundir hefur verið takmarkaður aðgangur að lánsfé. Ég fagna því frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga og Lánasjóður sveitarfélaga hafa sýnt hvað varðar að byggja upp lánasjóðinn enn frekar sem bakhjarl sveitarfélaganna í bráð sem lengd. Ég mun áfram leggja því verkefni lið eftir því sem þörf verður á.

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið og upplýsa um að ég hef nú þegar gefið út reglugerð sem breytir tímabundið reglugerð um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Breytingin felur í sér að eftirlitsnefndin á ekki sjálfkrafa að hefja eftirlitsaðgerðir þó að henni berist fjárhagsáætlanir frá sveitarfélögum sem sýna halla á rekstri ársins 2009. Nefndinni ber að skoða slíkar áætlanir heildstætt og í ljósi þess tímabundna efnahagsástands sem nú varir. Engu að síður ber sveitarfélögunum að gera grein fyrir hallarekstrinum til eftirlitsnefndar.

[16:15]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir að hefja þessa umræðu en eftir að hafa setið fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í morgun og skoðað þá framtíð sem sveitarstjórnarmenn sjá fyrir sér er ljóst að horfur eru ekki góðar. Þar voru þó langflestir sammála um að það væri þrennt sem bæri að hafa að leiðarljósi í þeirri vinnu sem fram undan er: Það eru samráð, samstarf og samstaða. Það væri óskandi að þau gildi væru viðhöfð á fleiri stöðum, ekki síst í þinginu.

Þrátt fyrir yfirlýsingar frá forustumönnum Samfylkingarinnar í aðdraganda kosninga um samvinnu og samráð ríkisstjórnarinnar hefur lítið borið á samráði þangað til í morgun að hæstv. fjármálaráðherra taldi að samstaða allra væri nauðsynleg á þessum tímum. Ber að fagna því sérstaklega að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar sjái ástæðu til að ræða við sveitarfélögin þótt vissulega líti út fyrir að neyðin ein hafi rekið menn til þess.

Hið jákvæða er að víða hafa sveitarfélög haldið vel á spöðunum og eru því betur í stakk búin að takast á við erfiðleika. Þau eru jafnframt farin að gera ráðstafanir í samvinnu og samráði við íbúa svæðisins. En önnur sveitarfélög standa verr og dæmi eru um að ýmsar mjólkurkýr og allar eignir sveitarfélagsins hafi verið seldar og eru nú leigðar til baka á myntkörfuprísum og auðvitað er búið að eyða peningunum.

En sveitarstjórnarmenn hafa víðar tekið höndum saman og þá á ég við meiri og minni hluta. Þeir hafa slíðrað pólitísk sverð og leita nú allra leiða til að viðhalda grunnþjónustunni, koma í veg fyrir uppsagnir og styðja við atvinnuskapandi verkefni. Ef yfirskrift umræðunnar um hlutverk og horfur sveitarfélaga á að hafa eitthvert gildi er ljóst að tvennt þarf að tryggja: Í fyrsta lagi að róa lífróður fyrir tekjujöfnunarframlaginu því að ekkert annað en gjaldþrot blasir við þeim sem ekki eiga minnstu tutlu utan á beinunum, þar sem búið er að skafa allt í burtu. Í annan stað blossa nú upp umræður um sameiningu sveitarfélaga til að auka hagkvæmni og skilvirkni. Mér skilst að talan 1000 hafi verið nefnd í því samhengi. Ég skora á hæstv. ráðherra sveitarstjórnarmála að taka þar hliðsjón af félagslegri stöðu og landafræði en ekki falla í þá gryfju (Forseti hringir.) að horfa eingöngu á súlurit og tölur.

[16:18]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Í dag halda sveitarfélögin sína árlegu fjármálaráðstefnu þar sem mikill fjöldi sveitarstjórnarmanna er saman kominn. Sveitarstjórnarmenn hafa áhyggjur af fjárhagsstöðu sveitarfélaga nú í þeim þrengingum sem við horfum fram á. Nú blasa við miklir óvissutímar í fjármálum sveitarfélaganna en nokkuð ljóst er að í þeirri niðursveiflu sem fram undan er mun atvinnuleysi aukast og tekjur sveitarfélaganna því dragast saman. En niðursveiflan mun koma mismunandi niður á sveitarfélögum sem eru misvel í stakk búin að takast á við vandamál af þessum toga.

Á sama tíma og allt bendir til að mikill samdráttur verði í tekjum sveitarfélaganna bindur fólk vonir við að sveitarfélögin hækki ekki gjaldskrár sínar eða auki álögur á íbúa. Sveitarfélögin munu þurfa að taka á sig auknar byrðar með því að taka þátt í áframhaldandi framkvæmdum að svo miklu leyti sem það er hægt til að verja störf í sínum sveitarfélögum auk þess sem félagsþjónusta sveitarfélaganna mun grípa inn í með aðstoð við fjölskyldur sem þess þurfa. Þá þarf að tryggja að grunnþjónusta skerðist ekki þrátt fyrir tekjusamdrátt og kostnaðarhækkanir. Vandinn er ærinn hjá sveitarfélögunum í landinu og hagræðingar er þörf á öllum sviðum. Í ljósi þess ástands sem nú hefur skapast í efnahagsmálum er enn meiri þörf en áður á að ríki og sveitarfélög gangi í takt og vinni náið saman að úrlausn þeirra viðfangsefna sem fram undan eru.

Sveitarfélögin og ráðuneyti sveitarstjórnarmála hafa verið að kanna möguleika á að sveitarfélögin taki upp fjármálareglur í takt við það sem ríkissjóður hefur stuðst við í stjórn ríkisfjármála. Reglur þessar hafa miðað að því að ríkissjóður safni skuldum í niðursveiflu en greiði niður skuldir í uppsveiflu. Ekki náðist samkomulag um þessa reglu milli aðila en þrátt fyrir það er fyllsta ástæða til að hvetja sveitarfélög til að tileinka sér slíka reglu. Sveitarstjórnarmenn leggja ríka áherslu á að ríkissjóður haldi áfram að greiða viðbótarframlag (Forseti hringir.) í Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Ljóst er að þetta viðbótarframlag vegur þungt (Forseti hringir.) í rekstri margra sveitarfélaga og því tel ég brýnt að litið verði jákvætt á þá beiðni sveitarstjórnarmanna.

[16:20]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Það eru margar fjölskyldur í verulegri kreppu núna og sveitarfélögin í landinu þurfa án efa að auka þær skuldbindingar sem þau taka á sig og fara í ýmsar kostnaðarsamar framkvæmdir til að hjálpa því fólkinu sem komið er í verulega kreppu. Farið er að loka fyrir rafmagn hjá fólki og sumir eru nánast komnir á vergang. Búið er að bjóða upp húsnæðið hjá fólki og miklar hörmungar eru fram undan. Þær eiga bara eftir að aukast á næstu mánuðum og það gefur augaleið að þá mun reyna á sveitarfélögin.

Þess vegna má segja að þegar sveitarfélögin standa frammi fyrir því að á síðasta ári var 30 milljarða hallarekstur á sveitarfélögunum gefur það augaleið að breyta þarf tekjuskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Það er hlutur sem lengi hefur verið þörf á að skoða og endurskoða en það hefur ekki verið gert. Á síðustu árum hafa menn breytt sér úr einstaklingum í hlutafélög og þess vegna hafa þeir ekki greitt útsvarstekjur til sveitarfélaga heldur svokallaðan fjármagnstekjuskatt. Þar af leiðandi hefur lítið komið til sveitarfélaganna af útsvarstekjum. Síðan eru ýmsar byrðar á sveitarfélögum eins og hallarekstur á höfnum hringinn í kringum landið sem eru í mjög slæmu ástandi. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verður að koma (Forseti hringir.) og bjarga mörgum sveitarfélögum og þess vegna er aukaframlag í þann sjóð (Forseti hringir.) nauðsynlegt.

[16:22]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Hjá sveitarfélögunum á Íslandi starfa um 14 þúsund manns. Sveitarfélögin eru langstærsti vinnuveitandi í landinu og þau sinna gríðarlega mikilvægri þjónustu. Hjá sveitarfélögunum er hvert starf þjónustustarf og að skera niður fjölda starfsmanna eða skera niður starfsemi sveitarfélaga þýðir skerta þjónustu.

Í því ástandi sem nú hefur skapast og í framhaldinu er mjög mikilvægt að styrkja þjónustu sveitarfélaganna og efla þau. Það þarf að gera þeim kleift að efla félagslega þjónustu sína þannig að fjármálakreppan sem við búum nú við leiði ekki til félagslegrar kreppu sem reynsla annarra þjóða sýnir því miður að erfist milli kynslóða. Það þarf að passa mjög vel upp á og það er athyglisvert þegar maður sér hvað sveitarfélögin í landinu eru vel með á nótunum. Þar eru menn að taka höndum saman þvert á flokka. Þeir hafa undirbúið sig vel og þekkja sitt heimafólk. Þeir vita hvar skórinn kreppir. Menn lyfta sér yfir flokkadrætti.

Ég minni á aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar um að verja grunnþjónustuna og að hafa allar gjaldskrár óbreyttar, að segja engum upp, efla ráðgjafa- og velferðarþjónustu. Ísafjörður ætlar að setja velferðarmálin í forgang. Atvinnuþróunarfélag Akureyrar er að opna sprotasetur. Þar hafa menn sett upp neyðarráð með aðkomu allra félagslegra og stjórnsýslulegra eininga.

Í Árborg leiða menn nú saman menntakerfið í þekkingargörðum Suðurlands við atvinnulífið. Það voru þess vegna öfugmæli og dapurlegt að heyra þegar hæstv. fjármálaráðherra talaði á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í dag um það eitt að nú þyrfti að skera niður í starfsemi sveitarfélaga, nú þyrfti að skera lúxusverkefnin frá. Nú ættu allir að taka höndum saman og skera niður. (Forseti hringir.)

Því miður, herra forseti, þessi ríkisstjórn er ekki ríkisstjórn fyrir byggðirnar og fólkið í landinu ef þetta er stefnan sem á að fylgja.

[16:25]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegur forseti. Ég ber ykkur kveðjur hv. þm. Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, formanns samgöngunefndar, sem ég hleyp í skarðið fyrir í þessari umræðu. Sú umræða sem hefur átt sér stað í sveitarfélögunum á umliðnum mánuðum er ekki sú að sveitarfélögin ætli að skera niður í vinnuafli, að segja upp fólki. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir. Þar er takturinn sá að reyna að halda fólki í vinnu og einbeita sér að því að halda úti mannaflsfrekum verkefnum eins og komið hefur fram. Á sama hátt hafa öll

sveitarfélögin 78 verið að hugsa í sömu átt, að halda utan um velferðarþjónustuna og styrkja grunnnetið. Þau hafa verið í ákveðnu samráði við ríkið vegna þess og Lánasjóðurinn opnaði lánalínu í samstarfi við Seðlabankann í októbermánuði. Lánasjóðurinn hefur verið gríðarlega mikilvægur fyrir sveitarfélögin en um leið hafa talsmenn hans ítrekað að ekki sé verið að hugsa um rekstrarlán þar heldur fyrst og fremst fjárfestingarlán.

Horft er til sveitarfélaga og ríkis varðandi verkefni á næstu árum og ég ítrekaði á fjármálaráðstefnunni í morgun að það eru ákveðin sóknarfæri hjá sveitarfélögum þrátt fyrir að það halli á. Ástæðan er einfaldlega sú að veltufé frá rekstri hefur verið gott hjá sveitarfélögunum. Hins vegar eru fjármagnsgjöld nú að sliga sveitarfélögin eins og marga aðra og þar af leiðandi hallar á efnahaginn. En um leið er eignarstaða sveitarfélaganna mjög góð en vissulega kreppir að hjá sveitarfélögunum.

Ég vil jafnframt ítreka, virðulegi forseti, að við skulum ekki gleyma okkur í umræðu um jöfnunarsjóð. Hann skiptir auðvitað fjölmörg sveitarfélaga miklu máli, líklega 50–55 af 78 þar sem 15% íbúar landsins búa. Hjá 85% íbúa landsins skiptir jöfnunarsjóður minna máli. Þar er hins vegar mikilvægt að halda úti mjög öflugu velferðarkerfi og ég vona að við getum stuðlað að því að sveitarfélögin haldi því áfram.

[16:27]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Hér fer fram mikilvæg umræða um sveitarfélögin og stöðu þeirra. Það er svo sem ekki auðvelt að gera kröfu á ríkið þar sem ríkið stendur gríðarlega veikt eftir þær hörmungar sem gengið hafa yfir. En engu að síður fara sveitarfélögin með svo mikilvægt hlutverk í sambandi við alla nærþjónustu og velferðarþjónustu og þess vegna má ekki mikið út af bera hjá sveitarfélögunum. Ríkið verður því þrátt fyrir þrönga stöðu að líta á sig sem bakhjarl gagnvart sveitarfélögunum. Það kom mjög glögglega í ljós í umræðunni á þingi sveitarstjórnarmanna í dag.

En munurinn er líka sá að þegar kreppan skellur á eru sveitarfélögin mjög skuldug en ríkið nánast búið að borga upp skuldir sínar. Ríkið hefur þá vonandi eitthvert svigrúm — og ég treysti því — til að líta til sveitarfélaganna og sjá til þess að þjónustugjöld verði ekki hækkuð hjá fjölskyldunum, gagnvart barnafólki.

En það var eitt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan sem kom mér mjög á óvart. Það var þegar hann sagði: Þegar nýtt fjárlagafrumvarp verður lagt fram. Hann orðaði það þannig, hæstv. ráðherra. Er verið að vinna að nýju fjárlagafrumvarpi einhvers staðar úti í bæ? (Gripið fram í.) Það er þá ekki verið að fara að þingsköpum ef svo er því að þingið er með fjárlagafrumvarp. Ég vil biðja hæstv. ráðherra sveitarstjórnarmála að útskýra (Forseti hringir.) orð sín betur í síðari ræðu sinni.

[16:29]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Hér fer fram mjög mikilvæg umræða og það er alveg á hreinu að staða sveitarfélaganna hefur versnað mjög á undanförnum missirum. Sveitarfélög standa reyndar mjög misjafnlega en þrátt fyrir 30–40 millj. kr. rekstrarafgang á síðasta ári að meðaltali og þrátt fyrir að gert hafi verið ráð fyrir svipaðri stöðu fyrir árið í ár verður hallinn hjá sveitarfélögunum í ár sennilega svipaður því sem afgangurinn hefði átt að vera. Við horfum því upp á sveiflu upp á 60–80 milljarða kr. sem er auðvitað gríðarlega mikið og verður erfitt fyrir sveitarfélögin að ráða fram úr því.

Að sama skapi þarf, eins og hér hefur komið fram, að auka þjónustu sveitarfélaga á ýmsum sviðum, ekki síst í félagsaðstoðinni og útgjaldaaukningin þar mun verða gríðarlega mikil. Þá er alveg ljóst að kostnaður vegna krafna á sveitarfélögin um að viðhalda framkvæmdastiginu og helst að hækka það, mun einnig þýða aukin útgjöld. Ofan á það kemur síðan mikill auka- og viðbótarkostnaður vegna einkaframkvæmda hjá sumum sveitarfélögum, eins og hér hefur líka verið bent á, þar sem kostnaðurinn rýkur upp vegna þess að það er bundið við vísitölutengingu við einstaka gjaldmiðla. Hækkunin er gríðarleg eftir fall krónunnar.

Ég held að ríki og sveitarfélög verði að setjast niður og fara yfir framkvæmdir á einstökum landsvæðum, í einstökum sveitarfélögum, og samræma framkvæmdir. Þau þurfa að sameinast um að ráðast í mannaflsfrekar framkvæmdir til að halda uppi atvinnustiginu hjá sveitarfélögunum og ýta þannig undir tekjugrunninn.

Herra forseti. Þrátt fyrir mjög mikinn vilja á Alþingi til að standa á bak við sveitarfélögin (Forseti hringir.) verður ekki horft fram hjá því að ríkissjóður er líka stórskaddaður. Bakland sveitarfélaganna hefur (Forseti hringir.) því oft verið meira en nú.

[16:32]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Staða sveitarfélaganna er mjög mikið áhyggjuefni. Þensla undanfarinna ára hefur leitt af sér aukna skuldsetningu þar sem lán hafa oftar en ekki verið tekin í erlendum gjaldmiðlum. Sveitarfélögin voru mjög skuldsett fyrir og má spyrja hvort þau hafi mátt eða megi við aukinni skuldsetningu.

Staða sveitarfélaganna er vissulega misjöfn en flest þeirra eru þó með töluverðar skuldir í erlendum gjaldeyri. Sum eru nánast með öll sín lán í erlendum myntum. Enginn þarf að velkjast í vafa um hvað það þýðir við núverandi aðstæður þar sem lánin hafa kannski hækkað um tugi prósenta á nokkrum mánuðum.

Hér er mikil vá fyrir dyrum því að sveitarstjórnirnar sinna ýmsum lögbundnum hlutverkum sem eru algjört grundvallaratriði í daglegu lífi og velferð fólks. Sum sveitarfélag virðast þegar ætla að bregðast við með því að fresta framkvæmdum. Það getur vissulega verið nauðsyn en sveitarfélög þurfa þrátt fyrir fjárhagsörðugleikana að taka þátt í því eftir megni að halda uppi þjónustu og leggja lið í atvinnumálum.

Sérframlag þessa árs upp á 1.400 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verður nauðsyn á næsta ári einnig vegna þess ástands sem nú er uppi í landinu. Sveitarfélögin þurfa að leggjast á sveifina ásamt ríkisvaldinu við að reyna að koma í veg fyrir að niðursveiflan í atvinnulífinu og atvinnu-

tækifærum fólks verði ekki allt of djúp. Þar til viðbótar hafa sveitarfélögin mikið félagslegt hlutverk á sinni ábyrgð og munu vissulega þurfa að leggja þar út fjármuni í auknum mæli til að styðja við fjölskyldur í sveitarfélögum. Það er auðvitað misjafnt eftir svæðum og landshlutum. Það verður örugglega erfitt hlutverk hjá sveitarfélögunum að þurfa að halda uppi þjónustunni, takast á við meiri erfiðleika og taka jafnframt þátt í því að reyna að halda uppi atvinnustiginu í landinu því að það er höfuðnauðsyn nú vegna þess hvernig komið er fyrir okkur Íslendingum. (Forseti hringir.)

[16:34]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég sagði í fyrri ræðu minni að það væri uggur í sveitarstjórnarfólki um allt land og ekki verður uggurinn minni eftir svör hæstv. ráðherra í þessari umræðu, drottinn minn dýri. Engin svör var að finna í svari ráðherrans við þeim spurningum sem ég í allri auðmýkt leyfði mér að leggja fyrir hann í umræðunni um til hvaða ráðstafana stjórnvöld hygðust grípa til þess að tryggja að sveitarfélögin hafi bolmagn til að sinna lögbundnu verkefni sínu. Ekkert svar. Jafnframt spurði ég hvernig jöfnunarsjóði yrði gert kleift að styðja sérstaklega þau sveitarfélög sem hvað verst standa. Ekkert svar kom annað en óljós vísun í einhverjar heimildir sem jöfnunarsjóður kynni að hafa og ekkert um aukaframlagið upp á 1.400 millj. kr.

Ég leyfði mér að spyrja hvort ríkið mundi ábyrgjast eða vera bakhjarl sveitarfélaganna vegna væntanlegs hallareksturs og aukinnar skuldsetningar. Engin svör, ekki vikið að því einu orði. Ég spurði einnig hvort tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga yrði breytt til að auka hlutdeild sveitarfélaganna í skatttekjum eða þau fengju ríkari heimildir til tekjuöflunar. Þar komu í raun engin svör önnur en þau að vísað var í fyrirhugaða vinnu við endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga. Ég verð að segja að ég varð fyrir vonbrigðum með svör hæstv. samgönguráðherra í þessari umræðu.

Talað er um að sveitarfélögin verði eins og aðrir að hagræða hjá sér. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga sagði í setningarræðu sinni á fjármálaráðstefnu í dag að mörg sveitarfélög hefðu þegar hagrætt til blóðs og lengra yrði ekki gengið í þeim efnum.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé alveg ljóst að jafnvel þótt sum sveitarfélög geti tekið að einhverju leyti til í sínum ranni standa þau flest hver mjög höllum fæti. Skuldir þeirra fyrir efnahagskreppuna leiða til þess að þau munu eiga enn erfiðara með að mæta þeim áföllum sem þau verða fyrir en ríkissjóður.

Þess vegna er kallað eftir því (Forseti hringir.) að sveitarfélögin séu eitt af þeim verkefnum sem ríkið þarf að sinna og gefa góðan tíma við endurreisn efnahagslífsins sem hlýtur að blasa við og taka við hjá okkur öllum.

[16:36]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Mér líður eiginlega bara illa yfir því hvað vinstri grænum líður hræðilega illa og hef ugg í brjósti mér vegna þess hvað þeim líður í raun illa. (Gripið fram í.) Svartsýni og bölmóður. (Gripið fram í.) Ég hef hlustað á tvær neikvæðar ræður í dag og er búinn að sitja á fjármálaráðstefnu í allan heila dag. Önnur var flutt áðan af hv. fyrirspyrjanda og hin var flutt af flokksbróður hans á fjármálaráðstefnunni. (Gripið fram í.)

Ástandið er ekki svona kolsvart. Ég held að fyrir höndum sé mikið verkefni hjá okkur alþingismönnum, sama hvar í flokki við stöndum — og eins sveitarstjórnarmönnum — að standa saman og vinna að þeim verkefnum sem þarf að vinna. Það er mjög mikið unnið í málefnum sveitarfélaga eftir þeirri aðgerðaáætlun sem gerð hefur verið. Það er rangt hjá hv. þingmanni að ekkert samráð sé um það. En það getur vel verið að vinstri grænir vilji hafa einn fund fyrir hádegi og annan eftir hádegi í samráði alla daga. Ég er ekki sammála því að þess þurfi.

Verið er að vinna farsællega að þessu. Sett var fram plan 17. október sem unnið er eftir. Ég skýrði frá nokkrum atriðum sem við erum þegar búin að gera. Eitt er reglugerðarbreyting (Gripið fram í.) sem kemur fram í frumvarpi sem verður lagt fram vonandi strax eftir kjördæmaviku og svo má lengi telja.

Varðandi 1.400 milljónirnar er rétt að það bíður afgreiðslu Alþingis, ekki á hinu nýja fjárlagafrumvarpi heldur endurskoðun þess, svo að ég leiðrétti mig hvað það varðar. En ég tók eftir því að sveitarstjórnarmenn voru mjög ánægðir með það sem hæstv. fjármálaráðherra sagði í lok ræðu sinnar í morgun. Ég vísa því til föðurhúsanna að ekki sé unnið með sveitarfélögunum enda kom það fram, virðulegi forseti, hjá formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga í morgun að hann fagnaði því og var ánægður með það samstarf og verður áfram unnið með þeim hætti.

Ég mun beita mér fyrir því að fundir með samráðsnefnd og öðrum ráðuneytum verði haldnir með forustu Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og þeir hafa óskað eftir (Forseti hringir.) og mun ekki standa á því.

[Fundarhlé. — 16:38]

[17:46]

Útbýting:

Atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa, 115. mál, þskj. 174.

Fjármálafyrirtæki, 119. mál, frhnál. minni hluta viðskn., þskj. 177.

Kolvetnisstarfsemi, 152. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 176.

Um fundarstjórn.

3. umr. um fjármálafyrirtæki.

[17:47]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Við höfum tekið nokkur mikilvæg málefni til umfjöllunar á Alþingi í dag og samþykkt frá okkur sem lög, m.a. um breytingar á Atvinnuleysistryggingasjóði og á Íbúðalánasjóði til að koma til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum. Hér er um að ræða kostnað fyrir ríkissjóð upp á 350 millj. kr. eða þar um bil. Til hliðar erum við með annan pakka. Við höfum — eða öllu heldur framkvæmdarvaldið — ráðstafað til bankanna tæpum 400 milljörðum kr., þar af um 200 milljörðum inn í peningamarkaðssjóði. 200 milljörðum, sagði ég, hvað er það? Það er eitt háskóla-

sjúkrahús á ári í tíu ár. Þetta gerir Alþingi með bundið fyrir augun, eða öllu heldur framkvæmdarvaldið spyr ekki Alþingi um samþykki fyrir þessum ráðstöfunum. (Forseti hringir.)

Hér kemur síðan frumvarp sem við höfum óskað eftir að verði skotið á frest. Breytingartillögur komu fram klukkan þrjú í dag ásamt meirihlutaáliti frá viðkomandi nefnd. Við höfum óskað eftir því að málið fái faglega og lýðræðislega umfjöllun á Alþingi. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð og ég mótmæli því fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að málinu verði þröngvað í gegnum þingið með þessum hætti.

[17:48]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Herra forseti. Ég ætla að mótmæla orðum hv. þingmanns um að málið sem verður til umræðu á eftir hafi ekki fengið lýðræðislega umræðu eða umfjöllun. Viðskiptanefnd fékk málið, frumvarpið, á föstudaginn og hefur fundað daglega um það og kallað eftir þeim gestum sem tök voru á. Ég geri mér grein fyrir að það er skammur tími, en ég held að hv. þingmenn Vinstri grænna þurfi að átta sig á að þetta er sérstakt mál við sérstakar aðstæður. Hér liggur beinlínis á að setja þessa löggjöf sem við erum að mælast til að verði sett sem allra fyrst.

Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins sagði á fundi viðskiptanefndar í morgun að óbreytt ástand væri tifandi tímasprengja. Frumvarpið sem við tölum nú fyrir og tölum vonandi fyrir á eftir snýst um að verja eignir bankanna og koma í veg fyrir að þær verði kyrrsettar, skaðaðar með einhverjum hætti úti í Evrópu, þannig að hér er á ferðinni frumvarp sem bjargar verðmætum. Það er með ólíkindum að á þingi sé einn stjórnmálaflokkur sem hefur það á stefnuskránni að koma í veg fyrir það. (Gripið fram í.) Ég skil ekki nálgun hv. þingmanna Vinstri grænna. (Gripið fram í.)

Ég vísa því til föðurhúsanna að hér hafi ekki verið sýnd lýðræðisleg vinnubrögð. Við höfum fundað daglega þessa viku um málið, tvisvar sinnum fengið fulltrúa frá réttarfarsnefnd, m.a. eftir ósk hv. þingmanns (Forseti hringir.) Vinstri grænna, og þannig hefur verið reynt að mæta þeim faglegu vinnubrögðum sem stóðu til boða í ljósi tímarammans sem fyrir hendi var, því hann var skammur.

[17:50]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég er farinn að skilja hvers vegna fólk safnast saman á Austurvelli á hverjum laugardegi (Gripið fram í.) og hvetur til að gengið verði til kosninga strax. Sjálfstæðisflokkurinn, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hefur þetta í flimtingum. Þetta eru kröfur sem fara vaxandi í þjóðfélaginu. Hvers vegna? Vegna þess að ríkisstjórnin er ekki starfi sínu vaxin. Við fengum sönnun þess í málflutningi frá hv. þm., varaformanni Samfylkingarinnar, hér fyrir stundu. Hv. þm. Atli Gíslason mun gera grein fyrir afstöðu sinni og okkar til málsins á faglegum forsendum.

Hæstv. forseti. Það er ekki Alþingi bjóðandi að framkvæmdarvaldið komi fram við okkur með þessum hætti. Ég mælist mjög eindregið til þess að málinu verði skotið á frest og fái faglega og lýðræðislega umfjöllun. Hér er um að ræða álitamál sem varðar stjórnarskrá landsins og (Forseti hringir.) hagsmuni íslensku þjóðarinnar. Við krefjumst þess að það fái betri og vandaðri umfjöllun en þetta. Breytingartillögurnar komu fram í þinginu klukkan þrjú í dag. Nú er klukkan að verða sex og þrír klukkutímar liðnir. En Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn ætla að þröngva þessu í gegn með þessum hætti. Þetta er ólýðræðislegt, ófaglegt og ekki Alþingi sæmandi.

[17:52]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum hófst hér umræða sem hv. stjórnarþingmenn Guðfinna Bjarnadóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir tóku þátt í og fordæmdu þau vinnubrögð sem væru í þinginu í ljósi ástandsins úti í þjóðfélaginu. Þeir sem voru með mál á dagskrá fengu yfir sig skammardembu.

Hv. þm. Guðfinna Bjarnadóttir hefur nú haft tækifæri til að sýna önnur vinnubrögð sem starfandi formaður í viðskiptanefnd undanfarna viku, og dapurlegt er að þurfa að segja að verri vinnubrögð hef ég ekki horft upp á, því að þetta er tvíþætt mál, annars vegar spurning um faglega afstöðu og hins vegar um vinnulag. Ég segi ykkur eins og er, hv. þingmenn og forseti, að ég fyrirverð mig fyrir þessi vinnubrögð og tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að ég skil vel að fólk safnist saman fyrir (Forseti hringir.) utan húsið. Þessi ríkisstjórn er ekki mönnum bjóðandi.

[17:53]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill að gefnu tilefni og vegna þessarar umræðu um fundarstjórn forseta taka fram að málið sem er á dagskrá og til umræðu hefur legið fyrir, eins og fram hefur komið, vegna ábendinga og athugasemda frá einum af hv. þingmönnum sem sæti eiga í hv. viðskiptanefnd. Forseti fór yfir málið þar sem ábendingar komu fram, en breytingartillaga og nefndarálit, bæði frá meiri hluta og minni hluta nefndarinnar, liggja fyrir þannig að fullkomlega eðlilega er að því staðið að málið komi til 3. umr. í ljósi umfjöllunarinnar sem það hefur fengið.

Það er hins vegar jafnan þannig að deilt er um mál á Alþingi og það er ekkert nýtt.

[17:54]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Málið sem stendur til að afgreiða er sett fram til að verja brýna hagsmuni. Í meðförum nefndarinnar hafa vissulega verið gerðar breytingar á því en þær hafa það að markmiði að verja enn frekar mikilvæga hagsmuni íslensku þjóðarinnar og erlendra kröfuhafa. Að baki liggur að farið verði með bú þau sem nú eru í höndum skilanefnda með ábyrgum hætti og að tryggt sé að þau verði ekki tætt sundur með tilviljanakenndum hætti af einstökum kröfuhöfum hér og þar um heiminn. Við erum að verja heildarhagsmuni íslensks almennings og kröfuhafa.

Mér er gersamlega óskiljanlegt að fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs skuli tala fyrir því að verðmætum sé spillt með þessum hætti. Ég held að mjög

muni fjölga í mótmælaher á Austurvelli ef hv. þingmenn Vinstri grænna fá ráðið og að hér verði (Forseti hringir.) verðmætum spillt og tjón almennings af því ástandi sem upp er komið verði meira en þegar er orðið.

[17:55]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Hér ræðum við í 3. umr. mál sem varðar þjóðarhagsmuni. Ég ætla að vitna í orðræðu mína í síðustu viku þar sem ég gagnrýndi vinnubrögð þingsins. Það sem ég gagnrýndi sérstaklega var að við verðum ekki nógu miklum tíma og hygðum ekki nógu vel að því sem varðaði fólkið í landinu. Ég verð að segja ykkur — og þér, virðulegi forseti, — að mér finnst að síðan hafi orðið á bragarbót. Við höfum nótt og dag hugað að málefnunum sem skipta okkur mestu máli. Hér erum við með hagsmuni þjóðar, almennings og kröfuhafa, hagsmuni okkar allra, virðulegi forseti. Þess vegna styð ég það að við klárum málið og vil benda á að vinstri grænir eru einangraðir í (Forseti hringir.) afstöðu sinni. (Gripið fram í.)

Fjármálafyrirtæki, 3. umr.

Stjfrv., 119. mál (leyfisbundin starfsemi þrotabús). — Þskj. 160, frhnál. 172 og 177, brtt. 173.

[17:57]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti frá meiri hluta viðskiptanefndar en málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umr. Hún hefur fjallað um málið á ný og fengið á sinn fund Áslaugu Árnadóttur frá viðskiptaráðuneytinu, Andra Árnason hæstaréttarlögmann, Rúnar Guðmundsson frá Fjármálaeftirlitinu, Einar Jónsson frá skilanefnd Landsbanka Íslands, Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá skilanefnd Kaupþings og Steinunni Guðbjartsdóttur frá skilanefnd Glitnis. Þá kom einnig á fund nefndarinnar Markús Sigurbjörnsson, formaður réttarfarsnefndar, og þar áður hafði Benedikt Bogason, starfsmaður réttarfarsnefndar, komið til nefndarinnar.

Eftir umræðu í nefndinni leggur meiri hluti hennar til frekari breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi leggur meiri hlutinn til að við frumvarpið bætist tvö ný ákvæði sem verða 5. og 6. mgr. 98. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í þeim felst annars vegar að óheimilt verði að höfða dómsmál gegn fjármálafyrirtæki meðan á greiðslustöðvun þess stendur, nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um sé að ræða opinbert mál og refsiviðurlaga sé krafist. Í öðru lagi er lagt til ákvæði sem heimilar að meðferð dómsmáls sem höfðað hefur verið á hendur fjármálafyrirtæki frestist, meðan á greiðslustöðvun þess fjármálafyrirtækis stendur, nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um sé að ræða opinbert mál og refsiviðurlaga sé krafist. Markmið með breytingum þessum er að tryggja að fjármálafyrirtæki í greiðslustöðvun þurfi ekki að óttast málshöfðun íslenskra eða erlendra kröfuhafa meðan á greiðslustöðvuninni stendur og unnið er að því að tryggja verðmæti eigna fyrirtækisins. Orðalag ákvæðisins er sótt í 116. gr. laga um gjaldþrotaskipti og fleira þar sem að hluta til áþekk regla gildir um þrotabú.

Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til viðbót við 3. mgr. 103. gr. laganna á þann hátt að frestdagur við gjaldþrotaskipti geti einnig miðast við tímamark greiðslustöðvunar á grundvelli 3. mgr. 98. gr eða við heimild til nauðasamninga á grundvelli 27. gr. laga um gjaldþrotaskipti og fleira. 103. gr. mun þannig fela í sér sérreglu um tímamark frestdags fjármálafyrirtækja. Gerir ákvæðið, með breytingum þessum, og breytingum á þskj. 140, ráð fyrir að frestdagur markist af hverju því tímamarki sem fram kemur í greininni og að ef ekkert þeirra tilvika eigi við skuli miða frestdag við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlits skv. 1. eða 2. mgr. 102. gr. laganna. Er með þessum viðbótum reynt að tryggja að frestir til riftunar og skuldajöfnuðar tapist síður, að frestdagur fjármálafyrirtækja verði afmarkaður skýrlega og að hann komi fram sem fyrst, en það er sérstaklega mikilvægt í tilfellum þar sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir stjórn á fjármálafyrirtæki.

Í þriðja lagi leggur meiri hlutinn til nýtt ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér að í þeim fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað skilanefnd á grundvelli 100. gr. a. skuli miða frestdag við gildistöku laga þessara. Er þessu ákvæði þannig ætlað að taka af tvímæli um að frestdagur í þessum tilfellum sé ekki afturvirkur.

Þá ræddi nefndin einnig á fundum sínum ábendingu frá skilanefnd Landsbanka Íslands um að réttaráhrif greiðslustöðvunar eins og þau eru skilgreind í 19. og 22. gr. laganna um gjaldþrotaskipti og fleira séu ekki nægilega skýr og ákveðin til þess að vekja erlendum kröfuhöfum traust um að fjármálafyrirtækin muni geta unnið að nýrri skipan fjármála og endurreisn eigna sinna í greiðslustöðvunarferlinu. Eftir umræður við viðskiptaráðuneyti og Fjármálaeftirlitið er það mat meiri hlutans að heimildir í 20. og 21. gr. laganna um gjaldþrotaskipti tryggi nægilega slík úrræði fjármálafyrirtækja undir greiðslustöðvun, þar á meðal ráðstafanir á eignum fyrirtækis ef slíkt er nauðsynlegt til þess að varna tjóni, þar á meðal fjárhagslegu tjóni.

Á fundi nefndarinnar kom auk þess fram sú athugasemd að betra kynni að vera að setja í lögin um fjármálafyrirtæki sérstakan kafla um greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja. Í ljósi þess að brýnir hagsmunir eru í húfi telur meiri hlutinn að óhjákvæmilegt sé að setja í lögin þau ákvæði sem í breytingartillögu þessari felast. Meiri hlutinn beinir því hins vegar til ráðuneytisins að hlutast til um gerð frumvarps sem feli í sér heildstæð ákvæði um greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja, er skapi fyllri og skýrari umgjörð um slíkt ástand til lengri tíma litið.

Á grundvelli framangreinds leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum þeim sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir þetta álit rita Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Birgir Ármannsson, Árni Páll Árnason, Birkir J. Jónsson, Jón Gunnarsson, Björk Guðjónsdóttir og Höskuldur Þórhallsson skrifar undir með fyrirvara en Guðjón A. Kristjánsson hv. þingmaður sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu, með fyrirvara.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi þessa þingfundar er um að ræða óvenjulegar aðstæður. Við stöndum frammi fyrir því að allir kerfisbankar Íslands hafa hrunið á mjög skömmum tíma og Ísland er að ganga í gegnum eina dýpstu banka- og gjaldeyriskreppu í áratugi.

Þingheimur sameinaðist um að samþykkja neyðarlög með stuðningi eða hjásetu allra stjórnmálaflokka, að mig minnir, á mjög skömmum tíma til að bregðast við því ástandi sem blasti við. Meginmarkmið neyðarlaganna var að tryggja að bankastarfsemi í landinu héldist áfram. Við afgreiddum þau lög úr viðskiptanefnd með þeim orðum í nefndaráliti að þau ættu að koma til endurskoðunar og að sjálfsögðu hvet ég til þess að sú endurskoðun hefjist fljótlega.

Hér er á ferðinni annað frumvarp um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki sem hefur líka mjög mikilvægt markmið. Það markmið er að bjarga verðmætum. Svo að ég taki af öll tvímæli þá erum við í meiri hluta viðskiptanefndar og í öllum stjórnmálaflokkum nema Vinstri grænum ekkert að leika okkur að því að afgreiða frumvarp á einni viku. Ég get tekið undir það að æskilegt er og betra að hafa meiri tíma til að fjalla um frumvörp og löggjöf. Ég er fyrsti maður til að viðurkenna það. Ég held að við séum öll sammála um það. En aðstæður geta krafist annarra vinnubragða. Neyðarlögin voru afgreidd á þessu þingi á sex klukkustundum. Það getur líka verið kostur lítils þings að geta brugðist mjög hratt við.

Við erum búin að taka um viku í þetta mál í viðskiptanefnd. Frá fyrsta degi var öllum nefndarmönnum ljóst að tíminn var atriði hér. Það var tímapressa á þessu máli. Við höfðum ekki allan þann tíma sem við vildum hafa. Það veit hv. þm. Atli Gíslason sem mun koma hér á eftir og eflaust fara mikinn í gagnrýni sinni á vinnubrögðin. (Gripið fram í.)

Allir þingmenn vissu að tíminn var atriði því að verðmæti voru í hættu. Mér finnst það ábyrgðarhluti að standa hér og kalla eftir frestun á málinu því að ég tel að við séum þá að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Jú, við gætum fengið fleiri gesti. Við gætum fengið skriflega umsögn frá réttarfarsnefnd. Við gætum fengið umsögn fleiri þingnefnda, t.d. allsherjarnefndar eins og hv. þm. Atli Gíslason hefur beðið um. Við getum tekið mánuð í þetta til að undirbúa okkur og tryggja að engir lekar séu á þessari löggjöf. En þá værum við að fórna meiri hagsmunum fyrir minni og það er það hagsmunamat sem allir stjórnmálaflokkar nema Vinstri grænir voru tilbúnir að fara í gegnum og taka ákvörðun um. (Gripið fram í.) Við tókum ákvörðun um að við ætlum að standa með þessari löggjöf sem er unnin hratt en hefur þann tilgang að bjarga verðmætum.

Hv. þingmenn Vinstri grænna sem voru í nefndinni, þeir skiptu um fulltrúa í miðri umfjöllun, vissu það mætavel (Gripið fram í.) — ég skal taka það til baka. Ég veit bara að fastur þingmaður í nefndinni, hv. þm. Jón Bjarnason, var ekki viðstaddur þegar málið var rætt í viðskiptanefnd. Burt séð frá því aukaatriði, það er ágætt að vinstri grænir hafi einhvern tíma rétt fyrir sér. Það kom fram í meðförum málsins að nú þegar eru menn farnir að kyrrsetja eignir íslensku bankanna. Nú þegar koma erlendir aðilar í veg fyrir að eðlilegt flæði fjármagns sé frá útlöndum til bankanna.

Þessi löggjöf, þetta frumvarp, gerir það kleift að nýta fyrirkomulag greiðslustöðvunar fyrir gömlu bankana. Ef bankarnir fara í greiðslustöðvun — sem þarf ekki að vera að allir þeirra geri, einhverjir munu gera það, hugsanlega tveir — eru þeir varðir. Þá eru gömlu bankarnir varðir fyrir slíkum tilburðum úti í hinum stóra heimi. Þeir eru varðir fyrir kyrrsetningunni sem er að skaða eignirnar, sem er að rýra verðmæti þeirra. Þess vegna er frumvarpið hingað komið. Þess vegna fær það tiltölulega skjóta meðferð hér á þingi.

Við höfum einnig komið í veg fyrir að bankarnir fari beint í gjaldþrotaslit heldur geti starfað með takmörkuðu starfsleyfi í greiðslustöðvun þannig að þeir hafi tíma til að endurskipuleggja sig og bjarga verðmætum. Þetta skiptir miklu máli. Ef íslenskur banki, gömlu bankarnir, fara í þessa greiðslustöðvun, í þetta greiðslustöðvunarfyrirkomulag, nær sú vernd yfir allt EES-svæðið. Það skiptir gríðarlega miklu máli.

Við erum einnig að gera aðrar breytingar í frumvarpinu, margar hverjar smávægilegar og praktískar. Við erum að lengja hér fresti til að mæta þessum óvenjulegu aðstæðum. Það er ekki gert á kostnað kröfuhafa eða eins eða neins. Við sjáum einfaldlega að núgildandi frestir henta ekki svona stóru búi. Einnig er um að ræða praktískar breytingar sem lúta að tilkynningu til kröfuhafa. Við höfum um 420 þús. kröfuhafa. Það krefst viðbragða af hálfu löggjafans að bregðast við þeirri stöðu og þess vegna erum við einnig að breyta þeim lögum.

Frumvarpið er öllum aðilum máls í hag. Það er kröfuhöfum í hag. Það er skattgreiðendum í hag. Það er ríkinu í hag vegna þess að markmið okkar og þessi löggjöf mun gera það kleift að hámarka virði þeirra eigna sem þó eru til. Það hlýtur að vera kappsmál sérhvers þingmanns, líka þingmanna Vinstri grænna, að við fáum sem mest fyrir þær eignir sem eftir eru í bönkunum. Við stöndum hugsanlega frammi fyrir miklum skuldbindingum vegna ýmissa atriða sem fóru úrskeiðis, m.a. Icesave-reikninganna, og því skiptir miklu máli að einhverjar eignir séu á móti til að mæta þeim skuldbindingum.

Kosturinn við greiðslustöðvunarfyrirkomulagið, sem við gerum hér bönkunum kleift að fara í, er í fyrsta lagi að fjármálafyrirtæki fara þá ekki í slit, fara ekki í gjaldþrotaskipti. Það skiptir miklu máli. Bankarnir geta lifað áfram og með því er ég ekki að segja að þeir ætli að hefja hér einhvern útibúsrekstur eða taka á móti innlánum heldur geti endurskipulagt sig með takmörkuðu starfsleyfi. Ef þeir missa starfsleyfið, samkvæmt núgildandi lögum, þurfa þeir að fara til gjaldþrotaskipta. Það er í þessari endurskipulagningu sem þeir hafa tækifæri, gömlu bankarnir, að hámarka eignirnar. Við gjaldþrotaskipti falla sömuleiðis lán og kröfur á gjalddaga.

Minnst var á það af þingmönnum hér við 2. umr. að frumvarpið væri ekki minni kröfuhöfum í hag. Ég vil mótmæla þeirri fullyrðingu. Ég fullyrði að verið sé að breyta lögunum á þann veg að þau gagnist kröfuhöfum betur. Verði frumvarpið að lögum geta gömlu bankarnir óskað greiðslustöðvunar. Í máli þeirra á fundum viðskiptanefndar hefur komið fram að þeir telja að með því að fara í greiðslustöðvun geti þeir hámarkað það verð sem mögulegt er að fá fyrir eignirnar og kröfuhafar eigi þá meiri mögu-

leika á að fá greiðslur upp í kröfur sínar. Til að mögulegt sé að gömlu bankarnir geti óskað eftir greiðslustöðvun þarf að taka 6. tölulið 2. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti og fleira úr sambandi. Það gerum við með þessari lagasetningu, og einnig 4. tölulið — ég vil hins vegar draga það fram að 4. tölulið var í rauninni tekinn úr sambandi með neyðarlögunum.

Við erum að koma í veg fyrir að skilyrði núgildandi laga um greiðslustöðvun sé ekki fullkomlega uppfyllt og dómari hafni einfaldlega ósk um að tiltekinn banki fari í greiðslustöðvun. Við erum að gera það greiðari leið fyrir gömlu bankana að fara í það fyrirkomulag sem kallað er eftir, í það fyrirkomulag sem gerir bönkunum kleift að fá þann tíma sem þarf til að verja eignirnar.

Kröfuhafar sem hafa átt fundi með skilanefndum og Fjármálaeftirlitinu hafa lagt mikla áherslu á að farið verði með gömlu bankana í lögformlegt ferli sem allir þekkja eins og greiðslustöðvun eða nauðasamninga, þannig telji kröfuhafar rétt sinn betur tryggðan þar sem ferlið sé gagnsærra og farið eftir reglum sem allir þekkja. Ákvæði frumvarpsins eru því fyrst og fremst kröfuhöfum til góða en líka skattgreiðendum sem þurfa hugsanlega að mæta skuldbindingum þessara sömu banka. Þetta er að mínu mati „win-win“-staða fyrir þessa aðila máls og því er andstaða eins stjórnmálaflokks á þingi við það óskiljanleg.

Herra forseti. Ég veit að það er umdeilt að breyta löggjöf, allri löggjöf. Það er alltaf umdeilt að breyta löggjöf, sérstaklega kannski í því ástandi sem nú er. Það getur verið umdeilanlegt að breyta gjaldþrotaákvæðum með þeim hætti sem við gerum hér. Það var markmið okkar í nefndinni að hrófla sem minnst við þessu ferli, hrófla sem minnst við lögunum. En eins og ég sagði í upphafi máls míns kölluðu þeir hagsmunir sem í húfi eru einfaldlega á að við stigjum það skref sem talað er um í frumvarpinu. Það versta í stöðunni hefði verið að gera ekki neitt og það hefði líka verið vont að tefja málið.

Hæstv. forseti. Við gerum okkur grein fyrir því að með því að taka aðeins viku í meðferð málsins geti ýmislegt þurft að koma til endurskoðunar, við viðurkennum það. Í neyðarlögunum voru endurskoðunarákvæði og við setjum einnig ákvæði í nefndarálit meiri hlutans um að hlutast verði til um gerð frumvarps sem feli í sér heildstæða ákvörðun um greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja. Það mun síðan skapa fyllri og skírari umgjörð um slíkt ástand til lengri tíma litið.

Við munum að sjálfsögðu skoða þessa löggjöf aftur. Við munum fara í heildstæða nálgun. Það þarf að mæta þessum álitaefnum með heildstæðum hætti, ég get tekið undir það. Nú er hins vegar tími til að bregðast við því að við stjórnum ekki þeim aðgerðum sem eiga sér stað úti í heimi. Það eru aðrir sem taka þar ákvarðanir og við stöndum frammi fyrir gífurlegum eignabruna ef við sitjum hér aðgerðalaus eða tökum enn fleiri daga í að taka ákvarðanir. Hversu mikið sem við mundum vilja það er sá tími ekki fyrir hendi. Ég tel að það sé hreinskilnislegt að viðurkenna það. Það er hagsmunamat okkar í meiri hlutanum að með þessum hætti náum við að verja eignir og mæta hagsmunum íslenskra skattgreiðenda best miðað við þær aðstæður sem nú eru.

[18:14]

Frsm. minni hluta viðskn. (Atli Gíslason) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti minni hluta viðskiptanefndar vegna frumvarps um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki.

Forsaga þessa máls er ekki löng en að gefnu tilefni er full ástæða til að rifja hana upp vegna ásakana um að við séum hugsanlega að tefja mál eða gera annað slíkt eða við séum hugsanlega að horfa fram hjá þjóðarhagsmunum og þar fram eftir götunum, sem eru algjörlega tilhæfulausar ásakanir í garð þess fulltrúa í viðskiptanefnd sem hér stendur. Það er dapurlegt að heyra þær koma hér fram þegar ég hef unnið að þessu máli af samviskusemi og þeirri þekkingu sem ég hef til að bera sem lögmaður. Mér finnst það óásættanlegt.

Þann 6. nóvember 2008 mælti viðskiptaráðherra fyrir tiltölulega einföldu frumvarpi um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, frumvarpi sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs studdi með ákveðnum veigamiklum fyrirvörum eða spurningum. Það var ekki flóknara.

Á fundi viðskiptanefndar rúmum hálfum sólarhring síðar voru kynntar til sögunnar af fulltrúum framkvæmdarvaldsins, viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins og enn fremur af skilanefndum bankanna breytingar sem minni hlutinn taldi út frá faglegri skoðun að ekki hefðu verið skoðaðar í víðara samhengi og gætu haft afdrifaríkar afleiðingar. Ég fullyrði að með þessum breytingum hálfum sólarhring síðar tók frumvarpið stakkaskiptum, það breytti algjörlega um eðli. Ég hélt að tilgangur neyðarlaganna hefði verið að slíta þessum bönkum en ekki að þeir lifðu áfram. En allt í einu kom það upp þennan föstudag sem nefndin fundaði að þeir áttu að lifa áfram. Hvað breyttist?

Á fundi viðskiptanefndar — ég hafði krafist þess að leitað yrði álits réttarfarsnefndar — benti Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd á ýmsa annmarka á frumvarpinu, með þessum áorðnu breytingum vel að merkja, og sagði það koma sér spánskt fyrir sjónir. Hann lýsti enn fremur því sjónarmiði sínu að menn væru að fara yfir á varhugaverðar brautir. Hann orðaði það þannig — ég vænti þess að hv. nefndarmenn í viðskiptanefnd leiðrétti mig fari ég með rangt mál — að viðskiptanefnd, ríkisstjórnin væri að fara inn á sprengjusvæði. Það voru orðin.

Ég tek mark á réttarfarsnefnd, ég tek mark á Benedikt Bogasyni og Markúsi Sigurbjörnssyni. Ég tek mark á færustu réttarfarssérfræðingum landsins. Þegar ég heyri slík orð geld ég varhuga við og vil vanda þetta frumvarp.

Enn voru gerðar breytingar á upphaflega frumvarpinu og á breytingum sem lagðar höfðu verið fram, og af ákveðnum fulltrúum meiri hluta viðskiptanefndar hafa þessar breytingar verið kallaðar bútasaumur. Einnig hefur orðið skyndilausnir verið notað um þessar breytingar.

Minni hluti viðskiptanefndar skilaði ítarlegu nefndaráliti fyrir 2. umr. um frumvarpið og ég leyfi mér að vísa til þess að því er varðar þann rökstuðning sem þá lá fyrir og til ræðu minnar við 2. umr. frumvarpsins. Þar reifaði ég álitið, ítrekaði fyrri kröfur og krafðist þess jafnframt að enn og aftur yrði leitað eftir skriflegri umsögn réttarfarsnefndar og hún yrði kölluð fyrir. Það var nefnilega svo að þegar ritari

réttarfarsnefndar kom fyrir nefndina var lítt sem ekkert hlustað á hann, það var svo. Ég hafði af því áhyggjur að ekki skyldi vera hlustað, að menn hefðu ekki eyrun galopin yfir alvarlegum ábendingum ritarans. Ég fylgdi þessari kröfu eftir, um formlega umsögn réttarfarsnefndar og/eða að hún kæmi fyrir viðskiptanefnd, með tölvupóstum til varaformanns viðskiptanefndar 12. nóvember 2008 og óskaði jafnframt eftir tilgreindum skjölum, aðallega frá erlendum kröfuhöfum. Ég fór þess líka á leit eða krafðist þess í tölvupósti til formanns allsherjarnefndar að nefndin tæki málið til umfjöllunar enda frumvarpið með þeim veigamiklu breytingum sem mælt var fyrir um á gjaldþrotaskiptalögum o.fl. á verksviði allsherjarnefndar. Frumvarpið hafði breytt eðli sínu og var orðið allsherjarnefndarfrumvarp en ekki viðskiptanefndarfrumvarp eða frumvarp fyrir sameinaðar nefndir. Þessum tölvupóstum, herra forseti, hefur ekki verið svarað og ég skil það ekki. Mér finnst mér sýnd óvirðing þegar tölvupóstum frá mér og jafnvel ítrekuðum er ekki svarað.

Boðað var til nýs fundar í viðskiptanefnd klukkan 18 12. nóvember 2008 sem síðar var afboðaður og ég hygg vegna ítrekaðrar kröfu okkar sem borin var að ég held upp á fundi forsætisnefndar um að formaður réttarfarsnefndar kæmi fyrir nefndina. Ég taldi það afar brýnt út frá lögfræðilegum, réttarfarslegum og faglegum sjónarmiðum. Það eina sem vakti fyrir mér var að frumvarpið yrði þannig úr garði gert að það yrði öruggt í framkvæmd því að mikil verðmæti eru í húfi. Það vita allir.

Á þennan fund í morgun mættu fulltrúar viðskiptaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins og Markús Sigurbjörnsson, formaður réttarfarsnefndar. Ég ætla rétt að rekja það sem fram kom á þessum fundi án þess að nafngreina þá sem viðhöfðu þau ummæli, en það kom fram að erfitt væri að sjá hvert stefnt væri með frumvarpinu, hvað kallaði á framkomnar skyndibreytingar, bútasauminn, hverju greiðslustöðvun gæti eða ætti að geta áorkað og hvers vegna mælt væri fyrir afnámi 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Var bent á að um grundvallarákvæði væri að ræða sem endurspegluðu tilgang greiðslustöðvunar. Það kom enn fremur skýrt fram á þessum fundi að 19., 20. og 21. gr. gjaldþrotaskiptalaga settu verulegar hömlur við meðferð eigna og greiðslu skulda í greiðslustöðvunarferlum. Greiðslustöðvunarferli er eingöngu endurskipulagningarferli. Það má ekki ráðstafa eignum, það má ekki greiða skuldir. Í andsvörum gesta á fundi var vísað til vilja erlendra kröfuhafa um að bankarnir færu í greiðslustöðvun og síðar í hugsanlega nauðasamninga og hér væri um neyðarráðstöfun að ræða.

Herra forseti. Lagður hefur verið fram útdráttur úr lögfræðiáliti lögmanna í Bretlandi sem fylgir minnihlutaálitinu sem fylgiskjal. Þar kemur ekki fram sérstakur rökstuðningur þessarar bresku lögmannsstofu fyrir greiðslustöðvun, þvert á móti. Þar er tekinn fram vilji hinna erlendu kröfuhafa um skipulagða niðurlagningu bankans, ekki að hann lifi áfram heldur skipulagða langtíma niðurlagningu bankans til að gæta þeirra hagsmuna sem í húfi eru og mér eru vel kunn. Það sem vilji þeirra stóð til og stendur til samkvæmt þessu bréfi er andstætt 19., 20. og 21. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Í bréfinu er talað um „orderly run down“ og „ability to trade“. Það er sem sagt verið að tala um að ráðstafa eignum, borga kröfur og þar fram eftir götum sem greiðslustöðvun heimilar ekki. Hér er verið að samþykkja frumvarp sem mælir fyrir um 24 mánuði í greiðslustöðvun. Frumvarpið er sem sé ekki í samræmi við vilja þessara erlendu kröfuhafa þótt það sé borið hér á borð. Flóknara er það nú ekki.

Spurt var á fundinum hvað fengist út úr greiðslustöðvun sem ekki væri unnt að ná út úr skilanefndum á grundvelli 100. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki. Það var líka vakin athygli á annmörkum ákvæða frumvarpsins um svonefndan frestdag sem varð tilefni til þess að meiri hluti viðskiptanefndar hyggur á breytingar og frekari bútasaum á frumvarpinu sem nú leit dagsins ljós um klukkan hálfþrjú í dag. Það var sá tími sem mér gafst, frá hálfþrjú, til að gaumgæfa meirihlutaálitið og gaumgæfa þessar nýju breytingar. Sú niðurstaða mín af þeirri skoðun er heldur dapurleg.

Gestir á fundinum bentu á að greiðslustöðvun mundi tryggja að ekki yrði gengið að eignum bankanna á Evrópska efnahagssvæðinu en sama gildir ef bankarnir hefðu verið teknir til gjaldþrotaskipta. Það kom fram á fundinum að Fjármálaeftirlitið muni ásamt skilanefndum, komi til greiðslustöðvunar sem getur staðið eins og ég sagði áðan í allt að tvö ár, reka umrædda banka. Þar er ég alveg kominn í kross, þar er réttlætiskennd minni, lögfræðiþekkingu og sómatilfinningu misboðið. Hvernig á það að geta gerst að Fjármálaeftirlitið og skilanefndir í umboði þess reki banka í greiðslustöðvun í allt að tvö ár og hafi á sama tíma eftirlit með bankanum? Þá spyr maður eins og grísku heimspekingarnir: Hver á að hafa eftirlit með eftirlitsmönnunum í þessu tilviki? Það er ekkert slíkt. Og það var ekki vilji neyðarlaganna að hlutverki Fjármálaeftirlitsins yrði afmarkaður jafnlangur tími að aðkomu bankanna og nú á að verða raunin. Maður spyr: Hvað er að gerast þar? Hver er tilgangurinn? Einhver segir að þetta sé valdabarátta formanns stjórnar Fjármálaeftirlitsins og seðlabankastjóra. Ég veit ekkert um það en það heyrist ýmislegt. Það er mjög vandséð hvernig þetta, að eftirlitið reki banka, fer saman, jafnvel þótt til komi aðstoðarmaður á greiðslustöðvunartíma sem frumvarpið mælir um að sé ábyrgðarlaus, þ.e. hann ber ekki ábyrgð nema vegna stórkostlegs gáleysis eða ásetnings.

Gestir töldu að ávinningur fælist í því að tryggð yrði vernd gagnvart erlendum kröfuhöfum og ég er sammála því, en það er hægt að ná því og bregðast við því með öðrum og einfaldari hætti. Ég verð að segja alveg eins og er að þær að lýsingar sem komu fram af hálfu fulltrúa viðskiptaráðuneytisins eða einkum Fjármálaeftirlitsins og lögmanns þess urðu til þess að bent var á að ráðagerðirnar væru andstæðar ákvæðum 19., 20. og 21. gr. gjaldþrotaskiptalaga sem ég hef gert að umtalsefni, þ.e. að ekki megi ráðstafa eignum, ekki megi greiða skuldir. Greiðslustöðvun er frystikista, er lögfræðileg frystikista þar sem ekkert á að gerast nema endurskipulagning. Í dag er tími aðgerða, ekki að endurskipuleggja og endurskipuleggja, aðgerðir verða að fylgja nákvæmlega eins og vilji hinna erlendu kröfuhafa stendur til og ég lýsti með tilvísun í bréf þeirra.

Í framhaldi af þessu, eftir að búið var að ræða hvaða ráðstafana ætti að grípa til, fannst mér vera bakkað á fund-

inum og sagt að það ætti bara að fara í endurskipulagningu en ekki grípa til neinna ráðstafana, sem eru brýnar. Það verður að fara saman endurskipulagning og ráðstöfun, úrræði í stöðunni. Svona staða kallar á mjög skjótvirk úrræði þar sem fara saman skipulagning og viðbrögð. Og þetta telst ekki, herra forseti, í samræmi við vilja hinna bresku kröfuhafa sem ég hef vísað til áður.

Þeirri skoðun var lýst af gesti að hugsa yrði málið upp á nýtt, sérstaklega í ljósi hinna rýmkuðu fresta innan greiðslustöðvunar sem nú eru lagðir til í frumvarpinu, og skapa tryggt lagaumhverfi. Undir þessi sjónarmið tóku fulltrúar viðskiptaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins en sá kengur var á málinu að þeir töldu að það tæki of langan tíma og brýnt væri að afgreiða frumvarpið sem fyrst sem lög frá Alþingi. Skyldi það standast?

Minni hlutinn telur meinta tímapressu, sem er í rauninni lítt rökstudd, ekki réttlæta þau vinnubrögð sem hér eru höfð uppi vegna þess að greiðslustöðvunin sem á að fara út í og annað tryggir ekki og hefur ekki heimild til ráðstafana. Ég tel sjálfur að hægt sé að tryggja þá hagsmuni sem eru í húfi sem ég hef áður sagt að ég viðurkenni, að unnt sé að vernda hinar erlendu eignir með einfaldri lagabreytingu án þess að raska grundvelli gjaldþrotaskiptalaga.

Vakin var athygli á því við gesti að frekari breytingar yrði að gera á frumvarpinu og lögum um fjármálafyrirtæki og gjaldþrotaskipti ef takast ætti að ná markmiðum frumvarpsins. Það voru orð formanns réttarfarsnefndar, ekki orðrétt væntanlega en það var inntakið í orðum hans. Og hann ítrekaði sérstaklega að í greiðslustöðvun fælist endurskipulagning fjármála en ekki aðgerðir sem staðan kallaði á og tók aftur fram að það væri óheimilt að ráðstafa eignum og greiða skuldir. Hann lýsti þeirri skoðun að unnt væri að semja og setja fullnægjandi lagaákvæði á tiltölulega skömmum tíma þó að frumvarpið með áorðnum breytingum tryggi ekki traust lagaumhverfi. Annað kom líka fram og það er þversögnin í frumvarpinu, þ.e. að heimila greiðslustöðvun þegar önnur ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og ákvæði hlutafélagalaga gera Fjármálaeftirlitinu það skylt að biðja um frest. Það þarf sem sagt að taka inn fleiri ákvæði til að sú leið sem frumvarpið vill fara, ætlar sér að fara, verði virk.

9. gr. laga um fjármálafyrirtæki skyldar Fjármálaeftirlitið til að afturkalla starfsleyfi ef eigið fé er orðið undir ákveðnu hlutfalli af hlutafé sem sannanlega liggur fyrir. Það er ótvírætt að eigið fé þessara banka er komið undir það hlutfall sem 9. gr., 2. tölul. 1. mgr., mælir fyrir um. Skylda Fjármálaeftirlitsins samkvæmt því ákvæði er virk. Það varð að taka það ákvæði úr sambandi gagnvart fjármálafyrirtækjum, gagnvart þessum þremur bönkum. Það var ekki gert.

Ég vil líka árétta það sem kemur fram í minnihlutaálitinu sem lagt var fram við 2. umr., að ákvæði 101. gr. og 102. gr. sömu laga segja að Fjármálaeftirlitinu sé skylt að gera kröfu um gjaldþrotaskipti ef eignir hrökkva ekki fyrir skuldum. Þar er vísað m.a. í 2. tölul. 101. gr. sem mælir fyrir um þessa skyldu ef samþykktir bankanna setja þá kröfu á stjórnendur. Sú er raunin. Þá kröfu er bæði hægt að lesa út úr samþykktum og hún er algjörlega skýr í hlutafélagalögum um viðbrögð stjórnenda. Það þurfti að laga þessa grein líka og bregðast við þessu.

Það kom líka fram á fundinum að breyta þyrfti 1. gr. frumvarpsins vegna þess að 1. gr., um starfsleyfið, tekur eingöngu til gjaldþrotaskipta en ekki greiðslustöðvunar. Það er tekið fram að veita megi gjaldþrota fyrirtæki starfsleyfi takmarkað en það er ekki tekið fram að slíkt megi gera í greiðslustöðvun. Og, frú forseti, hvernig má það vera að bankarnir starfi áfram í greiðslustöðvun og hafi ekki undanþágu samkvæmt frumvarpinu til að starfa? Á þetta var bent í morgun. Þetta er ágalli.

Þær ábendingar og aðvaranir sem þarna komu frá formanni réttarfarsnefndar um tryggara lagaumhverfi fyrir óljósar, sem ég segi, fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar og Fjármálaeftirlitsins, hafa ekki verið teknar til greina að frátöldum athugasemdum um frestdag. Því miður hafa þær breytingar ekki tekist. Ég kem betur að því síðar.

Það gerist svo, sem sýnir hversu mikið var hlustað á formann réttarfarsnefndar, að strax og gestir höfðu gengið af fundi nefndarinnar lagði formaður nefndarinnar fram fullgert nefndarálit sem reyndist vera drög sem búið var að semja áður. Áður en hann fékk að tjá sig, áður en hann kom með sínar réttmætu athugasemdir. Það var ekki gott. Ég ítreka þessi viðvörunarorð og fyrri viðvörunarorð í minnihlutaáliti Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Svo kem ég að því að minni hlutanum barst, eins og ég sagði áðan, nýtt álit meiri hlutans og nýjar breytingartillögur um klukkan hálfþrjú í dag. Þar er í breytingartillögum við 2. gr., hv. formaður viðskiptanefndar — ég bið hv. þingmann að taka eftir því sem ég segi — í nýjum breytingartillögum við 2. gr. er lögfest ákvæði 116. gr. gjaldþrotalaga. Þar er orðrétt tekin upp 116. gr. Það gleymist hins vegar í frumvarpinu að lögfesta 117. gr. Hvað þýðir það? Það er búið að banna mönnum að höfða dómsmál. Það er búið að taka af mönnum réttindin sem stjórnarskráin ver, 70. gr., að hver maður geti leitað úrlausnar dómstóla um réttindi sín. Í 116. gr. gjaldþrotaskiptalaga er hægt að banna dómsmál gagnvart þrotabúi en það er ekki lokað fyrir dómstólaleiðina eins og hér er gert heldur er í 117. gr. opnað fyrir kröfulýsingar í þrotabú. Þær kröfulýsingar geta sætt andmælum og kærum og endað með dómi Hæstaréttar. Það er opin leið. Meiri hluti hv. viðskiptanefndar segir bara a og gleymir að segja b. Ég kalla þetta, með fullri virðingu fyrir hv. meiri hluta viðskiptanefndar, delluverk eða vanhugsað. Þetta var ekki hugsað til enda, það var ekki hugsað til enda að þetta gæti haft þessar afleiðingar. Þess vegna brást ég þannig við í dag að ég óskaði eftir að þessum fundi yrði frestað og við mundum skoða þau álitaefni sem þarna komu upp og álitaefnin sem komu upp hef ég á þessum stutta tíma borið undir þrautreynda lögmenn og fleiri sem staðfesta að þarna er 70. gr. stjórnarskrárinnar í húfi. Það er ekki gott fyrir Alþingi. Verið er að taka stjórnarskrárbundinn rétt einstaklinga og lögaðila til að leita til dómstóla um ágreining auk annarra frávika.

Það eru önnur frávik í þessari grein sem eru klúður. Það mistekst að innleiða réttilega ákvæði um frestdag. Reynt er að innleiða ákvæði um frestdag en það er ekki í anda gjaldþrotaskiptalaga. Frestdagur þarna er miðaður við að dómur sé uppkveðinn en frestdagur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum er þegar maður leggur beiðnina um greiðslustöðvun

fyrir. Það getur munað í tíma sem skiptir verulegu máli til að koma riftunum að.

Þarna hefur orðalagi verið klúðrað eða einhverju slíku eða ekki hlustað nægilega grannt á þær ábendingar sem komu fram á fundi nefndarinnar í morgun. Þetta vildi ég leiðrétta. Ég skynja mikilvægi málsins. Ég skynja að mikilvægi málsins er það gríðarlegt að lagagrundvöllurinn verður að vera í algjöru lagi. Það skynja ég vegna þess að við eigum við að etja mjög öfluga erlenda kröfuhafa sem hafa yfir miklu fé að ráða og öflugum sveitum lögmanna og þá er eins gott að vanda sig. Þess vegna geri ég kröfu til þess, frú forseti, eftir að hafa skoðað breytingartillögurnar þennan stutta tíma og fengið þessar efasemdir studdar rökum og viðtölum, að umræðu um málið verði frestað og málinu vísað á nýjan leik til viðskiptanefndar. Ég er tilbúinn að koma í það verk hvenær sem er og að við tökum þessar ambögur af sem geta verið afdrifaríkar, ótrúlega afdrifaríkar.

Ég held því líka fram, frú forseti, að þetta frumvarp með áorðnum breytingum stangist á við tilgang neyðarlaganna, nr. 125/2008. Ég fullyrði það og held því statt og stöðugt fram að neyðarlögin höfðu ekki þann tilgang að halda lífi í bönkunum. Og ég ítreka að innan gjaldþrotaskipta er hægt að ná öllum markmiðum sem hv. meiri hluti viðskiptanefndar stefnir að og gott betur, eða að skapa á tveimur, þremur dögum lagaumhverfi þar sem fara saman kostir gjaldþrotaskipta og greiðslustöðvunar í blönduðu frumvarpi sem tekur beinlínis á þessu umhverfi bankanna sem eru stór fjármálafyrirtæki. Þetta er óvenjulegt gjaldþrot þannig að e.t.v. kunna gjaldþrotalögin ekki að henta algjörlega óbreytt og það er sannarlega svo að greiðslustöðvun og nauðasamningar, að óbreyttum lögum og viðbótarbreytingum, henta ekki fullkomlega þessum sérstöku aðstæðum en þessum markmiðum, sem ég geri ekki lítið úr og ítreka það, var hægt að ná innan gjaldþrotaferils og gott betur.

Það virðist sem hagsmunir hinna erlendu kröfuhafa ráði för og það sem verra er, það er enn allt á huldu með vilja ríkisstjórnarinnar til framtíðarskipunar bankamála í landinu. Við blasir sú hætta að veikburða og bútasaumaðar skyndilausnir meiri hluta viðskiptanefndar verði vopnabúr dómsmála. Ég tek fram að í fyrsta lagi er allsendis óvíst hvort lagaskilyrðum fyrir greiðslustöðvun sé fullnægt. Það er allsendis óvíst. Ég hef bent á lagaákvæði þess efnis og að það þurfti að gera aðrar breytingar. Í öðru lagi mæla lög enn um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að gera kröfu um gjaldþrotaskipti sem eru ósamrýmanleg frumvarpinu. Það þurfti að laga það. Og í þriðja lagi og það ítreka ég, það má búast við hatrömmum málaferlum frá hendi erlendra sem innlendra kröfuhafa þar sem þess verður hugsanlega krafist að greiðslustöðvun verði hnekkt. Hagsmunirnir þola það ekki að þessu ferli verði hnekkt. Við eigum að gera allt sem bestu augu landsins í réttarfari ráðleggja okkur. Við eigum að horfa og hlusta á það, gera þetta eins faglega og hægt er og enn og aftur út af þeim gríðarlegu hagsmunum sem eru í húfi.

Það mætti bæta fleiru við hér en ég fullyrði það og segi hér að frumvarpið með áorðnum breytingum er enn vanhugsað og það hefur orðið vanhugsaðra með breytingunum sem lagðar voru fram í dag og það er ófaglegt og það gengur gegn mannréttindum um aðgengi að dómstólum. Sú hætta er fyrir hendi. Þá er lagasmíðin auðvitað í hróplegri andstöðu við þessa handbók hér, um undirbúning og frágang lagafrumvarpa. En jafnvel þótt tíminn til stefnu sé stuttur og mikið liggi við þá er hægt að hafa vandaða vinnu í gangi.

Það er verið að feta vafasamar slóðir, það er verið að fara inn á jarðsprengjusvæði sem kann að valda stórfelldu tjóni og kann líka að eyðileggja grundvöll neyðarlaganna. Og ég segi líka að í uppsiglingu sé réttarfarslegt slys. Ég benti á jafnræðisregluna í fyrri ræðu minni við 2. umr. og Vinstri hreyfingin – grænt framboð lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni vegna þessa máls og mun greiða atkvæði gegn því.

Hér gildir hið fornkveðna: Ei veldur sá er varar. Ég hef lagt í þetta mál alla mína reynslu og alla mína þekkingu. Ég hef ekki farið fram á flokkspólitískum grunni til að skemma fyrir einhverjum heldur af áhyggjum af hagsmunum þjóðarbúsins, hagsmunum einstaklinga í landinu og hagsmunum þess að geta komið í veg fyrir atvinnuleysi í landinu vegna þessa hruns sem við höfum orðið fyrir.

[18:45]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég beið eiginlega eftir þessu hefðbundna dissi á þingmenn Vinstri grænna eftir ræðuflutninginn. En hér situr hnípinn þingheimur í nokkrum vanda. Eftir að hafa hlustað ítarlega á umræður tel ég að verr sé af stað farið en heima setið í þessum efnum og enn sé allt á huldu um tilgang handarbaksvinnubragðanna. Talað er um að verið sé að reyna að hámarka virði eigna í bönkunum. Áðan var gefið í skyn að það væri eitthvað sem við þingmenn Vinstri grænna vildum alls ekki — ætli við séum ekki á móti þjóðarhag eða einhverju slíku, hagsældinni eða einhverju, ég veit það ekki.

Hv. þm. Atli Gíslason hefur dregið upp að þessi handarbaksvinnubrögð. Þessi bútasaumur, geti hæglega endað sem vopnabúr í höndum kröfuhafa og orðið tilefni endalausra málaferla. Greiðslustöðvunin sem þetta á að tryggja — sem er vilji meiri hlutans hefði ég haldið — standist jafnvel ekki vegna þess að menn hafa ekki gefið sér tíma til að vinna heimavinnuna sína og verið svo hrokafullir að þeir hafa algerlega neitað að hlusta, ekki bara á þessa vondu, vitlausu þingmenn Vinstri grænna heldur líka á réttarfarsnefnd. Þingið er svo illa sett að það hefur ekki einu sinni vilja til að taka mál til umræðu í allsherjarnefnd þingsins þegar óskað er eftir því sérstaklega. Því er ekki einu sinni ansað. Hv. formaður allsherjarnefndar ansar ekki beiðni um slíkt. (**Gripið fram í:** Ég hef ekki fengið ...) Þá er eitthvað að tölvupóstfangi. (Gripið fram í.) Já, athyglisvert er ef tölvupóstur innan þingsins berst ekki með réttum hætti. Ítrekað hefur verið tekið fram í umræðunni að óskað hafi verið eftir því að allsherjarnefnd væri kölluð saman. Það er líka ósk þegar hún er borin fram úr ræðustól, hv. formaður allsherjarnefndar.

Ég segi aftur að menn vita ekki hver tilgangurinn með aðgerðunum er, þessu ónýta tæki sem meiri hlutinn virðist vera að smíða sér. Ýmislegt heyrist, eins og hv. þm. Atli Gíslason sagði, um af hverju menn eru að þessu. Eðlilegt er

að svo sé þegar ekki er gengið hreint til verks og sagt hver stefnan er eða hvað menn vilja. Þegar menn fela alltaf aðgerðir sínar og ráðagerðir fyrir þingi og þjóð, þá gýs upp tortryggni og spurningar og sögur fara af stað.

Ég hef töluverðar áhyggjur af einu í málinu og ætla að leyfa mér að spyrja hv. þm. Birgi Ármannsson, sem er löglærður og er, auk þess að sitja í hv. viðskiptanefnd, formaður allsherjarnefndar, hvernig menn hugsa sér riftun á gjörningum sem fram hafa farið frá því að skilanefndirnar tóku við bönkunum, en riftunarfrestur í gjaldþroti til skipta nær 12 mánuði aftur í tímann. Hvernig verður farið með þau mál sem hafa verið á borðum skilanefnda, fjármálaeftirlits og stjórnenda nýju bankanna, hvernig koma riftanir að þeim? Er mögulegt að rifta þeim gjörningum?

Ég skal nefna konkret dæmi. Ég hef lagt fram fyrirspurn, sem ég reikna með að verði dreift, um peningamarkaðssjóðina og vakti athygli á því við 2. umr. að með kaupum á bréfum úr peningamarkaðssjóðum gömlu bankanna þriggja var sérhverju mannsbarni á Íslandi sendur reikningur upp á 625 þús. kr. 200 milljarðar kr. voru notaðir í það sem margir telja og fullyrða að séu verðlaus bréf. Er hægt að rifta þeim gjörningi og hvenær þá? Þegar 24 mánaða greiðslustöðvun lýkur? Hvenær eiga frestir að byrja að rúlla gagnvart þessu? Þetta held ég að skipti miklu máli vegna þess að því miður var ekki allt gert óvefengjanlega þegar ríkið tók við bönkunum. Ég held að þeir sem eru í skilanefndum og í forustu fyrir þessu átti sig á að gerðir þeirra geti verið riftanlegar en þeir eru ekki ábyrgir. Þeir eru ábyrgðarlausir, sá er munurinn, og þess vegna er gríðarlega mikilvægt að átta sig á því hvaða heimildir eru til riftunar á gjörningunum sem þarna hafa farið fram í dag.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Atla Gíslasonar og skora á menn að taka góðu boði hans, fresta umræðunni og vinna þetta betur, taka helgina í það með réttarfarsnefnd að gera þetta þannig að það standist. Það er engum greiði gerður með því. Við getum deilt um efnislega niðurstöðu en þurfum við að deila um vinnubrögð og að menn vinni gegn sjálfum sér í því sem þeir leggja fyrir? Ég vil taka undir þá beiðni að umræðum verði frestað og málinu vísað til frekari umræðu og hv. allsherjarnefndar um helgina.

[18:52]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir beindi til mín ákveðnum spurningum. Áður en ég svara þeim vil ég taka fram að ég kannast ekki við að hafa fengið beiðni sem formaður allsherjarnefndar um að taka málið upp. Það kom vissulega fram í umræðum í dag og má vera að mér hafi yfirsést eitthvað en hins vegar vil ég taka fram að þingið vísaði málinu til viðskiptanefndar og málið er á forræði hennar og þarf því ákvörðun viðskiptanefndar til að leita til annarra nefnda. Reglurnar sem fjallað er um í frumvarpinu snúa vissulega að lögum um fjármálafyrirtæki og hafa skírskotun til gjaldþrotaskiptalaganna en snúast sérstaklega um málefni fjármálafyrirtækja sem óumdeilanlega eru á vettvangi og verksviði viðskiptanefndar.

Spurningin sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir beindi til mín varðar — eftir því sem ég best fæ séð — hvernig riftunarmöguleikar eru varðandi þá gjörninga sem átt hafa sér stað síðan skilanefndirnar tóku til starfa. Nú er tekið á því í ákvæði til bráðabirgða samkvæmt breytingartillögu meiri hluta viðskiptanefndar og þar kemur fram í 3. tölulið, með leyfi forseta:

„Í þeim fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað skilanefnd í á grundvelli 100. gr. a skal miða frestdag við gildistöku laga þessara.“

Þegar lögin taka gildi er gildistökudagurinn frestdagurinn og það þýðir væntanlega eftir mínum skilningi að þær gerðir sem hafa átt sér stað frá því að skilanefndirnar voru skipaðar falla innan þess ramma sem réttaráhrif frestdagins hafa þannig að ég held að ekki þurfi að hafa áhyggjur af því að ekki verði hægt að rifta einhverjum gjörningum verði talið tilefni til þess síðar.

[18:55]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Breytingartillögunum var dreift síðdegis í dag og eðlilega hafa þingmenn, hvorki þeir sem eru í salnum né aðrir, haft tóm til að skoða þær rækilega. Ég skil orð hv. þingmanns þó þannig að frestdagur til riftunar sé ekki lengur hugsaður sem sá dagur sem skilanefndirnar voru skipaðar eins og var í upphaflegu frumvarpi heldur sá dagur sem lögin taka gildi þannig að tímabilið frá og með gildistöku laganna 12 mánuði aftur í tímann sé riftunarhæft ef til gjaldþrotaskipta kemur sem ég held að allir hljóti að sjá að er nauðsynlegt í gjaldþrota fyrirtækjum. Ég hélt að það væri málið.

Hv. þm. Atli Gíslason nefndi áðan að með þeim lagabreytingum sem hafa verið kynntar til sögunnar í dag sé brotið gegn lögvörðum rétti manna til að höfða dómsmál. Ég ætla að leyfa mér að nota tækifærið og spyrja hinn löglærða formann hv. allsherjarnefndar hvort hann sé sammála því að þar sé farið út á hálan ís.

[18:57]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Varðandi atriðin tvö sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir nefndi vil ég fyrst bæta því við umfjöllunina um frestdaginn að nefndin ræddi þetta nokkuð í morgun, hvenær eðlilegt væri að láta frestdag gilda. Í umræðunni kom upp sjónarmið um að ef við ákvæðum í dag að miða frestdag aftur í tímann við skipunardag skilanefndanna væri um afturvirkni að ræða og hættu á lagalegu tómarúmi. Breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar er ætlað að eyða óvissu sem af því hefði getað skapast.

Um það hvort við séum að fara út á hæpna braut vegna þess að tímabundið sé ekki heimilt að höfða mál á greiðslustöðvunartímabilinu tel ég að það séum við ekki að gera. Ég held að nauðsynlegt sé að hindra málaferli af því tagi sem gætu komið upp meðan á greiðslustöðvunartímabilinu stendur en hins vegar eru menn ekki varanlega sviptir réttinum til að fara með mál sín fyrir dómstóla komi upp ágreiningur út af þessu og ég held að með þessu móti sé þess gætt að sá tilgangur greiðslustöðvunarinnar náist, að hún virki, eins og hv. þm. Atli Gíslason lýsti áðan, sem

nokkurs konar frystikista en varanlega er enginn réttur tekinn af nokkrum manni.

Varðandi tímann sem ætlaður er til greiðslustöðvunar þá er vissulega rétt að hann er býsna langur miðað við breytingartillögurnar sem meiri hluti viðskiptanefndar hefur lagt til. Ljóst er að aðstæður bankanna þriggja eru ólíkar og hjá sumum þeirra getur greiðslustöðvunartímabilið verið mun skemmra (Forseti hringir.) ef ekki þykir lengur ástæða til að nýta heimildirnar sem felast í greiðslustöðvun heldur ljúka málinu annaðhvort með nauðasamningum eða setja fyrirtækið í gjaldþrotaskipti. Því eru 24 mánuðir alger hámarkstími (Forseti hringir.) en ekki endilega sá tími sem menn ætla sér til að ljúka verkinu.

[18:59]

Útbýting:

Endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði, 156. mál, fsp. JBjarn, þskj. 181.

Fjármögnun á kaupum á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings, 154. mál, fsp. ÁI, þskj. 179.

Kaup á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings, 153. mál, fsp. ÁI, þskj. 178.

Úrræði til greiðsluaðlögunar fyrir einstaklinga og fyrirtæki, 155. mál, fsp. JBjarn, þskj. 180.

[19:00]

Frsm. minni hluta viðskn. (Atli Gíslason) (Vg):

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta en verð að segja að ég sakna þess verulega að formaður viðskiptanefndar, varaformaður og hv. þm. Birgir Ármannsson skuli ekki hafa komið hér upp í faglega umræðu og skoðanaskipti, sérstaklega út frá ábendingum sem ég kom fram með varðandi þær breytingartillögur sem gerðar hafa verið á frumvarpinu í dag.

Ljóst er með b-lið breytingartillögu á 2. gr. að búið er að loka fyrir dómstólaleiðina. Undir gjaldþrotaskiptum er lokað fyrir dómstólaleiðina en hægt að lýsa kröfum og skjóta ágreiningi innan skiptaréttar eða í búskiptum til Héraðsdóms Reykjavíkur, fá þar úrlausn og kæra slíka úrlausn til Hæstaréttar sem kveður síðan upp endanlegan dóm.

Hér er búið að girða fyrir það og er það brot á 78. gr. stjórnarskrárinnar. Ég hefði viljað heyra einhver andsvör við þessum áhyggjum en mér ber sem þingmanni og okkur öllum að standa vörð um stjórnarskrána.

Hvað varðar bréf til formanns allsherjarnefndar get ég ekkert um það sagt, ég rengi ekki orð hans, þau hafa ekki komist til skila eða eitthvað. Við finnum væntanlega út úr því, ég og hv. þm. Birgir Ármannsson, og ég er viss um að við þurfum ekki að útkljá neina deilu varðandi það. Hins vegar saknaði ég svara frá hv. varaformanni viðskiptanefndar við ítrekuðum póstum mínum í gær um að Markús Sigurbjörnsson formaður réttarfarsnefndar kæmi fyrir nefndina og ég frétti það í gegnum krókaleiðir.

Ég vil ræða áhyggjur mínar af hugsanlegum slysum og af því að lagagrundvöllurinn sé ekki nægilega tryggur. Ég ætla ekki meiri hluta viðskiptanefndar að vilja ekki standa vörð um þjóðarhag, það hef ég aldrei sagt, en mjög sterk teikn eru á lofti um að það kunni að vatna undan þeim góða ásetningi vegna þess að ekki er hugað að nógu traustum og víðtækum lagabreytingum í sambandi við frumvarpið.

Það er fleira vont í þessu bankamáli sem ég vil gera örstutt að umtalsefni. Í hádegisfréttum í dag kom fram að skilanefndir bankanna væru í lagalegu tómarúmi. Ég hef af því þungar áhyggjur, það var rökstutt í fréttunum. Við heyrðum það líka í allsherjarnefnd þegar umboðsmaður Alþingis svaraði spurningum og fór yfir ársskýrslu sína fyrir árið 2007, að hann hefði áhyggjur af þeim heimildum, eða réttara sagt heimildarleysi, sem liggja að baki hlutafélagavæðingu ríkisbankanna. Lagaheimild skortir fyrir því. Sú ákvörðun er tekin af stjórnvaldi, það er ekki gott. Þar er því líka afar ótraustur grunnur. Sex vikur, eða rúmlega það, eru liðnar frá því að neyðarlögin voru sett og viðskiptanefnd eða skilanefndir bankanna, Fjármálaeftirlitið og viðskiptaráðuneytið hefðu fyrir löngu átt að bera frumvarpið fram.

Ég hef sem sagt nálgast málið út frá þeim brýnu þjóðhagslegu hagsmunum sem ég tel frumvarpið ekki verja, það er kjarni máls míns. Annar kjarni eða afleiddur þáttur er sá að hér er ekki farið að vilja hinna bresku kröfuhafa þó að því hafi margítrekað verið lýst yfir. Þeir leggja ríka áherslu á að Landsbanki Íslands eða viðskipti Landsbanka Íslands verði „orderly run down“, það verði viðskipti í gangi. Viðskipti banka í greiðslustöðvun, í frystikistu greiðslustöðvunar verða ekki „orderly run down“. Þeir segja líka að gera verði bankanum kleift að stunda viðskipti. Í því felst sala og kaup eigna, ráðstöfun eigna, greiðsla skulda og annað slíkt sem greiðslustöðvun heimilar ekki, þannig að þótt hv. meiri hluti viðskiptanefndar hafi haft þann skýra vilja að fara að vilja erlendra kröfuhafa — ég hélt nú kannski að við ættum að styrkja innlendan vilja og fara að honum — þá tekst það ekki.

Að lokum vil ég segja, frú forseti, að ég vona einlæglega að við lærum eitthvað af „finnsku leiðinni“. Þar einbeitti ríkisstjórnin sér að því í tvö ár frá því að kreppan hófst að bjarga bönkunum en gleymdi fólkinu í landinu og heimilunum með skelfilegum afleiðingum sem enn vara í Finnlandi. Ég skora því á hv. þingheim og hæstv. ríkisstjórn að hugsa jafnmikið og auðvitað miklu meira um einstaklingana, um heimilin í landinu og það skelfilega atvinnuleysi sem blasir við. Við höfum mörg tækifæri til að bregðast við atvinnuleysi, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem þau blasa hvarvetna við, og ég vona að ríkisstjórnin snúi sér að því verkefni en hugsi ekki eingöngu um bankana.

[19:07]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Um leið og ég tek undir þau orð hv. þm. Atla Gíslasonar að mikilvægt sé að huga að hagsmunum heimilanna í landinu og vinna að ráðstöfunum til að tryggja að höggið, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir vegna þeirra miklu áfalla sem yfir okkur hafa dunið að undanförnu, verði eins vægt og hægt er og aðstæður heimilanna til að bregðast við því bættar eins og kostur er þá vil ég mótmæla því að ríkisstjórnin hafi einvörðungu hugsað um bankana eða hagsmuni þeirra. Í því finnst mér liggja að bankarnir séu einhvern veginn eyland, innlendir og erlendir kröfuhafar og hagsmunir þeirra tengist ekki þjóðarhag. Ég held að

öllum megi vera ljóst að mikill hagur er fyrir þjóðina að sem mest verðmæti fáist fyrir eignir bankanna víða um heim. Það skiptir máli upp á að ábyrgðir sem kunna að falla á íslenska skattgreiðendur verði eins litlar og kostur er og það skiptir líka máli vegna þess að hagsmunir erlendra kröfuhafa — þó að þeir séu vissulega bara einhverjir útlendingar, þá eru forsendur þess að við getum byggt upp efnahagslífið hér að nýju að við höfum áfram viðskiptasambönd erlendis, að við höfum áfram sambönd við erlenda banka og erlenda lánveitendur sem geta orðið okkur að liði þegar við förum í enduruppbygginguna sem allir gera sér grein fyrir að þörf er á.

Ég vil einnig nefna lagalega tómarúmið í starfi skilanefnda. Með því að setja bankana í greiðslustöðvunarferli er að mínu mati mikilli óvissu eytt varðandi lagalega stöðu (Forseti hringir.) búanna og ég tel að þess vegna séu frumvarpið og breytingartillögurnar sem við vinnum að til þess fallnar að minnka lagalega tómarúmið, (Forseti hringir.) sem ég get fallist á að hafi verið fyrir hendi þegar skilanefndirnar voru settar á.

[19:10]

Frsm. minni hluta viðskn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Megináherslan þessar sex vikur hefur verið á bankakerfið. Almenningur í landinu hefur ekki fengið upplýsingar dag frá degi, heldur fréttir hann af stöðu mála eftir á eftir krókaleiðum, m.a. skelfingarvikunni í fyrri viku og skelfilegum fundi hæstv. fjármálaráðherra með fjármálaráðherrum Evrópu.

Fólk verður að fá upplýsingar dag frá degi og vita hvar það stendur og hvað ríkisstjórnin hefur í huga gegn atvinnuleysinu. Það verður líka að vita að íslenska þjóðin er nánast tekin hreðjataki af Bretum, Hollendingum, Þjóðverjum, Austurríkismönnum og óskabarni Samfylkingarinnar, ESB, sem stendur eiginlega fremst í flokki í stríði gegn Íslendingum. Við erum í sjálfstæðisbaráttu og þá duga ekki gömlu gildin. Við eigum marga aðra vini erlendis sem við getum skipt við og komið þjóðinni á flot.

Ég vildi óska þess að ríkisstjórnin fyndi nú einhvern tíma leið B í efnahagsmálum en einblíndi ekki á afarkosti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og þar fram eftir götunum.

[19:11]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Atli Gíslason talaði um að áherslan hefði verið á bankana. Það þarf ekki að koma á óvart enda er um að ræða hrun fjármálakerfisins hér á landi, fall þriggja stærstu banka landsins sem samanlagt voru held ég með um 90% fjármálastarfsemi í landinu. Það er því ekki óeðlilegt þó að áherslan hafi verið á þá hlið.

Hins vegar mótmæli ég því aftur að ekki hafi verið hugað að hagsmunum almennings. Við höfum fjallað um frumvörp, m.a. í dag, sem snerta hagsmuni almennings og fleiri eru væntanleg þannig að ríkisstjórnin hefur unnið vinnuna sína hvað það varðar að tryggja að hagsmunir almennings séu eins vel tryggðir og hægt er miðað við þá skelfilegu atburði sem hafa orðið í fjármálalífinu.

Hv. þingmaður kom víða við og vel kann að vera að ríkisstjórnin megi bæta upplýsingagjöf sína til almennings. Ég held hins vegar að hún hafi gert mjög margt gott í þeim efnum en ég skal fallast á það að hugsanlega megi gera betur. Hins vegar varðandi samskipti við önnur ríki verðum við auðvitað að hafa í huga að á sama tíma og mikilvægt er að upplýsa og að línurnar séu skýrar er það stundum þannig í samskiptum ríkja að ekki er hægt að gefa allt upp til þess að setja ekki samningana í uppnám, það er bara þannig. Stundum eru aðstæður þannig að ekki er hægt að gefa allar upplýsingar opinberlega meðan á atburðarásinni stendur vegna þess að það gæti haft áhrif á atburðarásina. Allir sem hafa staðið í samningum þekkja að þegar verið er að semja er ekki endilega hægt að leggja öll spil á borðið eða kynna þau opinberlega og ég held að við verðum líka að hafa það í huga. En það má mjög vel huga að því að bæta upplýsingagjöfina og ég mótmæli því enn og aftur að ríkisstjórnin hafi ekki hugsað um hagsmuni almennings í þessu sambandi.

[19:14]

Frsm. minni hluta viðskn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er sagt að sannleikurinn sé sagna bestur. Ég trúi því. Það gildir líka um almenning. Það á að segja almenningi nákvæmlega dag frá degi hvað er að gerast í þeim veigamiklu þjóðarhagsmunum og því stríði sem við erum í. Þjóðin á ekki að frétta af þeim málum bakdyramegin í gegnum fyrirsagnir Morgunblaðsins eða í fréttum sjónvarps þar sem segir: Svo virðist vera að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setji okkur stólinn fyrir dyrnar.

Fréttir leka í blöð og fjölmiðla og fólk er fullt óvissu og ótta. Vanþekking skapar ótta og óvissu.

Tvö frumvörp hafa verið flutt sem snúa að fólki í landinu en ekki hafa fengist svör við því enn þá, hv. þm. Birgir Ármannsson, hvað á að gera í atvinnumálum þjóðarinnar. Atvinnuleysi er mesta böl sem kemur yfir nokkra þjóð og það er sem betur fer svo að yngri kynslóðir í landinu þekkja ekki til þess.

Hafi þetta áhrif á samningsferilinn verður svo að vera. Það er allt í lagi að standa að samningaviðræðum með reisn og opnum hug og láta almenning vita nákvæmlega hvað er að gerast.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:22]

Brtt. 173 samþ. með 29:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HerdÞ, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG.

nei: AtlG, ÁI, KJak, KolH, ÞBack, ÖJ.

28 þm. (ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EBS, GHH, GMJ, GÁ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, ISG, JBjarn, JM, KaJúl, KHG, KLM, MS, REÁ, SF, SJS, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 29:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HerdÞ, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG.

nei: AtlG, ÁI, KJak, KolH, ÞBack, ÖJ.
28 þm. (ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EBS, GHH, GMJ, GÁ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, ISG, JBjarn, JM, KaJúl, KHG, KLM, MS, REÁ, SF, SJS, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 182).

Fundi slitið kl. 19:23.

27. FUNDUR

mánudaginn 17. nóvember,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
3. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 145. mál, þskj. 161. — 1. umr.
4. Kolvetnisstarfsemi, stjfrv., 152. mál, þskj. 176. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Atli Gíslason, 7. þm. Suðurk.
Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
Birgir Ármannsson starfsf., 9. þm. Reykv. s.
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvest.
Þuríður Backman, 8. þm. Norðaust.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

[15:04]

Útbýting:

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, 159. mál, stjfrv. (fél.- og trmrh.), þskj. 185.

Tollalög, 158. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 184.

Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, 157. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 183.

Afsal þingmennsku.

[15:05]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Mér hefur borist svohljóðandi tilkynning í dag:

„Ég tilkynni hér með þá ákvörðun mína að segja af mér störfum sem alþingismaður. Jafnframt vil ég flytja öllum alþingismönnum sem ég hef starfað með á Alþingi Íslendinga kærar þakkir fyrir gott samstarf, svo og starfsfólki Alþingis. Um leið og ég óska íslensku þjóðinni gæfu og farsældar þá er það mín einlæga von að þjóðinni takist að sigrast á þeim erfiðleikum sem nú steðja að.

Bestu kveðjur og þakkir,
Guðni Ágústsson.“

Með þingmennskuafsali Guðna Ágústssonar hverfur úr röðum okkar alþingismanna einn úr forustusveit stjórnmálanna. Guðni hefur setið á Alþingi síðan 1987, eða í meira en 20 ár. Á vettvangi Alþingis gegndi Guðni ýmsum trúnaðarstörfum, bæði sem varaforseti og nefndarformaður. Þá varð hann landbúnaðarráðherra árið 1999 og gegndi því til ársins 2007. Hann var kjörinn varaformaður Framsóknarflokksins árið 2001 og tók við formennsku í flokknum árið 2007.

Við þessi þáttaskil vil ég fyrir hönd Alþingis þakka Guðna Ágústssyni fyrir langt og farsælt starf hans í þágu þings og þjóðar. Hann hefur sett mikinn svip á störf Alþingis sem og markað djúp spor í íslensku samfélagi á stjórnmálaferli sínum. Persónulega vil ég þakka honum fyrir gott samstarf allan þann tíma sem við höfum setið saman á Alþingi.

Guðni Ágústsson fer héðan með góðar kveðjur frá okkur alþingismönnum og við óskum honum og fjölskyldu hans velfarnaðar í framtíðinni.

Um fundarstjórn.

Upplýsingar um Icesave-samkomulag og skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

[15:07]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Fréttirnar sem hæstv. forseti færir okkur úr forsetastóli koma manni hálfpartinn úr jafnvægi þannig að ég verð kannski ekki með sama eldmóðinn í ræðu minni nú og ég hugðist vera með. Nú er það svo, hæstv. forseti, að þjóðin stendur frammi fyrir afarkostum Evrópusambandsins vegna þessara Icesave-reikninga og framkvæmdarvaldið lætur að mínu mati eins og það sé einrátt. Það gerir samkomulag um að skuldsetja þjóðina út í hið óendanlega, langt út fyrir þolmörk samfélagsins og mér hefur virst að Alþingi megi fyrir þessum ráðherrum éta það sem úti frýs.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forseta: Hvernig stendur á því að við rísum ekki upp út af þessum vinnubrögðum og krefjumst þess að allir þættir þessa Icesave-máls verði ræddir samhliða skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins svo að heildaráhrif þessara afarkosta verði öllum kunn og það fyrr en á fimmtudaginn kemur? Krafa þjóðarinnar hefur verið sú að við fáum upplýsingar, að við séum a.m.k. leidd í gapastokkinn með opin augu. Það er algerlega nauðsynlegt að við stöndum saman um það, svo að virðing þingsins bíði ekki hnekki, að framkvæmdarvaldið komist ekki upp með það (Forseti hringir.) að halda hlutum leyndum fyrir okkur. Og forseti Alþingis á stuðning stjórnarandstöðunnar í því að krefja stjórnarliða og ríkisstjórnina í því að gera (Forseti hringir.) grein fyrir hlutum, til að gera grein fyrir því með hvaða hætti hluti ber að.

[15:09]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni sem talaði á undan mér og lýsi áhyggjum mínum af því hvernig upplýsingagjöf til Alþingis hefur verið háttað í kringum Icesave-málið og lánveitingu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nú er fyrirhuguð umræða á fimmtudaginn um skilmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en þingmenn geta lesið um þá á vefsíðu DV í dag. (**ÁI:** Ný þingtíðindi.) Ný þingtíðindi, er þetta leiðin til að uppfræða þingheim um skilmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? Eigum við kannski að fara að nýta DV sem ný þingtíðindi?

Mér finnst alvarlegt þegar svo er komið fyrir upplýsingaveitu til þingsins að við fræðumst um það sem er að gerast hjá ríkisstjórninni ýmist í erlendum fjölmiðlum eða þeim innlendu fjölmiðlum sem hafa náð að setja fingurinn á

púlsinn — og fáum svo að ræða málin nokkrum dögum síðar. Mér finnst þetta ekki viðunandi, herra forseti.

[15:10]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir hv. þingmanna. Þær eru í samræmi við þær umræður sem fóru fram á vettvangi formanna þingflokka á þessum morgni.

Tilkynning frá ráðherra.

Icesave-reikningar og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

[15:10]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði áðan voru það svo mikil tíðindi sem forseti flutti okkur þingmönnum af forsetastól að annað sem maður vildi segja hér verður svolítið hjóm í þeim samanburði þótt mikilvægt sé engu að síður.

Það sem ég ætlaði að gefa yfirlýsingu um hér, virðulegur forseti, var um þau þáttaskil sem orðið hafa í deilunni um hina svokölluðu Icesave-reikninga en sú deila er einhver erfiðasta milliríkjadeila sem við höfum átt í nú lengi. Þessi deila hefur hindrað Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í því að taka til afgreiðslu beiðni okkar um aðstoð sjóðsins sem hefur legið þar í nokkrar vikur. Ástæðan sem hefur hindrað sjóðinn er ekki síst sú að deilan hefur hindrað það að við gætum innleyst þau lánsloforð sem hafa legið fyrir af hálfu ýmissa Evrópuríkja til Íslands. Þau hafa sett það sem skilyrði, hvort sem það hafa verið Norðurlöndin eða önnur Evrópuríki, að við leiddum til lykta deiluna um Icesave-reikningana áður en þau mundu ábyrgjast þau lánsloforð sem þau höfðu gefið okkur.

Það sem felst í þessu samkomulagi — við getum kallað það samkomulag — um Icesave-reikningana er að samþykkt eru ákveðin viðmið sem við munum nota núna í samningaviðræðum við þá deiluaðila sem að þessu máli koma, Bretar, Hollendingar og að einhverju leyti Þjóðverjar, með milligöngu Evrópusambandsins. Við samþykkjum tiltekin viðmið í þeim viðræðum. Fyrsta viðmiðið er að við viðurkennum ákveðna lagaskyldu til að greiða lágmarksábyrgð á hvern tryggðan innstæðueiganda í útibúum íslenskra banka í Evrópu samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar og að hún gildi þá á Íslandi með sama hætti og í öðrum aðildarríkjum.

Í öðru lagi kveður yfirlýsingin á um það að þessi ríki muni veita Íslandi ákveðna fjárhagsaðstoð og þau taka sérstakt tillit til Íslands vegna hinna erfiðu og fordæmalausu aðstæðna, eins og segir í yfirlýsingunni, sem við glímum við hér á landi.

Í þriðja lagi segir í yfirlýsingunni að Evrópusambandið muni koma að málum. Í yfirlýsingunni er talað um að samningaviðræður um þessi mál, um fjárhagsaðstoðina, muni fara fram með samhæfðum og samræmdum hætti, að Evrópusambandið muni sem sagt beita sér að einhverju leyti í þeim viðræðum.

Þau þáttaskil sem hér hafa orðið í þessari deilu hafa ekki síst fengist vegna þess að franska formennskan í Evrópusambandinu tók að sér ákveðið málamiðlunarhlutverk sem reyndist mjög mikilvægt í þessum deilum. Við getum sagt að í þessari deilu hafi tíminn að einhverju leyti unnið með okkur vegna þess að hugmyndir Breta í upphafi deilunnar um það hverjar skuldbindingar okkar væru voru auðvitað svo miklu umfangsmeiri en niðurstaðan hefur nú orðið í deilunni.

Við stöndum einfaldlega andspænis því að tími lagaþrætna í þessari deilu er liðinn. Það hefur allt verið reynt til að koma okkar sjónarmiðum á framfæri hvað það varðaði að þessi tiltekna tilskipun Evrópusambandsins ætti við þegar einstakir bankar, einstakar fjármálastofnanir, færu á hliðina en ekki þegar heilt fjármálakerfi færi á hliðina eins og er okkar veruleiki. Vandinn sem við glímum við er sá að önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eru okkur ekki sammála um þetta. Þau eru ósammála okkar túlkun sem og þær stofnanir Evrópusambandsins sem aðild eiga að málinu. Við höfum rætt það og það hefur verið lagt til að þetta færi annaðhvort fyrir dómstól eða einhvern úrskurðaraðila en það væri mjög erfitt, ef ekki ómögulegt, að finna dómstól eða úrskurðaraðila sem báðir aðilar gætu sætt sig við.

Okkar mat er einfaldlega að það að halda áfram þessum langvinnu lagaþrætum mundi leiða til mikils taps, ekki síst fyrir okkur Íslendinga þar sem eignir hefðu brunnið upp á meðan, eignir sem búið er að frysta í Bretlandi. Í versta falli hefði þessi deila getað leitt til þess að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði væri í uppnámi. Við töldum sem sagt ekki á það hættandi að setja samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði í uppnám vegna þessarar lagaþrætu eða gera það að verkum að við einangruðumst á hinum (Forseti hringir.) alþjóðlega vettvangi. Þess vegna er þessi niðurstaða fengin sem við teljum að sé ásættanleg fyrir okkur við þær aðstæður sem nú eru uppi.

[15:16]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Alþingismenn hafa hlýtt á yfirlýsingu hæstv. utanríkisráðherra. Af því tilefni tekur til máls hv. 4. þm. Norðaust., Steingrímur J. Sigfússon.

[15:16]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Um leið og ég segi að ég harma að formaður Framsóknarflokksins, hv. þm. Guðni Ágústsson, skuli kjósa að segja af sér þingmennsku og lýsi því yfir að ég mun sakna hans héðan og ég þakka honum fyrir langt samstarf, þá virðum við að sjálfsögðu ákvörðun hans og ég óska honum og fjölskyldu hans alls góðs.

Ég hefði talið að í ljósi þess að hæstv. ráðherra flutti hér munnlega skýrslu um stórmál þá væri kannski meiri ástæða til að hafa hér meira eftir af ræðutíma mínum en eina mínútu og 30 sekúndur en ég ætla þó að nota það sem eftir er og segja að það er ljóst að ríkisstjórnin hefur gefist upp fyrir hótunum og afarkostum Evrópusambandsins, hún hefur væntanlega gert það fyrir helgi og haldið því leyndu fyrir þinginu, fyrir okkur forustumönnum stjórnarandstöðunnar og þjóðinni fram yfir mótmælafundinn síðastliðinn laugar-

dag. Þar með lít ég svo á að ríkisstjórnin hafi einhliða slitið því svokallaða lágmarkssamráði sem var við okkur forustumenn stjórnarandstöðunnar á undanförnum dögum og er kannski ekki mikil eftirsjá í slíku. Af minni hálfu a.m.k. er ekki áhugi á að halda áfram svokölluðu samstarfi ef ekki ríkja í því gagnkvæm heilindi.

Ríkisstjórnin hefur gefist upp og gengur nú þvert gegn fyrri yfirlýsingu um að ekki komi til greina að sæta afarkostum, að við höfnum því að tengja saman óútkljáð deilumál við Breta og Hollendinga eða Evrópusambandið annars vegar og umsókn til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hins vegar. Allt er nú fallið sem hæstv. forsætisráðherra, hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra og fleiri ráðherrar hafa á undanförnum dögum og vikum sagt í þessum efnum. Það á að skrifa upp á skuldbindingar fyrir hönd óborinna kynslóða Íslendinga sem nema a.m.k. eitthvað talsvert á annars árs landsframleiðslu eins og horfir nú um að hún verði, eitthvað á annað þúsund milljarða króna þegar lagðir eru saman pakkarnir frá Icesave-deilunni og umsókninni til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Þetta er gert án samráðs við Alþingi, þetta er gert án þess að meira að segja utanríkismálanefnd séu sýnd gögn í málunum. Ég átel þetta mjög harkalega, herra forseti, og ég tel reyndar að hæstv. forseti hefði sjálfur mátt vakna til lífsins áður en hann fór að horfa á umfjöllun fjölmiðla um störf hér á Alþingi eins og sumir sáu í sjónvarpinu í gærkvöldi. (Forseti hringir.) Ég tel ástæðu til, þó að mér sé vissulega ljóst að forseti heldur ekki upp á langar ræður á Alþingi, að það sé kannski hægt að ræða það hérna í meira en tveggja mínútna ræðutíma svona um það bil þegar verið er að skuldsetja landið upp fyrir rjáfur og mælist til þess að menn taki sér (Forseti hringir.) tíma í að tala um þetta í aðeins fyllri umræðum en þeim sem boðið er upp á hér.

[15:19]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég viðurkenni að ég er slegin í dag. Nú hefur formaður Framsóknarflokksins sagt af sér bæði formennsku og þingmennsku og ég mun sakna hans sárt og segi að þar sem hann fer fer drengur góður.

Virðulegi forseti. Ég vil taka þátt í þessari umræðu fyrir hönd flokksins vegna þess að síðasta föstudag hafði ég samband við þingforseta og bað um að þingið yrði kallað saman til að ræða þær skuldbindingar sem stjórnvöld eru að samþykkja að íslensk þjóð taki á sig til næstu áratuga fyrir hönd þjóðarinnar. Ég tel algjörlega ófært að skrifað sé undir samkomulag sem skuldbindur okkur um hundruð milljarða króna til langs tíma og að það sé gert án þess að þingið fái kynningu á því og umfjöllun um það áður en skrifað er undir en ekki eftir á. Þingið er algjörlega sett hjá ef það er ekki gert.

Ég spyr hæstv. utanríkisráðherra, sem ég á von á að taki til máls aftur til að bregðast við því sem hér hefur komið fram, hvort búið sé að skrifa undir þetta samkomulag eða þessa yfirlýsingu, er það búið? Ef svo er spyr ég: Hver skrifaði undir? Ég vil líka spyrja: Ef það er búið, hvenær var það gert? Það tekur enga stund að kalla Alþingi saman, það er mjög auðvelt að gera það og það vitum við öll. Þingið og þjóðin á rétt á að tala um mál sem er svona stórt og svona íþyngjandi áður en skrifað er undir samkomulag en ekki eftir á. Þess vegna krefst ég þess að hæstv. utanríkisráðherra svari þessum spurningum.

[15:21]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að færa fyrrverandi formanni Framsóknarflokksins árnaðaróskir um framtíðina og þakka honum fyrir samstarfið í þinginu og víðar og vænti þess að hann eigi góða vegferð í störfum sínum hver sem þau verða.

Hæstv. forseti. Sú staða er uppi núna að því er varðar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar — því að líta verður svo á að ríkisstjórnin hafi tekið ákvörðun eða alla vega forustumenn hennar — að við sáum í fréttum að gert hefði verið samkomulag sem fela mundi í sér samning. Eða var það kannski öfugt, að þetta væri samningur um að gera samkomulag? Við höfum a.m.k. ekki verið upplýst um það sem erum í forustu fyrir stjórnarandstöðuna. Nú er málum þannig komið, hæstv. forseti, að það er eðlilegt og sjálfsagt og raunar krafa að þessi mál komi til opinnar umræðu í heild sinni á Alþingi, samningsdrögin sem varða málefni er tengjast Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og það samkomulag sem virðist hafa verið gert og e.t.v. undirritað, og hér verður auðvitað að spyrja margra spurninga. Ég mun a.m.k. reyna að spyrja hæstv. forsætisráðherra nokkurra spurninga í óundirbúnum fyrirspurnatíma á eftir en þetta er auðvitað stuttur tími, hæstv. forseti, til að ræða svo viðamikið mál.

Ég ætla að segja eitt að lokum í þessari umræðu. Þegar hæstv. utanríkisráðherra telur að tíminn hafi unnið með okkur þá er það ekki mín skoðun, tíminn hefur unnið gegn okkur og vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eins og þau hafa verið.

[15:23]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Sá misskilningur virðist ríkjandi hér að ekki sé ætlunin að ræða þetta veigamikla og mikilvæga mál á Alþingi. Að sjálfsögðu verður það gert og allir samningar sem kunna að verða gerðir um fjárskuldbindingar eru að sjálfsögðu gerðir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þetta eiga reyndir þingmenn að vita.

Síðar í dag verður útbýtt þingsályktunartillögu um samstarf Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þar er birt í heilu lagi sem fylgiskjal sú viljayfirlýsing sem gengið hefur verið frá af Íslands hálfu gagnvart sjóðnum. Með þessari þingsályktunartillögu er farið fram á að þingið sjálft taki afstöðu til þess hvort það vill taka þátt í þessu samstarfi eða ekki, já eða nei. Það er tillaga ríkisstjórnarinnar að þingið fallist á að ganga inn í þetta samstarf á þeim forsendum sem búið er að undirbúa.

Svipaða málsmeðferð sé ég fyrir mér varðandi Icesave-málið. Auðvitað þarf að taka það fyrir í sölum Alþingis. Við ræddum þetta mál við formenn stjórnarandstöðuflokkanna, ég og hæstv. utanríkisráðherra, síðastliðinn föstudag og gerðum grein fyrir því hvernig málið stæði. Það sem síðan hefur gerst er á þeim nótum sem þá var kynnt. Við höfum ekki gengið frá neinum samningum um málið að svo stöddu, við höfum hins vegar gert samkomulag um að fara samningaleiðina í því frekar en aðrar leiðir sem hefðu í

reynd einangrað Ísland, stefnt EES-samningnum í hættu og hugsanlega haft í för með sér miklu meira fjárhagstjón en það sem við erum að reyna að lágmarka með þessum aðgerðum sem þingið á eftir að fara betur yfir.

Forsendan fyrir því að við getum fengið eðlilegt verð fyrir eignir Landsbankans er að þær komist í íslenskar hendur. Forsendan fyrir því að við fáum lán frá gjaldeyrissjóðnum er samstarf á borð við þetta. Forsendan fyrir því að önnur ríki, innan og utan Evrópusambandsins, vilji taka þátt í lánafyrirgreiðslu við okkur er að við ljúkum þessu máli með viðunandi hætti. Þetta eru kostirnir sem við stöndum frammi fyrir. En auðvitað er það rétt að ákveðnum þvingunum hefur verið beitt í þessu máli, það er bara staða sem við þurfum að horfast í augu við.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Icesave-deilan við ESB.

[15:26]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég vil inna hæstv. forsætisráðherra nánar eftir því máli sem var til umræðu áðan og þá er færi á að endurtaka spurningar sem bornar voru upp hér, m.a. til hæstv. utanríkisráðherra, og ekki fengust svör við.

Mig fýsir mjög að vita hvenær ríkisstjórn Íslands ákvað og gaf embættismönnum fyrirmæli um að Íslendingar gengju inn á hið svokallaða samkomulag sem nú er talað um í Icesave-deilunni. Var það síðdegis á fimmtudag eða var það á föstudag? (Gripið fram í.) Hverju sætir að farið var að kynna fyrir einstökum aðildarríkjum Evrópusambandsins fyrir helgi drög að meintu samkomulagi við Íslendinga ef Íslendingar voru ekki sjálfir búnir að fallast á það? Var það tilviljun að innihaldsrýr svo ekki sé sagt innihaldslaus pakki um aðstoð við heimili var kynntur á föstudaginn, daginn fyrir mótmælafundinn hér í borginni á laugardag, en þagað um uppgjöfina í Icesave-deilunum fram á sunnudag, því að þetta er auðvitað ekkert annað en uppgjöf, ósigur, tap? Og það eru einhver mestu öfugmæli sem ég hef lengi heyrt að tíminn hafi unnið með okkur í þessu máli. Á hvern hátt? Þegar skoðaðar eru yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra sjálfs frá því fyrir nokkrum dögum tekur hann af skarið um að það komi ekki til greina að láta kúga okkur í þessu máli, að við munum ekki semja frá okkur réttinn til þess að fá lögformlega niðurstöðu fyrir dómstólum eða gerðardómi.

Hæstv. utanríkisráðherra sagði t.d. 24. síðasta mánaðar að skuldbindingarnar samkvæmt þessu séu svo miklar að það sé óviðráðanlegt að binda þjóðinni þá bagga, og hæstv. iðnaðarráðherra talaði um afarkosti Breta og fleiri í þessum efnum svo í eitthvað sé vitnað. Hér er því á ferðinni uppgjöf ríkisstjórnarinnar. Menn gætu auðvitað sagt að þeir hafi haldið þannig á málum og spilað sig svoleiðis út í horn að þeir eigi ekki nema einn nauðungarkost í stöðunni en það er ekki glæsileg málsvörn og ég öfunda hæstv. ríkisstjórn ekki af því.

Er það rétt að þetta sé pakki upp á um 640 milljarða kr. brúttó með óvissu um hvað upp í hann hefst (Forseti hringir.) til viðbótar um 810 milljörðum sem pakkinn hjá IFM er, reiknaður út á núverandi meðalgengi Seðlabankans? Erum við sem sagt að tala um (Forseti hringir.) 1.450 milljarða kr. brúttó sem ríkisstjórnin án samráðs við Alþingi er að rífa af þjóðinni með gjörðum sínum þessa dagana?

[15:28]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Þetta er undarlegur talnaleikur hjá hv. þingmanni því að við erum að taka fé að láni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í ákveðnum tilgangi og það er ekki hægt að leggja þá peninga saman við það sem við á endanum kynnum að þurfa að borga vegna Icesave-málsins. Utanríkisráðherra kynnti þau drög sem fyrir lágu hvað varðar Icesave-málið í utanríkismálanefnd að morgni föstudags. Síðan tók málið ákveðnum breytingum og var í vinnslu hjá okkur í ríkisstjórninni á föstudegi og fram eftir degi á laugardegi og það var ekki fyrr en í gær sem við tókum endanlega ákvörðun um með hvaða hætti þetta yrði frágengið.

Við höfum ekki gefið frá okkur möguleika á því að mál þetta fari með einhverjum hætti fyrir dómstóla. Það sem liggur fyrir er það að við fáum ekki samkomulag um að fara slíka leið við Evrópusambandið og það er breytingin frá því að orð mín voru látin falla sem hv. þingmaður vitnaði til, að nú erum við ekki lengur að fást við tvær þjóðir og tvö atkvæði í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum heldur 27 þjóðir og rúmlega það, því að það eru fleiri en Evrópusambandsþjóðirnar sem hafa fylkt liði í þessu máli, bæði hvað varðar lánafyrirgreiðsluna til okkar en einnig um þá lögfræðilegu skýringu sem sú afstaða byggist á og er auðvitað öndverð við það sem við höfum haldið fram.

Það er auðvitað fjarstæða hjá hv. þingmanni að gera því skóna að hér hafi verið eitthvert samsæri í gangi um að leyna almenning upplýsingum eða Alþingi. IMF-skjalið, Alþjóðagjaldeyrissjóðsskjalið, kemur fyrir Alþingi í dag á fyrsta degi eftir að ljóst varð hvenær um það verður fjallað í stjórn gjaldeyrissjóðsins. Við ákváðum að hlíta reglum sjóðsins um það efni en skjalið verður lagt fyrir Alþingi síðar í dag, jafnskjótt og það var mögulegt. Síðan er ætlunin, í stað þess að flytja þetta mál sem skýrslu, að leggja það fram sem þingsályktunartillögu til að hana megi ræða hér og taka til formlegrar afgreiðslu.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég er eingöngu að reyna að fá á hreint, ég held að það sé ekki seinna vænna, hver sé heildarverðmiðinn. Að sjálfsögðu liggja mismunandi forsendur að baki þessum stóru tölum en þær eru gígantískar. Ég hef heyrt tölurnar 600–640 milljarða kr. brúttó vegna Icesave-deilunnar og 6 milljarðar bandaríkjadollara reiknaðir út frá meðalgengi Seðlabankans í dag eru um 810 milljarðar, þannig að eins og ég lærði stærðfræði eru þetta um 1.450 milljarðar brúttó.

Að þetta hafi verið kynnt á föstudaginn og tekið síðan breytingum kemur mér spánskt fyrir sjónir miðað við að byrjað var að kynna þetta fyrir gagnaðilanum fyrir helgi. Ég held að enn þá sé margt óljóst um hvernig ríkisstjórnin hefur unnið að þessum hlutum.

Ég er með álit og greinargerðir a.m.k. fjögurra eða fimm

lögfræðinga í höndunum sem draga mjög í efa að ábyrgðir okkar séu umfram þau lög og þann innlánstryggingasjóð sem við höfum stofnað á grundvelli tilskipana frá Evrópusambandinu. Við erum að afsala okkur réttinum á því að láta reyna á þann grunn málsins eftir því sem ég skil þessa yfirlýsingu. Varðandi upplýsingagjöf til Alþingis (Forseti hringir.) hlýt ég að líta svo á að hæstv. forsætisráðherra telji fullnægjandi að helstu heimildir Alþingis Íslendinga og þjóðarinnar um það sem gerist hjá ríkisstjórn Íslands séu baksíðuleiðarar *Financial* (Forseti hringir.) *Times.*

[15:32]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Hæstv. forseti. Lokaorð hv. þingmanns dæma sig að sjálfsögðu sjálf. Við leggjum þetta mál hvað varðar Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir Alþingi jafnskjótt og unnt er. Við göngum lengra í að fara fram á þinglega afgreiðslu á því máli en meira að segja stjórnarandstaðan fór fram á. Ég minnist þess ekki að hún hafi krafist þess að hér kæmi þingsályktunartillaga þar sem þingmenn greiddu atkvæði um hvort samið yrði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða ekki.

Hitt málið lítur svona út. Þetta eru sameiginleg viðmið sem Ísland og Evrópusambandið hafa orðið ásátt um. Grundvöllur frekari samninga þar sem m.a. verður tekið tillit til, að því er segir hér, með leyfi forseta: „hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.“

Á þessum grundvelli munum við ganga til samninga um þetta mál og þar á auðvitað eftir að reyna á ýmsar kröfur okkar varðandi þau atriði sem þarf að semja um, skilmála af ýmsu tagi.

Icesave-ábyrgðir.

[15:33]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég vil halda áfram að spyrja um Icesave-ábyrgðirnar af því að áðan komu ekki svör. Hæstv. ráðherra fékk ekki að stíga í pontu og svara. Við þekkjum mjög vel þá aðferð að skrifa undir skuldbindingar með fyrirvara um samþykki Alþingis.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmann afsökunar á því að hæstv. utanríkisráðherra var ekki á skrá yfir þá hæstv. ráðherra sem voru til andsvara. (Gripið fram í.) Ef ekki er gerð athugasemd við það að leyfi ég hv. þingmanni að beina fyrirspurn til hæstv. utanríkisráðherra sem fellst þá á að vera hér til andsvara. Engin athugasemd er gerð við það. Hv. 10. þm. Suðvest. byrjar þá að nýju og beinir fyrirspurn til hæstv. utanríkisráðherra.)

Þakka þér fyrir, virðulegi forseti. Við þekkjum vel þá aðferð að samþykkja hluti með fyrirvara um samþykki Alþingis. Það hefur tíðkast lengi. En eins og ég hef komið á framfæri fyrr í þinginu tel ég að einmitt sú aðferð eigi alls ekki við í þessu tilfelli. Nú er um svo miklar fjárhagslegar skuldbindingar að ræða að þessi aðferð á ekki við. Við eigum að taka þetta mál fyrir inni á Alþingi og ræða það áður en skrifað er undir. Það er lágmarkskrafa að við fáum kynningu á því og fáum að vita nákvæmlega hvað í því felst.

Þess vegna spyr ég aftur, af því að ég held að allir geri sér grein fyrir því að þetta skjal, þetta samkomulag eða yfirlýsing eða hvaða orð sem við notum yfir það, skiptir verulegu máli. Annars væru Bretar ekki að hætta við að „blokkera“ okkur inn í Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það skiptir verulegu máli hvernig á að skilja þetta skjal.

Eins og við hljótum að skilja það, virðulegi forseti, erum við að fallast á að borga lágmarksgreiðsluna og afsala okkur möguleika á málaferlum af því við höldum því ekki til haga í skjalinu að það er lagaleg óvissa um túlkun. Af hverju gerum við það ekki? Við erum að falla frá því. Þannig að ég hlýt að spyrja: Er búið að skrifa undir þetta skjal? Ef svo er, hver skrifaði undir það? Klukkan hvað og hver?

[15:36]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Mér finnst gæta ákveðins misskilnings í þessari umræðu. Hann er sá að samið hafi verið um allar fjárhagsskuldbindingar í þeim gjörningi sem hér liggur fyrir. Það sem við erum að samþykkja er að fara samkomulagsleiðina. Við ætlum að finna pólitíska lausn á þessu máli. Við skuldbindum okkur til þess og að fara samningaleiðina í málinu. Við erum að koma okkur saman um viðmið sem við ætlum að nota í þeim samningum sem fram undan eru.

Samningarnir sjálfir eru þó eftir og þegar þeir liggja fyrir og er lokið samkvæmt 2. málslið í þessum umsömdu viðmiðunum koma þeir að sjálfsögðu til kasta þingsins. Þá liggur fyrir hver væntanleg fjárhagsskuldbinding okkar er og með hvaða hætti við ætlum að fjármagna hana, hvaða kjör liggja til grundvallar, hvaða endurskoðunarákvæði eru í þessu o.s.frv. Þá kemur málið til kasta þingsins.

Þetta mál hefur verið til umfjöllunar bæði í Brussel og Washington allt fram til dagsins í gær vegna þess að spurningin var ekki bara um að menn næðu niðurstöðu í Brussel um að fara samningaleiðina heldur hafði það líka áhrif á stöðu mála hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum vildu menn vera alveg vissir, allt fram á laugardagskvöld, að niðurstaða væri fengin í málið þannig að við gætum leitt þetta heildstætt. Niðurstaða í þessu fékkst ekki fyrr en á laugardagskvöldið varðandi bæði Brussel og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, svo það liggi fyrir.

Það sem ég kynnti fyrir utanríkismálanefnd á föstudagsmorguninn og sagði utanríkismálanefnd að breyting á orðalagi gæti orðið — það orðalag breyttist.

[15:37]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég verð að segja að þetta er nú hálfhlægilegt. Það er verið að reyna að segja þinginu að þetta skjal sé ekki neitt, neitt. Af hverju halda menn að Bretar og Hollendingar sleppi takinu af okkur vegna þessa skjals? Það er auðvitað af því að þeim líkar innihaldið. Við gefum eftir með þessu skjali, það er algjörlega á hreinu. Annars værum við enn þá með kverkatak þessara þjóða um hálsinn. Þessar þjóðir falla frá kverkatakinu. Af hverju? Af því að þetta skjal skiptir mjög miklu máli. Í því felst yfirlýsing sem skiptir máli.

Þess vegna spyr ég enn á ný. Er búið að skrifa undir þessa yfirlýsingu? Er búið að skrifa undir þetta skjal? Já eða nei? Ef svarið er já, hver skrifaði undir þetta skjal? Ég get ekki orðað þetta skýrar, virðulegi forseti. Er búið að skrifa undir samkomulagið? Ef svo er, hver gerði það?

[15:39]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að Bretum og Hollendingum, og væntanlega Þjóðverjum líka, líkar innihaldið í þessari yfirlýsingu er sú að við föllumst á að fara samningaleiðina og finna pólitíska lausn á þessu máli. Við erum búin að fallast á að koma því í ákveðinn farveg þar sem málið verður leyst eftir pólitískum leiðum og með samkomulagi og það skiptir máli.

Við getum haldið áfram lagaþrætunni ef okkur sýnist svo en vandamálið er að við förum ekki í gegnum Evrópudómstólinn vegna þess að þar erum við ekki. Við förum ekki í gegnum EFTA-dómstólinn vegna þess að þar eru Bretar og Hollendingar ekki. Þeir fallast ekki á að setja þetta í óháðan gerðardóm vegna þess að þeir segja: Með því er lagaóvissa og við föllumst ekki á hana.

Nú skal ég svara því hver skrifaði undir. Ég veit ekki hvort menn eru búnir að setja stafina sína undir þetta en ég hef sagt við sendiherra okkar í Brussel að honum sé heimilt fyrir sitt leyti að staðfesta að við föllumst á þessi viðmið, (Gripið fram í.) að þau liggi til grundvallar í viðræðunum. (**Gripið fram í:** Ríkisstjórnin.)

Gjaldeyrislán frá öðrum þjóðum.

[15:40]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég hefði viljað að hæstv. forsætisráðherra staðfesti yfirlýsingu hæstv. utanríkisráðherra sem kom fram áðan: Við erum búin að skuldbinda okkur til að fara þessa leið. Sem sagt, við erum búin að skuldbinda okkur til að afsala okkur rétti til að láta reyna á mál fyrir dómstólum og lögformlegum leiðum sem við gætum átt rétt á.

Hæstv. forsætisráðherra sagði: Við höfum tekið ákvörðun um hvernig frá þessum málum verður gengið. Þá spyr ég, hæstv. forseti: Er líka búið að ganga frá því hvaða þjóðir ætla að lána okkur fé, úr því að þetta liggur svona klárt fyrir? Er búið að ganga frá því hvaða lánakjör eru í boði? Er búið að ganga frá því hvort afborgunarleysi er inni í lánakjörunum? Er vaxtaleysi inni í lánakjörunum til einhverra ára? Er það svo að í því samkomulagi, sem búið er að taka ákvörðun um að við gerum, sé viðurkenning Evrópusambandsins á því að ef Íslendingar ráða alls ekki við þær skuldbindingar sem ríkisstjórnin ætlar að gangast undir fái þeir einhverja neyðaraðstoð frá Evrópusambandinu? Er það inni í þessum drögum?

Menn hljóta að vita hvað felst í drögunum úr því að hæstv. forsætisráðherra segir að við höfum tekið ákvörðun um hvernig frá þessum málum verði gengið. Það getur ekki verið mikill vafi í því, hæstv. forseti, og ég krefst svara. Skýrra svara.

[15:42]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Þetta mál er með eftirfarandi hætti. Í fyrsta lagi verður umsókn Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins tekin til afgreiðslu þar væntanlega á miðvikudag. Í kjölfarið á því mun skýrast hvaða þjóðir innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru tilbúnar að leggja okkur fjárhagslegt lið til viðbótar því sem kemur frá sjóðnum sjálfum en þá á eftir að ganga frá lánsskilmálum hvað þau lán varðar. Þetta er það fyrra.

Síðara málið snýr svo að þessum Icesave-reikningum. Þar liggur fyrir það samkomulag sem hefur hér verið kynnt um að fara samningaleiðina en það liggur ekki fyrir hvað muni felast nákvæmlega í þeim samningum. Þar koma auðvitað til skjalanna atriði eins og þau sem hv. þingmaður nefndi, lánstími, vaxtakjör, greiðsluskilmálar að öðru leyti o.s.frv. og einnig ýmis önnur atriði sem við höfum hug á að taka upp.

Fólki er tíðrætt um stöðu Alþingis í þessu máli. Vissulega hefur Alþingi síðasta orðið. Það dettur engum í hug að draga það í efa. Við munum reyna að finna leið sem kallar fram vilja þingsins í þessu máli eins fljótt og auðið er. Þegar hlutir eru undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþingis kemur það venjulega til afgreiðslu þegar fjárlög eða fjáraukalög eru afgreidd. Ég get hins vegar vel séð fyrir mér að við fyndum aðra leið til þess að glíma við þetta tiltekna mál, í formi einhvers konar þingsályktunar eða með öðrum hætti, þannig að það komi alveg skýrt fram hvort Alþingi vilji að um þessi mál verði samið eða hvort þingið vill taka slaginn og hætta ýmsum öðrum hagsmunum með því að fara ekki samningaleiðina.

[15:44]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ef ég veit rétt um skipulag vinnu þessa þings, það er náttúrlega alls ekki víst að ég viti það, verður enginn þingfundur hér fyrr en á fimmtudag. Ef ég hef tekið rétt eftir upplýsti hæstv. forsætisráðherra að á miðvikudag lægi fyrir afgreiðsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hvaða ríki mundu koma inn í lánasamninginn eða lánapakka að því er varðar Ísland. Þessir hlutir eru þá frágengnir áður en Alþingi getur tekið þessi mál til meiri efnislegrar umræðu að því er varðar framgang og fyrirkomulagið allt saman.

Ég spyr einnig, hæstv. forseti, hvort núna liggi fyrir samkomulag um að þær eignir sem bankarnir eiga í Evrópusambandslöndunum verði verndaðar. (Forseti hringir.) Það séu þá sameiginlegir hagsmunir Evrópusambandsins, Evrópusambandslandanna og Íslands að standa vörð um þær eignir og þær gangi upp í allar skuldir (Forseti hringir.) sem Íslendingar taka á sig.

[15:45]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Auðvitað er allt gert til að reyna að vernda þær eignir sem íslenskir aðilar eiga í útlöndum og það eru sameiginlegir hagsmunir þar gagnvart Evrópulöndum og kröfuhöfum í bankana. Icesave-málið er liður í því að reyna að verja eignir Landsbankans í útlöndum, sérstaklega í Bretlandi. Það er eitt af markmiðum okkar í þessu máli að reyna að standa vörð um þær eignir þannig að þær glatist ekki.

Varðandi gjaldeyrissjóðinn er hugmyndin sú að það mál verði afgreitt á vettvangi sjóðsins. Þar með er hann búinn að segja sitt varðandi málið en tillaga til þingsályktunar, sem hér kemur fram í dag, kemur til afgreiðslu eitthvað á eftir afgreiðslu sjóðsins. Það skiptir ekki nokkru máli. Ef á daginn kemur að Alþingi kærir sig ekki um þessa fyrirgreiðslu verður ekkert af henni, óháð því hvað búið er að samþykkja í stjórn sjóðsins. Dagsetningarnar í þessu eru því ekki aðalatriðið. Það er hins vegar mikilvægt að fá niðurstöðuna frá gjaldeyrissjóðnum.

Embættismenn og innherjareglur.

[15:47]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi fá að senda hlýjar kveðjur sessunauti mínum, hv. þm. Guðna Ágústssyni, en bréf frá honum var lesið fyrr á fundinum.

Ég kveð mér hljóðs vegna þess að sú skrýtna frétt barst nýverið að í aðdraganda bankahrunsins hefði ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu, Baldur Guðlaugsson, selt hlutabréf sem hann mun hafa átt í einum af viðskiptabönkunum, Landsbanka Íslands, og það eftir að hafa setið fund með breskum yfirvöldum í aðdraganda þessa. Slíkar fréttir hljóta að vekja okkur á Alþingi til umhugsunar. Ég vil því spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort engar reglur gildi um slíkar eignir ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu og hvort ekki þurfi að hafa áhyggjur af hagsmunaárekstrum þess sem er gæslumaður ríkissjóðs með þessum hætti og þess sem á hlutabréf í einstökum fyrirtækjum, hvað þá fjármálafyrirtækjum. Hvort ekki þurfi að vera þarna upplýsingaskylda ef ekki blátt bann við því að vera eignaraðili að fjármálafyrirtækjum.

Ég vil líka spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort ekki sé rétt að ráðuneytisstjórinn upplýsi um það hvaða dag hann seldi og hvort hafinn hafi verið undirbúningur að setningu neyðarlaga í þinginu. Ég spyr líka hvort Bretar hafi verið upplýstir um að ráðuneytisstjórinn væri haghafi í málinu þegar hann fundaði með þeim og hvort það hafi síðan ekki verið óþægilegt í viðræðum okkar við Breta að í ljós hafi komið að ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu hefði selt eignarhlut sinn í bankanum meðan almenningur var enn að leggja sparifé sitt inn í hann.

[15:49]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Þetta voru nokkrar spurningar, ég nam þær ekki allar. Ég kannast ekki við að nákvæmar reglur séu til um það hvernig eignarhaldi embættismanna á hlutum í fyrirtækjum á að vera háttað. En ljóst er að þeir sem taka ákvarðanir hvað varðar fyrirtæki sem þeir eiga hlut í, þeim ber að víkja eigi þeir hagsmuna að gæta. Ég hygg að ekki hafi verið um neitt slíkt að ræða hjá ráðuneytisstjóranum, að hann hafi ekki tekið neinar ákvarðanir um Landsbankann þar sem eign hans gæti haft áhrif á afstöðu hans í málinu.

Ráðuneytisstjórinn hefur gert grein fyrir kringumstæðum þeim sem voru þegar hann tók þessa ákvörðun og hann hefur einmitt lagt það til grundvallar að á þessum tímapunkti hefði hann ekki haft neinar aðrar upplýsingar um bankann en voru á almannavitorði og því ekki talið að neitt væri athugavert við að hann ráðstafaði bréfum sínum eins og hann teldi best. Ég hef enga ástæðu til að bera brigður á orð hans í þessu sambandi.

Hvað það varðar hvort það hafi valdið óþægindum í samningaviðræðum við Breta þá hef ég ekki heyrt á það minnst neins staðar. Ég hef ekki heyrt að það hafi valdið neinum vandkvæðum og á ekki von á því að svo hafi verið.

Ég held að þetta mál liggi nokkuð ljóst fyrir og hvað þar hefur verið lagt til grundvallar.

[15:51]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir svörin. Ég vil auk þess spyrja hann hvort honum hafi verið kunnugt um eignarhlut ráðuneytisstjórans og hvort hann hafi gert athugasemdir við það. Eðli málsins samkvæmt hefði ég haldið að ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu hefði alla jafna upplýsingar umfram marga aðra sem lytu að starfsemi fjármálafyrirtækja í landinu og viðskiptalífinu — margvíslega hluti sem verið er að vinna að í fjármálaráðuneytinu á hverjum tíma, þjóðhagsspá o.s.frv. að ekki sé talað um í sérstökum aðstæðum sem þessum. Það er óhjákvæmilegt að eftir fundinn með Alistair Darling á Englandi hafi ráðuneytisstjórinn haft upplýsingar sem aðrir á markaði hafi ekki haft. Ég tel verulega ámælisvert að ráðuneytisstjórinn hafi selt eignarhlut sinn eftir þann fund og fyrir bankahrunið og að það standi upp á okkur á Alþingi og hæstv. fjármálaráðherra vegna þess að það afhjúpar að við höfum vanrækt þær skyldur okkur að setja reglur um slíkan eignarhlut og um það hvernig með skuli fara.

Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvort hann telji ekki tilefni til að beita sér fyrir því að settar verði skýrar reglur um hverjir af þeim sem gegna æðstu trúnaðarstörfum á vegum ríkisins mega eiga í fjármálafyrirtækjum og með hvaða hætti.

[15:52]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Mér var ekki kunnugt um að ráðuneytisstjórinn ætti hlut í Landsbankanum og almennt er mér ekki kunnugt um það hvar starfsmenn ráðuneytisins eiga hluti. Hv. þingmaður veltir því upp hvort innherjareglur eigi að gilda um þá starfsmenn í stjórnkerfinu sem hugsanlega hafa upplýsingar sem ekki eru á annarra vitorði svipað og gildir um starfsmenn banka sem slíkar upplýsingar gætu haft. Ég held að það væri ansi stór hópur sem þar kæmi til álita, allir þeir sem vinna að spágerð, bæði í ráðuneytinu, Seðlabankanum og sérstaklega í þeim ráðuneytum eða því ráðuneyti sem fer með bankamálin, en rétt er að undirstrika að fjármálaráðuneytið fer ekki með bankamálin.

Samkomulag við IMF.

[15:54]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Í *DV* í dag er birt fyrsta og síðasta blaðsíða í bréfi íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðs-

ins í tengslum við fyrirhugaða lánveitingu sjóðsins og annarra til Íslands og á vefsíðu *DV* hefur skjalið nú verið birt í heild sinni. Það vekur athygli að fjölmiðlar skuli komnir með skjalið í hendur á sama tíma og ríkisstjórnin hefur haldið þingi og þjóð í fullkominni þoku um baggana sem hún er að bjástra við að binda þjóðinni til langrar framtíðar. Skjalið er undirritað af fjármálaráðherra og aðalbankastjóra Seðlabankans, þeim Árna Mathiesen og Davíð Oddssyni, sem báðir starfa í umboði og í skjóli þingmanna Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.

Það urðu talsverðar umræður þegar Seðlabankinn ákvað að hækka stýrivexti um 50%, úr 12% í 18%. Þá sögðu ráðherrar að sú hækkun væri ekki skilyrði eða ákvörðun frá IMF og héldu því jafnvel fram að ekkert ákvæði væri í samningnum við IMF um vaxtahækkun. Nú kemur á daginn að allt voru þetta lygimál. Ríkisstjórnin hefur beitt þing og þjóð blekkingum. Hún segir jafnframt að vaxtahækkunin verði væntanlega skammvinn en nú eru liðnar þrjár vikur frá því að vextirnir voru skrúfaðir upp í 18% og samkomulagið við IMF gerir bersýnilega ráð fyrir enn frekari vaxtahækkun. Ríkisstjórnin hefur orðið uppvís að mörgum mismunandi útgáfum að sannleikanum í þessu máli og hefur augljóslega verið að fela eigin aðkomu að málinu, firra sig ábyrgð og varpa henni á aðra.

Það er alveg ljóst, virðulegur forseti, að vaxtahækkanirnar eru eins konar kverkatak á fjölskyldum og fyrirtækjum í landinu. Fyrirtækin og fjölskyldurnar þola ekki þessa háu vexti. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Hvenær verða skjölin sem gengið hafa milli íslenskra stjórnvalda og IMF og einstakra ríkja vegna efnahagsaðgerða, þar með talin viljayfirlýsingin við Holland, birt opinberlega? Hversu langvinn verður hin skammvinna vaxtahækkun? Hversu hátt munu vextirnir fara umfram þau 18% sem nú þegar eru komin fram? Hafa stjórnvöld fallist á aðra skilmála gagnvart IMF en þá sem getið er um í 26 punkta plagginu sem hefur að hluta til verið birt í fjölmiðlum?

[15:56]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég vil mótmæla því að farið hafi verið með rangt mál því að bréf sem þarna er kynnt, bréf mitt og seðlabankastjórans, er afrakstur samningaviðræðna og samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem birtist á þennan hátt. Ég svaraði spurningum um þetta samdægurs þegar vextirnir voru hækkaðir og ég svaraði því til þá að ekki væri hægt að útiloka að vextir yrðu hækkaðir frekar og þó að við vonuðumst til þess að þeir yrðu skammvinnt háir væri ekki hægt að segja til um hvað það yrði lengi. Þeim spurningum sem hv. þingmaður beindi til mín hef ég því svarað áður.

Samningaviðræðum við Hollendinga er enn ólokið þannig að ekki er tímabært að birta gögn um það fyrr en að þeim loknum. Þegar þetta mál, sem væntanlega verður lagt fram í þinginu í dag, um samskipti okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, verður kynnt í nefnd verða þau skjöl sem því tilheyra væntanlega kynnt nefndinni þannig að hún geti skoðað þá hluti sem þar eru.

[15:57]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Það liggur þrátt fyrir allt fyrir að misvísandi yfirlýsingar hafa verið gefnar af hálfu ráðherra í ríkisstjórninni vegna þessarar vaxtahækkunar og það veit hæstv. fjármálaráðherra þó hann hafi ef til vill sagt það sem hann lýsir yfir hér, það kann að vera rétt. En skilaboð hafa verið misvísandi frá ráðherrum í ríkisstjórninni, þar hefur ekki verið talað einni röddu.

Það er ljóst að svörin eru ekki mjög skýr af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Veit hæstv. fjármálaráðherra hvaða efnahagslega bagga hann hefur bundið íslenskri þjóð með undirskrift sinni hér og þar um heiminn að undanförnu? Telur hann sig hafa umboð til að skuldsetja núverandi og komandi kynslóðir um hundruð og þúsundir milljarða? Stendur honum ef til vill á sama? Er kannski ekki orðið tímabært að taka sjálfblekunginn af hæstv. fjármálaráðherra? Hvað eiga þessir okurvextir, virðulegi forseti, að standa lengi og hversu mikið eiga þeir eftir að hækka enn? Þjóðin á kröfu á skýrum svörum ráðherrans í því efni.

[15:59]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Þetta er mat hv. þingmanns á því hvernig samkomulag verður til. Ef hann telur að það verði almennt til með skilyrðum, og tala eigi um það sem skilyrði, má hann gera það mín vegna. En ég legg áherslu á að um er að ræða skjal sem er unnið sameiginlega og þetta er það form sem tíðkast hefur.

Ég tel ekki að með þessu sé verið að binda þjóðina einhverjum böggum. Við erum að fá fjármuni til að greiða úr þeim vandamálum sem verið hafa á gjaldeyrismarkaði. Ég held að það muni skipta gríðarlega miklu máli fyrir þjóðina og fyrir fjölskyldurnar og muni leiða til þess að verðbólga muni lækka og vextirnir þar með.

Hvað það varðar að ég hafi verið að skrifa undir eitthvað hér og þar um heiminn sem veldur einhverjum kostnaði þá kannast ég ekki við að hafa verið að gera það, alla vega enn sem komið er. Ekki þannig að það sé einhver skuldbinding í því hvað svo sem síðar kann að verða. En hafa skal það sem sannara reynist í þessum efnum.

[16:00]

Útbýting:

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, 146. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 163.

Stimpilgjald, 151. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 187; brtt. efh.- og skattn., þskj. 188.

Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta, 97. mál, svar viðskrh., þskj. 162.

Vextir og verðtrygging, 160. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 186.

Út af dagskrá voru tekin 2.–4. mál.

Fundi slitið kl. 16:01.

28. FUNDUR

mánudaginn 17. nóvember,
að loknum 27. fundi.

Dagskrá:

1. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 171, nál. 187, brtt. 188. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 159. mál, þskj. 185. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

3. Tollalög, stjfrv., 158. mál, þskj. 184. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

[16:02]

Útbýting:

Fjárhagsleg fyrirgreiðsla hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 161. mál, stjtill. forsrh., þskj. 189.

Tilhögun þingfundar.

[16:02]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Að loknum umræðum um dagskrármál þessa fundar er fyrirhugað að ganga til atkvæðagreiðslu um fyrsta dagskrármálið. Þá er það jafnframt ætlun forseta að boða til nýs fundar að loknum þessum fundi og taka málið Stimpilgjald til lokaafgreiðslu.

Varðandi annað og þriðja dagskrármálið munu þau ganga til nefndar að lokinni umræðu á þessum fundi en forseti biður þingmenn að vera viðbúna því að þessi mál komi til framhaldsumfjöllunar síðar í dag.

[Fundarhlé. — 16:12]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:31]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2. og 3. dagskrármáls og þskj. 187. — Afbrigði samþ. shlj.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, 1. umr.

Stjfrv., 159. mál (greiðslujöfnunarvísitala). — Þskj. 185.

[16:32]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignalána til einstaklinga, með síðari breytingum. Efni frumvarpsins var kynnt fyrir helgi sem hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar til stuðnings heimilunum í landinu í yfirstandandi efnahagsþrengingum. Frumvarpið er byggt á niðurstöðum sérfræðingahóps sem ég skipaði í lok október til að skoða hvaða leiðir væru færar til að bregðast við vanda lántakenda vegna verðtryggingar. Tillaga hópsins var sú að endurvekja úrræði laga nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignalána til einstaklinga, með nauðsynlegum breytingum til að mæta því misgengi sem nú er að verða á tekjum einstaklinga og greiðslubyrði verðtryggðra fasteignaveðlána.

Frumvarpið tekur í öllum meginatriðum mið af tillögum nefndarinnar. Til að frumvarpið geti komið til framkvæmda um næstu mánaðamót er nauðsynlegt að það fái hraða afgreiðslu á þinginu. Þá er nauðsynlegt að Hagstofan, fjármálastofnanir og starfsfólk þeirra leggi mikið á sig til að þetta gangi eftir. Takist það mun greiðslubyrði þeirra sem óska eftir greiðslujöfnun verðtryggðra fasteignaveðlána lækka strax í desember og enn meira þegar líður á næsta ár. Miðað við efnahagsspá Seðlabankans er áætlað að greiðslubyrði þessara lána verði í lok næsta árs um 17% lægri en ella hefði orðið.

Mikil umræða hefur verið um mögulegt afnám verðtryggingar að undanförnu og augljóst að væntingar margra hafa verið í þá átt. Ég ætla því að fara stuttlega yfir niðurstöður sérfræðingahópsins um þetta efni. Í vinnu hans fólst meðal annars að meta fjárhagsleg áhrif þess að fella tímabundið niður verðtryggingu á lánsfé og sparifé. Að mati hópsins er ljóst að afnám verðtryggingar á lánsfé mundi draga úr skuldum lántakenda en hætt er við ýmsum hliðarverkunum sem kæmu heimilunum í landinu illa. Gagnvart lánveitendum eru alvarleg formerki á því að afnema verðtryggingu lána. Samkvæmt því sem fram kom í starfshópnum liggur fyrir að ef verðtrygging á fasteignalánum til heimila væri felld niður tímabundið, til dæmis frá júní 2008 til júní 2009, mundu tekjur lánveitenda verða 180 milljörðum kr. minni á tímabilinu en ella, ef verðbólguspá Seðlabanka Íslands er lögð til grundvallar. Áhrif slíkrar aðgerðar á greiðslubyrði mundi þó einungis skila um 8%–10% lækkun á greiðslubyrði af verðtryggðum lánum einstaklinga þar sem verðbætur leggjast við höfuðstól og greiðslubyrði af þeim dreifist út lánstímann. Frystingin mundi hins vegar leiða til þess að eigið fé lánastofnana lækkaði um 19% og er nær öruggt að engin lánastofnun gæti lifað slíkt af. Ætla má að með þessu yrði eigið fé Íbúðalánasjóðs uppurið fyrir áramót ef ekki kæmi á móti verulega aukið fé inn í reksturinn. Þetta mundi krefjast aukinnar skattheimtu sem því svarar nema ef jafnframt yrði ákveðið að frysta skuldahlið efnahagsreiknings viðkomandi lánastofnana.

Önnur hliðaráhrif af frystingu verðtryggingar lána heimilanna er hætta á að útgáfa verðtryggðra skuldabréfa mundi stöðvast á meðan á frystingunni stæði og því yrðu heimili og fyrirtæki að fjármagna fjárfestingar sínar með skammtímalánum á því vaxtastigi sem nú gildir. Loks er hætt við að fjárfestar mundu ekki treysta verðtryggingu í kjölfar slíkra aðgerða og mundi lánstími húsnæðislána því að líkindum styttast umtalsvert. Minnisblað starfshópsins um efnahagslegar afleiðingar af frystingu eða afnámi verðtryggingar fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal.

Virðulegi forseti. Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar

hefur þegar fengið nokkra umræðu í samfélaginu í kjölfar þess að ríkisstjórnin kynnti áætlun um aðgerðir til aðstoðar fjölskyldum og heimilum í landinu vegna þess erfiða ástands sem samfélagið stendur frammi fyrir. Ég veit að margir bundu vonir við að verðtrygging fasteignalána yrði felld niður. Eins og ég hef þegar gert grein fyrir var sú leið skoðuð ítarlega og niðurstöðurnar voru þær að slík ráðstöfun yrði í raun óframkvæmanleg við núverandi aðstæður vegna þeirra efnahagslegu afleiðinga sem hún hefði í för með sér. Afnám verðtryggingar er einfaldlega ekki góður kostur í þeirri miklu verðbólgu og óstöðugleika sem nú er á fjármálamarkaði en ég tek fram að það er eitthvað sem mér finnst ástæða til að fara í þegar aðstæður leyfa. Í þessu samhengi vil ég leyfa mér að vitna til ágætrar greinar Gauta B. Eggertssonar og Jóns Steinssonar, með leyfi forseta:

„Talsverð umræða hefur verið síðustu vikur um almenna skuldaniðurfellingu annaðhvort beint eða í formi tímabundins afnáms verðtryggingar. Almenn skuldaniðurfelling hefur tvo alvarlega ókosti. Í fyrsta lagi er hún gríðarlega dýr. Ef ráðist væri í 25% niðurfellingu húsnæðislána mundi það kosta ríkissjóð um 300 milljarða kr. í gegnum verri afkomu nýju bankanna. Slík aðgerð mundi því með öðrum orðum þýða hærri skatta í framtíðinni sem nemur 300 milljörðum kr. Þessir auknu skattar mundu bætast ofan á skattana sem þarf að afla til þess að borga fyrir annan kostnað ríkisins af kreppunni og hruni bankanna. Varlega áætlað verður sá kostnaður ekki undir 600 milljörðum kr. Ef við gefum okkur til einföldunar að landsmenn greiði skatta í réttu hlutfalli við tekjur sínar þá þýðir aukin skattheimta upp á 900 milljarða kr. í framtíðinni að fjölskylda sem er með árstekjur upp á 8 millj. þarf að greiða 6 millj. aukalega í skatta í framtíðinni. 2 millj. af þessum 6 millj. kr. væru vegna skuldaniðurfellingar.“

Þeir félagar Gauti B. Eggertsson og Jón Steinsson nefna einnig að hinn ókosturinn við svona almenna skuldaniðurfellingu er að stór hluti aðstoðarinnar mundi ekki renna til þeirra sem verst eru staddir. Þeir sem fengju mest út úr almennum skuldaniðurfellingum væru þeir sem hefðu stærstu húsnæðislánin.

Ég ætla nú að ræða efni frumvarpsins og gera grein fyrir því hvaða áhrif það mun hafa á greiðslubyrði lána hjá þeim sem nýta sér greiðslujöfnun í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Verði frumvarpið að lögum geta viðskiptavinir allra lánastofnana sem eru með verðtryggð fasteignaveðlán óskað eftir greiðslujöfnun lána sinna telji þeir það þjóna hagsmunum sínum. Gert er ráð fyrir að lögin komi til framkvæmda við næstu mánaðamót en til að svo megi verða verður þingið að afgreiða málið á mjög skömmum tíma því forrita þarf öll greiðslukerfi með tilliti til nýrrar vísitölu. Miðað við efnahagsspá Seðlabankans er áætlað að greiðslubyrði þeirra lána þar sem greiðslujöfnun verður beitt verði í lok næsta árs um 17% lægri en ella hefði orðið án greiðslujöfnunar.

Greiðslubyrði lána hefur vaxið ört að undanförnu vegna mikillar verðbólgu samhliða því að kaupmáttur fólks hefur rýrnað. Við þessar aðstæður þyngist greiðslubyrði fólks af fasteignalánum verulega og getur reynst sumum ofviða vegna þess misræmis sem verður milli lána og launa. Megintilgangur frumvarpsins er að koma í veg fyrir eða sporna eins og kostur er við misgengi milli lána og launa. Markmið frumvarpsins er að bjóða lánshöfum leið til að brúa þetta bil með því að létta greiðslubyrðina tímabundið á meðan niðursveiflan gengur yfir og koma eins og kostur er í veg fyrir misgengi launa og greiðslubyrði lána eins og ég nefndi hér áður.

Aðferðin við greiðslujöfnun felst í því að reiknuð verður ný vísitala, svonefnd greiðslujöfnunarvísitala sem gefin verður út mánaðarlega. Í greiðslujöfnunarvísitölunni verði vegin saman launaþróun samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands og þróun atvinnustigs samkvæmt mælingum Vinnumálastofnunar. Ef afborganir samkvæmt greiðslujöfnunarvísitölu reynast lægri en afborganir samkvæmt vísitölu neysluverðs sem er grundvöllur verðtryggingar verðtryggðra lána er þeim hluta af afborgunum fasteignaveðlánsins sem nemur mismuninum frestað þar til greiðslujöfnunarvísitalan hækkar á ný umfram neysluvísitöluna. Sá hluti afborgana sem frestast er færður á sérstakan jöfnunarreikning sem bætist við höfuðstól lánsins. Þegar afborganir af láninu reiknaðar samkvæmt greiðslujöfnunarvísitölu eru aftur á móti hærri en afborganir reiknaðar samkvæmt neysluvísitölu greiðist mismunurinn inn á jöfnunarreikning til lækkunar höfuðstóls lánsins. Sé skuldajöfnunarreikningur við lok upphaflegs lánstíma er lánstíminn lengdur eins og nauðsynlegt er þar til lánið hefur verið greitt til fulls með sambærilegri greiðslubyrði og áður.

Við útreikning á greiðslujöfnunarvísitölu verður miðað við 1. janúar 2008 og greiðslubyrði lána sem voru tekin fyrir þann tíma mun þróast í samræmi við greiðslujöfnunarvísitölu frá þeim degi og þannig verða svipuð og greiðslubyrðin þá. Hafi fasteignaveðlán verið tekið eftir 1. janúar 2008 mun greiðslubyrðin verða svipuð og hún var við upphaf lánstímans.

Eins og ég sagði áðan munu allir sem eru með verðtryggð fasteignalán hvort sem þeir eru í viðskiptum við opinberar lánastofnanir, lífeyrissjóði eða önnur fjármálafyrirtæki með starfsleyfi hér á landi eiga rétt á greiðslujöfnun lána sinna samkvæmt frumvarpinu óski þeir eftir því. Slíkri umsókn skal koma á framfæri við viðkomandi lánastofnun og hún verður umsækjanda að kostnaðarlausu og þarf t.d. ekki að greiða við þessa skilmála breytingarstimpilgjald. Mikilvægt er að halda því til haga að lántakendur geta sagt sig frá greiðslujöfnun síðar á lánstímanum ef aðstæður þeirra breytast til betri vegar. Mikilvægt er líka að undirstrika í þessu sambandi að hér er ekki um tímabundið úrræði að ræða heldur gerir frumvarpið ráð fyrir áframhaldi þess nema annað verði ákveðið.

Fyrir liggur að greiðslujöfnun muni í raun leiða til aukins kostnaðar fyrir lántakendur þegar upp er staðið í formi vaxta og verðbóta. Því er alls ekki sjálfgefið að fólk kjósi eða hafi hag af greiðslujöfnun. Hver og einn þarf að skoða þetta í ljósi aðstæðna sinna og taka ákvörðun í samræmi við það. Þetta úrræði léttir hins vegar umtalsvert greiðslubyrði af láni tímabundið í niðursveiflu og getur þannig létt byrðar heimilanna í landinu þó einkum þar sem staðan er þröng fyrir. Verði frumvarpið að lögum mun ég leggja áherslu á að vel verði staðið að kynningu úrræðisins gagnvart lántakendum þannig að hver og einn fái bestu mögulegu forsend-

ur til að meta hvort greiðslujöfnun henti aðstæðum hans eða ekki.

Forsendur sem hér er stuðst við um áhrif þessara breytinga byggjast á spám Seðlabankans um verðbólgu og atvinnuleysi en gert er ráð fyrir að launavísitala Hagstofunnar hækki lítið á næstunni. Rétt er að hafa í huga að í þeim gögnum sem unnið var með síðustu daga miðast útreikningar hins vegar við launakostnaðarvísitölu en ekki launavísitölu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir að verði lögð til grundvallar. Ekki liggur fyrir á vettvangi Seðlabankans spá um þróun launavísitölu en til lengri tíma má reikna með að þessar vísitölur þróist með svipuðum hætti þótt einhver hliðrun geti orðið á milli tímabila.

Í vinnslu málsins hafa nokkrar aðferðir verið notaðar til að reikna út áhrifin af greiðslubyrði og kemur fram lítilsháttar mismunur á niðurstöðum eftir því hvaða aðferð er beitt. Annars vegar er ástæðan tæknileg útfærsla sem snýr að þeirri tímatöf sem er á birtingu launaþróunar á launavísitölu Hagstofunnar og þeim tíma sem reikningskerfi banka og Íbúðalánasjóðs þurfa til að reikna afborganir næsta mánaðar. Því liggur ekki endanlega fyrir hversu mikið þarf að hliðra launavísitölunni til en vonir standa til að það verði einungis um tveir mánuðir eins og nú er með vísitölu neysluverðs.

Hins vegar liggur ástæðan í því að útreikningar miðuðust ýmist við launakostnaðarvísitölu eða launavísitölu. Í gögnum og dæmum sem unnið hefur verið með undanfarna daga var miðað við launakostnaðarvísitölu í samræmi við spá Seðlabanka eins og áður hefur komið fram enda við það miðað að öll gögn byggðust á sömu spánni, þ.e. spá Seðlabankans.

Til enn frekari skýringar var ákveðið að notast einnig við spá um launavísitölu þar sem sú vísitala er birt mánaðarlega. Báðar aðferðir gefa svipaða niðurstöðu fyrir greiðslubyrði heimila í lok næsta árs enda gangi forsendur eftir. Nokkur munur er hins vegar á upphafsbreytingunni. Ef miðað er við spá um launavísitölu verður greiðslubyrði áætluð í desember um 6% lækkun í stað 10% ef miðað er við launakostnaðarvísitölu. En í febrúar verður greiðslubyrðin 11% lægri en ella hefði orðið án greiðslujöfnunar.

Þá er einnig vert að hafa í huga að dæmin byggja á spá um þróun neysluvísitölunnar annars vegar og hins vegar spá um þróun launa og atvinnuleysis. Allar eru þessar forsendur breytingum undirorpnar og því rétt að hafa alla fyrirvara á niðurstöðum. Dæmin sýna þó hversu mikilvægt úrræðið gæti reynst ef þróun efnahagsmála þjóðarinnar verður með svipuðum hætti og Seðlabankinn spáir fyrir um.

Í frumvarpinu er farið yfir áhrif þessarar greiðslujöfnunar á lánastofnanir og þar segir, með leyfi forseta:

„Ætla má að ef allir lántakendur verðtryggðra fasteignaveðlána nýttu sér þessa greiðslujöfnun hjá fjármálafyrirtækjunum mundi lausafé þessara fyrirtækja minnka um kringum 13 milljarða kr. í árslok 2009, mest hjá bönkum, sparisjóðum og Íbúðalánasjóði. Svarar þetta til 1,3% af heildarupphæð verðtryggðra lána heimilanna. Til að mæta þessari lausafjárþörf, sem þó telst ekki umtalsverð enda einungis um 0,3% af lánakerfinu í heild, er lagt til að lögð verði sú skylda á ríkissjóð að tryggja með atbeina Seðlabanka Íslands, eftir atvikum, að lánastofnanir skv. 1. mgr. ákvæðisins hafi aðgang að lausafé til að mæta þeim áhrifum sem greiðslujöfnun samkvæmt þessum lögum hefur á lausafjárstöðu þeirra. Með slíkri fyrirgreiðslu á að vera tryggt að lánastofnanir skv. 1. mgr. verði ekki fyrir tjóni vegna þeirrar skyldu sem lögð er á þær með setningu laganna.“

Samkvæmt minnisblaði sem félags- og tryggingamálaráðuneyti hefur borist frá Íbúðalánasjóði liggur þegar fyrir, að teknu tilliti til lausafjárstöðu sjóðsins, að ekki er talið að hann þurfi á sérstakri fyrirgreiðslu að halda á árinu 2009 vegna fyrirhugaðrar greiðslujöfnunar útlána.

Það sama gildir um lífeyrissjóðina og í þeim 13 milljörðum sem hér er getið um hefur verið dregið frá að lífeyrissjóðir þurfi á fyrirgreiðslunni að halda og talan lækkar enn fyrst í ljós hefur komið að Íbúðalánasjóður þarf ekki á fyrirgreiðslunni að halda.

Virðulegi forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Frumvarpið fer nú til meðferðar í félags- og tryggingamálanefnd, sem fjallar um málið og metur hvort hún treystir sér til að afgreiða það á þeim skamma tíma sem hér er gert ráð fyrir. En samkvæmt upplýsingum sem við höfum þarf að hafa mjög hraðar hendur á afgreiðslu málsins og helst að afgreiða það á þessum sólarhring ef það á að geta komist til framkvæmda og haft áhrif á greiðslubyrði þeirra sem kjósa að velja þessa leið núna 1. desember.

En að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. félags- og tryggingamálanefndar.

[16:48]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að spyrja hæstv. ráðherra hvað hún meinti með því að afgreiða þyrfti þetta mál hér á mjög skömmum tíma. Nú er upplýst að það eigi að gerast á þessum sólarhring. Á sama tíma segir hæstv. ráðherra að það atriði sem hér er sagt að verið sé að taka á, þ.e. verðbólguskotið, hækkun verðbóta og vaxta á húsnæðislánum, hafi verið skoðað ítarlega í nefnd á vegum ráðuneytisins. Er það svo að Alþingi eigi ekki að fá að skoða þessa hluti ítarlega? Eða telur ráðherrann að Alþingi geti skoðað þetta viðamikla mál ítarlega á þessum sólarhring sem nú er ansi langt kominn, hæstv. ráðherra? Ég óska eftir svari við því.

Ég tel í rauninni enga ástæðu til að vera með neina fljótaskrift á þessum málum. Það er alveg ljóst að önnur úrræði eru fyrir fólk hjá Íbúðalánasjóði, að flytja greiðslur aftur fyrir gjalddaga og þar á meðal bæði skuldbreytingalánin og greiðslujöfnunarlánin sem verið er að lengja hér úr 15 árum í 30. Stór hluti lána er þegar í þeim farvegi og ekkert sem kemur í veg fyrir að svo geti verið áfram og gagnast því fólki sem hér um ræðir.

Ég hjó líka eftir því að hæstv. ráðherra talaði um að tekjur lánastofnana yrðu einhverjum milljörðum króna lægri og ég óska eftir því að það komi skýrt fram hvaða tala þar var nefnd.

[16:50]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að

hér er um skamman tíma að ræða en það helgast af því að við sem höfum lagt fram þessa tillögu berum þá ósk í brjósti að hún geti gagnast þeim sem þurfa að greiða af lánum sínum 1. desember. Það ræðst auðvitað af þinginu, þingið er með málið til meðferðar og félags- og tryggingamálanefnd og ég verð að sætta mig við þá niðurstöðu sem verður í nefndinni. En ég legg áherslu á að málinu verði hraðað.

Þetta getur ekki komið í staðinn fyrir þau greiðsluerfiðleikaúrræði sem nú eru til staðar hjá Íbúðalánasjóði, við erum að tala um að greiðslubyrðin lækki hjá þeim sem velja þetta úrræði og það er einfaldlega þess vegna sem við leggjum áherslu á að þessu verði hraðað. (Gripið fram í.) Ég fór ekki yfir þau dæmi en ég get nefnt sem dæmi að verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir að greiðslubyrði verðtryggðra fasteignalána gæti minnkað strax í desember. Þannig gæti afborgun af 30 millj. kr. láni sem ber 5% vexti og er til 40 ára orðið 10 þús. kr. lægri í desember og ég geri ráð fyrir að einhverja muni um 10 þús. kr. nú í aðdraganda jólamánaðar.

Hv. þingmaður spyr líka um lækkun á eigin fé. Við höfum farið nákvæmlega yfir hvað þetta mundi þýða. (Gripið fram í.) Við erum að tala um að þetta geti haft þau áhrif og hefur þau áhrif að lausafjárstaða og ekki síst hjá bönkunum gæti versnað og þess vegna þurfi ríkisstjórnin með atbeina Seðlabankans að koma þar inn. Það fer auðvitað eftir því hve margir velja sér þetta úrræði. Ef allir með verðtryggð lán velja sér þetta úrræði gæti lausafjárstaða þeirra versnað um einhvers staðar á bilinu 10–13 milljarða kr. (Forseti hringir.) En það miðast við að allir fari að nýta sér þetta úrræði sem ég hef ekki trú á að allir geri.

[16:52]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég held að nauðsynlegt sé að kalla eftir skýrslu þeirrar nefndar sem fékk þetta verðtryggingarmál til ítarlegrar skoðunar, athuga hvað sú nefnd hefur haft langan tíma til að skoða þau mál ítarlega vegna þess að vandinn sem við erum að tala um er ekki tíuþúsundkall 1. desember. Það er bara rangt. Vandinn sem verið er að tala um er að verðbólguskotið sem ríða mun yfir þegar krónunni verður fleygt mun hafa alveg gríðarleg áhrif á greiðslubyrði heimilanna, ekki endilega 1. desember næstkomandi heldur út allt næsta ár. Ég er ansi hrædd um að ýmsir gjalddagar verði þyngri en 1. desember hjá fólki eftir að atvinnuleysið er orðið meira og þegar uppsagnarfresturinn er liðinn hjá þeim sem þegar hafa fengið uppsagnarbréfin.

Ég held að nær væri að Alþingi tæki sér tak og skoðaði verðtryggingarmálin í alvöru. Er það virkilega svo að verðbólguskotið sem menn eru að undirbúa með láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eigi að nota til eignamyndunar í lánastofnunum? Hæstv. ráðherra nefndi hér í ræðu sinni að tekjurnar yrðu 180 milljörðum kr. lægri, heyrðist mér, ef verðtryggingin yrði tekin af frá 1. júní á þessu ári til 1. júní á næsta ári. Hvað þýðir það? Það þýðir að heimilin eiga að borga 180 milljarða kr. vegna verðbólgunnar fyrir það tímabil. Það er bara þannig.

Það er þetta sem Alþingi á að tala um, hæstv. forseti, og ég hlýt að ítreka þá ósk að Alþingi fái góðan tíma til að skoða þetta og fái þessa skýrslu. Því það er líka upplýst að úrræðið sem hér er verið að kynna er ekki lækkun á greiðslubyrði, það er frestun á greiðslum og eins og hæstv. ráðherra sagði, það verður fólki dýrara og erfiðara þegar upp verður staðið. Ég er ekki viss um að þetta sé rétt leið, hæstv. forseti.

[16:54]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan geta farið þá leið að strika út verðtrygginguna, að stilla greiðslur fólks yfir á t.d. áður en hrunið átti sér stað og lækka verulega greiðslubyrði lána hjá fólki, t.d. um 25% eða eitthvað slíkt. Ég hef farið yfir það hvað það þýðir (Gripið fram í.) og einhver þarf að borga þetta, virðulegi forseti. Ég held að við eigum ekki að gefa eitthvað út í samfélagið sem við getum ekki staðið við. Við erum þá annaðhvort að kalla á gífurlega skattheimtu til framtíðar, ef við förum þá leið, eða að eigið fé lánastofnana verði uppurið.

Vinstri græn hafa talað hér fyrir Íbúðalánasjóði, ég tala líka fyrir því að við verjum Íbúðalánasjóð, en það liggja fyrir útreikningar um að ef við förum þá leið að frysta t.d. verðtrygginguna eða lánin næstu mánuðina muni eigið fé Íbúðalánasjóðs verða uppurið á þeim mánuðum. Auðvitað mun félags- og tryggingamálanefnd fá allar upplýsingar sem við höfum um þetta mál frá sérfræðinganefndinni og þar verður ekki legið á neinu til þess að fara yfir málið. Sérfræðinganefnd sem var skipuð hagfræðingum og viðskiptafræðingum og stærðfræðingum lá mjög yfir þessu máli. Hún hafði ekki langan tíma, ég held að það hafi verið upp úr miðjum októbermánuði sem nefndin byrjaði að skoða þetta mál þannig að hún fundaði stíft og mikið einmitt til að geta komið með tillögur sem hefðu áhrif á það að lækka greiðslubyrði hjá fólki 1. desember næstkomandi. Ég margsagði það hér og dreg enga dul á það að við erum að fresta afborgunum en það er sú leið sem farin var t.d. 1985 og 1991 einmitt til að koma í veg fyrir misgengi launa og lána. Þótt slíkt hafi komið upp áður hafa menn ekki treyst sér til að strika yfir verðtrygginguna eða frysta verðtryggingu og menn treysta sér heldur ekki í það núna. Og þó við séum ekki að tala um mjög mikla léttingu á greiðslubyrði 1. desember mun hún verða enn meiri á næsta ári fyrir þá sem velja að fara þessa leið.

[16:56]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Hæstv. félagsmálaráðherra hefur nú mælt fyrir frumvarpi til laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga og vil ég á þeim stutta tíma sem ég hef við 1. umr. málsins gera örstutta grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ég get komið á framfæri á þeim tíma að því varðar bæði efni máls og ekki síst kannski vinnubrögð og vinnulag í þinginu.

Ég vil taka það skýrt fram að þar sem ég mun verða fulltrúi míns flokks í félagsmálanefnd við afgreiðslu og vinnslu þessa máls munum við að sjálfsögðu nálgast það með algjörlega opnum huga. Fulltrúar á okkar vegum hafa fengið

vissa kynningu á því á síðustu sólarhringum og er rétt að það komi fram. Engu að síður er frumvarpið fyrst lagt fram og dreift hér í dag í fullbúinni mynd og með öllum fylgiskjölum sem því eiga að fylgja og ég verð að viðurkenna að sum þeirra er ég að sjá fyrst núna þó að ég hafi síðasta sólarhringinn legið yfir þeim drögum sem a.m.k. mér bárust í hendur.

Við munum að sjálfsögðu nálgast þetta mál efnislega með opnum huga og án allra fordóma. En varðandi vinnubrögðin sérstaklega þá verð ég að segja alveg eins og er að ég er ekki reiðubúinn til þess á þessum tímapunkti, a.m.k. fyrir mína hönd og míns flokks, að gangast inn á að málið verði afgreitt á örfáum klukkutímum sem lög frá Alþingi. Að minnsta kosti verður þá að reiða fram óyggjandi skýringar eða rökstuðning fyrir því að það sé óhjákvæmilegt til að niðurstaðan geti náð fram að ganga. Ég hef sjálfur miklar efasemdir um að það geti verið rétt að einhverjir sólarhringar í því efni getið ráðið úrslitum, að heimurinn hrynji í þessu efni ef Alþingi leyfir sér að taka tvo, þrjá sólarhringa t.d. fram á fimmtudag eða svo til að afgreiða þetta mál. Mun ég áskilja mér rétt til að halda þeim sjónarmiðum til haga eða óska frekari skýringa og rökstuðnings fyrir hraðari málsmeðferð.

Það er einfaldlega ekki hægt að una við það, virðulegi forseti, að Alþingi sé æ ofan í æ stillt frammi fyrir einhverjum afarkostum í þessu efni, að mál séu reidd hér fram tilbúin af hálfu stjórnarflokkanna og þau hafi jafnvel verið lengi í meðförum í ráðuneytunum. Hæstv. félagsmálaráðherra, sem ég vona að sé að fylgjast með umræðunni, upplýsti hér að um miðjan október hefði sérfræðinganefnd hafið störf eða skoðað tiltekna hluti eins og t.d. verðtrygginguna þannig að hún hefur haft u.þ.b. mánuð til að skoða þessi mál af sinni hálfu. Um helgina var sagt að hæstv. félagsmálaráðherra hefði ekki getað mælt fyrir þessu máli síðastliðinn fimmtudag vegna þess að það hefði ekki verið afgreitt úr báðum stjórnarflokkunum. Það kann vel að vera rétt, ég veit ekkert um það, en síðan er okkur í stjórnarandstöðunni stillt upp í dag og sagt hér þegar klukkan er orðin fimm: Þetta þarf að afgreiðast á þessum sólarhring. Það hljóta allir að sjá ósanngirnina í því sem við stöndum frammi fyrir vegna þess að við verðum auðvitað að fá tækifæri til þess að rýna málið, spyrja þá sem hafa matreitt það, fá umsagnir, þó að þær séu munnlegar, inn á fund nefndarinnar og fara í gegnum þær og vinna okkar álit, hugsanlega leita eftir viðhorfum í okkar eigin þingflokkum þannig að það gefist ráðrúm til að þingflokkarnir komi saman til stuttra funda. Ég mun því mælast til þess, ef ekkert sérstakt og óyggjandi kemur fram um að óhjákvæmilegt sé að afgreiða málið með þessu hraði, að við tökum okkur a.m.k. einhverja sólarhringa til þess.

En burt séð frá þessu vil ég segja að tilgangur frumvarpsins eins og kemur fram í 1. gr. þess, að jafna greiðslubyrði af verðtryggðum fasteignaveðlánum einstaklinga, er að sjálfsögðu jákvætt og mikilvægt innlegg í því efnahagsóviðri sem geisar um þessar mundir til að laga stöðu heimilanna almennt. Að sjálfsögðu verður líka að halda því til haga að við teljum að þær aðgerðir í þágu heimilanna sem ríkisstjórnin hefur kynnt og gerði í heilsíðuauglýsingu fyrir örfáum sólarhringum síðan þar sem taldir eru upp allmargir liðir, einir 10 eða 12 liðir þar sem farið er yfir til hvaða aðgerða ríkisstjórnin hyggst grípa, þá sýnist mér í stórum dráttum að ríkissjóður sé í raun ekki að koma með nein sérstök útgjöld eða neitt sérstakt innspil í það verkefni að leysa greiðsluvanda heimilanna. Ég fæ t.d. ekki séð að sérstök útgjöld til heimilanna séu fólgin í því frumvarpi sem hér liggur fyrir.

Ég tel að skoða hefði átt aðra kosti. Hæstv. ráðherra fór hér yfir verðtrygginguna sérstaklega og fékk andsvar um það mál. Ég er einn af þeim sem hafa lengi verið þeirrar skoðunar að afnema eigi verðtryggingu. Ég er alfarið andvígur því hvort sem þar eru innlán eða útlán að þau séu bundin verðtryggingu og ég tel að við heilbrigðar aðstæður eigi einfaldlega að ákveða vexti ofan á skuldbindingar af þessum toga.

Hitt er svo auðvitað alveg ljóst, og ég geri mér mætavel grein fyrir því, að langmest af skuldbindingum í dag eru bundnar verðtryggingu og það er ekki hægt að henda henni í einu vetfangi eins og ekkert sé. Bæði kostar það mikið fé og þar að auki eru skuldbindingarnar með þessum kjörum og væntanlega er ekki hægt að taka þær af með lagasetningu. Þetta ætti þá fyrst og fremst við um nýjar skuldbindingar eða hugsanlega að menn gætu átt val um skipti á einhverjum tilteknum kjörum. Það er líka þannig að erfitt er að afnema verðtrygginguna í mikilli verðbólgutíð. Það er sannarlega rétt. En þá má minna á að í kjölfar þjóðarsáttarinnar 1990 voru áform uppi um að afnema verðtrygginguna og verðbólgan náðist þá niður á viðráðanlegt stig. Hæstv. félagsmálaráðherra var reyndar um tíma félagsmálaráðherra um það leyti líka. En ríkisstjórnin sem tók við árið 1991 undir forustu Sjálfstæðisflokksins fylgdi ekki eftir ásetningi ríkisstjórnarinnar frá 1988–1991 um að afnema verðtrygginguna og það var síðan aldrei gert þó að efnahagslegar aðstæður hafi verið til staðar á þeim tíma, því miður. Ég viðurkenni fúslega að það eru erfiðar aðstæður til þess núna en krafan er samt sú í samfélaginu, mjög rík, að farið verði í þetta verðbólgumál.

Í minnisblaði sem fylgir frumvarpinu er rakið hvað það kostar að fella tímabundið niður verðtrygginguna, t.d. frá júní á þessu ári til júní á næsta ári, og það er talinn óbærilegur kostnaður. Ég velti fyrir mér hvort hægt hefði verið að fara einhverja mildari leið t.d. eins og þá að setja þak á hækkun verðtryggingarinnar þó að hún væri ekki fryst að fullu, að það væri sett eitthvert þak á verðtrygginguna. Ég spyr hvort það hafi verið skoðað ítarlega og mun óska eftir upplýsingum um það á vettvangi nefndarinnar.

Það er nefnilega ekki hægt að mínu viti að taka verðbólguskotið sem óhjákvæmilega kemur núna og velta því öllu yfir á heimilin og fyrirtækin í landinu, að þau greiði verðbólguskotið að fullu en lánveitendur hafi bæði belti og axlabönd, eins og sagt er, í þessu efni og fái allt sitt. Hér er auðvitað um að ræða verulega, jafnvel milljarða tilfærslu sem ég get ekki fellt mig við að farið sé í. Verðbólguskotið á sem sagt að mynda eign hjá lánveitendunum upp á milljarða sem heimilin og fyrirtækin sitja svo uppi með til allrar framtíðar. Þetta finnst mér vera ójöfnuður og það er ófélagslegur svipur á þessari aðferðafræði.

Ég velti því fyrir mér hvort ríkisstjórnin hafi ekki hugsað þá leið að hækka umtalsvert vaxtabætur. Vaxtabætur

sem í dag eru tekjutengdar skila sér auðvitað best til þeirra sem helst þurfa á þeim að halda. Og til þess að koma til móts við aukna greiðslubyrði hefði að mínu mati verið athugandi að fara þá leið að hækka vaxtabætur og húsaleigubætur. Helst hefði ég viljað sjá vaxtabætur og húsaleigubætur í einum pakka, eins konar húsnæðisbótapakka. Taka húsaleigubæturnar alfarið af sveitarfélögunum og yfir á ríkið, létta þar með vissri byrði af sveitarfélögunum sem veitir ekki af þegar þau verða fyrir miklu tekjutapi og auknum útgjöldum vegna félagslegra aðstæðna í sveitarfélögunum við þessar erfiðu aðstæður. Ég hefði viljað sjá fyrir mér einhverjar aðgerðir þar sem tekið hefði verið á þessu heildstætt.

Síðan er ekki hægt að horfa fram hjá því, sem reyndar kom fram í máli hæstv. ráðherra, að hér er um að ræða frestun. Það er auðvitað verið að fresta greiðslubyrðinni eða draga hana á langinn, þannig að þegar upp er staðið verður heildargreiðsla lántakenda meiri en hún ella hefði orðið. Hún verður meiri yfir allan lánstímann og það kemur fram í greinargerð og umsögn fjármálaráðuneytisins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra. Það er kannski ekki um aðra leið að ræða ef menn ætla að draga úr greiðslubyrðinni í augnablikinu en að fresta henni til seinni framtíðar en það er auðvitað ekki nein heildarlausn á vanda fjölskyldnanna við þær aðstæður sem nú ríkja, því miður.

Við horfum sem sagt fram á það núna að verðbólguskotið sem mun fylgja vaxtahækkuninni og því að gengið fer á flot í kjölfar lánveitingarinnar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, mun flytja eignir til í samfélaginu, frá almenningi og til fjármagnseigenda. Það finnst mér ekki vera mjög jafnaðarleg nálgun á málið og ég hefði viljað skoða aðra hluti í því efni. Ég vona að til þess gefist ráðrúm á vettvangi nefndarinnar og ég vonast líka til að formaður nefndarinnar sjái til þess að ef við getum með góðu móti tekið okkur einhverja sólarhringa án þess að það stefni málinu öllu í uppnám þá fáum við þá. (Gripið fram í.) Ég sagði að ég ætlaðist til þess og vonaðist til þess að formaður nefndarinnar tryggði að ef að hægt væri að taka sér einhverja sólarhringa í málið án þess að málinu öllu væri stefnt í uppnám þá fengjum við þá sólarhringa og það verði ekki þvingað hér fram á örfáum klukkutímum nema í algjörri og fullkominni neyð. En það verður auðvitað að skrifast á ábyrgð ríkisstjórnarinnar að málið skuli hafa komið svo seint fram

Ég vil líka láta kanna hvort það sé ekki tæknilega mögulegt að fresta gjalddaganum 1. desember um einhverja sólarhringa. Það vill svo til að obbinn af þessum lánum er í sjálfvirkri skuldfærslu í bankakerfinu, það er ekki um það að ræða að prentaðir séu út greiðsluseðlar fyrir alla. Það er líka svo að kerfið sem hér er notað var sett á stofn í Reiknistofu bankanna 1985. Þá fóru um 6.000 lán inn í það kerfi. Mér er sagt að um 700 lán keyri enn þá á þessu kerfi í dag. Ergo: Þetta kerfi er til hjá Reiknistofu bankanna, það þarf ekki að hanna það upp á nýtt. Mér finnst því mjög sérkennilegt ef það kostar svo mikla vinnu og erfiðleika að ekki sé hægt að taka örfáa sólarhringa á vettvangi Alþingis til að fara yfir þetta mál og ég mun áskilja mér rétt til þess.

En að öðru leyti af því að tíma mínum er að ljúka, virðulegi forseti, þá vil ég einfaldlega segja og ítreka það sem ég sagði í upphafi að tilgangur þessa frumvarps er jákvæður. Við styðjum hann þó að við hefðum gjarnan viljað ganga lengra og taka inn í þetta aðra hluti sem ég hef þegar rakið hér í stuttu máli. Við áskiljum okkur rétt til að fara rækilega yfir það með þeim umsagnaraðilum sem verða boðaðir á fund nefndarinnar hvaða áhrif þetta hefur nákvæmlega fyrir fjölskyldurnar í landinu og við áskiljum okkur rétt til að óska eftir því að fá a.m.k. tilhlýðilegan tíma til að fjalla um það á vettvangi (Forseti hringir.) þingnefndar og þingflokkanna sömuleiðis.

[17:12]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hefur farið ágætlega yfir sjónarmið sín varðandi það frumvarp sem hér er lagt fram og haft áhyggjur af því að það verði keyrt of hratt í gegn. Hann hefur einnig bent á að hann hafi áhyggjur af því að þær tillögur sem hér eru lagðar fram miðist við að frestun sé á greiðslu, fyrst og fremst sé verið að létta greiðslubyrði til skamms tíma en ef menn horfi til lengri tíma verði fólk að greiða þetta. Skilja mátti á ræðu hv. þingmanns að ef menn felldu þetta að einhverju leyti niður væri verið að bjarga einhverjum skuldareigendum en svo óheppilega vill til að skuldareigendur sýnast mér í þessu tilfelli eingöngu vera ríkisbankarnir, Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir. Við erum þá að tala um að fella þetta niður þar og færa það yfir á milli þessara aðila. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort það endi ekki hvort sem er á ríkissjóði og hvort honum finnist eðlilegra að það sé greitt í gegnum skattkerfið en með þeim hætti sem þarna er og taka þá á því síðar ef ástæða er til að fella niður skuldir með öðrum aðferðum þar sem þá verði felldar niður skuldir á þeim sem á því þurfa að halda.

Mig langar hins vegar að spyrja hv. þingmann að því hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að hv. þingmaður sé sammála mér um að við eigum að stefna að því að þetta komi til framkvæmda fyrir 1. desember, við tökum þann tíma sem við höfum miðað við að það náist. Verði það niðurstaðan að þessu verði að ljúka í dag til að það sé hægt mun hv. þingmaður styðja okkur í vinnunni í efnahags- og tryggingamálanefnd? Annars tökum við þá tíma fram á fimmtudag — svo óheppilega vill til að ekki eru fundardagar í þinginu á morgun og á miðvikudag. Við tökum það þá fyrir á fimmtudag ef við höfum tíma til þess. (Forseti hringir.) Mig langar að fá svar við þessum tveimur spurningum.

[17:14]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður ber hér fram eðlilegar og málefnalegar spurningar, ég ætla að svara þessu varðandi skuldirnar og skattana sem hann setur hér í samhengi. Ég geri mér grein fyrir því að ef menn ætla að leggja fjármagn úr ríkissjóði í að koma til móts við þessa auknu greiðslubyrði fjölskyldna í landinu getur það þýtt lántöku eða aukna skatta til framtíðar. En það er þá öðruvísi greiðslubyrði, henni er dreift með öðrum hætti ef það er gert í gegnum skattana en í gegnum það form sem hér er verið að tala um. Þetta er pólitísk spurning sem mér finnst eðlilegt að við veltum fyrir okkur.

Ég ætla ekkert að segja það hér og nú að þannig eigi það

að vera en mér finnst mjög gild rök fyrir því að velta því fyrir sér pólitískt hvort menn vilja reyna að koma þessum verðbólgukúf í einhvern sameiginlegan farveg landsmanna allra frekar en að það lendi með þessum hætti. Þess vegna nefndi ég t.d. vaxtabæturnar — ég hefði talið að við gætum farið í gegnum vaxtabótakerfið til að koma til móts við þessar fjölskyldur, hugsanlega einhverja blöndu af þessum aðferðum öllum. En það er hlutur sem mér finnst eðlilegt að við ræðum betur á vettvangi nefndarinnar. Ég hef sem sagt enga fyrir fram gefna fordóma gagnvart einstökum leiðum í þessu efni og mér heyrist hv. þm. Guðbjartur Hannesson ekki hafa það heldur.

Varðandi tímafrestina sagði ég að ég vildi fá þann tíma sem við gætum tekið. Ég ætla ekki að leggja stein í götu þess að málið fáist afgreitt en ég trúi því ekki enn að tímaramminn um það sé svo þröngur að ekki fáist einhverjir örfáir sólarhringar af tæknilegum ástæðum — það á að leita allra leiða til þess að taka þann tíma sem við þurfum. Ég er sannfærður um að það er hægt. (Forseti hringir.) Ef mér verður með haldbærum rökum sýnt fram á eitthvað annað í nefndinni er ég tilbúinn til að sýna sveigjanleika og vænti þess að formaðurinn sé það líka.

[17:16]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst segja að það er óvænt og að sumu leyti athyglisvert að niðurstaðan eftir athugun málsins skuli vera að grípa til þess bjargráðs að endurvekja gamla löggjöf frá tíð framsóknarráðherra í félagsmálaráðuneytinu, Alexanders Stefánssonar, sem ég veit að hæstv. ráðherra átti mikil samskipti við í þinginu á sínum tíma. Það undirstrikar kannski að þegar menn fara ofan í mál af þessum toga — því að löggjöfin var þá sett í framhaldi af misgengi launa og verðlags árið 1983 sem kom mjög hart við ýmsa einstaklinga í þjóðfélaginu á þeim tíma þegar verðbólga var mjög há, laun sátu eftir og greiðslubyrði lána hækkaði mjög mikið. Niðurstaðan á þeim tíma varð að ekki væri hægt að gefa eftir greiðslur eða skuldbindingar, hluta skuldbindinganna sem fólust í lánveitingunni, vegna þess að þegar menn gefa eftir peninga þarf einhver að borga. Niðurstaðan fyrir 25 árum varð að ekki væri hægt að leggja byrðarnar á einhvern annan hóp og þess vegna var gripið til þess ráðs að búa til löggjöf sem fleytti mönnum yfir tímabilið með greiðslujöfnun þar til hlutirnir breyttust því að auðvitað styttir alltaf öll él upp um síðir. Sú þróun sem var í gangi þá og nú, að fasteignir lækka í verði og eigið fé eigenda þeirra minnkar eða jafnvel hverfur á skömmum tíma, snýst við innan fárra ára. Þá hækka fasteignirnar í verði á nýjan leik og eigið fé myndast aftur eins og gengur.

Hversu sanngjarnt eða ósanngjarnt sem það nú er að menn þurfi að ganga í gegnum þetta tímabil og borga af sínum lánum glíma menn líka við þessa spurningu: Er sanngjarnara að einhver annar borgi? Niðurstaðan fyrir 25 árum var sú að ekki var talið ráðlegt, eða mönnum fannst ekki í það leggjandi, að taka háar fjárhæðir af ákveðnum hópi og færa þær yfir á annan hóp. Sama niðurstaða hefur orðið nú 25 árum seinna þar sem aðstæður eru sumpart svipaðar. Þó að aðdragandinn að þeim sé ólíkur má sjá sömu einkenni. Menn standa frammi fyrir því þegar á að mæta kröfunni um afnám verðtryggingar við þessar aðstæður, skerta verðtryggingu um tíma eða annað slíkt, að það getur út af fyrir sig verið sanngjarnara fyrir þá sem eru að borga en það lendir alltaf á einhverjum öðrum að borga reikningana. Hver á það að vera? Ef það er ríkissjóður þurfa skattgreiðendur að borga reikninginn. Ef það eru sparifjáreigendur er það mjög stór hópur og við skulum muna að eignir heimilanna í landinu eru líklega þrisvar sinnum meiri en skuldirnar. Skuldir heimilanna nema um 30% af eignum. Eignir heimilanna eru bæði innstæður, fasteignir, lífeyrissjóðsréttindi og annað sem er verðmætt í dag. Ef menn grípa til þess að færa vaxtaverðlagið niður er kostnaðurinn við það þegar upp er staðið meiri fyrir heimilin í landinu en ávinningurinn. Þá mundu atvinnufyrirtæki hagnast á þessari breytingu. Þá væri verið að færa fjármagn frá heimilunum til atvinnufyrirtækjanna vegna þess að atvinnufyrirtækin eru stærstu skuldararnir. Eðlilega, það er ekkert athugavert við það.

Svona er eignasamsetningin í þjóðfélaginu og ef við svörum kröfum um að færa skuldir af stórum hópi skuldara lenda byrðarnar á sama hópi, kannski ekki alltaf sömu einstaklingum en á sama hópi. Margir einstaklinganna sem skulda eru líka stórir eigendur í lífeyrissparnaði. Eru þeir eitthvað bættari með því að skuldum sé létt af þeim með því að strika út ákveðinn hluta skuldanna en um leið strikast út ákveðinn hluti af lífeyrisréttindunum? Allt þetta þarf að hafa í huga þegar menn vega og meta þessi mál. Mér sýnist á öllu að hæstv. félagsmálaráðherra hafi komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri skásta færa leiðin miðað við þann tíma sem menn hafa gefið sér til að finna lausn.

Við skulum ekki útiloka að menn finni aðrar betri lausnir. Ég hef alltaf verið dálítið veikur fyrir ákveðinni efnahagsleið sem mikið var talað um fyrir nærri 20 árum, kannski hvað mest fyrrverandi hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson þegar hann var formaður Vinnuveitendasambands Íslands, en það er niðurfærsluleið. Mér hefur alltaf fundist það skynsamleg leið en hún byggist á því að allir taki höndum saman um samræmdar aðgerðir og samkomulag sé um áhrif á hvern og einn hóp. Niðurfærsluleiðin mundi færa niður skuldir, færa niður eignir, tekjur o.s.frv. en hún færir líka niður verðlag og kemur á miklum stöðugleika ef samkomulag næst. Þessu var þreifað á í aðdraganda þjóðarsáttarinnar um 1990 en um það náðist ekki samkomulag heldur var farin önnur leið sem er samt ekki mjög frábrugðin niðurfærsluleiðinni. Ég hef alltaf verið dálítið veikur fyrir henni og mér finnst að í þeim erfiðleikum sem við stöndum frammi fyrir núna ættu menn kannski að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið fyrir hartnær 20 árum og kanna hvort við getum ekki notað þá leið eða afbrigði af henni til þess að koma á nýrri skipan efnahagsmála hér á landi.

Ég vildi að þetta kæmi fram, virðulegi forseti, til þess að menn sæju viðhorf mín til stóru dráttanna í þessum efnum. Ég sé ekki frekar en hæstv. félagsmálaráðherra að það sé fær leið út úr stöðunni núna að taka verðtrygginguna úr sambandi að hluta eða öllu leyti skuldamegin. Það yrði þá að vera hinum megin og ég held að það yrði enn meiri ófriður um það. Þetta þýðir ekki endilega að ég sé á þeirri skoðun að verðtryggingin eigi að vera um aldur og ævi. Hún er afleiðing af óstöðugu umhverfi og við getum ekki

ætlað okkur að búa áfram við óstöðugt umhverfi heldur hljótum að reyna að koma á aðstæðum til þess að geta afnumið verðtryggingu. Það hlýtur að vera markmiðið. Í byrjun þessarar aldar gafst tækifæri til þess að afnema verðtrygginguna en það var látið ónotað, kannski vegna þess að ekki var nægilegur þrýstingur af hálfu skuldara. Þá var stöðugleiki í verðlagi og menn fundu ekki svo mikið fyrir háum verðtryggðum skuldum vegna þess að verðtrygging dreifir skuldabyrði og er hagstæð skuldurum að því leyti. Kannski vantaði þrýsting til þess að nota tækifærið meðan það gafst en við skulum vona að þær aðstæður komi upp aftur. Þá eigum við auðvitað að stíga skrefið til fulls og niðurfærsluleiðin eða einhver viðlíka efnahagsleg aðgerð getur hjálpað okkur til að komast á þennan stað.

Ég held að það væri mikið óráð á þessari stundu að boða að hróflað yrði mikið við verðtryggingunni. Ég held að það mundi skapa miklu meiri usla en ávinning. Við skulum ekki gleyma því að eignamegin eru gríðarlegar fjárhæðir sem bundnar eru með beinum eða óbeinum hætti við verðtryggingu og ef menn færu að hreyfa mikið við því mundu menn fara með féð úr landi hver sem betur gæti. Þá held ég að þyddi lítið að taka bara tveggja milljarða lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Menn yrðu að taka miklu hærri fjárhæðir að láni hjá honum og öllum öðrum sem hönd á festi til þess að geta staðið undir því útstreymi sem mundi leiða af því að flótti kæmist í lið þeirra sem eiga þessar eignir. Ég held því að menn verði að vara sig á því að rugga þeim báti um þessar mundir.

Virðulegi forseti. Það er venja þegar rædd eru mál frá ríkisstjórninni að á dagskrá fundarins séu mál af sama toga frá þingmönnum en einhverra hluta vegna hefur misfarist að setja á dagskrá þessa þingfundar frumvarp sem ég flutti um sama efni. Því vil ég, með leyfi forseta, fá að víkja að því máli og benda hæstv. ráðherra og öðrum á að frumvörpin eru sumpart eins en sumpart er mitt frumvarp víðtækara og svarar því kannski betur þeim þörfum sem verið er að mæta.

Í frumvarpi ráðherra er gert ráð fyrir greiðslumiðlun sem er óháð raunafkomu hvers einstaklings, breytingum sem verða á tekjum hans. Í mínu frumvarpi er gert ráð fyrir að miða við greiðslugetu þannig að raunveruleg breyting á aðstæðum hvers og eins kalli fram möguleika á að laga greiðslubyrði lánanna að þeirri greiðslugetu. Gildissviðið er sem sagt víðtækara og nær til allra skulda en ekki bara fasteignaveðlána sem ég held að menn verði að taka á. Í þjóðfélaginu hafa mjög margir skuldsett sig mikið á síðustu fimm árum eða svo og kannski má segja óskynsamlega mikið því að menn eiga alltaf að vera ábyrgir gerða sinna. Hver og einn átti auðvitað að vega og meta hvað hann þorði að steypa sér út í miklar skuldir en reyndin er sú að margir hafa steypt sér í miklu meiri skuldir en skynsamlegt er. Við því verðum við að bregðast með því að gefa viðkomandi svigrúm til þess að laga greiðslubyrðina af lánasafninu að tekjunum eins og þær koma til með að verða á meðan við göngum í gegnum þessa erfiðleika.

Ég geri líka ráð fyrir tveimur öðrum atriðum sem eru frábrugðin frumvarpi hæstv. ríkisstjórnar. Að sett sé ákvæði inn í lög sem ver skuldara fyrir nauðungarsölu og beiðni um gjaldþrot og ég held að nauðsynlegt sé að setja varúðarákvæði inn í lög til þess að verja hagsmuni einstaklinga á þeim árum sem í hönd fara, hvort sem það tekur tvö, þrjú eða fjögur ár að fara í gegnum þessa erfiðleika, því að við höfum engan ávinning af því að kannski þúsund manns verði gerðir gjaldþrota eða tíu þúsund bornir út úr sínum íbúðum. Þá er miklu skynsamlegra að gera ráðstafanir til þess að menn geti borgað, eins og áður var, svipað hlutfall af sínum tekjum og síðan þegar rofar til fari hlutirnir aftur í fyrra horf. Ég held að með því væri meira unnið og mönnum gæfist líka tækifæri á að ná saman um nýja efnahagsstefnu sem ég held að hljóti að vera lykillinn til lengri tíma litið. Nýja efnahagsstefnu sem færi okkur stöðugleika og mjög lága verðbólgu. Það er í raun og veru verkefnið sem fyrst og fremst bíður ríkisstjórnarinnar að mínu mati, að koma sér saman um þá áætlun og hrinda henni í framkvæmd. Að því verkefni þarf að vinna núna og menn þurfa að ná árangri á því sviði á mjög skömmum tíma. Ég held að það væri mikið óráð ef menn færu að steypa þjóðfélaginu út í harðar deilur um stór málefni sem lúta ekki að þessu eða skapa mikið uppnám að öðru leyti því að þetta verkefni er svo mikilvægt. Það snertir alla í þessu þjóðfélagi og ekkert annað má skyggja á það. Allir verða að leggja sig fram við það. Við búum að mörgu leyti við ákjósanleg skilyrði til þess að koma á nýrri efnahagsstefnu sem er fólgin í eignarhaldi ríkisins á viðskiptabönkunum. Það erfiðasta sem glímt var við í þjóðarsáttinni árið 1990 var að fá bankana til að taka þátt og leggja sitt af mörkum því að þeir vildu alltaf spila frítt. Núna höfum við tök á bönkunum og það er mjög sterkt að geta ráðið meginlínum í þeim efnum með eignarhaldi ríkisins á viðskiptabönkunum.

Fleiri orð ætla ég ekki að hafa um þetta mál, virðulegi forseti, en kannski bæti ég einhverju við síðar.

[17:31]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig undrar satt að segja að heyra hv. þm. Kristin H. Gunnarsson lýsa því yfir að hann telji að ekki sé önnur leið betri en að velta þessu verðbólguskoti yfir á herðar húseigenda. Ég hefði talið að hjá honum og flokki hans væri meiri áhugi á því að taka verðtrygginguna af en mér fannst speglast í orðum hans.

Menn tala mikið um hvaða áhrif það kunni að hafa á eigið fé banka og lífeyrissjóða, sem þegar hafa tapað milljörðum á hlutabréfabraski, og á eigið fé Íbúðalánasjóðs. En hvaða áhrif hefur það á eigið fé þeirra sem eiga húsnæði í landinu, hvaða áhrif hefur það á eigið fé íbúðareigenda á Íslandi? Hvað rýrnar eignarhlutur þeirra mikið í húsnæðinu ef þetta verðbólguskot verður látið ríða yfir óáreitt? Menn hafa bent á að það sé allt í lagi því að Íbúðalánasjóður og bankarnir kunni að eignast íbúðina og leigja viðkomandi, leyfa honum að vera þar áfram. Þá spyr ég: Hver mun svo eignast þá kröfu? Hver mun allt í einu eiga íbúðina á móti viðkomandi?

Ég tel að horfa verði á dæmið í heild, ekki bara út frá hagsmunum lánveitenda heldur líka út frá hagsmunum húseigenda sem eiga nú að taka á sig ómældar byrðar sem gjaldþrotastefna nýfrjálshyggjunnar hefur kallað yfir landið. Mér þykir miður að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skuli ekki líta þetta sömu augum og ég geri.

[17:33]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég líti þetta mál mjög svipuðum augum og stjórnarmaður í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sem heitir Ögmundur Jónasson. Ef menn ætla sér að fara í þann leiðangur að strika út hluta af skuldbindingum skuldara verða menn að svara því hver eigi að borga það. Hver á að borga það, virðulegur forseti?

Ef við lítum á almenning sem hóp, einstaklinga og heimili sem hóp, vitum við það út frá hagtölum að það er almenningur sem tapar á því í heildina tekið. Sumir einstaklingar kunna að hafa ávinning af slíku, aðrir munu hins vegar tapa. Í heildina, vegna þess að eignir heimilanna eru þrisvar sinnum meiri en skuldirnar, mundu heimilin tapa mestu á því að menn fiktuðu í verulegum mæli við verðtryggingarákvæði skuldabréfanna. Það eru þau sem borga og hver er ávinningurinn af því, virðulegi forseti?

Menn verða líka að hafa í huga að hver sá sem tekur lán verður að bera ábyrgð á því. Hefur einhver sem hefur tekið lán getað ákveðið eftir á að einhver annar eigi að borga fyrir sig? Það er bara ekki þannig, virðulegi forseti. En af því að ýmsir hlutir hafa gerst sem voru ófyrirséðir, eins og hrun bankanna, þykir sanngjarnt að reyna að bregðast við vanda sem leiðir af verðbólgunni sem er væntanleg og verðbólgunni sem hefur verið. Það hefur hæstv. félagsmálaráðherra kynnt sem framlag ríkisstjórnarinnar — mér finnst það að sumu leyti ekki fullnægjandi eins og ég rakti í ræðu minni um það frumvarp sem ég hef lagt til. En ég sé ekki í meginatriðum meiri sanngirni fólgna í því að færa eignir á milli einstaklinga í þjóðfélaginu í gegnum það (Forseti hringir.) að virða ekki ákvæði verðtryggingar.

[17:35]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Lítið fer fyrir því stefnumiði Frjálslynda flokksins, sem ég hélt að væri ljóst, að berjast gegn verðtryggingunni. Ég hélt að það væri stefna flokksins (Gripið fram í.) en það virðist því miður ekki vera stefna hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar.

Hv. þingmaður nefndi það að grípa þyrfti til aðgerða til að koma í veg fyrir nauðungarsölu heimila ofan af fólki. Hann nefndi þúsundir manna í því sambandi og gjaldþrot. Það er ekki vegna þess að það séu vanskilamenn í dag eða hafi verið. Ég held að hv. þingmaður sé mér alveg sammála um að þær aðstæður sem nú eru í samfélaginu munu gera menn að vanskilamönnum sem ekki hafa verið það hingað til. Á bls. 9 í greinargerðinni segir að það muni þýða 240 milljarða kr. minni tekjur fyrir banka og Íbúðalánasjóð frá heimilunum ef verðbólguskotið verður tekið af miðað við eitt ár. Þá spyr maður: Hver á að borga það?

Er einhver eignamyndun á bak við þetta? Er raunhæft að byggja eignamyndun á því verðbólguskoti sem ríkisstjórnin ætlar að fara í með fleytingu krónunnar? Verður einhver eignamyndun til í samfélaginu? Hún verður til ef heimilin verða látin borga þetta inn í bankana, inn í Íbúðalánasjóð, inn í lífeyrissjóðina, eins og ég sagði. Þessir aðilar hafa þegar — fyrir utan Íbúðalánasjóð að vísu — tapað gríðarlega miklum fjármunum nú þegar. Á hverju? Á hlutabréfabraski. Eiga þeir að raka því inn aftur frá húseigendum með þessari verðtryggingu? Ég vil skoða (Forseti hringir.) það mál miklu nánar.

[17:37]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hlutirnir ganga stundum í bylgjum og það á við um fasteignaverð og þá sérstaklega fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur hækkað um 100% á fjórum árum. Yfir áratugi hefur það að meðaltali hækkað um 1% á ári að raungildi, en meðaltalið er ekki það sama og raunveruleikinn á hverjum tíma. Menn geta t.d. tekið þriggja ára tímabil og sagt sem svo: Á þessu tímabili er eignin í viðkomandi íbúð að hverfa vegna þess að hún fellur í verði borið saman við lánin sem á henni hvíla.

Taka má annað þriggja ára tímabil, kannski þar á undan, sem sýnir hið gagnstæða. Á þeim tíma hefur kannski orðið gríðarleg eignamyndun í þessum sömu eignum án þess að nokkuð væri lagt í það, án þess að íbúðareigandinn legði eina einustu krónu í að skapa þá eign. Það hefur átt við um fasteignir hér á höfuðborgarsvæðinu. Þær hafa hækkað svo mikið á undanförnum fjórum til fimm árum að tugir þúsunda manna ef ekki hundruð hafa skyndilega eignast háar fjárhæðir í eigin fé án þess að hafa nokkuð haft fyrir því. Það er með það eins og annað sem kemur fyrirhafnarlítið upp í hendurnar að það getur farið jafnfyrirhafnarlítið úr höndum manna á nýjan leik. Það er það sem er að gerast núna. Þegar menn meta þetta þarf að horfa til lengri tíma.

Við höfum líka dæmi um annan veruleika. Á landsbyggðinni hafa fasteignir lækkað í verði og er á sumum stöðum kannski bara 1/4 af því sem það var fyrir tæpum 20 árum. Þúsundir manna hafa lent í þeirri stöðu um allt land. Það hefur ekki verið úrræðið að strika skuldirnar út í þeim tilvikum. Engin mótmælaganga hefur verið farin hér á höfuðborgarsvæðinu til að krefjast þess að skuldir þess fólks væru strikaðar út. Þetta fólk fékk greiðsluaðlögun og annað slíkt, það voru almenn úrræði á þeim tíma, en hver maður varð að borga skuldir sínar. Þannig er það bara, virðulegi forseti.

[17:39]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni, að frumvarpið ber brátt að. Málum er þannig háttað að við þurfum að bregðast við aðstæðum með miklu meiri hraða en ella hefði verið. Ég á von á því að hv. félags- og tryggingamálanefnd taki þetta mál til umfjöllunar á eftir. Vonandi gefst tækifæri til að fá gesti og afla allra þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir nefndarmenn til að kynna sér málið vel svo að menn geti metið hlutina yfirvegað. Ég tel að hér sé um að ræða aðgerð sem muni skipta verulegu máli fyrir fólkið í landinu, fyrir þá sem nú þurfa að þola mjög há lán og háar lánaskuldbindingar. Ég held að það skipti miklu máli að þetta komi til framkvæmda hið fyrsta þannig að menn finni þessu stað strax 1. desember þegar greiðsluseðlarnir eru komnir á gjalddaga. Ég held að það skipti miklu og sé ástæðan fyrir því að hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra fer fram á að frumvarpið fái hraða afgreiðslu á þinginu. Með því er alls ekki gert lítið úr því að þingið þurfi að fá tækifæri til að

fjalla ítarlega um mál, ég hef sjálf talað um það úr þessum ræðustóli að það skiptir verulegu máli fyrir þingheim að fá tækifæri til þess.

Mig langar til að koma að nokkrum orðum í þessu máli vegna þess að ég var fulltrúi sjálfstæðismanna í hópi sem m.a. hefur haft það verkefni að fjalla um þetta atriði. Á föstudaginn var kynntu forustumenn ríkisstjórnarinnar í nokkrum liðum þær aðgerðir sem gripið hefur verið til og þær aðgerðir sem grípa á til svo að nálgast megi þann vanda sem uppi er í þjóðfélaginu. Mér þótti það mjög gott að loksins — get ég eiginlega sagt — skyldi það sett fram með skipulegum hætti hvað menn eru að hugsa hvað varðar vanda heimilanna. Í því efni er náttúrlega ýmislegt til talið sem þegar hefur komið til framkvæmda eins og t.d. ýmsar rýmkunarreglur hjá Íbúðalánasjóði til að lengja í lánum og slíkir hlutir. En ég vil árétta hér, vegna þess að í ræðu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur kom fram að um væri að ræða ýmis úrræði sem hafa verið til staðar, að þetta mál snýr einnig að bönkunum í landinu. Þetta snýr að öllum þeim sem eru með verðtryggð lán, eins og segir í 2. gr., hjá fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki. Þetta snertir því alla þá aðila sem eru að sligast undan þungum verðtryggðum lánum.

Eins og fram kemur í fylgiskjali frá fjármálaráðuneytinu er gert ráð fyrir ákveðnum kostnaði vegna þessa. Nú liggur fyrir að ekki þarf að mæta kostnaði vegna Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóðanna og ég vil taka fram að ég held ekki að menn muni sækjast eftir þessu úrræði í svo stórum stíl að það muni valda sérstökum vandræðum. Sú leið er farin í frumvarpinu að menn þurfa að sækja um þetta, þeir sem sækja um fá að njóta þessa úrræðis. Ef um er að ræða fólk sem hefur góðar tekjur og lágar skuldir er þetta úrræði ekki heppilegt vegna þess að ákveðinn kostnaður felst í þessu. Þetta er fyrst og fremst hugsað til þess að létta greiðslubyrði viðkomandi aðila tímabundið í þeirri gríðarlegu niðursveiflu sem nú er fram undan — 17% lækkun á greiðslubyrði fólks á næsta ári er gríðarlega mikil breyting. Við eigum að líta þannig á að við séum að reyna að leita leiða til að létta greiðslubyrði heimilanna verulega.

Ríkisstjórnin hafði áður gripið til aðgerða út af myntkörfulánum á þá lund að menn hefðu heimild til að frysta þau. Margir voru á þeirri skoðun þegar sú aðgerð var kynnt að einnig þyrfti að líta til þeirra sem eru með verðtryggð lán og það er kannski grunnurinn að þeirri vinnu sem fór fram. En á það ber að líta að frysting á myntkörfulánum er líka mjög afdrifarík aðgerð — hér er ekki um frystingu að ræða, það er alveg rétt, hér er um það að ræða að menn geti með því að beita þessari greiðsluaðlögun að vísitölu lækkað greiðslubyrði sína við þessar óvenjulegu aðstæður.

Það er rétt að ýmis önnur umræða vaknar í kringum þetta mál, menn hafa rætt um verðtrygginguna og fleiri þætti. Hér er að vissu leyti verið að takast á við tímabundið verkefni. Ekki er verið að gera breytingar í þá veru, eins og menn hafa nefnt í umræðunni, að kollvarpa þeim kerfum sem hafa verið við lýði lengi. Ef við ætlum að gera slíka hluti, eins og t.d. að afnema verðtryggingu, þurfum við að gera það að mjög yfirlögðu ráði og með töluvert öðrum hætti en nú á við í því fárviðri sem geisar, það er ágætt að halda því til haga.

Samfélagið allt hefur kallað mjög eftir því að ríkisstjórnin gæfi frá sér ákveðin skilaboð til fólks um það hvað hún hyggist gera. Aðaláherslan hefur verið á að leysa úr hinum bráða vanda á gjaldeyrismörkuðum, menn eru að bíða eftir IMF-lánum og slíkum hlutum. Ég tel afar mikilvægt að líta sérstaklega til hags heimilanna. Þessi aðgerð er langmikilvægust fyrir fólk við þessar aðstæður af þeim aðgerðum sem kynntar voru á föstudaginn.

Það er nokkuð á reiki hver endanlegur kostnaður getur orðið, efri mörkin, vegna þess að maður veit ekki — maður veit hvað þetta getur kostað ef allir nýta sér þetta sem ég tel engar líkur á, þannig að við áttum okkur ekki alveg á því hvað það verður þegar upp er staðið. En auðvitað eru þetta allt saman peningar sem gæta þarf að og gæta þarf að því hvaðan þeir koma. Það kostar alltaf ákveðna hluti að setja peninga inn í kerfi. Aðeins er imprað á þessu í fylgiskjali fjármálaráðuneytisins en ég á von á því að hv. félags- og tryggingamálanefnd ræði það sérstaklega á fundi sínum hvaða áhrif þetta hefur síðan í framhaldinu og ég tel eðlilegt að það sé gert með skipulögðum hætti þar.

Mig langar að nefna eitt til viðbótar — ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta, ég tel brýnt að sem flestir komist að í þessari umræðu — en það er það sem fram kom hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um aðgerðir gagnvart þeim heimilum sem eru í slíkum vanda að fólk er komið á það stig að missa heimili sitt og allt sitt, búið er að kippa undan því fótunum. Það hefur verið nokkuð í umræðunni að gera breytingar á skiptaréttinum eða gjaldþrotaskiptalögunum þannig að einstaklingar geti einnig leitað svokallaðra nauðasamninga. Þetta hefur verið kallað greiðsluaðlögun — greiðsluaðlögunarfrumvarp er nú í vinnslu í dómsmálaráðuneytinu og gerir ráð fyrir því að þeir aðilar sem komnir eru í mikinn vanda, og sjá ekki fram á neitt annað en gjaldþrot, geti farið í ákveðið kerfi sem er þá þannig að þeir borga eins og þeir ráða við en losna við að verða gjaldþrota. Við skulum ekki gleyma því, og það skiptir líka máli í þeirri erfiðu umræðu sem nú er í þjóðfélaginu, að það er afar erfið aðstaða fyrir heimilin í landinu að þau verði gjaldþrota. Mér finnst skipta miklu máli að stjórnvöld hagi öllum aðgerðum sínum á þann veg að reynt verði að koma í veg fyrir að slík ósköp dynji yfir fólk. Ég held því að frumvarp um greiðsluaðlögun, hvernig sem það verður endanlega úr garði gert, muni skipta verulegu máli í þessari umræðu og ég býst við að það fari að styttast í að við sjáum það.

Aðeins út af tengslum þessa frumvarps við önnur mál sem nú eru rædd í þinginu. Fram kemur í frumvarpstextanum að ekki sé gert ráð fyrir því að skilmálabreytingin á lánasamningi kosti viðkomandi eitthvað. Skilningurinn er þá sá að banka- og fjármálafyrirtæki komi í veg fyrir að menn þurfi að borga einhvern aukakostnað af slíkum hlutum. Eins ber að geta þess að nú er í umræðu í þinginu frumvarp til breytinga á lögum um stimpilgjald sem á að koma þannig út að viðkomandi þarf ekki að borga stimpilgjöld af skilmálabreytingum. Hugmyndin er þá sú að vegna þess að hér er um að ræða aðgerðir til að létta á fólki, og þetta er tekjur sem ríkissjóður hefði hvort sem er ekki fengið, sé eðlilegt að mönnum sé ekki íþyngt á þann veg. Ég held að það skipti verulegu máli að þetta frumvarp og það

frumvarp sem við ræðum hér fylgist að í þinginu.

Ég vona að málinu vegni vel í þinginu og ég finn að áhugi er á því. Menn þurfa að hafa tækifæri til að setja sig inn í það og átta sig á því hverjar afleiðingarnar eru. Ég vona að hv. félags- og tryggingamálanefnd muni geta hagað störfum sínum á þann veg að þetta verði skýrt með þeim hætti að það greiði fyrir afgreiðslu málsins eins og kostur er.

[17:49]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Satt best að segja átti ég von á því að þegar ríkisstjórnin loksins tilkynnti um lagfæringar að þær yrðu merkilegri og betri en raun ber vitni. Hvað þetta frumvarp varðar er sjálfsagt að byrja á því að spyrja: Hvað er vandinn mikill og hvað kostar þetta mikið? Hvað þýðir þetta í peningum, hvaða upphæðir er verið að ræða um? Það hefur ekki komið fram og kom ekki fram hjá hv. þingmanni í ræðunni sem hún hélt hér um þau mál. Rétt er að þetta lækkar greiðslubyrði tímabundið en það er næstum eins og að pissa í skóinn sinn. Þetta er ekki það sem fjölskyldurnar þurfa á að halda. Ég sé ekki að atriðin tíu sem kynnt voru fyrir síðustu helgi leysi vanda fjölskyldnanna eins og þarf að gera.

Það er t.d. augljóst að fjöldi manna og fjölskyldna eru að tapa húsnæði sínu. Fleiri þúsund fjölskyldur lenda í þessu og þurfa að fara úr húsnæði sínu eftir skamman tíma. Nær væri að leyfa þeim að leigja húsnæðið til þriggja ára.

Um stimpilgjöldin vil ég segja að Frjálslyndi flokkurinn flutti tillögu um að leggja stimpilgjöld alveg niður en ekki í einhverju hálfkáki eins og ríkisstjórnin leggur til núna og er í rauninni sáralítil búbót. Þetta nemur sennilega í það heila einhverjum 50 milljónum.

[17:52]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég held að ríkisstjórnin hafi á stefnuskrá sinni að draga úr stimpilgjöldum og ég hugsa að hv. þingmanni sé það kunnugt. Ekki held ég að auðvelt sé að draga úr tekjum ríkissjóðs við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðfélaginu.

Hvað varðar stimpilgjaldafrumvarpið, sem er fyrir þinginu í dag, er það þannig að þegar menn eru í miklum greiðsluvanda, eins og við horfum nú fram á, skiptir gríðarlegu máli fyrir lántakendur að losna við stimpilgjöld af skilmálabreytingum. Við slíkar aðstæður er beinlínis ósanngjarnt að lántakendur þurfi að borga stimpilgjöld.

Aðstaðan sem við erum nú í er afskaplega óvenjuleg og ég vona svo sannarlega — og hugsa að ég tali fyrir munn allra hér inni — að við þurfum ekki að horfast aftur í augu við slíkar hremmingar í náinni framtíð. Holskeflan sem reið yfir kom mörgum heimilum í landinu verulega á óvart og því höfðu menn ekki gert neinar ráðstafanir til að draga úr skuldum sínum eða neitt slíkt þegar bankahrunið gekk yfir. Þess vegna er mjög mikilvægt að ríkisstjórnin beri hag þessa fólks fyrir brjósti í öllum aðgerðum sínum.

Alltaf má deila um hvort nóg sé gert og ég veit að mörg okkar hefðu viljað sjá meira sums staðar, þannig er það bara. En menn reyna að bregðast við aðstæðunum eins og best er og með þessu lagði ríkisstjórnin fram ákveðið útspil. Það er enginn sem segir að þetta séu endanlegar aðgerðir, við eigum eftir að sjá betur hvernig allt verkast og menn hafa talað um fleira sem gæti hjálpað í þessu. Ég skil það sjónarmið að alltaf megi gera betur og held að við eigum að hafa það í huga.

Til að svara spurningunni sem hv. þingmaður beindi til mín í upphafi þá kemur fram í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins að kostnaðurinn geti í mesta lagi orðið 13 milljarðar kr.

[17:54]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við veltum fyrir okkur hvað þetta kostar mikið. Setjum við ekki að allt of lítið í það að hjálpa þeim sem eiga í mestum erfiðleikum? Hversu margar fjölskyldur eru að missa húsnæði sitt, íbúðirnar sínar og fara í nauðungaruppboð? Það hlýtur að vera hægt að gera einhverja könnun á því í bankakerfinu hversu margir eiga ekki fyrir skuldum.

Það er ótrúlegt að fimm eða sex vikum eftir að bankarnir hrundu vitum við ekkert og fáum ekkert að vita. Við erum í lausu lofti með allar upplýsingar og engum spurningum er hægt að svara. Þetta er nokkuð sem við þurfum að fá að vita: Hvað eru þetta margar fjölskyldur? Hversu stórt er vandamálið? Hvað horfum við upp á marga sem lenda í gjaldþroti?

Ég bendi á það að við í Frjálslynda flokknum lögðum það til strax í vikunni eftir að bankarnir hrundu að skuldir heimilanna yrðu frystar tímabundið, bæði erlendu lánin og eins verðtryggðu lánin. Verðtryggingin er auðvitað mikill bölvaldur og hleður alltaf upp skuldum hjá fólki og við þurfum að losna undan henni, það er mjög nauðsynlegt. Þegar íslenska ríkið á orðið allt bankakerfið er hægt að gera hlutina með öðrum hætti en við höfum gert og við þurfum að taka á og gera miklu betur varðandi fjölskyldurnar í landinu. Við þurfum að setja miklu meiri peninga í þær eða fresta greiðslum á miklum peningum hjá þeim í bili.

[17:56]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Engin leið er að svara því á þessari stundu hversu margar fjölskyldur verða gjaldþrota á næstu mánuðum og hversu margar fjölskyldur muni lenda í verulegum greiðsluerfiðleikum. Ástandið er þannig núna að þetta dynur yfir á hverjum degi. Við sjáum því miður hækkandi tölur um atvinnuleysi og að skuldastaða heimilanna snarversnar og engin leið er að átta sig á því hversu margir muni vera komnir í verulega erfiðleika, t.d. eftir jólamánuðinn í janúar, febrúar. Því miður er það svo.

Við vonumst auðvitað til að þær aðgerðir sem verið er að grípa til verði til þess að létta á þeim sem illa standa og hjálpa þeim þannig að þeir geti bjargað sér og komist hjá því að lenda í slíkum raunum sem gjaldþrot er. Það er grundvallaratriði í þessu. Í því sambandi nefndi ég frumvarpið um greiðsluaðlögun eða þessa leið, greiðsluaðlögunarleiðina, sem er til þess fallin að hjálpa fjölskyldum sem eru í miklum vanda.

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti biðst forláts en það var vitlaus

tími settur af stað í andsvarinu þannig að ræðumaður fékk rangar upplýsingar um hve mikið væri eftir.)

[17:57]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Margir biðu í ofvæni eftir því að sjá auglýsingu sem boðuð var frá ríkisstjórninni um aðgerðir í þágu heimilanna og birtist nú fyrir og um helgina í tólf liðum. Það er rétt sem hv. þm. Ólöf Nordal sagði hér áðan að þar er talað um að fella niður tekjur eins og til að mynda af stimpilgjaldi. Tekjur sem ríkissjóður hefði ekki fengið ef ekki hefði komið til hruns efnahagslífsins og þess vegna hefur ekki verið reiknað með þeim í fjárlögum eða drögum að fjárlögum næsta árs, þ.e. að engin útgjöld eru af hálfu ríkissjóðs í því.

Þannig er, herra forseti, að þegar maður skoðar auglýsinguna er í rauninni bara um einn stóran útgjaldalið að ræða, það er síðasti þátturinn, endurgreidd gjöld af útfluttum bílum, sem mér er sagt að gæti kostað á bilinu 2–3 milljarða. Greiðslubyrðin sem við tölum um að létta af mun ekki kosta ríkissjóð mikið. Aukinn sveigjanleiki gagnvart fólki í greiðsluvanda mun kosta 21,5 millj. kr. Annað á þessu blaði mun ekki kosta ríkissjóð krónu. Ég vil vita hvort það er rétt tilfinning sem ég og fleiri sem líta á þessa auglýsingu höfum að aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að létta á vanda heimilanna megi í rauninni ekki kosta neitt.

[17:59]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að ekki er í fjárlögum gert ráð fyrir tekjum sem stimpilgjöldin hefðu haft í för með sér, vegna þess að menn áttu ekki von á því að þær aðstæður kæmu upp að menn þyrftu að skuldbreyta eða gera skilmálabreytingar á lánum sínum. Engu að síður, samkvæmt lögum í þessu landi, hefði viðkomandi þurft að borga bæði stimpilgjöld og þinglýsingargjöld og annan kostnað af slíkum skilmálabreytingum. Þess vegna verð ég að segja að úrræðið sem er kynnt í dag og það hvernig í pottinn er búið, að menn geti farið í þetta án þess að í því felist kostnaður — við skulum ekki gleyma því heldur að fjármálastofnanir taka á sig kostnað út af ýmsum þáttum sem varða þær.

Þetta úrræði getur skipt verulegu máli. Hitt er annað mál og ég get alveg tekið undir það hjá hv. þingmanni að við þurfum að gera ýmislegt fleira og átta okkur á hvað á að gera. Enn þá vitum við hvorki hversu stór vandi okkar er né hversu langvinnur. Við verðum líka að átta okkur á því að við getum ekki gripið til allra þeirra aðgerða í dag án þess að vita nákvæmlega hvaða afleiðingar það hefur eftir eitt ár ef vandinn verður svo mikill á næsta ári að meira dragist saman. Við höfum bara ákveðið fjármagn og það þarf að stilla hlutunum saman.

Varðandi það að ekkert annað væri í þessu en hlutir sem kosta ekki neitt er verið að leggja til hér t.d. að lög um dráttarvexti verði endurskoðuð með lækkun þeirra í huga. Við þurfum ekki að fara yfir hvers konar kostnaður er að vera með 28% dráttarvexti eða svo, þannig að ég held að slíkir hlutir muni nú skipta máli. Ég held einnig að ósanngjarna atriðið, sem ég vil taka svo, skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum, allt eru þetta úrræði sem munu hafa góð áhrif á þá sem geta nýtt sér þau. Ég held því að ekki sé sanngjarnt af hv. þingmanni að líta svo á að ríkisstjórnin sé að reyna að gera eitthvað sem kosti ekki neitt og þori ekki að setja peninga í þessa hluti. Ég lít ekki svo á.

[18:01]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég sagði ekki að ríkisstjórnin þyrði ekki, ég spurði hvort það væri stefnan. Ég efast nefnilega um að hún vilji það.

Menn hafa talað um að með þessu frumvarpi sem hér liggur fyrir sé verið að lengja í hengingarólinni. Ég verð að segja að þegar hv. þingmaður fór að nefna dráttarvextina datt mér annað hug, þ.e. þegar nefnd er snara í hengds manns húsi, vegna þess að stýrivextirnir, sem þessi ríkisstjórn lét Alþjóðagjaldeyrissjóðinn pína sig í að samþykkja og er meira að segja búin að samþykkja að hækka vexti enn frekar, leggja grunninn að dráttarvöxtunum, hv. þingmaður, og því að þeir skuli nú vera komnir hátt í 30%.

Þó að barnabætur verði ekki jafnaðar á móti sköttum og vaxtabætur verði ekki dregnar frá afborgunum lána er það svo, hv. þingmaður, að skattaskuldin verður ekki felld niður. Hún bíður bara og safnar vöxtum. Afborganir verða heldur ekki felldar niður, þær bara safna sínum vöxtum og bíða frekari tíma. Þarna er líka verið að tala um að greiða út barnabætur í hverjum mánuði, sem er sanngjarnt og eðlilegt. Ég hefði viljað sjá að barnabætur væru hækkaðar við þessar aðstæður. Það er enginn útgjaldaauki af því hjá ríkissjóði að greiða tólf sinnum út barnabætur á árinu en að greiða þær fjórum sinnum.

Þannig er þetta, herra forseti, þessar aðgerðir sem hér voru auglýstar. Eftir stendur að kostnaðurinn sem ríkisstjórnin er tilbúin til þess að leggja í að létta byrði af heimilunum er fólginn í að endurgreiða gjöld af útfluttum bílum. Menn kalla þetta „Range Rover-skattinn“. Þekkir hv. þingmaður það orð? Nei. Skilur hann það? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei. Það er sagt vera vegna þess að það sé svo mikið til af dýrum bílum sem hafa verið fluttir inn til landsins í gróðærinu að það þurfi sérstakan atbeina ríkissjóðs (Forseti hringir.) til þess að eigendurnir geti komið þeim úr landi í sölu.

[18:03]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Stýrivextir á Íslandi eru gríðarlega háir, um það getum við ábyggilega verið sammála, ég og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir. Mér er fullkunnugt um að þeir eru grunnurinn að dráttarvöxtum í landinu. Að því sögðu munar náttúrlega töluvert miklu hvort það er 11% álag á þessa 18% stýrivexti af hálfu Seðlabankans á grundvelli laga um dráttarvexti. Ef þarna fara einhver prósentustig niður munar það töluvert miklu. Allt þetta skiptir máli.

Ég get ekki ímyndað mér að það sé gaman að vera núna með milljón krónur í yfirdrátt á 30% vöxtum. Ég hygg að mjög margir venjulegir Íslendingar búi við slíkar aðstæður, fólk sem gat ekki brugðist við fyrir 5. eða 6. október þegar ósköpin dundu yfir heldur situr uppi með þessa gríðarlegu yfirdrætti sína. Það er ekki gott.

Ég ætla ekki að munnhöggvast um einstaka þætti í þessari auglýsingu en ég vil samt halda því til haga, og ég ætla að halda mig við það, að þarna finnst mér ríkisstjórnin hafa orðað með fremur skýrum hætti þá sýn sem er á málið við þessar aðstæður á þessari stundu. Einhvers staðar í þessari auglýsingu er talað um að það eigi að lögfesta tímabundið heimildir til innheimtumanna ríkissjóðs um mögulega niðurfellingu dráttarvaxta, kostnaðar og gjalda í ákveðnum tilvikum. Þarna tel ég reyndar að verði um ákveðin útgjöld að ræða af hálfu ríkisins en ég held hins vegar að aðgerðin sé mjög til bóta fyrir þá Íslendinga sem þurfa núna að standa undir verulegum vaxtakostnaði, herra forseti, dráttarvöxtum og alls kyns öðrum kostnaði. Það er sameiginlegt verkefni okkar að reyna að hjálpa fólkinu í gegnum þessar hörmulegu aðstæður sem skapast hafa.

[18:06]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ég hefði viljað koma að örfáum atriðum varðandi þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga sem hér hefur verið til umræðu. Ég vil vísa til ágætrar umfjöllunar hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar, þingmanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem fór í gegnum þetta mál fyrr í umræðunni.

Markmið þessara laga er að jafna greiðslubyrði af verðtryggðum fasteignalánum einstaklinga. Sérstaklega er horft til hækkunar á vísitölu og hvernig hún kemur niður á verðtryggðum lánum. Það er náttúrlega bæði verðtryggingin og hvernig hún hefur áhrif á lánin og einnig vextirnir sem hafa áhrif á greiðslubyrði einstaklinga og hins vegar hvernig launaþróunin er fyrir einstaklingana til að standa undir greiðslu af þessum lánum. Eins og ég segi, þetta tvennt vegur saman, vísitala og verðbótaþátturinn og vextirnir. Þegar verðtryggingin er orðin eins og nú, það er búist við mikilli verðbólgu og það er mikil verðbólga en samtímis munu eignirnar falla í verði þannig að þær munu ekki fylgja verðbólgunni í hækkun á verðgildi heldur jafnvel lækka á móti. Þá gefur augaleið að verðtrygging lána með veð í eignum sem jafnvel eru að lækka í verði — þar er um alvarlegt misgengi að ræða. Þá fer maður í rauninni að velta fyrir sér hvaða sanngirni það er að hafa lán verðtryggð með þeim hætti.

Maður veltir líka fyrir sér hvernig sú vísitala sé reiknuð út sem metur verðbreytingar út frá gjörbreyttum forsendum frá því sem verið hefur. Bæði hlýtur neyslumynstur að breytast mjög hratt nú og þeir þættir sem áður hafa verið afgerandi í grunni svokallaðrar vísitölu hljóta að verða allt aðrir. Alla vega er ljóst að íbúðaverð kemur ekki til með að hækka á næstunni og þar af leiðandi hlýtur íbúðaþátturinn að eiga að fara lækkandi. Ég tek því undir það sem hér er lagt til að menn finni út nýja — einhver kallaði það greindarvísitölu en það var greiðslujöfnunarvísitölu — nýja greindarvísitölu fyrir ríkisstjórnina í þessum efnum þar sem maður veltir fyrir sér hvort sú greindarvísitala sem menn kalla þarna greiðsluvísitölu hækki eða lækki.

Eitt er samt ljóst og kemur fram í frumvarpinu að það er hreinlega ekki ljóst hvernig Hagstofan ætlar að reikna þessa nýju greiðsluvísitölu út. Hagstofunni er falið að reikna hana út á forsendum sem ekki er almennilega eða fyllilega gerð grein fyrir í frumvarpinu. Ég tel að það hefði átt að vera skýrara á hvaða grunni Hagstofan á að reikna út nýjar vísitölur. Þetta var samt annað atriði og það verður náttúrlega farið nákvæmlega ofan í þetta í nefnd.

Það sem ég vildi vekja athygli á, herra forseti, af því að við ræðum hvernig megi létta greiðslubyrði sérstaklega á íbúðareigendum sem eru með lán á sínum íbúðum, er það annars vegar gert með því að frysta verðhækkanirnar, vísitöluhækkanirnar. Það finnst mér vera atriði sem eigi að skoða mun betur en hér er gert. Þetta er jú alltaf spursmál um forgangsröðun á ráðstöfun ríkisfjár til þess að koma til aðstoðar því fólki sem á í erfiðleikum. Ein af fáum forgangsröðunum sem hefur birst af hálfu ríkisstjórnarinnar er þetta framlag sem var lagt til nýju bankanna til þess að greiða út hærri hlut úr svokölluðum peningamarkaðssjóðum. Menn hafa talað um að þar hafi allt upp í 200 milljarða kr. af ríkisfé verið lagðir inn í bankana til þess að þeir geti greitt út úr peningamarkaðssjóðunum.

Ég geri ekki lítið úr vanda þess fólks og þeirra aðila sem voru að tapa fé úr peningamarkaðssjóðum. Engu að síður valdi ríkissjóður þarna að koma inn með allháa upphæð eða tilsvarandi upphæð og mundi kosta að afnema eða frysta verðtryggingu íbúðalána í eitt ár. Það er því í sjálfu sér alltaf spurning um forgangsröðun þegar verið er að grípa inn í svo alvarlegt ástand og núna er.

Hitt eru svo líka vextirnir. Það er einmitt horft til þess að líklega muni vextir líka hækka verulega. Að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru stýrivextir hækkaðir upp í 18% nú nýverið og eins hefur komið fram í þeim skilmálum sem eru varðandi lántökur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að hann áskilur sér rétt, eða gerir því skóna að gerð verði krafa um enn þá hærri stýrivexti. Þeir vextir munu náttúrlega koma af fullum þunga inn á íbúðalánin líka auk þess sem búast má við að til þess að standa undir þeim miklu skuldbindingum sem eru fram undan geti Íbúðalánasjóður þurft að hækka vexti. Í pípunum eru því miklar vaxtahækkanir ef ekki er gripið í taumana.

Það hefur verið rætt um verðtrygginguna. Hún er af mörgum talin mjög ósanngjörn, það gildi bara að tryggja annan aðilann en mótaðilinn, lánveitandinn, hafi sitt á þurru hvað verðtryggingu varðar og slíkt sé óeðlilegt. Á móti hafa menn sagt að með þessu sé hægt að tryggja lægri vexti. Ljóst er samt að þegar lán er verðtryggt hlýtur að verða að setja þak á kröfugerð kröfuhafans einhvers staðar annars staðar líka. Lántakandinn er nánast berskjaldaður bæði fyrir vöxtum, vaxtahækkunum og verðtryggingunni.

Ég vil geta þess að við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum lagt fram á Alþingi frumvarp til laga, sem var dreift áðan, um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu. Það frumvarp snertir sama mál og hér er fjallað um þó að þetta séu önnur lög. Þar leggjum við til að lögum verði breytt þannig að verðtryggt lánsfé skuli ekki bera hærri vexti en 2%, þannig að þegar lántakandi hefur lánið verðtryggt beri hann ekki hærri vexti en 2%. Ef ég man rétt ætti þetta einmitt að smellpassa við hugmyndafræði og tillögur hæstv. félagsmálaráðherra sem lagði eitthvað svipað til fyrir nokkrum árum. Að þak yrði sett á vexti af verðtryggðum lánum, hvort sem það voru 2 eða 3% sem

hæstv. ráðherra var þá með í sínum tillögum. Við teljum eðlilegt að einmitt þetta sé skoðað nú um leið og fjallað er um þetta mál. Ég vísa á þetta frumvarp sem hefur verið dreift og liggur hér frammi þar sem við leggjum til að verðtryggð lán beri aldrei hærri vexti en sem nemur 2%. Við þær sérstöku aðstæður sem nú eru í samfélaginu, óðaverðbólgu og háa vexti, yrði þetta brýnt réttlætismál fyrir lántakendur.

Ég tel einmitt og vil árétta að okkur ber að beita öllum ráðum til þess að koma fram af réttlæti og sanngirni gagnvart lántakendum. Verum minnug þess að þau íbúðalán sem hafa verið tekin á undanförnum árum voru tekin á skilmálum sem hljóðuðu upp á að ríkisstjórnin og Seðlabankinn ábyrgðust að verðbólga færi ekki yfir hærri vikmörk en rúm 4%. Þetta var loforð, yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans, og fólk hafði ekki tök á öðru en að taka mark á því. Þegar hin nýju lög um Seðlabanka voru samþykkt, að mig minnir árið 2000 eða 2001, voru þessi verðbólgumarkmið sett, þannig að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, fyrst með Framsóknarflokknum og núna með Samfylkingunni, ber í raun ábyrgð á því ef verðbólgan fer upp fyrir 4,5% en ekki fólkið sem tók lánin. Hvers vegna eiga mistök ríkisstjórnarinnar í þessum efnum að bitna á saklausu fólki sem tók viðkomandi ríkisstjórn allt of trúanlega og lét hana komast upp með þetta? Við leggjum því til að einmitt með þessum hætti verði tryggt að verðtryggt lánsfé beri aldrei hærri vexti en 2% enda ætti það að vera nægilegt.

Ég vil minnast á eitt til viðbótar og það eru þessi myntkörfulán sem snerta líka íbúðareigendur. Mér finnst að það eigi líka að taka á þeim lánum. Krónan hefur jú lækkað gríðarlega á undanförnum mánuðum og þegar erlendu lánin voru tekin og sett inn í nýju bankana var í raun skorið á öll tengsl við erlenda lánaaðila og alla sem lánuðu fé í erlendum gjaldeyri. Þessi erlendu lán eru því nú orðin innlend lán í innlendum bönkum og það er bara bókfærsluatriði hvernig þau eru færð. Ég hef þær upplýsingar t.d. að þessi lán hafi verið eignfærð í efnahagsreikningi viðkomandi banka á gengi eins og það var um mánaðamótin september/október. Nú er verið að skuldbreyta þessum lánum á gengi sem er allt annað, þegar gengisvísitalan fer yfir 200.

Mér finnst bankarnir vera að sækja sér fé sem hæpið er að þeir eigi siðferðilegan rétt á. Alla vega eru þessi lán eignfærð. Þau voru færð á milli gömlu og nýju bankanna á ákveðinni gengisvísitölu en síðan er verið að ganga til samninga við fólkið á nærri tvöfalt eða 50% hærri gengisvísitölu. Ég tel því fulla ástæðu til að þessir þættir verði líka skoðaðir. Hvaða rétt bankarnir hafi til að skuldbreyta eða skilmálabreyta erlendum gengislánum á gengi sem er kannski 50% hærra gengi en bankarnir hafa eignfært það á.

Herra forseti. Það voru þessi atriði sem ég ætlaði að koma á framfæri. Ég legg áherslu á að þetta frumvarp sem við flytjum, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um að verðtryggt lánsfé skuli aldrei bera hærri en 2% vexti, komi líka inn í þessa umræðu sem fram undan er varðandi þetta mál.

[18:19]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Ég fagna því frumvarpi sem hér liggur fyrir frá hæstv. félagsmálaráðherra. Hinn 16. október síðastliðinn spurði ég hæstv. félagsmálaráðherra hvort henni þætti koma til greina að gera sérstaka undanþágu eða nálgast vísitöluútreikninga með öðrum hætti meðan þessi holskefla eða hamfarir gengju yfir en þá var rúm vika frá því að neyðarlögin voru sett. Þá sagði ég líka eftirfarandi:

„Útreikningar þessir eru svo slæmir til skamms tíma að það tekur engu tali og því er spurningin sú: Getum við leyft okkur að hafa eins konar hamfaraútreikninga þannig að þessi holskefla og hækkun til skamms tíma komi ekki ofan á lánastaflann sem síðan kemur til með að sitja á fjölskyldunum í landinu alveg þangað til að uppgreiðsla lána hefur átt sér stað?“

Í kjölfarið skipaði hæstv. félagsmálaráðherra nefnd, hóp sérfræðinga, til að fara í þetta mál og niðurstaðan er sú sem við sjáum hérna, að fara í eins konar greiðslujöfnunarvísitölu, en hún er þó ekki með þeim hætti sem ég hafði hugsað mér með þessari fyrirspurn, þ.e. að í rauninni er verið að létta á greiðslubyrði lánanna en hins vegar kemur hækkunin á láninu aftan á það. Það var niðurstaða þessa sérfræðingahóps og ég verð að beygja mig undir það, því að eins og margoft hefur komið fram hér í umræðunni þá þarf einhver að borga og það hefði einungis tekið tvo til þrjá mánuði að klára eigið fé Íbúðalánasjóðs ef sú leið hefði verið farin. Ég verð að beygja mig undir það en hins vegar fagna ég því að þessi breyting eða greiðslujöfnunarvísitala skuli liggja fyrir og hún verði þó til þess á meðan við göngum í gegnum þetta brimrót að létta á greiðslubyrði fjölskyldnanna.

Ég vil þó viðra eina hugmynd hér því að það er ekki alveg sjálfgefið, hæstv. forseti, að þetta komi til með að sitja endalaust á lánunum. Ef okkur tekst að fleyta krónunni þannig að hún styrkist í kjölfarið og ef það síðan gerist, sem ýmsir fasteignasalar hafa sagt mér að muni gerast, að íbúðaverð lækkar þá gæti orðið verðhjöðnun og hér gæti því orðið lækkun á vísitölu og þess vegna er ekki alveg sjálfgefið að þessi hækkun bætist við lánin. Þó svo að við höfum í rauninni sjaldan eða aldrei nema þá til mjög skamms tíma kynnst slíkri verðhjöðnun er ekki hægt að útiloka það og í því tilviki að fasteignamarkaðurinn lækki sem telur 16% inn í vísitöluna, ef krónan styrkist og aðföng lækka í verði gæti komið ákveðin leiðrétting til hins betra.

Hæstv. forseti. Ég vil undirstrika það að ég fagna þessu frumvarpi og mun að sjálfsögðu styðja það og ég vonast til að félagsmálanefnd geti afgreitt það hratt og örugglega.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 158. mál (greiðsluaðlögun aðflutningsgjalda). — Þskj. 184.

[18:23]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á tollalögum.

Frumvarp þetta er lagt fram með það fyrir augum að bregðast við aðkallandi vanda fyrirtækja vegna gjalddaga

aðflutningsgjalda fyrir uppgjörstímabilið september til október, en sá gjalddagi er 17. nóvember 2008. Með því er verið að bregðast tímabundið við brýnni þörf á gjaldaaðlögun fyrirtækja vegna þess gengisfalls, samdráttar og verðbólgu sem ríkir í íslensku efnahagslífi um þessar mundir.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lögin sem kveður á um að aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, þ.e. aðilum sem eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, verði heimilt að óska eftir því að fyrirkomulagi gjalddaga aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabilsins september til október 2008 verði breytt á eftirfarandi hátt: Í stað þess að gjalddaginn sé 17. nóvember verði veittur gjaldfrestur á þann hátt að 1/3 aðflutningsgjalda fyrir uppgjörstímabilið komi til greiðslu 17. nóvember, 1/3 verði frestað um einn mánuð til 15. desember 2008 og því sem eftir stendur (1/3) frestað til 5. janúar 2009. Dagsetningin 5. janúar 2009 er lögð til með hliðsjón af því að gjalddagi aðflutningsgjalda fyrir uppgjörstímabilið nóvember til desember er 15. janúar 2009 og verður því ekki um skörun að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins má gera ráð fyrir að aðflutningsgjöld á gjalddaga 17. nóvember 2008 nemi að óbreyttu um 18 milljörðum króna.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að vextir af gjaldfrestinum, þ.e. frá 17. nóvember til 15. desember 2008 og frá 17. nóvember til 5. janúar 2009, verði almennir meðaltalsvextir, sbr. II. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, á viðkomandi tímabili en ekki dráttarvextir. Að öðru leyti gilda ákvæði 125. gr. tollalaga um vexti á vangreidd aðflutningsgjöld.

Herra forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

[Fundarhlé. — 18:26]

[21:33]

Útbýting:

Bifreiðakaupastyrkir til hreyfihamlaðra, 163. mál, fsp. BJJ, þskj. 193.

Tollalög, 158. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 191.

Tóbaksvarnir, 162. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 190.

[Fundarhlé. — 21:46]

[22:04]

Útbýting:

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, 159. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 192.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 22:04.

29. FUNDUR

mánudaginn 17. nóvember,
að loknum 28. fundi.

Dagskrá:

1. Tollalög, stjfrv., 158. mál, þskj. 184, nál. 191. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 171, nál. 187, brtt. 188. — 2. umr.

3. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 159. mál, þskj. 185, nál. 192. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:06]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og útbýtingu nál. í 1. og 3. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 158. mál (greiðsluaðlögun aðflutningsgjalda). — Þskj. 184, nál. 191.

[22:06]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og skattanefnd. Nefndarálitið er að finna á þskj. 191.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í frumvarpinu er lagt til að aðilar sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum geti óskað eftir breytingu á fyrirkomulagi gjalddaga aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabilsins september–október. Er frumvarpið lagt fram í ljósi þeirra þrenginga sem fyrirtæki standa frammi fyrir sakir efnahagsástandsins.

Í umræðum í nefndinni var á það bent að gjalddagi fyrsta þriðjungs uppgjörstímabilsins samkvæmt frumvarpinu væri í dag. Er það skilningur nefndarinnar að þeim sem að óbreyttum lögum áttu að greiða fulla greiðslu í dag vegna uppgjörstímabilsins en gátu það ekki verði gert kleift að standa skil á greiðslu fyrsta þriðjungs án þess að það teljist til vanefnda.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þingmenn Ellert B. Schram, Ögmundur Jónasson, Bjarni Benediktsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Gunnar Svavarsson, Birkir J. Jónsson, Álfheiður Ingadóttir og Ólöf Nordal.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:07]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Út af dagskrá voru tekin 2.–3. mál.

Fundi slitið kl. 22:08.

---

30. FUNDUR

mánudaginn 17. nóvember,
að loknum 29. fundi.

Dagskrá:

1. Tollalög, stjfrv., 158. mál, þskj. 184. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 171, nál. 187, brtt. 188. — 2. umr.
3. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 159. mál, þskj. 185, nál. 192. — 2. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:10]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 158. mál (greiðsluaðlögun aðflutningsgjalda). — Þskj. 184.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:10]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
24 þm. (ArnbS, AtlG, ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, EBS, GMJ, HSH, HöskÞ, JM, KVM, KJak, KÞJ, MS, REÁ, SF, SJS, VS, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 194).

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, 2. umr.

Stjfrv., 159. mál (greiðslujöfnunarvísitala). — Þskj. 185, nál. 192.

[22:11]

Frsm. fél.- og trn. (Guðbjartur Hannesson) (Sf):

Hæstv. forseti. Félags- og tryggingamálanefnd hefur tekið til umræðu frumvarp um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga og nefndarálit liggur fyrir.

Nefndin fjallaði um málið nú í kvöld og fékk á sinn fund Ágúst Geir Ágústsson og Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Eddu Rós Karlsdóttur og Þorkel Helgason frá starfshópi sem félags- og tryggingamálaráðherra fól að skoða leiðir til að koma til móts við vanda lántakenda vegna verðtryggingar, Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Kennarasambandi Íslands, Sigurð Geirsson frá Íbúðalánasjóði, Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Valgarð Sverrisson frá Lífeyrissjóði verslunarmanna, Árna Guðmundsson frá Gildi lífeyrissjóði, Kristján Örn Sigurðsson frá Sameinaða lífeyrissjóðnum, Arnar Sigurmundsson og Hrafn Magnússon frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Guðjón Steingrímsson frá Reiknistofu bankanna, Guðjón Rúnarsson og Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Odd Ólason frá Glitni.

Ástæðan fyrir því að ég les þetta allt upp hér er sú að við kölluðum þessa aðila alla í einu á fund nefndarinnar, fórum yfir málið, fengum góða kynningu frá fulltrúum félagsmálaráðuneytisins og frá þeim sem unnu í þessum starfshópi og almennt voru engar athugasemdir gerðar. Menn mæltu eindregið með því að afgreiðslu málsins yrði flýtt og reynt yrði að hrinda því í framkvæmd sem fyrst. Við leyfðum okkur því að ljúka málinu á einum degi og koma því aftur inn í 2. umr. á þinginu strax í kvöld. Ástæða er til að þakka bæði nefndarmönnum og þeim sem brugðust skjótt við og komu á fund nefndarinnar og unnu með okkur fyrir að vinna vel og hratt í málinu.

Frumvarpinu, eins og komið hefur fram áður, var vísað til nefndarinnar í dag og var þá þegar tekið til umræðu. Um er að ræða frumvarp sem ætlað er að koma til móts við lántakendur og hindra að hækkandi greiðslubyrði heimilanna af fasteignalánum komi fjölskyldum í þrot þar sem laun hafa ekki tekið samsvarandi hækkunum. Frumvarpið hefur að markmiði að jafna greiðslubyrði fólks og draga úr misræmi milli launa og lána. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að hækkun viðmiðunarvísitölu láns umfram hækkun launa verði til þess að greiðslubyrði af lánum þyngist. Lagðar eru til gagngerar breytingar á lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Meðal annars er lagt til að gildissvið laganna verði fært út þannig að þau nái til verðtryggðra fasteignaveðlána hjá opinberum lánastofnunum, lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum og

er skylda lögð á þessa lánveitendur að greiðslujafna afborgunum af fasteignaveðlánum í samræmi við ákvæði laganna óski lántakandi eftir því. Þá kveður frumvarpið á um að greiðslumark laganna sé 1. janúar 2008 þar sem þegar hefur orðið mikið misgengi á launum og lánum á fyrri hluta ársins. Einnig er kveðið á um nýja vísitölu, greiðslujöfnunarvísitölu, sem skilgreina skal og nota í stað launavísitölu við greiðslujöfnun samkvæmt frumvarpinu. Þessi nýja vísitala skal miðast við launavísitölu Hagstofu Íslands sem skal vegin með atvinnustigi til að endurspegla samdrátt í atvinnu og tekjum landsmanna.

Þau atriði sem fengu hvað mesta umfjöllun í nefndinni voru m.a. sjónarmið er varða rétt síðari veðhafa við greiðslujöfnun láns, kostir og ókostir greiðslujöfnunar og mikilvægi þess að uppfræða lántakendur um þessa kosti og galla. Einnig var áhersla lögð á að meta hversu brýn þörf er á að lögin taki gildi sem fyrst. Það varð sem sagt niðurstaðan eftir umræðuna að brýnt væri að ljúka þessu þannig að hægt yrði að breyta afborgunum nú strax 1. desember. Það kemur fram í álitinu.

Nefndin telur brýna þörf á að frumvarpið verði afgreitt frá Alþingi sem fyrst enda séu einungis nokkrir dagar í að greiðsluseðlar vegna gjalddaga 1. desember verði keyrðir út. Nú þegar hefur kaupmáttur heimilanna minnkað, margir hafa orðið fyrir skerðingu á starfshlutfalli og samsvarandi tekjuskerðingu og búist er við hækkandi verðbólgu í desember. Í ljósi þessa þykir nefndinni augljóst að það skipti sköpum að fá lækkun greiðslubyrði strax um mánaðamótin. Þá telur nefndin þörf á að flýta lagasetningunni svo að hægt sé að upplýsa lántakendur um hvað í greiðslujöfnuninni felst og útrýma þeirri óvissu sem nú ríkir í samfélaginu um úrræði vegna verðtryggðra fasteignaveðlána.

Þær upplýsingar komu fram á fundi nefndarinnar að til að breyta skilmálum veðlána með þeim hætti sem frumvarpið mælir fyrir um þurfi samþykki síðari veðhafa þar sem veðréttur er eignarréttarvarinn og greiðslujöfnun getur rýrt veðrétt þeirra. Í nefndinni kom fram vilji gesta til að beita sér fyrir samkomulagi fjármálafyrirtækja, lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóðs til þess að fyrir lægi samþykki síðari veðhafa þegar lánum yrði greiðslujafnað samkvæmt frumvarpinu. Nefndin styður slíkt samkomulag enda er það bæði tímasparnaður og hagræði fyrir lántakendur ef slíkt samþykki liggur fyrir.

Nefndin áréttar mikilvægi þess að lántakendum séu kynntir kostir og ókostir greiðslujöfnunar og leggur áherslu á að lánveitendur verði upplýstir um að greiðslubyrði sé tímabundin en greiðslujöfnunin leiði síðar til aukins heildarkostnaðar í formi vaxta og verðbóta.

Í nefndinni komu fram þau sjónarmið að við greiðslujöfnun þyrfti að tryggja að lánveitandi gæti ekki krafist endurskoðunar annarra skilmála lánanna, þ.e. ekki er verið að taka ný lán þar sem hægt er að breyta lánaskilmálunum heldur er eingöngu verið að fara inn í umrædda greiðslujöfnun og ekki er hægt að breyta vöxtum eða öðru slíku.

Nefndin áréttar að gefa þurfi svigrúm til að koma greiðslujöfnun á og að í reglugerð þurfi að kveða á um að umsókn um greiðslujöfnun þurfi að berast ákveðnum dagafjölda fyrir þann gjalddaga sem jöfnunin á að taka til. Því í áherslu er lögð til breyting á 7. gr. laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, en þar er ítrekað að ráðherra getur sett í reglugerðinni tímamörk, þ.e. að ekki sé hægt að koma 29. eða 30. dag einhvers mánaðar og segjast vilja fá greiðslujöfnun sem taki gildi tveimur dögum seinna. Það er óframkvæmanlegt fyrir þá sem eiga að sýsla með lánin og þess vegna óskum við eftir því að ráðherra fái heimild til að setja ákvæði um einhvern ákveðinn dagafjölda þó að það verði að vera afar fáir dagar núna til þess að framkvæmdin náist fyrir 1. desember. Í nefndinni kom raunar fram að ekki er alveg víst að allar lánastofnanir nái þessu á þessum tíma en þær munu gera allt sem hægt er til þess að svo verði.

Við afgreiðsluna skrifuðu fulltrúarnir Árni Þór Sigurðsson, Helga Sigrún Harðardóttir og Kristinn H. Gunnarsson undir álitið með fyrirvara. Sá fyrirvari lýtur m.a. að því að heildaraðgerðir í þágu heimilanna hafi ekki litið dagsins ljós og aðrar leiðir að sama marki hafi ekki verið kannaðar gaumgæfilega. Þetta var fyrirvari minnihlutafulltrúanna.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta skrifa ég sem formaður, Guðbjartur Hannesson og hv. þingmenn Ármann Kr. Ólafsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Karl V. Matthíasson og Jón Gunnarsson og áðurnefndir með fyrirvara.

Ég vona að málið verði afgreitt í kvöld. Það skiptir mjög miklu að málið komist í höfn sem hluti af þeim lausnum sem verið er að vinna að til að bæta hag heimilanna og til þess að reyna að tryggja að fólk lendi ekki í þrotum við þær erfiðu aðstæður sem að okkur steðja í augnablikinu. Síðasta föstudag voru kynnt margþætt úrræði í sama tilgangi og að auki hafa verið nefnd önnur úrræði sem eru til skoðunar. Verið er að vinna að greiðsluaðlögunarfrumvarpi og verið er að ræða með hvaða hætti hægt sé að nýta séreignarsparnað. Taka þarf á varðandi myntkörfulánin þegar frystingu þeirra lýkur — með hvaða hætti menn fara út úr því. Allt er þetta í vinnslu ásamt fjölmörgu öðru sem hlýtur að verða að skoða til að tryggja að fólk lendi ekki í vandræðum eða missi húsnæði sitt.

[22:20]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Hv. þm. Guðbjartur Hannesson hefur gert grein fyrir nefndaráliti frá félags- og tryggingamálanefnd varðandi frumvarp það sem hér er á dagskrá um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Hann gerði jafnframt grein fyrir því að þrír fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, undirritaður ásamt Helgu Sigrúnu Harðardóttur og Kristni H. Gunnarssyni, skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara sem lýtur m.a. að því að heildaraðgerðir í þágu heimilanna hafi ekki litið dagsins ljós og aðrar leiðir að sama marki hafi ekki verið kannaðar gaumgæfilega.

Ég vil í upphafi geta þess að við gagnrýndum það við 1. umr. málsins að frumvarpið var lagt fram hér síðdegis í dag, milli fjögur og fimm. Þá var mælt fyrir því og jafnframt óskað eftir því að um það gæti orðið góð samstaða að það yrði að lögum nú á þessum sama sólarhring. Við gagnrýndum það að enn einu sinni kemur hingað inn í sali Alþingis frumvarp frá ríkisstjórninni sem hefur verið til meðferðar á vegum ríkisstjórnarflokkanna, bæði í ráðuneytun-

um um nokkurra vikna skeið og í þingflokkum stjórnarflokkanna — þingmenn stjórnarflokkanna hafa haft ráðrúm til að fjalla um það en stjórnarandstöðunni er gert að taka það til umfjöllunar á örfáum klukkutímum og gera það að lögum.

Sú gagnrýni er óháð efni frumvarpsins og óháð efni annarra frumvarpa sem koma inn með þessum sama hætti. Þessi vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar og það er við slíkar aðstæður sem mistök gerast í lagasetningu.

Fróðlegt er að rifja það upp að árið 1995 þegar sett voru lög um greiðslujöfnun fasteignaveðlána, þau lög sem nú er verið að gera breytingar á — (Gripið fram í.) 1985, var umræða um það mál hér á hv. Alþingi. Þá flutti hæstv. félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, sem þá var þingmaður en ekki ráðherra, ræðu og sagði út af málsmeðferðinni á því frumvarpi, með leyfi forseta:

„Við erum á þessum síðustu vikum þingsins að sigla inn í hefðbundin vinnubrögð við þinglok, að Alþingi er í raun ekkert annað en stimpilstofnun fyrir frumvörp ríkisstjórnarinnar sem samin eru af embættismönnum og fá þar ítarlega skoðun og umfjöllun, þar sem embættismennirnir taka sér þann tíma sem þeir þurfa, en alþingismönnum, sem ábyrgð bera á lagasetningunni, er ætlaður skammur tími, kannski örfáir dagar, til skoðunar á málum, til að mynda þessu máli.“

Þetta voru orð hæstv. núverandi félagsmálaráðherra árið 1985 þegar (Gripið fram í.) þetta mál var til umfjöllunar. Ég dreg þetta fram hér til að benda á að þetta eru nákvæmlega þau vinnubrögð sem hæstv. félagsmálaráðherra ætlast til að við viðhöfum í þessu máli í dag og ef eitthvað er á heldur skemmri tími en hæstv. félagsmálaráðherra gafst árið 1985. (Gripið fram í.) Hún var þá þingmaður Alþýðuflokksins og vísar oft (Gripið fram í.) í tillögur hans.

Nei, virðulegur forseti, þetta er ekki til að auka virðingu Alþingis og ég geng út frá því sem vísu að ráðherrunum þyki ekki gaman að standa í vinnubrögðum af þessu tagi, að þeir hafi ekki sérstakan áhuga á því. Mér finnst ekkert — (Gripið fram í.) ég ætla að biðja hæstv. iðnaðarráðherra að hafa sig hljóðan á meðan þetta mál er til umfjöllunar.

Ég sagði strax í upphafi að þó að við áteljum vinnubrögðin hafi það ekkert með málið sjálft að gera, hvorki þetta mál né önnur sem koma inn með þessum hætti. Þetta er ekki til fyrirmyndar. Ráðherrar Samfylkingarinnar gagnrýndu margoft, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu, vinnubrögð af þessu tagi og hægt er að draga fram ræður um það eins og ég hef þegar gert þar sem hæstv. félagsmálaráðherra á í hlut. (**Iðnrh.:** Dæmi frá 1985.) Ég ætla að biðja hæstv. forseta að þagga niður í iðnaðarráðherra meðan þessi umræða fer hér fram. (Gripið fram í.)

Víkjum aðeins að málinu sjálfu. Við 1. umr. sagði ég að flokkur minn mundi ekki leggjast fyrir fram gegn þessu máli nema síður væri. Hér væri á ferðinni mál sem gæti verið til hagsbóta fyrir fjölmarga en við mundum að sjálfsögðu áskilja okkur rétt til þess að fara betur yfir það í nefnd. Við höfum setið á nefndarfundi í nokkra klukkutíma og eins og fram kom í máli framsögumanns, formanns nefndarinnar, komu fjölmargir á fund hennar og tjáðu sig um einstök efni málsins og svöruðu fyrirspurnum.

Það kom líka fram að við skrifum þrjú undir þetta álit með fyrirvara. Það þýðir að við styðjum málið og munum greiða atkvæði með því við þessa afgreiðslu. Engu að síður höfum við fyrirvara sem m.a. lýtur að því að heildaraðgerðir í þágu heimilanna hafi ekki litið dagsins ljós og aðrar leiðir að sama marki hafi ekki verið kannaðar gaumgæfilega. Vil ég skýra þetta aðeins betur.

Í fyrsta lagi það sem lýtur að því að heildaraðgerðir í þágu heimilanna hafi ekki litið dagsins ljós: Það hefur komið fram í umfjöllun hv. þingnefndar að fleiri þingmál séu í vinnslu á vegum hæstv. félagsmálaráðherra er lúta að aðgerðum í þágu heimilanna. Talað hefur verið um þingmál sem snertir greiðsluaðlögun en við gagnrýnum að frumvarpið sem við afgreiðum hér er aðeins einn bútur af þessum heildarpakka. Við hefðum gjarnan talið mikilvægt að þessi heildaráætlun lægi fyrir þannig að menn sæju í hvaða samhengi þetta mál er allt og hvað annað verður sett, til að mynda úr ríkissjóði, í aðgerðir til að bæta hag fjölskyldna. Í þessu máli eru ekki fólgin nein sérstök framlög úr ríkissjóði til að koma til móts við heimilin. Það eina sem hér er talað um er að þetta getur skapað vissan lausafjárvanda hjá lánveitendum sem ríkissjóður og/eða Seðlabankinn eiga þá að standa undir. Í greinargerð með frumvarpinu er lagt á það mat að sá lausafjárvandi geti verið á bilinu 13–15 milljarðar á næsta ári en samt var upplýst af fulltrúa Íbúðalánasjóðs, sem er með um 40% af þessum lánum, að Íbúðalánasjóður mundi ekki þurfa á þessari fyrirgreiðslu að halda á næsta ári vegna þess að hann gæti með lausafjárstýringu hjá sér staðið undir þessum skuldbindingum. Þetta eru því miklu lægri upphæðir en þarna er um að ræða og ekkert til heimilanna sjálfra. Við höfum því þennan fyrirvara.

Að því er varðar aðrar leiðir að sama marki spurðist ég fyrir um það hjá nefndinni hvort hún hefði t.d. skoðað möguleika á því að auka vaxtabætur og/eða húsaleigubætur til að koma til móts við aukna greiðslubyrði þeirra sem eru með lágar tekjur og meðaltekjur þar sem þessar bætur eru tekjutengdar eins og kunnugt er. Upplýst var að þetta hefði verið skoðað að því er varðar vaxtabætur, ekki að því er varðar húsaleigubætur en nefndin sem hér var að vinna hefði talið að það væri allt of dýrt fyrir ríkið og að þar væri líka um mjög almenna aðgerð að ræða. Frekari skýringar komu ekki fram á því hve stórar upphæðir þetta hefðu verið enda hefði það væntanlega verið háð því hvaða hækkun á vaxtabótum hefði þá verið ákveðin og hvort tekjutengingunni hefði verið breytt eða eitthvað þess háttar. Ég sakna þess að þessi leið hafi ekki verið skoðuð og vonast til að það verði samt sem áður gert í næstu skrefum.

Í öðru lagi vildi ég vita hvort nefndin hefði skoðað möguleika á vaxtalækkun, hreinlegri vaxtalækkun. Fram kom að það hefði ekki verið skoðað. Ég undrast það að nefndin, sem starfar á vegum félagsmálaráðherra, hafi ekki skoðað þá leið að setja a.m.k. eitthvert þak á vexti ofan á verðtryggingu. Ég minni þá aftur á að árið 1985, á 107. löggjafarþingi, þegar málið um greiðslujöfnun fasteignaveðlána var til umfjöllunar, lagði núverandi hæstv. félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, það til, í umræðum um það mál, að vextir af húsnæðislánum yrðu lækkaðir og yrðu aldrei hærri en 3% af húsnæðislánum. Þetta kom fram í málflutningi núverandi hæstv. félagsmálaráðherra á þeim tíma sem aðgerð í þessu efni. Ég undrast því að nefndin

sem starfar nú á vegum þessa sama hæstv. ráðherra hafi ekki skoðað þennan þátt málsins, möguleika á því að grípa til aðgerða af þessu tagi. Er þá rétt að vísa til þess, sem reyndar kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar við 1. umr. málsins, að þingmenn úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafa nú lagt fram frumvarp hér á Alþingi þess efnis að vextir ofan á verðtryggingu verði aldrei hærri en 2%.

Einnig var spurt um það hvort skoðaðir hefðu verið möguleikar á því að veita skattafslátt, þ.e. að misgengi vísitalnanna frá þeim tíma sem við erum að tala um hér verði endurgreitt í formi skattafsláttar. Það sagði talsmaður nefndarinnar að hefði ekki verið skoðað og þeim hefði ekki hugkvæmst að skoða það. Ég vísaði þá til þess að það var ein af þeim leiðum sem Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. félagsmálaráðherra, lagði til árið 1985 að yrði skoðuð í tengslum við greiðslujöfnun fasteignaveðlána. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra hafi ekki látið það hvarfla að sér, núna þegar hún er í aðstöðu til þess, að einhver slík leið verði skoðuð, hvort þetta væri hagkvæmt fyrir fjölskyldurnar í landinu, hvernig hægt væri að útfæra það, hvað það mundi kosta og hvernig það mundi skila sér í buddu heimilanna. Hér eru því allmargar leiðir sem að okkar mati hefði mátt skoða en hefur ekki verið gert. Kannski kemur það til af því að allt er þetta gert í miklum flýti. Auðvitað er verið að bregðast við mjög miklum aðsteðjandi vanda sem kemur til á tiltölulega skömmum tíma. Eftir sem áður hefði ég gjarnan viljað heyra það í þessari umræðu frá hæstv. félagsmálaráðherra að leiðir af þeim toga sem hér hafa verið nefndar, og eru m.a. sóttar í smiðju til hæstv. ráðherra, verði skoðaðar í framhaldinu sem liður í frekari aðgerðum, einhvers konar heildaraðgerðum, í þágu heimilanna.

Ég ítreka það sem ég hef þegar sagt að við teljum að í þessum aðgerðum sé alls ekki verið að koma með beint fjármagn til þess að létta byrðar heimilanna. Hér er farin sú leið að gefa fjölskyldum eða heimilum kost á að fresta afborgunum þannig að þær komi fyrir aftan gildistíma núverandi láns. Það þýðir einfaldlega að hluti af afborgununum er í raun tekinn að láni, fluttur á sérstakan jöfnunarreikning og tekur að sjálfsögðu vexti samkvæmt skilmálum lánsins á þeim tíma. Þegar upp er staðið mun heildargreiðslubyrðin verða hærri hjá þeim sem velja þennan kost en ella.

Ég vil ekki gera lítið úr því að fyrir margar fjölskyldur verður þetta kærkomin leið til að draga úr greiðslubyrði í augnablikinu og er hún jákvæð sem slík fyrir þá sem telja sér þetta hagkvæmt. Það er ástæða þess að við stöndum að nefndarálitinu og munum styðja frumvarpið. Hins vegar er afskaplega þýðingarmikið að hafa það í huga í þessu samhengi að á þessum tíma er mikilvægast fyrir okkur að slá skjaldborg um heimilin í landinu. Það á ekki að líðast að neitt heimili fari í gjaldþrot vegna bankahrunsins, vegna aðstæðna sem heimilin bera enga ábyrgð á. Það þarf að tryggja og til þess að svo megi verða þarf ábyggilega víðtækari aðgerðir en þær sem felast í frumvarpinu sem við höfum til umræðu. Sagt var í nefndinni að frekari aðgerðir væru á prjónunum en við höfum því miður ekki séð þær. Vel kann að vera að þegar þær líta dagsins ljós og koma til umfjöllunar á Alþingi verði heildarmyndin skýr, ég vona það sannarlega, og einkum og sér í lagi það að við sláum skjaldborg um heimilin, að gripið verði til trúverðugra aðgerða til að koma til móts við þann vanda sem fjölmörg heimili í landinu munu mæta á næstu vikum og mánuðum.

Að öðru leyti, virðulegur forseti, vísa ég til þess sem kemur fram í nefndarálitinu og þess sem ég hef nú þegar sagt um þetta mál. Við styðjum frumvarpið en gerum það með fyrirvara sem ég tel að ég hafi gert ágæta grein fyrir. Við hefðum gjarnan viljað sjá frekari aðgerðir, heildstæðari pakka og beint framlag af hálfu ríkissjóðs til þess að létta byrðarnar, einkum og sér í lagi hjá þeim sem mest þurfa á því að halda, sem eru fjölskyldur með lágar tekjur og miðlungstekjur og mikla framfærslubyrði. Það gerist ekki með þessu máli en það breytir því ekki að þetta mál þjónar tilgangi sínum og kemur til móts við tiltekna hópa og það er í sjálfu sér jákvætt.

[22:37]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Grein hefur verið gerð fyrir þeim fyrirvara sem við, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, settum við málið og ég hef ekki miklu við það að bæta. Ég tek undir þá gagnrýni að farið sé með mikilsvert mál í gegnum þinglega meðferð á afbrigðum á óeðlilega skömmum tíma og í þessu máli má segja að lengra sé gengið en oft áður því að þegar þingfundur hófst í dag lá þetta þingmál ekki einu sinni fyrir og ekki var búið að útbýta því þannig að menn vissu ekki af tilvist þess aðrir en þeir sem höfðu fengið að vita um það eftir öðrum leiðum. Þó að málin séu ágæt, eins og í þessu tilviki, er málsmeðferðin ekki til fyrirmyndar og einn þeirra sem hefur verið ólatur við að gagnrýna slíka málsmeðferð á umliðnum árum er einmitt hæstv. félagsmálaráðherra, eins og hér var minnt á. Við eigum mikið safn af gömlum ræðum hæstv. félagsmálaráðherra þar sem þáverandi þingmaðurinn gagnrýndi í kjarnyrtu máli málsmeðferð þáverandi ríkisstjórnar á ýmsum málum sem þingmaðurinn lét sig varða.

Ég vona að þessari óvenjulegu málsmeðferð á þingi linni nú og menn fari að taka sér og gefa þinginu þann rúma tíma sem þarf til að tryggja vandaða lagasetningu. Ég vona líka að hæstv. félagsmálaráðherra beiti sér fyrir þessu því honum hefur verið það umhugað — kannski umfram marga aðra þingmenn á liðnum árum — að svo sé. Fleira ætla ég ekki að segja um gagnrýni á málsmeðferð að þessu sinni. Ég held að engum tilgangi þjóni að tala meira um það í þessum sal. Við þingmenn eigum að kappkosta að bæta starfshætti Alþingis og sjá til þess að meðferð mála í þinginu sé með þeim hætti að mikill sómi sé að og við séum eins vissir um og hægt er að við afgreiðum málin frá okkur þannig að góð mál séu gerð betri og lagasetningin standist tímans tönn, a.m.k. næstu daga eftir að hún er sett.

Málið sem hér um ræðir hefur sína kosti, eins og komið hefur fram í máli þeirra sem töluðu á undan mér. Það getur gagnast sumum lántakendum og er nýtt úrræði eða endurvakið gamalt framsóknarúrræði sem bætist við flóruna sem fyrir er og getur verið gagn að því. Engin ástæða er til að leggja stein í götu þess að þessi leið sé opnuð á nýjan leik og að þingið leggi nokkuð á sig til að það geti orðið fyrr en seinna. Menn verða þó að átta sig á umfangi vandans. Tilgangurinn er að standa vörð um stöðu heimilanna, en breyt-

ingarnar sem verða á tekjum heimilanna og almennum útgjöldum þeirra munu leiða til þess að minna verður til ráðstöfunar til að standa undir afborgunum skulda en áður hefur verið. Tilgangurinn er að sjá til þess að á tímabilinu sem fram undan er — eitt, tvö eða þrjú ár — geti heimilin komist í gegnum skuldbindingar sínar án þess að það leiði til erfiðari stöðu eins og nauðungarsölu eða jafnvel gjaldþrots. Þetta er liður í því og við samþykkjum það og teljum ágætt að því marki en menn verða að hafa í huga að umfang málsins er ekki talið vera meira en 10–13 milljarðar kr. og getur greiðslubyrði heimilanna lækkað sem því nemur á einu ári. (Gripið fram í.) Frestað, lækkað og frestað en þýðir auðvitað að greiðslubyrðin hækkar svo eftir einhver ár þannig að þegar upp er staðið er ekkert slegið af.

Umfang vandans er miklu meira. Við vitum ekki hversu miklu meira, en svartsýnustu spár eru að kaupmáttur ráðstöfunartekna falli um allt að 25%. Með hæfilegri nálgun á stærðir getur það þýtt að þetta séu tölur allt að 150 milljörðum kr. Við skulum vona að það sé minna en ef það er í efri mörkum þess sem spáð hefur verið, þá mætir aðgerðin aðeins um einum tíunda af áætluðum vanda heimilanna og þá spyr maður: Hvar eru ráðin til að mæta því? Hvar eru ráðin sem eiga að vera heimilunum bjargráð til að komast í gegnum erfiðleika næstu ára? Þau hafa ekki komið fram, virðulegi forseti, og talað er óljóst um það sem kann að koma. Væntanlegt frumvarp um greiðsluaðlögun getur og mun örugglega hafa áhrif á að dreifa hluta af greiðslubyrði næsta árs yfir lengra tímabil en svo er ekki margt fleira sem við vitum um. Aðeins hefur heyrst talað um að heimilað verði að séreignarlífeyrissparnaður verði tekinn út og greiddur, notaður til að greiða skuldir. Ég hef að vísu efasemdir um þá leið en fer ekki frekar út í það hér. Segjum að það verði gert, þá eru það tvö úrræði til viðbótar og hvað duga þau langt til að mæta vanda sem getur verið allt upp í 150 milljarðar kr.? Ég held að töluvert gat verði þegar búið verður að skoða þær leiðir eða sýna þær sem eru í skoðun hjá hæstv. ríkisstjórn. En við skulum bíða og sjá þar til frumvörpin koma fram eða málin og hvað þau duga langt upp í vandann. En niðurstaðan er sú að það sem ríkisstjórnin hefur sýnt er um og innan við einn tíundi af vandanum, ef við miðum við hámarkið um 25% lækkun ráðstöfunartekna, sem er örugglega svartsýnasta spáin og vonandi ekki sú rétta. Þá verða menn að átta sig á því að ríkisstjórnin kastar fram máli til að friða sjálfa sig og kjósendur til að almenningur sjái að verið sé að gera eitthvað og haldi að verið sé að gera margt. En lítið er gert og ríkisstjórnin er ekki komin nægilega langt enn þá, þrátt fyrir allar vikurnar sem unnið hefur verið hörðum höndum að því að finna lausnir.

Maður hlýtur að spyrja hæstv. ríkisstjórn og hæstv. félagsmálaráðherra: Hvenær koma alvöruúrræðin, virðulegi forseti? Hvenær koma aðgerðirnar sem raunverulega skipta máli? Hvenær kemur lausn á stærsta hluta þess sem þarf að leysa? Við þurfum svör við því. Ekki er nóg að halda blaðamannafund á föstudegi og segja: Hér koma aðgerðirnar, og kaupa síðan heilsíðublaðaauglýsingar í öllum dagblöðum landsins til að auglýsa hvað ríkisstjórnin er að gera ef það er svo ekki nema brotabrot af því sem þarf. Fólk hefur enn ekki fengið almennileg svör, virðulegi forseti, við því hvað ríkisstjórnin ætlar að bjóða til að mæta erfiðleikunum sem fram undan eru hjá heimilum landsmanna. Það stendur upp á ríkisstjórnina að koma með svörin. Hvar eru alvöruúrræðin, virðulegi forseti? Það sem er í þessu frumvarpi er bara smotterí, virðulegi forseti. Þó að það sé góðra gjalda vert er það bara smotterí miðað við vandann sem við sjáum fram undan. Við hljótum að kalla eftir því að ríkisstjórnin segi þjóðinni og þinginu hvað hún ætli að gera. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera, virðulegi forseti? Menn geta ýmislegt gert, sé ég, en það er ekki lausn á greiðsluvanda heimilanna að vísa bara í þetta eina frumvarp um að fresta greiðslum um tíma, tiltölulega litlum hluta af þeim vanda sem fólk stendur frammi fyrir. Ef við skoðum frumvarpið, sjáum við að það tekur aðeins á verðtryggðum fasteignaveðlánum. Það tekur ekki á öðrum veðlánum, t.d. gengistryggðum lánum. Ríkisstjórnin skilar auðu í þeim málum. Auðu um alla milljarðana sem heimili landsins skulda í gengistryggðum lánum. Ekkert í frumvarpinu lýtur að þeim skuldum, ekki neitt, engin úrræði. Bara misvísandi, veikburða tilmæli hjá einstaka ráðherra til lánastofnana um að þær frysti eða fresti eða geri eitthvað. Úrræði og svör vantar, virðulegi forseti. Frumvarpið tekur heldur ekki á öðrum skuldum en fasteignaveðskuldum. Landsmenn skulda fullt umfram það sem eignir eru veðsettar fyrir og ríkisstjórnin býður ekki upp á neitt hvað þær skuldir varðar.

Virðulegi forseti. Hvað ætlar ríkisstjórnin að leggja til svo hægt sé að lina vanda skuldsettra heimila þegar kemur að óverðtryggðum skuldum og skuldum án veðsetningar? Eiga heimili landsins að bera þær skuldir óbreyttar? Á greiðslubyrðin á þeim að vera óbreytt á næsta ári, tveimur árum eða þremur árum. Hvenær koma tillögur frá ríkisstjórninni um það? Hvers vegna hefur ríkisstjórnin ekki getað komið fram með tillögur um það eins og um verðtryggð fasteignalán? Er það vegna þess að ríkisstjórnin nær ekki samkomulagi? Er það vegna þess að hinn stóri meiri hluti getur ekki náð samkomulagi um þessi mikilsverðu hagsmunamál almennings? Hver er ástæðan, virðulegi forseti? Ég fer fram á að hæstv. ráðherra leiti að svörunum í skjóðu sinni á meðan hún flettir þessum blöðum. Hver er ástæðan fyrir því að við fáum engin svör varðandi tillögur ríkisstjórnarinnar um þessar miklu skuldir sem frumvarpið nær ekki til? Við hljótum að kalla eftir því, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin fari að sýna einhverjar alvörutillögur, einhver alvöruúrræði. Þó að þetta sé góðra gjalda vert þá er það tiltölulega lítið mál og segir lítið við vandanum sem fram undan er og það held ég að hljóti að verða meginniðurstaðan af umræðunni um þetta mál og vonandi afgreiðslu þess í kvöld að þrátt fyrir afgreiðslu frumvarpsins er vandi heimilanna að mestu leyti óleystur af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

[22:50]

Útbýting:

Geymslumál safna, 167. mál, fsp. KolH, þskj. 198.

Háhraðanetþjónusta, 164. mál, fsp. KolH, þskj. 195.

Innlent leikið sjónvarpsefni, 166. mál, fsp. KolH, þskj. 197.

Skuldir sjávarútvegsfyrirtækja, 168. mál, fsp. KHG, þskj. 199.

Tekjur af endurflutningi hugverka, 165. mál, fsp. KolH, þskj. 196.

[22:50]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Frú forseti. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að ætla að bæta miklu efnislega við athugasemdirnar sem hafa komið fram með þeim fyrirvara sem settur er við nefndarálitið. Í fyrsta lagi er það innihald málsins, um er að ræða almennar tillögur sem rista grunnt, skammt og stutt. Þær eru ágætar svo langt sem þær ná en ýmislegt vantar inn í heildarmyndina sem erfitt er að gera sér grein fyrir en þar sem ég hef lýst því áður að ég teldi þingið eiga að flýta fyrir svona málum en ekki tefja, þá samþykki ég í kvöld. Fyrirvarinn lýtur ekki síst að málsmeðferðinni en hér hafa mál verið afgreidd undanfarnar vikur með afbrigðum á afbrigði ofan og ekki eru nema rétt liðlega sex vikur — ætli það séu ekki sex vikur í dag — síðan lög, nr. 125/2008, svokölluð neyðarlög, voru samþykkt. Ég veit ekki betur en lögfróðustu menn landsins hafi setið með þau lög síðan og enn ekki fundið út úr því hvað þau þýða þannig að það er með ákveðinni hræðslu sem nýr þingmaður sest inn og á að afgreiða lög, sem keyrð eru í gegnum þingið á einum degi með sama hætti og neyðarlögin, og hafa ekki tíma til að setja sig inn í málin og gera sér grein fyrir hvaða afleiðingar lögin munu hafa. Vissulega komu margir gestir á fund nefndarinnar í kvöld og er það vel og vil ég nota tækifærið og þakka þeim fyrir en ég get ekki séð að vinnubrögð af þessu tagi séu þinginu til framdráttar og geri þá kröfu að menn vandi sig aðeins betur. Ég veit að aðstæður eru erfiðar og að vinna þarf hratt en við hljótum að geta gert örlítið betur en þetta.

Frú forseti. Ég vil að lokum þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir að halda því til haga að hér er endurflutt 23 ára gamalt mál sem Framsóknarflokkurinn átti á sínum tíma, árið 1985. Að vísu voru aðeins aðrar aðstæður uppi þá en ef það getur gagnast okkur af einhverju tagi í dag þá er það hið besta mál.

[22:54]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ástæða er til að standa upp í lok 2. umr. og þakka hv. félags- og tryggingnefnd fyrir afgreiðslu á málinu. Ég get tekið undir með þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað að ekki er til fyrirmyndar að ætlast til afgreiðslu á málinu á svo stuttum tíma. Við fórum yfir það við 1. umr. málsins af hverju það væri. Það er ekki bara sú sem hér stendur heldur hafa fleiri lagt áherslu á að málið gæti haft áhrif á greiðslubyrði lána þeirra sem velja þessa leið um næstu mánaðamót. Ég sé á nefndarálitinu að ítarlega hefur verið farið yfir málið í nefndinni og væntanlega geta þeir sem hafa komið fyrir nefndina tekið undir það að dagana sem eru til mánaðamóta þurfi til að hægt sé að haga kynningu með þeim hætti að fólk hafi svigrúm og ráðrúm til að skoða hvort þetta sé leið sem hentar þeim eða ekki.

Það er alveg rétt og satt sem hér hefur verið sagt að gegnum árin hef ég oft ásakað ríkisstjórnir fyrir svona vinnubrögð að koma seint og illa með mál til þings, oft rétt fyrir jól og rétt fyrir vor, og það hefur iðulega verið. Af því að vísað var til sambærilegs máls frá 1985 og 1991 þá hygg ég að ekki sé hægt að líkja ástandinu í þjóðfélaginu þá við það sem nú er. Í máli mínu greindi ég frá af hverju ég tel að liggi á þessu.

Það er auðvitað enginn fyrirvari heldur þótt ég hafi kallað formenn flokkanna eða staðgengla þeirra á fund minn á föstudaginn þegar málið var tilbúið til að fara yfir það með þeim og sent þeim frumvarpið um helgina til að þingmenn gætu farið yfir það og vona ég að það sé þá virt til betri vegar. Frumvarpið var a.m.k. sent um leið og það lá fyrir og þingmenn stjórnarflokkanna höfðu ekki lengri tíma til að fjalla um það og í þingflokki mínum var málið afgreitt sama dag og það var lagt fyrir.

Ekki er alls kostar sanngjarnt að fara mörgum orðum um að ekkert hafi verið gert að því er varðar heimilin í landinu og mér fannst einn ræðumanna láta líta svo út áðan að nánast ekkert hefði verið gert nema þetta eina mál sem nú er rætt um. Ég ætla ekki að fara ítarlega ofan í það sem gert hefur verið, en þingmenn vita að ýmislegt hefur verið bætt til muna, sérstaklega hvað varðar Íbúðalánasjóð og greiðsluúrræði hans, a.m.k. að því er varðar innheimtuferli á einstaklinga í miklum vanskilum o.s.frv. Þingmál sem nú er til umræðu í félags- og tryggingnefnd fjallar um að hægt verði að skuldbreyta vanskilum úr 15 árum í 30 ár og ég hygg að það skipti marga máli.

Hér er látið líta út fyrir að ekkert hafi verið gert. Á eftir er mál á dagskrá þar sem stimpilgjöld og þinglýsingargjöld af skilmálabreytingum eru afnumin. Ég hygg að það skipti máli fyrir marga sem og frumvarp sem er til meðferðar í félags- og tryggingamálanefnd og ég nefndi áðan og snertir það að ef fólk er komið að því að missa húsnæði sitt verði ekki selt ofan af því heldur því gefinn kostur á að leigja íbúðina. Þetta gildir líka um leigjendur leigufélaga í greiðsluþroti, en Íbúðalánasjóður getur tekið þær íbúðir yfir svo þeir missa ekki leiguíbúðir sínar. Hér er um ýmis og margs konar úrræði að ræða og úrræðið sem við ræðum í dag nær til allra lánastofnana sem skiptir gífurlega miklu máli.

Við höfum líka afgreitt — af því að hér er látið líta út sem ríkisstjórnin haldi að sér höndum og geri ekki neitt — mikilvægt frumvarp um að atvinnurekendur sem þurfa að segja upp starfsfólki vegna rekstrarerfiðleika hafi þó þann valkost að geta boðið fólki upp á hlutastarf og síðan komi atvinnuleysistryggingar á móti. Það frumvarp er orðið að lögum þannig að alls ekki er hægt að halda því fram að hér hafi ekkert verið gert fyrir heimilin í landinu. Það hefur verið boðað að þetta séu ekki neinar lokatillögur að því er varðar hag heimilanna. Ýmislegt er enn í skoðun og undirbúningi, m.a. frumvarp sem kallað var eftir um greiðsluaðlögun sem ég held að sé mjög mikilvægt og hefur verið í þingsölum í 10 ár, vegna þess að ég hef a.m.k. flutt það 10 sinnum á þingi. Það er nú til meðferðar hjá dómsmálaráðherra og ég hef vonir og væntingar til að við getum afgreitt það fyrir jól og ég vona að það verði ekki það seint á ferðinni að þingmenn hafi ekki svigrúm til að fjalla um það.

Ýmis önnur mál hafa verið nefnd sem eru enn í skoðun og ég get ekki frekar en aðrir sagt hver verður niðurstaða þeirra. T.d. að í vissum tilvikum sé heimilt að nýta séreignarsparnað og eins sú hugmynd sem hefur verið nefnd að lífeyrissjóðir í Íbúðalánasjóði geti átt möguleika á því að

eignast hlutdeild í íbúð — sem ég tel að hafi galla sem verið er að skoða og ekki ástæða til að hlaupa að því fyrr en menn hafa séð alla galla og kosti í því máli.

Hér var minnst á húsaleigubætur og vaxtabætur. Ekki er langt síðan húsaleigubæturnar voru hækkaðar verulega og þá höfðu þær ekki hækkað frá árinu 2000 þannig að töluvert er búið að gera fyrir leigjendur. Einnig hefur töluvert verið gert varðandi Íbúðalánasjóð. Lengi hefur verið kallað eftir því að brunabótamat væri afnumið. Það var gert fyrir ekki svo löngu síðan og skiptir verulegu máli fyrir þá sem eru að kaupa sér íbúð, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu þegar miðað er við kaupverð íbúða. Það skiptir verulegu máli vegna þess að þegar brunabótaviðmiðið var í gildi fékk fólk ekki lánað nema kannski 50% af verði íbúðar, en því hefur verið breytt.

Að því er varðar vaxtabæturnar þá hefur það verið nefnt og skoðað — og af því að ég var spurð um hvort sérfræðinganefndin hafi ekki fengið beiðni um að skoða hitt og þetta þá hafði hún algerlega frjálsar hendur um hvað eina sem hún vildi skoða í þessu sambandi. En þetta varð niðurstaða hennar.

Ég tel ekki ástæðu til að fara frekar út í það sem rætt var í dag af hverju ekki var hægt að setja þak á vexti eða miða verðtrygginguna eða þessa útreikninga við ákveðið verðbólgustig fyrir hrunið. Við fórum í gegnum hvaða áhrif það gæti haft og ég tel ekki ástæðu til að nefna það frekar.

Varðandi gengistryggðu lánin sem hér voru nefnd þá hef ég farið yfir það og fengið yfirlit hjá bankastofnunum hvernig þær hafa staðið að málunum. Það yfirlit er til og getur verið aðgengilegt fyrir hvern sem er. Gengistryggðu lánin hafa verið fryst í töluverðum mæli. Sumar lánastofnanir fara þá leið að borgað er miðað við ákveðna vísitölu fyrir hrunið og hinu safnað inn á reikning sem er ekki ósvipuð aðferð og hér þannig að bankastofnanir hafa að þessu leyti einnig tekið á málinu. Það mál er ekki sérstaklega á minni könnu heldur heyrir undir viðskiptaráðherra og ég geri ráð fyrir að hann sé að skoða hvort gera þurfi einhverjar lagabreytingar eða reglugerðarbreytingar í þá veru. Þessi mál eru ekki bara til skoðunar í félags- og tryggingamálaráðuneytinu, heldur einnig í öðrum ráðuneytum.

Þegar talað er um hag heimilanna er mikilvægt að líka sé ráðist í aðgerðir að því er varðar fyrirtækin í landinu. Ég get fullvissað hv. þingmann um að verið er að vinna að tillögum að því er varðar aðgerðir fyrir fyrirtækin í landinu vegna þess að auðvitað þurfum við að halda atvinnulífinu gangandi og aðgerðir í þá veru verða væntanlega kynntar mjög fljótlega. Síðan munum við vinna áfram tillögur og hugmyndir sem hafa verið uppi á borðinu og snerta frekar íbúðaeigendur og hag heimilanna.

Virðulegi forseti. Ég ítreka þakklæti mitt til nefndarinnar fyrir að hafa afgreitt þetta fljótt og vel og skal sannarlega segja í lokin að ekki er til fyrirmyndar að óska eftir því að mál séu afgreidd með þeim hraða sem hér hefur verið en ég hef farið yfir það af hverju ég taldi nauðsynlegt að freista þess að þingið gerði það með þessum hætti núna.

[23:04]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir yfirferðina þar sem hún svaraði nokkru af því sem til hennar var beint. Ég verð nú segja hæstv. félagsmálaráðherra það til hróss að það bitastæðasta sem komið hefur frá ríkisstjórninni að undanförnu hefur flest komið úr ráðuneyti félags- og tryggingamála. Það er rétt að halda því til haga. Hins vegar má kannski segja að ráðherranum hafi ekki gengið allt of vel að eiga við fjármálaráðherrann því að auðvitað kosta bitastæðar aðgerðir fé og fjármálaráðherrann hefur ekki verið tilbúinn til þess að láta það fé af hendi rakna. Það getur því vel verið að þar sé einhverra skýringa að leita í þessu efni. Ég fagna því líka að boðaðar eru frekari aðgerðir og að væntanleg séu frekari frumvörp um þetta efni, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra.

Varðandi þá gagnrýni sem við höfðum uppi á málsmeðferðina er rétt hjá hæstv. ráðherra að málið var kynnt fyrir talsmönnum stjórnarandstöðuflokkanna núna á föstudaginn og frumvarpið var að líta dagsins ljós og taka breytingum fyrir helgina. En það er auðvitað alveg hægt og ekkert sem bannar ráðherrum að draga fulltrúa stjórnarandstöðunnar inn í mál á fyrri stigum, á undirbúningsstigum, sérstaklega ef málin eru þannig vaxin að það stefnir í að þau þurfi að komast í gegnum þingið á tiltölulega skömmum tíma. Það er ekkert sem bannar að reynt sé að hafa meira samráð um mál, þess vegna á meðan þau eru í vinnslu hjá ráðherra. Ég vil leyfa mér að benda hæstv. ráðherra á það í allri vinsemd (Forseti hringir.) að því er lýtur að þeim málum sem boðað er að komi inn á næstunni.

[23:07]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla aðallega að gera athugasemd við lítillæti hæstv. ráðherra. Hún nefnir ýmis atriði sem hafa verið gerð til hagsbóta fyrir fjölskylduna. Hún gleymir aðalatriðinu sem eru neyðarlögin sem við settum og forðuðum fjölskyldum þessa lands frá hörmungum, frú forseti.

Ef greiðslukerfi landsins hefðu hrunið og hin venjulega fjölskylda í landinu hefði ekki getað keypt í matinn kannski í viku eða lengur og ef sparifjáreigendur hefðu ráðist á bankann og tekið innstæður sínar út og valdið með því hruni fjármálakerfisins — það eru meginatriðin sem ríkisstjórnin spornaði gegn og forðaði þannig fjölskyldum frá hörmungum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stimpilgjald, 2. umr.

Stjfrv., 151. mál (undanþága gjalds vegna skuldbreytingar lána). — Þskj. 171, nál. 187, brtt. 188.

[23:08]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og skattanefnd og er málið að finna á þingskjali 187.

Eins og kemur fram í nefndaráliti fékk nefndin gesti.

Í frumvarpinu er lagt til vegna aðstæðna í efnahagsmálum nú um stundir að stimpilgjald af tilgreindum skjölum

skuli falla niður tímabundið. Frumvarpið er hugsað til hagsbóta fyrir þá sem þurfa að létta greiðslubyrði vegna vanskila á áður þinglýstum fasteignaveðskuldabréfum.

Í tengslum við frumvarpið var á fundum nefndarinnar rætt um gildistíma bæði fram og aftur í tímann, stöðu þeirra sem ekki eru komnir í vanskil en eiga í fyrirsjáanlegum greiðsluerfiðleikum, stöðu þeirra sem kjósa að endurfjármagna sig hjá öðrum lánveitanda og áhrif frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs. Þá var rætt um tímabundið afnám þinglýsingargjalds vegna þeirra atvika sem frumvarpið tekur til.

Nefndin fjallaði um upphaf gildistökunnar og stöðu þeirra einstaklinga sem nú þegar hafa staðið skil á gjaldi því sem frumvarpinu er ætlað að fella niður. Telur nefndin rökrétt að miða upphaf þessarar ívilnunar við gildistöku laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, nr. 125/2008. Með hliðsjón af fyrirsjáanlegum vandkvæðum skuldara leggur nefndin til að gildistími frumvarpsins verði lengdur um eitt ár eða til og með 31. desember 2009.

Nefndin ræddi afmörkun á gildissviði frumvarpsins með hliðsjón af stöðu þeirra skuldara sem ekki eru komnir í vanskil en sjá fram á greiðsluerfiðleika, þ.e. fólks sem ekki vill lenda í vanskilum.

Nefndin telur að rök standi til þess að frumvarpið verði ekki einskorðað við skilmálabreytingar og leggur til að hliðstæð regla gildi hvað endurfjármögnun varðar og skuli þá ekki greitt stimpilgjald af þeim hluta nýs veðskuldabréfs sem svarar til uppreiknaðs virðis eldra veðskuldabréfs ásamt vanskilum. Reglan gildir hvort sem endurfjármagnað er hjá sama lánveitanda eða nýjum kröfuhafa. Nefndin ræddi áhrif frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs. Kom fram að í fjárlögum ársins hafi ekki verið gert ráð fyrir tekjum af stimpilgjaldi á grundvelli þeirra atvika sem frumvarpið varðar. Frumvarpið er tilkomið vegna óvenjulegra aðstæðna í þjóðfélaginu.

Loks leggur nefndin til þá breytingu að þinglýsingargjald sem innheimt er á grundvelli laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, verði fellt niður hjá þeim sem njóta eiga stimpilfrelsis samkvæmt þessu frumvarpi. Breytingin er gerð til samræmis við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali nr. 188.

Grétar Mar Jónsson hv. þingmaður sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og gerir fyrirvara við álit þetta.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Bjarni Benediktsson, Gunnar Svavarsson, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Jakobsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Helga Sigrún Harðardóttir og Ólöf Nordal.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:14]
Brtt. 188,1 samþ. með 37 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 188,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 159. mál (greiðslujöfnunarvísitala). — Þskj. 185, nál. 192.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:15]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 192 samþ. með 38 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
8.–9. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 23:17.

---

31. FUNDUR

mánudaginn 17. nóvember,
að loknum 30. fundi.

Dagskrá:

1. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 200. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 159. mál, þskj. 201. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:19]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1. og 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Stimpilgjald, 3. umr.

Stjfrv., 151. mál (undanþága gjalds vegna skuldbreytingar lána). — Þskj. 200.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:19]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

25 þm. (ArnbS, AtlG, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, EBS, GMJ, HHj, HöskÞ, ISG, JM, KVM, KJak, KÞJ, MS, ÓN, REÁ, SF, SJS, VS, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 202).

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, 3. umr.

Stjfrv., 159. mál (greiðslujöfnunarvísitala). — Þskj. 201.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:20]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, BjarnB, BjörkG, BBj, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

25 þm. (ArnbS, AtlG, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, EBS, GMJ, HHj, HöskÞ, ISG, JM, KVM, KJak, KÞJ, MS, REÁ, SF, SJS, VS, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 203).

Fundi slitið kl. 23:20.

---

32. FUNDUR

fimmtudaginn 20. nóvember,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Fjárhagsleg fyrirgreiðsla hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, stjtill., 161. mál, þskj. 189. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.

Tilkynning um nýjan þingmann.

[10:34]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Við þingmennskuafsal Guðna Ágústssonar sl. mánudag tók Eygló Harðardóttir, framkvæmdastjóri í Vestmannaeyjum, sæti hans á Alþingi og verður 8. þm. Suðurkjördæmis. Venju samkvæmt breytist kosningatala þess þingmanns Framsóknarflokksins sem er á listanum, þ.e. Helga Sigrún Harðardóttir verður 3. þm. Suðurk.

Kjörbréf Eyglóar Harðardóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur ekki áður tekið sæti á þingi á þessu kjörtímabili og er boðin velkomin til starfa sem alþingismaður.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:34]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hefur bréf frá þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins, Arnbjörgu Sveinsdóttur, um að Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvesturkjördæmis, hverfi á ný í fæðingarorlof. 1. varamaður flokksins í kjördæminu, Rósa Guðbjartsdóttir bæjarfulltrúi, tekur sæti hennar á Alþingi í dag. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa að nýju.

[10:35]

Útbýting:

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, 159. mál, þskj. 201.

Niðurfelling laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs, 169. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 204.

Stimpilgjald, 151. mál, þskj. 200.

Störf þingsins.

Einkavæðing í heilbrigðisþjónustu.

[10:35]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Markaðshyggjan fékk svo sannarlega vítamínsprautu árið 2003 við einkavæðingu bankanna og við munum væntanlega eyða deginum í dag í að ræða skuldsetningu íslensks samfélags í kjölfar bankahrunsins. Það urðu þáttaskil í markaðsvæðingunni við myndun núverandi ríkisstjórnar þegar Samfylkingin afhenti Sjálfstæðisflokknum lyklavöldin í heilbrigðisráðuneytinu. Ekki hafði ráðherra Sjálfstæðisflokksins verið þar lengi á stól þegar farið var að auglýsa eftir tilboðum í ýmiss konar þjónustu sem áður hafði verið á vegum opinberra aðila, beint. Þar vil ég nefna sérstaklega Heilsuverndarstöðina ehf. sem var mikið óskabarn ráðherrans sem notaði hvert tækifæri til þess að láta ljósmynda sig við gerð þjónustusamninga um nánast hvað eina. Ég held að þeir hafi verið orðnir fjórir eða fimm. Nú er þetta óskabarn farið á hausinn, eins og reyndar fleiri, og menn hefðu kannski haldið að Sjálfstæðisflokkurinn hefði eitthvað af þessu lært.

Nei, herra forseti. Sl. föstudag, 14. nóvember, birtist auglýsing í Morgunblaðinu, auglýsing um hvað? Það er út-

boð á þjónustu við aldrað fólk, það er útboð á þjónustu við fólkið sem fór á vergang við gjaldþrot Heilsuverndarstöðvarinnar. Til fimm ára er auglýst eftir rekstraraðila á allt að 35 skammtímahjúkrunarrýmum og 30 rýmum á dagdeild fyrir aldrað fólk. Ég vil spyrja hv. formann heilbrigðisnefndar, Ástu Möller, hvort Sjálfstæðisflokkurinn ætli virkilega að halda óbreyttri stefnu í einkavæðingu í heilbrigðisþjónustu landsmanna.

[10:37]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Það er löng reynsla af samstarfi stjórnvalda við einkaaðila varðandi rekstur í heilbrigðisþjónustu og eins og nokkuð oft hefur komið fram á hinu háa Alþingi þá eru um 30% af heilbrigðisþjónustunni í höndum annarra rekstraraðila en ríkisins.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar kemur fram að það eigi að fjölga rekstrarformum og auka samstarf við einkaaðila, eða eins og segir í málefnasamningnum: að það verði skapað svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, m.a. með útboðum og þjónustusamningum, en jafnframt tryggt að allir hafi jafnan aðgang að henni, óháð efnahag.

Eins og hv. þingmaður veit voru lög um heilbrigðisþjónustu samþykkt á hv. Alþingi á vordögum 2007. Þau lög voru afrakstur af vinnu sem m.a. fulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna og annarra stjórnmálaflokka komu að og þar lá að baki þriggja ára vinna þar sem í fyrsta sinn var skapaður rammi um samninga ríkisins við aðra aðila um rekstur í heilbrigðisþjónustu. Þessi ákvæði heilbrigðisþjónustulaga fóru síðan í ný lög um sjúkratryggingar sem voru samþykkt á haustþingi í september sl. Í framhaldi af því var sett á laggirnar ný stofnun sem tók til starfa 1. október sl. Hlutverk hinnar nýju stofnunar, Sjúkratryggingastofnunar, er að annast kaup á vörum og þjónustu sem henni ber að veita og greiða endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu sem veita ber samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og jafnframt að hafa eftirlit með gæðum og árangri, starfsemi þeirra sem samið er um. Stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málum er því alveg ljós, þ.e. að standa vörð um heilbrigðisþjónustuna og jafnframt að nýta þau tækifæri sem gefast til að hefja samstarf við einkaaðila, jafnt þá sem nú þegar eru starfandi á þessu sviði og aðra. (Forseti hringir.)

[10:40]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að leiðrétta sitthvað sem fram kom í máli hv. þm. Ástu Möller og þótt ég hafi ekki mikinn tíma til slíks þá verð ég þó að segja eitt.

Hv. þingmaður gerir því skóna að útboðsstefnan sé óbeint á ábyrgð Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að því leyti að byggt sé á lagafrumvarpi sem við höfum samþykkt. Staðreyndin er sú að sá hluti lagafrumvarpsins sem lýtur að útboðunum var á sínum tíma afgreiddur með gagnatkvæðum okkar. Við lögðumst gegn þeim hluta þessa lagabálks. Sjálfstæðisflokkurinn hefur hins vegar ítrekað haldið uppi rangtúlkunum um þetta efni og mér finnst ástæða, hæstv. forseti, til að leiðrétta það því rétt skal vera rétt. Sjálfstæðisflokkurinn er fylgjandi einkarekstri í heilbrigðisþjónustunni. Það er hans skoðun. Hann hefur rétt á því að hafa þá skoðun, berjast fyrir henni og reyna að koma henni í framkvæmd. Við höfum aðra skoðun og það er beinlínis óheiðarlegt að halda uppi málflutningi eins og hv. þm. Ásta Möller gerði áðan.

[10:41]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. formanni heilbrigðisnefndar, Ástu Möller, að það eru ýmis fordæmi fyrir einkarekstri á heilbrigðismarkaði. Ég get nefnt eitt dæmi, það er SÁÁ. Hins vegar höfum við reynslu af því, frekar nýlega, að farið var í útboð á þjónustu, öldrunarþjónustu, sem m.a. var sinnt af deild á Landakoti að tilboðin sem bárust voru hærri en menn áttu von á. Þau voru hærri en það sem nú þegar er greitt fyrir þjónustuna sem þar er innt af hendi innan dyra. Það er því ljóst að það er mjög mikilvægt og ekki síst í því efnahagsástandi sem nú ríkir — þar sem við erum að skuldsetja þjóðina um hundruð milljarða á næstunni og það á einmitt að fara að ræða það í dag — að það verður að gera mjög ríka kröfu til þess að farið verði vel með almannafé. Þá kemur að mínu mati ekki til greina að fara í útboð ef tilboð sem koma inn eru hærri en kostnaður við þá þjónustu sem við erum að bjóða út hefur verið hingað til. Það er mjög mikilvægt að ráðdeildar verði gætt í þessu og þess vegna munum við örugglega hafa stækkunarglerið uppi þegar útboð fara fram og tilboð koma inn.

Það er mjög mikil tilhneiging hjá Sjálfstæðisflokknum að færa heilbrigðisþjónustuna út á markað og við munum vera mjög grimm í því, virðulegur forseti, að passa upp á að menn fari ekki að setja þjónustuna út á markað ef það á svo að borga meira fyrir hana þar en hjá ríkinu.

[10:43]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Enn og aftur er rétt að árétta það og fara yfir hvernig Vinstri hreyfingin – grænt framboð greiddi atkvæði og með hvaða hætti þeir studdu breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Það er margt gott í þeim lögum en í þeim eru kaflar sem við greiddum atkvæði gegn og rökstuddum það út frá okkar pólitík og hugmyndafræði. Það skal standa og ég vona að fólk muni eftir því þó svo að við höfum stutt heildarlögin með þeim fyrirvara að við treystum því að það yrði farið vel með ákvæðin um einkavæðinguna.

Það er líka alveg rétt að heilbrigðisþjónustan hér á landi hefur að nokkrum hluta verið rekin í einkarekstri en sá einkarekstur hefur að mestum hluta eða að stórum hluta verið hjá sjálfseignarstofnunum sem hafa rekið öldrunarþjónustuna og svo í síauknum mæli hjá sérfræðingum. Við teljum að það þurfi að hafa hemil á slíkri sérfræðiþjónustu utan heilbrigðisstofnana, hún hefur verið eins konar óplægður akur og í raun sjálftaka hjá mörgum. Í þeim aðstæðum og í því umhverfi sem nú er að skapast verðum við að horfa til þess að reyna að draga úr kostnaði og styrkja heilbrigðisþjónustuna og þá grunnþjónustu sem hefur verið rekin. Að það sé verið að fara í aukinn einkarekstur og að það sé stutt við fyrirtæki sem stunda heilbrigðisþjónustu

með kröfu um arðsemi, fyrirtæki sem taka arð út úr þjónustunni, það er nýtt í okkar umhverfi. Þegar við þurfum að fara að spara þá eigum við auðvitað ekki að stuðla að starfsemi þar sem verið er að koma á fót fleiri fyrirtækjum í heilbrigðisþjónustunni sem rekin er á arðsemiskröfum.

[10:46]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur ætla ég að ítreka að það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar að einkavæða í heilbrigðis- eða velferðarþjónustunni. Við höfum hins vegar verið opin gagnvart einkarekstri, útboðum, ef það bætir þjónustuna og minnkar kostnað. Það eru þær forsendur sem við setjum fram sem geta réttlætt einkarekstur. Ég skil satt best að segja ekki þann kreddulega málflutning sem hér ríkir hjá hv. þingmönnum Vinstri grænna, að vera á móti einkarekstri sem bætir þjónustuna og minnkar kostnað, bæði fyrir hið opinbera og hugsanlega fyrir einstaklinginn.

Vinstri grænir vilja gera einhvern greinarmun á góðum einkarekstri og slæmum einkarekstri. Nú er allt í lagi að vera í einkarekstri ef um sjálfseignarstofnun er að ræða. Það voru ekki skilaboð Vinstri grænna þegar þeir lögðust gegn því að hin góða stofnun Grund fengi aukið vægi í þjónustu við eldri borgara. Vinstri grænir voru á móti því. Í þeirra huga átti einkaaðili að vera góður. Ég held að þingheimur og þjóð sjái út í hvers konar móa þessi flokkur er kominn þegar kemur að þessari umræðu.

Þingið samþykkti framsækna löggjöf um Sjúkratryggingastofnun. Í lögunum er beinlínis tryggt að ekki megi mismuna eftir efnahag. Þar er tryggt að ekki megi kaupa sig fram fyrir í röðinni. Þetta eru sjónarmið sem ég held að flestir hér inni getið tekið undir og þjóðin líka.

Það á að hafna öllum kreddumálflutningi, hvort sem litið er til blindrar markaðshyggju eða blindrar ríkisforsjár, það er hugmyndafræði sem við eigum ekki að tala fyrir. Í mínum huga er millivegurinn langbestur og sú er stefna okkar, hv. þingmaður.

[10:48]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Nú skil ég hvers vegna Geir H. Haarde, hæstv. forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, var svona óskaplega glaður í Valhöll á fyrstu vikunum eftir að ríkisstjórnin var mynduð. Hann var kominn í samstarf við hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson, varaformann Samfylkingarinnar, og talsmann einkareksturs og einkavæðingar í heilbrigðisþjónustunni.

Hann spyr hvers vegna Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé andvíg einkarekstri ef hann minnkar kostnað og bætir þjónustuna. Málflutningur okkar hefur gengið út á það að einmitt hið gagnstæða gerist og höfum við óskað eftir því að fram fari fagleg og vönduð úttekt á einmitt þessu. Því hefur hv. þingmaður, og flokkur hans og Sjálfstæðisflokkurinn, einnig hafnað. Þetta var fyrsta þingmálið sem við fluttum á þessu kjörtímabili. (Gripið fram í.)

Hvers vegna er Samfylkingin og varaformaður hennar, einkavæðingarsinninn hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, andvígur því að fram fari fagleg úttekt á áhrifum einkavæðingar og einkareksturs í heilbrigðiskerfinu sem hann er svo ákafur talsmaður fyrir?

[10:49]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Mig langar að benda á að í nefndinni sem vann að heilbrigðisþjónustulögum þar sem fyrst komu fram ákvæði um kaup á heilbrigðisþjónustu var fulltrúi Vinstri grænna. Þegar nefndin skilaði af sér hafði hvorki fulltrúi Vinstri grænna né fulltrúar annarra flokka eða hagsmunaaðila nokkurn fyrirvara varðandi þennan kafla. Það er það sem ég á við þegar ég segi að Vinstri grænir hafi komið að samningu á heilbrigðisþjónustulögum og þar á meðal þeim kafla sem varðar kaup á heilbrigðisþjónustu — (**Gripið fram í:** Studdu þeir þennan kafla?) fulltrúi Vinstri grænna í þessari nefnd, það er það sem ég hef verið að ræða um.

Varðandi það hver kostnaðurinn er af samningum við aðila eins og t.d. í hjúkrun aldraða sjúklinga á Landakoti þá hefur komið fram að kostnaðurinn við rekstur þeirrar deildar eftir að hjúkrunarheimilið Grund tók yfir reksturinn er 15 millj. kr. lægri en kostnaður Landspítalans af rekstri deildarinnar. Þetta hefur komið fram þannig að það á sér ekki stoð sem sagt er að þetta rekstrarform sé dýrara í því tilviki.

Varðandi Heilsuverndarstöðina er ljóst að þar komu inn sjúklingar sem annars hefðu verið á Landspítalanum. Um er að ræða 50 einstaklinga sem útskrifuðust frá Landspítalanum sem á hverjum tíma voru þá í þjónustu yfir sólarhringinn eða á dagdeild. Þetta létti á Landspítalanum og ekki er neinum blöðum um það að fletta að kostnaðurinn við hvern einstakling er mun lægri í þeirri þjónustu sem Heilsuverndarstöðin veitti heldur en ef viðkomandi hefði verið inni á Landspítala sem hefði verið hinn kosturinn. Þetta voru einstaklingar sem treystu sér ekki heim eftir meðferð eða aðgerð á Landspítalanum en fengu þarna ákveðna millistöð til að fara í endurhæfingu og hljóta ákveðinn stuðning áður en þeir fóru heim. Þannig að kostnaðurinn var minni, hv. þingmaður. (Forseti hringir.)

[10:52]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Herra forseti. Ég ætla að leiðrétta hv. þm. Ögmund Jónasson hvað það varðar að ég hafi komið í veg fyrir einhvers konar úttekt á einkarekstri eða einkavæðingu. Hið sanna í málinu er að hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur beitt sér gegn því að sú úttekt hafi farið í gang og í gegnum þingið.

Hér fyrir framan mig er ég með tillögu til þingsályktunar sem hv. þm. Ásta Möller og fleiri þingmenn lögðu fram á síðasta þingi. Þetta var þingmannamál sem viðskiptanefnd vildi afgreiða og afgreiddi frá sér en (Gripið fram í.) þá kom hv. þm. Ögmundur Jónasson sérstaklega inn í nefndina til að koma í veg fyrir að málið færi í gegn. Og hvað er nú um að ræða í þessu máli? Hér stendur, með leyfi forseta:

„Athugunin skal einnig beinast að því að skoða reynslu sem þegar hefur fengist af einkarekstri og einkaframkvæmd.“

Þetta var það sem ég vildi fá í gegn, þetta var það sem

hv. þm. Ögmundur Jónasson vildi koma í veg fyrir. Hann kom sérstaklega í þingnefndina, sem hann situr að öllu jöfnu ekki í, til að tala gegn þessu því að hann treysti ekki flutningsmönnum eins og hann sagði á fundinum. Það er hv. þm. Ögmundur Jónasson sem hefur komið í veg fyrir að þessi athugun ætti sér stað. Ekki þingmaðurinn sem hér stendur heldur þvert á móti. Þetta veit hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Lestu bara málið sem þú ert að tala gegn.

[10:53]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Fyrir þinginu síðastliðinn vetur lágu tvö mál. Annars vegar mál frá þingmönnum Vinstri grænna um athugun á afleiðingum einkavæðingarinnar, og ekkert var unnið með það í nefnd og ekkert gert með það. Hins vegar mál frá hv. þm. Ástu Möller eins og hér er bent á frá Verslunarráðinu um húrrahróp yfir einkavæðingunni og það átti að afgreiðast úr nefnd. Við mótmæltum því að þessi mál fengju ekki sams konar meðferð.

Herra forseti. Ég á örstutt eftir af ræðutíma mínum. Upplýst hefur verið að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekkert lært af hruni markaðshyggjunnar og Samfylkingin ekki heldur. Það er einfaldlega rangt, sem hér hefur verið haldið fram, að þau úrræði sem voru á Heilsuverndarstöðinni, fyrir langlegusjúklinga, hvíldarúrræði og skammtímavistun, hafi ekki verið dýrari en var á Droplaugarstöðum sem er í um 50 metra fjarlægð. Það er bara rangt.

Um er að ræða 50 sjúklinga og hv. formaður heilbrigðisnefndar segir að létt hafi verið á Landspítalanum með því að flytja þá inn í Heilsuverndarstöðina. Ég spyr: Hvar eru þessir sjúklingar í dag? Hvar eru þeir í dag? Þrír fengu inni á Grund, aðrir voru sendir heim og einhverjir eru á biðlista hjá öldrunardeildinni á Landakoti.

Herra forseti. Það er þannig að opinberir aðilar fara ekki svo glatt á hausinn og senda skjólstæðinga sína heim. En einkaaðilar, sem eru í rekstri til þess eins að ná hagnaði, arði, út úr starfseminni, geta auðveldlega farið á hausinn. Við sjáum það út um allt þessa dagana. Við viljum vara við því að frjálshyggjustefnan, sem drepið hefur bankakerfið, bitni á sjúkum og öldruðum. Við skulum halda lífinu í fólkinu í landinu og stoppa þessa ríkisstjórn.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 10:56]

Fjárhagsleg fyrirgreiðsla hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, fyrri umr.

Stjtill., 161. mál. — Þskj. 189.

[11:08]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er á milli þingflokkanna um að ræðutími í umræðunni verði sá sami og gildir um skýrslur.

Þá vill forseti einnig geta þess að samkomulag er á milli þingflokka um að fundir geti staðið lengur en til klukkan átta í kvöld.

[11:08]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu á þingskjali 189, um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli fyrirliggjandi viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda.“

Það er kunnara en frá þurfi að segja að í gærkvöldi samþykkti stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir sitt leyti, einróma, að því er ég best veit, að ganga frá málinu hvað sjóðinn varðar og veita þá lánafyrirgreiðslu sem um er að ræða á grundvelli þeirrar áætlunar um efnahagsmál sem liggur fyrir í yfirlýsingu frá íslenskum stjórnvöldum. Málið er sem sagt komið í höfn hvað varðar sjóðinn. Ríkisstjórnin taldi eðlilegt í ljósi þeirra umræðna sem verið hafa í þjóðfélaginu og í ljósi þess hve mál þetta er óvenjulegt og kemur fram á óvenjulegum tímum að þingsályktunartillaga yrði borin fram á Alþingi, rædd hér og afgreidd í stað þess að ríkisstjórnin ein afgreiddi málið. Það hefði þó fyllilega komið til greina á grundvelli þeirra lánsfjárheimilda sem Alþingi hefur þegar veitt ríkisstjórninni.

Sú þingsályktunartillaga sem hér er flutt er fram komin til þess að kalla fram vilja Alþingis gagnvart samkomulaginu sem ríkisstjórnin hefur gert við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og stjórnin samþykkti í gærkvöldi. Ég tel eðlilegt að þessi leið sé farin og beitti mér þess vegna fyrir henni vegna þess að ég vil gjarnan að afstaða einstakra þingmanna gagnvart þessu samkomulagi og samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn liggi fyrir. Það komi skýrt fram hér í atkvæðagreiðslu hvort menn eru með eða móti því að fara þessa leið.

Þá vil ég í leiðinni geta þess að allur sá málflutningur sem uppi hefur verið hafður um launung og leynd yfir þessu máli er fullkomlega út í hött og ekki á rökum reistur. Þingsályktunartillagan var lögð hér fram á sama degi og starfsreglur sjóðsins heimiluðu birtingu hennar. Það er þá lagt fram sem þingsályktunartillaga sem er lengra gengið heldur en jafnvel stjórnarandstaðan hafði orðað eða farið fram á. Það teljum við eðlilegt að gera. Ég vil bæta því við vegna þess að talað hefur verið um leynimakk og pukur í kringum þetta mál að formenn stjórnarandstöðuflokkanna fengu skjalið í trúnaði, reyndar í aðeins öðruvísi þýðingu, níu dögum áður en málið var gert opinbert hér á Alþingi. Þeir hafa því haft tíma til að átta sig á þessu og er það bæði eðlilegt og sjálfsagt.

Allt frá því að bankakerfið riðaði til falls í byrjun október hefur ríkisstjórnin unnið hörðum höndum við að leysa þá fjármála- og gengiskreppu sem hagkerfið stendur nú frammi fyrir í kjölfar hamfaranna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Fljótlega varð ljóst að eina raunhæfa lausnin á þessum vandamálum grundvallaðist á samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og fjárhagslegri fyrirgreiðslu frá sjóðnum til þess að styrkja gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans, enda er sjóðurinn eina alþjóðastofnunin sem hefur umboð, getu og úrræði til þess að aðstoða þjóðir við að takast á við vandamál af þeirri stærðargráðu sem við stöndum nú frammi fyr-

ir. Það er þess vegna engin tilviljun að það er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem gegnir lykilhlutverki við leit að lausnum á þeim mikla fjármálavanda sem nú steðjar að heimsbyggðinni. Hann leikur jafnframt lykilhlutverk á fundum ráðamanna stærstu ríkja þar sem verið er að fjalla um þau mál.

Samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eykur því traust á þeim skrefum sem við þurfum nú að taka. Er það samdóma álit þeirra sem að vinnunni komu að samstarf við sjóðinn sé ekki aðeins rétt heldur nauðsynlegt við núverandi aðstæður.

Þrátt fyrir að við stöndum frammi fyrir verulegum efnahagsvandræðum má ekki gleymast að undirstöður hagkerfisins eru í meginatriðum traustar. Þjóðin er vel menntuð, úrræðagóð og ung að árum. Innviðir samfélagsins eru traustir og lífeyrissjóðakerfið sterkara en víðast hvar annars staðar. Síðast en ekki síst höfum við aðgang að mikilli hreinni orku og gjöfulum fiskimiðum sem veita okkur útflutningstekjur sem styðja munu við gjaldmiðil þjóðarinnar og hagsæld hennar til framtíðar.

Áætlun ríkisstjórnarinnar, sem unnin er í samstarfi við Seðlabankann og fjölmarga hagsmunaaðila ásamt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, mun, auk lána frá öðrum sem henni fylgja, gera Íslandi kleift að endurvinna traust alþjóðafjármálakerfisins og gefa okkur tækifæri til þess að nýta þá miklu krafta sem þjóðin og landið búa að til framtíðar.

Viljayfirlýsingin sem liggur til grundvallar fjárhagslegri fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum upp á 2,1 milljarð bandaríkjadala til þess að styrkja gjaldeyrisvarasjóð Seðlabanka Íslands er í meginatriðun þríþætt: Í fyrsta lagi að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar með markvissum og öflugum aðgerðum, í öðru lagi að styrkja stöðu ríkissjóðs og í þriðja lagi að endurreisa íslenskt bankakerfi.

Við núverandi aðstæður er brýnasta verkefni stjórnvalda, ekki síst Seðlabanka Íslands, að tryggja stöðugleika krónunnar og búa í haginn fyrir styrkingu gengisins. Núverandi fyrirkomulag gengismála sem verið hefur við lýði hér í nokkrar vikur er að sjálfsögðu skammtímaráðstöfun og ljóst að krónan verður sett á flot á nýjan leik, eins og það er kallað. Hins vegar er ljóst að í kjölfar þeirra áfalla sem fjármálakerfið hefur orðið fyrir er hætt við að krónan verði fyrir skammtímaþrýstingi fyrst í stað.

Því er gert ráð fyrir að til mjög skamms tíma sé hægt að beita ýmsum aðgerðum til þess að koma í veg fyrir of miklar sveiflur í gengi krónunnar. Seðlabankinn mun því ekki aðeins nýta stýrivexti sína til þess að hafa áhrif á fjármagnsflæði heldur mun hann einnig beita aðhaldi í lánum til bankanna, nýta gjaldeyrisforðann og beita tímabundnum gjaldeyrishöftum á fjármagnsviðskipti. Eins og áður segir verða þessar aðgerðir allar til skamms tíma og er ekki ætlað að hindra eðlilega verðmyndun á krónunni.

Aukinn stöðugleiki á gjaldeyrismarkaði mun svo leiða af sér hraða lækkun verðbólgu sem ætti að geta gefið svigrúm til verulegra og snöggra vaxtalækkana. Reiknað er með að í kjölfar þeirra aðgerða sem lýst er að framan styrkist krónan fljótlega og að verðbólga á ársgrundvelli verði komin í 4,5% undir lok ársins 2009. Gert er ráð fyrir að krónan styrkist enn og verðbólgan haldi áfram að hjaðna árið 2010. Smám saman verður Seðlabankanum því kleift að reiða sig aftur á stýrivexti sem aðalstjórntæki peningamála innan ramma sveigjanlegrar gengisstefnu.

Þrátt fyrir styrka stjórn ríkisfjármála undanfarin ár með mikilli lækkun skulda hins opinbera er ljóst að brúttókostnaður ríkisins vegna endurfjármögnunar, bæði viðskiptabankanna og Seðlabankans, auk þess halla sem verður á ríkisbúskapnum næstu árin og hugsanlegrar ábyrgðar vegna innstæðutrygginga mun setja verulegar auknar byrðar á ríkissjóð.

Þrátt fyrir að nettókostnaður verði lægri vegna endurheimtu fjármuna með sölu á eignum bankanna er ljóst að sýna þarf verulegt aðhald í ríkisfjármálum næstu árin. Árið 2009, þegar efnahagslægðin verður dýpst, er þó gert ráð fyrir að fjárlagahallinn aukist í takt við aukin útgjöld og lægri tekjur vegna hagsveiflunnar til þess að auka ekki frekar á samdrátt í þjóðarbúskapnum. Hins vegar verður verulega dregið úr fyrri áformum um slaka í ríkisfjármálum. Öll viðmið um þróun ríkisfjármála næstu árin miðast þó við svokallaðan hagsveifluleiðréttan jöfnuð sem gefur ríkissjóði tækifæri á ákveðinni aðlögun ef efnahagslægðin verður dýpri en nú er gert ráð fyrir.

Til þess að tryggja betur stjórn ríkisfjármála verður farið yfir umgjörð þeirra þegar litið er til lengri tíma og lagðar fram tillögur þar að lútandi sem einnig munu ná til þess hvernig fjármál sveitarfélaga verða betur samræmd áformum í ríkisfjármálum.

Í ljósi allra þessara aðgerða er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins komi sér saman um að gera kjarasamninga sem samrýmast þeirri alvarlegu stöðu sem nú er uppi.

Í ljósi þess að rót vanda hagkerfisins er að finna í falli bankakerfi landsins er áætlun um enduruppbyggingu þess og endurskoðun gjaldþrotareglna grundvallarþáttur í viljayfirlýsingu og stefnu ríkisstjórnarinnar.

Í því efni er í fyrsta lagi unnið skipulega að sambærilegu samkomulagi við alla þá erlendu aðila sem hagsmuna eiga að gæta gagnvart Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta hér á landi í samræmi við lagaramma EES. Ísland hefur heitið því að virða skuldbindingar á grundvelli innstæðutryggingakerfisins gagnvart tryggðum innlánshöfum. Þetta byggist á þeim skilningi að unnt verði að forfjármagna þessar kröfur fyrir tilstyrk viðkomandi erlendra ríkja.

Í öðru lagi er viðurkennt að það sé lykilatriði í réttlátri meðferð gagnvart innstæðueigendum og kröfuhöfum á hendur yfirteknum bönkum að nýju bankarnir greiði sannvirði fyrir þær eignir sem fluttar voru frá gömlu bönkunum. Með það að leiðarljósi hefur verið komið upp gagnsæju ferli þar sem tvö teymi sjálfstæðra endurskoðenda munu sjá um að meta sannvirði eigna.

Í þriðja lagi verður regluumgjörð fjármálastarfsemi og framkvæmd bankaeftirlits endurskoðuð til að efla viðbúnað gegn hugsanlegum fjármálakreppum í framtíðinni. Að síðustu verður svo farið yfir lagarammann um gjald- og greiðsluþrot þannig að taka megi á niðurfærslu skulda og heimtu eigna í bönkum, fyrirtækjum og hjá heimilum á skilvirkan hátt.

Fjárhagsleg fyrirgreiðsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins mun í heild nema rúmum 2 milljörðum bandaríkjadala og er ætlað að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans eins og fram hefur komið. Fyrstu 830 milljónirnar eða þar um bil koma til afgreiðslu á næstu dögum í kjölfar þess að stjórn Al-

þjóðagjaldeyrissjóðsins hefur nú samþykkt að veita þá fyrirgreiðslu. Afgangurinn af láninu kemur svo til greiðslu ársfjórðungslega næstu tvö árin eða svo.

Viljayfirlýsingin sem fylgir með sem fylgiskjal við þingsályktunartillöguna er forsenda fyrirgreiðslu af sjóðsins hálfu. Því er brýnt að henni verði framfylgt. Þeir áfangar sem þurfa að nást eru allir skýrt tilgreindir í viljayfirlýsingunni og nánar útlistaðir á fylgiskjölum. Áfangarnir eru allir mikilvægir þættir í þeirri áætlun sem nú verður unnið eftir og ríkisstjórnin telur að muni veita hagkerfinu tækifæri til þess að vinna sig hratt og örugglega út úr núverandi efnahagsástandi á næstu misserum.

Með fjárhagslegri fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frekari lánum frá góðum vinum og bandamönnum, og þeirri efnahagsáætlun sem viljayfirlýsingin og lánin byggjast á getum við nýtt þá krafta sem búa í landinu og þjóðinni til þess að koma stöðugleika á að nýju og byggja hagkerfið upp til framtíðar.

Ég vil nota tækifærið og beina þökkum til þeirra ríkja sem ákveðið hafa að ganga til samstarfs við okkur um þetta mikilvæga verkefni. Ég legg til, virðulegi forseti, að þessari tillögu verði að umræðunni lokinni vísað til síðari umræðu og hv. utanríkismálanefndar. Tel ég eðlilegt að nefndin leiti álits annarra þeirra þingnefnda sem málið varðar.

[11:21]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég óska hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórninni allri til hamingju með það neyðarlán sem nú hefur verið samþykkt. Það er þá búið að tryggja lágmarksöryggi í landinu og loksins hægt að tala íslensku um stjórnmálaástandið, efnahagsástandið og þar á meðal Seðlabanka Íslands.

Yfirstjórn Seðlabankans er rúin tiltrú og trausti þings og þjóðar. Þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi kalla eftir breytingum á yfirstjórn Seðlabankans. Meirihlutavilji er á Alþingi fyrir því að aðeins fagmenn komi að yfirstjórn Seðlabankans og nauðsynlegt sé að styrkja hans faglegu yfirstjórn. Þegar nú er fjallað um að fela Seðlabankanum þetta fjöregg sem við loksins höfum fengið hljótum við að kalla eftir þeim breytingum á yfirstjórn bankans og því hversu hratt hægt verði að vinna að þeim breytingum á vegum forsætisráðherra á næstu dögum, því að það hlýtur að haldast í hendur við þær breytingar sem gera þarf á Seðlabankanum og sú lánveiting sem hér er til umfjöllunar. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra líka að því vegna þeirrar staðreyndar að Seðlabankinn er tæknilega gjaldþrota. Meðal margra mistaka yfirstjórnar Seðlabankans er að hafa tapað a.m.k. 150 milljörðum kr. í viðskiptum með skuldabréf við bankana í landinu og það hlýtur að vera alger forsenda fyrir því að hægt sé að reisa Seðlabankann frá gjaldþroti og veita honum fé héðan frá Alþingi að það sé ekki sama yfirstjórn sem rekið hefur bankann í þrot og við veitum þá neyðaraðstoð sem bankinn þarf nú á að halda.

[11:23]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Seðlabankinn er ekki gjaldþrota, hvorki tæknilega né öðruvísi. Áætlunin sem kynnt hefur verið og er hér í fylgiskjali sem viljayfirlýsing af hálfu ríkisstjórnar og Seðlabankans var unnin í mjög góðu faglegu samstarfi sérfræðinga á vegum bankans og á vegum ríkisstjórnarinnar en einnig á vegum yfirstjórnar bankans og ráðherranna í ríkisstjórninni. Upp á það samstarf er nákvæmlega ekkert að klaga. Og þessi spurning, sem dúkkar upp reglulega, á engan rétt á sér í tengslum við það mál sem hér er verið að ræða. Seðlabankinn skrifar undir viljayfirlýsinguna, formaður bankastjórnarinnar gerir það ásamt fjármálaráðherranum. Seðlabankinn gerir sér nákvæmlega grein fyrir því hvert verkefni hans er varðandi þessa áætlun. Fagmenn Seðlabankans og bankastjórn hafa undirbúið það að setja krónuna á flot og ég veit ekki annað en það verði gert á næstu dögum. Það er ekkert upp á það að klaga að menn hafi ekki unnið vinnuna sína í þeim banka.

[11:24]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forsætisráðherra. Við þurfum ekki að deila um það að eigið fé Seðlabankans er uppurið. Hvort menn kjósa að kalla það gjaldþrot eða ekki er svo sem smekksatriði.

Þær aðgerðir sem nú þarf að fara í og hvort þær takast eða hvort við verðum aftur fyrir áfalli hvílir algerlega á trúverðugleika. Trúverðugleiki er forsenda alls þess sem nú á að gera. Hæstv. forsætisráðherra hlýtur að hafa heyrt þingmenn á borð við hv. þm. Kristján Þór Júlíusson, hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur, hv. formann þingflokks Samfylkingarinnar, hæstv. iðnaðarráðherra og fleiri og fleiri, formann Framsóknarflokksins nýkjörinn, forustumenn úr öllum flokkum, þingmenn úr öllum flokkum lýsa því yfir að það sé nauðsynlegt, vegna trúverðugleika Seðlabankans og þar með þeirra aðgerða sem við erum núna að fara í, að gerðar verði breytingar á yfirstjórn Seðlabankans og hann styrktur faglega. Spurningin á þess vegna rétt á sér héðan úr ræðustólnum, hæstv. forsætisráðherra, öndvert því sem þér segið vegna þess að málið hefur verið tekið upp af þingmönnum úr öllum flokkum á Alþingi, þar á meðal úr yðar eigin flokki, og af forustumönnum fjögurra af fimm stjórnmálaflokkum í landinu og fyrir Alþingi hafa flokkar með meiri hluta þingmanna á bak við sig allir lagt fram lagafrumvarp um að aðeins fagmenn skuli koma að yfirstjórn Seðlabankans. Eftir þá atburði sem urðu í þessari viku hljótum við að spyrja hvenær megi vænta viðbragða við þessu því að þótt trúmennska sé sannarlega dyggð má of mikið af öllu gera.

[11:26]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Trúverðugleiki er lykilatriði í efnahagsmálum. Trúverðugleiki innan lands, trúverðugleiki út á við. Ég hef verið að skoða viðbrögðin við ákvörðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í gærkvöldi í útlöndum gagnvart því að veita þetta lán. Þau eru mjög jákvæð. Þau sýna að þrátt fyrir þau vandamál sem við höfum lent í, Íslendingar, þá njótum við trausts og það eykur trúverðugleika okkar, bæði ríkisins og Seðlabankans, að hafa gengið til þessa samstarfs. Ég held að þingmenn á Alþingi, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, eigi ekki að reyna að grafa undan þeim

trúverðugleika sem nú er verið að byggja upp.

[11:27]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég verð að segja að ég er eiginlega orðlaus vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram. Hvað er hér á ferðinni? Miðað við það hvernig fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna tala hér þá er ríkisstjórnin óstarfhæf. Hún er algerlega óstarfhæf. Hér kjósa menn að fara upp í pontu sitt á hvað, frá hvorum ríkisstjórnarflokknum um sig og berja hver annan með Seðlabankanum. Og þetta er fyrsta innslagið í því stórmerkilega máli sem við erum að fjalla um, lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Hvað er hér á ferðinni? Ég missi algerlega áhugann á að fara í andsvar við hæstv. forsætisráðherra þegar ég horfi upp á þetta. Þetta er óstarfhæf ríkisstjórn, virðulegi forseti. Fulltrúi Samfylkingarinnar segir að það sé allt í steik í Seðlabankanum. (**Gripið fram í:** Varstu ekki á miðstjórnarfundi í Framsóknarflokknum?) Forsætisráðherra, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir að það sé allt í himnalagi í Seðlabankanum? (**Gripið fram í:** Starfandi forsætisráðherra ...) Það er ekki hægt að bjóða Alþingi upp á þennan málflutning. Það er ekki hægt að bjóða þjóðinni upp á þetta. Það er ekki hægt að bjóða alþjóðasamfélaginu upp á þetta. Það er fylgst með Íslandi. Hér er verið að ræða alvarlegt mál. Ríkisstjórnarflokkarnir geta ekki hagað sér svona. Þetta gengur ekki upp, virðulegi forseti.

Við sitjum hér og horfum upp á ríkisstjórnarflokkana berja hvor annan í beinni útsendingu í alvarlegu máli. Ég er algerlega orðlaus. Og ég verð að viðurkenna að ég er farin að vorkenna hæstv. forsætisráðherra að þurfa að sitja undir þessu. Ég vorkenni forsætisráðherra sem er að reyna að standa vaktina og fyrsta innslagið er frá samstarfsflokknum sem ræðst að forsætisráðherranum.

Virðulegi forseti. Ég ætla að sleppa því að koma upp í síðara skiptið, mér finnst þetta svo mikið hneyksli að ég hef enga lyst á því.

[11:29]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Við getum kallað það sem hér fer fram eftiráumræðu um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að gera tvennt stærst á undanförnum dögum, sækja um lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og hafa nú fengið það, og semja við Evrópusambandið sérstaklega fyrir hönd Breta og Hollendinga um mögulega gríðarlegar skuldbindingar íslenska þjóðarbúsins þar um.

Það er dálítið sérkennilegt að heyra hæstv. forsætisráðherra koma hér upp og miklast eiginlega af því hversu mikla virðingu ríkisstjórnin sýni nú þingræðinu með þessari eftiráumræðu hér. Það var ekki annað á honum að heyra en að við ættum að vera sérstaklega þakklát fyrir að Alþingi skyldi yfir höfuð fá að koma að málinu. Svipað tók hann til máls í morgunútvarpinu, að mér heyrðist.

Enn undarlegra er að heyra hæstv. forsætisráðherra tala eins og fyllilega hefði komið til álita að ríkisstjórnin gerði þetta allt saman án nokkurrar aðkomu Alþingis yfir höfuð og skjóta sér þar á bak við lánsheimildir úr frumvarpi frá því í vor upp á 500 milljarða, sem þegar er búið að nota umtalsverðan hlut af, þannig að eftir standa þá kannski 400 milljarðar eða svo. Í pakkanum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er verið að tala um tæpa 700 milljarða miðað við núverandi gengi og heildarverðmiðinn á Icesave-deilunni er um 600–640 milljarðar kr. Það er því auðvelt reikningsdæmi að sýna fram á að ríkisstjórnin er komin langt út fyrir allar heimildir sem hún hefur frá Alþingi auk þess sem ég tel orka mjög tvímælis að leggja að jöfnu þá afar skýrt afmörkuðu lánsheimild í vor sem átti eingöngu að nýta til lántöku til að byggja upp gjaldeyrisvaraforða, það er skilyrt lántökuheimild til þess. Hér eru menn að tala um allt aðra hluti, ráðstöfun fjármuna til annarra hluta, endurfjármögnun banka og annað í þeim dúr.

Ríkisstjórnin hefur sem sagt á síðustu nokkrum dögum ákveðið að skuldsetja íslenska þjóðarbúið sem nemur allt að 1.400 milljörðum kr. eða jafnvel rúmlega það. Hæstv. forsætisráðherra kallaði þetta leik að tölum af minni hálfu hér um daginn. Það er þá kannski gaman að vitna í fjármálaráðherra Finnlands sem nefnir einmitt í blaðaviðtali í dag (Gripið fram í.) — eða er það aðstoðarfjármálaráðherra Finnlands? Hann nefnir að heildarlántökur Íslands núna séu upp á 1.400 milljarða kr. Er sá maður líka að leika sér að tölum? Ég hef aldrei haldið því fram að þetta væru allt saman einsleitar fjárhæðir. Mér er alveg ljóst hvernig þær eru samansettar. Eitthvað af eignum kemur vonandi upp í Icesave-pakkann og vonandi eyðum við ekki öllu sem við tökum að hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og erlendum seðlabönkum. En heildarverðmiðinn á þessu er þessi, hæstv. forsætisráðherra. Það er undarlegt að menn skuli koma hér upp og telja það sérstakt fagnaðarefni eins og hv. þm. Helgi Hjörvar, óska mönnum til hamingju með þessa skuldsetningu íslenska þjóðarbúsins. Það er nú meiri hamingjan fyrir ófæddar kynslóðir Íslendinga, fyrir íslensku heimilin, fyrir okkur á komandi árum að hafa þessar gríðarlegu skuldir á herðunum. Ég undrast að menn skuli ræða það eins og sérstakt gleðiefni að svona skuli málum komið. Ja, litlu verður Vöggur feginn, verð ég nú að segja, ef það er orðið helsta tilefni til ánægju og hamingjuóska hér á stjórnarheimilinu og kærleiksheimilinu sem birtist okkur hérna áðan að menn fái erlend lán, menn geti bætt á sig meiri erlendum skuldum. Eins og það sé nú það sem íslenska þjóðarbúið vanti helst sem er fyrir skuldugasta þróaða hagkerfið í heiminum.

Skilmálarnir sem hér eru á ferðinni eru mjög alvarlegir. Eitt er lántakan sjálf og greiðslubyrðin af henni en annað eru skilmálarnir, annað er „prógrammið“ sem við erum að fara inn í. Hvað stendur þar upp úr? Jú, hækkun stýrivaxta, þegar fram komin 6 prósentustiga hækkun stýrivaxta og boðað er meira. Í hvaða átt er verið að halda? Er það af umhyggju fyrir skuldugum heimilum og íslensku atvinnulífi í erfiðleikum sem það er sett svona fram af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? (Gripið fram í.) Nei, það er vegna þess að „prógrammið“ gengur út á það að passa upp á peningana en fólkið í landinu og atvinnulífið í landinu má mæta afgangi.

Skilyrðin í ríkisfjármálum eru sömuleiðis mjög mikið áhyggjuefni. Er raunhæft að keyra ríkissjóð niður úr kannski hátt á annað hundrað milljarða halla, eins og allt stefnir í á næsta ári, og niður í núll á tveimur til þremur árum þar á eftir? Hvað þýðir það fyrir íslenska velferðarsam-

félagið eða skattgreiðendur nema hvort tveggja sé?

Hvað með skilyrðin sem lúta að kjarasamningum? Það er ástæða til að gefa gaum að því að komið er inn á þá í þessu plaggi. Hver er hin hefðbundna hugmyndafræði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þegar kemur að kjarasamningum og samskiptum við verkalýðshreyfinguna? Samfylkingin ætti að vita eitthvað um það, hún þykist vera vel tengd inn í verkalýðshreyfinguna. (Gripið fram í.) Það vill að vísu svo undarlega til að Alþýðusamband Íslands er með í þessum leiðangri og sérstökum fagnaðarboðskap. En það er yfirleitt ekki svo hjá hinni alþjóðlegu verkalýðshreyfingu eða verkalýðshreyfingum sem hafa af eigin raun kynnst Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að menn fagni því sérstaklega að skilmálar sem tengist kjarasamningum séu inni í „prógramminu“.

Veruleikinn er sá að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ræður. Það kemur aftur og aftur fram í plagginu að það er hann sem ræður þrátt fyrir allt. Hér segir í 10. tölulið, sem er reyndar athyglisvert vegna umræðna í gær um fjármálaeftirlit og fyrirkomulag þess sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa nú sett í nefnd að skoða, að sameina aftur Fjármálaeftirlitið við Seðlabanka. Í 10. tölulið stendur í tengslum við endurskoðun á regluverki og eftirliti með bankastarfsemi:

„Við munum ræða ... sérhverja breytingu á áformum okkar í þessu efni við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.“

Já, bíddu nú við, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ræður.

Í 16. tölulið bannar samningurinn ríkinu frekari útgjöld vegna endurskipulagningar bankamála. Ég spyr þá: Bannar sem sagt Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn t.d. að gert sé upp með jafnræði gagnvart öðrum fjármálafyrirtækjum en yfirteknu bönkunum þegar kemur að peningamarkaðssjóðum? Er það það sem kemur í veg fyrir að þar fái jafnræðissjónarmið að ríkja?

Þarna segir:

„Í því skyni munum við hafa samráð við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins varðandi aðgerðir er leiða af sér frekari meiri háttar aukningu í kostnaði við endurskipulagningu bankanna o.s.frv.“

Í 22. tölulið biðja menn um samþykki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins:

„Meðan á þessu stendur biðjum við um ... samþykki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.“

Í 25. tölulið segir:

„Við munum eiga náið samráð við [Alþjóðagjaldeyris]sjóðinn í samræmi við stefnu sjóðsins.“

Samráð við sjóðinn í samræmi við stefnu sjóðsins. Stefna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ræður.

Það er auðvitað fleira sem væntanlega er ættað úr þessari átt. Eru hér allir hlutir sagðir í væntanlegum samskiptum íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? Eru hér kannski leyniskilmálar á bak við eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn varð uppvís að hafa haft gagnvart Argentínu og kom fram í bandarískum fjölmiðlum 2001, þvingunarskilmálar sem hafði verið haldið leyndum bæði fyrir argentínsku þjóðinni og öðrum þangað til sjóðurinn neyddist til að viðurkenna tilvist þeirra eftir að þeir birtust í bandarískum blöðum?

Hvað þýða ársfjórðungslegar komur sendinefnda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hingað, tengdar við ársfjórðungsleg þök, sem sett eru inn í áætlunina? Jú, er það ekki þannig að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kemur og hefur eftirlit með því að þessi ársfjórðungslegu þök séu virt? Hann ræður, það skyldi nú ekki vera?

Varðandi gengismálin verð ég að segja alveg eins og er að það er kannski hvað mestur hrollur í manni gagnvart því sem fram undan er þar. Nú er sagt að setja eigi krónuna á flot innan nokkurra daga og það stendur hér í „prógramminu“ að menn ætli að nota hluta af hinni erlendu lántöku, hluta af gjaldeyrisforðanum, til þess að reyna að hafa áhrif á gengi krónunnar. Boðað er að erlend lán, sem nú er verið að taka og munu hvíla á herðum þjóðarbúsins hér á komandi árum, verði jafnvel notuð í einhverja tilraun til þess að stýra gengi krónunnar.

Það er stórhættulegt. Hvað ef það mistekst og við missum tugi eða hundruð milljarða kr. út í árangurslausri tilraun til slíks? Þá er verr af stað farið en heima setið. Ég vara sérstaklega við þeim þætti málsins að menn fari í einhverju óðagoti að taka af gjaldeyrisvaraforðanum til einhverra óraunhæfra æfinga gagnvart gengi krónunnar. Ég vísa þar í umfjöllun margra hagfræðinga sem telja að slíkt sé stórhættulegt og augljóslega væri einn versti kosturinn, ein versta útkoman á þessu öllu sem við gætum lent í ef þar töpuðust miklir fjármunir og menn næðu samt ekki árangri.

Hvert er verkefnið? Jú, það á að reyna að styrkja krónuna og gengi hennar eftir að hún fellur kannski tímabundið, vonandi ekki mjög mikið, segja menn. Verið er að taka 700 milljarða kr. að láni erlendis til þess að reyna að koma íslensku krónunni á kjöl, er það ekki, hæstv. forsætisráðherra? Jú. Hver er þessi íslenska króna? Það er krónan sem Samfylkingin notar alla orku sína í að segja að sé ónýt um leið og hún stendur að því að skuldsetja þjóðarbúið til að reyna að koma henni á kjöl. Eru ekki svolitlar mótsetningar í þeim málflutningi? Annars vegar hamast Samfylkingin, og reyndar því miður fleiri, við að segja að íslenska krónan sé ónýt. Hins vegar ætlar hún að bera pólitíska ábyrgð á því að skuldsetja börnin okkar og barnabörnin áratugi inn í framtíðina til þess að koma þessari sömu krónu á kjöl. Er það ekki?

Samfylkingin gerir meira. Hún segir: Hér er ónýtur seðlabanki, hann nýtur einskis trausts. Hann á samt að fá verkefnið að koma krónunni á kjöl. Gott hjá Samfylkingunni, hún er aldeilis sjálfri sér samkvæm. Krónan er ónýt, Seðlabankinn trausti rúinn en samt skulum við taka 700 milljarða kr. að láni til að koma krónunni á kjöl og láta Seðlabankann sjá um verkefnið. Sem sagt, það er allt í boði Samfylkingarinnar, ónýt króna, ónýtur seðlabanki, 700 milljarðar í erlendum skuldum, fínt.

Þetta snýst um traust, það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Helga Hjörvar. En traust á hverju? Ekki bara á Seðlabanka sem vissulega er því rúinn, traust á ríkisstjórn, á Seðlabanka, á Fjármálaeftirliti og öllu því stoðkerfi sem þarf að halda utan um hagkerfið og gjaldmiðilinn. Það traust er allt farið. Það er nefnilega víðar en í Seðlabankanum sem þarf að skipta um mannskap. Það þarf ekki síður hjá ríkisstjórninni sem ber yfirábyrgð á þessu og auðvitað Fjármálaeftirlitinu og víðar í bænum.

Ég held að Samfylkingin, sitjandi eins og klessa í þessari ríkisstjórn, verði að fara að líta til þess hvaða ábyrgð

hún axlar með því í fyrsta lagi að sitja í ríkisstjórninni ef hún er nú ónýt og samkomulagið eins og við sáum hér áðan. Í öðru lagi með því að bjóða upp á Davíð Oddsson í Seðlabankanum, því að hann starfar auðvitað í umboði ríkisstjórnarinnar. Í þriðja lagi með því að bera ábyrgð á Fjármálaeftirlitinu. Og í fjórða lagi með því að ætla að taka 700 milljarða kr. að láni til þess að reyna að koma ónýtri krónu — að sögn Samfylkingarinnar — á lappirnar. Það er glæsilegt plan.

Er ekki von að dálítill uggur sé í þjóðinni þegar áformin birtast henni svona fram sett af hálfu ríkisstjórnarinnar sem á að heita að stjórni landinu?

Ég held að það sem við þurfum fyrst og fremst á að halda sé að halda íslensku atvinnulífi gangandi og verja heimilin í landinu. Fyrr vil ég sjá erlend lán fara í það verkefni en að glatast kannski í mislukkaðri tilraun til þess að reyna að koma stöðugleika á krónu, á gjaldmiðil sem a.m.k. annar stjórnarflokkurinn, gott ef ekki hluti af hinum, talar stanslaust niður og segir að sé ónýt. Það er ekki boðlegt, það er ekki ábyrgt. Þannig er ekki hægt að vinna að hlutunum. Ríkisstjórn sem stendur frammi fyrir þjóðinni, eins og birtist hér skýrt í morgun, og er svona á sig komin á örlagatímum gagnvart einhverjum erfiðustu viðfangsefnum sem íslenskt þjóðarbú, íslenska lýðveldið, hefur staðið frammi fyrir í sögu sinni, er ekki vandanum vaxin. Hún á að biðjast lausnar. (Gripið fram í.) Það er dapurlegt að sjá Sjálfstæðisflokkinn svo illa á sig kominn, þann gamla flokk, að ef það er eitthvað í lífinu sem hann óttast eru það kosningar og kjósendur. Það er ekki hátt risið á slíku.

Auðvitað er ekkert annað að gera til að endurheimta traust fólks en að kjósa eins fljótt og aðstæður leyfa. Eða hvernig sjá menn fyrir sér að allt settið óbreytt, sömu andlitin, hæstv. forsætisráðherra, hæstv. fjármálaráðherra, hæstv. viðskiptaráðherra, bankastjórn Seðlabankans, yfirmenn Fjármálaeftirlitsins, greiði úr okkar málum með óbreyttum andlitum sínum í samskiptum við aðra á næstu vikum, mánuðum og árum? Það mun ekki ganga. Hluti af endurreisninni er að koma nýjum mannskap í það verkefni að endurheimta traust og orðstír Íslands og stýra þeim björgunaraðgerðum sem þarf að ráðast í. (Forseti hringir.) Ég ber mikinn ugg í brjósti, virðulegur forseti, til þess sem fram undan er ef hér á allt að halda óbreytt áfram.

[11:45]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil víkja að þremur atriðum í máli þingmannsins. Hann drap á viðtal við mig í Morgunvaktinni í útvarpinu í morgun. Þar nefndi ég sérstaklega hvernig ætlunin væri að standa að aðgerðum á gjaldeyrismarkaðnum á næstu dögum. Það er ekki meiningin að sturta þessu láni út á gjaldeyrismarkaðinn til að tapa öllum þessum peningum. Það kemur bara ekki til greina. Ég held að engum manni hafi einu sinni dottið það í hug. Þetta er fyrst og fremst hugsað sem varasjóður sem gæti þurft að grípa til til að eyða sveiflum á markaðnum en ekki til að verja einhverja vonlausa stöðu eða vonlaust gengi í þeim efnum.

Tvö atriði til viðbótar, herra forseti. Hv. þingmaður nefndi að í 22. lið stæði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Meðan á þessu stendur biðjum við um tímabundið samþykki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir þessum gjaldeyrishöftum ...“

Hafði þingmaðurinn þetta til marks um aumingjaskapinn og undirgefnina við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. En það vill nú bara þannig til, herra forseti, að hérna er um að ræða eina af grundvallarreglunum sem allar aðildarþjóðir gjaldeyrissjóðsins gangast undir þegar þær gerast aðilar, þ.e. að vera ekki með fjölgengi, vera ekki með gjaldeyrishöft á viðskiptum sem eiga sér stað með vöru og þjónustu þannig að þetta höfum við gengist undir um langt árabil. Við erum að biðja hér um almenna undanþágu frá því sem hefur í raun og veru ekkert með þessa viljayfirlýsingu að gera, en því er lýst yfir að við munum fara þá leið út af þessu tiltekna atriði.

Í lið 25 er talað um að hafa samráð í samræmi við stefnu sjóðsins um slíkt samráð. Sjóðurinn er með ákveðnar viðmiðanir þegar kemur að því að ræða saman og það er ekkert óeðlilegt við að farið sé út í slíkt samráð í samræmi við þær reglur sem um það gilda hjá sjóðnum.

[11:47]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsætisráðherra er greinilega mjög viðkvæmur fyrir því þegar vakin er athygli á því hvernig aðilar standa að vígi hvor gagnvart öðrum. Nú þarf ekki í sjálfu sér að deila um hvað lesist út úr þessum texta heldur má líka höfða til reynslunnar og vitna til þess. Veruleikinn er yfirleitt sá að þó að þetta líti kannski ágætlega út á pappírnum í byrjun og þó þetta sé kallað samkomulag og jafnvel áætlun íslenskra stjórnvalda sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fellst á þá er það annað í reynd þegar inn í ferlið er komið, til dæmis ef menn lenda í því að þurfa að framlengja lánum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og til dæmis í því reglubundna eftirliti sem hann hefur. Þá kemur þrýstingurinn. Þá kemur ýtingurinn og menn eru komnir í veika stöðu hafandi skuldsett sig hjá honum og gengið inn í hans prógramm. Þetta eigum við örugglega — mér liggur við að segja því miður — eftir að ræða oft á næstu missirum ef við lendum þarna inni í þessu prógrammi eins og allt stefnir í.

Varðandi gjaldeyrismálin þá fagna ég því að sjálfsögðu að menn ætli að reyna að standa þar ábyrgt að málum og það standi ekki til að fara djúpt í vasana og reyna að halda uppi einhverju óraunhæfu gengi á krónunni eða verjast þar sveiflum. En það er boðað í áætluninni. Það er boðað með mjög sterkum hætti að menn séu reiðubúnir til þess eins og þar stendur, í 3. málslið 19. gr. Því er eðlilegt að uggur sé í mönnum gagn vart því. Það er líka alveg ljóst að það er í anda harðlínuhagfræði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að gera þetta, að passa upp á peningana og vera ekkert endilega að hugsa um aumingja skattborgarana sem eiga síðan að borga af lánunum sem þarna að hluta til kannski tapast í einhverri vonlausri glímu við óróleika í gengi. Hættan að þessu leyti er því mjög mikil og kannski er þetta stærsta (Forseti hringir.) og vandasamasta álitamálið sem við stöndum frammi fyrir yfir höfuð, þ.e. spurningin um það hvort þetta tekst.

[11:49]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða hv. þm. Steingríms J. Sig-

fússonar var gott dæmi um hina glæsilegu „eitthvað annað“-pólitík Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem við höfum orðið vitni að á undanförnum vikum þegar málefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa komið upp. Það er stöðugt bent á eitthvað annað, flestar lausnir eru óraunhæfar og svo er flögrað úr einu víginu í annað.

Hv. þingmaður gerði að umtalsefni afstöðu Samfylkingarinnar til gjaldmiðilsmála. Við þurfum að fleyta hér á ný gjaldmiðlinum og það kostar vissulega mikið. Ástæðan er sú að stjórnmálaflokkar á borð við flokk hv. þingmanns hafa neitað að horfast í augu við það tjón sem þjóðarbúinu er búið af tilvist íslenskrar krónu. Þetta er sá kostnaður sem við verðum að axla nú til að koma hér gjaldeyrisviðskiptum í gang á ný og freista þess að koma atvinnulífinu í gang á ný og því miður er hann til kominn vegna þess að ekki hefur verið skilningur á því, til dæmis hjá hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hversu skaðleg hin íslenska króna er íslensku samfélagi. (Gripið fram í.) Afneitun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir er einstök og við sjáum hana nú birtast enn og aftur. Maður hlýtur náttúrlega að hugsa sér til hvers Vinstri hreyfingin – grænt framboð vilji komast í ríkisstjórn, til hvers hún vilji kosningar, hverju hún vilji breyta þar sem ekkert liggur fyrir um hverju eigi að breyta. Sjálfur talar hv. þingmaður niður gjaldmiðilinn eins og hann kýs að orða það reglulega með innantómu blaðri um norræna krónu. Hann er síðan búinn að taka sér stöðu sem hinn traustasti kjölturakki í Svörtuloftum með því stöðugt að bera í bætifláka fyrir mistök Seðlabankans daginn út og daginn inn og nú síðast þegar hann gaf ræðu sem flutt var fyrr í vikunni, í gær, þá einkunn að hún væri sérstaklega málefnaleg.

[11:51]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég elti ekki ólar við útúrsnúning hv. þingmanns. Bara svo það sé á hreinu þá sagði ég í ræðu minni áðan að ríkisstjórn, Seðlabanki og Fjármálaeftirlit væru trausti rúin og það þyrfti að endurmanna stjórnina á öllum þessum stöðum.

[11:52]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Hér hefur verið sagt í þessari umræðu að það væri ánægjulegt og mikilvægt að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði afgreitt umsókn okkar um lán frá sjóðnum og að áætlun okkar um þau áform sem við höfum varðandi fjárhagslega fyrirgreiðslu frá sjóðnum og okkar efnahagsáætlun í því sambandi væri ánægjuleg og mikilvæg og undir það get ég tekið. Það er hins vegar ekki sjálfstætt ánægjuefni að við skulum þurfa að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna þess að auðvitað hefðum við öll heldur viljað vera í þeirri stöðu að lenda ekki í þeim efnahagshremmingum og þeirri fjármálakreppu sem hér hefur riðið yfir og þurfa ekki að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða annarra um lán við þær aðstæður sem við erum núna í. En við erum einfaldlega í þeirri stöðu að hér hefur riðið yfir fjármálakreppa. Við stöndum andspænis mjög erfiðum aðstæðum. Við munum fara í gegnum mjög erfið ár, næstu tvö ár og við þær aðstæður er mjög mikilvægt að geta treyst á aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og lánafyrirgreiðslu hans. Við þurfum nefnilega á öðrum þjóðum að halda. Það er ekki þannig þegar að kreppir að þá eigi menn að skríða inn í skel, loka að sér, einangra sig og hafa helst sem minnst samband við aðra. Það er einmitt við slíkar aðstæður sem við eigum að opna gáttina og við eigum að reyna að hafa sem best og sem mest samskipti við aðrar þjóðir sem eru okkur velviljaðar og eru vinir okkar og vilja koma okkur til aðstoðar við þær aðstæður sem núna eru.

Það getur vel verið að þær þjóðir hafi sitt hvað við okkur að athuga, við það að athuga hvernig við höfum hagað okkar málum á undanförnum árum og vilji láta það koma fram. En við verðum bara að þola það og við verðum að taka því og við verðum að taka þá samræðu við þessa aðila. En við þurfum á þeim að halda. Við þurfum á lánafyrirgreiðslu að halda. Við þurfum á sérfræðiþekkingu að halda. Við þurfum á góðum ráðum að halda og þau getum við fengið meðal annars hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þau getum við fengið hjá mörgum nágrannaþjóðum okkar í Evrópu og við eigum að taka því.

Ég lít raunar svo á að eftir að hafa beðið allmargar vikur eftir afgreiðslunni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og eftir að hafa staðið í allmiklum deilum við Evrópusambandsþjóðirnar út af Icesave-reikningunum þá höfum við núna losnað úr ákveðinni herkví sem við vorum komin í vegna þessara mála. Við erum sem óðast núna að koma á góðum samskiptum við þessar þjóðir sem, eins og ég segi, við þurfum á að halda ekki bara núna heldur á komandi árum. Og við þurfum líka að koma á góðum samskiptum við okkar lánardrottna. Ég held að það sé alltaf mikilvægt þegar einstaklingar eða fyrirtæki eða þjóðir standa andspænis erfiðum aðstæðum að eiga góð samskipti við lánardrottnana vegna þess að við þurfum á lánveitendum að halda í framtíðinni. Það er ekki svo að við getum algerlega klippt á það því það er forsenda þess að bankakerfið okkar virki að það eigi aðgang að góðum lánveitendum þegar fram líða stundir.

Af því að hér hefur því verið haldið fram, meðal annars af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, og vitnað er til þess í þessari áætlun okkar að við munum hafa samráð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og við munum kynna áform okkar fyrir sjóðnum og við munum leita eftir samkomulagi við sjóðinn um ákveðna hluti, að í þessu felist eitthvert valdaframsal eða valdaafsal þá er það ekki þannig. Þetta snýr fyrst og fremst að því að nýta þá sérþekkingu sem til er í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, fá góð ráð hjá þessum aðilum og eiga góð samskipti við sjóðinn eins og var reyndar líka gert við vinnslu þessarar áætlunar því hún var unnin í samráði við sjóðinn þó þetta sé okkar áætlun sem við berum að sjálfsögðu ábyrgð á, íslensk stjórnvöld. Niðurstaðan er okkar. En meginmarkmið þessarar áætlunar er að koma á starfhæfu bankakerfi og tryggja stöðugleika krónunnar. Það eru meginmarkmiðin og það er mikilvægasta verkefnið sem við stöndum andspænis núna samkvæmt þessari áætlun.

Eins og kemur líka fram í henni og sem er reyndar mjög mikilvægt og ástæða til að halda til haga er eitt af markmiðunum, að endurskipuleggja bankakerfið og auka tiltrú á því og koma þar á gagnsæju ferli. Þetta tel ég að sé mjög mikil-

vægt og vil vekja sérstaka athygli á þeim ákvæðum í þessari áætlun sem lúta að bankakerfinu vegna þess að við höfum öll orðið vör við að tiltrúin á íslensku bankakerfi er ekki mjög mikil nú um stundir og þarf kannski engan að undra það. Þess vegna vil ég vekja sérstaka athygli á því að í 5. lið þessarar áætlunar er kveðið á um að koma eigi ákveðnu skipulagi á skil yfirteknu bankanna sem á að leiða til þess að hámarka heimtur eigna með gagnsæjum hætti. Þar á að vinna heildstæða aðgerðaáætlun um endurskipulagningu bankanna undir sérstakri yfirstjórn sérfræðings sem er Ásmundur Stefánsson. Hann hefur þessa yfirumsjón með aðgerðaáætluninni.

Í 6. lið áætlunarinnar er kveðið á um að næsta skref í endurskipulagningunni sé önnur umferð mats á bæði nýju og gömlu bönkunum til að tryggja að uppskiptin hafi ekki áhrif á heimtur upp í kröfur lánardrottna og það er virt alþjóðlegt endurskoðunarfyrirtæki sem verður ráðið til að hafa yfirumsjón með framkvæmdinni. Þetta er líka gríðarlega mikilvægt og aðferðafræðin sem unnið verður eftir á að liggja fyrir núna um miðjan nóvember.

Ég vil líka nefna í þessu sambandi sérstaklega 10. liðinn í þessari áætlun þar sem segir að við munum endurskoða alla regluumgjörð fjármálastarfsemi og framkvæmd bankaeftirlits til að efla viðbúnað gegn hugsanlegum fjármálakreppum í framtíðinni og að ráðinn verði sérstakur reyndur bankaeftirlitsmaður til að fara yfir regluverkið og starfshætti við bankaeftirlit og leggja til nauðsynlegar breytingar. Þessi aðili hefur verið ráðinn. Þetta er finnskur einstaklingur. Þetta er fyrrverandi forstöðumaður fjármálaeftirlitsins í Finnlandi sem hefur mikla þekkingu á þessu sviði og mun verða okkur til halds og trausts í þessari vinnu ef að líkum lætur. Allt skiptir þetta máli í þeirri vinnu sem fram undan er og í því mikla verkefni sem er að byggja hér upp starfhæft bankakerfi sem fólk hefur traust og tiltrú á.

Annað sem nefnt er sérstaklega í þessari áætlun og ástæða er til að geta um er endurskoðun á gjaldþrotalöggjöfinni til að auðvelda það að lánardrottnar og lífvænleg fyrirtæki geti samið sín á milli utan dómstóla þannig að fyrirtækjum sem eru lífvænleg en lenda í erfiðleikum verði forðað frá því að lenda í þrot. Þetta er gríðarlega mikilvægur þáttur í þessari áætlun vegna þess að við vitum að mörg fyrirtæki hér sem eru í grunninn góð og lífvænleg geta lent í verulegum erfiðleikum vegna þess hvernig staðan er á fjármálamarkaðnum.

Eitt sem hér hefur verið farið yfir og nefnt sérstaklega og er í þessari áætlun varðar ríkisfjármálin. Þar er mikill vandi fram undan og ljóst að hallinn á fjárlögum ársins 2009 verður umtalsverður. Það er gert ráð fyrir því í þessari áætlun að hann geti aukist í takt við aukin útgjöld og minnkandi tekjur en að ríkisstjórnin muni leggja fram endurskoðaða fjögurra ára áætlun sem hafi það að markmiði að við verðum komin í hallalaus fjárlög árið 2012.

Peninga- og gengismálin eru fyrirferðarmikil eins og gefur að skilja í þessari áætlun. Þar kemur einmitt fram að brýnasta verkefnið sé að tryggja stöðugleika krónunnar og búa í haginn fyrir styrkingu gengisins og til að það sé hægt þá þurfi að grípa til sérstakra aðgerða til að mæta þeirri hættu sem fylgir verulegu útflæði fjármagns. Það er auðvitað það sem menn óttast ekki síst, þ.e. að það verði verulegt útflæði fjármagns og því þarf að mæta. Það er gert ráð fyrir því að það verði með tvíþættum aðgerðum, í fyrsta lagi vaxtahækkun sem vonandi er mjög tímabundin. Vaxtahækkun hefur það auðvitað að markmiði að gera fýsilegt að ávaxta fjármagn í landinu. En hins vegar þarf að leggja á tímabundin gjaldeyrishöft á fjármagnsflutninga. Þetta er í sjálfu sér þekkt aðgerð og eins og forsætisráðherra vék hér að þá þarf að leita heimildar til að hægt sé að gera það hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og við þurfum væntanlega líka að skoða sérstaklega hvernig það samrýmist samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði sem gengur einmitt út á frjálst fjármagnsflæði. Það er hægt að grípa til þeirra aðgerða en þær verða auðvitað að vera tímabundnar. Það er hægt að hugsa sér bæði, eins og bent hefur verið á, að það séu lögð á þetta sérstök höft, þ.e. að enn þurfi að leita leyfis sérstaklega til að ástunda fjármagnsflutninga. Það er líka hægt að hugsa sér skattlagningu. Það eru ýmsar leiðir í þessu sambandi. Stundum hefur sú leið verið farin að leggja tiltölulega háan skatt á fjármagnsflutninga. En það er þá tímabundinn skattur. Jafnvel hefur það verið gert í löndum sem hafa lent í svona aðstæðum að lagður hefur verið á hár skattur og sagt að hann yrði afnuminn eftir ár til að tryggja að menn átti sig á mikilvægi þess að vera með fjármagnið í landinu í þann tíma sem erfiðleikarnir steðja að en vita síðan að skatturinn hverfi eftir tiltekinn ákveðinn tíma. Þetta eru hvort tveggja aðgerðir sem verður að grípa til til þess að tryggja að fjármagnið fari ekki úr landi.

Ég tel mjög mikilvægt varðandi þessa áætlun sem við erum að afgreiða hér að hún nýtur víðtæks stuðnings í samfélaginu. Það hefur raunar verið kallað eftir því úr mjög mörgum áttum að þessi áætlun verði gerð og að við fáum tilstyrk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í því erfiða verkefni sem við erum að vinna að núna. Hún nýtur líka stuðnings aðila vinnumarkaðarins og það er raunar mjög mikilvægt og ein af forsendum þess að þetta gangi vel að það verði sæmileg ró og samstaða á vinnumarkaði næstu tvö árin. Við erum að horfa fram á tvö erfið ár og á þeim tíma er mikilvægt að stjórnvöld, Seðlabanki, aðilar vinnumarkaðarins gangi í takt og séu harðákveðin í því að láta þetta takast, að láta þessa áætlun takast og láta það takast að við komumst í gegnum þennan öldudal sem við erum að fara núna í gegnum.

Við þurfum öll að vera staðráðin í því að vinna í samræmi við þessa áætlun og gera það sem í okkar valdi stendur til að verja heimilin og fyrirtækin í landinu. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði sérstaklega um mikilvægi þess og öll erum við sammála um það. En hvernig ætlum við að gera það? Hvaða áætlun höfum við um það hvernig það verði best gert? (Gripið fram í.) Hér hefur heyrst, meðal annars hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, og mér hefur heyrst það á hans máli í þingsalnum að besta leiðin til þess væri að auka ríkisútgjöldin, auka hallann á ríkissjóði, gefa eftir gagnvart verðbólgunni en taka samt engin lán vegna þess að það virðist vera eitur í hans beinum að taka lán við þær aðstæður sem núna eru. (**Gripið fram í:** Hann sagðist vilja ...) Mér er alveg fyrirmunað að skilja (Gripið fram í.) hvernig hv. þingmaður ætlar að láta þetta ganga upp, þessa hugmynd sína um aukinn halla á ríkissjóð, eftirgjöf gagnvart verðbólgunni, en taka samt engin lán því ekki má taka þau hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Og ef Alþjóðagjaldeyr-

issjóðurinn kemur ekki, hver á þá að koma til sögunnar? Vegna þess að lánin sem við erum að sækja til Evrópu eru algerlega tengd því að við séum með áætlun á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og að hann taki út það sem við erum að gera í þessum efnum, að hann sé úttektaraðilinn í því sem við erum að gera. Það sem talað er um hér af hálfu Vinstri grænna eru því bara orð og engar gjörðir, engar tillögur, engar lausnir (**ÁI:** Þetta er alger útúrsnúningur.) frekar en vant er. (**ÁI:** Þetta er rangt!) Frekar en vant er. (**ÁÞS:** Þetta er rangt hjá ráðherranum!) Það er greinilegt að ég kem hér við kaunin á vinstri grænum sem sitja úti í sal og hrópa en geta komið (Gripið fram í.) hér í ræðustól á eftir og lagt fram sínar (Gripið fram í.) tillögur en þær hafa engar heyrst (**ÁI:** Hér hafa verið lagðar fram tillögur eftir tillögur.) í þessu sambandi.

Virðulegur forseti. Ég tel að þessi afgreiðsla hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í gær sé mjög mikilvæg. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að við einöngrum okkur ekki eins og vinstri grænir gjarnan vilja gera heldur að við séum með opnar gáttir út í heim, eigum sem best og mest samskipti við aðrar þjóðir, notum þá sérfræðiþekkingu þar sem hún er, nýtum þá lánafyrirgreiðslu sem menn eru tilbúnir að veita okkur og séum ekki að troða illsakir við allt og alla, eins og mörgum er nú svo lagið að gera, heldur reynum að rækta (Gripið fram í.) vinskapinn þar sem hann er til. (**ÁÞS:** Ertu að tala um forsætisráðherra?) (**ÁI:** Svari nú hver fyrir sig.)

[12:06]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra ákveðinna spurninga vegna þess að í ágætri ræðu hennar áðan kom fram að við hefðum losnað úr ákveðinni herkví vegna Icesave-reikninganna, eins og hún kaus að orða það, við hefðum nú losnað úr ákveðinni herkví. Þess vegna spyr ég: Hvernig og hvers vegna losnuðum við úr þessari herkví? Ég spyr einnig í annan stað: Hvers vegna lentum við í þessari herkví? Og í þriðja lagi: Um hvað snerist deilan? Snerist hún um innstæður á Icesave-reikningum eins og mikið hefur verið talað um eða snerist hún um eitthvað annað? Snerist hún um það að ríkisstjórnin vildi halda sér í ákveðna lögfræðilega túlkun tveggja lögfræðinga um að okkur bæri ekki að greiða þetta í samræmi við fjármálareglugerð Evrópusambandsins, sem við höfum þó lögleitt hér á landi, eða vegna þess að ágreiningurinn stóð um setningu neyðarlaganna og vegna þeirrar mismununar sem kemur fram í þeim lögum?

Ég spyr að gefnu tilefni vegna þess að hæstv. utanríkisráðherra talaði um að við hefðum losnað úr herkvínni, að gefnu tilefni vegna þess að hv. alþingismenn hafa ekki fengið neinar upplýsingar um það sem máli skiptir varðandi þetta atriði. Þetta er í mæltu máli og máli fjölmiðla alltaf kallað „Icesave-deilan“. Miðað við þær takmörkuðu upplýsingar sem ég hef snýst þetta um miklu meira og að gefnu tilefni leyfi ég mér að spyrja hæstv. utanríkisráðherra: Hvernig stóð á þessari herkví?

[12:08]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að við losnuðum út úr þessari herkví var sú að við ákváðum og komumst að samkomulagi um það við önnur ríki sem voru aðilar að þessari deilu, og það var gert undir forustu frönsku formennskunnar í Evrópusambandinu, að fara samningaleiðina í málinu. Að finna pólitíska lausn á máli sem er öðrum þræði og hefur verið að okkar undirlagi ákveðin lögfræðileg deila vegna þess að þetta hefur verið deila um lögfræðilega túlkun á tilskipun Evrópusambandsins frá árinu 1994 um hvernig innlánstryggingum skuli fyrir komið og hvort þær innlánstryggingar, eins og þær eru skilgreindar í þessari tilteknu tilskipun, nái til þess ástands sem er hér á Íslandi þegar heilt fjármálakerfi fer á hliðina en sjálf tilskipunin var kannski hugsuð fyrst og fremst út frá því þegar einstakir bankar færu á hliðina, einstakar fjármálastofnanir.

Auðvitað má segja og það hefur verið málflutningur af okkar hálfu að þegar komið er á alþjóðlegu bankakerfi þar sem bankar geta starfað yfir landamæri sé sérkennilegt að vera ekki með innlánstryggingar sem eru þannig líka að þær séu yfir landamæri. Ég hygg reyndar að Evrópusambandið muni skoða þessa hluti í framhaldinu. Við lentum í þessari herkví m.a. vegna þessarar lögfræðilegu deilu. Það var skýr skoðun 27 Evrópusambandsríkja að réttaróvissa varðandi þessa tilskipun gæti ekki risið, mundi ekki rísa og þeir mundu aldrei ljá máls á því að hún risi. Þess vegna var hin pólitíska leið og samningaleiðin niðurstaða okkar eftir að hafa farið í gegnum þessa umræðu og á grundvelli þess munum við núna taka upp samningaviðræður við þessi ríki.

[12:11]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svörin. Þá liggur það fyrir að ástæða þess að ríkisstjórnin setti hér öll mál í hnút og málin hafa tekið þann mánuð sem hefði ekki þurft að taka til að fá þá fyrirgreiðslu sem nú liggur fyrir hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, var vegna þess að menn kusu að loka á samningaleiðina. Sú leið var kosin að fara í lögfræðilega deilu, eins og hæstv. utanríkisráðherra talaði um, við önnur ríki Evrópusambandsins og í raun slíta á þá samskipta- og úrræðamöguleika sem voru fyrir hendi. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst það verulegt ábyrgðarleysi af hálfu ríkisstjórnarinnar að hafa komið málum í þann farveg algjörlega að ástæðulausu og með því glatað verulegum verðmætum og kallað (Forseti hringir.) meiri leiðindi og erfiðleika yfir þjóðina.

[12:12]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það þekkja margir sem hafa staðið í erfiðum deilumálum, og ég hygg að það eigi ekki síst við um lögfræðinga sem gjarnan þurfa að reka slík mál, að það tekur stundum tíma fyrir báða aðila að skilja vel sjónarmið hins aðilans. Það sem við náðum í rauninni fram í þessari deilu, held ég, var aukinn skilningur viðsemjenda okkar á þeirri stöðu sem við vorum í og aukinn skilningur þeirra á

því að þetta yrði þá fyrst og síðast að snúast um lágmarkstryggingar.

Auðvitað voru uppi sjónarmið í aðra veru hjá Bretum þegar þessi deila hófst, þ.e. að þetta næði ekki einvörðungu til lágmarkstryggingarinnar, sem er 20.887 evrur, heldur til hærri upphæða á þessum innlánsreikningum í Bretlandi. Þar voru menn að tala um gríðarlegar upphæðir sem hefðu verið, eins og kom fram í umræðunni, drápsklyfjar fyrir okkur Íslendinga og fólk framtíðarinnar. (Forseti hringir.) Það náðist því ákveðinn skilningur í þessari deilu.

[12:13]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tel að svara þurfi fleiri spurningum en hér hafa komið fram. Ég spyr þess vegna um vaxtakjör og hvenær eigum við að vera búin að borga upp þessi lán og annað í þeim dúr. Ég spyr líka um málaferli út af hryðjuverkalögum sem voru sett á okkur í Bretlandi.

Ef við gefum okkur að það sé rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur haldið fram og varafjármálaráðherra Finnlands að skuldir okkar séu 1.400 milljarðar eftir þær lántökur sem við erum að fara í gegnum núna með 5% vöxtum, þá erum við að tala 70 milljarða á ári í vaxtagreiðslur bara út af þessum lánum sem er auðvitað mjög erfitt og þungt. Það er nærri jafnmikið og fæst fyrir allan afla upp úr sjó á Íslandsmiðum á þessu fiskveiðiári. Við erum því ekki að tala um neina smáaura. Við erum að tala um gjaldþrota Seðlabanka og að setja krónuna á flot og óvissan er þvílík við að setja krónuna á flot með þeim hætti sem fyrirhugað er að við horfum jafnvel upp á að peningarnir sem við erum að taka að láni muni nánast fjúka út um gluggann ef þeir sem eiga jöklabréfin innleysa þau.

Það væri líka fróðlegt að fá að vita hver lánakjör annarra þjóða eru á því láni sem við erum að fá hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það er mjög tímabært að fá allar upplýsingar um það sem er í gangi. Ég hef ekki heyrt á það minnst, hvorki hjá forsætisráðherra né hæstv. utanríkisráðherra.

[12:15]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Grétar Mar Jónsson sé að spyrja um vaxtakjör og afborganir af þeim lánum sem tengjast Alþjóðagjaldeyrissjóðnum en ekki Icesave-reikningunum vegna þess að við eigum alveg eftir að ræða mál varðandi Icesave-reikningana við viðkomandi lönd og hvaða fyrirgreiðslu þau og Evrópusambandið eru tilbúin að veita okkur.

En hvað varðar lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum kemur fram að við eigum að borga það til baka á árunum 2012–2015 og þess vegna er lögð áhersla á það. Ríkisfjármálin geta verið komin í sæmilega gott horf árið 2012 til að auðvelda okkur að greiða af lánunum. Vaxtakjörin liggja enn ekki fyrir og samningaviðræðum um hvaða vaxtakjör bjóðast á þessum lánum er ekki lokið.

Hv. þingmaður nefndi hér sérstaklega hryðjuverkalögin sem virkjuð voru, ef svo má segja, til að kyrrsetja eignir Landsbankans í Bretlandi. Það er alveg sérstakt úrlausnarefni og auðvitað til skoðunar á okkar vegum með hvaða hætti við getum brugðist við því, hvort við getum sótt mál fyrir breskum dómstólum gegn breskum stjórnvöldum vegna þess hvernig þau beittu hryðjuverkalögunum. Við hljótum líka að taka upp hvarvetna á pólitískum vettvangi að þeir skuli hafa komið fram með þessum hætti, sem er algjörlega ólíðandi í samskiptum þjóða sem eiga að teljast vera vina- og samstarfsþjóðir. Við áskiljum okkur allan rétt til að skoða þau mál sérstaklega.

Við vonumst til að við þurfum sem minnst að draga á peningana sem við fáum að láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Nýta þá þannig að þeir fari ekki út í kerfið. (Forseti hringir.) Eins varðandi Icesave þá vonumst við til þess að eignir Landsbankans komi að verulegu leyti upp í þau lán. Þannig að þótt talað sé um bráttó upphæðir er ekki þar með sagt að þetta fari allt saman út.

[12:18]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við tölum líka um eigið fé í ríkisbankana þrjá og peninga inn í Seðlabankann. Væntanlega verða gefin út skuldabréf fyrir fénu til bankanna og ég átta mig ekki á því hvort gjaldeyrir þurfi að vera í Seðlabankanum. En bersýnilega vantar víða peninga inn í kerfið okkar til að koma því í lag.

Ég sló upp tölunni 1.400 milljörðum, 5% vextir af því eru 70 milljarðar. Ég veit ekki hvort það er rétt eða ekki. En við fáumst við verulegan vanda. Þeir sem komu okkur í þá stöðu sem við erum í bera auðvitað ábyrgðina og við ætlum að láta þá taka við lánspeningunum og þeir eiga að koma okkur út úr vandanum. Það gengur (Forseti hringir.) ekki upp og auðvitað þurfum við kosningar sem fyrst.

[12:19]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er hægt að reikna heilmikið þegar þess er gætt hvaða lán við erum að taka. En við tölum um bráttó upphæðir en ekki nettó. Vonandi fáum við talsvert upp í þessa 1.400 milljarða úr eignum Landsbankans og þurfum ekki að draga á alla upphæðina sem við fáum aðgang að bæði frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og eins hjá öðrum Evrópuþjóðum.

Hv. þingmaður sagði að þeir vildu fá peningana sem bæru ábyrgð á því í hvaða stöðu við erum komin. Ég er alls ekki sammála því. Ég tel að fjölmargir í bönkunum beri mikla ábyrgð á því í hvaða stöðu við erum og gert er ráð fyrir, eins og ég las hérna sérstaklega upp held ég áðan, að sérstök skoðun og úttekt verði gerð á því og þeir sem taldir eru með einhverjum hætti hafa misnotað vald sitt eða borið ábyrgð á því hvernig staðan er nú verði ekki í bankakerfi okkar að minnsta kosti næstu þrjú árin, samkvæmt þessu plaggi. (**GMJ:** Ætlarðu þá að reka seðlabankastjórann?) (Forseti hringir.) Einnig verða aðrar leiðir farnar, sérstök nefnd og sérstakur saksóknari verða skipuð til að skoða þessi mál.

[12:20]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hæstv. utanríkisráðherra til upplýsingar

þá er ég með möppu með þingmálum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um aðgerðir til að ná stöðugleika í efnahagsmálum, sem hafa verið lögð fram frá febrúar 2005. Þannig að hér eru tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um efnahagspólitíkina sem við viljum byggja efnahagskerfi okkar á og getur hæstv. utanríkisráðherra séð af þeim á hvaða prinsippum við hefðum byggt aðgerðirnar sem hefði þurft að fara í við þær aðstæður sem nú eru uppi á Íslandi. (**ÁPÁ:** Er norræna krónan í þeim pakka?)

Við stöndum frammi fyrir því að hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra segja allt of oft í þessari umræðu hér í dag, í morgun í Morgunvaktinni og á blaðamannafundum undanfarna daga og vikur: Ég held og ég vona. Þjóðin á heimtingu á að fara að heyra: Við vitum. Við erum sannfærð. Við treystum okkur til að fullyrða.

Ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra. Voru gerðir útreikningar á því hvernig við gætum komist í gegnum stöðuna sem við erum í núna án skilyrða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og þá mögulega án láns frá honum? Ég vil fá að sjá hvaða útreikningar lágu að baki því að þessi leið var valin en ekki einhver önnur og hvaða aðrar leiðir voru þá valdar.

Ljóst er að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setti skilyrði um trúnað á gögnin og það þykir mér mjög miður vegna þess að ég tel að Alþingi Íslendinga og alþingismenn hefðu þurft að fá að kynna sér tillögurnar sem þar koma fram og skilyrðin miklu fyrr. Ég vil fá staðfestingu á því hjá hæstv. ráðherra um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi sett það skilyrði en ekki ríkisstjórnin sjálf.

[12:23]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Þetta er þykk og tilkomumikil mappa sem hv. þingmaður bar upp í pontu sem vitnisburð um þingmál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um stöðugleika í efnahagsmálum. En eitt eru orð og annað eru athafnir. Ég held að mappan, eins ágæt og hún eflaust er og eins margt og þar má eflaust skoða frekar, komi að takmörkuðu gagni við þær aðstæður sem við erum í núna. Við getum öll borið hér upp í pontuna hugmyndir um hvernig við teljum að hafi átt að standa að málum á undanförnum árum. Það gæti ég líka gert.

Ég get vitnað til þess sem ég tel reyndar að hefði verið mikilvægt og hefur margsinnis komið fram hjá Samfylkingunni að við værum með annan gjaldmiðil en við erum með núna. Við værum með evru. Við værum með Evrópusambandsaðild. Það er auðvitað skoðun okkar að það hefði hjálpað okkur mikið við aðstæðurnar sem núna eru.

Það breytir ekki því að við erum núna í mikilli kreppu. Við erum í erfiðum dansi og þurfum að takast á við hann með öllum tiltækum ráðum. Það þýðir ekki að vitna bara til þess sem við hefðum svo gjarnan viljað gera hefðum við ráðið fyrir einhverjum árum síðan. Við þurfum að grípa til aðgerða til að verja heimilin og aðstoða fyrirtækin í landinu. Til að koma upp bankastarfsemi í landinu og setja stoðir undir gjaldmiðilinn. Þetta eru erfiðar aðgerðir fyrir stjórnvöld að grípa til og mikil ábyrgð fylgir þeim. Ekki þýðir að vísa í hugmyndir um hvernig hlutunum hefði betur verið fyrirkomið hefðum við ráðið. Núna erum við í þessari stöðu og við verðum að vinna okkur í gegnum hana og út úr henni. Engar tillögur hafa heyrst frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um hvernig það væri best gert.

[12:25]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hæstv. utanríkisráðherra lét undir höfuð leggjast að svara spurningunni sem ég lagði fyrir hana. Voru það vinnureglur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem ákvörðuðu það að trúnaði var haldið á skilyrðunum fram á mánudaginn var eða var það ákvörðun ríkisstjórnar Íslands?

Ég vil bera fram aðra spurningu til hæstv. utanríkisráðherra. Hún sagði í ræðu sinni: Þetta er okkar áætlun, og bar mjög af sér að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði tekið við völdum og stjórn efnahagsmála á Íslandi.

Er það líka áætlun íslensku ríkisstjórnarinnar að hækka stýrivexti úr 12% upp í 18% eins og gert var fyrir skemmstu og jafnvel enn meira í nánustu framtíð? Er það stefna íslensku ríkisstjórnarinnar?

[12:25]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég get staðfest að þetta eru vinnureglur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og það hefur komið skýrt fram oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hjá sjóðnum að áætlanirnar fari ekki út fyrr en þær hafa verið lagðar fram á stjórnarfundi í sjóðnum. Við fengum undanþágu frá því núna á sunnudaginn og gátum því birt áætlunina á mánudaginn vegna þess að þá var búið að festa niður stjórnarfundinn á miðvikudaginn. Við höfðum beðið lengi og sagt þeim að mjög erfitt væri fyrir okkur að geta ekki birt áætlunina. Fyrir því fékkst samþykki, enda var áætlunin þá farin til stjórnarmanna, þótt reglan sé sú hjá sjóðnum að leyfa slíkt ekki fyrr en áætlun hefur verið lögð fram á stjórnarfundi.

Varðandi áætlunina segi ég að hún sé okkar. Hún var unnin í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og hér voru fulltrúar frá sjóðnum. En við berum ábyrgð á áætluninni. Ég ætla ekki að vísa frá mér ábyrgð á því sem stendur í henni og vísa bara á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Að það sé honum að kenna eða hann beri ábyrgð á þessu. Við settum þetta fram, ríkisstjórnin og Seðlabankinn. (Forseti hringir.) Við sömdum um þetta og þar af leiðandi hlýtur þetta að vera okkar áætlun. Varðandi 18% vextina þá er það Seðlabankinn sem ákveður stýrivexti en ekki ríkisstjórnin.

[12:27]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Hér fer fram mikilvæg umræða um stórt mál og mætti halda því fram að þessi umræða hefði átt að fara fram fyrr. En það þýðir ekki að fást um það í dag.

Ég vil segja að mér finnst það vera fagnaðarefni — ég vil nota það orð — mér finnst það vera fagnaðarefni að þessum áfanga skuli vera náð. En hvort það er þannig sem hæstv. forsætisráðherra sagði hér áðan að það hefði verið unnið hörðum höndum í margar vikur til að ná þessum árangri getur verið umdeilanlegt. En eitt er víst og það er að við þurfum á trúverðugleika að halda, Ísland, við þessar að-

stæður. Hann höfum við ekki haft. Honum höfðum við glatað og ég leyfi mér að trúa því og treysta því að það sem nú er að gerast með þessari lántöku og með þeim lántökum sem koma í kjölfarið séum við að byggja aftur upp trúverðugleika og þetta sé fyrsta skrefið í þá átt.

En ég gagnrýni þann seinagang sem hefur verið á allri meðferð málsins. Fyrst virtist fyrirstaðan vera í Seðlabankanum, að það hafi verið skoðun Seðlabankans að taka ekki lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og fara ekki í þetta samstarf. Það blasti við. En síðan lendum við í milliríkjadeilu, tvíhliða til að byrja með en síðan í raun deilu við allt Evrópusambandið og fleiri þjóðir því að EFTA-þjóðirnar og Norðurlandaþjóðirnar stóðu algjörlega virtist vera með Evrópusambandinu í því að samþykkja ekki kröfur Íslands og samþykkja ekki lagatúlkun Íslands, enda stóð hún sennilega alltaf á veikum grunni.

Þess vegna leyfi ég mér að segja, hæstv. forseti, að það hafi verið haldið illa á málum. Ég spyr: Hvers vegna til dæmis hitti hæstv. forsætisráðherra Íslands aldrei forsætisráðherra Bretlands, Brown, kollega sinn, til þess að útskýra stöðu Íslands? Það kom fram hjá hæstv. utanríkisráðherra að það tæki oft tíma að útskýra mál og það tæki tíma að útskýra kröfur og stöðu þjóða gagnvart annarri þjóð og það er sjálfsagt rétt. En miðað við að ekki var farin sú leið að tala beint undir fjögur augu við þessa valdhafa þá finnst mér að það hafi verið röng aðferð.

Auðvitað var það gríðarlega alvarleg aðgerð að beita hryðjuverkalögum á íslenskt fyrirtæki. Við vitum ekki í dag hvers vegna gripið var til þeirra aðgerða. Það virðist vera að minnsta kosti einn maður sem veit það. Sá er formaður bankastjórnar Seðlabankans miðað við það sem komið hefur fram á síðustu dögum. Hæstv. forsætisráðherra hefur látið að því liggja að það sé vegna aðgerða Kaupþings í sambandi við flutning fjármagns til Íslands. En það kemur fram hér í upplýsingum og greinargerð um umfjöllun í Bretlandi um þetta alvarlega mál að þeir hefðu alla vega talað saman í síma, hæstv. forsætisráðherra Íslands og Bretlands. Hann segir frá því og hann segir frá því að hann hafi sagt forsætisráðherra Íslands að aðgerðir Íslands væru ólöglegar og að þeir mundu frysta eignir í Bretlandi. Þetta er eitthvað sem ekki hefur áður komið fram að mínu mati og vildi ég gjarnan fá að heyra hjá hæstv. forsætisráðherra hvernig þetta samtal var við forsætisráðherra Bretlands sem mér sýnist að hafi farið fram 8. október.

Hæstv. forseti. Það kom kannski ekki alveg á óvart að Sjálfstæðisflokkurinn skyldi beita þessum aðferðum í svokölluðum samningaviðræðum við aðrar þjóðir í þessu erfiða deilumáli, þ.e. að stappa niður fæti og skella hurðum. Það sem kemur mér dálítið á óvart og ég nefni hér er það að það var ekki síður Samfylkingin sem beitti þessum aðferðum og þá voru í forsvari fyrir þann flokk í ríkisstjórn hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson og hæstv. viðskiptaráðherra Björgvin Sigurðsson. Allar þessar gjörðir eru mjög í ósamræmi við það sem kom hér fram hjá hæstv. utanríkisráðherra rétt áðan þegar hún segir, með leyfi forseta: „Við þurfum á öðrum þjóðum að halda og við eigum ekki að troða illsakir við aðrar þjóðir.“

Hvers vegna kemur Samfylkingin fram með þessum hætti í þessum viðkvæmu viðræðum og í þessari viðkvæmu stöðu miðað við þessi orð formanns Samfylkingarinnar áðan? Er það kannski eins og vant er að Samfylkingin beri enga ábyrgð á því sem ríkisstjórnin er að gera?

Annað hefur valdið þessum töfum eins og þær líta út frá mínum bæjardyrum séð og það varðar það að íslenska ríkisstjórnin hefur ekki framtíðarsýn. Þetta hefur meira að segja komið fram núna mjög augljóslega hjá fjármálaráðherra Svíþjóðar, Anders Borg, sem hefur verið með efasemdir um aðstoð við Ísland og segir að það vanti trúverðuga aðgerðaáætlun. Þetta lít ég mjög alvarlegum augum og við framsóknarmenn. Við höfum ekkert heyrt um það hvernig eigi að vinna sig út úr þessum vanda í sambandi við atvinnuuppbyggingu, í sambandi við nýtingu orkunnar og fleira

Hæstv. forsætisráðherra sagði sem viðbrögð við þessum orðum ráðherrans hins sænska, með leyfi forseta:

„Það liggur ekki á að svara þeirri spurningu enda höfum við ekki alveg gert það upp við okkur“

Þá er verið að tala um ríkisfjármálin til lengri framtíðar.

„Höfum ekki alveg gert það upp við okkur.“ Eru þetta boðleg svör við þessar aðstæður sem við Íslendingar búum við nú og þá miklu óvissu sem þjóðin stendur frammi fyrir?

Það er rétt að það þarf að byggja upp traust á íslensku fjármálakerfi. Ég tel að það sé kannski dálítil bjartsýni þegar forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar segja að þetta verði kreppa í tvö ár, að þetta muni taka okkur tvö ár. Auðvitað vonum við öll að þetta verði ekki kreppa nema í tvö ár en miðað við að það heyrist ekkert af því hvernig við eigum að vinna okkur út úr vandanum finnst mér og því miður óttast ég að þetta verði meira en tvö ár. Það er vissulega búið að boða að hér komi aðgerðapakki sem varði fyrirtækin í landinu og atvinnulífið og við skulum vona að hann geti aukið á bjartsýni okkar um að þetta standist sem hæstv. ráðherrar eru hér að segja með þetta tveggja ára tímabil. En það verður að koma í ljós þegar það birtist. Ég endurtek að ég tel að það hafi verið dýrkeypt hjá ríkisstjórninni að halda Íslandi í algjörri einangrun í rauninni svona langan tíma áður en gefið var eftir og þá er ég að tala um svokallað Icesave-mál því að auðvitað var gefið eftir. Það er ekki hægt að neita því.

Ég vil líka aðeins tala áfram um framtíðarsýnina og hvernig hún getur blasað við okkur. Þá vil ég taka það fram að þó svo að svona hafi farið fyrir Íslandi í þessari svokölluðu útrás verðum við áfram að nýta þau tækifæri sem tengjast alþjóðavæðingunni. Markaðir heimsins verða áfram uppspretta framfara. Ég tók þátt í útrás. Ég tók þátt í útrás til dæmis til Kína sem varðaði nýtingu endurnýjanlegrar orku og get verið stolt af því. Það er einn af þeim málaflokkum sem við eigum að sinna frekar. Ég vitna til þess að nýr forseti Bandaríkjanna hyggst nota 150 milljarða dollara til að þróa nýja orkugjafa á næstu tíu árum og hann hyggst skapa 5 milljónir nýrra starfa. Hvað hyggst ríkisstjórn Íslands skapa mörg ný störf?

Það er kannski rétt í þessu sambandi að minna á flokkinn sem setti fram þá stefnu fyrir kosningar 1995 að skapa 12.000 ný störf og þau urðu eitthvað fleiri en það. Það skiptir máli að setja fram stefnu og reyna síðan að vinna að henni.

Hagvöxtur á síðustu öld byggðist mjög mikið á olíunni og nýtingu hennar. Á þessari öld mun það ekki verða þannig. Á þessari öld sem nú er nýbyrjuð verður endurnýj-

anleg orka í gríðarlega miklu hlutverki og þar eigum við Íslendingar tækifæri. Það er svo mikilvægt að við vitum og við séum sannfærð um að við eigum tækifæri á ákveðnum sviðum. Þá er ég ekki síst að tala um þekkinguna, útflutning þekkingar.

Hæstv. forseti. Nú er talað mikið um í þessu sambandi og í sambandi við þessa lántöku að Ísland þurfi að — þ.e. að það sem sé núna fram undan sé að fleyta krónunni eins og það er kallað. Ég er alveg sammála því að það sé stóra verkefnið sem er fram undan. Það þarf að fleyta henni á heppilegu gengi og ekki of háu. Það væri mikilvægt ef ríkisstjórnin segði hv. Alþingi og þjóðinni frá því hvernig hún muni starfa með Seðlabankanum við þessar aðstæður og að þessu mikilvæga verkefni sem nú er fram undan.

Hæstv. forseti sagði að það væri hætt við að krónan yrði fyrir skammtímaþrýstingi og það er áreiðanlega augljóst. En þetta er hið stóra verkefni sem nú er fram undan, að koma gjaldeyrisviðskiptum í lag og koma eðlilegu gengi á krónuna af því að við höfum ekki annan gjaldmiðil. Við höfum ekkert annað en krónuna til þess að nota, alla vega um sinn, þó að það sé nú löngu ljóst og hafi komið fram að ég tel ekki að hún sé framtíðargjaldmiðill fyrir Ísland. Það hefur líka komið fram að það muni verða nauðsynlegt að beita hér tímabundinni gjaldeyrisskömmtun og það er ekkert um það að segja. En auðvitað þarf að fara yfir það hvernig það samræmist okkar aðild að Evrópska efnahagssvæðinu sem ég reikna nú með að það geri ekki í raun. Ég held að við verðum að trúa því að það sé skilningur á að miðað við stöðu Íslands þá munum við þurfa að gera það um sinn.

Á sama tíma og við erum að fjalla um þessi gríðarlega alvarlegu mál á Íslandi eru Evrópusambandsþjóðirnar að hittast og núna undirbýr Evrópusambandið 130 milljarða evru björgunarpakka fyrir sínar aðildarþjóðir. Það samsvarar um einu prósenti af vergri landsframleiðslu hvers ríkis innan Evrópusambandsins.

Ég neita því ekki að þegar sú umræða var ofarlega í íslensku samfélagi að Íslendingar ættu að senda Evrópuþjóðum, okkar vinaþjóðum í Evrópusambandinu og á Norðurlöndum fingurinn, svo maður tali beint út eins og í raun hæstv. iðnaðarráðherra gerði hér í beinni útsendingu þá varð mér ekki um sel. Ég tel að framtíðarstaða okkar í samskiptum þjóðanna og í alþjóðasamfélaginu sé með þessum þjóðum í Evrópusambandinu og þess vegna er ég ánægð með að niðurstaðan skuli vera þessi en ekki sú að við sækjum lán til Kínverja og Rússa og einangrum okkur í raun frá vinaþjóðum okkar þó að einhverjir geti verið óánægðir með að þær hafi á tímabili ekki reynst okkur eins og við hefðum helst viljað.

Hæstv. forseti. Ég vil segja að lokum að mér finnst mjög mikilvægt að þetta tækifæri og það svigrúm sem skapast við lánveitingu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og annarra ríkja verði vel nýtt. Því miður hef ég ekki sannfæringu fyrir því að það verði, meðal annars vegna þess að ríkisstjórnin er ósamstíga í öllum sínum gjörðum. Það kom best fram við upphaf þessa fundar í dag.

Samstarfið við Seðlabankann er mér ráðgáta. Í því sambandi óska ég eftir upplýsingum um það hvort það hafi legið fyrir þann 15. október síðastliðinn þegar Seðlabanki Íslands lækkaði stýrivexti um 3,5 prósentustig, þ.e. að þá þegar hafi legið fyrir að það væri fyrir séð í samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að við yrðum að hækka stýrivextina í 18%. Ef svo er (Forseti hringir.) þá er það mjög alvarlegt mál sem varðar Seðlabanka Íslands.

[12:42]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir hennar undirtektir við þetta mál í grundvallaratriðum, bæði þetta mál og svo hitt málið sem tengist þessu þó óbeint sé, þ.e. Icesave-málið. Ég tel að Framsóknarflokkurinn undir forustu hins nýja formanns hans sé að taka hér mjög ábyrga afstöðu og hjálpa til við að reyna að leysa vandamál í stað þess að búa til ný.

Auðvitað komu margar spurningar fram í ræðu þingmannsins sem ég hygg að flestar hverjar verði að bíða þess að þingnefndir fái málið til umfjöllunar. Þá verður að sjálfsögðu reynt að svara öllu sem leitar á huga þingmanna.

Ég átti ekki samtal við breska forsætisráðherrann þann 8. október heldur var það þann 5. Ég talaði við fjármálaráðherrann þann 8., sem hringdi til mín og útskýrði málið frá þeirra sjónarmiði en lét þess jafnframt getið að þeir hygðust strax gefa út ákveðin fyrirmæli um að undanþiggja tiltekin atriði beitingu þessara hryðjuverkalaga. En málið í heild sinni af þeirra hálfu var náttúrlega óafsakanlegt og er það enn þá og auðvitað er verið að kanna hver réttarstaða okkar sé í því máli gagnvart þeim.

Varðandi lokaspurningu þingmannsins er um það að segja að vaxtaákvörðun Seðlabankans 15. október var óháð því sem fram undan var. Þá var verið að vinna að viljayfirlýsingunni. Síðan var talið, sem sagt nokkrum dögum seinna, að það væri best að grípa þá strax til þess að hækka vextina frekar en að draga það á langinn úr því að það lá í loftinu að það væri nauðsynlegt að gera það.

[12:44]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er nú alltaf spurning hvort maður á að vera glaður eða óánægður þegar maður fær hól frá forustumanni í ríkisstjórn og á kannski að hafa annað hlutverk og vera gagnrýninn. En þá vil ég nefna að það er ekki óskaplega mikið svigrúm fyrir stjórnarandstöðuna hér á hv. Alþingi þar sem annar stjórnarflokkurinn hefur í raun tekið að sér það hlutverk að vera fremstur í stjórnarandstöðu gagnvart Sjálfstæðisflokknum.

En mig langar til þess að spyrja hæstv. forsætisráðherra vegna þess að það kom fram hjá honum að hann hefði átt samtal við forsætisráðherra Bretlands 5. október, hvort það gæti verið að þegar seðlabankastjóri talar um að hann búi yfir upplýsingum um það hvers vegna hryðjuverkalögum var beitt gagnvart Landsbanka Íslands, hvort þetta samtal hafi getað haft eitthvað með það að gera.

Hverjar telur hæstv. forsætisráðherra vera ástæður þess að Bretar gengu svona langt? Var það fundur hæstv. viðskiptaráðherra í byrjun september með fjármálaráðherra Bretlands? Hæstv. forsætisráðherra hlýtur að vera búinn að mynda sér skoðun á því hvers vegna þessum lögum var beitt og hvers vegna forsætisráðherra og fjármálaráðherra

Bretlands gengu svona langt gagnvart Íslandi.

[12:46]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tel víst að það sé átt við þau samtöl sem fóru fram þessa helgi og dagana kringum hana af hálfu breskra ráðamanna við okkur hér heima. Ég átti þátt í nokkrum slíkum samtölum, seðlabankastjórinn líka. En eina ályktunin sem hægt er að draga af þeim samtölum gagnvart þessari beitingu hryðjuverkalaga nokkrum dögum síðar er það spursmál sem upp hefur komið og þingmaðurinn vék að, hvort a.m.k. einn bankinn, þ.e. Kaupþing, hafi flutt fjármagn með óeðlilegum hætti frá Bretlandi til Íslands. Þetta hefur komið fram opinberlega en þessu hefur líka verið svarað opinberlega af hálfu Kaupþings, að ekkert slíkt hafi átt sér stað og þeir geti gert nákvæma grein fyrir öllu fjármagnsflæði á milli landanna á þessum tíma. Þarna stendur þá orð gegn orði eða ásökun af hálfu Bretanna gegn því svari sem fram er komið af þeirra hálfu.

Reyndar var hryðjuverkalögunum ekki beint gegn Kaupþingi. Þeim var beitt gegn Landsbankanum vegna þess að Kaupþing var breskur banki, Singer & Friedlander var breskur banki og þar með höfðu þeir önnur tök á þeim banka en Landsbankanum og fóru með fjármálaeftirlit sitt inn í Kaupþing, eins og alræmt er nú orðið og er líka hugsanlegt tilefni málaferla. En þetta er önnur saga en ég tel að þetta hljóti að vera skýringin ef menn vilja vera að leita að einhverri einni skýringu á þessu atriði.

Allt er þetta mjög ömurlegur þáttur í þessu máli. Málið er náttúrlega margþætt, hrun bankanna, efnahagslegar afleiðingar þess o.s.frv. En þetta tiltekna atriði, beiting þessara laga, frysting eigna á grundvelli þessara laga í Bretlandi, það er alveg ömurlegur hluti af þessu og kallar á sérstaka athugun og kannski málaferli.

[12:48]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra, vegna þess að nú liggur það fyrir að ríkisstjórnin gaf eftir í þessu deilumáli og milliríkjadeilu sem upphaflega var gagnvart Bretum, er hæstv. forsætisráðherra tilbúinn að segja hér úr ræðustóli að það hafi verið mistök að láta þetta taka svona langan tíma? Átti hann að gefast upp, ef má nota það orðalag, fyrr?

[Fundarhlé. — 12:49]

[13:30]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég vil nú byrja á að spyrja hæstv. forseta hvort henni sé kunnugt um að forustumenn ríkisstjórnarinnar sem standa fyrir þessu máli hlýði á mál mitt eða séu til staðar til þess, hvort þeir hlýði ef til vill á það annars staðar. Ég get alveg flutt það að þeim fjarverandi ef þeir óttast að vera til staðar, hæstv. forseti.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti getur upplýst um það að hæstv. ráðherrar eru nú að ljúka þingflokksfundum og eru væntanlegir innan tíðar.)

Væri þá hæstv. forseti ekki tilbúinn að fresta þessum fundi þar sem menn eru á þingflokksfundum og ekki hægt að ætlast til þess ég fari hér með það sem ég ætlaði að segja án þess að gefa þeim kost á að svara fyrir sig?

[13:33]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti telur eðlilegt miðað við þá umræðu sem stendur yfir að bíða eftir að fundum þingflokkanna ljúki og að viðkomandi ráðherrar geti þá verið við umræðuna. Forseti frestar því fundi um tíu mínútur.

[Fundarhlé. — 13:33]

[13:42]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) (frh.)**:**

Hæstv. forseti. Ég hef ræðu mína á því að taka upp mál sem vikið var að í morgun, það mikla mál sem við ræðum hér sem leiðir til þess að við munum skuldsetja íslensku þjóðina um mörg hundruð milljarða kr. Í upphafi máls míns vil ég víkja sérstaklega að því hvernig það hefur verið orðað í morgun en m.a. hefur verið sagt að við værum í mjög erfiðri stöðu. Ég tek undir það að við erum í mjög erfiðri stöðu en þetta var orðað þannig að við værum í mjög erfiðri stöðu vegna þess sem á okkur skellur. Ég hef alltaf skilið það orðasamband þannig að það væri þá eitthvað sem gerðist án þess að menn vissu til hvers gæti dregið. Skellur á okkur stormur eða fárviðri? Við sjáum það kannski ekki alltaf fyrir.

Ég legg nokkuð út af þessum orðum í ræðu minni vegna þess að seðlabankastjóri, fyrrverandi forsætisráðherra þessa lands, Davíð Oddsson, hefur upplýst okkur um að haldnir hafi verið veigamiklir samráðsfundir um hið alvarlega mál sem við tökumst nú á við og „skellur“ á íslensku þjóðinni eins og það var orðað. Hann segir að haldnir hafi verið samráðsfundir í febrúar með hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra eða forustumönnum ríkisstjórnarinnar — eins og ég held að seðlabankastjóri hafi orðað það — þar sem menn höfðu sérstaklega verið varaðir við því í hvað stefndi. Í ræðu seðlabankastjóra sagði eitthvað á þá leið að eftir að sendinefnd Seðlabankans hefði farið til Bretlands og hitt þar að máli ýmsa menn sem eru í fjármálageiranum, lánveitendur og smáfyrirtæki, hefði mönnum mjög brugðið sem í sendinefndinni voru við þau skilaboð sem seðlabankastjóri fékk. Hann hefði séð ástæðu til þess að óska eftir sérstökum fundi með forustumönnum ríkisstjórnarinnar um stöðuna þar sem þeim hefði skilmerkilega verið greint frá þeim vanda sem fram undan væri.

Ef ég hef tekið rétt eftir fréttum — ég ætla ekki að fullyrða um að ég hafi tekið eftir öllu sem sagt var í fréttum — voru ýmis svör við þessari fullyrðingu til að byrja með hjá hæstv. forustumönnum ríkisstjórnarinnar en ég tók samt eftir því að eftir einhverja þingflokksfundi í Samfylkingunni, einn, tvo eða þrjá — ég veit ekki hversu marga — upplýsti hæstv. utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir að haldnir hefðu verið sex fundir með seðlabankastjóra um þessi mál og fyrsti fundurinn hefði verið 6. febrúar.

Við, forustumenn stjórnarandstöðunnar, höfum átt nokkra samráðsfundi með forustumönnum ríkisstjórnarinn-

ar. Ég tel að ég hafi þokkalegt minni. Ég minnist þess þó ekki að okkur hafi nokkurn tíma verið sagt frá því að forustumenn ríkisstjórnarinnar hafi sérstaklega verið varaðir við því í hvað stefndi í febrúar sl. og menn hafi verið meðvitaðir um það til hvers gæti dregið sem endaði síðan með því að íslenska þjóðin var sett í þá erfiðu stöðu sem hún er í nú. Þess vegna beini ég þeim spurningum til forustumanna ríkisstjórnarinnar hvort þeim hafi ekki verið ljóst eftir þessa fundi með hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, núverandi seðlabankastjóra, Davíð Oddssyni, í febrúar sl. til hvers mundi draga. Nú er haft á orði að allt í einu hafi eitthvað skollið á okkur sem enginn hafi varað við. Ég held að ekki sé hægt að draga þá ályktun ef maður leggur annars vegar út af ræðu seðlabankastjóra og hins vegar því sem síðan hefur verið upplýst en að forustumenn ríkisstjórnarinnar hafi vitað betur og vitað það fyrr en látið er í veðri vaka.

Það er auðvitað mjög alvarlegt mál að svo skuli vera og að við höfum síðan ekki gert nægilega mikið til að takast á við þann vanda sem fram undan væri, meðal annars ekki leitað eftir lánveitingum til að styrka gjaldeyrisvaraforðann nægjanlega á vetrar- og vordögum. Alþingi veitti heimild á vordögum til þess að bregðast við en skyndilega liggur bankakerfið algerlega flatt og við stöndum frammi fyrir því að þurfa að taka á okkur geysilegar skuldbindingar. Ég heyrði ekki hæstv. utanríkisráðherra mótmæla því í morgun þegar hv. þm. Grétar Mar Jónsson nefndi í andsvari við utanríkisráðherra töluna 1.400 milljarða kr. Það er sennilega nærri lagi miðað við það sem nú er ljóst því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn veitir okkur lán upp á tæpa 300 milljarða og önnur ríki eins og Finnar, Danir, Svíar og Norðmenn upp á 350 milljarða kr. Síðan hafa Færeyingar af rausnarskap sínum veitt okkur lán og Rússar og Pólverjar hafa lýst yfir að þeir vilji lána okkur fjármuni. Síðan erum við sjálf búin að yfirdraga á þá lánalínu sem við höfðum samið um við Norðurlandaþjóðirnar. Ég held því að það liggi fyrir að það sé ekki lengur rétt sem stendur í plagginu sem við ræðum í dag, í samþykktunum sem ríkisstjórnin gekkst undir við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, að við stefnum í skuldir sem nema 80% af vergri landsframleiðslu. Mér sýnist að við förum upp fyrir það sem við köllum verga landsframleiðslu hvers árs.

Segja má að við höfum verið neydd til að taka á okkur skuldbindingarnar varðandi Icesave-reikningana þó að við höfum sjálfsagt alltaf þurft að horfast í augu við ábyrgðina sem Tryggingarsjóður innlánsstofnana átti að standa skil á, 20.887 evrur. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvort komið sé samkomulag við Breta um að þeir leggi okkur lið við að varðveita þær eignir sem eru í Bretlandi og tengjast Landsbankanum og gætu orðið til að ganga upp í þær skuldbindingar sem við tökum á okkur í Bretlandi varðandi Icesave-reikningana. Ég held að nauðsynlegt sé að fá það upplýst því að mér sýnist að þegar við tölum um heildarupphæðina og þá erfiðu stöðu sem fylgir fyrir íslensku þjóðina verði mjög erfitt fyrir okkur að standa uppi með allar þær skuldir ef ekki kemur annað kemur á móti eins og verðmæti bankanna í Englandi til að lækka þær ábyrgðir.

Ég spyr einnig hvort hæstv. forsætisráðherra geti upplýst okkur um það nú hvaða viðskiptakjör við fáum á lánum eins og frá Norðurlandaþjóðunum eða öðrum þeim ríkjum sem boðið hafa fram aðstoð eins og Þýskaland og Holland. Hvaða vextir eru af þessum lánum? Eru þetta afborgunarlaus lán sem veita okkur tíma til að takast á við vandann eða gilda um þau sömu skilyrði og um lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, að greiða skuli allt upp á árunum 2012–2015?

Það er alveg ljóst og er aðalefni þeirrar stöðu sem við erum nú í að íslenska þjóðin mun þurfa að bera miklar byrðar vegna þess sem gerst hefur hér á landi að því er varðar fjármálakerfið og bankastarfsemina. Ég held að allir hljóti að gera sér grein fyrir því sem hugsa um þessi mál að þær byrðar lenda harðast á því fólki sem er á aldursbilinu 15–45 ára. Það hlýtur að koma harðast niður þar. Það er fólkið sem kemur inn á vinnumarkaðinn á næstu árum eða er þar þegar. Það er fólkið sem hefur stofnað til skuldbindinga varðandi heimili sín og hefur tekið lán sem hækka mjög í verðbólgunni og verðtryggingunni, keyra hratt upp á sama tíma og eignastaða fólks í íbúðarhúsnæði fellur. Það fólk horfir upp á að missa eignir sínar að stórum hluta. Það er barnafólkið og öflugasti hópurinn á vinnumarkaði.

Nú liggur mikið við, hæstv. forseti, þegar við horfum fram á þær skuldbindingar sem lenda á íslensku þjóðinni, að halda uppi sem mestri atvinnu, afla sem mestra tekna. Ég minni á tillögu okkar, þingmanna Frjálslynda flokksins, um að auka aflaheimildirnar verulega, taka þá áhættu til að búa til tekjur. Ég minni á tillögur sem við höfum flutt um að heimila almennan frádrátt fyrir þá sem þurfa að sækja atvinnu um lengri veg. Hvers vegna nefni ég þessi tvö dæmi? Ég nefni þau einfaldlega vegna þess að það er hluti af því að halda uppi virkri atvinnustarfsemi, halda uppi tekjum í þjóðfélaginu. Við í þingflokki Frjálslynda flokksins munum alla vega styðja tillögu sem gæti orðið til þess að halda uppi atvinnustiginu því að nógu erfitt verður samt hjá fólki í landinu þó að við missum ekki tekjur verulega niður vegna allt of mikils atvinnuleysis. Við tökum ekki aðeins á okkur þær skuldbindingar sem ég hef þegar nefnt. Við tökum jafnframt á okkur skuldbindingar sem munu fylgja því að þurfa að keyra fjárlögin í gegn með verulegum halla fyrir næsta ár, m.a. í þeim tilgangi að halda uppi atvinnustiginu. Að fjöldamörgu er að hyggja og það sem okkur ber fyrst og fremst að standa vel að er að tryggja starfsemi atvinnufyrirtækjanna, atvinnulífsins og vernda stöðu fjölskyldnanna í núverandi stöðu. Ég minni á að við höfum lagt það til, þingmenn Frjálslynda flokksins, að verðtryggingin verði afnumin, að menn fari að vinna skipulega að því að afnema verðtrygginguna.

Það má spyrja sig margra spurninga út frá þeim tillögum og þeirri atriðaskrá sem lögð er fram sem samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þar höfum við mestar áhyggjur af því að okkur muni reynast erfitt og dýrt að setja krónuna á flot. Ég spyr að því er varðar lið nr. 22 þar sem segir að á meðan á þessu stendur þurfum við að biðja um tímabundið samþykki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir gjaldeyrishöftum. Er það svo, hæstv. forseti, að við þurfum að bera það undir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hvort við megum halda uppi tímabundinni gjaldeyrisskömmtun um lengri eða skemmri tíma? Ég tel að í núverandi stöðu sé afar varasamt að setja krónuna á flot og sérstaklega ef ekki fylgja því harðar stýriaðgerðir að því er varðar útstreymi á gjaldeyri. (Forseti

hringir.) Við gætum horft á fjármuni okkar, sem við tökum nú að láni dýru verði, fara til einskis.

[13:58]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að svara nokkrum af þeim spurningum sem fram komu í máli hv. þingmanns. Síðustu spurningarnar varðandi gengi krónunnar, gjaldeyrishöft og annað hef ég þegar komið inn á. Að þurfa að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um frávik frá hinum almennu reglum hans varðandi bann við fjölgengisstefnu og gjaldeyrishöftum á almennum viðskiptum er bara hluti af þeim almennu skuldbindingum sem við gengumst undir 1945 og höfum annað slagið þurft að fá sérstaka undanþágu fyrir eins og aðrar þjóðir. Á því er hnykkt í þessari ályktun og þess vegna þarf að biðja um það. Það hefði þurft að gera hvort sem þetta samkomulag hefði verið gert eða ekki.

Auðvitað þarf að fara varlega, hv. þingmaður, þegar krónan verður sett á flot, það gera sér allir grein fyrir því. Það getur verið hættulegt að sturta peningum í eitthvað ef það myndast hít í eftirspurn eftir gjaldeyri á þeim vettvangi. Þess vegna verður að fara mjög skipulega og varlega í það mál.

Varðandi kjör á lánum frá öðrum aðilum en Alþjóðagjaldeyrissjóðnum liggja þau ekki fyrir. Ekki er búið að semja um þau lán til hlítar. Ég geri ráð fyrir að um hefðbundin kjör verði að ræða, a.m.k. hvað vextina varðar, en það er eitt af því sem eftir er að ganga frá. En auðvitað er mikilvægt að fyrirheitin um að vilja lána okkur séu fyrir hendi og vaxtagreiðslurnar fara á endanum eftir því hve mikið verður dregið á þessi lán. Við höfum hugsað okkur þau sem sérstakan varnarvegg sem kannski þarf ekki mikið að nota eftir því hvernig gengur með gjaldeyrisviðskiptin.

Vitanlega þurfum við að eiga samstarf við Bretland um að verja eignir Landsbankans. Þegar hefur átt sér stað ákveðið samstarf og það er mjög mikilvægt að standa vörð um þær eignir eftir því sem hægt er. Icesave-samkomulagið er jafnframt liður í því til þess að geta greitt upp í þær skuldbindingar.

[14:00]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Í tilefni þessa andsvars hæstv. forsætisráðherra vil ég ganga eftir því, þegar hann segir að vissulega sé búið að ræða við Breta um þær eignir sem Landsbankinn á í Bretlandi, hvort áður en menn gengu til þeirrar lausnar að undirgangast Icesave-reikningana hafi legið fyrir eitthvert samkomulag um með hvaða hætti þjóðirnar sameinuðust um að verja þessar eignir og viðhalda þeim. Því það skiptir auðvitað verulegu máli fyrir okkur sem þjóð hvað við þurfum raunverulega að taka á okkur af þessum skuldbindingum sem við erum búin að undirgangast varðandi Icesave-reikningana.

Ég er engu nær þótt því sé svarað að um sé að ræða hefðbundin kjör af lánum. Eru það 5%, 3% eða 7%, hæstv. forseti? Það hefur því ekki fært mér neina vitneskju um í hverju við erum að lenda. Ég er að reyna að átta mig á því, hæstv. forseti, í hvaða fjárskuldbindingum við lendum. Við erum að reyna að koma saman fjárlögum og loka þeim og allt þetta skiptir máli fyrir framtíð okkar.

Ég vil líka minna hæstv. forsætisráðherra á að hann svaraði í engu spurningum mínum um hvort farið hefðu fram fundir sem Davíð Oddsson seðlabankastjóri óskaði sérstaklega eftir að halda með forustumönnum ríkisstjórnarinnar þar sem hann hafi upplýst skilmerkilega um þá hættu sem væri fram undan í íslensku þjóðfélagi.

Ég ítreka þá spurningu við hæstv. forsætisráðherra hvort seðlabankastjóri hafi varað mjög skilmerkilega við því í hverju við værum að lenda.

[14:02]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi vaxtakjör á lánum frá öðrum en sjóðnum þá er ekki hægt að upplýsa um það vegna þess að það liggur ekki fyrir. Ég hef ekki þær upplýsingar og það á eftir að ganga frá því við viðkomandi lönd. Færeyingarnir hafa sagt okkur að þeir muni ekki krefjast hærri vaxta en þeirra sem þeir greiða sjálfir af sínum lántökum.

Varðandi fundahöld um ástand mála á þessu ári þá hefur komið fram af hálfu hæstv. utanríkisráðherra, og ég staðfesti það, að við áttum marga fundi með Seðlabankanum, ekki bara þennan í febrúar. Við höfum verið að funda með þeim, eins og er okkar skylda, um þessi mál reglulega allt þetta ár og að sjálfsögðu einnig, bæði formlega og óformlega, með viðskiptabönkunum, Fjármálaeftirlitinu og öðrum sem þarna koma við sögu. Það er ekkert launungarmál að bankastjóri Seðlabankans hefur í ræðu og riti gagnrýnt og látið í ljós áhyggjur sínar af því hvernig hin svokallaða útrás væri að þróast og allri þeirri lánsfjármögnun sem henni fylgdi og fékk sums staðar bágt fyrir eins og margir kannski muna.

Ég tel hins vegar ekki að hægt sé að saka stjórnvöld um að hafa sofið á verðinum. Bankarnir voru innan almennra reglna. Ég tel heldur ekki að það sé hægt að beina sérstakri sök að Fjármálaeftirlitinu og enn síður að Seðlabankanum. Ef það á að leita einhverra sérstakra sökudólga verður fyrst að líta í rann bankanna sjálfra, hvað þar var á ferðinni. Ég held að það hafi verið meginboðskapurinn í ræðu seðlabankastjórans í fyrradag og akkúrat það sem stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins sagði við fólk í Kastljósinu í gær og ég held að hann hafi haft hárrétt fyrir sér.

[14:04]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég var ekki svo heppinn að sjá viðtalið í Kastljósinu í gær við Jón Sigurðsson sem bæði er yfir Fjármálaeftirlitinu og einnig varaformaður í stjórn Seðlabankans. Er það ekki rétt? (**Gripið fram í:** Jú.) Eða bankaráðinu. Ég veit því ekki hvers hæstv. forsætisráðherra er að vitna til en mér skilst þó af orðum hans að þar hafi menn fundið sök hjá hvorugum þessara aðila. Af andsvari hæstv. forsætisráðherra mátti skilja að svo væri ekki og kannski væri enga sök að finna neins staðar í þessu máli.

Ég er ekki viss um, hæstv. forseti, hvort hægt sé að draga svona almenna ályktun því mér finnst að alltaf berist fleiri og fleiri vísbendingar um að menn hafi vitað meira um til hvers gæti dregið en kannski ekki brugðist við. Það sé það sem íslenska þjóðin lendir í núna með öllum þeim

erfiðleikum sem á henni munu dynja á næstu árum. Ég ítreka að það er unga fólkið og fólk fram að miðjum aldri sem mun lenda í mestu erfiðleikunum að því er varðar þær skuldbindingar sem á íslensku þjóðinni hvíla, einfaldlega vegna þess að þetta fólk er að skuldsetja sig til þess að eignast eigið húsnæði. Það hefur verið viðtekin venja að Íslendingar reyni að eiga eigið húsnæði. Það er því greinilegt, hæstv. forseti, að það þarf að taka snarpari umræðu en hér hefur farið fram um hvað menn vissu og hvað menn vissu ekki.

[14:06]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Þetta er afar mikilvæg og nauðsynleg umræða og það er ekki síður mikilvægt og nauðsynlegt að Alþingi taki afstöðu til þeirra hluta sem hér um ræðir.

Umræðan fram til þessa hefur verið mjög skilmerkileg. Ræðumenn hafa farið ýmsar leiðir til þess að nálgast umræðuefnið. Sumar ræðurnar hafa verið á mjög tilfinningaríkum nótum, aðrar hafa verið raunsæjar. Ég held þó, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, að hann beri, og ég tel allir Íslendingar sem komnir eru til vits og ára, ugg í brjósti yfir því ástandi sem nú er. Það er einmitt vegna þessa ástands sem verið er að grípa til aðgerða í samráði og samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og nágranna- og vinaþjóðir okkar.

Hvers vegna er svona nauðsynlegt að grípa til þessara aðgerða, að leita eftir lánsfé frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og nágrannaþjóðum okkar og gera samkomulag um hvernig stjórnvöld okkar ætli að bregðast við? Jú, vegna þess að ein alvarlegasta afleiðing þess að bankarnir okkar hrundu, og sú afleiðing sem sennilega skiptir mestu máli hvað varðar þróun annarra þátta og þróun mála í framtíðinni, er að gjaldeyrismarkaðirnir hafa verið óvirkir á undanförnum vikum. Það hefur ekki verið eðlileg verðmyndun á krónunni og þau viðskipti sem alla jafna fara fram á þessum mörkuðum með krónuna og aðra gjaldmiðla og skipta gríðarlega miklu máli fyrir allt efnahagslíf þjóðarinnar hafa ekki getað farið fram.

Ef þetta ástand yrði viðvarandi yrði miklu þrengra um að bregðast við í framhaldinu. Ekki bara til skemmri tíma heldur líka til lengri tíma. Það er því lykilatriði að við komum gjaldeyrismörkuðunum til þess að virka á eðlilegan hátt á ný. Til þess að það geti gerst þarf nokkra fjármuni og þótt við höfum að sumu leyti verið vel stæð hvað varðar gjaldeyrisvarasjóðinn er það ekki nóg til þess að sú aðgerð að setja krónuna á flot aftur sé byggð á nægilega trúverðugum forsendum. Þá skiptir máli að hafa bakstuðning í því láni sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og nágrannaþjóðir okkar munu veita okkur.

Menn hafa haft áhyggjur af því að þetta sé kostnaðarsamt. Að það sé verið að eyða peningum í að koma krónunni á flot aftur og við eigum að hugsa okkur tvisvar um áður en slíkt er gert. Ég held að þegar menn halda þessu fram hljóti það að byggjast á misskilningi því það er ekki verið að eyða þessum peningum í eitthvað. Ef mikið gjaldeyrisútstreymi verður eru þessi lán til staðar svo að það geti orðið án þess að það verði gjaldeyrisþurrð eða gjaldeyrisþröng og verðmyndun á gjaldmiðli einkennist af skorti á erlendum gjaldmiðlum. Með öðrum orðum, þetta gerir okkur kleift að láta markaðinn mynda verð á krónunni á eðlilegan hátt aftur.

Jafnvel þó að þetta gerist á þennan hátt er ekki verið að gefa þennan gjaldeyri. Fyrir hann koma auðvitað krónur og þeir hv. þingmenn sem telja að betra væri að nýta fjármunina til þess að styrkja atvinnulífið og heimilin og hag þeirra þurfa ekki að hafa áhyggjur. Þær krónur sem þar koma fyrir eiga að nýtast til þess að styrkja atvinnulífið og heimilin í gegnum bankakerfið á eðlilegan hátt innan þess ramma sem Seðlabankinn hefur hverju sinni.

Þetta skiptir einmitt heimilin og atvinnulífið mestu máli því verðbólgan fer verst með okkur öll sem raunverulega samanstöndum af þessum tveimur aðilum. Það að ná tökum á gjaldeyrismarkaðnum og gengi krónunnar verði aftur stöðugt er fyrst og fremst til þess fallið að koma böndum á verðbólguna, því í dag er hreyfing á gjaldmiðlunum eini þrýstingurinn á verðbólguna.

Hvað þýðir þá að fara út í þessa aðgerð? Það þýðir að við erum að stíga fyrsta skrefið út úr þeirri kreppu sem við höfum verið í að undanförnu. Þetta er auðvitað ekki eina aðgerðin sem við þurfum að gera eða höfum gert. Við höfum gert býsna margt til þess að verja stöðu bæði heimila og fyrirtækja í kreppunni en þetta er fyrsta skrefið út úr kreppunni, til að ná tökum á gjaldeyrismarkaðnum.

Hvað svo? Það þýðir það að þeir atvinnuvegir sem skapa okkur gjaldeyri eru á traustari forsendum. Þeir geta komið óhindrað með fjármuni til landsins og átt viðskipti í erlendum gjaldmiðlum við sína viðskiptaaðila erlendis. Grundvöllurinn fyrir því að viðskipti inn og út úr landinu geti verið eðlileg er auðvitað að gjaldeyrisskapandi atvinnuvegir geti starfað eðlilega. Þetta er líka grundvöllur fyrir því að bankarnir geti starfað eðlilega. Ef okkur tekst að koma málum þannig fyrir að lánardrottnar okkar erlendis verði sáttir við okkur eiga bankarnir möguleika á að fá fjármagn frá útlöndum til þeirra hluta sem við þurfum á að halda í frekari uppbyggingu atvinnulífsins og til frekari verðmætasköpunar á næstu árum. Það hlýtur að vera grundvallaratriði í því sem við gerum á næstu árum að skapa meiri verðmæti því óhjákvæmilega hefur þessi kreppa í för með sér að skuldir ríkissjóðs munu aukast verulega, frá því að vera engar í að vera jafnvel yfir 100% af landsframleiðslu um einhvern tíma.

Það hvarflaði að mér þegar ég hlustaði á ræður tiltekinna ræðumanna hér í dag að þeir vildu hvorki koma á virkum gjaldeyrismarkaði né endurreisa bankakerfið og þeir gerðu sér ekki grein fyrir því að það kostaði peninga að gera hvort tveggja. Ég trúi þó ekki að þetta hafi verið raunveruleg skoðun hv. þingmanna heldur vegna tilfinninga sem auðvitað koma fram þegar svona aðgerðir eru í gangi. Við erum að gera samkomulag við alþjóðlega stofnun um hvernig við ætlum að haga hlutunum hjá okkur. Við gerum það á forsendum þess að þessir aðilar koma okkur til aðstoðar. Það er aðstoð sem við þurfum raunverulega á að halda og við ætlum að nýta hana í tilteknum tilgangi. Því held ég að við þurfum að horfa frekar bjartsýnum augum fram á veginn og vonast til þess að vel takist til með að koma krónunni á flot aftur.

Hjá hv. þingmönnum hefur einnig komið fram að þeir efast um vilja og getu Seðlabankans til þess að koma krón-

unni á flot aftur. Ég held að allir ættu að geta séð eftir tiltölulega litla umhugsun að enginn ætti að hafa meiri metnað en Seðlabankinn og stjórnendur þar til þess að koma krónunni aftur af stað á eins fljótan og öruggan hátt og mögulegt er. Skuldir ríkissjóðs munu auðvitað hækka mikið við þetta. Við verðum hins vegar líka að hafa í huga að þar er ákveðin óvissa og þessar tölur sem við erum að tala um eru í flestum tilvikum þær hæstu sem upp komu. Ef vel gengur munu þær hins vegar verða lægri og þá verður staðan önnur en svartsýnustu spár telja.

Óvissan felst í því hversu mikið við þurfum raunverulega að reiða af hendi vegna Icesave-reikninganna. Hversu mikið vantar upp á að eignir Landsbankans dugi fyrir þeim greiðslum og einnig hversu vel okkur tekst að fá til baka það fé sem við höfum notað við endurreisn bankanna. Hvort tveggja eru raunverulegir möguleikar til þess að staðan verði mun betri en svartasta mynd sýnir í dag. Tíminn einn og úrvinnsla þessara mála mun leiða það í ljós en okkur ber að takast á við framtíðina með bjartsýni og fyrsta verkið er að koma aftur á virkum gjaldeyrismarkaði.

[14:18]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er sorglegt að horfa upp á hlutina ganga eins og þeir hafa gengið fyrir sig síðustu sex vikurnar. Að stórum hluta er það lélegri ríkisstjórn og lélegri stjórnun að kenna hvernig haldið hefur verið á. Hvað varðar Seðlabankann þá er það ekki spurning um vilja hjá þeim, að reyna að gera vel úr þessari stöðu, heldur miklu meira spurning um getu. Það er ekki alltaf það sama, vilji og geta.

Það sem ég tel hafa farið verst eftir að bankarnir hrundu og við fengum á okkur þessi hryðjuverkalög í Bretlandi var sá aumingjagangur í stjórnvöldum að sýna ekki klærnar strax og bíta frá sér þegar á okkur var ráðist, þ.e. með því að hóta málaferlum og fara að vinna í því fyrir alþjóðadómstólum að láta Breta ekki komast upp með þessi vinnubrögð.

Ef við hefðum haft þessi stjórnvöld í þeim landhelgisstríðum sem við háðum á sínum tíma við Breta hefðum við tapað þeim öllum. Við hefðum jafnvel þurft að sýna klærnar með þeim hætti að kalla sendiherra okkar frá Bretlandi heim og reka sendiherra þeirra heim til sín og slíta við þá stjórnmálasambandi, hóta jafnvel úrsögn úr NATO og ýmislegt annað eins og gert var þegar við vorum í landhelgisstríðunum. Því það er með Breta eins og aðra þegar þeir halda að þeir geti komist upp með að koma svona fram við litla þjóð — hefðum við búið okkur betri vígstöðu í samningum hefðum við fengið samúð annarra þjóða með því að bíta frá okkur í stað þess að láta kúga okkur.

Það er nú það sem verið er að gera við íslensku þjóðina núna. Það er verið að kúga okkur á hroðalegan hátt með því að hafna því að við setjum í gerðardóm ágreining okkar við Evrópusambandið eða þessar 27 þjóðir í Evrópusambandinu (Forseti hringir.) og aðrar þjóðir.

[14:20]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni að þetta eru sorglegar kringumstæður sem við búum við í dag. Hann telur að það sé vegna lélegrar ríkisstjórnar en ég held að honum hafi þótt ríkisstjórnin léleg löngu áður en til þeirra atburða kom (Gripið fram í.) sem við fjöllum hér um. Ég veit því ekki hvort hægt er að halda því fram að hann dragi rökréttar ályktanir af stöðu mála nú.

Við skulum líka hafa í huga að það er í fleiri löndum en á Íslandi sem bankar hafa fallið. Það eru fleiri bankakerfi í heiminum sem hafa verið ríkisvædd en íslenska bankakerfið. Það má raunar segja að flest bankakerfi heimsins hafi verið ríkisvædd. Ef það er allt saman lélegri ríkisstjórn á Íslandi að kenna þá eru völd okkar og áhrif meiri en ég hef haldið að þau væru hingað til.

Vilji og geta er ekki það sama, segir hv. þingmaður. Það er út af fyrir sig rétt hjá honum. Menn hafa talað um að það skorti á faglegheit í yfirstjórn Seðlabankans. Ég held ég muni það rétt, ég hef heyrt það einhvers staðar, að 45 hagfræðingar starfi í Seðlabankanum. Það skortir örugglega ekkert upp á þar. Ef menn vilja beita þar faglegri stjórnun þá er getan fyrir hendi og ég er sannfærður um að hvort tveggja er fyrir hendi í þessu tilfelli.

Að bíta frá okkur — út af fyrir sig er það rétt hjá hv. þingmanni að nauðsynlegt er að geta bitið frá sér. Það er líka nauðsynlegt að vita hvenær rétt er að gera það og hvenær ekki er rétt að gera það. Hvenær er rétt að fara samningaleiðina og hvenær er rétt að taka slagsmálin? Og að líkja landhelgisstríðunum við þá stöðu sem við erum í núna er bara rangt, það er slæm samlíking. Hv. þingmaður þarf að skoða aðeins betur í hvaða stöðu við erum í þessari deilu og bera það aðeins betur saman við þá (Forseti hringir.) stöðu sem við vorum í í landhelgisdeilunum.

[14:22]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var náttúrlega ekki neins að vænta frá hæstv. fjármálaráðherra í þessari umræðu á vitrænum nótum, hann reynir að fara í eitthvert pólitískt karp um eitthvert bull og litlar staðreyndir um það sem þarf að gera eða hvernig við eigum að halda á hlutunum — og kannski léleg útskýring á því hvernig við héldum ekki á hlutunum og höfum þess vegna verið að halda áfram að gera mistök.

Það er nú einu sinni þannig, bæði til sjós og lands, að fræðingar eru ekki allt. Ég hefði í sumum tilfellum frekar viljað hafa húsmóður, sem hefði tekið þátt í því að ala upp börnin sín og koma þeim á legg, í fjármálaráðuneytinu en hæstv. dýralækni. Það er ekki alltaf menntun — og við erum með fræðingasamfélag, við erum með hagfræðinga, lögfræðinga, viðskiptafræðinga, stærðfræðinga og alls konar fólk með stór og mikil próf og þetta fólk er að sigla þjóðfélaginu okkar í strand og valda þessu raunverulega þjóðargjaldþroti.

Auðvitað er þjóðin ekkert annað en gjaldþrota í dag. Það er ekki hægt að segja neitt annað. Þúsundir fjölskyldna hafa misst allt sitt og allt baksið sem margir eru búnir að vera í er farið í burtu — farið til helvítis ef svo má að orði komast. Það þarf kannski að taka stórt upp í sig og tala á mannamáli svo að fólk skilji hlutina. En það eru fræðingarnir sem hafa stjórnað, þeir hafa verið notaðir til ráðgjafar og eru að bregðast þjóðinni meira en húsmæður í þessu landi.

[14:24]

Forseti (Þuríður Backman):

Ég tel rétt að hv. þingmenn tali skýrt og greinilega en gæti samt hófsemi í orðavali.

[14:24]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni, þess var ekki að vænta að svör kæmu frá mér enda eru svörin í samræmi við spurningarnar. Þegar spurningarnar og munnsöfnuðurinn er eins og var í síðustu ræðu hv. þingmanns þá er þetta á þá bókina lært.

Hitt er þó alveg rétt hjá honum að það eru ekki alltaf fræðin sem skipta öllu máli og ekki alltaf það sem dugir best. En í flestum tilfellum hjálpar það þegar verið er að reyna að komast að flóknum niðurstöðum. (Gripið fram í.)

[14:25]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Hæstv. utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, sagði í ræðu hér fyrr í dag að nú dygði ekki að einangra sig. Við yrðum að opna allar gáttir. Við þyrftum á öðrum að halda. Undir það vil ég taka. Spurningin er hins vegar hvar við leitum okkur vina.

Við gagnrýndum það í upphafi þeirrar miklu kreppu sem við stöndum frammi fyrir að ríkisstjórnin sýndi ekki meiri eindrægni í leit að aðstoð hjá okkur vinveittum aðilum og þá áður en leitað var til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem síðan hefur stillt okkur upp í þá nauðung sem við nú stöndum frammi fyrir. Því það var vitað að þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kæmi á vettvang yrði hans fyrsta verkefni að tryggja skyldur okkar gagnvart hinu alþjóðlega fjármálakerfi samkvæmt þeim formúlum sem hann hefur upp á vasann. Og það eru ekki formúlur sem eru hagfelldar almenningi. Það hefur hann sýnt þar sem hann hefur komið við sögu, hvort sem það er í Evrópu, Suður-Ameríku eða annars staðar. Nú hefur honum tekist það ætlunarverk sitt að láta okkur knékrjúpa fyrir Bretum og öðrum aðilum án þess að við létum reyna á samningsforsendur sem væru Íslendingum hagfelldar.

Núna þegar verið er að hlaða skuldaklyfjunum á skattgreiðendur, ekki bara í núinu heldur á ungar axlir upprennandi kynslóðar, standa þau hér formaður Sjálfstæðisflokksins og formaður Samfylkingarinnar og óska hvort öðru til hamingju. Það hafa stjórnarliðar einnig gert hver af öðrum. Þeir óska hver öðrum til hamingju. Um leið og þeir keyra vextina upp þannig að hvorki fyrirtæki né heimili fá undir þeim risið þá standa þeir á Alþingi og óska hver öðrum til hamingju.

Þetta var gáttin sem Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn byrjuðu á að opna til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. En ég spyr: Á hvaða vinum þurfum við fyrst og fremst að halda? Á hverjum þurfum við fyrst og fremst að halda? Er það ekki hvert öðru? Þurfum við ekki á þjóðarsamstöðu að halda? Þarf ekki ríkisstjórnin á því að halda að hafa góða samvinnu við íslensku þjóðina? Er það ekki þangað sem hún á fyrst að horfa? En hvað gerir hún? Hún gengur ekki bara á bak við Alþingi heldur þjóðina þegar hún gengur frá skuldbindingum sínum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Hún neitar að upplýsa þjóðina um þær forsendur sem hún er reiðubúin að leggja til grundvallar. Og ég gef ekkert fyrir það, ekki neitt, að hún hafi ekki haft til þess leyfi eða getað tekið til sín réttinn að ræða við Íslendinga og ræða á Alþingi Íslendinga hvaða forsendur við gætum hugsað okkur að leggja til grundvallar ef við á annað borð leituðum til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það er einfaldlega ósatt að hún hafi ekki getað gert það. Það var hennar val að fara á bak við þjóðina í þessu efni.

Hæstv. utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, sagði að við byggjum við mikla aðgerðastjórn. Öðru máli gegndi um stjórnarandstöðuna, sérstaklega Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Hún hefði ekki teflt fram neinum tillögum. Það hefði ríkisstjórnin gert og orðum hefðu fylgt athafnir. Við höfum séð þær. Við höfum séð vextina æða upp eins og dæmin sanna. Stýrivextir voru samkvæmt þessu plaggi og samþykki ríkisstjórnarinnar færðir upp um 50% sem skilar sér strax inn í dráttarvexti og sem skilar sér strax inn í allt vaxtakerfið í landinu með hrikalegum afleiðingum fyrir skuldsett heimili og skuldsett fyrirtæki. Þetta er það sem ríkisstjórnin hefur gert.

Hún hefur gert meira. Hún hefur dustað rykið af gömlum tillögum, gömlum lögum og reglugerðum frá níunda áratugnum sem ganga allar út á það að lengja í hengingarólinni. Engin þeirra gengur út á það að létta hinar raunverulegu klyfjar eða draga úr þeim. Fyrst og fremst er verið að skjóta vandanum á frest. Ekkert annað.

Hvað höfum við gert? Í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum við sett fram tillögu um að færa vextina niður með handafli, með lögum. Að leggja við því bann að vextir ofan á verðtryggð lán verði hærri en 2%. Hvar eru þeir núna? Þeir voru 5,4% á húsnæðislánum alla vega fyrir fáeinum dögum. Ef við færum okkar leið værum við að draga verulega úr byrðum skuldugra heimila. Út á það ganga tillögur okkar.

Nú eru þau boð látin út ganga fyrir stofnanir í velferðarþjónustunni, þar á meðal til sjúkrahúsa landsins, að þau eigi að skera niður um 10%. Þetta eru tillögurnar sem Samfylkingin er að monta sig af og hafa m.a. leitt til þess að skurðstofunni í Keflavík hefur verið lokað og þrengt að fæðingardeildinni þar. Gott ef ekki á að loka henni líka. Rúðustrikaður niðurskurður. Þetta er ríkisstjórnin sem talar um að við þurfum á vinum að halda og að við þurfum á því að halda að opna allar gáttir. En þetta er framkoman gagnvart íslenskri þjóð. Tillögur okkar ganga út á samráð við starfsfólk í velferðarþjónustunni og samráð við verkalýðshreyfinguna um það hvernig við bregðumst við í þeim mikla vanda sem blasir við.

Hæstv. fjármálaráðherra kom hér í pontu fyrir stundu. Hann sagði að þetta væri mikilvæg umræða. Mikilvæg umræða? Í 24. lið plaggsins sem liggur hér fyrir segir, með leyfi forseta:

„Hrun bankakerfisins hefur leitt af sér talsverða þörf fyrir erlent lánsfé. Við gerum ráð fyrir að þessi þörf sé 24 milljarðar bandaríkjadala á tímabilinu til loka ársins 2010. Þar af eru um 19 milljarðar vanskil vegna skulda yfirteknu bankanna þriggja, svo og fjármagn til að gera upp nauðsynlegar greiðslur tengdar erlendum innstæðum, en afgangur-

inn er sjóðsþörf að fjárhæð 5 milljarðar bandaríkjadala.“

Er mikilvægt að við tökum þessa umræðu á Alþingi núna eftir að plaggið hefur verið sent frá okkur? Eftir að búið er að leggjast á hnén gagnvart erlendum lánardrottnum leyfir hæstv. fjármálaráðherra sér að koma hér í pontu og segja við Alþingi: Það er tímabært að fara að spjalla um þetta við ykkur. Hvers konar alvöruleysi er þetta? Munið þið þegar bankarnir voru einkavæddir á tíunda áratugnum og síðan seldir 2002 eða 2003? Þá var sagt að það væri úrelt og gamaldags að reka banka. Þeir ættu ekki að vera á vegum samfélagsins. Við sögðum að þegar á reyndi þá væru þeir á vegum samfélagsins. Það yrði að axla byrðarnar ef fjármálakerfið hryndi og nú er það að gerast. Og nú vill þjóðin, sem á að axla þessar byrðar, koma að því máli á annan hátt en ríkisstjórnin býður upp á.

Hæstv. forsætisráðherra segir að það hafi vakið athygli sína að erlendis njóti ríkisstjórn Íslands trausts. Ég er nýkominn að utan. Í breska Verkamannaflokknum, þar sem ég flutti ávarp fyrir nokkrum dögum, og (Forseti hringir.) hjá norrænu verkalýðshreyfingunni, þar sem ég sat fund í vikunni, spyrja allir: Hvernig í ósköpunum stendur á því að ríkisstjórnin, sem ber ábyrgð á því hvernig komið er, hefur ekki sagt af sér? (Forseti hringir.) Svo segir hæstv. forsætisráðherra að við njótum svo mikils trausts erlendis. Hvers vegna er Austurvöllur fullur af fólki laugardag eftir laugardag? Hvers vegna er verið að halda fundi um allt land (Forseti hringir.) til að krefjast þess að ríkisstjórnin fari frá og efnt verði til kosninga í landinu? Það er vegna (Forseti hringir.) þess að hún nýtur einskis trausts og á að fara frá.

[14:36]

Forseti (Þuríður Backman):

Ég bið hv. þingmenn að virða tímamörk.

[14:36]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram. Eftir að ég talaði í henni fyrr í morgun kom hér þingmaður og var miður sín vegna þeirra orða sem frá mér féllu og vegna þess að ég skyldi sem stjórnarþingmaður leyfa mér að spyrja hæstv. forsætisráðherra spurninga.

Ég vil af því tilefni upplýsa hv. þingflokksformann Framsóknarflokksins að það er sjálfsagt og eðlilegt að kjörnir fulltrúar á Alþingi Íslendinga spyrji spurninga. Við hljótum að læra af þeim áratug sem núna er liðinn, áratug gagnrýnisleysisins sem á sannarlega stóran þátt í því hvert við erum komin, að þurfa að endurskoða afstöðu okkar til umræðna og umfjöllunar hér á Alþingi, skerpa á umræðum okkar, á gagnrýni okkar og á því að spyrja þeirra spurninga sem á okkur brenna og vera við það algerlega ófeimin. Sú umræðuhefð sem hér hefur þróast á undanförnum áratug hefur sannarlega ekki reynst vera okkur sem samfélagi til framdráttar.

Á undanförnum vikum hefur hins vegar verið full ástæða til þess fyrir alla ábyrga menn að gæta hófs í umfjöllun um það sem gerst hefur. Ástæðan hefur auðvitað verið sú að hér hefur verið farinn leiðangur, land úr landi, í því skyni að afla nauðsynlegs lánsfjár, neyðarláns fyrir landið, fyrir samfélagið til þess að hér sé hægt að koma hjólum atvinnulífsins af stað aftur og hægt verði að ráðast í aðgerðir til þess að bjarga heimilunum. Meðan að á þeim leiðangri stóð var sjálfsagt og eðlilegt að menn reyndu almennt að halda aftur af sér í umfjöllun um það sem gerst hefur. En nú er það sem betur fer í höfn. Það er fengin aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og við getum horft fram á veginn um það með hvaða hætti við getum farið að byggja okkur upp úr því sem gerst hefur. En þá verðum við líka að ræða það af hreinskilni og af heiðarleika með hvaða hætti við þurfum að standa þar að málum. Vegna þess að það sem við höfum nú fengið eru gríðarlegir fjármunir frá alþjóðasamfélaginu og frá vinaþjóðum okkar og viðskiptaþjóðum og þeir fjármunir eru allir fengnir að láni. Þau lán eru tekin ofan á þá gríðarlegu skuldsetningu sem þegar er orðin og ofan á þann mikla hallarekstur sem fyrirsjáanlegur er á ríkissjóði á næstu mánuðum og árum.

Það er þess vegna algjört úrslitaatriði fyrir farsæld okkar að það verði haldið vel á þeim fjármunum sem við nú höfum fengið, að gætt verði að trúverðugleika okkar og trausti í hvívetna og að þeir sem fyrir því fari séu hafnir yfir efasemdir og gagnrýni, séu færustu fagmenn sem við höfum á þessu sviði en ekki þeir sem sífellt efna til deilna og reyna að grafa undan trúverðugleika íslensks samfélags. Við þurfum þess vegna að ræða það hverjum við viljum treysta fyrir þeim fjármunum sem hér er um að ræða, líka vegna þess að þegar við skoðum það með hvaða hætti aðrar þjóðir sem lent hafa í sömu stöðu, með hvaða hætti þær hafa brugðist við þá komumst við að því að því miður hafa ýmis ríki orðið fyrir því að gera aftur mistök, eftir að hafa fengið aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Að lenda aftur í vanda, jafnvel oftar en einu sinni og skuldsetja sig sífellt meir og það ekki síst þegar menn hafa, eftir að hafa brotlent, ofmetið stöðu sína og reynt í framhaldinu að halda uppi óraunhæfu verði á gjaldmiðli sínum. Við þær aðstæður, þegar menn hafa brotlent hagkerfi og allt fé leitar út úr því sem leitað getur, þá hefur aðstoðin einfaldlega á örskömmum tíma sogast út.

Ég held að þær umræður sem hér hafa farið fram af hálfu þingmanna úr öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi og lesa má um í frumvörpum frá a.m.k. þremur ef ekki fjórum af stjórnmálaflokkunum sem sitja á Alþingi, um nauðsynina á faglegri forustu í þessum efnum, sé eðlileg og sjálfsögð og það sé nauðsynlegt fyrir okkur að ræða það grundvallarskilyrði fyrir því að fara í þessa vegferð einmitt núna á þessum tímapunkti.

Við eigum hins vegar að vera ánægð og þakklát fyrir að hafa notið þessa stuðnings í þeirri stöðu sem við erum í. Hann mun skipta gríðarlega miklu máli á næstu mánuðum og missirum í uppbyggingarstarfinu hér í landi í því verkefni að verja atvinnufyrirtækin í landinu eftir fremsta megni og í því verkefni að reyna að lágmarka skaðann af því tjóni sem við höfum orðið fyrir sem þjóð.

Ég held að með samstilltu átaki séu okkur vegir færir í því. En það er þá algerlega nauðsynlegt að við horfumst í augu við stöðu okkar, að við ræðum hana af hreinskilni og segjum ekki bara að það megi ekki í orðræðu draga undan trúverðugleika okkar af því menn lesi um það í útlöndum. Við verðum að marka skýra stefnu um það með hvaða hætti

þessir fjármunir verði nýttir á næstu árum til uppbyggingarstarfs.

[14:43]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Það er fróðlegt að fylgjast með því sem talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa lagt fram vegna þeirrar þingsályktunartillögu sem hér er til umræðu, um að leiða til lykta ákvörðun um fjárhagslega fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem í sjálfu sér er með þeim hætti að fæstir draga í efa þörfina á að sú fyrirgreiðsla verði fengin og nauðsyn þess. En í fylgiskjölum sem fylgja þingsályktunartillögunni og því sem hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra sögðu um málið er talað um að þetta sé byggt á ákveðnum forsendum, m.a. að hrinda eigi í framkvæmd metnaðarfullri áætlun í ríkisfjármálum, talað er um að tryggja stöðugleika krónunnar og fleira er talað um í þessu sambandi. Eftir að hafa hlustað á það sem þarna var sagt og á brigslyrði, hugmyndir og skoðanir um hvað hafi valdið því að við erum lent í þeim ógöngum sem við erum þar sem talsmenn ríkisstjórnarinnar og bankastjóri Seðlabankans hafa fundið þá blóraböggla sem um er að ræða, þá er mjög fróðlegt að sjá hvað aðrir segja um málið. Það er mjög fróðlegt að lesa hvað stendur í því plaggi sem kemur frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hvaða skuldbindingar og skilyrði eru fyrir þeirri lánveitingu sem hér um ræðir, hvers vegna það efnahagshrun hefur orðið sem við stöndum nú frammi fyrir sem staðreynd. Þar er heldur betur annað upp á teningnum en það sem hæstv. forsætisráðherra og utanríkisráðherra og talsmenn ríkisstjórnarinnar tala um.

Svo vísað sé til þess sem fjallað er um hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þá segir m.a. að þrýstingur á alþjóðlegum mörkuðum og vantraust á fjármálakerfi Íslands í október 2008 hafi leitt til hruns þriggja stærstu banka landsins. Hvað þýðir þetta? Það er ekki verið að segja að íslensku bankarnir hafi staðið svo illa að það hafi í raun verið orsök þeirra efnahagsvandræða sem við lentum í. Nei, það sem kemur fram hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er að það hafi verið þrýstingur á alþjóðlegum mörkuðum og vantraust á fjármálakerfi Íslands.

Þá spyr ég: Hver ber höfuðábyrgðina á því að vantraust myndast á fjármálakerfi heils lands? Getur verið um nokkurn annan að ræða en ríkisstjórn landsins og þá bankastjórn Seðlabanka Íslands sem á að tryggja fjármálalegan stöðugleika?

Í þessu sambandi segir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn einnig að um nokkurt árabil hafi byggst upp margvíslegt efnahagslegt misræmi og íslenskt efnahagslíf hafi verið viðkvæmt fyrir utanaðkomandi áföllum. Ekki er sagt, eins og látið er í veðri vaka af talsmönnum ríkisstjórnarinnar, að allt í einu hafi komið skyndileg holskefla erlendis frá, heldur að þessi vandamál hafi verið að byggjast upp um langt árabil. Hverjum er um að kenna? Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er ekki í vafa um að þar er ríkisstjórninni og Seðlabankanum um að kenna. Nú er verið að tala um að veita ákveðna lánafyrirgreiðslu og þá telja þessir strandkafteinar, að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að allir aðrir en þeir beri ábyrgð á þeim vandamálum sem íslenskt fjármálakerfi er komið í.

Virðulegi forseti. Mér finnst ábyrgðarhluti, á sama tíma og ég tel nauðsynlegt að við fáum þá lánafyrirgreiðslu sem verið er að tala um frá vinaþjóðum okkar, að ætla að fela sömu ríkisstjórn og sömu bankastjórn Seðlabanka að höndla með málin áfram, að fara áfram með það viðkvæma fjöregg sem þjóðin stendur frammi fyrir að verður að varðveita svo það brotni ekki. Því miður treysti ég hvorki ríkisstjórninni né bankastjórn Seðlabankans til að fara að með þeim hætti að gætt sé fyllsta öryggis eða að velja skynsamlegustu leiðina fram á við til hagsbóta fyrir íslenska þjóð. Ég segi því miður, af því að nú ríður virkilega á að tekið sé vel á og að vaskt fólk leiði þjóðina áfram. Þjóðin þarf á því að halda.

Fleira kemur fram hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í 14. lið áætlunar sem hæstv. fjármálaráðherra og seðlabankastjóri skrifa undir og er fylgiskjal með þeirri þingsályktunartillögu sem hér er til umræðu er talað um að hrinda í framkvæmd metnaðarfullri áætlun í ríkisfjármálum. Hvað segir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn um það? Hann segir einfaldlega að hann muni leyfa halla á ríkissjóði árið 2009 en árið 2010 komi það ekki til greina. Þannig að annaðhvort verður að koma til gríðarlegur niðurskurður ríkisútgjalda eða gríðarlegar skattahækkanir.

Þetta er nú eitthvað annað en metnaðarfull áætlun í ríkisfjármálum. Hér er verið að boða gríðarlegar skattahækkanir eða verulegan niðurskurð í útgjöldum ríkisins, óumflýjanlegan niðurskurð. Þetta er sú staðreynd sem verið er að tala um og við stöndum frammi fyrir og það sem við erum í raun að skrifa undir og horfa fram á.

Ég spyr, virðulegi forseti: Hvernig í ósköpunum stendur á því að talsmenn ríkisstjórnarinnar segja þingi og þjóð ekki satt um hvaða skuldbindingar og hvaða áætlanir eru í gangi og eru fram undan? Af hverju ekki? Mér finnst alvarlegt að þannig skuli vera farið að.

Þá er talað um að tryggja stöðugleika krónunnar sem aldrei hefur verið hægt að tryggja á undanförnum árum. Hvernig á að vera hægt að tryggja stöðugleika krónu sem byggist á markaðsgengi minnsta myntkerfis heims eftir þær efnahagslegu hremmingar sem við höfum lent í þegar ekki tókst betur til en svo á meðan við vorum samkvæmt því sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins héldu lengi fram ríkasta þjóð í heimi?

Síðan á að styðja sig áfram við hækju verðtryggingarinnar sem er að sliga heimilin í landinu. Það er gjörsamlega óásættanlegt, virðulegi forseti, við þessar aðstæður að ekki sé gefið upp á nýtt og þjóðfélagið núllstillt í staðinn fyrir að láta skuldsetta einstaklinga bera allar byrðarnar. Ég ætla bara að benda mönnum á örlítið dæmi sem sýnir hvers konar rugl er í gangi með því að ætla að viðhalda verðtryggingu.

Ef við tökum 10 millj. kr. lán til 40 ára óverðtryggt með 20% vöxtum þá er heildargreiðslan af því eftir 40 ár 50 milljónir. En ef lánið er með 6,5% vöxtum verðtryggt til 40 ára og verðbólgan er 13,6%, sem er lægri verðbólga en nú er, hver er þá endurgreiðslutala lántakandans? Ég skal segja ykkur það. Af 10 milljónum sem viðkomandi fær lánaðar þarf hann að greiða til baka 930 milljónir af því að verðtryggingarkerfið er svo óréttlátt að það leggst alltaf ofan á og bætist við höfuðstólinn. Það þarf ekki annað dæmi til að

sýna hvers konar rugl og bull það er að ætla að hafa gjaldmiðil sem verður að styðja sig við þessa hækju sem getur aldrei orðið annað en heimilunum um megn. Það verður að tryggja eðlileg lánakjör í landinu með sambærilegum hætti og gerist í nágrannalöndum okkar.

Alvarlegasti hlutur sem getur gerst í einu þjóðfélagi er þegar venjulegt fólk snýr lyklinum í skránni heima hjá sér og afhendir lánardrottnunum og segir: Ég get ekki meir. Eru lánardrottnarnir betur settir? Hvar eru þá lífeyrissjóðirnir og Alþýðusamband Íslands sem virðist ætla að bregðast gjörsamlega venjulegu fólki í landinu? Eru menn eitthvað betur settir með það að fólk geti ekki greitt skuldir sínar? Ónei, ónei.

Það þarf metnaðarfulla áætlun í ríkisfjármálum og peningamálum en sú áætlun liggur ekki fyrir hér, virðulegi forseti. Það þarf annað fólk í Seðlabankann og annað fólk í ríkisstjórnina og við þurfum kosningar strax.

[14:53]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í tillögunni felst að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá sjóðnum á grundvelli þeirrar viljayfirlýsingar sem fylgir tillögunni.

Það er eðlilegt að menn fari um víðan völl í umræðunni um þingsályktunartillöguna, rifji upp aðdraganda þeirrar stöðu sem við erum komin í, lýsi skoðunum sínum á því hvar ábyrgðin hvíli og komi fram með hugmyndir um hvernig úr eigi að spila.

Ég tel mikilvægt í tilefni af þessu þingmáli sérstaklega að við ræðum um þær efnahagslegu aðgerðir sem hvíla að baki lánsumsókninni og ég vil byrja á að segja að ég tel að við höfum ekki verið í neinni stöðu til annars en að sækjast eftir láni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Nægir í því efni að vísa til þess langa tímabils sem við höfum sóst eftir láni hjá vinaríkjum okkar og bandamönnum. Reyndar vorum við farin að þvælast að því er virðist heiminn á enda og kannski farið nokkra hringi um hnöttinn í leit að stuðningi til þess að efla gjaldeyrisvaraforðann og forða því hruni krónunnar sem síðar varð.

Hér er komin fram áætlun um hvernig við getum að nýju stóreflt gjaldeyrisvaraforðann þannig að hann verði stærri en hann hefur nokkru sinni fyrr verið og megintilgangur þeirrar áætlunar sem hér er verið að tefla fram er einmitt sá, eins og segir í tillögunni, að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar með markvissum og öflugum aðgerðum. Ég tel að samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í þessu efni sé gríðarlega mikilvægt, ég tel að það sé algjörlega bráðnauðsynlegt að stórefla gjaldeyrisvaraforðann eins og til stendur, og eins og fram hefur komið munu fylgja þessari lánveitingu lán annars staðar frá allt að 3 milljörðum dollara.

Við getum síðan rætt um það í sjálfu sér hvernig með eigi að fara í framhaldinu. Hvernig við getum best tryggt að gengi krónunnar náist stöðugt og hvernig við getum fengið að nýju styrk í krónuna en ef við horfum á sögulegt raungengi hennar er auðvitað augljóst að það er allt of veikt og í engu samræmi við það sem það hefur verið, ekki bara undanfarin nokkur ár heldur miklu lengra aftur í tímann. Það er augljóst að þegar jafnvægi næst að nýju í þjóðarbúskapinn mun krónan styrkjast. Til þess að stytta það tímabil sem það tekur að ná þessu jafnvægi að nýju er gríðarlega mikilvægt að vera með trúverðug tól, öflugur gjaldeyrisvaraforði er augljóslega það mikilvægasta, samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til þess að sækjast eftir öðrum lánum er líka gríðarlega mikilvægt. Aðrar aðgerðir hafa verið kynntar. Ég tek undir með hverjum þeim sem kvartar undan háu vaxtastigi. Því er hins vegar ekki að leyna að það kann að þurfa að grípa til slíkra ráðstafana til viðbótar við hið fyrrnefnda og þar að auki að grípa til hafta á frjálsu flæði fjármagns til að áætlanir um að ná styrk í gjaldmiðilinn nái fram að ganga. Ég vil kannski ljúka þessum þætti máls míns um mikilvægi þess að styrkja gengi krónunnar á því að segja að það er ekkert eitt sem stjórnvöld geta gert í þeirri stöðu sem nú er uppi til aðstoðar fyrirtækjum og fjölskyldum í landinu sem skiptir meira máli en einmitt þetta, að koma jafnvægi á gjaldmiðilinn og styrkja gengi íslensku krónunnar. Það mun þegar fram í sækir hamla verðbólgu, ná henni niður og við vitum að vextir munu þá lækka hratt í kjölfarið.

Í viljayfirlýsingunni er farið í einum 27 liðum yfir áform íslenskra stjórnvalda og ekki er tími til þess hér að fara yfir alla þá þætti sem þar er fjallað um. Mig langar til að gera að umtalsefni aðdraganda þess að lán þetta var veitt af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þá staðreynd að aðrar þjóðir sem aðild eiga að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum tóku umsókn okkar í raun í gíslingu vegna óskyldra mála. (**Gripið fram í:** Hvaða þjóðir?) Það hefur komið fram í samskiptum okkar við Evrópusambandsþjóðirnar að þær gerðu það að skilyrði fyrir jákvæðri afgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, gerðu það að skilyrði fyrir stuðningi sínum við lánsumsókn okkar að deilum okkar við viðkomandi ríki í Evrópusambandinu vegna innlána á Evrópska efnahagssvæðinu yrði komið í traustan farveg áður en lánsumsóknin yrði afgreidd.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér finnst þetta ekki bara hafa verið óheppilegt, mér finnst þetta hafa verið fullkomlega óásættanlegt og gríðarlega mikill álitshnekkir fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn vegna þess að með þessu var íslenskum stjórnvöldum stillt upp við vegg í þeirri erfiðu stöðu sem við vorum og hægt er að færa gild rök fyrir því að þetta hefur beinlínis haft í för með sér mikið tjón fyrir okkur, þær vikur sem töpuðust, vegna þess að málið var tekið með þessum hætti í gíslingu. Og ef maður ætti að fjalla aðeins í þessu sambandi um efni þeirrar deilu sem þarna var um að ræða snerist hún auðvitað um það innstæðutryggingakerfi sem komið hefur verið upp af Evrópska efnahagssvæðinu, sem er meingallað. Evrópusambandsþjóðirnar þorðu ekki að horfast í augu við það þó að þær hafi nú í millitíðinni ákveðið að tefla fram hugmyndum um að stórefla það kerfi, m.a. með því að fara með lágmarkstrygginguna upp í 100 þúsund evrur úr þeim 20 þúsund evrum sem gilda í dag. Þær hafa líka teflt fram hugmyndum um að afnema það sem við getum kallað ákveðna sjálfsábyrgð í kerfinu og eru einnig með hugmyndir um að fá algera einsleitni í kerfið á milli landa. Reyndar hefur

ekki enn komið upp hugmyndin um að tengja innstæður tryggingasjóðanna saman, sem að mínu áliti væri eina vitið að gera, til að það væri í raun samtrygging á milli kerfanna á þessum sameiginlega innra markaði sem gengur út á það að fella niður landamæri í viðskiptum og tryggja frjálst flæði fjármagns, þjónustu og heimila bönkum að starfa þvert yfir landamæri og sækja þangað innlán. Ég tel að við höfum í þessari deilu á endanum ekki átt margra annarra kosta völ en að setja málið í þann farveg sem það er komið í í dag en þar vorum við að mínu áliti höfð undir og staðreyndin er sú að Evrópusambandið, hin Evrópusambandsríkin, samherjar okkar á Evrópska efnahagssvæðinu höfðu einfaldlega ekki efni á því að sú niðurstaða fengist í það mál sem við vildum að yrði.

Því má reyndar líka halda fram að við Íslendingar sem þjóð hefðum ekki heldur haft efni á því að tapa í einu og öllu þeim málsástæðum sem við tefldum fram í þessari deilu og þess vegna má segja að það hafi verið skynsamlegt að færa þetta í þann samningaferil sem orðið hefur. Eftir situr að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og umsókn okkar þangað var tekin í gíslingu í millitíðinni. Það finnst mér hafa verið stóralvarlegt mál og eitthvað sem er mjög til umhugsunar í tengslum við þann sjóð sem helst hefur verið gagnrýndur af þeim sem mest hafa þurft á aðstoð þar að halda í gegnum tíðina.

Ég vil að lokum segja að það koma til með að verða erfiðir tímar í ríkisfjármálunum fram undan við að ná að halda ríkisútgjöldum niðri, við þurfum að fara í verulega mikinn niðurskurð. Ég held að það sé rétt stefna að reyna að halda í mannaflsfrekar framkvæmdir en við munum þurfa að skera niður rekstrarkostnað þar sem það er hægt. Ef rétt verður á spilum haldið munum við að nýju ná jafnvægi í hagkerfinu, ná hagvexti innan fárra ára og jafnvel afgangi á ríkisfjárlögum (Forseti hringir.) innan fimm ára ef samstaða næst um þær nauðsynlegu aðgerðir sem grípa þarf til.

[15:03]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum hér býsna dýrkeypt lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, lán upp á um fimm milljarða dollara sem við þurfum að borga fyrir allt að 660 milljarða kr. ef ekkert kemur á móti Icesave-kröfunum. Mig undrar svolítið það orðaval sem hv. þm. og formaður utanríkismálanefndar, Bjarni Benediktsson, viðhafði áðan. Hann talar eins og það sé búið að koma Icesave-málinu í eitthvert samningaferli.

Er það ekki rétt skilið hjá mér, hv. þingmaður, að niðurstaða er fengin en það er ekkert samningaferli? Við Íslendingar, ríkisstjórnin hefur með því að skrifa undir 9. grein í því þingskjali sem hér um ræðir fallist á kröfu Evrópusambandsins fyrir hönd Breta og Hollendinga að greiða, að standa fyrir ábyrgð á þeim 20 þúsund evrum sem krafan er um í tryggingalánakerfinu. Þetta er enginn samningaferill heldur er þetta bein niðurstaða. Mig langar til þess að fá svar við þeirri spurningu hjá hv. þingmanni.

Ég lít þannig á að við getum í rauninni ekki látið á það reyna fyrir dómstólum hvort tryggingasjóðurinn sem slíkur á að duga eða hvort það er í rauninni ríkið og skattgreiðendur sem eiga að greiða þetta. Það var sú krafa sem ég hélt að væri gerð og þau lögmætu rök sem uppi voru höfð en síðan virðist mér að nú hafi verið fallið frá þeim.

[15:05]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held ég verði að svara fyrirspurninni þannig að það hefur tekist samkomulag sem byggir á ákveðnum forsendum. Það byggir í fyrsta lagi á þeirri forsendu að viðkomandi tilskipun hafi sama gildi á Íslandi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, sem að mínu áliti er reyndar sjálfgefinn hlutur. Það segir líka að íslenska ríkisstjórnin muni rísa undir þeim ábyrgðum sem á henni hvíla á grundvelli tilskipunarinnar, segir ekki meira en það og það finnst mér líka upp að vissu marki vera sjálfgefið að við mundum í öllu falli gera.

Síðan segir að í þeim viðræðum sem fylgja í kjölfarið muni verða tekið tillit til þeirrar erfiðu efnahagslegu stöðu sem upp er komin á Íslandi og það er skuldbinding af hálfu Evrópusambandsríkjanna um að koma til móts við okkur vegna þeirrar stöðu, aðstoða okkur við að koma bankakerfinu á fót að nýju og hjólum hagkerfisins, getum við sagt. Ég lít því þannig á að það eigi enn eftir að takast samningar um nánari útfærslu á þessu samkomulagi en það má segja að ramminn sé nú þegar kominn.

[15:07]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eðlilegt að menn skilji það sem hér er lagt á borð og ræði sínum skilningnum hver, vegna þess að við sem hér erum í stjórnarandstöðu höfum fengið afskaplega lítið að vita um hvað til stendur.

Ég hafði skilið þau orð sem er að finna í 9. gr. um forfjármögnun í þessu skyni sem ákvæði um lán, að til þess að standa skil á þeim 640–660 milljörðum kr., sem við erum að gangast í ábyrgð fyrir, höfum við tvennt: Annars vegar höfum við þær eignir sem kunna að reynast enn í fórum Landsbankans til þess að setja upp í þetta og hins vegar ætlum við að slá lán fyrir restinni með þessari tilteknu forfjármögnun. Þannig hafði ég skilið þetta. Nú kemur hér hv. þingmaður og segir að það sé ýmislegt fleira, þeir ætli að hjálpa okkur að koma bankakerfinu á lappirnar og allt það.

Ég verð bara að segja það hreint út að ég tel að með þessum gjörningi hafi ríkisstjórnin beygt sig í duftið fyrir tvöföldu valdi, bæði valdinu í Brussel og valdinu hjá IMF. Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann hvort það hafi þó áunnist í þessu ferli að hryðjuverkaákvæðinu, hryðjuverkastimplinum á Landsbankann og þar með íslenska ríkið, hafi verið aflétt. Er hann farinn af heimasíðu hjá þeim í Bretlandi? Ég á enn eftir að sannreyna það.

[15:09]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ekki kunnugt um þetta síðarnefnda hvort það sé þannig á heimasíðu fjármálaráðuneytisins í Bretlandi að það sé búið að afmá þetta svokallaða „freezing order“ eða kyrrsetningu eigna hvað viðvíkur Landsbankanum en mér finnst mjög líklegt að það verði gert, ef það er ekki þegar búið að gera það, innan fárra

daga, vegna þess samkomulags sem hér er rætt um.

Það sem ég held að skipti miklu máli fyrir okkur að skilja í samhengi við þetta samkomulag sem er að hluta til komið, þ.e. ramminn að því, en nánari útfærsla er eftir, t.d. það sem skiptir öllu fyrir okkur, þ.e. hver endurgreiðslan á ári verður vegna þeirra lána sem við munum mögulega þurfa að taka. Það hefur gríðarlega mikið að segja fyrir getu okkar til þess að standa undir verkefnum í velferðarkerfinu, til að standa undir framkvæmdum og til að standa undir samneyslunni. Í því samhengi held ég að það væri skynsamlegt að sækjast eftir því að endurgreiðslur okkar vegna þessara lána muni ekki nema nema einhverju tilteknu broti af þjóðarframleiðslunni á ári. Þannig væri í sjálfu sér skuldin sjálf til staðar en greiðslubyrðinni hagað til samræmis við það sem hagkerfið þolir. Þetta er eitt af því sem að mínu áliti kæmi til álita fyrir utan það að ég held að það væri skynsamlegt að hafa ákvæði í þessu samkomulagi um mögulega endurskoðun vegna þess að það er alveg hárrétt sem hv. þingmaður hefur bent á, hér er um gríðarlega háar fjárhæðir að ræða, óvissan er mikil um það hvernig okkur kemur til með að vegna í framtíðinni og ganga að greiða lánin til baka. Að mínu áliti er því nauðsynlegt að hafa glugga í slíku samkomulagi (Forseti hringir.) um mögulega endurskoðun síðar ef þær forsendur sem við erum að gefa okkur í dag bresta.

[15:11]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er vissulega mikilvægt í þessu sambandi öllu að hafa glugga og möguleika til að endurskoða þetta samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og þær skuldbindingar sem við erum að gangast undir.

Athugasemdir mínar voru á mjög svipuðu róli og hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur en ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann hafi upplýsingar um það hvort það hafi aldrei verið sá tímapunktur að til greina hafi komið eða verið vilji til þess hjá íslenskum stjórnvöldum að segja sig frá lánsumsókninni þegar í ljós kom hversu miklu ofbeldi Evrópusambandið, í gegnum Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, beitti okkur og með það í huga hversu dýrmætur tími fór í að ná því samkomulagi sem hér liggur fyrir. Kom það aldrei til greina að fara í kröftuga leit eða að leita til þeirra þjóða sem þá höfðu opnað glugga til okkar og látið í veðri vaka eða gefið í skyn að þær væru tilbúnar til þess að veita okkur lán, t.d. Kínverjar, Pólverjar og Rússar, og láta þá Alþjóðagjaldeyrissjóðinn bara flakka, svo maður tali bara hreint út, en þiggja eftir sem áður leiðbeiningar og ráðgjafarstuðning án þess að vera jafnskuldbundinn og við erum með því að taka lánið? Kom það aldrei til greina?

[15:13]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að það komi í sjálfu sér enn þá til greina að taka ekki lánið frá IMF. Hér erum við með tillögu til þingsályktunar þar sem ríkisstjórnin fer fram á það við þingið að fá heimild til þess að leiða þetta mál til lykta. Þannig er málið lagt fyrir þingið með þeim möguleika opnum að þingið taki ákvörðun um að styðja ekki áframhald þessa máls og þá endar það einfaldlega á því að það verður ekki dregið á lánsloforðið sem við erum komin nú með í hendi.

Ég held hins vegar að úr því sem komið er og vegna þeirrar stöðu sem við erum í, væri mikið óráð að gera það. Ég held að það væri mikið óráð að taka þetta mál og setja það í nýjan farveg. Ég held að við eigum allt undir því núna að endurvekja traust og trúverðugleika á því sem við erum að vinna að og það væri síst til þess fallið að hverfa frá því fyrirkomulagi eða því verklagi sem mótast hefur hjá ríkisstjórninni, þeim ákvörðunum sem þegar hafa verið teknar og ætla að fara að reyna að bjarga sér á eigin vegum í þeim ólgusjó í alþjóðlegu tilliti sem nú er. Ég held að það væri óskynsamlegt og ég mun styðja þessa tillögu til þingsályktunar til þess að okkur takist að nýju að endurreisa hér stöðugleika og koma gengi krónunnar aftur í lag.

Ég held líka að við þurfum að horfa til þess að það er ekki sjálfgefið þó að við tökum þetta lán að peningunum verði öllum hent út í loftið eins og gefið er í skyn. Þessir peningar munu vera til staðar í gjaldeyrisvarasjóðnum, það þarf að gæta vel að því hvernig þeim er beitt og ef vel tekst til munum við geta notað stóran hluta af þeim sjóði sem þar (Forseti hringir.) myndast einmitt til að endurgreiða lánið til baka og vonandi tekst að ávaxta peninginn í millitíðinni.

[15:15]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni hreinskilin svör og sýn hans á málið. Ég tel að afar óheppilegt hafi verið að þetta mál skuli ekki hafa verið tekið upp á mánudaginn og þá með afbrigðum eða aukafundur settur á þriðjudaginn til að Alþingi færi yfir skilyrðin og kæmi þeim skilaboðum sem héðan eiga að koma til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins áður en gengið var frá samkomulaginu.

Við íslenska þjóðin verðum að skapa okkur traust bæði hér innan lands, Alþingi og stjórnvöld gagnvart almenningi og landið sem heild gagnvart umheiminum og öðrum ríkisstjórnum og þingum. Ég get vel skilið að það mundi rugga bátnum aftur ef við ryfum þetta samkomulag. Að sama skapi finnst mér mjög mikilvægt að Alþingi opni þennan glugga og setji þann fyrirvara að hægt sé að endurskoða ákvæðin hið allra fyrsta og þá vil ég sérstaklega horfa til kröfunnar um háa vexti. Þegar við tölum við fólk sem er úti í atvinnulífinu núna, alveg sama í hvaða grein, þá eru það háu vextirnir sem eru að drepa atvinnulífið í landinu. Í hverju einasta fyrirtæki og iðngrein er sagt: Ef vextir verða ekki lækkaðir á næstu dögum fara fyrirtækin fyrir áramótin.

Við verðum að hafa möguleika til þess að standa vörð um atvinnulífið, að hjólin stöðvist ekki. Það verður ekki gert því við fórnum atvinnulífinu í landinu ef við ætlum að halda þessum háu vöxtum áfram.

[15:17]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Til að ekki gæti misskilnings hef ég annars vegar verið að vísa í viljayfirlýsinguna sem fylgir þingsályktunartillögunni og hins vegar í samkomulagið sem er að takast á milli okkar og Evrópusambandsríkjanna um að setja deilur vegna innlánsreikninganna í ákveðinn farveg og ég held að við getum haft einhvern endurskoðunar-

glugga þar. En ég held að fyrirkomulagið verði öðruvísi með Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þar sem það verður eiginlega eins konar stöðugt samráð. Væntanlega munum við halda frelsi okkar í flestöllu þó að markmiðin þurfi að vera skýr, sameiginleg markmið um að ná niður halla á fjárlögum og rekstrarkostnaði ríkisins á sem skemmstum tíma.

Varðandi hitt atriðið sem nefnt var með vextina og stöðu fyrirtækjanna vil ég taka undir með hv. þingmanni, það skiptir okkur öllu að ná vöxtunum niður hratt. Til þess að geta gert það þarf verðbólgan að koma niður sem allra fyrst. Helsta forsenda þess að við náum verðbólgunni niður er að við náum einhverjum styrk í gengið að nýju vegna þess að einkaneyslan er hrunin á Íslandi, það er fyrst og fremst kostnaðarverðbólga á landinu í dag vegna innfluttra vara og það mun breytast jafnskjótt og styrkur kemst í gengið að nýju. Verðbólgan mun falla mjög hratt og þá koma vextirnir í kjölfarið. Þetta þarf að gerast sem allra fyrst og við eigum að beita öllum kröftum okkar til að þetta megi verða vegna þess að ella verður vandi fyrirtækjanna í landinu og reyndar heimilanna (Forseti hringir.) enn meiri en þegar er orðið og er nóg um.

[15:20]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Við Íslendingar erum stödd á skrýtnum stað að vera komin í prógramm hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og sá staður varð auðvitað ekki til úr neinu tómi. Allt frá 1991 hefur verið rekin hér mjög meðvituð pólitísk afskiptaleysisstefna í anda frjálshyggju og sá aldni seðlabankastjóri sem talaði í fyrradag og leit yfir sviðið og horfði á verk sín og var hissa á þeim þarf svo sem ekkert að undrast enda er ábyrgð hans rík sem forsætisráðherra hér frá 1991, maðurinn sem leiddi einkavæðingu bankanna.

Nú eru komin kaflaskil í þessa sögu okkar Íslendinga þegar við horfum á 24. gr. þessarar þingsályktunartillögu þar sem segir:

„Hrun bankakerfisins hefur leitt af sér talsverða þörf fyrir erlent lánsfé. Við gerum ráð fyrir að þessi þörf sé 24 milljarðar bandaríkjadala á tímabilinu til loka ársins 2010. Þar af eru um 19 milljarðar vanskil vegna skulda yfirteknu bankanna þriggja," og afgangurinn 5 milljarðar dala til að mæta sjóðsþörf.

Þessir fjármunir munu væntanlega verða nýttir til endurfjármögnunar bankanna en þetta eru stórar tölur og engin leið eftir, segja forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar. Þetta er eina leiðin sem við eigum færa, að fara í prógramm hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem löngum hefur verið þekktur sem kyndilberi frjálshyggjunnar í heiminum. Nú liggur efnahagsáætlunin fyrir sem ríkisstjórnin segist semja sjálf en þó á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem mér finnst sérkennilegt orðalag og ég velti því fyrir mér nákvæmlega hvað þau meina, en vænti þess svo sem ekki að fá svör.

Prógrammið er það sama og alltaf hjá þessum sjóði og ekki í neinu samræmi t.d. við aðgerðir annarra landa eins og Bandaríkjanna og Evrópuþjóða þar sem ríki hafa keppst við að lækka stýrivexti, reka ríkissjóð með halla til að geta örvað eftirspurn í hagkerfunum og haldið uppi atvinnustigi. Hér var farið í vaxtahækkun, þessa frægu vaxtahækkun sem ég lýsti nú efasemdum um þegar hún var til umræðu í almennri umræðu um efnahagsmál á dögunum. Hér hefur auðvitað lengi verið rekin hávaxtastefna og það er til marks um peningamálastefnu sem í raun hefur verið einhvers staðar úti í móa árum saman að hér hafa verðbólgumarkmið ekki náðst lengi og þau hafa verið sett 2,5%. Hér hafa vextir verið háir lengi og nú er búið að hækka þá enn og aftur í 18% og ég óttast að við sjáum ekki fyrir endann á því.

Hv. þingmaður sem á undan mér talaði, hv. þm. Bjarni Benediktsson ræddi það að hann vonaðist til þess að vextirnir mundu lækka en ég óttast að við sjáum ekki fyrir endann á því og ég horfi til reynslu annarra landa sem hafa farið í þetta prógramm. Ég er orðin dálítið hrædd um að ríkisstjórnin og Seðlabankinn séu föst í einhverju hjólfari, haldi uppi genginu og taki á verðbólgunni með aðferðum sem virka ekki endilega. Vissulega eiga þær að virka samkvæmt líkaninu sem ég veit að er stuðst við í þessum efnum en því miður höfum við reynsludæmi sem sýna annað.

Prógrammið er forsenda lánsins og hverjir eiga að fara með fjármunina? Jú, það er einmitt sami Seðlabankinn og hefur staðið að þrotinu, það er sama Fjármálaeftirlitið og gaf bönkunum heilbrigðisvottorð, liggur við í gær, og sama ríkisstjórnin undir forustu sama stjórnmálaflokks sem hefur verið svo lengi í stjórn að ég man eiginlega ekki eftir neinni stjórn sem ekki innihélt Sjálfstæðisflokkinn. Sama fólkið og kom okkur í þrot, fólk sem brást ekki við skuldsetningu þjóðarbúsins, fólk sem brást ekki við útbólgnun bankakerfis, fólk sem rak peningamálastefnu sem hefur verið úti í móa, eins og ég sagði áðan. Þetta fólk segir: Nú þurfum við á trausti að halda til að halda áfram að stjórna. En það bara hefur ekki traust. Ég er ansi hrædd um að það hafi ekki traust.

Við erum að fara inn í prógramm, hávaxtaprógramm, eins og ég nefndi áðan, sem atvinnulífið í landinu mun fara illa út úr. Það stendur ekki undir þessum háu vöxtum. Heimilin í landinu standa ekki undir þessum háu vöxtum. Ég held að eitt mikilvægasta verkefni þeirra sem nú halda um stjórnartaumana og þeirra sem munu taka við af þeim, vonandi fyrr en síðar, sé að halda uppi atvinnustigi í landinu.

Það er mjög mikilvægt að læra af reynslu annarra þjóða, að hluti af lánsfénu fari til þess að halda uppi atvinnustiginu. Lítum til Finna og reynslu þeirra þar sem atvinnuleysi, langtímaatvinnuleysi var í 20–30% árum saman í þrengingum þeirra, þegar þeir reyndu einmitt að spara sig út úr kreppunni, skera niður og spara. Hvaða áhrif hefur slíkt langtímaatvinnuleysi á eina þjóð?

Þá kem ég líka að því sem við köllum aðhald í opinberum fjármálum, eða er kallað það í þessari þingsályktunartillögu, og þar þykist ég þekkja handbragð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hefur farið víða um lönd.

Vergar skuldir hins opinbera munu auðvitað aukast og er reiknað með að þær verði 109% af landsframleiðslu í árslok 2009, sem þýðir auðvitað auknar byrðar á almenning og það er boðað að hinu opinbera verði settar verulegar skorður. Að sjálfsögðu verður skorið niður og búið að boða það nú þegar á fjárlögum þessa árs. Líklega verður ráðist í skattahækkanir og ætlast er til að við greiðum skuldirnar hratt og örugglega því að hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er auðvitað að gæta hagsmuna fjármagnseigenda um

heim allan og þeirra hagsmunir eru að sjálfsögðu að við borgum skuldirnar hratt þó að það bitni á innri samfélagsgerð okkar, þó að það bitni á velferðarkerfi okkar eða atvinnustigi.

Hvernig ætlum við að borga skuldirnar? Í 14. gr., með leyfi forseta, undir liðnum Hin metnaðarfulla áætlun um ríkisfjármál — gaman að tungumálinu — stendur:

„Sala á hlut ríkisins í nýju bönkunum getur lækkað skuldir hins opinbera verulega og dregið úr þörf fyrir aðhald í ríkisfjármálunum.“

Nú veit ég ekki hversu söluvænleg vara bankarnir verða orðnir. Vonandi munu þeir verða það en ég spyr: Hvað ætlum við að læra af öðrum löndum? Ég hef áður nefnt Norðmenn og Svía sem lentu í krísum sínum og ákváðu eftir það að ríkið ætti að eiga eignarhlut í stærstu bönkunum upp á þriðjung til að málin færu einmitt ekki eins og þau fóru hjá okkur, í þetta tóma tjón sem ég leyfi mér að kalla svo.

Verður kannski eitthvað fleira selt þó að ekki sé kveðið á um það, því að þetta er auðvitað svo gríðarleg skuldsetning? Ég velti fyrir mér hvað við eigum meira til að selja. Kannski orkuauðlindirnar, eigum við eftir að sjá stefnubreytingu í þeim efnum, allt til þess að hægt sé að halda áfram að reka hér kerfi sem lýtur lögmálum frjálshyggjunnar, því það er jú partur af prógramminu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum?

Ég efast ekkert um að við erum komin í þrönga og erfiða stöðu, en ég skil hins vegar mjög vel þá sem segja: Þurfum við virkilega lán með þessum skilmálum? Því þetta eru ansi harðir skilmálar fyrir íslenska þjóð. Ég skil ekki síður fólkið sem stendur í hverri viku úti á Austurvelli og mótmælir því að sama fólkið ætli að halda áfram að möndla með fjármuni almennings og hagsmuni almennings, sama fólkið og leyfði því að gerast að einkafyrirtæki keyrðu okkur í raun í þrot, þ.e. bankarnir okkar, glæstu útrásarvíkingarnir sem nú er búið að taka út úr titlinum á ævisögu forseta lýðveldisins af því að enginn vill lengur kannast við þá. Á þá var horft hér með velþóknun af þeirri ríkisstjórn eða þeim ríkisstjórnum sem hafa setið undir forsæti Sjálfstæðisflokks frá 1991 og nú sitjum við uppi með byrðarnar. Ég skil ósköp vel að fólk kalli eftir því að nú komi nýir aðilar til skjalanna til að fara með lánsfé, en ég kalla ekki síður eftir því að nýjar hugmyndir komi til skjalanna.

Hugmyndafræði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins smellur því miður eins og flís við rass þeirra stjórna sem hér hafa setið með frjálshyggjustefnu sína og því sé ég ekki fram á nokkra hugmyndafræðilega breytingu ef við göngum inn í þetta prógramm fremur en ég sé fram á nokkur mannaskipti, því að hér stritast fólk við að sitja, eins og sagt var í góðri Íslendingasögu, og ég sé ekki fram á að nokkur hugsi sér til hreyfings.

[15:30]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa málefnalegu og efnismiklu ræðu. Það vakti athygli mína að það ber nokkuð nýrra við hjá þessum fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en þegar maður hlustar á hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, formann hreyfingarinnar. Hér djarfaði fyrir gagnrýnni hugsun í garð Seðlabankans og varaformaður Vinstri grænna gagnrýndi verklag á þeim bænum. Meira hefur borið á því á undanförnum vikum að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tali eins og þar fari leiðtogi lífs hans þar sem er formaður bankastjórnar Seðlabankans. Guð láti gott á vita að ekki séu allir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði búnir að ákveða að ganga þann hörmungargang sem formaður flokksins hefur ákveðið að ganga (**Gripið fram í:** En Samfylkingin?) í eilífri afsökun (**Gripið fram í:** Það er Samfylkingin sem …) fyrir bankastjórn Seðlabankans og miðstjórn hennar. (**Gripið fram í:** Hver er í ríkisstjórn? Og styður Davíð þar?) Það hefur ekki skort á gagnrýni úr okkar ranni í garð (**Gripið fram í:** Gagnrýni? …) bankastjórnar Seðlabankans.

Hv. þm. Katrín Jakobsdóttir vakti athygli á að hætta væri á að menn ætluðu að spara sig út úr kreppunni. Nú vil ég vekja athygli á því að í 13. lið í áætluninni er gert ráð fyrir að sjálfvirk sveiflujöfnun ríkisfjármála verði látin virka til fulls á árinu 2009. Til að ekki verði aukið frekar á samdrátt verði fjárlagahalla leyft að aukast í takt við aukin útgjöld og lægri tekjur vegna hagsveiflunnar. Það er því alveg ljóst að ekki stendur til af hálfu ríkisstjórnarinnar að beita þeirri aðferðafræði sem þingmaðurinn óttast með réttu og yrði án efa, eins og hún bendir réttilega á, til að reyna að dýpka kreppuna og gera hana erfiðari og verri viðureignar.

[15:32]

Katrín Jakobsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. þessi fögru orð í minn garð. Ég leyfi mér þó að minna á orð míns ágæta formanns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem er bæði búinn að segja hér í þessari pontu og á öðrum opinberum vettvangi nákvæmlega það sama og ég sagði áðan, að hann telji ábyrgð bankastjórnar Seðlabanka, stjórnar Fjármálaeftirlits og þessarar ríkisstjórnar það mikla að þar eigi fólk að víkja, svo því sé til haga haldið í þessari umræðu.

Ég velti hins vegar fyrir mér hvort hinn ágæti þingmaður, sem vissulega nefndi að þingmenn Samfylkingar hefðu leyft sér að gagnrýna Seðlabankann — þá spyr ég: Munu aðgerðir fylgja orðum? Ætlar Samfylkingin að sitja lengi í ríkisstjórn sem styður bankastjórn Seðlabankans eins og hún er núna skipuð? Mér þætti vænt um að vita það því vissulega fór Samfylkingin í stjórn með Sjálfstæðisflokknum og gaf honum tækifæri á að sitja enn lengur við völd. Mér þætti vænt um að vita hvort Samfylkingin ætli áfram að halda Sjálfstæðisflokknum við völd.

Hvað varðar það sem hv. þingmaður nefndi um ríkisfjárlögin vil ég segja að þó að gert sé ráð fyrir ákveðnu svigrúmi á næsta ári er hins vegar reiknað með mjög hraðri niðurgreiðslu skulda sem gæti vissulega átt eftir að reyna mjög á samnefnsluna, velferðarkerfið og önnur ríkisútgjöld. Í liðunum á eftir er einmitt rætt um að það standi til, í lið 14 t.d., þar sem rætt er um fjárlög ársins 2010 og svo 2011. Ég hef líka áhyggjur af langtímaáætlunum og hvort við munum hafa nokkra möguleika á að endurskoða þessa skilmála eftir því sem á lánstímann líður.

[15:34]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir rétt að minna á vegna orða

hv. þingmanns að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur sérstaklega lagt lykkju á leið sína (**Gripið fram í:** Hvað ætlið þið að styðja Davíð lengi?) til þess að undirstrika að bankastjórn Seðlabankans eigi ekki að sæta ábyrgð á ákvörðunum sem hún hefur tekið. Hann hefur sagt að ríkisstjórnin eigi að bera ábyrgð á ákvörðunum sem bankastjórn Seðlabankans hefur tekið en ekki seðlabankastjórn vegna þess, eins og hann hefur kosið að rangtúlka seðlabankalögin, að Seðlabankinn heyri undir ríkisstjórnina. Hann hefur með öðrum orðum sérstaklega lagt lykkju á leið sína (**Gripið fram í:** Hvað ætlið þið að styðja Davíð lengi?) til að verja bankastjórn Seðlabankans og koma í veg fyrir að hún taki ábyrgð á augljósum mistökum sem hún hefur orðið uppvís að. (**Gripið fram í:** Hvað ætlið þið að …?) Þetta er staðreynd og ég vil minna á til frekara sannindamerkis að ritstjóri *Fréttablaðsins* eyddi í dag heilum leiðara í að benda á að sú skjaldborg sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og aðrir stjórnarandstöðuþingmenn (**Gripið fram í:** Hvað ætlið þið að slá lengi skjaldborg um Davíð?) hafa slegið um Seðlabankann komi í veg fyrir að hægt sé að koma fram ábyrgð á hendur Seðlabankanum og framkvæmd peningamálastefnunnar. (**Gripið fram í:** Úúú.)

Hitt er svo aftur annað mál (**Gripið fram í:** Hvað ætlið þið að standa skjaldborgina lengi?) að afstaða Samfylkingarinnar til bankastjórnar Seðlabankans liggur ljós fyrir og hefur ítrekað komið fram. (**Gripið fram í:** Styður ríkisstjórnina, styður Davíð.) Ég vil benda hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, sem hefur tekið að sér hlutverk höfuðgjammara í þessari umræðu, á að það er ekki um auðugan garð að gresja hvað varðar valkosti, þ.e. Samfylkingin gæti vissulega hætt ríkisstjórnarsamstarfi í dag en þegar valkosturinn er augljós, sem er (**Gripið fram í:** Kosningar.) hinn aðdáunarfulli þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar (**Gripið fram í:** Kosningar.) – græns framboðs sem bíður eftir því einu að fá að sitja við stjórnvölinn í Seðlabankanum að óbreyttri yfirstjórn, held ég að það væri ekki til góðs að rýma sætin fyrir þessum hópi. (**Gripið fram í:** Ha, ha!)

[15:36]

Katrín Jakobsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessi fögru ástarorð hv. þingmanns Samfylkingarinnar sem greinilega vildi að hann væri í ríkisstjórn með Vinstri grænum. Ég leyfi mér að túlka þetta sem svo, rétt eins og hann kýs að túlka orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að allir eigi að víkja, að hann sé að slá sérstaka skjaldborg um seðlabankastjórnina. Ég get einhvern veginn ekki séð þá túlkun á orðum hv. þingmanns. (**Gripið fram í:** Spurðu Þorstein Pálsson.) Já, þið hafið kannski lært túlkunarfræði í sama skóla en ég leyfi mér að segja að ef Samfylkingunni væri svo umhugað um að gera breytingar er ég nokkuð viss um að hún mundi njóta til þess stuðnings frá Vinstri grænum. Ef þeir ákvæðu að slíta stjórnarsamstarfinu af einhverjum orsökum held ég að það yrði boðað til kosninga og væri það ekki besta leiðin fyrir alla?

[15:37]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Þessi áætlun sem hér er til umræðu um samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er mikilvægt plagg fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs. Það hefur dregist óþarflega lengi að koma þessu máli í höfn og það hefur valdið íslensku efnahagslífi miklu tjóni. Heimilin og fyrirtækin hafa beðið af því tjón og við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegu ástandi í gjaldeyrisviðskiptum ef ekki tekst að koma þeim í lag. Lánið sem kemur frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í kjölfar þeirrar áætlunar sem liggur nú fyrir Alþingi að samþykkja mun gera okkur kleift að koma gjaldeyrisviðskiptum í eðlilegt horf. Það er brýnt hagsmunamál. Við erum komin í stöðu sem við vorum öll farin að vonast til að sjá aldrei aftur. Ástand hafta og skömmtunar, tvöfalds markaðar með gjaldeyri og svartamarkaðsbrasks með gjaldeyri. Þess konar ástand að fyrirtæki sem eiga gjaldeyri halda eign sinni erlendis vegna þess að þau geta ekki treyst á að fá aðgang að gjaldeyrinum síðar ef þau taka hann hingað til landsins.

Margt hefur verið sagt á undanförnum vikum og margar tröllasögur sagðar af þeim skilyrðum sem aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins yrði háð. Það er því sérstakt fagnaðarefni að þau skilyrði liggja nú fyrir í opinberri umræðu og ljóst er að þar er ekki neitt að finna sem réttlætir þær hrakspár og gífuryrði sem höfð hafa verið í frammi á undanförnum vikum, einkanlega af hálfu þingmanna Vinstri grænna. Þvert á móti er um að ræða mjög eðlilega og heilbrigða efnahagsáætlun sem byggir á þeim aðferðum sem bestar eru og líklegastar til árangurs til að ná því markmiði sem við verðum að ná, þ.e. að tryggja eðlileg gjaldeyrisviðskipti og koma gjaldmiðlinum á flot. Skilyrðin eru hófleg og eðlileg og munu koma gjaldeyrismarkaðnum í gang og samskiptum við okkar nánustu samstarfs- og viðskiptaríki í eðlilegt horf að nýju.

Í umræðunni hefur aðeins verið talað um Icesave-málið, tengsl þess við þetta mál og þann drátt sem hefur orðið á frágangi mála við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn vegna Icesave-deilunnar. Sumir hafa haft þau orð í frammi að við höfum þurft að lúta í lægra haldi og verið svínbeygð til samninga með einhverjum hætti. Ég held að í því felist allmikið óraunsæi. Staðreyndin var einfaldlega sú að það tók okkur óþarflega langan tíma að sætta okkur við þann raunveruleika sem við stóðum frammi fyrir, kyngja stolti okkar og átta okkur á þeim grundvallarreglum sem gilda um innstæðutryggingar og þeim takmörkunum sem þær reglur eru háðar. Svigrúm okkar var háð því regluverki. Niðurstaðan sem liggur fyrir í því máli er mjög ásættanleg fyrir Ísland og satt að segja framar vonum miðað við hvernig útlitið var í upphafi þessa ferlis. Athyglisvert verður að sjá og fylgjast með því samningaferli sem nú er að hefjast um lok og lúkningu mála hvað Icesave-samningana varðar. Þar er mikið verk óunnið við að ganga frá samningum og koma því máli endanlega í höfn en það er gríðarlega mikilvægt að ljúka því máli í sátt við okkar nánustu samstarfsríki og skapa þar með grunn fyrir eðlileg samskipti við þessi mikilvægustu viðskiptaríki okkar.

Virðulegi forseti. Fyrr í dag var gantast, og kannski með réttu, með að nú stæði Samfylkingin frammi fyrir því verkefni að horfa á fleytingu íslenskrar krónu — að við tækjumst nú á hendur það merkilega og stóra verkefni að endurreisa krónuna, gjaldmiðil sem við höfum haft fyrirvara á

mjög lengi. (**Gripið fram í:** Það hlýtur að vera ljúft.) Það er að sjálfsögðu ljúft, hv. þingmaður, bæði ljúft og skylt vegna þess einfaldlega að ekki verður hjá því komist að setja þennan gjaldmiðil aftur á flot. Það er hins vegar alveg ljóst að hætt er við að verðmyndun með gjaldmiðilinn verði veik og erfið í byrjun og sveiflurnar enn meiri en við höfum séð hingað til vegna þess að ætla má að kaupendahópurinn sé orðinn þrengri og færri vilji liggja með krónur en fyrir hrunið. Við þær aðstæður skiptir trúverðugleiki og traust í efnahagsstjórn og efnahagsstefnu öllu máli. Ekkert getur haft meiri áhrif til þess að skapa stöðugleika í gengi krónunnar en akkúrat yfirlýsing um að hún muni ekki verða til lengi, þ.e. yfirlýsing um að við hyggjumst sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru sem allra fyrst. Reynsla annarra ríkja sýnir að slík yfirlýsing hefur almennt mjög jákvæð áhrif á verðmyndun með viðkomandi gjaldmiðil vegna þess að hún gefur markaðnum vísbendingu um þau stöðugleikaviðmið sem stjórnvöld og Seðlabanki hyggjast sigla eftir í framhaldinu. Þess vegna er það svo að í endurreisn krónunnar er jafnframt fall hennar falið. Ég held að enginn gangi gruflandi að því að krónan er ekki framtíðargjaldmiðill. Meira að segja þingmenn Vinstri grænna átta sig á því líka, þegar yfir þá hellist einhver snertur af raunveruleikaskyni, en tala þá hins vegar um norræna krónu sem er eitthvert fyrirbæri sem þeir hafa ekki (**Gripið fram í:** Snertur af, ég heyrði ekki hverju?) — raunveruleikaskyni, hv. þingmaður. (**Gripið fram í:** Snertur af raunveruleikaskyni.) Þeir tala um norræna krónu sem erfitt er að sjá hvernig á að vera hægt að koma á vegna þess að upptaka hennar mundi fela í sér brot á þjóðréttarskuldbindingum tveggja af fjórum ríkjum sem eiga að taka þátt í verkefninu. En látum það nú vera.

Málflutningur vinstri grænna um norræna krónu sýnir náttúrlega að enginn hefur trú á íslensku krónunni og allir gera sér grein fyrir því að einhver önnur lausn þarf að verða til. Þess vegna er það þannig, eins og ég sagði, að í endurreisn krónunnar er jafnframt innsiglaður dauðadómur hennar. Við endurreisum hana til þess að fá verð á innflutning og útflutning, til þess að koma á eðlilegu flæði gjaldeyris og til að tryggja að við þurfum ekki að búa við hættu á vöruskorti eða annarri óáran. Við vitum þó öll að við erum ekki að reisa gjaldmiðil sem við reiknum með að búa við til lengri tíma litið.

Virðulegi forseti. Í þessari áætlun felst ágætur vegvísir fyrir hagstjórnina á næstu missirum og árum. Það er einfaldlega þannig að aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins með áætlun af þessum toga er nauðsynleg forsenda lánaviðskipta við okkar nánustu nágrannaríki. Því er æskilegt að hún liggi fyrir. Það hefur verið vel tekið í fjármögnun þessa verkefnis af hálfu nágrannaríkja okkar og fyrir það ber að þakka. Ég vil þó sérstaklega nefna hlut Færeyinga. Ég held að hæstv. fjármálaráðherra hafi orðað það ágætlega þegar hann sagði að það væri vafamál hvort nokkur þjóð hefði nokkru sinni sýnt annarri þjóð annan eins rausnarskap eins og Færeyingar sýndu okkur Íslendingum með því láni sem þeir veittu okkur. Fyrir það ber að þakka og full ástæða er til að ítreka það hér og nú í þessari umræðu.

[15:47]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er eðlilegt að menn, þingmenn sem aðrir, reyni að verja sig. Hv. þm. Árni Páll Árnason reynir að verja sig og sitt lið, sína ríkisstjórn. Honum tekst það náttúrlega ekki. Hann skilgreinir hvorki orsök né afleiðingar af hruninu sem við stöndum frammi fyrir og talar um að það séu eðlileg skilyrði sem við erum að fara að vinna eftir. Það er auðvitað fásinna og það er út í hött að tala um að við búum við eðlileg skilyrði. Við erum þvingaðir til þess að hafna því að láta reyna á þennan samning fyrir dómstólum. Við fáum ekki að fara með þetta fyrir gerðardóm og ríkisstjórnin hefur ekkert gert í því að fara í málaferli út af hryðjuverkalögunum frá Bretunum á okkur.

Það er ekki hægt að sætta sig við slíkan málflutning og slík vinnubrögð í þeirri stöðu sem við erum í. Þetta er mjög slæm staða. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra — það á að skipta um fólk í öllum þessum störfum. Ríkisstjórnin á að sjá sóma sinn í að segja af sér.

Að hafa 18% stýrivexti geta aldrei talist eðlileg skilyrði og þeir eiga jafnvel að hækka meira en það. Það verða aldrei eðlileg viðskipti. Það er búið að setja heila þjóð á hausinn og svo stendur til að fara að vera með einhverjar tilraunir með að setja krónu á flot sem enginn veit hvað á að þýða. Verður þá 40–50% verðbólga eða jafnvel meira og enn meira hrun (Forseti hringir.) en ella?

[15:49]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt, sem hv. þingmaður segir, að enginn veit nákvæmlega hvernig til tekst með fleytingu krónunnar. Það skiptir því miklu máli að vandað sé til verka og vel sé unnið. Það er vissulega hætta á að verðbólga geti rokið mjög hátt upp. Ef vel tekst til í þessu efni standa vonir til að verðbólguskotið verði ekki langvinnt og ekki mjög mikið, og í lok næsta árs geti verðbólgan verið komin niður í 4,5%.

Auðvitað er þetta allt annmörkum og fyrirvörum háð en það er einfaldlega enginn valkostur við þetta, hv. þingmaður. Við getum ekki haldið áfram að láta gjaldeyrisvarasjóðnum, sem við höfum í dag, blæða út eins og raunin er núna. Útstreymið er meira en innstreymið og við erum að éta upp gjaldeyrisvaraforðann. Við erum með skömmtun á gjaldeyri. Fjöldamörg starfsemi fær ekki gjaldeyri til eigin nota. Gjaldeyrir til ferðamanna er skammtaður hvað þá heldur annað. Þetta er ástand sem er ekki búandi við og það er alltaf tímabundið ástand því að einhvern tímann klárast gjaldeyrisvaraforðinn. Önnur lausn en sú að setja krónuna á flot er ekki tæk.

Hitt er svo annað mál hvernig ábyrgð á þessu máli er háttað. Ég get alveg verið sammála hv. þingmanni um að það er mjög mikilvægt að þeir sem ekki hafa sinnt verkum sínum með fullnægjandi hætti axli ábyrgð. Það er mjög mikilvægt að setja á fót rannsóknarnefnd á vegum þingsins sem allra fyrst. Leggja þarf ákveðnar staðreyndir til grundvallar til að við getum síðan metið það hverjir brugðust og hverjir ekki. Ég þykist vita að hv. þingmaður mundi sem skipstjóri — hann vildi auðvitað sæta ábyrgð fyrir að gera

mistök en ég held hann mundi ekki vilja sæta ábyrgð fyrir það að olían kláraðist af skipinu eða einhverjir aðrir atburðir (Forseti hringir.) hafi orðið til að stoppa veiðiferðina, atburðir sem hann bar ekki ábyrgð á.

[15:51]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Vonir standa til. Já, það er einmitt það. Vonir standa til þess að þetta gangi allt afskaplega vel. En það er bara ekki þannig og við höfum hlustað á marga hagfræðinga halda því fram að það sé mikið glapræði að gera þetta með þeim hætti sem til stendur.

Við í Frjálslynda flokknum lögðum til að það yrði skoðað hvort hægt væri að ná samningum við aðrar þjóðir um að nota þeirra gjaldmiðil tímabundið eins og Norðmenn og jafnvel Bandaríkjamenn og jafnvel Evrópusambandið í þeirri krísu sem við erum í. Ekkert hefur verið gert til að kanna hvort það er raunhæfur möguleiki að fá að nota norsku krónuna, dollar eða jafnvel evru án þess að ganga í Evrópusambandið á meðan við værum að komast út úr þessari krísu.

Það er þannig að fjölskyldunum í landinu mun blæða mest fyrir þá tilraun sem gerð verður með krónuna. Það er fólkið sem er nú í þúsundatali að missa allt sitt. Það er fólk sem mun jafnvel ekki eiga til hnífs og skeiðar á næstu mánuðum. Það er fólk sem mun þurfa að leita eftir matargjöfum hjá Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Rauða krossinum og fleiri góðgerðarstofnunum sem eru að útbýta mat. Eins og allir vita hefur aldrei verið meiri ásókn í það hjá almenningi en í dag. Það er því mikill ábyrgðarhluti hjá mönnum að reyna ekki að kanna aðrar leiðir hvað það varðar að fá að taka upp annan gjaldmiðil en þann sem við notum. Eftir því sem ég best veit hafa ekki neinar tilraunir verið gerðar til þess að reyna að fá að taka upp annan gjaldmiðil tímabundið á meðan við erum að vinna okkur út úr mesta vandanum. Því til viðbótar (Forseti hringir.) hefði þurft að frysta verðtryggingu lána í þrjá til fjóra mánuði.

[15:53]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Því miður gefst ekki tími til að fara mjög ítarlega í svar í þessu stutta andsvari. En það er algjörlega ljóst að það er ekki í boði að taka upp annan gjaldmiðil um stundarsakir. Það liggur algjörlega ljóst fyrir og því er óþarfi að eyða mikilli orku í að ræða það. Þessi gjaldmiðill sem við búum við er höfuðorsök hins efnahagslega ójafnvægis sem við höfum búið við á undanförnum árum. Þessi gjaldmiðill er höfuðorsök fyrir skuldsetningu heimilanna og skuldsetningu fyrirtækja. Þessi gjaldmiðill er höfuðorsökin fyrir lausafjárkrísunni (Gripið fram í.) sem á endanum varð bönkunum að falli. Ábyrgð þeirra sem enn verja þennan gjaldmiðil er mikil. Við höfum mörg varað við því árum saman að það hlyti að fara illa að halda áfram með óbreyttan gjaldmiðil sem var allt of lítill fyrir íslenskt efnahagslíf og þjónaði hvorki hagsmunum heimilanna né atvinnulífsins. Menn verða einfaldlega að læra af reynslunni, hv. þm. Grétar Mar Jónsson sem aðrir.

Það er gríðarlegur ábyrgðarhluti að halda áfram að verja þennan ónýta gjaldmiðil þegar komið er í óefni. Þessi gjaldmiðill er ekki framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Lausnin er afskaplega einföld. Það er annaðhvort óbreyttur gjaldmiðill til langframa, sem verður aldrei annað en hörmungarástand, eða upptaka evru með aðild að Evrópusambandinu. Valkostirnir eru skýrir. Það er ekki valkostur að taka upp annan gjaldmiðil um stundarsakir enda mundi það einungis valda því að við mundum skuldsetja samfélagið jafnmikið og nú er en jafnframt glata algjörlega möguleikum okkar á því að koma okkur með eðlilegum hætti inn í Evrópusambandið og fá þar aðkomu að peningamálastjórn með öðrum ríkjum og fá jafnmörg atkvæði um ákvörðun stýrivaxta og Þýskaland. Það eru nú ekki verri kjör sem okkur bjóðast þar og ekki meira áhrifaleysi sem okkur býðst en það að við fengjum jafnmörg atkvæði og þær hundrað milljónir manna sem byggja Þýskaland.

[15:55]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég vil byrja á að vekja athygli á því að það eru fáir hér í þingsalnum og engir stjórnarliðar hlusta á mál okkar. Það er mjög hvimleitt þegar verið er að ræða jafnmerkileg mál og það að búið er að setja heila þjóð á hausinn. (**HSH:** Ég skal hlusta á þig.) Það er verið að reyna að taka lán en við stöndum frammi fyrir því að engir úr stjórnarflokkunum sitja hér í þingsal og taka þátt í umræðunni og verja sig með einum eða neinum hætti. Það er sorglegt til þess að vita að hlutirnir skuli vera með þessum hætti.

Nú er formaður þingflokks Samfylkingarinnar kominn í salinn og við erum fjögur í þingsalnum eins og stendur. Nú hópast þeir hérna inn, tveir í viðbót úr Vinstri grænum, en við erum samt allt of fá og engir fulltrúar frá ríkisstjórninni, engir ráðherrar til að svara spurningum okkar sem erum að ræða þessi mál.

Ég hef verið að ræða um þau kjör sem eru á þessum lánum. Ég spurði í andsvörum í dag um vexti, hvaða vexti við værum að fá eða hvort þetta væri vaxtalaust í einhver ár og hvenær ætti að vera búið að borga þetta. Þá er ég að tala um lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Við fengum engin svör við því að neinu gagni. Í sama skipti var verið að spyrja um lán frá öðrum þjóðum sem ætla að lána okkur, hvað eigum við að borga í vexti af þeim lánum og til hversu langs tíma þau lán eru og annað í þeim dúr.

Fram kom hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að skuldirnar væru 1.400 milljarðar í það heila sem þyrfti að borga vexti af. Ef maður gefur sér að vextir séu 5% erum við að tala um að á næsta ári borgum við 70 milljarða í vexti af þeim viðbótarlánum sem við erum að taka þessa dagana.

Það er sorglegt til þess að vita að til að fá þessa fyrirgreiðslu þurfum við að falla frá því að fara með mál okkar í gerðardóm og láta reyna á það hvort við þurfum að borga þessi Icesave-lán. Það er ljóst að búið er að semja okkur frá því. En sá þáttur sem snýr að því að fara í málaferli við breska ríkið út af hryðjuverkalögunum stendur væntanlega enn og við eigum að láta á það reyna. Við eigum að sýna Bretum fulla hörku og áttum að gera það strax og bankarnir hrundu og þeir settu á okkur þessi hryðjuverkalög. Þá áttum við að sýna þeim klærnar og berjast fyrir rétti okkar og afgreiða þá eins og við gerðum þegar við vorum í þorskastríði

hér á árum áður.

Við ætlum síðan að taka þá miklu áhættu, að mati margra hagfræðinga, að setja krónuna á flot í algjörri óvissu. Sömu mennirnir, bankastjórarnir, seðlabankastjórnin og bankastjórar Seðlabankans, eiga svo að fara með þessi mál; Fjármálaeftirlitið og aðrir og náttúrlega sömu ráðherrarnir, sama ríkisstjórnin sem er sorglegt að horfa upp á. Við þurfum að fá kosningar sem fyrst. Það er nauðsynlegt að þeir sem þurfa að moka flórinn hafi til þess umboð frá þjóðinni eftir þessar hörmungar og ég legg það til.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til að stofnaður verði auðlindasjóður og veiðiheimildir verði boðnar upp. Allar veiðiheimildir verði innkallaðar, allur kvóti á Íslandi verði innkallaður og leigður út til að byggja upp auðlindasjóð sem gæti hjálpað til við aðstæður eins og þær eru í dag.

Það er augljóst að við þurfum að setja mikið eigið fé í bankana, verið er að tala um 385 milljarða. Við vitum ekkert hvernig það verður. Væntanlega verður gefið út skuldabréf fyrir hvern banka og síðan mun ríkið verða að borga það og þetta verður væntanlega tekið af skattpeningum þannig að við megum reikna með því að skattar hækki allsnarlega á næsta ári.

Sama má segja um Seðlabankann. Seðlabankann vantar peninga. Talað er um 180–200 milljarða þannig að við erum í hreint hrikalegri stöðu og höfum aldrei séð neitt þessu líkt. Manni finnst því sorglegt ef sama fólkið sem kom okkur í þessa stöðu og sama yfirstjórn peningamála, bæði Fjármálaeftirlit og Seðlabanki, eigi svo að höndla með þessa peninga. Við eigum að fara að þeirra ráðum um það hvað eigi að gera og hvernig — að ógleymdum ráðherrunum sem hafa brugðist vaktskyldu sinni og ríkisstjórnin öll. Þetta er sorgleg staða. Og þegar verið er að tala um þessi Icesavelán þá er það spurning um aðrar þjóðir eins og Mön og Belgíu og önnur lönd. Eru þau inni í þessum samningum eða eigum við eftir að fá Austurríki og einhverja fleiri banka úr fleiri löndum yfir okkur, banka sem við erum ekki með inni í þessu dæmi í dag? Það getur svo sem vel verið.

En þetta bitnar mest á fjölskyldunum í landinu, á fyrirtækjum, atvinnurekstri og sveitarfélögum. Allt er í uppnámi hvort sem það er hjá ríki eða sveitarfélögum, fyrirtækjum eða einstaklingum. Ekki sér fyrir endann á þessu. Maður sér ekki hvað menn ætla að gera. En maður óttast að sú tilraunastarfsemi að setja krónuna á flot verði til þess að fjölskyldur sem hafa verið í þeirri stöðu að vera með sitt á hreinu eða til þess að gera muni lenda í vandræðum.

Ég hef lagt það til og minn flokkur að verðtrygging verði tekin af í þrjá til fjóra mánuði á meðan versta höggið er að ríða yfir og jafnvel framlengt ef þyrfti. Nú eru allar skuldir í ríkissjóði. Ríkið á allar þessar skuldir og því hefði verið hægt að gera það. Það er hægt að bjarga fjölskyldunum eins og fyrirtækjum og öðru sem manni sýnist að nú eigi að fara að mismuna. Ég vara Alþingi við því að mismuna atvinnufyrirtækjum með sérstaka fyrirgreiðslu um að klippa skuldir af þeim í meira mæli en af fjölskyldunum.

En það þarf að halda áfram og við þurfum að reyna að auka atvinnu í landinu. Við þurfum að reyna að standa að því, bæði til lands og sjávar, að búa til fleiri störf og reyna að byggja upp. Við erum með frumvarp í landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd um að leyfa innflutning á fersku kjöti. Ég hef lagt til að það eigi að stoppa það að minnsta kosti í eitt ár. Síðan erum við með ýmsa möguleika í að nýta orku í jörðu, gufuorku, og það eigum við að reyna að gera ef hægt er að útvega fjármagn í það að halda áfram að búa til fyrirtæki sem geta búið til orku og selt fyrirtækjum í landinu. Eins er með fallvötnin, við verðum að halda áfram að reyna að virkja ef okkur tekst að fá fjármagn í það.

Síðan er það það sem snýr að sjávarútveginum. Það er sjálfsagt að bæta við fiskveiðikvóta. Látum ekki fræðimennina á Hafrannsóknastofnun koma okkur í klessu eins og fræðimennirnir, hagfræðingarnir og lögfræðingarnir, sem hafa verið að stýra margumræddum stofnunum hafa gert. Pössum okkur á því að láta þá ekki koma okkur í meiri vanda en við erum í með því að standa í vegi fyrir því að við nýtum á eðlilegan og heilbrigðan hátt auðlindir okkar í hafinu. Það eru nefnilega margir próflausir fiskifræðingar, sem hafa stundað sjómennsku og verið skipstjórar í 20–30 ár og lengur, sem vita miklu meira og betur en fiskifræðingar.

[16:06]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður hóf mál sitt á að kvarta undan að þingmenn hefðu ekki nægan áhuga á því sem hann hefði að segja. Ég vil mótmæla því. (Gripið fram í.) Ég sat hér og hlustaði með andakt á ræðu hv. þingmanns og get tekið undir ýmislegt sem þar kom fram, m.a. að tryggja verði að ekki verði um nokkra mismunun að ræða milli fólks eða fyrirtækja þegar kemur að því að gera upp skuldir. Augljóst er að mikið verkefni er fram undan í að tryggja að fólk og fyrirtæki komist þannig í gegnum kreppuna að við getum farið að byggja upp á nýjan leik og það er kannski helsta verkefni stjórnvalda næstu mánuðina.

Eitt vakti þó sérstaka athygli mína. Hv. þingmaður galt varhuga, ef ég skildi hann rétt, við því að setja krónuna á flot eða a.m.k. óttaðist að bæði einstaklingar og fyrirtæki færu illa út úr því. Gott og vel. Hv. þingmaður getur haft þá skoðun en í umræðu um þessi mál hefur mikið verið talað um plan B. Ýmsir hafa kallað eftir því að það hefði þurft að vera plan B en enginn hefur komið fram með það, þannig að ég velti fyrir mér, hver hin leiðin sem við gætum farið er? Menn hafa leyft sér í einhvers konar — ég veit ekki hvort ég á að segja — gáleysi að henda fram ýmsum hugmyndum eins og norsku krónunni, jafnvel einhliða upptöku gjaldmiðils o.s.frv. sem ég er ekki viss um.

Hver er hin leiðin? Mig langar til að heyra hv. þingmann greina frá henni ef hann óttast (Forseti hringir.) að setja krónuna á flot, sem ég held að sé forsenda þess að krónan komist á lappirnar aftur. Hver er hin leiðin?

[16:08]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, nú eru í allt fimm þingmenn í þingsalnum. Enginn ráðherra er hér til að svara fyrir gerðir ríkisstjórnarinnar varðandi þingsályktunartillöguna sem við ræðum. Ég fagna því auðvitað að formaður þingflokks Samfylkingarinnar lýsi því yfir að fjölskyldum, einstaklingum og fyrirtækjum verði ekki mismunað. Ég fagna því.

Margir hagfræðingar hafa bent á — og það eru, nota bene, ekki hagfræðingar sem komu þjóðinni á hausinn. Hagfræðingar bæði í háskólanum og annars staðar starfandi hafa lagt til að í staðinn fyrir að setja krónuna á flot munum við reyna að ná samningum um að taka upp norska krónu. Þar vitna ég í Þórólf Matthíasson prófessor og fleiri hagfræðinga, sem hafa bent á að það væri leið — mig minnir að Geir Zoëga og fleiri hafi líka haft þær hugmyndir. En ég er ekki að segja að það sé endanleg eða varanleg lausn en við þurfum væntanlega að reyna að gera þetta með einhverjum öðrum hætti en við höfum gert. Þetta er ein hugmynd og ég veit ekki til þess að íslensk stjórnvöld hafi leitað eftir því við norsku ríkisstjórnina að gera þetta. Ég veit ekki heldur til að þau hafi talað við bandarísku ríkisstjórnina um að kanna að taka upp dollar og kannski síðast en ekki síst ekki talað við þessi 27 ríki, sem settu okkur stólinn fyrir dyrnar og eru með okkur í skrúfstykki og pína okkur meira en góðu hófi gegnir og neyða okkur til að falla frá því að setja deilur okkar við þær í gerðardóm, og athugað hvort við gætum ekki fengið að taka upp evru einhliða um stund.

[16:10]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ekki kom skýrt fram í andsvarinu hver væri vilji hv. þingmanns. Ég held að ég geti leyft mér að segja að Þórólfur Matthíasson — ég vil byrja á því að segja að hagfræðingar eru kannski ekki ástæðan fyrir því að Ísland er í þeirri stöðu sem það er, ekki hægt að kenna þeim um það einvörðungu. (**GMJ:** Hver er það þá?) Til að draga þetta saman held ég að ýmsir hafi komið að þeim verkefnum og í sjálfu sér er staðreyndin vitaskuld sú að þeir sem eiga stærstan þátt eru þeir sem misstu fótanna í því athafnafrelsi sem þeim var skapað en á sama hátt má segja um stjórnvöld að þau hafa ekki sinnt eftirliti til að tryggja að aðrir yrðu ekki fyrir tjóni af misnotkun á athafnafrelsinu. Hv. þingmaður sagði ekki beint hvað hann sæi fyrir sér. Þórólfur Matthíasson hefur varpað því fram, ég veit ekki hvort það er meira í gamni eða alvöru, að hægt væri að taka upp norsku krónuna en það gæti aldrei verið meira en millileikur að evrunni.

Við tölum hins vegar um það, hv. þingmaður, að það þarf að fá vernd á gjaldmiðil sem virkar á Íslandi og það þarf að gerast á næstu vikum, vil ég leyfa mér að segja. Það að taka upp aðra mynt getur tekið lengri tíma auk þess sem við þurfum að gera það í sátt við alþjóðasamfélagið. Við getum ekki staðið í fleiri efnahagsstríðum. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að endurtaka spurninguna og kalla eftir skýrari afstöðu, ekki bara tilvitnun í hugmyndir sem hafa verið settar fram heldur hvað hv. þingmaður telur að við eigum að gera annað en það sem nú stendur til, þ.e. að setja krónuna á flot? Mikilvægt er ef við setjum hana á flot að við reynum að gera það á eins traustan og trúverðugan hátt og kostur er. Mér fannst hv. þingmaður gjalda varhuga við því en hvert er besta plan B sem hv. þingmaður kemur fram með í þessu?

[16:12]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Plan B að mínu mati hefði átt að vera strax í upphafi að senda sendinefndir bæði til Noregs og Bandaríkjanna til að athuga hvort hægt væri að taka upp gjaldmiðil þeirra þó ekki nema í stuttan tíma á meðan við værum að skoða framtíðarplön, eins og margir eru með í gangi núna. Við gætum endað með því að sækja um aðild að Evrópusambandinu og þar eru gjaldeyrismál með öðrum hætti og vel getur verið að það verði endapunktur hjá okkur en við sjáum það ekki fyrr en við höfum sótt um aðild að ESB og séð hvað er í boði. Það er auðvitað ekki sniðugt að hafna því fyrir fram eða, eins og sumir gera, telja það sjálfsagt, hvað sem í boði er og kaupa það hvaða verði sem er.

Þessir ágætu menn sem hafa það eftirlitshlutverk að fylgjast með bankakerfinu, bankastarfsemi og annarri starfsemi í landinu hvort sem það er lögregla, fjármálaeftirlit eða Seðlabanki, þá er það þannig — það var alla vega þannig í handbolta og fótbolta í gamla daga að menn spiluðu jafngróft og dómarinn leyfði. Það á einmitt við í þessu fjármálabraski og fjármálaheimi, þeir sem áttu að taka á málunum stóðu sig ekki í stykkinu. Þeir veittu ekki það eftirlit sem þurfti. Þeir komu ekki með athugasemdir og stungu jafnvel skýrslum um aðvaranir erlendis frá undir stól trekk í trekk. Við getum rifjað upp þegar við fengum aðvaranir frá dönskum fjármálastofnunum. Danir voru bara öfundsjúkir af því að við áttum svo margar húseignir í Kaupmannahöfn. Svona rök voru og allir sem vöruðu við þróuninni voru úthrópaðir sem (Forseti hringir.) einhverjir svartagallsúrtölumenn.

[16:14]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum aðstoð IMF, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, við íslenska ríkið, ef aðstoð skyldi kalla. Greinilegt er að aðstoðin er bundin ákveðnum skilyrðum og sá ótrúlegi dráttur sem varð á henni og olli gífurlegu tjóni hér á landi, var auðvitað vegna þess að verið var að þrýsta á um eitthvað. Það var verið að þrýsta á um samkomulag vegna Icesave-reikninganna. Enginn þarf að segja mér neitt annað. Að láta sér detta í hug eitthvað annað er bara brandari, herra forseti. Verið var að kúga Ísland til að semja um Icesave-reikningana og allt Evrópusambandið stóð að þeirri kúgun, allt Evrópusambandið. Og svo vilja sumir ganga inn í þetta ágæta Evrópusamband til þessara svokölluðu vina okkar.

Það er galli í reglugerðum Evrópusambandsins. Samkvæmt þeim á bankakerfið að greiða fyrir innlánstryggingar með því að greiða 0,15% af innlánum inn í innlánstryggingasjóð þar til 1% er náð á tæpum 7 árum. Þannig er þetta gert á Íslandi, það var tilkynnt út og viðurkennt og ekki hafa komið mótmæli við því þannig að við förum algerlega að reglum Evrópusambandsins. Innlánstryggingasjóðurinn má svo taka lán ef einhver vill lána honum, væntanlega með veði eða í trausti þess að inn komi greiðslur frá bankakerfinu í framtíðinni sem borgi lánið upp. Hvergi er orð um ríkisábyrgð, enda væri það fráleitt.

Krafa Hollendinga og Breta og Evrópusambandsins alls er stefnubreyting í málinu. Hún er stefnubreyting að því leyti að hverfa á frá því að bankakerfið sjálft greiði innlánstryggingarnar til þess að skattgreiðendur í heimalandi viðkomandi banka greiði þær. Þetta er stefnubreyting, mjög al-

varleg stefnubreyting vegna þess að samkvæmt íslensku stjórnarskránni er bannað að greiða fé úr ríkissjóði nema með fjárlögum. Við getum ekki heimilað lög sem gera ábyrgð ríkissjóðs sjálfvirka vegna þess að einhver hollenskur sparifjáreigandi leggur inn í íslenskt útibú í Hollandi sem íslenska ríkisstjórnin getur ekki stöðvað. Það er alveg fráleitt að íslenskir skattgreiðendur eigi að borga það og það vita menn.

Þegar þessi galli kom í ljós hér á landi urðu evrópskir stjórnmálamenn auðvitað hræddir og skelfingu lostnir. Þeir komu strax og vildu að við borguðum til að tryggja traust sparifjáreigenda á bankakerfinu í Hollandi og Bretlandi. Við áttum að borga fyrir traust evrópskra sparifjáreigenda því þetta hefði farið eins og eldur í sinu um alla Evrópu og síðan um allan heim ef traust manna — það er komið í ljós að í rauninni er ekki til nein innlánstrygging nema þegar allt er rólegt og einn banki af hverjum 100 fer á hausinn á sjö ára fresti. Þá er allt rólegt, þá gengur þetta upp. En um leið og kemur einhver mikil katastrófa eins og á Íslandi þá kemur í ljós að kerfið virkar ekki og menn óttuðust að sparifjáreigendur í Evrópu mundu sjá það og vel getur verið að þeir hafi séð það. Þeir ákváðu sem sagt að flytja greiðslubyrðina frá bankakerfinu til skattgreiðenda — íslenskra skattgreiðenda því þeir liggja svo vel við höggi af því að Ísland er svo lítið.

Í Hollandi hefði þingið aldrei samþykkt að hollenskir skattgreiðendur yrðu settir í áratuga fátækt til að bjarga innstæðum í Bretlandi, sem eru reyndar ansi miklar í hollenskum bönkum. Ætli hollenskir skattgreiðendur yrðu ekki hissa ef þeir ættu að borga sér til fátæktar vegna þess að einhver Breti lagði inn peninga í hollenskt útibú í London?

Þessi nýja túlkun Evrópusambandsins á reglum tilskipunarinnar brýtur greinilega stjórnarskrána íslensku og ég reikna með að hún brjóti líka aðrar stjórnarskrár í Evrópu. Það getur ekki verið að einkafyrirtæki og einkaaðilar geti skuldbundið breska ríkið eða það hollenska. Þetta er sem sagt staðan varðandi Icesave-reikningana og svo er þvingunum beitt.

Frú forseti. Mér líður eins og ég hafi hitt ræningja í skógi í myrkri. Þegar slíkt gerist veltir maður ekki fyrir sér hvort löglegt sé að afhenda honum veskið. Maður bara afhendir það, frú forseti, og ræðir ekki fram og til baka hvort það sé löglegt eða ekki. Þannig er þetta. Allt Evrópusambandið stóð einhuga að því að þvinga mig eða okkur í þessa stöðu. Það hefur engan skilning á stöðu okkar og skilur ekki að ef aðalauðlind þjóðarinnar, mannauðurinn, fer úr landi er landið og við miklu verr sett en ella. Ég hugsa að Danir hafi í eina tíð, í þeirri 600 ára eymdarsögu Íslands þegar það var tengt landi suður í Evrópu, haft meiri skilning á högum Íslendinga en þessir menn í Brussel og var sá skilningur samt ekkert voðalega mikill, enda fátækt mikil á Íslandi og mannfækkun — ekki vegna útflutnings á fólki heldur vegna þess að það hreinlega drapst. Svo vilja sumir hér á landi ganga í þennan klúbb svokallaðra vina okkar í Evrópu og halda að þeir verði þá eitthvað betri við okkur, hafi meiri skilning þegar við erum orðin lítið hérað, pínulítill hreppur í því risastóra ríki. Ég þakka fyrir.

Ég tel að við þurfum að líta á þetta allt. Í ljós hefur komið að bankar um alla Evrópu lánuðu íslensku einkabönkunum óhemjufé. Sumir geta sagt að það sé ábyrgðarleysi að lána svo mikið fé til einkabanka þegar séð var að þetta var orðin margföld þjóðarframleiðsla Íslands. Það sé líka ábyrgðarhluti. En þessir menn vilja að við greiðum líka og tökum þátt í að leysa vanda þeirra. Þetta er mjög skrýtin staða, frú forseti, og ég legg til að menn gangi til friðarsamninga eins og þjóðir gerðu eftir fyrri heimsstyrjöldina og spyrji: Hvað haldið þið að íslensk þjóð geti borgað? Og við göngum að því, tökum verkið og borgum það sem íslensk þjóð getur án þess að aðalauðlindin, mannauðurinn fari úr landi. Það þarf að fá alla þessa aðila að borðinu og þeir þurfa og verða að hafa skilning á högum Íslendinga. Ella legg ég til að hv. Alþingi felli samkomulagið og láti sparifjáreigendur í Hollandi og Bretlandi uppgötva sannleikann svo þeir fari að rífa út fé sitt. Það er okkar vopn í árásinni í dimmum skógi, það er okkar vopn.

Ég legg til að þingmenn taki sig saman og hugleiði hvað við getum borgað mikið og þá upphæð setjum við sem efri mörk á það sem við ætlum að samþykkja og ekki krónu meir, því enginn akkur er í því að hér gerist það sama og í Þýskalandi eftir fyrri heimsstyrjöldina, óðaverðbólga og skuldin var svo aldrei borguð. Þjóðverjar áttu samkvæmt friðarsamningum að borga 0,7 kg af gulli hver einstaklingur en okkur er gert að borga nærri 2 kg og sennilega verður það meira þegar allt kemur til. Þessar greiðslur bætast við þau gífurlegu áföll sem íslenska þjóðin hefur orðið fyrir vegna hruns 90% af bankakerfinu og ætti eiginlega að duga til að þessi svokallaði Alþjóðagjaldeyrissjóður hjálpi okkur. En í staðinn notar hann hjálpina til að kúga okkur, sem er alveg með ólíkindum.

Ég vona að gjaldeyrismarkaðurinn fari í gang og ég vona að hann nái jafnvægi því að við erum með jákvæðan viðskiptajöfnuð. Þjóðin er farin að spara mjög mikið. Innflutningur hefur minnkað og útflutningur hefur aukist þannig að við ættum að ná okkur eftir ekki mjög langan tíma ef við ráðum við þessar gífurlegu skuldbindingar sem á okkur er dembt án dóms og laga.

[16:24]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég sakna þess að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar skuli flognir úr þinginu og það er dálítið magnað að sjá að áhorfandinn á pöllunum skuli vera um það bil 20% af þeim mannfjölda sem situr í salnum núna. En krafa almennings á Íslandi er umbylting í stjórnmálum. Fólk kemur saman svo þúsundum skiptir til að mótmæla því leynilega ráðabruggi sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa bruggað að undanförnu. Þingmennirnir sjálfir eru farnir að mótmæla gamaldags vinnubrögðum sem skilað hafa þjóðinni rýrri uppskeru. Fólk vill réttlæti, sanngirni, heiðarleika og umfram allt að vera upplýst um atriði sem því kemur við. Það vill ekki lengur búa við baktjaldamakk, feluleiki og ósannindi eins og því hefur verið boðið upp á undanfarnar vikur og mánuði. Fólk flykkist í bæinn oft í viku til að mótmæla framferði ráðamanna og slær skjaldborg utan um Alþingishúsið sem tákni um að það vilji vernda lýðræði sem lengi hefur verið fótum troðið af framkvæmdarvaldinu.

Þingsályktunin sem hér er á borð borin í dag er vitnisburður um þau aumu vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið.

Ekki svo að skilja að samningur ríkustu og bestu þjóða heims við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sé ekki nauðsynlegur við núverandi kringumstæður. Það eru hins vegar vinnubrögð ríkisstjórnarinnar sem beygt hafa fólk í duftið þar sem menn hafa leyft sér að spila verulega djarft með orðspor þjóðarinnar og þessi vinnubrögð hafa tekið allt of langan tíma. Ef marka má orð hv. þm. Árna Páls Árnasonar sem talaði fyrr í dag þá tók þetta svo langan tíma vegna þess að við vorum lengi að átta okkur. Er það svo? Getur verið að yfirlætislegar hótanir um mismunun innstæðueigenda á Icesave-reikningum Landsbankans eftir þjóðerni hafi haft þar eitthvað að segja? Hvað er það sem seðlabankastjóri hefur að fela um ástæður þess að Bretar beittu hryðjuverkalöggjöf á íslenska banka í Bretlandi? Hvort hleypti illu blóði í Breta, það að ráðamenn gátu ekki neitað sér um að grobba sig af því að ætla að brjóta mannréttindasáttmála Evrópu, EES-samkomulagið og stjórnarskrána, allt á einu bretti, eða loforð hæstv. forsætisráðherra um eitthvað sem hæstv. fjármálaráðherra varð svo að bera til baka í frægu símtali sem lak á netið, eins og svo margt annað frá ríkisstjórn sem lætur ýmsa miðla bera þjóðinni skilaboð í stað þess að flytja þau sjálf? Er það boðlegt, svo vitnað sé í þingsályktunina sem til umræðu er í dag, þegar þjóðarbúskapur Íslendinga stendur frammi fyrir svo alvarlegri fjármálakreppu að slíks eru fá dæmi? Hefðum við hugsanlega verið í annarri samningsstöðu ef menn hefðu neitað sér um loforð og hótanir á víxl? Hefði mátt koma í veg fyrir þær ömurlegu afleiðingar sem sex vikna bið eftir láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur haft í för með sér? Ekki svo að skilja að ég sé með þessu að réttlæta gjörðir Breta en ríkisstjórnin, sem hélt hún gæti rætt við alþjóðasamfélagið með því að skella hurðum í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötuna, er ekki saklaus í málinu.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði fyrr í dag að mikilvægt væri að vita hvenær maður ætti að bíta frá sér og hvenær ekki. Það er gott ef hann er búinn að átta sig á því núna en það er of seint. Óvissan sem almenningur hefur búið við undanfarnar vikur er óþolandi og þrátt fyrir það að hér sé til umræðu nauðasamningur — sem birtur var í heild sinni í DV fyrir þremur dögum síðan en kom fyrir augu þingmanna löngu síðar — þá er enn langt í land.

Virðulegi forseti. Fróðlegt væri að vita á þessum degi hvað Samfylkingin ætlar lengi að láta bjóða sér það að fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins sitji í hennar skjóli á stóli seðlabankastjóra og hreyti pólitískum ónotum í allt og alla um leið og hann hvítskúrar sjálfan sig. Eru Borgarnesræður formanns Samfylkingarinnar týndar og tröllum gefnar, virðulegi forseti? Hvar eru samræðurnar milli stjórnvalda og samfélags óbreyttra borgara?

Virðulegi forseti. Samfylkingin er orðinn hluti af þeim stjórnvöldum sem deila og drottna, umbuna og refsa og ráða örlögum fólks svo vitnað sé orðrétt í Borgarnesræðu formanns Samfylkingarinnar. Hún sagði enn fremur að hún hefði það á stefnuskrá sinni að hafna stjórnlyndi Sjálfstæðisflokksins sem hefur það stefnumið eitt, að hennar mati, að halda völdum? Hvar var Samfylkingin á meðan hér glumdu viðvörunarbjöllur fjármálakerfisins? Hvar var Samfylkingin þegar jarðskjálftamælar fjármálakerfisins fóru af stað sl. vetur? Hún var auðvitað upptekin við að halda völdum, virðulegi forseti. Formaður Samfylkingarinnar sagði líka í Borgarnesræðu, með leyfi forseta:

„Margir eiga svo mikið undir valdinu, við skulum ekki gleyma því.“

Nú er það fólkið í landinu sem á allt sitt undir valdinu, opinberu valdi sem m.a. Samfylkingunni hefur verið trúað fyrir og nú má þjóðin súpa seyðið af því hvort sem henni líkar betur eða verr að valdið sat að hugguleg tedrykkju í stað þess að bregðast við hættumerkjunum sem menn keppast nú við að hreykja sér af að hafa komið auga á langt á undan öllum öðrum. Nauðasamningur sá sem ræddur er í dag boðar þjóðarsátt í skugga laskaðra lífeyrissjóða, ónýtrar peningamálastefnu, langra atvinnuleysisskráa, verðtryggingar sem hleðst upp, 18% stýrivaxta, mikillar skattbyrði til langs tíma að ekki sé talað um mikla óvissu m.a. vegna þess að við vitum ekki enn þá hvaða kjör við fáum á þetta lán.

Virðulegi forseti. Ég sé svo heldur ekki betur en að samkomulagið sem gert hefur verið, annars vegar á milli tveggja sjálfstæðismanna og hins vegar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sé í raun og veru — þetta er plagg sem er samkomulag á milli tveggja sjálfstæðismanna annars vegar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hins vegar. Ég minnist þess ekki, virðulegi forseti, að þingmenn hafi haft tækifæri til að koma með nokkrum hætti að þeirri stefnumótun sem liggur hér að baki. Hér eru ráðherrar ríkisstjórnarinnar ekki viðstaddir í dag og aðrir stjórnarliðar eru mjög fáir í salnum til að ræða þetta mikilvæga mál. Ef þetta er samkomulag sem gert hefur verið á milli tveggja sjálfstæðismanna annars vegar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hins vegar og þingmenn hafa ekki haft nein tækifæri til að koma að stefnumótun í þessu máli en eiga samt að samþykkja það, eigum við þá að ræða það eitthvað frekar?

[16:31]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég velti því fyrir mér, eftir ræðu hv. þm. Helgu Sigrúnar Harðardóttur, hvort hún er með eða á móti því þingmáli sem hér liggur fyrir. Það lá engan veginn ljóst fyrir og væri gott ef hún vildi nýta tækifærið hér í andsvörum til að upplýsa um það hver afstaða hennar er til þess máls sem við ræðum.

[16:32]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Það er sjálfsagt að svara hv. þingmanni því hver afstaða mín er í þessu máli. Ef ég ætti að greiða atkvæði um það hér mundi ég sitja hjá. Ég tel þau vinnubrögð sem boðið hefur verið upp á hér í þinginu ekki boðleg, þau eru það ekki. Ég er fyrst og fremst að gagnrýna þau vinnubrögð sem liggja að baki þessu plaggi.

Ég tel lánið nauðsynlegt og ég geri ráð fyrir því að hv. þingmaður hafi ekki verið genginn í salinn þegar ég svaraði því snemma í ræðu minni áðan. Lánið er nauðsynlegt en vinnubrögðin algjörlega ólíðandi.

[16:33]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Þá lítur loks dagsins ljós það samkomulag

sem gert var á bak við þing og þjóð og tilkynnt um 24. október sl., fyrir hartnær fjórum vikum. Það er gott svo langt sem það nær en við skulum ekki gleyma því að það var *DV* sem birti þetta samkomulag fyrst síðasta mánudag í heilu lagi. Það er mín trú, í ljósi þess hvernig ríkisstjórnin hefur komið fram frá því að bankakreppan skall á, að það hafi verið sú birting sem neyddi ríkisstjórnina til þess að leggja málið hér fram á mánudaginn var. Áður hafði því verið lýst yfir að þingmenn mundu ekki fá samkomulagið fyrr en því yrði dreift á fundi í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það var sem sagt fyrirhugað á miðvikudegi og það var sú tímasetning sem rædd hafði verið. Menn verða að koma með aðrar sannanir en þær — eins og hér var nefnt áðan, eins og báðir hæstv. ráðherrar og formenn stjórnarflokkanna sögðu: Við fengum undanþágu, við fengum leyfi til þess að birta þetta. Ég minni bara á að þeir höfðu áður harðneitað að skjalið yrði birt áður en stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefði afgreitt það. Það er í takt við annað í þessu öllu saman.

Það er eftirtektarvert að reyna að skýla sér á bak við vilja Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um birtingu á skjali sem er einhliða yfirlýsing, eins og segir í fylgiskjali I með þessari þingsályktun: „Viljayfirlýsing um áform íslenskra stjórnvalda.“ Þetta er einhliða yfirlýsing.

Í 27. tölulið yfirlýsingarinnar segja, með leyfi forseta, hinir undirrituðu, sem eru Davíð Oddsson og Árni M. Mathiesen:

„Við veitum Alþjóðagjaldeyrissjóðnum leyfi til að birta þessa viljayfirlýsingu“ o.s.frv.

Það er ekki á þessu að sjá að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi bannað mönnum að birta þetta eða sýna þingmönnum þetta.

Ég hlýt líka að spyrja: Hvar er enski textinn af þessu skjali sem sagt er að hafi verið undirritað 3. nóvember sl. nema 9. gr., út af Icesave, sem var breytt á laugardaginn var, þann 15., og er getið um í inngangi greinargerðar? Hvar er enski textinn og hvar er undirritaða plaggið? Frú forseti. Það er nefnilega munur á þeim skjölum og þeim textum sem birtust annars vegar í *DV* og hins vegar í því skjali sem lagt er fyrir Alþingi, og það er algjörlega óásættanlegt að svo sé. Það hlýtur að verða að kalla eftir því í nefnd hvaða breytingar hafi verið gerðar á þessum textum.

Ég kem strax auga á nokkur atriði. Ég ætla að láta mér nægja að nefna eitt og það varðar 8. liðinn, umdeilt mál sem færustu lögmenn þjóðarinnar telja að sé stjórnarskrárbrot. Ákveðið var hér á fimmtudaginn var, gegn mótatkvæðum vinstri grænna, að keyra gömlu bankana áfram í allt að tvö heil ár, jafnvel þótt þeir séu gjaldþrota, þvert á lög um gjaldþrot — keyra þá áfram í greiðslustöðvun. Í textanum, sem *DV* birti á mánudag, segir á íslensku að reka eigi bú gömlu bankanna í greiðslustöðvun undir umsjá dómskipaðs skiptastjóra. Það er eins og gjaldþrotalögin gera ráð fyrir, að dómur skipi skiptastjóra í þrotabúi.

Nú þegar plaggið kemur fyrir Alþingi, plaggið sem er sagt hafa verið undirritað 3. nóvember sl., segir í 8. gr. að aðstoðarmaður eigi að vera við greiðslustöðvunina sem þarna komi að. Eins og þar segir, með leyfi forseta:

„… en skipan hans hlýtur staðfestingu dómstóla.“

Hér er um tvö algjörlega óskyld mál að ræða og skýringa er ekki að leita í öðru en þeim afglöpum sem meiri hluti Alþingis samþykkti hér síðasta fimmtudag á gjaldþrotalögunum, að heimila Fjármálaeftirlitinu og skilanefndunum að reka gjaldþrota fyrirtæki í allt að tvö ár. Morguninn sem þetta var kynnt í viðskiptanefnd kom *Viðskiptablaðið* út og hvað stóð þar? Þar stóð að leita ætti eftir rekstrarleyfi fyrir gömlu bankana til þess að halda rekstri þeirra áfram þennan tíma. Við eigum eftir að sjá það, það getur vel verið að það sé búið að gefa leyfið út, Fjármálaeftirlitið sé búið að gefa það út.

Þetta er einn liður sem ég hef komið auga á, frú forseti, að hefur breyst á milli þeirra tveggja plagga sem hafa birst. Ég hlýt að kalla eftir því að upplýst verði í nefndinni hvernig á þessu stendur. Þetta er dýrkeypt lán eins og ég nefndi í andsvari hér fyrr í dag. Við þurfum að taka á okkur 660 milljarða kr. ábyrgð á Icesave-skuldbindingunum til þess að fá þessa sex milljarða dollara að láni frá IMF og fara inn í það skelfilega prógramm sem þeir eru þekktir fyrir. Menn spyrja sig: Hvað á að gera við þessa peninga?

Í 19. gr., sem reyndar er sú eina sem hafði birst áður en *DV* birti plaggið — Davíð Oddsson hafði af rausn sinni birt einn tölulið 19. gr. þar sem fjallað er um stýrivexti, en í þeirri grein er einnig talað um að jafnvel eigi að fara að nota þennan dýrkeypta og takmarkaða gjaldeyrisvaraforða til að styðja við gengi krónunnar, til þess að halda uppi genginu.

Í *Morgunblaðinu* í gær bentu þrír virtir hagfræðingar á þá miklu hættu sem því er samfara — og reynslu sem á því er, margföld reynsla af hliðstæðum gjaldeyriskreppum — að þegar gjaldeyrir og gjaldeyrisvaraforði er notaður með þessum hætti til að styðja gjaldmiðilinn hverfur þorri hans einfaldlega í vasa spákaupmanna og landið situr eftir verr sett en áður.

Þetta eru stór orð og ekki hefur mikið verið fjallað um þau af hálfu ráðamanna þjóðarinnar á þessari ögurstundu. Menn viska því einfaldlega frá sér. Þegar menn 24. október sl. leituðu á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á hnjánum og töldu sig mundu fá þar fyrirgreiðslu einn, tveir og þrír hættu menn að hugsa um þetta. Þeir skrifuðu upp á það sem þarna var, það var gjaldeyriskrísa og þeir ætluðu að hafa þetta svona.

Þessir hagfræðingar þrír sem birta grein í *Morgunblaðinu* í gær benda á að á þeim þrem vikum sem liðnar eru, meðan Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur haft umsókn Íslands til — hvað eigum við að segja? — í gíslingu kallaði hv. formaður utanríkismálanefndar, Bjarni Benediktsson það hér áðan — þá hefur ýmislegt breyst. Það er engin gjaldeyriskrísa lengur að þeirra mati. Þvert á móti, segja þeir, hafi skapast markaður með íslensku krónuna, gengið hafi að vísu fallið nálægt 10% á innanlandsmarkaði, erlendis hefur gengismarkaður fyrir krónuna hins vegar myndast á nýjan leik og þar hefur gangverð krónunnar hækkað og færst nær skráðu gengi innan lands. Sem sagt engin gjaldeyriskrísa. Þeir efast um það hér, þessir hagfræðingar, að þörf sé fyrir þetta lán eins og staðan nú er.

Menn vita svo sem ekki hvað á að gera við þessa peninga en ég vil vekja athygli á því að *FinancialTimes* segir í gær að önnur alda fjármálakreppunnar sé að skella á Íslandi. Þar er vitnað í talsmann frá Seðlabankanum sem seg-

ir að 400 milljarðar kr. í jöklabréfum bíði þess að renna út úr landinu um leið og gjaldeyrisviðskipti verða gefin frjáls. Það mun gerast einn, tveir og þrír eins og gerðist í Argentínu, ef menn ætla sér að fara eftir 4. tölul. 19. gr. og púkka undir krónuna hvað sem það kostar og nota þennan gjaldeyrisvaraforða í það. Það má ekki gerast, herra forseti.

Það versta í þessu er hins vegar að það eru sömu menn sem eiga að sýsla um þessi mál. Það eru sömu menn sem eiga að taka við þessum peningum, sömu menn og hafa verið að klúðra öllu hér frá 6. október og enginn hreyfir sig um set. Því til vitnis er frétt úr blöðunum í dag um að gamli Glitnir, sem kannski er búinn að fá starfsleyfi eins og ég nefndi áðan, hefur fengið nýjan framkvæmdastjóra. Hver skyldi það vera? Það er fyrrverandi framkvæmdastjóri á sjávarútvegssviði Glitnis banka hf. Svona er þetta nú, herra forseti. Menn sitja sem fastast á öllum vígstöðvum, bæði í bönkunum, í Fjármálaeftirlitinu, í Seðlabankanum og ekki síst hér á (Forseti hringir.) ríkisstjórnarstólunum sem reyndar eru tómir núna. Ég vildi óska þess að (Forseti hringir.) þessir tómu stólar hér mættu vera fyrirboði þess að kosið verði sem fyrst og þeir verði (Forseti hringir.) skipaðir nýju fólki.

[16:43]

Útbýting:

Sérsveit ríkislögreglustjóra, 116. mál, svar dómsmrh., þskj. 206.

Sjúkraskrár, 170. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 205.

[16:43]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég get ekki á mér setið að kveðja mér hljóðs hér aðeins um fundarstjórn forseta. Hér erum við í dag að ræða eitt stærsta mál sem íslenskt samfélag er að takast á við og mun takast á við hér á næstu árum og jafnvel áratugi. Það er verið að leggja til að íslenska þjóðarbúið verði skuldsett um mörg hundruð milljarða kr. Hæstv. forsætisráðherra sagði í framsöguræðu sinni í morgun að þingið mætti þakka fyrir örlætið af hálfu ríkisstjórnarinnar að þetta mál kæmi yfirleitt til kasta þingsins.

Mér finnst það fádæma dónaskapur að hæstv. ráðherrar skuli ekki sitja hér og taka þátt í umræðunni, taka við fyrirspurnum eða athugasemdum eða röksemdum sem hér koma fram og svara þeim, taka þátt í rökræðu um þetta mál. Ég hlýt að gera kröfu til þess að hæstv. forseti sjái til þess að einhverjir ráðherrar séu viðstaddir umræðuna þannig að hægt sé að eiga við þá orðaskipti.

[16:45]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Samkvæmt viðveruskrá eru tveir ráðherrar staddir hér í húsinu.

[16:45]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil taka undir þessi orð og ég óska eftir því að þeir ágætu ráðherrar sem sagðir eru staddir í húsinu verði kallaðir í salinn. Það var líklega bara misskilin hógværð í þeirri sem hér stendur að hafa ekki haft rænu á því áðan því að ég var með konkret spurningar til hæstv. ráðherra sem ég sleppti vegna þess að þeir voru ekki hér. Ég vil því biðja hæstv. forseta að setja mig aftur á mælendaskrá í trausti þess að hann kalli til þá ráðherra sem sagðir eru í húsinu.

[16:45]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti hefur þegar látið færa þeim ráðherrum boð sem staddir eru í húsinu um að koma umsvifalaust til þingfundar.

[16:46]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Við höfum rætt í allan dag tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Við höfum auðvitað fyrr í haust margoft rætt í sölum Alþingis um ástandið í efnahagsmálum, um tildrög þess hvernig komið er og um þau úrræði sem til ráða eru til að draga úr þeim skaða sem efnahagskreppan, bankahrunið leiðir yfir íslenska þjóð. Að sjálfsögðu hafa verið skiptar skoðanir um málið milli fulltrúa stjórnmálaflokkanna og þess vegna innbyrðis en við erum nú komin í þá stöðu að öll sund virðast einhvern veginn vera að lokast.

Spurt er um það og það kom m.a. fram í framsöguræðu hæstv. forsætisráðherra að hann teldi mikilvægt að þessi umræða færi fram á Alþingi, ekki sérstaklega til að Alþingi fengi tækifæri til að ræða málið heldur til að kalla fram hverjir styddu það og hverjir styddu það ekki, eins og hann orðaði það. Honum þótti sem sagt mikilvægt að fá fram atkvæðagreiðslu um málið og það er eðlilegt og sjálfsagt en miklu mikilvægara er að hugmyndafræðin á bak við það sé til umræðu og við ræðum hvað orsakaði þá stöðu sem við erum komin í og hvernig menn ætla síðan að vinna úr henni til framtíðar. Það getur vel verið að miðað við þá stöðu sem við erum í sé ekki um marga kosti að ræða í raun og veru en það kemur ekki í veg fyrir að við getum leyft okkur að gagnrýna það hvernig komið er og hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málum að undanförnu. Nú er að koma betur og betur í ljós að ríkisstjórninni mátti vera ljóst af mörgum fundum sínum með forsvarsmönnum Seðlabankans í hvert stefndi án þess þó að hafa aðhafst a.m.k. nægilega mikið til að koma í veg fyrir efnahagshrunið. Það kann vel að vera að ríkisstjórnin hafi ákveðið að láta skoða einhver tiltekin atriði og verið með einhverja hluti í nefnd en það hefur þá ekki komið nægilega mikið út úr því til að forða þeirri stöðu sem við erum nú í.

Til dæmis kemur fram í fjölmiðlum í dag, í *Morgunblaðinu,* að nefnd hafi verið að störfum að frumkvæði hæstv. viðskiptaráðherra til að fjalla um það hvort Ísland eigi að takmarka ábyrgð á bankainnstæðum. Þar er sagt frá því að Ísland hafi ekki nýtt sér heimild til að takmarka ábyrgð á innstæðum í bönkum við ákveðna aðila líkt og heimilt er í tilskipun Evrópusambandsins og er vísað til þess að heimilt sé í þeirri tilskipun að takmarka ábyrgð á innstæðum fagfjárfesta svo sem ríkja, sveitarfélaga, tryggingafélaga o.s.frv. Þessi heimild var ekki nýtt af hálfu íslenskra stjórnvalda. Hún var hins vegar nýtt af hálfu Breta og Hollendinga og kemur nokkuð á óvart.

Ég hef áhuga á að vita hversu stór hluti þessara aðila er í þeim skuldbindingum sem við erum að takast á herðar í gegnum þetta Icesave-samkomulag í tengslum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Mér finnst mikilvægt að þær upplýsingar liggi fyrir og ef ekki er hægt að reiða svör fram við þeim hér að þau komi þá inn til þingnefndar.

Það er hægt að ræða þetta mál lengi og mikið en það eru nokkur atriði í skilmálunum sem ég vil velta hér upp af því að mér finnst þau óljós eða tel að koma þurfi fram frekari skýringar á.

Talað er um að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu. Mér finnst mikilvægt að í því sambandi komi fram á hvaða kjörum er verið að tala um þessar skuldbindingar, bæði af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og einnig frá öðrum ríkjum. Þær upplýsingar verða að liggja fyrir vegna þess að annars er Alþingi að veita þessa heimild með bundið fyrir augun. Þessar upplýsingar þurfa að liggja fyrir.

Í 5. tölulið þessa samkomulags er greint frá því að ákveðið skipulag sé komið á við skil yfirteknu bankanna og leiðir til að hámarka heimtur eigna með gagnsæjum hætti. Til að samræma stefnu og aðgerðir stjórnvalda hafi verið skipuð nefnd sem bankasérfræðingur stýri og í eigi sæti fulltrúar frá forsætisráðuneyti, Fjármálaeftirliti, Seðlabanka, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti. Sem sagt frá þeim aðilum sem brugðust að sjálfsögðu í þessu máli. Þetta á allt að vera á höndum sömu aðila.

Í 7. tölulið er sagt að áformað sé að selja eiginfjárframlag ríkisins um leið og jafnvægi kemst á og markaðsskilyrði leyfa. Það á sem sagt að endurtaka einkavæðingu bankanna.

Ég hlýt að velta því fyrir mér og spyrja hvort stjórnvöld séu ekkert brennd af því sem hér hefur verið að gerast á undanförnum vikum. Ætli það sé ekki nær að bíða aðeins og sjá til hvernig þessi mál þróast og a.m.k. gefa þjóðinni fyrirheit um að farið verði í málið með áþekkum hætti og gert var annars staðar á Norðurlöndunum, í Noregi og Svíþjóð, í kjölfar bankahrunsins þar fyrir rúmum áratug síðan, en þar á ríkið enn þá umtalsverðan hlut í bönkunum.

Ég hef þegar spurt um undanþáguna sem mér finnst mikilvægt að sé svarað.

Í 15. lið er vísað til þess að samræma þurfi fjármál sveitarfélaga áformum ríkisins í ríkisfjármálum. Nú er alveg ljóst, og við höfum rætt það hér að undanförnu og hæstv. fjármálaráðherra líka, að sveitarfélögin verða fyrir miklu tekjutapi vegna þessa ástands en um leið verða þau fyrir auknum útgjöldum vegna þess að þau þurfa að taka á fjárhagsaðstoð. Félagslegur vandi eykst, það verður aukinn vandi hjá fjölskyldum að standa undir kostnaði í skólum, eins og leikskólunum, við skólamáltíðir, frístundaheimili o.s.frv. og sveitarfélögin munu þurfa að leggja meira af mörkum í þessu sambandi.

Við þingmenn Vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu höfum einmitt heimsótt allar eða flestar þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar til að kynna okkur hvernig þetta efnahagsástand blasir við því fólki sem vinnur með fjölskyldurnar í borginni og það er alveg ljóst að á þessu þarf að taka. Hvernig á að taka á vanda sveitarfélaganna?

Í 16. lið segir: „Hið opinbera mun ekki taka á sig frekari skuldbindingar vegna bankakreppunnar.“

Hvað með afkomu atvinnulífs og heimilanna? Ætlar ríkisvaldið ekkert að koma inn í það mál og reyna að leggja þar eitthvað af mörkum?

Síðan segir í 17. lið: „Til að koma í veg fyrir öldu gjaldþrota og auka enn á þann samdrátt sem þegar er kominn fram teljum við það vera forgangsverkefni að Seðlabanki Íslands komi á stöðugleika í gengi krónunnar.“

Hvernig? Með því að hækka vexti. Það fyrsta sem var gert var að hækka vexti í 18% og boðað að von væri á meiru eins og segir í 19. tölulið og var að hluta til birt á bloggsíðu Seðlabankans fyrir nokkru. Svo er talað um að stjórnvöld séu reiðubúin að nota gjaldeyrisforðann til að koma í veg fyrir of miklar sveiflur í gengi krónunnar. Það er auðvitað lykilspurning. Við höfum áhyggjur af þessu og þær eru rökstuddar og það eru ekki bara þingmenn úr stjórnarandstöðunni sem hafa áhyggjur af þessu. Það hafa komið fram rökstuddar áhyggjur frá fræðasamfélaginu í hagfræði líka og stjórnvöld virðast ekki svara þessu á neinn hátt. Það er sem sagt ákveðið að nota á IMF-lánið, Alþjóðagjaldeyrissjóðslánið, til sveiflujöfnunar til að stýra gengi krónunnar. Það er ekki hægt að fullyrða hæstv. forseti, að það mistakist en þetta getur verið stórhættulegt. Og ef það tekst ekki, sem eru jafnvel meiri líkur á, eru afleiðingarnar geigvænlegar fyrir samfélagið, fyrir þjóðarbúið og fyrir komandi kynslóðir.

Mestu máli skiptir nú að koma í veg fyrir fjöldaatvinnuleysi, fjöldagjaldþrot fyrirtækja og það er á þeim vettvangi sem stjórnvöld eiga að beita sér. Og ef við erum í þeirri stöðu, sem ég ætla ekki að gera lítið úr, að erlendan gjaldeyri þurfi inn í efnahagskerfið til að koma hjólum atvinnulífsins í gang á að nota þær skuldir sem ríkið ætlar að taka á sínar herðar til þess að hjálpa fjölskyldunum, forða þeim frá gjaldþroti, forða fyrirtækjunum frá gjaldþroti og koma hjólum atvinnulífsins í gang. Það er meginverkefnið, virðulegur forseti. Og það á að keyra niður vextina og þetta var „det rene vanvid“ eins og maður segir á góðu máli að keyra vextina upp með þeim hætti sem Seðlabankinn ákvað. Það eru þeir sem eru að drepa fjölskyldur og fyrirtæki. Engin atvinnugrein í landinu ber þessa háu vexti nema kannski vændi og eiturlyfjasala og ég trúi því ekki að ríkisstjórnin hafi tekið ákvörðun um vaxtahækkunina til þess eins að þær atvinnugreinar geti borið sig.

Virðulegi forseti. Tími minn er á þrotum í þessari atrennu. Ég hefði viljað segja margt fleira um þetta skjal og úr þeim gögnum sem hér liggja fyrir og ég mun því óska eftir að verða settur á mælendaskrá á nýjan leik.

[16:56]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Það er nokkuð liðið á þessa umræðu og eins og gefur að skilja hafa menn komið víða við í henni. Ég vildi fyrst geta þess að málið snýst um það að við Íslendingar erum komnir í afar vonda stöðu og allir gera sér það ljóst. Við getum haldið miklar ræður um það hvernig á því stendur, hver eru áhrif innlendra ákvarðana þar á og hver eru áhrif alþjóðlegrar fjármálakreppu en staðreyndin er sú að við erum í afar vondri stöðu. Við erum að reyna að leita leiða til að komast út úr þeirri stöðu til að vinna okkur upp að nýju og það mál sem liggur fyrir þinginu í dag snýst

um mikilvæg skref í því sambandi. Það eru auðvitað fyrstu skrefin sem ná ekki til allra þátta en það lán og sú lánafyrirgreiðsla sem við vonumst til að fáist frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og öðrum ríkjum á grundvelli þess samkomulags sem gert var við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er mjög mikilvæg forsenda þess að við getum byrjað að vinna okkur upp úr vandanum. Það er kjarni málsins.

Ég nefndi að þetta er vond staða sem við erum í og enginn vildi vera í þeim sporum að þurfa að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Enginn í þessum sal, enginn sem að þessu máli hefur komið. Þetta er ekki óskastaða fyrir nokkurn mann. En eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson sagði í ræðu sinni áðan eru kannski ekki margir kostir í stöðunni, alla vega eru ekki neinir góðir kostir í stöðunni. Það er á þeim grundvelli sem ég er þeirrar skoðunar að okkur þingmönnum beri að samþykkja þá þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir vegna þess að þó að ekki sé gott að þurfa að gera samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um fyrirgreiðslu af þessu tagi er það þó leið á þeirri vegferð sem við þurfum að hefja, að endurreisa íslenskt efnahagslíf. Það er grundvallaratriði í afstöðu minni í þessu máli.

Hér var spurt: Hvaða ávinningur er af þessari lánafyrirgreiðslu? Það liggur nokkuð ljóst fyrir í mínum huga, með því er aflað lánsfjár til að styrkja gjaldeyrisforða okkar og þar með fæst bakstuðningur sem er nauðsynleg forsenda til þess að hægt sé að koma gjaldeyrisviðskiptum í eðlilegt horf. Samhliða þessu liggur auðvitað líka fyrir ákveðin áætlun íslenskra stjórnvalda um endurreisn efnahagslífsins sem gerð er að forsendu fyrir fyrirgreiðslunni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hún er eins og áður hefur verið nefnt í umræðunni ákveðinn vegvísir fyrir okkur á þeirri leið sem fram undan er. Þar eru nefndir fjölmargir þættir sem við þurfum að gera til að koma okkar málum í lag. Margt af þessu eru þættir sem við hefðum hvort sem er þurft að gera þó að ekki kæmi til fyrirgreiðslan frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það er hins vegar klárt að það að við vinnum þessi mál í samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn gefur endurreisnaráætlun okkar meiri trúverðugleika gagnvart öðrum ríkjum. Það gefur trúverðugleika gagnvart þeim ríkjum sem eru tilbúin til að veita okkur lánafyrirgreiðslu og það styrkir þess vegna það endurreisnarprógramm sem við þurfum að vinna að.

Hér í umræðunni hefur verið fjallað nokkuð um aðdraganda þessa máls og málsmeðferð ríkisstjórnarinnar verið gagnrýnd í ýmsum atriðum. Ég held að nægar skýringar hafi í rauninni komið fram á þeim þætti. Það hefur legið fyrir að ekki var hægt að gefa upp efnisatriði þeirrar yfirlýsingar sem hér er birt sem fylgiskjal vegna trúnaðar sem menn urðu að virða gagnvart stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það skýrir auðvitað hvers vegna málið hefur ekki fyrr komið inn í þingið.

Í annan stað hefur verið gagnrýnt að langur tími hafi liðið frá því að málið átti sér upphaf í því að við sóttum um fyrirgreiðsluna og þangað til þeirri afgreiðslu lauk og menn hafa velt því svolítið fyrir sér hvers vegna svo hafi verið. Ég held að sá þáttur hafi líka verið skýrður afar vel, það voru ekki ástæður sem sneru að íslenskum stjórnvöldum heldur að afstöðu annarra ríkja sem aðild eiga að stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég held að íslenska ríkisstjórnin hafi gert allt sem í hennar valdi stóð til að reyna að fá þetta mál hratt í gegn en því miður var fyrirstaða hjá öðrum ríkjum sem tafði það. En ég er sammála þeim sem áður hafa talað hér í dag og bent á að sú töf sem varð á afgreiðslu málsins hefur vissulega verið skaðleg.

Það eru nokkur atriði sem ég vildi koma að til viðbótar. Eitt er það sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir vék sérstaklega að og kom reyndar fram í máli hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar varðandi það hvernig sá gjaldeyrisforði sem fæst með lánafyrirgreiðslunni verði nýttur. Í mínum huga er alveg skýrt og mér finnst það alveg ljóst af því plaggi sem hér er til umræðu að ekki er ætlunin að verja þeim fjármunum sem fást með þessari lánafyrirgreiðslu til að verja vonlausa stöðu krónunnar, þ.e. að ekki er ætlunin að reyna að halda uppi óraunhæfu gengi. Þvert á móti er talað um það í hinum fræga 19. lið að leyfa verði genginu að nálgast jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Þess vegna held ég að áhyggjur sem fram hafa komið, og eru vissulega ekki úr lausu lofti gripnar, um að gjaldeyrisforðanum verði varið í einhverja vonlausa baráttu séu ástæðulausar vegna þess að ég held að stjórnvöld bæði á vettvangi ríkisstjórnar og Seðlabanka séu vel meðvituð um að þarna er hætta fyrir hendi. Það er einmitt þess vegna sem menn gera ráð fyrir að gengi krónunnar muni lækka skarpt eftir að gjaldeyrisviðskipti hefjast að nýju áður en hún tekur síðan að styrkjast. Hins vegar er líka nauðsynlegt að hafa í huga að ekki er hægt að útiloka að gjaldeyrisvaraforðanum verði beitt undir einhverjum kringumstæðum. Það er mjög mikilvægt að hann sé fyrir hendi þannig að það liggi fyrir að geta sé til að bregðast við miklum sveiflum ef talið er nauðsynlegt og skynsamlegt að gera það.

Rétt í lokin vildi ég geta þess í tilefni orða hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar um þann lið í yfirlýsingu stjórnvalda sem lýtur að því að eignarhald ríkisins á viðskiptabönkunum verði ekki varanlegt, þá hygg ég að flestir geti verið sammála um að það sé ekki æskileg framtíðarsýn að ríkið sé eigandi þriggja viðskiptabanka, eini eigandi þriggja viðskiptabanka. Það liggja auðvitað ekki fyrir nein áform um hvernig staðið yrði að sölu þessara banka þegar að því kemur, hins vegar er alveg klárt að menn munu fara varlega í svoleiðis aðgerðum. Ég held að það sé alveg ljóst að núverandi ríkisstjórn eða hvaða ríkisstjórn sem sæti mundi fara varlega í því hvernig að því yrði staðið, bæði hvað varðar tímasetningu slíkra aðgerða og með það í huga að ná sem hagstæðustum kjörum á slíkri sölu en auðvitað hljóta menn líka að hugsa út í aðrar afleiðingar slíkra ráðstafana.

Ég bendi á að þó að það sé rétt sem fram kom að ríkið sé enn eigandi að hlutabréfum í norrænu bönkunum sem vísað var til áðan þá var, að því að ég tel miðað við mínar upplýsingar, allgott samkomulag um að ríkið losaði stóra hluti úr þeim bönkum tiltölulega fljótt eftir að ríkið tók þá yfir á síðasta áratug. Ef menn leita fyrirmynda þar má sjá að ekki var staðið gegn því að ríkið losaði sig út úr eignarhaldi þótt ákveðið væri af ástæðum sem eru kunnar að halda minnihlutaeigu í því sambandi. Ég vil undirstrika að það er mikilvægt að (Forseti hringir.) ríkið verði ekki til langframa eigandi allra viðskiptabanka í landinu, 90% af fjármálastarfseminni, en vissulega er ástæða til að fara varlega og læra af fyrirmyndum annarra þjóða (Forseti hring-

ir.) varðandi það hvernig staðið yrði að því.

[17:07]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að inna hv. þm. Birgi Ármannsson eftir því hversu langt menn eru tilbúnir í stjórnarherbúðunum til að ganga varðandi gjaldeyrisvaraforðann, hversu miklu menn eru tilbúnir til að eyða til að setja undir krónuna. Þetta er mjög mikilvæg spurning. Hér er verið að tala um að skuldsetja land og þjóð til nokkurra kynslóða, við erum að tala um 1.400 milljarða kr. Og af því að hæstv. forsætisráðherra kallaði þetta talnakúnstir hjá formanni Vinstri grænna í morgun kom það bara fram á fréttamannafundi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hélt í dag að skuldbindingarnar, lánin sem Ísland þyrfti að taka væru 10,2 milljarðar dollara.

Við vitum ekkert hver áætlun ríkisstjórnarinnar er um ráðstöfun þessa fjár. Við erum að tala um að fá 5 milljarða dollara að láni. Hversu mikið eru menn tilbúnir að nota til að greiða niður gjaldeyri fyrir útlendinga, fyrir þá sem eiga hér jöklabréfin? Á vef *Financial Times* kemur fram í gær að 400 milljarðar kr. bíði þar eftir að renna út. Er hv. þm. Birgir Ármannsson tilbúinn til að nota þetta lán í það?

[17:09]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi ráðstöfun þess gjaldeyrisforða sem fæst vegna þeirrar lánafyrirgreiðslu sem hér er til umræðu liggur auðvitað ekki fyrir, hvorki af hálfu ríkisstjórnarinnar né annarra, nákvæmlega hvernig þetta fé verði notað og það liggur ekki fyrir hvort það verði notað að hluta til eða meira leyti. Ég hef það á tilfinningunni og það er skoðun mín að það verði að fara afar gætilega við að nota þennan forða. Það er mikilvægt að hann sé til staðar en það verður að fara mjög gætilega í að nota hann.

Eins og ég sagði í ræðu minni áðan liggur fyrir að það er ekki ætlunin að nota þennan gjaldeyrisforða til að verja vonlausa stöðu krónunnar og tel ég þannig að ég svari spurningunni í lok ræðu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur að ekki ætti að nota forðann til að greiða út eigendum jöklabréfanna eins og það var orðað. Ég tel að fara verði mjög varlega í að nota þennan forða um leið og ég tel mikilvægt að hann sé fyrir hendi.

Varðandi þessa ráðstöfun að öðru leyti og þá spurningu hversu langt ríkisstjórnin eða stjórnarflokkarnir séu tilbúnir til að ganga til að nýta þennan forða þá held ég að við getum ekki svarað því fyrir fram og ég held að við verðum að fara varlega í öllum yfirlýsingum um slíkt vegna þess að allar nákvæmar yfirlýsingar og upplýsingar um það geta haft áhrif á markaðinn, geta haft áhrif á spekúlanta sem hugsanlega vilja hagnast á krónunni og aðgerðum ríkisstjórnarinnar eða Seðlabankans til þess að hafa áhrif á gengið. Þess vegna held ég að það sé alveg ómögulegt að segja fyrir fram í smáatriðum hvernig menn ætla að nýta þennan forða.

[17:11]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessi hreinskilnislegu svör. En almáttugur — við getum engu svarað, það er engin áætlun. Við erum að taka stóreflis lán og það er bara engin áætlun hjá hæstv. ríkisstjórn.

Ég verð að segja, herra forseti, að það liggur við að manni finnist betra svarið sem við höfum fengið hér undanfarnar vikur um að það megi ekki segja frá áætluninni. En að ríkisstjórnin skuli vera svona berskjölduð og ekki í neinum fötum, eins og barnið sagði um keisarann, í þessum efnum er mjög dapurlegt að heyra.

[17:12]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að svara því til hvort mótuð hefur verið einhver áætlun af hálfu stjórnvalda um nýtingu gjaldeyrisforðans. Hins vegar held ég að öllum sé ljóst að slíka áætlun eða slík áform er ekki hægt að gefa upp fyrir fram vegna þeirra áhrifa sem það kynni að hafa á markaðinn að þessu leyti. Þess vegna held ég að við verðum að gefa stjórnvöldum, ríkisstjórn og Seðlabanka, ákveðið svigrúm, við getum ekki krafist þess að skýr svör komi um það fyrir fram hvernig nýta eigi gjaldeyrisvaraforðann vegna þess að ef slíkar áætlanir lægju fyrir og væru opinberar og öllum aðgengilegar mundi það gefa mönnum kost á að spila á markaðinn að þessu leyti. Þess vegna verðum við að ætla að stjórnvöld þurfi að hafa talsvert svigrúm til að bregðast líka við og á þeim forsendum er ekki hægt að ætlast til þess, eins og mér heyrist mega ráða af orðum hv. þingmanns, að hér séu lagðar fram eða skýrðar skýrar áætlanir eða skýr áform um það hvernig gjaldeyrisvaraforðinn verði nýttur. Ég held að menn geri sér grein fyrir að ekki er hægt að leggja slíkt á borðið fyrir fram vegna þess að þarna er um að ræða samspil ákvarðana stjórnvalda og ákvarðana aðila úti á markaði og ef öll áform stjórnvalda liggja fyrir hefur það áhrif á hegðun aðila á markaði sem reyna, eins og við þekkjum bæði hér á landi og í öðrum löndum, að spila á þetta samspil með því að hámarka sinn hagnað. Við getum þess vegna ekki lagt öll spil á borðið.

[17:14]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Hér hefur verið rætt í dag um þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um að taka lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og undirgangast þær skuldbindingar sem hann leggur á í því sambandi. Tilefnið er jú sú alvarlega staða sem komin er upp, þ.e. hrun íslenska bankakerfisins og fjármálakerfisins og það að á íslenskt samfélag, almenning í landinu, falla skuldbindingar sem þessir aðilar höfðu gert erlendis upp á fleiri hundruð milljarða kr., það er talað um hátt á annað þúsund milljarða kr. sem íslenskur almenningur verður að taka á sig.

Maður veltir því fyrir sér líka hver staða almennings í landinu er í þessari umræðu. Við höfum fengið hvern forustumann stjórnvalda á fætur öðrum, það er sama hver er, hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde, hæstv. utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, seðlabankastjóri eða forstöðumaður Fjármálaeftirlitsins, allir segja: Þetta er ekki okkur að kenna heldur einhverjum öðrum.

Þegar ég horfði á stjórnarformann Fjármálaeftirlitsins í

sjónvarpinu í gær, Jón Sigurðsson, sem jafnframt er varaformaður stjórnar Seðlabankans, þá var ekki auðvelt að gera sér grein fyrir því hvort hann væri að svara sem stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins eða varaformaður stjórnar Seðlabankans, það rann í eitt, en það var alveg ljóst að ekkert var honum, hans embættum eða stofnunum að kenna, það var alveg ljóst. Almenningur stóð frammi fyrir því þegar hann var búinn að hlusta á Davíð Oddsson, Jón Sigurðsson, hæstv. ráðherra Geir Haarde og hæstv. ráðherra Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, að ekkert var neinum að kenna. Eina sem almenningur fann var að á hann voru að hlaðast gríðarlegar skuldbindingar, erlend lán og skuldir. Almenningur stóð eftir og hugsaði: Bíddu við, er þetta þá bara allt mér að kenna? Þetta hlýtur að vera einhverjum að kenna, eitthvað hlýtur að hafa farið úrskeiðis, ekkert er að hjá stjórnvöldum en almenningur situr uppi með skuldbindingarnar, fleiri, fleiri milljónir króna á hvert fætt mannsbarn og næstu börn sem fæðast.

Halldór Kiljan Laxness segir í *Heimsljósi,* með leyfi forseta:

„Vinur, sagði Annar Heldrimaður og faðmaði skáldið. Það er búið að loka Bánkanum. Einglendíngar hafa lokað Bánkanum.

Það var og, sagði skáldið.

Og hvernig stendur á því að einglendíngar hafa lokað Bánkanum, sagði Annar Heldrimaður. Það er af því að það eru aungvir peníngar leingur í Bánkanum. Júel er búinn að tæma Bánkann. Júel er búinn að sólunda öllu því fé sem einglendíngar lánuðu þessari ógæfusömu þjóð af hjartagæsku. Júel hefur sökt öllu fé einglendínga útí hafsauga. Þessvegna er búið að loka Bánkanum.“

Já, eitt er víst, þ.e. að almenningur stendur frammi fyrir því að það er búið að tæma bankana en það er ekki neinum að kenna.

Það var afar athyglisvert að sjá í fréttatilkynningu frá *Hagspá Landsbankans* sem birtist í *Vegvísi Landsbankans* 23. september sl. sem hafði það að yfirskrift: Af hverju eru langtímahorfur öfundsverðar? Í textanum segir, með leyfi forseta:

„Yfirskrift *Hagspár Landsbankans* 2008–2012 er sótt í skýrslur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) um Ísland. IMF hefur um árabil bent á að langtímahorfur fyrir íslenska hagkerfið séu að mörgu leyti öfundsverðar. Þeir sem gleggst fylgjast með íslenskum efnahagsmálum benda jafnan á nokkra lykilþætti sem leggja grunn að sterkri stöðu þjóðarbúsins til framtíðar.“

Þetta var tilvitnun í Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Landsbankann síðustu dagana í september. Hvað sagði hæstv. utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir áðan? Jú, það var svo mikilvægt að sækja ráð erlendis, sækja ráð og ráðgjöf til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem sagði að allt væri mjög gott, einkavæðingin hefði tekist vel, það hefur verið megininntak Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að einkavæðing íslensku bankanna hefði tekist vel og þess vegna var sjálfsagt að sækja ráð þangað.

Hæstv. utanríkisráðherra minntist ekki á að kannski var mest þörfin á að sækja siðferðislega endurbót, (**Gripið fram í:** Hvað er það?) já, hvað er það? Það er eitthvað sem ekki þekkist í munnum hæstv. ráðherra. Hér hefur verið kallað eftir tillögum og ábendingum Vinstri grænna. Hverjir voru það sem vöruðu við einkavæðingu bankanna á sínum tíma, lögðu áherslu á að a.m.k. einum banka væri haldið eftir og að skil væru gerð á milli venjulegs viðskiptabanka og fjárfestingarsjóðs? Hverjir voru það sem lögðu til að það yrði skilið á milli innlendrar og erlendrar starfsemi? Þeir sem lögðu slíkt til voru sagðir vera á móti framtíðinni. Hefði þetta samt verið gert værum við í dag ekki í þeim sporum sem við erum í nú.

Hvað gerðist svo seint, þ.e. í mars á þessu ári, og miðað við alla fundi seðlabankastjóra þar sem hann var að kynna þennan þátt með ríkisstjórninni á árinu og vara við? Samt er tekin sú ákvörðun 25. mars af Seðlabanka Íslands að afnema bindiskyldu á íslenskum bönkum erlendis. Þegar við þingmenn Vinstri grænna spurðum hvers vegna væri verið að gera það var svarið: Þetta er nauðsynlegt til þess að styrkja samkeppnisstöðu þeirra erlendis. Bindiskylda á bönkum erlendis mátti ekki vera á af því að hún skerti samkeppnisstöðu þeirra. Hafði seðlabankastjóri ekki þá þegar haldið eina tvo eða þrjá fundi með ríkisstjórninni, eða einhverjum þeim hluta hennar sem hefur viðurkennt að hafa setið þá fundi, og varað við þeirri hættu sem blasti við? Samt er þetta gert.

Herra forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við áttum okkur á í hverju styrkur okkar liggur. Hann liggur í hinni sterku ímynd landsins sem er náttúran, fólkið og menningin. Það er samfélagið sem er styrkur okkar. Þessa þætti eigum við að setja númer eitt í forgangsröðinni nú þegar við erum að verja fjármunum og leggja áherslur af hálfu ríkisins. Ég geri mér grein fyrir því að fjármálafyrirtækin eru mjög mikilvæg og það að koma krónunni á markað er mjög mikilvægt. En áhersla ríkisstjórnarinnar beinist að því að koma krónunni á einhvern gjaldeyrismarkað, það er sett í algjöran forgrunn, umfram og langt fram úr stöðu og vernd heimilanna.

Hvað var það fyrsta sem gert var að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? Jú, það var að stórhækka vexti, sem er vitað mál að sligar atvinnulífið og þær atvinnugreinar sem nú eiga að verða til að skapa okkur gjaldeyrisforða á ný. Hver var tilkynningin sem send var út fyrir helgina? Það var boðaður flatur 10% niðurskurður og sent fyrst á sjúkrahúsin. Hvað hafði samt verið sagt áður? Að menn ætluðu að sameinast um að standa vörð um velferðarkerfið. Menn ætluðu að sameinast um að standa vörð um atvinnuskapandi aðgerðir en slá frekar á þær aðgerðir sem krefjast mikils innflutts tæknibúnaðar.

Fyrstu tilskipanir ríkisstjórnarinnar eru að rjúfa þessa sátt, (Forseti hringir.) segja ósatt, krefjast niðurskurðar í velferðarþjónustunni. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Við eigum að trúa á land okkar og þjóð og fólkið okkar en ekki að vera stöðugt að reyna að blekkja það með því að segja því ósatt. Í gegnum sannleikann tökumst við á um þetta (Forseti hringir.) en ekki í gegnum lygina.

[17:25]

Eygló Harðardóttir (F):

Herra forseti. Það var hlálegt sem nýr þingmaður að

sitja hér í morgun og hlusta á hamingjuóskir með lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þetta er neyðarlán sem er verið að þröngva upp á þjóðina vegna þess algjöra dugleysis og ráðaleysis sem ríkisstjórnin hefur sýnt í viðbrögðum sínum við alþjóðalausafjárkreppunni.

Nú er ljóst að langt er síðan ríkisstjórninni var gerð grein fyrir í hvað stefndi, að íslenskir bankar væru orðnir allt of stórir og skuldsettir fyrir íslenskt samfélag. Fyrir lá fjöldi viðvarana, þar á meðal frá okkur framsóknarmönnum, sem voru algjörlega hundsaðar. Forustumenn þjóðarinnar, þeir sem þjóðin kaus til að stjórna landinu voru allt of önnum kafnir við að ferðast með einkaþotum heimshornanna á milli, jafnvel í boði útrásargreifanna. Engin viðbragðsáætlun var til staðar, ég endurtek: engin viðbragðsáætlun var til staðar, og síðustu vikur hafa einkennst af því. Mistök á mistök ofan hafa verið gerð og þar geta samfylkingarmenn ekki vikið sér undan ábyrgð, hversu mikið sem þeir hrópa og benda í aðrar áttir. Þannig er nefnilega að árinni kennir illur ræðari. Þetta er það sem mér finnst einkenna málflutning ríkisstjórnarinnar í heild, bæði þingmanna Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar.

Hæstv. forseti. Það er ögurstund í sögu íslensku þjóðarinnar. Með þessari þingsályktunartillögu er verið að leggja til að börnum okkar og barnabörnum verðir sendur 700 milljarða reikningur fyrir ráðleysi sitjandi ríkisstjórnar og hin sama ríkisstjórn biður svo þjóðina um að sýna samstöðu. Samstöðu? Það sást best hversu mikil samstaðan er innan ríkisstjórnarinnar hér í morgun. Samfylkingin virðist hafa það eitt til málanna að leggja að gagnrýna, að þeirra mati, afdankaða og úrelta bankastjórn Seðlabankans, en stendur samt að þessari þingsályktunartillögu, tillögu sem virðist hafa verið unnin af seðlabankastjóra með forsætisráðherrann í farþegasætinu og fjármálaráðherrann aftur í. Fékk bankamálaráðherra að vera með í þetta sinn, talandi um tvískinnung? Svo undra menn sig á að fólk mótmælir og hrópar eftir nýjum vinnubrögðum og raunverulegum lausnum.

Hvað felst í þessu samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn? Menn ætla að halda áfram að reiða sig á krónuna — sem þeir telja að vísu handónýta — án þess að það komi fram sérstaklega hvernig þeir ætla að gera það. Nefnt er mikilvægi stöðugleika, vextir verða hækkaðir, gjaldeyrishöftum beitt, já, og bankar eiga ekki lengur að fá lán frá Seðlabankanum.

Svo segir í 20. gr., með leyfi forseta:

„Við gerum ráð fyrir að traust verði brátt endurvakið þannig að vextir geti lækkað í kjölfarið.“

Og aðeins neðar:

„Þetta mun gera okkur kleift að slaka á hömlum á lánveitingum Seðlabankans og smám saman reiða okkur aftur á stýrivexti sem aðalstjórntæki peningamála innan ramma sveigjanlegrar gengisstefnu. Í þessu efni reiknum við með að krónan styrkist fljótt og að verðbólga á ársgrundvelli verði komin í 4,5% við lok ársins 2009 og að krónan styrkist enn frekar og verðbólgan haldi áfram að hjaðna árið 2010.“

Hljómar þetta ekki ansi kunnuglega? Hversu oft höfum við ekki heyrt ríkisstjórnina, seðlabankastjórnina og greiningardeildir gömlu bankanna tala svona? Enn hljómar platan þrátt fyrir að margir af okkar virtustu hagfræðingum segi að stjórn peningamála með stýrivöxtum samhliða sveigjanlegri gengisstefnu gangi ekki fyrir þetta pínulitla, opna myntsvæði okkar. Hvar eru hugmyndirnar um hvernig eigi að endurreisa atvinnulífið? Það er talað um endurskipulagningu bankakerfisins og endurskoðun gjaldþrotalaga, stefnuna í opinberum fjármálum, peninga- og gengismál, kjaramál, utanaðkomandi fjármögnun en ekki orð um endurreisn atvinnulífsins. Hvar eru tillögurnar um stuðninginn við atvinnulífið? Hvar eru hugmyndirnar um hvernig eigi að koma undirstöðuatvinnugreinum landsins til aðstoðar?

Sjávarútvegur er stórskuldugur. Skuldir landbúnaðarins hafa stóraukist á undanförnum árum og þyngstu byrðarnar hvíla oft á ungu fjölskyldufólki sem hefur ákveðið að fjárfesta í nýjum tækjum og kvóta, og ferðaþjónustan á ekki auðvelt núna með sín gengistryggðu lán frá bönkum og Byggðastofnun. Grundvöllur þess að þjóðin geti staðið undir þeim skuldbindingum sem ríkisstjórnin hefur komið okkur í er að treysta atvinnulífið í landinu. Þannig þarf einnig að tryggja að orkufrekur iðnaður geti blómstrað hér á landi. Tryggja þarf að orkufyrirtækin geti farið í þær framkvæmdir sem eru nauðsynlegar til að fjölga atvinnutækifærum. Við þurfum að leggjast á eitt við að treysta grunnatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveg, landbúnað, ferðaþjónustu og orkufrekan iðnað þannig að hin raunverulega endurreisn Íslands geti hafist.

[17:30]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Ég vil byrja á að spyrja hæstv. forseta hvort honum finnist ekki skjóta skökku við þegar við ræðum hér á Alþingi stærstu lántöku Íslendinga nokkru sinni að enginn hæstv. ráðherra skuli sjá sóma sinn í að sitja við þessar umræður. Mér finnst þetta svo fyrir neðan allar hellur að það tekur ekki nokkru tali. Hvar eru formenn þeirra nefnda sem eiga eftir að fá þessi mál til umfjöllunar? Ekki hér í þessum sal.

Hæstv. forseti. Ég er orðin þreytt á lítilsvirðingu stjórnarmeirihlutans og ríkisstjórnarinnar á Alþingi Íslendinga. Við eigum þetta ekki skilið. Þjóðin á þetta ekki skilið. Ég bið hæstv. forseta að gera ráðherrunum viðvart um að umræðan stendur enn.

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti vill geta þess að fjármálaráðherra er hér í húsinu og formaður utanríkismálanefndar en tillagan mun ganga þangað. Forseti mun óska eftir því að þeir komi í þingsalinn.)

Takk fyrir, hæstv. forseti. Þetta gerir mig ekkert rórri. Mér finnst fyrir neðan allar hellur að hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra skuli ekki geta gefið sér daginn í að ræða það sem er búið að vera bundið trúnaði vikum saman og við almennir þingmenn komumst ekki í fyrr en á mánudaginn, fyrir tilstuðlan fjölmiðils í landinu.

Núna erum við komin með þýðinguna í þingskjal sem breytt hefur verið og við höfum spurningar til þess að leggja fyrir hæstv. ráðherra. Ég vil fá að vita hvort engin svör fáist við því sem hæstv. utanríkisráðherra gat ekki svarað mér í morgun, hvort ríkisstjórnin hafi aldrei reiknað önnur dæmi en þetta sem liggur hér fyrir. Ég vil að það dæmi verði reiknað og ríkisstjórnin á að gera það. Hvernig komumst við út úr þeim vanda sem við erum í núna með

því að taka ekki þetta lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum?

Það er skammarlegt ef dæmið hefur ekki verið reiknað. Í dagblöðunum eru greinar og síðast í gær birtist mjög góð grein frá þremur hagfræðingum sem segja fullum fetum með afar góðum rökum, eins og ég les sem ekki er hagfræðingur, að það sé óþarfi að taka þetta lán, sérstaklega ef á að nota það á þann hátt sem ríkisstjórnin er búin að gefa í skyn að eigi að gera. Ég verð að segja að í þessari umræðu í dag hafa ekki komið nægileg svör við því hvort hagfræðingarnir sem skrifa þessa grein hafi eitthvað til síns máls.

Þegar verið er að skuldbinda þjóðina á þennan hátt þarf að vera búið að reikna upp fleiri en eitt módel. Allir sem hafa komið að atvinnurekstri úti í atvinnulífinu vita að það eru alltaf búnar til það sem heitir núna á viðskiptamáli sviðsmyndir. Ég vil fá að vita hvaða sviðsmyndir ríkisstjórnin hefur reiknað út og hver niðurstaða þeirra sé. Hvers vegna er sú sviðsmynd valin sem við sitjum uppi með í þeirri þingsályktunartillögu sem hér er til umfjöllunar? Þessum spurningum verður að svara í þessari umræðu.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort þeir hafi skoðað módel sem gæti t.d. falið í sér að taka ekki lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum en fara þess í stað í aðrar aðgerðir. Þær gætu verið í fyrsta lagi að lækka vexti strax og í öðru lagi að hugleiða skatt á útstreymi fjármagns, t.d. sem væri yfir 10 millj. kr. Við vitum öll um upphæðirnar sem liggja inni í jöklabréfum. Við vitum að þetta fjármagn á eftir að streyma út úr landinu um leið og tækifæri gefst. Við vitum að það mundi þýða að gríðarlegt magn gjaldeyris færi niður í svelginn. Við vitum að í Argentínu hvarf lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á örfáum klukkustundum og það eru teikn á lofti um að það sama mundi gerast hjá okkur.

Ég spyr því: Hefur ríkisstjórnin skoðað þann möguleika að í stöðunni gæti verið réttlætanlegt að setja skatta á útstreymi fjármagns? Hefur ríkisstjórnin skoðað möguleikann á því að takast á við þennan vanda okkar á lengri tíma en hún áætlar hér, með því að leyfa okkur að hafa viðvarandi halla á ríkissjóði í stað þess að fara út á þessa ómögulegu braut, sem ég vil meina? Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir kröfu um að ríkissjóður verði hallalaus árið 2012. Það er ekki heil brú í þeirri kröfu. Ríkissjóður getur ekki orðið hallalaus árið 2012 nema með heiftarlegum niðurskurði á opinberri fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar, skólakerfisins og allra opinberra framkvæmda í landinu.

Er ríkisstjórnin með opin augun að fara inn á þá braut, gríðarlegan niðurskurð í opinberum fjárframlögum? Hvað á að gera með háskólana? Við erum búin að koma upp háskólum bæði á höfuðborgarsvæðinu og eins úti á landsbyggðinni sem við erum öll svo stolt af. Ætlar ríkisstjórnin að skera einhvern þeirra og þá hvern?

Ríkissjóður verður ekki hallalaus árið 2012 ef við förum inn á þessa braut. Það er algjörlega ljóst. Ég spyr. Hefur ríkisstjórnin reiknað möguleikana á því að taka þetta kannski á enn þá lengri tíma, á tíu eða tuttugu árum, og heimila okkur að reka ríkissjóð með halla í einhver ár? Hvað hefur ríkisstjórnin reiknað í sambandi við heimilin og aðgerðir til að bjarga heimilunum? Ég verð að segja, hæstv. forseti, að við þessar aðstæður finnst mér ekki réttlætanlegt að eitt einasta heimili á Íslandi fari á hausinn. Ekki eitt einasta.

Ég vil fá að vita hvaða sviðsmyndir ríkisstjórnin hafi reiknað í þessum efnum, hvaða möguleika hún sér á því að bjarga heimilunum frá gjaldþroti. Ég fullyrði að þær leiðir sem ríkisstjórnin sýndi okkur í blaðaauglýsingunni fyrir nokkrum dögum nægja ekki. Þær gera ekki það sem þarf fyrir heimilin í landinu.

Ég get nefnt möguleikann á lánalengingum og því að skera verðbólgukúfinn sem kemur þegar krónan fellur. Þá kemur gríðarlegt verðbólguskot. Ætlar ríkisstjórnin með opin augun að láta þær verðbætur sem þá verða til, leggjast á öll íbúðalán á Íslandi og láta þau liggja þar, hvíla eins og mara á íslenskum fjölskyldum þangað til öll lán eru greidd upp? Það er óásættanlegt, hæstv. forseti. Það gengur ekki upp að gera hlutina svoleiðis, íslensk heimili og íslenskrar fjölskyldur eiga það ekki skilið. Við verðum að fá nýjar lausnir, aðrar leiðir frá hæstv. ríkisstjórn en þær sem hún hefur sýnt.

Við verðum að fara í atvinnuskapandi aðgerðir og ég er ósammála hv. síðasta ræðumanni, okkar nýjasta þingmanni, um að orkufrekur iðnaður leysi eitthvað. Í mínum huga eru það útflutningsgreinarnar sem skila okkur tekjum og íslensku útflutningsgreinarnar eru sjávarútvegur og ferðaþjónusta en ekki álútflutningur, vegna þess að álfyrirtækin skilja sáralítið eftir í landinu annað en umsvifin, launin sem greidd eru í landinu. Verðmætasköpunin fer í formi hagnaðar til þeirra landa þar sem þessi stórfyrirtæki eiga sér aðsetur, þ.e. lögheimili. Þar sem þau eiga sér höfuðstöðvar og safna saman sínum arði, sama hvar hann verður til.

Ég bið fólk frekar að skoða uppbyggingu á fjölþættum atvinnuvegum okkar, öllum okkar iðngreinum sem eru í lággróðrinum. Íslenskur iðnaður getur mjög auðveldlega verið hluti af útflutningsgreinum okkar. Við eigum að fara í atvinnuskapandi aðgerðir í iðnaði, í landbúnaði, en til þess þurfum við opinbert fjármagn.

Hvað getur ríkisstjórnin sagt okkur um atvinnuskapandi aðgerðir sem hún hefur í huga ef farin er leið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? Ég sé ekki að það verði neitt svigrúm. Ef við förum ekki leið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins höfum við meira svigrúm til þess að láta opinbert fé inn í atvinnuvegina okkar og tryggja að þar verði innspýting en ekki frost og dauði.

Ég vil líka spyrja hvort ríkisstjórnin hafi hugsað um möguleikana á því að stýra eignarhaldi í fyrirtækjum því við megum ekki búa við þessa einokun á eignarhaldi sem hefur verið í fyrirtækjunum og yfirstærð sumra fyrirtækja. Af því að ræðutími minn er að verða búinn ætla ég að nefna eitt atriði í viðbót sem ég vil að verði gert og mér finnst ríkisstjórnin ekki hafa sýnt okkur nægilega vel hvort sé í spilunum hjá þeim. Það er á hvern hátt eigi að auka eftirlit með bönkum og fjármálastofnunum. Það er eitt af því sem er bráðnauðsynlegt að við göngum í. Að þessu sögðu, hæstv. forseti, bið ég um að verða sett aftur á mælendaskrá.

[17:41]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Að gefnu tilefni, þar sem hæstv. fjármálaráðherra er kominn í salinn, vil ég ítreka spurningar mínar. Hvar eru hugmyndirnar um hvernig eigi að endurreisa atvinnulífið? Ég fór í gegnum það í ræðu minni fyrr að mér finnst þær algjörlega skorta í þessu plaggi þar sem verið er

að leggja fram hugmyndir eða tillögur varðandi atvinnulífið. Þar er talað um endurskipulagningu bankakerfisins, endurskoðun gjaldþrotalaganna og stefnu í opinberum fjármálum. Þar er talað um peninga og gengismál, kjaramál og utanaðkomandi fjármögnun en það er ekki talað neitt um endurreisn atvinnulífsins.

Þetta hefur mér líka fundist einkenna þær tillögur sem hafa komið frá ríkisstjórninni að undanförnu. T.d. tillögur frá síðasta föstudegi þar sem var verið m.a. að leggja til að barnabætur væru greiddar út mánaðarlega. Ég get sagt það fyrir mína parta, og ég á tvær dætur, að það hvort ég mundi fá greiddar barnabætur mánaðarlega skipti mig ekki neinu máli ef ég væri búin að missa vinnuna.

Ég vildi líka gjarnan benda á að þegar ég talaði um orkufyrirtækin okkar og orkufrekan iðnað var ég ekki að tala bara um ál, þótt ég geti hins vegar alveg lýst því yfir að ég hef stutt þær framkvæmdir, bæði á Austfjörðum og á suðvesturhorninu. Ég var að tala um að það er fullt af tækifærum í orkufrekum iðnaði sem byggjast ekki bara á áli, sérstaklega á því svæði sem ég hef starfað í, Suðurkjördæmi. Þar eru mikil tækifæri og fyrirtæki sem hafa verið að bíða eftir því að komast til landsins og ætla sér að vera í útflutningi. Þá er að vísu talað um álþynnur og „polysilicon“. Það er talað um gagnaver og svo má kannski ekki gleyma því að hluti af landbúnaðinum er ekkert annað en orkufrekur iðnaður. Það eru gróðurhúsin okkar, garðyrkjan. Ég vil leiðrétta þetta hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Ég vil líka (Forseti hringir.) ítreka að ég hef töluverðar áhyggjur af því að sumir hæstv. ráðherrar virðast (Forseti hringir.) halda því fram að þeim hafi verið haldið algjörlega fyrir utan hlutina.

[17:43]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það voru klókindi hjá hv. þingmanni að skjóta sér inn í andsvar við ræðu mína og nýta það til þess að ávarpa hæstv. fjármálaráðherra en það lýsir náttúrlega ástandinu sem við búum við. Ekki var hæstv. ráðherra í þingsalnum að hlusta á ræðu hv. þingmanns þegar hún talaði. Ó, nei. Þannig að ég skil vel að hún skuli nýta sér það tækifæri sem hún á í andsvari við mig og ávarpa hæstv. ráðherra.

Ég er sammála hv. þingmanni um að það verði að fara í atvinnuskapandi aðgerðir og við getum ekki gert það án þess að hafa opinbert fé undir. Ég sé ekki betur en að áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins komi í veg fyrir að við höfum svigrúm til þess að fara í þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru fyrir atvinnuvegina. Ég held því að við hv. þingmaður deilum þar ákveðnum sjónarmiðum.

Varðandi orkufreka iðnaðinn vildi ég sjá að ríkisstjórnin færi í reglulegt átak í að Íslendingar spöruðu orku, að íslensk fyrirtæki, stofnanir og heimili gerðu átak í því að spara orku. Þá meina ég ekki á litlum skala því ég er sannfærð um að Íslendingar geta sparað gríðarlega mikla orku með orkusparnaðarátaki, svo mikla að við ættum kannski aflögu orku í kerfinu okkar til þess að fóðra fyrirtæki sem þurfa kannski ekkert — ég er ekki að tala um álbræðslur eða orkufrekan iðnað. Við mundum í öllu falli geta búið í haginn fyrir atvinnuvegina okkar með því að fara í orkusparandi átak.

Þetta er eitt af því sem ríkisstjórnin á að vera að vinna í núna. Hún á að viðurkenna að við erum bara rúmlega 300.000. Við erum lítið samfélag. Við þurfum núna að bjarga okkur sjálf og standa á eigin fótum sem aldrei fyrr. Það er ríkisstjórnin sem á að leita út í svörðinn til þjóðarinnar til að finna hvaða hugmyndir eru þar til staðar og á hvern hátt við getum náð höndum saman um að endurreisa íslenskt efnahagskerfi sem vonandi verður þó aldrei eins bólgið og óheilbrigt og það sem við erum nú að yfirgefa.

[17:45]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni, ég tel mjög mikilvægt að við horfum á það hvernig við getum sparað orku. Vil ég þá taka upp nokkrar hugmyndir sem við höfum verið að vinna í í Suðurkjördæmi, Háskólafélag Suðurlands hefur verið mjög virkt í því ásamt Landbúnaðarháskólanum.

Ég held að um 11% af gjaldeyrisútgjöldum okkar fari í eldsneyti. Miklar hugmyndir hafa verið uppi um það hvort ekki sé möguleiki á því að við getum framleitt stóran hluta sjálf af því eldsneyti. Er þá verið að horfa á rafmagnið hér á höfuðborgarsvæðinu, við getum notað rafbíla fyrir þá sem fara stuttar vegalengdir. En það getur hins vegar verið erfiðara fyrir þá sem nota stór vinnutæki eins og í landbúnaðinum.

Horft hefur verið til hugmynda um framleiðslu á lífdísil og þá með repjufræjum. Tilraun er í gangi í Bakkafjöru með Siglingamálastofnun um það hvort hugsanlega væri hægt að keyra nýjan Herjólf á lífdísil. Ýmsar hugmyndir hafa líka verið uppi um framleiðslu á etanóli úr aukaafurðum eins og hálminum sem kemur af bygginu. Ekki má gleyma þeirri miklu fjársjóðskistu sem landbúnaðurinn býr yfir en það er úrgangur frá dýrum sem hægt er að framleiða úr metan. N1 hefur t.d. sett upp eina dælu á höfuðborgarsvæðinu með metani. En það mætti gera miklu meira og það er haugur af efni sem hægt er að framleiða metan úr á því svæði sem ég kem frá Suðurkjördæmi. Takk fyrir.

[17:47]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fengur að nýjum þingmanni. Hv. þm. Eygló Harðardóttir er vel að sér í atvinnumálum og hún á eftir að verða mjög liðtæk í umræðum um þau mál. Ég held, út frá því sem hún sagði hér, að við séum sammála um mjög margt. Nýsköpun í orkumálum er eitt af því sem ríkisstjórnin hefur dregið lappirnar í. Við höfum ótal tækifæri. Ég er sammála hv. þingmanni um ákveðna þætti af þeim sem hún fjallaði hér um en ekki endilega um aðra þætti.

Ég segi bara: Við bíðum betri tíma eftir að ræða þetta ofan í kjölinn en ég sé það á öllu að hv. þingmaður á eftir að verða góður liðsmaður í því að finna hugmyndir eða vinna þingmál í tengslum við atvinnuskapandi aðgerðir á Íslandi og eflingu íslensks atvinnulífs.

[17:48]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður ræddi möguleikana á því að taka ekki lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og lækka vexti o.s.frv. Hún ræddi nokkuð um stöðu heimilanna og hversu mikilvægt það væri að tryggja hag þeirra. Hún ræddi einnig um opinbert fjármagn til atvinnuveganna og síðan möguleikana á því að reka ríkissjóð með halla í einhver ár.

Ekkert skiptir meira máli fyrir heimilin en það að ná tökum á verðbólgunni. Eins og staðan er í dag, og fyrirsjáanlegt að hún verði á næstunni, eru það gengisbreytingar, gengislækkanir, sem valda mestum óróa þar og sérstaklega vegna verðtryggingarinnar. Það þýðir að það er lykilatriði að ná tökum á gengisþróuninni og það er það sem verið er að gera númer eitt, tvö og þrjú með því að taka lánið og koma krónunni á flot aftur. Ekki vegna þess að menn ætli að fara að dæla einhverjum peningum út á gengismarkaðinn heldur þurfa menn að hafa trúverðugleika hvað það varðar að hafa möguleika á því að geta staðið við það þegar markaðurinn er opnaður á ný.

Ef við ætlum síðan að fara að reka ríkissjóð með halla í einhver ár og setja opinbera fjármuni í fyrirtækin þurfum við á lánstrausti að halda og það lánstraust fáum við með því að ná tökum á gjaldmiðlamarkaðnum og með því að eiga samskipti og viðskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og nágrannaþjóðir okkar á þennan hátt.

Varðandi fyrirspurnir hv. þm. Eyglóar Harðardóttur til mín í andsvarinu til hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur þá ræddi ég þau atriði einmitt í ræðu minni hér fyrr í dag, hvernig við ættum að horfa fram á veginn með hag atvinnuveganna fyrir augum.

[17:50]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra segir að meginverkefnið sé að ná tökum á verðbólgunni. Jú, það er vissulega eitt af þeim meginverkefnum sem við stöndum frammi fyrir. En í greininni sem ég vitnaði til í ræðu minni, sem birtist í *Morgunblaðinu* í gær, eftir Daða Má Kristófersson, Jón Daníelsson og Ragnar Árnason, benda þeir á nokkuð sem mér finnst afar athyglisvert og það er rétt að hæstv. ráðherra bregðist þá við því. Þeir segja að staðan sé sú að erlendis hafi gengismarkaðurinn nú þegar myndast á nýjan leik og þeir segja að gengi krónunnar á þeim markaði hafi hækkað og færst nær skráðu gengi innan lands. Þeir segja að greið alþjóðleg markaðsviðskipti með krónuna og jafnvægisgengi hennar innan lands og erlendis virðist því tiltölulega skammt undan. Þeir segja líka að það meginhlutverk lánsfjár frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, að styðja við bakið á gjaldmiðli í frjálsu falli, sé því ekki lengur til staðar.

Þeir segja að vísbendingarnar séu um það að jafnvel þó að krónan falli talsvert þegar hún verður sett á flot muni það ekki vera í mjög langan tíma, það verði kannski mjög skammur tími úr því að þessar vísbendingar eru þegar komnar upp á markaðnum að krónan nái að stabilísera sig.

Ég vil líka fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvað hann telji „rétt“ gengi krónunnar vera. 80 kr. evran, það getur ekki verið rétt gengi. Við hljótum að þurfa að færast nær einhverjum veruleika í þeim efnum. Kannski ekki upp í 170 kr. eins og staðan er nú en einhvers staðar hljótum við að gera okkur mynd af því hvar krónan liggi.

Varðandi það að við fáum lánstraust með láninu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þá er ég einfaldlega ósammála hæstv. fjármálaráðherra. Ég tel að ríkisstjórnin hafi gert hroðaleg mistök þegar hún ákvað að tala við seðlabankastjórana á Norðurlöndunum fyrstu dagana eftir bankahrunið í stað þess að fara beint í að tala á pólitískum nótum við ríkisstjórnir Norðurlandanna.

[17:53]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ætti að vera öllum ljóst að ríkisstjórnir, ekki síður en aðrir í þeim löndum sem eru að hjálpa okkur, gerðu það að skilyrði að við tækjum líka lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Ég vona innilega að það sé rétt, sem kemur fram í grein hinna þriggja vísu hagfræðinga í *Morgunblaðinu,* að mjög stutt sé í að krónan nái jafnvægi og fari að hækka á ný þegar hún verður sett á flot eins og það er kallað og tiltölulega lítið þurfi þá að ganga á gjaldeyrisforða Seðlabankans þegar viðskiptin aukast, þegar viðskipti með vörur og þjónustu og ferðamannagjaldeyri, og svo síðar fjármagnsflutningar, fara af stað á eðlilegan hátt.

Það skiptir máli þegar þetta er gert að ljóst sé að Seðlabankinn geti gripið til einhverra ráðstafana ef í óefni stefnir og eins að nægjanlegur gjaldeyrir sé til þess að geta staðist það að miklir fjármagnsflutningar verði þó að þeir verði í skamman tíma. Það er því engin þversögn í því að vera með sterkan gjaldeyrisforða, byggðan á láninu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og nágrannalöndum okkar, til viðbótar við það sem Seðlabankinn þegar hefur, og því sem segir í grein hagfræðinganna. Mér segir svo hugur að ef aðstæður eru eins og þeir spá verði framkvæmdin mjög nálægt því sem þeir leggja til. Það er ekkert markmið, hvorki ríkisstjórnarinnar né Seðlabankans, að dæla peningum inn á gjaldeyrismarkaðinn. Það er ekkert verið að eyða þeim peningum því að sá gjaldeyrir yrði keyptur fyrir krónur og, herra forseti, þær krónur væri hægt að nota hér innan lands í atvinnulífið (Forseti hringir.) og þar fram eftir götunum.

[17:55]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst svara því sem hæstv. ráðherra talaði um varðandi ríkisstjórnirnar í nágrannalöndunum, að þær hefðu sett það skilyrði að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kæmi að borðinu. Ég vil þá fá að vita hvort ríkisstjórnin hefur gert þessum nágrannaþjóðum okkar grein fyrir þeim skilyrðum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setur.

Ég hef ástæðu til að ætla að þegar Norðurlandaþjóðirnar heyra öll skilyrðin og átta sig á því í hvaða spennitreyju verið er að setja íslenska þjóð muni viðhorf þeirra til þessara mála breytast. Ég hef ástæðu til að ætla að fólk segi, þegar spennitreyjan er höfð í huga, að til séu aðrar leiðir og að skoða beri þær samhliða.

Það er í þessu sem ég ásaka ríkisstjórnina fyrir að hafa

legið á liði sínu. Hún hefur ekki reiknað neina aðra sviðsmynd en þessa einu. Það eru engir valkostir í stöðunni, ekki frekar en þegar þeir buðu út álverin. Þá var bara álver eða dauði. Nú er það bara Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eða dauði. Það er ekki forsvaranlegt að ríkisstjórnin stilli ekki upp fleiri valkostum fyrir fólk til að skoða, fyrir okkur hér á Alþingi, fyrir þjóðina og fyrir ríkisstjórnir nágrannalanda okkar.

Hæstv. fjármálaráðherra talar um að nægur gjaldeyrir þurfi að vera til staðar til þess að krónan geti haldið einhverju stöðugengi. Það er alveg rétt. Ég hef stólpatrú á útflutningsatvinnuvegunum okkar. Ég hef mikla trú á því að sjávarútvegurinn eigi eftir að skapa okkur verulega mikinn gjaldeyri og ferðaþjónustan verulega mikinn gjaldeyri. Kannski ekki á jafnskömmum tíma og uppbyggingin frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en við eigum að vera með opin augun fyrir því hversu mikinn gjaldeyri þessar atvinnugreinar okkar geta skapað og á hvaða tíma. Það er það sem ég er að tala um. Þá útreikninga og þær áætlanir eigum við að hafa og geta borið saman við það sem hér er borið á borð.

[17:57]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því bjóða nýjan þingmann velkominn í okkar hóp, hv. þm. Eygló Harðardóttur. Hún flutti skörulega ræðu hér á undan og fór yfir ýmislegt sem betur hefur mátt fara og má það um margt vera rétt. Ég vil hins vegar undirstrika að ekki má gleyma því að sá ágæti flokkur, Framsóknarflokkurinn stjórnaði bankamálaráðuneytinu, viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu, frá 1995 og í tvö kjörtímabil þar á eftir þannig að einhver ábyrgð hlýtur að liggja þar. Á þeim tíma var meðal annars bankakerfið okkar einkavætt og undir stjórn þess bankamálaráðuneytis óx það bankakerfi, sem nú er hrunið, mest, svo að því sé haldið til haga. Ábyrgðin liggur því kannski ekki síst hjá þeim flokki ef einhver á að bera ábyrgð á þessum blessuðu bönkum.

Hins vegar vil ég halda því fram og hef sagt það svo sem hér að í þeim hamförum sem nú hafa riðið yfir landið er Ísland ekkert eyland og því miður verð ég að segja. Þetta ástand sem nú varir er ekkert séríslenskt fyrirbæri. Þó að bankarnir og bankakerfið sem slíkt hafi ekki fallið í kringum okkur eins og hér hefur gerst er það samt sem áður svo að bankakerfin í kringum okkur hafa í raun fallið. Bankakerfið í Belgíu hefur í raun fallið. Bankakerfið í Bretlandi hefur í raun fallið, Bandaríkjunum líka, Svíþjóð jafnvel og Danmörku. Er ekki dálítið óvenjulegt að ríkið skuli koma með almannafé og dæla inn í bankakerfið með þeim hætti sem þar var gert? Það er búið að bjarga bönkunum frá því að hrynja. En það er engu að síður búið að dæla almannafé inn í þessi bankakerfi og þar með í rauninni bjarga þeim frá falli, kerfunum sem slíkum. En bankarnir sjálfir hafa fallið þó að þeir starfi enn þá.

Ég veit það ekki. Mér finnst þetta í rauninni alveg ótrúlegt. Ég var að hitta mann sem var að koma að utan, frá Þýskalandi. Hann sagði að þetta væri dálítið sérstakt og Þjóðverjarnir eru farnir að hlæja að þessu sjálfir. Það er alltaf verið að horfa á Ísland, Ísland, Ísland. En hvað er að gerast bara í Þýskalandi? Hvað er að gerast þar? Það er verið að bjarga bönkum þar á hverjum degi. Er það allt Íslandi að kenna? Hvernig byrjaði vandamálið hérna á Íslandi? Hver má segja að sé upphafsdagurinn hjá okkur? Það skyldi þó ekki vera daginn sem Lehman féll? Þá þurftu íslenskir bankar að byrja að afskrifa milljarða, lánalínur lokuðust sem gerði síðan fjármögnun inn í framtíð bankanna mjög erfiða vegna þess að það var búið að fá loforð frá þessum snilldarbanka Lehman.

Það er allt í lagi. Það má alveg hrópa á torgum og hrópa hér úr ræðustól að það hefði átt að gera hlutina allt öðruvísi og það hefði eflaust mátt gera ýmislegt betur. En það er ekki hægt að láta eins og þetta sé allt íslensku ríkisstjórninni og íslenskum eftirlitsstofnunum að kenna. Það er ekki svo og ég segi bara aftur, því miður. Það sem er að gerast í kringum okkur er að markaðir falla dag frá degi, dag eftir dag eftir dag er það orðið þannig að markaðir falla.

Ég var að líta á bandarísku bílafyrirtækin Ford og General Motors. Ég meina, þau eru orðin einskis virði. Þau eru komin á lægra gengi en bara ... (**JM:** Krónan.) heldur en krónan, er kallað í salnum, ja, heldur en bara fyrir 10, 15, 20, 30 árum. Þessi fyrirtæki eru bara búin. Bankarnir lækka dag frá degi og eru að verða einskis virði á þessum mörkuðum, því miður. Okkar von lá fyrst og fremst í því að umheimurinn mundi batna og það er það alvarlega í þessu því að við munum hugsanlega standa frammi fyrir því og það er þegar byrjað að gerast að verð á okkar útflutningsvörum er farið að lækka og það var auðvitað ekki það sem við vildum. Ég ætla svo sannarlega að vona að þessar aðgerðir sem verið er að grípa til, þessar risaupphæðir sem verið er að dæla inn í einstök fyrirtæki, inn í bankakerfið og svo framvegis, þ.e. að sú aðstoð virki. Okkar von liggur í því.

Þá komum við að aðstoð IMF eða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Við höfum um tvær leiðir að velja eins og hér hefur verið bent á, annars vegar að þiggja ekki lán og þar með mundum við vera rúin trausti áfram og þar með væri alveg fyrirséð að við mundum lenda einhvern tíma í miklum vandræðum með viðskipti við útlönd og það yrðu ýmsir til þess að bregða fyrir okkur fæti. Við mundum áfram eiga í miklum vandræðum með gjaldeyrisviðskipti og svo framvegis. Hins vegar er hér lagt til að það verði farin önnur leið og aðstoðin þegin og þessi háu lán verði tekin í þeirri von að hér verði hægt að reisa við íslenskt efnahagslíf mun fyrr en ella og að eðlileg viðskipti með krónuna geti farið að eiga sér stað. Það verður þó að taka það skýrt fram, af því að hér hefur verið talað um ástandið eins og það var í Argentínu þar sem lánaforðinn sem fenginn var hvarf niður um klósettið á nokkrum klukkustundum, að þá hefur það verið tekið sérstaklega fram að sú leið verður ekki farin hér. Það hefur verið tekið fram hér úr þessum stól.

Það er alveg gríðarlega mikilvægt þegar við fleytum krónunni að við látum strax reyna á markaðinn. Ef það er virkilega svo að krónan hríðfellur gæti það kannski verið lykill að ákveðinni lausn fyrir okkur líka því þá er alveg ljóst að við erum að greiða fyrir erlend krónulán á miklum mun lægra verði, kannski þrisvar sinnum lægra verði en við fengum þau á. Kannski verða 600 milljarðarnir bara í rauninni 200 milljarðar ef því er að skipta. Hins vegar getur líka verið að þetta háa vaxtastig verði til þess að fjármagnið

verði þolinmóðara og krónan hríðfalli ekki.

Þá kemur að því sem er mikið áhyggjuefni og hér hefur líka verið komið inn á, þ.e. þetta varðandi vísitöluþáttinn og að hann bætist ofan á lánin ef krónan fellur meira og það er auðvitað alveg rétt. En það getur líka — þó að við höfum ekki séð það og eigum erfitt með að trúa því — þá væri í rauninni eðlilegt að ef vísitalan hríðfellur og við hreinsum út úr kerfinu þessi krónubréf þá ætti krónan að koma býsna hratt til baka og þar með ætti vöruverð að snarlækka. Um leið er mjög líklegt að fasteignamarkaðurinn lækki. Hann er að lækka og lækkanirnar eru að koma í gegn. Ef þetta hvort tveggja gerist, því að fasteignamarkaðurinn telur jú 16% inni í vísitölunni, þá í sjálfu sér ætti vísitalan að koma til baka. (**Gripið fram í:** En lánin lækka ekkert.) Vísitalan kemur til baka þannig að vísitölugrunnurinn sem reiknað er út frá er annar — þ.e. grunnurinn er sá sami en vísitalan sem gengið er út frá lækkar. Það yrði náttúrlega mjög gott ef það gerðist. Hins vegar er ákveðin hætta í því að fyrirtæki í verslun verði orðin svo veik, svo dæmi sé tekið, að þau verði mjög treg til að lækka verð þó svo að krónan styrktist. Það er því mikil áhætta í þessu og ég ætla ekki að gera lítið úr því. Hins vegar verð ég að segja að ég sé ekki aðra leið fram úr þessu. Ef við viljum reyna að sjá ljósið fram undan, ef við gerum þetta ekki er ég ansi hræddur um að við verðum rúin trausti í mjög langan tíma til viðbótar.

Hér hefur það verið tekið fram að við séum að skuldsetja komandi kynslóðir og það er auðvitað ansi sárt að svo þurfi að vera. Við megum þó ekki gleyma því hverju við erum að skila til þessara komandi kynslóða. Við erum með gríðarlega mikið og öflugt vegakerfi á Íslandi sem hefur kostað mjög mikið að byggja upp á undanförnum árum. Við munum skila því af okkur, skólunum, sjúkrahúsunum, heilsugæslunni, leikhúsunum, höfnunum, flugvöllunum. Þetta eru alveg ótrúlega mikil verðmæti sem þessi 300 þúsund manna þjóð á, gríðarleg verðmæti. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það að komandi kynslóðir taki einhvern þátt í því að borga fyrir afnotin af þessu, ef svo má segja.

Þar með er ég ekki að gera lítið úr þessu. Ég hefði svo sannarlega viljað vera laus við þetta. Sú er þó staðreyndin að við erum með það umfram mörg önnur ríki að vera með mjög öflugan infrastrúktúr hérna í hvívetna á Íslandi. (**ÁÞS:** Sérstaklega bankana.) Sérstaklega bankana, er sagt. Ja, þeir hrundu og því er nú verr. En það er þó verið að gera allt til þess að byggja þá upp að nýju. (Forseti hringir.)

Svo vil ég, herra forseti, segja að það er náttúrlega alveg nauðsynlegt að horfa fram á veginn og við þurfum að gera allt til þess að laða hér að erlenda fjárfestingu og við þurfum líka að gera allt fyrir íslensk fyrirtæki (Forseti hringir.) sem starfandi eru í útlöndum til þess að þau geti komið með frekari starfsemi heim til Íslands.

[18:08]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Byrjar enn önnur biluð platan. Ég vil þó byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir góðar kveðju til mín hérna við upphaf minna þingstarfa. En þessi plata er náttúrlega orðin ansi rispuð, þ.e. að framsóknarmenn séu þeir einu sem eigi að bera einhverja ábyrgð í þessum málum. Ég mætti kannski minna á að það eru, held ég, 18 mánuðir liðnir frá því að framsóknarmenn fóru frá og fyrir okkur konurnar getum við borið þetta saman kannski við tíma sem er stundum ansi lengi að líða í okkar huga og það eru tvær meðgöngur. Við gætum sem sagt verið búnar að eignast tvö börn á þeim tíma. Ég held að það sé algjörlega á hreinu að Framsókn hefur náttúrlega axlað sína ábyrgð en það eru margir menn sem hafa farið frá síðan þá.

Ég vil líka minna á það í tilefni af því sem var minnst á varðandi bankana að einkavæðingarnefnd sem stóð að einkavæðingu bankanna var undir forsætisráðuneytinu sem ég man ekki betur en hafi verið undir stjórn Sjálfstæðisflokksins í ansi mörg ár.

Eitt atriði líka. Það var aðeins nefnt í ræðu hv. þingmanns varðandi að bjarga bönkunum. Ég vil bara ítreka það að bönkunum var ekki bjargað. Bankarnir eru gjaldþrota. Það voru stofnaðir nýir bankar, Nýi Glitnir, Nýi Landsbankinn og Nýja Kaupþing. Það hafa að vísu einhverjir af þeim fengið nýjar skammstafanir.

Ég hef líka haft miklar áhyggjur af því að menn sem hefðu átt að vera í lykilaðstöðu til þess að koma á framfæri ákveðnum upplýsingum, þar á meðal Davíð Oddsson seðlabankastjóri, sem skrifaði einmitt ásamt hæstv. fjármálaráðherra undir þá viljayfirlýsingu sem fór til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þ.e. að verið var að koma á framfæri á þessum síðustu 18 mánuðum upplýsingum til ríkisstjórnarinnar um að að staðan væri alvarleg og hún varð sífellt meira alvarleg. En það virtist bara vera að ákveðnir ráðherrar og hugsanlega þá bara ríkisstjórnin í heildina hafi bara verið föst í (Forseti hringir.) hlutverki klappstýru og bara ekki komist út úr því.

[18:10]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég held ég geti alveg fullyrt að ég hafi ekki sagt að Framsóknarflokkurinn væri sá eini sem ætti að bera ábyrgð. Ég held að ég hafi frekar verið að segja að Framsóknarflokkurinn er ekki alveg án ábyrgðar í þessu máli og ég ætla að standa við það. Hins vegar er svo langt því frá, og undirstrika það, að ég tel alls ekki að Framsóknarflokkurinn beri bara ábyrgð á þessu, alls ekki. Hafi hv. þingmaður skilið mig þannig þá hef ég orðað þetta eitthvað undarlega. Ég þarf þá að lesa ræðuna yfir aftur. Ég trúi því ekki að ég hafi orðað það þannig að Framsóknarflokkurinn ætti bara að bera ábyrgð.

Það er rétt að bönkunum var ekki bjargað í þeim skilningi að sömu bankarnir héldu áfram starfsemi sinni. Það hefði verið nær að segja að bankakerfinu hafi verið bjargað að því leytinu til að þær aðgerðir sem var farið í urðu þó til þess að það var ekki „run“ eða ráðist og hlaupið á íslenska bankakerfið. Greiðslumiðlun hélt áfram alveg ótrúlega óhindrað miðað við það sem gekk á þannig að að því leytinu til varð því bjargað. En því miður voru ekki forsendur til að bjarga bönkunum. Ég spyr mig líka að því, og það á eftir að koma í ljós, hvort það hafi verið rétt að ráðast í að dæla öllu því fjármagni inn í bankakerfið erlendis sem raun varð á. Ég ætla þó ekki að gera lítið úr því. Við sáum náttúrlega strax hvað gerðist þegar Lehman fór á hausinn. Það eru þessi dóminóáhrif sem eru svo hættuleg og erfið þannig að þær aðgerðir eru í sjálfu sér skiljanlegar. En íslenska rík-

ið hafði ekki bolmagn til þess, því miður. Talandi um að það hafi verið búið að benda á það, jú, það var búið að benda á það, en bankarnir líka vissu það. Þeir voru að starfa í þessu umhverfi. Þetta var akkúrat umhverfið sem þeir voru að starfa í, þ.e. þessi litla þjóð með þessa krónu. En samt gerðu þeir allt það sem þeir gerðu.

[18:12]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson dró að mínu viti í mjög góðri ræðu að mestu leyti réttar ályktanir af gefnum forsendum. En það voru nokkrir hlutir sem mér finnst eðlilegt að spyrja um og velta fyrir mér. Það er í fyrsta lagi þegar hann fjallar um ábyrgð Framsóknarflokksins sem hann vildi gera að sérstöku umtalsefni vegna einkavæðingar banka og vaxtar bankanna. Þá vil ég spyrja þingmanninn að því hvort hann telji að þar hafi verið mörkuð röng stefna eða rétt stefna. Var það röng stefna sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins stóðu fyrir, að einkavæða bankana, og var það röng stefna að heimila að þessar stofnanir gætu vaxið? Ef menn flytja svona mál er eðlilegt að þeir geri grein fyrir þessu.

Í annan stað: Liggur ekki fyrir að einmitt þessi vöxtur bankakerfisins færði þjóðinni að jafnaði um það bil 400 milljarða í aukinni landsframleiðslu og þar af leiðandi verulega aukningu skatttekna í ríkissjóð? Var þá ekki hinn áhættusækni aðili og áhættusæknasti, var það ekki ríkissjóður undir fjármálastjórn Sjálfstæðisflokksins sem þá væntanlega gæti borið höfuðábyrgð á því sem um er að ræða?

Hv. þingmaður talaði um Lehman Brothers. Telur hann að ástæða hrunsins hér og efnahagsþrenginganna sé sem sagt hrun Lehman Brothers og það að lánalínur lokuðust og að lánveitandi til þrautavara hafi ekki verið nógu öflugur?

[18:15]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta voru allnokkrar spurningar varðandi ábyrgð Framsóknarflokksins, hvort stefnan hafi verið rétt eða röng þegar bankarnir voru seldir og hvort það hafi verið rétt eða rangt að leyfa þeim að vaxa eins og raun bar vitni.

Það flokkast nú kannski undir það að vera vitur eftir á en ég spurði sjálfan mig stundum að því af hverju við, sem sagt ríkissjóður, héldum ekki eftir einhverjum hluta í bönkunum eins og við höfum séð gert víða í kringum okkur og m.a. á Norðurlöndunum eftir að þeir höfðu lent í sínum hremmingum. Þegar þeir seldu bankana aftur héldu þeir eftir ákveðnum hlut. Ég held að það hefði verið skynsamlegt.

Hvað varðar vöxt bankanna veit ég ekki hvort við hefðum átt að stoppa eftirlitsstofnanirnar af eitthvað fyrr. En ég verð þó að segja eins og er að þegar maður rekur fyrirtæki hlýtur það að vera númer eitt, tvö og þrjú að reka það þannig að maður geti verið nokkuð öruggur um að stýra því í gegnum svona hremmingar. Það hlýtur að vera hluti af því.

Ég held að bankarnir hafi vaxið allt of mikið en ég verð líka að segja að það var á ábyrgð fyrirtækjanna. Þeir voru í þessu umhverfi, þeir vissu hvað bakhjarlinn var sterkur. Hann var nú ekki mjög sterkur enda er hér lítil þjóð í litlu landi. Síðan er gríðarleg áhætta af þessum gjaldmiðli.

Þetta færði ríkissjóði miklar tekjur, það er ekki spurning, en ég held að fjármálaráðherrann geti ekki borið ábyrgð á því að bankarnir voru reknir eins og gert var. Ég verð að segja eins og er að þegar búið er að lyfta horninu á teppinu kemur mér sífellt meira á óvart hvernig þeir voru reknir. Maður verður sífellt meira hissa og ég held að hv. þingmaður verði það líka. En varðandi fall Lehman Brothers er það örugglega rétt hjá hv. þingmanni að bankarnir (Forseti hringir.) voru ekki nógu öflugir.

[18:17]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta svar frá hv. þm. Ármanni Kr. Ólafssyni kemur mér ekki á óvart. Hann, þessi hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lýsir því í raun að hann hafi talið þá stefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn fylgdi frá síðustu aldamótum ekki nægjanlega vel grundaða og að óvarlega hafi verið farið að.

Ég gat nú eiginlega ekki skilið annað en hann hafi talað um að þar hefði ekki verið gætt nægjanlega að hvað varðar einkavæðingu bankanna, með hvaða hætti það var gert og hvernig vöxtur þeirra var. Þá gat ég heldur ekki skilið ummæli hv. þingmanns öðruvísi en að hann teldi að lánveitandinn til þrautavara sem um var að ræða, þ.e. Seðlabanki Íslands hefði ekki verið nógu öflugur.

Þá er nú eitt til að taka hvað það varðar. Alþingi afgreiddi í vor heimild til lántöku. Beðið var um það af hálfu ríkisstjórnarinnar til að auka gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans. Lánið var ekki tekið og þessi gjaldeyrisvaraforði er ekki til. Þar af leiðandi var hann ekki tiltækur þegar á þurfti á halda þegar lánalínur Lehman Brothers lokuðust.

Miðað við hvernig hv. þingmaður færir rök fyrir sínu máli get ég ekki skilið annað en hann sé í raun að lýsa fullri ábyrgð á efnahagsstjórninni og hruni bankans á Seðlabanka Íslands og efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar. Ég get ómögulega skilið annað en að það sé það sem liggur fyrir og ástæðan alls þessa miðað við hvernig hv. þingmaður rökfærir mál sitt.

[18:19]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég átta mig engan veginn á því hvernig hv. þingmaður fær þetta út því að ég sagði einmitt að við værum með lítið efnahagskerfi og að við værum með íslenska krónu, það væri umhverfið sem bankarnir störfuðu í. Þess vegna hefðu þeir áttað sig á því að ekkert bakland væri fyrir hendi hér sem gæti komið til móts við 13 þús. milljarða skuldsetningu bankanna. Mér finnst það svo augljóst. Það er tíu sinnum landsframleiðslan.

Ég sagði að bankarnir hefðu átt að átta sig á því að baklandið gæti aldrei verið svo sterkt hjá þessari fámennu þjóð. Þess vegna áttu þeir ekki að vaxa svona í því umhverfi sem þeir voru. Ef þeir hefðu verið búnir að flytja sig út fyrir landsteinana hefði það kannski verið raunhæft. Það hafa forsvarsmenn bankanna líka sjálfir sagt.

Varðandi hvort farið hafi verið óþarflega óvarlega að við einkavæðingu bankanna sagði ég að þótt ég teldi núna

að við hefðum átt að fara öðruvísi að væri auðvelt að vera vitur eftir á. Það er auðvelt að vera vitur eftir á í þessu máli, það er margt sem maður hefði viljað gera öðruvísi. En ég undirstrika það sem ég sagði í ræðu minni að það er ekki vegna þess að allt hafi verið gert svona vitlaust á Íslandi. Það sem gerðist var bara að bankakerfi heimsins hrundi. Við vorum hluti af því. (Gripið fram í.) Ríkisstjórnin gerði flest rétt, hv. þingmaður.

[18:21]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, eitthvað sem íslensk þjóð hefði sjálfsagt kosið að þurfa aldrei að standa frammi fyrir.

Mig langar að gera að umræðuefni og beina spurningum til sjálfrar mín, til ríkisstjórnarinnar og þingsins vegna þess að í þessu efni er margt á huldu. (**SJS:** Viltu svara þeim líka?) Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spyr mig hvort ég ætli að svara þeim. Ég svara því neitandi, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Ég væri ekki að bera þær fram ef ég vissi við þeim svörin.

Í þingsályktunartillögunni er talað um að hækka stýrivexti í 18%. Við erum þegar búin að því og menn tala um að hægt sé að hækka þá eitthvað frekar. Við erum búin að reka hér peningamálastefnu með stýrivaxtahækkunum árum saman. Í greinargerð frá Seðlabankanum segir að hún sé rúin trausti og ekki hægt að framfylgja henni. Því finnst mér bjartsýni að halda að vextir stöðvi útflæði á tímum sem þessum og þegar traust er ekki til staðar skipta vextir litlu máli.

Í þingsályktunartillögunni stendur að beita þurfi miklu aðhaldi í aðgangi bankanna að lánum frá Seðlabankanum. Verið er að gefa í skyn að þrengja þurfi enn frekar það sem nú er. Ég spyr. Þýðir það að ekki yrði tekið við ríkisbréfum í endurhverfum viðskiptum bankanna? Er þá í raun verið að festa þá innlendu og erlendu aðila sem eiga hér ríkisbréf því að bankarnir munu þá hvort eð er ekki geta keypt þessi bréf af viðskiptavinum?

Í þingsályktunartillögunni er talað um að við séum reiðubúin að nota gjaldeyrisforðann til að koma í veg fyrir of miklar sveiflur í gengi krónunnar. Flestir eru sammála um að til lengri tíma sé krónan veikari en efni standa til. Hins vegar getur enn frekari veiking á henni orðið mjög skaðleg að mínu mati. Hún getur aukið verðbólgu. Hún getur aukið gjaldþrot fyrirtækja og atvinnuleysi sem endar með íbúaflótta. Hverjir eru það sem flýja? Það eru að öllum líkindum þeir sem eru menntaðir í iðn-, viðskipta- og verkfræði og fleiri slíkum greinum og afleiðingar þess munu hafa langvarandi áhrif á Íslandi.

Við fleytingu krónunnar hafa menn togast á um það hvort styðja beri við krónuna annars vegar og hins vegar hvort ekki beri að gera það. Ef ekki tekst að sannfæra íslensku þjóðina um að taka þátt með skýrri framtíðarsýn við fleytingu krónunnar er hætta á því að innlendur fjármagnsflótti verði töluverður auk erlenda fjármagnsins sem mun leita út úr krónunni. Það getur þýtt að það stóra samlán sem þjóðin hefur nú fengið geti að stórum hluta brunnið upp í þessar varnir og eftir stendur þá gríðarlega skuldsett þjóð með veikt gengi, gríðarlega verðbólguhrinu og allt sem því tilheyrir.

Hvað með rökin um að fleyta krónunni án inngripa, lækka vexti og styðja innlend fyrirtæki og heimili næstu mánuði enn frekar og hafa þá sjóðinn upp á að hlaupa til aðstoðar? Hefur þeim spurningum verið svarað? Erum við meðvituð um þá áhættu sem við erum að taka ef við ætlum að nýta gjaldeyrisforðann til að koma í veg fyrir of mikla sveiflu krónunnar?

Í þingsályktunartillögunni stendur einnig: Við erum reiðubúin að beita tímabundnum gjaldeyrishöftum á fjármagnsviðskipti. Það eru höft í gangi núna. Á að fella þau úr gildi við fleytingu krónunnar? Daglega eru uppboð í Seðlabankanum á gjaldeyrisviðskiptum. Hvernig verður gjaldeyrisviðskiptum háttað eftir fleytingu? Verður Seðlabanki Íslands eina greiðslumiðlun Íslands við útlönd? Mun Seðlabanki Íslands verða viðskiptavaki með íslensku krónuna sem kaupir og selur allan gjaldeyri landsmanna? Þeim spurningum hefur ekki verið svarað.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir að nú vanti útskýringu eða áætlun um hvernig sú peninga- og gengisstefna verði framkvæmd sem fram kemur í tillögu til þingsályktunar sem hér liggur fyrir. Framgöngu þess stærsta hagsmunamáls viðskiptalífs og heimila þarf að útskýra frekar og það þarf að sýna að fagleg vinnubrögð liggi þar til grundvallar.

Ég hef nokkrar áhersluspurningar enn, hæstv. forseti. Hver verður í forsvari fyrir slíkar aðgerðir? Verður það Seðlabanki Íslands? Stjórn Seðlabankans er rúin trausti. Í það minnsta er hún rúin trausti þjóðarinnar og við þingmenn tölum stundum um þjóðina eins og við séum ekki hluti hennar. Við erum hluti af þjóðinni. Stjórn Seðlabankans er rúin mínu trausti. Ég treysti því ekki að sú stjórn sem ákvað að reyna að festa gengi krónunnar í tvo daga, hafði ekki til þess neitt fjármagn og varð að hætta við fari með þá 700 milljarða sem við höfum nú tekið að láni, stjórn Seðlabankans sem hefur rekið peningastefnu um háa vexti þvert á vilja flestra.

Í þingsályktunartillögunni er heldur ekki talað um nein mörk varðandi hvenær grípa á inn í, hversu mikil inngrip verða né á hvaða tímabili. Það er flest mjög óljóst, hæstv. forseti. Hins vegar er ég afar meðvituð um að við getum ekki hafnað þessari leið. Við getum ekki hafnað þessu láni né öðrum þeim lánum sem okkur hafa borist í kjölfar þess neyðarástands sem hér ríkir sem er verra en ástand flestra annarra landa í kjölfar bankahruns víða um heim.

En að mínu mati skiptir líka máli á stundum sem þessum að við sannfærum okkur, við þurfum að sannfæra þjóðina um að við trúum á Ísland og að við höfum sannfærandi framtíðarsýn. Í augnablikinu held ég að hún sé ekki til staðar. Hvernig getum við búið hana til? Hvernig getum við treyst okkur til að fara inn í framtíðina og þau verkefni sem eru fram undan muni styðja við þjóðina, fólkið í landinu og fyrirtækin? Það eru nokkur atriði. Ég held að taka þurfi afstöðu til gjaldmiðilsins, hvort við ætlum að halda honum eða hvort við ætlum að reyna aðild að öðru myntbandalagi. Ég held að svara þurfi þeim spurningum hvaða kostir og gallar eru fólgnir í því að hefja viðræður um aðild að ESB. Ég held að það sé nauðsynlegt til þess að efla traust þjóðar-

innar til framtíðar að skipta út af fólki í Seðlabanka og Fjármálaeftirliti.

Þá tel ég, hæstv. forseti, að það sé möguleiki að sannfæra þjóðina um að við getum komist fram úr þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir. En ef fleyta á krónunni án aðgerða og yfirlýsinga af því tagi sem ég nefndi hér að ofan er hætta á að aðgerðir mistakist eingöngu vegna vantrúar innan lands, vegna vantrúar þjóðarinnar á sjálfri sér, vegna vantrúar þjóðarinnar á landinu og vegna vantrúar á þeim aðgerðum sem við stöndum frammi fyrir.

[18:29]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur fyrir ræðu hennar sem um margt var athyglisverð. Mig langar að beina til hennar nokkrum spurningum. Í fyrsta lagi ræddi þingmaðurinn um vextina og það sem fram kemur í því skjali sem hér er til umfjöllunar að ráðast hefði þurft í umtalsverða vaxtahækkun og jafnvel meiri slík boðuð.

Ég vil í ljósi þess spyrja hana hvort hún taki þá ekki undir með okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og fleirum að það sé forgangsverkefni að lækka vextina.

Í öðru lagi langar mig að forvitnast um það, vegna þess að þingmaðurinn bar hér fram margar spurningar sem margar hverjar hafa komið hér fram í umræðunni í dag frá okkur og fleirum, hvort hún hafi borið þessar spurningar fram í þingflokki Sjálfstæðisflokksins, hvort hún hafi fengið einhver svör við þeim þar eða hvort þingmönnum stjórnarflokkanna sé haldið í sömu þokunni og okkur í stjórnarandstöðunni.

Síðan talaði hv. þingmaður um að Seðlabankinn væri rúinn trausti sem margir hafa tekið undir. Það blasir nú eiginlega alveg við. En treystir þingmaðurinn Fjármálaeftirlitinu til þess að sinna hlutverki sínu miðað við hvernig það hefur haldið á málum á undanförnum missirum og þess vegna árum? Treystir hún ríkisstjórninni til þess að fara með þessa mörg hundruð milljarða sem eiga að koma hér inn svona miðað við hvernig ríkisstjórnin hefur brugðist við aðvörunarorðum um það hvert stefndi án þess að grípa til tilhlýðilegra ráðstafana?

[18:31]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Við höfum rekið hér peningamálastefnu með afar háum stýrivöxtum. Ég er ein þeirra sem talað hafa fyrir lækkun stýrivaxta jafnt í þingflokki mínum sem annars staðar, og þar held ég að ég svari spurningu hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar.

Þær spurningar sem ég ber upp í dag, og spyr sjálfa mig jafnt sem aðra — hvort ég hafi borið þær upp í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Svarið er nei. Ég fékk þetta plagg í hendur, þingsályktunartillöguna sem hér er til umræðu, á mánudaginn og hef haft tækifæri til að lesa hana síðan þá og skoða um leið og hún var hér sett inn. Ég hef ekki borið þessar spurningar upp með þeim hætti sem ég geri nú en að sjálfsögðu hefur margt af þessu verið rætt innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins eins og sjálfsagt fleiri þingflokka.

Hv. þingmaður spyr mig hvort ég treysti Fjármálaeftirlitinu. Ég hef sagt það opinberlega, og ég segi það enn og aftur: Ég treysti hvorki stjórn Seðlabankans né Fjármálaeftirlitsins. Þar eru m.a. þessi margfrægu krosstengsl á milli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og ég held að skipta þurfi um á báðum þessum vígstöðvum. Ég er ekki að leita að blóraböggli að einu eða neinu leyti, þessar stofnanir eru rúnar trausti. Alþingi er líka rúið trausti vegna þess að við sinntum ekki að öllu leyti, tel ég, þinglegu eftirliti.

Í þriðja lagi treysti ég ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar til að leiða þjóðina út úr þeim vanda sem hún er í. Þó svo að ríkisstjórnin og margir aðrir hafi gert einhver mistök held ég að ég treysti engum flokkum, með fullri virðingu fyrir flokki þeim sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson er í, betur (Forseti hringir.) til að leiða þjóðina út úr þessum vanda.

[18:34]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir greinargóð svör við þeim spurningum sem ég bar fram. Ég fagna afstöðu hennar til vaxtamálanna og því sem hún segir um þær stofnanir sem við höfum verið að ræða um, bæði Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið. Auðvitað má ræða um bankana sjálfa í þessu efni líka. Bankarnir hafa brugðist og þeir sem þar hafa haldið um stjórnvölinn. Það er rétt, sem hefur komið fram hjá ýmsum, að ábyrgð þeirra er ekki lítil.

Ekki er hægt að horfa fram hjá því að ríkisstjórnin í landinu ber mikla ábyrgð, óhjákvæmilegt er að horfast í augu við það, og ríkisstjórnarflokkarnir verða, að mínu mati, að gera það. Talað er um að Seðlabankinn sé rúinn trausti, Fjármálaeftirlitið sé rúið trausti o.s.frv. — og hv. þingmaður sagði: Alþingi er rúið trausti. En ríkisstjórnin er einnig rúin trausti. Hún er hér að fara að takast á við framtíðina á algjörlega nýjum grunni, allt öðrum forsendum en þeim sem lágu til grundvallar þegar síðast var kosið til Alþingis. Í hvaða umboði ætlar ríkisstjórnin að fara í þá vinnu?

Hún veit að á mótmælafundum hér skipti eftir skipti, á Austurvelli, í Iðnó og víðar í borginni, kemur fram krafa um að ríkisstjórnin víki eða sjái a.m.k. til þess að landsmenn fái að segja álit sitt á því hvort þeir vilja þessa flokka áfram í ríkisstjórn — þeir geta tekið ákvörðun um það í kosningum — eða hvort þeir vilja breyta um áherslur. Getur þingmaðurinn ekki verið sammála því að óhjákvæmilegt sé að til þess komi fyrr en síðar?

[18:36]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur umboð þjóðarinnar frá síðustu alþingiskosningum. Hún hefur það umboð þar til kosið er næst, það er ekki flóknara en það.

Ríkisstjórnin er í dag rúin trausti, segir hv. þingmaður. Hún er það ekki í mínum huga og ég ítreka enn að ég treysti þessum flokkum betur en nokkrum öðrum flokkum til að leiða þjóðina út úr þeim vanda sem við blasir, (**ÁÞS:** Ég trúi þessu bara ekki.) svo að það komi skýrt fram. Hv. þingmaður segist ekki trúa þessu, það er nú samt sem áður þannig.

Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, fulltrúi Vinstri grænna á

Alþingi, þekkir mætavel skoðanir mínar í mörgum efnum og mörgum málum. Ég treysti hins vegar ekki, og verð að fá að segja það, hv. þingmaður, stjórnmálaskoðunum Vinstri grænna til þess að leiða þjóðina út úr þeim vanda sem við blasir. Mér hefur fundist að sá flokkur standi fyrir alræði forsjárhyggjunnar og sú pólitík, sú stefna, hugnast mér í engu þó að ég geti tekið undir ýmis mál sem Vinstri grænir hafa borið fram. Þau mál eru að mörgu leyti þörf og vissulega þess virði að til þeirra sé horft og tekið tillit, en gegnumsneitt treysti ég ekki flokki sem mér þykir hlynntur alræði forsjárhyggjunnar til að leiða þjóðina (**ÁÞS:** Í umboði hans hefur þú nú starfað.) mína út úr þessu. Já, hv. þingmaður, ég var í samstarfi við Vinstri græna í Mosfellsbæ og þar er enn samstarf Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna (Forseti hringir.) og gengur ágætlega.

[18:38]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Ragnheiðar Ríkharðsdóttur og þær áhyggjur sem hún bar fram vegna gjaldmiðilsins varðandi það hvernig fleyta ætti krónunni, hvað tæki við og hvort hægt væri að treysta þeim sem fara ættu með stjórn efnahagsmála miðað við þá reynslu sem þegar væri fengin. Þá gat ég ekki skilið annað en að hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest. fyrir Sjálfstæðisflokkinn, treysti ekki þeim aðilum sem þar héldu um taumana eða hefði alla vega verulegar efasemdir um að ríkisstjórn og Seðlabanki, af fyrri reynslu, væru til þess bær að fara með þá miklu ábyrgð sem um væri að ræða, alla vega lýsti þingmaðurinn miklum áhyggjum af því.

Ég deili þeim sjónarmiðum með hv. þingmanni og get tekið undir ræðu hennar að öllu leyti. En ég spyr: Miðað við þessar vangaveltur og þær niðurstöður sem hv. þingmaður gefur sér, að gefnum þeim forsendum sem hún nefndi, er þá nokkur möguleiki að hv. þingmaður styðji núverandi ríkisstjórn áfram ef óbreytt stjórn á að vera í Seðlabanka Íslands?

[18:40]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan: Ég treysti flokkunum, Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu, til að leiða þjóðina út úr þeim vanda sem við blasir. Ég treysti ekki núverandi stjórn Seðlabankans til þess.

[18:40]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var sérkennilegt svar hjá hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur. Hún treystir flokkunum. Flokkarnir eru nú einu sinni ekkert merkilegri en fólkið sem í þeim er og þeir standa fyrir ákveðna stefnu og ákveðin sjónarmið. Nú liggur fyrir að hæstv. forsætisráðherra hefur að óbreyttu lýst yfir stuðningi við bankastjórn Seðlabankans. Miðað við þær yfirlýsingar liggur fyrir að eina ferðina enn á að leggja af stað undir handarjaðri og stjórn núverandi bankastjórnar Seðlabanka Íslands.

Miðað við þær áhyggjur og þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þingmanni — hún lýsti yfir algjöru vantrausti á Seðlabanka Íslands til þess að fara með þau vandasömu mál sem um væri að ræða — er ekki hægt að svara svona. Að treysta flokkunum, það eru málsvarar flokkanna í ríkisstjórn — hæstv. forsætisráðherra fyrir Sjálfstæðisflokkinn, utanríkisráðherra fyrir Samfylkinguna og aðrir ráðherrar — sem margir hverjir hafa kvatt sér hljóðs og talað. Þeir hafa lýst því yfir að leggja eigi af stað í fleytingu krónunnar að bankastjórn Seðlabanka Íslands óbreyttri, þ.e. með sömu aðilum og hv. þingmaður sagðist ekki geta treyst.

Ég ítreka spurningu mína. Ekki er hægt að segja að viðkomandi treysti flokkunum, þeir eru bara skjaldarmerki og við erum ekki í skjaldarmerkjafræðum. Við erum einfaldlega að tala um stefnumörkun, við erum að tala um raunhæf úrlausnarefni. Miðað við þau raunhæfu úrlausnarefni sem hv. þingmaður lýsti er hún andvíg stefnu ríkisstjórnarinnar hvað þetta varðar vegna þess að hún treystir ekki Seðlabanka Íslands. Ég spyr því: Er hv. þingmaður í stjórnarandstöðu að þeim forsendum gefnum að (Forseti hringir.) bankastjórn Seðlabanka Íslands verði óbreytt?

[18:43]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Magnússon verður að eiga það við sjálfan sig ef hann er ekki sáttur við þau svör sem hann fær við spurningum sem hann ber fram. Hann spurði mig tveggja spurninga og ég svaraði þeim. Ég get svarað þeim aftur: Ég treysti Sjálfstæðisflokknum, stefnu hans, Samfylkingunni, og stefnu þess flokks, til að leiða þjóðina út úr þeim vandræðum sem við blasa. Það er kristaltært.

Það er eins og hv. þingmaður hafi aldrei heyrt þess getið að skipta megi um fólk í ríkisstjórnum. Ríkisstjórnir eru fulltrúar flokka og þar má skipta um fólk eins og annars staðar, (**JM:** Stendur það til?) hv. þm. Jón Magnússon. Það stendur sem ég sagði áðan: Ég styð stefnu Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar til þess að koma þjóðinni út úr þeim vandræðum sem við blasa en ég treysti ekki stjórn Seðlabanka Íslands. Flóknara er það ekki, hv. þm. Jón Magnússon.

[18:44]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill minna hv. þingmenn á ákvæði 54. gr. þingskapa þar sem kveðið er á um að ræðumaður skuli víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en ekki ávarpa einstaka þingmenn.

[18:44]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Ég vík orðum mínum að hæstv. forseta. Þegar sú sem hér stendur óskaði eftir að fá að tala öðru sinni í dag þá var það til að eiga orðastað við ráðherra. Svo mig þrjóti nú ekki örendi vil ég óska eftir því að hann verði sóttur áður en ég tek til máls.

(**Forseti** (KHG)**:** Hefur þingmaðurinn lokið ræðu sinni eða hyggst þingmaður gera hlé á ræðu sinni?)

Þingmaður hyggst gera hlé á ræðu sinni að tillögu forseta. Takk.

[18:45]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Þingmaðurinn hefur gert hlé á ræðu sinni. Fjármálaráð-

herra er í húsinu og gerðar verða ráðstafanir til að hann komi til fundarins.

Ráðherra er kominn í salinn og fellst hv. þm. Árni Þór Sigurðsson á að bíða á meðan hv. þm. Álfheiður Ingadóttir lýkur ræðu sinni og heldur hún áfram ræðunni.

[18:46]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) (frh.)**:**

Herra forseti. Erindi mitt var að eiga orðastað við hæstv. fjármálaráðherra, sem er annar tveggja sem undirritar viljayfirlýsinguna sem hér fylgir með þingsályktuninni.

Spurningarnar sem ég vil beina til ráðherrans eru nokkuð margar. Ég nefndi fyrr í dag að ég saknaði þess að hafa ekki enskan texta og undirritað skjal fyrir framan mig. Nú hef ég fengið enskan texta hjá formanni þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs og þar er því miður staðfest það sem ég sagði áðan að misræmi er á milli íslenska textans og hins enska. Hins vegar er hvorugt plaggið undirritað þannig að ég veit ekki hvað þar er á ferð.

Ég vil byrja á að víkja að 2. gr. og 11. gr. í viljayfirlýsingunni og spyrja hæstv. ráðherra hvernig og hvenær komi að heimilunum í áætlunum og áformum íslenskra stjórnvalda vegna bankahrunsins? Í 2. gr. yfirlýsingarinnar er bent á að aðlögun að áfallinu geti orðið bæði harkaleg og kostnaðarsöm og til lengri tíma litið eigi að lækka hinar miklu skuldir hins opinbera með viðvarandi aðhaldi í ríkisfjármálum.

Í 11. gr. segir að stjórnvöld muni fara yfir lagarammann um gjald- og greiðsluþrot þannig að taka megi á niðurfærslu skulda og heimtu eigna í bönkum, fyrirtækjum og hjá heimilum.

Ég finn í fljótu bragði ekki meira í plagginu um heimilin í landinu og óttast, eins og fleiri sem hér hafa talað, að stjórnvöld feti hina finnsku leið og byrji á að endurreisa bankana, hvað sem það kostar. Ríkissjóður verði númer tvö og allur halli skorinn niður strax eða eins fljótt og verða má. Síðan kemur að fólkinu og er það aftast. Heimilin og fólkið í landinu. Þá má ekkert kosta eins og við sjáum í auglýsingu ríkisstjórnarinnar á föstudaginn var. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra nánar út í áætlunina að þessu leyti.

Í annan stað spyr ég um 6. og 10. gr. Í 6. gr. er fjallað um rannsókn eða athugun á endurskipulagningu bankanna og þar segir að hluti af því sé mat á hvort stjórnendur og helstu hluthafar hafi gerst sekir um afglöp í rekstri eða misnotkun á bönkunum.

Hvorki Seðlabanki Íslands né Fjármálaeftirlitið eru þar nefnd til sögu, að kanna eigi hvort helstu hluthafar eða stjórnendur þar hafi gerst sekir um afglöp í rekstri.

Í 10. gr. er fjallað áfram um endurskoðun á regluumgjörð fjármálastarfsemi í landinu og framkvæmd bankaeftirlits. Þar virðist mér að menn hafi gefið sér fyrir fram niðurstöðu úr athuguninni sem talað er um í 6. lið. Því þar segir, með leyfi forseta:

„Hafi fyrrverandi yfirstjórnendur og helstu hluthafar í yfirteknu bönkunum gerst sekir um afglöp í rekstri eða misnotkun á bönkunum eiga þeir ekki að gegna sambærilegu hlutverki næstu þrjú árin.“

Ég átta mig ekki á þessu, herra forseti. Við höfum talað um að setja þurfi á stofn sérstakt saksóknaraembætti og sérstaka sannleiksnefnd á vegum þingsins. En þarna virðist mér ríkisstjórnin ætla að ráða sér ráðgjafa og hafi ráðið fyrrverandi forstöðumann finnska fjármálaeftirlitsins til að skoða það sem illa hefur farið í aðdraganda bankahrunsins.

Herra forseti. Tími minn er nú að verða liðinn, enda fór nokkuð af honum í að bíða eftir hæstv. fjármálaráðherra. Í lokin vil ég víkja að 7. gr. þar sem minnst er á einkavæðingu bankanna sem tekjulind og spyrja hæstv. fjármálaráðherra í fullri góðsemi: Kunna menn annan betri? Bankarnir voru á sínum tíma seldir á um 19 milljarða kr. að núvirði. Við tölum um að við þurfum að standa skil á 1.400 milljörðum króna á næstu árum. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig hæstv. ráðherra sem undir þetta ritar ætlar að gera bankana að tekjulind (Forseti hringir.) miðað við þær tölur.

[18:51]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Til að svara fyrst um 2. og 11. gr., þá hangir þetta allt saman. Atriðin sem tekið er á í plagginu, endurreisn bankanna, peningamálastefnan og ríkisfjármálastefnan hanga saman við hag heimilanna. Það sem skiptir heimilin mestu er að fá stöðugleika í gengið, því það mun slá á verðbólguna. Síðan verðum við að gæta þess að skuldirnar sem við tökum á okkur — hverjar svo sem þær verða þegar öll kurl eru komin til grafar — sligi ekki heimilin til langtíma í vaxtagreiðslum og afborgunum. Eftir því sem við tökum lengri tíma í að greiða þær verða vextirnir meiri. Þannig að þetta hangir allt saman og engu er gleymt.

Ætlunin er að fá erlenda sérfræðinga til að endurskoða bankana og kerfið sem um þá á að fjalla og fram hefur komið í umræðunni að búið er að fá mann til þess.

Annað mál er hvernig farið verður með þá sem hafa brotið lögin og það fer inn í eðlilegt ferli, sem verður sett upp og hefur þegar verið kynnt að hluta til á þingi og utan þess, og við eigum eftir að sjá fara af stað. Ég held að við þurfum ekki að kvíða því að í rannsókninni verði ekki öllum steinum velt við.

Um 7. gr. og einkavæðingu bankanna, hvort ég kunni annan betri. Nei, ég kann ekki annan betri. En ég held að það skynsamlegasta sem við getum gert til að minnka skuldirnar sem ríkið gæti þurft að setja okkur í til að endurreisa bankana sé að koma þeim og rekstri þeirra aftur í hendur (Forseti hringir.) einstaklinga og samtaka þeirra.

[18:54]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ef það er staðföst stefna ríkisstjórnarinnar að einkavæða strax bankana, sem verið er að koma á legg, er mjög brýnt að skipta um ríkisstjórn í landinu. Hér fyrr í dag voru nefnd orðin „den gale vanvid“ sem þýða á íslensku algjört rugl. Ekki er nokkur leið að fara af stað í þessa vegferð undir stjórn sömu manna til að endurtaka sama leikinn.

Ég viðurkenni að efnahagsstjórn og hagur heimila og einstaklinga hanga saman, eins og hæstv. ráðherra segir. Ég sé ekki í áætluninni nein áform um að heimilin muni ekki sligast vegna vaxtabyrði og verðbólguverðtryggingarkúfs

sem lagður verður yfir húsnæðislán allra landsmanna. Þess vegna eru þessar spurningar og áhyggjur fram settar. Miklu máli skiptir að vextir verði lækkaðir og að verðbólguverðtryggingarkúfurinn, sem nú leggst yfir öll íbúðalán, verði skorinn af með einhverjum hætti, með skattalækkunum ef ekki vill betur.

Það má nefnilega ekki verða, eins og hér var talað um fyrr í dag, að hér verði fjöldagjaldþrot á heimilum og fólk missi íbúðir sínar á uppboðum. Bankakreppan og gjaldeyriskreppan mega ekki verða að félagslegri kreppu.

[18:56]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við reynum einmitt að koma í veg fyrir að hér verði stórkostleg fjöldagjaldþrot og félagsleg vandamál sem þeim fylgja. Þess vegna skiptir máli að við náum stöðugleika í gjaldmiðilinn sem fyrst og verðbólgukúfurinn verði sem minnstur og aðgerðirnar, sem lagt hefur verið í til að hjálpa fólki við að komast í gegnum erfiðleikana, virki. Verið er að fara í fjölmargar aðgerðir í þeim tilgangi.

Hluti af því að skattbyrði framtíðarinnar verði sem minnst er að ná þeim peningum til baka sem við þurfum að setja inn í endurreisn bankanna. Þannig að hinn almenni skattborgari borgi ekki vexti af þeim fjármunum langt inn í framtíðina.

Þó að ýmislegt hafi misfarist í bönkunum á síðustu missirum var ýmislegt gott gert þar á fyrri tímum eftir einkavæðinguna og það getum við séð gerast aftur. Það er í samræmi við hvernig nú er lagt upp með að endurreisa fjármálakerfi heimsins og það hefur viljað gleymast í umræðunni að fleiri en við glíma við slík vandamál og að grunni til eru þau ekki bara heimatilbúin. Við skulum minnast þess.

Það vantar ekkert á það að stjórnvöld séu tilbúin til að reyna að gera þetta þannig að það snerti heimilin sem minnst. En við skulum líka horfast í augu við það að þetta mun koma við okkur öll á einn eða annan hátt.

[18:58]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ljóst er að bankahrunið hefur þegar lent harkalega á heimilum í landinu. Gjaldmiðillinn hefur fallið um 70% það sem af er árinu. Nú bíða menn eftir því hvað gerist þegar krónunni verður fleytt. Hversu mikið gengisfallið verði. Um það var rætt hér í vikunni að verðtrygging á húsnæðislánum gæti kostað 240 milljarða kr. frá 1. júní á þessu ári til 1. júní á næsta ári. Reikningurinn fyrir þessari fjárhæð verður sendur húseigendum í landinu.

Ekki er nóg, hæstv. forseti, fyrir hæstv. ráðherra að vísa til þess að ýmsar aðgerðir séu í undirbúningi. Við hljótum að eiga heimtingu á að fá að vita hvað ríkisstjórnin hyggst leggja til, til að létta byrðum af heimilum og fjölskyldum í landinu. Ekki bara lengja í hengingarólinni eins og tillögurnar sem hér hafa komið fram miða að.

Það þarf að setja fólkið í forgang og það er ekki gert með áætluninni sem hér liggur fyrir og verður ekki gert með aðferðafræðinni sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er þekktur fyrir. Sú aðferðafræði hefur ekkert breyst í gegnum tíðina og er alveg söm við sig í þessu plaggi.

Það sannast af einu — fyrir utan hækkun stýrivaxta og áframhaldandi hækkun vaxta, sem hefur verið stefnuhald gjaldeyrissjóðsins í gegnum tíðina — kröfunni sem sett er fram um hallalaus fjárlög árið 2012. Ætla sér að taka öll þessi hryllilegu lán og skera svo niður í ríkisútgjöldum strax á tveimur, þremur árum. Það gengur ekki upp, hæstv. ráðherra.

[19:00]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Í fyrri ræðu minni í dag fór ég yfir allnokkur atriði sem mér finnst mikilvægt að séu skoðuð í sambandi við það mál sem hér er til umfjöllunar. Mér tókst ekki að fara yfir alveg öll atriðin og vil minnast á nokkur til viðbótar. Ég vil t.d. inna hæstv. fjármálaráðherra eftir því sem kemur fram í 24. tölulið þessarar greinargerðar.

Þar segir:

„Hrun bankakerfisins hefur leitt af sér talsverða þörf fyrir erlent lánsfé. Við gerum ráð fyrir að þessi þörf sé 24 milljarðar Bandaríkjadala á tímabilinu til loka ársins 2010. Þar af eru um 19 milljarðar vanskil vegna skulda yfirteknu bankanna þriggja.“

Segja má að þeir fimm milljarðar sem verið er að tala um, annars vegar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hins vegar frá nokkrum öðrum ríkjum, blikni í samanburði við þessa háu fjárhæð. Nú geri ég mér ekki fyllilega grein fyrir hvort reiknað er með því að hún lendi öll á herðum ríkisins, að þetta séu skuldir með ríkisábyrgð sem lenda þar, eða hvernig þessi fjárhæð er fengin. Það er mjög mikilvægt að við vitum nákvæmlega hvað hér er á ferðinni þannig að gerð sé grein fyrir þessum skuldbindingum, hvernig þær eru til komnar og hvort ætlast sé til að þær verði greiddar upp af ríkissjóði eða skattgreiðendum, landsmönnum, til framtíðar.

Í umræðunni fyrr í dag var sagt — hæstv. utanríkisráðherra sagði það m.a. — að við ætluðum að nota okkur sérfræðiþekkingu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Já, okkur veitir áreiðanlega ekki af því að fá sérfræðiþekkingu utan að til að aðstoða okkur við að komast út úr þeirri kreppu sem við erum komin í. Hins vegar hefur verið bent á það, og málefnaleg rök eru fyrir því, að ráð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafi oft og víða reynst þjóðum mjög dýrkeypt. Við því höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði varað. Verkalýðshreyfingin um allan heim hefur líka gert það þó að þau sjónarmið komi ekki við verkalýðshreyfinguna hér á landi, a.m.k. ekki innan Alþýðusambands Íslands eða Samfylkingarinnar, Jafnaðarmannaflokksins. Þetta eru málefnalegar athugasemdir og áhyggjur sem ríkisstjórnin á að sjálfsögðu að taka tillit til, ég tala ekki um stjórnmálamenn sem kenna sig við jöfnuð.

Hæstv. utanríkisráðherra sagði að engin svör væru frá okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um hvað það væri sem við hefðum til málanna að leggja. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fór yfir það í ræðu sinni hér fyrr í dag hvað við hefðum lagt til í þessu efni. Vandinn er sá að ríkisstjórnin hlustar ekki. Hún situr ekki hér á bekkjunum nema endrum og eins. Hæstv. fjármálaráðherra hefur þó burðast við að vera hér stöku sinnum í dag og væntanlega í

húsinu allan daginn en ekki forsætisráðherra eða neinn af forustumönnum Samfylkingarinnar. Það er ekki nema von að þeir viti ekki hvaða svör eða tillögur við höfum fram að færa. Þjóðin hefur heyrt þær hugmyndir og þær tillögur sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram í þessum málum og það endurspeglast mjög í könnunum um afstöðu til stjórnmálaflokkanna. Það skiptir okkur kannski meira máli en flest annað.

Frú forseti. Mér dettur í hug að efnahagsástandinu, því ástandi sem við erum nú í, megi lýsa með orðum Arnar Arnarsonar þar sem segir:

> Þetta er mikið þjóðargrand,
> þjóðarskútan orðin strand.
> Aldrei hefir okkar land
> yfir dunið þvílíkt stand.

Þetta lýsir því ástandi sem við stöndum frammi fyrir. Ekki batnar það þegar kemur að ástæðum þess hvernig komið er:

> Íhald stýrði rangt og ragt,
> rak af leið og skemmdi fragt.
> Í skuldarkví var skútu lagt,
> skömm er endi á heimskra makt.

Þó að þetta kvæði sé orðið nokkurra áratuga gamalt kemur það upp í hugann þegar við horfumst í augu við það ástand sem nú er og það hvert Sjálfstæðisflokkurinn, og forusta hans mörg undanfarin ár, hefur komið okkur. Er þar ekki undanskilinn sá sem nú situr sem formaður bankastjórnar Seðlabankans og var formaður Sjálfstæðisflokksins um langt skeið. Ábyrgð hans er mikil, bæði sem forsætisráðherra og sem seðlabankastjóra, og traust hans er farið.

Nú þarf að byggja upp, frú forseti, á nýjum grunni og það verður að gerast á grundvelli annarra sjónarmiða, annarrar pólitískrar stefnu, en ráðið hefur ferð. (Forseti hringir.) Byggja verður upp á grundvelli félagshyggju og jöfnuðar með hagsmuni almennings og atvinnulífs að leiðarljósi.

[19:06]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og hv. þingmaður getur séð á skiptingunni í 24. gr. er annars vegar um að ræða þann hlut sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og nágrannaþjóðir okkar ætla að lána okkur, hins vegar er gerð grein fyrir þeim hlut sem snýr að innstæðureikningum bankanna erlendis og síðan það sem eftir stendur af skuldbindingum bankanna þriggja á þessu tímabili. Eins og við vitum er ríkissjóður ekki ábyrgur fyrir þeim skuldum. Það eru skilanefndirnar og hvernig vinnst úr þeim þrotabúum sem þar verða til ef bankarnir verða ekki endurreistir á einhvern annan hátt með hjálp lánardottna eða einhverjum slíkum aðferðum — það eru þá þeir aðilar sem þurfa að standa skil á þeim skuldum eftir því sem eignir duga til. Þannig liggur í því sem þarna er upp talið.

[19:07]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir þessar upplýsingar, þær skipta vissulega máli. Áhyggjurnar eru eftir sem áður þær að ríkisstjórnin virðist ekki ætla sér að fara þá leið sem ein er rétt að lögum og það er að gömlu bankarnir séu settir í gjaldþrot, því að þeir eru gjaldþrota og eiga að fara í gjaldþrot. Menn hafa haldið því fram að sú lagasetning sem fram fór hér í síðustu viku til þess að gefa þeim kost á að starfa í tvö ár, ekki mætti höfða mál á hendur þeim þann tíma, væri brot á stjórnarskránni og menn hefðu jafnvel brotið stjórnarskrána vitandi vits.

Það er áhyggjuefni ef þessar skuldbindingar eiga að hanga á bönkunum og flytjast þá — ef gömlu bankarnir eiga ekki að fara í þrot — væntanlega eins og eignir yfir í nýju bankana eða maður skyldi ætla það. Nýju bankarnir munu þá taka þessar skuldir með sér inn í framtíðina. Er það ekki rétt skilið hjá mér, hæstv. fjármálaráðherra?

[19:08]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Það hefði kannski verið skýrara að fá að gera grein fyrir því, hv. þingmaður, hvernig þessari skiptingu er háttað. Þegar bönkunum er skipt upp í tvennt og til verða nýi bankinn og gamli bankinn eru bæði eignir og skuldir teknar yfir — það fer yfir í nýja bankann og á að vega hvort upp á móti öðru. Því til viðbótar þarf ríkissjóður að bæta inn í eigin fé til þess að bankinn sé rekstrarhæfur. Aðrar eignir og aðrar skuldbindingar eru þá eftir í gamla bankanum. Þetta er þá hluti af því að láta þessar eignir ganga á móti skuldbindingum eftir því sem þær duga til.

Hluti af skuldunum verður þá eftir í nýju bönkunum en á móti koma samsvarandi eignir og þar af leiðandi ætti ekki að þurfa að hafa áhyggjur af þeim hluta. Nýju bankarnir eiga að geta staðið undir þeim skuldbindingum vegna þeirra eigna sem með þeim voru fluttar. Uppgjörshlutinn verður þá raunverulega í gamla bankanum og við eigum eftir að sjá hversu vel þeir hlutir duga til að standa fyrir þeim skuldbindingum. En í hvorugu tilfellinu fellur þetta sem skuldbinding á ríkissjóð.

[19:10]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil hæstv. ráðherra á þann veg að taka eigi yfir í nýju bankana eignir úr gömlu bönkunum og á móti jafna upphæð í skuldum og skilja síðan hitt eftir. Ég á eftir að sjá það gerast þannig þegar þessi dæmi eru gerð upp. Ég óttast að nýir bankar með svona mikla skuldabyrði verði ekki mjög söluleg vara — það er boðað hér í plagginu að síðan eigi að koma þeim á markað. (**Fjmrh.:** Það snýst um eiginfjárframlagið.) Það snýst um það að bankarnir eru þá að sjálfsögðu orðnir mjög skuldsettir. Þessir nýju bankar fá þessar miklu skuldir væntanlega í vöggugjöf, eins og ég skil þetta.

Það þarf þá a.m.k. að gera mjög rækilega grein fyrir því hvernig þetta dæmi lítur út reikningslega á vettvangi þingnefndarinnar sem fær málið til skoðunar.

[19:11]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Komið er að lokum umræðunnar. Ég á

einungis eina fimm mínútna ræðu eftir. Ég get lýst því yfir hér að ég hef efni í mun lengra mál. Ég ætla að tæpa á örfáum atriðum sem hafa komið upp í hugann í dag.

Umræðan hófst á því að hv. þm. Helgi Hjörvar lýsti því yfir að Seðlabankinn væri rúinn trausti. Í fréttum klukkan sex koma fréttir um það að tveir samfylkingarráðherrar vilji að kosið verði sem allra fyrst, (Gripið fram í.) að endurnýja þurfi umboð ríkisstjórnarinnar. Mér finnst þetta allt svo alvarlegar yfirlýsingar, hæstv. forseti, í ljósi þess sem hér er rætt, því að verið er að tala um stærstu lántöku Íslandssögunnar, fjármuni sem treysta á Seðlabankanum fyrir. Seðlabankanum sem samfylkingarþingmenn og samfylkingarráðherrar virðast telja að sé trausti rúinn.

Hæstv. utanríkisráðherra sagði í andsvari við mig í morgun að Seðlabankinn ákvæði stýrivexti, ég ætti ekki að ráðast á ríkisstjórnina eða ráðherrana og skammast yfir stýrivöxtum, það væri sko Seðlabankans að ákveða þá, Seðlabankans sem er trausti rúinn.

Hæstv. forseti. Hér rekur sig hvað á annars horn. Hér situr handónýt ríkisstjórn sem er trausti rúin. Til marks um það eru fjöldamótmæli fyrir utan þetta hús helgi efti helgi og baráttufundir í húsunum hér í kringum okkur, Iðnó, Nasa og einn í Háskólabíói nk. mánudagskvöld. Það er því ljóst, og það hefur komið mjög berlega fram í þessari umræðu í dag, að ríkisstjórnin er langt því frá að vera þeim vanda vaxin að takast á við hið gríðarlega verkefni sem við blasir. Hún sér bara þá einu leið, sem hún kallar óhjákvæmilega, að taka neyðarlán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum með afdráttarlausum skilyrðum um að þrengt skuli að öllum opinberum fjárveitingum á næstu árum, jafnvel áratugum.

Hæstv. forseti. Óhjákvæmilegt eða óhjákvæmilegt ekki að taka þetta lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Þessi sama ríkisstjórn hefur áður sagt að ýmsir hlutir hafi verið óhjákvæmilegir — ég leiðrétti það, það var ekki þessi sama ríkisstjórn. Það var ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sem sagði á sínum tíma að óhjákvæmilegt væri að einkavæða bankana. Ekki væri hægt að halda þessum tveimur bönkum í ríkiseigu því að það væri svo gamaldags, við værum svo aftarlega á merinni, öll ríkin í kringum okkur væru meira eða minna búin að einkavæða bankana sína, sem var ósatt. Í nágrannalöndum okkar, þar sem bankarnir standa sæmilega, er stór hluti, og jafnvel stærsti hluti, bankanna í ríkiseigu.

Ríkisstjórnin sem við bjuggum við á sínum tíma taldi óhjákvæmilegt að einkavæða bankana. Á sínum tíma var óhjákvæmilegt að byggja Kárahnjúkavirkjun, það átti að bjarga atvinnulífi á Austurlandi. Á sínum tíma var óhjákvæmilegt að lækka skatta á fyrirtækin og á þá tekjuhæstu. Frjálshyggjuumræðan hefur verið með þeim hætti hér í þessum sal á undanförnum árum að viðsnúningur verður að eiga sér stað. Sá viðsnúningur verður greinilega ekki með þessari ríkisstjórn því að Samfylkingin hefur lagst á sveif með Sjálfstæðisflokknum í frjálshyggjuumræðunni. Hún telur nú, eins og Sjálfstæðisflokkurinn, óhjákvæmilegt að taka þetta lán. Þau hafa ekki reiknað neina aðra sviðsmynd. Það er enginn valkostur í boði. Það er í sjálfu sér skammarlegt þegar horft er á hversu stórt þetta mál er.

Hæstv. forseti. Ég vil ljúka máli mínu á að vitna í tölvupóst sem ég fékk í dag frá þriggja barna móður sem telur sig ekki eiga það skilið að þurfa að horfa á eftir lífi sínu upp í skuldir sem aðrir hafa stofnað til. Henni leikur forvitni á að vita hvernig ríkisstjórnin hugsar hlutina fyrir fólk eins og hana, fólk sem er með allt í skilum, fólk sem hefur streðað allt sitt líf til að geta lifað sómasamlegu lífi og hefur veitt börnunum sínum áhyggjulausa æsku. Þetta er fólk sem aldrei hefur séð barnabætur. Iðnaðarmenn eru t.d. það tekjuháir að þeir sjá ekki barnabætur. En þegar iðnaðarmenn missa vinnuna hvað gerist þá? Barnabæturnar skila sér ekki strax, það líður a.m.k. ár þar til eitthvað slíkt kæmi til þessarar fjölskyldu. (Forseti hringir.)

Þetta er fjölskylda sem neitar að kyngja þessu og ég segi: Ég styð þessa fjölskyldu (Forseti hringir.) og allar aðrar fjölskyldur sem eins er komið fyrir. (Forseti hringir.) Þau eiga ekki skilið þetta ástand og ríkisstjórnin verður að bjóða þeim eitthvað annað en hún gerir.

[19:16]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur sem vísaði til fjölskyldu og þeirrar skuldsetningar sem hún væri nú komin í. Þannig er ástatt með gríðarlega stóran hóp af Íslendingum í dag. Eins og ég gat um fyrr í dag eru nú á atvinnuleysisskrá yfir 6.000 manns. Við erum að tala um gríðarlega mikið atvinnuleysi sem fer vaxandi og það er að mínu viti eitt það versta sem getur gerst í einu samfélagi.

Eins og ítrekað hefur verið sagt í dag erum við að taka eitt stærsta lán sem hefur verið tekið í Íslandssögunni og það skiptir miklu máli, eins og ýmsir stjórnarþingmenn sem og aðrir hafa bent á, að traust ríkisstjórn haldi um stjórnvölinn. Er þetta traust ríkisstjórn sem við erum að tala um? Þingmenn ríkisstjórnarinnar hafa komið upp hver um annan þveran og lýst yfir áhyggjum sínum og efasemdum um að þessi ríkisstjórn og Seðlabankinn geti í raun stjórnað landinu með eðlilegum hætti. Það þarf sterka ríkisstjórn.

Núna koma hæstv. viðskiptaráðherra og hæstv. umhverfisráðherra, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vék að í ræðu sinni, og segja: Við þurfum kosningar. Til hvers? Til þess að endurnýja umboð okkar. Endurnýja hvaða umboð? Ríkisstjórnin hefur umboð. Nýjar kosningar fjalla um allt annað. Þær fjalla um að fella þessa ríkisstjórn en ekki endurnýja umboð hennar — en tveir ráðherrar krefjast kosninga.

Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir lýsti yfir efasemdum og hafði ekki trú á því að þeir sem nú halda um stjórnvölinn gætu gert það af viti. Hæstv. utanríkisráðherra gerði grein fyrir því í sinni upphafsræðu að við hefðum verið losuð úr herkví. Ég gat ekki séð að það væri út af öðru en því að illa hefði verið haldið á málum fram að því að hún reis af sjúkrabeði. Ég er út af fyrir sig sammála henni um að þannig var það. Sé litið til þess sem hér er rakið og ýmiss annars sem hefur komið fram í umræðum liggur fyrir að við erum með sundurlausa og ósamstæða ríkisstjórn sem er ekki líkleg til mikilla afreka.

Virðulegi forseti. Það er staðreynd að enginn getur stjórnað fyrirtæki verr en sá sem rekur fyrirtæki í þrot. Ef til vill var aldrei rekstrargrundvöllur fyrir fyrirtækinu en það

getur enginn rekið það verr. Hugsanlega hefði einhver annar getað gert það betur en enginn gerir það verr en sá sem rekur það í þrot.

Þessi ríkisstjórn og þessi Seðlabanki hafa rekið íslenska efnahagskerfið í þrot. Það er sú staðreynd sem við stöndum frammi fyrir og vegna þeirrar staðreyndar erum við nú tilneydd til þess að taka lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Að mínu viti er ekki um annað að ræða en að samþykkja þá þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir en það er af illri nauðsyn vegna óstjórnar ríkisstjórnarinnar.

Í því virta blaði *Sunday Times* sagði 12. október síðastliðinn að Ísland hefði komið betur út ef Seðlabanki Íslands hefði ekki haft þessa ofurháu stýrivexti og takmarkað útlán. Þess í stað hefði Seðlabankinn haldið sig við löngu úrelta vaxtastefnu.

Hvað á að gera núna og hvað er boðað? Einmitt að Seðlabanki og ríkisstjórn ætla að halda áfram og herða enn þessa úreltu vaxtastefnu. Það á að fara sömu leið — og það er svo merkilegt — það á að fara sömu leið og ríkisstjórn Herberts Hoovers, forseta Bandaríkjanna, gerði árið 1929 með þeim hræðilegu afleiðingum að heimskreppa skall á, með því að hækka vexti og takmarka peningamagn í umferð. Það er röng stefna.

Það er nauðsynlegt að taka lánið sem hér er um að ræða en það þarf ábyrga menn til þess að takast á við og stýra þjóðarskútunni áfram, gera rétta hluti, víkja frá flotkrónunni og henda í burtu verðtryggingunni. Það er stærsta hagsmunamál Íslendinga í dag.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og utanrmn.

Fundi slitið kl. 19:22.

---

33. FUNDUR

föstudaginn 21. nóvember,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 28. mál, þskj. 28. — 1. umr.
3. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
4. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 145. mál, þskj. 161. — 1. umr.
5. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, stjfrv., 139. mál, þskj. 154. — 1. umr.
6. Embætti sérstaks saksóknara, stjfrv., 141. mál, þskj. 156. — 1. umr.
7. Kolvetnisstarfsemi, stjfrv., 152. mál, þskj. 176. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Katrín Jakobsdóttir, 4. þm. Reykv. n.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 10. þm. Reykv. n.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá bæjarstjórn Akureyrar.

Tilkynning um dagskrá.

[10:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Um kl. 11 í dag, að loknum óundirbúnum fyrirspurnatíma, fer fram utandagskrárumræða um bankamál og skilin milli eldri banka og hinna nýju. Málshefjandi er hv. þm. Álfheiður Ingadóttir. Viðskiptaráðherra Björgvin Sigurðsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Eftirlaunalög o.fl.

[10:36]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég beini orðum mínum til hæstv. utanríkisráðherra sem formanns Samfylkingarinnar og spyr hana hreint að því hvort henni finnist sú framkoma, leyfi ég mér að segja, ríkisstjórnarinnar, Samfylkingarinnar gagnvart þjóðinni vera boðleg þegar við blasir á hverjum einasta degi að það er mikill ágreiningur á milli stjórnarflokkanna og fulltrúar Samfylkingarinnar, bæði óbreyttir þingmenn og hæstv. ráðherrar, ástunda gaspur, ég kalla það gaspur meðan ekki er hægt að sjá að verið sé að vinna neitt í málum. Það er borið á borð fyrir þjóðina að Samfylkingin vilji þetta og Samfylkingin vilji hitt. Þetta er alger nýjung í íslenskum stjórnmálum og þjóðin stendur frammi fyrir gríðarlega miklum vanda en það sem hún horfir upp á hjá stjórnarheimilinu er mikil ósamstaða.

Ég bæti því svo við, hæstv. forseti, að í morgun birtist reyndar má segja gleðifrétt því að þar kemur fram að búið sé að ná samstöðu um svokölluð eftirlaun æðstu embættismanna og að slíkt frumvarp hafi verið tekið fyrir í ríkisstjórn eða átti að taka fyrir í ríkisstjórninni í morgun. Þetta er mál sem stjórnarandstaðan hefur ekki verið upplýst um og það samstarf sem átti sér stað við stjórnarandstöðuna virðist hafa verið rofið. En miðað við þessa stuttu frétt sýnist mér að það sé að fæðast frumvarp sem er í líkingu við frumvarp sem hæstv. utanríkisráðherra hafnaði fyrir líklega tveimur árum síðan þegar Halldór Ásgrímsson var forsætisráðherra og reyndi að ná samkomulagi um framlagningu frumvarps til breytinga á þessum lögum en þá hafnaði hæstv. utanríkisráðherra frumvarpi (Forseti hringir.) sem miðað við fréttina er í líkingu við það sem nú er til umræðu.

[10:39]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég verð að játa að ég átta mig ekki alveg á þeirri spurningu sem til mín var beint af hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur sem fór yfir ýmislegt sem hún ber fyrir brjósti og á henni hvílir. (Gripið fram í.) Hún talaði um framkomu Samfylkingarinnar, um ágreining í ríkisstjórninni, um skoðanir ýmis samfylkingarfólks, um væntanlegt eftirlaunafrumvarp og um gamalt frumvarp frá Halldóri Ásgrímssyni. Ég get alveg sagt þingmanninum að hugmyndir mínar um það hvernig breyta eigi eftirlaunalögunum eru annars eðlis en þær hugmyndir sem Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, kom fram með á sínum tíma. Ef það getur friðað þingmanninn eitthvað get ég látið það koma fram að hugmyndir mínar um þetta eru annars eðlis en hugmyndir hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar.

Hvað varðar Samfylkinguna þá er Samfylkingin stór flokkur og í okkar húsi eru margar vistarverur og fólk getur haft nokkuð mismunandi skoðanir og það á ekki að koma hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur á óvart miðað við þann örflokk sem hún er í núna þar sem fjöldinn allur af skoðunum er uppi og ekki nóg með það (Gripið fram í.) heldur geta menn ekki einu sinni haldist við í þeim flokki vegna skoðanaágreinings. Það á ekki við um Samfylkinguna, þó að þar geti fólk haft eitthvað mismunandi skoðanir á hlutunum helst það ágætlega við þar og getur alveg rætt það og getur líka rætt það við samstarfsflokkinn án þess að það þurfi að leiða til þess að menn stökkvi fyrir borð unnvörpum.

[10:40]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að ég kom eitthvað við kaunin á hæstv. utanríkisráðherra þegar ég fór að tala um ósamstöðuna í ríkisstjórninni og framkomu hv. þingmanna og ráðherra á síðustu dögum sem varðar samstarfið. Þegar hún talar um að samfylkingarfólk haldist við í flokknum þá er það samt svo að það er ekki nema um helmingur kjósenda Samfylkingarinnar sem styður ríkisstjórnina og það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir hæstv. ráðherra.

En í sambandi við eftirlaunalögin krefst ég þess að hæstv. forsætisráðherra, sem annar forustumaður í ríkisstjórn Íslands, greini okkur frá því hvort frumvarp sé á leiðinni og hvort við þingmenn og við formenn stjórnarandstöðuflokkanna megum eiga von á að fá upplýsingar um hvernig það frumvarp er vaxið. Ég tel að það sé mikill árangur og lýsi ánægju með það ef stjórnarflokkarnir hafa náð samstöðu vegna þess að það er einmitt það sem hefur staðið á fram til þessa. Stjórnarflokkarnir hafa ekki getað komið sér saman um hvernig þetta nýja frumvarp eigi að líta út. Það mun ekki standa á okkur framsóknarmönnum að breyta lögunum.

[10:42]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Það er ánægjulegt að það skuli koma fram hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að ekki standi á framsóknarmönnum að breyta eftirlaunalögunum og ég geri ráð fyrir að það verði þá kannski hægt að ná um það góðri samstöðu. Ég get fullvissað þingmanninn um að ef að líkum lætur verði slíkt frumvarp kynnt fyrir formönnum stjórnarandstöðuflokkanna áður en það verður lagt fram í þinginu.

10% niðurskurður í heilbrigðisþjónustu.

[10:43]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra þar sem ljóst er að hæstv. fjármálaráðherra hefur fyrirskipað 10% niðurskurð á öll ráðuneyti og þar með heilbrigðisráðuneytið. Í beinu framhaldi hefur heilbrigðisráðherra fyrirskipað öllum stofnunum sem heyra undir ráðuneyti hans að senda inn nýjar tillögur um fjárhagsáætlun frá því sem fjárlagafrumvarpið lítur út í dag og liggur fyrir Alþingi.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort þetta sé forgangsröðun verkefna og fyrirheita ríkisstjórnarinnar um niðurskurð varðandi þá fjárlagagerð sem nú liggur fyrir. Á ekki að standa við þau fyrirheit að verja velferðarkerfið? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um verkefni heilbrigðisstofnana. Miklir fjárhagsörðugleikar eru nú þegar hjá mjög mörgum heilbrigðisstofnunum og raunþörf stofnananna hvað varðar fjárlagafrumvarpið eins og það liggur fyrir núna er miklu meiri en fram kemur í frumvarpinu. Á að skerða þessar stofnanir enn frekar? Það er alveg ljóst að 10% flatur niðurskurður þýðir annaðhvort skerta þjónustu eða að kostnaðinum verður velt yfir á sjúklingana eða yfir á aðrar stofnanir eða sveitarfélögin eða að starfsmenn verða að taka á sig launaskerðingu eða aukið álag.

Ég tel mikilvægt að hæstv. heilbrigðisráðherra svari því hvort þetta sé forgangsröðunin og hvort hann ætli að standa við þau tilmæli fjármálaráðherra að taka flatan 10% niðurskurð á allar heilbrigðisstofnanir, sama hvaða þjónustu þær veita.

[10:45]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmaður veit og þjóðin öll hafa orðið miklar breytingar og aðstæður í íslensku þjóðlífi eru aðrar nú en þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram. Hv. þingmaður veit einnig að nú er unnið á ný að fjárlögum og fjárlagafrumvarpið, eins og það liggur fyrir þinginu núna, mun taka breytingum, sú vinna er í gangi. Það er alveg ljóst að ekki er um að ræða neinn flatan niðurskurð í mínu ráðuneyti, það hefur aldrei staðið til. Ríkisstjórnin mun gera allt sem hún getur til þess að verja velferðarkerfi okkar og halda uppi þjónustustigi, sérstaklega í heilbrigðismálum.

Hins vegar liggja mörg verkefni fyrir, jafnvel þrátt fyrir að við hefðum ekki séð þær breytingar á fjárlagafrumvarpinu sem raun ber vitni að munu koma til. Það er alveg ljóst að hvort heldur sem er þá hafa menn verið að líta til skipulagsbreytinga og ýmissa aðgerða sem miða að því að fá eins mikla þjónustu og mögulegt er fyrir þá fjármuni sem við leggjum í þetta.

Hv. þingmaður nefndi rekstrarvanda heilbrigðisstofnana. Sem betur fer höfum við nú náð góðum árangri síðustu árin, sérstaklega varðandi Landspítalann. Alveg gríðarlega

góðum árangri. Á sama tíma í fyrra var hallinn 5,5% en er núna mínus 0,6% ef við tökum tillit til gengisáhrifa, sem verður eðli málsins samkvæmt að gera. Og þar sem sú stofnun veltir samkvæmt fjárlagafrumvarpinu kannski 37 milljörðum þá er þar um gríðarlega háar fjárhæðir að ræða.

Við höfum verið að líta til annarra landa, sérstaklega til Norðurlandanna til að sjá hvernig menn gera hlutina þar og til að læra af því. Því þetta er verkefni, ekki bara Íslendinga heldur allra þeirra þjóða sem við berum okkur saman við, þ.e. að fá eins mikla þjónustu og mögulegt er fyrir það fjármagn sem við leggjum til. En svo sannarlega er það forgangsmál að vernda velferðarkerfið.

[10:47]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Vissulega er fyrst litið til Landspítalans þegar horft er á hinar háu upphæðir og litið til þess hvar mest er hægt að spara. En það skiptir líka miklu máli hvernig staðið er að rekstri heilbrigðisstofnana út um allt land því margar þeirra eru valtar þegar í dag og eiga við fjárhagserfiðleika að stríða. Og ef það kemur líka til skerðingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þannig að dvalarheimilisþjónustan verður skert og heimaþjónustan verður skert þá er ekki hægt að segja að við stöndum vörð um heilbrigðisþjónustuna.

Ég vil minna hæstv. ráðherra á og ríkisstjórnina alla, að fjárlagafrumvarpið liggur núna hjá Alþingi. Ég hefði talið að samkvæmt þeim lögum og reglum sem við vinnum eftir að það væri höfuðverkur Alþingis að vinna úr þeim vanda sem ríkisstjórnin hefur komið okkur í, að vinna að fjárlagagerðinni og þeim tillögum og breytingum á fjárlögum sem liggja fyrir, hvort sem það heitir niðurskurður eða (Forseti hringir.) hvort Alþingi hefur aðrar áherslur en ríkisstjórnin í þessum málum.

[10:48]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmaður veit þá eru engin fjárlög afgreidd á þinginu nema með samþykki þingsins, það þarf ekki að taka það fram. Það er alveg ljóst að þetta verður verkefni allra þeirra sem eru á þingi, þ.e. fjárlagavinnan, þannig hefur það alltaf verið og þannig mun það alltaf verða.

Varðandi verkefni um rekstur heilbrigðisstofnana út um allt land þá hefur ráðuneytið einmitt lagt mikla áherslu á að skoða þætti, ná í upplýsingar og bera saman hinar ýmsu stofnanir og það hefur verið mjög athyglisvert. Það er mjög mikilvægt að við gerum það og við berum þær upplýsingar saman. Það er afar mikilvægt að þingmenn séu vel upplýstir um slíka hluti og geti tekið málefnalega umræðu um þá því það hefur verið gríðarlegur vandi þegar kemur að rekstri ríkisfyrirtækja, jafnt heilbrigðisstofnana sem annarra. Hins vegar eru engar algildar reglur í því og það er mjög misjafnt hvernig þeim málum er háttað og það þurfum við að skoða sérstaklega.

Framhaldsskóli í Grindavík.

[10:49]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hæstv. heilbrigðisráðherra um mikilvægi þess að vernda velferðarkerfið, það er eitt af því sem við þurfum að standa dyggan vörð um. Á sama hátt vil ég lýsa því yfir að við viljum líka standa dyggan vörð um menntakerfið. Þessa þætti þurfum við að leggja ríka áherslu á núna og á þeim tímum sem fram undan eru.

Mig langaði að beina fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra varðandi þann möguleika að stofna menntaskóla í Grindavík. Bæjarstjórn Grindavíkur hefur lagt mikla vinnu í að undirbúa stofnun slíks skóla og hefur lagt á það ríka áherslu að koma að stofnun hans. Bæjarstjórnin gerir sér ljóst hver staðan í ríkisfjármálunum er og það liggur fyrir að hún er tilbúin til að leggja mikið á sig til þess að af stofnun slíks skóla geti orðið. Í því samhengi hefur m.a. verið horft til Borgarness og víðar.

Bæjarstjórnin hefur einnig lagt upp með að þarna geti orðið framhaldsskólabrautir og þriggja ára nám til stúdentsprófs, hraðbraut. Þeir leggja áherslu á fleiri þætti, t.d. að þarna geti orðið menningarmiðstöð bæjarins. Hugmyndir bæjarstjórnar eru fyrst og fremst að sameina þessa þætti og byggja upp öfluga stofnun fyrir bæinn og vissulega skiptir miklu máli að nemendur í Grindavík geti sótt nám heima og mikilvægt að samfélagið geti tekið utan um fjölskyldur á þeim tímum sem nú eru.

Það liggur líka fyrir að í dag greiðir ríkið töluvert með nemendum frá bæjarfélögum líkt og Grindavík og miðað við það fæ ég ekki séð að um mikil (Forseti hringir.) viðbótarútgjöld yrði að ræða. Mig langar því að beina fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um stöðu þessa máls sem ég veit að hæstv. ráðherra þekkir.

[10:52]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Frú forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni og fagna því sérstaklega að við erum sammála hvað þetta varðar, að á tímum þrenginga eins og við stöndum frammi fyrir núna þá þurfum við að standa vörð um velferðarkerfið, þar með talið menntakerfið. Ég held að skilaboð okkar frá þinginu eigi að vera þau að skólarnir eigi að vera opnir, jafnt á framhaldsskólastigi sem háskólastigi.

Varðandi Grindavík þá vil ég taka það sérstaklega fram að á undanförnum missirum og árum hef ég lagt mig fram um að færa menntunina nær fólkinu, þar sem það er hægt. Ég vil nefna Fjölbrautaskólann á norðanverðu Snæfellsnesi. Ég vil einnig nefna framhaldsdeildina, tilraunadeildina sem við erum með frá Patreksfirði, á sunnanverðum Vestfjörðum. Við erum að athuga núna skóla við norðanverðan Eyjafjörð og við munum halda áfram þeirri uppbyggingu sem þar er í samvinnu við sveitarfélögin.

Hvað Suðurnesin varðar þá vil ég taka það fram að á sínum tíma var hópur sem fór yfir landið og kortlagði hvar þörfin á framhaldsskólum væri mest og Grindavík var ekki talin meðal þeirra svæða sem þyrfti strax að fara í. Á hinn bóginn hef ég lagt áherslu á að skoða hvaða möguleika við höfum í Grindavík til að færa námið nær fólkinu og þá sérstaklega fyrstu námsárin í framhaldsskóla. Á móti kemur að skólaumhverfið á Suðurnesjunum er breytt og þá er ég náttúrlega með Keili í huga. Þar er komin ný framhaldsskóla-

stofnun, stofnun á framhaldsskólastigi og því eru Suðurnesin í heild betur sett hvað varðar menntunarmál en áður var og ég held að við þurfum að líta til þeirra breytinga.

Ég vil líka geta þess að skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur verið að skoða m.a. útfærslu á ákveðinni námsbraut sem hægt væri að færa til Grindavíkur og vinna í samvinnu við heimamenn.

[10:54]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé afar mikilvægt að nemendur á framhaldsskólastigi geti sótt nám í heimabyggð sinni, það skiptir mjög miklu máli því Grindvíkingum þykir, líkt og öðrum, talsvert að ferðast til og frá skóla hálftíma eða 40 mínútur á hverjum degi. Það skiptir miklu máli að hægt sé að byggja upp slíka stofnun.

Grindavík er að nálgast að verða 3.000 manna bær og ég vil taka undir það með hæstv. ráðherra að það er mikilvægt að færa menntunina nær fólkinu. Mér fannst á svari hennar áðan að þótt ýmislegt væri í deiglunni þá væri þetta eitt af því sem væri til skoðunar og ég vil lýsa því yfir að ég vil fá að vinna það áfram með henni.

[10:55]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Frú forseti. Það er rétt að við skoðum þessi mál áfram. En við verðum líka að hafa það í huga þegar við viljum færa menntunina nær fólkinu hvernig menntun við ætlum að bjóða upp á, hvernig skóla. Það ánægjulega hefur gerst í þeirri þróun sem við höfum upplifað á undanförnum missirum að við sjáum nú skóla með mismunandi brag, með mismunandi stefnu, þar má t.d. nefna annars vegar nýstofnaðan menntaskóla í Borgarnesi og hins vegar skólann á norðanverðu Snæfellsnesi sem er með öðrum hætti, þar sem er verið að reyna að nýta dreifmenntunina og nýta þá tækni sem fyrir er og þá verða áherslurnar aðrar. Ég held að það skipti miklu máli að við lítum til fjölbreytni þegar við erum að færa námið nær fólki.

Ég vil líka geta um fleiri staði þar sem við erum að reyna að huga að því hvernig hægt er að færa námið nær fólkinu. Til dæmis hef ég verið í ágætu samstarfi við Rangárþing eystra varðandi það að koma hugsanlega upp framhaldsdeild á Hellu, ef til vill í samvinnu við Fjölbrautaskóla (Forseti hringir.) Suðurlands annars vegar og líka Fjölbrautaskóla Vestmannaeyja þegar Bakkafjöruhöfn verður komin.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

[10:56]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur til margra ára verið úthlutað af hálfu ríkisins töluvert minna fé til rekstrar en öðrum og sambærilegum heilbrigðisstofnunum og er þar átt við heildarfjármagn sem stofnunin hefur til umráða að teknu tilliti til íbúafjölda. Í ár hefur Heilbrigðisstofnun Suðurnesja haft innan við 40% þess fjármagns sem sjúkrahúsið á Sauðárkróki hefur haft, um 56% af því sem sjúkrahúsið á Akranesi hefur haft og 78% af því sem Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur haft.

Þvert á það sem ráðherra fullyrti áðan er mér sagt að fyrirmæli hafi borist um 10% flatan niðurskurð ofan í þessi lægstu framlög sem þekkjast á landsvísu, auk tilmæla um lokun nýrra skurðstofa sjúkrahússins sem einstaklingar og fyrirtæki á svæðinu hafa ekki bara beðið eftir í mörg ár heldur safnað og gefið fé til þeirrar uppbyggingar. Skurðstofur sem eru m.a. forsenda þess að hægt sé að halda úti fæðingardeild með fullri þjónustu.

Ég vil nota þetta tækifæri í dag og beina máli mínu til hæstv. heilbrigðisráðherra og spyrja um þrennt: Í fyrsta lagi, er það rétt að stjórnendum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja hafi verið gefinn sólarhringur til að bregðast við tilmælum um útfærslu á niðurskurði, ofan í lægstu fjárframlög til nokkurra heilbrigðisstofnana á landinu og finnst hæstv. heilbrigðisráðherra það boðlegt?

Í annan stað: Er búið að undirbúa kvennadeild Landspítalans til að taka við þeim tilvikum þar sem fæðingardeild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja verður ekki gert kleift að ráða við sín verkefni? Og ég minni á að árið 2007 fæddust 250 börn á stofnuninni og útlit er fyrir að fleiri börn fæðist á svæðinu en áður vegna aðflutnings ungs fólks. Þessi viðbót jafngildir að minnsta kosti heilum mánuði á Landspítalanum.

Í þriðja og síðasta lagi: Getur ráðherrann upplýst um það í hvaða erindagjörðum einn þekktasti auðmanna Íslands var með starfsmönnum heilbrigðisráðuneytisins fyrir skemmstu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þar sem mér er sagt að hann hafi sýnt nefndum skurðstofum sérstakan áhuga?

[10:58]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þingmanns þá er rétt að fara yfir ákveðna hluti. Í fyrsta lagi þegar talað er um sambærilegar stofnanir á landsbyggðinni þá er ekki mjög einfalt að leggja þær að jöfnu en ef talað er um að framlög séu mismunandi eftir íbúafjölda þá er það alveg hárrétt. Þau eru mjög mismunandi og því skal til haga haldið að þeim módelum sem nú eru í gangi hefur ekki verið breytt frá því að sá sem hér stendur tók við heldur tók hann við þeim módelum frá þeim ráðherra sem var áður.

Ef menn vilja hafa framlögin föst á hvern íbúa — sem er alveg sjónarmið — þá erum við að tala um að færa þjónustustigið gríðarlega mikið niður á fámennustu og dreifbýlustu stöðum landsins. Það er algjörlega ljóst svo menn hafi það í huga. En heilbrigðisþjónustan snýr ekki bara að fjölda fólks. Hún snýr líka að öryggi og þannig eru hæstu framlögin á hvern einstakling t.d. á Hólmavík, af augljósum ástæðum ef menn þekkja eitthvað til landshátta á Íslandi og vita hvar hún er staðsett.

Það hafa ekki verið gefin nein fyrirmæli um flatan niðurskurð. Það sem var gert var það að þegar menn fengu bréfið á föstudegi þá var það framsent til stofnana og beðið um hugmyndir. Varðandi Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þá liggur alveg fyrir að þar hafa ýmsir þættir verið skoðaðir, með stjórnendum og starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, til að sjá hvað þar megi betur fara og til að bera

stofnunina saman við aðrar stofnanir.

Það sem helst hefur verið skoðað núna er það sem kalla má skipulagsbreytingar, þar er t.d. verið að skoða hina svokölluðu kragaspítalanna sem eru á Suðurnesjum, Suðurlandi, St. Jósefsspítala og á Akranesi og (Forseti hringir.) og hvernig sé best að haga þeim verkum sem vinna þar á hverjum spítala.

[11:00]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir útúrsnúninga um sambærileika og spyr aftur um hlutverk auðmanna. Hvert er hlutverk auðmanna í heilbrigðisstefnu hins nýja Íslands hjá núverandi ríkisstjórn? Hversu miklu hlutverki eiga auðmenn að gegna í heilbrigðisþjónustunni? Getur hæstv. heilbrigðisráðherra upplýst okkur um þennan tiltekna auðmann sem heimsótti Heilbrigðisstofnun Suðurnesja með starfsmönnum heilbrigðisráðuneytisins og sýndi þar sérstakan áhuga nefndum skurðstofum sem heilbrigðisráðuneytið hefur óskað eftir að verði lokað?

[11:02]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Auðmönnum er ekki ætlað neitt sérstakt hlutverk í heilbrigðisþjónustu landsmanna annað en það að þeir mega væntanlega fá þjónustu eins og aðrir landsmenn. Ég veit ekki af hverju hv. þingmaður talar um það sem útúrsnúning þegar ég reyni að útskýra hvernig fjárframlög eru til heilbrigðisstofnana. Er hv. þingmaður að segja að það módel sem farið er eftir núna og sem ekki verður breytt sé meingallað? Er hv. þingmaður að segja það? Það er ekki gagnrýni á þann sem hér stendur, það er væntanlega gagnrýni á þann sem byggði upp það kerfi og það er svo sannarlega ekki ég heldur flokkssystir hv. þingmanns, svo að því sé algerlega til haga haldið.

Hins vegar er það svo að ég get ekki svarað fyrir allar heimsóknir í heilbrigðisstofnanir, þær eru margar. En sem betur fer hafa mjög margir aðilar, innlendir og erlendir, veitt því eftirtekt að það eru gríðarlega mikil gæði í íslenskri heilbrigðisþjónustu. Eins og margir hafa kannski séð í fréttum huga menn jafnvel að innflutningi sjúklinga (Forseti hringir.) til landsins og er það vel.

Umræður utan dagskrár.

Bankamál og skilin milli eldri banka og hinna nýju.

[11:03]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Hér er ekki ætlunin að ræða enn og aftur ástæðurnar fyrir hruni bankanna heldur um stöðuna á bankamarkaði á Íslandi í dag, um traust á bankastarfsemi í landinu, um fjárhagslega getu nýju bankanna og hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir hvað framtíð þeirra varðar. Er ætlunin að styrkja bankana? Er ætlunin að einkavæða þá einn, tveir og þrír eða jafnvel setja þá upp í gamlar skuldir eins og kemur fram á forsíðu *Viðskiptablaðsins* í dag?

Þegar bankahrunið varð gripu menn til þess ráðs að setja á Alþingi neyðarlög í þeim tilgangi að loka gömlu bönkunum og gera þrotabú þeirra upp. Innlend starfsemi var hins vegar tekin, eignir og skuldir, yfir í nýja banka, banka sem ríkið ræki og legði síðan hlutafé til.

Það var vitaskuld mikilvægt að viðhalda bankastarfsemi í landinu þannig að hún yrði ekki stöðvuð og það gekk eftir að því leytinu til og bankarnir þrír eru að komast á legg. En á þeim rúmlega sex vikum sem liðnar eru síðan neyðarlögin voru sett hefur margt breyst, meðal annars sú fyrirætlan að gera þrotabú gömlu bankanna upp. Menn ætla jafnvel að halda áfram rekstri í allt að tvö ár. Ég nefni þetta því að þeim fjölgar nú mjög sem taka undir það með okkur þingmönnum Vinstri grænna að lagasetningin í síðustu viku hafi verið mikið óráð og jafnvel stjórnarskrárbrot. Eins og ég nefndi er allt óljóst hvað varðar stefnu og fyrirætlanir stjórnvalda um framtíð bankanna. Efnahagsreikningar þeirra voru birtir um síðustu helgi og þeir vekja vægast sagt spurningar um getu bankanna til að sinna samfélagslegum skyldum sínum og vera viðskiptabankar í bestu merkingu þess orðs, þ.e. þjóna landsmönnum, heimilunum og uppbyggingu innlends atvinnulífs en það kallar eins og menn vita á breytt vinnulag í bönkunum frá því sem áður var.

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún hyggist selja bankana eins fljótt og auðið er, einkavæða þá á nýjan leik. Það er eitt af því sem kemur fram í yfirlýsingu stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hér var rædd í gær.

Ég vara eindregið við því að þessir bankar verði einkavæddir einn, tveir og þrír. Við hljótum að þurfa að byggja á reynslu annarra þjóða og líta okkur nær, til Svíþjóðar og Noregs en þar ákváðu stjórnvöld í efnahagskreppunni á 10. áratugnum að ríkið skyldi eiga hlut í bönkunum sem það þá yfirtók og nú er allt að 30% eignarhald ríkisins í þessum bönkum. Markmiðið með því er einmitt að hindra annað bankahrun og samsafn eignarhluta á eina hendi eins og hér var.

Við teljum nauðsynlegt að settur verði skýr lagarammi um nýju bankana því að það hlýtur að verða að gera aðrar kröfur til opinberra fyrirtækja og stofnana m.a. um gagnsæi, launastefnu og um starfsmannastefnu en gert var í gömlu bönkunum sem nú starfa undir lögum um viðskiptabanka. Það er enn mikilvægara nú eftir hrunið því að það er áríðandi að byggja upp traust á bankastarfsemi í landinu á nýjan leik.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra bankamála hvernig hann metur nú stöðu bankanna þriggja, þessara nýju, og getu þeirra til að gegna hlutverki sínu sem almennir viðskiptabankar og þjóna atvinnulífi og heimilum. Ég vil spyrja hvort ráðherra telur rétt að fækka bönkunum eða sameina þá öðrum fjármálafyrirtækjum. Ég vil spyrja: Hvenær er að vænta tillagna um nýja lagaumgjörð um bankana þar sem afstaða verður tekin til þess sem ég nefndi, til stjórnsýslulaga, upplýsingalaga, starfsmannastefnu, launastefnu? Loks vil ég spyrja ráðherra hvort hann telji að nýju bankarnir njóti trausts, hvort hann er mér sammála um að nauðsynlegt sé að auglýsa stöður bankastjóra og helstu lykilstarfsmanna í nýju bönkunum sem fyrst.

[11:08]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Hér er kærkomið tækifæri til þess að

svara því og ég þakka þingmanninum fyrir að óska eftir þessari umræðu. Það er sjálfsagt að fara eins oft og vandlega og við getum yfir stöðu þessara mála. Eins og þingmaðurinn ræddi hefur mikið gengið á. Eitt er að kryfja orsakir þrots bankanna, annað er að ræða um þá stöðu sem komin er upp og það hlutverk ríkisins að taka utan um starfsemi þessara fjármálafyrirtækja og koma þeim í farveg.

Hv. þingmaður spyr sérstaklega um fjárhagslega stöðu nýju bankanna í ljósi efnahagsreikninga, hvernig ég meti stöðu þeirra. Ég tel rétt í upphafi umræðunnar rifja upp hvað gert hefur verið á grundvelli neyðarlaganna svokölluðu til að skýra umræðuna eins og kostur er. Á grundvelli þeirra hafa verið tekin fjögur skref, má segja, að því er varðar gömlu og nýju bankana: Í fyrsta lagi greip Fjármálaeftirlitið inn í rekstur Glitnis og Landsbankans þann 7. október sl. og Kauphings þann 9. og á sama tíma voru skilanefndir settar yfir bankana. Í öðru lagi stofnaði fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs hina nýju banka á grundvelli 1. gr. neyðarlaganna. Í þriðja lagi tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um að flytja hluta af starfsemi gömlu bankanna yfir til nýju bankanna og með ákvörðuninni var tryggt áframhaldandi bankastarfsemi fyrir heimili og fyrirtæki í landinu.

Nýju bankarnir tóku yfir innlendar eignir bankanna til að tryggja eðlilega bankastarfsemi. Alþjóðleg starfsemi var skilin frá, öll útibú héldust opin og þjónustu við hraðbankana og netbankana var haldið gangandi. Það er ástæða til að taka það sérstaklega fram hér að þá daga þegar það gekk yfir var það forgangsverkefni hjá Fjármálaeftirlitinu, starfsfólki þess og ríkisstjórn að koma í veg fyrir að bankarnir lokuðu, greiðslukerfi frysu og ófremdarástand skapaðist í landinu þar sem fólk gæti ekki notað greiðslukortin og gengi til daglegra viðskipta. Það skiptir gríðarlega miklu máli, það er mikilsvert að minnast þess. Ég fullyrði það hér að starfsfólk Fjármálaeftirlitsins, stjórnendur þess og stjórn unnu þrekvirki á þessum tíma við gríðarlega erfiðar aðstæður. Það er sérstök ástæða til að taka það fram eftir ómaklegar árásir ýmissa á Fjármáleftirlitið og störf þess. Starfsfólkið vann þar einstakt starf við erfiðar aðstæður.

Eigið fé Kauphings er samkvæmt bráðabirgðaefnahagsreikningi 75 milljarðar og stærð efnahagsreiknings bankans tæplega 700 milljarðar kr. Eigið fé Glitnis er 110 milljarðar og stærð efnahagsreiknings bankans um 886 milljarðar. Eigið fé Landsbanka er 200 milljarðar og stærð efnahagsreiknings bankans um 1.300 milljarðar.

Í fjórða lagi fer fram mat óháðra alþjóðlegra matsaðila á verðgildi eigna og skulda og lokauppgjör. Það mat mun taka 90 daga og verða lokið í lok janúar á næsta ári. Að loknu því endurmati verða birtir endanlegir stofnar efnahagsreikninga bankanna þriggja en augljóst er að þar er um að ræða gríðarlegt eignasafn. Gríðarlega miklu máli skiptir einnig að halda utan um þær eignir, verðmæti þeirra, og koma í veg fyrir eignabruna. Þess vegna voru lögin samþykkt um daginn því að nú eru engar aðstæður á alþjóðafjármálamörkuðum til að selja starfsemi bankanna. Þá mun fara fram greiðsla á nýju bönkunum til hinna gömlu í formi skuldabréfs fyrir þær eignir sem færðust yfir til nýju bankanna frá þeim gömlu. Það gefur augaleið að margt hefur breyst að því er varðar efnahag bankanna. Miklar líkur eru hins vegar á því að bankarnir hefðu orðið gjaldþrota og starfsemi þeirra lamast innan lands og utan hefði neyðarlögunum ekki verið beitt eins og gert var á sínum tíma. Ég tel að bankarnir séu vel í stakk búnir til að sinna fyrirtækjum í landinu.

Þingmaðurinn spyr fleiri spurninga. Ég tel að rétt sé að skoða í fullri alvöru aðkomu erlendra aðila að bönkunum. Ég vil leggja áherslu á að ekkert hefur verið ákveðið í þá veru þótt rætt hafi verið við erlenda kröfuhafa um slíka aðkomu. Það eru kostir við það en það eru líka ágallar á því. Ég hef sjálfur lýst því yfir áður að ég tel einboðið að ríki skoði að það eigi áfram hlut í einhverjum bankanna þegar það losar um þá hluti síðar. Auðvitað verður að standa allt öðruvísi að einhvers konar einkavæðingu á bönkunum en gert var síðast.

Að því er varðar framtíðaráform bankamála get ég upplýst að ég hef ákveðið að skipa nefnd um heildarendurskoðun á lögum um fjármálamarkaði. Meðal þess sem nefndinni er ætlað að taka til athugunar eru reglur um viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki, veðsetning hluta í fjármálafyrirtækjum, eignarhald stórrar áhættufjárskuldbindingar og krosseignatengsl.

Varðandi síðustu spurninguna hef ég áður sagt að eðlilegt sé að hin nýju bankaráð auglýsi lykilstöður þegar þau meta að þess þurfi. Það getur verið mikilvægur (Forseti hringir.) liður í því að endurvekja og efla traust á bönkunum.

[11:14]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Á næstu vikum og mánuðum munu bankarnir ákveða hvaða fyrirtæki munu lifa og hvaða fyrirtæki munu deyja. Það er mikið vald, vald sem sett er í hendur nánast sama fólkinu og ber mikla ábyrgð á því fúafeni sem við erum komin út í. Í umtalaðri ræðu sem Davíð Oddsson seðlabankastjóri hélt á fundi Viðskiptaráðs sl. þriðjudag var einmitt bent á þetta. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Og það hefur verið upplýst að nýju bankarnir haldi áfram háttum gömlu bankanna og láti menn sem skulda yfir 1.000 milljarða í bankakerfinu ekki í gjaldþrot en gangi fljótt og vel að Jóni og Gunnu sem eru þó nú orðnir eigendur bankanna á ný.“

Stutt er síðan upplýst var að persónuleg ábyrgð hinna svokölluðu lykilmanna innan Kauphings var felld niður þótt menn hafi eitthvað spólað til baka eftir að reiðibylgja fór um íslenskt samfélag. Almenningur spyr sig líka enn hvaðan Jón Ásgeir Jóhannesson hafi fengið fjármagn til að kaupa nánast alla frjálsa fjölmiðla í landinu. Það er gjörningur sem virðist hafa verið gerður í samráði við helsta kröfuhafa 365 fjölmiðla, hinn nýja Landsbanka, og jafnvel í samráði við fyrri bankastjóra Landsbankans, Sigurjón Árnason. Jón Ásgeir hótar lögsókn þegar kjörnir fulltrúar óska eftir upplýsingum um hvaðan þeir fjármunir koma. Hvar ætlar þetta að enda?

Það virðist ætla að verða gömul saga og ný að þegar maður skuldar milljón og getur ekki greitt lendir hann í stórvandræðum en ef maður skuldar milljarð eru bankamenn tilbúnir til að gera nánast hvað sem er til að leysa úr þeim málum. Ríkisstjórnin þarf að marka skýra stefnu um

hvar fjöregg íslensku þjóðarinnar liggur í endurreisn og uppbyggingu atvinnulífsins. Gera þarf bönkunum það ljóst hvar áherslan eigi að vera, hvað komi íslensku samfélagi best og hvar framtíð okkar liggur. Sem sagt: Hvernig við ætlum að borga þennan 700–1.400 millj. kr. bakreikning sem bankafylliríið skilur eftir sig. Grundvöllur þess að þjóðin geti staðið undir þeim skuldbindingum sem ríkisstjórnin hefur komið okkur út í er að treysta atvinnulífið (Forseti hringir.) í landinu því að Jón og Gunna hafa engan áhuga á ölmusu heldur vilja þau geta greitt sína reikninga sjálf.

[11:16]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Á fundi utanríkismálanefndar í morgun var rætt um viljayfirlýsingu um áform íslenskra stjórnvalda vegna fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í viljayfirlýsingunni er sérstaklega tekið á endurskipulagningu bankakerfisins. Fram kom á fundinum í morgun að bankamálin eru komin í ágætan farveg í takt við það sem kemur fram í yfirlýsingunni. Mjög fljótlega í kjölfar bankahrunsins var sett á laggirnar samræmingarnefnd og nú hefur verið fenginn til að leiða þá nefnd Svíi nokkur sem hefur mikla reynslu í farteskinu þar sem hann leiddi m.a. aðgerðir í kjölfar bankakreppunnar í Svíþjóð upp úr 1990. Þannig fáum við utanaðkomandi sérfræðing til að leiða starf teymis sem ætlað er að samræma stefnu og aðgerðir stjórnvalda í fjármálauppbyggingarfasanum sem fram undan er. Teymið starfar á vegum forsætisráðherra og ber m.a. ábyrgð á að þróa, innleiða og skýra frá heildstæðri aðgerðaráætlun um endurskipulagningu bankanna.

Í kjölfar neyðarlaganna tóku nýju bankarnir yfir innlenda bankastarfsemi sem kunnugt er sem fjármögnuð er að mestu af innlendum innstæðueigendum. Í gömlu bönkunum eru viðskipti í erlendum útibúum og dótturfélögum sem aðallega voru fjármögnuð með útgáfu skuldabréfa á erlendum innstæðum. Þegar hafa verið birtir stofnefnahagsreikningar nýrra banka en í gangi er önnur umferð mats sem framkvæmt er af virtu erlendu endurskoðunarfélagi, Oliver Wyman, og þar eru gagnsæi og trúverðugleiki lykilatriði. Við munum sjá það mat fljótlega.

Þá er verið að endurskoða alla reglugerðarumgjörð fjármálastarfseminnar og framkvæmd bankaeftirlitsins. Til að leiða þá vinnu hefur fengist reyndur finnskur eftirlitsmaður (Forseti hringir.) sem gegndi m.a. starfi forstöðumanns fjármálaeftirlitsins í Finnlandi á árum áður.

[11:18]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli. Það skiptir vissulega miklu hvernig til tekst og hvernig ganga á fram varðandi þá nýju banka sem stofnaðir hafa verið. Það er spurning um að varðveita eignir ríkisins í þeirri von að hægt sé að selja þá í fyllingu tímans fyrir viðunandi verð þannig að eðlileg bankastarfsemi og samkeppni verði í landinu. Ég tel það skipta miklu máli og að því á að keppa. Þar af leiðandi getur verið eðlilegt um skamma hríð að reka þrjá ríkisbanka meðan verið er að sjá fram úr þeim hvirfilbyl sem geisar í alþjóðlegu fjármálalífi. En til langframa er ljóst að það er engin glóra í því að reka þrjá ríkisbanka sem eru í raun ekki í neinni samkeppni sín á milli.

Meginspurningin er þó hvaða lánakjör bankarnir ætla að bjóða upp á. Ætla þeir að bjóða fólkinu og fyrirtækjum í landinu sambærileg lánakjör og gilda í okkar heimshluta eða ætla þeir að halda áfram okurlánum svo sem verið hefur í íslensku þjóðfélagi með verðtryggingu? Verðtrygging er ekkert annað en vantrú á gjaldmiðli. Ég verð að segja að ef halda á verðtryggingunni við eru þeir skipstjórar sem standa í brúnni með því að lýsa yfir vantrausti fyrir fram á þá tilraun að láta gjaldmiðilinn ganga upp.

Við verðum að gera kröfu til þess að nýju bankarnir starfi á nýjum grunni, bjóði fólkinu í landinu og fyrirtækjunum eðlileg lánakjör en ekki þá okurvexti sem viðgengist hafa í þjóðfélaginu. Það er á þeim grunni sem verður að móta hið nýja fjármálakerfi í landinu.

[11:20]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur varpað spurningum til hæstv. viðskiptaráðherra um stöðu bankanna, sérstaklega þeirra nýju, og skil við þá gömlu. Komið hefur fram að þau skil eru ekki enn þá orðin hrein og ég tel skipta miklu máli að settur sé veggur þar á milli strax til að skapa trúverðugleika í kringum nýju bankana sem brýn nauðsyn ber til að gera.

Ég vil jafnframt gjarnan vekja athygli á stöðu sparisjóðanna sem eru mjög mikilvægur hluti af bankakerfi okkar því að sparisjóðirnir hafa haldið gjaldeyrisviðskiptum við útlönd opnum. Í neyðarlögunum er lögð áhersla á að hjálpa eigi sparisjóðunum til að komast lifandi í gegnum bankahrunið. Þar er m.a. heimild til fjármálaráðherra að kaupa stofnfé sem nemur 20% af eigin fé sparisjóðanna, sömuleiðis að kaupa af þeim íbúðarlánabréf o.fl. Ekkert af þeim atriðum hefur komist til framkvæmda og er allt óljóst um hvernig heimildinni verður beitt. Ég vil spyrja viðskiptaráðherra: Hvað er að gerast í þessum efnum?

Sömuleiðis er í efnahagsreikningi viðskiptabankanna gert ráð fyrir töluvert miklum afskriftum sem ríkið hefur þó komið að. Munu sparisjóðirnir njóta sömu fyrirgreiðslu hvað það varðar? Klukkan tifar á sparisjóðina og mér er kunnugt um að Fjármálaeftirlitið hefur gefið nokkurra daga frest til að skila umbeðnum upplýsingum um stöðuna. Ég krefst þess að viðskiptaráðherra svari því hvað er ætlast til með sparisjóðina. Sparisjóðirnir eru gríðarlega mikilvægir þættir í okkar fjármálaþjónustu og ef þeir verða færðir til síns félagslega forms eiga þeir gríðarlega miklu hlutverki að gegna. Sparisjóðirnir eru í uppnámi, (Forseti hringir.) þeir eru auðvitað misjafnlega settir. Hæstv. viðskiptaráðherra skuldar (Forseti hringir.) svör hvað sparisjóðina varðar.

[11:23]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Í kjölfar neyðarlaganna var skilið á milli starfsemi hinna gömlu banka og starfsemi þeirra nýju banka sem ríkið setti á fót á rústum hinna gömlu. Mikilvægt var að tryggja faglega yfirstjórn hinna gömlu banka

og það var gert strax í upphafi. Er nú unnið af krafti við að bjarga verðmætum til að tjón almennings og almennra kröfuhafa verði sem minnst.

Jafnframt var lagður grunnur að endurreisn nýju bankanna og má segja að upphafsverkinu þar hafi lokið með kjöri í bankaráð bankanna nú nýverið. Þar með voru skipaðir til verka trúnaðarmenn sem ætlað er að stjórna þessum bönkum.

Þess hefur nokkuð gætt í opinberri umræðu og reyndar einnig í umræðunni áðan að gerðar eru að umtalsefni lánveitingar til einstakra manna eða að í stjórnendateymi hinna nýju banka eru margir sem áður sátu í stjórnunarteymi hinna gömlu banka. Það er eðlilegt að umræða vakni um það enda beinist reiði almennings auðvitað að þeim sem voru áberandi í atvinnulífinu og efnahagslífinu fyrir hrunið, jafnt stórra og umsvifamikilla athafnamanna og þeirra sem voru í stjórnunarhlutverki í bönkum.

Það er líka mikilvægt að við gætum okkar við þessar aðstæður. Það er mjög mikilvægt að sú staðreynd að bankarnir eru í ríkiseigu valdi því ekki að við sem stjórnmálamenn hlutumst til um innri málefni banka hvort sem er um útlánaákvarðanir þeirra eða um ákvarðanir um ráðningu stjórnenda. Við verðum einfaldlega að treysta þeim stjórnendum, æðstu stjórnendum bankanna, til að ráða fram úr þessum málum. Það er engin eftirspurn eftir því í samfélaginu að auka pólitísk afskipti af lánveitingum eða pólitískum mannaráðningum í bönkum. Það má ekki mistúlka reiði almennings með því að snúa dæminu algerlega við, auka á pólitíska íhlutun um innri málefni banka og færa þar með klukkuna marga áratugi aftur í tímann.

[11:25]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Við höfum horft upp á algert bankahrun í landinu og það er auðvitað mjög erfitt að eiga við það því að menn gera aldrei ráð fyrir að lenda í slíku. Engar handbækur eru til um hvernig bregðast á við í slíkri stöðu og þess vegna vakna auðvitað upp geysilega margar spurningar. Það er alveg ljóst að mjög mikið vantraust ríkir í samfélaginu. Í bönkunum eru lykilstjórnendur nánast allir þeir sömu og voru í gömlu bönkunum. Það er vegna þess að menn reyna að halda í sérþekkingu en á sama tíma skapar þetta ákveðið vantraust. Menn verða að hafa það í huga.

Við framsóknarmenn teljum að mikilvægt sé að ráðast sem fyrst í endurskipulagningu bankakerfisins. Markmiðið í þeirri endurskoðun verði að koma bönkunum úr ríkiseigu, það sé ekki eðlilegt að ríkið eigi bankana frekar en það eigi önnur fyrirtæki á þeim markaði. Við teljum mjög mikilvægt að söluferlið verði gagnsætt. Við höfum reynslu af bankasölu sem var gagnrýnd mjög á sínum tíma og það er alveg ljóst að menn verða að vanda sig og hafa ferlið eins gagnsætt og hægt er. Við teljum líka að mjög vel komi til greina að hluti bankakerfisins sé í erlendri eigu. Það er svo stutt í einokun í alls konar fyrirtækjarekstri á Íslandi og því erum við opin fyrir því að hluti bankakerfisins verði í erlendri eigu.

Við teljum líka mikilvægt að settar verði mjög skýrar reglur um hvernig verður farið með afskriftir skulda og skuldbreytingu viðskiptavina í nýju ríkisbönkunum og við vörum mjög við því að beitt verði pólitísku valdi varðandi það. Þessi mál verða að vera á viðskiptalegum grunni, aðeins á viðskiptalegum grunni. Ég vil rifja það upp sem Agnes Bragadóttir sagði í *Morgunblaðinu* að geysileg reiði væri innan bankakerfisins og meðal kröfuhafa af því að menn hafa á tilfinningunni að ekki sé farið eins með alla.

Að lokum vil ég segja að það veldur mér miklum vonbrigðum (Forseti hringir.) að sjá hvernig gengið er fram hjá konum þegar verið er að skipa í stöður í nýju bönkunum. Ríkið á að ganga fyrir (Forseti hringir.) með gott fordæmi og fjölga konum í lykilstjórnunarstöðum en ekki fækka þeim.

[11:27]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. viðskiptaráðherra áðan stóðu menn frammi fyrir alveg einstöku, óvenjulegu og hörmulegu verkefni í byrjun október. Bankakerfið hafði hrunið, 90% af íslenska bankakerfinu hafði hrunið, og grípa þurfti til mjög skjótra aðgerða til að koma því í starfhæft ástand að svo miklu leyti sem unnt var.

Eins og fram kom þurfti að tryggja lágmarksbankastarfsemi og það þurfti að tryggja að greiðslukerfi virkuðu. Ég tek undir með viðskiptaráðherra, ég held að vel hafi til tekist miðað við þær erfiðu aðstæður sem þá voru uppi. Það ferli sem hófst þá veldur því að við búum við ákveðið bráðabirgðaástand á bankamarkaði eins og er. Ég held að öllum sé ljóst að sú skipan mála sem nú er fyrir hendi verður ekki varanleg. Þess vegna þurfum við að velta fyrir okkur hvaða meginsjónarmið það eru sem við viljum að séu viðhöfð þegar mótað er til framtíðar hvernig byggja á fjármálakerfið upp.

Þar þurfum við fyrst og fremst að hugsa um þrjá þætti: Við þurfum að hugsa um hagsmuni íslenskra skattgreiðenda, almennings í landinu, sem augljóslega þarf að leggja mikið af mörkum til að koma bankakerfinu aftur á flot. Við þurfum í því sambandi, eins og nefnt hefur verið, að tryggja að eins mikið fáist fyrir eignir gömlu bankanna og unnt er. Í annan stað þurfum við að tryggja hagsmuni landsmanna sem viðskiptavina, bæði heimila og fyrirtækja, og þar koma samkeppnissjónarmið mjög sterkt inn. Í þriðja lagi þarf eins og jafnan að gæta hagsmuna starfsmanna. En það eru hagsmunir okkar allra sem skattgreiðenda og sem viðskiptavina (Forseti hringir.) sem hljóta að vera í fyrirrúmi þegar við mótum nýtt bankakerfi.

[11:30]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir að hefja þessa umræðu því að hún er mjög þörf. Það er margt óljóst varðandi uppskiptingu gömlu og nýju bankanna og t.d. hvernig á að taka á skuldum atvinnufyrirtækjanna í landinu. Maður spyr sig margra spurninga: Af hverju erum við með þrjá banka? Var ekki tækifæri til að sameina eitthvað af þessum bönkum? Er rökrétt að búa til þrjár yfirstjórnir banka? Hefði ekki mátt spara með yfirstjórninni? Mat mitt er að eigið fé bankanna verði of lítið, sérstaklega með tilliti til þeirra afskrifta sem væntanlega verða í mjög miklum mæli varðandi fyrirtæki og einstak-

linga. Síðan er aftur spurningin um hvort einkavæða eigi bankana aftur. Það verður gert á einhverjum tímapunkti, kannski ekki alveg á næstunni en væntanlega mjög fljótlega.

Svo eru það launamál bankastjóra og bankamanna. Það eru enn þá ofurlaun í bankakerfinu sem á ekki að líðast við þessar aðstæður. Sama fólkið er í bönkunum í dag og kom okkur í þrot að undanskildum æðstu strumpunum, þ.e. bankastjórunum og bankaráðsmönnunum. Að öðru leyti er það að stærstum hluta sama fólkið. (Forseti hringir.) Það er sjálfsagt að minnast á (Forseti hringir.) að ekki er enn þá búið að taka húsnæðislánin, (Forseti hringir.) sem eru (Forseti hringir.) bæði í bönkum og sparisjóðum, yfir til Íbúðalánasjóðs.

[11:32]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra kærlega fyrir svörin. Ég saknaði þess þó að hann tók ekki afstöðu til þeirrar spurningar minnar hvort hann teldi rétt að sameina bankana, fækka þeim og sameina þá öðrum fjármálafyrirtækjum.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að við höfum verið í ákveðnu millibilsástandi síðustu sex til sjö vikur en það er nokkur reynsla komin á starfsemi nýju bankanna og frumdrög að efnahagsreikningi hafa litið dagsins ljós. Þessu verður hins vegar að fara að linna og það verður að fara að marka stefnu til framtíðar í bönkunum.

Hæstv. ráðherra nefndi að hann hefði skipað nefnd og ég vil spyrja um aðkomu stjórnarandstöðunnar að slíku regluverki. Ef meiningin er að endurskoða frá grunni lög um bankastarfsemi í landinu held ég að það væri kannski ráðlegt fyrir þá ríkisstjórn sem hér situr og er trausti rúin að leita fyrir fram tillagna og hugmynda frá stjórnarandstöðunni í stað þess að koma fram með eitthvað í stríði eins og sumum er lagið.

Það verður að segjast eins og er að það hefur ekki tekist alveg nógu vel að skilja á milli hagsmuna fyrrverandi eigenda og stjórnenda bankanna annars vegar og viðskiptavina þeirra hins vegar. Sömu menn eru á sömu póstum eins og hér hefur verið bent á. Svo virðist sem stærstu skuldarar hafi jafnvel sömu tengiliði í bönkunum. Slíkt er auðvitað óþolandi með öllu og vekur ekki traust. Það verður að taka upp nýtt verklag, það verður að ríkja gagnsæi og jafnræði í störfum þessara nýju banka og það verður að útrýma kynjamisrétti sem þar hefur viðgengist og gerir greinilega enn. Það verður að taka upp nýtt verklag þar sem engu verður sópað undir teppið þegar kemur að mannaráðningum og launum því að hér er verk að vinna, hæstv. ráðherra.

[11:34]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Frú forseti. Hér er mörgu að svara. Ég náði ekki að svara öllu áðan sem ég ætlaði að svara í fyrri ræðunni og kem ég beint að spurningunni um sameiningu bankanna. Eins og hv. þm. Árni Páll Árnason nefndi áðan verður sérstaklega að skoða samkeppnissjónarmið þar. Þótt bankarnir séu allir í eigu ríkisins eru þeir þrjár einingar í samkeppnislegu tilliti. Öllum er í fersku minni þegar Samkeppnisstofnun lagðist á sínum tíma gegn samruna Búnaðarbanka og Landsbanka fyrir átta árum og svipuð staða yrði sjálfsagt líka uppi núna. Það getur því verið að samruni þessara banka raski samkeppni og fari ekki að samkeppnislögum. Ég mundi ekki stuðla að slíkum samruna nema í tengslum við einhverjar aðrar breytingar löngu seinna sem tryggja virka samkeppni.

Hvað varðar smærri fjármálafyrirtæki sem hv. þm. Jón Bjarnason spurði um er starfshópur að störfum um vanda minni fjármálafyrirtækjanna sem fer yfir stöðu hvers um sig en hefur byrjað á þeim sem verst standa. Ekki er komin niðurstaða en við vonumst eftir því að þrotahrinu fjármálafyrirtækja sé lokið. Það er meginmálið að koma í veg fyrir að sparisjóðirnir falli. Það er fyrsta málið og að því höfum við verið að vinna.

Endurskipulagning bankanna er gríðarlega mikið verkefni, hún stendur yfir. Hún hefur nú hafist formlega og af fullum krafti og þáttaskilin í því voru skipun nýju bankaráðanna. Erlent eignarhald kemur að sjálfsögðu til greina. Það getur tryggt alþjóðleg tengsl bankanna og sneitt fram hjá ýmsum vandamálum sem voru fyrir hendi í gömlu bönkunum eins og þröngu eignarhaldi, fyrirgreiðslum, krosseignatengslum og mörgu fleira.

Hv. þm. Guðfinna Bjarnadóttir nefndi áðan erlendu sérfræðingana sem við höfum fengið til að vinna að endurskoðuninni og ýmsu öðru. Ég tek fram að hér er um að ræða gríðarlega stórt verkefni sem rétt er farið af stað og margir koma að. Stjórnarandstaðan mun að sjálfsögðu koma að þeirri vinnu að endurskoða regluverk og umhverfi fjármálafyrirtækja í landinu.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 28. mál (álagningarstofn eftirlitsgjalds). — Þskj. 28.

[11:37]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem er 28. mál þingsins á þskj. 28.

Frumvarpið er árviss viðburður enda hefur ör þróun á fjármálamarkaði kallað á reglulega endurskoðun á bæði útgjöldum til Fjármálaeftirlitsins og þeim álagningarhlutföllum sem beitt er til fjármögnunar á rekstri Fjármálaeftirlitsins. Að þessu sinni eru aðstæður að sjálfsögðu afar óvenjulegar svo ekki sé meira sagt en um leið kærkomið tækifæri til að fara örlítið yfir stöðu Fjármálaeftirlitsins nú og síðustu missiri. Þess má geta að í fyrra var starfsemi Fjármálaeftirlitsins efld gríðarlega þegar tekjustofnar þess jukust um 52% þannig að það hefur verið byggt mjög markvisst og kerfisbundið undir eftirlitið á síðustu mánuðum og missirum. Auðvitað óx bankakerfið gríðarlega hratt og það var mikið kapphlaup fyrir stjórnvöld og stofnanir að halda í við þann vöxt og það tók tíma en hægt er að fullyrða að á síðustu árum hefur tekist vel til í uppbyggingu á Fjármálaeftirlitinu. Stjórnendur þess hafa staðið sig vel, stjórn þess hefur staðið sig vel og starfsmennirnir hafa unnið gott starf. Það

ber sérstaklega að nefna þetta í samhengi við þá umræðu sem fór fram í vikunni eftir að bankastjórn Seðlabankans eða talsmaður hennar kom fram með mjög afdráttarlausa ræðu sem ekki var hægt að skilja öðruvísi en svo að hrun kerfisbankanna þriggja væri meira og minna Fjármálaeftirlitinu að kenna og því að ríkisstjórnin 1998 hefði tekið þáverandi bankaeftirlit út úr Seðlabankanum og stofnað hið nýja Fjármálaeftirlit, sem gert var fyrir tíu árum af þáverandi ríkisstjórn.

Ég held reyndar að það hafi verið rétt skref á þeim tíma og slíkt var gert meira og minna alls staðar. Það er sjálfsagt mál að endurskoða þetta aftur núna eins og bankastjórnin leggur til og forsætisráðherra hefur tekið undir og boðað, algjörlega sjálfsagt að endurskoða það hvort einhver óheppileg skörun á hlutverkum þessara tveggja eftirlitsstofnana sé til staðar. Seðlabankinn hefur eftirlitshlutverk með lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlitshlutverk með eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækja og býr við sín álagspróf og sitt regluverk. Ég get staðhæft það hér að ábyrgðin á fallinu var ekki eftirlitsins, það er alveg á hreinu. Stjórnendur þess stóðu sig vel, stjórn þess stóð sig vel og þess ber sérstaklega að geta í þessari umræðu.

Kerfisveilan lá í ofvexti bankanna miðað við stærð íslenska hagkerfisins og því að þeir áttu ekki, eins og við blasti og hefur blasað við í mörg ár, og við höfum rætt hér af kappi á köflum, aðild að stærra myntsvæði. Það var margoft sagt hér á síðustu missirum að hvað varðaði stærð fjármálakerfisins hefðum við í raun tvo kosti, annaðhvort yrðu bankarnir að minnka aftur, einhver þeirra að fara eða við að gerast aðilar að stærra myntsvæði, annars hefðum við ekki bakland fyrir bankana sem lánveitandi til þrautavara. Þetta var margoft rætt og þetta var drifkrafturinn í umræðunni um Evrópumál t.d. á síðustu 12–18 mánuðum. Undir þetta hafa margir tekið úr mörgum flokkum og víðs vegar úr þjóðfélaginu, atvinnulífinu, verkalýðshreyfingunni o.s.frv. Það er ekki eins og menn hafi ekki vitað af þessari kerfisveilu, hún lá fyrir augum allra. Menn töldu hins vegar að hægt væri að sneiða fram hjá henni með ýmsum hætti en svo fór þegar á reyndi og allir bankarnir þrír lentu í vanda á sama tíma að það var ekki hægt þegar alþjóðlegir lánamarkaðir lokuðust nánast fyrirvaralaust.

Þess ber sérstaklega að geta að „regluverk EES, sem heimilar fjármálafyrirtækjum í aðildarlöndunum að starfa á öllu svæðinu á grundvelli starfsleyfis í einu landanna, var og er gallað að því leyti að þótt starfssvæðið sé landamæralaust innan EES er eftirlit og öryggisnet,“ — svo ég vitni í Morgunblaðsgrein stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins, Jóns Sigurðssonar, með leyfi forseta — „t.d. innstæðutryggingar og aðgangur að lánveitingum til þrautavara í lausafjárerfiðleikum, áfram bundið við hvert einstakt aðildarríki.“ — Þetta er kerfisgalli í uppbyggingu á regluverkinu í upphafi. Áfram, með leyfi forseta: „Þessar aðstæður, ásamt smæð íslenska hagkerfisins og myntkerfisins, reyndust banvæn blanda fyrir íslensku bankana, þegar fjármálakreppan varð að holskeflu nú í haust.“

Það er mér bæði ljúft og skylt að halda sérstaklega til haga stöðu Fjármálaeftirlitsins og aðkomu í þessu máli öllu. Ómaklegar árásir á það eru ósanngjarnar og eiga sér enga stoð, þær eru ómálefnalegar. Vilji menn leita sökudólga þá skulu þeir gera það áfram en við skulum halda til haga stöðu og starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Og af því að umræðan hefur þróast sumpart í þá veru að þessi vandræði öll séu komin til vegna þess að Fjármálaeftirlitið hafi brugðist þá skulum við líka taka það fram að eftirlitið er á vegum þessara eftirlitsstofnana beggja, annars vegar lausafjáreftirlit og hins vegar eftirlit með eiginfjárstöðu bankanna.

Það er alveg morgunljóst að þarna eru ábyggilega margar kerfisveilur bæði þessar hvað varðar EES-samninginn, uppbygginguna, tryggingasjóður í einu landi, bakhjarl í einu landi, eða frjálst flæði fjármagns og frjáls starfsemi út um alla Evrópu. Þetta er alveg augljós skörun, sérstaklega fyrir lítið ríki eins og Ísland en skiptir kannski engu eða litlu máli fyrir stóru ríkin. Þetta er eitt af því sem leiðtogar stóru ríkjanna hafa nú þegar boðað að verði endurskoðað, þeir tala um samevrópskt fjármálaeftirlit, þeir ætla að þætta þetta enn þá betur saman. Veilan lá í því að við tókum þátt í þessu samstarfi að hluta en ekki að öllu leyti. Það blasir alveg við. Og fyrirvaralaus fellibylur á fjármálamörkuðum þar sem skrúfað er fyrir súrefnið til fjármálastofnana nánast á einni nóttu ruddi þessu að sjálfsögðu svo öllu um koll. Stóru ríkin brugðust þannig við þau fóru með gríðarlegar fjárhæðir inn í bankana. Þau gátu lánað til þrautavara, það gátum við ekki enda höfðum við ekki stækkað gjaldeyrisvaraforðann að neinu ráði á þessu ári. Við höfðum opnað lánalínur frá Norðurlöndunum sem var vel. Umræðan allt síðasta ár stóð um þetta, auk umræðunnar um hvort við ættum aðra kosti til að geta staðið á bak við bankakerfið en að ganga í myntsamstarf, minnka bankana eða einhver þeirra færi, eða að vera hér með gríðarlega stóran gjaldeyrisforða. Kannski var það ekki raunhæft heldur út af kostnaði. Ég veit það ekki. Þetta var umræðan allt síðasta ár.

Við skulum ekki ganga að því gruflandi að þetta féll ekki fyrirvaralaust að því leytinu. Við ræddum þessi kerfislægu vandamál út frá mörgum hliðum. Auðvitað gekk enginn fram fyrir skjöldu, enginn stjórnmálamaður eða athafnamaður, og taldi að bankarnir væru að falla enda hélt það svo sem enginn. En auðvitað voru ýmsar blikur á lofti. Það er líka hægt að kalla fram fall á fjármálafyrirtækjum með slíkum yfirlýsingum. Þessu skal öllu haldið vel til haga í þeirri umræðu sem fer fram hér núna. Það er mjög mikilvægt þegar við ræðum um stöðu Fjármálaeftirlitsins og annarra eftirlitsstofnana hér á landi, uppbyggingu þeirra, skörun á milli eftirlitshlutverka, mögulega sameiningu o.s.frv. Þetta kemur allt til greina, þetta er allt undir skoðun. Það gerist að sjálfsögðu á málefnalegum forsendum. Ef menn telja að þessi hlutverk hafi skarast eins og bankastjórn Seðlabankans greinilega telur, að þarna sé einhver skörun sem valdi einhverri glufu í eftirlitskerfinu sem sé óheppileg, þá er alveg sjálfsagt mál að skoða það núna þegar við erum að endurreisa bankakerfið eftir þessar fjármálalegu hamfarir á alþjóðlegum mörkuðum sem brotnuðu sérstaklega harkalega á okkur Íslendingum út af því að bankakerfið hér var mjög stórt. En það varð ekki mjög stórt óvart eða af því bara. Bankarnir voru einkavæddir á sínum tíma og það var pólitískt markmið í landinu að efla hér fjármálastarfsemi. Sérstakri starfsemi var haldið úti um fjármálamiðstöðina Ísland. Það var pólitísk hvatning á bak við það

að bankarnir stækkuðu og yrðu stórir og sterkir og öflugir á alþjóðlegum vettvangi. Það lá alveg ljóst fyrir. Eftirlitsstofnanirnar höfðu ekkert með það að gera, þetta var pólitísk stefnumörkun. Bankarnir uxu og þeir urðu stórir og öflugir og myndarleg fyrirtæki. Sjálfsagt má deila um ýmislegt í starfsemi þeirra en því skal til haga haldið að það sem felldi þá að lokum var lausafjárkreppa og það að við gátum ekki veitt þeim lán til þrautavara þegar á reyndi.

En áfram með frumvarpið sjálft. Í rúmt ár hefur alþjóðleg lausafjárkrísa herjað víða í heiminum og haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjármálafyrirtæki um allan heim, afleiðingar sem eru hvað alvarlegastar hér á landi þar sem þrír stórir viðskiptabankar hafa riðað til falls. Orsakirnar fyrir því má víða finna.

Þó að íslensk fjármálafyrirtæki hafi ekki verið stórtæk í viðskiptum með verðbréfavafninga sem komu mörgum bandarískum og erlendum bönkum í vanda voru þau engu að síður næmari fyrir stóráföllum á heimsvísu en sambærileg fyrirtæki í öðrum löndum. Einkum vegna þess hve stór þau voru orðin, eins og ég nefndi áðan, í hlutfalli við umfang íslensks hagkerfis og viðnámsþrótt lánveitandans til þrautavara, Seðlabanka Íslands. Lengst af virtust íslensku fjármálafyrirtækin hafa burði til að standa af sér krísuna. Uppgjör þessa árs sýndu hagnað og félögin gáfu það út að lausafjárstaða væri viðunandi. Lausafjárkrísan dýpkaði hins vegar til muna í upphafi haustsins þegar stóráföll dundu yfir bandarískt fjármálalíf. Stjórnvöld komu fasteignalánasjóðunum Fannie Mae og Freddie Mac til bjargar í lok ágúst en hinn frægi bandaríski fjárfestingabanki Lehman Brothers sigldi í strand fyrri hluta septembermánaðar og má segja að það sé almennt álitinn vendipunktur í þróun lausafjárkrísunnar í heiminum. Þegar hann féll um miðjan september dundu í framhaldinu ósköpin yfir út um allan heim. Og því miður sér alls ekki fyrir endann á þeim ósköpum enn þá eins og við sjáum á mörkuðum alla þessa viku og stöðu stórra félaga eins og General Motors og annarra gríðarlegra áhrifavalda á efnahagskerfi heimsins.

Skömmu eftir þetta kom fyrsta kerfislæga áfallið fram á Íslandi þegar fjármögnun Glitnis banka reyndist óyfirstíganlegt verkefni án atbeina stjórnvalda. Í lok september ákvað ríkisstjórnin, að tillögu Seðlabankans, að ríkið legði bankanum til nýtt hlutafé. Eins og kunnugt er varð ekki af þeim fyrirætlunum.

Um svipað leyti lentu stórir bankar, Royal Bank of Scotland, Dexia og fleiri í erfiðleikum og fengu aðstoð stjórnvalda í viðkomandi löndum og fleiri bankar bættust við þennan lista í blábyrjun októbermánaðar. Ýmis ríki ákváðu einnig að setja á stofn sérstaka sjóði til að styðja við bankakerfi sín. Þannig hafa Bandaríkjamenn ákveðið að verja 700 milljörðum dollara, Þjóðverjar 500 milljörðum evra, Bretar 350 milljörðum punda og Svíar 205 milljörðum sænskra króna til þessara hluta til þrautavaralána og innkomu í rekstur fjármálafyrirtækja.

Um mánaðamótin september/október var lánshæfismat íslensku bankanna og ríkissjóðs lækkað og lausafjárstaðan í erlendri mynt varð enn þá erfiðari en hún hafði verið áður. Landsbankinn gat ekki greitt út af innstæðureikningum erlendis og neyðarlögin voru sett eins og rakið var áðan. Með neyðarlögunum hefur tekist að viðhalda bankaþjónustu innan lands fyrir almenning í landinu og reisa nýju bankana í eigu ríkisins úr rústum gömlu bankanna. Eftir er að framkvæma endanlegt mat á eignum, og því verður vonandi lokið í lok janúar eins og ég nefndi í umræðu fyrr í dag, og skuldum í bæði nýju og gömlu bönkunum. Að því loknu mun andvirði þeirra verðmæta sem rann til nýju bankanna við stofnun þeirra verða greitt af þeim til gömlu bankanna.

Fjármálaeftirlitinu var falin framkvæmd neyðarlaganna, sem er óvenjulegt og erfitt hlutverk fyrir eftirlitsstofnun. Óhætt er að fullyrða að innan Fjármálaeftirlitsins hafi verið unnið einstakt starf, þrekvirki eins og ég sagði áðan, og eiga allir starfsmenn þess og stjórnendur og stjórn þess mikla þökk skilið fyrir ósérhlífið starf í þágu þjóðarinnar.

Samkvæmt lögum er Fjármálaeftirlitinu ætlað það hlutverk að gæta þess að fjármálastarfsemi sem telst eftirlitsskyld sé í samræmi við lög. Því er eftirlitinu ætlað að stuðla að því að starfsemi einstakra fyrirtækja sé innan lagaramma og getur gripið til viðeigandi aðgerða í samræmi við þær lagaheimildir sem eftirlitið hefur. Önnur stofnun hefur einnig aðkomu að eftirliti með fjármálamarkaðnum en það er Seðlabankinn sem er ætlað að gæta almennt að kerfislægum fjármálastöðugleika, fylgjast með framkvæmd lausafjárreglna og ákvæða um gjaldeyrisjöfnuð og vera lánveitandi fjármálafyrirtækja til þrautavara.

Í kjölfar fjármálaáfallsins og sem hluti af endurreisn fjármálakerfisins í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, mun erlendur sérfræðingur verða fenginn til að fara yfir lagaumhverfi og eftirlit með fjármálamarkaði og gera tillögur til úrbóta. Það starf hefst strax eftir helgina og er gert ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir síðar í vetur.

Árið 1999 voru samþykkt á Alþingi lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Með lögunum var gjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til að standa straum af rekstri Fjármálaeftirlitsins breytt á þann veg að tryggt væri að það uppfyllti skilyrði stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimildir. Þetta þýddi m.a. að festa þurfti álagningarhlutfall í lögum í stað þess að kveða einungis á um hámark álagningar. Þessum álagningarhlutföllum þarf að breyta á hverju haustþingi enda ógerlegt að ákveða nákvæm hlutföll álagningar í flokki eftirlitsskyldra aðila til lengri tíma en eins árs í senn og undirstrikar staðan það nú mjög rækilega.

Samkvæmt þessu hefur frumvarp til breytinga á lögum þessum verið lagt fram á hverju haustþingi að fenginni skýrslu frá Fjármálaeftirlitinu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs, athugun ráðuneytisins á skýrslunni að fengnu áliti samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila.

Með frumvarpinu er álagningarhlutfalli einstakra tegunda eftirlitsskyldra aðila breytt. Ekki ætla ég að tíunda þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er gerð skilmerkilega grein fyrir því í athugasemd með frumvarpinu og fylgigögnum með því.

Vegna þeirra atburða sem hér var lýst liggur ljóst fyrir að forsendur bæði á gjalda- og tekjuhlið Fjármálaeftirlitsins hafa breyst í grundvallaratriðum frá því að þetta frumvarp var samið og lagt fram. Unnið er að endurskoðun fjárhagsáætlunar Fjármálaeftirlitsins í ljósi aðstæðna og á grundvelli hennar munu endurskoðaðar tillögur verða lagðar fyrir viðskiptanefnd áður en frumvarpið kemur til 2. umr. þings-

ins. Vona ég að hv. viðskiptanefnd virði það vinnulag og taki því vel. Þetta eru óvenjulegar aðstæður og það liggur fyrir að við þurfum að endurskoða tekjustofnana og gjaldahliðina eins og lagt er upp í frumvarpinu.

Meðal fylgiskjala er skýrsla eftirlitsins til viðskiptaráðherra um starfsemi þess. Í skýrslunni er fjallað um eftirlit með einstökum sviðum fjármálamarkaðar, lánamarkaðar, verðbréfamarkaðar, vátryggingamarkaðar og lífeyrismarkaðar. Auk þess er greint frá þróun og horfum á íslenskum fjármálamarkaði og áherslum í starfi Fjármálaeftirlitsins næstu missiri. Er skýrslan fróðleg lesning öllum þeim er vilja kynna sér þróun á innlendum fjármálamarkaði og það þótt gjörbreyting hafi orðið frá því skýrslan var samin.

Virðulegi forseti. Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar.

[11:54]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Hæstv. viðskiptaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi um breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem flutt er árlega vegna þess að ákveða þarf þessi gjöld og gjaldskrár með lögum á hverju ári og þau gilda til árs í senn.

Þetta er fyrst og fremst kostnaður sem eftirlitsskyldir aðilar þurfa að greiða af álagningarstofni sínum, þ.e. í hlutföllum eftir stærð. Þarna eru nefndir t.d. viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki sem skulu greiða 0,00603% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600 þús. Sama er síðan um vátryggingafélög sem skulu greiða 0,408% af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600 þús.

Maður veltir fyrir sér hversu raunhæft þetta frumvarp er hjá hæstv. ráðherra, því að þarna er viðmiðunarstofninn eignir viðkomandi fjármálafyrirtækja. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hverjar er áætlað að eignir þessara viðskiptabanka og lánafyrirtækja séu sem hafa verið álagningarstofn fyrir gjald sem á þau eru lögð og hefur síðan verið til þess að greiða rekstur eftirlitsstofnana eins og Fjármálaeftirlitsins? Hvaða breytingar sjá menn á milli ára hvað þetta varðar? Hvernig verður með álagningu á eignir þessara banka? Hvernig verður með álagningu á eignir gömlu bankanna svokölluðu sem eiga að starfa áfram í tvö ár og halda sínum bankaleyfum, halda sínum leyfum til fjármálarekstrar og gjaldstofninn er miðaður við eignir þeirra? Mér er spurn: Í fyrsta lagi hvernig verður sú eignastaða tekin og hvað er verið tala um í upphæðum miðað við það sem áður hefur verið? Mér finnst frumvarpið hvað þetta varðar vera býsna mikið í vindinum og vil heyra hjá hæstv. ráðherra hvernig þetta er skilgreint miðað við núverandi aðstæður, annars vegar hjá starfandi fjármálafyrirtækjum eins og nýju bönkunum svokölluðu og hins vegar hjá gömlu bönkunum eða öðrum lánafyrirtækjum sem eru að stórum hluta kannski komin í þrot.

Áfram er tíundað í frumvarpinu hverjir gjaldstofnarnir eru, þar er talað um verðbréfafyrirtæki sem skulu borga 0,064% af eignum sínum. Verðbréfamiðlanir skulu einnig greiða 0,064% af eignum, þó aldrei lægri fjárhæð en 350 þús. Þarna er líka minnst á rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og þá veltir maður fyrir sér: Hver er staða fjárfestingarsjóðanna og peningamarkaðssjóðanna líka sem voru inni í bönkunum? Eru þeir til enn þá? Eru þeir enn þá gjaldstofn þessir sjóðir sem hafa verið svo mjög til umtals undanfarið? Er búið að leggja þá niður? Eða eru þeir áfram gjaldstofn fyrir þetta gjald?

Maður veltir líka fyrir sér Kauphöllinni. Hér er sagt að skipulegir verðbréfamarkaðir og markaðstorg fjármálagerninga skuli greiða 0,61% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 350 þús. kr. Hvað hefur Kauphöllin greitt á undanförnum nýliðnum árum og hverju hefur hún skilað í tekjum til eftirlitsstofnananna í gegnum þennan gjaldstofn? Hvað eru líkur til að hún muni skila á næsta ári eða á gildistíma þeirra laga sem hér er verið að setja?

Mér sýnast þessi lög vera meira og minna í einhverjum allt öðrum raunveruleika en við nú stöndum frammi fyrir og vil spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta hafi verið endurskoðað.

Þarna er líka talað um lífeyrissjóðina. Við skulum vona að lífeyrissjóðirnir eigi áfram eignir og góðar en ljóst er að eignir þeirra hafa líka skroppið saman.

Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0028%. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir skulu líka greiða. Allir þessir sjóðir eiga að greiða ákveðinn hluta annaðhvort af eignum sínum eða umsvifum í eftirlitssjóð fyrir eftirlitsstofnanirnar og mér sýnist að þessi gjaldstofn sé í sjálfu sér meira og minna hruninn.

Hæstv. ráðherra gat þess áðan að umsvifin hefðu verið svo mikil að þetta hefði skilað liðlega 50% meiri tekjum til eftirlitsstofnananna, sérstaklega til Fjármálaeftirlitsins sem fær meginhluta af þessum eftirlitsgjöldum, á síðastliðnu ári. Ég veit ekki hvað má gera ráð fyrir að þessar tekjur lækki mikið núna en mér finnst það samt ábyrgðarhluti að leggja fram frumvarp í þessa veru án þess að greint sé frá því hver staðan er. Ég vil gjarnan að ráðherra geri ítarlega grein fyrir því hver staða þessara gjaldstofna er sem hér eru hafðir til grundvallar.

Ráðherra minntist líka á að til stæði að endurskoða stöðu Fjármálaeftirlitsins. Við höfum heyrt í fréttum nýverið þar sem stjórnmálaleiðtogar, forustumenn ríkisstjórnarflokkanna, forustumenn í Seðlabankanum og í Fjármálaeftirlitinu hafa verið að vegast á um hverjum sé að kenna hið gríðarlega bankahrun og sú staða sem nú er uppi í íslensku samfélagi að taka verður hundruð ef ekki þúsund milljarða kr. lán til að dekka þær hamfarir sem þar hafa orðið og skuldbinda íslenskan almenning vegna þess. Og engum er það reyndar að kenna.

Við höfum heyrt Seðlabankann lýsa því yfir að það sé ekki honum að kenna heldur er vísað á Fjármálaeftirlitið. Hæstv. ráðherra reyndi að halda mikla varnarræðu fyrir Fjármálaeftirlitið og segir að það sé ekki því að kenna. Við heyrðum að stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins sagði að þetta væri bönkunum að kenna. Er þetta gríðarlega hrun og þessi hryllilega staða og þær skuldbindingar sem núna er verið að setja á íslenskan almenning þá bara almenningi að kenna? Því það er almenningur einn sem á að borga brúsann, íslenskur almenningur á borga brúsann. Það hefur ekkert mistekist neins staðar, ekkert hjá Fjármálaeftirlitinu.

Reyndar var ég svolítið hugsi þegar ég hlustaði á stjórn-

arformann Fjármálaeftirlitsins sem jafnframt er varaformaður stjórnar Seðlabankans, þegar hann annars vegar kenndi Seðlabankanum um og varpaði ábyrgðinni af sér. Maður áttaði sig ekki á því í viðtalinu í hvers nafni viðkomandi var að tala, hvort hann var að tala í nafni varaformanns stjórnar Seðlabankans eða stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins. Alla vega fannst mér það sem hann sagði ekki mjög trúverðugt og ekki hægt að átta sig á í hvers nafni hann talaði. Ég get því ekki tekið undir það hjá hæstv. ráðherra að Fjármálaeftirlitið sé hafið yfir gagnrýni og rannsókn hvað varðar aðkomu þess og hlutverk að eftirliti með fjármálastofnunum eins og það hefur verið. Bara umræðan um Icesave-reikningana í Bretlandi og Hollandi sem fullyrt er að Fjármálaeftirlitið, ef það hefði staðið sig í stykkinu, hefði getað komið í veg fyrir að færu með þessum hætti. Ef búið hefði verið að skylda bankana til að að setja þá í eigin dótturfyrirtæki og ekki tengd íslenskum almenningi, og að leyfa þeim líka að fara fram með þeim hætti sem þarna var og af þeirri stærðargráðu ef ljóst var að íslenskur almenningur var ábyrgur. Ef Fjármálaeftirlitið hefur ekki haft hlutverk í þessu efni, þá skil ég ekki til hvers það er.

Þá veltir maður líka fyrir sér, frú forseti: Er ekki ástæða til, áður en við samþykkjum þetta frumvarp, að hlutverk Fjármálaeftirlitsins verði þá endurskoðað rækilega frá grunni? Hvert verður hlutverk þess nú þegar stór hluti af fjármálafyrirtækjunum er annaðhvort lagstur á hliðina eða kominn undir ríkið? Mér fyndist mjög fróðlegt að heyra það hjá hæstv. ráðherra hvert eigi að vera hlutverk Fjármálaeftirlitsins á næstu mánuðum og missirum við þær aðstæður sem nú eru og hvert sé hlutverk þess nú. Það er mjög erfitt að átta sig á því á hvers ábyrgð skilanefndir bankanna vinna og hvað áætlað er að þær kosti og hvaðan á að taka þann kostnað. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvað gera menn ráð fyrir að vinnan við skilanefndir og annað sem lýtur að yfirtöku á bönkunum kosti og hver borgar? Hvað er ætlast til að þessar skilanefndir starfi lengi og á hvers ábyrgð? Og hver verður ábyrgð Fjármálaeftirlitsins nú þegar gömlu bankarnir eru komnir í sérstaka meðferð samkvæmt lögum sem voru samþykkt fyrir nokkrum dögum og menn deila um hvort séu lögmæt og hvort þau standist bæði stjórnarskrá og alþjóðalög? Þá veltir maður fyrir sér: Á Fjármálaeftirlitið eða einhverjar eftirlitsstofnanir að hafa þar hlutverk og hver á að bera þann kostnað sem því fylgir? Það er svo gríðarlega margt óljóst í þessu máli öllu um Fjármálaeftirlitið að mér finnst nánast útilokað að ætla að samþykkja frumvarp sem kveður á um gjaldtöku á gjaldstofna sem margir hverjir eru reyndar ekki lengur til eða orðnir með þeim hætti að þeir skila ekki miklum tekjum og því finnst mér frumvarpið vera komið út í býsna mikinn óraunveruleika.

Af því að hæstv. ráðherra vék að stöðu Fjármálaeftirlitsins sem hann hrósaði í bak og fyrir, þá er reynsla mín og kynni af Fjármálaeftirlitinu þau að það hafi um margt verið óþarft og hafi ekki skilað því verki sem því var ætlað. Ég minnist þess í samskiptum við sparisjóðina þegar einstakir stofnfjárhafar, bændur sem áttu hlut í sínum sparisjóði og vildu standa vörð um hann og á þá var gerð árás að þá virtist Fjármálaeftirlitið standa með fjárplógsmönnunum gegn almenningi sem vildi standa vörð um sparisjóðina og þegar menn vildu leita réttar síns og báðu um aðstoð Fjármálaeftirlitsins þá vísaði það einfaldlega á dómstóla. Ef vinnubrögð Fjármálaeftirlitsins í öðrum verkum hafa verið með þessum hætti held ég að ástæða sé til að gera sérstaka rannsókn á starfsemi þess og hvernig það hefur staðið sig. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort (Forseti hringir.) rannsókn sé komin í gang eða hvenær rannsókn fari í gang á aðkomu Fjármálaeftirlitsins að bankahruninu og þeirri stöðu (Forseti hringir.) sem upp er komin í íslensku efnahagslífi.

[12:09]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breyting á lögum, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Forsendur þeirra breytinga sem frumvarpið boðar á greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit hvíla á upplýsingum sem fram koma í skýrslu Fjármálaeftirlitsins og samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila um umfang og útgjöld við eftirlitið enda slíkum kostnaði ætlað að endurspegla raunkostnað Fjármálaeftirlitsins.

Eins og hæstv. viðskiptaráðherra greindi frá áðan er um að ræða lögbundið endurmat á kostnaðarskiptingu við rekstur Fjármálaeftirlitsins, þróun álagningarstofna og mat á kostnaðardreifingu. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að vissir kostnaðarliðir eftirlitsskyldra aðila lækki á meðan aðrir standa í stað og enn aðrir hækka.

Í fylgiskjali I með frumvarpinu fylgir skýrsla til viðskiptaráðherra sem er dagsett 3. júlí 2008 um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009. Í þeirri skýrslu er gerð tillaga um álagningu eftirlitsgjalds árið 2009. Gert er ráð fyrir því að gjaldið verði samtals 1 milljarður 116 millj. kr. árið 2009 samanborið við 915 millj. kr. árið 2008 eða alls 22% hækkun á milli ára.

Í fylgiskjali II með frumvarpinu er skýrsla sem ber yfirskriftina Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár. Hún er í raun fylgiskjal við fyrrnefndu skýrsluna og er sömuleiðis dagsett 3. júlí 2008 eða um þremur mánuðum fyrir bankahrunið. Skýrsla þessi er sérstaklega áhugaverð í ljósi þeirra skelfilegu atburða sem hafa orðið hér á undanförnum vikum. Lýst er miklum vexti í starfsemi Fjármálaeftirlitsins á undanförnum árum. Fjöldi fastra starfsmanna eftirlitsins jókst til dæmis um 60% á árunum 2005–2008 eða frá 35 starfsmönnum í 56 og gert er ráð fyrir enn frekari aukningu starfsmanna eða átta starfsmönnum til viðbótar árið 2009.

Á sama tíma jókst rekstrarkostnaður eftirlitsins um ríflega 100% og gert er ráð fyrir því að enn meiri kostnaður verði árið 2009 eða alls 1 milljarður 192 millj. kr. Það er aukning sem nemur 32% á milli ára. Umfang starfsemi Fjármálaeftirlitsins hefur vaxið með nýjum lögum sem tekið hafa gildi á undanförnum missirum og ekki síður með nýjum eftirlitsverkefnum bæði erlendis og hérlendis og auknu samstarfi við erlenda eftirlitsaðila.

Þegar aukið umfang starfsemi Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2005–2008 er skoðað í ljósi aukinna umsvifa fjármálastarfseminnar hér á landi á sama tíma sést að fjármálastarfsemin hefur vaxið mun hraðar og meira en umfang rekstrar Fjármálaeftirlitsins. Þegar skýrslan er lesin í samhengi við íslenska bankahrunið er vert að staldra við fjögur atriði. Í

fyrsta lagi þann gríðarlega vöxt sem hefur orðið á fjármálamarkaði, í öðru lagi aukna starfsemi erlendis, í þriðja lagi innleiðingu fjölda nýrra tilskipana, laga og reglugerða og svo loks í fjórða lagi reynslu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins.

Fyrst sem sagt er vert að skoða þann gríðarlega vöxt sem einkennt hefur fjármálamarkaðinn undanfarin ár. Í skýrslunni kemur fram að þrátt fyrir vaxandi rekstrarútgjöld, aukin umsvif, aukinn starfsmannafjölda eftirlitsins þá bliknar allur sá vöxtur samanborið við gríðarlega aukningu umfangs fjármálamarkaðarins. Samkvæmt samtökum fjármálafyrirtækja nam hlutfall fjármálafyrirtækja í landsframleiðslu um 10% árið 2006 og svo jókst hann í kjölfarið.

Skýrslan lýsir stækkun fjármálamarkaðar undanfarin ár og tekið er fram að eignir fjármálafyrirtækja hafi numið um 13.000 milljörðum kr. eða rúmlega tífaldri landsframleiðslu á árinu 2008. Birt er yfirlitsmynd af umsvifum fjármálamarkaðar á hvert stöðugildi í Fjármálaeftirlitinu á nýliðnum árum og þar kemur í ljós að í febrúar 2005 var vegin staða eigna fjármálamarkaðarins á hvert stöðugildi Fjármálaeftirlitsins tæpir 60 milljarðar kr. Sem sagt 60 milljarðar kr. á hvert stöðugildi í Fjármálaeftirlitinu. Þremur árum seinna eða í febrúar 2008 var samsvarandi upphæð ríflega 160 milljarðar kr. á hvern starfsmann, hátt í þrefalt hærri. Upphæðirnar eru báðar á föstu verðlagi í febrúar 2008.

Annað atriði sem ég vildi nefna var að sjá má í skýrslunni yfirlitstöflu um aukna starfsemi Fjármálaeftirlitsins í tengslum við alþjóðavæðingu eða útrás íslenskra fjármálafyrirtækja. Í skýrslunni er gert ráð fyrir því að í árslok 2008 væru starfsstöðvar íslensku bankanna orðnar 73 í 28 mismunandi löndum. Bent var á að aukin alþjóðavæðing íslenskra fjármálaþjónustufyrirtækja og aukið Evrópusamstarf eftirlitsaðila kallaði á stöðug verkefni af hálfu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins. Maður staldrar við þennan punkt og íhugar að það hafi sem sagt verið meira og minna undir stjórn íslensks fjármálaeftirlits. Að vísu skiptir máli hvort um útibú fjármálafyrirtækjanna var að ræða — þá þarf íslenska Fjármálaeftirlitið að hafa lögsögu — eða hvort um dótturfélög er að ræða sem er ekki þess eðlis. En alla vega voru íslensku útrásarfjármálafyrirtækin með rekstur í 28 löndum og með 73 starfsstöðvar.

Í þriðja lagi er vert að minnast á þá gríðarlegu vinnu sem falist hefur í innleiðingu ýmissa tilskipana nýrra laga og reglna í íslensku fjármálaumhverfi síðustu missirin. Ég vil nefna meðal viðamikilla breytinga innleiðingu svokallaðrar MiFID-tilskipunar og Basel II staðalsins. Auk þess hafa fjölmargar aðrar tilskipanir Evrópusambandsins verið innleiddar ásamt lögum og reglugerðum frá viðskiptaráðuneytinu. Nýverið voru til dæmis innleidd lög um sértryggð skuldabréf, lög um rafræna eignaskráningu, lög um aðgerðir gegn peningaþvætti, innheimtulög og svo mætti lengi telja.

Einnig er í skýrslu Fjármálaeftirlitsins getið um ýmis önnur verkefni, svo sem beitingu stjórnvaldssekta vegna brota á lögum um fjármálastarfsemi, viðbúnaðarvinnu og innlent og erlent samstarf sem tengist viðbúnaði gegn hættu á áfalli í fjármálakerfinu, framkvæmd á hæfismati stjórnenda eftirlitsskyldra aðila, eftirlit með peningaþvætti, eftirlit með upplýsingatækni, eftirlit með fjármálasamsteypum — en unnið hefur verið að reglum þessa efnis — innleiðingu tölvukerfis, innleiðingu samhæfs árangursmats með skilgreindum mælanlegum markmiðum.

Ég gæti lengi talið þau verkefni sem skilgreind eru í skýrslunum sem fylgdu frumvarpinu. En það sem mig langar að lokum að nefna, í fjórða lagi, er að mér finnst vert að skoða starfsaldur starfsmanna Fjármálaeftirlitsins. Fram kemur í skýrslunni að einungis 28% starfsmanna eftirlitsins höfðu náð þriggja ára starfsreynslu í fyrra. Að hluta til skýrist þetta með fjölgun starfsmanna undanfarin ár en sú skýring er auðvitað ekki fullnægjandi. Ljóst er að samkeppni við aðrar ört vaxandi fjármálastofnanir og fjármálafyrirtæki hefur verið gríðarleg undanfarin ár og þannig má leiða líkur að því að margir starfsmenn Fjármálaeftirlitsins hafi staldrað stutt við og farið síðan í önnur fjármálafyrirtæki. Ég hef ekki gögn í þessu sambandi. En ég er sem sagt að ímynda mér að þetta gæti verið hluti af skýringunni. Þetta er alla vega umhugsunarefni sem ég ætla ekki að greina nánar frá að þessu sinni en það er vert að velta því upp.

Virðulegi forseti. Mér þótti hæfa að benda á ofangreinda þætti sem fram komu í fylgiskjölum með frumvarpinu og þá sérstaklega í ljósi þeirra staðreynda sem við blasa í kjölfar bankahrunsins. Ljóst er að fram undan er mikilvægt enduruppbyggingarstarf sem felur í sér endurskoðun stofnana- og reglugerðarumhverfisins. Bankahrunið krefst þess að við stöldrum við. Það neyðir okkur til að líta í baksýnisspegilinn en þó fyrst og fremst að líta til reynslu þeirra sem á undan okkur hafa gengið í gegnum bankakreppur, til að mynda vinaþjóðir okkar á Norðurlöndum sem upp úr árinu 1990 lentu margar hverjar í bankakreppu.

Þá er ljóst að bankakreppan er ekki núna einskorðuð við Ísland þótt aðrar þjóðir hafi líklega ekki upplifað neina í líkingu við þá sem við þekkjum nú. Fram kemur í fjölmiðlum í vikunni að Henry Paulson sem er fjármálaráðherra Bandaríkjanna telur að endurbætur á reglum bandarískra fjármálamarkaðarins séu nauðsynlegar. Svipað má segja um fjármálamarkaði í nágrannalöndum og öllum vestrænum löndum og víða um heim. Það er nefnilega ljóst að alþjóðasamfélagið mun halda áfram að velta fyrir sér hvernig umgjörð og umhverfi þarf að skapa alþjóðlegri fjármálastarfsemi heimsins í þeim uppbyggingarfasa sem fram undan er. Það er nauðsynlegt að læra af því ástandi sem hefur skapast á vestrænum mörkuðum að undanförnu og fyrirbyggja að slíkt ástand skapist aftur og við þurfum auðvitað að koma okkur í gegnum þá krísu sem við blasir. Við Íslendingar verðum á sama tíma að taka við þeirri bestu þekkingu og ráðgjöf sem fæst til að hefja enduruppbyggingu fjármálakerfisins og þar með Fjármálaeftirlitsins á komandi árum.

Komið hefur fram að teymi undir stjórn sænsks sérfræðings mun vinna að endurskipulagningu bankakerfisins og leiða samskipti við kröfuhafa. Þessi umræddi Svíi býr yfir mikilvægri þekkingu og reynslu þar sem hann leiddi meðal annars aðgerðir í kjölfar bankakreppunnar í Svíþjóð upp úr 1990. Einnig hefur komið fram að fyrrverandi forstöðumaður fjármálaeftirlitsins í Finnlandi mun leiða vinnu við að endurskoða alla regluumgjörð fjármálastarfseminnar hér á landi sem og framkvæmd bankaeftirlitsins. En sem kunn-

ugt er gengu Finnar í gegnum mikla bankakreppu á árunum 1990–1994. Ég fagna þessu mjög og ég trúi því að með því að nýta krafta þessara einstaklinga og þeirra fjölmörgu aðila sem koma að þessu verkefni verði staðið mjög faglega að verki.

Ég tel mikilvægt að nefndin ræði þetta frumvarp í víðara samhengi þess sem um ræðir á Íslandi þ.e. þess íslenska samhengis sem við erum stödd í og að við skoðum hvernig fjármálaeftirlit og uppbygging þess í framtíðinni skarast á við efni frumvarpsins. Alla vega hlakka ég til að taka þátt í þessari umræðu. Ég hef mikla trú á því að uppbygging íslensks fjármálakerfis og eftirlitskerfis eigi eftir að leiða til góðs og vera, eins og ég sagði áðan, afar fagmannlega unnin.

[12:22]

Útbýting:

Útvarp frá Alþingi, 171. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 207.

Vantraust á ríkisstjórnina, þingrof og nýjar kosningar, 173. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 209.

[12:22]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir þessar fínu umræður hér áðan og fróðlegt yfirlit yfir margt sem tengist stöðu Fjármálaeftirlitsins. Ég ætla rétt að stikla á nokkrum atriðum sem komu fram.

Fyrir það fyrsta lýkur endurskoðun á áætlun um tekjustofna og gjöld Fjármálaeftirlitsins nú um helgina og ný áætlun verður lögð fyrir viðskiptanefnd og mig sem viðskiptaráðherra strax í kjölfarið. Að sjálfsögðu blasir við að breytingar verða á útgjöldum eftirlitsins, sérstaklega vegna þess að ekki er um að ræða sama rekstur erlendis hjá bönkunum og áður var. Hins vegar liggur ekki fyrir núna hverjar endanlegar álagningarprósentur verða.

Sérstakur kostnaður Fjármálaeftirlitsins vegna neyðarlaganna greiðist af ríkissjóði og kemur ekki inn í þetta. Með neyðarlögunum fól Alþingi Fjármálaeftirlitinu miklu víðtækara og í rauninni allt annað hlutverk en það hafði áður og er meginhlutverk þess. Þótt um hafi verið að ræða tímabundið verkefni er hlutverkið allt annað samkvæmt lögum. Lögin kveða á um dagsetningar, hvenær Fjármálaeftirlitið skili skýrslu og eins að endurskoða þurfi lögin með tilliti til þróunar þannig að sjálfsagt, eðlilegt og nauðsynlegt er að endurskoða þetta núna.

Ekki var hjá því komist að leggja frumvarpið fram, burt séð frá nýlegum hremmingum. Ef frumvarpið hefði ekki komið, hefðu gilt áfram ákvæði gildandi laga með álagningarprósentunum sem þar eru og enn hærri álagningu en frumvarpið gerir ráð fyrir, lykilatriði er að það komi fram. Að sjálfsögðu eru störf eftirlitsins ekki hafin yfir gagnrýni, frekar en annarra stofnana þjóðfélagsins, langt frá því. Rannsóknin sem forsætisnefnd vinnur að — að mér er sagt með fulltrúum allra þingflokka á Alþingi — undirbýr slíka rannsókn á aðdraganda bankafallsins, hlut stjórnvalda og stofnana stjórnvalda. Undan þeirri rannsókn er að sjálfsögðu enginn undanskilinn, það er svo langt frá því, og enginn er dreginn undan, heldur þvert á móti. Þess vegna er sérstaklega ósmekklegt að draga eftirlitið og aðrar stofnanir fram sem sérstaka sökudólga í ferlinu þegar morgunljóst er að gríðarlega margt olli hruni einkareknu bankanna. Að sjálfsögðu er það ekki hafið yfir gagnrýni og margt þarf að skoða og endurskoða í regluverki okkar og kerfisuppbyggingu.

Ljóst er að við munum ekki geta sett bankana, þegar þeir verða seldir að hluta eða einhvern veginn, í slíka útrás nema í gjörbreyttu umhverfi. Framtíð eftirlitsins og bankanna eru stór verkefni sem stjórnvöld, Alþingi og ríkisstjórn þurfa að leiða til lykta, það er að sjálfsögðu ekki búið. Nú sex vikum eftir þá alvarlegu og sögulegu atburði, að kerfisbankarnir allir féllu, erum við rétt lögð af stað í þann leiðangur.

Eins og hv. þm. Guðfinna Bjarnadóttir rakti vel og skilmerkilega eru mjög öflugir sérfræðingar fengnir erlendis frá til að taka þátt í upphafi vinnunnar og ég er mjög bjartsýnn á hana. Að sjálfsögðu mun Alþingi, allir stjórnmálaflokkarnir, verkalýðshreyfingin, atvinnulífið o.s.frv. koma að vinnunni. Ógnarstórt verkefni er að byggja upp nýtt bankakerfi, skapa bönkunum nýjar meginreglur og starfsreglur og skilgreina samskipti stjórnvalda við bankana á meðan ríkið á þá, sem er að sjálfsögðu tímabundið ástand, bráðabirgðaástand. Auðvitað verður það sett í einhvern farveg.

Ég hef oft sagt og sagði strax hér í upphafi að mér finnst að þegar ferlið hefst og ríkið losar um eignarhald á bönkunum eigi að skoða alvarlega að ríkið eigi áfram hlut a.m.k. í einhverjum þeirra, eins og var gert í Noregi. Ég held að slík blanda félagslegs reksturs og einkareksturs eigi mjög vel við í fjármálastarfsemi. Blandað hagkerfi sósíaldemókratísku Norðurlandanna hefur reynst sérstaklega vel í alþjóðlegu fjármálakreppunni. Þar blasir við okkur hversu mikilvægt er að fjármálalegur stöðugleiki fari ekki úrskeiðis, en hann skiptir öllu máli og þegar hann er ekki til staðar fer allt annað úr skorðum. Þessu hafa menn gætt að sums staðar á Norðurlöndunum þar sem ríkið á hlut í bönkunum þó að stór hluti hafi verið losaður, m.a. í dreifða eignaraðild. Lykilatriði er að þegar bankarnir verða seldir aftur þarf að standa allt öðruvísi að og tryggja dreifða eignaraðild innlendra og erlendra aðila, jafnvel eignarhald ríkisins að hluta og margt annað. Óheppilegt var, eins og við hefur blasað, að salan á sínum tíma endaði með því að fáir áttu stóra hluti. Það gefur augaleið að staða banka versnar sjálfkrafa ef staða eigenda versnar og margar hættur skapast af því, þannig að við þurfum að læra af reynslunni.

Alls þessa mun rannsóknin ná til af því að orsakir bankahrunsins ná líka til upphafsins. Þegar bankarnir voru seldir fór af stað ákveðið ferli. Þeir gátu hafið starfsemi, eins og ég rakti áðan, með starfsleyfi sínu á Íslandi hvar sem er á Evrópska efnahagssvæðinu, reglurnar lágu fyrir. Þeim voru engar sérstakar hömlur settar heldur þvert á móti var almennt í þjóðfélaginu hvatt til útrásar og umsvifa erlendis enda skilaði það mörgu ungu fólki starfstækifærum úti um víða veröld o.s.frv. En bakgrunnurinn var veikur, hlutfallsvandinn var til staðar, kerfisgallinn var þar og blasti alltaf við okkur.

Þess vegna þurfum við að skoða orsakir og aðdraganda falls bankanna af því að þar liggja margir þræðir á löngum

tíma. Enginn einn, engir tveir og engir þrír eru meginsökudólgar, þetta er þróun sem sett var af stað á pólitískum forsendum fyrir mörgum árum síðan. Svo varð hún til þess að þetta féll með þessum hætti. Að ýmsu var unnið til að reyna að betrumbæta kerfið. Á þessu ári var unnið að því að breyta starfsemi útibúa erlendis í dótturfélög. Sú þróun var á fleygiferð, sú vinna, sem Jón Sigurðsson, stjórnarformaður FME, lýsti í viðtali við *Morgunblaðið* í febrúar að væri meginverkefni hans og hlutverk, að starfsemin yrði færð yfir í dótturfélög þannig að þarlendir bankar, tryggingasjóðir og bakhjarlar stæðu á bak við starfsemina en ekki þeir íslensku. Þar með mundi efnahagsreikningur íslensku bankanna minnka sem og hlutfallsvandinn og kerfisgallinn ekki verða eins stór og alvarlegur og ógnvekjandi og hann var á síðustu árum. Margt var skoðað og ekki gafst tími til að ljúka því af því að lausafjárkreppan brast svo skyndilega á og olli dramatískum straumhvörfum í efnahagslífi okkar.

[12:30]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra gat þess alveg réttilega að þetta mikla hrun og sú erfiða staða sem komin er upp á sér aðdraganda, byrjaði í einkavæðingu og sölu bankanna og einkavinavæðingu þeirra, þá fór hún á fullt og síðan með þeirri spillingu sem eftir fylgdi.

Fjármálaeftirlitinu var ætlað mikilvægt hlutverk í þessu sambandi. Ég hef alltaf haft miklar efasemdir um að jafnmikilvæg grundvallareftirlitsstofnun og Fjármálaeftirlitið er skuli vera fjármögnuð af aðilunum sem það á að hafa eftirlit með. Þannig var rekstur Fjármálaeftirlitsins beintengdur þeim gjöldum sem voru lögð á viðkomandi fjármálafyrirtæki. Mín skoðun var sú að Fjármálaeftirlitið væri svo mikilvægt að það ætti að vera hlutlaus aðili og ekki að eiga nein fjárhagsleg hagsmunatengsl við þann sem það hefði eftirlit með, það ætti að hafa stöðu eins og umboðsmaður Alþingis, vera fjármagnað af fjárlögum beint og lúta Alþingi en ekki fyrirtækjunum. Í ljósi þess hvernig nú hefur til gengið vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála mér í því og það eigi að huga að því að slík eftirlitsstofnun, hvort sem það er Ríkisendurskoðun eða Fjármálaeftirlit, að það skipti svo miklu máli að það sé hlutlaus staða og eigi að fá hliðstæða stöðu og umboðsmaður Alþingis, sé ekki háð neinum.

Það eru margir sem tortryggja Fjármálaeftirlitið og það er orðið fyllilega rétt og nauðsynlegt að taka út hlut og gjörðir og vangjörðir Fjármálaeftirlitsins hvað varðar eftirlitsskylduna með (Forseti hringir.) peningastofnunum á undanförnum árum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er sú skoðun ekki enn (Forseti hringir.) komin í gang?

[12:33]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvernig slíkum eftirlitsstofnunum eru markaðar tekjur má ræða lengi. Ég spyr mig að því hvort þessi uppbygging sé að hluta til gerð einmitt til að efla sjálfstæði stofnunarinnar af því að Fjármálaeftirlitið er líklega með sjálfstæðari stofnunum í þjóðfélaginu samkvæmt okkar lögum af því að hún verður að vera það, hún er eftirlitsstofnun. Pólitísk íhlutun í eftirlitshlutverkið má náttúrlega alls ekki eiga sér stað. Þess vegna er henni markaður tekjustofn með þessum hætti en hún ekki undirseld vilja Alþingis frá ári til árs og líkast til væri eftirlitið miklu minna en það er núna ef svo væri. Þetta er gert með þeim hætti að eftirlitið flytur skýrslu, viðskiptaráðherra í framhaldi af því frumvarp um gjöld og tekjustofna eftirlitsins sem eru síðan samþykkt sem lög frá Alþingi á hverju einasta ári. Ég held því einmitt að þetta fyrirkomulag hafi reynst býsna vel.

Það hefur ekki farið fram neitt sérstakt endurmat á því enn þá. Þetta er það form sem var valið fyrir tíu árum þegar Fjármálaeftirlitið var stofnað og tekið út úr Seðlabanka sem bankaeftirlit og búið til glænýtt fyrirkomulag þar sem vátryggingarstarfsemin og margt fleira var sett undir og saman og ég tel að þar hafi að mörgu leyti tekist ágætlega til. Í þessari endurskoðun og endurmati okkar á uppbyggingu bankakerfis, uppbyggingu eftirlitsstofnana, hvernig getum við gert fjármálaumhverfið öruggara, betra, þannig að þetta sem gerðist gerist aldrei aftur, hvernig getum við byggt upp enn þá öflugri eftirlitsstofnanir og eftirlitsiðnað, sem oft var talað um hér af fyrirlitningu af ákveðnum stjórnmálaöflum. Þetta þurfum við allt að fara í gegnum og þess vegna er allt undirselt endurskoðun hvað þetta varðar, það er alveg á hreinu. Ég hef hingað til haft þá skoðun að þetta fyrirkomulag geri eftirlitið öflugra og sjálfstæðara en ef það væri undirselt Alþingi hvað varðar tekjustofna af því að þetta er svona einhver millileið sem er farin og hefur reynst ágætlega.

[12:35]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sýni einmitt veruleikafirringu ríkisstjórnarinnar og hæstv. viðskiptaráðherra að segja að þetta hafi gengið ágætlega með Fjármálaeftirlitið og þess vegna sé það hið besta mál.

Ég held að staðreyndin sé einmitt hin að Fjármálaeftirlitið, stjórn Fjármálaeftirlitsins, stjórn Seðlabankans og ríkisstjórnin öll hafi glatað trausti hvað varðar það að fylgja eftir eftirlitshlutverki sínu og að standa vörð um hag íslensks almennings og íslensks efnahags. Ég hef alltaf gagnrýnt stöðu Fjármálaeftirlitsins og tel að það eigi að vera fullkomlega óháð þeim fyrirtækjum og stofnunum sem það hefur eftirlit með.

Það er því ekki að ástæðulausu, frú forseti, sem tillögu til þingsályktunar hefur verið dreift, henni var að dreift rétt áðan, tillögu um vantraust á ríkisstjórnina og þingrof og nýjar kosningar sem verður tekið til umræðu eins fljótt og kostur er og fer vel á því og hittir það einmitt í umræðunni um Fjármálaeftirlitið og fjármálastjórnina hvort sem það er af hálfu Fjármálaeftirlitsins, Seðlabankans eða ríkisstjórnarinnar, að þá sé dreift hér á Alþingi tillögu til þingsályktunar um vantraust á ríkisstjórnina og þingrof og nýjar kosningar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Stjfrv., 53. mál (yfirtökureglur). — Þskj. 53.

[12:37]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi um breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, 53. mál á þskj. 53.

Með þessu frumvarpi eru gerðar tillögur að breytingum á ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti er snerta yfirtökur. Núgildandi reglur um yfirtökur voru settar með lögum nr. 31/2005 sem m.a. innleiddu ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/25/EB um yfirtökutilboð. Komið hefur í ljós að reglurnar eru ekki nægilega skýrar og það hefur leitt til ágreinings um túlkun á reglunum. Til að bregðast við þeirri óvissu skipaði ég nefnd í nóvember 2007 til að fara yfir yfirtökureglur og gera tillögur að breytingum á þeim. Auk þess var nefndinni ætlað að gera tillögur að innleiðingu á 11. gr. yfirtökutilskipunarinnar en hún var undanskilin við innleiðingu tilskipunarinnar árið 2005. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins, Samtaka fjármálafyrirtækja og yfirtökunefndar.

Á starfstíma sínum fór nefndin í gegnum íslenska löggjöf um yfirtökur með hliðsjón af skipunarbréfi nefndarinnar og tilskipun ESB, sem og lög og reglur í nágrannalöndum okkar. Niðurstaða nefndarinnar var sú að gera þyrfti nokkrar breytingar á yfirtökukafla laganna um verðbréfaviðskipti og er fyrirliggjandi frumvarp byggt á tillögum meiri hluta nefndarinnar að teknu tilliti til álits minni hluta nefndarinnar og umsagna hagsmunaaðila.

Helstu breytingarnar sem felast í frumvarpi þessu eru eftirfarandi og talsverðar:

Gert er ráð fyrir að yfirtökuskylda miðist við 33% atkvæðisréttar en ekki 40% eins og er nú. Á starfstíma sínum lét nefndin gera hagfræðilega úttekt á eignarhaldi hlutafjár hér á landi. Úttektin leiddi í ljós að samþjöppun á eignarhaldi á Íslandi er algengari en dreift eignarhald og ljóst að stórir hluthafar geta auðveldlega farið með yfirráð án þess að hafa öðlast 40% atkvæðisréttar. Breytingunni er því ætlað að auka minnihlutavernd en Ísland er eitt örfárra landa EES þar sem yfirtökumörk miðast við hærra atkvæðavægi en 33%. Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að ef eigandi hlutafjár á meira en 33% atkvæðisréttar í félagi sem skráð var á skipulegan verðbréfamarkað við gildistöku laganna verði hann ekki tilboðsskyldur ef hann eykur ekki við hlut sinn. Sama gildir hafi aðili á grundvelli samstarfs við aðra hluthafa yfir að ráða sem nemur 33% atkvæðisréttar í félaginu við gildistöku laganna. Þeir félagar sem eiga yfir yfirtökumörkum við gildistöku laganna geta því ekki aukið við hlut sinn án þess að verða yfirtökuskyldir. Þrátt fyrir að það geti í einhverjum tilfellum verið strangt þykir rétt að láta sjónarmið um minnihlutavernd vega þyngra en hagsmuni stórra hluthafa.

Samkvæmt núgildandi lögum hvílir tilboðsskylda á þeim aðila samstarfs er eykur við hlut sinn. Þótt sú regla sé einföld í framkvæmd getur hún verið ósanngjörn og stundum óheppileg, til dæmis ef sá sem eykur við hlut sinn fer með tiltölulega lítinn hluta atkvæðisréttar í samstarfinu. Af þeim sökum er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti í undantekningartilfellum tekið ákvörðun um að færa tilboðsskyldu yfir á höfuðaðila samstarfsins en með höfuðaðila er átt við þann aðila samstarfshópsins sem ræður yfir mestu hlutafé. Það þykir einnig rétt að kveða á um það í lagatextanum að Fjármálaeftirlitið geti heimilað að aðrir en hluthafar megi einnig standa að tilboði saman með þeim sem er tilboðsskyldur og taka af skarið um það að ábyrgð á slíku tilboði sé óskipt.

Gildissvið kaflans er nú afmarkað í heild í lögunum í stað þess að í núgildandi lögum er ráðherra heimilt að kveða á um undanþágur frá ákvæðum kaflans í reglugerð. Er það í samræmi við markmið laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, en með þeim voru yfirtökureglur lögfestar í heild sinni og horfið frá því fyrirkomulagi að hafa þær að hluta í reglugerð.

Með frumvarpinu er kveðið á um með víðtækari hætti en nú er hvenær aðilar teljast vera í samstarfi. Ástæða breytinganna er sú að erfitt hefur reynst að fullnægja sönnunarkröfum gildandi laga um það hvenær samstarf milli aðila telst með þeim hætti að það leiði til yfirtökuskyldu en það hefur gert þeim aðilum er sinna eftirliti á þessu sviði erfitt um vik.

Í frumvarpinu er lagt til að aðila kunni að vera skylt að gera opinberlega grein fyrir því hvort hann íhugi að gera yfirtökutilboð í félag. Er það með hliðsjón af einni af meginreglum yfirtökutilskipunarinnar sem kveður á um að yfirtökutilboð eigi ekki að hindra rekstur félags lengur en sanngjarnt er. Ljóst er að það getur komið sér mjög illa fyrir rekstur félags ef óvissa ríkir um hvort yfirtökutilboð verði lagt fram. Það verður einnig að teljast ósanngjarnt gagnvart hluthöfum og öðrum fjárfestum ef slík óvissa heldur félagi í gíslingu í langan tíma. Sambærilega reglu er að finna í öðrum Evrópuríkjum og er hún nátengd reglum um meðferð innherjaupplýsinga og markaðsmisnotkun.

Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að stjórnarmenn verði að gera grein fyrir því hvort þeir og aðilar þeim fjárhagslega tengdir hyggist taka yfirtökutilboði og að yfirlýsing þeirra verði bindandi. Þær upplýsingar geta verið verðmætar fyrir marga hluthafa enda sýna þær betur en nokkuð annað hvort stjórnarmönnum finnst tilboðið hagstætt eða ekki. Er þessi regla sérstaklega mikilvæg í ljósi þess að í frumvarpinu er kveðið á um að frá upphafi tilboðstímabils og fram að því tímamarki er upplýsingar um niðurstöðu tilboðs eru birtar, gilda ekki reglur um birtingu flöggunar- og innherjatilkynninga heldur skulu slíkar tilkynningar birtar í beinu framhaldi af birtingu upplýsinga um niðurstöður tilboðsins og samhliða ef kostur er.

Lögfesting björgunarákvæðis er eitt af þeim nýmælum sem lögð eru til í frumvarpinu. Björgunarákvæðið felur í sér að við vissar aðstæður geti aðili farið yfir yfirtökumörk án þess að verða tilboðsskyldur. Á það við ef að þær aðgerðir sem leiða til aukningar hluta umfram yfirtökumörk eru hluti af aðgerðum til að bjarga félagi í fjárhagserfiðleikum eða hluti af endurskipulagningu félags sem á í fjárhagserfiðleikum. Eðlilegt er að slík heimild sé í lögum svo hægt sé að ráðast í endurskipulagningu félags án þess að sá sem eykur við hlut sinn við slíkar aðstæður gerist yfirtökuskyld-

ur. Þá hefur verðlækkun á mörkuðum sýnt að slík heimild í lögum geti verið mikilvæg. Þar sem um er að ræða veigamikla undantekningu frá meginreglum laganna er nauðsynlegt að sótt sé um slíka undanþágu fyrir fram og að Fjármálaeftirlitið hafi um það að segja hvort og hvernig þetta megi gerast. Þá er einnig mikilvægt að stjórn umrædds félags styðji björgunaraðgerðir fyrir hönd annarra hluthafa.

Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar.

[12:44]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir er verið að færa yfirtökuskylduna niður hlutfallslega, úr 40% í 33%.

Ég velti fyrir mér, og hæstv. ráðherra getur kannski upplýst mig um það, stöðu hinna minni hluthafa sem hafa á undanförnum árum orðið að sæta yfirtöku. Þeir hafa sætt yfirtöku þannig að yfirtökuaðilinn hefur með beinni tilskipun beitt yfirtökuskyldunni þannig að ef viðkomandi vill ekki selja eða afhenda bréf sín á því verði sem sett er sem gangverð eða yfirtökuverð þá hefur verið hægt að sækja þau og viðkomandi er þá varnarlaus gagnvart því.

Þó að það sé svo sem gott og blessað að vera með yfirtökuskyldur hefur mér sýnst að einmitt þessir minni hluthafar séu nánast réttlausir. Ég minnist Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki, sem ég átti bréf í og var líka að nokkru leyti eins konar almenningshlutafélag á móti ríki og sveitarfélagi og langflestir Skagfirðingar áttu hlut í. Allt í einu seldi ríkið og sveitarfélagið hluti sína, einkavæddu það og aðrir aðilar yfirtóku, fjárfestingaraðilar sem hugsuðum bara um það eitt að græða á þeim og almenningur sem hafði lagt fé sitt í Steinullarverksmiðjuna var skikkaður til þess að afhenda bréfin (Forseti hringir.) og vera kippt út. Ég minnist þess og ég spyr hæstv. ráðherra hvort það séu engar varnir fyrir almenning eða fyrir fólk (Forseti hringir.) sem á litla hluti og vill fá að halda þeim.

[12:47]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta ákvæði er sérstaklega hugsað sem neytendavernd og minnihlutavernd og er baráttumál þeirra sem vinna að hagsmunum smærri fjárfesta og hluthafa. Þeir hafa talað mjög fyrir þessu sjónarmiði og börðust fyrir því að það yrði sett í lög. Þetta er umdeilt ákvæði á milli minni hluta og meiri hluta.

Þarna er um að ræða yfirtökuskyldu sem felst ekki í því að lítill hluthafi sé skyldugur til þess að selja heldur er sá stóri skyldugur til að gera honum tilboð sem er í flestum tilfellum á yfirverði. Verið er að tryggja að slíkar hræringar verði til þess að minni hluthafinn fái eins gott tilboð og hugsast getur í sinn hlut. Svo ræður hann því sjálfur hvort hann selur.

Hér er því um að ræða mikla neytendavernd, minnihlutavernd, og eins og ég nefndi áðan hafa neytendasamtök og samtök smærri fjárfesta víða um lönd fjallað um þetta. Í aðdraganda þessa frumvarps hefur verið rætt hvort setja eigi þetta ákvæði í lög. Það er umdeilt eins og annars staðar þar sem miklir hagsmunir eru undir. En ég fagnaði því mjög að sjónarmið minni hlutans, eða sem sagt minnihlutaeigendanna og smærri hluthafa, urðu ofan á þarna og þess vegna er frumvarp þetta komið hingað inn.

[12:48]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta mál kemur að sjálfsögðu inn til hv. viðskiptanefndar, sem ég sit í, til frekari skoðunar. En mér er enn óljóst hver staða minnihlutaeigenda er varðandi að þeir haldi sínum bréfum. Ég man eftir þingmáli sem flutt var líklega í fyrra eða hittiðfyrra — mig minnir að það hafi verið hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, sem var 1. flutningsmaður að því — um hvernig hægt væri að standa vörð um og tryggja stöðu minni hluthafa í fyrirtækjum.

Það var vilji til þess en ég get ekki séð að hann birtist í þessum lögum hér. Við höfum orðið vör við hina taumlausu græðgisvæðingu á undanförnum árum. Sá sem kemst yfir meiri hluta hefur haft rétt til þess að kúga minni hlutann og beita hann alls konar yfirgangi, yfirtökum og afarkostum hvað það varðar. Ég tel mjög mikilvægt að þau atriði séu skoðuð mjög vandlega þegar við förum yfir frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti sem hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir einmitt til þess að tryggja aukið og bætt siðferði innan þessa geira og að tryggja rétt þeirra aðila sem eiga minni hlutann þar.

Við höfum séð hvernig þetta hefur gerst. Almenningur hefur lagt í almenningshlutafélag og allt í einu hefur einhver hefur komist yfir ráðandi hlut í félaginu, beitir yfirtöku og almenningur hefur ekki átt neinar varnir gagnvart þeirri græðgi sem endurspeglast þar. Ég legg áherslu á að við í (Forseti hringir.) viðskiptanefnd munum skoða þetta mál vandlega, frú forseti.

[12:50]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nefndin mun að sjálfsögðu fara yfir margt af því sem þingmaðurinn kallar eftir ítarlegum upplýsingum og skýringum á. En yfirtökuskyldan myndast að sjálfsögðu bara í skráðum félögum og er hugsuð sem mikil neytenda- og réttarvernd fyrir þá sem eru í minni hluta í slíkum félögum. Það er aldrei neinn skyldugur til að selja. Stóri hluthafinn er skyldugur til að gera tilboð.

Auðvitað stendur sá sem á stóran hluta alltaf betur en sá sem á lítinn hluta. Það er eðli málsins. Þess vegna er svo mikilvægt að beita öllum tiltækum ráðum til að bæta stöðu lítilla fjárfesta í skráðum hlutafélögum. Ég tek alveg undir það með þingmanninum að þeir hagsmunir hafa örugglega verið fyrir borð bornir og rýrir í fortíðinni. Þess vegna kemur þetta frumvarp hérna inn.

Það er engin spurning um að viðskiptanefnd mun fara ítarlega í gegnum það og gera breytingar á því og viðbætur ef þörf er á til að bæta stöðu þeirra enn frekar þegar að því kemur. Eins og við þekkjum úr nefndavinnu í þinginu er þar einstakt tækifæri til að fara mjög ítarlega ofan í mál og kalla eftir álitum allra hugsanlegra sérfræðinga. Mál taka oft stakkaskiptum í þingnefndum og koma oft miklu betri út úr nefndunum en þegar þau fóru inn. Þau eru unnin af ráðuneytum og ráðherrum, fara svo fyrir nefndina og stór-

bætir þingið málin oft. Róttæk umbótamál verða enn þá róttækari og enn þá betri þannig að þessi mál verða örugglega skoðuð mjög vandlega í nefndinni.

[12:52]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frumvarp hæstv. viðskiptaráðherra um breyting á lögum um verðbréfaviðskipti og þá sérstaklega þau ákvæði sem varða yfirtökur. Þar er brugðist við því að núgildandi lög um yfirtökur sem ætlað er að innleiða svokallaða yfirtökutilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 2004 þykja ekki nógu skýr. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að lögin hafi reynst erfið í framkvæmd og skapað ákveðna réttaróvissu í tengslum við yfirtökureglur.

Fyrir um ári síðan skipaði hæstv. viðskiptaráðherra, eins og fram hefur komið, nefnd undir stjórn Bjargar Finnbogadóttur, lögfræðings í viðskiptaráðuneytinu, sem falið var að fara yfir yfirtökureglurnar og gera tillögur að úrbótum og bregðast þannig við réttaróvissunni. Frumvarpið er afrakstur þeirrar nefndarvinnu.

Umrætt frumvarp felur í sér margvíslegar breytingar en kannski helst þá að kveðið er á um að yfirtökuskylda í félögum myndist við 33% atkvæðisréttar í stað 40% enda er Ísland eitt örfárra landa þar sem yfirtökumörkin eru hærri en 33%. Þá er skerpt á ákvæðum um gildissvið laganna með tilliti til erlendra félaga og sérstaklega kveðið á um hvernig gildissvið snertir útgefendur verðbréfa með skráðar höfuðstöðvar í mismunandi ríkjum.

Til dæmis er gert ráð fyrir að íslensk félög sem skráð eru á markað á Íslandi sem og önnur félög sem skráð eru á markað á Íslandi og í öðru landi, þ.e. íslensk félög, falli undir gildissvið laganna. Það á einnig við um félög frá ríki utan EES sem eingöngu er skráð á markað á Íslandi. Þá er nánar kveðið á gildissvið laganna gagnvart útgefendum sem hafa skráðar höfuðstöðvar í öðru EES-ríki sem og gagnvart útgefendum sem hafa höfuðstöðvar utan EES.

Í frumvarpinu er nánar skilgreint hvenær aðilar teljast vera í samstarfi. Á því þurfti að skerpa. Einnig er kveðið á um flöggunar- og innherjatilkynningar og skerpt á því og jafnframt ábyrgð stjórnarmanna að gera grein fyrir því hvort þeir eða tengdir aðilar hyggist taka yfirtökutilboði.

Þá er í frumvarpinu sérstaklega fjallað um svokallað björgunarákvæði sem felur í sér að aðilar geti við sérstakar aðstæður farið yfir yfirtökumörkin án þess að verða tilboðsskyldir. Það á t.d. við þegar um er að ræða að bjarga félagi í fjárhagserfiðleikum og þarf þá að sjálfsögðu að rökstyðja það.

Ekki er talið að frumvarpið hafi í för með sér aukinn kostnað eða útgjöld fyrir ríkissjóð. Viðskiptanefnd mun væntanlega fá til sín gesti og umsagnir til að fylgja eftir markmiðum frumvarpsins sem er, eins og áður sagði, fyrst og fremst til að eyða þeirri réttaróvissu sem til staðar er í núgildandi lögum.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

[Fundarhlé. — 12:56]

Hlutafélög og einkahlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 145. mál (EES-reglur). — Þskj. 161.

[13:31]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, mál nr. 145 á þingskjali 161.

Með þessu frumvarpi, sem samið var í viðskiptaráðuneytinu, er stefnt að því að einfalda reglur í lögum um hlutafélög og jafnframt í lögum um einkahlutafélög við samruna og skiptingu án þess þó að slíkt dragi úr vernd hluthafa og lánardrottna. Gert er ráð fyrir að sleppa megi skýrslugjöf utanaðkomandi aðila um samrunaáætlun ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja. Er talið að ákvæðin dragi helst úr kostnaði hjá litlum félögum, t.d. við samruna innan samstæðu. Má þá nefna tvö systurfélög sem einn og sami hluthafi á. Slíkur samruni getur alloft átt sér stað. Ákvæðin eiga rætur sínar að rekja til áætlunar Evrópusambandsins um að draga úr stjórnsýslubyrðum.

Um er að ræða innleiðingu á ákvæðum varðandi hlutafélög í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/63/EB frá 13. nóvember 2007 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/855/EB og 82/891/EB að því er varðar kröfu um skýrslu óháðs sérfræðings í tengslum við samruna eða skiptingu hlutafélaga. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XXII. viðauka félagaréttar við EES-samninginn frá 2. maí 1992.

Tilskipunin tekur til hlutafélaga en gert er ráð fyrir samsvarandi breytingum til einföldunar í lögum um einkahlutafélög, enda ákvæði um samruna og skiptingu svipuð í báðum lögunum. Breytingarnar á almennum ákvæðum um samruna og skiptingu leiða síðan til þess að gera þarf samtímis smávægilegar breytingar á ákvæðum framangreindra laga um millilandasamruna og millilandaskiptingu þar sem reglur eru einfaldari fyrir.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Að öðru leyti vísa ég í athugasemdir með frumvarpinu og vænti þess, virðulegi forseti, að því verði vísað til viðskiptanefndar að lokinni umræðu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 1. umr.

Stjfrv., 139. mál (hlutverk, stjórn og gjaldtaka). — Þskj. 154.

[13:35]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Landsbókasafn – Háskólabókasafn.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um Landsbókasafn – Háskólabókasafn. Frumvarpið er byggt á vinnu nefndar sem skipuð var í janúar árið 2006 til þess að endurskoða lögin, og lög einnig um Þjóðskjalasafn Íslands.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum með frumvarpinu urðu nokkrir þættir til þess að ekki var talin ástæða til að sameina eða samþætta starfsemi Landsbókasafns – Háskólabókasafns og Þjóðskjalasafnsins. Réði þar mestu að staða Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Þjóðskjalasafns Íslands er um margt mjög ólík þegar litið er til aðstöðu og húsakosts sem og stefnumörkunar og þróunar á undangengnum árum.

Við samningu frumvarpsins voru eftirfarandi áherslur hafðar að leiðarljósi:

1. Nauðsyn þess að endurskilgreina hlutverk Landsbókasafnsins í samræmi við breyttar áherslur og hlutverk bókasafna á 21. öldinni. Í því sambandi er rétt að rifja upp gildandi lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 71/1994, áttu rætur í sameiningu Landsbókasafnsins og bókasafns Háskóla Íslands. Tilgangur þeirra var að búa til eitt bókasafn sem mundi þjóna jafnt sem þjóðbókasafn og bókasafn þjóðarskólans okkar, Háskóla Íslands. Frá þessum tíma hafa verið settir á stofn nokkrir háskólar og eins og menn þekkja hefur orðið nokkuð mikil breyting á háskólavettvangnum og grundvallarbreyting í rauninni orðið á háskólaumhverfinu í landinu öllu sem að mínu mati þarf að taka mið af.

Í frumvarpinu er byggt á því að heiti safnsins verði óbreytt en safninu verði heimilt að veita öðrum háskólum þjónustu eftir því sem nánar er kveðið á um í þjónustusamningi.

2. Upplýsingatækni hefur haft mikil áhrif á samfélagið frá setningu núgildandi laga og kröfur til þjónustu opinberra aðila hafa aukist, m.a. með tilkomu almenns aðgengis almennings að internetinu. Þá er mikilvægt að löggjöfin sjálf taki mið af þessari þróun þannig að hún geti stuðlað að víðtækri þjónustu með nýrri tækni.

3. Þörf er á að einfalda ákvæði gildandi laga um stjórnskipulag og rekstur safnsins til að auðvelda stjórnun þess og auka viðbragðsgetu á hverjum tíma þegar ný tækifæri skapast í sjálfri starfseminni.

Herra forseti. Eins og hér hefur verið rakið miðar frumvarpið að því að uppfæra einstök ákvæði gildandi laga til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa og þar með formgera betur hlutverk og viðfangsefni safnsins þannig að það geti betur tekist á við verkefni sín í framtíðinni. Með frumvarpinu eru safninu þannig ekki falin ný viðfangsefni, heldur undirstrikaðar ákveðnar áherslur í starfsemi þess og þróun næstu árin.

Þá er í samræmi við reglur um ábyrgð forstöðumanna á rekstri og starfsemi ríkisstofnana kveðið nánar á um hlutverk stjórnar gagnvart ábyrgð landsbókavarðar.

Ég leyfi mér að lokum að leggja til, virðulegi forseti, að frumvarpinu verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntamálanefndar.

[13:38]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna frumvarps til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sem er að finna á þskj. 154, 139. mál þessa þings. Þar er verið að setja nýja löggjöf um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, styrkja stöðu þess og taka tillit til þeirra breytinga sem upplýsingatæknin í rauninni og fjölgun skóla á háskólastigi hefur haft í för með sér og þurfa að hafa á starfshætti og notkun safnsins.

Ég geri ekki athugasemdir við þá þætti sem hæstv. ráðherra rakti í framsögu sinni en ég tók ekki eftir því að hæstv. ráðherra kæmi að 8. gr. frumvarpsins. Í henni er gert ráð fyrir því að safninu verði heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu sína og þar er átt við útlánastarfsemi, millisafnalán, fjölföldun, gerð ljósmynda o.fl. og enn fremur að landsbókavörður muni setja gjaldskrá um gjaldtöku á þjónustu safnsins.

Ég tel, herra forseti, að hér sé um mjög alvarlega tímaskekkju að ræða ef það er innlegg hæstv. menntamálaráðherra að leggja með þessum hætti aukna gjaldtöku á stúdenta og nám á háskólastigi. Ekki hefur verið rukkað fyrir útlán á námsgögnum hingað til, kennarar hafa getað vísað á safnið og stúdentar nýtt sér það sér að kostnaðarlausu.

Við skulum athuga hverjir nota háskólabókasafnið mest, Landsbókasafn — Háskólabókasafn. Það eru einmitt stúdentar og kennarar við háskólann þannig að hér gæti verið um töluverð útgjöld að ræða þegar til heildarinnar er litið.

Þegar maður lítur svo á fylgiskjal með frumvarpinu frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis er afskaplega lítið á því að græða, rétt eins og greinargerðinni sjálfri, það er ekkert á greinargerðinni að græða.

Um 8. gr. segir þar, með leyfi forseta:

„Í ákvæðinu er fjallað um gjaldtökuheimildir safnsins. Þarfnast það ekki nánari skýringar.“

Í umsögn um þetta frumvarp frá fjárlagaskrifstofunni segir að þar sem ekki liggi fyrir hvernig þessar gjaldtökuheimildir verði nýttar sé ekki unnt að áætla fjárhæðir í því sambandi.

Ég tel að áður en hv. Alþingi samþykkir að leggja stúdentaskatt á notkun bóka og annarra námsgagna á Landsbókasafni — Háskólabókasafni þurfi að liggja fyrir til hvers þetta ákvæði sé sett í lög. Hvað er það há fjárhæð sem á að leggja á þá sem safnið nota?

Erindi mitt í þennan stól er að gera athugasemdir við þetta, benda á að samkvæmt því sem komið hefur fram í fjölmiðlum hefur ekki komið inn á borð stúdentaráðs eða annars staðar í stjórnsýslu háskólans að það eigi að leggja þetta gjald á. Ég hlýt að lýsa yfir vonbrigðum mínum með að ekki skuli haft betra samráð við háskólann og stúdenta áður en menn koma með, eins og hæstv. ráðherra gerir hér, tillögur um aukna gjaldtöku af þessu tagi. Ég endurtek, herra forseti, mér finnst þetta alvarleg tímaskekkja nú á tímum þegar þrengir að. Við erum að reyna að hvetja til þess að menn stundi frekar nám þegar minna verður um atvinnu í samfélaginu og þá er ekki rétti tíminn til þess, hæstv. ráðherra, að gera tillögur um auknar álögur á stúdenta eða kennslu.

[13:43]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þingmaður verði að fara varlega í túlkun sína á þessu, að segja að þetta séu beinar álögur á stúdenta. Þetta er heimildarákvæði fyrir safnið sem það þarf að hafa ef upp koma aðstæður sem stjórn safnsins telur að þurfi að beita. Þessu er ekki beint gegn stúdentum, heldur er þetta einfaldlega mikilvægt ákvæði til þess að safnið nái að þróa sig áfram. Það er mikilvægt að þessi heimild sé til staðar. Með þessu er ekki verið að segja að auknar álögur verði lagðar á stúdenta, það er fjarri lagi. Ég tel hins vegar mikilvægt að hafa heimildarákvæði sem þetta til að geta komið til móts við líka ófyrirséð útgjöld sem hugsanlega verða á næstunni.

[13:44]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé, eins og ég sagði áðan, algerlega nauðsynlegt að menn átti sig á því hvaða fjárhæðir hér er um að ræða. Ég tel ekki eðlilega röksemdafærslu að segja: Safnið þarf að hafa heimildir til þess að innheimta gjöld til þess að hafa upp í kostnað sem hugsanlega kann að aukast á næstunni. Þetta er ekki boðleg stjórnsýsla. Til þess voru lagaákvæði sett um að frumvörpum skyldi fylgja yfirlit yfir kostnaðarauka eða tekjuauka sem í þeim kynni að felast gagnvart ríkissjóði.

Það er alveg ljóst að ef gjaldtökuheimildir skila safninu einhvers konar sértekjum gæti ríkissjóður hugsanlega lækkað framlag sitt til safnsins sem því næmi. Það hefur auðvitað gerst víða í samfélaginu að menningarstofnanir og rannsóknastofnanir hafa verið settar undir þá kvöð að þurfa alltaf að afla sér meiri og meiri sértekna. Menn hafa farið í alls kyns kostun og leitað leiða til þess að mæta þessari kröfu ráðuneytisins um sértekjur og ég sé ekki betur en að verið sé að varpa slíkri kvöð yfir á Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Því segi ég og endurtek: Áður en hv. Alþingi samþykkir tillögur sem þessar hlýtur að þurfa að liggja fyrir hversu mikið á að innheimta því að það er alveg ljóst samkvæmt orðanna hljóðan í 8. gr. að það á að innheimta gjald, það á að heimila innheimtu gjalds fyrir útlánastarfsemi á safninu, og það er jú það sem stúdentar og kennsla við Háskóla Íslands byggir á.

[13:45]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka að einmitt út frá stjórnsýslulegu tilliti skiptir máli að heimildarákvæði sé skýrt í lögum ef kemur til t.d. ófyrirséðra útláta af hálfu stofnunarinnar eða stofnunin stendur frammi fyrir slíku. Stofnunin hafi þá ákveðna heimild til þess að setja á ákveðin gjöld. Með þessu er ekki verið að segja að það verði almennt tekið upp. Ég hvet hv. menntamálanefnd einfaldlega til þess að fara mjög gaumgæfilega yfir þetta ákvæði. Ég held að það skipti mjög miklu máli. Það er óþarfi að sá fræjum tortryggni í þessa veru. Þetta eru bara nútímastjórnsýsluhættir sem menn setja hér fram og það er ósköp eðlilegt að þetta heimildarákvæði verði til staðar fyrir stjórn og stjórnendur stofnunarinnar, þannig að það sé skýrt. Hv. menntamálanefnd mun náttúrlega fara yfir þetta gaumgæfilega.

[13:46]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hæstv. ráðherra um að það sé óþarfi að sá fræjum tortryggni vil ég leyfa mér að vísa til vefmiðilsins dv.is. Miðvikudaginn 12. nóvember birtist þar um klukkan 18:00 viðtal við Björgu Magnúsdóttur, formann stúdentaráðs Háskóla Íslands, um þetta atriði, um þetta lagafrumvarp, þar sem hún segir og ég les, með leyfi forseta, viðtalið:

„„Ég geri athugasemd við að þetta hafi aldrei komið inn á borð til stúdentaráðs eða neins staðar í stjórnsýslu skólans. Það er undarlegt að lesa um þetta í fjölmiðlum þar sem þetta snertir stúdenta við háskólann mjög mikið,“ segir Björg Magnúsdóttir, formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands, um nýtt lagafrumvarp Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra, sem mun veita Landsbókasafninu heimild til þess að innheimta gjöld fyrir útlánastarfsemi.“

Það er alveg ljóst, herra forseti, að stúdentar við Háskóla Íslands vita nákvæmlega hvað hér er á ferð. Formaður stúdentaráðs bendir einnig á í þessu viðtali að Bologna-ferlið kveður á um að stúdentar skuli hafðir með í ráðum þegar málefni háskólans eru rædd og að gengið hafi verið á svig við það í þessu frumvarpi.

Ég tek undir þau orð hæstv. ráðherra að það er mjög nauðsynlegt að menntamálanefnd fari allítarlega ofan í þetta heimildarákvæði. Ég trúi því og treysti að þangað verði fulltrúum stúdenta boðið til þess að tjá sig, annars vegar um notkun þeirra á safninu og safngripum og hins vegar um þeirra hugmyndir um fyrirhugaða gjaldtöku.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og menntmn.

Embætti sérstaks saksóknara, 1. umr.

Stjfrv., 141. mál (rannsókn á fjárþroti fjármálafyrirtækja). — Þskj. 156.

[13:49]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Í frumvarpi því sem hér er til umræðu er lagt til að stofnað verði embætti sérstaks saksóknara sem annist rannsókn á grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við hinar sérstöku og mjög óvenjulegu aðstæður á fjármálamarkaði sem upp hafa komið og eftir atvikum fylgi rannsókninni eftir með útgáfu ákæru og saksókn.

Gert er ráð fyrir að hið sérstaka rannsóknar- og saksóknaraembætti verði ekki varanlegt heldur starfi tímabundið og við niðurlagningu þess hverfi verkefni embættisins til annarra saksóknara- og lögregluembætta í samræmi við almenn ákvæði lögreglulaga og laga um meðferð sakamála.

Embætti saksóknarans er viðbót við stofnanir ákæruvaldsins og mun því ekki hrófla við verkaskiptingu milli

ákæruvalds og lögreglu annars vegar og annarra eftirlitsstofnana hins vegar, svo sem Fjármálaeftirlits og skattrannsóknarstjóra ríkisins. Að þessu verður vikið nánar síðar.

Virðulegi forseti. Ég fékk tækifæri til að kynna frumvarpið og efni þess fyrir allsherjarnefnd á opnum fundi nefndarinnar þriðjudaginn 11. nóvember síðastliðinn. Urðu þar gagnlegar umræður um efnisþætti málsins.

Eitt af þeim atriðum sem rætt var um voru valdheimildir hins sérstaka saksóknara og hvaða hlutverk hann hefði þegar kæmi að því að rannsaka hrun bankanna. Í því sambandi skal undirstrikað að saksóknarinn er eins og áður segir viðbót við stofnanir ákæruvaldsins. Embættið er sett á fót til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi við þær sérstöku og óvenjulegu aðstæður á fjármálamarkaði sem komu upp við fall bankanna þriggja.

Með bréfi ríkissaksóknara til mín, dagsett 6. nóvember sl., kom fram að hann teldi nauðsynlegt að fengnir yrðu erlendir aðilar, svokallaðir „forensic auditors“, til þess að sinna nákvæmri úttekt á starfsemi bankanna í tengslum við þá atburði sem leiddu til hruns þeirra. Þessari skoðun deili ég með ríkissaksóknara og tel afar brýnt að slíkir óháðir aðilar verði kallaðir til og rannsaki aðdraganda og ástæður fyrir hruni íslenska fjármálakerfisins. Slík rannsókn kann þó eflaust að hafa í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir ríkissjóð sem gæti hlaupið á hundruðum milljóna.

Virðulegi forseti. Rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taka meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota, þar með talið brota sem rannsökuð eru af Fjármálaeftirlitinu og kærð eru til lögreglu, eins og fram kemur í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Eins og þingmönnum er kunnugt er það hlutverk Fjármálaeftirlitsins að rannsaka brot á lögum á sviði fjármálamarkaðar sem undir það heyra. Ef um er að ræða brot á lögunum ákveður Fjármálaeftirlitið hvort það afgreiðir það með stjórnsýslusekt eða sátt. Ef um alvarlegt brot á lögunum er að ræða, sem varðar refsingu kærir Fjármálaeftirlitið það til lögreglu til opinberrar rannsóknar. Mál sem eru hjá Fjármálaeftirlitinu fara þannig einungis til lögreglu að undangenginni kæru. Er þessi málsmeðferð niðurstaða af vinnu nefndar sem forsætisráðherra skipaði fyrir nokkrum árum til að ræða viðurlög við efnahagsbrotum.

Þessi verkaskipting milli Fjármálaeftirlits og lögreglu hefur bæði kosti og galla. Víst er að málsmeðferð fyrir stjórnsýslueftirlitsaðila getur verið skilvirkari og kostnaðarminni en fyrir refsivörsluaðila. Hins vegar tel ég að menn verði að gæta þess að aðgangur almennings sé jafnopinn að þessum stjórnsýslumálum eins og í refsimálunum. Ég tel ekki ásættanlegt að þau mál sem upp koma vegna bankakreppunnar og Fjármálaeftirlitið rannsakar og lýkur innan sinna vébanda séu sveipuð leyndarhjúp. Þau mál verða að vera á borðinu rétt eins og refsimál, verði um þau að ræða. Almenningur á kröfu á að vita ef lög voru brotin í aðdraganda hrunsins eða í kjölfar þess. Hugtök eins og þagnarskylda og bankaleynd eiga að heyra sögunni til þegar jafnmikilvægir hagsmunir eru í húfi og nú.

Annað atriði sem ég vildi nefna er varðar rannsóknar- og ákæruheimildir hins nýja embættis er um hversu víðtækt valdsvið er. Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur fram að hið nýja embætti skuli sett á stofn til að rannsaka grun um háttsemi sem átti sér stað í aðdraganda og tengslum við þá atburði er leiddu til setningar hinna svokölluðu neyðarlaga. Hér er vitaskuld átt við alla þá háttsemi sem tengst gæti hruni bankanna þriggja, hvort sem hún átti sér stað í aðdraganda þess, á meðan eða í kjölfarið og hvort sem hún tengist bönkunum beint eða starfsháttum lífeyrissjóða, annarra lögaðila eða einstaklinga. Valdheimildir embættisins eru sem sagt bundnar við þessa atburði alla og gætu náð til alls er þeim tengdust svo lengi sem um er að ræða efnahags-, auðgunar- eða skattabrot eða skyld brot.

Hvað varðar rannsókn og saksókn á grun um refsiverða háttsemi í tengslum við brot í opinberu starfi er ekki gert ráð fyrir að hinn sérstaki saksóknari hafi það hlutverk með höndum. Vissulega getur ríkissaksóknari, á grundvelli heimilda sinna í 5. mgr. 27. gr. laga um meðferð opinberra mála og 3. mgr. 21. gr. laga um meðferð sakamála, falið hinum sérstaka saksóknara rannsókn og eftir atvikum útgáfu ákæru og saksókn vegna sakarefna sem tengjast framangreindu hlutverki embættis hans, eins og beinlínis er gert ráð fyrir í 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Þessu ákvæði er þó ekki ætlað að taka til atvika er tengjast broti í opinberu starfi og munu því þau brot fara í hefðbundinn farveg hjá ákæruvaldi og lögreglu, ef svo má að orði komast.

Þá er í frumvarpinu lagt til að ríkissaksóknara verði heimilt, að tillögu hins sérstaka saksóknara, að falla frá saksókn á hendur þeim starfsmanni eða stjórnarmanni fyrirtækis sem hefur frumkvæði að því að láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar vegna brota sem tengjast fyrirtækinu og tengdum fyrirtækjum, svo og æðstu stjórnendum þeirra, ef talið er líklegt að upplýsingarnar eða gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á brotum sem falla undir rannsóknar- og ákæruvald sérstaks saksóknara samkvæmt lögum þessum eða séu mikilvæg viðbót við fyrirliggjandi sönnunargögn. Er hér um að ræða það sem nefnt er á ensku „whistleblower“. Það skal tekið sérstaklega fram að gert er ráð fyrir ströngum skilyrðum fyrir beitingu þessarar heimildar. Nánar tiltekið að rökstuddur grunur liggi fyrir um að gögnin eða upplýsingarnar tengist alvarlegum brotum, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra reynist torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir brotunum.

Ákvæðið á sér nokkra fyrirmynd í 3. mgr. 42. gr. samkeppnislaga sem heimilar Samkeppniseftirlitinu að láta vera að kæra til lögreglu refsiverða háttsemi manna sem að eigin frumkvæði hafa látið í té upplýsingar eða gögn að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Almennar heimildir til að fella niður saksókn er nú að finna í 113. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 146. gr. sakamálalaga. Í f-lið 2. mgr. 113. gr. laga nr. 19/1991 og d-lið 3. mgr. 146. gr. laga nr. 88/2008 er að finna heimildir til að fella niður mál ef sérstaklega stendur á og almannahagsmunir krefjast ekki málshöfðunar.

Þá er rétt að geta þess að í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er að finna ákvæði er hafa áhrif á ákvörðun refsingar í sakamáli. Annars vegar er um að ræða 9. tölulið 1. mgr. 70. gr. þar sem kveðið er á um að við refsiákvörðun skuli litið til þess hvort viðkomandi hafi upplýst um aðild annarra að broti. Hins vegar má nefna 9. tölulið 1. mgr. 74.

gr. þar sem heimilt er að lækka refsingu ef viðkomandi segir af sjálfsdáðum til brots síns og skýrir hreinskilnislega frá öllum atvikum að því.

Að baki því ákvæði sem hér er lagt til að verði tekið í lög býr það sjónarmið að brýnir almannahagsmunir geti krafist þess að ákveðið verði að falla frá saksókn í slíkum tilvikum í þeim tilgangi að unnt verði að afla sönnunargagna um alvarleg efnahagsbrot sem nánast útilokað væri að færa sönnur á með öðru móti.

Við samningu þessa frumvarps var rætt um þann möguleika að hafa þessa heimild almenna en frá því var hins vegar horfið og ákveðið að einskorða hana við þetta frumvarp. Þessa heimild mætti þó á síðari stigum taka upp í lög um meðferð sakamála ef vel tekst til með beitingu hennar.

Virðulegi forseti. Ég hef hér gert grein fyrir höfuðatriðum í þessu frumvarpi. Það hefur nú verið tilbúið til flutnings frá því í síðustu viku og verið rækilega kynnt fyrir hv. allsherjarnefnd á góðum fundi okkar hinn 11. nóvember eins og ég lét getið. Ég vænti þess að nefndin hraði meðferð málsins eins og kostur er því að ég tel mjög brýnt að þetta frumvarp verði að lögum sem fyrst svo unnt sé að hefja starfsemi þessa embættis sérstaks saksóknara sem hér er lagt til að verði stofnað.

Með þessum orðum legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

[14:00]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir þá glöggu framsögu sem hann hafði fyrir frumvarpinu sem hér er til umræðu. Óeðlilegir hlutir kalla á ákveðnar ráðstafanir en þá skiptir máli að löggjafarvaldið og þeir sem fara með framkvæmdarvaldið gæti þess að fara ekki út fyrir eðlileg mörk þannig að sjónarmið og hugmyndir sem búa að baki réttarríkinu séu alltaf í heiðri höfð. Sérstaklega þarf að gæta að því þegar um er að ræða meðferð sakamála og saksókn og með hvaða hætti málum er fylgt fram.

Á óvenjulegum tímum, þegar miklir atburðir gerast, kann mönnum á stundum að sjást yfir heildarmyndina vegna þess að eitthvað blasir við sem síðan kemur í ljós að var ekki með þeim hætti sem virtist. Þannig hefur íslenskt réttarkerfi farið í gegnum ákveðnar prófraunir með málum sem hafa orðið fræg og orðið viðfangsefni blaða, þar sem farið var af stað með miklum látum en uppskeran varð harla rýr, eftirtekjan, þegar hulunni hafði verið svipt af.

Sennilega er frægasta mál þess eðlis hið svokallaða Hafskipsmál sem fékk mjög víðtæka umræðu, ekki síst á Alþingi, og þegar upp var staðið lá fyrir að þrátt fyrir að gríðarlegum fjármunum og miklum tíma hefði verið eytt í saksókn stóð mjög lítið eftir af þeim atriðum sem lagt var af stað með í ákærum. Þar var m.a. um það að ræða að vegna vanhæfis hins opinbera saksóknara þurfti að skipa sérstakan saksóknara sem átti í sjálfu sér rétt á sér miðað við það tilefni á sínum tíma.

Nú erum við að fjalla á öðrum tíma um annað atriði. Vegna þeirra hluta sem réttarkerfið hefur gengið í gegnum hafa verið gerðar ákveðnar lagfæringar. Á síðasta þingi höfðum við til meðferðar og afgreiddum rétt fyrir þinglok mjög metnaðarfullt frumvarp sem hæstv. dómsmálaráðherra lagði fram um meðferð sakamála. Það frumvarp var afgreitt frá Alþingi og samkvæmt ákvæðum þess tekur það gildi 1. janúar 2009. Mitt mat var það að um töluverða bót væri að ræða í meðferð sakamála. Þá var spurningin hvernig hægt væri að styrkja þá réttarskipun, þau rannsóknarúrræði og þá saksóknara sem fara eiga með völd samkvæmt þessum heildarlögum um meðferð sakamála.

Af þeim sökum geri ég þær helstu athugasemdir við frumvarpið sem hér liggur fyrir hvort við séum að fara rétta leið með því að skipa sérstakan saksóknara í því tilviki sem hér um ræðir frekar en að styrkja það réttarkerfi sem byggist á heildarlögum um meðferð sakamála sem afgreitt var á síðasta þingi. Ég hefði talið heppilegra að litið hefði verið til þess að hefja mætti hluti fyrr og hægt hefði verið að setja það í farveg strax í kjölfar bankahrunsins ef farið hefði verið í að setja sérstakar fjárveitingar til þess að gangast í þær rannsóknir sem miðað er við í frumvarpinu — og ég tek heils hugar undir að þær rannsóknir þarf að gera. Ég hygg að enginn ágreiningur sé um það að sem víðtækust rannsókn þarf að fara fram á þeim málum.

Þá komum við líka að spurningunni um það hvernig Alþingi ætlar að koma að þeim málum. Ég hef verið talsmaður þess, og hef gert grein fyrir því í umræðum, að eðlilegt væri að Alþingi skipaði rannsóknarnefnd á grundvelli 39. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. sérstaka rannsóknarnefnd. En eftir því sem það mál hefur þróast hafa komið upp hugmyndir um að sett yrðu sérstök lög um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna, þar sem úttekt yrði gerð á því og mat lagt á það hvort um mistök og vanrækslu hafi verið að ræða og hverju sé um að kenna. Í fyrsta lagi þarf að gæta að því: Á hvers höndum á handhöfn rannsóknarinnar að vera? Þarna erum við annars vegar að fjalla um rannsókn sem Alþingi stæði hugsanlega fyrir, sem í sjálfu sér er ekki sakamálarannsókn, rannsókn sem er annars eðlis en hlýtur óhjákvæmilega að tengjast.

Þegar þetta er haft í huga, og mér hefur virst vera vilji fyrir því að Alþingi hefði ákveðna handhöfn í rannsókn þessara mála allra og að nauðsynlegt væri að velta við hverjum steini og kanna þau mál til hlítar sem þar er um að ræða þannig að það lægi ljóst fyrir hvað olli því mikla efnahagshruni sem varð í byrjun október — leita og finna hvort einhverjum var um að kenna og þá hverjum og með hvaða hætti og hvort hægt hefði verið að gera hlutina betur.

Við erum hér að fjalla um þá spurningu hvort einhverjir hafi brotið lög, hvort grundvöllur sé fyrir því að sækja menn, einstaklinga eða lögaðila, til saka fyrir að hafa farið fram með refsiverðum hætti. Við höfum mjög vandaða lagaumgjörð um meðferð sakamála og ég hef ekki fengið nægjanlegar röksemdir fyrir því að víkja eigi frá henni með því að setja embætti sérstaks saksóknara. Ég tel skipta máli að embætti héraðssaksóknara, sem hafa með mál af þessum toga að gera, yrði sérstaklega styrkt.

Ég vil vekja athygli á því sem segir í greinargerð með frumvarpinu, á bls. 4, með leyfi forseta:

„Um nokkurt árabil hefur markvisst verið reynt að grafa undan trausti í garð þeirra, sem unnið hafa ötullega að rannsókn og ákærum vegna efnahagsbrota. Til þessarar hörðu atlögu var stofnað vegna rannsókna og ákæru gegn einu af

viðskiptaveldum landsins, sem berst nú fyrir lífi sínu.“

Ég tel að enginn þurfi að fara í grafgötur um að í þessu stjórnarfrumvarpi, sem stjórnarflokkarnir og ríkisstjórnin eru sammála um að flytja, er vísað til svokallaðra Baugsmála. Þá er verið að lýsa því viðhorfi ríkisstjórnarinnar að markvisst hafi verið reynt að grafa undan trausti í garð þeirra sem unnið hafa ötullega að rannsókn og ákærum vegna efnahagsbrota í sambandi við meðferð þess máls.

Vel kann að vera að sú fullyrðing geti átt einhvern rétt á sér. Það er hins vegar nokkuð sérstakt að sjá fullyrðingu sem þessa í greinargerð með lagafrumvarpi eins og því sem hér um ræðir. Einmitt þess vegna er spurningin þessi: Hvaða stöðu hefur sérstakur saksóknari? Hvaða lagavernd hefur hann miðað við þá sem eru ráðnir í stöðu héraðssaksóknara? Ég velti því fyrir mér, hæstv. dómsmálaráðherra, hvort með þessu sérstaka lagafrumvarpi er verið að leggja til að þeir sem eru skipaðir þannig njóti sambærilegrar lagaverndar og hafi sömu stöðu og að hagsmuna þeirra sem einstaklinga sé gætt í jafnríkum mæli og kveðið er á um í hinum almennu lögum um meðferð sakamála. Þetta hlýtur allt að vera til skoðunar.

Annað atriði vekur spurningar. Hæstv. dómsmálaráðherra segir í framsöguræðu sinni hér áðan að þagnarskylda og bankaleynd eigi að heyra sögunni til. Þá er alltaf spurning hvort verið er að tala um núið eða hvort verið er að tala um að móta eigi réttarreglur til framtíðar. Á hæstv. dómsmálaráðherra við það að þagnarskylda almennt og bankaleynd almennt eigi að heyra sögunni til eða bara í þeim sérstöku tilvikum sem leiddu til þess bankahruns sem hér um ræðir? Ef skilja má orð dómsmálaráðherra eins og þau voru sögð og flutt hér áðan, ef við ætlum að breyta þessum grundvallarreglum, mundi það heldur betur kalla á breytingar á margvíslegum lögum. Ég reikna með að dómsmálaráðherra hafi eingöngu verið að vísa til þess sem gerst hefur en ekki til þess að móta ætti hér samfélag þar sem ekki væri um þagnarskyldu að ræða eða bankaleynd. Hvað svo sem öðru líður hljótum við að sjá að ákveðnar reglur verða að vera í sambandi við það, og bara almennar reglur um þagnarskyldu opinberra starfsmanna svo að ekki sé vikið að öðru.

Síðan komum við í annan þátt sem er veruleg spurning. Það er ákvæði 4. gr. þar sem kveðið er á um að einstaklingur sem veitir upplýsingar sæti ekki ákæru þótt upplýsingar eða gögn leiði líkur að broti viðkomandi aðila. Hér finnst mér við vera komin út á nokkuð hála braut. Mér finnst ekki eðlilegt að setja almennt ákvæði sem þetta í lagafrumvarp um embætti sérstaks saksóknara. Það væri eðlilegt að við skoðuðum þá refsileysisástæður almennra hegningarlaga og settum almenn lög sem kvæðu á um mismunandi réttarúrræði og heimildir dómstóla til að taka ákvarðanir um það hvað skyldi leiða til þess vegna sýknu eða niðurfellingar ákæru ef um það væri að ræða. En mér finnst óeðlilegt að setja það í lög um sérstakan saksóknara að þessi ákvæði skuli gilda í þessum ákveðnu tilvikum. Ég tel miklu eðlilegra að hafa og móta almennar réttarreglur um hvaða hlutir þurfi að koma til til þess að almennt sé fallið frá saksókn gagnvart þeim aðilum sem veita upplýsingar. Mér finnst með öllu óeðlilegt að taka þessa sérreglu upp með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu.

Við verðum að miða við hagsmuni og reglur réttarríkisins. Það er jú það sem skiptir höfuðmáli. Þá megum við ekki fara á svig við þær almennu reglur sem gilda um sönnun, um það hverjir eigi að bera refsiábyrgð. Við getum ekki farið að setja í sérlög ákvæði um það að í vissum tilvikum skuli ákvæði og afbrot, sem þess vegna eiga sér hliðstæðu í mörgum öðrum tilvikum — í þessum sérstöku tilvikum skuli þau vera refsilaus en í öðrum tilvikum ekki. Slíkt grefur að mínu viti undan réttarríkinu og hugmyndum um jafnræðisreglu og jafnræði milli aðila. Ég ítreka að mér hefði fundist eðlilegra að frekar yrðu mótaðar mismunandi reglur í almennum hegningarlögum um það, sem ég tel að séu löngu tímabærar — að fjalla um það í hvaða tilvikum, og heimila dómstólum mat á því, megi sýkna, dæma til annarra viðurlaga en t.d. fangelsisrefsingar eða sekta. Sem dæmi mætti nefna meðferðarúrræði ýmiss konar, þannig að slík ákvæði — og það er Alþingis og dómsmálaráðherra að meta það og móta slíkar almennar réttarreglur. Mér finnst afar vafasamt að gera það í sérlögum um embætti sérstaks ríkissaksóknara við þessar sérstöku aðstæður.

Það sem skiptir máli, og ég tel að við séum sammála um það, er að styrkja réttarríkið. Um það er að ræða, og ég legg á það þunga áherslu, að við eigum fyrst og fremst að styrkja þær grunnstoðir sem réttarríkið byggist á. Ég tel það mun heppilegra en að setja málin í sérfarveg hverju sinni.

[14:15]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég tel að málið sem við ræðum hér sé almennt frekar jákvætt vegna þess að við reynum að bregðast við þeim hörmungum sem við upplifum nú, hruni bankanna og miklum efnahagslegum afleiðingum. Eins og ég hef skilið orðræðu ráðamanna, hæstvirtra ráðherra, um málið er frumvarpið, sem hér er flutt, hluti af uppgjöri við fortíðina, alla vega orðaði hæstv. forsætisráðherra það svo þegar hann ræddi þessi mál í þinginu að við þyrftum að fara í uppgjör við fortíðina og rannsaka málin. Þetta mál er angi af því.

Hæstv. dómsmálaráðherra hefur líka tjáð sig á fyrri stigum um málið, sem nú er í frumvarpsformi, í hátíðasal háskólans 17. október og þar dró hann fram, með leyfi forseta:

„Skilvirk og árangursrík rannsókn og dómsmeðferð brota, sem kunna að koma í ljós við fall bankanna, ætti að sefa reiði, efla réttlætiskennd og auka trú borgaranna á réttarríkið auk þess að gegna varnaðar- og uppeldishlutverki til framtíðar. Þá er skilvirk og réttlát meðferð slíkra mála til þess fallin að efla lífsnauðsynlegt traust umheimsins í garð íslensks fjármálakerfis.“

Ég vil taka undir að mjög brýnt er að sefa reiðina sem nú er uppi í samfélaginu, rannsaka málin, sjá hvað gerðist og eftir atvikum færa lögreglunni slík mál til rannsóknar og reyna að gera þau upp. Annars ríkir ekkert traust til framtíðar í samfélaginu, þannig að málið er mjög jákvætt að þessu leyti.

Miðað við orð sem hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde hefur látið falla er ástæða til að hafa sterkan grun um að eitthvað saknæmt hafi verið á ferli. Ég hef alla vega heyrt hæstv. forsætisráðherra ræða þrisvar á þeim nótum. Í

fyrsta skipti á einum blaðamannafundanna, sem haldnir voru dag eftir dag þegar bankarnir féllu, en þá kom hæstv. forsætisráðherra því á framfæri að brýnt væri ef eitthvert saknæmt atferli væri á ferðinni að þeir sem slíkt hefðu stundað sættu ábyrgð á því. Hæstv. forsætisráðherra kom þessu einnig til skila á blaðamannafundi sem ég var viðstödd í Helsinki í Finnlandi og dró þetta sérstaklega fram, m.a.s. án þess að vera spurður, og svo í ræðu hér á Alþingi þann 15. október þegar við ræddum skýrslu hæstv. forsætisráðherra um stöðu bankamála. Þá sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Ef minnsti grunur leikur á því að framin hafi verið lögbrot er alveg skýrt að viðkomandi aðilar verða dregnir til ábyrgðar.“

Þetta vekur auðvitað upp miklar grunsemdir — m.a. hjá þeirri er hér stendur, sem er í stjórnarandstöðu og hefur því miður ekki mikinn aðgang að gögnum — um að hugsanlega sé eitthvað saknæmt á ferli.

Mikið álag hefur áður verið á rannsóknastofnanir okkar, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, og ég vil nefna að í greinargerð eða athugasemdum við lagafrumvarpið kemur hæstv. dómsmálaráðherra inn á það og dregur fram að það hafi — og ég ætla að vitna beint í ræðu hæstv. dómsmálaráðherra í hátíðarsal Háskóla Íslands 17. október, með leyfi forseta:

„Um nokkurt árabil hefur markvisst verið reynt að grafa undan trausti í garð þeirra, sem unnið hafa ötullega að rannsókn og ákærum vegna efnahagsbrota. Til þessarar hörðu atlögu var stofnað vegna rannsókna og ákæru gegn einu af viðskiptaveldum landsins, sem berst nú fyrir lífi sínu. Ákæruvald og lögregla hafa að sjálfsögðu staðið þessa hrinu af sér.“

Ekki þarf að fara í grafgötur um hvað hér er átt við. Þetta er að sjálfsögðu rannsóknin sem fór fram á Baugi og dálítið merkilegt er að rifja það allt saman upp, því greinilegt var að stjórnmálaflokkarnir höfðu sterkar skoðanir á rannsókninni. Samfylkingin var t.d. með miklar árásir og gagnrýna umræðu á hæstv. dómsmálaráðherra þegar sú rannsókn fór fram og lagði sig verulega fram við að reyna að veikja ríkislögreglustjóraembættið. Það muna allir eftir því sem (Gripið fram í.) hafa verið í stjórnmálum um nokkurn tíma. (Gripið fram í.) Það var mikill ábyrgðarhluti hjá Samfylkingunni að reyna að grafa undan lögreglunni og ríkislögreglustjóraembættinu sem rannsakaði málið. Þetta var mikið álag á ríkislögreglustjóraembættið og efnahagsbrotadeildina en eins og hér kemur fram og er rétt kláraði lögreglan það mál og stóð ágætlega sterk eftir, þrátt fyrir árásirnar.

Nú kemur næsta verkefni og það er ekki af verri endanum, miðað við stærð og umfang. Málið er auðvitað geysilega stórt og nú þarf að rannsaka fall þriggja banka. Það er því rétt sem kemur fram í ræðu hæstv. dómsmálaráðherra og ég ætla að leyfa mér að vitna áfram í hana, með leyfi forseta:

„Fyrir hafa þessar stofnanir næg verkefni á sinni könnu, auk þess ráða þær tæplega, hvorki yfir nægum mannafla né nægilegri sérþekkingu á þeim atriðum, sem hér koma til álita. Rannsókn flókinna efnahagsbrota, saksókn og dómsmeðferð er tímafrek og kostnaðarsöm í samanburði við önnur sakamál.“

Þetta er hárrétt og að því leyti er mjög eðlilegt að fara þá leið að setja upp sérstakt saksóknaraembætti sem fær þessi mál til rannsóknar og sé grunur á refsiverðri háttsemi, t.d. færslu fjármuna í aðdraganda hrunsins, fer það til lögreglurannsóknar. Ég vildi halda sérstaklega til haga að eðlilegt er að styrkja þær stofnanir sem eiga að taka á málum okkar og ég er algjörlega opin fyrir því að setja upp nýtt embætti saksóknara eins og hér er lagt til.

Ég vil þó slengja því hér með, fyrst ég ræði um embætti sérstaks saksóknara, að mér finnst heitið sérstakur saksóknari frekar óþjált og velti því fyrir mér — og ef hæstv. dómsmálaráðherra mun taka hér til máls síðar væri ágætt ef hann gæti sagt okkur hvort eitthvað hefði verið rætt í ráðuneytinu — að nefna embættið eitthvað annað. Heiti sem væri meira lýsandi, bankahrunssaksóknari eða bankamálasaksóknari eða eitthvað sem væri þjálla fyrir almenning og allir vissu hvað við væri átt þegar viðkomandi aðili tæki til starfa, því ljóst er að grannt verður fylgst með störfum viðkomandi embættis og persónu. Þá væri ágætt að allir vissu um hvað er rætt þegar vinna viðkomandi væri rædd.

Virðulegur forseti. Ég vil líka spyrja hæstv. dómsmálaráðherra, vegna þess að við komum málunum að vissu leyti í einhvers konar lögreglufarveg, út í ræðu Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra. Ef ég skil það rétt sem þar var sagt, sem maður ætti kannski ekki að fullyrða neitt um á þessu stigi, en ég ætla alla vega að leyfa mér að lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

„Af hverju fær almenningur, sem á að borga brúsann, og sá brúsi er engin smásmíði, engar gagnlegar upplýsingar þótt allt ætti nú að vera á borðinu hjá þeim sem hafa mál hinna föllnu banka í höndunum og allt að blasa við eins og opin bók. Niðurfelling forráðamanna Kaupþings á ábyrgðum sínum og annarra hafði legið fyrir vikum saman án þess að nokkuð væri um það upplýst. Það var ekki fyrr en hneykslaðir starfsmenn láku þessum upplýsingum út sem þær urðu almannaeign. Og síðan hefur ekkert verið upplýst, hvernig því máli verður fylgt eftir. Ábendingar sem bárust um að kalla til lögreglu strax í upphafi hafa ekki fengið brautargengi. Eru menn að bera fyrir sig bankaleynd í þessu sambandi? Bankaleynd á ekki lengur við hvað þessi atriði varðar.“

Mig langar að inna hæstv. dómsmálaráðherra, sem er yfirmaður lögreglunnar í landinu, eftir því hvort þetta sé rétt, hvort ábendingar hafi borist til lögreglunnar og ef svo er, hver kom með slíkar ábendingar? Ef ekki er hægt að upplýsa það, af hverju var þá ekki brugðist við? Hér talar seðlabankastjóri, sem er einn af æðstu yfirmönnum bankakerfisins, og ástæða til þess að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra, yfirmann lögreglunnar, um það, fyrst seðlabankastjóri gagnrýnir þetta opinberlega, af hverju lögreglan var ekki kölluð til ef hún fékk ábendingar. Var hún stoppuð af eða er þetta ekki rétt?

Virðulegur forseti. Ég velti einnig fyrir mér 4. gr. í frumvarpinu, sem fjallar um svokallaða uppljóstrara eða hvíslara eða litla landsímamanninn, eins og sumir vilja kalla það. Þá sem samkvæmt greininni eiga að geta komið upplýsingum á framfæri til þessa sérstaka saksóknara og sloppið við að sæta sjálfir kæru ef upplýsingarnar geta af-

hjúpað glæpsamlegt athæfi, jafnvel þó að þeir gætu hafa gerst brotlegir við lög. Við þurfum að skoða þetta atriði mjög vel í nefndinni. Að vissu leyti er það mjög þarft og sniðugt, því erfitt gæti reynst að rannsaka svona mál nema einhver innanbúðarmaður hjálpi til við að upplýsa um það en á sama tíma er ekki hægt að sleppa viðkomandi við allar refsingar ef brotið er mjög alvarlegt. Ég sé að í greinninni er reynt að koma málum þannig fyrir að þetta sé í lagi en ég held að við þurfum að skoða þetta virkilega vel í nefndinni þegar við förum nánar í hverja grein fyrir sig.

Líka er nauðsynlegt, virðulegi forseti, að passa upp á að málið skarist ekki við aðrar rannsóknir sem fram munu fara. Ég skil frumvarpið svo að viðkomandi saksóknari eigi jafnvel að geta rannsakað mál sem Samkeppniseftirlitið og bankaeftirlitið rannsaka. Svo þarf líka að passa að sú rannsókn skarist ekki við rannsóknina sem Alþingi mun setja af stað og hæstv. forseti Sturla Böðvarsson undirbýr ásamt öllum stjórnmálaflokkunum. Ég fagna því sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að æskilegt væri að skoða hvernig Alþingi gæti haft samráð við og eftirlit með embætti sérstaks saksóknara. Hægt væri að setja upp einhvers konar samráðs- og eftirlitsnefnd fulltrúa allra þingflokka sem gæti þá hitt viðkomandi forstöðumann reglulega til að fylgjast með framgangi rannsóknarinnar. Ég held að mjög jákvætt sé að skoða það frekar.

Ég vil líka minnast á opna fundinn með allsherjarnefnd 11. nóvember, sem hæstv. dómsmálaráðherra minntist á í ræðu sinni, þar sem við fengum kynningu á málinu án þess að það væri þá komið til umræðu í þinginu. Þá kom mjög skýrt fram hjá hæstv. dómsmálaráðherra — og ég vil fagna þeim orðum sem hann lét þar falla — um að hann væri opinn fyrir því að nefndin skoðaði frekar með hvaða hætti stjórnmálaflokkarnir á Alþingi gætu komið að ráðningu sérstaks saksóknara. Í frumvarpinu stendur að dómsmálaráðherra eigi að skipa sérstakan saksóknara sem þarf m.a. að fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara og ég tel að þetta sé eitthvað sem nefndin þarf að skoða af því að mikið traust verður að ríkja til embættisins og sátt um ráðninguna. Við höfum ansi oft séð mikla ósátt um ráðningar. Ég geri mér grein fyrir því að sjálfsagt er erfitt að koma upp einhvers konar „concensus“-ferli um ráðningu í svona embætti, það að einhverjir hafi neitunarvald á vali viðkomandi aðila. Ég held að óhjákvæmilegt sé að skoða þetta í nefndinni vegna sérstakra aðstæðna sem eiga sér upphaf og endi, embætti sérstaks saksóknara verður lagt niður eftir eitt og hálft ár ef ég skil frumvarpið rétt, og því verður að skoða virkilega vel hvort hægt sé að sameinast um einhverja leið þannig að traust og trúnaður ríki frá hendi allra stjórnmálaflokka til viðkomandi embættis.

[14:30]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil lýsa miklum stuðningi við þetta frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra. Mér þóttu ýmsar spurningarnar sem hv. þingmaður varpaði til ráðherrans vera mjög athyglisverðar.

Hv. þingmaður veltir því fyrir sér hvort sú rannsókn sem hér er lögð til að fari fram geti skarast við þá rannsókn sem væntanlega fer fram í krafti laga sem ég vænti að Alþingi samþykki að frumkvæði forsetans og forustumanna stjórnmálaflokkanna. Það kemur skýrt fram í frumvarpinu að það liggja gagnvegir millum þessarar rannsóknar og þeirrar og því tel ég ekki að þau mál muni skarast að nokkru leyti. Ég skil þetta frumvarp þannig að ef það kemur með einhverjum hætti upp eitthvað sem saknæmt kynni að teljast í rannsókn þeirrar nefndar sem síðar verður sett á laggirnar þá verði því m.a. vísað til þessa embættis.

Ég vil svo líka segja að hv. þingmaður velti því fyrir sér og hafði greinilega einhverjar efasemdir um að það kynni að vera álitaefni hvort samþykkja ætti sérstakt ákvæði sem undanþiggur uppljóstrara eða heimildarmann þeim refsingum sem í dag liggja í íslenskum lögum við því að brjóta bankaleynd.

Ég tel að eitt þarfasta ákvæðið í frumvarpi hæstv. dómsmálaráðherra sé einmitt sú viðleitni að reyna að laða fram upplýsingar með því að undanþiggja þá sem veita þær hugsanlegum viðurlögum vegna brota á bankaleynd. Ég tel að það sé mjög þarft hjá hæstv. ráðherra að gera það.

Síðan vil ég lýsa stuðningi við það sem hv. þingmaður upplýsir að hæstv. ráðherra hafi sagt í nefndinni, að hann vildi gjarnan að þingnefndin kæmi að því að velja mann sem á að taka að sér þetta embætti. Ég hafði ekki heyrt það áður hjá hæstv. dómsmálaráðherra en ég tel að það undirstriki vilja hans og ríkisstjórnarinnar til að ná sem mestri sátt um þetta mál og ég held að það sé (Forseti hringir.) mjög mikilvægt.

[14:32]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég túlka það sem svo að hæstv. iðnaðarráðherra hafi viljað koma ýmsum athugasemdum sínum á framfæri í því formi sem andsvarið er. Að minnsta kosti fann ég ekkert í orðum hæstv. iðnaðarráðherra sem var bein gagnrýni á það sem hann sagði að ég hefði sagt nema þá helst varðandi 4. gr. þar sem ég sagði að ég teldi að það væri mjög spennandi að fara þessa leið og gæti verið þarft að reyna að ná upplýsingum frá einhverjum innanbúðar í svona flóknu máli og erfiðu, það væri okkur til hagsmuna. Ég er alls ekki andsnúin þessu ákvæði, það má ekki skilja mín orð þannig. Ég tel þetta einmitt frekar spennandi og þarft en ég tel að við verðum að lúslesa ákvæðið og gæta okkar um leið. Við verðum að koma því þannig fyrir að uppljóstrari geti ekki komið sjálfum sér undan ef mjög mikil refsing liggur við hans hlut. Miðað við fyrsta lestur á greininni skil ég þetta þannig.

Við höfum ekki fengið neinar athugasemdir og það á auðvitað eftir að vinna þetta allt í nefndinni en hér er verið að reyna að setja það inn í greinina að séu brotin stórfelld og það kemur hér fram, virðulegi forseti, það er skilyrði fyrir beitingu þessarar heimildar að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar eða gögn tengist alvarlegu broti, fyrirséð að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn.

Það er verið að reyna að skrifa það inn í greinina að brot viðkomandi sem uppljóstrar sé minna en brotið sem hann ljóstrar upp um, ef ég get orðað þetta þannig. Ég er því frekar jákvæð gagnvart þessu ákvæði og efast um að

(Forseti hringir.) hægt sé að fá mikið út úr rannsókn nema með einhverri aðstoð uppljóstrara. Ég hugsa að það væri mjög til bóta.

[14:35]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt til getið hjá hv. þingmanni að ég taldi að mál hennar hefði verið sett fram með þeim hætti í ræðu hennar áðan að í því fælist hugsanleg gagnrýni á þetta ákvæði. Hv. þingmaður orðaði það svo að nefndin þyrfti að skoða það mjög vel. Auðvitað er ég því sammála að þingnefndin skoði frumvarpið allt mjög vel.

En nú hefur hv. þingmaður skýrt mál sitt og ég held að við séum meira og minna sammála um þetta ákvæði. Við erum bæði þeirrar skoðunar að það sé mjög þarft að uppljóstrara sé veitt vernd. Ég hef skilið þetta ákvæði þannig að þeim sem kemur fram með upplýsingar um eitthvað sem saknæmt gæti talist verði veitt vernd gegn því að brjóta hugsanlega ákvæði annarra laga sem meina honum að koma fram með upplýsingar, að óbreyttum lögum, vegna þess að um þær gildi bankaleynd. Ég hef ekki skilið það svo að sá sem kæmi fram með slíkar upplýsingar gæti með þeim hætti með einhverju móti dregið úr hugsanlegum refsingum og viðurlögum sem hann ætti að sæta vegna þess að hann væri sjálfur aðili að einhvers konar saknæmu atferli sem tengdist fjárhagslegum brotum.

Ég hef litið svo á og skilið þetta ákvæði með þeim hætti að þarna væri fyrst og fremst verið að laða fram upplýsingar um meiri háttar fjárhagsleg brot. Og gegn því að menn kæmu fram með þær og legðu á borðið þá væri verið að tryggja að sá sem það gerði mundi ekki verða látinn sæta refsingum vegna þess að hann hefði brotið skýr ákvæði laga um bankaleynd.

[14:36]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að við hæstv. iðnaðarráðherra séum sammála í þessu máli um að það beri að fara einhvers konar svona leið.

Ég ítreka samt að ég tel að nefndin verði að skoða þetta mjög vel af því þetta er auðvitað frekar óvenjulegt, svona almennt séð. Samkvæmt greininni á uppljóstrarinn ekki að sæta ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur á broti hans sjálfs. Hann á að sleppa, má segja. En hann á þó ekki að sleppa nema — og svo koma ákveðin ákvæði sem girða fyrir að þeir sem hafa framið einhver mjög alvarleg brot sleppi og gerist uppljóstrarar sjálfir, eða þannig skil ég greinina. Ég tel að við þurfum að lesa hana vel. En almennt séð fagna ég því að það sé grein um uppljóstrara í frumvarpinu og kannski vill hæstv. dómsmálaráðherra útskýra þetta enn þá frekar í seinni ræðu sinni.

Ég fagna því sérstaklega að hæstv. iðnaðarráðherra skuli taka undir það að brýnt sé að sátt verði um val á sérstökum saksóknara. Það er ánægjulegt að kominn er fulltrúi Samfylkingarinnar í allsherjarnefnd, hv. þm. (Gripið fram í.) Lúðvík Bergvinsson. Ég á von á því þegar við leggjum fram tillögur um það í allsherjarnefnd hvernig standa skuli að ráðningu sérstaks saksóknara þá styðji Samfylkingin það og um það ríki sátt fyrst hæstv. iðnaðarráðherra lagði sérstaka lykkju á leið sína til þess að koma því á framfæri úr ræðustóli Alþingis.

[14:38]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill árétta að andsvar sem veitt er þarf ekki að fela í sér andmæli við það sem fram kemur í máli ræðumanns. Hins vegar er þetta form haft til þess að stuðla að skoðanaskiptum.

[14:38]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð fagnar því að þetta frumvarp sé komið fram. Það má auðvitað deila um það undir réttarfarsformi hvort hér sé settur á fót sérstakur saksóknari eða réttarvörslukerfið taki þetta að sér en það er mat hæstv. dómsmálaráðherra að réttarvörslukerfið ráði ekki við þetta verkefni. Það er auðvitað miður en fyrir mér er það formsatriði en ekki aðalatriði. Við styðjum þetta frumvarp með fyrirvörum, þar með talið um breytingar.

Frumvarpið kemur nokkuð seint fram að okkar mati og það sem réði því var að hæstv. dómsmálaráðherra drap málinu á vissan dreif með því að setja saksóknara í að kanna hvort rökstuddur grunur væri fyrir hendi. Þar var ekki um eiginlega opinbera rannsókn í skilningi laga að ræða heldur var verið að leita að hinum rökstudda grun sem blasti við öllum sem vildu hafa augun opin þegar í byrjun október. Í því sambandi nefni ég bara Icesave-reikningana og sérstaklega sjóðsreikninga og peningamarkaðsreikninga þar sem blasir við að fólk hafi fengið bæði ranga ráðgjöf, verið sagt að um væri að ræða örugga reikninga, rétt eins og ríkisskuldabréf, og það liggur líka fyrir að hreyfingar innan þessara sjóða voru afar tortryggilegar þar sem var verið að færa úr hlutabréfaeignum sjóðanna yfir í önnur hlutafélög stærstu eigenda bankanna án samráðs við eigendurna. En rökstuddi grunurinn var fyrir hendi og málið er komið af stað og það er hið besta mál og ég get tekið það fram að ég mun leggja mitt á vogarskálarnar til þess að málið fái sem hraðasta afgreiðslu í allsherjarnefnd og ég tek undir orð hæstv. ráðherra þar að lútandi.

Ég vil gera örfáar athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir og byrja á 1. gr. þar sem segir að það eigi að kanna grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við þá atburði er leiddu til setningar neyðarlaganna. Ég hygg að þetta nái of skammt. Ég kýs að ákvæðið nái yfir atburði sem einnig gerðust eftir setningu neyðarlaganna. Það var ýmislegt í gangi þá sem kann að þurfa að rannsaka sérstaklega og því vil ég ekki að umboð þessa sérstaka saksóknara sé takmarkað með þessum hætti. Skilin milli nýju og gömlu bankanna og ýmislegt fleira hefur vakið tortryggni einstaklinga og lögaðila úti í bæ.

Ég hygg líka að það þurfi að skoða svolítið betur eða huga að í nefndarstörfunum skilunum eða verkaskiptingu milli hins sérstaka saksóknara og ríkissaksóknara. Hvort því sé vel komið með þessum hætti að ríkissaksóknari hafi yfirumsjón með hinum sérstaka saksóknara. Ég velti þessu upp sem spurningu án þess að hafa á því einhverjar breyt-

ingarhugmyndir eða annað slíkt.

Hvað varðar 4. gr. þá set ég spurningarmerki við það að dómsmálaráðherra skipi sérstakan saksóknara. Ég var ekki á þeim opna fundi allsherjarnefndar þar sem hæstv. dómsmálaráðherra gerði grein fyrir frumvarpinu, ég var ekki í bænum, en mér skilst að hæstv. ráðherra hafi þá látið þau orð falla að hann mundi vilja að náð yrði samstöðu um það og ég hygg að það sé mjög brýnt. Það að hæstv. dómsmálaráðherra, einn og sér, skipi þennan saksóknara er ekki til þess fallið að vekja traust út á við, með fullri virðingu fyrir hæstv. ráðherra og til þess koma ýmsir hlutir.

Hér hafa verið nefnd ummæli sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu um árásir tiltekins stórfyrirtækis eða atlögur á hendur réttarvörslukerfinu. Það eitt nægir mér til að segja að það sé orðinn erfiður grundvöllur fyrir dómsmálaráðherra að tilnefna sérstakan saksóknara.

Það er líka svo að það er talað um krosseignatengsl innan þessa bankakerfis sem hrundi en það eru líka krosshagsmunatengsl. Það eru krosshagsmunatengsl innan ríkisstjórnarflokkanna að því leyti að ýmsir trúnaðarmenn ríkisstjórnarflokkanna hafa oft setið í þessum fyrirtækjum og átt stóra eignarhluta þar, án þess að ég sé að orða einhverja sök í því sambandi. En traustið út á við og trúverðugleikinn skiptir almenning í landinu öllu máli. Ég vil líka minna á það að hæstv. dómsmálaráðherra var í ríkisstjórn þegar til einkabankanna var stofnað og fleira kemur til. Hér þarf Alþingi að koma að, hvernig sem því verður fyrir komið, og um málið verður að ríkja full samstaða og hinn skipaði saksóknari þarf að njóta fulls trausts og trúnaðar þjóðarinnar.

Ákvæði 4. gr. kann að virðast umdeilanlegt að því er varðar upplýstrara en því eru settar afar þröngar skorður og ég leggst ekki gegn því. Ég hygg að þetta sé flókið og erfitt mál. Það sem vekur athygli mína er að þessi heimild er bundin við starfsmann eða stjórnarmann fyrirtækis og ég spyr af hverju svo sé, af hverju er þessi heimild ekki víðtækari? Þá leiði ég hugann að því að í svona brotum eru gjarnan hlutdeildarmenn sem standa utan fyrirtækjanna, utan bankanna, utan eigenda bankanna og stærstu hluthafa og hlutdeildarmenn ávinna sér eða hljóta yfirleitt mun minni refsingu en sjálfir gerendurnir. Mér finnst þetta takmarkandi og átta mig ekki á því af hverju það er. Af hverju er þetta bundið við starfsmenn og stjórnarformenn fyrirtækjanna?

Í framhjáhlaupi í þessu gefur það mér tilefni til þess að spyrja hvort það eigi bara að skoða sjálfa bankana og stærstu hluthafa. Á ekki að skoða þetta í heild sinni? Á ekki að skoða hugsanlega ábyrgð ríkisstarfsmanna, án þess að ég sé að gera því skóna að svo sé? Á ekki að skoða embættismannaábyrgð? Á ekki að skoða hugsanlega ábyrgð starfsmanna Fjármálaeftirlitsins, Seðlabankans? Er verið að undanskilja þá? Það eru vísbendingar um það vegna þess að í tillögu um þingsályktun um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er sérstaklega tekið fram í 6. tölulið að það eigi að beina sérstakri rannsókn að bönkunum, starfsmönnum banka. En það virðist vera sneitt fram hjá öðrum sem kunna að eiga ábyrgð. Eftirlitskerfið kann að bera ábyrgð og menn utan bankanna kunna að bera ábyrgð. Þetta ákvæði í 6. gr. er því mjög sérkennilegt. Það er sagt að hluti af framkvæmdinni sé einnig mat á því hvort stjórnendur og helstu hluthafar hafi gerst sekir um afglöp í rekstri eða misnotkun á bönkunum. Í 10. gr. skilmálanna er þetta endurtekið, með leyfi herra forseta:

„Hafi fyrrverandi yfirstjórnendur og helstu hluthafar í yfirteknu bönkunum gerst sekir um afglöp í rekstri eða misnotkun á bönkunum eiga þeir ekki að gegna sambærilegu hlutverki næstu þrjú árin.“

Það þarf að taka fullkomlega af skarið við meðferð þessa frumvarps, að það sé ekki afmarkað við bankana og stærstu hluthafa þeirra og stjórnendur eða starfsmenn heldur að þetta sé yfir allt. Vegna þess að þetta breytist víðar en innan bankanna. Sérstaklega vísa ég til þess að hlutdeildarbrotin í þessu kunna að vera umfangsmikil. Hlutdeildarbrot einstaklinga og lögaðila utan bankanna, jafnvel þeirra sem ekki hafa þar verið hluthafar.

Ég vil líka nefna til umhugsunar að þarna er ákvæði sem heimilar að fallið verði frá saksókn. Því eru settar þröngar skorður. Ég minni líka á heimild í 9. tölulið 70. gr. almennra hegningarlaga að við ákvörðun refsinga megi taka tillit til þess hvort brotamaðurinn hefur upplýst um aðild annarra. Ég velti því fyrir mér hvort það komi til skoðunar innan allsherjarnefndar að rýmka þetta ákvæði eða að setja sérstakt ákvæði þar um inn í þessi lög. Auðvitað eiga þessi ákvæði að vera í hegningarlögum en þarna kemur alveg til greina, varðandi saksóknina, að falla frá henni en það er vissulega til skoðunar að rýmka heimildir til að taka tillit við aðstoð við að upplýsa málið við ákvörðun hegningar, rýmka þá heimild eða geta þess í greinargerð að það komi sérstaklega fram. Þetta ákvæði var að vísu sett inn í hegningarlögin á sínum tíma til að fá einstaklinga til að upplýsa um fíkniefnabrot. En það á alveg við í slíkum brotum sem þessum.

Í 6. gr. varðandi um tímamörkin sem þar eru sett, þ.e. að dómsmálaráðherra geti hvenær sem er eftir 1. janúar ákveðið að leggja embættið niður, þá mér finnst þetta bera vott um mikla bjartsýni. Þetta er rannsókn og saksókn sem mun taka fjögur, fimm, sex ár og ég er ekki á því að dómsmálaráðherra, hver sem hann verður á þeim tíma, hafi þessa heimild. Og ef samstaða verður um það hvernig verður staðið að ráðningu þá á að standa að því þannig að þingið ákveði niðurfellingu rannsóknar eða aðrir.

Ég vil í framhjáhlaupi geta þess aftur að frumvarpið er, eins og kemur fram í athugasemdum, samið að tilhlutan dómsmálaráðherra. Ég hefði kosið að þar hefði verið haft fullt samráð við stjórnarandstöðuna. Það er held ég nokkuð breið samstaða um þetta mál þó að menn vilji gera einhverjar úrbætur á lögunum. En það skortir á samráð og það skortir á þau vinnubrögð sem mælt er fyrir í handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa að þessu leyti. En málið bar brátt að svo það má að hluta til skilja það.

Ég vil líka vekja athygli á því að það stendur til að stofna þingnefnd sem á sinna rannsókn til hliðar við þessa rannsókn og starf þeirrar þingnefndar og þessa sérstaka saksóknara getur eðlilega skarast. Það getur komið upp í starfi þingnefndarinnar að um refsiverð brot kunni að vera að ræða og það kann að vera að það komi upp í starfi hins sérstaka saksóknara að það sé atriði sem þurfi ekki hans rannsóknar eða hennar heldur fari yfir til þingnefndarinnar eða rannsóknarnefndarinnar sem gerir hina svokölluðu hvítbók,

en það þarf að tryggja að það séu opnir vegir milli hinna tvískipuðu rannsóknarnefnda og hins sérstaka saksóknara.

Ég ítreka líka að innan nefndarinnar verður að skoða sérstaklega verkaskiptingu ríkissaksóknara og hins sérstaka saksóknara eða ég varpa þeirri spurningu fram hvort það sé eðlilegt að verkaskipting þeirra þar á milli við þessar sérstöku aðstæður og við þetta sérstaka verkefni sé hagað með sama hætti og mun verða síðan eftir lögum um meðferð sakamála þar sem hinn sérstaki saksóknari verður hliðsettur héraðssaksóknara.

Það er eitt í viðbót sem ég vildi nefna í þessu samhengi. Ég hygg að nefndin þurfi að skoða það gaumgæfilega hvort ekki sé ástæða til að hugleiða það annaðhvort með breytingu á neyðarlögunum eða með sérstöku ákvæði eða sérlögum, ákvæðum 1. gr., þ.e. að upptöku eigna eru settar mjög þröngar skorður í núgildandi lögum. Við settum neyðarlög 6. október síðastliðinn. Það er alveg full ástæða til þess að það komi inn pósitíft ákvæði sem útvíkkar heimildir til að frysta eignir þeirra manna sem rakað hafa að sér fé síðastliðin 6–10 ár á kostnað almennings í landinu, til að ná yfir það sem hugsanlega verður kallað þýfi eða ólögmæt auðgun er upp úr rannsókninni verður staðið. Þetta er ekki eingöngu hugsað til þess að gera upptækan ólögmætan hagnað heldur að þessar eignir geti staðið sem andlag skaðabótakrafna gagnvart peningamarkaðssjóðseigendum og öðrum einstaklingum í landinu, almenningi, sem hefur beðið skelfilegt tjón af þeirri óráðsíu og græðgi sem einkennt hefur starfsemi bankanna og þjóðfélagið síðastliðin ár. Ég held að það mætti huga vel að því að koma inn slíku ákvæði þar sem slíkar heimildir verða rýmkaðar.

En að lokum þá hygg ég að fjárveiting eða mat fjárlagaskrifstofunnar sé rangt, að kostnaður við þetta sé verulega vanmetinn og þurfi strax að gera ráð fyrir verulega auknum kostnaði og ég tek svo undir að það sé brýnt að hraða meðferð þessa frumvarps gegnum þingið.

[14:54]

Útbýting:

Málefni íslenskra fanga erlendis, 172. mál, fsp. ÁÞS, þskj. 208.

Samráð við Fjármálaeftirlitið, 174. mál, fsp. KHG, þskj. 211.

Starfsmannafjöldi í viðskiptaráðuneytinu, 129. mál, svar viðskrh., þskj. 210.

[14:54]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir ræðumenn hér fagna framlagningu þessa frumvarps sem ég tel að sé afskaplega mikilvægt í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í þjóðfélaginu. Ég fagna því jafnframt að viðtökur við frumvarpinu hafa verið jákvæðar í umræðunni og ég held að ljóst sé af henni að hér er ekki um að ræða eiginlegt flokkspólitískt mál heldur mál sem lýtur að markmiðum sem allir flokkar hér á þingi eiga að geta sameinast um.

Hér er um að ræða rannsókn á þeim þáttum sem kunna að hafa verið refsiverðir í sambandi við hrun fjármálakerfisins, bæði þau atriði sem áhrif höfðu á atburðarásina eins og hún varð og eins ýmis hugsanleg brot sem kunna að hafa komið upp í því umrótsferli sem vissulega hefur átt sér stað á þessum markaði. Það er þekkt mál að þegar fyrirtæki í rekstri riða til falls vita menn að oft koma upp einhver tilvik þar sem menn fara á svig við lög og gerast jafnvel sekir um refsivert athæfi. Frumvarpinu er ætlað að taka á þeim þætti.

Eins og komið hefur fram í umræðunni er væntanlegt hingað í þingið frumvarp sem gerir ráð fyrir annars konar rannsókn sem tekur til miklu fleiri þátta en sú rannsókn sem þetta frumvarp fjallar um. Þar er um að ræða greinargerð eða úttekt á orsökum og afleiðingum bankahrunsins með breiðri skírskotun þar sem skoðaðar eru alls konar ákvarðanir sem teknar hafa verið á vettvangi einkafyrirtækja og stjórnsýslunnar. Þar eru undir pólitísk atriði sem og stjórnsýslulegar og viðskiptalegar ákvarðanir og er ætlunin að leggja mat á það. Sú rannsókn er í undirbúningi og eins og fram kom hér áðan hafa forseti þingsins og formenn stjórnmálaflokkanna haft forgöngu um það. Ég vonast til þess að það frumvarp muni líta dagsins ljós hið fyrsta.

Það snýst um sakamálaþáttinn, þann þátt sem snýr að hugsanlegum refsiverðum brotum þar sem fjallað er, eins og segir í 1. gr. frumvarpsins, um „grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við þá atburði er leiddu til setningar laga“ o.s.frv. Þar er vísað til bankahrunsins. Ég tel reyndar vegna athugasemda sem komið hafa fram hér í umræðunni að orðalagið „í tengslum við þá atburði“ tryggi að hægt verði að saksækja fyrir athafnir sem átt hafa sér stað eftir setningu neyðarlaganna en um það munum við fjalla nánar í nefndinni.

Eins og fram hefur komið, m.a. hjá hv. þm. Jóni Magnússyni, felast í þessu frumvarpi fyrst og fremst tvær spurningar sem við stjórnmálamenn þurfum að svara. Í fyrsta lagi er það spurningin um hvort við viljum að embætti sérstaks saksóknara verði stofnað til þess að fjalla um þetta mál eða hvort við viljum að málin sem þarna um ræðir fari í venjubundinn farveg eftir þeim reglum sem þegar gilda. Hitt atriðið er svo ákvæðið sem við getum kallað uppljóstrara-ákvæðið sem ég ætla að víkja að síðar.

Varðandi spurninguna um hvort stofna eigi embætti sérstaks saksóknara eða setja eigi málið í venjubundinn farveg skal ég játa að auðvitað hef ég hugleitt svolítið hvort væri réttara. Niðurstaða mín er sú að styðja þá hugmynd sem dómsmálaráðherra hefur lagt fram. Hún byggir á þeim grundvelli að hér getur verið um að ræða gríðarlega viðamikil verkefni. Aðstæðurnar eru óvenjulegar eins og við þekkjum. Það er ekki um það að ræða, eins og við höfum í öðrum tilvikum, að eitt fyrirtæki hafi riðað til falls og hugsanlega hafi brot verið framin í tengslum við það heldur hafa 90% af bankakerfinu í landinu hrunið.

Uppi eru alls konar grunsemdir og ásakanir í þjóðfélaginu um ýmis brot í þessu sambandi. Við gerum okkur grein fyrir því þó að við höfum ekki myndina alla enn þá að hér er um gríðarlega viðamikið verkefni að ræða og óvenjulegar aðstæður.

Hætta er á að málafjöldinn verði talsvert mikill sem af þessari rannsókn leiðir og ég held að það geri það að verkum að vel megi rökstyðja að farin sé sú leið sem hér er lögð til, að stofna sérstakt embætti saksóknara sem taki á þessum málum sérstaklega. Þar með ætti að stuðla að því að vinna

við þessi mál gangi hraðar og greiðar fyrir sig en ella væri. Ég tel mjög mikilvægt að öllum sé ljóst af hálfu löggjafans er gengið þannig frá málum að málin verði rannsökuð í þaula og að þau séu ekki sett í venjulegan farveg þar sem hætta er á töfum vegna mannfæðar eða annars. Ætlunin er sem sagt að stofna sérstakt embætti til þess að setja kraft í að leiða málin til lykta og það held ég að sé mjög mikilvægt í þessu sambandi.

Varðandi ákvæðið sem snýr að því að heimilt verði að falla frá ákæru á hendur starfsmanni eða stjórnarmanni fyrirtækis sem hefur frumkvæði að því að láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar og annað, sem við getum kallað uppljóstraraákvæðið, þá stöndum við frammi fyrir mikilvægri spurningu. Við stöndum frammi fyrir þeirri spurningu hvort við teljum að óhjákvæmilegt sé að opna á heimild af þessu tagi til þess að leiða sannleikann í ljós, draga fram þær nauðsynlegu upplýsingar sem geta orðið til þess að upplýsa um hugsanleg brot í tengslum við bankahrunið.

En um leið tek ég undir varnaðarorð sem komið hafa frá ýmsum þingmönnum í umræðunni að ákvæði af þessu tagi er gríðarlega vandmeðfarið. Það er hætta á því að einhverjir einstaklingar sjái sér leik á borði að misnota ákvæði af þessu tagi, annaðhvort í þeim tilgangi að koma sjálfum sér undan refsingum eða jafnvel til að koma höggi á einhverja tiltekna einstaklinga. Slíkt ákvæði er ákaflega vandmeðfarið í framkvæmd. Ég tel samt sem áður að góð rök séu fyrir því að taka það inn í þessu sambandi og tek undir þau ummæli dómsmálaráðherra að það verður athyglisvert að fylgjast með framkvæmdinni á því, m.a. með það fyrir augum að skoða hvort tilefni er til þess að taka það upp í almennum réttarreglum á þessu sviði.

Af því að nokkuð var rætt um það fyrr í umræðunni vil ég nefna að vissulega er gert ráð fyrir að ströng skilyrði verði sett fyrir beitingu þessarar heimildar, að falla frá saksókn. Það er í fyrsta lagi, eins og segir í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins:

„… að rökstuddur grunur liggi fyrir um að gögnin eða upplýsingarnar tengist alvarlegum broti, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra muni reynast torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir brotunum.“

Ég held að þau ströngu skilyrði sem hér eru orðuð gefi okkur tilefni til þess að ætla að heimild þessari verði beitt af varfærni og að það verði ekki almenn regla heldur einvörðungu regla sem notuð er þegar þessi skilyrði sem ég hef rakið eiga við.

Um þessi atriði fáum við tækifæri til að fjalla nánar í allsherjarnefnd þegar málið kemur þar á dagskrá. Ég tek undir það sem ráðherra og fleiri þingmenn hafa sagt að ég tel brýnt að málið verði afgreitt þar sem fyrst en auðvitað eru ákveðin álitamál þarna sem við þurfum að ræða og fara yfir. Ég fagna því að menn eru sammála um að það fái skjóta meðferð. Ég tek líka undir það sem fram hefur komið í umræðunni að við þurfum jafnframt á vettvangi nefndarinnar — og eins er mikilvægt að hugsað sé um það í ráðuneytinu og á öðrum vettvangi — að reyna eftir föngum að meta þann kostnað sem af rannsóknarstarfi þessu mun hljótast. Ég held að allir geri sér grein fyrir því að þetta getur orðið mjög umfangsmikið starf sem kostar mikið en það má ekki hindra okkur í því að reyna að leiða málin til lykta með sem bestum og réttustum hætti.

[15:05]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar, ræddi um það frumvarp sem er til umræðu og ég get verið alveg sammála greiningu hans um þau tvö atriði sem hér skipta mestu máli. Það sem skiptir máli fyrir okkur í réttarríki er að átta okkur á þeirri grundvallarreglu sakamálaréttarfarsins að hver maður skuli talinn saklaus þangað til sekt hans er sönnuð. Það liggur fyrir að á óvenjulegum tímum eins og þeim sem við núna upplifum reynir því miður gríðarlega á stjórnmálamenn og lagasetningarvald að hafa ýtrustu hagsmuni réttarríkisins í huga. Ef farið er ofan í umræður og sjónarmið sem komu upp í tengslum við hið svokallaða Hafskipsmál þá er það dæmi um það þegar stjórnmálamenn féllu á prófinu, þó með vissum undantekningum eins og þáverandi bankamálaráðherra Matthías Bjarnason sem stóð föstum fótum og gerði sér grein fyrir því hvað væri um að ræða.

Hv. þm. Birgir Ármannsson sagði hér áðan að það mætti búast við miklum málafjölda. Þá spyr ég: Hvaða upplýsingum býr þingmaðurinn yfir sem réttlæta þau ummæli að um mikinn málafjölda geti verið að ræða?

Í annan stað vil ég spyrja hann vegna ákvæðisins um uppljóstrara hvort þingmaðurinn telji ekki heppilegra að setja slík ákvæði sem heildarákvæði, almenn ákvæði í almenn hegningarlög í stað þess að setja þau í sérlög eins og þau sem hér ræðir um.

[15:07]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Jóni Magnússyni að í umræðum af þessu tagi ber að fara af mikilli gætni og enginn er sekur fyrr en sök er sönnuð. Það er algjör grundvallarregla enda hygg ég að hv. þingmaður hafi ekki getað fundið þess neinn stað í ræðu minni að ég hafi haldið öðru fram, hvorki almennt né varðandi einstök mál eða einstök brot.

Við horfum hins vegar fram á það að fjármálakerfi landsins hefur hrunið og hætta er á því að í því ferli og í þeim atgangi öllum sem því fylgir hafi verið framin einhver brot. Það segir reynslan okkur. Reynslan segir okkur að þegar svona atvik eiga sér stað eða atburðarás þá er fyrir hendi hætta á að brot hafi verið framin og það gefur okkur tilefni til þess að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að mæta hugsanlega — þannig að ég undirstriki það — hugsanlega mun meiri málafjölda en við eigum að venjast í sambandi við efnahagsstarfsemi og atvinnulíf. Auðvitað vitum við ekki neitt með vissu fyrr en búið er að fara yfir málin, rannsaka og skoða betur. En það er góð ástæða til þess að ætla að því miður muni verða töluverður málafjöldi upp úr rannsókn af þessu tagi. Segi ég þetta þó að ég búi ekki yfir neinum öðrum upplýsingum eða vitneskju um þessi mál en hv. þm. Jón Magnússon.

Varðandi uppljóstraraákvæðið finnst mér, eins og ég sagði í ræðu minni, vel koma til greina að hafa almennt

ákvæði af þessu tagi í lögum. Ég tel hins vegar að áður en við förum að skoða það eigum við að klára þetta mál og meta reynsluna af því.

[15:09]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessar umræður um frumvarpið. Meðal þess sem fyrir mér vakti þegar ég ákvað að flytja þetta sérstaka frumvarp var einmitt að fá umræður um það í þinginu hvernig menn litu á þetta mál og þennan þátt málsins sem fellur að saksókn og rannsókn, sérstaklega rannsókn og saksókn í þessari röð, þannig að ég tel að það hafi verið hluti af málatilbúnaði mínum að kalla eftir umræðum eins og hafa hér farið fram og vil ég þakka þingmönnum fyrir framlag þeirra til þess að skýra hvað hér er um að ræða og fara yfir þau mál sem ég ætla nú að reifa sérstaklega og var beint til mín.

Auðvitað var það álitaefni hvort flytja ætti frumvarp af þessu tagi eða að fara með þetta inn í ramma nýrra sakamálalaga, sem taka að vísu ekki gildi fyrr en 1. janúar næstkomandi þannig að það hefði þurft að bíða (Gripið fram í.) eitthvað eftir að fá því framfylgt samkvæmt þeim lögum að koma á sérstakri saksókn í þessu tilviki. Niðurstaðan varð sem sagt sú að fara þá leið sem hér er farin. En ég skil vel sjónarmið hv. þm. Jóns Magnússonar varðandi formsatriði í málinu. Ég tel hins vegar að þetta sé besta leiðin og skynsamlegasta leiðin miðað við þá stöðu sem uppi er. Því til stuðnings vísa ég meðal annars til bréfs ríkissaksóknara sem er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu og dagsett 6. nóvember síðastliðinn. Leyfi ég mér að vitna til þess, með leyfi virðulegs forseta:

„Eins og fram kemur í upphafi bréfs míns var vinnu ríkissaksóknara á þessu stigi markaður þröngur tímarammi, ...“ — þ.e. það starf sem unnið var undir forustu ríkissaksóknara með Boga Nilssyni. — „Ástæðan var, eins og fram hefur komið, að fyrirhugað var að setja þegar í stað á stofn sérstakt embætti til að sjá um rannsókn og eftir atvikum saksókn þessara mála. Þegar þetta embætti væri komið á laggirnar tæki það yfir alla þætti málsins. Ríkissaksóknari tekur undir að þörf sé á að stofna embættið við slíkar aðstæður sem nú eru uppi og nauðsyn þess að það taki sem fyrst til starfa.“

Það er því enginn ágreiningur um þetta meðal þeirra sem fara með ákæruvaldið og liggur fyrir skýrt bréf ríkissaksóknara því til stuðnings sem nefndin getur að sjálfsögðu fengið staðfest hjá honum vilji hún kalla hann á sinn fund.

Síðan spurði hv. þm. Jón Magnússon hvort ég teldi að hugtök eins og þagnarskylda og bankaleynd heyrðu sögunni til almennt og það ætti ekki að hafa uppi slíka leynd, en það sem ég sagði í minni ræðu var, með leyfi forseta:

„Hugtök eins og þagnarskylda og bankaleynd eiga að heyra sögunni til þegar jafnmikilvægir hagsmunir eru í húfi og nú.“

Ég tók það því fram um það sérstaka mál sem hér er til umræðu og er tilefni þess að ég flyt frumvarpið að ég tel að menn eigi að líta til þessara hugtaka og afnáms leyndarinnar við þær aðstæður sem við búum við núna.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vék að því að gott væri að finna heiti á embættið sem gæfi glöggt til kynna hvaða embætti þetta væri. Ég hef ekki slíkt heiti á takteinum. Við tölum hér um sérstakan saksóknara sem hafi þær skyldur sem í frumvarpinu er lýst. Ef hv. nefnd getur fundið gagnsærra heiti á þennan embættismann er það vel þegið af minni hálfu og ég mun huga að því líka eftir þessa ábendingu.

Varðandi það sem hv. þingmaður sagði og vísaði til þess sem gerðist á fundi mínum með nefndinni hinn 11. nóvember síðastliðinn, á opnum fundi sem menn geta kynnt sér á vefsíðu Alþingis, þ.e. það sem þar fór fram og er líka til upplýsingar um efni frumvarpsins ef fólk hefur sérstakan áhuga á því, að þá sagði ég að ég mundi gjarnan vilja eiga samráð við allsherjarnefnd um það hver tæki þetta embætti að sér. Einnig sagði ég að ég fagnaði tillögum frá nefndinni ef hún gæti bent mér á einhvern sem hún teldi yfir allan vafa hafinn og gæti tekið þetta embætti að sér. Ég sagði hins vegar líka að ábyrgðin yrði á herðum dómsmálaráðherra og það er ekki hægt með neinum hætti að breyta þeirri skipan. Að lokum er það dómsmálaráðherra sem ber ábyrgð á því hvern hann skipar í þetta embætti. En allar góðar tillögur og samráð er ég tilbúinn að hafa um það og ræða nöfn á einstaklingum. Ef menn hafa áhuga á því að koma því á framfæri við mig og ræða í trúnaði við mig á vettvangi nefndarinnar eins og jafnan er gert þegar þingnefndir fjalla um einstaklinga þá er ég tilbúinn að huga að því.

Varðandi tengslin við þá rannsóknarnefnd sem er á döfinni hér á vegum forseta þingsins í samráði við forustumenn flokkanna tel ég einsýnt að það eigi að tengja það og þess vegna sé nauðsynlegt og gagnlegt að þetta frumvarp sé komið fram og það lagt fram hér og helst orðið að lögum sem fyrst til þess líka að þegar menn eru að vinna við hitt frumvarpið þá átti þeir sig á því hvernig þessum tengslum er best háttað.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vitnaði í ræðu Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra og ef ég heyrði rétt var það í þeim kafla ræðunnar, með leyfi forseta, þar sem segir:

„Niðurfelling forráðamanna Kaupþings á ábyrgðum sínum og annarra hafði legið fyrir vikum saman án þess að nokkuð væri um það upplýst. Það var ekki fyrr en hneykslaðir starfsmenn láku þessum upplýsingum út sem þær urðu almannaeign. Og síðan hefur ekkert verið upplýst, hvernig því máli verður fylgt eftir.“

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Ábendingar sem bárust um að kalla til lögreglu strax í upphafi hafa ekki fengið brautargengi.

Eru menn að bera fyrir sig bankaleynd í þessu sambandi?“

Það sem þarna segir í ræðunni er að einhverjir hafi bent einhverjum á að kannski væri ástæða til að kalla til lögreglu. Hann er ekki að segja í ræðunni að leitað hafi verið til lögreglunnar heldur að ábendingar hafi komið fram. Svo ég lesi aftur, með leyfi forseta:

„Ábendingar sem bárust um að kalla til lögreglu strax í upphafi hafa ekki fengið brautargengi.“

Þessar ábendingar hafa ekki fengið brautargengi samkvæmt ræðunni.

Síðan spyr seðlabankastjórinn, með leyfi forseta:

„Eru menn að bera fyrir sig bankaleynd í þessu sambandi?“

Þarna er einmitt vikið að því sama og ég vék að hér í mínu máli um það að menn séu kannski að teygja hugtakið bankaleynd og skjóta sér á bak við bankaleynd í þessum málum í staðinn fyrir að upplýsa og kalla á lögreglu ef þeim þykir ástæða til. Kannski eru einhverjir líka að bíða eftir að þetta frumvarp verði að lögum, að það verði komið í lög sem segir í 4. gr. frumvarpsins um það að menn sæti ekki ákæru miðað við þær forsendur sem gefnar eru í 4. gr. Mér finnst að þetta orðalag gefi beinlínis til kynna nauðsyn þess að frumvarpið nái fram að ganga og það sjónarmið nái líka fram að ganga að menn séu ekki að skjóta sér á bak við bankaleyndina og teygja hana lengra en góðu hófi gegnir þegar um þessi mál er rætt.

Þetta kemur heim og saman við það sem ég sagði í minni ræðu, með leyfi forseta:

„Hugtök eins og þagnarskylda og bankaleynd eiga að heyra sögunni til þegar jafnmikilvægir hagsmunir eru í húfi og nú.“

Það er um þetta sem málið snýst en ekki það — í ræðunni segir ekki að lögregla hafi verið kölluð til eða að lögregla hafi eitthvað skirrst við ef til hennar hefði verið leitað. Það kemur ekki fram í þessum orðum seðlabankastjórans heldur að einhverjir hafi látið undir höfuð leggjast að kalla á lögregluna og má skilja orð hans þannig að einhverjir hafi talið ástæðu til að gera það.

Ég vil líka skýra frá því að að sjálfsögðu hafa (Gripið fram í.) starfsmenn ríkislögreglustjóra, efnahagsbrotadeildin og starfsmenn, ákæruvaldshafar innan lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu verið tilbúnir að taka á móti öllum þeim ábendingum og öllum þeim álitaefnum sem menn telja að eigi heima hjá lögreglunni og það hefur ekkert lát verið á þeirri eðlilegu starfsemi sem er uppi þannig að lögreglan er náttúrlega, ef ég má nota það orð, í startholunum þegar til hennar er leitað í þessu máli eins og öðrum. Ég veit ekki hvort það hafi verið gert. Ég hef ekki vitneskju um það.

Varðandi málefni það sem hv. þm. Atli Gíslason — hann er nú ekki hér í salnum. (**Gripið fram í:** Hann þurfti að víkja frá.) Það er mjög bagalegt að hann skuli ekki vera hér því að hann fór með rangt mál í upphafi ræðu sinnar þegar hann sagði að ég hefði falið ríkissaksóknara að leita að því eða kanna hvort rökstuddur grunur væri um afbrot í þessu ferli. Ég fór aldrei þess á leit við ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari sneri sér til mín með hugmynd um að reynt yrði að kortleggja umfang þessa máls og hann fékk Boga Nilsson til þess að vinna það verk og Bogi Nilsson skilaði skýrslu til ríkissaksóknara og ríkissaksóknari sendi mér bréf sem birt er með þessu frumvarpi. Ég er furðu lostinn í raun og veru að heyra hvernig hv. þm. Atli Gíslason ræðir um þetta mál og mér finnst að bæði þessi ummæli hans og önnur ummæli sem hann hefur látið falla um þessa starfsemi á vegum ríkissaksóknara gefi til kynna að hann hafi ekki kynnt sér málið nægilega vel til þess að fara með rétt efni þegar hann ræðir það.

Það er algjörlega ástæðulaust að vitna þannig í greinargerðina sem frumvarpinu fylgir og ræðu mína 17. október í Háskóla Íslands á þann veg að það geri mig á einhvern hátt vanhæfan til þess að skipa sérstakan saksóknara. Þetta minnir mig bara á þau ummæli sem voru höfð uppi og fóru fyrir Hæstarétt í svokölluðu Baugsmáli þegar var talið að orð sem ég lét falla á vefsíðu minni gerðu það að verkum að ég gæti ekki skipað sérstakan saksóknara í því máli. Því var síðan vísað að lokum til mannréttindadómstólsins í Strassborg sem að sjálfsögðu taldi enga ástæðu til að taka málið fyrir. Að tala um það hér nú að það sé eitthvert orðalag í ræðu sem ég flyt í Háskóla Íslands og set í greinargerð geri mig vanhæfan til þess að skipa sérstakan saksóknara er náttúrlega út í hött og furðulegt að stjórnmálamaður skuli taka það upp á þessum vettvangi, hér í þingsalnum þar sem menn hafa fullt frelsi til að lýsa skoðunum sínum og eiga að gera það og ekki að búa við að það sé talið að eitthvert vanhæfismál komi upp þegar menn lýsa skoðunum sínum. Ég harma því að hv. þingmaður gefi sér ekki tíma til að sitja þessar umræður þegar hann er með slíkar dylgjur í ræðum sínum sem hann flytur hér um þetta mál þótt hann segi í hinu orðinu að hann styðji það.

Varðandi að vitna síðan í greinargerð vegna lánafyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og tengja það inn í þetta frumvarp er líka algjörlega fráleitt og fráleitur málatilbúnaður enda var frumvarpið samið án þess að menn hefðu nokkra vitneskju um hvað stæði í þessum gögnum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

[15:22]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil gjarnan ganga eftir svörum varðandi þær upplýsingar sem koma fram í ræðu Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra þar sem hann segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Ábendingar sem bárust um að kalla til lögreglu strax í upphafi hafa ekki fengið brautargengi.“

Ég heyri á hæstv. dómsmálaráðherra, miðað við hvernig hér er talað, að alla vega hafi lögreglan ekki fengið neinar ábendingar. (**Dómsmrh.:** Ég veit ekki um það.) Hæstv. dómsmálaráðherra veit reyndar ekki alveg um það en það væri ágætt ef hægt væri að upplýsa það. Mér finnst svolítið merkilegt ef það er rétt lögreglan hafi fengið ábendingar og ekki brugðist við. Maður veit ekkert um það.

Ég tel að fyrrverandi forsætisráðherra og núverandi seðlabankastjóri fari ekki að segja eitthvað á þessum nótum á opinberum vettvangi nema eitthvað sé á bak við það. Það er eitthvað hér á ferðinni. Ég heyri að hæstv. dómsmálaráðherra segir að hann geti ekki gert mikið í því ef einhver hefur fengið ábendingu frá einhverjum. Ef svo væri orðlegði seðlabankastjóri sig ekki með þessum hætti. Maður hlýtur því að velta fyrir sér hvort seðlabankastjóri sjálfur hafi beðið einhvern um að lögreglan færi í málið, hvort hann sjálfur hafi komið með ábendingu sem ekki var brugðist við og þá til hvers. Var það til hæstv. forsætisráðherra, hæstv. dómsmálaráðherra, hæstv. utanríkisráðherra eða til hvers í ósköpunum? Hefur einhver annar en seðlabankastjóri með einhverja stöðu í kerfinu gert það?

Ég hlýt að ganga eftir svörum hjá hæstv. dómsmálaráðherra sem er yfirmaður (Forseti hringir.) lögreglunnar. Ég hefði gjarnan viljað fá nánari útskýringar — ef hann getur veitt þær hér — á því af hverju í ósköpunum kemur fram í

(Forseti hringir.) ræðu seðlabankastjóra að lögreglan hafi ekki verið kölluð til strax, (Forseti hringir.) að málið hafi ekki fengið brautargengi. Hver veitti ekki það brautargengi?

[15:24]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get í raun og veru ekki svarað því á annan veg en ég gerði áðan því að ég hef ekki upplýsingar um það. Þessari viku með Davíð Oddssyni er nú að ljúka þannig að vonandi fá menn skýringar á því sem hann hefur sagt, hann upplýsi um það sem hann hefur sagt og hvað búi að baki þessum orðum. Ég hef sjálfur sagt að varðandi ræðuna sem hann flutti sé hann þar að tala um að skynsamlegt og nauðsynlegt sé að upplýsa almenning um sem flest. Eins og hv. þingmaður hnýtur um er ástæða til að velta fyrir sér hvað í orðalaginu felst. Það felst ekki í þessu orðalagi að lögreglan hafi fengið ábendingu og ekki brugðist við henni, það er ekki hægt að lesa það. Allir sem eru læsir sjá að það felst ekki í þessu orðalagi, það er annað sem felst í því.

Hv. þingmaður bíður í ofvæni eftir að vita hvað það er en ég get ekki svarað þeirri spurningu og ég er alveg sannfærður um að það eru ekki ábendingar sem beint hefur verið til nokkurs ráðherra enda vitnar hann til bankaleyndar. Ráðherrar eru ekki bundnir af bankaleynd, það eru einhverjir aðrir sem eru bundnir af bankaleynd en ráðherrar. Ráðherrar eru ekki starfsmenn banka og starfa ekki innan fjármálakerfis þar sem menn verða að hafa bankaleynd í heiðri. Hv. þingmaður verður að setja sig í spor rannsakanda og greinanda og lesa úr þessum orðum það sem hægt er að lesa úr þeim. Þar kemur fram að það virðist vera að einhver sem seðlabankastjórinn telur að hugsanlega geti verið bundinn af bankaleynd hafi fengið einhverjar ábendingar.

[15:26]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Vika með Davíð Oddssyni er að klárast. Ég held nú að ræðan sem seðlabankastjóri flutti verði kannski seinna talin til merkilegri plagga sem komið hafa fram í langan tíma í stjórnmálum því að hún er þess eðlis.

Það er alveg rétt að ég reyni að greina þessa ræðu og átta mig á því hvað þar er á ferðinni í aðdragandanum að bankahruninu, á meðan á því stóð og svo nú í kjölfar þess. Hér stígur leikari á svið, þ.e. seðlabankastjóri, sem gegnir mjög mikilvægri stöðu í samfélaginu, staða hans er lykilstaða í öllu ferlinu. Hann segir frá mikilvægum atriðum, greinir frá ábendingum sem bárust um að kalla til lögreglu strax í upphafi en hafi ekki fengið brautargengi. Hér kemur fram að hæstv. dómsmálaráðherra telur að þessum ábendingum hafi ekki verið beint til neins ráðherra og væntanlega þá ekki til hans sjálfs og að ekkert hafi komið til lögreglunnar — eða líklega ekkert. Þá hlýtur maður að velta næst fyrir sér Fjármálaeftirlitinu. Var því beint til Fjármálaeftirlitsins að kalla til lögreglu? Fjármálaeftirlitið hafi borið fyrir sig bankaleynd sem seðlabankastjóri efast um að eigi rétt á sér? Ég heyri ekki betur en hæstv. dómsmálaráðherra tali líka á þeim nótum að bankaleyndin eigi að víkja af því að hagsmunirnir eru svo stórir. Hann færir ákveðin rök fyrir því.

Ég tel að við verðum einhvern veginn að grafast fyrir um hvað við er átt af því að þetta er það alvarlegt mál og við ræðum hér einmitt um stöðu sérstaks saksóknara sem á að koma málum í lögreglufarveg. Ef ástæða er til að kalla til lögreglu, setja mál í rannsókn lögreglunnar, á sérstakur saksóknari að gera það. Út á það gengur allt málið. Ræða Davíðs Oddssonar er því svo sannarlega þess virði að við greinum hana og reynum að átta okkur á því hvaða upplýsingar eru á ferli sem við höfum ekki aðgang að en seðlabankastjóri hefur. Hann telur þær vera svo mikilvægar að hann sér sérstaka ástæðu til að koma þeim á framfæri í opinberri ræðu.

[15:28]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)***:**

Ágæti, virðulegi forseti. Ég held að við hv. þingmaður séum sammála um, nú þegar búið er að greina þessar tvær setningar í ræðunni, að niðurstaðan er sú að við getum hvorugt svarað þessum spurningum. Við erum hvorugt bundin af bankaleyndinni. Það eru einhverjir menn sem eru undir bankaleynd sem þarna hljóta að koma við sögu miðað við þetta.

Eftir því sem ég hef lesið skilst mér að hv. viðskiptanefnd ætli að kalla Davíð Oddsson seðlabankastjóra á sinn fund og þetta er eitt af atriðunum sem mér finnst eðlilegt að þingmenn spyrji bankastjórann um þegar hann kemur til þingnefndar.

[15:29]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umræðu en ég sé mig knúna til þess vegna þeirrar undarlegu árásar sem hæstv. dómsmálaráðherra kaus að gera á fjarstaddan þingmann, hv. þm. Atla Gíslason, sem þurfti því miður að víkja frá vegna annarra skyldustarfa klukkan þrjú. Ég held að hæstv. ráðherra hafi verið fullkunnugt um það (Gripið fram í.) og að Atli Gíslason hafi gert honum viðvart um leið og hann gekk úr salnum (**Dómsmrh.:** Það var ekki gert.) að hann þyrfti að fara. (**Dómsmrh.:** Það var ekki gert.) Nú hrópar hæstv. dómsmálaráðherra hér fram í.

Það sem hæstv. dómsmálaráðherra valdi að segja um orð Atla Gíslasonar er auðvitað markleysa. Það þekkja þeir sem fylgst hafa með vinnu Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns sem hefur starfað í dómsölum landsins árum og áratugum saman við góðan orðstír að hann er grandvar og orðvar maður. Þegar hann veltir fyrir sér hvort hæstv. dómsmálaráðherra sé vanhæfur er það vegna þess að það gera það margir, hæstv. dómsmálaráðherra. Það eru ýmsir í þessu samfélagi sem ekki treysta forsvarsmönnum Sjálfstæðisflokksins, hvorki í ríkisstjórn, í Seðlabanka né á öðrum stöðum í þessu samfélagi við þær aðstæður sem nú ríkja.

Þetta þingskjal er undarlegt skjal. Það er frumvarp til laga en greinargerðin er að mestu leyti bréf og ræður hæstv. dómsmálaráðherra eftir því sem ég best fæ séð. Ég kannast ekki við að hafa séð slík þingskjöl hér oft áður.

Á bls. 4 í þessari greinargerð er minnst á Baugsmálið og

vitnað í ræðu hæstv. dómsmálaráðherra þar um og það er eitt af því sem hv. þm. Atli Gíslason nefndi hér áðan. Það skyldi þó ekki vera að þarna sé fólgin (Forseti hringir.) og fundin skýringin á því af hverju ekki einu sinni hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar tóku mark á viðvörunum sem (Forseti hringir.) seðlabankastjóri segist hafa haft uppi? Það sé einfaldlega vegna þess að sá maður telst ekki marktækur, (Forseti hringir.) bullandi vanhæfur til sinna starfa rétt eins og (Forseti hringir.) margir af forsvarsmönnum Sjálfstæðisflokksins í þessu máli.

[15:31]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill beina þeim tilmælum til hv. þingmanna að þeir virði þann ræðutíma sem þeir hafa í andsvari.

[15:31]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér var ekki gert viðvart um fráveru hv. þingmanns og þótt menn geti ekki verið hér við umræður getur það ekki orðið til þess að þeir komist undan því að þeim sé svarað. Ég tel að hv. þm. Atli Gíslason hafi veist að mér á þann veg að það lá beint við að ég svaraði. Ég harma það að hann var ekki í þingsalnum.

Ég skil vel að fólk sé andvígt því að ég gegni ráðherraembætti og menn séu það á pólitískum forsendum. Pólitískir andstæðingar vilja að sjálfsögðu koma þeim frá sem sitja í ráðherraembættum en að gera það með þeim orðum sem hv. þingmaður viðhafði, þótt hann sé hæstaréttarlögmaður, er óviðunandi að mínu mati.

Það var aldrei á neinn hátt, hvorki af minni hálfu né ríkissaksóknaraembættisins, verið að skorast undan því að taka á þessu máli hratt og ákveðið. Hv. þingmaður gaf það til kynna og sagði að vegna orða sem standa hér og ég flutti í hátíðarsal Háskóla Íslands kunni ég að vera vanhæfur til þess að skipa sérstakan saksóknara. Hann gengur jafnvel lengra en gert var í réttarsalnum þegar reynt var að spilla fyrir framgangi Baugsmálsins og síðan farið með það til Strassborgar, málinu vísað frá af því að málatilbúnaðurinn var algjörlega út í hött og það hafnaði í Hæstarétti. Það er því full ástæða fyrir mig að taka þetta mál upp og verja málfrelsi ráðherra og þingmanna til þess að lýsa skoðun sinni.

[15:33]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel að hæstv. dómsmálaráðherra hefði verið nær að svara þeim ábendingum og spurningum sem hv. þm. Atli Gíslason beindi til hans. Greinilegt er að það sviður undan því að menn velti fyrir sér vanhæfi hæstv. dómsmálaráðherra til þess að fara með þessi mál enda hafa slíkar hugsanir ratað inn í dómssali eins og hæstv. ráðherra skýrði frá áðan.

Hæstv. ráðherra hafði uppi stór orð um hv. þm. Atla Gíslason sem ég endurtek að þurfti að vera við önnur skyldustörf klukkan þrjú. Hann sagði að hv. þingmaður hafi farið með rangt mál. Hann var furðu lostinn — og þingmaðurinn hefði farið með dylgjur.

Ég mótmæli þessum orðum aftur og tel að það sé ekki tilefni til þess að veitast svona að fjarstöddum mönnum í þessum sal, frú forseti.

[15:34]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í þessum sal geta menn ekki skotið sér undan því að verða fyrir gagnrýni eða svörum þótt þeir séu fjarstaddir. Ef þingmenn eru hér, koma upp og flytja ræður þar sem þeir gagnrýna ráðherra á þann veg sem gert var í þessari ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar geta þeir ekki búist við að því sé látið ósvarað af því þeir fara úr þingsalnum. (**ÁI:** Spurning um orðaval.) Þetta er ótrúleg hugsun um hvernig þingstörf ganga fyrir sig.

Ég hef fullan rétt á að lýsa skoðun minni og gagnrýna þennan málflutning þótt hv. þingmaður hafi þurft að fara úr þingsalnum.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

[15:35]

Útbýting:

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og virðisaukaskattur, 175. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 212.

Kolvetnisstarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 152. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 176.

[15:36]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Töluverðar umræður hafa orðið um þá möguleika sem kunna að tengjast fyrirhugaðri vinnslu olíu og gass í norðausturhorni efnahagslögsögunnar sem gengur jafnan undir heitinu Drekasvæðið. Það er eðlilegt að menn hafi væntingar til þess. Um töluvert langt skeið hafa vísbendingar gefið til kynna að á þessu svæði, og reyndar á svæði sem teygir sig áfram inn í norsku lögsöguna Jan Mayen megin, að í jarðlögum töluvert djúpt undir hafsbotni kunni að vera að finna verulegt magn af kolvetnisauðlindum, bæði olíu og gasi.

Það má segja að fyrst upp úr 1980 hafi menn farið að gera því skóna að þarna kynni að vera um slíka möguleika að ræða. Á þeim tíma var olíuverð ákaflega lágt og sömuleiðis var svæðið sem um ræðir víðs fjarri Íslandi og Jan Mayen. Þarna er þar að auki um að ræða mikið dýpi þar sem á þessum tíma var ekki hægt að vinna olíu. Dýpið á þessu svæði er frá 1.000 til 1.500 metrar. Síðan hefur olíuverð hækkað verulega með tímanum og þótt það sé ekki lengur í þeim miklu hæðum sem það rauk í fyrr á þessu ári er það eigi að síður tíu sinnum hærra en þegar menn fóru fyrst að velta þessum möguleikum fyrir sér. Í annan stað hefur það jafnframt gerst að menn eru farnir að vinna olíu á því dýpi sem þarna er og við aðstæður sem hugsanlega eru jafnvel torsóttari vegna veðurs og náttúruhrjósturs.

Vísbendingarnar um olíu á þessu svæði eru kannski þær merkastar að jarðlögin sem þarna er að finna tilheyra í reynd því sem kalla má örmeginland sem slitnaði út úr jarð-

brú sem fyrir 40 milljónum ára var samfelld frá þar sem nú er Austur-Grænland og teygði sig alveg yfir til þess sem nú er Vestur-Noregur. Á Austur-Grænlandi hafa menn fundið skýr merki um olíu þótt ekki sé farið að vinna hana. Skemmst er að minnast þess að fyrr á þessu ári töldu bandarískir vísindamenn sem birtu skýrslu um þær olíulindir sem hugsanlega væru ófundnar enn þá að miklar birgðir af kolvetni væri að finna á Austur-Grænlandi. Við þekkjum síðan öll þær miklu olíulindir sem er að finna við Vestur-Noreg.

Þetta var fyrsta vísbendingin og gerði það að verkum að jarðfræðingar skoðuðu þetta örmeginland sem slitnaði út úr þessari jarðbrú og hraktist síðan skáhallt á stefnu jarðlaganna sem það tilheyrði áður. Menn töldu að tilvist þessara jarðlaga, sem eru hin sömu og á Austur-Grænlandi og við Vestur-Noreg, bentu til þess að þarna væri olía. Í kjölfarið áratug síðar þegar menn fóru að gera þarna jarðeðlisfræðilegar mælingar komu fram frekari vísbendingar sem renndu stoðum undir þetta. Á seinni árum hafa síðan enn frekari mælingar á þessum svæðum bent til þess að þarna sé að finna jarðmyndanir sem eru einkennandi fyrir staði þar sem hugsanlega er hægt að finna olíu og gas. Í þriðja lagi vil ég nefna að á síðasta sumri lauk Hafrannsóknastofnun síðasta hluta undirbúningsrannsókna af hálfu Íslendinga og þar birtust upplýsingar sem gáfu til kynna ummerki um gasuppstreymi á hafsbotni.

Íslendingar hafa um nokkurra ára skeið, bæði þessi ríkisstjórn og sú sem á undan sat, hafið undirbúning að því að bjóða út sérleyfi til leitar, rannsókna og hugsanlega síðar vinnslu olíu og gass á þessu svæði. Það frumvarp sem ég mæli hér fyrir er liður í lokaundirbúningi stjórnvalda fyrir útboð á leyfum til rannsókna á kolvetni á Drekasvæðinu sem eiga að fara fram um miðjan janúar næstkomandi.

Það má segja að tvennt standi aðallega upp úr þessu frumvarpi. Í fyrsta lagi tillaga um breytingu á lögum frá árinu 2001 sem við höfum stundum kallað kolvetnalögin. Þessi breyting veitir íslensku ríkisstjórninni heimild til þess að stofna sérstakt félag til að fara með hagsmuni og réttindi sem varða fjárhagslega hagsmuni ríkisins vegna vinnslu á svæðum þar sem við þyrftum að gera slíka samninga. Í reynd er ég að tala um að ef olía finnst á norska svæðinu, þ.e. Jan Mayen megin efnahagslögsögunnar, mundum við þurfa að hafa slíkt félag til þess að geta nýtt þau réttindi sem við höfum samkvæmt mjög góðum samningi sem íslenska utanríkisráðuneytið gerði vegna þessara svæða árið 1981.

Hitt atriðið sem upp úr stendur, og þarfnast vafalítið umræðu bæði hér og í fagnefndinni, er ákvæði sem er að finna í II. kafla og tengist útgáfu leyfa utan netlaga. Í dag er það svo að leyfisveitingarvaldið er í höndum sveitarfélaganna að netlögum. Við höfum hins vegar fullveldisrétt frá netlögum og til ystu marka efnahagslögsögunnar samkvæmt landhelgislögunum frá 1949 en hvergi í íslenskum lögum er að finna neitt sem segir til um hvar handhöfn skipulagsvaldsins á að vera. Með þessu frumvarpi er gerð tillaga um að það vald verði í höndum Skipulagsstofnunar.

Efni þessa frumvarps er þess vegna skipt í tvo þætti. Í fyrri þættinum er lögð til breyting á löggjöf iðnaðarráðuneytisins, þ.e. lögunum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis sem eru nr. 13 frá árinu 2001. Það eru þau sérlög sem gilda um rannsóknir, leit og vinnslu olíu. Í síðari þættinum eru svo lagðar til ýmsar breytingar á löggjöf umhverfisráðuneytisins vegna þessarar fyrirhuguðu kolvetnisstarfsemi. Þar er um að ræða breytingar á skipulags- og byggingarlögum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum, lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda og loks lögum um brunavarnir.

Í I. kafla frumvarpsins eru sem sagt lagðar til breytingar á kolvetnislögunum. Við endurskoðun laganna sem fór fram að hálfu nefndar átta ráðuneytisstjóra, þar sem ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytis hafði forstöðu, kom í ljós að nokkur atriði þótti rétt að skýra. Þar var líka um að ræða tvítekningar á nokkrum stöðum sem þótti rétt að hreinsa út og flest ákvæði kaflans lúta að því.

Ég sé ekki sérstaka ástæðu til þess að rekja þær breytingar sérstaklega. Hins vegar vil ég nota þetta tækifæri til að fara nokkrum orðum um þá heimild sem ég reifaði lítillega við upphaf máls míns, þ.e. heimild til að stofna félag vegna hugsanlegrar þátttöku íslenska ríkisins í vinnslu kolvetnis, sömuleiðis breytingar á útfærslu gjaldtökuákvæða laganna og loks ákvæði sem tengjast skattlagningu á olíuvinnslu.

Ég vil þó segja alveg skýrt að það er von á öðru frumvarpi, vonandi í næstu viku, af hálfu hæstv. fjármálaráðherra þar sem hinn skattalegi þáttur málsins er lagður fram.

Í 5. gr. þessa frumvarps er fjallað um mögulega þátttöku íslenska ríkisins í vinnslu kolvetnis og hvernig beri að standa að því. Þar er lagt til að iðnaðarráðherra hverju sinni verði heimilt að ákveða um þátttöku íslenska ríkisins í vinnslu kolvetnis og í reynd að beita sér fyrir stofnun hlutafélags sem á að hafa það eina markmið að gæta hagsmuna ríkisins vegna þátttöku þess í olíuvinnslu utan efnahagslögsögunnar. Það má því segja að það sé í takt við tímann — af því að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir er hér í salnum — að þarna leggjum við sem sagt til að það sé búið til ríkisolíufélag. Ég er viss um að það gleður hv. þingmann, það gleður mig líka.

Á þessu stigi er auðvitað gert ráð fyrir að aðkoma íslenskra stjórnvalda að mögulegri olíuvinnslu á íslensku yfirráðasvæði verði fólgin í stjórnsýsluákvörðunum og álagningu skatta. Það er þó ekki gert ráð fyrir beinni þátttöku í vinnslunni og þess vegna er engin þörf á að stofna sérstakt félag til þess að gæta hagsmuna ríkisins innan okkar eigin efnahagslögsögu.

Það liggur hins vegar fyrir að ef olía finnst Noregsmegin á Jan Mayen svæðinu og ef íslensk stjórnvöld telja rétt að nýta sér heimildirnar sem þau hafa samkvæmt samningnum frá 1981 — og reyndar samkomulagi sem var útfærsla á þeim samningi og undirritað hér 3. nóvember af íslenska utanríkisráðherranum og þeim norska líka — er nauðsynlegt að það sé til staðar aðili sem getur komið fram fyrir þeirra hönd og farið með réttindi samkvæmt samkomulaginu.

Þetta er í reynd, frú forseti, félag sem er lagt til að verði sett upp með svipuðum hætti og norska ríkisolíufélagið Petoro sem gætir einungis hagsmuna og fjárhagslegra réttinda norska ríkisins en sinnir ekki vinnslu. Til að unnt sé að bregðast við, ef menn telja að það spretti upp þörf til að

stofna sérstakt félag af þessu tagi til þess að fara með hagsmuni íslenska ríkisins, er í 5. gr. lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilað að ákveða um þátttöku íslenska ríkisins í vinnslu kolvetnis og á þá að beita sér fyrir stofnun hlutafélags sem hefur það markmið eitt að gæta íslenskra hagsmuna, þ.e. hagsmuna íslenska ríkisins. Slíku félagi væri þá einungis ætlað að starfa á landgrunni Íslands eða á þeim svæðum utan landgrunnsins þar sem íslenska ríkið á rétt á hlutdeild samkvæmt alþjóðasamningum og öðrum heimildum.

Á þessu stigi er auðvitað fyrst og fremst verið að ræða um Jan Mayen svæðið. Það liggur ljóst fyrir að þar eru líka mjög sterkar vísbendingar um að olíu eða gas kunni að vera að finna. Samningurinn frá 1981 er Íslendingum mjög hagstæður að því leyti að ef Norðmenn ætla að nýta sér þann fjórðungsrétt sem þeir hafa til að taka þátt Íslandsmegin verða þeir að upplýsa íslensk stjórnvöld um það áður en sérleyfum er úthlutað og verða þá að taka samsvarandi þátt í kostnaði. Samningurinn frá árinu 1981 sem var útfærður með samkomulaginu núna 3. nóvember er hins vegar svo dásamlegur fyrir Íslendinga að hann gerir ráð fyrir að Íslendingar þurfi ekki að taka ákvörðun um það hvort þeir vilji taka þátt í vinnslu fyrr en málið er það langt fram gengið Noregsmegin að ljóst liggi fyrir að þar sé olíu að finna. Í reynd þýðir þetta að það mætti vera byrjað að dæla þar upp verðmætum áður en Íslendingar tækju ákvörðun um að taka sinn fjórðungsrétt þar og leggja þá fram fjármagn sem því svaraði vegna kostnaðar við að koma málinu á þann reit.

Í þessari grein er kveðið á um að öll hlutabréf félagsins verði í eigu íslenska ríkisins við stofnun þess. Þá er kveðið á um það líka að í stjórn félagsins eigi að vera fimm menn. Með hliðsjón af tilgangi félagsins og hagsmunum þess er talið rétt að umræddir stjórnarmenn verði skipaðir sameiginlega af þeim ráðherrum sem málið heyrir undir samkvæmt samkomulagi þeirra á milli.

Í 4. og 11. gr. frumvarpsins eru svo lagðar til breytingar á gjaldtöku vegna afnota af rannsóknarsvæði og leyfisveitingargjalds. Annars vegar er lögð til breyting á svæðisgjaldi. Þessi breyting er lögð til vegna reynslu og að ráðum Færeyinga en þeir hafa löggjöf sem töluverður hluti þeirra breytinga sem ég legg hér fram er sniðinn að. Í þessum greinum er lagt til að svokallað svæðisgjald verði lækkað úr 50 þús. kr. fyrir hvern ferkílómetra í 10 þús. kr. Það hækki síðan um 10 þús. á ári upp að þeim 150 þús. kr. mörkum sem nú þegar eru í lögunum frá 2001.

Hins vegar er lagt til að tekið verði upp umsóknargjald, 150 þús. kr. á hvern umsækjanda, en leyfisveitingargjöldin samkvæmt núgildandi lögum verði lækkuð um sömu fjárhæð. Þetta er líka samkvæmt færeyskri reynslu. Í lögunum frá 2001 er ekki gert ráð fyrir svona umsóknargjaldi, þar eru bara tiltekin leyfisveitingargjöld. Reynslan frá Færeyjum sýnir að það berast alls konar umsóknir um leyfi sem ekki virðast hafa mjög alvarlegan tilgang að baki sér. Það er mikið umstang að fara í gegnum þær og kostar mannafla. Þess vegna þykir rétt að lækka leyfisveitingargjaldið en búa til sérstakt umsóknargjald sem nægir til þess að standa straum af úrvinnslunni sem þarf að leggja fram til þess að vinsa þessar umsóknir úr. Þetta þýðir ekki aukið gjald fyrir þá sem að lokum fá leyfið vegna þess að leyfisveitingargjaldið er lækkað sem þessu nemur á móti.

Í 7. gr. frumvarpsins er síðan lagt til að krafa verði gerð um að væntanlegur leyfishafi stofni sérstakt félag hér á landi til þess að stunda rannsóknir eða vinnslu kolvetnis. Þetta félag yrði þá hinn skattskyldi aðili hér á landi. Með þessu, frú forseti, er verið að tryggja skattalega heimilisfestu þeirra aðila sem ætla að sækja um og fá leyfi og að lokum stunda kolvetnisvinnslu á íslensku yfirráðasvæði.

Þetta var það, frú forseti, sem ég ætlaði að reifa í framsöguræðu minni beinlínis varðandi breytingar á kolvetnislögunum frá 2001 og er að finna í I. kafla frumvarpsins.

Í öðrum þætti frumvarpsins eru svo lagðar til breytingar á þeirri löggjöf umhverfisráðuneytisins sem má telja að hafi sérstaka þýðingu vegna framkvæmda sem tengjast rannsóknum, leit og vinnslu á olíu. Þessi þáttur var vitaskuld saminn í samráði við umhverfisráðuneytið. Þar eru lagðar til ákveðnar breytingar á þeim lögum sem ég hef þegar talið upp, skipulags- og byggingarlögum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum, lögum um brunavarnir og lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Í þessum lögum er ekki að finna nein ákvæði sem kveða á um framkvæmdir á svæðum eins og Drekasvæðinu sem liggja utan þeirra marka sem valdheimildir samkvæmt núgildandi lögum veita einstökum stjórnvöldum. Eins og ég held að ég hafi þegar sagt hafa lögin um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn frá 1979 ekki að geyma nein ákvæði um hlutverk eða sérstakar valdheimildir einstakra stjórnvalda í þessu sambandi. Þess vegna töldu menn nauðsynlegt að leggja fram tillögu að þeim breytingum sem ég mæli fyrir í þessum kafla frumvarpsins. Það er með öðrum orðum verið að skýra réttarstöðu og fjarlægja ákveðna réttaróvissu um t.d. hvaða stjórnvald á að hafa skipulagsvaldið utan netlaganna og til hvaða stjórnvalds eigi að sækja framkvæmdarleyfið ef málið gengur svo langt.

Í þessu frumvarpi er lagt til að Skipulagsstofnun verði falin skipulagsvernd vegna framkvæmda utan netlaga þar sem skipulagsvaldmörk sveitarfélaganna liggja. Íslenska ríkið hefur sem sagt lögsögu á svæðinu að því er varðar byggingu mannvirkja og afnot af þeim og reyndar líka vísindalegar rannsóknir á verndun hafsins. Það er lagt til að vinnsla og rannsóknarboranir verði tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum. Sömuleiðis verði að afla framkvæmda- og byggingarleyfis Skipulagsstofnunar vegna allra framkvæmda fyrir utan starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir atvinnurekstur sem kann að verða settur á laggir til leitar, rannsókna eða vinnslu.

Í frumvarpinu er líka að finna ákvæði sem er ætlað að taka af allan vafa um að rannsóknir og vinnsla á kolvetni falli undir lög um varnir gegn mengun hafs og stranda. Sömuleiðis að þessi starfsemi falli undir lög um brunavarnir svo það sé alveg tryggt að Brunamálastofnun hafi aðkomu að öllum slíkum framkvæmdum og geti komið upp sínum varnarviðbúnaði í formi reglna, eftirlits og annarra þátta.

Vegna sérstöðu þessa svæðis úti í hafi utan netlaga og sömuleiðis starfseminnar sem frumvarpið tekur til eru

ákvæðin um að það beri að leita álits ýmissa hlutaðeigandi stjórnsýslustofnana sem eru taldar upp í frumvarpinu ákaflega mikilvæg. Þau birtast í ýmsum greinum þessa frumvarps.

Auðvitað er rétt að taka skýrt fram að við skýringu þessara ákvæða sem ég hef drepið á, og lagt til með þessu frumvarpi að verði að lögum, ber að hafa að leiðarljósi þau meginmarkmið sem nú þegar er að finna í núgildandi löggjöf og sömuleiðis þá grundvallarhagsmuni sem þeim er ætlað að vernda. Það þarf að vera alveg skýrt, frú forseti, að sérstöðu þessa svæðis, eða landfræðilegri legu þessa hluta íslenska yfirráðasvæðisins, er þannig hvorki ætlað að draga úr gildi þessara markmiða né vernd grundvallarhagsmuna eins og þau birtast í eldri lagaákvæðum.

Frú forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki sérstaka ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frumvarp en ég legg til að þegar umræðunni lýkur verði því vísað til 2. umr. og sömuleiðis til hv. iðnaðarnefndar til faglegrar umfjöllunar.

[15:56]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég kem hingað upp fyrst og fremst til þess að lýsa ánægju minni. Ég tel að hér sé komið mál sem sé ástæða til þess að styðja og gangi í raun út á að laga svolítið til í þessu lagasafni sem er kannski ekki orðið mikið safn enn þá. Upphaflega voru þessi svokölluðu kolvetnislög sett árið 2001 og skiljanlegt að það þurfi að laga þau að aðstæðum og setja þau inn í nútímann og þann raunveruleika sem við stöndum frammi fyrir. Ég lýsi ánægju minni með að mér heyrist hæstv. ráðherra vera að byggja sig upp í að verða mikill olíumálaráðherra og greinilegt að hann hefur áhuga á þessu máli.

Ég vil náttúrlega líka sem þingmaður Norðausturkjördæmis lýsa því yfir að við vonumst til þess að ef af vinnslu verður á svokölluðu Drekasvæði muni það skapa tækifæri fyrir Norðausturland. Þegar er hafinn undirbúningur þess í samstarfi við iðnaðarráðuneytið og það er mjög gott mál.

Í sambandi við olíuvinnsluna almennt spyr ég hæstv. iðnaðarráðherra að því hvort hann sé sammála formanni Náttúruverndarsamtaka Íslands sem lét þau orð falla ekki alls fyrir löngu að það samræmdist ekki stefnu stjórnvalda að fara í olíuvinnslu í okkar efnahagslögsögu. Ég vona að hann fari með rangt mál. Þótt ég viti að ríkisstjórnin er ekki sérstaklega mikið að velta fyrir sér nýjungum í atvinnumálum, að mínu mati, hef ég ekki skilið það þannig að þetta sé rétt hjá þessum ágæta formanni Náttúruverndarsamtakanna. Ég vona alla vega að svo sé ekki og miðað við ræðu ráðherrans áðan held ég að það sé einhver misskilningur.

Eins og ég kom inn á fyrir nokkrum dögum í umræðu hér á hv. Alþingi var sú öld sem nú er liðin mikil olíuöld og hagvöxturinn byggðist mikið á vinnslu kolvetna. Sú öld sem nú er nýhafin er að mínu mati miklu frekar öld nýtingar endurnýjanlegrar orku og má t.d. nefna að hinn nýi forseti Bandaríkjanna er með mikil áform í þeim efnum. Þar gætum við Íslendingar átt erindi vegna þeirrar miklu þekkingar sem við búum yfir á því sviði.

Þó að ég segi þetta er ég náttúrlega alls ekki að halda því fram að við eigum ekki að nýta þau tækifæri sem við hugsanlega höfum hér við Íslandsstrendur — og jafnvel inni í landi, við skulum ekki útiloka það fyrir fram. Þar gætu líka verið möguleikar. Þar má t.d. nefna Tjörnes fyrir norðan þar sem setlögin benda til þess að þar gæti verið um kolvetnaauðlind að ræða. Þetta er eitt af því sem við munum að sjálfsögðu reyna að gera okkur verðmæti úr ef mögulegt er. Eins og kom fram hjá ráðherranum eru allar líkur á því að verð á olíu þurfi nú að vera býsna hátt til þess að þetta sé hagkvæm vinnsla en þó skal ég ekki fullyrða um það. Einhvern tímann hef ég heyrt að tunnan þyrfti að vera á 80 dollara til þess að þetta geti verið hagkvæmt en hef svo sem ekki kynnt mér það neitt frekar.

Ég vil líka halda því til haga að miðað við það sem komið hefur fram hjá sérfræðingum á þessu sviði er álitið að jafnvel 25% af óunninni auðlind, sem sagt bæði olíu og gasi, sem ekki hefur fundist enn sé hér norðan við okkur. Misjafnlega langt kannski til norðurs og aðallega utan við okkar lögsögu — náttúrlega fyrst og fremst utan við hana. Það segir okkur að þegar ísinn bráðnar í norðurhöfum verður mikið kapphlaup um að nýta þá auðlind. Ég veit að þær þjóðir sem telja sig eiga einhvern möguleika á rétti og eigu á landsvæðum munu eiga eftir að takast á um þá hluti en sennilega erum við ekki með sterka stöðu þar.

Innan okkar efnahagslögsögu verðum við að vera á varðbergi og vinna að þessum málum eins og við best getum og ég vil trúa því að það sé haldið ágætlega á þessum málum af hálfu iðnaðarráðuneytisins.

[16:01]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg rétt að mér er mjög mikið kappsmál að koma þessu máli í höfn. Þegar því var hrundið af stað í þessari lotu voru aðrar aðstæður í heiminum en eru núna og það kann vel að vera að lánsfjárþurrð og almennur samdráttur í heiminum dragi úr áhuga fyrirtækja á að koma til leitar á þessu svæði. Hitt er alveg ljóst að áhuginn er mikill. Við fundum það bæði á ráðstefnunni sem við héldum og sömuleiðis af heimsóknum margra. Þess má geta að hin nýendurvöktu tengsl okkar við Rússa hafa m.a. og hugsanlega leitt til þess að rússnesk olíufyrirtæki hafa sýnt þessu sérstakan áhuga. Ég ætla samt ekki að segja að það verði partur af framtíð norðausturhornsins að menn þurfi að læra rússnesku til að taka á móti rússneskum olíuskipum þar.

Það er líka rétt sem hv. þingmaður sagði að vísbendingar eru um að olíu sé að finna t.d. undir Tjörnesi. Sömuleiðis hef ég nýlega séð mjög hrá rannsóknargögn sem benda til þess að undir Austurlandi sé að finna jarðefni sem menn tengja við tilvist kolvetna en um það hef ég ekkert meira að segja og hef ekki séð neitt meira um það.

Það er alveg ljóst að fram undan gæti verið nokkurt vaxtarskeið í þeim byggðarlögum sem liggja þarna næst. Ef aðeins rannsóknir og leit verða í einhverjum mæli er ljóst að við þurfum að taka til óspilltra málanna varðandi t.d. öryggismál. Ég tel t.d. að staðsetja þurfi a.m.k. eina af okkar þyrlum á Norðausturlandi og sömuleiðis þurfi að gera samninga við heilbrigðisstofnanir um að geta sinnt ákveðinni þjónustu. Ég er líka þeirrar skoðunar að þetta muni leiða til þess að það skapist einhver opinber störf bara við

allt leyfisveitingaferlið sem mun fara af stað og ég hef sagt alveg skýrt að ég ætlast til að öll þau störf verði norðan lands.

Að því er varðar spurningu hv. þingmanns um það hvort ég sé sammála formanni Náttúruverndarsamtakanna um þetta tiltekna atriði þá er ég því algjörlega ósammála.

[16:03]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Við ræðum hér bandorm til breytinga á ýmsum lögum á sviði iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis og ég vil byrja á því að segja að þetta eru að nokkru leyti tæknilegar breytingar á lögum sem áður hafa verið afgreidd og samþykkt og nú með tilliti til breyttra aðstæðna og betri þekkingar. Ég tel hins vegar mikilvægt að þetta frumvarp fái mjög ítarlega athugun í nefndum þingsins. Ég vil eindregið óska eftir því við hæstv. ráðherra að hann beiti sér fyrir því að frumvarpið fari einnig til hv. umhverfisnefndar en ekki einungis til hv. iðnaðarnefndar. Það er auðvitað svo að nefndirnar gætu unnið að þessu saman og það væri auðvitað hið besta mál en það er ekkert sem segir að báðar nefndirnar geti ekki fjallað um þetta að mínu viti.

Það kann að vera, alla vega ef maður hlustar á hæstv. iðnaðarráðherra og tekur eftir því hvað hann hefur fram að færa í fjölmiðlum þá mætti halda að það sé ekki svo fjarlægt í raun að farið verði að leita að og jafnvel vinna olíu á íslensku landsvæði, að vísu lengst norður í höfum. Ég vil hins vegar hvetja hæstv. ráðherra til þess að gæta hófs í yfirlýsingum sínum og keyra ekki upp miklar væntingar um leið og ég hvet hann til þess að muna eftir ábyrgð okkar í umhverfismálum, ábyrgð okkar á lofthjúpi jarðar, þeirri áherslu sem við höfum og eigum, stöðu okkar vegna í heiminum, að leggja á endurnýtanlega orku og sjálfbæra þróun. Það er auðvitað mjög mikilvægt að missa ekki sjónar á þeim atriðum þegar olírannsókna- og olíuvinnslufyrirtæki utan úr heimi banka upp á og vilja auka framleiðslu sína með samstarfi við Ísland.

Í þessu efni eins og öðrum þegar um að ræða auðlindir í sameign þjóðarinnar, sem þessar auðlindir eru í samræmi við lög frá 1990, um auðlindir hafsbotnsins, þá er auðvitað vandmeðfarið hvernig hagsmuna eigendanna, þ.e. almennings í landinu, er gætt bæði hvað varðar leyfisveitingar og framsal á nýtingu auðlindarinnar sem slíkrar og það á við um allar slíkar auðlindir. Hér er gert ráð fyrir að hagsmuna íslenska ríkisins eða ríkissjóðs verði gætt með tilteknum hætti og það er nýmæli í þessum lögum, sem hæstv. iðnaðarráðherra nefndi réttilega að gæti kætt þá sem hér stendur, um heimild til að stofna sérstakt hlutafélag til að gæta hagsmuna ríkisins.

Í greinargerð er vísað til fordæmis frá Noregi, fyrirtækis sem heitir Petoro og hæstv. ráðherra lýsti hér áðan. Ég vil af því tilefni segja að það eru margar leiðir færar í þessu, hæstv. ráðherra, og ég tel mikilvægt að nefndin, sérstaklega iðnaðarnefnd í því sambandi, skoði einnig það fordæmi sem Norðmenn hafa gefið með ríkisolíufyrirtækinu Statoil. Norðmenn fóru þá leið á sínum tíma að þeir stýrðu olíuvinnslu sinni í farveg sem miðaði að því að byggja upp þekkingu og mögulega aðild innlendra aðila að rannsóknum og vinnslu jafnvel þótt hún væri fjármagnsfrek. Við vitum hver árangurinn varð af því. Norðmenn voru ekki feimnir við að beita ríkisvaldinu í því skyni að tryggja að í höndum Norðmanna sjálfra yrði til öflugur iðnaður á þessu sviði. Danir fóru hins vegar aðra leið, þeir framseldu þessi réttindi beint í hendur einkaaðila og það er skýringin á því að A.P. Møller-Mærsk er með öll réttindi Dana í Norðursjó. Þar hefur þróunin verið allt önnur en í Noregi, þar byggðist ekki upp sjálfstæður iðnaður í landinu eða sjálfstæð þekking nema hjá einkaaðilum.

Nú er ég ekki að segja að við séum komin að því, frú forseti, að fara að vinna olíu hér á landi. Ég vil bara benda hæstv. ráðherra á að það eru fleiri leiðir færar til að gæta hagsmuna íslenska ríkisins og eigenda þeirra auðlinda sem þetta frumvarp fjallar um en sú sem nefnd er í greinargerðinni. Ég vil líka nefna að á þetta var bent á sínum tíma, í mars 2007, þegar þeim lögum sem hér um ræðir, nr. 13/2001, var síðast breytt og einnig þann möguleika að í stað þess gjaldtökuákvæðis sem hér er í 11. gr., að taka gjald stig af stigi fyrir leyfi fyrir rannsóknir og fyrir vinnslu, er mögulegt í sjálfu sér að gerast eigendur í slíkum fyrirtækjum, mynda eignarhlut í þeim í stað vinnslugjalds.

Ég hef nefnt það áður að ég tel mikilvægt að hv. umhverfisnefnd fjalli um þetta mál því að það er í rauninni mjög vandmeðfarið hvaða áhrif rannsóknir og vinnsla á olíu og gasi geta haft á lífríki og lífsmöguleika með ströndum fram ef slys verður eða óhapp við rannsóknir eða vinnslu. Ég tel mjög mikilvægt að kveðið sé á um það hér að lög um hollustuhætti og mengunarvarnir taki til þessarar starfsemi og það sé ítrekað í öðrum lagabálkum sem heyra til umhverfisráðuneytisins og eru taldir í seinni hluta þessa frumvarps.

Frú forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þessa ræðu. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns að Íslendingar bera allmikla ábyrgð hvað varðar lofthjúp jarðar. Við höfum lengi verið á toppnum í því að menga hvað mest í Evrópu þrátt fyrir að við séum með orkunotkun til flestra annarra hluta en bílaflotans sem ekki veldur svo mikilli mengun og þetta er auðvitað hlutur sem við þurfum að taka okkur á í. Ég vil hvetja hæstv. iðnaðarráðherra, sem hér var réttilega kallaður verðandi olíumálaráðherra áðan miðað við það hvernig hann talar oft í þessum efnum, að gleyma nú ekki endurnýtanlegu orkugjöfunum okkar og þeirri ábyrgð sem við berum í loftslagsmálum heimsins.

[16:12]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég get fullvissað hv. þm. Álfheiði Ingadóttur um að öllum ráðum verður beitt til þess að viðhafa eins mikla vernd umhverfis og náttúru og hægt er, það hefur verið leiðarljósið í allri þessari vinnu. Við höfum í þeim efnum farið mjög rækilega eftir því sem við höfum séð frændur okkar Norðmenn gera. Mér er alla vega sagt að engin þjóð í heiminum hafi jafnstífar umhverfisreglur varðandi olíuvinnslu og einmitt þeir. Þangað höfum við leitað ráða og reynslu.

Það má segja að það séu tvær þjóðir sem við höfum einkum skoðað hvernig haga sínum olíumálum. Það eru annars vegar Norðmenn en hins vegar Færeyingar, þangað höfum við leitað mikið. Það er skammt síðan sérfræðingar

frá okkur voru í Færeyjum og hafa þeir reyndar verið þar mörgum sinnum. Við höfum líka fengið færeyska frændur hingað til þess að leiðbeina okkur. Þeir hafa leitað að olíu um átta ára skeið og hafa verið í þessum geira um töluverðan tíma. Það er kannski helst hjá þeim sem við höfum leitað ráða og reynslu að því er varðar meðferð skattlagningar og hvernig fara á með gjaldskyldu og annað sem tengist fjárhagslegum málefnum. Ástæðan er sú að þeir eru ekki langt frá okkur, þeir eru á sama hafsvæði. Við höfum, svo að ég sé algjörlega ærlegur, verið að reyna að haga málum þannig að við gætum, vegna þess hversu fjarri alfaraleið og langt norður frá og vegna þess hversu erfitt Drekasvæðið er, verið samkeppnisfær ef svo mætti að orði kveða.

Það eru ekkert mörg olíufyrirtæki sem finnst við fyrstu sýn það vera skynsamlegt að fara langt norður í ballarhaf til þess að eyða peningum í skoða svæði af þessu tagi. Staðreyndin er hins vegar sú að sá áhugi hefur farið vaxandi en það er nauðsynlegt ef okkur er alvara — og mér er alvara — með að fá fyrirtæki til þess að skoða svæðið, leita og rannsaka fyrsta kastið, verðum við að setja dæmið upp þannig að þau geti séð af því fjárhagslegan ávinning. Það er alveg ljóst að ef vel tekst til verður ávinningur okkar Íslendinga töluverður. Jafnvel þó að við gefum okkur að engin olía eða gas muni finnast er alveg ljóst að veltan í rannsóknunum sem mun eiga sér stað þarna er metin á tugi milljarða króna. Útgerðin á því verður að mestu leyti frá norðausturhorninu. Það mun því skipta mjög miklu máli fyrir vöxt og viðhald byggða sem þar eru. Það er þess vegna sem fólk í byggðum eins og á Langanesi og Vopnafirði hefur bundist samtökum um að reyna að undirbúa sig sem best fyrir það að geta tekið á móti slíkri útgerð og beint henni þangað.

Ef olía eða gas finnst er auðvitað spurning um hvenær það verður. Ég hef leyft mér að vera tiltölulega hófstilltur í því efni. Ég hef sagt það nokkuð gilt og svert að ég tel mjög miklar líkur á því að þarna sé olíu og gas að finna en ég hef jafnframt tekið mönnum vara við því að halda að það gangi einn, tveir og þrír á örfáum árum. Þar eru hins vegar norskir sérfræðingar mér ósammála.

Það er ekki langt síðan hér var sjónvarpsþáttur, Kompás, þar sem rætt var við þá sérfræðinga sem rannsakað hafa þetta svæði langmest, fyrst á vegum íslenska ríkisins fyrir nokkrum árum og síðan fyrir sérstakt fyrirtæki sem beinlínis hefur verið stofnað á grundvelli vitneskju sem leiðir af þeim rannsóknum og á að fara í vinnslu þegar leyfin verða boðin út. Það er því að minnsta kosti eitt fyrirtæki sem hefur lýst því sterklega yfir að það hyggist vinna þarna. Sérfræðingar og forustumenn þessa fyrirtækis eru nú ekkert að skafa utan af því þegar þeir tala um möguleikana. Þeir sögðu nýlega að þeir teldu að birgðirnar sem þarna væri að finna undir hafsbotninum gætu jafngilt nýjum Norðursjó en eins og menn vita var olíuvinnsla í Norðursjó undirstaðan að gríðarlegum uppgangi í Noregi, Skotlandi og reyndar niður eftir allri strönd Bretlands. Ég minnist þess sjálfur sem átti heima um nokkurra ára skeið úti við austurstrendur Mið-Englands að þar var mikil starfsemi sem tengdist viðgerð og viðhaldi og smíði alls konar tóla og tækja sem þurfti til þess að vinna þessa olíu í Norðursjónum.

Ég hef hins vegar aldrei sagt að þetta muni ganga fljótt fyrir sig. Ég hef sagt og ég held að það komi fram í frumvarpinu, ég hef a.m.k. skrifað greinar þar sem ég hef sagt: Menn skulu gera ráð fyrir því að það geti liðið 18–20 ár þangað til þetta gæti orðið að veruleika. Það er þess vegna sem leyfin sem menn tala um munu að öllum líkindum gilda í 18 ár með framlengingarfrestum sem í þeim er að finna. Norsku sérfræðingarnir tóku hins vegar svo stórt upp í sig fyrir nokkrum vikum á Íslandi að þeir sögðust gera ráð fyrir því að hugsanlega þyrftu ekki að líða nema fimm til sex ár áður en menn gætu séð olíu koma upp. Mér finnst það nú með miklum ólíkindum.

Af þeirri takmörkuðu þekkingu sem ég hef á þessu er það eigi að síður þannig að á sumum þeirra skika sem menn undirbúa að bjóða út fara saman vísbendingar sem fengnar eru með ólíkum og eðlisóskyldum rannsóknum sem benda til þess að undir sé olía. Bæði eru þar fjölgeislamælingar sem benda til þess að tiltekin jarðlög sé að finna sem jafnan eru tengd olíugæfum jarðlögum, sömuleiðis ákveðnar gróp-ir eða „strúktúrar“ í jarðvegi hafsbotnsins sem bendir líka til þess að þar sé olíu að finna og í þriðja lagi eru merki — og stundum falla þau öll saman — um að gasuppstreymi sé á botninum.

Vísbendingarnar eru því giska sterkar og það er þess vegna sem sérfræðingarnir, sem hafa verið prófessorar í olíuvinnslu við norska háskóla, hafa stýrt olíuleitarfyrirtækjum og sumir reyndar gegnt yfirmannsstöðum hjá því norska fyrirtæki sem hv. þingmaður nefndi áðan, Statoil. Þessir menn sem hafa rannsakað þetta mest og hafa miklu meiri þekkingu, sennilega meiri þekkingu en allir Íslendingar samanlagt í þessum efnum, eru mjög bjartsýnir. Ég segi samt sem áður: Við skulum ekki gera ráð fyrir því að þetta verði að veruleika jafnfljótt og þessir ágætu sérfræðingar segja. Ef guð og lukkan eru með Íslendingum gætu kannski liðið tíu ár þangað til en í öllu falli er ljóst að þarna er um möguleika að ræða.

Það er hins vegar alveg gríðarlega kostnaðarsamt að ætla að reyna að raungera þessa möguleika og það er þess vegna sem við höfum kosið að fara þessa leið. Við höfum lagt fram upplýsingar sem við Íslendingar höfum unnið sjálfir eða erlendir undirverktakar á okkar vegum sem gefa grófa mynd af stöðu jarðlaga á þessu svæði. Næsta skref er hins vegar að gera einhvers konar tilraunaboranir, fyrst til þess að koma mælitækjum niður í botninn og ná þannig frekari þrívíddargreiningum á svæðinu. Það kostar mikla peninga og það kostar útgerð skipa, hugsanlega sums staðar einhvers konar borpalla eða -tækja. Við höfum ekki metið það svo að það sé á það hættandi fyrir okkur Íslendinga, svo litla þjóð sem við erum, ég tala nú ekki um í núverandi fjárhagslegri stöðu, að leggja í mikla áhættu. Það er þess vegna sem þessi leið er farin. Reynt er að leggja fram upplýsingar sem eru jákvæðar og ekkert er undan dregið þar. Sömuleiðis er reynt að meta kostnaðinn sem er af okkar hálfu við að úthluta svæðunum með þeim hætti að fyrirtækjum, sem leggja hvort eð er til hliðar gríðarlegar upphæðir til þess að leita að nýjum lindum, þyki eftirsóknarvert að koma þarna.

Við aðstæður eins og þarna eru er mjög ólíklegt að eitthvert eitt tiltekið fyrirtæki komi og vinni á eigin vegum. Á svæðum sem þessum er það yfirleitt þannig að tvö til fimm

fyrirtæki slá sér saman. Oft er um að ræða stöndug, stór og sterk olíufélög sem mynda þá fjárhagslega hrygglengju slíks „leitarkompanís“ en þau láta kannski yngri og minni fyrirtæki sem hafa sérhæft sig í leit sjá um hana sjálfa.

Hv. þingmaður nefndi réttilega að Norðmenn hafa farið ýmsar leiðir, ekki síst á fyrstu árum olíuævintýrisins sem hjá þeim hófst 1967, til þess að byggja upp þekkingu á olíuvinnslu í Noregi. Nú má segja að við norska háskóla sé kannski að finna öflugustu og mesta alhliða reynslu á sviði olíuvinnslu. Norðmenn vinna ekki aðeins á tiltölulega grunnu sævi í Norðursjó heldur vinna þeir líka ásamt Rússum á mjög erfiðum svæðum langt norður undir heimskautsbaug þannig að þeir hafa mjög alhliða reynslu af olíuvinnslu og olíuleit við mjög fjölbreyttar aðstæður. Þeir hafa orðið sér úti um mjög mikla reynslu og þekkingu. Ein leiðin sem þeir hafa farið er sú að þeir bjuggu til sitt eigið ríkisolíufélag sem er eitt af öflugustu olíufélögum í heiminum. Innan þess hefur orðið til alveg gríðarleg þekking og það félag hefur síðan stutt háskóla til þess að búa til enn meiri þekkingu.

Önnur ríki eins og Danmörk, eins og hv. þingmaður benti á, veita einfaldlega öll leyfin til einkaaðila. Það sem ég hef í hyggju er að fara bil beggja í þessu efni. Við ætlum að bjóða út sérleyfi og við eigum engra kosta völ af því að við höfum ekki fjárhagslegt bolmagn til annars en að leyfa einkafyrirtækjum að fara í málið. Við höfum sem sagt ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að setja upp ríkisolíufélag á borð við Statoil sem mundi beinlínis leggja í þá miklu fjárhagslegu áhættu að fara að finna og bora og vinna olíu. Það gæti leitt til gríðarlegs ávinnings fyrir Ísland en það gæti líka leitt til gríðarlegs kostnaðar án þess að ávinningurinn yrði nokkur, það er ekki hægt að horfa fram hjá því.

Hins vegar er hægt, þegar sérleyfin eru boðin út að gera ákveðnar kröfur sem gera umsækjendur líklegri en aðra til þess að fá svæði ef þeir fylgja þeim. Það er t.d. hægt að gera kröfur um að viðkomandi fyrirtæki kosti ákveðnar grunnrannsóknir sem tengjast þessu sem unnar eru við íslenskar menntastofnanir. Það er líka hægt að leggja þá kvöð á hendur þeim að þau taki þátt með öðrum hætti í að byggja upp menntun á þessu sviði á Íslandi. Það eru þau skilyrði sem við erum að móta og hv. þingmaður getur kallað eftir í fagnefndinni sem við alla vega vonumst til þess að verði með tíð og tíma til þess að innlend þekking byggist upp á þessum málum. Það er reyndar þannig að fyrirtækin sem hafa talað við okkur hafa verið að reifa málið á þessum nótum. Þau telja mjög æskilegt að innan lands verði til þekking á þessari grein og segja að það sé vel þekkt þar sem sterk fyrirtæki fara í vinnslu að þau beiti sér fyrir því að í viðkomandi landi sé byggð upp þekking með þessum hætti ef hana er ekki að finna þar. Það er auðvitað mjög æskileg leið.

Það hefði auðvitað verið dásamlegt ef Íslendingar hefðu búið yfir því bolmagni að geta sjálfir ráðist í olíuvinnslu með svipuðum hætti og Norðmenn gerðu. En við erum lítil þjóð og það kostar alveg gríðarlega peninga og þeir eru ekki aflögu, að minnsta kosti ekki núna. Ég mundi heldur ekki, jafnvel þó að fjárhagsleg staða væri allt önnur á Íslandi en hún er núna, leggja til að Íslendingar legðu allt það fé í áhættusama olíuleit og -vinnslu miðað við þá þekkingu sem nú er fyrir hendi. Þó að ég sé bjartsýnn og sérfræðingarnir séu bjartsýnir viðurkenna þeir að það getur tekið langan tíma að finna olíu og mun kosta mikla peninga.

Færeyingar hafa mjög órækar vísbendingar um að á þeirra landgrunni sé að finna kolvetni. Þeir hafa fundið svolitla olíu en hvergi í vinnanlegum mæli. Þeir eru búnir að vera að rannsaka það í átta ár. Það hefur að vísu skapað mikla veltu í samfélaginu vegna þess að komið hafa miklir peningar í gegnum rannsóknir og útgerðina frá Færeyjum. En eigi að síður er það þannig að ef færeyska ríkið hefði ætlað að standa undir því sjálft hefði það aldrei getað það og sama gildir um okkur þó að við séum töluvert stærri.

Þetta er því leiðin sem við förum. Við erum að reyna að fá olíufyrirtæki heimsins til þess að koma og leggja sjálf í kostnað við að rannsaka svæðið. Ef þau finna eitthvað enn meira en við höfum þegar fundið leiðir það til þess að svæðið verður enn meiri segull. Og þegar við bjóðum út næst munu fleiri koma. Við erum með öðrum orðum að laða fyrirtæki til landsins til þess að rannsaka það sem við höfum ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að gera sjálf, Íslendingar, með frekari borunum. Það sem við bjóðum þeim í staðinn er auðvitað sá ávinningur að ef þau finna verðmæti geta þau hagnast verulega. Sá skattapakki sem Íslendingar munu leggja sem grunn að þátttöku þeirra í þessu og verður væntanlega reifaður hér af hæstv. fjármálaráðherra í næstu viku gerir líka ráð fyrir því að Íslendingar fái mikið í sinn hlut og því meira eftir því sem meira kemur úr hverju svæði.

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur og stöllu hennar hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir að taka þátt í henni og leggja jákvætt til mála, að sjálfsögðu með gagnrýnum hætti. Það er ekkert sjálfsagt mál að Íslendingar ráðist í olíuvinnslu. Það er hins vegar algjörlega sjálfsagt að spurt sé fast út í umhverfis- og náttúruverndarþáttinn, það er hluti af skyldum Alþingis að hleypa ekki slíkum málum gagnrýnislaust í gegn.

Hv. þingmaður óskaði eftir því að ég beitti mér fyrir því að fleiri nefndir þingsins fjölluðu um þetta. Ég svara henni eins og ég hef svarað öllum þingmönnum sem segja þetta: Hér eru skil. Ég tala hér sem fulltrúi framkvæmdarvaldsins. Ég legg þetta mál fyrir og nú er það í höndum þingsins. Þingið ræður því algjörlega sjálft með hvaða hætti það fjallar um frumvarpið og ég lít ekki svo á að ég hafi vald til þess að meina þeim að gera eitt eða neitt. En ég held líka og hef alltaf sagt að ráðherrar eigi ekki að vera að skipta sér af því með hvaða hætti þingið vinnur mál.

[16:28]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég tek tillit til þessara orða hæstv. ráðherra og beini þeim tilmælum til hæstv. forseta að því máli sem við höfum rætt verði vísað til bæði iðnaðarnefndar og umhverfisnefndar. Ef ekki vill betur að því verði þá skipt í tvennt. Þarna er um tvo algjörlega sjálfstæða lagabálka að ræða og eðlilegt að umhverfisnefnd þingsins fái til umfjöllunar það sem henni tilheyrir rétt eins og eðlilegt er að iðnaðarnefnd fái það sem til hennar verksviðs heyrir.

[16:28]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti telur að hann hafi ekki umboð til að vísa til annarrar nefndar en hér um ræðir (**ÁI:** Ég hreyfi andmælum, virðulegi forseti.) en mun koma á framfæri ósk hv. þingmanns til formanns iðnaðarnefndar um að hann kalli til umhverfisnefnd.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og iðnn.

Fundi slitið kl. 16:29.

---

34. FUNDUR

mánudaginn 24. nóvember,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Vantraust á ríkisstjórnina, þingrof og nýjar kosningar, þáltill., 173. mál, þskj. 209. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
Katrín Jakobsdóttir, 4. þm. Reykv. n.
Katrín Júlíusdóttir, 5. þm. Suðvest.

Tilhögun þingfundar.

[13:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að til þess að koma umræðunni um eina dagskrármálið fyrir í dag hefur verið vikið frá hefðbundnum fundartíma þingsins á mánudögum. Fundur er því settur kl. 13.30 í dag og tími þingflokksfunda hefur því raskast að því leyti.

Vantraust á ríkisstjórnina, þingrof og nýjar kosningar, ein umr.

Þáltill. SJS o.fl., 173. mál. — Þskj. 209.

[13:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er á milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar og stendur hún í 5 klukkustundir með 6 umferðum. Ekki er gert ráð fyrir andsvörum.

[13:36]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um vantraust á ríkisstjórnina, þingrof og nýjar kosningar. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, formaður Framsóknarflokksins, og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á ríkisstjórnina. Alþingi lýsir þeim vilja sínum að þing verði rofið fyrir 31. desember og efnt til almennra þingkosninga í framhaldinu.

Meginástæður þessarar vantrauststillögu og kröfu um þingrof og nýjar kosningar eru að um þetta, um breytingar, um að menn axli ábyrgð, er gerð krafa hvaðanæva úr þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin er sundurþykk og lítt starfhæf. Ríkisstjórnin er sek um mikið andvara- og aðgerðarleysi í aðdraganda efnahagshrunsins. Ríkisstjórnin nýtur ekki trausts og hefur ekki þjóðina með sér. Innan við þriðjungur þjóðarinnar treystir nú ríkisstjórninni samkvæmt nýjum skoðanakönnunum. Ríkisstjórninni eru og hafa verið ákaflega mislagðar hendur í svokölluðum björgunaraðgerðum, aðgerðum sem fyrst og fremst hafa falist í ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um gríðarlegar erlendar lántökur og skuldsetningu þjóðarinnar. Tillagan er sett fram með ábyrgum hætti, sem sagt þannig að verði vantraust samþykkt sé miðað við að þingrof verði í síðasta lagi um áramót og kosningar þá fyrir eða um miðjan febrúar. Það þýðir að tími gefst til að afgreiða fjárlög eða fjárheimildir og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir sem þurfa þykir. Það þýðir að nokkur aðdragandi gefst til að undirbúa kosningar en þó yrði um stutta og vonandi snarpa kosningabaráttu að ræða sem færi fram frá því upp úr áramótum og stæði í 4–6 vikur.

Hæstv. ríkisstjórn ber fyrir sig að við séum stödd í miðjum björgunaraðgerðum og því sé ekki hægt að ganga til kosninga sem stendur. Sumir stjórnarliðar virðast reyndar telja að tímabært sé að kjósa í vor eða í haust, bara ekki núna. Aðrir stjórnarliðar virðast beinlínis hræddir við kosningar og kjósendur og finna hugmyndinni um að lýðræðið hafi sinn gang allt til foráttu. En hve lengi eiga þá hinar tímabundnu björgunaraðgerðir að standa? Sjálfir tala stjórnarliðar um að það séu tvö, jafnvel þrjú, erfið ár fram undan. Hæstv. forsætisráðherra hefur nefnt það til sögunnar að það sé óráð að kjósa því við séum að fara inn í áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. En á hún ekki að standa í tvö ár hið minnsta? Á Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn nú að fara að ráða því líka hvort kosið verður eða hvaða ríkisstjórn situr í landinu? Er það kannski eitt af skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að hin samvinnufúsa ríkisstjórn Geirs H. Haarde og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur skuli sitja við völd?

Nei, auðvitað eru þetta allt saman aumlegar viðbárur ráðþrota ríkisstjórnar. Staðreyndin er að okkar bíður risavaxið verkefni sem mun taka mörg ár, það er verkefnið að vinna Ísland út úr erfiðleikunum og þjóðin treystir ekki þeim sem komu okkar á kaldan klaka til að leiða endurreisnina. Það er öllum fyrir bestu og þetta mun ekki takast án þess að kjósa sem fyrst um leið og til þess er svigrúm þannig að nýtt þing, ný ríkisstjórn, ný andlit með endurnýjað umboð og þjóðina á bak við sig, geti hafist handa um endurreisn íslensks þjóðarbúskapar.

Víkjum þá nánar að helstu röksemdum fyrir þessari tillögu. Í fyrsta lagi er sundurþykkja ríkisstjórnarinnar öllum ljós. Það talar í raun og veru fyrir sig sjálft. Stjórnarliðar, þingmenn og ráðherrar deila opinberlega í þingsölum sem annars staðar. Þingmenn og jafnvel ráðherrar tala um nauðsyn kosninga sem auðvitað er ekkert annað en vantraustsyfirlýsing. Sumir stjórnarliðar tala um að stjórnarsáttmálinn sé úr gildi fallinn, fornleifar held ég að einhver þeirra hafi kallað hann, stjórnarsáttmálann.

Í öðru lagi er andvaraleysi og aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar allan sinn tíma frægt að endemum. Um það eru dæmin svo dapurleg, ég vil ekki segja hlægileg, að engu tali tekur. Frægt er t.d. þegar hæstv. forsætisráðherra sagði, í lok marsmánaðar sl., að botninum væri náð. Hann sagði í viðtali við Ríkisútvarpið að það væri gleðilegt að krónan skyldi hafa styrkst og hlutabréfamarkaður sömuleiðis sem benti til þess að botnum væri náð — í lok marsmánaðar sl. Í sumar sagði hæstv. forsætisráðherra, í ágústbyrjun, að aðgerðaleysi væri að bera ávöxt. Með leyfi forseta, þetta svokallaða aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar, sem stjórnarandstaðan og hinir og þessir í blogginu tala um, það er meðal annars að bera þennan ávöxt. Aðgerðaleysið var að bera þennan rokna ávöxt 5. ágúst sl.

Hvað sagði hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, í lok ágúst? Hún sagði í viðtali við *Viðskiptablaðið* að hér væri engin kreppa. Við eigum við ákveðna erfiðleika að etja, ákveðna erfiðleika í efnahagsmálum, en þó má ekki tala eins og það sé kreppa í landinu. Hér er engin kreppa, sagði hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, í lok ágústmánaðar.

Í marslok fór ríkisstjórnin í almannatengslaherferð gagnvart útlöndum og ráðherrarnir, hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra, fóru til útlanda til að leiðrétta það sem þeir kölluðu misskilning um íslenska efnahagsundrið. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir taldi þá efnahag íslensku þjóðarinnar sterkan og sagði m.a., með leyfi forseta: „Það er nauðsynlegt að gera grein fyrir því að íslenskur efnahagur stendur styrkum fótum. Raunar er staða íslensks efnahags sterkari en sumra annarra Norðurlanda. Bankar okkar eru einnig mjög sterkir og þrautseigir.“ Þetta sagði hæstv. utanríkisráðherra í almannatengslaúthlaupinu í mars. Það er vert að þetta komi skýrt fram.

Hæstv. fjármálaráðherra var ekki að skafa utan af því heldur þegar hann talaði um ágæti bankanna o.s.frv. (**Iðnrh.:** Hvað sagði iðnaðarráðherra?) Hæstv. fjármálaráðherra sagði t.d. í lok febrúar að engin þörf væri á breyttri efnahagsstjórn, það væri ekkert í þeirri þróun sem kallaði á breytingar á stefnu okkar. Vissu hæstv. ráðherrar ekki betur? Hefur það ekki komið fram? Lágu ekki á borðum þeirra skýrslur frá Seðlabanka Íslands, frá alþjóðlegum greiningarfyrirtækjum og fleiri aðilum sem sögðu hið gagnstæða en engu að síður var þessu statt og stöðugt haldið fram og ekkert gert nema þá helst þetta að fara í almannatengslaúthlaupið til að leiðrétta misskilning.

Hinn 24. september sagði hæstv. forsætisráðherra, í viðtali við kanadíska sjónvarpsstöð, að staða íslensku bankanna væri mjög sterk og traustar stoðir undir íslenskum þjóðarbúskap, nokkrum dögum áður en fyrsti bankinn komst í þrot. Ríkisstjórnin hefur vandræðast með það sem hún kallar björgunaraðgerðir allan október og það sem af er nóvembermánuði. Ísland hefur hrakist úr einu víginu í annað og einangrast uns að lokum var gefist upp, t.d. í Icesave-deilunni. Eina úrræðið, eina spilið sem ríkisstjórn hafði eftir á hendi, var að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og undirgangast skilmála hans, m.a. um stórhækkun stýrivaxta og meira er boðað í þeim efnum.

Upplýsingagjöf til þjóðarinnar hefur verið í skötulíki en hins vegar eru sviðsettir blaðamannafundir, svokallaðir karamellufundir, haldnir síðdegis á föstudögum þar sem reynt er að koma með góðar fréttir til að slá á væntanleg mótmæli helgarinnar. Fyrir næstsíðustu helgi var kynntur ákaflega innihaldsrýr heimilispakki. Einu fjármunirnir í honum voru til að fella niður gjöld vegna útflutnings á notuðum bílum en þagað var um uppgjöfina í Icesave-deilunni fram á sunnudag. Það hefur örugglega verið að ráðum norska hernaðarráðgjafans nema það skyldi vera hinn nýráðni almannatengill forsætisráðuneytisins, þrautreyndur af störfum fyrir m.a. FL Group.

Fyrir síðustu helgi var kynntur kattarþvottur gagnvart eftirlaunafrumvarpinu. Veruleikinn er sá að í svokölluðum björgunaraðgerðum hefur ekkert bitastætt litið dagsins ljós enn hvað varðar heimilin. Og atvinnulífið hefur ekkert fengið frá ríkisstjórninni eða Alþjóðagjaldeyrissjóðnum nema vaxtahækkun. Stendur kannski til að kynna málamyndapakka gagnvart atvinnulífinu á karamellufundi næsta föstudag? Er það kannski inni í myndinni? Hvað segir norski ráðgjafinn? Við skulum sjá hvað setur. Það verður fróðlegt að sjá.

Ýmsar ákvarðanir sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið, eða aðilar sem starfa í skjóli hennar í bönkunum eða skilanefndunum, eru vægast sagt umdeildar. Það er því af mörgu að taka þegar kemur að því hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur haldið á málum þegar út í það algera óefni var komið sem raun bar vitni í fyrstu viku októbermánaðar. Alvarlegastar eru til framtíðar litið hinar gríðarlegu lántökur sem áformaðar eru og þvingunarskilmálar fyrst Evrópusambandsins í Icesave-deilunni og síðan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það er fljótreiknað hver greiðslubyrðin verður ef t.d. 1.000 milljarðar kr. af þeim 1.400 sem nú eru samanlagðir í lánapakkanum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og vegna lántöku út af Icesave-deilunni falla að lokum á ríkið. Ef þetta verða 1.000 milljarðar upp á 4,5%, og þó það sé afborgunarlaust fyrstu árin, gerir þetta afborganir upp á 300–340 milljarða kr. á ári á árunum 2012–2015. Menn geta þá sett það í samhengi við fjárlögin og séð að lítið verður eftir til innlendra nota ef fjárlögin verða áfram af sömu stærðargráðu. Ef við erum bjartsýn og segjum að þetta verði 700 milljarðar erum við engu að síður að tala um greiðslubyrði sem er gríðarleg, afborganir og vextir upp á um 200–220 milljarða á ári þau árin sem þetta félli til. Þá mun taka í að ná saman fjárlögum árin 2012–2015 ef pakkinn verður svona saman settur. Sautján og hálft ár Sjálfstæðisflokksins við völd á Íslandi, og eins og málum er nú komið undir hans stjórn, eru eitt og sér næg ástæða til kosninga. Málflutningur og ábyrgðarleysi Samfylkingarinnar, sem heldur þessum sama Sjálfstæðisflokki við völd, er líka næg ástæða til kosninga. Samfylkingin segir: Krónan er ónýt og Seðlabankinn trausti rúinn. Samt ætlar Samfylkingin að taka 700 milljarða erlent

lán, setja það á herðar komandi kynslóða til að bjarga þessari ónýtu krónu. Og hver á að fá peningana? Hvert á lánið að fara? Það á að fara inn í Seðlabankann, til Davíðs Oddssonar til að reyna að bjarga krónunni sem ungliðahreyfing Samfylkingarinnar var að leggja til við fólk að henda helgina var. Er þetta frambærilegt? Er þetta ekki stórbrotið? Er þetta ábyrgt? Nei.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þetta er örugglega Íslandsmet ef þá ekki heimsmet í óábyrgum málflutningi og óábyrgri framgöngu stjórnmálaflokks. Eins og áður sagði nýtur ríkisstjórnin ekki trausts frekar en Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið, bankarnir og margir fleiri. Innan við þriðjungur þjóðarinnar treystir ríkisstjórn sem lagði upp með tveggja þriðju hluta fylgi og stuðning í samræmi við það. Kosningar eru því óumflýjanlegar til að endurheimta traust. Það er rétt að muna að ríkisstjórnin afþakkaði tilboð stjórnarandstöðunnar, í sumar, í haust, í byrjun október, um myndun þjóðstjórnar. Ríkisstjórnin ber því alfarið ábyrgð á hinni pólitísku stöðu, hún taldi sig einfæra um að ráða við verkefnið en annað er að koma á daginn. (Gripið fram í.) Óánægju- og reiðiöldur rísa nú hátt í samfélaginu. Það er eðlilegt, hæstv. iðnaðarráðherra. Hæstv. iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, gerði rétt í því að gaspra ekki og fara með gamanmál þegar maður nefnir ástandið í íslensku samfélagi í dag. Óánægju- og reiðiöldur rísa. Það er eðlilegt, það er skiljanlegt og það er réttmætt. (Gripið fram í.) En við skulum sameinast um eitt og það snýr að ríkisstjórninni og meiri hlutanum: Virkjum þessa reiði í uppbyggilegan farveg en missum hana ekki úr böndunum. Virkjum lýðræðið. Sameinumst um það. Það er hin lögmæta og friðsamlega aðferð að útkljá slík mál í lýðræðislegum kosningum. Kann einhver betra ráð en lýðræðislegar kosningar? Við hvað eru menn hræddir? Og ég segi við ykkur sem eruð að hlusta á heimilum, á vinnustöðum eða hvar annars staðar sem þið eruð: Þið ráðið þessu. Allt vald sprettur frá þjóðinni í lýðræðissamfélagi. Þjóðin á betra skilið en það sem á henni dynur núna. Þjóðin á rétt á því að gera upp reikningana. Þjóðin á kröfu á starfhæfri ríkisstjórn, starfhæfum Seðlabanka, starfhæfu Fjármálaeftirliti. Þjóð sem vill kosningar á að fá kosningar. Verkefnið, hið risavaxna verkefni sem bíður okkar Íslendinga — að reisa land okkar úr rústum nýfrjálshyggjunnar, rústum græðgisvæðingarinnar, rústum útrásarglæfranna, rústum Sjálfstæðisflokksins í boði ónefndra flokka og nú síðast Samfylkingarinnar — mun mistakast án kosninga. Kosningar eru óumflýjanlegar og til þess þarf stjórnin að fara frá. Það mun gerast fyrr en síðar en þangað til situr hún í boði Samfylkingarinnar.

Herra forseti. Ég legg til að tillaga um vantraust á ríkisstjórnina, þingrof og nýjar kosningar verði samþykkt.

[13:52]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Í dag eru liðnar sjö vikur frá því að ég ávarpaði íslensku þjóðina vegna ástands á fjármálamörkuðum og í dag eru sjö vikur síðan Alþingi samþykkti hin svokölluðu neyðarlög til bjargar íslensku efnahagslífi. Við erum enn önnum kafin í ríkisstjórn og Alþingi við björgunarstörf og einmitt þá sér stjórnarandstaðan ástæðu til að flytja tillögu á Alþingi um vantraust á ríkisstjórnina. Það er undarlegur gjörningur, burt séð frá því að tillagan er meingölluð að formi til og gerir ráð fyrir alþingiskosningum á gamlársdag — látum það nú vera.

Þegar neyðarlögin voru samþykkt gerðum við okkur flest grein fyrir því að í hönd færi óviss og erfiður tími. Þá þegar gerðum við okkur grein fyrir því að hið versta væri ekki endilega yfirstaðið og við vissum það flest að mjög mundi reyna á hvert og eitt okkar í þeirri rás atburða sem fyrir höndum væri. Við gerðum okkur grein fyrir því að tjón margra yrði mikið og að fjölskyldur í landinu sæju fram á erfiðari tíma. Við vissum að margir mundu verða fyrir kjaraskerðingu og jafnvel atvinnumissi og við gerðum okkur grein fyrir því að margir draumar og margar áætlanir mundu ekki verða að veruleika. Við vissum að mikið uppbyggingarstarf væri fyrir höndum þar sem reyna mundi á skynsemi, þolgæði og samstöðu þjóðarinnar.

Sá efnahagslegi fellibylur sem nú geisar um heim allan á ekki upptök sín á Íslandi en örlögin hafa hagað því svo að hann skall á ströndum okkar af bylmingsafli og í ljós kom að rætur íslenska fjármálakerfisins voru ekki nægilega traustar til að standast mátt illviðrisins. Eins og hv. þingmaður gat um í ræðu sinni, hv. 1. flm. tillögunnar, komu þessir atburðir mönnum svo á óvart að aðeins nokkrum dögum áður en þeir gerðust hélt ég öðru fram í sjónvarpi í útlöndum. Það er hárrétt og það hef ég margoft rifjað upp sjálfur.

Íslensku bankarnir þrír voru rifnir upp með rótum í ofsaveðrinu. Þessir sömu bankar höfðu ítrekað hlotið lof fyrir frammistöðu sína og höfðu í farteski sínu margítrekuð heilbrigðisvottorð frá hinum ýmsu aðilum sem álitnir eru sérfróðir um hvernig meta skuli stöðu slíkra fyrirtækja. En þegar andvarinn í alþjóðlegum efnahagsmálum breyttist í fellibyl kom í ljós að skoðanir allra þessara sérfræðinga reyndust haldlitlar eða haldlausar með öllu og jafnvel skaðlegar, öll þessi heilbrigðisvottorð veittu falskt öryggi.

Auðvitað höfðu ýmsir uppi varnaðarorð og efasemdir, en sé umfjöllun síðustu ára skoðuð kemur í ljós að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem fjölluðu um stöðu íslenska bankakerfisins komst að þeirri niðurstöðu að bankakerfið stæði traustum fótum og ekki væri ástæða til að óttast verulegar þrengingar, hvað þá kollsteypu á borð við þá sem nú er orðin.

Þegar við lítum um öxl sjáum við vitaskuld ýmislegt. Það er sagt að erfitt sé að spá og einkum um framtíðina. Að sama skapi er auðvelt að spá um fortíðina og ekki vantar að ýmsir hreyki sér nú mjög af slíkum spásögnum. Það má raða saman vísbendingum úr fortíðinni og þótt rás atburða geti leitt til margra ólíkra niðurstaðna virðist allt býsna augljóst hafi maður við hendina þá einu niðurstöðu sem varð raunin. Þá er hægt að segja: Bara ef þetta hefði verið gert. Auðvitað erum við öll sammála um að við hefðum öll viljað geta gripið til þeirra ráða sem hefðu dugað til að forða okkur frá þessari stöðu, við hefðum auðvitað gert það. En raunveruleikinn heimilar ekki slík inngrip inn í fortíðina.

Staðreyndin er sú að hin ótrúlega atburðarás, sem við Íslendingar lentum í við hrun bankakerfisins, var að stærstu leyti ófyrirsjáanleg. Sumt þóttust glöggir hafa séð fyrir en höfðu engin úrræði til að bregðast við og auðvitað hafa

einnig verið gerð mistök sem þarf að fara í saumana á og leiðrétta. Enginn hér á Íslandi gat séð fyrir hrun ýmissa stærstu fjárfestingarbanka Bandaríkjanna, hrun fjölda banka um heim allan, alkul á lánsfjármarkaði á milli fjármálastofnana og skyndilega einangrun íslenska hagkerfisins. Allt þetta dundi þó af fullum þunga á okkur Íslendingum nánast samtímis og ekki þarf annað en að hlusta á fréttir dagsins í fjölmiðlum hér á Íslandi, fréttir frá útlöndum, til að átta sig á því um hve mikla alheimskreppu er að ræða í löndunum hér í kringum okkur.

Um sumt af því sem nú hefur gerst höfðu klingt viðvörunarbjöllur. Skuldsetning Íslands var vissulega orðin mikil og útrás bankanna var um skeið mjög fjármögnuð af skammtímalánsfé frá öðrum fjármálastofnunum. Það var óhyggilegt. Við því var reynt að bregðast þegar bankarnir hófu að taka innlán á starfssvæðum sínum erlendis en þegar allt kerfið hrundi reyndust þær aðferðir, sem áttu að stuðla að auknum styrk bankanna, vera dýrkeyptar.

Skuldbindingar okkar samkvæmt EES-samningnum gerðu það að verkum að við þessu var ekki hægt að bregðast. Þá hefðu miklar og skyndilegar aðgerðir til þess að hefta vöxt bankanna getað orðið til þess að auka mjög líkur á því að fjármálakerfið lenti í erfiðleikum því að slíkar aðgerðir hefði mátt túlka sem vantrú á bönkunum. Þar með hefðu líkur staðið til þess að viðbrögð alþjóðlegra aðila yrðu að yfirgefa þá og hrinda þar með af stað þeirri atburðarás sem verið var að reyna að koma í veg fyrir. Enda er það því miður svo að viðvörunum um hugsanleg vandamál fylgdu nánast aldrei gagnlegar tillögur um úrbætur.

Auðvitað hafa ýmsir aðilar innan lands og utan, sem þessum málum tengjast, gert mistök þótt ekki sé auðvelt að greina á milli þess hvaða ákvarðanir voru bersýnilega rangar og hverjar líta einungis út fyrir að hafa verið rangar í ljósi þeirra atburða sem urðu.

Þau mistök sem gerð hafa verið þarf að draga fram í dagsljósið til þess að læra af þeim. Komi í ljós að um kæruleysi, vankunnáttu eða hirðuleysi hafi verið að ræða af hálfu þeirra sem fara áttu með eftirlit verður ekki hikað við að gera nauðsynlegar manna- og skipulagsbreytingar. Ef í ljós koma lögbrot í rekstri bankanna, sem stefnt hafa lífsafkomu þjóðarinnar í tvísýnu, verður heldur ekki hikað við að leita réttlætis fyrir hönd þjóðarinnar með öllum tiltækum og löglegum leiðum.

Nú þegar hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp um embætti sérstaks saksóknara og frumvarp um rannsóknarnefnd, sem gera mun ítarlega úttekt á orsökum og aðdraganda bankahrunsins, er langt komið í ágætu samstarfi allra flokka hér á Alþingi. Það er fyrsta skrefið í átt að uppgjöri við þá stöðu sem við okkur blasir.

Raunveruleikinn sem blasir við okkur heimilar okkur ekki inngrip í fortíðina en hann leggur á okkur þá skyldu að vanda okkur af öllum mætti við þær ákvarðanir sem blasa við okkur og varða framtíðina. Hversu slæm sem staðan er höfum við alltaf kosti í stöðunni og ætíð þarf að taka ákvarðanir sem geta ýmist orðið okkur til happs eða hnjóðs. Ég vil fara stuttlega yfir þá atburði sem orðið hafa á síðustu vikum og skýra hver forgangsröðun stjórnvalda hefur verið.

Þegar ljóst varð í lok september að Glitnir næði ekki að endurgreiða eða endurfjármagna þær skuldir sem hann þurfti að standa skil á var ljóst að afleiðingar þess yrðu stórbrotnar. Von stjórnvalda stóð auðvitað til þess að hinir stóru bankarnir stæðu af sér þá stöðu sem uppi var á alþjóðlegum mörkuðum. Því miður kom í ljós að staða þeirra var ekki heldur nægilega sterk og við íslenskum stjórnvöldum blasti nánast algjört hrun í fjármálakerfi landsins.

Þessar aðstæður eru líklega algjört einsdæmi. Aldrei hefur ein þjóð horfst í augu við svo snöggt fall í fjármálakerfinu. Við ríkisstjórninni blasti að greiðslumiðlunarkerfi innan lands hefðu getað hrunið þannig að fólk gæti hvorki sótt innstæður sínar í bönkum né notað debet- eða kreditkort í verslunum. Óvissan sem greip um sig meðal fólks hefði getað leitt til þess að gerð yrðu áhlaup á bankana með þeim afleiðingum að þeir yrðu óstarfhæfir.

Þær aðgerðir sem gripið var til með neyðarlögunum höfðu það markmið að tryggja að greiðslukerfið væri virkt þannig að fólk gæti treyst á að undirstöðuatriðin í hversdagslífinu, í venjulegu lífi fólks, stæðust þessi áföll. Hitt markmiðið með aðgerðunum var að tryggja að ekki léki vafi á því að íslenska ríkið mundi ekki taka yfir skuldir bankanna á erlendri grund. Með neyðarlögunum var sá skuldabaggi klipptur frá íslensku þjóðinni.

Ríkisstjórnin er þakklát fyrir að hafa í þessu mikilvæga máli notið stuðnings Framsóknarflokksins. Ekki er víst að allir átti sig á því hversu viðurhlutamikil þessi aðgerð var. Víða um heim starfa bankar í þeirri trú að ríkisvaldið muni taka yfir skuldir þeirra ef illa fer og vera má að einhverjir lánardrottnar íslensku bankanna hafi haldið að þetta gilti einnig um þá íslensku. Ákvörðun Íslands um að verja íslenska bankakerfið, grunnþjónustuna í samfélagi okkar, að þessu leyti til, en taka ekki ábyrgð á þeim skuldum sem bankarnir efndu til á erlendri grundu í starfsemi sinni var því gríðarlega mikilvæg til að verja hagsmuni Íslendinga en eigendur skuldabréfa í íslensku bönkunum sátu eftir með verðlitla pappíra.

Eftir stóð þó að íslensku bankarnir höfðu tekið við innlánum frá almenningi og um slíkt er erfiðara að höndla eins og við höfum kynnst. Deilurnar um Icesave-reikningana og innlánsreikninga Kaupþings hafa orðið að harðvítugri milliríkjadeilu sem vissulega hefur tafið framgang ýmissa annarra mála sem þarf að hyggja að. En niðurstaðan í þessum málum mun þó að öllum líkindum fela í sér miklum mun minni skuldbindingar fyrir okkur en kröfur yfirvalda í Hollandi og Bretlandi stóðu til. Þar var um slíka hagsmuni að tefla að eðlilegt var að þeir hefðu algjöran forgang á verkefnalista stjórnvalda á meðan málið hafði ekki verið leitt til lykta.

Næsta stóra málið á borði ríkisstjórnarinnar var síðan að tryggja að til væru í landinu nægir sjóðir til þess að bregðast við þeirri óvissu sem ríkir nú víða í heiminum. Til þess var nauðsynlegt að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um samstarf og nú höfum við tryggt fyrirgreiðslu frá sjóðnum og nokkrum vinaþjóðum okkar. Við höfum jafnframt gengið til samkomulags um aðgerðir við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, m.a. um að endurvekja gjaldeyrismarkaðinn og skjóta styrkum stoðum undir nýtt markaðsgengi krónunnar en jafnvægisleysið í þeim efnum hefur orðið fjölda fyrirtækja og fólks til mikilla vandræða og tjóns. Þetta er það mikilvægasta um þessar mundir og það er algjör fjarstæða, sem

hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gefur hér til kynna, að öllum þessum fjármunum sem samið hefur verið um við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og ýmsar vinaþjóðir verði varið til að fjármagna innflutning eða annað þess háttar. Það stendur ekki til að nota þessa peninga nema sem varasjóð og til inngripa á gjaldeyrismarkaðnum og algjörlega óvíst hvort grípa þurfi til þeirra í miklum mæli en nauðsynlegt er að hafa aðgang að þessum fjármunum ef í harðbakkann slær.

Ríkisstjórnin gerir sér einnig grein fyrir því að grípa þarf til aðgerða til þess að slá á ótta meðal þjóðarinnar og til þess að bæta stöðu heimila og fyrirtækja. Nú þegar hafa verið kynntar aðgerðir til varnar heimilunum í landinu og á næstunni verður aðgerðaáætlun um stöðu íslenskra atvinnufyrirtækja kynnt. Mjög mikilvægt er að vanda til þessara verka svo að verðmæti og þekking glatist ekki í þeirri óvissu sem nú er. Hér mun reyna mjög á stjórnvöld, embættismannakerfið, starfsmenn fjármálafyrirtækja og ekki síst stjórnir nýju bankanna.

Við aðstæður eins og þær sem komu upp er því miður ekki hægt að bregðast við öllum vanda samtímis og ég skil mætavel þá gremju sem það veldur hjá þjóðinni. Sjálfum gremst mér auðvitað að ekki skuli vera hægt að leysa alla hluti hraðar en staðreyndin er sú að verkefnin sem við stöndum frammi fyrir eru svo umfangsmikil að ekki er raunhæft annað en að þau taki sinn tíma. Við öll þau skref sem stigin hafa verið hefur ríkisstjórnin eftir fremsta megni leitast við að eiga gott og náið samstarf við þingmenn og sérstaklega formenn stjórnarandstöðuflokkanna. Svo mun áfram verða því að verkefni dagsins eru að mínu áliti stærri en svo að um þau gildi hefðbundin flokkapólitík.

Um aðgerðir ríkisstjórnarinnar hingað til hefur ríkt ágætissátt hér á Alþingi. Í nánast hverju einasta máli sem komið hefur til kasta þingsins undanfarnar sjö vikur hefur ríkisstjórnin fengið stuðning frá stjórnarandstöðunni, a.m.k. að hluta til. Þó hafa ákveðnir þingmenn hennar haft ákveðna fyrirvara við sumt eins og eðlilegt er. En í öllum aðalatriðum hefur verið unnið með stjórnarandstöðunni eins og hægt er og í góðri sátt. Ég nefni sem dæmi setningu neyðarlaganna 6. október sl. og aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum en við bæði þau mál var stuðningur frá stórum hluta stjórnarandstöðunnar. Skýtur það ekki skökku við í kjölfarið á þannig vinnubrögðum og samstarfi á þinginu að bera fram tillögu um vantraust á ríkisstjórnina? Sá stuðningur sem lykilaðgerðir ríkisstjórnarinnar fengu á sínum tíma gerir þessa vantrauststillögu óskiljanlega og sýnir í hnotskurn þann leikaraskap sem að baki býr.

Herra forseti. Þegar jafnstór áföll verða og íslenska þjóðin hefur gengið í gegnum að undanförnu vakna eðlilega margar spurningar hjá fólki. Það er skiljanlegt og eðlilegt. En þær spurningar mega ekki eingöngu snúa að fortíðinni og því sem er að baki heldur verðum við líka að horfa til framtíðar og velta því fyrir okkur hvað við getum lært af því sem gerst hefur. Um leið og við hljótum að spyrja hver beri ábyrgðina verðum við líka hvert og eitt að taka þá ábyrgu afstöðu að vera þátttakendur í að snúa vörn í sókn fyrir íslenskt samfélag, heimili og fjölskyldur.

Ég veit að margir eru kvíðnir, hagur okkar allra hefur versnað og framtíðarhorfur eru óljósari en áður. Sumir horfa fram á þrengingar og aðrir fram á raunverulega erfiðleika. Þeir sem hafa verið óheppnir eða of djarfir í fjárfestingum hafa margir misst allt og jafnvel hinar venjulegustu fjölskyldur horfa upp á slæma stöðu eða jafnvel vonlitla. Við þessar aðstæður væri óskandi að það væri í valdi stjórnvalda að leysa úr öllum vanda en slíkt tal væri falskt og engum til góðs. Ég get þó sagt að þrátt fyrir að næstu missiri muni reyna mjög á okkur höfum við engu glatað af þeim verðmætum sem gera Ísland eitt lífvænlegasta samfélag heims. Auðlindir okkar á hafi og landi eru undirstaða öflugs iðnaðar og útflutnings. Menntun þjóðarinnar og tungumálakunnátta gerir okkur kleift að leita tækifæra og markaða víða um heim. „Íslenska vonin, af bjartsýni full“ er líka auðlind því að hún gerir okkur kleift að sjá fram úr erfiðleikunum og treysta á eigin rammleik, dugnað og hæfileika til að skapa nýjungar og gera úr þeim verðmæti sem gagnast okkur öllum.

Sú tillaga sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mælti hér fyrir áðan ásamt öðrum formönnum stjórnarandstöðuflokkanna, sem flytja hana með honum, virðist vanhugsuð enda líklega sett fram í fljótræði án mikillar ígrundunar eða yfirlegu og einkum í þeim tilgangi, sýnist mér, að kalla fram óróa frekar en að tillögusmiðirnir telji raunverulegar líkur á að tillagan nái fram að ganga. Það er ekkert vit í því að steypa þjóðinni út í kosningabaráttu og hatrammar deilur og skilja landið eftir stjórnlaust nú um hávetur á þeim mánuðum sem í hönd fara. Það er ekkert vit í því að ekki verði starfhæf ríkisstjórn í landinu á meðan fólk og fyrirtæki þurfa nauðsynlega á því að halda að leyst verði úr brýnustu vandamálum. Formenn stjórnarandstöðuflokkanna leggja nú til, þegar öllu skiptir að Ísland endurheimti traust á alþjóðavettvangi, að ríkisstjórnin láti af störfum og við efnahagslega óvissu verði bætt fullkominni pólitískri óvissu.

Formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sér áreiðanlega í hillingum að geta innleyst þann pólitíska hagnað sem hann þykist sjá í skoðanakönnunum en um hag þjóðarinnar eða hagsmuni er því miður lítið skeytt. Af fullkomnu ábyrgðarleysi er haldið út í þennan leiðangur og hlýtur það að vekja kjósendur til umhugsunar um hvernig skipherrar þeir væru sem fara svona fram þegar mikið liggur við. Mig grunar að formönnum stjórnarandstöðuflokkanna sé vel kunnugt um það og þessi tillöguflutningur þjóni ekki öðrum tilgangi en þeim að beina að þeim tímabundnu fjölmiðlakastljósi því að þeir vita mætavel að stjórnin hefur öflugan meiri hluta og hún mun ekki falla í þeirri atkvæðagreiðslu sem fer fram hér síðar í dag.

Ágætu tilheyrendur. Herra forseti. Þeir sem bjóða sig fram til þess að sitja á Alþingi vita ekki alltaf hvaða verkefni muni mæta þeim og hvaða aðstæður muni rísa. Oft kann að virðast sem stjórnmál séu hálfgerður málfundur, það kann þeim að finnast sem t.d. fylgjast í sjónvarpi með umræðum hér á Alþingi. En nú eru ekki þannig tímar. Við sem vorum kosin þann 12. maí 2007 gátum ekki látið okkur detta í hug að við stæðum frammi fyrir svo viðamiklum verkefnum sem nú blasa við. Með því að gefa kost á okkur til að sinna þessum störfum gáfum við þjóðinni þá skuldbindingu að sinna þeim störfum, hvort sem þau eru auðveld eða erfið og hvort sem þau eru ánægjuleg eða óþægileg. Sú ríkisstjórn sem nú er við störf hefur traustan þingmeirihluta og er samhent í því verkefni að leiða íslensku þjóðina út úr

þeim þrengingum og þeirri kreppu sem við blasir. Það er ekki í eðli okkar Íslendinga að hopa af vettvangi þegar mest á reynir og það sama á við um ríkisstjórnina. Við munum halda ótrauð áfram.

[14:11]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Ský hefur dregið fyrir sólu hjá ríkisstjórninni sem tók við völdum í lok maí á síðasta ári. Ríkisstjórn sem tók við völdum í sólríkju, í upphafi sumars fyrir 16 mánuðum síðan. Ríkisstjórn sem á að njóta stuðnings ríflega tveggja þriðju hluta þingheims, ríkisstjórn sem fór með himinskautum í vinsældarmælingum í upphafi kjörtímabils og naut þá stuðnings nær fimm af hverjum sex sem svöruðu könnunum. Aldrei fyrr hafði ríkisstjórn mælst með viðlíka vinsældir. Síðan eru liðnir 16 mánuðir og nú er hún Snorrabúð stekkur. Dimma hins kalda vetrar hefur náð yfirhöndinni og ríkisstjórn Íslands er rúin trausti. Ekki aðeins hefur hún hrapað að vinsældum meðal almennings úr ríflega 80% stuðningi niður í rúm 30% heldur er ástandið með þeim hætti að þriðjungur ráðherra Samfylkingarinnar vill boða til nýrra kosninga áður en kjörtímabilið er hálfnað og undir það hafa fjölmargir þingmenn úr báðum stjórnarflokkunum tekið.

Ég velti oft fyrir mér hvað veldur því að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar eru svo mislagðar hendur sem raun ber vitni og hvers vegna hún hefur ekki meiri framtíðarsýn. Einu breytingarnar sem hún hafði komið til framkvæmda áður en bankakreppan skall á voru breytingar á tryggingamálum aldraða þannig að þeir sem eru yfir sjötugu geta unnið eins mikið og þeir vilja án þess að bætur skerðist og síðan nú á haustþingi grundvallarbreytingar á heilbrigðiskerfinu sem gera auðveldara að koma einkavæðingu og einkarekstri fram í heilbrigðiskerfinu. Báðar breytingarnar eru sérstakt baráttumál sjálfstæðismanna og Samfylkingin kvittar undir.

Hæstv. forseti. Hvers vegna tillaga um vantraust? Það er vissulega viðburður þegar slík tillaga kemur fram og má geta þess að á 12 ára ferli Framsóknar og Sjálfstæðisflokks í ríkisstjórn 1995–2007 kom engin slík tillaga fram. Ríkisstjórn Geirs H. Haarde nýtur sem fyrr segir aðeins trausts um 30% þjóðarinnar þrátt fyrir að hafa tvo af hverjum þremur þingmönnum á bak við sig. (**Gripið fram í:** Hvað um Framsóknarflokkinn?) Samkvæmt orðum prófessors við Háskóla Íslands, Þorvaldar Gylfasonar, á slík ríkisstjórn að víkja. Ríkisstjórnina skortir vilja til samvinnu og foringinn virðist haldinn fælni til ákvarðanatöku. Samfylkingin virðist ekki hafa skynjað hlutverk sitt og notar því mest af sinni orku til að berja á samstarfsflokknum. Alger skortur virðist vera á ábyrgðartilfinningu.

Formaður Samfylkingarinnar sagði við flokksmenn sína um helgina að Samfylkingin bæri ekki ábyrgð á mistökum fortíðarinnar og að Samfylkingin hafi varað við bankahruninu. Ekki veit ég hvar þær viðvaranir komu fram. Þvert á móti virðist formaður Samfylkingarinnar ekki hafa gert neitt við allar þær viðvaranir sem hún fékk frá bankastjórn Seðlabankans á sex fundum sem fyrst voru haldnir í febrúar á þessu ári. Það sem meira er þá virðist hún hafa haldið fundunum leyndum fyrir bankamálaráðherranum sem er félagi hennar í Samfylkingunni sem og öðrum ráðherrum síns eigin flokks. Er nema von að þingmenn og ráðherrar Samfylkingarinnar kalli á kosningar?

Til að kóróna ástandið þótti formönnum hins stóra stjórnarmeirihluta greinilega ekki taka því að gera stjórnarandstöðunni grein fyrir því að fundirnir hafi verið haldnir og hvað þá íslensku þjóðinni. Blekkingarleikurinn var alger. Á yfirborðinu var allt í lukkunnar velstandi en undir niðri hrönnuðust vandamálin upp hvert á fætur öðru.

Hæstv. forseti. Eins og hér hefur komið fram stóð þingflokkur framsóknarmanna að setningu neyðarlaganna að kvöldi 6. október. Það gerðum við vegna þess að um var að ræða að tryggja innstæður á bankareikningum og reyna að koma í veg fyrir að þjóðin stæði uppi algerlega án viðskiptabanka. Frumvarpinu var dreift í þinginu á þingfundi síðdegis á mánudegi og orðið að lögum fyrir miðnætti. Áður en þingfundur hófst hafði forsætisráðherra ávarpað þjóðina og greint frá hinni alvarlegu stöðu og bað guð að blessa Ísland.

Ekki hefur komið fram hvað gerðist þennan sögulega dag. Það sem liggur hins vegar fyrir er að alla helgina var mikið fundað í Ráðherrabústaðnum. Seint að kvöldi sunnudags veitti forsætisráðherra viðtal og sagði að engin niðurstaða hefði fengist. Þrátt fyrir það væri fyrir hendi andrými eins og virðulegur ráðherra kallaði það. Andrýmið var ekki meira en svo að sólarhring síðar hafði Alþingi sett neyðarlög þar sem fjármálaráðherra auk Fjármálaeftirlitsins fengu miklar valdheimildir vegna sérstakra aðstæðna. Rétt er að árétta að hremmingar á fjármálamörkuðum hafa dunið yfir um allan hinn vestræna heim og einnig Asíulönd. Bankakreppan hitti Ísland hins vegar einstaklega illa fyrir þar sem bankarnir höfðu vaxið þjóðfélaginu langt yfir höfuð.

Þá komum við að spurningunni: Hvernig gat það gerst? Hvers vegna tóku forustumenn ríkisstjórnarinnar ekki mark á viðvörunum Seðlabankans sem komið var á framfæri við þá á a.m.k. sex fundum? Var það af því að ekki var tekið mark á formanni bankastjórnar Seðlabankans? Ef forsætisráðherra tekur meira mark á bankastjórum viðskiptabankanna en formanni bankastjórnar Seðlabankans, sem hann hafði áður fundað með, þýðir það á venjulegri íslensku að hann ber ekki traust til bankastjórans og á að láta hann fara. Þetta er lykilspurning í því máli sem hér er til umfjöllunar.

Hvernig stendur á því að á vordögum sagði hæstv. forsætisráðherra á Alþingi þegar gengi íslensku krónunnar rétti örlítið úr kútnum að botninum væri náð? Þá stóð gengisvísitala krónunnar í 155 stigum en núna í 237. Þá hafði Alþingi ekki enn heimilað lántöku til að styrkja gjaldeyrisvaraforðann upp á 500 milljarða kr. Ég hef beðið um sérstaka utandagskrárumræðu um hvernig staðið var að styrkingu gjaldeyrisvaraforðans. Alþingi og þjóðin öll verða að fá að vita hvort lán fengust yfir höfuð í því skyni, hvort þau þóttu of dýr eða hvort tekin var pólitísk ákvörðun um taka ekki lán. Miðað við þær upplýsingar sem formenn stjórnarflokkanna bjuggu yfir á þessum tíma er ómögulegt annað en það hafi verið hægt að koma í veg fyrir að svona illa færi.

Hæstv. forseti. Þann 19. nóvember afgreiddi stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins lánsheimild til Íslands vegna fjármálakreppunnar. Þar með lauk, í bili a.m.k., einangrun og sérhyggju í stjórn íslenskra utanríkis- og efnahagsmála sem

hafði ríkt síðan í lok september. Einhliða lagatúlkun á ábyrgð Íslands og leikreglum hins evrópska og alþjóðlega markaðar átti litla stoð í raunveruleikanum. Yfirlýsingar um að annaðhvort styddu menn stjórnvöld eða styddu þá sem settu á Ísland hryðjuverkalög og að nýtt ástand kallaði á nýja vini minnti meira á þá ríkisstjórn sem brátt kveður Hvíta húsið í Washington en ríkisstjórn sem heldur um stjórnartaumana á einu Norðurlandanna. Þrátt fyrir öll stóru orðin sem voru viðhöfð í stofunni í Ráðherrabústaðnum í von um að þau yrðu túlkuð og flutt breskum stjórnvöldum urðu þau orð hjákátlegri með hverjum deginum sem leið uns ríkisstjórnin viðurkenndi sig sigraða.

Spurningin um það hvers vegna stjórnvöld í Bretlandi beittu hryðjuverkalögum á íslensk fyrirtæki svífur enn í loftinu og virðist sem aðeins einn maður á landinu hafi óbrigðult svar við henni. Það er Davíð Oddsson seðlabankastjóri. Á bara að hafa hlutina þannig? Er það ekki dálítið neyðarlegt fyrir íslensku ríkisstjórnina?

Í viðtali við Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra Alþýðuflokksins, sem er varaformaður bankaráðs Seðlabankans og formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins, í Kastljósi nýlega kom fram gagnrýni á að Seðlabankinn hafi létt á bindiskyldu þann 25. mars. Sú ákvörðun var tekin eftir að bankastjórnin kom skelkuð frá London eftir að hafa fundað þar með stórum bönkum og matsfyrirtækjum, samkvæmt því sem kom fram í ræðu Davíðs Oddssonar á þriðjudag á fundi Viðskiptaráðs. Jón segir enn fremur að bankahrunið á Íslandi sé atburðarás að kenna sem hófst í fjarlægum löndum. Hann segir líka að hvergi sé að finna reglu um að bankar megi ekki vera mörgum sinnum stærri en hagkerfið. Þetta er allt rétt og þetta var vandamál umhverfisins sem íslenska bankakerfið var rekið í. Þetta þarf þó ekki að þýða að engir vegir hafi verið færir. Jón Sigurðsson, sem bæði er varaformaður bankaráðs Seðlabankans og stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins og þar að auki fyrrverandi bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans, hlýtur að hafa gert sér grein fyrir í hvað stefndi.

Samkvæmt margnefndri ræðu Davíðs Oddssonar í síðustu viku virðist hann hafa talið að hægt hefði verið að bregðast við með einhverjum hætti. Ekki er hægt að skilja sex fundi með forustumönnum ríkisstjórnarinnar á annan hátt. Jón Sigurðsson virðist annarrar skoðunar.

Í máli formanns Samfylkingarinnar á fundi flokksins um helgina kom fram að hún hefði lengi varað við afleiðingum bankakreppu og viljað koma við vörnum og hverjar voru varnirnar? Þær voru aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru. Enginn þarf að fara í grafgötur með hver átti að fá þessa sneið frá formanninum Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Það var sessunautur hennar á ráðherrabekknum, Geir H. Haarde. Ég get tekið undir það með utanríkisráðherra að ef Ísland hefði verið aðili að Evrópusambandinu og með evru sem gjaldmiðil hefði þetta að öllum líkindum ekki gerst. Ég verð hins vegar að segja að ég minnist þess ekki að hafa fundið fyrir miklum stuðningi frá Samfylkingunni þegar ég vildi ræða upptöku evru í tíð minni sem viðskiptaráðherra fyrir nokkrum árum. (Gripið fram í.) Viðtökurnar frá Sjálfstæðisflokknum voru þær að enginn nema sú sem hér stendur gæti komið fram með svona vitleysu. (**Gripið fram í:** Þú getur nú gert betur en þetta.)

Hæstv. forseti. Sú aðgerðaáætlun sem ríkisstjórnin hefur kynnt til aðstoðar skuldugum heimilum í landinu er ófullnægjandi með öllu. Vissulega verður hægt að lækka greiðslubyrði verðtryggðra lána tímabundið. Um skammgóðan vermi er þó að ræða því þetta leiðir til aukins kostnaðar lántakenda þegar upp er staðið. Aðrar aðgerðir sem kynntar hafa verið ná einnig of skammt.

Það sem ég gagnrýni ríkisstjórnina harðlega fyrir er skortur á framtíðarsýn fyrir hönd Íslands. Forsætisráðherra Geir H. Haarde sagði í viðtalsþætti í gærkvöldi að það þyrfti að framleiða og framleiða, skapa meiri verðmæti. Hann sagði einnig að það þurfi að skapa ný störf. Hvað er ríkisstjórnin að gera til að fylgja þessum orðum eftir? Svarið er: Ekki neitt.

Orðið iðnaður kemur ekki fyrir í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þau voru of fín, formenn stjórnarflokkanna, þegar þeir töluðu saman á Þingvöllum í fyrravor til að taka sér það orð í munn. (Gripið fram í.) Ríkisstjórnin hefur lagt sig fram um að stöðva þau áform sem uppi hafa verið í atvinnumálum enda er ekki samstaða á milli stjórnarflokkanna um uppbyggingu í neinni atvinnugrein. (**Gripið fram í:** En innan stjórnarandstöðunnar?) Það þurfti vissulega festu og þolinmæði til að gera það mögulegt í tíð síðustu ríkisstjórnar að byggja upp áliðnað en það tókst. Nú er útflutningur áls tæplega 40% af útflutningi þjóðarinnar og samkvæmt skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði í október telja 78% landsmanna að álver hafi frekar eða mjög jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf. Aðeins rúmlega 8% telja áhrifin frekar eða mjög neikvæð. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar hvað varðar frekari uppbyggingu áliðnaðarins? Ætli hún sé ekki bæði og. Á meðan situr allt fast. Sennilega er ríkisstjórnin þó sammála um að rétt sé að ljúka því verki sem undirbúið var í tíð síðustu ríkisstjórnar og snýst um að gera vinnslu olíu mögulega í efnahagslögsögu Íslands. Þetta segir formaður Náttúruverndarsamtakanna reyndar að samræmist ekki stefnu ríkisstjórnarinnar þannig að umhverfisráðherra mun ef að líkum lætur beita sér gegn þessu. Mér finnst þó ýmislegt benda til þess að iðnaðarráðherra sé ekki alveg í takt við raunveruleikann þegar hann segir að olían muni gera Ísland að ríkustu þjóð í heimi. Er ekki skynsamlegra, hæstv. forseti, eftir það áfall sem þjóðin hefur orðið fyrir að tala aðeins meira af varfærni.

Hæstv. forseti. Að lokum þetta: Sjaldan eða aldrei í lýðveldissögunni hefur verið mikilvægara en nú að samstíga ríkisstjórn sem nýtur óskoraðs trausts haldi um stjórnartaumana, ríkisstjórn sem hefur styrk til að kalla eftir skoðunum og aðstoð annarra, ríkisstjórn sem er óhrædd við að tala við þjóð sína, upplýsa hana og vinna með henni. Við þurfum ríkisstjórn sem getur tekist á um mál og komist að farsælli niðurstöðu eftir rökræður þar sem tekist er á um ólík sjónarmið. Ríkisstjórnarfundir hafa aldrei verið hugsaðir sem vettvangur sérálita sem sett eru fram í þeim tilgangi að slá pólitískar keilur ekki síst þegar um er að ræða að slíkar bókanir eiga ekki að vera öllum heyrinkunnugar. Til þess þarf hinn fámenni ríkisstjórnarhópur að leka þeim. Við þurfum því ríkisstjórn þar sem traust ríkir og menn geta snúið bökum saman. Það sýnir forustuleysi af hálfu forsætisráðherra að hann virðist láta allt yfir sig ganga, bæði af hálfu samstarfsflokks og einnig af hálfu fyrrverandi for-

manns síns sem nú situr í stóli seðlabankastjóra.

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins kallaði þetta umburðarlyndi í viðtalsþætti í gærkvöldi. Nú er það svo að umburðarlynd er dyggð sem aldrei má gera lítið úr. Umburðarlyndi má hins vegar ekki bitna á ákvarðanatöku. Það þarf festu við aðstæður sem þessar. Núverandi ríkisstjórn virðist skorta bæði kjark og festu og því segi ég: Við aðstæður sem þessar þurfa kjörnir fulltrúar að leita eftir nýju umboði þjóðarinnar. Ríkisstjórnin á því að víkja. Það á að boða til nýrra kosninga og þeir sem þjóðin treystir eiga að koma að uppbyggingu hins nýja Íslands með þjóðinni en ekki í andstöðu við hana.

[14:26]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Ágætu Íslendingar, þið sem fylgist með þessari umræðu heima eða á vinnustöðum. Ég fagna því að það skuli gefast tækifæri til þess að fara vel yfir stöðu mála á Íslandi í dag og að það skuli gefast tækifæri til þess að ræða aðeins ástæður þess að við erum í þeim sporum sem við erum í og hvað verið er að gera af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að byggja samfélagið upp að nýju eftir það kerfishrun sem hér hefur átt sér stað.

Formaður Framsóknarflokksins, hv. þingmaður Valgerður Sverrisdóttir, hóf ræðu sína á því að segja að nú hefði dregið ský fyrir sólu hjá ríkisstjórninni sem hefði byrjað svo vel með svo mikinn þingmeirihluta og svo mikinn stuðning hjá þjóðinni á Þingvöllum fyrir 16 eða 18 mánuðum en nú hefði sem sagt dregið ský fyrir sólu hjá ríkisstjórninni.

Það er auðvitað algert aukaatriði hvort það hefur dregið ský fyrir sólu hjá þessari ríkisstjórn eða ekki þegar þess er gætt að það hefur dregið ský fyrir sólu hjá þjóðinni við þær aðstæður sem nú eru uppi. Það hefur orðið kerfishrun í íslensku samfélagi og verkefnið sem við stöndum andspænis öll, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, er að byggja upp þetta samfélag aftur. Reisa það úr þeim rústum kerfishrunsins sem við stöndum andspænis. Við getum haft skoðanir á því hvernig á þessu kerfishruni stendur. Við getum farið yfir forsögu mála í því efni og ég ætla að gera það hér á eftir, tæpa á því.

Verkefnið sem við stöndum andspænis er að byggja upp þetta samfélag að nýju og gera það saman að því marki sem okkur tekst það. En það er ekki verkefni okkar núna að leggjast í kosningabaráttu og kjósa fyrir áramót. Að verja tíma okkar núna, næsta einn og hálfa mánuðinn til þess að skylmast í kosningabaráttu og láta verkin öll bíða á meðan. Láta það bíða að vinna í áætluninni sem við höfum gengið frá gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, láta fjárlögin bíða, láta hag heimilanna bíða og það sem þörf er að gera á þeim vettvangi, láta það bíða að koma með úrræði í þágu atvinnulífsins í landinu, láta gjaldeyrismarkaðinn bíða, láta öll þessi verk bíða af því við erum svo upptekin af því að fara í pólitískar skylmingar og slá okkur til riddara við þær aðstæður sem nú eru í samfélaginu. Það er ekki verkefnið sem við eigum að vera að sinna núna fram að áramótum. Þetta er tillaga stjórnarandstöðunnar hér. Hún er með vantraust á ríkisstjórnina og kosningar fyrir áramót. Það er ábyrgðarkenndin sem stjórnarandstaðan hefur gagnvart þjóð sinni.

Við skulum fara yfir ástæður þess að við erum í þeirri stöðu sem við erum. Það láta margir og það tala margir eins og þetta ástand hafi dottið ofan á okkur af himnum ofan. Þetta hafi bara gerst skyndilega og fyrirvaralaust. Það er auðvitað ekki þannig vegna þess að við höfum látlaust allt þetta ár verið að tala um íslenska fjármálamarkaðinn og íslenska fjármálakerfið og þær hættur sem að því steðjuðu.

Við töluðum líka um það á síðasta ári og ef menn muna þá voru ýmsir váboðar á lofti á vordögum 2006. Það var talið að íslenska fjármálakerfið væri í hættu statt vegna þess að það væru of mikil krosseignatengsl. Það væri of mikil áhættusækni. Það væri of mikil skuldsetning. Og það var þá sem gripið var til ákveðinna aðgerða, ef menn muna það. Það var gripið til ákveðinna aðgerða m.a. að undirlagi Fjármálaeftirlitsins. Þá kom út skýrsla eftir Frederic S. Mishkin og Tryggva Þór Herbertsson þar sem var talið að þessar aðgerðir hefðu skilað árangri og að þær hefðu skipt máli. Ef ekki hefði verið gripið til þessara aðgerða þá hefðum við verið ver sett á árinu 2007 og 2008 en raunin varð síðan.

En váboðarnir voru ekki þar með horfnir vegna þess að heimurinn var allur að fara í gegnum ákveðna fjármálakreppu. Lánsfjárkreppu og hún var ekki horfin. Á árinu 2007, reyndar í nóvember 2007, voru gerð álagspróf á íslensku bönkunum af hálfu Fjármálaeftirlitsins og það var talið að bankarnir hefðu staðist þau álagspróf ágætlega en slík próf eru gerð með reglulegu millibili. Það var líka gefin út skýrsla sem þeir skrifuðu Richard Portes og Friðrik Már Baldursson, báðir virtir og góðir hagfræðingar, og að því ég best beit þá er Portes m.a. hjá seðlabanka Bandaríkjanna núna. Í þeirri skýrslu kom fram að íslenska bankakerfið hefði mikla aðlögunarhæfni og stöðugleika. Í skýrslunni kom líka fram að stofnanir kerfisins fengu góða einkunn.

Og nú erum við hér venjulegir leikmenn. Við erum ekki sérfræðingar í fjármálakerfinu. Við tökum auðvitað mark á því sem okkar helstu fræðimenn á þessu sviði segja og eftirlitsstofnanir okkar. Og það var talið að fjármálastofnanirnar okkar stæðu nokkuð vel en við vissum samt öll að það væri tvennt sem ógnaði þeim. Það væri annars vegar áhlaup á bankakerfið og hins vegar alþjóðleg lánsfjárkreppa.

Við vissum þetta og við vissum að það var ákveðin kerfislæg áhætta í kerfinu vegna þess að það var of stórt. Það var of stórt fyrir íslenskt hagkerfi. Það var tólf sinnum stærra en íslenskt hagkerfi miðað við það að eiga að búa við gjaldmiðil, íslenska krónu sem skoppaði eins og korktappi á ólgusjó og seðlabanka sem var allt of lítill fyrir þetta stóra fjármálakerfi og hafði byggt upp of litlar varnir, þó að þær væru umtalsverðar borið saman við það sem gerist á Norðurlöndunum en miðað við stærð hagkerfisins voru þær of litlar, miðað við þetta stóra fjármálakerfi.

Og nú spyr formaður Framsóknarflokksins sem sat í ríkisstjórn frá 1995–2007, hvernig gat það gerst að bankakerfið óx hagkerfinu yfir höfuð? Hvernig gat það gerst á vakt hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur sem var viðskiptaráðherra á þeim tíma sem bankakerfið óx hagkerfinu yfir höfuð? Ég minni á sérstaka skýrslu um fjármálakerfið sem var unnin, ef ég man rétt, að undirlagi þáverandi formanns Framsóknarflokksins Halldórs Ásgrímssonar þar sem hann talaði

einmitt um mikilvægi þessa stóra bankakerfis okkar og hvernig við ættum að nota það til þess að draga að meira fjármagn inn í landið. Þetta var stefnumörkunin sem þá var. Það var ekki minnst einu orði á þá hættu sem væri því samfara að vera með þennan litla gjaldmiðil og þessar litlu varnir í íslenskum seðlabanka. Það var ekki minnst á það einu orði í þessari skýrslu þar sem formaður nefndarinnar og skýrsluhöfundur var, ef ég man rétt, Sigurður Einarsson, bankastjóri og forstjóri Kaupþings. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir á því ekki að koma hér upp og spyrja þessarar spurningar. Hún á að standa hér og svara því hvernig það gat gerst á hennar vakt að þetta fór með þessum hætti. (Gripið fram í.)

En ég sagði að það hefði farið fram umræða allt þetta ár um íslenska fjármálakerfið og stærð þess og þá hættu sem því væri samfara, annaðhvort að það væri gert áhlaup á það eða vegna alþjóðlegrar lánsfjárkreppu og nú ætla ég að rifja það upp af því að seðlabankastjóri er að minnast á fund sem hann átti með okkur formönnum stjórnarflokkanna í febrúar. Hér er talað eins og þetta hafi verið mjög eitthvað leyndardómsfullt og þar hafi verið rædd einhver trúnaðarmál um að bankakerfið okkar stæði ekki nógu sterkum fótum, eitthvað sem enginn annar hefði vitað um. Umræðan hófst í mars og ég get nefnt það að á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar var að mínu frumkvæði m.a. rætt um að varnirnar væru of litlar og það þyrfti að styrkja gjaldeyrisvaraforðann. Það var rætt um þetta látlaust og linnulaust frá því í mars, að gjaldeyrisvaraforðinn okkar væri of lítill og það þyrfti að styrkja hann, (**Gripið fram í:** Á hvaða ári?) frá því í mars á þessu ári, 2008. Seðlabankinn fékk það verkefni að fara og leita leiða til þess að styrkja gjaldeyrisvaraforðann.

Og þið munið kannski að það var alltaf verið að spyrja okkur stjórnmálamennina m.a. hvenær stóra lánið kæmi. Hvenær kemur stóra lánið sem á að styrkja og standa við bakið á bankakerfinu okkar? Það var umræðan. Þannig ef menn halda því fram að þessi vandi hafi dottið ofan á þá bara rétt si svona af himnum ofan þá er að rangt. Þá hafa þeir sofið a.m.k. frá því í mars á þessu ári því það lengi hefur umræðan um þetta staðið. (**Gripið fram í:** Af hverju kom ekki stóra lánið?) Við skulum fara yfir það og ræða síðar af hverju það kom ekki.

En við stöndum ekki einungis andspænis þeim vanda að hið íslenska hagkerfi sé of stórt, það var líka of mikil skuldsetning og áhættusækni í kerfinu. Við getum líka horft til baka og horft til síðasta kjörtímabils og ég ætla ekkert að draga þar undan, að þar hafi menn farið of geyst. Menn fóru allt of geyst og leyfðu allt of mikilli þenslu að ná fótfestu í íslensku samfélagi með stóriðjuframkvæmdum, með skattalækkunum, með því að gefa bönkunum lausan taumin í íbúðalánunum. Allt þetta gerðist á síðasta kjörtímabili, m.a. á vakt hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur, formanns Framsóknarflokksins. Þess vegna á hún ekki að koma hér og spyrja. Hún á að koma hér og svara.

Vantrauststillagan sem hér liggur fyrir er væntanlega lögð fram vegna þess að það er skoðun stjórnarandstöðunnar að stjórnarliðið valdi ekki verkefni sínu við þær aðstæður sem núna eru í samfélaginu. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Væntanlega hefur hin sama stjórnarandstaða þá einhverjar lausnir fram að færa á þeim vanda sem við er að etja. Þær hafa aldrei heyrst. Þær lausnir hafa aldrei heyrst enda er stjórnarandstaðan auðvitað innbyrðis sundurþykk. Ekki bara innan flokka heldur líka milli flokka.

Ætla menn að segja okkur það að stjórnarandstaðan, Framsóknarflokkur, Vinstri grænir og Frjálslyndir, geti komið fram sem einhver heild og boðið upp á einhverjar lausnir við þær aðstæður sem nú eru? Að sjálfsögðu ekki. Framsóknarflokkurinn logar stafna á milli. Frjálslyndi flokkurinn logar stafna á milli og pólitískt uppgjör hefur ekki enn farið fram hjá Vinstri grænum en á væntanlega eftir að fara fram og það gæti verið spennandi að sjá þegar það mun gerast.

Þessir flokkar hafa ekki borið fram nokkra áætlun um hvað þeir vilja gera. Framsóknarflokkurinn studdi áætlunina um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn ef ég man rétt og taldi að það væri verið að fara rétta leið í því að leggja fram áætlun og leita lánsfjár hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og mig minnir að frjálslyndir hafi talað í þá veru líka. Vinstri grænir eru að sjálfsögðu algjörlega á móti því vegna þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er handbendi hins illa ef maður skilur þá rétt, þessi stofnun sem við höfum samt verið aðilar að mjög lengi. Þeir tala líka þannig að nú eigum við hvergi að draga saman seglin, hvergi að skera niður, heldur þvert á móti að bæta í í fjárlögunum. Bæta nú í í fjárlögunum vegna þess að staðan er eins og hún er. (Gripið fram í.)

Gott og vel. Það getur vel verið að það eigi að bæta í í fjárlögunum. En það er ekki bæði hægt að bæta í og neita því að taka lán. (Gripið fram í.) Það er ekki bæði hægt að neita því að fá lán, m.a. hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hjá þeim ríkjum Evrópu sem vilja lána okkur gegn því að við förum einmitt og gerum efnahagsáætlun í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það vilja vinstri grænir alls ekki að við gerum.

Virðulegur forseti. Sjö vikur eru síðan að neyðarlögin voru sett. Á þeim sjö vikum hefur gríðarlega mikið starf verið unnið en það er mikið starf enn þá óunnið. Við erum bara búin að fara í gegnum fyrsta fasann, ef svo má segja, á langri leið. En þessi fyrsti fasi er mjög mikilvægur vegna þess að í honum hefur efnahagsáætlun og samstarf okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn verið samþykkt og samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn felur m.a. í sér endurskoðun og uppstokkun í íslensku bankakerfi.

Áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins felur það í sér að það á að vera tryggt að hér sé unnið faglega og í samræmi við alþjóðlegar leikreglur í bankakerfi okkar. Ég er ekki viss um að allir viti hvernig að þessu er staðið. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna aðkomu fyrrverandi forstöðumanns finnska fjármálaeftirlitsins sem á að koma hér og stýra endurskoðun alls regluverks á fjármálamarkaðnum okkar. Stýra endurskoðun á öllu regluverkinu og skoða hvar menn hafa farið á svig við það regluverk. Þar er m.a. getið um það að hafi menn gert það þá skuli þeir ekki starfa í bönkum næstu þrjú árin. Þá erum við ekki endilega að tala um refsivert athæfi heldur að menn hafi brotið með einhverjum hætti trúnaðarskyldu.

Það ganga líka tröllasögur um það að eignum gömlu bankanna sé auðvelt að skjóta undan og það sé gert núna unnvörpum. Staðreyndin er sú að samkvæmt viljayfirlýs-

ingu ríkisstjórnarinnar hefur alþjóðlegu fyrirtæki, Oliver Wyman, verið falið að verðmeta og taka út hverja einustu eign, hverja einustu færslu sem úr gömlu bönkunum fer í nýjan banka. Þetta var eitt af því sem við gerðum og ákváðum í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, að það skyldi vera óháð fyrirtæki sem ekki hefði nein tengsl á Íslandi sem skyldi meta allar þessar eignir, hvernig þær flyttust og væru metnar úr gömlu bönkunum í nýja. Með öllum skilanefndum bankanna starfa endurskoðunarfyrirtæki sem eru alþjóðleg í eðli sínu og hafa tengsl í öðrum löndum til þess að tryggja það að ekki séu hagsmunatengsl á Íslandi. Þannig er unnið að því að velta við hverjum einasta steini í þessum efnum.

Það er líka unnið að því og við höfum átt ágætt samstarf við stjórnarandstöðuna um það að koma á sérstakri rannsóknarnefnd sem mun taka sér góðan tíma í að skoða alla þætti þessa máls. Það verður athugað hvort stjórnvöld hafi brugðist, stjórnmálamennirnir, Alþingi, ríkisstjórnin, eftirlitsstofnanir, bankarnir, alla þessa þætti á hún að skoða og velta við hverjum steini og skila Alþingi skýrslu um málið á næsta ári. Embætti sérstaks saksóknara hefur verið stofnað til þess að hægt sé að taka með hraði á öllum þeim refsiverðu málum sem upp kunna að koma í því sambandi.

Allt þetta skiptir máli fyrir trúverðugleika þeirrar vinnu sem hér fer fram. En það skiptir ekki síður máli að við vinnum að því núna, og það er verkefnið eftir að við erum búin að koma þessari áætlun varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn frá, að tryggja að heimilin í landinu verði ekki fyrir meiri skakkaföllum en óhjákvæmileg eru vegna þeirrar stöðu sem uppi er í samfélaginu. Það er líka verkefni okkar núna að tryggja það að fyrirtækin sem eru mörg góð og eru með ágæta framlegð og eiga ágæta framtíð fyrir sér lendi ekki í kröppum dansi vegna gjaldþrotahrinu. Þetta eru þau verkefni sem við eigum að vera að sinna núna á næstu vikum. Við höfum verið í heilmiklu björgunarstarfi að undanförnu og það mun halda áfram. Og meðan við erum í því starfi þá eigum við ekki að leggjast í pólitískt karp í aðdraganda kosninga.

Það er mikið verk fram undan þótt mikið hafi verið unnið. Ég vil nefna hér atriði sem skipta miklu máli, af því það hefur verið talað eins og þetta séu smáhlutir sem gerðir hafa verið varðandi hag heimilanna, en það er mjög mikilvægt að það hefur verið tekið á því og lagt fram frumvarp um að greiðslubyrði verðtryggðra lána lækki um 10–20%, það er frysting gengistryggðra lána, það er sveigjanleiki gagnvart fólki í greiðsluvanda, auknar heimildir til Íbúðalánasjóðs til þess að mæta því fólki, lagabreytingar um að lækka dráttarvexti tímabundið, þak á innheimtukostnað, skilyrði um að það sé gengið varlega gagnvart því fólki sem skuldar opinber gjöld og það sé ekki gengið að launum þess með þeim hætti sem oft hefur tíðkast. Það á að koma í veg fyrir að barnabætur séu jafnaðar út á móti sköttum og tryggja að vaxtabætur fari beint til heimilanna en verði ekki teknar til að skuldajafna og að búinn verði til sveigjanleiki til samninga um skattaskuldir og mildari innheimtuaðferðir.

Allt þetta hefur verið ákveðið. Allt þetta skiptir máli. En þetta er ekki það eina sem þarf að gera því það er auðvitað margt fleira sem við verðum að vinna að og við verðum að tryggja það að heimilin í landinu komist sæmilega í gegnum þetta mikla brim sem á okkur skellur núna.

Virðulegur forseti. Ég hef nefnt hér aðeins bæði aðdragandann að þeirri stöðu sem við erum í og þau verkefni sem við stöndum andspænis. Ég vil ítreka það sem ég hef sagt að ég tel mikilvægt að við snúum bökum saman og sinnum þessum verkefnum, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu á komandi vikum en eyðum ekki dýrmætum tíma fram að áramótum í karp um kosningar og skylmingar sem því fylgja.

[14:45]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. „Fellibylur“ og „brimrót“ voru orðin sem forustumenn ríkisstjórnarinnar notuðu í ræðum sínum, utanríkisráðherra í lok máls síns en hæstv. forsætisráðherra mjög snemma í ræðu sinni. Hæstv. utanríkisráðherra talaði um að þjóðin eigi ekki að tala um pólitík eða kosningar. Þjóðin eigi ekki að taka afstöðu til þess hvort ríkisstjórnin nýtur trausts, ekki eigi að vera pólitísk karp í landinu. Það má bara vera pólitískt karp innan ríkisstjórnarinnar, sérstaklega innan Samfylkingarinnar, þar sem ráðherrarnir hafa ekki einu sinni vitneskju um það, miðað við orð hæstv. iðnaðarráðherra, hvort fundir voru haldnir í febrúar um ástand mála eða ekki.

Ríkisstjórnin nýtur nú aðeins stuðnings 30% þess fólks sem býr í landinu. Hún er traust rúin og hluti þingmanna og ráðherrar annars ríkisstjórnarflokksins, Samfylkingarinnar, lýsa vilja sínum til þess að kjósa á næsta ári. Hinn ríkisstjórnarflokkurinn hefur setið samfellt að völdum í 17 ár.

Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, nú seðlabankastjóri í seðlabanka Geirs og Sollu, veitti forustumönnum ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsætis- og utanríkisráðherra, einum sérfréttir af því í febrúar sl. að bankakerfið á Íslandi stefndi í hrun. Menn gera lítið með svo neikvæðar fréttir um að þjóðin verði í skuldafeni vel fram á þriðja tug þessarar aldar. Forustumenn ríkisstjórnarinnar halda þeim upplýsingum leyndum og segja ekki einu sinni ráðherrum sínum frá ef marka má orð hæstv. iðnaðarráðherra, Össurar Skarphéðinssonar, sem var staðgengill hæstv. utanríkisráðherra nýlega, m.a. á þeim mörgu fundum sem forustumenn stjórnarandstöðunnar áttu með stjórnarliðinu.

Það er að vísu ekki undarlegt þótt forsætisráðherra þegði sem fastast um neikvæðan boðskap Davíðs í febrúar sl., enda voru hans dyggustu flokksmenn og ráðherrar sannfærðir um að veislan væri til frambúðar, eins og orð hæstv. fjármálaráðherra báru með sér þegar hann sagði úr þessum ræðustól í lok mars 2007, á einum af síðustu starfsdögum Alþingis: „Drengir, sjáið þið ekki veisluna? Sjáið þið ekki veisluna, drengir, sem við erum staddir í?“ Þau orð féllu úr þessum ræðustól í lok mars 2007. Þá var veislan í hámarki. Samkvæmt því kom Samfylkingin að góðu borði í maí 2007 og 43 manna þingmeirihluti stóð að nýrri ríkisstjórn. Allt var í blóma og Þingvallastjórnin, athafna- og velferðarstjórnin, leit dagsins ljós. Gleðin var í hámarki allt það sumar og í fjárlagaumræðu haustið 2007 var bjart í allar áttir sem aldrei fyrr. Bankarnir voru með ofgnótt fjár og allar efasemdir stjórnarandstöðunnar blásnar út af borðinu eins og sjá má í þingtíðindum. Útrásin var á flugi og fjárlög

mikillar eyðslu voru lögð fram.

Þann 27. nóvember árið 2007 fór fram á hv. Alþingi mikill lofsöngur um að við værum best í heimi. Fyrir þeirri umræðu stóðu þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Málshefjandi var hv. þm. Guðfinna Bjarnadóttir sem sagði reyndar nýverið á Alþingi, ef ég man rétt, hæstv. forseti, að þjóðin hefði aldrei séð það svartara en núna, aldrei nokkurn tíma. Það eru ekki margir dagar síðan þau orð féllu af vörum hv. þingmanns hér. En hvert var tilefni þessarar ofurbjartsýni ríkisstjórnarliðsins fyrir ári síðan? Tilefnið var að Sameinuðu þjóðirnar höfðu birt skýrslu um lífskjör meðal 177 þjóða og þar átti Ísland að hafa komið afar vel út í samanburði. Hvað sagði hæstv. forsætisráðherra, Geir Haarde, þá? Jú, hann sagði orðrétt 27. nóvember sl., með leyfi hæstv. forseta:

„Það sem er merkilegt við þessa niðurstöðu er að ekki er eingöngu mældur kaupmáttur eða fjárhagslegur hagur viðkomandi landa heldur einnig önnur atriði sem áhrif hafa á velmegun viðkomandi þjóðar og þá batnar staða okkar enn miðað við einfalda mælingu á ráðstöfunartekjum á mann. Þetta er ánægjulegt en jafnframt áskorun til okkar um að halda áfram að standa okkur vel og gera enn betur ...“

Það sagði hæstv. forsætisráðherra og vitnaði þá til orða þingmannsins sem hóf umræðuna. Hæstv. forsætisráðherra bætti um betur og sagði, með leyfi forseta:

„Í morgun bárust líka þau tíðindi að hið alþjóðlega lánshæfisfyrirtæki Moody's hefði ákveðið að breyta ekki lánshæfismati á ríkissjóði Íslands, hvorki matinu sjálfu né horfunum hvað það varðar. Ástæða er til að vekja athygli á því að Moody's hefur haft okkur í hæsta flokki nú um nokkurra ára skeið og sér ekki ástæðu til að gera breytingar þar á. Því vil ég líka fagna sérstaklega. Þetta hvort tveggja ætti að vera þeim áminning innan lands sem utan sem reyna að tala niður allan árangur sem náðst hefur. Margt hefur gengið vel. Mörg verkefni þarf að leysa, mörg vandamál eru óleyst, þannig er það alltaf. En sem betur fer fáum við vísbendingar um að við séum þrátt fyrir allt á réttri leið.“

Hæstv. forseti. Ég vitnaði hér í orð hæstv. forsætisráðherra fyrir ári síðan. Svo mörg voru þau orð. Þau áföll sem nú blasa við þjóðinni eru einsdæmi og miklir erfiðleikar bíða almennings í þessu landi. Smám saman skýrist sú grafalvarlega staða sem þjóðin stendur frammi fyrir og þá einnig þeir erfiðleikar og kostnaður sem á okkur fellur sem þjóð á næstu árum. Seðlabankastjóri upplýsti nýverið á fundi Viðskiptaráðs að Geir Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu var gert kunnugt í febrúar sl. hvaða hætta vofði yfir Íslandi vegna starfsemi og útþenslu bankanna. Á þeim fundum sem við forustumenn stjórnarandstöðunnar áttum með forustumönnum ríkisstjórnarinnar frá því í byrjun október og fram í miðjan nóvember vorum við aldrei upplýstir um þá váboða sem um var rætt í febrúar sl. á leynifundum Davíðs, Geirs og Ingibjargar Sólrúnar. Þær upplýsingar voru heldur ekki gefnar á sl. vori þegar leitað var heimildar Alþingis um 500 milljarða kr. lántöku erlendis.

Ég lít svo á að Seðlabanki Íslands sé ekki aðeins seðlabanki hæstv. forsætis- og utanríkisráðherra sem gefi þeim einum réttar upplýsingar um aðsteðjandi hlut íslenska fjármálakerfisins. Við erum að ræða um Seðlabanka Íslands sem ber skyldur en upplýsir aðeins á leynifundum um alvarlegasta mál sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir. Forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa brugðist því trausti að upplýsa þjóðina og bregðast við vandanum sem þeim var ljós í febrúar sl. Bæði forsætis- og utanríkisráðherra hafa nú loksins staðfest að þessir fundir voru haldnir um fjármálakerfið í febrúar sl., sá fyrsti 6. febrúar. Svo virðist sem sumum ráðherrum ríkisstjórnarinnar hafi heldur ekki verið sagt frá þessum leynifundum.

Þegar ég dró fram þá stöðu í október sl. að skuldir þjóðarinnar gætu orðið 800–1.000 milljarðar kr. var því mótmælt af hæstv. forsætisráðherra sem vafasömum og jafnvel röngum tölum. Nú lítur út fyrir að heildarskuldir ríkissjóðs í lok árs 2009 eða á árið 2010 verði 400 milljörðum kr. hærri eða allt að 1.400 milljarðar kr. Þessi ríkisstjórn er rúin trausti og hún á að segja af sér. Þjóðin á rétt á að kjósa nýja forustu á næsta ári. Menn starfa ekki áfram eftir að leynimakk og svik hafa verið upplýst.

Mikið verk er fram undan sem er að rannsaka m.a. allt það ferli sem átti sér stað í gömlu bönkunum og öll þau krosseignatengsl sem þar voru og eru staðreynd á Íslandi. Stjórnarandstaðan fékk aldrei réttar upplýsingar frá starfandi stofnunum sem undir ráðherrana heyra og ekki gáfu ráðherrar þær upplýsingar til þings eða þjóðar. Stjórnarandstaðan hefur í ljósi staðreynda sem nú koma í ljós sameinast um að bera fram vantraust á ríkisstjórnina. Í ljósi vinnubragðanna er stjórnin nú rúin öllu trausti. Það verður ekki létt verk að koma þjóðinni yfir þá kjaraskerðingu og að öllum líkindum skattahækkanir sem fram undan eru næstu árin vegna glæfralegrar fjármálastefnu bankakerfis og ekki hvað síst vegna athafnaleysis núverandi ríkisstjórnar sem fólkið í landinu treystir ekki lengur til að stjórna málum. Það verður fróðlegt að sjá hvort samfylkingarfólk sem sumt hvert úr ráðherraliðinu hefur krafist kosninga, vill félagsleg gildi í öndvegi næstu árin eða ekki. Eða ætlar Samfylkingin og hennar fólk að velja að fylgja Sjálfstæðisflokknum, sem öllu hefur ráðið í 17 ár, til framtíðar? Er það það veganesti sem þjóðin á vist af hendi Samfylkingarinnar? Er það vaktin sem Samfylkingin ætlar að standa?

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að sú vakt sem staðin hefur verið á þessu landi um hagsmuni þjóðarinnar er vakt vonbrigðanna. Hún gefur þá mynd af hæstv. ríkisstjórn að þó að hún hafi fengið upplýsingar og viðvaranir hafi hún ekkert með þær gert. (**Gripið fram í:** Hvar eru þingmennirnir?) — Hafi ekkert verið með það gert. Menn hafi talað á eftir við bankastjóra viðskiptabankanna — eða kannski einhverja aðra sem ég veit ekki hverjir eru — og verið upplýstir um að hér væri allt í besta lagi, hér væri bara bjart fram undan, við þyrftum ekki að hafa miklar áhyggjur.

Ég minnist orða hæstv. forsætisráðherra sem sagði eitthvað á þá leið að tíminn ynni með okkur. Þau orð hafa reynst vera alger öfugmæli. Á okkur hefur skollið ástand sem ef til vill var hægt að forðast ef menn hefðu tekist á við það verkefni í tíma. Til hvers voru menn að biðja um 500 milljarða kr. lánsheimild í maí ef þeir treystu sér ekki til að nota hana til að reyna að verja stöðu Íslands?

Í málflutningi Samfylkingarinnar hefur hún endalaust farið fram með að eina leiðin fyrir Ísland væri að ganga í Evrópusambandið og taka strax upp evru. Ég verð að spyrja í lokin, hæstv. forseti, hvort Samfylkingunni sé alveg ná-

kvæmlega sama um með hvaða eigin lög við Íslendingar færum inn í Evrópusambandið ef til kæmi. Er Samfylkingunni algerlega sama um þótt fiskstofnarnir okkar séu seldir fyrir fjármuni og hver geti keypt þá sem vill ef við förum þangað inn? Ætlar Samfylkingin að fara inn í sambandið þrátt fyrir að þær þjóðir sem væru með okkur í sambandinu ef við færum þangað inn, gætu keypt auðlindir okkar, gætu ráðið þeim? Er ákafinn við að komast í Evrópusambandið svo mikill að öllu má til fórna, íslenskum auðlindum, fallvötnum, jarðhita, fiskinum í sjónum, landbúnaði í landinu o.s.frv.? Geta menn hent öllu bara til að komast inn í hið langþráða Evrópusamband? Ég segi nei, hæstv. forseti. Það er ekki hægt að gera það. Það er margt sem við þurfum að laga í löggjöf okkar áður en okkur er yfirleitt fært að stefna inn í Evrópusambandið.

[15:02]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Hvers vegna vantraust? Hvers vegna að krefjast þess að ríkisstjórnin fari frá og að efnt verði til kosninga í landinu? Sjálfum finnst mér svarið liggja í augum uppi. Ástæðurnar eru þrjár. Í fyrsta lagi snýst það um að axla ábyrgð fyrir fortíð og fyrir það sem er að gerast núna. Í öðru lagi snýst það um að virða lýðræðið, lýðræðislegan vilja í landinu. Í þriðja lagi snýst það um framtíðina, að þjóðin fái tækifæri til að ákveða sjálf hvert hún nú vilji stefna á þeim tímamótum sem við stöndum.

Fyrst að ábyrgðinni. Að sjálfsögðu eiga höfuðpaurarnir í fjármálasvikamyllunni að axla ábyrgð. Fyrir helgina var ungur maður hnepptur í varðhald vegna vangoldinnar sektar sem hann hlaut fyrir að mótmæla umhverfisspjöllum í þágu stóriðju. Á sama tíma og það gerðist ganga lausir þeir menn sem eru valdir að þeim þrengingum sem íslenska þjóðin á nú við að stríða. Þeir eru órannsakaðir, þeir eru ódæmdir og nú berast fréttir af því að enn séu þeir að skáka til milljörðunum, enn séu þeir með sínar þotur, kaupandi fjölmiðlana í landinu og í þann veginn að ryðjast inn í sjúkrahúsin. Hæstv. heilbrigðisráðherra Sjálfstæðisflokksins er þar dyravörður og opnaði nú síðast dyrnar á sjúkrahúsinu í Reykjanesbæ fyrir milljarðamæringinn sem horfir þangað girndaraugum.

Skipun ríkisstjórnarinnar um að skera niður um 10% í velferðarþjónustunni (**Gripið fram í:** Það er engin svoleiðis skipun.) gengur einmitt út á þetta. Ég þekki það. Spurðu þau á Kristnesspítala, spurðu þau í Reykjanesbæ, spurðu þau, hv. þingmaður Samfylkingarinnar, á Landspítalanum þar sem menn eru að ræða á hvern hátt þeir geti orðið við þessari skipun ríkisstjórnarinnar. Þetta er staðreynd. (**Gripið fram í:** Það er engin slík skipun.)

Í annan stað eiga eftirlitsstofnanir landsins að sjálfsögðu að sæta ábyrgð, sæta rannsókn og ábyrgð. Þar horfi ég til Fjármálaeftirlitsins, til Seðlabankans og til annarra eftirlitsstofnana. (**Gripið fram í:** Seðlabankans?) En síðast en ekki síst er það að sjálfsögðu ríkisstjórnin sem á að axla ábyrgð. Nú er komið á daginn og hefur verið upplýst að oddvitar ríkisstjórnarflokkanna sátu fund eftir fund með fulltrúum Seðlabanka í byrjun þessa árs þar sem stafað var ofan í þau hver vandi blasti við íslenska fjármálakerfinu. Hvernig áttu þau að bregðast við? Fara með þessi válegu tíðindi í fjölmiðla? Þau áttu að fara varlega að mínum dómi, þau áttu að kalla til sérfræðinga, innlenda og erlenda, og grípa til varúðarráðstafana. Það var ekki gert. En hvað var það sem þau gerðu? Þau héldu út í heim með útrásarvíkingunum. Í byrjun marsmánaðar fór hæstv. utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, 11. mars, til Kaupmannahafnar ásamt Sigurði Einarssyni til að segja Dönum og til að segja fjárfestum á meginlandinu að ekkert væri að óttast. Tveimur dögum síðar var hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde mættur til New York með Jóni Ásgeiri Jóhannessyni útrásarvíkingi að sannfæra Bandaríkjamenn um að ekkert væri að óttast. Það er í kjölfarið á næstu vikum sem skuldasöfnunin, mesta skuldasöfnunin á sér stað og við erum nú að fá í bakið. Ekki bara við núlifandi Íslendingar eða við sem erum komin á legg, heldur er verið að setja á ungar axlir upprennandi kynslóðar skuldaklyfjar fram í tímann. Og þetta er á ábyrgð þeirra sem hér sitja, hæstv. forsætisráðherra, formanns Sjálfstæðisflokksins, og hæstv. utanríkisráðherra, formanns Samfylkingarinnar.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði áðan: „Að sjálfsögðu eiga menn að axla ábyrgð.“ Ég spyr: Hvað ætlar hann að gera sjálfur þegar þess er óskað að verk hans verði sett í dóm þjóðarinnar, að lýðræðið fái að ráða? Það er okkar ósk.

Íslendingar, við þekkjum það öll, eiga vini og hafa átt vini um allan heim. Hvernig stendur á því að enginn hefur viljað rétta okkur hjálparhönd? Hvernig stendur á því? Það er vegna þeirra, það er vegna þess að þau fóru út í heim með lygar og ósannindi. Þau eru ótrúverðug og verða að víkja. Það eru þau sem hafa komið í veg fyrir að Íslendingar fengju þá aðstoð og þau lán sem við óskuðum eftir. Það er ódýrt að benda á eftirlitsstofnanirnar þegar ábyrgðin er í reynd á þessum bekk hér, hjá þessu fólki sem hefur verkstýrt okkur og leiðsagt okkur út í það forað sem við erum komin og erum að reyna að komast upp úr.

Hvað er að gerast í fjármálakerfinu? Í hvað er verið að nota þessa 200 milljarða sem fóru í peningamarkaðssjóðina? Getur einhver svarað því hér? Nei. Þetta er eitt háskólasjúkrahús á ári í tíu ár og enginn hér í salnum getur svarað því hvað varð um þessa peninga, enginn. Er verið að afskrifa skuldir hjá stórfyrirtækjum, eins og haldið var fram í sjónvarpinu í gær, á sama tíma og þrengt er að heimilunum og smáfyrirtækjunum og þau sett á hausinn? Getur einhver svarað því? Nei. Slíkt er ógagnsæið undir verkstjórn þessa fólks. Ekki skipta um hest í miðri á, sagði formaður Samfylkingarinnar, og hæstv. forsætisráðherra bætti því við að þau væru lögst í björgunarleiðangur sem ekki mætti trufla.

Hvert var haldið í þann björgunarleiðangur? Til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem lét þau gera það að sínu fyrsta verki að keyra stýrivexti upp um 50% sem verður þess valdandi, og það deilir enginn um það, að skuldug smáfyrirtæki og heimili munu ekki rísa undir klyfjunum. Svo kemur formaður Samfylkingarinnar hingað í ræðustól og montar sig af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Hverjar eru þær? Frestun á frest ofan. Það er ekki að ófyrirsynju, það er ekki að ástæðulausu að fólk talar um að lengt sé í hengingarólinni. Það er verið að skjóta vandanum lengra inn í framtíð-

ina. Það er ekki gripið til neinna ráðstafana sem raunverulega létta byrði fólksins til framtíðar. Það er ekki verið að gera það.

Fyrst er það fólkið, svo er það flokkurinn og allra síst ráðherrar, sagði formaður Samfylkingarinnar á fundi flokks síns nú um helgina. Hún bætti því við að ef hún væri ekki í ríkisstjórn væri hún úti á Austurvelli að mótmæla. Hvers konar veruleikafirring er þetta? Getur verið að forgangsröðunin sé hið gagnstæða, fyrst er það ráðherrann, svo er það flokkurinn og síðan og allra síst er það fólkið?

Góðir Íslendingar. Lýðræðið er okkar eina von, að við getum haft styrk hvert af öðru. Lýðræðið er aðferð til að virkja kraft fjöldans til að hugsa og taka ákvarðanir í sameiningu með lýðræðislegri umræðu. Engin þekkt aðferð er jafnörugg og öflug. Ríkisstjórnin biður um frið, hún biður um frið frá þessari aðferð. Hún biður um frið frá lýðræðinu, hún biður um frið frá fólkinu, hún biður um frið frá þjóðinni en ég er sannfærður um að þegar búið verður að fella okkar tillögu, því að það held ég að gerist, mun rísa og magnast sem aldrei fyrr sú krafa sem heyrist hér á Austurvelli laugardag eftir laugardag og á fjöldafundum sem verið er að efna til um allt land, um að lýðræðislegur vilji í landinu verði virtur. Það sem kosið verður um er um nýtt Ísland og nýja framtíð, að endurheimta auðlindir þjóðarinnar til sjávarins, til landsins, vatnið, raforkuna í hendur íslensku þjóðarinnar að nýju. [Lófatak á þingpöllum.]

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Ég verð að biðja gesti á pöllum að hafa hljóð.)

[15:13]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Þær hörmungar sem hafa riðið yfir okkar íslenska samfélag á síðustu vikum snerta auðvitað hvern einasta íbúa þessa lands. Við finnum öll fyrir hækkandi verðlagi. Við finnum öll fyrir hækkandi lánum og við þekkjum öll fólk sem hefur misst atvinnu sína og er í raun uggandi um framtíð sína og sinnar fjölskyldu. Þá kemur stjórnarandstaðan hingað inn á þingið, forgangsraðar og segir: Við viljum vantraustsstillögu samþykkta.

Ég tel önnur verkefni mikilvægari og brýnni en það. Við erum að upplifa mikla óvissutíma og það skiptir miklu að okkur takist sem allra fyrst að brjóta okkur leið út úr erfiðleikunum og hefja hér að sjálfsögðu uppbyggingu á atvinnustarfsemi og eflingu lífskjara á nýjan leik.

En þjóðin er reið, og hún er skiljanlega reið. Það eru mjög margir sem spyrja sig spurningarinnar: Af hverju gerðist þetta? Og yfir það verður að fara. Mörg mistök hafa nefnilega verið gerð. Stjórnmálamenn hér innan þingsins hafa gert mistök. Líka þeir sem hafa setið í lífeyrissjóðum þeirra banka sem tóku þátt í uppbyggingunni. Fjölmiðlamenn hafa gert mistök. Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hafa líka gert mistök, en fyrst og síðast liggur að sjálfsögðu ábyrgðin hjá forsvarsmönnum fyrirtækjanna, forsvarsmönnum bankanna sem fóru af ákveðnu ábyrgðarleysi með það frelsi og það svigrúm sem þeim var veitt.

Ég krefst þess, líkt og aðrir, að aðdragandi hrunsins verði rannsakaður til hlítar og að við hér á þinginu dveljum ekki lengur við það að móta rannsóknarnefndina, heldur að hún komi fram og fari strax yfir alla þætti. Ég fagna því sérstaklega að um það náðist samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Á hverjum degi berast nefnilega fréttir af ýmsum gjörningum sem vekja upp spurningar. Þeim spurningum verður að svara.

Við verðum að fara yfir fortíðina á trúverðugan hátt þannig að það veki traust meðal þjóðarinnar og þannig að við getum líka nýtt þá vitneskju til að byggja upp til framtíðar fyrir börnin okkar. Sú skýrsla sem vonandi lítur dagsins ljós að ári liðnu má ekki verða að neinni skúffuskýrslu. Við verðum að nýta þá skýrslu enn frekar til uppbyggingar í samfélaginu. Vinna rannsóknarnefndarinnar verður að vera algjörlega gegnsæ. Engan skal furða nú í ljósi okkar sáru og bitru reynslu að margar spurningar vakni um hvernig bankarnir hyggist koma að enduruppbyggingu íslensks atvinnulífs. Fólk verður að geta treyst því að t.d. afgreiðsla nýju bankanna þoli skoðun úr öllum áttum. Ég hef sagt það áður og ítreka nú að allt verður að vera uppi á borðum. Ef svo er ekki geta jafnvel eðlilegustu viðskipti fengið á sig grunsamlegan blæ. Nýju bankarnir verða að marka nýtt upphaf, og ábyrgð þeirra sem þar hafa valist til forustu og í bankaráðin er að sjálfsögðu mikil.

En á sama tíma og við gerum upp við fortíðina verðum við að byggja upp fyrir framtíðina. Við verðum að búa hér til verðmæti. Við verðum að búa til störf. Þar er að sjálfsögðu ekkert undanskilið. Við verðum þó fyrst og fremst að koma á stöðugleika í gengismálum. Einungis þannig tryggjum við að þjóðin geti rétt úr kútnum, að verðbólgan hjaðni, að lánin okkar hætti að bólgna út og við náum að fóta okkur á nýjan leik.

En það, hæstv. forseti, gerist að sjálfsögðu ekki á einni nóttu. Þangað til verðum við að nýta tímann til að grípa til margháttaðra aðgerða til að milda höggið, hvort sem er vegna húsnæðislána, námslána, áhrifa atvinnuleysis eða annarra þátta sem hafa áhrif á afkomu fólksins. Og við erum byrjuð. Við erum byrjuð að slá skjaldborg um íslensk heimili á þessum erfiðu tímum. Nú þegar hefur margt verið gert og margt er í pípunum en í sjálfu sér má taka undir ákveðna gagnrýni sem hefur komið fram. Við verðum að tala skýrar og við verðum að miðla upplýsingum betur til fólksins því að auknar upplýsingar stuðla að því að óvissu verði eytt.

Verkefnin fram undan eru mikil að umfangi og þau eru flókin og brýn. Eitt helsta forgangsverkefni samtímans er að sjálfsögðu að koma hér á eðlilegum gjaldeyrisviðskiptum og stöðugleika á gengi krónunnar. Forsenda þess að íslenskt atvinnulíf geti rétt úr kútnum er að innflutningur og útflutningur komist í eðlilegt horf, að hjól atvinnulífsins taki að snúast af auknum krafti að nýju og skapi fólki störf og tekjur.

Það samkomulag sem m.a. hefur náðst við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og nágrannaþjóðir okkar um aðstoð er forsenda þess að uppbyggingarstarfið geti hafist. Sú óvissa sem ríkti vikum saman um það mál var óþolandi og ýtti undir þann ótta og þær áhyggjur sem alls staðar er að finna í samfélaginu.

Nú hefur þeirri óvissu verið eytt og við getum tekið ákvarðanir um næstu skref. Þau skref krefjast þess að við stöndum saman, að við stöndum saman um aðgerðir þar

sem hagur fólksins og hagur fyrirtækjanna okkar er settur í öndvegi. Þau skref krefjast þess að við einhendum okkur í þau verkefni sem fram undan eru en setjum ekki kraftana í annað.

Ég tel mikilvægt að við förum í nánara samstarf við m.a. Samtök atvinnulífsins og ASÍ, við aðila vinnumarkaðarins, til að byggja upp til framtíðar. En tíminn er að sjálfsögðu eitt það verðmætasta sem við eigum í þessari stöðu. Hann verðum við að nýta. Við eigum ekki í þágu flokkshagsmuna að boða til kosninga, heldur eigum við að beina kröftunum í þann farveg fyrir fólkið og fyrirtækin í landinu. (Gripið fram í.)

Ég vil sérstaklega geta þess að þegar er byrjað á margvíslegum aðgerðum. Hæstv. utanríkisráðherra kom inn á ýmsar aðgerðir sem til að mynda hæstv. félagsmálaráðherra hefur farið í. Hið sama má segja um fjármálaráðherra sem hefur m.a. beitt sér fyrir auknu svigrúmi varðandi dráttarvexti, dráttarvaxtagreiðslum varðandi barnabætur, skuldajöfnun varðandi barnabætur — bara sú aðgerð kostar ein og sér 950 millj. kr. — og allt eru þetta ákvarðanir teknar í þágu fjölskyldnanna.

Ég veit það líka að hæstv. samgönguráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála hefur þegar beitt sér fyrir því að fara í aukið samstarf við sveitarfélögin. Það er gríðarlega mikilvægt að sveitarfélögin fái styrk og samvinnu við ríkisvaldið til að þau geti sinnt brýnni grunnþjónustu, til að mynda með því að tryggja þjónustuna í skólunum. Allt eru þetta verkefni sem við erum nú þegar byrjuð í. Við erum á fullu í þessari vinnu til að tryggja grunnþjónustuna.

Ég get auðvitað farið í mitt eigið ráðuneyti og litið til þeirra aðgerða sem við erum að vinna að þar. Það má ekki bíða. Við verðum að huga að því hvernig við breytum m.a. lánasjóðnum svo við getum haft samspil á milli atvinnuleysisbóta og námslána þannig að fólk geti nýtt tímann þegar það dettur inn í atvinnuleysi og farið í nám.

Það verður að taka ákvarðanir strax sem beinast að því hvernig við getum til að mynda nýtt menntakerfið til skemmri tíma, hvernig við komum til móts við fólk sem er núna að missa vinnuna. Þar þurfum við að huga að ýmsu. Hvernig getur fólk sem er með litla grunnmenntun farið inn í skólakerfið? Hvernig getum við nýtt framhaldsskólana? Símenntunarmiðstöðvarnar? Ég tel mikilvægt að ég hraði þeirri vinnu sem tengist fullorðinsfræðslufrumvarpinu til þess að við getum sinnt því fólki sem hefur litla grunnmenntun. Þar verðum við líka að líta á raunfærnimatið. Hvernig getum við hjálpað fólki út úr þeim ömurlegu örlögum að þurfa að fara inn í atvinnuleysi?

Við erum smátt samfélag en við erum líka með skilvirka stjórnsýslu. Við sem erum í ríkisstjórninni berum ábyrgð á því að við bregðumst við, að við notum lánasjóðinn, að við notum Íbúðalánasjóð til að slá skjaldborg um heimilin okkar. Þetta eigum við að halda áfram að gera.

Hvernig eigum við síðan að koma til móts við það menntaða fólk sem er líka að missa atvinnuna? Við eigum að nýta háskólana. Við eigum að nýta rannsóknirnar sem þar eiga stað. Við eigum, og ég hef þegar stuðlað að því, að leita m.a. eftir stuðningi og þekkingu hjá OECD og líka Finnum sem tengist uppbyggingu á menntamálum og rannsóknum. Í þessi verkefni verðum við að fara, annars vegar með skammtímahagsmuni í huga til að lina þá erfiðleika sem fylgir atvinnuleysi en ekki síður hitt að taka ákvarðanir sem stuðla að því að slíkar ákvarðanir byggi upp samfélagið til lengri tíma litið.

Þetta skiptir allt máli þegar við erum núna í þessum önnum við að reyna að byggja upp samfélagið til lengri tíma. Það vitlausasta sem við gætum gert akkúrat við núverandi aðstæður er að eyða kröftum stjórnmálamanna og stjórnsýslunnar í kosningar. Ef ákveðið yrði að ganga til kosninga nú beindum við kröftum stjórnmálaflokkanna að öðru en einmitt þessum brýnu verkefnum sem ég hef farið inn á. Við værum að missa dýrmætan tíma og í stað þess að draga úr hinni efnahagslegu óvissu værum við að bæta við pólitískum óstöðugleika sem gæti reynst okkur mjög dýrkeyptur þegar fram í sækti.

Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að hlutverk stjórnarandstöðu hverju sinni og á hverjum tíma er að veita sitjandi ríkisstjórn aðhald. Nú, þegar stjórnvöld standa frammi fyrir einhverjum flóknustu og erfiðustu ákvörðunum íslenskrar stjórnmálasögu, er slíkt aðhald brýnna en nokkru sinni fyrr, að stjórnarandstaðan komi með uppbyggilega gagnrýni og bendi á aðrar hugsanlegar leiðir. Með slíkri lýðræðislegri umræðu næst besta niðurstaðan.

En stjórnarandstaðan hefur fram til þessa, á þessu þingi og á hinu síðasta líka, því miður talað í kross. Hún segir í aðra röndina að hún vilji ganga til liðs við og til samninga við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og síðan bara alls ekki. Fyrir nokkrum vikum voru umræður í þinginu þar sem hluti stjórnarandstöðunnar sagði: Við skulum fara strax í kosningar. Síðan kom annar hluti af stjórnarandstöðunni og sagði: Bara alls ekki. (Gripið fram í.) Ég heyri að þetta er eitthvað viðkvæmt hjá framsóknarmönnum, enda tala menn í kross.

Vandamál þjóðarinnar er að stjórnarandstaðan vill eyða dýrmætum tíma, tíma sem við þurfum í uppbyggingu, tíma sem við þurfum að nýta til endurreisnar, (**Gripið fram í:** Ha?) heldur í að fara í oft og tíðum mjög sjálfhverfa kosningabaráttu. Við þekkjum það öll, stjórnmálamennirnir, allir stjórnmálaflokkar eru þannig. Við vitum alveg hver fókusinn er þegar við förum í kosningabaráttu. Fókusinn er á stjórnmálaflokkana sjálfa. Við skulum segja það bara alveg hreint út. (**Gripið fram í:** Eigum við ekki bara að hætta …?) Við eigum að nota tímann núna til að fara í endurreisn á samfélaginu. Á næstu mánuðum skiptir öllu máli að teknar verði markvissar ákvarðanir þannig að hægt sé að þoka málum í rétta átt, að uppbyggingin geti hafist. Það gerist ekki ef við förum þá leið sem stjórnarandstaðan leggur til, nefnilega að rjúfa þing eða efna til kosninga. (**ÖJ:** Þið hafið …) Við öll hér í þessum sal gerum okkur fulla grein fyrir því hvað það þýðir að halda úti kosningabaráttu.

Og ég segi það, hæstv. forseti: Ef einhvern tímann er mikilvægt að menn víki flokkshagsmunum til hliðar er það einmitt núna. Við verðum fyrst og fremst að nýta tímann í brýn verkefni, aðkallandi verkefni til uppbyggingar fyrir þjóðina okkar og fyrir landið okkar og fyrir börnin okkar. Að mínu mati væri allt annað ábyrgðarleysi ef við værum ekki með fókusinn á það.

Það er ekki tími fyrir kosningar.

[15:25]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er algjörlega greinilegt að þessi ríkisstjórn er óstarfhæf. Hún nýtir tímann í að rífast innbyrðis og hún snýr ekki bökum saman. Meira að segja ráðherrar úr öðrum stjórnarflokknum, ráðherrar úr Samfylkingunni, vilja kosningar. Svo kemur hér hæstv. menntamálaráðherra, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, og klifar á því að nú eigi að láta hagsmuni flokkanna til hliðar, það eigi ekki að kjósa.

Virðulegur forseti. Það þjónar ekki hagsmunum Sjálfstæðisflokksins að kjósa núna, er það? Ég skil alveg að Sjálfstæðisflokkurinn vilji (Gripið fram í.) alls ekki kjósa. Að sjálfsögðu vill Sjálfstæðisflokkurinn ekki kjósa. (Gripið fram í.) Allt fylgi er hrunið af flokknum. (Gripið fram í.)

Þessi ríkisstjórn hefur líka leynt okkur upplýsingum. Ríkisstjórnin hefur vitað í þó nokkuð langan tíma að bankarnir væru komnir út á brún hengiflugsins. Það er líklega í eitt ár sem menn hefðu getað gripið til aðgerða. Þetta varð ljóst í lok síðasta árs. Það hafa komið rauð og gul ljós til ríkisstjórnarinnar en ekkert var gert. Þessi ríkisstjórn verður að fara frá.

Ef það væri einhver töggur í henni hefði hún vaðið í nokkra hluti strax, t.d. að taka bankastjórn Seðlabankans og stjórn Fjármálaeftirlitsins frá, leyfa því fólki að segja af sér. Ég er ekki að fullyrða að þetta fólk hafi gert eitthvað saknæmt en þetta fólk er búið að missa trúverðugleikann. Það er búið að missa traust þjóðarinnar og það hefur ríkisstjórnin líka gert.

Í öðru lagi ætti að stöðva án tafar það verklag að fyrri eigendur fái fyrirtæki sín að nýju frá skilanefndunum — nýskúruð af skuldunum. Fjármálaeftirlitið skipaði þessar skilanefndir og það starfar á ábyrgð hæstv. viðskiptaráðherra. Það er hreint með ólíkindum að horfa upp á að fjölmiðlar 365 eru afhentir svona gömlu eigendunum. Við skulum hafa í huga að þessir fjölmiðlar höfðu fyrir stefnu sína að koma Samfylkingunni til valda og studdu hana með ráðum og dáð í síðustu kosningabaráttu og alveg til dagsins í dag. Það sjá allir sem hafa augun opin, virðulegur forseti.

Í þriðja lagi á að taka án tafar úr umferð alla þá yfirmenn í gömlu bönkunum sem létu hluta starfsmanna sinna plata fólk á kerfisbundinn hátt. Það var platað til þess að hafa peningana sína í sjóði og því var sagt að það væri jafnöruggt og að hafa þá í innlánum. Það á að draga þessa aðila til ábyrgðar strax. Það er ljóst að mjög margir hafa tapað fjármunum vegna þessa, líklega skattborgararnir mestu því að nýju bankarnir hafa verið látnir niðurgreiða tjón fjármagnseigenda. Áhöld eru um það hvort nýju bankarnir séu í raun ekki gjaldþrota vegna þessa ráðahags.

Í fjórða lagi á að rannsaka án tafar innherjaviðskipti sem áttu sér stað rétt fyrir hrun bankanna. Það blasir við að viðskipti með Landsbankann á föstudegi fyrir hrunið, þar sem aðili sem hefur aftur og aftur tengst umræðu um að vera hálfgjaldþrota kaupir bréf í Landsbankanum fyrir um 25 milljarða, eru innherjaviðskipti. Það blasir við. Af hverjum keypti þessi aðili? Af hverjum?

Það tekur yfirvöld innan við klukkutíma að komast að þessu þannig að hægt verði að gera þetta fé upptækt. Þá þarf líka, virðulegur forseti, að komast að því af hverju Kauphöllin hafði opið fyrir viðskipti við bankana í örfáar mínútur mánudaginn sem hrunadansinn byrjaði. Það voru engar forsendur til að hafa opið til þess að fara í gegn með viðskipti fyrir bankana. Þá höfðu margir aðilar meiri upplýsingar um stöðu bankakerfisins en aðrir. Þetta var óréttmætt. Af hverju var opið í nokkrar mínútur í Kauphöllinni? Hver getur svarað því?

Enginn vill svara því.

Virðulegur forseti. Hér talaði áðan hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, og sagði: Hvernig gat þetta skeð? Hún fór að tala um núverandi formann Framsóknarflokksins, hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Ég spyr til baka: Hvernig gat bankahrunið átt sér stað á vakt Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, hæstv. utanríkisráðherra? Hvernig gat þetta átt sér stað á hennar vakt?

Hver ber ábyrgð á bankaeftirlitinu í landinu? Það er aðallega Samfylkingin, líka Sjálfstæðisflokkurinn. Hver ber ábyrgð á Seðlabankanum í þessu landi? Það eru Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn. Hvernig gat bankakerfið á Íslandi hrunið á vakt Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, hæstv. utanríkisráðherra?

Ég vil fá svar við því.

Það er algjörlega ljóst, virðulegur forseti, að þessi ríkisstjórn er rúin trausti. Fólkið hefur talað. Fólkið talar hér úti á Austurvelli á hverjum einasta laugardegi. Það talar líka í skoðanakönnunum. Því fyrr sem þessi ríkisstjórn fer frá, því betra. Ég skora á þingheim að samþykkja þá tillögu sem hér liggur fyrir og ég hlakka til að sjá hvernig hæstv. umhverfisráðherra Þórunn Sveinbjarnardóttir mun greiða atkvæði. Því miður er hæstv. viðskiptaráðherra ekki hér, Björgvin Sigurðsson, þannig að augu allra munu beinast að hæstv. umhverfisráðherra, og að sjálfsögðu aðallega Samfylkingunni sem hefur talað hér út og suður í hverju málinu á fætur öðru og væri kannski líklegust til að samþykkja vantraust á eigin framkvæmd mála hér inni.

[15:31]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Frú forseti. Góðir landsmenn. Mikið er talað um vaktaskipti hér í þessum stól í dag. Nú síðast talaði hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra og fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra í ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks til einna tólf ára, held ég, um hvað hafði gerst á hvaða vakt. Ef ég man rétt voru ný lög um Seðlabankann og ný lög um Fjármálaeftirlitið sett á vakt Framsóknarflokksins og af honum og þegar núverandi seðlabankastjóri var ráðinn var Framsóknarflokkurinn svo sannarlega á vaktinni. Ég held því að menn ættu kannski að fara svolítið varlega í sitt vaktatal í þessu samhengi (Gripið fram í.) en menn velja auðvitað hvernig þeir fara í það.

Frú forseti. Öllum í þessum sal er ljóst að enginn á valdið annar en fólkið í landinu. Það á enginn ráðherrasætið sitt, það á enginn þingmannssætið sitt, því er úthlutað í kosningum. Ég held að það sé hollt að við höfum það í huga í þessari umræðu, það vill stundum gleymast hérna á milli kosninga.

Við núverandi aðstæður í samfélaginu hafa Íslendingar að mínu viti sýnt úr hverju þeir eru gerðir. Það er í raun

með ólíkindum að fylgjast með deiglunni, gerjuninni og gróskunni sem er í samfélaginu við þær erfiðu aðstæður sem nú er við að etja. Það sýnir úr hverju Íslendingar eru gerðir. Ég held því fram að þessar aðstæður séu með þeim erfiðustu ef ekki þær erfiðustu sem stjórnvöld hafa þurft að glíma við á lýðveldistímanum, í 64 ár, og þá tel ég þorskastríðið með.

Það er mikil deigla meðal almennings, sem fjölmargir opnir fundir og heilmikil umræða, hvort sem hún er í blöðum eða á netinu eða annars staðar, sýnir okkur og það er vel og í henni felst afar gott aðhald. Innan stjórnmálaflokkanna er líka mikil deigla, þar á meðal í mínum flokki, Samfylkingunni. Það er líka mikil deigla í Sjálfstæðisflokknum og í Framsóknarflokknum sem ætla báðir að halda landsfund í upphafi næsta árs og væntanlega takast á við grundvallarframtíðarspurningu, spurninguna um aðild að Evrópusambandinu, en hingað til hefur Samfylkingin ein haft slíkt á sinni dagskrá.

Við vitum öll að lausafjárkreppan er alþjóðleg, hún er alþjóðleg og miklu fleiri ríki en Ísland þurfa að glíma við hana. Við vitum líka að gjaldeyriskreppan okkar er algjörlega heimatilbúin, úr mynt sem er u.þ.b. að syngja sitt síðasta.

Hér er mikið talað um að rekja þurfi hvaða mistök voru gerð, ég er því algjörlega sammála. Öllum steinum verður að snúa við og þeim verður snúið við. En enginn verður hengdur án dóms og laga. Fyrst fer rannsóknin fram, fyrst þurfum við að fá allar staðreyndir upp á borð og ræða þær eins og þær eru. Auðvitað þarf að axla ábyrgð, það segir sig sjálft, og auðvitað þarf að gera upp við spillinguna, eins og sumir kalla það, og það má alveg kalla það spillingu. Skúrkarnir þurfa að svara fyrir sig, þannig er það bara. Þannig er það í samfélagi sem kennir sig við lög og rétt. Það verður gert og að því hefur verið unnið og að því er verið að vinna. Ég fullyrði að hver einasti ráðherra í ríkisstjórn Íslands og hver einasti þingmaður í þessum sal hefur gert allt sem hann eða hún getur til að vinna okkur út úr þessari erfiðu stöðu. Menn hafa lagt nótt við dag.

Það getur vel verið að einhverjum hafi verið mislagðar hendur, það getur líka vel verið að upplýsingum hafi ekki verið komið nógu fljótt eða nógu skipulega eða nógu skilmerkilega til almennings eða jafnvel til þingmanna, en ég tel reyndar að sú skipan öll hafi batnað mjög á síðustu dögum og vikum. Og það má alltaf gera betur, það er alveg rétt. (Gripið fram í.)

Hér flytur stjórnarandstaðan, stjórnarandstöðuflokkarnir þrír, tillögu um vantraust á ríkisstjórn Íslands. Það er mikið talað um ósamlyndi á stjórnarheimilinu og ósamstæða ríkisstjórn. Sem ég sat hér á bekknum var ég að velta því fyrir mér hvað væri svona samstætt við stjórnarandstöðuna. Hún er samsett úr þremur stjórnmálaflokkum. Einn heitir Frjálslyndi flokkurinn. Á þingi fyrir hann eru fjórir þingmenn sem mér sýnist að eigi það eitt sameiginlegt að vera karlmenn. Annar flokkurinn er Framsóknarflokkurinn, þar sem (Gripið fram í.) — það fer eftir því hvernig á það er litið, hv. þingmaður, — tveir ágætir þingmenn hafa nýlega sagt af sér og sem er á kafi í formannsslag og innbyrðisátökum (Gripið fram í.) sem ég hef svo sem enga sérstaka þekkingu á. Hv. þingmenn, ég les bara blöðin og hlusta á fréttir.

Síðan er það Vinstri hreyfingin – grænt framboð, þeir ágætu vinir mínir, ekki síst í umhverfismálunum, en þar eru nú réttnefndir einangrunarsinnar á ferð og þar eigum við enga samleið. (Gripið fram í.) Miklir alþjóðasinnar en ég hef ekki séð það enn. Það eina sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt til í þessari umræðu er nýsköpun einhverrar þjóðernishyggju sem segir okkur að útlendingar séu vondir og við eigum allra síst að semja við þá, (Gripið fram í.) alls ekki, allt vont kemur frá Brussel. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sem kallar hér fram í, hefur annaðhvort miklar áhyggjur af hinum félögum sínum í stjórnarandstöðunni eða móðurlegar áhyggjur af því hvernig okkur líði í ríkisstjórn Íslands. Það er ágætt að gera það. (Gripið fram í.) Það er ósköp einfaldlega þannig að stjórnarandstaða sem vill láta taka sig trúanlega og vill láta taka mark á sér þarf þá að koma fram sem samstæð heild og það veit ég af því að ég var í átta ár í stjórnarandstöðu. Hún þarf að koma fram sem samstæð heild og hún þarf að koma fram með sameiginlegar tillögur ef það á að vera hægt að vinna með þær tillögur sem frá henni koma. (Gripið fram í.) Ef hún hefur það eitt til málanna að leggja að best sé að ganga til kosninga á aðventunni er það mjög lítið framlag í þær umræður sem hér þurfa að fara fram. (**SJS:** Vildi ekki Samfylkingin í Garðabæ kjósa? Hvað með Samfylkinguna í Garðabæ?) Samfylkingin í Garðabæ hefur ályktað um það og það hafa reyndar mörg önnur félög innan Samfylkingarinnar gert og um þessi mál hefur verið tekin mikil umræða í Samfylkingunni enda hef ég — eins og fram kom fyrst í ræðu minni — sagt að það sé mikil deigla og mikil gerjun innan Samfylkingarinnar í þessum málum.

En nú er ekki rétti tíminn til að lýsa yfir vantrausti á ríkisstjórn Íslands, það er bara ósköp einfaldlega þannig. (Gripið fram í.) Aðventuna á ekki að nýta til kosningabaráttu, þannig er það nú bara, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Ef menn hefðu ekki þóst vera svona snjallir og ætlað t.d. að taka einhverja ráðherra í bólinu, eins og þá sem hér stendur, hefðu þeir kannski átt að skoða tillöguna sína aðeins betur áður en hún fór í dreifingu á þinginu. (Gripið fram í.) Þannig er það að nú er ekki tími til þess að lýsa vantrausti á ríkisstjórn Íslands, við erum í miðjum björgunarleiðangri, við höfum lagt nótt við dag í átta vikur við að gera það sem gera þarf og því verður haldið áfram á næstu vikum, frú forseti.

[15:40]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Frú forseti. Góðir landsmenn. Í þessu ástandi er eðlilegt að almenningur velti fyrir sér hvort núverandi ríkisstjórn beri að víkja og við kveinkum okkur ekkert undan því. Núverandi stjórnarflokkar geta ekki hlaupist undan þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir enda ætla þeir ekki að gera það. Ábyrgð er mikilvægt hugtak í stjórnmálum og okkur ber að taka það alvarlega. Umræða um kosningar er því eðlileg að mínu mati, aðstæðurnar eru breyttar, forsendur brostnar og í raun erum við að horfast í augu við nýtt Ísland. Við slíka stöðu getur verið heppilegt fyrir alla stjórnmálaflokka að endurnýja umboð sitt.

Önnur ástæða getur einnig kallað á kosningar fyrr og

það eru Evrópumálin. Eftir tíu vikur mun Sjálfstæðisflokkurinn hugsanlega setja aðildarumsókn að Evrópusambandinu á stefnuskrá sína og þar með mundi stefna ríkisstjórnarinnar í þeim efnum breytast. Sú afstaða mundi valda straumhvörfum í íslenskri pólitík, en áður en við getum farið inn í ESB þarf að breyta stjórnarskrá og það eitt getur kallað á kosningar fyrr en áætlað var. Þess vegna geta verið ýmsar ástæður fyrir því að kosningar verði fyrr og auðvitað getur enginn stjórnmálamaður útilokað það.

Engin þessara ástæðna kallar hins vegar á kosningar um áramótin eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir. Þessar pælingar eiga því ekkert skylt við þá vantrauststillögu á ríkisstjórnina sem hér er til umræðu. Ég hafna því þessari tillögu enda styð ég ríkisstjórnina, ríkisstjórn sem hefur gert marga góða hluti undanfarna 17 mánuði. (**Gripið fram í:** Sett þjóð á hausinn.) Stjórnarflokkarnir eru einnig þeir flokkar sem ég treysti best til að leiða okkur í gegnum það öldurót (**Gripið fram í:** Sett þjóð á hausinn.) sem nú umlykur okkur.

Ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks skilgreinir sig sem frjálslynda umbótastjórn. Það er mikilvæg nálgun sem ég er ekki viss um að yrði fyrir hendi ef stjórnarandstöðuflokkarnir tækju við. Í því sambandi skulum við líta á hinn valkostinn í stjórnmálunum.

Hverjar eru lausnirnar sem Vinstri grænir bera á borð? Þær eru helst að vera í áframhaldandi deilum við nágrannaþjóðir okkar, segja upp EES-samningnum, taka upp norska krónu, hafna alþjóðlegri, viðurkenndri aðstoð og fleira í þeim dúr. Ekki er sá flokkur beint að opna á frekari samskipti við aðrar Evrópuþjóðir, þvert á móti ræður einangrunarhyggja þess flokks enn ríkjum og það veldur mér miklum vonbrigðum. Fólk sem krefst inngöngu Íslands í Evrópusambandið á sama tíma og það krefst þess að þessi stjórnmálaflokkur verði við stjórnvölinn þarf að hafa þetta í huga.

Lítum þá til Framsóknar, þess flokks sem er nánast búinn að vera samfleytt í ríkisstjórn í 36 ár. Er það sá kostur sem þjóðin er að kalla eftir, flokkur í sárri tilvistarkreppu sem sárlega þarf á hvíld að halda? Ég held ekki, frú forseti, en þetta eru helstu valkostirnir í íslenskri pólitík.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að stjórnarflokkarnir eru langt frá því fullkomnir og mistök hafa verið gerð. Ég get hins vegar fullyrt að fólkið innan þeirra raða hefur gert sitt allra besta og ætíð haft hagsmuni almennings sem sitt leiðarljós.

Förum aðeins yfir þær aðgerðir sem við höfum boðað. Við munum lækka dráttarvexti, fjölga greiðsluvandaúrræðum Íbúðalánasjóðs, milda innheimtuaðgerðir, fella út gildi skuldajöfnunarheimild gagnvart barnabótum og vaxtabótum, létta greiðslubyrði af verðtryggðum lánum, heimila endurgreiðslugjald á notuðum ökutækjum, frysta afborganir á erlendum lánum, takmarka stimpilgjöld og greiða barnabætur út mánaðarlega en ekki á þriggja mánaða fresti. Þá höfum við ákveðið jákvæðar breytingar á atvinnuleysisbótakerfinu og námslánakerfinu og tryggt fjárhagslega aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og annarra ríkja. Eftirlaunalögin verða afnumin og kallað verður eftir launalækkun æðstu embættismanna og stjórnmálamanna. Þá hafði sú ákvörðun verið tekin áður að hækka skattleysismörk um 20 þús. kr. á kjörtímabilinu, afnema stimpilgjöld fyrir fyrstu kaupendur, minnka eða afnema tekju- og makatengingar og þannig mætti lengi telja. Þetta er ríkisstjórn sem setur hagsmuni almennings í öndvegi.

Ég geri mér grein fyrir því að fjölmörg verkefni eru fram undan. Skipa þarf óháða rannsóknarnefnd sem þarf að gera allt málið upp, rannsaka bankana, embættismenn og stjórnmálamenn. Við þurfum að fjárfesta í menntun, sprotum, nýsköpun og þróun. Við þurfum að verja velferðarkerfið og beita öllum tiltækum leiðum til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og þann mannlega harmleik sem því fylgir. Og við munum halda áfram að setja hagsmuni almennings í öndvegi og ekki freistast til að stilla klukkuna til baka um áratugi eins og stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn vill.

Frú forseti. Við vitum öll að erfiðir tímar eru fram undan hjá þjóðinni en endurreisnin er hins vegar að hefjast. Þá skiptir máli að stefnumál jafnaðarmanna, um réttlæti, jöfnuð, jafnræði, frelsi, samhjálp og sanngirni, verði leiðarljósið í uppbyggingu og endurreisn íslensks samfélags og þess vegna styð ég þessa ríkisstjórn.

[15:46]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Ríkisstjórnin hefur brugðist þjóðinni. Skipstjóri sem strandar skipi er ævinlega látinn taka pokann sinn og missir réttindin. Þegar skipstjóri strandar skipi með stýrimennina uppi í brú hjá sér missa þeir allir réttindin.

Miklar hörmungar hafa gengið yfir fólkið í landinu síðustu vikur og eiga eftir að verða verri. Við sjáum enn kannski ekki nema toppinn af ísjakanum. Atvinnuleysi á eftir að aukast og hörmungarnar eiga eftir að verða meiri en þær eru í dag. Þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur komið með hafa ekki orðið fólkinu í landinu að gagni. Þetta hafa verið yfirborðskenndar tillögur sem litlu skila til fólks sem stendur og lifir í hörmungunum, hvort sem um er að ræða breytingar á Íbúðalánasjóði eða aðrar aðgerðir. Þær hjálpa fólki ekki út úr vanda.

Verðtrygging lána eða erlend lán eru ekki fryst, þótt ekki væri nema tímabundið í einhverja mánuði á meðan mesta óveðrið gengur yfir. Ekki er tekið á málum með neinum alvöruaðgerðum. Þetta er yfirklór, eitthvað sem engu máli skiptir.

Þess vegna er ég mjög hissa á umhverfisráðherra þegar hún bullar tóma þvælu um hvað aðrir stjórnmálaflokkar vilja eða hafa viljað gera. Hæstv. umhverfisráðherra bullar tóma þvælu um það sem er að gerast í þjóðfélaginu og stendur í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu bæði á Bakka við Húsavík (**Gripið fram í:** Hættu nú að bulla.) og eins við stækkun á álveri í Helguvík. Þetta eru staðreyndir og hæstv. umhverfisráðherra er beinlínis fyrir og veldur miklu tjóni og því að færri störf verða til en ella og minni gjaldeyristekjur koma inn í þjóðfélagið.

Fyrir tæpu ári fékk ríkisstjórnin vitneskju um það að verið væri að brjóta mannréttindi á sjómönnum á Íslandi. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna ályktaði um það og álit hennar var að mannréttindi væru brotin með því að mismuna mönnum með aðgengi að veiðiheimildum og leyfa sumum, sem fengu ókeypis veiðiheimildum úthlutað á hverju ári, að selja öðrum. Síðan var sá þáttur sem snýr að

sjómönnum vestur á fjörðum sem mannréttindi voru brotin á.

Þetta blessar Samfylkingin með íhaldinu og segir að sé allt í lagi og hugsar ekkert um þessi mál. Auðvitað eiga stjórnarflokkarnir að skammast sín fyrir svona vinnubrögð og hafa vit á því að taka sér tak og kippa svona málum í lag við aðstæðurnar sem við búum við nú um stundir.

Ekki þarf að tala um Seðlabankann og klúðrið sem hefur verið þar og í kringum hann, sem margir hagfræðingar hafa varað við, jafnvel í tvö og þrjú ár. Auðvitað er sorglegt að þegar stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt ríkisstjórnina, hefur henni verið svarað með stanslausum útúrsnúningum og ömurlegheitum og meðlimir hennar jafnvel kallaðir dónar og vitlausir að skilja ekki hvað ríkisstjórnin væri að gera. Fjölmiðlafólk sem hefur spurt spurninga hefur jafnvel verið kallað dónar.

Eftir nokkra daga á þjóðin afmæli og 90 ár liðin síðan hún varð fullvalda. Við stöndum frammi fyrir því á 90 ára afmæli okkar að þurfa að hafa samband við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um hvort megi hækka eða lækka stýrivexti. Við þurfum að hafa samband við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um hvort við megum fara fram úr fjárlögum eða ekki og hvað mikið. Við stöndum frammi fyrir því að þurfa blessun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir öllu sem við ætlum að gera. Þetta er sorgleg staðreynd þegar við ættum að fagna og vera ánægð með að hafa verið fullvalda ríki í 90 ár. En það er aldeilis ekki uppi á borðinu. Við höfum sennilega aldrei frá því 1918 haft jafnlítið um mál okkar að segja og nú. Nánast komin upp á aðra með það sem við viljum gera á flestum sviðum.

Síðast en ekki síst eru nýju bankarnir. Það er sorglegt til þess að vita að nú er verið að deila út fyrirtækjum, skera af skuldir og leyfa mönnum að kaupa hluta af fyrirtækjum út. Spurning hvort þau eru rétt verðlögð eða ekki. Það þurfum við að stoppa og leyfa öðrum að komast að. Leyfa fjárfestum sem eiga fjármagn og aðgang að fjármagni að vera þátttakendur í að eignast fyrirtæki sem eru það skuldsett að þau eiga raunverulega að fara í gjaldþrot.

[15:52]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Góðir áheyrendur. Frú forseti. Valdastéttin á Íslandi er hrædd. Hún er hrædd við uppgjörið sem fram undan er og hún er hrædd við kosningar. En hræddust er hún samt við fólkið. Fólkið sem flykkist út á götur og torg. Þúsundir í hverri viku. Fólkið sem skrifar í blöðin og fyllir netið. Fólkið sem heldur úti fundum og segir fréttir. Kynnir tillögur sínar og krefur svara. Fólkið sem er reitt.

Menn fara misvel með reiðina. Sumir leyfa henni að sjóða upp úr. Aðrir byrgja hana inni. Sumir eru svo gæfusamir að geta fundið henni farveg í frjórri og gagnrýnni umræðu, hugsun og sköpun og það er þetta sem valdastéttin á Íslandi hræðist. Hún hræðist endurmatið og kraftinn sem er að losna úr læðingi úti í samfélaginu. Kraftinn til að breyta og bylta gæðum græðginnar sem hefur ráðið hér og haft húsbóndavald um langt skeið.

En hræddust er þó valdastéttin við unga fólkið því það skilur hún verst. Skrill, sagði hæstv. forsætisráðherra um ungt fólk sem með táknrænum hætti hefur barist gegn ofurefli alþjóðlegra auðhringa og stóriðjustefnu til að verja íslenska náttúru og sína eigin framtíð. Ungt fólk sem hefur sýnt borgaralega óhlýðni. Beitir ekki ofbeldi. Ver sig ekki einu sinni gegn ofbeldi við handtöku en tjáir sig á sinn hátt með myndmáli og gjörningum. Táknmáli sinnar eigin kynslóðar.

Þannig var það tákn fyrir dansinn í kringum gullkálfinn þegar gulur Bónusfáni var dreginn að húni Alþingishússins fyrir hálfum mánuði. Þetta var ekki auglýsing fyrir lágvöruverðsverslun og þetta var heldur ekki lítilsvirðing við Alþingi. Þvert á móti var þetta listrænn gjörningur. Tákn þess hvernig lýðræði og þingræði hafa verið lítilsvirt í landinu á dögum græðginnar.

Alþingi Íslendinga er mikilvægur þáttur í sjálfsmynd okkar sem þjóðar. Við segjum stolt að hér starfi eitt elsta þjóðþing og löggjafarsamkoma veraldar. Alþingi er í senn elsta og æðsta stofnun þjóðarinnar. Nú leggjum við stjórnarandstöðuþingmenn til hér á Alþingi Íslendinga að ríkisstjórnin fari frá. Við lýsum á hana vantrausti og krefjumst kosninga.

Við skulum muna að uppspretta valdsins í lýðræðissamfélagi er hjá fólkinu, þjóðinni, — þeim þúsundum sem nú nýta sér alla daga stjórnarskrárvarinn rétt sinn til skoðanafrelsis. Til tjáningarfrelsis, félagafrelsis og fundafrelsis. Þúsundir manna koma saman í hverri viku. Tveir stórir fundir eru bara í dag og þannig, frú forseti, mun þetta verða allt þar til ríkisstjórnin fer frá. Því það er þjóðin sem mun að lokum ráða því hvenær hún kýs. Það er þjóðin sem á að marka stefnuna til framtíðar með lýðræðislegum hætti en ekki ríkisstjórn sem löngu er rúin trausti.

Hér hefur mikið verið fjallað um aðdraganda bankahrunsins og aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar. En ekki tók betra við í eftirleiknum. Í stað þess að krefja eigendur bankanna um eignir upp í skuldir, sem þeir hafa steypt þjóðinni í, skrifaði ríkisstjórnin upp á, og það á bak við þing og þjóð, dýrkeypta nauðasamninga við Evrópusambandið með bros á vör og óskaði svo sjálfri sér til hamingju með árangurinn af samningnum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. 1.400 milljarðar kr. Meira en öll framleiðsla landsins í heilt ár skal nú tekin að láni með afarkostum. Svo segir formaður Samfylkingarinnar, hæstv. ráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, að það sé ekki rétt að búið sé að skuldsetja næstu kynslóðir.

En er það svo? Húseigendur vita alla vega vel hvað til þeirra friðar heyrir. 240 milljarðar kr. er það sem Seðlabankinn áætlar að muni bætast ofan á húsnæðislán vegna verðbólgunnar fram á mitt næsta ár. 240 milljarðar kr. óbættir á sama tíma og húsnæði hríðfellur í verði.

Hér hefur verið sýnt fram á að 1.400 milljarða kr. lán mun strax á árinu 2012 kosta Íslendinga heil fjárlög í vexti og afborganir einmitt vegna samninganna við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem krefst þess að við greiðum það mjög hratt niður. Og hvað þýðir það? Jú, það mun þýða gríðarlegan niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs sem við vitum að er merktur heilbrigðis- og menntamálum. Það mun líka þýða skattahækkanir.

En hvað með eignir banka og auðmanna, kunna nú einhverjir að spyrja. Eiga þær ekki að koma eitthvað á móti og lækka reikninginn á þjóðina? Hæstv. ráðherra bankamála

hefur sagt að ómögulegt sé að vita hver niðurstaðan úr því reikningsdæmi verður. Þegar neyðarlögin voru sett trúðu menn að nú yrði gripið í taumana. Að bönkunum yrði lokað fyrir útrásarliðinu og menn látnir standa skil á skuldum sínum. Allt verður rannsakað, sagði hæstv. forsætisráðherra.

Ekkert af þessu hefur gengið eftir og hafi andvaraleysi ríkisstjórnarinnar í aðdraganda bankahrunsins verið skaðlegt þá hefur ráðleysi hennar í eftirleiknum reynst stórhættulegt öllum almenningi í landinu. Nú sjö vikum síðar berast fréttir af því daglega að útrásinni sé langt í frá lokið. Menn eru enn að kaupa tryggingafélög og meira að segja banka í útlöndum. Er það von að þjóðin spyrji fyrir hvaða peninga. Á hvers reikning? Á þessum bæ hefur ekkert breyst. Ríkisstjórnin hefur ekki sýnt minnstu tilburði til að hreinsa út úr bankakerfinu og loka gömlu sjoppunum sem útrásarvíkingarnir áttu allir í kross og virðast enn eiga greiðan aðgang að og góða að.

Við þingmenn vinstri grænna höfum nú lagt fram frumvarp til breytinga á neyðarlögunum. Við leggjum til að Fjármálaeftirlitið geti fryst eignir manna sem áttu og stjórnuðu gömlu bönkunum, sem keyrðu þá og þjóðarbúið í þrot. Almenningur hefur nefnilega rökstuddan grun um að eigendur, stjórnendur og aðrir aðstandendur bankanna hafi auðgast með ólögmætum hætti í undanförnu gróðæri og það ótæpilega. Þetta eru klárar forvarnir. Við viljum að þegar rannsókn á bankahruninu lýkur, en hún er ekki hafin, verði eignirnar enn til staðar og þeim hafi þá ekki verið komið undan, hafi ekki skipt um kennitölu og eiganda.

Ég get nefnt stórar húseignir í miðborg Reykjavíkur og reyndar heilu göturnar sem eru í eigu aðskiljanlegra fasteignafélaga og geta við núverandi aðstæður skipt um kennitölu oft á dag. Ætlum við að líða þetta ástand áfram? Nei. (**Gripið fram í:** Nei.) Það ætlum við ekki að gera. Við krefjumst þess nú, sjö vikum eftir bankahrunið, að ýtrustu hagsmuna almennings og ríkissjóðs verði gætt og eignir auðmanna frystar. Þá verður það jafnt þeirra hagur sem okkar hinna að rannsókn hefjist og ljúki sem fyrst. Það skiptir mestu.

Góðir áheyrendur. Hér eru endurtekin einhver mestu mistök sem aðrar þjóðir í kreppu hafa gert. Eitt af því versta við finnsku leiðina var að fólkið gleymdist á meðan öll orkan fór í bankana. Fólkið svalt. Þá kemur fólk hér, ráðherrar ríkisstjórnarinnar, og miklast af aðgerðum í þágu heimilanna og vísar til þessarar auglýsingar. Hvað skyldi vera í henni af peningum úr ríkissjóði? 21,5 millj. kr. í aukið starfslið í Íbúðalánasjóði og 1,5–2 milljarðar kr. til bílaumboðanna á landinu. Eða á ég að segja til heimila þeirra sem eiga og reka bílaumboðin á landinu? Því þetta eru jú aðgerðir í þágu heimilanna! Það kom fram frumvarp á Alþingi sem segir hvers kyns er. Það á að selja 5 þús. bíla í eigu bílaumboðanna úr landi.

Frú forseti. Ég skora á þingheim að sýna nú hugrekki. Fylgja sannfæringu sinni en ekki flokksaga. Endurreisn lýðræðis á Íslandi verður að hefjast nú þegar. Valdhafar verða að sleppa takinu á stólunum og gefa þjóð sinni orðið um framtíð Íslands.

[16:01]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Umræðan um vantraust á ríkisstjórnina hefur að mestu fjallað um liðna tíð, um atburði sem liðnir eru og eiga sumir hverjir rætur sínar jafnvel þó nokkuð langt aftur í tímann og inn í tímabil síðustu ríkisstjórnar. Segja mætti að sumir flutningsmanna eigi hlut að málum. En auðvitað ætti umræðan um vantraust frekar að snúast um þá hluti sem eru að gerast í dag og þau verkefni sem við stöndum frammi fyrir næstu mánuði því að það er það sem skiptir máli.

Lítið hefur verið fjallað um neyðarlögin. Lítið hefur verið fjallað um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða Icesave. Aðeins tæpti síðasti ræðumaður á hag heimilanna. Lítið hefur verið fjallað um hag fyrirtækjanna eða bankanna eða samskipti við lánardrottnana, þau hafa varla verið nefnd hvað þá uppbygging atvinnulífsins fram í tímann. En einhverjir hafa að vísu nefnt að staða ríkissjóðs væri því miður mun lakari eftir þau áföll sem við höfum orðið fyrir.

Menn hafa líka fjallað um það eins og við værum hér í algjöru tómarúmi. Eins og engin þjóð væri að glíma við vandamál nema við. En staðreyndin er hins vegar sú að við erum ekki lengur í fjármálakreppu á Íslandi. Við erum ekki lengur í alþjóðlegri fjármálakreppu, við erum því miður komin inn í alþjóðlega efnahagskreppu. Hvert landið á fætur öðru sýnir nú tölur um samdrátt þar sem um er að ræða skilgreindan samdrátt og skilgreinda kreppu eins og Japan, Frakkland, Þýskaland, Spánn, Ítalía og Bandaríkin og nú síðast Singapúr.

Hvert landið á fætur öðru sækir nú um lán til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og nú síðast Lettland. Það er ekki hægt að tala eins og við hér á landi séu þau einu sem glíma við vandamál og þar af leiðandi hljóti öll vandamálin að vera ríkisstjórninni að kenna, ríkisstjórn Íslands sem felldi Lehman-bankann í september, eða finnst okkur það vera rétta niðurstaðan? (Gripið fram í.)

Staðan er sú að uppi eru ótrúlegar væringar á fjármálamörkuðum heimsins og stærstu bankar heims hafa þurft að sækja í skjól ríkisvaldsins til þess að fá styrk og aðstoð, nú síðast næststærsti banki heims, Citigroup í Bandaríkjunum

Þróuðu ríki heimsins standa frammi fyrir því nú sem heild að í fyrsta skipti frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar er gert ráð fyrir því að samdráttur verði landsframleiðslu á ársgrundvelli. Þannig er staðan þegar við fjöllum um vantraust á ríkisstjórn Íslands.

Og um hvað höfum við fjallað? Við höfum lítið fjallað um neyðarlögin en það er kannski ekki skrýtið því að hluti flutningsmanna studdi neyðarlögin og ég þakka þeim fyrir það. Það hefur lítið verið fjallað um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn því að hluti flutningsmanna lýsti yfir stuðningi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það hefur lítið verið fjallað um Icesave-stöðuna og það er kannski heldur ekkert skrýtið því að hluti flutningsmanna er sammála þeirri niðurstöðu.

Það hefur aðeins verið fjallað um hag heimilanna og tillögur ríkisstjórnarinnar í því sambandi og reynt að gera lítið úr þeim. En sannleikurinn er sá að um milljarðaútgjöld og tekjutap er að ræða hjá ríkisstjórninni, ekki svo að skilja að ég sjái eftir því, því að það fer í góðan málstað. En það er fullkomlega ástæðulaust fyrir hv. þingmenn að gera lítið úr

þeim aðgerðum sem verið er að fara út í og þar með að drepa umræðunni á dreif. (Gripið fram í.)

Rekstur fyrirtækjanna, hagur fyrirtækjanna, er það sem nú er sérstaklega verið að vinna að og undirbúa. Skiptir það verulega miklu máli, líka fyrir fjölskyldurnar því að hagur fyrirtækjanna og hagur fjölskyldnanna eru algjörlega samtengdir. Þar skiptir staða bankanna verulega miklu máli. Staða þeirra í dag eftir neyðarlögin, að þeir skuli yfirleitt vera starfandi, skiptir miklu máli og hvað þeir geta gert í framtíðinni til þess að hjálpa fjölskyldum og heimilum.

Það hefur mikið verið fjallað um að verið sé að afskrifa þar skuldir, sólunda verðmætum og afhenda fyrrum eigendum fyrirtækin aftur til baka á hrakvirði. Það stenst ekki skoðun. Afskriftir í bankanum fara nú eftir þeim vinnureglum sem bankaráðin setja um slíkt. Í dag eiga allir flokkar á Alþingi fulltrúa í öllum bankaráðum. Þeir eiga því að hafa fullkomna möguleika til þess að meta þá stöðu sem þar er og hvað þar er verð að gera.

Leitast er við að gæta jafnræðis og sanngirni í öllum málum sem þar eru uppi á borði og enginn getur gengið frá skuldum án þess að greiða þær eða haldið eftir eignum sem þar voru á móti. Það er afar mikilvægt að það komi fram klárt og skýrt að hvergi er verið að mismuna einstaklingum og láta menn fá eignir fyrir ekki neitt.

Samskipti við lánardrottna hefur lítið borið á góma. Þau eru afar mikilvæg en á þeim byggir framtíð bankakerfisins því að það er langt í land með að okkar eiginn sparnaður dugi til þess að fjármagna allar þær framkvæmdir og viðskipti sem fara fram.

Eitt af því sem lánardrottnar hafa mestar áhyggjur af er að hér verði upplausn, hér verði ekki unnið að þeim málum sem vinna þarf að á næstu mánuðum til þess að hægt sé að gera sem mest verðmæti úr þeim eignum sem þó eru enn þá í bönkunum. Það er atriði sem ég held að hv. flutningsmönnum hafi sést yfir.

Staða ríkissjóðs er vissulega ekki björguleg nú þegar þessi holskefla skellur á okkur en ef vel verður haldið á spilunum ættu eignir gömlu bankanna að koma verulega mikið á móti þeim skuldbindingum sem Icesave mun hugsanlega leggja á okkur. Og ef vel verður að málum staðið við uppbyggingu nýju bankanna ætti ríkissjóður að geta dregið sig tiltölulega fljótt út úr þeim rekstri þannig að hann verði ekki með bundna fjármuni þar. Gangi það hvort tveggja eftir þýðir það að færri breytingar þarf að gera á útgjöldum og tekjum ríkissjóðs á næstu missirum. Þannig ættum við að geta varið stöðu okkar, heimilanna og fyrirtækjanna betur en annars væri.

Ég spyr því: Ef við hugum að stöðu ríkissjóðs áður en fall bankakerfisins varð, hver var hún þá? Þá var ríkissjóður skuldlaus og það gerir okkur auðvitað betur í stakk búin að takast á við þá erfiðleika sem dynja hér yfir. Hverjum er þá betur treystandi til þess að vinna okkur aftur til baka í þá stöðu en þeim sem á undanförnum árum greiddu niður skuldirnar? (**VS:** Hverjir greiddu niður?)

Við skulum gæta að því (Gripið fram í.) að það var góðæri í öðrum löndum en á Íslandi. Það gekk vel í öðrum löndum. En það var ekki alls staðar sem menn notuðu þær tekjur sem þeir fengu í góðærinu til þess að greiða niður skuldirnar.

Frú forseti. Þegar við hugum að tillögu hv. málsflytjenda og reynum að lesa hana eins og ég tel að hv. flutningsmenn hafi ætlað að hún yrði skilin, þ.e. að þing í hinum gamla skilningi verði rofið 31. desember og að kosningar fari þá fram einum og hálfum mánuði síðar — þótt tillagan hugsanlega yrði samþykkt í dag, hvað sjáum við þá fyrir okkur næstu mánuði? Jú, við sjáum fyrir okkur ríkisstjórn sem væri umboðslaus fram að kosningum, hver svo sem hún væri. Síðan tæki það væntanlega einhvern tíma að mynda ríkisstjórn þar á eftir.

Við sjáum fyrir okkur þriggja til fjögurra mánaða tímabil þar sem mönnum yrði lítið úr verki, ekki vegna þess að menn vilja ekki vinna, ekki vegna þess að starfsstjórnir hafi ekki stjórnarfarslegt umboð heldur vegna þess að þar væri ekki um raunverulegt pólitískt umboð að ræða. Stjórnmálaflokkarnir og stjórnmálamennirnir allir væru auk þess upptekni í kosningabaráttu. Mér leiðist ekki kosningabarátta, síður en svo. En ég held að eins og staðan er í dag væri tíma okkar betur varið í að takast á við erfiðleikana, undirbúa okkur undir framtíðina, byggja samfélag okkar upp á nýtt og ná aftur þeirri stöðu sem við höfðum fyrir fall bankanna. Það er verkefnið sem fram undan er og það er nægur tími til þess að vinna það á yfirstandandi kjörtímabili.

[16:12]

Útbýting:

Fundur með fjármálaráðherra Breta, 113. mál, svar viðskrh., þskj. 214.

Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, 176. mál, frv. ÁI o.fl., þskj. 213.

Launakjör á vinnustöðum fatlaðra, 132. mál, svar fél.- og trmrh., þskj. 216.

Vinnustaðir fatlaðra, 133. mál, svar fél.- og trmrh., þskj. 217.

[16:12]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Hér á Íslandi, annars staðar í Evrópu, í Bandaríkjunum og raunar út um öll lönd og álfur spyrja menn sömu spurninganna: Hvernig gat þetta gerst? Hvers vegna gátu menn ekki séð lausafjárkreppuna, bankakreppuna og fjármálakreppuna fyrir? Núna mitt í björgunarleiðangrinum sjálfum spyrja menn sig að þessu af því að við þurfum að vita svörin til að finna réttu leiðirnar út úr vandanum. Við vitum að við erum ekki þau einu sem hafa ratað í vandræði. Okkar vandi er þó sannarlega meiri nú um stundir af því að fjármálakerfið okkar var svo stórt. En við sjáum á fréttum dagsins að kreppan erlendis dýpkar enn, vandinn sem við er að glíma verður verri við að eiga. Þess vegna spyrja menn út um allan heim spurningarinnar sem enginn getur svarað með afdráttarlausum hætti: Af hverju? Sumt verður örugglega ekki ljóst fyrr en síðar en það breytir því ekki að við þurfum að reyna að skilja sem best hvað fór úrskeiðis til að geta stýrt okkur rétta leið. Þetta er viðfangsefni okkar og þetta er viðfangsefni sem ríkisstjórnir um allan heim glíma við. En hvernig höfum við höndlað þessi mál? Hvernig hefur ríkisstjórnin brugðist við vandanum sem við eru nú stödd í?

Í fyrsta lagi með því að koma á laggirnar nýjum bönkum

á dagparti sem tóku við almennri bankaþjónustu með lágmarksröskun fyrir almenning. Það er í sjálfu sér afrek sem ég efast um að aðrar hefðu leikið eftir okkur.

Í annan stað hefur verið unnið hörðum höndum við að bregðast skipulega við þeim vanda sem heimilin í landinu eiga við að etja. Við samþykktum ný lög fyrir viku síðan til að létta greiðslubyrði einstaklinga með verðtryggð lán. Hér munar mjög miklu, ekki síst fyrir skuldugri heimilin og hjá ungu fólki sem er að hefja lífsbaráttu sína. Þetta getur líka skipt máli fyrir ýmiss konar atvinnurekstur og þá ekki síst í landbúnaði. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að skuldbreyta lánum. Afborganir erlendra lána hafa verið frystar. Stimpilgjöld hafa verið felld niður á skuldbreytingalánum, skattalegum úrræðum beitt, innheimtuaðferðir hins opinbera mildaðar, dráttarvextir verða lækkaðir og þannig má lengi áfram telja. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur haft forustu um að koma mjög ákveðið til móts við það fólk sem á í vanda vegna þess gríðarlega höggs sem verður vegna bankahrunsins.

Í þriðja lagi hefur verið með einbeittum hætti unnið að því að koma gjaldeyrisviðskiptum okkar í samt lag. Það hefur sannarlega verið snúið verkefni sem þó hefur komist í viðeigandi lag núna. Hið endanlega markmið er að gengisskráning getur orðið á markaðsforsendum eins og gilti fyrir bankahrunið. Þannig verður aðgangur fólks að gjaldeyri eðlilegur og þau milliríkjaviðskipti sem þurfa að eiga sér stað verða snurðulaus.

Það er alveg ljóst að allar forsendur eru til þess að gengi krónunnar geti styrkst. Flestir sem tjá sig um þessi mál álíta að gengi krónunnar eigi að verða a.m.k. fjórðungi sterkara en það er núna. Það mundi þýða að gengisvísitalan verði um 170 en hún er núna 230–240. Við þessar aðstæður er líka alveg ljóst að þrálátur vöruskipta- og viðskiptahalli mun hverfa. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn metur það raunar svo að strax á þessu ári verði kominn afgangur á vöruskiptajöfnuð okkar. Það þýðir að þegar þetta ár verður gert upp mun útflutningur verða meiri en innflutningur og það þrátt fyrir að mikill halli hafi verið á þessum efnahagsstærðum fyrri hluta ársins. Það segir okkur hve umskiptin eru snögg og með því að miklar erlendar skuldir hreinsast burtu vegna hruns bankanna verður viðskiptajöfnuður jákvæður strax á næsta ári og þjóðarbúið margfalt skuldminna. Hvað merkir þetta? Þetta þýðir einfaldlega að útflutningstekjur verða meiri en þau útgjöld sem við verðum fyrir vegna innflutningsins, enda er mikil verðmætasköpun í útflutningi okkar. Sjávarútvegsfyrirtækin keyra af fullum dampi og njóta í vaxandi tekjum hins lága gengis. Sama er að segja um aðrar útflutningsgreinar. Nú njótum við ávaxtanna af stóriðjuuppbyggingunni sem færir okkur gríðarlegar gjaldeyristekjur og dag hvern fáum við fréttir af miklum vexti í ferðaþjónustunni. Á sama tíma minnkar innflutningurinn sem áður hafði m.a. verið drifinn áfram af aukinni skuldsetningu fyrirtækja og fjármálastofnana við útlönd.

Við þessar aðstæður getur bara eitt gerst, útflytjendur skipta gjaldeyristekjum sínum í innlendar krónur sem skapar framboð á gjaldeyri og eftirspurn eftir krónum. Slíkt mun styrkja krónuna þegar fram í sækir. Það eru þess vegna allar forsendur til þess að gengi krónunnar styrkist. Gengisstyrking krónunnar er líka forsenda þess að við getum styrkt stoðir atvinnulífsins, (Gripið fram í.) lækkað skuldir þess sem eru að svo miklu leyti í erlendri mynt og lækkað þar með einnig erlendar og innlendar skuldir heimilanna. Styrking krónunnar mun nefnilega líka stuðla mjög hratt að lækkun verðbólgunnar, hins forna fjanda almennings og atvinnulífs.

Gleymum því ekki heldur að aðstæður til verðlagslækkana eru okkur á margan hátt hagstæðar um þessar mundir. Innflutningsverðlag, mælt í erlendri mynt, hefur lækkað mikið. Olíuverð hefur lækkað um 60%, ýmsar matvörur einnig og þannig mætti áfram telja. Með gengisstyrkingu skapast þess vegna forsendur til snarminnkandi verðbólgu.

Okkar stærsta viðfangsefni núna er þess vegna að stuðla að eðlilegri verðmyndun á gjaldeyri sem mun leiða til þess að allur innfluttur kostnaður mun lækka. Þetta er brýnasta hagstjórnarverkefnið, þetta er brýnast fyrir fyrirtækin í landinu og þetta er brýnast fyrir heimilin. Þetta er í rauninni forsendan fyrir öllu því sem við erum að reyna að gera. Þetta er þar með líka forsendan fyrir því að berjast gegn atvinnuleysi sem við höfum aðeins þekkt af afspurn í einn og hálfan áratug, guði sé lof. Það hefur réttilega verið sagt að við þurfum að byggja upp traust, traust innan lands og traust á erlendum vettvangi. Þetta er mikið rétt. Sú efnahagsáætlun sem við höfum lagt fram í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er einmitt til marks um að við erum að nýju að ávinna okkur þetta traust. Þessi áætlun byggir á starfi sérfræðinga sem gleggst þekkja til. Á grundvelli hennar hafa fjölmargar þjóðir sýnt traust sitt í verki með þeirri lánafyrirgreiðslu sem þær og ekki síst vinir okkar og frændur á Norðurlöndunum hafa veitt okkur. Þessi fjárhagslega fyrirgreiðsla byggir einmitt á því að þessar þjóðir hafa sömu skoðun og við. Þær sýna traust sitt á okkur í verki. Þetta er í raun yfirlýsing þeirra um að með þeirri efnahagsáætlun sem við leggjum til grundvallar megi stuðla að nýrri viðreisn atvinnulífsins og efnahagslífsins, að við getum bætt stöðu okkar að nýju. Enda segir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn í mati sínu, og sem aðildarþjóðir hans taka undir með aðild sinni, að horfurnar um hagvöxt á Íslandi til lengri tíma séu góðar sakir sterkra innviða þjóðfélagsins, góðrar menntunar landsmanna, aðlaðandi fjárfestingarumhverfis og mikilla náttúruauðlinda. Þessi traustsyfirlýsing alþjóðasamfélagsins er þannig skilaboð til okkar um þá tiltrú sem við njótum, stjórnvöld og íslenskt þjóðfélag í heild. Þess vegna er þetta líka liður í því að skapa það nauðsynlega traust sem þarf að ríkja innan lands á gildi þeirra fjölmörgu efnahagsráðstafana sem við erum að grípa til núna og höfum þegar hrint í framkvæmd, mörgum hverjum, eins og þegar hefur verið rakið.

Menn spyrja líka um ábyrgð á því ástandi sem hér hefur skapast. Þetta er eðlileg spurning sem við eigum að svara undanbragðalaust. Það verður hins vegar ekki gert í lýðræðislegu réttarríki nema vandað sé til verka. Við vitum að ýmislegt sem hér hefur um valdið var ekki á okkar forræði en við þurfum einnig að skoða það sem sérstaklega snýr að okkur sjálfum og hvar mistök hafa legið og á ábyrgð hvers.

Frumvarp dómsmálaráðherra og aðkoma Alþingis á þann veg sem rætt hefur verið um á milli stjórnar og stjórnarandstöðu eru hvor tveggja aðferðir við að skilja ástæður þess vanda sem við er að glíma núna og kalla til ábyrgðar

þá sem ábyrgð bera. Það skiptir þess vegna miklu máli fyrir framgang mála og trúverðugleika að vel takist hér til. Það er skylda okkar sem stjórnvalda og það er skylda þeirra eftirlitsstofnana sem við höfum á að skipa að fylgjast afar vel með þeim ákvörðunum sem teknar verða á næstunni. Allar ákvarðanir sem teknar eru og teknar verða og varða fjárhagslegt uppgjör eiga að vera hafnar yfir allan vafa. Almenningur á heimtingu á því að hér verði unnið faglega og án mismununar. Í þeim efnum verða engir jónar og séra jónar. Hér eiga einfaldlega allir jónar að vera jafnir. Hér gildir að ferlið sé gagnsætt og leikreglurnar almennar.

Núna kallar stjórnarandstaðan eftir því að þing verði rofið og efnt til kosninga. Þetta er fráleit krafa sem mun ekki þjóna hagsmunum þjóðarinnar, öðru nær. Nú ríður þvert á móti á að við höldum áfram þeirri markvissu vinnu sem komin er áleiðis við að róa þjóðarskútunni út úr brimskaflinum og á kyrrari sjó. Sú markvissa vinna sem ríkisstjórnin hefur haft frumkvæði að og stjórnarandstaðan hefur í mörgum tilvikum komið að á vettvangi þingsins, þótt klofin sé eins og allir vita, sýnir að við erum á réttri leið þó að við vitum öll að mikið verkefni er eftir. Það er einmitt þess vegna sem það er óskynsamlegt að bæta pólitískri óvissu ofan á efnahagsleg vandræði. Þegar búið er að setja strikið og við vitum hvert við viljum stefna er ekki mikil glóra í því að stökkva frá stýrinu og láta kylfu ráða kasti eins og tillaga stjórnarandstöðunnar felur í raun í sér.

Spurt hefur verið hvort þeim sem nú halda um stjórnvölinn sé treystandi fyrir þeirri siglingu sem fram undan er. Svarið er augljóslega já. Hin markvissa stefnumótun sem fylgt er og ég hef gert grein fyrir og einbeittur vilji okkar til að hrökklast ekki undan ábyrgðinni sem á okkur er lögð segir okkur einmitt að ríkisstjórninni er treystandi til þess að vinna að þeim verkefnum sem hún hefur með höndum og sem hvorki hverfa frá okkur með óskhyggju né heldur með óskynsamlegri tillögu um kosningar í miðjum verkum.

[16:22]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Spurt er af hverju vantrauststillaga sé lögð fyrir hv. Alþingi. Svarið er einfaldlega þannig að hæstv. ríkisstjórn er rúin trausti meðal þjóðarinnar og það hlýtur að vera lýðræðisleg skylda stjórnarandstöðu við slíkar aðstæður að bera upp slíka tillögu. Stuðningur almennings við núverandi ríkisstjórn hefur minnkað frá mánuði til mánaðar frá því að hún tók við völdum og það er auðvitað umhugsunarverð þróun af hálfu stjórnarflokkanna. (**Iðnrh.:** Hvað með fylgi Framsóknarflokksins?) Gjammar nú fram í hæstv. iðnaðarráðherra sem hefur setið á stól sínum í dag og gjammað fram í, stundum skemmtilegur en verður því miður þreytandi þegar frá líður. (**Gripið fram í:** En fylgi Framsóknarflokksins?)

Stórir atburðir hafa gerst sem hér hafa verið ræddir og það er ljóst að ríkisstjórnin eða a.m.k. ráðherrar í ríkisstjórninni höfðu ýmsar upplýsingar og vitneskju um stöðu og þróun mála varðandi bankakerfið og fjármálalífið allt þetta ár. Það hefur komið fram að Seðlabankinn hefur veitt ráðherrum upplýsingar um hvað væri í gangi. Það hefur líka komið fram að þeim upplýsingum var ekki miðlað til annarra ráðherra. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir, virðulegi forseti, að hæstv. iðnaðarráðherra hafi sagt að hann hafi ekki haft upplýsingar um þetta. Hann leiðréttir mig þá ef ég fer ekki rétt með. Almenningi var sagt að allt væri í himnalagi. Margir aðilar, bæði innlendir og erlendir, hafa allt þetta ár og jafnvel lengur varað við því sem var í gangi. Stjórnarandstaðan gerði það margoft á síðasta þingvetri, tók upp umræðu um málið, varaði við og kallaði eftir aðgerðum. Það hefur ekki verið hlustað. Hæstv. ríkisstjórn svaf nefnilega mjög djúpum þyrnirósarsvefni, það er bara þannig, og síðan hrökkva menn við þegar allt er komið í óefni. Og þá er spurt um ábyrgð, eðlilega spyr þjóðin hver beri ábyrgðina. Það vakti athygli um helgina þegar formaður Samfylkingarinnar talaði um það fyrir framan klapplið sitt í sínum flokki að Samfylkingin beri enga ábyrgð. Þetta er málefnalegt, hæstv. forseti. Er formaður Samfylkingarinnar þar með að vísa allri ábyrgð á Sjálfstæðisflokkinn, samstarfsflokk sinn í ríkisstjórn? Mér finnst augljóst að það sé þannig. En þetta er, virðulegur forseti, eitt lítið dæmi um það sem Samfylkingin kann best, að halda uppi lýðskrumi.

Það var líka athyglisvert áðan að hlusta á ótrúlega palladóma hæstv. umhverfisráðherra um stjórnarandstöðuflokkana. Það vantaði bara í ræðu hæstv. ráðherra að allir hafi verið ömurlegir nema hún. Það er hátt risið á hæstv. ráðherrum Samfylkingarinnar í þessari umræðu eða hitt þó heldur og þetta er ráðherrann sem vill kosningar en bara ekki núna. Það hefur komið fram að tveir hæstv. ráðherrar Samfylkingarinnar hafa lýst vantrausti á ríkisstjórnina og kallað eftir kosningum á næsta ári. Það hefur líka komið fram að nokkrir þingmanna flokksins hafa gert slíkt hið sama. Þetta er líka eitt dæmið um lýðskrum í Samfylkingunni sem er auðvitað alþekkt og við þekkjum. Það hafa orðið alls konar uppákomur milli stjórnarflokkanna og sagt hefur verið úr þessum ræðustól, sem ég held að sé nokkurt korn í, að Samfylkingin sé að berjast um það að taka forustu í stjórnarandstöðunni á Alþingi. Og það er ekki bara á Alþingi heldur hefur komið fram að hæstv. ráðherrar Samfylkingarinnar hafi lagt fram bókanir á fundum ríkisstjórnar sem ég leyfi mér að fullyrða að er nánast einsdæmi. Það varðar m.a. seðlabankastjóra og varðar líka það þegar hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gaf út veiðikvóta í hvalveiðum, að ég hygg á síðasta ári. Þá sáu ráðherrar Samfylkingarinnar sig knúna til að leggja fram bókun um að þeir væru ekki sammála því.

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur líka haldið Alþingi frá umfjöllun um þessi mikilvægu mál að miklu leyti og það er auðvitað með stuðningi og tilstyrk þingflokka stjórnarflokkanna. Þeir bera fyrst og fremst ábyrgð á því. Mér finnst þetta dæmi um hversu óheppilegt það er að ríkisstjórn styðjist við jafnstóran þingmeirihluta og raun ber vitni vegna þess að þá kemst hún einfaldlega upp með að vinna eins og hún hefur gert. Það er auðvitað slæmt út frá lýðræðislegum sjónarmiðum og á ekki að líðast á hinu háa Alþingi. Almenningur hefur ekki mikið verið upplýstur nema með blaðamannafundum þar sem farið hefur verið yfir fréttayfirlit síðustu viku eða síðustu daga og ég hef saknað þess, virðulegi forseti, að hæstv. forsætisráðherra kæmi fram og ávarpaði þjóð sína oftar en hann hefur gert til að upplýsa hana um hvað sé í gangi og hvað sé fram undan. Það kraumar mikið undir meðal þjóðarinnar og þess vegna

hefði ég talið að slíkt væri nauðsynlegt.

Þegar ríkisstjórnin var mynduð á síðasta ári kom fram hjá formanni Samfylkingarinnar að nú væri loksins komin ríkisstjórn til valda sem mundi hafa að leiðarljósi samráð og sættir. Þetta var mjög fallegt hjá hæstv. utanríkisráðherra. En það hefur líka komið fram á síðustu vikum og mánuðum að það hefur ekki verið mikið um samráð af hálfu ríkisstjórnar við ýmsa aðila í þjóðfélaginu. Aðilar vinnumarkaðarins hafa t.d. kvartað mikið yfir því hversu lítið samráð hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Virðulegi forseti. Ég get tínt margt fleira til hér en það er ekkert skrýtið þó að sú staða sé uppi að hæstv. ríkisstjórn sé rúin trausti meðal þjóðar sinnar. Það er hægt að ræða margt í því sambandi og margt hefur komið fram hér en ég vil segja að lokum að ríkisstjórn sem er rúin trausti meðal þjóðar sinnar á sér ekki tilvistargrundvöll. Þess vegna á hún að fara frá. Ísland er lýðræðisríki og nú á lýðræðið að ná fram að ganga.

[16:29]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Það eru stór skref að lýsa yfir vantrausti á ríkisstjórnina. Á þeim tímum sem við lifum þarfnast þjóðin einskis meir en samstöðu og samvinnu allra þeirra sem lagt geta hönd á plóginn í því erfiða verkefni sem þjóðin glímir við. Því miður hefur það sýnt sig að fjölmenn ríkisstjórn þýðir ekki styrkleika fyrir þjóðina eða hagsæld eins og skelfileg staða í efnahagsmálum sýnir.

Frá upphafi stjórnarsamstarfsins tók annar stjórnarflokkanna þá stefnu að segja eitt en framkvæma annað. Það má vel vera að slíkt sé líklegt til vinsælda en þjóðin hefur einfaldlega liðið fyrir það. Sú umræðupólitík sem tekin var upp hefur ekki gert neitt annað en að tala upp í eyrað á fólki og reka áróður fyrir því að verið sé að vinna að hlutum sem alls ekki er verið að vinna að.

Hér kom hæstv. utanríkisráðherra áðan og sagði að ríkisstjórnin hefði vissulega verið að tala um vandann, tala um fjármálalífið, tala um heimilin. Það má vel vera en hefur hún komið með aðgerðir? Er staðan hjá þjóðinni þannig að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi dugað? Nei, þvert á móti. Hefði ekki verið betra að tala krónuna upp en ekki niður eins og Samfylkingin hefur gert á undanförnum missirum?

Málflutningur okkar framsóknarmanna hefur verið skýr. Þótt stutt sé síðan flokkurinn fór í stjórnarandstöðu hefur málflutningur okkar verið málefnalegur og sanngjarn: Þjóðin gengur fyrir. Við höfum heldur ekki látið okkar eftir liggja í að koma góðum málum í gegnum þingið þótt fyrirvarinn hafi oft verið stuttur.

Það er óvissan sem enn nagar fólk og heimilin í landinu, óvissan um hvort fólk haldi yfirleitt vinnunni sinni á morgun, hvort það þurfi að taka á sig enn frekari launalækkanir. Óvissan um það hvort það nái að standa undir afborgunum um næstu mánaðamót, hvort það haldi húsinu sínu og hvort það eigi í sig og á á næstu mánuðum. Það er óvissan sem ríkisstjórnin þarf að eyða og það hefur hún ekki gert. Ríkisstjórn þar sem stjórnarliðar ráðast hver á annan er ekki fær um að eyða þessari óvissu og þess vegna styð ég þessa vantraustst illögu.

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Hefði ekki verið nær að koma hér og eyða þessari óvissu í stað þess að vera með útúrsnúninga um formgalla á þingsályktunartillögunni sem er ekkert annað en hrein og klár blekking? Það kemur skýrt fram að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum að þing verði rofið fyrir 31. desember og efnt verði til almennra þingkosninga í framhaldinu. Þetta ber ekki að skilja svo að það eigi að kjósa á gamlársdag. (Gripið fram í.)

Fyrr í umræðunni sagði hæstv. forsætisráðherra að ekki hefði verið hægt að sjá fyrir efnahagsvanda heimilanna. Sú fullyrðing gengur einfaldlega ekki upp því að allar aðrar vestrænar þjóðir gripu strax til efnahagsaðgerða meðan hér var setið auðum höndum. Nú koma hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra fram og furða sig á vantraustsyfirlýsingunni, hún kom algjörlega flatt upp á þau. Stjórnarandstaðan er jafnvel sökuð um að skapa óróa í landinu. Þá vil ég segja: Hverjir hafa óskað eftir kosningum? Voru það ekki þingmenn ríkisstjórnarinnar? Hverjir hafa komið fram og lýst því yfir að stjórnarsáttmálinn væri ónýtt plagg? Voru það ekki þingmenn stjórnarinnar? Eru það ekki fyrst og fremst þingmenn stjórnarinnar sem hafa (Forseti hringir.) lýst vantrausti á sjálfa sig?

[16:33]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

(**VS:** Hann er búinn að halda margar ræður í dag.) Frú forseti. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kvartar undan því að ég hafi haldið of margar ræður í dag. Það er hugsanlegt að þegar líður á ræðu mína kunni ég jafnvel að varpa til hv. þingmanns orðum ef hún nennir að hlusta á mig.

Frú forseti. Ég er algjörlega andsnúinn þessari tillögu, ég tel ekkert tilefni (Gripið fram í.) til þess á þessari stundu að leggja fram vantraust á ríkisstjórnina. Fyrst held ég að hv. stjórnarandstaða ætti að vega og meta þau verk sem ríkisstjórnin vinnur á meðan á þessum björgunarleiðangri stendur.

Ég vil samt sem áður segja að ég tel margt skiljanlegt við það að stjórnarandstaðan skuli flytja tillögu um vantraust. Hún verður auðvitað, a.m.k. partar af henni, að fá sinn part af fjölmiðlaljómanum, eins og einhver orðaði það hér í dag. Ég hef fullkominn skilning á því að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi lært svolítið af markaðshagfræðinni og vilji haga sér eins og spekúlantar á hlutabréfamarkaðnum — þeir eru búnir að tala upp sín bréf og vilja nú innleysa hagnað sinn. Það er ósköp skiljanlegt og þess vegna hafa þeir talað af þrótti og sannfæringu í dag og margt gott hefur verið um þeirra mál.

Ég á hins vegar miklu erfiðara með að skilja að Framsóknarflokkurinn vilji kosningar, ekki bara vegna þess að sá flokkur er í því hlutskipti sem hann hefur haldið fram að ríkisstjórnin væri í. Hann er rúinn fylgi, sá ágæti flokkur, og ég sé ekki að hann eigi sér viðreisnar von, sem ríkisstjórnin á hins vegar. Mér finnst sérstaklega undarlegt að undir leiðsögn nýs formanns skuli skyndilega vera búið að snúa við blaðinu. Fyrri formaður var þó nægilegu skyni gæddur til þess að segja það hreint út fyrir örfáum dögum, að mér liggur við að segja, að hann teldi að núverandi ríkisstjórn ætti að fá tóm til að vinna úr þeim verkum sem blasa við þjóðinni og svo skyldu menn dæma hana. Það var skynsamlega mælt.

Að öðru leyti hafa þessar umræður verið vasklegar og þróttmiklar. Ég get trúað þingheimi fyrir því að þegar ég var ungur og róttækur stúdentaleiðtogi hafði ég mikinn þokka á löngu genginni byltingarhetju, Leon Trotskí. Mig langaði alltaf til að sjá Leon Trotskí sem auðvitað dó og varð allur löngu á undan mér. En mér fannst í dag sem ég hefði séð hann. Ég fylltist aftur ungæði og krafti bernskunnar þegar ég sá hv. þm. Ögmund Jónasson tala eins og Leon Trotskí endurborinn. Ég var að mörgu leyti ánægður með málefnalega takta í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. En í þessar tvær góðu ræður forustuflokks stjórnarandstöðunnar, sem nú virðist algjörlega hafa brutt undir sig Framsóknarflokkinn, vantaði eitt, það vantaði tillögur. Þeir þingmenn og sú stjórnarandstaða sem leggur til vantraust á ríkisstjórn hlýtur að geta lagt fram plan sem er betra en sú áætlun sem ríkisstjórn fylgir. En það blasir við í umræðunni í dag að stjórnarandstaðan hefur engar tillögur, hún hefur engar áætlanir, engin áform. Í máli hennar hér í dag hefur ekkert jákvætt verið.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sproksetti mig meira að segja fyrir að hafa farið jákvæðum orðum um nýja atvinnugrein sem við erum að hefja hér og hún átti auðvitað fyrir löngu að vera búin að hrinda af stokkum.

(**Forseti** (RR)**:** Ég vil biðja hæstv. iðnaðarráðherra um að stilla mál sitt. Ég vil biðja hv. áheyrendur um að taka þetta niður þegar í stað. Annars á forseti ekki annan kost en að láta víkja ykkur úr salnum.)

Þið truflið mig ekkert, elskurnar mínar. Má ég halda áfram?

(**Forseti** (RR)**:** Nei.)

[Háreysti á þingpöllum.] Ja, ég er undir valdsetningu forseta.

(**Forseti** (RR)**:** Hv. áheyrendur. Þess er krafist að áheyrendur sýni þinginu tilhlýðilega virðingu og hafi hljóð á pöllunum. Ég bið hv. áheyrendur um að taka niður þetta mótmælaskjal eða þetta plagg sitt þegar í stað.)

Jæja, frú forseti, má ég halda áfram ræðu minni? Ég get vel gert það undir …

(**Forseti** (RR)**:** Forseti æskir þess að hæstv. iðnaðarráðherra geri það ekki.)

Ég geri þá hlé.

[16:39]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) (frh.)**:**

Frú forseti. Það var eins og við manninn mælt að þegar ég minntist á hina fornu byltingarhetju Leon Trotskí spruttu upp byltingarsinnar hér á pöllunum. Ég verð að segja þessu unga fólki á pöllunum að ég hef sjálfur gert þetta. Fyrsta ræðan sem ég flutti í þessum sal var flutt til að mótmæla lánafrumvarpi Framsóknarflokksins og ræðan var flutt af þaðan sem þið standið og ég var færður í vörslu yfirvalda á eftir.

Frú forseti. Ég var að segja að í máli stjórnarandstöðunnar sér varla til sólar í allan dag. Ég er þeirrar skoðunar að sjálfsagt sé að tala um það hve erfið staðan er. Fólk er kvíðið og fólk er hrætt, það sér ekki fram úr vandamálum dagsins. Við megum samt ekki ræna það von um betri framtíð. Af hverju ekki? Vegna þess að það liggur fyrir að fúndamentin öll í íslensku samfélagi eru svo sterk. Við eigum útflutningsatvinnuvegi sem hafa sjaldan haft jafnsterk og mikil söknarfæri og einmitt núna.

Ég nefni t.d. sjávarútveginn sem hæstv. sjávarútvegsráðherra reifaði hér áðan. Þar eru öll teikn frekar jákvæð. Einmitt vegna verndarstefnu ríkisstjórnarinnar blasir nú við að þorskurinn er á uppleið, tvö síðustu togararöll benda til þess. Ég vona að hæstv. sjávarútvegsráðherra sjái sér fært að úthluta aukakvóta vegna þess. Makríllinn er skyndilega orðinn sterk tegund hjá okkur. Báðir síldarstofnarnir eru á uppleið og Hafró hefur bent á að árgangar ungviðis loðnunnar eru miklu öflugri en oft áður.

Við eigum ríkar orkulindir sem við eigum að sjálfsögðu að halda áfram að nýta. Ég hef enga fordóma gegn því að nýta hluta af orkunni til hefðbundinnar stóriðju. Það vill svo til að það er frost í því núna vegna þess að lánalínur eru frosnar. En sem betur fer er það líka þannig að ýmiss konar hátæknivædd stóriðja horfir til Íslands. Sem ég tala eiga íslensk stjórnvöld í viðræðum við þrjú mismunandi fyrirtæki um möguleika á því að koma til Íslands með mannmargar starfsstöðvar. Auðvitað er það allt saman fugl í skógi og ekki veit ég hverjar lyktir verða, frú forseti, en vonin er fyrir hendi.

Ferðaþjónustan hefur aldrei verið öflugri en núna. Ríkisstjórnin mun um mitt næsta sumar verða búin að setja að nýju fjármagn í hana til að styrkja undirstöður hennar, einhvers staðar á bilinu 700–900 millj. kr. Sprotafyrirtækin hafa aldrei búið við umhverfi eins og þau búa við núna. Ríkisstjórnin hefur verið önnum kafin við að taka góðar hugmyndir og breyta þeim í veruleika. Við erum að setja upp frumkvöðlasetur fyrir kvikmyndafólk, fyrir arkitekta, fyrir fólk sem tapað hefur vinnunni í fjármálalífinu. Við erum að setja upp fjórar mismunandi markáætlanir. Stefna ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum er skýr þó að hún hafi farið fram hjá þeim ágætu þingmönnum sem eru hér í stjórnarandstöðu. (Gripið fram í.)

Mér þótti það vogað af hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að koma hér og tala um að sundurþykkja væri í stjórnarliðinu. Hvað hafa þær þingflokkssystur verið að dunda sér við í vetur, hún og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir? Jú, þær hafa verið að pússa og fægja hið margfræga hnífasett í Framsóknarflokknum og skildu það eftir í bakinu á grandvörum og góðum þingmanni sem þær hröktu úr þessum sölum, fyrst úr stóli formanns Framsóknar og síðan beint af þingi.

Það sem Framsóknarflokkurinn hefur uppskorið á þessum vetri er sundurþykkja og innbyrðisátök, hann er búinn að rýja sjálfan sig fylgi. Mér þótti það hraustlega mælt af hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að koma hér og ráðast á formann Samfylkingarinnar vegna bankahrunsins. Rifjum það upp, hver var bankamálaráðherra í sjö ár, frá 1999–2006? Hver var bankamálaráðherra þegar ritað var undir heimild vegna Icesave-reikninganna í London? Hvaða flokkur átti bankamálaráðherrann (Gripið fram í.) þegar lögin voru samþykkt sem allt bankaveldið hvíldi á? Það var hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. (**VS:** Þetta er ómerkilegt.)

Nú kemur hv. þingmaður og segir að þetta sé ómerkilegt. Ég skal fúslega viðurkenna að þetta er ekki mjög málefnalegt hjá mér en ég tala svona til þess að sýna hv. þingmanni inn í þann sama heim og hún skók hér að okkur áðan. Ef það er einhver þingmaður í þessum sölum sem ætti

ekki að vera með siðferðilegt yfirlæti gagnvart formanni Samfylkingarinnar er það hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Sá veldur miklu sem upphafinu veldur.

[16:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Það er í rauninni átakanlegt að standa hér og ræða vantrauststillögu frá stjórnarandstöðu sem hefur hvorki úrræði né lausnir og vantrauststillögu frá formanni Framsóknarflokksins og fyrrverandi hæstv. bankamálaráðherra sem var með bankamálin á sinni könnu, og flokkur hans, í á annan áratug — vantraust frá þeim sem báru ábyrgð á og höfðu forustu um þær aðgerðir og lagabreytingar sem eru án efa ein af ástæðunum fyrir því að efnahagsástandið er í dag eins og það er. Telja framsóknarmenn að þeir hafi efni á því að bera fram vantraust á þá aðila sem leggja nótt við dag til að bjarga almenningi og þjóðinni úr þeim vanda sem þeir ásamt öðrum bera ábyrgð á frá valdatíma sínum? Vantraust á þá sem eru að axla ábyrgð og eru í björgunarleiðangri til að minnka skaðann?

Krafa um kosningar nú er algert ábyrgðarleysi í miðjum björgunarleiðangri. Kosningar og kosningabarátta tekur tíma og orku frá brýnni verkefnum en við höfum staðið frammi fyrir á lýðveldistímanum. Ég hef marga kosningabaráttuna háð og veigra mér ekki við að taka slíkan slag en nú á þessum tímum er það óðs manns æði og gerir engum gagn og allra síst almenningi og afkomu heimilanna í landinu. Mikilvægast nú er að standa vörð um velferðarkerfið.

Nú þegar hefur þessi ríkisstjórn náð meiri árangri í velferð og jöfnuði en flestar fyrri ríkisstjórnir sem ríktu í góðærinu. Stjórnarsáttmálinn er velferðarsáttmáli og stór hluti hans er kominn í framkvæmd og þar ber hæst velferð aldraða og barna. Ég nefni verulega bætta stöðu lífeyrisþega, aldraðra og öryrkja. Ég nefni afnám tekjutengingar við tekjur maka, minni tekjutengingar í almannatryggingunum, einfaldara kerfi, hækkuð frítekjumörk hjá öldruðum, lækkuð skerðingarhlutföll, aukna og bætta þjónustu við hjúkrunarsjúklinga og verulega fjölgun hjúkrunarrýma svo að eitthvað sé nefnt. Um þennan árangur verðum við að standa vörð.

Samþykkt hefur verið aðgerðaáætlun í málefnum barna. Þar eru margar umbætur þegar komnar fram og aðrar í farvatninu. Ég nefni verulega hækkaða greiðslu til foreldra langveikra barna og aukna þjónustu við börn með geðraskanir og þroskafrávik, aðgerðir til að minnka bið eftir þjónustu hjá fjölbreyttum hópi barna og margt fleira. Þetta verðum við allt saman að verja. Það er aldrei mikilvægara en á tímum sem þessum.

Ég skil vel reiði fólks og mótmæli og ég viðurkenni það að mér er oft svipað innan brjósts. Það er eðlilegt að almenningur láti tilfinningar sínar í ljós en látum ekki reiðina hlaupa með okkur í gönur. Nú er mikilvægast að lágmarka skaðann og ríkisstjórnin er að því með margþættum aðgerðum í þágu heimilanna. Vil ég nefna sérstaklega barnabætur, vaxtabætur, lengingu lána, greiðsluaðlögun, aðgerðir til að sporna við atvinnuleysi, greiðslujöfnun og mildari innheimtuaðgerðir, heimild til frystingar lána og svo má lengi upp telja. Það er ekki gæfulegt ef þessi vinna fer í bið á meðan menn ætla að taka sér tíma til að fara í kosningabaráttu.

Eina úrræði Vinstri grænna, Framsóknar og Frjálslyndra til að bæta stöðuna í þjóðfélaginu er að nú eigi að snúa sér að öðru en björgunarstörfum og taka hlé á aðgerðum á meðan farið er í kosningabaráttu. Guð hjálpi okkur. Við höfum annað við tímann að gera en það. Við verðum að standa keik og tryggja að við uppfyllum skilyrði þeirra sem eru að lána okkur fé til að komast út úr vandanum ella gæti vandi okkar orðið enn meiri. Til þeirra verka nýtur ríkisstjórnin trausts og stuðnings hér á Alþingi.

[16:49]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Við ræðum tillögu stjórnarandstöðunnar um vantraust á ríkisstjórnina og fleira. Það hefur verið mjög merkilegt að fylgjast með talsmönnum stjórnarinnar í dag þar sem hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafa öll talað um þessa tillögu með ákveðnum hætti, nánast eins og um hafi verið að ræða vel æfðan leikkór sem komi hér fram og flytji mál sitt af eindrægni. Það er þá í fyrsta skipti í langa hríð sem ríkisstjórnin sýnir þvílíka eindrægni og þvílíka samstöðu.

En hvað hefur stjórnin sagt um þessa tillögu? Í fyrsta lagi fordæmt að fram skuli sett tillaga um vantraust á ríkisstjórnina. Í öðru lagi sagt: Þessi tillaga er röng, hún er tóm vitleysa. Í þriðja lagi hafa þessir hv. þingmenn sem ég nefndi og fleiri hneykslast á því að tillagan væri sett fram. Í fjórða lagi hafa þeir ítrekað að nú loksins væri full samstaða í stjórnarliðinu um að standa að bráðum björgunaraðgerðum. Ítrekað er sagt hér: Nú er ekki tími til að fara í kosningar. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði: Það á ekki að vera kosningabarátta á aðventunni. Það er enginn að tala um það. Það er einhver meiri háttar misskilningur sem er í gangi hjá talsmönnum ríkisstjórnarinnar hvað þetta varðar.

Við skulum athuga hvað hér er um að ræða. Í 1. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands segir: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.“ Hvað þýðir það? Það er þingið sem ræður því ef það verður að þola ríkisstjórnina og það er þessi þingræðislegi réttur sem við í stjórnarandstöðunni erum að nýta okkur með því að bera fram þá tillögu sem hér er til umræðu. Það er ekki flóknara en það. Við erum að nýta okkur lýðræðislega möguleika okkar í þingræðisríki.

Í öðru lagi varðandi að verið sé að vega að lýðræðislegum stoðum með því að hafa þennan hátt á. Það er þvert á móti. Það er ein af grunnstoðum lýðræðis þingbundins ríkis að stjórnarandstaða geti komið fram með vantrauststillögu eins og verið er að gera hér. Ummælin í þingsályktunartillögunni eru öll í samræmi við ákvæði stjórnskipunarlaga og stjórnarskrárinnar hvað þetta varðar. Allar hugmyndir og sjónarmið varðandi fordæmingu, vitleysu eða að þetta sé hneykslanlegt eru í raun andstaða við eðlilega lýðræðislega umræðu og umfjöllun. Það er verið að vega að þingræði og þingræðissjónarmiðum með því að halda svona firrum fram — ríkisstjórnin líður hugsanlega fyrir það í dag að hafa ekki menn sem hafa víðtækan lagaskilning og það gæti verið að menn mundu nálgast þessa hluti öðruvísi ef öðruvísi væri farið. En þetta er eðlilegur lýðræðislegur réttur og verið er að halda fram eðlilegum lýðræðislegum kröfum.

Þvert á við það sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir

sagði, að nú væri ekki tími til að fara í kosningabaráttu, er kominn tími til að fara í kosningabaráttu. Sú aðstaða er uppi í þjóðfélaginu að það hefur aldrei verið brýnna en nú að þingmenn færu út, að stjórnmálamenn færu út, og gerðu þjóðinni grein fyrir því hvað þeir vilja, hvert þeir vilja stefna og hvaða lausnir þeir hafa á vandamálum. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingar hefst á þessum orðum, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar endurspeglar sögulegt samstarf tveggja stærstu stjórnmálaflokka landsins. Þessir flokkar hafa einsett sér að mynda frjálslynda umbótastjórn um kraftmikið efnahagslíf, öfluga velferðarþjónustu og bættan hag heimilanna og aukna samkeppnishæfni atvinnulífsins.“

Ef það fólk sem samdi þennan stjórnarsáttmála kæmi að þessu núna og horfði yfir sviðið þá mundi það segja: Hver sú ríkisstjórn sem hefði eyðilagt það góðæri og þá möguleika sem voru fyrir hendi þegar lagt var af stað ætti tvímælalaust að segja af sér. Ríkisstjórnin gat ekki stjórnað í góðærinu og þá er sagt: Það má ekki trufla okkur í miðjum björgunaraðgerðunum. Hvenær eru miðjar björgunaraðgerðir og hvenær lýkur björgunaraðgerðum? Í raun lít ég svo á, virðulegi forseti, að verði þessi tillaga felld feli það í sér þá yfirlýsingu af hálfu stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar að þeir ætli að sitja út kjörtímabilið og það er óásættanlegt fyrir íslenska þjóð.

[16:54]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ríkisstjórn hæstv. ráðherra Geirs H. Haarde og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur er rúin trausti þjóðarinnar. Þau eru kannski ein um það að gera sér ekki grein fyrir því, lokuð inni í sinni veruleikafirringu. Það er fróðlegt að rifja upp hvað hæstv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde, var lukkulegur í upphafi ríkisstjórnar með Samfylkingunni. Þar sagði hann, með leyfi forseta, í *Morgunblaðinu* 30. september 2007:

„Það eru ótrúlega miklir möguleikar fram undan sem Samfylkingin er tilbúin til að vera með okkur í en aðrir flokkar hefðu ekki gert.“

Það var spennandi og nú á síðasta flokksráðsfundi sagði hæstv. menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins í viðtali í sjónvarpinu: „Núna eru geysilega skemmtilegir og spennandi tímar fram undan fyrir okkur sjálfstæðismenn.“ Já, en ég er ekki viss um að það séu eins skemmtilegir og spennandi tímar fyrir þjóðina.

Það hefur verið sagt að þessi efnahagskreppa sé eins um allan heim og við séum að súpa seyðið af því. Hvar hafa verið sett hryðjuverkalög í öðrum löndum, eins og voru sett á Íslendinga, íslensk fyrirtæki? Hvergi. Hvar hefur heilt ríkjasamband eins og Evrópusambandið gengist undir og samþykkt að sett verði hryðjuverkalög á heila þjóð? Hvar hefur það komið fram að þeir séu sóttir til saka sem verða þess valdandi að hryðjuverkalög verða sett? Eru það ekki einhverjir? Ganga þeir allir lausir? Á bara að segja: Ekki benda á mig, ekki benda á mig, það er bara þjóðin.

Ef við lítum á þær aðgerðir sem nú er verið að vinna að — verið er að tala um að ríkisstjórnin sé að grípa til svo merkilegra aðgerða, auðvitað að skipan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hverjar voru þær fyrstu? Stórkostleg hækkun á stýrivöxtum sem eru að sliga allt atvinnulíf í landinu. Hver var hin tilkynningin? Hin tilkynningin var stórfelldur niðurskurður í velferðarkerfinu. Af því að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur ekki kannast við bréfasendingar síns eigin ráðuneytis, þá stendur hér, með leyfi forseta:

„Sent á allar stofnanir heilbrigðisráðuneytisins. Efni: Áríðandi. Óskað er eftir tillögum frá stofnunum um a.m.k. 10% niðurskurð frá fjárlagafrumvarpi 2009 sem senda skal ráðuneytinu eigi síðar en þriðjudaginn 18. nóvember nk.“

Það er feitletrað í þessu bréfi til þessara stofnana að lækka útgjöld sem nemi a.m.k. 10%. Síðan kemur hæstv. heilbrigðisráðherra í fjölmiðla og segir að þetta sé ekki satt. Það er aumt. Það er bölvað að gera slæma hluti en verra að fara með ósannindi.

Frú forseti. Það hefur líka verið rætt um hæstv. landbúnaðarráðherra. Hvert var fyrsta málið sem hann ætlar að flytja varðandi landbúnað? Það er hömlulaus innflutningur á hráu kjöti sem mun rústa bæði matvælaiðnaði og fæðuöryggi þjóðarinnar. Hæstv. ráðherra hefur ekki enn bakkað með þetta frumvarp sitt um að innleiða Evrópulöggjöfina um matvæli sem hefur þetta í för með sér. Er það ekki veruleikafirring, forseti?

Fulltrúar Seðlabankans og Hagfræðistofnunar komu á fund fjárlaganefndar í morgun til að greina frá ákveðnum atriðum í samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þar kom fram að þeir töldu að það þyrfti alla upphæðina, eða 1.400 milljarða íslenskra króna, til að mæta þessari fjárþörf. Forsætisráðherra segist ekki þurfa að nota nema brot af því. Hann er ekki að segja satt, held ég. Samfylkingin kallar á Evrópusambandið til að koma til bjargar. Í upplýsingum sem við fengum í morgun var sagt að í fyrsta lagi eftir 2014 gangi allt svo vel að okkur takist að uppfylla öll þau skilyrði sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setur. Það sé í fyrsta lagi eftir 2014 sem megi hugsa sér að við getum uppfyllt einhver þau skilyrði sem gæti réttlætt það að við gætum sótt um aðild að Evrópusambandinu á þeim grunni.

Frú forseti. Spaugstofan sér hlutina með augum þjóðarinnar. Ríkisstjórnin og æðstu stjórnendur fjármála og bankalífs í landinu, sem hafa komið þjóðinni í þessa stöðu, sitja sem fastast. Ekki benda á mig, ekki benda á mig, hrópar hver þar. Þar segir enginn af sér. Þar er enginn sóttur til saka. Þetta er allt þjóðinni að kenna. Það er þjóðin sem verður að segja af sér eins og Spaugstofan komst svo rækilega vel að orði. Ég er á annarri skoðun: Ríkisstjórnin á að hafa þá sjálfsvirðingu til að bera að hún geti horfst í augu við þjóðina, sagt af sér og boðað til kosninga og tekið afleiðingunum.

[17:01]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Hafi það verið tilgangur þess að flytja þessa tillögu og stofna til þessara umræðna í dag að leiða í ljós ágreining hjá stjórnarflokkunum þá held ég að tillöguflutningurinn hafi algerlega misheppnast. Tillagan og umræðan hafa þvert á móti leitt það í ljós sem lá náttúrlega fyrir í upphafi að stjórnarflokkarnir standa saman og þeir ætla sér að takast sameiginlega á við þau viðfangsefni sem við blasa og sigrast á þeim vanda sem við þjóðinni blasir og

því er þessi tillöguflutningur mjög sérkennilegur í öllu tilliti. Hann stingur raunar líka í stúf við þá góðu samstöðu sem náðist í þinginu hinn 6. október sl. Þá voru í salnum 62 þingmenn og 50 þingmenn greiddu atkvæði með svokölluðum neyðarlögum til að bregðast við þeim bráða vanda sem við stóðum frammi fyrir og mörkuðu þáttaskil í fjármálastarfsemi þjóðarinnar. Ég vil aðeins, virðulegi forseti, minna hv. þingmenn á hvað þá var í húfi með því að vitna til þess sem stendur í upphafi almennu greinargerðarinnar með neyðarlögunum þar sem segir:

„Að undanförnu hafa dunið yfir fjármálamarkaði hremmingar sem einkum hafa lýst sér í skorti á lausafé vegna takmarkaðs lánsframboðs. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa ekki farið varhluta af þessum hremmingum frekar en fjármálafyrirtæki í öðrum löndum. Við þessar erfiðu aðstæður hafa stjórnvöld víða um heim neyðst til að grípa til ráðstafana er miða að því að tryggja virkni fjármálakerfisins og efla traust almennings á því.“

Það var þetta, virðulegi forseti, sem við vorum að tryggja með samþykkt okkar mánudaginn 6. október og með þeirri samstöðu sem þá myndaðist hefði mátt ætla að menn mundu líka ganga til þess verks sameinaðir að takast á við það sem í kjölfarið sigldi. Svo hefur ekki orðið eins og við vitum og þessi tillaga er til marks um það. En tillagan er fyrst og fremst til marks um það að stjórnarandstaðan hefur ekki getað komið fram með neitt málefnalegt viðhorf varðandi þróun mála sem hún leggur fram sem er önnur stefna eða annað viðhorf heldur en síðan hefur komið fram í tillögum ríkisstjórnarinnar og samþykkt hefur verið líka almennt í þinginu með góðri samstöðu allra þingmanna. Ef sú hætta hafi verið svona mikil 6. október sem við stóðum frammi fyrir þá og vorum sammála um að takast á við með þeim hætti að samþykkja svonefnd neyðarlög þá hefur þróunin síðar á hinum alþjóðlega fjármálamarkaði ekki verið á þann veg að það sé ástand sem ber að líta til af minni ábyrgð en menn gerðu 6. október. Hvarvetna sem litið er til, hvort sem það er austan hafs eða vestan, eru menn að grípa til ráðstafana, róttækari ráðstafana en nokkru sinni hafa sést í sumum löndum og þær eru gerðar til að tryggja stöðugleika í fjármálakerfinu. Það hefur því miður ekki tekist í öðrum löndum að ná því markmiði sem ríkisstjórnir hafa sett sér þar með þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til og nægir þar að nefna til sögunnar Bandaríkin sem eru eins konar eimreið í efnahagskerfi heimsins en síðdegis í gær tilkynnti t.d. ríkisstjórn Bandaríkjanna að hún mundi vernda næststærsta banka Bandaríkjanna, Citigroup, gegn óvenjumiklu tapi og styrkja hann með 20 milljörðum dollara. Það er von bandarískra fjármálayfirvalda að þessi stuðningur við þennan stóra banka dugi til að styrkja fjármálakerfið og vernda bandaríska skattgreiðendur eins og sagt er og bandarískt efnahagslíf.

Þetta er síður en svo fyrsta björgunaraðgerð bandarískra stjórnvalda. Ég tel að átta stórbankar í Bandaríkjunum, risabankar, hafi fengið aðstoð eða orðið gjaldþrota á undanförnum vikum eða þegið þá aðstoð sem ríkisvaldið hefur ákveðið að veita þeim til að reyna að halda fjármálakerfinu þar í landi á floti. Það er enn algerlega óvíst hvort þetta takist, hvort það takist að ná þeim tökum á fjármálastjórninni að við séum komin fyrir vind og ég segi við í þessu tilliti því að að sjálfsögðu erum við Íslendingar hluti af þessari siglingu heimsins í þessum miklu hremmingum. Við gerðum sameiginlegar ráðstafanir hinn 6. október sl. með þeim lögum sem við samþykktum þá til að takast á við þennan vanda hér á landi. Það má líka geta þess að í dag berast fréttir um það frá Þýskalandi að efnahagshorfur þar séu verri en nokkru sinni síðan árið 1948, síðan árið sem Þjóðverjar hófu að hefja sig upp úr hörmungum stríðsins með öllum þeim efnahagsþrautum sem þeir þurftu síðan að ganga í gegnum til að byggja upp það öfluga efnahagslíf sem síðan hefur dafnað.

Á þessum degi stöndum við hér og ræðum hvort lýsa eigi vantrausti á ríkisstjórn Íslands sem greip til ráðstafana með góðum stuðningi þingmanna 6. október sl. Það er verkefni okkar núna þegar aðrar þjóðir standa í þeim verkum að bjarga efnahagslífi sínu og við eigum að sjálfsögðu að gera það líka, en þá stöndum við hér og veltum því fyrir okkur hvort það sé brýnasta viðfangsefnið að efna til kosninga og skipta um ríkisstjórn í landinu. Ég tel að þessi tillaga sé í fyrsta lagi málefnalega á skjön við allt sem menn þyrftu að ræða hér og í öðru lagi er hún tímaskekkja fyrir utan formgalla á henni sem ég ætla ekki að ræða hér en menn geta velt fyrir sér.

Við stóðum í þeim sporum að bankakerfið var orðið of stórt fyrir efnahagslíf þjóðarinnar. Það hafði einfaldlega vaxið þjóðarbúinu yfir höfuð. Yfirbyggingin hrundi í þeim skjálfta sem skók alþjóðlega fjármálakerfið og ríkisstjórnin brást við með aðgerðum, með góðum stuðningi Alþingis og viðunandi sátt allra flokka á þinginu. Við gerðum okkur grein fyrir því þá og gerum okkur grein fyrir því enn að með neyðarlögunum var tekið af skarið um ákveðna lausn á fjármálakerfisvandanum án þess að menn hefðu getað lagt niður fyrir sér það sem af því leiddi og hvaða framtíðarverkefni blöstu við. Á þessu viðkvæma stigi þegar við vitum nú hvaða verkefni það eru og betur en við gerðum hinn 6. október sl. þá telur stjórnarandstaðan það brýnasta viðfangsefnið að stofna til umræðna um vantraust á ríkisstjórnina í þeim tilgangi að stofna til pólitískrar upplausnar og stjórnmálabaráttu sem mundi snúast um allt annað en þau viðfangsefni sem við þurfum að sinna núna. Það er mjög ósanngjarnt að halda því fram og gera þetta með þeim rökum að fjármálastjórn hins opinbera hafi á undanförnum árum verið á þann veg að ástæða sé til að vantreysta þeim sem fara með stjórn fjármála ríkisins. Þvert á móti er alveg skýrt þegar litið er á stöðu íslenska ríkisbúsins og fjárhag þess að haldið hefur verið ákaflega vel á fjármálum ríkisins undanfarin ár og markvisst unnið að því að greiða niður skuldir þess. Þegar litið er á hlut stjórnmálamanna og stjórnvalda er ástæðulaust með öllu að láta þess ógetið eins og það hafi verið sjálfsagður hlutur að ríkissjóður sé nú orðinn skuldlaus eða hafi verið skuldlaus áður en til þessara hremminga kom. Sé litið til annarra ríkja sést að vandi þeirra er meiri en ella væri ekki síst vegna þess hve illa hefur verið staðið að ríkisfjármálum í mörgum löndum og það hefur orðið þeim um megn að takast á við viðfangsefnið, núverandi stórvanda með því að leggja auknar byrðar á eigin ríkissjóði. Þetta verða menn að hafa í huga þegar fjallað er um vantraust á ríkisstjórnina og látið í veðri vaka að við stjórnvölinn sitji menn sem geti ekki tekist á við viðfangs-

efni og skilað góðum árangri. Það sést best á stöðu ríkissjóðs hve vel hefur verið staðið að stjórn ríkisfjármálanna á undanförnum árum.

Þegar ég las tillöguna um vantraust á ríkisstjórnina saknaði ég rökstuðnings með henni því að það er enginn rökstuðningur með tillögunni eins og hv. þingmenn sjá. Það fylgir ekki orð tillögunni um það hvers vegna hún er flutt (**SJS:** Það hefur aldrei verið gert.) í hinu prentaða skjali. En það er augljóst hvers vegna svo er og hefur komið fram í umræðunni að menn koma sér náttúrlega ekki saman um slíkar röksemdir, og þegar menn eru að tala um nauðsyn þess að upplýsa almenning og skýra fyrir almenningi alla þætti stóra og smáa í þeirri stöðu sem þjóðin er núna hefði að sjálfsögðu verið skynsamlegt fyrir flutningsmenn að hafa góða sameiginlega rökfærslu fyrir þessari tillögu sinni. En þeir koma sér að sjálfsögðu ekki saman um það (Gripið fram í.) og geta það ekki og þeir geta ekki sameinast um neinn rökstuðning eins og fram hefur komið í umræðunum í dag. Og hvað sem þingmenn kalla hér fram í breyta þeir ekki þeirri staðreynd. Það hefur líka komið fram í ræðunum að þeir eru ekki samstiga um nokkurn skapaðan hlut. Þeir eru ekki samstiga um annað en að reyna að koma ríkisstjórninni frá en hafa svo fengið það staðfest í dag í þessari umræðu að það er góð samstaða meðal stjórnarflokkanna.

Ég vil láta þess getið að báðir stjórnarflokkarnir hafa efnt til funda í æðstu stofnunum flokka sinna sem hafa vald innan flokkanna á milli landsfunda þeirra. Í báðum tilvikum hafa forustumenn flokkanna fengið eindreginn stuðning flokksmanna sinna við þá stefnu sem mótuð hefur verið og það samstarf sem fer fram innan ríkisstjórnarinnar. Það gerðist hins vegar þegar Framsóknarflokkurinn efndi til síns fundar laugardaginn 15. nóvember síðastliðinn að mánudaginn 17. nóvember var lesið bréf af forsetastóli um að formaðurinn hefði sagt af sér. Framganga flokksmanna gagnvart formanni Framsóknarflokksins hefði verið þannig á þessum stjórnarandstöðuflokksfundi að formaðurinn sá sér þann kost vænstan að segja af sér. Er þetta traustvekjandi fyrir þá sem velta því nú fyrir sér hvort betra sé að hafa þá flokka við stjórn sem eru við stjórn eða kalla yfir sig þá óvissu sem fælist í því að stjórnarandstöðuflokkarnir kæmust til valda? (**SJS:** Leyfum þjóðinni að dæma.) Þetta er sjónarmið sem hefur komið fram og blasir við okkur þingmönnum sem hér störfum og berum ábyrgð á ríkisstjórninni og það er undir okkur komið, meiri hluta þingmanna hér, hvort stjórnin nýtur meiri hluta eða ekki og það liggur fyrir að hún gerir það. Tillagan er misheppnuð að þessu leyti og hefur dregið fram sundurlyndi stjórnarandstöðunnar og sundurlyndi innan stjórnarandstöðuflokkanna því að hún rifjar upp þær miklu deilur sem eru innan Framsóknarflokksins. Og ef svo hefði verið á undanförnum árum að við hefðum fylgt stefnu Vinstri grænna í landsstjórnarmálum, andstöðu Vinstri grænna við uppbyggingu atvinnuveganna, virkjanir bæði á vatnsorku og gufuorku, ef við hefðum fylgt þeirri stefnu, hvar stæðum við núna í þeim erfiðleikum sem við stöndum í? Ef við hefðum fylgt þeirri stefnu að fjölga ekki störfum, virkja ekki vatn og orku, byggja virkjanir og stóriðjufyrirtæki, hvar stæðum við þá? (Gripið fram í.) Er það traust stefna við núverandi aðstæður að kjósa slíkan flokk yfir sig? Eða flokk sem hefur þingmann sem telur sér sæma að standa við lögreglustöðina og hvetja til árása á lögreglustöðina? (**Gripið fram í:** Já.) Er þetta flokkur sem við eigum að kjósa yfir okkur á þessari stundu? Ekki sé ég það. (**SJS:** Þjóðin dæmir það, þjóðin dæmir.)

Virðulegi forseti. Síðastliðinn föstudag var til umræðu frumvarp frá mér um sérstakan saksóknara og ég vona að hv. allsherjarnefnd flýti afgreiðslu þess máls og það verði að lögum. Það er nauðsynlegt að velta hverjum steini varðandi þau mál sem upp hafa komið, bæði af hálfu saksóknara og einnig af hálfu annarra aðila, og ég fagna því að á Alþingi er unnið að því að móta tillögur um sérstaka nefnd sem taki þetta að sér. Það var undarlegt að heyra hv. þingmann Vinstri grænna kvarta undan því áðan í ræðu að það hefði tafist að koma þessu starfi á vegum þingsins á legg þegar við þingmenn vitum að það er hv. formaður Vinstri grænna sem helst hefur tafið fyrir þessu verki innan veggja þingsins. Það er helst hann með fyrirvörum sínum og sinni afstöðu sem hefur spillt því að samstaða næðist um það (**SJS:** Þetta er þvættingur og …) að koma þeirri nefnd á laggirnar. (**SJS:** Étt´ann sjálfur.)

Virðulegi forseti. Er þetta orðbragð sem á við í þingsölum?

(**Forseti** (RR)**:** Forseti biður hv. þingmenn um að gæta hófs í orðavali.)

Þingmenn Vinstri grænna geta ekki komið hér og staðið og sagt að verið sé að tefja það að koma á laggirnar rannsóknarnefndum og síðan stendur formaður þeirra í vegi fyrir því að samstaða náist í þingsalnum um þetta og meðal forsætisnefndar.

(**Forseti** (RR)**:** Forseti biður hv. þingmenn um að gæta hófs í framgöngu.)

Það verður að hafa þessa hluti eins og þeir eru og menn verða að ræða þá eins og þeir eru og ekki fara í neinn feluleik með þetta frekar en annað sem þarf að ræða í þingsalnum og meðal þjóðarinnar þegar fjallað er um þessi mál. Menn verða að standa við það og ef þeir geta það ekki og vilja ekki samstöðu um þetta í þinginu þá verður það að koma fram að þá verður að upplýsa það.

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi tillaga og framganga formanns Vinstri grænna í þingsalnum í dag sýni að tillagan er flutt til þess að koma illu af stað en ekki til að sætta þjóðina.

[17:16]

Birkir J. Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Við lifum mikla ólgutíma eins og við höfum öll orðið vitni að í dag. En það er merkilegt að heyra forustumenn stjórnarinnar koma hér hvern á fætur öðrum upp í ræðustól, alveg yfir sig fulla af sjálfsánægju. Ríkisstjórnin hefur nú aldeilis töglin og hagldirnar og hefur haldið vel utan um öll mál og það er alveg gjörsamlega óábyrgt af einhverri lítilli stjórnarandstöðu að varpa því inn í þingsalinn sem er altalað úti í samfélaginu að stjórnin hafi ekki staðið við sitt. Eða er það svo þegar alþjóðlegir fjölmiðlar segja að íslensk stjórnvöld séu aðhlátursefni að það sé bara eitthvert snakk? Staðreyndin er sú að alþjóðasamfélagið ber ekki traust til íslenskra stjórnvalda í dag og það er m.a. þess vegna sem við komum hér upp og tölum um það

að við viljum sjá kosningar á næsta ári.

Misheyrðist mér eitthvað í síðustu viku, frú forseti, eða voru það ekki tveir ráðherrar í Samfylkingunni sem töluðu fyrir því að það ætti að kjósa á næsta ári? Hefur ekki varaformaður Samfylkingarinnar talað fyrir því að það ætti að kjósa á næsta ári? Hafa ekki fleiri þingmenn Samfylkingarinnar talað fyrir því að það ætti að kjósa á næsta ári? Lifi ég bara í einhverjum draumaheimi hérna? Svo koma fulltrúar stjórnarinnar og tala um þá fásinnu að okkur detti í hug að það eigi að kjósa á næsta ári. Hvað er að marka þessa ríkisstjórn, hæstv. forseti?

Það hefur verið merkilegt að hlusta á Samfylkinguna. Samfylkingin er ein í heiminum. Hún ber sko enga ábyrgð á stöðu efnahagsmála í dag. Hún varpar ábyrgð á stöðunni í dag algjörlega á síðustu ríkisstjórn og þar á meðal á þá ágætu herramenn, hæstv. ráðherra Sjálfstæðisflokksins, að það sé í raun og veru allt þeirri ríkisstjórn að kenna.

En staðreyndin er sú að Samfylkingin hefur farið með yfirstjórn bankamála í eitt og hálft ár. Samt voga fulltrúar Samfylkingarinnar sér að koma hér í umræðuna og varpa af sér allri ábyrgð. Þessi málflutningur hjá þingmönnum Samfylkingarinnar sem ég kalla lýðskrum dæmir sig fullkomlega sjálfur. Auðvitað ber Framsóknarflokkurinn sína ábyrgð á stöðu efnahagsmála í ljósi forsögu sinnar. En það er fráleitt að hlusta á núverandi stjórnarflokk Samfylkingarinnar sem toppar alla stjórnarandstöðuna í málflutningi sínum og hamast allra mest á samstarfsflokknum, sem er Sjálfstæðisflokkurinn. Þetta hlýtur að sýna okkur fram á það, frú forseti, að það er ekki búandi við þessa stjórn. Keisarinn er nakinn. Hann er ekki í neinum fötum. Þetta er ósamstarfshæf ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu því það hefur gjörsamlega gengið fram af mér að hlusta á málflutning stjórnarinnar talandi um að hún standi einhuga þegar yfirlýsingar ráðherranna eru eins misvísandi og raun ber vitni. Það er einfaldlega ótrúlegur vandræðagangur sem hefur einkennt íslenskt samfélag á síðustu sex vikum. Hver samfylkingarmaðurinn hefur komið fram á fætur öðrum og lýst yfir vantrausti á yfirstjórn Seðlabankans. Sömu yfirstjórnina og á að taka við fjármunum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Yfirstjórn Seðlabankans hefur ekki farið frá þó að forustumenn Samfylkingarinnar segi eitthvað annað. Það er alveg ljóst að Samfylkingin er bæði í stjórn og hún er líka í stjórnarandstöðu í þessari ríkisstjórn og almenningur mun dæma þá stjórnarhætti sem eru ekki boðlegir. Og ég hafna því algjörlega að stjórnarliðar skuli koma hér upp hver á fætur öðrum eins og allt sé í himnalagi á stjórnarheimilinu. Það er nefnilega ekki þannig og það dylst engum, frú forseti.

[17:20]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Frá því að efnahagskreppan skall yfir hef ég ekki séð neitt það koma fram hjá stjórnarandstöðunni sem máli skiptir sem tryggt hefði betri úrlausnir fyrir hag heimilanna og fyrirtækjanna í nútíð og framtíð en fram hefur komið hjá ríkisstjórninni. Aukinheldur eru tveir af þremur stjórnarandstöðuflokkunum haltrandi vegna innbyrðis sundurlyndis og ekki líklegir til stórra verka.

Þjóðin þarf ekki á lausnum að halda sem færa okkur til fortíðar og einangrunar frá alþjóðasamfélaginu sem er helsta hugmynd Vinstri grænna. Það er líka í besta falli broslegt að Framsóknarflokkurinn sem var við stjórnvölinn þegar bankarnir voru einkavæddir og stýrði viðskiptaráðuneytinu í gegnum tíð sukks og óráðsíu í bönkunum skuli standa að þessu vantrausti.

Ég ráðlegg fyrrverandi viðskiptaráðherra Framsóknarflokksins að fara yfir allar þær fyrirspurnir sem ég lagði fyrir hana á liðnum þingum. Þær skipta tugum á þeim tíma sem hún bar ábyrgð á bankakerfinu og var spurð um fjármálastöðugleika, möguleika bankanna til að ráða við skakkaföll, um óeðlileg innherjaviðskipti, stöðu innstæðusjóða, óeðlileg hagsmunatengsl og krosseignatengsl um þátttöku viðskiptabankanna í óskyldri starfsemi og fleira. Svör fyrrverandi bankamálaráðherra Framsóknarflokksins voru yfirleitt þau að allt væri í besta lagi og ekki væri tilefni til sérstakra aðgerða.

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé ekki rétt að þing verði rofið nú í jólamánuðinum eins og stjórnarandstaðan kallar eftir. Við stöndum í miðjum björgunaraðgerðum og stjórnarflokkarnir verða að fá svigrúm til að sýna hvort þeir nái saman um allra brýnustu aðgerðir og sameiginlega leið til framtíðar út úr vandanum áður en farið er að fastsetja kosningar. Ég skil hins vegar vel óþreyju fólks og reiði og veit að einstaklingar og fjölskyldur lifa nú í óvissu og ótta yfir versnandi hag. Fjöldi fólks hefur misst vinnuna eða sér fram á atvinnumissi og þúsundir einstaklinga, bæði ungir sem aldnir hafa misst stóran hluta af sparnaði sínum í yfirstandandi hremmingum. Það er hlutverk okkar, bæði ríkisstjórnar og Alþingis að berjast fyrir hagsmunum þessa fólks. Það er hlutverk okkar að vísa veginn út úr vandanum og verja heimilin eins og kostur er og endurreisa atvinnulífið.

Brýnustu viðfangsefnin sem stjórnarflokkarnir verða að ná saman um á næstu dögum og vikum eru að mínu mati eftirfarandi: Það þarf að koma gjaldeyrisviðskiptum aftur í lag þannig að vöru- og þjónustuviðskipti milli landa komist í eðlilegt horf og hjól atvinnulífsins fari að snúast. Það er grundvallaratriði að vandað verði til verka, fagaðilar standi þar að málum og að skýrar verklagsreglur liggi fyrir um hvernig það verði gert. Á því veltur hvort við náum okkur fljótt út úr gjaldeyriskreppunni og þar hefði þurft að fylgja að við stefnum sem fyrst að aðild að Evrópusambandinu til að auka og treysta trúverðugleika gjaldmiðilsins. Það þarf líka sem allra fyrst og er raunar forgangsverkefni, að endurskoða peningamálastefnuna, stjórnkerfi hennar og eftirlitsstofnanir. Það er lykilatriði að þessar mikilvægu stofnanir öðlist traust og trúnað á nýjan leik.

Mikilvægt er að af stað fari ítarleg rannsókn á aðdraganda og orsökum hruns fjármálakerfisins til að endurskapa trúnað og traust í samfélaginu og það er grundvallaratriði að henni verði hraðað eins og kostur er. Það er líka lykilatriði að bankastjórnirnar gæti hagsmuna eigendanna sem er fólkið í landinu og ekki verði hægt að draga það í efa. Eyða verður þegar í stað öllum efasemdum um að eitthvað óeðlilegt eigi sér stað með eignir í bönkunum.

Virðulegi forseti. Á næstu dögum þarf ríkisstjórn og þing að ná saman um fjárlög fyrir komandi ár. Í ljósi gjörbreyttra aðstæðna og samdráttar í tekjum liggur fyrir að sú fjárlagagerð verður erfið og mun kalla á skýra forgangsröðun ríkisstjórnarflokkanna. Velferðarkerfið verður að verja í þeim hremmingum sem fram undan eru. Í því efni er flatur niðurskurður fullkomlega óásættanlegur og mundi flytja velferðarkerfið mörg ár aftur í tímann. Efnahagskreppan mun ekki síst reyna á heimili og einstaklinga sem nú þegar standa höllum fæti og treysta á velferðarkerfið og þörfin fyrir aðstoð í velferðarkerfinu mun enn aukast á næstu mánuðum og missirum. Við slíkar aðstæður er óskynsamlegt að þrengja að velferðarkerfinu og dýpka þannig kreppuna heldur eigum við að slá skjaldborg um velferðarkerfið og kjör þeirra sem minnst hafa. Þetta er stóra verkefnið sem bíður stjórnarflokkanna að ná saman um á næstu dögum.

Virðulegi forseti. Þegar á næstu dögum þarf líka að setja fram kröftugar aðgerðir fyrir efnahagslífið sem veitir traust á því að endurskipulagning atvinnulífsins sé hafin. Lög um hlutastörf í stað uppsagna hjá starfsfólki eru þegar í höfn. Unnið er að enn frekari tillögum á reglum Atvinnuleysistryggingasjóðs þannig að hann geti stutt við fyrirtæki og einstaklinga til aukinnar virkni og atvinnusköpunar. Á vettvangi sjóðsins munum við gera allt sem í okkar valdi stendur til að berjast gegn atvinnuleysi og fyrirbyggja að langtímaatvinnuleysi festi hér rætur.

Áfram þarf líka að vinna að aðgerðum til að verja betur stöðu heimilanna, svo sem frumvarp um greiðsluaðlögun fyrir skuldugustu heimilin og hvort hægt sé að opna fyrir að heimilt verði að nýta séreignarsparnað í sérstökum tilvikum. Við höfum þegar sett af stað fjölda aðgerða til að verja heimilin, m.a. til að draga úr greiðslubyrði heimilanna, sporna gegn misgengi launa og lána, tímabundna frystingu gengistryggðra lána, afnám stimpilgjalda og þinglýsingargjalda af skuldbreytingum, að ekki verði hægt að skuldajafna barnabótum og vaxtabótum upp í opinber gjöld og lán hjá Íbúðalánasjóði. Þegar hefur líka verið ákveðið að lækka dráttarvexti og milda allar aðgerðir innheimtumanna hjá þeim sem komast í vanskil eða eru í nauðungarsöluferli. Þá skiptir líka miklu máli heimildir hjá Íbúðalánasjóði um að leigja fólki íbúðir í stað þess að þær fari á nauðungarsölu og einnig að heimilt sé að breyta óseldum íbúðum sem átti að selja í leiguíbúðir.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin er stödd í miðjum björgunaraðgerðum eftir bankahrunið og uppbyggingarstarfið er handan við hornið. Í öllum ráðuneytum er unnið hörðum höndum að tillögum til að vinna þjóðina út úr vandanum. Á sama tíma birtist okkur stjórnarandstaða sem hefur engar lausnir, engin úrræði og engan styrk til að takast á við verkefnin. Þessi vantrauststillaga er ein birtingarmynd getuleysis hennar. Hún er sýndarmennska.

[17:27]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Verkin eru brýn sem bíða okkar nú. Við horfumst í augu við kerfishrun og þegar af þeirri ástæðu er vantraust á ríkisstjórnina og kosningar það síðasta sem okkur ætti að detta í hug. Við erum enn að bjarga miklum verðmætum og við megum engan tíma missa. Við verðum að taka betur á skuldastöðu heimila og fyrirtækja. Við verðum að setja almennar leikreglur sem tryggja það að hægt sé að leysa okkur út úr þeirri erfiðu stöðu sem er komin upp vegna þess að skuldirnar eru meiri en reksturinn fær ráðið við. Og þá skiptir miklu að almennar leikreglur séu markaðar svo ekki komi til pólitískrar spillingar eða misbeitingar valds.

Virðulegi forseti. Það er líka mjög mikilvægt að við einhendum okkur í að breyta gjaldþrotalögum. Torveldum einstaklingum að fara í gjaldþrot og auðveldum einstaklingum að losna við þá skuldahala sem eftir standa. Við þurfum að endurreisa gjaldeyrismarkað til þess að koma í veg fyrir að almenningur og fyrirtæki þurfi að axla enn frekari byrðar en þó er ljóst að fólk þarf að bera vegna verðbólgu og gengishruns.

Við þessar aðstæður, virðulegi forseti, er það þyngra en tárum taki að við eyðum heilum degi í umræðu um tillögu sem allir vita að er gagnslaus og tilgangslaus. Og eins og kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, þingflokksformanni Vinstri grænna, fyrr í dag þá er vitað fyrir fram að tillagan verður felld. Það er sorglegra en tárum taki að koma með þessum hætti fram við fólk og draga athygli frá brýnum verkefnum. Binda þingheim og allt ráðherraliðið í einskisnýt verkefni heilan dag og halda fólki frá brýnum verkefnum. Þetta er ábyrgðarhluti.

Virðulegi forseti. Það er vakning um allt samfélagið. Það er vakning og fólk vill snúa baki við liðnum tíma og fólk vill ný vinnubrögð og ný tækifæri. (Gripið fram í.) Það er réttlát reiði almennings í samfélaginu. Henni þarf að beina í jákvæðan farveg. Þess vegna er rannsóknarnefnd á því sem aflaga fór gríðarlega mikilvæg og að niðurstaðan liggi fyrir sem allra fyrst. Á grundvelli þeirrar niðurstöðu getum við öll tekið jákvæða afstöðu til nýrrar uppbyggingar og skapað heilbrigðan grunn fyrir samfélagið til lengri tíma litið.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kynnti þá tillögu sem hér er rædd, tillögu um vantraust á ríkisstjórnina, í sjónvarpsfréttum á föstudag með því fororði að það þyrfti nýtt þing, með leyfi forseta: „Nýtt þing, nýja ríkisstjórn og ný andlit til að leiða þjóðina í gegnum þau miklu verkefni sem fram undan eru.“

Og hver eru þau nýju andlit sem okkur bjóðast og boðið er upp á? Er það hið spánnýja andlit hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur, fyrrverandi bankamálaráðherra, sem við höfum þó séð býsna oft og býsna lengi? Eða er það hinn dauðþreytti dúett þeirra hv. þm. Ögmundar Jónassonar og Steingríms J. Sigfússonar?

Það hvarflar að manni að tillagan sem hér er sett fram í dag sé tilraun manna sem komnir eru á síðasta söludag til að varpa sér í nýjar umbúðir til að selja sig sem talsmenn nýrra tíma og forðast þannig að verða hluti af þeirri umræðu sem hér mun auðvitað fara fram um stjórnkerfið í heild, um ákvarðanirnar í heild og um fortíðina í heild.

Vegna þess, virðulegi forseti, að það sem upp úr stendur þegar horft er til málflutnings Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á undanförnum missirum er að þar er boðin kyrrstaða og óbreytt ástand og þar eru engar lausnir boðaðar sem breytt geta hlutskipti þjóðarinnar til hins betra.

Það sem upp úr stendur í málflutningnum er órofa varð-

staða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um þann gjaldmiðil sem kallað hefur yfir íslenska þjóð og yfir íslenskan almenning hærra matarverð og hærri vaxtakjör en nokkurs staðar annars staðar á byggðu bóli. Þann gjaldmiðil sem skapar stórkostlega umgjörð undir eitt rosalegasta arðrán seinni tíma í Vesturheimi. Þann gjaldmiðil sem býr til farveg fyrir fjármagnseigendur til að mergsjúga atvinnulíf og heimili, daginn út og daginn inn. Og undir þetta arðráð styður Vinstri hreyfingin – grænt framboð og undir þessu arðráni vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð halda áfram. (**JBjarn:** Og þú styður …) Þessar klyfjar vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð halda áfram að leggja á almenning í landinu. (**JBjarn:** Af hverju léttir þá ekki evran?) Það er það sem stendur til, hv. þingmaður. Eitt brýnasta úrlausnarefni íslenskra stjórnmála er að losna við þann gjaldmiðil sem skapar þessar aðstæður. Sem torveldar íslensku atvinnulífi að búa við stöðugleika. Sem kemur í veg fyrir að heimilin fái notið sömu kjara og heimili í nágrannalöndunum. (Gripið fram í.) En þar má alltaf reiða sig á Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, að hún stendur vörð um óréttlætið og ætlar ekki að leita nýrra lausna þarna frekar en í neinu öðru. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Það blasir við að við þurfum að horfast í augu við margt sem úrskeiðis hefur farið á síðustu árum. Við þurfum að horfast í augu við þá umgjörð sem við höfum skapað í samfélaginu um efnahagslífið, um viðskiptalífið. Og við þurfum að horfa til forgangsröðunar okkar allra í framhaldi af þessu hruni. Það er mjög mikilvægt að þjóðin fái að byrja með hreint borð eftir þetta hrun. Það er mjög mikilvægt að við leggjum grunn að vandaðri úttekt og umræðu í kjölfar þessa hruns.

En það skiptir miklu máli að við búum ekki í haginn fyrir lýðskrumara sem vilja reyna að selja sig þjóðinni sem nýja boðendur nýrrar stefnu. Hér er reyndar ekki um neitt annað að ræða en sömu gömlu lausnirnar í sömu gömlu pakningunum þótt búið sé að breiða yfir gamla litinn.

Virðulegi forseti. Við þurfum varðstöðu um nýtt samfélag. Við þurfum að byggja upp nýtt samfélag og íslenskur almenningur á betra skilið en (Forseti hringir.) þann varðstöðuflokk um óbreytt ástand sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon (Forseti hringir.) stendur í forsvari fyrir.

[17:34]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti ítrekar ósk sína til hv. áheyrenda að þeir hafi hljóð á pöllunum svo ekki þurfi að grípa til neinna sérstakra aðgerða. [Háreysti á þingpöllum.] (Forseti hringir.) Forseti ítrekar ósk sína til hv. áheyrenda. Að öðrum kosti … [Háreysti á þingpöllum.] (Forseti hringir.) Þetta eru síðustu aðvaranir forseta til hv. áheyrenda. Ef ekki verður hljóð á pöllunum verða þeir ruddir. Ég bið hv. áheyrendur um að virða óskir forseta.

[17:35]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Mikið hefur farið fyrir orðum eins og „björgunaraðgerðir“ í dag, að menn væru í miðjum björgunaraðgerðum. Þegar einhver hefur siglt í strand þarf venjulega að bjarga honum, það held ég að fari ekki á milli mála. En ef fólkið í ríkisstjórninni finnur sig sérstaklega í því hlutverki að það sé statt í björgunaraðgerðum held ég að það sé líka vegna þess að menn hafa siglt upp á sker, siglt í strand. Þannig er, held ég, málunum komið fyrir okkur, því miður, og ber að viðurkenna það. Því miður berast sífellt fleiri upplýsingar um í hverju íslenska þjóðin er að lenda.

Ég hef nokkrum sinnum sagt í þessum ræðustóli í haust að kominn sé tími til þess að menn tali skýrt og segi satt um það sem þeir vita sannast og réttast varðandi það sem við þjóðinni blasir. Ég hef hugsað mér að tala út frá því sem ég veit best.

Á fundum fjárlaganefndar í dag var því lýst yfir af þeim sem mættu þar að allar líkur væru á því að íslenska þjóðin væri að lenda í verulegum erfiðleikum sem hún kæmist kannski út úr á árunum 2025–2027. Við værum að sigla inn í varanlegan halla á íslenskum fjárlögum til langs tíma. Við þyrftum að nota 50–60 milljarða á hverju ári eftir 2012 til að borga niður skuldir okkar og vexti. Það verður fátt annað tekist á við en að reyna að halda sjó og horfa til þess að borga skuldir eins og talað var um á fundi í dag.

Það eru allar líkur á að fjárlög næsta árs verði afgreidd með 150–160 milljarða kr. halla, hæstv. forsætisráðherra. Fræðimennirnir sem komu fyrir nefndina í dag upplýstu einnig um að þeir sæju ekkert fram undan annað en skattahækkanir, það lægi fyrir. Þeir töldu að tekjurnar af fjármagnstekjuskattinum yrðu afar litlar á næsta ári ef nokkrar. Þeir töldu að tekjuskattur af atvinnufyrirtækjum yrði sáralítill meðal annars vegna uppsafnaðs taps í atvinnugreinunum. Hverjir eru það þá sem eru eftir? Launþegar, fólkið í landinu, persónuskattarnir.

Það eru allar horfur á því að hækka þurfi skatta á næstu árum vegna þeirra erfiðleika sem við lendum nú í og við eigum að segja þjóðinni það. Það er það sem við stöndum frammi fyrir. Þá spyr ég hæstv. ríkisstjórn og sérstaklega hæstv. forsætisráðherra: Er það enn þá stefna Sjálfstæðisflokksins studd af Samfylkingunni á komandi árum að hér verði ekki greiddur hátekjuskattur af því fólki sem háar hefur tekjur? Það var forgangsverkefni Sjálfstæðisflokksins að afnema hátekjuskattinn á sínum tíma. Það var forgangsverkefni í skattamálunum, burt með hátekjuskattinn. Það var fyrsta aðgerðin sem Sjálfstæðisflokkurinn lagði til í skattamálum. Ætlar hæstv. iðnaðarráðherra að styðja slíka forgangsröðun áfram (Gripið fram í.) eða hyggst hann leggja álögur á þá sem hafa hæstar tekjur í þjóðfélaginu á nýjan leik? (**Iðnrh.:** Ég veit ekkert um það.)

Hæstv. forseti. Það verður ekki undan því vikist að segja þjóðinni satt. Það þýðir ekkert að koma hér og segja að menn séu í góðum málum og ætli að takast sameiginlega á við það sem fram undan er. Við erum ekki í góðum málum. Fram undan eru mjög miklir erfiðleikar og það á að segja fólki það. Allt annað er óheiðarlegt. Það eru mjög erfiðir tímar fram undan og það er alveg ljóst að á mörgu þarf að taka.

Hæstv. félagsmálaráðherra talaði um að stjórnarandstaðan hefði ekki lagt fram neinar tillögur til að bæta stöðu heimilanna. Skyldum við eiga von á því í Frjálslynda flokknum að ríkisstjórnin styðji tillögu um að taka upp frítekjumark varðandi lífeyristekjur sem gerðu það að verkum

að eldri borgarar og öryrkjar hefðu meiri rauntekjur á næstu árum en ella væri eða ætla menn að fella það eða hunsa og láta það liggja inni í nefnd eins og alltaf hefur verið gert? Hafa ekki verið lagðar fram tillögur af Frjálslynda flokknum undanfarin ár um að afnema verðtrygginguna? Jú, það hefur verið gert. Hefur Samfylkingin tekið undir það? Nei, og ekki heldur Sjálfstæðisflokkurinn. Menn geta staðið hér í pontu og barið sér á brjóst, þeim hafi tekist svo vel upp að aldrei komi neinar tillögur frá öðrum. Þá þurfa menn að líta til baka og sjá hvað aðrir hafa lagt til.

Við höfum einnig lagt það til sem er nauðsynlegt fyrir íslensku þjóðina að afla nýrra tekna. Við höfum bent á að það væri hægt í sjávarútvegi og það skipti máli í þessari stöðu að ná í nýjar tekjur fyrir þetta þjóðfélag hvort sem það er til lands eða sjávar. Það er það sem skiptir máli svo að álögurnar á íslenskan almenning keyri ekki algerlega um þverbak.

[17:43]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin er rúin trausti. Ríkisstjórnin er einnig að því er virðist rúin trausti hluta stjórnarþingmanna sem tekið hafa undir háværar kröfur um kosningar og lýðræði í landinu. Nú er það þeirra að framfylgja stjórnarskrá lýðveldisins og hlýða eigin sannfæringu og samvisku en ekki flokksaga eða ægivaldi framkvæmdarvaldsins. Vantraust á Sjálfstæðisflokkinn er til staðar m.a. vegna þeirra miklu hagsmunatengsla örfárra aðila sem fengið hafa í langri stjórnartíð að búa um sig í fjármálakerfinu og íslensku þjóðlífi í skjóli auðs og valds, í skjóli sem nú hefur leitt hörmungar yfir íslensku þjóðina alla, sett skuldir og skuldbindingar sem hefðu fyrr eða síðar lent á skattgreiðendum. Það var eingöngu spurning um tíma. Það var fjármálakreppan sem skellti þessari staðreynd sem blautri tusku framan í okkur fyrr en ella.

Sjálfstæðisflokkurinn ber ekki einn ábyrgð. Meðreiðarsveinar hans bera einnig sök og geta ekki komið sér undan því að axla ábyrgð. Við lýsum vantrausti á Samfylkinguna sem í stuttri stjórnartíð hefur tekið undir blinda markaðsvæðingu bankakerfisins og skellt skollaeyrum við öllum aðvörunarbjöllum sem glumdu vegna stöðu og umfangs bankanna og skuldastöðu þjóðarbúsins.

Ekki veldur sá er varar, getum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sagt í dag þar sem við höfum allt frá árinu 2005 lagt fram tillögur um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum til að forða þeim efnahagsvanda sem þá þegar blasti við og er nú staðreynd. Því til viðbótar hefur svo lagst á hrun alls bankakerfisins. Við höfum lagt fram tillögur og framtíðarsýn sem byggir á félagslegum gildum og sjálfbærri þróun í stað grimmilegrar markaðshyggju sem við höfum búið við og núverandi stjórnvöld hafa fylgt eftir.

En nýfrjálshyggjan sem hefur farið eins og eldur í sinu um allan heim hefur náð sínum hæstu hæðum og er fallin með fjármálakreppu á heimsvísu. Það er staðreynd sem þjóðarleiðtogar stærstu ríkja heims hafa viðurkennt og segja að nú verði að endurskipuleggja markaðskerfi heimsins. Á slíkum stundum ríði á að stjórnvöld upplýsi þjóð sína um gang mála og gefi fólki færi á að velja stefnuna til framtíðar, endurnýja umboð sitt og traust. Okkar fámenna þjóð stendur nú frammi fyrir þeim mikla vanda að greiða upp milljarðaskuldbindingar banka og auðkýfinga útrásarinnar svokölluðu sem stóð þó ekki lengur en í fjögur til fimm ár. Ætlar þingheimur virkilega að láta slíkt viðgangast án þess að fólkið í landinu fái að segja sitt með lýðræðislegum hætti? Það skiptir höfuðmáli í þeim miklu þrengingum sem búið er að koma þjóðinni í að skapa traust bæði innan lands og ekki síður meðal þjóða heims. Það getur enginn tekið okkur trúanleg svo lengi sem sama fólkið, sömu öflin og keyrðu okkur í kaf stjórna förinni áfram. Lýðræðið verður að ráða för. Það skiptir öllu máli að efla lýðræðislega og opna umræðu, hlusta á gagnrýni og hleypa íbúum landsins til ákvarðanatöku um þau mál sem varða afkomu næstu kynslóða.

Ríkisstjórnin stefnir hins vegar í öfuga átt. Hún felur upplýsingar, hún sniðgengur þjóðþingið, hún hunsar lýðræðið sem er þó hennar æðsta skylda að efla.

Hæstv. forseti. Við verðum að efla jafnrétti í raun og tryggja að konur jafnt sem karlar sitji við stjórnvölinn á opinberum vettvangi, að hlustað verði á rök kvenna og framtíðarsýn, að staðinn verði vörður um innlenda framleiðslu, sjávarútveg, landbúnað, ferðaþjónustu, nýjar matvælagreinar og nýsköpun, þær greinar sem nú þurfa að fleyta okkur í gegnum erfiðleikana. Það verður að tryggja sjálfbæra þróun atvinnulífs og íbúaþróun um allt land. Það verður að standa vörð um auðlindir þjóðarinnar til lands og sjávar. Það verður að standa vörð um velferðarþjónustuna og það verður að standa vörð um sjálfstæði landsins.

Við lýsum því vantrausti á ríkisstjórn sem ekki hefur burði í sér til að gegna frumskyldum sínum eða efla og standa vörð um lýðræðið í landinu. Við köllum á þingheim að sýna að ríkisstjórnin starfar í umboði Alþingis en ekki öfugt. Við skorum á þingheim að sýna að þjóðþingið situr í umboði fólksins og það er vilji fólksins sem nú verður að taka völdin. Ríkisstjórnin verður að víkja. Kosningar verða að fara fram.

[17:48]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða vantrauststillögu stjórnarandstöðunnar. Það sem er kannski sérstakt við að ræða þetta er tímasetningin, eins og við vitum öll erum við núna í miðri fjármálakreppu og með heim í uppnámi. Þetta eru ekki mín orð, virðulegi forseti, þetta er bara það sem ég var að prenta út rétt áðan af vef BBC. Stærsti hlutinn af því sem er í fréttum í dag snýr að þeirri stöðu sem er uppi í alþjóðasamfélaginu. Fyrirsögnin í greinasafninu í útskýringum fyrir fólk er þessi: Fjármálakreppan, heimur í uppnámi. Þar er farið yfir það frá landi til lands hvaða áhrif þetta hefur. Ef einhver hér inni eða sá sem ætlar að láta taka sig alvarlega í umræðunni talar hér eins og þetta sé eingöngu mál Íslands hvet ég viðkomandi (Gripið fram í.) til að líta í tölvuna, skoða vefsvæðið bbc.com og svo aðeins að renna í gengum þetta. Síðan er að vísu hægt að fara í gegnum flestar þær vefsíður sem fjalla um fréttir og aðeins að opna augun fyrir því sem er nákvæmlega að gerast í heiminum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lesa þetta allt saman upp, við höfum ekki daginn til þess og ekki vikuna, en ég

ætla aðeins að lesa hér upp. Á vefsvæðinu koma fram þau lönd sem þetta hefur haft bein áhrif á. Þá er ég að vísa til, eða réttara sagt þessi fréttavefur, þeirra landa þar sem bein afskipti hafa verið höfð út af því ástandi sem er. Þetta eru Argentína, Brasilía, Kanada, Mexíkó, Bandaríkin, Ástralía, Kína, Hong Kong, Japan, Malasía, Nýja-Sjáland, Singapúr og Suður-Kórea. Í Evrópu eru það Austurríki, Hvíta-Rússland, Belgía, Danmörk, Eistland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Ungverjaland, Ísland, Írland, Ítalía, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Rússland, Spánn, Svíþjóð, Sviss, — virðulegi forseti, Sviss — og Úkraína. Síðan eru tekin fleiri og fjarlægari lönd sem eru tilgreind sérstaklega þar sem farið er yfir þann vanda sem maður horfir á í heiminum í dag. (**SJS:** … kosningar …)

Virðulegi forseti. Ég heyri að hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þótti óþægilegt að heyra að þetta væri ekki bara bundið við Ísland. Hann veit sem er — og allir sem hlustuðu á ræðu hans hér áðan og eru búnir að hlusta á fleiri, fleiri ræður frá hv. þingmanni — að það var ekki mikil sannfæring þegar hann flutti þessa vantrauststillögu.

Hví skyldi það nú vera? Það er einfaldlega vegna þess að það hvarflar ekki að neinum manni við aðstæður sem þessar að það sé rétt að fara í kosningar, það hvarflar ekki að neinum manni, (**Gripið fram í:** Jú.) engum ábyrgum aðila (**Gripið fram í:** Þjóðinni.) dettur það í hug. Hvenær hefur þjóð sem er í erfiðri stöðu, sem er í kreppu, hvort sem hún stafar af fjármálalegum hlutum, náttúruhamförum, stríðsátökum eða öðru, dottið í hug að fara í kosningar? (**Gripið fram í:** Samfylkingarráðherrum.) Nákvæmlega ekki neinum. Menn finna þess engin dæmi í heimssögunni (Gripið fram í.) þegar slík staða er uppi að menn hafi hlaupið til þess, því fer algjörlega víðs fjarri.

Þegar við skoðum rökstuðning hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar — hvað sagði hann? Hvað mælti með því að við færum í kosningar? (**SJS:** Allt.) (**Gripið fram í:** Allt.) Virðulegi forseti. Hann nefndi skoðanakannanir og benti réttilega á að fylgi ríkisstjórnarinnar væri ekki mikið nú um stundir. Skoðum þá röksemd. Þessi hv. þingmaður, Steingrímur J. Sigfússon, var einu sinni í ríkisstjórn. Það eru að vísu bara elstu menn sem muna það og þeir sem hafa haft áhuga á þessu mjög lengi og er ég í þeim hópi. Ég man að þessi hv. þingmaður var í ríkisstjórn frá 1988 til 1991. Virðulegi forseti. Hvernig voru skoðanakannanir þá hjá þeirri ágætu ríkisstjórn? (Gripið fram í.) Var það vinsæl ríkisstjórn? Aldeilis ekki, hún var algjörlega laus við vinsældir. Hvarflaði þá að hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að boða til kosninga, sem þá einmitt var ráðherra? Að sjálfsögðu ekki. Ég þykist vita hverjar röksemdirnar voru, að menn hefðu verk að vinna og það væri sjálfsagt að klára kjörtímabilið og ganga síðan til kosninga sem allir þurfa að gera sem eru í stjórnmálum. Við þurfum allir að mæta kjósendum, það er nákvæmlega það sem við gerum, út á það gengur lýðræðið.

En að halda því fram, virðulegi forseti, að það sé eitthvað sérstaklega lýðræðislegt eða eðlilegt að fara í kosningar í hvert skipti sem viðkomandi valdhafar eða ríkisstjórn mælist lág í skoðanakönnun hefur bara ekkert með lýðræðið að gera, (**Gripið fram í:** Ónýt …) nákvæmlega ekki neitt.

Það er ástæða fyrir því að menn eru með kjörtímabil í fjögur ár. (Gripið fram í.) Menn telja skynsamlegt að þeir sem eru kosnir hafi tíma til þess að vinna verkin, oft þarf að taka á mjög erfiðum hlutum og þeir þurfa líka að skila sér. Ef við værum í kosningum á ársfresti, segjum það, væri ekki vel komið fyrir íslenskri þjóð. Það hvarflar ekki að einu einasta landi eða neinum þeim sem er að tala um lýðræði að hafa kosningar eins ört og menn leggja hér upp með. Það er algjörlega ljóst, virðulegi forseti, að við munum fara í kosningar og við munum ekki kvíða því, það liggur alveg fyrir. Og það liggur alveg fyrir að við þurfum að mæta, og gerum það með glöðu geði, okkar fólki, kjósendum, og leggjum okkar verk í þeirra dóm, alveg hreint og klárt. (**Gripið fram í:** 2011?)

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að græðgi vinstri grænna sé svona gríðarlega mikil núna og þá langi svo að innleysa einhvern skoðanakannanahagnað hvet ég, virðulegi forseti, þá aðila til að hugsa hlutina aðeins lengra, (**Gripið fram í:** 2011.) því að orðum fylgir ábyrgð. Ef menn leggja hér upp með það að í hvert skipti sem ríkisstjórn fær ekki góða niðurstöðu úr skoðanakönnunum eigi að hlaupa til og fara í kosningar eru menn að (Gripið fram í.) leggja upp með ansi róttækar breytingar. (**Gripið fram í:** Hver er ráðherra …?)

Ég held að það sé alveg ljóst af þessum umræðum hér að allir sem töluðu, líka stjórnarandstæðingar, vita sem er að ef það er einhver tími til að fara ekki í kosningar er það nákvæmlega núna. Við erum að fara í mjög erfiða vinnu, fjárlagavinnu, og það skiptir máli, virðulegi forseti, að menn vinni vel. Ég held að allir hafi hér sömu markmið, ég held að allir hér inni hafi þau markmið að við getum haldið vel utan um þá velferðarþjónustu sem er til staðar. Það liggur alveg fyrir að okkur er þrengri stakkur skorinn núna en oft áður. Það liggur alveg fyrir að það er hagur okkar og vilji að sjá til þess að vernda heimilin. Það liggur alveg hreint og klárt fyrir að það er vilji okkar að sjá til þess að hjól atvinnulífsins fari aftur að snúast, sem er grunnurinn að þessu öllu saman. Núna, virðulegi forseti, reynir á okkur öll í þeirri vinnu, svo einfalt er það mál.

Þess vegna eigum við að snúa bökum saman og við eigum að vinna saman úr þessu verkefni sem er til staðar því að þrátt fyrir allt er framtíð íslenskrar þjóðar björt. Hér eru fjölmörg tækifæri og það vitum við öll. Ég lýsi mig fúsan til þess að taka af áhuga þátt í þeirri vinnu og ég efast ekkert um að ef þingheimur og þingmenn bera gæfu til að vinna saman að þessu verkefni munum við ná góðum árangri.

Virðulegi forseti. Það skiptir líka máli núna að vera ekki að sá efasemdarfræjum, reyna ekki að búa til aukinn óróa í þjóðfélaginu, og þar hafa allir hlutverk. Ég harma það að hv. þm. Jón Bjarnason skuli klifa á því, gegn betri vitund, að það sé búið að taka ákvörðun um 10% flatan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu. Virðulegur þingmaður veit að þetta eru hrein og klár ósannindi. Ég get útskýrt það einu sinni enn að það liggur alveg fyrir að það verður ekki farið í flatan niðurskurð í heilbrigðisráðuneytinu. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður er að vísa í bréf sem var sent út þar sem beðið var um tillögur um sparnaðaraðgerðir. Þar kemur hvergi fram að búið sé að taka ákvörðun um 1% niðurskurð, 2%, 10% eða neitt slíkt. Þetta veit hv.

þingmaður, enda hefur þetta margoft komið fram hjá þeim sem hér stendur, sömuleiðis fjármálaráðherra, en hv. þm. Jón Bjarnason ákveður samt sem áður að klifa á sömu ósannindunum aftur og aftur. Það er bara ekki gott og það er ekki til þess fallið að hjálpa til við þær aðstæður sem nú eru uppi. Ég held að ef menn hugsa þetta alla leið sjái þeir hvaða aðstæður eru uppi. Við sáum um helgina hluti sem við höfum ekki séð hjá íslenskri þjóð áður, í það minnsta ekki svo áratugum skiptir. Við vitum sem er að það eru erfiðir tímar hjá mörgum í þjóðfélaginu, það er ákveðin óvissa uppi og það er krafa, eðlileg krafa, um að málin verði skýrð. Það er eðlileg krafa um að þingið hafi forgöngu um að málin verði skoðuð ofan í kjölinn, þau mál sem snúa að fjármálaumhverfinu og því sem gerðist þar. Það er nokkuð sem við munum gera og ég mundi ætla að góð samstaða ætti að vera um það. Ég hvet til þess að þau sem eru að vinna þá vinnu vinni hana eins hratt og mögulegt er þannig að menn muni sjá niðurstöðu í þeim málum.

Virðulegi forseti. Við sem erum kosin á þing eða í ábyrgðarstöður erum ekki kosin bara til þess að vera þegar góðæri er og vel gengur. Okkur ber líka að taka á hlutum þegar herðir að. Það er nákvæmlega sú staða sem er uppi núna. Allir hér inni vita að það er ekki skynsamlegt við aðstæður sem þessar, ekki skynsamlegt þegar við erum að fara í erfiða fjárlagavinnu, ekki skynsamlegt af því að við erum að vinna okkur út úr þeim vanda sem er til staðar, að fara í kosningar. Allir sem hlustuðu á ræður stjórnarandstæðinga hér áttuðu sig á því að það var afskaplega lítil sannfæring á bak við talið um þessa tillögu.

Virðulegi forseti. Ég held að öllum sé ljóst, svo sannarlega þeim sem fluttu þessa tillögu, að hún var ekki gerð til þess að samþykkja hana. Því miður, virðulegi forseti, sáu menn ástæðu til þess og duttu í þá freistni að taka heilan dag við þessar erfiðu aðstæður til að fara í einhvers konar umræður sem hafa verið líkari eldhúsdagsumræðum en nokkurn tíma umræðum um jafnalvarlegt mál og jafnalvarlega tillögu og raun ber vitni. Virðulegi forseti. Það er ekki gott. Það verður hins vegar ekki aftur tekið og það er mikilvægt að við ljúkum þessu máli og förum síðan að vinna fyrir þjóðina, það eru mörg verkefni fram undan og ég vonast til þess að það verði sem best samstaða meðal þingmanna um að vinna að þeim verkefnum sem við svo sannarlega erum sammála um og eru þjóðinni til heilla. (Gripið fram í.)

[18:03]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir innihaldsríka og málefnalega ræðu. Ég hefði samt haldið að stjórnarliðar hefðu kosið á þessum degi að verja tíma sínum í annað en að lesa upp úr landafræðibókum svo ég lýsi yfir vonbrigðum. Ég varð líka fyrir miklum vonbrigðum með ræðu hæstv. dómsmálaráðherra áðan þegar hann leitaði svara við því hvers vegna ætti að samþykkja þingsályktun um vantraust á ríkisstjórnina. Hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra ætti að vera ljóst að stjórnvöld sækja umboð sitt til fólksins í landinu. Það umboð hefur ríkisstjórnin ekki lengur og um það snýst tillagan. Hún snýst um það að almenningur treystir ekki fólki sem treystir sér ekki til að skipta um seðlabankastjóra. Það treystir ekki fólki sem nýtir hernaðaráætlanir til að slá skjaldborg um forstjóra Fjármálaeftirlitsins svo fjölmiðlar geti ekki spurt hann óþægilegra spurninga. (Gripið fram í.) Það treystir ekki fólki sem kemur sér ekki saman um peningamálastjórn og það treystir ekki fólki sem keppist við að selja eigið ágæti þótt verk þess sýni allt annað og ágætið sé löngu horfið.

Kannski er tímabært að spyrja formann Samfylkingarinnar út í Borgarnesræðurnar. Hvar eru samræðurnar, frjálslynda lýðræðið og umburðarlyndið? Hvar eru nýju leikreglurnar, nýja inntakið og nýja ímyndin? Hvar er nútímaleg og árangursrík stjórnsýsla ríkisins? Hvað varð um loforðin um að verða raunverulegt mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn? Samfylkingin flutti á fyrsta degi inn í Valhöll og tók upp stefnu hans. Hún bráðnaði eins og páskaegg í sólskini við fyrsta kossinn undir gömlum húsvegg á Þingvöllum.

Samfylkingin ætlaði sér örugglega meira í samstarfi við íhaldið. En nú stendur hún, virðulegi forseti, í þingsal, geltir eins og smárakki á bolabítinn öðru hvoru og eltir hann þess á milli með skottið á milli lappanna.

Virðulegi forseti. Á þeim stutta tíma sem ég hef átt sæti á hinu háa Alþingi hefur mér orðið tíðrætt um vinnubrögð, sem miða að því að örfáir útvaldir, miðaldra gæðingar sitja að völdum og deila þeim á milli sín eins og ránsfeng. Vinnubrögð sem kostað hafa þjóðina morðfjár. Það er liðin tíð að slíkt geti viðgengist í upplýstu, vel menntuðu og vel meinandi samfélagi.

Í umræðu sem hér fór fram fyrir nokkrum dögum gat hæstv. ríkisstjórn ekki séð sér fært að taka þátt í umræðunni um neyðarlánið mikla frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum nema rétt framan af degi. Þingmennirnir sem viðruðu skoðanir sínar á samningi um 700 milljarða kr. lán sem sjálfstæðismenn gerðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn án nokkurrar þátttöku Alþingis töluðu fyrir tómu húsi þegar leið á daginn. Við það að einn einasti áhorfandi prílaði upp á bekk í húsinu fjölgaði í þingsalnum um 20%, úr fimm í sex að meðtöldum hæstv. forseta. Hvar var ríkisstjórnin daginn sem löggjafarþingið ræddi um hennar eigin tillögur um lántöku sem leggja mun þungar byrðar á komandi kynslóðir? Hvar var hún, hæstv. forseti? Fannst ríkisstjórninni kannski að þingið væri aukaatriði í þessu öllu saman, hún færi hvort sem er með öll völd, að þingið væri leiðinlegt formsatriði. Alls staðar í samfélaginu hefur fólk slíðrað pólitísk sverð og tekið höndum saman við að leita lausna á vandamálum. Sveitarfélögin hafa farið þar á undan með góðu fordæmi og þar eru víðast hvar allir kraftar vel nýttir. Slíkum vinnubrögðum er ekki fyrir að fara hér, virðulegi forseti. Þegar mest ríður á er flestum þeirra fulltrúa sem falið var löggjafarvaldið af þjóðinni haldið í myrkrinu og þeir lesa um helstu tíðindi í fjölmiðlum, eins og ekki sé full þörf á að nýta margt af því góða fólki sem hér situr. En ríkisstjórn landsins hefur ekki kjark til að kalla fleiri að borðinu. Hún hefur ekki dug til að leysa sjálf úr þeim hnútum sem hún svo vandlega hnýtti á meðan hún sat að tedrykkju framan af árinu og hún hefur heldur ekki þor til að stíga til hliðar og leyfa fólkinu í landinu að endurnýja umboð hennar. Eða ekki. Við hvað er hún hrædd? Að ástandið verði verra? Lengi getur vont versnað, virðulegi forseti. Fólkið í landinu er einmitt hrætt um það og þess vegna vill það skipta um

stjórn. Það vill ný vinnubrögð, það vill djörfung og dug en ekki fleiri innihaldslausar klisjur eins og boðið hefur verið upp á í dag.

Virðulegi forseti. Ég held því ekki fram að núverandi ríkisstjórn sé illa meinandi, alls ekki. Ég held að þar sitji upp til hópa fólk sem vill virkilega leggja sig fram um að gera vel og meira að segja held ég að hæstv. dómsmálaráðherra hafi verið full alvara þegar hann talaði um meintan skort á málefnum varðandi umræðuna sem hér fer fram. En ríkisstjórninni eru dálítið mislagðar hendur í því vegna þess að ef hún er vel meinandi þá verður hún að viðurkenna að hún ræður ekki við verkefnið sem fólkið í landinu fól henni. Þó að kjörtímabilið sé fjögur ár er samt sem áður gert ráð fyrir því að hægt sé að rjúfa þing og boða til nýrra kosninga, það þarf engin geimvísindi til að finna það út.

Mönnum hefur verið tíðrætt um 6. október og samstöðu sem sýnd var í þinginu þann dag. Það var ekki samstaða með ríkisstjórninni sem framsóknarmenn sýndu þann 6. október þegar þeir stóðu frammi fyrir neyðarlögunum miklu. Það var samstaða sem framsóknarmenn sýndu fólkinu í landinu, enda var ekkert annað í boði. Það var ekkert plan B hjá ríkisstjórninni frekar en áður. Það er rétt hjá hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra að á þessum tímapunkti eru ekki kjöraðstæður til að rjúfa þing og boða til kosninga í miðri björgunaraðgerð. En megnið af fólkinu í landinu treystir því ekki að það lifi björgunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar af. Það hefur séð vinnubrögð hennar framan af og veit að fyrst reynir maður að fyrirbyggja slys og svo reynir maður að koma í veg fyrir frekari slys. Þetta veit hvert mannsbarn en hvorugt tókst ríkisstjórn landsins og ég spyr: Ættu ekki þeir sem raunverulega veita umboðið að njóta vafans? Leiðin er greið, kæru vinir, og nákvæmlega ekkert sem stoppar ykkur nema ykkar eigin hagsmunir. Það er efsti hnappurinn í borðinu hjá ykkur sem merktur er já.

[18:10]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Sundruð og sundurlaus stjórnarandstaða boðar vantraust á ríkisstjórnina og hyggst bjóða sjálfa sig fram sem valkost í kosningum fyrir áramót eða jafnvel fyrir jól. Ég vil fyrir mína parta segja að mikið ábyrgðarleysi væri að lama stjórnsýsluna og stjórnmálin á þessari ögurstund í íslensku þjóðfélagi. Ekki nóg með að framboðsmál mundu taka allnokkurn tíma fram að kosningum heldur yrði stjórnsýslan lömuð meðan á stjórnarmyndun stæði og í nokkurn tíma eftir að ný ríkisstjórn tæki við. Það er ekki hægt að bjóða fólki upp á svona vinnubrögð, virðulegi forseti. Upp á hvað býður svo stjórnarandstaðan? Er það fumleysi og vönduð vinnubrögð samþykktrar forustu Framsóknarflokksins, flokks innbyrðis deilna sem er á hverfanda hveli í íslenskum stjórnmálum? Eða er það framtíðarsýn Vinstri grænna sem felst í því að vera á móti nánast öllu og mest á móti útlöndum og tekur aldrei ábyrgð og tekur aldrei afstöðu, enda er forustumaður þeirra Íslandsmeistari í stjórnarandstöðu? Eða er það umburðarlyndið og manngæskan í margklofnum Frjálslynda flokknum? Ég spyr. Værum við kannski betur stödd með hv. þm. Jón Magnússon sem félagsmálaráðherra í stað hæstv. ráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur? (**Gripið fram í:** Örugglega.) Væri íslenskt þjóðfélag í stakasta lagi ef okkur hefði hugkvæmst að setja þessa ágætu menn í ríkisstjórn? Væri ekki allt í himnalagi ef einkavinirnir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og seðlabankastjóri gætu stjórnað landinu saman? Það yrði heldur en ekki málefnaleg samstaða á milli Stjórnarráðsins og Svörtulofta. Seðlabankastjóri gæti þannig gætt að efnahagsmálum og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon (Gripið fram í.) haldið áfram að vanda um fyrir þjóðinni í anda hótelstjórans Georgs Bjarnfreðarsonar í Dagvaktinni með hugmyndum sínum um netlöggur og öðrum slíkum sniðuglegheitum, sem er það eina sem hv. þingmaður hefur lagt fram. Þá kæmi ekki til tals að skipta út krónunni, enginn mundi tala um Evrópusambandið, hvað þá að taka lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hver er framtíðarsýn Vinstri grænna? Hvað vilja Vinstri grænir gera við Seðlabankann? Væri hægt að fá svör við því, hæstv. forseti? Upp á hvað er boðið? Lýðskrum og ekkert annað en lýðskrum. Telur stjórnarandstaðan að það sé henni virkilega til framdráttar að eyða tíma þingsins í svona uppákomur?

Hæstv. forseti. Framsóknarmenn sendu á dögunum bréf til Valgerðar Sverrisdóttur, sem varð formaður flokksins með hálftímafyrirvara, þar sem hún er hvött til að hugleiða hvaða áhrif félagslegur og pólitískur framgangur hennar hefur haft fyrir þjóðina og Framsóknarflokkinn. Hún er þar af sínum eigin flokksmönnum kölluð til ábyrgðar fyrir einkavæðingu ríkisbankanna og regluverkið sem fyrrverandi ráðherra bankamála. Ætlar hún kannski að bjóða sig fram til að sjá um slíkt aftur? Miðla af reynslu sinni þjóðinni til heilla eða þess þó heldur? Nei, herra forseti. Það sér hver maður að ekki stendur steinn yfir steini í Framsóknarflokknum og þar sópa heilu kjördæmin út öllum þingmönnum sínum í einni og sömu vikunni, enda hefur flokkurinn álíka mikið fylgi samkvæmt skoðanakönnun og Frjálslyndi flokkurinn eða rétt rúm 5%. (Gripið fram í.) Er margklofinn Framsóknarflokkur hæfur til forustu? Nei og aftur nei. Ég er sammála hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem segir að fólkið hafi talað í skoðanakönnunum, alla vega gagnvart Framsóknarflokknum.

Frjálslyndi flokkurinn virðist vera og er friðsamur við hliðina á Framsóknarflokknum en þar logar þó stafnanna á milli í hatrömmum bræðravígum og má segja að flokkurinn hafi orðið fyrir fjandsamlegri yfirtöku. Er Frjálslyndi flokkurinn það sem þjóðin þarf á að halda núna? Nei og aftur nei. (**Gripið fram í:** Jú.)

Herra forseti. Það sem þjóðin þarfnast núna er ríkisstjórn sem sýnir staðfestu, úthald og samheldni og það mun núverandi hæstv. ríkisstjórn gera. Það er eðlilegt, virðulegi forseti, að þegar á móti blási sé fólki í landinu órótt en það mun ekki bæta ástandið að boða til kosninga. Núverandi stjórnarflokkar munu einbeita sér að því að koma okkur út úr erfiðleikunum og þangað til kemur ekki annað til greina í mínum huga en standa í báða fætur og klára vinnu okkar við að leiða land og þjóð út úr kreppunni. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) (**Gripið fram í:** Þetta var glæsileg ræða.) (**Gripið fram í:** Flott ræða.)

[18:15]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ekki eru nema u.þ.b. sjö vikur síðan þingið afgreiddi neyðarlög og hv. Alþingi afgreiðir ekki

neyðarlög nema vegna þess að það er neyðarástand og því ástandi hefur ekki linnt. Það er búið að vera neyðarástand og ríkisstjórnin hefur verið á fullu við að vinna úr því ástandi. Það ástand hefur endurspeglast í öllu samfélaginu. Það endurspeglast á mótmælafundum og endurspeglast á nánast öllum heimilum í landinu. Þetta er sú staða sem upp er komin í kjölfar þess sem hér hefur átt sér stað. Hér varð algjört kerfishrun og úr þeirri stöðu er verið að reyna að vinna.

Ég leyfi mér að fullyrða hér, virðulegi forseti, að sagnfræðingar framtíðarinnar munu örugglega komast að því að ríkisstjórnin hafi gert einhver mistök á þessari vegferð, alveg klárlega, en menn munu einnig komast að því að ríkisstjórnin hafi verið á réttri leið og þannig er það bara í lífinu. Ríkisstjórnin er að gera eins vel og hún getur og mun halda áfram á þeirri vegferð en einmitt á þeirri vegferð, í miðri þeirri vinnu er lögð fram vantrauststillaga á þinginu. Það er mjög athyglisvert og að minni hyggju ekki til þess fallið að kalla fram nauðsynlega samstöðu til að vinna okkur úr þeirri stöðu sem við nú erum í.

Ég hef hlýtt á umræðuna í allan dag og ég hef leitað eftir því hvað það er í raun og veru, hvaða hugmyndir eða tillögur hafi komið fram m.a. hjá stjórnarandstöðunni. Ég hef ekki, virðulegi forseti, orðið var við að þar mætti greina nokkuð sem kalla mætti plan B, sem stundum hefur verið kallað eftir í umræðum á þinginu, þ.e. einhverja aðra leið. Hins vegar hefur verið fundið að öllu sem gert hefur verið en ekki bent á neitt annað, ekki neitt sem hugsanlega hefði mátt ráðast í sem betur mætti fara. Hér hefur verið gagnrýnt mjög harðlega að tekið hafi verið stórt lán til að koma gjaldeyrismarkaðnum af stað á ný en enginn hefur bent á aðra leið til að koma sama markaði af stað, sem er forsenda þess að fá verð á krónuna, forsenda þess að okkur takist að vinna á verðbólgunni eins og nú er, forsenda þess að ná niður skuldum heimilanna. Hér hefur ekkert verið lagt til og maður hlýtur að spyrja eftir alla þessa umræðu um hvað ætti að kjósa. Hvaða hugmyndir hefur stjórnarandstaðan lagt fram hér sem kjósa ætti um?

Það hefur ekkert komið fram. Umræðan hefur fyrst og fremst verið um fortíðina, umræðan hefur verið um það sem liðið er. Hér hafa engin svör komið fram um hvert skuli stefna, engin svör um það hvort stefna eigi að nánari Evrópusambandsaðild eða hvert eigi að fara. Fram undan eru landsfundir eða stórir fundir hjá tveimur flokkum sem án efa munu að einhverju leyti greiða úr þessari stöðu. (**Gripið fram í:** Viltu ekki kosningar?)

Virðulegi forseti. Að minni hyggju hefur ekkert komið fram hér sem réttlætir þessa tillögu. Það hefur reyndar komið fram, og ég hef tekið eftir því að hv. þingmenn hafa ítrekað vísað til þess, að skoðanakannanir bendi til að ríkisstjórnin njóti ekki trausts. Síðasta skoðanakönnun sem ég hjó eftir sýndi u.þ.b. 31% fylgi, sem er ekki mikið, en í sömu skoðanakönnun kom einnig fram að tveir flokkar af þremur sem leggja þessa tillögu fram njóta samanlagt u.þ.b. 9–10% fylgis. Ef við eigum að draga ályktun af þessum skoðanakönnunum eiga þá forustumenn þessara flokka að segja af sér eða (Gripið fram í.) hvernig ætla menn að leggja út af þessu? (**Gripið fram í:** Nýja flokka.) Hér er kallað fram í, nýja flokka. Ef til að mynda þessi tillaga væri samþykkt gæfist enginn tími til að stofna nýja flokka (Gripið fram í.) einfaldlega vegna þess að hér er gert ráð fyrir að kosið verði núna, væntanlega á aðventunni eða hvað? (Gripið fram í.) Með góðum vilja má hugsanlega túlka tillöguna þannig að það eigi ekki að kjósa fyrr en í febrúar og ég er nokkuð viss um að það er ekki langur tími fyrir nýja aðila til að skipuleggja framboð í öllum kjördæmum og það væri ekki lýðræðislegt gagnvart nýjum aðilum ef ætlunin er að samþykkja þessa tillögu.

Virðulegi forseti. Við stöndum frammi fyrir kerfishruni, við stöndum frammi fyrir því að byggja upp nýtt Ísland og ég held að leiðin til þess sé ekki sú að fara í kosningar á þessari stundu.

[18:20]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég óttast spillingu í nýju bönkunum og ég er ekki ánægður með ef fara á að taka hluta út úr fyrirtækjunum og selja fyrir slikk einhverjum flokksgæðingum. Ég hef áhyggjur af sparisjóðakerfinu í landinu og ég hef áhyggjur af því að byrjað sé að skera niður í velferðarkerfinu. Nýtt Ísland þarf að nýta allar auðlindir sínar og skapa atvinnu og tekjur fyrir þjóðina. Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til að það verði gert með því að nýta allar auðlindir til sjós og lands. Við þurfum að auka nýsköpun. Kosningar á nýju ári eru nauðsynlegar, fólkið sem mótmælir á laugardögum á Austurvelli mun knýja fram kosningar. Fólkið mun sigra að lokum. Ríkisstjórnin er ónýt til allra verka.

[18:21]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Tillaga þessi um vantraust á ríkisstjórnina, þingrof og nýjar kosningar er eðlileg og hún er þingræðisleg. Viðbrögð hv. stjórnarliða eru hins vegar athyglisverð. Sterk ríkisstjórn, samhent ríkisstjórn, ríkisstjórn sem er örugg með sig fagnar vantrauststillögu, hún fellir hana og telur að hún standi sterkari eftir. Hér bregðast stjórnarliðar öðruvísi við. Þeir væla, þeir kvarta og kveina yfir því að fá á sig vantraust og finna því allt til foráttu. Það er ekki mikil reisn yfir því.

Hæstv. heilbrigðisráðherra segir það óðs manns æði að kjósa í efnahagskreppu og bætir því við að það sé efnahagskreppa um allan heim. Vill þá hæstv. heilbrigðisráðherra Guðlaugur Þór Þórðarson banna kosningar í heiminum næstu árin á meðan efnahagskreppan gengur yfir?

Þvættingi Björns Bjarnasonar, hæstv. dómsmálaráðherra, um að ég standi sérstaklega gegn því að rannsókn fari fram á orsökum og afleiðingum banka- og fjármálahrunsins vísa ég til föðurhúsanna. Hæstv. dómsmálaráðherra, sem með miklu frumhlaupi skrifaði ríkissaksóknara og setti sérstakan saksóknara sem síðan sagði sig frá verkinu þannig að ráðherrann varð að athlægi, kastar steinum úr glerhúsi. Ég frábið mér það að hæstv. dómsmálaráðherra fari hér með dylgjur eða slúður um slíka hluti. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur ekki setið á einum einasta fundi um þetta mál og ég kannast ekki við hans málflutning. (**Gripið fram í:** Hann er grjótkastarinn.) Ég vil segja hins vegar og það er rétt að ég stend fast í fæturna hvað það

varðar að þessi rannsókn verði alvörurannsókn en ekki kattarþvottur fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Haldi Sjálfstæðisflokkurinn eða Björn Bjarnason að þeir geti haft þetta eins og í gamla daga, að flokkurinn geti bara haft þetta hjá sér og rannsakað sjálfan sig, þá segi ég: Verði þeim að góðu. Haldi ríkisstjórnin að hún geti rannsakað þessa atburði og ábyrgð sína á þeim, bara ein og sér, þá segi ég: Verði þeim að góðu. Þjóðin mun ekki kaupa það.

Ég neyðist til að gera athugasemd við málflutning hæstv. umhverfisráðherra sem með ákaflega ósmekklegum hætti sagði að meira að segja að vinstri grænir stæðu fyrir sérstakri andúð á útlendingum. Ekkert er fjær sanni. Þetta er fullkomlega óboðlegur málflutningur og enginn flokkur hefur flutt fleiri tillögur á Alþingi á undanförnum þingum en við einmitt um réttindi útlendinga og að sómasamlega sé tekið á móti þeim.

Eina málsvörn ríkisstjórnarinnar hér er sú að hún standi í svo mikilvægum björgunarleiðangri og svo er það þetta með óvissuna sem kosningar skapa. Þá má spyrja tveggja spurninga: Er ríkisstjórninni að takast björgunarverkefnið vel? Svari hver fyrir sig. Það má líka spyrja: Getur óvissan aukist? Ég held að svarið sé nei við báðum spurningunum. Ríkisstjórnin þarf líka að svara því: Heldur hún að henni takist ætlunarverkið án stuðnings þjóðarinnar? Ætlar hún að gera þetta í andstöðu við þjóðina? Telur ríkisstjórnin að hún geti gert þetta þegar hún nýtur ekki trausts? Svarið er augljóst.

Hvað er svona voðalegt við kosningar? Kusu ekki Bandaríkjamenn í fyrri hluta nóvembermánaðar? Jú. Gerðu þeir það ekki í miðri kreppunni hjá sér og miðjum björgunarleiðangrinum? Og við hvað bindur bandaríska þjóðin núna vonir? Nýja ríkisstjórn með nýtt prógramm. Það er það sem við þurfum hér en ekki þetta þreytta lið sem búið er að klúðra málum, það er ekki trúverðugt. Stjórnarandstaðan hefur staðið hér að verki með ábyrgum hætti, við buðum upp á þjóðstjórn, við buðum upp á samstarf og við héldum að okkur höndum lengi vel í nóvembermánuði en nú er nóg komið. Við erum hér málsvarar þess mikla meiri hluta þjóðarinnar sem vill breytingar og þær verða ekki nema með kosningum. Samfylkingin verður að horfast í augu við það að hún getur ekki bæði verið og farið, bæði setið og staðið. Hún ber núna ábyrgð á því að Sjálfstæðisflokkurinn er enn við völd á Íslandi og ætlar sjálfsagt að gera það hér með atkvæði sínu á eftir. Það er ekki hátt risið á því.

Verkefnið fram undan er erfitt. Það er mikið en það mun takast (Forseti hringir.) ef ný ríkisstjórn með nýtt umboð frá þjóðinni fær hana á bak við sig (Forseti hringir.) í það að endurreisa Ísland sem nú er hrunið í höndunum á þessari ríkisstjórn.

[18:25]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Það líður að lokum þessarar misheppnuðu umræðu í dag sem stjórnarandstaðan hefur efnt til. Hér er í ljós leitt að stjórnarandstaðan er ekki sammála um neitt nema að vera ósammála innbyrðis og leggjast gegn hlutum sem ríkisstjórnin leggur til og þó er hún ekki einu sinni sammála um það vegna þess að ýmsir aðilar í stjórnarandstöðunni, sérstaklega Framsóknarflokkurinn, hafa stutt dyggilega við bakið á ýmsu því sem ríkisstjórnin hefur verið að beita sér fyrir að undanförnu og fagna ég því sérstaklega.

Ég gat þess í ræðu minni í dag að vinstri grænir eru byrjaðir að telja upp úr atkvæðakössunum á grundvelli þeirra skoðanakannana sem gerðar hafa verið. Það er mikill misskilningur. Framsóknarflokkurinn reynir að breiða yfir það hvernig sundurlyndisfjandinn hefur leikið þann flokk, svo sorglegt sem það er að fylgjast með þeirri þróun, og ekki veit ég í hvaða leiðangri Frjálslyndi flokkurinn er með þessari tillögu. (**Gripið fram í:** En Sjálfstæðisflokkurinn?)

Sannleikurinn er sá, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin er með fangið fullt af verkefnum til að vinna þjóðina út úr þeim vanda sem við er að fást. Þessi umræða, ef eitthvað er, hefur þjappað ríkisstjórninni og stuðningsmönnum hennar í þingflokkunum saman í þeirri baráttu. Þeir sem hafa fylgst með málum vita að við höfum gert samning ekki bara við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn heldur við ýmsar vinaþjóðir okkar. Frjálslyndir og ég tala nú ekki um vinstri græna hafa talað mikið fyrir því að við eigum að leita liðsinnis á Norðurlöndum og annars staðar, en nú haga þessir ágætu þingmenn sér eins og þeir geri sér ekki grein fyrir því að þaðan er enga fyrirgreiðslu að fá fyrr en eftir að fyrsta endurskoðun á áfangaskýrslu fer fram á aðgerðaáætluninni sem við höfum orðið sammála um að ráðast í ásamt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Hvenær gerist það? Jú, það er í febrúarmánuði. Þá vilja þessir ágætu menn, ef marka má þeirra eigin orð — þó að það standi nú ekki í þeirra tillögu — vera hér í miðri kosningabaráttu og hafa séð til þess í millitíðinni að það væri ekki búið að gera neitt sem þarf að gera næstu þrjá mánuðina. Það er það sem felst í tillögunni frá þeim. Þeir geta staðið hér og æst sig, eins og þeir gera alltaf, þessir ágætu vinir okkar, formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem lemur utan ræðustólinn hér í hvert skipti sem hann er að ljúka ræðu sinni milli þess sem hann hækkar röddina og ... (Gripið fram í.) Já, gerðu svo vel. (Gripið fram í.) Ég er ekki hræddur við þjóðina, hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Ég er ekki hræddur við þjóðina en þingflokkur Vinstri grænna — (**Gripið fram í:** … við lýðræðið.) man þingmaðurinn eftir dagblaði sem hét *Þjóðviljinn* og var einu sinni (Gripið fram í.) gefið út af flokksbræðrum hv. þingmanns? Hvenær talaði það virðulega blað í nafni þjóðarinnar þannig að réttnefni væri? Menn taka sér stundum meiri og digrari yfirlýsingar í munn en þeir geta staðið við, það er því miður þannig. (Gripið fram í.) Við höfum ákveðið kosningakerfi, hv. þingmaður og virðulegu þingmenn, sem byggir á því að kjósa á fjögurra ára fresti nema eitthvað sérstakt komi upp á. (Gripið fram í.) Þær aðstæður eru ekki fyrir hendi núna með þeim hætti sem hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lýsa hér.

Virðulegi forseti. Við munum vísa þessari tillögu þangað sem hún á heima, þ.e. við munum fella hana, en í staðinn er lýst yfir einu allsherjarvantrausti á stjórnarandstöðuna á Alþingi.

[18:29]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja út af orðum hæstv. forsætisráðherra að auðvitað reyna framsóknarmenn að láta gott af sér leiða ef hægt er, vegna þess að hann hafði sérstaklega orð á því að Framsóknarflokkurinn hefði stutt eitthvað af því sem kom frá ríkisstjórninni. En það hefur verið annar bragur á þessari umræðu en við eigum að venjast hér og einhverra hluta vegna hafa samfylkingarmenn haft sig hæga gagnvart sjálfstæðismönnum. Það var greinilega búið að æfa liðið dálítið, æfa kórinn. En það er þá kannski ekki til einskis barist ef það verður meiri friður á stjórnarheimilinu að lokinni þessari umræðu.

Hæstv. umhverfisráðherra sagði að hún ætti ekki samleið með Vinstri grænum í pólitík. Ég gat ekki skilið hana betur og þá var ég eiginlega dálítið hissa því mér finnst hún einmitt eiga mikla samleið með Vinstri grænum við að stoppa álversframkvæmdir og annað slíkt. (Gripið fram í.) En hún sagði líka að í tíð Framsóknar hefðu verið sett ný lög um Fjármálaeftirlitið og það er hárrétt. Það eru lög sem voru sett í minni tíð. Það er þannig að Fjármálaeftirlitið er sjálfstæðari stofnun eftir að þau lög voru sett en það var eitt af því sem hæstv. núverandi félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir gat aldrei skilið því hún kom stanslaust upp í þennan ræðustól og óskaði eftir því að ég beindi hinu og þessu til Fjármálaeftirlitsins sem var bara náttúrlega púra pólitík. En þannig er það ekki. Fjármálaeftirlitið starfar sjálfstætt án þess að stjórnmálin skipti sér af því. Ég vona að það sé þannig enn þá. Ég segi bara að ég vona það.

Síðan kom hæstv. utanríkisráðherra og sagði að íslensku bankarnir hefðu staðist álagspróf í nóvember 2007, þ.e. eftir kosningar, eftir að Samfylkingin tekur við. En samt hélt hún því fram að í minni tíð, í tíð Framsóknarflokksins í ríkisstjórn hefði verið hægt að bregðast við lánsfjárkreppunni sem alls ekki var hafin.

Seðlabankastjóri hélt enga fundi með ráðherrum Framsóknarflokksins til að vara þá við hugsanlegu hruni bankanna, svo mikið er víst. En það þýðir ekki fyrir samfylkingarfólk að reyna að koma ábyrgðinni yfir á aðra. Það kemur mér reyndar ekki alveg á óvart að það sé reynt miðað við það innræti sem gjarnan hefur fylgt krötum í íslenskri pólitík (Gripið fram í.) og þegar hæstv. samgönguráðherra talaði hér áðan, (Gripið fram í.) þá kom hann fram sem hv. þm. Kristján Möller. Ég kannast vel við hann frá síðasta kjörtímabili. Ég ætla bara að segja það.

Svör við því hvar ábyrgðin liggur munu koma í framhaldi af þeirri vinnu sem nú er að fara í gang, þeirri rannsóknarvinnu og það verður skilað skýrslu eftir um það bil ár og þar getum við lesið allt um það og þurfum ekki að hafa fleiri orð um það hér.

Svo er það hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson. Hann fór hér mikinn og var dálítið óheppinn að hann skyldi fara að tala um það þegar hann stóð á pöllunum og hrópaði á þingheim vegna breytinga á lögum um LÍN því það gerðist nefnilega einmitt á hans vakt þegar hann var umhverfisráðherra að það var hrópað og púað á hann af pöllunum þegar Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur voru að breyta lögunum um LÍN námsmönnum mjög í óhag.

Ég lýsi ánægju með það að hæstv. utanríkisráðherra nefndi það að fyrirtækin í landinu væru í kröppum dansi og það gefur mér þá von og trú að það eigi eitthvað að taka á málefnum fyrirtækjanna og kannski líka sveitarfélaganna sem eru í miklum erfiðleikum að geta rekið sig og eins og allir vita þá hafa þau mjög mikilvægu hlutverki að gegna í sambandi við alla nærþjónustu.

Að síðustu, hæstv. forseti, vil ég segja að pólitíkin snýst mikið um samkeppnishæfni og þannig var það alla vega þegar Framsóknarflokkurinn var í ríkisstjórn að við lögðum mikla áherslu á samkeppnishæfni. Nú stöndum við frammi fyrir því að halda unga glæsilega fólkinu okkar í landinu. Um það mun pólitíkin snúast á (Forseti hringir.) næstu vikum að leggja sig fram um að það megi takast, þ.e. þeirra valdhafa sem munu taka við eftir að þessari atkvæðagreiðslu lýkur.

[18:34]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Umræðurnar um vantrauststillöguna á ríkisstjórnina hafa nú staðið yfir í rúmar fimm klukkustundir. Ég hef hlustað grannt í dag og ég verð að viðurkenna að ég er ekki miklu nær um það út á hvað þessi vantrauststillaga gengur, hver rökstuðningurinn sé fyrir vantraustinu. Auðvitað vekur það athygli okkar að það er enginn rökstuðningur á pappírunum. En látum það liggja á milli hluta. (Gripið fram í.) Nei, ég geri líka ráð fyrir því að miðað við málflutninginn hér hafi menn ekki getað komið sér saman um hann, enda hefur hann (Gripið fram í.) komið mjög úr mismunandi áttum. Það sem vekur athygli okkar er að það hefur ekkert komið fram hérna hvað hafi ranglega verið gert af þessari ríkisstjórn eftir að hrunið mikla hófst. (**Gripið fram í:** Nú!) Voru það lögin? Voru það neyðarlögin? Nei. Voru það skilanefndirnar? Nei. (Gripið fram í.) Var það skiptingin í gömlu bankana og nýju bankana og eftirlitið með því? (Gripið fram í.) Nei, það hefur ekki komið fram. Er það vinnan við aðgerðir í þágu heimilanna? Nei, það átti bara að gera annað. Það átti að gera það öðruvísi, en það voru ekki þeir hlutir. Er það það sem er verið að vinna að því að bæta gjaldeyrismarkaðinn? Nei, það hefur ekki komið fram hér þannig (Gripið fram í.) að það hefur ekki komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar hér hvað hafi ranglega verið gert og hver sé forsendan þar af leiðandi fyrir vantraustinu (**ÖJ:** Ábyrgð ykkar í hruninu.) og (**ÖJ:** Ábyrgð ykkar í hruninu.) breytir engu ... (**ÖJ:** Ábyrgð ykkar í hruninu.) breytir engu ... (**ÖJ:** Ábyrgð ykkar í hruninu.) Það breytir engu þó að ...

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gefa hljóð.)

Það breytir engu þó að gammar úr Vinstri grænum hrópi hér og kalli (Gripið fram í.) — þá breytir það engu um það að þessi röksemdafærsla hefur ekki komið hér fram og skilað sér í umræðunni.

Það sem mér finnst hins vegar hafa skilað sér í þessari umræðu og vakti athygli mína var þegar hv. þm. Lúðvík Bergvinsson benti á hvað þessi tillaga þeirra væri í rauninni ólýðræðisleg vegna þess að hún gerir ráð fyrir því að það verði kosið fyrir áramót (**Gripið fram í:** Nei.) og þar af leiðandi ... (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Tillagan gengur

út á það, virðulegi forseti, að það verði kosið fyrir áramót og það vita allir sem þekkja (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) stjórnarskrána og þekkja lögin. (**Gripið fram í:** Þú þolir ekki sannleikann.) Og það er vegna þess að það er ekki gert ráð fyrir að það verði rými fyrir önnur framboð sem gætu hugsanlega skákað einhverjum til af þeim sem eru í stjórnarandstöðunni ef þetta næði fram að ganga. (**Gripið fram í:** Þetta er málefnalegt.) Þetta verða menn bara að horfast í augu við að þeir eru að leggja til hvort sem þeim líkar það betur eða verr.

Virðulegur forseti. Þetta tvennt hefur komið skýrt fram í dag, annars vegar hvað tillagan er ólýðræðisleg og hins vegar að það hefur enginn rökstuðningur komið fyrir því hvað hafi ranglega verið gert. Hins vegar hafa menn talað um skoðanakannanir og hvernig ríkisstjórnin standi í þeim. En það geta nú ekki verið rök fyrir kosningum. (Gripið fram í.)

Virðulegur forseti. Það er vissulega þannig að þessi þjóð á í ákveðnum vanda. Hún á í ákveðnum vanda vegna þeirrar stöðu sem upp er komin og það eru margir sem eiga um sárt að binda, fólk sem hefur tapað sparnaðinum sínum, fólk sem er að tapa vinnunni, fólk sem er að fá þyngri skuldabagga, fyrirtæki sem stefna í gjaldþrot. Þetta er vandinn sem við erum að glíma við og (Gripið fram í.) þetta er vandinn sem við þurfum að takast á við á næstu vikum og mánuðum. (Gripið fram í.) Það er vandinn sem ríkisstjórnin ætlar að vinna að en við ætlum ekki að láta óttann ná tökum á okkur og við ætlum ekki að taka þátt í því með stjórnarandstöðunni að ala á ótta hjá fólkinu. Hann er nægur fyrir og (**ÖJ:** Það eruð þið sem óttist fólkið.) það er óttinn, (**ÖJ:** Þið óttist fólkið.) virðulegur forseti — Ögmundur getur talað á útifundum (**Gripið fram í:** Hvar er lýðræðið?) en hann getur kannski látið okkur hinum eftir að tala í ræðupúltinu — óttinn étur sálina og ef fólkið gefur sig óttanum á vald þá missum við kjölfestuna og missum sjálfsmyndina. Þess vegna verðum við að takast á við óttann og við verðum að vinna okkur í gegnum þau vandamál sem við stöndum andspænis. (Gripið fram í.) Við munum safna kröftum hratt og vel (Forseti hringir.) og við munum standa fyrir því samhenta átaki sem þessi þjóð þarf á að halda til að vinna sig í gegnum þennan vanda. Hávaði, virðulegur forseti, brigslyrði (Forseti hringir.) eins og við höfum heyrt hér í dag eru engin lausn á vandanum, ekki einu sinni útifundaræður í þingsal. (**ÖJ:** Lýðræðið er lausnin og þið óttist það.)

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn að gefa gott hljóð.)

[18:38]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Það er einhver meiri háttar misskilningur hjá talsmönnum ríkisstjórnarinnar að tala um að það verði kosið á aðventunni nái tillagan fram að ganga. Það er einfaldlega þannig að nái hún fram að ganga þá er miðað við að það verði kosið um miðjan febrúar. Það er einu sinni þannig.

Hæstv. ráðherra Kristján L. Möller sagði: „Hvað mundi hafa breyst ef Jón Magnússon væri félagsmálaráðherra í staðinn fyrir Jóhönnu Sigurðardóttur?“ (Gripið fram í.) Ég skal svara því. Það er einu sinni þannig (Gripið fram í.) að Jóhanna Sigurðardóttir er einn af mínum uppáhaldsráðherrum og hefur staðið vel vaktina. En það væri búið að afnema verðtrygginguna vegna þess að það er það sem ógnar helst hag heimilanna í landinu.

En það er sagt hér af talsmönnum ríkisstjórnarinnar: „Við erum stödd í miðjum björgunarleiðangri.“ Við erum stödd i miðjum björgunarleiðangri og ég spyr: Er það þess vegna sem atvinnulífið er að fara í þrot? Er það þess vegna sem fjölmargar fjölskyldur sjá fram á að geta ekki haldið húsinu sínu? Hvaða björgun hefur ríkisstjórnin við því, hvaða hugmyndir, hvaða tillögur? Engar sem máli skipta og það er það sem skiptir máli og þess vegna þurfum við breytingu. Verðbólgan æðir áfram. Verðtryggðu lánin hækka og hækka, 18% stýrivextir Seðlabanka Íslands eru á góðri leið með að drepa allan eðlilegan atvinnurekstur í landinu. Hv. þm. Samfylkingarinnar Árni Páll Árnason, stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, talaði áðan um gjaldmiðilinn og sagði að gjaldmiðillinn leiddi til hæsta vöruverðs og lána í okkar heimshluta. Ég er sammála honum. Og hann sagði að um væri að ræða gjaldmiðil sem skapar skilyrði fyrir fjármagnseigendur til að mergsjúga atvinnulífið og heimilin í landinu. Ég er enn sammála hv. þingmanni. (**Gripið fram í:** En Vinstri grænir eru á móti.) En það er ríkisstjórnin sem ætlar að setja þennan gjaldmiðil einu sinni enn á flot og stíga nýjan dans með þessum gjaldmiðli. (Gripið fram í.) Ég spyr hv. þm. Árna Pál Árnason: Ætlar hann að halda áfram að styðja þessa ráðlausu, duglausu ríkisstjórn sem ætlar að hafa þennan ónýta gjaldmiðil? Ég segi: Miðað við orð og umgjörð þingmannsins þá er það gersamlega útilokað.

Talsmenn ríkisstjórnarinnar segjast vera í björgunarleiðangri. Það er rangt. Ríkisstjórnin er á leiðinni að leiða nýjar hörmungar yfir þjóðina, því miður. Enn á ný á að taka dansinn í kringum flotkrónuna og láta óprúttna kaupahéðna hér sem erlendis ráða gengisþróun í landinu eins og einn hv. þingmaður stjórnarliðsins, Árni Páll Árnason, réttilega benti á. En það á enn á ný að stíga þennan vonlausa dans. Það á að stíga dansinn um ónýta gjaldmiðilinn sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur ítrekað talað um. Það á að nota þá viðbjóðslegu hækju verðtryggingarinnar sem nú ógnar öryggi heimilanna í landinu. Nei, virðulegi forseti. Þetta er ekki björgunarleiðangur. Þetta er helför ráðþrota ríkisstjórnar að hagsmunum heimilanna í landinu. Það sem þarf að gera — af því að verið er að tala um og hæstv. utanríkisráðherra sagðist ekki hafa orðið var við neinar hugmyndir — það sem þarf að gera og það sem er brýnast að gera er að tengjast fjölþjóðlegum gjaldmiðli og það þarf að gefa upp á nýtt og það af sanngirni. (Gripið fram í.) Við gerum kröfu til þess. Burt með verðtrygginguna! Burt með stýrivaxtaokrið! Og burt með ríkisstjórnina!

[18:42]

Útbýting:

Húsaleigusamningar ríkisins og ríkisstofnana, 122. mál, svar fjmrh., þskj. 215.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:02]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. felld með 42:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SF, SJS, VS, ÞBack, ÖJ, AtlG, ÁI, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ.

nei: JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, RR, SKK, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖS, ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, StB.

3 þm. (KaJúl, ÁÞS, BjörgvS) fjarstaddir.

13 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Okkur er öllum ljóst að sú ríkisstjórn sem nú situr er rúin trausti. Það bíða mikil verkefni fram undan bæði uppgjör við liðna tíð og líka uppbygging á nýjum grunni. Það gerist ekki á trúverðugan hátt nema Alþingi hafi fengið nýtt umboð frá kjósendum, frá almenningi í landinu. Þess vegna tel ég það skyldu ríkisstjórnar og Alþingis að boða til kosninga svo fljótt sem verða má, eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir, og hér sitji ríkisstjórn í endurnýjuðu umboði. Þetta snýst um traust og þetta snýst um trúnað. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur hann ekki. Ég segi því já við þessari tillögu, herra forseti.

[18:45]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Að mörgu leyti hefur verið áhugavert að fylgjast með umræðunni í dag en ansi hefur hún verið rýr af hálfu þeirra sem til hennar efndu. Fullkomlega ábyrgðarlaust er að vera með eins lítt rökstuddan málflutning og kalla yfir okkur að eyða mikilvægum tíma þingsins í svona orðagjálfur.

Við þessar aðstæður (Gripið fram í.) — að láta sér detta í hug að það besta sem geti komið fyrir þjóðina við aðstæðurnar sem uppi eru í samfélagi okkar sé að efna til kosninga.

Það sem við þurfum núna er að geta unnið áfram að þeim verkefnum sem unnið hefur verið að undanfarnar vikur og við þurfum að geta lokið verkefninu og við þær aðstæður skulum við taka ákvörðun um hvort við þurfum að efna til kosninga í landinu. En að etja Alþingi (Gripið fram í.) út í kosningar við þessar aðstæður og koma á (Forseti hringir.) þeirri upplausn í þinginu sem það mundi valda er ekki góður málflutningur og ekki góð tillaga. Ég segi nei. [Háreysti á þingpöllum.]

[18:46]

Jón Magnússon:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson kallar það orðagjálfur þegar leitað er eftir því af stjórnarandstöðunni að við njótum hér þess sem segir í 1. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. þingbundinnar stjórnar, þar sem þingið segir til um hvort það vill þola ríkisstjórnina eða ekki. Þetta er einn af þeim mikilvægu, lýðræðislegu hornsteinum sem við byggjum þjóðfélag okkar á.

Þess vegna fer stjórnarandstaðan fram með þessum hætti. Þetta er ekki marklaust orðagjálfur. Við erum að nýta okkur þann lýðræðislega rétt, þá lýðræðislegu möguleika sem við höfum sem löggjafarvaldið til að koma frá ráðþrota, vonlausri ríkisstjórn. Ég segi já.

[18:47]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Þegar mikinn vanda ber að höndum og áföll dynja á er mikilvægt að fólk standi saman. Þetta á bæði við um líf fjölskyldna og líf þjóðar. Ég vil ekki að við förum út í kosningabaráttu og kosningar núna og síst af öllu vil ég styðja tillögu sem er þannig gerð að ný framboð gætu komið fram. (**Gripið fram í:** Ha?) Ég vil styðja tillögur sem auka lýðræðið í landinu en ekki tillögu eins og þá sem hér er lögð fram og hefur þær afleiðingar að aðrir gætu ekki boðið fram nema við mjög erfið skilyrði. (Gripið fram í.)

Hluti lýðræðisins er sá að þingmenn fái að tala (Forseti hringir.) og segja frá skoðunum sínum án þess að gargað sé og gripið fram í fyrir þeim. (Forseti hringir.) Eitt af því sem hefur einkennt stjórnarandstöðuna í dag er að hún reynir að trufla (Forseti hringir.) málflutning fólks að ósekju og mjög illa. Ég er ósáttur við það og lýsi yfir óánægju minni.

Að lokum vil ég segja, (Forseti hringir.) herra forseti, að ég harma það að nefndin sem á að leiða (Forseti hringir.) sannleikann í ljós sé ekki komin fram og (Forseti hringir.) hvernig stendur á því? (Gripið fram í.)

(**Forseti** (StB)**:** Hvað segir hv. þingmaður?)

Þingmaðurinn segir nei móti kosningu, á móti glundroða Vinstri grænna.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gefa gott hljóð. Við erum að greiða atkvæði um tillöguna.)

[18:50]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er verkefni stjórnvalda, sérstaklega kjörinna fulltrúa þjóðarinnar, næstu mánuði að vinna að endurreisn fjármálakerfisins og tryggja fjárhag heimila og fyrirtækja landsins. Það er verkefni stjórnvalda að sjá til þess að orsakir bankakreppunnar verði rannsakaðar og upplýstar og þáttur hvers og eins greindur og ábyrgð hans. Þannig að almenningi verði gert kleift að taka yfirvegaða ákvörðun í alþingiskosningum í kjölfarið og velja á milli stjórnmálaflokka sem hver um sig ber fram svar sitt og stefnu.

Verkefni stjórnvalda er að virða réttarríkið og tryggja sanngjarna málsmeðferð og traustar upplýsingar. Samþykkt tillögunnar og þingkosningar nú munu færa vinnu stjórnvalda frá lausn á aðsteðjandi vanda yfir til baráttu um hylli kjósenda þar sem þjóðarhagur víkur fyrir flokkshagsmunum. Tillagan er fjarri því að vera tímabær og ég segi því nei.

[18:51]

Lúðvík Bergvinsson:

(**Gripið fram í:** Ætlarðu að segja já?) Virðulegi forseti. Umræðan í dag hefur dregið mjög skýrt fram að ekki eru aðrir kostir í stöðunni en núverandi ríkisstjórn. Umræðan sem hér hefur farið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar hefur dregið fram að það eru engar tillögur, engar hugmyndir og engar lausnir. Í því ljósi, virðulegi forseti, getur meiri

hlutinn ekki sagt annað en nei við tillögunni. Þannig að ríkisstjórnin geti haldið áfram að vinna úr því ástandi sem hér ríkir til að tryggja að heimilin og fyrirtækin komist skammlaust frá stöðunni sem nú er uppi.

Ég tel að deginum hafi ekki verið vel varið í umræðuna sem hér fer fram vegna þess að nauðsynlegt er að nýta tímann vel og með fullri virðingu fyrir stjórnarandstöðunni, sem mér þykir vænt um, þá hefur hún ekki nýtt tímann vel í dag. (Gripið fram í.) Þingmaðurinn segir nei.

[18:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Tillaga sú sem hér er til atkvæða er um vantraust á ríkisstjórnina, þingrof fyrir áramót og kosningar fyrir miðjan febrúar. Við höfum rökstutt tillögu okkar. Hún er um vantraust á ríkisstjórnina. Við viljum að þjóðin fái að kjósa. Við viljum að lýðræðið virki.

Sjálfstæðismenn, þar á meðal varaformaður flokksins, hæstv. menntamálaráðherra, hafa talað um að nú eigi að víkja flokkshagsmunum til hliðar. Það hljómar fallega. En hverjir skyldu nú víkja flokkshagsmunum til hliðar? Sjálfstæðisflokkurinn þorir ekki í kosningar. Þorir ekki að horfast í augu við þjóð sína. Því miður ætlar Samfylkingin að hjálpa honum við það og bjóða þjóðinni áfram upp á Sjálfstæðisflokkinn við völd eftir sautján og hálft ár og hélt ég þó að nóg væri komið.

Ekki er eftir neinu að bíða með að hefja undirbúning að kosningum upp úr áramótum þannig að ný ríkisstjórn með þjóðina að baki sér (Forseti hringir.) geti snúið sér að þeim miklu verkefnum sem fram undan eru á Íslandi. Þessari stjórn mun ekki takast það. Hún muna að þurfa að játa sig (Forseti hringir.) sigraða og aðeins er tímaspursmál hvenær það verður.

(**Forseti** (StB)**:** Hvað segir þingmaðurinn?)

Þingmaðurinn segir já.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. gesti á þingpöllum að gefa góðan frið hér til starfa.)

[18:55]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fyrr við atkvæðagreiðsluna var sagt að hún snerist um traust og trúnað. Gagnvart hverjum? Gagnvart íslensku þjóðinni. Hvort eigi að trúa henni fyrir eigin örlögum, eigin framtíð. Þetta er atkvæðagreiðsla annars vegar um lýðræði og hins vegar um forræðishyggju. Jafnvel þótt forræðishyggja Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar kunni að verða ofan á í atkvæðagreiðslunni er ég sannfærður um að þetta eru engin endalok. Það er að rísa í þjóðfélaginu alda. Lýðræðisleg alda sem mun feykja valdaflokkunum, Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni úr valdastólum sínum.

(**Forseti** (StB)**:** Og þingmaðurinn segir?)

Já.

[18:56]

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Valdstjórnin á Íslandi er hrædd. Stjórnarliðið á Alþingi er hrætt. Formaður þingflokks Samfylkingarinnar kveinkar sér jafnvel undan umræðum á Alþingi um störf og stefnu og framtíð ríkisstjórnarinnar.

Dapurlegt hefur verið að heyra mótrök stjórnarliða við tillögunni og þeim verður best lýst þannig að menn reyna í örvæntingu að slökkva ljós annarra í þeirri von að þeirra auma tíra skíni þá ögn skærar. Við skulum gefa þjóðinni heimild til að kjósa sér nýja ríkisstjórn. Um miðjan febrúar eða upp úr því er rétti tíminn kominn. Ég skora á þá sem eftir eiga að greiða atkvæði að fylgja samvisku sinni og ég segi já.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti verður að biðja gesti á þingpöllum að virða þær reglur sem gilda á Alþingi Íslendinga.)

[18:58]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Við alþingismenn og hæstv. ríkisstjórn höfum verk að vinna til varnar og sóknar fyrir heimilin og atvinnulífið í landinu. Sjálfstætt Ísland.

Við þolum enga bið, engar frátafir, engan verkkvíða, engan hengilmænuhátt.

Spúlum dekkið, hv. þingmenn. Lítum upp. Keyrum vélina og setjum hrygg í málið, þótt í hnotskurn sé meiningin sögð til heilla íslenskri þjóð. Ég segi nei.

[18:59]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Í umræðunum í dag hefur verið leitt í ljós að tillaga stjórnarandstöðunnar, eða réttara sagt hluti hennar, á engan rétt á sér. Glapræði væri við núverandi aðstæður að samþykkja hana. Ég segi nei.

[19:00]

Grétar Mar Jónsson:

Herra forseti. Skútan er strand og skipstjórinn og stýrimenn hans missa allir réttindin. (**Gripið fram í:** En hásetarnir?) Hásetarnir verða atvinnulausir (Gripið fram í.) og ég segi já.

[19:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er lýðræðislegur réttur þingmanna í stjórnarandstöðu að bera fram vantrauststillögu á ríkisstjórn. Við núverandi aðstæður styður innan við helmingur þeirra sem lýsa yfir stuðningi við núverandi ríkisstjórnarflokka ríkisstjórnina. Ef þetta er ekki dómur um að ríkisstjórnin standi ekki undir verkum sínum þá veit ég ekki hvað er dómur um það. Ég segi já.

Fundi slitið kl. 19:02.

35. FUNDUR

þriðjudaginn 25. nóvember,
kl. 2 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Kosning aðalmanns í Þingvallanefnd í stað Bjarna Harðarsonar, skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 47 1. júní 2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum.
3. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og virðisaukaskattur, stjfrv., 175. mál, þskj. 212. — 1. umr.
4. Niðurfelling laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs, stjfrv., 169. mál, þskj. 204. — 1. umr.
5. Tóbaksvarnir, stjfrv., 162. mál, þskj. 190. — 1. umr.
6. Sjúkraskrár, stjfrv., 170. mál, þskj. 205. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
Gunnar Svavarsson, 2. þm. Suðvest.
Katrín Júlíusdóttir, 5. þm. Suðvest.
Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.

Mannabreytingar í nefndum.

[14:05]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseta hefur borist eftirfarandi tilkynning frá þingflokki Framsóknarflokksins um mannabreytingar í nefndum þingsins, sbr. 16. gr. þingskapa:

Eygló Harðardóttir, hv. 8. þm. Suðurk., tekur sæti í þremur nefndum, í iðnaðarnefnd í stað Guðna Ágústssonar, í heilbrigðisnefnd í stað Valgerðar Sverrisdóttur og í umhverfisnefnd í stað Höskuldar Þórhallssonar.

Þær breytingar verða á Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins að Birkir J. Jónsson tekur sæti sem aðalmaður í stað Guðna Ágústssonar og Höskuldur Þórhallsson tekur sæti sem varamaður í stað Bjarna Harðarsonar.

Þessar mannabreytingar skoðast samþykktar án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum við því.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Kosningar og samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

[14:07]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Krafan um kosningar er þung úti í samfélaginu og síst á undanhaldi þó að ríkisstjórnin hafi með atkvæðum sínum í gær komið sér frá því í bili. Hæstv. forsætisráðherra sagði hér í gær og hefur síðan endurtekið í fjölmiðlum að það sé engin leið að kjósa á Íslandi, engin leið að gera breytingar á ríkisstjórn — eða yfirleitt neinar breytingar í stjórnmálum landsins ef ég skil hann rétt — vegna þess að Ísland hafi lagt inn umsókn um lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og sé á leiðinni þar inn í prógramm sem sjóðurinn þurfi að hafa eftirlit með. Þannig komi eftirlitsmenn sjóðsins hingað í febrúar og augljóslega sé ekki hægt að vera að kjósa eða breyta ríkisstjórn við þær aðstæður.

Nú mun þetta vera tveggja ára prógramm sem sett er upp af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og eftirlitsmenn sjóðsins koma þá hingað á þriggja mánaða fresti, næst í maí og svo koll af kolli. Þá er spurningin: Er hæstv. forsætisráðherra í raun og veru að segja þjóðinni að ríkisstjórn hans sitji nú í skjóli af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Er ekki hægt að gera breytingar, ganga til alþingiskosninga eða breyta ríkisstjórn á Íslandi vegna þess að við erum komin inn í prógramm hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Er þetta virkilega málflutningurinn?

Ég held að hæstv. forsætisráðherra verði að svara fyrir þetta á skýran hátt. Hvað á hann við þegar hann dregur upp þessa tengingu aftur og aftur milli umsóknar um lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum annars vegar og stjórnmálalífsins á Íslandi hins vegar? Eigum við að taka þetta alvarlega? Er hæstv. forsætisráðherra að tala í fullri alvöru? Eru þetta virkilega rök sem hæstv. forsætisráðherra ætlar sér að nota framvegis, að koma sér hjá kosningum, ýta lýðræðinu til hliðar og sitja með ríkisstjórn sína ráðlausa og lemstraða eins og raun ber vitni upp á náð og miskunn og í skjóli af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum?

Ég óska eftir skýrum svörum, herra forseti.

[14:09]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn blandar sér ekki í stjórnmál á Íslandi. Við höfum hins vegar gert við hann samkomulag um ákveðna efnahagsáætlun til tveggja ára. Fyrsti hluti hennar á að koma til framkvæmda nú á næstunni og framkvæmdin verður endurskoðuð í febrúarmánuði eins og margoft hefur komið fram. Að lokinni þeirri endurskoðun liggur fyrir hvort þau lönd sem hafa ljáð því máls að veita Íslandi lánsfé gera það eða ekki þannig að ákveðin tímamót verða hér í febrúarmánuði hvað þetta varðar.

Segjum sem svo að Alþingi hefði í gær samþykkt vantrauststillögu hv. þingmanns og að boðað hefði verið til kosninga, segjum innan þess tímaramma sem hv. þingmaður sagði í gær sem var reyndar ekki í samræmi við hans eigin tillögu, segjum að það hefði verið boðað til kosninga fyrir miðjan febrúar. Þá liggur fyrir að ekki hefði verið þingmeirihluti, ekki ríkisstjórn í landinu til að fylgja eftir þessum fyrsta áfanga sem búið er að semja um. Það hefði ekki verið mikið upplit á okkur ef sú staða hefði komið upp. Það er þetta sem ég hef verið að tala um.

Síðan munum við vonandi ganga nokkuð greiðlega í gegnum þessa áætlun þar til henni lýkur á árinu 2010 og þá reikna ég með, eins og margsinnis hefur komið fram, að horfur á efnahagsmálum verði farnar að batna mjög verulega eftir hið erfiða ár sem fram undan er, þ.e. árið 2009. En það er auðvitað rangt, út í hött og útúrsnúningur að gera því skóna að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggi með störfum

sínum einhvern stein í götu lýðræðisins á Íslandi. Það er fráleitt.

[14:11]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Það var full ástæða til að hæstv. forsætisráðherra útskýrði orð sín í þessum efnum því að hann hefur talað þannig, bæði á þingi í gær og í viðtölum við fjölmiðla — það hefur verið erfitt að fá annan botn í málflutning hans en þann að hann væri kominn með ríkisstjórn sína í skjól af þessari umsókn til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nú dregur hæstv. forsætisráðherra í raun og veru í land, að þá sé hugsanlegt að gera á því breytingar eftir miðjan febrúar. Óskaplega hljótum við að verða þakklát á Íslandi ef lýðræðið má fara að virka aftur 15. febrúar.

Það er eins og að hæstv. forsætisráðherra átti sig ekki á því að ef vantraust er samþykkt á ríkisstjórn myndast nýr þingmeirihluti á Alþingi. Hvernig lítur hæstv. forsætisráðherra á þetta? Áttar hæstv. forsætisráðherra sig ekki á því að þar með hefur nýr meiri hluti myndast sem tekur ábyrgð á málum og tekur málin í sínar hendur, (Gripið fram í.) gerir þær ráðstafanir sem þarf um leið og hann hefur tekið völdin af fráfarandi ríkisstjórn? Þessi stjórnarkreppa eða upplausn sem hæstv. forsætisráðherra talar stanslaust um er ímyndun í hans eigin höfði og (Forseti hringir.) á ekkert skylt við þær þingræðislegu leikreglur og venjur sem gilda þegar slíkir atburðir verða í landi þar sem situr þingbundin ríkisstjórn.

[14:12]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Hv. þingmaður virðist eiga erfitt með að sætta sig við þær leikreglur þingræðisins sem birtust okkur í gær. Tillaga hans var kolfelld ef ég man rétt, 42:18.

Málið snýst um það að menn taka sér stundum í munn orðið trúverðugleiki á Alþingi, að ríkisstjórn Íslands hafi þann trúverðugleika sem þarf til að fylgja eftir þeirri áætlun sem búið er að semja um við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ef við ímyndum okkur að hv. þingmaður hefði fengið vilja sínum framgengt í gær og hann sjálfur eða stjórnarandstaðan haft forustu um að mynda nýja ríkisstjórn vitum við náttúrlega að hv. þingmaður og flokkur hans hefur verið mjög á móti þessu samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það hefði verið upplit á því og trúverðugleiki mikill ef sá hópur hefði átt að taka forustuna í að fylgja eftir áætluninni við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Annaðhvort fylgja menn henni og þá verður þetta stjórnarsamstarf að halda áfram eða ef menn eru á móti því, þá tekur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon til sinna ráða.

Skilmálar við frystingu lána.

[14:13]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Þau tilmæli ríkisstjórnarinnar til fjármálafyrirtækja að frysta afborganir af erlendum lánum hafa verið framkvæmd á þann veg að skuldarar hætti að greiða alveg í ákveðinn tíma. Það hefur komið fram hjá viðskiptabönkunum að það er nokkuð umdeilt hvort rétt sé að ganga svo langt að breyta skilmálum bréfanna eða þannig fresta greiðslum upp á óbreytta fjárhæð, að borgi menn ekki neitt í ákveðinn tíma. Ég held að það hljóti að vera umhugsunarefni hvort framkvæma eigi þessa frystingu eða frestun með þessum hætti.

Það sem ég vildi aðallega spyrja hæstv. forsætisráðherra um er hvort hún sé í samræmi við vilja ríkisstjórnarinnar, sú framkvæmd sem ég hef fengið upplýsingar um og staðfestingu á að dæmi eru um, að við skilmálabreytingu geri fjármálafyrirtæki þá kröfu til skuldarans að hann samþykki breytingu á skilmálum lánsins frá því að gjalddaginn sé reiknaður út á gengi sem Seðlabanki Íslands ákveður yfir í að afborgunin sé reiknuð á gengi sem kröfuhafi ákveður. Mér finnst það mjög merkilegt ef ætlast er til þess að skuldari skrifi undir það. Ég veit dæmi þess að menn hafi gert það að kröfu fjármálafyrirtækisins að menn feli kröfuhafanum fullt umboð til að ákveða þá fjárhæð sem þeir eigi að greiða þar sem þeir ákveði gengið sem á að umreikna yfir í íslenskar krónur.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann þetta eðlilegt eða telur hann ástæðu til að ríkisstjórnin bregðist við þessari framkvæmd?

[14:16]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég viðurkenni að ég þekki ekki nákvæmlega framkvæmd í þessum efnum í einstökum bönkum. Hún kann hugsanlega að vera eitthvað breytileg. En ef þarna eru einhver frávik frá því sem tilgreinir í tilmælum ríkisstjórnarinnar er alveg sjálfsagt að ákveða það og sumt af því sem hv. þingmaður nefndi hljómar ankannalega.

Íslenska ákvæðið og fundur um loftslagsmál í Kaupmannahöfn.

[14:17]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Kyoto-bókunin frá 1997 kveður á um loftslagsmál og viðmiðanir í þeirri bókun eru frá árinu 1990. Segja má að í kvótaúthlutun kemur þessi tímasetning illa út fyrir Ísland. Þetta var eftir að hitaveita var að mestum hluta tekin við sem orkugjafi til húshitunar og var mikið af stóriðju í pípunum sem ekki var komin til framkvæmda eða í gang á þessum tíma.

Á sínum tíma var bókað svokallað íslenskt ákvæði en í ákvörðun var undanþága fyrir smáhagkerfi eins og Ísland vegna einstakra framkvæmda um ákveðinn hluta af heildarlosun sem nýta endurnýjanlega orku og nota bestu fáanlegu tækni. Íslenska ákvæðið á að tryggja að stóriðja á Íslandi valdi lágmarks mögulegri losun á heimsvísu.

Ber að nefna í þessu að orðið hefur mikil framför í tækniþróun og losun flúorkolefna frá álframleiðslu dróst saman á Íslandi um 300 þúsund tonn frá árinu 1990–2004 þrátt fyrir að álframleiðsla hefði aukist mikið á því tímabili. Íslenska ákvæðið er samt sem áður mjög mikilvægur grundvöllur fyrir Ísland til framtíðaruppbyggingar og stóriðju. Ég spyr því umhverfisráðherra: Hvernig er hagað undirbúningi fyrir fundinn í Kaupmannahöfn á næsta ári? Hver eru markmið okkar og er ekki öruggt að allt kapp verði lagt

á að tryggja áfram hið svokallaða íslenska ákvæði?

[14:19]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina. Eins og kom fram í máli hans þá fékk Ísland eitt iðnríkja eða svokallaðra Annex I ríkja í Kyoto-bókuninni að auka losun sína innan Kyoto-tímabilsins sem nú stendur yfir, 2008–2012. Á meðan önnur ríki þurftu að draga saman fékk Ísland að auka losun um 10% sem flestir sem tóku þátt í að semja um það segja að hafi verið m.a. vegna þess að önnur ríki tóku tillit til þess að Ísland hafði á 8. áratugnum og þeim 9. sett á hitaveitu í landinu eins og við vitum sem er, má segja, nær einstakt á heimsvísu. Þá var einnig samið um svokallað íslenskt ákvæði, ákvörðun 14/CP.7 sem var síðan gengið formlega frá. Það var ekki samið um hana í Kyoto 1997 en gengið var formlega frá henni í Marrakesh 2001, ef ég man rétt.

Eins og hv. þingmaður veit hafa þessi mál verið til stöðugrar umræðu, bæði í ríkisstjórn og stjórnarflokkum samkvæmt þeim samningsmarkmiðum sem lögð voru fram fyrir Balí-fundinn í fyrra og eru þau samningsmarkmið sem íslensk stjórnvöld hafa sett sér til og með aðildarríkjafundinum í Kaupmannahöfn sem verður í desember 2009. Ég get einnig upplýst þingmanninn um að skipuð hefur verið af hálfu stjórnvalda formleg samninganefnd sem í eiga sæti fulltrúar sjö frekar en átta ráðuneyta, allra þeirra ráðuneyta sem með einhverjum hætti koma að eða hafa með loftslagsmál að gera. En eins og þingmenn vita eru þau mjög víðfeðm þannig að undirbúningur er í fullum gangi og ég mun þá auðvitað reyna að svara því ef ég fæ tækifæri til að koma aftur upp.

[14:21]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur var íslenska ákvæðið meðal annars sett til að tryggja að stóriðja á Íslandi valdi lágmarks mögulegri losun á heimsvísu. Ég held að hafa beri það í huga og jafnframt hversu mikilvægt ákvæðið er fyrir framtíðaruppbyggingu atvinnustarfsemi þar sem nýting náttúruauðlinda verður í forgrunni. Ef til þess kemur að við missum þá forgjöf sem við höfum til uppbyggingar hér mun það kosta þau fyrirtæki sem hafa verið að byggja upp starfsemi og sem koma til með að byggja upp starfsemi sem þarf kvóta af þessu tagi, alveg gríðarlega fjármuni. Þar er um að ræða margra milljarða ef ekki tugmilljarða kostnað á hverju einasta ári fyrir þau fyrirtæki. Það er alveg ljóst að ef við gætum ekki hagsmuna þeirra er fullkomlega sjálfhætt við þessi verkefni og óljóst er hvort við munum yfir höfuð geta fundið fyrirtæki sem vilja koma með starfsemi til Íslands og þurfa á losunarkvótum að halda.

[14:22]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Það er mjög mikilvægt að átta sig á því í þessu samhengi að innleiðing viðskiptakerfis Evrópusambandsins um losunarheimildir sem þarf að fara fram hér á landi eigi síðar en 2012 samkvæmt EES-samningnum mun hafa mjög mikil áhrif á starfsumhverfi og viðskiptaumhverfi stóriðju og allra þeirra atvinnugreina sem ETF-kerfið eða viðskiptakerfið tekur til. Eins og menn vita er það nú í umræðu og undirbúningi innan Evrópusambandsins. Það mun m.a. valda því að flugið verður kvótasett árið 2012 eins og þingmenn þekkja og álframleiðsla verður væntanlega kvótasett árið 2013. Þar sem við erum innan EES-samningsins og þurfum að innleiða þetta mál hefur það verið rætt ítarlega í ríkisstjórn og annars staðar. Kortleggja þarf nákvæmlega hvað það þýðir í samningaviðræðum okkar innan Sameinuðu þjóðanna og í samskiptum okkar við Evrópusambandið og það gæti jafnvel farið svo að það væri best fyrir íslenskan iðnað (Forseti hringir.) að vera innan Evrópusambandsins en ekki utan þess.

Aðgerðir í atvinnumálum.

[14:24]

Eygló Harðardóttir (F):

Hæstv. forseti. Hluti eftirlýstrar atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar er kominn fram í netheimum á bloggsíðu undir fyrirsögninni „Testamenti iðnaðarráðherra“ þar sem hæstv. iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, upplýsir hvernig hann sér fyrir sér að íslenska þjóðin muni ná sér upp úr kreppunni. Testamentið lyktar langar leiðir af testósteróni og stórkarlalegum hugsunarhætti. Gott dæmi um það eru draumarnir um olíu á Drekasvæðinu. Í stað fjármálaævintýrisins á nú að leysa öll vandamál Íslands með því að leita að olíu sem mun samkvæmt hæstv. iðnaðarráðherra gera Ísland að ríkustu þjóð í heimi. Á vefsíðunni segir, með leyfi forseta:

„Ég hef látið nægja að segja að olíuvinnsla gæti í besta falli verið farin af stað eftir tíu ár.“

Í skýrslu iðnaðarráðuneytisins frá mars 2007 kemur ítrekað fram að starfsfólk við leit, rannsóknir, framkvæmdir og framleiðslu verði erlent þar sem engin þekking er til staðar innan lands á olíuvinnslu. En örvæntið ekki því að hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir að einhver störf verði til tímabundið á Norðurlandi við að fara yfir umsóknir um rannsóknarleyfi. Þá á ráðherrann von á því eftir 15–20 ár þegar erlend olíufyrirtæki hafa hugsanlega hafið vinnslu á svæðinu muni ein þyrla Landhelgisgæslunnar verða staðsett á svæðinu auk þess sem einhver störf kunna að skapast fyrir heilbrigðisstarfsmenn vegna þjónustu við starfsmenn borpallanna.

Hæstv. iðnaðarráðherra fer fram á að það neyðarástand sem nú ríkir í samfélaginu þar sem þúsundir manna hafa ýmist misst vinnuna eða eru við það, þar á meðal hundruð sérhæfðra starfsmanna í byggingariðnaði, verði leyst með nokkrum störfum við yfirferð umsókna og svo einni þyrlu og nokkrum heilbrigðisstarfsmönnum eftir 15–20 ár.

Ég spyr: Hvað ætlar ráðuneytið að gera núna til að leysa úr þeim bráða vanda sem blasir við íslensku atvinnulífi og þá sérstaklega í byggingariðnaði? Hvað ætlar ráðuneytið að gera til að tryggja þeim hundruðum ef ekki þúsundum manna sem hafa misst vinnuna eða eru að missa hana? Hvað ætlar ráðuneytið að gera núna til að hvetja þá fjöl-

mörgu íslensku iðnaðarmenn sem þegar hafa flutt af landi brott vegna ástandsins í byggingariðnaðinum til að koma heim aftur?

[14:26]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Mér þykir afar leitt að hv. þingmaður gerir lítið úr olíudraumum Íslendinga. Þeir voru fyrst greindir í olíumálaráðuneytinu undir stjórn þáverandi olíumálaráðherra sem var þá hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir. Ég hef litið svo á að ég hafi runnið í hennar fljóð eins og hún hefur verið óþreytandi á að minna mig á hér og kann ég henni bestu þakkir fyrir það eins og svo margt annað.

Það sem iðnaðarráðherra ætlar að gera til að draga úr atvinnuleysi sem því miður er spáð á næstunni er í fyrsta lagi þetta: Innan skamms vænti ég þess að gerður verði samningur um endurnýjum á ýmsum búnaði í álverinu í Straumsvík sem mun leiða til þess að fjölmargir verkfræðingar fá þar störf og sömuleiðis um það bil 300 iðnaðarmenn. Í öðru lagi vænti ég þess að ráðist verði í þær áætlanir sem fram undan eru varðandi stóriðju í Helguvík. Það er víst ekki samið um hversu stórt það verk verður en hins vegar liggur fyrir að þar munu einhvers staðar á bilinu 1.500–2.000 manns fá atvinnu á þeim tíma þar sem mestur skortur er á störfum.

Í þriðja lagi vænti ég þess að þegar þiðnar svolítið í jörðu varðandi lánafyrirgreiðslu til íslenskra orkufyrirtækja muni vera hægt að halda áfram orkuvinnslu á Norðurlandi og nýta þá orku til stóriðju, t.d. hátæknivæddrar mengunarlítillar stóriðju.

Í fjórða lagi hefur iðnaðarráðherra líka rutt brautina fyrir því að til verði fjölmörg störf sem tengjast sprotafyrirtækjum. Til dæmis er samningur við Atvinnuleysistryggingasjóð um að sprotafyrirtæki geti ráðið til sín starfsmenn úr hópi atvinnulausra með 90% styrk frá sjóðnum. Ég vona að þarna geti verið um nokkur hundruð störf að ræða og í seinna svari mínu mun ég síðan halda áfram þessari upptalningu til að gleðja hv. þingmann.

[14:28]

Eygló Harðardóttir (F):

Hæstv. forseti. Það er mjög ánægjulegt að hlusta á hæstv. iðnaðarráðherra. Það er alveg greinilegt að hann hefur lært af reynslu sinni af því að hafa setið síðast í ríkisstjórn þar sem ríkti almennt atvinnuleysi og glundroði og framsóknarmenn þurftu að koma með loforð um 12 þúsund ný störf og þar á meðal í áliðnaði (Gripið fram í.) til að rétta samfélagið við. (Gripið fram í.) Við stóðum við það og gott betur.

Það er mjög ánægjulegt að heyra þetta. Það sýnir það að við vorum að skapa raunveruleg störf. Við vorum ekki að stunda neina „akróbatík“ eins og hann minntist á á hlutabréfamarkaði heldur fórum við í raunverulega atvinnuuppbyggingu. Mér finnst mjög mikilvægt að það verði eitthvað sem ríkisstjórnin fari í strax vegna þess að eins og væntanlegur seðlabankastjóri hæstv. iðnaðarráðherra, Þorvaldur Gylfason hefur bent á er versta hugsanlega afleiðingin af kreppunni hér sú sama og varð í Færeyjum, unga fólkið sem fór hefur ekki komið aftur. Unga fólkið hér er nú að velta fyrir sér hvort það eigi að fara. Við getum því ekki verið að horfa á einhverja olíudrauma 15–20 ár fram í tímann.

[14:29]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ástandið í Framsóknarflokknum er þannig að hv. þingmaður sem hefur setið tæpa viku á þingi er þegar komin í ágreining við formann Framsóknarflokksins. En þar að auki hefur ferðamálaráðherra beitt sér fyrir breytingum á umfangi ferðaþjónustunnar með þeim hætti að um mitt næsta ár verður sennilega búið að setja einhvers staðar á bilinu 700–1.100 millj. nýrra fjárveitinga í ferðaþjónustuna sem ég tel að hafi mjög mikla sóknarmöguleika. Þannig hefur þessi ríkisstjórn t.d. nú þegar ákveðið að fimmfalda það magn af peningum sem veitt er til þess að draga hingað erlenda ferðamenn. Við teljum að miklir sóknarmöguleikar séu í því. Iðnaðarráðherrann er að koma upp aðstöðu fyrir kvikmyndagerðarmenn og búa til stúdíó í einu af húsnæðum ríkisins. Iðnaðarráðherra hefur sömuleiðis komið upp frumkvöðlamiðstöð í næsta húsi við þingið fyrir atvinnulausa fjáraflastarfsmenn.

Varðandi „akróbatík“ á verðbréfamarkaðnum og í fjármálaheiminum var það svo að formann Framsóknarflokksins, að vísu ekki síðasta og ekki hinn þar síðasta heldur þann sem áður var, dreymdi líka drauma. Ekki um olíu en um hvað? Hann barði sér á brjóst og lagði fram skýrslu. Um hvað? Að búa til alþjóðlega fjármálamiðstöð (Forseti hringir.) á Íslandi. Þannig voru draumar flokksins þá og ætla ég ekki að ræða (Forseti hringir.) hverjir lögðu gjörva hönd þar að verki en við vitum öll hvað varð úr þeim draumum. (Forseti hringir.) Sumir draumar rætast ekki en olíudraumur minn og formanns Framsóknarflokksins munu rætast.

Sérstakur saksóknari og aðgengi að gögnum bankanna.

[14:31]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Nú berast fréttir af því að unnið sé að sölu á íslenskum útibúum viðskiptabankanna sem hafa hrunið. Ég vil þess vegna nota tækifærið og spyrja hæstv. dómsmálaráðherra — vegna þess að hann hefur lagt fram ágætt frumvarp um sérstakan saksóknara í þeim efnum — hvort ekki sé mikilvægt að þau útibú sem nú eru á forræði Íslendinga, að viðskiptasaga sú sem í þeim er og þau gögn sem eru í útibúum íslensku bankanna í Lúxemborg og víðar um heiminn verði tilfærð hinum sérstaka saksóknara sem sækja þarf mál vegna bankahrunsins. Og þá auðvitað líka um leið rannsóknarnefndinni sem ríkisstjórnin hyggst setja á fætur, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og öðrum embættum sem út af fyrir sig falla ekki undir hæstv. dómsmálaráðherra.

Ég spyr hvort hæstv. dómsmálaráðherra telji ekki mikilvægt að áður en útibú bankanna erlendis séu seld noti Íslendingar þau tök sem þeir nú hafa á þeirri starfsemi til þess að tryggja að við fáum þær upplýsingar sem þar er að finna. Ekki til þess að falla frá bankaleynd því mikilvægt er að staðinn sé vörður um bankaleynd og friðhelgi einkalífsins

enda hafa langflestir þeirra sem þarna hafa átt viðskipti verið í heiðarlegum viðskiptum, heldur vegna hins augljósa að hafi verið framin brot í aðdraganda bankahrunsins þá er líklegt að hin erlendu útibú íslensku bankanna tengist þeim aðgerðum, ýmsum fjármálagjörningum, flækjum milli félaga, tengslum við skattaparadísir erlendis o.s.frv.

Þess vegna spyr ég hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann hafi gert ráðstafanir til þess að tryggja það að við nýtum þetta aðgengi að þessari starfsemi núna áður en hún verður seld. Og ef ekki hvort hann telji mikilvægt að það verði gert til þess að greiða fyrir störfum hins sérstaka saksóknara.

[14:33]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram þegar við ræddum frumvarpið um sérstakan saksóknara þá eru skýr verkskil á milli lögregluyfirvalda og ákværuvalds annars vegar og skattrannsókna og Fjármálaeftirlits hins vegar. Og ég hef séð það, eins og væntanlega aðrir hv. þingmenn, að Fjármálaeftirlitið er farið af stað með rannsókn sína og síðan er það Fjármálaeftirlitsins, ásamt ákæruvaldinu og lögreglunni, að gera grein fyrir því ef það telur að um lögbrot sé að ræða eða ástæða sé til að kalla til lögreglu eða ákæruvaldið. Að sjálfsögðu er það hægt og verður enn þá öflugra þegar frumvarp mitt er orðið að lögum.

Ég geng að því sem vísu að Fjármálaeftirlitið tryggi að þessi saga haldi sér þannig að það sé unnt að rekja allar færslur og öll viðskipti eins og vera ber.

[14:34]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir svarið. Hæstv. dómsmálaráðherra segir að mikilvægt sé að þessi saga og viðskiptafærslur sem farið hafa fram í útibúum sem rekin hafa verið á okkar ábyrgð og reikningurinn fyrir á endanum jafnvel sendur íslenskum skattgreiðendum, að sú viðskiptasaga sem þar er og allar færslur sem þar eru, að áður en þessi starfsemi verður seld þá sé það tryggt að hér í landinu sé aðgangur að því fyrir hinn sérstaka saksóknara, fyrir rannsóknarnefndina sem skoða á allar hliðar á málinu og líka fyrir skattayfirvöld og skattrannsóknarstjóra.

Því óhjákvæmilega er ástæða til þess að ætla að í þeim, vonandi fáu tilfellum sem brot hafa átt sér stað í gegnum dótturfélög erlendis, í gegnum Lúxemborg eða úti í skattaparadísum, (Forseti hringir.) þá sé það líka brot gagnvart íslenskum skattyfirvöldum og þar með þeim skattgreiðendum sem á endanum þurfa að axla reikninginn af (Forseti hringir.) starfsemi þeirra erlendis.

Málefni tveggja hælisleitenda.

[14:36]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vík máli mínu að hæstv. dómsmálaráðherra vegna málefna tveggja hælisleitenda sem nýverið var synjað um hæli á Íslandi. Þeir eru báðir frá Íran og þeir hófu mótmælasvelti þann 3. nóvember síðastliðinn. Eftir því sem ég best veit þá stendur mótmælasvelti þeirra enn.

Ég velti fyrir mér eftirfarandi atriðum í þessu sambandi, hæstv. forseti. Við þurfum að ræða um málefni þess hóps hælisleitenda sem ómögulegt er að vísa til baka til heimalandsins en þannig er ástatt um umrædda hælisleitendur. Þeim hefur ekki verið vísað af landi brott en hefur verið synjað um hæli og eru því komnir í ómögulega stöðu. Þeir mega ekki vinna eða sjá sér farborða og eru því lentir í einhvers konar svartholi hjá okkur á Íslandi. Þetta er mjög alvarlegt og þetta er ekki íslenskt vandamál heldur alþjóðlegt vandamál. Við þekkjum til í Noregi þar sem hópur hælisleitenda sem eins er komið fyrir stækkar ört.

Mig langar til að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvað verið sé að gera í dómsmálaráðuneytinu til að taka á málum þessa hóps. Ég spyr líka hvort við höfum tapað einhverju af mannúð eða náungakærleika á síðustu vikum þegar við erum að ganga í gegnum miklar hörmungar á efnahagssviðinu. Ég velti því fyrir mér hvort við höfum hreinlega efni á því að synja fólki sem eins ástatt er um og þessa menn sem ekki eiga aftur afturkvæmt til heimalanda sinna um hæli, hafandi haft þá hér og hafandi séð þeim farborða í allt að fjögur ár. Ég vil fá að vita frá hæstv. dómsmálaráðherra hvað verið er að gera í þessum málum og hvort hann hafi kannað líðan (Forseti hringir.) umræddra tveggja manna.

[14:38]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Ég hef ekki persónulega kannað líðan þessara manna en ég veit um líðan þeirra og ráðuneytið hefur auga með því hvernig þeirra málum vindur fram. En það er rangt hjá hv. fyrirspyrjanda að þeim hafi ekki verið vísað úr landi. Það er búið að úrskurða að það beri að vísa þeim úr landi.

[14:39]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Það hryggir mig mjög að heyra að mönnunum skuli hafa verið vísað úr landi því það er algjörlega ljóst að þeir eiga ekki afturkvæmt til heimalands síns og það er ekki hægt að vísa þeim neitt annað, nema þá að hæstv. ráðherra hafi séð svo um að þeim hafi verið vísað út í opinn dauðann og ég vona að svo sé ekki.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningu minni um hvort verið væri að huga eitthvað að málum þeirra hælisleitenda sem ekki er hægt að vísa aftur til heimalanda og er synjað um hæli í löndunum í kringum okkur en eins og ég nefndi áðan þá er það stækkandi hópur í nágrannalöndum okkar og ég nefndi Noreg.

Við þurfum að taka á málefnum þessa hóps. Það er að myndast hópur hér. Ég veit núna um þrjá einstaklinga sem svona er ástatt um og því vil ég að við tökum á málefnum þessa fólks sérstaklega og vil fá að heyra hvort hæstv. ráðherra hefur það til skoðunar í ráðuneytinu.

[14:40]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Það er fjallað um mál einstaklinga eftir því sem þau koma inn á borð yfirvalda, ekki sem hóps heldur sem einstaklinga. En þetta er vandamál víðar en hér á landi og vandamál í öllum Schengen-ríkjunum og það er

alls staðar verið að fjalla um hvernig eigi að taka á þessum málum.

Kosning aðalmanns í Þingvallanefnd í stað Bjarna Harðarsonar, skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 47 1. júní 2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Höskuldur Þórhallsson.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 175. mál (endurgreiðsla vegna útflutnings ökutækja). — Þskj. 212.

[14:41]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti og fleira, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lögð til tímabundin heimild til að endurgreiða virðisaukaskatt og vörugjald af notuðum ökutækjum sem eru afskráð og flutt úr landi fram til 1. apríl 2009.

Verulega hefur dregið úr sölu nýrra og notaðra ökutækja hérlendis á síðustu mánuðum og nú er svo komið að verulegur fjöldi ónotaðra ökutækja hefur safnast upp. Frumvarpi þessu er því ætlað að greiða fyrir sölu notaðra ökutækja úr landi sem auka mun gjaldeyristekjur inn í landið til skemmri tíma.

Endurgreiðslan tekur mið af þeirri fjárhæð sem greidd var í vörugjöld og virðisaukaskatt við innflutning ökutækisins að teknu tilliti til aldurs þess. Þannig lækkar viðmiðunarfjárhæð endurgreiðslu um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð, fyrstu 12 mánuðina eftir skráningu ökutækisins, og 1,5% fyrir hvern mánuð eftir það. Af því eru ökutæki sem eru með lengri skráningartíma en fimm ár ekki endurgreiðsluhæf.

Samkvæmt frumvarpinu hafa eigendur ökutækja sem notið hafa innskattsréttar af ökutækjum sínum ekki rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts. Í frumvarpinu er einnig lagt til að tollstjórum verði veitt heimild til gjaldtöku vegna eftirlits með ökutækjum sem flutt eru úr landi, en tollstjórinn í Reykjavík mun annast endurgreiðslurnar.

Gera má ráð fyrir að breytingin kunni að kosta ríkissjóð 1,5–2 milljarða kr. í beinum endurgreiðslum en á móti vega óbein áhrif aukinnar veltu og veltuskatta af þeim gjaldeyri sem fæst fyrir ökutækjaútflutninginn. Áætlað er að allt að 5.000 ökutæki verði flutt úr landi á næstu mánuðum.

Herra forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[14:43]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir þessa greinargerð fyrir málinu sem ég hygg að geti verið þarft og komið mörgum að liði nú við erfiðar aðstæður.

Ég vildi þó spyrja hæstv. ráðherra eins. Vegna þess að hér er í raun og veru um félagslega aðstoð að ræða, endurgreiðslu á sköttum sem menn hafa ekki rétt á að gildandi lögum né þegar þeir réðust í þessi kaup, væri þá ekki rétt að setja þak á þá fjárhæð sem til greina komi að endurgreiða? Þannig að hér skapist ekki aðstæður sem blöskra réttlætiskennd fólks, þ.e. að ef menn flytja mjög dýrar bifreiðar úr landi með sér þá fái þeir sendan með sér tékka upp á milljónir króna úr ríkissjóði fyrir það. Ég spyr því hvort ekki sé eðlilegt að endurgreiðslan takmarkist við eitthvert þak, hvort sem það eru 500 þús. kr. eða milljón eða ein og hálf, einfaldlega til þess að koma í veg fyrir að hér verði um einhverjar óhóflegar styrkveitingar til efnafólks að ræða.

[14:44]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er eðlilegt að þess sé gætt að ekki sé misfarið með hlutina. Ég skal hins vegar ekki segja hvort það er rétta leiðin að setja þak á það sem væri heimilt að endurgreiða vegna einstaks ökutækis. Það gæti ef til vill dregið úr áhuganum á því að flytja dýrustu ökutækin úr landi og þar með dregið úr þeim hag sem væri af því að fá gjaldeyristekjur inn í landið vegna þess.

En ég tel sjálfsagt að nefndin skoði það ef hún telur að ákvæðin í frumvarpinu séu ekki nægjanleg til þess að girða fyrir hugsanlega misnotkun. En við fyrstu umhugsun hef ég áhyggjur af slíkri takmörkun, á þeim forsendum sem ég upplýsti áðan.

[14:45]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er mjög vafasamt í „prinsippinu“ að taka þá ákvörðun eftir á að endurgreiða fólki skatta úr ríkissjóði. Hér geta þó verið málefnalegar ástæður sem liggja til grundvallar en venjulegt fólk sem fer brátt að ganga í gegnum fjárhagserfiðleika mun ekki fá endurgreiðslur skatta sinna.

Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt til þess að standa vörð um frið og sátt í samfélaginu að nefndin skoði vel hvort ekki sé rétt að setja hér þak á þannig að ekki rísi upp dæmi um gríðarlegar endurgreiðslur á sköttum til efnafólks á þeim viðsjárverðu tímum sem við lifum nú.

Hitt sem ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra um varðar eðlilega aðhaldssemi í ríkisfjármálum vegna þess að við erum að fara inn í erfitt ár í ríkisfjármálunum, hvort ekki sé eðlilegt að setja þak á heildarfjármagnið sem rennur í þetta verkefni því að eins og frumvarpið liggur fyrir er það eins og opinn tékki.

Við setjum t.d. velferðarstofnunum þak á fjárveitingar. Fjárveitingar þeirra eru fastar og þarf að miða við það. Er ekki eðlilegt að gera ráð fyrir ákveðnum fjármunum til þessa verkefnis á næsta ári? Ef bílaútflutningur verður

meiri leiðir það þá ekki til aukinna ríkisútgjalda umfram það sem áætlað var sem kallar á niðurskurð í velferðarþjónustunni eða aðrar íþyngjandi aðgerðir fyrir almenning? Það er eðlilegt að miða við að þegar búið er að flytja úr landi þessa 5.000 bíla sé þessari fjárveitingu einfaldlega lokið.

[14:47]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Markmiðið með þessu er öðrum þræði það að styrkja gjaldeyrisstöðuna, það skiptir auðvitað máli. En varðandi að setja á þetta hámarksfjárhæð mundi hættan í sambandi við slíkt leiða til einhvers konar kapphlaups. Þeir sem koma fyrstir fá fyrstir. Það væri kannski ekki alveg réttlátt að gera það þannig. Betra væri þá að hafa það tímabundið. Ef menn hafa áhyggjur af því að þetta sé gríðarlega mikið er hægt að stytta tímann frekar en að setja þak á upphæðina.

[14:48]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Þá er komið hér til umræðu frumvarp um endurgreiðslu á vörugjaldi af ökutækjum og virðisaukaskatti af bílum, mál sem hefur verið kallað Range Rover-málið. Eins og fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er ástæðan fyrir því að málið kemur á dagskrá sú að myndast hefur mikið ójafnvægi á markaði fyrir nýjar og notaðar bifreiðar. Það er einnig upplýst að nú séu um 5.000 ótollafgreiddar nýjar bifreiðar í landinu og 8.000–10.000 óseldar notaðar bifreiðar.

En þar kemur einnig fram að stór hluti notaðra bíla hefur einmitt verið tekinn upp í greiðslu fyrir nýja bíla og er þess vegna í eigu bílaumboðanna þar sem er að auki fullt af nýjum bílum.

Það er alveg ljóst að í neyslufylliríinu sem hér hefur viðgengist á undanförnum missirum og í því gríðarlega ójafnvægi sem verið hefur milli innflutnings og útflutnings, á innflutningur á bílum mjög stóran þátt í því að einkaneyslan fór algjörlega á hvolf. Ástæðan fyrir því að menn ætluðu sér að halda fylliríinu áfram var eins og í öðru að ríkisstjórnin og þeir sem hér ráða sáu ekki hætturnar fyrir. Þeir áttuðu sig ekki á því að vöruskiptaójöfnuðurinn var kominn algjörlega á hvolf og menn máttu vita að eitthvað mundi undan láta.

Að mínu viti mátti það vera ljóst hverjum manni en því miður héldu menn áfram að kaupa og kaupa inn bíla, stóra, mikla og dýra bíla. Það er alveg ljóst að þeir sem ekki geta selt þá núna eru illa settir. En ég hlýt að gera alvarlegar athugasemdir við að í auglýsingu ríkisstjórnarinnar í fjölmiðlum um þarsíðustu helgi er þessa getið sem aðgerða í þágu heimilanna. Ég nefndi í gær að ég tel að ef menn eiga að taka ríkisstjórnina og þessa auglýsingu hennar alvarlega, hæstv. ráðherrar, hlýtur hér að vera um að ræða heimili þeirra sem eiga og reka bílaumboð í landinu, enda sagði ráðherrann áðan: Fyrstir koma, fyrstir fá. Var það ekki, fyrstir koma, fyrstir fá? (**Fjmrh.:** Nei, ekki það.) Ekki það? (**Gripið fram í:** Fyrstir koma, allir fá.) Fyrstir koma, allir fá. Það er nefnilega það.

Ég vil vekja athygli á því að í þessari auglýsingu um aðgerðir í þágu heimilanna er verið að létta af sköttum, eins og hv. þm. Helgi Hjörvar benti á áðan, þegar um gjöld af bílum er að ræða, þ.e. vörugjaldi og virðisaukaskatti. Í auglýsingunni sem ég nefndi áðan eru tíundaðar ellefu aðrar aðgerðir, þar á meðal að felld verði úr gildi tímabundið heimild til þess að skuldajafna barnabótum á móti opinberum gjöldum. Það er gott eins langt og það nær en það stendur ekki til að fella niður opinber gjöld af þeim sem ekki geta borgað og hingað til hafa verið hirtar barnabæturnar af til þess að skuldajafna.

Í auglýsingunni stendur einnig að fella eigi úr gildi heimild til þess að skuldajafna vaxtabótum á móti afborgunum lána hjá Íbúðalánasjóði og það er gott svo langt sem það nær. En það stendur ekki til að fella niður afborganirnar sem slíkar. Það stendur hins vegar til að fella niður skatta sem menn hafa greitt eða þurfa að greiða upp á 1,5–2 milljarða kr. af bílum, af of mörgum bílum inn í landið. Stór hluti þessarar fjárhæðar er auðvitað vegna mjög dýrra bíla og við vitum alveg hvernig bílar hafa verið fluttir inn á undangengnum árum.

Ég sé í kringum mig bíla upp á 10–15 jafnvel 20 millj. kr. á götunum og það er auðvitað mjög sárt fyrir þessa menn að geta ekki selt þá núna. En eigum við að fara að fella niður opinber gjöld af þessari óráðsíu meðan að við stöndum frammi fyrir því að ekki er einu sinni verið að hækka barnabætur á vegum ríkisstjórnarinnar heldur er hér einungis í þessari auglýsingu verið að segja að greiða eigi barnabæturnar út tólf sinnum á ári? Sömu fjárhæð bara tólf sinnum á ári í stað fjögurra. Ég get ekki samþykkt að það séu aðgerðir í þágu heimilanna. Hér er um gríðarlegt ójafnræði að ræða.

Það eina sem kostar peninga í þeim aðgerðum sem auglýstar hafa verið fyrir heimilin í landinu er aukinn sveigjanleiki gagnvart fólki í greiðsluvanda og þar er ekki um neina 2 milljarða að ræða og heldur ekki 1,5. Ekki 1 milljarð og ekki hálfan milljarð, ekki einu sinni 100 milljónir. Þar munu útgjöld úr ríkissjóði nema 21,5 millj. kr. Það er vegna tveggja til þriggja stöðugilda til viðbótar sem þarf að ráða til Íbúðalánasjóðs þannig að hægt sé að anna lengingu skuldbreytingar lána og lána til fólks í greiðsluerfiðleikum úr 15 árum í 20 ár. 21,5 millj. kr. eru lagðar fram til þess að auðvelda fólki að lengja lánin sín en 1,5–2 milljarðar kr. til þeirra sem hafa offjárfest og sökkt sér á kaf í skuldir vegna bílakaupa. Ég verð að segja alveg eins og er að ef ríkisstjórnin ætlar sér að fara að fella niður skatta af fólki og gjöld er hér byrjað á öfugum enda.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu kemur fram að með þessu móti gæti verið hægt að afla gjaldeyris fyrir þjóðarbúið til skemmri tíma litið sem gæti numið í kringum 10 milljörðum kr. eftir því hversu mikill útflutningurinn verður. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða trygging er fyrir því að andvirði þeirra bíla sem seldir yrðu úr landi á grundvelli þessa frumvarps skili sér aftur til Íslands að öllu leyti eða yfir höfuð?

Það er ekki ýkja langt síðan að menn voru að svindla hér með vörureikninga á útfluttum skipum, seldum og keyptum. Ég sé ekki að hér sé með neinu móti sett fyrir slíkan leka. Ef ríkisstjórnin telur þetta vera innlegg í þá gjaldeyriskrísu sem hér ríkti og er nú eitthvað aðeins að

lagast, að flytja ónotaða bíla úr landi með þessum hætti er hún verr á vegi stödd en ég hélt.

Ég hef hins vegar áhyggjur af því að verið er að flytja vinnutæki úr landi. Verið er að flytja stórvirkar og dýrar vinnuvélar úr landi. Það gæti orðið erfitt fyrir okkur að kaupa þær inn aftur þegar við verðum búin að rétta þannig úr kútnum að við getum farið aftur í framkvæmdir.

Ég hlýt að taka auglýsingu ríkisstjórnarinnar alvarlega. Það er gaman á ráðherrabekknum. (**Gripið fram í:** Já það er gaman.) Ráðherrarnir ætla að borga út barnabætur í hverjum mánuði en ekki á þriggja mánaða fresti. Það er skemmtilegt. Ráðherrarnir ætla ekki að taka barnabætur upp í skatta foreldra. Það er skemmtilegt en þeir ætla ekki að fella skattana niður. Ráðherrarnir skemmta sér. Þeir ætla ekki að fella niður vaxtabætur. Þeir ætla ekki að fella niður afborganir lána hjá Íbúðalánasjóði. Þeir ætla bara að hætta við að taka vaxtabæturnar upp í þær. Þeir ætla að semja um skatta og skuldir við þá sem nú lenda í vandræðum og þeir ætla að fella niður dráttarvexti, kostnað og gjöld í afmörkuðum tilfellum. Það eru allt saman aðgerðir fyrir heimilin í landinu. Þeir ætla að fella niður stimpil- og þinglýsingargjöld og komið er frumvarp um það, kannski er það orðið að lögum nú þegar.

En þar er ekki um að ræða neina tekjuskerðingu fyrir ríkið vegna þess að menn ætluðu ekki að neinar tekjur kæmu af því hallæri sem hér er gengið í garð. Menn höfðu ekki reiknað ríkissjóði tekjur af því að hér þyrftu mjög margar breytingar á fasteignasamningum að ganga í gegn. Menn höfðu ekki reiknað ríkissjóði neinar tekjur af stimpil- og þinglýsingargjöldum og þess vegna er ekki um neitt framlag úr ríkissjóði að ræða. Það er einungis verið að segja að ríkissjóður ætlar ekki að hagnast á þeim miklu vanskilum sem menn munu lenda í.

Það væri hægt að halda svona áfram með þessa auglýsingu. Það er ekkert í henni sem kostar bein fjárútlát úr ríkissjóði nema þessar 21,5 millj. kr. sem ég nefndi áðan vegna Íbúðalánasjóðs og svo aftur það frumvarp sem hér er til umræðu. Þar á að setja 1,5–2 millj. kr. til heimila þeirra sem hafa verið að flytja inn bíla og sitja uppi með þá óselda svo þúsundum skiptir. Ég hlýt að lýsa yfir fullkominni hneykslan á forgangsröðun þessarar ríkisstjórnar. Það er ekki boðlegt, herra forseti, að bjóða fólki upp á þetta.

Komið þið hér inn, ráðherrar góðir sem skemmtið ykkur svona vel, með skattalækkanir og tillögur um 1,5–2 milljarða kr. fyrir önnur heimili á landinu. Ég er ansi hrædd um að þar sé þörfin meiri en hjá þeim sem þið ætlið hér að bæta, bæta vitlausan innflutning á allt of dýrum bílum.

[15:00]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er svolítið hissa á afstöðu hv. þingmanns. Hún talar um neyslufylliríið og vissulega hefur hún þó nokkuð til síns máls þegar hún talar um það. En hér er auðvitað verið að gera tilraun til að snúa ofan af því og reyna að ná til baka þeim gjaldeyri sem eytt hefur verið í þennan innflutning og næðist sennilega ekki annars. Tíu milljarðar, ég hef nú ekki sett þetta í nákvæmt samhengi en svona gróflega gæti ég trúað að þetta sé svona á bilinu 5–10% af útflutningstekjum sjávarútvegsins og það eru ekki litlar tölur í þessu samhengi sem þá er um að ræða.

Varðandi það að ríkissjóður hafi ekki kostað til neinum fjármunum í aðgerðir til að tryggja hag heimilanna þá gera bara þeir þættir sem snúa að fjármálaráðuneytinu og varða skuldajöfnunina og aðrir þættir sem snúa að fjármálaráðuneytinu fyrir utan þetta, eitthvað á annan milljarð í tekjum sem hafa komið inn vegna þeirra þátta. Ég held að hv. þingmaður eigi ekki að gera lítið úr þeim þáttum sem hún er að fjalla um og yfir höfuð eigi ekki að gera lítið úr þeim aðgerðum sem verið er að fara út í til þess að styðja við heimilin. Og eins það að greiðslujöfnunin kosti ekki neina fjármuni. Hún mun hafa veruleg áhrif á stöðu bankanna og bankarnir verða að leggja heilmikið á sig til að þetta geti gengið og það getur þurft að hlaupa undir bagga með þeim af hálfu Seðlabankans eða ríkissjóðs. Við vitum út af fyrir sig ekki nákvæmlega hver þörfin verður og þar af leiðandi ekki hvort það verður mikill kostnaður af því en það gæti líka orðið. Ég held þess vegna að hv. þingmaður eigi ekki að gera lítið úr þessum þáttum.

[15:02]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég skal ekki gera lítið úr 10 milljörðum kr. Það er alveg klárt að þeir hafa verið teknir að láni erlendis og hljóta að vera hluti af því sem íslenskri þjóð er nú ætlað að borga á næstu árum. Hluti af þeim 1.400 milljörðum kr. sem verða teknar að láni ýmist hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eða hjá ríkjum sem hafa fallist á að lána þessari skuldsettu þjóð. Tíu milljarðar eru vissulega mjög há fjárhæð. Ég minni á að við höfum ekki fengið upplýsingar um það enn þá hversu há Icesave-skuldin í rauninni er í Bretlandi. Í hv. viðskiptanefnd var talað um 660 milljarða kr. sem endanlega útreiknaða tölu. Hér í þingsal hafa ráðherrar talað um 620 milljarða kr. Þar munar 40 milljörðum. Við erum að tala um 10 milljarða. Í fjölmiðlum hafa menn gjarnan talað um að þetta séu svona 600 milljarðar kr. og við erum að tala um 10 milljarða kr.

Allt ber þetta að skoðast í samhengi, hæstv. ráðherra, sem hins vegar svaraði ekki spurningu minni um það hvernig hæstv. ráðherra ætlar að tryggja að þessir 10 milljarðar skili sér til baka inn í landið. Ég er ansi hrædd um að þeir sem selja bíl í útlöndum geti jú af því við erum í EES sett andvirðið inn á reikninga bæði í innlendum og erlendum bönkum í hvaða landi EES þar sem þeir geta selt viðkomandi bíl.

[15:04]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett reglugerð um framkvæmd og eftirlit þessarar aðgerðar þannig að með því á að vera hægt að koma í veg fyrir að menn misnoti þetta. En það gilda auðvitað sömu reglur um þennan útflutning og annan útflutning. Það eru í raun aðrir lagabálkar og önnur ráðuneyti sem með þá lagabálka fara og ef þingmenn vilja gera sérstakar ráðstafanir vegna þessa í því samhengi þá þarf út af fyrir sig að leita annað.

[15:05]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir misnotkun á því að fella niður skattskuldir upp á 1,5–2 milljarða kr. sem gætu orðið til þess að 10 milljarðar íslenskra króna í gjaldeyri skiluðu sér ekki til landsins heldur sætu kyrrir þar sem bílarnir eru seldir. Það er auðvitað mikilvægt og þess vegna spurði ég hæstv. ráðherra hvernig hann ætlaði að koma í veg fyrir það. Hvernig hann ætlaði að tryggja að þessir peningar kæmust til landsins. Það er vísað í einhverja reglugerð. Ég vil bara benda á að það er algjört frelsi í flutningi fjármagns á milli landa. Ég spyr aftur og hlýt að krefjast svara við því, í nefnd ef ekki vill betur: Hvernig sér ráðherrann að hægt verði að tryggja að þessir peningar komist hingað heim? Og ég endurtek að ég tel að þetta sé algerlega röng forgangsröðun gagnvart heimilunum í landinu.

[15:06]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér að fagna þessu frumvarpi og reyndar að leyfa mér að koma strax inn á orð hv. þingmanns um að hér sé um ranga forgangsröðun að ræða gagnvart heimilunum í landinu. Ýmsir hafa haft samband við mig, bæði símleiðis og í gegnum tölvupósta, eftir að ég fór að fjalla um þetta mál á sínum tíma og er orðið talsvert langt síðan. Ýmsir fleiri hafa líka fjallað um þetta, að það geti skipt höfuðmáli fyrir margar fjölskyldur að það komist hreyfing á bílamarkaðinn. Bílamarkaðurinn er frosinn og margar fjölskyldur mundu mjög gjarnan vilja losna við skuldbindingar vegna bifreiðakaupa. Það þarf t.d. ekki að vera, eins og fram hefur komið í úttekt FÍB, nema tiltölulega venjulegur bíll, hefðbundinn fjölskyldubíll. Hann kostar með talsverðri skuldsetningu um 100–150 þús. í rekstri á mánuði. Það þýðir að menn þurfa að hafa yfir 200 þús. kr. í laun á mánuði til að geta borgað það að teknu tilliti til þess þegar menn hafa borgað skatta. Það er bara hátt í kennaralaun, takk fyrir. (Gripið fram í.) Þetta eru alveg ótrúlegar upphæðir. Hafi verið tekið erlent lán þegar gengisvísitalan var í kringum 120 og skuldbindingin vegna lánsins verið í kringum 50 þús. þá er hún komin yfir 100 þús. núna. Svo koma tryggingar og allt það ofan á.

Margar fjölskyldur reka tvo bíla, kannski ekki báða skuldsetta, ég er ekki að segja það, en margir eru með báða skuldsetta. Þetta eru gríðarlegir fjármunir og óvænt útlegg ofan á það kannski að laun lækki. Ef við komum hreyfingu á þennan markað og ég undirstrika ef, þá eru þær forsendur sem hér er miðað við að fólki takist að selja bílana úr landi. En eins og maður hefur oft komið inn á í þessum ræðustól erum við því miður ekki eina þjóðin sem er í kreppu. Kreppan er alls staðar í kringum okkur og það er ekkert víst að það sé markaður fyrir þetta þó að hann hafi verið það fyrir einum eða tveimur mánuðum. Það er miður því að mikið af eignum hefur brunnið á Íslandi undanfarið og erlendis í okkar eigu og það er óþarfi að við hendum bílunum á bálið líka því að það er nú svo að bílaeignin er miklu meiri en þjóðin þarf á að halda. Það eru fleiri bílar en ökuskírteini í landinu og auðvitað má segja að fólk var á neyslufylliríi. En fólk sem keypti sér bíl, hefðbundinn fjölskyldubíl, og er komið með þessa skuldsetningu á bakið er ekki fólk á neyslufylliríi. Þetta er bara venjulegt fólk, það er staðreynd málsins.

Ef það truflar þingmenn eitthvað sérstaklega að þetta létti hugsanlega á hjá einstökum fyrirtækjum þá verð ég að segja að það er ekki áhyggjuefni í mínum huga. Í þessum geira starfa mjög margir, margar fjölskyldur byggja afkomu sína á því að höndla með bíla, þannig að það er gott ef hægt er að koma þessum viðskiptum af stað á ný. Aðalatriðið er hins vegar að í þessu eru fólgin mikil verðmæti. Það er gjaldeyrisskortur í landinu. Það er vonandi hægt að hreinsa þennan bílaflota, ég undirstrika vonandi, að einhverju leyti úr landi. Ef okkur tekst það blessunarlega þýðir það að við komum hreyfingu á markaðinn og getum hugsanlega létt undir með fjölskyldum svo skiptir jafnvel milljónum á ári.

Það ætti að kæta vinstri græna ef bílunum fækkar. Því hvað hefur gerst núna í þessari blessuðu kreppu? Jú, það þurfti kreppu til að það fjölgaði í strætó á ný. Nú er loksins orðin farþegaaukning hjá strætó. Fyrir því hafa vinstri grænir barist. Er þá ekki ágætt að hreinsa þennan — (**ÁI:** … kreppu?) var þetta ekki útúrsnúningur, hv. þingmaður? (**Gripið fram í:** Álfheiður Ingadóttir snýr ekki út úr.) Nei, ég hef orðið var við það undanfarna daga en þetta er náttúrlega dæmigert fyrir málflutninginn. Þar af leiðandi er þetta líka ákveðið innlegg í umhverfisnálgun vinstri grænna og þess vegna skil ég ekkert í þeim að fagna ekki þessari umræðu. Hugsanlega vinnst þá tvennt. Hugsanlega, ef vel tekst til, getur þetta létt undir hjá fjölskyldunum og við getum minnkað útblásturinn á Íslandi og fólk farið að taka strætó í meiri mæli. Það eru miklir plúsar við það.

Í framhaldinu geta menn hugsanlega farið að setja sér ný viðmið varðandi innflutning. Sá sem hér stendur skal vera algjörlega tilbúinn til að setjast niður með hverjum sem er og horfa til þess að þeir bílar sem koma síðan inn í landið í staðinn fyrir þá sem fara út núna verði umhverfisvænni en þeir voru. Það hefur í sjálfu sér verið með algjörum ólíkindum að við höfum ekki gert meiri kröfur varðandi umhverfið þegar kemur að bílainnflutningi. Það er ágætt að endurskoða það. Og ég held líka að við ættum að skoða það sérstaklega hvort við ættum að hvetja og ýta undir innflutning á rafmagnsbílum.

Ég horfði á mynd um daginn sem heitir *Hver drap rafmagnsbílinn?* Það var alveg ótrúlegt að horfa á þá mynd þar sem í rauninni var farið að framleiða rafmagnsbíla í talsverðum mæli meira að segja í Bandaríkjunum í kringum 1990 og allt í einu voru þessir bílar innkallaðir. Það var alveg ótrúlegt, þetta var komið vel á veg og svo komu menn með alls kyns útúrsnúninga um að betra væri að fara aðrar umhverfisvænar leiðir. Þetta voru þessi fínu rafmagnsbílar. Allt í einu kom tilskipun frá GM Chrysler um að skila öllum þessum bílum, takk fyrir, og þeir bara sóttir. Ég er alveg undrandi á því að þessi þróun skuli ekki hafa farið af stað á ný í meira mæli. Engu að síður er farið að framleiða núna mjög vandaða og góða rafmagnsbíla, hefðbundna bíla sem eru með mjög mikla akstursgetu og hægt að aka þeim langar vegalengdir. Og ég held að við Íslendingar ættum jafnvel að horfa til þess sem mér skilst að Ísraelsmenn hafi gert, að efla hér infrastrúktúr eða innviði fyrir rafmagnsbíla þannig að fólk geti farið um land allt á rafmagnsbílum. Það er

kannski næsta skref og kannski partur í endurreisninni, eitthvað sem við þurfum að horfa til. En það væri alla vega mikill gjaldeyrissparnaður í því að geta verið með endurnýjanlega orku á bílaflotanum og eins væri það náttúrlega mjög umhverfisvænt. Hugsanlega gætum við þá líka verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar í þessum efnum.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni.

[15:14]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg það ekkert í efa að margar fjölskyldur eru illa skuldsettar í landinu. Við vitum það og það er af ýmsum ástæðum. Við vitum að það var verið að lána í bönkunum, jafnvel fermingarbörnum, það var verið að lána til almennrar neyslu lán sem jafnvel voru tengd erlendum gjaldmiðli. Það eru margar fjölskyldur illa skuldsettar í landinu og hafa heilmiklar skuldbindingar núna ekki síst vegna húsnæðismála. Það eru íbúðirnar, það eru heimilin sem eru í voða vegna verðtryggingarinnar. Það hefur verið upplýst hér að það verða litlir 240 milljarðar kr. sem velt verður yfir á heimilin í landinu í gegnum íbúðalánin á einu ári vegna verðbótaþáttarins. Þarna þarf virkilega að gera eitthvað.

En ef umhyggjan fyrir heimilunum er svona mikil þá hlýt ég að spyrja hv. þingmann: Er hann tilbúinn til að flytja með mér breytingartillögu við þetta frumvarp um að sett verði takmörk við skattaniðurfellingu sem hér er um að ræða við eitthvað sem við getum fundið út úr að sé svona venjulegur heimilisbíll eða fjölskyldubíll?

[15:16]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Spurt er hvort sá sem hér stendur sé tilbúinn til að takmarka hvað bíll má kosta sem fluttur er úr landi og nýtur endurgreiðslu. Ég mun ekki styðja það. Ég trúi varla að þingmaður Vinstri grænna vilji síst af öllu flytja út þá bíla sem mest menga og slíta götunum, mér finnst það ótrúlegt.

Hins vegar skal ég styðja þingmanninn í því að reynt verði að setja reglur um, ef mögulegt er, að gjaldeyririnn sem verður til við sölu bíla úr landi skili sér inn. Ég hjó eftir því atriði í andsvari við hæstv. fjármálaráðherra áðan og held að það sé mikilvægt, því það er hluti af tilganginum með þessu. Ég skal því standa á bak við hv. þm. Álfheiði Ingadóttur með það, en ég held að ekki sé síður mikilvægt að búa til verðmæti úr rándýrum bílum sem standa ónotaðir og mikil verðmæti eru í. Ekki er gott að láta þá grotna niður á götunum og miklu betra að búa til verðmæti úr þeim núna. Kannski getum við flutt inn rafmagnsbíl síðar í stað jeppans sem fluttur er úr landi.

[15:18]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek að ef meiningin er að bjarga heimilum í landinu, sem eru illa skuldsett og hafa farið illa út úr kaupum á bílum, sem nú er hvorki hægt að reka né selja, ef menn eru tilbúnir til að setja reglur um slíkar skuldsetningar, stendur ekki á okkur.

Það sem ég benti á áðan er að mér finnst ósmekkleg tenging á milli þess að bjarga heimilum í landinu og þess sem segir í greinargerðinni að aðallega bílaumboðin og bílaleigurnar séu í vandræðum vegna bíla sinna.

Ég er ansi hrædd um að bílum fækki ekki endilega á götunum, bílum á hafnarbakkanum mun fækka, það er markmiðið með þessu og það mun verða afraksturinn. Svo getum við hv. þingmaður rætt um rafmagnsbíla og bensínháka við aðrar aðstæður, það er algjörlega óskylt þessu máli.

Ég velti líka fyrir mér hvað það kosti að senda bílaflota bifreiðaumboðanna aftur úr landi og hvað umsýslan með það allt saman mun kosta. Ég hef því miður ekki mikla trú á að hægt sé að tryggja að gjaldeyririnn sem fæst með sölu bílanna erlendis geti skilað sér hingað heim. Ég er ansi hrædd um að regluverkið sem við búum við leyfi það einfaldlega ekki.

[15:20]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst gæta skorts á skilningi hér. Ef fjölskylda sem á rándýran jeppa selur hann úr landi þarf sama fjölskylda kannski að kaupa bíl og kaupir þá bíl af annarri fjölskyldu. Þetta snýst um að hugsanlega kemst markaðurinn í gang, þ.e. ef bílar eru losaðir úr landi gæti orðið til eftirspurn innan lands. Það er mjög mikið atriði. Rándýr bíll sem fer úr landi gæti kallað á kaup á öðrum bíl hér heima.

Af því að minnst var á bílaflotann á hafnarbakkanum hugsa ég að í flestum tilvikum séu það ótollaðir bílar sem ættu ekki að tengjast frumvarpinu.

Ég vil líka undirstrika að fjármálafyrirtækin eru mjög háð því að hægt sé að gera upp bílalán og að fjölskyldur geti staðið við skuldbindingar sínar. Fjármálafyrirtækin þurfa líka að lifa og margir vinna þar svo þetta hangir allt saman. Ef spurningin er um bílaleigurnar er ferðaþjónustan mikið atriði í milliríkjafasanum sem við erum að fara í núna. Allt tengist þetta. Ef við náum að byggja undir atvinnulífið, þýðir það að við byggjum undir fjölskyldurnar í landinu. Þetta er allt samhangandi.

[15:22]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingar á tvennum lögum, þ.e. um vörugjald af ökutækjum og virðisaukaskatt af ökutækjum. Frumvarpið fjallar um heimild til að endurgreiða bæði vörugjald og virðisaukaskatt af notuðum bílum ef þeir eru seldir úr landi. Eins og farið hefur verið yfir hafa nokkur þúsund nýir bílar, sem bílainnflutningsfyrirtæki hafa flutt inn og vænst að selja á árinu, safnast upp alveg ónotaðir og þá að öllum líkindum flestir ótollaðir. Bílasölurnar eru yfirfullar af bílum, bæði vegna þess að fólk hefur keypt sér nýja bíla og ætlað að selja þá gömlu, eða þá að fólk er að reyna að selja bíla sem það hefur fjárfest í og getur ekki lengur staðið undir afborgunum af.

Þetta er auðvitað ein af mörgum myndum tímabilsins sem við höfum upplifað undanfarin fimm, sex ár. Á síðasta ári, 2007, var gefið sérstaklega í og má segja að við höfum

algjörlega misst okkur og íslenska þjóðin farið fram úr sér á svo mörgum sviðum. Það sást á bílaeign landsmanna.

Oft sér maður bæði sitt eigið umhverfi og umhverfið á Íslandi með augum gestsins. Ég hef verið svo heppin að fá erlenda gesti í heimsókn sem flestir hafa verið algjörlega undrandi á bílaflotanum. Hvað er með Ísland? Hvernig getum við verið á svona nýjum bílum? Þegar Japanar komu hér í fyrrasumar og gengu um göturnar og sáu alla japönsku bílana og allan bílaflotann, eins og hann var, spurðu þeir: Hvernig hafið þið efni á þessu? Við reyndum að útskýra að nýju bílarnir væru flestir teknir á lánum og svona hefði þetta bara gengið og við Íslendingar kysum að aka um á nýjum bílum.

Vissulega höfðum við fært okkur upp á skaftið með góðu aðgengi að lánsfé þar sem ótæpilega var lánað fyrir neyslu og bílum og það í erlendri mynt. Þegar farið verður yfir þetta hamfaratímabil í sögu landsins þarf að skoða hvernig það mátti vera. Ber ekki einhver ábyrgð á því að veita neyslulán, bílalán, í erlendri mynt, í erlendum gjaldmiðli? Fyrir utan verðið á bílunum taka myntkörfulánin, í erlendum gjaldmiðli, endanlega fyrir að fólk geti greitt af lánunum.

Þetta er hluti af því að komast út úr vandanum sem við erum í. Það er sóun að láta bifreiðarnar sem standa ónotaðar á hafnarbakkanum grotna niður. Ég vil láta skoða hvort hægt sé að auðvelda það með einhverjum hætti, eða hvort ekki sé möguleiki fyrir innflytjendur að koma bílunum úr landi ónotuðum og reyna ekki að koma þeim inn á markaðinn og hjálpa til við að koma úr landi nýlegum bílum, sem verðmæti eru í og fólk hefur ekki lengur efni á að greiða af og fjárfesta í og vill losna við. Mér finnst það vera rétt leið og hún ætti að koma okkur niður á jörðina. Þetta er hörð lexía sem mörg okkar verða að læra af.

Mér finnst líka skipta miklu máli að horfa til framtíðar og taka upp ný viðmið, láta ekki bara markaðinn ráða eins og hefur verið fram að þessu. Að við stuðlum að því að fá hingað til lands nýja bíla, enn umhverfisvænni en verið hefur, og hvetjum til að hér verði notuð önnur orka til að knýja bifreiðarnar áfram og þá horfi ég sérstaklega til rafmagns, metans og annarra orkugjafa sem gætu komið á markaðinn. Til þess þurfum við að taka okkur tak og það kostar að koma þessu á. Hér var Nýja-Sjáland nefnt, ef ég tók rétt eftir, en þar er stuðlað að notkun rafmagnsbíla með því að koma upp tenglum og veita fólki þá möguleika að aka lengri vegalengdir á bílunum. Auðvitað þurfum við að móta okkur þessa framtíðarsýn og stuðla að henni.

Ég vil að við höfum framtíðarsýn, ekki til fjögurra ára heldur út öldina. Hvernig við viljum sjá samgöngur okkar þróast, bæði á láði og legi, og vinna markvisst að því. Það kostar nýjan hugsunarhátt og þýðir að við þurfum að horfa til orkugjafa í landinu til lengri tíma og þess að orkuauðlindir okkar eru takmarkaðar. Ef við ætlum að rafvæða bílaflotann og margt annað sem við notum olíu til í dag verður að stöðva stóriðjuframkvæmdir og orkunotkun til stóriðju, eins og verið hefur.

Ég tek undir orð hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur þegar hún benti á að hálfeinkennilegt hafi verið að sjá aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar þar sem bifreiðar voru eini liðurinn sem var verulega útlátasamur fyrir ríkissjóð, með endurgreiðslu virðisaukaskatts og vörugjalds. Aðrir liðir snúa frekar að því að fólki sé auðveldað að komast yfir þennan erfiða hjalla fram undan og dregið sé úr skellinum. Dregið verði tímabundið úr greiðslum en ríkissjóður taki ekki á sig verulegar byrðar nema með þessum lið. Ég tel að við eigum að skoða þetta vel og læra af innflutningi undanfarinna ára og aðgengi að neyslulánum og bílalánum í erlendri mynt.

Auðvitað viljum við horfa á umferðaröryggi og viljum ekki fara til þess tíma að hér sé ekið á hálfónýtum og óöruggum bílum en við eigum líka að horfa á umhverfið og öryggið og umferðina í þéttbýlinu. Það er ekkert vit í því — ef ég fer aðeins út fyrir rammann — að umferð sé leyfð á stórum og miklum fjallabílum og trukkum í miðbæ höfuðborgarsvæðisins, í Reykjavík og nágrannasveitarfélögunum. Við þurfum að temja okkur eitthvert hóf í þessum málum.

[15:32]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að það sé ágætt að nota þetta tækifæri og skoða samgöngur bæði á láði og legi og hef sem dæmi fjallað úr þessum stól m.a. um það að ég vilji endurskoða strandsiglingar.

Varðandi kostnaðinn af þessu fyrir ríkissjóð vil ég bara undirstrika að það er ekki sjálfgefið að þetta takist, það er ekki sjálfgefið að okkur takist að selja marga bíla úr landi út af ástandinu í kringum okkur. Kannski kostar þetta þá lítið, því miður. Ef vel tekst til þarf ríkissjóður að borga en þar með erum við líka að bjarga heilmiklum verðmætum. Það finnst mér grundvallaratriði. Ég get bara algjörlega tekið undir að við höfum misst okkur í bílainnflutningi, enda er þetta partur í að leiðrétta svolítið kúrsinn. Það eru alls kyns leiðréttingarferli í gangi núna og ég ætla ekkert að gera lítið úr því. Ég undirstrika að þetta veldur útgjöldum ef þetta tekst, en þá spyr ég hv. þingmann: Er hún samt ekki sammála því að ef hér verður mikill útflutningur á bílum megi þá reikna með að hér hefjist innflutningur af einhverjum krafti fyrr? Fær þá ekki ríkissjóður fjármagnið til baka þegar þar er komið sögu?

[15:34]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er með bílaflotann eins og íbúðaflotann, ef við getum sagt sem svo, við erum búin að fara fram úr okkur á þessum sviðum. Við höfum byggt íbúðir á höfuðborgarsvæðinu og þenslusvæðunum langt umfram þörf og það þarf í raun og veru ekki að byggja íbúðarhúsnæði, verslunarhúsnæði eða skrifstofuhúsnæði næstu árin. Það er eins með innflutning á bílum, þeir eru auðvitað háðir árgangi, þeir eru bundnir við framleiðslu hvers árs en ég er hrædd um að ef umboðin nái ekki að flytja úr landi þær þúsundir bíla sem eru hér á hafnarbakkanum eigum við dálítið drjúgan varasjóð, að innflutningur sem slíkur þurfi ekki að vera um einhvern tíma, heldur sé hægt að koma þeim bifreiðum í notkun og skráningu og þar af leiðandi tekjum til ríkissjóðs af þeim bílum sem þegar standa á hafnarbakkanum.

Vissulega mun hjálpa til ef hægt er að losna við þá bíla sem fólk ræður ekki við að borga af eða vill losna við, sem

sé notaða bíla úr landi. Það hjálpar auðvitað bæði bílasölum og einstaklingum að koma notuðum bílum úr landi. Það kemur vonandi líka í umferð nýjum bílum sem eru nú þegar komnir til landsins. Þetta er allt háð markaðnum erlendis en þá vil ég rifja upp að hér hefur gengið mjög vel að selja gamla traktora úr landi, Zetor og Ursus, þar sem pólskir bændur sækjast eftir traktorum sem eru þá gjarnan komnir til ára sinna. Hefur það gefið (Forseti hringir.) bændum þó nokkrar tekjur upp á síðkastið.

[15:36]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa ágætu umræðu en bendi á það að frumvarpið sem við hér ræðum er í rauninni sjálfsagt. Þegar vörur eru fluttar á milli landa á að taka af þeim tolla og gjöld þegar þau er flutt inn í löndin og síðan á að endurgreiða þann toll með afskriftum þegar þær eru fluttar til baka. Þetta er mjög eðlileg aðferð og eðlilegt frumvarp og eiginlega það eina athugaverða sem ég sé við það er að það skuli vera tímasett, að það skuli renna út 1. apríl 2009. Ég legg til að það verði skoðað í hv. nefnd.

Það hefur borið á því undanfarið eftir að krónan féll og öll þessi vandræði komu upp að fólk hafi tekið gengistryggð lán þrátt fyrir viðvaranir um annað. Nú er það komið í mikil vandræði. Maður keypti kannski jeppa upp á 4 milljónir með jenaláni, jenið hefur tvöfaldast eða rúmlega það þannig að nú skuldar hann allt í einu 8 milljónir. Lánið sem fjölskyldan taldi sig ráða við er orðið svo mikið og þungt að vöxtum að fjölskyldan ræður ekkert lengur við það. Nú er spurningin hvort við eigum við að segja: Ja, þú gast vitað þetta sjálfur, þetta er bara þér að kenna. Það tel ég ekki sæmandi. Við vitum líka að öllu fólki er ráðlagt að reykja ekki en þegar það þarf samt seinna á heilbrigðiskerfinu að halda vegna reykinga segjum við ekki: Heyrðu, þú reyktir, vinurinn, og nú skaltu bara borga sjálfur. Það gerum við að sjálfsögðu ekki. Við tökum tillit til stöðu fólks sem það er komið í, hvort sem það olli þeirri stöðu sjálft eða ekki. Mér finnst mjög mikilvægt að við tökum á þessari stöðu og reynum að leysa hana eins og hægt er.

Það er ljóst að allir þessir bílar með erlendu gengisláni eru með lánið í gjaldeyri þannig að þegar menn selja þá til útlanda og fá gjaldeyri fyrir reikna ég fastlega með að viðkomandi eigendur borgi lánið sitt með gjaldeyri þannig að þeir flytji gjaldeyrinn heim. Annað væri afskaplega vitlaust, að skulda áfram gjaldeyri og eiga gjaldeyri í útlöndum. Ég sé ekki annað en að menn mundu bara losa sig við dæmið með því að flytja gjaldeyrinn heim. Ég skil ekki af hverju menn óttast að þessi gjaldeyrir skili sér ekki. Það getur vel verið að einhver eigi bíl sem er ekki með gengisláni, þá er það eins og hver annar útflutningur og hann skilar þá væntanlega gjaldeyrinum heim, nýtir háa gengið sem er á gjaldeyrinum í dag, lága gengið á krónunni eins og aðrir sem eru í útflutningi. Ég sé ekki annað en að gjaldeyririnn muni skila sér heim á þennan eða hinn háttinn.

Svo má benda á að allur þessi bílafloti, sem væntanlega er ónotaður því að menn væru varla að selja bílana nema af því að þeir eru ónotaðir, grotnar niður. Þessir bílar eru ónýtir eftir átta eða tíu ár, það er afskriftatími bíla. Þeir grotna niður í hverjum einasta mánuði og það er þjóðhagslega mikilvægt að koma þessum bílum í verð, í notkun, þó að það sé í útlöndum og alveg sérstaklega er gott fyrir þjóðina að fá gjaldeyri í staðinn.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

[15:40]

Útbýting:

Húsnæðismál, 137. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 218.

Niðurfelling laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs, 1. umr.

Stjfrv., 169. mál. — Þskj. 204.

[15:40]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Það er með nokkrum trega sem iðnaðarráðherra kemur hingað og flytur þetta frumvarp vegna þess að hér er í reynd settur punktur aftan við svolítinn kafla og ekki ómerkan í atvinnusögu Íslendinga. Ég mæli sem sagt fyrir frumvarpi um niðurfellingu laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, og um ráðstöfun eigna hins merka sjóðs, Kísilgúrsjóðs.

Í þessu frumvarpi er sem sagt lagt til að sjóðnum verði slitið og starfsemi hans lögð niður. Sömuleiðis er lagt til að í sömu atrennu samþykki þingið að leggja niður lögin um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, sem ég vísaði til áðan. Þetta er lagt til í ljósi þess að kísilgúrverksmiðjan hætti starfsemi sinni árið 2004 og tekjur Kísilgúrsjóðs af námagjaldinu eru engar. Starfsemi sjóðsins er þess vegna háð eigin tekjum og framlögum á fjárlögum.

Í þessu frumvarpi er sömuleiðis lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilt að ráðstafa eignum sjóðsins með samningi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. Það er gert ráð fyrir því að sá samningur hafi það að markmiði að efla nýsköpun og atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem hafa átt verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Kísilgúrverksmiðjunnar.

Þeir sem þekkja þennan kafla í atvinnusögunni muna vafalaust eftir því að Kísilgúrverksmiðjan hf. við Mývatn var stofnuð árið 1966 með sérstökum samningi íslenska ríkisins og bandaríska fyrirtækisins John-Manville Corporation. Þessi verksmiðja starfaði samkvæmt þeim lögum sem ég nefndi hér áðan, nr. 80/1966, en starfsemi verksmiðjunnar var hins vegar hætt í nóvember 2004. Með lögum nr. 17/1995, um breytingu á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, var jafnframt stofnaður sérstakur sjóður, Kísilgúrsjóður, og hans hlutverk átti að vera að efla atvinnulíf í þessum sveitarfélögum sem telja mætti að ættu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi þessarar merku verksmiðju. Ráðstöfunarfé sjóðsins samkvæmt þeim lögum átti að samanstanda af fimmtungi af námagjaldi verksmiðjunnar til ársins 2001 en frá 2002 til og með ársins 2010 átti það að aukast í 68% af námagjaldinu ásamt allt að 20% af tekjum ríkisins sem eiganda framleiðslufélagsins samkvæmt heimildum í fjárlögum.

Stjórn Kísilgúrsjóðsins hefur komið að mörgum merk-

um málefnum á sinni tíð. Það var yfirleitt úthlutað úr sjóðnum tvisvar á ári, vor og haust, og þetta 2,5–3 milljónum í hvert skipti. Að mestum hluta voru þessar úthlutanir í formi styrkja þó að líka hafi að vísu verið nokkuð um það að sjóðurinn hafi keypt hlutabréf, yfirleitt í nýstofnuðum félögum, en þess eru líka dæmi að framlag úr sjóðnum hafi verið notað til þess að kaupa hlutafé við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja á starfssvæði sjóðsins. Sömuleiðis hefur talsvert verið veitt af styrkjum til ferðaþjónustufyrirtækja. Staða sjóðsins núna er sú að hann á tæplega 15 millj. kr. á bók, hann á hlutabréf í sex hlutafélögum og bókfært virði þeirra í dag er í kringum 7,5 millj. kr.

Í tímans rás hefur Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. séð um að sýsla með styrkina, það hefur annast móttöku umsókna, séð um reikningshald og í raun alla fjársýslu fyrir Kísilgúrsjóð í samræmi við sérstakan samstarfssamning þar um. Stjórn sjóðsins hefur hins vegar stýrt úthlutunum og samþykkt styrkumsóknir. Atvinnuþróunarfélagið, sem iðnaðarráðuneytið hefur í þessu efni átt ákaflega gott samstarf við, hefur lýst miklum áhuga á því að taka við fjármunum sjóðsins og sjá um ráðstöfun þeirra. Er rétt að geta þess að héraðsnefnd Þingeyinga hefur tekið undir þau sjónarmið. Ef hið háa Alþingi samþykkir frumvarp mitt og ríkisstjórnarinnar að þessum lögum munu reglugerð nr. 476/2001, sem er um starfsemi og tilgang Kísilgúrsjóðs, og reglur nr. 850/2001, um fjárveitingar úr Kísilgúrsjóði, falla úr gildi.

Svo má segja, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að við séum hér að ljúka ákveðnum kafla í atvinnusögunni, það er verið að setja punkt aftan við starfsemi verksmiðju sem á sínum tíma var bæði umdeild og lofuð. Hún skipti mjög miklu máli fyrir uppbyggingu byggðakjarna við Mývatn en vakti jafnframt heiftarlegar deilur eins og jafnvel við sem erum búin að vera tiltölulega skamma hríð á þingi, ekki nema hátt í tvo áratugi, munum mætavel. Hér hafa oft staðið deilur um þessa verksmiðju en í öllu falli munu þær deilur aldrei vakna aftur. Verksmiðjan er hætt og með þessu frumvarpi er lagt til að lögum og reglum sem um þessa starfsemi gilda enn í dag, og þar með Kísilgúrsjóðinn, verði slitið.

Ég mælist til þess, herra forseti, að þessu frumvarpi verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnaðarnefndar.

[15:46]

Þuríður Backman (Vg):

Virðulegi forseti. Ég tek hér til máls eingöngu til þess að lýsa ánægju með að frumvarp þetta skuli vera komið fram. Það er augljóst og hefur verið um nokkurt skeið frá því að kísilverksmiðjan var aflögð að ganga þyrfti frá sjóðnum og finna honum hlutverk eða ráðstafa honum til framtíðar. Þar sem Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hafði bæði séð um vörslu sjóðsins og úthlutun úr honum er mjög eðlilegt að sjóðurinn renni til Atvinnuþróunarfélagsins í sama tilgangi, að styrkja atvinnu og atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Undir það tekur héraðsnefnd Þingeyinga sem telur rétt að þessir fjármunir renni til Atvinnuþróunarfélagsins og að stjórn félagsins setji reglur um hvernig þeir nýtist best til atvinnuþróunar. Það skiptir miklu máli að haldið sé áfram á þessari braut, að styrkja og styðja við þær hugmyndir sem fram koma hjá heimamönnum um að efla atvinnu á svæðinu og tryggja fjölbreytta atvinnu.

Nægar eru hugmyndirnar og næg eru tækifærin. Það hefur sýnt sig á þeim skýrslum og því sem komið hefur frá þeim vinnuhópum sem settir hafa verið til þess að koma fram með hugmyndir um eflingu atvinnu á svæðinu að það vantar ekki bæði hugmyndir og kraft ef stuðningur og styrkur fæst til.

Því miður er það svo að þótt þetta séu ekki margar milljónir og vegi ekki þungt, hvorki hjá ríkissjóði né í samanburði við stórframkvæmdir eins og stóriðju, þá gera þær það hjá einstaklingum og litlum fyrirtækjum sem eru að reyna að koma nýrri starfsemi á laggirnar.

Oft þarf þessi stuðningur ekki að vara lengi en þarna eru oft og tíðum rannsóknir, markaðssetning og til er hlutafé sem stofnfé. Þar hefur sjóðurinn einmitt verið mikilvægur eins og fram kemur í greinargerðinni. Þar eru talin upp sex fyrirtæki sem sjóðurinn hefur keypt hlutabréf í. Það eru Hvalamiðstöðin ehf., Baðfélag Mývatnssveitar ehf., Höfðaver ehf., Tækifæri ehf., Eldá ehf. og Mývatnsstofa ehf.

Ferðaþjónusta hefur verið að eflast á svæðinu og þar liggja mörg tækifæri. Baðfélagið og Hvalamiðstöðin, sem ég þekki til, eru fyrirtæki þar sem uppi eru miklar hugmyndir um möguleika á stækkun og eflingu starfseminnar og verða eflaust, ásamt öðru, aðdráttarafl fyrir ferðamenn inn á svæðið. Ég tel alveg einsýnt að sjóðurinn geti haldið áfram að styrkja þessi félög og önnur sem efla atvinnu á svæðinu.

[15:50]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Það er nú líkast til, herra forseti, eins og hv. þingmaður sagði, að sjóðurinn hefur lagt gjörva hönd að verki við að styðja margvíslegt jákvætt framtak í sveitinni nyrðra. Atvinnuþróunarfélagið mun með þá peninga í höndunum örugglega halda því áfram. Eins og hv. þingmaður sagði hefur þessi sjóður skipt máli. Þarna er um að ræða það sem ég kalla smurningsolíu á gangverk atvinnulífsins. Það er mjög mikil drift í fólki í þessari sveit og margar góðar hugmyndir sem fram hafa komið þar. Eins og hv. þingmaður nefndi hafa þær sumar gengið býsna vel.

Hvern hefði t.d. órað fyrir því að jarðböðin, sem sett voru á stofn og heita víst Baðfélag Mývatnssveitar hf. í dag, mundu á þessu ári taka á móti fast að 80 þús. gestum? Það er tæplega fimmtungur þess fjölda sem sækir það sem hingað til hefur verið ókrýnt í öndvegi íslenskrar „spa-ferðaþjónustu“, þ.e. Blána lónið sem ég held að eitthvað á fimmta hundrað þúsund gesta heimsæki.

Í Mývatnssveit eru líka mjög sterkir frumkvöðlar sem hafa margvísleg áform. Þeim hefur t.d. tekist það sem höfuðskáldi okkar Einari Benediktssyni tókst aldrei, þeim hefur tekist að selja norðurljósin.

Það er alveg ljóst að viðfangsefnin eru næg og það væri mjög vel við hæfi að Atvinnuþróunarfélagið, sem tekur nú að samþykktu þessu frumvarpi einhvern tímann síðar í vetur við þessum fjármunum, haldi áfram á þessari braut, að styrkja öflugustu vaxtarsprotana í Mývatnssveit sem eru hin sterku ferðaþjónustufyrirtæki sem þar eru að koma upp.

Svo, herra forseti, gleðst ég auðvitað yfir því að loksins

er sú stund runnin upp að hv. þingmenn Vinstri grænna ljúka bara upp höndum í fagnaðarlátum yfir frumvarpi frá iðnaðarráðuneytinu.

[15:52]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það mun ekki standa á okkur að ljúka upp höndum í fögnuði og hrósa hæstv. iðnaðarráðherra þegar hann leggur fram tillögur sem styðja fjölbreytt atvinnulíf og frumvarp sem stuðlar að því að styðja við sprotafyrirtæki og frumkvöðla og fólkið í landinu, í þessu tilfelli í Þingeyjarsýslu. Það sem við höfum helst séð hér upp á síðkastið frá hæstv. iðnaðarráðherra eru tillögur sem stuðlað hafa að aukinni stóriðju — rannsóknum, eflingu og undirbúning fyrir stóriðju á þessu svæði.

Það var nefnd að störfum fyrir ekki mörgum árum síðan. Ætli hún hafi ekki skilað af sér fyrir tveimur árum síðan hugmyndum um möguleika á atvinnuuppbyggingu á þessu svæði. Það var langur listi. Heimamenn leggjast yfir málið, skoða möguleika svæðisins og tækifæri íbúanna miðað við hugmyndir, menntun og náttúru. Þetta er því miður reynslan og ekki síður á Vestfjörðum, fer það því miður oft þannig að listarnir og hugmyndirnar eru allt of oft lagðar á hilluna þegar fram koma hugmyndir um að fara með stóriðju inn á svæðið.

Það virðist vera að sú hafi orðið raunin í Þingeyjarsýslunum. Margar hugmyndir, sérstaklega þær sem snúa að ferðaþjónustunni, hafa verið lagðar til hliðar. Ég get getið þess hér að (Forseti hringir.) ég baðaði mig í gamla baðhúsinu og eins hef ég notið (Forseti hringir.) þjónustu Baðfélags Mývatnssveitar og ég trúði því allan tímann að böðin yrðu mikið aðdráttarafl fyrir svæðið.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og iðnn.

Tóbaksvarnir, 1. umr.

Stjfrv., 162. mál (EES-reglur, varúðarmerking og auglýsingar). — Þskj. 190.

[15:55]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði til teknar breytingar á tóbaksvarnalögum sem nauðsynlegar eru taldar til að mæta skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum meðal annars um tilkynningarskyldu samkvæmt tilskipun 98/34/EB og til að samræma löggjöf okkar öðrum tilskipunum Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að kveða á um upptöku varúðarmerkinga í formi litmynda á tóbaksumbúðir í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins. Belgía hefur þegar tekið upp slíkar viðvörunarmerkingar og hafa fleiri lönd innan Evrópusambandsins hafið undirbúning að upptöku slíkra merkinga.

Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að felld verði brott ákvæði um að þeir sem framleiða, flytja inn eða selja tóbak megi ekki gefa sínar eigin upplýsingar á umbúðum um heilsufarsleg áhrif af neyslu hennar. Samkvæmt tilskipun 98/34/EB var ákvæðið tilkynningarskylt til Eftirlitsstofnunar EFTA en þeirri skyldu var ekki sinnt á sínum tíma.

Við nánari athugun þykir ákvæðið óþarft enda tilgangur þess sá sami og fram kemur í 2. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna. Ákvæðið svo breytt hefur því ekki efnislegar breytingar í för með sér.

Í frumvarpinu er lagt til að orðalagi 2. og 3. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna um auglýsingabann á tóbaki verði breytt þannig að heimilt verði að miðla upplýsingum um tóbaksvörur til þeirra sem selja tóbak í heildsölu eða smásölu enda sé þess gætt að upplýsingarnar séu ekki aðgengilegar neytendum eða öðrum. Sama á við um auglýsingar í ritum sem prentuð eru og gefin út utan EES-svæðisins, enda séu þau fyrst og fremst ætluð til dreifingar utan svæðisins og megintilgangur þeirra ekki að auglýsa tóbaksvörur.

Í frumvarpinu er bann við innflutningi, framleiðslu og sölu á leikföngum eða sælgæti sem er eftirlíking af sígarettum, vindlum eða reykjarpípum 48. gr. laganna og tekið upp sem nýr málsliður í 7. gr. laganna. Með þeirri breytingu er slík sala felld undir óbeinar tóbaksauglýsingar. Samkvæmt tilskipun 98/34/EB var ákvæðið tilkynningarskylt til Eftirlitsstofnunar EFTA. Með frumvarpinu og tilkynningu þess til eftirlitsstofnunarinnar hefur þeirri skyldu nú verið fullnægt.

Rétt er að geta að í lok tilkynningar félagsins barst ein athugasemd við frumvarpsdrögin. Athugasemdin kom frá Eftirlitsstofnun EFTA og varðaði 2. gr. frumvarpsins. Gerð var athugasemd við að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins væri heimilt að gefa út verðskrá fyrir tóbak en samkvæmt tilskipun 95/99/EB og dómi Evrópudómstólsins væri það óheimilt. Í samráði við fjármálaráðuneytið var því ákveðið að fella brott úr texta 2. gr. frumvarpsins orðin „verðskrá fyrir tóbak“.

Hæstv. forseti. Í ræðu minni hef ég farið í stórum dráttum yfir ástæður þess að ég legg fram þetta frumvarp en megintilgangur þess er að mæta skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum. Ég tel mikilvægt að frumvarp þetta nái fram að ganga á þessu þingi og leyfi mér því að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðisnefndar og til 2. umr.

[15:59]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég fagna hverju því frumvarpi sem kemur fyrir hv. Alþingi sem er í þá átt að efla tóbaksvarnir og í framhaldinu ef það verður til að draga úr tóbaksneyslu hvort heldur það er í formi reyktóbaks eða annars tóbaks. Ég vil rifja upp frumkvæði okkar Íslendinga þegar við tókum upp aðvörunarmerkingar á reyktóbak og gerðum það mjög myndarlega með myndum og vöktum mikla athygli fyrir og aðdáun margra fyrir frumkvæði og áræðni í tóbaksvörnum og í framhaldinu góðan árangur. En við gengum fram úr Evrópusambandinu og urðum að fella niður þessar merkingar þar sem þær voru kærðar og við urðum að fella okkur að þeim merkingum sem eru á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ég fagna því að tóbaksvarnir skuli vera komnar svo langt á Evrópska efnahagssvæðinu að leyfðar séu viðvörunarmerkingar og það í formi litmynda og með texta þar sem kemur fram eins og verið hefur skaðsemi reykinga og hvaða áhrif tóbaksnotkun hefur á heilsuna, ekki getur haft heldur í raun og veru hefur á heilsuna ef þessa er neytt. Þetta á sérstaklega við og snýr að börnum eða unglingum. Þá ber sérstaklega að hafa þetta í huga.

Ég held að við þurfum á svo mörgum sviðum að standa vaktina í dag. Þó svo við séum búin að setja og taka upp reglur og banna reykingar á opinberum stöðum, á veitingahúsum þar sem matar er neytt og inni á skemmtistöðum þá kemur alltaf upp öðru hverju og við verðum vör við það á hv. Alþingi áhugi ákveðinna aðila að brjóta niður þær reglur sem við höfum komið á. En ég vara við því að látið verði undan þeim því hvert ríkið á fætur öðru, í raun og veru hver heimsálfan á fætur annarri er að taka upp hertar tóbaksvarnir og þá sérstaklega núna um bann við reykingum á almenningsstöðum og reyna af fremsta megni að verja fólk fyrir óbeinum reykingum og í öðru lagi eða jafnframt að hindra það að ungt fólk byrji að reykja.

Þetta er orðinn mjög kostnaðarmikill þáttur fyrir heilbrigðisþjónustuna í viðkomandi löndum þar sem tóbaksneysla er mikil og er farin að taka í, ég tala ekki um með hækkandi aldri að þá eru ríki farin að horfa á þann kostnað sem skaðsemi tóbaks veldur, ekki eingöngu á skatttekjurnar við að selja tóbakið heldur í hinn endann, sem er miklu þyngri, um heilsufarsleg áhrif og kostnað í heilbrigðisþjónustunni.

Ég vona að þessu frumvarpi verði vel tekið í hv. heilbrigðisnefnd og að við getum afgreitt það með þeim frumvörpum sem við náum að afgreiða núna fyrir áramót. Ég held að það liggi svo ljóst fyrir að þessar breytingar séu jákvæðar að málið eigi ekki að vefjast fyrir mönnum.

Hæstv. forseti. Ég tel að við eigum að skoða fleiri þætti sem snúa að tóbaksvörnum. Þá er mér í huga núna það sem ég veit að hvílir á mörgum og það er hvernig við högum sölu á tóbaki. Ég held að langflestir séu fylgjandi því eftir að tóbaksvara sé ekki sýnileg en við leyfum sölu á tóbaki í kössum verslananna þar sem unglingar hafa verið algengasti vinnukrafturinn. Það er mjög óþægilegt og óeðlilegt að leggja það á unglinga að standast þá freistingu eða þrýsting frá félögum og jafnvel skólafélögum að selja ekki tóbak undir 18 ára aldri. Ég tel því að við eigum að skoða þennan þátt og leyfa hugsanlega sölu, þ.e. ef tóbak verður áfram selt í matvöruverslunum að leyfa þá eingöngu söluna í „kjóski“ eða á sérstökum stöðum þar sem fullorðnir afgreiða, taka það frá afgreiðsluborðunum og koma sölunni í „kjóskana“.

Eins hef ég haft fréttir af því að verið sé að gera tilraun með sölu á tóbaki í sjálfsala eða nokkurs konar sjálfsala og það tel ég að hv. heilbrigðisnefnd eigi að skoða samhliða þessu frumvarpi eða umfjöllun um tóbaksvarnir almennt, þ.e. hvort við séum að horfa fram hjá því að verið sé að reyna að koma nýrri sölumennsku á tóbaki inn í verslanir í dag.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og heilbrn.

[16:06]

Útbýting:

Samningar um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu, 177. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 219.

Sjúkraskrár, 1. umr.

Stjfrv., 170. mál (heildarlög). — Þskj. 205.

[16:07]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um sjúkraskrár. Frumvarpið er samið af nefnd sem ég skipaði 2. október 2007 en nefndinni var ætlað að endurskoða ákvæði laga um sjúkraskrár.

Frumvarpið er nú endurflutt en það var áður flutt á síðasta löggjafarþingi en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Auk orðalagsbreytinga voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu með tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu í umsögnum sem bárust heilbrigðisnefnd um frumvarpið á síðasta löggjafarþingi. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Hugtökin gæðaþróun og gæðaeftirlit eru skilgreind.

2. Í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins er bætt við nýjum málslið þar sem kveðið er á um að sé bætt við sjúkraskrá, hún leiðrétt eða henni breytt eða eytt séu slíkar færslur rekjanlegar. Nauðsynlegt þykir að starfsmaður geti leiðrétt sjúkraskrá án þess að leita samþykkis sjúklings og til að gæta réttaröryggis er skýrt kveðið á um að unnt sé að rekja slíkar aðgerðir í sjúkraskrá.

3. Í 11. gr. frumvarpsins er fellt brott ákvæði þar sem kveðið var á um skyldu til að afhenda sjúkraskrá til Þjóðskjalasafns Íslands innan 30 ára frá andláti sjúklings og þess í stað vísað til gildandi laga um Þjóðskjalasafn Íslands varðandi afhendinguna.

4. 17. gr. frumvarpsins, sem fjallaði um aðgang að sjúkraskrám vegna vísindarannsókna, er felld brott. Efnislega eins ákvæði er í lögum um réttindi sjúklinga og heldur það gildi sínu. Gert er ráð fyrir að fjallað verði um þetta í frumvarpi til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði en ég hef nýlega skipað nefnd til að semja frumvarp um vísindarannsóknir.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði sérstök lög um sjúkraskrár, heildarlög þar sem kveðið er með heildstæðum hætti á um færslu og varðveislu sjúkraskráa og meðferð sjúkraskrárupplýsinga. Má segja að lengi hafi verið beðið eftir nýrri löggjöf á þessu sviði en sjúkraskrár og sjúkraskrárupplýsingar eru þess eðlis að afar brýnt er að um þær gildi skýrar lagareglur og þá einkum með hliðsjón af þeim veigamiklu persónuverndarhagsmunum sjúklinga sem í húfi eru. Núgildandi ákvæði laga um sjúkraskrár er að finna í lögum um réttindi sjúklinga og fjalla þau fyrst og fremst um rétt sjúklinga til aðgangs að eigin sjúkraskrá. Aðrar reglur sem varða þætti sjúkraskráa, varðveislu þeirra og meðferð er að finna í reglugerð um sjúkraskrár. Telja verður að ýmis mikilvæg atriði sem þar er mælt fyrir um eigi betur heima í settum lögum frá Alþingi svo sem um skylduna til færslu sjúkraskráa, tilgang sjúkraskráa, megin-

sjónarmiða um sjálfsákvörðunarrétt og mannhelgi sjúklinga, hvaða upplýsingar skulu að lágmarki færðar í sjúkraskrá og reglur um örugga varðveislu þeirra og fleira. Þá hafa augu manna fyrir þeim möguleikum sem felast í rafrænum sjúkraskrám og rafrænum sjúkraskrárkerfum til að bæta heilbrigðisþjónustuna og auka öryggi sjúklinga verið að opnast. Nauðsynlegt er að skýrar lagareglur gildi um færslu rafrænna sjúkraskráa, samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa og sameiginleg sjúkraskrárkerfi þannig að unnt sé að tryggja öryggi upplýsinga í slíkum kerfum, persónuvernd sjúklinga og ekki síst sjálfsákvörðunarrétt þeirra, þegar kemur að rafrænni miðlun sjúkraskrárupplýsinga á milli veitenda heilbrigðisþjónustu. Felast veigamestu nýmæli frumvarpsins án efa í ákvæðum frumvarpsins er lúta að framangreindri miðlun sjúkraskrárupplýsinga en slík upplýsingamiðlun getur valdið straumhvörfum við veitingu heilbrigðisþjónustu hér á landi.

Meginmarkmið frumvarpsins eru fjögur, í fyrsta lagi að kveða með heildstæðum hætti á um færslu, varðveislu og aðgang að sjúkraskrám og sjúkraskrárupplýsingum og í öðru lagi að kveða skýrar á um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa sjúkraskrár þegar meðferð er veitt. Í þriðja lagi er því ætlað að skjóta lagastoðum undir meginregluna um sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga þegar kemur að færslu og meðferð sjúkraskráa þeirra og í fjórða lagi að veita lagaheimild til samtengingar rafrænna sjúkraskrárkerfa og lagaheimild fyrir sameiginlegum sjúkraskrárkerfum þannig að unnt sé að miðla sjúkraskrárupplýsingum með rafrænum hætti milli þeirra aðila sem hafa sjúkling til meðferðar og þurfa með hröðum og öruggum hætti á sjúkraskrárupplýsingum að halda vegna hennar.

Nýmæli í frumvarpinu eru allnokkur. Ber þar fyrst að nefna að í frumvarpinu er tilgangur með færslu sjúkraskrár skilgreindur samanber 1. gr. frumvarpsins og endurspeglar ákvæðið það meginsjónarmið sem frumvarpið byggir á og felur í sér að sjúkraskrár séu fyrst og fremst hafðar til að tryggja öryggi og hagsmuni sjúklinga og að sjúkraskrárupplýsingar eigi eingöngu að nota í þeim tilgangi nema sérstök lagaheimild standi til annars. Samhliða þessu er meginreglan um sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga við færslu, varðveislu og meðferð sjúkraskráa lögfest en reglan felur í sér að sjúklingar eigi að meginstefnu að ráða því sjálfir hvort og þá hvaða heilbrigðisþjónustu þeir þiggja og þá jafnvel hvernig farið er með þær upplýsingar sem safnað er um þá í tengslum við veitingu þjónustunnar.

Í frumvarpinu er skýrlega kveðið á um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa sjúkraskrár við veitingu heilbrigðisþjónustu. Ákvæði um þessa skyldu heilbrigðisstarfsmanna er ekki að finna í núgildandi lagaákvæðum um sjúkraskrár. Engu að síður hefur verið litið svo á að slík regla væri í gildi og hefur hún verið leidd af núgildandi lagaákvæðum um sjúkraskrár. Mikilvægt er að lagaskylda þessi sé lögfest með skýrum hætti eins og lagt er til í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði að sjúkraskrár skuli færðar rafrænt að því marki sem unnt er og að á heilbrigðisstofnunum og á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna skuli vera rafrænt sjúkraskrárkerfi. Rafræn færsla sjúkraskráa og rafræn sjúkraskrárkerfi eru eins og gefur að skilja forsenda rafrænnar miðlunar sjúkraskrárupplýsinga með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu, annars vegar með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa og hins vegar í sameiginlegum sjúkraskrárkerfum heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna. Til að kostir rafrænna sjúkraskráa og rafrænna sjúkraskrárkerfa nýtist að fullu er nauðsynlegt að tiltekið samræmi sé í tæknilegri uppbyggingu slíkra kerfa. Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um færslu rafrænna sjúkraskráa og að kröfur um rafræn sjúkraskrárkerfi þurfi að uppfylla.

Ýmsar aðrar breytingar felast í frumvarpinu. Má þar nefna að í frumvarpinu er nú skilgreint hver sé ábyrgðaraðili sjúkraskráa annars vegar og umsjónaraðili hins vegar og gerð grein fyrir ábyrgð og skyldum þessara aðila. Þá er lagt til að öðrum starfsmönnum í heilbrigðisþjónustu en heilbrigðisstarfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum verði veitt heimild til að færa tilteknar upplýsingar í sjúkraskrár og hafa aðgang að þeim, enda hafi þeir undirgengist sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldur og heilbrigðisstarfsmenn. Reglur um aðgang að sjúkraskrám látinna einstaklinga eru skýrðar og loks má nefna að lagt er til að mælt verði fyrir um viðurlög við brotum á ákvæðum laganna. Er þetta gert fyrst og fremst til að undirstrika mikilvægi persónuverndar við meðferð sjúkraskráa og er samkvæmt ákvæðum frumvarpsins skylt að kæra mál til lögreglu ef verulegar líkur eru taldar á að brotið hafi verið gegn persónuverndarhagsmunum sjúklinga.

Eins og áður segir felast veigamestu nýmæli frumvarpsins í heimildum til að samtengja rafrænar sjúkraskrár og til að halda sameiginleg sjúkraskrárkerfi. Telja menn að rafrænar sjúkraskrár og rafræn miðlun sjúkraskrárupplýsinga á grundvelli slíkra lagaheimilda muni innan fárra ára leiða af sér byltingu í heilbrigðisþjónustu með tilliti til öryggis sjúklinga og gæða heilbrigðisþjónustu. Þá er talið að notkun rafrænnar sjúkraskrár og rafræn miðlun sjúkraskrárupplýsinga geti haft í för með sér hagræðingu á ýmsum sviðum heilbrigðisþjónustu.

Í heilbrigðisþjónustu getur aðgangur heilbrigðisstarfsmanns að mikilvægum upplýsingum sem skráðar eru í sjúkraskrá sjúklings ráðið úrslitum um meðferð og batahorfur. Rafræn sjúkraskrá opnar fyrir möguleika á aðgengi meðferðaraðila að sjúkraskrárupplýsingum um sjúklinga hvar og hvenær sem er. Í dag er rafrænt aðgengi að sjúkraskrárupplýsingum að mestu bundið við þann stað þar sem upplýsingar voru skráðar. Þannig eru upplýsingar um heilsufar einstaklings dreifðar á marga staði, á heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og sjálfstætt starfandi sérfræðinga, í pappírsformi eða í rafrænu formi, í mismunandi upplýsingakerfum sem hvorki er heimilt né mögulegt að tengja saman.

Með samtengingu rafrænna sjúkraskráa gegnum heilbrigðisnet og eftir atvikum með sameiginlegum sjúkraskrárkerfum heilbrigðisstofnana er lagður grunnur að heildrænni sjúkraskrá einstaklings ævilangt. Slíkt hefur, eins og áður hefur verið nefnt, ótvíræða kosti í för með sér en þeir helstu eru aukið öryggi í greiningu, meðferð og umönnun sjúklinga, meðal annars vegna greiðari aðgangs að upplýsingum eins og lyfjaofnæmi, lyfjatöku, samverkun lyfja, milliverkun lyfja, nýlegum rannsóknarniðurstöðum, fyrri

greiningum og meðferð á aukinni heildaryfirsýn almennt. Einnig aukin gæði í þjónustu við sjúklinga meðal annars vegna skilvirkari þjónustu og markvissari meðferðar. Minni líkur eru á endurtekningum, til dæmis á ýmsum rannsóknum, minni óþægindi fyrir sjúklinga og aukið öryggi í allri þjónustu, jafnframt minni kostnaður bæði fyrir sjúklinga og heilbrigðiskerfið í heild, meðal annars vegna aukinnar yfirsýnar og greiðari aðgangs að upplýsingum, síður endurteknar rannsóknir, markvissari meðferð og skjótari þjónusta og loks ánægðari sjúklingar og mögulega betri lífsgæði.

Helsti og í raun eini ókostur rafrænnar sjúkraskrár felst í því að heimild til að miðla upplýsingum með samtengingu rafrænna sjúkrakerfa sem og heimild heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna til að færa og varðveita sjúkraskrár í sameiginlegum rafrænum sjúkraskrárkerfum eykur hættu á því að heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem aðgang hafa að slíkum kerfum komist yfir sjúkraskrárupplýsingar sem þeir þurfa ekki aðgang að vegna fyrirhugaðrar meðferðar. Afar mikilvægt er því að tryggja eins og framast er unnt öryggi sjúkraskrárupplýsinga í rafrænum sjúkraskrárkerfum með aðgangsstýringum, skilvirku eftirliti og fræðslu til þeirra sem aðgang hafa að slíkum kerfum. Setja þarf skýrar skriflegar reglur svo sem mælt er fyrir um í frumvarpinu um aðgang og eftirlit og tryggja að allir heilbrigðisstarfsmenn hafi góða þekkingu og skilning á mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar um persónuupplýsingar í sjúkraskrám.

Við setningu reglna um sjúkraskrár og meðferð sjúkraskrárupplýsinga er nauðsynlegt að gæta vel að vernd persónuupplýsinga í sjúkraskrám enda teljast allar sjúkraskrárupplýsingar til viðkvæmra persónuupplýsinga. Á þetta ekki síst við um rafrænar sjúkraskrár og rafræn sjúkraskrárkerfi þar sem sjúkraskrárupplýsingar í slíkum kerfum verða óhjákvæmilega aðgengilegar stærri hópi heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna í heilbrigðisþjónustu en sjúkraskrár sem einungis eru varðveittar í pappírsformi. Verður í því sambandi að gæta að réttindum einstaklinga sem meðal annars eru varin í stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindasáttmálum og almennri löggjöf, samanber lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Við samningu frumvarpsins hefur verið tekið tillit til stefnumörkunar á þessu sviði á vettvangi Evrópusambandsins en það er lögð áhersla á að við setningu reglna um þetta efni sé byggt á tilteknum grundvallarreglum um meðferð persónuupplýsinga enda teljist sjúkraskrárupplýsingar viðkvæmar persónuupplýsingar. Er í þessu sambandi meðal annars vísað til í fyrsta lagi tilgangsreglunnar sem felur meðal annars í sér meginreglu um að upplýsingar í sjúkraskrám skuli ekki notaðar nema í samræmi við tilgang sinn. Í öðru lagi til meðalhófsreglunnar sem felur meðal annars í sér meginreglu um að ekki skuli safna meiri upplýsingum í sjúkraskrá en nauðsynlegt er vegna meðferðar sjúklings. Í þriðja lagi áreiðanleikareglunnar sem felur meðal annars í sér þá meginreglu að reynt skuli að sjá til þess að upplýsingar í sjúkraskrám séu eins áreiðanlegar og unnt er. Í fjórða lagi er vísað til reglunnar um upplýsingarétt sem felur meðal annars í sér að tryggja verði rétt sjúklings til aðgangs að sjúkraskrá sinni og til að fá upplýsingar um hvernig hún er notuð. Í fimmta lagi til reglunnar um að nauðsynlegar öryggiskröfur séu uppfylltar, meðal annars að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja öryggi sjúkraskrárupplýsinga og óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim. Þá er lögð rík áhersla á að unnt sé að miðla sjúkraskrárupplýsingum með hröðum og öruggum hætti milli þeirra sem þurfa á þeim að halda vegna meðferðar sjúklings. Jafnframt er lögð rík áhersla á að meginreglan um sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga sé virt við alla færslu, varðveislu og meðferð sjúkraskrárupplýsinga. Hafa öll framangreind sjónarmið verið lögð til grundvallar við samningu frumvarps þessa.

Virðulegi forseti. Frumvarp það sem hér er til umræðu varðar mikilsverða hagsmuni sjúklinga og heilbrigðiskerfisins alls. Verði frumvarpið að lögum mun það auka öryggi sjúkraskrárupplýsinga og veita heimildir sem leitt geta til mikillar framþróunar við veitingu heilbrigðisþjónustu hér á landi.

Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til heilbrigðisnefndar og til 2. umr.

[16:21]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um sjúkraskrár en eins og kom fram í máli hæstv. heilbrigðisráðherra var frumvarpið lagt fram á vorþingi og mælt fyrir því þá. Það fór til hv. heilbrigðisnefndar seint á vordögum og heilbrigðisnefnd sendi frumvarpið til umsagnar og ég sé það á þeim athugasemdum sem eru við lagafrumvarpið að þær umsagnir hafa skilað sér inn í frumvarpið til breytinga sem eru margar mjög góðar, skynsamar og praktískar. Nú er frumvarpið komið aftur til þingsins og mun fara til umfjöllunar hv. heilbrigðisnefndar í kjölfarið.

Hér er um að ræða fyrstu heildrænu löggjöfina um færslu og aðgang að sjúkraskrám en þess má geta að það eru ekki til ákvæði um skyldu til færslu sjúkraskrár í núgildandi lögum sem er dálítið merkilegt að ekki skuli liggja fyrir. Þetta er frekar í lögum um réttindi sjúklinga, um rétt aðgangs sjúklings að eigin sjúkraskrám en ekki um skyldu heilbrigðisstarfsmanna um færslu sjúkraskrár sem á hinn bóginn er í reglugerð með vísan í læknalög. Því má segja að það sé tímabært að taka til í þessum ranni og eðlilegt að ákvæði um sjúkraskrár séu sett í sérlög.

Eins og við vitum eru sjúkraskrár vinnugagn heilbrigðisstarfsmanna til að afla upplýsinga og taka ákvörðun um meðferð sjúklinga. Jafnframt er þetta mikilvægt tæki til miðlunar upplýsinga milli allra heilbrigðisstarfsmanna sem koma að umönnun og meðferð sjúklinga og því er mjög mikilvægt að það liggi lagagrundvöllur fyrir sjúkraskrám og hvernig þær eru færðar. Þess má einnig geta að í 6. gr. er lýsing á því hvaða þætti á að leggja áherslu á við færslu sjúkraskráa sjúklinga.

Það má eiginlega segja að einna mikilvægasti þátturinn, fyrir utan það sem ég hef nefnt hér á undan, sé sá sem snýr að rafrænni sjúkraskrá og samtengingu upplýsinga varðandi sjúklinginn og það er kannski ekki síst sá þáttur sem kallar á þær breytingar sem hér eru til umræðu. Rafræn sjúkraskrá hefur verið í umræðunni um árabil og þokast í rauninni mjög hægt áfram. Samt sem áður hefur rafræn sjúkraskrá verið talin eitt brýnasta mál heilbrigðisþjónustunnar um nokkurt skeið meðal annars með tilliti til þess að í því gef-

ast töluverðir möguleikar á hagræðingu innan kerfisins, svo ég tali ekki um öryggi sjúklinga. Þættir varðandi hagræðingu og varðandi sparnað koma m.a. fram í umsögn skrifstofu fjármálaráðuneytisins þar sem greint er frá því hvert mat heilbrigðisráðuneytisins er á kostnaði á innleiðingu þess að koma rafrænni sjúkraskrá í gagnið og innleiðing fram til ársins 2011 en það er mat heilbrigðisráðuneytisins að það kosti um 1,5 milljarða kr. að innleiða rafræna sjúkraskrá. Jafnframt er bent á að á móti komi verulegur ávinningur við innleiðinguna sem komi til með að draga bæði beint og óbeint úr kostnaði heilbrigðiskerfisins í heild, svo ekki sé nefnt öryggi sjúklinga.

Það sem líka skiptir verulegu máli varðandi þetta frumvarp eru persónuverndarsjónarmið varðandi aðgengi, bæði að færslu og að sjúkraskrá og að tryggja rétt sjúklinga í þeim efnum. Þau atriði sem hv. heilbrigðisnefnd þarf að skoða eru praktísk atriði varðandi rétt sjúklinga um að hafna aðgengi að sjúkraskrám, hafna því að tilteknir heilbrigðisstarfsmenn fái aðgang að sjúkraskrám og jafnframt geri ég ráð fyrir því að hv. heilbrigðisnefnd muni fjalla um atriði eins og t.d. hver á sjúkraskrána. Það atriði hefur töluvert verið í umræðunni þegar verið er að ræða um sjúkraskrár í faglegri umræðu og praktískri umræðu um eignarhald. Er það sjúklingurinn sem á sjúkraskrána eða er það heilbrigðisstofnunin þar sem hann liggur inni? Það segir sig sjálft að sú umræða verður því flóknari sem sjúkraskrá er tengd fleiri aðilum, þ.e. það eru fleiri en einn aðili, fleiri en ein heilbrigðisstofnun sem færa upplýsingar um viðkomandi sjúkling og þær tengdar saman með þeim hætti sem lýst er í því frumvarpi sem hér um ræðir.

Þegar ég var að skoða umræður um rafræna sjúkraskrá sem farið hefur fram á síðustu missirum þá rakst ég á grein í Læknablaðinu. Þetta er forustugrein frá einum stjórnarmanni Læknafélagsins í tölublaði frá því nú í ár en innan Læknafélagsins hefur töluvert verið fjallað um rafræna sjúkraskrá, bæði innan Læknafélagsins og meðal annarra heilbrigðisstétta og á fyrri hluta þessa árs voru a.m.k. tvær ráðstefnur helgaðar þessu efni. Í umræddri forustugrein Læknablaðsins segir höfundur m.a. varðandi rafræna sjúkraskrá, með leyfi forseta:

„Af framansögðu má ráða að mikill gangur er í rafrænni meðferð sjúkragagna hér á landi og er það vel. Séu hagsmunir og öryggi sjúklinga haft að leiðarljósi verður auðvelt að þróa slík kerfi hér á landi og reyndar höfum við allar forsendur til að vera í fararbroddi á þessu sviði meðal vestrænna þjóða. Að mínu viti er mikilvægt að hér á landi verði komið á fót heilbrigðisneti á landsvísu er taki til allra þátta heilbrigðisþjónustunnar. Þá ætti einu að gilda hvort sjúklingur leiti til heilsugæslustöðvar, sjúkrahúss eða sjálfstæðrar lækningastofnunar, alls staðar ættu læknar að komast að nýjustu og áreiðanlegustu upplýsingum um sjúklinginn, heilsufarssögu, lyfjatöku, ofnæmi, blóð- og myndgreiningarrannsóknir. Það segir sig sjálft að slíkar upplýsingar myndu auka öryggi í meðferð sjúklinga og draga úr tvíteknigu hvað rannsóknir varðar.“

Þetta eru orð að sönnu og ákveðin framtíðarsýn sem að sumu leyti hefur ræst, þó ekki að fullu en að sumu leyti því að tæknin til að tengja sjúkraskrár með þessum hætti er vissulega til staðar og um leið til að auka öryggi sjúklinga og auka öryggi í ákvarðanatöku varðandi sjúklinginn. Eins og kemur fram í grein læknisins þá felst jafnframt í þessu að það er dregið út tvítekningu hvað varðar rannsóknir og reyndar tvítekningu varðandi þann tíma sem fólk þarf að hafa til að taka ákvörðun um meðferð því þá liggja fyrir greiningar frá öðrum heilbrigðisstarfsmönnum varðandi sjúklinginn og heilsufar hans sem geta leitt til betri niðurstöðu.

Að því er varðar hættu á misnotkun þá segir það sig sjálft að þegar búið er að tengja saman upplýsingar um sjúkling frá mismunandi meðferðaraðilum þá felst í því gríðarlega mikil hætta á misnotkun þeirra sem vildu misnota slíkar upplýsingar. Það er í rauninni sambærilegt við það að hver sem er getur flett upp neyslumunstri þeirra sem eingöngu nota rafræn kort í viðskiptum, neyslumunstri hvers Íslendings eða hverrar fjölskyldu og fengið út úr því töluvert miklar persónuupplýsingar og slíkar upplýsingar eru því viðkvæmari sem þær varða heilsufar einstaklinga. Ég tala ekki um ef þær varða atriði sem kalla á fordóma eða misnotkun til að koma höggi á viðkomandi sjúkling. Það er því mjög mikilvægt að vel sé að því staðið að koma á kerfi sem er öflugt og tryggir að eingöngu þeir sem þurfa að komast að upplýsingum í því skyni að það verði sjúklingum til góða, að það verði tryggt að einungis þeir hafi aðgang að slíku kerfi.

Mig langar líka aðeins að benda á einn þátt varðandi rafræna sjúkraskrá. Ég fór inn á heimasíðu Hillary Clinton þegar hún var í baráttu fyrir að verða forseti Bandaríkjanna og eins og við vitum þá hefur hún mikinn áhuga á heilbrigðismálum og þar rakst ég m.a. á lista yfir atriði sem hún vildi beita sér fyrir til að auka hagkvæmni í rekstri heilbrigðisþjónustu í Bandaríkjunum. Ég hafði dálítið gaman af því að sjá að rafræn sjúkraskrá var eitt af þeim atriðum sem hún lagði ríka áherslu á.

Eins og ég sagði áðan er það mat heilbrigðisráðuneytisins að það kosti um 1,5 milljarða kr. að innleiða rafræna sjúkraskrá, 1,5 milljarða kr. til ársins 2011 en á móti kemur jafnframt að það er ákveðið fjármagn innan heilbrigðisstofnunar sem hægt er að nýta í þeim tilgangi. Á fundi hjá fjárlaganefnd í morgun veitti ég því sérstaklega athygli að það er ákveðið ráðstöfunarfé til upplýsingatæknisamfélagsins og um langt skeið hefur verið lagt ákveðið fjármagn til hliðar á vegum fjármála- og forsætisráðuneyta. Ég spurði hvort gerðar væru einhverjar sérstakar ráðstafanir til að slíkt fjármagn kæmi inn til rafrænnar sjúkraskrár. Það var ekki og þess vegna hef ég áhuga á að heyra frá hæstv. heilbrigðisráðherra hvaða áætlanir liggja fyrir eða hvort einhverjar áætlanir liggja fyrir um hvernig staðið verði að því að innleiða rafræna sjúkraskrá og hvaða fjármagn verði lagt til hliðar eða hvort eitthvert fjármagn liggi sérstaklega fyrir til að beita sér fyrir þessu verkefni. En eins og kom fram í ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra þá snýr þetta ekki síst að öryggi sjúklinga og síðan að hagræðingu og ég tel að einmitt á þeim tímum sem nú eru þá get ég tekið undir með forsetafrúnni fyrrverandi, Hillary Clinton, að rafræn sjúkraskrá sé tæki til að bæta meðferð opinbers fjár um leið og það eykur gæði.

Að lokum er eitt atriði sem ég geri ráð fyrir að hv. heilbrigðisnefnd muni fjalla um en í 13. gr. frumvarpsins eru

sérstaklega viðkvæmar sjúkraskrárupplýsingar tilgreindar. Ég tek eftir því að skilgreiningar í 3. gr. frumvarpsins eru margar hverjar teknar upp úr lögum um heilbrigðisþjónustu en ekki eru skilgreindar viðkvæmar upplýsingar eða sérstaklega viðkvæmar sjúkraskrárupplýsingar eða viðkvæmar sjúkraskrárupplýsingar og ég tel að það sé full ástæða til að taka þá umræðu innan heilbrigðisnefndar.

Að lokum vil ég segja að ég fagna því að þetta frumvarp er komið fram og þeim meginmarkmiðum sem dregin eru upp á bls. 12 um hvers vegna er lagt í endurskoðun lagareglna um sjúkraskrár. Ég fagna þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu sem allar lúta til framfara og eru til að gera góða heilbrigðisþjónustu enn betri.

[16:36]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir gott innlegg og held að ég geti tekið undir flest ef ekki allt sem kom fram í máli hennar. Hún beindi til mín spurningu um innleiðinguna. Það kom ekki fram í framsöguræðu minni en nokkuð er síðan ég setti af stað hóp undir forustu Þorvaldar Ingvasonar, lækningaforstjóra Sjúkrahússins á Akureyri, sem hefur unnið ötullega að því að gera áætlanir um hvernig best sé staðið að innleiðingunni. Eins og við vitum er einn þátturinn lagalega umgjörðin, sem er nauðsynleg, og ég veit að hv. formaður heilbrigðisnefndar og heilbrigðisnefnd munu fara vel yfir þann þátt málsins svo þetta verði að lögum sem fyrst. Ekki skiptir minna máli þegar kemur að því að fjárfesta í þessu nauðsynlega umhverfi að innleiðingin sé gerð á eins hagkvæman og góðan hátt og unnt er. Ýmsar stofnanir hafa fjárfest nokkuð í þessu en augljóst er að yfirsýn hefur skort og að þetta hefur ekki verið gert jafnskynsamlega og mögulegt er. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum fjárlagalið heldur fer þetta meira á viðkomandi stofnanir, en það breytir því ekki að vinna þarf með þetta svo samræmi sé í því. Hugmyndir nefndarinnar verða örugglega kynntar áður en langt um líður og miða þær að því að þetta verði skipulagt fyrir alla heilbrigðisþjónustuna í einu og hugsað um eitt kerfi sem sé þess eðlis að allt fé sem lagt verður í þetta nýtist til að ná markmiðunum sem hér er lagt upp með.

Heildarkostnaðurinn er áætlaður — við vitum hvernig slíkar áætlanir eru — einn og hálfur milljarður þannig að þetta eru umtalsverðir fjármunir en ekki síður er mikilvægt að vel sé vandað til verksins og innleiðingarinnar.

[16:38]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svar sitt. Ljóst er að á undanförnum árum hefur hv. heilbrigðisnefnd og þeir fulltrúar sem í henni sitja lagt mikla áherslu á að koma rafrænni sjúkraskrá á koppinn. Í nánast öllum umsögnum heilbrigðisnefndar til fjárlaganefndar varðandi fjárlagafrumvarpið síðustu árin hefur heilbrigðisnefnd lagt áherslu á og ítrekað mikilvægi þess að rafræn sjúkraskrá væri tekin upp. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að í fjárlagafrumvarpinu sem nú er fjallað um í þinginu verði ákveðið fjármagn sett til hliðar, til að koma málinu áfram. Engum blöðum er um það að fletta að gríðarlega miklu skiptir að tengja upplýsingar sem eru til staðar og koma á tengingarkerfi, sem mun þegar upp er staðið leiða til verulegs sparnaðar innan kerfisins, færri tvítekninga og meira öryggis sjúklinga. Auk þess verða geymdar þar upplýsingar um sjúklinga sem þeir geta haft aðgang að og sannreynt. Upplýsingarnar verða öruggari þegar þær liggja á einum stað en ég endurtek að gæta þarf að persónuverndarsjónarmiðum og hafa strangar reglur um aðgengi.

Ég tel mikilvægt að þrátt fyrir þrengingarnar sem við stöndum frammi fyrir og erfiðleika í fjárlagagerð verði horft til framtíðar og reynt að ýta þessu af stað frá þeim stað sem við erum á í dag.

[16:40]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna hverri einustu krónu sem er lögð í verkefnið en mikilvægt er og forsenda að áður en verulegar fjárhæðir eru settar í það liggi fyrir góðar áætlanir um hvernig eigi að vinna það. Ég veit af áhuga hv. þingmanns fyrir þessu og held að öll heilbrigðisnefndin og fleiri til hafi áhuga á málinu. Heilbrigðisstarfsmenn hafa einnig áhuga og ansi mikil umræða er um hvernig staðið hefur verið að málum. Misjafnar skoðanir eru á þeim kerfum sem hafa verið byggð upp og ég hvet hv. heilbrigðisnefnd til að fá þessa vel skipuðu nefnd eða fulltrúa hennar til að upplýsa að hverju hún hefur unnið og hvað hefur verið kannað. Því nefndin hefur ekki bara skoðað hvernig þessu er háttað innan lands heldur einnig annars staðar.

Þegar fjármunir verða lagðir í þetta, verða það háar upphæðir og mikilvægt að fjárveitingin nýtist sem allra best, auðvitað alltaf en kannski sérstaklega núna. Ákveðin sóknarfæri eru í þessari annars erfiðu stöðu sem við erum í vegna þess að hjá mörgum, sem var erfitt að fá til verka eins og þessara sökum mikillar eftirspurnar, er minna um verkefni nú en áður. Ég fagna áhuganum og því að málið er að komast á rekspöl. Enn vantar lagalegan grunn til að hægt sé að nýta þetta sem skyldi og á sama hátt höfum við ekki verið jafnskipulögð og við hefðum átt að vera þegar kemur að framkvæmdum. Ég tel að nú leggjum við grunninn að hvoru tveggja, annars vegar lagalega grunninum og hins vegar því að framkvæmdin verði sem allra best, en fagaðilar eru að fara yfir það mál í öðrum vinnuhópi.

[16:42]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hárrétt er hjá hæstv. heilbrigðisráðherra að horfa þarf á þessi mál frá grunni. Verulega langan tíma hefur tekið að þróa þetta og á sama tíma hafa sjúkrastofnanir tekið upp mismunandi kerfi, sem kannski — ef maður notar fagmál — tala ekki saman. Ekki er hægt að færa upplýsingar á milli vegna þess að þau eru svo ólík. Sum kerfin eru íslensk og önnur erlend og í mörgum tilvikum hafa verið lagðar háar fjárhæðir í þróun á kerfum innan lands sem kannski hefði verið betur varið með öðrum hætti. Við megum ekki horfa á það að við séum alltaf að finna upp hjólið hér á landi, ekki það að ég sé að draga úr mikilvægi starfsins sem fram hefur farið heldur leggja áherslu á

að á þetta verði horft alveg frá grunni þannig að kerfi sem hægt er að innleiða í alla heilbrigðisþjónustuna verði notað en vandræði skapist ekki vegna þess að kerfin tali ekki saman.

Þar sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er komin í salinn og mun fjalla um málið — geri ég ráð fyrir — verð ég að segja að það vakti töluverða undrun hjá mér þegar Framsóknarflokkurinn var með þetta ráðuneyti hversu illa gekk að koma rafrænu sjúkraskránum áfram. Kannski fjallar hv. þingmaður um það á eftir hvað stóð til. Í sjálfu sér vantaði ekki áhugann en af einhverjum ástæðum gekk þetta ekki eftir. Nú skiptir máli að við horfum fram á við. Nú er verið að skapa lagaramma um rafræna sjúkraskrá og um sjúkraskrá í heild þannig að við skulum ganga héðan og leggja áherslu á það sem kom fram áðan að við höfum tækifæri í þessu litla samfélagi okkar að gera hluti sem ekki eru mögulegir annars staðar, einmitt vegna smæðarinnar.

[16:44]

Þuríður Backman (Vg):

Herra forseti. Við fjöllum hér um frumvarp til laga um sjúkraskrár. Þetta er heildstætt frumvarp um sjúkraskrár og ég fagna því að það skuli vera komið fram. Það er um þá skyldu heilbrigðisstarfsmanna að skrá þá heilbrigðisþjónustu og meðferð sem veitt er og eins sjúkdómsgreiningar sem og annað sem tekið er fram í þessu frumvarpi. Það sem skiptir kannski mestu máli er að hér er fjallað um rafrænar sjúkraskrár. Við stöndum frammi fyrir að innleiða sem reglu að nær allar heilsufarsupplýsingar og meðferð á sjúklingum séu skráð og geymd rafrænt og einnig sá möguleiki að tengja saman sjúkraskrá mismunandi stofnana, mismunandi deilda og starfsstétta milli mismunandi þjónustustiga og þannig að sjúkraskrá fylgi sjúklingi.

Þetta er mjög vandmeðfarið, sérstaklega þegar komið er að því að tengja heilsufarsupplýsingar mismunandi meðferðaraðila. Það sem sjúklingur getur hugsað sér að fela einum meðferðaraðila eða heilbrigðisstarfsmanni að sjá um og skrá er hugsanlega eitthvað sem hann vill ekki að fari lengra. Það eru ef til vill upplýsingar sem eru mikilvægar varðandi aðra meðferð sem sami sjúklingur þarf á að halda. Þetta snýst sem sé bæði um mögulega bestu meðferð og þjónustu, persónuvernd og mikla hagræðingu í heilbrigðisþjónustunni. Þetta er margþætt.

Ég tel að þetta sé líka eitt af þeim frumvörpum sem á og þarf að fá góða meðferð hér í þinginu en það hefur þegar fengið góðan undirbúning. Nokkuð langur aðdragandi er að frumvarpinu og mikilvægt er að það fái vandaða og góða meðferð í hv. heilbrigðisnefnd og því tel ég að það hafi verið gott að fá frumvarpið fram á vorþingi þannig að hægt var að senda það út til umsagnar. Það birtist nú nokkuð breytt frá því þegar það var lagt fram í vor og tekið hefur verið tillit til nokkurra atriða sem fram komu í umsögnum. Það er því ljóst að þegar frumvarpið kemur svo breytt til heilbrigðisnefndar mun það aftur verða sent út til umsagnar til þess að fá viðbrögð við þeim breytingum sem gerðar hafa verið. Ég tel jafnframt að tíminn þurfi að vinna með frumvarpinu, heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem koma að því þurfi ákveðinn tíma til þess að taka frumvarpið inn og fá tíma til þess að ræða um þessa möguleika og hættur sem felast í samtengingu sjúkraskráa. Ræða verður til hvaða viðbragða verði gripið eða hvað leiðir er hægt að fara til þess að tryggja stöðu sjúklingsins og sem besta meðferð.

Nú eru margar heilbrigðisstéttir sem hafa aðgang að rafrænum sjúkraskrám og það er kostur að geta tengt skráningu margra heilbrigðisstétta inn í sömu sjúkraskrána. Jafnframt er það talsvert meiri fjöldi sem hefur aðgang að sjúkraskránum. Það þýðir þá að alls konar lásar þurfa að vera og mismunandi aðgengi heilbrigðisstarfsmanna að þeim upplýsingum sem þar liggja inni.

Það er nokkuð dýrt að innleiða rafrænar sjúkraskrár fyrir allar heilbrigðisstofnanir. Hér er nefnt að áætlað er að það kosti a.m.k. 1,5 milljarða fyrir þjónustuna eins og hún er í dag. Það skiptir miklu máli að réttur hugbúnaður sé valinn sem og tryggir þjónustuaðilar. Hugbúnaðurinn er mikil fjárfesting og þarf að vera tryggur.

Hver á sjúkraskrána? Það er nokkuð sem ég tel að hv. heilbrigðisnefnd verði að fara yfir. Í dag er litið svo á að sjúkraskrárnar liggi hjá viðkomandi sjúkrastofnun. Í sumum tilfellum eru til margar sjúkraskrár fyrir einstaka sjúklinga á mismunandi heilbrigðisstofnunum, sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og hjá sérfræðingum. Upplýsingar um sama einstaklinginn liggja því víða og eru í umsjá viðkomandi heilbrigðisstarfsmanns, sérfræðings eða stofnunar.

En þegar þær eru komnar á rafrænt og samtengt form, hver á þá sjúkraskrána? Er það sjúklingurinn sjálfur? Ég tel að horfa eigi til þess að landlæknir sem ábyrgðaraðili, þ.e. landlæknisembættið, eigi sjúkraskrárnar í óeiginlegri merkingu eða beri ábyrgð á þeim. Það er nokkuð sem við þurfum að fara yfir og skoða skilgreininguna á því hver á sjúkraskrá því að í skránum er jú falinn mikill fjársjóður. Við eigum eftir að fjalla síðar um lög um vísindarannsóknir sem geta m.a. verið rannsóknir á upplýsingum sem eru í þessum sömu sjúkraskrám.

Það er því margt að skoða og margt að varast en ég fagna því að frumvarpið skuli vera komið fram og jafnítarlegt og það er og að það skuli vera alveg ljóst með hvaða hætti færa skuli sjúkraskrá. Fram kemur ríkur réttur sjúklinga að fá upplýsingar úr sjúkraskránni og hefur það áhrif á það sem skráð er í sjúkraskrána, réttmæti þess. Jafnframt er möguleiki á að láta loka ákveðnum upplýsingum eða taka þær út.

Ég veit að frumvarpið mun fá mjög jákvæðar undirtektir hjá hv. heilbrigðisnefnd en legg áherslu á, eins og ég veit að fleiri hafa gert, að við gefum okkur tíma til þess að kalla þá til sem við teljum að hafi góða þekkingu á og geti gefið nefndinni upplýsingar, þá ekki síður af hendi Persónuverndar og frá sjúklingahópunum og fleirum sem telja sig málið varða. Eins tel ég mjög eðlilegt að fulltrúar frá þeirri nefnd sem vinnur nú að innleiðingunni komi fyrir nefndina hið fyrsta þannig að hv. heilbrigðisnefnd geti séð fyrir sér hvernig hugmyndin er að koma samræmdri, rafrænni skráningu á laggirnar.

[16:54]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil leggja nokkur orð í belg í sambandi við þetta ágæta mál sem hér er aftur komið fram. Það er mál sem ég hef mikinn áhuga á og flutti reyndar þings-

álvktunartillögu um málið í upphafi vetrar í fyrra. Það var reyndar aldrei tekið fyrir í heilbrigðisnefnd, það eru nú þannig vinnubrögðin að þegar þingmál koma frá þingmönnum er undir hælinn lagt hvort þau eru tekin fyrir í nefndinni. Hins vegar var tekið fyrir mál frá hæstv. ráðherra og það er aðdragandi þess sem hér liggur fyrir. Hér er um vandað og mikið frumvarp að ræða sem hv. heilbrigðisnefnd fær nú til umfjöllunar og mun örugglega gera þeirri vinnu góð skil.

Ég tel að hér sé alveg gríðarlega mikilvægt mál á ferðinni sem við hefðum í rauninni átt að vera búin að koma fram með og gera að lögum fyrir einhverju síðan, þ.e. að koma á rafrænni sjúkraskrá. Af því hlýst mikil hagræðing og bætt vinnubrögð, það er ekki nokkur spurning. Þar að auki eigum við aðgang að þeirri tækni sem þarf að vera til staðar en nokkuð mörg ár eru síðan upphaflega var byrjað að þróa þetta fyrirkomulag sem lagt er til að tekið verði upp með frumvarpinu, verði það að lögum.

Af því að hv. formaður nefndarinnar, Ásta Möller, beindi orðum til mín í lok ræðu sinnar þar sem hún undraðist að ekki skyldi hafa gengið hraðar í tíð framsóknarmanna í heilbrigðisráðuneytinu að koma áformum um rafræna sjúkraskrá í framkvæmd, vissi ég um áhuga kollega minna þar sem málið var að sjálfsögðu oft rætt. Það náðist hins vegar ekki fram gagnvart fjármálaráðuneytinu að taka þar stærri skref. Þau voru ósköp lítil skrefin sem tekin voru á þeim tíma, því miður. Ég veit ekki hvort það er eitthvað breyttur hugsunarháttur nú í fjármálaráðuneytinu og hvort betur gengur að fá fjármagn til þessara mála, það væri óskandi. Ég mun fylgjast vel með því hvernig það mál þróast. Nú erum við í miklum erfiðleikum í varðandi ríkisfjármál okkar, eins og allir vita þannig að ég óttast að þó að málið verði að lögum sé björninn kannski ekki unninn, eitthvað þurfi nú að berjast fyrir fjármagninu til að ná þessu öllu saman í höfn.

Fyrir utan það hvað þetta er mikið hagræðingarmál er þetta líka mikið öryggismál vegna þess að mannleg mistök eiga sér stað í heilbrigðiskerfinu, það verður ekki horft fram hjá því. En með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til að tekið verði upp held ég að megi alveg fullyrða að mannlegum mistökum mun fækka og að við fáum öruggara heilbrigðiskerfi.

Persónuverndarmálin hafa verið hér til umfjöllunar og ég hef svo sem engu við það að bæta sem hér hefur komið fram. Það er eitt af því sem hugsanlega er viðkvæmt og þarf að vanda sig í því öllu saman. Hér eru gríðarlega viðkvæmar upplýsingar sem settar verða inn í kerfið. Það þarf að vera ljóst um eignarrétt og heimildir til aðgangs og þar fram eftir götunum.

Þetta er bara hið besta mál og ég vona svo sannarlega að það fari svo að hæstv. heilbrigðisráðherra verði betur ágengt að koma málinu til framkvæmda en þeim ráðherrum sem setið hafa á síðustu árum.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og heilbrn.

[16:59]

Útbýting:

Breytt skipan gjaldmiðilsmála, 178. mál, þáltill. JM o.fl., þskj. 220.

Fundi slitið kl. 17:01.

---

36. FUNDUR

miðvikudaginn 26. nóvember,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til utanríkisráðherra:

2. Landgræðsluskóli Sameinuðu þjóðanna, fsp. VS, 136. mál, þskj. 149.

Til fjármálaráðherra:

3. Jafnræði kynja í ríkisbönkum, fsp. SF, 126. mál, þskj. 136.

4. Tekjur af endurflutningi hugverka, fsp. KolH, 165. mál, þskj. 196.

Til félags- og tryggingamálaráðherra:

5. Aðgerðaáætlun gegn mansali, fsp. KolH, 143. mál, þskj. 158.

6. Bifreiðakaupastyrkir til hreyfihamlaðra, fsp. BJJ, 163. mál, þskj. 193.

Til menntamálaráðherra:

7. Geymslumál safna, fsp. KolH, 167. mál, þskj. 198.

[13:30]

Útbýting:

Þróun efnahagsmála í nokkrum ríkjum, 71. mál, svar forsrh., þskj. 221.

Tilhögun þingfundar.

[13:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Um klukkan tvö í dag, að loknum umræðum um störf þingsins, fer fram umræða utan dagskrár um eflingu gjaldeyrisvaraforðans. Málshefjandi er hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Forsætisráðherra Geir H. Haarde verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Störf þingsins.

Frumvarp um sérstakan saksóknara.

[13:31]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Á vegum þingsins er til umfjöllunar

ágætt frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra um sérstakan saksóknara og vegna þess að við ræðum hér störf þingsins og mér er kunnugt um að allsherjarnefnd hefur þegar hafið umfjöllun um málið þá vildi ég fá að nota tækifærið og inna hv. þm. Birgi Ármannsson, formann allsherjarnefndar, eftir því hverjar horfur eru um vinnslu málsins. Ég held að það sé kunnara en frá þurfi að segja að mikið er kallað eftir því að hér verði bæði sett á rannsóknarnefnd, sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir og unnið hefur verið hratt að og örugglega, og sömuleiðis að settur verði sérstakur saksóknari til að vinna að rannsókn þeirra mála sem kunna að hafa orðið í aðdraganda hrunsins og ríkisstjórnin hefur nú skilað því inn í þingið. Ég vildi þess vegna spyrja hv. þm. Birgi Ármannsson hvenær hann vænti þess að hægt verði að ljúka umfjöllun um málið þannig að hægt verði að taka til óspilltra málanna við þetta og hvernig hann sjái þá þróun á næstunni. Það er auðvitað mikilvægt að það bitni ekki á vandaðri málsmeðferð í þinginu og er gott til þess að vita að vinnsla málsins er í traustum og öruggum höndum hjá hv. þm. Birgi Ármannssyni og allsherjarnefnd þingsins. Um leið er mikilvægt að þingið og þjóðin fái skilaboð um það hvenær vænta megi þess að Alþingi fyrir sitt leyti ljúki þessari löggjöf þannig að hægt sé að taka til óspilltra málanna, sérstaklega vegna þess að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra upplýsti mig um það í gær að meðan vinnsla þessa frumvarps er í gangi er frumkvæðisvinna af hálfu embættisins ekki fyrir hendi. Það sinnir ekki þeim málum sem koma t.d. upp í fjölmiðlum eða opinberri umræðu en tekur aðeins til athugunar þau mál sem beinlínis berst kæra vegna og vegna þess að í þessum málum er klárlega frumkvæðisþörf þá held ég að það standi upp á okkur á Alþingi að reyna að hraða afgreiðslu máls dómsmálaráðherra svo sem kostur er en um leið vanda til verka.

[13:33]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir að taka þetta mál upp og vekja athygli á því vegna þess að ég held að mikilvægt sé að það komi fram að góð samvinna er um þetta mál á vettvangi allsherjarnefndar. Frumvarpið sem dómsmálaráðherra flutti um stofnun embættis sérstaks saksóknara var afgreitt eftir 1. umr. síðastliðinn föstudag og vísað til allsherjarnefndar sem hefur auðvitað hafið umfjöllun sína um málið og miðað við það sem fram hefur komið í nefndinni er góð samstaða þar um að hraða afgreiðslu málsins svo sem kostur er. Auðvitað eru skiptar skoðanir um einstök atriði í frumvarpinu en þó held ég að mér sé óhætt að segja að óvenjuvíðtæk samstaða er um meginþætti þess og þess vegna á ekki ágreiningur að tefja fyrir því að málið verði afgreitt af hálfu nefndarinnar.

Það er í forgangi hjá nefndinni þessa dagana að vinna að þessu máli og allir gera sér grein fyrir því að afar mikilvægt er að þessi mál komist í skýran, skipulegan og góðan farveg. Ég treysti mér til að segja að allsherjarnefnd muni stefna að því að ljúka umfjöllun sinni um málið þannig að hægt verði að taka það til 2. umr. og vonandi lokaafgreiðslu í næstu viku. Ég vil ekki vera nákvæmari en þetta vegna þess að vinnan á vegum nefndarinnar er ekki lengra komin en svo að ekki er hægt að segja nákvæmlega til um það. Hins vegar eru nefndarmenn sammála um það, hygg ég, að þetta sé forgangsmál sem mikilvægt er að koma í gegn sem allra fyrst.

[13:35]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Það er skoðun mín að unnt hefði verið að hefja rannsókn á þessu máli strax í kjölfar bankahrunsins 6. október að óbreyttum lögum en það var kosið að fara þessa leið sem hefur tafið rannsóknina. Ég get tekið undir með hv. formanni allsherjarnefndar að það er samstaða um að flýta þessu máli í gegn og vilji til þess. Á því þarf þó að gera ákveðnar breytingar að mínu mati og fleiri. Þær lúta að 1. gr. um að rannsóknin taki einnig til atburða í kjölfar 6. október sl. Í öðru lagi hef ég haft athugasemdir um það að dómsmálaráðherra skipi einn sérstakan saksóknara. Ég held að full samstaða verði að vera um að ráðningin njóti trausts í samfélaginu. Í þriðja lagi hef ég bent á að það væri æskilegt að útvíkka 4. gr. þannig að þeir sem gefa upplýsingar og geta átt von á niðurfellingu saksóknara taki til fleiri en starfsmanna og stjórnarmanna fyrirtækja, það eigi líka að ná til annarra sem eiga í hlutdeildarbrotum og öðru slíku og ég held að það sé líka samstaða um það.

Gerðar voru athugasemdir um gildistíma laganna, að hægt sé að fella embætti þessa saksóknara niður 2010 sem er minna atriði, en eitt stórt atriði í þessu er þó það að samspil er milli rannsóknarinnar á vegum hins sérstaka saksóknara og Fjármálaeftirlitsins. Það er ákveðið samspil í gildandi lögum þar að lútandi. Þannig er að t.d. kærur um innherjaviðskipti verða að fara til Fjármálaeftirlitsins og Fjármálaeftirlitið ákveður hvort kæra verði send til lögreglunnar. Þetta finnst mér algerlega útilokað. Fjármálaeftirlitið er „involverað“ í þetta auk þess sem staðan er sú í dag að Fjármálaeftirlitið eða réttara sagt skilanefndir í umboði Fjármálaeftirlitsins reka hina gömlu banka. Það er algerlega óforsvaranlegt af minni hálfu að sami aðili, Fjármálaeftirlitið, hafi eftirlit með gömlu bönkunum og reki þá og eigi jafnvel að gegna, að óbreyttum þessum lögum, ákveðnu rannsóknarhlutverki að því er varðar innherjaviðskipti. (Forseti hringir.) Það þarf að skera á þetta samspil þannig að hinn sérstaki saksóknari hafi allar heimildir, líka heimildir Fjármálaeftirlitsins.

[13:38]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er gaman að sjá þegar stjórnarliðarnir hotta hver á annan, hott hott á hesti. Hér kemur hv. þm. Helgi Hjörvar og hottar á hv. þm. Birgi Ármannsson og spyr hvað líði vinnslu frumvarps sem er í allsherjarnefnd. Það er svolítið gaman að sjá þegar stjórnarflokkarnir sjá ástæðu til að fara upp í hverju málinu á fætur öðru og hotta hver á annan. En ég get alla vega fullvissað hv. þm. Helga Hjörvar um að Framsóknarflokkurinn mun greiða fyrir þessu máli á allan hátt og ég tek undir með hv. þm. Birgi Ármannssyni að það er frekar mikil samstaða í nefndinni um þessar mundir um þetta mál.

Við gerum okkur grein fyrir því að það þarf að flýta sér að fara í rannsóknina. Við erum hugsanlega orðin of sein nú þegar, málið kemur auðvitað frekar seint fram og maður

óttast að verið sé að eyða gögnum í kerfinu til að gera rannsókn erfiðari. Ég hef engar sannanir fyrir því en maður óttast það. Þriðjungur nefndarmanna er úr Samfylkingunni svo ég legg til að hv. þm. Helgi Hjörvar hotti líka á sína menn í nefndinni. Það hefur komið fram og ég vil rifja það upp að Davíð Oddsson seðlabankastjóri talaði um það í ræðu sinni sem fræg varð, 13 síðna ræðu, að þegar starfsmenn Kaupþings voru að fella niður ábyrgðir hjá sjálfum sér hafi borist ábendingar um að kalla til lögreglu strax en þær ábendingar hafi ekki fengið brautargengi. Svo spyr hann hvort menn séu að velta fyrir sér bankaleynd í þessu sambandi og að bankaleynd eigi ekki lengur við hvað þessi atriði varðar. Það er því mjög mikilvægt að við komum sem fyrst á embætti sérstaks saksóknara þannig að við getum farið að beina málum í lögreglufarveg. Hugsanlega erum við orðin of sein en Framsóknarflokkurinn mun liðka fyrir þessu máli eins og hægt er.

[13:40]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég velti því satt að segja fyrir mér hvernig samskiptamálum er háttað hjá stjórnarflokkunum þegar hv. þm. Helgi Hjörvar spyr hv. þm. Birgi Ármannsson, formann allsherjarnefndar, hvernig gangi með ákveðið stjórnarfrumvarp sem lagt hefur verið fram. Hann hefði e.t.v. getað spurt flokksbróður sinn, varaformann nefndarinnar, hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson. Það er svo annað mál hvernig menn vilja komast að upplýsingum en ég hygg að það hefði verið auðvelt fyrir hv. þm. Helga Hjörvar að afla sér upplýsinga með því að inna menn eftir því og þá í sínum flokki eða samstarfsflokknum.

Það er nú þannig að minna er haft við varðandi stjórnarandstöðuna en hér er samt um að ræða mál sem full málefnaleg samstaða er um. Hins vegar getur menn greint á um með hvaða hætti og hvernig á að fara að í málum. Ég hef t.d. talið og gerði grein fyrir því þegar frumvarpið var lagt fram að eðlilegra væri að styrkja núverandi réttarkerfi, að styrkja þar rannsóknarmöguleika og þá saksóknara sem hafa verið skipaðir, samanber lög sem við afgreiddum á síðasta þingi um meðferð sakamála. Það er valið að fara þessa leið og fyrst þingvilji virðist vera fyrir því er ekki um annað að ræða en drífa í því að reyna að hraða málinu sem mest má verða. Við í Frjálslynda flokknum munum að sjálfsögðu greiða fyrir því að svo verði. Auðvitað eru ákveðin álitamál sem koma til skoðunar og þetta mál er þess eðlis að það verður að fá eðlilega og góða þinglega meðferð. Þar af leiðandi liggur fyrir að allsherjarnefnd á ákveðið verk eftir óunnið til að klára meðferð málsins en að sjálfsögðu verðum við að reyna að drífa okkur í að klára það og forðast að gögnum sem annars hefðu getað legið fyrir verði eytt.

[13:42]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Frú forseti. Ég fullvissa hv. þm. Siv Friðleifsdóttur um að það er engin nauðsyn eða þörf á því að hotta á okkur í Samfylkingunni sem sitjum í þessari nefnd. En nú keppast þingmenn allra flokka um að koma upp í pontu og lýsa því yfir að þeir ætli alls ekki að tefja þetta mál eða koma í veg fyrir framgang þess og það er vel. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að hv. þm. Helgi Hjörvar spyrjist fyrir um störf þingsins sem þessi liður fjallar um og kalli eftir upplýsingum í þingsal um það hvernig nefndarstarfið gengur varðandi þetta mikilvæga mál. Sömuleiðis skiptir miklu máli að hér koma fulltrúar allra flokka og segja að þeir ætli að einbeita sér að því að tefja ekki málið og það er vel. Þá liggur sú afstaða fyrir og það hjálpar okkur í allsherjarnefnd að klára málið svo það megi komast sem allra fyrst hingað í þingsal. Það er þverpólitísk samstaða um það og þá liggur það fyrir. Þess vegna held ég að þessi umræða sé gagnleg.

Það skiptir einnig miklu máli að mínu mati að við hröðum hinu málinu sem lýtur að óháðu rannsóknarnefndinni sem ég á von á að komi mjög fljótlega inn á borð þingsins. Sú vinna þarf einnig að vera mjög hröð á vettvangi þingsins. Ég get alveg tekið undir orð þeirra þingmanna sem hafa sagt að við getum ekki tafið mjög mikið við upphaf rannsókna á þessum málum. Ég held að það sé algjör forsenda fyrir því að hér geti hafist endurreisnarstarf að þessar rannsóknir fari báðar í gang því annars mun okkur ekki takast að auka trúverðugleika og traust í samfélaginu en það er númer eitt, tvö og þrjú að mínu mati.

[13:44]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari umræðu og þeirri áherslu sem þingmenn allir hafa lagt á að hraða þessu máli í gegnum þingið. Við skulum ekki gleyma að það kom býsna seint fram og það er hætt við því að rannsóknargögnum hafi verið spillt og það er líka hætt við því að eignum hafi verið skotið undan. Það er nefnilega þannig, frú forseti, að það liggja ekki bara þessi tvö mál fyrir á verksviði þingsins, annars vegar um sérstakan saksóknara og hins vegar á vegum forseta þingsins um sérstaka rannsókn, heldur höfum við þingmenn Vinstri grænna einnig lagt fram frumvarp til laga sem heimilar Fjármálaeftirlitinu kyrrsetningu á eignum þeirra sem voru stjórnendur og eigendur gömlu bankanna og skyldum aðilum. Ástæðan er einfaldlega sú að samkvæmt núgildandi lögum og af því að rannsókn hefur ekki einu sinni hafist er ekki hægt að tryggja þá hagsmuni sem skattgreiðendur og ríkissjóður hafa gagnvart þessum eignum. Það er ekki nokkur leið vegna þess að rannsókn er ekki hafin. Meðan svo er er alveg nauðsynlegt að styrkja heimildir til kyrrsetningar. Ég bendi á að það eru sameiginlegir hagsmunir fyrrverandi eigenda og stjórnenda bankanna og alls almennings að slík rannsókn hefjist sem fyrst og kyrrsetning mundi í rauninni vera mikill hvati til þess.

[13:46]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að nefndin mun reyna að hraða störfum sínum og það hefur komið hérna fram að þetta sérstaka embætti — það má á vissan hátt gagnrýna að það sé sett upp sérstakt embætti, að ekki sé farið bara með málin í þann hefðbundna farveg sem nú þegar er fyrir hendi, þ.e. efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra eins og hér hefur komið fram hjá hv. þm. Jóni Magnússyni.

En auðvitað er það þannig, virðulegi forseti, að það að setja upp svona sérstakt embætti tengist því að fyrir

skömmu síðan var Baugsmálið til rannsóknar hjá lögreglunni. Það vakti mjög mikla athygli í samfélaginu. Það var mjög gagnrýnt. Þar fóru fremstir í flokki fulltrúar Samfylkingarinnar. Þeir gagnrýndu alveg geysilega mikið þá rannsókn og lömdu á ríkislögreglustjóraembættinu. Þar fóru fremstir í flokki hjá Samfylkingunni hv. þm. Ágúst Ólafur, Lúðvík Bergvinsson og Helgi Hjörvar (**Iðnrh.:** Hvað með mig?) og töluðu um þessa rannsókn og tortryggðu hana og gagnrýndu líka mjög fjárframlög til ríkislögreglustjóraembættisins. Þessu geta menn bara flett upp ef þeir vilja í bæði blaðagreinum og í þingtíðindunum.

Núna er helsta umkvörtunarefni ríkislögreglustjóraembættisins að það hefur ekki haft nógu mikið fjármagn til að rannsaka og til að veita aðhald á þessum markaði. Nú er því búið að snúa hlutunum algjörlega á haus virðulegur forseti og staðan orðin sú að það er skynsamlegra að setja upp sérstakt saksóknaraembætti til þess að koma í veg fyrir að aðilar geti sakað ríkislögreglustjóraembættið um að vera vanhæft í rannsókninni sem mun fara fram núna. Ég held að það sé skynsamlegt að stofna þetta sérstaka saksóknaraembætti. En vegna fyrri deilumála hér þar sem stjórnmálamenn blönduðu sér mjög mikið inn í það þá getum við ekki farið með þetta inn í almennan farveg heldur þurfum (Forseti hringir.) við að fara inn í sérstakt embætti.

[13:48]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmann á að nefna þingmenn fullu nafni.

[13:49]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeim skýringum sem hér hafa komið fram hjá hv. formanni allsherjarnefndar á framgangi þessa máls er varðar hinn sérstaka saksóknara. Ég vil líka verja rétt þingmanna til þess að beina fyrirspurnum úr ræðustóli Alþingis undir liðnum störf þingsins til formanna nefnda og spyrja um framgang mála í nefndunum. Til þess er nú þessi liður hugsaður.

Ég vil hins vegar vara nokkuð við þeirri lagahyggju sem mér þykir einkenna umræðu um þetta tiltekna frumvarp um sérstakan saksóknara, þ.e. þeirrar lagahyggju að þetta tiltekna embætti muni leysa allan vanda og gefa okkur fullkomna yfirsýn yfir það sem aflaga fór í þessu hruni. Því fer auðvitað víðs fjarri. Þessu embætti er ætlað hið þrönga hlutverk að kanna það sem mögulega kann að hafa farið úrskeiðis og verið refsivert. Enginn getur staðfest það fyrir fram hvort þar eru miklir hlutir undir eða ekki.

Það sem er hins vegar algert grundvallaratriði og er farið að há mjög virðingu Alþingis er sá dráttur sem hefur orðið á því að við komum frá okkur frumvarpi til laga um sjálfstæða rannsóknarnefnd á forsendum þingsins sem geti hafið rannsókn á þessu máli öllu þar sem allt liggur undir og allt verður sett upp á yfirborðið, nefnd sem á að vera skipuð hæfustu sérfræðingum, nefnd sem þarf að vinna fyrir opnum tjöldum þannig að almenningur geti reitt sig á að þar sé velt við hverjum steini.

Það háir mjög virðingu Alþingis að þetta mál komist ekki í farveg. Við verðum að taka okkur tak og ljúka þessu sem allra fyrst. Á meðan ganga gróusögur um samfélagið sem draga úr tiltrú jafnt í viðskiptalífi sem í stjórnmálalífi og í stjórnsýslu og það er gríðarlega mikilvægt að við stemmum þessa á að ósi sem allra fyrst.

[13:51]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Árni Páll Árnason talar um að það grafi undan virðingu Alþingis að afgreiða ekki frumvarp sem hefur ekki verið lagt fram á þingi. Og hverjum skyldi það nú vera að kenna að það hefur dregist og tafist að leggja fram nauðsynleg frumvörp í tengslum við bankahrunið, í tengslum við efnahagshrunið? Er stjórnarandstöðunni um að kenna? Ég gat ekki skilið hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson öðruvísi en að hann vildi kenna einhverjum allt öðrum um það en ríkisstjórnarflokkunum. En það er nú einu sinni þannig að það eru stjórnarflokkarnir og ríkisstjórnin sem ráða ferðinni.

Við getum út af fyrir sig tekið umræðu um það að það horfir til aukinnar virðingar Alþingis að Alþingi rísi á fætur og vinni gegn því stjórnræði þannig að það sé eðlilegt þingræði í landinu en við séum ekki undir algjörlega hælnum á ríkisstjórn hverju sinni. Á það hafa menn verið að horfa.

Ég spyr. Hvernig stendur á því að eitthvað kákfrumvarp frá ríkisstjórninni um afléttingu örlítils hluta stimpilgjalda skuli vera tekið fyrir og afgreitt á einum degi. Frumvarp sem kemur fram á mánudegi er afgreitt sama dag. Á meðan liggur frammi miklu betur gert frumvarp frá okkur frjálslyndum um að aflétta stimpilgjaldi vegna íbúðarkaupa. En það liggur í nefnd og fæst ekki afgreitt. Og þannig er það.

Það er nú einmitt það sem grefur undan virðingu Alþingis, hv. þm. Árni Páll Árnason, að góð mál sem eru lögð fram af öðrum en ríkisstjórninni fást ekki afgreidd. Það er talað fyrir sumum þeirra en þau eru ekki afgreidd úr nefnd. Það er til vansa fyrir þing og þjóð. Við eigum að byggja upp þingræðið í landinu. En þá skiptir máli að núverandi stjórnarflokkar standi heldur betur í ístaðinu og vinni að því. (Forseti hringir.)

[13:53]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ekki get ég svarað fyrir stjórn og dagskrá þingsins en minni nú samt á það sem hæstv. forseti sagði í upphafi þings að hann vildi stefna að því að öll þingmannamál yrðu afgreidd úr nefnd og rædd hér í þinginu, sem ég tel mikils virði, og komi hér til afgreiðslu.

Ég var ekki að átelja þingheim fyrir að afgreiða ekki mál sem ekki er komið fram. Ég var hins vegar að átelja Alþingi fyrir að vera ekki búið að koma frá sér lögum um óháða rannsóknarnefnd sem getur rannsakað allt þetta mál og hvernig það er vaxið til þess að auka á ný tiltrú á viðskiptalífið, á stjórnsýsluna, á stjórnmálalífið. Þetta mál er búið að liggja á vettvangi formanna flokkanna núna vikum saman og það er ekki fært að þetta komist ekki hér inn í þingið. Þetta tekur of langan tíma og ég er að mæla hér fyrir því að þingmenn skynji ábyrgð sína í þessu máli. Það er ábyrgðaratriði okkar allra að við tryggjum að Alþingi taki það hlutverk sem Alþingi ber í þessu efni, haldi stjórnvöldum við efnið og tryggi að hér komi fram og verði afgreidd í

þinginu lög sem gera það kleift að grennslast fyrir um þetta mál í heild sinni og leiða það í ljós. Það er grundvallaratriði til að Alþingi fái viðhaldið virðingu sinni. Þarna verða alþingismenn að standa saman.

Þetta snýst ekki um að hér sé verið að reyna að koma einhverri sök á stjórnarandstöðu. Það er fjarri mér. Ég er einfaldlega að segja að þetta mál er búið að vera of lengi á vettvangi formanna flokkanna og þessu verður að fara að linna.

[13:55]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Það var aðeins nefnt að ég tæki þetta mál upp undir störfum þingsins. Ég verð nú að segja að undir þessum dagskrárlið hafa hinir furðulegustu hlutir verið teknir upp sem varða ekki störf þingsins.

En hér erum við að ræða einmitt um störf þingsins og ég held að þátttakan í umræðunni sýni ágætlega að til hennar var ástæða að efna. Ég hefði getað spurt félaga minn hv. þm. Birgi Ármannsson að þessu hér í hliðarherbergi en ég held að við hljótum öll að hafa orðið vör við að úti í samfélaginu hefur fólk áhyggjur af því að þessi vinna sé að dragast. Mér fannst þess vegna tilvalið að gefa formanni allsherjarnefndar tækifæri til að upplýsa almenning um þá hröðu og öruggu afgreiðslu sem hann fyrirhugar á málinu og fulltrúum annarra stjórnmálaflokka að koma hér upp og gera grein fyrir og lýsa með opinberum hætti sama áhuga til þess að reyna að draga úr þeirri tortryggni og efasemdum sem uppi eru í samfélaginu.

Ég held að það sé út af fyrir sig ekki nema gott eitt að við ræðum um störf okkar í nefndum með þeim hætti fyrir opnum tjöldum þegar mikill áhugi er á þeim hjá almenningi.

Ég vildi vegna umfjöllunar meðal annars í erlendum fjölmiðlum í gær um fjárskort við rannsóknir á málum sem þessum á Íslandi nefna það, vegna þess að ég veit að hv. formaður allsherjarnefndar mun koma hér aftur, hvort hann taki ekki undir með mér um að það sé alveg ástæðulaust að hafa áhyggjur af því að hér sé bæði hjá stjórnarmeirihlutanum og þinginu öllu fullur og eindreginn vilji til að fá þessu rannsóknarembætti og þeirri rannsóknarnefnd sem ríkisstjórnin mun flytja hér tillögu um þá fjármuni sem til þarf til þess að leysa verkið vel og giftusamlega af hendi þannig að við getum síðan líka úr þessum ræðustól reynt að eyða efasemdum um að skortur á fjármunum eða aðstöðu muni spilla fyrir (Forseti hringir.) þeirri rannsókn sem nauðsynlega þarf að fara fram.

[13:57]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst taka það fram að mér finnst kærkomið að fá tækifæri til þess að fá að ræða þetta mál hér í sölum þingsins og biðst ekki undan því og álít ekki að hv. þm. Helgi Hjörvar sé með neinum hætti að hotta á mig eða aðra svo vísað sé til ummæla hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur áðan.

Ég held að þessi umræða sýni að efnislega séu menn mjög á sömu nótum í þinginu varðandi afgreiðslu þessa máls. Það er víðtækur stuðningur við það og stuðningur við að málið nái fram að ganga svo fljótt sem auðið er. Ég held að það sé kannski kjarninn í því sem hefur komið fram í umræðunni þó vissulega hafi menn farið vítt yfir sviðið.

Til þess að svara hv. þm. Helga Hjörvar og þeirri athugasemd sem kom fram í síðari ræðu hans varðandi fjármuni til rannsóknar af þessu tagi þá hygg ég að hann hafi metið það alveg rétt að af hálfu þeirra sem um þetta mál hafa fjallað, hvort sem það hefur verið á vettvangi stjórna flokkanna eða innan allsherjarnefndar, þá er staðan auðvitað sú að það gera sér allir grein fyrir því að rannsókn af þessu tagi sem verið er að fjalla um hérna mun kosta talsvert fé. Frumvarpi hæstv. dómsmálaráðherra fylgir fremur varfærin áætlun frá fjármálaráðuneytinu um ætlaðan kostnað til að byrja með. En ég held að það geri sér allir grein fyrir því að þar er um mjög varfærna áætlun að ræða og það er alveg ljóst að það er pólitískur stuðningur og vilji til þess að kosta því til sem þarf til þess að þessi rannsókn geti farið vel fram (Forseti hringir.) og að fjárskortur eigi með engum hætti að há rannsóknaraðilum í þeirra störfum.

Umræður utan dagskrár.

Efling gjaldeyrissjóðsins.

[14:00]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Í maílok á þessu ári veitti Alþingi Íslendinga heimild sína til erlendrar lántöku upp á 500 milljarða kr. Aðdragandi þeirrar lántöku var allnokkur og á það raunar við um allt ferlið sem leiddi til setningar neyðarlaga 6. október sl. Óveðursskýin voru þegar tekin að hrannast upp á haustmánuðum í fyrra, lausafjárkreppan er, eins og allir vita, að stofni til alþjóðleg efnahagskreppa.

Upp úr síðustu áramótum tóku sjónir manna að beinast að Íslandi. Í janúar greindi ráðgjafi í gjaldeyrisviðskiptum hjá Merrill Lynch frá því að við versnandi aðstæður og vaxandi áhættufælni fjárfesta á alþjóðamörkuðum yrði íslenska krónan fyrsti gjaldmiðillinn sem fjárfestar losuðu sig við. Í janúar lagði Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, út frá niðurstöðu skýrslu matsfyrirtækisins Moody's á þann veg að efla þyrfti starfsumhverfi bankanna með því að styrkja gjaldeyrisforðann og bæta aðgengi að lausu fé eða að draga úr skilyrtum ábyrgðum ríkisins með því að bankarnir drægju saman seglin í útlöndum eða flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

Hæstv. viðskiptaráðherra sagði í kjölfar þess ekki koma til greina að missa bankana úr landi, ríkisstjórnin ynni að því hörðum höndum að styrkja starfsumhverfi bankanna. Eftir 20% fall íslensku krónunnar á einum mánuði sagði hæstv. forsætisráðherra um miðjan mars að ástandið á gjaldeyrismarkaði væri ekki komið á það stig að það kallaði á aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Forsætisráðherra vildi jafnframt ekki breyta stefnunni í efnahagsmálum vegna tímabundins vanda og taldi ekki að langvarandi kreppa væri í uppsiglingu.

Á ársfundi Seðlabanka Íslands í lok mars taldi hæstv. forsætisráðherra eðlilegt að halda áfram á þeirri braut að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans. Jafnframt vildi ráðherrann kanna hvort Seðlabankinn gæti tekið upp samstarf við seðlabanka í þeim ríkjum þar sem íslensku bankarnir væru

umsvifamiklir. Forsætisráðherra sagði á hinu háa Alþingi í lok mars að á fyrsta viðskiptadegi eftir ársfund Seðlabankans hefði krónan styrkst nokkuð myndarlega og að allt benti til þess að botninum í þessum efnum væri náð. Steininn tók þó úr þegar formaður fjárlaganefndar sagði þann 1. apríl að við horfðum fram á bjartari tíma.

Hæstv. forseti. Nú vitum við að formenn stjórnarflokkanna og bankastjórar Seðlabankans höfðu náið samráð. Formaður Samfylkingarinnar hefur nýverið upplýst um a.m.k. sex leynifundi á þessum tíma. Mörgum er í fersku minni mikill fundur í byrjun apríl sem átti samkvæmt fréttum að vera undanfari umfangsmikilla aðgerða í peningamálum. Fundurinn sá var svo mikilvægur að formennirnir tveir gátu ekki frestað honum, heldur brugðu á það ráð að fljúga að honum loknum með einkaflugi til Rúmeníu til að ná á NATO-fund. Lítið gerðist þó í framhaldinu.

Um þetta leyti mátu erlend blöð ástand á Íslandi hins vegar þá þegar það slæmt að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kynni að verða að koma Íslandi til bjargar sem þrautalánaveitandi vegna lausafjárkreppunnar. Maður spyr sig hvaða kjörum hefði verið hægt að ná hjá sjóðnum á þeim tíma. Hæstv. utanríkisráðherra sló því um svipað leyti föstu í samtali við danska blaðið *Berlingske tidende* að allir bankar landsins gætu reiknað með stuðningi frá ríkisvaldinu ef þeir lentu í vandræðum. Vilji hennar stæði til þess að styðja bankana beint með framlögum úr ríkissjóði og einnig að auka gjaldeyrisvarasjóð landsins.

Sannarlega athyglisvert í ljósi þess sem síðar gerðist — eða ekki gerðist.

Hæstv. forseti. Ég minni á að á miðstjórnarfundi okkar framsóknarmanna 3. maí sl. flutti Ragnar Árnason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, þarft erindi þar sem hann sagði að þá steðjaði meiri vá að íslensku efnahagslífi en áður í lýðveldissögunni. Ástæðan væri sú að erlendir aðilar treystu ekki bönkunum til að borga skuldir sínar. Bakábyrgð Seðlabankans og ríkisins væri ekki til staðar þar sem bankarnir væru of stórir fyrir íslenska hagkerfið. Hann lagði því til að tekið yrði hátt erlent lán til að styrkja gjaldeyrisforðann en með því móti mundu erlendir aðilar hætta að vantreysta bönkunum.

Þess ber að geta að um þetta leyti var skuldatryggingarálag íslenska ríkisins um 50 punktar en í dag er líklegt að þeir séu hátt í þúsund. Er að undra, hæstv. forseti, að spurt sé: Hvernig var staðið að eflingu gjaldeyrisforðans? Auðvitað er maður að velta fyrir sér hvort það hafi verið vilji til að efla gjaldeyrisforðann og hvort það hafi verið samstaða á milli ríkisstjórnar og Seðlabanka um að það skyldi gert. Þar sem Alþingi veitti heimild fyrir 500 milljarða lántöku til þess að efla (Forseti hringir.) sjóðinn er ekki óeðlilegt að spurt sé hér á hv. Alþingi hvernig allt þetta fé hafi verið notað.

[14:05]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kom víða við í ræðu sinni og rifjaði upp ýmislegt sem gerst hefur fyrr á árinu í þessum efnum. Það er ljóst að ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafa gert sitt ýtrasta á þessu tímabili til að reyna að styrkja og efla gjaldeyrisforðann enda nam hann nú í októberlok 409 milljörðum kr. en í árslok árið 2006 var forðinn rúmlega tvöfaldaður með lántöku upp á einn milljarð evra. Fyrir þá aðgerð var forðinn um 70 milljarðar kr., en aðeins 7 milljarðar á árinu 2001 ef ég fer rétt með. Þetta er til upprifjunar, virðulegi forseti.

Á þessu ári gerði Seðlabanki Íslands ýmsar tilraunir til að ná samkomulagi við aðra seðlabanka um fyrirgreiðslu í formi gjaldeyrisskiptasamninga eða gjaldmiðlaskiptasamninga en þegar á reyndi voru einungis norrænu seðlabankarnir þrír sem standa utan við Seðlabanka Evrópu tilbúnir í slíka samninga og leiddu þeir á endanum til þess að í maímánuði voru gerðir samningar við hvern og einn þeirra um 500 milljóna evra lánamöguleika í formi gjaldeyrisskipta. Þessir samningar voru nú nýlega endurnýjaðir, þ.e. 20. október sl., og gilda til ársloka árið 2009 og vil ég leyfa mér að fagna því.

Þessir gjaldmiðlaskiptasamningar sem gerðir voru í maímánuði höfðu strax jákvæð áhrif á markaðina. Í kjölfarið var ákveðið að leita þegar í stað á alþjóðlegan skuldabréfamarkað. Þrír erlendir og alþjóðlegir bankar voru fengnir til að hafa forustu um það mál og efnt til nauðsynlegra kynninga meðal fjárfesta víða um Evrópu í seinni hluta maí og byrjun júní. Í maí höfðu markaðsaðstæður hins vegar batnað verulega frá því sem var í mars og fram í apríl þegar þær voru með versta móti. Um það leyti sem kynningu á þessu máli var lokið snerust markaðirnir á nýjan leik og verulega þyngdi undir fæti. Vegna eindreginna ráðlegginga forustubankanna þriggja var horfið frá því að leita á markað á þeim tíma enda hefðu kjörin orðið þannig að orðspor ríkissjóðs hefði hugsanlega beðið hnekki af, m.a. með hliðsjón af lánshæfismati ríkissjóðs eins og það var þá.

Í júlí hóf Seðlabankinn hins vegar að stækka forðann með útgáfu skammtímavíxla á Evrópumarkaði og um sama leyti var gengið frá lántöku hjá nokkrum erlendum bönkum. Aðstæður á skuldabréfamarkaði bötnuðu hins vegar ekki og þangað var ekki fé að sækja. Skilyrði á þeim markaði voru slæm í allt sumar, og eru enn, og engin leið að fara í skuldabréfaútboð eða taka önnur lán. Það er mikill misskilningur sem hefur komið fram hjá einstaka manni að ríkissjóður Íslands hefði á þessum tíma getað sótt fjárhæðir sem einhverju máli skiptu á alþjóðlegan lánamarkað og lýsir slíkur málflutningur því miður ákveðnum misskilningi eða vanþekkingu á þessum aðstæðum.

Það var mjög gott samstarf um þessi mál á milli Seðlabankans, forsætis- og fjármálaráðuneytanna og fylgdust aðrir ráðherrar með eftir atvikum. Fundur sá sem gjarnan er vitnað til í febrúarmánuði þar sem bankastjórn Seðlabankans greindi frá för sinni til Lundúna, greindi okkur utanríkisráðherra m.a. frá þeirri för, snerist að stærstum hluta um það að segja frá því hverjir möguleikarnir væru fyrir íslenska ríkið að taka lán og hvernig erlendu bankarnir mætu þá stöðu á þeim tíma, snemma í febrúar eða í lok janúar. Niðurstaðan úr þeim viðræðum var sú að markaðsaðstæður væru slíkar að það væri ekki heppilegt og hugsanlega ekki mögulegt fyrir íslenska ríkið að reyna fyrir sér á alþjóðlegum lánamarkaði á þeim tíma og það gæti haft þveröfug áhrif, a.m.k. mjög óheppileg áhrif á kjör eða orðspor ríkissjóðs á þeim tíma og hugsanlegt að ekki hefði verið neitt lán að hafa þótt reynt hefði verið til hins ýtrasta.

Þannig var staðan þá og ég hef rakið hér hvað gerðist síðan. Nú er aftur staðan sú að við höfum náð samkomulagi við nokkur lönd eins og kunnugt er um að koma til liðs við okkur um lánsfjáröflun. Vænti ég að það megi allt saman fram ganga í samræmi við það sem lýst hefur verið hér í tengslum við önnur þingmál.

[14:10]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ein fyrsta krafa Alþjóðgjaldeyrissjóðsins til íslenskra stjórnvalda var hækkun stýrivaxta sem átti að vera liður í því að standa vörð um og treysta gjaldeyrisforðann og draga úr hættu á útflutningi fjármagns. Nýjustu upplýsingar sýna að sú aðgerð var tilgangslaus og margir hafa orðið til að gagnrýna þessa stefnu, hækkun stýrivaxta til að efla gjaldeyrisforðann.

Af því sem kemur fram af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins áskilur hann sér rétt til þess að krefjast enn hærri stýrivaxta. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Hvaða rök og hvaða skipulögð vinna liggur að baki því að stýrivaxtahækkun sé nauðsynleg til að treysta gjaldeyrisforða þjóðarinnar? Mér sýnist miklu mikilvægara að standa vörð um og efla þær atvinnugreinar sem afla útflutningsteknanna og skila erlendum gjaldeyri inn í landið (**PHB:** Álið?) á þann hátt og það er ekki gert með háum stýrivöxtum sem eru að sliga atvinnugreinarnar. Það er svipuð aðferð og að ætla að seðja bráðasta hungrið með því að höggva af sér hægri höndina og éta hana. (**Forsrh.:** Meira ál.) Ef forsætisráðherra er svo skyni skroppinn að halda að það besta fyrir sjávarútveginn og útflutningsgreinarnar sé að hækka stýrivextina til að efla gjaldeyrisforðann finnst mér hæstv. forsætisráðherra ekki starfi sínu vaxinn (Forseti hringir.) enda höfum við flutt tillögu um að hann segi af sér. (**Forsrh.:** Það er búið að hafna því.) Ég held að það sé brýnt fyrir íslenskan gjaldeyrisforða.

[14:13]

Ellert B. Schram (Sf):

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að verja tíma mínum til þess að fara yfir söguna fram að þessu, heldur einbeita mér að því ástandi sem við blasir núna.

Við höfum fengið lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og öðrum vinaþjóðum. Það hefur verið upplýst hversu mikið það er og ég held að það sé sú líflína sem við eigum í augnablikinu og fyrsta skrefið til að styrkja krónuna sem er auðvitað algjört forgangsmál fyrir atvinnulífið, peningamálin, heimilin og fjölskyldurnar í landinu. Um þessa stöðu og þetta markmið verður þjóðin að sameinast, bæði til þess að fólk viti hvaða verðmæti það hefur í höndunum í krónum og gjaldeyri talið og hafi trú og traust á þeim aðgerðum sem fram undan eru. Í raun og veru snýst þetta allt núna um trú og trúverðugleika.

Ríkisstjórnin, Seðlabankinn og Alþingi verða að ganga í takt. Úr því sem komið er er engin önnur leið og það verður að útskýra á mannamáli og það verður að skýra og stimpla inn hvað þessar ráðstafanir hafa í för með sér, bæði það jákvæða sem hið erfiða, hvernig þessi áætlun er hugsuð og hvert er stefnt.

Virðulegur forseti. Óvissan og óttinn í þjóðfélaginu hefur skapast fyrst og fremst vegna þess að skilaboðin hafa ekki verið nægilega skýr. Úr því verður að bæta því að Íslendingar hafa bæði kjark og getu til að brjótast út úr erfiðleikunum þegar þeir vita hvað er fram undan. Samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hefur verið samþykkt og ákveðið, alþjóðasamfélagið vill núna rétta okkur hjálparhönd og nú ríður á að við göngum öll í takt hvar í flokki sem við stöndum til að taka þennan slag. Seðlabanki og ríkisstjórn verða að stýra þessari för þannig að við hin, óbreyttir þingmenn (Forseti hringir.) og þjóðin öll, skilji að framtíðin stendur og fellur með því að þetta takist.

[14:15]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Síðast þegar að var gáð þurfti 180 kr. til að kaupa eina evru, um 100 kr. meira en fyrir rúmu ári til að kaupa þann gjaldmiðil og ég þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir þá góðu upprifjun og að vekja máls á þessu atriði varðandi gjaldeyrisvarasjóðinn. Það liggur fyrir að því fór fjarri að gjaldeyrisvarasjóðurinn væri nægur. Það sem orsakaði það bankahrun sem við urðum vitni að í byrjun októberar var að það skorti gjaldeyri, það skorti gjaldmiðil. Það er staðreyndin í málinu. Það kann vel að vera að illa hefði farið en það var ekki það sem olli því að bankarnir lögðu upp laupana. Það var gjaldeyrisskortur sem segir að ekki hafi verið staðið nógu vel að því að hafa nægjanlegan gjaldeyrisvaraforða.

Nú er verið að leggja af stað í nýja vegferð og að sjálfsögðu vonast allir til þess að sú vegferð geti gengið sem best. Við í Frjálslynda flokknum höfum þó lýst efasemdum um það að þarna væri farið rétt af stað. Við höfum ítrekað talað um vandamál gjaldmiðilsins, vakið athygli á því að það væri nauðsynlegt að íslenska krónan yrði tengd stærra myntkerfi. Ef við hefðum alþjóðlega mynt eða værum með tengingu við alþjóðlegt myntkerfi þyrftum við ekki stóran gjaldeyrisvarasjóð. Stór gjaldeyrisvarasjóður er afleiðing af því að við höfum mynt sem almennt er ekki gjaldgeng, mynt sem er ekki treyst. Það er út úr þeim vítahring sem við verðum að stefna, það er hið nýja Ísland.

[14:17]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Það er athyglisvert og mun verða athyglisverðara í framtíðinni að rifja upp þann tíma sem liðinn er á þessu ári og aðdragandann að bankahruninu, allar viðvaranir sem komu fram framan af ári um hvert stefndi og um yfirlýsingarnar um að botninum væri náð, að bjart væri fram undan og að aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar hefði farið að bera árangur í sumar. Þetta verður auðvitað allt rætt síðar. Það er ljóst að hæstv. ríkisstjórn ber mjög mikla ábyrgð á þessu ferli öllu saman en þrátt fyrir það hefur komið fram hjá formanni Samfylkingarinnar að sá flokkur ber ekki mikla ábyrgð. Það kom fram á fundi flokksins um síðustu helgi og ég túlka það sem svo að þar með vísi Samfylkingin allri ábyrgð á þessum málum yfir á samstarfsflokkinn, yfir á Sjálfstæðisflokkinn. Það verður fróðlegt að heyra hvað sjálfstæðismenn, hv. þingmenn og ráðherrar, segja við því.

Hæstv. forsætisráðherra hefur farið yfir skýringar sínar á ferlinu frá því að Alþingi veitti lántökuheimild til að styrkja

gjaldeyrisforðann og það er alveg augljóst að íslenska ríkið og Seðlabankinn höfðu ekki aðgang að lánsfé. Hæstv. forsætisráðherra skýrði það hér þó að ýmsar spurningar vakni við það. Ég vil leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. forsætisráðherra hvort það hafi ekki komið til greina um eða fyrir mitt árið að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um samstarf á þeim tíma þegar ljóst var að ekki fékkst erlent lánsfé til að styrkja gjaldeyrisforðann þrátt fyrir að menn teldu það mjög mikilvægt og nauðsynlegt í ljósi þess sem menn töldu sig sjá fyrir. Ég vildi gjarnan heyra hæstv. forsætisráðherra fara yfir það hér hvort slíkt hafi komið til greina á þeim tíma til að bregðast við í raun og veru áður en að verulegt vandamál kæmi upp. Mér sýnist á öllu, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin hafi ekki gert sér grein fyrir því í aðdraganda þessa hruns (Forseti hringir.) hvert stefndi. Það er auðvitað miður.

[14:19]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég ætla að byrja á að þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir hugmyndir hans um að fjölga störfum með því að auka álframleiðslu og því um líkt, það er nauðsynlegt að fjölga störfum þannig, en ég varð fyrir miklum vonbrigðum með ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur frummælanda því að hún ræddi eingöngu um atvik í fortíðinni. Það er eins og að við gætum breytt fortíðinni. Það er eitthvað sem við getum ekki gert og ég er fyrir löngu búinn að átta mig á því. Jafnvel hugmyndaríkustu spámönnum datt ekki í hug að þrír stærstu bankarnir á Íslandi færu á hausinn. Ég hef hvergi nokkurs staðar séð þann spádóm, enginn spáði fyrir um það þannig að fortíðarhyggja hefur lítið upp á sig. Öll berum við náttúrlega meira og minna ábyrgð á því sem gerðist, öll, við skulum ekkert skorast undan því. Alþingi líka. (**VS:** Þetta mál er um fortíðina.)

Við þurfum að horfa til framtíðar. Við þurfum að horfa út frá þeirri stöðu sem við búum við í dag, við þurfum að koma gjaldeyrismarkaðnum í gang. Við þurfum að auka traust þeirra sem eiga krónubréf á Íslandi, jöklabréfin, um að þeir geti beðið hérna með þær krónur, og við þurfum að vinna með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að því að koma á gjaldeyrismarkaði þannig að fólk sem skuldar í erlendri mynt og útflytjendur hafi traust á því og flytji gjaldeyrinn sinn heim. Þetta er verkefnið sem við þurfum að vinna að, ekki að velta okkur upp úr því hvað gerðist í fortíðinni með hitt og þetta þó að það sé örugglega mjög mikilvægt að draga lærdóm af því og draga þá til sektar sem þar hafa brotið einhver lög.

[14:21]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að fortíðin komi ekki framtíðinni við. Svo er í reynd og það er ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin þarf að segja af sér.

Við ræðum hér heimildir til lánveitinga og lántöku frá því í vor upp á 500 milljarða kr. og hvernig til hafi tekist með ráðstöfun þeirra fjármuna. Ég minni á að þegar þetta kom til afgreiðslu á Alþingi var það með mjög ströngum fyrirvörum af hálfu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem er að finna í framsöguræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, í ræðum sem hér voru fluttar og atkvæðaskýringum, og lutu m.a. að því að við vildum að gengið yrði í það verk að aðgreina viðskiptabanka frá fjárfestingarsjóðum. Við vöruðum við því að bankarnir væru að vaxa íslensku þjóðfélagi yfir höfuð og hvað það gæti þýtt. Við vitum svo hver niðurstaðan varð.

Það er hlálegt að heyra sérstaklega fulltrúa Samfylkingarinnar segja við umræðu um þessi mál að Samfylkingin hafi lagt sig í líma við að reisa múra almenningi til varnar. Það er alrangt. Þess sér hvergi stað í þingsögunni undanfarna mánuði og undanfarin missiri. Það sem ríkisstjórnin hins vegar gerði með oddvita stjórnarflokkanna í broddi fylkingar, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra, formenn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar, var að leggjast í útrásarvíking með útrásarvíkingunum til New York og til Evrópu til að hvetja fólk til að halda áfram að fjárfesta sem síðan hefur orðið til þess að skuldir landsmanna eru að verða óbærilegar. Þetta er skýringin á því að enginn vildi veita okkur lánafyrirgreiðslu. Ríkisstjórnin, (Forseti hringir.) hæstv. forsætisráðherra, hæstv. utanríkisráðherra, forsvarsmenn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, (Forseti hringir.) var rúin trausti. Það er mergurinn málsins. Við getum horft á eftirlitsstofnanirnar (Forseti hringir.) en þarna er hin raunverulega ástæða fyrir því að við höfum ekki fengið lánafyrirgreiðslu. (Forseti hringir.) Ríkisstjórnin nýtur ekki trausts. (Forseti hringir.) Það er alveg hárrétt, hv. þm. Ellert B. Schram. (Forseti hringir.) Þetta snýst um trú og trúverðugleika og ríkisstjórnin hefur hvorki trú né trúverðugleika.

[14:24]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að halda ræðutíma sinn.

[14:24]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég skal halda mig við ræðutímann. Ég þakka formanni Framsóknarflokksins fyrir þetta innlegg um gjaldeyrisforðann og mikilvægi þess að auka hann. Allir flokkar á Alþingi hafa verið talsmenn þess að auka gjaldeyrisforðann. Við fórum í gegnum þá umræðu í vor þegar við tókum í gegn heimild til ríkissjóðs Íslands um sérstaka lántöku á árinu 2008 en sú lántaka hafði ekki áhrif á aðrar lántökuheimildir ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. fjárlaga fyrir þetta ár. Í þeirri umræðu greiddu því allir atkvæði enda var grunntónninn í henni og því leiðarstefi sem var lagt upp með að það væri mikilvægt að styrkja og efla gjaldeyrisforðann.

Það var farið yfir það í þeirri umræðu hvernig ríkisstjórn Íslands og Seðlabankinn hefðu á undanförnum árum markað ákveðnar leiðarlínur í því að efla gjaldeyrisforðann og, virðulegi forseti, ég mun ekki fara frekar í það.

Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur að henni hafi þótt það skrýtið að formanni fjárlaganefndar hafi þótt bjart fram undan. Ég tel það hlutverk stjórnmálamanna hverju sinni að tala stöðuna upp frekar en niður og ég mun alltaf gera það. Ég mun ekki víkja mér undan því og þrátt fyrir að nú gefi til að mynda á í fjárlögum hér á

landi og fjárlagagatið stækki skiptir verulegu máli að tala hlutina upp. Ég veit ekki betur en að formaður Framsóknarflokksins hafi gert það á umliðnum árum, hafi frekar talað upp en niður.

Virðulegi forseti. Við vitum að fram undan er erfiður vetur fyrir landsmenn alla og við þurfum að taka á okkur auknar byrðar. Skiptir því verulegu máli að menn geri sér grein fyrir því (Forseti hringir.) að þegar við eflum gjaldeyrisforðann erum við um leið að auka fjármagnskostnað (Forseti hringir.) ríkisins sem þýðir það að ríkisútgjöldin aukast.

[14:26]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Aðgerðir eða aðgerðaleysi í fortíðinni eru væntanlega orsök þess sem við stefnum í. Og í hvað stefnum við? Við stefnum í skuldafen. Við stefnum í mjög erfiða stöðu og það er alveg óþarfi og í raun og veru óheiðarlegt af okkur þingmönnum að segja ekki satt um það sem við vitum sannast og réttast í því.

Íslenska þjóðin mun lenda í verulegum erfiðleikum á komandi árum við að standa við þær skuldir og skuldbindingar sem á okkur munu lenda vegna þess sem ekki var gert eða var gert. Stjórnvöld héldu því jafnvel fram að þau væru að vinna tíma í þessari umræðu. Lánsheimild var veitt í maí til að takast á við það að efla gjaldeyrissjóðinn og e.t.v. þar af leiðandi að styrkja stöðu okkar fyrir framtíðina og koma jafnvel í veg fyrir það sem síðar skall á okkur. Ég tek undir orð hv. þm. Ellerts B. Schrams sem sagði að við ættum að tala skýrt um það sem fram undan er. Það sem fram undan er byggist á því sem var í fortíðinni og var ekki gert. Sá vandi er vandi framtíðar fyrir íslensku þjóðina. Íslenska þjóðin er auðvitað dugleg og hefur oft brugðist við erfiðum vandamálum. Það breytir samt ekki því að það sem íslenska þjóðin þarf að bera á næstu áratugum verður mjög erfitt og er óþarfi að draga úr því. Það verður mjög erfitt. Það mun þýða skattahækkanir, það mun þýða niðurskurð (Forseti hringir.) á ýmsu í fjárlögunum okkar og það mun þýða erfiðleika (Forseti hringir.) fyrir íslensku þjóðina.

[14:29]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja út af orðum hv. þm. Péturs Blöndals að hann hefur talað mikið fyrir virðingu og mikilvægi Alþingis. Þess vegna finnst mér mikilvægt að hér fari fram umræða um það hvernig staðið var að eflingu gjaldeyrisforðans þegar Alþingi hafði heimilað með mjög skömmum fyrirvara og mjög hraðri meðferð, má segja, 500 milljarða lántöku. En nóg um það.

Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin sem voru ekki alveg nægilega nákvæm að mínu mati. Það var mikið um að hæstv. ráðherra talaði eins og að þetta hafi allt saman verið mjög erfitt. Ég efast ekki um að það hafi verið það, ef ég grip niður í ræðu hæstv. ráðherra var hún svona:

Menn hafa gert sitt ýtrasta, gerðu ýmsar tilraunir, það var horfið frá því að reyna, ekkert fé að sækja, markaðsaðstæður þannig, ekki mögulegt að taka lán.

Þetta er kannski í stuttu máli ástandið eins og það var og miðað við það að ástandið var svona getur maður ekki annað en álykta sem svo að hæstv. forsætisráðherra og forustumenn ríkisstjórnarinnar hafi gert sér nokkra grein fyrir því að það var vá fyrir dyrum. En hæstv. ráðherra talaði um að samstaða hefði verið milli ríkisstjórnar og Seðlabanka um það hvernig staðið skyldi að málum. Það var ekki alveg að mínu mati miðað við það sem kemur fram í fréttum, það var t.d. um miðjan apríl sem hæstv. utanríkisráðherra sagði að bankarnir gætu búist við stuðningi ríkisvaldsins og þá sagði formaður bankastjórnar Seðlabankans að það væri meginverkefni bankanna að bjarga sér sjálfir.

Hæstv. forseti. Ég tel engu að síður ástæðu (Forseti hringir.) til að þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin þótt þau hefðu mátt vera nákvæmari.

[14:31]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu ítreka að á þeim mánuðum sem á undan eru gengnir hafa allir sem að þessum málum hafa komið að sjálfsögðu lagt sig alla fram við úrlausn mála eins og ætlast verður til. Fyrr á árinu hefði verið tekið erlent lán ef það hefði fengist á viðunandi kjörum. En því var ekki að heilsa. Þess vegna þýðir ekkert um það að tala í dag.

Við héldum í einlægni fyrr á árinu að botninum væri náð í þessum efnum og ég lét þau orð falla hér úr ræðustóli Alþingis í marslok eins og margir hafa rifjað upp. Við sáum ekki fyrir að lausafjárkreppan á alþjóðlegum fjármálamörkuðum mundi breytast í efnahagslega heimskreppu eins og hún er núna að verða. Og ég segi fyrir mig að mikið er ég feginn því að við Íslendingar erum um þessar mundir að koma okkar málum í skjól í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og vinaþjóðir okkar áður en þessi fellibylur ríður af öllum þunga yfir nálæg lönd og önnur ríki sem þá munu eiga fullt í fangi með að hugsa um sín eigin mál og væntanlega ekki hafa mikið aflögu til að lána Íslendingum.

Við getum verið ánægð með það hversu langt mál eru komin núna. Við þurfum auðvitað að standa við það sem við höfum samið um, m.a. gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Auðvitað þurfum við fyrst af öllu að búa þannig um hnútana að við þurfum ekki að nota það lánsfé sem um er að tefla frá sjóðnum eða öðrum nema í mjög litlum mæli.

Hefðum við getað farið til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrr á árinu? Ég efast um að grundvöllur hefði verið fyrir því þá. Hv. frummælandi spurði hvaða kjör við hefðum þá getað fengið á lánum þar. Ég get ekki fullyrt það en ég held að það sé svipað og við eigum í (Forseti hringir.) vændum núna.

Landgræðsluskóli Sameinuðu þjóðanna.

Fsp. VS, 136. mál. — Þskj. 149.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir) (F):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. utanríkisráðherra um landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna og spurningin hljóðar svo:

Hvað líður stofnun landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi?

Hæstv. forseti. Ég legg þessa fyrirspurn fram til að vekja athygli á þessu mikilvæga máli sem hefur verið til umfjöllunar um nokkurt skeið. Hér er um gríðarlega mikilvægt mál að ræða vegna þess að það er talið að einn þriðji hluti alls þurrlendis í heiminum sé í hættu vegna eyðimerkurmyndunar og uppblásturs og að umhverfisflóttamenn svokallaðir geti numið hundruðum milljóna í náinni framtíð ef ekki takist að stöðva jarðvegs- og gróðureyðingu.

Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að stofna landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt hafa verið í gangi tilraunaverkefni sem áttu að ná til þriggja ára og við erum núna, ef ég veit rétt, á öðru ári þannig að það er mikilvægt að hv. Alþingi fjalli um það hér hvaða áform eru uppi hjá stjórnvöldum í sambandi við þetta mikilvæga mál. Hér er um mál að ræða sem er líka mikilvægt í sambandi við þróunarsamvinnu okkar. Nú er verið að draga úr henni vegna efnahagsástandsins en með því að Íslendingar leggi fram þekkingu á þessu sviði eins og þeir hafa gert bæði á vettvangi Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna leggjum við mjög dýrmæta þekkingu af mörkum. Ástæða þess að ég spyr um þetta er sú að mér finnst þetta mjög mikilvægt mál.

Svo getum við líka farið út í að tala um mikilvægi fæðuöryggis. Fæðuöryggi er þáttur í því að halda friði í heiminum þannig að segja má að hvernig sem á þetta mál er litið er það mikilvægt. Ég er þess vegna mjög eftirvæntingarfull að heyra frá hæstv. utanríkisráðherra hvar málið stendur og hvernig hún hyggst vinna að því á næstu missirum.

[14:36]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir spyr hvað líði stofnun landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi.

Þann 3. október 2007 var skrifað undir samstarfssamning við Landbúnaðarháskóla Íslands um stofnun landgræðsluskóla en verkefnið hafði verið í undirbúningi um tíma. Helsta markmið verkefnisins er að þróa sex mánaða námskeið fyrir sérfræðinga á þessu sviði í landgræðslu og þar með stuðla að uppbyggingu og þekkingu í málaflokknum í þeirra heimalöndum.

Framkvæmd verkefnisins er í nánu samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Starfsemi skólans hófst strax haustið 2007 með námskeiði fyrir sérfræðinga frá þróunarríkjum sem haldið var í tengslum við 100 ára afmæli landgræðslu á Íslandi. Fimm sérfræðingar sóttu námskeiðið sem stóð yfir í sjö vikur. Tveir þeirra komu frá Mongólíu, tveir frá Úganda og einn frá Egyptalandi. Síðasta vor sóttu svo sex sérfræðingar sex mánaða námskeið í landgræðslu og skyldum fögum. Þrír þeirra komu frá Namibíu, tveir frá Úganda og einn frá Mongólíu. Þetta verkefni er tilraunaverkefni og hefur allur undirbúningur að því verið í nánu samstarfi við Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Nú í haust var gerð óháð úttekt á verkefninu. Umsókn um aðild að tengslaneti Háskóla Sameinuðu þjóðanna var lögð fram til umfjöllunar hjá háskólaráði í þessum Háskóla Sameinuðu þjóðanna og sá fundur verður haldinn 1. desember næstkomandi, á mánudaginn, og þá sjáum við hvað út úr þessu kemur.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir) (F):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Það sem mér fannst vanta upp á var að fá frekari umfjöllun og frekari útskýringar á því hvort ekki séu enn uppi áform um að stofna til þessa skóla. Það sem er í gangi núna er tilraunaverkefni eins og kom fram hjá ráðherra. Mér var kunnugt um þessa úttekt sem hefur verið unnin. Ég er líka búin að heyra af því að úttektin lofi góðu, það sé mikil ánægja með það sem hér hefur verið gert á þessu sviði og að þeir nemendur sem hér hafa verið hafi verið mjög ánægðir með þá uppfræðslu sem þeir fengu hér. Mér sýnist geta stefnt í að þetta verði að veruleika. Þetta er þriggja ára verkefni og við erum á öðru ári í tilraun.

Ég vonast til að hæstv. ráðherra segi okkur í síðari ræðu sinni nákvæmar frá því hvort ekki séu enn þá uppi áform um að stofna til þessa skóla vegna þess að það framlag sem lagt yrði til hans yrði að öllum líkindum og nánast örugglega metið á svipaðan hátt og hefur verið með Jarðhitaskóla og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna, að þessi kostnaður sé metinn sem framlag til þróunarsamvinnu. Þetta er það sem mig langar til að heyra aðeins nánar um hjá hæstv. ráðherra.

[14:40]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Við værum ekki að sækja um aðild að tengslaneti Háskóla Sameinuðu þjóðanna ef okkur væri ekki full alvara með þessu verkefni og að halda því áfram. Ég hef sagt það áður og við önnur tilefni að ég sé það fyrir mér að við gætum verið með ferns konar starfsemi á Íslandi sem byggði á þeirri sérþekkingu sem við höfum, gæti nýst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og verið hluti af Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Það er í sjávarútvegsmálum og í jarðhita, á sviði landgræðslu og jafnréttismála.

Þetta eru okkar styrkleikar og þetta er það sem við eigum að vera með í útrás, ef svo má segja, á alþjóðavettvangi og eru útrásarverkefni sem eru ekki byggð á sandi, heldur á góðum og kjarnmiklum grunni, starfi hér í áratugi og mikilli sérfræðiþekkingu. Við værum ekki að fara með þetta inn í tengslanet Háskóla Sameinuðu þjóðanna ef okkur væri ekki full alvara með að halda þessu verkefni áfram.

Umræðu lokið.

Jafnræði kynja í ríkisbönkum.

Fsp. SF, 126. mál. — Þskj. 136.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég beini hér þremur fyrirspurnum til hæstv. fjármálaráðherra. Þær hljóða svo, með leyfi forseta:

1. Hver ber ábyrgð á því að jafnræðis sé gætt milli kynja við skipulagsbreytingar í nýju ríkisbönkunum þremur?

2. Hvert var kynjahlutfall meðal stjórnenda bankanna þriggja fyrir yfirtöku ríkisins og hvert er það nú?

3. Hvernig hefur ráðherra beitt sér til að tryggja að jafnræðis sé gætt milli kynja í nýju bönkunum hvað varðar stöðuveitingar og launakjör?

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að launakjör bankanna hafa verið með þeim hætti að mönnum blöskrar. Nú nýlega sendi Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, bréf til formanna þingflokka og þar kemur eftirfarandi fram, virðulegur forseti:

„Undanfarnar vikur hafa Jafnréttisstofu borist mörg dæmi um ótrúlegt launamisrétti kynjanna sem viðgengist hefur í nafni launaleyndar innan bankanna þriggja og dótturfyrirtækja þeirra sem nú eru komin í ríkiseigu. Dæmi eru um allt að 100% launamun karls og konu sem unnu hlið við hlið í sama starfi. Þá einkenndist skipulag bankanna af miklum kynjahalla þar sem karlar voru í öllum helstu stjórnunarstöðum. Launakannanir sem gerðar voru á launum í fjármálageiranum sýndu fram á verulegan kynbundinn launamun.“

Svo eru færð rök fyrir því síðar í bréfinu að fyrirhuguð rannsóknarnefnd sem á að kanna aðdragandann að falli bankanna þyrfti að fara ofan í þann mikla launamun sem hefur komið í ljós á milli karla og kvenna innan bankanna. Ég spyr nú hæstv. ráðherra hvernig hann hyggist bregðast við þessu þar sem bankarnir eru komnir í ríkiseigu og tilheyra núna ábyrgðarsviði hans.

Það hefur líka komið í ljós, virðulegur forseti, að það ríkir mjög mikil þöggun innan bankakerfisins varðandi launakjör þannig að nú verðum við að nýta tækifærið þegar þeir eru komnir í ríkiseigu og taka á þessu vandamáli.

Í lauslegri könnun hjá einum ríkisbankanna sem nú er kominn í eigu okkar allra kemur í ljós að bankastjórinn er kona — sem er vissulega skref fram á við — en af sjö framkvæmdastjórum eru sex karlar og ein kona og af 37 forstöðumönnum eru 30 karlar og sjö konur. Við erum svo langt frá því að hér sé eitthvert jafnræði í stjórnunarstöðum. Þar sem ríkið er ábyrgt í þessari stöðu að mínu mati tel ég að við verðum með einhverjum hætti að beita okkur innan bankanna þannig að við horfum ekki upp á svona skakkar tölur. Það er miklu erfiðara þegar um einkabanka er að ræða og einkafyrirtæki, að sjálfsögðu, en þegar ríkið á í hlut eigum við að bregðast við. Ég vil fá skýr svör frá hæstv. fjármálaráðherra um þetta, bæði launakjörin og líka (Forseti hringir.) stjórnunarstöðurnar.

[14:44]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Ég hef ekki séð þetta bréf sem hv. þingmaður vitnaði til. Það gæti út af fyrir sig verið gagnlegt að sjá það í tengslum við fyrirspurnina hafi bréfið verið komið áður en fyrirspurnin var flutt.

Þegar spurt er hver beri ábyrgð á því að jafnræðis sé gætt milli kynja við skipulagsbreytingar í nýju ríkisbönkunum þremur er því til að svara að um jafnræði milli kynja í ríkisbönkunum gilda lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008. Það er á ábyrgð bankaráða og bankastjóra bankanna þriggja að uppfylla ákvæði laganna. Það er rétt að við höfum það á í huga að allir stjórnmálaflokkar á Alþingi eiga fulltrúa í bankaráðunum.

„Hvert var kynjahlutfallið á milli stjórnenda bankanna þriggja fyrir yfirtöku ríkisins og hvert er það nú?“

Mér er ekki kunnugt um hvert kynjahlutfallið var fyrir yfirtöku ríkisins á bönkunum. Fjármálaeftirlitið yfirtók bankana á grundvelli laga um heimildir til fjárveitinga á ríkiseigum vegna sérstakra ástæðna á fjármálamarkaði og fleira og er Fjármálaeftirlitið enn ábyrgt fyrir málefnum gömlu bankanna en það heyrir ekki undir fjármálaráðuneytið.

Ekki er búið að ganga endanlega frá ráðningu allra stjórnenda bankanna og því liggja ekki fyrir upplýsingar um kynjahlutföll eftir að ríkið yfirtók bankana.

„Hvernig hefur ráðherra beitt sér til að tryggja að jafnræðis sé gætt milli kynja í nýju bönkunum hvað varðar stöðuveitingar og launakjör?“

Eins og fram kemur hafa verið sett sérstök lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Fram til þessa hef ég ekki haft neina sérstaka ástæðu til að beita mér gagnvart bankaráðum eða stjórnendum bankanna til þess að þeir framfylgi lögunum. Hins vegar skal á það bent að í 4. gr. laganna er kveðið á um hlutverk Jafnréttisstofu. Þar kemur m.a. fram að Jafnréttisstofa annist framkvæmd laganna, veiti ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna og sjái um fræðslu og upplýsingastarfsemi.

[14:47]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir skuli tala hér um jafnrétti kynjanna í nýju bönkunum og vil minna á þrjú atriði.

Í fyrsta lagi: Eitt af því sem ku hafa orsakað bankakreppur á Norðurlöndunum í byrjun tíunda áratugarins var einmitt hin gríðarlega áhættusækni ungra bankamanna, karlkyns, sem sérstaklega þótti hafa valdið þessu. Ég held að þegar við veltum við öllum steinum munum við kannski komast að svipaðri niðurstöðu. Hugtakið áhættumeðvitund var kynnt fyrir mér í fyrsta skipti af stjórnendum Auðar Capital. Auður Capital er fjármálafyrirtæki sem stýrt er af konum. Ég fagna því að við skulum ræða þetta sérstaklega.

Mig langar í öðru lagi að nefna að rannsóknir sýna að konur standa betur í skilum en karlar.

Í þriðja lagi langar mig að nefna (Forseti hringir.) að ungar konur í Háskólanum í Reykjavík vöktu athygli mína á því að þær fengju gjarnan stöður á fyrstu hæð (Forseti hringir.) á meðan ungu drengirnir, skólafélagar, sem jafnvel stóðu sig ekki eins vel í námi, fengu stöðurnar á efstu hæðinni. (Forseti hringir.) Ég vildi gjarnan segja meira um þetta en nóg í bili.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Meira verður ekki sagt á einni mínútu.)

Nei.

[14:48]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. frummælanda fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það eru aðrar aðstæður þegar um ríkisfyrirtæki er að ræða en í einkageiranum. Ég beitti mér fyr-

ir því sem viðskiptaráðherra að reyna að styrkja stöðu kvenna í stjórnum fyrirtækja og náði mjög litlum árangri þó að ég sendi út mikið af bréfum og gerði, að því er mér fannst, allt hvað ég gat — ég beitti mér þó ekki fyrir lagasetningu eins og Norðmenn hafa t.d. gert.

Hér er um ríkisbanka að ræða en ég vil halda því til haga að þegar um hlutafélög er að ræða, þar sem ríkið eða opinberir aðilar eiga alla hluti, eru viðkomandi fyrirtæki opinber hlutafélög og þar eru settar skýrar reglur um (Forseti hringir.) jafnrétti milli kynjanna.

[14:50]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill inn á milli stuttra athugasemda beina athygli þingmanna að kynjahlutfallinu í Alþingi núna. Ég held að þetta sé alveg einstakt og jafnvel sögulegt, og bið ég hæstv. félagsmálaráðherra að koma inn í salinn og þá verður þetta enn sögulegra.

[14:50]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir hv. þingmenn sem hér hafa tekið til máls í stuttri athugasemd þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir að vekja máls á þessu. Launamunur af þessu tagi, eins og hún lýsti hér áðan, er auðvitað ólíðandi og ég tek undir það að nú er tækifærið þar sem bankarnir eru komnir í ríkiseign að þetta verði ekki með þessum hætti framvegis.

Ég er ein af þeim sem vildi gjarnan sjá fleiri konur komast til áhrifa inn í bankana og fagnaði því mjög þegar tvær konur voru ráðnar sem bankastjórar nýju bankanna. Ég vona að við eigum eftir að sjá fleiri konur hasla sér völl á þessu sviði.

[14:51]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ég hélt að enn fleiri hefðu beðið um orðið til að gera stutta athugasemd.

Það vekur áhuga og athygli okkar sem hér sitjum þegar farið er að fjalla um efnahagsmálin með kynjagleraugum og það gerir hv. frummælandi í þessari fyrirspurn sinni. Ég tel að fullur áhugi sé á því, ég sé það í augum þingmanna og þeirra sem kvatt hafa sér hljóðs, að taka þetta mál föstum tökum. Ég held að full efni séu til þess, hæstv. forseti, að við förum í sjálfstæða umræðu. Ég ætla að nota tækifærið úr þessum ræðustóli og biðja um utandagskrárumræðu um kynjamálin í þeirri stöðu sem við stöndum nú frammi fyrir hvað varðar bankana og hvað varðar efnahagsmálin. Ég held að fullt tilefni sé til þess og Alþingi verður að tala skýrt í þessum efnum núna.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði hér áðan hve erfitt það hefði reynst sér — hún var full af vilja — að leiðrétta hlut kvenna. Við skulum taka þessi mál föstum tökum núna og ekki hætta að ræða þau hér og nú. Höldum áfram að ræða þau þar til árangur næst.

[14:52]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það er gott að þessu máli sé hreyft. Ég er einn af þeim Íslendingum sem bý að þeirri lánsemi að eiga sjö systur, aðeins einn bróður, og hef mikið lært af því að alast upp með systrum mínum.

Við tölum hér um mál sem skiptir þjóðfélagið miklu. Ekki er vafi á því í mínum huga að jafnrétti kynjanna mun einungis bæta samfélagið.

Ég vil hins vegar gera athugasemd við orð hæstv. fjármálaráðherra sem sagði á þá leið að allir stjórnmálaflokkar ættu fulltrúa í bankaráðunum. Frjálslyndi flokkurinn á aðeins einn fulltrúa í einu bankaráði og honum verður ekki skipt í sundur.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka öllum þeim sem tóku þátt í þessum umræðum. Ég verð að segja eins og er, virðulegur forseti, að ekki var hægt að finna neinn áhuga hjá hæstv. fjármálaráðherra á þessu máli. Þrátt fyrir góðan vilja minn, að reyna að finna þann áhuga, var hann ekki fyrir hendi. Hæstv. fjármálaráðherra vísaði allri ábyrgð af sér.

Í fyrsta lagi vísaði hæstv. ráðherra ábyrgðinni á bankaráðin hvað varðar stöðuveitingarnar og bankastjórana. Hann bætti því við að flokkarnir ættu fulltrúa í bankaráðunum. Þá vitum við það. Næst þarf að fara að elta bankaráðin ef hæstv. fjármálaráðherra vill ekki bera neina ábyrgð á þessu, sem ég tel reyndar að hann eigi að gera.

Varðandi launin þá heyrði ég ekki betur en hæstv. fjármálaráðherra vísaði líka allri ábyrgð af sér í því og ýtti henni yfir á Jafnréttisstofu. Það ber að rifja það upp að í stjórnarsáttmálanum er skýrt ákvæði um launamál kynjanna og að stefna eigi að því að minnka launamuninn þannig að hann sé helmingi minni í lok kjörtímabils en í upphafi. Ég verð að lýsa því að ég er frekar sorgmædd yfir þessu svari.

Ég hefði viljað sjá brattan fjármálaráðherra sem hefði talað þannig að konur eygðu smávon um að ofan frá ætti að reyna að bæta þessa stöðu. Ég ætla að leyfa mér að treysta á konur í stjórnarflokkunum, sem hafa mikinn áhuga á þessum málum eins og við sjáum hér í umræðunum, að þær beiti sér af fullum krafti innan flokka sinna og sýni virkilegan styrk og reyni að bæta úr þannig að konur komist í fleiri áhrifastöður, bæði innan bankanna og innan alls samfélagsins, og að launamuni kynja verði eytt eins hratt og hægt er, (Forseti hringir.) — ég skora á konur að taka hér til hendinni.

[14:56]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Það er alltaf erfitt þegar hv. þingmenn vilja að ráðherrar skipti sér af einstökum málum einstakra fyrirtækja og stofnana en vilja síðan ekki að þeir skipti sér af öðrum málum einstakra fyrirtækja og stofnana.

Mikið var fjallað um það, og miklar kröfur gerðar, að skipað yrði á faglegan hátt í bankaráð nýju ríkisbankanna, fagleg bankaráð ættu að hafa yfirstjórn í bönkunum en ekki ætti að vera með afskiptasemi úr Stjórnarráðinu, frá ráðherrunum, og það voru miklar kröfur gerðar um að allir flokkar ættu hlut að bankaráðum.

Ég hef reynt að fara eftir þessu. Ég hef reynt að vera ekki að skipta mér af starfsemi bankanna, hvorki á þann

hátt sem hv. þingmaður ræðir hér né á nokkurn annan hátt. Ég tel að þau mál sem ráðherrar fara með hvað varðar bankana eigi að vera á almennum nótum — almenn fyrirmæli um það hvernig ganga eigi fram og stýra málum en ekki vera með inngrip í einstök mál. Þar af leiðandi eru það bankaráðin sem ráða bankastjórana og bankastjórarnir sem síðan ráða einstaka starfsmenn. Ég efast um að fleiri konur hafi verið bankastjórar á Íslandi en nú, reyndar við þessar sérstöku aðstæður. Kannski hefði verið ástæða til að fagna því en þá er farið að leita að einhverjum öðrum (Forseti hringir.) hlutföllum til að geta sýnt fram á það (Forseti hringir.) hversu neikvæð stjórnvöld séu í þessum efnum.

Umræðu lokið.

Tekjur af endurflutningi hugverka.

Fsp. KolH, 165. mál. — Þskj. 196.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Þannig háttar til í skattkerfi okkar að eignatekjur bera 10% skatt. Þar er t.d. um að ræða leigutekjur af húseignum og öðrum eignum og hlunnindi, t.d. vegna bújarða og einnig má nefna veiðihlunnindi.

Listamenn hafa lengi sóst eftir því að tekjur af endursölu hugverka verði skattlagðar með sama hætti. Ekki er um það deilt að eðlilegt sé að tekjur af frumsölu hugverka séu skattlagðar sem launatekjur en þegar um endursölu er að ræða horfir málið öðruvísi við. Þá má líta svo á að hugverkið, sem eitt sinn aflaði höfundi sínum launatekna, sé orðið eign hans og beri því að skattleggja tekjur af endursölu þess sem tekjur af eign þeirri eða með 10% álagsprósentu.

Þetta er talsvert hagsmunamál fyrir listamenn þar sem fjöldi listamanna starfar í landinu og í ljósi hvatninga um að nú verði í auknum mæli horft til skapandi starfa við verðmætasköpun í samfélaginu og enduruppbyggingu efnahagskerfisins tel ég sjálfsagt að gera þessa leiðréttingu á kjörum listamanna, nefnilega að skattleggja tekjur vegna endursölu listaverka með svipuðum hætti og eignatekjur.

Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra 6. maí í vor hvort hann teldi koma til greina að gera þessa breytingu. Hann svaraði því til að starfshópur væri að störfum í fjármálaráðuneytinu, hann samanstóð af starfsmönnum ráðuneytisins og fulltrúum ríkisskattstjóra og átti að fjalla um þessa skattlagningu, og ráðherrann undirstrikaði það í svari sínu að starfshópurinn væri ekki að störfum nema vegna þess að hann sjálfur teldi koma til greina að hugverk verði skattlögð á sama hátt og fjármagns- eða eignatekjur.

Áður hafði ég spurt hæstv. menntamálaráðherra sambærilegrar spurningar. Hún sagði í svari sínu að hún teldi koma til greina að hugverk gætu fallið undir skilgreiningu á eign í skattalegu tilliti en vísaði að öðru leyti til hæstv. fjármálaráðherra með frekari svör.

Í svari hæstv. fjármálaráðherra kom fram varðandi starfshópinn að gert væri ráð fyrir að hann skilaði vinnu sinni í júní sl. og á grundvelli þeirrar niðurstöðu ætlaði ráðherrann að taka ákvörðun um það hvort lengra yrði farið með málið. Nú eru liðnir u.þ.b. fimm mánuðir frá því að starfshópurinn átti að skila af sér til ráðherrans. Af því tilefni spyr ég:

Hverjar voru niðurstöður starfshóps ráðherra sem fjallaði um skattlagningu tekna af endurflutningi hugverka og hvaða breytinga er að vænta á skattlagningu slíkra tekna í kjölfarið?

[15:01]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Vinnu starfshópsins miðar vel áfram en hann hefur ekki enn skilað af sér. En ég á von á að það gerist fyrir áramót og þá verður tímabært að taka afstöðu til þessa áhugaverða máls.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég átti von á lengra svari frá hæstv. ráðherra en þá liggur fyrir að starfshópurinn hefur enn ekki skilað af sér en kemur til með að gera það fyrir áramót. Ég mun að sjálfsögðu fylgjast með niðurstöðunni en afsakaðu, hæstv. forseti. Er þetta ekki orðinn fulllangur tími fyrir einn starfshóp til að skila niðurstöðu um mál sem ég hefði talið að ætti ekki að þurfa að vefjast mikið fyrir neinum? Sérstaklega ekki fólki sem þekkir vel til skattalaga og -reglna. Þannig að ég hef áhuga á að heyra frá hæstv. ráðherra hvort þetta viti á gott eða slæmt eða hvað vefjist fyrir starfshópnum?

Hvers vegna í ósköpunum þarf að taka meira en ár fyrir starfshóp að finna niðurstöðu í svo einföldu máli sem ég hefði talið að ætti að vera einfalt? Kannski er starfshópurinn með fleiri verkefni, ég þekki það ekki til hlítar. En ég hefði haldið að hægt ætti að vera að vinna þetta á skemmri tíma en hér er gert.

[15:02]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Ekki er óeðlilegt að hv. þingmaður velti fyrir sér hvað dvelji starfið. En eins og hv. þingmaður veit hefur verið í ýmsu að snúast hjá starfsmönnum ráðuneytisins og ríkisskattstjóra á þessu tímabili og í því felast væntanlega skýringarnar á því að ekki hefur verið komist að niðurstöðu í starfshópnum.

Umræðu lokið.

Aðgerðaáætlun gegn mansali.

Fsp. KolH, 143. mál. — Þskj. 158.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Í lok sextán daga átaks fjölda félagasamtaka og aðila á síðasta ári ákvað ríkisstjórnin að láta loksins til skarar skríða eftir mikinn þrýsting og háværar kröfur utan úr samfélaginu og láta vinna íslenska aðgerðaáætlun sem ætlað væri að vinna gegn mansali. Nú eru liðnir nokkuð margir mánuðir síðan starfshópur sem fékk það verkefni að semja þessa áætlun var settur á laggirnar. Þannig að ég tel

mikilvægt að fá að vita hvað líður tillögum hópsins. En áformað var að tillögurnar lægju fyrir í apríl síðastliðnum.

Nauðsynlegt er fyrir okkur í því samstarfi sem við erum í og ef við eigum að horfast í augu við veruleikann að vinna svona aðgerðaáætlun. Hvað þarf svona áætlun að innihalda? Til dæmis það að Palermó-samningurinn verði fullgiltur. Við erum eina landið af átta — þ.e. Norðurlöndunum og baltnesku löndunum — sem eiga í mjög nánu samstarfi varðandi mansal sem ekki hefur fullgilt Palermó-samninginn. Einnig er mikilvægt að við fullgildum Evrópusamninginn gegn mansali, en í þessu nána samstarfi átta landa eru aðeins þrjú sem enn hafa ekki fullgilt þann samning og Ísland er eitt þeirra.

Fórnarlambavernd er eitt af því sem mjög mikið er talað um og við þingmenn vinstri grænna höfum ítrekað lagt fram frumvarp á Alþingi um fórnarlambavernd. Þau ríki sem hafa fullgilt fyrirliggjandi samninga hafa skuldbundið sig til að vernda og aðstoða fórnarlömb mansals á ýmsa vegu.

Það er einu sinni svo, hæstv. forseti, að fórnarlömb mansals vita oft ekki að þau eru fórnarlömb mansals. Þau hræðast ekkert meira en lögregluna og þurfa sárlega á aðstoð að halda frá frjálsum félagasamtökum til að styðja við þau gegnum prógrammið sem í boði þarf að vera. Þannig hafa nágrannaríki okkar sett upp aðgerðaáætlanir sem gera ráð fyrir aðkomu frjálsra félagasamtaka.

Líka þarf að tryggja að fórnarlömbin hafi ákveðinn umþóttunartíma til að taka ákvörðun um það að ganga inn í prógramm í landinu þar sem fórnarlömbin uppgötvast. Endurmennta þarf fagstéttir, dómara, lögreglu og kynferðisbrotadeild hennar, heilbrigðisstéttir, kennara og fleiri og styrkja frjáls félagasamtök sem eru líkleg til að koma auga á fórnarlömb mansals.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því að ég ber upp fyrirspurn um hvað líði tillögum um aðgerðaáætlun gegn mansali sem áformað var að yrði tilbúin í apríl.

[15:07]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Í starfshópi sem ég skipaði í janúar síðastliðnum þótti nauðsynlegt að kortleggja ítarlega hvað mansal er, umfang þess og ábata, hvernig það fer fram, hvernig það snertir okkur hér, alþjóðaskuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir og hvernig stjórnvöld hafa beitt sér á alþjóðavettvangi gegn mansali.

Greinargerð sú sem fylgja mun áætluninni undirbyggir vel þær aðgerðir sem lagðar eru til. Nú er verkið á lokaspretti og verður metnaðarfull og efnismikil tillaga að aðgerðaáætlun sem verður lögð fyrir þingheim innan skamms.

Útgangspunkturinn er að fullgiltur verði svokallaður Palermó-samningur Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi frá árinu 2000 og samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali frá 2005. Undirbúningur hefur staðið alllengi en gert er ráð fyrir að vinnunni ljúki svo fljótt sem verða má. Tillögur að öðrum aðgerðum leiða beinlínis að þeim ásetningi. Í grófum dráttum má skipta þeim í fjóra þætti.

Í fyrsta lagi að komið verði upp teymi sem hafi yfirumsjón með mansalsmálum á Íslandi og sé til þess bært að greina möguleg fórnarlömb mansals samkvæmt viðurkenndum gátlistum, sinni skráningu mála og skipuleggi fræðslu. Greining á mögulegum fórnarlömbum er einkar mikilvæg því hún opnar fyrir aðgang þeirra að margvíslegum úrræðum.

Í öðru lagi að fórnarlömbum verði tryggð aðstoð, öruggt skjól, endurhæfing og eftir atvikum stuðningur til að komast aftur til heimalands síns ef þau kjósa svo en aldrei án þess að öryggi þeirra sé tryggt þar.

Í þriðja lagi eru ráðstafanir til að styrkja lögreglu til að auka líkur á að lögum verði komið yfir gerendur. Liður í þessu er að eftirlit og rannsóknir á brotum gegn 206. gr. almennra hegningarlaga verði stórefldar. Hér er vísað til ákvæðisins um vændi. Því má ekki gleyma að þótt kaup á vændi séu refsilaus samkvæmt núgildandi hegningarlögum er refsivert að skipuleggja vændi, stuðla að því, hafa um það milligöngu eða ábata hvort sem er með auglýsingum eða útleigu húsnæðis, svo dæmi séu tekin. Reynslan bendir til að hlutur þessara brota geti falið í sér mansal. Að mínu viti hefur umræðan um þann eina þátt vændisins sem eru vændiskaupin sjálf verið yfirskipuð, bæði í pólitískri umræðu og hugsanlega einnig hjá lögreglunni sjálfri, en öll þessi tengdu brot eru refsiverð samkvæmt hegningarlögum og ber að rannsaka þau.

Í fjórða lagi eru rannsóknir og upplýsingaherferðir sem beinast gegn kaupendum á kynlífsmarkaði en helsti tilgangur manseljenda í okkar heimshluta er að svara eftirspurn á þeim markaði. Mikilvægt er að grípa snemma inn í gagnvart ungum karlmönnum til að þeir móti sér þá lífsafstöðu að kaupa ekki kynlíf. Umræðan um hvort leggja eigi til að vændiskaup verði refsivert hefur farið fram á vettvangi starfshópsins eins og víðar í samfélaginu, svo sem hér í þessum sal. Er þá gjarnan vísað til jákvæðrar reynslu Svía. Um hana er þó víða deilt. Margt bendir til að Svíar hafi ekki gert nógu ítarlegar rannsóknir á vændi áður en þeir fóru út í breytinguna og því halda margir fram að þeir hafi ekki haft traustan útgangspunkt í rannsóknum til að geta metið áhrifin.

Nú hafa Norðmenn samþykkt að gera kaup á vændi refsiverð. Þeir hafa um nokkurra ára skeið kortlagt ítarlega umfang vændis og tengsl við mansal. Þeir telja sig því í stakk búna til að fylgjast vel með afleiðingunum. Þess vegna verður afar mikilvægt að fylgjast með reynslu þeirra og nú heyrum við að Bretar hyggist fara sömu leið.

Ég vil leggja áherslu á að með rannsóknum verði aflað betri upplýsinga um eðli og umfang vændis hér á landi, kynlífsmarkaðinn og möguleg tengsl við mansal. Ekki síst til að geta metið árangur með traustum hætti ef samþykkt verður að gera kaup á vændi refsiverð, sem við eigum að vinna að. Aðgerðaáætlun gegn mansali verður mikilvægt tæki til að berjast gegn mansali á Íslandi og með henni munum við axla ábyrgðina sem við höfum undirgengist með helstu alþjóðastofnunum sem við eigum aðild að og færa meðferð mála hér á landi til samræmis við framsækna stefnumörkun okkar á alþjóðavettvangi gegn mansali.

[15:11]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég vil aðstoða hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur við að rukka um aðgerðaáætlunina. Hæstv. ráðherra mun skila henni bráðlega, miðað við svörin sem hér komu.

Ég tel ástæðu til þess að inna hæstv. ráðherra sérstaklega um orðin sem hér féllu um að gera kaup á vændi refsiverð. Svíar tóku upp slíka löggjöf. Norðmenn gerðu það líka nýlega og af því tilefni var mikil hátíð fyrir utan norska sendiráðið. Bretar ætla að gera slíkt hið sama. Ég heyri að hæstv. ráðherra gælir við að við ættum líka að taka upp löggjöfina og ég tel að það sé til skoðunar.

Er rétt hjá mér að hæstv. ráðherra vilji tefja málið með því að fara í rannsóknir og úttektir? Eða er hæstv. ráðherra tilbúinn til að segja hreint út að við eigum að taka upp löggjöf eins og þá sem ríkir bæði í Noregi og Svíþjóð þannig (Forseti hringir.) að vændi verði líka gert refsivert hérlendis?

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Greinilegt er að mikil vinna hefur farið fram í starfshópnum og ég get ekki leynt því að ég hlakka til að fá að lesa þá greinargerð eða skýrslu sem hann kemur til með að skila af sér.

Ég hefði engu að síður vonast til þess að fá að sjá vinnuna klárast fyrr en ég vona að þess verði ekki langt að bíða að við fáum að fullgilda Palermó-samninginn og Evrópusamninginn um mansal sem ég hef beðið svo lengi eftir að yrði fullgiltur og leiddur í lög.

Auðvitað eru þeir þættir sem hæstv. ráðherra nefnir eins og að horfa þurfi til ýmissa hluta og þessi mál spanni vítt svið. Það er alveg rétt. En þegar við komum að eftirspurninni og því hvort kaup á vændi eigi að vera refsiverð þá vefst hæstv. ráðherra, að því er virðist, tunga um tönn. Ég vona og treysti og trúi því að starfshópurinn fari ofan í saumana á þessu, því í mínum huga og þeirra sem starfa mest innan þessa geira þá er það ein mikilvirkasta leiðin til að koma í veg fyrir vændi og koma fórnarlömbum mansals til verulegrar hjálpar að gera kaup á vændi refsiverð.

Það er nýkominn út mikill bæklingur sem greinir frá átta landa samstarfi sem ég nefndi í fyrri ræðu minni. Þar er mikið talað um eftirspurnina og það er ekki fyrr en við tökum ábyrgð á henni sem má merkja árangur í baráttunni gegn mansali. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að hæstv. félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir ætli ekki að styðja þessa markvissu viðleitni landanna í kringum okkur, þ.e. að nota virkasta tækið í baráttunni gegn mansali. Að gera kaup á vændi refsiverð.

[15:14]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Mér finnst sérkennilegt ef hv. þingmenn sem hér hafa talað efast um vilja minn til að gera kaup á vændi refsiverð. Það er nefnd á mínum vegum að vinna að þessu. Ég vil sjá niðurstöður hennar. En það breytir ekki afstöðu minni til málsins en auðvitað vil ég sjá skýrslu nefndarinnar sem ég vænti að komi sem fyrst.

Bretar, Norðmenn og Svíar hafa lögfest þetta og ég óttast að þegar þeir eru komnir með löggjöf sem bannar vændiskaup geti það leitt til þess að vændi aukist hér og jafnvel að kaupendur leiti hingað.

Brýnt er að velta við fleiri áleitnum spurningum og t.d. er mögulegt að kreppan hér á landi sem og annars staðar hafi hugsanlega þau áhrif að fleiri leiðist út í vændi. Allt þetta þurfum við að hafa í huga. Við vitum að miklar efnahagslegar þrengingar og bág staða fjölskyldna getur leitt til þess að bæði vændi og mansal aukist og ég tel aðgerðaáætlun gegn mansali opið úrræði til verndar og aðstoðar fórnarlömbum. Aukinn styrkur lögreglu til að rannsaka brotin sem hún mun fela í sér er nauðsynlegur til að við höfum viðbúnað til þess að bregðast við málunum eins og þau horfa við okkur og metnaður okkar og skuldbindingar standa til.

Þegar spurt er hvort ég ætli að vinna frekari úttektir og rannsóknir á málinu held ég að nefndin hafi unnið mjög yfirgripsmikið starf í þessu efni sem ég vil meta hvort er nægjanlegt. Ég vitnaði hér til Svíanna sem margir teldu að hefðu ekki unnið nægilega vel — eigum við að segja sína heimavinnu? — áður en þetta var lögfest. Norðmenn stóðu öðruvísi að málunum og virðast miklu viðbúnari til að taka á þeim en Svíarnir voru. Nefndin hefur farið í gegnum þetta. Ég bið hv. þingmenn að efast ekki um vilja minn til að gera kaup á vændi refsiverð. En við skulum sjá hvað skýrslan hefur að geyma. (Forseti hringir.)

Umræðu lokið.

Bifreiðakaupastyrkir til hreyfihamlaðra.

Fsp. BJJ, 163. mál. — Þskj. 193.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Birkir J. Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra um bifreiðastyrki til hreyfihamlaðra. Spurningin er svohljóðandi: Hver er stefna ráðherra varðandi bifreiðakaupastyrki til hreyfihamlaðra, bæði hvað snertir hækkun styrkja og eins niðurfellingu á grein þar sem sett eru skilyrði um að styrkþegi verði að aka sjálfur og stunda vinnu eða skóla þegar kemur að kaupum á sérútbúinni bifreið vegna mikillar fötlunar.

Það er ástæða fyrir því að þessari fyrirspurn er hreyft hér á Alþingi. Þurfi einhverjir í samfélagi okkar á ökutækjum að halda þá eru það fatlaðir einstaklingar sem geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur eins og þeir sem heilbrigðir eru að því leytinu til. Því er mikilvægt að stjórnvöld skapi öllum jöfn tækifæri til að geta átt samskipti í samfélagi sínu með því að njóta ferðafrelsis, geta komist ferða sinna og þá oftar en ekki í eigin bifreið.

Stjórnvöld hafa á undanförnum árum komið til móts við sístækkandi hóp fatlaðra sem þurfa að eiga sitt eigið ökutæki til að geta átt í samskiptum en því miður hefur styrkupphæðin frá hinu opinbera ekki hreyfst síðan árið 1999. Skal ég játa að á síðasta kjörtímabili fann ég fyrir sí-

vaxandi þrýstingi frá fötluðum einstaklingum þess efnis að þessi styrkupphæð yrði hækkuð til að fatlaðir gætu keypt sér bifreiðar.

Nú er það svo að þessi hópur er ekki tekjuhár, eins og gefur að skilja, og þarf því aðstoðar við til að endurfjármagna og kaupa bifreiðar. Því er mikilvægt, eins og ég sagði áðan, að þeir fái styrk frá hinu opinbera til þess.

Það er dapurlegt að segja frá því að sú milljón sem fatlaðir hafa fengið til að kaupa bifreiðar hefur ekki hækkað frá árinu 1999. Ef við tökum þróun verðlags frá þeim tíma hefur ný bifreið á tímabilinu hækkað um 62% en umrædd milljón, upphæð sem ég vil hvetja félagsmálaráðherra til að hækka, hefur ekkert hækkað.

Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hún hafi í hyggju að hækka styrk til fatlaðra vegna bifreiðakaupa? Ég spyr líka, eins og ég sagði í upphafi máls míns, hvort ráðherrann vilji falla frá grein þar sem sett er skilyrði um að styrkþegi verði að aka sjálfur og stunda vinnu eða skóla þegar kemur að sérútbúinni bifreið vegna mikillar fötlunar. Margir fatlaðir þurfa mjög dýra bíla, sem þurfa miklar (Forseti hringir.) endurbætur eða lagfæringar, en eiga maka sem getur keyrt viðkomandi bíl. Að sjálfsögðu þurfa þeir einstaklingar (Forseti hringir.) að njóta ferðafrelsis og því spyr ég ráðherrann jafnframt að því hvort hún sé reiðubúin að fella þá grein niður?

[15:20]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn þessi er tvíþætt. Annars vegar er óskað eftir svari við því hver sé stefna ráðherra varðandi hækkun styrkja og hins vegar hver sé stefna ráðherra varðandi niðurfellingu þeirra skilyrða að styrkþegi verði að aka sjálfur og stunda vinnu eða skóla þegar kemur að kaupum á sérútbúinni bifreið vegna mikillar fötlunar. Fjárhæð bifreiðakaupastyrkja til hreyfihamlaðra einstaklinga er 1 millj. kr. Styrkinn er heimilt að veita á fimm ára fresti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um styrki og uppbætur Tryggingastofnunar ríkisins til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða.

Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda hefur þessi fjárhæð ekki breyst frá árinu 1999 á sama tíma og vísitala neysluverðs hefur hækkað um meira en 60% og því ætti fjárhæð styrksins í dag að nema um 1.600 þús. kr. En eins og hv. fyrirspyrjanda er væntanlega kunnugt hefur Framsóknarflokkurinn lengstum verið við völd í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá því að síðasta hækkun var gerð. (Gripið fram í.) Ég spyr hv. fyrirspyrjanda: Hversu oft hefur hann hreyft þessu máli frá 1999 og þann tíma sem Framsóknarflokkurinn hefur farið með það ráðuneyti sem hafði með þessa styrki að gera?

Það var líka spurt um annan þátt eins og ég nefndi í máli mínu. Auk framangreindra styrkja er heimilt að veita styrk sem nemur allt að 50–60% af kaupverði bifreiðar ef um er að ræða einstakling sem ekki kemst af án sérútbúinnar og dýrrar bifreiðar vegna mikillar fötlunar. Þessir styrkir eru mjög háir á hverju ári en fjárhæð hvers styrks er að jafnaði á bilinu 3–4 millj. kr. Það skilyrði er sett í reglugerðina að umsækjandinn aki sjálfur og þurfi á bifreið að halda til að stunda launaða vinnu eða skóla.

Styrkir til bifreiðakaupa fluttust frá heilbrigðisráðuneytinu til félags- og tryggingamálaráðuneytisins hinn 1. október síðastliðinn. Það er nú ekki lengra síðan, þegar lög um sjúkratryggingar tóku gildi. Styrkirnir heyrðu áður undir sjúkratryggingar almannatryggingalaga sem eru nú greiddar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð líkt og uppbætur til bifreiðakaupa og uppbætur vegna reksturs bifreiðar.

Um leið og bifreiðakaupastyrkirnir fluttust yfir í félags- og tryggingamálaráðuneytið lét ég hefja undirbúning að breytingum á reglugerð um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða. Var ætlunin m.a. að hækka fjárhæð styrkja auk þess að gera aðrar nauðsynlegar breytingar á reglugerðinni og liggur sú reglugerð fyrir í ráðuneytinu.

Í ljósi þess ástands sem nú ríkir í þjóðfélaginu er ljóst að svigrúm til hækkana eða annarra breytinga á reglugerð um bifreiðamál hreyfihamlaðra sem fela í sér kostnaðarauka er afar takmarkað. Ég mun þó áfram láta vinna í ráðuneyti mínu að því sem snýr að endurskoðun þessarar reglugerðar sem var langt komin, um bifreiðamál hreyfihamlaðra, en árétta að við þær aðstæður sem nú ríkja er erfitt að ná fram miklum hækkunum í einstökum málaflokkum og allt er þetta í ákveðinni biðstöðu í ljósi þess ástands sem nú ríkir.

Það er ákaflega dapurlegt, virðulegi forseti, að Framsóknarflokkurinn hafi ekki aukið fjármagn til þess að hækka bifreiðastyrkina í því góðæri sem ríkt hefur á undanförnum árum. Hér hefur ríkt góðæri í mörg ár og afgangur hefur verið af tekjum ríkissjóðs upp á fleiri tugi milljarða króna. Nú stefnir í fleiri tugi milljarða halla á ríkissjóði og þá kemur þingmaður Framsóknarflokksins fram með þessa fyrirspurn.

Mér finnst, virðulegi forseti, tvískinnungur falinn í þessari fyrirspurn. Ég er þeirrar skoðunar (**BJJ:** Á ég að draga hana til baka?) — ég spurði hv. þingmann hve oft hann hefði beitt sér fyrir því á þeim árum sem Framsóknarflokkurinn var við stjórn í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og hafði öll tök á því að breyta reglugerðinni. Nægilegt svigrúm var hvað varðar fjármagn svo að þetta mál hefði átt að ná fram að ganga. En það hefur greinilega ekki verið í forgangi hjá Framsóknarflokknum að hækka bifreiðastyrki fatlaðra. Það sannar reynslan.

Mánuði eftir að þessi málaflokkur flyst til félags- og tryggingamálaráðuneytisins er komin fyrirspurn frá hv. þingmanni Framsóknarflokksins um það hvort ekki eigi að fara að breyta þessari reglugerð og hækka bifreiðastyrkina. Ég kalla það tvískinnung, virðulegi forseti.

[15:25]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda og ráðherra fyrir svörin. Ég held að öllum sé ljóst að hér er mál sem núverandi félagsmálaráðherra ber ekki ábyrgð á en hún hefur þó sannarlega tækifæri til að lagfæra það sem vantar upp á.

Í þessu máli er nauðsynlegt að gera tvennt sem ég vil leggja sérstaka áherslu á. Það er í fyrsta lagi að fella út þau skilyrði sem sett eru í reglugerð vegna svokallaðra lyftubíla. Þá á ég við þau skilyrði að viðkomandi einstaklingur verði að aka sjálfur og hann verði að vera annaðhvort í

vinnu eða skóla. Þetta er hægt að gera strax og það kostar sáralítið vegna þess að í raun er ekki um svo marga einstaklinga að ræða. En þar sem bíllinn er nauðsynlegt hjálpartæki getur þetta skipt þá einstaklinga öllu máli til þess að lifa sjálfstæðu lífi.

Í öðru lagi þarf að hækka milljón krónu bílastyrkinn en hann hefur verið óbreyttur eins og hér hefur komið fram í níu ár. Vísitalan hefur hækkað um 60% (Forseti hringir.) á því tímabili. Ég vil sem sagt, hæstv. forseti, hvetja ráðherra til að leita leiða til (Forseti hringir.) að lagfæra þetta.

[15:26]

Fyrirspyrjandi (Birkir J. Jónsson) (F):

Hæstv. forseti. Oft hefur ráðherra félagsmála vakið hrifningu mína með svörum sínum og fyrir áhuga á mörgum málefnum sem snerta velferð fatlaðra. En ég verð að segja að svar hæstv. ráðherra hér áðan var ekki til eftirbreytni. Ég sagði það í fyrirspurn minni í upphafi að vaxandi þrýstingur hefði verið á síðasta kjörtímabili hvað það varðar að hækka þessar bætur.

Ég get sagt við hæstv. ráðherra, sem húðskammaði mig fyrir að koma hér upp og hreyfa við þessu máli, að ég hreyfði oft við þessu þegar ég var þingmaður á síðasta kjörtímabili. Því miður náðist ekki árangur þá. En hæstv. ráðherra leyfir sér að lýsa yfir furðu sinni á því að ég skuli voga mér að hreyfa við málinu.

Frú forseti. Hvers lags dónaskapur er þetta? Við erum að tala hér um grundvallarmannréttindi fatlaðra og það var á síðasta kjörtímabili sem fatlað fólk, m.a. á Akureyri, hafði samband við mig til að lýsa aðstæðum sínum. Ég skal játa að ég náði ekki fram þeim árangri sem ég hefði viljað á síðasta kjörtímabili en margt var gott gert í málaflokknum þá. Ég vil líka benda á það, eins og hæstv. ráðherra ætti líka að vera kunnugt, að ekki fara allar beiðnir frá viðkomandi fagráðuneytum í gegnum ráðuneyti fjármála. Ég bið hæstv. ráðherra um að leyfa fyrrverandi félagsmálaráðherrum að njóta sannmælis og skella ekki skuldinni á einn stjórnmálaflokk.

Ég held því hér til haga að ekki er um mjög háar upphæðir að ræða og það þarf að bregðast við þessu. Það þurfti að gera það á síðasta kjörtímabili eins og ég benti á í framsögu minni. Ég hafði góðan vilja til þess. Ég ætla ekki að hætta að hreyfa þessu máli hér á Alþingi þótt hæstv. félagsmálaráðherra komi hér upp og hneykslist á því að ég skuli sem þingmaður vilja hreyfa við því. (Forseti hringir.) Ég hef ætíð haft mjög góðan vilja til að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks. Hér er um grundvallarmannréttindi þessa fólks að ræða og ég hafna því (Forseti hringir.) algjörlega að ég sé snupraður í ræðustóli Alþingis fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli.

[15:29]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég er ekki að snupra hv. þingmann fyrir að hreyfa þessu máli hér nú. Ég er að snupra hv. þingmann fyrir þann tvískinnung sem hann sýnir, að hafa ekki á þeim átta árum sem Framsóknarflokkurinn fór með heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið, þar sem þessi málaflokkur var staðsettur — að hann hafi ekki komið fram með þetta áður. (**BJJ:** Ég hef oft komið með þetta fram áður.)

Ég fór yfir fyrirspurnir sem hafa verið fluttar um þetta mál alveg frá 1999 og þar fundust tvær fyrirspurnir um málið og þær voru frá Ástu R. Jóhannesdóttur, ekki frá hv. þingmanni. Mér er mjög ofarlega í huga að leysa þetta verkefni og gera það sem fyrst.

Eins og ég nefndi áðan var það eitt af fyrstu verkefnunum sem ég fór í eftir að bifreiðamál fatlaðra fluttust til félagsmálaráðuneytisins að skoða hvernig ég gæti það. Ég nefndi að málið væri í biðstöðu af því að fjármagn vantaði en ég heyri að ég hef liðsstyrk hér frá formanni þingflokks sjálfstæðismanna í þessu efni. Hv. þingmaður sagði að ég bæri ekki ábyrgðina. Þetta mál er komið yfir til félags- og tryggingamálaráðuneytisins þannig að ég ber ábyrgð á því. (**ArnbS:** Ekki á fortíðinni.) Ekki á fortíðinni. Nei, ég veit það, en á málaflokknum núna.

Ég mun skoða það, ef ég er með öruggan liðsstyrk frá Sjálfstæðisflokknum, í þessu hvort ekki sé rétt að ég láti klára þessa reglugerð og fara með hana fyrir ríkisstjórn. Ríkisstjórnin þarf að samþykkja þetta mál af því þetta ber kostnaðarauka í för með sér.

Ég er alveg sammála þeim viðbótum sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir kom með hér líka og skal láta skoða það í þessari reglugerð. En ekki stendur á mér að undirrita þessa reglugerð ef um það næst samstaða.

En ég ítreka það, virðulegi forseti, að hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefði átt að koma hér fyrir nokkrum árum og flytja þetta mál og sjá til þess að samstarfsmenn hans í Framsóknarflokknum og í ríkisstjórn legðu áherslu á þessi mál (Forseti hringir.) í því góðæri sem ríkti meðan Framsóknarflokkurinn var við stjórn.

Umræðu lokið.

Geymslumál safna.

Fsp. KolH, 167. mál. — Þskj. 198.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Frú forseti. Fyrirspurn sú sem ég hef hér lagt fram fyrir hæstv. menntamálaráðherra á sér rætur í umræðum sem fóru fram hér á síðasta þingi. Þá ræddum við í menntamálanefnd talsvert mikið um geymslumál Listasafns Íslands sem eru í miklum ólestri og fórum í sérstaka heimsókn til listasafnsins og sáum með eigin augum á hvern hátt málum er ábótavant í þeirri ágætu stofnun. Þar ríkir mikið ófremdarástand og menntamálanefnd var sammála um að vinda yrði bráðan bug á geymslumálum Listasafns Íslands. Í framhaldi af því rak svo á fjörur mínar skýrsla sem samin var fyrir menntamálaráðherra í nóvember 2006 sem varðar varðveislu- og geymslumál menningarstofnana. Sennilega er sú skýrsla kveikjan að því að á fjárlögum yfirstandandi árs eru 70 millj. kr. áætlaðar til að gera úrbætur í geymslumálum safna.

Ljóst er af skýrslu þeirri sem ég nefndi að það er mikil þörf til staðar en brýnustu varðveisluverkefnin samkvæmt skýrslu nefndarinnar eru hjá Listasafni Íslands og Þjóð-

skjalasafni Íslands og að þau verði leyst nú þegar. Það kemur líka fram í skýrslunni að það séu ákveðin áform um sameiginlegt þjónustu- og varðveisluhús fyrir höfuðsöfnin tvö sem starfa að safnalögum, þ.e. Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands, og að slíkt hús verði byggt á lóð Þjóðminjasafnsins við Vesturvör. Í skýrslunni er líka fjallað um þörfina á að taka ákvörðun um framtíðarsetur Þjóðskjalasafns Íslands við Laugaveginn. Það mál hefur líka komið til skoðunar í menntamálanefnd. Samkvæmt skýrslu nefndarinnar er talið að leigja þurfi eða byggja allt að 5.400 fermetra varðveislubyggingu fyrir fjargeymslur Þjóðskjalasafns Íslands og Landsbókasafns Íslands – háskólabókasafns og að full þörf sé á að veita fjármuni til að ljúka innréttingum í geymslum Kvikmyndasafns Íslands á næstu fimm árum. Að lokum telur nefndin svo að leigja þurfi eða byggja allt að 1.500 fermetra geymslubyggingu fyrir Þjóðleikhúsið og Íslenska dansflokkinn.

Við skulum athuga það, hæstv. forseti, að hér er ekki um geymslur undir eitthvert gamalt dót að ræða. Hér er um að ræða geymslur yfir þjóðararfinn okkar, þjóðargersemar okkar. Það er mjög mikilvægt að búin verði til skipuleg eða heildstæð áætlun um það á hvern hátt eigi að forgangsraða í þessum málaflokki, hver fjárþörfin er og hvernig farið verði í framkvæmdir. Þess vegna spyr ég hæstv. menntamálaráðherra um stöðu þessara mála og er forvitin að fá að heyra hvernig þeim 70 millj. kr. sem ætlaðar eru til þessara mála á yfirstandandi fjárlagaári hefur verið ráðstafað.

[15:34]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Frú forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir spyr að því hvað líði úrbótum á geymsluhúsnæði Listasafns Íslands. Því er til að svara að unnið hefur verið að því að bæta brýnasta geymsluvanda listasafnsins í samvinnu við safnið sjálft og fasteignir ríkisins og það hefur gefist ágætlega. Þegar hefur verið samþykkt heimild fyrir auknu geymsluhúsnæði til bráðabirgða fyrir safnið í húsi Listaháskóla Íslands í Laugarnesi. Gert er ráð fyrir að þar verði sköpuð aðstaða fyrir safnið til að geyma m.a. umbúðir og flutningakassa, ýmsa rúmfreka safnmuni sem og aðra safngripi sem telst hentugt að varðveita í slíku húsnæði. Með flutningi slíkra safnmuna úr núverandi geymslum í hið nýja húsnæði skapast um leið svigrúm í húsnæði listasafnsins sjálfs til að búa og hlúa enn betur að þeim munum og listaverkum sem þurfa að vera í sérhæfðum geymslum við fullkomnar aðstæður til að fyllsta öryggis þeirra sé gætt.

Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að þetta eru ekki bara einhverjir gamlir munir, þetta eru þjóðargersemar, þetta er hluti af okkar menningararfi. Það má m.a. þess vegna segja að það var ástæðan fyrir því að ég lét gera skýrsluna um geymslumál safna. Ég vissi að það yrði ekkert mjög þægilegt fyrir starfandi ráðherra en þetta er hluti af þeirri ábyrgð sem við og hv. þingmaður öxlum m.a. sameiginlega, að við þurfum að bæta. Það hefur að hluta til verið gert en samt ekki nægilega. Ég kem að því síðar.

Tekin hefur verið ákvörðun um að koma listaverkum úr Ásgrímssafni sem eins og hv. þingmaður, sem er vel inni í þessum málum, veit að er ekki nægjanlega öruggt húsnæði. Við erum búin að koma listaverkum þaðan í varanlega geymslu og nú er m.a. verið að vinna enn frekar að því og tryggja að verkin verði flutt í geymslur í aðalsafni og í geymslu Listasafns Íslands í Listaháskólanum í Laugarnesi.

Hvað varðar þær 70 millj. kr. sem er að finna í fjárlögum yfirstandandi árs og ætlaðar eru til úrbóta í geymslumálum safna þá hefur þeim fjármunum ekki verið ráðstafað í heild, ekki settir á einn stað, enda er unnið að frekari stefnumörkun vegna allrar húsnæðisþarfar menningarstofnana ráðuneytisins þar sem geymslumálin sjálf eru bara hluti af húsnæðisvanda þeirra, eins og hv. þingmaður veit. Við þurfum að koma upp varanlegu húsnæði fyrir Þjóðskjalasafnið, hluti af því eru geymslurnar en stærri hluti þess verks er náttúrlega að starfsumhverfi þess sé meira en viðunandi. Því er verið að skoða geymslumálin í samhengi m.a. við stefnumörkun um framtíðarhúsnæði nokkurra menningarstofnana. Hluta þessa fjár, 70 milljóna, verður varið til að kosta þær breytingar á geymslumálum Listasafns Íslands sem ég rakti að framan en heildarútgjöld vegna þeirra breytinga liggja ekki fyrir, en 70 milljónirnar verða að hluta settar í það.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur einnig fengið til afnota geymslurými til bráðabirgða í sama húsnæði Listaháskólans sem hefur gert Þjóðskjalasafninu kleift að tæma tímabundið hluta þess húsnæðis sem það hefur yfir að ráða í gömlu mjólkurstöðinni við Laugaveg sem síðan hefur verið unnið við að endurbæta og laga að framtíðarþörfum safnsins. Þegar þeirri vinnu verður lokið verður umrætt húsnæði tilbúið til að taka á móti gögnum, sem flutt voru annað tímabundið, með þeim hætti sem hentar til framtíðarvarðveislu þeirra.

Við erum að huga annars vegar að tímabundnum brýnum verkefnum, passa upp á verðmæti sem verða að komast í varanlega geymslu og það kostar heilmikla fjármuni, m.a. þær 70 milljónir sem til staðar eru, og hins vegar þurfum við að huga að framtíðarhúsnæði yfir þessar menningarstofnanir. Ég hef sagt það áður að brýnustu verkefnin varðandi húsnæðismál á sviði menningarmála eru náttúrlega að halda áfram endurbótum og uppbyggingu Þjóðleikhússins, það þarf að klára það verk að mínu mati og huga líka að stækkun. Nú eru aðrar aðstæður en þetta er engu að síður það verkefni sem við blasir. Það sama á við um Þjóðskjalasafnið og listasafnið. Verkefni og erfiðleikar Listasafns Íslands tengjast ekki bara geymslumálum, þau tengjast líka því að það þarf aukið húsnæði til sýningarrýma og til annars konar rýma fyrir þá starfsemi sem er innan safnsins.

Auðvitað má segja að þetta sé framtíðarmúsík en ég held að það sé mikilvægt að við ræðum þetta og áttum okkur á því þegar við stöndum frammi fyrir erfiðri forgangsröðum hvar eigi að bera niður. Þetta eru alveg tvímælalaust þau verkefni sem ég legg áherslu á sem menningarráðherra að við þurfum að ráðast í. Hvenær það verður er ekki gott að segja. Ég vil líka minna á að við erum með í gangi núna Árnastofnun þar sem hönnunarkostnaður liggur fyrir og hönnunarvinnan er á fleygiferð. Við munum að sjálfsögðu halda áfram með það verkefni (Forseti hringir.) fyrir aðrar dýrmætar eigur þjóðarinnar sem eru náttúrlega handritin okkar. Við erum að halda áfram (Forseti hringir.) uppbyggingu þó að við förum stundum hægt, frú forseti.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Frú forseti. Mér er nokkur vandi á höndum að ráða í þetta svar hæstv. ráðherra. Ég skil hana þó þannig að hún líti á það sem sameiginlegt hagsmunamál okkar allra að gera úrbætur, að forgangsraða og tryggja að geymslumál safnanna verði í viðunandi horfi til langrar framtíðar. Á sama tíma getur hún ekki svarað því með skýrum hætti hvernig þessum 70 milljónum hefur verið ráðstafað. Ég les það út úr svari hæstv. ráðherra að þær hafi að hluta til farið í að bæta úr brýnni þörf Listasafns Íslands en það sé þó einungis tímabundin ráðstöfun, bráðabirgðaráðstöfun í húsi Listaháskóla Íslands í Laugarnesi. Eftir því sem ég best veit er það hús á sölulista og sú lausn þá ekki nema til einhverrar skammrar framtíðar. Ég sé því ekki betur en að peningarnir hafi farið í þessa bráðabirgðalausn og mögulega í einhvers konar bráðabirgðalausn á sama stað fyrir Þjóðskjalasafnið. Þar með sýnist mér að hæstv. ráðherra hafi farið illilega á svig við þær tillögur sem hún fékk í nóvember 2006, þ.e. fyrir tveimur árum síðan, þar sem raðað er niður hver séu brýnustu verkefnin og hvað það sé nákvæmlega sem þurfi að gera.

Geymsla Þjóðminjasafnsins í Vesturvör er ónýt þar sem bátarnir eru og stærstu munirnir. Hugmyndir skýrsluhöfunda ganga út á það að Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands geti á einhvern hátt samnýtt geymsluhúsnæði og í skýrslunni er lagt til að þessar tvær stofnanir fái byggingu sem henti þeim og þær geti nýtt sameiginlega. Þetta nefndi hæstv. ráðherra ekki í svari sínu.

Ég lít því svo á, hæstv. forseti, að hér hafi lítið gerst annað en að mögulega hafi einhverjir eldar verið slökktir á þessu ári sem við höfum þó haft 70 milljónir (Forseti hringir.) úr ríkissjóði í þessi brýnu verkefni.

[15:42]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Frú forseti. Ég mótmæli því eindregið að lítið hafi verið gert í geymslumálunum. Við greindum vandann og hann var náttúrlega brýnn. Hann var annars vegar brýnn og hins vegar vandi sem við þurfum að leysa til lengri tíma. Þar tengjast húsnæðismálin. Það er ekki hægt að slíta í sundur annars vegar geymsluvandann til lengri tíma og síðan húsnæðismál þessara menningarstofnana. Ég held að við hv. þingmaður séum sammála hvað það varðar að finna þarf varanlegt húsnæði fyrir þær stofnanir sem ég talaði um.

Það er hins vegar alveg rétt að við höfum ekki fundið varanlegar geymslur í heild sinni fyrir listasafnið, Þjóðminjasafnið og hugsanlega Þjóðskjalasafnið líka til lengri tíma. Við höfum einfaldlega ekki fundið slíkt húsnæði og við gátum ekki og höfðum ekki fjármuni til að ráðast í byggingu sem væri sérstaklega ætluð sem geymsla. Ég held hins vegar að hluti af þeirri heildarmynd sem blasir við okkur og við þurfum að ná niðurstöðu um sé að líta til þeirra kosta að samnýta geymslur þessara menningarstofnana og það verði þá þvert á menningarstofnanir. Við höfum ekki enn fundið slíkar lausnir.

Mikilvægast fyrir okkur er að menningarverðmætin glatist ekki, að þau eyðileggist ekki. Það er að sjálfsögðu rétta forgangsröðunin að setja þau verk og þá muni sem eru í bráðri hættu í slíkar geymslur, vel útbúnar geymslur og góðar geymslur, að þeir eyðileggist ekki. Þessum fjármunum, þ.e. 70 milljónum, höfum við varið m.a. í að setja yfir muni í Listasafni Íslands, yfir skjöl úr Þjóðskjalasafninu til að byggja þar þannig umhverfi að ekki hljótist skaði af. Það er hinn bráði vandi, síðan getum við alltaf rætt um framtíðarmúsíkina eins og ég talaði um, hvernig við sjáum hag Listasafns Íslands til lengri tíma borgið, Þjóðminjasafnsins, Þjóðleikhússins og síðan ekki síst Náttúruminjasafnsins sem við höfum oft rætt í þessum sal.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 15:44]

[18:00]

Útbýting:

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins o.fl., 179. mál, stjfrv. (fél.- og trmrh.), þskj. 222.

Úttekt á stöðuveitingum og launakjörum kynjanna í nýju ríkisbönkunum, 181. mál, þáltill. SF o.fl., þskj. 224.

[Fundarhlé. — 18:00]

[18:32]

Útbýting:

Rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, 180. mál, frv. StB o.fl., þskj. 223.

Fundi slitið kl. 18:32.

---

37. FUNDUR

fimmtudaginn 27. nóvember,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, frv., 180. mál, þskj. 223. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Samningar um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu, stjtill., 177. mál, þskj. 219. — Fyrri umr.
4. Húsnæðismál, stjfrv., 137. mál, þskj. 150. — 2. umr.
5. Olíugjald og kílómetragjald, frv., 40. mál, þskj. 40. — 1. umr.

6. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, frv., 52. mál, þskj. 52. — 1. umr.
7. Tóbaksvarnir, frv., 57. mál, þskj. 57. — 1. umr.
8. Áhrif markaðsvæðingar á samfélagsþjónustu, þáltill., 66. mál, þskj. 66. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðaust.
Þórunn Sveinbjarnardóttir umhvrh., 8. þm. Suðvest.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Skipan nýs sendiherra.

[10:33]

Birkir J. Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Í samfélaginu í dag er gerð rík krafa til stjórnmálamanna að viðhafa ásættanleg vinnubrögð. Um daginn lýsti hæstv. utanríkisráðherra því yfir að stefnt væri að sparnaði í utanríkisþjónustunni, m.a. með fækkun á sendiskrifstofum og sendiherrum. Í leiðinni tilkynnti svo hæstv. ráðherra það að nýr sendiherra hefði verið skipaður í ráðuneytinu sem er náinn samverkamaður hæstv. ráðherra til margra ára, Kristín Árnadóttir, sem er vafalaust ágætismanneskja en hefur verið pólitískur samstarfsmaður ráðherrans um árabil. Pólitískar stöðuveitingar virðast því ekki heyra sögunni til, því miður, þrátt fyrir að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hæstv. ráðherra og formaður Samfylkingarinnar, skuli vera komin í utanríkisráðuneytið.

Það var gríðarlegur kurr í fólki þegar þáverandi utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, skipaði níu sendiherra á einungis örfáum mánuðum, þar af marga pólitíska samherja á sínum tíma. Í framhaldinu tók núverandi formaður Framsóknarflokksins, Valgerður Sverrisdóttir, við keflinu og varð utanríkisráðherra. Hún skipaði engan sendiherra þann tíma sem hún var utanríkisráðherra og tók áskorun starfsmanna utanríkisráðuneytisins um að fagleg sjónarmið ættu að ráða við skipun sendiherra.

Nú hefur hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, tekið við keflinu af Davíð Oddssyni, þáverandi hæstv. utanríkisráðherra, og skipað pólitískt sendiherra og þar með talda ágætismanneskju sem heitir Kristín Árnadóttir sem er einn nánasti samstarfsmaður Ingibjargar Sólrúnar í stjórnmálum um árabil. (Forseti hringir.) Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig er það réttlætanlegt að fjölga sendiherrum á þessum tímum þegar talað er um að fækka (Forseti hringir.) sendiherrum? Ég vil fá svör við þessu því að það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra gengur ekki í takt við þjóðina í þessu máli.

[10:35]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Fyrst varðandi fjölgun eða fækkun sendiherra. Eins og kom fram í kynningu á sparnaðartillögum utanríkisráðuneytisins munu tveir sendiherrar hætta störfum núna um áramótin og er gert ráð fyrir því að fjórir til viðbótar hætti á næsta ári. Þeim mun því fækka um sex um komandi áramót og á næsta ári. Það er hins vegar viðbúið að í stað þeirra sem hætta muni einhverjir færast upp því að segja má að í utanríkisþjónustunni hafi lengi verið ákveðinn hindrun varðandi að fólk gæti haft þann framgang í þjónustunni sem þar þyrfti að vera til staðar.

Varðandi Kristínu Árnadóttur var hún skipaður skrifstofustjóri á skrifstofu yfirstjórnar í ráðuneytinu núna í nóvember og sem skrifstofustjóri fékk hún titilinn „sendiherra“. Hún fer ekki í sendiherrastöðu heldur gegnir hún starfi skrifstofustjóra á yfirstjórn í ráðuneytinu. Ég taldi mjög mikilvægt að þessi skrifstofa yrði til og að betra utanumhald fengist um yfirstjórnina í ráðuneytinu af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þess að bæði ég og ráðuneytisstjórinn í ráðuneytinu höfum átt við veikindi að stríða og teljum að styrkja þurfi yfirstjórnina í ráðuneytinu við þær aðstæður.

[10:37]

Birkir J. Jónsson (F):

Herra forseti. Ég veit ekki betur en að Samfylkingin hafi gagnrýnt mjög á síðasta kjörtímabili að offramboð væri á sendiherrum í utanríkisþjónustunni og að utanríkisþjónustan væri að blása út. En það er staðreynd (Gripið fram í.) að núverandi hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur skipað fjóra sendiherra á stuttum tíma í sinni tíð, þar af einn fyrrverandi þingmann Sjálfstæðisflokksins og nú síðast nánasta samverkamann sinn til margra ára.

Verið er að beita pólitískum ráðningum og þegar hæstv. ráðherra segir að starfsmenn utanríkisþjónustunnar eigi að fá eðlilegan framgang í störfum sínum vil ég benda á að Kristín Árnadóttir hefur einungis unnið í ráðuneytinu í eitt ár á meðan við höfum hæft starfsfólk í utanríkisráðuneytinu sem þarf að bíða enn lengur eftir því að fá framgang í starfi. (Forseti hringir.) Hér er um einkavinaveðingu að ræða í utanríkisráðuneytinu og hér erum við að tala (Forseti hringir.) um utanríkisráðherra núverandi sem talaði fyrir siðbótum í íslenskum stjórnmálum en hefur verið manna duglegust á stuttum tíma í embætti (Forseti hringir.) við að ráða pólitíska skipaða sendiherra og hindra þar með framgang mjög hæfra embættismanna í utanríkisþjónustunni.

[10:39]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég tel að í utanríkisþjónustunni hafi verið of margir sendiherrar sem eru, ef svo má að orði komast, í eldri kantinum og þar af leiðandi hafi yngra fólk í þjónustunni ekki haft þann framgang sem þyrfti. Nú eru allmargir að hætta, hafa þegar hætt og munu hætta á þessu ári eins og ég gat um áðan. Það skapar ákveðið svigrúm í þjónustunni. Ég held að það skapi annars vegar svigrúm fyrir framgang fyrir yngra fólk í þjónustunni en jafnframt svigrúm til að fjölga konum í þjónustunni … (**Gripið fram í:** Já …) — fjölga konum í sendiherrastöðum sem hafa verið mjög fáar. Ef horft er á þjónustuna er það þannig að fyrir utan sendiherrahópinn, í næsta hópi þar fyrir neðan, eru einungis tvær konur sem hafa verið einhvern tíma í embættismennsku í utanríkisþjónustunni. Þannig er nú staðan í utanríkisþjónustunni.

Réttarstaða fólks við uppsagnir.

[10:40]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra hvernig ráðuneytið kemur að því að tryggja rétt starfsfólks sem nú er verið að segja upp, sem nú er verið að stilla upp við vegg og lækka starfshlutfall hjá, sem nú er verið að færa niður laun hjá. Þetta fólk á starfstengd réttindi. Í svona miklum rykmekki og alvarlegu stöðu sem er í íslensku samfélagi er alltaf hætta á því að einhverjir misbeiti þeirri stöðu sem þeir eru í gagnvart launafólki. Það er ekki góð staða að lækka fyrst laun og síðan starfshlutfall og segja því svo upp. Þetta þýðir að ráðningarsamningar eru breyttir þegar það er gert í stórum stíl. Í flestum tilvikum er örugglega farið fram af fullri réttsýni og réttlæti en engu að síður fáum við þingmenn fréttir af því að valdinu geti verið misbeitt. Ég finn ekki að því að menn leiti allra leiða til að halda rekstri gangandi í fyrirtækjum sínum og m.a. að lækka ofurlaun. En engu að síður er það svo að fyrirtæki virðast beita þessu jafnvel á lægst launaða fólkið. (Forseti hringir.) Þá ríður á að tryggja réttarstöðu þess. Ég spyr hæstv. félagsmálaráðherra hvaða aðgerðir ráðuneytið hefur til að tryggja réttarstöðu fólks í þessum kringumstæðum.

[10:42]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Spurt er hvernig við í félagsmálaráðuneytinu og Vinnumálastofnun munum tryggja rétt starfsfólks sem sagt er upp. Það gilda náttúrlega lög í þessu landi að því er varðar uppsagnir, hópuppsagnir og fleira, og eftir þeim er farið varðandi uppsagnarfresti og annað. Við vitum að við erum að ganga inn í vaxandi atvinnuleysi sem spáð er að geti orðið 8% í janúarmánuði næstkomandi þannig að það er alveg ljóst að mjög margir verða fyrir uppsögnum. Við fórum út í það með góðri aðstoð á þinginu — ég hygg að allir flokkar hafi verið því sammála — að tryggja lög um hlutastörf einmitt til þess að atvinnurekandi gæti þá valið að bjóða starfsfólki hlutastarf og atvinnuleysisbætur á móti í stað þess að segja því upp þannig að höggið yrði ekki eins mikið. Ég hygg að mjög margir reyni að nýta sér þá leið og ég finn það bæði hjá atvinnurekendum og starfsfólki að fólk vill hafa þessa úrlausn frekar en segja fólki upp. Ég hygg að þessi leið muni alveg örugglega vernda betur rétt starfsfólks á þessum tímum sem við lifum núna sem fylgja miklar uppsagnir. Hjá því verður ekki komist.

Síðan erum við með margvíslegar aðgerðir í gangi hjá Vinnumálastofnun sem við beitum, þ.e. vinnumarkaðsaðgerðir og vinnumarkaðsúrræði. Við erum að skoða fleiri leiðir en eru til staðar núna sem tengdar eru Atvinnuleysistryggingasjóði í samvinnu við menntamálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið. Væntanlega verða kynntar aðgerðir á næstu dögum þannig að við erum að reyna að tryggja að fólk missi ekki alveg vinnu sína, að til séu úrlausnir en hjá því verður þó ekki alveg komist. (Forseti hringir.) Ég hygg að hv. þingmaður geti verið mér sammála um að við getum ekki komið í veg fyrir allar þær uppsagnir sem fram undan eru.

[10:45]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. ráðherra í því að við stöndum frammi fyrir gríðarlegum vanda og sérstaklega að lítið bólar á sérstökum vinnumarkaðsaðgerðum, aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar til að standa vörð um og efla atvinnulífið á móti þeim hremmingum sem við stöndum frammi fyrir. Engu að síður hygg ég að ráðherra geti verið mér sammála um hversu mikilvægt er að standa samt vörð um réttindi fólks. Í svona miklum hópaðgerðum er sérstök ástæða til að vera á verði. Ég vona að hæstv. ráðherra geti verið mér sammála um að það sé virkilega ástæða til að vera á verði svo ekki verði gengið á réttindi fólks.

Tökum t.d. hið opinbera. Boðaður er 10% niðurskurður í heilbrigðiskerfinu þar sem nánast allt er laun. Hvar á hann að koma niður? Það er alveg sérstök ástæða til að einmitt (Forseti hringir.) í yfirstandandi erfiðleikum sé staðinn vörður um grunnréttindi fólks til vinnu.

[10:46]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Herra forseti. Ég held að hv. þingmaður verði nú að reyna að fara rétt með staðreyndir máls. Ég hef ekki vitað til þess að neins staðar sé boðaður 10% flatur niðurskurður í heilbrigðiskerfinu. Það hefur ekki verið fallist á það í ríkisstjórn eða samþykkt þar. Ég get fullvissað hv. þingmann um að ekki verður farið í neinn 10% flatan niðurskurð í velferðarkerfinu, (**ÖJ:** Það er byrjað.) það er bara staðreynd málsins. Við skulum sjá hvað setur þegar fjárlögin koma fram, það verður ekki farið í 10% flatan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu. (Gripið fram í.)

Ég vil fá að svara hv. þingmanni áfram ef ég kemst að. Það verður auðvitað staðinn vörður um réttindi starfsfólks, að það verði ekki hlunnfarið á einn eða annan hátt, það verði ekki gengið á þau réttindi sem eru tryggð og eiga að vera til staðar. Ég fullvissa hv. þingmann um það og ef það eru einhver brögð að öðru verður auðvitað tekið á því. Það er grundvallaratriði í þessum samningum að ekki sé gengið á réttindi fólks, að það sé tryggt og staðinn vörður um það. Ég fullvissa hv. þingmann um að líka eru á leiðinni (Forseti hringir.) öflugar aðgerðir fyrir fyrirtækin í landinu og enn frekari aðgerðir til að tryggja betur hag heimilanna.

10% niðurskurður í heilbrigðisþjónustu.

[10:47]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég á orðið svolítið erfitt með að átta mig á því hvað menn eru að fara með þessi 10%. Hér er ég með bréf í höndunum frá fjármálaráðuneytinu þar sem tilmæli voru send til annarra ráðuneyta um miðjan nóvember og þau beðin um að leggja fram tillögur sínar vegna endurskoðunar á fjárlagafrumvarpinu miðað við lækkun útgjalda um 10% af veltu. Svo eru ýmis viðmið í þessu bréfi um það hvernig ráðuneytunum beri að vinna þær tillögur.

Í framhaldinu var m.a. forstöðumönnum heilbrigðisstofnana sent bréf úr heilbrigðisráðuneytinu með tilmælum um samsvarandi samdrátt heilbrigðisstofnana um 10%.

Sumar heilbrigðisstofnanir hafa verið fjársveltar um árabil og menn hafa viðurkennt að vitlaust hafi verið gefið, m.a. með því að leiðrétta eftir á í fjárlögum það sem upp á hefur vantað auk tilmæla um lokun einstakra deilda, svo sem skurðstofa eins og við hæstv. heilbrigðisráðherra ræddum hér í síðustu viku.

Heilbrigðisráðherra hefur sjálfur sagt að eingöngu sé um hugmyndir að ræða, ekki hafi komið fram tilmæli um flatan 10% niðurskurð. Ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, að ég átta mig ekki fullkomlega á því hvað þarna er í gangi. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur svo í framhaldinu rætt um hugmyndir þess efnis að koma á einhvers konar sérhæfingu í kragasjúkrahúsunum, þ.e. sjúkrahúsunum í sveitarfélögunum sem liggja hringinn í kringum höfuðborgarsvæðið. Það væri gott, virðulegi forseti, ef hæstv. heilbrigðisráðherra gæti skýrt þá augljósu mótsögn sem felst í tilmælum um 10% niðurskurð annars vegar og orðum hans um að eingöngu sé um hugmyndir að ræða, ekki síst með hliðsjón af fréttaflutningi um að hæstv. félagsmálaráðherra telji slíkan niðurskurð í velferðarkerfinu óásættanlegan og hyggist fara aðrar leiðir en tilmæli fjármálaráðherra segja til um.

[10:50]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Það er augljóst að hv. þingmaður hefur ásamt nokkrum öðrum ákveðið að hamra á því bara nógu oft að það sé búið að taka ákvörðun um 10% flatan niðurskurð og vonast til þess að það verði einhvers konar sannleikur. Kannski er það vilji hv. þingmanna að það verði 10% flatur niðurskurður. Það liggur alveg fyrir, hefur margoft komið fram, að það verður ekki 10% flatur niðurskurður. Það liggur líka alveg fyrir að það sem um er að ræða er að vegna breyttra aðstæðna sem allir þingmenn þekkja var beðið um tillögur og það er stór munur á því að biðja um tillögur og að það séu einhver tilmæli. (**Gripið fram í:** Nú?) Við vinnum þannig í heilbrigðisráðuneytinu að við fáum hugmyndir frá forstöðumönnum okkar. Ég held að það sé mjög skynsamlegt að fá forstöðumenn að vinnu og það er nokkuð sem við höfum gert.

Það sem hv. þingmaður gagnrýnir, og áttar sig kannski ekki alveg á, er það módel sem liggur til grundvallar þegar fjármunum er útdeilt til heilbrigðisstofnana. Hv. þingmaður sem situr hérna beint fyrir framan mig, Siv Friðleifsdóttir, þekkir það vel vegna þess að það er nákvæmlega módelið og sá sem hér stendur tók við af þeim hv. þingmanni. Það er bara svo einfalt. Ef hv. þm. Helga Sigrún Harðardóttir er mjög mikið á móti því módeli og telur að það sé ekki rétt gefið og telur sérstaklega að Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hafi komið illa út úr því hvet ég hv. þm. Helgu Sigrúnu Harðardóttur til að taka það upp í þingflokki framsóknarmanna. (Gripið fram í.) Það liggur alveg fyrir að það er það sem var gert.

Við höfum hins vegar farið yfir þessi mál og ég held að það sé mjög mikilvægt að þingmenn úr öllum flokkum kynni sér það. Ég býð þeim það að við kynnum þeim hvaða forsendur liggja þar til grundvallar og hvaða hugmyndir menn hafa nefnt til að breyta því þannig að það sé í það minnsta ljóst hvað menn deila um. Ef við breytum því, t.d. á þann veg sem er sjálfsagt að skoða, (Forseti hringir.) að taka meira tillit til íbúafjölgunar, sem er alveg málefnalegt sjónarmið, þýðir það að við (Forseti hringir.) tökum þá á öðrum þáttum. Menn skulu vera meðvitaðir um það.

[10:52]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég heyri ekki betur en að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi verið að segja af sér og vilji að þingflokkur framsóknarmanna taki við starfi hans. (**Gripið fram í:** Æ, æ, æ.)

Í sumar sem leið var haldinn fundur með þingmönnum kjördæmisins, sveitarstjórnarfólki og stjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þar mætti 1. þingmaður Suðurk., Árni M. Mathiesen, sem einnig gegnir stöðu hæstv. fjármálaráðherra. Þar komu fram loforð um leiðréttingu framlaga vegna þessa módels sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur ekki treyst sér til að breyta. Ég óska eftir því að slíkur fundur verði endurtekinn, að hæstv. heilbrigðisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra boði til fundar á nýjan leik þar sem rætt verði við þennan sama hóp um þessar brýnu lausnir og að sá fundur verði haldinn fyrir helgi vegna þess að að öðrum kosti taka gildi uppsagnir sem eru afleiðing af tilmælum heilbrigðisráðherra um 10% niðurskurð. (Forseti hringir.)

[10:53]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Bara svo að því sé til haga haldið er allt rangt hér sem kemur fram hjá þingmanninum. Hér er um tvö algjörlega aðskilin mál að ræða. Það sem hefur verið rætt og skoðað, og ég held að þingheimur hljóti að vera sammála um, er að menn hafa verið búnir að skoða sjúkrahúsin á stór-höfuðborgarsvæðinu, svokölluð kragasjúkrahús, þ.e. Suðurnesin, Selfoss, St. Jósefsspítala og Akranes, ásamt Landspítalanum og hvernig við getum best komið málum þannig fyrir að við fáum sem mesta þjónustu fyrir þá fjármuni sem við erum með. Það er það sem menn hafa rætt.

Þau bréf sem voru send út þar sem beðið var um hugmyndir frá forstöðumönnum um sparnað eru bara allt annað. Eins og margoft hefur komið fram verður ekki dregið saman í ríkisútgjöldum á þessu sviði með flötum niðurskurði ef það kemur til þess að við þurfum að draga saman, það er alveg ljóst. Það liggur fyrir að ekki er vilji til neins annars en að sjá til þess að það sé rétt gefið þegar (Forseti hringir.) kemur að heilbrigðisstofnunum, en ég endurtek að ég býð þingmönnum í öllum flokkum (Forseti hringir.) að kynna sér þau módel sem eru til staðar þannig að við getum þá farið yfir þetta saman (Forseti hringir.) og menn viti alveg nákvæmlega hvað þeir eru að tala um þegar þeir koma hér í þingsalinn.

Endurhverf viðskipti.

[10:55]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum vikum krafðist Seðlabankinn aukinna trygginga fyrir lán sem hann hafði veitt ýmsum smærri fjármálafyrirtækjum. Þetta setti fjármálafyrirtækin í ýmsan vanda, þau eru misjafnlega vel sett og mis-

jafnlega vel búin til að taka við þessum veköllum. Sum gátu reitt fram tryggingar en önnur fengu fresti, en niðurstaðan varð að þetta reyndist þeim flestum þungbært. Það má segja að þetta hafi verið afar ósanngjarnt þar sem hin smáu fjármálafyrirtæki voru aðeins milliliðir í lánum Seðlabankans til viðskiptabankanna þriggja.

Við setningu neyðarlaganna var þessi mynd skekkt. Má því kannski segja núna að ríkið hafi lánað sjálfu sér, en svo þegar bönkunum var skipt í tvennt hafi eignin sem myndaðist fyrir lánin verið tekin í burtu en skuldin skilin eftir. Þetta hefur haft þau áhrif að mörgum hinna smærri fjármálafyrirtækja er í raun núna haldið í algerri spennitreyju. Þau hafa lítið getað hreyft sig og þau bíða í rauninni eftir því að stjórnvöld gefi skýr svör um það hvort unnið sé að lausn þessara mála. Mér er kunnugt um að ýmsar góðar lausnir hafi verið lagðar á borðið og því spyr ég hæstv. fjármálaráðherra:

Er einhver vinna í gangi til að leysa úr þessari flækju? Mun fjármálaráðherra beita sér fyrir því að hin smærri fjármálafyrirtæki fái áfram lifað? (Forseti hringir.) Í mínum huga er það grunnurinn að endurreisn fjármálakerfis landsins.

[10:57]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Þetta er eitt af þeim vandamálum sem komu upp við fall bankanna, endurhverfu viðskiptin og tryggingar í endurhverfum viðskiptum voru ekki þær sömu og áður og því þurfti Seðlabankinn að grípa til ákveðinna ráðstafana til að tryggja stöðu sína. Eftir því sem ég best veit hafa þau fyrirtæki sem þar koma við sögu enn þá frest til að greiða úr málum sínum gagnvart Seðlabankanum og eftir því sem ég best veit er Seðlabankinn að nota þann tíma til að leita lausna sem hæfa báðum án þess að ég geti svarað fyrir Seðlabankann í þeim efnum.

Það er út af fyrir sig ekki útilokað að það gæti komið til þess að ríkisvaldið þyrfti að koma að þessu á einhvern hátt. Ég veit ekki hvernig það gæti orðið en væntanlega kæmu þá tillögur frá Seðlabankanum um það, en þær hafa ekki borist enn sem komið er og því ekki hægt að taka afstöðu til þeirra.

Það er óhætt að taka undir með hv. fyrirspyrjanda, þetta er vandamál og orðið til á sérstakan hátt, eins og hann lýsti, en það fríar auðvitað ekki þá aðila sem stóðu í þessum viðskiptum undan því að bera ábyrgð á viðskiptum sínum. Eins og í öllu því sem við gerum í þessum efnum reynum við að draga úr skaðanum og vinna þannig úr málum að sem mest standi eftir heillegt af bankakerfinu til þess að starfa til framtíðar. Það verður auðvitað að gerast á ákveðnum forsendum sem við öll þekkjum hér inni.

[10:59]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Hér er um heimatilbúinn vanda að ræða. Ef neyðarlögin hefðu ekki verið sett væru fjármálafyrirtækin hin smærri einfaldlega ekki í þeim vanda sem þau glíma við akkúrat núna. Ég fagna þeim orðum hæstv. fjármálaráðherra að hann telji möguleika á því að ríkisvaldið komi að með einum eða öðrum hætti og ég segi fyrir minn part að það er afar mikilvægt að svo verði.

Auðvitað held ég að allir vilji bera ábyrgð og muni bera ábyrgð á sínum eigin viðskiptum, en við verðum samt að hafa í huga að þær reglur sem voru hér um að það þyrfti að vera milliliður frá Seðlabankanum í gegnum hin smærri fjármálafyrirtæki til viðskiptabankanna eru mjög sérstakar (Forseti hringir.) og þekkjast ekki í hinum vestræna heimi mér vitanlega þannig að ég bryni enn og aftur fyrir (Forseti hringir.) hæstv. fjármálaráðherra að beita sér í þessu máli.

[11:00]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Við skulum gæta okkur á því að gera ekki neyðarlögin að gerandanum í þessu, að neyðarlögin hafi búið til vandann. Hefðu neyðarlögin ekki verið sett og þeim hefði ekki verið beitt væri vandinn sem við erum að glíma við hér í dag miklu meiri og stærri. Vandi þessara minni fyrirtækja væri alveg örugglega ekki minni ef bankarnir hefðu einfaldlega bara allir farið á hausinn.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:02]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, 1. umr.

Frv. StB o.fl., 180. mál (rannsóknarnefnd á vegum Alþingis). — Þskj. 223.

[11:03]

Flm. (Sturla Böðvarsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða sem ég flyt ásamt hv. þm. Geir H. Haarde, formanni Sjálfstæðisflokksins, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formanni Samfylkingarinnar, Steingrími J. Sigfússyni, formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Valgerði Sverrisdóttur, formanni Framsóknarflokksins, og Guðjóni A. Kristjánssyni, formanni Frjálslynda flokksins.

Nú á haustmánuðum hefur íslenskt efnahagslíf orðið fyrir miklum skakkaföllum eftir alllangt skeið hagsældar. Þrír stærstu bankar landsins lentu þá í fjárhagsvanda sem leiddi til þess að gripið var til neyðarráðstafana gagnvart þeim á grundvelli laga nr. 125/2008 sem Alþingi hafði þá nýlega samþykkt. Á þessu ári hefur íslenska krónan enn fremur veikst mikið og verðbólga vaxið að sama skapi. Þessar hremmingar eru öllum kunnar enda snerta afleiðingar þeirra hvern mann og hvert einstakt fyrirtæki hér á landi sem og stjórnvöld. Þegar hefur ríkissjóður þurft að taka á sig miklar skuldbindingar til að styrkja gjaldeyrisforðann og verulegur samdráttur virðist í uppsiglingu í íslensku atvinnulífi.

Margir hafa viljað rekja ástæður þessara áfalla í íslensku

efnahagslífi til lausafjárþurrðar í hinu alþjóðlega fjármálakerfi. Hér á landi virðist þó hin alþjóðlega fjármálakreppa koma harðar niður en víðast hvar annars staðar og taka á sig mynd djúprar efnahagslægðar. Ýmsir hafa því einnig kennt innlendum aðstæðum um hvernig komið er fyrir þjóðinni og sagt að bæði stjórnendur bankanna og stjórnvöld hafi sofið á verðinum. Eðlileg og réttmæt krafa hefur því komið fram um að ástæður þessara áfalla séu rannsakaðar á faglegan hátt og reynt að varpa ljósi á hverju sé um að kenna og hverjir kunni að bera ábyrgð á ástandinu.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um ákveðna leið til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þar segir að Alþingi geti skipað nefndir alþingismanna til að annast slíkar rannsóknir og að unnt sé að veita slíkum nefndum rétt til að heimta skýrslur af embættismönnum og einstökum mönnum. Þessi heimild Alþingis er einn þáttur í því mikilvæga hlutverki þingsins að sýna framkvæmdarvaldinu aðhald og hafa eftirlit með ráðherrum og þeirri stjórnsýslu sem undir þá heyrir. Hún tengist óneitanlega þeirri stöðu sem þingræðisreglan tryggir Alþingi gagnvart ráðherrum og ríkisstjórn svo og stjórnarskrárbundinni heimild þingsins til að ákæra ráðherra fyrir brot á lögum um ráðherraábyrgð.

Ljóst er að rannsókn á ástæðum efnahagsáfallanna mun á einhvern hátt fjalla um þátt einstakra ráðherra við stjórnarframkvæmd, auk þess sem hún mun beinast að aðgerðum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans sem báðar eru sjálfstæðar stofnanir. Af þessum sökum og með hliðsjón af mikilvægi málsins er eðlilegt að rannsóknin fari fram á vegum Alþingis. Kom þá til umræðu hvort ekki skyldi farin sú leið sem stjórnarskráin boðar, að skipa rannsóknarnefnd alþingismanna til að hafa umsjón með rannsóknarstarfinu. Í ljósi aðstæðna var fallið frá því og talið líklegra að víðtækari sátt mundi nást ef rannsóknin væri í höndum nefndar sem yrði skipuð óháðum einstaklingum sem staðið hefðu utan við átök stjórnmálanna. Á þessu byggist það lagafrumvarp sem hér er mælt fyrir. Með samþykkt þess verður komið á fót sjálfstæðri nefnd sérfræðinga utan þings sem fær það erfiða verkefni að varpa ljósi á aðdraganda og orsakir þess að bankarnir féllu hér á landi og segja til um hvort mistök hafi verið gerð við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi hér á landi á síðustu árum. Þá er nefndinni ætlað að leggja mat á hverjir kunni að bera ábyrgð á hugsanlegum mistökum að þessu leyti. Því er síðan nánar lýst í sex töluliðum í 1. gr. frumvarpsins hver verkefni nefndarinnar skuli vera.

Ákveðnar líkur eru á því að margir samverkandi þættir hafi orðið til þess að bankarnir féllu og efnahagsáföll dynja núna á þjóðinni. Til að varpa ljósi á ástæðurnar verður því að skoða fjölmarga þætti sem tengjast bæði rekstri og stjórnun bankanna og viðbrögðum og ákvörðunum stjórnvalda. Það er mikil hætta að viðamikil rannsókn af þessu tagi fari út um víðan völl. Á sama tíma er afar mikilvægt að rannsóknin verði komið á sem fyrst. Erfitt er að koma til móts við þessi ólíku sjónarmið, að rannsóknin gangi hratt fyrir sig en leggi jafnframt áreiðanlegan grunn að uppbyggingu fjármálamarkaðar hér á landi og nauðsynlegu uppgjöri.

Með þessi sjónarmið í huga er í frumvarpinu lagt til að nefndin rannsaki ekki atburðina sem urðu eftir að lög nr. 125/2008, neyðarlögin svokölluðu, tóku gildi nema hún telji það nauðsynlegt. Einnig getur hún gert tillögu til Alþingis um frekari rannsókn á slíkum atburðum. Þá er það ekki hlutverk nefndarinnar að beita einstaklinga, fyrirtæki eða stjórnvöld viðurlögum, heldur ber henni að tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum ef grunur vaknar um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað eða ef ætla má að starfsmaður hafi brotið gegn starfsskyldum sínum. Þannig er í frumvarpinu leitast við að einstök mál af þessu tagi verði lögð í viðeigandi farveg án þess að bíða þurfi lokaniðurstöðu nefndarinnar.

Meðal þess sem athuga þarf í tengslum við rannsókn á falli bankanna er hvort stjórnendur þeirra og eigendur hafi haft önnur viðhorf til hlutverks síns, ábyrgðar og siðferðis í viðskiptalífi en almennt er í nágrannalöndunum. Veikleikar á þessum sviðum kunna að hafa átt þátt í því að bankarnir riðuðu til falls. Mat á þessum þáttum nýtur ákveðinnar sérstöðu samanborið við hina lagalegu og hagfræðilegu úttekt enda kallar hún á þekkingu á öðrum sviðum. Því er í frumvarpinu lagt til að sérstakur vinnuhópur hugvísindamanna, skipaður af forsætisnefnd Alþingis, fái það hlutverk að leggja mat á þessi atriði í samráði við rannsóknarnefndina.

Fjallað er um skipan rannsóknarnefndarinnar í 2. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að í nefndinni verði þrír einstaklingar. Sá fjöldi nefndarmanna var ákveðinn með það í huga að starf nefndarinnar gæti gengið hratt og greiðlega fyrir sig. Til að koma til móts við það markmið að fá til verksins hlutlausa aðila sem flestir geti treyst var ákveðið að formaður nefndarinnar kæmi úr röðum hæstaréttardómara og að við hlið hans starfaði umboðsmaður Alþingis og einn hagfræðingur, löggiltur endurskoðandi eða annar háskólamenntaður einstaklingur með reynslu og þekkingu sem nýtist við rannsóknina. Bæði hæstaréttardómarinn sem velst til verksins og umboðsmaður Alþingis þurfa að fá leyfi frá störfum sínum meðan rannsóknin fer fram og eru ákvæði í frumvarpinu sem taka mið af því.

Ljóst er að þessi þriggja manna nefnd mun ekki vinna ein að rannsókn á öllum þáttum bankahrunsins ásamt vinnuhópi hugvísindamanna. Í frumvarpinu er því mælt fyrir um að nefndin skipi sérstaka vinnuhópa með innlendum eða erlendum sérfræðingum. Er þeim ætlað að vera rannsóknarnefndinni til aðstoðar, auk þess sem þeir geta unnið að einstökum rannsóknarverkefnum fyrir nefndina. Þá er henni veitt heimild til að leita sérfræðilegrar aðstoðar annarra aðila, innlendra eða erlendra, við mat á einstökum þáttum rannsóknarinnar. Jafnframt er ráðgert að nefndin geti ráðið starfsmenn sér til aðstoðar.

Allir þeir sem vinna við þessa rannsókn, hvort sem það eru nefndarmenn, einstaklingar í vinnuhópum eða starfsmenn, eru með öllu óháðir fyrirmælum frá öðrum. Þó að rannsókn sú sem hér er boðuð fari fram á vegum Alþingis og sé reist á hlutverki þingsins við að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu er hvorki Alþingi né einstökum alþingismönnum unnt að hafa bein áhrif á framgang rannsóknarinnar. Um þetta eru fyrirmæli í 2. gr. frumvarpsins. Eftir sem áður er sú skylda lögð á nefndina í 16. gr. frumvarpsins að veita forseta Alþingis og formönnum þingflokkanna upplýsingar um framvindu rannsóknarinnar meðan hún er í gangi og getur forseti Alþingis af því tilefni gert

Alþingi grein fyrir því sem fram hefur komið.

Að öllum líkindum munu nefndinni berast fjölmargar upplýsingar sem almennt eiga að fara leynt samkvæmt lögum, t.d. persónuupplýsingar um fjárhag einstaklinga. Í þessu ljósi og til að auðvelda að upplýsingar verði látnar í té er mikilvægt að leggja þagnarskyldu á þá sem vinna að rannsókninni um þau atriði sem leynt eiga að fara. Þá er sérstaklega kveðið á um það í frumvarpinu að nefndin ákveði sjálf hvaða upplýsingar hún veitir um störf sín meðan rannsóknin stendur yfir.

Það er óhjákvæmilegt að veita rannsóknarnefndinni ríkar heimildir til að afla upplýsinga bæði hjá einkaaðilum og stofnunum svo að markmiðum laganna verði náð. Um það eru fyrirmæli í III. kafla frumvarpsins. Þar er mælt fyrir um skyldu sérhvers aðila til að verða við kröfu nefndarinnar um að láta í té upplýsingar, gögn og skýringar. Hvers konar reglur í lögum um þagnarskyldu, svo sem reglur um bankaleynd, eiga að víkja fyrir þessari skyldu til að verða við beiðni nefndarinnar. Neiti maður að gegna þessari skyldu bakar hann sér refsiábyrgð auk þess sem heimilt verður að leita úrskurðar dómstóla um ágreining um skyldu samkvæmt 74. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þá er nefndinni unnt að gera húsrannsókn og leggja hald á gögn í samræmi við heimildir sömu laga. Að lokum getur hún kallað menn til skýrslutöku hjá nefndinni. Verði einhver ekki við því getur hún óskað eftir því að héraðsdómari kveðji viðkomandi fyrir dóm til að bera vitni. Með þessum úrræðum er eftir fremsta megni leitast við að tryggja að nefndin geti fengið þær upplýsingar sem þörf er á.

Ákvæði 12. gr. frumvarpsins miðar í raun að sama marki. Þar er þeim sem veita nefndinni upplýsingar sem þýðingu hafa veitt ákveðin vernd þannig að þeir verði ekki látnir gjalda fyrir það á einn eða annan hátt. Þá er nefndinni veitt heimild til að beina tilmælum til hlutaðeigandi yfirvalda um að maður verði ekki ákærður eða beittur viðurlögum ef mikilvægar upplýsingar sem hann lætur að eigin frumkvæði í té gefa jafnframt vísbendingu um hlutdeild hans í brotlegri háttsemi. Með þessu er leitast við að auðvelda einstaklingum að veita nefndinni upplýsingar sem þeir hefðu ella þagað yfir.

Þó að nefndinni sé ekki ætlað það hlutverk að taka bindandi ákvarðanir um ákæru eða viðurlög hefur álit hennar óneitanlega áhrif á þá sem sæta rannsókn. Leitast er við að tryggja réttaröryggi þeirra á ýmsa lund og eiga þær reglur rætur að rekja til meginreglna stjórnsýsluréttar. Þegar einstaklingur er kallaður til skýrslutöku er honum t.d. heimilað að hafa með sér aðstoðarmann á eigin kostnað, eins og fram kemur í 10. gr. frumvarpsins, þó að skýrslutakan fari fram fyrir luktum dyrum. Þá ber rannsóknarnefndinni, eins og kemur fram í 13. gr. frumvarpsins, að gefa þeim sem ætla má að hafi orðið á mistök eða hafa orðið uppvísir að vanrækslu í starfi færi á að tjá sig um þau atriði sem nefndin íhugar að fjalla um í skýrslu sinni til Alþingis.

Eins og áður greinir fer starf nefndarinnar fram á vegum Alþingis og er reist á eftirlitshlutverki þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þess vegna ber nefndinni að skila Alþingi rökstuddri skýrslu um niðurstöður rannsóknar sinnar. Markmiðið er að sú skýrsla liggi fyrir ekki síðar en 1. nóvember 2009. Nauðsynlegt er að tryggja að þessi skýrsla fái síðan ákveðna afgreiðslu Alþingis, auk þess að koma fyrir sjónir almennings. Í því sambandi er mikilvægt að taka skýrt fram hverjum beri að eiga frumkvæði að því að móta tillögur í ljósi niðurstöðu rannsóknarinnar sem hægt er að leggja fyrir Alþingi. Í frumvarpinu er forseta Alþingis ásamt formönnum þingflokkanna ætlað það hlutverk að gera tillögu um meðferð á niðurstöðum nefndarinnar. Ábendingar hennar sem lúta að úrbótum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu skulu þó koma til meðferðar viðeigandi fastanefnda Alþingis í samræmi við tillögur forsætisnefndar Alþingis, eins og nánar er rakið í 15. gr. frumvarpsins.

Aðstæður okkar Íslendinga eru mjög alvarlegar um þessar mundir og mikil óvissa ríkir. Traust á fjármálastofnunum og þeim sem farið hafa með mál í bönkum og eftirlitsstofnunum er ekki fyrir hendi. Við þessar aðstæður, þegar bankarnir hafa komist í þrot með miklu eignatapi einstaklinga og fyrirtækja, er óhjákvæmilegt að Alþingi bregðist við og efni til þeirrar rannsóknar sem hér er mælt fyrir um.

Ljóst er að með frumvarpi þessu fikrar Alþingi að nokkru leyti sig inn á nýja braut. Rannsóknarnefnd alþingismanna samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar hefur ekki verið skipuð síðan 1955. Þá hefur verið fremur fátítt að stofnað sé með lögum til afmarkaðra rannsókna með það að markmiði að upplýsa liðna atburði og koma með ábendingar um úrbætur eða leggja mat á ábyrgð. Þó eru nokkur dæmi um það á síðustu árum og má þar nefna rannsókn á starfsemi Breiðavíkurheimilisins og athugun á opinberum gögnum í vörslu stjórnvalda um öryggismál Íslands 1945 til 1991. Í nágrannalöndum okkar er eftirlit þarlendra þinga með framkvæmdarvaldinu hins vegar með fastara skipulagi í þingstarfinu. Á það þá einkum við í alvarlegri málum sem kunna að varða ábyrgð ráðherra og embætti umboðsmanns eða Ríkisendurskoðun geta ekki tekið á eða hafa þegar lokið athugun sinni á málinu.

Eins og ég gat um í ræðu minni við þingfrestun síðasta vor er skoðun mín sú að nauðsynlegt sé að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis, enda er það auk löggjafarstarfsins veigamesta hlutverk Alþingis. Í júní síðastliðnum ákvað forsætisnefnd þingsins að skipa vinnuhóp þriggja sérfræðinga sem falið var að fara yfir núgildandi lagareglur um þennan þátt í starfi Alþingis og leggja mat á hvort breytinga sé þörf. Hópurinn mun skila skýrslu um niðurstöður sínar í júní 2009. Sú vinna mun halda áfram þó að aðstæður hafi breyst og rétt þyki að Alþingi bregðist nú við þeim áföllum sem hér hafa orðið með því að hrinda af stað þeirri rannsókn sem frumvarpið boðar. Vænti ég þess að breið samstaða geti orðið um framgang málsins á Alþingi sem miðar að því að byggja upp traust og benda á hvernig koma megi í veg fyrir að hliðstæð áföll endurtaki sig.

Við Íslendingar höfum orðið fyrir miklum áföllum. Við þær aðstæður er mikilvægt að okkur takist að snúa bökum saman og endurreisa efnahag okkar og tryggja hag heimilanna og atvinnulífsins. Til þess að það takist verður að nást sátt í samfélaginu. Mjög mikilvægur þáttur þess er ítarleg rannsókn á því hvað gerðist og leiddi til hruns bankanna með öllum þeim alvarlegu afleiðingum sem því hefur fylgt. Sú rannsókn sem hér er mælt fyrir er mikilvægur liður í því.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum þakka formönnum stjórnmálaflokkanna fyrir ágætt samstarf við að móta það frumvarp sem hér er til umræðu. Ég vænti að það geti orðið til þess að hér á Alþingi takist sátt og samstaða við það mikilsverða verkefni að skapa bætt samfélag sem við byggjum á þeim innviðum sem kynslóðirnar hafa byggt upp og við höfum notið og nýtt hin síðustu ár.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að frumvarpið gangi til allsherjarnefndar að lokinni 1. umr. til frekari skoðunar.

[11:22]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka frummælanda fyrir góða ræðu og líka koma því hér á framfæri að ég er mjög ánægð með hvernig forseti Alþingis hefur beitt sér við að ná sátt um rannsóknarnefnd af þessu tagi. Það er mjög mikilvægt að allir flokkar séu með í því til að skapa trúverðugleika. Það kemur fram í þessu máli að nefndin sem verður stofnuð getur ekki beitt neinum viðurlögum en á að koma málum inn í farveg komist hún að einhverju sem getur varðað refsiverða hluti. Ég býst við því að hún geti til dæmis þá komið ábendingum til sérstaks saksóknara sem við erum einmitt að vinna frumvarp um í þinginu um þessar mundir.

Í þessu máli er verið að ræða um þessa rannsóknarnefnd en svo er annað sem er mjög merkilegt að draga hérna fram og mikilvægt. Það er að í tengslum við þessa rannsókn á að koma á fót hópi hugvísindamanna sem á að skoða hvort rekja megi fall bankanna að einhverju leyti til starfshátta og siðferðis á fjármálamarkaði, þ.e. þessi siðferðislegi hluti. Það er svolítið athyglisvert að þingið sé að fara að skoða það líka og mér finnst það mjög mikilvægt.

Ég vil af þessu tilefni fá að spyrja hæstv. forseta hvort það sé ekki algerlega klárt og rétt skilið hjá mér að nefndin sem á að taka til starfa og eftir atvikum þessi nefnd eða vinnuhópur hugvísindamanna, þ.e. hvort allir þessir aðilar geti ekki yfirheyrt eða fengið til viðtals alla, þ.e. embættismenn, stjórnmálamenn og alla, að enginn njóti neins konar friðhelgi gagnvart þessum rannsóknaraðilum. Er það ekki algerlega skýrt, virðulegur forseti?

[11:24]

Flm. (Sturla Böðvarsson) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að svara hv. þingmanni og þakka fyrir viðbrögð þingmannsins við þessu frumvarpi vil ég staðfesta það að eins og fram kemur mjög rækilega í frumvarpinu þá hafa þeir sem rannsaka þetta mál á grundvelli frumvarpsins sem hér er til meðferðar aðgang að því að kalla þá til sem sannanlega er talin ástæða til að veiti upplýsingar. Nefndin hefur mjög ríkar heimildir til að kalla einstaklinga til yfirheyrslu og skýrslugjafar. Það eru því engin skjól sköpuð með þessu frumvarpi þannig að hægt sé að smeygja sér undan þeirri ábyrgð að gefa upplýsingar.

[11:25]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Íslendingar standa að mörgu leyti á tímamótum. Það eru að verða þáttaskil í okkar þjóðlífi og það er rétt sem hér hefur verið sagt að þessi þáttaskil kalla á sögulegt uppgjör. Það verður að sjálfsögðu ekki gert í einni skýrslu. En við fögnum því að sú vegferð skuli hafin.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt mjög ríka áherslu á að allar staðreyndir verði færðar fram í dagsljósið, allt það sem snertir hrunið á fjármálamarkaði, að öll álitamál sem uppi eru fái skoðun og umræðu og við höfum jafnframt lagt áherslu á að sú umræða sem nú fer í hönd verði víðfeðm enda snertir hún fjármála- og viðskiptalífið. Hún snertir stjórnmálin og tengslin þarna á milli. Hún tekur til siðferðis í stjórnmálum og viðskiptalífi.

Við erum í rauninni að fjalla um kviku íslenskra stjórnmála og eðli máls samkvæmt sýnist þar sitt hverjum. Hæstv. forseti Alþingis, 1. flutningsmaður málsins, sagði að það þyrfti að kanna hvort stjórnvöld hafi sofið á verðinum. Það mætti nálgast þetta frá annarri hlið einnig og staðhæfa, sem ég leyfi mér að gera, að í sumum tilvikum hafi stjórnvöld ekki sofið á verðinum heldur staðið vaktina fyrir fjármálaöflin á of ríkan og gjafmildan hátt, að þeim hafi verið gefinn um of laus taumurinn á undanförnum árum og þar sé kominn hluti af skýringu á þeim hörmungum sem við stöndum nú frammi fyrir.

Mikilvægast er í þeirri rannsókn sem nú fer í hönd að fá allar staðreyndir og öll álitamál upp á borðið. Hér er að finna frumvarp sem vísar til aðskiljanlegra þátta og við horfum að sjálfsögðu einnig til skýringartexta með einstökum greinum frumvarpsins og almennum athugasemdum sem þar koma fram. En það eru þrír þættir sem ég vil nefna sérstaklega að mikilvægt sé að haldið verði til haga og ég lít svo á, sé því ekki mótmælt hér við umræðuna, að það sé jafnframt skilningur flutningsmanna, að það þurfi að kanna aðdraganda bankahrunsins allar götur frá því að fjármálastofnanir landsins voru gerðar að hlutafélögum og síðan seldar, aðkomu stjórnmálanna, samspil viðskipta og stjórnmála, þ.e. að horft verði til þeirra ásakana sem uppi voru innan þings og utan og að þeim álitamálum sem ekki hefur verið svarað verði svarað í þessari skýrslu.

Í annan stað hlýtur rannsóknin að snúa að stjórnmálunum, að Alþingi, ekki bara stjórn heldur einnig stjórnarandstöðu. Nauðsynlegt er að spyrja um hvað var gert og hvað var ekki gert, hvaða lög og reglur voru settar, hvaða tillögur voru hunsaðar. Það þarf að horfa til framkvæmdarvaldsins og hvernig það fór með sitt vald og samspil allra þessara þátta og að sjálfsögðu til stjórnsýslunnar sjálfrar, til eftirlitsstofnana, til eftirlits og aðhalds sem eftirlitsstofnunum er veitt af hálfu framkvæmdarvaldsins og þingsins og skoða þarf þá umræðu sem fram fór almennt í þjóðfélaginu innan þings og utan. Ég legg áherslu á að við erum að skoða málið heildstætt, þær tillögur og ábendingar sem fram komu ekki aðeins frá þeim sem sátu á valdastólum heldur einnig hinum sem hafa það hlutverk í samfélaginu að veita aðhald.

Það er mjög mikilvægt að allar staðreyndir verði leiddar fram. Við stöndum frammi fyrir því núna gagnvart bönkunum og útibúum þeirra, til dæmis í Lúxemborg ef breyting verður þar á eignarhaldi að rannsókn á því sem kann að hafa gerst á vegum þessara fjármálastofnana og kemur okkur öllum við — nú deilir enginn lengur um það að það sem gerist í fjármálakerfinu kemur samfélaginu öllu við — að það kunni að lokast á bak við tjöld. Þess vegna ítreka ég að nefndin þurfi hið allra fyrsta að fá upplýsingar um allt sem lýtur að fjármagnsflutningum og að kannaðir verði fjár-

magnsflutningar, fjármálagerningar og ráðstafanir þeim tengdar sem ætla má að hafi verið gerðar í þeim tilgangi fyrst og fremst að komast hjá eða draga úr skattgreiðslum til íslenska ríkisins eða fela framtalsskyldar eignir og tekjur, þar á meðal að kanna hvort bankar og aðrar fjármálastofnanir eða dótturfélög þeirra erlendis hafi veitt fyrirtækjum eða einstaklingum þjónustu við það sem að framan greinir, svo sem stofnun, rekstur eða umsýslu félaga í skattaparadísum eða á öðrum svæðum þar sem skattundanskot eða skattsniðganga er auðvelduð meðal annars með takmörkun á upplýsingum til yfirvalda. Þessar síðustu setningar sem ég hafði uppi tel ég reyndar að ættu að vera í markmiðslýsingu frumvarpsins. Alla vega lít ég svo á, ef því er ekki mótmælt af hálfu flutningsmanna frumvarpsins, að þetta sé sá skilningur sem nefndin eigi að leggja í þessa rannsókn. Við höfum fylgst með því, þjóðin, á undanförnum árum hvernig ýmsir þeirra sem hafa náð tangarhaldi á fjármálastofnunum og atvinnulífi landsmanna hafa sjálfir verið komnir út og suður, búið á Gíbraltar, Kýpur eða annars staðar í heiminum, verið komnir með sína fjármuni í skjól. Sumt af þessu kann að vera löglegt og lenda ekki í rannsókn af þeim sökum en engu að síður ósiðlegt. Og þar sem þessi rannsókn á að taka á hinum pólitísku og siðrænu álitaefnum þá er mjög mikilvægt að fá þessar upplýsingar upp á borðið því ég endurtek að það sem þarna hefur verið að gerast kemur okkur öllum við. Við erum að fá reikninginn í bakið, íslenska þjóðin, ekki bara sú kynslóð sem núna er komin á legg heldur hugsanlega börn okkar og barnabörn og við eigum öll rétt á svörum. Þessi rannsókn hlýtur að eiga að leiða allar staðreyndir upp á borðið, öll álitamál af pólitískum toga og siðferðilegum upp á borðið.

Síðan kemur fram í þessu frumvarpi að umfjöllun skuli hafin um hinar pólitísku og siðrænu hliðar og reynt að draga rétta lærdóma af þeim. En ég endurtek það sem ég sagði í upphafi. Það verður ekki endilega gert í einni skýrslu heldur er það umræða sem mun taka langan tíma. En staðreyndirnar verða að koma fram í þessari skýrslu. Á það leggjum við áherslu í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og viljum að þau sjónarmið sem við höfum sett fram og ég hef verið að reifa fyrir okkar hönd fái umfjöllun í allsherjarnefnd þingsins. Það er mjög mikilvægt að allsherjarnefnd læsi sig ekki í textann nákvæmlega eins og hann liggur hér fyrir. Ég tel að það eigi að skerpa á markmiðslýsingu rannsóknarinnar en svo fremi sem þeim skilningi sem við leggjum í þetta frumvarp er ekki hafnað þá lít ég svo á að hann standi.

[11:36]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson þegar hann segist staðhæfa að stjórnvöld hafi ekki sofið heldur staðið vaktina fyrir viðskiptalífið, hvort hann eigi í þeim orðum sínum við stjórnvöld eins og þau eru skilgreind í 2. gr. stjórnarskrár Íslands, með leyfi forseta:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.“

Eru þetta stjórnvöldin sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vísar í og segir að hafi ekki sofið heldur staðið vaktina fyrir viðskiptalífið? Ef svo er með hvaða hætti telur hann að refsa beri slíkum stjórnvöldum ef brot þeirra eru eins og hann gefur til kynna?

[11:37]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég horfi fyrst og fremst til stjórnmála, ríkisstjórnar og Alþingis. Hvernig eigi að refsa fyrir slíkt athæfi ef það er ekki lögbrot? Það gera menn í kosningum í lýðræðisríki. Ég færi rök fyrir því að við fáum allar staðreyndir á borðið þannig að íslenska þjóðin, núlifandi og framtíðin geti dregið lærdóm sinn af því.

[11:38]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í framhaldi af svari hv. þm. Ögmundar Jónassonar langar mig að spyrja hvað hann á við og biðja hann um að rökstyðja þetta betur fyrir mér og sjálfsagt fleirum sem hafa hlustað. Hvað átti hann við og hvað á hann við þegar hann segir að ekki hafi verið sofið heldur vaktin staðin fyrir viðskiptalífið?

[11:39]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það heitir óheftur kapítalismi og hefur verið á dagskrá ríkisstjórna undangenginna ára. Ég var að reyna að leiða rök að því og get gert það í lengra máli hér á eftir eða síðar og hef gert það öðru hvoru á undanförnum árum að markaðsöflunum hafi verið gefinn of laus taumur. Fjármálakerfinu hafi ekki verið settar nægilegar skorður í lögum og reglum og ég get vísað í frumvörp sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum sett fram í þá veru. Aðskilnaður viðskiptabanka og fjárfestingarsjóða eru dæmi um þetta.

Ástæðan fyrir því að við vorum andvíg því á sínum tíma að einkavæða allt fjármálakerfið á einu bretti var sú að við töldum að í okkar agnarsmáa hagkerfi væri sú hætta fyrir hendi að sömu aðilar og ráða yfir atvinnulífinu eignuðust fjármálastofnanir landsins þannig að þeir lánuðu sjálfum sér. Þau varnaðarorð reyndust á rökum reist.

Þetta hefur ekki gagnast öllu viðskiptalífinu heldur sett það allt saman á skjön. Það hefur þjónað afmörkuðum, takmörkuðum hagsmunum sem stjórnvöld í blindni sinni eða ákefð við að fylgja tiltekinni stjórnmálakreddu, stjórnmálastefnu, hafa ekki gætt nógu vel að. Það er fyrst og fremst þetta sem ég á við.

Ég hef staðið nokkrum sinnum í ræðustól á undanförnum árum og talað um þetta. Á hvern hátt þær ríkisstjórnir sem hér hafa setið allar götur frá (Forseti hringir.) 1991 hafa staðið vaktina fyrir tiltekinn hluta (Forseti hringir.) viðskiptalífsins, fyrir fjármálaöflin í landinu, á kostnað almennings og viðskiptalífsins (Forseti hringir.) að öðru leyti.

[11:41]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlustaði af athygli á ræðu hv. þingmanns Ögmundar Jónassonar um frumvarpið sem formenn allra stjórnmálaflokkanna á Alþingi ásamt hæstv. forseta Alþing-

is flytja um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna. Ég heyrði að hv. þingmaður lagði mikla áherslu á að allar staðreyndir málsins yrðu lagðar á borðið. Allt yrði rannsakað og hann ítrekaði þau sjónarmið sín með því að lýsa yfir að hann og við sem hér erum og allir í þjóðfélaginu ættu rétt á svörum við þeim spurningum sem vaknað hafa. Ég er sammála hv. þingmanni um það. Ég er sammála því að íslenska þjóðin á rétt á svörum við spurningum um hvað leiddi til þess að íslenska fjármálakerfið féll.

Eins og frumvarpið er úr garði gert er nefndinni sem skipuð verður ætlað að svara spurningunum. Það kemur fram í 1. tölulið 1. gr. að henni er ætlað að varpa sem skýrustu ljósi á orsakir og aðdraganda þess að fjármálakerfið féll. Ég tel að með frumvarpinu sé komið til móts við óskir sem uppi eru í þjóðfélaginu um þetta.

Ég leyfi mér að fullyrða að sjaldan eða aldrei hefur verið lögð fram tillaga á Alþingi sem mælir fyrir um jafnvíðtæka rannsókn á þessum málum og hér er gert. Því fagna ég. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Ögmundur Jónasson geri það líka þrátt fyrir að mér hafi nú fundist skorta dálítið á sannfæringu hans í ræðunni sem hann hélt fyrir málinu. En ég hlýt að spyrja hv. þingmann hvort hann sé sömu skoðunar og ég (Forseti hringir.) að með frumvarpinu sé að fullu komið til móts við þær kröfur sem uppi eru í þjóðfélaginu um að fall fjármálakerfisins (Forseti hringir.) verði rannsakað.

[11:44]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get fullvissað hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson um að ekkert skortir á sannfæringu mína um að rannsaka þurfi aðdraganda falls fjármálakerfisins á Íslandi og leiða fram í dagsljósið svör við öllum þeim álitamálum sem uppi eru og þeim mörgu spurningum sem ósvarað er frá því að bankarnir voru gerðir að hlutafélögum og síðan seldir. Þá vöknuðu ýmsar spurningar sem þarf að fá svör við.

Ég var reyndar að skerpa á því í ræðu minni að þættina sem skírskotað er til í greinargerðinni og frumvarpinu þurfi að leiða til lykta. Ég heyri að hv. þm. Sigurður Kári er mér sammála um þetta efni. Þannig að ef þau markmið näst í rannsókninni sem ég tíundaði í ræðu minni áðan og er vísað til í frumvarpinu þá tel ég vegferðina að sjálfsögðu mjög til góðs.

Ég get fullvissað hv. þingmann um það að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt og leggur ríka áherslu á að þessi mál verði skoðuð og rannsökuð ofan í kjölinn. (Gripið fram í.)

[11:45]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson séum loksins sammála hér í þingsalnum um þau frumvörp sem til umræðu eru. Ég get ekki skilið hv. þingmann öðruvísi en svo að með þeim sé verið að koma til móts við þær kröfur og óskir sem uppi hafa verið í þjóðfélaginu um að hrun fjármálakerfisins verði rannsakað að fullu og við höfum svo sem orðið vitni að því í mótmælum víðs vegar um þjóðfélagið, ekki síst fyrir utan Alþingishúsið, að fólk krefst þess að þessi mál séu rannsökuð.

Ég tel að í frumvarpinu sé þessum málum mjög vel fyrirkomið. Það verður skipuð nefnd með valinkunnum mönnum sem getur leitað sér sérfræðilegrar aðstoðar frá innlendum og erlendum aðilum til þess að leggja mat á einstaka þætti rannsóknarinnar. Ég fagna því að þingmenn Vinstri grænna séu samþykkir þeirri leið sem hér er farin og ég get ekki litið öðruvísi á en að yfirlýsingar Ögmundar Jónassonar hér í ræðustól Alþingis styrki þá trú okkar að hér sé komið til móts við þær kröfur sem m.a. hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur sett fram um að þessi mál verði rannsökuð.

Ég fagna því og ég geri ráð fyrir að sá stuðningur sem fram kom í máli hv. þingmanns við þetta mál geri það að verkum að hægt verði að afgreiða það með sem skjótustum hætti héðan frá Alþingi til þess að sú nefnd sem frumvarpið kveður á um geti hafist handa við þá vinnu sem fram undan er því viðfangsefnin eru bæði brýn og gríðarlega víðtæk.

[11:47]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var eitt smáatriði sem ég vildi leggja áherslu á, að þegar litið er til lagasetningar þá horfa menn iðulega til umræðu sem fram fer um frumvörp sem lögskýringargagna. Í ræðu minni áðan lagði ég ákveðinn skilning í þetta frumvarp, ákveðnar áherslur og ég óskaði eftir því að ef menn væru ekki sammála þeim þá kæmu fram eindregin andmæli gegn þeim annars yrði litið svo á að þær stæðu. Þetta þarf nefndin að hafa í huga þegar hún hefst handa.

[11:48]

Útbýting:

Bygging tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar, 182. mál, fsp. SVÓ, þskj. 225.

[11:48]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Það er mikið fagnaðarefni að það frumvarp sem hér er til umræðu skuli vera komið fram á Alþingi. Okkur hefur mörgum verið farið að lengja eftir því en það er gott að sjá að það er svo vel úr garði gert að halda má því fram að biðin hafi verið þess virði.

Það hefur verið eindregin afstaða Samfylkingarinnar frá því að þessi ósköp dundu yfir að rannsókn á tildrögum þessara atburða þyrfti að fara fram og sú rannsókn ætti að vera á höndum Alþingis en ekki á höndum framkvæmdarvaldsins að einu eða neinu leyti. Það væri mjög mikilvægt að kastað væri ljósi á alla þætti þessa máls, jafnt lagalega þætti sem og þá siðferðilegu og framkvæmdaatriði og að horft væri til myndarinnar í heild og að skýrslan sem kæmi fram legði þannig grundvöll að heilbrigðari samfélagi að öllu leyti. Jafnt í stjórnmálalífi, í opinberri stjórnsýslu sem í fjármálalífinu.

Sem þingmaður vil ég þakka forseta Alþingis sérstaklega fyrir góða vinnu í þessu máli og að hann skuli hafa lagt jafnmikla áherslu og hann hefur gert á að þetta mál verði í höndum þingsins og hafa haft forgöngu um málið og að flytja það hér á Alþingi. Það er mjög mikilvægt að Alþingi taki afgerandi forustu í þessu máli og að hvergi leiki vafi á því í samfélaginu að rannsókn fari fram á forsendum Al-

þingis og þeirrar löggjafar sem hér er mörkuð og að hún sé algjörlega óháð framkvæmdarvaldinu.

Sú rannsókn sem stefnt er að með frumvarpinu markar mikil tímamót í íslensku samfélagi. Rannsóknarnefndinni eru látnar í té gríðarlega víðtækar valdheimildir og rannsóknin getur beinst í margar áttir. Það er alveg ljóst að allir efnisþættir verða uppi á borði í rannsókninni og nefndin hefur allar forsendur til að kanna allt það sem hún telur máli skipta. Það er líka ljóst að þarna er komið í fyrsta skipti með skýrum hætti í hliðstæðum rannsóknum á vernd fyrir þá sem vilja koma fram með upplýsingar og ella væru bundnar þagnarskyldu eða gætu átt á hættu aðgerðir yfirmanna eða einhvers konar hefndaraðgerðir í starfi ef þeir láta upplýsingar í té. Það er gríðarlega mikils virði því nú eigum við allt undir því að allir geti talið sér fært að koma fram með allt sem þeir vita í þeirri rannsókn sem hér er efnt til.

Ég vil hins vegar fara nokkrum orðum um það sem ég tel að væri æskilegt að nefndin tæki sérstaklega tillit til í meðferð sinni. Ég tel að þótt vel hafi verið vandað til verka þá sé orðalag kannski ekki klappað í stein og því mikilvægt að nefndin fari vel yfir það í þeirri vinnu sem fram undan er þannig að tryggt sé að þetta mál sé eins vel úr garði gert og mögulegt er af hálfu þingsins.

Það skiptir líka máli að skýrt komi fram í umræðum til hvers vilji þingmanna stendur. Enda eru umræðurnar lögskýringargögn um það hver vilji Alþingis var þegar lögin voru sett og því mjög mikilvægt að bæði komi fram hvað þingmenn vilja sjá að sé rannsakað og ef því er ekki mótmælt í umræðum þá standi það sem skýring á þeim lagatexta sem á endanum mun koma frá Alþingi.

Mér þykir athugunarvert að ákvæði 1. gr. markmiðsgreinarinnar einkennast um of af nokkurri lagahyggju. Ég er ekki sannfærður um að það hafi verið veruleg vanhöld á löggjafarumhverfi sem hafi valdið þeim vanda sem við erum komin í í dag. Ég tel að í mörgum tilvikum sé líka löggjöfin svo óljós að það sem hafi t.d. verið leyft í einum banka hafi verið bannað í öðrum.

Ég tel þess vegna alla ástæðu til að víkka sýnina á málið frá þröngri lagahyggju því ég tel að það sé ekki hægt að gera því skóna að það hafi endilega verið ágallar í löggjöf sem hafi átt þátt í þessu hruni. Ég vek athygli á því að í 3. mgr. 1. gr. er fjallað um að athuga skuli hvort skýringar á falli íslensku bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði á fjármálamarkaði. Nefndinni er ekki ætlað að sinna þessu verkefni í hinni almennu rannsókn heldur er gert ráð fyrir því að sérstök nefnd verði skipuð af hálfu forsætisnefndar Alþingis til að fara með það verkefni.

Ég sé í sjálfu sér ekki rökin fyrir því að skipta viðfangsefni rannsóknarinnar upp með þessum hætti. Ég sé heldur ekki að það sé hægt að líta á þetta mál annars vegar út frá lögfræði og hagfræði og svo hins vegar út frá siðferði og góðum stjórnsýsluháttum. Ég tel að það verði að horfa á málið í heild og það sé ekki þannig að hægt sé að horfa á lagalega þætti og hagfræðilega þætti án nokkurrar tengingar við siðferði eða góða stjórnsýsluhætti. Auðvitað þarf að horfa á heildarmyndina og hún þarf að vera ljós.

Ég sé því engin tormerki á því að fella 3. mgr. einfaldlega inn undir hin tölusettu markmið þannig að þetta sé eitt af markmiðum rannsóknarinnar og jafnframt að greinin verði útvíkkuð á þann hátt að hún taki ekki einungis til þess að rannsakað verði hvort skýringar á falli íslensku bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði á fjármálamarkaði heldur verði hún víkkuð út þannig að hún taki líka til starfshátta og siðferðis í stjórnmálalífi eða í opinberri stjórnsýslu. Þessi efnisþáttur rannsóknarinnar falli þá inn undir hin tölusettu viðmið og sé því hluti af hinni heildstæðu rannsókn. Ég sé engin rök til að setja álitamál sem eru siðferðilegs efnis eða lúta að góðum stjórnsýsluháttum eða starfsháttum á fjármálamarkaði skör lægra en önnur viðfangsefni. Ég tel ekki heldur rétt að taka bara fyrir starfshætti og siðferði á fjármálamarkaði en ekki í stjórnmálalífi eða í opinberri stjórnsýslu. Ég tel einfaldlega að þarna þurfi allt að vera undir.

Sem dæmi um atriði sem þetta skiptir máli þá eru fjölmargir þættir í starfsháttum og starfsumgjörð í opinberri stjórnsýslu sem kunna að hafa haft áhrif. Því hefur t.d. verið haldið fram af mörgum sérfræðingum að sú ákvörðun, árið 2002, að leggja Þjóðhagsstofnun niður hafi haft mikil áhrif til hins verra. Eftir að hún var lögð niður var engin sjálfstæð opinber stofnun sem sinnti hagrannsóknum heldur voru rannsóknir í efnahagslífi settar undir aðila sem líka höfðu ákveðin verkefni í stjórnkerfinu og þar af leiðandi óbeinna hagsmuna að gæta, þ.e. felld til Seðlabanka, felld til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis eða felld til greiningardeilda bankanna. Allt eru þetta aðilar sem eru virkir þátttakendur í atburðarásinni. Þannig að sú stofnun sem átti að veita ráð einungis ráðgjafarinnar vegna var tekin burt úr heildarmyndinni.

Með þessu er ég ekki að kasta rýrð á það góða fólk sem starfar hjá umræddum stofnunum en eftir þessar breytingar varð þetta einfaldlega ekki þannig að einhver stofnun hafi haft ráðgjöf á sinni könnu, algjörlega hlutlaus stofnun og hafin yfir vafa um að tengjast með nokkrum hætti verksviði viðkomandi stofnunar að öðru leyti. Ég held að þessi ákvörðun ríkisstjórnarmeirihlutans árið 2002 hafi verið afar misráðin og hafi grafið undan upplýstri umræðu um efnahagsmál í landinu á árunum á eftir.

Ég tel einnig, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á áðan, að nauðsynlegt sé að rannsaka þetta mál líka aftur í tímann. Það verður að horfa til allra þátta og það verður að horfa allt aftur til einkavæðingar bankanna. Það á allt að vera undir á þessu sviði, þ.e. hvernig atburðarásin hefur þróast, alveg frá þeim tíma þegar bankarnir eru ríkisbankar og lúta tiltekinni umgjörð í því ljósi og þangað til að við endum í þeirri stöðu sem nú er. Þar verður allt að vera undir og athugunin verður að beinast að öllum þessum þáttum.

Í framhaldi af þessu tel ég síðan eðlilegt að ákvæði 13. gr. frumvarpsins verði endurskoðuð, þar sem vikið er að því hvernig nefndin muni gera grein fyrir niðurstöðum. Hér er gert ráð fyrir að hún muni gera þeim viðvart sem orðið hafa á mistök eða orðið uppvísir að vanrækslu í starfi, gera þeim skriflega grein fyrir afstöðu sinni og eftir atvikum lagatúlkun og þegar komið er að niðurstöðu og gefa þá viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflegar athugasemdir. Þarna þarf að koma inn líka vísan til almennra ábendinga um það sem betur megi fara í framgöngu í opinberri stjórn-

sýslu og aðra þætti sem nefndin telur ástæðu til að gera tillögu um.

Ef allsherjarnefnd telur í meðferð sinni að ekki sé hægt að breyta með þessum hætti markmiðslýsingunni vegna samsetningar nefndarinnar þá held ég að æskilegra sé að stækka nefndina og setja þar inn fleiri sérfræðinga frekar en að skipta rannsókninni upp með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ég tel einfaldlega að það séu meiri hagsmunir af því að heildarmyndin sé undir í einni skýrslu í höndum þessarar yfirnefndar heldur en geta falist í því að brjóta rannsóknina upp með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 3. mgr. 1. gr. og svo aftur í 3. mgr. 2. gr.

Ég bendi líka á að samkvæmt 2. mgr. 2. gr. hefur yfirnefndin víðtækar heimildir til að skipa sérstaka vinnuhópa sem síðan er ætlað að aðstoða eða sinna ákveðnu rannsóknarverkefni og hún gæti þá þess vegna sett sérstakan hóp sem horfi á siðferðilega þætti eða starfsháttaþætti, jafnt í stjórnmálalífi sem í fjármálalífi undir sinni yfirstjórn. Ég tel því öll rök mæla með því að rannsóknin verði gerð heildstæðari að þessu leyti og að rannsóknin á siðferðilegum þáttum og alls staðar á fjármálamarkaði, í stjórnmálalífi og í opinberri stjórnsýslu verði beinn hluti af stóru rannsókninni en ekki gerð að einhverri hliðarrannsókn sem hefur minna vægi.

Að síðustu, virðulegi forseti, vil ég ítreka þakkir fyrir vinnslu þessa máls. Þetta eru mikil tímamót. Það hefur ekki áður gerst að stofnað sé til rannsóknar sem á að leiða sannleikann í ljós með jafnvönduðum hætti og hér er gert. Eins og hv. 1. flutningsmaður, forseti Alþingis, nefndi í framsöguræðu sinni þá eigum við mikið undir því að það takist að endurheimta traust á efnahagslífið. Til þess þarf að byggja upp traust á stofnunum samfélagsins og þeirri grunngerð sem efnahagslífið hvílir á. Þetta er mjög gott fyrsta skref í þeirri vegferð.

[12:02]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var eins og hv. þingmaður læsi hugsanir mínar því að í lok ræðu sinnar fór hann nánar í þau atriði sem ég vildi að hann skýrði betur, en ég vildi aðeins biðja hv. þingmann að hnykkja frekar á því hvernig hann sér hlutina ganga fyrir sig. Mér skilst á honum að hann sé að boða breytingar í allsherjarnefnd, hann nefndi 13. gr. og hann nefndi fyrirkomulag stóru nefndarinnar, þ.e. rannsóknarnefndarinnar sjálfrar. Hann talar annars vegar um heildstæða rannsókn og hins vegar um hliðarrannsóknir og hann talaði fyrir því að hliðarrannsóknirnar færu undir heildarrannsóknina.

Mig langar að heyra bara á einfaldan hátt, hæstv. forseti, frá hv. þingmanni hvort hann er að mæla fyrir því að rannsóknarnefndin sjálf, sem mælt er fyrir um í 1. gr., verði stækkuð og hvort hann er að mælast til þess að þeir háskólamenntuðu einstaklingar, sem samkvæmt 2. gr. er gert ráð fyrir að skipi sjálfstæðan vinnuhóp um hinn siðferðilega þátt, eigi þá sæti í nefndinni sem mælt er fyrir um í 1. gr.

[12:03]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé fyrir mér og vildi gjarnan að 3. mgr. 1. gr. fari undir hin tölusettu verkefni stóru nefndarinnar, það er alveg ljóst. Hvort breyta þarf samsetningu stóru nefndarinnar að þessu leyti þá er ég ekki alveg sannfærður um það. Ég er náttúrlega ekki að boða hér neinar breytingar enda sit ég ekki í allsherjarnefnd, ég er einfaldlega að benda á hvað mér þætti æskilegt að nefndin liti til. Kannski þarf ekki að breyta samsetningu stóru nefndarinnar, kannski er óæskilegt að hún sé of stór og kannski er eðlilegt að hún sé þriggja manna og kannski má hún vera fimm manna, ég hef enga sérstaka skoðun á því. Það er kannski allt í lagi að hún sé þriggja manna, hún hefur hvort sem er samkvæmt 2. mgr. 2. gr. möguleika til að skipa sér starfshópa og hún getur þá alveg sett þetta verkefni í tiltekinn starfshóp. Mér finnst bara skipta miklu máli að þetta sé undir henni. Þarna eru menn í meiri hluta sem fullnægja dómaraskilyrðum við Hæstarétt Íslands. Þeir eru þjálfaðir í því að taka afstöðu til álitaefna um alls konar hluti, allra handa hluti, þannig að ég vantreysti þeim ekki til að ganga frá þessu máli í farveg þó svo að þeir séu ekki sérmenntaðir í stjórnmálafræði, félagsfræði, sagnfræði eða siðfræði. Ef þeir hafa vinnuhópa undir sinni yfirstjórn sem hafa fagþekkinguna á sínu færi teldi ég að þetta væri æskilegasta leiðin. Eins og ég sagði, kannski er eðlilegast að stóra nefndin verði áfram þriggja manna og það verði frekar starfshópur undir henni en sjálfstæð nefnd sem forsætisnefnd skipi.

[12:05]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sem þingmaðurinn átti við sé alveg skýrt núna. Í sjálfu sér þykir mér mikilvægt að fá þá yfirlýsingu frá hv. þingmanni, talsmanni Samfylkingarinnar í umræðunni, að það skipti verulegu máli að hinn siðferðilegi þáttur sé rannsakaður jafnhliða öðrum þáttum málsins og að sú hlið málanna geti þá verið einn af tölusettu liðunum undir þriggja manna nefndinni, en jafnframt líti hann svo á að skipa megi sjálfstæðan vinnuhóp varðandi þá þætti og þá sé það kannski ekki alfa og omega hvort sá vinnuhópur sem mundi vera skipaður fræðimönnum á hugvísindasviði verði skipaður af forsætisnefnd eða af þriggja manna nefndinni sjálfri. En það er búið að varpa ljósi á þau álitamál sem ég taldi vera eftir ræðu þingmannsins.

[12:06]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við séum í sjálfu sér búin að greiða úr þessari flækju en ég ítreka að ég held að það skipti máli hvort það er forsætisnefnd sem skipar þennan hóp eða hvort hann er vinnuhópur á forræði yfirnefndarinnar. Ég tel að það sé mikilvægt að hann sé vinnuhópur á forræði yfirnefndarinnar því að ég held að yfirnefndin eigi að hafa alla þræði málsins í hendi sér. Hún mun setja fram heildstæða skýrslu og mér finnst ekki rétt að einhverjir aðrir beri ábyrgð á einhverjum hluta myndarinnar þar. Yfirnefndin á að bera ábyrgð á heildarmyndinni, mér finnst það skipta miklu máli.

Ég ítreka aftur að þarna eru fjölmörg álitamál sem eru ekki endilega lagalegs eðlis og það er svo margt í uppbyggingunni á markaðnum og í siðferðilegum álitaefnum — og

nú ítreka ég aftur að mér finnst líka frumvarpstextinn of þröngur hvað það varðar að horfa bara til siðferðilegra álitaefna í fjármálalífi, það á líka að horfa til opinberrar stjórnsýslu og stjórnmálalífsins. Það er ekki bara í fjármálalífinu sem eitthvað kann að hafa verið ámælisvert í starfsháttum eða siðferðilegri framgöngu. Þess vegna teldi ég mikilvægt að þétta umgjörðina með þessum hætti, það mundi verða til að styrkja málið og tryggja enn frekar að þegar skýrslan kemur sé hún heildstæð og eðlilegt vægi sé milli ólíkra þátta, að vægi lagaþáttarins verði kannski ekki of ríkt og of lítið horft til siðferðilega þáttarins eða öfugt.

[12:07]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil segja nokkur orð um þetta þingmál og þakka frummælanda fyrir góða framsögu í málinu. Það er ánægjulegt að náðst skuli hafa samstaða allra flokka um að flytja þetta mál. Vissulega hefur tekið nokkurn tíma að ná saman texta og taka tillit til allra sjónarmiða en nú liggur málið fyrir og ég lýsi stuðningi okkar framsóknarmanna við það. Við teljum mikilvægt eins og aðrir að þessi vinna fari fram og að hún geti farið nokkuð fljótt af stað og þess vegna vona ég að málið fái skjóta afgreiðslu í þinginu en að sjálfsögðu þarf að skoða það í nefnd.

Rannsóknarnefndin hefur verið til umfjöllunar nú þegar og var rætt um hvort hún eigi að vera þriggja manna eða kannski fjölmennari. Við lögðum áherslu á að þetta yrði fámenn nefnd þannig að hún gæti starfað á skilvirkan hátt. Niðurstaðan varð þriggja manna hefnd og þar skyldu eiga sæti, eins og kannski hefur þegar komið fram, í fyrsta lagi einn dómari Hæstaréttar, í öðru lagi umboðsmaður Alþingis og í þriðja lagi hagfræðingur, löggiltur endurskoðandi eða háskólamenntaður sérfræðingur. Þessir aðilar skipa sjálfa rannsóknarnefndina. Síðan hefur hún umboð til að skipa starfshópa og í þeim starfshópum reiknum við með að verði m.a. erlendir sérfræðingar og við teljum í raun mikilvægt að þannig sé þetta unnið.

Ég heyri að það vekur athygli að gert er ráð fyrir að forsætisnefnd skipi aðra þriggja manna nefnd sem á að fjalla um huglægari þætti málsins. Þetta er niðurstaða sem birtist í frumvarpinu eftir nokkra umræðu og ég tel ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af þeim þætti. Það verða að sjálfsögðu tengsl á milli þessarar nefndar og aðalnefndarinnar, þriggja manna rannsóknarnefndarinnar, og það tel ég mikilvægt.

Það er eðlilegt að spurt sé hvernig þau ósköp gátu gerst sem við stöndum frammi fyrir að áttu sér stað á Íslandi á síðustu vikum. Eitt getum við verið alveg sammála um að ef við værum ekki aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði hefði þetta ekki gerst. Ég held að það sé er algjörlega augljóst. Það er þetta frjálsa flæði fjármagns sem (Gripið fram í.) gerir bönkunum mögulegt að stækka með þeim hætti sem raun ber vitni og eins og þetta er samkvæmt lögum og samkvæmt EES-samningi eru útibú í Reykjavík og útibú í London í raun jafnsett. Það er í og með það sem hefur gert það að verkum að við stöndum frammi fyrir hinu svokallaða Icesave-máli, sem er mál út af fyrir sig og ég ætla ekki að fara út í efnisatriði frekar hvað það varðar.

Við reiknum með því að einhvers staðar hafi orðið mistök, annaðhvort í stjórnsýslunni eða í bankakerfinu á fjármálamarkaði og það muni liggja fyrir hver þau eru þegar þessi vinna hefur farið fram og það er krafa fólksins í landinu að fá upplýsingar um það. Ég hef heyrt sérfræðinga og prófessora tala um að lagaumhverfið hér á landi sé alveg í samræmi við það sem er í öðrum Evrópulöndum, þ.e. á Evrópska efnahagssvæðinu, en svo er spurningin hvers vegna í ósköpunum lagaramminn, lögin og reglurnar eru þannig að svona hlutir geti gerst. Það er umfjöllunarefni sem við eigum örugglega eftir að taka á eitthvað áfram.

Ég tel að málið sem hér er til umfjöllunar harmóneri ágætlega við það mál sem nú þegar er komið til allsherjarnefndar, þ.e. um embætti sérstaks saksóknara, og að því leyti til er jákvætt að allsherjarnefnd fjalli um þessi tvö mál á sama tíma og vonandi getur hv. Alþingi afgreitt bæði málin fyrir jól.

Eitt af því sem komið hefur fram í umræðu og verður e.t.v. skoðað af nefndinni er að það hafi verið mistök að bankaeftirlitið svokallaða eða það sem nú heitir Fjármálaeftirlitið hafi farið út úr Seðlabankanum og verið stofnað sérstakt fjármálaeftirlit. Þetta gerðist reyndar fyrir mína tíð í ríkisstjórn en ástæðan er sögð sú að aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við gerðu þetta og það að hafa sérstakt fjármálaeftirlit sé í rauninni alveg í samræmi við fyrirkomulag í öðrum löndum. Mér finnst forvitnilegt að vita hvað svona rannsókn segir um þá breytingu. Ég get ekki ímyndað mér að það sé eitthvað sem breytir öllu en við skulum láta skoða það líka.

Vegna orða sem voru látin falla áðan hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að stjórnvöld hafi staðið vaktina fyrir viðskiptalífið og á kostnað almennings þá finnst mér dálítið djarft að segja það. Ég held að erfitt sé að rökstyðja að svo hafi og það hafi verið ástæða og skýring fallsins mikla. Eins og ég kom inn á áðan erum við á þessum frjálsa markaði og hann býður upp á ótrúlega hluti og ég trúi ekki að það sé vilji þingsins að stíga það skref til baka og aftur til þess fyrirkomulags sem ríkti hér fyrir EES-samninginn, þó að ég hafi nefnt hann sérstaklega áðan.

Hæstv. forseti. Við munum fá þetta mál til umfjöllunar aftur eftir að það hefur verið til umfjöllunar í nefnd og þá mun ég hugsanlega ræða það frekar en ég lýsi sérstakri ánægju með að þetta mál skuli vera komið til umfjöllunar Alþingis.

[12:16]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta Alþingis og formönnum stjórnarflokkanna fyrir það vandaða mál sem hér hefur litið dagsins ljós, að ég vil leyfa mér að segja á býsna skömmum tíma frá því að þessir atburðir urðu — þegar haft er í huga hversu mikilvægt er að vanda til verks í því að skrifa málið því að það sem rannsakað verður er náttúrlega það sem sagt verður fyrir um í þessum texta og mikilvægt að allsherjarnefnd fari vel yfir þann texta á milli umræðna. Ég óska þeim góðs gengis við þá yfirferð. Ég held að engum blandist hugur um að beðið er eftir því að þessi rannsókn hefjist. Það er beðið eftir því úti í samfélaginu og það fór ekki fram hjá neinum á borgarafundinum, sem meiri hluti þingheims sótti á mánudagskvöldið var, að mikil óþreyja er og tortryggni og efasemdir vegna þess

dráttar sem fólki þykir hafa orðið á málinu. Því er brýnt að afgreiðslu þess verði heldur flýtt í gegnum þingið en um leið er mikilvægt að það verði ekki á kostnað vandaðrar málsmeðferðar.

Vegna ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur vildi ég byrja á að taka undir með hv þingmanni: Höfuðorsök alls þess sem hér er um fjallað er aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Þegar rannsóknin sem við hér fjöllum um hefur farið fram, og aðrar rannsóknir, saksóknir, fjölmiðlaumfjöllun og þjóðfélagsumræða í ár og áratugi, mun trúlega að endingu standa í sögubókunum eitthvað á þá leið — þegar persónurnar eru fallnar í skuggann og ávirðingarnar á einstaklinga o.s.frv. — að árið 1994 hafi Ísland, 300 þúsund manna land, gert tilraun til að verða hluti af og eiga viðskipti á 500 milljóna manna markaði án þess að eiga aðild að þeim félagslegu stofnunum sem skipulagðar hafa verið yfir þeim markaði, þ.e. Evrópuþinginu, ráðherranefndinni, Evrópska seðlabankanum, myntsamfélaginu o.s.frv. Það hafi gengið ágætlega í 14 ár en þegar markaðsbrestur hafi orðið, bæði á Evrópska efnahagssvæðinu og í heiminum öllum, hafi þessi litla þjóð reynst vanbúin að glíma við afleiðingar þess. Út af fyrir sig getum við sagt okkur það sjálf að það hafi kannski verið óhófleg íslensk bjartsýni að 300 þúsund manna þjóð gæti með fullnægjandi hætti haldið uppi eftirliti, aðhaldi og ekki síst bakstuðningi fyrir risavaxin alþjóðafyrirtæki sem starfa á 500 milljóna manna markaði, en það er hluti af annarri umræðu.

Það sem við ræðum hér er rannsóknin á hruninu og það er í sjálfu sér ekki í fyrsta sinn sem við rannsökum þá sögu í þinginu. Ég tel mikilvægt að halda því til haga í umræðunni að þættir af þessari sögu hafa áður verið rannsakaðir á vegum Alþingis og á Alþingi. Ég vísa í því efni til úttektar Ríkisendurskoðunar á einkavæðingu bankanna á sínum tíma en aðferðafræðin sem beitt var við einkavæðinguna var sem kunnugt er ákaflega umdeild og ýmsir urðu til að halda því fram að þar megi finna eina af rótum þess vanda sem við stöndum frammi fyrir í dag. Eftir að þær úttektir höfðu verið unnar af hálfu Ríkisendurskoðunar efndi fjárlaganefnd Alþingis á liðnu kjörtímabili, 2003–2007, til rannsóknar, aðallega á einkavæðingu Búnaðarbankans, og leitaði eftir upplýsingum um fjöldamargt sem það snerti. Er óhætt að segja að ýmislegt þar þótti bæði óljóst og annað orkaði tvímælis og er gott að nú sé sett af stað rannsókn sem fari betur og gleggra yfir þetta en fjárlaganefnd var á sínum tíma í stakk búin til að gera.

Ég hef í umræðum í þinginu síðustu daga fjallað nokkuð um það hvaða gögn verði undir í rannsóknum, bæði þeirrar rannsóknarnefndar sem við erum að fjalla um og eins að hvaða gögnum hinn sérstaki saksóknari, sem skipaður verður, muni hafa aðgang. Það geri ég vegna þess að nú berast okkur fréttir af því að eitt af útibúum íslensku viðskiptabankanna erlendis hefur verið selt og unnið er að sölu annarra. Þá er mikilvægt að við tryggjum það áður en við látum þessi útibú af hendi, — sem hefur komið í ljós að voru rekin á ábyrgð íslenskra skattgreiðenda — undan íslenskum yfirráðum og til erlendra eigenda, hafi tryggilega verið tekin afrit af viðskiptasögu og gögnum þar. Ef rannsóknarhagsmunir þeirrar nefndar sem við nú fjöllum um, eða hins sérstaka saksóknara — eða af einhverjum öðrum ástæðum eftir 10 ár, 15 ár eða 20 ár — kalla á það að kanna hvaða aðgerðir hafi verið gerðar í gegnum eitthvert tiltekið bankaútibú í Lúxemborg eða Guernsey, eða hvað þær nú heita þessar eyjar og þessir staðir, eiga þau gögn að vera tiltæk íslenskum yfirvöldum. Við eigum ekki að þurfa að sækja þau til yfirvalda annarra ríkja og eiga undir þeim hvort við fáum aðgang að þeim gögnum og þessari sögu sem hefur varðað okkur og samfélag okkar svona miklu. Ég er ekki að tala um að bankaleynd sé aflétt eða annað þess háttar, einfaldlega að gögnin séu tiltæk þannig að ef á þarf að halda séum við ekki búin að selja útibúin frá okkur með gögnunum og sögunni sem getur skipt okkur miklu máli.

Um leið og við hljótum að fagna því að skipuð sé rannsóknarnefnd og lagt í það að fara í þessa vinnu — ég treysti því að verulegt fjármagn verði lagt í það — er ljóst að rannsókn af þessu tagi getur orðið gríðarlega kostnaðarsöm og full ástæða til að orðum okkar sé fylgt eftir með fjármunum og fjárveitingum til að tryggja að sem best verði unnið að málinu. Ég held hins vegar að við þurfum að varast þá hugsun að þar með sé málið leyst, að út úr þessu munum við fá sannleika eða réttlæti. Þannig verður það ekki. Við fáum álit á því sem gerst hefur, álit að bestu manna yfirsýn og er óskandi að sem víðtækust sátt verði um niðurstöður rannsóknarinnar þegar hún kemur fram. Þau mál sem við fjöllum hér um eru hins vegar allt of umfangsmikil og á þeim eru allt of margar hliðar til að nokkrar líkur séu á því að um þau sé einhver einn sannleikur á endanum. Um leið og það er mikilvægt að ríkið hafi forgöngu um eina yfirgripsmikla og ítarlega rannsókn þurfum við í kjölfar þess að huga að því hvernig tryggja megi ræðumönnum, rannsakendum, rannsóknarblaðamönnum, en aðallega fræðimönnum úr öllum geirum, aðgang að sem mestu af þeim gögnum sem varða þessa miklu sögu. Það mál sem hér er undir er hið stóra mál okkar kynslóðar. Skjölin í bönkunum og í stjórnkerfinu víðs vegar eru leyndarskjölin okkar. Það er alþekkt, bæði hjá okkur á Íslandi og eins víða um heim, að þegar þjóðir gera upp og vinna úr stórum umdeildum málum beita menn þeirri aðgerð að veita aðgang að þeim gögnum sem málið varða, auðvitað takmarkaðan aðgang, hugsanlega ópersónugreinanlegan aðgang, aðgang sem tryggir að sá þáttur bankaleyndarinnar sem varðar friðhelgi einkalífs sé tryggilega virtur. Sá aðgangur á ekki að verða til að auka á slúður eða óstaðfestan söguburð í samfélaginu en engu að síður gefa þeim fjölmörgu fræðimönnum sem í samfélaginu starfa tækifæri til að rannsaka með ýmsum hætti og á ólíkum forsendum það sem gerst hefur og miðla niðurstöðum af rannsóknum sínum til okkar svo að við fáum margar hliðar á því sem gerst hefur, ólík sjónarhorn, og til að við getum í frjálsri samkeppni hugmynda vegið og metið þær niðurstöður og notað í því starfi sem fram undan er, að byggja hið nýja Ísland — í því að betrumbæta samfélag okkar, gera breytingar í stjórnkerfinu, á skipulagi markaðarins, siðferði okkar eða hvað það nú er.

Slíkur aðgangur er forsenda þess að við getum leitast við að tæma umræðuna um þetta mál. Ekki verður fram hjá því horft að ríkisvaldið er aðili málsins og að sú rannsókn sem við beitum okkur fyrir á okkar vegum verður aldrei fyllilega hafin yfir efasemdir. Sem betur fer verða aðrar skoðanir og önnur sjónarmið og það er mikilvægt að þeir

sem önnur sjónarmið hafa uppi um þetta, þeir sem efasemdir hafa um þær niðurstöður sem ríkið kemst að á sínum vegum, hafi aðgang að þeim upplýsingum sem til staðar eru þannig að þeir geti með sjálfstæðum hætti kannað og rannsakað þau mál sem hér eru. Upplýsingar, virðulegi forseti, eru vald og það er mikilvægt að við dreifum valdi með því að veita sem flestum aðgang að upplýsingunum, auðvitað innan skynsamlegra marka þannig að við tryggjum friðhelgi einkalífsins. En ég held að best væri — fyrir utan hinn sérstaka saksóknara og fyrir utan þessa rannsóknarnefnd, sem auðvitað mun leiða langmest í ljós, því að hún mun hafa aðstöðuna og mannaflann til þess — að opna líka fyrir aðgang fræðimanna að gögnum málsins til að rannsaka það sem gerst hefur. Við þurfum enn að bæta það ferli sem við höfum nú sett af stað í því að reyna að skapa sátt um og læra af því sem gerst hefur.

[12:29]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég skildi hv. þm. Helga Hjörvar á þann veg að við stæðum ekki frammi fyrir þessum vanda hefðum við verið aðilar í ESB og reyndar hefur Samfylkingin fleygt því fram að lausnin á vandanum sé aðild að ESB þannig að það er sama á hvorn endann er litið þar. Ég lít svo á að þetta gefi mér tilefni til að álykta sem svo að það verði hluti af þeirri rannsókn sem hér er mælt fyrir um að skoðað verði hvort slíkar staðhæfingar eigi rétt á sér. Ég spyr hv. þingmann hvort hann sé sammála mér um það að rannsóknin taki til þess hvort ESB hefði komið í veg fyrir vandann og jafnvel leyst hann fyrst hann kom upp — að leysa hann með því að ganga í Evrópusambandið strax.

Það er einu sinni svo að Samfylkingin hefur nefnt þetta sem töfralausn, bæði evru og ESB, án þess að rökstyðja það. Við höfum lögtekið 2/3 af löggjöf Evrópusambandsins, m.a. með eftirlitsstofnanir, þannig að þetta kallar á betri skýringar. Sú staðreynd liggur líka fyrir, hv. þingmaður, og ég vona að ég fari rétt með nöfn landa, að Ungverjaland er aðili að ESB, hefur ekki fengið að taka upp evru en er í vandamálum. Sama gildir um Lettland eða Litháen. Það gerðist líka í aðdraganda kreppunnar úti að stærstu ríki ESB komu saman til að reyna að leysa efnahagsvandann og fóru heim hvert í sínu lagi og fóru að leysa hann heima hjá sér. Ekki hjálpaði það þeim. Af hverju eru erfiðleikar þar ef ríkin í ESB eru hvert í sínu lagi að leysa vandamálin? Þetta kallar á rökstuðning, hv. þingmaður. Einberar staðhæfingar að þessu leyti duga ekki almenningi þessa lands.

[12:31]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Þessi þáttur ræðu minnar var nú fyrst og fremst viðbrögð við ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur en ég get skýrt hann nánar fyrir þingmanninum.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að aðild að Evrópusambandinu sé eina lausnin á lífsgátunni. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að annaðhvort sé Ísland eyja og standi utan hins 500 milljóna manna markaðar og flytji þá einfaldlega vörur sínar inn á aðra markaði eftir tollasamþykktum þeirra o.s.frv. eða að landið sé fullgildur aðili að þessum stóra markaði, að þeirri mynt sem þjónar þar, eigi bakstuðning evrópska seðlabankans og taki þátt í öllu leiðinlega skrifræðinu í Brussel. Ég er þeirrar skoðunar vegna þess að ég er félagshyggjumaður og ég veit að með reglubundnum hætti bresta markaðir. Og vegna þess að markaðir bresta hafa menn komið á fót félagslegum stofnunum til þess að hafa félagslegan styrk hver af öðrum til þess að geta veitt hver öðrum lið þegar á reynir.

Ég held að það sýni sig svo ekki verður um villst að það sem okkur skorti þegar markaðurinn brast var allur sá bakstuðningur að stórri mynt, að evrópskum seðlabanka, að skrifræðinu í Brussel o.s.frv. Þess vegna er lausnin á þessu ekki ein frekar en annað. En ég held að það sé ekki til farsældar fallið að spila á 500 milljóna markaði en vera ekki hluti af hinu félagslega kerfi sem byggt hefur verið ofan á hann til þess að verja fólk og samfélög þeirra fyrir áföllum af þessu tagi.

[12:33]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef ekki enn fundið rökin fyrir því hvernig evran og Evrópusambandið hefðu komið í veg fyrir kreppuna eða hvernig hún leysir þann bráðavanda sem við stöndum frammi fyrir. Við höfum innleitt hið svokallaða fjórfrelsi sem er kjarnaatriðið í ESB-reglum, grunnatriði, og það hefur ekki reynst okkur vel. Við höfum innleitt eftirlitsreglurnar og þær hafa ekki reynst okkur vel. (**Gripið fram í:** Og eftirlitið.) — Og eftirlitið. Við erum í verstri stöðu allra Evrópuþjóðanna og það er fyrir annað en ESB-reglur og fjárfrelsi. (Gripið fram í.)

Hv. þingmaður talaði líka um félagslegar lausnir. Hér á þingi höfum við innleitt slíkar reglur í nokkuð stórum stíl. Ég vil skoða heiminn út frá víðari sjóndeildarhring en eingöngu því sem umhverfis er Evrópusambandið. Það er skoðun mín. Það er niðurstaða mín, að skoða málið fram og til baka en ekki kalla stöðugt: ESB, ESB, eins og gerst hefur á síðustu vikum, sem var óábyrgt, í stað þess að taka á málinu og vinna gegn þeim bráðavanda sem við stöndum frammi fyrir. Það var ástæða þess að ég stóð hér upp. En enn eru kölluð fram þessi óábyrgu orð, evra og Evrópusambandið, og enn vantar rökstuðning fyrir því hverju slíkt hefði breytt.

[12:35]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það verð ég þó að segja að sá sem ekki hefur áttað sig á því að gjaldeyriskreppan sem varð í landinu vó þungt í því hversu mikið áfallið varð, sá sem ekki hefur áttað sig á því hve veikur, vanmáttugur og stundum viðvaningslegur Seðlabankinn var, okkar litli seðlabanki í okkar litla landi, í því að reyna að veita hinum stóru og alþjóðlegu fyrirtækjum þann bakstuðning sem þau þurftu — ég hélt að það hefði ekki farið fram hjá neinum.

Ég hélt að það hefði ekki farið fram hjá neinum að það sem hér skorti var lausafé, ekki krónur því að þær prentum við sjálf, heldur mynt sem hægt var að nota. Þess vegna hefði það auðvitað verið algjört grundvallaratriði við að minnka áhrifin af þessu mikla áfalli ef við hefðum notað hér mynt sem hefði verið hægt að nota í þessari stöðu í viðskiptum við aðrar þjóðir og það á einnig við í dag. Það hefur verið okkar helsta vandamál í viðbrögðunum við þessum

bráðavanda. Það er ástæða til þess að hafa áhyggjur af því að á næstu vikum þegar við förum að fleyta krónunni okkar aftur komi sú vöntun enn og aftur í ljós.

Um fjármálakreppur er einfalt að segja að það er auðvitað allur munur að hafa risastóran og mjög öflugan seðlabanka sem bakhjarl viðskiptabankanna í sínu landi en að eiga þann litla seðlabanka sem við áttum sem ekki hafði neina gjaldeyrisvarasjóði í hlutfalli við stærð fjármálakerfisins sem hér var.

Það er það sem ég meina með þeim félagslegu „strúktúrum“ sem eru á evrópska markaðnum og við eigum að eiga aðild að. (Forseti hringir.)

[12:38]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða og ég segi nú bara: Loksins, loksins.

Þegar áfallið dundi yfir í byrjun október sagði ég að nú væri mikilvægt að allir legðust á árarnar og reru í gegnum brimskaflinn og frestuðu rannsókn og öðru slíku þar til við værum komin í gegn. Við settum lög til að bjarga heimilunum með greiðslukerfi bankanna, við settum lög til að bjarga innstæðum og þar með heimilunum og það tókst. Við björguðum ekki bönkunum, þeir fóru á hausinn og það er alrangt að við höfum staðið hér til að bjarga bönkunum, þeir fóru á hausinn og hluthafarnir töpuðu öllu sínu. Nú tel ég að við séum komin í gegnum brimskaflinn og hef reyndar talið í tvær til þrjár vikur að þetta frumvarp mætti koma fram. Það er loksins komið fram og nú ætlum við að fara að skoða hvað gerðist.

Í fyrsta lagi varðandi vinnslu á þessu frumvarpi, það kom til tals að keyra það í gegnum Alþingi í dag af því að það liggur á. Þá komu önnur sjónarmið, þau að þá geti það ekki unnist í nefnd, þá komi ekki gestir að því o.s.frv. þannig að það sjónarmið varð ofan á að fresta gildistöku laganna um einhverja daga, kannski í nærri viku til að aðrir geti komið að því og komið með hugmyndir inn í þetta mál. Ég met það meira en að fá það strax í gegn þó að hraðinn sé líka mjög mikilvægur vegna þess að gögnin eru hugsanlega að eyðast.

Þetta voru mjög örlagaríkir atburðir sem gerðust og þeir stafa af því — ég fer betur í það á eftir — að það var óstöðugt ástand, það voru innri veikleikar í kerfinu og bankarnir voru orðnir allt of stórir. Af þessu þurfum við að læra. Við þurfum að læra af þessu og rannsaka hvað fór úrskeiðis, hvað olli þessu, hvað gerðist. Þetta eru mistök í lagasetningu og Alþingi verður að horfa í eigin barm. Þetta eru mistök í regluverki, reglugerðum, þetta eru mistök í framkvæmd og þetta eru mistök í eftirliti. Sumt af þessu er af erlendum uppruna, annað er innlent og sumt af þessu er hreinlega regluverk Evrópusambandsins sem hefur komið í ljós að er meingallað, frú forseti. (Gripið fram í.) Við höfðum ekki frjálst flæði fjármagns áður. (Gripið fram í.) Nei, nei, þess vegna þurftum við ekki að borga neina Icesave-reikninga á þeim tíma. (Gripið fram í.) Frú forseti. Ég ætla að halda ræðu en ekki standa í samtali.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég bið þingmenn að gefa hv. ræðumanni hljóð.)

Það sem við ætlum að gera er að rannsaka þessi mistök í lagasetningu, framkvæmd og regluverki en við ætlum líka að kanna lögbrot sem hugsanlega hafa átt sér stað og ýmislegt sem hefur greinilega gerst í þessu. Því verður vísað til sérstaks saksóknara samkvæmt frumvarpi á þskj. 156, máli 141, sem er núna til skoðunar í allsherjarnefnd. Vonandi verður það líka afgreitt sem allra fyrst.

Ég er mjög ánægður með það hvernig niðurstaðan varð með skipun þessarar nefndar. Það hefði ekki verið góður bragur á því ef framkvæmdarvaldið hefði farið að rannsaka sjálft sig, heldur ekki ef löggjafarvaldið hefði farið að rannsaka sjálft sig því að sumt af þessu er mistök löggjafarvaldsins. Mér finnst þessi skipan eiginlega sú albesta sem var til í stöðunni.

Varðandi rannsóknina hefur sú hugmynd komið fram utan úr bæ, og ég vil koma henni á framfæri, að rannsóknin verði boðin út í þeim skilningi að færustu prófessorum í heimi verði boðið að rannsaka, t.d. í Harvard eða Princeton. Þeim verði boðið að rannsaka þetta á eigin kostnað, þeir fjármagni þá rannsóknina en í staðinn fái þeir gögnin og geti lært heilmikið af þessu mikla falli á Íslandi því að ég hygg að vandamál heimsins kristallist að einhverju leyti í vandamálunum hér á landi. Við urðum fyrir áfallinu sem allir hinir geta lent í líka þannig að það er mjög lærdómsríkt fyrir allan heiminn að læra af því sem gerðist hérna, sérstaklega þeim atriðum sem ég fer í á eftir sem eru alþjóðleg. Þau eru ekki íslensk. Þarna gætum við hugsanlega fengið upp í gífurlegan kostnað af rannsókninni. Ég vil taka fram að það er ekki kostnaðarmat á þessu, enda sennilega ekki hægt. Þeir eru ekki ódýrir, þeir sérfræðingar sem þurfa að vinna þetta, og með því að bjóða þetta út væru prófessorar við Princeton, Harvard og fleiri háskóla, sem sæju hugsanlega Nóbelsverðlaun í kjölfarið, kannski tilbúnir til að leggja með sér fé til rannsóknarinnar. Þetta held ég að menn ættu að skoða í þessari nefnd og í meðförum nefndarinnar ættu þeir líka að skoða hvort þetta sé ekki örugglega í 4. gr. frumvarpsins.

Svo vil ég gjarnan koma inn á sannleikann. Þetta er dálítið erfitt orð, þ.e. að nefndin eigi að leita sannleikans. Ég ætla að vona að hún finni hann ekki. Það fólk sem leitar sannleikans er gott og gegnt fólk um allan heim, þeir sem hins vegar hafa fundið hann eru stórhættulegt fólk. Eins og hv. þm. Helgi Hjörvar sagði má þetta ekki verða endanleg niðurstaða. Menn mega ekki hafa fundið sannleikann og sagt: Nú er þetta afgreitt mál. Það eru mörg sjónarmið sem verða eftir sem áður opin og það á eftir að skoðast í marga áratugi hvað eiginlega gerðist. Og þó að þessi nefnd skili einhverri skýrslu má það ekki verða hinn endanlegi sannleikur og ég reikna ekki með að nokkrum manni detti það í hug.

Ég mundi vilja koma einni ábendingu til hv. allsherjarnefndar sem fær málið til umsagnar. Í 4. lið 1. gr. stendur: „Koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miða að því að gera íslenskt fjármálakerfi færara um að bregðast við þróun og breytingum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.“ Þar mundi ég segja: „… innan lands sem erlendis“. Nefndin á líka að koma með tillögur að breytingum á regluverki erlendis. Það er nefnilega heilmikið að í

heiminum. Þess vegna skjögrar heimurinn núna í miklum vandræðum.

Ég ætla að fara í gegnum þessi atriði sem ég tel að hafi farið úrskeiðis en þau eru örugglega miklu fleiri. Ég er með 10 atriði.

1. Íbúðalánasjóður. Hann lánaði í gegnum sparisjóðina með því að kaupa bréf af sparisjóðunum án takmarkana og ekki til húsnæðiskaupa. Hann fór út fyrir verksvið sitt með því að lána með ríkisábyrgð í gegnum aðra banka. Hann lánaði þeim með því að kaupa skuldabréf og ekki til íbúðakaupa, án skilyrða og án hámarka. Þetta held ég að hafi verið mjög hættulegt og á þetta hefur verið bent, þetta hækkaði íbúðaverð enn frekar og olli miklum vandræðum.

2. Jöklabréfin. Það er innlent vandamál, það er peningastjórnun, það er eitthvað að. Þegar vaxtamunurinn var svona mikill á milli íslensku krónunnar og jensins runnu menn auðvitað á bragðið og bjuggu til peningamaskínu. Á þetta var bent á Alþingi aftur og aftur, ég gerði það og eins hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, þannig að þetta er peningamaskína sem lokkaði til sín erlent fjármagn sem dældist inn í efnahagslífið, styrkti krónuna, lækkaði verð á erlendum vörum og jók eftirspurn upp úr öllu valdi þó að háir vextir eigi að takmarka eftirspurn. Kerfið vann á móti sjálfu sér. Þetta þarf að skoða.

3. Lækkun skatta. Hún kann að hafa kynt undir verðbólgu, ég skal ekki fullyrða um það. Þetta þarf að skoða.

4. Gagnkvæmt eignarhald. Það er alþjóðlegt vandamál en var sérstaklega sterkt hérna. Nú get ég nefnt gagnkvæmt eignarhald á milli Existu og Kaupþings á tímabili af því að bæði félögin eru horfin af markaði. Þetta gagnkvæma eignarhald bjó til fjármagn sem ekki var til nema í bókunum. Það hreinlega bjó til fjármagn, bjó líka til völd og bjó til arð. Um þetta var fjallað á sérstökum fundi í efnahags- og skattanefnd fyrir 2–3 árum þar sem ég talaði um gagnkvæmt eignarhald. Enginn virðist hafa kveikt á því. Þar er verið að búa til fé sem hægt er að taka lán út á. Þetta er um allan heim, þetta er mjög víðtækt í Þýskalandi, Japan og víðar og þetta þarf að laga einhvern veginn, t.d. með því að taka upp hvít-félög og svört-félög, hvít-félög sem upplýsa um allan eignastrúktúrinn upp á við eða niður á við af því að þau ráða hvað þau kaupa en ekki hverjir kaupa í þeim. Menn þurfa að hugleiða þetta einhvern veginn.

5. Kaup starfsmanna á hlutabréfum, með veði í hlutabréfunum sjálfum án áhættu. Það bjó líka til fjármagn. Þetta kom inn í fyrirtækin sem eigið fé og blés út efnahagsreikninginn og fyrirtækin gátu tekið lán út á þetta. Þetta voru tugir milljarða, peningar sem ekki voru til. Það er ýmislegt að. Þetta er líka alþjóðlegt vandamál.

6. Innlánstryggingar banka. Það er þekkt að þær auka gífurlega peningamagnið í umferð. 10% bindiskylda tífaldar útlánagetu, ef einhver maður leggur inn 10 kr. er upphæðin tífölduð upp í hundraðkall í útlánagetu bankans af því að peningurinn fer aftur og aftur inn í bankann. Þetta þarf að takmarka með stóraukinni bindiskyldu um allan heim þannig að bankarnir þurfa að skoða það líka að bankakerfið sé ekki að spóla upp peningamagnið.

7. Lán til stórra hluthafa. Það er eitthvað sem þarf að skoða alveg í fullri alvöru. Það þarf að skoða þegar bankarnir eru að lána eigin hluthöfum beint eða óbeint, eða gagnkvæmt á milli banka. Þetta þarf allt að skoða því að þetta býr til peninga í kerfinu. Bankinn lánar einhverjum hlutafélögum sem kaupa hlutabréfin í bankanum, þetta fer í hring. Það gengur ekki. Auk þess er það mjög óeðlilegt og ósanngjarnt gagnvart smærri hluthöfum sem ekki komast í þessa stöðu.

8. Alþjóðlegt fjármagnsflæði og skyndilegur skortur. Það er nokkuð sem allur heimurinn glímir við. Fyrir 4, 5 eða 6 árum myndaðist allt í einu geysilega mikið framboð af peningum, sennilega vegna mikils hagnaðar fyrirtækja sem fluttu framleiðsluna til Kína og Indlands og nýttu sér mjög lág laun. Gífurlegur hagnaður varð í þeim rekstri og sá hagnaður kom inn í alþjóðlegt peningakerfi, jók framboð af peningum, stórlækkaði vexti og menn fóru að leita út um allt að fjármögnunarleiðum. Áhættufælnin minnkaði og minnkaði, þ.e. menn tóku alltaf stærri og stærri áhættu. Þetta kom t.d. í ljós í sambandi við skuldabréfavafninga í Bandaríkjunum sem fóru á hausinn. Þetta kom líka í ljós í því að íslenskir útrásarmenn gátu keypt fyrirtæki um allan heim, um alla Evrópu með miklu lánsfé og á lágum vöxtum. Þegar vextirnir hækkuðu, þegar Kínverjar fóru að neyta sjálfir, fóru að borða eins og ég kalla það, fóru að kaupa olíu og annað slíkt og lífskjör þeirra bötnuðu minnkaði þessi hagnaður og vextirnir hækkuðu um allan heim. Fjárfestingar sem höfðu verið arðbærar þangað til vegna þess að vextirnir voru lágir voru það ekki lengur og fyrirtækin fóru að rúlla úti um allt. Þetta er ein ástæðan fyrir öllum þessum vandamálum. En þetta er alþjóðlegt vandamál líka og menn gætu dregið lærdóm af því.

9. Stóraukin áhættutaka. Hún er afleiðing af þessu og hún er líka alþjóðleg. Það var ekki einleikið hvað menn tóku mikla áhættu. Ég benti á það þegar FL Group keypti í bandarískra flugfélaginu, það var alveg óskapleg áhætta og félagið tók til þess lán, eða í Dresdner Bank þegar fyrirtækið keypti þar. Það er líka eitthvað sem átti að klingja bjöllum um allt. Ég benti á það. Menn tóku samt þessa áhættu og sífellt stærri og stærri og gjaldþrotafræðin segja að þeir sem taka stærri og stærri áhættu fari á hausinn, bara spurning um tíma, hvenær.

10. Of mikil eyðsla og of lítill peningasparnaður á Íslandi. Það er alveg ótrúlegt. Þetta er íslenskt vandamál, ótrúlegt hvað þjóðin eyðir. Það er alveg með ólíkindum hvað menn leyfa sér að eyða langt umfram efni, kaupa t.d. jeppa upp á 5–6 milljónir með 90% lánum. Maður horfir bara gáttaður á þetta, alveg gáttaður. Hvernig ætlar fólkið að borga þetta? Lánum var haldið að fólki. Elskan mín, kauptu þér þennan bíl, helst dýrari o.s.frv. og kauptu þér flatskjá, farðu svo til útlanda og leiktu þér allan daginn. Þetta er eitthvað sem verður að breyta og þetta er, held ég, að breytast. Þó að það sé dýrt námskeið og harkaleg reynsla vona ég að þjóðin læri af þessu og verði sparsamari og ráðdeildarsamari og að gamlar dyggðir eins og sparsemi og ráðdeildarsemi fái aftur sess í huga þessarar þjóðar. Þá mun okkur vegna vel.

Ég er mjög ánægður með þetta frumvarp og ég ætla að vona að nefndin leiti sannleikans hver sem hann er en finni hann ekki endanlega.

[Fundarhlé. — 12:53]

[13:30]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu afar athyglisvert mál sem full ástæða er til að fái vandaða umfjöllun í þinginu. Ég hygg að það sé einstakt að frumvarp af þessum toga sé lagt fram. Það er merkilegt af fleiri ástæðum, í fyrsta lagi vegna þess að það er forseti Alþingis sem hefur forgöngu um að flytja málið og semja það í samráði við formenn stjórnmálaflokkanna þannig að frumkvæðið kemur frá Alþingi sjálfu en ekki frá ríkisstjórninni. Ég tel að sé rétt að vekja athygli á því. Í öðru lagi eru það tímamót að hér skuli lagt til að setja á fót umfangsmikla rannsókn á miklum atburðum sem orðið hafa í þjóðfélaginu til þess að draga fram staðreyndir og upplýsingar þannig að allir sem málið varðar geti betur gert sér grein fyrir málsatvikum og myndað sér skoðun á þeim hvort sem það er almenningur, stjórnmálamenn eða aðrir.

Ég held að vert sé að halda því til haga að málið markar tímamót í þessum skilningi og forseti Alþingis á þakkir skildar fyrir að beita sér með þessum hætti því að þetta styrkir þingið fyrst og fremst. Það er til þess fallið að auka traust almennings á þinginu sjálfu þegar það hefur forgöngu um að setja löggjöf um svo mikilsverða atburði sem snerta svo marga í þjóðfélaginu sem raun ber vitni. Það er nauðsynlegt að víðtæk samstaða náist um málið til þess að það megi ná fram að ganga í góðum friði og ríkisstjórnin styður málið eins og sést á því hverjir eru flutningsmenn.

Hins vegar vil ég að segja að ég sakna þess að ríkisstjórnin hafi látið sig málið varða hér í þingsölum. Það hefur enginn ráðherra verið viðstaddur umræðuna og enginn tekið til máls. Ég vona að það sé ekki til marks um að það skorti eitthvað á á áhugann hjá þeim eða eftirfylgni með málinu. Ég vona bara að það sé til marks um að önnur störf eru brýn sem ekki verður undan vikist að leysa þrátt fyrir að þessi umræða fari fram.

Ég vil þó vekja athygli á því að helmingur flutningsmanna flutti hér á mánudaginn tillögu sem, ef samþykkt hefði verið, hefði leitt til þess að þetta mál hefði ekki komið fram. Þeir ætluðust til að fram færu alþingiskosningar án þeirra upplýsinga sem er verið að leggja hér til að aflað verði. Það segir í greinargerð með frumvarpinu á blaðsíðu 9, með leyfi forseta:

„Annars vegar þarf rannsóknin að vera nægilega heildstæð til að geta svarað þeim spurningum sem brenna á þjóðinni um ástæður þeirra áfalla sem hér hafa orðið og hverjir beri ábyrgð á þeim.“

Með öðrum orðum er þetta mál að mati flutningsmanna nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt að afla þessara upplýsinga til þess að þjóðin geti lagt mat á málavöxtu.

Ég hlýt að spyrja: Af hverju vildi helmingur flutningsmanna síðastliðinn mánudag ekki afla þessara upplýsinga en láta fara fram þingkosningar? Af hverju vildu þeir þá að þjóðin greiddi atkvæði í alþingiskosningum þar sem þessi bankamál yrðu auðvitað og eðlilega í brennidepli kosningabaráttunnar án þess að fyrir lægju þær upplýsingar sem þessir sömu flutningsmenn telja algjörlega nauðsynlegt að öll þjóðin hafi aðgang að?

Ég hlýt að vekja athygli á því að þetta mál segir beinlínis að ekki er ráðlegt að hafa alþingiskosningar fyrr en fyrir liggja niðurstöður nefndarinnar sem ætlað er að skila 1. nóvember á næsta ári.

Ég tek undir það sjónarmið að áður en menn láta kjósa fljótt um mál í þingkosningum þar sem mikilsvert mál verður augljóslega í brennidepli og yfirskyggir önnur mál er nauðsynlegt að þeir sem kjósa hafi allar þær upplýsingar sem hægt er að ná í um atburðarásina og hlutdeild hvers og eins í henni. Síðan leggur hver og einn sitt mat á þær upplýsingar og gerir upp við sig hvernig hann vill kjósa. Það finnast mér eðlileg vinnubrögð og ég fagna því að nú eru formenn allra stjórnmálaflokka komnir á þá skoðun.

Ég vil gera athugasemdir við eitt eins og fleiri ræðumenn hér. Mér líst ekkert á að setja rannsóknarnefnd af stað í að leita sannleikans. Sannleikurinn fer ekki alltaf saman við staðreyndirnar vegna þess að hann er ákvörðun hvers og eins einstaklings. Það er enginn einn handhafi sannleikans til sem getur ákveðið hvað er satt og rétt í einu máli og gefið út sannleikann. En það hefur alltaf verið til nóg af fólki sem telur að það sé handhafi sannleikans og er oft svo sannfært um það að það sér ekki þær staðreyndir sem liggja á borðinu og talar því oft fyrir sannleika sem er í andstöðu við staðreyndir.

Svo að við förum nú langt aftur í tímann þannig að við séum ekki að blanda núlifandi fólki inn í umræðuna voru þeir Íslendingar sem brenndir voru á báli dæmdir af mönnum sem höfðu haft sannleikann og höfðu fundið sannleikann. Þeir töldu sig umkomna til þess að taka ákvarðanir á grundvelli þess um líf annars fólks. Það er það sem mér finnst vera athugavert við það markmið að leita sannleikans af því að sannleikurinn og staðreyndirnar fara oft ekki saman.

Það er allt annað að leita upplýsinga og staðreynda og annars slíks en þegar menn fara að tala um sannleikann er ástæða til þess að setja upp viðvörunarljós. Ég held að það væri þarft verk hjá þingnefndinni sem fær málið til meðferðar að leitast við að breyta orðalaginu þannig að það lýsi því sem ætlað er að gera en rannsóknarnefndin á ekki að vera nefnd sem sendir fólk á bálið. Það er sérstaklega tekið fram í greinargerð með henni að nefndin á ekki að dæma og hún á ekki að refsa en hún á að upplýsa.

Í 1. gr. kemur fram að í tengslum við athugun á þeim sex atriðum sem þar eru tilgreind eigi að fara fram rannsókn þar sem leggja á mat á hvort skýringar á falli íslensku bankanna megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði á fjármálamarkaðnum. Það er í frumvarpstextanum sem mundi þá vera lagatexti ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt.

Ég er ekki ósammála þessu. Ég held að það eigi að standa þarna þótt siðferði sé auðvitað dálítið teygjanlegt mál. En það er þó sæmilega skýrt og yfirleitt eru meginatriði í skilgreiningunni sameiginleg hjá flestum.

Það er full ástæða til þess að skoða það mál eins og ég held að hafi verið nefnt hér að það er skortur á siðferði í fjármálaheiminum þegar er farið að veita stórfelld lán til einstaklinga með þeim hætti að þeir geta aðeins hagnast á viðskiptunum, eins og dæmi eru um, með hlutabréfakaup í bönkunum. Það hefur verið notað því er virðist sem svikamylla til að halda uppi gengi á verði hlutabréfanna í bönkunum. Það finnst mér vera dæmi um skort á góðu við-

skiptasiðferði, að grípa til þessara ráða til þess í raun að falsa það sem rétt er.

Mér finnst líka of langt gengið þegar starfsmenn bankanna fá að skammta sér þá skilmála að geta tekið milljarða króna að láni sem þeir eru að sjálfsögðu engir borgunarmenn fyrir og hirða ágóðann ef hagnaður verður af viðskiptunum en ef tap verður af viðskiptunum lendir það á almennum viðskiptavinum bankans.

Mér finnst það líka skortur á siðferði á fjármálamarkaði þegar eigendur bankanna hafa leikið þann leik sem sannað er að þeir hafi gert að flytja hundruð milljarða úr landi til að komast hjá því að borga skatta hér á landi og geyma peningana í skattaparadísum í Evrópu. Þeir hafa meira að segja getað komið sér undan því að borga skatta af arðgreiðslum með millifærslum af þessum toga. Mér finnst það líka vera skortur á dugnaði hjá ríkisstjórninni að hafa ekki sett undir þennan leka með því að beita sér fyrir lagasetningu. Mér finnast báðir aðilar bera ábyrgð á því að það hafi verið látið viðgangast árum saman.

Ég held að ég hafi séð upplýsingar um að þarna gætu hafa verið fluttir um 400 milljarðar frá landinu til skattaparadísa. Það eru miklir peningar sem annars hefðu verið greiddir í skatta af þessum eignum sem eigendurnir komust hjá.

Mér finnst líka skortur á siðferði víðar en í fjármálamarkaðnum sem ýtir undir þá þróun mála þar. Þar á ég við stjórnmálamennina. Þegar stjórnmálamönnum finnst eðlilegt að þeir séu að hlutast til um málefni sem varða þá persónulega mjög mikið finnst mér það skortur á réttu pólitísku siðferði. Það eru tvö dæmi um slíkt á síðustu árum, annars vegar ráðherra sem var eigandi í fyrirtæki sem tengdist kaupum á ríkisbanka og hins vegar ráðherra sem var eigandi í einum af viðskiptabönkunum nýlega.

Mér finnst ekki hægt að ráðherrar telji sig geta hlutast til um mál og notað pólitísk ítök sín á ríkisstjórnarstiginu til þess að leiða til lykta mál þar sem þeir eiga mjög mikilla fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Þeir eru auðvitað vanhæfir í þessum málum alveg eins og þeir eru óumdeilanlega vanhæfir ef sömu mál eru inni á borðum þeirra sem fagráðherra því að þar eiga þá stjórnsýslulögin við.

Mér finnst að stjórnmálaflokkar sem líða ráðherrum sínum slíkt verði að taka til hjá sér, þeir verði að svara almenningi í því. Finnst þeim það eðlilegt siðferði að ráðherrar geti valsað svona um og beitt pólitísku afli sínu í eigin þágu án þess að blikna eða blána? Það er eitt af því sem kemur til umræðu í tengslum við þetta mál.

Það er skortur á pólitísku siðferði sem liðist hefur hjá síðustu ríkisstjórn að einkavæðing ríkisfyrirtækja fór ekki fram eftir lögbundnu ferli. Einkavæðingarnefndin starfaði ekki samkvæmt lögum. Auðvitað eiga slíkir hlutir sem einkavæðing að fara eftir lögbundnu ferli þar sem leikreglurnar eru skýrar og ábyrgð þeirra sem taka ákvarðanir er skýr. Það þarf auðvitað að laga. Auðvitað verður einkavæðing síðar og þeir bankar sem nú eru ríkisbankar verða einkavæddir einhvern tímann í náinni framtíð. Ætla menn að gera það eftir sömu ómótuðu reglunum og gilda í dag þar sem menn geta haft formið eins og þeim sýnist og sem hentar hagsmunum þeirra ef því er að skipta? Alls ekki. Ég ætla að leyfa mér að vona að ekki sé lengur stuðningur við það hér á Alþingi eða í ríkisstjórn að láta hlutina ganga svona fram eins og menn hafa umborið á undanförnum árum og áratugum.

Virðulegi forseti. Að mörgu er að hyggja í tengslum við þetta mál enda er það mjög víðtækt. En ég ítreka stuðning minn við það og vek athygli á því hversu mikil tímamót í raun eru hér á þingi með flutningi þessa máls því að það er í fyrsta skipti í mjög langan tíma þar sem frumkvæðið kemur héðan frá Alþingi í meiri háttar máli.

[13:45]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi fagna því að hér er komið fram frumvarp til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna árið 2008 og á þeim tengdu atburðum sem leiddu til þessa falls. Ég segi eins og Skagamaðurinn: Það er betra seint en síðar meir, og ég vona að þau lög sem væntanlega verða samþykkt leiði til þess að við getum endurheimt og byggt upp að nýju traust á stjórnvöldum varðandi alla rannsókn og meðferð mála í sambandi við þetta mikla áfall.

Það er sögulegur áfangi þegar þingið tekur ákvörðun um að skipa jafnumfangsmikla rannsóknarnefnd og hér um ræðir. Það hefur komið fram í máli þeirra sem þegar hafa talað og kemur fram í frumvarpinu sjálfu að ætlunin er að skoða allt til hlítar og draga fram öll þau atriði sem mega vera til skýringar á því hvað gerðist, byggja fyrir okkur hugmyndir eða tillögur að nýjum vörnum varðandi það að þetta geti ekki gerst aftur og ég held að þetta sé allt saman afar mikilvægt. Þetta er líka áfangi í því að þarna er í fyrsta skipti verið að nota rannsóknarnefnd til þess að leysa stærri mál og vonandi gerum við það oftar þegar svona mikil og stór mál koma inn, að þingið taki frumkvæði að því að skipaðar séu óháðar rannsóknarnefndir undir leiðsögn í þessu tilfelli forseta þingsins, sem ég vil nú þakka fyrir að hafa stýrt þessari vinnu vel í gott frumvarp, að það verði sem sagt skipaðar nefndir sem taka á stórum málum. Það hefur oft verið óskað eftir þessu áður en sjaldan verið gert, og eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi þá markar það tímamót að frumkvæði skuli vera tekið í þessa átt.

Það þarf að vinna hratt í þessu máli því á hverjum degi koma fram nýjar upplýsingar um ýmsa hluti sem hafa verið að gerast í fjármálakerfinu skömmu fyrir hrunið. Við sjáum flutning fjármagns, við sjáum gagnkvæma kaupsamninga og björgun á fjármagnseigendum þar sem menn hafa verið að færa til á milli félaga og allt það sem hefur komið fram í fjölmiðlum. Þess vegna er mjög mikilvægt að samhliða þessari rannsókn taki fljótt til starfa sá saksóknari sem á að skipa til þess að fara með mál sem hugsanlega eru sakamál, svo hann komist fljótt í að rannsaka hugsanleg lagabrot í því samhengi.

Ég tók strax eftir því þegar ég las frumvarpið að það er ekki talið upp formlega til hverra rannsóknin eigi að ná. Ég sagði svona í fyrsta bragði: Bíddu, það þarf nú að taka fram að þetta eigi að ná til þingsins og ríkisstjórnarinnar jafnt og annarra. En eftir að hafa skoðað málið betur sé ég að það er auðvitað mjög skynsamlegt að telja þetta ekki upp vegna þess að auðvitað á ekki að undanskilja neinn þegar unnið er að svona rannsókn, það koma örugglega upp álitamál um

hvar eigi að bera niður, það á allt að vera undir. Það eru eigendur bankanna, þeir sem tóku þar mikilvægar ákvarðanir, það eru stjórnmálamenn, alþingismenn, ríkisstjórnin, ráðuneytin, það eru embættismenn, Fjármálaeftirlitið og ekki hvað síst Seðlabankinn. Allt þetta þarf að skoða í þessari úttekt og ég veit að það er hugmyndin að það verði gert og enginn getur skorast undan að standa fyrir máli sínu í þessu samhengi.

Í umræðu um þetta mál hefur komið fram að það sé ekki nóg að skoða lagalegu hliðina, það getur orðið svo þröngur vinkill ef menn ætla aðeins að líta á hvort menn hafi vikið frá lögum og reglum eða skoði eingöngu með hvaða hætti eigi að breyta lögum og reglum til þess að stýra okkur inn á rétta leið. Ég held að það sé útilokað að komast hjá því að ræða siðferðilegu viðhorfin, eins og hér hefur komið fram hjá mörgum ræðumönnum, að skoða hvaða gildi hafa verið að baki ýmsum ákvörðunum, almenningsálitið og við getum sagt kannski alheimshreyfing sem við segjum gjarnan að beri heiti frjálshyggjunnar, sem hafi ráðið öllu í viðskiptalífi okkar og nánast ekki verið heimilt að ræða um galla hennar. Ég held að þetta viðhorf frjálshyggju hljóti að víkja og við þurfum að fá önnur gildi.

Í rauninni höfum við búið við það, og það er atriði sem ég ræddi oft sem skólastjóri að væri gjörsamlega óviðunandi viðhorf, þ.e. að allt sé leyft sem ekki er bannað, að menn reyni að ganga eins langt og þeir komast bara ef þeir sleppa við að vera dæmdir. Þegar maður er að ala upp börn líðst þetta engan veginn. Ef ég ætla að stýra mínum skóla get ég ekki talið upp allt sem er bannað, það yrðu fleiri hundruð blaðsíður, en það vita allir eftir hvaða reglum er farið og hvaða viðmið tíðkast. Maður lemur ekki þann sem maður gengur fram hjá á ganginum, það er ekki viðurkennt viðhorf, maður hrækir ekki framan í næsta mann eða á gólfið o.s.frv., ekki þarf að taka það fram. En því miður er það þannig að menn hafa farið fram í viðskiptalífinu og víðar undir því að allt sé leyft sem ekki er bannað og jafnvel ganga þar svo nærri að þeir fara yfir mörkin og yfir í það sem ætti að vera bannað eða a.m.k. það sem enginn hefur treyst sér til að túlka að væri ekki bannað, þeir hafa leyft sér að ganga svo langt. Ég held að slík viðhorf þurfi að breytast.

Það eru líka ákveðin gildi sem hafa ýtt út umræðu þeirra manna sem hafa viljað láta ráða önnur sjónarmið en peningasjónarmið. Menn hafa haldið því fram hér í ræðustóli í annarri umræðu á undanförnum árum og víðar í samfélaginu að það sem ráði gjörðum manna séu peningalegir hagsmunir. Ég hef haldið því fram í mörg ár að þetta sé kjaftæði. Þeir sem fara eftir slíkum lögmálum þurfa að víkja, það eru önnur sjónarmið sem gilda en bara það að peningarnir eigi að fá að ráða. Þar með erum við komin að því sem er auðvitað grundvallarhugsunin líka, að markaðurinn einn getur ekki leyst öll mál, hann getur verið góður þjónn en harður húsbóndi. Við þurfum að vita hvað við viljum, það eru sem sagt gildi sem þurfa á vera á bak við þetta. Ég held að um það séu allir sammála að þessi gildi hafa vikið mjög á undanförnum missirum og árum og meðal annars þess vegna fór sem fór.

Eitt af því sem þarf að breytast í samfélaginu er sú afstaða að hingað til hefur það verið þannig að réttur þeirra sem eiga skuldir, þ.e. þeir sem eiga fjármagnið, hann er langtum meiri en þeirra sem skulda. Ég hef vakið athygli á því í minni hópum og þar sem ég hef haft tækifæri til og lítillega hér úr ræðustóli að það eru til leiðbeinandi reglur eða tilmæli, m.a. frá ráðherranefnd Evrópuráðsins, þar sem fjallað er um skuldsetningu einstaklinga og þar sem fjallað er um ofskuldsetningu, „overdebtness“, eins og það er kallað, þar sem menn voru einmitt að ræða um: Með hvaða hætti tryggjum við réttindi — og þá er ég að tala um mannréttindi og reisn — þeirra sem skulda?

Þegar samið er um lán er ábyrgðin gagnkvæm. Bankinn lánar, sá sem tekur lánið skuldbindur sig og það á aldrei að vera á annan veginn. Ef menn lána of mikið og gefa sér rangar forsendur bera báðir ábyrgð á því að leiðrétta þann misskilning. Ég held að það sé mjög mikilvægt að draga þetta atriði fram í umræðunni og í framhaldinu að skoða einmitt þessi gagnkvæmu réttindi. Við munum að einhverju leyti taka á þessu í gegnum greiðsluaðlögunarhugmyndina sem við erum að vona að komi inn í þingið strax upp úr mánaðamótunum og verði afgreidd fyrir jól. Þar er einmitt reiknað með því að þeir sem skulda geti komið að borðinu og krafist þess að lán séu færð niður með einhverjum hætti eða jafnvel afskrifuð. Það er mjög mikilvægt þar sem bankar hafa jafnvel verið að lána fyrir húsnæði allt upp í 110–120% miðað við andvirði húsnæðisins og þið getið rétt ímyndað ykkur hvernig staðan er hjá viðkomandi lántakendum nú þegar húsnæðisverðið fellur til viðbótar við allt annað, verðbólguna og þess háttar. Þarna er eiginlega ekki hægt að bjarga málum nema með hreinni niðurfærslu eða með því að létta af fólki til þess að það lendi ekki í þrotum og skuldaviðjum til langs tíma.

Hv. þm. Pétur Blöndal flutti hér ágætisræðu með löngum lista yfir hvað þarf að skoða þegar menn fara að velta fyrir sér hvað olli hruni bankanna. Hann sleppti þó nokkrum atriðum sem mig langar til að bæta við. Hann nálgaðist þetta með bankana með þeim hætti að hann sagði að Íbúðalánasjóður hefði komið inn með því að lána sparisjóðunum fé, hann gleymir því að á sama tíma var ástæðan fyrir því að Íbúðalánasjóður fór að lána fé til bankanna einfaldlega sú að útlán hans urðu miklu minni, hann hafði afgangspening sem hann varð að ávaxta. Stóra málið var auðvitað að bankarnir komu inn á markaðinn með þeim hætti sem þeir gerðu, með 90% lán, buðu fólki það og góð kjör, hluti sem t.d. eru með ólíkindum ef maður hugsar til þess að bankarnir voru að fjármagna sig frá ári til árs en voru að lána til 40 ára. Það eitt, bara í fyrsta lagi einkavæðingin, hvernig staðið var að henni og síðan þetta með hvernig bankarnir komu inn á lánamarkaðinn er auðvitað mjög mikilvægt atriði í rannsókninni á þessu máli og Íbúðalánasjóður á að sjálfsögðu að koma inn í þá umræðu.

Það er ótrúlegt að horfa til þess að Íbúðalánasjóður er með lánasafn í dag upp á 600 milljarða kr. og ég veit ekki hvað Íbúðalánasjóður er búinn að starfa lengi, líklega um 40 ár, það eru heildarskuldirnar sem eru inni í Íbúðalánasjóði í dag. Á síðustu fjórum til fimm árum hafa bankarnir lánað sömu upphæð, þ.e. lánasafn bankanna, sparisjóðanna og þeirra sem komu inn á markaðinn er orðið jafnstórt og Íbúðalánasjóður. Það segir okkur náttúrlega hvílíkur hamagangur hefur verið á síðustu árum sem er ein af skýringun-

um fyrir hruninu.

Annað mál sem Pétur nefndi ekki en mér finnst vert að skoða kom fram í ræðu hjá prófessor Þorvaldi Gylfasyni og hafði svo sem komið inn í umræðuna löngu áður, það er þetta með hvaða áhrif t.d. kvótakerfið hafði á fjármagnsmarkaðinn. Við bjuggum allt í einu til peninga. Menn gátu selt sig út úr kerfinu fyrir mjög háar upphæðir, skildu skuldirnar eftir á sjávarútveginum en fóru í raunveruleikanum með peningana inn á peningamarkaðina, inn í fjárfestingar hér og þar. Þetta þótti mönnum gott til þess að örva efnahagslífið en þegar maður lítur til baka geta menn kannski séð að þetta er einn af bölvöldunum í þessu ferli öllu saman sem bjó til froðupeninga í kerfinu. Ég tel ástæðu til þess að menn skoði þetta.

Auðvitað gerist það líka vegna þess að það er svo mikið lánsfjárframboð í heiminum, t.d. gátu þeir sem seldu bjórverksmiðju í Rússlandi og komu inn með 40 milljarða, með því að skila ekki nema u.þ.b. 10% inn í eigið fé viðkomandi fyrirtækja, verið að fjárfesta kannski upp í 300–400 milljarða fyrir þessa upphæð, enda urðu þeir mjög stórtækir hér á innanlandsmarkaðnum. Þetta eru allt saman veikleikar í þessu kerfi sem þarf að skoða og þarf að fjalla um í svona rannsókn þó að ég vilji taka undir það sem hér hefur komið fram að það er ekki þannig að við finnum einhvern stóra-sannleik en við finnum örugglega röð af hugsanlegum skýringum sem verður að taka til frekari skoðunar og umræðu í framhaldinu.

Ég fagna því að þessi rannsóknarnefnd sé komin hér á blað og vona að allsherjarnefnd fjalli fljótt og vel um málið, lagi það eftir þörfum og komi því sem fyrst inn í þingið þannig að viðkomandi nefnd verði skipuð og geti hafið störf sem fyrst, því fyrr því betra.

[13:58]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka forseta Alþingis fyrir að hafa leitt það starf að ná saman þeim frumvarpsdrögum sem hér liggja fyrir Alþingi og kynningu hans á málinu í morgun.

Það er mikilsvert að forustumenn stjórnmálaflokkanna á Alþingi sameinist um það undir þeim óvanalegu kringumstæðum sem nú eru uppi í þjóðfélagi okkar að koma á þeim vettvangi, rannsóknarnefnd og rannsókn sem hér er lagt upp með í frumvarpinu. Auðvitað erum við sem að þessu stöndum búin að sitja þó nokkra fundi yfir þessu máli og velta fyrir okkur málsgreinum, setningum og rökum fram og til baka, þ.e. hvað eigi að vera í þessum textum og svo framvegis. Þegar hópur fólks vinnur saman, oft á mörgum fundum um sama málefni, endar með því að menn sammælast um texta og meiningar sem þeir sem fundina sitja telja allgóðar og nái yfir þau efnisatriði sem þeir vildu ná fram. Ég hygg nú að við höfum náð fram mörgu af því sem við vildum stefna að. En það breytir hins vegar ekki því að þegar málið kemur í Alþingi og fer síðan væntanlega til umfjöllunar í allsherjarnefnd kunna aðrir sem fjalla um textann og útfærsluna að hafa á því aðrar skoðanir t.d. varðandi hverju megi bæta við eða fella út og svo framvegis.

Ég held samt að við hljótum öll að vera sammála um að við ætlum að leiða fram með þessari rannsóknarnefnd söfnun upplýsinga um það ferli sem íslenska þjóðin stendur nú frammi fyrir, hver hafi verið orsök þess og hvaða starfshættir hafi viðgengist á fjármálamarkaði, hvaða siðferði hafi verið í málum almennt, og byggja það á bestu fáanlegum upplýsingum. Í því skyni er lagt upp með að öllum skuli skylt að fara fyrir nefndina og svara því sem óskað er eftir, þar með verði aflétt bankaleynd og öðru slíku sem er nauðsynlegt í þessum málum.

Auðvitað kann hverjum og einum að finnast að það verði erfitt að leita sannleikans. En að sjálfsögðu er stefnt að því að leita að sannleikanum um atburðarás þessa máls þótt þegar upp er staðið kunni ýmsum að finnast að ekki hafi allur sannleikurinn verið settur upp á borðið. Þannig hygg ég að sé með öll mannanna verk, aldrei verða menn sammála um hver sannleikurinn hafi verið í málinu. En allt að einu láta menn í ljós vilja sinn til þess að það sem þeir vita sannast og réttast og að það sem byggt er á samtölum, upplýsingum, gögnum og vitnaleiðslum og öllu sem fram er kallað með þessu ferli nálgist að vera það sem við vitum best að er satt og rétt.

Við leitumst við að gera það þannig að íslenska þjóðin viti að að þessu marki hafa menn stefnt með því að setja rannsóknarnefndina á fót. Jafnframt er stefnt að því að þjóðin sé upplýst sem allra best um það ferli sem hér fer af stað rannsókn á og sem orðið hefur til þess að við höfum lent í alvarlegustu aðstæðum, hygg ég, sem íslenska þjóðin hefur lent í. Við munum þurfa að bera ýmsar byrðar á komandi árum vegna þeirra atburða sem hér hafa orðið. Þar af leiðandi er afar nauðsynlegt að við förum í gegnum allan aðdraganda þessa máls, leiðum það fram að því marki sem nefndin telur nauðsynlegt. Þá á einnig að rannsaka atburði sem áttu sér stað eftir gildistöku þeirra laga sem kölluð hafa verið neyðarlögin, lög nr. 125/2008, og gera tillögu um rannsóknir á slíkum atburðum. Nefndin getur fylgt eftir málum eftir gildistöku þessara laga til þessa dags og þess vegna einhverja mánuði fram í tímann ef hún telur það nauðsynlegt rannsóknarinnar vegna.

Ég ætla svo sem ekki að flytja langa ræðu um frumvarpið að þessu sinni en ég tel að inn í það sé dregið það sem nauðsynlegt er. Stofnuð er þriggja manna nefnd sem á að sjá um verkstjórn alls málsins. Hún mun skipa sér vinnuhópa og svo framvegis til þess að fara í gegnum einstök atriði mála. Þeir vinnuhópar geta bæði verið skipaðir innlendum og erlendum aðilum eftir því sem þörf krefur, með það að markmiði að leiða það fram sem sannast er talið og komast sem næst því að finna sannleikann, hvort sem það verður gert í endanlegri skýrslu nefndarinnar eða í áfangaskýrslum sem nefndin hefur einnig á valdi sínu að setja fram.

Ég lét það koma fram í störfum nefndarinnar að ef nefndin ætlar að leggja fram áfangaskýrslu í þessu máli, sem vel kann að vera ef hún telur sig vera komna með upplýsingar sem rétt er að koma til þjóðarinnar, tel ég að slík áfangaskýrsla eigi að liggja fyrir hv. Alþingi eigi síðar en á vordögum áður en Alþingi fer heim. Það væri afar óheppilegt — ég ætla að láta það koma fram í máli mínu — ef menn verða komnir með upplýsingar sem þeir telja eðlilegt að koma á framfæri sem svo birtist kannski tíu til tuttugu dögum eftir að Alþingi er hætt störfum að vorlagi. Ég bendi

á að í starfsáætlun þingsins er gert ráð fyrir að við störfum fram til 9. júní.

Við lengjum auðvitað starfstíma Alþingis og nefndin á þess vegna að skila af sér endanlegri skýrslu í nóvember. Ég mælist til þess og vil láta þess getið að ég tel að ef efni er til í áfangaskýrslu eigi það að birtast okkur áður en þing fer heim svo að við fáum tækifæri til að ræða það sem þá liggur fyrir hér í þinglok á vordögum. Það kunna að vera ýmsar upplýsingar sem nauðsynlegt er að birtist opinberlega og þingmenn fái að ræða.

Nefndin er hins vegar algjörlega óháð í störfum sínum. Hún tekur ekki við skipunum frá Alþingi og fylgir því rannsóknarferli sem hún telur nauðsynlegt í öllum málum. En það breytir hins vegar ekki því að þessi mál verða tilefni mikillar umræðu í þjóðfélaginu þegar þau birtast okkur síðar í skýrslu.

Ég tel eðlilegt og beini því til hv. nefndar að velta því fyrir sér án þess að það sé skrifað inn í lagatextann að æskilegt er ef nefndin hyggst skila áfangaskýrslu á fyrri hluta árs 2009 að lögð verði áhersla á að slík skýrsla verði kynnt áður en Alþingi lýkur störfum í vor.

Ég vænti þess að verkið unnið markvisst og hratt af þeim þremur valinkunnum fulltrúum sem stýra verkinu og að nefndin nái skilvirku skipulagi og vinnuferli einmitt vegna þess hversu fámenn hún er. Hún stýri þeim verkum sem undir hana heyra en auðvitað munu allir vinnuhópar sem settir verða á laggirnar heyra undir nefndina. Hún fylgist með því.

Síðan er gert ráð fyrir sérstökum vinnuhóp sem forsætisnefnd skipar. Komið hefur fram í ræðum eins eða tveggja þingmanna sem flutt hafa hér mál að þessi liður mætti alveg eins heyra beint undir nefndina með því verklagi sem þar er sett upp fyrir aðra vinnuhópa. Það má velta þeim möguleika fyrir sér en svona völdum við að setja þetta upp eftir langar umræður í nefndinni. Það varð samkomulag um að hafa skipulagið með þeim hætti sem hér er lagt upp með.

Síðan er í öðrum greinum frumvarpsins gerð grein fyrir alls konar rannsóknarheimildum á málsmeðferð á 6. gr. og einhver aðgangur er að gögnum, munnlegum upplýsingum undanskildum leynd og trúnaðarskyldu fólks sem mætir fyrir nefndina. Jafnvel er hægt að fara með mál til héraðsdóms ef ágreiningur verður um upplýsingaskyldu.

Við höfum reynt að sjá fyrir sem flest atriði í þessu máli þannig að ekkert ætti að geta hindrað nefndina í störfum sínum við að fá fram þær upplýsingar sem hún vill fá fram. Hún ætti að geta stundað rannsóknir sínar eftir þörfum og þess vegna farið á vinnustaði og skoðað gögn og upplýsingar.

Hæstv. forseti. Ég tel að það sem mikið hefur verið rætt um í þjóðfélaginu, að leiða verði alla hluti í ljós sem orðið hafa tilefni þess að svo er komið fyrir íslensku þjóðinni, sé sett upp í þessu frumvarpi og skrifaður utan um það texti. Að sjálfsögðu hafa þingmenn kannski einhverja aðra sýn eða meiningar þegar þeir koma að málinu en ég held að okkur hafi tekist sæmilega til.

[14:12]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum um afar mikilvægt og brýnt mál, sem er rannsókn á aðdraganda fjármálahrunsins eða bankahrunsins á Íslandi. Ég vil byrja á að fagna framlagningu þessa máls á þinginu, þakka forseta þingsins fyrir að hafa leitt þetta starf og komið formönnum allra flokka saman um efni málsins. Málið fer síðan til meðferðar á þinginu og mér heyrist að í öllum aðalatriðum sé góð sátt um það miðað við þau viðbrögð sem það fær í 1. umr., þ.e. um helstu efnisatriði, og er það vel.

Við erum ekki einir um að velta því fyrir okkur hvað hefur dunið á, það er ekki bara gert á Íslandi heldur líka í hinu alþjóðlega fjármálaumhverfi. Það er spurning sem dynur á öllum Evrópusambandslöndunum og hefur verið eitt meginviðfangsefni stjórnvalda í Bandaríkjunum. Áhrifin af alþjóðlegu fjármálakreppunni teygja sig hringinn í kringum hnöttinn. Nú sitja leiðtogar stærstu ríkjanna reglulega á fundum til að ræða hvernig bæta eigi úr, hvernig þétta megi regluverkið, hvernig byggja megi upp, í sumum tilfellum á þeim rústum sem eftir eru, vegna þess að traust þvarr gersamlega á alþjóðlegum fjármálamörkuðum með hrikalegum afleiðingum fyrir heimili og fyrirtæki. Það er ekki bara á Íslandi, þó að vandinn sé hér hlutfallslega mjög mikill, sem verið er að glíma við áhrifin af þessu alþjóðlega vandamáli heldur einnig í löndum nær og fjær.

Ég held að vel hafi tekist til við að afmarka rannsóknarefnið í þessu máli. Það var ekki sjálfsagt að sátt gæti tekist um þetta. Það er freistandi, þegar lagt er af stað í rannsóknarleiðangur eins og þann sem við erum að hrinda af stað með þessu máli, að taka allt til skoðunar, ýmsa afkima þessa máls, sem hafa verið í pólitísku umræðunni að undanförnu, en einhvers staðar verður að draga línuna. Mér sýnist á öllu, og af lestri þessa máls, að nokkuð vel hafi tekist að afmarka meginatriðin. Eins og segir í greinargerð með málinu hefur því verið haldið fram í umræðunni að vandinn sé ekki síður heimatilbúinn en hluti af alþjóðlegum vanda og maður skynjar það, og heyrir á umræðunni sem hefur farið fram í dag, að sumir hverjir þykjast hafa sínar eigin skýringar á því hvernig við rötuðum í þessa stöðu.

Það er öruggt að engin ein skýr niðurstaða verður af þessu starfi. Það verður engin ein ákveðin sérstök orsök heldur er víst að það eru margar samverkandi orsakir en hversu þungu hlassi hver og ein þeirra hefur velt, að hve miklu leyti vandinn hefur legið heima fyrir, og að hve miklu leyti vandinn er hluti af þessu alþjóðlega fyrirbæri, skal ósagt látið á þessum tíma. Úr vöndu er að ráða fyrir þá sem vinna að þessu að leiða vangaveltur um þetta í jörð eða komast að endanlegri niðurstöðu um þessi atriði. Þá skiptir miklu að við skulum búa þannig um hnútana við upphaf þessarar vinnu að þeir sem stýra starfinu geti átt aðgang að helstu sérfræðingum á þessu sviði, að við skulum verða sammála um að verja í þetta þeim fjármunum sem til þarf, auðvitað allt innan skynsamlegra marka, til að slík sérfræðiþekking verði tekin saman fyrir skýrsluna. Jafnframt skiptir miklu máli að öllum niðurstöðum úr slíkri rannsókn og slíkri skoðun sé komið skilmerkilega á framfæri, ekki bara við þingið heldur að allt slíkt sé gert opinbert.

Undir 1. tölusetta liðnum í 1. gr. er talað um að varpa þurfi sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir þess vanda íslenska bankakerfisins sem varð Alþingi tilefni til að setja neyðarlögin. Eins og ég gat um áðan þá er þetta einmitt

pólitíska umræðan víða um lönd: Hvað gerðist? Þar hafa stóru iðnríkin verið að koma saman og fjalla um ástæður þessa. Þar sem það er m.a. verkefni þeirra sem stýra þessari vinnu að fara ofan í reglur íslenskra laga um fjármálamarkaðinn, samkvæmt 2. tölulið, er næsta víst að menn munu í því samhengi að verulegu leyti fjalla um reglur sem við höfum tekið upp á grundvelli alþjóðlegs samstarfs sem við erum þátttakendur í. Að því leytinu til eru viðkomandi reglur sambærilegar því sem gerist hjá samstarfsþjóðum okkar og búast má við því að þær reglur verði háðar miklum breytingum á komandi mánuðum og á því tímabili sem starf nefndarinnar tekur til. Þar er jafnframt um vandasamt verk að ræða og má velta því fyrir sér hvort þeirri vinnu á alþjóðlegum vettvangi verði að öllu leyti lokið þegar skýrslan á að vera tilbúin en það skiptir auðvitað ekki máli. Fram þarf að fara úttekt á íslensku reglunum og hafi samstarfsþjóðir okkar séð ástæðu til að taka upp sambærilegar reglur hjá sér til endurskoðunar hljótum við að þurfa að gera það jafnframt.

Fjallað er um það hvernig skoða þurfi hvernig staðið hafi verið að eftirliti með fjármálastarfseminni og um það er aðeins fjallað í greinargerðinni. Það hefur verið mjög til umfjöllunar að undanförnu hvernig eftirlitsstofnanir hafi komið ábendingum sín á milli á framfæri jafnvel til stjórnvalda, hvort brugðist hafi verið rétt við. Nauðsynlegt er að skoða þetta og leggja mat á hvort rétt hafi verið brugðist við fram komnum athugasemdum. Einnig þarf að skoða hvort eftirlitsstofnanir hafi beitt þeim heimildum sem til staðar voru í samræmi við þau tilefni sem sköpuðust á umræddu tímabili. Við hljótum öll að vera sammála um að þetta allt þarf að taka til nákvæmrar skoðunar.

Ég vil fagna því hversu vel hefur verið búið um alla hnúta í málinu, allt það sem skiptir máli þegar jafnviðamikil rannsókn er sett af stað. Ef menn flýta sér um of að hrinda vinnu sem þessari af stað geta menn lent í ógöngum. Í fyrsta lagi held ég að skynsamlegt hafi verið að fara ekki með málið í farveg 39. gr. stjórnarskrárinnar. Ég hef ekki orðið var við að því sjónarmiði hafi verið teflt fram í umræðum á þinginu í dag að það hefði verið heppilegri farvegur fyrir rannsókn af þessum toga.

Í öðru lagi held ég að rétt sé og skynsamlegt að huga mjög nákvæmlega að stöðu þeirra sem veita rannsóknarnefndinni upplýsingar. Sýnist mér á öllu að nægjanleg vernd sé til staðar á grundvelli laganna fyrir þá sem veita upplýsingar en það skiptir gríðarlega miklu máli til að skapa ró og öryggi undir rannsóknarstörfunum. Þetta er eitt af grundvallaratriðunum þegar menn hrinda málum sem þessu af stað. Í því sambandi skiptir líka máli það sem segir í 13. gr. frumvarpsins, að þeir sem nefndin telur að hafi orðið á mistök eða hafi orðið uppvísir að vanrækslu fái áður en slík niðurstaða er birt tækifæri til að gæta andmælaréttar. Þetta sýnir að horft hefur verið til allra mikilvægustu þátta sem líta þarf til þegar vinnu sem þessari er ýtt úr vör.

Við munum síðan, þegar niðurstöður nefndarstarfsins liggja fyrir, fá skýrslu sem mun fara til opinberrar umfjöllunar og koma til umræðu á þinginu. Það er, held ég, raunhæfur tímarammi sem þessari vinnu er settur, þ.e. fram í nóvember á næsta ári. Ef eitthvað er þá er öruggt að hann er fullþröngur og ekki of víður. Óraunhæft er að ætlast til þess að jafnviðamikilli rannsókn verði lokið á vormánuðum á næsta ári. Það er óraunhæft, þetta er það viðamikið verk. En eitt er víst að skýrslan á eftir að verða mikil að umfangi. Efnislega er gríðarlega margt undir, þróun á alþjóðlegum mörkuðum, regluverkið allt eins og við erum með það heima, umræðan um það hvernig bæta megi úr því, samskipti milli eftirlitsaðila, samskipti þeirra við stjórnvöld, hlutverk Alþingis sem eftirlitsaðila með þessu, hvort þinginu hafi verið haldið nægilega vel upplýstu og meira að segja eru teknir inn í þessa rannsókn þættir sem snúa að siðferði á fjármálamarkaði. Þeir þættir munu koma til sérstakrar skoðunar og möguleg áhrif slíkra þátta á þá framvindu sem varð í bankakerfinu á Íslandi.

Mér finnst rétt að bæta því við í lokin að það er fyrir okkur öll gríðarlegt áfall að bankakerfið á Íslandi skyldi hafa orðið fyrir þessu mikla áfalli. Þarna hafa verið gríðarlega verðmæt störf. Um var að ræða fyrirtæki sem skiluðu inn í samfélagið háum sköttum. Þetta voru framsækin fyrirtæki sem stóðu sig vel í alþjóðlegri samkeppni. Þau voru rekin með hagnaði. Þau voru að vaxa á allan mælikvarða, bæði í veltu og á eiginfjármælikvarða. Af þessari starfsemi, sem við horfðum til að gæti verið ein af stoðunum undir hagkerfi okkar, er gríðarlega mikil eftirsjá. Það er ljóst, og hafði verið ljóst um nokkurn tíma, að vegna smæðar hagkerfisins stóð þessi starfsemi á ófullnægjandi undirstöðum. Þær aðstæður sköpuðust síðan á síðasta ári sem fóru að grafa undan þeim stoðum sem svona starfsemi verður að hvíla á. Allt verður þetta tekið til nánari umfjöllunar í skýrslunni og þegar hún kemur fram verður kominn allt annar og traustari grundvöllur undir frekari umræðu um það sem liðið er og jafnframt um það hvernig við getum búið um þessi mál til framtíðar, hvaða möguleika við eigum á því að vera með alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi, ekki endilega á þeim grundvelli sem áður var — hugsanlega eru tækifæri fyrir okkur, vegna almennra skilyrða, að endurreisa hluta af þeirri starfsemi sem áður fór fram í þessum alþjóðlegu fyrirtækjum hér heima þannig að þau megi áfram vera spennandi starfsvettvangur þar sem arðbær starfsemi er rekin og vel launuð störf eru í boði.

[14:28]

Ellert B. Schram (Sf):

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. þingmönnum Pétri H. Blöndal og Kristni H. Gunnarssyni. Þeim þótti tekið stórt upp í sig að hér væri sett á laggirnar nefnd sem ætti að leita hins eina stóra sannleika eða eins og segir í 1. gr.:

„Tilgangur laga þessara er að sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis leiti sannleikans um aðdraganda og orsök“ o.s.frv.

Ég deili þeirri skoðun með þeim þingmönnum sem ég vitnaði til að það hefur aldrei verið sérstaklega farsælt í mannkynssögunni þegar menn hafa gefið sig út fyrir það að sitja sjálfir uppi með eina stóra sannleika. (**Gripið fram í:** Við leitum hans.) Já, öll leitum við hans og svo er annað mál að sannleikurinn getur litið út með ýmsum hætti eftir því úr hvaða átt hann er skoðaður. Ég skil þetta svo að þarna sé verið að tala um að nefndin leiti upplýsinga og skýringa á aðdraganda og orsökum bankahrunsins. En þetta

er kannski ekki stærsta málið. Kallað hefur verið eftir rannsóknum af þessu tagi og ég minni á að nú þegar er búið að leggja fram frumvarp í þinginu, sem vonandi verður afgreitt á allra næstu dögum, um skipan sérstaks saksóknara sem á að kanna hvort um refsiverða háttsemi hafi verið að ræða í þessu ferli öllu. Til viðbótar kemur svo þetta frumvarp til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna. Ég flyt forseta þingsins að sjálfsögðu bestu þakkir fyrir frumkvæðið sem hann hefur sýnt í þessu máli og jafnframt færi ég formönnum stjórnmálaflokkanna þakkir fyrir að hafa haft samstöðu um framlagningu málsins.

Ég tel tvennt í þessu sem sérstaklega er vert að vekja athygli á og fagna. Annars vegar það að Alþingi hefur frumkvæði að rannsókn af þessu tagi. Það var upplýst fyrr í umræðunni að slík rannsóknarnefnd hafi ekki verið sett á laggirnar síðan 1955. Í stjórnmálaafskiptum mínum hef ég oft og tíðum gagnrýnt að þingið hafi ekki beitt sér sem skyldi í að hafa frumkvæði að því að rannsaka tiltekin mál sem upp hafa komið í þjóðfélaginu og hef gjarnan viljað að þingið léti meira til sín taka á þeim vettvangi og hefði vald og ráðrúm til að hefja sjálfstæðar rannsóknir á hinum ýmsu málum. Þetta er líka heimilt samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar en um leið og ég segi það er ég sammála þeirri aðferð sem hér er notuð, að í stað þess að þingmenn sjálfir setjist í sérstaka rannsóknarnefnd séu kallaðir til aðrir hæfir einstaklingar eins og kveðið er á um í 1. gr. þessa frumvarps. Ég tel að það sé afar mikilvægt að náðst hafi samstaða í Alþingi um þessa rannsókn og þessa aðferð og ég held að þetta styrki Alþingi og störf alþingismanna. Á hinn bóginn fagna ég því líka að náðst hefur samstaða á milli stjórnmálaflokkanna og foringja þeirra um að fara þessa leið. Á þá samstöðu hefur því miður skort í því umróti sem verið hefur undanfarna daga og ég tel það vera mikinn ljóð á störfum okkar á Alþingi og það sé ekki gott fyrir ástandið, hvorki stjórnmálaástandið né þjóðfélagsástandið, að fiska í gruggugu vatni og að hér sé hver höndin upp á móti annarri. Nú erum við komin með aðgerðaáætlun sem snýst um það að reyna að bjarga okkur út úr þessum ógöngum og ég held að sú aðgerðaráætlun sé svo mikilvæg að við þurfum öll að snúa bökum saman, þjappa okkur saman og standa sem einn maður á bak við þessa áætlun og að hún takist. Það er nánast upp á líf og dauða að mínu mati.

Enginn stjórnmálaflokkur hefur hag af því að fiska í gruggugu vatni eða hrista upp í óróa, ótta og óvissu í þjóðfélaginu. Það hefur enginn flokkshagsmuni af því og það verður engum til góðs þegar fram í sækir að ýfa upp slíkt andrúmsloft í þjóðfélaginu. Gagnrýnin og reiðin sem við verðum vör við í þjóðfélaginu beinist ekki einvörðungu að hæstv. ríkisstjórn eða stjórnarflokkunum per se, hún er út í alla ráðamenn þjóðarinnar, út í Alþingi, út í stjórnmálaflokkana vegna þess að þar er engin samstaða og það virkar svo að vinstri höndin viti ekki hvað sú hægri er að gera. Sú aðgerðaáætlun sem nú liggur fyrir verður að nást fram og um hana verður að vera samstaða og fylgja trú, traust og von sem við þurfum ekki aðeins að byggja upp hjá okkur sjálfum heldur þjóðinni allri. Með því verða stjórnmálaflokkarnir og fulltrúar þeirra á Alþingi ásamt ríkisstjórn og Seðlabanka og öllum sem að því koma og eru í ábyrgum stöðum að leggjast á eitt til að ná árangri. Ég held að þetta mál sé kannski fyrsta skrefið í þá átt og það sé viðleitni og viðnám sem við eigum að meta og við eigum að feta okkur áfram á þessum vegi næstu daga og vikur. Ég held að sú aðgerðaáætlun sem ég er að tala um, og vísa þá til samningsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og í þær áætlanir sem núna standa fyrir dyrum, sé upphafið á ákveðinni endurreisn og það mál sem hér er til umfjöllunar er liður á þeirri vegferð.

Við frumvarpið sem slíkt geri ég engar stórar athugasemdir. Ég skil það svo að þetta sé samkomulag og sátt milli flokksforingjanna og ætla ekki að gera tillögur um stórvægilegar breytingar á þessu plaggi. Ég vil hins vegar ítreka að ég held að þessi rannsókn þurfi líka að taka til þess tímabils þegar bankarnir voru einkavæddir og hvernig staðið var að henni. Ég tel að það sé alveg tvímælalaus þáttur í því sem gerðist.

Hér var líka talað um að gjafakvótinn hefði á sínum tíma haft veruleg áhrif í fjármálalífinu og ég er reyndar þeirrar skoðunar og held að vel megi flétta það inn í orsakir og afleiðingar af þeirri þróun sem við höfum upplifað á síðustu árum.

Ég held að kannski sé lögð of mikil áhersla í frumvarpinu á hina lagalegu hlið, hvort það sé lagalega rétt staðið að hlutunum eða rangt, vegna þess að málið er auðvitað miklu flóknara sem snýr bæði að pólitík og siðferði. Niðurstaðan gæti, strangt til tekið, ef maður lítur til þeirra öfga hugsanlega orðið sú við rannsókn þessarar nefndar og þessara manna að ekkert ólöglegt hafi verið gert, alls staðar hafi verið farið rétt að lögum. Það gæti hugsanlega orðið niðurstaðan. Menn hafa bara allir verið að spila á kerfið samkvæmt þeim lögum eða lagaleysi sem ríkt hefur á þessu tímabili. Það er eins og sagt var og frægt, þetta getur verið löglegt en það getur líka verið siðlaust. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að hinn siðferðilegi þáttur málsins sé rannsakaður engu að síður. Ég geri mér grein fyrir því að það verður aldrei niðurstaða um að það sé einhverjum ákveðnum stjórnmálaflokki eða stjórnmálastefnu út af fyrir sig að kenna hvernig fór en við erum kannski ekki að kalla eftir slíkum niðurstöðum út úr þessari rannsókn. Það kemur svo síðar. Hér hefur stundum verið talað um hvítbók en þetta mál má undir engum kringumstæðum verða hvítþvottur.

Ég legg áherslu á að sú skýrsla sem hér er verið að leggja til að verði unnin verður enginn endapunktur í þessu máli. Þetta verður samantekt á upplýsingum, ferli málsins, orsökum og afleiðingum, af hverju þetta gerist en ekki hitt en niðurstaðan verður auðvitað sú að það er pólitískur dómur þjóðarinnar sem fæst af þessu máli öllu. Ég vona að rannsóknin leiði til þess að við getum bætt regluverk, lög og eftirlit og alla slíka innviði, að hægt sé að benda á veilur í regluverki og lögum og það sé kannski fyrst og fremst bent á aðgerðaleysi frekar en einhverjar aðgerðir.

Herra forseti. Ég fagna því að þetta mál er nú komið til meðferðar á þinginu og þakka enn og aftur fyrir það frumkvæði sem menn hafa sýnt undir forustu forseta Alþingis um að flytja málið inn í þingið og treysti því, enda ekki að heyra annað á málflutningi manna en að undir það sé tekið, að málið fái hraða og góða afgreiðslu.

[14:39]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég fagna frumvarpinu og færi forseta Alþingis þakkir fyrir að hafa leitt það starf sem leiddi til þess að frumvarpið varð til og gert úr garði eins og hér ræðir um.

Spurning var hvort setja ætti sérstök lög með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu eða skipa sérstaka rannsóknarnefnd á grundvelli 39. gr. stjórnarskrárinnar. Það ákvæði býður upp á ákveðna rannsóknarheimild og viðmiðun, sem ég tel mikilvægt að Alþingi hafi og beiti oftar og meir en gert hefur verið, og gæti myndað ákveðna umgjörð um þá rannsókn sem óneitanlega þarf að fara fram. Hugmyndir voru um að setja fram sérstakt frumvarp til laga, sem í sjálfu sér er ágætt. Málið væri þá í handhöfn Alþingis, en með öðrum hætti en innan ramma og með ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar, sem ég hefði talið vera heppilegt, en verið líkt þessu frumvarpi að öðru leyti. Ég geri ekki athugasemdir við það úr því sem komið er.

Máli skiptir að nefndin geti hafið störf sem fyrst á grundvelli laga sem kveða á um meginatriðin, hrun íslensku viðskiptabankanna og eftirfarandi hrun krónunnar og efnahagslífsins.

Í 1. gr. frumvarpsins er talað um að tilgangurinn sé að skipa sérstaka rannsóknarnefnd á vegum Alþingis til að leita sannleikans. Ég tek undir þau sjónarmið sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði að umtalsefni í ræðu sinni og hv. þm. Ellert B. Schram ræddi einnig áðan varðandi sannleikann og mismunandi mat á því hvað er sannleikur. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson tók ákveðna viðmiðun, en sennilega er frægasta viðmiðun sögunnar í guðspjöllunum þegar Jesús Kristur segir Pontíusi Pílatusi að hann sé í heiminn sendur til að bera sannleikanum vitni og Pontíus Pílatus spyr: Hvað er sannleikur? Við því fékk hann ekki svar og hefur mannkynið alla tíð, bæði fyrir og eftir þann tíma, reynt að átta sig á því hvað er sannleikur.

Spurning er um heppilegt orðalag. Bæði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og hv. þm. Ellert B. Schram töluðu um að æskilegt væri — eftir því sem ég gat skilið ræður þeirra — að breyta orðalaginu og er það í sjálfu sér mjög einfalt. Upphafssetning 1. gr. gæti þá hljóðað svo: Tilgangur þessara laga er að sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis rannsaki aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna. Um það snýst málið, það á að rannsaka. Hver og einn verður svo að draga ályktanir af rannsókninni og niðurstöðum hennar. Ég tel að það orðalag væri heppilegra og þunginn yrði þá á rannsóknina, sem er á grundvelli gildandi laga og siðferðis og lögin fjalla um. Það er síðan þeirra sem fá rannsóknarskýrslu nefndarinnar í hendur að leggja mat á hana og draga ályktanir.

Í greinargerð með frumvarpinu segir um 1. gr. á bls. 10, með leyfi forseta:

„Hér er ætlast til að fram fari upplýsingaöflun og þverfagleg en þó einkum hagfræðileg greining á ástæðum falls bankanna.“

Ég get ómögulega fallist á að einkum sé þörf á hagfræðilegri greiningu á ástæðum falls bankanna. Mikilvægt er að greiningin nái einnig til annarra þátta.

Jafnframt segir neðar á sömu síðu, með leyfi forseta:

„Eins og áður segir er hins vegar ekki fyrirhugað að nefndin fjalli um möguleg, refsiverð brot stjórnenda bankanna í rekstri þeirra.“

Ekki er eðlilegt að hafa takmarkandi ákvæði í greinargerð með frumvarpinu. Nefndin á að hafa rúmar heimildir til að fjalla um málið, jafnvel velta upp hugmyndum um refsiverð brot. Mér finnst að það eigi að koma fram vegna þess að þetta hefur þýðingu sem lögskýringargagn.

Jafnframt segir neðst á bls. 10, með leyfi forseta:

„Rétt er þó að árétta að rannsóknarnefndin getur aðeins sagt álit sitt á ábyrgð einstaklinga.“

Ég hefði haldið að rannsóknarnefndin gæti að sjálfsögðu sagt álit sitt á ábyrgð einstaklinga og stofnana þannig að hér er ekki um neina efnisandstöðu við sjónarmiðin sem liggja til rannsóknar að ræða heldur bara spurning um að rýmka sem allra mest heimildir nefndarinnar.

Rannsóknin ætti að beinast að fjórum, eða hugsanlega fimm, aðilum. Viðskiptabönkunum og öðrum sambærilegum fjármálastofnunum og stjórnendum þeirra, Seðlabanka Íslands og stjórnendum hans, Fjármálaeftirlitinu og stjórnendum þess, ríkisstjórninni og hugsanlega Alþingi. Hvort sem okkur líkar betur eða verr eru þetta stóru gerendurnir, leikendur á sviðinu og/eða orsakavaldar þess sem gerðist.

Auka mætti skýrleik laganna með því að bæta við á eftir 5. tölulið 1. mgr. 1. gr. nokkrum viðbótarmálsgreinum þar sem kveðið væri skýrt á um þessi atriði, í fyrsta lagi: Að rannsaka og gera úttekt á einkavæðingu ríkisbankanna og starfsemi þeirra fram til gildistöku laga nr. 125/2008, neyðarlaganna. Einnig með því að spyrja hvernig og með hvaða hætti hlutirnir fóru af stað. Hv. þm. Ellert B. Schram benti á að gjafakvótinn hefði verið orsök og upphaf þess sem síðar gerðist. Það hafa fleiri gert og ég get tekið undir það.

Í öðru lagi að rannsaka og gera úttekt á starfsemi Seðlabanka Íslands og eftirliti bankans með viðskiptabönkunum og hæfi hans til að vera lánveitandi til þrautavara og annað sem máli kann að skipta varðandi hrun viðskiptabankanna Glitnis, Kaupþings og Landsbankans. Sérstaklega skal rannsaka og gefa álit á viðbrögðum og starfsemi Seðlabankans og samskiptum hans við fjármálastofnanir og ríkisstjórn, sérstaklega frá mars 2008 til gildistöku laga nr. 125/2008.

Af hverju nefni ég mars 2008? Vegna þess að í frægri ræðu sem seðlabankastjóri hélt fyrir nokkru á viðskiptaþingi nefndi hann mars sem ákveðna viðmiðun. Þess vegna tel ég það geta verið nauðsynlega og eðlilega viðbót.

Enn fremur: Að rannsaka og gera úttekt á starfsemi Fjármálaeftirlitsins, reglum sem um það gilda og hvernig það hefur rækt eftirlitshlutverk sitt með fjármálastofnunum og miðlað þeim upplýsingum til annarra stjórnvalda. Hvort Fjármálaeftirlitið hafi viðhaft eðlileg vinnubrögð og upplýsingagjöf og gætt gildandi lagareglna um fjármálastarfsemi.

Til viðbótar þessu: Að rannsaka og gera úttekt á störfum og viðbrögðum ríkisstjórnar Íslands frá því að hún tók við völdum fram til gildistöku laga nr. 125/2008, neyðarlaganna.

Með því að setja inn þessar viðbætur eða skýringar er mun betur afmarkað að hverju rannsóknin á að beinast. Þegar ég les frumvarpið í heild ásamt greinargerðinni finnst

mér nauðsynlegt að kveða skýrar á um en þar er gert með hvaða hætti á að gera þetta og mundi það auðvelda og afmarka betur störf nefndarinnar og taka til þeirra meginþátta sem málið snýst um.

Hvað varðar lokamálsgrein 1. gr. og 3. mgr. 2. gr. finnst mér óþarft — eins og reyndar hv. þm. Árni Páll Árnason benti á — að forsætisnefnd skipi vinnuhóp þriggja háskólamenntaðra manna. Í 4. gr. laganna segir að nefndin geti leitað sérfræðilegrar aðstoðar innlendra eða erlendra aðila og er það að mínu viti alveg nægjanlegt. Aukanefnd eins og getur um í 2. gr. er óþörf og er — ef tala á um galla á annars ágætu frumvarpi — helsti gallinn á frumvarpinu.

Varðandi lagaumgjörð fjármálakerfisins er ljóst að þegar EES-reglurnar urðu umgjörð um fjármálakerfið voru þær mun betri reglur en áður höfðu gilt í íslensku umhverfi. Svona hrun sýnir hins vegar að endurskoða þarf reglurnar og er þess krafist um allan heim. Margir ræðumenn hafa spurt í umræðunni: Af hverju eru lögin svona? Af hverju eru lögin með þeim hætti að svona hlutir geti gerst?

Mannanna verk eru aldrei fullkomin og þess vegna þarf löggjafarvaldið, Alþingi, stöðugt að vinna við að endurskoða og breyta lögum og reglum í ljósi þess sem fram kemur um galla á þeim mannanna verkum sem áður hafa komið fram.

Að sjálfsögðu skiptir höfuðmáli hvort lagalega hafi verið rétt staðið að málum eða ekki. Þess vegna get ég ekki verið sammála hv. þm. Ellert B. Schram þegar hann segir að það sé ekki meginatriði. Það er höfuðatriði að fá úr því skorið hvort lagalega hafi rétt verið farið að eða ekki.

Váboðar um íslenskt fjármálalíf voru fyrir hendi og áttu að vera ljósir öllum áður en hrunið varð, jafnvel töluvert áður — tveimur árum áður ef menn fylgdust með, hvar svo sem þeir voru staddir í opinberu lífi og starfi. Verðbólan á húsnæðismarkaðnum var mjög sérstök sem og verðbólan á hlutabréfamarkaðnum. Verðfallið frá því að hlutabréfamarkaðurinn reis hæst og til dagsins í dag nemur hvorki meira né minna en 3.000 milljörðum kr., sem er margföld sú tala sem hv. þm. Pétur Blöndal talar ítrekað um að muni setja þjóðina í eilífan skuldaklafa. Þessi verðmæti hafa horfið úr íslensku efnahagslífi á tiltölulega skömmum tíma.

Krosseignatengsl, veikur gjaldmiðill, verðtrygging og ofurvextir á lán til almennings og bankakerfi sem var mun stærra miðað við þjóðarframleiðslu en annars staðar í heimshluta okkar. Bankakerfið færði okkur milljarða í tekjur — það hefur gleymst í umræðunni — og var undirstaða ákveðinna hluta sem gerðir hafa verið í framhaldinu.

Ég tel, virðulegi forseti, að það liggi fyrir að stjórnvöld gengu ansi hratt um gleðinnar dyr. Vegna umsvifa í fjármálakerfinu juku stjórnvöld ríkisútgjöld til muna, höfðu ekki nægilega aðgát og útþensla og umfang opinberrar starfsemi varð meira en sem nam vexti þjóðarframleiðslunnar. Þrátt fyrir að fjármálageirinn yxi jafnmikið og raun ber vitni með útrás bankanna og annarra aðila var útrás ríkisvaldsins, hins opinbera, mun meiri en nokkurs annars. Þess vegna voru þjóðarútgjöld um 50% og fara væntanlega yfir það núna þegar þjóðarframleiðsla dregst saman vegna þess sem nú hefur gerst.

Virðulegi forseti. Ég leyfði mér að nefna þessi atriði sem mér finnst vera innlegg í umræðuna. Á sama tíma og ég legg áherslu á að frumvarpið fái skjóta meðferð og verði afgreitt sem fyrst, tek ég fram þessi sjónarmið til að skerpa á því sem mér finnst skipta verulegu máli varðandi það að rannsóknarnefndin skili fljótt af sér sem bestri vinnu.

[14:54]

Útbýting:

Tekjustofnar sveitarfélaga og gatnagerðargjald, 185. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 228.

[14:54]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég vil nú byrja á því að þakka þeim sem standa að því að flytja þetta mál fyrir þeirra framlag til þess að hér fram fari rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna. Ég vil jafnframt þakka hæstv. forseta Alþingis, Sturlu Böðvarssyni, fyrir að hafa forgöngu um að ráðist yrði í það útbúa það frumvarp sem er til umræðu í þeim búningi sem hér liggur fyrir.

Ég fagna því líka að skapast hafi þverpólitísk samstaða um að flytja málið og eins og sjá má af frumvarpinu eru það formenn allra stjórnmálaflokkanna á Alþingi ásamt hæstv. forseta sem flytja málið.

Ég tel að eins og það er lagt fyrir hafi náðst mjög góð niðurstaða um hvernig haga eigi rannsókn þessari. Ég tel að vel hafi tekist til með tillögu um hvernig skipa eigi þá nefnd sem hafa á yfirumsjón með málinu. Sömuleiðis er ég þeirrar skoðunar að tekist hafi býsna vel að afmarka það rannsóknarefni sem hér er til umfjöllunar og frumvarpið kveður á um.

Ég fagna því einnig sérstaklega að þeirri nefnd sem skipuð verður verði heimilað að leita sér sérfræðilegrar aðstoðar innlendra eða erlendra aðila við mat á einstökum þáttum rannsóknarinnar enda hlýtur sú heimild að vera mjög mikilvæg, ekki síst í því litla samfélagi sem við búum í þar sem maður þekkir mann. Gera má ráð fyrir að innlendir aðilar kunni við einhverjar aðstæður að vera settir í óþægilega stöðu ef þeir þurfa að rannsaka verk vina sinna eða venslamanna og leggja dóm á hvernig fram hefur verið farið.

Það er auðvitað ljóst að eitthvað mikið hefur farið úrskeiðis. Það er jafnframt ljóst að við slíkar aðstæður er sjálfsagt og eðlilegt að menn rannsaki og greini hvað það var sem leiddi til þess að fjármálakerfið okkar hrundi með þeim hræðilegu afleiðingum sem við höfum orðið vitni að fyrir fyrirtækin okkar og fólkið í landinu.

Ég leyfi mér að halda því fram þar til annað verður leitt í ljós að sjaldan eða aldrei hefur verið lögð fram tillaga í formi frumvarps á Alþingi sem felur í sér jafnvíðtæka rannsókn á samfélagi okkar, ekki bara bankakerfinu heldur í þjóðfélaginu öllu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ég lít þannig á að það frumkvæði sem hæstv. forseti Alþingis sýnir hér ásamt formönnum stjórnmálaflokkanna sé ekki bara komið fram vegna hugmynda hæstv. forsætisráðherra heldur líka út af kröfu þingmanna um að farið verði ofan í málið og kröfu almennings sem við kjörnir fulltrúar höfum orðið vör við á síðustu vikum og mánuðum í kjölfar þess að fjármálakerfið okkar hrundi. Ég lít þannig á að með

þessu frumvarpi og þeirri vinnu sem fram undan er sé þingið að sýna að það vill koma til móts við kröfur almennings í landinu um að rannsakaður verði aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna.

Eins og ég sagði áðan tel ég að verkefni þessarar nefndar hafi verið skynsamlega afmarkað í frumvarpinu. Henni er ætlað að varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir þess vanda sem varð til þess að íslenska bankakerfið féll. Menn geta auðvitað deilt um hvort sannleikanum verði á endanum náð í því nefndarstarfi en ég lít þannig á að hvernig sem það ákvæði, þ.e. 1. gr., er orðað sé fyrst og fremst markmið þessarar vinnu að rannsaka aðdraganda og orsök falls bankanna.

Ég fagna því að gerð verði úttekt á þeim reglum sem gilda samkvæmt íslenskum lögum um fjármálamarkaði og gerður verði samanburður á reglum annarra landa og framkvæmd stjórnvalda á þeim. Ég tel mjög mikilvægt eins og segir í þriðja lið 1. gr. að lagt verði mat á hvernig staðið hefur verið að eftirliti með fjármálastarfsemi hér á landi á síðustu árum og upplýsingagjöf af því tilefni milli stjórnvalda til ríkisstjórnar og Alþingis.

Í ræðum í dag hafa menn nefnt fjölmörg atriði sem leiða má líkur að að hafi orsakað að svo fór sem fór, hvers vegna íslenska fjármálakerfið hrundi og gerði hv. þm. Pétur H. Blöndal því ágæt skil. Ég tek undir það sem fram kom í ræðu hans að fjölmörg atriði koma til skoðunar eins og krosseignatengsl félaga, eigenda fjármálafyrirtækja og fyrirtækja á markaði. Það má líka halda því fram að íslensk lög um fjármálamarkaðinn hafi verið ófullkomin og ekki síður þær lagareglur sem okkur ber að framfylgja í þessari starfsemi sem leiða má af reglum Evrópuréttarins. Allt það hlýtur að koma til skoðunar og ég tek undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal að þegar nefndin fer yfir þessi atriði er sjálfsagt að vega það og meta hvort ástæða sé til í tengslum við störf okkar á vettvangi EES-samningsins að koma á framfæri tillögum um breytingar á þessum reglum á alþjóðavettvangi vegna þess að þær reglur hafa reynst handónýtar fyrir íslenska fjármálamarkaðinn. Mér finnst sjálfsagt að ef þeir sérfræðingar sem eiga að vinna þessa vinnu komast að þeirri niðurstöðu komi þeir sjónarmiðum sínum á framfæri.

Ég hef tekið eftir því að í þessari umræðu hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, einkum og sér í lagi hv. þm. Ögmundur Jónasson, vakið máls á því að sú rannsókn sem fyrirhuguð er skuli ná allt til þess tíma þegar bankarnir voru hlutafélagavæddir og í kjölfarið einkavæddir. Ég set mig auðvitað ekki upp á móti því að slíkt verði gert. Það má vel vera að standa hefði átt öðruvísi að einkavæðingu bankanna en gert var svo sem með tilliti til dreifðs eignarhalds og fleiri atriða. En ég held að í þessu sambandi sé mikilvægt að menn ræði uppbyggingu fjármálakerfisins í heild sinni og þátt ríkisins í þeirri uppbyggingu.

Það má t.d. velta því fyrir sér, og það er nú vinkill á málinu sem ég hygg að ekki hafi verið ræddur í þessari umræðu, hvort ríkisábyrgð á íslensku bönkunum, þ.e. að ríkið og Seðlabanki Íslands sem lánveitandi bankanna til þrautavara mundu hlaupa undir bagga ef á þyrfti að halda, hafi mögulega gert það að verkum að þeir stækkuðu meira en íslenska hagkerfið stóð undir. Mér finnst eðlilegt að yfirlýsingar í þá veru séu skoðaðar og metið hvaða þýðingu þær höfðu.

Það er hefur margoft komið fram og ég held að það séu almenn sannindi að íslensku bankarnir voru of stórir fyrir íslenska hagkerfið. Stærð þeirra olli okkur verulegum vandræðum sem nú eru orðin að raunveruleika. En menn hljóta, þegar þeir ráðast í rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna, að velta fyrir sér hvernig það gat gerst að bankarnir urðu svona stórir. Hvernig gat það gerst að íslenska fjármálakerfið varð tíu sinnum stærra en íslenska hagkerfið? Var það vegna þeirra lagareglna sem bankarnir störfuðu eftir? Var einhverju ábótavant í eftirlitinu með fjármálamarkaðnum? Það eru spurningar sem þarf að skoða.

Það þarf líka að rannsaka þýðingu þess að hugsanlega allir sem að þessum málum komu og litu svo á að ríkið væri bakhjarl bankanna og þá Seðlabanki Íslands sem lánveitandi til þrautavara, hvort það hafi mögulega leitt til þess að bankarnir uxu jafnmikið og raun varð á sem varð íslenska hagkerfinu ofviða.

Því er auðvitað mismunandi farið í löndunum í kringum okkur hvernig með þá þætti er farið. Í sumum löndum er það yfirleitt stefna stjórnvalda að ríkin séu ábyrg og muni ábyrgjast skuldir bankanna og seðlabankar ríkjanna eru lánveitendur til þrautavara en í öðrum löndum er það ekki svo. Ég hygg t.d. að í Lúxemborg hafi stjórnvöld lýst því margoft yfir að fari bankar á hausinn muni ríkið, sem er nú fjármálamiðstöð, ekki draga slíka banka að landi. Það er kannski ástæðan fyrir því að bankar í Lúxemborg fara ekki á hausinn vegna þess að þeir vita að geri þeir það verður þeim ekki komið til bjargar. Það er kannski þess vegna sem fjármálastofnanir sem vita að þeim verður ekki bjargað lendi þær í kröggum, sníða þær sér stakk eftir vexti.

Hér á Íslandi fóru ráðamenn að minnsta kosti varlega í yfirlýsingum um að ríkið mundi standa á bak við bankana ef illa færi. En það er hins vegar hugsanlegt að engu að síður hafi menn sem að þessum málum komu, litið svo á, þrátt fyrir að afdráttarlausar yfirlýsingar um að ríkið væri ekki bakhjarl bankanna, að sú væri raunin. Maður veltir því t.d. fyrir sér þegar maður skoðar aftur í tímann alþjóðlegu lánshæfiseinkunnir matsfyrirtækjanna hvort þær hafi hugsanlega ekki verið eins góðar og þær voru taldar vegna þess að þeir sem gerðu þær töldu að ríkið stæði sterkt á bak við bankana. Það getur verið að það hafi spilað inn í það mat sem þessi alþjóðlegu matsfyrirtæki lögðu á bankana.

Það má velta því fyrir sér hvort bankakerfið hefði stækkað með þeim hætti sem við urðum vitni að ef þeir aðilar sem lögðu mat á lánshæfi bankanna hefðu vitað að þeir yrðu ekki dregnir að landi ef illa færi.

Ég tel að taka þurfi þessa hluti til umfjöllunar í þessari rannsókn ásamt mörgu öðru. Það er ótrúlega víðtækt verkefni sem nefndin fær til athugunar og mér fannst ástæða til þess að benda á það í þessari umræðu. En svona almennt séð fagna ég því að málið sé komið fram. Ég fagna því að skapast hafi um það þverpólitísk samstaða hér á þingi og ég tel að með framlagningu þessa frumvarps sem vonandi verður hægt að afgreiða sem allra fyrst úr þinginu sé komið til móts við þær kröfur sem uppi hafa verið í þjóðfélaginu

um rannsókn á þessum málum. Ég fagna því að það sé gert á vettvangi þingsins.

[15:09]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdum atburðum, en tilgangur rannsóknarinnar er að leita upplýsinga um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði og leggja mat á það hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða í framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni og hverjir kunni að bera ábyrgð á því.

Ég tel samþykkt þessarar tillögu vera mjög mikilvæga og hafa ekki síst þann tilgang að skapa sátt í samfélagi okkar á ný, bæði nú þegar ákvörðun verður tekin um að hefja slíka rannsókn en ekki síður þegar niðurstaðan liggur fyrir.

Fall bankanna kemur við hvert heimili í landinu með einum eða öðrum hætti, hvort heldur með beinu tapi fjármuna og sparnaðar eða afleiðingum þeirrar kreppu sem fall bankanna hefur í för með sér, atvinnuleysi, hárri verðbólgu með hækkun afborgana lána heimilanna og minni ráðstöfunartekjum heimilanna svo að ekki séu nefndir draumar sem hurfu með því að sparnaðurinn fauk.

Í *Morgunblaðinu* í morgun er m.a. skýrt frá því að um 11 þúsund manns, tæpur þriðjungur eldri borgara 65 ára og eldri, hafi tapað samtals 30 milljörðum kr. á falli bankanna og þá eingöngu með tapi í hlutabréfum samkvæmt gengi í lok september. Er þá ótalið tap vegna lækkunar hlutabréfa fram til þess tíma, og það var töluvert. Hver þessara einstaklinga tapaði að meðaltali 2,7 millj. kr. en ef að líkum lætur hefur þetta áhrif á mun stærri hóp ef hlutabréfin eru skráð á einn einstakling en eru eign hjóna. Þá er náttúrlega einnig ótalið tap af sparnaðarreikningi.

Önnur hlið málsins, sem er þó að sumu leyti ótengd en segir töluvert til um í hvaða umhverfi við búum núna, snýr að frétt *Morgunblaðsins* um eignarhaldsfélagið Gift sem var stofnað til að halda utan um eignir og skuldbindingar eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga. Þar lá vonarfé sem hafði verið tilkynnt að yrði dreift til réttmætra eigenda samkvæmt einhverjum reglum sem ég þekki ekki en ljóst að félagið er ekki lengur borgunarfélag fyrir og skuldar félagið nú á þriðja tug milljarða kr. sem er niðurstaða fjárfestingarfjárhaldsmanna félagsins. Varla koma þó þessi viðskipti til skoðunar í rannsóknarnefndinni sem hér er mælt fyrir en örugglega mun almenningur krefjast upplýsinga þar um.

Það er réttur og krafa fjölskyldnanna í landinu að fá að vita hvað hefur gerst, hvað í kerfinu hefur brugðist og hverjir bera ábyrgð. Fyrrverandi landlæknir, Sigurður Guðmundsson, hefur m.a. líkt falli bankanna við jarðskjálfta. Þegar jarðskjálfti ríður yfir þarf fólk að vita m.a. hvar upptökin urðu, hve stór hann var, hve víðtæk áhrifin urðu á samfélagið, hvort fólk hafi dáið eða slasast og hvernig viðbragðskerfin hafi brugðist við og staðist álagið. Fárviðrinu í fjármálakerfinu og falli bankanna má líkja við efnahagslegan jarðskjálfta og hluti af ferlinu til að ná utan um þennan atburð er að fá allar upplýsingar til að skýra hann. Til viðbótar þarf að upplýsa um hver beri ábyrgð á falli bankanna og ástandinu í kjölfarið sem liggur yfirleitt fyrir þegar jarðskjálfti af náttúrulegum völdum er orsökin.

Það má segja að þetta sé kjarni þeirrar tillögu sem hér er verið að fjalla um, þ.e. um ábyrgðina. Þessa tillögu þarf einnig að skoða í samhengi við frumvarp frá hæstv. dómsmálaráðherra sem nú er til umfjöllunar á hinu háa Alþingi, frumvarp um sérstakan saksóknara til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við þá atburði sem leiddu til setningar neyðarlaganna.

Styrkur þessarar tillögu um skipan rannsóknarnefndar er að hún beinist bæði að fjármálafyrirtækjum og starfsmönnum þeirra og að viðeigandi stjórnvöldum til að leiða í ljós aðdraganda og orsakir þess að íslenska bankakerfið féll og varð tilefni til þess að hv. Alþingi setti neyðarlög í október sl. Hún hefur heimild til þess að kalla til alla þá sérfræðinga, erlenda sem innlenda, sem nefndin telur nauðsynlegt til að upplýsa málið. Þá er nefndinni einnig ætlað að koma með ábendingar og tillögur um viðbrögð við niðurstöðum rannsóknarinnar hvað varðar breytingar á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu þannig að regluverkinu verði breytt til að koma í veg fyrir að nokkuð slíkt geti endurtekið sig í framtíðinni. Jafnframt er nefndinni gert að koma með ábendingar hvort um refsivert athæfi hafi verið að ræða og beina því til viðeigandi aðila.

Ég fagna því að þessi tillaga er komin fram og að nefndin verði eins og fram kemur í frumvarpinu. Í greinargerð með því er greint frá þeirri niðurstöðu að skipa sérstaka rannsóknarnefnd sérfróðra aðila til að fara ofan í saumana á falli bankanna. Þá er einnig rökstutt af hverju ákveðið var að fara ekki þá leið sem mælt er fyrir um í 39. gr. stjórnarskrárinnar en það er heimildarákvæði um að skipa megi nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er varða almenning. Alþingi getur veitt þessum nefndum heimild til að afla allra gagna, munnlegra sem skriflegra, af embættismönnum og einstökum mönnum.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. um þetta efni, með leyfi forseta:

„Eðlilegt er að ríkisvaldið horfi enn fremur í eigin barm og athugi hvort því hafi brugðist bogalistin. Þar sem rannsókn á þætti ríkisvaldsins í þessari atburðarás getur öðrum þræði beinst að aðgerðum ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra er eðlilegt að hún fari fram á vegum Alþingis. Byggist það á því að ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarathöfnum gagnvart Alþingi með vísan til þingræðisreglunnar og 14. gr. stjórnarskrárinnar. Alþingi fer því með eftirlit með störfum ráðherra og þeirri stjórnsýslu sem undir þá heyrir. Hér er einnig ástæða til þess að huga að upplýsingagjöf ráðherra til Alþingis og stefnumörkun Alþingis í þessum málaflokki og þá með hliðsjón af því sem gert hefur verið í nágrannalöndum okkar sem búa við hliðstætt réttarkerfi. Eðli málsins samkvæmt þarf í þessu sambandi að taka tillit til íslenskra aðstæðna og þá meðal annars stærðar þjóðarbúsins í samanburði við vöxt fjármálafyrirtækjanna.

Stjórnarskráin býður upp á ákveðna leið til að efna til rannsóknar af þessu tagi. Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um að Alþingi geti skipað rannsóknarnefnd alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Á það hefur verið bent að ekki sé heppilegt að alþingismenn sinni sjálfir slíkri rannsókn. Hætta sé á því að þeir hafi í pólitískri umræðu um málið gefið yfirlýsingar sem liti

skoðun þeirra á öllu því sem síðar kann að koma fram. Þá hafa sumir talið að ekki sé trúverðugt að stjórnmálamenn annist grunnrannsókn á vinnubrögðum stjórnmálamanna. Betra sé að fá til verksins óháða sérfræðinga sem hafi staðið utan við átök stjórnmálanna.“

Því hefur verið haldið fram, virðulegi forseti, að það ákvæði stjórnarskrárinnar sem mælt er fyrir um í 39. gr. stjórnarskrárinnar sé með öllu óvirkt enda beinist málaðstæður eða málefni sem eru tilefni tillagna um skipan rannsóknarnefndar á grundvelli ákvæðisins yfirleitt að sitjandi ráðherra eða málaflokki hans sem stjórnarmeirihlutinn ver. Á síðustu 40 árum hafa um 50–60 tillögur um skipan rannsóknarnefndar með stoð í 39. gr. stjórnarskrárinnar verið fluttar en allar utan ein verið felldar. Þá er heimild í þingskapalögum að fela fastanefndum þingsins ákveðið rannsóknarvald en það ákvæði hefur einnig sjaldan verið nýtt.

Sú skoðun hefur komið fram að þar sem þessum ákvæðum hafi ekki verið beitt skorti mikilvægan grundvöll virkrar ráðherraábyrgðar sem er nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu okkar lýðræðisþjóðfélags. Jafnframt sýnir reynslan frá nágrannalöndum okkar að rannsókn eftirlitsnefnda sem þingið setur til starfa er oft forsenda þess að unnt sé að draga ráðherra til ábyrgðar fyrir afglöp eða misfellur í starfi. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um hvernig megi styrkja rétt minni hluta á þingi til eftirlits með framkvæmdarvaldinu, t.d. með því að tiltekinn fjöldi þingmanna, t.d. þriðjungur þeirra, geti krafist skipanar rannsóknarnefndar á grundvelli ákvæðisins í stað meiri hluta þingmanna í dag. Sá möguleiki væri þó fyrir hendi að í stað þess að skipa þingmenn í slíkar rannsóknarnefndir væri hægt að skipa menn utan þings, t.d. sérfræðinga, rannsóknardómara o.s.frv. Með heimildum sem þessum væri lýðræðið styrkt og aðhald við stjórnarmeirihlutann aukið.

Ýmis efnisleg rök hafa verið færð gegn því að ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar sé beitt eins og komið hefur fram. Þannig sé það t.d. meginforsenda við rannsókn mála að rannsakendur komi að málinu fordómalaust og með opnum huga. Rannsóknarnefnd sem skipuð væri þingmönnum sem hefðu fyrir fram ákveðnar skoðanir á viðkomandi máli og hafa beitt því með rökstuðningi í umræðum um skipan rannsóknarnefndar væri eftir að hafa kveðið upp þunga og harðorða dóma varla til þess bær að taka þátt í rannsókn viðkomandi máls.

Í skýrslu sem ber heitið *Könnun á hlutverki rannsóknarnefnda löggjafarþinga í tólf aðildarríkjum Evrópubandalagsins* og er frá byrjun síðasta áratugar er gerð grein fyrir stöðu þessara mála í viðkomandi löndum. Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir að í 11 löndum af þeim 12 sem skoðuð voru hafi þingin heimildir til þess að skipa rannsóknarnefndir sem hefðu það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu og upplýsa um lögbrot eða tilhneigingar í þá átt með því að rannsaka athafnir ríkisstjórnarinnar og stjórnvalda. Í öllum tilvikum utan þýska þingsins þarf meiri hluti þingmanna að samþykkja skipan nefndarinnar. Í Bretlandi var hins vegar sú leið farin að fela stofnunum óháðum þinginu það verkefni að rannsaka lögbrot hjá hinu opinbera og slíkt fyrirkomulag hefur tíðkast frá árinu 1921. Ætlunin er í því tilviki að tryggja að rannsóknin verði ekki fyrir pólitískum áhrifum frá stjórnmálaflokkum. Þessar upplýsingar eru þó settar fram með þeim fyrirvara að þær eru komnar til ára sinna, en þær birtust m.a. í þingsályktunartillögu þáverandi hv. þm. Svavars Gestssonar sem hann flutti um breytingar á ráðherraábyrgð árið 1994.

Með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er tekin sú afstaða að skipa rannsóknarnefnd sem í eiga sæti sérfróðir aðilar en ekki er farin sú leið að skipa þingmenn í slíka nefnd eins og mælt er fyrir í 39. gr. stjórnarskrárinnar, enda má segja að það sé rökrétt vegna þess að hér er rannsóknarnefndinni ætlað að horfa til fleiri aðila en stjórnvalda, það er horft til aðila sem voru eigendur að og stjórnendur í fyrirtækjum sem voru í einkaeigu.

Ég tek undir með hæstv. forseta Alþingis sem sagði í framsögu sinni að segja mætti að hér hafi verið brotið blað að ákveðnu leyti í þingsögunni. Þegar þessi skipan er sett í samhengi við skipan rannsóknarnefndar vegna Breiðavíkurmálsins má segja að verið sé að setja rannsóknarnefndir á vegum þingsins í ákveðinn farveg sem var óþekktur áður, eins og kom hér fram, því að rannsóknarnefndir hafa ekki tíðkast á hinu háa Alþingi.

Síðan fagna ég jafnframt því sem kom fram í máli hæstv. forseta Alþingis, að hann hefði skipað nefnd til þess að endurskoða ákvæði um skipan rannsóknarnefndar á vegum Alþingis og að sú nefnd mundi skila á vormánuðum. Er það vel.

Með þessu vil ég sem sagt að lokum lýsa ánægju minni með að þetta frumvarp skuli komið fram. Ég er þeirrar skoðunar að með því séu ákveðin þáttaskil í þessu máli. Skipuð er nefnd til að skoða hvað olli því ástandi sem er hér í dag. Það er mikil reiði í samfélaginu og ég held að eins og frumvarpið er byggt upp megum við eiga von á vönduðum vinnubrögðum og að ekkert verði undanskilið og þá liggi fyrir ákveðin niðurstaða sem mun örugglega valda miklum umræðum í samfélaginu en niðurstaðan verður þá a.m.k. sú að einhverju þurfi að breyta og að einhverjir aðilar bera ábyrgð á þessu. Þeirra er leitað hér.

[15:22]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það hefur eðlilega verið mikill þrýstingur í samfélaginu eftir bankahrunið sem hér varð á að farið verði í öflugt og viðamikið rannsóknarstarf, farið vel yfir það sem gerðist, skoðað hverja við þurfum að sækja til ábyrgðar og hvað við getum lært af þeirri atburðarás sem hér hefur orðið.

Það eru margir í okkar samfélagi sem eiga um sárt að binda eftir þetta. Það er fólk sem misst hefur atvinnu sína sem er eitthvað það versta sem hent getur einstaklinga. Það er fólk sem jafnvel hefur misst lífssparnað sinn og þar með ákveðinn grundvöll fyrir framtíðarstöðu sína. Það er eðlilegt að við þær aðstæður myndist mikill þrýstingur á að farið sé vel yfir aðdraganda málsins og afleiðingar.

Áfall samfélagsins er líka mikið. Við erum búin að missa gríðarlegar skatttekjur af öflugri bankastarfsemi í landinu. Við erum búin að missa öflug störf sem gáfust okkar unga fólki sem komið hefur vel menntað út á vinnumarkaðinn á undanförnum árum, ekki bara hér á landi heldur nánast úti um allan heim og kannski sérstaklega í nágrannalöndunum. Það er því mikið áfall sem á okkur hefur

dunið og sjálfsagt að fara vel ofan í atburðarásina, gerð er krafa um rannsókn.

Það hefur farið lítið fyrir umræðu um þá rannsókn sem sett var af stað strax og þessar aðstæður sköpuðust. Það er ástæða til þess að nefna að strax voru settar inn í bankana virtar endurskoðunarskrifstofur til þess að fara ofan í allar þær hreyfingar og það sem gerðist í starfsemi þessara fjármálastofnana síðustu vikurnar áður en íslenska ríkið yfirtók starfsemi þeirra.

Forsætisráðherra nefndi mjög snemma í þessu ferli að nauðsynlegt yrði að fara mjög ítarlega yfir hluti og hann talaði um hvítbók. Segja má að með því að leggja fram þetta frumvarp til laga, og reyndar einnig með því frumvarpi sem dómsmálaráðherra lagði fram í síðustu viku um sérstakt saksóknaraembætti til þess að fara í rannsókn á mögulegu misferli, með þessum frumvörpum, sé að hefjast seinni hálfleikur í þessu máli hjá okkur.

Það ber að fagna mjög framkomu þessa frumvarps. Búið er að bíða eftir frumvarpinu og mikill þrýstingur hefur verið á að koma fram með það. En við sjáum að þegar forseti Alþingis, hv. þm. Sturla Böðvarsson, leggur fram þetta frumvarp er búið að leggja í það gríðarlega mikla vinnu. Þegar svona stór áföll koma er svo sem enginn farvegur tilbúinn eða neitt klæðskerasaumað fyrir hendi til þess að bregðast við því. Við það verður að miða öll okkar viðbrögð.

En það er mikið fagnaðarefni að afrakstur þessarar miklu vinnu virðulegs forseta og formanna þingflokkanna skuli vera settur fram. Það er sérstakt fagnaðarefni að náðst skuli hafa um það breið samstaða hér á hinu háa Alþingi. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir allan framgang málsins að svo sé vegna þess að það stendur til að fara í mjög ítarlega rannsókn þar sem ekkert verður undanskilið.

Frumvarpið vekur vissulega traust þegar það er skoðað og þótt það byrji á þeim umdeildu orðum sem hér hafa verið nefnd, að rannsóknarnefnd á vegum Alþingis skuli leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, felst í þeim orðum hugmyndin um að hér verði um mjög víðtæka og opna rannsókn að ræða. Öllum er ómögulegt að finna hinn eina sannleika og hann er kannski ekki til en þetta orð, sannleikur, er notað þarna til að leggja áherslu á að hér verður ekkert undan skilið og farið verður vel yfir allar aðstæður málsins.

Það vekur mér traust þegar ég les frumvarpið yfir að sjá starfsáætlunina. Í II. kafla er talað um skipan rannsóknarnefndarinnar þar sem einn dómari Hæstaréttar, sem er valinn af dómurum réttarins, skuli vera formaður nefndarinnar. Þá kemur umboðsmaður Alþingis að málinu og síðan verður vel menntaður sérfræðingur á þessu sviði þriðji maðurinn í nefndinni.

Sú skipan mála á að hefja nefndina yfir alla gagnrýni. Hún á að setja það traust á málið strax í byrjun að allir geti verið vissir um að hér verður engu undan skotið. Lögð er á það áhersla að nefndin geti leitað sérfræðilegrar aðstoðar bæði innlendra og erlendra aðila við mat á einstökum þáttum rannsóknarinnar.

Það er enginn sem lætur sér detta annað í hug en að við verðum að leita út fyrir landsteinana til þess að sækja bakland í þessa rannsókn, svo umfangsmikil á hún að verða. Það er mjög mikilvægt að þótt ekki hafi farið fram kostnaðargreining á þessu frumvarpi, sem nánast er útilokað að gera, að menn átti sig á því að hér verður engu til sparað. Um er að ræða það mikið tjón sem þegar er orðið að kostnaður við rannsóknina, eins mikilvæg og hún er, verður smávægilegur í því samhengi.

Í III. kafla frumvarpsins er farið yfir rannsóknarheimildir nefndarinnar. Þar er öllum sem að málum koma, hvort sem það eru einstaklingar, stofnanir eða lögaðilar, skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fer fram á. Lögð er á það þung áhersla og ítrekað að hér skuli ekkert undanskilið. Það er skylt að verða við kröfunni að veita upplýsingar þótt þær séu háðar þagnarskyldu. Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt atriði.

Það tekur til allra málaflokka, til að mynda þeirra sem fjalla um öryggi ríkisins og eins fundargerða ríkisstjórna og ráðherrafunda og fundargerða nefnda Alþingis. Það ítrekar þann mikilvæga þátt að hér á að vera mikið gagnsæi og allt á að vera uppi á borðum, ekkert undanskilið.

Stjórnvöld eru líka samkvæmt frumvarpinu bundin til þess að veita nefndinni alla þá nauðsynlegu aðstoð sem hún þarf á að halda við störf sín. Það er hverjum sem kallaður er fyrir nefndina skylt að mæta til hennar.

Í 12. gr. frumvarpsins er talað um þá vernd sem einstaklingar fá ef þeir hafa frumkvæðið að því að bjóða eða láta nefndinni í té upplýsingar eða gögn sem tengjast opinberri stofnun eða fyrirtæki, móður- eða dótturfyrirtæki þess fyrirtækis sem það er í viðskiptum við eða stjórnendum þeirra og óska að þeir sæti ekki ákæru þótt upplýsingar og gögnin leiði líkur að refsiverðu broti þeirra sjálfra.

Ég þekki ekki hvort þetta er einsdæmi í íslenskri löggjöf en hér er a.m.k. um að ræða atriði sem getur orðið mjög mikilvægt í þessum málarekstri og getur skilað okkur upplýsingum sem annars mundu ekki rata upp á yfirborðið.

Nefndinni er síðan skylt, ef grunur vaknar við rannsókn hennar um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað sem er alvarleg að senda það áfram til ríkissaksóknara og þá er það væntanlega mál sem fer til sérstaks saksóknaraembættis sem á að fjalla um þessi mál.

Það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir þeim tímamörkum sem eru í þessu. Stefnt er að því að nefndin skili skýrslu sinni eigi síðar en 1. nóvember 2009. Við verðum að vera raunsæ í þeim kröfum sem við gerum um tímamörk í þessu. Þótt öllum sé ljóst að mjög mikilvægt er að þessari vinnu ljúki sem fyrst verður að vanda til hennar og gefa þessu þann tíma sem þarf. Gert er ráð fyrir að nefndin geti í millitíðinni skilað sérstakri skýrslu eða upplýsingum til þingsins og það munu menn örugglega notfæra sér.

Í umræðunni í dag hefur margt fróðlegt komið fram en eitt vil ég þó nefna sem mér finnst vera tiltölulega ábyrgðarlaus málflutningur við þessar aðstæður. Það er þegar nefnd hefur verið aðild að Evrópusambandinu, ef við hefðum verið aðilar að því hefði þetta ekki gerst. Svona yfirlýsingar eru mikil einföldun og engan veginn rökstuddar nægilega til þess að geta talist trúverðugar.

Hér er talað um aðild að Evrópusambandinu og gjaldmiðilsumræðuna. Gjaldmiðilsumræðan er allt annað mál og

þótt við gengjum í Evrópusambandið er löng leið í að við gætum tekið upp evru sem gjaldmiðil. Menn geta horft til annarra leiða í því, t.d. að taka hér upp annan gjaldmiðil og verið sammála um það. En það er ekki rétt að draga inn í þessa umræðu að allt hefði farið öðruvísi ef við hefðum verið í Evrópusambandinu. Við getum bara horft til þeirra þjóða í Evrópusambandinu sem eiga við mikil vandamál að stríða, þar hefur Evrópubankinn ekki komið sem sá bakhjarl sem hér er talað um og bankar hafa verið að fara á hausinn í þessum löndum eins og hér.

Það er mikill galli á þeim reglum Evrópusambandsins sem leyfa alveg óbundinn flutning á fjármagni með opnun fyrirtækja og það eru engin landamæri. En þegar kemur að tryggingunni og ábyrgð eru allt í einu komin landamæri. Þessum reglum hlýtur að verða breytt og það er kannski sá lærdómur sem við munum draga af þessu.

Vegna þess að fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott — þótt ég sé ekki að mæla bót þeirri stöðu sem er hér uppi — verður dreginn af þessu mikill lærdómur sem við og komandi kynslóðir munum eiga til þess að forðast í framtíðinni. Það er ekki bundið við Ísland. Það er ekki eingöngu bundið við efnahagsumhverfi okkar eða land. Það er bundið við efnahagsumhverfi heimsins og bankastarfsemi. Það eiga alveg örugglega eftir að verða miklar breytingar á þeirri starfsemi um allan heim.

Hér heima breytir þetta í raun öllu samfélaginu. Hér eftir verður gildismatið allt annað. Hér verður miklu meiri virðing borin fyrir eignum og skuldum. Hér gerum við okkur grein fyrir því hversu mikilvægur sparnaður er fyrir fjölskyldur og samfélög og hvaða grunn það byggir fyrir framtíðaruppbyggingu og þá vörn sem það felur í sér þegar áföll sem þessi dynja yfir.

Við vorum að einhverju leyti búin að gleyma uppruna okkar, á hverju við byggjum þetta samfélag. Ég held að við gerum okkur betur grein fyrir því núna en nokkru sinni áður á hverju við þurfum að byggja hér, á hvað við þurfum að treysta. Við erum mjög rík þjóð í mannauði. Við eigum duglegt og atorkusamt fólk og við höfum aldrei átt eins stóran hóp af vel menntuðu fólki og í dag. Við eigum auðlindir sem aðrar þjóðir geta ekki státað af, auðlindir til lands og sjávar sem verða grunnurinn að þeirri uppbyggingu sem við munum nú fara í í þessum seinni hálfleik. Það er þar sem við höfum tækifæri til að sækja fram og koma þessu samfélagi á rétt plan. Við náum því aldrei, virðulegi forseti, að verða sama samfélag með sama gildismat og við vorum áður en þessi áföll dundu á okkur. En markmiðið með þessari rannsókn og þeim aðgerðum (Forseti hringir.) sem við grípum til er auðvitað að skapa betra samfélag.

[15:37]

Flm. (Sturla Böðvarsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka fyrir mjög málefnalegar og góðar ræður sem hér hafa verið fluttar um frumvarpið og vænti þess og veit að þær eru mjög gott og mikilvægt innlegg fyrir umfjöllun allsherjarnefndar.

[15:37]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef nú kosið vegna skamms fyrirvara að tjá mig ekki um þetta mál en áskil mér auðvitað rétt til þess við 2. umr. Það eru þó atriði sem ég vil varpa fram til hv. þm. Sturlu Böðvarssonar. Það eru atriði sem komið hafa hér fram í dag og allsherjarnefnd þyrfti að fá svör við sem nesti í umræðuna. Það er þetta orðalag „að leita sannleikans“, hvort megi breyta því í „að leita staðreynda“. Það er kallað „fact finding missions“ hjá mannréttindadómstólnum.

Í öðru lagi kom hv. þm. Árni Páll Árnason með tillögur um að skeyta 3. mgr. við sem 7. lið við 1. gr. Hér var líka rætt um hugsanlega rannsókn á fjármagnsflutningum og afstaða hv. þingmanns, 1. flutningsmanns, til þess held ég að þurfi að liggja fyrir. (Gripið fram í.) Og kannski í beinu framhaldi af því — og það er það sem ég er hugsi yfir — er spurning um hvort nefndin eigi að vera þriggja manna. Ég sé það einhvern veginn fyrir mér að hún verði þriggja karla nefnd sem skoðar strákana þannig að ekki náist jafnræði kynjanna innan þessarar nefndar.

Með því að forsætisnefnd (Gripið fram í.) skipaði þrjá í staðinn fyrir tvo væru kannski tveir til viðbótar úr þessum hópi, heimspeki, sagnfræði, eða annarra manna með þá sérfræðiþekkingu sem kannar siðferðið að baki. Ég er á því að þetta eigi að vera ein skýrsla í heild sinni bæði um lagalegu atriðin og fleira og enn fremur siðferði í fjármálaheiminum. Ég vildi sem sagt gjarnan fá að heyra sjónarmið hv. 1. flutningsmanns frumvarpsins, Sturlu Böðvarssonar, á þessum þáttum málsins.

[15:39]

Flm. (Sturla Böðvarsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fyrir það fyrsta vil ég segja að ég er nú ekki viss um að það væri mjög skynsamleg breyting á þessu frumvarpi að fella út það sem talað er um í 1. gr., að leita eigi sannleikans í þessu máli. En það lítur hver sínum augum á silfrið, eins og sagt er.

En hvað varðar grundvallarbreytingar á frumvarpinu get ég alls ekki mælt með því. Við höfum flutt hér frumvarp sem gerir ráð fyrir því að nefndin sé þriggja manna rannsóknarnefnd. Hún er þriggja manna samkvæmt tillögu í frumvarpinu vegna þess að hún á að stjórna þessu verki og það skiptir miklu máli vegna þess að mikilvægt er að rannsóknin vinnist á skömmum tíma, að það sé öflugur hópur, snar í snúningum, sem stýrir þessari vinnu. Það skiptir mjög miklu máli að mínu mati.

Hvað varðar önnur atriði sem fram komu hjá hv. þingmanni tel ég að allsherjarnefndin hljóti að fara yfir þau og ég ætla ekki að gefa neinar sérstakar leiðbeiningar um annað en ég tel að það samkomulag sem birtist í þessu frumvarpi sé mjög athyglisvert. Mér finnst umræðan hér í dag benda til þess að hv. þingmenn séu býsna ánægðir með þá niðurstöðu.

[15:41]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Sturlu Böðvarssyni fyrir svarið — ekki eigi að gera grundvallarbreytingar. Ég er ekki að kalla eftir því að frumvarpið fái einhverja grundvallarbreytingu en auðvitað þarf það að fá vandaða þinglega meðferð í nefndinni eins og önnur frumvörp.

Það verður að gæta jafnræðis við skipan þessarar þriggja manna nefndar, jafnræðis kynjanna og þeirra undirnefnda sem til koma. Fallist hv. þingmaður ekki á að breyta fjölda rannsóknarnefndarmanna úr þremur í fimm eins og ég spurði hann að, spyr ég hvort ekki megi gera niðurstöðu þriggja manna hóps siðfræðinefndarinnar að óaðskiljanlegum hluta af skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Talað er um að þessi siðfræðinefnd, ef ég má kalla hana það, rannsaki eða skoði þetta mál í samráði við rannsóknarnefndina. Ég hefði talið að sú skýrsla ætti að verða óaðskiljanlegur hluti af hinni endanlegu skýrslu og ég spyr hv. þm. Sturlu Böðvarsson að aðstöðu hans til þessa.

[15:43]

Flm. (Sturla Böðvarsson) (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Aðeins varðandi þau mörk sem eru á milli rannsóknarnefndarinnar og þess starfshóps sem hv. þingmaður kallar siðfræðinefndina. Eins og fram kemur í frumvarpinu er afmarkaður sá verkefnarammi sem rannsóknarnefndinni er ætlaður og þar inni er það verkefni sem starfshópnum er ætlað að sinna. Gert er ráð er fyrir að rannsóknarnefndin hafi niðurstöðu starfshópsins fyrir sér þegar hún lýkur störfum þannig að sú vinna verður að sjálfsögðu innbyggð í niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar ef hún telur það eðlilegt.

Hvað varðar það hvort færa eigi inn sérstök ákvæði í ljósi þess sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi hér um tilflutninga eða millifærslur óeðlilegra fjármagnsflutninga o.s.frv. vil ég benda á að í greinargerðinni er fjallað alveg sérstaklega um þetta atriði þar sem segir:

„Verði nefndin t.d. vör við að óeðlilegir fjármagnsflutningar hafi átt sér stað í bönkunum í þágu eigenda þeirra eða tengdra aðila ber henni að vísa málinu til opinberrar rannsóknar.“

Ég tel að frumvarpið geri ráð fyrir að þau atriði sem hv. þingmaður nefndi séu til sérstakrar skoðunar og það er mjög mikilvægt.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Samningar um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu, fyrri umr.

Stjtill., 177. mál. — Þskj. 219.

[15:45]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld að þessu leyti á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um.

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um bakgrunn þess þingmáls sem hér er flutt. Um er að ræða einn anga bankahrunsins er snertir umtalsverðar fjárhæðir á innlánsreikningum í útibúum íslenskra banka í Evrópu. Þessar fjárhæðir voru að stærstum hluta til á innlánsreikningum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi, svokölluðum Icesave-reikningum. Starfsemi bankans í viðkomandi löndum var rekin í formi útibúa en ekki dótturfélaga og því gilda lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, um þessa starfsemi en þau lög eru byggð á tilskipun ESB 94/19 um innstæðutryggingar. Það felur í sér að innstæður eru tryggðar af íslenska tryggingasjóðnum.

Í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 98/1999 nær greiðsluskylda sjóðsins, og þar með talin ábyrgð hans á greiðslufalli, til útibúa íslenskra banka á Evrópska efnahagssvæðinu. Á þessari forsendu sneru stjórnvöld í viðkomandi ríkjum sér að íslenskum stjórnvöldum í því skyni að kanna með hvaða hætti þau hygðust tryggja að sjóðurinn stæði við þær skuldbindingar sem í tilskipuninni felast. Íslensk stjórnvöld voru ekki tilbúin til að fallast á að íslenska ríkinu bæri að ábyrgjast greiðslur til innlánseigenda ef þær færu fram úr því sem Tryggingarsjóður innlána gæti staðið undir af inngreiðslum í sjóðinn. Höfum við og haldið því fram að vafi léki á lagalegum skuldbindingum Íslands að þessu leyti undir þeim kringumstæðum sem nú ríkja. Þessari lagatúlkun hefur verið hafnað af þeim ríkjum sem hlut eiga að máli svo og af ESB.

Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur verið lögð áhersla á að fá úr málinu skorið fyrir viðeigandi úrskurðaraðila eða dómstól. Þessu hafa aðildarríki ESB alfarið hafnað þar sem þau telja að slíkt mundi sá efasemdum meðal innstæðueigenda með ófyrirséðum afleiðingum fyrir evrópsk fjármálakerfi.

Eftir tvíhliða viðræður við stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi og síðar fyrir milligöngu Frakklands, sem gegnir formennsku í Evrópusambandinu, var ljóst að Ísland stóð einangrað meðal aðildarríkja EES um þá túlkun sína sem hér hefur verið reifuð. Ljóst var að þessi afstaða var orðin hindrun í vegi nauðsynlegrar fyrirgreiðslu á alþjóðlegum vettvangi fyrir íslenskt efnahagslíf, þar með talið fyrirgreiðslu frá Norðurlöndunum. Í þessu ljósi telja íslensk stjórnvöld rétt að fara leið pólitískra samninga um málið á grundvelli þeirra viðmiða sem náðust fyrir tilstilli Frakklands.

Næsta skref í málinu er að ganga til viðræðna við þau ríki sem hér um ræðir en gert er ráð fyrir því að þau muni aðstoða sjóðinn við að standa undir þessu verkefni í formi lánveitinga til sjóðsins með ábyrgð íslenska ríkisins. Þær viðræður sem fram undan eru munu skera úr um nánari útfærslu þessara lánveitinga auk þess sem hin endanlega niðurstaða mun ráðast af því að hve miklu leyti andvirði eigna viðkomandi banka mun renna til sjóðsins við uppgjör á búum þeirra. Ríkisstjórnin telur rétt í ljósi eðlis þessa máls og umfangs að leggja það fyrir Alþingi til meðferðar í formi þeirrar þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir, en síðan þegar niðurstaða fæst úr samningaviðræðunum mun málið að sjálfsögðu berast aftur til Alþingis með viðeigandi hætti.

Ég legg til, virðulegur forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. utanríkismálanefndar.

[15:49]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mjög hafa nú skipast veður í lofti hvað varðar þær skuldbindingar sem verið er að leggja á okkur í Bretlandi, Hollandi og víðar frá því að hæstv. forsætisráðherra sagði að hann léti ekki kúga sig í þessum efnum og starfandi utanríkisráðherra, hæstv. iðnaðarráðherra, hafði einhver viðlíka orð og enn stærri um að hann mundi ekki lúta slíkum kúgunum af hálfu Evrópusambandsríkja. Nú kemur hæstv. utanríkisráðherra og, eins og reyndar hefur komið fram áður á Alþingi, íslensk stjórnvöld hafa lagst flöt fyrir þessum kúgunum og gengið til svokallaðra samninga.

Ég spyr hér um ákveðin grundvallaratriði. Í fyrsta lagi um upphæðir að hámarki á þeim lánum sem um er að ræða og gert er ráð fyrir að ábyrgjast í hverju landi. Það hefur komið fram að viðkomandi lönd hafi boðið lán og ég spyr um kjör þeirra, vexti og afborganir og slíkt. Ég vil líka spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvað átt er við með því sem kom fram í ræðu hennar hér um þetta mál fyrir nokkrum dögum síðan þar sem sagt er:

„Í öðru lagi kveður yfirlýsingin á um það að þessi ríki muni veita Íslandi ákveðna fjárhagsaðstoð og þau taka sérstakt tillit til Íslands vegna hinna erfiðu og fordæmalausu aðstæðna“ — eins og segir í yfirlýsingunni — „sem við glímum við hér á landi.“

Til hvaða sérstaka tillits er þarna verið að vísa?

[15:51]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef nauman tíma til að svara þeim spurningum sem hér komu fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni en ég skal reyna eins og ég get að ná því.

Í fyrsta lagi um lánsupphæðirnar þá eru heildarskuldbindingarnar í Bretlandi og Hollandi vegna þessara innlánstrygginga um 625 milljarðar ísl. kr. og heildarskuldbindingar vegna Kaupþings Edge í Þýskalandi eru um 40 milljarðar kr.

Það kom fram á fundi efnahags- og viðskiptanefndar í morgun hjá fulltrúum skilanefndar Landsbankans að heildareignir Landsbankans væru á bilinu 800–1.200 milljarðar kr. og ef við gerum ráð fyrir að það séu um þúsund milljarðar sem Landsbankinn eigi þarna upp í þetta má gera ráð fyrir að það sem falli á ríkið vegna Icesave sé á bilinu 140–160 milljarðar kr. að þessum forsendum gefnum. Það er talið ólíklegt að nokkur skuldbinding falli á ríkissjóð vegna Kaupþings Edge í Þýskalandi vegna þess að talið er að þar geti Kaupþing staðið undir þeim kröfum úr búinu.

Miðað við þessar forsendur, að það séu um þúsund milljarðar sem komi út úr búi Landsbankans upp í þessar kröfur, geta þetta verið á bilinu 140–160 milljarðar. Um lán, kjör, vexti og afborganir er ekki hægt að segja neitt núna. Nú förum við og semjum um þessa hluti, hverjir eru vextirnir og kjörin og afborganirnar, og síðan verður það kynnt með viðeigandi hætti fyrir þinginu þegar niðurstaðan er komin úr því.

Hvað varðar að taka sérstakt tillit til Íslands vegna þeirra aðstæðna sem hér eru uppi þá geri ég ráð fyrir að það sé einmitt í þeim þáttum sem það endurspeglist, hvenær við byrjum að borga af láninu, hverjir verði vextirnir, hver verði kjörin, hvaða endurskoðunarákvæði verði í þessu og annað slíkt, að það sé það sem átt er við.

[15:54]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur komið fram í fréttatilkynningum að lánveitingar af hálfu þessara ríkja liggi fyrir og á hvaða kjörum þær séu, þess vegna spyr ég um það.

Í öðru lagi spyr ég: Er búið að aflétta hryðjuverkalögunum sem sett voru á Landsbankann, á eignir hans í Bretlandi, eða standa þau enn? Ef þau standa enn standa þau að sjálfsögðu með fulltingi allra Evrópusambandsríkjanna sem hafa fylgt eftir kröfum Breta.

Ég spyr einnig, frú forseti: Gert er ráð fyrir að eignir Landsbankans og Kaupþings í Þýskalandi renni upp í skuldbindingarnar. Jafnframt hefur komið fram að það geti tekið langan tíma að selja þessar eignir og menn tala þar um ár. Það sem komið gæti inn fyrir eignirnar getur því komið inn á löngum tíma. Skuldbindingin hins vegar gagnvart því að greiða út af þessum reikningum til þarlendra reikningshafa, er hún ekki nú þegar eða innan þess tíma þannig að Íslendingar gætu þurft að standa skil á þessum greiðslum annaðhvort í formi láns sem viðkomandi land veitir — þessar greiðslur verða jú að koma fram til hlutaðeigandi reikningshafa áður en söluverð hugsanlegra eigna kemur inn — og mun Ísland þá ekki bera raunverulega ábyrgð á allri þeirri upphæð sem tilgreind er?

[15:56]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kannast ekki við að komið hafi fram í opinberri umræðu að það liggi fyrir lánveitingar og þau kjör sem þar er um að ræða. Það er ósamið um það. Ég geri ráð fyrir að farið verði í þær viðræður í næstu viku, að semja við aðilana um lánin og þau kjör sem á þeim verða.

Hvað varðar hryðjuverkalögin í Bretlandi þá er enn frysting á eignum Landsbankans þar. Það er auðvitað til mikils vansa fyrir Breta hvernig þeir stóðu þar að málum og við getum öll sammælst um að það var þeim ekki til mikils sóma nema síður sé. En ég get alls ekki tekið undir að þessi einhliða aðgerð Breta sé á ábyrgð Evrópusambandsins, þeir verða að sjálfsögðu að bera fulla ábyrgð á því sjálfir og það er ekki hægt að vísa henni á einhvern annan eins og hv. þingmaður gerði hér. Bretar verða sjálfir að bera þá ábyrgð og við verðum auðvitað að skoða eftir öllum tiltækum leiðum hvernig við getum sótt mál gagnvart þeim fyrir þessa aðgerð.

Hvað varðar þær eignir sem eru í búinu eins og hjá Landsbankanum er alveg rétt hjá þingmanninum að þær verða væntanlega seldar á löngum tíma, það getur skipt máli að taka sér tíma í að selja þannig að sem mest virði fáist fyrir þær. Þá er einmitt gert ráð fyrir að það lán sem við fáum mæti þeim greiðslum sem koma til á þeim tíma og hugsanlegir skilmálar á láninu geti á einhvern hátt mætt þeirri stöðu að andvirði fyrir eignirnar kemur ekki inn nema á talsverðum tíma.

[15:58]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu umboð Alþingis til ríkisstjórnarinnar til að semja við Evrópusambandið um hvernig — ekki hvort heldur hvernig — hinir umtöluðu Icesave-reikningar skulu greiddir. Í plagginu kemur fram að unnið hafi verið skipulega að því í gegnum tengslanet utanríkisþjónustunnar að kynna málstað og málaleitan Íslands fyrir aðildarríkjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í hverju fólst sú vinna, virðulegi forseti? Hverjir unnu hana, hvernig og hvar? Hver var málstaðurinn og hvernig var málaleitanin? Nauðsynlegt er að fá þetta upp á yfirborðið til að hægt sé að gera sér grein fyrir því hvers vegna málið er borið fram.

Eitthvað gerðist, virðulegi forseti, sem enginn treystir sér til að segja frá. Framan af virtust samningaviðræður við Breta og Hollendinga vera í góðum farvegi. Það næsta sem þjóðin veit er að hryðjuverkalöggjöf hefur verið beitt á Íslendinga. Þó flytur seðlabankastjóri þjóðinni fregnir í véfréttarstíl um að hann viti um símtöl sem áttu sér stað sem skýrt geti hvað gerðist. En formaður Samfylkingarinnar felur þennan sama seðlabankastjóra undir pilsfaldi sínum, sem verður að teljast einkennilegt í ljósi sögunnar.

Í plagginu er talað um einangrað Ísland og hæstv. utanríkisráðherra minntist reyndar á það áðan. Hvers vegna ætli það sé? Svo virðist sem einhvers konar loforð hafi verið gefin af hæstv. viðskiptaráðherra á fundi með fjármálaráðherra Breta 2. september, eða eftir atvikum forsætisráðherra eitthvað síðar. Ekki er auðveldlega hægt að átta sig fyllilega á því þar sem upplýsingar um einstaka fundi eru trúnaðarmál eins og svo margt annað þessa dagana. Þessi loforð dró hæstv. fjármálaráðherra til baka í frægu símtali sem lesa mátti um í ýmsum miðlum 23. og 24. október og í millitíðinni birtust dæmalausar hótanir seðlabankastjóra um að menn ætluðu ekki að borga skuldir óreiðumanna erlendis. Daginn eftir það viðtal sagði forsætisráðherra á blaðamannafundi að skuldir bankanna væru meiri en þjóðarbúið réði við en sérstök áhersla var lögð á að kröfuhöfum yrði ekki mismunað, t.d. á grundvelli þjóðernis. Síðar sagði þessi sami forsætisráðherra: Við munum ekki láta kúga okkur. En þá hafði málið snúist í höndunum á þeim og Íslendingar áttu ekki bara í höggi við Breta og Hollendinga heldur 27 ríki Evrópusambandsins.

Málið sem rætt er í dag er því að öllum líkindum til komið vegna þess að menn höfðu ekki hugmynd um hvert þeir voru að fara með það og ekki verður betur séð en menn hafi gefið loforð og dregið þau svo til baka og algerlega ópólitískur seðlabankastjóri hafi sent afar skýrar hótanir um vanefndir eftir hrunið mikla. Hvernig eiga menn að skilja svo mótsagnakennd skilaboð í alþjóðasamstarfi? Þetta er ekki trúverðugt, virðulegi forseti, og ekki til þess fallið að verða okkur til framdráttar. Af þeim sökum er í dag til umræðu mál sem fæstir hv. þingmanna hafa nokkra hugmynd um.

Frú forseti. Í stjórnarskránni segir í 1. gr. að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn. Ég leyfi mér að leggja sérstaka áherslu á þessi tvö síðustu orð, þingbundinni stjórn. Ekki ríkisstjórnarbundinni stjórn heldur þingbundinni stjórn. Á undanförnum vikum hafa komið fram alls kyns mál sem meira eða minna eru neyðarviðbrögð við því ástandi sem skapaðist í byrjun október. Þingmenn hafa lesið um flest þeirra í blöðunum vegna þess að ríkisstjórn landsins treystir sér ekki til að hleypa fleirum að borðinu. Sum mál eru umdeildari en önnur en grunninn lögðu neyðarlögin, sem brjóta freklega gegn viðurkenndum hugmyndum um réttarríkið, og í framhaldinu hafa stjórnvöld svo haldið áfram að leika sér að stjórnarskránni, þingræðinu og valdinu.

Fyrir þingið er í dag lögð tillaga um að ríkisstjórninni verði falið að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um. Hvaða viðmið eru það, virðulegi forseti? Það er viðurkenning allra aðila á þessari lagalegu stöðu, eins og segir í plagginu. Hver er þessi lagalega staða? Hún er sú að Íslendingar gefa frá sér allan rétt til að fara með deilumál um réttarstöðu sína til viðeigandi dómstóla. Með öðrum orðum, virðulegi forseti, íslensk stjórnvöld beygja þjóð sína í duftið eftir að forsætisráðherra fullvissaði okkur um að við mundum ekki láta kúga okkur og leggja á herðar hennar þyngri byrðar en fyrirfinnast á byggðu bóli. Stjórnvöld hafa ekki bara sent íslensku þjóðinni heldur heimsbyggðinni allri mótsagnakennd skilaboð sem ómögulegt er að ráða í. Skilaboð, sem hæfa ekki sjálfstæðri og stoltri þjóð sem nú er litið á sem glæpamenn og ribbalda. Þetta voru skilaboð sem sendu okkur beint á lista í félagi við talíbana og al Kaída liða, þökk sé núverandi ríkisstjórn. Við eigum í dag að veita þessari sömu ríkisstjórn, sem skiptist á að senda loforð og hótanir til þeirra ríkja sem deilan tók til, umboð til að semja fyrir okkar hönd um greiðslur reikninganna — og nú detta mér í hug gamlir sjónvarpsþættir sem hétu Húsbændur og hjú. Í hvaða samningsstöðu eru íslensk stjórnvöld gagnvart Bretum eftir að hafa veifað atgeirnum, haft yfir hótanir og skellt hurðum í ráðherrabústaðnum á Tjarnargötunni? Hér bjuggu menn til alþjóðadeilu sem snerist m.a. um loftrýmiseftirlit og teygðu sig inn í NATO. Munu íslensk stjórnvöld eftir þá framkomu setjast að samningaborðum eins og fínt fólk, íslensk stjórnvöld sem eru í raun umboðslaus, enda hefur íslenska þjóðin hafnað þeim?

Við vitum ekki hvaða kjör við fáum á lánin sem Bretar og Hollendingar ætla að veita okkur. Það kom fram í svari hæstv. utanríkisráðherra áðan en fróðlegt væri, virðulegi forseti, að vita hvað varð til þess að Bretar beittu hryðjuverkalöggjöfinni. Hvers vegna er seðlabankastjóri ekki dreginn upp á dekk og látinn tala? Hvað hefur hann að fela? Hvernig getur formaður Samfylkingarinnar, hæstv. utanríkisráðherra, haft geð í sér til að geyma manninn undir pilsfaldi sínum eftir að hafa látið bóka á ríkisstjórnarfundi að sami seðlabankastjóri sitji ekki í umboði Samfylkingarinnar? Í minni sveit hét þetta hræsni, virðulegi forseti.

Vel má vera að hægt sé að lögsækja Breta fyrir beitingu laganna en fyrst þurfum við að átta okkur á staðreyndunum og svo væri gott að vita hvað hæstv. utanríkisráðherra átti við þegar hún sagði að ummæli seðlabankastjóra um að við ætluðum ekki að borga skuldir óreiðumanna erlendis trufluðu mögulega lögsókn.

Rétt er að minnast á að kannski er orðið dálítið seint að sækjast eftir þessu umboði löngu eftir að ríkisstjórnin hefur

gengið frá öllu saman. Við vitum að sá samningur sem ríkisstjórnin óskar umboðs fyrir í dag er forsenda þess að lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fáist. Það er því málamyndagerningur að koma með þetta plagg inn í þingið eftir að fyrsta greiðsla frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er komin inn á reikning Seðlabanka Íslands í seðlabanka Bandaríkjanna. Þrátt fyrir yfirlýsingar ráðamanna í gær sá Davíð Oddsson seðlabankastjóri ástæðu til að leiðrétta frétt Ríkissjónvarpsins um hvenær fyrsta greiðsla bærist, frétt sem höfð var eftir stjórnvöldum á fundi í gær. Svo halda menn því fram að ríkisstjórnin og Seðlabankinn gangi í takt, virðulegi forseti. En fyrsta greiðsla hefur borist, þrátt fyrir að stjórnvöld hafi enn ekki fengið formlegt umboð þingsins til að semja um forsendur þess að lánið fáist.

Þá hlýt ég að minna enn og aftur á að Ísland er lýðræðisríki með þingbundinni stjórn. Umboðið sem Alþingi á að veita ríkisstjórninni eftir það sem á undan er gengið — og eftir atvikum hvort menn treysta henni fyrir slíku umboði — er eitt. Hitt er síðan hvert umboðið er og þá langar mig, virðulegi forseti, að leggja fram nokkrar spurningar og fróðlegt væri að vita hvort búið er að leggja mat á hverjar heildarskuldbindingarnar eru ef allt er talið, lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þessir samningar og allt annað sem ríkissjóður eða fólkið í landinu þarf að standa undir og hvaða afleiðingar það hefur. Hafa menn reiknað út hvað hægt er að skuldsetja þjóðina mikið áður en grunnstoðir samfélagsins bresta? Hver er sársaukaþröskuldur landsmanna hvað varðar skatta og skerðingu á grunnþjónustu samfélagsins, eins og menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu og félagslega kerfinu. Hvaða umboði er óskað eftir í dag? Hvað þýðir t.d. síðasta setningin í 3. lið, með leyfi, virðulegi forseti:

„Endanlegar niðurstöður framangreindra samninga munu verða lagðar fyrir Alþingi og aflað viðeigandi fjárheimilda eftir því sem aðstæður krefjast.“

Ég óttast að ríkisstjórnin fari afar frjálslega með skilgreiningar á „eftir því sem aðstæður krefjast“.

Nú er mér sem umboðsmanni kjósenda í Suðurkjördæmi óhætt að skrifa upp á óútfylltan tékka hvað þetta varðar. Hvers vegna, virðulegur forseti, krefst alþjóðasamfélagið þess að Íslendingar, þessi ríflega 300 þúsund manna þjóð, taki á sig hlutfallslega margfaldar byrðar ef réttarstaða þeirra er lögóákveðin? Hvað gerðist, virðulegi forseti? Fróðlegt væri að fá svör við því áður en þingheimur svarar spurningunni um hvort umboð stjórnvalda til að semja um innstæður á Icesave-reikningum erlendis fáist.

[16:07]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Mikið er undir í þessu þingmáli eins og fram hefur komið, bæði í framsöguræðu ráðherra og í síðustu þingræðu, og fyrsta spurningin er auðvitað: Hver er tilgangurinn með þingmálinu og hvað leiðir af því? Ég tel það jákvætt skref að ríkisstjórnin leggi mál fyrir þingið í ríkari mæli en verið hefur og leiti eftir afstöðu þess þannig að ég get ekki fallist á að neikvætt sé að koma með málið hingað. Hins vegar er spurningin: Hvað felst í tillögunni sem lögð er fyrir þingið? Mér finnst ekki felast neitt annað í tillögunni en að ráðherrann fái umboð til að starfa, sem hann hefur þegar frá stjórnarflokkunum. Ég geri ekki ráð fyrir því að ráðherrar telji umboð sitt svo í hættu í þessu máli að þeir þurfi að sækja sér aukinn stuðning í raðir stjórnarandstöðunnar þannig að ég sé ekki að samþykkt þingsályktunartillögunnar bæti við umboð ráðherrans samkvæmt stjórnskipun okkar þar sem ráðherrar starfa á ábyrgð þingmeirihlutans.

Í öðru lagi fæ ég ekki séð að samþykkt tillögunnar feli í sér fjárhagslegar skuldbindingar vegna þess að ekki er hægt að samþykkja fjárútlát öðruvísi en með lögum. Það verður ekki gert með þingsályktun þannig að ég held að ráðherra þurfi að skýra frekar að hverju er stefnt með tillögunni sem hér er flutt. Felst í henni að mati ráðherrans yfirlýsing þingsins um fjárhagslega skuldbindingu, um fjárhæð sem er óviss. Telur ráðherra að óhætt sé fyrir viðeigandi aðila að skrifa undir samninga sem skuldbindi Tryggingarsjóð innstæðueigenda með ábyrgð ríkissjóðs eftir að samþykkið liggur fyrir? Það þarf að skýra áður en lengra er haldið í meðferð á þingsályktunartillögunni.

Síðan er það málið sjálft, viðmiðin sem lögð eru til grundvallar og eiga að vera forsenda samninganna segja í sjálfu sér ekki mikið. 1. töluliðurinn er sá sem mér finnst vera mest afgerandi og þar segir að aðilar hafi komið sér saman um að tilskipunin um innstæðutryggingar gildi á Íslandi með sama hætti og í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Ég held að það eigi við um alla löggjöf sem gildir á EES-svæðinu að hún gildi með sama hætti í öllum ríkjum. Það er grundvöllur samstarfs ríkjanna í Evrópusambandinu og sami grundvöllur er notaður í EES-samningnum þannig að fljótt á litið er ekki að sjá að neitt nýtt sé í þessu orðalagi þannig að ég spyr: Hvar er hið nýja sem felst í þessu? Mér fannst ráðherrann tala út frá því að þetta orðalag þýddi að við hefðum fallist á kröfu Evrópusambandsins um að ábyrgjast innstæður upp að lágmarksfjárhæðinni 20.887 evrum. Er það rétt? Hefur ríkisstjórnin samþykkt að fallast á þá kröfu Evrópusambandsins og munu viðræðurnar ganga út frá þeirri forsendu? Um það snýst allt. Ég held að málið hljóti að byggjast á því enda fannst mér framsöguræðan gefa til kynna að fallist hafi verið á þá kröfu þrátt fyrir að ýmsir aðilar innan lands hafi haldið öðru fram, bæði ráðherrar og sérfræðingar hjá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík, ef ég man rétt. Hvers vegna fellur ríkisstjórnin frá fyrri málflutningi sínum og sjónarmiðum sérfræðinga? Mér finnst það vera kjarnaatriði í málinu. Er það vegna þess að lögfræðilegi málflutningurinn var byggður á sandi? Lögðu gagnaðilarnir fram gögn í málinu sem sýndu svo að ekki varð um villst að við færum með fleipur? Fóru þá íslenskir ráðamenn með fleipur fyrir íslenskan almenning í nokkra daga? Það hlýtur að vera niðurstaðan, virðulegi forseti.

Ef niðurstaðan er að lögfræðilegur grundvöllur okkar hafi verið svo veikur að menn treysti sér ekki til að standa á honum, finnst mér ábyrgðarhluti að hafa haldið honum fram. En þá er líka skiljanlegt að ekki sé þæfst meira í því sem er tapað stríð og ef gögn málsins sýna að menn óðu reyk allan tímann í þessum málflutningi get ég skilið ríkisstjórnina. Til lítils er að berjast fyrir einhverri lagatúlkun ef enginn annar fæst til að samþykkja hana, ekki einu sinni Norðmenn. Málið verður skiljanlegra ef það er þannig vax-

ið, en það þarf að upplýsa, virðulegi forseti, þannig að almenningur geti skilið til hlítar þessa kúvendingu í afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar. Engu að síður er býsna langt gengið að afsala okkur að öllu þeim rétti að láta dómstóla skera úr um ágreining. Mér finnst ansi langt gengið að kasta því fyrir róða, sérstaklega þar sem fjárhæðirnar eru svo háar.

Þetta mál snýr ekki allt að einum aðila. Sá sem skuldbindur sig er hinn íslenski Tryggingarsjóður innstæðueigenda með ábyrgð ríkissjóðs. Forsvarsmenn sjóðsins munu borga út lágmarkstrygginguna, yfir 600 milljarða kr., og verða að skuldbinda sjóðinn fyrir þeim skuldum og það verður fyrst og fremst ríkissjóður sem mun borga þær á komandi árum. Tekjurnar af því sem standa á til tryggingar, eignir Landsbankans, munu ekki renna í innstæðutryggingarsjóð. Þær eru hluti af eignum gömlu bankanna og allsendis óvíst að andvirði eigna Landsbankans, sem verða seldar í fyllingu tímans, dugi til annars en að ganga upp í þær kröfur sem verða á gömlu bankana. Ekki er annað að skilja þó að ekki komi fram nákvæmar upplýsingar um skuldir gömlu bankanna en að nóg sé af kröfuhöfum með nógu háar kröfur til að dekka allar þær eignir sem Landsbankinn kann að eiga og hægt verður að koma í verð. Ég óttast því að þegar upp verði staðið og búið að selja eignir Landsbankans verði ekkert eftir til að leggja inn í tryggingarsjóðinn og það þýðir að allir þessir 640 milljarðar kr. falla á íslenska ríkið, á íslenska skattgreiðendur. Ekki bara mismunur á áætluðu söluverði og skuldaviðurkenningu heldur öll skuldin. Ég held að sá veruleiki að íslenskir skattgreiðendur sitji uppi með alla skuldina sé miklu nær því sem búast má við en því sem dregið er upp hér og víðar að bara mismunurinn geti hugsanlega fallið á ríkið.

Mér finnst, virðulegi forseti, að í þessum viðræðum eigi íslenska ríkið ekki að semja við Breta nema í samningunum verði samið um lágmarksverð fyrir eignir Landsbankans. Bretar hafa skaðað íslenska hagsmuni með því að beita hryðjuverkalögunum og fellt eignir bankans í verði. Ekki er hægt, virðulegi forseti, að leggjast svo á hnén að menn geri ekki einu sinni þá kröfu til Breta að þeir leggi fram ábyrgð breska ríkisins fyrir skaðanum sem mun verða ljós þegar eignirnar hafa verið seldar Ég held að menn verði að gæta þess í þeim samningum að halda fram íslenskum hagsmunum af fullum þrótti, virðulegi forseti.

[16:17]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Þetta er í sjálfu sér dapurlegur dagur fyrir ríkisstjórnina og reyndar fyrir þjóðina alla ef svo fer sem horfir, að íslenskur almenningur eða íslenskir skattgreiðendur þurfi að taka á sig ábyrgðir útrásarbankanna erlendis, í Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi, hundruð milljarða kr. án þess að hafa átt þar nokkra hlutdeild að. Það er líka dapurlegt að þessir svokölluðu Icesave-reikningar sem hér er verið að fjalla um og sækjast eftir opinni heimild af hálfu Alþingis til að mega ganga til upp á nánast hvaða greiðslu sem er á þessum skuldbindingum, að einmitt þessir gjörningar, þessi útrás, þessir reikningar og það sem á eftir fylgdi hafa stórskaðað svo mannorð Íslendinga í fjármálaheiminum að talað er um að það taki ár eða áratugi að vinna það til baka. Hér er ekki einungis um að ræða fjárhagslegt tjón, heldur líka alveg gríðarlegt tjón á því sem öllum þjóðum er mikilvægast, þ.e. góðu orðspori og trúnaði hvar sem við förum um.

Auk þess er alveg sérstakur kapítuli hvernig stjórnvöld hafa haldið á þessum málum alveg frá óvissu þessara reikninga í Bretlandi og Hollandi á fyrsta degi, umgjörð þeirra og allt til dagsins í dag. Ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hér hafa tekið til máls um þetta, það er mjög óeðlilegt að Alþingi afgreiði svo opna heimild handa ríkisstjórninni sem hér er farið fram á.

Ríkisstjórnin hefur í sjálfu sér heimild til að leita hófanna um þessa samningagjörð fyrir hennar hönd. Áður en gengið verður til þessa eða heimildin veitt verða að vera komnar fram mjög ítarlegar upplýsingar um hvað er á ferðinni. Það verður að gera nákvæma grein fyrir því og ég spyr hæstv. utanríkisráðherra: Hvernig hefur verið farið ofan í rökin, og liggur sérstök greinargerð fyrir af hálfu þeirra lögfræðinga sem m.a. ríkisstjórnin hefur stuðst við sem telja að okkur beri ekki lagaleg skylda til að greiða þessa reikninga að því marki sem krafist er? Liggur sú greinargerð fyrir? Hefur það verið tekið saman? Mér finnst alveg einboðið að það sé gert áður en málið fer lengra. Upphæðir lánanna stangast á. Hæstv. utanríkisráðherra segir að upphæðirnar séu ekki frágengnar en svo koma fréttir að utan um að þær séu það. Hvers vegna er ekki lagt fram það bréf sem er viljayfirlýsing sem Árni Mathiesen fjármálaráðherra skrifaði undir í New York við Hollendinga? Það er búið að biðja ítrekað um þetta bréf. Hvers vegna er það leyndarmál? Hvers vegna þarf Alþingi að fá heimild fyrir undirskrift Árna Mathiesens fjármálaráðherra sem fór fram í byrjun október? Hér er verið að sækja heimild fyrir þeirri undirskrift.

Frú forseti. Það er m.a. greint frá því að Árni Mathiesen fjármálaráðherra hafi á fundi með fjármálaráðherrum í Evrópu hinn 4. nóvember 2008 fengið afar kaldar móttökur vegna afstöðu ríkisstjórnarinnar til svonefndra Icesave-reikninga og að þess vegna hafi orðið að gera hlé á fundinum. Mér finnst eðlilegt að fundargerð frá þessum fundi verði lögð fram og ég spyr hæstv. utanríkisráðherra um hana.

Þá hefur einnig komið fram að ákveðið hafi verið að fimm manna nefnd miðlaði málum í deilunni. Hún mun hafa boðað fund til að birta niðurstöðu sína 7. nóvember 2008 en af því hafi ekki orðið þar sem niðurstöðurnar voru taldar með öllu óaðgengilegar fyrir Ísland. Hverjar voru niðurstöður þessarar nefndar? Ég vil fá þær niðurstöður sem þóttu þá svo óaðgengilegar. Menn voru orðnir sammála um að skipa þessa eins konar sáttanefnd en þegar öðrum aðilanum fannst það ekki passa fyrir sig féllst hann ekki á niðurstöðuna. Ég vil fá þá sáttatillögu sem þarna var lögð fram.

Það hefur líka rækilega komið fram að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur krafist þess að gengið yrði frá samningum við Breta, Hollendinga og Þjóðverja um þessa Icesave-reikninga áður en hann veitti heimild fyrir lánveitingunni. Það hefur komið rækilega fram. Þess vegna er það skrumskæling í orðum hæstv. utanríkisráðherra að núna þurfi eftir á að leita heimildar Alþingis til að semja um það sem þegar

virðist vera búið að semja um því að annars hefði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ekki afgreitt lánið. Það sýnist liggja alveg kýrskýrt þannig að ég spyr: Hver voru þessi skilyrði sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setti? Hann hlýtur að hafa sett þau fram formlega. Það er eins gott að þau komi skýrt fram líka.

Það hefur líka komið fram að öll Evrópusambandsríkin tilkynntu að þau mundu beita sér gegn lánveitingum af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og einnig annarra Evrópuþjóða til Íslands nema gengið yrði frá samningum við þessi ríki, Bretland, Holland og Þýskaland, áður en lánin yrðu veitt. Hverjar voru kröfur þessara ESB-ríkja? Það hefur komið fram og mig minnir að það kæmi fram í ræðu hæstv. utanríkisráðherra sem ég vitnaði til áðan að þau hafa hótað því að slíta EES-samningnum. Hvar liggja þessar kröfur fyrir sem hæstv. utanríkisráðherra vitnaði til og hefur verið vitnað til? Ég vil fá að sjá skjalfestar þessar þvingunarkröfur áður en lengra er haldið.

Það er mjög athyglisvert, og ég mun gera ítarlegri grein fyrir því í seinni ræðu minni, að fara í gegnum yfirlýsingar bæði hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra í ferli þessa máls frá því í byrjun október. Það er líka athyglisvert að minnast þess að hæstv. forsætisráðherra sagði: Við látum ekki kúga okkur. Við erum aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á sjálfstæðum forsendum en ekki á þeim forsendum að sjóðurinn taki við skipunum frá öðrum ríkjum vegna deilna sem eru fullkomlega óviðkomandi þeirri lánsbeiðni sem þar er á ferð. Í þessa veruna talaði hæstv. forsætisráðherra. Ég er með þetta orðrétt í pappírum hjá mér og get vitnað til þess ef þörf er á.

En samt var látið kúgast. Hvað olli því að forsætisráðherra og utanríkisráðherra sofnuðu fullkomlega gagnvart þeim yfirlýsingum sem þau höfðu áður gefið þjóð sinni? Hæstv. utanríkisráðherra segir í viðtali 24. október að það hafi verið illmögulegt að uppfylla kröfur Breta vegna Icesave-reikninga, með leyfi forseta:

„… þessar kröfur sem uppi eru hjá Bretunum þær eru meiri heldur en við treystum okkur til að binda, eða þeir baggar, þeir eru svo miklir að við treystum okkur ekki til að binda þjóðinni þá bagga þegar til framtíðar er litið. Við hins vegar viðurkennum að við þurfum auðvitað að fara að réttum lögum (Forseti hringir.) en það er ágreiningur um lagatúlkun. Þeir eru svo miklir að við treystum okkur ekki til að binda þjóðinni þá bagga þegar til framtíðar er litið.“ Það er ágreiningur um lagatúlkun og sá ágreiningur hlýtur að standa enn. Með þessari þingsályktunartillögu, frú forseti, er girt fyrir það að hægt sé að sækja málið að lögum því að menn skrifa upp á alla upphæðina fyrir fram.

[16:28]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þau efnislegu atriði sem hv. þingmaður rakti í ræðu sinni mun ég kannski fjalla um þegar ég flyt ræðu mína en ég vildi bara í stuttu andsvari gera athugasemd við eitt atriði sem fram kom í máli hv. þingmanns.

Hann kallaði eftir því að tiltekin gögn sem hann nefndi sem lúta að samningum við Breta og Hollendinga og samningaferlinu innan Evrópusambandsins yrðu lögð fram á Alþingi og kynnt. Ég vildi þess vegna upplýsa að utanríkisráðuneytið hefur kynnt þau gögn í utanríkismálanefnd en þar sem um er að ræða gögn sem hafa bein áhrif á samninga sem standa nú þegar yfir við erlend ríki ríkir um þau trúnaður í utanríkismálanefnd, enda hefði birting gagnanna núna áhrif á samningsstöðu í þeim samningum sem fram undan eru og fara vonandi fram í næstu viku um frágang þessara mála. Þar af leiðandi voru þau kynnt í utanríkismálanefnd með trúnaði og um það var ekki gerður ágreiningur í utanríkismálanefnd. Það var ágætissátt um það fyrirkomulag meðan málið er til meðferðar og til samninga við önnur ríki.

[16:29]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ein höfuðmeinsemdin í meðferð á öllu þessu máli er leyndin. Allt er trúnaður. Alþingi á að samþykkja 640 milljarða kr. skuldbindingar við Breta en þegar spurt er um einhver grunnatriði sem það byggist á er það leyndarmál. Hvers konar framkoma er þetta gagnvart Alþingi og þjóð?

Þegar talað er um 45 milljarða skuldbindingar við Þjóðverja og Þjóðverjar senda þakkarbréf til Íslendinga fyrir það að hafa samþykkt að greiða þessa reikninga segir ráðherra að hann hafi ekki hugmynd um þessa skuld í Þýskalandi. Er þetta svo mikið trúnaðarmál að Þjóðverjar geta sent okkur þakkarbréf fyrir greiðslu á skuld sem er svo mikið trúnaðarmál að hana má ekki upplýsa? Hvernig var með bréfið, viljayfirlýsinguna eða samninginn sem hæstv. fjármálaráðherra Árni Mathiesen skrifaði undir í New York þegar ríkisstjórnin var upptekin við að reyna að koma sér inn í öryggisráðið? Hann þorði ekki annað en að skrifa í hvellinum undir svona pappíra. Af hverju kemur það bréf ekki fram? Skiptir engu máli fyrir þjóðina hvað fjármálaráðherra var að skrifa undir, í fullkomnu óleyfi reyndar, úti í New York upp á 150 milljarða eða hver nú skuldbindingin við Hollendinga var?

Svo kemur hv. þm. Árni Páll Árnason og segir við okkur þingmenn: Uss, uss, þetta er trúnaðarmál. Þið eigið bara að samþykkja heimild til ríkisstjórnarinnar um að greiða þessa 700–800 milljarða kr. Þið eigið ekki að vera að fárast fyrir því, nei, nei. Það er miklu betra fyrir ykkur að ræða um það af hverju við erum að skera niður fjárframlag til heilbrigðisstofnunar á Hvammstanga um 10 millj. Það skuluð þið ræða en ekki skuldbindingar upp á 600–800 milljarða kr. Það er trúnaðarmál.

[16:32]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mikils misskilnings gætir hjá hv. þingmanni um að verið sé að veita ríkisstjórninni heimild til greiðslu á einhverjum skuldum. Hér er verið að fá umboð Alþingis til að ljúka samningum á tilteknum forsendum og þeir samningar munu skuldbinda ríkið. Forsendurnar liggja fyrir og hafa alltaf legið ljósar fyrir að ákveðin lagaskylda er um að okkur beri að hafa tiltekna tilskipun í heiðri.

Hvað varðar samningana þá er ferlinu ekki lokið og ég held að hv. þingmaður hljóti að skilja að í miðjum samningum við önnur ríki er ekki upplýst um einstök gögn sem

liggja til grundvallar afstöðu fyrr en samningum er lokið. Málið hefur verið kynnt utanríkismálanefnd í samræmi við 24. gr. þingskapa og haft um það samráð við nefndina. Öll gögn hafa verið lögð fyrir utanríkismálanefnd í trúnaði. Ekki einn einasti nefndarmaður hefur óskað eftir að aflétta trúnaði á gögnunum.

[16:33]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta er svo mikill blekkingarleikur. Fyrst er haldinn blaðamannafundur rétt fyrir kvöldfréttir svo ekki sé hægt að fara mjög ítarlega í efni hans, samkvæmt ráðgjöf hernaðarsérfræðingsins frá Noregi. Á fundinum er tilkynnt að samkomulag hafi náðst við bæði Breta og Hollendinga um Icesave-reikningana og þess vegna muni Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn afgreiða lán sitt og lánsbeiðni í vikunni á eftir.

Þá var búið að ganga frá báðum málunum sem nú eru komin inn á Alþingi svo Alþingi geti stimplað þau án þess að vita hvað felst í þeim. Annars vegar eru Icesave-reikningarnir og hins vegar samningurinn við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Alþingi hefur ekki staðfest hann en samt verður að láta hann virka.

Hvernig Alþingi er notað með þessum hætti er mjög óviðurkvæmilegt. En samt krefjumst við þess að áður en þessi eftirágjörningur verði afgreiddur frá Alþingi liggi fyrir allar þær upplýsingar sem ég hef rakið hér þannig að þær verði ekki áfram hafðar í pukri og yfir þeim leynd. Síðan er sagt við Alþingi og alþingismenn að þeir eigi að samþykkja 600, 700 eða 800 milljarða kr. skuldbindingar á íslenskan almenning. En megi ekki spyrja um skilmálana eða hvers vegna eða hvort endilega þurfi að gera það.

Ég er fylgjandi því að við stöndum við lagalegar skuldbindingar okkar. En þær eiga þá líka að vera á hreinu og vinna á fyrir opnum tjöldum. Ekki er hægt að segja að þetta mál hafi verið unnið þar. Þetta hefur allt verið unnið í myrkri (Forseti hringir.) og er áfram í myrkri.

[16:35]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Vegna orða síðasta ræðumanns, þá er yfirlýsingin úr ræðustól Alþingis um að þetta mál sé unnið í myrkri ótrúleg þegar í fullum trúnaði hefur verið fjallað um það í utanríkismálanefnd með fulltrúum flokks hv. þingmanns. Þá ekki síður þegar fyrir þinginu liggur þingsályktunartillaga þar sem ríkisstjórnin sækir umboð til samninganna sem hér um ræðir.

Við þekkjum frá undangengnum árum og áratugum að oft og tíðum hefur lítt verið hirt um að sækja umboð til þingsins en komið inn með samninga, sem þegar hafa verið gerðir, til staðfestingar. Ég verð að lýsa mig algjörlega ósammála hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Hér er verið að leita eftir umboði áður en farið er í hinar eiginlegu samningaviðræður og það er auðvitað mjög mikilvægt að fá pólitíska umræðu um það sem gerst hefur.

Ég vil nota tækifærið og þakka sérstaklega hæstv. utanríkisráðherra fyrir framgöngu sína í málinu vegna þess að hún hefur sannarlega rofið þá algjöru einangrun sem Ísland var komið í á alþjóðavettvangi í þessum málum. Sú staða var satt að segja fyrir mjög stuttu síðan ekki glæsileg, Ísland stóð aleitt úti í horni og gat enga björg sér veitt. (Gripið fram í.) Því að sjálfstæðisrökin sem löngum hafa verið færð fyrir því að við tökum ekki þátt í samstarfi fullvalda þjóða í Evrópusambandinu höfðu leitt okkur til algjörs ósjálfstæðis og raunar gert okkur að beiningarmönnum í borgum heimsins. Ég held að það mætti vera þeim sem unna sjálfstæði Íslands nokkurt umhugsunarefni með hvaða hætti sjálfstæði okkar er best tryggt og hver þróunin hefur verið að undanförnu.

Ekki var að ástæðulausu að þessi mikli vandi skapaðist því hér hefur nú verið upplýst að nettóskuldbindingar eru upp á hálfa til eina milljón á hvert mannsbarn í landinu. 2–4 milljónir á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Hæstv. utanríkisráðherra nefndi 150 milljarða eða þar um bil. Mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er 250 milljarðar eða 250.000 millj. Ágætt er að hafa í huga að Íslendingar eru liðlega 300.000. Svartsýnustu spár eru enn verri, því við eigum eftir að sjá hvað kemur út úr þeim eignum sem um ræðir og kann að vera að með því að halda í þær fáum við meira en væri hægt að fá fyrir þær á markaði í dag. En þar er sannarlega ekki á vísan að róa því enginn veit hvernig efnahagsmál heimsins þróast á næstu mánuðum og missirum og hvort það verður til hins betra eða verra. En við hljótum að binda umtalsverðar vonir við það.

Hálf til ein milljón á hvert mannsbarn í landinu er gríðarlegur vandi sem forustumenn Landsbankans skilja eftir starfsemi sína og ríkisstjórnin og Alþingi þurfa að takast á við. Mikil er ábyrgð þeirra sem þar hafa haft forustu. Því þótt vissulega sé rétt að eftirlitsstofnanir og Seðlabankinn hafi gegnt hlutverki með ábyrgð sinni á fjármálakerfinu í heild er engum blöðum um það að fletta að ábyrgðin er fyrst og síðast þeirra sem ráku bankastarfsemina. Ein af ástæðunum fyrir því hversu einangruð við urðum á alþjóðavettvangi er með hvaða hætti staðið var að þeim rekstri.

Ræða mætti ýmsa þætti er lúta að starfsemi bankanna í Englandi þar sem stjórnvöld hafa lagt áherslu á að byggja upp fjármálamiðstöð og liðka fyrir að þar séu stofnuð útibú. Þar starfa útibú frá bönkum frá hátt í 200 löndum og breska ríkið hagnast vel á þeirri starfsemi. Þar áttu menn í margvíslegum viðskiptum og áttu ýmsa hagsmuni undir starfsemi íslensku bankanna í London og tóku yfir eftir fall bankanna ákveðnar eignir sem sterk rök má færa fyrir að í hafi verið meiri verðmæti en fyrir þau kom. Þannig að Íslendingar gætu kannski fært fram við Breta ýmsar röksemdir um að reikningsdæmið væri ekki algjörlega einfalt, einhlítt eða einhliða.

Allt önnur mynd blasir við af innlánastarfseminni sem fram fór í Hollandi. Þangað var farið í vor þegar allir vissu að lausafjárvandinn var alvarlegur og allir bankar í landinu yfirboðnir í vöxtum og það svo hraustlega að bankastjóri stærsta innlánabanka í Hollandi fullyrti í sjónvarpi að hver sá sem legði fé sitt inn á Icesave í Hollandi mundi aldrei sjá það aftur. Hverju svöruðum við? Íslendingar undruðust að bankastjórinn ógnaði fjármálastöðugleika með óábyrgum yfirlýsingum af þessu tagi.

Ég held að fullt tilefni sé fyrir okkur að líta aðeins í eigin barm nú nokkrum mánuðum síðar þegar í ljós kemur að óábyrgi aðilinn var sannarlega ekki bankastjóri hollenska

bankans sem varaði við því sem varð. Auðvitað er ekki kyndugt að við höfum átt lítinn stuðning þegar skoðað er hvernig íslensk útibú auglýstu í einstökum löndum. Þau sýndu ekki bara hversu glæsilega vexti þau buðu heldur líka hversu lélega vexti bankar heimamanna og þeir bankar sem fyrir voru á markaðnum buðu. Birtu jafnvel nöfn þeirra og prósentutölu vaxtanna. Þegar þannig er staðið að verki er ekki nema von að þegar erfiðleikar koma upp og á reynir að starfsemin hafi litla samúð fengið og við lítinn stuðning þegar málin voru hér í sem mestum hnút. Auðvitað bættu ekki úr skák yfirlýsingar um að við greiddum ekki erlendar skuldir.

Það var sannarlega til þess að einangra okkur enn frekar í öllum þessum málum og þess vegna mikið fagnaðarefni hversu hratt og vel hæstv. utanríkisráðherra hefur tekist að snúa okkur út úr einangruninni og koma okkur aftur í samræðu og samstarf við samfélag siðaðra þjóða. Fyllilega má efast um að ýmislegt í framgöngu fyrirtækja okkar á þessu sviði hafi átt heima í samfélagi siðaðra þjóða.

Hins vegar stendur ekki bara upp á okkur Íslendinga að mæta innstæðuskuldbindingunum sem hér um ræðir. Vegna þess að deginum ljósara er — og það hefur m.a. fjármálaráðherra Bretlands sagt í breska þinginu — að innstæðutryggingarkerfið í Evrópu er meingallað og þarf svo sannarlega endurskoðun. Það þýðir á mæltu máli að ríkin sem við eigum í samstarfi við á þessu svæði bera ákveðna ábyrgð og þess vegna mjög eðlilegt að þau taki þátt í því með okkur að leysa málið, m.a. með lánveitingum.

Þau þurfa líka að koma til móts við þetta litla samfélag sem stendur frammi fyrir þessum mikla vanda að öðru leyti, vegna þess að hagsmunir Evrópuþjóðanna eru að við viðurkennum og öxlum skuldbindingarnar sem hér um ræðir til að treysta fjármálastöðugleika á markaðnum. Við hljótum að gera þá kröfu á móti að tryggt verði í samningunum að endurgreiðslur verði ekki með þeim hætti að þær sligi þjóðfélag okkar eða samfélag og takmarkist við eitthvert hlutfall af þjóðartekjum eða einhverja hámarksupphæð. Það er sérlega brýnt vegna þess að enn eru margir óvissuþættir eftir og þótt ólíklegt verði að teljast að neyðarlögin verði vefengd (Forseti hringir.) og forgangur innstæðusjóðsins til eigna Landsbankans reynist ekki vera fyrir hendi þá er (Forseti hringir.) hætta á að slík mál verði rekin fyrir dómstólum og þá værum við að horfast í augu við enn stærri vanda en hér um ræðir. Þess vegna er nauðsynlegt að (Forseti hringir.) í samningum okkar við Evrópuþjóðirnar séu mörk á því hvað hægt sé að leggja á axlir þjóðarinnar.

[16:46]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér fannst mjög athyglisvert sem kom fram í ræðu hv. þingmanns þar sem hann sagði að hagsmunir ESB hefðu hugsanlega verið teknir fram yfir hagsmuni Íslendinga, hann lét í það skína. Ég vil inna hv. þingmann eftir því hvort það sé kannski ástæðan fyrir því að viðkomandi ríki féllust ekki á gerðardóm í málinu, vegna þess að hagsmunirnir fyrir fjármálakerfi Evrópuríkjanna kölluðu á að ekki yrði leitað réttar í þessu máli. Það yrði ekki gengið til samninga, ekki gengið til sátta heldur samþykktu Íslendingar þessar kröfur til lausnar.

Ég vek líka athygli á orðum hv. þingmanns og spyr hvað hann eigi við þegar hann segir að hæstv. utanríkisráðherra hafi komið Íslandi aftur í tölu siðaðra þjóða í þessu sambandi. Vísar hann þá til orða hæstv. forsætisráðherra sem sagði að hann léti ekki Evrópusambandsríkin kúga sig? Aðspurður um hvað yrði þá með lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ef aðilar eins og ríkið héldu fast við það að styðja ekki lánsafgreiðslu til Íslands fyrr en þetta hefði gengið fyrir sig sagði hæstv. forsætisráðherra eitthvað í þá veruna að við yrðum þá bara að leita annarra leiða.

Í lokin er þriðja spurningin um að nú hefur verið lögð áhersla á samstarf milli fjármálaeftirlitanna í Evrópusambandslöndunum, á Íslandi og í Bretlandi og Hollandi: Ber (Forseti hringir.) fjármálaeftirlitið í Hollandi, með vísan til orða hv. þingmanns eftir bankastjórunum þar, ekki ábyrgð á (Forseti hringir.) að hafa hleypt þessu í gang?

[16:48]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Fyrst um það að hagsmunir Evrópusambandsins hafi verið teknir fram fyrir hagsmuni Íslands, það sagði ég hvergi og það er alls ekki meining mín. Ég er sannfærður um að auðvitað erum við fyrst og fremst að vinna að hagsmunum Íslands. Ég tel að það sé ekki ótvírætt lagaskylda okkar að axla þessar skuldbindingar en við höfum sannarlega siðferðilegar skuldbindingar í málinu og við höfum líka skuldbindingar gagnvart samstarfi okkar við aðrar þjóðir. Við þurfum auðvitað að taka um það ákvörðun hvort við ætlum að vera einhvers konar Nígería norðursins, vera bara stikkfrí og neita öllu eða hvort við ætlum að halda áfram að vera virkir þátttakendur í samfélagi siðaðra þjóða. Til þess er auðvitað gerður sá leiðangur sem hæstv. utanríkisráðherra hefur lagt upp í.

Hvað varðar það hvort ég hafi vísað til hæstv. forsætisráðherra um þessi atriði var ég ekki að því. Ég var að vísa til þess að ýmislegt í því sem var gert í þessari bankaútrás var með þeim hætti gert og að því þannig staðið að það varð til þess að einangra okkur enn frekar. Það var að ýmsu leyti, liggur mér við að segja, gengið fram af hroka og ruðst sannarlega inn með miklum yfirboðum á markaði þegar mönnum var löngu orðið ljóst, eins og í Hollandsdæminu, að erfiðleikar bankans voru orðnir talsverðir og að hætta væri á því að þeim innlánum sem verið væri að sækja yrði ekki hægt að skila aftur. Það held ég að fyrst og fremst forustumönnum bankanna hafi einfaldlega átt að vera ljóst, enda rekstur bankanna á þeirra ábyrgð.

[16:50]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér sýnist rekstur bankanna ekki hafa verið á þeirra ábyrgð (**Gripið fram í:** Noh!) þegar þær skuldbindingar sem gerðar hafa verið í þessum Evrópulöndum falla á íslenskan almenning. (**ÁPÁ:** Það er á þeirra ábyrgð að hafa stofnað til þeirra.) Ja, sú ábyrgð er ekki mikils virði þegar það lendir á herðum Íslendinga að bera þá ábyrgð, ég árétta það. Hv. þingmanni verður mjög tíðrætt um siðaðar þjóðir og ég tek undir það að þjóðir eiga að vera siðaðar, en hvernig stendur þá á því að búið er að gera eitthvert samkomulag við Evrópusambandsríkin, og þar á

meðal Breta, og samt standa hryðjuverkalög Breta enn þá á okkur? Þessi hryðjuverkalög voru studd og kröfur Breta nutu stuðnings Evrópusambandsríkjanna þegar þau kúguðu íslensk stjórnvöld, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra, til að ganga að þessum kröfum til að fá lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það má segja að Evrópusambandið hafi í rauninni stutt eða skrifað upp á hryðjuverkalög Breta — og þá voru framin hryðjuverk og samkvæmt hegningarlögum skal refsa fyrir hryðjuverk með allt að ævilöngu fangelsi.

Hvers vegna standa þessi hryðjuverkalög þá enn? Ég spyr hv. þingmann um það úr því að búið er að ganga til þessara samninga: (Forseti hringir.) Hvers vegna var ekki gengið að þeim tillögum sem sáttanefndin lagði til? Hvers vegna bökkuðu menn út úr henni þá (Forseti hringir.) og vildu halda í hryðjuverkalögin?

[16:53]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég er hræddur um að hv. þingmaður verði að spyrja einhvern annan stjórnmálamann en þann sem hér stendur hvers vegna hryðjuverkalögin standa enn, til að mynda breska forustumenn. Ég tek undir það með hv. þingmanni að það var auðvitað fráleitt að beita þeim lögum gegn Íslandi.

Um það að þetta verður síðan á endanum allt saman, eins og hv. þingmaður segir réttilega, á ábyrgð íslenskra skattgreiðenda held ég að undirstriki og staðfesti þá eindregnu sannfæringu mína að mikilvægt sé að yfir einum markaði séu aðrar stofnanir líka einar, þ.e. á einum markaði sé ein mynt og eitt myntkerfi, á einum markaði sé einn seðlabanki, eitt eftirlitskerfi, eitt þing yfir þeim markaði, eitt ráðherraráð yfir þeim markaði og þess vegna er sannfæring mín sú að okkur hefði farnast betur í þessum leiðangri öllum ef við hefðum tekið skrefið alla leið inn í Evrópusambandið og unnið á undanförnum árum að því að taka upp evru í landinu. Það veit ég að vegna þess að hv. þingmaður er framsýnn maður eigum við eftir að verða sammála um þetta atriði þótt síðar verði. (**JBjarn:** Og þú ætlar að gera það undir hryðjuverkalögum?)

[16:54]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þar sem hv. þingmaður er heittrúaður aðildarsinni að Evrópusambandinu og þar sem uppi er núna stefnubreyting hjá Evrópusambandinu þar sem það hverfur frá því að innlánsstofnanir greiði tryggingar fyrir innlán yfir í það að skattgreiðendur geri það allt í einu, skyndilega á kostnað Íslendinga, og þar sem þeir sameinaðir koma fram með stríðsyfirlýsingar gagnvart Íslandi með alls konar óáran, stöðvun á greiðslum til landsins o.s.frv. og þar sem þeir misnota Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til að kúga Íslendinga til hlýðni og uppgjafar og þar sem hæstv. ráðherrar hafa orðið að bakka með yfirlýsingar sínar um að þeir láti ekki kúga sig og þar sem skilningur manna í Brussel á vandamálum Íslendinga er ekki meiri en svo að þeir eru að keyra Íslendinga í fátæktarkaf, okkar svokölluðu vinir í Evrópusambandinu, líka Norðurlönd, heldur þá hv. þingmaður að Ísland njóti meiri skilnings í framtíðinni ef þeir skyldu verða fyrir þeirri ógæfu að ganga inn í Evrópusambandið?

[16:56]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur haft uppi aðvörunarorð um þær miklu skuldbindingar sem hér um ræðir. Það er full ástæða til að þakka hv. þingmanni fyrir það. Það var líka það sem ég leitaðist við að gera í ræðu minni, að leggja á það áherslu að það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að leggja á 300 þús. manna þjóð sem hefur reynt að standa á bak við alþjóðleg stórfyrirtæki eins og bankana sem störfuðu hér á mörg hundruð milljón manna markaði.

Að því sögðu þarf hv. formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis, Pétur H. Blöndal, ekki að koma í ræðustólinn og láta eins og að við höfum ekki þekkt lögin um Tryggingarsjóð innstæðueigenda, eins og að okkur hafi ekki verið ljóst hver mekanisminn var og hvað það þýddi að bankar opnuðu útibú í öðrum löndum. Það höfum við vitað um langt skeið og það tjóar okkur ekki, ekki frekar en það gerði í útrásinni þegar við hunsuðum aðvörunarorðin hvaðan sem þau komu, að létta af okkur þeirri ábyrgð með því að skattyrðast við einhverja í útlöndum sem séu ósanngjarnir gagnvart okkur. Hver maður ber ábyrgð á sinni eigin vegferð og við Íslendingar verðum auðvitað að horfast í augu við það að þessi starfsemi var að lögum á okkar ábyrgð og þó að það sé ekki einhlít lögformleg skylda okkar að greiða þetta hljótum við með frjálsum samningum þó við aðrar þjóðir að leitast við að rísa undir þeirri ábyrgð sem við kannski höfum að nokkru brugðist í störfum okkar á Alþingi á undanförnum árum.

[16:58]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við gátum ekki stöðvað þessa reikningu, við gátum það ekki. Kerfið gengur út frá því, það kerfi sem við byggðum upp og er fullkomlega í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins, með innlánstryggingasjóði, 0,15% greiðslu innlánsstofnana í þann sjóð upp að 1%. Slíkt kerfi virkar ekki nema það sé rólegt ástand, einn banki af hverjum 100 fari á hausinn á sjö ára fresti. En þegar allt bankakerfið fer virkar ekki kerfið.

Í staðinn fyrir að horfast í augu við og viðurkenna það koma þessir aðilar og kúga Íslendinga, skattgreiðendur á Íslandi. Það er stefnubreyting sem stjórnarskráin bannar, hún hreinlega bannar að veita fé úr ríkissjóði nema með fjárlögum. Þarna eru lög og reglur í Evrópusambandinu sem neyða — og svo eru samantekin ráð þessara svokölluðu vina okkar í Evrópusambandinu, meira að segja á Norðurlöndunum. Þeir eru að kúga Íslendinga með aðstoð frá IMF sem við bráðnauðsynlega þurfum á að halda vegna þess áfalls sem hrun bankakerfisins hefur valdið á Íslandi.

Herra forseti. Ég dáist að hv. þingmanni fyrir að hafa enn þá trú á því að ganga inn í Evrópusambandið.

[16:59]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það þýðir ekkert, hvorki fyrir mig né fyrir hv. þm. Pétur H. Blöndal, að ganga í ræðustólinn síðla

árs 2008 og segja: Við gátum ekkert gert. (Gripið fram í.)

Það er ekki þannig að við séum fórnarlömb í þessu máli, hv. þm. Pétur H. Blöndal, það er alls ekki þannig. Við berum ábyrgð í þessu máli, en það er hárrétt hjá hv. þingmanni að það gera Evrópusambandsríkin líka. Það hefur sýnt sig eins og fjármálaráðherra Breta hefur sagt í breska þinginu að kerfið sem búið var til var líka gallað og þess vegna er þetta mál sameiginleg ábyrgð. Þess vegna er hæstv. utanríkisráðherra að sækja hér umboð til að ganga til viðræðna um sameiginlega lausn málsins, um það sem við ætlum að leggja til til að leysa það vegna þess að við berum á því ábyrgð og það sem nágrannaríki okkar ætla að leggja til í þeim leiðangri. Það er gríðarlega brýnt að nágrannaþjóðir okkar sýni skilning og staðfesti skilning sinn á því hversu gríðarlegt verkefni þetta er fyrir íslenska þjóð með því að þar séu sett takmörk við því hversu miklar endurgreiðslubyrðar sé hægt að leggja á Ísland eða endurskoðunarákvæði ef rýrara fæst úr eignunum en ráð var fyrir gert eða ófyrirsjáanlegir atburðir verða eins og að neyðarlögin verði vefengd eða eitthvað slíkt, varnaglar til að hér verði ekki bundnir þeir baggar sem við ekki getum borið.

[17:01]

Útbýting:

Aðgerðir til stuðnings sparisjóðum, 188. mál, fsp. JBjarn, þskj. 231.

Náttúruvernd við Mývatn og Laxá, 184. mál, fsp. KolH, þskj. 227.

Störf í orkufrekum iðnaði, 183. mál, fsp. ÁKÓ, þskj. 226.

[17:02]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri tillögu sem hér er komin fram. Hún varðar leiðina til lausnar á því vandamáli sem við höfum kallað Icesave-vandamálið eða Icesave-deiluna á undanförnum vikum.

Það er í fyrsta lagi mjög virðingarvert að utanríkisráðherra skuli fara þá leið sem ekki er lagaskylda til, að leggja fyrir þingið tillögu til þingsályktunar um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samningana á grundvelli þessara tilteknu forsendna sem samstaða hefur náðst um enda er samningurinn ekki þess efnis sem að öðru jöfnu þyrfti samþykkis Alþingis við. Það er hins vegar mjög mikilvægt og í anda pólitísks mikilvægis þessa máls að það sé lagt fyrir Alþingi og að umræða fari fram um það á þinginu áður en gengið er til þeirra samninga sem samstaða hefur náðst um að gera á vettvangi Evrópusambandsins við bandalagsríki okkar um lok þessa Icesave-máls.

Þess misskilnings hefur gætt nokkuð í umræðunni að hér sé fyrst og fremst um að ræða eitthvert lögfræðilegt úrlausnarefni þar sem Íslendingar hafi haft mikinn rétt sem þeir afsali sér með einhverjum hætti með þeim samningum sem nú hafa náðst. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði hér áðan hvort rökin sem sett hefðu verið fram í málinu hefðu þá verið tómt fleipur og að rangt hefði verið að halda þeim fram. Það er alveg ljóst að íslensk stjórnvöld báru fram þær athugasemdir að hér hefði orðið kerfishrun og ekki væri einhlítt af þeirri tilskipun sem um ræðir hvort ábyrgðin væri fyrir hendi við slíkar aðstæður. Þetta eru fullkomlega boðleg lögfræðileg rök og algjörlega rétt að setja þau fram. Hins vegar var alveg ljóst að hvorki viðsemjendurnir né önnur Evrópusambandsríki deildu þeim sjónarmiðum með okkur. Í því felst engin kúgun, mannvonska eða mannhatur, eins og mér heyrðist hv. þm. Pétur H. Blöndal vera að reyna að gera Evrópusambandinu upp. Í því felst einfaldlega að þessi ríki deila ekki þessu sjónarmiði, (**PHB:** Skilningsleysi!) þau deila ekki þessu sjónarmiði.

Ég vil, fyrst hv. þingmaður kallar hér fram í „skilningsleysi“, vitna í hv. þm. Kristin H. Gunnarsson sem sagði í umræðu um þessi mál að ef maður væri sjálfur á einni skoðun og allir aðrir í heiminum væru á einhverri annarri skoðun væri alla vega ekki útilokað að maður hefði rangt fyrir sér. Það er ekki útilokað, hv. þm. Pétur H. Blöndal, ef maður er einn á einhverri skoðun og allir aðrir, líka manns nánustu vinir, eru á annarri skoðun þá er ekki útilokað að maður hafi rangt fyrir sér. Það er alla vega varlegt að treysta því að maður hafi rétt fyrir sér að óathuguðu máli við þær aðstæður.

Rökin voru hins vegar ekki fleipur eða falsrök af þeim toga að rangt hefði verið að halda þeim fram. Þvert á móti tel ég að það hafi verið fullkomlega boðlegt að halda þeim fram. Af reynslu minni af milliríkjasamningum, þar sem ég hef haldið fram ýmsum lögfræðirökum, veit ég að rétt er að tæma vopnabúrið og kanna til hlítar hvort viðsemjandinn fellst á að taka tillit til þeirra raka. Það er alveg ljóst að Bretar og Hollendingar féllust ekki á þau. Kröfur Breta og Hollendinga hljóðuðu upp á skilyrðislausa ábyrgð. Í upphafi hljóðuðu þau upp á meiri ábyrgð en sem nam innstæðutryggingunni.

Það sem síðan hefur náðst — af því að menn tengja þetta mál Evrópuumræðu og reyna að gera úr því eitthvert agalegt skrímsli — vegna aðkomu Evrópusambandsins og vegna pólitískrar milligöngu Evrópusambandsins og formennskuríkis þess (Gripið fram í.) er skýr tilvísun til sérstöðu Íslands í þeim samkomulagsdrögum eða þeim umsömdu viðmiðum sem kynnt eru þinginu. Ég vil benda hv. þm. Pétri H. Blöndal á að lesa það nokkuð vandlega. Forsendan (Gripið fram í.) sem gengið er út frá er að tekið er tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og sagt að knýjandi nauðsyn beri til að ákveða ráðstafanir sem geri Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi landsins. Með öðrum orðum er sérstaða Íslands viðurkennd áður en gengið er til samningaviðræðna.

Hér hafa verið höfð uppi stór orð, m.a. frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni áðan um að verið sé að afsala einhverjum réttindum sem við höfum í dag. Við erum ekki að afsala nokkrum einustu réttindum. Ef þessir samningar ganga ekki fram með boðlegum hætti á næstu vikum verðum við aldrei verr stödd en við erum í dag. (**JBjarn:** Það er búið að skrifa upp á þetta.) Það er ekki búið að skrifa upp á neitt bindandi samkomulag um annað en að við ætlum að ganga til samninga á þeim forsendum að tekið verði tillit til sérstöðu Íslands og gengið út frá þeirri forsendu að við séum bundin af þeirri tilskipun sem höfum leitt í lög hér á Alþingi. Við erum sannanlega bundin af henni.

Virðulegi forseti. Það er ekki eins og hér sé verið að afsala einhverjum rétti sem við hefðum annars haft í hendi.

Hér er talað um að stjórnvöld hafi afsalað einhverjum rétti til að leggja mál fyrir dómstóla en sá réttur var einfaldlega aldrei í hendi, við höfum aldrei haft neinn rétt til að leggja þetta fyrir dómstóla. Eins og í öðrum þjóðréttardeilum höfum við haft möguleika á því sem sjálfstætt ríki að leita samkomulags við annað ríki, það ríki sem við eigum í ágreiningi við — sem sagt Bretland annars vegar og Holland hins vegar — um að það sé sammála okkur um að leggja málið fyrir dóm. Í þessu tilviki hefur ekki verið um slíkt samkomulag að ræða, þ.e. viðsemjendurnir hafa ekki viljað leggja málið fyrir dóm. Í þjóðarétti þurfa bæði ríkin að samþykkja dómstólaleið, það er grundvallaratriði í þjóðarétti. (Gripið fram í.) Það er grundvallaratriði í þjóðarétti, hv. þingmaður, og ég held að þingmenn sem tala mjög fyrir hefðbundum grundvallarreglum þjóðaréttar og á móti fjölþjóðlegum lausnum eins og Evrópusambandslausnum eigi að reyna að halda sig þá við þær grundvallarreglur sem þjóðaréttur byggir á. Þær eru að báðir aðilar þurfa að samþykkja að deilur fari fyrir dómstól. Sú aðstaða var einfaldlega ekki fyrir hendi í þessu efni og viðsemjandinn hafði rétt fyrir sér þar, við höfum engan rétt til að segja honum fyrir verkum. Hvorki Bretar né Hollendingar vildu dómstólalausn í þessu máli.

Hv. þm. Helgi Hjörvar rakti hér ágætlega áðan hvaða hagsmunir voru í húfi. Það eru heildarhagsmunirnir. Það er náttúrlega ekki hægt að horfa fram hjá því að innstæðukerfi það sem hér um ræðir er grundvallarforsenda fyrir fjármálalegum stöðugleika alls staðar í Evrópu í dag. Ef um það vakna efasemdir hvort innstæðutryggingar virka eða ekki standa mjög margir evrópskir bankar — og ég mundi segja allt evrópska bankakerfið — frammi fyrir hruni vegna þess að það er gríðarlega mikilvægt að almenningur í Evrópu viti að hann geti reitt sig á þessar innstæðutryggingar.

Þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir eru auðvitað óvenjulegar og sérstakar. Í fyrsta lagi er alveg ljóst að við berum ríkari ábyrgð á þeim en nokkurt annað ríki þannig að það er ekki óeðlilegt að við ábyrgjumst að innstæðutryggingin verði greidd. Í öðru lagi er algjörlega ljóst af þeim samningum sem náðst hafa að tekið verður tillit til sérstakra aðstæðna á Íslandi og því sérstaka hruni sem Íslendingar standa frammi fyrir. Ég velti því eftirfarandi fyrir mér: Hvað vilja rjómafleytingarkenningarmenn í alþjóðasamningum eiginlega fá út úr milliríkjasamningum? Þetta er ástand sem stafar af framgöngu íslenskra fyrirtækja í öðrum löndum. Við höfum vitað það missirum og árum saman að starfsemi í Bretlandi og í Hollandi færi fram á ábyrgð íslenska tryggingarsjóðsins. Innstæður duga ekki íslenska tryggingarsjóðnum og hverjum stendur þá næst að gangast í ábyrgð fyrir verkefninu og fyrir lúkningu skuldanna? Auðvitað okkur sem því ríki þar sem þessir bankar höfðu sveitfesti.

Ég spyr nú bara: Hvernig er hægt í öðru orðinu að ætlast til þess að hér sé glæsileg umgjörð fyrir alþjóðlega fjármálastarfsemi í þessu landi — eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur nú talað fyrir í fyrri tíð — og svo í hinu orðinu að segjast ekki ætla að axla þær byrðar sem af því leiða? Það stendur engri þjóð nær en okkur að bera grundvallarábyrgð á þessu máli. Hér hefur tekist gríðarlega vel til í þeim samningum sem staðið hafa yfir og ég tel sérstaka ástæðu til ljúka lofsorði á framgöngu utanríkisráðherra og utanríkisþjónustunnar í þessu máli. Ég tel að við höfum náð í þessum umsömdu viðmiðunum sem hér eru kynnt mjög mikilvægri viðurkenningu á grundvallaratriðum í hagsmunum Íslendinga og það er alveg ljóst að gengið verður til samninga á þeim forsendum að Ísland býr við sérstaklega erfiðar aðstæður, fordæmislausar aðstæður, og það verður útgangspunkturinn þegar sest er niður við samningaborðið. Mér er það til efs — og ekki bara til efs — ég tel að það hefði verið óhugsandi að ná slíkum samningum án milligöngu Evrópusambandsins þannig að í stað þess að eiga við ríkin tvö hvort í sínu lagi gætum við nýtt okkur meðalgöngu Evrópusambandsins. Ég held að það sé alveg ljóst að við höfum haft af því gríðarlegt gagn að leita samninga á vettvangi Evrópusambandsins um lausn í málinu.

[17:12]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Páll Árnason miklast hér mjög af milligöngu Evrópusambandsins og hjúpar aðkomu þess að málinu súkkulaðihjúp. Það er ekkert nýtt sem hann nefndi í sínu máli að Hollendingar og Bretar vildu ekki fallast á þær lögskýringar Íslendinga að við þyrftum ekki að gera annað en að standa undir þessum tryggingum með þessum sjóði og hann væri í fullkomnu samræmi við regluverk Evrópusambandsins. Hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra — það töluðu allir á þá leið að menn mundu ekki láta kúga sig.

Þegar Evrópusambandið kom að málinu gerðist eitthvað annað og hefur verið kallað eftir því hér í dag hvað það var í rauninni sem gerðist. Það er ekki þannig, eins og hv. þm. Árni Páll Árnason vill vera láta, að Evrópusambandið hafi komið til þess að liðka fyrir þessum málum, þvert á móti. Aðkoma Evrópusambandsins hleypti málinu endanlega í hnút og það hefur hæstv. forsætisráðherra upplýst, sem og hæstv. utanríkisráðherra sjálfur hér áðan, að menn hafi verið komnir út í horn í algjöra einangrun vegna hvers? Vegna þess að Hollendingar og Bretar höfðu einhverjar skoðanir? Nei, vegna þess að 27 ríki Evrópusambandsins snerust gegn hagsmunum Íslendinga.

Að koma svo hér eins og hv. þingmaður gerir og þakka Evrópusambandinu kærlega fyrir aðkomuna heitir nú bara á íslensku að kyssa á vöndinn.

[17:14]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir að Bretar féllust ekki á rök Íslendinga að neinu leyti og þeir vildu að Íslendingar stæðu skil á þessum tryggingum að fullu og öllu leyti og þeir vildu jafnvel greiðslur umfram lágmarksinnstæðutrygginguna. (Gripið fram í.) Eftir aðkomu Evrópusambandsins er ljóst að hér er ekki um að ræða ábyrgð umfram lágmarksinnstæðutrygginguna og það er viðurkennt sem forsenda samninga um lausn málsins að gengið verði út frá sérstökum og fordæmislausum aðstæðum og erfiðleikum sem Ísland á við að glíma. Ef það er ekki viðurkenning á sérstöðu Íslands og milliganga veit ég ekki hvað það er. Ég held, virðulegi forseti, að hv. þingmaður verði aðeins að reyna að hemja óbeit sína á Evrópusambandinu og gæta

nokkurrar sanngirni í málflutningi.

Hér er talað um að það sé kúgun og ofbeldi þegar 27 ríki eru á einni skoðun og eitt ríki á annarri skoðun. Ég verð að biðja hv. þingmann að fyrirgefa mér en ég skil ekki alveg í hverju kúgunin er fólgin. Vinir okkar Norðmenn deildu ekki skoðun með okkur heldur. Eru þeir þá að kúga okkur? Ég spyr nú bara. Hv. þingmaður er þeirrar skoðunar að Ísland eigi ekki að vera í Atlantshafsbandalaginu en meiri hluti þjóðarinnar er þeirrar skoðunar að Ísland eigi að vera í Atlantshafsbandalaginu. Er þá verið að kúga hv. þingmann með því að meiri hlutinn ráði?

Virðulegi forseti. Á vettvangi þjóðaréttar ræður hver þjóð sínu atkvæði og sínum örlögum. Engin önnur þjóð innan Evrópusambandsins deildi þessu viðhorfi með okkur og Norðmenn deildu ekki þessu viðhorfi okkar. Það var einfaldlega engin þjóð á Evrópska efnahagssvæðinu tilbúin að deila þeim rökum sem við settum fram, enda verð ég nú að segja að þau rök sem við settum fram voru alls ekki einhlít. Þau voru langt í frá almenn lagatúlkun og það er ekki hægt að finna þessari lagatúlkun stoð í einu einasta fræðiriti á vettvangi Evrópuréttar.

[17:16]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég leyfði mér að nota orðið kúgun og það er vegna þess að ég er að vitna í hæstv. forsætisráðherra Íslands sem margoft lýsti því yfir í fjölmiðlum — og ég er með tvær tilvitnanir í fréttatíma 6. nóvember síðastliðinn þar sem hæstv. forsætisráðherra segir ítrekað: „Við látum ekki kúga okkur til að blanda saman deilum um Icesavereikninga og aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Við látum ekki kúga okkur til þess. Ég treysti því og ég læt segja mér það tvisvar ef einhverjir ætla að koma í veg fyrir þessa afgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum með því að blanda saman óskyldum málum.“

Hvað skyldi Össur Skarphéðinsson, hæstv. iðnaðarráðherra segja í viðtali við fréttir Stöðvar 2 10. nóvember síðastliðinn? (**PHB:** Samflokksmaður.) Samflokksmaður hv. þm. Árna Páls Árnasonar. „Þetta eru auðvitað stórþjóðir,“ segir hann, „sem þarna eru að reyna að knésetja smáþjóð.“ Það stoðar lítið fyrir hv. þingmann að koma hér og hella úr skálum reiði sinnar yfir mig fyrir að nota orðið kúgun. Maður, líttu þér nær, segi ég bara og ég skora á þingmanninn að ræða um þetta við sína flokksmenn og þá sem hann styður til að stjórna þessu landi.

Ég hafði hugsað mér að setja hér fram tvær spurningar til hv. þingmanns. Ég verð að bíða með það til ræðu minnar. En ég vil vekja athygli á því að miklar fréttir fólust í orðum hans og ég mun óska eftir því að hæstv. utanríkisráðherra staðfesti þær, sem sé að Bretar hafi fallið frá þeirri kröfu sinni að við ábyrgjumst meira en lágmarkstryggingarnar að upphæð 20.887 evrur.

[17:18]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það stoðar lítið fyrir hv. þingmann að koma hingað með einhvern mikinn reiðilestur og þylja upp úr viðtölum við hæstv. forsætisráðherra (**Gripið fram í:** Kúgun.) og hæstv. þáverandi starfandi utanríkisráðherra um þetta mál í miðju samningaferli. Ég hef ekki orðið var við að hæstv. forsætisráðherra eða hæstv. iðnaðarráðherra hafi lýst niðurstöðu samninganna sem kúgun. Það er einmitt það sem við erum að ræða um hér. Það er niðurstaða samninganna. (Gripið fram í.) Niðurstaða samninganna er sú að tekið er fyllsta tillit til sérstöðu Íslands og ég held að bæði hæstv. forsætisráðherra, sem stendur að þessari niðurstöðu, og hæstv. iðnaðarráðherra, sem gerir það líka, hafi fullan skilning á því að þetta sé fullkomlega ásættanleg niðurstaða. Ég hef ekki heyrt þá nota það orð, kúgun, um þessa niðurstöðu þannig að hv. þingmaður er með mikla útúrsnúninga og hártoganir.

Varðandi það sem hún spurði út í sem varðar þær kröfur sem Bretar hafa gert þá er það misskilningur í hennar orðum að ég hafi staðhæft nokkuð um það. Ég hef einfaldlega ekki þekkingu á því. Ég hef ekki upplýsingar um hver afstaða Breta er nákvæmlega (**ÁI:** ... Evrópusambandinu ...) En forsenda samninganna sem liggur fyrir er sú að verið er að ganga til samninga á forsendum innstæðutrygginganna, ekki ríkari ábyrgða en það. Alla vega legg ég þann skilning í málið. En ég hef engar frekari upplýsingar um það og er rétt að hæstv. utanríkisráðherra upplýsi um hvernig það mál er vaxið.

[17:20]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður er eins og fleiri í hans flokki trúaður Evrópusinni. Mig langar til að spyrja hv. þingmann: Af hverju vildu viðsemjendur okkar ekki leggja málið í dóm? Vegna þess að þeir óttuðust að tapa því. Af hverju var óskiljanlegur dráttur á afgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, svo vikum og vikum skipti sem skaðaði Ísland óheyrilega, herra forseti? Það er vegna þess að Hollendingar og Bretar og síðan allt Evrópusambandið, þessir svokölluðu vinir okkar, lögðust á eitt að kúga Íslendinga og ég tek mér það orð í munn þó að hv. þingmaður banni mér það.

Svo segir hann að fjármálalegur stöðugleiki sé mikilvægur. Auðvitað er hann mikilvægur. En hann er ekki bara mikilvægur fyrir íslenska skattgreiðendur. Hann er líka mikilvægur fyrir Breta, Frakka, Hollendinga og svo framvegis. Þeir áttu að koma með að lausn þessa vanda strax í staðinn fyrir að senda reikninginn á Ísland. Svo segir hv. þingmaður að við berum meiri ábyrgð en önnur ríki. Er það svo? Fjármálaeftirlitið íslenska heimilar eingöngu starfsemi. Síðan er það fjármálaeftirlit Breta og Hollendinga sem fylgist með og á að passa greiðslurnar á hverjum degi. Þeir brugðust þannig að við berum ekki endilega meiri ábyrgð en önnur ríki á þessu eða innlánstryggingasjóður Íslands.

Það kemur fram í fréttum að Darling, fjármálaráðherra Breta, vill endurskoða innstæðutryggingakerfi Evrópulanda. Hann vill nefnilega ekki að breskir skattgreiðendur greiði fyrir innstæður í breskum útibúum erlendra banka. Hann vill ekki að breskir skattgreiðendur greiði þetta. En hann er gjarn á að senda íslenskum skattgreiðendum reikninginn sem er brot á reglum Evrópusambandsins sem gera ráð fyrir því að fjármálastofnanirnar sjálfar fjármagni þetta.

[17:22]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér fer hv. þingmaður með margar staðhæfingar sem flestar eiga ekki við rök að styðjast. Ég held til dæmis að hv. þingmaður geti ekki fært nokkur sannfærandi rök fyrir því að viðsemjendur okkar hafi óttast að tapa þessu máli og ég verð að segja að ég hef ekki séð ein einustu skynsamleg rök fyrir því af hverju þeir hefðu átt að óttast það því ég hef engan fræðimann séð taka undir þær athugasemdir sem við settum fram og ég hef enga fræðigrein séð um það. Ég held að það sé leitun á Evrópuréttarlögfræðingi annars staðar en mönnum hér á Íslandi sem eðlilega eru að reyna að finna rök fyrir okkur til að standa í ístaðinu, sem styðja þennan málstað.

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður segir hér að Bretar og Hollendingar hefðu átt að koma að lausn og axla þetta með okkur. Það er nákvæmlega það sem niðurstaðan úr samningunum hljóðar upp á. Evrópusambandið hefur þvingað Breta og Hollendinga til að koma að málinu með okkur. Með öðrum orðum, niðurstaðan er þannig að við tökum bakábyrgð á verkefninu en Evrópusambandsríkin koma að málinu og munu taka tillit til sérstakra íslenskra aðstæðna vegna þess að þær eru algerlega ófyrirséðar og langt utan við það sem búast mátti við.

Hv. þingmaður getur ekki talað af slíkri einangrunarhyggju að reyna núna að kenna öðrum ríkjum alfarið um ábyrgð á starfsemi útibúa íslenskra banka í öðrum löndum. Það liggur algjörlega ljóst fyrir að eftirlitsskyldan er hjá Fjármálaeftirliti Íslands á útibúum íslenskra banka erlendis. Þess vegna og á þeim grunni hefur Fjármálaeftirlitið sótt auknar fjárheimildir á undanförnum árum til eftirlits og til að geta rækt eftirlitshlutverk sitt í þessum útibúum. Það hafa verið menn á ferðinni af hálfu Fjármálaeftirlitsins til að fylgjast með starfsemi þessara útibúa. Hv. þingmaður þumbaðist hins vegar lengi við árum saman gegn hækkuðum framlögum til Fjármálaeftirlitsins. (Gripið fram í.) Það er mikilvægt að hafa þetta allt í huga.

[17:24]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur við að ég beri af mér sakir vegna þess að ég lagði alltaf, ætíð og sífellt til meiri fjárveitingar til Fjármálaeftirlitsins. Þetta er virkilega ósanngjarn málflutningur, virkilega.

Hv. þingmaður er sem sagt að segja að vegna þess að allt Evrópusambandið sé sameinað, þá hafi Íslendingar rangt fyrir sér. Allt í lagi, göngum út frá því að einhver maður leggi inn á reikning í Hollandi í útibú íslensks banka og bankinn fari á hausinn. Þá er það orðin sjálftaka á íslenska ríkissjóðinn. Það er bara sjálfvirkt. Hv. þingmaður fullyrðir að Fjármálaeftirlitið hefði getað stoppað þetta. Mér er sagt að það hafi ekki getað stoppað það vegna þess að innstæðurnar komu svo hratt inn, það voru svo háir vextir og það hafði ekkert með það að segja. Það var fjármálaeftirlit Hollands sem átti að sjá um greiðsluflæðið er mér sagt. Við gátum ekki stöðvað það að íslenskur banki opnaði útibú. Það þurftu að vera sérstök málefnaleg rök fyrir því að banna það þannig að þeir gátu opnað ný útibú. Síðan er það fjármálaeftirlit Hollands sem sér um greiðsluflæðið og það íslenska sem sér um eftirlitið árlega.

Þessir innlánsreikningar voru allir stofnaðir eftir maí í Hollandi, enda voru vextirnir mjög dægilegir. Og þessir reikningar, allir þeir aðilar sem lögðu þarna inn, þ.e. hv. þingmaður er að segja að þeir bara áttu sjálftöku á ríkissjóð Íslands og íslenska skattgreiðendur. Hvað heldur hv. þingmaður um stjórnarskrána sem bannar slíkt? Það stendur í stjórnarskránni að það sé bannað. Hv. þingmaður hefur svarið eið að henni. Er hann að segja að það eigi að vera sjálftaka og að Evrópusambandið hafi rétt fyrir sér? Ég fullyrði að það hefur ekki rétt fyrir sér.

[17:26]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég biðst forláts á því að hafa haft hv. þm. Pétur Blöndal fyrir rangri sök hvað varðar fjárveitingar til Fjármálaeftirlitsins. Ég var að blanda saman tveimur óskyldum málum. Ég biðst forláts á því.

En varðandi þetta atriði sem hv. þingmaður kemur hér með fram þá er alveg ljóst að það heyrði undir íslensk stjórnvöld að haga fjármálaeftirliti með þeim hætti að hægt væri að takmarka þær ábyrgðir sem á endanum féllu. Auðvitað höfum við vitað um það, hv. þingmaður, árum saman að útibú erlendis störfuðu á ábyrgð íslensks fjármálaeftirlits og á ábyrgð íslenska innstæðutryggingasjóðsins. Af hverju heldur hv. þingmaður að Fjármálaeftirlitið hafi byrjað að ganga eftir því við Landsbankann í febrúarmánuði að hann flytti þetta í dótturfélag erlendis? (Gripið fram í.) Það er til að koma þessum ábyrgðum burt af íslenska innstæðutryggingasjóðnum. Af hverju heldur hv. þingmaður að aðkoma Fjármálaeftirlitsins hafi einkennst síðan áfram af þessu allt þetta ár og síðan hafi menn og hæstv. viðskiptaráðherra farið með stjórnarformanni Fjármálaeftirlitsins til Bretlands í septemberbyrjun til þess einmitt að fá Breta til að vera ekki svona stífir og erfiðir á kröfum til að koma þessu Icesavemáli yfir í (Gripið fram í.) dótturfélag? Það er vegna þess að það vissu það allir sem vildu vita það — það er undarlegt að heyra hv. þingmann, formann efnahags- og skattanefndar halda því fram að það hafi komið honum algerlega á óvart að ábyrgðir gætu risið á innstæðutryggingasjóðinn á grundvelli starfsemi útibúa í öðrum löndum.

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt að ekki er hægt að banna mönnum að opna útibú í öðrum löndum og það er vissulega ljóst að þetta regluverk er gallað og það er vissulega ljóst að það þarf að endurskoðast í framhaldinu. En um það þarf að nást samstaða á evrópskum vettvangi. Ef hv. þingmaður getur (Forseti hringir.) deilt þeirri skoðun með mér þá hlýtur hann líka að deila þeirri skoðun með mér að betra sé við sitjum við borðið í Evrópusambandinu og komum efnislega að ákvörðunum um endurskoðunina (Forseti hringir.) heldur en vera í óbreyttri stöðu utan Evrópusambandsins og þurfa að innleiða allt hvort sem okkur líkar betur eða verr og óháð því hvort það uppfyllir okkar hagsmuni eða ekki. (Gripið fram í.)

[17:29]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég tel mjög mikilvægt að þetta mál komi inn í þingið og hefði

mátt gera það fyrr. Það hefur nefnilega skotið skökku við að hlusta á talsmenn ríkisstjórnarinnar segja í öðru orðinu að það eigi að velta við öllum steinum, allt eigi að vera uppi á borðum og ekki eigi að vera leynd yfir neinu en síðan afgreiða þeir skuldbindandi samninga langt inn í framtíðina á bak við þing og þjóð. Þeir neita að upplýsa þingið og þingnefndir og neita að koma með mál hingað inn.

Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa meira að segja haldið því fram um tíma að lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þyrfti ekki að koma hingað inn vegna þess að við hefðum síðastliðið vor afgreitt heimild ríkissjóðs til að afla lánsfjár í því skyni að styrkja gjaldeyrissjóðinn.

Ég legg sem sagt áherslu á að það er mikilvægt að þetta mál sé loksins komið til þings þótt seint sé. Mikilvægt er að það fari inn í nefnd og að þar verði allt uppi á borðum, öll skjöl og allar fundargerðir sem hér hefur verið minnst á. Ég óska sérstaklega eftir því að þau umsömdu viðmið sem eru fylgiskjal með þessari þingsályktunartillögu verði lögð undirrituð fyrir hv. utanríkismálanefnd á því tungumáli sem þau voru undirrituð vegna þess að það er ekki nægilega gott að hafa þessa þýðingu eins og hún er, ódagsett og óundirrituð. Það þarf að vera skýrara hvað hér er á ferðinni ef þetta á að vera fylgiskjal en ekki lýsing á fylgiskjali.

Það er ótrúlegt, herra forseti, að inn á borð þingsins skuli vera komið skjal frá ríkisstjórn Íslands um Icesave-málið án þess að minnst sé einu orði í greinargerð á hryðjuverkalögin sem Bretar beittu Íslendinga til þess að kyrrsetja eigur Landsbankans í Bretlandi og urðu reyndar til þess, ef ég hef skilið rétt, að eignir Kaupþings í Bretlandi voru kyrrsettar líka. Það er ótrúlegt að menn skuli hafa þegið, tekið og borgað fyrir þennan aðgöngumiða, sem samkomulagið um Icesave er, að prógramminu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum án þess að knýja á um afléttingu hryðjuverkalaganna fyrir fram. Ég tel það algjörlega óásættanlegt. Ég tel útilokað að Alþingi Íslendinga gangi frá samþykkt eða afgreiðslu þessarar tillögu sem hér liggur fyrir fyrr en Bretar hafa aflétt hryðjuverkalögunum sem þeir beittu Íslendinga í þessum efnum.

Mikið hefur verið rætt um það, sem eðlilegt er, hvernig íslenskir ráðamenn kúventu allt í einu í þessum málum þvert ofan í yfirlýsingar um að menn ætluðu ekki að láta kúga sig og ekki blanda saman tveimur óskyldum hlutum, aðgangi að lánafyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum annars vegar og uppgjöri á Icesave-reikningum á grunni Evróputilskipana hins vegar. Þá gerðist eitthvað sem varð til þess að ríkisstjórnin kúventi algjörlega og féll frá þeim fullveldisrétti sem ég tel að Ísland hafi til þess að leita úrræða niðurstöðu dómstóla.

Ég kallaði það áðan „að kyssa á vöndinn“ þegar hv. þm. Árni Páll Árnason lauk miklu lofsorði á aðkomu Evrópusambandsins að þessu máli. Auðvitað er hægt að hafa mörg orð um þá hnjáliðamýkt sem hefur komið fram í þessu máli gagnvart Evrópusambandinu sérstaklega og maður hlýtur að spyrja sig: Hvað gerðist? Í greinargerðinni segir á blaðsíðu 2, í kaflanum um pólitíska stöðu, að ekki hefði verið vart annars en stuðnings við málaleitan Íslendinga. Síðan segir með leyfi forseta:

„Það snerist hins vegar.“

Ég vil spyrja: Hvað gerðist nákvæmlega? Hverju var hótað? Í umræðum um þingsályktunartillögu sem tengd er Alþjóðagjaldeyrissjóðnum man ég ekki betur en hæstv. utanríkisráðherra hafi sagt að því hafi jafnvel verið hótað að Evrópusambandið setti Ísland út af sakramentinu og átti þá við EES-samninginn. Ég held að það sé mikilvægt að frá svör við því.

Nokkrar aðrar spurningar hafa verið nefndar sem mikilvægt er að fá svör við. Ég legg mikla áherslu á að það verði upplýst hvað stóð í plagginu sem hæstv. fjármálaráðherra skrifaði undir gagnvart Hollendingum. Ég vil minna á að 16. október sl. kom fram í *Morgunblaðinu* að gengið hefði verið frá samkomulagi sem gekk út á að Hollendingar lánuðu Íslendingum 1,1 milljarð evra til þess að gera upp Icesave-reikningana þar. Sambærilegt samkomulag hefði verið gert við Breta sem ekki væri búið að skrifa undir en það hljóðaði upp á 3 milljarða evra. Ég tel mjög mikilvægt að þetta plagg komi fram vegna þess að ef þarna hefur verið gengið frá samningum um lán hefur væntanlega líka verið gengið frá samningum um skilmála þessa láns.

Mig langar til að spyrja hæstv. utanríkisráðherra, ef hún gæti gert svo vel og verið í salnum —

(**Forseti** (KHG)**:** Ráðherrann er hér í húsinu.)

Já. Ráðherrann er hér, það er nefnilega það. Mig langar til að varpa fyrirspurn til hæstv. ráðherra. Nú geri ég tilraun til þess í fjórða sinn. Hv. formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, má ég eiga orðastað við ráðherrann á meðan ég stend í ræðustóli og klukkan tifar?

Ég vil spyrja um þær fjárhæðir sem ráðherrann nefndi áðan í andsvari um andvirði eigna Landsbanka Íslands, að þær gætu verið í kringum 1.000 milljarða kr. Átti hæstv. ráðherra við eignir í Bretlandi eða heildareignir Landsbanka Íslands?

Á hvaða gengi eru þessar fjárhæðir, 620 eða 615 milljarðar íslenskra króna? Á gengi dagsins í dag eru þær fjárhæðir sem *Morgunblaðið* skýrir frá og samið hefur verið um gott betur. Þær eru nær 800 milljarðar íslenskra króna. (Gripið fram í.)

Mig langar til að spyrja ráðherrann um það sem hv. þm. Árni Páll Árnason lét liggja að hér áðan að fyrir milligöngu Evrópusambandsins hefðu Bretar fallið frá því að gera ítarlegri kröfur til greiðslu af hendi Íslendinga en lágmarkstryggingin gerir ráð fyrir. Hafa Bretar fallið algjörlega frá þeim kröfum? Ég vil spyrja hvort hæstv. ráðherra telji einhverja tengingu milli þess að Bretar aflétta ekki enn þá kyrrsetningu á eignum Landsbankans og þess að bresk stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau muni ábyrgjast það sem umfram er. Telur hæstv. ráðherra einhvern minnsta möguleika á því að bresk stjórnvöld hugsi sér að nýta kyrrsettar eignir Landsbanka Íslands til þess að greiða það sem umfram er af lágmarksinnstæðutryggingunni en láta Íslendingum eftir að borga rest? Þetta tel ég að sé mjög mikilvægt, ekki síst í ljósi þess sem hv. þm. Árni Páll Árnason sagði áðan.

Herra forseti. Ræðutími minn er búinn og ég óska eftir því að komast aftur á mælendaskrá.

[17:39]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil gera athugasemdir við nokkur

stóryrði sem komu fram í máli hv. þingmanns áðan og er ekki alveg innstæða fyrir. Í fyrsta lagi sagði hv. þingmaður að þetta mál hefði verið rekið án samráðs við þing jafnt í aðdraganda sem og frágangi. Ég vil taka fram að það er alrangt. Ítrekað hefur verið rætt um þetta mál í þingsölum undir ýmsum liðum jafnt í fyrirspurnum og í utandagskrárumræðu.

Á vettvangi utanríkismálanefndar hefur þetta mál verið rætt og það er auðvitað hinn rétti vettvangur fyrir mál um viðkvæma samninga við önnur ríki á meðan þau standa yfir. Þar hefur þetta ítrekað verið rætt og kynnt hvernig málið hefur þróast. Allar aðgerðir stjórnvalda hafa verið kynntar mjög nákvæmlega. M.a. voru þessi umsömdu viðmið kynnt þar áður en frá þeim var gengið við Evrópusambandið þannig að það er ekki hægt að halda því fram, virðulegi forseti, að ekki hafi verið haft um þetta samráð við þing. Þvert á móti var þetta rætt við utanríkismálanefnd. Henni var kynnt þetta í samræmi við 24. gr. þingskapalaga áður en gengið var frá samningnum. Hér er því beinlínis rangt með farið og ég taldi rétt að þetta kæmi fram.

Hv. þingmaður sagðist telja að Ísland hefði fullveldisrétt til þess að leggja þetta mál fyrir dómstóla. Ég ítreka það sem ég sagði áðan í ræðu minni. Ekkert ríki sem á í deilu við annað ríki á sjálfstæðan rétt á að fara með mál fyrir dómstóla heldur þarf samþykki beggja. Þetta er grundvallarregla þjóðaréttar. Þess vegna fóru t.d. þorskastríðin eins og þau fóru vegna þess að við féllumst aldrei á að fara með landhelgisdeiluna fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag eins og Bretar kölluðu eftir. Hvað er hv. þingmaður þá að segja? Að íslensk stjórnvöld hafi þarna verið algjörlega úti á þekju og hefðu átt að fara með allt málið fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag? Það hefði nú verið upplit á hæstv. þáverandi sjávarútvegsráðherra, Lúðvíki Jósefssyni, ef hann hefði fengið að heyra þessa lögskýringu. (**Gripið fram í:** Það væri nú betra að hann væri hér.)

[17:41]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er augljóst að hv. þm. Árni Páll Árnason, og að ég held stjórnarliðið í það heila, er miklum mun lítillátari en sú sem hér stendur og þjóðin sem kallar eftir upplýsingum um þetta mál og hefur gert það frá því að upplýst var hvers kyns þessir Icesave-reikningar væru og hvaða kröfur Bretar væru að leggja á herðar okkar.

Þegar íslensk stjórnvöld hafa verið að bauka úti í Brussel og í Bandaríkjunum við að semja um hvernig eigi að leggja þessar byrðar á komandi kynslóðir Íslendinga hafa pappírarnir ekki verið uppi á borðum og ég vek athygli á því að þeir eru þar ekki enn þá.

Hv. þingmaður nefndi áðan að það væri út í hött að veita upplýsingar um hvað stæði í skjölum meðan að samningaviðræður væru í gangi. Það er eins og hv. þingmaður haldi að mótaðilinn viti ekki hvað stendur í þessum pappírum. Ég fullyrði að Hollendingar vita nákvæmlega hvað stendur í pappírunum sem Árni Mathiesen skrifaði undir. Það er ekki verið að skemma neinar samningaviðræður með því að birta þá. Fyrst að Hollendingar vita það þá veit Evrópusambandið það væntanlega og sama á við um Breta af því að þar lágu fyrir svipuð drög því það var fyrirhugað að leysa þetta svona. Nei, þetta er þögn ríkisstjórnarinnar og það var þema þessara pappíra. Það að koma fyrst núna með þetta hingað inn eftir að hafa fleygt þessu í fréttir Ríkisútvarpsins fimm mínútur fyrir aðalfréttatíma á sunnudegi er bara eins og annað. Þessi ríkisstjórn er rúin trausti. Hún hefur ekki haft samráð við stjórnarandstöðuna í þinginu um þessi mál (Gripið fram í.) og hún hefur gert þetta á bak (Forseti hringir.) við þing og þjóð.

[17:43]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður fer í marga hringi í málflutningi sínum. Hún ætelur stjórnvöld fyrir að fara á bak við þing og þjóð en hins vegar lesa þingmenn Vinstri grænna í löngu máli upp ummæli hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra sem lýsa málinu og afstöðu ríkisstjórnarinnar í smáatriðum.

Síðan kemur hv. þingmaður í lok málsins — það tók hana nú ekki nema tvær mínútur í einu andsvari að fara í heilan hring — og ætelur ríkisstjórnina fyrir að hafa kynnt málið fimm mínútum fyrir kvöldfréttir. Í upphafi máls síns segir hún hins vegar að þjóðin þurfi að fá upplýsingar og ætelur upplýsingaskort. Hvort vill hv. þingmaður upplýsingaleynd eða að upplýsingar séu settar fram? Það finnst mér ekki ljóst. (Gripið fram í.)

Það er algjörlega ljóst að hér hefur verið komið fram fullkomlega í samræmi við ákvæði stjórnarskrár og ákvæði þingskapalaga um samráð við þing. Samráð við utanríkismálanefnd Alþingis hefur verið virt fullkomlega. Sú tillaga sem hér liggur fyrir er umfram lagaþörf, alveg eins og það var umfram lagaþörf að leggja tillögu til þingsályktunar um fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir þingið.

Það er mjög jákvætt að ríkisstjórnin hefur sýnt mikinn vilja til að ræða þessi mál fyrir opnum tjöldum og ég held að það sé leitun á manni í íslensku samfélagi sem hefur ekki hugmynd um hvert umfang Icesave-skuldbindinganna er. Ég held að þær hafi verið svo mikið í opinberri umræðu á undanförnum vikum og mánuðum að allir viti um hvað málið snýst. Ég tel að það sé algjörlega fráleitt að halda því fram að ráðherrar hafi farið með einhverri leynd í þessu máli. Þvert á móti hefur það verið rætt fram og til baka.

Það sem kemur hins vegar núna í ljós er að mörg af þeim gífuryrðum sem hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa haft í frammi um þetta mál og eðli og umfang þessara skuldbindinga standast ekki. Það er líka að koma í ljós að mikill árangur hefur náðst af samningum fyrir milligöngu Evrópusambandsins. Það er náttúrlega sem eitur í beinum hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að árangur skuli hafa verið af þeirri málafylgju sem stjórnvöld hafa farið með (Forseti hringir.) á vettvangi alþjóðasamfélagsins og að við höfum náð betri árangri úr því samningaferli sem (Forseti hringir.) hefur verið á vettvangi Evrópusambandsins en við hefðum ella fengið.

[17:46]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er ágætt að standa hér og koma með fullyrðingar um, eins og hv. þingmaður gerir, að allt sem

þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi sagt um eðli og umfang samninganna sé rangt. Það er nú stórt orð Hákot, hv. þingmaður. Mat hv. þm. Árna Páls Árnasonar er að allt hafi verið gert fyrir opnum tjöldum og án nokkurrar leyndar. Eins og ég sagði áðan, er það hans mat og hann má hafa það. Þjóðin er einfaldlega á öðru máli.

Ég hef ekki sagt að ráðherrarnir hafi ekki verið yfirlýsingaglaðir. (Gripið fram í.) Þvert á móti hafa þeir fyrir fram sagt að niðurstaðan sem hér er lögð fyrir þingið sé kúgun og knésetning. Það var sagt fyrir fram að vísu, ekki eftir á, og þess vegna er það tekið hér til umræðu. Knésetning og kúgun eru ekki mín orð heldur orð hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. forsætisráðherra.

Hér hafa verið lagðar fram margar spurningar sem lúta að því hvers vegna þessi kúvending varð í málinu og ég bíð eftir að heyra hæstv. utanríkisráðherra svara þeim. Ég fagna því að þetta þingmál sé loks komið fram, en lít svo á að samkomulagið sem hér liggur fyrir sé ansi dýrkeyptur aðgangur að prógrammi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem ýmsir telja að við þurfum ekki einu sinni á að halda.

[17:48]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Íslendingar hafa orðið fyrir miklu áfalli og má skipta því í nokkra þætti. Í fyrsta lagi fóru þrír stærstu bankarnir á hausinn og þúsund milljarðar í hlutafé töpuðust og gífurlegar keðjuverkanir urðu um allt þjóðfélagið með uppsögnum o.fl. Síðan er glímt við u.þ.b. 300 milljarða af hræddum krónum, jöklabréfum og innlendum innstæðum sem vilja fara til útlanda og valda mikilli lækkun á krónunni, nákvæmlega eins og þetta sama fjármagn olli mikilli hækkun á krónunni þegar það kom til landsins.

Svo sóttum við um hjálp frá IMF og þá var sá ágæti sjóður misnotaður til að ná fram allt öðrum sjónarmiðum, þó að við höfum verið stofnaðilar og borgað í sjóðinn í hálfa öld. Síðasta áfallið er svo Icesave þar sem kemur í ljós að vegna galla í tilskipunum Evrópusambandsins gera Hollendingar og Bretar gífurlegar kröfur á íslenska þjóð.

Við ræðum, herra forseti, tillögu til þingsályktunar um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum. Hún er mjög stutt og ég ætla að fá að lesa hana, með leyfi herra forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um.“

Hv. þm Árni Páll Árnason sagði áðan að ég hefði ekki lesið þetta nægilega vel, en það hef ég gert. Þetta er afskaplega opið og felur í sér sjálfdæmi þeirra ríkja sem samið er við. Þess vegna get ég ekki stutt þetta og hef lýst því yfir, þó að í skjalinu standi, með leyfi forseta:

„Þessar samningaviðræður skulu fara fram með samhæfðum og samræmdum hætti og skal þar tekið tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.“

Ég gæti stutt þetta og mundi styðja þetta ef við tilvitnunina sem ég las áðan bættist: Skal slíkur samningur lagður fyrir Alþingi til samþykktar. Ef það bættist við, hæstv. utanríkisráðherra, gæti ég staðið að þessu með glöðu geði vegna þess að þá vissu íslenskir þingmenn hvað þeir væru að samþykkja en hefðu það ekki svona galopið. Vel má vera að breyta megi þingsályktuninni þannig í hv. utanríkismálanefnd að það gangi og þá mun ég styðja hana, en svona opinn texta get ég ekki stutt. Ég get ekki veitt útlendingum sjálfdæmi um örlög Íslands. Ég hef nefnilega á síðustu vikum uppgötvað að hver hugsar um sig, þeir hugsa ekki um Ísland og taka ekkert tillit til aðstæðna hér, alla vega ekki stjórnmálamennirnir. Þeir rústa íslenskum fyrirtækjum eins og ekkert sé, eins og að drekka vatn, og sjá ekkert eftir því.

Ég nefndi að galli er í tilskipun Evrópusambandsins varðandi innlánsreikninga sem bitnar á Icesave-reikningunum. Í tilskipuninni stendur að kerfið skuli fjármagnað af innlánsstofnunum, ekki af skattgreiðendum. Við komum á kerfi sem var tilkynnt til útlanda og engar athugasemdir voru gerðar við það þannig að það virtist vera í lagi og allar framkvæmdir voru samkvæmt þeim reglum. Svo þegar kerfið bregst koma þessar þjóðir og segja — og breyta eiginlega um stefnu — að nú skuli íslenskir skattgreiðendur greiða þetta. Það er mikilvæg stefnubreyting og opnar beina leið í ríkiskassann á Íslandi, sem er bannað samkvæmt stjórnarskrá, þannig að við getum ekki fallist á þessa stefnubreytingu. Mér sýnist að loksins sé að renna upp ljós fyrir fjármálaráðherra Breta. Hann hefur nefnilega beðið um endurskoðun á innstæðutryggingarkerfi Evrópulanda. Það er nefnilega að renna upp fyrir honum ljós að sú breytta stefna sem hann og hollenskir félagar hans tóku gegn Íslandi gengur ekki upp.

Ef breskur banki fer á hausinn og Bretland á að borga innstæður þess banka um alla Evrópu er ég hræddur um að dálítið ljós renni upp fyrir breskum þingmönnum að skattleggja breskan almenning til fátæktar út af innstæðum úti um alla Evrópu. Það sama gildir um Hollendinga, sem eiga alveg gífurlegar innstæður, sérstaklega í Bretlandi. Hollenskir bankar í Bretlandi eiga gífurlegar innstæður. Ef einn slíkur banki eða fleiri færu á hausinn og hollenskir skattgreiðendur ættu að borga þær innstæður er ég hræddur um að hollenskir þingmenn samþykktu ekki þvílík ósköp.

Ákveðin veila í kerfinu er að koma í ljós og í stað þess að menn komi til Íslendinga og segi: Fyrirgefið, það er galli í kerfinu hjá okkur, við skulum hjálpa ykkur að ráða við þetta, við skulum aðstoða ykkur. Þá heimta þeir meira að segja vexti ofan á lánin sem þeir hafa veitt okkur. Hollendingar voru sérstaklega harðir á því að við borguðum vexti og vextirnir eiga að vera háir af því að Ísland hefur svo slæmt lánshæfismat eftir allar krísurnar. Það var nú allur skilningurinn á þeim bæ.

Auðvitað eiga lánin að vera vaxtalaus. (Gripið fram í.) Ekki hefur verið talað um að hafa þetta vaxtalaust. Það eina sem gerðist í Evrópusambandinu var að sameinaðir, Skandinavarnir með, náðu þeir slíku taki á Íslandi að Íslendingar gáfust upp. Við veifum hvítum friðarfána og segjum: Við gefumst upp.

Þannig er staðan, við skulum horfast í augu við það. Þetta eru friðarsamningar, við erum látin blæða fyrir gallað regluverk Evrópusambandsins og við höfum gefist upp, við

skulum bara horfast í augu við það. Þeir sem gefast upp koma með hvítan fána og fá alla vega friðarsamninga, sem við fáum ekki enn sem komið er. Við gefumst upp fyrir ofbeldi og ofurvaldi Evrópusambandsins, svokallaðra vina okkar.

Síðan koma kröfuhafarnir, þýskir og evrópskir bankar, sem í töluverðu ábyrgðarleysi — mundi ég nú segja — lánuðu íslenskum einkaaðilum óhemju fé, 40 millj. kr. á hvern Íslending. Bera þeir ekki einhverja ábyrgð á að hafa lánað þetta óhemju fé, langt yfir þjóðarframleiðslu Íslands? Hver átti eiginlega að tékka það? Voru það ekki þeir, áttu þeir ekki að athuga gagnkvæmt eignarhald? Áttu þeir ekki að kynna sér lántakendurna? Nei, þeir gera líka kröfur og segja: Ef hér gerist eitthvað sem ekki er í sátt við okkur fáið þið engin lán í framtíðinni. Við þurfum ekki bara að sættast við Evrópusambandsríkin heldur líka við lánastofnanir og ég tel það mjög mikilvægt. Þess vegna vil ég að lánveitendurnir komi líka að borðinu í friðarsamningunum og allt sé gert á einu bretti, ekki samið sér við Hollendinga, sér við Breta og sér við lánardrottnana o.s.frv. Nei, þetta þarf að gerast allt í einum samningi og gæta þarf þess að aðalauðlind Íslendinga, mannauðurinn, fari ekki úr landi. Á því mundu allir tapa, kröfuhafarnir, Hollendingar og Bretar, því þá verður skuldin ekki greidd. Menn hljóta að átta sig á því.

Íslendingar hafa dottið inn í þetta kerfi vegna galla í Evrópusambandstilskipuninni. Auðvitað fóru einstakir einstaklingar óvarlega. Auðvitað má segja að regluverkið hefði mátt vera betra. Auðvitað áttum við á Alþingi að sjá í gegnum gallana í regluverki Evrópusambandsins, en við gerðum það ekki. Við gátum ekki séð þessa stöðu fyrir. Enginn sá fyrir að Kaupþing færi á hausinn, enginn sá fyrir að þrír bankar færu á hausinn. Ég hef ekki séð einn einasta spádóm um það.

Ég vil endilega, herra forseti, að ekki sé litið á afstöðu mína sem árás á hæstv. utanríkisráðherra. Ég hvet hana til dáða. Ég hvet hana til að standa vörð um þetta mikla áhyggjuefni Íslendinga og vona að hún nái góðum samningum. Ég vildi að hún hefði það í bakhöndinni þegar hún fer að semja að samningurinn verði lagður fyrir Alþingi því þá hefur hún miklu sterkara vopn í höndunum. Þeir sem semja við okkur eiga þá á hættu að Alþingi felli samkomulagið vegna þess að Alþingi vill ekki steypa þjóð sinni í áratuga fátækt.

[17:58]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tvennt í máli hv. þingmanns vil ég gera að umtalsefni. Annars vegar segir hann réttilega að allt eigi að vera undir í einum samningi og það er nákvæmlega sá ávinningur sem við fáum út úr aðkomu Evrópusambandsins. Í staðinn fyrir að semja við Hollendinga sér og Breta sér og Þjóðverja sér er samið sameiginlega við öll Evrópusambandsríkin um fyrirkomulag og tryggt að tekið sé tillit til sérstöðu Íslands og þeirra sérstöku aðstæðna sem hér ríkja. Hv. þingmaður nefndi að ríkin gerðu kröfur um háa vexti á lánum sem við þyrftum á að halda til að geta staðið skil á skuldbindingunum. Við viljum forðast þá aðstöðu og viðurkenning Evrópusambandsins á sérstöðu Íslands gerir okkur kleift að krefjast þess að ekki verði gerðar óeðlilegar og of miklar kröfur um vexti eða aðra skilmála lánanna.

Virðulegi forseti. Ljóst er að meira tillit er tekið til sérstakra hagsmuna okkar vegna aðkomu Evrópusambandsins að málinu. Ég skil það svo að samningar sem gerðir verða á grundvelli umboðsins sem Alþingi veitir nú, komi efnislega fyrir Alþingi. Annars vegar geri ég ráð fyrir að haft verði samráð við utanríkismálanefnd Alþingis áður en gengið er frá samningum, eins og áskilið er í 24. gr. þingskapalaga, og hins vegar komi samningarnir fyrir Alþingi í samræmi við efni þeirra, fjárhagslegar skuldbindingar í gegnum fjárlög og önnur ákvæði til staðfestingar eftir því sem efni þeirra leyfir.

[18:00]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki tekið undir þakklætiskvak hv. þingmanns til Evrópusambandsins. Það get ég ekki vegna þess að þegar Hollendingar og Bretar fengu ESB í lið með sér til að berja á Íslendingum gáfumst við loks upp, herra forseti. Þangað til töldum við okkur eiga von í það að fá lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum með eðlilegum hætti eins og aðrar þjóðir sem þar eru. Þrátt fyrir að Hollendingar og Bretar séu með stjórnarmenn í þeim sjóði gátu þeir í rauninni ekki með góðu móti kúgað okkur fyrr en að Evrópusambandið kom og hjálpaði þeim. Þá loksins gáfust ráðherrarnir, samflokksmenn hv. þingmanns, upp.

Svo hefur allt þetta dæmi að sjálfsögðu eyðilagt mannorð Íslendinga um alla Evrópu. Það er lítið talað um það. Mannorðið er algjörlega farið með yfirlýsingum bæði breskra og hollenskra vina okkar í Evrópusambandinu sem hv. þingmaður dáir svo mjög.

En ef hv. þingmaður gefur mér þá yfirlýsingu að hann muni styðja í utanríkismálanefnd að sá samningur sem gerður er verði borinn undir Alþingi — og ef hæstv. utanríkisráðherra gefur mér þá yfirlýsingu enn frekar sem er enn verðmeira — get ég að sjálfsögðu stutt þetta.

[18:01]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil undirstrika það að afstaða Hollendinga og Breta hefur breyst mjög til batnaðar eftir að Evrópusambandið kom að málinu. Hv. þingmaður hlýtur að viðurkenna það þó að hann sé að öðru leyti haldinn miklum fyrirvörum í garð Evrópusambandsins eins og fyrri daginn.

Mér þykir líka ómaklega vegið hér að mér og flokkssystkinum mínum með því að halda því fram að það hafi verið einhver sérstök linkind og uppgjöf af okkar hálfu gagnvart Evrópusambandinu sem olli því að gengið var til samninga. Ég veit ekki betur en að ríkisstjórnin hafi staðið að þeim samningi sem gerður var. Ég veit ekki betur en að hæstv. fjármálaráðherra hafi í reynd hafið samningaviðræðuferlið við Evrópusambandið á fundi fjármálaráðherra 4. október. Og ég veit ekki betur en að hæstv. forsætisráðherra hafi átt forgöngu um það ásamt hæstv. utanríkisráðherra að ganga frá samkomulaginu.

Ég skil ekki hvort hv. þingmaður er hér að reyna að láta að því liggja að Sjálfstæðisflokkurinn ætli að skjóta sér undan ábyrgð í þessu máli. Það ber þá nýrra við ef sá flokk-

ur er ekki til meiri stórvirkja en svo að hann sé hlaupinn burt frá verkum sínum áður en mál eru komin til nefndar, er bara farinn á harðahlaupum burtu við 1. umr. um málið. Þá bæri nýrra við og mér þætti gaman að heyra frá hv. þingmanni hvort hann talar hér fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins í málinu og fyrir því að flokkurinn ætli ekki að bera ábyrgð á því.

[18:03]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég talaði aldrei um linkind. Mér datt það ekki í hug. Mér datt ekki í hug annað en að hæstv. utanríkisráðherra hefði staðið sig bara mjög vel í þessari baráttu. Ég efast ekki um það. Allir Íslendingar stóðu sig vel í þessari baráttu, allir. Við urðum bara að gefast upp fyrir ofurefli. Það er það sem er. Við erum að gefast upp fyrir þessu Evrópusambandi. Það er það sem við erum að glíma við. Þá gerum við það bara.

Sjálfstæðisflokkurinn er ekkert að hlaupa frá ábyrgð. Ég held að ég hafi talað mjög ábyrgt í þessu máli. Ég er ekkert að hlaupa frá ábyrgðinni. Mér dettur það ekki í hug. Ég er á móti því að gefa svona galopna heimild eins og þingsályktunartillagan lítur út. En ef henni verður breytt þannig að bætt verði við þeirri setningu að samningurinn verði borinn undir Alþingi til samþykktar get ég alveg stutt það og mun styðja það heils hugar. Hæstv. utanríkisráðherra nýtur míns fulla trausts í þessari erfiðu baráttu við ofurefli og óbilgirni annarra þjóða.

Málið er það að embættismenn og stjórnmálamenn í Brussel og í Evrópu hafa engan skilning á vandamálum Íslands. Þeir hafa bara engan skilning, ekki frekar en Danir höfðu í mörg hundruð ár þegar við vorum í ríkjasambandi með þeim. Það voru ekki vondir menn, Danir. Þeir bara skildu ekki aðstæður á Íslandi. Og Íslendingum fækkaði og fækkaði, ekki vegna þess að þeir flyttu í burt. Þeir bara dóu. Það var ekki góð sambúð. Og ég hef ekki trú á því að embættismenn í Brussel hafi neitt meiri skilning á vandamálum Íslendinga í framtíðinni þó að við verðum smáhreppur í því stóra ríki.

[18:05]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Mig langar aðeins til að víkja hér að tveimur atriðum til viðbótar, tveimur spurningum sem mig langar til að varpa inn í umræðuna, þá til hæstv. utanríkisráðherra og til umfjöllunar í hv. utanríkismálanefnd.

Við ræddum fyrr í dag frumvarp til laga um sérstaka rannsóknarnefnd og henni er ætlað að leita sannleikans, eins og segir þar, um aðdragandann og hverjir báru ábyrgð og hvað varð til þess að fjármálakerfið og bankakerfið á Íslandi hrundi.

Við vitum öll að það er þessi starfsemi bankanna erlendis sem kollsigldi íslensku efnahagslífi. Tólfföld skuldbinding miðað við þjóðarframleiðslu sem við fáum nú í höfuðið. Það er alveg ljóst að það eru nokkur atriði sem við hefðum getað gert. Við hefðum væntanlega getað beitt tilteknum reglum til þess að lágmarka eða draga úr þessum skaða.

Ég vil nefna fyrst að Fjármálaeftirlitið íslenska hefði mátt koma í veg fyrir frekari opnun útibúa á erlendri grundu. Það er alveg klárt. Hæstv. viðskiptaráðherra sagði hins vegar aðspurður um þetta að það hefði jafngilt því að taka rekstrarleyfið af mönnum. Ég held að þetta sé ekki rétt vegna þess að þarna voru blikkandi aðvörunarljós og ég tel að fara þurfi rækilega ofan í saumana á því af hverju Fjármálaeftirlitið greip ekki til aðgerða til þess að koma í veg fyrir þessa útþenslu eða hvort það var vegna þess að Fjármálaeftirlitið hafði ekki heimildir til þess.

Í öðru lagi nefni ég afléttingu bindiskyldu í útibúum erlendis sem Seðlabankinn greip til í mars sl. Ég leyfi mér að spyrja hvort það hafi í rauninni verið krafa frá Evrópusambandinu að bindiskyldunni yrði aflétt til að jafna samkeppnisstöðu við aðra banka innan ESB. Ég spyr: Hvaða forsendur, hvaða ástæða var fyrir þeirri furðulegu aðgerð að létta bindiskyldu af þessum útibúum í vor?

Í þriðja lagi spyr ég: Hvað gerðist? Af hverju lá í nefnd, missirum saman eftir því sem manni skilst, ábending um að Fjármálaeftirlitið eða viðskiptaráðuneytið — ég veit nú varla hvort — gæti nýtt sér heimild til að aflétta ábyrgð Tryggingarsjóðs innstæðureikninga á reikninga lögaðila, þ.e. sveitarfélaga og annarra fyrirtækja, sem taldir eru í þeirri undanþágu hafa svo mikla og stóra hagsmuni að þessi smáfjárhæð 20.887 evrur sem er tryggingaviðmiðunin skiptir þær ekki máli? Í regluverki Evrópusambandsins er sem sagt undanþáguheimild sem ekki var nýtt. Og ég hlýt að spyrja: Hverju hefði það breytt ef til þessara aðgerða hefði verið gripið, þ.e. hvað þetta aðgerðaleysi kostaði í þessu dæmi?

Þetta, herra forseti, eru þau atriði sem ég kom ekki að í fyrri ræðu minni hér áðan en óska eftir að leggja inn í málið.

[18:10]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Tvennt af því sem hv. þingmaður nefnir í ræðu sinni eru atriði sem ég held að ég geti reynt að varpa ljósi á. Annars vegar staðhæfði þingmaðurinn að Fjármálaeftirlitið hefði getað bannað opnun útibúa. Það er algjörlega ljóst að Fjármálaeftirlitið gat ekki hindrað fyrirtæki með starfsleyfi í að opna útibú erlendis. Heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að banna slíkt eru bundnar við að fyrirtækið ráði ekki við rekstur sinn, sé ekki rekstrarhæft í raun, sé ekki hæft til þess að bera rekstur. Það jafngildir réttilega, eins og hæstv. viðskiptaráðherra hefur sagt annars staðar, í reynd auðvitað yfirlýsingu um að viðkomandi banki sé við það að fara í þrot eða sé kominn í þrot. Það var ekki valkostur. Fyrirtækin hafa þennan sjálfstæða rétt, rétt eins og þau mega opna útibú á Patreksfirði. Það er enginn eðlismunur á því samkvæmt þessum reglum. Ekki neinn.

Virðulegi forseti. Að því er varðar bindiskyldu útibúa sem Seðlabankinn ákvað er það ákvörðun sem Seðlabankinn tók. Það er nú varlegt að reyna að ráða í þær rúnir sem geta lýst afstöðu Seðlabankans en kannski hv. þingmaður ætti að reyna að finna eitthvað út úr því hvað leiðarljós lífs formanns hennar, formaður bankastjórnar Seðlabankans, hefur verið að hugsa í þessu máli.

Það er aðgerð sem orkar mjög tvímælis nú þegar horft er til baka því að þarna var virkilega skapað aukið svigrúm útibúanna til að efna til skuldbindinga sem við sjáum í dag

að voru með þeim hætti að viðkomandi bankar voru ekki í standi til þess — eða viðkomandi banki sérstaklega, Landsbankinn, var ekki í standi til að koma tilsvarandi eignum yfir í dótturfélag svo að skuldbindingarnar gætu (Forseti hringir.) vistast þar.

[18:12]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég veit ekki hvað ég á að kalla þetta, þetta er einhver þráhyggja sem hv. þingmaður hefur þegar hann talar hér um leiðarljós lífs formanns hennar (Gripið fram í.) og meinar þá sem hér stendur.

Ég vísa þessu bulli á bug. Ég spurði hér alveg konkret spurningar. Ég spurði hvort Seðlabankinn hefði afnumið bindiskyldu í útibúum bankanna erlendis vegna tilmæla frá Evrópusambandinu til þess að rétta samkeppnisstöðu evrópskra banka gagnvart íslensku bönkunum. Það þýðir ekkert að snúa sig út úr þessu með því að benda á eitthvað annað, hv. þm. Árni Páll Árnason.

Ég efast stórlega um að Fjármálaeftirlitið hafi ekki heimildir eða hafi ekki haft heimildir til þess að koma þessum útibúum bankanna yfir í dótturfélög. Það var nefnilega nákvæmlega það sem bæði breska fjármálaeftirlitið og íslenska Fjármálaeftirlitið segjast hafa verið að reyna að gera, væntanlega með heimildum, við skulum ekki ætla þeim að þeir hafi ekki haft heimildir til þess, hv. þingmaður.

Spurningin er: Af hverju gerðu þeir það ekki fyrr? Ég tel alveg nauðsynlegt að fá bara útreiknað hvað þetta aðgerðaleysi eða dráttur á aðgerðum kostar í því stóra dæmi sem við erum að tala um hér.

[18:14]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill árétta það ákvæði þingskapa að þingmanni sem er í ræðustól ber að ávarpa forseta eða þingfund en ekki einstaka þingmenn.

[18:14]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og ég rakti áðan er það einfaldlega Seðlabankans að svara fyrir það hvers vegna Seðlabankinn kaus að lækka bindiskyldu útibúanna. Ég er algjörlega þeirrar skoðunar að það hafi verið mjög misráðið í ljósi staðreynda.

Það mun, eftir því sem ég kemst næst, hafa verið gert vegna þess að evrópski Seðlabankinn hafi almennt mælst til þess að það yrði gert úti um Evrópu. (Gripið fram í.) Það er hins vegar ekki bindandi. Það eru ekki lögbindandi tilmæli á einn eða neinn hátt. Seðlabankinn hafði allar lagaheimildir til að meta hlutina öðruvísi í tilviki Íslands. Það var ljóst að á sama tíma var Fjármálaeftirlitið að reyna að draga úr skuldbindingum þessara útibúa. En þá sem sagt ákveður Seðlabankinn að skrúfa frekar frá krana þeirra með afnámi bindiskyldunnar.

Hitt er eftirtektarvert að hv. þingmaður verður mjög uppstökk þegar minnt er á að það er einn leiðtogi í stjórnarandstöðunni sem hefur sérstaklega lagt lykkju á leið sína til að slá skjaldborg um formann bankastjórnar Seðlabankans. Það er bara atriði hins vegar sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð kemst ekkert fram hjá, að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lýst sérstakri velþóknun á embættisfærslum formanns bankastjórnar Seðlabankans. Ég veit að það er viðkvæmt mál fyrir marga í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði en það er bara einfaldlega staðreynd. Hann hefur meira að segja gefið honum þá einkunn að vera sérstaklega málefnalegur.

[18:15]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er auðvitað ekki hægt að eiga orðastað við hv. þingmann með þessum hætti. Ég vek hins vegar athygli á svari hv. þingmanns við spurningu minni um það hvort það hafi verið fyrir atbeina Evrópusambandsins og regluverks þess sem bindiskyldan var lækkuð í útibúum bankanna erlendis. Svar hv. þm. Árna Páls Árnasonar við þeirri spurningu var já. (**ÁPÁ:** Nei, nei, það er rangt.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 18:16]

[20:16]

Útbýting:

Gjaldeyrismál, 189. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 232.

Út af dagskrá voru tekin 4.–8. mál.

Fundi slitið kl. 20:17.

---

38. FUNDUR

fimmtudaginn 27. nóvember,
að loknum 37. fundi.

Dagskrá:

1. Gjaldeyrismál, stjfrv., 189. mál, þskj. 232. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Samningar um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu, stjtill., 177. mál, þskj. 219. — Frh. fyrri umr.
3. Húsnæðismál, stjfrv., 137. mál, þskj. 150. — 2. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:19]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Gjaldeyrismál, 1. umr.

Stjfrv., 189. mál (takmörkun gjaldeyrisviðskipta). — Þskj. 232.

[20:19]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum. Frumvarpið á þskj. 232 og er 189. mál þingsins.

Í viljayfirlýsingu íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 3. nóvember sl. var þeirri fyrirætlan lýst að koma á stöðugleika á gengi íslensku krónunnar. Tímabil samdráttar, fjárlagahalla og aukningar opinberra skulda er fram undan. Hugsanlegt er að fjármagnsflæði úr landi leiði til þess að gengi krónunnar lækki enn meira en orðið hefur, með verulega neikvæðum afleiðingum. Vegna skuldsetningar heimila og fyrirtækja gæti slík gengislækkun valdið stórskaða fyrir efnahag þjóðarinnar og aukið á samdráttinn í efnahagslífinu.

Í áætlun stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur fram að gert sé ráð fyrir að beitt verið blöndu af hefðbundnum og óhefðbundnum aðgerðum. Stýrivextir hafa verið hækkaðir í 18% auk þess sem Seðlabankinn er reiðubúinn að hækka þá enn frekar, ef þörf krefur. Einnig verður beitt aðhaldi hvað áhrærir aðgang bankanna að lánum frá Seðlabankanum með það að markmiði að ekki verði dregið um of á lausafé með þeim hætti. Þá hefur Seðlabankinn lýst því að til reiðu sé jafnvel að nota hluta gjaldeyrisforðans til að koma í veg fyrir of miklar sveiflur í gengi krónunnar. Óvíst er hvort þessar aðgerðir einar og sér nægi til að koma í veg fyrir fjármagnsútflæði. Því er talið óhjákvæmilegt samkvæmt áætluninni að beita tímabundnum takmörkunum á gjaldeyrisviðskipti vegna fjármagnsviðskipta, sem er efni frumvarps þessa.

Gjaldeyrishöftum á fjármagnsviðskipti fylgja ýmis hliðaráhrif. Því er stefnt að því að afnema þau svo fljótt sem auðið er og lagt til að heimild Seðlabankans til að gefa út reglur um takmarkanir eða stöðvun fjármagnshreyfinga verði bundin við tímabil stuðningsáætlunar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Í frumvarpinu er lagt til að fram til 30. nóvember 2010 verði Seðlabanka Íslands heimilt, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, að setja reglur sem takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra. Seðlabankanum verður heimilt að grípa til slíkra aðgerða ef líkur eru á að neyðarástand kunni að skapast vegna mikils útflæðis á gjaldeyri. Miðast heimildin við sama tímabil og áætlun Íslands um efnahagsstöðugleika vegna lánsumsóknar til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins tekur til. Þá er lagt til að ef Seðlabankinn nýti heimildina með útgáfu reglna að fengnu samþykki viðskiptaráðherra að slíkar reglur komi til endurskoðunar a.m.k. á sex mánaða fresti.

Í frumvarpinu er lagt til að Seðlabankanum beri að tilkynna Fjármálaeftirlitinu vakni grunur um að brotið hafi verið gegn lögunum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Í frumvarpinu er Fjármálaeftirlitinu jafnframt falin heimild til að leggja á stjórnvaldssekt vegna slíkra brota. Þá er lögð til breyting á refsiákvæðum, þ.e. lagt er til að Fjármálaeftirlitið kæri öll meiri háttar brot á lögunum sem varða refsingu til lögreglu, en teljist brot minni háttar er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka þeim með álagningu stjórnvaldssekta. Viðurlagaákvæði frumvarpsins eru í samræmi við sambærileg ákvæði laga á fjármálamarkaði um viðurlög við brotum.

Í 40. og 41. gr. EES-samningsins er kveðið á um meginregluna um frjálst flæði fjármagns. Verði gripið til takmarkana á fjármagnshreyfingum sem frumvarpið veitir heimild til má telja að þær gangi gegn þessari meginreglu samningsins. Með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir að öðrum aðildarríkjum og eftirlitsstofnunum svæðisins verði tilkynnt um þessa þróun mála í tengslum við efnahagsaðgerðir íslenskra stjórnvalda. Jafnframt gera stjórnvöld ráð fyrir að grípa til verndarráðstafana samkvæmt 43. gr. samningsins, sem veitir samningsaðilum heimild til slíks, reynist það nauðsynlegt til að bregðast við ýmiss konar erfiðleikum eða röskun á fjármagnsmarkaði viðkomandi aðildarríkis. Er það mat stjórnvalda að þær aðgerðir sem hugsanlega verður gripið til á grundvelli frumvarpsins falli undir fyrrgreint ákvæði og rétt sé að beita heimildum þess við slíkar aðstæður. Þá þarf einnig að huga að þjóðréttarlegum skuldbindingum á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO.

Formönnum stjórnarandstöðuflokkanna og stjórnarflokkanna, öllum fimm, hefur verið gerð grein fyrir því að þetta sé brýnt mál sem við þyrftum að koma í vinnu í nefndinni og afgreiða frá þinginu þannig að þær heimildir sem frumvarpið mælir fyrir verði til staðar hið fyrsta. Voru viðtökur við því mjög góðar og þakka ég formönnum flokkanna og stjórnarandstöðuflokkanna kærlega fyrir það.

Þeir flokkar fjármagnshreyfinga sem lagt er til að heimilt verði að stöðva eða takmarka taka mið af því að nauðsynlegt er talið að unnt sé að loka öllum mögulegum leiðum sem innlendir og erlendir aðilar hafa til að loka krónustöðum sínum fyrr en ella. Slíkt hefði annars vegar í för með sér ójöfnuð meðal aðila og myndi hins vegar leiða til þess að uppbygging gjaldeyrisforða landsins sem nýta þarf til að vinna á áðurnefndum krónustöðum tæki lengri tíma. Með takmörkunum á fjármagnsflutningum er geta aðila til að stofna til nýrra gjörninga takmörkuð.

Horfur eru á að vöru- og þjónustuviðskipti verði hagstæð á næstu missirum, bæði vegna aukinnar framleiðslugetu útflutningsfyrirtækja og vegna þess að einkaneysla mun dragast saman sem leiðir til minni innflutnings. Miklar stöðutökur erlendra aðila eru hins vegar áhyggjuefni sem fyrr segir. Höft á fjármagnshreyfingar hafa því aðeins gildi að erlendur gjaldeyrir sem aflað er vegna útflutnings skili sér til landsins. Án slíkra takmarkana munu útflutningsfyrirtæki hafa hag af því að selja gjaldeyri til fjárfesta á hærra gengi en fæst á innlendum gjaldeyrismarkaði. Að byggja upp gjaldeyrisforða sem hægt er að nýta til að greiða niður krónulán og verðbréf sem erlendir aðilar eiga mun taka tíma. Því er lagt til að Seðlabankinn fái heimild til að setja reglur í samráði við viðskiptaráðherra um skilaskyldu erlends gjaldeyris sem innlendir aðilar eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt. Ekki er gert ráð fyrir að

gerð verði krafa um sölu á erlendum gjaldeyri heldur geti eigendur lagt hann inn á innlenda gjaldeyrisreikninga og þannig haft óheftan aðgang að þeim gjaldeyri vegna vöru og þjónustuviðskipta.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar.

[20:26]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Þetta mál sem er keyrt áfram með afbrigðum í umræðu og til afgreiðslu þingsins lýtur að gjaldeyrismálum og lögum um gjaldeyrismál. Eins og hæstv. ráðherra gat um hefur þingflokkum stjórnarandstöðunnar verið gerð grein fyrir því að mál þetta þyrfti að koma fram og væri mjög brýnt að fá afgreiðslu mjög hratt. Hins vegar skal tekið fram strax að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ekki séð þetta þingmál fyrr en því var dreift núna og mér skilst meira að segja að fresta hafi orðið fundarbyrjun vegna þess að frumvarpið hafi ekki verið komið úr prentun. Þannig sést hve mikill hraði er á þessu og hve undirbúningur er lélegur og gefur það augaleið að við höfum ekki haft nokkur tök á að setja okkur inn í þessa þætti efnislega.

Við sjáum eins og tekið er fram í athugasemdum við lagafrumvarpið að þetta er hluti af skilmálum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og ég vil benda á þá þinglegu staðreynd að þingsályktunartillagan um skilmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er enn í meðförum þingsins. Hún hefur ekki hlotið afgreiðslu, það er enn verið að kalla þar eftir gögnum. Það liggur í sjálfu sér ekki fyrir fyrir fram að Alþingi samþykki það mál. Ég skal svo sem ekki draga það í efa en alla vega eru ekki komin nein gögn til þeirra nefnda sem fjalla um þingsályktunartillögu um skilmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þinglega er það því mjög óeðlileg málsmeðferð að koma hingað með lagafrumvarp sem byggir á því að uppfylla skilyrði sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setur Íslendingum og íslensk stjórnvöld hafa undirritað með fyrirvara reyndar um samþykki Alþingis. Ég vil undirstrika þetta.

Rökin fyrir frumvarpinu eru þau að þetta eigi að hjálpa til við að koma á gjaldeyrismarkaði og markaði fyrir íslensku krónuna og að hægt sé að setja hana á flot, og þá sé þetta heimild til mjög ákveðinna og harðra stýriaðgerða hvað varðar fjármagnsflutninga úr landi.

Eins og kemur fram í greinargerðinni, athugasemdunum, hefur íslenska ríkisstjórnin og Seðlabankinn þegar framkvæmt einn þáttinn af kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þ.e. að hækka stýrivexti í 18% auk þess, eins og segir í textanum, sem Seðlabankinn er tilbúinn til að hækka stýrivextina enn frekar, lesist: að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ef þess reynist þörf.

Það hefur verið mjög umdeilt hvort þessi stýrivaxtahækkun hafi í raun áhrif á stöðugleika á gjaldeyrismarkaðnum eða ekki og er skemmst að minnast greinaskrifa og úttektar sem kom frá Glitni í gær, í *Morgunkorni* Glitnis, þar sem fullyrt er að stýrivaxtahækkun sé ekki til að styrkja krónuna eða styðja við jafnvægi á gjaldeyrismarkaði frekar en hitt. Auk þess hafa menn líka sagt að þessir háu stýrivextir geti orðið til þess að lama atvinnulífið, útflutningsgreinarnar sem okkur er brýn nauðsyn á að eflist og geti flutt út og skaffað gjaldeyri. Þær aðgerðir sem þarna eru í gangi gætu því virkað hver á móti annarri. Ég verð að segja fyrir mig að ég upplifi þetta sem stefnuleysi og óskhyggju eða ráðaleysi hvað gjaldeyrisviðskiptin varðar og áætlanir um hvaða markmiðum menn ætla að ná. Ég vil t.d. spyrja: Hver eru hin tímasettu markmið, hvert á gengið að vera, hver eru gengismarkmiðin, hver eru verðbólgumarkmiðin sem menn ætla að ná? Ég spyr líka: Seðlabankinn hefur fengið fjármagn til að standa að baki gjaldeyrisforðanum, hversu miklu fjármagni er bankanum heimilt að verja til að standa að baki krónunni til að halda henni í ákveðnu gengi? Allt þetta skiptir máli, hvað við erum reiðubúin að fórna í þessu sambandi, í frekar óljósum aðgerðum.

Sem dæmi um það hvernig mál ganga fyrir hér — og gæti verið fróðlegt fyrir þingheim að fylgjast með — þá var einmitt að koma frétt á Visir.is rétt áðan, kl. 18.38, þar sem stendur: „Viðskiptaráðherra frétti seint af greiðslunni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.“ Og bara til að sýna hvernig þessi samskipti öll og viðskipti ganga fyrir sig á markaði ríkisstjórnarheimilisins þá stendur þarna, með leyfi forseta: „Tæp vika leið frá því að fyrsti hluti láns Alþjóðagjaldeyrissjóðsins barst til Seðlabankans þar til seðlabankastjóri upplýsti viðskiptaráðherra um greiðsluna.“

Þarna er sagt að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi lagt inn 827 milljónir bandaríkjadala eða jafnvirði 115 milljarða kr. inn á reikning Seðlabanka Íslands og lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sé liður í því. En ég undirstrika að það leið tæp vika frá því að aðrir í ríkisstjórninni vissu að þetta margumsótta lán væri komið og enn þá erum við með óafgreitt mál um skilmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í þinginu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum engin tök haft á að kynna okkur efni þessa frumvarps. Það var verið að dreifa því núna. Ég bendi bara á í hvers konar reiðileysisfarvegi þessi mál öll eru af hálfu ríkisstjórnarinnar og það er sorglegt. En ég ítreka að það hefur áður verið gefið út að við munum ekki leggjast gegn því að málið fái þá afgreiðslu sem óskað hefur verið eftir en bendum á að þetta er óþingleg meðferð. Skilmálar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru enn þá til meðferðar í þinginu en samt byggist þetta mál á því að þeir séu samþykktir.

[20:35]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Enn á ný erum við komin hérna saman í þingsal Alþingis til að samþykkja lagafrumvörp með afar stuttum fyrirvara, einhvers konar neyðarúrræði í þeim vanda sem íslenska þjóðin glímir nú við. Í mínum huga voru neyðarlögin kannski stærsta skrefið hingað til og ég held að við þurfum að skoða þau og athuga hvort við höfum ekki stigið þar einhver feilspor. Það sama verður að segja um breytingarnar á lögum um fjármálafyrirtæki, þá kannski sérstaklega breytinguna þegar kröfuhöfum var gert óheimilt að höfða mál fyrir dómstólum til þess að stöðva gjörninga skilanefndanna sem eru núna í einhvers konar greiðslustöðvunarformi.

En það er kannski annað mál. Nú er komið fyrir þingið frumvarp sem við þingmenn framsóknarmanna fengum að

sjá fyrir örstuttu síðan. Ég skal vera stuttorður vegna þess að ég veit að það stendur til að klára þetta mál núna í kvöld eftir að það fer í viðskiptanefnd. Það sem mér finnst einfaldlega vanta í þetta frumvarp eru kannski skýrari markmið, hver sé tilgangurinn og hvað ríkisstjórnin sjái að muni gerast þegar krónan verður sett á flot. Það er rétt að vissulega mun mikið fjármagn fara úr landinu. Menn óttast ekki bara að jöklabréfin, sem kannski eru nú að stórum hluta farin — þá kannski íslenskan almenning frekar. Og hvaða væntingar gera menn til þess að setja krónuna aftur á flot?

Þá veltir maður líka fyrir sér til hvaða aðgerða þarf þá að grípa í kjölfarið ef hér verður mikil gengisfelling, mikil aukning verðbólgu. Á að koma í veg fyrir það að fjöldi heimila og einstaklinga fari í gjaldþrot? Vissulega er þetta mat hvort eigi að gæta að hagsmunum Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóðanna. En ég tel að það sé afar brýnt að strax í kjölfar þessara laga ráðist ríkisstjórnin í enn frekari og meiri aðgerðir en hún hefur nú þegar boðað vegna þess að ég tel að við megum alls ekki sjá heimilin fara í gjaldþrot. Ég held að það sé einfaldlega versta staða sem við sem þjóð gætum lent í.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki hafa fleiri orð um þetta. Við förum yfir þetta í viðskiptanefnd þó að tíminn sé naumur. Við framsóknarmenn höfum hingað til stutt neyðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar þó við höfum vissulega sett okkar fyrirvara þar á. Í fljótu bragði tel ég að við munum vera á sömu línu. En við skulum sjá hvernig vinnan verður í viðskiptanefnd.

[20:40]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það verður nú að segja það alveg eins og það er að málsmeðferðin er aftur og aftur afar óvenjuleg hér í hv. þingi. En það er kannski vegna afar sérstakra aðstæðna í íslensku þjóðfélagi sem svo er að verki staðið. Við vorum bara að fá þetta frumvarp á borðin og erum nú búin að heyra framsögu hæstv. ráðherra.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, fyrir mína parta að ég hef marglýst því að ég hafi talið mjög vafasamt að setja krónuna á flot án nokkurra stýriaðgerða eða aðhalds. Ég hef talið það mjög vafasama aðgerð að standa þannig að málum og hef lýst vantrú á því að gera slíkt og láta reyna á hvort okkur takist að ná einhverjum styrkleika í krónuna eftir þeirri aðferð. Ég hygg nú að það mál sem hér er lagt fram muni verða stutt af okkur í Frjálslynda flokknum. Auðvitað á eftir að fjalla um þetta í nefnd og fara yfir málin. En hér er verið að leggja upp með að setja á stýriaðgerðir og höft til þess að koma stöðugleika á gengi íslensku krónunnar. Ég er alveg sannfærður um að það sé markmið okkar allra hér á Alþingi að vinna að því eins og hugsanlegt er.

Hér er varað við því að það geti hugsanlega verið mikið fjármagnsflæði úr landi og þar af leiðandi gæti orðið verulega viðbótarlækkun á gengi krónunnar. Ég tek undir þær áhyggjur. Þar af leiðandi, við fyrstu yfirferð á þessu máli og snögga yfirferð, sýnist mér að málið sé þannig vaxið að það sé frekar í átt að því sem við höfum verið að vara við í Frjálslynda flokknum að þyrfti jafnvel að gera til þess að ná tökum á gengi krónunnar og koma hér á til framtíðar eðlilegum gjaldeyrisviðskiptum.

Sá tími sem þetta frumvarp nær til er til 30. nóvember 2010 og innan þess ramma er sem sagt fylgt áætlun sem lögð verður þá fram af Seðlabankanum og leitað eftir samþykki viðskiptaráðherra og ríkisstjórnar til þess að standa að málinu.

Ég tek það fram að eftir skoðun í nefnd kunna að koma fram einhverjar athugasemdir af okkar hálfu um málið en efnislega um það að reyna að hafa stjórn á því hvernig gjaldeyrismarkaður þróast hér á landi og hvernig við náum að festa stöðu eða gengi krónunnar þá held ég að það sé markmið sem rétt sé að styðja og horfa sérstaklega til þess að það er í samræmi við okkar skoðanir að þeim markmiðum hefði illa verið náð með því að taka eingöngu áhættu af því að stýra krónunni með því að hafa hana á floti og hafa engar aðrar aðgerðir.

[20:44]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Herra forseti. Þetta frumvarp sem hæstv. viðskiptaráðherra Björgvin G. Sigurðsson leggur hér fram er til þess að tryggja að þau gjaldeyrisverðmæti sem verkafólk Íslands og sjómenn Íslands og margir aðrir skapa skili sér vel og greiðlega inn í landið. Ég tel það vera mjög verðugt að Alþingi Íslendinga stuðli vel að því.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

[Fundarhlé. — 20:45]

Samningar um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 177. mál. — Þskj. 219.

[01:01]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þessa þingsályktunartillögu en ég var á mælendaskrá þegar fundi var frestað um klukkan sjö og vildi aðeins gera stuttlega grein fyrir sjónarmiðum mínum.

Við fjöllum hér um tillögu til þingsályktunar um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessu þingmáli hefur verið lýst í þá veru að þetta sé opinn tékki. Þingsályktunartillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um.“

Í fylgiskjali með tillögunni eru þessi umsömdu viðmið tilgreind í þremur töluliðum og eins og rakið hefur verið við umræðuna eru þau harla óljós. Við vitum ekki hverjar þessar skuldbindingar eru og við vitum í reynd ekki á hvaða forsendum gengið er til þessara samninga.

Ég vil gera orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar, sem hefur

meðal annarra tjáð sig um þessa þingsályktunartillögu, að mínum. Ég tek undir þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá formanni efnahags- og skattanefndar Alþingis, hv. þm. Pétri H. Blöndal, sem hefur í ítarlegu máli gert grein fyrir þeim fyrirvörum sem hann hefur. Ég er sammála honum um að Íslendingar hefðu átt að láta reyna á réttarstöðu sína. Ég held að enginn deili um það að við eigum að standa við lögboðnar og þjóðréttarlegar skuldbindingar sem á okkur hvíla, spurningin er hins vegar sú hverjar þær eru og hvort láta hefði átt á þær reyna fyrir dómstóli þess vegna eða án þess að hafa þumalskrúfur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fingrum.

Ég ætla ekki að hafa orð um þetta frekar, það er verið að vísa þessu máli til nefndar. Það mun fá umfjöllun í þingnefnd en ég vildi fyrst og fremst, hæstv. forseti, gera grein fyrir þessum fyrirvörum og þessari afstöðu til þingmálsins.

[01:05]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Það er hálfundarlegt að ræða þessi mál á þessum tíma sólarhringsins miðað við það mál sem við erum nú að fjalla um í viðskiptanefnd. Mig langar samt til að koma inn á nokkur atriði sem mér finnst mikilvægt að komi fram.

Eins og nefnt hefur verið í umræðunni er verið að skuldbinda íslenska þjóð mörg ár fram í tímann og sumir segja jafnvel tugi ára. Við framsóknarmenn höfum kallað eftir gögnum sem skýra þetta mál betur út fyrir okkur. Gerð var viljayfirlýsing við Hollendinga og við óskuðum eftir því að við fengjum að vita hvað stæði í þeirri viljayfirlýsingu. Voru íslensk stjórnvöld búin að semja við Hollendinga og er það kannski ástæðan fyrir því að nú er samið á þessum nótum? Hver var aðdragandinn að því að íslenska þjóðin lenti í þeirri stöðu að Bretar ekki bara setji hryðjuverkalög á Landsbanka Íslands og beiti öðrum lögum sem knésetur stærsta fyrirtæki landsins heldur snúist öll ríki Evrópu gegn okkur og í rauninni neyði okkur til að semja um að borga að lágmarki 20 þúsund evrur á hvern reikning sem gera um 630 milljarða króna.

Tveir af okkar færustu lögfræðingum, Stefán Már Stefánsson og Lárus Blöndal, hafa skrifað tvær blaðagreinar þar sem þeir skýra á mjög einfaldan hátt að í rauninni sé Ísland ekki skuldbundið til að greiða annað en það sem var í tryggingarsjóðnum eða um 16 milljarða og það er himinn og haf á milli þessara tveggja fjárhæða, 15–17 milljarða og 630 milljarða. Ef allt væri eðlilegt í þeim heimi sem við lifum í núna hefði að sjálfsögðu átt að fara með þetta mál fyrir dóm, láta reyna á gildi þessara samninga og hvort Íslendingar hefðu ekki staðið undir öllum skuldbindingum sínum eins og kom svo skilmerkilega fram að þeir hefðu gert í grein sem þeir skrifuðu í Morgunblaðið.

Nú er hins vegar staðan þannig að þjóðir Evrópu, eins og maður skilur þetta, vilja ekki láta reyna á dómstólaleiðina vegna þess að það gæti grafið undan fjármálakerfi Evrópusambandsins á einn eða annan hátt. Og þá spyr ég: Í hvernig veruleika erum við komin ef ekki er hægt að leita eðlilegra leiða fyrir þjóð eins og Ísland með aukaaðild að Evrópusambandinu og henni er meinaður aðgangur að réttarfarsleiðinni? Þetta brýtur gegn mannréttindasáttmálanum og í rauninni öllum alþjóðlegum sáttmálum sem við Íslendingar höfum skuldbundið okkur við en sýnir kannski fyrst og fremst þann mikla vanda og þá klípu sem við Íslendingar eru komin í.

Við í viðskiptanefnd stöndum frammi fyrir því að þurfa að samþykkja mál sem kom inn fyrr í kvöld og er vægast sagt mjög umdeilt. Þetta ber einhvern veginn allt að sama brunni, við stígum hér einhver skref, setjum lög í skjóli nætur, fáum örstuttan tíma til að fara yfir mál. Jú, það kemur fram að í versta falli gæti þetta og hitt gerst, en það hefur alltaf verið staðreyndin að allt það versta hefur gerst sem hefði getað gerst. Og nú stöndum við enn frammi fyrir því að þurfa að samþykkja í nótt lög sem menn reyndar segja að séu þannig að við gætum ekki bara verið að samþykkja 660 milljarða kr. kröfu sem skuldbindur börn okkar og heimili langt fram í tímann heldur séum við líka um leið að rýra traust erlendra þjóða og eyðileggja það með enn einum aðgerðunum sem koma frá þessari ríkisstjórn.

Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort ekki sé tími til kominn að setjast niður og hugsa hvort það sé í rauninni ekki hægt að vinda ofan af vitleysunni á einn eða annan hátt, hvort við ætlum bara að ana áfram sama hvert það leiðir okkur vegna þess að ég held að við getum verið sammála um að staða Íslands er hreint út sagt skelfileg. (**Iðnrh.:** Hvar?) Hvar? spyr hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson. Ef (**Iðnrh.:** Hvar?) Hvar spyr hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson. Ef við samþykkjum að taka á okkur skuldbindingar upp á 660 milljarða held ég að við getum ekki sagt að staða Íslendinga sé neitt sérstaklega góð. Ég held að allir geti séð að ef við ætlum um leið að koma hér á haftasamfélagi (Gripið fram í.) til að reyna af veikum mætti að koma krónunni á flot verðum við afar illa sett, verð ég að segja. (Gripið fram í.) Það er einfaldlega þannig að sú umræða tengist beint samþykkt þeirrar þingsályktunartillögu sem er hér til umræðu. (Gripið fram í.) Jú, vegna þess að í 19. gr. — nei, það er ekki alveg rétt hjá mér, ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir að leiðrétta mig — en ég vil samt taka það fram að þetta er allt angi af sama málinu, af sömu klípunni sem við erum hér dag eftir dag að reyna að leysa úr. (**Gripið fram í:** Þetta er sameiginlegt skipbrot.) Já, það má segja í rauninni að hér sé um sameiginlegt skipbrot að ræða og við framsóknarmenn munum skoða þessa tillögu mjög vel og fara vandlega yfir hana í nefnd.

[01:13]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Ekki er undarlegt þó að menn séu farnir að blanda saman málum í ræðustól þegar klukkan er korter gengin í tvö og hér hefur staðið yfir heilmikil umræða í allan dag um þingsályktunina og fleiri mál. Margir hafa tekið til máls og ég vil þakka fyrir ágæta umræðu. Mörg sjónarmið og spurningar hafa komið fram en tíminn sem ég hef til að svara er mjög takmarkaður. Ég ætla að reyna að halda sæmilegum þræði í því sem ég segi en bið þingmenn að virða mér til vorkunnar (Gripið fram í.) ef það tekst ekki nógu vel.

Við verðum að hafa í huga þegar fjallað er um Icesave-

reikningana að bankaútibúin í Bretlandi og Hollandi höfðu sömu stöðu og bankar á Íslandi og þeir sem lögðu fé sitt inn á reikninga þar sömu stöðu og fólk sem lagði peninga inn á reikninga á Íslandi. Réttarstaðan var alveg sú sama þar til kom að hruninu og allir þessir aðilar áttu að geta gengið að því sem vísu að á bak við innstæður þeirra væru innlánstryggingar í sjóði — þar til kom að hruninu. Þá ákváðum við með neyðarlögunum, til þess að tryggja það að hér yrði yfirleitt bankastarfsemi í landinu, að flytja öll innlend innlán inn í nýju bankana og skilja hitt eftir í gömlu bönkunum og láta þá, ef svo má segja, sigla sinn sjó. Við ákváðum að gera það.

Það losar okkur ekki undan allri ábyrgð gagnvart því sem eftir varð í gömlu bönkunum. Bent hefur verið á að þetta væri eins og að skilja útibúið á Raufarhöfn frá nýjum banka sem yrði settur upp hér í Reykjavík. Þetta var gert með tilvísun til neyðarástands en var nauðsynlegt til þess að hér yrði yfirleitt til einhver innlend bankastarfsemi í landinu og íslenskir innlánseigendur hefðu aðra stöðu en erlendir í þessu tilliti. Þetta er tilvísun til neyðarástands. En eins og ég segi, undanskilur það okkur ekki allri ábyrgð gagnvart þeim sem lögðu inn á reikninga í útibúunum í Bretlandi.

Við höfum fært þau rök í málinu og vísað bæði til tilskipunar Evrópusambandsins og þeirra laga sem gilda um innlánstryggingar að þær næðu til þess þegar einstaka bankar fara á hliðina en ekki þegar heilt fjármálakerfi fer á hliðina og fyrir því má færa ágæt rök. En auðvitað hlýtur maður að velta fyrir sér hver eigi að borga brúsann? Er það fólkið sem lagði inn á reikninga útibúanna í Bretlandi eða eru það bresk stjórnvöld? Af hverju ættu þau að bera skaðann frekar en við? Engin sérstök rök eru fyrir því að einhver annar en við eigi að bera skaðann. Þetta voru útibú á vegum íslenskra banka, rekin í Bretlandi, og fólk lagði í góðri trú inn í þau og við getum ekki vísað allri ábyrgð frá okkur. Við höfum fært þau rök að tilskipunin og lögin geri ekki ráð fyrir þessu en við höfum ekki haft erindi sem erfiði í málflutningnum. Eins og komið hefur fram er enginn sammála okkur hvað þetta varðar (Gripið fram í.) og m.a. hafa þessi 27 Evrópusambandsríki sem og EES-ríkin sagt tilskipunina gilda með sama hætti á Íslandi og alls staðar annars staðar og enginn hafi dregið það í efa nema Íslendingar.

Til þess að við fáum úr málinu skorið fyrir dómstólum, eins og við höfum reynt að gera, þurfa báðir deiluaðilar að fallast á það að senda málið í dómstólameðferð, annar aðilinn getur ekki farið með málið fyrir dómstóla. Engu máli skiptir hvort um er að ræða Evrópudómstólinn eða Alþjóðadómstólinn í Haag, samþykki beggja deiluaðila um slíka málsmeðferð verður að liggja fyrir. Ekki er verið að taka af okkur réttinn, ef svo má segja, heldur er viðurkennt þegar um deilur að þjóðarétti er að ræða að báðir aðilar verða að samþykkja að fara með málið fyrir dómstóla.

Evrópusambandsríkin hafa einfaldlega ekki viljað fallast á það vegna þess að þau telja að enginn vafi leiki á þessu, tilskipunin hafi verið í gildi síðan 1994 og aldrei risið neinn ágreiningur um hana. Enginn hefur dregið í efa að tilskipunin gildi með sama hætti alls staðar og þar af leiðandi eru ríkin ekki tilbúin til að fallast á rök okkar. Það er staðan sem við erum í og það sem gerðist. Og menn spyrja hvað hafi breyst hjá okkur. Í fyrsta lagi breyttist það að upphaflega höfðu Bretar farið fram á að við ábyrgðumst ekki bara lágmarksgreiðsluna í breskum útibúum heldur miklu hærri upphæðir og það vildum við auðvitað ekki gera. Hitt sem breyttist var að á fundi fjármálaráðherranna í Brussel kom upp hugmynd um að setja upp sáttanefnd með fimm löglærðum aðilum frá EFTA, ESA, framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins, Ráðherraráðinu og Seðlabanka Evrópu. Hugmyndin var að niðurstaða nefndarinnar væri bindandi, en fyrir hvorugan aðilann hefði verið gott að binda sig í því máli og Evrópusambandið hefur í rauninni ekki heimild til að hlíta slíkum bindandi úrskurði. Það breytti ekki því að lögfræðiálitið sem kom út úr þessu var okkur í óhag.

Þetta er veruleikinn sem við stöndum frammi fyrir og við þær aðstæður komumst við að þeirri niðurstöðu að ekki sé annað í málinu en að leita pólitískra lausna og semja um málið, fyrst og fremst við Breta og Hollendinga. Það sem við fáum fram í viðmiðunum sem við höfum sameinast um er að sérstakt tillit verði tekið til þeirra aðstæðna sem hér ríkja og að þessi ríki séu tilbúin til að hafa það í huga í lánveitingum sínum til okkar. Það getur komið fram í lánstíma, í því hvernig endurgreiðslum er háttað og hvert eigi að vera hlutfall t.d. endurgreiðslna. Það getur komið fram í vöxtunum, í því að þetta geti komið til sérstakrar skoðunar ef tilskipuninni hjá Evrópusambandinu verður breytt og menn komast að þeirri niðurstöðu að innlánstryggingarsjóðirnir geti ekki einskorðast við einstök þjóðríki heldur þurfi að vera sameiginlegir á þessu sameiginlega svæði þar sem fjármálastofnanir vinna. Allt þetta hlýtur auðvitað að koma til skoðunar.

Sumir hv. þingmenn hafa haldið því fram hér í umræðunni að þetta hafi farið leynt og verið eitthvert leyndarmál og þingmenn hafi ekki verið upplýstir um þetta. Ég vil leyfa mér að mótmæla því vegna þess að a.m.k. tvisvar hefur þetta verið kynnt mjög ítarlega í utanríkismálanefnd. Ég gerði það m.a. á föstudegi, sama dag og ríkisstjórnarfundur var haldinn þar sem fjallað var um þetta. Þann tiltekna föstudag vonuðumst við til þess að málið yrði til lykta leitt í samningaviðræðum og biðum fram á kvöld eftir því að niðurstaða fengist og höfðum vonast eftir að geta gert grein fyrir henni á þeim degi en það tókst ekki. Það var ekki fyrr en seint á laugardegi sem niðurstaða fékkst í málið og sagt var frá henni á sunnudegi. Ekki hefur því staðið á því að halda fólki upplýstu um málið. Ég sagði að tvisvar hefði verið komið inn í utanríkismálanefnd og staða samningaviðræðnanna verið kynnt, en það hefur líklega verið þrisvar.

Í umræðunni hefur líka komið fram og verið spurt út í hvaða tenging sé á milli þessa máls og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hvaða skilyrði setti sjóðurinn og af hverju tók hann málið í gíslingu? Skýringin er sú að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setti það sem skilyrði að áður en hann gæti afgreitt umsókn frá okkur yrði búið að klára lánsfjármögnunina. Sjóðurinn ætlaði að koma með tiltekinn hluta og svo þurftum við að ná hinu í tvíhliða samningum. Við náðum ekki lokafjármögnuninni í Evrópu á meðan við höfðum ekki leitt Icesave-deiluna til lykta vegna þess að Evrópusambandsríkin, Svíþjóð, Danmörk og Noregur — sem er EES-ríki — voru ekki tilbúin til að tryggja okkur lánsfé í

IMF-áætlunina nema við leystum fyrst þessa tilteknu deilu. Þannig hanga málin saman. Ekki var hægt að loka fjármögnun Alþjóðagjaldeyrissjóðsáætlunarinnar nema með lánum í gegnum tvíhliða samninga við Evrópusambandsríkin og þau voru ekki tilbúin til að lána okkur nema Icesave-deilan væri til lykta leidd.

Virðulegur forseti. Ég hef ekki getað svarað nema litlum hluta af þeim spurningum og sjónarmiðum sem hér hafa verið sett fram í dag. Mér þykir það miður en tími minn er bara búinn en ég verð að vonast til að hægt sé að leita svara við þessu inni í utanríkismálanefnd þegar málið fer þar til umfjöllunar eða þá hér í síðari umræðu um málið.

[01:24]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Rétt er að færi gefist á að skoða málið í utanríkismálanefnd og fara yfir einstaka þætti þess en mig langar að spyrjast fyrir um eitt atriði sem kom ekki fram í svörum hæstv. ráðherra og varðar lagalega hlið málsins. Hún hefur verið dregin upp á þann veg að til þess að láta reyna á málið fyrir dómstólum yrðu ríkin sem eru aðilar að deilunni að vera sammála um hvert ætti að skjóta málinu og rétt má vera að þjóðréttarsamningar gildi ef um milliríkjadeilu er að ræða. Í þessu tilviki sýnist mér um vera að ræða deilu um túlkun á lögum sem gilda á Íslandi og þá yrðu þeir sem greindi á, sem væntanlega eru innstæðueigendur í Bretlandi, að höfða mál fyrir íslenskum dómstólum og lúta lögsögu þeirra í málinu. Þannig skil ég lögfræðina í málinu, að uppsetningin, að um sé að ræða deilu tveggja ríkja, geti út af fyrir sig verið rétt en ég hygg að hin sé það líka. Ef ríkin ná ekki samkomulagi eða vilja það ekki þá stendur þessi leið eftir og íslenska ríkisstjórnin hlaut að íhuga, hvort ekki væri rétt að láta málið vera í þeim farvegi. Mig langar að fá skýringar á því hvers vegna ekki var látið á það reyna að reka málið fyrir íslenskum dómstólum.

[01:26]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það reynir kannski ekki á þetta hvað varðar lágmarksinnlánatrygginguna vegna þess að bresk stjórnvöld sögðust ætla að greiða fólki út og raunar umfram lágmarkið vegna þess að þau fara upp í 50 þúsund evrur, bæta fólki þannig upp muninn frá 20 þúsund evrum — sem við föllumst nú á að greiða — upp í 50 þúsund, þannig að aldrei hefði reynt á að þessir einstaklingar hefðu farið í mál við okkur. Við erum í deilu við bresk stjórnvöld vegna þess að bresk stjórnvöld ákváðu að láta einstaklinga ekki bera þetta heldur greiða þeim tiltekna upphæð.

Málið bar því einfaldlega ekki að með þeim hætti sem þingmaðurinn lagði það upp.

[01:27]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þá lítur málið þannig út fyrir mér að bresk stjórnvöld hafi tekið ákvörðun um að greiða út ábyrgðina til þegna sinna sem áttu innstæður í Landsbankanum. Þar með er ekki deila milli Íslendinga og breskra einstaklinga. Málið flyst þá yfir á milliríkjavettvang. Þá á íslenska ríkisstjórnin þann kost að semja ekki. Hvað gera Bretar þá? Þá hafa þeir enga stöðu, geta ekki skotið málinu eitt né neitt. Þannig blasir þetta við mér og mér sýnist þetta vera spurning fyrir íslensku ríkisstjórnina hvort hún svari Bretum með því að hún semji ekki eða fari þá leið sem er niðurstaðan, að semja.

Mér finnst vanta frekari skýringar á því hvers vegna valið var að semja þegar þessi kostur lá á borðinu.

[01:28]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég held að ljóst liggi fyrir að ef við hefðum valið að semja ekki og halda þessu sem milliríkjadeilu við Breta og þá Hollendinga líka, hefði, miðað við túlkun þessarar tilteknu tilskipunar Evrópusambandsins hjá öllum Evrópusambandsríkjunum, einfaldlega verið litið á þetta sem brot á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þá hefði verið farið með það mál samkvæmt ákvæðum sem gilda um brot á samningnum. Þá væri hægt að grípa til heilmikilla aðgerða gegn okkur og Bretar áttu í sjálfu sér ýmis úrræði í því efni eins og t.d. hvað varðar útflutning okkar á sjávarafurðum yfir á breskan markað. Ég er því hrædd um að sú deila hefði ekki gert annað en að magnast og getað orðið okkur dýr. Við skoðuðum auðvitað hvað það hefði getað kostað okkur. Ef við hefðum kosið að halda áfram með málið á þeirri leið hefðu umtalsverðir fjármunir legið þar undir.

[01:29]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Það er dapurlegt til þess að hugsa að ríkisstjórnin skuli hafa látið beygja sig í þessu máli og ég þakka fyrir að sú ríkisstjórn sem nú situr skuli ekki hafa verið í forsvari fyrir þjóðina þegar við háðum fiskveiðideilurnar við Breta og aðrar þjóðir á sínum tíma, hún hefði lyppast niður á fyrsta eða öðrum degi.

Hér erum við að tala um samninga sem gerðir eru í skugga hryðjuverkalaga. Hryðjuverkalögin gagnvart Íslendingum eru enn við lýði eftir því sem ég best veit. Að sjálfsögðu hefði það verið grundvallarkrafa og er grundvallarkrafa að þessi lög verði numin brott áður en við svo mikið sem reynum að ganga til samninga við Breta. Þetta finnst mér vera algjört grundvallaratriði af hálfu fullvalda þjóðar sem vill láta taka sig alvarlega.

Síðan allt þetta tal um alla okkar góðu vini í Evrópusambandinu og NATO. Auðvitað vitum við hver veruleikinn er. Þegar ríkisstjórnin tók hér opnum örmum heimslögreglu kapítalismans, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, máttu menn vita hvað í vændum væri eða við hverju mætti búast, það yrðu settar á okkur þær þumalskrúfur sem við finnum nú fyrir.

Það er ekki þetta sem ég vildi fyrst og fremst vekja máls á, heldur vekja enn þá aftur athygli þingheims og þjóðar á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, pólitískri ábyrgð. Hæstv. utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, sagði hér áðan að sparifjáreigendur í Bretlandi og Evrópu hefðu lagt inn á reikninga íslenskra bankaútibúa í góðri trú. Ég spyr: Hvers vegna skyldi það hafa verið? Það er í og með vegna þess að

forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar, formaður Sjálfstæðisflokksins og hæstv. forsætisráðherra annars vegar, Geir H. Haarde, og hæstv. utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar hins vegar, lögðust í víking með sjálfum útrásarvíkingunum, efndu til fréttamannafunda annars vegar í Kaupmannahöfn og hins vegar í New York til að stimpla það rækilega inn hjá þessum sömu sparifjáreigendum og við fjöllum núna um að óhætt væri að treysta íslenskum bönkum fyrir fé sínu.

Nú vitum við að hvernig sem fer fá þeir í sumum tilvikum aðeins hluta af eignum sínum bættan. Á þessum forsendum höfum við, við kröfu okkar um að efnt verði til kosninga og að ríkisstjórnin axli sína pólitísku ábyrgð, minnt á þessar heitstrengingar, m.a. af hálfu hæstv. utanríkisráðherra, formanns Samfylkingarinnar, þar sem fólk er beint og óbeint hvatt til að leggja inn á þessa reikninga sem við fáum núna í bakið sem skattgreiðendur, og skattgreiðendur langt inn í framtíðina.

Ég saknaði þess svolítið að heyra hæstv. utanríkisráðherra, formann Samfylkingarinnar, fjalla um þennan þátt málsins, ábyrgð ríkisstjórnarinnar og þar með hennar flokks á því hvernig komið er í þessum málum.

[01:34]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Eins og málið lítur út fyrir mér, eftir þessa umræðu sem verið hefur í dag um það, eru helstu álitamálin tvö eða þrjú. Í fyrsta lagi þarf að skoða lögfræðina í málinu, hvort hinar lögfræðilegu mótbárur Íslendinga séu það vel rökstuddar að það sé stætt á þeim og það þarf að skoða lögfræðilegar álitsgerðir frá hendi þeirra sem við vorum að semja við. Ef niðurstaðan af slíkri athugun er sú að það sé mjög ólíklegt að okkar túlkun á lögunum standist lögfræðilega er til lítils að berja höfðinu við steininn og halda uppi þrætu við Evrópusambandið og Breta og Hollendinga. Þetta er hlutur sem verður að skoða og afstaða til málsins hlýtur m.a. að velta á mati á þessum þætti málsins.

Í öðru lagi sýnist mér að skoða þurfi möguleikana á aðgerðum af hálfu Evrópusambandsins eða Breta ef ekki yrði samið við þá vegna þess að staðan virðist hafa verið komin þannig að Íslendingar áttu kost á því að semja ekki. Við í utanríkismálanefnd þurfum að fá nokkuð gott yfirlit yfir þá möguleika. Hæstv. utanríkisráðherra nefnir að Bretar hafi átt ýmsa kosti og m.a. að grípa til aðgerða á grundvelli EES-samningsins. Þetta þarf þá að fara yfir í nefndinni og fulltrúar utanríkisráðuneytisins og þingið sjálft þarf að skoða hvaða möguleikar voru í þessari stöðu og hvað leiddi af þeim þannig að menn geti borið það saman, afleiðingarnar af því annars vegar að semja og hins vegar að semja ekki. Ég held að þetta sé algjörlega nauðsynlegt að draga fram, virðulegi forseti, þannig að þjóð og þing geti lagt mat á staðreyndir mála.

Ég veit svo sem ekki nákvæmlega hvaða kosti Bretar eða Evrópusambandið áttu í því, hugsanlega að segja upp EES-samningnum eða setja einhverjar refsiaðgerðir. Þá þarf bara að skoða það. Það þarf líka að upplýsa, virðulegi forseti, hvort því var hótað í viðræðunum við Íslendinga að slíkum aðgerðum yrði beitt. Það kom ekki fram í máli hæstv. utanríkisráðherra áðan að því hefði verið beitt í viðræðunum, hins vegar sagði ráðherrann að þetta væri möguleiki sem gagnaðilinn hefði á sinni hendi. Ég held að það væri nauðsynlegt að fá upplýsingar um það hvort Bretar hafi orðað það og látið það koma fram í viðræðum við Íslendinga að þeir mundu fara þessa leið eða þær leiðir sem væru færar og eru færar í sambandi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Þetta þarf að mínu viti, virðulegi forseti, að draga fram í þinglegri meðferð málsins þannig að hægt sé að leggja mat á það í heild sinni því að það hlýtur að vera meginmarkmiðið að velja þá leið sem hefur minnst tjón eða minnstan skaða í för með sér fyrir hagsmuni okkar. Það hlýtur að vera málið, virðulegi forseti, sem alþingismenn hljóta að hafa að leiðarljósi.

[01:38]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Mér sýnist að nú sé að ljúka umræðu um þessa þingsályktunartillögu og málið sé á leiðinni til utanríkismálanefndar til frekari skoðunar. Hér er óskað heimildar til þess að leiða til lykta samningaviðræður á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiða sem liggja til grundvallar samningaviðræðum sem fara síðan af stað í kjölfarið. Þær voru, eins og fram hefur komið í umræðunni hér í dag og reyndar áður, grundvöllur fyrir því að greiða fyrir afgreiðslu lánsins frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Það er mjög áberandi hér í umræðunni að þátttakendur í henni telja sig sjá það fyrir eftir á að hægt hefði verið að fara aðrar og skynsamlegri leiðir sem hefðu verið líklegri til að valda íslenskum skattgreiðendum minni byrðum en sú leið sem málið hefur ratað í. Það er vísað til að mynda í lögfræðileg álit í því samhengi.

Ég held að það sé afskaplega mikil einföldun á þessu máli öllu saman að telja í raun og veru að það hafi verið valkostur fyrir íslensk stjórnvöld að standa stíf á lögfræðilegri túlkun og halda henni til streitu, jafnvel fyrir dómstólum, hvort sem það væri á alþjóðlegum vettvangi eða hér heima fyrir íslenskum dómstólum. Ef menn ætla að fara að taka þann slag verða menn líka að vera tilbúnir til að tapa því máli ef á það mundi reyna. Þeir sem tala fyrir því að þá leið hefði átt að velja eru auðvitað tilbúnir til að gera það eftir á vegna þess að þeir geta gefið sér það í umræðunni að við hefðum sigrað þá lagaþrætu. Það er fínt að gera það í dag vegna þess að það liggur fyrir að sú leið verður ekki farin, en eru þeir hinir sömu þá tilbúnir til að fallast á að við mundum taka herkostnaðinn af þeirri ákvörðun ef niðurstaðan yrði okkur í óhag? Það er alveg ljóst að sú leið sem valin var og sá farvegur sem málið er í núna mun alveg örugglega skila okkur hagstæðari niðurstöðu en við hefðum fengið með því að láta reyna á rétt okkar og ef við hefðum síðan mögulega tapað þeirri þrætu fyrir dómstólum. Það er alveg öruggt.

Þess utan er líka afar líklegt, eins og m.a. hefur komið fram í máli hæstv. utanríkisráðherra, að á meðan málið væri í slíkum farvegi hefðum við ekki fengið fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, það liggur fyrir, og auk þess eru verulegar líkur á því að Bretarnir hefðu ekki dregið úr aðgerðum sínum á grundvelli hryðjuverkalaganna eins og þeir hafa reyndar þegar gert þó að ekki hafi þeir látið af öllum

aðgerðum sínum á grundvelli laganna, þ.e. enn þá eru eignir Landsbankans kyrrsettar í Bretlandi. Þar til viðbótar má leiða líkum að því að á vettvangi samstarfsins um Evrópska efnahagssvæðið hafi verið látið reyna á það hvort hægt hefði verið að hindra eða stöðva eða þvælast fyrir með einhverjum hætti frjálsum viðskiptum okkar inn á svæðið á grundvelli öryggishagsmuna. Allt eru þetta atriði sem þarf að taka með í reikninginn þegar menn eru að gera upp á milli þeirra valkosta sem við stóðum frammi fyrir í þessu máli.

Enn þá hefur engu verið lokað og ég hef ekki heyrt í sjálfu sér í umræðunni í dag mikla gagnrýni á hin sameiginlegu viðmið vegna þess að þau eru tiltölulega opin, það er hægt að fella meira eða minna allt það sem nefnt er hér í umræðunni í dag undir orðalagið í þessum sameiginlegu viðmiðum, þ.e. að fullt tillit verði tekið til þeirra efnahagslegu erfiðleika sem eru hér á landi og jafnframt að okkur verði gert kleift að endurreisa hér fjármálakerfið. Hugmyndir sem fram koma í umræðunni í dag um að við þurfum að setja þak á mögulegar árlegar greiðslur okkar til endurgreiðslu á lánum sem taka þarf til að standa undir þessum skuldbindingum rúmast alveg innan þessa orðalags sem er að finna í sameiginlegu viðmiðunum. Hið sama gildir um það að vera með sérstaklega langan lánstíma eða reyna að koma inn samkomulagi í þessu sambandi um mögulega endurskoðun á kerfinu.

Það er auðvitað alveg augljóst, bæði af því sem kommissjónin hefur sagt nú þegar, þ.e. framkvæmdastjórn Evrópusambandsins — þeir eru nú þegar komnir fram með tillögur um að breyta innstæðutryggingarkerfinu í Evrópusambandinu, hækka tryggingarnar verulega, taka úr sambandi það sem maður getur kannski kallað ákveðna sjálfsábyrgð og ná fram meiri einsleitni í kerfinu á öllu svæðinu. Einnig hefur komið fram mjög rík gagnrýni frá breska fjármálaráðherranum, Alistair Darling, þar sem hann gagnrýnir það að bresk stjórnvöld og þar af leiðandi breskir skattgreiðendur þurfi að sitja uppi með kostnaðinn af því að tryggja innstæður vegna dótturfélaga erlendra banka sem starfa með dótturfélög í Bretlandi. Það er mikil óánægja með þetta.

Við skulum hafa í huga í þessari umræðu að íslensku bankarnir störfuðu ekki eingöngu í gegnum útibú á erlendum vettvangi. Sumir íslensku bankanna sóttu innlán í gegnum dótturfélög. Hvað hefur gerst í tilfellum þessara dótturfélaga? Það hefur lent á innstæðutryggingarsjóðum í Sviss, í Bretlandi, í Þýskalandi og víðar þar sem íslensku bankarnir störfuðu, það hefur lent á ríkisstjórnunum í viðkomandi löndum að fjármagna innstæður tryggingarsjóðanna til að þeir gætu staðið undir endurgreiðslu lágmarkstryggingarinnar þar. Hún hefur ekkert alltaf verið 20.000 evrur, í sumum tilfellum miklu hærri upphæð. Þær ríkisstjórnir sem við höfum verið í viðræðum við hafa tekið á sig gríðarlega miklar skuldbindingar og örugglega í einhverjum tilvikum skuldsett sig til að geta risið undir endurgreiðslum út af innstæðum til dótturfélaga íslensku bankanna. Þetta held ég að menn þurfi að hafa í huga í þessari umræðu, vandanum er ekki að öllu leyti velt hingað heim vegna þessa kerfis.

Þegar heildarmyndin er skoðuð tel ég að ekki sé hægt að komast að annarri niðurstöðu en að vel hafi verið haldið á íslenskum hagsmunum í þessu máli. Sannarlega hefur verið í mörg horn að líta, það hefur verið úr mjög vöndu að ráða, hagsmunum hefur verið þvælt saman. Auðvitað erum við ósátt við það og höfum kvartað undan því opinberlega, og það er að mínu áliti starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til minnkunar að lánsbeiðni okkar þar skyldi hálfpartinn hafa verið tekin í gíslingu vegna óskyldra mála. Það finnst mér til minnkunar fyrir sjóðinn og það sem hann stendur fyrir, og ekki síst á það við vegna þess ástands sem hér ríkti og það var til mikils tjóns fyrir okkur að málið skyldi dragast svo vikum skipti vegna þessa.

Ég held að það sé augljóst að í framtíðinni muni Evrópusambandið, ekki bara vegna þeirra tillagna sem nú þegar eru komnar fram heldur vegna þess augljósa galla sem er á innstæðutryggingarkerfinu, taka það til gagngerrar endurskoðunar. Þess vegna er skynsamlegt fyrir okkur að halda öllum fyrirvörum varðandi réttarstöðu okkar þegar til slíkrar endurskoðunar kemur í framtíðinni. Eina vitræna leiðin fyrir Evrópusambandið og þar með allt Evrópska efnahagssvæðið er að tengja innstæðutryggingarsjóðina saman vegna þess að þegar það hefur verið gert er fall þriggja til fjögurra banka, þó að þeir séu allir í sama landinu, ekkert vandamál fyrir kerfið í heild sinni. Þetta er 500 milljóna svæði sem getur vel greitt úr slíku en einstök ríki geta ekki risið undir hruni bankakerfisins.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og utanrmn.

[Fundarhlé. — 01:48]

[03:04]

Útbýting:

Gjaldeyrismál, 189. mál, nál. meiri hl. viðskn., þskj. 233; brtt. meiri hl. viðskn., þskj. 236.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 03:04.

---

39. FUNDUR

fimmtudaginn 27. nóvember,
að loknum 38. fundi.

Dagskrá:

Gjaldeyrismál, stjfrv., 189. mál, þskj. 232, nál. 233, brtt. 236. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:07]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og útbýtingu þskj. 233 og 236. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EBS, GHH, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KVM, KÓ, KolH, KHG, LB, ÓN, PHB, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (GMJ) greiddi ekki atkv.

29 þm. (AtlG, ÁI, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BjörkG, BBj, EMS, EyH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, HHj, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, MS, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Gjaldeyrismál, 2. umr.

Stjfrv., 189. mál (takmörkun gjaldeyrisviðskipta). — Þskj. 232, nál. 233, brtt. 236.

[03:08]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur, Jón Þór Sturluson og Þóru Margréti Hjaltested frá viðskiptaráðuneytinu, Sigríði Logadóttur og Tómas Örn Kristjánsson frá Seðlabanka Íslands, Ragnar Hafliðason og Árna Huldar Sveinbjörnsson frá Fjármálaeftirlitinu, Högna Kristjánsson og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneytinu, Björn Rúnar Guðmundsson frá forsætisráðuneytinu, Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Vilhjálm Egilsson frá Samtökum atvinnulífsins, Eddu Rós Karlsdóttur hagfræðing, Ásgeir Jónsson hagfræðing og Ingólf Bender hagfræðing.

Tilgangur frumvarpsins er að stuðla að stöðugleika á gengi íslensku krónunnar, draga úr hættu á óeðlilegri gengislækkun og tilheyrandi erfiðleikum fyrir þjóðarbúið í heild. Fram kom hjá nefndinni að með frumvarpinu væri ætlað að leiða í lög þær hömlur á gjaldeyrisviðskiptum sem leiða af sameiginlegri áætlun ríkisstjórnar, Seðlabanka og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um efnahagsmál. Í frumvarpinu felst að gjaldeyrishöftum, öðrum en þeim er tengjast viðskiptum með vöru og þjónustu, verði viðhaldið með þeim hætti sem kemur fram í frumvarpinu. Frumvarpið er því mikilvægur liður í heildaráætlun til að koma auknu jafnvægi á íslenskt hagkerfi.

Meginefni frumvarpsins varðar heimildir til handa Seðlabanka Íslands til að takmarka gjaldeyrisviðskipti tímabundið vegna fjármagnsviðskipta. Koma heimildirnar til viðbótar þeim úrræðum sem bankinn hefur til að stemma stigu við útflæði fjármagns þegar möguleikar á gjaldeyrisviðskiptum aukast. Tekið er fram að aðgerðirnar beinast ekki að vöru- og þjónustuviðskiptum heldur fyrst og fremst að gjaldeyrisviðskiptum sem standa í tengslum við fjármagnsviðskipti. Í raun afléttir frumvarpið núverandi höftum af vöru- og þjónustuviðskiptum og fagnar meiri hluti nefndarinnar því.

Stofnunum Evrópska efnahagssvæðisins verður tilkynnt um þessa ráðstöfun í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Er það mat stjórnvalda að aðgerðir sem frumvarpið kveður á um rúmist því innan heimilda 43. gr. EES-samningsins.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að 3. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, veiti heimild til að takmarka tiltekna flokka fjármagnsflutninga. Heimildin er tímabundin og einskorðuð við skammtímahreyfingar fjármagns en er ekki talin duga til að sporna við útflæði fjármagns við ríkjandi aðstæður. Þess vegna þarf að leiða í lög fyllri lagaákvæði um þetta efni.

Þá eru í frumvarpinu ákvæði um viðurlagaheimildir Fjármálaeftirlitsins vegna brota á lögum um gjaldeyrismál og er þeim ætlað að treysta þau úrræði sem Seðlabankinn hefur samkvæmt lögunum. Ákvæði þessi byggjast á sams konar ákvæðum í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Við umfjöllun nefndarinnar var ýmsum sjónarmiðum hreyft um frumvarp þetta og markmið þess. Meðal þessara sjónarmiða voru ákvæði til bráðabirgða sem skylda útflutningsaðila til þess að skila erlendum gjaldeyri inn í landið. Nokkuð var rætt um áhrif þessarar skyldu á útflutningsfyrirtæki og almenning í landinu. Vert er að taka það fram að ekki er um að ræða söluskyldu á gjaldeyri heldur einungis skyldu til að koma erlendum gjaldeyri inn í landið.

Þá kom einnig til umræðu sú tímalengd sem frumvarpið gerir ráð fyrir að takmarkanir Seðlabankans geti varað, þ.e. til 30. nóvember 2010, sem er tímalengd sameiginlegrar áætlunar ríkisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um efnahagsmál. Fram komu áhyggjur af því að tíminn væri of langur. Nefndin telur hins vegar mikilvægt að stjórnvöld og Seðlabanki hafi lagaheimildina út þennan tíma, þótt ljóst sé að þörf fyrir beitingu hennar verði endurmetin reglulega.

Einnig var rætt um sjónarmið í tengslum við skuldbindingar Íslendinga að EES-samningnum um frjálst fjármagnsflæði en það var mat fulltrúa utanríkisráðuneytisins að önnur Evrópulönd muni sýna ráðstöfunum okkar skilning.

Nefndin vill að reglur þær sem getið er um í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins og Seðlabankinn gefur út að fengnu samþykki viðskiptaráðherra verði endurskoðaðar eigi síðar en 1. mars 2009 og ber þá aftur að fá samþykki viðskiptaráðherra.

Nefndin leggur ríka áherslu á hraða afgreiðslu þessa máls í ljósi eðlis málsins en mikilvægt er að afgreiða frumvarpið sem fyrst svo að markaðsaðilar geti ekki nýtt sér upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á lögum sér til hagsbóta en þjóðarbúinu til tjóns.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í fyrsta lagi er lögð til viðbót við ákvæði til bráðabirgða á þann hátt að við bætist tilvísun í 9. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991. Í ákvæði þessu er kveðið á um að erlendur aðili, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skuli eiga rétt á að fá yfirfært í hvern þann erlenda gjaldmiðil sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna skráningu á, móttekinn arð eða annan

hagnaðarhlut og söluandvirði fjárfestingar. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að þar sé kveðið á um rétt aðila til að flytja arð og söluandvirði eða annað endurgreiðsluverð úr landinu að nýju. Ljóst er að gera þarf undantekningu frá þessu ákvæði til að unnt verði að setja reglur sem kveða á um takmörkun á þessum rétti.

Í öðru lagi er lögð til breyting á bráðabirgðaákvæði sem felur í sér að lagt er til að Seðlabanka Íslands verði veitt heimild til að veita undanþágur frá takmörkunum á fjármagnshreyfingum sem kunna að verða settar í reglum á grundvelli 1. mgr. ákvæðisins. Við málsmeðferð slíkra mála gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Slíkar ákvarðanir Seðlabanka eru kæranlegar til viðskiptaráðherra sem fer með framkvæmd laga um gjaldeyrismál. Einnig er lagt til að ekki verði innheimt leyfisgjald ef undanþágur eru veittar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Undir þetta álit skrifa Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta Möller, Ólöf Nordal, Björk Guðjónsdóttir, Árni Páll Árnason og Birgir Ármannsson.

Að lokum, herra forseti, vil ég bæta því við að undanfarnar vikur hafa einmitt gjaldeyrisviðskipti verið takmörkuð með þessum sérstöku tilmælum Seðlabankans vegna skorts á gjaldeyri. Það er því nokkur hætta á því, að óbreyttu, að mikið fjármagnsflæði fari úr landi um leið og skilyrði til gjaldeyrisviðskipta batna. Það gæti leitt til verulegrar viðbótarlækkunar á gengi krónunnar. Vegna skuldsetninga heimila og fyrirtækja getur slíkt valdið stórskaða fyrir efnahag þjóðarinnar og aukið á samdráttinn í efnahagslífinu.

Við breytingar á lögum um gjaldeyrismál sem við mælum hér fyrir er Seðlabankanum veitt tímabundin heimild til þess að takmarka þessar tilteknu fjármagnshreyfingar sem ekki snerta viðskipti með vöru og þjónustu. Ég vil taka fram að við erum í raun að aflétta hömlum á alþjóðaviðskiptum með vöru og þjónustu sem hafa í raun gilt.

Þetta frumvarp er því nauðsynlegt sem fyrsta aðgerð til að koma á eðlilegum gjaldeyrisviðskiptum á Íslandi á ný og byggja undir stöðugt gengi krónunnar. Við reynum að lágmarka líkur á frekari gengislækkun og óstöðugleika. Þessi heimild Seðlabankans er tímabundin og nær gildistíminn til sama tíma og efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og ég gat um áðan.

Þess er þó vænst að hömlur á fjármagnshreyfingar gildi í sem skemmstan tíma. Strax á morgun stendur til af hálfu Seðlabankans eftir samþykkt viðskiptaráðherra að birta þessar nýju reglur um gjaldeyrismál og á grundvelli þeirra laga sem við vonandi samþykkjum á eftir.

Herra forseti. Það er margt óvenjulegt við þetta mál og hvernig við unnum það. Ég vil draga tvö atriði fram í blálokin. Þetta mál er hluti af skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Með því að leggja stein í götu þessa máls setjum við aðkomu og aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í uppnám. Með því að setja aðkomu IMF, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, í uppnám setjum við aðkomu okkar nágrannaríkja einnig í uppnám. Mér finnst því ábyrgðarhluti að samþykkja ekki þetta frumvarp í ljósi þeirra upplýsinga sem við fengum hjá nefndinni um að þetta væri skilyrði og krafa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég held að þingmenn þurfi að gera sér grein fyrir því.

Í öðru lagi er tíminn hér atriði eins og ég gat um áðan. Auðvitað er óvenjulegt að vinna svona frumvarp mjög hratt og það er ekki æskilegt að vinna löggjöf svo hratt á vettvangi þingsins en stundum höfum við ekki val um annað. Í raun og veru skiptir miklu máli að afgreiða þetta mál áður en markaðir opna almennt á morgun, áður en menn geta farið að spekúlera í þessum ákvæðum sem hafa nú þegar komið fram í dagsljósið, ef við gerum þau þá ekki að lögum í kvöld.

Við erum auðvitað ekki að gera lögin afturvirk. Þess vegna skiptir máli að þetta sé haft í huga. Þetta er löggjöf sem þarf að koma fram bæði eftir lokun markaða og fyrir opnun markaða, ef svo má segja. Hér eru einfaldlega talsverðir hagsmunir á ferð. Þetta er mikilvægur liður í að auka stöðugleika í okkar blessaða hagkerfi og reyna að hjálpa íslensku krónunni að komast aftur á lappirnar. Þess vegna tel ég þetta vera mál sem þingheimur ætti — og vonandi gæti sameinast um — að hleypa í gegn hratt og vel.

[03:18]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Þetta mál, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, með síðari breytingum, sem hér er komið til 2. umr. er um margt athyglisvert .

Ég vil víkja að þeim orðum framsögumanns nefndarinnar, hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar, um að þetta sé ein af kröfum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og með því að undirgangast ekki þessar kröfur væri í raun allt samkomulagið eða aðkoma gjaldeyrissjóðsins í uppnámi. Ekki síst í ljósi þess að enn er til meðferðar á Alþingi tillaga til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þ.e. þeir skilmálar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sett fyrir aðkomu sinni að stuðningi við fjármálakerfi Íslands. Sú tillaga er óafgreidd og verður ekki annað séð en hún sé nú þegar orðin sögulegt plagg því að farið er að vinna og afgreiða lagafrumvörp á grundvelli þess að sú tillaga sé samþykkt, sem sagt að Alþingi hafi staðfest þetta samkomulag sem er forsenda þess að hægt sé að leggja fram þessi lög.

Það var alveg ljóst í umræðunni í nefndinni að það er í raun Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem setur reglurnar, skipar fyrir. Meira að segja var óskað eftir því þegar menn vissu ekki hvort fulltrúar Seðlabanka eða forsætisráðuneytið færu rétt með skilaboð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að fulltrúar hans kæmu sjálfir til að fá skilaboðin milliliðalaust og einn af aðilunum sem komu á fund nefndarinnar hringdi svo í Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, í fulltrúa þar, til að vita hvort fulltrúar Seðlabanka og forsætisráðuneytis færu með rangt mál. (Gripið fram í.) Í fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Bandaríkjunum. Þetta segir meira en mörg orð um þann trúnað sem fulltrúar bæði þingsins og þeir gestir sem komu á fund nefndarinnar bera til stjórnvalda. Þá var það áréttað að þetta væri hluti af tilskipun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og undan þessu yrði ekki vikið.

Meðan ég sat þarna og heyrði þessa rökræðu fór ég að hugsa að þarna værum við bara að taka á móti tilskipunum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og velti þá fyrir mér ýmsum

sparnaðarleiðum. Það væri greinilega miklu fljótvirkara að upplýsingafulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kæmi bara sjálfur beint á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir því sem af okkur væri krafist, bara millilíðalaust, og það hefði kannski gengið enn fljótar þannig. Þá velti ég því fyrir mér hvort ekki væri hægt að ná fram sparnaði. Getum við ekki bara sagt forsætisráðherranum upp og sparað svolítið? Þetta kemur allt hvort eð er næstu tvö árin frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eins og greint var frá. Þetta er tveggja ára samningur sem var gerður. (Gripið fram í.) Og sama með fjármálaráðherrann, sama með viðskiptaráðherrann. (**Gripið fram í:** En stjórnarandstaðan, má ekki spara þar líka?) Það gæti farið svo, jú, því að við erum bara hér eins og … (Gripið fram í.) En þetta er því miður hin nakta staðreynd. Það var meira að segja talið nauðsynlegt að hringja út til New York til að vita hvort fulltrúar Seðlabankans færu með rétt mál.

Þetta er hina nakta staðreynd, enda kom það svo rækilega fram í nefndinni að ein af ástæðunum fyrir því frumvarpi sem við fjöllum hér um er sú að íslenskum stjórnvöldum er ekki treyst betur en svo að setja þarf þessi hörðu lög og takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum, íslenskum stjórnvöldum var ekki treyst betur.

Það var að vísu athyglisvert að fulltrúum Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands kom á óvart krafan um þessi gjaldeyrishöft en þeir höfðu áður verið miklir talsmenn fyrir aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Samt stendur þetta alveg klárt í hinni frægu 19. gr. sem áður hefur verið vitnað til hér varðandi vaxtahækkunina. Þar stendur einmitt, með leyfi forseta:

„Við erum reiðubúin að beita tímabundnum gjaldeyrishöftum á fjármagnsviðskipti.“

Þetta þurfti því ekki að koma á óvart. En það er athyglisvert, herra forseti, að þær aðgerðir sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur látið koma hér til framkvæmda að sinni kröfu hafa komið öllum aðilum á óvart, fyrst stýrivaxtahækkunin í 18% sem aðilar sem fagnað höfðu aðkomu gjaldeyrissjóðsins töldu algjörlega óþarfa og jafnvel stórhættulega og svo nú þessi gjaldeyrishöft.

Ég vil minnast á það hér, herra forseti, hve lítill trúnaður er í allri meðferð á þessu máli. Því var dreift hér í kvöld og þrátt fyrir ágæt viðbrögð þeirra sem komu á fund viðskiptanefndar var fjarri því að þeir treystu sér til að fjalla efnislega um málið með svo stuttum fyrirvara. Málið er keyrt í gegn á miklum hraða án þess að hægt sé að fá um það viðhlítandi umsagnir eða mat á áhrifum þess. Það var mjög afdráttarlaus andstaða við frumvarpið frá Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands, og þeir vöruðu mjög við því. En að öðru leyti er umfjöllun um málið mjög takmörkuð og Alþingi í sjálfu sér ekki til sóma.

Ég vil þess vegna ítreka að þetta er hluti af skilmálum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem ríkisstjórnin hefur valið að hafa sem leiðtoga lífs síns í efnahags- og fjármálum næstu missirin og við höfum heyrt þau afdráttarlausu skilyrði sjóðsins að þetta verði að samþykkja annars sé allt í uppnámi, þar af leiðandi líka aðkoma annarra ríkja að fjármögnun eða lánveitingum til íslenska ríkisins. Þess vegna er málið mjög alvarlegt. Þetta er hluti af þessum pakka ríkisstjórnarinnar og er á ábyrgð hennar og meiri hluta Alþingis ef að líkum lætur og þetta verði samþykkt hér. Ég lýsi yfir því að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs getum ekki stutt þetta mál, við höfum ekki átt aðild að undirbúningi þess, við höfum ekki haft tíma til að fara yfir það með eðlilegum hætti. Þetta byggir líka á þingsályktunartillögu sem er ekki afgreidd frá Alþingi og við vísum því allri ábyrgð á málinu á hendur ríkisstjórnarinnar.

[03:28]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir um margt athyglisverða ræðu. Það var von okkar í stjórnarmeirihlutanum að um málið gæti náðst þverpólitísk samstaða en svo virðist ekki vera.

Það eru nokkur atriði í ræðu hv. þingmanns sem mér finnst ástæða til að gera athugasemdir við. Í fyrsta lagi er það umfjöllun hans um tengsl þessa máls við þingsályktunartillögu sem hér er til umræðu, um fjárhagslega aðstoð IMF. Nú er alveg ljóst að þetta frumvarp og þær breytingar sem í því felast eru sjálfstæð ákvörðun, þær skýrast hins vegar af þeirri stefnumörkun sem hefur verið ákveðin af hálfu ríkisstjórnarinnar í sambandi við samskiptin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Og eins og kom raunar fram í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar eru þær ráðstafanir sem hér eru hugsaðar unnar í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þannig að með því að samþykkja þetta mál erum við vissulega að stíga skref í þá átt að vinna að framgangi þeirrar áætlunar sem unnin hefur verið í samráði við sjóðinn. Hins vegar hangir þetta frumvarp ekki saman við þingsályktunartillöguna, þarna er um að ræða sjálfstæðar ákvarðanir. Ég held að mikilvægt sé að halda því til haga.

Svo má geta þess í leiðinni að það var auðvitað ekki skylda að flytja þingsályktunartillögu um þessa yfirlýsingu gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í þinginu. Það má segja að ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir hafi verið að koma til móts við þingið með þeirri umfjöllun umfram það sem skýra skyldu ber til. Hins vegar vildi ég nota tækifærið í þessu andsvari til að inna hv. þingmann eftir því hver efnisleg afstaða hans til frumvarpsins er, hver efnisleg (Forseti hringir.) afstaða hans til þeirra breytinga sem frumvarpið felur í sér er vegna þess að ég heyrði það ekki í máli hv. þingmanns.

[03:30]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég leiðrétta misskilning hjá hv. þingmanni, að þetta séu ekki tengd mál, tillaga til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þetta frumvarp til laga. Það er misskilningur hjá hv. þingmanni því það er meira að segja vísað til ákveðinnar greinar í þingsályktunartillögunni og vísunin notuð sem forsenda og rökstuðningur fyrir frumvarpinu sem lagt er fram.

Auk þess kom skýrt fram í máli framsögumanns, hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar, að þetta væri hluti af þeim kröfugerðarpakka eða skilmálapakka sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setur og er lagður fyrir Alþingi til umfjöllunar, hvort sem hann er tæmandi eða ekki. Hv. þingmaður hefur kannski ekki áttað sig á því.

Eins og ég vísaði efnislega til áðan er þetta frumvarp hluti af þessum aðgerðapakka og verður að skoðast sem slíkt. Sá tími sem við höfum haft til að fjalla um það efnislega hefur verið mjög skammur og það er fjarri því að öll kurl séu komin til grafar í þeim efnum.

Varðandi þverpólitíska afstöðu til málsins þá sýndist mér vera ærið verk fyrir Sjálfstæðisflokkinn og Samfylkinguna að ná þverpólitískri samstöðu innbyrðis og ekki er alveg séð í hversu margar fylkingar það greindist. (Gripið fram í.) Ég hef gert grein fyrir því, hv. þingmaður, að við munum sitja hjá við afgreiðslu málsins. Við höfum ekki tafið framkvæmd þess á Alþingi en við munum sitja hjá og vísum ábyrgð málsins og framkvæmd þess á ríkisstjórnina. Það er skýrt.

[03:32]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að ég hafi sagt að þarna væri um að ræða óskyld mál. Þau eru auðvitað tengd eins og kom fram í fyrra andsvari mínu. Hins vegar er um að ræða sjálfstæða ákvörðun sem Alþingi stendur frammi fyrir varðandi að samþykkja þetta frumvarp eða ekki. Það er sjálfstæð ákvörðun sem Alþingi getur tekið eða hafnað eftir atvikum og það var það sem ég vildi leggja áherslu á. Það stendur ekki í einhverjum lögbundnum tengslum við þá þingsályktunartillögu sem hv. þingmaður vísaði til.

Varðandi tímann sem hefur verið gefinn til þess að fjalla um þetta mál þá er hann vissulega stuttur. Ég held að ég tali fyrir munn allra þingmanna sem að þessu máli hafa komið að auðvitað er vont að vera í þeirri stöðu að þurfa að afgreiða málið með svo skjótum hætti. Hins vegar á það sér skýringar eins og kom fram í máli hv. formanns allsherjarnefndar áðan. Þetta mál er þess eðlis að því verður að ljúka áður en markaðir opna þannig að aðilar geti ekki reynt að spekúlera eða hagnýta sér í fjármagnshreyfingum að frumvarpið sé komið fram og þær áætlanir sem þar birtast.

Ég hygg að hv. þm. Jón Bjarnason hljóti að hafa skilning á að það er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að einhverjir aðilar nýti sér slíkar upplýsingar til þess að spekúlera vegna þess að afleiðingar þess gætu verið skaðlegar. Það skýrir hversu hratt þarf að vinna þetta mál hér í þinginu.

Hins vegar eru efnisatriðin sem frumvarpið felur í sér ekkert afskaplega flókin. Það felur í sér ákveðnar hömlur á fjármagnsflutningum, ákveðnar gjaldeyrishömlur, og (Forseti hringir.) ég held að það væri gagnlegt ef hv. þm. Jón Bjarnason gæti lýst skoðun sinni á nauðsyn slíkra ráðstafana í síðara andsvari sínu.

[03:34]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur ekki tafið framgang þessa máls, án þess að ég ætli að hæla mér neitt af því. Það var ákvörðun sem tekin var í ljósi alvarleika málsins en ekki út frá því hvert efni þess var. Ef ætlun þingmannsins er að væna okkur um það er það alveg ástæðulaust en ég tók það reyndar ekki svo.

Hitt er það að deilt er um hversu árangursrík þessi aðferð er til að ná upp stöðugleika á gjaldeyrismarkaði og hvort aðrar aðferðir gætu verið hentugri. Menn velta fyrir sér stöðu þess fjármagns sem erlendir aðilar eiga inni í íslenskum peningastofnunum og þingmaðurinn vísaði til að þeir gætu haft áhuga á að fara með það úr landi.

Það má velta því fyrir sér, eins og kom fram á nefndarfundinum, hvort ætti að leyfa þeim sem vildu að fara bara með þetta fjármagni strax eða mjög fljótlega, hvort það væri alveg eins gott að taka þann slag. Ég get ekki metið það efnislega. Ég kom ekki að vinnu frumvarpsins og þær upplýsingar sem komu fram á fundinum voru mjög á reiki. Mér heyrðist að flestir sem tóku til máls bæru væntingar til að þetta skilaði árangri. Á þeim forsendum er þetta mál í rauninni rekið, á væntingum um að þetta skili árangri. (Forseti hringir.) Auðvitað vona ég líka að ef Alþingi samþykkir þetta frumvarp skili það árangri. Að sjálfsögðu.

[03:37]

Útbýting:

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 191. mál, frv. KJak o.fl., þskj. 235.

Úttekt á kjörum og réttindum námsmanna, 190. mál, þáltill. KJak o.fl., þskj. 234.

[03:37]

Birkir J. Jónsson (F):

Herra forseti. Eins og einhvers staðar stendur, lengi getur vont versnað. Það sem við ræðum hér um miðja nótt, aðfaranótt föstudags, er breyting á lögum um gjaldeyrismál þar sem eftirfarandi er lagt til, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að Seðlabanka Íslands verði í samráði við viðskiptaráðherra heimilt fram til 30. nóvember 2010 að setja reglur sem takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga.“

Á íslensku þýðir þetta að við erum að taka aftur upp skömmtun og höft, höft sem munu kalla á meiri höft, við erum að hverfa aftur til fortíðar, því miður. Það úrræði sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fyrir þingið er í raun og veru neyðarúrræði í mjög erfiðri stöðu en ég tel að það sé að verulegu leyti við ríkisstjórnina að sakast hvernig fyrir málum er komið. Virðing framkvæmdarvaldsins, ríkisstjórnarinnar, fyrir löggjafarþinginu þaðan sem hún á að sækja sitt vald er engin. Við vorum boðuð hingað til fundar klukkan átta í kvöld og á fund í hv. viðskiptanefnd í framhaldi af því um hálfníu. Þar var okkur tilkynnt að þetta frumvarp, sem stjórnarflokkarnir höfðu reyndar farið yfir áður en við höfðum ekki fengið aðgang að, stjórnarandstæðingar, ætti að gjöra svo vel að klára á þessu kvöldi eða í nótt.

Kallaðir voru til gestir og fulltrúar framkvæmdarvaldsins komu á fund nefndarinnar og lýstu því yfir að það væri mjög nauðsynlegt að gera þetta og fóru ágætlega yfir það. En þegar næsti hópur gesta var kallaður inn, sem voru hvorki meira né minna en forustumenn Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, brá manni heldur betur í brún vegna þess að ekkert samráð hafði verið haft við forustumenn stærstu launþegahreyfinganna í landinu og atvinnulífsins. Í raun og veru er það dálítið merkilegt í ljósi þess að þeir hafa allt frá fyrsta degi átt í mjög góðum samskiptum við ríkisstjórnina, hafa þeir tjáð okkur, varðandi

þau vandamál sem hafa blasað við okkur á síðustu tæpum tveimur mánuðum. Fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru kallaðir til fundar í síðustu viku og þá voru haldnir fundir, væntanlega með fulltrúum ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans. En fulltrúar atvinnulífsins, aðilar vinnumarkaðarins, voru ekki kallaðir til fundar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þvert á það sem áður hefur tíðkast því að aðilar vinnumarkaðarins hafa leikið lykilhlutverk í því að koma að erfiðum málum nú um þessar mundir og það er því illskiljanlegt. Látum vera þó að ríkisstjórnin ákveði að hunsa litlu stjórnarandstöðuna á Alþingi en að kasta stríðshanskanum með þessum hætti til aðila vinnumarkaðarins er með ólíkindum. Ég upplifði fund viðskiptanefndar þannig í kvöld að friður væri rofinn á vinnumarkaðnum með framferði ríkisstjórnarinnar. Hverjir hafa ekki sagt í ræðustóli Alþingis að nú sé nauðsynlegt að allir gangi í takt? Við hljótum að spyrja: Hvers vegna í ósköpunum var því ekki haft samráð við þá aðila sem gegna lykilhlutverki í því að leiða nýja þjóðarsátt og byggja upp nýtt Ísland? Ég held að stjórnaraðilar verði að svara því í þessari umræðu því að hér er um mjög stór mistök að ræða að mínu mati og aðilar vinnumarkaðarins hefðu þurft að koma fyrr að þessu máli.

Af hverju grípum við til þessa? Ég sagði í upphafi máls míns að ég teldi að ríkisstjórnin bæri ákveðna ábyrgð á því hvernig komið er fyrir málum. (Gripið fram í.) Ég hef það á tilfinningunni, hæstv. forseti, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn beri tiltölulega lítið traust til íslensku ríkisstjórnarinnar og kannski ekki síst Seðlabanka Íslands. Reyndar er það svo að margir stjórnarliðar hafa lýst því yfir að Seðlabanki Íslands njóti ekki trausts þeirra. Samt er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi ríkisstjórnarflokkanna að Seðlabankinn gegni lykilhlutverki í því að taka ákvarðanir, mjög viðkvæmar ákvarðanir. Það er því alveg nýtt í mínum eyrum ef það er svo að yfirstjórn Seðlabankans nýtur almenns trausts samfylkingarmanna í þessu máli en Samfylkingin lagði sig mjög fram í nefndarstarfinu við að koma málinu í gegn. Ég vil líka geta þess vegna lýðræðisástar samfylkingarmanna, sem töluðu mikið hér í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili, að við óskuðum eftir að fá fleiri aðila til fundar við nefndina, við lögðum fram lista og þar á meðal vildum við fá að heyra sjónarmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Ég ætla að rifja það upp að við lásum það í DV, við þingmenn, hver skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru, niðurlæging þingsins í því máli var algjör. Í þessu máli fengum við ekki að ræða við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Stjórnarliðar sögu að það væri ekki tími til þess að vinna málið frekar og kalla til fleiri gesti. Ef stjórnarliðar hefðu haft einhvern vott af vilja til að vinna að málinu með stjórnarandstöðunni hefði verið hægur vandi að boða til fundar í viðskiptanefnd klukkan fjögur í dag þegar markaðir lokuðu. Það hefði verið hægt að kalla til fjölbreyttan hóp gesta en ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir ákváðu að bíða fram í myrkur með fundarhöld og staðreyndin er sú að ég tala hér þegar klukkuna vantar kortér í fjögur að nóttu. Þetta eru hin lýðræðislegu (Gripið fram í.) vinnubrögð og samræðustjórnmál (Gripið fram í.) sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson boðaði í aðdraganda síðustu kosninga. Ég verð að segja eins og er að mér finnst að sumir stjórnmálamenn ættu að skammast sín (Gripið fram í.) því að það er ekkert að marka það sem þessir aðilar sögðu í aðdraganda síðustu kosninga um siðbætur í íslenskum stjórnmálum og samræðustjórnmál. (Gripið fram í.) Þetta eru öll ósköpin.

Hæstv. forseti. Ég ætla að rifja það upp enn einu sinni að forseti Alþýðusambands Íslands hefur þurft að bera blak af ríkisstjórninni í alþjóðlegum fjölmiðlum og kannski síðast en ekki síst af blessuðum Seðlabankanum sem Samfylkingin treystir svo vel. Sjá stjórnarliðar virkilega ekki að stokka þarf upp í íslensku stjórnkerfi þannig að stjórn íslenskra efnahagsmála njóti einhvers trúverðugleika á alþjóðlegum vettvangi? Eru stjórnarliðar þeir einu sem ekki sjá að þar er hlegið að ríkisstjórninni og bankastjórum Seðlabankans?

Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða og ég ætla að halda því til haga í þessari umræðu að ríkisstjórnin ber sína ábyrgð á því neyðarúrræði sem hér þarf að grípa til og það er dálítið merkilegt að horfa hér til hv. þingmanna Sigurðar Kára Kristjánssonar og Birgis Ármannssonar sem eru við það að fara að samþykkja að setja höft á viðskipti Íslands við alþjóðasamfélagið, höft og aftur höft. Og það verður leiðtogi lífs þeirra, seðlabankastjórinn Davíð Oddsson, sem mun hafa þar töglin og hagldirnar. Samfylkingin má eiga það að hún er að auka pólitísk völd Seðlabanka Íslands sem hún ber svo mikið traust til. Það er verið að gera með þessu frumvarpi. Síðan þráspurðu stjórnarliðar okkur stjórnarandstæðinga í nefndinni hvort við ætluðum ekki að samþykkja þetta frumvarp. Að sjálfsögðu eigum við að samþykkja þetta frumvarp, það treysta allir Seðlabankanum, er það ekki? Nei, 90% þjóðarinnar treysta ekki yfirstjórn Seðlabankans og það kemur ekki til greina að stjórnarandstaðan axli ábyrgð á þeim hrikalega afleik sem hér fer fram í dag og ríkisstjórnin hefur staðið fyrir síðustu daga, hrikalega afleik. (**Gripið fram í:** 93% vilja ekki Framsókn.)

Hæstv. forseti. Þegar við ræðum þá leið sem við lásum um í DV að ríkisstjórnin fór varðandi skilyrði gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þá hélt ég að hún mundi hafa dug og döngun í sér til að standa að þeirri leið með trúverðugum hætti. En hver er staðreynd mála? Forustumaður ríkisstjórnarflokkanna á Alþingi Íslendinga, formaður efnahags- og skattanefndar, Pétur H. Blöndal, hefur lýst yfir miklum efasemdum um þessa leið. Hver er þá trúverðugleiki ríkisstjórnarinnar í því að hún ætli sér að framfylgja þessari IMF-leið að einhverju marki? Ríkisstjórnin hefði þurft og þarf að sýna ábyrgð og festu og fylgja þessari leið markvisst en ég gat ekki heyrt, eftir stutt samtal sem við áttum við gesti í nefndinni í kvöld, að það hefði verið ófrávíkjanlegt skilyrði af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að fara þessa leið. Ég heyrði engan mann á fundum nefndarinnar fullyrða það. Þarna eiga sér stað viðræður og því hefði verið nauðsynlegt að senda almennilegt lið í þær viðræður þannig að við mundum ná almennilegum árangri en ekki því verki sem við ræðum hér og stjórnarmeirihlutinn mun trúlega samþykkja, því miður.

Þá er sérkapítuli, hæstv. forseti, framsetningin á þessum hildarleik. Ég held að talað sé um fangelsisvist og sektir í nærri því hverri einustu grein meira og minna, refsigleðin er þvílík. Ég bíð eftir því að þetta verði þýtt á erlend tungumál því að við erum svo sannarlega að senda þeim erlendu aðilum sem eiga hér fjármagn tóninn. Það kom reyndar

fram á fundi nefndarinnar að trúlega gæti það orðið blómleg atvinnugrein í framhaldinu að byggja eins og nokkur fangelsi á grundvelli þessara laga því að refsigleðin væri slík. Nei, framsetningin er meira að segja ómöguleg. Ríkisstjórnarflokkarnir hefðu getað sýnt að þetta væri hluti af ákveðinni vegferð sem ríkisstjórnin væri á en því miður er stefnuleysið algjört hjá ríkisstjórnarflokkunum í þessu stærsta hagsmunamáli þjóðarinnar. Við erum að ræða um að fara að taka upp höft og aftur höft, skömmtun á gjaldeyri, við ætlum að hverfa marga áratugi aftur í tímann. Og það er dálítið magnað, hæstv. forseti, að það skuli vera Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin sem standa frammi fyrir þessu. Svo eru hv. þingmenn þessara flokka (Gripið fram í.) afskaplega hissa á að stjórnarandstaðan skuli ekki styðja þá í þessari vegferð.

Hæstv. forseti. Ef útgöngudyrum er lokað kemur enginn inn og það kemur enginn inn á markað ef hann kemst ekki þaðan út aftur. Það er því mjög stórt skref sem við ætlum að stíga hér og ég tek undir með þeim sem hafa sagt að hér verði að vera um mjög skammvinnt ástand að ræða. Það kemur enginn inn á markað ef hann kemst ekki út af honum aftur, við hljótum öll að sjá það. Ef Ísland ætlar að skera sig úr í Evrópu og einangra sig mun ég aldrei styðja það til framtíðar. Það getur vel verið að til séu stjórnmálaflokkar sem vilja slíka einangrun að pólitíkusar hafi líf þegnanna í hendi sér og við hverfum aftur um áratugi þannig að stjórnmálamenn setjist í bankaráð ríkisbankanna og alþingismenn fari að hafa veruleg áhrif á það hvernig einstaka fjölskyldum úti í samfélaginu líður. Það er ekki Ísland framtíðarinnar að mínu mati.

Það er í raun og veru ótrúlegt og sorglegt og þyngra en tárum taki að sjá hversu létt er yfir sumum stjórnarliðum hér í kvöld þegar við ræðum þetta raunalega mál og nefni ég þar sérstaklega hv. þm. Árna Pál Árnason samfylkingarmann. Það er alveg eins og þetta sé einhver draumsýn. Við skulum bara tala um hlutina eins og þeir eru, hér er um grafalvarlegt mál að ræða. Mér er hreint og beint ekki skemmt yfir því að þurfa að taka þátt í þessari umræðu.

Við getum velt því fyrir okkur hvað fólk hugsar þegar það stendur í þessu frumvarpi að það sé valdheimild hjá Seðlabankanum til að loka á gjaldeyrisreikninga. Hvað þýðir þetta fyrir venjulegt fólk? Á fólk að treysta því að leggja inn á gjaldeyrisreikninga og síðan loki stjórnvöld bara á reikningana? Nei, við hljótum öll að vera sammála um að hér verði að vera um afskaplega stutt tímabil að ræða og ég ræddi það á fundi nefndarinnar hvort ekki þyrfti að stytta þetta tveggja ára ákvæði. Það fékk því miður ekki hljómgrunn á vettvangi nefndarinnar. Reyndar er það svo að mörgum finnst eðlilegt að Alþingi Íslendinga afsali valdi sínu sem mest til framkvæmdarvaldsins þannig að ráðherrarnir geti hagað sér að eigin geðþótta.

Hæstv. forseti. Margt er hægt að segja um stöðuna eins og hún er og það var kannski átakanlegast að heyra það á fundi nefndarinnar eins og við höfum orðið vitni að á síðustu dögum hversu alvarleg staðan er hjá íslenska þjóðarbúinu og meira að segja stöndugustu fyrirtækjum íslenska ríkisins. Alþjóðlegir lánamarkaðir eru því miður að lokast og það er grafalvarleg þróun ef við horfum upp á það að fyrirtæki eins og Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja geta ekki fjármagnað sig með eðlilegum hætti af því að þau eru íslensk. Að sjálfsögðu verðum við að taka þessa þróun mjög alvarlega, þetta er spírall sem snýst mjög hratt þessi missirin. Við skulum þá líka spyrja okkur að því: Hvers lags bakhjarl er íslenska ríkið á bak við bankana? Það kom fram á fundi nefndarinnar að sumir efuðust um að íslenska ríkið væri einfaldlega nægilega burðugt til að standa á bak við íslensku bankanna. Ef svo er að bakhjarl íslensku bankanna er ekki nægilega trúverðugur verða menn að leita nýrra lausna. Því miður finnst mér ríkisstjórnarflokkarnir ekki tala í lausnum. Það er alltaf verið að reyna að ná utan um einhver vandamál sem koma upp þann daginn, það er engin skýr framtíðarsýn og engar lausnir boðaðar, enda eru þetta svo hrikalega ólíkir flokkar að þeir geta ekki komið sér saman um einföldustu hluti. Ég ætla ekkert að fara út í hvaða hlutir það gætu verið en við hljótum að gera þá kröfu til þessara stjórnmálaflokka að ríkisstjórnin sé með skýra framtíðarsýn. Það er annað sem við verðum vitni að á fundum viðskiptanefndar og það er að við fáum því miður ekki seðlabankastjóra á fundi nefndarinnar. Ég hefði haldið að í eins umsvifamiklu máli og þetta er ætti bankastjórn Seðlabankans að koma á fund nefndarinnar en það varð ekki en ég á von á að yfirstjórn bankans hljóti að koma og hitta nefndina að máli á næstu dögum í ljósi nýliðinna atburða.

Ég tel, hæstv. forseti, og ætla að ljúka ræðu minni á því, að birtingarmynd þessa máls sé sú að framkvæmdarvaldið er að valta yfir löggjafarvaldið með dyggum stuðningi 43 þingmanna. Þetta er hinn stóri og mikli meiri hluti Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, ráðherraræðið er algjört, því miður. Beiðnir um að fá fleiri aðila á fund nefndarinnar, jafnvel að hringja símtöl eru virtar að vettugi og þetta er allt mjög dapurlegt, sérstaklega í ljósi þess hversu mikilvægt mál þetta er. Við erum að tala um grundvallarbreytingar á íslensku samfélagi og ef menn eru að tala um nýja Ísland og nýtt upphaf vil ég ekki sjá að þetta sé upphafið að þeirri vegferð. Við framsóknarmenn munum því ekki styðja vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Ég ætla að minna á það aftur að ríkisstjórnin var harðlega gagnrýnd á fundi viðskiptanefndar í kvöld af forustumönnum Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands. Skyldi það vera einhver tilviljun að allir þessir aðilar láti heyra í sér og sýni mikla óánægju? Eða er það bara þannig að Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og öll stjórnarandstaðan hafi rangt fyrir sér, hér hafi verið staðið svo vel að málum undanfarna daga? Ég held ekki. Og ég hef miklar áhyggjur af því, hæstv. forseti. Ef við ætlum að sigla í gegnum þennan brimskafl á næstu tveimur árum er nauðsynlegt að við höfum Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands með okkur í þeirri sjóferð. Það er mikilvægt að allir standi saman og fyrir því höfum við framsóknarmenn talað í þinginu en því miður heyrði ég á forsvarsmönnum þessara samtaka að þeim var verulega brugðið við þessi viðbrögð ríkisstjórnarinnar og þessi vinnubrögð og þau eru að mínu mati með öllu óásættanleg. En ég vona svo sannarlega að við höfum hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi og það grói um heilt í samskiptum ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins því að það er sameiginlegt verkefni okkar allra að takast á við þetta. Ég und-

irstrika enn og aftur að vandræðagangur ríkisstjórnarinnar og stjórnar Seðlabankans er m.a. valdur að því sem við ræðum hér í kvöld, því miður. Þetta er svartur dagur í sögu Íslands.

[03:55]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það eru ansi stór orð að þetta sé svartur dagur í sögu Íslands. Hér ræðum við frumvarp til laga sem á að heimila gjaldeyrishömlur og viðhald þeirra. Það er hins vegar alveg ljóst að bæði umfang þessara gjaldeyrishamla og tímalengd þeirra er ekki klöppuð í stein. Það er alveg ljóst líka ef hv. þingmaður hefði haft fyrir því að lesa nefndarálit meiri hlutans að þar kemur skýrt fram að vonast er til að þessar hömlur þurfi hvorki að vera jafnvíðtækar að umfangi og lögin kveða á um né standa í jafnlangan tíma og heimildin kveður á um, heldur þvert á móti að unnt verði að draga úr hvoru tveggja eins fljótt og unnt er.

Allir sem lesið hafa skýrslu starfsliðs Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sjá að hinn stóri vandi sem íslenskt efnahagslíf stendur frammi fyrir núna er hættan á verulegu gengishruni krónunnar. Það er hugsunin að baki þessari aðgerðaáætlun, að draga úr hættunni á því til hagsbóta fyrir heimili og fyrirtæki í landinu. Það er gríðarlegt áhyggjuefni sem öll heimili og öll fyrirtæki standa frammi fyrir núna, sú stóra áhætta að þegar frjáls viðskipti með gjaldmiðla opnast verði hér verulegt verðfall á gjaldmiðlinum sem valdi verulegri hækkun á verðtryggðum skuldum heimilanna og gríðarlegu áfalli fyrir þau heimili og fyrirtæki sem eru með gengistryggð lán. Þessar ástæður valda því að við erum að reyna að setja hömlur á gjaldeyrisútflæði úr landinu, það er bakgrunnurinn.

[03:57]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Páli Árnasyni fyrir málefnalegt andsvar. Það var ekki bein spurning í því til mín en ég var ánægður með það sem hv. þingmaður sagði í málflutningi sínum, auðvitað vonum við öll að þetta ástand vari ekki lengi.

Ég vil spyrja hv. þingmann af því að hann sagði að hinn stóri vandi íslensks efnahagslífs væri staða krónunnar og gjaldmiðilsins — ég er einfaldlega ekki sammála honum í því — ég held að stærsti vandi íslensks efnahagslífs sé í raun og veru hversu lítil tiltrú er á stjórn Seðlabankans og ríkisstjórninni. Við þurfum ekki annað en að lesa alþjóðlegar fréttaskýringar um hvernig alþjóðasamfélagið lítur á það. Ég spyr því hv. þingmann hvort hann telji ekki að endurskipuleggja þurfi með einhverjum hætti stjórnkerfið þannig að íslenskt efnahagslíf og íslensk stjórnvöld njóti tiltrúar á alþjóðlegum vettvangi. Það er lykillinn að því að við getum unnið áfram að styrkingu krónunnar af því að ímynd íslenskra stjórnmála og peningamálastefnan er náttúrlega grunnurinn að því að við byggjum krónuna upp á ný.

[03:59]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel engra aðgerða þörf til að auka tiltrú á ríkisstjórn Íslands, hún fékk 42 atkvæði í þinginu í traustsyfirlýsingu síðastliðinn mánudag vegna misráðins gönuhlaups hv. þingmanns og félaga hans í Framsóknarflokknum (**BJJ:** Óverðskuldað.) í óhugsaðri vantrauststillögu.

Það sem mér finnst standa upp úr þegar maður horfir á þetta mál er að Framsóknarflokkurinn, sem barði sér mjög á brjóst fyrir að taka þátt í að styðja við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, skorast nú úr leik. Hann ætlar ekki að taka þátt í þeim aðgerðum sem eru nauðsynlegar. Með öðrum orðum, Framsóknarflokkurinn er að bila, hann bilar undir álagi. (**Gripið fram í:** Nei.) Hann er finn þegar vindurinn er í bakið en (Gripið fram í.) þegar á móti blæs er Framsóknarflokkurinn ekki með. (Gripið fram í.) Ég hélt ekki að ég ætti eftir að segja þetta úr þessum ræðustól, virðulegi forseti, en maður veltir því fyrir sér hvort komin sé einhver ný tegund af ábyrgðarleysi í Framsóknarflokkinn núna eftir að skipt var um forustu. Ég hélt ekki að ég ætti eftir að segja það að maður væri farinn að sakna ábyrgrar forustu Guðna Ágústssonar. Það ber þá nýrra við.

Virðulegi forseti. Framsóknarmenn segja hér og hv. þm. Birkir Jón Jónsson að ekki hafi verið komið til móts við fulltrúa framsóknarmanna í nefndinni. Hv. þingmaður vissi að það lá mikið á að afgreiða þetta mál í nótt og það yrði að afgreiða það fyrir opnun markaða í morgun. Hann kom klukkan tíu mínútur fyrir tvö í nótt með lista upp á 17 gesti sem hann taldi algjörlega nauðsynlegt að yrðu kallaðir fyrir nefndina í nótt. (Gripið fram í.) Þá spyr maður sig: Var virkilega einhver vilji til að vinna að afgreiðslu málsins? Svar mitt er skýrt: Nei, Framsóknarflokkurinn (Forseti hringir.) bilaði þegar kom að afgreiðslu þessa máls.

[04:01]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ekki var þetta andsvar eins gott og það fyrra, en látum það vera. Þegar hv. þingmaður heldur því fram að Framsóknarflokkurinn hafi ekki þorað að taka óvinsælar ákvarðanir í aðdraganda þessa efnahagshruns fer hann einfaldlega með rangt mál. Framsóknarflokkurinn stóð að því að setja neyðarlögin með ríkisstjórninni. Var einhver rosalegur meðbyr með þeirri ákvörðun? Nei. Þvert á móti sögðum við hér í umræðunni að við værum fús til samstarfs og nú væri brýnt að allir stæðu saman, hvort sem það væru stjórnmálaflokkar hér á Alþingi eða aðilar vinnumarkaðarins.

Ríkisstjórnin hefur einfaldlega fallið á því prófi, bæði gagnvart stjórnarandstöðunni og síðast en ekki síst gagnvart öllu atvinnulífinu í landinu og verkalýðshreyfingunni. Maður hlýtur að spyrja sig hvað sé í gangi þegar flokkur eins og Samfylkingin, sem á sterkar rætur í verkalýðshreyfingunni, hunsar grasrótina í flokknum með þeim hætti. Auðvitað eru ekki allir samfylkingarmenn sem eru innan vébanda Alþýðusambands Íslands en ég ætla bara að minna á það að forustumenn Alþýðusambandsins eru áhrifamenn í Samfylkingunni, en það virðist sem forusta Samfylkingarinnar, þingmenn og ráðherrar, sé ekki í neinum tengslum við þann raunveruleika hvað er að gerast innan vébanda Alþýðusambands Íslands. Það var raunalegt að horfa upp á það í dag hvernig ríkisstjórnin hefur komið fram við aðila vinnu-

markaðarins á þeim tímum sem við þurfum svo sannarlega að standa saman.

Ég er alveg viss um að aðilar tengdir Samfylkingunni innan Alþýðusambands Íslands hljóta að hugsa sig um hvernig þessi flokkur hagar sér í mjög (**VS:** Gríðarleg vonbrigði.) erfiðum málum og þetta hlýtur að endurspeglast í orðunum „gríðarleg vonbrigði“ eins og hv. formaður Framsóknarflokksins, Valgerður Sverrisdóttir, sagði rétt í þessu.

[04:03]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson kom víða við í ræðu sinni en af og til rötuðust honum sönn orð á munn. Sérstaklega hjó ég eftir því þegar hann lýsti því frumvarpi sem hér er til umræðu sem neyðarráðstöfun í erfiðri stöðu. Ég get eindregið tekið undir það sem hann sagði í þeim efnum, hér er auðvitað um að ræða neyðarráðstöfun í erfiðri stöðu.

Ég kem fyrst og fremst í andsvar vegna þess að hv. þingmaður vék örfáum orðum að mér og fleiri flokksfélögum mínum í Sjálfstæðisflokknum vegna þeirra hafta sem felast í þessu frumvarpi. (Gripið fram í.) Ég veit að hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur góðan skilning á því að það eru ekkert auðveld skref, eða skemmtileg, fyrir okkur marga sem höfum barist fyrir og berjumst fyrir frjálsum viðskiptum sem meginreglu í samfélaginu að taka þátt í að afgreiða mál af þessu tagi. (Gripið fram í.) Það er ekkert skemmtiefni. En eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson benti á er um að ræða neyðarráðstöfun í erfiðri stöðu, við erum við fullkomlega afbrigðilegar aðstæður og höfum verið frá því í haust. Þær aðstæður knýja okkur til þess að (Gripið fram í.) fara fram hér með ýmis mál sem við hefðum ekki ímyndað okkur fyrir örfáum mánuðum að við kæmum nálægt. Svona er staðan. Við öxlum þessa ábyrgð, við tökum ábyrgð á þessu, við tökum þátt í að afgreiða þau mál sem við teljum nauðsynleg í þeirri neyðarstöðu sem við erum í.

Ég hafði lengi vel væntingar um að Framsóknarflokkurinn hefði ábyrgðartilfinningu til að gera það líka, en óvæntur umsnúningur framsóknarmanna hér í kvöld gefur ekki tilefni til þess að það megi treysta á þá í framtíðinni í þeim (Forseti hringir.) efnum.

[04:05]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég kann vel að meta þá hreinskilni sem hér kom fram. Að sjálfsögðu hljóta það að vera mjög þung skref fyrir hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson og Birgi Ármannsson (Gripið fram í.) að samþykkja þetta mál.

Af því að hv. þingmaður vék að Framsóknarflokknum og meintu ábyrgðarleysi hans hér í þessari umræðu er það einfaldlega þannig að Framsóknarflokkurinn hefur ekki fengið neina aðkomu að ákvarðanatöku í þessu máli (**Gripið fram í:** Og heldur ekki …) og heldur ekki aðilar vinnumarkaðarins. Þeir sem axla ábyrgð á þessu máli eru að sjálfsögðu stjórnarliðar, aðalleikendurnir í þessu máli eru ráðherrar í ríkisstjórn Íslands. Það er alveg ljóst að þeim hefur mistekist hrapallega á undangengnum vikum, ég held að allir séu sammála um það. Annar stórleikandi er starfandi seðlabankastjóri Davíð Oddsson. Ef þingmenn Sjálfstæðisflokksins ætlast til þess að Framsóknarflokkurinn axli ábyrgð á gjörðum þessara einstaklinga á síðustu vikum er það mikill misskilningur. Við studdum neyðarlögin á sínum tíma með góðum vilja, lögðum áherslu á að við mundum standa saman í framhaldinu, en ekki hefur verið viðhaft mikið samstarf við okkur á þeim vettvangi og við höfum ekki fengið mikinn aðgang að ákvarðanatöku, ekki frekar en fulltrúar Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands eins og merki sáust um í umræðu á nefndarfundi í kvöld.

Hæstv. forseti. Ég sagði hér áðan að það væri trúlega mjög erfitt fyrir viðkomandi þingmann að taka þessa ákvörðun og ég kann að meta það sem hann sagði hér áðan um að það væru erfiðir tímar. En að ætlast til þess að Framsóknarflokkurinn axli ábyrgð á því sem seðlabankastjórar og ráðherrar í ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks eru að gera, þar er farið fram á fullmikið.

[04:07]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Já, það er sennilega til of mikils mælst að Framsóknarflokkurinn axli ábyrgð í þessu, það verður að hafa það þannig. Ríkisstjórnarflokkarnir taka ábyrgð á þessu máli og víkja sér með engum hætti undan því. Um er að ræða erfiðar aðgerðir sem vonandi eiga eftir að verða skammvinnar. Það kemur skýrt fram í þeirri yfirlýsingu sem liggur til grundvallar fjárhagslegri aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að um verði að ræða tímabundin höft á gjaldeyrismarkaði, tímabundin höft á fjármagnsfærslum og það er lykilatriði í þessu sambandi. Hér er ekki verið að koma á varanlegu fyrirkomulagi, heldur er um að ræða tímabundnar aðgerðir til að bregðast við því óvenjulega neyðarástandi sem við eigum við að stríða þessa dagana.

Ég hafði ímyndað mér að Framsóknarflokkurinn hefði skilning á því og hefði haldið að Framsóknarflokkurinn, eins og hann sýndi ábyrgð þegar við samþykktum neyðarlögin, hefði til að bera þá ábyrgðartilfinningu að taka þátt í því að afgreiða þetta mál. Það hefur komið skýrt fram í umræðum hvernig á því stendur að þetta mál ber brátt að hér í þinginu og hvers vegna nauðsyn ber til að afgreiða það hratt. Skýringar hafa komið á því og ég hef ekki heyrt sjónarmið sem vega á móti þeim rökum sem þar búa að baki. Ég hef heldur ekki heyrt af hálfu hv. þingmanns rök gegn þeim efnisatriðum sem felast í frumvarpinu. Þarna eru ákveðnar ráðstafanir sem eru til þess að bregðast við neyðaraðstæðum og ég hef ekki heyrt rök frá hv. þingmanni sem vega gegn þeim rökum sem knýja okkur til þess að samþykkja breytingar af þessu tagi, sem vissulega eru óskemmtilegar. Það er óskemmtilegt að þurfa að taka þátt í þessu en aðstæðurnar (Forseti hringir.) neyða okkur til þess.

[04:09]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þegar hv. þingmaður innir Framsóknarflokkinn eftir afstöðu hans til þess frumvarps sem hér liggur fyrir vil ég minna hv. þingmann á að málið er vanreifað. Við höfum ekki haft aðkomu að samningaborði gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Við vitum ekki hvað fór fram á þeim fundum. Það vita hins vegar væntanlega stjórnarliðar hér í þingsal.

Að ætlast til þess að Framsóknarflokkurinn axli ábyrgð

á gjörðum stjórnarliða í þessu máli er einfaldlega að fara fram á fullmikið. Það væri í raun og veru ábyrgðarleysi að samþykkja þetta frumvarp og treysta gjörðum ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans í ljósi þess hvernig haldið hefur verið á málum á síðustu vikum.

Því hafna ég því algjörlega að Framsóknarflokkurinn sýni eitthvert ábyrgðarleysi í þessari umræðu eða Frjálslyndi flokkurinn eða Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Við höfum einfaldlega ekki fengið aðkomu að þessu máli, við höfum ekki fengið að ræða til að mynda eins og í síðustu viku við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Við báðum fulltrúa í meiri hlutanum um að fá að heyra sjónarmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins milliliðalaust, það hefði strax auðveldað einhverja ákvarðanatöku, en við fengum synjun um það. Það eru mjög málefnaleg rök fyrir því hjá stjórnarandstöðunni að sitja hjá í þessari umræðu og við megum þó eiga það að við höfum ekki staðið í vegi fyrir því að þetta mál yrði afgreitt hér. (Gripið fram í.) Hér er um neyðarúrræði að ræða en ég legg áherslu á að vandamálið er að verulegu leyti heimatilbúið vegna frammistöðu ríkisstjórnar og Seðlabanka á síðustu vikum. Við verðum því miður að stíga þetta afdrifaríka skref og ég vona svo sannarlega að þær heimildir sem verið er að veita Seðlabankanum í þessu frumvarpi verði lítið sem ekkert notaðar.

[04:11]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Til að stytta mál mitt vil ég byrja á að taka undir þau sjónarmið og rök sem komu fram hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, (Gripið fram í.) sem gerði grein fyrir því helsta sem stjórnarandstaðan hefur mátt þola í sambandi við þessa merkilegu lagasmíð.

Að öðru leyti vil ég minna þingmenn á að í upphafi stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir að þeir flokkar sem mynda hana, Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn, hafi komið sér saman um að mynda — hvað hét það aftur — (**Gripið fram í:** Frjálslynda umbótastjórn.) frjálslynda umbótastjórn. Hvað felst í hugtakinu „frjálslynd umbótastjórn“? (**Gripið fram í:** Það væri gaman að vita það.) Maður skyldi ætla að með slíku hugtaki og slíkri merkingu væri miðað við að létta ætti af höftum, auðvelda viðskipti og samskipti milli manna, einstaklinga og þjóða, en hér er eitthvað annað upp á teningnum. Lagt er fram frumvarp um víðtækustu gjaldeyrishöft síðan 1962. (Gripið fram í.) Það á meira og minna að takmarka gjaldeyrisstreymi, maður er nánast kominn aftur til þess tíma þegar hér var starfandi innflutningsskrifstofa á Skólavörðustígnum — já, ég man eftir henni vegna þess að afi minn var forstjóri — og framkvæmdaráð. Þá voru tveir menn sem byggðu hús á Grenimel 8 ákærðir fyrir að hafa notað afgangssement eftir að byggingunni lauk til að byggja garð í kringum húsið sitt og máttu sæta lögsókn vegna þess að þeir áttu að skila sementinu til framkvæmdaráðs. Verður næsta skrefið í haftastefnu þessarar frjálslyndu umbótastjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar að auka enn á höftin?

Hinn ágæti gestur Vilhjálmur Egilsson, sem lengi gegndi störfum sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og var einn helsti frammámaður Sjálfstæðisflokksins, benti á að svo víðtæk höft kölluðu á endanum á meiri höft. Þar greinir á milli okkar sem erum raunverulega frjálslynd og hinna sem hafa þau orð stundum á vörum en meina ekkert með því eða skilja ekki hugtakið. (Gripið fram í.) Ég átta mig á því að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson skilur ekki alveg hugtakið eða hvað í því felst, enda væri hann ekki í þeim stjórnmálaflokki sem hann er í ef hann skildi það, en það er annað mál.

Hvert á að stefna? Ég minntist á sementið í garðinum á Grenimelnum og innflutningsskrifstofuna. Það vill nú þannig til að nefndur Vilhjálmur Egilsson talaði um að höft sem þessi leiddu af sér víðtæka spillingu og á fundi viðskiptanefndar rakti hann með mjög glöggum hætti í hverju hún mundi felast, hvernig menn mundu hækka innflutningsverð, lækka útflutningsverð og búa til ákveðinn gengismun sem þeir gætu síðan tekið til sín. Þetta var sú reynsla sem menn höfðu og framsýnir leiðtogar Sjálfstæðisflokksins, menn eins og Bjarni Benediktsson, Ólafur Thors, Gunnar Thoroddsen og Jóhann Hafstein, hinir raunverulega frjálslyndu menn í Sjálfstæðisflokknum, stóðu fyrir að afnema með dyggum stuðningi Alþýðuflokksins, manna eins og Gylfa Þ. Gíslasonar. Það var nú í þá tíð.

Á þeim tíma höfðum við innflutningsskrifstofu. Fyrstu kynni mín af Alþingi voru þau að ég var sendill hjá eina fyrirtækinu sem gat og átti möguleika á að flytja inn bifreiðar til landsins og á þeim tíma voru þrír staðir fastir í lífi sendilsins. Að fara niður í Alþingi til að ná í ákveðna pappíra hjá þingmönnum sem voru í fyrirgreiðslustarfsemi fyrir kjósendur sína, fara síðan í tollinn og síðan á innflutningsskrifstofuna til að fá pappírana stimplaða.

Þegar ég sat í viðskiptanefndinni í kvöld og skoðaði þau víðtæku ákvæði varðandi gjaldeyrishömlur sem hér eru lögð til af hálfu ríkisstjórnarinnar fannst mér ég allt í einu kominn í sama umhverfið og þegar ágætur framsóknarþingmaður úr Austur-Barðastrandarsýslu — sem hafði komist inn þannig að einu atkvæði munaði, enda var þá persónukjör og virkilega gaman að fylgjast með pólitík — var mjög duglegur við að útvega kjósendum sínum gasbifreiðar, sem menn þekkja sem rússajeppa. Margir aðrir voru mjög liðtækir og út af fyrir sig ekkert athugavert við það, þingmenn eiga að vera það. Þetta var umhverfið sem var á meðan gjaldeyrishömlurnar voru.

Við í Frjálslynda flokknum höfum viljað greiða fyrir þeim málum sem ríkisstjórnin hefur komið fram með til að greiða úr vandamálunum sem til eru komin vegna hruns bankanna og gjaldeyriskreppunnar. Við skoðuðum frumvarpið með jákvæðum hætti og vildum greiða fyrir því eins og mögulegt var. Við frekari skoðun á málinu kom í ljós að ekki er allt sem sýnist.

Í fyrsta lagi liggur fyrir að málið er ótrúlega illa undirbúið, svo illa undirbúið að þegar fulltrúar einstakra stofnana ríkisins mæta á fund viðskiptanefndar hafa þeir hver sína skoðun á því hvað og hvernig skuli fara með og koma með mismunandi tillögur til breytinga á frumvarpinu. Þá hefði ég haldið að þegar um væri að ræða svo mikilvægt og gríðarlegt inngrip í frjálsa starfsemi markaðsþjóðfélags væri búið að tala við helstu aðila og að þeir væru alla vega með í ráðum, þau öfl sem skipta hvað mestu máli til að vinnufriður haldist í landinu og sæmileg eining um að komast út úr vandanum. Þannig hefði maður ætlað að rætt hefði

verið við forustumenn Samtaka atvinnulífsins og forustumenn verkalýðshreyfingarinnar, Alþýðusambands Íslands.

Hvað kemur í ljós? Nei, ekki var búið að því, og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir um frumvarpið að afleiðingar þess geti orðið að peningar og eignir afskrifist í raðgjaldþrotum. Hann talar um að fyrirtækin komi til með að eiga erfitt með að fá lán og þá m.a.s. fyrirtæki eins og Orkuveitan, Landsvirkjun og Hitaveita Suðurnesja. Forseti ASÍ segir að þessi aðferðafræði bjóði upp á spillingu og að með því að fara þessa leið stöndum við frammi fyrir öðru fjármálahruni, annarri fjármálakreppu og að eigið fé bankanna hverfi í höndum þeirra og búið verði að loka öllum lánamörkuðum út á við.

Vilhjálmur Egilsson fór fram á það á fundi viðskiptanefndar að frumvarpið væri einfaldlega dregið til baka hið snarasta og talaði um að með ólíkindum væri að koma með þessi mál inn og halda að hægt væri að hækka gengið með þessum hætti. Ég tel Vilhjálm Egilsson vera einn merkasta hagfræðing þjóðarinnar og hann hefur mjög víðtæka stjórnmálareynslu. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að taka tillit til einhvers eins og hans sem maður treystir að fari með mál og hafi verulega mikla þekkingu á því sem um er fjallað. Maður hefði haldið að hitt hjólið undir tvíeykinu, Sjálfstæðisflokkurinn, hefði nú tekið eitthvert mark á því sem þessi fyrrverandi forustumaður í Sjálfstæðisflokknum hefði fram að færa og lagt það til einhvers grundvallar í þessum málum og með hvaða hætti eigi að stýra þjóðfélaginu út úr kreppunni.

Hv. formaður viðskiptanefndar, Ágúst Ólafur Ágústsson, í annars ágætri framsögu fyrir vondu máli, gerði mjög litla grein fyrir því hvað þeir gestir, sem fundu frumvarpinu meira og minna allt til foráttu, höfðu fram að færa. Ég hef þegar nefnt ummæli aðila vinnumarkaðarins, þ.e. forseta ASÍ og framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins en einnig komu hagfræðingar frá bönkunum, Edda Rós Karlsdóttir, Ásgeir Jónsson og Ingólfur Bender, sem voru öll sammála um að stefnt væri í hið mesta óráð, hið versta mál, og komu að því með ýmsum hætti hvernig þeim fyndist þetta vera og töldu að æskilegast væri að fara aðra leið.

Ásgeir Jónsson orðaði það þannig að sennilega væri besta leiðin og sú einfaldasta til þess að við gætum sem fyrst og auðveldast unnið okkur út úr vandanum að auka frelsið frekar en að auka höftin. Þá hefði maður haldið að ríkisstjórn sem kallar sig frjálslynda umbótastjórn mundi frekar leita slíkra úrræða en að fara í hálfrar aldar gömul gjaldeyrishöft þar sem meginuppleggið í lagafrumvarpinu fjallar um hvaða refsingar skuli liggja við því að brjóta gegn ákveðnum ákvæðum. Refsiákvæði og sektarákvæði eru þyngd. Af hverju? Jú, vegna þungamiðju þess sem um ræðir og kemur fram í frumvarpinu í ákvæðum til bráðabirgða, hin víðtæku gjaldeyrishöft.

Vilhjálmur Egilsson benti sérstaklega á að ef grípa ætti til slíkra hafta bæri að hafa þau eins lítil og mögulegt væri og taka eingöngu til þeirra þátta þar sem menn teldu vera verulega hættu á og nefndi ákveðin atriði í því sambandi. Hann taldi hins vegar að á önnur atriði sem væru í ákvæðum til bráðabirgða væri gjörsamlega fráleitt að setja höft. Í umræðunni í viðskiptanefnd kom ekki til greina að fella eitt eða neitt niður eða takmarka með einum eða neinum hætti þá víðtæku haftastefnu sem hin frjálslynda umbótastjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar leggur til.

Þannig segir í 6. tölulið ákvæðis til bráðabirgða að óheimilt sé að hafa gjaldeyrisstreymi varðandi gjafir og styrki og aðrar hreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–15. tölulið. Ekki er einu sinni hægt að vera með millifærslur í gjaldeyri hvað varðar gjafir eða styrki og er þá ansi langt seilst til fanga.

Ljóst er að ef frumvarpið verður að lögum, er ljóst að við förum gjörsamlega á svig við skuldbindingar okkar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, það liggur alveg fyrir. Miðað við upplýsingar sem liggja fyrir úr viðskiptanefndinni hafa engar tilslakanir verið gerðar og bandalagsþjóðum okkar ekki verið kynnt hvað eða hvernig eða hvort einhvers konar samkomulag geti legið fyrir eða vilji til að heimila þetta víðtæka inngrip í það almenna frelsi sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið byggir á m.a. varðandi frjálsa fjármagnsflutninga. Fulltrúar Samfylkingarinnar töluðu um fyrir síðustu kosningar að fjórfrelsið væri eitthvað heilagt, eilíft og óumbreytanlegt þannig að engu mætti raska. Þegar við frjálslynd töluðum um að íslenskur atvinnumarkaður væri í þvílíku uppnámi að nauðsynlegt væri að takmarka innstreymi erlends verkafólks ærðust sumir þingmenn Samfylkingarinnar og töldu að þetta væri hin versta atlaga að fjórfrelsinu og gjörsamlega útilokað að nokkur afsláttur fengist á þessari grein frekar en öðrum sem vörðuðu hið heilaga fjórfrelsi.

Eru einhverjar meiri líkur til þess að einhver afsláttur fáist á frjálsum fjármagnsflutningum þar sem við höfum ekki einu sinni eina bókun varðandi EES-samninginn sem við höfum þó varðandi frjálsan flutning á vinnuafli?

Nei, virðulegi forseti, það er nú einu sinni þannig að þetta er mjög sérstakt svo ekki sé fastar að orði kveðið. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður viðskiptanefndar, segir að frumvarpið sé lagt fram til að hjálpa blessaðri krónunni að komast aftur á fæturna. Af hverju þarf að hjálpa blessaðri krónunni til þess? Einfaldlega vegna þeirrar helstefnu sem Seðlabankinn og ríkisstjórnin hafa rekið og sérstaklega þá Seðlabankinn með að keyra upp stýrivexti og við glímum hér við uppsafnað vandamál vegna þess að Seðlabankinn hefur ekki verið tilbúinn til að horfa á heildarmyndina varðandi efnahagsstjórn þjóðfélagsins, heldur haldið uppi stýrivöxtum og knúið á um gríðarlega þenslu, neytt fyrirtæki til að taka lán í erlendri mynt og stuðlað með því að þeim gjaldeyrisskorti sem var frumorsök þess að viðskiptabankarnir féllu og við stöndum nú í verstu efnahagshremmingum sem við höfum upplifað, sennilega frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Hin frjálslynda umbótastjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks ætlar sér nú og hefur knúið á um þetta haftafrumvarp og keyrt það í gegnum viðskiptanefnd í andstöðu við minni hluta nefndarinnar til að reisa sér óbrotgjarnan bautastein um með hvaða hætti (Forseti hringir.) stjórnarfleyinu var að lokum siglt endanlega í strand.

[04:32]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Hér er komið aftur á dagskrá mál sem er í rauninni framhald á neyðaraðgerðum sem ríkisstjórnin

hefur ráðist í að undanförnu. Fyrst voru það neyðarlögin sem við framsóknarmenn ákváðum að samþykkja en því skal haldið til haga að við settum vissulega fyrirvara þar á. Það er því ekki alveg alls kostar rétt sem kom fram áðan í máli hv. þm. Árna Páls Árnasonar að við framsóknarmenn værum að berja okkur á brjóst. Það vill einfaldlega svo til með þau frumvörp sem við höfum samþykkt að einhvern veginn hefur allt farið á versta veg. Það virðist einhvern veginn alltaf gerast.

Þá velti ég fyrir mér hvort stjórnvöld stígi nú réttu skrefin. Ef ég horfi yfir söguna og skoða það sem stjórnarliðar hafa að segja kemur í ljós að þeir hafa enga sérstaka trú á því sjálfir. Ég hef það sterklega á tilfinningunni að stjórnarliðar hafi enga sérstaka trú á því að aðgerð sú sem nú er ráðist í muni takast, þ.e. að koma einhverri mynd á krónuna, vegna þess að þeir keppast við að segja að hún sé handónýt.

Hver á þá að trúa því að hér hlaupi ekki allir úr landi um leið og hún verður sett á flot?

Málið snýst um að vekja tiltrú erlendra aðila á því sem hér er verið að gera. Þá spyr maður sig: Hefði ekki verið sniðugt í ljósi aðstæðna að hafa aðila vinnumarkaðarins með? Er það ekki einmitt til þess fallið að skapa tiltrú, að ræða við Samtök atvinnulífsins, Alþýðusambandið, og hafa þau með í þessari vegferð og fleiri góða hagfræðinga? Frumvarpið og lögin komu þeim algjörlega í opna skjöldu og þau settu mikla fyrirvara við málið.

Fullyrt hefur verið í umræðunni að þetta séu skilyrði frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Ég tel að það sé eitthvað til í því en vil samt taka fram að efasemdir komu fram um varðandi málið. Það gæti einfaldlega verið þannig að menn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum settu reglur og færðu okkur 50 ár aftur í tímann með því að koma aftur á gamla haftafyrirkomulaginu sem maður heyrir því miður ekkert annað en hryllingssögur um.

Fljótlega kom í ljós þegar við fórum yfir málið í viðskiptanefnd að viðskiptaráðuneytið og Seðlabankinn, þeir sem eiga að framfylgja láninu, gengu ekki í takt. Það var t.d. ágreiningur um hvort Seðlabankinn þyrfti að bera málið undir viðskiptaráðherra til samþykktar. Lagt var fram minnisblað þar sem það var gagnrýnt og þess óskað að því væri breytt. Það má líka velta vöngum yfir því að svona mikið reglugerðarvald sé sett í hendurnar á Seðlabankanum, að honum sé í raun veitt svo mikið vald eins hér er gert. Hverjir hafa lýst því yfir að þeir beri enga ábyrgð á gjörðum Seðlabankans? Það er annar stjórnarflokkanna, Samfylkingin, sem bókaði það í ríkisstjórn og lak því svo út til fjölmiðla að hún tæki enga ábyrgð á gjörðum hans.

Þegar ég sá frumvarpið fyrst skal ég viðurkenna að svo virtist sem setja ætti krónuna á flot. Hér ætti að veita út erlendu fjármagni en reyndar kom á daginn að það átti að vera mjög temprað. Það ætti að gera þetta í litlum skrefum en enginn gat samt útskýrt hvernig ætti að gera það. Það var bara ákveðið að hafa þetta eins vítt og opið og hægt væri þannig að hægt væri að tempra hér nánast allt, setja höft á nánast alla meðferð á gjaldeyri en ekki að setja krónuna á flot og ljúka málinu.

Fram kom í máli frá Samtökum aðila vinnumarkaðarins að þeir sem talað hefðu hvað mest gegn því sem er verið að gera væru ráðherrarnir sjálfir, það væru ef til vill þeir sem hefðu eyðilagt trúverðugleika íslensks efnahagslífs. Þeir veltu líka fyrir sér hvort það gæti á einhvern hátt treyst hugmyndir útlendinga um hvað verið er að gera, að mismuna þeim þá enn frekar en gert hefur verið. Má kannski segja að útlendingum sé enn á ný gefið langt nef.

Þegar við setjum svona ströng skilyrði til þess að koma í veg fyrir að fjármagn flæði út kemur enginn með fjármagn inn í landið sem ég vonaðist annars til að mundi gerast. Það mun kannski hafa í för með sér að lífeyrissjóðir muni ekki sjá ástæðu til að koma heim með eignir sínar.

Vandamálið er kannski líka fólgið í því að Seðlabankinn, atvinnulífið og ríkisstjórnin hafa enga tiltrú á því sem verið er að gera. Þau hafa enga tiltrú á aðgerðum hvers annars. Því var velt upp hvort Seðlabankinn hefði komið að samningum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða hvort það væru einfaldlega þeir einir sem hefðu samið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Fram kom að þeir samningar hefðu mátt vera kannski aðeins betri en reyndin varð á. Í rauninni vill enginn taka ábyrgð á „prógrammi“ IMF. Það sem gerist er að þessir 550 milljarðar, sem við þurfum á einhvern hátt að losa út úr landinu, munu bíða áfram í allt að tvö ár samkvæmt frumvarpinu á 20% vöxtum. Það verður því miklu dýrara að koma honum út ef við gerum það ekki strax. Þá er spurning: Er ekki betur heima setið en af stað farið með þetta frumvarp? Hvernig verður þá staðan á fjármálamarkaði? Verður eigið fé bankanna uppurið á tímabilinu? Upp komu vangaveltur um hvort við gætum átt von á fjármálakreppu í lok þessa tveggja ára tímabils.

Ég held að hægt hefði verið að fara mun mildara í þetta mál en hér var gert. Hér allt undir og kannski var það þannig að þegar menn fóru af stað og settu ein höft sáu þeir aðra glufu og vildu setja í hana og svo þá þriðju o.s.frv. Svo virðist sem kítta eigi í allar glufur þannig að við sjáum fram á sama haftafyrirkomulag og við höfðum fyrir hálfri öld.

Í frumvarpinu sjálfu kemur fram að frumvarpshöfundar telja sjálfir og viðurkenna að hér sé um að ræða brot á alþjóðlegum skuldbindingum. Í fyrsta lagi sé um að ræða brot á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EES-samningnum. Í öðru lagi fari það gegn samþykktum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, og í þriðja lagi muni það brjóta í bága við skuldbindingar Íslands til að afnema höft á vöruviðskipti. Fram kemur að þegar frumvarpið er orðið að lögum eigi að tilkynna til annarra aðildarríkja hvað hér hefur verið gert. Hver ætli viðbrögðin verði? Ég held að menn séu afar bjartsýnir ef þeir trúa því að Evrópusambandsríkin muni taka þessu opnum örmum. Ég er afar svartsýnn á að það verði. Hvað gerist þá í kjölfarið? Það verður væntanlega kært, dómstólaleiðin farin. Erum við þá ekki um leið búin að koma í veg fyrir það sem við ætluðum að gera, að auka tiltrúna? Verður þá engin tiltrú á okkur að loknu þessu tveggja ára tímabili? Verður allt traust á íslensku efnahagslífi algjörlega fyrir bí?

Síðan er hér ákvæði í 1. gr. a, 3. mgr., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 75 millj. kr.“

Er það nóg? Hér getur verið um viðskipti að ræða sem

nema milljörðum króna og þá er nú lítill fórnarkostnaður í að taka einfaldlega á sig þessa 75 millj. kr. sekt. Ég velti fyrir mér: Af hverju var ekki gerð bragarbót á ef stjórnarliðar telja að hér sé um svona mikilsverða aðgerð að ræða?

Það sem eftir stendur er að hér er um að ræða mjög dýra leið til þess að koma krónunni í gang, aðgerð sem fáir hafa trú á að muni heppnast, sem mjög margir setja stórt spurningarmerki við. Þetta er mál sem var unnið í andstöðu og ósætti við aðila vinnumarkaðarins. Kannski er það einfaldlega svo, eins og þeir orðuðu á fundi viðskiptanefndar áðan, að best hefði verið að málið hefði aldrei ratað út úr þingflokkum stjórnarliðanna.

Við framsóknarmenn munum því sitja hjá við afgreiðslu þessa máls og lýsum ábyrgð þess algjörlega á hendur ríkisstjórninni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [04:50]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, SKK, StB, ÞKG.

9 þm. (BJJ, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (AtlG, ÁI, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, EMS, EyH, GSB, HSH, ISG, KJak, KHG, KLM, MS, RR, RGuðb, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [04:49]

Jón Magnússon:

Virðulegi forseti. Ekki var haft eðlilegt samráð við stjórnarandstöðuna varðandi þetta frumvarp og ljóst er að það skortir á að nægjanleg samstaða sé um með hvaða hætti var unnið að undirbúningi. Það er ljóst að frumvarpið er afgreitt án eðlilegs samráðs við aðila vinnumarkaðarins og í fullri andstöðu við þá.

Við frjálslynd höfum talað fyrir öðrum leiðum í sambandi við gengismál sem væri mjög mikilvægt til þess að leiða þjóðina hratt út úr þeirri kreppu sem við erum í. Þetta frumvarp er lagt fram án samstöðu við stjórnarandstöðuna og keyrt í gegn af miklu offorsi. Við viljum ekki standa í vegi fyrir því sem gæti orðið til heilla fyrir þessa þjóð en höfum þó miklar efasemdir um þá leið sem verið er að fara. Þar sem ekki hefur verið um að ræða eðlilegan viðbúnað eða samráð og miðað við umbúnað málsins treystum við okkur ekki til að greiða atkvæði með þessu frumvarpi og munum sitja hjá.

2.–5. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, SKK, StB, ÞKG.

9 þm. (BJJ, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (AtlG, ÁI, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, EMS, EyH, GSB, HSH, ISG, KJak, KHG, KLM, MS, RR, RGuðb, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 236 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, SKK, StB, ÞKG.

9 þm. (BJJ, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (AtlG, ÁI, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, EMS, EyH, GSB, HSH, ISG, KJak, KHG, KLM, MS, RR, RGuðb, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, SKK, StB, ÞKG.

9 þm. (BJJ, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (AtlG, ÁI, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, EMS, EyH, GSB, HSH, ISG, KJak, KHG, KLM, MS, RR, RGuðb, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 04:51.

---

40. FUNDUR

fimmtudaginn 27. nóvember,
að loknum 39. fundi.

Dagskrá:

Gjaldeyrismál, stjfrv., 189. mál, þskj. 237. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [04:52]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Gjaldeyrismál, 3. umr.

Stjfrv., 189. mál (takmörkun gjaldeyrisviðskipta). — Þskj. 237.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [04:53]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, SKK, StB, ÞKG.

9 þm. (BJJ, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (AtlG, ÁI, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, EMS, EyH, GSB, HSH, ISG, KJak, KHG, KLM, MS, RR, RGuðb, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 238).

Fundi slitið kl. 04:53.

41. FUNDUR

miðvikudaginn 3. desember,
kl. 6 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.
Þórunn Sveinbjarnardóttir umhvrh., 8. þm. Suðvest.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[18:01]

Útbýting:
Aðstoðarmenn ráðherra og tímabundnar ráðningar, 134. mál, svar forsrh., þskj. 247.
Dýravernd, 186. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 229.
Gjaldeyrismál, 189. mál, þskj. 237.
Innlend fóðurframleiðsla, 195. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 242.
Loftferðir, 196. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 243.
Náttúruverndaráætlun 2009–2013, 192. mál, stjtill. umhvrh., þskj. 239.
Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, 94. mál, nál. samgn., þskj. 245.
Skylda lánastofnana í meirihlutaeigu ríkisins til að leita tilboða í innleyst fyrirtæki, 194. mál, þáltill. GMJ o.fl., þskj. 241.
Tollalög, 193. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 240.
Uppbygging og rekstur fráveitna, 187. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 230.
Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu, 197. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 244.
Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og virðisaukaskattur, 175. mál, nál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 246.

Fundi slitið kl. 18:03.

---

42. FUNDUR

fimmtudaginn 4. desember,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Tollalög, stjfrv., 193. mál, þskj. 240. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Tekjustofnar sveitarfélaga og gatnagerðargjald, stjfrv., 185. mál, þskj. 228. — 1. umr.
4. Loftferðir, stjfrv., 196. mál, þskj. 243. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Húsnæðismál, stjfrv., 137. mál, þskj. 150, nál. 218. — 2. umr.
6. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og virðisaukaskattur, stjfrv., 175. mál, þskj. 212, nál. 246. — 2. umr.
7. Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, stjfrv., 94. mál, þskj. 101, nál. 245. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Jón Bjarnason, 4. þm. Norðvest.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.
Siv Friðleifsdóttir, 10. þm. Suðvest.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 1. þm. Suðvest.
Þórunn Sveinbjarnardóttir umhvrh., 8. þm. Suðvest.

Um fundarstjórn.
Viðvera ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnatíma.

[10:35]

Ögmundur Jónasson (Vg):
Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í dagskrá fyrir þennan dag þá hefst hún á óundirbúnum fyrirspurnum þar sem tilteknir ráðherrar eiga að sitja fyrir svörum í þinginu og þingmönnum er gerð grein fyrir hverjir það verði. Nú gerist það að með stuttum fyrirvara er okkur tilkynnt að hæstv. menntamálaráðherra, sem áður hafði verið sögð vera í þinginu í upphafi þingfundar, mætir ekki og með nokkurra mínútna fyrirvara, rétt áður en þingfundur hefst, fáum við að heyra að hæstv. forsætisráðherra mæti ekki til þings í upphafi þingfundar eins og gert hafði verið ráð fyrir í dagskrá og upplýsingum sem þingmönnum höfðu verið veittar. Ég vil finna að þessu háttalagi við stjórn þingsins og koma þeim aðfinnslum úr ræðustóli á framfæri.

[10:36]

Forseti (Sturla Böðvarsson):
Vegna athugasemda hv. þingmanns vill forseti geta þess að hæstv. menntamálaráðherra hefur boðað veikindaforföll og forsætisráðherra boðaði forföll af óviðráðanlegum orsökum nú skömmu fyrir þingfundarbyrjun. Forseti getur ekki annað en tekið þær tilkynningar eins og þær eru — ekki er neitt við því að gera — en væntir þess að þeir ráðherrar sem hér eru til andsvara séu tiltækir. (**Iðnrh.:** Ég er

hér!) Hæstv. iðnaðarráðherra var ekki tilkynntur þannig að það gæti orðið (Gripið fram í.) athugunarefni. Ef hæstv. iðnaðarráðherra óskar sérstaklega eftir því að vera hér til andsvara mun forseti ekki gera neinar athugasemdir við það.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Samvinna við sveitarfélögin um atvinnuuppbyggingu.

[10:37]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra sem sveitarstjórnarmálaráðherra og hún varðar ákvörðun ríkisstjórnarinnar í sambandi við aðstoð eða samstarf við fyrirtækin í landinu. Hún er í 12 liðum og hefur verið tilkynnt opinberlega. Í 10. lið segir, með leyfi forseta:

„Lögð verði sérstök áhersla á mannaflsfrekar atvinnuskapandi aðgerðir í samstarfi við sveitarfélögin."

Þetta er liður sem ég bind mjög miklar vonir við að geti gert gagn og geti komið sveitarfélögum og fólkinu almennt í landinu til hjálpar í sambandi við atvinnusköpun og að skapa ný störf. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra sveitarstjórnarmála hvort samstarf og samráð hafi verið haft við sveitarfélögin um þennan lið eða hvort sveitarfélögin lásu bara um þetta í blöðunum eins og stjórnarandstaðan. Ég vil líka spyrja hvort fjármagn fylgir þessum lið og hvort hæstv. samgönguráðherra getur yfirleitt frætt okkur frekar um það sem hann sér fyrir sér að þessi 10. liður geti haft í för með sér eða geti skapað af störfum í landinu.

[10:39]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir að taka þetta mál upp. Það er rétt að í þeirri ákvörðun ríkisstjórnar sem tekin var síðasta þriðjudag, um aðgerðir til stuðnings atvinnufyrirtækjum í landinu, er 10. liður mjög merkilegur þar sem fjallað er um mannaflsfrekar framkvæmdir og vitnað til sveitarstjórnanna. Ég er ákaflega ánægður með það og stoltur af því sem þar stendur eins og af öllu þessu plaggi.

Eins og oft hefur komið fram er mikið og gott samband á milli ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, svo til vikulegir fundir. Á morgun er fundur með forsvarsmönnum sambandsins þar sem þetta mál verður tekið upp. En þetta er gert í framhaldi af því sem komið hefur fram hjá sveitarfélögunum, í samræðum okkar á milli, þar sem talað hefur verið um ákveðna heildarvinnu og samstarf, samráð og heildarskipulagningu á því hvað hér er verið að gera.

Ég get líka sagt frá því, virðulegi forseti, að við erum um það bil að ljúka þeirri vinnu í ráðuneytinu að fara yfir öll sveitarfélög í landinu og skoða hvað um er að vera, hvar framkvæmdir eru miklar, hvar litlar og hvernig horfa þurfi til þess. Og það verður gert. Upplýsingar um fjármagn munu koma fram í þeim breytingartillögum sem við munum leggja fram við fjárlögin. En við vitum það og þekkjum að verk eru misjafnlega mannaflsfrek. Viðhaldsverkefni geta t.d. tekið meira til sín af mannskap en hefðbundin nýbygging. Allt þetta er verið að skoða að því er snýr að samgönguráðuneytinu, sem eru þá vegaframkvæmdir, framkvæmdir á flugvöllum og siglingamálum.

Ég vona að þetta svari spurningu hv. þingmanns.

[10:41]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Mér heyrist miðað við svarið að ekki hafi verið haft beint samráð við sveitarfélögin um þennan lið en að þeim verði tilkynnt um þetta allt á morgun. Hvernig sem það er vaxið vil ég endurtaka að ég geri mér vonir um að þessi liður geti orðið til gagns og lýsi ánægju með það að hæstv. samgönguráðherra lítur þannig á það líka.

Ég spyr í framhaldi af því sem fram kom áðan: Má búast við að þetta atriði, þessi liður, geti t.d. breytt afstöðu ríkisstjórnarinnar hvað varðar stórframkvæmdir í landinu? Víða eru uppi hugmyndir um slíkt en ríkisstjórnin hefur frekar unnið gegn þeim, hvort sem það er í áli, kísil eða öðru.

Í sambandi við þau netþjónabú sem hafa verið mikið í umræðunni og eru nú í uppnámi vegna næturlaganna sem sett voru í síðustu viku má spyrja hvort eitthvað nýtt sé að frétta af því.

[10:42]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður taldi að þessi liður yrði til gagns og vonaði það. Ég er viss um að svo verður, og það á einnig við um aðra liði í þessari ágætu ákvörðun ríkisstjórnar til stuðnings atvinnulífi í landinu. Það er ljóst að svo verður.

Hv. þingmaður spyr um aðrar stórframkvæmdir, sem heyra að vísu undir annað ráðuneyti, en mér er ljúft og skylt að svara því sem þingmaður. Ég vitna þá til þess sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur sagt á opinberum vettvangi að ekki er verið að slá neitt af þar. Talað er um hugsanlegar framkvæmdir við uppbyggingu álvera hvort sem það er fyrir norðan eða í Helguvík, það er allt á fullri ferð. Óskandi væri að jafnmikil ferð væri á þeim fyrirtækjum sem við þurfum að semja við. Þau hafa orðið illa útiliggjandi í heimskreppunni eins og aðrir. Má t.d. vitna í *Morgunblaðið* í dag þar sem sýnt er hvað álverð hefur lækkað. Það er því ekki neitt hér hjá okkur sem veldur töf. Það eru aðstæður hjá fyrirtækjunum. Varðandi netþjónabúin held ég að það sé allt saman á fullri ferð og þau lög sem samþykkt voru eiga ekki að hafa hamlandi áhrif á það.

Sparnaður hjá ríkinu og uppsagnir.

[10:44]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Finnar lentu í kreppu 1990–1994. Þá jókst atvinnuleysi stórlega og hefur ekki minnkað síðan, ekki að ráði. Aðilar vinnumarkaðarins og við á Alþingi höfum því breytt lögum um atvinnuleysistryggingar á þann veg að fólki sé frekar sagt upp að hluta heldur en að fullu.

Nú bregður svo við að Ríkisútvarpið ohf., sem heyrir reyndar undir menntamálaráðherra en er engu að síður rík-

isfyrirtæki, segir upp fólki að fullu þvert á stefnu atvinnulífsins og Alþingis. Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort þetta verði stefnan hjá ríkinu í heild sinni. Um það bil 75% af útgjöldum ríkisins eru laun og lífeyrisgreiðslur og fæ ég ekki séð að hægt sé að skerða útgjöld ríkisins nema með því að lækka launakostnaðinn vegna þess að afgangurinn af kostnaði ríkisins, einn fjórði, er mikið háður gengi, innflutningur, lyf o.s.frv. Við þurfum því að skerða lífeyri eða lækka launakostnaðinn. En þá er það spurningin: Á það að gerast með því að segja fólki upp að fullu? Á það að gerast með því að lækka launin eða á að segja fólki upp að hluta eins og atvinnulífið er að fara inn á til að falla ekki í sömu gryfju og Finnar lentu í?

[10:45]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herrar forseti. Ég kann ekki neinar skýringar á þeirri aðferðafræði sem notuð var hjá Ríkisútvarpinu, ég hef ekki haft neina aðkomu að því máli.

Hins vegar varðandi það til hvaða ráða verður gripið í þeim aðhaldsaðgerðum sem þurfa að koma fram hjá ríkinu almennt mun það að sjálfsögðu fara eftir aðstæðum í hverju ráðuneyti og hverri stofnun hvað þar verður gert. Hvert umfangið er eða verður fer auðvitað líka eftir því hvaða ákvarðanir verða teknar við fjárlagaafgreiðsluna. Í þeim efnum hafa ekki verið lagðar neinar sérstakar línur fyrir ríkisstofnanir, þ.e. um hvernig þær ættu að fara að því að draga úr starfseminni í þá veru sem hv. þingmaður er að spyrja um. Það gæti verið að það væri skynsamlegt að gera það en það verður alla vega ekki hægt fyrr en fyrir liggur hversu mikils aðhalds við þurfum að gæta og hvernig það mun koma niður, t.d. í hinni hagrænu skiptingu og síðan eftir ráðuneytum og stofnunum og eftir eðli þeirrar starfsemi sem um er að ræða.

[10:47]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég skora á hæstv. fjármálaráðherra að fara að dæmi aðila vinnumarkaðarins og Alþingis, sem er búið að breyta lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð, og taka frekar upp hlutaatvinnuleysi en fullt atvinnuleysi. Atvinnuleysi er mannlegur harmleikur fyrir þann sem lendir í því og það hefur sýnt sig að sé fólk fjarri vinnumarkaði lengur en sex mánuði, hvort sem er vegna veikinda, atvinnuleysis eða slysa, þá eru yfirgnæfandi líkur á því að það fólk fari aldrei aftur að vinna. Ég skora því á hæstv. fjármálaráðherra að vinna þannig að lausn þessara mála að fólki sé frekar sagt upp að einum fjórða hluta til en að fjórðungi mannskaparins sé sagt upp að fullu. (**Gripið fram í:** Heyr.)

[10:48]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég tek við áskoruninni af skilningi þótt auðvitað geti þurft einhvern sveigjanleika í því hvernig farið er í þessi mál eftir eðli þeirrar starfsemi sem um er að ræða. En ég held að það sé skilningur á því sjónarmiði sem hv. þingmaður leggur til grundvallar áskoruninni.

Skipalyftan í Vestmannaeyjum.

[10:49]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um málefni skipalyftunnar í Vestmannaeyjum.

Hinn 17. október 2007 eyðilagðist ein mikilvægasta lífæð atvinnu í Vestmannaeyjum þegar skipalyftan eyðilagðist. Síðan hefur málið staðið í miklu þófi og í blaðinu *Fréttum* sem nýlega kom út er haft eftir Elliða Vignissyni, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum, undir fyrirsögninni: „Ráðherra svari" að bærinn sé tilbúinn með fjármuni og áætlun en það standi á svörum frá hæstv. samgönguráðherra. Hann segir orðrétt í viðtalinu:

„Nú er svo komið að við verðum að fá svar af eða á frá samgönguráðherra. Við hjá bænum höfum tekið frá fé til að ráðast í þetta og verum klár á morgun ef samgönguráðherra stæði við aðkomu ríkisins."

Í blaðinu er enn fremur viðtal við Stefán Jónsson, framkvæmdastjóra skipalyftunnar, þar sem hann segir hárrétt að ótækt sé að stærsta verstöð landsins sé án upptökumannvirkja. Hann segir einnig að málið hafi tafist vegna málskots til ESA sem afar auðvelt sé að leysa með því að veita fyrirgreiðsluna með fyrirvara um þá niðurstöðu, það sé ekki eðlilegt að stærsta verstöð landsins sé án upptökumannvirkja. Síðan segir hann orðrétt:

„Við erum með öfluga útgerð og við viljum þjónusta hana vel. Málið er komið í þá stöðu að það þarf að taka ákvörðun um hvort menn vilji fara í þetta eða ekki. Það er fyrst og fremst ákvörðun samgönguráðherra með stuðningi fjármálaráðherra."

Þetta segir Stefán Jónsson, verkstjóri skipalyftunnar.

Ég spyr hæstv. ráðherra hverju hann svari Vestmannaeyingum í þessu brýna hagsmunamáli þeirra.

[10:51]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti gerir ekki athugasemdir við tilvitnanir í það ágæta blað sem hv. þingmaður var með í höndunum en minnir á þá reglu þingskapa að óskað sé heimildar til þess að vitnað sé í skrifaðan texta.

[10:51]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Málefni skipalyftunnar í Eyjum hafa verið lengi og sumir segja auðvitað allt of lengi í kerfinu. Sem þingmaður í samgöngunefnd á síðasta kjörtímabili vann ég að samgönguáætlun og man eftir því að þar voru settar inn 200 millj. kr. sem voru eyrnamerktar skipalyftunni í Vestmannaeyjum vegna viðgerða.

Hins vegar er það rétt sem hv. þingmaður minnist á að málinu var skotið til ESA og þar hefur það verið mjög lengi. Eftir því sem ég veit best er ekki enn komin skrifleg niðurstaða frá ESA en ég bendi á að það verkefni er á vegum fjármálaráðuneytis. Við í samgönguráðuneytinu höfum hins vegar átt a.m.k. tvisvar sinnum fund með fulltrúum ESA, í annað skiptið hér heima og í hitt skiptið úti, þar sem þetta var rætt.

Ég ítreka að skrifleg niðurstaða er ekki komin þó svo að menn á vegum ráðuneytanna tveggja séu farnir að tala um

að niðurstaðan sé komin. En vonandi verður hún á þann veg að ESA muni ekki koma og lemja okkur í hausinn fyrir þá leið sem verður valin, að það verði samþykkt leið.

Ég átti nýverið fund með fulltrúum frá skipalyftunni í Vestmannaeyjum og bæjaryfirvöldum í Vestmannaeyjum á aðalfundi SSS, Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi, þar sem farið var vel yfir þetta mál og það rætt. Í framhaldi af því hefur það verið í vinnslu hjá aðstoðarmönnum, annars vegar mínum og hins vegar aðstoðarmanns hæstv. fjármálaráðherra, og ég hef fulla trú á því að málið sé að þokast vel áfram. En vegna þeirra atriða sem skotið var til ESA og er verið að ræða þar, og ég tek það skýrt fram að það er fyrst og fremst þess vegna sem tafir hafa orðið á málinu. Það er rétt (Forseti hringir.) að hafa það líka í huga, virðulegi forseti, — ja, ég kem kannski að því í síðari ræðu.

[10:53]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Mér láðist að ávarpa herra forseta og vitna rétt, sem er auðvitað ekki gott mál. Ég hef þó meiri áhyggjur af stjórnarskránni en því.

Ég verð að taka það fram í þessu samhengi að Vestmannaeyjar eru eyjabyggð. Um eyjabyggðir og jaðarbyggðir gilda sérreglur, samkvæmt reglum Evrópusambandsins. Það má veita þeim styrki til að styrkja atvinnuuppbyggingu. Það er ekkert að því og það eru fjöldamörg dæmi um undanþágur veittar jaðarbyggðum eða eyjasamfélögum.

Málið var einfaldlega unnt að leysa strax eftir að skipalyftan hrundi með fyrirgreiðslu og setja áskilnað með fyrirvara í þá fyrirgreiðslu um niðurstöðu ESA. Eftir það var hæglega unnt, ef niðurstaða ESA hefði orðið okkur andstæð, (Forseti hringir.) að breyta þeirri niðurstöðu. Það er auðvitað óþolandi að ESA eða Evrópusambandið sé dragbítur á atvinnu í landinu.

[10:54]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Jú, jú, það er öllum auðvitað kunnugt um að Vestmannaeyjar eru eyjabyggð, það er ekkert nýtt og hefur verið unnið eftir því. Ég hef svo sem ekki miklu við fyrra svar mitt að bæta öðru en því að ég á þá ósk auðvitað heitasta að niðurstaða komi sem fyrst í þetta mál. Við verðum líka að gæta að okkur að gera þetta ekki þannig að við fáum ESA í hausinn vegna þess að við vitum af því, og það er kannski að tefja málið, að það eru ýmsir hér innan lands sem vaka yfir þessu máli og bíða eftir niðurstöðu og nefni ég engin nöfn önnur en samkeppnisaðila. Það er öllum ljóst og hefur alla tíð verið og þess vegna er eins gott að fara rétt að í þessu máli og fá góða niðurstöðu áður en farið er í framkvæmdir.

Ég nefndi það áðan, virðulegi forseti, að aðstoðarmenn okkar hafa verið að vinna að þessu máli, svo og þingmenn stjórnarflokkanna í umræddu kjördæmi sem eru drjúgir við það og minna oft á þetta mál og ýta á eftir því. En eins og ég segi þá á ég enga ósk heitari en að farsæl niðurstaða fáist í þetta mál en það verður þá innan þess (Forseti hringir.) ramma að við fáum ekki á okkur kæru út af málinu á eftir.

Viðvaranir Seðlabankans um ástand bankakerfisins.

[10:56]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Davíð Oddsson seðlabankastjóri kom á fund viðskiptanefndar í morgun til þess að gera grein fyrir afstöðu Seðlabankans vegna hruns bankanna á síðustu mánuðum. Í máli hans kom fram að stjórn Seðlabankans hefur á undangengnum mánuðum margvarað ráðherra ríkisstjórnarinnar við hruni bankanna. Eru þar nefndir forustumenn stjórnarflokkanna Geir H. Haarde, hæstv. forsætisráðherra, og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hæstv. utanríkisráðherra.

Í júní sl. fundaði yfirstjórn Seðlabankans með ráðherrum í ríkisstjórn Íslands þar sem kom fram að það væru 0% líkur á því að bankarnir mundu lifa aðsteðjandi erfiðleika af, 0% líkur. Þetta vissi ríkisstjórnin í júní sl.

Ég hlýt því að spyrja hæstv. bankamálaráðherra hvort hann hafi verið á umræddum fundum og hvort hann hafi verið á mörgum fundum með yfirstjórn Seðlabanka Íslands. Það virðist vera, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherra hafi ekki verið efnislega mikið inni í erfiðleikum bankanna því að hæstv. ráðherra skrifaði í *Viðskiptablaðið* í ágúst og á heimasíðu sína í september mikla lofræðu um stöðu íslensks efnahagslífs og banka. Það virðist því vera, hæstv. forseti, að hæstv. viðskiptaráðherra hafi einfaldlega verið haldið frá fundum með yfirstjórn Seðlabanka Íslands og þó erum við að ræða hér um sjálfan hæstv. bankamálaráðherrann.

Ég spyr því, hæstv. forseti: Hafði ráðherrann enga hugmynd um grafalvarlega stöðu bankanna í sumar og reyndar fyrr? Ég spyr jafnframt að lokum í ljósi erfiðra samskipta Samfylkingarinnar, ráðherra Samfylkingarinnar og þingmanna, hvort hæstv. viðskiptaráðherra beri yfir höfuð eitthvert traust til yfirstjórnar Seðlabanka Íslands.

[10:58]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Frá því að krónan féll um 30% í mars var öllum Íslendingum morgunljóst að við værum í efnahagslegum erfiðleikum. Það var hins vegar enginn sem spáði því, hvorki þá né síðar að það leiddi sjálfkrafa til þess að bankarnir féllu. Það gerist eftir fall Lehman Brothers 15. september og þá lausafjárkreppu sem nú ríkir alls staðar í heiminum.

Hins vegar liggur til grundvallar allri umræðunni stöðugleikaskýrsla Seðlabankans frá því í maí. Seðlabankinn hefur það hlutverk samkvæmt lögum að hafa eftirlit með fjármálalegum stöðugleika í landinu og í umræddri skýrslu kynnti Seðlabankinn formlega afstöðu sína til fjármálalegs stöðugleika í landinu og stöðu íslenskra fjármálafyrirtækja sem hann sæi að væri samkvæmt skýrslunni almennt góð. Seðlabankinn dró það sterkt fram í skýrslunni að staða íslensku bankanna væri almennt góð borin saman við stöðu banka annars staðar í heiminum o.s.frv.

Hvað fór fram á einhverjum óskilgreindum fundum með seðlabankastjóra og einhverjum ráðherrum hef ég ekki hugmynd um. Ég fundaði með seðlabankastjóranum í nóvember árið 2007 og hitti Davíð Oddsson næst tæpu ári síðar á fundi ríkisstjórnar í september sem margfrægt er þegar hann kom þar og lagði til myndun þjóðstjórnar. Það var í

fyrsta sinn sem ég hitti þann ágæta mann frá því í nóvember árið 2007. (**Gripið fram í:** Af hverju varstu ekki á fundinum?) Af hverju seðlabankastjóri kaus að kynna mér ekki viðhorf sín, sem þó komu ekki fram í gögnum bankans, formlegum og opinberum, eins og stöðugleikaskýrslunni hef ég ekki hugmynd um. Hann hlýtur að þurfa að svara fyrir það einhvers staðar annars staðar nema hann bregði fyrir sig bankaleynd, eins og hann gerði víst á fundi viðskiptanefndar í morgun þegar hann var spurður um yfirlýsingar sínar um það að hann vissi hvað varð til þess að Bretarnir ruddust inn í Singer & Friedlander. En allténd var ég ekki á þessum júnífundi og hef aldrei heyrt þessa frásögn hans. Ég hef hins vegar lesið ítarlega og margoft stöðugleikaskýrslu Seðlabankans frá því í maí þar sem (Forseti hringir.) ekkert slíkt kemur fram.

[11:00]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Það er grafalvarlegt ef ráðherra bankamála hefur ekki hugmynd um stöðu íslensks fjármálalífs, ef ráðherra bankamála er ekki kvaddur á fund með yfirstjórn Seðlabanka Íslands sem ráðherrar í ríkisstjórn Íslands eiga sæti í.

Það er grafalvarlegt, hæstv. forseti, ef forustumenn ríkisstjórnarinnar sem eiga að boða ráðherra sína með á svona fundi hafa ekki boðað hæstv. viðskiptaráðherra á þá. Og það er grafalvarlegt, hæstv. forseti, að viðskiptaráðherra skuli ekki hafa átt nein samskipti við yfirstjórn Seðlabanka Íslands frá því í nóvember á síðasta ári. Heilt ár leið á meðan gjörningaveður gekk yfir íslenskt efnahagslíf og íslensk fjármálafyrirtæki.

Það er grafalvarlegt, hæstv. forseti, að ekkert traust skuli ríkja á milli ráðherra Samfylkingarinnar og (Forseti hringir.) yfirstjórnar Seðlabanka Íslands og ég endurtek spurningu mína hvort hæstv. ráðherra treysti yfirstjórn Seðlabanka Íslands eins og málum er nú fyrirkomið.

[11:01]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Nú skulum við líta á staðreyndir. Í úthendunni *Fjármálastöðugleiki árið 2008,* sem var kynning Seðlabanka Íslands fyrir fréttamenn og bankana 8. maí árið 2008, stendur um stöðu bankanna, með leyfi forseta:

„Eiginfjárhlutföll bankanna eru viðunandi, afkoma þeirra úr fjölbreyttum rekstri er góð og eignir dreifðar. Lausafjárstaða bankanna hefur verið viðunandi en á hana reynir í ár."

Þetta er orðrétt upp úr fjármálastöðugleikaskýrslu Seðlabankans frá því í maí og í sérstakri kynningu fyrir banka og fréttamenn 8. maí.

Þetta kemur fram í opinberum gögnum Seðlabankans. Af hverju blessaður bankastjórinn heldur því fram að hann hafi sagt eitthvað annað á óskilgreindum fundum með einhverju fólki sem hann nefnir ekki einu sinni til sögunnar hef ég ekki hugmynd um.

Þetta eru opinber gögn frá Seðlabanka Íslands og hví skyldum við vefengja þau? Hér stendur nákvæmlega það (Gripið fram í.) sem ég las upp áðan að Seðlabankinn sagði að lausafjárstaða bankanna, sem hann hefur formlegt eftirlitshlutverk með, (Forseti hringir.) væri góð og á hana hefði reynt, (Forseti hringir.) eiginfjárhlutföll væru viðunandi o.s.frv.

Svæðisstöðvar RÚV.

[11:03]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Á morgun er fyrirhuguð utandagskrárumræða um rekstrarstöðu og stöðu Ríkisútvarpsins og er það vel. En ég vil beina orðum mínum til hæstv. samgönguráðherra sem ráðherra sveitarstjórnarmála um það hvort hann muni beita sér fyrir því að halda svæðisstöðvum Ríkisútvarpsins gangandi og opnum og efla þær frekar en hitt og beita sér gegn þeim fyrirhugaða niðurskurði að loka (Gripið fram í.) stöðvunum.

Ég vil beina þessum orðum til hæstv. samgönguráðherra vegna stöðu sveitarfélaganna og mikilvægi svæðisstöðvanna í að efla og styrkja atvinnu á viðkomandi svæðum úti á landi vegna þeirrar stefnu að dreifa opinberum störfum og mikilvægi þess að koma rödd hinna dreifðu byggða inn í svæðisútvarpið. Koma á framfæri málefnum, viðburðum og öðrum sjónarmiðum en við heyrum á stöðvunum sem fólk á höfuðborgarsvæðinu ljær raddir sínar. Það þarf að fá raddir hinna dreifðu byggða inn í Ríkisútvarpið.

Því beini ég orðum mínum til hæstv. samgönguráðherra en ekki menntamálaráðherra, sem situr fyrir svörum á morgun, og ekki til iðnaðarráðherra út af ferðaþjónustunni. En þetta allt styrkir byggð í landinu. Svæðisútvörpin eru mikilvægur póstur til að styrkja byggð í landinu og mikilvægt fyrir sveitarstjórnir að hafa þann stuðning sem svæðisstöðvarnar eru.

[11:05]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram að ekki eru fyrirhugaðar utandagskrárumræður í dag eða á morgun en gert ráð fyrir þeim að öllu óbreyttu á mánudaginn.

[11:05]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður beinir til mín sem ráðherra sveitarstjórnarmála spurningu um svæðisstöðvar Ríkisútvarpsins og mér er bæði ljúft og skylt að svara henni þó svo að málefni RÚV heyri undir annað ráðuneyti eins og öllum er kunnugt.

Sú ákvörðun stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. að ráðast á svæðisstöðvarnar er mér mikil vonbrigði. Ég veit, virðulegi forseti, að hv. þm. Einar Már Sigurðarson, þingmaður í Norðausturkjördæmi, hefur óskað eftir við þann þingmannahóp að kallaður verði saman fundur til að ræða ákvörðun Ríkisútvarpsins ohf. um svæðisstöðvarnar. Mér er kunnugt um að hv. þingmaður hefur óskað eftir því að útvarpsstjóri og þá örugglega stjórnarformaður RÚV komi til fundarins og ég vænti þess og vona að hann verði haldinn sem allra fyrst og held reyndar að fulltrúar Norðvesturkjördæmis ættu að huga að því líka vegna svæðisstöðvarinnar á Ísafirði. Þar verður óskað eftir ákveðnum gögnum sem hljóta að liggja á bak við ákvörðun stjórnar RÚV. Mikilvægt er að fá þau fram og fjárhagshliðina og allt hvað þetta varðar, eins og tekjur af auglýsingum og hvernig þetta er

yfir höfuð hægt.

Þess vegna vil ég segja, virðulegi forseti, að ákaflega mikilvægt er að þetta sé gert og ég fagna því að þingmannahópurinn ætli að taka þetta upp og óska eftir upplýsingum. Mér skilst af hv. þingmanni sem bað um þennan fund að spurningar verði sendar áður þannig að á fundinum verði bæði hægt að spyrja og fá svör.

En ég ítreka, virðulegi forseti, að þetta eru ákaflega mikil vonbrigði og ég er mjög mótfallinn því að ráðist sé á svæðisstöðvarnar eins og þarna er lagt upp með, (Forseti hringir.) því þær gegna mikilvægu hlutverki á landsbyggðinni — eins og við þekkjum öll sem komum af því svæði.

[11:07]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Nú er Ríkisútvarpið orðið opinbert hlutafélag — ohf. — og því erfiðara fyrir Alþingi að eiga aðgang að stjórn félagsins eða hafa eitthvað með ákvarðanir þess að gera. En eftir sem áður trúi ég ekki öðru en að bæði hæstv. ráðherra sveitarstjórnarmála og aðrir sem í raun og veru bera hag allra landsmanna fyrir brjósti standi vörð um Ríkisútvarpið og svæðisskrifstofurnar. Í því árferði og þeim miklu erfiðleikum sem fram undan eru tel ég mjög mikilvægt að stöðvarnar og starfsemi þeirra verði frekar efld á allan hátt en að fara þá leið (Forseti hringir.) sem hér er boðuð og má alls ekki verða.

[11:08]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ekki er miklu við það að bæta sem ég sagði hér áður. Ég tel mikilvægt að þessi fundur verði haldinn og vonast til að hann verði jafnvel haldinn á morgun og farið verði yfir þetta.

Ég sagði áðan að mér fyndist þetta misráðið þó svo að stjórnin hafi auðvitað vald um þetta og taki ákvarðanir eftir tillögum, vafalaust frá útvarpsstjóra og öðrum. Ég tel að við þingmenn hljótum að fá upplýsingarnar sem liggja að baki. Fjárhagslegar upplýsingar, sem eru mjög nauðsynlegar, um hvort þetta sé það mikilvægasta sem hægt er að skera niður í rekstri RÚV og hvort þetta sé það sem veldur mestu um taprekstur RÚV og fjárhagserfiðleika þess.

Ég leyfi mér að efast um það þegar tekið er tillit til auglýsingatekna sem koma eingöngu í gegnum þessar stöðvar að ég tali nú ekki um hið mikla menningarlega og fréttatengda efni sem sett er fram.

Ég geng aldrei til náða á kvöldin án þess að fara rúnt á vefnum í gegnum svæðisstöðvarnar allar þrjár (Forseti hringir.) og taka þær fréttir sem koma þar af landsbyggðinni. Ég er alveg viss um, virðulegi forseti, að sá fréttaflutningur sem þar er mun ekki skila sér jafnmyndarlega frá svæðisstöðvunum inn í landsfréttirnar (Forseti hringir.) og verið hefur hingað til.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:13]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2. og 4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (landið eitt tollumdæmi). — Þskj. 240.

[11:13]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á tollalögum og nokkrum öðrum lögum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að landið verði gert að einu tollumdæmi með það að markmiði að einfalda skipulag tollgæslunnar og auka þannig samræmi, skilvirkni og árangur í tollframkvæmd.

Með nýjum tollalögum, nr. 80/2006, var tollumdæmum fækkað úr 26 í átta og var þá stigið mikilvægt skref í átt til einföldunar og hagræðingar á sviði tollamála. Í tengslum við endurskoðun þeirra laga voru ræddar ýmsar hugmyndir um frekari fækkun tollumdæma, jafnvel að landið yrði gert að einu tollumdæmi, en niðurstaðan varð sem fyrr segir sú að tollumdæmin yrðu átta í þeim áfanga.

Tollstjórinn í Reykjavík er í dag eini tollstjórinn sem heyrir undir fjármálaráðuneytið en það ráðuneyti fer með faglega yfirstjórn tollamála í landinu. Aðrir tollstjórar eru sýslumenn og lögreglustjórar sem heyra undir dómsmálaráðherra þó að þeir lúti faglegri yfirstjórn fjármálaráðherra í tollamálum. Þannig er fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð tollamála á hendi tveggja ráðuneyta í dag.

Annars staðar á Norðurlöndunum hefur tollembættum og tollumdæmum verið fækkað á undanförnum árum. Svíþjóð hefur verið eitt tollumdæmi frá 2004. Sama ár var tollumdæmum í Noregi fækkað úr tíu í sex. Í Finnlandi eru tollumdæmin fimm og í Danmörku eru þau átta talsins og er fyrirhugað að fækka þeim í sex árið 2009.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skrefið verði stigið til fulls í því að fækka tollumdæmum og tollembættum. Með öðrum orðum, landið verði gert að einu umdæmi sem stjórnað sé af einu embætti, embætti tollstjóra, þó þannig að tollstjóri geti með samningum falið sýslumönnum og lögreglustjórum að annast tiltekna þætti tollframkvæmdar í umdæmum þeirra. Það fyrirkomulag mun stuðla að aukinni hagræðingu og einföldun í rekstri viðkomandi embætta, jafnframt því að auðvelda stefnumótun í tollamálum, skipulagningu tollframkvæmdar og alla áætlanagerð varðandi tollstarfsemina sjálfa. Þar með verður fagleg, fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð færð á eina hendi.

Embætti tollstjórans í Reykjavík hefur þegar ákveðna sérstöðu meðal tollembættanna samkvæmt gildandi lögum. Það er stærsta tollembættið, bæði með tilliti til umfangs tollstarfseminnar og starfsmannafjölda. Þá hefur það embætti þegar á hendi tiltekið miðlægt hlutverk í tollamálum, m.a. samræmingu tollframkvæmdar og rekstur rafræns tollafgreiðslukerfis. Því liggur beinast við að fela embætti tollstjórans í Reykjavík umsjá tollamála á landinu öllu eins og lagt er til í þessu frumvarpi. Jafnframt er lagt til að heiti embættis tollstjórans í Reykjavík verði breytt í embætti tollstjóra.

Ekki er gert ráð fyrir að breytingin hafi í för með sér að starfsmönnum tollyfirvalda á landsbyggðinni fækki enda verður verkefnum á sviði tollamála áfram sinnt þar eins og verið hefur. Við sameiningu tollumdæmanna undir einum

hatti kunna einnig að skapast ýmsir möguleikar á tilflutningi verkefna frá höfuðborgarsvæðinu til starfsstöðva tollyfirvalda úti á landi.

Herra forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[11:17]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Þetta frumvarp gengur út á það að einn yfirmaður verði yfir öllum tollinum á Íslandi og allar tollstöðvar sameinaðar undir einn forstöðumann. Ég vara við því. Sérstaklega hef ég tollstjóraembættið í Keflavík í huga og tel að það verði mikil óhagræði að því ef embættið, sem nú er rekið undir lögreglustjóraembættinu á Keflavíkurflugvelli með löggæslumálum á Suðurnesjum, verður sameinað þessari stofnun. Ég hef í sjálfu sér ekkert meira um það að segja en ég tel að við eigum ekki að fara þessa leið og forðast að gera það með þessum hætti. Tollverðir á Keflavíkurflugvelli hafa náð miklum árangri í gegnum tíðina, komið í veg fyrir mikinn innflutning og annað í þeim dúr, og ég held það verði torveldara og óhagkvæmara ef farin verður sú leið sem fyrirhuguð er í þessu frumvarpi. Ég legg til að þetta verði ekki gert.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Tekjustofnar sveitarfélaga og gatnagerðargjald, 1. umr.

Stjfrv., 185. mál (lögveðsréttur fasteignaskatts og endurgreiðsla gatnagerðargjalds). — Þskj. 228.

[11:19]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi sem kveður á um breytingar á annars vegar lögum um tekjustofna sveitarfélaga og hins vegar lögum um gatnagerðargjald.

Frumvarpið er liður í því að bæta rekstrarumhverfi sveitarfélaganna við þær erfiðu aðstæður sem nú eru uppi í efnahagsmálum þjóðarinnar og er afrakstur af nánu samráði ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga á síðustu vikum og mánuðum.

Eins og hv. þingmenn þekkja hafa sveitarstjórnarmenn miklar áhyggjur af því hvernig þessi miklu umskipti í efnahagsmálum þjóðarinnar muni koma við búskap sveitarsjóðanna og fjárhagslegar forsendur á næsta ári.

Alveg frá því að ósköpin dundu yfir hef ég átt náið samstarf við forustumenn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í samræmi við yfirlýsingu sem við undirrituðum þann 10. október síðastliðinn höfum við átt nær vikulega fundi þar sem framvinda mála er rædd og reifuð. Þá hafa sveitarstjórnarmenn átt eftir atvikum samráðsfundi með öðrum ráðherrum.

Það mun harðna á dalnum hjá sveitarsjóðunum eins og öðrum, ljóst er að þau verða að draga verulega saman seglin á næsta ári eins og aðrir í þjóðfélaginu.

Við erum hins vegar sammála um það meginmarkmið að standa vörð um grunnþjónustuna og þar með velferð borgaranna. Ég fagna sérstaklega því frumkvæði, sem mörg sveitarfélög hafa tekið varðandi breytta forgangsröðun, að láta velferðarþættina ganga fyrir en fresta verkefnum sem hafa minni þýðingu á tímum sem þessum. Víða hafa hefðbundnar deilur meiri og minni hluta verið lagðar til hliðar og sveitarstjórnarmenn ákveðið að snúa bökum saman í þágu borgaranna. Það er til mikillar fyrirmyndar og ber að þakka sérstaklega fyrir.

Ég hef lagt til að þegar breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið liggja fyrir og við höfum skýrari mynd af fjármálum ríkisins á næsta ári, verði efnt til samráðsfundar fulltrúa úr ráðuneytum heilbrigðis-, félags- og tryggingamála og menntamála, og helstu forustumanna sambandsins. Þar mun aðilum gefast tækifæri til að ræða breytta forgangsröðun ríkis og sveitarfélaga, um leið og lagt er mat á hvernig grunn- og velferðarþjónustan í landinu verður varin.

Hæstv. forseti. Á þeim samráðsfundum sem ég hef átt með fulltrúum sveitarfélaganna hafa verið ræddar mögulegar leiðir og aðgerðir af hálfu ríkisins til að létta undir með sveitarfélögunum og greiða úr óvissu um rekstrarlegar forsendur. Að mörgu hefur verið unnið í því sambandi.

Lánasjóður sveitarfélaganna hefur t.d. verið styrktur sem bakhjarl sveitarfélaganna og er nú unnið að því að skoða hvernig hægt er að efla hlutverk hans enn frekar. Bráðavandi sveitarfélaga felst meðal annars í skorti á lánsfé og mikilvægt er að lánasjóðurinn fylli það tómarúm sem myndaðist við fall bankanna. Ég mun áfram leggja því verkefni lið eftir því sem þörf verður á.

Reglugerð um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur verið breytt tímabundið á þann veg að nefndin á ekki að hefja sjálfkrafa eftirlitsaðgerðir þó að henni berist fjárhagsáætlanir frá sveitarfélögum sem sýna halla á rekstri ársins 2009. Nefndinni ber að skoða slíkar áætlanir heildstætt og í ljósi þess tímabundna efnahagsástands sem nú varir. Engu að síður ber sveitarfélögum að gera grein fyrir hallarekstrinum til eftirlitsnefndar.

Náið samráð hefur verið um öflun samtímaupplýsinga um fjármál og rekstur sveitarfélaga sem Hagstofa Íslands hefur einnig tekið þátt í. Við hyggjumst efla slíka upplýsingaöflun enn frekar. Á grundvelli þessara upplýsinga sjáum við t.d. að mikil umskipti eru að verða á búskap sveitarfélaganna frá síðasta ári, þegar fá sveitarfélög voru rekin með halla, og fram á það næsta. Um þetta var fjallað á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna á dögunum.

Ég hef verulegar áhyggjur af þessu og samgönguráðuneytið mun, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, fylgjast náið með framvindu mála, bæði hvað varðar afkomu sveitarfélaganna í heild sinni og eins hvað einstök sveitarfélög varðar. Staða sveitarfélaganna til að standast álagið er misjöfn, ljóst er að sum sveitarfélög hafa gott svigrúm til að mæta efnahagsþrengingum, önnur síður.

Í þessum samtölum hafa sveitarstjórnarmenn lagt áherslu á að áfram verði veitt 1.400 millj. kr. aukaframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á næsta ári. Framlagið hefur haft mikla þýðingu fyrir mörg sveitarfélög, ekki síst þau sem staðið hafa höllum fæti og því skil ég vel þrýsting sveitar-

stjórnarmanna um að halda þessu framlagi á næsta ári. Ég hef lýst áhuga mínum á því að semja um framhald slíkra aukagreiðslna en við verðum hins vegar að vera raunsæ og taka ákvarðanir í ljósi heildarhagsmuna. Því hef ég sagt við sveitarstjórnarmenn að niðurstaða varðandi framlagið verði að bíða þess að við höfum betri upplýsingar um rekstur ríkisins á næsta ári. Við getum því ekki tekið afstöðu til þessarar tillögu fyrr en fjárlagafrumvarpið er komið til 2. umr.

Herra forseti. Frumvarp það sem ég nú mæli fyrir er enn fremur afrakstur af því nána samráði ríkis og sveitarfélaga sem ég var að lýsa. Því er ætlað að skapa betri rekstrarlegar forsendur fyrir sveitarfélög til að mæta hinum tímabundnu efnahagserfiðleikum sem ríkja en jafnframt er því ætlað að auðvelda sveitarfélögum að vinna með þeim íbúum sínum sem eiga í greiðsluerfiðleikum, m.a. þannig að sveitarfélög geti komið fram af meiri sveigjanleika við innheimtu.

Frumvarpið felur í sér breytingu á tvennum lögum er varða sveitarfélög eins og ég gat um í upphafi máls míns. Annars vegar er um að ræða breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og hins vegar breytingar á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006.

Hvað tekjustofnalögin varðar er lagt til að þeim verði breytt á þann veg að lögveðsréttur fasteignaskatts vegna áranna 2009 og 2010 gildi í fjögur ár í stað tveggja. Megintilgangur breytingarinnar er að skapa aukið svigrúm fyrir sveitarfélög til að semja við fasteignaeigendur sem eiga í greiðsluerfiðleikum um skil á fasteignaskatti þar sem tímafrestur varðandi lögveðið er rýmkaður úr tveimur árum í fjögur. Í ljósi þess efnahagsástands sem nú ríkir verður að telja afar óheppilegt að sveitarfélög landsins gangi fram af hörku við innheimtu fasteignaskatts. Með því að lengja lögveðsréttinn í fjögur ár vegna áranna 2009 og 2010 munu sveitarfélögin síður eiga á hættu að lögveðsréttur vegna slíkrar kröfu glatist þótt samið sé um rúman greiðslufrest. Ákvæðið ætti því að virka hvetjandi á sveitarfélögin til að semja um vanskil fasteignaskatts sem lagður er á vegna áranna 2009 og 2010.

Slíkur samningur milli sveitarfélagsins og skuldarans hefur það jafnframt í för með sér að skuldarinn kemst hjá því að greiða þann kostnað sem ella hlytist af nauðungarsöluferlinu sem sveitarfélög þyrftu annars að ráðast í til að viðhalda lögveðsréttinum. Þar sem frumvarpinu er ætlað að mæta þeim tímabundnu erfiðleikum sem ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar er lagt til að breytingin taki einungis til fasteignaskatts vegna áranna 2009 og 2010, auk dráttarvaxta vegna þeirra gjalda.

Hvað lög um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum, áhrærir eru lagðar til þrjár breytingar.

Í fyrsta lagi er lagt til að frestur sveitarfélags til þess að endurgreiða gatnagerðargjald verði lengdur úr 30 dögum í 90 daga. Breytingin mundi gefa sveitarfélögum aukið svigrúm til að endurgreiða gatnagerðargjald þegar lóð er skilað. Við þær breyttu aðstæður sem nú ríkja á fjármagnsmarkaði hafa stórfelld skil á lóðum skapað mikinn fjármögnunarvanda hjá sveitarfélögunum og hefur 30 daga fresturinn þar af leiðandi reynst afar íþyngjandi. Með breytingunni fá sveitarfélög því rýmri tíma eða 90 daga til að endurgreiða gjaldið.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæði sem fjallar um að endurgreiðslufjárhæð gatnagerðargjaldsins skuli verðbætt, falli niður. Ég leyfi mér, herra forseti, að taka undir gagnrýni sveitarfélaganna á þetta ákvæði. Það getur varla talist eðlilegt að lóð sem úthlutað var fyrir mörgum mánuðum, jafnvel árum, sé endurgreidd að fullu verðbætt þegar henni er skilað að ósk lóðarhafa. Það er sanngjarnt að hann taki að einhverju leyti ábyrgð á því að hafa óskað eftir lóð og samþykkt að taka við henni við úthlutun.

Í tengslum við þá tillögu er í frumvarpinu ákvæði til bráðabirgða þess efnis að verðtrygging endurgreiðslunnar, eins og hún er í 3. málslið 9. gr., skuli halda sér vegna lóða sem úthlutað var eða byggingarleyfis sem veitt var fyrir gildistöku frumvarps þessa. Byggist það fyrst og fremst á sjónarmiðum um afturvirkni laga og þeim réttmætu væntingum sem þeir aðilar hafa sem þegar hafa fengið úthlutað lóðum.

Ég vil undirstrika að ekki hægt að breyta þessum lögum þannig að þau taki á þeim skaða sem þegar er orðinn. Ef til vill hafa sum sveitarfélög farið of geyst í uppbyggingu nýrra hverfa og standa þar af leiðandi frammi fyrir miklum vanda vegna þess mikla fjölda lóða sem nú hefur verið skilað. Ég hef sagt við sveitarstjórnarmenn að ég sé til í skoða þetta lagaumhverfi heildstætt t.d. með það að markmiði að þetta regluumhverfi verði heildstæðara og gegnsærra.

Í þriðja lagi er lögð til sú breyting með frumvarpinu að núgildandi bráðabirgðaákvæði laganna um gatnagerðargjald breytist með þeim hætti að það gildi til ársloka 2012 í stað ársloka 2009 eins og nú er. Með því gefst þeim sveitarfélögum sem enn eiga eftir að ljúka gatnagerð á grundvelli eldri laga kostur á að laga framkvæmdahraða að efnahagsástandinu.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpið verði sent hv. samgöngunefnd til athugunar.

[11:30]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir framsöguna með því máli sem hér er lagt fram og varðar breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga annars vegar og hins vegar lögum um gatnagerðargjald og er ætlað að koma til móts við sérstakar þarfir sveitarfélaganna og helgast af þeirri stöðu sem nú er uppi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ljóst er að þetta er angi af miklu stærra máli sem eru tekjustofnar sveitarfélaganna almennt og möguleikar þeirra til að sinna því hlutverki sem þeim er falið að lögum.

Sveitarfélögin hafa um langt skeið vakið máls á því gagnvart stjórnvöldum að endurskoða þurfi tekjustofna þeirra, semja þurfi á nýjan leik um verka- og tekjuskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga vegna þess að þannig háttar til að það er löggjafinn, það er ríkisvaldið, sem setur rammann um starfsemi sveitarfélaga, sem ákveður hvaða verkefni sveitarfélögin skuli hafa með höndum og jafnvel hvernig þeim skuli sinnt — að einhverju leyti er það tilgreint í sömu lögum. En jafnframt er það löggjafinn sem ákveður tekjustofna sveitarfélaga og sveitarfélögin eru ekki nema að óverulegu leyti sjálfráða um það hvaða tekjur þau hafa. Þó að visst svigrúm sé t.d. innan útsvarsins eru á því bæði lágmark og hámark sem sveitarfélögin verða að starfa innan.

Það er líka ljóst að á umliðnum árum hafa sveitarfélögin

verið að taka við æ fleiri verkefnum, lögbundnum verkefnum en líka öðrum verkefnum sem ekki eru beinlínis lögbundin en varða mjög miklu um heill og hagsmuni íbúa sveitarfélaganna og því mikilvægt að þau hafi þau með höndum. Einnig hafa í gegnum alþjóðlega samninga, og er ég fyrst og fremst að vísa til EES-samningsins, verið lagðar á sveitarfélögin ýmiss konar skyldur, m.a. á sviði umhverfismála, sem hafa haft í för með sér veruleg útgjöld fyrir sveitarfélögin án þess að þeim hafi verið bætt þau útgjöld með tryggðum tekjustofnum. Þetta er þekkt umræða og þekkt viðfangsefni milli ríkis og sveitarfélaga og mikilvægt, að mínum dómi, að treysta og efla eins og kostur er samskipti ríkis og sveitarfélaga og að ríkisvaldið komi fram við sveitarfélögin sem hinn handhafa hins opinbera framkvæmdarvalds en ekki eins og hver önnur hagsmunasamtök úti í bæ ef svo má segja. Þetta hefur mér stundum fundist skorta á í samskiptum ríkis og sveitarfélaga á undanförnum árum og þekki ágætlega frá þeim tíma þegar ég var um margra ára skeið borgarfulltrúi í Reykjavík og stjórnarmaður í Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Hæstv. samgönguráðherra mun hafa látið það koma fram hér að hann hafi lagt sig fram um að eiga góð og traust samskipti við sveitarfélögin og fundað reglulega með þeim og það er afskaplega jákvætt að standa vel að slíku samráði. Það kemur þó ekki í veg fyrir að skoðanir geti verið skiptar og ekki er þar með sagt að þó að oft sé fundað telji sveitarfélögin að þau hafi náð málum sínum fram. Það er allt annar handleggur.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir er sem sagt angi af miklu stærra máli og fyrst og fremst hugsað, eins og ég skil það, til að koma til móts við brýnar þarfir í augnablikinu, annars vegar að því er varðar fasteignaskattinn og lögveðið í honum, að rýmka þann tíma í fjögur ár frá gjalddaga. Ég held að það sé skynsamlegt við þær aðstæður sem nú eru að gera það. Það er ljóst að það gefur sveitarfélögunum meira svigrúm, meiri möguleika á að semja við íbúa sína og aðra greiðendur fasteignaskatts — veitir örugglega ekki af vegna þeirrar stöðu sem við erum í og vaxandi greiðsluerfiðleika þannig að ég held að það sé skynsamlegt.

Komið hafði fram ósk um að þetta yrði að nokkru leyti afturvirkt eins og ég hef skilið málið en hér er það ekki lagt til og vandséð að hægt sé að setja löggjöf af þessu tagi afturvirkt sem að einhverju leyti kann að vera íþyngjandi þó að það eigi eftir að skoðast betur.

Hvað varðar gatnagerðargjaldið er ég líka sammála því sem hér er lagt til, þ.e. með lengingu á tímanum úr 30 daga í 90 daga. Ég held að það sé hluti af því sem eðlilegt er að gera í ljósi þeirrar stöðu sem við erum í í augnablikinu. Mig langar aðeins að víkja að því atriði sem kemur líka fram varðandi breytingu á þessu og það er ákvæði í 9. gr., um verðtrygginguna, að það falli brott. Hæstv. ráðherra gerði grein fyrir því hver ástæðan væri fyrir því að óeðlilegt væri að binda endurgreiðsluna við vísitölu og eðlilegt að sá sem hefði fengið lóð úthlutað, og af einhverjum ástæðum skilað henni, tæki á sig einhvern kostnað af slíku. Ég er út af fyrir sig sammála því að sá sem fær lóð úthlutað og vill síðan af einhverjum ástæðum skila henni þurfi að bera af því einhvern kostnað vegna þess að sannarlega hefur einhver kostnaður fallið á sveitarfélagið. Ég hef vissar efasemdir um þá leið sem hér er farin í því efni — og nú er rétt að halda því til haga, eins og ég hef sagt í þingræðum um önnur mál, að ég er mikill andstæðingur verðtryggingarinnar eins og hún leggur sig og tel að afnema eigi hana eftir því sem aðstæður gefa tilefni til og leyfa.

Það kemur svolítið spánskt fyrir sjónir að kippa verðtryggingu úr sambandi í þessu samhengi án þess að tekið sé á henni heildstætt í sjálfu sér. Ég hef velt því fyrir mér hvort það væri þá skynsamlegra að þeir sem skila lóðum taki á sig hlutdeild í kostnaði við það með einhverjum öðrum hætti, t.d. með einhverju staðfestingargjaldi eða einhverju gjaldi upp í gatnagerðargjaldið sem sveitarfélögin hefðu heimild til að halda eftir frekar en fara inn í þessa verðtryggingu með þessum hætti þó ég undirstriki það að sjálfur tel ég að leita eigi leiða til að draga úr og afnema verðtryggingu almennt séð. En eins og ég segi, það er svolítið skrýtið að gera það bara þarna á meðan ekkert er verið að aðhafast í verðtryggingunni á öðrum sviðum. Þetta er hins vegar alls ekki stórt mál í þessu samhengi en ég áskil mér að sjálfsögðu rétt til að ræða það frekar á vettvangi nefndarinnar og heyri þá kannski frekar sjónarmið sveitarfélaganna fyrir þessari leið þegar við fáum fulltrúa þeirra á okkar fund eða umsagnir frá þeim.

Frumvarpið er í sjálfu sér ágætt og um það á ekki að verða neinn sérstakur ágreiningur nema síður sé. Ég tel brýnt að það fái framgang þó að við áskiljum okkur rétt, þingmenn, til að skoða þær umsagnir rækilega sem berast um málið og hafa skoðanir á því þegar þar að kemur. Hitt er svo stærra mál, og miklu stærra, sem varðar tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, tekjustofna sveitarfélaga. Hæstv. ráðherra boðaði það fyrr í haust að hann hyggist beita sér fyrir heildarendurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Mig langar að nota tækifærið til að inna hæstv. ráðherra eftir því hvað þeim undirbúningi líður og hvar það mál er statt, heildarendurskoðun á lögunum um tekjustofna sveitarfélaga, og hvenær búast megi við að sú vinna fari í gang. Það er kannski stóra verkefnið fyrir sveitarfélögin í landinu að farið sé heildstætt yfir málefni þeirra.

Ég ætla ekki að fara frekar út í einstaka þætti. Ráðherrann nefndi m.a. 1.400 millj. kr. aukaframlag í jöfnunarsjóð sem ég tel að sé lífsnauðsynlegt, ekki síst fyrir minni sveitarfélög vítt og breitt um landið. Það skiptir verulegu máli og er umtalsverður hluti af tekjum þeirra og getur ráðið úrslitum um það hvort þau lifa þetta ástand af eða ekki. Það er mjög brýnt að á því verði tekið og við tökum frekar á því við fjárlagaumræðuna.

Virðulegi forseti. Ég get sagt fyrir mína parta að ég styð efnisatriði frumvarpsins en við munum væntanlega fara betur yfir einstök atriði þess í hv. samgöngunefnd.

[11:40]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir stuðningsyfirlýsingu við frumvarpið sem hér er sett fram þó að fyrirvari sé settur um vinnu samgöngunefndar sem er alveg hárrétt. En eins og hér hefur komið fram er þetta niðurstaða vinnu eftir að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lagði fyrir mig ákveðið aðgerðaplan eða áhersluatriði í samskiptum sínum við ríkisvaldið á næstunni sem það bað um

að unnið yrði eftir. Þetta eru allt þættir sem þar eru á blaði og hefur allt verið unnið í mjög góðum samskiptum og samráði milli ráðuneytisins og sambandsins, lögfræðinga þeirra. Það er mikið samkomulagsatriði sem hér er sett fram, þetta frumvarp, og tekur á þeim þáttum sem rík áhersla var lögð á.

Hv. þingmaður ræðir um verðbæturnar og segir sig vera andstæðing verðtryggingar. Ég get sagt að ég sé það líka þó að okkur greini ef til vill á um hvernig best væri að afnema hana. Ég hef þá skoðun að best sé að afnema hana með því að taka upp evru og ganga í Evrópusambandið en það er annar handleggur. En ég tel sjálfsagt að taka á þessum þætti þarna þó að hv. þingmaður telji skrýtið að við séum bara að taka á þessu en ekki öðru. Það er sjálfsagt að afnema þetta vegna þess að það er auðvelt. Það er ekkert eðlilegt við það, eins og kom fram í framsöguræðu minni, að fólk geti fengið lóð, haldið henni í 3–4 ár þess vegna, komið svo inn til viðkomandi sveitarfélaga og skilað henni og fengið hana verðbætta að fullu. En það þarf að vera klárt þegar úthlutun á sér stað hvaða reglur gilda. Þess vegna er það, virðulegi forseti, sem enginn treystir sér til að fara í þá afturvirkni sem ég veit að nokkrir sveitarstjórnarmenn hafa kallað eftir. Það getum við ekki, þetta er vernd gegn því, því að þetta voru þær reglur sem voru í gildi þegar úthlutun átti sér stað. En frá og með gildistöku þessara laga þurfa sveitarfélög ekki að úthluta með þessu fororði. Það er mikilvægt að það komi fram.

Hv. þingmaður spurði um skipun nefndar um að endurskoða tekjustofnalögin og hvenær það hefjist. Ég á þá von að það hefjist fljótlega á næsta ári. Í þeim darraðardansi, sem við höfum öll verið í, Stjórnarráðið, þingmenn og stjórnkerfið allt, höfum við sett þetta aðeins á bið. En það verður og hef ég m.a. ákveðið að fulltrúar þingflokka verði í þessari nefnd eftir ábendingum sem ég fékk frá fulltrúum úr samgöngunefnd, bæði frá hv. formanni hennar, hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, svo og frá hv. þingmönnum. Mér finnst það sjálfsagt vegna þess að um það eigum við að reyna að hafa sem mesta samvinnu að finna niðurstöðu hvað þetta varðar. Ég vona, virðulegi forseti, að okkur takist að koma þessari vinnu í gang fljótlega á næsta ári eins og ég hef reyndar boðað, bæði á fundum með Sambandi ísl. sveitarfélaga, fjármálaráðstefnu og öllum landshlutafundunum. Þar að auki er að hefjast vinna við endurskoðun á regluverki jöfnunarsjóðs og ég held að þetta sé allt að fara á fulla ferð.

Ég ítreka, virðulegi forseti, þakkir til hv. þingmanns fyrir innlegg hans í þessa umræðu. Ég veit að það er í góðum höndum í samgöngunefnd að vinna þetta frumvarp sem hér hefur verið lagt fram.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og samgn.

Loftferðir, 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (flugvernd, gjaldtaka, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 243.

[11:44]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60 frá 1998, með síðari breytingum.

Um nokkurt skeið hefur staðið fyrir dyrum heildarendurskoðun laga um loftferðir í samgönguráðuneytinu. Þar sem sú vinna er skammt á veg komin þykir brýnt að koma að breytingum á lögunum, ekki síst með tilliti til þeirra stjórnskipulegu fyrirvara sem gerðir hafa verið, vegna innleiðingar nokkurra gerða Evrópubandalagsins í íslenskan rétt. Verði frumvarpið að lögum verður unnt að aflétta þeim fyrirvörum og innleiða viðkomandi gerðir án frekari tafa. Í öðrum tilvikum þykir mikilvægt að styrkja og bæta lagastoð fyrir setningu reglugerða á tilteknum sviðum.

Frumvarpið er samið í samgönguráðuneytinu og var sent út til umsagnar flugráðs og hagsmunaaðila auk þess sem einstök ákvæði voru unnin í samráði við ráðuneyti dómsmála, fjármála, viðskipta og heilbrigðismála.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur til breytinga á nokkrum ákvæðum laganna. Um er að ræða breytingar af margvíslegum toga.

Umfangsmestu breytingar frumvarpsins lúta að flugvernd og gjaldtöku vegna hennar. Kveðið er á um skýrari lagastoð til setningar reglugerða á sviði flugverndar. Þá er lagt til að sá skattur, sem gildandi lög ákveða vegna flugverndar verði afnuminn og í staðinn verði rekstraraðila flugvallar veitt heimild til gjaldtöku. Jafnframt eru í frumvarpinu nýmæli er kveða á um gagnsæi gjalda. Lagt er til að komið verði á notendanefnd sem verði vettvangur skoðanaskipta hagsmunaaðila varðandi þjónustu og aðstöðu á flugvelli, þar með talið um gjaldtöku.

Aðrar breytingar lúta m.a. að því að bæta og styrkja lagastoð fyrir setningu reglugerða og innleiðingu gerða á nokkrum sviðum vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og ég hef þegar sagt.

Virðulegur forseti. Ég vík nú að afhugasemdum við helstu greinar frumvarpsins.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt er til að Flugmálastjórn Íslands verði heimilt að fela viðurkenndum aðilum skrásetningu og eftirlit með starfrækslu og lofthæfi loftfara af tiltekinni tegund eða flokki. Er þar leitast við að styrkja og bæta heimildir núgildandi laga. Um nokkurt skeið hefur Flugmálastjórn Íslands falið viðurkenndu fisfélagi skráningu og eftirlit slíkra þátta og hefur það fyrirkomulag gefist vel en í ljósi athugasemda, m.a. frá umboðsmanni Alþingis, þykir nauðsynlegt að kveða skýrar á um þessa heimild. Í a-lið 2 gr. er nánari útfærsla á beitingu heimildar skv. 1. gr. frumvarpsins auk þess sem kveðið er á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmdina.

Í b-lið 2. gr. er lagt til að sett verði almennt ákvæði um vottun eða viðurkenningu aðila sem fara með verklega eða bóklega kennslu, þjálfun eða prófun á sviði loftferða. Slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum. Nauðsynlegt er að tryggja frekari lagastoð fyrir innleiðingu fjölmargra

EES-gerða sem væntanlegar eru á sviðinu.

Í c-lið 2. gr. er fjallað um fluglækna og fluglæknasetur en ákvæði í reglugerð um heilbrigði flugliða og flugumferðarstjóra hafa verið í gildi hér á landi um langt skeið. Loftferðalögin hafa hingað til ekki kveðið á um starfsemi fluglæknasetra. Nauðsynlegt er að styrkja frekari lagastoð til innleiðingar á EES-gerðum þar að lútandi sem eru væntanlegar.

Í e- og f-lið 2. gr. er að finna heimildir til setningar reglugerða vegna starfrækslu almannaflugs og verkflugs sem skort hefur á slíkar heimildir.

Í 3. gr. er bætt við efnisheimildum vegna setningar reglugerða um vakt- og vinnutíma og skráningar hans.

Í 4. gr. er kveðið á um víðtækari aðgang að upplýsingum úr gagnagrunni um tilkynnt flug- og flugumferðaratvik. Opnað er fyrir aðgang aðila að upplýsingum úr gagnagrunni um tilkynnt atvik þannig að hagsmunaaðilar sem eru í þeirri stöðu að geta unnið að bættu flugöryggi hafi þar aðgang. Rík áhersla er lögð á að hagsmunaaðilar noti þær upplýsingar sem þeim berast á grundvelli þessarar heimildar sem trúnaðargögn og að upplýsingarnar verði eingöngu notaðar í mjög afmörkuðum tilgangi.

Í 6. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á skilgreiningu hugtaka vegna flugleiðsöguþjónustu til samræmis við þá hugtakanotkun sem tíðkast í EES-gerðum. Ráðherra er í frumvarpinu veitt heimild til að setja reglugerð um framkvæmd, starfrækslu og eftirlit með flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar. Fyrirsjáanlegt er að á næsta ári muni verkefni þessu tengd flytjast til Flugöryggisstofnunar Evrópu og gerðum Evrópubandalagsins á þessu sviði fjölga verulega. Nauðsynlegt er að skýr lagaheimild sé til staðar til innleiðingar þeirra.

Í 7 gr. frumvarpsins eru nýmæli er lúta að flugafgreiðslu þar sem áréttað er að rekstraraðili flugvallar geti afmarkað fjölda þeirra aðila, sem mega veita flugafgreiðslu á viðkomandi flugvelli. Skilyrði þessa eru þau að flugvöllurinn sé opinn fyrir flugumferð í atvinnuskyni og undir viðmiðunarmörkum hvað varðar fjölda farþega og magn farms. Þá er lagt til að ráðherra geti í reglugerð kveðið á um eftirlit með þeim sem sinna flugafgreiðslu. Rekstraraðila flugvallar er veitt heimild til að afhenda þriðja aðila stjórn sérstakra mannvirkja til flugafgreiðslu.

Í 9. gr. frumvarpsins eru ítarleg ákvæði er varða flugvernd, eins og áður hefur komið fram.

Frá því að núgildandi 70. gr. laga um loftferðir var sett, í kjölfar atburðanna 11. september 2001 í Bandaríkjunum, hefur umhverfi flugverndarmála í heiminum tekið nokkrum breytingum. Fyrir dyrum stendur nú innleiðing nýrra reglugerða Evrópubandalagsins á sviði flugverndar. Hluti þessarar innleiðingar lýtur að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem hefur að geyma viðkvæmt efni og lýsingu á verklagi sem flokkað er sem leynilegt og verður einungis birt takmörkuðum hópi.

Er af því tilefni lagt til að lögfest verði sérstök heimild ráðherra til að birta aðeins að hluta eða öllu leyti efni verklagsreglna þeim einstaklingum sem starfs síns vegna þurfa að hafa vitneskju um efni hennar. Áskilið er að efnið varði beina flugverndarhagsmuni og öryggi og leynd leiði af þjóðréttarlegum skuldbindingum á sviði flugverndar. Um er að ræða leynilegar reglur um verklag sem fjölmargir aðilar sem hafa með starfsemi á flugvöllum að gera. Aðgerðir þessar og verklag sæta eftirliti Flugmálastjórnar Íslands.

Ljóst er að séu verklagsreglurnar birtar og aðgengilegar almenningi, þar á meðal þeim sem hyggja á ólögmætar aðgerðir gegn flugstarfsemi, eru minni líkur á að reglurnar nái markmiði sínu. Aðeins kröfur er lúta að verklagi og starfrækslu flugverndar verða háðar leynd.

Í 11. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um heimild til niðurfellingar skattheimtu sem er að finna í 71. gr. loftferðalaganna en í staðinn kemur almenn heimild rekstraraðila til gjaldtöku. Með breytingunni er formi gjaldtökunnar breytt frá skattheimtu yfir í kostnaðartengda gjaldheimtu. Breytingin er m.a. liður í heildarendurskoðun skattheimtu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar stofnunar Keflavíkurflugvallar ohf. Nauðsynlegt þykir að breyta formi gjaldtökunnar nú m.a. í ljósi hins breytta rekstrarforms. Breyting sú sem hér er lögð til mun væntanlega leiða til lækkunar gjalda á flugfarþega í millilandaflugi en um leið er gert ráð fyrir heimild fyrir nýrri gjaldtöku vegna farms, pósts og aðfanga.

Í 12. gr. frumvarpsins er nýmæli þar sem rekstraraðila flugvallar eða flugvallarkerfis yfir ákveðinni stærð er skylt að setja á stofn svokallaða notendanefnd. Með því er komið á vettvangi fyrir skoðanaskipti milli rekstraraðila og notenda flugvallar, um málefni sem varða rekstur flugvallarins. Það er m.a. gert sem liður í að auka gagnsæi í rekstri og gjaldtöku á flugvöllum sem eru oft í einokunaraðstöðu gagnvart notendum. Með þessu er aðkoma notenda að rekstri flugvalla aukin og þeim veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákvarðanir er varða mikilvæga hagsmuni þeirra eru teknar.

Virðulegi forseti. Þá er í 13. gr. frumvarpsins að finna nýmæli um gagnsæi gjaldtöku á flugvöllum. Lögð er sú skylda á rekstraraðila flugvallar að leggja fram sundurliðun kostnaðar sem lagður er til grundvallar gjaldtöku, eigi sjaldnar en árlega. Þá er kveðið á um skyldu þeirra sem nýta aðstöðu flugvalla til að upplýsa rekstraraðila flugvallar um áætlanir sínar varðandi ýmsa þætti sem áhrif geta haft á rekstur flugvallar, þar með talið umfang þjónustu, aðstöðu og uppbyggingu innviða á flugvelli.

Í 14. gr. er lögð til breyting á skilyrðum fyrir vopnaða verði um borð í íslenskum loftförum í almenningsflugi. Lagt er til að áskilnaður núgildandi laga um að beiðni hafi borist frá flugrekanda að kröfu erlends ríkis verði felldur niður. Þessi krafa er talin of takmarkandi í ljósi breytinga á EES-gerðum þar sem það bindur hendur ríkisvaldsins til sjálfstæðrar ákvörðunartöku. Í ákvæðinu er miðað við að skapist slíkt ástand sem byggist á mjög brýnum ástæðum þar sem til athugunar er hvort setja eigi vopnaða verði um borð í íslenskt loftfar verði samgönguráðherra að ráðfæra sig við dómsmála- og utanríkisráðherra áður en ákvörðun er tekin. Ljóst er af framangreindu að ætlast er til þess að heimildinni verði beitt í algerum undantekningartilvikum. Þá er í 16. gr. frumvarpsins kveðið á heimild ríkisstjórnar Íslands til samningagerðar og hún útvíkkuð frekar til samninga á sviði flugverndar.

Þá er að lokum í 17. gr. frumvarpsins lagt til að lagastoð fyrir starfrækslu tölvuskráningarkerfa verði styrkt og að kveðið verði á um skýra heimild til setningar reglugerðar

um starfrækslu slíkra kerfa. Tryggja þarf að slík kerfi hindri ekki eðlilega samkeppni, tryggja bann við misnotkun eða mismunun og vernda hagsmuni neytenda.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[11:56]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var eitt atriði sem ég hnaut um í máli hæstv. ráðherra. Hann gerir grein fyrir því varðandi 4. gr. frumvarpsins sem hann mælti hér fyrir að lagðar væru til breytingar á orðalagi núgildandi laga með vísan til stjórnskipulags fyrirvara vegna innleiðingar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um skráningu og miðlun upplýsinga o.s.frv.

Það sem mér leikur forvitni á að vita er í hverju þessi stjórnskipulegi fyrirvari felst, hvort hann er í gildi og hvort það sé meiningin með lagafrumvarpi þessu eða lögum, ef þau verða samþykkt, að fallið sé frá hinum stjórnskipulega fyrirvara sem um er að ræða sem mér er ekki alveg ljós hver er nákvæmlega.

Venjan er jú sú að þegar um er að ræða reglugerðir þar sem stjórnskipulegum fyrirvara hefur verið beitt, að vikið sé frá honum eða fallið frá honum með þingsályktun sem kemur til umfjöllunar á Alþingi. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvaða stjórnskipulegi fyrirvari er hér á ferðinni og hvort ætlunin sé að falla frá honum, hvort það eigi að gerast með þessu frumvarpi en ekki með hinum hefðbundnu leiðum sem gilda um stjórnskipulegan fyrirvara.

[11:57]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í 4. gr. er eingöngu verið að útvíkka þessa grein laganna sem þykir of þröng. Verið er að opna fyrir þá sem vinna að bættu flugöryggi, að þeir hafi þar aðgang. En hér er, eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, fyrst og fremst verið að útvíkka greinina aðeins sem þykir of þröng.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og samgn.

Húsnæðismál, 2. umr.

Stjfrv., 137. mál (lengri lánstími skuldbreytingarlána vegna greiðsluerfiðleika). — Þskj. 150, nál. 218.

[11:59]

Frsm. fél.- og trn. (Guðbjartur Hannesson) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég tala hér fyrir nefndaráliti frá félags- og tryggingamálanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund fulltrúa frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, frá Íbúðalánasjóði, Búseta á Norðurlandi, Búseta í Reykjavík, viðskiptaráðuneytinu, frá Samtökum fjármálafyrirtækja og frá Nýja Landsbankanum eða NBI hf., frá Nýja Kaupþingi, Nýja Glitni, Sambandi íslenskra sparisjóða, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og frá Lífeyrissjóði verslunarmanna. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, umboðsmanni barna, Viðskiptaráði Íslands, Persónuvernd, Samtökum iðnaðarins, Félagsbústöðum, Búseta á Norðurlandi, Búseta í Reykjavík og Creditinfo Ísland.

Frumvarpið er þáttur í aðgerðum sem félags- og tryggingamálaráðherra hefur gripið til vegna þeirrar stöðu sem er á vinnumarkaði og í efnahagslífi þjóðarinnar. Frumvarpinu ásamt fleiri aðgerðum er ætlað að rýmka heimildir og fjölga úrræðum sem Íbúðalánasjóður hefur til að koma til móts við lántakendur sem lenda í greiðsluvanda. Lagt er til að Íbúðalánasjóði sé heimilt að leigja eða fela öðrum að leigja það íbúðarhúsnæði sem sjóðurinn hefur yfirtekið á nauðungaruppboði. Þá er lögð til lenging úr 15 árum í 30 ár á hámarkslánstíma skuldbreytingarlána Íbúðalánasjóðs sem veitt eru vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika lántaka.

Við meðferð málsins ræddi nefndin einna helst sjónarmið varðandi útleigu íbúða þeirra sem Íbúðalánasjóður eignast, leiguverð þeirra, hámarkslánstíma sjóðsins og hvort rétt væri að skilyrða útleigu íbúðanna við að sjóðurinn hafi eignast þær á nauðungaruppboði. Þá ræddi nefndin einnig ýmis málefni tengd Íbúðalánasjóði sem ekki er tekið á í frumvarpinu, m.a. þau úrræði sem þegar hafa verið kynnt varðandi Íbúðalánasjóð og ekki kröfðust lagabreytinga og þau sem eru í undirbúningi.

Fram kom í nefndinni að ekki sé ætlunin að Íbúðalánasjóður standi sjálfur í leigumiðlun heldur feli öðrum það með samningi. Nefndin telur mikilvægt að nýtt séu þau úrræði og þekking sem til er um viðhald og útleigu. Þá geti verið rétt að dreifa útleigu íbúða þannig að ekki verði einn aðili sem sjái um heildarútleigu og viðhald þeirra íbúða sem sjóðurinn kann að eignast. Horft verði til löggiltra leigumiðlana, húsnæðissamvinnufélaga, svo sem Búseta, og sveitarfélaganna, til að mynda Félagsbústaða.

Nefndin telur einnig mikilvægt að í reglugerð um útleigu íbúða sé kveðið á um ákveðin grunnskilyrði sem leigumiðlun þurfi að uppfylla til að Íbúðalánasjóði sé heimilt að fela henni útleigu fyrir sína hönd, m.a. sé rétt að kveða á um að leigumiðlun sé ekki á vanskilaskrá, skuldi ekki opinber gjöld, hafi skilað ársreikningi á tilsettum tíma og jafnvel að gert sé áhættumat á gjaldfærni miðlunarinnar á næstu mánuðum. Þá væri hægt að kveða á um að miðlunin þurfi að hafa verið starfrækt í tiltekinn tíma til að koma til álita varðandi samning um útleigu íbúða sjóðsins. Telur nefndin að slík skilyrði ættu að koma í veg fyrir misnotkun og tryggja að viðhald og útleiga íbúða sé í höndum trausts aðila.

Hvað leiguverðið varðar telur nefndin að gæta þurfi að því að útleiga íbúða standi undir kostnaði en jafnframt sé fyrrum eiganda ekki gert ófært að greiða leigu. Í greinargerð kemur fram að Íbúðalánasjóður muni við útleigu miða við markaðsverð en á fundi nefndarinnar kom fram að engar tölur lægju fyrir um leiguverð á markaði utan þess að það hafi tekið að lækka. Nauðsynlegt er að tryggja Íbúðalánasjóði rekstrargrundvöll og því eðlilegt að leggja áherslu

á að einungis er um skammtímaúrræði að ræða. Þannig verði sjóðnum gert kleift að selja íbúðir ef leiga þeirra reynist hærri en gengur og gerist en lántakendum jafnframt gert kleift að leita að hentugu húsnæði sem hefur í för með sér sem minnst rask eða óhagræði fyrir lántakendur og fjölskyldur þeirra.

Lengingu á hámarkslánstíma skuldbreytingarlána Íbúðalánasjóðs úr 15 í 30 ár eru sett þau takmörk í lögum um húsnæðismál að hámarkslánstími lána hjá sjóðnum er 55 ár, sbr. 4. mgr. 48. gr. laganna. Ef þessu tímamarki er haldið til streitu getur það orðið til þess að ekki geti allir nýtt sér heimildina til skuldbreytingar í 30 ár. Þar sem það getur skipt einstaklinga sköpum í því efnahagsástandi sem nú ríkir að geta lengt í lánum sínum og með því lækkað greiðslubyrði leggur nefndin til að hámarkslánstími lána hjá sjóðnum verði færður í 70 ár. Nefndin telur nauðsynlegt að samhliða slíkri lengingu séu lántakendur uppfræddir um að kostnaður aukist mjög þó að greiðslubyrði léttist einungis lítillega. Ólíkt lánum Íbúðalánasjóðs hafa lán fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða ekki verið bundin hámarkslánsfjárhæð og eru því oft og tíðum mun hærri en lán þau sem sjóðurinn veitir. Nefndin telur eðlilegt að beina þeim tilmælum til annarra lánveitenda en Íbúðalánasjóðs að heimila sambærilega skuldbreytingu og frumvarpið mælir fyrir um. Nefndin telur það í samræmi við tilmæli ríkisstjórnarinnar um að veita lántakendum sömu úrræði og nú þegar eru til staðar og væntir þess að tilmælin muni einnig eiga við um þessa breytingu. Nefndin leggur áherslu á að fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir geri sitt til að koma til móts við lántakendur sína með breytingum á skilmálum lána og bendir í því samhengi á að nokkur lög hafa þegar verið sett til að greiða fyrir þessu, til að mynda lög sem fella niður þinglýsingarkostnað og stimpilgjöld af skilmálabreytingum, sem og lög sem gera lántakendum kleift að óska einhliða eftir greiðslujöfnun á fasteignaveðlánum sínum. Nefndin leggur áherslu á að þessum lánveitendum verði gert að fara að fordæmi Íbúðalánasjóðs og veita lántakendum breytingar á skilmálum lána í samræmi við ákvæði frumvarpsins sem og breytingartillögu nefndarinnar. Að sama skapi sé eðlilegt að lántakendum sé ekki mismunað og lánveitendur hugi að því að útfæra einnig úrræðið sem kveðið er á um í 1. gr.

Í frumvarpinu er það gert að skilyrði fyrir útleigu íbúða að sjóðurinn hafi eignast þær á nauðungaruppboði. Nauðungaruppboð er kostnaðarsöm aðgerð sem getur haft neikvæð áhrif á einstaklinga og fjölskyldur. Nefndin leggur áherslu á að allra leiða sé leitað til að aðstoða fólk í greiðsluerfiðleikum og m.a. séu einstaklingar aðstoðaðir við að minnka við sig, sé þess kostur. Í þessu sambandi lítur nefndin til þeirra úrræða sem kynnt hafa verið á síðustu vikum, lántakendum til hagsbóta, sem og frumvarps um greiðsluaðlögun sem ríkisstjórnin hefur sagt að sé væntanlegt. Augljóst er að stundum er nauðungaruppboð eina leiðin og það úrræði að geta leigt íbúð áfram fjölskyldum þá mjög kærkomið. Að sama skapi telur nefndin mikilvægt að horft sé til alvarleika slíkra aðgerða og eingöngu gripið til þeirra sem síðasta úrræðis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu, sem er að finna í nefndarálitinu. Undir þetta rita undirritaður Guðbjartur Hannesson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ögmundur Jónasson, Árni Johnsen, Pétur H. Blöndal, Jón Gunnarsson, Birkir J. Jónsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Í sjálfu sér er ekki ástæða til þess að orðlengja frekar um þessa lagabreytingu. Aðalverkefnið er að verja heimili fólks, tryggja að fólk geti búið áfram í íbúðum sínum. Það hefur vantað þessa lagaheimild til Íbúðalánasjóðs til þess að tryggja það að Íbúðalánasjóði sé heimilt að leigja íbúð sem hann hefur yfirtekið á nauðungaruppboði.

Það var skoðað ítarlega í félags- og tryggingamálanefnd hvort ætti að taka út orðið „nauðungaruppboð“ og opna þessa heimild þannig að hægt væri að leigja íbúð án þess að viðkomandi hefði lent í þrotum. Það hafa verið skoðaðir ýmsir aðrir möguleikar eins og það að eignast hlut í íbúðum, þ.e. sjóðurinn eða lánastofnanir gætu eignast hlut í íbúðum og fleiri úrræði voru skoðuð. Við töldum, eftir að hafa haft samráð við alla þá aðila sem voru kallaðir til nefndarinnar, að ekki væri rétt að breyta þessu ákvæði að svo stöddu heldur yrði það þá að koma til síðar í tengslum við frekari úrræði sem yrðu þá kynnt síðar.

Varðandi lenginguna í 70 ár er það fyrst og fremst samræmingaratriði þar sem boðið er upp á 30 ára lengingu að þá sé hámarkið úr 55 í 70 ár breytt, en það er ástæða til að undirstrika þann kafla í nefndarálitinu sem ítrekar að þetta er ekki æskilegt úrræði nema í algjörri neyð. Þetta léttir ekki greiðslubyrði það mikið og hækkar auðvitað greiðsluna í heild ef fólk fer í lántökur til svo langs tíma. Ástæða er til að ítreka það sérstaklega að það er mikilvægt að lántakendum sé gert ljóst hver ávinningurinn er og hvernig málið lítur út þegar það er skoðað í heild til langs tíma.

Auðvitað hafa fleiri atriði verið í skoðun og verða væntanlega skoðuð áfram. Það sem er mikilvægast að skoða er með hvaða hætti hægt er að bregðast við hugsanlegu verðbólguskoti. Ekki er búið að taka á því máli endanlega en það kemur væntanlega síðar inn í þingið ef menn finna einhverjar viðeigandi lausnir á því.

[12:09]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þingmálið. Eins og fram kom í máli formanns félagsmálanefndar, hv. þm. Guðbjarts Hannessonar, er ég á þessu nefndaráliti sem fulltrúi í félagsmálanefnd og tek undir þau sjónarmið sem fram komu í máli hans. Ég tek einnig undir það sem hann lagði áherslu á að hér væri verið að lengja í lánum, opna kerfið, rýmka það, gera það sveigjanlegra. Ég hef áður sagt að þessar ráðstafanir, þótt mikilvægar séu, leysi ekki vanda fólks til frambúðar enda sé fyrst og fremst verið að lengja í hengingarólinni — eins og það var einhvern tíma orðað og nokkuð til í því — en skipti vissulega máli til að fá ráðrúm til að taka á málinu.

Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. formanns að við þurfum að halda vinnunni áfram, finna leiðir til að bæta stöðu skuldara og fjölskyldna sem standa frammi fyrir því að missa heimili sín ef fer sem horfir. Þar þarf að taka vísitölugrunninn sjálfan til skoðunar og endurmats og síðan þarf að kalla lífeyrissjóðina og bankakerfið til samráðs um framhaldið, hvað varðar vexti, vísitölutengingu lána og

annað sem snertir lánskjörin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 175. mál (endurgreiðsla vegna útflutnings ökutækja). — Þskj. 212, nál. 246.

[12:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, frá hv. meiri hluta efnahags- og skattanefndar. Það er að finna á þskj. 246.

Á þingskjalinu kemur fram hvaða gestir heimsóttu nefndina og þar er líka sagt að í frumvarpinu sé lagt til að heimilt verði að endurgreiða vörugjald og virðisaukaskatt af áður skráðum vélknúnum ökutækjum sem eru afskráð og flutt úr landi, eftir nánar greindum skilyrðum.

Þeir sem komu á fund nefndarinnar voru almennt sammála tilgangi frumvarpsins. Fram kom sú gagnrýni að gildistími þess væri of stuttur og kynni að valda óðagoti við útflutning auk þess sem sumir töldu að reglur frumvarpsins væru eðlilegar og ættu að gilda til frambúðar. Gerðar voru athugasemdir við afskriftaviðmið, fyrningarstuðul, er liggur til grundvallar útreikningi á endurgreiðslu og talið að það endurspeglaði ekki nægilega vel raunverulegt verðfall á bifreiðum. Einnig voru gagnrýnd tilmæli frumvarpsins um sérstaka ástandsskoðun tollstjóra og heimild til töku gjalds vegna hennar.

Meiri hlutinn bendir á að sú ráðstöfun sem í frumvarpinu felst er tímabundin og til komin vegna sérstakra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ætlunin er að auka möguleika eigenda bifreiða á að koma þeim í verð með tilheyrandi öflun gjaldeyristekna sem ætla má að verði varið til niðurgreiðslu skulda, enda tóku margir gengislán til bílakaupa. Hefur einnig verið vísað til þess að frumvarpið liðki fyrir endurnýjun íslenska bílaflotans og sé þar af leiðandi til hagsbóta fyrir umhverfið.

Meiri hlutinn leggur til að gildistími frumvarpsins verði lengdur til og með 31. desember 2009. Er það gert til samræmis við þá breytingu sem nefndin lagði til í tengslum við afgreiðslu laga nr. 132/2008 og um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald.

Fram kom á fundum nefndarinnar að fyrningarstuðull frumvarpsins feli í sér að heimild til endurgreiðslu er ekki lengur til staðar fimm árum eftir nýskráningu ökutækis. Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við það þar sem flest gengistryggð lán voru til kaupa á nýlegum bifreiðum.

Meiri hlutinn telur einnig rétt að hnykkja á því að áður en ráðist verður í innheimtu skoðunargjalds liggi skýrt fyrir hvernig útreikningi þess sé háttað og hvort þörf sé á slíku gjaldi en um innheimtu þess gildir heimildarákvæði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Í stað orðanna „til 1. apríl 2009“ í 3. efnismgr. 1. og 2. gr. komi: til og með 31. desember 2009.

Hv. þingmenn Ögmundur Jónasson, Bjarni Benediktsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og gerir fyrirvara við álitið.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Birkir J. Jónsson, Lúðvík Bergvinsson og Rósa Guðbjartsdóttir.

[12:15]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég ræddi um þetta mál við 1. umr. og vakti athygli á því að ég teldi mikilvægt að annars vegar væri sett þak á þá upphæð skatta sem hægt væri að endurgreiða einum einstaklingi eða í einu tilfelli og hins vegar væri brýnt að þak væri á þeim útgjöldum sem af frumvarpinu leiddu þannig að mikil útgjöld því tengd þyrftu ekki að bitna á velferðarþjónustunni eða nauðsynlegri þjónustu ríkisins að öðru leyti.

Samkvæmt upplýsingum mínum sá nefndin ekki fleti á þessu í umfjöllun sinni fyrir 2. umr. en vilji væri í nefndinni til að skoða málið frekar milli 2. og 3. umr. Ég tel mikilvægt að það verði gert til að reyna að finna leiðir til þess að tryggja að þessir annmarkar verði ekki á málinu og jafnframt að hv. fjárlaganefnd fái málið til umsagnar því að hún glímir við það erfiða verkefni núna að halda fjárlögum ársins 2009 innan þeirra marka sem nauðsynlegt er við þær aðstæður sem við búum við núna í efnahagsmálum.

[12:16]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég tók einnig til máls við 1. umr. um það mál sem hér liggur fyrir, um endurgreiðslu á vörugjaldi af ökutækjum vegna möguleika á útflutningi á þeim þúsundum bíla sem standa hér á hafnarbakkanum og eru einnig í eigu einstaklinga sem ekki geta selt þá. Ég lýsti þá efasemdum mínum um þá forgangsröðun sem hér liggur fyrir og ég vil nota þetta tækifæri til að ítreka hana.

Ég tel sem sagt að ekki sé verið að forgangsraða hér með réttum hætti. Heimilin í landinu standa frammi fyrir mjög miklum efnahagslegum þrengingum, ekki bara núna heldur á komandi árum. 1–2 milljarðar kr. í endurgreiðslur úr ríkissjóði gætu komið sér vel fyrir heimilin með ýmsum hætti, m.a. í formi hækkaðra vaxtabóta og húsnæðisbóta en einnig með hækkun barnabóta eða skattleysismarka. Svo ekki sé nú talað um hækkun atvinnuleysisbóta sem verulega þarf að taka til skoðunar.

Ég skal verða fyrst til að viðurkenna að það getur verið erfitt fyrir þá sem nú geta ekki selt bílana sína fullu verði og hafa kannski keypt þá með erlendu láni. Ég viðurkenni að það getur verið erfitt og að þessu frumvarpi er ætlað að auka möguleika þeirra til að fá eitthvað fyrir útgjöld sín og að aðgerðir ríkisstjórnarinnar geti þannig létt undir í því tilfelli. Það er hins vegar deginum ljósara að því dýrari sem bíllinn upphaflega var, því stærri og dýrari sem bíllinn var þeim mun meiri verða útlátin úr ríkissjóði. Ég hefði því kosið ef ríkisstjórnin ætlaði sér að standa við það að þetta

væri fyrst og fremst ætlað til að bæta stöðu heimilanna í landinu að sett hefði verið þak á þessar endurgreiðslur við eitthvað, eins og ég orðaði það við 1. umr., sem menn gætu fallist á að væri svona eðlilegur rúmgóður fjölskyldubíll. Svo er ekki og ég hlýt að lýsa miklum vonbrigðum með það. Þeir munu fá mest úr þessum endurgreiðslum sem keypt hafa dýrustu bílana enda þótt erfiðleikarnir við sölu bæði lítilla, ódýrra, sparneytinna bíla séu jafnmiklir og stórra og dýrari bíla.

Ég hef líka bent á og tel reyndar einboðið að þessi aðgerð muni fyrst og fremst nýtast fyrir bílaleigur í landinu, það er upplýst að þar stendur fyrir dyrum mikil endurnýjun, en einnig fyrir bílaumboðin sem hafa tekið mikið af gömlum bílum upp í nýja og sitja nú með þá óselda. Ég hefði viljað sjá einhverjar áætlanir um hvernig fyrirhugað er að beina þessum fjárútlátum úr ríkissjóði til annarra en þessara stóru aðila.

Ég hef einnig bent á að það er ótryggt með öllu hvernig sá gjaldeyrir sem fyrirhugað er að fá til baka fyrir sölu þessara bíla muni skila sér heim. Ég sé ekki að það hafi verið rætt í nefndinni. Ég sé ekki í nefndarálitinu að fjallað hafi verið um það sérstaklega. En í greinargerð með frumvarpinu kom fram að þarna væri um allt að 1,5–2 milljarða kr. að ræða úr ríkissjóði en á móti gætu skilað sér gjaldeyristekjur upp á allt að 10 milljarða kr.

Ég veit ekki betur, eins og ég sagði við 1. umr., en að menn geti í krafti Evrópska efnahagssvæðisins opnað reikninga erlendis í þeim löndum sem bifreiðarnar eru seldar og lagt andvirðið þar inn. Ég hlýt að kalla eftir tryggingu því að það er ein af röksemdunum fyrir frumvarpinu að það eigi að fá einhvern gjaldeyri inn í landið en ég sé ekki að það sé tryggt að hann muni skila sér.

Ég verð að lýsa vonbrigðum með ríkisstjórnina enn og aftur vegna rangrar forgangsröðunar. Ég viðurkenni að þessar aðgerðir geta gagnast einhverjum heimilum í landinu en eins og ég endurtek fyrst og fremst kannski heimilum þeirra sem hafa farið í of miklar bílafjárfestingar og heimilum þeirra sem reka bílasölur og bílaleigur. Það er gott út af fyrir sig en vandi almennings og almennra heimila í landinu stendur óbættur hjá þessari ríkisstjórn enn þá. Lesa má um það í blöðunum í dag að yfirlýsingar sem orðnar eru þriggja, fjögurra vikna gamlar um breytingar á greiðslu barnabóta koma ekki til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi 1. febrúar og verða þá til skerðingar á því sem menn hafa mátt reikna með að fá á þeim degi. Það er því ekki eitt heldur allt, frú forseti, sem ríkisstjórnin er að gera rangt að mínu mati.

[12:22]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Hv. þingmaður sem síðast var í pontu vildi setja þak á þetta. Nú er það svo að bílalánum var haldið mjög að fólki og því var lánað mjög hátt hlutfall, jafnvel 90%. Margir féllu því miður fyrir því og keyptu dýra bíla, jeppa jafnvel á 5 eða 6 millj. kr. Og ég hef heyrt af því að þau lán hafi tvöfaldast, þannig að maður sem keypti bíl fyrir 5 millj. kr. — ekkert ofsalega ríkur í sjálfu sér — skuldar núna 10 millj. og ræður ekkert við greiðslu af því. Það er því dálítið varasamt að setja þak nema maður segi við manninn að hann hafi ekki átt að vera svona vitlaus að gera þetta, það er kannski hægt að segja það.

En ég vil benda á, eins og ég benti á við 1. umr., að við látum ekki fólk sem reykir alla ævi og veit að það getur fengið krabbamein af því gjalda þess þegar það eru komið með krabbameinið. Fólkið er skorið upp á kostnað ríkisins, að sjálfsögðu. Við þurfum að líta á neyðina eins og hún kemur fyrir en ekki af hverju hún myndaðist. Ef fólk er í miklum vandræðum af því að það keypti bíl á þessum kjörum og vegna þess hve gengið hefur hækkað gífurlega mikið þurfum við að koma til aðstoðar. Ef við setjum þak á þetta mundum við takmarka möguleika þeirra sem keyptu einmitt dýra bíla með miklum lánum.

Varðandi bílaleigurnar og umboðin gætir ákveðins misskilnings því að þau fyrirtæki eru væntanlega með virðisaukaskattsnúmer og fá virðisaukaskattinn endurgreiddan að miklu leyti og bílaumboðin eru yfirleitt ekki búin að borga skatt af bílum sem koma inn þannig að þau flytja þá bara viðstöðulaust aftur til baka.

Það kemur að sjálfsögðu gjaldeyrir til baka vegna þess að við erum nýbúin að setja lög á Alþingi sem hv. þingmanni ætti að vera kunnugt um. Við settum lög eina nóttina, um fjögurleytið held ég, um gjaldeyrishöft, af öllum útflutningi skal skila gjaldeyri, að viðlagðri refsingu ef svo er ekki gert. Þannig að þeir sem flytja út alla þessa bíla verða að skila gjaldeyrinum til baka.

[12:24]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvað er dýr bíll? Hvar ætti þak að vera? Hv. þingmaður ræddi um bíl sem gæti kostað 5 milljónir. Ég nefndi í ræðu minni við 1. umr. bíla sem kosta miklum mun meira. 10 millj., 15 millj. Þeir eru líka óseldir hér á götunum. (**Gripið fram í:** Trukkar.) Ég er ekki að tala um atvinnutæki. Ég er ekki að tala um allar þær dýru og miklu vinnuvélar sem hafa runnið út úr landinu á undanförnum vikum og á eftir að verða til mikils skaða fyrir okkur þegar að því kemur að við getum farið að hafa not fyrir þær aftur.

Það er alveg hægt að gera greinarmun á því, hv. þm. Pétur H. Blöndal, hvað er greinilega mikil offjárfesting og allt of dýrt til að ríkissjóður fari að blæða fyrir það í þessum efnum, og svo því sem ég nefndi áðan, ef menn geta komist að niðurstöðu um hvað gæti verið venjulegur fjölskyldubíll. Fyrir stóra fjölskyldu gæti jeppi þess vegna verið eðlilegt viðmið og það þarf ekki endilega að skoða fjölskyldustærð í því tilfelli, menn þurfa bara að taka ákvarðanir um hvar markið á að liggja.

Ég mótmæli algjörlega samlíkingunni við krabbameinið og læknisþjónustu. Það er algjörlega valkvætt hvort og hvernig bíla menn kaupa sér. Það er það hins vegar ekki svo með krabbameinið og það þekkir sú sem hér stendur af eigin reynslu. Það er ekkert sem hægt er að bera saman í þeim efnum.

Ég vil líka benda á það, hv. þingmaður, að ég er ekki að ræða um innflutta bíla hjá bílaumboðunum. Ég nefndi sérstaklega að bílaumboðin hafa tekið gamla eða eldri bíla upp í nýja bíla og sitja þess vegna uppi með gríðarlega mikið af óseldum „gömlum“ bílum líka, ekki bara þær þúsundir sem

eru á hafnarbakkanum. Ég tel því ekki, frú forseti, að hv. þingmaður hafi hrakið neitt af þeim röksemdum sem ég kom fram með í ræðu minni áðan.

[12:27]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég nefndi reykingar af því að það er almennt viðurkennt og búið að vera þekkt lengi að reykingar valda krabbameini og þeir sem reykja stuðla þá í rauninni að því. Nákvæmlega eins og þeir sem keyptu bíla og lentu í þessu. Ég var bara að benda á þetta.

Varðandi það að setja þak og hvað sé eðlilegur fjölskyldubíll. Ég tel reyndar að jeppi upp á 5 millj. kr. sé ekki eðlilegur fjölskyldubíll. Ég mundi alla vega ekki tíma að keyra svoleiðis bíl en margir gera það. Og þó að einn og einn mjög dýr bíll slæddist með, þeir eru kannski örfáir á landinu, þá er nýbúið að borga mjög há gjöld af þeim til ríkissjóðs. Menn eru nýbúnir að borga geysilega há gjöld af þessum bílum og þegar þeir flytja þá út aftur finnst mér eðlilegt að þeir fái hluta af þeim gjöldum endurgreiddan. Eins og kom fram í nefndinni eru afskriftareglurnar mjög stífar þannig að bílarnir afskrifast mjög hratt. Þessi endurgreiðsla er eiginlega fyrir mjög nýlega bíla sem er nýbúið að borga mjög há gjöld af.

[12:28]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að 5 millj. kr. bíll er ekki það sem kalla má venjulegan fjölskyldubíl, hann gæti verið það í einhverjum tilfellum, en það var svo sem ekki sú fjárhæð sem ég var að tala um áðan.

Ég vil hvetja til þess á þessu stigi að fylgst verði mjög náið með framgangi og framkvæmd þessara lagaákvæða og að rekjanlegt verði hvar sá stuðningur við heimilin í landinu sem hér er verið að boða ber niður og hverjir njóta hans nákvæmlega. Ég mun fyrir mitt leyti gera allt sem í mínu valdi stendur til að fylgjast með því. Í stjórnarandstöðu geta menn gert það með því að bera fram fyrirspurnir og ýta eftir atvikum á breytingar á þeim ákvæðum sem hér liggja fyrir ef manni sýnist, sem ég óttast, að þetta sé ávísun á misskiptingu greiðslna úr ríkissjóði sem ég vil helst ekki sjá.

[12:29]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel mjög jákvætt að menn leiti upplýsinga og fái upplýsingar og ég yrði mjög ánægður að sjá upplýsingar um hve mikið væri verið að endurgreiða með þessum hætti.

Því miður voru menn að kaupa ótrúlega dýra bíla, venjulegt launafólk, með þessum lánatilboðum sem voru með veð í bílunum sjálfum. Ég hugsa að margur maðurinn, venjulegt launafólk sem skuldar kannski 10–15 millj. kr. og er með illseljanlegan bíl í höndunum geti í raun og veru ekki komist út úr þessari klemmu þó að þeir vilji. Ég tel að samþykkt þessa frumvarps geri fólki kleift að komast út úr þeirri klemmu með því að flytja bílinn út. Svo vil ég benda á að þegar bíllinn er fluttur út og fólk er búið að selja bílinn sinn þarf það hugsanlega að kaupa bíl aftur seinna, kannski fljótlega, og þá kaupir það sér hugsanlega minni og sparneytnari bíl sem mengar ekki eins mikið, af því að ég veit að hv. þingmaður hefur áhuga á mengun og hlýnun jarðar, hugsanlega kaupir fólk sér líka tvinnbíl eða einhvern bíl sem mengar lítið eða ekki neitt. (**Gripið fram í:** Og þá minnka bílarnir.) Það er spurning hvort menn séu ekki tilbúnir til þess. Þessi breyting losar einmitt þjóðina við þessa miklu bensínháka sem fara þá til útlanda og menga væntanlega þar en þeir menga þá ekki hér á landi og það kemur ekki niður á kolefniskvóta Íslands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:31]

Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, 2. umr.

Stjfrv., 94. mál. — Þskj. 101, nál. 245.

[14:00]

Frsm. samgn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um niðurlagningu úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Unni Gunnarsdóttur og Ólaf Pál Vignisson frá samgönguráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Siglingastofnun Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, ríkislögreglustjóra, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landssambandi björgunarsveita, Félagi skipstjórnarmanna, Persónuvernd, Hafnasambandi sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, tollstjóranum í Reykjavík, Umhverfisstofnun, Olíufélaginu hf., Olíudreifingu ehf., Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að leggja niður tvær sjálfstæðar úrskurðarnefndir á sviði siglingamála en það er liður í þeirri stefnu að fækka skuli sjálfstæðum úrskurðarnefndum. Er það gert til að auka ráðdeild í meðferð ríkisfjármála auk þess sem það er í samræmi við þá meginreglu að ráðherra fari með yfirstjórn stjórnarmálefna.

Nefndin ræddi þá tilhögun sem lögð er til í frumvarpinu og fjallaði m.a. um hvort breytingin geti haft í för með sér takmörkun á kæruleiðum fyrir hlutaðeigandi aðila. Nefndin telur svo ekki vera heldur miði breytingin fremur að hagræðingu og einföldun í skipulagi stjórnsýslu. Nefndin telur að breytingin samræmist meginreglunni um að ráðherra sem æðra sett stjórnvald beri ábyrgðina og því eðlilegt að úrskurðarvald í málum sem þessum sé hans. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Á eftir 3. gr. komi ný grein sem orðist svo: Í stað orðanna „farbannsnefndar skv. 24. og 25. gr.“ í 27. gr. laganna kemur: ráðuneytis.

Ármann Kr. Ólafsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta rita allir aðrir nefndarmenn samgöngunefndar.

[14:02]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég skrifa undir nefndarálitið sem hér var kynnt af hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur. Ég styð að úrskurðarnefndirnar séu lagðar niður enda er ég algerlega andvígur því að í stjórnsýslunni séu starfræktar úrskurðarnefndir og tel að þær séu tímaskekkja og að endurskoða eigi fyrirkomulag þeirra í stjórnsýslunni í heild sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:02]

Útbýting:

Gengistryggð húsnæðislán, 201. mál, fsp. HSH, þskj. 252.

Opinber gjöld banka, stöðugildi og launagreiðslur, 202. mál, fsp. JM, þskj. 253.

Úrræði til greiðsluaðlögunar fyrir einstaklinga og fyrirtæki, 155. mál, svar dómsmrh., þskj. 249.

Úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 199. mál, fsp. KJak, þskj. 250.

Yfirdráttarlán námsmanna, 200. mál, fsp. KJak, þskj. 251.

Húsnæðismál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 137. mál (lengri lánstími skuldbreytingarlána vegna greiðsluerfiðleika). — Þskj. 150, nál. 218.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 218 samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 175. mál (endurgreiðsla vegna útflutnings ökutækja). — Þskj. 212, nál. 246.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]

Brtt. í nál. 246 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, EKG, EMS, EBS, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, JM, KVM, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SVÓ, VS.

5 þm. (KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (AtlG, ÁI, ÁMM, BjörgvS, BBj, EyH, GHH, GMJ, GAK, GÞÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, KaJúl, KHG, KLM, RR, SF, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1.–2. gr., svo breyttar, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, EKG, EMS, EBS, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, JM, KVM, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SVÓ, VS.

5 þm. (KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (AtlG, ÁI, ÁMM, BjörgvS, BBj, EyH, GHH, GMJ, GAK, GÞÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, KaJúl, KHG, KLM, RR, SF, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, EKG, EMS, EBS, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, JM, KVM, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SVÓ, VS.

5 þm. (KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (AtlG, ÁI, ÁMM, BjörgvS, BBj, EyH, GHH, GMJ, GAK, GÞÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, KaJúl, KHG, KLM, RR, SF, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

[14:08]

Helgi Hjörvar (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði einungis að árétta ósk um að málið gengi til efnahags- og skattanefndar milli 2. og 3. umr. og fengi síðan líka umsögn frá hv. fjárlaganefnd til að reyna að sníða annmarka af málinu, sem ég veit að vilji er til að skoða í nefnd.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til efh.- og skattn.

Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 94. mál. — Þskj. 101, nál. 245.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 245 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 14:11.

43. FUNDUR

föstudaginn 5. desember,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Húsnæðismál, stjfrv., 137. mál, þskj. 255. — 3. umr.
3. Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, stjfrv., 94. mál, þskj. 257. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Eygló Harðardóttir, 8. þm. Suðurk.
Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.
Siv Friðleifsdóttir, 10. þm. Suðvest.

Störf þingsins.

Frumvarp um eftirlaun.

[10:34]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Fyrir fáeinum dögum birtust oddvitar ríkisstjórnarflokkanna, hæstv. forsætisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, og hæstv. utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, í fjölmiðlum þjóðmenningarhúsinu til að gera þjóðinni grein fyrir því að þau hefðu náð samkomulagi um breytingar á hinum illræmdu eftirlaunalögum sem kveða á um sérréttindi þingmanna og þó sérstaklega ráðherra og æðstu embættismanna sem svo eru nefndir. Við höfum ekki séð neitt frumvarp, neina afurð þessa samkomulags oddvita ríkisstjórnarflokkanna, nema hitt vitum við að hér er um að ræða nýja sérréttindaútgáfu ættaða úr bakherbergjum ríkisstjórnarinnar.

Ég vek athygli á því að fyrir þinginu liggur frumvarp frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sem á afdráttarlausan hátt tekur af öll tvímæli um að þeir hópar sem hér var vísað til skuli fara inn í lífeyriskerfi almennra starfsmanna ríkisins. Einnig er tekið á því í frumvarpinu að þeir sem heyra undir Kjaradóm og búa við best kjör innan opinberrar þjónustu eigi að lækka í launum með tilteknum hætti. Ég spyr hæstv. forseta þingsins: Hvað veldur því að þetta frumvarp kemur ekki á dagskrá? Mér finnst mikilvægt að fá frumvarpið á dagskrá, helst í dag, þannig að þingið geti tekið afstöðu til þess.

[10:36]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Hér er hreyft við mjög alvarlegu máli. Komið hafa fram tvö þingmannafrumvörp um að breyta lífeyrisréttindum þingmanna og ráðherra og bæði ganga út á það að flytja fólk úr hópi með miklum forréttindum í hóp með minni forréttindi en forréttindahóp engu að síður vegna þess að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er með miklu betri réttindi en hinir almennu lífeyrissjóðir verkalýðshreyfingarinnar. Ég mundi leggja til að menn tækju sér tak og að þingmenn fái almenn lífeyrisréttindi, eins og ég flutti frumvarp um fyrir löngu síðan, að þingmenn nytu almennra lífeyrisréttinda eins og þeir kjósendur sem kjósa þá, í lífeyrissjóð að eigin vali hjá hinum almennu lífeyrissjóðum vegna þess að þar verða menn að vera háðir því að eignir dugi fyrir skuldum. Þar eru menn ekki með föst réttindi eins og hjá ríkinu þar sem réttindin eru föst en iðgjaldið hækkar ef staða sjóðsins versnar. Þar þurfa menn að standa og falla með fjármagninu sem stendur á bak við. Ég skora á hv. þingmenn að taka sér loksins tak og samþykkja hvorugt þessara frumvarpa frá Vinstri grænum eða þingmönnum Samfylkingarinnar og samþykkja heldur að þingmenn séu með almenn réttindi eins og kjósendur þeirra velflestir.

[10:38]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna þeirra orða beint var til forseta frá hv. 6. þm. Suðvesturk. þá liggur ekkert frumvarp frammi frá ríkisstjórninni um þau efni sem um var rætt þannig að það verður ekki sett á dagskrá fyrr en því hefur verið dreift í þinginu. Að öðru leyti liggur fyrir sú dagskrá sem samkomulag hefur verið gert um að verði í dag. Í næstu viku verður sett upp dagskrá og forseti mun þá taka afstöðu til þess hvaða frumvörp koma til umræðu á þeim tíma.

[10:39]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég hefði kosið að fá afdráttarlausari svör um hvenær frumvarp okkar um lífeyrisréttindi og sérréttindi ráðherra, þingmanna og æðstu embættismanna, sem svo eru nefndir, verði tekið fyrir. En ég minni á og vara reyndar við þeirri hefð sem virðist hafa skapast þegar þingið fjallar um eigin sérréttindi að það sé jafnan gert í mikilli andnauð, með miklu hraði og stundum í skjóli nætur.

Ég óska eftir því að ef oddvitar ríkisstjórnarflokkanna ætla að leggja fram frumvarp í anda þess sem þeir boðuðu í Þjóðmenningarhúsinu á dögunum þá komi það fram hið fyrsta, þannig að við fáum tækifæri til að gera nauðsynlegar breytingartillögur. Ég hef boðað það. Ég hef boðað breytingartillögur sem síðan verði bornar undir nafnakall þar sem þinginu gefst kostur á að færa þessi réttindi ráðherra, þingmanna og æðstu embættismanna, sem svo eru nefndir, inn í almennt kerfi ríkisstarfsmanna. (Gripið fram í.)

Nú er að vakna upp nýtt mál og það er hefnd Sjálfstæðisflokksins vegna þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal er ekki einn um þessa afstöðu, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur orðað þetta líka, að ef sérréttindi verði tekin frá þessum sal og frá ráðherrabekknum skuli þess hefnt með því að skerða lífeyrisréttindi sjúkraliðans, slökkviliðsmannsins, hjúkrunarfræðingsins. (Gripið fram í.) Þetta er hefnd Sjálfstæðisflokksins sem núna er verið að hóta, að kalla þessi almennu réttindi launafólks hjá hinu opinbera, sérréttindi sem beri að svipta. Ég vara við þessari hefnd Sjálfstæðisflokksins. Þetta er ómerkilegt.

Umræðu lokið.

Húsnæðismál, 3. umr.

Stjfrv., 137. mál (lengri lánstími skuldbreytingarlána vegna greiðsluerfiðleika). — Þskj. 255.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:43]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HSH, HHj, IllG, JóhS, JónG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SJS, StB, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁI, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjarnB, EKG, EyH, GHH, GAK, GSv, HerdÞ, HöskÞ, ISG, JBjarn, KHG, KÞJ, MS, RR, SF, SVÓ, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 268).

Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, 3. umr.

Stjfrv., 94. mál. — Þskj. 257.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:44]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HSH, HHj, IllG, JóhS, JónG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SJS, StB, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁI, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjarnB, EKG, EyH, GHH, GAK, GSv, HerdÞ, HöskÞ, ISG, JBjarn, KHG, KÞJ, MS, RR, SF, SVÓ, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 269).

Fundi slitið kl. 10:44.

---

44. FUNDUR

föstudaginn 5. desember,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárhagsleg fyrirgreiðsla hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, stjtill., 161. mál, þskj. 189, nál. 264, 265, 266 og 267. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

2. Samningar um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu, stjtill., 177. mál, þskj. 219, nál. 259, 260, 262 og 263, brtt. 261. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

[11:01]

Útbýting:

Fjárhagsleg fyrirgreiðsla hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 161. mál, nál. 1. minni hluta utanrmn., þskj. 264; nál. 2. minni hluta utanrmn., þskj. 265; nál. 3. minni hluta utanrmn., þskj. 266; nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 267.

Húsnæðismál, 137. mál, þskj. 255.

Lyfjalög, 203. mál, frv. heilbrn., þskj. 258.

Niðurlagning úrskurðarnefnda á sviði siglingamála, 94. mál, þskj. 257.

Samningar um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu, 177. mál, nál. 1. minni hluta utanrmn., þskj. 259; nál. 2. minni hluta utanrmn., þskj. 260; brtt. 2. minni hluta utanrmn., þskj. 261; nál. 3. minni hluta utanrmn., þskj. 262; nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 263.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og virðisaukaskattur, 175. mál, þskj. 256.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:02]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þingskjala í báðum dagskrármálum. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Fjárhagsleg fyrirgreiðsla hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, síðari umr.

Stjtill., 161. mál. — Þskj. 189, nál. 264, 265, 266 og 267.

[11:03]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og tala fyrir meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál á allnokkrum fundum og fengið til sín fjölda gesta eins og fram kemur á þskj.

267. Þá hefur nefndin fengið til sín mikið magn af upplýsingum og ýmis gögn frá þeim stofnunum sem unnið hafa að málinu innan stjórnsýslunnar.

Þingsályktunartillagan er lögð fram í því skyni að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli fyrirliggjandi viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda, en ríkisstjórnin leitaði þangað eftir bankahrunið í októberbyrjun 2008. Í samvinnu við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var unnin ítarleg efnahagsáætlun sem hefur þau meginmarkmið að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar, í öðru lagi að styrkja stöðu ríkissjóðs og í þriðja lagi að endurreisa íslenskt bankakerfi. Viljayfirlýsing íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skiptist upp í 27 töluliði sem einkum taka á atriðum varðandi efnahagsmál, ríkisfjármál, málefni vinnumarkaðarins og málefni bankanna. Í áætluninni er m.a. gert ráð fyrir að til skamms tíma verði komið í veg fyrir of miklar sveiflur í gengi krónunnar með beitingu stýrivaxta, aðhaldi í lánum til bankanna, tímabundnum gjaldeyrishöftum og notkun gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans. Með þessu móti eykst stöðugleiki á gjaldeyrismarkaði sem hefur það í för með sér að verðbólga lækkar ört, en það skapar aftur svigrúm til stýrivaxtalækkana. Samhliða er gert ráð fyrir verulegu aðhaldi í ríkisfjármálum næstu ár. Engu að síður verður nauðsynlegt að auka fjárlagahallann til að forðast frekari samdrátt í þjóðarbúskapnum. Þá gerir áætlunin ráð fyrir algjörri enduruppbyggingu bankakerfisins og endurskoðun gjaldþrotareglna. Meðal annars þarf að gera samkomulag við erlenda aðila sem eiga hagsmuna að gæta gagnvart Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, gæta þess að sannvirði fáist fyrir þær eignir sem fluttar hafa verið frá gömlu bönkunum til þeirra nýju og endurskoða alla regluumgjörð fjármálastarfsemi og framkvæmd bankaeftirlits sem og að laga gjaldþrotalöggjöf að breyttu ástandi heimila og fyrirtækja.

Nefndin ræddi mikilvægi þess að ríkisstjórnin og Seðlabanki Íslands kynntu ítarlega áætlun um fyrirkomulag efnahagsstjórnar á næstu mánuðum og settu í því skyni fram yfirlit yfir áfanga á leið til frjálsra gjaldeyrisviðskipta í þeim tilgangi að auka trú á þær aðgerðir sem ráðist verður í og draga um leið úr óvissu og áhyggjum heimila og fyrirtækja. Í því sambandi lagði forsætisráðuneytið fram grófa tímaáætlun fyrir efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar vegna fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem tekur til næstu tveggja ára. Tímaáætlunin er birt sem fylgiskjal I með áliti þessu. Forsætisráðuneytið hefur allt frá upphafi haft með höndum samræmingu og heildarskipulagningu á aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að lausn þess efnahagsvanda sem nú er við að glíma. Á fyrstu stigum málsins, í byrjun október, áttu sér stað undirbúningsviðræður undir stjórn forsætisráðuneytisins með fulltrúum annarra ráðuneyta og Seðlabanka Íslands við sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Einnig var á þessum tíma haft samráð við aðila vinnumarkaðarins. Frá þeim tíma hefur forsætisráðuneytið ásamt Seðlabanka Íslands verið aðaltengiliður stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn varðandi fjárhagslega fyrirgreiðslu sjóðsins og þá efnahagsáætlun sem lögð hefur verið fyrir sjóðinn. Frá því skrifað var undir viljayfirlýsinguna hefur ráðuneytið haft með höndum verkstjórn og eftirlit með framkvæmd þeirrar efnahagsáætlunar sem viljayfirlýsingin felur í sér. Mikil áhersla hefur verið lögð á að samræma sjónarmið og skilning á efnahagsáætluninni bæði innan stjórnkerfisins sem og út á við. Meiri hlutinn ítrekar mikilvægi þess að áfram verði unnið að þessu verkefni enda skiptir fátt meira máli til að tryggja árangursríka framkvæmd en gott upplýsingaflæði og samræmi í aðgerðum einstakra ráðuneyta og stofnana.

Þá bendir meiri hlutinn á að mikilvægur þáttur í þessu sambandi er að ná samkomulagi um stefnu í kjaramálum til næstu ára sem stutt gæti við endurreisn efnahagslífsins og stöðugleika. Til að það megi takast þarf við framkvæmd áætlunarinnar að tryggja samráð við þá aðila sem málið varðar: stéttarfélög, samtök atvinnurekenda og sveitarfélög.

Meiri hlutinn ítrekar einnig að þótt efnahagsáætlunin samanstandi af nokkrum meginþáttum, svo sem verkefnum á sviði peninga- og gjaldeyrismála, ríkisfjármála og endurskipulagningu bankakerfisins, er hér um heildstæða áætlun að ræða sem ekki mun skila tilætluðum árangri nema heildarskipulagningin sé í réttum farvegi. Forsætisráðuneytið sem ráðuneyti efnahagsmála gegnir því augljóslega lykilhlutverki í þessu sambandi.

Nefndin tók til sérstakrar umfjöllunar hvernig ríkissjóður mundi standa undir þeim skuldbindingum sem fælust í fjárhagslegri fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og öðrum mögulegum lánveitingum. Nefndin taldi nauðsynlegt að fyrir lægi heildaryfirlit þeirrar greiðslubyrðar sem íslenska ríkið tæki á sig vegna þessara skuldbindinga. Í því skyni kynnti nefndin sér gögn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um forsendur sjóðsins fyrir greiðsluhæfi ríkissjóðs vegna skuldbindinga hans. Einnig fékk nefndin upplýsingar frá forsætisráðuneyti um öll lán sem tekin hafa verið eða áætlað er að taka í tengslum við efnahagsþrengingarnar, sem og áætlun um endurgreiðslubyrði þeirra á næstu fimm árum. Hér er m.a. um að ræða lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, lán frá þjóðum sem þegar hafa verið veitt eða hefur verið lofað í kjölfar lánsins frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, lán sem ætlað er að endurfjármagna Seðlabanka Íslands og viðskiptabankana og lán sem ætlað er til að fjármagna halla ríkissjóðs, en fyrirséð er að ríkissjóður verður rekinn með halla sem nemur um 10% af landsframleiðslu árið 2009. Ljóst er að um endanlega greiðslubyrði vegna nýrrar lántöku ríkissjóðs er enn töluverð óvissa. Bæði er það vegna þess hve óvíst er um endanleg lánskjör og hvort eða að hve miklu leyti dregið verður á lánalínur sem opnaðar verða.

Það verður því að segjast eins og er að á þessu stigi málsins er erfitt að fá nákvæmt yfirlit yfir áætlaða greiðslubyrði vegna þessarar nýju lántöku en í störfum sínum leitaðist nefndin við að fá eins gott yfirlit og hægt er miðað við þær forsendur sem fyrir liggja og þá er ljóst að sú efnahagsáætlun sem liggur láni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til grundvallar hefur að sjálfsögðu verið unnin í samvinnu við sjóðinn, sem sýnir að sjóðurinn telur að ríkissjóður geti viðhaldið sér með þeirri greiðslubyrði sem stefnir í. Það hefur hins vegar komið fram við störf nefndarinnar og reyndar kemur það einnig fram í umsögn frá meiri hluta fjárlaganefndar að það er ekki mikið svigrúm eftir þegar horft er til framtíðar í

þessu efni, það er ekki mikið svigrúm til viðbótarlántöku, ef svo má að orði komast, umfram það sem er sérstaklega verið að horfa til. Í því sambandi skiptir gríðarlega miklu máli að áætlanir um rekstur ríkisins standist vegna þess að fari þær úr böndunum mun þar verða skapaður viðbótarvandi sem við munum hafa mjög takmarkað svigrúm til þess að fást við.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum um afkomu ríkissjóðs á næstu fimm árum en samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem unnin hefur verið í samvinnu við stjórnvöld, er gert ráð fyrir að innan fimm ára geti ríkissjóður skilað afgangi að nýju. Augljóslega mun spáin sæta stöðugri endurnýjun, nú stendur yfir vinna við gerð fjárlaga og á næstu vikum verður áfram unnið að gerð langtímaáætlunar í ríkisfjármálum.

Að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem nefndin hefur aflað sér telur meiri hlutinn þá áætlun sem sett hefur verið fram í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til þess fallna að koma á efnahagslegum stöðugleika að nýju hér á landi á næstu árum. Leggur meiri hlutinn því til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Undir álit meiri hlutans skrifa Bjarni Benediktsson, Árni Páll Árnason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Lúðvík Bergvinsson og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim sem störfuðu að málinu í nefndinni fyrir ágætt samstarf. Það verður að segjast eins og er að aðstæður eru mjög óvenjulegar og mikil óvissa ríkir um ýmsa mikilvæga þætti. Hér er um mjög stórt og veigamikið mál að ræða sem hefur mikla þýðingu fyrir ríkissjóð og um leið þjóðina í heild. Við höfum gert okkar besta til þess að fá heildaryfirsýn yfir málið, aflað allra gagna sem hægt hefur verið að komast yfir og þurfum því miður að sætta okkur við að senda málið aftur frá okkur á þinginu, lifandi áfram við ákveðna óvissu um hvernig hlutunum vindur fram en við teljum mjög mikilvægt að fyrir liggi skýr vilji þingsins til þess að styðja ríkisstjórnina í þeim áætlunum sínum að starfa áfram að þessu máli, að endurreisa efnahagslegan stöðugleika á Íslandi í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn en um það snýst þetta mál í grunninn.

[11:14]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég saknaði þess í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar að þar er ekki fjallað um vanda Íslendinga í heild sinni. Vandi Íslendinga er fjórþættur. Í fyrsta lagi eru það jöklabréfin sem við erum að glíma við þessa dagana á gjaldeyrismarkaðnum, í öðru lagi eru það Icesave-reikningarnir, sem fjallað verður um á eftir og koma vissulega inn í þetta dæmi og töfðu afgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem hv. formaður nefndarinnar nefndi heldur ekki, og í þriðja lagi er það aðkoma og samningar við kröfuhafa bankanna, banka úti í heimi sem hafa lánað óhemju mikið fé og segja að ef ekki verði með einhverju móti liðkað fyrir þeim geti Íslendingar gleymt því að taka lán í útlöndum næstu 20 árin. Þetta er til viðbótar falli bankanna.

Þetta er því fjórþættur vandi og mér finnst það mjög slæmt, verulega slæmt, herra forseti, ef menn taka ekki á vandanum sem einni heild og hver nefnd og hvert ráðuneyti er að leysa sitt mál, svona eitt sér. Þetta verður að nefna allt í einni heild vegna þess að við megum ekki gera samning við t.d. Breta um skuldsetningu sem þjóðin rétt ræður við og gera síðan samninga við kröfuhafana um skuldbindingar sem þjóðin rétt ræður við. Síðan bætast jöklabréfin við og gjaldþrot bankanna og þjóðin ræður ekki við þetta allt saman í heild. Það þarf að fara í heildstæða samninga við alla þessa aðila, það er mjög brýnt og ég skora á hæstv. ríkisstjórn að gera það þannig.

[11:16]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér voru nefnd til sögunnar nokkur atriði, í fyrsta lagi hvernig umsóknarferli okkar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum tafðist vegna þess að inn í það var blandað óskyldum málum. Ég gerði það að umtalsefni í ræðu minni við 1. umr. þessarar þingsályktunartillögu að það hefði verið afar óheppilegt og í raun til minnkunar fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem stofnun að þar væri hægt að taka í gíslingu lánsbeiðnir með þeim hætti sem gert var í þessu tilviki. Það var líka augljóslega til mikils tjóns fyrir okkur vegna þess að á meðan brunnu eldarnir og lánsbeiðni okkar lá þar óafgreidd. Hér er rætt um að líta þurfi á öll þessi mál heildstætt. Ég tel að í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar sé vikið að því að við ráðumst í lántökur vegna efnahagsvandans og þess að við þurfum að grípa til ýmissa ráðstafana.

Lánið sem við fjöllum sérstaklega um — þetta er þingsályktunartillaga sem er lögð fram í því skyni, eins og segir í nefndarálitinu, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli fyrirliggjandi viljayfirlýsingar. Um það snýst þetta mál. Hægt er að halda því fram hér að við ættum að taka miklu fleira með inn í myndina en það er ekki hluti af þingsályktunartillögunni. Við ræðum hvort þingið ætlar að veita ríkisstjórninni pólitíska stuðning til þess að leiða lánsumsókn sína hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til lykta og fara í þetta verkefni í samráði við sjóðinn.

Við víkjum að því í nefndarálitinu að gríðarlega mikilvægt er að heildaryfirlit með öllum þeim aðgerðum sem grípa þarf til sé hjá forsætisráðuneytinu. Við leiðum það fram í nefndarálitinu að forsætisráðuneytið gegnir þessu hlutverki og við bendum á mikilvægi þess að ráðuneytið geri það áfram vegna þess að það er rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að samræma þarf allar aðgerðir þannig að þær spili saman sem ein heild.

[11:18]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er ætlað að hjálpa þjóðum. Hann byrjaði á því að skaða Íslendinga með því að draga að afgreiða umsóknina lengi vegna þess að hann var misnotaður af stjórn sjóðsins og Evrópusambandinu og hefur þannig skaðað Íslendinga hingað til. Sjóðurinn á auk þess að koma að heildarlausn á vandamálum þjóða en ekki bara einum þætti. Hann á líka að koma að vandamál-

um, því það sem skaðaði okkur var að við vorum neydd af öllu Evrópusambandinu til að samþykkja Icesave-reikninga Breta og Hollendinga og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn verður að taka það inn í myndina. Hann getur ekki gleymt einum risastórum þætti sem hann þvingar sjálfur upp á okkur. Auk þess verður sjóðurinn að taka inn í dæmið að Íslendingar þurfa lánsfé til framtíðar. Þeir geta ekki verið algerlega einangraðir í heiminum og geta hvergi tekið lán þannig að hann verður líka að koma inn á hvernig við ræðum við kröfuhafana og hvernig við ráðum við jöklabréfin, sem hann tekur reyndar á að einhverju leyti. Alþjóðagjaldeyrissjóðnum ber skylda til, ef hann ætlar að hjálpa okkur yfirleitt, að taka alla þessa þætti inn í. Við erum ekki að ræða um eitt einstakt afmarkað dæmi heldur allan vanda þjóðarinnar eins og hann leggur sig.

[11:20]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Augljós þáttur í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er að meta það sem sjóðurinn kallar „debt sustainability" sem fjallar í raun og veru um það hvernig við getum risið undir þeim heildarskuldbindingum sem ríkissjóður tekur á sig vegna ástandsins á Íslandi í dag. Sjóðurinn tekur sannarlega heildarmyndina í efnahagslegu tilliti með í skoðun sinni.

Ég held að mjög óviðeigandi sé nú þegar við erum nýbúin að fleyta islensku krónunni að nýju — og það gekk ágætlega í gær að vinna að styrkingu hennar á ný — að gera það að aðalumfjöllunarefni við þessa umræðu að sjóðurinn sé sérstaklega að skaða okkur. Það er einmitt aðkoma sjóðsins sem gerði kleift að fleyta krónunni að nýju og byrja að vinna að því að fá styrk í gjaldmiðilinn. Við eigum að horfa til samstarfsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn með jákvæðum augum en ég ætla ekki að gera lítið úr alvarleika þeirra hnökra sem voru í samstarfinu til að byrja með. Ég tel að þar sé ekki við starfsmenn sjóðsins að sakast eða þá sem vilja okkur vel heldur lá það vandamál kannski meira hjá stjórn sjóðsins en sjóðurinn er auðvitað ekkert annað en alþjóðleg samvinna margra ríkja. Sum þeirra ríkja sem komu að stjórn sjóðsins ákváðu að blanda þar inn óskyldum málum og ég ætla ekki að ítreka athugasemdir mínar vegna þess frekar en ég hef þegar gert.

Ég get tekið undir með hv. þingmanni að málin þarf að skoða heildstætt. Ég held að vinna nefndarinnar hafi sýnt að stjórnvöld eru mjög meðvituð um þetta. Ég tel að í þeirri vinnu sem er fram undan — ársfjórðungslega fer fram vinna í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem felst í því að skoða hvernig okkur vindur fram í þessu verki okkar og stjórnvöld eru mjög meðvituð um að hlutina þarf að skoða heildstætt og það verður gert áfram í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

[11:22]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Magnús Stefánsson) (F):

Hæstv. forseti. Við ræðum þingsályktunartillögu um fjárhagslega afgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Eins og kom fram hjá hv. formanni utanríkismálanefndar átti nefndin samskipti við nokkra aðila sem komu til fundar við hana og er gerð grein fyrir því í nefndaráliti meiri hlutans. Ég vil líka geta þess að umsagnir bárust frá þremur, hygg ég, þingnefndum öðrum sem fjölluðu um einstaka liði þessarar áætlunar. Þær umsagnir liggja fyrir í nefndaráliti meiri hlutans.

Fyrsti minni hluti telur að miðað við hvernig komið var í efnahagsmálum landsins eftir bankahrunið í byrjun október hafi verið rétt af hálfu stjórnvalda að leita eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. 1. minni hluti telur að jafnvel hafi verið efni til þess að leita eftir samstarfinu fyrr, enda hefur komið fram að ríkisstjórnin hafi í nokkurn tíma verið vöruð við vægast sagt ótryggri stöðu bankakerfisins.

Fyrsti minni hluti átelur hins vegar hvernig stjórnvöld hafa staðið að málinu og telur alvarlegt hvernig Alþingi hefur verið sniðgengið. Þetta mikilvæga mál mun fyrirsjáanlega hafa víðtæk áhrif á öll svið íslensks samfélags og á þróun þess á næstu árum og áratugum. Samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er eitt stærsta mál sem komið hefur til kasta þingsins. Sú efnahagsáætlun og þær aðgerðir sem lagðar eru til grundvallar í áætlun ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans hafa nú þegar og til framtíðar mikil áhrif á samfélag okkar. Lítið má út af að bera til þess að há skuldsetning og þung endurgreiðslubyrði sem leggst á ríkissjóð sligi heimili landsins og fyrirtæki. Hættan er sú að við missum ungu kynslóðina úr landi líkt og gerðist í fjármálakreppunni í Færeyjum á 10. áratug síðustu aldar. Því er afar brýnt að vel sé á málum haldið en framganga ríkisstjórnarinnar hingað til er ekki traustvekjandi. Virðingarleysi fyrir þinginu hefur verið með eindæmum og upplýsingagjöf í molum.

Í aðdraganda málsins og meðan á samningaviðræðum stóð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hefur Alþingi ekki átt lýðræðislega aðkomu að málum. Ríkisstjórnin hefur haldið mikilli leynd yfir samningaviðræðunum en inn í þær flétt-aðist dæmalaust ferli þar sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar kepptust við að lýsa því yfir að engin tengsl væru á milli fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og lausnar svokallaðrar Icesave-deilu við Breta og Hollendinga. Ríkisstjórnarflokkarnir á Alþingi og lykilstofnanir framkvæmdarvaldsins komu þessu máli í hnút þegar afgreiðslu stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var ítrekað frestað vegna krafna viðsemjenda um að fyrst yrði samið um lausn vegna Icesave-ábyrgða.

Eftir að ríkisstjórnin náði samkomulagi við sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var leyndinni gagnvart þinginu ekki aflétt. Meira að segja í utanríkismálanefnd, þar sem fullur trúnaður ríkir, neitaði ríkisstjórnin að leggja fram samkomulagið þrátt fyrir lögboðið samráð við nefndina um öll meiri háttar utanríkismál. Leynd stjórnvalda á samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var fyrst aflétt eftir að dagblaðið *DV* hafði birt hluta skilyrðanna.

Í dag stendur þingið frammi fyrir orðnum hlut sem ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafa nú þegar staðfest með undirritun sinni. Nú er Alþingi ætlað að staðfesta orðinn hlut með þingsályktun sem í raun er þegar komin til framkvæmdar að nokkru innan stjórnsýslunnar. Með þessari framkomu hefur ríkisstjórnin sýnt yfirgang gagnvart löggjafarvaldinu. 1. minni hluti gagnrýnir þessi ólýðræðislegu

vinnubrögð af hálfu framkvæmdarvaldsins og lýsir fullri ábyrgð á hendur stjórnarmeirihlutans á Alþingi.

Við afgreiðslu þessa máls hefur verið kallað eftir upplýsingum en heildaryfirsýn skortir sárlega. Stjórnvöld hafa ekki látið meta efnahagshorfur og ný þjóðhagsspá hefur ekki verið birt sem tekur mið af gjörbreyttum aðstæðum á Íslandi eftir hrun bankakerfisins. Ómögulegt hefur reynst að fá fram tölulegar upplýsingar um hvernig til standi að nýta þau lán sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og samstarfsaðilar hans við björgun Íslands hafa boðið fram, hvenær þau verði tekin og hvernig þau verði endurgreidd.

Þrátt fyrir að rétt hafi verið að leita eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, miðað við hvernig komið var í efnahagsmálum eftir bankahrunið í byrjun október, hefur framkvæmdarvaldið með vítaverðri framkomu sett Alþingi í þá stöðu að mjög erfitt er að átta sig til hlítar á efnisþáttum og afleiðingum þessa samkomulags um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Með vísan til framangreinds rökstuðnings mun 1. minni hluti sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins.

Að þessu áliti stendur sá sem hér stendur.

Ég vil, hæstv. forseti, vísa í umsögn sem minni hluti fjárlaganefndar veitti utanríkismálanefnd um atriði sem snúa að ríkissjóði og ýmsu sem honum tengjast. Það er ítarlegt álit sem finna má í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar.

Ég vil, hæstv. forseti, leggja áherslu á að óvissan í efnahagsmálum og ríkisfjármálum næstu árin er nánast algjör. Ljóst er að ríkissjóður mun verða í miklum vanda á komandi árum og fjárlagagerð næstu ára verður mjög erfið og krefjandi. Það liggur fyrir að ríkissjóður mun þurfa að bera gríðarlega mikinn fjármagnskostnað vegna þeirra lána sem verða tekin og nemur það einhverjum tugum milljarða, sennilega hátt í 100 milljarða ef allt er saman tekið. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu er ljóst að ríkissjóður verður fyrir gríðarlega miklu tekjufalli eða tekjur munu hrynja niður hjá ríkissjóði og að sjálfsögðu gerir það öllum erfitt fyrir. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna sveitarfélögin vegna þess að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær framlög sem miðast við skatttekjur ríkissjóðs og þegar þær skreppa saman mun framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga minnka nema fundnar verði leiðir til að bæta úr því. En að sjálfsögðu liggur fyrir að svigrúm ríkissjóðs í þeim efnum sem öðrum verður augljóslega mjög takmarkað á næstu árum.

Ég vil líka ítreka það sem kom fram og kemur fram í nefndarálitinu að mjög tilfinnanlega vantar upplýsingar, gögn og áætlanir um hvernig stjórnvöld hyggjast vinna sig út úr þessum málum til framtíðar. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um bæði í fjármálanefnd og utanríkismálanefnd hafa slíkar upplýsingar ekki komið fram. Ég vil leyfa mér að segja að það vantar algerlega heildarsýn yfir þessi mál. Þar vil ég taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal áðan.

Málið sem við fjöllum nú um er að mínum dómi allra stærsta mál sem Alþingi hefur fjallað um lengi og varðar framtíð þjóðarinnar mjög miklu á næstu árum, sérstaklega allra næstu árum. Það að Alþingi fjalli um þetta mál núna og til standi að afgreiða það eins og það liggur fyrir tel ég ekki við hæfi, því miður. Alþingi verður að fá betri upplýsingar og betri yfirsýn yfir málin þannig að þingheimi sé betur ljóst heldur en nú hvernig þessi mál líta út. Ég legg áherslu á þetta, virðulegi forseti, og gagnrýni að ekki skuli hafa verið lögð fram ítarlegri gögn um málin.

Að lokum, virðulegi forseti. Staðan er grafalvarleg. Ég óska að sjálfsögðu stjórnvöldum bæði núverandi og þeim sem á eftir koma, ríkisstjórninni, alls góðs við að vinna úr málunum. Hagsmunir eru miklir. Við ræðum mál til framtíðar og m.a. er í húfi að fólk fari ekki úr landi vegna aðstæðna. Þá fyrst og fremst yngra fólk þannig að málið er mjög stórt og staðan alvarleg og þess vegna er mikið í húfi *að vinna úr málunum til nánustu framtíðar.*

[11:31]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Mér finnst þetta vera heldur dapurlegur dagur þessi dökki föstudagur 5. desember árið 2008, að hér skuli vera á dagskrá Alþingis tvö mál, tvær tillögur sem fela í sér áður óþekkta skuldabyrði á landið. Það er erfitt að ræða það öðruvísi en að taka þessi mál að einhverju leyti saman, að minnsta kosti ef reynt er að gera einhverja tilraun til þess að fá heildaryfirsýn yfir það hvað hér fer fram.

Ég tek undir það sem kom fram í máli síðasta ræðumanns og hv. þm. Péturs Blöndals að Alþingi mætti gjarnan hafa betri gögn í höndum en raun ber vitni. Maður leyfir sér að velta því fyrir sér hvernig þeir þingmenn til að mynda sem ekki hafa setið í utanríkismálanefnd eða þeim þingnefndum sem sérstaklega hafa verið að reyna að glíma við þetta undanfarna daga eru á vegi staddir og hvaða upplýsingar þeir hafa í höndum til að greiða atkvæði um stærstu skuldbindingu íslensku þjóðarinnar í seinni áratuga sögu hennar að minnsta kosti.

Þessir tvílembingar, tillaga til þingsályktunar um fjárhagsaðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum annars vegar og tillaga um uppgjöf í Icesave-deilunni hins vegar, eru ekki miklir að vöxtum, þ.e. þingskjölin sjálf. En segja má að alvarleiki málsins og skuldbindingarnar sem þeim fylgja séu akkúrat í öfugu hlutfalli við það. Ég hef sjaldan séð rýrari pappíra sem fela að sama skapi í sér jafnafdrifaríkar ákvarðanir og þarna eru á ferðinni.

Þegar farið var að reyna að grafa í það hvaða gögn væru til í íslensku stjórnsýslunni ráðuneytum eða Seðlabanka um þessa hluti varð fátt um svör. Niðurstaðan var svona dregin út með töngum og varð ekki almennilega ljós fyrr en í gær þegar sendisveit mikil frá Seðlabanka og nokkrum ráðuneytum kom á fund utanríkismálanefndar. Þá kom í ljós að engin íslensk gögn voru til. Það er ekkert til nema útreikningar og áætlanir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Jú, menn geta sagt að Íslendingar eigi einhverja hlutdeild í því en ekki unnu þeir þó starfsmannaskýrsluna sem þarna er aðallega stuðst við. Með öðrum orðum: Íslensk ráðuneyti, ekki fjármálaráðuneytið, ekki forsætisráðuneytið, ekki Seðlabankinn, ekki Þjóðhagsstofnun, því að hún er ekki lengur til, hafa hvergi reynt að setja málið upp á eitt blað og átta sig á því hver er heildarskuldsetningin, hver er vaxtabyrðin og hver verður vaxta- og afborgunarbyrðin þegar afborganir fara að falla til. Þar er vísað í gögn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Segja má að fjölmiðlar hafi staðið sig betur því að *Morgunblaðið* til að mynda hefur þó reynt að setja málið á blað, setja það upp í skífurit og fjallaði um það bæði í gær, 4. desember, og eins 1. desember, í töflum sem settar voru upp.

Hvað er hér á ferðinni í grófum dráttum þegar pakkinn er skoðaður í heild sinni? Jú, það er lántakan frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum upp á rúma 2 milljarða bandaríkjadali. Gert er ráð fyrir viðbótarlántöku frá seðlabönkum ýmissa nágrannaríkja upp á 3 milljarða bandaríkjadala. Áætlað er að skuldbindingin vegna Icesave-reikninganna eða innlánstrygginganna í heild sinni geti orðið upp á 8,2 milljarða bandaríkjadala. Og vel að merkja Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir ekki ráð fyrir nema helmingsendurheimtum á eignum upp í þann reikning, 50% í sínum útreikningum. Þá vantar enn inn kostnaðinn við endurfjármögnun bankanna upp á 350–380 milljarða, kostnaðinn við endurfjármögnun Seðlabankans upp á 150–200 milljarða, hallarekstur ríkissjóðs næstu árin sem talið er að verði 450 milljarðar, ef ég man rétt, frá með næsta ári til og með árinu 2011.

Þetta er að verða dálítill reikningur, herra forseti. Þetta reynir *Morgunblaðið* að setja upp en sleppir að vísu lántökunni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og erlendu seðlabönkunum. Að öðru leyti er þar reynt að setja upp heildarskuldsetninguna, vaxtabyrðina og að fá yfirlit yfir dæmið.

Hverjar eru líkurnar á því að þjóðarbúið ráði við þetta? Þær eru ekki allt of góðar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir það sjálfur í skýrslum sínum að í raun og veru megi ekkert út af bera, þá muni Ísland lenda í vandræðum með að standa við afborganirnar af láninu til sjóðsins því að sjóðurinn metur eins og hver annar lánveitandi áhættuna af því að lántakinn ráði ekki við greiðslubyrðina.

Á blaðsíðu 72 í skýrslunni segir að ef íslenska ríkið lendi í því að taka nokkrar teljandi viðbótarskuldbindingar á sig t.d. vegna þess að tjónið af falli bankanna verði meira, meira lendi á ríkinu vegna þess en nú er áætlað, gæti Ísland lent í erfiðleikum við að endurgreiða lánið til sjóðsins. Svo tæpt er dæmið. Það má sem sagt ekkert út af bera til þess að þjóðarbúið yfir höfuð ráði við greiðslubyrðina. Á hvaða forsendum? Á þeim forsendum að skera mjög harkalega niður útgjöld ríkisins og forsmekkinn af því erum við þegar búin að sjá, kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um 10% niðurskurð fjárlaga næsta árs. Því verður ekki neitað að þaðan eru þau skilaboð komin. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir: Verði það ekki gert verður of mikill slaki í fjármálum ríkisins strax á næsta ári.

Framhaldið þekkjum við. Sjóðurinn krefst þess að hallinn á ríkissjóði sem getur orðið af stærðargráðunni 150–200 milljarðar á næsta ári verði tekinn niður í núll á tveim til þremur árum. Halda menn að það muni ekki taka í? Jú. Það er sem sagt með blóðugum niðurskurði af þessu tagi sem reyna á að standa við þetta greiðsluprógramm. Það er satt best að segja ekki mjög falleg framtíðarsýn og er þó hér aðeins verið að horfa til áranna sem endurgreiðsla lánsins frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á að taka til, þetta stutta lán frá honum.

Hvernig verður staðan þegar afborganir af Icesave-reikningunum bætast þar ofan á og þegar afborganir af þeim miklu skuldum bætast við sem ríkið verður að setja sig í — að vísu hér innan lands sem gegnir nokkuð öðru máli um — vegna endurfjármögnunar bankanna, Seðlabankans og hallans á ríkissjóði næstu árin? Hvernig verður staðan þegar þetta leggst allt saman?

Það sem í reynd er að gerast er að með þessu verða lífskjörin á næsta áratug tekin mjög harkalega niður á Íslandi. Árabilið frá 2011–2012 og inn á þriðja áratug aldarinnar verður greiðslubyrðin gríðarlega þung þótt ekkert bætist þar við sem við vitum ekki af núna.

Þá mynd hefði þurft að setja upp og skýra miklu betur. Þá mynd hefði t.d. Þjóðhagsstofnun, ef hún væri til, þurft að vinna linnulaust við að reikna út og stilla upp undanfarnar vikur. En hún er ekki til og virðist enginn aðili í íslenska stjórnkerfinu hafa litið á það sem skyldu sína að reyna einhvern veginn að halda utan um þetta mál heldur bendir hver á annan.

Þegar utanríkisráðuneytið, forsætisráðuneytið og menn úr bönkunum voru á fundi utanríkismálanefndar til að reyna svara fyrir þetta á bentu þeir á fjármálaráðuneytið. Þeir gætu kannski svarað einhverju um þetta. Það var þægilegt fyrir þá því að fjármálaráðuneytið var ekki á fundinum. Þegar aðrir gestir komu á fundinn var gjarnan leikinn sami leikurinn þannig að ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég hef af því miklar áhyggjur hversu vanmegnugt íslenska stjórnkerfið virðist vera til þess að ráða við þetta mál. Ég held að verkstjórnin sé því miður í molum. Hún er búin að vera það allan tímann hjá hæstv. forsætisráðherra sem brást þeirri skyldu sinni að setja upp eitthvert skipulag og einhverja verkstjórn sem væri í samræmi við alvarleika málsins sem barði að dyrum á Íslandi í byrjun októbermánaðar. Þar tel ég að hæstv. forsætisráðherra hafi brugðist illa bogalistin.

Auðvitað átti að setja upp skipulag sambærilegt við það ef náttúruhamfarir hefðu orðið því að segja má að þetta séu náttúruhamfarir. Þær eru að vísu af mannavöldum og þær eru á efnahagssviðinu. Það átti að setja upp stjórnstöð, það átti að hafa trygga yfirsýn og það átti að fela tilteknum aðilum þannig verkstjórn að uppákomur af þessu tagi ættu sér ekki stað, við afgreiðslu þessara rosalegu mála frá Alþingi yrðu menn að játa sig sigraða gagnvart því að reiða fram aðgengileg gögn og hafa heildaryfirsýn yfir framtíðina sem verið er að teikna upp með þessum hlutum.

Ríkisstjórnin sagði gjarnan í október og nóvember þegar hún var að fara í þessar viðræður eða þegar fjármálaráðherrann missti niður pennann úti í Washington að allt væri þetta náttúrlega gert með fyrirvara um samþykki Alþingis. Menn skyldu ekki hafa of miklar áhyggjur því, þetta væri allt með fyrirvara og samþykki Alþingis.

Hvers virði er sá fyrirvari þegar hér er til umræðu 5. desember tillaga um aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem þegar er komin í gang þegar búið er að taka fyrstu 800 milljónir bandaríkjadalina og jafnvel byrjað að nota þá, þegar búið er að fleyta krónunni? Hæstv. forsætisráðherra hældist hér um af rausn sinni að koma með þessa þingsályktunartillögu fyrir þingið því að þess hefði í raun og veru ekki þurft. Það er auðvitað fráleitur málflutningur því að lántökurnar eða skuldbindingarnar, sem með þessum málum báðum og tengdum hlutum riða nú ríkissjóð á slig, eru langt út fyrir allar heimildir sem ríkisstjórnin hefur í

sínum höndum. Lántökuheimildir frá því í vor upp á 500 milljarða til að taka gjaldeyrislán til að styrkja gjaldeyrisvaraforðann duga náttúrlega hvergi nærri upp í þetta. Það sjá allir menn.

Það er nú ekki neitt sem á að þakka fyrir heldur er það gagnrýnisvert að málin skyldu ekki lögð með öðrum og skýrari hætti fyrir Alþingi strax og að Alþingi væri búið að taka grundvallarafstöðu til þess hvort fara ætti inn í þennan leiðangur eða ekki áður en farið var að draga lán og nota þau. Hlutunum er því ekki forgangsraðað rétt. Það er eins og margt fleira sem farið hefur stórkostlega úrskeiðis á undanförnum vikum þannig að það verður örugglega talsverð vinna fyrir lögfræðinga og stjórnsýsluspekinga á komandi árum og áratugum að skoða þetta tímabil í Íslandssögunni, hversu mislagðar mönnum voru hendur einfaldlega gagnvart því að virða lög, stjórnsýslureglur og jafnvel stjórnarskrána, því miður.

Auðvitað geta menn sagt að aðstæðurnar séu afbrigðilegar, tíminn sé naumur og það verði að gera hlutina hratt, það er allt rétt. En það réttlætir samt ekki að menn reyni ekki að vanda sig eins og kostur er og það hefur ekki verið gert hér. Það er hvorki hægt að halda því fram gagnvart undirstöðu ákvarðanatökunnar að gögnin og reifun málsins séu sómasamleg og þaðan af síður að ýmis vinnubrögð í kringum þetta nái máli eða standist.

Ég tek það fram að ég er ekki sérstaklega að gagnrýna vinnu utanríkismálanefndar sem var mikill vandi á höndum. Þar var heiðarlega reynt að draga gögn fram í dagsljósið sem reyndust annaðhvort ekki til eða að menn vildu ekki sýna þau. Ég ætla auðvitað að vona það vegna ráðuneyta og stofnana að ekki sé verið að halda gögnum frá Alþingi eða þingnefndum sem hugsanlega væru einhvers staðar til. Mér þykir miklu betra að fá að trúa því þótt það sé sárt að þau séu ekki til. Það sé einfaldlega þannig að enginn aðili hafi reynt að hafa heildaryfirsýn yfir málin, reikna hlutina út og stilla þá eitthvað af. Það er þá leitað á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í þeim efnum.

Auðvitað væri það sjónarmið út af fyrir sig að segja myndin sé svo dökk að menn veigri sér við að draga hana fram í dagsljósið. Það væru skilaboð til þjóðarinnar, ekki síst ungs fólks, sem menn hefðu ekki kjark í sér til þess að senda. En ég held að það þýði nú ekkert annað en að horfast í augu við hlutina eins og þeir eru og berjast á raunsæjum forsendum við vandann eins og hann er.

Við gagnrýndum það á sínum tíma að hefja þennan leiðangur til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og bentum sérstaklega á hættuna sem í því væri fólgin að hinir hroðalegu reikningar vegna innlána í Bretlandi, Hollandi, Þýskalandi og víðar mundu verða tengdir við það mál og úr þessu yrði gaffall sem Ísland kæmist ógreiðlega úr ef menn héldu inn á þessa götu. Því var harðlega neitað, með stórum orðum, að til greina kæmi að við létum kúga okkur eða þvinga og ekki kæmi til greina að hinn ágæti Alþjóðagjaldeyrissjóður, sem sumir hafa á köflum talað um eins og góðgerðastofnun, mundi ástunda slík vinnubrögð.

Hver varð niðurstaðan? Niðurstaðan varð sú að umsóknin til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var tekin í gíslingu og beið þar á meðan Evrópusambandið beitti okkur þvingunarbrögðum til þess að gefast upp gagnvart óútkljáðum deilumálum vegna innlánsreikninganna. Ríkisstjórnin lét þar því miður kúga sig til að gera drög að nauðasamningum sem að mínu mati eru að vísu ógildanlegir nauðasamningar. Þeir eru gerðir undir þvingunum og má þar af leiðandi efast um gildi þeirra að lögum og þjóðarétti — ég kem betur inn á það þegar seinni tillagan verður til umræðu, en allt hangir þetta saman.

Þegar búið var að pína Ísland eða ríkisstjórnina til uppgjafar í Icesave-deilunni var græna ljósið sett á hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Menn voru svo langt leiddir að ýmsir tóku því fagnandi, gott ef þeir héldu það ekki hátíðlegt þegar prógrammið var samþykkt hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. En er það eitthvað til að gleðjast sérstaklega yfir, það sem hér á að fara að gera? Það er ekki bara lántakan sem skiptir máli, það eru ekki bara þessir fimm milljarðar bandaríkjadala rúmir sem tilheyra Alþjóðagjaldeyrissjóðspakkanum, það eru skilmálarnir sem Ísland á þar með að undirgangast, sem eru kannski af tvennu enn alvarlegri en lántakan sjálf vegna þess að hendur okkar verða mjög bundnar. Við höfum eftir það ekki frelsi til að velja þær leiðir sem við teljum bestar — fyrir hverja? Fyrir almenning í landinu, fyrir þjóðina, en ekki endilega fyrir peningamennina og fjármagnið sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er fyrst og fremst að passa upp á. Það er það alvarlega í þessu máli.

Hvað blasir við okkur nú þegar hvað varðar skilmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? Hækkun vaxta, og meira að segja er frekari hækkun vaxta boðuð í skjalinu ef á þarf að halda. Vonandi kemur ekki til þess, vonandi getur hið gagnstæða gerst fljótlega að vextir fari að lækka enda annað algert óráð. En prógrammið er þetta og það segir sína sögu um hvað Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er að hugsa, hvernig hann er forritaður og þar hefur því miður nánast ekkert breyst. Þegar kemur að kjarnanum í stefnu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er hún áfram sama harða peningahyggjan, harða frjálshyggjustefnan, sem þar hefur verið rekin um árabil. Sjóðurinn hefur sætt mikilli gagnrýni, sérstaklega vegna framgöngu sinnar og útreiðar margra þróunarríkja sem orðið hafa að leita á náðir hans. Og hvernig hefur hann brugðist við því? Með því að breyta stefnu sinni í grundvallaratriðum? Nei, hann hefur brugðist við því á þann veg að fá sér andlitslyftingu og setja deildir svona utan um sem líta voðalega fallega út og láta sér þykja vænt um umhverfið og jafnvel félagsleg mál. En hin eiginlega stefna sjóðsins birtist í skilmálum hans í efnahags- og peningapakkanum. Hún er nákvæmlega sama harðlínuniðurskurðarstefnan og sjóðurinn hefur alltaf beitt með skelfilegum afleiðingum fyrir mörg þau lönd sem lent hafa inni í prógrammi hans, eins og Argentínu, Suður-Kóreu og mörg fleiri. Það væri fróðlegt fyrir þingmenn að kynna sér og heyra í þeim sem hafa reynslu af þessum samskiptum. Og hver hefur niðurstaðan orðið í hverju landinu á fætur öðru sem lenti inni í prógrammi hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Það varð að forgangsatriði í viðkomandi löndum að komast þaðan út aftur, að borga sig út úr Alþjóðagjaldeyrissjóðnum með blóði, svita og tárum. Þá leið valdi Suður-Kórea, þá leið valdi Brasilía og fleiri lönd reyndu það með misjöfnum árangri.

Þau sem hins vegar voru hlýðnust, eins og Argentína, fóru verst út úr því — borguðu og borguðu og borguðu

samkvæmt prógrammi sjóðsins og enduðu á hausnum. Það er því ekki þannig, virðulegur forseti, að tilefni sé til mikillar gleði að Ísland lendi inn á þessari braut. Ég vil láta það koma hér fram að eftir því sem við verðum í aðstöðu til að hafa áhrif á málin, þingmenn Vinstri grænna, verður það forgangsatriði af okkar hálfu á komandi missirum eða árum að reyna að borga Ísland út úr þessu prógrammi aftur. Það skal hafa algeran forgang af okkar hálfu að reyna að standa þannig að málum að við endurheimtum aftur frelsi okkar á þessu sviði eftir því sem aðstæður frekast leyfa.

Það skiptir líka máli að við tökum eins lítið af þessum lánum og mögulegt er. Ég skora á ríkisstjórnina að haga þessu þannig að eins lítið af lánum, helst ekki meira en þegar er komið, verði tekið og að samningar við hina seðlabankana verði lánalínur frekar en lán þannig að við getum látið á það reyna að þurfa sem minnst að taka af þeim og bera af því vexti og kostnað. Það skiptir miklu máli og það skiptir líka máli gagnvart framtíðinni að við komumst undan skilmálunum.

Hækkun vaxta, 10% niðurskurður á fjárlögum næsta árs, ákvæði um kjaramál í landinu, sem eru afar varhugaverð að mínu mati, vegna þess að ljóst er að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ætlast til þess að gerð verði þjóðarsátt um stórfellda frekari kjaraskerðingu í landinu en orðin er, það er ekkert hægt að lesa það sem þar stendur á blaði um kjaramálin öðruvísi. Áformin um ríkisfjármál til meðallangs tíma eru að ná hallanum niður á tveimur til þremur árum. Og hvernig ætla menn að fara að því ef hann verður nú kannski hátt í eða jafnvel fullir 200 milljarðar kr. þegar fjárlögum fyrir árið 2009 verður lokað? Halda menn að það taki ekki í að ná því síðan niður á tveim til þrem árum í framhaldinu með þeim horfum um samdrátt í þjóðartekjum, vaxandi atvinnuleysi og erfiðleikum sem hér eru teiknaðir upp?

Auðvitað geta menn svo komið hér og sagt, og það munu sjálfsagt einhverjir gera: Já, en þetta er bara svona, staðan er svona skelfileg og hvað annað á að gera? Nauðhyggjuröksemdirnar hafa verið mjög fyrirferðarmiklar að undanförnu. Þeir sem leyfa sér að gagnrýna eru jafnvel skammaðir fyrir það að þeir skuli þá ekki hafa bjargað málunum — flokkar í stjórnarandstöðu skuli ekki bara hafa bjargað þessu. Það hefur ekki verið í okkar höndum að reyna að halda þannig á málum að Ísland ætti einhverra kosta völ og það er kannski mesta synd ríkisstjórnarinnar að hún hefur misst þessi mál í það öngstræti að setja allt traust sitt á þessa einu útgönguleið. Ekki er einu sinni hlustað á hagfræðinga og ýmsa aðila sem hafa varað við þessu og bent á að Ísland gæti reynt að hafa sig í gengum þetta eftir öðrum leiðum, t.d. einfaldlega þeim að taka ekki þessi lán, að undirgangast ekki skilmálana heldur reyna að rétta landið upp með eigin aflafé, þó að það verði erfitt í byrjun, gegn því að eiga bjartari framtíðarhorfur til lengri tíma litið með minni skuldir á herðunum.

Auðvitað er það dapurlegt að ekki skuli vera stillt upp fleiri möguleikum, einhverri áætlun B, áætlun C, og að ríkisstjórnin skyldi ekki reyna að hafa einhver fleiri spil eða úrræði á hendi. Ég fullyrði að í byrjun októbermánaðar voru ýmsar leiðir mögulegar í þeim efnum, að sækja bráðabirgðalán til nágrannalandanna — frá Rússlandi eða Kína eða hvaðan sem það var — að því marki sem við töldum okkur nauðsynlega þurfa viðbótargjaldeyri inn í landið en gætum ekki farið þá leið að reyna að láta jákvæðan viðskiptajöfnuð, með snarminnkuðum innflutningi og lágu gengi krónunnar, rétta þetta við. Auðvitað er öllum ljóst að það væri erfitt en þó er það nú það sem er kannski að gerast núna og það er hæstv. ríkisstjórn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn — svo grátbroslegt sem það nú er — sem hafa sett á gjaldeyrishöft. Til hamingju, Sjálfstæðisflokkur, til hamingju með gjaldeyrisskömmtunina. Er ekki gaman að vera formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra og setja á gjaldeyrishöft?

Hvað halda menn að Sjálfstæðisflokkurinn hefði sagt ef sá sem hér talar hefði farið fyrir ríkisstjórn og sett á gjaldeyrishöft? (Gripið fram í.) Hugsið ykkur sönginn sem þá hefði verið í frjálshyggjuliðinu, stuttbuxnaliðinu. Nú þegja þeir þegar Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir þessum hlutum með þeirri einu undantekningu þó að hv. þm. Pétur Blöndal hefur reynt að standa á sannfæringu sinni í þessum efnum og er greinilega gagnrýninn, og rúmlega það, á það hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á þessum málum. Vonandi fylgir hann sannfæringu sinni til enda og samþykkir tillögu sem er í nefndaráliti mínu, og verður nú að lokum gerð grein fyrir, þ.e. um málsmeðferðina sjálfa.

Niðurstaða okkar er einfaldlega sú að þessi leiðangur sé í heild sinni svo hættulegur að ekkert vit sé í að leggja upp í hann, að Alþingi afgreiði hér á einum degi heimildir til ríkisstjórnarinnar til að gera hvort tveggja, að fara inn í þennan Alþjóðagjaldeyrissjóðsleiðangur og skrifa upp á uppgjöfina í Icesave-deilunni. Þá er teningunum að verulegu leyti kastað og það verður risavaxið verkefni og erfitt fyrir Ísland að reyna að komast út úr þessu aftur þó að auðvitað verði að reyna það. Ég vísa til þess, sem ég áður sagði, að þeim mun minni lán sem tekin verða og þeim mun minna sem notað verður af þeim, þeim mun viðráðanlegra ætti það að geta orðið fyrir landið að komast út úr þessu aftur og endurheimta sjálfstæði sitt í þessum efnum.

Það er niðurstaða í áliti 2. minni hluta, sem ég mæli hér fyrir, að í fyrsta lagi skorti allar forsendur til þess að standa að afgreiðslu þessa máls. Þetta er ekki hægt, það er ekki boðlegt að fara að afgreiða þetta svona á jafnveikum grunni og boðið er upp á. Væri það bara Alþjóðagjaldeyrissjóðshluti málsins einn og sér er hann í sjálfu sér sæmilega útreiknanlegur af því að þar liggur lánstími fyrir, og lánskjör o.fl. í þeim dúr, en því er ekki að heilsa og ekki er annað hægt en taka afstöðu til þessa máls í heild eins og það er. Nú er Alþingi ætlað á einum degi að afhenda framkvæmdarvaldinu — sem þegar hefur farið langt út fyrir valdmörk sín hvað það varðar að skuldbinda þjóðina og hefja framkvæmd þessa máls án samþykkis Alþingis — að afhenda ríkisstjórninni, sem ég treysti ekki og þjóðin treystir ekki, þessar óskyggilegu heimildir og láta hana annast um framkvæmdina með þeim stofnunum sem algjörlega hafa brugðist hlutverki sínu á undanförnum missirum. Það get ég ekki samþykkt af því að ég hef enga trú á því og ég hef ekkert traust til þess ferlis sem þá fer í gang í höndum þeirra manna sem þar eiga um að véla.

Þá er betra að átta sig á því strax, stoppa við og segja: Nei, við skulum ekki fara með Ísland inn í þennan leiðangur úr því að hann lítur svona út. Það er heiðarlegra. Og þó

að kostirnir séu ekki margir má a.m.k. berjast heiðarlega í staðinn fyrir að gefast upp með þeim hætti sem hér er að mörgu leyti ætlunin að gera og varpa vandanum inn í framtíðina. Það verða þá ríkisstjórnir og Alþingi og þjóðin á næsta og inn á þarnæsta áratug sem koma til með að bera hitann og þungann af því sem þessi ónýta ríkisstjórn ætlar að fara að skrifa upp á, því miður. Þó að erfiðleikarnir fram undan til næstu mánaða og missira séu því miður miklir, með uppsögnum og atvinnuleysi, verða skilmálar þjóðarbúsins og staða ríkisfjármála og opinberra fjármála enn ískyggilegri þegar frá líður, þegar vaxtakostnaðurinn hefur hlaðist upp ár frá ári. Ætli megi ekki ætla að hann verði orðinn um fjórðungur af fjárlögum á árunum 2010 og 2011? Það er ekki ólíklegt, þá verði hann kominn vel inn á annað hundrað milljarða kr. og eru þá afborganirnar ekki farnar að falla til að því marki sem þær verða.

Það er því niðurstaða okkar að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar og fela henni að taka viðræður við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn upp á nýjum forsendum með það markmið að lántakan verði sem minnst eða engin og að skilmálarnir verði ekki þeir sem hér er teiknað til. Fáist Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ekki til að veita einhverja fyrirgreiðslu án þeirra þvingunarskilmála sem á okkur hafa verið settir er betra að sleppa því.

Vegna tengingarinnar yfir í Icesave-uppgjöfina, sem er af tvennu illu enn tilfinnanlegri — að þar fari hundruð milljarða kr. íslenskra skattgreiðenda í hafið, peningar sem við sjáum aldrei neitt af, getum ekki nýtt til nokkurs hlutar. Öfugt við lán sem við tökum til einhverra verkefna hér innan lands, endurfjármögnunar eða til að styrkja gjaldeyrisvaraforða er ekki hægt að skrifa upp á þennan pakka og það er hliðstæð frávísunartillaga, eða öllu heldur rökstudd dagskrá, í hinni tillögunni þannig að niðurstaða okkar er sú að fara í málið á öðrum forsendum, að ríkisstjórnin fái það umboð frá Alþingi að fara aftur til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og semja þar upp á nýtt. Ef það verður niðurstaðan eftir sem áður að einhver lán, eða þó það lán sem komið er, eigi að standa — sjálfur sagði hæstv. forsætisráðherra opinberlega að ef Alþingi féllist ekki á umboðið til ríkisstjórnarinnar yrði láninu skilað og það hlýtur að standa enda er það að mestu leyti inni á bankabók í New York ef ég veit rétt — þannig að fyrir Alþingi geti komið á nýjum forsendum áætlun í þessum efnum sem byggist þá á því að menn hafi ekki gefist upp gagnvart Icesave-deilunni og sem byggist á því að menn ætli aðra leið með landið í gegnum þessa erfiðleika, leið sem minnstrar lántöku, hugsanlega þar með meiri erfiðleika til skamms tíma litið, maður verður að vera heiðarlegur og horfast í augu við að þá er verið að segja það, en framtíðarhorfurnar og möguleikar landsins til að vinna sig síðan hratt upp með miklu minni skuldir á bakinu væru margfalt betri.

Þetta er niðurstaða 2. meiri hluta, (Gripið fram í.) 2. minni hluta, virðulegur forseti — þökk fyrir aðstoðina, orkumálaráðherra, eða skal ég segja olíumálaráðherra í dag? Mér er sagt að dagamunur sé á því hvernig ráðherra titlar sig. (Gripið fram í.) Með vísan til þess rökstuðnings sem hér hefur verið fluttur leggur 2. minni hluti utanríkismálanefndar til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og henni falið eftir atvikum (Forseti hringir.) að semja um lágmarkslánveitingar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða aðra alþjóðlega aðila eða ríki um þau gjaldeyrislán sem nauðsyn ber til að taka og án þess að Ísland afsali sér sjálfsstjórn í innri málum.

[12:01]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður flutti hér ítarlega ræðu og gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum. Þótt hann hefði kosið að fara aðra leið en þá sem ríkisstjórnin hefur valið þá var eitt og annað sammerkt í ræðu hans og því sem verið er að vinna að hér. Það er t.d. ekki ætlunin að nota þau lán sem tekin verða frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og öðrum nálægum löndum nema brýna nauðsyn beri til þess. Vonandi þarf því ekki að nýta þau og jafnvel ekki að taka þau öll. Það fer eftir hvernig þróun mála verður á gjaldeyrismarkaðnum.

Það er búið að borga út ákveðinn hluta af láninu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, það er rétt sem hv. þingmaður sagði. Þeir fjármunir eru í ávöxtun í bandarískra seðlabankanum í New York og hafa að sjálfsögðu ekki verið nýttir eins og þingmaðurinn gaf í skyn, þ.e. að búið væri að draga á þá peninga áður en Alþingi samþykkti þessa ályktun. Það hefur ekki verið gert og verður ekki gert enda verður þeim peningum skilað ef Alþingi fellst ekki á þá leið sem hér er lögð til.

En það sem er ánægjulegt, herra forseti, er að í gær var krónan sett á flot eins og það er kallað og styrktist um milli 8 og 9% og það sem af er þessum morgni hefur hún styrkst um tæplega 7%. Og ef þetta heldur svona áfram þá gefur það góðar vonir um að sú áætlun sem verið er að setja hér í gang og unnið er að í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn gangi upp og þá verði hægt mjög fljótlega, ef krónan styrkist og nýtt og öflugra gengi fyrir íslensku krónuna festist í sessi, að búast við því að verðbólgan gangi hratt niður. Og hvað gerist þá? Þá byrja vextirnir að lækka og vonandi líka mjög hratt. Kannski strax fljótlega á næsta ári, ef þetta gengur eftir. Um þetta getur enginn fullyrt neitt en þetta gefur góða von um að þessi áætlun nái tilgangi sínum.

[12:04]

Frsm. 2. minni hluta (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu erum við ekkert ósammála um margt sem þessu máli tengist. Við þingmenn getum ekkert verið ósammála um þá erfiðleika sem íslenskt þjóðarbú stendur frammi fyrir. Það er tilgangslaust að þrasa eitthvað um það. Þeir eru eins og þeir eru og ekki reyni ég að ræða þessa hluti öðruvísi en að horfast í augu við þá af raunsæi.

Ég gagnrýni hins vegar margt í því hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur haldið á málum og ég ber mikinn kvíðboga í brjósti fyrir því að farin sé sú leið sem felst í þeirri heildaráætlun sem fólgin er í báðum þeim þingmálum sem eru á dagskrá í dag. Ég er alveg sérstaklega kvíðinn ef það verður í höndum ríkisstjórnar og stofnana sem njóta ekki trausts, hvorki inn á við né út á við. Það þyrfti að vera stór hluti af þessu verkefni, því endurreisnarverkefni sem þjóðin stendur frammi fyrir, að safna saman kröftunum og fylkja liði á bak við forustu sem nyti trausts á öllum vígstöðvum, í

stjórnmálum, í fagstofnunum, úti í viðskiptalífinu og annars staðar. En því miður er því ekki að heilsa í dag og í samfélaginu er útbreitt vantraust í gangi.

Það er að sjálfsögðu gott og ég fagna yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra um að eins lítið af þessum lánum verði tekið og hægt er og eins lítið notað og mögulegt er. Það lagði ég einmitt áherslu á í máli mínu. Það er líka gott í sjálfu sér að krónan fer vel af stað, þau litlu viðskipti sem þar þó eru. En við skulum ekki tala eins og þar sé einhver venjulegur markaður á ferð með þeim gjaldeyrishöftum og takmörkunum á fjármagnshreyfingum sem þar eru og ákaflega litlum viðskiptum við sérstakar aðstæður. Það er hins vegar of snemmt að fagna. Við skulum fara mjög varlega í það og ég minni á að hæstv. forsætisráðherra hefur áður reynst heldur slakur spámaður í svona efnum, hvort sem um er að ræða að botninum sé náð svona af og til eða t.d. þegar hann fagnaði því að krónan styrktist í nokkra daga í aprílmánuði síðastliðnum. En það fór nú á aðra leið eins og kunnugt er, mjög fljótlega. Ég held því að það sé algjörlega ótímabært að gefa sér hvað á eftir að verða með krónuna. En ef það gengur vel án nokkurs (Forseti hringir.) inngrips Seðlabankans þá er auðvitað oft spurning hvort núllleiðin hefði ekki verið fær.

[12:06]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi hv. þingmann sem hér talaði áðan þannig að hann gerði athugasemdir við það að fleyting krónunnar skyldi hefjast með þann bakhjarl sem felst í yfirlýstu liðsinni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins áður en Alþingi hefði samþykkt þessa þingsályktunartillögu. Ef ég hef skilið athugasemd þingmannsins rétt þá verð ég að segja það héðan úr ræðustóli að ég er honum hjartanlega sammála um það.

[12:07]

Frsm. 2. minni hluta (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka undirtektir hæstv. orkumálaráðherra. Það sem ég var að draga upp í þessu máli er hversu haldlítið það er þegar handhafar framkvæmdarvaldsins standa að gjörningum, þ.e. þegar um fjárskuldbindingar eða undirritun samninga er að ræða, og verja sig með því að segja að þeir séu gerðir með fyrirvara um samþykki Alþingis en svo kemur á daginn að í raun og veru er það formið eitt vegna þess að framkvæmd viðkomandi verkefnis er þegar hafin. Auðvitað má segja að prógrammið hafi farið strax í gang þegar Seðlabankinn var þvingaður til að hækka stýrivextina. Alþingi var ekki búið að koma að þessu máli þá og vissi eiginlega ekki neitt um það, það var allt í leyni, samanber getgátumar um hver bæri ábyrgð á þeirri ákvörðun.

Síðan kemur það á daginn að búið er að taka fyrsta hluta lánsins sem er inni á bankabók í New York þannig að það er hægt að skila því ef svo bæri undir. Svo er þegar byrjað að fleyta krónunni. Í trausti hvers gera menn það? Þeirrar vissu umhverfisins að Ísland er komið með einhvern gjaldeyri á bak við sig og á hann tiltækan ef á þarf að halda. Framkvæmdin er því hafin og Alþingi er stillt hér upp við vegg gagnvart því að samþykkja umboð til ríkisstjórnarinnar fyrir verkefni sem framkvæmdarvaldið hefur þegar hafið framkvæmd á. Þetta er bara veruleiki og auðvitað á þetta ekki að vera svona.

[12:08]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um þetta atriði. Að öðru leyti álít ég að sú lausn sem hann talar um og kallar núlllausn hefði hugsanlega verið fær. Ég tel hins vegar að sú leið sem er farin með þessari þingsályktunartillögu sé miklu heppilegri til þess að við náum okkur fyrr upp úr þeirri djúpu lægð sem við erum að sigla inn í.

Það er tvennt sem hv. þingmaður nefndi sérstaklega og taldi slæmt við skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það er í fyrsta lagi vaxtahækkunin. Ég styð hana á þeirri forsendu að ég tel að hún sé nauðsynleg viðspyrna gegn útflæði fjármagns og af sömu ástæðu styð ég líka gjaldeyrishöftin. Í annan stað sagði hv. þingmaður að gjaldeyrissjóðurinn krefðist mikils niðurskurðar. Það er alveg rétt að það felst í þessari stefnu. En hv. þingmaður sagði líka að við hefðum lent í náttúruhamförum þótt þær væru að vísu af mannavöldum.

Þegar þjóð lendir í slíku þá verður hún að bregðast við. Okkur er sá kostur einn nauðugur við þessar aðstæður að skera niður og við verðum að gera það. Og eftir það mikla góðæri sem hér hefur verið á síðustu árum þá tel ég að okkur takist að skera niður þá tugi milljarða sem við verðum að gera án þess að það muni leiða (Forseti hringir.) til einhverra náttúruhamfara í ríkisfjármálunum. Ég tel að það sé gerlegt.

[12:10]

Frsm. 2. minni hluta (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri fróðlegt ef maður hefði tíma til, að ræða um aðrar mögulegar leiðir í gegnum þetta. Það sem ég kallaði núlllausn er ósköp einfaldlega sú hugsun að reyna að sleppa hjá því að taka þessi lán, sérstaklega frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum vegna þess að því verður ekki á móti mælt að það er því verði keypt að ríkisstjórnin gafst upp í Icesave-deilunni, til að koma lánsumsókninni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum áfram, það hangir á spýtunni. Það er bara þannig.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að ef ekki væri þetta kvika fé inni í hagkerfinu, jöklabréfin, sem ríkisstjórnin er nú hvort sem er að læsa inni með gjaldeyrishöftum, þá hefði verið miklu vænlegra að reyna að fara þessa leið út úr erfiðleikunum á forsendum landsins sjálfs og treysta á það að jákvæður viðskiptajöfnuður mundi fljótlega rétta stöðuna af og styrkja gengið eins og kannski má segja að vissar vísbendingar (Forseti hringir.) komi um þessa dagana. Ég held að hvort sem erfiðleikarnir verða meiri eða minni með þessari eða hinni aðferðinni í byrjun (Forseti hringir.) þá er eitt algjörlega ljóst, að langtímaframtíðarhorfur Íslands eru þeim mun verri sem ríkisstjórnin skuldsetur landið meira.

[12:11]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi um núlllausn. Hún er athyglisverð en ég held að því verði ekki á móti mælt að hún hefði haft í för með sér gríðarlega óvissu og gríðarlega hættu. Hún hefði einungis getað gengið upp með víðtækum gjaldeyrishöftum og jafnvel með enn hærri stýrivöxtum en þó er raunin í þessu tilviki til að stemma stigu við útflæði fjármagns sem hefði verið óhjákvæmilegt við þær aðstæður. Það hefði verið mikið hættuspil að leika sér með þeim hætti að afkomu almennings í landinu og þá hefðum við staðið raunverulega frammi fyrir verulegri hættu á óðaverðbólgu og sívaxandi gjaldeyriskreppu.

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður nefndi í ræðu sinni að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lærði ekkert af fyrri reynslu *sinni í öðrum löndum og beitti sömu frjálshyggjulausnunum*, ef ég man rétt, og sömu áherslunni að öllu leyti í því efni. Þarna er hv. þingmaður að reyna að sanna fyrir sjálfum sér að málflutningur hans hingað til eigi við rök að styðjast því að reynslan sýnir allt annað.

Það var athyglisvert í viðskiptanefnd í síðustu viku að sjá að hinn ágæti framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Vilhjálmur Egilsson, trúði varla sínum eigin augum þegar hann sá gjaldeyrishöftin sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði lagt til. Þar kom líka fram að það var erfitt fyrir fulltrúa Vinstri grænna í nefndinni, hv. þm. Jón Bjarnason, að finna leið til að vera á móti málinu, slíkur konfektmoli fannst honum nú felast í þessum víðtæku gjaldeyrishöftum. Það er nefnilega alveg ljóst að þau víðtæku gjaldeyrishöft sem nú hafa verið sett á í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eru virkilegt fráhvarf frá þeirri stefnu sem sjóðurinn hefur fylgt hingað til og hann er þar greinilega að læra af reynslu sinni. Þetta atriði í málflutningi (Forseti hringir.) hv. þingmanns stenst því ekki.

[12:13]

Frsm. 2. minni hluta (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er dálítið athyglisverður málflutningur. Í sporum stjórnarþingmanna mundi ég tala af hógværð um gjaldeyrishöftin. Að reiða það fram sem röksemd fyrir því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé orðinn að einhverri haftastofnun sem haldi upp á það alveg sérstaklega að hindra frjálst flæði fjármagns, ég held að það séu ekki miklar innstæður fyrir því hjá hv. þingmanni.

Það sem gjaldeyrishöftin segja hins vegar og maður þorir varla að taka sér í munn er náttúrlega það að meira að segja Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er svo efins um að þetta heppnist að hann fellst á gjaldeyrishöft. Það er það sem stjórnarliðar ættu að hafa í huga þegar þeir tala um þetta. Það er auðvitað nánast eins og vantraustsyfirlýsing á áætlunina að sjóðurinn skuli telja og fallast á að það þurfi gjaldeyrishöft til að setja þetta í gang. (Gripið fram í.)

Prógrammið er ekkert annað en gamla harðlínustefnuprógrammið, *með hækkun vaxta og blóðugum niðurskurði* opinberra útgjalda. Það er gamla og mislukkaða aðferðin, að reyna að skera niður og spara samfélagið í gegnum kreppuna sem hefur alls staðar endað illa, með meira atvinnuleysi og meiri erfiðleikum en hjá þeim löndum sem hafa valið aðrar leiðir, eins og Malasía sem tók ekki lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum við mjög erfiðar aðstæður, sambærilegar okkar að mörgu leyti og fór sína eigin leið. Erfiða leið sem við getum kallað núlllausn, en ætli sú leið hafi ekki þegar á daginn kom reynst betur en hin leiðin? Sum önnur nágrannaríki lentu í alveg gríðarlegum erfiðleikum einmitt vegna þess að þau völdu hina leiðina.

Ríkisstjórnin getur að minnsta kosti ekki gagnrýnt hugmyndir um að gera eitthvað annað með því að þær mundu kalla á gjaldeyrishöft eins og hv. þm. Árni Páll Árnason reyndi að gera áðan. Það er nú bara þannig að það er ekki sá sem hér stendur sem ber ábyrgð á því að hafa sett á gjaldeyrishöft. Það er ríkisstjórnin. Það eru allir frelsispostularnir. (Gripið fram í.) Postular hinnar frjálsu samkeppni. Frjálshyggjupostularnir, bæði í síðum og stuttum buxum, sem það hafa gert.

[12:16]

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti 3. minni hluta utanríkismálanefndar við stöðu þessa máls sem er eins og alþjóð veit eitt af alvarlegustu málum sem upp hafa komið í íslensku þjóðfélagi í áratugi. Miðað við þau gögn og munnlegar upplýsingar sem legið hafa fyrir í utanríkismálanefnd við afgreiðslu málsins verður að gera í upphafi þann almenna fyrirvara við afgreiðslu þess að flest bendir til að það taki þjóðina að minnsta kosti fimm eða jafnvel tíu ár að vinna sig út úr þeim vanda sem við blasir. Það geta liðið mörg ár þar til ríkisfjármálin verða aftur afgreidd án halla á hv. Alþingi á hverju ári. Það liggur því fyrir að auknar byrðar verða lagðar á almenning á næstu árum.

Niðurskurður á fjárlögum mun verða staðreynd og það er næsta víst að greiðslubyrði vaxta og afborgun lána verður stór þáttur í fjárlögum næstu ára sem m.a. verður mætt, að ég hygg, með mismunandi tillögum um skattahækkanir í framtíðinni.

Ríkisstjórnin og Seðlabankinn tóku þá stefnu að leita samninga við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Aðrar leiðir voru ekki fullreyndar, að mínu mati. Þá á ég einfaldlega við að fullreyna þá lánasamninga sem ef til vill hefðu staðið til boða í upphafi ferlisins. Sá skilyrðapakki sem ríkisstjórnin lýsti yfir að fjallaði um áform íslenskra stjórnvalda vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var um síðir kynntur á hv. Alþingi en hafði reyndar áður birst í DV. Öll ábyrgð málsins og meðferð þess hvílir því á herðum ríkisstjórnarinnar enda Alþingi ekki upplýst um málatilbúnað. Áætlun ríkisstjórnarinnar og samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er stærsta mál sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir í áratugi og að mörgu leyti er framtíð okkar í gerbreyttu samfélagi.

Það verður ekki undan því vikist að vandinn fram undan er staðreynd og á honum verðum við að taka hvort sem okkur líkar betur eða verr. Vandinn hverfur ekki nema því *aðeins að við vinnum skipulega að því að takast á við hann* þannig að þjóðin fari í framtíðinni sem best út úr þessum málum. Í því sambandi teljum við í Frjálslynda flokknum að einkum þurfi að verja heimilin og velferðarkerfið í kom-

andi þrengingum. Það þarf að reyna að auka tekjur með öllum tiltækum ráðum í þjóðfélaginu og sömuleiðis að halda uppi atvinnustiginu eins og hægt er.

Það hefur mikið skort á að skýrar upplýsingar væru til staðar um þær heildarskuldir sem íslenska ríkið þarf að taka til sín með erlendum lántökum. Ég vil taka undir orð hæstv. forsætisráðherra að vissulega er að því stefnt að taka eins lítil lán og mögulegt er. Það er sú meginstefna sem við þurfum að hafa til að reyna að komast út úr þessum vanda og alvarlega ferli, að taka eins lítil lán og mögulegt er. Því verður hins vegar ekki undan vikist að leysa vandann með erlendum lántökum. Mjög hefur þó skort á upplýsingar við vinnslu málsins að mínu mati. Ekki hefur verið lagt raunsætt mat á hver vaxtabyrðin verður né hvernig afborgunarskilmálarnir verða eða hvað það mun kosta íslensku þjóðina. Í utanríkismálanefnd var lagt fram plagg sem fylgiskjal í áliti meiri hlutans um það hvernig það ferli sem sett var upp gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum gæti hugsanlega litið út, þ.e. aðgerðapakkinn.

Hins vegar fylgja engir útreikningar á því nákvæmlega hverju við stöndum frammi fyrir í tölum, vaxtabyrði og afborgunarskilmálum komandi ára. Hægt er að áætla eftir þeim munnlegu upplýsingum sem komið hafa fram við meðferð málsins í fjárlaganefnd og í utanríkismálanefnd hver skásta staðan geti orðið og einnig versta staðan. Ég held að ef við reynum að gera okkur grein fyrir því hver skásta staðan í þjóðfélaginu geti orðið, þegar tekið er tillit til þess máls sem við ræðum á eftir varðandi hina svokölluðu Icesave-reikninga í löndum Evrópusambandsins og væntanlegu samningaferli um það, að því gefnu að tekið sé tillit til þess að talsverðar eignir geti farið upp í þær skuldir á móti við sölu eigna m.a. í Bretlandi, þá sé líkleg niðurstaða að besta staðan geti verið í heild um 700 milljarðar kr. í skuldastöðu næstu tvö til þrjú ár. Það er ekki vitað nákvæmlega en leiða má að því líkur. Þær tölur eru þekktar sem við höfum dregið á lánalínur á þær heimildir sem við höfum samið um við Norðurlandaþjóðirnar, þ.e. við seðlabanka frændþjóða okkar. Við þekkjum líka þær tölur sem lagðar hafa verið í íslenska bankakerfið og við getum giskað á að við bestu niðurstöðu úr Icesave-reikningunum sitji kannski eftir 150 milljarðar á íslensku þjóðinni. Ef það eru réttar ágiskanir sem er kannski nálægt því að vera skásta staðan, að teknu tilliti til þess láns sem við tökum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þá er líklegt að vaxtabyrði komandi ára liggi á bilinu 50–70 milljarðar ár hvert.

Ég tel ekki rétt að fara í gegnum þessa umræðu án þess að nefna neinar tölur sem menn vita best um. En ég sakna þess, bæði í fjárlaganefnd og utanríkismálanefnd, að það skuli vera svo að við ræðum einn stærsta vanda sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir án þess að fá fram raunhæfar upplýsingar um hvað fram undan er í lántökum, hvað er fram undan í vaxtakjörum, hvað er fram undan í afborgunarferli o.s.frv. og tímaröð á hvernig raða megi þessu saman með sem hagfelldustum hætti fyrir íslensku þjóðina til framtíðar. Því eins og hæstv. forsætisráðherra sagði þá skiptir auðvitað máli hversu stórt lán við tökum og ég tek undir það og ítreka að auðvitað er best að taka eins lítið lán og við mögulega komumst af með. En allt að einu þurfum við líka að gera áætlun um að taka lán til að borga niður lán á þessum tíma. Því þó að kvaðir séu um að skera niður í fjárlögum um 10% á næstu árum þá er mjög vafasamt að það dugi til, til að axla þær byrðar sem á okkur lenda vegna vaxta og afborgana á komandi árum. Í áliti okkar kemur fram, hæstv. forseti, að líklegt sé að í fjárlögum næstu ára muni verða útfærðar mismunandi skattahækkanir, m.a. til að axla þær byrðar sem þjóðin tekur nú á sig.

Það er einnig líklegt að hallinn á ríkissjóði næstu þrjú árin geti orðið yfir 400 milljarðar samanlagður. Þann halla þarf einnig að fjármagna og væntanlega verður það gert með innlendri lántöku, útgáfu ríkisskuldabréfa. Það fer ekkert á milli mála að við erum að taka mikla áhættu með framtíð okkar næstu árin og göngumst í raun undir það að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi framkvæmd efnahagsstefnuna að miklu leyti á valdi sínu miðað við þau skilyrði sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að gangast undir og er fylgifiskur þeirrar lántöku sem við erum að ræða um varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Auðvitað er margt óljóst um þau árangurstengdu markmið sem miða skal við, m.a. í eftirliti sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ætlar að hafa með stefnu okkar til framtíðar. En eftir því sem við komumst af með því að taka minni lán þeim mun auðveldara verður þetta allt saman fyrir okkur og væntanlega erum við öll sammála um það, í hvaða stjórnmálaflokki sem við erum, að við munum leggjast á árarnar við að koma okkur út úr þeim vanda sem vissulega er staðreynd.

Segja má að Alþingi standi í raun frammi fyrir orðnum hlut að því er varðar lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Málið var þannig unnið af hálfu ríkisstjórnar og Seðlabanka að ekki varð aftur snúið. Krónan er komin á flot m.a. í skjóli þess gjaldeyris sem lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum veitir okkur og við erum því rauninni ekki að fjalla um þetta mál þannig að samningagerðin sé gerð með fyrirvara Alþingis. Framkvæmdin er hafin, lán hefur þegar verið tekið og í raun hefur ríkisstjórnin lokað öðrum leiðum ef þær voru mögulegar fyrr í ferlinu, sem vissulega getur verið deiluefni út af fyrir sig.

Eitt liggur algjörlega fyrir, hæstv. forseti, í þessu máli. Áætlun ríkisstjórnarinnar um ferlið fram undan liggur ekki fyrir nú og þegar spurt er í nefndum þingsins þá er jafnan vísað á áætlanir eða spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þó að það séu liðnir hátt í tíu dagar síðan beðið var um sérstakt yfirlitsblað frá stofnunum ríkisins, forsætisráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, Seðlabanka, um það hvernig framtíðin gæti litið út að þessu leyti, hvaða áætlun liggi fyrir um lántökur, kostnað af þeim, afborganir, afborgunarskilmála, röð lántökunnar og svo framvegis, ríkisfjármálin, þá hafa slíkar upplýsingar ekki verið gefnar. Einstöku sinnum hefur á fundum komið einn og einn takmarkaður upplýsingapakki í mæltu máli, þá ýmist frá fulltrúum Seðlabankans eða fulltrúum ríkisstjórnarinnar úr ráðuneytunum. Í heildina litið höfum við þingmenn ekki haft yfirlit yfir þetta mál á einu skipulegu framlögðu blaði um það hvernig málið gæti litið út heldur eru þetta samantínd brot og oft og tíðum byggt á munnlegum upplýsingum.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að í þessu ferli er virkilega hægt að sakna gömlu Þjóðhagsstofnunar sem hafði þó það hlutverk að reikna fyrir okkur út marga valkosti í ýms-

um málum, þ.e. hvað gæti gerst við ákveðnar aðstæður eða miðað við ákveðnar forsendur og að menn hefðu þá getað lagt hér fram útreikninga sem sýndu valkost eitt, tvö og þrjú eða A, B og C eftir atvikum eftir því hvernig menn vilja orða það, miðað við mismunandi lántökur og mismunandi niðurstöðu.

Það er alveg ljóst, hæstv. forseti, að okkur er mikill vandi á höndum á næstu árum að stýra fjármálum ríkissjóðs meðal annars með þeim áherslum að halda hér utan um velferðarkerfið, tryggja að ekki verði fjöldagjaldþrot heimilanna, stuðla að því svo fremi sem við getum að atvinnustigið í landinu haldist uppi. Þetta eru allt markmið sem við þurfum að horfa á í ríkisfjármálunum sama hvar í flokki við stöndum til að forðast að lenda of djúpt í þeirri lægð og vanda sem við stöndum frammi fyrir.

Hæstv. forseti. Ég tel að sú stýrivaxtahækkun sem gripið var til fyrir nokkrum vikum hafi verið misráðin. Ég tel að það eigi að keyra stýrivextina mjög hratt niður meðal annars til þess að stuðla að því að atvinnulífið nái hér betri stöðu sem allra fyrst. Það er mikið um uppsagnir hjá atvinnufyrirtækjunum og við megum ekki með neinum hætti við því að þær haldi áfram eins og verið hefur því að við þurfum að styðja við atvinnulífið. Það er líka partur af því að vernda stöðu heimilanna.

Partur af því, hæstv. forseti, fyrir framtíðina er líka að afla þjóðarbúinu tekna og við getum vissulega aukið tekjur þessa þjóðfélags. En þá verða menn líka að vera samtaka um að það geti þurft að taka einhverja áhættu í þeim efnum, eða sumir vilja kalla það áhættu. Ég er reyndar ekki á því að mikil áhætta sé fólgin í því þó að við aukum tekjurnar úr hafinu og við þurfum að horfa til þess hvaða kosti við eigum varðandi orkunýtingu og þar eigum við auðvitað fleiri kosti en bara álver. Við erum langt komin á þeirri vegferð að byggja upp álver í Helguvík og ákvarðanataka um Húsavík liggur held ég fyrir. Ég tel að við eigum ekki snúa af þeirri braut heldur reyna að fleyta þeim verkefnum áfram þó ég sé ekki talsmaður þess, hæstv. forseti, að hér rísi álver í hverri vík. Ég tel einmitt að það sé kominn tími á að fara að staldra þar við fyrir framtíðina og horfa til annarra kosta.

Það liggur ljóst fyrir að á komandi árum mun sá mikli vandi sem við stöndum frammi fyrir birtast íslensku þjóðinni í skertum lífskjörum. Það er ekki hægt að ræða þessi mál án þess að segja hlutina hreint út eins og þeir eru. Lífskjörin munu versna áður en þau batna. Það er alveg ljóst. Vonandi verða árin ekki mörg sem við búum við þær alvarlegu afleiðingar sem mér sýnast fylgja þeim skuldum sem við erum að taka á okkur. En ég held að það sé mikil bjartsýni að halda að þessu ljúki á næstu fjórum, fimm árum. Svo getur ekki orðið, hæstv. forseti, nema við fáum þá einhvern algjöran sérstakan happdrættisvinning hér í verulega auknum tekjum og ýmsum aðstæðum sem maður sér alla vega ekki fyrir hér og nú, enda hefur sá sem hér stendur í ræðustól aldrei unnið í happdrætti og hefur ekki byggt mikið á því að vinna í happdrætti fyrir framtíðina.

Niðurstaðan getur hins vegar orðið sú í versta falli að staða þjóðfélagsins verði sú að heildarskuldir okkar fari yfir 1.000 milljarða, jafnvel upp í 1.400 milljarða, meira en þjóðarframleiðslan. Það má meðal annars lesa í sumum skjölum sem sést hafa þar sem þjóðarframleiðslan er notuð sem viðmið við það hverjar skuldirnar gætu orðið. Það er mjög alvarlegt ef svo fer, hæstv. forseti, og það ber að varast. Það ber að varast með öllum tiltækum ráðum að í svo stórum skuldapakka lendi íslenska þjóðin til framtíðar.

Við stöndum hins vegar frammi fyrir því, hæstv. forseti, að sú vegferð sem við nú ræðum, lántakan hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, er hafin og ég sé ekki, hæstv. forseti, að neinn vegur sé að snúa við á þeirri leið sem við erum komin á. Þess vegna eru aðeins tveir kostir í stöðunni fyrir okkur þingmenn í stjórnarandstöðu að mínu viti. Annar er sá að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls í ljósi þess hvernig það hefur verið unnið og hvar ábyrgðin liggur. Hinn er sá að greiða atkvæði með tillögunni í þeirri von að það ferli sem þegar er hafið og verður örugglega ekki snúið frá færi þjóðinni þá bestu niðurstöðu sem við getum búist við út úr þessum vanda. Ég hygg, hæstv. forseti, að það verði niðurstaða okkar í Frjálslynda flokknum.

[12:40]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Hæstv. forseti. Á 9. og 10. áratug síðustu aldar, þ.e. í lok 9. áratugarins og byrjun þess 10., starfaði ég sem ráðgjafi í GE, bandarísku fyrirtæki, enda búsett þá í Bandaríkjunum. Á þeim tíma var GE að lyfta sér upp úr mikilli kreppu í því fyrirtæki. Þar störfuðu 360 þúsund manns víða um heim og ég verð að segja frá þeirri reynslu að uppbyggingin var mjög gjöful, hún var erfið en með samræmdu áralagi og mikilli þrautseigju náði fyrirtækið því að standa miklu öflugra eftir en áður. En Ísland er ekki fyrirtæki og þar með lýkur einhvers konar líkingamáli varðandi GE.

Hins vegar hafa þjóðir víða um heim lent áður í bankakreppum og mig langar í tilefni af umræðunni í dag að fjalla um þrjú atriði: Í fyrsta lagi þann lærdóm sem við getum dregið af öðrum þjóðum í því ferli sem við göngum nú í gegnum. Í öðru lagi ætla ég að gera tilraun til að fara yfir nokkra þætti í viljayfirlýsingunni sem fylgir þingsályktunartillögunni og í þriðja lagi aðeins að fjalla um fjárhagslegar skuldbindingar okkar Íslendinga í tengslum við þetta mál á næstu árum.

Þingsályktunartillagan sem nú er til umfjöllunar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli fyrirliggjandi viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda.“ Síðan fylgir viljayfirlýsingin.

Varðandi þann lærdóm sem draga má af reynslu annarra þjóða langar mig að nefna að Svíar og Finnar gengu í gegnum mjög erfiða bankakreppu í byrjun 10. áratugarins og það er athyglisvert að skoða bankakreppur og kreppur liðinna áratuga í því ljósi en þær hegða sér að sumu leyti svipað og að sumu leyti aðeins mismunandi, eftir um hvaða þjóð er að ræða. Í stóru myndinni má lesa eftirfarandi í gögnum margra þjóða, þ.e. um tilurð fjármálakreppu og ég ætla að vitna í skýrslu sem ég las um finnsku fjármálakreppuna. Hún var á ensku og þar var tekið saman í sex orðum hvað olli fjármálakreppunni í Finnlandi: „Bad luck, bad policy, bad banking,“ þ.e. að við höfum verið óheppin, það voru óviðunandi reglugerðarumhverfi og í

þriðja lagi að bankastarfsemin var of áhættusækin.

Varðandi óheppnina, af því að ég ætla aðeins að fara í þá þætti sem við getum talað um að við getum lært af öðrum, þá megum við Íslendingar ekki skauta yfir þá staðreynd að við erum ekki fyrst þjóða til að fara í gegnum svona herfilega reynslu eins og við erum að ganga í gegnum núna heldur hafa aðrir og líka Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn oft farið í gegnum svona kreppu og það má draga lærdóm af því. Ég ætla að leyfa mér að kíkja aðeins á það sem þeir Finnar sem hafa gert greiningu á orsökum finnsku kreppunnar hafa sagt um hana.

Í fyrsta lagi um óheppnina. Það varð til kreppa í kjölfar frelsis á fjármálamarkaði. Reglur voru rýmkaðar. Það var líka efnahagslægð á alþjóðamörkuðum á sama tíma. Það var gríðarleg útlánaaukning hjá bönkum og afar gott aðgengi að erlendum lánum. Það var mikil skuldasöfnun fyrirtækja og heimila og á sama tíma stöðugt hækkandi eignaverð. Í Finnlandi hafði það mikil áhrif að Sovétríkin riðuðu til falls. Hækkandi vextir ýttu undir flæði erlends fjármagns, gengi marksins í Finnlandi varð of sterkt, gengi þýska marksins var veikara og menn fengu gjarnan lánað í þýskum frekar en finnskum mörkum.

Varðandi reglugerðarumhverfið segir að frelsinu hafi ekki fylgt viðunandi reglugerðarumhverfi. Að ófullnægjandi stefna í fjármálum, peningamálum og auk þess ófullnægjandi lagaumhverfi hafi verið til staðar. Að fjármálaeftirlitið í Finnlandi hafi ekki verið eflt samhliða auknu frelsi.

Í þriðja lagi varðandi áhættusækna bankastarfsemi þá er talað um áhættusækni og mjög hraðan vöxt í kjölfar frelsis. Útlánaaukningu, að miklu leyti eða töluverðu leyti í erlendri mynt. Það var töluvert aukin samkeppni bankanna um markaðshlutdeild, hækkun eignaverðs, aðgengi í erlent fjármagn, það hefur reyndar komið fram áður.

Það var líka talað um kæruleysi í fjárfestingum og útlánastarfsemi og mjög veika áhættustýringu í bönkunum og innra eftirlitið var þar að auki veikt. Hljómar þetta kannski kunnuglega? Ég held að mörgum þyki þetta hljóma kunnuglega og auk þess þegar farið er að lesa skýrslurnar frá Argentínu og skýrslurnar frá Svíþjóð og reyndar fleiri löndum, þá hljómar þetta nefnilega svolítið skylt, þ.e. að aðdragandinn virðist vera mjög svipaður. Þá með afleiðingarnar. Skyldu þær vera svipaðar? Að sumu leyti og öðru leyti ekki.

Afleiðingarnar í Svíþjóð voru t.d. þær að húsnæðisverð féll um 50% frá því sem hæst var. Nákvæmlega sama gerðist í Finnlandi, svipað í Argentínu og ég gæti haldið áfram. Þetta er athyglisvert að skoða stóru myndina. Þá er það hagvöxturinn. Ég er hérna með línurit sem ég fékk frá forsætisráðuneytinu sem sýnir hvernig hagvöxtur þróast ef miðað er við að kreppuárið sé samstillt, þ.e. það ár þegar kreppan nær fyrst fullum þunga eins og verður 2009. Í 123 löndum er skoðað hvað gerist og einnig er spá sem byggir á útreikningum forsætisráðuneytisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem sýnir hvernig íslenska kreppan muni líklega haga sér. Og ég get sagt, byggt á þeirri greiningu sem ég hef gert á bankahruni í Argentínu, Finnlandi, Svíþjóð og reyndar víðar að á þessu fyrsta ári, þ.e. sambærilegu við 2009, er hagvöxtur mínus 8–10%. Því er spáð líka hér að hagvöxtur verði neikvæður um u.þ.b. 8%.

Hagvöxtur er neikvæður áfram á ári tvö en byrjar síðan að snúast í jákvæðan hagvöxt. Í Argentínu skall kreppan á í desember 2001. Því miður blasti strax við Argentínumönnum gríðarleg stjórnmálakreppa. Það voru einir fimm forsetar sem tóku völd hver á eftir öðrum í skamman tíma eftir að bankakerfi þeirra hrundi í desember 2001. Argentínumenn fóru í gegnum mjög djúpan dal og djúpa kreppu en ég minni á að árið 2006 staðgreiddu Argentínumenn skuldir til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þeirra viðmiðunarár var 2002 og neikvæður hagvöxtur var þar 2002 og 2003, snerist síðan í jákvæðan árið 2004. Vandinn við þessar kreppur, sem ég er svolítið ósátt við og fær mann til að hugsa, er að þær leiddu til ákveðinna afleiðinga hjá þjóðunum sem virtust ekki vera afturkræfar á þeim tíma sem maður hefði viljað sjá. Dæmi: Gengi pesóans í Argentínu hefur engan veginn náð því stigi sem það var fyrir kreppu en aftur kemur maður að því einstaka í hverju landi fyrir sig. Það má líka vissulega benda á að Argentínumenn höfðu lifað langt um efni fram á áratugnum 1990–2000 og m.a. nánast handhaldið gengi pesóans við dollar, í heilan áratug. Þeir mokuðu peningum í þetta, m.a. peningunum frá IMF. Þeir höguðu sér rosalega illa, má eiginlega segja, og gengið er engan veginn komið til baka.

Ef við lítum við Finnlands þá er þar dæmi um eitthvað sem er hræðilegt að horfa til og virðist hafa verið afar erfitt að endurheimta en það er atvinnustigið hjá Finnum. Áður en kreppan skall þar á í upphafi 10. áratugarins var atvinnuleysi um 3%. Um 1993 var atvinnuleysið orðið 20%, sem er vissulega rosalega hátt, og 1994 var það enn þá 20% en maður skyldi ætla að það hafi farið í betra horf hjá Finnum og vissulega gerði það það því í dag er atvinnuleysi 6%, mun hærra en það var fyrir kreppu. Af þeim 6% sem eru atvinnulausir í Finnlandi hefur um það bil fjórðungur, þ.e. 2% Finna, lent í langtímaatvinnuleysi og það eru afar slæmar fréttir. Þetta er viðvarandi atvinnuleysi þegar viðkomandi einstaklingur hefur verið atvinnulaus í mjög mörg ár.

Ég veit að lærdómur frá öðrum skiptir okkur höfuðmáli. Ég veit líka að lærdómur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skiptir okkur höfuðmáli. Við Íslendingar eigum ekki að fara í þetta einir. Við eigum að leita í sjóði, reynslu og þekkingu þeirra sem á undan hafa gengið og við eigum að nýta okkur Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem við erum aðilar að og höfum verið í áratugi og við eigum að fara í gegnum þetta. Við erum kannski ein fyrsta þjóðin sem leitar á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í þeirri alheimskreppu sem við stöndum vissulega frammi fyrir, a.m.k. í vestrænum heimi stöndum við frammi fyrir víðtækri kreppu sem lýsir sér í lánsfjárþurrð og gífurlega erfiðri stöðu á lánsfjármörkuðum. Það eru erfiðleikar hjá fyrirtækjum, t.d. hjá bílaframleiðendum. Við gætum farið að rekja stöðuna í heiminum núna en ég ætla ekki að gera það. Ég vil sjá okkur Íslendinga vera fyrstu þjóðina til að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en líka fyrstu þjóðin til að fara út úr aðstoð þeirra vegna þess að við höfum í raun og veru náð þeim árangri sem við þurfum að ná. Mér finnst mikilvægt að við lærum af reynslu annarra.

Í öðru lagi langaði mig að tala aðeins um viljayfirlýsinguna, tillögu til þingsályktunar og viðhengið með henni. Viðhengið er um aðgerðir og áform íslenskra stjórnvalda

vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í viljayfirlýsingunni koma fram 27 liðir sem ég veit að þingmenn þekkja mjög vel og í þeim birtist aðgerðaáætlun ríkisins varðandi stefnuna næstu árin eða næstu missirin skulum við segja.

Það má eiginlega skipta þessu plaggi í tvennt. Í fyrsta lagi er fjallað um endurskipulagningu bankakerfisins. Í öðru lagi stefnuna í peninga- og gjaldeyrismálum. Í þriðja lagi stefnuna í ríkisfjármálum og svo um samstarfið um vinnumarkaðinn og þjóðarsáttina, sem við þurfum að ná.

Mig langar til að nefna margt í plagginu en tíminn líður hratt svo ég ætla að stikla á stóru. Í 5. liðnum er talað um að endurskipuleggja þurfi bankana til að hámarka heimtur eigna með gegnsæjum hætti og koma að því að endurreisa fjármálastarfsemina. Það sem mér finnst ánægjulegt við þann lið sérstaklega er að við höfum fengið til samstarfs Svía sem hefur átt m.a. þátt í að endurreisa fjármálakerfi í kjölfar bankakreppunnar þar í landi í byrjun 9. áratugarins og ég trúi því að hann komi inn með þá reynslu og þekkingu sem Svíar byggja á. Hún er æðimikil og ég ímynda mér að það verði okkur til farsældar að fá þannig þekkingu beint inn í verkferlana, í verkþættina, og fá til starfa einstakling sem þegar hefur farið í gegnum álíka krísu. Ekki nóg með það, heldur hefur viðkomandi aðili einnig verið yfirmaður á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og unnið með öðrum þjóðum líkt og Íslandi núna.

Í 10. liðnum er talað um endurskipulagningu á eftirlitsstofnunum og reglugerðarumhverfinu og þar erum við að fara í reynslusjóð og leita í reynslusjóði og þekkingu Finna. Það er finnskur maður sem hefur fengist til að stjórna því verki, fyrrverandi forstöðumaður fjármálaeftirlitsins í Finnlandi og ég trúi því að hann hafi til að bera bæði þá þekkingu og þann skilning sem við þurfum á að halda í því verki sem fram undan er. Tími gefst ekki til að fara nákvæmlega í alla þá þætti sem eru í viljayfirlýsingunni en ég ætla að hvetja alla þingmenn til að kynna sér yfirlýsinguna vel en fyrst og fremst vil ég hvetja stjórnvöld til að deila með öllum landsmönnum hvað í þessu felst. Þetta er nefnilega ekki svo hræðilegt ef þetta er brotið niður í verkþætti vegna þess að við stöndum einfaldlega þannig að það er skurður beint fyrir framan okkur og við þurfum að moka ofan í skurðinn og við þurfum að gera þetta saman.

Ég minntist á GE í upphafi ræðu minnar sérstaklega vegna þess að þar var snilldin, þetta samhæfða áralag sem fæst þegar allir skilja að hverju er stefnt og hverju við ætlum að vinna að og við þurfum öll að vinna saman. Ég hef svo mikla trú á íslenskri þjóð, á íslenskum ungdómi, á fólkinu okkar og ég trúi því að við getum öll saman unnið að því að moka ofan í þennan skurð. Og í þriðja lagi, skurðurinn samanstendur af mörgum þáttum og m.a. þarf að moka ofan í hann vegna þess að okkur vantar einfaldlega fjármuni. Það er gríðarlegt uppbyggingarstarf fram undan í íslensku samfélagi í kjölfar bankahrunsins. Skuldir ríkissjóðs blasa við hvort sem við erum að vinna með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eða hvernig sem við mundum hafa unnið þetta þá blasa skuldir ríkissjóðs við. Þær hafa margfaldast miðað við það sem áður var. Fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs á næstunni vegna hrunsins er fyrst og fremst tilkominn af þrennu:

Í fyrsta lagi þarf að fjármagna þann hallarekstur sem er fram undan á fjárlögum næstu ára. Ég fagna því að við tökum halla á fjárlögum vegna þess að það er eitt sem ég lærði af hinum þjóðunum sem fóru í gegnum bankakrísuna. Finnar voru ekki nógu duglegir við að nota ríkissjóð til að sveiflujafna og þetta kom gríðarlega niður á atvinnuleysi í Finnlandi þannig að það er ekki alslæmt að það skuli vera hallarekstur fram undan. Við vitum að hann verður og það á auðvitað eftir að koma í ljós hversu mikill hann verður. Það er áætlað að hann geti verið 470 milljarðar.

Í öðru lagi er um að ræða endurfjármögnun bankanna. Áætluð þörf er á bilinu milli 350 og 385 milljarðar. Í þriðja lagi þarf að endurfjármagna Seðlabankann sem nemur líklega um 150 milljörðum. Við vitum það nokkurn veginn að gera má ráð fyrir að bara þessar þrjár upphæðir sem ég hef talið upp séu á bilinu 900 til 1.000 milljarðar, með töluverðri óvissu þó. Við vitum t.d. ekki hver hallarekstur ríkissjóðs verður. (Forseti hringir.) Við vitum ekki hvernig stendur að styðja við atvinnulífið og halda uppi atvinnustigi. Við vitum ekki hvernig tekst að efla nýsköpun og nýta auðlindirnar. Það mundi draga úr hallanum. (Forseti hringir.) Það kemur einnig til greina að erlendir kröfuhafar eignist í bönkunum. Það mundi draga úr fjármagnsþörf og fleira. — (Forseti hringir.) Ég hef reyndar ekki alveg lokið máli mínu þótt tíma mínum sé lokið en læt staðar numið í bili.

[13:00]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir athyglisverða ræðu og vil lýsa mig hjartanlega sammála henni hvað það varðar að engin ástæða er til að efast um dugnað og vilja þjóðarinnar til að vinna sig út úr þessum erfiðleikum. En þeir eru hins vegar miklir og það sem er fram undan erfitt. Það mun að sjálfsögðu takast enda kemur ekkert annað til greina. Uppgjöf er ekki til, að minnsta kosti ekki í mínu orðasafni, gagnvart svona hlutum.

Ég held að þjóðin vilji engu að síður fá raunsætt mat á hvernig staðan er og hvaða verkefni bíður okkar. Það þýðir ekkert annað en að leggja spilin á borðið. Þess vegna tek ég líka undir að auðvitað ber stjórnvöldum rík skylda til að upplýsa og leggja áætlanir fyrir á heiðarlegan hátt og reyna ekki að fela vandann eða draga úr honum, án þess þó að draga kjarkinn úr þjóðinni. Heldur einmitt hið gagnstæða; að segja hlutina eins og þeir eru. Þetta er erfitt og verður erfitt í einhver ár en við ætlum í gegnum þetta.

Varðandi lærdóminn sem má draga t.d. af Argentínu tek ég undir það og nefndi ég bæði það land og fleiri í máli mínu. Þar er víti til að varast hvað varðar gjaldmiðil landsins og hvernig gríðarlegum fjármunum var sóað í tilgangslausar eða mislukkaðar aðgerðir til að verja hann.

Varðandi Finnland þá þekki ég það býsna vel. Ég kom til Finnlands á erfiðleikaárunum miklu upp úr 1990 og sá þar ótrúlega hluti eins og mörg hundruð metra biðröð eftir heitri súpu í hádegi á sunnudegi í miðborg Helsinki sem líður mér seint úr minni. Þar er líka víti til að varast því Finnar skáru mjög harkalega niður í velferðarkerfinu og misstu atvinnuleysið upp úr öllu valdi, þannig að enn er það

gríðarlegt á sumum svæðum og í sumum héruðum Finnlands þó að landsmeðaltalið hafi þokast niður, eins og hv. þingmaður benti á.

Í ljósi reynslu annarra þjóða og vegna þess að því miður er prógramm Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í aðalatriðum hið (Forseti hringir.) gamla, klassíska niðurskurðarharðlínuprógramm er stóra spurningin sú hvort hv. þingmaður er ekki sammála mér um að það eigi að vera forgangsverkefni að forða sér undan því aftur.

[13:02]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)*:

Já. Ljóst er að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og ég erum sammála um ýmislegt. Þjóðin vill nefnilega raunsætt mat á hvernig við stöndum. Ég er alveg hjartanlega sammála því. En þjóðin vill líka framtíðarsýn og hún birtist að mörgu leyti í þessari verkefnaáætlun. En það þarf að taka hana saman og flytja framtíðarsýnina og leiðarljósið út úr þrengingunum.

Ég held að villan sem Argentínumenn gerðu sé mjög ólík því sem við ætlum nokkurn tíma að gera. Þeir tóku nefnilega fjármuni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og mokuðu í það vonlausa verkefni að halda pesóanum samstilltum við dollarann. Allir Argentínumenn og þeir sem hafa skoðað þetta vita að ekki er hægt að líkja því saman. Hæstv. forsætisráðherra sagði t.d. hér áðan að við ætlum ekki að nota fjármunina á þann hátt. Þannig að ég held að við þurfum ekki að óttast það. Atvinnuleysi óttast ég og held að algjört forgangsatriði eigi að vera að vinna með atvinnulífi okkar og efla það og styrkja.

Við ætlum að vona að aðrar þjóðir sem hafa gengið í gegnum eitthvað svipað áður eða hafa einhverja reynslu í þessa veru, hafi áttað sig á að miklu skiptir að koma sér hratt upp úr kreppuástandi. Ég ætla að vona að við Íslendingar með samstilltu átaki undir forustu Geirs H. Haardes og ríkisstjórnar hans komum okkur út úr þessu sem allra fyrst. Ég hef fulla trú á því.

[Fundarhlé. — 13:05]

[13:31]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Íslensku krónunni hefur ekki verið fleytt. Hún er í flotkví. Ef íslensku krónunni væri fleytt á markaði mundi hún sökkva. Við höfum öll áhyggjur af því að þegar henni verður fleytt gæti farið svo að heimilin og atvinnulífið í landinu sökkvi dýpra en nú er. Ekki síst höfum við áhyggjur af því vegna þess að gjaldmiðillinn er í höndum Seðlabanka sem er rúinn trausti og eldar í þokkabót grátt silfur við ríkisstjórnina og hótar pólitískum átökum. Það er óviðunandi.

Við fjöllum hér um áætlun um enduruppbyggingu samfélags okkar í kjölfar kerfishruns, í kjölfarið á hruni íslenska fjármálakerfisins, siðferðilegu og fjárhagslegu gjaldþroti þess. Sú áætlun er býsna erfiður leiðangur þar sem við Íslendingar þurfum að vinna okkur út úr gríðarlega miklum skuldum og standa vörð um atvinnuna í landinu og verja heimilin. Það verður sannarlega ekki létt verk með þær miklu skuldabyrðar sem eru á bakinu. En það er vinnandi vegur og við höfum oft í gegnum söguna sýnt að við getum komist fljótt upp aftur eftir slíkar lægðir. En forsendan fyrir því er að við tökum öll á saman. Að allir rói í eina átt og alveg skýrt sé hver er skipstjóri á skútunni og hver í vinnu hjá hverjum. (**ÁÞS:** Er hann í Seðlabankanum?)

Það að yfirstjórn Seðlabankans eldi grátt silfur við ríkisstjórnina grefur því miður undan þeim litla trúverðugleika sem Ísland á eftir bæði hér heima og alþjóðlega. Nú þurfum við sem aldrei fyrr að standa vörð um þann litla trúverðugleika sem eftir er. Í þessu hefur býsna mikið þolgæði verið sýnt við það að reyna að ná mönnum saman. Það má ekki frestast mikið lengur því, eins og hér hefur verið farið yfir, við öxlum nú miklar byrðar og mörg ríki sem lent hafa í þeirri stöðu sem við erum nú í hafa hrunið aftur vegna þess að það hefur verið látið undir höfuð leggjast að setja færustu fagmenn í forustu, þá sem máli skiptir. Þar hefur ekki verið farið í verkefnin og þar hafa allar stofnanir og aðilar sem að málinu koma ekki staðið saman um leiðangurinn. Alþingi Íslendinga verður að hafa skýra forustu um að slíkt gerist ekki hér. Við megum ekki láta undir höfuð leggjast að taka á vandamálunum, þeirri vanhæfni sem er að finna í kerfinu á mistökunum sem gerð hafa verið vegna þess að ef við gerum það hættum við raunverulega á það með opin augun að dæmið endurtaki sig.

Fundur viðskiptanefndar Alþingis í gær eða fréttir af honum í fjölmiðlum urðu ekki til þess að auka mér bjartsýni um þetta og síst sá fréttaflutningur sem var af fundinum og hefur kallað á yfirlýsingar m.a. af hálfu formanns Samfylkingarinnar. Allir hljóta að vera sammála um að þetta ástand er ekki viðunandi og menn verða að taka höndum saman og sýna að hér sé skýr forusta í þessum málum og samstaða um stefnuna sem hefur verið lögð með áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Eins og fram hefur komið í ýmsum ræðum er rétt að í þessari erfiðu stöðu mun Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa býsna mikið að segja um til hvaða aðgerða verður gripið og hvernig efnahagsstjórninni verður hagað. Sumir vildu segja sem betur fer og það er að minnsta kosti rétt að ekki höfum við gætt vel að sjálfsforræði okkar í efnahagsmálum undangengin ár.

Við í Samfylkingunni höfum allt frá stofnun lagt áherslu á að til þess að hér yrði farsæl uppbygging í efnahags- og atvinnumálum til lengri tíma þyrftum við að efla alþjóðlegt samstarf okkar. Við þyrftum að verða aðilar að samvinnu evrópskra þjóða í Evrópusambandinu og öllum þeim stofnunum. Myntkerfinu, Evrópska seðlabankanum, þinginu, ráðherranefndinni o.s.frv. sem gæta að þeim markaði og verja fólk og fyrirtæki þegar markaðurinn brestur eða efnahagsleg áföll dynja yfir, eins og nú gerist um allan heim. Ég held að engum blandist hugur um að sá málflutningur Samfylkingarinnar allt frá stofnun hennar undir lok síðustu aldar hafi bæði verið málefnalegur og sannarlega réttmætur.

Gegn honum voru oft og tíðum færð sjálfstæðisrökin um að við mundum með því fórna sjálfstæði okkar. En sannarlega er það fjarri öllu lagi. Sú staða sem við erum nú komin í er mesta ósjálfstæði sem við höfum upplifað á lýðveldistímanum. Því einangrunarstefnan sem hér hefur verið rekin hefur auðvitað á endanum leitt til þess að við erum beiningarmenn í borgum heimsins og höfum farið land úr landi í

leit að fjármagni sem ekki var falt og misst kerfið okkar niður. Mikilvægt er að við lærum af því.

Einnig er mikilvægt þegar við fjöllum um áætlunina að í því sem sérstaklega fellur undir Alþingi Íslendinga í henni, ríkisfjármálin og þau erfiðu verkefni sem þar eru fram undan, lærum við líka af mistökum sem hafa verið gerð á undanförnum áratugum. Við munum ekki á næstu árum hafa það svigrúm sem við höfum haft um margra ára skeið til þess að fara fram úr fjárlögum. Til þess að hafa lélegt eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Til þess að auka útgjöld óhóflega.

Í þeim aðgerðum sem við fjöllum um verður ábyrgð Alþingis sem fjárveitingavalds auðvitað ekki síst í þeim þætti að taka á fjármálum ríkisins af þeirri festu og alvöru sem nauðsynlegt er. Það verður að segja eins og er, virðulegur forseti, að það höfum við sem stofnun ekki gert um langt árabil. Hér hefur framkvæmd fjárlaga verið í ólestri. Við höfum fjölmörg dæmi um stofnanir, jafnvel æðstu stofnanir ríkisins, sem aftur og aftur fara fram úr fjárheimildum. Um lélegar kostnaðaráætlanir, framúrkeyrslu upp á milljarða, jafnvel tugi milljarða, og ég vil segja sjálfvirkan vöxt á milli ára. Í þeim erfiðu niðurskurðarverkefnum sem fram undan eru er þess vegna nauðsynlegt að við tökum vel og fast á. Lausung í ríkisfjármálunum mun beint og harkalega bitna á velferðarþjónustunni í landinu. Ef við ætlum að standa þann vörð um velferðarþjónustuna, skólakerfið og heilbrigðiskerfið, sem við þurfum sannarlega að standa á Alþingi, þurfum við á þeim og öllum öðrum sviðum í ríkisrekstrinum að sýna festu og aðhald langt umfram það sem við höfum gert síðastliðin ár.

[13:41]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Til umræðu er fyrra mál af tveimur stórmálum sem við fjöllum um um þessar mundir á Alþingi Íslendinga og varða framtíð þjóðarinnar í bráð og lengd gríðarlega miklu, þ.e. þingsályktunartillaga ríkisstjórnarinnar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Síðar í dag kemur þingsályktunartillagan er varðar Icesave-reikningana svokölluðu.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur í ítarlegu máli gert grein fyrir sjónarmiðum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að því er þetta mál varðar og þarf svo sem ekki að ítreka allt sem þar kemur fram, en mig langar við þessa umræðu að gera grein fyrir helstu atriðum í umsögn 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar um tillöguna. Ég átti sæti á fundum nefndarinnar þar sem málið var til umfjöllunar og afgreitt og rita undir álit 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Ég vil fyrst tiltaka í tengslum við þetta mál að vísað er í sérstaka efnahagsáætlun stjórnvalda sem kveðið er á um í þingsályktunartillögunni en í henni er fjallað um helstu markmið sem stjórnvöld hafa í tengslum við fyrirgreiðsluna hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem eru í fyrsta lagi að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar, í öðru lagi að styrkja stöðu ríkissjóðs og í þriðja lagi að endurreisa íslenskt bankakerfi.

Það vekur athygli, virðulegur forseti, að í þessu samhengi er ekkert minnst á heimilin í landinu eða íslenskt atvinnulíf sérstaklega eða hvernig á að tryggja að heimilin og atvinnulífið verði ekki fyrir þeim miklu skakkaföllum sem fyrirsjáanleg eru á næstu vikum og mánuðum. Eitt af því sem bundið var í skilmálum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í tengslum við afgreiðsluna á lánafyrirgreiðslunni til Íslands var vaxtahækkun Seðlabankans. Raunar var það svo að Alþingi vissi ekkert hvaða skilmálar héngu þar á spýtunni fyrr en *DV* birti það skjal. Og það er auðvitað sérstakt umræðuefni hvernig Alþingi hefur verið sniðgengið í þessu máli og hvernig staðið er að því bæði gagnvart þingnefndum og gagnvart Alþingi í heild að matreiða upplýsingar og rökstuðning fyrir þeirri leið sem hér er verið að fara.

Það er ámælisvert að í nefndaráliti meiri hluta hv. utanríkismálanefndar, sem hv. 3. þm. Suðvest. Bjarni Benediktsson, formaður nefndarinnar, gerði grein fyrir í upphafi þessarar umræðu, kemur hvergi fram hvaða skuldbindingar verið er að leggja á íslenskt þjóðarbú og á Íslendinga til næstu ára. Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi, a.m.k. hafa þær ekki verið sýndar þingi og þjóð, og séu þær til einhvers staðar í stjórnkerfinu hefur ekki einu sinni verið hægt að reiða þær fram á vettvangi utanríkismálanefndar. Ég hlýt að velta því fyrir mér hvort þingmönnum stjórnarflokkanna líður vel og hvort hv. formanni utanríkismálanefndar finnst það virðingu sinni samboðið að mæla fyrir nefndaráliti um geigvænlegar skuldbindingar íslensku þjóðarinnar til framtíðar sem blasir við öllum án þess í raun að vita hversu miklar þær verða eða hvort þjóðin getur yfir höfuð staðið undir þeim til langrar framtíðar. Geta menn með góðri samvisku gengið frá þessu máli í lok dags, hv. þingmenn stjórnarflokkanna og hv. formaður utanríkismálanefndar? Er hægt að ganga frá þessu máli í lok dags með það á samviskunni að hafa ekki haft hugmynd um hvaða bagga verið væri að binda þjóðinni og komandi kynslóðum í efnahagslegu tilliti?

Það blasir við að á síðustu dögum og vikum hefur ríkisstjórn Íslands tekið ákvörðun um að skuldsetja íslenska þjóðarbúið sem nemur allt að 1.600 milljörðum kr. eða meiru. Með þessum gjörningi er ótæpilegum skuldaklyfjum hlaðið á herðar komandi kynslóða og landsmanna allra og eins og ég sagði áðan reynist enn erfitt að fá svo mikið sem grunnupplýsingar um þau plögg sem undirrituð hafa verið fyrir hönd þjóðarinnar. Eitt er þessi fræga viljayfirlýsing sem hæstv. fjármálaráðherra undirritaði í New York ásamt kollega sínum frá Hollandi og varðar að sjálfsögðu lausn Icesave-málsins sem kemur til umfjöllunar á eftir. Sagt var að það væri gert með fyrirvara um samþykki Alþingis en Alþingi sjálft fær ekki að sjá plaggið, það er leyniplagg. Það kann vel að vera að þingmenn stjórnarflokkanna hafi fengið það í hendur og viti hvað þar er um að ræða en það er ekki látið uppi. Það er eins og að vera með lögfræðing í vinnu fyrir sína hönd sem gerir samninga út og suður og skuldbindur mann án þess að láta mann vita hvað felst í þeim skuldbindingum. Ég er ekki viss um að lögfræðingurinn Bjarni Benediktsson mundi standa þannig að málum, herra forseti. Þetta eru þungar byrðar að bera fyrir ungar axlir upprennandi kynslóða og landsmenn alla sem hér er lagt til að verði samþykkt, „að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum“, og menn vita ekki hvað það kostar.

Því miður hefur sýnt sig víða erlendis að skilmálar þeir sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn boðar nú á Íslandi hafa dýpkað fjármálakreppur og gert þær verri í stað þess að leysa úr þeim. Sporin hræða vissulega í þessu efni hvort heldur það er í Evrópu, Asíu eða Suður-Ameríku. Það er óboðlegt að íslensk stjórnvöld gangi að slíkum skilmálum með þeim hætti sem hér hefur verið gert og endurtaki þau mistök sem víða hafa skilið eftir sig sviðna jörð. Einn liður þessara skilmála er áframhaldandi hávaxtastefna. Seðlabankinn birti á heimasíðu sinni tilkynningu um 19. töluliðinn í samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og þá vissum við að samkomulagið væri a.m.k. upp á 19 töluliði. Síðar kom í ljós að þeir voru 26 þegar *DV* hafði birt þá. 19. tölulíðurinn var um áframhaldandi hávaxtastefnu og stýrivextirnir voru þá þegar í lok október hækkaðir í 18% úr 12%, um 50%. Var þó ekki búið að samþykkja neitt af því sem hér er verið að leggja til að verði samþykkt en það var strax farið að vinna eftir þessum skilmálum þótt svo eigi að heita að allt hafi þetta verið gert með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Það er alveg ljóst að ef hagur almennings, hagur heimilanna og hagur fyrirtækjanna í landinu væri settur í forgang ætti að fara í þveröfuga átt í vaxtamálum þjóðarinnar við það sem hér hefur verið lagt upp með. Lækka þarf vexti og tryggja að verðbólguskotið, sem er fyrirsjáanlegt núna frá því í október og eitthvað fram á næsta ár miðað við spár, lendi ekki með fullum þunga á heimilunum í landinu, það er nauðsynlegt. En nú undir forustu nýfrjálshyggjuboðskapar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ætla íslensk stjórnvöld að keyra í öfuga átt með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir heimilin í landinu. Sú skuldaaukning sem felst í verðbólguskotinu, sú hækkun á höfuðstól húsnæðislánanna svo dæmi sé tekið sem fjölskyldurnar verða fyrir, mun sitja eftir sem framtíðarvandi allra venjulegra fjölskyldna í landinu vegna þess að höfuðstóllinn lækkar ekki. Sú hækkun sem verður á næstunni situr þar og safnar vöxtum. Og það sem ríkisstjórnin leggur til er að það megi jú taka aðeins af þessu en það skal setjast aftur fyrir og skal borgast að fullu upp þótt síðar verði og safnar vöxtum á meðan. Þannig hugsar ríkisstjórnin um hag heimilanna í landinu.

Því miður hafa stjórnvöld ekki heldur haft neina aðra áætlun í gangi. Því miður hefur ríkisstjórnin ekki haft burði til þess að taka nauðsynlegar ákvarðanir á fyrri stigum þessa máls og hefur þess vegna siglt þjóðinni í þá stöðu sem hún er í í dag, að öll sund virðast vera lokuð. Engar varaáætlanir eða aðrar sviðsmyndir hafa verið skoðaðar nema þessi eina, að fá lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þó hafa á síðustu vikum komið fram sjónarmið frá fagfólki, frá sérfræðingum, hagfræðingum um að e.t.v. sé óþarfi að taka þetta lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Ég er sannfærður um að ef menn hefðu farið með virkum hætti í það strax í upphafi að leitast við að leysa þennan vanda íslensks efnahagslífs fumlaust hefðum við hugsanlega getað fengið fyrirgreiðslu annars staðar frá, lánafyrirgreiðslu, eitthvað í líkingu við það sem nú þegar er búið að taka hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum — þá er ég að tala um það sem þegar er komið í vörslu Seðlabankans — án þess að þurfa að undirgangast þessi ströngu og erfiðu skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það var ekki gert og því er nú svo komið sem komið er og það er miður.

Í grein sem hagfræðingarnir Daði Már Kristinsson, Jón Daníelsson og Ragnar Árnason skrifuðu 19. nóvember benda þeir á að forsendur sem voru fyrir hendi 24. október, þegar ákveðið var að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hafi breyst verulega og þess vegna sé ástæða til að efast um að taka þurfi þetta lán. Í grein þeirra segir m.a., með leyfi forseta:

„Þar er fyrst til að taka, að frá því að þessi yfirlýsing íslenskra stjórnvalda var samin fyrir meira en tveimur vikum hafa aðstæður á gjaldeyrismarkaði breyst mjög mikið. Krónan sem ætlunin var að styrkja hefur á þessu tímabili fallið um nálægt 10% á innanlandsmarkaði. Erlendis hefur gengismarkaður fyrir krónuna hins vegar myndast á nýjan leik og þar hefur gangverð krónunnar hækkað og færst nær skráðu gengi innan lands. Greið alþjóðleg markaðsviðskipti með krónuna og jafnvægisgengi hennar innan lands og erlendis virðist því tiltölulega skammt undan. Það meginhlutverk lánsfjár frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að styðja við bakið á gjaldmiðli í „frjálsu falli“ er því ekki lengur til staðar. Það er því ástæða til að efast um að raunveruleg efnahagsleg þörf sé fyrir þetta lán. Að minnsta kosti eiga ýmis skilyrði sem þessu láni tengjast ekki lengur við.“

Síðan fjalla þeir einmitt um mikilvægi þess að lækka vexti og að gera tafarlausar ráðstafanir vegna afkomu heimila og fyrirtækja, m.a. með skuldbreytingum, frestunum afborgana og lánalengingum. Slíkt er hvergi að finna í forgangsröðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda, enda hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ekki verið þekktur fyrir það að þar sé sérstaklega hugsað um slíka hluti.

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að hér er um að ræða gríðarlega miklar skuldabyrðar sem leggja á á þjóðina, um það verður varla deilt. Um það er hins vegar deilt hvort við eigum einhverra annarra kosta völ, hvort við séum komin í slíkt öngstræti að ekki sé um annað að tefla og hvort hægt hefði verið að komast hjá þessari miklu skuldasöfnun með öðrum aðgerðum á öðrum tímapunktum í ferlinu. Um þetta getum við deilt. En alla þá fjármuni sem nú er verið að taka að láni á síðan að setja inn í Seðlabankann sem allir vita að er rúinn trausti. Hann á að taka við þessum fjármunum og ráða því hvernig þeim verður ráðstafað. Það er auðvitað sérkennilegt og kaldhæðið í sjálfu sér að svo skuli málum nú vera komið. Að ekki sé talað um að Samfylkingin, sem hvað mest hefur talað um nauðsyn þess að skipta út stjórn í Seðlabankanum, skuli standa að þessu og hæstv. starfandi utanríkisráðherra, sem er hér væntanlega einhvers staðar í húsi, verður nú að kyssa vöndinn sem hann ætlaði sér aldrei en það gerir hann.

Samkvæmt úttekt í *Morgunblaðinu* sem birtist mánudaginn 1. desember um skuldaklafann sem er að ríða þjóðinni á slig má búast við því að kostnaður skattgreiðenda vegna fjármögnunarþarfarinnar til ársins 2011 geti legið á bilinu 900–1.500 milljarðar kr. Þetta eru gríðarlegar fjárhæðir, herra forseti. Það getur bara ekki verið að þingmenn, þó að þeir séu úr hinum stóra þingmeirihluta ríkisstjórnarinnar, gangi með góðri samvisku og glöðu geði þennan veg og leggi þessar byrðar á þjóðina, það er útilokað. Þess vegna er það þeim mun grætilegra að þingmenn skuli ekki

spyrna við fótum þegar þetta mál kemur svona inn frá framkvæmdarvaldinu og segja: við verðum að leita allra annarra leiða til að komast út úr þessum vanda en að binda þjóðinni þessa gríðarlegu skuldabagga — og taka sér þá þann tíma í það sem þarf.

Nú hefur það gerst og hæstv. forsætisráðherra talaði um það sérstaklega jákvæðum orðum í morgun að gengi krónunnar hefði styrkst um ein 8–9% í gær og um 7% það sem af er degi, og kannski má þá segja: það er gott, þá skulum við bara hætta við þetta lán, þetta er greinilega allt á réttri leið, og forða þjóðinni frá því sem hún þarf að taka við vegna falls bankanna, vegna hruns efnahagskerfisins, því að þetta er ekkert annað en hrun. Á því bera auðvitað margir ábyrgð, það er hægt að horfa á stofnanir eins og Seðlabankann, Fjármálaeftirlitið, ég tala nú ekki um bankana sjálfa, en þegar allt kemur til alls er hin pólitíska ábyrgð að sjálfsögðu stjórnvalda og undan því geta þau ekki vikist. Seðlabankinn starfar á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Forsætisráðherra er yfirmaður Seðlabankans samkvæmt lögunum um Seðlabankann. Forsætisráðherra skipar formann bankastjórnar Seðlabankans samkvæmt lögunum um Seðlabankann. Hin pólitíska ábyrgð er þar og hana verður hæstv. forsætisráðherra að axla fyrr eða síðar. Þjóðin hefur misst traust á Seðlabankanum en hún hefur líka misst trúna á ríkisstjórn Íslands. Þegar sagt er að ekki sé hægt að auka á efnahagskreppuna með því að búa til stjórnmálakreppu þá er staðreyndin sú að það er stjórnmálakreppa í landinu. Hver höndin er uppi á móti annarri í ríkisstjórninni og hún aðhefst sáralítið. Það er stjórnmálakreppa og hana á að leiða til lykta á þann eina lýðræðislega hátt sem við höfum í okkar samfélagi og það er að ganga til kosninga og gefa þjóðinni kost á að kveða upp sinn dóm um hvaða gildi og hvaða leið hún vill að farin verði út úr þeim ógöngum sem við erum því miður komin í og við verðum að vinna okkur út úr öll saman.

[14:01]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér agnarsmátt þingmál um afar stórt málefni. En til umræðu er tillaga til þingsályktunar svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli fyrirliggjandi viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda.“

Síðan fylgir þessi viljayfirlýsing með þingplagginu í 27 liðum, undirrituðu af hæstv. fjármálaráðherra og formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands.

Ég ætla ekki að endurtaka allt sem hér hefur verið sagt af hálfu félaga minna í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Ég vísa að uppistöðu til í þeirra málflutning og í greinargerð 2. minni hluta með okkar afstöðu, en við erum á því máli að það eigi að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar og leita annarra lausna.

Á hitt er einnig að líta að ef þetta nær fram að ganga þá þarf ekki öll nótt að vera úti. Við eigum að sjálfsögðu að vinna að því sem kostur er og róa að því öllum árum að fá endurskoðaða þá skilmála sem settir hafa verið niður bæði varðandi afborganir af lánum og skuldabyrðar þjóðarinnar og þá hugsanlega einnig skilmála sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sett okkur.

Við höfum fengið að kynnast þessum gesti á undanförnum dögum og vikum og við höfum séð fyrstu merki verka Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í fyrirskipun í fyrsta lagi um að hækka stýrivexti um 50%, nokkuð sem skilaði sér inn í allt fjármálakerfið og hefur þrengt að heimilum og fyrirtækjum í landinu með skelfilegum afleiðingum. Síðan er það skipun um að skera niður 10% hjá hinu opinbera. Þessu hefur verið haldið fram við þessa umræðu og engin andmæli hafa borist gegn því.

Hæstv. heilbrigðisráðherra hafði uppi orð um það bæði hér í ræðustól og utan þingsins að menn fari með rangt mál þegar sagt væri að slík boð hefðu verið látin ganga út úr heilbrigðisráðuneytinu, nokkuð sem mér kom sannast sagna mjög á óvart eftir að ég skoðaði gögn sem send voru bæði frá fjármálaráðuneytinu og heilbrigðisráðuneytinu í nafni heilbrigðisráðherra þar sem hann fagnar því hvernig heilbrigðisstofnanir hafa tekið í þessa málaleitan. En ég get alveg fullvissað þingheim um að fögnuðurinn var ekki samsvarandi hjá því starfsfólki sem er að missa vinnu sína eða þeim stofnunum sem er nauðsynlegt að draga úr umsvifum og þjónustu við sjúkt fólk af þessum sökum.

Síðan kemur fram að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ætlar ekki að herða skrúfurnar fyrir alvöru fyrr en næsta ár er liðið. Það er horft til ársins 2010–2011 í því efni og talað um að þá eigum við að vera komin með hallalaus fjárlög eða að stefnt skuli að því. Það er nokkuð sem ég held að eigi að vera okkur á þessari stundu til umhugsunar þegar haft er í huga hverjar skuldabyrðarnar og þar af leiðandi afborganir af lánum koma til með að verða. Samkvæmt þeim upplýsingum sem best verða greindar þá gæti svo farið að vaxtabyrðin, fjármagnskostnaðurinn af skuldbindingum í tengslum við þetta hrun og gjörðum ríkisstjórnarinnar nú gætu farið í hátt að fjórðungi fjárlaga. Ríkissjóður hefur verið rekinn með hagnaði á undanförnum árum vegna tímabundinnar þenslu skatta og þess sem við nú vitum og mörg höfðum áhyggjur af á undanförnum árum — í tengslum við fjárlagaumræðuna og komu þær áhyggjur ítrekað fram — að væri byggt á loftbólum, því miður, óeðlilega miklum innflutningi og þar af leiðandi streymi í ríkissjóð vegna skatta og af svona froðukenndri þenslu sem ekki reyndist vera innstæða fyrir.

Á þessum grunni gagnrýndum við skattalækkanir á sínum tíma og vöruðum við því að þegar að þessari þenslu linnti þá væri grunnurinn ekki eins traustur fyrir ríkissjóð sem stendur straum af kostnaði við velferðarþjónustuna í landinu. Ég vek athygli á þeirri hættu sem þarna er uppi, annars vegar kröfu um að reka hallalausan ríkissjóð þegar fram líða stundir og hins vegar hinu, að vaxta- og fjármagnskostnaður verði þá kominn í upphæðir sem eru af þessari stærðargráðu sem ég nefni.

Síðan vil ég nota tækifærið til að vísa í það sem sagt er um stefnu í kjaramálum. Í fylgiskjalinu með þingsályktunartillögunni sem áður er vísað til segir í 23. lið að mikilvægt sé að ná þjóðarsátt sem sé samrýmanleg við þjóðhagsleg áform þessarar ályktunar. Það er nú það. Ég er fyrir mitt leyti eindreginn talsmaður þess að landsmenn snúi bökum saman og að leitað verði allra leiða til þess að finna leiðir til

að við komum sem best út úr þessu saman. Ég verð þó að segja að mörgu er ósvarað í þessu efni. Þegar fólk horfir á kjör sín horfir það ekki einvörðungu til þess sem sett er í vasann í launaumslaginu heldur einnig til hins sem út úr honum rennur. Þá er ég að horfa til útgjalda. Ég er að horfa til útgjalda í velferðarþjónustunni til dæmis sem skiptir miklu máli þegar að kreppir.

Ég vek athygli á því að í þessu plaggi, í þessari umræðu, hefur ekkert komið fram sem lýsir því hvaða áform eru uppi til dæmis varðandi heilbrigðisþjónustuna. Á að halda áfram að einkavæða og markaðsvæða hana? Er það á vinnsluborði ríkisstjórnarinnar? Það væri fróðlegt að heyra hvaða áform eru þar uppi. Ætlar ríkisstjórnin á komandi mánuðum og missirum að halda með velferðarkerfið, og horfi ég þá ekki síst til heilbrigðisþjónustunnar, út á markaðstorgið sem reynst hefur okkur eins fallvalt og dæmi undangenginna vikna sýna okkur? Þetta er nokkuð sem ég er sannfærður um að verkalýðshreyfingin mun vilja frá svör við áður en upp er staðið.

Menn hafa rætt nokkuð ábyrgð í þessum málum. Við höfum rætt það meðal annars í samhengi við skýrslu eða frumvarp öllu heldur sem liggur fyrir þinginu um sérstaka rannsóknarnefnd. Við fjölluðum um hana fyrir fáeinum dögum. Hún er til umfjöllunar í allsherjarnefnd þingsins. Ég vakti máls á ýmsum þáttum sem ég tel æskilegt að herða á til dæmis varðandi rannsókn á fjármálaflutningum. Það kom fram almenn samstaða um það hér í þinginu að menn vildu ítarlega rannsókn sem næði aftur til fyrstu skrefa sem stigin voru í tengslum við einkavæðingu bankanna og ég vek athygli á því að til dæmis núna eru menn komnir með fjármálafyrirtækin í Lúxemborg og í Noregi á söluskrá. Um leið og það hefur gerst, um leið og búið er að selja frá okkur þessi fyrirtæki þá er búið að loka þessu bókhaldi. Ég svona leyfi mér að leggja áherslu á að gerðar verði ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að mikilvægar upplýsingar um fjármagnsflutninga löglega — ólöglega öllu heldur og löglega en á mjög gráu siðferðilegu sviði, verði ekki settir á bak einhvers leyndarhjúps.

Mín skoðun er sú að æðimargir beri ábyrgð á því hvernig komið er fyrir íslensku þjóðinni. Það eru náttúrlega fyrst og fremst þeir bankamenn, fjármálamenn, sem farið hafa offari svo ekki sé nú sterkara að orði kveðið. Síðan eru það ríkisstjórnir sem hafa verkstýrt fjármálakerfinu og þjóðfélaginu reyndar öllu út á þær brautir sem það er komið, meðal annars með markaðsvæðingu fjármálakerfisins án þess að reisa varnarmúra um hagsmuni almennings. Það eru eftirlitsstofnanir. Menn hafa horft til Seðlabankans um að hann hafi ekki verið nægilega vakandi á verðinum og nú deila menn um ýmsar yfirlýsingar seðlabankastjóra. Allt þetta þarf að skoða. Allar þessar stofnanir þarf að rannsaka og leiða hið sanna og rétta í ljós.

Ég er þeirrar skoðunar að höfuðábyrgðin liggi hjá ríkisstjórninni, liggi hjá núverandi ríkisstjórn, sé litið til þess vanda sem skapaðist hér á síðustu mánuðum þá liggi ábyrgðin hjá ríkisstjórninni sem núna situr. Staðreyndin er sú að hún fékk í hendur — oddvitar ríkisstjórnarflokkanna fengu upplýsingar um þær hættur sem voru uppi í byrjun þessa árs. Þeim bar skylda til að fara með þær upplýsingar á markvissari hátt inn í ríkisstjórn en gert var. Ég er ekki að segja og hef aldrei haldið því fram að ráðherrar hefðu á því stigi átt að stíga fram og segja að íslenska fjármálakerfið væri að hrynja. Ég er ekki að halda því fram. Það átti að grípa til ráðstafana sem væru líklegar til þess að draga úr hættunni á slíku.

En hvað gerðu þau? Hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde, hæstv. utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fóru þvert á móti í sérstaka áróðursherferð úti í heim með útrásarvíkingunum, til Kaupmannahafnar, til New York, í því skyni að segja umheiminum að allt væri hér með felldu, að allt væri í himnalagi. Það er á þessum tíma, þegar þessi boð eru látin ganga út til fjárfesta í Icesave og þeim fjármálastofnunum sem hafa síðan verið að hlaða á okkur þessum skuldabyrðum, það er á þessum tíma sem þessar skuldbindingar vaxa hraðast. Þá eru oddvitar ríkisstjórnarinnar á fréttamannafundum um heiminn með útrásarvíkingum að segja fjárfestum að þeir geti fjárfest óhræddir. Þarna liggur hin stóra pólitíska ábyrgð. Menn mega ekki horfa fram hjá þessu þegar þeir í ákefð sinni vilja gera hlut verkstjórans í einkavæðingu undangenginna ára, Davíðs Oddssonar, sem verstan. Hann á mikla sök á því hvernig komið er fyrir okkur. Hann var verkstjóri þegar að fjármálakerfið var markaðsvætt á sínum tíma, hundsaði hugmyndir og tillögur sem fram komu um að reisa þessa varnarmúra. Hvað eftir annað voru settar fram tillögur um það efni. Ég gerði það margoft svo dæmi sé tekið. En núna þegar horft er til þess tíma sem liðinn er síðustu mánuði og missiri þá er ábyrgðin ekki hans. Þar er ábyrgðin oddvita ríkisstjórnarflokkanna. Það eru þeir sem brugðust og ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi brást. Það er hin stóra ábyrgð. Þess vegna er krafan sú að ríkisstjórnin víki.

Ég er búinn að fara á þrjár ráðstefnur erlendis að undanförnu. Ég sótti fund norrænu verkalýðssamtakanna, þ.e. stjórnar norrænu verkalýðssamtakanna í fyrsta lagi, í öðru lagi norrænna bæjarstarfsmanna og núna í vikunni, í fyrradag, þá var ég á fundi verkalýðssamtaka Evrópu. ETUC er það kallað, European Trade Union Confederation í Brussel þar sem ég skýrði stöðu Íslands. Ég var nú ekkert sérstaklega á þeim bænum að fjalla um okkar innri átök. Ég eyddi frekar orðum að Bretum og Gordon Brown og hvernig Bretar hefðu komið fram við Íslendinga. Ég vakti athygli á því að í fjölþjóða- og alþjóðavæddum heimi gerðust samfélögin og þjóðirnar innhverfar, horfðu inn á við. Það ætti við um ríki innan Evrópusambandsins ekkert síður en þau sem standa þar fyrir utan. Hvers vegna skyldu Bandaríkjamenn hafa bjargað Bear Stearns bankanum en ekki Lehman Brothers? Gæti ástæðan verið sú að skuldunautar á Lehman Brothers bænum voru í útlöndum, 90%, voru utan Bandaríkjanna gagnstætt því sem var hjá Bear Stearns, þess vegna hafi Lehman Brothers verið látinn gossa en Bear Stearns bjargað? Þúsundir manna misstu atvinnuna þegar Lehman Brothers fór á hausinn í London. Milljarðar punda voru fluttar daginn áður eða á síðustu dögunum frá Bretlandi til Bandaríkjanna. Bretar beittu ekki Bandaríkjamenn hryðjuverkalögum. Það gera þeir ekki. Þetta er spurning um vald og áhrif og misnotkun á valdi. Það er þetta sem ég orðaði þarna. En í samtölum við menn innan verkalýðshreyfingarinnar spyrja menn. „En situr stjórnin enn?“ Já, já. „Og ætlar að sitja?“ Ja, það eru engin merki þess að hún ætli að

hreyfa sig. Hún segist hafa verk að vinna og að ekki megi skipta um hest í miðri á. En þegar menn horfa á hana blýfasta á bikkjunni úti í foraðinu talandi á þennan veg þá skilur enginn upp né niður í neinu.

Ég held að það sé mjög mikilvægt, hæstv. forseti, að þegar reiði magnast í samfélagi eins og við erum að verða vitni að núna, ekki alltaf á mjög markvissan hátt, ekki alltaf þannig að fólk viti nákvæmlega hvað það vilji, þá eigum við og þá ber stjórnvöldum að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að beina slíkri reiði inn í lýðræðislegan, markvissan og uppbyggilegan farveg. Eitt af því sem menn geta gert er að ákveða kosningar í landinu, hvenær þær skuli fara fram, segja að ríkisstjórnin hafi ákveðið að segja af sér til að þjóðin fái tækifæri til þess að velja ríkisstjórn með raunverulegt umboð. Það getur ekki verið rétt að ríkisstjórn sem hefur orðið eins herfilega á og ríkisstjórninni hefur óumdeilanlega orðið núna á undanförnum mánuðum og missirum geti setið áfram. Það getur vel verið, það veit ekkert okkar, hvort þjóðin mundi endurnýja umboð þessarar ríkisstjórnar eða þessara stjórnarflokka eða hvert stjórnarmunstrið yrði eða hvort jafnvel þessi ríkisstjórn sæti áfram. En þá er hún komin með endurnýjað umboð og það er þetta sem okkur ber að gera núna, þ.e. að hlusta á rödd þjóðarinnar.

[14:21]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Það er auðvitað engum fagnaðarefni að efnahagsmál þjóðarinnar skuli vera með þeim hætti að við þurfum að byggja efnahagsáætlun í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til þess að freista þess að vinna okkur út úr þeim vanda sem upp er kominn. Hins vegar er alveg ljóst að þetta var nauðsynleg aðgerð. Það var enginn valkostur í þeirri stöðu sem upp var komin annar en sá að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hefur mesta þekkingu á tiltækum úrræðum við aðstæður sem þessar og er þar af leiðandi nauðsynlegur verkstjóri í því sem fram undan er: að endurreisa íslenskt efnahagslíf í samvinnu og samstarfi við okkar nágranna- og vinaþjóðir.

Menn hafa upp á síðkastið stundum gert því skóna að við höfum haft þann valkost að gera þetta á eigin spýtur. Ég held að það sé óraunhæft. Það hefði sett verulegar byrðar á íslenskan almenning og skapað mikla óvissu um framgang verkefnisins og sú áhætta hefði ekki verið tilraunarinnar virði.

Í vinnu utanríkismálanefndar í þessu máli var lögð höfuðáhersla á að leita leiða til þess að skýra vel umfang þess verkefnis sem hér er um að ræða, eðli þess í tíma og eins umfang þeirra skuldbindinga sem í þessu fælust fyrir íslenskt þjóðarbú. Ég vil sérstaklega þakka fyrir þann góða samstarfsanda sem var í nefndinni við vinnu þessa máls þar sem stjórnarandstaða og stjórnarmeirihluti unnu saman að því að skýra þetta verkefni. Við eigum mikið undir því að þetta verklag sé öllum ljóst og almenningur og fyrirtæki fái tilfinningu fyrir því að hér sé um að ræða heilsteypta áætlun, að eftir henni verði farið og vandað verði til verka.

Við fórum ítarlega yfir málið og í nefndaráliti er nákvæmlega getið þeirrar vinnu sem þar fór fram. Við lögðum höfuðáherslu á að skýra einstaka þætti áætlunarinnar og sérstaklega að raða þeim upp í tímaröð. Nefndarálitinu fylgir yfirlit frá forsætisráðuneyti, sem hefur verkstjórn með höndum í þessu verki, um verklagið og hvenær búast megi við hvaða aðgerðum. Það er mjög mikilvægt að þessi tímaáætlun fari í almenna umræðu þannig að almenningur sjái að við erum núna í fremsta hluta verkefnis sem lýkur í stórum dráttum í febrúar, mars. Eftir það eiga línurnar að skýrast um helstu útfærsluatriði og framkvæmdaþætti.

Í nefndinni lögðum við mikla áherslu á að skýra verkstjórnarhlutverk forsætisráðuneytisins. Það er gríðarlega mikilvægt upp á árangur þessarar áætlunar að ljóst sé hver fari með verkstjórnina, hver taki höfuðábyrgð á samstillingu ólíkra krafta í samfélaginu, sem nauðsynlegt er að stilla saman til að ályktunin gangi eftir með fullnægjandi hætti, og hvernig það er gert. Það er ljóst að forsætisráðuneytið mun hafa þessa verkstjórn með höndum og sérfræðingar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum munu vinna með því að verkefninu. Mjög mikilvægt er að ábyrgðin á verkstjórninni sé skýr og öllum sé ljóst hvar hún liggur.

Margir koma að framkvæmd þessa verkefnis, aðilar víðs vegar í samfélaginu og auðvitað Seðlabanki Íslands sem fer með þá þætti er lúta að stjórn peningamála. Þar er óhjákvæmilegt að staldra við vegna þess að við verðum að fá betri takt og samfellu í vinnu opinberra aðila við þessa áætlun. Það hefur rýrt tiltrú á þessi fyrstu skref hvernig Seðlabankinn hefur verið hálfvolgur í stuðningi sínum við áætlunina. Hann tók ekki ábyrgð á því að hafa skrifað undir áætlunina þegar kom að stýrivaxtaákvörðun upp í 18% heldur reyndi að skjóta sér undan þeirri ábyrgð og vísaði til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í því samhengi. Auðvitað er Seðlabankinn með undirskrift sinni búinn að binda sig við þessa áætlun og á einfaldlega að standa við hana sem sína. Það er mjög mikilvægt að svona uppákomum linni og Seðlabankinn ræki af meiri fagmennsku það hlutverk sem honum er sannarlega ætlað í þessari áætlun og standi heill og óskiptur að baki henni. Tiltrú almennings og viðskiptalífsins á áætluninni skiptir öllu máli og þess vegna þurfum við nú öll að róa í eina átt. Við sjáum að fyrstu aðgerðir ganga ágætlega þó að varlegt sé að spá nokkru um það frekar.

Það er rétt sem komið hefur fram í þessari umræðu að sú takmarkaða verðmyndun sem leyfð hefur verið á krónunni í dag og í gær er auðvitað ekki fleyting krónunnar í þeim skilningi að verð hennar ráðist af frjálsum viðskiptum á markaði. Þetta er eins takmörkuð fleyting með kúti og korki og hugsast getur og er fyrst og fremst ætlað að tryggja að ekki skapist hætta á óðaverðbólgu á næstu mánuðum eins og möguleiki var á ef hér hefði orðið viðvarandi gjaldeyrisskortur til vöruinnflutnings og þjónustuviðskipta. Þess vegna er þessari upphafsaðgerð fyrst og fremst ætlað að tryggja að þeir sem vilja flytja inn vörur og þjónustu fái til þess gjaldeyri og ákveðin lágmarksviðskipti með gjaldeyri séu möguleg í landinu. Þannig er dregið úr hættu á vöruskorti og langvarandi verðbólgu.

Síðan er eftir hin eiginlega sjósetning íslensku krónunnar, fleytingin. Árangurinn nú í upphafi hefur í sjálfu sér afar takmarkað forspárgildi um hvernig krónunni reiðir af í ólgusjó frjálsra fjármagnshreyfinga í fyllingu tímans. Það er ekki hægt að draga sérstakar ályktanir af reynslu síðustu

daga, ekki frekar en maður getur sagt að árabátur sem dugar vel til að fleyta manni á kyrru stöðuvatni dugi jafnframt til úthafssiglinga. Það er einfaldlega ólíku saman að jafna og margt þarf að gerast í efnahags- og viðskiptaumhverfinu áður en til eiginlegrar fleytingar krónunnar getur komið með trúverðugum hætti.

Í fyrsta lagi þarf að tryggja að innlendu viðskiptabankarnir séu í stakk búnir til að taka trúverðugan þátt í gjaldeyrisviðskiptum þegar að hinni eiginlegu fleytingu kemur. Í öðru lagi þarf að ná mjög góðri samstillingu í framkvæmd efnahagsáætlunarinnar, sérstaklega milli ríkisstjórnar og Seðlabanka, þannig að víðtæk tiltrú sé á að aðilar gangi allir í takt. Jafnframt er ljóst að til þess að fleyting gangi almennilega er mjög mikilvægt að samhliða verði gefin fyrirheit um framtíðarfyrirkomulag gjaldeyrismála í landinu. Krónunni verði þannig ekki ætlað að basla í ólgusjónum einni og óstuddri heldur verði henni áfram gefinn ákveðinn stuðningur með yfirlýsingu um hvert stefnt sé til lengri tíma litið. Ég er fullkomlega sannfærður um að ef ráðist yrði í fleytingu krónunnar án fyrirheita um framtíðarstefnu í gjaldmiðilsmálum værum við að bjóða heim mikilli hættu og verulegri veikingu krónunnar. Óvissa um framtíðarstefnuna mundi auka á vantrú á skynsemi þess að halda í krónuna til skemmri tíma.

Ef á hinn bóginn fleytingu krónunnar fylgdi yfirlýsing um aðildarumsókn að Evrópusambandinu hníga öll rök til þess að það drægi mjög úr óvissu á gjaldeyrismarkaði, stækkaði kaupendahópinn að krónunni og yki á tiltrú á hana. Um þetta eru allir fremstu hagfræðingar landsins sammála. Hagfræðingur Seðlabankans benti á í útvarpinu í hádeginu í dag að æskilegt væri að ákvörðun um framtíðarstefnu í gjaldmiðilsmálum lægi fyrir áður en að endanlegri fleytingu kæmi og afnámi gjaldeyrishafta.

Virðulegi forseti. Nú eru miklir umrótatímar og vegna þessara miklu áfalla sem yfir okkur hafa dunið öxlum við vissulega ábyrgð á mjög umfangsmiklum skuldbindingum fyrir íslenskt þjóðarbú til næstu ára. Í umfjöllun utanríkismálanefndar um málið kom fram hvert líklegt umfang þessara skuldbindinga er næstu árin og um hversu háar fjárhæðir er að ræða í vaxtagreiðslur á næstu árum. Það eru auðvitað afskaplega háar fjárhæðir. Við þær aðstæður verður manni ljóst hversu lítið svigrúm við höfum í ríkisrekstrinum og hve mikilvægt það er að halda vel á málum, draga úr allri óvissu í efnahagslífi, viðskiptalífi og ríkisfjármálum sem kostur er og greiða þannig fyrir því að við komumst sem fyrst út úr þessu umróti.

Þess vegna skiptir miklu máli að við sýnum aðhald í ríkisbúskap eins og við mögulega getum leyft okkur samhliða því að reyna að sjálfsögðu að verja grundvallarstoðir velferðarkerfisins, heilbrigðisþjónustuna, velferðarþjónustuna, félagsmálin og menntakerfið og að við setjum sem fyrst fram trúverðuga framtíðarstefnu um íslenska samfélagsþróun til næstu ára. Þar er engin yfirlýsing skynsamlegri og líklegri til að hafa jákvæð áhrif fyrir almenning til að auka tiltrú hans, fyrir fyrirtæki til að auka tiltrú þeirra og fyrir hið alþjóðlega umhverfi, en yfirlýsing um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Við þurfum mjög á því að halda núna að auka tiltrú íslensks almennings á að baráttan og erfiðleikarnir sem fram undan eru séu þess virði að takast á við þá og að við sköpum fyrirheit um að þessi kollsteypa verði ekki bara fyrirboði annarrar strax í kjölfarið. Við þurfum með öðrum orðum að gefa fólki fyrirheit um að þetta sé síðasta kollsteypa hins gamla óstöðugleika og að við ætlum að marka okkur stefnu um annars konar efnahagsumgjörð til lengri tíma litið. Það er mjög mikilvægt til að fólk hafi trú á framtíðinni.

Sömu fyrirheit þurfum við að gefa íslenskum fyrirtækjum sem hafa gengið í gegnum ólgusjó vonlauss gjaldmiðils á undanförnum árum. Við þurfum að gefa skýr fyrirheit um að við tökum stefnu á eðlilegra og heilbrigðara umhverfi í peninga- og gjaldeyrismálum og þar með undirstrika mikilvægi þess að fyrirtækin sýni okkur biðlund og vinni með okkur en flytji ekki starfsemi sína úr landi .

Virðulegi forseti. Við þurfum líka að auka tiltrú alþjóðasamfélagsins á það sem við erum að gera hér, laða að erlenda fjárfesta og skapa sátt og frið við nánustu vinaþjóðir okkar. Ef við ætlum að ráðast í uppbyggingu í þessu landi á næstu árum þurfum við á lánsfé og lánafyrirgreiðslu að halda eða beinni erlendri fjárfestingu. Hvort tveggja kallar á jákvæð og góð samskipti við okkar nánustu vina- og samstarfsríki. Yfirlýsing um aðildarumsókn að Evrópusambandinu væri einmitt liður í að efla og styrkja þau tengsl og auka tiltrú á þá efnahagsáætlun sem við erum búin að setja okkur að vinna eftir á næstu árum.

[14:35]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram umræða um sennilega eitt mikilvægasta mál sem hefur komið til kasta Alþingis á undanförnum árum ef ekki áratugum, jafnvel frá upphafi vega. Hæstv. forsætisráðherra hefur verið hér við umræðuna en ég spyr: Hvers vegna hefur oddviti hins stjórnarflokksins, hæstv. utanríkisráðherra, ekki verið í þingsal til að fylgjast með umræðunni og bregðast við þeim ábendingum og aðfinnslum sem fram hafa komið? Ég óska eftir því að hæstv. utanríkisráðherra sé á staðnum.

[14:36]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns vill forseti taka fram að hæstv. iðnaðarráðherra er staðgengill hæstv. utanríkisráðherra nú um stundir og hefur verið hér meira og minna alla umræðuna. Það vill svo til að hæstv. iðnaðarráðherra, starfandi utanríkisráðherra, er ekki hér eins og er, en forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. iðnaðarráðherra komi svo fljótt sem verða má.

[14:37]

Árni Páll Árnason (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka fram til viðbótar orðum hæstv. forseta hér að hæstv. utanríkisráðherra er erlendis í embættiserindum og er væntanlega á leiðinni heim í þessum töluðu orðum, þannig að hér hefur, eins og forseti segir, hæstv. iðnaðarráðherra verið meira og minna alla umræðuna og fylgst með henni og tekið þátt í henni.

[14:37]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(um fundarstjórn)*:

Þá hefur misskilningur minn verið leiðréttur varðandi

hæstv. utanríkisráðherra og þá hver fer með umboð hæstv. ráðherra og ég þakka hæstv. forseta þingsins fyrir að gera ráðstafanir til þess að starfandi utanríkisráðherra sé við umræðuna.

[14:38]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við erum í síðari umræðu um þingsályktunartillögu um fjárhagslega fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem er afskaplega stórt og mikið mál og tengist næsta dagskrármáli — eða ég vil alla vega tengja það því — heimild til að ganga til samninga við Breta og Hollendinga, eða eiginlega Evrópusambandið, um hina svokölluðu Icesave-reikninga.

Hv. efnahags- og skattanefnd fjallaði um málið að beiðni hv. utanríkismálanefndar og í umsögn 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar, sem ég skrifaði undir, kemur fram að rætt var að nauðsynlegt sé að fá alþjóðlega aðstoð fyrir Íslendinga til að vinna sig út úr fyrirsjáanlegum efnahagsvanda af ýmsum toga. Í fyrsta lagi hruni bankakerfisins og afleiddum áhrifum þess á mörg fyrirtæki í landinu, eignatapi upp á 1.000 milljarða, þar af 130 milljarða tapi hjá einstaklingum, venjulegu fólki sem tapaði hlutafé sínu. Hætta er m.a. á vaxandi atvinnuleysi og gjaldþrotum sem afleiðingu þess.

Annars vegar er um að ræða deilur við mörg nágrannaríki um stöðu innlánsreikninga þeirra. Ég og margir fleiri og eiginlega flestir eru á þeirri skoðun að Íslendingum beri ekki að greiða samkvæmt lögum umfram það sem innlánstryggingarsjóður greiðir. Bretland og Holland stoppuðu fyrirgreiðslu á þessu máli hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum því að þeir eiga þar fulltrúa í stjórn og tókst síðan að sameina allt Evrópusambandið gegn Íslandi í málinu. Það sýnir og ætti að sýna þeim sem vilja ganga inn í það ágæta samband að skilningur manna í Brussel er ekkert voðalega mikill á stöðu Íslands, hversu lítið Ísland er og hver vandamál okkar eru og ég hugsa að sá skilningur mundi ekkert vaxa þó að við yrðum fyrir þeirri ógæfu að ganga í Evrópusambandið. Þá yrðum við bara lítill hreppur í risastóru ríki og menn í Brussel eru svo sem ekkert illviljaðir, ekki frekar en Danir voru í hundruð ára, en hafa engan skilning á vandamálum Íslendinga. Það held ég að muni vega mjög þungt ef við gengjum inn í sambandið til þessara svokölluðu vina okkar. Ég kalla þá „svokallaða vini“ því ekki er vinarbragð að kúga Íslendinga eftir að við lentum í því gífurlega áfalli að missa nánast allt fjármálakerfið á einni viku.

Þriðji vandinn er gífurlegar lánveitingar erlendra lánardrottna til íslensku einkabankanna sem hafa tapast að miklum hluta. Um þvílíkar tölur er að ræða að þeir lánuðu 40 milljónir á hvern einasta Íslending sem eru 160 milljónir á fjögurra manna fjölskyldu, hjón með tvö börn, og allir sjá og það áttu þeir líka að gera að slíkt gengur ekki upp.

Svo höfum við glímt við jöklabréfin sem hafa valdið miklum þrýstingi á gjaldeyrismarkaðinn og leitt okkur til þeirrar — að mínu mati mjög slæmu — niðurstöðu að setja upp gjaldeyrishöft. Ég er engan veginn hrifinn af því, langt í frá, en við þurfum einhvern veginn að ráða við jöklabréfin sem streymdu hér inn og héldu genginu uppi á tímabili en streyma nú út og halda genginu niðri. Gengið var sett á flot í gær og krónan hækkaði þá um 8% og hefur nú hækkað um 10,5% þannig að þetta virðist ganga mjög vel en er að sjálfsögðu eingöngu vöruskiptamarkaður, gengismarkaður sem tengist vöruskiptum og einhverju smávegis fyrir námsmenn og ferðamenn. Jöklabréfin geta ekki farið út á þessu gengi. Þetta mun væntanlega hafa áhrif á verðlag í þjóðfélaginu, og ef staðan í dag og í gær verður varanleg mun verðbólga lækka mjög hratt og að því leyti er nokkuð útlit fyrir að við ráðum við jöklabréfin.

Þessar aðgerðir munu leiða til mikillar skuldaaukningar fyrir ríkissjóð, fjármagna þarf nýju bankana, ríkisbankana, mæta skuldbindingum vegna innstæðureikninga og endurfjármagna Seðlabankann að einhverju leyti. Allt kostar þetta fé og þarf að mæta með niðurskurði útgjalda, skattahækkunum eða skyldusparnaði, sem ég vildi gjarnan að menn skoðuðu mjög náið vegna þess að við erum að tala um stuttan tíma. Setja mætti á skyldusparnað sem yrði leystur út seinna og mætti kannski nota skyldusparnaðinn til að fjármagna bankana — menn skyldu skoða það — og skylda almenning til að kaupa hlut í bönkunum. Ég hugsa að það yrði vinsælla en skattahækkun.

Efnahags- og skattanefnd ræddi ítarlega um skuldbindingar Íslands vegna innlánsreikninga í útibúum íslensku bankanna erlendis og spurðist fyrir um aðferðafræðina sem íslensk stjórnvöld hefðu reitt sig á í samningum um lausn þess. Eins og kom fram í máli mínu áðan er þetta kúgun Evrópusambandsins alls, það kúgar Ísland til að semja og maður í sjálfu sér spyr ekkert að því þegar maður mætir ræningja hvort réttmætt sé að afhenda honum veskið, maður afhendir honum veskið, það er svo einfalt. Menn skulu átta sig á því að þetta er ekki spurning um réttmæti eða annað slíkt, heldur hvað við gerum þegar við lendum í þeirri stöðu að vera kúguð og tapa, að sjálfsögðu.

Síðan kemur fram í þingsályktunartillögunni, sem við ræðum hér á eftir um að heimila utanríkisráðherra að semja við Breta og Hollendinga um Icesave-reikningana, að íslenska ríkið hafi í ljósi þeirra aðstæðna sem þar greinir frá talið þjóna hagsmunum Íslands að ganga í ábyrgðir fyrir lánveitingum til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda. Þetta er að sjálfsögðu gert í ljósi þeirrar kúgunar sem við stöndum frammi fyrir og er eiginlega bara uppgjöf í ófriði og ætti að vera með hvítum fána og friðarsamningum.

Þá kemur fram að á næstunni fari fram framhaldsviðræður um frekari útfærslu lánanna og við hvetjum til þess að hugað sé sérstaklega að greiðslugetu Íslands og hagsmunum komandi kynslóða hérlendis. Í því sambandi má benda á að það sjónarmið kom fram á fundi nefndarinnar að ekki hvíldi þjóðréttarleg skylda á íslenska ríkinu til að bera ábyrgð á innlánum íslensku bankanna í útibúum erlendis, það er ekki lagaleg skylda, það er bara kúgunarskylda.

Einnig kom fram og er ítrekað í nefndarálitinu að mikilvægt sé að öll vandamálin sem hér hafa verið reifuð verði leyst saman, en ekki að eitt og eitt ráðuneyti semji, utanríkisráðuneytið um þetta, fjármálaráðherra um hitt o.s.frv. Þetta þarf allt að leysa sem einn pakka og hafa í huga að mesta auðlind þjóðarinnar, mannauðurinn, haldist í landi, því að það er forsenda þess að Ísland geti í framtíðinni greitt eitthvað af kröfum ríkisstjórna og erlendra lánardrottna, vegna þess að allir hagnast á því, breska ríkið, hol-

lenska ríkið, lánardrottnarnir, sem ég á eftir að nefna, og íslenska þjóðin, að mannauðurinn haldist í landinu og verði ekki atvinnulaus og flýi land eins og hefur gerst mjög víða.

Ég ætla að undirstrika það aftur og koma inn á fjórða þáttinn, sem eru kröfuhafarnir sem áttu kröfur upp á 40 milljónir á hvern íbúa og segja að ef ekki verði fundin lausn sem þeir eru sáttir við muni Íslendingar eiga erfitt með að fá lán í heiminum næstu áratugina. Að sjálfsögðu munum við þurfa á lánum að halda, nú eins og hingað til, fyrir atvinnulífið og kannski sérstaklega þegar uppbyggingarstarf, eins og við stöndum frammi fyrir, fer fram, þannig að við þurfum að gera vel við þá, þeir þurfa líka að koma að samkomulaginu. Þess vegna skora ég á hæstv. forsætisráðherra, hæstv. viðskiptaráðherra, hæstv. utanríkisráðherra, Seðlabankann og hæstv. fjármálaráðherra að þeir vinni nú allir saman að lausn málsins, en ekki hver í sínu horni, að þeir tali saman. Það eru til símar, gemsar og tölvupóstur og í gamla daga voru til hestar til að fara á milli, allt er mögulegt til að eiga samskipti þannig að ég skora á þá að hafa samvinnu og samskipti í málinu þannig að allir viti hvað hinir eru að gera í því, vegna þess að mikið liggur við. Einn getur skuldbundið íslensku þjóðina svo hún rétt ráði við það, t.d. utanríkisráðuneytið, það gengur vel, en svo gæti fjármálaráðuneytið samið við Breta eða viðskiptaráðuneytið við kröfuhafana og líka lestað þjóðina að sömu mörkum, en þegar allt kemur saman ræður þjóðin ekkert við það og allir tapa, kröfuhafar jafnt sem ríkisstjórnir og eigendur Icesave-reikninga. Því er mjög mikilvægt að menn vinni saman.

Svo væri æskilegt í þessu eins og öllu öðru að menn hafi alltaf plan B: Hvað gerist ef við náum ekki samkomulagi, hvað gerist ef þetta og hitt gerist? Ég held að mjög mikilvægt sé að menn hafi alla möguleika í hendi.

Ég mun styðja þingsályktunina vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að við fáum aðstoð við að laga efnahagsástandið hjá okkur þó að því miður hafi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ekki verið okkur til hjálpar eins og hann á að gera. Í raun skaðaði hann okkur. Þó að sjóðurinn sé ætlaður til að hjálpa þjóðum var hann misnotaður þannig að hann skaðaði okkur fyrsta kastið. En nú fer hann sennilega að aðstoða okkur þegar þessi staða er komin upp og ég ætla að vona að hann taki þátt í því að vinna að friðarsamkomulaginu sem íslenska þjóðin þarf að gera eftir að hún tapaði í þessum ófriði við Evrópusambandið.

[14:49]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlustað á ræður hv. þingmanna sem farið hafa yfir það mikla mál sem við ræðum hér á Alþingi. Ég hef sérstaklega tekið eftir því að þeir sem eru í stjórnarandstöðu bera kvíðboga fyrir niðurskurði á ríkisútgjöldum. Ég get tekið undir það og sjálfsagt allir hér að það er vandasamt verk og kemur illa niður á ýmsum.

Ég hef hins vegar ekki heyrt neinn úr þeim hópi ræða um hvernig við getum aukið tekjur samfélagsins. Mig langar því að spyrja hv. þm. Pétur Blöndal hvort þessi þjóð, sem býr yfir mikilli orku og miklum auðlindum, eigi ekki að breyta um kúrs frá því sem gert var í byrjun árs 2007. Í aðdraganda kosninganna þá mátti ekki tala um frekari nýtingu á orkuauðlindum, hvorki jarðgufu né vatnsafli. Er þetta ekki hlutur sem við þurfum að taka sérstaklega upp núna? Ég spyr hv. þingmann vegna þess að ég hlusta grannt þegar hann tekur til máls hér.

[14:51]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að við getum ekki greitt þessar erlendu skuldir nema með útflutningi, það gerist ekki öðruvísi. Við þurfum því að auka útflutninginn. Við höfum minnkað innflutninginn töluvert en við þurfum að auka útflutninginn enn meira með því að virkja og nýta þær auðlindir sem við eigum. Þær eru ekki nýttar nema að 30% og ég tel mjög mikilvægt að virkja.

Ekki er víst hvort menn fara endilega í að auka álframleiðslu, ýmsir aðrir kostir eru í stöðunni hvað það varðar að nýta orkuna. En mér finnst sjálfgefið að við höldum áfram að virkja og reynum að afla þjóðarbúinu tekna því að ekki veitir af. Þær skuldir sem við erum að taka á okkur eru að mestu leyti erlendis og við þurfum að ráðstafa hluta af útflutningi okkar til að greiða þær skuldir sem er mjög hastarlegt. Það er öndvert við aðrar þjóðir, Bretar eru t.d. með skuldir innan lands. Þá fara peningarnir inn í þeirra eigið efnahagslíf en hér fara þeir út úr atvinnulífinu. Sá er meginmunurinn á þessu. Menn þurfa því að vera mjög varkárir, þeir sem eru að semja fyrir okkar hönd, að skuldbinda þjóðina ekki of mikið og taka ekki mið af því sem aðrar þjóðir skulda sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, það er bara allt annar handleggur.

Skuldir innan lands eru allt annað. Þar geta menn prentað peninga, millifært o.s.frv. En skuldir til útlanda þýða að ráðstafa þarf hluta af útflutningnum sjálfum til greiðslu og það er miklu alvarlegra. Það er því mjög mikilvægt að auka útflutninginn, auka tekjur þjóðarinnar og við þurfum að stuðla að menntun og nýsköpun eins og mögulegt er.

[14:53]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur nú staðið alllengi og margir tekið til máls eins og eðlilegt er þegar svo stórt mál er til umfjöllunar eins og reyndin er hér. Kannski er búið að segja um það bil allt sem segja þarf í þessu stóra máli. Engu að síður ætla ég að segja eitthvað til viðbótar. Ég endurtek kannski að einhverju leyti það sem ég hef áður sagt því að málið er náttúrlega margrætt.

Ég vil ítreka það, sem hefur reyndar komið fram áður, að afstaða okkar framsóknarmanna er sú að við viljum fara í þetta samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og teljum það mikilvægt en það mál sem hér er til umfjöllunar gengur út á að heimila ríkisstjórninni að leiða til lykta mál Íslands gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hvað varðar fjárhagslega fyrirgreiðslu.

Það er svo annað mál hvort við treystum okkur til að styðja málið, þingsályktunartillöguna sem hér er til umfjöllunar, og það gerum við ekki og munum sitja hjá við lokaafgreiðslu hennar. Ástæðan er sú að við höfum ekki fengið tækifæri til að fylgjast með málinu á öllum stigum og höfum ekki fengið upplýsingar á öllum stigum þess. Við höfum reyndar mjög miklar efasemdir um að hæstv. ríkisstjórn

hafi haldið rétt á málum í sambandi við samskipti við aðrar þjóðir, t.d. má nefna málið sem verður hér til umfjöllunar síðar í dag og varðar Icesave.

Ég er sannfærð um að við hefðum ekki átt möguleika á því að fá lán frá öðrum seðlabönkum án þess að eiga í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Meira að segja Norðmenn, sem voru okkur þó mjög velviljaðir í þessu máli — ég heyrði seðlabankastjóra Noregs segja á fundi með fjárlaganefnd norska þingsins að lánveitingar frá Noregi væru ekki til umræðu nema Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kæmi að málum. Það þýðir ekki að fara í felur með það að þannig var staðan. Ég tel því mikilvægt að eiga í þessu samstarfi sem vissulega er ekkert einfalt, margt af því sem kemur fram í samstarfsyfirlýsingunni er erfitt okkur Íslendingum. Það eru erfiðir tímar fram undan, ekki er nokkur vafi á því.

Ég vil ekki vera það svartsýn að trúa því að við náum okkur ekki á strik, Íslendingar, að við komumst ekki í gegnum þetta. Auðvitað komumst við í gegnum þetta. Það þýðir ekki að horfa á þetta öðruvísi. En það er vandasamt og þess vegna er erfitt að vera jafnsannfærður og ég er um að stjórnarsamstarfið gengur ekki vel. Ríkisstjórnin sem situr er ekki trúverðug og það gerir málið enn erfiðara. Samstarfið við Seðlabankann er heldur ekki með þeim hætti sem eðlilegt væri, það kemur fram hér á hv. Alþingi nánast daglega þegar átök eru augljós á milli ríkisstjórnar, eða að minnsta kosti annars stjórnarflokksins og Seðlabankans. Ég ætla ekki að taka afstöðu með neinum í því máli í ræðu minni, en ég ítreka þetta.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að sú leið sem borin hefur verið á borð af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, að hægt sé að leysa mál Íslands, eins alvarleg og þau eru, án þess að taka nokkur lán, gangi upp. Ekki ef stefnan er ekki sú að við einangrum okkur algjörlega, Íslendingar, og höldum þeim gjaldeyrishöftum sem sett voru á þjóðina með nýlegri löggjöf. Ég trúi því og vona að sú löggjöf sé einungis tímabundin og að við munum geta horft fram á betri tíma í þeim efnum — að við séum þjóð á meðal þjóða og eigum í frjálsum viðskiptum við aðrar þjóðir. Það er náttúrlega gríðarlega mikilvægt að það geti orðið. En skortur er á framtíðaráætlunum og framtíðarsýn og skortur á því samstarfi sem ég nefndi áðan sem gerir það m.a. að verkum að við framsóknarmenn styðjum ekki málið.

Reyndar kom það fram hjá einum stjórnarsinna í þessari umræðu, hv. þm. Pétri H. Blöndal, að hann hefur áhyggjur af því að ráðuneytin séu ekki að vinna saman að lausn mála, þessara fjögurra mála sem hann nefndi hér. Það er í fyrsta lagi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, í öðru lagi jöklabréfin, í þriðja lagi Icesave og í fjórða lagi samningar við kröfuhafa.

Það er mjög alvarlegt ef ríkisstjórnin kemur ekki fram sem ein heild í þessu alvarlega máli. Það er það alvarlegasta í þessu öllu saman ef við sitjum uppi með ríkisstjórn sem vinnur ekki saman að því að leysa málin. Það segi ég, hæstv. forseti, og ítreka.

Hér hefur verið rætt um, sem eðlilegt er, hvernig við getum skapað meiri gjaldeyri, hvernig við getum skapað meiri gjaldeyristekjur og hvernig við getum sparað gjaldeyri, það er líka hluti af málinu. Hæstv. forsætisráðherra sagði í einhverri ræðu sinni á hv. Alþingi að það þyrfti að framleiða, framleiða, framleiða. Ég vildi að ríkisstjórnin væri að hugsa um að framleiða, framleiða og framleiða, (Gripið fram í.) — það birtist ekki þjóðinni eða hv. Alþingi í gjörðum hennar.

Ýmsir möguleikar eru í sambandi við það að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Það eru möguleikar í þessum gömlu og góðu greinum sem eru nú aftur í hávegum hafðar, og er ég þá að tala um sjávarútveg og landbúnað. Ég mun óska eftir því mjög fljótlega að eiga viðræður hér á hv. Alþingi við hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um þær hugmyndir sem uppi eru í ráðuneyti hans í sambandi við slíka verðmætasköpun — ég hef þó grun um að ekki sé mikið verið að gera þar frekar en annars staðar í þeim efnum.

Svo er það mál sem við kvíðum öll og vitum ekki hvernig á að komast í gegnum — eða alla vega ekki við sem erum í stjórnarandstöðunni, við fáum ekki að sjá mikið af fjárlagafrumvarpinu sem verið er að semja einhvers staðar úti í bæ — og það er sá niðurskurður á fjárlögum sem fyrir liggur að þarf að fara í.

Þá hefði nú kannski komið sér vel ef hæstv. ríkisstjórn hefði ekki verið alveg svona glannaleg í fjárlagagerðinni fyrir ári þegar hún jók útgjöldin um hátt í 20% á þenslutímum sem þá voru. Hefði það ekki verið gert hefði þetta verið aðeins léttara í dag. En þetta er staðreyndin, þetta var gállinn á hæstv. ráðherrum og hæstv. stjórnarsinnum fyrir ári, bara moka peningum út úr ríkissjóði. Það var svo mikið til eftir góða tímabilið, eftir að Framsóknarflokkurinn hafði verið í ríkisstjórn í tólf ár.

Á þeim tíma lögðu menn hart að sér við að greiða niður skuldir ríkissjóðs og vera nokkurn veginn með hreint borð þegar gengið yrði til kosninga vorið 2007. Það er heldur betur búið að sverta þá ímynd lands og þjóðar með þessu óskapamáli sem við fjöllum um núna. Ég tel ekki ástæðu til að fara í þessari umræðu ofan í hið mikla bankahrun, ég held að við verðum að einbeita okkur að því að tala um hvernig við ætlum að leggja okkur fram um að komast út úr því.

Hæstv. forseti. Koma mun fram tillaga um að vísa þessu máli aftur til ríkisstjórnarinnar og að hafnar verði nýjar viðræður við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og mun ég ekki styðja þá tillögu. Ég tel að miðað við það sem blasir við okkur verði að horfa fram á við og halda áfram að vinna að hlutunum eins og þeir blasa við núna. Við eigum ekki annan kost þó að ég haldi til haga því sem ég hef áður sagt um það hvernig staðið hefur verið að málum — ég hef ýmislegt út á það að setja.

Sú ákvörðun sem tekin var í gær, að fleyta krónunni, hefur komið til umræðu — reyndar er ekki hægt að tala um fleytingu vegna þess að mikil höft eru í gangi og það eru í raun vöruskiptin ein sem mæla krónuna. Það er ánægjuefni að hún skuli þó hafa styrkst og kannski er það einhver vísbending um að hún geti haldið áfram að styrkjast, en það er óljóst hvað mun gerast þegar henni verður gefið algjört frelsi á nýjan leik.

Þá erum við komin að því sem var mjög mikið uppi í umræðunni, í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals — hann er ákaflega sár og honum er mikið niðri fyrir út af því sem hann talar um sem kúgun gagnvart Íslandi og talar þá ein-

göngu um Evrópusambandið. Að Evrópusambandið hafi kúgað Ísland og Evrópusambandið hafi komið málum þannig fyrir að við áttum engan kost í sambandi við lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum öðruvísi en að semja um Icesave.

Ég vil halda því til haga að það voru ekki bara Evrópusambandslönd sem voru þeirrar skoðunar að Ísland hefði ekki lagalegar forsendur fyrir rökstuðningi sínum í sambandi við þetta mál. Það voru líka vinaþjóðir okkar í EFTA og það voru líka Norðurlandaþjóðirnar sem ekki eru í Evrópusambandinu. Staða okkar var því algjörlega vonlaus í þeim viðræðum og í þessu ströggli öllu. Ég undrast, eins og ég hef áður látið koma fram, að hæstv. forsætisráðherra skuli ekki hafa talið það einnar messu virði að taka sér túr til London og tala við kollega sinn þar augliti til auglitis. Það var ekki gert heldur talaði hann eingöngu til hans héðan úr ráðherrabústaðnum og taldi að það væri líklegt til árangurs.

En staðan er sú að íslenska ríkisstjórnin þurfti að gefa eftir og það er eins og það er. Ég tel að hv. þm. Pétur H. Blöndal sé, í pólitískum tilgangi, að tengja það Evrópusambandsþjóðunum einum hvernig þeim málum lyktaði.

Hv. þingmaður, sem er því miður ekki hér í salnum, hefur miklar áhyggjur af því hvernig við komumst út úr því ástandi sem jöklabréfin hafa skapað okkur. Þó að þau hafi verið dásömuð á þeim tíma sem þau urðu til eru þau vissulega eitt af þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir í dag. En hvers vegna varð þessi möguleiki til? Það er vegna þess að gjaldmiðillinn, sem við Íslendingar notum, og höfum verið að nota í gegnum tíðina, hefur skapað okkur gríðarleg vandræði. Það hljóta allir að sjá að ekki er framtíð í því að halda þessum sjálfstæða gjaldmiðli á innri markaði Evrópu þar sem fjármagnið flæðir frjálst. Ég vonaðist til að hv. þingmaður mundi kannski ljúka máli sínu með því að láta einhver orð falla um það að við yrðum að taka upp nýja hætti í sambandi við gjaldmiðilsmálin en þau orð voru ekki látin falla af hans hálfu.

Af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er kominn hér í salinn, og hefur eflaust verið einhvers staðar nálægt, þá er það alveg hárrétt, sem fram kom hjá honum, að það er ekkert gleðiefni að þurfa að efna til þeirrar miklu lántöku sem hér um ræðir. Ég held að allir hljóti að vera sammála um það. Engu að síður erum við í stöðu sem við gátum aldrei ímyndað okkur að við lentum í, Íslendingar, ég held að ekki sé of djúpt í árinni tekið.

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn munum sitja hjá við lokaafgreiðslu þessa máls, m.a. vegna þess að Alþingi hefur ekki fengið tækifæri til að fjalla um það eins og skyldi og við höfum ekki verið upplýst eins og við teljum að eðlilegt hefði verið, þ.e. að stjórnarandstaðan hefði fengið miklu meiri upplýsingar og oftar og þéttar en raun ber vitni. Engu að síður, úr því sem komið er, tel ég að fara eigi þessa leið og að ekki eigi að tefja málið.

[15:08]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er til afgreiðslu og meðferðar, að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli fyrirliggjandi viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda, kemur hingað með þeim hætti að stjórnarandstaðan hefur haft fá tækifæri — og hafði varla tækifæri til þess að gera sér grein fyrir því hvað um væri að ræða fyrr en menn standa frammi fyrir orðnum hlut. Fyrir liggur viljayfirlýsing um áform íslenskra stjórnvalda vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem er fylgiskjal með þingsályktunartillögunni. Á engum stigum var stjórnarandstöðunni veitt tækifæri til þess að koma að þeim skilmálum eða þeirri viljayfirlýsingu sem þarna er um að ræða sem skiptir þó gríðarlega miklu máli hvað varðar efni málsins.

Það skiptir því máli hvernig við tökum á okkar málum varðandi hluti eins og t.d. kveður á um í tölulið 11 í þeim skilmálum sem þarna er um að ræða þar sem verið er að tala um að fara yfir lagarammann um gjald- og greiðsluþrot þannig að taka megi á niðurfærslu skulda og heimtu eigna í bönkum, fyrirtækjum og hjá heimilum.

Það er í sjálfu sér allt góðra gjalda vert en þarna vantar algjörlega allt holdið á beinin vegna þess að ekki er gerð grein fyrir því með neinum hætti hvað er verið að tala um. Hér er eingöngu um orð að ræða án þess að nokkuð fylgi og enn þá liggur ekkert fyrir um það atriði.

Hæstv. forsætisráðherra hefur ítrekað talað um það, og jafnframt hæstv. utanríkisráðherra og félagsmálaráðherra, að til standi að leggja fram lagafrumvarp um greiðsluaðlögun eða breytingu á gjaldþrotaskiptalögunum en ekkert liggur fyrir um það eða hvernig það á nákvæmlega að vera. Það skiptir að sjálfsögðu máli varðandi skilyrðið sem hér er um að ræða.

Í annan stað er talað um að brýnasta verkefni Seðlabanka Íslands sé að tryggja stöðugleika krónunnar og búa í haginn fyrir styrkingu gengisins. Hægt er að taka undir þau sjónarmið og fátt skiptir meira máli en einmitt að styrkja gengi krónunnar. Þá tek ég undir þau sjónarmið og rök sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kom með í ræðu sinni áðan varðandi þann gjaldmiðil sem við erum með. Að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil í minnsta myntkerfi í heimi er verulega mikil áhætta. Miðað við það sem við höfum gengið í gegnum og fengið að reyna liggur ljóst fyrir að það er of mikil áhætta. Brýna nauðsyn ber til að gera sem fyrst breytingar þannig að við getum tengst öðrum gjaldmiðli eða hreinlega tekið upp annan gjaldmiðil.

Við í Frjálslynda flokknum höfum flutt tillögu um að við skoðum hvort hægt sé að leita leiða til samninga við Norðmenn og við aðra aðila varðandi að tengja krónuna til skemmri tíma við annan gjaldmiðil til að tryggja aukinn stöðugleika og festu.

En vandamálið er einmitt það að þegar við erum með gjaldmiðil í minnsta myntkerfi heims á frjálsum markaði ræðst daggengi hans af geðþóttaákvörðunum jafnvel tiltölulega lítilla fjárfesta. Það er það sem við höfum mátt þola og horft framan í. Iðulega hefur verið talað um að ákveðnir aðilar hafi tekið stöðu gegn krónunni og þannig kann það að vera. Í heimi græðgi og mammonsdýrkunar reyna þeir sem sjá sér hagnaðarvon að nýta sér það og hafa hagnað af þótt með því sé verið að verðfella krónu eða einhvern annan gjaldmiðil með einum eða öðrum hætti.

Það eru bara hinar köldu staðreyndir sem menn ættu að þekkja. Við höfum fengið þá reynslu sem gerir það að verk-

um að nú þegar verður að hrinda af stað metnaðarfullri áætlun til þess að hverfa frá því að vera með þá mynt sem við höfum. Við þurfum að hafa mynt sem hægt er að treysta, hvort sem um er að ræða í skammtímaviðskiptum eða langtímaviðskiptum, afnema verðtryggingu og önnur óeðlileg höft og kvaðir í íslenskum lánamálum þannig að fólkið og fyrirtækin í landinu geti haft eðlilega fyrirgreiðslu, vexti og lánakjör.

Í öðrum hluta þess sem kemur fram í fyrirvörunum er talað um að hækka stýrivexti í 18%. Þar er um að ræða viljayfirlýsingu sem er sett fram án nokkurs atbeina eða aðkomu Alþingis eða stjórnarandstöðunnar. Talað er um að hækka stýrivexti út yfir öll þau mörk sem eðlileg geta talist upp í 18%, svo háa stýrivexti að fyrirtækin í landinu og fólkið í landinu eiga sér tæpast lífsvon ef þau þurfa að njóta fyrirgreiðslu lánastofnana.

Eitt af því sem öðru fremur olli því hruni sem við höfum horft upp á á undanförnum mánuðum á bönkum og í efnahagslífi þjóðarinnar er hvernig Seðlabanki Íslands hagaði stýrivaxtastefnu sinni og gerði það að verkum með óábyrgri stýrivaxtastefnu að knýja á um í fyrsta lagi að einstaklingar og fyrirtæki leituðu eftir því að fá lánafyrirgreiðslu erlendis og að hleypa inn gríðarlegu innstreymi peninga í formi svokallaðra jöklabréfa. Það hafði í för með sér að við fluttum inn hundruð milljarða á ári í formi erlendra skulda með jöklabréfum, út vexti sem skapaði gríðarlega þenslu — yfirgengilega falska þenslu í landinu sem engin innstæða var nokkru sinni fyrir og aðflutning erlends vinnuafls. Það er því óráðsferð að halda áfram á þessari braut með stýrivexti í Evrópumeti og með gjaldmiðil sem hefur ekki staðið undir væntingum og ekkert traust er bundið við.

Ég lít þannig á að með því að fara þá leið sem getur verið um að ræða, að fá fjárhagslega fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, séum við í raun að hefja nokkuð nýja vegferð í íslensku efnahagslífi þar sem við verðum að viðurkenna að efnahagsstjórn landsins, hvort sem er á höndum ríkisstjórnar eða Seðlabanka, hefur gjörsamlega brugðist.

Ég get tekið undir sjónarmið þeirra ræðumanna sem talað hafa í dag að eðlilegast væri að þeir sem bera ábyrgð á efnahagsstjórninni til lengri og skemmri tíma, vikju og aðrir kæmu í þeirra stað til þess að vinna úr þeim vandamálum sem við er að eiga, þeim vandamálum sem stjórnendur Seðlabanka og ríkisstjórn og ríkisstjórnir undanfarinna ára bera alla ábyrgð á. Það eru því ýmis slæm teikn, þessir aðilar ætla enn að halda um stjórnvölinn sem valda því að ég sé, svo að maður noti orðalag hæstv. utanríkisráðherra, ýmsa váboða því tengdu að þiggja fjárhagslega fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Hvað svo sem má um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn segja og það hvernig sá sjóður stýrir málum er alveg ljóst að hann getur ekki komið að eða stýrt málum sem tengjast efnahagslífi þjóðarinnar verr en þeir hafa gert sem haldið hafa um stjórnartaumana á undanförnum árum. Það er enginn sem getur stýrt málum verr en sá aðili sem keyrir í þrot, aðrir geta kannski ekki stýrt betur vegna þess að það er enginn möguleiki fyrir hendi varðandi reksturinn. En það er enginn sem getur stýrt málum verr en sá sem keyrir rekstrinn í þrot, hvað þá heilt þjóðfélag sem fyrir ári síðan var haldið fram að væri þjóðfélag sem væri eitt af ríkustu þjóðfélögum í heimi og gæti og ætti mest og best fyrir sig að leggja. Það er með endemum, miðað við hvað við erum dugleg og vel menntuð þjóð, að ekki sé hægt að halda þannig um stjórnvölinn að framfarasókn þjóðarinnar geti verið með eðlilegum hætti.

Spurningin er þá þessi: Hvaða kosti eigum við? Eigum við þá kosti í stöðunni núna miðað við það stjórnleysi og þær staðreyndir sem liggja fyrir að hafna þessari tillögu um fjárhagslega fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða erum við tilneydd til þess að fá þessa fyrirgreiðslu? Því miður tel ég stöðuna vera þannig að það illa hafi verið haldið um málin að við erum tilneydd til þess að taka þessa fyrirgreiðslu. Við í þingflokki Frjálslynda flokksins gerum ákveðna fyrirvara varðandi gengismál eins og ég vísaði til og bendum á nauðsyn þess að komið verði á eðlilegri skipan í þeim málum eins og ég hef rakið.

Í annan stað varðandi stýrivexti sem nauðsynlegt er að komið verði í eðlilegt horf. Á meðan seðlabankar allra landa í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum lækka stýrivexti jafnvel niður í 1% eða undir það að gengur ekki að við séum ein þjóða með miklu hærri stýrivexti. Það verður að eyða þeim stýrivaxtamun sem þarna er um að ræða til þess að eðlilegt samfélag geti þrifist í landinu, til þess að fyrirtækin geti blómstrað á ný og fjölskyldurnar í landinu geti búið við efnahags- og fjárhagslegt öryggi. Það eru grundvallaratriði.

Við gerum fyrirvara við þetta en við sjáum ekki að kostur sé á öðru en að samþykkja þá þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir miðað við þá stöðu sem nú er. Það er útilokað að við höfum yfir að ráða eðlilegum gjaldeyrisvaraforða og eðlilegt innstreymi gjaldeyris, sérstaklega miðað við stöðuna í dag, til þess að við getum haldið áfram að lifa og starfa og búa svo í haginn fyrir framtíðina sem best verður á kosið. Ég tel að það skipti gríðarlegu máli að við búum í haginn fyrir framtíðina og fáum þá fyrirgreiðslu sem um er að ræða.

Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði í ræðu sinni. Ég lít þó þannig á að við séum í sömu stöðu og skuldugur einstaklingur sem á möguleika á því að auka tekjur sínar, það geti verið kostur að taka lán eins og við gerum við þessar aðstæður til þess að fleyta okkur yfir tímabundna erfiðleika. Með því sér skuldarinn fram á að úr rætist og horfir á bjartari daga.

Ég tel að verði vel og rétt haldið á málum þjóðfélagsins eigi það að vera auðvelt. Þegar við tölum um hvernig hlutir hafa gengið til hjá okkur að undanförnu liggur alveg að við erum með meiri útflutning og meiri gjaldeyristekjur en eyðslu vegna innflutnings og munar þar töluverðum fjárhæðum. Það skiptir gríðarlegu máli hvernig við höldum á þeim málum á næstunni. Ég tel þó að það skipti líka máli að við reynum sem fyrst að komast út úr þeim gjaldeyrishöftum sem var samþykkt fyrir nokkru að yrðu lögð á. Til lengri tíma litið eru þau gjaldeyrishöft til þess fallin að valda enn þá meiri vandamálum í þjóðfélaginu en við búum við í dag og grafa undan möguleikum til framfarasóknar á sem skemmstum tíma. En þegar þeim gjaldeyrishöftum verður létt af verður líka að vera búið að móta trúverðuga stefnu í gjaldmiðilsmálum þannig að þjóðin viti, alla vega ríkisstjórnin — hver svo sem hún verður þá — hvert á að

stefna hvað þetta varðar og verði samstiga um það.

Ég tel að úr því sem komið er liggi fyrir að fá þá fyrirgreiðslu sem hér er um að ræða og að það sé í rauninni eina leiðin sem við eigum tæka. Þess vegna sé það ábyrgðarleysi að ætla að hafna henni þótt ég leyfi mér að deila áhyggjum mínum með þeim sem talað hafa í umræðunni um hvernig til muni takast varðandi framkvæmdina miðað við hverjir halda um stjórnartaumana, að fenginni reynslu af óstjórn þeirra í efnahagsmálum.

Það er mjög slæmt þegar þjóð lendir í þeim hremmingum sem við höfum lent í að undanförnu að hvorki hún sjálf né þingið fái eðlilegar og nauðsynlegar upplýsingar um hver vandinn er raunverulega. Það kemur glögglega fram í nefndaráliti 1. minni hluta utanríkismálanefndar sem Magnús Stefánsson undirritar. Á það hefur skort að þjóðin hafi fengið upplýsingar um málin. Ef til vill er það að hluta ástæða þess að fólk er almennt óóruggt um hvert stefnir, hvert halda skuli og hver staða þeirra er og það er mjög alvarlegt.

Við í Frjálslynda flokknum munum greiða fyrir því að þingsályktunartillagan verði leidd til lykta. Við munum greiða henni atkvæði vegna þess að við teljum að samþykkt hennar sé forsenda fyrir því að þjóðin geti á ný hafið framfarasókn en við ítrekum að það skiptir máli að það séu ábyrgir aðilar sem halda um stjórnvölinn.

[15:24]

Útbýting:

Hlutur áliðju og ferðaþjónustu í þjóðarframleiðslu, 107. mál, svar iðnrh., þskj. 254.

[15:24]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Mig langar að segja nokkur orð í framhaldi af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað hér í dag um aðdraganda þessa máls og stöðu þess og um það hvort þingið sé í stakk búið á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja að taka afstöðu til þingsályktunartillögunnar.

Ég vil byrja á því að segja að hér hefur komið fram gagnrýni á það að IMF-málið, þ.e. beiðni um lán til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hafi ekki komið til kasta þingsins fyrr. Á sama tíma er það gagnrýnt í þessu máli að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar til að taka afstöðu í málinu um það hver greiðslubyrði okkar vegna mögulegrar lántöku kemur til með að verða. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér finnst þetta tvennt stangast á.

Það stangast auðvitað á að vilja fá málið til umfjöllunar áður en vinnan er hafin með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þegar því er lokið og áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda liggur fyrir um það hvernig við endurreisum efnahagslegan stöðugleika að þá séu ekki til nægar upplýsingar til að taka afstöðu til málsins.

Það er í sjálfu sér rétt, sem fram hefur komið í umræðunni í dag, að töluverð þoka er yfir því sem fram undan er. Við því er því miður lítið að gera. Ekki er mikið við því að gera að við höfum ekki fulla yfirsýn yfir það í dag að hve miklu marki við munum þurfa að draga á lánalínur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til þess til að mynda að styrkja gengi krónunnar. Við vonumst auðvitað til þess að við þurfum að gera það í afskaplega litlum mæli. Við vonumst til þess að þetta samspil aðgerða stjórnvalda sem birtist m.a. í hærri vöxtum, sem birtist í höftum á frjálst flæði fjármagns, sem birtist í öflugri gjaldeyrisvarasjóði og að öðru leyti í þeim reglum sem Seðlabankinn hefur sett á grundvelli nýsettra laga — auðvitað birtast aðgerðirnar líka í því að menn vilja draga saman í ríkisfjármálunum. Við höfum engan veginn fulla yfirsýn yfir það hvernig þessar aðgerðir allar saman koma til með að létta okkur það verk að styrkja gengi krónunnar að nýju, forða okkur frá verðbólgunni og skapa grundvöll að lækkun vaxta.

Þess vegna er ekki á sama tíma hægt að gera skilyrðislausa kröfu um að við teflum fram upplýsingum um hver afborgunin verður af þessum lánum. Við vitum hins vegar að við þurfum að taka lán til þess að endurreisa eigið fé íslensku bankanna. Óvissan í því efni lýtur fyrst og fremst að því að hve miklu leyti erlendir aðilar munu koma þar inn sem eigendur. Fyrir liggja yfirlýsingar frá stjórnvöldum eða frá ríkisstjórn um að áhugi sé á því að fara í viðræður við kröfuhafa um að þeir geti breytt skuldum sínum í hlutafé í ríkisbönkunum. En þar til einhver niðurstaða liggur fyrir um þetta er erfitt að gefa sér neinar forsendur um áætlaða greiðslubyrði lána vegna eiginfjárframlags til ríkisbankanna. Það er svo sem hægt að nota hæstu tölurnar og við höfum verið að horfa á þær. Þær miðast þá við það að ríkið sé einn eigandi að ríkisbönkunum.

Við vitum líka að lántaka til þess að styðja við eigið fé Seðlabankans er nauðsynleg og maður hlýtur að spyrja í kjölfar þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í dag: Vilja menn ekki að eigið fé verði sett inn í íslensku ríkisbankana? Eru einhverjir valkostir um það? Eru menn að halda því fram í þessari umræðu að við höfum um það val hvort við tökum þessi lán til að grípa til þessara aðgerða eða ekki? Er einhver valkostur við það hvort við reisum við styrk Seðlabankans eftir þau áföll sem á honum hafa dunið? Ég held að það sé enginn valkostur um þetta.

Menn fjalla hér líka um ríkisfjármálin og þann niðurskurð sem fyrirhugaður er. Í umræðum í dag hefur komið fram mjög hörð gagnrýni á það að við skulum ætla að fara í samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem gerir þá kröfu, eins og það er orðað hér, að skorið verði niður í ríkisfjármálunum.

Hér er að verða um það bil 10% samdráttur í þjóðarframleiðslunni. Er það sem sagt hugmynd þeirra sem harðast gagnrýna þetta að við skerum ekki niður í ríkisfjármálunum? Er verið að leggja til að við sættum okkur við hvað, 200 milljarða halla á ríkisfjármálum? Um hvað snýst þessi umræða eiginlega? Eru einhverjir þeir þátttakendur í þessari umræðu sem halda því fram að hægt sé að komast í gegnum þann gríðarlega skafl sem er fram undan án þess að draga saman í ríkisfjármálunum? Án þess að mæta þessu mikla áfalli hjá ríkinu eins og annars staðar?

Við eigum eftir að ræða það í umræðu um fjárlögin hvar skynsamlegast er að drepa niður fæti í þessu efni. En prinsippið hlýtur að vera alveg ljóst, það prinsipp að draga þurfi úr. Mér finnst því skrýtið að það sé gagnrýnt með jafnharkalegum hætti og komið hefur fram í umræðunni í dag, að þetta sé planið, þetta sé stefnan og Alþjóðagjaldeyr-

issjóðnum kennt um. Ég held að það sé dregin upp röng mynd af þessu. Þetta eru hlutir sem við stöðum frammi fyrir óháð því hvort við ætluðum í samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða ekki.

Mér sýnist hins vegar að það sé að koma í ljós í gær og í dag að helstu áætlanir okkar um að ná að nýju styrk í gengið séu að ganga eftir. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér þykir þetta gerast fullhratt, jafnvel óþægilega hratt sem vekur mann til umhugsunar um það hvort við séum mögulega að taka málin of föstum tökum. Er ég þá að vísa til þess hvort svo kunni að vera að við séum bæði með of háa vexti og of stífar reglur um fjármagnsflutninga á sama tíma. Í öllu falli hlýtur það að koma til skoðunar fyrir Seðlabankann að selja krónur inn á markaðinn til þess að draga úr svona öfgafullum viðsnúningi í genginu. Það er ekki til heilla fyrir okkur að þetta gerist svona snarpt og svona bratt (*Gripið fram í.*) þó við að sjálfsögðu fögnum því að þróunin sé í rétta átt.

Hér hefur líka verið fjallað um Seðlabankann og býsna mikilli skuld skellt á hann fyrir of háa vexti í gegnum tíðina. Ég hallast að því að þau mál verði öll að skoða í samhengi. Við þurfum að horfast í augu við það að við höfum farið fullglannalega og lagt of miklar byrðar á Seðlabankann. Í kjölfarið hættir íslenska krónan að endurspegla raunverulegan styrk íslenska hagkerfisins í samanburði við hagkerfin í löndunum sem við eigum viðskipti við.

Það var falskur styrkur í íslensku krónunni sem byggðist á því að of miklar byrðar höfðu verið lagðar á Seðlabankann. Hann brást þannig við að hækka vextina og á einhverjum tímapunkti fóru vextirnir fram úr því sem getur verið eðlilegur vaxtamunur við önnur hagkerfi viðskiptalanda okkar og fóru að kalla á fjárfestingu í krónunni og um leið hætti krónan að gegna því meginhlutverki sínu sem menn vilja alltaf að myntir sínar geri, sjálfstæðar myntir, sem er að endurspegla einhvern raunveruleika í undirliggjandi hagkerfi og hann þarf síðan í gengismálunum að endurspegla stöðuna gagnvart löndunum sem við eigum viðskipti við. Í þessu tilviki vorum við komin með styrk sem er langt umfram það sem hagkerfið stóð undir, og ég held að stjórnvöld eigi að líta meira í eigin barm og minna upp í Seðlabanka í þessu efni. Við vorum einfaldlega að reyna að gera of marga hluti á of skömmum tíma.

Það er stóri lærdómurinn sem við getum dregið af þessu tímabili. Það er það sem einn seðlabankastjóranna fjallar um í blöðunum í dag þegar hann veltir upp þeirri spurningu hvort þetta sé yfir höfuð hægt. Er hægt að halda úti íslenskri krónu? Það er gríðarlega vandasamt að gera það en það verður alveg örugglega ekki gert án þess að miklu meiri agi sé í ríkisfjármálum en var á umliðnum árum. Ég held þá að það sé rétt að taka með opinber fjármál í heildina vegna þess að svo miklu leyti sem ríkisvaldið dró úr þensluhvetjandi framkvæmdum og öðru því sem það gat gert þá sýndi það sig að sveitarfélögin fylltu jafnóðum í gatið og skildu vandann eftir jafnmikinn og fyrir hafði verið. Mér finnst mikilvægt að þetta komi fram vegna þeirrar umræðu sem orðið hefur hér í dag um myntina og hlut Seðlabankans í þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir.

Fyrst og fremst finnst mér mikilvægt að koma því til skila að það hafi ekki verið valkostur fyrir stjórnvöld að koma hér áður en ákvörðun var tekin um að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og bera það álitaefni undir þingið. En um leið og stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafði samþykkt viljayfirlýsingu íslenskra stjórnvalda var það þingmál lagt fram sem við ræðum hér í dag. Ég er sammála þeim þingmönnum sem lýst hafa yfir vonbrigðum með að ekki skuli vera hægt að hafa skýrari mynd fyrir framan sig þegar við ræðum þetta mál.

En það er bara einfaldlega þannig að ekki er á allt kosið í þessu. Við stöndum frammi fyrir slíkum óvissuþáttum, frammi fyrir verkefnum þar sem óvíst er um framvinduna — við þurfum að sætta okkur við að taka afstöðu til prinsippsins um það hvort við viljum fara í samstarf með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli þeirra viðmiða sem fyrir liggja og þeirrar efnahagsáætlunar sem unnin hefur verið í samstarfi við þá eða hvort við viljum fara einhverja aðra leið. Í því efni held ég að dagurinn í gær og dagurinn í dag sýni að við erum að byrja að ná tökum á vandanum. Það er alveg ljóst að án þess að settar hefðu verið þær reglur sem við gerðum hér í síðustu viku og án þess að fyrir lægi víðtækt plan í því formi sem við höfum nú búið til í samstarfi við sjóðinn værum við ekki komin þetta langt fram á veginn og raun ber vitni.

Auðvitað var það líka valkostur að láta krónuna bara húrra niður í miklu meiri veikingu en þegar var orðin. En það var ekki valkostur sem hefði verið án afleiðinga. Grípa hefði þurft til víðtækra ráðstafana til að mæta þeim vanda sem þá hefði risið í staðinn fyrir þá stöðu sem við eigum nú við. Algjörlega ófyrirséð hvar við hefðum endað með verðbólguna og hvaða afleiðingar það hefði haft fyrir gjaldmiðilinn til lengri tíma. Það er líka erfitt að spá fyrir um getu okkar til þess að snúa þeirri þróun við.

Við erum ekki að samþykkja einhver tiltekin útgjöld. Við erum ekki að samþykkja einhverjar tilteknar afborganir af væntanlegum lánum. Við erum að fjalla um ákveðna aðferðafræði við að glíma við efnahagsvandann eins og fram hefur komið hér. Við erum fyrst og fremst að horfa á gjaldmiðilinn og endurreisn hans. Við ætlum að koma í veg fyrir verðbólgu. Við erum með plan á borðinu sem miðar að því að við getum farið að lækka vexti innan skamms og ná þeim niður í það sem er þolanlegt fyrir fjölskyldur og atvinnulíf.

Það hefur verið rætt um það hér að menn sakni þess í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar að ekki sé fjallað um aðgerðir í þágu fjölskyldna og atvinnulífs. Þetta eru einmitt aðgerðir í þágu fjölskyldna og atvinnulífs. Það er ekkert sem skiptir fjölskyldur meira máli en að lag komist á gengismálin, að við forðum okkur frá verðbólgu, að við náum niður vöxtunum. Það er ekkert sem skiptir þessa aðila meira máli en það og það er það fremsta í þessu máli, það er aðalábyrgðarfleturinn að okkur takist þetta.

Enn og aftur: Ég held að við séum á réttri leið og þess vegna er skynsamlegt af okkur að veita ríkisstjórninni brautargengi til þess að halda áfram á þessari vegferð í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ég vonast til þess að okkur lánist að halda þannig á spöðunum að sem allra minnst þurfi að draga á þær lánalínur sem verið er að opna hjá þeim og hjá samstarfsþjóðum okkar. Það væri langfarsælast fyrir okkur til lengri tíma litið að við kæmumst í

gegnum þennan skafl án þess að lenda með greiðslubyrði vegna slíkrar lántöku.

[15:39]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott fyrir hv. þm. Bjarna Benediktsson, hans sjálfs vegna, að honum skuli líða svona vel með þetta mál. Hv. þingmaður talaði sig hér upp í þó nokkurn sannfæringarhita yfir því hvað þetta gengi nú í raun og veru vel og liti bærilega út.

Ég mótmæli því hins vegar að einhver mótsögn sé fólgin í því að gagnrýna ónógar upplýsingar í sambandi við þetta mál og það að Alþingi hefði ekki getað komið að því fyrr. Það er bara ósköp einfaldlega ekki rétt. Það er ekki innstæða fyrir þeirri fullyrðingu hv. þingmanns að í þessu felist mótsögn.

Hið rétta er að sjálfsögðu að þingið átti að koma að þessu strax á frumstigi, vera t.d. með í ráðum og fara yfir skilmálana áður en umsókn hefði verið send. Það hefði verið eiginlegt þingræði í reynd, þingræði sem virkaði. Ekki datt Bandaríkjaþingi í hug að láta ríkisstjórn Bush fara af stað með 700 milljarða dollara björgunarpakkann fyrir fjármálaheiminn þar fyrr en það var sjálft búið að fjalla um skilmálana og gera á þeim breytingar. Bush datt það bara ekki í hug. Á þinginu í Úkraínu var fjallað samhliða um skilmálana þegar ríkisstjórn Úkraínu ræddi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um fyrirgreiðslu þar o.s.frv. þannig að auðvitað hefði það verið virkt þingræði í reynd að Alþingi, a.m.k. viðkomandi þingnefnd, hefði verið með í ráðum strax í byrjun og eftir að umsóknin fór þá af stað, notað síðan tímann til að safna upplýsingum og vinna málið.

Að öðru leyti fór hv. þingmaður að mestu leyti með það sem ég kalla í grófum dráttum nauðhyggjuröksemdir, að þetta sé bara svona og að ekkert annað sé að gera. Menn geta auðvitað haft það fyrir sig.

Þegar hv. þingmaður spyr hvort menn séu virkilega ósammála því að það eigi að skera niður t.d. ríkisútgjöldin um 10% núna er svarið já. Ég er ekki sannfærður um að það sé gáfuleg leið, að dýpka með því kreppuna, auka með því atvinnuleysi sem aftur leiðir til útgjalda hjá ríkissjóði í gegnum félagsleg úrræði og atvinnuleysisbætur. Þetta er gamla hörmungaraðferðin sem margar þjóðir hafa brennt sig á, að ætla að spara sig eða skera sig niður í gegnum kreppuna. Menn þurfa að gæta mjög hófs í því (Forseti hringir.) þannig að af tvennu vil ég frekar meiri halla á ríkissjóði og minna atvinnuleysi ef þarf að velja.

[15:42]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mitt sjónarmið er einfaldlega það að við höfðum ekkert til þess að ræða hér hvað viðvíkur skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins áður en samið hafði verið við sjóðinn um viljayfirlýsingu stjórnvalda. Um leið og stjórn sjóðsins hafði samþykkt viljayfirlýsinguna og þar með grunnforsendur þess hvernig við ætluðum að takast á við þennan vanda var málið lagt fram hér á þinginu. Það er einmitt það sem við erum að ræða.

Það hefur komið fram í umræðunni að styðji þingið ekki við þessa aðferðafræði sé sá möguleiki enn þá til staðar að endurgreiða þann hluta lánsins sem þegar hefur verið greiddur út — honum hefur ekki verið ráðstafað — og snúa á braut annarra leiða.

Varðandi ríkisfjármálin tel ég að hérna sé farin leið þar sem reynt er að ná tveimur markmiðum í senn, annars vegar að skera niður að lágmarki það sem þarf að gera, einfaldlega vegna þess að þjóðartekjurnar eru að dragast svo mikið saman sem ég nefndi hér áðan, í kringum 10%. Hins vegar er markmið að í þeim verkefnum þar sem menn ætla að verja fjármunum verði einblínt á þau verkefni sem kalla á mikinn mannafla, þ.e. að forgangsraðað verði í þágu mannaflafrekra framkvæmda. Þannig getum við notað þá fjármuni sem eru til ráðstöfunar til að tryggja eins mikla atvinnu og hægt er. Við verðum þó að gæta okkar á því að fara ekki í öfgarnar í hina áttina og sætta okkur við jafnvel 200 milljarða halla á ríkissjóði vegna þess að það er nákvæmlega það sem sömu menn tala um að við þurfum að forða okkur frá, þ.e. að ýta þessum vanda yfir á komandi (Forseti hringir.) kynslóðir.

[15:44]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aftur að þessu með aðkomu þingsins. Bréf Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er dagsett 3. nóvember. Áætlunin lá þá fyrir allmörgum dögum áður. Þetta vita menn. Ég var t.d. búinn að hafa hana sem trúnaðarmál í viku.

Halda menn ekki að þannig hefði mátt standa að málum að a.m.k. þingnefndum hefði í trúnaði verið gert innihaldið ljóst og það rætt við þær? Utanríkismálanefnd er bundin trúnaði hvort eð er í öllum sínum störfum. Meira en mánuður er liðinn síðan erindið var sent. Auðvitað hefði mátt standa mun betur að þessum þætti, ég bakka ekki tommu með að það er gagnrýnivert hversu seint Alþingi kemur að málinu og hversu lítinn tíma það hefur til að reyna að skoða það og draga fram upplýsingar sem var nú ekki létt verk eins og ég veit að hv. formaður utanríkismálanefndar veit vel.

Það er grundvallarmunur á þeirri skuldsetningu sem við lendum í vegna þessara aðgerða og er hér innan lands í formi halla á ríkissjóði eða í formi endurfjármögnunar banka með innlendri skuldabréfaútgáfu og hinum gríðarlegu erlendu lántökum og erlendu skuldbindingum sem hér á að setja á þjóðina ofan á þegar eitt skuldugasta hagkerfið innan OECD gagnvart útlöndum.

Það er ekkert stórmál í mínum huga þótt ríkissjóður og sveitarfélögin séu rekin með einhverjum halla og þess vegna eitthvað meiri en ella væri ef það er skynsamlegur liður í því að verja landið fyrir fjöldaatvinnuleysi, dregur úr hættunni á því að atvinnuleysið festist hér í sessi og er í raun og veru aðferð til þess að sporna gegn og afstýra meiri útgjöldum síðar. Það kostar heldur betur sitt ef 10% þjóðarinnar eða meira verða án atvinnu.

Að lokum hrósa ég hv. þingmanni hér fyrir sjálfsgagnrýnina undir lok ræðu hans áðan eða gagnrýni í garð eigin flokks og frammistöðu hans í hagstjórn við efnahagsmál

hér á undanförnum árum. Það er þó lofsvert að endrum og sinnum vottar fyrir því að einhverjir úr stjórnarliðinu viðurkenna að hugsanlega (Forseti hringir.) berum við Íslendingar sjálfir einhverja ábyrgð á því (Forseti hringir.) hvernig komið er.

[15:46]

Eygló Harðardóttir (F):

Herra forseti. Það er mjög einkennilegt að vera komin inn í þingið sem nýjasti þingmaðurinn og fylgjast með vinnubrögðunum sem tengjast þessu stóra máli. Það er mjög einkennilegt, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefnir, hvernig málin hafa verið unnin hérna innan þingsins. Við fáum upplýsingar um það nánast í fjölmiðlum að þegar sé búið að leggja peningana frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum inn á bandarískan reikning hjá Seðlabankanum.

Það er bara búið að klára þetta, afgreiða málið. Ég hefði talið mun eðlilegri vinnubrögð að áður en forsætisráðuneytið og Seðlabankinn fóru í viðræður við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hefði málið komið inn á borð þingsins og það verið rætt, í fyrsta lagi hvort almennt ætti að leita til sjóðsins. Síðan hefði viðkomandi fagnefnd á þinginu mótað það hvernig við vildum hafa þessa viljayfirlýsingu, hvernig við vildum hafa skilyrðin um það hvernig við vildum semja gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Alþingi mundi síðan gefa ríkisstjórninni umboð til að fara í þessar samningaviðræður við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Við förum í ræðustól, málið fer mjög hratt í gegnum utanríkismálanefnd, maður les í gegnum meirihlutaálitið þar sem kemur meira að segja mjög skýrt fram hjá meiri hluta nefndarinnar að hann viðurkennir alveg fúslega fljótaskriftina í lokaorðum sínum. Hérna segir að það sé mikil óvissa og menn viti ekki eiginlega hvað þeir eru að samþykkja. Það er nákvæmlega eins og kemur fram líka hjá minni hlutanum, við vitum hreinlega ekki hvað við erum að samþykkja.

Þegar ég sé svona stór mál fara í gegnum þingið vonast ég innilega eftir því að að breyting verði á vinnubrögðum. Við heyrum virkilega að almenningur kallar eftir því. Hann vill sjá breytt vinnubrögð. Hann vill sjá þingið koma miklu meira að málunum og að stefnan sé mótuð af löggjafarvaldinu en ekki framkvæmdarvaldinu. Það er það sem ég vil innilega hvetja þá menn sem hafa meiri reynslu hérna en ég til að íhuga, þ.e. hvernig við ætlum að breyta þessu í framtíðinni svo við vinnum þetta ekki svona áfram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningar um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu, síðari umr.

Stjtill., 177. mál. — Þskj. 219, nál. 259, 260, 262 og 263, brtt. 261.

[15:50]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti frá meiri hluta utanríkismálanefndar um tillögu til þingsályktunar um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál á þó nokkrum fundum og fengið til sín fulltrúa úr ráðuneytum og skilanefndum bankanna. Nefndin hefur viðað að sér gögnum og upplýsingum eins og hægt er. Sérstaklega hafa þau varðað samskipti íslenskra stjórnvalda við samninganefndir annarra ríkja, svo sem Hollandi og Bretlandi, en einnig gögn frá fundum fjármálaráðherra með Evrópusambandsríkjunum og EFTA-ríkjunum og önnur gögn sem fram koma á þingskjali 263. Þau snúast meira eða minna um lögfræðilegar greinargerðir vegna ágreinings um efnislegt innihald tilskipunar sem löggjöf okkar um Tryggingarsjóð innstæðueigenda byggir á.

Eins og oft hefur komið fram í umræðu um þessi mál snýst sú deila í grunninn um það hvort ríkissjóði beri að styðja við innstæðutryggingarsjóð þegar fjármögnun hans að lögum reynist ekki fullnægjandi vegna þeirra krafna sem að honum er beint.

Með þessari tillögu er leitað heimildar Alþingis ríkisstjórninni til handa til að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um.

Á fundum nefndarinnar kom fram að málið snýst nær einvörðungu um skuldir gamla Landsbanka Íslands vegna svokallaðra Icesave-reikninga. Talið er að ekki muni reyna á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta vegna skulda gamla Kaupþings en formaður skilanefndar upplýsti að útlit væri fyrir að sala á eignum bankans gæti staðið undir öllum kröfum í gamla bankann vegna svokallaðra Kaupþing Edge reikninga sem voru innstæðureikningar Kaupþings. Þá var tekin til skoðunar starfsemi gamla Glitnis og fram kom að hún var með þeim hætti erlendis að afar ólíklegt er að reyni á tryggingarsjóðinn vegna hennar.

Nefndin kynnti sér eigna- og skuldastöðu gamla Landsbanka Íslands, væntanlegar kröfur tryggingarsjóðsins á hann og hvað mætti gera ráð fyrir að fengist upp í þær kröfur við sölu á eignum bankans. Mikil óvissa er enn um það virði sem fæst fyrir eignirnar en á grundvelli upplýsinga frá skilanefnd Landsbanka Íslands má áætla að um 150 milljarðar kr. geti staðið út af að því ferli loknu. Þessi niðurstaða er eins og áður segir háð mikilli óvissu. Sá möguleiki er því fyrir hendi að eignir Landsbankans dugi fyrir forgangskröfum þannig að ekkert falli á ríkissjóð.

Ég vil undirstrika þetta atriði úr nefndaráliti meiri hlutans, það er mikil óvissa um þetta. Verið er að reyna að leggja mat á virði eigna sem í bókum bankans voru skráðar á hartnær 2.000 milljarða en er gengið út frá í þessari áætlun að séu jafnvel ekki nema 1.000 milljarða virði. Töluvert mikil vikmörk eru í því mati og þess vegna er það niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að málið geti farið þannig að ekkert reyni á ríkissjóð hvað varðar fjármögnunarþörf innstæðutryggingarsjóðs. Þá er það auðvitað gefið í því samhengi að ríkissjóður hafi samþykkt að styðja við sjóðinn til þess að hann geti staðið undir og greitt þær kröfur sem að honum er beint.

Niðurstaða um þetta atriði ræðst fyrst og fremst af tvennu. Annars vegar af endanlegu virði eigna gamla Landsbankans, en talið er að hámarksverðmæti fáist fyrir þær með því að selja þær ekki að svo stöddu. Er gert ráð fyrir að eignirnar verði varðveittar í gamla Landsbankanum í u.þ.b. 3 ár. Hins vegar ræðst niðurstaðan af þeim samningum sem hér er leitað heimildar til að gera.

Eins og fram kemur í athugasemdum við tillöguna varðandi lagalega stöðu málsins hafa íslensk stjórnvöld byggt á því sjónarmiði að skýr lagaskylda væri ekki til staðar um ábyrgð íslenska ríkisins ef greiðslur til innlánseigenda færu fram úr því sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta gæti staðið undir. Nefndin hefur farið yfir þau lögfræðilegu álitaefni sem málið snýst um og ljóst er að önnur aðildarríki EES-samningsins eru ekki sammála skilningi íslenskra stjórnvalda um að óvissa ríki að þessu leyti. Hugmyndir um að úr þessu yrði skorið fyrir hlutlausum úrskurðaraðila eða dómstól hafa ekki náð fram að ganga í viðræðum aðila.

Ljóst er að miklir hagsmunir eru í húfi um niðurstöðu slíks máls fyrir báða aðila. Óhagstæð niðurstaða um skuldbindingu Íslands hefði alvarlegar afleiðingar fyrir ríkissjóð. Á hinn bóginn má leiða að því líkur að lagaleg óvissa um þetta atriði gæti vegið að fjárhagslegum stöðugleika og trúverðugleika þess lagaumhverfis sem fjármálafyrirtækjum sem starfa innan vébanda Evrópusambandsins hefur verið skapað. Þessu sjónarmiði hefur m.a. verið teflt fram af þeim aðilum. Hagur þess að lausn finnist við samningaviðræður er því ótvíræður. Þess má geta að á meðan ágreiningur aðila um þetta efni var óleystur var sú hætta fyrir hendi að Evrópusambandsríkin gripu til aðgerða gagnvart Íslandi sem settu EES-samninginn að hluta eða í heild í hættu.

Þarna snýst málið sem sagt um að það þarf ekki að liggja fyrir endanleg niðurstaða um slíkan ágreining. Einfaldlega sú staðreynd að deilt er um atriði sem fallast má á að skipti miklu fyrir framkvæmd EES-samningsins og sá ágreiningur hefur ekki verið settur í neinn farveg og er óleystur — sú staðreynd getur leitt til þess að Evrópusambandsríki fari fram á að tilteknum köflum eða viðaukum við EES-samninginn verði kippt úr sambandi að hluta eða í heild. Í þessu liggur m.a. áhættan með því að hafa málið í ágreiningi.

Þá var ljóst að Norðurlöndin voru sammála um að nauðsynlegt væri að Ísland semdi um lausn á þessu máli til að þau gætu séð sér fært að taka þátt í fjárhagslegri fyrirgreiðslu í tengslum við efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sama gilti um afstöðu annarra ríkja sem Ísland leitaði fyrirgreiðslu hjá.

Ég gerði það að umtalsefni í ræðu minni um þingsályktunartillögu vegna lánveitingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að þetta hefði auðvitað verið með öllu óviðunandi framkoma og gerði við hana alvarlegar athugasemdir. Engu að síður er vakin athygli á þessari stöðu hér í tengslum við þetta mál. Með vísan í allt sem ég hef rakið er það álit meiri hlutans að ljóst er að það þurfti að leita pólitískrar lausnar á vandamálinu.

Frumforsenda þess að leitað væri pólitískrar lausnar á málinu var að tryggt yrði að tekið yrði tillit til hinna erfiðu aðstæðna sem nú eru uppi á Íslandi. Þau umsömdu viðmið sem þingsályktunartillagan fjallar um fela í sér viðunandi forsendur fyrir lausn að áliti meiri hlutans. Ekki er fallið frá þeim lagarökum sem Ísland hefur sett fram en fallist á að leita samninga á grundvelli sameiginlegra viðmiða. Þau eru annars vegar að tilskipunin gildi með sama hætti hér á landi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu og hins vegar að samningar um lausn taki mið af sérstakri og fordæmislausri stöðu Íslands. Hvorug þessara forsendna getur talist íþyngjandi fyrir Ísland eða íslenska hagsmuni. Í þessu sambandi var nefndin upplýst um þau meginsamningsmarkmið sem stjórnvöld hafa sett sér og fram kom að stöðu Íslands verði haldið á lofti í þeim viðræðum sem í hönd fara þannig að sem hagstæðust niðurstaða fáist fyrir Ísland. Leiði samningar ekki til ásættanlegrar niðurstöðu fyrir Ísland er það sjálfstætt úrlausnarefni hvernig stjórnvöld og Alþingi vinna úr þeirri stöðu en hin umsömdu viðmið fela ekki í sér að stjórnvöld afsali sér með einhverjum hætti lagalegri stöðu að þjóðarétti sem ríkið hefur í dag.

Ég ætla að láta nægja að vísa til fyrri umræðu um þetta mál þegar kemur að eiginlegum samningsmarkmiðum og læt sitja við það að þau meginsjónarmið sem komu fram í fyrri umræðu um þetta mál falla mjög vel að þeim samningsmarkmiðum sem kynnt voru fyrir nefndinni við meðferð málsins. Ekki þótti ástæða til þess, og jafnvel ekki skynsamlegt, að tíunda þau öll í nefndaráliti þannig að þau lægju opinberlega fyrir. Augljóslega er þó stefnt að því að þannig verði búið um hnútana að sem hagstæðust niðurstaða fáist fyrir okkur í öllu tilliti.

Meiri hlutinn lítur svo á að í samþykkt þessarar tillögu felist pólitískur stuðningur við stefnumörkun stjórnvalda í yfirstandandi samningum. Í tillögunni kemur fram að endanlegar niðurstöður samninganna sem munu nást í viðræðunum verði lagðar fyrir Alþingi til öflunar viðeigandi fjárheimilda eftir því sem aðstæður krefjast. Álit meiri hlutans er að þetta verði að sjálfsögðu gert í samræmi við stjórnskipulegar kröfur og eðli þeirra samninga sem nást. Þá hefur komið fram af hálfu utanríkisráðherra að utanríkismálanefnd verði upplýst um framgang samningaviðræðna eftir því sem þeim vindur fram, allt í samræmi við ákvæði 24. gr. þingskapalaga. Ég tel afar mikilvægt að áfram verði haft samráð við nefndina þannig að hún sé upplýst um framvindu mála.

Í meðferð nefndarinnar kom einnig til umræðu hvernig ríkissjóður muni standa undir skuldbindingum sem samningar, sem hér er óskað eftir heimild til að leiða til lykta, leggja á hann. Ákveðið var að ræða það atriði í samfellu við efnislega úrlausn á 161. máli, tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Sú umræða hefur að nokkru farið fram hér fyrr í dag.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið telur meiri hlutinn óhjákvæmilegt að ráðast í þá samningagerð sem tillagan gerir ráð fyrir og leggur til að hún verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálit meiri hlutans rita sá sem hér stendur, Árni Páll Árnason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Lúðvík Bergvinsson og Arnbjörg Sveinsdóttir.

[16:03]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að menn taki það ekki neitt per-

sónulega en ég ætla eiginlega að spyrja sömu spurningar og í fyrri umræðu, sama hv. þingmann, framsögumann þessa máls. Það er þessi samræming allra aðgerða. Hér er aftur verið að tala bara um einn enda, eina aðgerð og ég ætla að spyrja hv. þingmann hvort það hafi ekki verið hugleitt í nefndinni að tengja þessi atriði öll saman, þ.e. hvernig við leysum jöklabréfin, hvernig við leysum aðkomu að kröfuhöfum bankanna og hvernig við leysum þetta mál þannig að þjóðin sé ekki lestuð um of.

Svo stendur í athugasemdum við tillöguna, með leyfi herra forseta:

„Endanlegar niðurstöður framangreindra samninga munu verða lagðar fyrir Alþingi og aflað viðeigandi fjárheimilda eftir því sem aðstæður krefjast."

Þetta er svona svipað og að senda mann út í bæ að kaupa hús. Við felum honum að kaupa hús alveg sama hvað það kostar og alveg sama hvað það er stórt eða lítið eða hvar það er staðsett og svo framvegis. Svo ætlum við að ræða það þegar kemur að því að borga einstakar greiðslur af húsinu. Þá náttúrlega þýðir ekkert að tala um það meir. Ef hann er búinn að semja fyrir okkar hönd um að kaupa hús þá borgum við náttúrlega af því einstakar greiðslur og getum ekki hvikað frá því. Ég sé því ekki hvernig í ósköpunum Alþingi ætlar að meta þessa samninga. Samningarnir sjálfir verða ekkert til umræðu. Við erum að fela sjálfdæmi þeim aðilum sem eru að semja fyrir okkur og það er eins gott að það séu klárustu menn í heimi. Ég bara segi ekkert annað. Það er eins gott að það séu mjög klárir menn og vinni mjög náið með skilanefndum bankanna sem eru líka að vinna að heill þjóðarinnar. Mér finnst þetta mjög mikið framsal á valdi og ætla að spyrja hv. þingmann hvort það hafi ekki verið rætt í nefndinni.

[16:05]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við tökum málið fyrir eins og það er lagt fyrir þingið. Það er óskað heimildar til þess að leiða til lykta þessa samninga og þá var í nefndaráliti vísað til 161. máls um fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum varðandi tiltekna þætti. Ég get tekið undir að það er mjög mikilvægt að líta heildstætt á öll þessi mál, líta heildstætt á þær skuldbindingar sem við erum í þann mund að gangast undir vegna hruns bankakerfisins og þeirrar efnahagslegu uppbyggingar sem við þurfum að ráðast í. En það var í sjálfu sér ekki í valdi nefndarinnar vegna þessarar þingsályktunartillögu að búa þannig um hnútana. Það er auðvitað í verkahring ríkisstjórnarinnar. Við höfum í stjórnskipulagi okkar ákveðna verkaskiptingu sem gengur út á það að framkvæmdarvaldið leiðir til lykta mál af þessum toga og reiðir sig síðan við stuðning frá þinginu. Við erum hér með þingræðisreglu og við erum með fyrirkomulag sem gengur út á að ekkert gjald verði greitt úr ríkissjóði án lagaheimildar þannig að við munum á endanum fá öll slík mál til umfjöllunar í formi fjárlaga. Þetta er allt saman í góðu samræmi við hið eðlilega fyrirkomulag og verkaskiptingu sem við byggjum á.

Ég er ekki að segja þetta til að gera lítið úr mikilvægi þess að hafa heildaryfirsýn yfir málin. Við höfum reynt að gera það annars vegar við fyrirgreiðslubeiðnina hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hins vegar með þessu máli. Að öðru leyti hvílir sú skylda auðvitað á stjórnvöldum og einkum þá hjá forsætisráðherra sem fer með yfirstjórn efnahagsmála að tryggja að slík heildaryfirsýn sé til staðar og samræming á öllum þeim aðgerðum sem gripið verður til.

[16:07]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að lesa þingsályktunartillöguna, með leyfi herra forseta. Hún er ekki löng:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um."

Alþingi felur sem sagt ríkisstjórninni eða einhverjum að semja fyrir sína hönd um lausn ákveðins vandamáls. Ég get ekki séð hvernig Alþingi getur bakkað út úr ákvörðun sem það er búið að fela einhverjum aðila að semja fyrir sig. Við erum búin að fela þetta vald til samningsaðila. Við höfum ekkert um það að segja meir og þó að við höfum fjárveitingavald þá get ég ekki séð hvernig fjárveitingavaldið, sem með svona tillögu felur ríkisstjórninni að semja, geti bakkað út úr því. Það get ég ekki séð.

Við erum því núna að veita opinn víxil. Við vitum ekkert hvað kemur út úr því. Það eru engin efri mörk og ekkert í þessari þingsályktunartillögu. Það stendur ekki einu sinni í tillögunni sjálfri að samninginn sjálfan skuli bera upp við Alþingi, kaupsamninginn að íbúðinni sem ég nefndi hérna áðan, ekkert slíkt. Við eigum bara að borga þegar þar að kemur og þá getum við ekki annað en samþykkt það.

Svo vil ég aftur undirstrika að hv. þingmaður segir að hv. utanríkismálanefnd fjalli um þetta mál af því að það sé þar til umræðu. Nákvæmlega eins mun viðskiptanefnd fjalla um mál kröfuhafanna því að það er þar til umræðu. Þetta er eins og að einn viti ekki hvað annar er að gera. Ríkisvaldið er ekki eitt. Þau eru tólf, ríkisvöldin. Það er mjög hættuleg staða þegar þjóðin byggir á því að allir vinni saman, mjög hættuleg staða.

[16:09]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það atriði sem hv. þingmaður drepur hér á snýst í grunninn um það hvort þingið treysti framkvæmdarvaldinu til að leiða málið til lykta eða ekki eða hvort þingið treystir mögulega þingmönnunum og sjálfu sér betur til þess að fara með forræði í málinu.

Við afgreiddum hér í síðustu viku eða að minnsta kosti fyrir nokkrum dögum — ég hygg að það hafi verið í upphafi síðustu viku — vantrauststillögu á ríkisstjórnina sem var felld með miklum meiri hluta þannig að ríkisstjórnin nýtur stuðnings í sínum störfum. Hér er um að ræða gríðarlega stórt mál sem hún er nýbúin að sanna að hún hafi traust til þess að leiða til lykta. Ég verð aftur að ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni: Verkaskiptingin er þannig að framkvæmdarvaldið fer með mál af þessum toga innan þess umboðs sem því er skammtað í lögum og með ákvörð-

un frá Alþingi. Málið er ekki lagt þannig upp hér að þingið eigi að hafa hönd í bagga með samningaviðræðunum heldur er málið lagt þannig fyrir þingið — ég tek fram að það er engin sérstök lagaskylda til þess að leggja þetta mál fyrir þingið til samþykktar í sjálfu sér vegna þess að við erum ekki að fara að undirgangast hérna þjóðréttarlega skuldbindingu í hefðbundnum skilningi eins og við höfum tekið málið fyrir í utanríkismálanefnd — málið er lagt hér fyrir á grundvelli ákveðinna forsendna til þess að afla pólitísks stuðnings við áframhaldandi vinnu við það. Það er auðvitað í okkar höndum sem sitjum á þingi að taka afstöðu til þess hvort við teljum að málið sé í réttum farvegi. Ef við erum sammála um að við teljum að málið eigi að vera í öðrum farvegi eða unnið á einhverjum öðrum forsendum eða að samningsmarkmiðin séu óskýr eða óskynsamleg þá verður auðvitað þingið að senda þau skilaboð til ríkisstjórnarinnar að það eigi að halda öðruvísi á málinu.

[16:11]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ég geri hér grein fyrir nefndaráliti 1. minni hluta utanríkismálanefndar sem er í raun og veru Siv Friðleifsdóttir hv. þingmaður sem er stödd erlendis á vegum Alþingis. Ég stend hér í hennar stað.

Hv. formaður utanríkismálanefndar hefur gert grein fyrir hvernig nefndin fjallaði um málið. M.a. var rætt við fulltrúa skilanefndar Landsbanka og Kaupþings og þeir gerðu grein fyrir eigna- og skuldastöðu bankanna og hvernig horfði við með að greiða út af innstæðureikningum erlendis.

Ekki er búist við að neinn kostnaður falli á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta vegna innstæðureikninga Kaupþings en önnur staða blasir við í tilfelli Landsbankans. Fram kom að eignir bankans eru metnar á um 1.000 milljarða kr. en jafnframt að mikil óvissa væri um það mat. Ríkið þarf að ábyrgjast greiðslur á 628 milljörðum kr. í lágmarkstryggingar vegna svokallaðra Icesave-reikninga Landsbankans. Eitthvað mun koma upp í á móti af eignum bankans en mikil óvissa ríkir um hve háar upphæðir sé þar um að ræða. Annað sem getur haft áhrif til íþyngingar ábyrgða ríkissjóðs er ef röð forgangskröfuhafa í eigur Landsbankans verður breytt, t.d. með dómi og er þá vísað í svonefnd neyðarlög. Ljóst er að hér er þjóðin að taka á sig gríðarlegar skuldbindingar sem munu hafa áhrif á afkomu okkar nú og komandi kynslóða um mörg ókomin ár. Telur 1. minni hluti með ólíkindum hversu illa ríkisstjórnarflokkarnir og lykilstofnanir hafa haldið á málum og skal þar m.a. eftirfarandi undirstrikað: Fram hefur komið að stjórnvöld hafa frá því á síðasta ári vitað af hættunni á því að innlán íslensku bankanna erlendis sem tryggð eru af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta gætu fallið á sjóðinn. Stjórnvöld og eftirlitsstofnanir höfðu því um eitt ár til að bregðast við og grípa til aðgerða. Benda má á í þessu sambandi að heimilað var að opna svokallaða Icesave-reikninga í Hollandi í maí, mörgum mánuðum eftir að viðvörunarbjöllurnar byrjuðu að hringja. Þá eru samskipti íslenskra ráðamanna við breska starfsbræður sína í aðdraganda og eftir beitingu hryðjuverkalaga í Bretlandi ámælisverð. Ráðherrum sem með þessi mál hafa farið tókst, með afar misvísandi og óskýrum skilaboðum til starfsbræðra sinna í Bretlandi, að koma málinu í frekara uppnám í stað þess að skýra það. Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur átt samtöl við breska ráðamenn sem virðast ekki hafa dugað til að skýra stöðu mála fyrir þeim. Í þessu sambandi vísast einnig í fund Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra og fleiri með Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, 2. september sl. og símtal Árna M. Mathiesens fjármálaráðherra við sama ráðherra 7. október sl.

Daginn eftir, þann 8. október, sagði Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta, í útvarpsviðtali í Bretlandi: „Ríkisstjórn Íslands, hvort sem þið trúið því eða ekki, tjáði mér í gær að hún hafi ekki í hyggju að standa við skuldbindingar sínar."

Eðlilegt er að nefna í þessu sambandi að símtal fjármálaráðherranna lak til fjölmiðla og birtist opinberlega fyrst á Íslandi. Upplýsingaleki af þessum toga veldur óbætanlegum álitshnekki á íslenskri stjórnsýslu og stórskaðar stöðu Íslands í samskiptum við stjórnvöld annarra landa. Í kjölfar þessa er ólíklegt að ráðherrar annarra landa treysti sér til að eiga trúnaðarviðræður við íslenska stjórnvöld og ráðherra um nokkuð sem máli skipti um langt skeið.

Seðlabankastjóri lýsti í ræðu sinni á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs 18. nóvember sl. að hann byggi yfir upplýsingum um af hverju breskum hryðjuverkalögum var beitt. Seðlabankastjóri sagði þar: „Þeir hafa hins vegar skýrt hvers vegna þeir gripu til þessa óyndisúrræðis. Það hafa ekki öll samtöl verið birt hvað þessi mál varðar og þess vegna er auðveldara að bera fram tilbúnar sakir og koma þeim inn hjá trúgjörnu fólki í gegnum þá fjölmiðla — sem grímulaust hafa verið misnotaðir í mörg ár — eins og það var orðað af sjónvarpsmanninum. Ég hef engar áhyggjur af þessu vegna þess að þegar málin verða rannsökuð þá hljóta fleiri samtöl að verða birt. Mér er kunnugt um efni þeirra og mér er kunnugt um hvað í raun réð afstöðu breskra yfirvalda." Þrátt fyrir þessi orð seðlabankastjóra hafa stjórnvöld ekki getað upplýst utanríkismálanefnd um orsakir beitingar bresku hryðjuverkalöggjafarinnar né heldur af hverju eignir séu enn frystar eftir að gengið var frá samkomulagi, m.a. við Breta, um sameiginleg viðmið.

Ráðamenn í Bretlandi hafa hins vegar gefið sínar skýringar, svo sem Ian Pearson, aðstoðarráðherra efnahagsmála í breska fjármálaráðuneytinu, sem sagði í umræðum um fyrirskipun um kyrrsetningu eigna Landsbankans 2008 á öðrum fundi allsherjarnefndar neðri deildar breska þingsins 27. október 2008: „Ýmsar yfirlýsingar voru gefnar af forsætisráðherra Íslands um að íslenskir innstæðueigendur yrðu verndaðir, sem merkir að réttindi breskra kröfuhafa hefðu getað raskast í samanburði við réttindi annarra. Þrátt fyrir endurteknar tilraunir til að leita fullvissu gat ríkisstjórn Bretlands ekki fengið skýringar frá Íslandi um stöðu breskra kröfuhafa við upplausn Landsbankans. Í ljósi þessarar stöðu var fyrirskipun um kyrrsetningu eigna Landsbankans 2008 gefin út 8. október." Og síðar á sama fundi: „Ekki var gripið til aðgerða af hálfu Bretlands á grundvelli

valdheimilda gegn hryðjuverkum í lögunum. Talið var nauðsynlegt að grípa til þessara aðgerða þar sem ríkisstjórn Íslands gat ekki skýrt stöðu breskra kröfuhafa við meðferð málsins og því var uppi ógn gegn efnahagslegum hagsmunum Bretlands."

Fram hefur komið að Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra gerði á fundi fjármálaráðherra ESB og EFTA-ríkjanna 4. nóvember sl. samkomulag um að leggja lagadeilu Íslands og nokkurra ESB-ríkja um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EBE, um innlánatryggingakerfi, í mat sérstaks lagahóps. Lagahópurinn var skipaður fulltrúum ráðherraráðs ESB, framkvæmdastjórnar ESB, EFTA, Eftirlitsstofnunar EFTA og loks oddamanni tilnefndum af Seðlabanka Evrópu. Ekki tókst betur til en svo við afmörkun starfsumboðs hópsins að íslensk stjórnvöld drógu sig út úr vinnu hans 7. nóvember. Hringlandaháttur og uppákomur af þessu tagi er ekki til þess fallið að auka traust á framferði stjórnvalda.

Málatilbúnaður og framganga íslenskra stjórnvalda gagnvart Icesave-ábyrgðunum varð til þess að Ísland stóð að lokum eitt og einangrað. Öll ríki ESB, þar með talin hin norrænu, snerust gegn lagatúlkun íslenskra stjórnvalda.

Fyrsti minni hluti átelur málsmeðferð vegna samkomulags íslenskra stjórnvalda við nokkur ríki ESB um sameiginleg viðmið til grundvallar frekari samningaviðræðum um innlánstryggingar. Minnt er á bókun undirritaðrar — þ.e. hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur — frá 14. nóvember sl. þess efnis að samkomulag um sameiginleg viðmið skyldi lagt fyrir Alþingi áður en það yrði undirritað af íslenskum stjórnvöldum, en ekki eftir á. Við þeirri ósk var ekki orðið. Veitti utanríkisráðherra sendiherra Íslands í Brussel umboð til undirritunar, án þess að Alþingi hefði fjallað um málið á eðlilegan hátt. Var samkomulagið undirritað 16. nóvember sl.

Fyrsti minni hluti telur að með samkomulagi um sameiginleg viðmið, lið 1 og lið 2, hafi íslensk stjórnvöld í raun viðurkennt lagatúlkun ríkja Evrópusambandsins á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EBE, um innlánatryggingakerfi. Sú lagatúlkun kveður á um að ríkjum beri að ábyrgjast lágmarksgreiðslur til innlánseigenda fari þær fram úr því sem tryggingarsjóðir innlánseigenda gætu staðið undir. Í viðmiðunum er óvissunni um lagatúlkun, sem íslensk stjórnvöld hafa haldið á lofti, ekki haldið til haga, hún hefur gufað upp og sést hvergi.

Náist ekki viðunandi samningar, skv. lið 2 í viðmiðunum, við þau ríki þar sem svokallaðar Icesave-ábyrgðir fyrirfinnast er að mati 1. minni hluta útilokað í raun að stíga til baka og standa á margyfirlýstri fyrri skoðun um að vafi leiki á ábyrgð ríkja á tryggingarsjóðum, ekki síst undir kringumstæðum þar sem fjármálakerfi aðildarríkis hrynur nánast að fullu eins og gerðist hér á landi.

Forustumenn þjóðarinnar, með forsætisráðherra í broddi fylkingar, hafa lýst því yfir að ekki sé boðlegt að tengja lausn á Icesave-deilunni við afgreiðslu láns frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Smátt og smátt varð hins vegar ljóst að afgreiðslu láns Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Íslands var ítrekað frestað vegna krafna viðsemjenda okkar um að lausn fengist á Icesave-ábyrgðunum. Málatilbúnaður og framganga íslenskra stjórnvalda einangraði stöðu Íslands þannig að líta ber á umsömdu viðmiðin í því ljósi. Með samþykkt viðmiðanna losnaði um þau höft sem lögð voru á afgreiðslu láns til Íslands frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Voru íslensk stjórnvöld alveg komin út í horn í báðum þessum málum, lánsbeiðninni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Icesave-ábyrgðunum. Viðmiðin eru niðurstaðan sem íslensk stjórnvöld samþykktu í þeirri veiku samningsstöðu sem þau sjálf höfðu komið sér í. Fyrsti minni hluti er ekki tilbúinn til að bera ábyrgð á þeirri stöðu sem ríkisstjórnarflokkarnir komu sér sjálfir í með framgöngu sinni allt frá því að viðvaranir um stöðu bankanna komu fram á seinni hluta síðasta árs til dagsins í dag. Fyrsti minni hluti er því ekki samþykkur þingsályktunartillögu þessari heldur mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Undir þetta álit skrifar, eins og ég sagði áðan, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir.

Virðulegi forseti. Eins og rætt var um fyrr í dag varðandi aðra þingsályktunartillögu sem snerist um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er ljóst að alla yfirsýn vantar yfir þetta viðfangsefni sem við stöndum frammi fyrir eftir bankahrunið og vísa ég til umræðunnar fyrr í dag.

Allt of mikið vantar af upplýsingum til að við getum almennilega gert okkur grein fyrir því hvernig málið lítur út í heild sinni og hvernig hægt er að taka á því. Ég ítreka einnig það sem fram kom í þeirri umræðu um gagnrýni á hvernig ríkisstjórnin hefur komið fram gagnvart Alþingi. Samráðsleysið og sambandsleysið hefur verið algjört. Það er auðvitað gagnrýnisvert og full ástæða til að ítreka það aftur og aftur.

Ég vil, virðulegi forseti, nota tækifærið hér og koma aðeins inn á þátt breskra stjórnvalda. Ég tel það vera einfalda kröfu okkar allra að upplýst verði að fullu af hverju bresk stjórnvöld ákváðu að beita ákvæðum svonefndra hryðjuverkalaga og beita því sem er kallað „freezing order" á eigur Íslendinga í Bretlandi. Allar eigur fyrstu dagana. Það hefur margoft komið fram í umræðunni að seðlabankastjóri hafi lýst því yfir að hann hafi upplýsingar um þetta. Ég geri þá einföldu kröfu að það verði upplýst. Forsætisráðherra er yfirvald seðlabankastjóra og ég tel að þær upplýsingar sem seðlabankastjórinn hefur sagst búa yfir eigi að koma fram og það strax. Það er bara einföld krafa og við verðum að fá upplýsingar um þetta.

Ég tel einnig virðulegi forseti að stjórnvöld eigi að hlutast til um að málið varðandi Icesave-reikningana verði í heild sinni — að vísu er unnið að því að setja upp sérstaka rannsóknarvinnu um málið í heild sinni — grannskoðað og rannsakað og þar komi m.a. fram hvaða ástæður lágu að baki því að bresk stjórnvöld ákváðu að beita þessum svonefndu hryðjuverkalögum sem hafa valdið Íslendingum gríðarlega miklu tjóni um allan heim í viðskiptum sínum og stöðu. Þannig að þetta er stórt mál.

En ég ætla ekki að hafa þetta lengra, hæstv. forseti, og læt máli mínu lokið.

[16:24]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var merkileg ræða. Hv. þm. Magnús Stefánsson tekur undir það sjónarmið breskra stjórnvalda

að yfirlýsingar íslenskra stjórnmálamanna hafi í reynd réttlætt þá gjörð breskra stjórnvalda sem fólst í því að beita bresku hermdarverkalögunum.

Ég tel að þegar að því kemur að Íslendingar notfæri sér það, sem tekið er fram í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar, að stjórnvöld hyggist leita réttar síns, muni ummæli hv. þingmanns vera dregin upp. Hann styður í reynd það sem bresk stjórnvöld hafa sagt. Að íslenskir stjórnmálamenn og íslenska ríkisstjórnin hafi gefið í einhvers konar samtölum yfirlýsingar sem réttlæti þessa gjörð. Ég tel að ummæli af þessu tagi veiki stöðu Íslands stórlega.

Ég vil taka skýrt fram að ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um að stórlega ámælisvert er og skaðar með sama hætti málstað Íslands þegar aðalbankastjóri Seðlabankans segir opinberlega að hann búi yfir upplýsingum sem staðfesti skoðun þingmannsins og breskra ráðamanna. Ég tel að yfirlýsing af því tagi sem seðlabankastjórinn hefur gefið út um þetta veiki sömuleiðis stöðu Íslands stórlega.

Mig langar til að geta þess að hv. þingmaður færði sem rök fyrir máli sínu að fundur milli viðskiptaráðherra og Alistairs Darlings hefði átt sér stað. Sömuleiðis vísaði hann í símtal hæstv. fjármálaráðherra og sama manns. Það símtal hefur verið birt opinberlega. Það kann að vera að dapurlegt hafi verið að það gerðist með þeim hætti. En hvað (Forseti hringir.) í því símtali gefur hv. þingmanni tilefni til að segja (Forseti hringir.) að hafi verið ámælisvert og skaðað stöðu Íslands?

[16:27]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri á öllu og tel mig vita að ég og hæstv. iðnaðarráðherra séum sammála um að mjög brýnt sé og krafa um að fá upplýsingar um vitneskjuna sem seðlabankastjóri sagðist búa yfir um af hverju Bretarnir ... (**ÁPÁ:** Það er ekki eins og það hafi ekki verið reynt.) Það er rétt sem hv. þm. Árni Páll Árnason segir að ekki er eins og það hafi ekki verið reynt. Þessi stífla er ótrúleg. Ég hvet hæstv. ráðherra til að beita sér, sem ég tel nú reyndar víst að hann hafi gert, til að reyna að fá þetta fram.

En hann spyr hér og nefnir samtal fjármálaráðherranna. Af hverju það er nefnt í álitinu. Yfirlýsing kom frá fjármálaráðherra Bretlands daginn eftir símtalið við fjármálaráðherra Íslands um að ríkisstjórn Íslands hafi tjáð honum að hún hefði ekki í hyggju að standa við skuldbindingar sínar.

Þetta eru einfaldlega upplýsingar sem hafa komið fram og eru tíundaðar hér. Ekkert annað býr þar að baki.

[16:28]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þingmaður og allir þingmenn verði að tala mjög varlega í þessu máli og hafa fast land undir fótum ef þeir setja fram fullyrðingar í ætt við þá sem hv. þingmaður gerir í nefndaráliti sínu.

Ég held því fram að yfirlýsingar breskra stjórnvalda séu átylla og fullkominn tilbúningur. Ég tel að ekkert sé hægt að finna hjá íslenskum stjórnvöldum sem gefi tilefni til að beita hermdarverkalögunum bresku með þeim hætti sem gert var.

Ég vísa sérstaklega til bréfs, sem hefur m.a. verið rætt í þessum sölum, dagsett 5. október frá viðskiptaráðuneytinu, þar sem segir skýrt að ef þurfi muni íslensk stjórnvöld styðja tryggingarsjóðinn til þess að mæta skuldbindingum sínum. Þannig að skýrt lá fyrir að því leyti að ef um það væri sammæli beggja stjórnvalda þá yrði það gert.

Ég er svo alveg sammála hv. þingmanni um að nauðsynlegt sé að seðlabankastjóri Davíð Oddsson upplýsi hvaða upplýsingum hann býr yfir sem geta skýrt málið. Ég tel að það sé m.a. aumingjaskapur íslenskra fjölmiðla sem geri það að verkum að hann getur setið (Gripið fram í.) inni með þessar upplýsingar. Það er a.m.k. alveg víst, hv. þm. Jón Magnússon, að ef seðlabankastjóri væri undirmaður minn lægju þessar upplýsingar fyrir ef mannlegur máttur gæti dregið þær út.

Ég held hins vegar að mjög alvarlegt sé þegar seðlabankastjóri segir með þessum hætti opinberlega og þar með líka við bresk stjórnvöld að hann búi yfir upplýsingum sem enginn annar veit um sem réttlæti það sem bresk stjórnvöld gerðu. Seðlabankastjóri er í reynd að segja að bresk stjórnvöld hafi haft tilefni til að beita hermdarverkalögum. Þá ályktun dreg ég af þessu gáleysislega tali seðlabankastjóra.

[16:30]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að þrátta hér áfram um hvað hver sagði og allt það. Ég ítreka að mikilvægt er og nauðsynlegt að það komi fram sem við ræðum hér.

Ég vil að lokum þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir leiðbeiningarnar, hann sagði að menn ættu að tala varlega. Hann kann þá list greinilega mjög vel og það er mikilvægt. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra og þakka honum kærlega fyrir leiðbeiningarnar í því sambandi.

[16:31]

Útbýting:

Íslensk málstefna, 198. mál, stjtill. menntmrh., þskj. 248.

Samningar um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu, 177. mál, rökst. dagskrá JM, þskj. 271.

Tilboð Breta um að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu, 112. mál, svar fjmrh., þskj. 270.

[16:31]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar sem mér er skapi næst að kalla tillögu til þingsályktunar um uppgjör í Icesave-reikningadeilunni því að um það er tillagan auðvitað. Áður hefur verið dregið fram í umræðum, bæði um þetta mál og næsta á undan, að það eru í sjálfu sér ekki ýkja merkileg gögn sem þinginu standa til boða við að afgreiða þessi gríðarlega afdrifaríku mál bæði tvö. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur í báðum tilvikum, við upphaf umræðunnar, vakið athygli á því og spurt hvort ekki sé einhver tilraun gerð til þess af einhverjum að öðlast heildaryfirsýn yfir málið. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði um það mál í umræðum um fyrra þingmálið en ég velti fyrir mér stöðu þeirra þingmanna sem ekki eiga sæti í utanríkis-

málanefnd og eiga að sjálfsögðu heimtingu á því að hafa upplýsingar og gögn í höndum til að glöggva sig á afstöðu sinni til málsins sem og auðvitað þjóðin ætti að hafa.

Ég get upplýst, af því að ég er hér með möppu nokkra á borðinu, virðulegur forseti, að í fórum okkar utanríkismálanefndarmanna eru vissulega allmikil gögn en þau eru að uppistöðu til merkt trúnaðarmál. Þetta eru fundargerðir frá viðræðufundum um þessi mál, þetta eru lögfræðilegar álitsgerðir og þetta eru ýmis fleiri gögn sem sannarlega væri fengur að fyrir þingmenn alla að hafa. Sum eru vissulega viðkvæm og geta orðið grunngögn undir samningaviðræðum og/eða í deilum eða málaferlum sem kunna að koma upp, en svona er þetta. Það er umhugsunarefni við þær aðstæður sem Alþingi eru skapaðar og almennum þingmönnum sem ekki eiga sæti í þeirri þingnefnd eða þeim þingnefndum sem slík gögn fá í trúnaði.

Hér er fundargerð að fundum fulltrúa Hollands og Íslands um Icesave-reikningana 10. október, trúnaðarmál; fundur með fulltrúum Breta vegna krafna í þrotabúi Landsbankans 11. október, trúnaðarmál; og frásögn af öðrum fundi með Bretum 23. og 24. október, trúnaðarmál. Hér er fundur fjármálaráðherra ESB og EFTA-ríkjanna 4. nóvember 2008, trúnaðarmál; fundur fastafulltrúa ESB með Íslandi vegna lagaálits í kjölfar ECOFIN 4. nóvember 2008, trúnaðarmál; minnisblað frá formennskulandinu, Frakklandi, um sama mál, bréf, trúnaðarmál, dagsett þessa sömu daga. Hér eru gögn frá fastanefnd Íslands í Brussel, dagsett 10. október, trúnaðarmál. Hér er embættiserindi frá sendiráði Íslands í Brussel til utanríkisráðuneytisins um þetta mál, trúnaðarmál. Hér er greinargerð með bakgrunnsupplýsingum um efnahag Íslands og stöðu þessu tengt, trúnaðarmál, og hér er „Internal Note" eða innra minnisblað um tilskipunina, nr. 9419, og það er „strictly confidential", það er sérstakt trúnaðarmál o.s.frv. Ég ætla ekki að tefja tímann, virðulegi forseti, en nánast öll gögn okkar, önnur en þau sem birtast með þingmálinu og eru þegar opinber af öðrum ástæðum, eru svona merkt.

Það er satt best að segja nokkurt umhugsunarefni að grunngögnum í máli af þessu tagi skuli vera haldið leyndum, að menn skuli sjá ástæðu til slíks. Ég öfunda í sjálfu sér ekki þá þingmenn sem hafa jafnvel að þessu leyti til enn erfiðari stöðu til að átta sig á málinu en við sem þó höfum komið höndum yfir þetta vegna setu okkar í utanríkismálanefnd.

Óhjákvæmilegt er að gagnrýna vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar í meðferð þessa máls, það hef ég þegar gert og ítarlega. Ég vil upplýsa hér að ég gerði það sem ég taldi mér fært, og allt sem mér kom í hug á sínum tíma, til að reyna að afstýra því að þessi samkomulagsyfirlýsing, eða hin sameiginlegu viðmið frá 18. nóvember sl., yrði undirrituð af ríkisstjórn Íslands. Ég hafði m.a. um það þau orð við hæstv. forsætisráðherra að ég teldi að ríkisstjórnin hefði ekki heimild til þess, um væri að ræða skuldbindingu af því tagi sem varðaði stóra milliríkjahagsmuni og ekki væri fært að gera þetta með þessum hætti og stilla þingi og þjóð síðan upp frammi fyrir því að íslensk stjórnvöld hefðu að einhverju leyti gefið eftir rétt þjóðarinnar í þessu afdrifaríka deilumáli án þess að fá að láta á það reyna fyrir dómstólum eða í einhverjum samþykktum úrskurðarfarvegi.

Þessi niðurstaða málsins var í hróplegri mótsögn við allan málflutning ráðherra ríkisstjórnarinnar allt þar til síðustu dagana áður en menn láku niður og gáfust upp. Þá var sagt, og höfð um það stór orð, að ekki kæmi til greina að láta kúga okkur á nokkurn hátt í þessu máli til að láta reyna á rétt okkar og fá það á hreint hver okkar raunverulega lagalega og þjóðréttarlega ábyrgð væri í þessu sambandi. Því var alfarið hafnað að það yrði liðið að þetta mál yrði tengt við umsóknina til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Engu að síður var það gert, það liggur fyrir skjalfest, því reynir enginn að neita lengur.

Um hinn lengri tíma aðdraganda þessa máls mætti margt segja og frammistöðu íslenskra stjórnvalda, ríkisstjórnar og einstakra ráðherra og fagstofnana, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka, sem og auðvitað bankanna sem hér eiga í hlut á umliðnum missirum. Tíminn leyfir ekki að fara djúpt ofan í það mál enda þarf þess í sjálfu sér ekki, málið er ósköp einfalt. Það liggur algjörlega fyrir að ríkisstjórn landsins, bæði núverandi og fyrrverandi ríkisstjórnir, einstakir viðkomandi ráðherrar, og þá sérstaklega forsætisráðherra, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra, og Fjármálaeftirlit og Seðlabanki bera mikla ábyrgð á því hvernig komið er með vítaverðu andvara- og aðgerðaleysi, svo ekki sé beinlínis sagt vanrækslu, samanber lög um ráðherraábyrgð á embættisskyldum — sú vanræksla hefur valdið íslensku þjóðinni miklum skaða.

Því miður er væntanlega engin önnur leið út úr þessu en sú að á Íslandi lenda miklar byrðar vegna þessa óláns sem þarna átti sér stað. Ekki er nein sérstök vörn fólgin í því að menn hafi gert þetta allt í góðri trú og þetta hafi allt litið vel út, menn hafi ekki vitað betur eða mátt vita betur því að veruleikinn er annar, það liggur núna alveg fyrir. Þó að mönnum hafi tekist að vera með svo bundið fyrir augu og vera svo gjörsamlega skeytingarlausir um málefni ráðuneyta sinna að þeir áttuðu sig ekki á því sem þarna var að gerast, þá er það ekki heldur afsökun. Ráðherrum ber að fylgjast með og yfirmönnum æðstu stofnana ber að fylgjast með og þeir geta ekkert afsakað sig eftir á með því að segja: Ja, ég vissi þetta ekki. Það er embættisskylda þeirra að vita hvað fer fram. Þegar jafngríðarlegar fjárhæðir hrúgast inn á þessa reikninga og tók að gerast er það ekkert annað en vanræksla — það er eiginlega of milt að nota orðin andvara- og aðgerðaleysi — að sjá ekki að þarna stefnir í stórhættulega stöðu. Ábyrgðin er því kollektíf, hún er sameiginleg, hún er ríkisstjórna, ráðherra og yfirmanna þeirra stofnana sem sváfu á verðinum.

Hin umsömdu viðmið eru mjög undir í málinu og eru í fylgiskjali með þingsályktunartillögunni sem skrifað var undir 16. nóvember — sendiherra okkar í Brussel fékk víst það öfundsverða hlutskipti að skrifa undir uppgjöfina. Þau viðmið virðast, að því er næst verður komist, fela það í sér að Ísland afsali sér réttinum til — ekki kannski endanlega en í öllu falli á meðan ferlið er í gangi á þessum grunni — að láta reyna á hina lagalegu óvissu, þ.e. spurninguna um það hversu umfangsmikil eða víðtæk hin lagalega og þjóðréttarlega ábyrgð Íslands á innlánstryggingakerfinu er.

Spurningin er auðvitað ósköp einfaldlega um það hvort Ísland hafi ekki gert skyldu sína og fullnægt ákvæðum tilskipunar um innstæðutryggingu, nr. 9919/EB, með því að

setja á fót innlánstryggingarsjóð samkvæmt ákvæðunum og greiða til hans 1% af hinum tryggðu innstæðum og gera þetta á þann hátt að aldrei bárust við það, svo mér sé kunnugt um, neinar athugasemdir frá eftirlitsaðilum sem eiga að fylgjast með því að löggjöf sé í samræmi við ákvæði Evróptiréttarins að þessu leyti og að tilskipanir hafi verið innleiddar með lögmætum og réttum hætti. Ég hef hvergi séð eða heyrt að nokkurn tíma hafi borist athugasemd við það að þetta fyrirkomulag innlánstryggingamála væri ekki fullnægjandi af okkar hálfu.

Það munar ekkert litlu á kannski 19 milljörðum kr. — og þó að það væri eitthvað aðeins meira, sem sjóðurinn hefði átt að standa í — og 630–640 milljörðum. Það er meira en bitamunur, hvort þetta eru óverulegar fjárhæðir, getum við sagt, þó að umtalsverðar séu í skilningi fjárlaga, eða hvort þetta er talsvert á önnur fjárlög íslenska ríkisins eins og þau eru um þessar mundir. Óvissan er mikil um það hvað getur átt eftir að lenda á Íslandi í þessum efnum. Ég óttast að menn séu að reyna að fegra myndina og það held ég að sé ekki heiðarlegt. Menn tala hér um það, jafnvel eins og formaður utanríkismálanefndar, að vel geti farið svo að ekkert lendi á íslenska ríkinu. Hvers vegna gerir þá Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ráð fyrir því, í sjálfbærnismati sínu á greiðslugetu Íslands næstu árin, að helmingurinn af reikningnum lendi á Íslandi? Það er skýrt í forsendum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að þeir reikna með því að helmingurinn lendi þarna á okkur, sem sagt á fjórða hundrað milljarða kr. Verulegar ástæður eru til að hafa af því áhyggjur þegar betur er skoðað hvað þarna liggur á bak við vegna þess að 630–640 milljarða kr. upphæðin, þetta er miðað við gengi á evru og pundi eins og það hefur verið að undanförnu, er auðvitað aðeins hluti málsins, dæmið er stærra. Á innlánsreikningunum í heild sinni, á Icesave-reikningunum í heild sinni, að meðtöldum heildsöluinnlánum, voru á 14. hundrað milljarðar kr. Að frátöldum heildsöluinnlánunum er það hátt í 1.200 milljarðar. Þær kröfur eru allar jafnstilltar þó að ákvæði neyðarlaganna haldi.

Þá er spurningin: Hverjar eru eignirnar? Jú, þær eru taldar vera kannski 1.700 milljarðar rúmir. Áætlað er að út úr þeim gæti fengist milljarður plús/mínus 25%. Það er besta áætlun þeirra sem um þetta véla núna, einkum skilanefnda bankanna. Þá er þetta nú enginn smáreikningur sem þarna er og ekkert smáræði sem munar eftir því hvernig til tekst. Meiningin er sú, alla vega er það greinilega ætlun gagnaðila okkar, Breta, Hollendinga og Þjóðverja, að lána íslenska innlánstryggingarsjóðnum fyrir þessum upphæðum í heild sinni, brúttó, og þeim lánum verða menn væntanlega að taka við strax því að greiða á innstæðurnar út. En síðan á ekki að ráðstafa eignunum, að því er nú er sagt, fyrr en kannski eftir þrjú ár. Hvað gerist á meðan? Allur reikningurinn hvílir á okkar herðum með þeirri greiðslubyrði eða þeim vaxtakostnaði sem á honum verður eftir því hvernig um semst. Menn geta auðvitað komið hér og sagt: Við ætlum að ná svo góðum samningum, við ætlum að fá vaxtalaus lán, við ætlum að fá afborgunarlaus lán í mörg ár, en það er nú ekki í hendi eða hitt þó heldur.

Miðað við upplýsingar eða vísbendingar sem gaukað var að mér áðan þá var ekkert sérstaklega létt fyrir fundinum í gær og fyrradag með Bretum og ekki útlit fyrir að við ættum þar mjög góðu að mæta, enda höfum við mætt mjög góðu? Hefur okkur verið sýnd sanngirni? Er ástæða til að ætla að „innréttingin" í þeim snúist við allt í einu og þeir verði voðalega góðir og sanngjarnir, mennirnir sem hafa beitt okkur þeim þvingunarkostum sem raun ber vitni? Því að auðvitað eru það ekkert annað en ofboðslegir afarkostir og nauðungarkostir sem ríkisstjórnin gekkst inn á að samþykkja.

Í 2. tölulið samkomulagsins eða hinum umsömdu viðmiðum sem birt er sem fylgiskjal með tillögunni er talað um að viðurkenning aðila, þ.e. deiluaðilanna, á hinni lagalegu stöðu muni greiða fyrir samningaviðræðum um fjárhagsaðstoð við Ísland, þar með talið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það þarf því ekki að þrátta um það meir hvernig þetta var tengt saman. Ég ætla að leyfa mér að segja, þótt bundinn trúnaði sé, að það leynist engum sem les fundargerðirnar af þessum fundum hvernig framkoman var í okkar garð, t.d. á fjármálaráðherrafundi EFTA og ESB-ríkjanna í Brussel. Þar var ekkert verið að dulbúa það að við skyldum gjöra svo vel og gefast upp í Icesave-deilunni og semja við þá áður en lánið hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum færi hænufet, það er bara þannig, og svo á að semja um þetta allt í voðalegum góðum anda. Í þessu felst að Ísland fellst í reynd á að landið sé ábyrgt fyrir innlánstryggingu í útibúum íslenskra banka erlendis upp að 20.887 evrum. Svo á að snakka um þetta allt í voðalegu góðu á eftir.

Það er mat mitt að með því að undirrita þetta samkomulag, þessi umsömdu viðmið, hafi menn stórskaðað og nánast gert að engu samningsstöðu Íslands sem þó var uppi í málinu. Mér liggur við að segja að ég hafi grátbeðið ríkisstjórnina, forsætisráðherra og utanríkisráðherra um að gera þetta ekki vegna þess að við höfðum samningsstöðu þangað til skrifað var undir. Í hverju var sú samningsstaða fólgin? Hún var fólgin í því að Evrópusambandinu reið mikið á að engin óvissa skapaðist um innlánstryggingarkerfið á öllu evrópska svæðinu. Við gátum sagt við þá: Við höfum skilning á því vandamáli, við skiljum það, en þá verðið þið að hafa skilning á okkar vandamálum og leysa það á sanngjarnan hátt. En með því að gefa eftir og láta Evrópusambandið fá allt sem það bað um, að við féllumst á að það væri engin lagaleg óvissa eða við mundum að minnsta kosti aldrei láta á hana reyna, hvarf samningsstaða okkar út í vindinn. Það mikið þykist ég kunna á þessa hluti að þarna var hrapað að hlutunum í óskaplegu óðagoti og taugaveiklun af því að mönnum lá svo á að koma umsókninni til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins áfram. Það er dýrt, það er skelfilega dýrt að þannig skyldi fara. Að sjálfsögðu var málið komið í hið mesta óefni. Að sjálfsögðu vorum við beitt miklum fantaskap af þeirri blokk sem myndaðist innan Evrópusambandsins og í raun síðan að lokum af Evrópusambandinu í heild.

Hvað heitir það á lagamáli þegar svoleiðis samningar eru gerðir þó að það sé ekki undir byssukjöftum beinlínis? Það eru nauðungargerningar. Það eru væntanlega riftanlegir, ógildanlegir nauðungargerningar sem gerðir eru við aðstæður af þessu tagi og er þekkt fyrirbæri, bæði í landsrétti og þjóðarétti, að samningar sem gerðir eru þar sem annar aðilinn er settur í slíkar aðstæður halda ekki eða þurfa ekki að standa vegna þess að það er ekki þannig sem siðað fólk

semur, að annar aðilinn sé með byssu í hnakkanum eða eitthvað viðlíka í formi hótana um efnahagsþvinganir o.s.frv.

Þá kem ég að því sem formaður utanríkismálanefndar nefndi hér í ræðu sinni og er ekkert leyndarmál lengur, að því hafi verið hótað að setja EES-samninginn eða að minnsta kosti hluta hans í uppnám ef við gæfumst ekki upp. Þetta er að mínu mati viðbótarþvingun vegna þess að hún er ólögmæt. Það er ekki þannig að samningsaðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið geti hegðað sér hvernig sem er ef upp koma deilur. Samningurinn sjálfur felur í sér farveg til úrlausnar deilumála. Ætlar þá gagnaðili okkar að láta eins og hann sé ekki til og grípa til einhliða aðgerða án þess ferlis sem á að fara í gang samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ef þar koma upp deilur? Hótunin var um það. Hefði verið staðið við það? Hvers konar lögleysa væri þá upp komin? Ég held að við eigum ekki að láta bjóða okkur hvað sem er án þess að minnsta kosti að nota lögin og vitna í þau og beita þeim og benda á að það eigi þá að brjóta á okkur lög í ofanálag við allt annað. Því hótunin um þetta var ekkert annað en hótun um að brjóta samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem hefur lagastoð í öllum ríkjunum eins og kunnugt er.

Það sem er kannski dapurlegast af öllu í þessu og ég áttaði mig ekki á fyrr en einum eða tveimur dögum eftir að undirritað var, 18. nóvember, er að frystingin samkvæmt hryðjuverkalögum á eignum Landsbankans í Bretlandi stendur enn. Hvernig í ósköpunum stóð á því að samningamenn Íslands skyldu skrifa undir eða ríkisstjórnin skipa þeim að gera það nema að gera það að algerlega fortakslausri kröfu að frystingunni yrði þá aflétt? Hvað vakir fyrir Bretum með því að halda frystingunni? Hafa menn hugsað það? Gæti það átt eftir að tengjast uppgjöri þessara mála? Haldleggja Bretar ef til vill enn þá eignir Landsbankans í Bretlandi með það í huga að nota eitthvað af þeim í að gera upp reikningana ofan við 20.887 evrur sem þeir eru ábyrgir fyrir upp að 50 þús. pundum? Eða ætla þeir að nota þetta í einhverjum öðrum skilningi umfram það sem þarna gæti átt í hlut?

Það er von að spurt sé hvers vegna frammistaðan er þessi. Og ég spyr formann utanríkismálanefndar: Er honum kunnugt um að það bóli á því að Bretar aflétti frystingunni? Vill Alþingi kannski vita af því áður en það samþykkir umboðið? Menn fá að vísu kost á því að afgreiða breytingartillögu á eftir verði frávísun ekki samþykkt sem tekur á því máli en ég er svo sem ekkert bjartsýnn á að hún fái stuðning frekar en annað, af því að mönnum virðist vera kappsmál að koma þessu í gegn og hafa eðlilega kannski ekki mikinn áhuga á að ræða þetta lengi eða draga að þessu máli mikla athygli jafnsnautlegt og það er fyrir íslensk stjórnvöld.

Loks getur það skipt miklu þegar kemur að uppgjöri þessara mála hvort ákvæði neyðarlaganna um forgang innstæðna í kröfuröð halda. Það er algerlega ljóst að á það mun reyna. Það gjörbreytir öllu reikningsdæminu ef allar kröfur verða jafnsettar og þessi milljarður plús/mínus 25% sem mögulega kæmi út úr þessum eignum eftir kannski þrjú ár smyrst jafnt út á allt eða hvort hann gengur upp í þessa 1.100–1.200 milljarða sem eru vegna innstæðna á Icesave-reikningunum að frátöldum heildsöluinnlánum. Það munar um minna hvort menn deila þeim upp í 1.200 millj. eða 3.300–3.600 en það er stærðin á heildarpakkanum.

Óvissan um hvað verið er að afgreiða hér, hvers konar heimild ríkisstjórnin er að fá til samninga er með endemum. Ég get ekki annað en tekið hjartanlega undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal, ég held að maður hafi sjaldan ef nokkurn tímann á sínum ferli staðið frammi fyrir öðru eins framsali af hálfu þingsins til framkvæmdarvaldsins og hefur maður þó marga fjöruna sopið. Þetta er alveg rosalegt.

Ég öfunda ekki þá ágætu samningamenn, tvö til fjögur ofurmenni sem senda á í það verkefni fyrir okkur að reyna að bjarga þarna þjóðarhagsmunum þegar í húfi eru hundruð og aftur hundruð milljarða, hvernig til tekst. Það er ekki lítil ábyrgð lögð á herðar þeirra, ég held að það sé eins gott að bakka þá upp. Það er því miður ekki gert með þessu og það er enginn efi í mínum huga að langvænlegast er að vísa málinu frá og senda þar með gagnaðilum okkar þau skilaboð að þjóðþingið fallist ekki á þetta svona og framkvæmdarvaldið verði að gjöra svo vel og mæta til leiks með það ósköp einfaldlega að það hafi ekki fengist heimild á löggjafarsamkomunni fyrir því að leiða málið til lykta á þessum forsendum. Það sé einfaldlega allt of mikil hætta á því að út úr því komi nánast óviðráðanlegar byrðar fyrir íslenskan þjóðarhag á komandi árum og það getum við ekki undirgengist.

Það er því meira en til mikils mælst að ríkisstjórnin skuli ætlast til þess að Alþingi fái henni galopið samningsumboð til að leiða þetta mál til lykta í ljósi þessara gríðarlegu skuldbindinga til framtíðar fyrir íslenska ríkið og íslenskan almenning, skattgreiðendur í landinu, svo nemi fleiri hundruðum milljarða kr. á ársgrundvelli.

Ég ætla ekki að vera með hrakspár eða hræða menn í sjálfu sér út frá því, og lengi vill maður vona hið besta, en eitthvað segir mér að það sé ákaflega mikil hætta á því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gæti á endanum farið nærri lagi að kannski lenti helmingurinn eða svo af þessum reikningi á okkur. Bjartsýnar vonir um að það verði ekki nema fjórðungur eða þriðjungur eru ekki studdar miklum gögnum þegar betur er að gáð. Fáist ekki mjög hagstæð lán, vaxtalaus, þá byrja vextir af 640 milljörðum kr. að tikka strax á næsta ári og gera svo þangað til að reikningurinn fer að lækka með þeim eignum sem koma út úr búunum sem nú er upplýst að vænlegast sé að reyna að hanga á í kannski þrjú, fjögur, fimm ár til að þær verði að einhverjum verðmætum, því að ef þær væru losaðar núna færu þær á brunaútsölu.

Auðvitað hef ég velt því mikið fyrir mér af hverju ekki var hægt að reyna að koma málinu í þann farveg að segja við Breta: Hér eru þessar eignir í Bretlandi, hjálpið okkur að gera mat úr þeim og þá fáið þið þetta, þá munið þið njóta góðs af því á móti okkur upp í þennan reikning. Þeir ættu þannig hagsmuna að gæta í því að passa upp á að gera úr þeim verðmæti. Gallinn við undirritun þessa er m.a. sá að þrýstingurinn fer af, af því að ábyrgðin á því að borga er á endanum orðin Íslands en ekki hinna. Þannig að þeir geta látið sér í léttara rúmi liggja en ella hvað verður um þessar eignir.

Þar með er það svo, virðulegi forseti, að 2. minni hluti utanríkismálanefndar leggur til að ríkisstjórninni verði falið að taka upp samningaviðræður við deiluaðilana að nýju á

hreinu borði og leita eftir og sækja fast á um lögformlegan úrskurðarfarveg í deilumálinu og/eða samningsniðurstöðu á sanngjörnum forsendum. Í ljósi þessa leggur 2. minni hluti til að tillögunni verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá, með leyfi forseta:

„Með vísan til rökstuðnings hér að framan leggur 2. minni hluti til að Alþingi ákveði að aðhafast ekki frekar í málinu að svo stöddu og feli ríkisstjórninni að taka upp viðræður á nýjan leik og að málinu verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá."

Þá fær ríkisstjórnin einfaldlega það verkefni eða framkvæmdarvaldið hvort sem það verður að fara í málið á nýjan leik á hreinu borði. Það er niðurstaða sem aðrir hljóta að skilja. Annað eins hefur gerst í samskiptum þjóða að þjóðþing taki völdin sem það á að hafa, ekki satt? og geri það sem það telur réttast að gera í svona stöðu. Það er auðvitað mjög fáheyrt á Íslandi því að hér er hlýðnin mikil eins og við sjáum og heyrum, m.a. í umræðunum í dag. En það má fjandakornið ekki fara að líta svo á að það sé lögmál að það sé alltaf formsatriði að leggja hluti fyrir þingið og að fyrirvari um samþykki Alþingis sé alltaf formsatriði, að það komi aldrei til greina að Alþingi komist að annarri niðurstöðu en framkvæmdarvaldið hefur gert í taugaveiklun á örfáum sólarhringum og einhverri ímyndaðri nauðvörn.

Verði ekki tillaga um rökstudda dagskrá samþykkt þá mun koma til atkvæða varatillaga 2. minni hluta sem felur í sér skilyrta gildistöku samningsumboðsins til ríkisstjórnarinnar og þá þannig að samningsumboð íslenskra stjórnvalda til að ganga til viðræðna um lausn deilunnar á grundvelli hinna umsömdu viðmiða stofnist ekki fyrr en Bretar hafa aflétt frystingu á eignum Landsbankans í Bretlandi á grundvelli hryðjuverkalaga, og málin hafa þá væntanlega líka skýrst hvað varðar verðmæti þeirra eigna sem til ráðstöfunar eru og fleira í þeim dúr. Það fyndist mér algerlega svartasta lágmark að Alþingi þó gerði. Eða ætlum við virkilega að gera þetta þannig að fallast bara á þetta samningsumboð og kyngja því að við sætum enn hryðjuverkalögum af hálfu breskra stjórnvalda? Gæti ég margt sagt um það mál, ekki fáfengilega þrætu um það hverjum er um að kenna og hver sagði hvað og hvers vegna Bretar gerðu þetta, ég tel nær að kalla það þá skýringar á því, þ.e. einhverjar málsástæður Breta sem auðvitað eru engin rök fyrir. Þetta er óréttlætanlegur gerningur hvernig sem á hann er litið, algerlega fáheyrður og einsdæmi í samskiptum þjóða af þessu tagi. Það hefur aldrei gerst að t.d. eitt aðildarríkja Evrópuráðsins beiti annað aðildarríki Evrópuráðsins fantatökum af þessu tagi. (**Iðnrh.:** Það finnst ekki Evrópuráðsþingmanninum Siv Friðleifsdóttur.) Það hefur aldrei gerst, ég gef þá bara ekkert fyrir það. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé fáheyrt og ég hef reynt að koma þessu máli m.a. þar á dagskrá og það hefur fengið góðar undirtektir að þetta sé náttúrlega slík uppákoma í samskiptum siðaðra þjóða innan Evrópuráðsins að það sé óumflýjanlegt að fara ofan í saumana á því. Þessu verður auðvitað að breyta. Það má aldrei aftur gerast að ein þjóð stimpli aðra með þessum hætti, með því að blanda saman í lögum hreinum vörnum gegn hryðjuverkum og einhverjum heimildum til að grípa inn í efnahagslegar varnir og nota þær við algerlega óskyld tilvik gagnvart aðila og gagnvart landi sem aldrei hefur haft neitt og mun vonandi aldrei hafa neitt með hryðjuverk að gera. Þetta er ekki hægt.

Manni svíður það mjög að mál skuli hafa þróast þannig að stjórnvöld okkar hafi gefist upp í málinu með þessi hryðjuverkalög enn í gildi og það væru algjör lágmarksskilaboð frá Alþingi að samningsumboðið stofnaðist ekki fyrr en Bretar hefðu gjört svo vel og aflétt frystingunni á grundvelli hryðjuverkalaga og auðvitað ættu þeir að biðjast afsökunar á því í leiðinni að gera það sem þeir gerðu, það gríðarlega tjón og þann skaða sem þeir ollu okkur.

Vonandi gefast menn ekki upp á því að leita réttar síns í því máli sérstaklega sem og að Kaupþing leiti réttar síns gagnvart því hvernig það var knésett í Bretlandi. Ég held að þau málaferli séu mikilvæg, ekki aðeins til að fá fram niðurstöðuna heldur líka vegna þess að í gegnum þau fáum við færi á að rétta okkar hlut, koma sjónarmiðum okkar á framfæri. Það sem við höfum þörf fyrir að gera núna alls staðar þar sem við getum er að koma upplýsingum á framfæri um þessi mál. Það er ekki erfitt að fá fólk til að skilja sjónarmið okkar þegar það rennur upp fyrir mönnum hversu fáheyrður þessi fantaskapur í raun og veru var.

Virðulegi forseti. Við getum ekki stutt þennan gerning, ekki á nokkurn hátt eins og til hans er stofnað og innihald hans er, og verði þar af leiðandi ekki fallist á að vísa honum frá eða að lágmarki að samþykkja (Forseti hringir.) breytingartillögu okkar um skilyrta gildistöku þá munum við greiða atkvæði gegn málinu.

[17:02]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði í máli hv. þingmanns sem vekja spurningar og ekki gefst þó tími til að ræða í stuttu andsvari. Á eitt vildi ég þó sérstaklega benda. Það er hinn sérkennilegi skilningur sem hv. þingmaður virðist hafa á eðli samningaviðræðna við önnur ríki þegar hann átelur þau ummæli hæstv. forsætisráðherra og hæstv. starfandi utanríkisráðherra, hæstv. iðnaðarráðherra, að ekki verði fallist á kröfur Breta og Hollendinga opinberlega og önnur opinber ummæli þeirra þar sem þeir tala fyrir hagsmunum þjóðarinnar. Hvað í ósköpunum áttu þeir að segja í miðju samningaferlinu? Að það kæmi vel til greina að fallast á kröfurnar? Áttu þeir að segja að það kæmi vel til greina að tengja saman Icesave og málefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? Auðvitað ekki. Í miðju samningaferli tala ráðherrar auðvitað með þeim hætti að þeir gera sér grein fyrir því að á þá er hlustað í útlöndum og þeir reyna að halda lágmarkssamkvæmni á milli málflutnings hér heima og erlendis öfugt við það sem hv. þingmaður Steingrímur J. Sigfússon hefur stundum gert. Það er þessi grundvallar ... (Gripið fram í.) ja, t.d. ummæli og hinar sérkennilegu Noregsferðir hv. þingmanns þar sem er ekki mikið samræmi á milli þess sem hann segir okkur á þingi um viðbrögð Norðmanna og svo þess sem við sjáum í Noregi af viðbrögðum norskra stjórnvalda. (Gripið fram í.) Það er algerlega ljóst að ráðherrar sem eru í miðju samningaferli tala auðvitað fyrir þeim kröfum sem verið er að setja fram. Annað væru stórfelld afglöp af þeirra hendi.

[17:03]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var ósköp einfaldlega ómaklegur útúrsnúningur hjá hv. þingmanni. Ég var ekki að gagnrýna að forsætisráðherra og utanríkisráðherra hefðu talað eins og þau gerðu, að það kæmi ekki til greina að gefast upp í málinu og láta kúga sig. Ég var að gagnrýna uppgjöfina sem gengur þvert á þau ummæli. Ég hygg að hv. þingmaður geti lesið ræðu mína og þá sannfærist hann um að það var ekkert tilefni til þessa misskilnings eða þessa útúrsnúnings.

Að sjálfsögðu var ég sammála því og talaði þannig sjálfur sömu daga að þetta létum við ekki bjóða okkur. Það er ekki það sem ég er að gagnrýna. Á þeim tíma batt maður vonir við að menn mundu standa við það sem þeir sögðu og létu ekki bjóða sér þetta en það fór á annan veg. Það var það sem ég var að gagnrýna, hv. þingmaður, uppgjöfina, ekki hin fyrri ummæli.

Síðan má hv. þingmaður auðvitað, eins og hann hefur ítrekað reynt áður, reyna að gera lítið úr því að ég hafi t.d. reynt að rækta sambönd við fjármálaráðherra Noregs og fleiri ráðamenn, þar sem svo vill til að ég hef góð samskipti við, í því skyni að reyna að koma Íslandi þar að gagni, gera gagn fyrir þjóðina.

Hv. þm. Árni Páll má alveg rembast eins og rjúpan við staurinn það sem hann á eftir ólifað við að reyna að gera lítið úr því en það hefur engin áhrif á mig. Þegar Ísland er í vanda og þegar erfiðleikar steðja reyni ég að leggja mitt af mörkum á allan hátt sem ég get og geri það m.a. með því ef svo ber undir að nýta mér sambönd og kunningsskap við ráðamenn annarra landa. Ég hélt satt best að segja að það væri eitthvað til að tala vel um en reyna að gera lítið úr. Það kann að vera að hv. þm. Árna Páli Árnasyni sé mjög illa við það að við reyndum t.d. að nýta og virkja þá miklu velvild og þann stuðning sem var í Noregi við okkur sérstaklega framan af þegar rætt var um það þverpólitískt í norskum stjórnmálum að Noregur ætti að rétta Íslandi hjálparhönd. Það var meira að segja gagnrýnt að ríkisstjórnin skyldi ekki gera það einhliða úr því að ríkisstjórn Íslands mannaði sig ekki upp (Forseti hringir.) í að biðja um það. Er það þannig sem hv. þingmaður vill hafa það?

[17:06]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherrar brugðust auðvitað við þeirri aðstöðu sem upp var komin í samningaviðræðunum. Hv. þingmaður kallaði eftir því áðan að eðlilegt hefði verið í þessum samningaviðræðum að nýta sér þá samningsstöðu sem menn höfðu og kalla eftir því að viðsemjendur okkar tækju á árinni með okkur. Það er það sem samkomulagið sem liggur fyrir til staðfestingar felur í sér, þ.e. að tekið verði tillit til aðstæðna Íslands um lausn á þessu máli.

Hvað varðar hins vegar ummæli hv. þingmanns og mikinn reiðilestur varðandi Noregsævintýri hans verð ég að fá að bera af mér þær sakir að ég hafi með einhverjum hætti verið að reyna að gera lítið úr hagsmunavörslu á erlendri grund. Það sem ég var einfaldlega að vekja athygli á er að þingmaðurinn hefur orðið tvísaga í a.m.k. tveimur málum. Hann hefur sagt að það væri einfalt að fá fyrirgreiðslu frá Norðmönnum án aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Forsætisráðherra Noregs segir allt annað. Hann segir að það sé forsenda og nauðsynlegur hlekkur í því að Norðmenn komi að málum.

Hv. þingmaður segir að einfalt væri að taka upp norska krónu og byggir þar á samtölum við flokksbróður sinn, fjármálaráðherra Noregs. Svo þegar forsætisráðherra Noregs er spurður um málið af norska sjónvarpinu og fjármálaráðherrann, formaður systurflokks Vinstri grænna stendur við hliðina á honum, skellir fjármálaráðherrann upp úr við að heyra þessa spurningu um hvort Ísland geti tekið upp norska krónu. Svo fráleit er hún í huga fjármálaráðherra. Það var bara þessi tvöfeldni í framsetningu sem ég gerði að umtalsefni, að menn haldi að þeir geti sagt eitt til heimabrúks og annað í útlöndum. Þannig er það bara ekki. Það kemst upp um strákinn Tuma.

[17:08]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er kannski ástæðulaust að svara hv. þingmanni þar sem hann er genginn úr salnum þannig að ég sleppi því bara.

[17:08]

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Jón Magnússon) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 3. minni hluta utanríkismálanefndar um að tillaga þessi gangi út á það að Alþingi veiti opna heimild til samningagerðar um ábyrgð Íslands vegna svokallaðra Icesave-reikninga í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu. Þriðji minni hluti fellst ekki á slíkt opið samþykki án þess að gerðar séu eftirfarandi kröfur:

a. Að áður en til samninga verður gengið aflétti Bretar beitingu hryðjuverkalaga gagnvart íslenskum aðilum.

b. Lagt verði mat á eignatapið og Bretar bæti þann skaða sem beiting hryðjuverkalaga hefur haft á verðmæti eigna þeirra aðila sem hryðjuverkalögin bitnuðu á.

c. Bretar samþykki að þær bætur gangi til þess að greiða ábyrgðir af Icesave-reikningum og leggi fram ábyrgð breska ríkisins fyrir þeim upphæðum sem tapast hafa vegna beitingar hryðjuverkalaga.

Að þessu gerðu verði gengið til samninga um ábyrgð Íslands og að verðmæti eignasölu gangi fyrst á móti ábyrgðum sem Íslendingar taka á sig. Sá samningur sem gerður verður og kveður á um fjárskuldbindingar og greiðslur Íslendinga vegna Icesave-reikninga verði lagður í heild sinni fyrir Alþingi Íslendinga til samþykktar.

Þriðji minni hluti mælist til þess að málinu verði breytt eða það unnið með þeim hætti að látið verði reyna á framangreind skilyrði í samningum við Breta áður en gengið verður frá endanlegu samkomulagi við þá.

Í framhaldi af því höfum við lagt fram tillögu til rökstuddrar dagskrár þar sem vísað er til þess að málinu verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá. Ég geri grein fyrir því hér aðeins síðar.

Virðulegi forseti. Sú þingsályktunartillaga sem hér ligg-

ur fyrir kveður á um það að Alþingi ályktí að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu. Það liggur fyrir að samningar eru komnir í gang, það hefur verið unnið í þeim en þarna er spurningin um að leiða þá til lykta. Þá er spurningin: Á hvaða stigi eða hvernig kemur það síðan þá til meðferðar eða umfjöllunar Alþingis? Var e.t.v. ekki meiningin að það mundi gerast? Það er mín skoðun að samningar verði ekki leiddir til lykta öðruvísi en að Alþingi staðfesti þá á endanum hvað þetta varðar.

Ég tek undir þau sjónarmið og þær röksemdir sem komu fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni í ræðu hans áðan varðandi það með hvaða hætti íslensk stjórnvöld hafa haldið á því máli sem um er að ræða.

Í greinargerð með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir segir, með leyfi forseta:

„Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur verið lögð áhersla á að fá úr málinu skorið fyrir viðeigandi úrskurðaraðila eða dómstól."

Áður en það kemur var sagt:

„Íslensk stjórnvöld voru ekki tilbúin til að fallast á að íslenska ríkinu bæri að ábyrgjast greiðslur til innlánseigenda ef þær færu fram úr því sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta gæti staðið undir af inngreiðslum í sjóðinn. Hafa þau haldið því skýrt til haga í öllum sínum viðræðum við stjórnvöld viðkomandi ríkja að þau telji að vafi leiki á um ábyrgð ríkja á tryggingarsjóðnum ..."

Þetta var það sem ríkisstjórnin lagði af stað með varðandi þessi mál og þessa samningagerð, hún lagði að mínu viti upp með vægast sagt vafasama lögfræðilega túlkun á skuldbindingum íslenska ríkisins varðandi innstæðureikningana.

Afleiðingunum er lýst þannig í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í athugasemdum við tillöguna varðandi lagalega stöðu málsins hafa íslensk stjórnvöld byggt á því sjónarmiði að skýr lagaskylda væri ekki til staðar um ábyrgð íslenska ríkisins ef greiðslur til innlánseigenda færu fram úr því sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta gæti staðið undir. Nefndin hefur farið yfir þau lögfræðilegu álitaefni sem málið snýst um og ljóst er að önnur aðildarríki EES-samningsins eru ekki sammála skilningi íslenskra stjórnvalda um að óvissa ríki að þessu leyti. Hugmyndir um að úr þessu yrði skorið fyrir hlutlausum úrskurðaraðila eða dómstól hafa ekki náð fram að ganga í viðræðum aðila."

Það er ljóst að íslensk stjórnvöld töfðu allt eðlilegt samningaferli og eðlilegar viðræður og fengu í raun upp á móti sér öll ríki EES þannig að með því að hanga í vafasamri lögfræðilegri túlkun tókst íslenskum stjórnvöldum að snúa málum með þeim hætti að samúð með Íslendingum og málstað þeirra varði enginn. Þess eru í raun fá dæmi að þjóð eins og Íslendingar hafi lent í slíkum hremmingum og það verður að telja í sjálfu sér mjög sérstakt að þannig skuli hafa verið haldið á málum.

Þá komum við að þeim þætti sem lýtur sérstaklega að Bretum og var töluvert til umræðu hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni hér áðan, þ.e. beitingu Breta á hryðjuverkalögunum gagnvart íslenskri þjóð. Bretar beittu ekki ákvæðum hryðjuverkalaganna gegn Landsbanka Íslands til að byrja með, heldur náði þetta til allra eigna, alls sem til var, eins og seðlabankastjóri upplýsti m.a. á fundi með viðskiptanefnd Alþingis í gær. Þannig var staðan. Það hefur ekki fengist haldgóð skýring frá Bretum á því hvað gat réttlætt það að hryðjuverkalögunum var beitt gagnvart Íslendingum. Seðlabankastjóri hefur ekki fengist til að upplýsa það þrátt fyrir að hafa verið ítrekað spurður um það, síðast í gær á fundi viðskiptanefndar, hvað í raun hafi valdið því að hryðjaverkalögunum var beitt af hálfu Breta. Í ræðu seðlabankastjóra nokkru áður hélt hann því fram að hann hefði vitneskju um það af hverju hryðjuverkalögunum var beitt.

Eftir því sem næst verður komist og best verður greint er engin, og var engin, forsenda fyrir því af hálfu Breta að beita Íslendinga, bandalagsþjóð sína í NATO og bandalagsþjóð sína á Evrópska efnahagssvæðinu, hryðjuverkalögunum með þeim hætti sem gert var. Okkur í þingflokki Frjálslynda flokksins finnst mikilvægt og nauðsynlegt að gengið verði frá því máli og úr því skorið áður en samningar verði leiddir til lykta um ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum og frá þeim gengið vegna þess að þarna er um að ræða svo mikilvægt atriði hvað það varðar.

Spurning sem hlýtur þó að vakna er þessi: Getur verið að íslensk stjórnvöld, Seðlabanki eða einstakir ráðherrar í ríkisstjórn hafi valdið því með einum eða öðrum hætti að til þessara aðgerða var gripið af hálfu breskra stjórnvalda? Slík skýring verður þá að koma fram af þeirra hálfu en þó að reynt verði að skýra það með einhverjum hætti liggur samt ekkert fyrir sem réttlætt getur að hryðjuverkalögunum var beitt eða að þeim sé viðhaldið. Meðan ein þjóð beitir slíkum afarkostum verður ekki um það að ræða að unnt verði að ganga til eðlilegra samninga við þau skilyrði. Eins og bent var á áðan yrðu það þá nauðungasamningar og ekki verður á það fallist að það væri eðlilegt að hafa þann hátt á að ganga frá málum undir þeim skilyrðum og því oki.

Það hefur verið mjög á reiki, virðulegi forseti, um hvaða skuldbindingar verið væri að semja, hvað í raun væri um að ræða. Hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður utanríkismálanefndar, gat þess í ræðu sinni áðan að svo gæti farið að ábyrgðin sem félli á Íslendinga vegna innstæðutryggingganna næmi hugsanlega 150 milljörðum kr. en sagði líka að hugsanlega gæti farið svo að ekki yrði um neinar skuldbindingar að ræða, ábyrgð Íslendinga vegna innstæðutryggingganna gæti þess vegna verið að íslenska ríkið þyrfti ekki að greiða eitt eða neitt. Miðað við þau orð hv. formanns utanríkismálanefndar hlýtur maður að velta fyrir sér hvernig á því gat staðið að íslenska ríkisstjórnin, sem hefði átt og átti að vita hvernig málum væri komið og um hvaða skuldbindingar gæti verið að ræða varðandi þessa innstæðureikninga, hætti. Hún fór út í það að kalla yfir sig reiði allra bandalagsþjóða okkar á Evrópska efnahagssvæðinu og annarra þjóða sem skipta okkur máli með þeim þvergirðingshætti sem ég rakti að hefði verið hafður í frammi af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar varðandi það að vísa stöðugt til ákveðinnar lagalegrar túlkunar á innstæðutryggingum miðað við þann tryggingarsjóð sem átti að koma upp.

Það er náttúrlega með ólíkindum ef það er hugsanleg niðurstaða að ábyrgð okkar sé í raun engin samkvæmt þeim

innstæðutryggingum sem hér er um að ræða. Í sjálfu sér er hægt að skilja að þegar um er að ræða eignir banka sé spurningin hversu mikið fæst fyrir þær. Hætt er við að verðmæti þeirra rýrni þeim mun lengur sem dregst að tryggja eignirnar án þess að ráðstafanir séu gerðar. Þar af leiðandi gæti mikilvægur tími og peningar hafa glatast vegna þeirrar glapræðisferðar sem íslensk stjórnvöld hafa farið í varðandi þessi mál. Þá hlýtur maður að spyrja: Getur verið að miðað við þær upplýsingar sem verið er að gefa í dag gætu skuldbindingar Íslands og ábyrgð íslensks ríkissjóðs orðið 150 milljarðar eða jafnvel engar? Ef gengið hefði verið í málin af festu strax hefði verið alveg ljóst að ábyrgð Íslendinga hefði engin orðið, ef menn hefðu ekki farið í þá vonlitlu eða vonlausu vegferð sem íslensk stjórnvöld fóru í upphafi þessa máls í viðskiptum sínum við Evrópuríkin.

Þó að full ástæða og full þörf sé til að ná samningum við bandalags- og vinaþjóðir okkar stendur samt sem áður eftir eitt atriði, það að sú ein þjóð sem þarna kemur að málum, og það verulega, hefur beitt okkur afarkostum, beitt okkur hryðjuverkalögum og meðan svo er er ekki unnt að fara í samninga nema gegn þeim skilyrðum sem ég rakti áðan í nefndaráliti 3. minni hluta.

Þar af leiðandi er gerð tillaga um rökstudda dagskrá svohljóðandi:

„Með vísan til þess sem kemur fram í nefndaráliti 3. minni hluta utanríkismálanefndar er lagt til að Alþingi hafni því að svo stöddu að veita opna heimild til samningagerðar um ábyrgð Íslands vegna svokallaðra Icesave-reikninga í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu án þess að gerðar séu eftirfarandi kröfur:

a. Að áður en til samninga verður gengið aflétti Bretar beitingu hryðjuverkalaga gagnvart íslenskum aðilum.

b. Lagt verði mat á eignatapið og Bretar bæti þann skaða sem beiting hryðjuverkalaga hefur haft á verðmæti eigna þeirra aðila sem hryðjuverkalögin bitnuðu á.

c. Bretar samþykki að þær bætur gangi til þess að greiða ábyrgðir af Icesave-reikningum og leggi fram ábyrgð breska ríkisins fyrir þeim upphæðum sem tapast hafa vegna beitingar hryðjuverkalaga.

Í ljósi þessa samþykkir Alþingi að aðhafast ekki frekar í málinu að svo stöddu og fela ríkisstjórninni að látið verði reyna á framangreind skilyrði í samningum við Breta áður en gengið verður frá endanlegu samkomulagi við þá og málinu verði vísað frá og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vil í lokin, virðulegi forseti, aðeins víkja að þeim umræðum sem urðu hér áðan milli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og hv. þm. Árna Páls Árnasonar vegna hugmynda og aðgerða í sambandi við það að koma hugsanlega betri stjórn á íslensku gjaldeyrismálin sem bæði ég og hv. þm. Árni Páll Árnason erum gjörsamlega sammála um að brýna nauðsyn beri til að gera. Ég get ekki fallist á það að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi farið fram með óeðlilegum hætti þegar hann leitaði eftir því hvort möguleiki væri á því að tengjast öðrum gjaldmiðli. Ég legg á það mikla áherslu að það skiptir máli fyrir okkur í þessu minnsta myntkerfi í heimi að við getum horfið frá því að vera með íslenska krónu á floti en getum tengst öðrum gjaldmiðli, hvort heldur það er norska krónan eða önnur alvörumynt, til þess að eyða þeim óstöðugleika og erfiðleikum sem við eigum við að stríða og sem íslenskt viðskiptalíf kemur til með að eiga við að stríða og íslensk heimili með því að hafa kerfið með þeim hætti sem við höfum.

Að búa við óréttláta verðtryggingu er óásættanlegt, að búa við það að heimilin í landinu þurfi að verða jafnvel gjaldþrota eða lenda í gríðarlegum greiðsluerfiðleikum af því að við getum ekki boðið venjulegu fólki upp á eðlileg lánakjör, upp á þau lánakjör sem bjóðast hvar sem er annars staðar í okkar heimshluta er óásættanlegt. Þegar við erum komin út í það samevrópska umhverfi sem við búum við í dag er það skylda okkar að geta búið borgurum okkar eðlilegt umhverfi, það sé sambærilegt við það sem gerist annars staðar í okkar heimshluta. Ef við gerum það ekki missum við eðlilega besta fólkið úr landinu, það er nú bara þannig, og það eru þeir alvarlegustu hlutir sem við horfumst í augu við. Einn versti óvinur stöðugleika og afkomu heimilanna er að hafa ekki gjaldmiðil sem hægt er að treysta í skammtíma- og langtímaviðskiptum. Það verður aldrei stöðugleiki í þessu landi meðan við höfum ekki slíkan gjaldmiðil, það er í raun forsenda framþróunar í landinu að við náum þeirri skipan.

Ég hef flutt þingsályktunartillögu ásamt tveimur öðrum þingmönnum Frjálslynda flokksins, þeim Grétari Mar Jónssyni og Guðjóni Arnari Kristjánssyni, um að skoða beri þessi mál sérstaklega með hugsanlegum viðræðum við norsk stjórnvöld svo og við önnur stjórnvöld varðandi það að koma betri skipan á gjaldmiðilsmál okkar og tengjast öðrum gjaldmiðli.

Þetta var ákveðinn útúrdúr, virðulegi forseti, sem ég biðst velvirðingar á. Ég ítreka þau sjónarmið sem ég hef gert hér að umtalsefni og varðandi þá rökstuddu dagskrártillögu sem hér var flutt fram.

[17:26]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum nú felur í sér að Alþingi vísi veginn fram á við um hvernig við nálgumst lausn á hinni svokölluðu Icesave-deilu. Hér er um flókið og erfitt mál að ræða þegar við stöndum frammi fyrir því að þurfa að taka á innstæðutryggingum vegna útibúa íslenskra banka í öðrum löndum sem þeir hafa stofnað til og þegar skuldbindingarnar eru umfram það sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda hér á landi getur ráðið við að greiða.

Í reglukerfi Evrópusambandsins sem við erum aðilar að að þessu leyti er ákvörðun um að opna útibú í öðru landi ámóta einföld og að opna útibú innan lands. Það er því ekki á valdi Fjármálaeftirlits hér á landi að meina íslenskum bönkum að opna útibú erlendis nema þeir hafi beinlínis ekki greiðslugetu eða ekki efnahagslega burði til þess með sama hætti og ef þeir ætluðu sér að opna útibú á Patreksfirði og hefðu ekki til þess burði.

Við þessar aðstæður skapast auðvitað skuldbindingar á Tryggingarsjóð innstæðueigenda. Það er úrlausnarefni í þeirri rannsókn sem fram undan er að kanna til hlítar tildrög þessa hruns alls og þá líka með hvaða hætti við hefðum mögulega getað gripið inn í þessa þróun fyrr. Ég hef sagt það áður og segi það enn að ekki verði tekin hin rekstrar-

lega ábyrgð af forstjórum og forsvarsmönnum Landsbankans sem réðust í þessa útrás. Það er þeirra ákvörðun að safna þessum skuldbindingum erlendis og það er þeirra ákvörðun að auka mjög á umfang þessara skuldbindinga eftir að þeim var gert viðvart af hálfu íslenska fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið vildi að þeir drægju úr þessum skuldbindingum og kæmu þeim fyrir í dótturfélagi erlendis þannig að Tryggingarsjóður innstæðueigenda hér á landi stæði ekki til ábyrgðar af skuldbindingunum. Það er með öðrum orðum ábyrgð stjórnenda Landsbankans að ganga fram með þessum hætti. Ábyrgðin verður ekki af þeim tekin eða henni létt af þeim og fyrir hana verða þeir auðvitað að svara. Þar liggur stærsta ábyrgðin í þessu máli. Það er virkilegt vafamál þegar horft er til baka hvort heilbrigðar forsendur voru fyrir þessari þenslu í opnun innlánsreikninga, þessum gríðargóðu kjörum sem Landsbankinn bauð eða hvort menn voru þar einungis að fresta óumflýjanlegu hruni bankans. Það verður framtíðarrannsókn að skera úr um og óþarfi er að staldra við það mikið meira hér og nú.

Því hefur verið stillt upp í umræðunni að um einfalt lögfræðilegt úrlausnarefni sé að ræða í Icesave-málinu og hægt sé með einhverjum einföldum lögfræðirökum að finna lausn á því máli, það sé frekar skýrt að íslensk stjórnvöld þurfi ekki að axla bakábyrgð vegna innstæðutrygginga sem eru umfram það sem er í Tryggingarsjóði innstæðueiganda.

Ég vil í þessu sambandi benda sérstaklega á ágæta grein í *Fréttablaðinu* í dag eftir Helga Áss Grétarsson lögfræðing þar sem hann fjallar um báðar hliðar Icesave vegna þess að við höfum haft tilhneigingu til þess í umræðu undanfarinna vikna að gera heldur mikið úr okkar málstað og heldur lítið úr öðrum sjónarmiðum sem máli skipta. Það er gríðarlega erfitt að finna því ótvíræðan lögfræðilegan stað að Ísland beri ekki þessa ábyrgð. Það er vissulega sjónarmið sem má halda fram um að tilskipunin leggi ekki ótvíræðar skyldur á hendur íslenskum stjórnvöldum að þessu leyti en á hinn bóginn er ljóst að með tilskipuninni er sett á fót heildstætt innstæðutryggingarkerfi í öllum EES-ríkjum. Grundvallarforsenda þess að það virki er sú að almenningur geti reitt sig á að innlánseigendur fái þessar 20.887 evrur alveg óháð öllu öðru. Ef ríki ætlar að komast undan því að bera þessa ábyrgð gagnvart innlánseigendum í öðrum ríkjum á grundvelli þess að sett hafi verið á fót innlánstryggingakerfi en peningarnir dugi einfaldlega ekki til, kollvarpar sú einfalda staðreynd kerfinu. Það er þessi vandi sem veldur því að það er alls ekki hægt að segja að það sé lögfræðilega einhlítt að íslensk stjórnvöld beri ekki ábyrgð á þeim skuldbindingum sem risið hafa vegna starfsemi íslensku bankanna erlendis. Það var auðvitað íslenskra stjórnvalda að endurmeta þörfina fyrir framlög í innstæðutryggingarsjóðinn eftir því sem skuldbindingunum óx fiskur um hrygg og var þá eftir atvikum ástæða fyrir Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka að taka harðar á málum. Seðlabankinn gekk í hina áttina með því að afnema bindiskyldu á útibúum jafnvel á þessu ári.

Lögfræðileg staða í þessu máli er ekki einhlít og það er ekki svo að hægt sé með einhverri vissu að staðhæfa að íslensk stjórnvöld þurfi ekki að axla þessa ábyrgð, þvert á móti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kallaði eftir því í máli sínu áðan að íslensk stjórnvöld hefðu átt að haga sér með þeim hætti í samningaviðræðunum að fá önnur ríki til að taka á byrðunum með okkur í ljósi þess að það varðar þau auðvitað miklu að ekki komi upp óvissa um gildi innstæðutryggingarkerfisins í heild. Í krafti þeirrar staðreyndar ættum við að hafa sagt við viðsemjendur okkar: Þið skuluð þá koma að málinu með okkur og leysa það með okkur. En hv. þingmaður horfir fram hjá því að það er nákvæmlega það sem gert hefur verið af hálfu íslenskra stjórnvalda í þessum samningi og að þau umsömdu viðmið sem hér liggja fyrir þinginu til staðfestingar fela nákvæmlega ekkert annað í sér en það. Forsendan fyrir frekari samningaviðræðum er tvíþætt: Annars vegar að Ísland viðurkenni það sem augljóslega er þjóðréttarskylda okkar sem er að tryggja að innstæðutryggingarkerfið virki hér eins og í öðrum ríkjum Evrópusambandsins og hins vegar að ríki komi að málum með okkur og taki á því með okkur í ljósi sérstakrar og fordæmislausrar stöðu að finna lausn á þessu máli. Það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að kalla eftir er nákvæmlega það sem er búið að gera, þ.e. fá viðsemjendur okkar að borðinu til að vinna með okkur að lausn til að verja hag allra. Hins vegar er það alveg ljóst að bakábyrgðin á þessu máli og á lúkningu skuldbindinganna fellur samkvæmt þessum skilningi á íslenska ríkið. Íslenska ríkið þarf svo að gangast í ábyrgð en fær á móti aðgang að þeim eignum sem geta staðið til lúkningar kröfunni.

Það gætir líka nokkurs misskilnings hvað annað hefði verið hægt að gera í þessari stöðu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að ræða það opinskátt vegna þess að hér hefur verið látið að því liggja í umræðunni að með þessum umsömdu viðmiðum hafi íslensk stjórnvöld að einhverju leyti afsalað réttarstöðu Íslands sem það hefur haft. Svo er ekki, Ísland hefur ekki fallist á með neinum hætti að það geti ekki við aðrar aðstæður borið fyrir sig lögfræðisjónarmið um takmarkaða ábyrgð á innstæðutryggingum sem íslensk stjórnvöld hafa þegar sett fram, alls ekki. Það sem maður horfðist einfaldlega í augu við var sá sameiginlegi skilningur annarra Evrópusambandsríkja og EES-ríkja, þar með talið Noregs, bestu vina okkar og félaga í EES, að í afstöðu Íslands fælist að Íslendingar væru að víkja sér undan ábyrgð á því að viðurkenna að innstæðutryggingarkerfið virkaði hér með sama hætti og annars staðar í EES-ríkjum.

Í því felst, að áliti þessara ríkja, brot Íslands á EES-samningnum. Þess vegna er það engin hótun, misbeiting valds, kúgun eða eitthvað slíkt, eins og lá í orðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar áðan, sem felst í afstöðu Evrópusambandsins. Það er einfaldlega mat aðildarríkja Evrópusambandsins og frænda okkar í Noregi að í þessu felst að Ísland uppfylli ekki skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum. Við þær aðstæður kvikna þau úrræði sem samningurinn kveður á um. Þá þarf að vísa ágreiningsefni um framkvæmd samningsaðila til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem getur með sameiginlegri ákvörðun vísað málinu til Evrópusambandsdómstólsins í kjölfarið. Fyrir því er ekki vilji af hálfu Evrópusambandsríkjanna því að þau telja að viðurkenning á því mundi setja í hættu fjárhagslegan stöðugleika í Evrópu. Þá vakna einfaldlega heimildir aðildarríkjanna til að beita sérstökum aðgerðum til að bregðast við þessu broti. Við þessar aðstæður blasti við að EES-samningurinn væri að hluta eða í heild í uppnámi, hann væri í hættu.

Maður hlýtur að spyrja sig í ljósi atburðarásar undanfarinna vikna þar sem mjög hefur riðið á að koma á stöðugleika aftur í samfélaginu, fá lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, byrja að koma málum í horf, setja löggjöf sem gerir það kleift að koma á takmörkuðum gjaldeyrisviðskiptum aftur: Halda menn í alvöru að það hafi verið raunsær valkostur að gera ekkert af þessu, halda áfram að vera í styrjöld við okkar nánustu nágranna og bandalagsríki, ljúka ekki málum gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, halda áfram lagaþrætum á vettvangi EES og tefla EES-samstarfinu í hættu? Í hvaða heimi lifa þeir þingmenn sem telja að það sé raunsær valkostur við þær aðgerðir sem við höfum ráðist í á undanförnum vikum? Það liggur ljóst fyrir að við höfum haft ýmislegt annað og betra við tíma okkar að gera að undanförnu en að hefja lögfræðistyrjöld við aðildarríki Evrópusambandsins þar sem enginn er sammála okkur og við sjáum það. Langlíklegasta lausnin er að ESB-ríkin beiti tafarlaust tækjum sínum samkvæmt EES-samningnum til að taka hann úr sambandi að hluta eða í heild. Draumsýnin og draumórarnir mega ekki byrgja mönnum sýn á hvað var raunverulega hægt að gera í þeirri stöðu sem upp var komin.

Hinar upphaflegu kröfur Hollendinga og Breta hljóðuðu upp á mjög víðtæka ábyrgð íslenskra stjórnvalda á öllum innstæðum, líka heildsöluinnlánum og hljóðuðu líka upp á að íslensk stjórnvöld ábyrgðust innstæður alveg upp í topp. Settar voru fram ríkar kröfur um hvernig að þessu yrði staðið og býsna mikil óbilgirni sýnd. Það sem eftir stendur, að samningar náðust á vettvangi EES-samningsins með aðkomu formennsku ríkis Evrópusambandsins, er á hinn bóginn samkomulag sem felur í sér að við setjumst að borðinu, öxlum það sem upp á vantar að til sé fyrir lágmarksinnstæðutryggingunni. Við fáum í hendurnar þær eignir sem bankarnir áttu erlendis og munu ganga til lúkningar þessum skuldum og samningar um lánakjör og önnur sjónarmið taka mið af fordæmislausri stöðu Íslands, þeim miklu erfiðleikum sem íslensk þjóð stendur frammi fyrir. Ég held að öllum sanngjörnum mönnum hljóti að vera skiljanlegt að náðst hefur mikill árangur. Hér hafa náðst forsendur fyrir því að við vinnum okkur út úr þessum vanda og við leggjum grunn að lausn þar sem við tökum á okkur þær byrðar sem eðlilegt má teljast að við öxlum í ljósi aðstæðna, í ljósi tildraga málsins og í ljósi þess regluumhverfis sem við búum við.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lagt fram í frávísunartillögu Vinstri grænna tillögu um að samningsumboð verði tengt því að Bretar aflétti hryðjuverkalöggjöfinni gagnvart Íslandi. Ég tel að það sé fullkomið glapræði að fara að tengja í samningum við Evrópusambandið og aðildarríkin sem um ræðir það sérstaka mál sem lýtur að óréttmætri beitingu breskra stjórnvalda á hryðjuverkalöggjöf gagnvart Íslandi. Við viljum auðvitað ekki bjóða heim þeirri hættu að bresk stjórnvöld taki okkur þá á orðinu og segi: Við skulum þá ekki semja nema þið fallið frá kröfum um að bera hryðjuverkalöggjöfina undir dómstóla. Það viljum við náttúrlega ekki þannig að ég held að það væri fráleit samningaaðferð af Íslands hálfu að byrja á því að tengja saman beitingu hryðjuverkalöggjafarinnar og þetta tiltekna mál. Það þjónar sannarlega ekki íslenskum hagsmunum. Við eigum að nálgast þetta mál á þeim forsendum sem það byggir á sem er einvörðungu lágmarksinnstæðutryggingin samkvæmt tilskipuninni og sækja svo rétt okkar á hendur breskum stjórnvöldum vegna beitingar hryðjuverkalöggjafarinnar þar fyrir utan. Það er sjálfstætt mál og það er glapræði að tengja þessi tvö mál saman.

Virðulegi forseti. Ég tel að umfjöllunin um málið í nefndinni hafi skýrt það mjög. Með samþykkt þessarar tillögu — vonandi á eftir — veitir þingið ákveðinn pólitískan stuðning við þá lausn sem stjórnvöld leggja til að farin verði. Framgangur samningaviðræðna er í höndum framkvæmdarvaldsins eins og vera ber samkvæmt stjórnarskrá og landslögum. Eins og fram kemur í þingsályktunartillögu er það ætlan utanríkisráðherra að málin komi síðan fyrir Alþingi eftir því sem stjórnskipulegar þarfir kalla á. Jafnframt liggur ljóst fyrir að samráð verður haft við utanríkismálanefnd um framgang samningaviðræðnanna í samræmi við 24. gr. þingskapalaga. Það er sérstakt fagnaðarefni að hér skuli mál vera lagt fyrir með sérstökum hætti í þingsályktunartillögu fyrir þingið umfram það sem lagaskylda kveður á um, umfram það sem stjórnarskrá kveður á um til að tryggja að hér geti farið fram opin, lýðræðisleg umræða um málið þar sem allar hliðar þess eru leiddar í ljós og til að styrkja hið pólitíska umboð sem stjórnvöld hafa þá til lausnar á málinu.

[17:45]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þótti svolítið athyglisvert að hlusta á hv. þm. Árna Pál Árnason. Tökum sem dæmi að hv. þingmaður mundi keyra um á 190 km hraða, klessir á, stígur að vísu út úr bílnum lifandi og svo sparkar hann í bílinn — þetta er meiri druslan, allt bílnum að kenna. Er ekki svolítið svipað það sem verið er að gera núna varðandi starfsmenn Landsbankans? Við vorum að segja að þetta væri allt þeim að kenna, yfirmönnum og starfsmönnum Landsbankans.

Ég man ekki betur en nánast allt sem ég sá skrifað um Landsbankann segði að staða bankans væri mjög góð. Bankinn var talinn traustastur af þeim bönkum sem við áttum á Íslandi. Það liggja meira að segja fyrir plögg frá Fjármálaeftirlitinu þar sem einmitt er talað um hvað staða bankans sé sterk. Ég sjálf átti síðan samtal við starfsmann Glitnis viku áður en bankarnir fóru á hausinn þar sem starfsmaður Glitnis viðurkenndi að væntanlega væru minnstar líkur á því að Landsbanki Íslands mundi fara á hausinn af því að hann væri svo vel rekinn.

Mér finnst líka mjög einkennilegt að heyra frá hv. þingmanni að hann talar svona um starfsmenn bankans en samt sem áður er núverandi bankastjóri hins nýja Landsbanka fyrrum stjórnandi í gamla Landsbanka. Það þótti eðlilegt og í lagi. Sú aðgerð var samþykkt af kannski mestu klappstýru allrar fjármálavitleysunnar, hæstv. viðskiptaráðherra Björgvin G. Sigurðssyni. Hann klappaði svo mikið fyrir þessu að vefsíðan hans varð bara að týnast. Mér finnst því mjög einkennileg þessi umræða um að sumir eigi að bera ábyrgð en greinilega ekki allir.

[17:47]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki að segja að starfsmenn

Landsbankans bæru ábyrgð á þessu. Það sem ég sagði var að forsvarsmenn Landsbankans kusu að fara þessa leið til að afla fjár. Þeir settu miklar byrðar á tryggingarsjóð umfram getu sjóðsins. Athugasemdir við framgang þessa máls voru gerðar af hálfu Fjármálaeftirlitsins svo snemma sem í febrúar. Þeir áttu þá ekki eignir til að koma yfir í dótturfélag til að koma þessum skuldbindingum í skjól en héldu samt áfram að auka á skuldbindingarnar. Þetta eru allt rekstrarlegar ákvarðanir sem þeir tóku og verða að bera ábyrgð á. Þeir vissu að það var afstaða Fjármálaeftirlitsins að ekki væri afsakanlegt að halda áfram að leggja þessar byrðar á tryggingarsjóðinn. Þeir héldu því samt áfram og bættu frekar í ef eitthvað var, juku umsvif sín í Hollandi. Þetta er ákvörðun sem þeir tóku og þeir verða að bera ábyrgð á henni. Skipstjóri sem veit að hann er ekki með björgunarbát tekur ákvörðun um hvort hann leggi út á djúpsævi með ósynt fólk. Hann verður að meta aðstæðurnar. Það má auðvitað gagnrýna hvort eftirlitið hefði ekki átt að tryggja að björgunarbáturinn væri í bátnum en það er ekki eftirlitið sem siglir bátnum heldur skipstjórinn. Það er það sem ég er einfaldlega að segja.

Það er ekki rétt sem hv. þingmaður segir að alltaf hafi verið ólíklegast að Landsbankinn færi. Það var alltaf ólíklegast að Kaupþing færi. Kaupþing hefur alltaf staðið langbest hjá okkur af þessum þremur bönkum en látum það liggja á milli hluta. Fjármögnun Landsbankans síðasta ár hvíldi nær alfarið á þessum reikningum og eftir á að hyggja, ég er ekki að segja að það hafi endilega verið öllum ljóst fyrir fram, hlýtur auðvitað að vera mikið (Forseti hringir.) álitamál hvort þarna hafi ekki verið teflt um of á tæpasta vað.

[17:49]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held ég verði að leiðrétta hv. þm. Árna Pál Árnason. Ég man ekki betur en það hafi einmitt verið þannig að þegar talað var um þungt álag á bönkunum hafi Landsbankinn komið almennt best út úr því en Kaupþing verst, vegna þess að það hafi verið meiri áhætta að fjárfesta í Kaupþingi en Landsbankanum.

Ég vil líka taka upp punkta sem hv. þingmaður nefndi í lok ræðu sinnar þar sem hann talaði um breytingartillögu sem hefur komið fram frá Vinstri grænum. Mér líst ágætlega á þá tillögu vegna þess að mér finnst það skipta mjög miklu máli að við komum ekki algerlega á hnjánum inn í þessa samninga, að það komi fram að við gerum þessa kröfu og viljum losna við þessi lög. Lögin eru fáránleg og mjög ósanngjörn og það hlýtur að vera ein af grundvallarkröfunum sem koma frá Alþingi Íslendinga að hryðjuverkalögum sé ekki beitt gagnvart þjóð sem er ekki einu sinni með her. Ég held að við öll sem búum á Íslandi höfum ekki vitað hvað var í gangi þegar þetta gerðist.

Mér finnst ástæða til að hv. þingmaður svari af hverju hann telji svo slæmt að setja þetta inn, hvort ekki sé eðlilegt að Alþingi setji sín fingraför á þessa tillögu.

[17:51]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var mjög góð athugasemd hjá þingmanninum. Alþingi á að sjálfsögðu að láta koma skýrt fram að það styðji stjórnvöld í því að berjast gegn þessari beitingu hryðjuverkalöggjafarinnar og ég held að alþingismenn hafi reynt að gera það. Síðast reyndum við að kroppa upp úr formanni bankastjórnar Seðlabankans vitneskju sem hann þykist hafa. Maður er nú farinn að halda að það sé bara dryldnislegur leikur lítils stráks að reyna að látast vita eitthvað sem hann veit ekki neitt um bara til að beina að sér athygli í svartasta skammdeginu.

Það er ekki eins og við höfum ekki reynt að styðja ríkisstjórnina í því að andmæla beitingu hryðjuverkalaganna. Ég held að það sé mjög misráðið að tengja þetta við Icesavemálið eða lausn á innstæðutryggingunum. Ef við segjum að hluti af vandamálinu sé beiting hryðjuverkalaganna getum við ekki staðið gegn því að viðsemjendur okkar segi að þá hljóti beiting hryðjuverkalaganna líka að vera hluti af lausninni. Í því opnuðum við þá fyrir það að viðsemjandinn mundi segja: Ja, þá skuluð þið falla frá fyrirvörum og rétti ykkar til að bera þetta undir dómstóla — ef þið eruð á annað borð að koma hér inn með álitamál um beitingu hryðjuverkalaganna er skilyrði frá okkar hendi að þið fallið frá rétti ykkar til að bera það fyrir dómstóla.

Þess vegna held ég að það væri mjög misráðið að blanda þessu tvennu saman. Beiting hryðjuverkalaganna er mál sem við eigum að sækja sérstaklega á hendur breskum stjórnvöldum, fyrir breskum dómstólum þess vegna. Við eigum líka að sækja það sérstaklega á vettvangi Evrópusambandsins og innan EES (Forseti hringir.) en ég held að það sé misráðið að blanda þessu tvennu saman.

[17:53]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef hlýtt á ræðu hv. þingmanns. Hann slær í og úr um hvort okkur beri að borga þessa Icesavereikninga, stundum er hann með því, stundum er hann á móti því o.s.frv. Hann er þó greinilega ekki sammála Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta, sem segir í frétt í *Vísi* 21. nóvember að ekki sé hægt að ætlast til þess að hinn breski skattgreiðandi verði tryggjandi til þrautavara, enda er sá ágæti maður búinn að biðja um að innstæðutryggingarkerfi Evrópu verði endurskoðað.

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Getur verið að Íslendingum beri að borga þessa reikninga? Það er í andstöðu við stjórnarskrána af því að það má ekki ráðstafa peningum úr ríkissjóði Íslands nema með fjárlögum. Það gengur ekki að einhver maður leggi peninga inn í Bretlandi eða Hollandi og þar með sé komin ríkistrygging á þeim peningum hjá einhverjum einkabanka.

Hv. þingmaður talaði ekkert um kúgun Evrópusambandsins á Íslendingum, þ.e. að Bretar og Hollendingar fengu Evrópusambandsríkin öll sem eitt til að kúga Íslendinga. Jafnvel hæstv. starfandi utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, hafði sagt að hann kyssti ekki vöndinn en svo kyssti hann samt vöndinn. Nú vil ég spyrja hv. þingmann: Er hann enn þá jafnákafur í að ganga í Evrópusambandið eftir að hafa kynnst því að þeir hafa akkúrat engan skilning eða áhuga á örlögum Íslendinga, hvernig þeim reiðir af? Þeir gera bara kröfur um að Íslendingar skuli borga, borga, borga og þeim kemur ekkert við hvað verður

um íslenska þjóð. Það er Evrópusambandið í hnotskurn.

[17:55]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru nokkurn veginn eins órökstuddar staðhæfingar og hægt er að hafa þær. Í upphafi samningaviðræðnanna lágu fyrir ríkar kröfur Breta og Hollendinga um greiðslu okkar á öllum skuldbindingum með sama hætti og við höfum ábyrgst innlend innlán upp í topp umfram lágmarksinnstæðutryggingarnar. Jafnframt lágu frammi harðar kröfur af þeirra hendi um hvernig staðin skyldu skil á þessum greiðslum. Eftir aðkomu Evrópusambandsins, sem hv. þingmanni er mikið í nöp við, og eftir aðkomu annarra ríkja Evrópusambandsins er búið að fá þá ofan af þessu. Forsendur samninganna eru innstæðutryggingarnar einar og berar. Forsendur samninganna eru að tekið verði tillit til sérstakrar og fordæmislausrar stöðu Íslands. Það eru forsendurnar sem gengið er út frá, hv. þingmaður. Allt tal um að af hálfu Evrópusambandsins sé ekki tekið tillit til aðstöðu Íslands í þessum efnum er fráleitt og styðst ekki við nein rök. Þvert á móti, eins og stendur í umsömdum viðmiðum sem eru fyrir framan hv. þingmann í þingsályktunartillögunni, eru forsendur samningalausnarinnar þær að tekið verði tillit til þessarar sérstöku stöðu.

Hvað varðar það að við getum vegna sérkennilegrar túlkunar hv. þingmanns á stjórnarskrárákvæðinu um að lagaheimild þurfi til ráðstöfunar fjár úr ríkissjóði og þá getum við beitt því fyrir okkur gagnvart öðrum þjóðum — þá held ég að hann sé á nokkrum villigötum í þjóðarétti. Íslensk stjórnvöld undirrita þjóðaréttarsamninga við önnur ríki og þeir eru síðan innleiddir í íslensk lög. Íslensk stjórnvöld bera sjálf ábyrgð á að þeir séu í samræmi við stjórnarskrá. Ef samningarnir eru með þeim hætti að þeir gangi umfram heimildir stjórnarskrár er það íslenskt vandamál en ekki alþjóðlegt.

[17:57]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef gluggað í þessa tilskipan Evrópusambandsins varðandi innstæðutryggingar. Þar er gert ráð fyrir að þær stofnanir sem vinna á þeim markaði, bankarnir sem taka á móti innstæðum, eiga að standa undir tryggingunum en ekki skattgreiðendur. Það er stefnubreyting hjá Evrópusambandinu að Bretar og Hollendingar settu í gang að skattgreiðendur ættu að greiða þetta. Greinilegt er að fjármálaráðherra Breta er búinn að uppgötva síðan að það gengur ekki upp að láta skattgreiðendur borga þetta. Samt fullyrðir hv. þingmaður að íslenskir skattgreiðendur eigi að borga. Hann gengur sem sagt lengra en fjármálaráðherra Breta.

Það var ekki bara að allt Evrópusambandið sameinaðist um að kúga Íslendinga — jafnvel hæstv. starfandi utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, kyssti vöndinn — heldur létu þeir okkur bíða eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í margar vikur. Það var mjög kostnaðarsamt og gerði það að verkum að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sem á að aðstoða þjóðir, skaðaði íslenska þjóð í staðinn fyrir að aðstoða hana. Það er allt gert með aðstoð þessara svokölluðu vinaþjóða okkar í Evrópusambandinu sem hafa ekki stærri skilning á Íslandi en þetta eftir að landið er búið að missa meginhlutann af bankakerfi sínu á einni viku. Það ætti eiginlega að duga þjóðinni þótt ekki sé bætt við gífurlegum skuldbindingum annars staðar frá vegna Icesave-reikninganna.

[17:59]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rangt sem hv. þingmaður ber mér á brýn að ég hafi sagt að Íslendingar ættu að borga þetta af einhverri ótvíræðri lagaskyldu. Það er bara alls ekki þannig. Ég nefndi áðan í ræðu minni, ef hv. þingmaður hefði heyrt það, að það væri mjög tvíbent hvernig þessi lagaþáttur væri.

Það er ljóst að túlkun hans mundi valda því að tilskipunin næði ekki gildi sínu. Þ.e. ef ríkið gæti sagt: Við gerðum alveg nóg til að leiða þetta í lög en það eru bara engir peningar — þá væri tilskipunin einskis virði. Hún væri einskis nýt og mundi leiða til öngþveitis á fjármálamörkuðum ef ríkið gæti með þeim hætti komist undan þeirri ábyrgð. Það stóð íslenskum stjórnvöldum næst að tryggja að innstæða væri þarna inni. Það stóð íslenskum stjórnvöldum næst að auka þá á inngreiðsluskyldu. Það stóð íslenskum stjórnvöldum næst að reyna að hafa hemil á athafnaglöðum útrásarvíkingum, líkt og forsvarsmönnum Landsbankans, eins og reynt var að gera.

Virðulegi forseti. Íslendingar geta ekki með einhverjum einföldum hætti hlaupist burt frá þessari skyldu. Hv. þingmaður nefndi áðan að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og fyrirgreiðsla hans hefði ekki orðið að veruleika vegna þessa máls. Hinn kaldi raunveruleiki málsins sem stjórnvöld stóðu frammi fyrir er að þau urðu að velja meiri hagsmuni fyrir minni. Hv. þingmaður hefur aldrei borið fram aðra lausn í þessu máli, nema hún væri þá að sitja bara og bíða, láta hin aðildarríkin taka samninginn úr gildi gagnvart Íslandi. Það hefði verið næsta skrefið vegna þess að hin aðildarríkin líta svo á að í þessu felist að Ísland tryggi ekki á réttan hátt framgang tilskipunarinnar og sé þess vegna brotlegt gagnvart EES-samningnum. Það er einfaldlega þeirra réttur að hafa þá lögfræðilegu túlkun á tilskipuninni. Ég bendi hv. þingmanni á að lesa mjög góða grein eftir Helga Áss Grétarsson lögfræðing (Forseti hringir.) í *Fréttablaðinu* í dag þar sem hann fjallar einmitt um að það eru tvær hliðar á þessu máli en ekki bara ein, eins og hv. þingmaður reynir alltaf að halda fram.

[18:01]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Það stóð íslenskum stjórnvöldum næst, sagði hv. þm. Árni Páll Árnason, að tryggja að innstæður væru fyrir í innstæðutryggingarsjóði til þess að standa undir skuldbindingunum á bak við Icesave-reikningana. Það stóð íslenskum stjórnvöldum næst að gera þetta og gera hitt, kom fram í máli hv. þm. Árna Páls Árnasonar.

Íslensk stjórnvöld stóðu sig ekki í því. Íslensk stjórnvöld höfðu ekki gripið til þeirra ráðstafana sem voru nauðsynlegar og þau máttu vita að hefði þurft að grípa til svo þessi staða kæmi ekki upp.

„Þú veist hvað sá heitir sem bregst sínu landi og þjóð“,

segir Jakobína Sigurðardóttir í einu kvæða sinna. Íslensk stjórnvöld brugðust í þessu máli. Þau gripu ekki til þeirra ráðstafana sem voru nauðsynlegar til að lágmarka þann skaða sem við stöndum nú frammi fyrir vegna Icesave-reikninganna.

Ég ætla fyrst að gera að umtalsefni það sem kom fram bæði hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni, formanni utanríkismálanefndar, og hjá hv. þm. Árna Páli Árnasyni, varaformanni utanríkismálanefndar, um að hér væri rætt mál sem þyrfti í raun ekki að bera undir Alþingi. Ríkisstjórnin hefði getað afgreitt málið sisvona og engin lagaskylda væri til að taka það til umfjöllunar á vettvangi Alþingis.

Ég ætla að leyfa mér að vera ósammála þeim um þetta atriði og finnst býsna langt seilst af hálfu þessara þingmanna að halda þessu fram.

Hér er í þingsályktunartillögu lagt til, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um.“

Hér liggur ljóst fyrir að verið er að skuldbinda ríkissjóð fyrir hundruð milljarða kr. með þingsályktunartillögunni. 600–700 milljarða kr. Að sjálfsögðu með þeirri gríðarlegu vaxtabyrði sem slíkum skuldbindingum fylgir til næstu ára. Svo koma þeir og leyfa sér að segja að ekki þurfi að bera þetta undir Alþingi.

Þetta er fullkomin ósvinna og vanvirðing við lýðræðið og jaðrar við að vera einræði sem hv. þingmenn tala hér fyrir. (**ÁPÁ:** Lestu stjórnarskrána.) U ı er að ræða skuldbindingar upp á hundruð milljarða kr. Hundruð milljarða kr., m.a. úr ríkissjóði. Ekkert gjald og engar greiðslur mega fara úr ríkissjóði nema að fyrir því sé heimild af hálfu Alþingis. Skyldi hv. þingmaður hafa gleymt því eða er þeim nákvæmlega sama? Er þeim kannski alveg nákvæmlega sama? Líður þeim svona vel að vera með þessa milljarða á herðunum sem þeir ætla að leggja á þjóðina.

Það er gott og vel. Ég hef lesið stjórnarskrána. (Gripið fram í.) Ekkert gjald má greiða úr ríkissjóði eða greiða neitt úr ríkissjóði öðruvísi en fyrir því sé heimild Alþingis. Þingmaðurinn vill kannski mótmæla því og það verður þá svo að vera. Þetta er auðvitað alveg fáránleg málsvörn af hálfu þingmannanna.

Að sjálfsögðu á að taka svona stór mál og ræða í sölum (**Gripið fram í:** Við erum að gera það.) Alþingis og fjalla um þau ítarlega. Hér er ekki fjallað neitt sérstaklega ítarlega um málið. Það verður að segjast eins og er. Tillagan fékk umfjöllun í nefnd. Nefndarálit var tekið með afbrigðum til umræðu á fundinum til að hægt væri að ljúka málinu í dag. Þetta eru óvönduð vinnubrögð.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki staðið sig í því sem þau hefðu átt að gera. Það kom fram í fjölmiðlum um miðjan nóvembermánuð að í tilskipun Evr þusambandsins ur vernd innstæðna í bönkum sé heimild til að takmarka ábyrgð Tryggingarsjóðs innstæðueigenda þannig að sjóðurinn tryggi ekki innstæður ákveðinna aðila svo sem ríkissjóða, sveitarstjórna og fjárfestingarfélaga.

Sú heimild hefur ekki verið nýtt í íslenskri löggjöf. Það mun þó hafa verið til umræðu. Samtök fjármálafyrirtækja hafa sagt að fyrir um það bil tveimur árum hafi stjórnvöldum verið bent á að umrædd heimild hafi ekki verið notuð en hún hafi hins vegar verið notuð af ýmsum öðrum ríkjum, m.a. Bretlandi. Þannig hafi mörg ríki takmarkað ábyrgð sína að þessu leyti.

Það var ekki gert hér. Af hverju var það ekki gert? Af hverju svara ráðamenn því ekki þegar um það er spurt og um það hefur verið ítrekað spurt í umræðunni? Af hverju var það ekki gert? Hver ber ábyrgð á því? Hver ætlar að axla þá pólitísku ábyrgð? Hvaða ráðamaður ætlar að gera það? Kannski enginn og það er eftir öðru.

Ekki verður undan því vikist, virðulegi forseti, að minna á að íslenskir ráðamenn, m.a. forsætisráðherra, höfðu uppi stór orð um að við létum ekki kúga okkur. Íslendingar mundu ekki láta kúga sig í málinu. Hæstv. utanríkisráðherra lýsti þeirri skoðun sinni að ríkisstjórnin mundi aldrei binda þjóðinni bagga sem hún gæti ekki staðið undir. Engu að síður er verið að gera það í dag með þeim tveimur málum sem við höfum fjallað um. Binda þjóðinni gríðarlega bagga til frambúðar sem mikil áhöld eru um að hún geti staðið undir.

Vel má fara í lögfræðilega deilu um það eins og hér hefur verið gert að hve miklu leyti við höfðum val eða að hve miklu leyti við hefðum getað gert ágreining fyrir dómstólum og hvaða leiðir hefðu þá verið færar í því efni. En það sem stendur eftir er að íslensk stjórnvöld voru ekki reiðubúin til að láta reyna á lögmæti aðgerða Breta. Voru ekki reiðubúin til að láta reyna á hver raunveruleg skylda íslenskra stjórnvalda væri til að standa undir innstæðunum sem hér er fjallað um. Ekki var vilji til þess. Af hverju? Vegna þess að það heiði hugsanlega getað sett EES-samninginn í uppnám.

Er ekki málið að þessar tryggingar eru ekki til staðar í EES-samningnum? Það var það sem Evrópusambandið vildi ekki láta koma fram í dagsljósið. Vildi ekki að almenningur í Evrópusambandsríkjunum áttaði sig á því að í raun og veru vantaði tryggingar í evrópsku löggjöfina. Það var hættan.

Menn geta auðvitað haft þá skoðun eins og hv. þm. Árni Páll Árnason og Samfylkingin eins og hún leggur sig að við eigum að fara í Evrópusambandið og það sé besti kostur fyrir íslenska þjóð. Við getum að sjálfsögðu rætt það. Ég er í hópi þeirra sem eru þeirrar skoðunar að þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild að Evrópusambandinu eigi að fara fram. Þjóðin eigi að fá að taka af skarið í því efni. Það breytir ekki því að ég get haft þá skoðun að það sé ekki endilega besti kosturinn fyrir okkur. Það er bara annað mál.

En mér virðist staðan vera sú að hv. þm. Árni Páll Árnason taki málstað Evrópusambandsins alltaf hráan upp og verji, alveg sama hvernig hann er, af því hann hefur svo mikinn áhuga á að við förum inn í þennan klúbb og aldrei megi andæfa eða blása neitt á það sem kemur frá Evrópusambandinu.

Þannig menn geta ekki gætt hagsmuna Íslands gagnvart öðrum aðilum. Menn verða að vera gagnrýnir á það sem þaðan kemur og geta staðið á rétti Íslendinga og hagsmunum. Líka gagnvart Evrópusambandinu þótt menn kikni dálítið í hnjánum þegar það er nefnt þess utan.

Í þessu máli eru ekki frekar en því fyrr í dag fyrirliggj-

andi upplýsingar um hvað við erum í raun og veru að skrifa upp á. Í nefndaráliti meiri hlutans er sagt að megi ætla að um 150 milljarðar geti staðið út af að því ferli loknu. Þá er vísað til þess að einhverjar eignir séu upp á móti þessum skuldbindingum. Það megi ætla það. Það hefur komið fram hjá öðrum að þetta er sennilega algjör lágmarkstala og meiri hlutinn kýs að halda henni fram í stað þess að segja hlutina eins og þeir eru. Segja sannleikann. (**ÁPÁ:** Það getur vel verið að það þurfi ekkert að borga. Það er lágmarkstalan.) Það er afskaplega ósennilegt, hv. þingmaður.

Í öllu falli er (Gripið fram í.) ljóst að á meðan safnar skuldbindingin vöxtum sem íslenskir skattgreiðendur munu þurfa að borga vegna þess að ekki á að taka eignirnar á þessu augnabliki og reyna að gera verðmæti úr þeim vegna þess að menn segja að á þessum tímapunkti er hætt við að þær fari á brunaútsölu og lítið fáist fyrir þær. Þess vegna þurfi að bíða með það í einhver ár. (Gripið fram í.) Það kann vel að vera skynsamlegt. En á meðan safnar skuldbindingin vöxtum og hverjir eiga að borga þá aðrir en skattgreiðendur? Að sjálfsögðu. Það á sem sagt að fara á þær herðar líka.

Hér er þetta auðvitað eðlilega þannig, virðulegi forseti, að menn vilja ekki að sannleikurinn komi fram. Þá dettur mér í hug að vísa í ágætt verk eftir þekktan rithöfund, Henrik Ibsen, sem segir á einum stað, með leyfi forseta:

„Hættulegasti óvinur sannleikans og frelsis okkar á meðal er hinn pottþétti meiri hluti. Já. Hinn bölvaði pottþétti frjálslyndi meiri hluti, það er hann. Það er hinn mikli meiri hluti í samfélagi okkar sem rænir mig frelsinu og vill meina mér að segja sannleikann."

Það er nefnilega það. Þetta er leikrit sem er meira en hundrað ára gamalt og einhvern veginn eiga þessi orð nú við í þessu samhengi í dag. (**Gripið fram í:** Það er þjóðníðingurinn.) Dettur hv. þingmanni það kannski í hug, já. Það er nefnilega það. Minni hlutinn hefur alltaf á réttu að standa, segir Henrik Ibsen líka í þessu ágæta leikriti og bendir þar á að sannleikurinn, venjulegur sannleikur lifi ekki nema í hæsta lagi í 15–20 ár. Það er nú sá tími sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur ráðið ferðinni í íslenskum stjórnmálum um þessar mundir.

Loks segir söguhetjan Stockmann þessa ágætu setningu sem líka á við í dag, með leyfi forseta:

„Ég vil berja því inn í hausinn á rökkunum þeim arna að frjálshyggjudátarnir eru lúmskustu óvinir frjálsra manna. Að stefnuskrár flokkanna kyrkja öll lífvænleg sannindi. Að nytja tillitssemin kollvarpar öllu siðgæði og réttlæti."

Merkilegt hvað meira en hundrað ára gamalt verk getur átt við aðstæðurnar í íslensku samfélagi í dag, virðulegi forseti.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef miklu meiri skömm á þessu máli í raun og veru heldur en því fyrra sem við ræddum í dag. (Gripið fram í.) Hafði ég nokkra skömm á því, svo því sé til haga haldið, eins og mátti greina í ræðu minni um það mál.

Ég hef í raun og veru miklu meiri áhyggjur af þeim skuldbindingum sem verið er að leggja á okkur Íslendinga með málinu vegna þess að þrátt fyrir allt verður um hitt málið að segja að auðvitað á eftir að koma í ljós hvað verður gengið mikið á þau lán eða lánalínur sem þar er óskað eftir heimildum fyrir og ekki er útséð um að allar þær skuldbindingar sem heimildin gengur út á verði nýttar.

Hér er annað á ferðinni. Hér er talað um að taka og axla ábyrgð á verulegum skuldbindingum vegna þessara innlánsreikninga og ég vil að skýrt komi fram að ég er þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að virða alþjóðlegar skuldbindingar sínar í þessu máli eins og öðrum. Að sjálfsögðu eigum við að gera það. En það hefur verið og er ágreiningur um hverjar þessar skuldbindingar raunverulega eru og ég hefði talið að eðlilegt hefði verið að við létum reyna á það frekar.

Ég las líka greinina í *Fréttablaðinu,* sem hv. þm. Árni Páll Árnason vísaði til, eftir ágætan lögfræðing Helga Áss Grétarsson þar sem hann rekur rök með og á móti. Hv. þm. Árni Páll Árnason sagði að ekki væri bara ein hlið á málinu. Það er rétt. Að sjálfsögðu eru tvær og kannski fleiri hliðar á málinu. En stjórnarmeirihlutinn verður líka að taka það til sín að fleiri hliðar eru á málinu. Líka þær sem honum þóknast ekki að halda sérstaklega til haga. Má í því sambandi m.a. vísa í erindi sem forseti lagadeildar Háskóla Íslands hélt núna nýverið fullveldisdaginn 1. desember þar sem hún fjallar m.a. um hryðjuverkalögin og beitingu þeirra. Þar segir, með leyfi forseta:

Með aðgerðum breskra stjórnvalda var í raun brotið bæði gegn þjóðréttarskyldum í samskiptum við annað ríki sem er sjálfstætt skoðunarefni sem íslenska ríkið getur sótt rétt sinn vegna. Auk þess var brotið gegn réttindum íslenskra aðila sem þannig eignast kröfu á hendur breskum stjórnvöldum. Um það síðarnefnda eru afdráttarlausar skyldur leiddar af mannréttindasáttmála Evrópu sem Bretland hefur gengist undir og jafnframt leitt í lög. Frysting á eignum og aðrar þungbærar aðgerðir sem Landsbankinn varð fyrir á grundvelli hryðjuverkalaganna brutu gegn eignaréttindum sem vernduð eru af sáttmálanum þar sem lagastoð fyrir þeim skorti.

Segir forseti lagadeildar Háskóla Íslands og síðar í erindinu segir hún, með leyfi forseta:

ESB-ríkin voru ófáanleg til að fallast á að úr þessum ágreiningi yrði skorið eftir löglegum leiðum. Augljóslega hefði málið vakið óróa innan Evrópusambandsríkjanna og vakið athygli allra á því að engar Evrópureglur eru til sem mæla fyrir um ríkisábyrgð á bankainnstæðum. Í ofanálag voru skilyrði fyrir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins spyrt saman við þessar deilur um ríkisábyrgð innstæðna svo íslensk stjórnvöld áttu engra kosta völ. Það var ekki um annað að ræða en að gangast undir þá þvingun að taka lán sem rennur að hluta til þess að ábyrgjast greiðslur Tryggingarsjóðsins. Nokkuð sem ríkinu ber engin lagaleg skylda til. Hvorki eftir Evróputilskipun né öðrum þjóðréttarreglum. Samningar af þessum toga eru á lögfræðimáli kallaðir nauðungarsamningar. Ekki aðeins í okkar lögum heldur einnig í þjóðaréttinum og slíkir samningar eru raunar ógildanlegir.

Þannig að við erum hér komin á ystu brún svo ekki sé meira sagt. Ég tel að ekki hafi verið haldið vel á hagsmunum Íslendinga. Ég held því ekki fram að undir öllum kringumstæðum hafi ekki einhverjar skuldbindingar lent á herðum Íslands vegna málsins vegna þess að menn fengu að fara út í heim og leika sér þar á ábyrgð íslenskra skattgreið-

enda án þess að þeir hefðu hugmynd um að þeir bæru nokkra ábyrgð. Ekki sögðu stjórnvöld þjóðinni það. Ekki gripu stjórnvöld til neinna ráðstafana til að reyna að lágmarka skaðann sem hér blasir við.

Bersýnilegt er að íslensk stjórnvöld brugðust í þessu mikilvæga hlutverki sínu. Þau máttu vita og hafði verið bent á að grípa þyrfti til ráðstafana. Einn farsinn enn er að formaður bankastjórnar Seðlabankans lýsti því yfir að hann hafi á fundi með forustumönnum ríkisstjórnarflokkanna í sumar sagt að núll prósent líkur væru á því að bankarnir kæmust í gegnum þessa erfiðu bankakreppu.

Hæstv. utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, hefur sent frá sér yfirlýsingu og sagt að þetta sé ekki satt. Þá stendur orð gegn orði en um leið stendur málið þannig að annað hvort þeirra segir ekki satt. Er það ekki alveg dagljóst? Hvort þeirra er það? Er það formaður bankastjórnar Seðlabankans sem Samfylkingin hefur ákveðið að taka ábyrgð á og hafa í vinnu áfram, að minnsta kosti um sinn? Kann það að vera? Þetta mál er auðvitað allt með þvílíkum ólíkindum, virðulegi forseti, að það tekur engu tali. Þetta eru erfiðir skilmálar og erfiðar byrðar sem verið er að leggja á íslensk heimili og íslenskar fjölskyldur til margra ára.

Við höfum lagt það til hér í tillögu sem er að finna í nefndaráliti 2. minni hluta utanríkismálanefndar á þingskjali 260 að málinu verði vísað frá. Að ríkisstjórninni verði falið að taka að nýju upp viðræður við hlutaðeigandi aðila. En til vara höfum við jafnframt lagt til að verði dagskrártillagan ekki samþykkt verði umboðið til ríkisstjórnarinnar skilyrt þannig að það verði ekki virt fyrr en Bretar hafi aflétt frystingu á eignum Landsbankans á grundvelli hryðjuverkalaganna. Að hryðjuverkalögin hafi verið tekin úr sambandi gagnvart Íslandi.

Er það til of mikils mælst? Dettur stjórnarliðum í hug að þjóðin sé ósammála þeirri tillögu? Það getur varla verið. Um það hlýtur að verða breið samstaða meðal þjóðarinnar að hryðjuverkalögin viljum við burt. (Forseti hringir.)

[18:21]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt að hryðjuverkalögin viljum við burt en eins og ég rakti í ræðu minni áðan er mjög misráðið að tengja þetta tvennt saman eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur dottið í svolítið fúlan pytt með í þessu máli. Það er mjög misráðið að tengja saman beitingu hryðjuverkalaganna annars vegar og lausn þessa máls hins vegar því þá bjóðum við heim þeirri hættu að viðsemjandi krefji okkur á móti um að falla frá fyrirvara um að bera hryðjuverkalögin fyrir dómstóla og þar held ég að sé okkar stærsti möguleiki. Við eigum að halda þeim rétti okkar til haga og við eigum að halda hryðjuverkalögunum utan við þetta ferli. Við höfum mótmælt þeim kröftuglega og við eigum að gera það enn betur og gera allt sem við getum til að sækja rétt okkar á hendur Bretum. (**AtlG:** Það er búið að falla frá þeim rétti.) Að sækja beitingu hryðjuverkalaganna gegn Bretum, (Gripið fram í.) hvernig hefur það verið gert, hv. þingmaður? Það hefur aldrei verið fallið frá þeim rétti, þetta eru hrein ósannindi og þvættingur, það hefur aldrei verið fallið frá rétti íslenskra stjórnvalda til þess að bera beitingu hryðjuverkalaganna undir dómstóla, það hefur aldrei verið gert. Þetta er hreinn þvættingur og staðleysa sem hv. þm. Atli Gíslason kemur hér fram með.

Hins vegar skorti svolítið í ræðu hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar að hann kæmi fram með aðrar lausnir. Það er það sem mestu máli skiptir, því hvernig hefði að öðrum kosti átt að halda á þessu máli? Það liggur fyrir að viðsemjandinn lítur svo á — og ekki bara einn viðsemjandi, hv. þingmaður, heldur Evrópusambandsríkin, EES-ríkin og vinir okkar í Noregi líka — að í afstöðu Íslands felist að Ísland sé að víkja sér undan ábyrgð á því að hafa með réttum hætti (Forseti hringir.) leitt í lög þessa tilskipun.

[18:23]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við eigum ekki að tengja þessi mál saman, segir þingmaðurinn, en staðreyndin er auðvitað sú að þessi mál eru tengd saman, þau hanga algerlega saman og það voru Bretar sem tengdu þau saman með því að nýta hryðjuverkalögin og spyrtu það svo líka saman við fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Þegar sagt er að við höfum enn þá einhvern rétt til þess að sækja þetta mál gagnvart þeim, þá segir formaður Samfylkingarinnar, hæstv. utanríkisráðherra, í umræðum á Alþingi 17. nóvember sl., með leyfi forseta:

„Við höfum rætt það og það hefur verið lagt til að þetta færi annaðhvort fyrir dómstól eða einhvern úrskurðaraðila en það væri mjög erfitt, ef ekki ómögulegt, að finna dómstól eða úrskurðaraðila sem báðir aðilar gætu sætt sig við. Okkar mat er einfaldlega að það að halda áfram þessum langvinnu lagaþrætum mundi leiða til mikils taps, ekki síst fyrir okkur Íslendinga þar sem eignir hefðu brunnið upp á meðan, eignir sem búið er að frysta í Bretlandi. Í versta falli hefði þessi deila getað leitt til þess að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði væri í uppnámi. Við töldum sem sagt ekki á það hættandi að setja samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði í uppnám vegna þessarar lagaþrætu eða gera það að verkum að við einöngruðumst á hinum alþjóðlega vettvangi. Þess vegna er þessi niðurstaða fengin sem við teljum að sé ásættanleg fyrir okkur við þær aðstæður sem nú eru uppi."

Þarna liggur bara í hlutarins eðli að formaður Samfylkingarinnar telur að þetta sé ásættanleg niðurstaða og þá verður væntanlega ekki haldið áfram neinum lagaþrætum við Breta.

[18:25]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Þetta er bara hreinn þvættingur og hér er verið að rugla saman tveimur algjörlega óskyldum málum. Þarna var verið að vitna í ræðu sem hæstv. utanríkisráðherra flutti um þetta tiltekna mál, þ.e. Icesave-málið. Þar rakti hún að það væri betra að leita samninga en að koma málinu fyrir dómstól því að það væri ekki samstaða um neina dómstólaleið og hún væri ekki augljós. Það er það sem þarna er verið að tala um.

Það sem hér er búið að kalla fram í er að utanríkismálaráðherra hefur fallið frá því að bera hryðjuverkalögin og

beitingu þeirra undir dómstóla, það er bara þvættingur, rakalaus staðhæfing. Það sem hér var lesið upp lýtur að allt öðru máli, það lýtur að Icesave-málinu, lágmarksinnstæðunni og réttarágreiningi um það mál. (Gripið fram í.) Með öðrum orðum, hv. þm. Atli Gíslason fer með staðlausa stafi og truflar málefnalega umræðu í andsvörum. Þetta er þvættingur sem ekki er fótur fyrir. Þvert á móti undirstrikaði hæstv. utanríkisráðherra á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar nú nýverið mikilvægi þess að fram kæmu upplýsingar t.d. frá formanni bankastjórnar Seðlabankans til að hægt væri að halda áfram undirbúningi að þeirri málsókn sem þegar er hafinn undirbúningur að, það er búið að ráða lögfræðifyrirtæki til þess. Ég skil ekki hvaða meinloku hv. þm. Atli Gíslason er með í þessu máli, hann hefur greinilega ekki kynnt sér málið.

Það er í undirbúningi að beita öllum tiltækum úrræðum gagnvart Bretum vegna hryðjuverkalaganna. Á hinn bóginn er lagt til í þeirri þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir — og að því álitamáli lutu ummæli utanríkisráðherra sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson vitnaði til — að lagt er til að fara samningaleið varðandi Icesave-skuldbindinguna, varðandi þá þætti er lúta að lágmarksinnstæðutryggingunni. Ef þetta er á reiki í huga hv. þm. Atla Gíslasonar verður hann að fara að lesa sér til í málinu. (**AtlG:** Þingmaðurinn er ólesinn.)

[18:27]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef málið er svona vaxið eins og hv. þingmaður segir ætti hann að fagna þeim aukavopnum sem íslensk stjórnvöld fengju upp í hendurnar ef varatillaga Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs yrði samþykkt hér vegna þess að þá geta íslensk stjórnvöld mætt til leiks gagnvart Bretum og sagt: Ja, þetta verður að vera hluti af lausninni sem við ætlum að finna. Þetta verður að vera hluti af lausninni, þ.e. að hryðjuverkalögunum verði aflétt og þá getum við klárað samningana um það sem íslensk stjórnvöld telja að þau verði að standa undir af þeim skuldbindingum sem hér er um að ræða. (Gripið fram í.)

[18:28]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu. Með tillögunni leitar ríkisstjórnin heimildar Alþingis til að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli viðmiða sem aðilar komu sér saman um.

Kaupþing, Glitnir og Landsbankinn ráku allir víðtæka alþjóðlega starfsemi fyrir bankahrunið. Samkvæmt skýrslum Fjármálaeftirlitsins frá 3. júlí í ár voru starfsstöðvar bankanna alls 73 í 28 löndum. Eins og fram hefur komið í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar komu gestir til viðtals hjá nefndinni. Í viðræðum við aðila frá skilanefnd Kaupþings kom fram að ekki er líklegt að reyni á Tryggingarsjóð innstæðueigenda vegna skulda Kaupþings. Það er mikið fagnaðarefni. Eignir Kaupþings erlendis munu að öllum líkindum standa undir kröfum vegna Kaupþingsinnstæðureikninganna. Sem kunnugt er var Glitnir ekki með sambærilega reikninga þegar bankahrunið varð og er því ólíklegt að reyni á tryggingarsjóðinn í því uppgjöri sem í gangi er varðandi Glitni. Eftir standa Icesave-reikningar Landsbankans. Því má segja að þingsályktunin sem við fjöllum um varði pólitískt umboð til handa ríkisstjórninni til lausnar á þeim gríðarlega vanda sem Icesave-reikningunum fylgja á grundvelli sameiginlegra viðmiða samningsaðila sem þegar hafa verið skilgreind.

Í því ljósi vil ég ræða þrennt sem vert er að skoða í þessari umræðu: Fyrst vil ég ræða harkalegar aðgerðir Breta gagnvart okkur Íslendingum í kjölfar bankahrunsins, í öðru lagi fjármögnunarkostnað íslenska ríkisins í nánustu framtíð og að lokum samningana fram undan.

Virðulegi forseti. Fyrst um beitingu hryðjuverkalaganna. Klukkan 10 að morgni þann 8. október sl. beitti breska ríkisstjórnin hryðjuverkalögum gegn Landsbanka Íslands undir yfirskriftinni „The Landsbanki Freezing Order 2008" á grundvelli hryðjuverkalaga frá árinu 2001. Yfirvöld frystu eignir bankans og birtu nafn hans á heimasíðu breska fjármálaráðuneytisins á lista með 14 öðrum aðilum, bæði þjóðum og hryðjuverkasamtökum. Nafn Landsbankans var birt á sama lista og al Kaída og talíbanar, Burma/Mjanmar, Norður-Kórea og Íran. Síðar um daginn sagði fjármálaráðherra Breta, Alistair Darling eftirfarandi í BBC-útvarpinu, með leyfi forseta — og ég ætla að vitna orðrétt í enska textann:

„The Icelandic government, believe it or not, have told me yesterday they have no intention of honouring their obligations here."

Hann segir að íslensk stjórnvöld ætli sér ekki að standa við skuldbindingar sínar.

Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, lét hafa eftir sér eftirfarandi, með leyfi forseta — og ég vitna aftur í enska textann:

„We are freezing the assets of Icelandic companies in the UK where we can."

Ég leyfi mér að undirstrika þetta: „Icelandic companies", þ.e. öll íslensk fyrirtæki.

„We will take further action against the Icelandic authorities" — ég undirstrika það einnig, „Icelandic authorities", íslenska ríkisstjórnin — „wherever that is necessary to recover the money."

Þessi yfirlýsing Gordons Browns fjallar um að frysta eigi eignir allra íslenskra fyrirtækja í Bretlandi og jafnvel eignir og hagsmuni íslenskra stjórnvalda.

Þessi beiting hryðjuverkalaga og orð breskra ráðamanna ollu verulegu uppnámi og mikilli óvissu meðal Íslendinga og einnig meðal þeirra erlendu aðila víða um heim sem áttu eða höfðu átt í viðskiptum eða samvinnu við Íslendinga. Aðgerðir breskra yfirvalda gegn Íslendingum eru í raun bæði óhugsandi og ótrúlegar í því samfélagi þjóða sem hefur þróast á undanförnum árum í hinum vestræna heimi. Bretar eru ekki einungis nágrannaþjóð okkar í Evrópu heldur vinaþjóð okkar til margra alda. Við höfum átt samskipti við Breta í gegnum aldirnar. Bretar eru samstarfsþjóð okkar víða, m.a. í Evrópuráðinu og í NATO. Vinaþjóð okkar í NATO hefur sett okkur Íslendinga, vopnlausa þjóðina, á

lista með al Kaida. Fyrir slíku eru engin fordæmi og aðgerðin verður að teljast afar harkaleg þegar haft er til hliðsjónar að innstæður á Icesave-reikningum Landsbankans voru einungis 0,5% af heildarinnstæðum á breskum bankamarkaði.

Ekki nóg með það. Bretar gengu lengra og beittu einnig sérstakri bankalöggjöf gegn breska bankanum Singer & Friedlander sem var í eigu Kaupþings þannig að breska fjármálaeftirlitið tók bankann yfir að því er virðist vegna þess að eigendur voru íslenskir. Það reyndist afdrifaríkt þar sem Kaupþing, stærsta fyrirtæki okkar Íslendinga, féll í kjölfarið. Sagan á vonandi eftir að leiða í ljós þær afleiðingar sem raktar verða beint til aðgerða Breta gegn okkur Íslendingum og þá á ég einkum við þetta þrennt: Beitingu hryðjuverkalaga, skaðlegar yfirlýsingar breskra ráðamanna og yfirtöku breska fjármálaeftirlitsins á Singer & Friedlander strax í kjölfar bankahrunsins. Þó má vera ljóst að afleiðingarnar hafa verið hrikalegar og kæmi ekki á óvart að niðurstaðan verði sú að með gerðum sínum hafi Bretar náð að dýpka þá hrikalegu kreppu sem við, allir Íslendingar, upplifum nú á eigin skinni. Með því að setja Ísland á hryðjuverkalistann færist tortryggni á allar gerðir Íslendinga með þeim afleiðingum sem slíkt vekur m.a. í viðskiptum manna á milli.

Viðskipti eru í eðli sínu alþjóðleg að miklu leyti og því fundu íslensk inn- og útflutningsfyrirtæki mjög fljótt fyrir afleiðingum gerða Bretanna. Fjármagnsflutningar voru umsvifalaust heftir til og frá landinu, erfitt var að útvega gjaldeyri og margir erlendir birgjar, ekki bara breskir heldur aðrir erlendir birgjar, fóru fram á staðgreiðslu fyrir vörur sem átti að flytja til Íslands jafnvel í þeim tilvikum sem áratuga farsæl viðskiptasaga var til staðar milli íslenskra fyrirtækja og viðkomandi birgja.

Í fyrri hluta október skapaðist því neyðarástand í landinu sem beinlínis má rekja til afleiðinga af aðgerðum Breta gegn okkur. Um tíma var t.d. óljóst hvort nauðsynleg lyf bærust til landsins. Við munum líklega síðar fá vitneskju um hvers vegna Bretar beittu hryðjuverkalögunum gegn Íslandi og sömuleiðis munu þær afleiðingar sem rekja má beint til þess að þeim var beitt verða betur þekktar þegar nánari greining hefur átt sér stað.

Virðulegi forseti. Mikilvægt hefði verið að finna ásættanlega lausn á vandanum áður en gripið var til þeirra ráða sem hér hafa verið rakin. Skaðinn er skeður og nú fáum við tækifæri til að finna lausn í málinu sem báðir aðilar geta verið fullsæmdir af. Við stöndum nú frammi fyrir því að semja við Breta og reyndar fleiri um innstæðutryggingarnar og ekki má gleyma því að fjölmargir innstæðueigendur og viðskiptavinir Landsbankans í þeim löndum sem samningar munu ná til eiga um sárt að binda vegna eignamissis sem varð við hrun bankans. Eignamissirinn er þungbær og Íslendingum finnst leitt að horfast í augu við að íslenskt fyrirtæki var áhrifavaldur í þar. Þrátt fyrir það tel ég það órétt-látt að íslenskur almenningur greiði þann eignamissi þannig að róðurinn þyngist enn frekar í þeim erfiðleikum sem á dynja. Ljóst er að nógar eru þær byrðar sem við berum sökum falls bankakerfisins þótt ekki bætist þar á. Því skiptir það afar miklu máli að finna leið til að hámarka eignir Landsbankans erlendis þannig að þær eignir dekki skuldbindingarnar vegna Icesave-reikninganna að sem mestu ef ekki öllu leyti.

Þá vík ég að öðrum þætti sem ég vildi nefna. Það er uppbyggingarstarfið sem fram undan er og fjármagnskostnaðurinn sem við þurfum að bera sem þjóð. Það er mikið uppbyggingarstarf fram undan í íslensku samfélagi í kjölfar bankahrunsins. Við blasir að skuldir ríkissjóðs hafa þegar margfaldast miðað við það sem áður var þótt Icesave-deilan eða -reikningarnir séu ekki teknir með í reikninginn. Skuldir ríkissjóðs hafa þegar margfaldast, skaðinn er þegar skeður með hruni bankanna.

Fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs á næstunni vegna hrunsins er fyrst og fremst til kominn vegna þriggja þátta: Í fyrsta lagi þarf að fjármagna hallarekstur sem fram undan er á fjárlögum næstu ára. Áætluð þörf eru 470 milljarðar kr. Í öðru lagi er um að ræða endurfjármögnun bankanna. Áætluð þörf er á bilinu 350–385 milljarðar kr. Í þriðja lagi þarf að endurfjármagna Seðlabankann sem samsvarar líklega um 150 milljörðum kr. Gera má ráð fyrir að þessar upphæðir geti því verið á bilinu 900–1.000 milljarðar með töluverðri óvissu þó. Við vitum t.d. ekki hver hallarekstur ríkissjóðs verður í raun á næstu árum. Ef vel gengur að styðja við atvinnulífið, halda uppi atvinnustigi, efla nýsköpun og nýta auðlindir, dregur úr hallanum. Það er nefnilega tekjumyndunin og uppbyggingarstarfið fram undan sem skiptir sköpum þegar við ræðum þessar upphæðir. Einnig kemur til greina varðandi endurfjármögnun bankanna hér á landi að erlendir kröfuhafar eignist hlut í þeim. Þar með mundi fjármögnunarþörf ríkissjóðs minnka til muna vegna endurfjármögnunar bankanna.

Við verðum að sjálfsögðu að auka útflutning, að tryggja að atvinnustigið verði sem hæst. Að öðru leyti mun ríkissjóður fjármagna ofangreinda þætti með útgáfu skuldabréfa. Það getum við alveg, Íslendingar, og ég tala ekki um ef okkur tekst að ná upp sóknarleik varðandi atvinnuuppbyggingu á sama tíma og við erum í þessum öldudal. Ég veit að við stöndum frammi fyrir atvinnuleysi og ég veit að það á eftir að aukast en að sama skapi verðum við að tryggja að atvinnuuppbygging eða atvinnuumhverfi sé eins hagstætt og mögulegt er.

Eftir að hafa greint frá því sem þarf að fjármagna á næstunni eru ótaldar skuldir vegna láns sem við fáum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og láns sem við fáum frá öðrum þjóðum í kjölfarið en eins og hæstv. forsætisráðherra sagði í morgun er ekki meiningin að draga á þau lán að neinu marki. Þó er óvíst hvað gert verður.

Í ljósi þeirra gríðarlegu fjármuna sem þættirnir sem hér hafa verið raktir munu kosta okkur er ekki mikið svigrúm fyrir ríkissjóð til að fjármagna Icesave-innstæðureikninganna. Því er afar mikilvægt að vanda til þeirra samningsmarkmiða sem við leggjum upp með og skoða vandlega þau atriði sem rakin eru í viðmiðunum sem liggja til grundvallar samningsviðræðunum.

Að lokum vildi ég nefna þriðja þáttinn en það eru samningarnir fram undan. Þingsályktunartillögunni sem hér er til umræðu fylgja athugasemdir í þremur liðum: Fyrst er lagaleg afstaða, í öðru lagi pólitísk staða og í þriðja lagi niðurstaða íslenskra stjórnvalda. Eins og fram hefur komið var lagatúlkun íslenskra stjórnvalda hafnað af þeim ríkjum sem

hlut eiga að máli, svo og af Evrópusambandinu.

Ég ætla ekki að fara nánar í það, tími gefst ekki til enda hafa margir farið í það sem þarna er um að ræða. Það kemur glöggt fram í athugasemdunum að lagatúlkun okkar, íslenskra stjórnvalda, var hafnað. Í þingsályktunartillögunni segir einnig, með leyfi forseta:

„Þá varð ljóst að ríki Evrópusambandsins töluðu einum rómi í málinu og lögðu kapp á að ábyrgð Íslands skýrðist sem allra fyrst. Sama átti við um starfshóp norrænu ríkjanna um lánafyrirgreiðslu við Ísland sem starfaði í framhaldi af fundi forsætisráðherra Norðurlandanna á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki. Þannig varð ljóst að lausn þessa máls væri forsenda þess að hægt væri að fjármagna að fullu þá efnahagsáætlun sem íslensk stjórnvöld höfðu sent Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til afgreiðslu og að Ísland stæði einangrað ef pólitískri samningaleið væri hafnað."

Í þriðja lagi kemur fram í þingsályktunartillögunni varðandi niðurstöðu íslenskra stjórnvalda að hafa beri í huga að mati ríkisstjórnarinnar, með leyfi forseta:

„... að hagsmunum Íslands til lengri tíma litið sé best borgið með því að stjórnvöld styðji við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta þannig að hann geti staðið straum af þeim kostnaði sem hlýst af því að ábyrgjast lágmarkstryggingu þá sem EES-reglur mæla fyrir um að því marki sem eignir viðkomandi banka standa ekki undir henni."

Svo mörg voru þau orð í athugasemdum með þingsályktunartillögunni sem við ræðum hér.

Umsamin viðmið eru líka birt í þingsályktunartillögunni eða með henni sem fylgiskjal. Þau liggja til grundvallar samningaviðræðum þeim sem nú fara í hönd og snúast fyrst og fremst um að ná pólitískt ásættanlegri lausn í deilunni. Við verðum að reyna að leysa vandann, finna lausn sem allir geta sætt sig við. Lausn vandans hlýtur m.a. að felast í því að það náist að hámarka virði eigna Landsbankans sem nú eru frystar í útibúum gamla bankans í Bretlandi. Langstærsta hagsmunamálið í stöðunni er að mínu mati hversu mikils virði þær eignir eru og hversu vel þær geta staðið undir skuldbindingum.

Fram hefur komið hjá fyrrum eigendum bankans að eignir ættu að standa undir skuldbindingum vegna Icesave. Það er vissulega háð mikilli óvissu en ég vil leyfa mér að vera bjartsýn og benda á að fram hefur komið að verðmæti eigna Landsbanka Íslands erlendis sé um 1.743 milljarðar kr. en reiknað er með að nást megi verðmæti sem nema um þúsund milljörðum. Þar skeikar miklu, þar er mikil óvissa. Þess vegna endurtek ég að endanlegt virði eigna Landsbankans skiptir okkur afar miklu máli og við verðum að ganga þessa samningaleið. Í nefndaráliti meiri hlutans kemur fram að um 150 milljarðar geti mögulega fallið á ríkissjóð. Von mín er að með því að hámarka virði eignanna í Landsbankanum erlendis geti jafnvel verið um lægri upphæð að ræða.

Ef við lítum til reynslu Svía þegar þeir gengu í gegnum bankakreppu í upphafi 10. áratugar síðustu aldar var eitt af leiðarljósum þeirra í kreppunni að hámarka virði eignanna. Í því samhengi fengu sænsk yfirvöld sér til aðstoðar bandarísk sérfræðifyrirtæki sem sérhæfðu sig í að hámarka verðmæti eigna. Um er að ræða eignaumsýslufyrirtæki eða „assets management companies". Þau eru vissulega misgóð þessi fyrirtæki en einhver þeirra reyndust Svíum afar vel og því ætti að vera hægt að feta í þá slóð.

Ég hef ekki tækifæri (Forseti hringir.) til að fara í viðmiðin sem eru til grundvallar í samningsviðræðunum en ég vil hvetja okkar fólk til dáða og þá sérstaklega (Forseti hringir.) við að reyna að hámarka virði eigna Landsbankans.

[18:49]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn á ný heyrum við þessi frægu orð „ekki ég, ekki ég". Hv. þingmaður talar um að ábyrgðin á þessu öllu saman sé Breta, nú kennum við þeim um, það er allt þeim að kenna. Þetta horfði maður upp á fyrir stuttu síðan hjá hv. þm. Árna Páli Árnasyni en þá vildi hann kenna starfsmönnum Landsbankans um þetta allt saman. Það virðist vera algjörlega á hreinu að núverandi ríkisstjórn telji að hún beri enga ábyrgð á þeirri stöðu sem við erum komin í, enga.

Ég vil samt minna á að það hafa náttúrlega verið lögð fram gögn og það hefur birst í fjölmiðlum útskrift á samtali sem fór fram milli Alistairs Darlings, fjármálaráðherra Bretlands, og Árna Mathiesens, hæstv. fjármálaráðherra Íslands, þar sem hann raunar, að ég tel, orsakar nánast það sem gerist síðan í framhaldinu, þar sem hann segir hreint og klárt í því viðtali að hann ætli sér að mismuna milli fólks sem býr á Íslandi og þeirra sem búa í löndum Evrópusambandsins.

Það er þannig að í Evrópusambandinu og með EES-samningum þegar við skrifum undir hann, þá erum við í rauninni að samþykkja að við ætlum okkur ekki að mismuna fólki. Þannig fær fólk sem kemur til Íslands sömu laun og íslenskir ríkisborgarar. Í umræddu samtali var fjármálaráðherra okkar beinlínis að segja að hann ætlaði sér að mismuna erlendum ríkisborgurum. Ekki bætti síðan úr skák það viðtal þar sem einn æðsti embættismaður þjóðarinnar kom og tilkynnti í beinni útsendingu að hann hygðist ekki borga skuldir óreiðumanna.

Ég held því að núverandi ríkisstjórn eða þeir þingmenn sem styðja ríkisstjórnina geti ekki (Forseti hringir.) firrað sig algjörlega ábyrgð.

[18:51]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Upptalning mín á aðdraganda Icesavedeilunnar var ekki til þess að varpa ábyrgðinni beint á Breta heldur bara að varpa ljósi á það sem við þekkjum. Hins vegar er alveg ljóst og það held ég að ég hafi tekið skýrt fram, að nánari greining mun leiða í ljós það sem við þurfum að vita. Við vitum ekki hvers vegna Bretar beittu hryðjuverkalögum. Við getum gert okkur ýmislegt í hugarlund en við vitum það ekki en ég álít að það muni koma í ljós síðar.

Ég er algjörlega viss um að við Íslendingar berum mikla ábyrgð líkt og allar þær þjóðir sem hafa lent í bankahruni áður hafa borið mikla ábyrgð. Ég rakti það í umræðunni í morgun að ferlið í bankahruni er mjög svipað í öllum þeim löndum sem ég hef skoðað, það hefur einmitt verið um að ræða aukið frelsi og að bankarnir stækkuðu of hratt, það

varð til mikil eftirspurn eftir ódýrum erlendum lánum, áhættusækni varð mikil og eftirlitskerfið var miklu seinna af stað en bankarnir, auðvitað er því ábyrgðin mikil. En ég ætlaði mér ekki í þessari ræðu að fara að greina hana neitt sérstaklega, ég vildi bara varpa ljósi á stöðu okkar gagnvart Bretum. Það er líka til að brýna okkur, þeir eru kannski verðugir andstæðingar, þ.e. þegar að samningunum kemur.

[18:53]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Á þeim stutta tíma sem ég hef setið á Alþingi hef ég einmitt talað mjög mikið fyrir því hvað það skiptir miklu máli að við förum af stað og öflum okkur tekna þegar þarf að borga allar þær skuldir sem við erum að taka á okkur. Þess vegna finnst mér alveg ástæða til að spyrja, þegar hv. þingmaður nefnir mikilvægi þess að styðja við atvinnulífið, hvort hún hyggist vinna í því og aðstoða við að sjá til þess að ríkisstjórnin muni virkilega styðja við uppbyggingu og stækkun á þeim álverum sem eru í bígerð. Mun hún styðja við það að núverandi ríkisstjórn komi hugsanlega til aðstoðar eða ábyrgist lán til orkufyrirtækjanna þannig að þau geti farið í að virkja og tryggja rafmagn til framkvæmda? Mun hún vinna í því að t.d. umhverfismat verði auðveldað?

Ég vil líka nefna sem dæmi að það sló mig mjög þegar ég var að skoða fjárlagafrumvarpið, sem sumir segja að vísu að sé ekki pappírsins virði, en í drögunum að frumvarpinu sem var lagt fram hér á Alþingi kom fram að núverandi ríkisstjórn eða fjármálaráðherra hygðist setja 20 milljónir í Fjárfestingarstofu. Tveimur línum neðar stóð að 60 milljónir ættu að fara í Staðlaráð. En það er einmitt Fjárfestingarstofan sem hefur borið hitann og þungann af því að tryggja erlenda fjárfestingu, að það verði uppbygging í atvinnulífinu og að hægt sé að tryggja þann útflutning sem hv. þingmaður ræddi um.

[18:55]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er spurt um mikilvægi þess að styðja við atvinnulífið og hvort sú sem hér stendur vilji beita sér fyrir því að styðja uppbyggingu atvinnulífs. Svarið við þeirri spurningu er afar einfalt: Já. Það er eitt mikilvægasta verkefnið fram undan að styðja við og styrkja íslenskt atvinnulíf. Án þess er ekkert velferðarkerfi, án þess er engin atvinna en ég hef alltaf haldið fram að það séu grundvallarmannréttindi hverrar manneskju, ef hún mögulega getur, að taka þátt í atvinnulífinu. Atvinnulífið er forsenda velsældar samfélagsins, forsenda félagslegrar þjónustu, heilbrigðis og mennta.

Ef ég á að forgangsraða hvar ég vil sjá okkur byggja upp í atvinnulífinu þá á ég ekkert erfitt með það. Ég vil sjá okkur nýta mannvitið og auðlindirnar sem búa í fólkinu og hugvitinu og þekkingunni. Ég minni á að á undanförnum áratug hefur menntuðu fólki fjölgað mjög mikið, þ.e. fólki með háskólapróf á Íslandi en nú eru hátt í 30% af Íslendingum með háskólapróf. Þetta er gleðileg staðreynd. Þessa auðlind eigum við að virkja fyrst og fremst.

Svo hef ég ekkert á móti því að virkja allar aðrar auðlindir Íslands svo lengi sem við náum sátt um sjónarmið nýtingar og landverndar og ég held að þá sátt eigum við eftir að skilgreina betur en vissulega er uppbygging atvinnulífsins númer eitt, tvö og þrjú í uppbyggingarstarfinu fram undan.

[18:57]

Eygló Harðardóttir (F):

Herra forseti. Það mál sem við fjöllum hér um er að mínu mati afleiðing af algeru klúðri ríkisstjórnarinnar, seðlabankastjórnarinnar og Fjármálaeftirlitsins. Við stöndum því frammi fyrir því núna að taka á okkur, sem menn hafa varlega áætlað og kemur fram m.a. í áliti 2. minni hluta utanríkismálanefndar, 628 milljarða kr. En svo vona menn að þetta verði kannski bara 150 milljarðar, við ætlum að vona það.

Ég tel að það sem gerðist í þessu máli, og það kemur raunar fram í gögnunum sem fylgja þessari þingsályktunartillögu, að ástæðan fyrir því að við erum komin í þessa stöðu sé sú að með aðgerðum sínum hafi ríkisstjórnin raunverulega ógnað fjárhagslegum stöðugleika innan Evrópusambandsins og innan EES-svæðisins.

Bankakerfið byggir á trú fólks og ef engin trú er á bankakerfinu, engin trú á bönkunum og engin trú á að tryggingar sem bankarnir hafa á innstæðum standist þá eru bankarnir raunverulega ekki til. Við sáum þetta gerast með Lehman Brothers í Bandaríkjunum, þegar markaðir sáu að bandaríska ríkisstjórnin ætlaði að leyfa einum stærsta fjárfestingarbanka heims að verða gjaldþrota þá hrundi spilaborgin einhvern veginn. Það sama gerðist síðan á Íslandi. Ríkisstjórnin og nokkrir af æðstu embættismönnum landsins, seðlabankastjórnin, ákváðu að það væri í lagi að Glitnir yrði gjaldþrota og sögðu að þeir gætu ekki gert neitt og kannski væri bara ágætt að þessir óreiðumenn yrðu gjaldþrota og við losnuðum við þá. Síðan virtist sem þeir ætluðu hugsanlega að reyna að redda Kaupþingi fyrst staðan var þannig að þeir gátu í rauninni ekkert gert fyrir Landsbankann. Það sem gerðist náttúrlega er að trúin á bankakerfið og svo í framhaldinu af því hversu bankarnir voru stórir hér, trúin á íslenska ríkið hverfur. Og við stöndum í þeim sporum núna að ræða þetta mál vegna þess að íslenska ríkisstjórnin gerði ekki neitt. Hún brást ekki við.

Það hefur margítrekað komið fram að ýmsir vöruðu við þessu. En það var bara allt í fína hér, við vorum að vinna verðlaun á Ólympíuleikunum, við gátum flogið í einkaþotum, við vorum bara flott fólk og þurftum ekki að hafa neinar áhyggjur.

Það hefur komið fram að menn vissu af gífurlegri uppsöfnun á peningum inn á þessa innlánsreikninga en það var ekkert gert og ekkert sagt. Bent hefur verið á að það voru úrræði til staðar en þau voru ekki nýtt. Og það sem við horfum fram á núna er algert hrun hins íslenska efnahagslífs, algert hrun.

Ríkisstjórnir landa innan Evrópusambandsins sögðu hreinlega að þær gætu ekki leyft þessu að gerast á sínu svæði, þær yrðu að tryggja að borgararnir, fólkið sem býr í þessum löndum hefði trú á bankakerfinu, hefði trú á að innstæðutryggingakerfið virki.

Þegar í ljós kemur að ríkisstjórnin sagði nánast beint, þar á meðal við Alistair Darling, fjármálaráðherra Bret-

lands, að hún ætli sér ekki að standa við þetta, hún ætli sem sagt að mismuna þarna, sem er önnur grunnstoð EES-samningsins og Evrópusambandsins, þá er náttúrlega ekkert skrýtið að það gerist eitthvað. Mundum við ekki bregðast við? Ég tel það.

Ég hef stundum nefnt Vestmannaeyinga og fólk sem býr í Árborg sem dæmi, og annar hv. þingmaður nefndi dæmi, mig minnir að hann hafi talað um Patreksfjörð og einhvern annan fjörð. Það er nefnilega þannig að Sparisjóður Vestmannaeyja hefur verið í sinni litlu útrás, hann er nú með útibú á Hornafirði og Selfossi. Menn geta rétt ímyndað sér þetta ef þeir byggju á Selfossi og svipuð staða kæmi upp og Vestmannaeyingar segðu við fólkið sem er búið að leggja inn peningana sína þar: „Sorry", þið búið ekki í Vestmannaeyjum, við ætlum ekki að gera neitt fyrir ykkur. Ég veit að ég yrði svolítið fúl.

En ég skal líka alveg viðurkenna að viðbrögð breskra yfirvalda voru náttúrlega öfgafull og algerlega fáránleg. Þetta er þjóð um telur sig eina siðmenntuðustu þjóð heims en grípur til svona aðgerða, hún segist ætla að semja við okkur en setur síðan á okkur hryðjuverkalög. Ég hef einmitt verið minnt á það að Bretar töpuðu víst miklum peningum þegar bankarnir fóru á hliðina í Bandaríkjunum en ég man ekki eftir að hafa séð Bandaríkin á þeim lista sem var talinn upp hér eða að þar hafi verið brugðist svona við.

Ég hef líka aðeins nefnt mikilvægi þess að við skoðum vinnubrögðin, hvernig við vinnum hlutina. Ég get sagt að mér finnst vinnubrögðin við þessa þingsályktunartillögu vera ívið betri en við þingsályktunartillöguna um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það er a.m.k. verið að leggja samningsviðmiðin fram á Alþingi þannig að við getum rætt um þau áður en gengið er til samninga. Ég tek hins vegar algerlega undir álit 2. minni hluta um að það hefði verið langeðlilegast að málið hefði verið rætt á Alþingi áður en skrifað var undir þetta plagg, áður en gengið var frá samningsviðmiðunum. Maður verður alla vega að hrósa því sem maður telur betra en er samt alls ekki nógu gott. Það er rétt sem hér hefur komið fram, að með því að fara með þetta í gegnum þingið er verið að koma með ákveðinn pólitískan stuðning við það að svona ætlum við að vinna. Það kemur líka fram í gögnunum að ætlunin er að leggja endanlega niðurstöðu fyrir þingið og það sem maður ætti kannski að vera þakklátur fyrir, ætlunin er að upplýsa utanríkismálanefnd um framgang samninganna. Og við verðum náttúrlega að vera þakklát fyrir það litla sem fáum, er það ekki?

Spyrja má hvort ástæðan fyrir því að við horfum á að þetta ákveðna mál núna er unnið aðeins öðruvísi sé að þarna kristallist ákveðinn munur á vinnubrögðum hæstv. utanríkisráðherra Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og hæstv. forsætisráðherra Geirs H. Haardes þar sem mikið var kvartað undan því einmitt varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að menn fengu ekki að vita neitt nema það sem að vísu *DV* birti.

Málið er að mínu mati eitt allsherjarklúður. Verið er að leggja á okkur byrðar, á börnin mín og þær kynslóðir sem taka við. Ég verð að segja eftir að hafa skoðað þetta mál og hlustað á umræðuna hér að mér finnst mjög erfitt að hafa einhverja trú á því að ríkisstjórnin nái árangri í þessum samningum þegar menn eru meira að segja hræddir við setja inn í þingsályktunartillöguna að við förum fram á það að lögin sem Bretar settu á okkur verði felld niður og við fáum aðgang að þeim eignum sem íslenska ríkið á í Bretlandi í gegnum Landsbankann. Ég vona svo sannarlega að við lendum ekki í því sem við horfðum upp á varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að það sé í rauninni búið að borga áður en þingið hefur fengið að samþykkja samninginn.

[19:06]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að við þurfum ásamt viðsemjendum okkar að finna góða lausn á Icesave-deilunni og helst þurfa samningsaðilarnir að hafa gagnkvæman hag af því að hámarka verðmæti eigna gamla Landsbankans og tryggja þannig best möguleikana á að eignir dugi fyrir skuldum.

Hv. þm. Eygló Harðardóttir nefnir töluna 628 milljarða í tengslum við Icesave-deiluna sem skuld Íslendinga og einnig að stjórnarliðar séu rétt að vona að upphæðin sé lægri en 628 milljarðar. Fyrir liggur að verðmæti Landsbanka Íslands erlendis var metið á ríflega 1.700 milljarða kr. en einnig að búast megi við að ná megi um 1.000 milljörðum út úr eignunum. Þetta er ekki alveg víst og ég vona að það megi ná jafnvel meiru út úr eignunum. Og því spyr ég: Hvers vegna heldur þingmaðurinn því fram að stjórnarliðar séu rétt að vona að upphæðin sé lægri? Telur hún að það sé einhver óskhyggja að upphæðin sé lægri? Heldur hún að eignir Landsbankans erlendis komi ekki á móti þessum 628 milljörðum? Er þetta von án innstæðu?

[19:08]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég orðaði þessa von mína svona er kannski sú að mér hefur fundist svolítið einkennilegt að hlusta á hv. þingmenn í kvöld, sérstaklega á hv. þm. Árna Pál Árnason þar sem hann virðist vera mjög hræddur við að gera þá breytingu á þingsályktunartillögunni sem lögð hefur verið til af 2. minni hluta utanríkismálanefndar, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að þar verði bætt við, með leyfi forseta:

„... þegar Bretar hafa aflétt frystingu á eignum Landsbankans í Bretlandi samkvæmt ákvæðum hryðjuverkalaga."

Við þurfum náttúrlega að fá aðgang að þessum eignum. Í augnablikinu höfum við ekki aðgang að þeim. Þetta virðist vera svo stórhættulegt og Bretar svo ósveigjanlegir og erfiðir og við kannski svona hrædd við þá að við getum ekki einu sinni sett inn þessa litlu breytingu og sanngjörnu kröfu að frystingunni verði aflétt og við sem eigendur, íslenska ríkið, fáum aðgang að þessum eignum og getum tryggt að við náum upp í þessa óhugnanlega stóru tölu sem verið er að tala um hér. Ég skal svo sannarlega taka undir það að það væri ofsalega gaman ef við fengjum 300–400 milljarða sem við gætum þá vonandi notað til að borga niður lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

[19:10]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að flestum megi vera ljóst að Bretar frystu eignir Íslendinga, þ.e. Landsbanka Íslands,

væntanlega með því sjónarmiði að eiga upp í Icesave-skuldirnar eins og við höfum kallað þær í orðræðunni. Varðandi lausn þeirra skuldbindinga sem við ætlum að standa að að leysa þá væri auðvitað langbest ef eignirnar stæðu undir þeim. Ég árétta að verðmæti eignanna er mögulega það mikið að það standi undir heildarskuldbindingunum. Ég er sammála hv. þm. Eygló Harðardóttur að líklegast væri það besta lausnin að við stæðum þannig endanlega uppi skuldlaus og ekkert félli á þjóðarbúið. Þetta eiga auðvitað að vera samningsmarkmið okkar Íslendinga þegar við göngum til samninga. Þess vegna sagði ég áðan að við verðum að tryggja að það séu gagnkvæmir hagsmunir að hámarka þessar eignir. En ég ætlaði svo ekki að spyrja neitt frekar út í ræðu hv. þingmanns.

[19:12]

Útbýting:

Samningar um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu, 177. mál, brtt. PHB, þskj. 272.

Umhverfismat, 204. mál, fsp. ÁKÓ, þskj. 273.

[19:12]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við höfum rætt þetta mál ítarlega í dag, bæði við aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og núna samninga um Icesave-reikningana, en eins og ég gat um fyrr í dag er vandi Íslendinga af fernum toga, í fyrsta lagi er bankahrunið, í öðru lagi jöklabréfin, í þriðja lagi Icesave-reikningarnir sem við ræðum hér og í fjórða lagi kröfuhafarnir.

Bankahrunið eitt sér hefði alveg dugað fyrir Íslendinga. Þar töpuðust 1.000 milljarðar, þar af 130 milljarðar í eigu einstaklinga, þar af 30 milljarðar í eigu aldraðra. Það var bara venjulegt fólk sem átti þarna hlutabréf, sparnaðinn sinn sem hvarf. Þetta veldur atvinnuleysi, launalækkun, eignamissi eins og ég gat um, keðjuverkun út í þjóðfélagið, önnur fyrirtæki fara á hausinn af því að þau höfðu treyst á lánveitingar o.s.frv. Þetta er í rauninni nægilegt verkefni fyrir eina þjóð að glíma við.

Síðan eru jöklabréfin, bréf sem höfðu streymt inn til landsins vegna vaxtamunar. Það hafði svo sem margoft verið bent á það úr þessum ræðustól að það gæti valdið tjóni, væri hættulegt því að þau styrktu gengið þegar þau komu inn, ollu því að innfluttar vörur lækkuðu í verði, og Íslendingar juku neyslu í staðinn fyrir að minnka hana þegar vextirnir hækkuðu. Þegar þetta snýst við gerist akkúrat öfugt og nú lendum við í því að við ráðum ekki við þessar krónur, þetta er það mikið, sumir tala um 200 milljarða, 300 milljarða, eitthvað svoleiðis, og við höfum þurft að setja mjög sorglegar gjaldeyrisreglur sem ég er ekki voðalega hrifinn af en sé alveg nauðsynina á að séu settar. Sem betur fer gerðist það í dag að gengið styrktist. Það styrktist í gær líka þannig að samanlagt er það búið að styrkjast um 22,5% á tveimur dögum, gengisvísitalan komin niður í 204. Ég ætla að vona að þetta sé ekki of ofsafengið þannig að þetta gangi til baka en við skulum vera undir það búin. Það er þó mjög jákvætt að við ráðum á þennan hátt við þennan takmarkaða gjaldeyrismarkað sem byggist bara á vöruskiptum, námsmannagjaldeyri og ferðamannagjaldeyri.

Svo er það Icesave-málið sem við ræðum hér. Það er galli í reglum Evrópusambandsins, flestir eru sammála um það. Fjármálaráðherra Breta hefur meira að segja skrifað Evrópusambandinu bréf og óskað eftir að reglunum verði breytt af því að honum finnst undarlegt að breskir skattgreiðendur eigi að borga fyrir tjón vegna innlánstrygginga.

Margir hafa talað um, þar á meðal hv. síðasti ræðumaður, að enginn bæri ábyrgð. Ég tel að Alþingi — og þar með ég — beri ábyrgð á því að lagasetningin um innlánstryggingar á Íslandi var ekki skotheld og við sáum ekki í gegnum galla í tilskipun Evrópusambandsins sem við hefðum átt að sjá. Það er alveg á hreinu að tryggingarsjóður sem var byggður upp á sjö árum, upp í 1% af innstæðum, dugar þegar hundraðasti hver banki fer á hausinn á sjö ára fresti í rólegu árferði. Hann dugar hins vegar ekki neitt þegar heilt bankakerfi fer á hausinn. Hann mundi ekki heldur duga í Hollandi, ef 50% af bankakerfi Hollands hryndu á einni viku skyldi enginn láta sér detta í hug að þær innstæður yrðu allar greiddar, því geta menn gleymt. Þetta er það sem menn óttast, menn óttast að sparifjáreigendur um alla Evrópu sjái veikleikann í kerfinu ef Íslendingar borga ekki. Íslenskir skattgreiðendur eru látnir greiða fyrir galla í tilskipun Evrópusambandsins, þeir eru látnir greiða fyrir traust sparifjáreigenda á bankakerfinu yfirleitt um allan heim. Svo beittu þeir hryðjuverkalögum sem bættu gráu ofan á svart og hafa sennilega sett Kaupþing á hausinn. Kaupþing hefði átt að standast þetta áfall en gerði það ekki. Þetta er mjög merkilegt.

Síðan gerist það að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er beitt til að kúga Íslendinga til að ganga að kröfum Evrópusambandsins. Það ætti virkilega að verða þeim viðvörunarmerki sem vilja að Íslendingar gangi í Evrópusambandið. Þegar skilningurinn er sá á högum og vandamálum Íslands að bankahrunið og jöklabréfin dugi ekki, heldur skuli hlaðið enn meira á íslenska skattgreiðendur skulu menn ekki búast við að skilningurinn verði neitt meiri þegar við erum orðin pínulítill hreppur í risastóru ríki Evrópusambandsins sem ég vona að verði aldrei. (**Gripið fram í:** Jæja.)

Svo er það síðasta málið, kröfuhafarnir. Þeir lánuðu einkabönkum. Í sjálfu sér koma okkur þessi lán ekkert við, gífurlegar upphæðir eins og ég gat um í dag, 40 millj. á hvern Íslending. Lánveitendurnir áttu náttúrlega að sjá þetta allt saman, þeir áttu að sjá þetta allt saman, gagnkvæma eignarhaldið, veikleikann í kerfinu — en þeir gerðu það ekki. Nú er tónninn sá að ef þeir geta ekki unnið með íslenskum stjórnmálamönnum að einhverri lausn geti orðið erfitt fyrir Íslendinga að fá lán úti í hinum stóra heimi næstu áratugina. Að því þarf að vinna líka. Ég tel mjög mikilvægt að þetta sé allt unnið í einni heild, allt unnið saman, allur þessi pakki, friðarsamningar, og íslenska þjóðin látin borga eins og hún þolir, ekki meira en það, eins og hún þolir án þess að missa aðalauðlindina, mannauðinn, úr landi. Það er hagur allra. Það er hagur Bretanna, það er hagur Hollendinganna, það er hagur kröfuhafanna og það er hagur Íslendinga að þjóðin sé ekki keyrð í sárafátækt eins og gæti orðið ef menn verða eins óbilgjarnir og þeir hafa verið hingað til, þessir erlendu „vinir okkar“ í Evrópusambandinu. (**VS:** En EFTA-löndin og Norðurlöndin?) Og

Norðurlöndin líka því að ég tel þau öll með sem „svokallaða vini".

Sú þingsályktunartillaga sem við ræðum hér er mjög opin. Ríkisstjórninni eða hæstv. utanríkisráðherra er falið að gera samninga um eitthvað. Það stendur reyndar í greinargerð með frumvarpinu að undir Alþingi skuli bera einstakar greiðslur við gerð fjárlaga. Þetta er svipað og ég lýsti í dag, svipað og ef maður felur einhverjum manni að kaupa hús. Ekkert meira um það, ekki hversu stórt það á að vera, hversu lítið, hversu dýrt o.s.frv., svo kaupir hann eitthvert kofaræksni fyrir 300 millj. og síðan kemur að gjalddögunum og þá verð ég að borga af því að ég var blankó búinn að fela honum að kaupa hús. Sú þingsályktunartillaga sem við ræðum hérna er einmitt þannig, hún er algerlega opin. Þess vegna nefndi ég við fyrri umr. að eitthvað meira þyrfti að koma til, einhver trygging fyrir því að Alþingi fjallaði um viðkomandi samninga þegar þeir hafa verið gerðir. Það er líka gott fyrir okkar samningamenn því að ef þeir hafa þá í bakhöndinni og viðsemjendur vita að Alþingi getur fellt samninga ef þeir verða óbærilegir íslenskri þjóð eru þeir hógværari í kröfunum. Það mundi styrkja íslenska samningamenn að hafa slíkt ákvæði í þingsályktunartillögunni.

Herra forseti. Þetta er heldur dapurleg umræða í dag og eiginlega mjög dapurleg en ég vil segja að í þessari stöðu felast engu að síður heilmikil tækifæri. Við erum búin að gera heilmikið. Við erum að setja sannleikslög. Við erum að setja sérstakan saksóknara í að kanna málið. Við afnemum vonandi þessar gjaldeyrisreglur sem allra fyrst og hugsanlega gengur það fyrr en seinna. Ef vel tekst til erum við komin með þjóðfélag sem er með miklu skýrari reglur. Ég ætla að vona að út úr þessu öllu saman komi miklu skýrari reglur og miklu betra siðferði í öllu kerfinu. Það er búið að refsa þeim sem brutu af sér þannig að það er viðvörun til manna um að þeir brjóti ekki reglur í atvinnulífinu. Ég held að ungt fólk eigi að sjá í þessu heilmikil tækifæri til að byggja upp nýtt Ísland, nákvæmlega eins og þegar fuglinn Fönix brann og var orðinn að ösku reis upp hinn nýi Fönix, ungur, bjartur og hlýr.

[19:22]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Þetta er afar dapurlegur dagur eins og hér hefur komið fram. Tala má um að við séum hér að kistuleggja fullveldi okkar. Segja má að það sama gildi um efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. En það er algerlega ljóst fyrir alla sem reyna að átta sig á þeim tölum sem um er að ræða, sem upplýsingar skortir þó verulega um, að ef maður leggst í þetta og reynir að finna út þær tölur sem hér eru á ferðinni, bæði vaxtakostnað og aðrar skuldbindingar, þá erum við að reisa okkur fjárhagslegan hurðarás um öxl og við erum að leggja óbærilegar fjárhagslegar byrðar á börn okkar og barnabörn.

Í dag erum við líka að husla utan garðs peningamálastefnu og efnahagsstefnu ríkisstjórna Sjálfstæðisflokksins allt frá árinu 1991, fyrst með Alþýðuflokknum, síðan með Framsóknarflokknum og loks nú með Samfylkingunni. Mér eru afar minnisstæð ummæli sem hv. fyrrverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, viðhafði í upphafi stjórnarferils síns þegar upp komu vandkvæði að mig minnir á Súgandafirði. Hann sagði: „Í minni ríkisstjórnartíð verða engir ríkisstyrkir. Það verða engir byggðastyrkir. Það verður engin slík aðstoð." Markaðurinn átti að sjá um það allt.

Hvað nú? Hvað erum við nú að gera? Við erum að taka á okkur ábyrgð og við erum beinlínis að „styrkja" auðmennina og bankana sem leikið hafa okkur jafngrátt og raun ber vitni. Þjóðinni er gert að taka ábyrgð á og greiða fyrir græðgina. Það er óþolandi. Við erum að greiða fyrir einkaþoturnar sem trufluðu stundum starfsfrið á Alþingi þegar þær flugu hér yfir. Við erum að greiða fyrir stórhýsin hér heima og erlendis, fyrir einkasnekkjurnar, fyrir fáheyrt bruðl sem hefur viðgengist frá því að bankarnir voru einkavæddir. Afmælisboð með Elton John upp á tugi milljóna o.s.frv., þetta er verið að leggja á þjóðina í dag. Það er þessi samanburður og það er þetta samhengi sem verður að skoða.

Ríkisstjórnin einkavæddi frelsið en svo er komið í ljós að ábyrgðin fylgdi ekki með. Ábyrgðin var ekki einkavædd í leiðinni og nú erum við að þjóðnýta bruðlið og varpa því yfir á Íslendinga sem engan þátt eiga í og enga ábyrgð bera á málinu. Það er rangt að segja að Íslendingar beri ábyrgð á þessu. Það er minni hluti þjóðarinnar, lítill minni hluti þjóðarinnar, sem ber ábyrgð á þessu ástandi, þessu efnahagshruni, og ríkisstjórnir og Seðlabankinn og eftirlitsstofnanir.

Ekki er hægt að ræða þessa stöðu hér í dag án þess að rifja upp söguna frá fyrstu ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Leiðarljós þeirrar ríkisstjórnar var eftirlitslaus markaðs- og einkavæðing sem öll vandamál átti að leysa, jafnt á sjúkrahúsum, í skólum og í fyrirtækjum, bönkum og annars staðar.

Fyrstu skrefin voru fljótlega stigin: Póstur og sími, orkuveitur, með tilheyrandi hækkun á raforkuverði, o.s.frv. Síðan voru bankarnir seldir á silfurfati og þá hófst útrás og skuldsetning hratt vaxandi í bóluviðskiptum þar sem ekki var atvinna að baki viðskiptunum, þar sem fjármagn var að baki fjármagni og búin var til spilaborg og rúlletta. Mörg aðvörunarljós blikkuðu allan tímann og meira að segja í ársbyrjun 2006 vöruðu erlendar greiningardeildir mjög ákveðið við ástandinu. Þá lagðist Fjármálaeftirlitið í vinnu í heilt ár og fékk aukafjárveitingu í að segja að erlendir sérfræðingar skildu ekki íslenska módelið. Ég spyr: Er von að þeir hafi ekki skilið það, þetta loftbólukerfi?

Það sem verra var; á þessum feitu góðærisárum auðmannanna fengu þeir skattalækkanir í kaupbæti sem eru að koma velferðarkerfinu og viðbrögðum við hruninu í koll. Það er að gerast. Þeir fengu skattalækkanir í kaupbæti en nú er komið fram, sem margsinnis hefur verið lýst hér af stjórnarandstöðu á þingi, að almenningur þurfti að þola skattahækkanir.

Í nýrri skýrslu fjármálaráðuneytisins er því lýst að persónuafsláttur hafi ekki fylgt verðlagsþróun, að barnabætur hafi ekki fylgt verðlagsþróun, vaxtabætur o.s.frv. þannig að skattbyrði almennings, meiri hluta Íslendinga, hækkaði. Maður spyr: Hvað vissu menn? Engu að síður máttu menn vita með því að afla sér vitneskju.

Ég fullyrði að með eftirgrennslan og aðgætni mátti ríkisstjórnin, eftirlitsstofnanir og aðrir, í síðasta lagi haustið 2007, vita hvert stefndi. Þeir máttu vita það með aðgæslu og fagmönnum. Bankarnir vissu hvert stefndi haustið 2007.

Hvað gerðu þeir haustið 2007? Kaupþing byrjaði að hamstra gjaldeyri. Glitnir fylgdi í kjölfarið í október og nóvember að hamstra gjaldeyri og síðan Landsbankinn í janúar og febrúar. Hvað gerðu bankarnir? Þeir tóku fjandsamlega afstöðu gegn krónunni og svo er krónan töluð niður en ekki bankarnir. Þeir tóku fjandsamlega afstöðu gegn krónunni vegna þess að þeir sáu fyrir gengisfall á vormánuðum eða fyrstu mánuðum ársins 2008.

Þegar þeir voru búnir að koma sér fyrir í þeirri stöðu að þeir áttu meira í gjaldeyri en íslenskum krónum féll gengið. Það hófst í mars síðastliðnum. Aðvörunarorð okkar um skuldsetningu þjóðarbúsins, voru hunsuð. Beinharðar tillögur í þá veru að reyna að efla gjaldeyrisforðann, að aðskilja bankana, þ.e. fjárfestingarstarfsemi og aðra viðskiptastarfsemi, voru allar hunsaðar. Afneitunin var algjör þó að menn hafi mátt vita betur. Hæstv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde, sagði í maí að botninum væri náð og hæstv. menntamálaráðherra sagði í júlí breskan sérfræðing þurfa að fara í endurmenntun. Hún hefur dregið þau orð til baka hér í ræðustól þingsins og sagt að hún þurfi að biðjast afsökunar á þeim.

Bankarnir vissu meira en þetta. Þeir vissu það í apríl í síðasta lagi, þegar Landsbankinn fékk skýrslu um Icesave-reikningana, að eftir það tímamark voru þeir glæpsamlegir. Samt var haldið áfram. Svo kom hrunið og þá var þjóðstjórn afþökkuð og síðan hefur hlutum verið klúðrað allrækilega.

Það er rétt að halda því til haga að á fundi hæstv. fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesens, í Evrópu 4. nóvember fékk hann afar kaldar móttökur þannig að gera varð hlé á fundi vegna ofurkrafna fjármálaráðherra Evrópuríkja. Sett var á stofn fimm manna nefnd sem átti að miðla málum. Málamiðlanir og tillögur þessarar fimm manna nefndar voru taldar algerlega óaðgengilegar fyrir Ísland. Því lýsti hæstv. fjármálaráðherra, Árni M. Mathiesen, yfir 13. nóvember 2008 og hæstv. forsætisráðherra tók undir þau ummæli að þessi skilyrði væru óaðgengileg. Hvað breyttist síðan í millitíðinni? Af hverju gekk ríkisstjórnin að kröfum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og tók upp ábyrgð á Icesave-reikningunum?

Það er vitað að fulltrúar nefndra ríkja, Bretlands, Þýskalands, Hollands, Frakklands og Austurríkis, með Evrópusambandið, óskabarn Samfylkingarinnar, í fararbroddi, gerðu þá ósvífnu kröfu til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að gera Icesave-ábyrgðina að skilyrði. Það er ósvífið í alþjóðasamskiptum og það er undarlegt til þess að vita að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sem við höfum átt aðild að í sextíu ár, skuli setja slík óviðkomandi skilyrði. Og hvað hékk þá meira á spýtunni? Jú, það kom fram í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að önnur hótun hékk á spýtunni, þ.e. að Evrópska efnahagssvæðið yrði í uppnámi ef við gengjum ekki að þessum samningum.

Þetta eru ótrúlega ósvífnar hótanir. Það er með ólíkindum að við skulum standa hér frammi fyrir því verkefni að vera að samþykkja, herra forseti, þingsályktunartillögu sem byggist á þessum þvingunum. Það er enn þá ótrúlegra að spilin hafi ekki verið lögð á borðið og almenningi gefnar upplýsingar hér um. Af hverju var ekki fallið frá beitingu hryðjuverkalaga? Af hverju var ekki lögð fram fundargerð fjármálaráðherra með Evrópuríkjunum? Af hverju var ekki lögð fram yfirlýsing hæstv. fjármálaráðherra í New York um ábyrgð á hollensku reikningunum? Af hverju gefur ríkisstjórnin ekki neitt fyrir skoðanir fræðimanna og ríkisendurskoðanda? Í skýrslu ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2007 segir orðrétt, með leyfi herra forseta:

„Fella ætti Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta úr D-hluta ríkissjóðs. Sjóðurinn getur með engu móti talist eign ríkisins og það ber heldur ekki ábyrgð á skuldbindingum hans."

Síðan segir, með leyfi herra forseta:

„Að mati stofnunarinnar eru ekki lagalegar forsendur fyrir birtingu sjóðsins í ríkisreikningi enda getur hann með engu móti talist eign ríkisins og það ber heldur ekki ábyrgð á skuldbindingum hans."

Ríkið ber enga ábyrgð. Fyrir því standa síðan lögfræðileg álit sem fylgja minnihlutaáliti okkar. Þessar upplýsingar áttu eðlilega allar að liggja fyrir til að unnt væri að taka faglega afstöðu til málsins. Fyrir átti að liggja fagleg nálgun fræðimanna, hagfræðinga, tölfræðinga og annarra, fræðileg nálgun með sem minnstri ónákvæmni, plús eða mínus 10%, á því hvað við erum að taka á okkur af skuldum, á því hver vaxtakostnaður þjóðarbúsins verður á næstu árum o.s.frv. Ríkisstjórnin átti að fara í að semja við bresk yfirvöld um Icesave-reikningana án þessarar þingsályktunartillögu og gera samninga með fyrirvara um samþykki Alþingis. Ekki að fara út með opinn tékka á bilinu 200 til 800 milljarða plús vaxtakostnað. Það er það sem við erum að semja um hér í dag, opinn tékka. Það er algerlega óþolandi.

Svo er hér sagt að ekki megi birta þessi trúnaðargögn vegna þess að það skaði samningsstöðu íslenska ríkisins. Gildir það um öll gögn málsins? Ég segi nei. Það þarf að rökstyðja það hvert fyrir sig. Það kunna að vera einhver slík gögn en alls ekki öll gögn málsins. Og hvernig getur yfirlýsing hæstv. fjármálaráðherra við Hollendinga í New York, sem búið er að undirrita og ganga frá, yfirlýsing sem er búið að semja um og staðfesta, hvernig getur hún skaðað samningsstöðu íslenska ríkisins? Gerður hlutur. Er það eitthvert leyndarmál ef búið er að semja við Hollendinga?

Á fullveldisdaginn 1. desember flutti Björg Thorarensen, forseti lagadeildar, afar merkilegt erindi á ráðstefnu í Háskóla Íslands sem Alþjóðamálastofnun og Samtök iðnaðarins stóðu fyrir. Hún sagði þar m.a. að smáþjóð í kreppu megi sín lítils og hún segir að beiting hryðjuverkalaganna gegn Íslandi eigi sér enga lagastoð, þ.e. uppspretta hryðjuverkalaganna er í hryðjuverkunum 11. september. Okkur er stillt upp við hliðina á al Kaída. Okkur er stillt upp. Erum við hryðjuverkamenn? Nei. Við upplifum hér á hverjum laugardegi friðsöm mótmæli, lýðræðisleg friðsöm mótmæli. Hvar er ofbeldið? Hvar eru hryðjuverkin? Auðvitað engin. Íslendingar eru friðelskandi þjóð. Þessu er beitt gegn okkur og þetta er vinaþjóð okkar í NATO. Er ekki beiting hryðjuverkalaganna gagnvart Íslandi árás á íslenska ríkið? Jú. Hvað þýðir það? Árás á eitt NATO-ríki er árás á öll NATO-ríkin. Það er einfalt. Hvar eru hin NATO-ríkin þegar Bretar ráðast með þessum hætti á okkur?

Þeir hafa að vísu gert það áður í landhelgisdeilum. Þá stóð íslenska ríkisstjórnin í fæturna og þjóðin einhuga að baki henni. En í dag ef við hefðum tekið slaginn við Breta

stæði samhuga þjóð með ríkisstjórninni og mundi styðja hana í þessu í einu og öllu.

Björg Thorarensen lýsti því svo í erindi sínu að tilskipunin um innstæðurnar, herra forseti, gæti ekki gert aðildarríki, ríkisstjórnir, ábyrgar fyrir innstæðum. Til þess var þessi tilskipun innleidd. Við gerðum allt rétt gagnvart Evrópubandalagsskuldbindingum, allt rétt. Engu að síður erum við þvinguð. Um það segir Björg Thorarensen síðan orðrétt, með leyfi herra forseta.

„ESB-ríkin voru ófáanleg til að fallast á að úr þessum ágreiningi yrði skorið eftir löglegum leiðum. Augljóslega hefði málið valdið óróa innan Evrópusambandsríkjanna og vakið athygli allra á því að engar Evrópureglur eru til sem mæla fyrir ríkisábyrgð á bankainnstæðum."

Síðar segir hún, og heldur því fram að það hafi engin lagaleg skylda borið til að taka þessa ábyrgð, orðrétt, með leyfi herra forseta:

„Hvorki eftir Evróputilskipun né öðrum þjóðréttarlegum reglum. ... Samningar af þessum toga eru á lögfræðimáli kallaðir nauðungarsamningar. Ekki aðeins í okkar lögum heldur einnig í þjóðaréttinum. Og slíkir samningar eru raunar ógildanlegir."

Svo mörg voru þau orð.

Við erum að samþykkja þingsályktunartillögu þar sem snúið hefur verið upp á handlegginn á íslensku þjóðinni og okkur er enn haldið í heljargreipum hryðjuverkalaganna. Er þetta boðlegt? Er boðlegt að Alþingi Íslands bjóði þjóðinni upp á svona þingsályktun? Ég segi: Nei, það er algerlega óboðlegt. Það stríðir gegn siðferðiskennd minni, réttlætiskennd og öllu því sem ég hef verið alinn upp við. Þess vegna er þetta dapur dagur.

Við erum að fara finnsku leiðina. Hver er hugsunin í öllu þessu Alþjóðagjaldeyrissjóðsdæmi og þingsályktun um ábyrgð á Icesave-reikningum? Jú, það er að bjarga bönkunum. Ef maður les yfirlýsingu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þá er aftur og aftur talað um bankana. Hvar er talað þar um þjóðina, heimilin í landinu, atvinnureksturinn? Jú, það er lagt til þeirra með því að setja 18% stýrivexti sem drepur alla heilbrigða atvinnustarfsemi og útilokar nýsköpun, þróun og þar fram eftir götunum.

Finnar fóru í gegnum þetta í tvö ár þangað til þeir áttuðu sig á því: Við skulum bjarga heimilum. Við skulum bjarga fólkinu og við skulum bjarga atvinnurekstrinum. Hvað þarf íslenska ríkisstjórnin mörg ár til að skilja þetta? Það voru að vísu kosningar á milli í Finnlandi. Við erum að taka á okkur fleiri hundruð milljarða til að bjarga bankakerfinu. Hvar eru tillögurnar fyrir fólkið? Hvað gætum við ekki gert, ég í mínu kjördæmi, eða þið, hv. þingmenn, í ykkar kjördæmum, fyrir 100 milljarða í atvinnusköpun? Nú er ekkert til lengur vegna þess að skerða á ríkisfjárframlög. Það á að skerða framlög sveitarfélaganna. Það á að skerða kjarasamninga. Við höfum engin úrræði.

Ég fór á kjördæmadögum, 20.–22. október, um kjördæmi mitt. Við töluðum við 23 sveitarstjórnir í þessu kjördæmi. Allar voru þær með 10–20 tillögur um atvinnusköpun. Ég er því afar bjartsýnn á að þessi þjóð vinni sig út úr erfiðleikum sínum ef hún fer ekki þessa leið. Af hverju var núllkosturinn, sem ég tala svo um, ekki skoðaður? Þ.e. að taka engin lán. Ég hef rætt við útgerðaraðila og fleiri. Þeir telja að við mundum eiga erfitt í 2–4 ár en ekki 20 ár eins og hér er talað um.

[19:42]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að bregðast almennt við ræðu hv. þingmanns en mér heyrðist hann segja að í tengslum við Súðavíkurmálið hefði Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, sagt að frelsið ætti að ráða og ekki ætti að líða neina byggðastyrki.

Ef ég heyrði rétt þá vil ég leiðrétta þetta. Þó að Davíð Oddsson sé nú ekki vinsælasti maðurinn í landinu finnst mér að hann eigi að njóta sannmælis. Sannleikurinn er sá að það var ekki síst fyrir hans ákvörðun sem ákveðið var og sem uppbygging fór fram eftir þá hörmulegu atburði sem áttu sér stað í Súðavík. Ég vildi að þetta kæmi fram. Ég veit ekki hvort ég heyrði rétt en mér heyrðist hv. þingmaður tala um þetta með þeim hætti sem ég fór hér yfir.

[19:43]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að þetta sé misskilningur. Hv. þingmaður vísar til annarra atburða en ég var að vísa til. Það voru miklir erfiðleikar í atvinnumálum. Það hefur ekki verið á Súðavík, það hefur verið á Súgandafirði. En þessi yfirlýsing birtist í blöðunum, þ.e. að ekki yrði um byggðastyrki að ræða.

Staðreyndin er sú, og það þekkja allir, að frá árinu 1991 hefur verið stöðug byggðaröskun og atvinnutækifæri á landsbyggðinni eru vannýtt. Landsbyggðin hefur ekki fengið fjármagn nema á okurvöxtum og kannski má segja að sú djúpa kreppa sem við stöndum frammi fyrir sé mikið til bundin við suðvesturhornið þar sem þenslan og brjálæðið var hvað mest.

Ég hygg sem sé að þetta sé misskilningur en ég mun skoða það betur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:45]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 271 og 272. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárhagsleg fyrirgreiðsla hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, frh. síðari umr.

Stjtill., 161. mál. — Þskj. 189, nál. 264, 265, 266 og 267.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:47]

Till. í nál. 265 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 34:6 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, JBjarn, KJak, KolH, SJS.

nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, ISG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, LB, MS, ÓN, PHB, RGuðb, StB,

VS, ÖS.
4 þm. (EyH, GMJ, GAK, JM) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁÞS, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, GÞÞ, IllG, KHG, KÞJ, KLM, RR, SKK, SF, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[19:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Sú afgreiðsla sem hér er lögð til felur í raun í sér að ríkisstjórnin fengi afar takmarkað og skilyrt samningsumboð til þess að leysa úr málinu, ekki yrði farið lengra inn á þá braut sem nú er í gangi í samskiptum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn heldur yrði verkefnið að reyna með lágmarkslántökum eftir atvikum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eða öðrum alþjóðlegum aðilum eða ríkjum að taka nauðsynleg gjaldeyrislán án þess að Ísland afsali sér sjálfsstjórn í innri málum með þeim hætti sem þvingunarskilmálar áætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fela í sér og eins og við hv. þingmenn erum þegar farnir að kynnast með vaxtahækkunum, niðurskurði á fjárlögum ríkisins og öðru í þeim dúr. Möguleikar okkar sem sjálfstæðrar þjóðar yrðu þá nýttir eftir föngum til að hefja hér endurreisnarskeið í landinu án óbærilegs skuldaklafa og utanaðkomandi þvingunarskilmála sem gætu gert landsmönnum það verkefni erfitt ef ekki óleysanlegt.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HHj, HerdÞ, ISG, JóhS, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, LB, ÓN, PHB, RGuðb, StB, ÖS.
nei: AtlG, ÁI, JBjarn, KJak, KolH, SJS.
5 þm. (GMJ, HSH, HöskÞ, MS, VS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁJ, ÁÞS, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, EyH, GÞÞ, IllG, KHG, KÞJ, KLM, RR, SKK, SF, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 274).

Samningar um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu, frh. síðari umr.

Stjtill., 177. mál. — Þskj. 219, nál. 259, 260, 262 og 263, brtt. 261 og 272, till. til rökst. dagskrár 271.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:50]

Till. til rökst. dagskrár í nál. 260 felld með 30:9 atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, JM, KJak, KolH, SJS.
nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, ISG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, LB, ÓN, PHB, RGuðb, StB, ÖS.
5 þm. (EyH, HSH, HöskÞ, MS, VS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁÞS, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, GÞÞ, IllG, KHG, KÞJ, KLM, RR, SKK, SF, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[19:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi dagskrártillaga felur það í sér að því verði hafnað af hálfu Alþingis að veita það galopna samningsumboð sem ríkisstjórnin fer á Íslandi fram á undir hryðjuverkalögum sem enn eru í gildi í Bretlandi. Þess í stað verði stjórnvöldum falið að taka upp samningaviðræður við deiluaðila að nýju á hreinu borði og leita þar eftir því og sækja fast á um að fá fram lögformlegan úrskurðarfarveg í deilumálinu og/eða samningsniðurstöðu á sanngjörnum forsendum. Í því ljósi og með þeim rökstuðningi leggjum við til að tillögunni verði vísað frá.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 271 felld með 30:9 atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, JM, KJak, KolH, SJS.
nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, ISG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, LB, ÓN, PHB, RGuðb, StB, ÖS.
5 þm. (EyH, HSH, HöskÞ, MS, VS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁÞS, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, GÞÞ, IllG, KHG, KÞJ, KLM, RR, SKK, SF, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 261 felld með 30:14 atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SJS, VS.
nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, ISG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, LB, ÓN, PHB, RGuðb, StB, ÖS.
19 þm. (ÁJ, ÁÞS, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, GÞÞ, IllG, KHG, KÞJ, KLM, RR, SKK, SF, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[19:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er flutt varatillaga í ljósi þess að Alþingi hefur ekki fallist á að vísa málinu frá með þeim rökstuðningi sem fluttur var hér áðan. Hún gengur út á það að gildistaka samningsumboðs ríkisstjórnarinnar verði þó skilyrt þannig að ekki verði gengið til samninga fyrr en Bretar hafa aflétt frystingu á eignum Landsbankans í Bretlandi samkvæmt ákvæðum hryðjuverkalaga.

Ég verð að segja alveg eins og er að það er dapurlegt ef það ætlar að verða raunin að ekki einu sinni þetta treysti Alþingi Íslendinga sér til að segja í málinu heldur fela ríkisstjórninni galopið samningsumboð í þessu örlagamáli og það undir gildandi hryðjuverkalögum þannig að lítill gerist nú metnaður manna, verð ég að segja, að ætla sér að lötra þessa götu með þessum hætti og hafandi hryðjuverkalög á landið í fullu gildi og allt í óvissu um það hvenær þau verða þá yfirleitt felld niður.

[19:52]

Árni Páll Árnason:

Virðulegi forseti. Í þessari tillögu felst að samningsumboð stjórnvalda er skilyrt með þeim hætti að mál þurfi að hafa skýrst hvað varðar verðmæti tiltekinna eigna Landsbankans í Bretlandi áður en unnt sé að ganga til samninga. Það er líka skilyrt að hryðjuverkalöggjöfinni hafi verið aflétt áður en hægt sé að semja. Með þessum hætti er með óeðlilegum hætti takmarkað svigrúm stjórnvalda til að ná fram niðurstöðu.

Hitt leiðir auðvitað af eðli máls að það er óhugsandi að sjá fyrir sér að samningar verði gerðir í þessu máli sem ekki fela í sér að hryðjuverkalöggjöfinni og frystingu á grundvelli hennar verði aflétt á sama tíma. Það leiðir af eðli máls.

Brtt. 272 felld með 28:15 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, PHB, SJS, VS.

nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, ISG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, LB, ÓN, RGuðb, StB, ÖS.

1 þm. (EBS) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁÞS, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, GÞÞ, IllG, KHG, KÞJ, KLM, RR, SKK, SF, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:53]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Eins og ég nefndi við fyrri umr. fannst mér þetta fullopið umboð sem ríkisstjórninni er veitt með þessari þingsályktunartillögu og gat þess þá að það mætti bæta inn örfáum orðum um að samningana skuli bera undir Alþingi. Þetta er svona svipað og við sendum mann út í bæ — ég gat um það áðan — til að kaupa hús og ekkert meira um það, og svo getur hann keypt stórt hús fyrir lítinn pening eða lítið hús fyrir stóran pening, við skulum bara borga og við skulum samþykkja að greiða þegar greiðslurnar koma í fjárlögum. Þetta finnst mér ekki vera nógu gott og ég hef lagt til að við bætist orðin: „Bera skal samningana undir Alþingi.“ Ég segi já.

[19:54]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Við erum hér að ræða um þingsályktunartillögu þar sem farið er fram á pólitíska stuðning við það ferli sem málið hefur verið fellt í af hálfu stjórnvalda. Fyrir liggur að þær viðræður sem í hönd fara og eru reyndar þegar komnar af stað byggja á ákveðnum sameiginlegum viðmiðum um það að hverju skuli stefnt. Málið hefur verið fellt í farveg pólitískrar lausnar.

Þegar stjórnvöld leggja fyrir þingið tillögu með þessum hætti og óska pólitísks stuðnings er það auðvitað afar einkennilegt ef málið á þá að enda með því að umboðið sé þynnt út og í raun settur fyrirvari á þá samninga sem af stað eru farnir, en augljóst er að stjórnvöld hafa á grundvelli almennra reglna heimild til þess að ganga til samninga af því tagi sem hér er um rætt. Hér er einungis verið að kanna pólitíska (Forseti hringir.) stuðning við málið á þeim forsendum sem kynntar eru í þingsályktunartillögunni. Ég tel óskynsamlegt að gera þennan viðbótaráskilnað (Forseti hringir.) og segi þess vegna nei. (Gripið fram í.)

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 29:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, ISG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, LB, ÓN, RGuðb, StB, ÖS.

nei: AtlG, ÁI, JBjarn, KJak, KolH, PHB, SJS.

8 þm. (EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JM, MS, VS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁÞS, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, GÞÞ, IllG, KHG, KÞJ, KLM, RR, SKK, SF, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá formanni utanríkismálanefndar að hér er farið fram á pólitíska stuðning við uppgjöfina í Icesave-deilunni. Það verður ekki betur orðað. Ég óska hv. þm. Bjarna Benediktssyni til hamingju með orðsnilldina. Það verður ekki betur gert en að segja það hreinum og tærum orðum að það er verið að óska eftir pólitískum stuðningi við ömurlega uppgjöf í þessu illvíga máli.

Ég vil hins vegar hér fyrir hönd okkar þingmanna Vinstri grænna lýsa því yfir að við lítum á þetta sem riftanlegan eða ógildanlegan nauðungarsamning og áskiljum okkur allan rétt í framhaldinu hvað það varðar.

[19:58]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ég frábið mér það að hv. þingmenn leggi mér orð í munn. Það er ekki þannig að hér sé verið að óska eftir pólitískri blessun á neins konar uppgjöf í þessu máli. Þvert á móti hefur verið lagt fyrir þingið með mjög skýrum hætti á hvaða forsendum íslensk stjórnvöld hyggjast leita pólitískrar lausnar á þeim ágreiningi sem hefur verið uppi við önnur ríki vegna innstæðna íslenskra banka þar í landi. Viðmiðin eru klár. Samningsmarkmiðin hafa verið kynnt fyrir þinginu. Það liggur jafnframt fyrir að utanríkismálanefnd þingsins verður haldið upplýstri um framvindu samninganna. Umboðið er afmarkað. Það er algjörlega skýrt. Það er skynsamlegt. Það er á skynsamlegum forsendum sem farið er til þessara viðræðna. Engar efnislegar athugasemdir hafa komið fram um helstu samningsmarkmiðin sem kynnt voru í nefndarstarfinu þannig að það er ástæðulaus ótti sem þingmenn koma fram með hér við að styðja þann farveg sem málið hefur verið fellt í. (Forseti hringir.) Ég tel þvert á móti að það hafi verið skynsamlegt að fella málið í þennan farveg og það er rétt að styðja málið. (Gripið fram í.)

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 275).

Fundi slitið kl. 19:59.

45. FUNDUR

mánudaginn 8. desember,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu, stjtill., 197. mál, þskj. 244. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
3. Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins o.fl., stjfrv., 179. mál, þskj. 222. — 1. umr.
4. Dýravernd, stjfrv., 186. mál, þskj. 229. — 1. umr.
5. Uppbygging og rekstur fráveitna, stjfrv., 187. mál, þskj. 230. — 1. umr.
6. Náttúruverndaráætlun 2009–2013, stjtill., 192. mál, þskj. 239. — Fyrri umr.
7. Lyfjalög, frv., 203. mál, þskj. 258. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Atli Gíslason, 7. þm. Suðurk.
Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
Katrín Jakobsdóttir, 4. þm. Reykv. n.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Landssamtökunum Þroskahjálp.
Ályktun bæjarstjórnar Álftaness.

[15:04]

Útbýting:

Fjármögnun á kaupum á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings, 154. mál, svar fjmrh., þskj. 277.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 120. mál, nál. meiri hluta sjútv.- og landbn., þskj. 276.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]

2. og 7. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 37 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Icesave-reikningar í Bretlandi.

[15:07]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Í fréttum Stöðvar 2 27. október kom fram að Björgólfur Thor Björgólfsson hafi komið með yfirlýsingu þar sem hann segir að bankastjórn Seðlabankans hafi verið kunnugt um boð breska fjármálaeftirlitsins um flýtimeðferð vegna Icesave-ábyrgðanna og ráðherrum í ríkisstjórn Íslands, sem helst hafa farið með þau mál, hafi verið kunnugt um þetta tilboð breska eftirlitsins (**Gripið fram í:** Það var ...) og Seðlabankanum líka. Ég vil af þessu tilefni, virðulegi forseti, spyrja hæstv. fjármálaráðherra í tilefni af svari sem hann gaf og kom til þingsins síðasta föstudag, og vil reyndar taka fram að hæstv. ráðherra sem hefur 10 virka daga til að svara tók sér a.m.k. 25 daga til að svara og svarið er 30 orð, þannig að það er rúmlega eitt orð á dag sem ráðherrann hefur sett niður á blað, (**Gripið fram í:** ... á meðan.) ótrúlega rýrt svar. En í þessari fyrirspurn spyr sú er hér stendur hvort ráðherra hafi vitað um þetta tilboð breska fjármálaeftirlitsins, að gegn 200 millj. punda fyrirgreiðslu, sem er um 40 milljarðar íslenskra króna, væri hægt að færa Icesave-reikningana yfir í breska lögsögu og svarið er nei.

Ég spyr einnig að því, virðulegi forseti, hvort fjármálaráðherra hafi verið að vísa í þessa upphæð, 200 millj. punda, í símtali við fjármálaráðherra Breta en það símtal lak reyndar út, af því að fjármálaráðherra Breta talar um ... [Háreysti á þingpöllum.]

[Fundarhlé. — 15:11]

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 179. mál (framlenging aðlögunartíma). — Þskj. 222.

[16:12]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um útlendinga með síðari breytingum.

Þann 1. ágúst 2007 tóku gildi samningar um inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu í Evrópska efnahagssvæðið en í samningaviðræðum um aðild ríkjanna að Evrópusambandinu var gert ráð fyrir að sömu reglur giltu á öllu svæðinu. Í samningnum um inngöngu ríkjanna í Evrópusambandið var þó ekki gert ráð fyrir að þau ákvæði í löggjöf Evrópusambandsins er varða frjálsa för ríkisborgara þessara ríkja sem launamanna innan svæðisins taki gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2009. Enn fremur var aðildarríkjum Evrópusambandsins gert heimilt að fresta gildistöku þessara tilteknu ákvæða í tveimur áföngum í allt að 5 ár til viðbótar eða til 1. janúar 2014. Frá árinu 2007 hafa ákvæði í löggjöf Evrópusambandsins sem varða frjálsa för því ekki gilt um ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu sem launamanna innan sambandsins. Einstök ríki Evrópusambandsins gátu hins vegar við inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu sett samhljóða ívilnandi reglur í landslög og hvenær sem er síðan á fyrsta tveggja ára aðlögunartímabilinu, allt til 1. janúar 2009. Sérstaklega var þó kveðið á um að ríkinu væri ekki heimilt að

setja strangari skilyrði fyrir dvalar- og atvinnuréttindum ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu en giltu á þeim degi er ríkin tvö gerðust aðilar að Evrópusambandinu.

Ísland, Noregur og Liechtenstein hafa sömu heimildir og Evrópusambandsríkin til að beita tímabundnum takmörkunum varðandi frjálsa för launamanna frá Búlgaríu og Rúmeníu á yfirráðasvæðum viðkomandi ríkja. Samkvæmt ákvæðum aðildarsamnings EES frá 2007 um frjálsa för launafólks er gert ráð fyrir að hvert aðildarríki beiti eigin landslögum og/eða ákvæðum tvíhliða samninga um aðgengi ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu að vinnumarkaði sínum fyrstu tvö árin frá stækkun svæðisins.

Með lögum sem samþykkt voru á Alþingi 13. júní 2007 um breytingu á lögum vegna samnings um þátttöku lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu nýttu íslensk stjórnvöld sér fyrrnefndar heimildir til að takmarka aðgang ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu að innlendum vinnumarkaði. Löggjöf Evrópusambandsins heimilar enn frekari frestun á gildistökuákvæðum um frjálsa för í allt að þrjú ár til viðbótar eða til 1. janúar 2012. Þeim ríkjum sem kjósa að gera slíkt ber að tilkynna það framkvæmdastjórninni. Sendi ríki ekki frá sér slíka tilkynningu verður litið svo á að ákvæðin er varða frjálsa för ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu sem launamanna innan svæðisins taki að fullu gildi að því er varðar þau ríki frá 1. janúar 2009. Ríkjunum er heimilt að hverfa frá takmörkunum sem þau hafa viðhaft og taka upp hinar sameiginlegu reglur bandalagsréttarins um frjálsa för launafólks. Geri þau það er hins vegar ekki unnt að snúa til baka, þ.e. frá hinum sameiginlegu reglum Evrópusambandsins til ákvæða í landslögum, nema að uppfylltum mjög ströngum skilyrðum sem m.a. lúta að aðstæðum á vinnumarkaði.

Að því er varðar EES- og EFTA-ríkin ber þeim að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA fyrir fram um áætlanir sínar um frestun á gildistöku umræddra ákvæða. Samkvæmt upplýsingum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nýta öll gömlu Evrópusambandsríkin að Finnlandi og Svíþjóð undanskildum umræddar heimildir til að takmarka aðgang ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu að vinnumarkaði viðkomandi ríkja og samkvæmt sömu heimildum bendir allt til þess að svo verði áfram.

Virðulegi forseti. Ljóst er að vegna þrenginga í efnahagslífi þjóðarinnar ríkir nokkur óvissa um stöðu og þróun á innlendum vinnumarkaði á næstu mánuðum. Atvinnuleysi hefur aukist hratt undanfarnar vikur og mældist 1,9% í *október 2008. Miðað við skráningu fólks á atvinnuleysisskrá* Vinnumálastofnunar nú í nóvember má gera ráð fyrir að atvinnuleysi verði 4,4% um mánaðamótin nóvember/desember 2008 og verði nálægt 8% um mánaðamótin janúar og febrúar 2009. Á innlendum vinnumarkaði hafa aðstæður því breyst mjög hratt til hins verra á undanförnum vikum og erfitt að meta hversu langt er að bíða þess að atvinnuástand batni á nýjan leik. Að teknu tilliti til þessara aðstæðna og þá sér í lagi þeirrar óvissu sem ríkir er lagt til með frumvarpi þessu að gildistökuákvæði 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, ásamt síðari breytingum, verði enn frestað tímabundið til 1. janúar 2012 að því er varðar aðgengi ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu að íslenskum vinnumarkaði. Í því skyni eru með frumvarpi þessu lagðar til breytingar á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um útlendinga þess efnis að ákvæði laganna sem snúa að takmörkun á frjálsri för ríkisborgara þessara ríkja sem launamanna innan svæðisins haldi gildi sínu fram til 1. janúar 2012. Þannig er gert ráð fyrir að ákvæði fyrrnefndra laga um rétt ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu til að starfa hér á landi sem launamenn gildi áfram fram til 1. janúar 2012 .

Virðulegi forseti. Þessar breytingar á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins og lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um útlendinga sem ég hef rakið hér að framan eru lagðar til í ljósi þess ástands sem ríkir á innlendum vinnumarkaði um þessar mundir. Við verðum að bregðast við ástandinu með öllum tiltækum ráðum í því skyni að lágmarka eins og kostur er þann skell sem heimilin í landinu verða fyrir þessa dagana. Okkur ber einfaldlega skylda til að gera allt sem í okkar valdi stendur til að draga eins mikið og við getum úr yfirvofandi atvinnuleysi hér á landi á komandi vikum og mánuðum. Einnig verðum við að nýta okkur áfram þær heimildir sem ég hef lýst.

Ég vil geta þess að þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu í lögum um útlendinga eru gerðar í fullu samráði við hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra og við smíði frumvarpsins var enn fremur haft samráð við utanríkisráðuneytið, Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og Vinnumálastofnun.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. félags- og tryggingamálanefndar.

[16:19]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem mér finnst ástæða til að vekja athygli á af því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra, í fyrsta lagi að þegar reglur Evrópusambandsins hafa verið teknar upp verður ekki unnt að snúa til baka eins og segir í greinargerð með frumvarpinu og kom fram í máli hæstv. ráðherra, þ.e. frá hinum sameiginlegu reglum til ákvæða í landslögum. Með öðrum orðum, þegar Evrópusambandsreglurnar hafa verið teknar upp, hvort sem við gerum það sem EES-ríki eða aðildarríki Evrópusambandsins, missa menn forræðið á því að breyta þeim. Það verður ekki snúið til baka. Það liggur alveg ljóst fyrir og það er ástæða til að vekja athygli á því.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, rökstyður hæstv. ráðherra þessa breytingu sem er sú að fresta því að opna vinnumarkaðinn hér á landi fyrir vinnuafli frá Rúmeníu og Búlgaríu með tilvísun til ástands heimilanna á Íslandi. Aðgerð til þess að verja stöðu heimilanna í ástandinu á Íslandi í dag er sem sé sú að opna ekki vinnumarkaðinn. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Til hvaða ráða hefði ráðherrann gripið ef við hefðum verið í dag í Evrópusambandinu og reglurnar gengið í gildi eins og þær munu gera?

Ég held að það sé ástæða til að fá fram (Forseti hringir.) úrræðin sem menn eiga þá á hendi til að beita síðar meir við sambærilegar aðstæður.

[16:22]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig í ræðu minni áðan hafa skýrt af hverju við grípum til þess ráðs að framlengja þetta ákvæði sem við getum svo enn framlengt til 2014 ef ástæða er til. Ef ég man það rétt, sem ég skal skoða nánar, er hægt að framlengja þetta lengur ef mjög sérstakar aðstæður eru á vinnumarkaði. Ég þarf bara að skoða það. Það er svolítið síðan ég skoðaði þessi ákvæði.

Við getum bara ekki valið úr eitt og hafnað öðru. Þetta er með þeim hætti að við höfum tekið upp þennan EES-samning og búið við hann í langan tíma. Ég hygg að flestir hafi góða reynslu af honum og hafi ekki viljað snúa til baka með það. Við sem heild og þjóðarbúið höfum haft af honum ávinning.

Ég hygg að aðstæður séu þannig núna á vinnumarkaðnum þar sem við sjáum fram á verulegt atvinnuleysi eins langt og við getum spáð, kannski um 8%, að full ástæða sé til þess að takmarka áfram frjálsa för þessara þjóða til landsins. Eins og sagði áðan hafa flestar Evrópuþjóðirnar tekið upp þetta ákvæði og nýtt sér það, þessa framlengingu. Það er ekki vafi í mínum huga að við erum að gera rétt með því að framlengja þetta ákvæði nú.

[16:23]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri ekki ágreining við ráðherrann um það. Það er rétt að beita þessu úrræði í ljósi vaxandi atvinnuleysis og þeirra slæmu hl a sem eru á vinnum rkaði í náinni framtíð.

Ég vek hins vegar athygli á því að ekki er beitt ákvæðum EES-samningsins, 112.–113. gr., sem gefur stjórnvöldum heimild til að takmarka aðgengi að íslenskum vinnumarkaði samkvæmt ákvæðum sem þar greinir frá. Það er ekki verið að nota þær heimildargreinar í samningnum heldur er frestað með vísan til ákvæða sem sett voru þegar þessi ríki gengu í Evrópusambandið. Þau ákvæði renna út árið 2014 í síðasta lagi. Það er mér tilefni til að spyrja — komi upp sambærilegar aðstæður þá og núna eru — hvaða úrræði íslensk stjórnvöld hafi til þess að verja stöðu íslenskra heimila. Rökstuðningur ráðherrans fyrir aðgerðum núna er sá að verja stöðu íslenskra heimila en ekki hefur verið hægt að nota neitt ákvæði til þess að takmarka aðgang inn á íslenskan vinnumarkað.

Það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hvaða úrræði hún mundi þá leggja til að yrði beitt í ljósi þess að ráðherrann telur nauðsynlegt að við göngum í Evrópusambandið.

[16:25]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ósk mín og von og sjálfsagt síðasta ræðumanns líka að atvinnuástandið breytist fyrr hér en að við þurfum að búa við svona þrengingar í mörg ár í viðbót. Við vonum að það geti farið að birta til á íslenskum vinnumarkaði innan ekki margra missira.

Ég sagði áðan að við gætum framlengt þetta ákvæði, sem við erum nú að framlengja, til 2012–2014. Ef það er mjög slæmt ástand á vinnumarkaðnum eftir 2014 er hægt að framlengja ákvæðið í samningum við EES áfram. Við hljótum bæði að undirstrika að við hljótum að vinna okkur miklu fyrr út úr þessum hremmingum sem við erum í núna.

[16:26]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Meginröksemdafærsla hæstv. félagsmálaráðherra fyrir frumvarpi því sem hér liggur fyrir er sú að draga þurfi svo mikið sem unnt er úr áhrifum efnahagskreppunnar á íslenskan atvinnumarkað en ég vil halda fram því sjónarmiði hér, hæstv. forseti, að þessi aðgerð í sjálfu sér hafi ekkert með þann tilgang að gera. Mér er nefnilega til efs að framlenging þeirra takmarkana sem hér er mælt fyrir um komi að miklu eða jafnvel nokkru marki til með að hafa áhrif á íslenskan vinnumarkað.

Þeir einstaklingar sem leita sér að störfum innan Evrópska efnahagssvæðisins reyna að sækja til þeirra svæða þar sem atvinnuástand er sæmilegt. Nú háttar svo til hér að atvinnuástand er allt annað en sæmilegt. Það er verulega slæmt þannig að ég velti fyrir mér hvaða hætta sé yfirvofandi vegna þeirra 8 milljóna Búlgara og 22 milljóna Rúmena á vinnumarkaði sem telur um 500 milljónir manna og er opinn evrópskum vinnumarkaði. Mér finnst í sjálfu sér ekki sannfærandi að það sé einhver þörf á því að loka þessum markaði sem við erum nú þegar inni á fyrir aðilum frá þessum tveimur löndum.

Þegar þessum lögum var breytt í þeim tilgangi að nýta okkur s lögunarf stinn síðast, þ.e. lög sem tóku gildi 13. júní 2007, höfðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fyrirvara á því að við skyldum nýta okkur frestinn og rökstuddum hann með þeim hætti að við teldum að ekki hefði verið rökstutt í umræðunni með fullnægjandi hætti að ástæða væri til að beita þeirri aðlögun. Við sátum hins vegar hjá við málið af því að við ákváðum að leggja ekki neinn stein í götu þess ef stjórnvöld vildu fara þessa leið og lýstum ábyrgðinni á hendur stjórnvalda.

Í nefndaráliti sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skilaði við þá umræðu kvartaði hann undan því að aðlögunartíminn frá 2004 hefði ekki verið notaður nægilega vel og að enn hefði skort á markvissa heildarstefnu stjórnvalda og miklu markvissari aðgerðir í málefnum innflytjenda sem koma hingað til lands til vinnu til lengri eða skemmri tíma. Hann krafði ríkisstjórnina um að taka sér tak, vinna heimavinnuna sína og rökstyðja þetta með þeim hætti að fullnægjandi væri.

Frestun á frjálsri för borgara frá Rúmeníu og Búlgaríu dregur að okkar mati ekki á nokkurn hátt úr þörfinni fyrir það að íslensk stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins beiti sér með beittari og markvissari hætti en gert hefur verið hingað til gegn því að erlent launafólk sæti félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði. Þau hafa verið til staðar. Ég sé ekki að á þeim tíma sem liðinn er frá því í júní 2007 hafi verið gert eitthvað meira en gert hafði verið á aðlögunarfrestinum. Ég kvarta enn undan því að íslensk stjórnvöld skuli hafa látið undir höfuð leggjast að fara í þá vinnu sem við töldum á 134. löggjafarþingi nauðsynlegt að fara í.

Meðan á þessum aðlögunarfresti stendur má gera ráð fyrir því að borgarar frá Rúmeníu og Búlgaríu komi hingað í hópi þess vinnuafls sem kemur hingað í gegnum starfsmannaleigur. Við höfum kvartað undan því vegna þeirra einstaklinga sem koma í gegnum starfsmannaleigurnar að þar sé hætta á verulega slakri stöðu gagnvart íslenskum kjarasamningum og réttindum á íslenskum vinnumarkaði. Við teljum óviðunandi að fólk skuli þurfa að lúta því og teljum fulla ástæðu til þess að íslensk stjórnvöld taki af alvöru á þessum málum. Hins vegar er, eins og ég sagði í upphafi, hættan kannski ekki jafnmikið til staðar núna og þegar við ræddum þetta mál hér síðast vorið 2007.

Ég vil svo bara segja í lok míns máls, hæstv. forseti, að það kom fram í máli hæstv. ráðherra að gömlu ESB-löndin muni að öllum líkindum nýta sér frestina til 1. janúar 2012. En það kemur líka fram í máli hæstv. ráðherra að Finnland og Svíþjóð hafi ákveðið að gera það ekki. Ég hefði viljað fá að vita við umræðuna hvaða rök Finnland og Svíþjóð höfðu fyrir því að nýta sér ekki frestinn og hvort hæstv. ráðherra telji ekki að við gætum farið í spor Svía og Finna úr því að þau tvö lönd hafa ákveðið að nýta sér þá ekki. Benda þá ekki líkur til þess að önnur ríki slaki þarna á og fari að dæmi þessara tveggja þjóða? Hvers vegna getum við þá ekki gert það líka?

Eins og ég segi tel ég að hér hafi menn ekki nýtt sér þann tíma sem liðinn er frá því að við breyttum þessum lögum síðast og ákváðum að nýta okkur aðlögunarfrestinn og sé ekki að ástandið sé með þeim hætti núna að það skipti sköpum að loka íslenskum vinnumarkaði fyrir borgurum þeirra tveggja þjóða sem hér um ræðir.

[16:32]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um þetta mál og ég heyri að ég og þeir tveir þingmenn sem hafa tekið til máls um það höfum á því skiptar skoðanir hvort það sé rétt og eðlilegt að við nýtum okkur frekari aðlögun í þessu efni.

Ég er fullkomlega sannfærð um að rétt sé að gera það. Ef við horfum til atvinnuleysis í öðrum Evrópulöndum þá mældist atvinnuleysi í Evrópuríkjunum samtals 6,9% að meðaltali á þriðja ársfjórðungi 2008 og 7,2% á árinu 2007. Við sjáum að t.d. Búlgaría var á þriðja ársfjórðungi 2008 með 5,6% atvinnuleysi sem hefur að vísu heldur dregið úr, var 6,9% á árinu 2007.

Ég tel því fulla ástæðu til þess miðað við það sem við horfum fram á á vinnumarkaðnum hér á landi að við beitum þessu ákvæði og við verðum auðvitað að gera það núna fyrir áramótin ef við ætlum að nýta það á annað borð. Það er annaðhvort að taka ákvörðun um það nú eða ekki. Við getum ekki tekið ákvörðun um það á næsta ári. Þarna er fyrst og fremst um að ræða öryggisatriði sem ég tel að við eigum að beita með tilliti til þess ástands sem er á vinnumarkaðnum.

Þó að atvinnuleysið mælist ekki mjög mikið einmitt í dag, en þó of mikið, þá stefnum við kannski í 7–8% atvinnuleysi í janúar sem er nálægt meðaltali annarra þjóða ef okkur tekst ekki að snúa því við. Ég tel þetta því fullkomlega eðlilegt öryggisatriði fyrir vinnuafl okkar að gera þetta með þessum hætti.

Af því að hv. þingmaður nefndi áðan að lítið hefði verið gert á umliðnum árum til þess að styrkja stöðu okkar og styrkja stöðu innflytjenda og þeirra sem koma til landsins þá hefur ýmislegt verið gert ef allrar sanngirni er gætt. Við höfum ekki gömul lög, ég held að það hafi verið á síðasta þingi sem sett voru ný lög um þjónustuviðskipti sem ég held að séu til mikilla bóta. Við höfum lög um starfsmannaleigur sem eru ekki mjög gamlar. Við höfum stefnumótun í málefnum innflytjenda og það sem er kannski hvað mikilvægast er að við erum að undirbúa og ganga frá frumvarpi, fyrsta frumvarpinu eða lögunum um málefni innflytjenda en slík lög hafa verið í gildi í mörg ár á hinum Norðurlöndunum. Þar lærum við af öðrum þjóðum og af því tekur þetta frumvarp mið sem ég vona að við getum lagt fram fljótlega en væntanlega þó ekki fyrr en eftir áramótin.

Ég tel því, út af spurningum hv. þingmanns, að við höfum gert ýmislegt í þessum málaflokki. Ég tel einnig að eðlilegt sé að grípa til þess öryggisatriðis sem hér um ræðir vegna þess hvernig atvinnuleysi er almennt í Evrópu. Það er minna núna hér en við nálgumst það að fara í það sama og er í hinum Evrópulöndunum.

Hv. þingmaður spyr um Finnland og Svíþjóð en atvinnuleysi í þeim löndum er nú 5,6%. Ég kann ekki að greina frá ástæðunum fyrir því af hverju þeir hafa ekki gripið til þessa ráðs. En ég skal sannarlega afla mér þeirrar vitneskju. Ef mér tekst ekki í þessari umræðu að koma því til hv. þingmanns þá skal ég sjá til þess að hv. þingmaður fái þær upplýsingar við 2. umr. eða nefndin sem fær málið til umfjöllunar.

[16:36]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hennar. Ég er hins vegar ekki sannfærð eftir ræðu hennar um að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að beita þessu ráði sem hæstv. ráðherra kallar öryggisatriði. Það kemur fram í máli hæstv. ráðherra að það er minna atvinnuleysi í Búlgaríu núna en gert er ráð fyrir að verði á Íslandi á næstunni og því sé ég ekki að hættan sé fyrir hendi.

Hæstv. ráðherra benti á það sem gert hefur verið á þeim aðlögunarfresti sem við höfum haft, á þeim tíma sem liðinn er frá því að við samþykktum aðlögunarfrestinn. Það hafa verið sett lög um þjónustuviðskipti, það hafa verið sett lög um starfsmannaleigur og við höfum stefnumótun í málefnum innflytjenda.

Ég hefði haldið að öll sú löggjöf ætti að nægja okkur sem öryggisventill eða ætti að nægja sem umhverfi fyrir þann vinnumarkað sem við viljum sjá hér og hafa.

Ég elti ekki frekar ólar við þetta. Þetta er 1. umr. um málið og það á eftir að fara til umræðu í nefnd en ég geri ráð fyrir að við þingmenn Vinstri grænna munum áfram sitja hjá við afgreiðslu þess eins og við gerðum þegar við afgreiddum það á 134. löggjafarþingi.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Dýravernd, 1. umr.

Stjfrv., 186. mál (hlutverk tilraunadýranefndar og gjaldtökuheimild). — Þskj. 229.

[16:38]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994. Meginforsendur þessara breytinga eru þær að gera hlutverk tilraunadýranefndar skýrara jafnframt því að tryggja henni lagastoð til að standa undir þeim kostnaði er óhjákvæmilega hlýst af störfum nefndarinnar.

Verkefnum nefndarinnar hefur fjölgað og er því nauðsynlegt að gera breytingar á þeim ákvæðum laganna sem varða hlutverk og verkefni hennar til samræmis við framvindu þá sem orðið hefur á starfi hennar.

Í frumvarpinu er lagt til að skerpt verði á hlutverki tilraunadýranefndar einkum varðandi afgreiðslu umsókna um leyfi til dýratilrauna, leyfi til þess að halda og annast tilraunadýr, svo og því hlutverki að sinna sértæku eftirliti með aðbúnaði og meðferð tilraunadýra. Einnig er lagt til að gjaldtökuheimild verði sett svo tilraunadýranefnd geti mætt þeim kostnaði er hlýst af vinnu við útgáfu leyfa og því sérstaka eftirliti sem nefndinni er ætlað að sinna.

Eðlilegt verður að teljast að þeir aðilar sem njóta þjónustu tilraunadýranefndar greiði kostnað nefndarinnar. Er mikilvægt að nefndin fái þessar tekjur til að tryggja rekstur hennar.

Þá er í frumvarpinu kveðið á um kröfur um menntun og þjálfun þeirra er nota dýr í tilraunaskyni en mikilvægt þykir að meginatriðum um það sé skipað með lögum fremur en ákvæðum reglugerðar, eins og verið hefur.

Við gerð þessa frumvarps var haft samráð við tilraunadýranefnd sem er samþykk þeim breytingum sem hér er mælt fyrir um.

Ég legg til frú forseti að frumvarpinu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar til umfjöllunar.

[16:40]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ég hefði alveg þegið að fá meiri fræðslu um þetta mál í ræðu hæstv. umhverfisráðherra. Ég verð að segja að mér kemur það nokkuð á óvart að sjá hversu mikið það virðist hafa aukist að hér séu notuð dýr í vísindatilraunir hvers konar. Ég hefði haldið að við hefðum þurft á því að halda að fá upplýsingar um hvers konar tilraunir þetta eru. En ég geri engu að síður ráð fyrir að slíkar upplýsingar komi til nefndarinnar þegar farið verður að vinna að málinu.

Annars vil ég lýsa yfir ákveðnum vonbrigðum, hæstv. forseti, með að hér skuli komið fram frumvarp til laga sem breytir dýraverndarlögum, því hæstv. umhverfisráðherra hefur frá því að hún tók við embætti tilkynnt að von væri á heildarendurskoðun laga um dýravernd.

Ég hélt satt að segja þegar ég sá að verið var að útbýta fyrir helgina málum hæstv. ráðherra og rak augun í að það var verið að dreifa frumvarpi um dýravernd að hér væri heildarendurskoðunin komin. En svo er ekki. Það eru því mikil vonbrigði að hér skuli komið frumvarp sem lýtur einungis að þessum tiltekna þætti, þ.e. gjaldheimildum þessarar tilraunadýranefndar, þannig að við getum fengið í gegnum ríkissjóð fjármuni til að standa undir kostnaði þeirrar nefndar en allir aðrir þættir dýraverndarlaga, sem er gríðarlega mikilvægt að fara að breyta og koma skikki á, liggja enn inni í ráðuneyti.

Síðan vil ég spyrja, af því mér er alls ekki ljóst af því sem segir í umsögn fjármálaráðuneytisins, hvort sú leið sem hér er mælt fyrir um er fjármálaráðuneytinu að skapi eða ekki. Fjármálaráðuneytið segir í umsögn sinni að það telji það ekki heppilegt fyrirkomulag að ríkistekjur séu markaðar með þeim hætti sem hér er mælt fyrir um. Ég les það svo að sá háttur eða máti sem hér er mælt fyrir um í innheimtu ríkistekna sé fjármálaráðuneytinu ekki að skapi. Mér finnst það undarlegt að fá umsögn sem leiðir það í ljós að það sé mat ráðuneytisins að tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna, eigi að renna í ríkissjóð og ákvörðun um fjárheimildir verkefna verði tekin af fjárlögum hverju sinni. Þannig skil ég þetta en ég bið hæstv. ráðherra að bregðast við og leiðrétta mig ef ég hef misskilið þetta í umsögn fjármálaráðuneytisins en það lítur út eins og fjármálaráðuneytið sé ekki sátt við það háttalag sem hér er mælt fyrir um.

Að öðru leyti verður málið auðvitað skoðað í umhverfisnefndinni og ég sé að hæstv. ráðherra leggur áherslu á að þetta verði afgreitt fyrir áramót til þess að hægt sé að fara að innheimta gjöld fyrir tilraunadýranefndina eins og hér er mælt fyrir um.

[16:43]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil sem formaður umhverfisnefndar fagna framkomnu frumvarpi og, ólíkt hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, fagna ég því tækifæri sem það gefur hv. umhverfisnefnd til þess að fara yfir það sem að þessum málum kemur, umfangi, aðferðum og stöðu mála almennt. Ég held að full ástæða sé og tilefni til þess að gera það þótt vissulega geti menn haft skoðun á því að fleiri þættir í dýraverndarlögunum mættu vera undir til athugunar. En ráðherra hefur boðað að von sé á heildarendurskoðun laganna. Ég held að það sé ágætt að nefndin kynni sér einfaldlega vel þá þætti sem núna eru undir.

Ég held sömuleiðis að það sé eðlilegt af hálfu þingnefndar að hún leiti eftir því hjá fjárlaganefnd þingsins hvaða augum hún líti á innheimtu ríkistekna með þeim hætti sem hér er lagt til. Ef það eru einhver áhöld um það með hvaða hætti það sé heppilegast þá hljótum við að kalla eftir stefnu þeirrar þingnefndar sem lögin setur og stefnuna marka, eða eiga að gera það, að minnsta kosti hjá þeim sem hafa metnað fyrir störfum hv. Alþingis.

Ég vil í tilefni orða hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur taka undir að vissulega er brýnt að fyrirætlanir hæstv. ráðherra um það að koma með inn í þingið endurskoðuð dýraverndarlög, að þau gangi fram og við treystum því auðvitað að svo verði enda liggur fyrir að unnið er í málinu í ráðuneytinu nú þegar.

[16:45]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Forseti. Mér er ljúft og skylt að svara spurningum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur hvað varðar gang við heildarendurskoðun dýraverndarlaga, sem er vissulega í gangi en eins og flest verkefni sem maður tekur sér fyrir hendur ganga þau ekki eins hratt og maður hefði óskað. Þetta gengur vel og unnið er að heildarendurskoðun dýraverndarlaga sem ég tel bæði tímabæra og mjög mikilvæga. Ég hvet hv. þingmenn og hv. umhverfisnefnd til að kynna sér það mál sérstaklega, ekkert er því til fyrirstöðu á meðan endurskoðun á vegum nefndarinnar sem ég hef skipað þar til er í gangi og það er vissulega mikilvægt og tengist málinu.

Ástæða þess að þetta tiltölulega litla frumvarp kemur fram núna er að verkefnum tilraunadýranefndar hefur fjölgað meira en menn gátu séð fyrir. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að svo mörg tilfelli þyrftu að fara fyrir nefndina til að fyrirtæki eins og Íslensk erfðagreining, að einhverju leyti, og tilraunastöðin á Keldum fái leyfi til að starfa með og nýta tilraunadýr. Þannig að þetta er víðar en maður gerir sér grein fyrir við fyrstu sýn eða fyrstu skoðun.

Hvað varðar álit fjármálaráðuneytisins eða kostnaðarmatið sem fylgir þessu frumvarpi, eins og öllum öðrum frumvörpum, hef ég svo sem ekkert annað um það að segja en að ég samsinni þeim ekki sem telja það löst í fari fagráðuneytanna að reyna að koma sér upp mörkuðum tekjustofnum. Ég held að sú leið sé mjög skynsamleg til að hafa jafnar og stöðugar fjárveitingar í tiltekin lögboðin verkefni. Í þessu tiltekna dæmi þarf einfaldlega að greiða fyrir mjög sértæka þjónustu sem ekki margir nýta sér en þeir sem þurfa að nýta sér hana munu væntanlega í fyllingu tímans njóta einhverra ávaxta af því að hafa gert þessar tilraunir. Því finnst mér fyllilega eðlilegt að gera þetta með þessum hætti enda er það lagt til í frumvarpinu og ekki beinlínis lagst gegn því í áliti fjármálaráðuneytisins þó að mér sé vel kunnugt um að þar á bæ hafi menn aðrar skoðanir um málið.

[16:48]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta. Það varpar nokkuð alvarlegu ljósi á samskipti fagráðuneyta og fjármálaráðuneytisins að fjármálaráðuneytið skuli lýsa yfir í frumvarpi frá fagráðuneyti um að það sé ósátt við þann framgangsmáta sem fagráðuneytið leggur til. Ég spyr hvort virkilega þurfi að hafa þennan háttinn á í stjórnsýslunni eða hvort fjármálaráðuneytið og fagráðuneytin geti ekki komið sér saman um með hvaða hætti tekjur verði innheimtar og hvaða framgangsmáti sé hafður í þeim efnum.

Ég sé ekki betur en hér sé búið að afhjúpa fremur kauðslegan núning á milli ráðuneytanna og hefði mælt með því að ríkisstjórnin kæmi sér saman um afgreiðslumáta og með hvaða hætti þessum málum er fyrir komið í ríkisstjórninni en afhjúpaði ekki svona ágreining í umsögn við frumvarp frá fagráðuneyti.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og umhvn.

Uppbygging og rekstur fráveitna, 1. umr.

Stjfrv., 187. mál (heildarlög). — Þskj. 230.

[16:50]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Frumvarpið var samið af nefnd sem í sátu fulltrúar frá umhverfisráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu, sem þá fór með sveitarstjórnarmál, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samorku. Upphaf þess starfs má rekja til erindis frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem sambandið lýsti þeirri skoðun að eðlilegt væri að skýrt yrði kveðið á í lögum um skyldur sveitarfélaga í fráveitumálum. Má því segja að frumkvæði að frumvarpsgerðinni hafi komið frá sveitarfélögunum og komu sjónarmið þeirra vel fram í starfi nefndarinnar.

Í þessu frumvarpi til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna eru afmarkaðar helstu skyldur sveitarfélaga í fráveitumálum og er gerð tillaga um þá meginreglu að sveitarfélag beri ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu. Í raun hafa sveitarfélög um langa hríð sinnt framkvæmdum við fráveitur og rekið fráveitur án þess að rammi utan um þessi verkefni sveitarfélaga hafi verið vel afmarkaður. Þó má geta þess að í gildi eru lög og reglugerðir sem skilgreina þær umhverfis- og mengunarvarnakröfur sem gilda um fráveitur og skólp.

Frumvarpinu er þannig annars vegar ætlað að kveða skýrt á um ábyrgð sveitarfélaga á uppbyggingu fráveitna og að afmarka skyldur sveitarfélaga til að koma á fót og starfrækja fráveitur. Hins vegar er einnig lagt til að heimilað verði að fela sjálfstæðum félögum rekstur fráveitna með svipuðum hætti og gildir um vatnsveitur.

Fráveitukerfi eru afar mikilvæg þjónustukerfi og eðlilegt er, a.m.k. í þéttbýli, að sveitarfélög annist starfrækslu fráveitna. Talið er æskilegt að fráveitukerfi séu skipulögð samhliða skipulagi byggðar og er frumvarp þetta samið með það í huga. Í frumvarpinu er gengið nokkuð lengra en að afmarka skyldur sveitarfélaga í fráveitumálum. Lagt er til að kveðið verði á um skyldur landeigenda til að sjá til þess að skólp sé hreinsað þar sem hlutverki sveitarstjórna til starfrækslu fráveitna sleppir. Þá er í frumvarpinu að finna ákvæði um rétt til aðgangs að fráveitu sem fyrir er.

4. grein frumvarpsins afmarkar helstu skyldur sveitarfélaga í fráveitumálum. Meginreglan er sú að sveitarfélag ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnum er með ákvæðinu ætlað að samþætta áætlanir um fráveitur við skipulagsgerð. Talið er rétt að leggja ótvíræða framkvæmdarskyldu á sveitarfélög í þéttbýli, enda verður fráveitum vart komið við á þeim svæðum á annan hátt en með sameiginlegu kerfi fyrir alla íbúa. Einnig var talið nauðsynlegt að sveitarstjórn beitti sér fyrir því að skólpi og ofanvatni væri safnað saman með safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki í dreifbýli. Þykir ástæða til að kveða á um í lögum með skýrari hætti, en nú er gert, á hvaða svæðum skuli koma á fót safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki sem og hver ber þá skyldu.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að sveitarstjórn setji í deiliskipulag ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt

hreinsivirki þar sem þess er þörf. Með þeim hætti næst fram sú samþætting sem ég gat um hér áðan. Jafnframt kemur fram að sveitarstjórn skuli senda áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar. Með þessu er leitast við að tryggja samfellu og samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Meginreglan er því sú að safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki sé til staðar. Telji sveitarstjórn hins vegar ekki þörf á að setja ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki á viðkomandi svæði, svo sem ef kostnaður er óvenjumikill miðað við umhverfislegan ávinning, getur heilbrigðisnefnd heimilað að beitt sé öðrum lausnum. Þetta ákvæði, þ.e. að meta megi hvort raunveruleg þörf sé á safnkerfi, er í samræmi við tilskipun um hreinsun skólps í þéttbýli sem innleidd var með reglugerð um fráveitur og skólp. Með þessum hætti er undirstrikað að safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki sé meginregla á framangreindum svæðum og frávik frá því þurfa að vera vel rökstudd.

Lagt er til í frumvarpinu að sveitarstjórn sé heimilt að koma á fót og starfrækja fráveitur í dreifbýli. Getur það haft í för með sér minni neikvæð umhverfisáhrif en ef um er að ræða mörg stök hreinsivirki og stuðlað að hagkvæmni í landnotkun. Er sveitarfélagi því heimilt að ganga lengra en því er skylt. Þar sem sveitarfélag hyggst nýta heimild sína hefur það forgangsrétt til fráveituframkvæmda utan þéttbýlis.

Samkvæmt frumvarpinu eiga fráveitur sem sveitarfélög setja á fót að vera í eigu sveitarfélaga. Þó er gert ráð fyrir að heimilt sé að fela félagi í meirihlutaeigu sveitarfélaga skyldur og réttindi til uppbyggingar, reksturs og eignarhalds fráveitna. Það fyrirkomulag að fráveitur séu í eigu sveitarfélaga er talið tryggja best þjónustu til handa íbúum sveitarfélaganna. Þar sem sveitarfélagi er skylt að reka og koma á fót fráveitu skal það, samkvæmt tillögum frumvarpsins, hafa einkarétt til þess. Sama gildir þar sem sveitarfélag nýtir forgangsrétt sinn til að koma á fót fráveitu.

Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um svæði þar sem skyldum sveitarfélaga sleppir og sveitarfélög nýta ekki heimildir sínar til að koma á fót fráveitu. Kveðið er á um skyldu landeigenda til að sjá til þess að skólp sé hreinsað þar sem sveitarstjórn nýtir ekki heimild sína. Einnig er kveðið á um að landeigandi skuli koma á fót fráveitu þar sem frístundabyggð er skipulögð. Er þetta talið afar mikilvægt í ljósi sívaxandi fjölda frístundahúsa, en ráðuneytið hefur kynnt þetta ákvæði fyrir Landssambandi sumarhúsaeigenda.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um fráveitulagnir. Eiganda húseignar er skylt að annast lagningu heimæða á sinn kostnað en eigandi fráveitu sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna. Þá er kveðið á um rétt til tengingar við fráveitu.

Í V. kafla frumvarpsins eru ákvæði um gjaldtöku fyrir tengingu og afnot af fráveitukerfi. Gjaldtökuákvæðin í frumvarpinu eru skýrari en í gildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu skal stjórn fráveitu semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda.

Nýmæli er að finna í frumvarpinu varðandi losun í fráveitukerfi sveitarfélags frá atvinnustarfsemi eða vegna losunar sem er frábrugðin losun frá heimilum. Í þessum tilfellum er heimilt að innheimta gjald miðað við innrennsli vatns. Þegar vatn er notað til framleiðslu og því er ekki veitt í fráveitukerfi má notandi mæla notkun vatnsins og einungis greiða fyrir það frárennsli sem frá starfseminni kemur. Þetta getur t.d. átt við um gosdrykkjaframleiðslu eða átöppunarverksmiðjur. Einnig er lagt til að heimilt verði að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða við fráveitukerfið. Þetta getur til að mynda átt við þegar mengandi starfsemi fær tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna viðgerða eða viðhalds á mengunarvarnabúnaði. Ákvæðið tekur mið af sambærilegu ákvæði í dönskum lögum og mengunarbótareglu sem er ein af meginreglum umhverfisréttarins.

Í VI. kafla frumvarpsins eru ýmis ákvæði. Þar er kveðið á um aðgang að fráveitu sem fyrir er og aðgang að landi vegna fráveituframkvæmda, þ.m.t. eignarnám. Þá er einnig kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð vegna tjóns á fráveitu vegna losunar.

Að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga voru forsendur kostnaðaráhrifa vegna frumvarpsins metnar í umhverfisráðuneytinu í samræmi við samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga. Ekki er gert ráð fyrir teljandi kostnaðarauka hjá sveitarfélögum frá þeim kröfum sem eru í lögum í dag.

Eins og áður segir eru í frumvarpinu skyldur sveitarfélaga auknar að því leyti að þeim er gert skylt að koma á fót og starfrækja fráveitu í þéttbýli. Í reynd hefur lengi verið litið svo á að uppbygging og rekstur fráveitna í þéttbýli sé verkefni sveitarfélaga og því í raun ekki um nýjan kostnað að ræða.

Verði frumvarpið að lögum getur mögulegur kostnaðarauki fyrir sveitarfélög einkum falist í ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um að tengingar í einkaeign sem lagðar hafa verið fyrir gildistöku laganna verði eign fráveitu í framhaldi af endurnýjun þeirra. Verður fráveitu skylt að yfirtaka tengingu frá stofnæð að lóðamörkum sveitarfélagsins ef eigandi tengingar óskar eftir því. Að auki má vænta þess að sveitarfélög verði fyrir auknum kostnaði vegna ákvæðis 4. gr. þar sem segir að sveitarstjórn setji í deiliskipulag ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki þar sem þess er þörf.

Gert er ráð fyrir að gjaldtökuheimildir samkvæmt frumvarpinu nægi til þess að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum sveitarfélaganna þannig að ekki verði um útgjöld að ræða umfram gjaldtöku. Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

Virðulegur forseti. Ég hef hér rakið meginefni frumvarpsins. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

[17:00]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Það er ánægjuefni að fá frumvarp þetta til umfjöllunar Alþingis og hv. umhverfisnefndar og má segja að það sé löngu tímabært að skýrt og greinilega sé kveðið á um það í lögum hverjar skyldur aðila, einkum í þéttbýli, til lagningar á fráveitu eru. Á þessu sviði hefur verið unnið gríðarlega mikið og gott starf á vegum sveitarfélaganna sl. 15 ár og í raun og veru hefur verið lyft þar

grettistaki, m.a. í tengslum við innleiðingu tilskipana en það var Evrópusamstarfið sem varð mönnum hvatning á sínum tíma til þess að taka sér tak hér á landi í frárennslismálum sem veitti víða ekki af, ekki síst hjá okkur hér í þéttbýlinu. Það lýsir kannski um sumt þeim viðhorfum sem áður voru nokkuð rík að sú gjaldtaka eða skattlagning sem menn lögðu á í tengslum við þá uppbyggingu alla var á stundum í pólitískri orðræðu okkar kölluð „skítaskattur" og þótti ekki mjög fín.

Núna 15 árum síðar er sannarlega búið að vinna mikið starf á vegum sveitarfélaganna. Þau eiga hrós skilið fyrir það og er ánægjuefni að samkomulag sé á milli allra helstu málsaðila um hvernig best verði skerpt á lagaskyldum aðila og tryggt að framkvæmdin sé öll hin besta. Ég tel að sú íþyngjandi ákvörðun um að sveitarfélögin eignist einkaæðar við endurnýjun þeirra sé sannarlega tímabær og verði til þess að auka skilvirkni í þessum rekstri með svipuðum hætti og var þegar vatnsveiturnar tóku að eigin frumkvæði yfir heimaæðar til þess að leysa mörg vandamál sem upp gátu komið þegar einstaklingar höfðu ekki bolmagn til þess að endurnýja lagnir sínar. Er miklu eðlilegra að þær stofnanir sem sjá um innviðina í samfélaginu beri kostnað af þessu og dreifi honum yfir lengri tíma og stærri hóp.

[17:03]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir framsöguna með þingmálinu sem hér er til umfjöllunar en það er frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Ég segi það strax í upphafi að ég tel eins og síðasti ræðumaður að það sé löngu tímabært að sett verði heildarlöggjöf um starfsemi fráveitna í landinu. Ég tel að það sé mjög til bóta að skilgreina þá starfsemi og þær skyldur sem löggjafinn hyggst setja á herðar m.a. sveitarfélögunum varðandi uppbyggingu og rekstur slíks kerfis. Þess vegna held ég ekki að ástæða sé til þess að ætla annað en að um þetta mál geti í öllum meginatriðum verið nokkuð góð samstaða á þinginu og í hv. umhverfisnefnd sem fær málið til meðferðar.

Það eru þó nokkur atriði sem ég vil aðeins fjalla um í þessu samhengi og byrja á því að rifja það upp að á tíunda áratug síðustu aldar var farið af stað með heilmikið átak til þess að koma fráveitumálum í landinu, einkum og sér í lagi á þéttbýlisstöðum, í viðunandi horf frá því sem áður hafði verið. Það er rétt sem komið hefur fram að það byggðist m.a. á tilskipun frá Evrópusambandinu þótt út af fyrir sig hefði verið hægt að fara í framkvæmdir á sviði fráveitumála burt séð frá henni. Sveitarfélög og aðrir aðilar — þá ríkið eftir atvikum — geta tekið ákvörðun um slíkt. Engu að síður er það staðreynd að tilskipunin sem var þá hluti af EES-samningnum fól í sér að það var skylda að fara í heilmiklar framkvæmdir við hreinsun strandlengju og við að koma fráveitumálunum í viðunandi horf. Það hefur sannarlega verið gert allvíða.

Jafnframt var ákveðið á þeim tíma að ríkið mundi koma að fjármögnun þess viðamikla verkefnis með því að endurgreiða virðisaukaskatt af þessum framkvæmdum. Upphaflega átti að gefa tíu ár, frá 1995 til 2005, til þess að koma þeim verkefnum sem lögin eða tilskipunin tók til í framkvæmd og átti ríkið að koma inn í framkvæmdina með þeim hætti. Það er alveg ljóst að kostnaður við þessar fráveituframkvæmdir hefur reynst sveitarfélögunum gríðarlega mikill. Það er reyndar rétt sem hæstv. umhverfisráðherra sagði í framsöguræðu sinni, að þessi mál séu nú þegar á hendi sveitarfélaganna og þau líti á þau sem skylduverkefni þó að það hafi ekki verið bundið í lög. Hæstv. ráðherra sagði að þar af leiðandi væri ekki mikið um nýjan kostnað en þó verður að halda því til haga að í gegnum árin frá því að þessi tilskipun var innleidd hefur kostnaður sveitarfélaganna verið geysilega mikill en tölur eru ef til vill á reiki um það.

Í skýrslu sem utanríkisráðherra lagði hér fram á Alþingi að beiðni minni og annarra þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þar sem óskað var eftir því að ráðherra flytti skýrslu um skuldbindingar íslenskra sveitarfélaga í EES-samningnum, kemur fram um fráveitumálin á bls. 19 í þeirri skýrslu sem er á þskj. 875 frá síðasta löggjafarþingi, að árið 1993 hafi verið lagt mat á kostnað við að koma þessum málum í viðunandi horf á Íslandi. Hann hafi þá numið á verðlagi þess tíma, 1993, 10–12 milljörðum. Gert var ráð fyrir því að framlag ríkisins yrði um 200 millj. kr. á ári á þessu tíu ára tímabili, frá 1995–2005, ætti að vera um 20% af heildarkostnaði.

Síðar hafa sveitarfélögin metið það svo að kostnaðurinn við fráveituframkvæmdirnar á grundvelli þessarar tilskipunar hafi verið nær 20 milljörðum kr. fyrir sveitarfélögin en framlög ríkisins voru um 2 milljarðar, ef ég man þetta rétt, þ.e. um 10%. Það er því ljóst að sveitarfélögin hafa haft verulegan kostnað af þessari framkvæmd án þess að um það hafi sérstaklega verið samið við þau eða þeim tryggðir sérstakir tekjustofnar til að standa undir öllum þessum kostnaði. Að vísu hafa sveitarfélögin heimildir til þess að innheimta holræsagjald eins og kunnugt er en það er alveg ljóst að þarna er um verulegan kostnað að ræða sem ég tel að liggi enn þá að verulegu leyti óbættur hjá garði, ef svo má segja, gagnvart sveitarfélögunum í landinu í gegnum þessi ár. Ég mun kalla eftir frekari upplýsingum í vinnu nefndarinnar um hvernig þeim málum er háttað og hver staða þeirra er í dag.

Aðeins síðan aftur að frumvarpinu. Í 4. gr. er farið í hlutverk sveitarfélaga og það skilgreint annars vegar varðandi hlutverk sveitarfélaganna í þéttbýli og hins vegar í dreifbýli og utan þéttbýlis. Ég velti því upp hvort ekki sé full ástæða til þess að skoða betur skyldur sveitarfélaganna í dreifbýli vegna þess að ég held að víða í dreifbýli séu þessi mál ekki í nægilega góðu lagi. Ég segi það þó með vissum fyrirvara. Það eru áreiðanlega frávik frá því líka en allvíða held ég að þeim málum sé ekki nægilega vel fyrir komið og bendi þá sérstaklega á, sem kemur reyndar fram í frumvarpinu, að það er sívaxandi frístundabyggð í landinu. Það er mikilvægt að fráveitumálin séu líka í góðum farvegi þar. Ég velti því upp hvort hugsanlega þurfi að vera ríkari skyldur til þess að þessi mál séu þar örugglega á hendi sveitarfélaganna eins og í þéttbýli.

Í 5. gr. er talað um rekstur fráveitunnar og kveðið á um að sveitarstjórn fari með rekstur og stjórn fráveitna á vegum sveitarfélagsins nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið og er þar vísað til 6. gr. Einnig er heim-

ild til þess að gera þjónustusamninga við einkaaðila um rekstur einstakra þátta fráveitunnar. Í gjaldtökuákvæðum er síðan tekið fram að heimilt sé að skipta starfsvæði fráveitu í fráveitusvæði og setja sérstaka gjaldskrá fyrir hvert veitusvæði. Þegar maður les þetta í samhengi veltir maður því fyrir sér hvort verið sé að gefa kost á því að t.d. í stóru þéttbýlissveitarfélagi séu búin til fleiri en eitt svæði sem hugsanlega eru bútuð niður og gerðir samningar við einkaaðila um rekstur á tilteknum hluta, til að mynda í einu hverfi. Það er ekki víst að sá sé tilgangur frumvarpsins yfirleitt en þarna finnst mér vera alla vega vera atriði sem taka þarf til skoðunar.

Síðan er í 6. gr. sagt, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi sem að meiri hluta er í eigu sveitarfélaga skyldur sínar og réttindi hvað varðar uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna samkvæmt lögum þessum."

Og áfram:

„Við ráðstöfun skv. 1. mgr. skal í samningi, eftir því sem við á, kveðið á um eignarrétt á fráveitu, eftirlit sveitarstjórnar með rekstri fráveitunnar og innlausnarrétt sveitarfélagsins á fráveitu og fastafjármunum fráveitunnar auk annarra atriða sem sveitarstjórn telur nauðsynleg."

Um þetta vil ég segja að ég tel að fráveitan sé eitt af grundvallarveitukerfum og grunnþjónustuþáttum í hverju samfélagi. Þess vegna er það afstaða mín að hún eigi tvímælalaust að vera á hendi opinberra aðila, þ.e. sveitarfélaganna. Hér er að vísu vísað til þess að nú þegar séu einhver dæmi um að félög í eigu sveitarfélaganna séu með þennan rekstur á sínum snærum og þess vegna þurfi að vera þannig um hnútana búið í löggjöfinni að þau geti haldið því áfram. Það er nokkuð sem mér finnst líka mikilvægt að við skoðum. Ég set að minnsta kosti verulegan fyrirvara varðandi eignarréttinn á fráveitunni jafnvel þó að menn kjósi að vera með sérstakt félag — eins og ég þekki hér á höfuðborgarsvæðinu varðandi vatnsveituna, hitaveituna og rafveituna þar sem fráveitan er nú hluti af — sem er að öllu leyti í eigu sveitarfélaganna, ekki bara að meiri hluta.

Ég hef vissan fyrirvara á því er varðar eignarréttinn sjálfan. Ég er ekki viss um að það sé heppilegt og vísa til þess sem gerst hefur á undanförnum vikum í samfélagi okkar með hruni bankakerfisins og mörg fyrirtæki farið illa samhliða því, m.a. fyrirtæki sem keypt hafa eignir af sveitarfélögunum sem gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki, svo sem skóla. Þegar þessi fyrirtæki verða gjaldþrota sitja íbúar sveitarfélagsins eftir með sárt ennið og hugsanlegt er að sveitarfélögin þurfi að leysa til sín þessi mannvirki á nýjan leik með ærnum tilkostnaði. Þetta er ekki starfsemi sem er undir samkeppnissjónarmiðum komin nema síður sé. Ég sé ekki fyrir mér að mikil samkeppni verði í fráveitustarfsemi einstakra sveitarfélaga þannig að ég tel enga sérstaka þörf á því að því sé gefið undir fótinn að eignarrétturinn á fráveitunni geti farið til annarra aðila en sveitarfélaganna sjálfra. Það er því atriði sem ég hef fyrirvara á í þessu frumvarpi og mun koma honum frekar á framfæri við vinnu í umhverfisnefnd.

Síðan vil ég nefna það sem talað er um varðandi skyldur landeigenda í dreifbýli. Það snýr að því sem ég nefndi áðan um stöðu mála í dreifbýli. Ég velti því alla vega fyrir mér hvort rétt sé að leggja þessar skyldur á landeigendur og með hvaða hætti þeir eigi þá að standa straum af kostnaði við slíkt. Það eru sannarlega gjaldtökuheimildir í þessu frumvarpi en mér finnst að skýra þurfi betur hlutverk sveitarfélaganna sjálfra sem fara jú með umboð almennings og íbúanna í sveitarfélaginu í þessu efni þannig að það sé ekki aðeins á hendi landeigenda, eins og gert er ráð fyrir í 9. gr. um frístundabyggð, að koma á fót fráveitu. Hér er reyndar sagt: „að höfðu samráði við sveitarstjórn". Þarna finnst mér að frumkvæðið þurfi hugsanlega að vera ríkara hjá sveitarstjórninni sjálfri.

Aðeins í lokin, því að tími minn er á þrotum, vil ég nefna 21. gr. sem talað er um reglugerð og segir þar, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila, að setja reglugerð um fráveitur sveitarfélaga þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd fráveitumála."

Það hefur á stundum komið upp í umræðu um lagafrumvörp þar sem verið er að setja almennar reglugerðarheimildir að eðlilegt sé að reglugerðarheimildir til handa framkvæmdarvaldinu séu skýrar afmarkaðar en hér er gert ráð fyrir, að það sé ekki bara ein grein sem fjallar um almenna heimild ráðherra til að setja reglugerð um hvaðeina óskilgreint sem lýtur að þessum lögum. Ég er þeirrar skoðunar að almennt eigi að vera betur skilgreint í lögum um efni reglugerða, um hvaða þætti laganna ætlast er til að ráðherra geti sett reglugerð en ekki bara með einni allsherjarsetningu eins og hér er lagt til.

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta frumvarp. Eins og ég sagði í upphafi held ég að þetta sé þjóðþrifamál í sjálfu sér og ekki ágreiningur um það burt séð frá einstaka útfærsluatriðum sem hér er gerð grein fyrir. Ég áskil mér og flokki mínum rétt til þess að láta skoða þessi atriði frekar og hugsanlega munum við beita okkur fyrir einhverjum breytingum á frumvarpinu hvað þau varðar.

[17:17]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir innlegg hans í umræðuna um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Margt af því sem þingmaðurinn bendir á hefur verið til umfjöllunar í nefndinni. Það er ástæða til að ítreka að frumvarpið sem slíkt er unnið að frumkvæði sveitarfélaganna og að beiðni þeirra og mjög tímabært að málum sé þannig skipað að lög kveði skýrt á um rekstur fráveitna.

Ég vil bregðast við nokkrum atriðum. Ég er þeirrar skoðunar að það sé afar mikilvægt að fráveitur séu í meirihlutaeigu sveitarfélaga og það sé ekkert umsemjanlegt. Þannig á það að vera, almannaþjónustan á að vera í meirihlutaeigu sveitarfélags. Við vitum hins vegar að oft þarf að hafa sveigjanleika í rekstrarformum eins og mörg sveitarfélög hafa nýtt sér.

Til að svara spurningunni um svæðin þá er einmitt verið að hugsa um það út frá mismunandi þjónustustigi ef um stór svæði er að ræða sem hafa ekki öll sama þjónustustig.

Ég er sammála hv. þingmanni um það að seint verður mikil samkeppni um persónueiningarnar, alla vega er það ekki fyrirsjáanlegt. (Gripið fram í.) Staðan í dreifbýli er auðvitað allt önnur en í þéttbýlinu og frá því að sveitarfélögin fóru í sitt stóra og mikla fráveituátak á tíunda áratugnum hafa ekki minna en 80% landsmanna, allur þorri landsmanna hefur þá fráveituþjónustu sem ég tel hann eiga fullan rétt á. Hins vegar eru dreifðar byggðir og lítil sveitarfélög sem hafa ekki mikla fjárhagslega burði og búa líka á þannig svæði að erfitt er að koma við fráveitu til sjávar sem eiga eftir að klára málið og það þarf kannski að finna aðeins öðruvísi lausnir á þeim svæðum.

Hvað kostnaðinn varðar þá hefur ríkið eins og menn vita endurgreitt virðisaukaskattinn. Vissulega eru þetta mjög miklar upphæðir, háar upphæðir sem sveitarfélögin hafa lagt í þetta, margir milljarðar króna eins og fram kom í máli hv. þingmanns. Ég vil taka fram af þessu tilefni að við lifum nú á miklum niðurskurðartímum, m.a. hefur verið mikil vinna í gangi á undanförnum dögum og vikum við frumvarp til fjárlaga 2009 og menn reyna að skera þar nokkuð niður. Ég hef staðið fast á því að til yrðu peningar í ríkissjóði samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs til að endurgreiða þær 200 millj. kr. sem lögum samkvæmt eiga að fara til að endurgreiða framkvæmdir á þessu ári, árinu 2008, sem er lögum samkvæmt síðasta árið eftir framlengingu sem sú endurgreiðsla fer fram. Hvort síðan eigi að grípa til annarra ráðstafana verður í raun að vera viðræða á milli ríkis og sveitarfélaga og það er náttúrlega eitt af þeim mörgu verkefnum sem þarf að ræða um útfærslu á milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég vil að lokum þakka hv. þingmönnum fyrir umræðuna um þetta frumvarp og vænti þess að það fái góða umfjöllun í umhverfisnefnd.

[17:21]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir viðbrögðin við ræðu minni. Það er tvennt sem ég mundi vilja hnykkja á eða inna hæstv. ráðherra eftir og það er um eignarhaldið. Við erum bersýnilega alveg sammála um að það er ekki fyrirséð mikil samkeppni í þessum málaflokki og ég er sammála hæstv. ráðherra um að það má vera og þarf að vera sveigjanleiki í kerfinu. En um eignarhaldið á þessu grunnveitukerfi, að það sé ótvírætt hjá sveitarfélögunum, er ráðherra sammála því viðhorfi? Telur ráðherra að skoða þurfi hvort staðan sé þannig, sem ég er ekki viss um, að framlengja þurfi þetta ákvæði enn einn ganginn hvað varðar endurgreiðslur ríkisins á hlutdeildinni í stofnkostnaði við þessar framkvæmdir, þ.e. þær 200 milljónir sem verið hafa?

[17:23]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel ótvírætt að fráveiturnar verði að vera í meirihlutaeigu sveitarfélaga eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Ég tel það mjög mikilvægt og ég sé í raun ekki í fljótu bragði hverjir aðrir mundu vilja kaupa sig inn í það fyrirtæki en þó er aldrei að vita, en meirihlutaeigan verður að vera sveitarfélagsins þannig að sú almannaþjónusta sé ótvírætt á hendi þess.

Hvað varðar endurgreiðsluna, sem er í raun annað mál, þá var eins og þingmenn vita fyrst ákveðið að framkvæma hana á árunum 1995–2005, í tíu ár, og það var síðan framlengt um þrjú ár. Þá var um það rætt í hv. umhverfisnefnd, sem ég átti sæti í þá, að þar með væri því lokið. En eigi að taka upp viðræður um að framlengja þetta eða halda því áfram með öðrum hætti þá er það eitthvað sem ég held að taka verði upp í formlegum viðræðum á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins, væntanlega fjármálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis, ef það á að gerast og ef það er vilji manna almennt. Ég skal ekki útiloka það en ég minni á að þegar endurgreiðslan var framlengd um þrjú ár var það skilningur manna að þar með væri því ferli lokið.

[17:24]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var aðallega þetta sem ég vildi fá fram en kannski líka hvort staða þessara mála væri slík að það væri þrátt fyrir allt það miklu ólokið að efnislegt tilefni væri til að framlengja þetta. Ég veit ekki hver staðan er nákvæmlega í þessu efni þannig að þetta er bara spurning af minni hálfu hvort staðan kunni að vera sú að þess þurfi, og kannski ekki síst í ljósi þeirra efnahagsaðstæðna sem núna eru að það sé þá a.m.k. einhver hvati fyrir þau sveitarfélög sem enn kunna að eiga eftir að ljúka þessum málum hjá sér að þau dragi ekki úr því heldur sé einhver innibyggður hvati hvað það snertir að ljúka þeim framkvæmdum.

Ég heyri að við ráðherra erum meira og minna sammála um eignarhaldið, það er kannski aðeins blæbrigðamunur á því. Ráðherrann segir að sveitarfélögin þurfi að eiga meiri hluta og ég gerði grein fyrir þeim viðhorfum mínum að ég sé enga sérstaka þörf fyrir að opna á eignarhald fyrir aðra aðila en sveitarfélögin á þessari grunnveitu af því að hún er þess eðlis að hún verður á ábyrgð sveitarfélaganna og það verður engin samkeppni á þessu sviði. Þetta snýst meira um að kannski sé óþarfi að opna á það eins og frumvarpið gerir ráð fyrir en þá umræðu er að sjálfsögðu hægt að taka áfram á vettvangi umhverfisnefndar.

[17:26]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hygg að það væri ráð að fara yfir það í hv. umhverfisnefnd hvaða sveitarfélög það eru nákvæmlega — þau eru nokkuð mörg en þau eru mjög fámenn — sem hafa ekki komið sér upp almennilegum fráveitum. Ég hygg að flest eða næstum öll sveitarfélög á landinu sem hafa kost á því að koma fráveitumálum sínum þannig fyrir, fjölmenn sveitarfélög, að geta haft fráveitu út í sjó séu búin að því eða vinni í því og það skýrir auðvitað að þorri landsmanna hefur þessa þjónustu nú þegar.

Ég er ekki frá því að að skoða þurfi sérstaklega aðstæður þeirra sveitarfélaga, bæði fjárhagslegar og landfræðilegar, sem eiga eftir að gera slíkt, hvort yfir höfuð er mögulegt að gera það með þeim hætti sem hingað til hefur verið gert eða hvort finna þurfi einhverjar aðrar lausnir á því. Ég vil ekki útiloka neitt í því en ég vil heldur ekki lofa upp í ermina á mér að það þýði að þá verði áframhald á endurgreiðsl-

unum, af því að það er eins og hv. þingmenn vita hluti af þeim samræðum sem þurfa að fara fram milli ríkis og sveitarfélaga um tekjuöflun, tekjustofna og annað slíkt og hvort setja eigi önnur lög um það.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og umhvn.

Náttúruverndaráætlun 2009–2013, fyrri umr.

Stjtill., 192. mál. — Þskj. 239.

[17:28]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013 þar sem lagt er til að 13 svæði verði friðlýst á þessu tímabili.

Þingsályktunartillagan hefur verið unnin á grundvelli 65. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, sem kveður á um að umhverfisráðherra skuli láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi.

Þetta er í annað sinn sem mælt er fyrir þingsályktunartillögu af þessu tagi, en gildistími fyrstu heildstæðu náttúruverndaráætlunarinnar er 2004–2008 og rennur því út í lok þessa árs.

Skipulagt náttúruverndarstarf á Íslandi nær auðvitað mun lengra aftur í tímann. Fyrstu náttúruverndarlögin voru samþykkt 1956 og mörg svæði og náttúrufyrirbæri hafa verið friðlýst síðan þá á grundvelli laga um náttúruvernd og á grundvelli sérlaga. Með heildstæðri náttúruverndaráætlun er hins vegar stefnt skipulega að því að setja upp net friðlýstra svæða sem tryggi verndun lífríkis og jarðminja sem þarfnast verndar, byggt á vísindalegum rannsóknum og kortlagningu á náttúru Íslands, greiningu á alþjóðlegum skuldbindingum og faglegu mati á verndargildi. Nú eru um 96 friðlýst svæði á landinu sem ná yfir nær 20% af flatarmáli Íslands.

Nokkur nýmæli eru í náttúruverndaráætlun 2009–2013 og má þar nefna að í fyrsta sinn er stefnt að því að friðlýsa vistgerðir annars vegar og hryggleysingja og búsvæði þeirra hins vegar. Flest svæðanna á áætluninni eru hins vegar friðlýst í því skyni að vernda sjaldgæfar plöntur og vaxtarstaði þeirra. Einnig er lagt til að friðlýstar verði 160 tegundir mosa, fléttna og háplantna sem er mesta friðun tegunda sem ráðist hefur verið í. Gerð er tillaga um eitt svæði vegna jarðfræðiminja, Langisjór og nágrenni. Það svæði verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði, en hið sama gildir um fjögur önnur svæði á áætluninni. Vatnajökulsþjóðgarður er nú þegar orðinn stærsti þjóðgarður í Evrópu og stærsta verkefni í náttúruvernd sem Íslendingar hafa ráðist í.

Nú vil ég telja upp þau svæði sem tillagan gerir ráð fyrir að friðlýsa á tímabilinu 2009–2013. Fyrst vil ég gera grein fyrir sex svæðum sem lagt er til að verði friðlýst til að styrkja friðun sjaldgæfra plöntutegunda:

Snæfjallaströnd–Kaldalón við norðanvert Ísafjarðardjúp er mikilvægt svæði fyrir margar sjaldgæfar háplöntur.

Gerpissvæðið sem kennt er við austasta tanga Íslands er þekkt fyrir sérstætt gróðurfar, en á svæðinu finnast allnokkrar sjaldgæfar háplöntutegundir. Svæðið er vinsælt til útivistar.

Tvö skógarsvæði á Fljótsdalshéraði eru á náttúruverndaráætlun, Eyjólfsstaðaskógur og Egilsstaðaskógur. Þau eru m.a. merkileg fyrir fjölda sjaldgæfra fléttna sem þrífast sem ásætur á birki, en að auki vaxa þar sjaldgæfar tegundir háplantna.

Tvö svæðanna, skóglendi við Hoffell og Steinadal í Suðursveit, er lagt til að friðlýsa sem hluta af stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs, en þau eru fyrst og fremst verndarþurfi vegna gróðurfars og sjaldgæfra plantna.

Þrjú svæði á hálendi Íslands verða friðlýst einkum vegna sérstæðra vistgerða ef áætlunin nær fram að ganga. Hvað eru vistgerðir? kann nú einhver að spyrja. Vistgerðir eru landeiningar sem búa yfir ákveðnum eiginleikum hvað varðar loftslag, berggrunn, jarðveg, gróður og dýralíf og henta mjög vel til að skilgreina svæði út frá náttúrufræðilegum forsendum og til að meta verndargildi þeirra. Þetta er í fyrsta sinn sem lagt er til að vistgerðir verði friðlýstar á Íslandi, en þau svæði sem vernda á út frá þessum forsendum eru eftirfarandi:

Hluti Skaftáreldahrauns, með því að færa út mörk Vatnajökulsþjóðgarðs, sem áður tilheyrði friðlandi umhverfis Lakagíga. Með því á að vernda svokallaða breiskjuhraunavist sem þekkist líklega ekki utan Íslands en við Íslendingar þekkjum hana sem samfelldar mosaþembur á hraunbreiðum.

Lagt er til að Orravatnsrústir verði friðaðar en þar er að finna rústamýravist og sérstæðasta freðmýrasvæði landsins.

Lagt er til að mörk friðlandsins í Þjórsárverum verði færð út þannig að það nái yfir allt votlendi veranna. Þar með mundu bætast við nokkur rústamýrasvæði sem eru utan friðlandsins, auk þess sem ákvæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar um verndun hins sérstæða votlendis veranna væru uppfyllt. Jafnframt yrðu friðlýsingarskilmálar þar styrktir og bann lagt við röskun innan svæðisins. Þá er æskilegt að styrkja friðun Guðlaugstungna í sama skyni.

Að auki er lagt til að ráðist verði í almenna friðlýsingu þessara tveggja vistgerða, breiskjuhraunavistar og rústamýravistar, með vísun til 53. gr. náttúruverndarlaga.

Nú er í fyrsta sinn lagt til að dýrategundir verði friðaðar samkvæmt lögum um náttúruvernd, en þar er um að ræða þrjár tegundir sjaldgæfra hryggleysingja og búsvæði þeirra. Friðlýst verði búsvæði tjarnaklukku í tjörnum á Innrihálsi í Berufirði, búsvæði bjöllutegundarinnar tröllasmiðs í Undirhlíðum í Nesjum og búsvæði snigilsins brekkubobba í hvannstóði undir Reynisfjalli.

Aðeins eitt svæði er í áætluninni þar sem áherslan er fyrst og fremst á jarðfræði. Langisjór og nánasta umhverfi hans verða friðlýst samkvæmt þingsályktunartillögunni og svæðið fellt inn í Vatnajökulsþjóðgarð. Á svæðinu gefur að finna, eins og víðar í þjóðgarðinum, einstakt samspil jarðelds og jökla við landmótun. Eldgjársprungan liggur um svæðið austanvert, en hún er lengsta gígaröð sem gosið hefur á landinu á sögulegum tíma eins og menn þekkja.

Hæstv. forseti. Þetta eru þau 13 svæði sem lagt er til að verði friðlýst á næstu fimm árum á grundvelli náttúruverndaráætlunar 2009–2013. Við val á þessum svæðum voru

hafðar til grundvallar tillögur nefndar sem skipuð var fulltrúum umhverfisráðuneytisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Einnig var haft samband við sveitarstjórnir á viðkomandi svæðum og landeigendur til að kanna vilja þeirra, reyndar án nokkurra skuldbindinga af þeirra hálfu. Framkvæmd friðlýsingar er eins og kunnugt er ferli sem unnið er í samvinnu við sveitarstjórnir og landeigendur og þá verður kveðið nánar á um mörk svæðanna, kvaðir sem fylgja friðlýsingunni og hvernig friðlýsingin fellur sem best að annarri landnotkun. Samkvæmt náttúruverndarlögum skiptast friðlýst svæði í fimm flokka eftir eðli, tilgangi og markmiði verndunar. Það eru þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvætti, tegundir lífvera og búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi og fólkvangar. Í flestum tilvikum er ljóst hvaða flokka svæðin 13 falla í, svo sem þau sem felld verða inn í Vatnajökulsþjóðgarð, en í einhverjum tilvikum getur þar verið um ákvörðun að ræða í friðlýsingarferlinu. Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir og landeigendur.

Ég vil nú víkja nokkrum orðum að framkvæmd náttúruverndaráætlunar. Ég ætla fyrst að fjalla um framkvæmd þeirrar áætlunar sem nú er að renna sitt skeið á enda og síðan hvernig náttúruverndaráætlun tengist öðru skyldu starfi, svo sem rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða.

Eins og fram hefur komið er þessi áætlun önnur í röðinni, en fyrsta heildstæða náttúruverndaráætlunin er í gildi til loka þessa árs. Á því tímabili bar hæst stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem er ekki einungis stærsti þjóðgarður Evrópu, heldur án efa einn sá merkasti þar sem hvergi í álfunni er hægt að sjá landmótunaröflin að störfum með eins greinilegum hætti og þar. Uppbygging þjóðgarðsins hefur hafist með myndarlegum hætti og ég tel víst að hann verði hornsteinn í ferðaþjónustu og ímynd landsins í framtíðinni og að vegur hans og hróður muni vaxa enn.

Hvað önnur svæði varðar er staðan fjarri því að vera góð. Aðeins hefur verið lokið við friðlýsingu eins svæðis, Guðlaugstungna–Álfgeirstungna, af 14 á fimm árum og annað svæði, Vatnshólsskógur í Skorradal, er á lokastigi og líklega komið í auglýsingu. Mikil vinna hefur verið unnin við flest svæðanna 14 og er stefnt að því að ljúka friðlýsingu sem flestra þeirra auk hinna nýju svæða sem hér hafa verið kynnt. Ljóst er að nokkur andstaða er meðal viðkomandi landeigenda við friðlýsingu sumra svæða og einnig má spyrja hvort friðlýsingarferlið sé of þungt í vöfum eða hvort áform um friðlýsingu kalli fram neikvæð viðbrögð, e.t.v. að óþörfu. Rétt er að nefna að nokkur svæði utan náttúruverndaráætlunar hafa verið friðlýst á undanförnum árum, oft að frumkvæði sveitarfélaga sem sýnir að víða er skilningur og metnaður á sviði náttúruverndar hjá sveitarfélögunum í landinu.

Ég hyggst ræða væntanlegar friðlýsingar við sveitarstjórnir og heimamenn á næsta ári og skoða hvað hægt sé að gera til að þær gangi hraðar og auðveldar fyrir sig. Í ljósi reynslunnar tel ég líka rétt að umhverfisráðherra geri Alþingi grein fyrir framkvæmd náttúruverndaráætlunar árlega. Ég kynnti hér í haust í fyrsta sinn skýrslu umhverfisráðherra til Alþingis um umhverfismál og tel að slíkar reglubundnar skýrslur séu réttur vettvangur til að skýra frá framkvæmd náttúruverndaráætlunar.

Ég vil heldur ekki útiloka að á tímabilinu verði hægt að friðlýsa fleiri svæði en nú má finna í náttúruverndaráætlun. Það kann að ráðast af frumkvæði sveitarstjórna í einhverjum tilvikum, en einnig af öðru starfi sem unnið er undir merkjum náttúruverndar og sjálfbærrar þróunar. Nú er unnið að gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða þar sem raða á mögulegum virkjunarkostum eftir hagkvæmni þeirra og verndargildi viðkomandi svæða. Þegar þeirri vinnu lýkur á næsta ári gefst tækifæri til þess að skoða mögulega friðlýsingu þeirra svæða sem metin eru verðmætust út frá náttúruverndarsjónarmiðum eftir þeirri aðferðafræði sem notuð er við rammaáætlunina. Þar á m.a. að meta verndargildi háhitasvæða, en ljóst er að mörg verðmætustu náttúruverndarsvæði landsins eru háhitasvæði. Við verðum að velja hver þeirra við viljum nýta til frekari raforkuframleiðslu og hver við viljum nýta sem náttúrugersemar með verndun. Samhliða framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2009–2013 þarf að vinna að undirbúningi þriðju áætlunarinnar og styrkja vísindalegan grunn náttúruverndar með rannsóknum og mati á verndargildi.

Hæstv. forseti. Metinn hefur verið lauslega kostnaður við framkvæmd náttúruverndaráætlunar fyrir þau 13 svæði sem áætlunin tekur til. Heildarkostnaður við áætlunina á tímabilinu er áætlaður 67 millj. kr. á verðlagi ársins 2008. Þar af er stofnkostnaður 50 millj. kr. en heildarrekstrarkostnaður er 17 millj. kr. Eykst hann á tímabilinu eftir því sem friðlýsingum vindur fram. Þannig verður árlegur rekstrarkostnaður allt að 6,5 millj. kr. á ári þegar friðlýsingum er að fullu lokið á árinu 2013 samkvæmt áætluninni. Sá fyrirvari er gerður á mati á kostnaði náttúruverndaráætlunar 2009–2013 að í kjölfar friðlýsingar má reikna með að frekari uppbyggingar sé þörf á einhverjum þessara svæða með tilliti til aðgengis, þjónustu og frekari landvörslu. Í þeim tilfellum verða lagðar fram fjárlagabeiðnir þar að lútandi.

Ég vil ítreka að þetta mat á kostnaði er miðað við að ná fram lágmarkskröfum friðunar en ekki að byggja upp viðkomandi svæði fyrir fræðslu og vaxandi útivist. Ég held að fé til náttúruverndar sé vel varið og að það muni eiga við í vaxandi mæli á komandi árum. Náttúra Íslands er sérstök og yfirgnæfandi fjöldi erlendra ferðamanna sem hingað kemur nefnir náttúruna sem helstu ástæðu heimsóknar sinnar. Náttúran er samofin þjóðarvitundinni og vernd hennar er jafnmikilvæg og vernd tungunnar og menningararfsins. Ég tel rétt að skoða hvort við getum aukið framlög til náttúruverndar með mörkuðum tekjustofni, svo sem af þeirri starfsemi sem helst nýtir náttúruverndarsvæðin eins og ferðaþjónustan gerir.

Ég tel að þar sé einfaldlega um eðlilegan viðhaldskostnað að ræða, að náttúruvernd sé grundvöllur sjálfbærrar nýtingar þeirrar auðlindar sem felst í náttúru landsins, lífríki, landslagi og sérstæðum náttúrufyrirbærum. Uppbygging landvörslu, göngustíga og fræðslu á friðlýstum svæðum gerir okkur kleift að byggja upp ferðaþjónustu samhliða verndun náttúrunnar. Sums staðar er friðlýsing einföld aðgerð þar sem sérstætt lífríki eða jarðmyndanir fá lagalega vernd með auglýsingu án mikilla kvaða eða framkvæmda á svæðinu. Á öðrum stöðum er æskilegt og jafnvel nauðsynlegt að ráðast í stígagerð og aðrar framkvæmdir og víða eru

tækifæri til að byggja upp útivistarsvæði á friðlýstum svæðum í formi fólkvanga og jafnvel þjóðgarða.

Vernd náttúru landsins er langtímaviðfangsefni sem er byggt á þekkingu á náttúrunni og virðingu fyrir henni og framkvæmt í samvinnu stjórnvalda, landeigenda og alls almennings. Náttúruverndaráætlun gegnir þar lykilhlutverki. Sú áætlun sem hér er lögð fram er byggð á vísindalegri þekkingu og faglegu mati á náttúru landsins og ég vonast til þess að umhverfisráðuneytið og stofnanir þess geti hrundið henni í framkvæmd í góðri samvinnu við sveitarstjórnir og heimamenn á hverjum stað og með reglulegri upplýsingagjöf til Alþingis sem ég geri mér vonir um að samþykki þessa tillögu

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir meginþætti tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013 og legg til að tillögunni verði að lokinni fyrri umr. vísað til umfjöllunar í hv. umhverfisnefnd.

[17:43]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir að loksins skuli komin fram ný náttúruverndaráætlun en lýsi því jafnframt yfir að ekki er seinna vænna því að samkvæmt starfsáætlun þingsins eru fjórir þingfundadagar eftir fram að jólahléi. Það er auðvitað ekki nokkurt lag að hæstv. umhverfisráðherra skyldi ekki hafa getað komið þessu máli fyrr inn í þingið því varla trúi ég að svo mikið álag hafi verið í umhverfisráðuneytinu vegna efnahagsmálanna að það hefði tafið vinnuna þar.

Ég hef ekki haft tækifæri til þess að kynna mér greinargerðina með þessu þingmáli nægilega vel til þess að geta haldið jafnefnismikla ræðu og ég gjarnan vildi. Ég vil þó fagna því sérstaklega að hér skuli farið fram með þeim hætti sem við getum lesið, að það séu svona fjölbreytilegar verndartegundir, getur maður sagt, plöntusvæði, dýrasvæði, vistgerðir og jarðfræðisvæði sem hér falla undir. Ég vil þó sérstaklega staldra við tvö svæði eða þrjú svæði reyndar sem gleður hjarta mitt að sjá á áætluninni. Það er í fyrsta lagi Gerpissvæðið sem við vinstri græn lögðum mjög mikla áherslu á að færi inn á síðustu náttúruverndaráætlun, í öðru lagi Langisjór og nágrenni hans sem verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði og í þriðja og síðasta lagi stærra friðland í Þjórsárverum.

Þetta vil ég nefna sérstaklega en jafnframt vil ég segja að þetta eru orð og áform og ég bíð síðan eftir því að sjá efndirnar, því að það eru auðvitað gríðarleg vonbrigði hvernig til hefur tekist með náttúruverndaráætlunina sem hefur verið í gildi frá 2004, að á því tímabili skuli einungis hafa náðst að friðlýsa eitt af þeim 13 svæðum sem voru sett á þá náttúruverndaráætlun. Hvort þar er um að ræða sleifarlag innan ráðuneytisins, skort á vilja eða skort á undirbúningi, sem vel kann að vera, skal ég ekki dæma um en ég vona einlæglega að hér hafi undirbúningur verið með þeim hætti að ekki þurfi svipað að verða upp á teningnum þegar við horfum yfir farinn veg að fjórum árum liðnum. Og eins og starfshópurinn sem hefur undirbúið þessa áætlun kemst að orði í skýrslu sinni og getið er um í greinargerðinni þá skiptir það okkur verulegu máli að ekki verði gerð sömu mistök og gerð hafa verið á síðustu fjórum árum og að sú þekking sem menn hafa nú verði nýtt til þess að girt verði fyrir að við þurfum að standa hér að fjórum árum liðnum og jafnlítið hafi gerst.

Ég fagna því sérstaklega að hæstv. umhverfisráðherra skuli gefa yfirlýsingu og fyrirheit um að hún hyggist gefa þinginu skýrslu árlega um náttúruverndaráætlunina. Hingað til hefur það verið þannig að við almennir þingmenn höfum þurft að ganga eftir því við hæstv. ráðherra hvernig gangi með friðlýsinguna og lopinn hefur verið teygður og við höfum lítið fengið út úr þeim umræðum. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að hér skuli verða breyting á og treysti því að innihaldsrík umfjöllun verði árlega um það hvernig gangi. Það væri líka gott ef það kæmi fram við þessa umræðu í ræðum hæstv. ráðherra á eftir með hvaða hætti hún sér fyrir sér að við getum lokið náttúruverndaráætluninni 2004–2008.

Í greinargerð segir að áfram verði unnið að friðlýsingu þeirra svæða sem eru á fyrri náttúrverndaráætlun og ekki hefur verið hrundið í framkvæmd enn. Sömuleiðis segir að staða friðarlýsingarferla svæðanna sé mjög misjöfn en það verði reynt að friðlýsa sem flest á tímabilinu. Það er því ljóst að undir eru ekki bara þau svæði sem eru með í þessari áætlun heldur öll nema eitt svæði sem við vorum með á náttúruverndaráætluninni 2004–2008. Þá væri forvitnilegt að vita hvort sú kostnaðaráætlun sem hæstv. umhverfisráðherra gerði grein fyrir í máli sínu eigi að dekka báðar náttúruverndaráætlanirnar.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði um samspil náttúruverndaráætlunar og rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða vil ég segja þetta: Sú uppfinning Samfylkingarinnar að tala um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða — sem er titill sem mér er gjörsamlega fyrirmunað að skilja en hæstv. umhverfisráðherra kýs að halda sig við — vil ég segja að það er ákveðin þversögn í þessu öllu saman. Í mínum huga hlýtur það að vera svo að náttúruverndaráætlun sem er fyrirskrifuð í lögum um náttúruvernd sé verndaráætlunin. Síðan höfum við aðra áætlun sem er áætlun um nýtingu, og ég minni á að áætlunin um nýtingu hét til skamms tíma, fram að valdatöku Samfylkingarinnar í umhverfisráðuneytinu, rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. (Gripið fram í.) Ég hafði alltaf séð fyrir mér að ákveðið samspil væri á milli náttúruverndaráætlunar annars vegar og nýtingaráætlunarinnar hins vegar.

Ég vil bara að það sé alveg ljóst í umfjöllun umhverfisnefndar um þetta mál að náttúruverndaráætlunin sé Verndaráætlunin með stórum staf og að við horfum fram hjá því að nýtingaráætlunin hefur þennan undarlega titil, að hún eigi að fjalla um vernd náttúrusvæða. Ég hefði talið að hið heildstæða mat sem hæstv. umhverfisráðherra gat um að ætti að vera undir hatti rammaáætlunarinnar um verndargildi jarðvarmasvæða, að slík áætlun ætti vel heima undir þriðju áætluninni sem hæstv. ráðherra nefndi að ætti að fara að útbúa og ég fagna sérstaklega að skuli vera búið að taka ákvörðun um, þ.e. áætlun sem mundi styrkja vísindalegan grunn þeirra áætlana sem þarf að gera, nýtingaráætlunina annars vegar og verndaráætlunina hins vegar. Það er mjög mikilvægt að gerð verði áætlun um vísindarannsóknir og það er mjög gott til þess að vita að nú skuli það komið fram

að það verði sjálfstæð áætlun um það á hvern hátt við ætlum að rannsaka þessi svæði okkar og efla rannsóknargrunninn og vísindagrunninn til þess að við getum tekið upplýstar og skynsamlegar ákvarðanir um nýtinguna. Það er ekki nóg, eins um við vitum, að setja eitthvert orðalag inn í lög um að náttúruauðlindirnar eigi að nýta með skynsamlegum hætti og setja svo ekkert fjármagn í rannsóknir. Þessu atriði vil ég því fagna sérstaklega hjá hæstv. umhverfisráðherra.

Að lokum, hæstv. forseti, langar mig til að koma að því sem sagt er í greinargerðinni um Þjórsárver og þykir mér það harla lítið. Ég hefði viljað sjá það með óyggjandi hætti í greinargerð með þessari náttúruverndaráætlun hvort þau landamerki sem hér eru dregin upp á afskaplega litlu korti sem erfitt er að rýna í, koma í veg fyrir byggingu Norðlingaölduveitu. Ég mundi því vilja að hæstv. ráðherra gæfi okkur yfirlýsingu um það hér úr ræðustóli hvort svo sé. Þetta segi ég að gefnu tilefni því að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, eins og hæstv. ráðherra gat um, er getið um að það eigi að stækka friðlandið í Þjórsárverum þannig að það nái yfir hið sérstæða votlendi veranna. Daginn eftir stjórnarmyndunina reis hins vegar ágreiningur um nákvæmlega þetta atriði þar sem formaður Samfylkingarinnar, hæstv. utanríkisráðherra, var spurð um það hvað þetta þýddi nákvæmlega, hvort þetta þýddi að það yrði komið í veg fyrir byggingu Norðlingaölduveitu og hún svaraði því játandi. Sama dag var hæstv. forsætisráðherra spurður um sama mál og hann svaraði spurningunni neitandi. Nú þætti mér gott ef hægt væri við þessa umræðu að kveða upp úr um það hvort þessi friðlýsingarmörk komi í veg fyrir byggingu Norðlingaölduveitu eða ekki.

Svo vil ég segja í annan stað um þetta svæði hér, það varðar Hofsjökul sjálfan: Nú höfum við haft mjög vel útfærðar tillögur í mörg, mörg ár um jöklaþjóðgarða á hálendi Íslands sem ættaðar eru frá fyrrverandi þingmanni, Hjörleifi Guttormssyni, þar sem hann gerði ráð fyrir að búa mætti til friðlýsingaráætlanir í kringum alla jöklana á hálendinu og tengja þá síðan saman í eina heild. Ég sé ekki betur en hér sé rakið tækifæri til að búa til Hofsjökulsþjóðgarð. Við erum búin að friða Guðlaugstungur sem eru í norðvesturhorni Hofsjökuls og ef það á að stækka friðun með þeim hætti sem hér er mælt fyrir um er farið upp á hálfan Hofsjökul og ég spyr: Hvers vegna er ekki farið alla leið? Hvers vegna er þá ekki a.m.k. jökulhetta Hofsjökuls friðuð? Það ætti að vera útlátalaust að vernda hana á sama hátt og jökulhetta Vatnajökuls hefur verið vernduð. Hvers vegna er ekki stigið alla leið þannig að við getum sagt að með þessari tillögu sé allur Hofsjökull verndaður? Þá gætum við sagt að á miðju landsins, hjarta Íslands, ættum við heilan jökul, Hofsjökul, sem væri verndaður að öllu leyti með í það minnsta hluta af kraganum sem í kringum hann er.

[17:53]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlustaði á hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fara yfir náttúruverndaráætlunina. Mér fannst hv. þingmaður fara í nokkurn hring í málflutningi sínum. Það kom fram að þingmaðurinn sagði að verndargildi náttúruverndaráætlunar ætti að ganga fyrir. Síðan ætti rammaáætlun, sem væri nýtingaráætlunin, að koma þar á eftir og hv. þingmaður vildi fá að heyra hvað því máli liði.

Í lok ræðu sinnar vildi þingmaðurinn fá svör við því frá hæstv. umhverfisráðherra hvort ekki væri áreiðanlegt að svæðið í kringum Norðlingaölduveitu yrði það stórt að örugglega væri ekki hægt að fara í Norðlingaölduveitu.

Þá finnst mér hv. þingmaður vera farin að tala um að það verði að friða nógu mikið til að alls ekki sé hægt að nýta þá auðlind sem þar liggur.

[17:54]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni, ég er þeirrar skoðunar að það eigi með öllum ráðum, öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir að af byggingu Norðlingaölduveitu verði. Ég rökstyð það m.a. í þingmálum sem ég hef flutt hér ár eftir ár um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum en Þjórsárverin eru náttúruverndarsvæði á heimsvísu, votlendi á heimsvísu sem samkvæmt alþjóðasamningum okkur ber í sjálfu sér að vernda.

Mér finnst það því útlátalaust af okkar hálfu að slá skjaldborg um friðlandið í Þjórsárverum og hið sérstaka votlendissvæði þeirra og vernda það fyrir frekari ágangi virkjunarsinna. Það er búið að nýta mjög stóran hluta af Þjórsá, nú þegar er búið að taka 40% af rennsli Þjórsár og nýta það til virkjana og málamiðlunin sem gerð var á sínum tíma þegar friðlandið í Þjórsárverum var búið til gekk út á að það yrði ekki skert að fullu, Þjórsá yrði ekki virkjuð að fullu.

Nú tel ég því vera í sjálfu sér tækifæri fyrir okkur og nauðsynlegt fyrir okkur að kveða upp úr um að sé hætt sé við frekari áform um virkjanir í Þjórsá, þ.e. að Norðlingaölduveita sé út af borðinu. Það breytir ekki því að nýtingaráætlun getur alveg staðið fyrir sínu því að Þjórsá er ekki eina vatnsfallið á Íslandi og ekki eini möguleikinn fyrir okkur til þess að virkja til raforkuframleiðslu.

Mín sýn í þessu er því algjörlega skýr, Þjórsárver lúta lögmálum sem mér finnst vera með þeim hætti að okkur sé ekkert að vanbúnaði að slá skjaldborg um friðlandið og stækka það þannig að það verði komist hjá frekari virkjunaruppbyggingu á því svæði.

[17:56]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir það svar sem hér kom fram en mig langar til að beina spurningu til hv. þingmanns. Nú erum við að upplifa mikið hlýindaskeið og allir vísindamenn segja að veruleg hlýnun muni verða hjá okkur á Íslandi. Til að mynda í þeirri náttúruverndaráætlun sem hér er til umræðu er verið að tala um að það eigi að varðveita rústamýrar. Nú gæti svo að farið að hlýnunin verði til þess að þær eyðileggist af náttúrunnar hendi og þannig er með Þjórsárverin öll að þau geta breyst gríðarlega við þá hlýnun sem við erum að upplifa núna og eigum eftir að upplifa kannski næstu áratugina. Náttúra Íslands er síbreytileg og við þurfum að taka tillit til þess.

Ég vil að sjálfsögðu að Þjórsárver séu varðveitt en það er enginn sem segir að þau geti varðveist af náttúrunnar hálfu eins og þau eru í dag.

[17:57]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað hárrétt hjá þingmanninum, við erum að upplifa skeið hlýnunar af mannavöldum sem reynt er að sporna gegn með öllum tiltækum ráðum. Ég veit að ég þarf ekki að hafa það hér yfir fyrir hv. þingmann að það eru aðgerðir í gangi sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist þó að við þurfum nú að bíða ótæpilega lengi eftir því með hvaða hætti íslensk stjórnvöld ætla að framfylgja þeim skuldbindingum sem þau hafa í orði kveðnu sagst ætla að gera.

Auðvitað erum við að reyna að sporna við því að hér verði veruleg náttúruvá á ferðinni vegna hlýnunar. Hins vegar er annað mál að náttúran á auðvitað, a.m.k. að mati okkar náttúruverndarsinna, að fá að þróast eftir sínum eigin lögmálum. Okkur finnst alveg vera ástæða til þess að stór svæði á jafnósnortnu landi og þó er enn til á Íslandi verði vernduð til þess að þau fái að þróast eftir sínum eigin lögmálum, að náttúran fái með sínum aðferðum að móta landsvæðið. Við fáum þá sem Íslendingar að njóta þess að fara um landið og að upplifa krafta náttúrunnar á sem stærstum svæðum án þess að við eigum það á hættu að mannvirki eða mannanna verk trufli þá upplifun sem möguleg er fyrir okkur á hálendissvæðunum.

Ég tel því ekki að hlýnun af mannavöldum eigi að koma í veg fyrir eða hafa áhrif á að við leggjumst á eitt við að vernda stór svæði á miðhálendi Íslands.

[17:59]

Útbýting:

EES-samningurinn, 205. mál, fsp. KHG, þskj. 278.

[18:00]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka sérstaklega fyrir þessa síðbúnu tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun fyrir árin 2009–2013. Ekki er seinna vænna þegar lifir minna en mánuður af tímabilinu sem núverandi náttúruverndaráætlun var ætlað að taka til, enda kemur fram að vinna við gerð áætlunarinnar hafi verið tímafrekari en menn höfðu ætlað og því hafi skort á kynningu. Eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Þessi vinna hefur tekið lengri tíma en áætlað var og hefur leitt til þess að ekki var svigrúm til þess að fara með tillögur að áætluninni í almennt kynningar- og athugasemdaferli, eins og kynnt hafði verið m.a. á umhverfisþingi í október 2007.“

Ég tel sérstaka ástæðu til að minna á umhverfisþingið 2007 og fyrirheitin sem þar voru gefin. Á þinginu var mjög gagnrýnt hversu lítill tími gafst til umræðna og hversu þröngur stakkur umræðum var almennt sniðinn á þinginu. Þess vegna var fyrirheit um frekari kynningu og athugasemdaferli við náttúruverndaráætlunina mjög mikilvægt og leitt að ekki skuli hafa náðst að uppfylla það. Tímaramminn sem nú er gefinn þegar fjórir dagar lifa af starfsáætlun þings fyrir jólahlé gefur augaleið að það færi gefst heldur ekki núna. Til þessa verður að horfa þegar áfram verður haldið við næstu 5 ára áætlun í samræmi við náttúruverndarlögin, því þar er af nógu að taka.

Mig langar til — vegna þess sem ég sagði um að vinnan við þetta hafi verið meiri en menn höfðu ætlað — að þakka sérstaklega fyrir mjög ítarlegan og góðan viðauka með lýsingum á þeim svæðum og tegundum plantna og dýra sem til stendur að friðlýsa og þar er verulega mikinn og góðan fróðleik að finna. Ég sakna þess helst að ekki eru ljósmyndir með í þessu ágæta fylgiskjali. Það hefði gert málið miklu aðgengilegra.

Á umhverfisþinginu sem ég nefndi voru gefin fyrirheit um að náttúruverndaráætlun fyrir árin 2009–2013, sem við ræðum hér, mundi taka til tiltekinna viðkvæmra svæða og náttúrufyrirbæra í hafinu umhverfis Ísland. Þar voru sérstaklega tilnefnd þau svæði þar sem vitað er um steinkóral og aðrar kóraltegundir sem teljast vera í hættu. Stöku svæði eru nú friðlýst undan suðausturströnd landsins en ljóst að þarna er gríðarlega mikið verk óunnið og ég sakna þess að sjá ekki — nú skal viðurkennt, frú forseti, að ég hef ekki haft mikið tóm til að kynna mér þingskjalið sem hér liggur fyrir en í fljótu bragði virðist mér ekkert um þetta fjallað í þingskjalinu að öðru leyti en því að á bls. 11 er því vísað inn í næsta tímabil, þ.e. 2014–2018. Þetta veldur mér verulegum vonbrigðum og ég tel einsýnt að umhverfisnefnd þingsins taki málið til skoðunar og athugi hvort ekki sé ástæða til að herða á og setja inn í náttúruverndaráætlunina — þótt það væri á árunum 2012 og 2013 — áætlun um verndun kóralsvæðanna.

Ég vil nota tækifærið til að rifja upp að nýlega hafa rannsóknir við strandsvæðin í Noregi sýnt fram á að gildi kóralsvæða fyrir lífmagn í hafinu og sem uppeldisstöðvar seiða, hvort heldur er nytjafiska eða fæðu fyrir nytjafiska, er gríðarlega mikið og hefur verið stórlega vanmetið til þessa. Við þekkjum öll hörmungarmyndirnar af eyðilögðum kóralsvæðum í Norðursjó en að sama skapi eru myndir af lifandi kaldkóralsvæðum fallegar og sýna ótrúlega mikla lífauðgi og ég vil skora á hv. umhverfisnefnd og ráðherrann að láta þetta ekki bíða fram til áranna 2014–2018. Við megum ekki bíða svo lengi.

Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði og vil ítreka það sem hún sagði um tvö svæði sem mjög mikilvægt er að hafi komið inn. Annars vegar Langisjór og Tungnárfjöll og hins vegar Þjórsárver. Að öllum öðrum svæðum ólöstuðum eru þessi gríðarlega mikilvæg. Einnig er mjög mikilvægt að í ályktuninni eru skóglendið við Hoffellsjökul og Steinadalur hugsuð sem viðbót við Vatnajökulsþjóðgarð og mjög mikilvægt verður við gerð náttúruverndaráætlunarinnar á næsta tímabili að styrkja stöðu þjóðgarðsins og koma sem flestu undir hatt hans.

Ég sakna Teigsskógar, en sérstök nefnd á vegum umhverfisráðherra sem mat verndargildi birkiskóga á landinu lagði til að hann yrði verndaður. Ég hef áður spurt hvað líði framkvæmd tillagna nefndarinnar og ef mig brestur ekki minni sagði hæstv. umhverfisráðherra þá í svari sínu á Alþingi að það kæmi til skoðunar við náttúruverndaráætlun á umræddu tímabili.

Fyrri náttúruverndaráætluninni fylgdu miklar væntingar, eins og hér hefur verið bent á, og það hefur valdið verulegum vonbrigðum að aðeins skuli hafa tekist að friðlýsa eitt svæði. Hér eru gefin fyrirheit um að nokkur svæði til við-

bótar verði friðlýst og jafnvel tvö fyrir árslok 2008 og er það vel. Í fyrri áætluninni var einkum lögð áhersla á fuglasvæði. Nú er hins vegar tekin önnur stefna og lögð áhersla á sjaldgæfar tegundir og tegundir á válista, ábyrgðartegundir og tegundir sem falla undir alþjóðlega samninga. Mikilvægt er að mosavöxnu hraunbreiðurnar með fléttunum, sem einkenna ósnortna náttúru Íslands og eru einstakar jafnvel á heimsvísu, og vistgerðirnar, breiskjuhraunavistin sem er sérstaklega fyrir austan og eins rústamýravistin, fái verndunarstöðu, friðlýsta stöðu. Íslendingum finnst oft lítið koma til þessara vistgerða og finnst þær ekki vera gróið land en þær eru gríðarlega mikilvægar báðar tvær.

Hægt væri að segja margt um áætlunina. Ég vil vekja athygli þingmanna á bls. 38, 39 og 40 og framar á þeim frábæru nafngiftum sem sérfræðingar okkar í plöntutegundum, bæði mosum og fléttum hafa búið til yfir íslenskar tegundir sem hér eru listaðar, þeir Bergþór Jóhannsson mosafræðingur og Hörður Kristinsson fléttufræðingur. Ég vil nefna af handahófi birkikræðu, vætlukorpu, brókarhverfu, músanafla, gullinvarp og reyniglæðu. Þetta eru falleg heiti og lýsandi og vel til þess fallin að njóta nánari útbreiðslu og þekkingar í landinu.

[18:10]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil óska okkur öllum og hæstv. umhverfisráðherra til hamingju með náttúruverndaráætlunina sem er komin fram og hafna þeim athugasemdum að vont sé að fá málið fram svo skömmu fyrir lok þingsins fyrir jól og vil taka fram að ekki stendur til að ljúka umfjöllun um málið á þeim skamma tíma sem við erum á þingi núna. Ástæða er til að vekja athygli á því að iðulega hafa þingnefndir talsvert svigrúm í janúarmánuði til umfjöllunar um mál áður en þing kemur saman að nýju og þá gefst tækifæri til að kalla eftir viðbrögðum í þá umræðu sem sannarlega er mikilvægt að fari fram um málið. Þar er ekki síst ástæða til að fagna þeim stóru og merkilegu áföngum sem Langisjór og Þjórsárver eru í áætluninni.

Efnisleg umfjöllun um einstök svæði sem áætlunin nær til bíður 2. umr. um málið þegar við höfum leitað viðbragða við því og fjallað um það í umhverfisnefnd. Ég vil þó segja að það er sjaldan í ræðustól Alþingis að sá sem þar stendur sakni sjónar sinnar en þegar fjallað er um þetta mál — og af svipuðum ástæðum og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir nefndi — er ekki aðeins þingmálið einstaklega vel úr garði gert heldur úir þar og grúir af óvenjulega fallegum og lýsandi íslenskum orðum yfir hvað eina í íslenskri náttúru eins og hv. þingmaður vakti athygli á. Við þann lestur eykst manni skilningur á því hvers vegna hv. þm. Álfheiður Ingadóttir og hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson hafa stundað líffræði, því það hlýtur að vera hrein unun að lesa til prófs jafnfallegt mál og hér er víða að finna. Ég hvet þá sem fylgjast með umræðunni til að fara á vef Alþingis (Gripið fram í.) — samanber Jónas, hæstv. iðnaðarráðherra. (**Iðnrh.:** Samanber Jónas?) Já, — og kynna sér málið því þar er marga perluna að finna.

Efnislega eru nokkur atriði sem eru umhugsunarverð fyrir okkur í umfjöllun áætlunarinnar. Mér þykir að hér hafi menn lært af þeirri reynslu sem hefur fengist frá því að lögin voru sett 1999 og að nálgunin, það að leitast við að verja plöntur, mosa, fléttur o.s.frv. og friða þess vegna tiltekin svæði en ekki að friðlýsa friðlýsingarinnar vegna, sé ákaflega vel rökstudd aðferðafræði og líkleg til að bæði skapa sátt um og ná þeim árangri sem máli skiptir í náttúruverndinni. Hins vegar hljótum við að velta því fyrir okkur hvers vegna ekki hefur tekist betur til með þær friðlýsingar sem fyrirhugaðar voru í þeirri náttúruverndaráætlun sem er að renna úr gildi. Þar verðum við að horfast í augu við að á undanförnum árum hefur, a.m.k. sums staðar, gætt nokkuð vaxandi andstöðu við friðlýsingar af hálfu landeigenda og hagsmunaaðila á svæðinu. Það held ég að megi sumpart rekja til þess að ýmis dæmi eru um að farið hefur verið út í friðlýsingar án þess að því hafi fylgt uppbygging og fjárfesting í kringum svæði sem skorður hafa verið settar við nýtingu á út frá þjóðarhagsmunum. Ef aðgerðir okkar á Alþingi til verndar náttúrunni fela ekki í sér neitt annað en takmarkanir á umsvifum manna er eðlilegt að andstaða við þá viðleitni vaxi. Þess vegna er gríðarlega mikilvægt að þessum aðgerðum fylgi jákvæðar og framsæknar aðgerðir til að styðja og styrkja þau svæði þar sem friðlýst er. Ég held að Vatnajökulsþjóðgarður, stærsti þjóðgarður Evrópu, verði gríðarlegur prófsteinn fyrir Alþingi í því hvort við látum fjármuni fylgja þeirri risastóru ákvörðun í gegnum súrt og sætt til að byggja upp atvinnu og hvers kyns starfsemi í kringum það sem við sköpum með þessum ákvörðunum þannig að bæði verði sátt og hreinlega ánægja og eftirsókn eftir slíkum aðgerðum.

Í því sambandi held ég að einnig verði óhjákvæmilegt fyrir okkur að ræða á næstu mánuðum í þinginu — sérstaklega í ljósi þess með hvaða hætti efnahagsmálin hafa þróast — hvort við séum í tengslum við það tilbúin til að ráðast í einhvers konar gjaldtöku í ákveðnum tilfellum til að standa straum af þeirri uppbyggingu sem Alþingi hefur iðulega ekki verið tilbúið til að láta fjármuni renna til og leitast þannig við að auka áhrif og eftirspurn eftir aðgerðum eins og þessum. Sömuleiðis held ég að við hljótum að þurfa að huga að skipan þessara mála og því að við höfum þjóðgarða með ólíkum yfirstjórnum og ólíku fyrirkomulagi. Við höfum friðuð svæði með öðru fyrirkomulagi, nefndir sums staðar, hlutverk Umhverfisstofnunar og fólkvanga, þar sem sveitarfélögin skipa í stjórnir, og öll virðist flóran vera orðin býsna margbreytileg. Þó að mikilvægt sé að flóra Íslands sé margbreytileg er ég ekki viss um að það sé endilega kostur þegar stjórnsýslan er annars vegar. Hér getum við líka nefnt Þingvallanefnd sem er svo enn sérstakt fyrirkomulag á því hvernig haldið er utan um þjóðgarða og svæði sem njóta friðunar af einu eða öðru tagi. Við hljótum að þurfa að ræða hvort við eigum ekki að halda utan um þessi gríðarlega stóru landsvæði, friðlýsingar- og náttúruverndarsvæði, sem orðin eru í einni stofnun undir einni stjórn. Þannig að þekkingu sé miðlað frá einu svæði til annars, frá stöðum sem lengi hafa verið í þróun og hafa mikla reynslu til annarra innan sömu skipulagsheildar. Ég held að almennt hljóti talsverð rök að hníga að því að árangursríkari aðferð við það væri að byggja vel og skipulega upp starfsemi í þjóðgörðum og friðlöndum á Íslandi heldur en aðferðirnar sem nú eru notaðar. Frekari umfjöllun um þetta bíður 2. umr. en ég hlakka til að taka málið til umfjöllunar í

umhverfisnefnd og lofa því sem formaður hennar að gefa öllum þeim kost á því að koma að umsögnum og umfjöllun um málið, sem eftir því leita.

[18:18]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Mig langar í örfáum orðum að fara yfir þá þingsályktunartillögu sem hæstv. umhverfisráðherra hefur lagt fram, sem er náttúruverndaráætlun fyrir árin 2009–2013. Það er margt ansi athyglisvert í þessari áætlun og mörgu af því sem fram kemur í áætluninni þurfum við að hrinda í framkvæmd.

Mig langar samt sem áður að nefna það hér, eins og kom reyndar fram í framsögu hæstv. ráðherra, að þessi áætlun byggir á verndun. Það kom fram jafnframt í máli ráðherra að verið væri að vinna að rammaáætlun 2009 eða rammaáætlun 2 — hún hefur jafnan gengið undir því heiti — sem er um nýtingu á vatnsafli og jarðvarma. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt við vinnu umhverfisnefndar sem nú fer í hönd eftir hátíðarnar að reyna að tengja þessa tvo þætti saman þannig að það megi verða sem best sátt í okkar samfélagi um verndunina og nýtinguna.

Jafnframt má benda á að náttúruverndaráætlun 2004–2008 varðar auðvitað landeigendur. Það er gríðarlega mikilvægt og nauðsynlegt að sjálfsögðu að landeigendur viðkomandi lands eða landsvæða sem um ræðir séu með og taki þátt í þeirri náttúruverndaráætlun sem um ræðir þannig að þeir sjái sér hag í því að vera með og láta þessar áætlanir ganga sem best eftir.

Við sem stundum eru kölluð hér þeir aðilar sem vilja nýta auðlindirnar, orkuna á Íslandi til atvinnuuppbyggingar, til gjaldeyrissköpunar — það er þannig með þann hóp fólks að það er oft og tíðum ekkert síðri náttúruverndarsinnar en aðrir. Við viljum bara ná fram sátt milli þessara tveggja aðila um að það megi nýta náttúruauðlindir landsins sem best en jafnframt þarf að huga að verndduninni á þeim svæðum þar sem það er nauðsynlegt.

Ég vil jafnframt benda á varðandi þær áætlanir sem við erum að samþykkja á Alþingi að náttúran sjálf er kannski sá þáttur sem hefur mest áhrif á framgang hinna ýmsu vistkerfa og þeirra aðstæðna sem skapast. Í þessari náttúruverndaráætlun sem hér liggur fyrir er talað til dæmis um friðun á Langasjó og lagt til, og það hefur margoft verið rætt um það, að leggja hann undir Vatnajökulsþjóðgarð. En ég vil minna á að Skaftá rann á fyrri tíð í gegnum Langasjó og þar hafa orðið þær breytingar í umhverfinu að nú rennur Skaftá ekki gegnum Langasjó og þar hefur myndast gríðarlega fallegt svæði sem Langisjór er í dag.

En það er ekki víst að það verði ekki frekari breytingar á hálendi Íslands sem geta breytt þeirri miklu náttúrufegurð sem nú er. Við þurfum að hafa þetta í huga þegar við vinnum að þeim áætlunum sem hér liggja fyrir.

Ég vil taka undir orð formanns umhverfisnefndar. Nú hefur þetta mál verið lagt fyrir þingið og umhverfisnefnd fer að vinna málið og það verður bara ánægjulegt að fá tækifæri til þess að taka þátt í þeirri vinnu og mega freista þess að ná sátt milli nýtingar og verndunar hvað þetta varðar.

[18:23]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Hér er verið að ræða þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun á árunum 2009–2013. Það má vissulega segja ef við horfum langt aftur í tímann þá hafi umgengni okkar um náttúru landsins verið að mörgu leyti ábótavant. Við lesum það í sögubókum og það er staðfest í rannsóknum að landið hafi verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru og hefur ábyggilega úr fjarlægð verið ansi fallegt á að líta í þeim búningi. Við höfum með búsetu okkar hérna eytt þessum skógi og erum núna að basla við að reyna að rækta þetta svolítið til baka og skila landinu því sem við tókum gegnum aldirnar á þessum vettvangi. En hún væri ósköp einhliða landnýtingin okkar í dag ef við hefðum ekki eytt einhverju af þessum skógi. Þá værum við væntanlega bara með skógarnytjar í íslenskri náttúru. Við sæjum ansi lítið af náttúru landsins fyrir trjánum. Þau mundu byrgja okkur alla sýn og við kæmumst illa um. Með þessu er ég að segja, virðulegi forseti, að það þarf að vera samræmi á milli verndunar og nýtingar í náttúru landsins. Það þarf að vera grundvallaratriðið alveg sérstaklega hjá þessari þjóð sem byggir afkomu sína alfarið á nýtingu náttúruauðlinda til lands og sjávar. Náttúruvernd er þannig samspil náttúruverndar eða verndaðra svæða og þeirra svæða sem við ætlum að nýta.

Í þessari þingsályktunartillögu kemur fram að fjöldi svæða sem friðlýst hafa verið á grundvelli náttúruverndarlaga eða með sérlögum til náttúruverndar á landinu er nú 96 og flatarmál þeirra er um 19.500 ferkílómetrar eða sem svarar til tæplega 20% af flatarmáli landsins. Þessi 96 friðlýstu svæði skiptast þannig eftir friðlýsingarflokkum að þau eru flokkuð í þjóðgarða og þau eru sett samkvæmt sérlögum og svo náttúruvætti, friðlönd, fólkvangar og búsvæði. Samtals spannar þetta tæplega 2 milljónir hektara lands. Ég er ekki að segja að neitt sé ofaukið í því, alls ekki. Ég held að flestar þær ákvarðanir sem við höfum tekið um náttúruvernd, nú síðast sú stóra ákvörðun sem við tókum um að stofna Vatnajökulsþjóðgarð, séu ágætar ákvarðanir. En við verðum líka að hafa í huga að ef litið er til þess að helstu virkjunarkostir í landinu væru nýttir þá mundu þeir taka um 2% af landinu eða um 10% af því sem við erum þegar búin að vernda. Það verður því að líta til þessara þátta þegar við fjöllum um náttúruvernd í landinu í framtíðinni og þörfin er aldrei meiri en nú að við gerum okkur grein fyrir því að hér verður líka að forgangsraða í þágu nýtingar náttúruauðlinda.

Það er svolítið sérstakt þegar við hlustum á málflutning þeirra sem kenna sig við náttúruvernd og segjast vera náttúruverndarsinnar umfram okkur sem teljum okkur vera nýtingarsinna að þeirra umræða er yfirleitt mjög gegn allri nýtingu. Það eru fjölmörg dæmi um þetta. Það eru efasemdir við alla virkjunarkosti sem eru nefndir eða alla vega langflesta. Það er verið að auka mjög á allt regluverk sem þarf að uppfylla og fylgja til þess að ná fram skynsamlegri nýtingu náttúruauðlinda. Þetta hefur með í för gríðarlegan kostnað og flókna vinnu og nú eru meira að segja samtök atvinnulífs í landinu farin að leggja á það áherslu í sínum ályktunum að það verði að einfalda þetta ferli. Ég held að við hljótum að verða að taka undir það á sama tíma og við

tökum vel í að farið sé yfir náttúruvernd skynsamlega og að við látum náttúruna í mörgum tilfellum njóta forgangs en þá verðum við líka að taka tillit til þess að hér sé hægt að nýta skynsamlega þær auðlindir sem landið býður. Öðruvísi byggjum við ekki upp hér mannvænlegt samfélag til lengri tíma litið.

Nefna má í þessu sambandi hvalveiðar sem nú er alveg borðleggjandi að ættu að fara af stað í okkar landi aftur. Því hefur verið haldið hér fram af svokölluðum náttúruverndarsinnum í þeirri umræðu á undanförnum árum að þetta væri til stórskaða fyrir aðrar atvinnugreinar í landinu svo sem ferðaþjónustu, þetta væri til stórskaða fyrir svokallaðan hvalaskoðunariðnað, þetta væri til stórskaða fyrir okkur á erlendum vettvangi og það væri ekki markaður fyrir þetta kjöt auk þess sem afurðir af þessum skepnum væri varla manneldishæfar og það væri ólöglegt að hafa viðskipti á alþjóðlegum vettvangi með þessar afurðir.

Nú hefur komið í ljós að þessi málflutningur hefur ekki verið á rökum reistur. En þessi málflutningur hefur tafið mjög framgang þessa máls og sett það í það ferli að það hefur kostað alveg gríðarlega fjármuni að koma þessu áfram og koma þessu í gegn og fyrirvarar eru alls staðar settir við málið. Það er þolinmæði þeirra sem unnu við þetta að þakka að þetta skuli þó vera komið alla leið núna og það skuli vera búið að hrekja allar mótbárurnar sem fluttar voru. Hvað gerist þá? Þá kemur yfirmaður umhverfismála í landinu, hæstv. umhverfisráðherra, og segir að það skipti bara engu máli í hennar huga, það breyti engu um afstöðu hennar gagnvart nýtingu þessarar náttúruauðlindar. Við skulum hafa það í huga, virðulegi forseti, að hér er um að ræða stofna dýra sem eru sko ekki í útrýmingarhættu heldur eru þeir eins nálægt 100% stærð og talið er að þeir geti orðið. Þetta er viðurkennt af alþjóðavísindasamfélaginu.

Þegar hún var minnt á að tillögur okkar virtustu vísindamanna sneru nú að því að veiða svo og svo mikið á hverju ári þá var svarið að hún hefði ekki kynnt sér þessar tillögur, hún hefði ekki kynnt sér tillögur vísindamannanna á þessum vettvangi. (**Gripið fram í:** Það hef ég gert.) Það veit ég.

Hún hefur kynnt sér vinnu og tillögur vísindamannanna okkar á Náttúruverndarstofnun, hjá þeim ágætu mönnum og hún tekur mark á þeim. Það sem ég er að koma að í þessum málflutningi er að við verðum að gæta samræmis. Við verðum að gæta samræmis í nálgun okkar á nýtingu og verndun náttúrunnar. Það er alveg stórhættulegt þegar fólk sem tekur að sér forustuhlutverk í þessum málum er ekki tilbúið til að horfa til beggja átta í þessum efnum. Landið hefur ekki efni á slíkum vinnubrögðum.

Að lokum, virðulegi forseti: Ég á eftir að kynna mér betur tillögu þá sem hér er til umræðu. Ég lít hana mjög jákvæðum augum og í umfjöllun þingflokks ... (**Gripið fram í:** Styður þú hverja ...?) Í umfjöllun þingflokks míns um þetta sagðist ég ekki sjá annað í fljótu bragði en að ég mundi styðja þetta mál. En ég mun bíða eftir því að fá athugasemdir þeirra sem um þetta þurfa að fjalla, meðal annars þeirra ágætu fyrirtækja sem undir nýtinguna heyra og munu skoða þetta með þeim augum og út frá því meta þær aðstæður sem verða á borðinu og afleiðingar þessarar áætlunar.

Ég vona að þetta geti farið vel saman við nýtingaráform okkar í framtíðinni. En ég bara legg á það áherslu að ráðherrann sem þessi málaflokkur heyrir undir, hæstv. umhverfisráðherra, fari nú svolítið að skoða málin í ljósi þess að hér er um þjóð að ræða sem þarf að nýta sínar náttúruauðlindir af festu og ábyrgð og með tilliti til náttúrunnar og það þýðir ekki að flauta alltaf einhver mál út af borðinu þegar (Forseti hringir.) þau koma til umræðu og heyra undir nýtingu.

[18:34]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti biður hv. þingmenn um að ávarpa hæstv. ráðherra með tilheyrandi hætti.

[18:34]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var athyglisverð ræða og vekur upp spurningar um hver raunveruleg afstaða hv. þingmanns er og hver afstaða Sjálfstæðisflokksins í heild er til þeirrar tillögu að náttúruverndaráætlun sem hæstv. umhverfisráðherra hefur kynnt og mælt fyrir. Ég verð að segja alveg eins og er að þrátt fyrir að hv. þingmaður hafi sagt að hann muni líta á þetta jákvæðum augum fannst mér annað liggja í orðum hans. Þá vísa ég til þess sem lesa mátti úr þeim að umhverfisráðherra sé að hans mati einsýnn, líti ekki til beggja átta, þ.e. til nýtingar, það þurfi að nýta náttúruauðlindir þessa lands af festu og ábyrgð. (Gripið fram í.)

Ég spyr þess vegna hreint út: Styður Sjálfstæðisflokkurinn samstarfsflokkinn sem leggur fram þetta mál eða stendur til að koma í veg fyrir með einhverjum hætti að einhver einstök svæði þarna verði á náttúruverndaráætluninni? Ég spyr sérstaklega um Langasjó og Þjórsárver.

[18:35]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þingmaður hefði hlustað af athygli á það sem ég sagði hefði hún ekki þurft að spyrja þessarar spurningar. Í orðum mínum lá einfaldlega stuðningur við þessa þingsályktunartillögu og þingflokkurinn hefur afgreitt hana hjá sér sem og ráðherrar okkar í ríkisstjórn þannig að ég geri ráð fyrir því að í því endurspeglist stuðningur við þetta mál.

Hitt er annað sem einnig kom fram í máli mínu og ég gerði fyrirvara við. Það er að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem eiga eftir að koma fram núna í vinnslu hv. umhverfisnefndar á málinu eins og við þingmenn hljótum alltaf að þurfa að gera. Við hljótum alltaf að þurfa að skoða þau sjónarmið sem koma fram, móta síðan skoðun okkar og taka ákvörðun út frá henni. Ég velktist því ekki í vafa um það í ræðu minni áðan. Ég sé í fljótu bragði ekki annað en að ég muni styðja málið eins og það er en ég bíð umsagna, sérstaklega þeirra sem munu skoða málið með nýtingaráform náttúrunnar í huga og mynda mér síðan skoðun út frá því mati. Ég vona að fleiri þingmenn séu opnir fyrir að gera það.

[18:37]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlustaði grannt eftir því sem hv. þing-

maður sagði og ég hlustaði líka eftir því þegar hann sagði, að landið hefði ekki efni á slíkum vinnubrögðum og vísaði hann þar til starfa og verka hæstv. umhverfisráðherra. Ég segi: Landið hefur ekki efni á þessari ríkisstjórn öllu lengur.

[18:37]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég stend við það að ég tel að landið eða þjóðin kannski frekar hafi ekki efni á þeim vinnubrögðum sem þeir sem eru með svo einsýna stefnu í náttúruvernd og tala eins og hæstv. umhverfisráðherra gerir. Hún hefur alla vega ekki verið mikið til tals um að nýta þær náttúruauðlindir sem samt eru algerlega augljósir kostir að nýta. Ég nefndi alveg sérstaklega hvalveiðar núna af því að það mál er í brennidepli þessa dagana. Ég tel að hvorki land né þjóð hafi efni á slíkum vinnubrögðum. Það verður að vera samspil milli nýtingar og verndar í forgrunni og það er mikil ábyrgð sem hvílir á hæstv. umhverfisráðherra í þeim efnum.

[18:39]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki eins og sá Tómas sem dylst í brjósti hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur. Ég trúi. Ég kem aðallega til að fagna því að hv. þm. Jón Gunnarsson kemur hingað og lýsir mjög eindregnum stuðningi við þessa náttúruverndaráætlun. Ég tel að það sé mjög gott. (Gripið fram í.) Ég tel að það sé mjög gott og það er alla vega spor í rétta átt að hv. þingmaður lýsir yfir stuðningi við þessa náttúruverndaráætlun sem er mjög merkileg og að ýmsu leyti tímamótaplagg. Ég hefði svo gjarnan hafa getað lagt hana sjálfur fram fyrir áratug eða svo þegar ég var umhverfisráðherra þannig að þetta er mér gleðiefni.

Hv. þm. Jóni Gunnarssyni virðist að einu leyti svolítið áfátt að því er skilning varðar á gildi náttúruverndaráætlunar fyrir atvinnuvegina. Ég lít svo á að það séu tvær hliðar á þessum peningi. Við erum með þessari áætlun að leggja til vernd bæði á búsvæðum, einstökum pörtum lífríkis, einstökum verum, af því að við teljum að það sé þess virði að vernda það um ókomin ár. Á hinn bóginn felst líka í þessu viðleitni til að ýta undir atvinnugreinar sem nýta þessi svæði með því að koma, skoða og njóta. Það á ekki að gera neitt annað. Ég verð að undirstrika það gagnvart hv. þingmanni, af því að hann hefur borið sérstaklega ákveðnar atvinnugreinar fyrir brjósti, að ferðaþjónustan sem byggir á því að njóta með þessum hætti náttúru og menningar í landinu er gríðarlega öflug lyftistöng fyrir atvinnulífið í landinu. Ég veit að hv. þingmaður er t.d. töluvert hrifinn af álframleiðslu en allt undir það síðasta þegar Fjarðarál fór í gang slagaði ferðaþjónustan um gjaldeyrissköpun hátt upp í alla stóriðju á Íslandi. Hún varð hálfdrættingur á við sjávarútveginn. Af hverju hefur hún eflst svona? Það er vegna þess að Ísland hefur upp á eitthvað að bjóða. Menn koma til Íslands til að sjá ósnortið land, (Forseti hringir.) ósnortið lífríki. Með þessari áætlun er þar með verið að leggja lóð á þá vogarskál.

[18:41]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hæstv. iðnaðarráðherra, ferðaþjónustan er mjög mikilvægur atvinnuvegur á Íslandi og alveg örugglega vaxandi atvinnuvegur. Ég hef reyndar sagt það áður, bæði í ræðu og riti, að við eigum frekar að hugsa þar um gæði en magn og með þeim orðum á ég við að við eigum að selja okkur dýrt en ekki að horfa alltaf á að hingað komi svo ótrúlegur fjöldi ferðamanna. Það á að vera markmið okkar að hafa sem mest fjármagn út úr þessu og ég vona að hæstv. iðnaðarráðherra, sem þessi grein heyrir undir, muni beita sér í þeim efnum.

Ég held að náttúruvernd sé alveg bráðnauðsynleg fyrir okkur einmitt vegna ferðaþjónustunnar. En ég er þess líka algerlega fullviss að náttúrunýting, nýting þessara auðlinda, er ferðaþjónustunni gríðarlega mikilvæg eða hvernig haldið þið að það sé á Austfjörðum núna? Það hefur komið fram hjá ferðaþjónustufólki þar hvað ferðaþjónusta hefur eflst gríðarlega á svæðinu eftir að virkjanaframkvæmdir fóru af stað á hálendinu. (Gripið fram í.) Já, ég vil minna á Bláa lónið sem varð til við virkjunarframkvæmdir. Það eru einhverjir eftirsóttustu ferðamannastaðir okkar í dag þannig að þetta getur allt saman farið mjög vel saman. Það sama á við um hvalveiðar og hvalaskoðun, svo að ég nefni það enn og aftur. Síðast í gærkvöldi, á jólaföstu, keyrði ég niður Laugaveginn. Þar var skilti út við götuna — sem ég vona að hæstv. iðnaðarráðherra sjái líka — sem stóð á „Whale menu" fyrir utan einn veitingastaðinn. Þetta er veitingamaðurinn búinn að bjóða upp á í allt sumar og þetta býður hann enn upp á. Af hverju? Vegna þess að ferðamenn sækjast í það. Það er þetta sem ferðamenn sækjast í og það er þetta (Forseti hringir.) sem Ísland á að vera þekkt fyrir og við eigum að standa í lappirnar varðandi skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda.

[18:43]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Verndun er ein tegund af nýtingu á náttúrunni. Það er sjálfsagt að horfa á það líka frá þeirri hliðinni. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að ferðamenn koma hingað til Íslands af því að þeir hafa úrval margvíslegra tilboða eins og hv. þingmaður gat um. Hann er bersýnilega mikill aðdáandi hvalaskoðunar eins og ég. Menn koma hingað til að sjá langreyði blása og höfrunga hlaupa eftir sjávarfleti. Þeir koma hingað líka til að njóta þess sem er afrakstur jarðhitanýtingar eins og í Bláa lóninu og jarðhitaböðunum nyrðra en þeir koma ekki síst hingað til að sjá það sem þeir eiga ekki lengur tök á að sjá úti í hinni þéttbýlu Evrópu. Það eru ósnortin hrjóstur, það er land sem okkur fannst kannski lítið til koma sem börn og unglingar en metum þeim mun meira þegar við eldumst og skiljum hlutina öðrum skilningi. Menn koma hingað til að sjá og njóta einhvers sem er einstakt og öðruvísi. Vitaskuld vilja þeir líka geta komið hingað á sem þokkalegustu verði.

Ég er algerlega sammála hv. þingmanni um áherslurnar í ferðaþjónustu. Við eigum að leggja áherslu á gæði, áherslu á að selja hlutina dýrt sem eru mikils virði. Þess vegna höfum við, ég og hæstv. umhverfisráðherra, sameig-

inlega reifað þá hugmynd að þeir sem koma hingað beinlínis til að njóta landsins greiði fyrir það með einhverjum hætti í hvaða formi sem það verður, t.d. með því að innheimta af ferðamönnum einhvers konar gjald til að koma og njóta landsins, gjald sem yrði látið renna til þess að byggja upp slík svæði. En ég undirstrika að ég er þeirrar skoðunar að þessi áætlun hefur gildi, ekki bara til verndar náttúrunni heldur líka til uppbyggingar atvinnuvega eins og ferðaþjónustu. Það skiptir máli að menn geri sér algerlega grein fyrir því. Ég sé það að hv. þingmaður gerir sér grein fyrir því. Þess vegna ætti hann að koma hingað og ljúka *upp munni sínum og mæla nokkur ástaryrði til* hæstv. umhverfisráðherra fyrir þetta lofsverða framtak.

[18:45]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef áður sagt í þessari umræðu að ég fagni þessari náttúruverndaráætlun, mér sýnist hún vera gott skref. Það getur umhverfisráðherra tekið sem hrós frá mér, það er alla vega þannig meint.

Að öðru leyti ætla ég ekki að tefja þessa umræðu, virðulegi forseti, heldur segja bara dittó.

[18:46]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Frú forseti. Mig langar í lok þessarar umræðu að fara yfir nokkur atriði sem drepið var á í umræðum þingmanna um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009–2013. Tillagan er vissulega mjög fjölbreytileg og hún markar líka ákveðin tímamót í náttúruvernd á Íslandi. Að baki henni liggur ekki bara mikil vinna heldur einnig hugsun sem byggist á faglegri greiningu og þeirri vísindaþekkingu sem við höfum í landinu þó að vissulega þurfi að auka hana og bæta.

Ég viðurkenni hiklaust að fyrsta náttúruverndaráætlunin, sú er rennur skeið sitt á enda nú um áramótin, hefði mátt fá betri framgang en hún gerði. Fyrir því eru örugglega margar ástæður. Við höfum reynt að greina þær í umhverfisráðuneytinu og að einhverju leyti má segja að ástæða þess að svo fór sem fór sé sú að kannski var ekki staðið að undirbúningi eins og best hefði verið að gera. Þegar friðlýsa á svæði þarf að ná samkomulagi við sveitarfélög og landeigendur og það hefur lítið upp á sig að setja fram lista sem líkist kannski frekar óskalista en einhverju öðru. Það er einfaldlega óraunhæft og þess vegna höfum við kannað það nokkuð vandlega við undirbúning þessarar áætlunar hvort sveitarfélögin sem í hlut eiga og þeir landeigendur, ef þeim er til að dreifa, sem í hlut eiga hafi áhuga á því að vinna með okkur að þessum friðlýsingum og við teljum svo vera. Eftir því verður gengið og eins og ég hef áður sagt mun ég gefa hinu háa Alþingi skýrslu um framgang áætlunarinnar. Við munum einnig reyna að móta þannig verklag í samvinnu Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar og ráðuneytis og þeirra sem í hlut eiga að við getum fylgt því eftir jafnt og þétt hvernig vinnu við áætlunina vindur fram.

Gamla áætlunin er líka undir. Við teljum að þar séu þó nokkur *mál það langt komin, og kannski lengst komin* Vatnshornsskógur í Skorradal sem vonandi næst að friðlýsa fyrir áramót. Lengi hefur verið unnið að jarðfræðiminjunum við Geysi í Haukadal. Við gætum náð í áföngum Njarðvíkum og Loðmundarfirði og einnig eru Vestmannaeyjar á lokastigi friðlýsingar, mjög jákvæð viðbrögð hjá Vesturbyggð vegna Látrabjargs og Rauðasands, einnig jákvæð viðbrögð varðandi Austara-Eylendið og vonandi kemst það í höfn og við gætum einnig náð áföngum í friðlýsingu Álftaness og Skerjafjarðar fyrir búsvæði fugla. Þetta eru allt svæði sem eru á hinni fyrstu náttúruverndaráætlun og við hyggjumst vinna áfram að. Önnur svæði eru einfaldlega þannig vaxin að við erum því miður ekki viss um að þau náist í höfn og þá verður hreinlega að horfast í augu við að þannig gæti farið en við erum þó a.m.k. reynslunni ríkari. Í höfn eru Vatnajökulsþjóðgarður, eins og þingmenn vita, og Guðlaugstungurnar líka og vonandi verða þau orðin fleiri fyrir áramót og svo höldum við áfram þeirri vinnu.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi Hofsjökul vegna Þjórsárveranna. Ég tel það afar mikilvægt skref sem hér er stigið til verndunar Þjórsárverum, að ljúka því gamla og erfiða deilumáli og koma því þannig fyrir að við getum með sóma sagt að verndun Þjórsárvera sé tryggð. Að því vil ég standa og ég veit að það vill meiri hluti þingheims. Ég á ekki von á öðru en það verði með þeim hætti samkvæmt þessari tillögu.

Það er líka sjálfsagt að skoða jökulhettu Hofsjökuls og tengja yfir í Guðlaugstungurnar eins og minnst var á. Það þarf samt að passa í þessu ferli að óbyggðanefndin og þjóðlendumálin eru enn óútkljáð. Ekki er búið að fara um allt landið eins og þar segir og líklega væri betra að bíða niðurstöðu á því svæði. Það verður að segjast eins og er, eins og ég hef reyndar áður sagt opinberlega, að ekki hefur alltaf verið einfalt að koma í kjölfar óbyggðanefndar og tillagna um þjóðlendur þegar við komum síðan frá umhverfisráðuneyti og stofnunum þess og biðjum jafnframt þessa sömu landeigendur um að leggja til land hvort heldur er í þjóðgarð eða til friðlýsingar. Það á auðvitað að vera eftirsóknarvert, eins og hv. formaður umhverfisnefndar sagði í ræðu sinni, að friðlýsa svæði og spildur eða plöntur, dýr og önnur búsvæði og vistkerfi. Ákveðin gæði eiga að vera falin í því sem eru eftirsóknarverð og við þurfum að koma því fyrir að það verði þannig.

Kannski gefst ekki mikill tími til að fara yfir samspil og samþættingu náttúruverndaráætlunar og rammaáætlunar. Náttúruverndaráætlunin sem slík, hugmyndafræði hennar og hvernig hún er hugsuð, liggur algerlega skýrt fyrir. Verkefnisstjórn rammaáætlunar er að störfum. Hún mun skila á næsta ári. Við vitum ekki nákvæmlega hverjar þær tillögur verða en mjög líklegt er að þær verði í þremur meginþáttum, þ.e. það sem megi nýta með verndun, það sem megi nýta með virkjun og síðan einhverjar tillögur þar á milli sem e.t.v. þarf að rannsaka betur eða láta bíða eftir því sem upplýsingar liggja fyrir. Þetta færist þá með tíð og tíma inn í tvær heildstæðar áætlanir og ég tel einboðið að form rammaáætlunarinnar — það er líka hluti af þeirri umræðu sem þarf að taka þar — verði einhvers konar skipulagsform. Þetta eru allt skipulagsáætlanir sem þurfa að vinna saman og þar má ekki hvað rekast á annars horn. Náttúruverndaráætlun og rammaáætlun eiga raunar að vera eins og tvær hliðar á sama peningnum.

Ég ætla ekki að reyna að standa hér og neita því að þessi þingsályktunartillaga sé seint fram komin. Hún er það en ég vænti þess að hv. umhverfisnefnd taki sér þann tíma sem hún þarf til að fjalla um hana á næstu vikum og á nýju ári þó við séum þá komin inn á fimm ára tímabil nýrrar náttúruverndaráætlunar. Ég hygg að það sé betra og hún taki þá bara gildi þegar komið er inn á það tímabil og umfjöllunin sé vönduð — það er vissulega rétt eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir benti á að ekki hefur verið kleift við þessar aðstæður að standa að almennri kynningu eins og við héldum að við gætum. Það setur þeim mun meiri þrýsting á eða gerir meiri kröfur til nefndarinnar að finna og kalla til umsagnaraðila og koma þessari tillögu í almenna umræðu. Ég mun gera það sem ég get til þess að það takist og er boðin og búin til að koma til viðræðu í nefndinni og svara þar spurningum og annað slíkt.

Það var nefnt að það vantaði ljósmyndir. Já, ég er sammála því, það hefði verið gaman að geta prentað þingskjal með litmyndum og ljósmyndum en það er því miður ekki hægt. Slíkt gæfi tillögu með þessu efni bæði betra upplýsinga- og fræðigildi fyrir allan almenning af því að þessi tillaga er til skoðunar og ég hvet ekki bara þingmenn heldur alla sem áhuga hafa á náttúruvernd til að lesa hana og kynna sér á vef þingsins.

Það er mikilvægt að styrkja Vatnajökulsþjóðgarð. Já, vissulega og við höldum því áfram og það er stórt og mikið verkefni sem við erum rétt að byrja á og ætlum að vinna áfram af fullum krafti á uppbyggingartímanum, við ætlum okkur næstu fimm árin eða svo. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að Vatnajökulsþjóðgarður geti orðið náttúruvernd á Íslandi mikil lyftistöng og einnig sýnt fólki í verki að náttúruvernd og atvinnusköpun út um landið fer saman. Þjóðgarður sem Vatnajökulsþjóðgarður getur skapað mýmörg tækifæri fyrir sveitarfélögin og fyrir fólk um allt land.

[18:56]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég nefndi tvö atriði í ræðu minni fyrr í dag sem ég sakna í þessari náttúruverndaráætlun. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvers vegna það sem ég sakna er ekki inni í áætluninni. Sérstaklega vil ég nefna Teigsskóg, sem ég hef áður spurt hæstv. ráðherra um, og þá tillögu sem nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins gerði um friðlýsingu Teigsskógar í kjölfar samantektar eða skýrslu um verndargildi birkiskóga á landinu. Að hinu leytinu til vil ég spyrja hvers vegna eða hversu langt eða skammt var komið undirbúningi að friðlýsingu viðkvæmra hafsvæða þar sem er að finna tegundir sem er hætt vegna veiða, sérstaklega steinkóralla og aðra kóralla í útrýmingarhættu.

Mig langar í kjölfar þess sem hæstv. ráðherra sagði um þingskjölin — þingskjölin eru auðvitað ekki útgáfur í sjálfu sér. En á bls. 17 í þessari greinargerð kemur fram kostnaðarmat við framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2009–2013. Þar mætti að ósekju standa kostnaður við framkvæmd og kynningu á náttúruverndaráætlun. Þarna er verið að tala um 67 millj. kr. á tímabilinu. Ég hef mjög góða þekkingu á því hvað útgáfa af þessu tagi kostar og það eru hreinir smáaurar miðað við það sem hér er lagt upp með. Ég hvet eindregið til þess að gefið verði út efni til kynningar á þessum tillögum og síðan á áætluninni sem slíkri.

[18:58]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna þeirra atriða sem hv. þingmaður nefndi — fyrst vegna Teigsskógar vil ég segja: Eins og þingmönnum er kunnugt er genginn úrskurður og dómar hvað varðar vegarlagningu og annað í gegnum Teigsskóg. Ég hygg að fara þurfi ofan í saumana á því hvað það þýðir fyrir verndun skógarins, sú niðurstaða sem þar hefur fengist, eins og sveitarfélagið vill gera og leggja veginn og mér sýnist að það stefni ekki í neitt annað. Auðvitað er það rétt hjá hv. þingmanni að þarna er um mjög verðmætan skóg að ræða. Það þarf að skoða það vel og á grundvelli þeirrar skýrslu sem nefnd var sem við nefnum í daglegu tali birkiskógaskýrsluna í ráðuneyti umhverfismála. Ég er mjög opin fyrir því að skoða það vel en því verður ekki neitað að þetta hefur verið umdeilt svæði á undanförnum missirum og eins og mönnum er kunnugt úrskurðaði umhverfisráðherra, sá sem á undan mér fór, um það mál.

Hvað varðar svæðin í hafinu kringum landið þá eru þau vissulega mjög mikilvæg og eru ekki inni í þessari tillögu. Við höfum skoðað þessi mál í umhverfisráðuneytinu. Það liggur þannig að það þarf að eiga um það samráð og samvinnu við ráðuneyti sjávarútvegsmála og það viljum við gera en kaldkóralsvæðin í kringum Ísland eru að sjálfsögðu mjög verðmæt. Ég tel ekki útilokað, og ég tel alls ekki að áætlunin útiloki það, að við gerum fleira, og vonandi gerum við miklu fleira, á næstu fimm árum en að vernda þau svæði og þær plöntur og jarðminjar sem þar er kveðið á um. Ég vil ekki útiloka neitt í þeim efnum og tek undir með þingmanninum að bæði kaldkóralsvæðin og birkiskógarnir eru afar verðmæt svæði til náttúruverndar.

[19:00]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka kærlega fyrir þessi svör. Ég vil minna á varðandi Teigsskóg að landeigendur hafa einmitt lýst sig fúsa til friðlýsingar og verndunar á skóginum. Mér er ekki alveg ljóst við hvað hæstv. ráðherra á þegar hann talar um sveitarfélagið, ég hygg að það séu nokkrir fleiri aðilar sem þrýsti á um vegagerð í gegnum Teigsskóg og þar vil ég bara nefna Vegagerðina sem á í málaferlum, m.a. við landeigendur og náttúruverndarsamtök, náttúruverndara, og það mál mun nú vera á leið til Hæstaréttar ef ég veit rétt.

Það virðist ljóst að ef niðurstaðan þar verður sú að kröfunni um bann við lagningu vegarins verði hrundið þá þurfi að taka land þarna eignarnámi, þannig að deilum yrði ekki lokið með þeim hætti. Þess vegna er afar brýnt að leita leiða til þess að ná samkomulagi um aðra legu þessa vegar því að það er svo sannarlega rétt sem hæstv. ráðherra sagði að þarna er um mjög verðmætan skóg að ræða.

Ég fagna því einnig að hæstv. ráðherra útilokar ekki að hægt sé að vinna frekar varðandi kaldsjávarkóralana á tímabili nýrrar náttúruverndaráætlunar. Það eru nokkur friðlýst svæði í hafinu umhverfis Ísland, ég minni á Surtsey, ég minni á hverastrýturnar í Eyjafirði og ég minni á Breiðafjörðinn. Það er mjög mikilvægt að lögsaga náttúruverndar

á Íslandi afmarkist ekki við fjöruborð heldur nái til þeirrar náttúru sem vernda þarf enda þótt hún sé á sjávarbotni eða í sjó. Ég endurtek hvatningu mína til umhverfisnefndar og hæstv. ráðherra um að drífa í þessu máli.

Umræðu lokið.
Tillagan gengur til síðari umræðu og umhvn.

Lyfjalög, 1. umr.

Frv. heilbrn., 203. mál (gildistaka greinar um smásölu). — Þskj. 258.

[19:02]

Frsm. heilbrn. (Ásta Möller) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, með síðari breytingum. Frumvarpið er flutt af hv. heilbrigðisnefnd.

Frumvarpið er einfalt í sniðum. Með því er lagt til að frestað verði að hluta gildistöku 10. gr. laga nr. 97/2008, sem eru lyfjalög sem voru samþykkt á vorþingi 2008, þ.e. breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum. Þetta varðar eingöngu þann þátt 10. gr. laganna er snýr að smásölu lyfja. Þeim hluta ákvæðisins var frestað á haustþingi í september sl. til 1. janúar 2009 en nú er gert ráð fyrir að þetta ákvæði taki gildi 1. apríl 2009, en með frestuninni sem gerð var í september var gert ráð fyrir að nýtt greiðsluþátttökukerfi lyfja kæmi til framkvæmda um áramót en þær breytingar hafa nú frestast. Það er mjög mikilvægt að afslættir af lyfjum í smásölu haldist í hendur við nýtt greiðsluþátttökukerfi lyfja og af þeim sökum er lagt til að ákvæðið taki ekki gildi fyrr en 1. apríl 2009. Á þeim tíma er talið, þ.e. fram til 1. apríl 2009, að möguleiki sé á að þróa og ljúka gerð hins nýja greiðsluþátttökukerfis.

Eins og ég sagði fyrr varðar þetta eingöngu frestun á banni við afsláttum í smásölu en annað ákvæði 10. gr. varðandi bann við afsláttum í heildsölu hefur þegar tekið gildi, sem þýðir að heildsalar bjóða í dag öllum smásölum sama verð sem hefur m.a. átt þátt í því að lækka lyfjaverð í landinu.

Þar sem frumvarpið er flutt af heilbrigðisnefnd tel ég rétt að það fari ekki til nefndar heldur beint til 2. umr. hér á hinu háa Alþingi.

[19:05]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Það er rétt að þetta frumvarp er hér flutt af hv. heilbrigðisnefnd í heild. Þau ákvæði sem hv. formaður heilbrigðisnefndar rakti í 10. gr. laga um breytingu á lyfjalögum átti upphaflega að taka gildi 1. október sl. Við fulltrúar Vinstri grænna í nefndinni vöruðum eindregið við þessu ákvæði 10. gr., um bann við afsláttum í smásölu, m.a. þeim afsláttum sem hagsmunasamtök á borð við Hjartavernd höfðu náð fram og hafa náð fram fyrir félagsmenn sína. Við greiddum þess vegna á sínum tíma atkvæði gegn ákvæðinu og af sjálfu leiðir að við studdum frestun á gildistöku til áramóta og að við fögnum og flytjum nú með öðrum nefndarmönnum hv. heilbrigðisnefndar tillögu um að fresta þessu enn frekar, þ.e. til 1. apríl 2009, og erum tilbúin til þess að fresta þessu enn lengur eða fella þetta alveg úr gildi ef þörf krefur.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu

Út af dagskrá var tekið 1. og 2. mál.

Fundi slitið kl. 19:07.

---

46. FUNDUR

þriðjudaginn 9. desember,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 120. mál, þskj. 130, nál. 276. — 2. umr.
3. Íslensk málstefna, stjtill., 198. mál, þskj. 248. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.
Þórunn Sveinbjarnardóttir umhvrh., 8. þm. Suðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[13:34]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Í dag fara fram tvær umræður utan dagskrár. Sú fyrri hefst um kl. 2, strax að loknum óundirbúnum fyrirspurnatíma, og er um málefni Ríkisútvarpsins. Málshefjandi er hv. þm. Katrín Jakobsdóttir. Menntamálaráðherra verður til andsvara.

Síðari umræðan hefst um kl. 3.30 og er um samráð ríkisstjórnarinnar við launþegasamtökin. Málshefjandi er hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Forsætisráðherra verður til andsvara.

Umræðurnar fara fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

[13:35]

Útbýting:

Ársreikningar, 212. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 285.
Búnaðargjald, 206. mál, stjfrv. (sjútv.- og landbrh.), þskj. 279.

Icesave-ábyrgðir, 215. mál, fsp. SF, þskj. 290.

Kjararáð, 210. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 283.

Skattlagning kolvetnisvinnslu, 208. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 281.

Staða bankamála og Icesave-ábyrgðir, 214. mál, fsp. SF, þskj. 289.

Stjórn fiskveiða, 207. mál, stjfrv. (sjútv.- og landbrh.), þskj. 280.

Verslun með áfengi og tóbak, 209. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 282.

Virðisaukaskattur, 211. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 284.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Ábyrgð á Icesave-reikningum í Bretlandi.

[13:35]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég hef séð ástæðu til þess að reyna að fá upplýsingar hjá ráðherrum um stöðu Icesave-ábyrgða og hvort það geti verið rétt sem Björgólfur Thor heldur opinberlega fram, að bæði Seðlabankinn og ráðherrann hafi vitað af því að unnt væri að flytja Icesave-ábyrgðirnar yfir í breska lögsögu gegn 200 millj. punda tryggingu.

Það er mjög erfitt að henda reiður á því hvað skeði helgina þegar þessar viðræður fóru fram. Í fjölmiðlum segist t.d. seðlabankastjóri, Davíð Oddsson, í *Morgunblaðinu* hafa heyrt af því að Landsbankinn væri að reyna að flýta flutningi Icesave. Síðan segir hæstv. forsætisráðherra á Stöð 2:

„En ég þekki ekki þetta nákvæmlega með þessi 200 milljón pund."

Það er þetta orð „nákvæmlega" sem vefst verulega fyrir mér. Ég hef kosið að spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í þessi mál. Ég fékk skriflegt svar sem barst reyndar mjög seint og var afar rýrt í roðinu. Ég verð að viðurkenna, virðulegur forseti, að ég átta mig ekki á svarinu sem borið er fram og sé því ástæðu til að halda áfram að elta ráðherrana með að gefa skýr svör. Ég tel að það verði að gefa þinginu skýr svör. Menn geta kannski komist upp með að gefa loðin svör í fjölmiðlum en ekki á þinginu. Í viðtali sem hæstv. ráðherra á við fjármálaráðherra Breta er minnst á þessi 200 millj. pund, fjármálaráðherra segist ekki hafa vitað af þessum ábyrgðum en segir að hann hafi talið að fjármálaráðherra Breta væri að vísa í fyrirgreiðslu sem Landsbankinn hefði farið fram á í Seðlabankanum en ekki fengið.

Því spyr ég hæstv. fjármálaráðherra: Hvað þýðir það að fjármálaráðherra hafi „talið"? Vissi hann ekki um hvað var að ræða? (Forseti hringir.) Af hverju orðað ráðherrann þetta svona en segir ekki bara hreinlega: Fjármálaráðherra „vísaði" til fyrirgreiðslu o.s.frv.?

[13:38]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst svolítið einkennilegt af hv. þingmanni að þráspyrja um sama hlutinn. Það getur varla verið skýrara svar en að gefa eitt orð, svarið „nei" við því hvort ég vissi hvort komið hefði tilboð frá breska fjármálaeftirlitinu um að hægt væri að flytja Icesave-innstæðurnar gegn 200 millj. punda tryggingu. Nei, ég veit ekki um svona tilboð. Ég hef ekki fengið svona tilboð, veit ekki til þess að aðrir hafi fengið það heldur. Svarið getur ekki verið skýrara en það.

Varðandi síðari spurninguna þar sem fjármálaráðherra Breta, Alistair Darling, spyr mig um 200 millj. punda lán verð ég líka að segja að ég á afskaplega erfitt með að setja mig inn í hugarheim þeirra sem beita hryðjuverkalöggjöf í tilfellum eins og þessum. Kannski er það þess vegna sem ég orða það svo að ég hafi „talið" að hann væri að tala um þá fyrirgreiðslu sem Landsbankinn hafði beðið um hjá Seðlabankanum og fékk ekki. Ég veit ekki meira um það. Ef hv. þingmaður vill vita eitthvað meira um það verður hún að spyrja breska fjármálaráðherrann en ég taldi þegar ég svaraði honum í mínu samtali að hann hefði verið að vísa til þessarar beiðni sem ég veit ekki betur en að Seðlabankinn hafi fengið og Landsbankinn veitti ekki. Hafi verið um einhverjar aðrar 200 millj. punda beiðnir að ræða veit ég ekki um þær en veit ekki til þess að tenging hafi verið á milli þeirrar 200 millj. punda beiðni sem ég var að vísa til og þess að hægt væri að flýta tilflutningi á Icesave. Þegar þau mál voru í umræðunni þessa dagana var búið að hafna því að Landsbankinn fengi flýtiflutning á innstæðunum til Icesave.

Getur þetta verið eitthvað skýrara en ég er að reyna að gera það fyrir hv. þingmann?

[13:40]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Hæstv. fjármálaráðherra segist ekki skilja hugarheim þeirra sem beita okkur hryðjuverkalögum en ef maður les viðtalið sem hæstv. fjármálaráðherra átti við fjármálaráðherra Breta skilur maður að fjármálaráðherra Breta hafi orðið mjög efins um hvað Íslendingar væru að gera. Þau svör sem hæstv. fjármálaráðherra, Árni M. Mathiesen, gaf voru fyrir neðan allar hellur. Það geta allir séð sem lesa viðtalið.

Það er algerlega ljóst miðað við það sem seðlabankastjóri segir í *Morgunblaðinu* að hann, Davíð Oddsson, hafði heyrt af því að Landsbankinn væri að reyna að flýta flutningi Icesave. Ef það er rétt að fjármálaráðherra hafi ekki vitað af því sem fjármálaráðherra heldur hér fram spyr ég: Af hverju er ekki rætt saman í stjórnsýslunni? Er það eitt allsherjarklúður að tækifærið var ekki nýtt, ef það gafst, til að flytja reikningana í breska lögsögu? (Forseti hringir.) Af hverju var tækifærið ekki nýtt? (Forseti hringir.) Það hlýtur þá að vera um klúður að ræða í stjórnsýslunni.

[13:41]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður hefur greinilega ekki heyrt það sem ég var að segja. Ég vissi að Landsbankinn var að reyna að flýta því að flytja Icesave-reikningana í breska lögsögu en flýtimeðferðinni var hafnað. Ég veit ekki til þess að sú flýtimeðferð hafi verið tengd við 200 millj. punda tilboð frá Fjármálaeftirlitinu. Það hef ég ekki heyrt um neins staðar nema frá Björgólfi Thor í blöðunum, það sem hann hefur sagt um það. Ég veit ekki til þess að það hafi komið til stjórnsýslunnar. Það kom a.m.k. ekki til mín.

Ég er reyndar ekki endilega rétti aðilinn til að fá slík tilboð þannig að það gæti komið eitthvert annað. En það er

greinilegt að hv. þingmaður hefur meiri skilning á hugarheimi þeirra sem beita hryðjuverkalögunum en ég og það var ekkert í því samtali (Gripið fram í.) sem við áttum, ég og hæstv. fjármálaráðherra Breta, (Gripið fram í.) um að hann kynni að beita hryðjuverkalögunum. Okkar samtali lauk á þann hátt, munið þið það? *Þetta var daginn eftir að* við settum neyðarlögin um nóttina. (Forseti hringir.) Munið þið það? Því lauk með því að við ætluðum að vera í sambandi og okkar embættismenn mundu tala saman um þessi mál. Á það að boða það að sett verði á (Forseti hringir.) okkur hryðjuverkalög?

Ummæli seðlabankastjóra um stöðu viðskiptabankanna.

[13:43]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Davíð Oddsson seðlabankastjóri mætti á fund viðskiptanefndar í síðustu viku og sagði aðspurður um það hvort Seðlabankinn hefði varað við yfirvofandi bankahruni að hann hefði sagt í júnímánuði sl. að það væru 0% líkur á því að íslensku viðskiptabankarnir mundu lifa af. Um þessi ummæli Davíðs hafa orðið nokkrar umræður í fjölmiðlum og hæstv. *utanríkisráðherra hefur m.a. gefið út* yfirlýsingar um að hún kannist ekki við þessi ummæli eða fund í júnímánuði hvað þetta varðar. Af þessu gefna tilefni þar sem seðlabankastjóri fullyrðir þetta, að hann hafi sagt að það væru 0% líkur á því að íslensku bankarnir mundu lifa af, hlýt ég að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Er það ekki starfsskylda seðlabankastjóra að láta vita og gera grein fyrir, a.m.k. forsætisráðherra, öllum þeim atriðum sem máli kunna að skipta varðandi efnahagsstjórn landsins og starfsemi viðskiptabanka?

Í öðru lagi hlýt ég að spyrja: Gerði Davíð Oddsson seðlabankastjóri grein fyrir því á formlegum fundi í júní sl. eða síðar að hrun viðskiptabankanna þriggja væri yfirvofandi, Glitnis, Landsbankans og Kaupþings, og hvenær var það þá gert? Hafi Davíð Oddsson ekki gert grein fyrir þessari skoðun sem hann segist opinberlega hafa haft í júní, gerði hann þá grein fyrir þessari skoðun sinni með einhverjum öðrum hætti en opinberlega? Einnig vil ég spyrja hvort Davíð Oddsson hafi nokkru sinni gert ríkisstjórninni grein fyrir þeirri skoðun sinni að bankahrun væri yfirvofandi eða gert hæstv. forsætisráðherra grein fyrir þeirri skoðun sinni persónulega, og þá hvenær var það gert?

Með vísan til þess sem seðlabankastjóri segir hlýt ég enn fremur að spyrja: Hafi þessu verið komið á framfæri, hvernig stóð þá á því að það var ákveðið að hafa sérmeðferð með Kaupþing?

[13:45]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Það hefur legið fyrir að Seðlabankinn hafði áhyggjur af hver þróun mála væri varðandi viðskiptabankana. Mig rekur ekki minni til þess að haldinn hafi verið sérstakur fundur um þau mál og hef ekki séð það í mínum gögnum í júnímánuði sl. og kannast ekki við að sagt hafi verið við mig í samtali að 0% líkur væru á að bankarnir lifðu af.

Ég kannast hins vegar við mörg símtöl og samtöl við formann bankastjórnar Seðlabankans um þessi mál þar sem við höfum rætt þessi atriði, bæði formlega og óformlega. Auðvitað hafði hann, eins og við öll sem að þessum málum komum, þungar áhyggjur af því hvað gæti hugsanlega gerst í þessum málum þó að ekkert okkar hafi átt von á því að svo illa færi sem fór.

[13:46]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Miðað við þau opinberu gögn sem liggja fyrir frá Seðlabankanum frá þessum tíma, frá því í maí og júní, liggur fyrir að því er haldið fram að eiginfjárhlutföll bankanna séu viðunandi og lausafjárstaða bankanna hafi verið góð en á hana reynir í ár — þetta segir í maí 2008. Gefin var út skýrsla sem heitir *Fjármálastöðugleiki* þar sem ítarlega er fjallað um þetta. Þar segir m.a. að góðar langtímahorfur séu í íslensku efnahagslífi og staða bankanna sé viðunandi. Ekkert bendir til þess að það sé sannleikanum samkvæmt það sem seðlabankastjóri segir að hann hafi fullyrt við íslenska ráðamenn á þessum tíma.

Það sama kemur fram í skýrslu, *Peningamálum*, frá Seðlabankanum í júlí 2008. Miðað við það sem hæstv. forsætisráðherra upplýsir hér, að seðlabankastjóri hafi ekki gert sér grein fyrir þeim áhyggjum sem hann sagði á fundi viðskiptanefndar að hann hefði gert — fyrst seðlabankastjóri vissi hvað um var að ræða og taldi þetta bankahrun yfirvofandi en (Forseti hringir.) gerði ráðamönnum ekki grein fyrir því liggur beinast við að honum beri að segja af sér.

[13:47]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Það lýstu margir áhyggjum sínum út af þróun mála hér á þessu ári í bankaheiminum. Við trúðum því fram undir það síðasta að úr þeim málum mundi rætast og ég bendi t.d. á álagspróf Fjármálaeftirlitsins í ágústmánuði sl. sem gaf til kynna að bankarnir stæðust öll slík próf. Það skipti máli í því sem gerðist á næstu vikum á eftir.

Meðal annars þess vegna, og til þess hefur verið vísað hér á Alþingi, hélt ég því fram vikunni áður en þessir atburðir gerðust að bankarnir stæðu vel og gerði það í sjónvarpi í útlöndum. Ég vissi ekki betur og taldi það vera hið rétta á grundvelli álagsprófsins og á grundvelli þeirra upplýsinga sem ég hafði frá bönkunum sem héldu því fram að þeir væru búnir að fjármagna sig út árið 2009.

Rannsóknargögn um fall bankanna.

[13:48]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Komið hefur fram í fjölmiðlum að jafnvel standi til að selja í næstu viku dótturfélag Kaupþings í Lúxemborg, hvort sem það verður lýbískur banki í eigu Gaddafi-fjölskyldunnar sem kaupir eða einhverjir aðrir.

Fram kemur í fjölmiðlum í dag að skattrannsóknarstjóri fær ekki gögn frá skilanefndum gömlu bankanna um málefni dótturfélaga þeirra eða starfsemi þeirra í Lúxemborg. Tvær af þremur skilanefndum hafa neitað skattrannsóknarstjóra um gögn vegna yfirstandandi rannsóknar á fyrirtækj-

um sem hafa átt viðskipti þarna í gegn.

Alþingi er með frumvarp um víðtæka heildarrannsókn á öllum þessum hlutum til meðferðar. Einnig er hér til meðferðar frumvarp um sérskipaðan saksóknara. Ætlar ríkisstjórnin að láta það gerast að mikilvæg lykilgögn, rannsóknargögn í þessum málum, gangi okkur úr höndum með því t.d. að dótturfélög eða starfsemi bankanna í nágrannalöndunum verði seld á næstu dögum eða vikum? Ætlar ríkisstjórnin ekki að hlutast til um það að skattrannsóknarstjóri fái öll þau gögn sem það embætti óskar eftir? Eru þessar skilanefndir, sem starfa í lagalegu tómarúmi, eins og ágætur lögmaður orðaði það, heilagar? Ætlar ríkisstjórnin ofan á allt annað sem við stöndum nú frammi fyrir að láta alla þjóðina horfa upp á að svona hlutir eigi sér stað?

Ég skora á hæstv. forsætisráðherra að koma upp og taka tvennt fram, annars vegar að hlutast verði til um það að skilanefndirnar, Fjármálaeftirlitið og aðrir aðilar vinni með yfirvöldum að rannsókn þessara mála og hins vegar að sölu á eignum bankanna erlendis, sem geta varðað rannsóknarhagsmuni, verði frestað.

[13:50]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég vil taka undir þau meginsjónarmið sem fram komu í máli hv. þingmanns. Það er mjög mikilvægt að rannsóknargögnum sem varða fall bankanna, hvort sem það er hér heima eða erlendis, verði ekki spillt. Auðvitað á að greiða fyrir því að skattrannsóknarstjóraembættið geti unnið sín störf. Það finnst mér að segi sig sjálft.

Það er síðan álitamál hvort hagsmunum Íslands, þar með talið möguleikum á að afla rannsóknargagna, sé betur borgið í samstarfi við yfirvöld í Lúxemborg um að selja þann banka sem þar er eða halda honum í óbreyttu horfi og tapa þar með hugsanlega peningum og jafnvel eiga rýrari aðgang að upplýsingum úr bankanum. Gleymum því ekki hvernig kerfið í Lúxemborg er og hversu erfitt er að fá gögn út úr þeim bönkum.

Mér er tjáð að mögulegt sé að koma eignum Kaupþings Lúxemborgar í verð sem skilanefndin er þá ábyrg fyrir í samstarfi við yfirvöld í Lúxemborg og Belgíu. En slíkt samstarf hlýtur að sjálfsögðu að vera háð því að íslensk yfirvöld afsali sér í engu þeim möguleikum sem þau hafa til að afla rannsóknargagna til þess að geta haldið áfram þeirri úttekt sem ætlunin er að setja hér í gang á grundvelli sérstakra laga. Ef eitthvað er ætti sú staða að styrkjast frekar en veikjast ef út í slíka sölu væri farið.

[13:52]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Fyrri hlutinn af ræðu hæstv. forsætisráðherra hljómaði vel en seinni hlutinn hörmulega illa. Ég held að það gangi gegn öllum skynsamlegum sjónarmiðum að reyna að halda því fram að auðveldara verði að sækja gögn sem búið er að selja og eru komin inn í rekstur, í hendur nýrra aðila, og varin af bankaleynd. Hér eiga rannsóknarhagsmunirnir að ganga fyrir og ef þess þarf á að setja fyrirtækin í lögformleg skipti þannig að bankaleyndinni sé þar með aflétt.

Ég skora á hæstv. forsætisráðherra hér á Alþingi Íslendinga að láta það ekki gerast að gögn glatist við þessar aðstæður. Núna er tíminn til þess að gera eitthvað í málinu þannig að skattrannsóknarstjóri verði kominn með heimild til að fá þessi gögn fyrir helgina og salan verði sett á ís þar til búið er að ganga frá því að öll gögn verði eftir sem áður aðgengileg. Við vitum hvernig um bankaleyndina er búið í Lúxemborg. Hún er einhver sú sterkasta í allri Evrópu, kannski að Sviss frátöldu, þannig að ég hef ærna (Forseti hringir.) ástæðu til að ætla að hafa þurfi hraðar hendur.

Launamál í ríkisstofnunum.

[13:53]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Hæstv. ríkisstjórn hefur haft frumkvæði að því að kalla eftir lækkun launa æðstu embættismanna ríkisins, þeirra sem falla undir kjararáð, og ég þykist vita að svipaðar fyrirætlanir séu um stofnanir og fyrirtæki ríkissjóðs.

Laun æðstu yfirstjórna í stofnunum og fyrirtækjum ríkissjóðs eru hins vegar umhugsunarefni. Við höfum mörg vaxandi efasemdir um það sem við höfum látið þróast hér á undanförnum árum, þar sem einstakir forstjórar eru komnir með hærri laun en æðstu ráðamenn ríkisins. Þannig er seðlabankastjóri með 1,8 millj. kr. á mánuði á meðan forsætisráðherra er með 1,1. Forstöðumenn stofnana eru með hærri laun en fagráðherrarnir og forstjórar ríkisfyrirtækjanna eru með hærri laun en fjármálaráðherrann sem skipar þeim í stjórnir.

Ég vil því spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann sé því ekki sammála að til lengri tíma litið sé eðlilegast að heildarskipulag launakerfis ríkisins og samstæðunnar sé þannig að hæstv. forsætisráðherra sé hæstlaunaði forstöðumaðurinn hjá ríkinu.

Ég spyr líka — þar sem nú er um heim allan verið að endurskoða himinhá laun og ofurlaun, og verður auðvitað hjá fyrirtækjum ríkisins eins og öðrum — hvort það sé komið undir hverri og einni stjórn og hverju og einu ráði að gera það eða hvort fjármálaráðuneytið muni hafa einhverja forgöngu um það, hvort það setji leiðbeiningar til leiðsagnar fyrir stjórnirnar við slíkar launaákvarðanir.

Það er auðvelt að hrópa um lækkun hæstu launa, það getur hver maður gert. En allir sem hafa farið með framkvæmdarvald vita að auðveldara er um að tala en í að komast. Ég vil því líka biðja hæstv. fjármálaráðherra, vegna umræðunnar í samfélaginu, að reifa þau vandkvæði og þau ljón sem kunna að vera á veginum á slíkri endurskoðun.

[13:55]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Eins og hv. þingmenn vita væntanlega skrifaði forsætisráðherra bréf til kjararáðs þar sem hann fór fram á að kjararáð endurskoðaði kjör þeirra sem undir kjararáð heyra. Í lok bréfsins nefnir forsætisráðherra að ríkisvaldið muni í framhaldinu hefja umræður við starfsmenn sína um svipaðar breytingar á launum. Ég hef litið svo á að það muni taka til þeirra stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ríkið og það á meira en 50% í.

Það er alveg ljóst, eins og kom fram hjá hv. þingmanni,

að gríðarlega mikil breyting hefur orðið á launakjörum í þjóðfélaginu og ég tel að af því leiði að við þurfum að skoða launakjör hjá þeim stofnunum og fyrirtækjum sem eru á vegum ríkisins í þá veru sem hv. þingmaður nefndi. Ég tel mjög líklegt að það þurfi að gerast fyrir forgöngu fjármálaráðuneytisins.

Ég get ekki sagt um það á þessari stundu hversu langt er hægt að ganga í þessu efni en hins vegar er ljóst í mínum huga að það sem þarf að gerast er sannarlega í áttina til þess sem hv. þingmaður er að tala um.

Það geta verið ljón á þessum vegi og þau ljón eru fyrst og fremst samningar. En samningar hafa alla jafnan einhvern gildistíma þannig að þeir eru ekki eilífir. Því ætti að vera möguleiki á því að ná þeim markmiðum sem sett verða í fyllingu tímans.

[13:57]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst og fremst fagna þessum yfirlýsingum hæstv. fjármálaráðherra. Það er auðvitað þannig að stjórnum og ráðum ríkisins hefur verið nokkur vandi á höndum á undanförnum árum þegar mikið launaskrið hefur verið á hinum almenna markaði. Laun til að mynda seðlabankastjóra og hugsanlega í fjölmiðlafyrirtækjum og öðrum slíkum hafa verið hækkuð með tilvísun til þess sem var að gerast á almenna markaðnum.

Nú hefur orðið gagnger breyting á launakjörum þar og verður enn meiri á næstu mánuðum og þess vegna er tímabært, og lag fyrir okkur, að endurskoða þetta. Ég ítreka þá skoðun mína að ég tel að til lengri tíma fari best á því að næst á eftir forseta Íslands sé hæstv. forsætisráðherra hæst launaði forstöðumaðurinn á vegum íslenska ríkisins.

Sjúkratryggingastofnun.

[13:58]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Fyrir sléttri viku barst inn á borð nokkurra tuga starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins bréf þar sem þeim var boðið að sækja um starfið sitt aftur en hjá nýjum atvinnurekanda, hjá Sjúkratryggingastofnun Íslands. Hið virta fréttarit *Smugan* skýrði frá þessu strax daginn eftir.

Undir þetta bréf ritar Steingrímur Ari Arason, nýskipaður forstjóri Sjúkratryggingastofnunar, og þess má geta að allir starfsmenn Tryggingastofnunar fengu í gær annað bréf sem ekki er hægt að líta á öðruvísi en sem hótun. Þar er þeim sagt að ef þeir sæki ekki um starfið sitt fyrir morgundaginn verði það auglýst á almennum vinnumarkaði.

Menn eru að vonum skelfingu lostnir í þessari stofnun enda átti að vera tryggt með lögum um Sjúkratryggingastofnun að fullt samráð yrði um verkaskiptingu á milli þessara tveggja stofnana, Tryggingastofnunar ríkisins annars vegar og Sjúkratryggingastofnunar hins vegar. Það átti líka, með bráðabirgðaákvæði í sömu lögum, að vera algerlega tryggt að allir starfsmenn fengju starf — ekki að þeir mættu sækja um starfið sitt heldur að þeir fengju starf hjá nýrri stofnun eða áfram hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Hér er um mikið dekurverkefni einkavæðingarsinna að ræða, Sjúkratryggingastofnun sem miklar deilur stóðu um. Í raun var komið í veg fyrir að þessi stofnun yrði 70–80 manna stofnun sem tæki yfir landlæknisembættið, Lýðheilsustöð og guð má vita hvað. Hún átti að vera svona temmilega stór og hafa þjónustusamning við Tryggingastofnun og fullt samráð um hvernig störfum skyldi skipt.

Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra, því að nú snertir þetta tvö ráðuneyti, hvort hann er tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að þessi hótunarbréf verði dregin til baka og starfsmönnum verði tryggt það sem Alþingi lofaði með lögum um Sjúkratryggingastofnun, að þeir héldu störfum sínum.

[14:00]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég þekki ekki þau málsatvik sem hv. þingmaður lýsti hér en að gefnu þessu tilefni mun ég kynna mér hvað þarna er á ferðinni.

[14:01]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Menn fullyrða að hér sé í raun á ferð mjög harkaleg deila milli stjórnarflokkanna tveggja og milli hæstv. félagsmálaráðherra annars vegar og hæstv. heilbrigðisráðherra hins vegar, og að þessi deila sé nú þegar komin inn á borð hjá forsætisráðherra og starfsmönnum Tryggingastofnunar hafi verið tilkynnt um það á föstudaginn var að svo væri. Mér þykir miður ef þessar upplýsingar um að hæstv. forsætisráðherra sé tekinn við málinu eru ekki réttar en ég fagna jafnframt þeirri yfirlýsingu að hann muni athuga málið. Ég vil vekja athygli á því að Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður, sem hefur fengið það verkefni að gæta hagsmuna starfsmanna Tryggingastofnunar í þessum málum, hefur í bréfi til starfsmanna fullyrt — og bréfið er dagsett í gær — að það samrýmist ekki lögum að knýja starfsmenn til að sækja um störf með þessum hætti.

Ég skora á hæstv. forsætisráðherra að stöðva þennan yfirgang í þessari nýju stofnun.

[14:02]

Útbýting:

Stimpilgjald, 213. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 286.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]

3. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 35 shlj. atkv. að taka það til meðferðar.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Ríkisútvarpsins.

[14:03]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil gera málefni Ríkisútvarpsins að umtalsefni hér í dag enda er ástandið þar að mörgu leyti áhyggjuefni. Nú á dögunum var sagt upp fjölda fólks á fréttasviði stofnunarinnar en frá áramótum hefur fækkað

um 25 stöðugildi á fréttasviðinu á sama tíma og þörfin fyrir sjálfstæðan og vandaðan fréttaflutning úti í samfélaginu hefur aldrei verið meiri.

Þetta eru ekki réttu skilaboðin til almennings í landinu sem kallar eftir vandaðri umfjöllun og upplýsingum um ástand mála. Fréttamenn sem kom á fund menntamálanefndar Alþingis í síðustu viku lýstu miklum áhyggjum af stöðu fréttastofunnar, að hún væri í raun orðin of fámenn til að standa undir þeirri starfsemi sem ætlast er til. Við köllum eftir því að fjórða valdið, fjölmiðlar, standi sig og þar hafa stjórnvöld ákveðnar skyldur, að tryggja að ríkisútvarp í almenningseign geti starfað við góð skilyrði. Lykilatriði er auðvitað þar á meðal að fréttastofa RÚV geti sinnt hlutverki sínu með sóma og að fréttamenn geti kafað dýpra í einstök mál en starfi ekki undir eilífri pressu um að skila af sér fréttum í akkorði. Raunar má segja að atburðarásin innan Ríkisútvarpsins hafi verið með hreinum ólíkindum að undanförnu. Á sama tíma og útvarpsstjóri í hinu opinbera hlutafélagi hefur eina og hálfa milljón á mánuði er mun lægra launuðu starfsfólki á fréttastofu sagt upp. Launabilið hefur aukist jafnt og þétt í hinu nýja fyrirtæki sem svo er kallað og laun útvarpsstjóra fyrir þessa breytingu voru jú helmingi lægri en þau eru nú. Á sama tíma er launakostnaður orðinn ógagnsær, fólk ber jafnvel fyrir sig launaleynd þegar það er spurt. Starfsmenn búa við erfiðar aðstæður þar sem hótanir um brottrekstur og launalækkanir hafa verið hafðar í frammi. Skýringar eru ekki gefnar á brottrekstri, hamagangurinn er slíkur að trúnaðarmaður er rekinn í miðjum samningaviðræðum sem er ólöglegt enda sáu stjórnendur RÚV að sér og drógu uppsögnina til baka eftir að Rafiðnaðarsambandið blandaði sér í málið og mótmælti uppsögninni. Slík vinnubrögð eru ekki til þess fallin að vekja traust.

Niðurskurðurinn virðist heldur ekki fylgja nokkurri áætlun, honum virðist kannski fyrst og fremst ætlað að vekja usla. Það er hótað að leggja niður morgunleikfimi. Svo er hætt við. Næst er hótað að leggja niður svæðisstöðvarnar. Svo er hætt við. Og ég velti því fyrir mér hvort það er ekki ástæða til þess að menntamálanefnd fái einhverjar áætlanir í hendur um hvernig þessum niðurskurði eigi að vera háttað svo þetta fari ekki hreinlega í að eitt sé nefnt í dag og annað á morgun, hætt við eitt á morgun og annað hinn daginn.

Ég velti fyrir mér ábyrgð stjórnvalda gagnvart Ríkisútvarpinu. Auðvitað er kannski fyrsta spurningin sú að velta því upp hvort ekki sé eðlilegt að ríkið verji sín störf þegar efnahagskreppa eins og sú sem nú gengur yfir stendur yfir, hvort við viljum auka enn á atvinnuleysið með uppsögnum hjá ríkisstofnunum. Í öðru lagi spyr ég hvort stjórnvöldum beri ekki skylda til að tryggja almannafjölmiðlinum Ríkisútvarpinu öruggt starfsumhverfi svo fréttamenn og aðrir geti sinnt skyldum sínum.

Nú er á leiðinni frumvarp um útvarpsgjald og hugsanlegar takmarkanir Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Ég reikna með að hæstv. ráðherra muni gera grein fyrir þessum hugmyndum á eftir. Ég ítreka þó mikilvægi þess að framlög til Ríkisútvarpsins séu tryggð og að stofnunin þurfi ekki að ráðast í niðurskurð. Vandi Ríkisútvarpsins er ekki síst sá að á einu og hálfu ári hafa 800 millj. sem RÚV ohf. fékk sem tannfé í eigið fé brunnið upp. Fjármagnskostnaður af lífeyrisskuldbindingum umfram það sem áætlað var hefur verið 400 millj. árlega. Við þetta hafa bæst skuldir af útvarpshúsinu. Ég spyr líka hæstv. ráðherra hvort ekki komi til greina að ríkið yfirtaki þessar lífeyrisskuldbindingar eins og gert hefur verið með önnur opinber hlutafélög.

Í þriðja lagi hefur breyting Ríkisútvarpsins yfir í ohf. orðið til þess að stjórnvöld standa í auknum mæli á hliðarlínunni og axla ekki ábyrgð á Ríkisútvarpinu eða hafi sú orðið raunin er ábyrgð vísað eingöngu til stjórnenda stofnunarinnar. Hvar liggur ábyrgð okkar alþingismanna og ráðherra?

Núverandi kerfi virðist reynast illa eins og raunar var spáð hér í þingsal. Breytingin yfir í opinbert hlutafélag hefur gert það að verkum að launabil og ójöfnuður hafa aukist, aðferðir við ráðningar og brottrekstur lúta sannarlega ekki reglum um gagnsæi, niðurskurður virðist ráðast af geðþótta og ekki vera byggður á rökum, a.m.k. er hætt við niðurskurðaraðgerðir sem virðast of óvinsælar sem segir mér það eitt að þær eru ekki byggðar á rökum, heldur eru tilviljanakenndar. Starfsmenn hafa sem stendur engan fulltrúa í stjórn og koma því ekki beint að málum. Ég spyr því að lokum hæstv. ráðherra: Þarf ekki að endurskoða stöðu Ríkisútvarpsins í ljósi reynslunnar af því hvernig hið opinbera hlutafélagaform hefur reynst þessari stofnun, stofnun sem ég vil trúa að við viljum standa vörð um og tryggja hag?

[14:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur fyrir þessa umræðu. Það hefur nefnilega mikið verið rætt um fjölmiðla og fjölmiðlamarkað á Alþingi á undanförnum árum, en líklega hefur aldrei á síðustu áratugum verið jafnrík ástæða til að hafa áhyggjur af stöðu mála á fjölmiðlamarkaðnum og nú.

Aðstæður í íslensku efnahagslífi hafa valdið íslenskum fjölmiðlafyrirtækjum eins og öðrum fyrirtækjum gífurlegum búsifjum. Það á auðvitað við um Ríkisútvarpið rétt eins og önnur fjölmiðlafyrirtæki, hvort sem um er að ræða ljósvakamiðla eða prentmiðla. Á síðustu vikum og mánuðum hefur mörgum tugum starfsmanna verið sagt upp hjá Skjánum, Árvakri, 365 miðlum, Viðskiptablaðinu og nú síðast Ríkisútvarpinu. Öll eiga þessi fyrirtæki í miklum rekstrarerfiðleikum og óvissa ríkir um framtíð sumra þessara miðla.

Fjölmiðlafyrirtæki eru mjög næm fyrir breytingum í efnahagslífinu, enda eru auglýsingatekjur mikilvægur þáttur í rekstri þeirra. Þróunin á auglýsingamarkaðnum hefur versnað til muna og má segja að í október og nóvember hafi auglýsingamarkaðurinn dregist saman um ein 40% samanborið við síðasta ár. Að auki hefur gengisþróun verið fjölmiðlum óhagstæð en aðföng í erlendri mynt, hvort sem um er að ræða erlent sjónvarpsefni eða pappír, eru stór kostnaðarliður. Og eins og hv. þingmaður kom inn á eru fyrirtækin sum hver með skuldir í erlendri mynt en ekki síður hefur innlendur fjármagnskostnaður reynst fyrirtækjunum þung byrði. Það á auðvitað við um Ríkisútvarpið eins og önnur fjölmiðlafyrirtæki, það hefur ekkert með rekstrar-

form Ríkisútvarpsins að gera eins og ýjað er að. Þvert á móti held ég að segja megi að hlutafélagaformið geri Ríkisútvarpinu mun auðveldara fyrir að bregðast við þrengri aðstæðum. Og þær hafa svo sannarlega þrengst, herra forseti.

Fjármagnskostnaður hefur verið langt umfram áætlanir og hefur gengið hratt á eigið fé félagsins af þeim sökum svo segja má að það sé nær uppurið. Þá hefur Ríkisútvarpið ekki farið varhluta af samdrætti á auglýsingamarkaði og eitt af því sem íþyngir Ríkisútvarpinu verulega eru þær lífeyrisskuldbindingar sem fylgdu með inn í félagið.

Ég tek undir með hv. þingmanni, ég tel að það verði að skoða alvarlega hvort ekki sé rétt að aflétta þeim af félaginu hvernig sem það verður síðan gert, t.d. með kaupum á húseigninni í Efstaleitinu, til að rétta við eiginfjárstöðu þess.

Ég var ósátt við það á sínum tíma og ég tel að þetta sé hlutur sem okkur beri að skoða og hv. menntamálanefnd gefst tækifæri til þess þegar hún fær til umfjöllunar frumvarp um RÚV.

Ég hef að sjálfsögðu miklar áhyggjur af þessari stöðu á fjölmiðlamarkaðnum almennt, ekki eingöngu af Ríkisútvarpinu. Það er hverju lýðræðissamfélagi lífsnauðsynlegt að þar starfi öflugir og óháðir fjölmiðlar sem eru í stakk búnir til að vera virkir þátttakendur í upplýsingamiðlun og þjóðfélagsumræðu. Í ljósi þessarar alvarlegu stöðu skipaði ég fyrir nokkrum vikum starfshóp sem falið var það verkefni að fara yfir stöðuna á fjölmiðlamarkaðnum og skoða þá sérstaklega stöðu RÚV á auglýsingamarkaði. Það er ekki sjálfgefið að Ríkisútvarpið afli sér tekna með auglýsingum. Það er mjög mismunandi hefð í þeim ríkjum Evrópu þar sem reknar eru almannaþjónustustöðvar.

Ég hef margsinnis lýst þeirri skoðun minni að ég tel að takmarka eigi svigrúm Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Það er mikilvægara nú en oftast áður til að auka svigrúm sjálfstætt rekinna fjölmiðla sem njóta ekki góðs af ríkisframlagi og eru nú í sárum vegna hruns auglýsingamarkaðarins og þróunar gengis- og fjármagnskostnaðar. Slíkar breytingar mega hins vegar ekki verða til þess að veikja Ríkisútvarpið. Ég tek undir með hv. þingmanni, við þurfum að hafa hér öflugt ríkisútvarp sem nú líkt og aðrir fjölmiðlar hefur orðið að taka ákvarðanir um sársaukafullan niðurskurð. Öllum breytingum á möguleikum Ríkisútvarpsins til að afla sér tekna með auglýsingum verða því að fylgja auknar tekjur á öðrum sviðum, enda er ekki markmiðið að veikja RÚV, heldur miklu frekar að veita öðrum fjölmiðlum svigrúm á markaði. Það skiptir okkur miklu máli.

Að undanförnu hefur verið rætt um að ekki hafi verið staðið við þær skuldbindingar sem gerðar voru við Ríkisútvarpið á sínum tíma í tengslum við nýtt rekstrarform og þjónustusamning. Ef hins vegar er litið á þróun framlaga og greiðenda frá árinu 2006 hafa tekjur RÚV nokkurn veginn staðið í stað. Það verður sömuleiðis að hafa hugfast að Ríkisútvarpið, rétt eins og aðrar stofnanir og félög, getur ekki ætlað sér í rekstri tekjur umfram það sem fjárlög segja til um. Þær tekjur eru háðar nokkurri óvissu, þótt ekki væri nema vegna þess að ekki er hægt að ganga að þeim fjölda vísum sem greiðir afnotagjaldið.

Það eru margar spurningar, herra forseti, sem ég á enn eftir svara. Það má einnig velta fyrir sér hvort ekki hefði átt að reyna að fjölga hlutastörfum og fækka þar með uppsögnum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef var rætt innan Ríkisútvarpsins að fara þær leiðir en raunin var sú að í mörgum tilvikum er um að ræða vaktastörf þar sem óhentugt hefur reynst að koma við hlutastörfum. Í sumum tilvikum hefur þó verið samið um að lækka starfshlutfall eða yfirvinna skorin niður. Þá er rétt að gera ráð fyrir að 150 millj. skili sér í sparnaði með tímabundinni lækkun launa.

Þrátt fyrir hagræðingu á ýmsum sviðum tel ég, herra forseti, (Forseti hringir.) ekki vera hættu á að það bitni á fréttaflutningi Ríkisútvarpsins. Ég er sammála hv. þingmanni um mikilvægi þess að fréttastofur landsins geti sinnt öflugum fréttaflutningi við þær óvenjulegu aðstæður sem eru í þjóðfélaginu og ég treysti Ríkisútvarpinu til að verða áfram sterkt eins og það hefur verið fram til þessa.

[14:14]

Einar Már Sigurðarson (Sf):

Herra forseti. Það er rétt að þakka hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur fyrir að taka upp málefni Ríkisútvarpsins. Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn. Það er grafalvarleg staða þar eins og hér hefur verið lýst. Eins og kemur fram hjá hæstv. menntamálaráðherra á þetta ekki bara við um Ríkisútvarpið, heldur almennt um fjölmiðla hér á landi. Er það auðvitað ekkert sérkennilegt miðað við þá stöðu sem ríkir í efnahagsmálum að það bitni á fjölmiðlum. Það er hins vegar meginhlutverk okkar við þessar aðstæður að tryggja að Ríkisútvarpið standi við það hlutverk að sinna almannaþjónustu eins og til er ætlast í þeim þjónustusamningi sem gerður var við stofnunina.

Það er hins vegar eðlilegt að yfirstjórn Ríkisútvarpsins bregðist við þegar í ljós kemur að hallinn er um 750 millj. kr. Við getum auðvitað deilt um hvort nákvæmlega rétt hafi verið að verki staðið. Mér finnst eðlilegt að taka undir það hjá hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur að svo virðist sem ákveðið upplýsingastreymi hafi ekki verið eins og best verður á kosið. Það er eðlilegt að starfsfólk og raunar þjóðin öll fái að vita hvernig á að standa að slíku verki. Ég vek hins vegar athygli á því að miðað við upplýsingar mínar hefur sem betur fer verið einhugur um það í stjórn Ríkisútvarpsins að fara þær leiðir sem farnar hafa verið og rétt að vekja athygli á því að ekki bara stjórnarflokkarnir eiga fulltrúa í þeirri stjórn.

Það er líka fagnaðarefni að þrátt fyrir að menn hafi hafið þennan leiðangur hafi þeir áttað sig á ýmsu sem betur mátti fara í upphaflegu tillögunum. Þar vil ég sérstaklega nefna að hætt var við að hætta við svæðisútsendingar sem eru auðvitað afar mikilvægt þegar í ljós kom að ekki aðeins var verið að spara útgjöld, heldur tóku menn líka ákveðnar tekjur af stofnuninni. Þegar málið var skoðað betur kom í ljós að rétt var að halda áfram svæðisútsendingum.

Þetta tel ég til marks um það að fólk við stjórnvölinn í Ríkisútvarpinu áttar sig á að það gerir mistök eins og aðrir og hefur lært af þeim.

[14:16]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur fyrir að hefja þessar umræður. Í mínum huga þarf ekki að fjölyrða um mikilvægi Ríkisútvarpsins. Ekki bara

til að halda uppi upplýstri umræðu heldur einnig sem dýrmætt öryggistæki fyrir land og þjóð, til sjávar og sveita.

Fyrir einu og hálfu ári var ákveðið að breyta um hlutafélagaform á Ríkisútvarpinu. Því fylgdi loforð um að Ríkisútvarpið yrði eflt og ég held að endurskoða verði formið í ljósi nýjustu atburða. Þannig er með öll mannanna verk að þau krefjast endurskoðunar.

Í byrjun ágúst var ljóst að ekki ætti að standa við það loforð. Ríkissjóður hefur á engan hátt komið með aukið fjármagn auk þess sem ekki hefur verið staðið við þjónustusamninga við Ríkisútvarpið ohf. og það er eitthvað sem ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir verða að bera ábyrgð á. Ég harmaði það að niðurskurðurinn í sumar bitnaði hlutfallslega meira á svæðisstöðvum úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna komu fréttir um að leggja ætti svæðisstöðvarnar niður flatt upp á marga. Vissulega var jákvætt að hugsanlega eigi ekki að leggja þær niður en ég vil taka fram að uppsagnirnar hafa ekki verið dregnar til baka og þá má segja að svæðisstöðvunum sé í rauninni gert ókleift að sinna því mikilvæga hlutverki sem þeim er ætlað að sinna.

Í mínum huga hefur aldrei verið mikilvægara að reka öflugar fréttastofur um allt land sem sinna því hlutverki, sem okkur er svo mikilvægt, að halda uppi öryggissjónarmiðum og öflugri frjálsri fjölmiðlaumfjöllun.

[14:19]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Á öllum tímum er mikilvægt að eiga öflugt ríkisútvarp sem er sjálfstætt í fréttaumfjöllun sinni og hefur fulla burði til að sinna henni af miklum sóma. Sérstaklega er það mikilvægt nú á tímum þegar hinir svokölluðu frjálsu fjölmiðlar hafa hver af öðrum tapað trúverðugleika sínum. *Fréttablaðið* kastaði trúverðugleikanum út um gluggann þegar eigandi þess tók í sínar hendur að stýra því hvaða greinar birtust og lét birta grein eftir sjálfan sig sama dag og gagnrýni á hann birtist í *Morgunblaðinu*. *Fréttablaðið* er ekkert annað en áróðurssnepill eiganda síns og einskis virði sem fréttamiðill um þessar mundir.

Morgunblaðið er á miklum tímamótum og óvíst hvað verður um þann ágæta fjölmiðil gegnum marga áratugi. Útvarp Saga er frekar dæmi um það sem ber að varast en einhvers konar fjölmiðill, þannig að mjög er treyst á um þessar mundir, virðulegi forseti, að Ríkisútvarpið standi sína vakt og sinni hlutverki sínu af alvöru, óháð stjórnvöldum. Þar kemur að þætti ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum og sérstaklega menntamálaráðherra sem markvisst hefur grafið undan stöðu og styrk Ríkisútvarpsins og trúverðugleika þess sem ábyrgs fjölmiðils og mál er að þeim greftri ljúki og samstarfsflokkur Sjálfstæðisflokksins geri flokknum ljóst að ekki verði liðið að halda áfram á sömu braut.

[14:20]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil halda því fram úr þessum ræðustól að það hafi verið markviss ásetningur Sjálfstæðisflokksins síðustu tæp 20 ár að veikja Ríkisútvarpið svo sem mest hefur mátt. Þessari fullyrðingu minni til fulltingis vil ég nefna nokkrar tölur.

Ég hef tekið saman þróun afnotagjalds Ríkisútvarpsins frá 1987 þegar Stöð 2 hóf göngu sína. Allan þann tíma hefur Ríkisútvarpið þurft að berjast blóðugum hnefum fyrir því að fá hækkun á afnotagjaldi og nú er svo komið að á þessum 20 árum sem liðin eru síðan Stöð 2 fór í loftið hefur áskriftargjald Stöðvar 2 hækkað 43% meira en afnotagjald Ríkisútvarpsins.

Árið 1985 voru áskrift að *Morgunblaðinu* og afnotagjald Ríkisútvarpsins á svipuðum nótum. Þá var áskriftargjaldið að *Morgunblaðinu* 4.800 kr. en afnotagjald af Ríkisútvarpinu 5.300 kr. Þessar tölur eru enn þá mjög sambærilegar því í dag er ársafnotagjald af Ríkisútvarpinu 35.940 og ársáskriftargjald af *Morgunblaðinu* 35.400 þannig að enn er þetta allt saman á pari. En á sama tíma er áskriftargjald Stöðvar 2 68.200 kr. Það sem ég er að reyna að sýna fram á hér er að Ríkisútvarpið hefur átt undir högg að sækja þegar það hefur sótt um hækkanir á afnotagjaldi til að standa undir kostnaði við lögbundið hlutverk. Ríkisútvarpið hefur verið olnbogabarn Sjálfstæðisflokksins og því miður studdi Framsóknarflokkurinn Sjálfstæðisflokkinn til dáða þegar því var breytt í ohf. fyrir tæpum tveimur árum. Nú krefst ég þess að Ríkisútvarpinu verði aftur breytt í ríkisstofnun og þjóðinni fengin aftur þessi mikilvæga menningarstofnun því þjóðin vill hafa Ríkisútvarpið sitt. Hún á það og hún á að hafa það og hér á að hafa skoðanir á Ríkisútvarpinu.

[14:23]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir þakka hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur fyrir að hefja þessa umræðu um málefni Ríkisútvarpsins. Ljóst er og við höfum tekið eftir því í fréttaflutningi að það er að mörgu leyti illa fyrir Ríkisútvarpinu komið. Ekki er hægt að loka augunum fyrir því að 700 millj. kr. niðurskurður er auðvitað þungbær fyrir Ríkisútvarpið en hann helgast af aðstæðum í þjóðfélaginu og efnahagsmálunum. Þungbærastar eru auðvitað uppsagnir sem stjórn félagsins þurfti að ráðast í vegna niðurskurðaraðgerðanna og nú hafa því miður margir starfsmenn Ríkisútvarpsins misst atvinnu sína. Vonandi verður breyting þar á í komandi framtíð en ekki er annað hægt en viðurkenna að þetta er mjög erfitt og þungbært fyrir þá sem í hlut eiga.

En við verðum að skoða stöðu Ríkisútvarpsins og setja hana í samhengi við ástandið á fjölmiðlamarkaði almennt. Við höfum upp á síðkastið fengið fréttir af því að Skjár einn hefur sagt upp öllu starfsfólki sínu. *Viðskiptablaðið* kemur út núna einu sinni í staðinn fyrir fimm sinnum í viku. *Morgunblaðið* hefur ekki getað greitt starfsfólki sínu laun á réttum tíma, 365 eru í kröggum og svo mætti lengi telja. Með öðrum orðum er ástandið á íslenskum fjölmiðlamarkaði grafalvarlegt. Það er engin ástæða til að draga fjöður yfir þá staðreynd.

Hæstv. menntamálaráðherra má eiga það að hann skipaði starfshóp sem ég á sæti í sem hefur fjallað um aðgerðir sem hafa það að markmiði að gæta hagsmuna Ríkisútvarpsins og annarra fjölmiðla. Vonandi skilar sú vinna árangri en ég held því miður að ástandið á fjölmiðlamarkaði muni ekki batna fyrr en efnahagslífið nær að rétta úr kútnum. Úr því að áskorun kom frá (Forseti hringir.) hv. þm. — herra forseti, ég vil taka það fram — Katrínu Jakobsdóttur að

eðlilegt væri að menntamálanefnd fái upplýsingar frá stjórnendum Ríkisútvarpsins (Forseti hringir.) finnst mér sjálfsagt og mun beita mér fyrir því að útvarpsstjóri og formaður stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. verði kallaðir fyrir nefndina á morgun (Forseti hringir.) til að svara spurningum þingmannsins.

[14:25]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Þessi umræða sýnir að mörgum hv. þingmönnum þykir vænt um Ríkisútvarpið og þannig hefur það alltaf verið, svo lengi sem ég man. Enda hefur það sýnt sig í könnunum að Ríkisútvarpið er í raun vinsælla en nokkru sinni fyrr þrátt fyrir að búið sé að breyta því í ohf. eins og var rifjað upp að var gert fyrir nokkrum missirum síðan (Gripið fram í.) og kannski þess vegna líka, það er ekki útilokað. Ég held að eftir þessar formbreytingar hafi náðst ágætisárangur og nýja formið gefur óneitanlega sveigjanleika og svo er spurning hvort sá sveigjanleiki hefur verið nýttur á skynsamlegan hátt og hvernig hann hefur verið nýttur.

Ég skal viðurkenna að mér varð ekki um sel fyrir nokkrum vikum síðan þegar fréttist að ætti að hætta með útsendingar á svæðisstöðvum og guði sé lof að hætt var við það og það ber að þakka. Eins og hér hefur komið fram er allur fjölmiðlamarkaðurinn meira og minna í rúst og það er umræðuefni sem hefur verið til meðferðar í ákveðinni nefnd sem hæstv. menntamálaráðherra skipaði og við eigum von á frumvarpi inn í þingið á næstu dögum sem varðar Ríkisútvarpið. Mín skoðun er sú að draga eigi úr forskoti Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Ég held að ekki verði hjá því komist og tel að það sé eitt af því sem þingið þurfi að fjalla um á næstu dögum og vikum og vil leggja áherslu á mikilvægi þess að vandlega verði farið yfir þá vinnu á hv. Alþingi.

Svo vil ég segja að síðustu, hæstv. forseti, að í þessum samdráttartillögum sem eru að koma fram vona ég að Rás 1 fái að lifa áfram því hún er eins konar samnefnari okkar Íslendinga á þessum erfiðu tímum.

[14:28]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna mjög þessari umræðu vegna þess að staðan sem uppi er — og ég tek undir með hv. þingmönnum — mjög alvarleg. Ég vil líka taka undir með hv. málshefjanda að staðan á fréttastofu RÚV er mjög alvarleg, sérstaklega í ljósi stöðunnar sem uppi er í þjóðfélaginu og aldrei hefur verið eins mikilvægt og akkúrat núna að við höfum öflugan fréttaflutning og rannsóknarblaðamennsku á því sem í gangi er, þannig að fjórða valdið geti sinnt hlutverki sínu.

Ég er ekki sammála því að staða RÚV verði skýrð með almennum þrengingum á fjölmiðlamarkaði og hafi ekkert með rekstrarformið í núverandi mynd að gera. Að mínu mati — og ég hef alltaf talið það — er rekstrarformið mjög óheppilegt, ekki síst vegna þess að við setjum tæplega 3 milljarða kr. af almannafé inn í stofnunina eða fyrirtækið, sem svo heitir og tilheyrir svokölluðum E-hluta í rekstri ríkisins. Þegar þetta rekstrarform, virðulegi forseti, var sett á í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar var ákveðin tíska sem hafði gengið um lönd að breyta opinberum þjónustustofnunum í hlutafélög. Þetta var ákaflega umdeilt og gagnrýnt bæði frá hægri og vinstri. Frá vinstri vegna þess að menn litu svo á að þetta væri undanfari einkavæðingar en frá hægri vegna þeirrar staðreyndar, sem ég tek fullkomlega undir, að fyrirtækið er rekið á markaði, á markaðslegum forsendum en fær gríðarlegt magn af almannafé, í fjárlögum er gert ráð fyrir tæplega þremur milljörðum. (**VS:** Hvað vill þingmaðurinn gera?) Þess vegna, virðulegi forseti, tel ég afar mikilvægt að þessu sé haldið til haga og þegar um er að ræða jafnmikilvæga stofnun og Ríkisútvarpið verðum við alltaf að hafa allt uppi á borðinu. Við megum ekki falla í kreddur heldur verðum (Forseti hringir.) við að skoða þennan þátt jafnt á við aðra til að efla þá mikilvægu (Forseti hringir.) stofnun sem Ríkisútvarpið er.

[14:30]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég fagna þessari umræðu um Ríkisútvarpið en ég tel að það eigi ávallt að vera á fjárlögum frá ríkinu. Það er ekki við það unandi að Ríkisútvarpið, bæði sjónvarp og útvarpsstöðvar, keppi við einkamiðlana. Það verður að vera samkeppni á eðlilegum forsendum og þegar Ríkisútvarpið er annaðhvort á fjárlögum eða innheimtir svokallaðan nefskatt er ekki eðlileg samkeppni hjá útvarps- og sjónvarpsstöðvunum.

Ég held að hugmyndir sem eru í gangi um það að tempra auglýsingar í sjónvarpinu milli 7 og 10 á kvöldin sem eiga að vera dýrmætustu auglýsingatímarnir séu ekki nóg. Það er ekkert verið að tala um auglýsingar á Rás 1 eða Rás 2. Það á að vera óbreytt þar og það er ekki eðlileg samkeppni. Þess vegna eigum við bara að viðurkenna það að við viljum halda í Ríkisútvarpið og við eigum að hafa það á fjárlögum beint og sleppa þessum skrípaleik varðandi auglýsingar og annað. Við getum ekki boðið frjálsri samkeppni upp á það. Það er engin sanngirni í því ef Ríkisútvarpið fær 3–4 milljarða á fjárlögum eða í gegnum nefskattinn og getur síðan keppt á auglýsingamarkaðnum við aðrar útvarps- og sjónvarpsstöðvar. Þetta á að gilda bæði fyrir sjónvarp og útvarp.

Það er auðvitað sorglegt með útvarpið að þar hafa verið óeðlileg pólitísk afskipti gegnum tíðina. Það hefur verið nóg að einstaka ráðherrar hafi urrað og þá hafa fréttamenn og aðrir orðið hræddir, ekkert síður en á einkareknu sjónvarps- og útvarpsstöðvunum. Það þarf að koma í veg fyrir að við horfum upp á að fjölmiðlar, hvort sem þeir eru í ríkiseign eða einkaeign, séu ekki frjálsir fjölmiðlar í alvörunni.

[14:32]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður. Ég held að það sé alveg ljóst að við hér í þessum sal berum auðvitað ábyrgð á því að Ríkisútvarpið lifi og dafni vel. Þetta er jú útvarp í eigu almennings.

Ég fagna því að hæstv. menntamálaráðherra segist vera reiðubúin að skoða það að aflétta lífeyrisskuldbindingum RÚV með einhverjum hætti og að ef ráðist verði í takmarkanir á auglýsingamarkaði muni koma tekjur á móti.

Hins vegar sýnist mér að það þurfi að bæta starfshættina á RÚV og ég er enn efins um að sú breyting sem ráðist var í á rekstrarformi hafi gefist vel. Mér þykir núverandi ástand sem ég fór yfir hér áðan með launaleynd, órökstuddum niðurskurðarákvörðunum, órökstuddum brottrekstrum og ráðningum sýna að það þarf að endurskoða heila málið, hvort hreinlega eigi að breyta Ríkisútvarpinu aftur í hefðbundna ríkisstofnun eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi áðan eða að minnsta kosti að endurskoða starfshætti og reglur innan útvarpsins. Þó að þetta félag sé núna það sem við köllum opinbert hlutafélag finnst mér það lykilatriði að almannaútvarp, ríkisútvarp, lúti almennum reglum um upplýsingagjöf og gagnsæi, að öllum séu ljósar ástæður og forsendur þeirra ákvarðana sem þar eru teknar, að stofnunin búi við eðlilegt rekstraröryggi og almenningi öllum sé ljóst hvernig staðið er að rekstrarmálum innan stofnunarinnar. Ég tel að það séu lykilatriði þegar við horfum á starfshætti Ríkisútvarpsins að þeir séu gagnsæir og öllum kunnir.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir þessa umræðu. Mér sýnist hún benda til þess að ýmsir í þessum sal telji ástæðu til að endurskoða stöðu Ríkisútvarpsins, rekstrarform þess og hlutverk.

[14:34]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Aðeins varðandi síðasta atriðið, menn verða líka að tala hreint út. Ætla menn þá að skila stofnuninni með halla eða stórhækka afnotagjöldin? Það er ekki hægt að gera allt í þessu. Þá verða menn annaðhvort að segja: Ég ætla að skila Ríkisútvarpinu með verulegum halla eða stórhækka afnotagjöld.

Þess vegna segi ég: Þessi breyting varð til góðs því að við getum ekki skilað þessari ríkisstofnun með halla. Það þarf að taka á rekstrinum. Það er ábyrgð.

Ég fagna því hins vegar sérstaklega, herra forseti, að það eru ekki mjög skiptar skoðanir hér í salnum. Við erum nokkurn veginn öll sammála um að við viljum hafa öflugt ríkisútvarp. Við viljum líka hafa fjölbreytta flóru á fjölmiðlamarkaði. Við viljum hafa hér fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Og hvernig ætlum við þá að samræma þær tillögur sem fram koma til þess að stuðla að þessu, sterku ríkisútvarpi annars vegar og hins vegar fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði?

Þar erum við hins vegar ekki endilega sammála um leiðir. Þess vegna tel ég mikilvægt að þingið fái frumvarp mitt um Ríkisútvarpið sem fyrst til afgreiðslu og umræðu, til þess einmitt að varða veginn hvaða möguleika er best að nota og hvaða leiðir best að fara varðandi það að skerða hlutdeild Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og hvaða leiðir við ætlum að fara til að styrkja aðeins betur undirstöður annarra fjölmiðla.

Eins og ég sagði áðan ætlum við ekki að veikja Ríkisútvarpið. Við ætlum hins vegar að hleypa meira súrefni inn á hinn frjálsa og einkarekna markað sem veitir ekki af á þessum tímum. Ef þingið kemur með aðra tillögu sem við getum fylkt okkur um til þess að efla þessa tvo þætti er það fínt og við sameinumst að sjálfsögðu um þá þætti.

Ég tek undir margt af því sem kom hér fram, við viljum sterkt ríkisútvarp. Ég treysti því að stjórnendur Ríkisútvarpsins geri sér grein fyrir mikilvægu hlutverki sínu, þ.e. að halda áfram öflugu ríkisútvarpi og það reki áfram öfluga fréttaþjónustu. Það er í þágu allra landsmanna, ekki síst nú á tímum.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 2. umr.

Stjfrv., 120. mál (útflutningur óunnins afla). — Þskj. 130, nál. 276.

[14:37]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar um umgengni um nytjastofna sjávar, breytingu á lögum nr. 57/1996, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson og Kristján Frey Helgason frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Illuga Gunnarsson, formann starfshóps sem ráðherra skipaði um málefnið, Steingrím Leifsson, Þorgrím Leifsson og Albert Svavarsson frá Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda, Guðberg Rúnarsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Friðrik Arngrímsson frá LÍÚ og Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda.

Umsagnir um málið bárust frá einum 13 aðilum og voru þær nokkuð á einn veg.

Samkvæmt frumvarpinu getur ráðherra heimilað útflutning óvegins ísfisks, enda sé fiskurinn seldur á opinberum markaði sem vottaður hefur verið af Fiskistofu. Frumvarpið tekur á þáttum sem til þess eru fallnir að bæta aðgengi fiskkaupenda að afla sem fyrirhugað er að flytja úr landi. Það byggist á vinnu starfshóps sem ráðherra skipaði samhliða afnámi útflutningsálags á óunninn botnfisksafla sem fluttur var úr landi. Lagt er til að útgerðarmönnum sem hyggjast flytja afla úr landi sé gert skylt að senda upplýsingar um afla til Fiskistofu sem sendir síðan upplýsingarnar til birtingar á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðar með sjávarafla. Auk þess er gert ráð fyrir að gefið sé upp lágmarksverð fyrir aflann.

Hæstv. forseti. Lögð er áhersla á auknar kröfur til vigtunarbúnaðar hjá fiskmörkuðum erlendis. Talið er nauðsynlegt að tryggja fullnægjandi eftirlit með þessari tegund af útflutningi á afla og í því skyni rýmkaðar heimildir Fiskistofu til að innheimta kostnað sem hlýst af eftirliti erlendis. Loks er lagt til að leyfi erlends markaðar til að taka á móti íslenskum afla verði afturkallað sé ekki farið að ákvæðum III. kafla laganna.

Á fundum sínum ræddi nefndin tillögu þá sem lögð er til í frumvarpinu og telur meiri hlutinn ráðstöfunina vera vænlegan kost til að koma til móts við innlenda fiskkaupendur og til þess fallna að bæta aðgengi þeirra að afla sem flytja á úr landi. Telur meiri hlutinn að skráning afla sem flytja á út á uppboðsmarkað á þann hátt sem mælt er fyrir um í frumvarpinu auki jafnræði milli innlendra og erlendra aðila og tryggi frekari möguleika innlendra fiskverkenda á að bjóða í fisk sem ella yrði fluttur úr landi óunninn. Meiri hlutinn

kom einnig inn á mikilvægi þess að styrkja innlenda fiskverkun, m.a. vegna þess fjölda starfa sem þar getur skapast og skiptir miklu máli þegar atvinnuleysi er að aukast eins og er um þessar mundir.

Þá var fjallað var um skilyrði frumvarpsins um lágmarksverð og möguleg áhrif þess á viðskipti, auk þess sem rætt var um vigtunarreglur í tengslum við heimild ráðherra til að heimila útflutning óvegins afla og eftirlit Fiskistofu með þeim útflutningi.

Loks var rætt um tæknilegar útfærslur á uppboðsferlinu. Fram komu sjónarmið um að lengri tíma þyrfti til að undirbúa jarðveginn, prufukeyra uppboðskerfið og samhæfa aðgerðir til að tryggja að ferlið gangi hnökralaust þegar farið verður af stað. Að mati meiri hlutans gæfist ekki tími til að vinna þessa undirbúningsvinnu ef miðað væri við núverandi gildistökuákvæði frumvarpsins. Því leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að lögin öðlist gildi 1. febrúar 2009.

Hv. þm. Atli Gíslason skrifar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið. Gunnar Svavarsson og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nefndarálitið rita hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Atli Gíslason, með fyrirvara, Kjartan Ólafsson, Helgi Hjörvar, Valgerður Sverrisdóttir og Karl V. Matthíasson.

[14:42]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Það er rétt, ég skrifaði undir nefndarálit meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar með fyrirvara. Til þeirra breytinga sem ég boðaði vannst ekki tími í fyrsta lagi fyrir þær sakir að það er allsendis óljóst hvað mun felast í reglugerðarheimildum sem hæstv. sjávarútvegsráðherra er veitt með frumvarpinu. Ég óskaði eftir að það yrði kynnt, að þær yrðu lagðar fram að minnsta kosti í drögum þannig að maður sæi fyrir endann á því hvort frumvarpið næði þeim tilgangi sem að er stefnt.

Ég vek líka athygli á því og gagnrýni það að boðað var til fundar um málið og gestir kallaðir fyrir nefndina á sama tíma og allsherjarnefnd fundaði og þar var ég algerlega bundinn en daginn eftir var svo fundarfall í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. En ég áskil mér rétt til að setja þessa tillögu fram síðar í ljósi þeirra reglugerða sem verða settar í kjölfar þess að frumvarpið verður að lögum.

Við höfum reyndar lagt fram slíkar þingsályktunartillögur með ítarlegum greinargerðum, síðast á löggjafarþingi 2007–2008, þskj. 38, 38. mál, og ég vísa í ítarlegan rökstuðning þar.

Þá að frumvarpinu. Þar er gerð sú tillaga í 1. gr. að 5. gr. laga nr. 57/1996 verði breytt og þar er ákvæði um að öllum afla skuli landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Þetta er góð og gild regla en síðan er hún holuð út með heimildum til ráðherra þannig að í raun og veru getur þessi regla snúist í andstæðu sína. Það veit enginn hversu langt hæstv. ráðherra muni ganga en í 2. mgr. er ráðherra heimilað að veita heimild til þess að ísfiski sé landað í erlendum höfnum eða hann fluttur úr landi án þess að hann sé endanlega vigtaður. Það tel ég óforsvaranlegt, sérstaklega í ljósi þess, herra forseti, að afli sem er fluttur úr landi er nánast undantekningarlaust fluttur út í gámum. Honum er landað í innlendri höfn og síðan er hann fluttur út í gámum. Síðan er aftur heimild um að flytja hann út óvigtaðan og svo er ákvæði um lágmarksgjald sem ég tel ekki eðlilegt í þessu frumvarpi. Sem sé, heimildir ráðherra til að veita undanþágur eru allt of rúmar og geta orðið þversögn við 1. gr. ef gengið er of langt.

Einn megingalli á þessu frumvarpi sem ég nefndi við ráðuneytisstjóra ráðuneytisins er að hér fer fram það sem heitir framsal á löggjafarvaldi. Ég taldi mun réttara að ákvæðin um undanþágurnar yrðu settar í lög, alla vega klár beinagrind að því þannig að þingmenn sæju fyrir sér hvað þessar undanþáguheimildir þýddu, það yrði nákvæmlega listað. Þetta er sem sagt framsal á löggjafarvaldi, opinn tékki á undanþágur sem ég á mjög erfitt með að sætta mig við, bæði gagnvart löggjafarstarfinu og ekki síður því að það er svo afar brýnt að tryggja fullvinnsluna hér á landi.

Ég tel algerlega nauðsynlegt að tryggja að öllum afla sé landað innan lands og hann sé veginn hér á landi. Ef heimila á útflutning á fiski og setja fisk á uppboðsmarkað er ekkert því til fyrirstöðu, ég ítreka það, að hann sé vigtaður innan lands. Það þarf sem sagt að tryggja aðgengi fiskverkenda án útgerðar að öllum fiski sem veiddur er hér við land. Tækifæri til að bjóða í aflann verða að vera jöfn, það þarf að tryggja. Þetta er enn brýnna í dag, hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, vegna þess að nú eru þessir gríðarlega erfiðu tímar atvinnuleysis sem mun fara stigvaxandi og því erum við þá að flytja út fisk frá Íslandi sem auðvelt er að vinna hér á landi, sérstaklega í hinum smærri dreifðu sjávarbyggðum.

Það kemur líka sérkennilega fyrir sjónir, herra forseti, að við skulum þá ætla okkur að flytja fisk út frá atvinnulitlu Íslandi til þjóðar eins og Bretlands sem enn beitir okkur hryðjuverkalögum. Af hverju tökum við ekki slaginn við Breta, Breta sem beita okkur hryðjuverkalögum, gera hreina efnahagslega árás á landið og brjóta að mínu mati gegn samningum sem þeir eru bundnir af með aðild sinni að NATO? Það liggur líka fyrir að eftir að útflutningsálag var fellt niður á óvigtuðum óunnum fiski hefur útflutningur aukist verulega með mjög slæmum afleiðingum fyrir íslenskt fiskvinnslufólk. Ég hygg að útflutningurinn nálgist, og hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef ég fer með rangar tölur, 56 þúsund tonn á ársgrundvelli, um eða yfir þá tölu. Það er þvílík atvinna sem fólgin er í vinnslu þessa fisks innan lands að það hálfa væri nóg.

Undir þau sjónarmið sem ég hef hér flutt fram taka Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda, SFÚ, og segja orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í frumvarpið vantar mikilvæga skilmála sem með réttu ætti að lögbinda til þess að lögin geti þjónað yfirlýstum tilgangi sínum um bætt aðgengi íslenskrar fiskvinnslu að ódýrum hráefni, sem afar mikilvægt er að nái fram að ganga.

Því er brýnt að bætt verði úr þeim ágöllum þannig að í lögunum verði skýr ákvæði um framkvæmd þeirra. Að mati SFÚ sé ekki æskilegt að setja svo mikilvæg framkvæmdaatriði í reglugerð, eins og gert er ráð fyrir, heldur ættu þau að vera bundin í lögunum sjálfum.

Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda leggjast því gegn ofangreindu frumvarpi eins og það nú liggur fyrir."

Sömu sjónarmið reifar Jón Steinn Elíasson, formaður þessara samtaka, í bréfi til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, dags. 22. nóvember 2008. Það er auðvitað fullkomlega rétt í þeirri stöðu hremminga sem við erum í og mjög vaxandi atvinnuleysi þar sem afleiðingar kreppunnar eru því miður enn þá að verulegu leyti í pípunum, og þegar við stöndum frammi fyrir hugsanlegum landflótta, sem ég vona að verði alls ekki, að þarna er leið til að skapa atvinnu og koma í veg fyrir landflótta og þarna er líka leið til að okkar hæfileikaríka fólk sem er að missa atvinnu sína komist að til fullvinnslu þessara vara til að gera þær enn verðmætari en þær eru í dag.

Ég hefði kosið og óska eftir því að málið fari til nefndar milli 2. og 3. umr. og fyrir lokaumræðu, 3. umr., liggi fyrir hvernig hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hyggst beita undanþáguheimildum sem frumvarpið heimilar honum. Útfærslan á undanþágunum verður að liggja fyrir. Ég skora að endingu á hæstv. ráðherra, sem hefur beðið um orðið, að hann upplýsi þingið til hlítar hversu víðtækar undanþágur hann hyggst heimila, að það komi skýrt og skorinort fram af hálfu hæstv. ráðherra, sem ég veit að víkur sér ekki undan, hversu víðtækar undanþágur hann hyggst heimila.

[14:51]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Frumvarpið felur það í sér að í raun og veru er verið að þrengja heimildirnar til að flytja óunninn fisk úr landi. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að þær heimildir séu til staðar að menn geti flutt þennan fisk úr landi án þess að hann sé vigtaður. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að sá sem vill flytja fiskinn óunninn úr landi — sem geta auðvitað bæði verið hagsmunir sjómanna og útvegsmanna, þetta getur verið mjög arðbær útflutningsstarfsemi sem má ekki gera lítið úr — ef útgerðarmenn eða sjómenn ætla að flytja fiskinn óunninn úr landi og án þess að vigta hann þá ber þeim jafnframt að tilkynna það á þennan tilboðsmarkað. Það er því verið að opna aðgengi fiskvinnslunnar að fiskinum. Þetta er kjarni málsins, frumvarpið snýst um þetta, þ.e. að auka og bæta aðgengi fiskvinnslunnar að fiskinum.

Svo ég svari spurningu hv. þingmanns þá er ekki ætlun mín að gera annað en nákvæmlega samkvæmt orðanna hljóðan í þessum lögum, þannig að heimildirnar til að flytja út verða auðvitað bundnar þessu lagaákvæði. Áður en menn flytja þennan fisk úr landi þurfa þeir að tilkynna það með fyrirvara eins og kveðið er á um í lögunum þannig að fiskverkendur geti gert ráðstafanir og boðið í fiskinn og aflað sér hráefnis með því móti. Ég er sannfærður um að þetta mun hafa þau áhrif í fyrsta lagi að stuðla að því að auka umsvifin á fiskmörkuðunum og í öðru lagi að bæta aðgengi fiskvinnslunnar að fiskinum og þjónar þar með þeim markmiðum sem hv. þingmaður talaði um og talar hér í raun fyrir og ég er alveg sammála honum um. Auðvitað viljum við reyna að stuðla að því að sem mest af fiskinum sé unnið hér á landi en við vitum það jafnframt að ef við settum um það ákvæði að allur þessi fiskur skyldi vigtaður hér á landi áður en hann væri fluttur út þá væri hann rifinn upp úr ís, það mundi hafa áhrif á hráefnisgæðin og draga þannig úr útflutningsverðmætum okkar og það getur ekki verið markmið okkar varðandi útflutning á fiski.

[14:53]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma í andsvör og upplýsa að hann hyggist þrengja heimildirnar. En enn hefur hæstv. ráðherra ekki upplýst hversu víðtækar undanþágur hann hyggist veita, enn er það óljóst. Hvernig verða reglugerðirnar sem hann hyggst setja á grundvelli undanþáguheimildanna? Hér er um að ræða, sem ég gagnrýndi, framsal löggjafarvalds, það er opinn tékki til framkvæmdarvaldsins um atriði sem þingið ætti að taka afstöðu til. Ég tel að það eigi að þrengja þetta eins og kostur er, a.m.k. tímabundið á meðan við göngum gegnum þær hremmingar sem fram undan eru, næstu 2–4 árin. Og ég sé engan tilgang í því að flytja fisk út til Bretlands sem beitir okkur hryðjuverkalöggjöf.

Það er eitt líka í þessu frumvarpi sem er til þess fallið að hrekja menn út af markaðnum, frá því að bjóða í, og það eru ákvæðin um lágmarksverð. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann standi fast á því að halda uppi ákveðnu lágmarksverði.

[14:55]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að lagatextinn sjálfur eins og hann birtist í frumvarpinu og kemur til afgreiðslu þingsins sé mjög skýr að þessu leyti. Hér er verið að segja það nákvæmlega að aðili sem vill fá að flytja fiskinn óunninn úr landi og hefur þar með heimild til þess samkvæmt lögum — hann hefur í rauninni þær heimildir í dag samkvæmt gildandi lögum — verður að tilkynna það 24 klukkustundum áður til að fá þá heimild. Hann verður að láta upplýsingar um fiskinn fara um tilboðsmarkað sem gerir það að verkum að fiskverkendur geta haft tækifæri til að bjóða í fiskinn. Þetta er gríðarlega mikil þrenging frá því sem áður hefur verið enda var tilgangurinn með frumvarpinu og þeirri vinnu sem lá að baki því nákvæmlega sá að reyna að tryggja að fiskvinnslan ætti núna rýmri möguleika á því að bjóða í fiskinn en áður. Kvartað hafði verið undan því, bæði fyrir og eftir afnám útflutningsálagsins, að fiskvinnslan ætti ekki þennan möguleika og gæti þess vegna ekki staðið jafnfætis fiskvinnslu í öðrum löndum. Og eftir að hafa legið vel yfir þessu og skoðað þetta frá ýmsum sjónarhornum hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegast sé að gera það með því að opna þessa leið inn á tilboðsmarkað þannig að fiskverkendur á Íslandi hafi jafnan aðgang.

Varðandi lágmarksverðið þá varð þetta einfaldlega niðurstaðan í þeirri vinnu sem fram fór. Ég veit að um þetta voru skiptar skoðanir, sérstaklega hafa útgerðarmenn fundið að þessu en þetta varð niðurstaðan og ég sé að meiri hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar hefur komist að sömu niðurstöðu, að það væri skynsamlegast að hafa lágmarksverð þarna inni og ég tel einfaldlega skynsamlegast að láta reyna á það eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

[14:57]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú veit ég ekki hvenær þetta frumvarp var samið í ráðuneytinu en mig grunar að það hafi gerst fyrir efnahagshrunið og þær miklu hremmingar sem við stöndum frammi fyrir. Ég er þeirrar skoðunar að forsendur fyrir því séu brostnar í því mikla atvinnuleysi sem við blasir og það eigi hreinlega að leggja til í dag að allur fiskur verði unninn innan lands, nánast allur nema sérstakar aðstæður mæli með útflutningi og hafa þær þá mjög verulega þröngar.

Ég er ósammála hæstv. ráðherra að lagatextinn sé skýr. Þetta er gersamlega opinn tékki, þetta er framsal löggjafarvalds þar sem meginreglan er sú að landa á fiski innan lands og vigta hann hér. Til hvers er þá verið að mæla fyrir um það að veita megi undanþágu frá því að hann sé veginn hér á landi? (**Sjútv.- og landbrh.:** Með gildandi lögum.) Ég átta mig ekki á því fyrst hann kemur allur í íslenska höfn. Það er mér óskiljanlegt. Það eru sterk rök sem sjómenn og aðrir færa fyrir því að lágmarksverðið muni hrekja menn út af markaðnum. Ef til vill verður komið inn á það betur í umræðum um frumvarpið en staðan er þannig að við ættum að tryggja, herra forseti, að allur afli yrði unninn innan lands í hvernig vinnslu sem það er, hvort það er beint inn í kjörbúðir eða hvort hann er framunninn meira.

[14:59]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi einnig bregðast aðeins við ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar. Ég tel ástæðu til að leggja áherslu á það sem kom fram í andsvari hæstv. ráðherra að nú þegar eru sams konar heimildir til að flytja út óvigtaðan fisk í gildandi lögum. Hér er verið að herða þær reglur og þær heimildir með því að kveða skýrt á um það að bjóða þurfi allan fisk upp á innlendum uppboðsmarkaði með tilteknum fyrirvara. Auðvitað er markmiðið með því að auka fisk til innlendrar fiskvinnslu.

Þær tillögur sem hér eru byggjast á vinnu starfshóps sem ágætlega var farið yfir í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og þar var einmitt bent á að með nútímatækni á uppboðsmörkuðum, svokölluðu fjölneti, væri góður möguleiki að gera þetta. Ég tel mjög mikilsvert að þetta komist inn í lögin. Það hefur ekkert komið fram um það, eins og hér hefur verið ýjað að, að ráðherra muni beita þessum reglugerðarheimildum ööruvísi en gert er ráð fyrir hér. (Gripið fram í.) Þetta er bara eins og í núverandi lögum, það er heimilt að flytja út óvigtaðan afla og eins og hv. þingmaður veit (Forseti hringir.) snýr þetta líka að betri meðferð aflans, að ekki sé verið að rífa hann upp til að vigta hann hér á landi áður en hann er fluttur út og það skiptir máli varðandi verðmæti hans.

[15:01]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að eins og staða efnahagsmála á Íslandi er í dag þá eigum við að vinna allan þennan fisk innan lands. Það er algerlega skýrt. Að segja að nú séu heimildir til að flytja út óvigtaðan eða óunninn fisk, það er ekki neitt svar. Það er svona „svo skal böl bæta að benda á annað verra"-svar.

Það er eins brýnt og hugsast getur að tryggja atvinnu í landinu og ekki er víst að það gerist með þessu frumvarpi. Tilgangurinn er góður. 1. mgr. 1. gr., sem er breyting á 5. gr. laganna, mælir fyrir um meginreglu sem er síðan holuð út með reglugerðum sem maður veit ekki hvernig verða. Ég vek athygli á því enn og aftur að á fyrsta fundi nefndarinnar um málið, ég hygg að þeir hafi nú verið tveir, kallaði ég eftir reglugerðinni. Ég kallaði eftir því hvernig þetta yrði útfært en það var ekki skýrt. Það er góð lagasetning og góð aðferð löggjafarvalds að slíkar reglugerðir liggi fyrir áður en heimildir eru veittar til undanþágu. Það gerðist til að mynda í Noregi varðandi matvælafrumvarpið, þar lágu fyrir drög að reglugerðum um allt sviðið þar sem reglugerðarheimild var veitt. Ég spyr: Af hverju er það ekki gert hér?

Einnig hefði þurft að lögfesta bein ákvæði um þennan uppboðsmarkað, meginreglur um uppboðsmarkað og hvernig hann fer fram. Um þetta eiga að vera skýr ákvæði í lögum en ekki grein eins og 1. gr. þar sem fyrstu tvær línurnar eru lagasetning og hitt er valdframsal löggjafarvaldsins til framkvæmdarvaldsins, sem er algerlega óútfylltur tékki. Ég ítreka það.

[15:03]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er töluvert til í því að ágætt væri að hafa reglugerðina tilbúna en ég held að hún skipti í rauninni ekki meginmáli hér. Það sem skiptir máli er að núna gefist tími fyrir þá sem munu bjóða upp sinn fisk, fyrir fiskkaupendur og fiskmarkaðina sjálfa, til þess að fara yfir vinnuferlið og hvernig þessi framkvæmd á að vera. Þess vegna breyttum við gildistökunni til 1. febrúar þannig að þeir sem að málinu koma geti sniðið af alla hnökra í þessari framkvæmd. Ég held að það sé eitt af því sem ráðherra þarf að taka tillit til þegar reglugerðin verður smíðuð, hvort þarna séu einhver atriði sem menn hafa ekki séð fyrir.

Okkur var sagt frá því í nefndinni að tilraunakeyrsla hefði verið einu sinni þar sem allir aðilar komu að. Þá var boðið upp á fjölnetinu með ágætum árangri. Það tókst að vísu ágætlega en mat þeirra sem að þessu koma er að í fyrsta lagi þurfi að kynna þetta mjög vel fyrir öllum aðilum, útgerðaraðilum, fiskverkendum og fiskmörkuðum. Ef fram koma einhverjir ágallar á framkvæmdinni er þá hægt að sníða þá af áður en lögin taka í rauninni gildi. Þarna er um mikið samstarfsverkefni að ræða og ég held (Forseti hringir.) að ágætissamstaða sé um að það verði gert.

[15:06]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar segir hér blákalt að reglugerðir skipti ekki máli. Auðvitað skipta þær grundvallarmáli. (**ArnbS:** Ég sagði það ekki, hvaða vitleysa er þetta?) Það er grundvallaratriði að maður sjái sviðið fyrir framan sig. Hvert á að stefna? Hversu þröngar eiga undanþáguheimildirnar að vera? Hvernig á þetta að verða? Þannig að bæði þingmenn og hagsmunaaðilar sjái fyrir sér hvað verði.

Heimildirnar eru óljósar. Við erum, og enn ítreka ég það, í miklum hremmingum atvinnuleysis og hugsanlegs

landflótta og sú staðreynd liggur fyrir að fiskframleiðendum án kvóta hefur tekist að framleiða einna verðmætastar fiskafurðir á landinu. Þeir hafa verið afar fundvísir á matarholur á mörkuðum erlendis (**ArnbS:** Ég neita því ekki.) vegna þess að verðið hefur verið hátt og þeir hafa verið bundnir við að fá sem mest út úr fiskinum. Þess vegna er grundvallaratriði í atvinnuástandinu að þessi fiskur verði að langmestu leyti unninn innan lands. Ég vona svo sannarlega að það muni gerast með reglugerðarákvæðunum en um það ríkir alger óvissa.

[15:07]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Þetta frumvarp gengur út á að reyna að tryggja íslenskum fiskvinnslum betri aðgang að þeim mikla fiski sem fluttur er út. Að því leyti er þetta jákvætt frumvarp en það er þó að mínu mati að mörgu leyti mjög gallað þar sem óljóst er hvaða árangur verður af því. Hvað þetta mun þýða og hvernig þetta mun ganga fyrir sig?

Í fyrsta lagi hef ég miklar áhyggjur af undanþágum sem ráðherra hefur, jafnvel að veita mönnum undanþágur frá því að fara með fiskinn á tilboðsmarkað. Í öðru lagi er verið að reyna að treina gildistímann. Eins og allir vita er gengið lágt hjá okkur í dag og ótrúlega gott verð fæst fyrir fisk erlendis. Það munar um hvern mánuð sem útgerðarmenn hafa þennan möguleika á að flytja út fisk. Á sama tíma er mjög hátt verð fyrir unninn fisk þannig að það kemur í sama stað niður, við fáum jafnvel enn meiri verðmæti fyrir unninn fisk.

Auðvitað er einstaka útgerðar- og sjómanna sem fá hlut sinn út úr þessu freistað. Það er nú reyndar ekki svo með alla íslenska sjómenn að þeir fái hlut út úr hæsta fiskverði, bróðurparturinn af íslenskri sjómannastétt fær hlut sinn eftir svokölluðu verðlagsstofufiskverði. Þar er verið að tala um kannski þrisvar eða fjórum sinnum lægra verð en fæst á fiskmörkuðum erlendis.

Lágmarksverðið er stóra málið í þessu og ég get tekið undir orð hv. þm. Atla Gíslasonar um það. Ég hyggst koma með breytingartillögu fyrir 3. umr. og óska eftir því að þetta frumvarp fari aftur inn í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og tala nú fyrir áliti minni hluta um gámaútflutning á óunnum fiski.

Eðlilegt væri að lögin tækju gildi eigi síðar en 1. janúar. Tekin yrðu saman sérstök yfirlit frá Fiskistofu fyrir miðjan febrúar 2009 um hvernig til hefði tekist með það markmið að koma fiski, sem fyrirhugað var að selja á fiskmarkað erlendis, til sölu á innanlandsmarkaði. Tilgangur laganna væri einmitt sá að auka framboð á ferskfiski til innlendrar fiskvinnslu. Um þennan tilgang erum við öll sammála.

Til viðbótar segi ég: Til þess að ná því markmiði að gera innlenda fiskkaupendur jafnsetta þeim sem bjóða í fisk á erlendum ferskfiskmörkuðum væri eðlilegt að setja stýrireglu. Hún ætti að byggja á því að reynist ásett lágmarksverð eiganda fiskaflans þ.e. útgerðar, sem ávallt hefur verið eitthvað hærra en söluverð fisksins erlendis á erlendum ferskfiskmarkaði, verði yfir eins mánaðar tímabil óeðlilegt verði viðkomandi útgerð óheimilt að skrá lágmarksverð næstu tvo mánuði á eftir á sinn ferskfisk sem flytja á úr landi. Eigandi fisksins, þ.e. útgerðin, verður þar með að una því næstu tvo mánuði að sætta sig við hæstu verð sem berast í aflann eins og aðrir seljendur ferskfisks á ferskfiskmörkuðum. Undanþáguheimild ráðherra frá þessum skyldum ætti því að fella út úr frumvarpinu.

Lögunum er ætlað að auka atvinnumöguleika fiskvinnslufyrirtækja og fiskvinnslufólks. Ekki mun af veita eins og nú árar. Þau 56 þús. tonn af fiski sem flutt voru út óunnin á síðasta ári gætu aukið mikið atvinnu í fiskvinnslu og verðmæti útflutnings úr sjávarfangi ef þau væru unnin hér á landi.

Ferskfiskverð erlendis getur stundum gefið hærra verð. Fyrirkomulag lágmarksverðs sem tekur mið af hæsta verði erlendis ætti að tryggja að þeir markaðir sem gefa best verð séu nýttir, enda verðið stundum afar hátt t.d. um jól, áramót og páska. Sé sett of hátt lágmarksverð getur það orðið til þess að innlend tilboð nái ekki lágmarksverði útgerðar og fiskur fari þar með úr landi.

Þetta er inntakið í þeirri breytingartillögu sem ég hyggst leggja fyrir landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd hvað varðar þetta frumvarp fyrir 3. umr.

Það er neyðarástand á Íslandi og við þurfum, hæstv. forseti, að gera ýmsar breytingar frá því sem hefur verið varðandi kvóta og fiskveiðar sem og nýtingu og vinnslu á fiski. Ég er efins um að fyrir einu og hálfu ári síðan hefði ég lagt til að svona frumvarp yrði samþykkt vegna þess að í einstaka tilfellum má segja að það sé hægt að fá fisk með haus og sporði á hærra verði en fullunnar afurðir hér heima, eins og var æðioft á árum áður t.d. í ufsa og sérstaklega karfa. En nú er tíðin önnur. Við stöndum frammi fyrir því að í þessu neyðarástandi sem við búum við þurfum við að gera sem best, skapa sem mesta atvinnu og gefa sem flestum tækifæri til þess að koma að þessum málum.

Það þarf að skipta kökunni með öðrum hætti en hefur verið gert. Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til frumvarp um að innkalla allar veiðiheimildir, allar kvótabundnar tegundir, inn til ríkisins og láta síðan auðlindasjóð leigja út veiðiheimildirnar og skapa þannig tekjur fyrir þjóðarbúið. Við munum tala fyrir þessu frumvarpi við fyrsta tækifæri, við höfum ekki enn fengið tækifæri til þess, og það mun skýra betur hvað við viljum í þessum málum.

Við þurfum líka að bæta við kvóta í flestum tegundum. Núna horfum við upp á að sníkjudýr sem hefur verið að angra síldarstofninn okkar er kominn í ýsu. Ég hefði haldið að við þyrftum að bæta verulega við síldarkvótann hreinlega til að reyna að nýta þessi 30–40% sem eru að drepast í hafinu — þau er hægt að nýta í bræðslu — og minnka líkur á því að aðrar tegundir eins og ýsa, koli og jafnvel þorskur og ufsi smitist líkt og virðist vera að gerast með ýsuna.

Við þurfum líka að byrja hvalveiðar hér, stunda þær af miklum krafti og hafa af því gjaldeyristekjur og atvinnu. Það er talað um að það þurfi 200 manns til að vinna hvalafurðir til sjós og lands og þær muni gefa okkur verulegar gjaldeyristekjur.

Þegar menn tala um fiskverð á Íslandi — þ.e. fisk sem er fluttur út, 56 þús. tonn af óunnum fiski voru á síðasta ári flutt út á ferskfiskmarkaðina í Grimsby, Hull og Bremerhaven aðallega, þótt eitthvað af ferskum fiski hafi farið beint til Frakklands og jafnvel Belgíu — þá skiptir þetta verulega miklu máli. Við erum að tala um það sem jafn-

gildir vinnu í að minnsta kosti fimm frystihúsum eins og því sem Grandi er með við Reykjavíkurhöfn, frystihús sem vinnur 10–12 þús. tonn á ári. Þetta skiptir verulegu máli þegar töluvert á annað hundruð manns vinnur í hverju frystihúsi. Af því að ég segi „það er neyðarástand" þá þurfum við að vinna og haga okkur öðruvísi en við höfum gert á nánast öllum sviðum í íslenskum sjávarútvegi.

Við þurfum að bæta við í flestum tegundum og nýta betur allar veiðiheimildir sem við höfum. Við þurfum að skikka þá sem eru á frystiskipum til að koma með allt sem þeir veiða í land, hausa, beingarða og annað, því úr þessu öllu er hægt að gera mikil verðmæti. Auðvitað bitnar þetta þó á sjómönnunum og sumum öðrum en við verðum að horfa á þetta heildstætt og hugsa um allt og alla í þessu. Það er ekki nóg að hugsa um hvernig einstakir aðilar fara út úr þessu.

Númer eitt, tvö og þrjú þurfum við að stokka upp þetta fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum haft. Það er búið að sanna sig og er raunverulega upphafið á þeim hörmungum sem við erum lent í núna, útrásarhörmungum okkar, þ.e. þegar menn byrjuðu að selja og leigja kvóta og fara með hann inn á verðbréfamarkaði, kaupa hlutabréf bæði innan lands og erlendis og fara út í þá vitleysu alla sem er búin að setja þjóðfélagið á hausinn. Ef nefna á eitthvað eitt atriði sem er orsök fyrir því hvernig komið er fyrir okkar þjóð í dag er það að kvótinn var afhentur fáum útvöldum, þeim leyft að leigja hann, selja og veðsetja. Það er síðan búið að rústa sjávarbyggðum víða um landið og gera marga atvinnulausa. Það má ekki gleyma því, þótt við séum í krepputali þessa dagana og kreppuástandi hér og nú, að það er búin að vera mikil kreppa víða hringinn í kringum landið síðustu 10–15 árin. Hún hefur bara verið í einstaka sveitarfélögum um tíma. Sum sveitarfélög og sumt fólk er ekki búið að ná sér út úr þeirri kreppu sem leidd var yfir það með því að veiðiheimildir voru teknar af sjávarbyggðunum.

Enn og aftur vil ég taka fram að ég legg til að þetta frumvarp fari aftur í nefnd fyrir 3. umr. og ég mun koma með breytingartillögu sem mun auka líkur á því að útgerðarmenn misnoti ekki það að setja allt of hátt lágmarksverð sem enginn Íslendingur getur boðið í eða jafnað og sitji svo jafnvel uppi með að fá lægra verð en það lágmarksverð sem þeir setja. Fyrir almenning sem ekki áttar sig á málinu þá gildir þetta lágmarksverð fyrir íslenska fiskverkendur, íslenska fiskkaupendur sem vilja kaupa fiskinn en það er ekki hlustað á neitt lágmarksverð á mörkuðum úti í Grimsby og Hull. Þar er markaðslögmálið látið ráða ferð en ekki lágmarksverð.

Að lokum vil ég segja að allur fiskur á Íslandi ætti auðvitað að fara á fiskmarkað. Ég hef áður haldið ræðu hér í þinginu um hvaða ávinningur væri að því. Í fyrsta lagi væru tekjur útgerða meiri sem og tekjur sjómanna, útsvarstekjur sveitarfélaga og tekjur hafnarsjóða. Sveitarfélögin nytu auðvitað góðs af útsvarstekjunum og ríkið af skatttekjunum. Það er ótrúlegt fyrirkomulag, þegar við erum komin inn í 21. öldina, að við skulum búa við þetta kerfi, að einhverjir geti fengið miklu stærri bita af kökunni en þeim nokkurn tímann ber eins og þessir fáu útvöldu sem hafa fengið auðlindina afhenta.

Ég trúi ekki að þegar við förum að takast á við að byggja upp nýtt Ísland verði þetta ekki hluti af því sem við munum taka í gegn. Síðast en ekki síst út af því að núverandi fiskveiðistjórnarlög sem við vinnum eftir mismuna fólki hrikalega. Mannréttindi fólks eru brotin í tíma og ótíma. Þess vegna segi ég hiklaust að þetta er ein af grunnforsendum þess að við byggjum upp nýtt Ísland: að fiskveiðiheimildir verði innkallaðar til þjóðarinnar, þjóðin leigi þær út þeim sem treysta sér til að bjóða í þær og alvöruauðlindagjald verði tekið af þessu.

Okkur veitir ekkert af peningunum til þess að byggja upp okkar samfélag og halda því í lagi. Öryrkjar, aldraðir og heilbrigðisþjónustan þurfa á auknu fjármagni að halda og það getur komið í gegnum þetta kerfi sem við boðum. Við munum gera það í sérstöku frumvarpi sem við fáum væntanlega að tala fyrir mjög fljótlega.

Að lokum vil ég segja að fiskvinnsla án útgerðar sem þarf að kaupa allt sitt hráefni á hæsta verði hverju sinni þarf að tipla á tánum við að finna markaði í dag og leitar stanslaust að hæsta verði til þess að lifa af. Hún þarf að kaupa allt sitt á fiskmörkuðum á hæsta verði og selja út á hæsta verði. Mestur virðisaukinn í íslenskum sjávarútvegi í dag er af þessum fyrirtækjum og verður væntanlega áfram.

Sum stórfyrirtæki, sem hafa fengið kvótann gefins og geta veðsett hann, selt og leigt, undirbjóða þessi fiskvinnslufyrirtæki án útgerðar á erlendum mörkuðum víða. Þess vegna segi ég enn og aftur að við þurfum að stokka alla þessa hluti upp, þessi atriði sem ég hef lagt hér fram varðandi þetta frumvarp. Þó að ég hafi kannski aðeins farið út fyrir frumvarpið sjálft er þetta allt partur af sjávarútvegsumræðu sem við þurfum að huga betur að nú en kannski nokkru sinni áður vegna þess að nú er virkilega þörf á að nýta allt sem mögulegt er úr hafinu.

[15:23]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég verð aðeins að bæta við þessa umræðu. Þetta er mjög merkileg umræða því við erum að tala um hvað við getum gert til þess að auka fiskvinnslu á Íslandi miðað við ríkjandi aðstæður og það fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum. Við erum að reyna að setja því nánari skorður og takmörk.

Ég verð að segja eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst að frumvarpið muni ekki ná alveg þeim tilgangi sem menn eru þó greinilega að reyna að stefna að, sem er að tryggja að hægt sé að bjóða í allan afla hér innan lands áður en hann fer úr landi og hins vegar að tryggja að það verð eða lágmarksverð sem útgerðum er heimilt að setja á afla sinn, þ.e. kveðið er á um að það megi setja lágmarksverð til uppboðs á innlendum markaði fyrir þann afla sem fyrirhugað er að flytja úr landi, sé eðlilegt og raunhæft og ekki notað í þeim tilgangi að hindra að réttmæt og eðlileg viðskipti með fiskafla sem er boðinn á uppboðsmarkaði eigi sér stað innan lands. Þetta mundi tryggja enn frekar stöðu fiskvinnslunnar og bæta atvinnuástandið í landinu og ekki veitir nú af um þessar mundir.

Þess vegna held ég, hæstv. forseti, að mjög nauðsynlegt sé, og ég beini því til formanns hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, að milli 2. og 3. umr. verði skoðað sérstaklega hvort ekki þurfi að útfæra einhvers konar fyrirkomulag

sem geri það að verkum að ef útgerðarmenn setja aftur og aftur, t.d. yfir heilan mánuð þannig verð á fiskafla sinn, þannig hámarksverð að það sé í raun og veru óraunhæft að ætlast til þess að íslensk fiskvinnsla nái upp í það verð og það verði til þess að fiskurinn fari ávallt úr landi, að þá verði það skoðað. Það er spurning hvað sé til ráða. Ég held að það sé eiginlega ekkert annað til ráða en að setja einhvers konar viðmiðun sem menn verða að standast, skoðun eftir á. Og komi það í ljós að ákveðnar útgerðir hafi sett þannig lágmarksverð, allt að 10, 15, 20% hærri en eðlileg verðmyndun gæti verið og sambærileg verðmyndun á erlendum markaði, þá hafi þeir einfaldlega t.d. tvo mánuði þar á eftir ekki heimild til að setja hámarksverð á aflann sinn og verði að una því næstu tvo mánuði að verðið sem boðið er í aflann, sem er auðvitað sams konar verðmyndun og á frjálsum markaði eins og allir aðrir sem eru að selja fisk á innlendum fiskmarkaði þurfa að una, þá yrðu þeir bara að una því að taka hæsta verðtilboði.

Þannig yrði það næstu tvo mánuði að því er varðar viðkomandi útgerð enda hef ég litið svo á að útgerðin hefði með vísvitandi hætti sett svo hátt lágmarksverð að engar líkur og engin skynsamleg rök væru fyrir því að menn hefðu keypt aflann hér innan lands. Það hefði þá komið í ljós að allur afli viðkomandi útgerðar fór alltaf úr landi og menn gátu ekki verið samkeppnisfærir við þá viðmiðun sem stóðst svo reyndar ekki þegar selt var erlendis. Mismunurinn þar á milli væri einhver X% sem menn gætu skoðað og velt fyrir sér.

Ég held að eðlilegast væri að miða þetta út frá brúttóverðinu, bæði á innlendum markaði og erlendum, frekar en að taka til kostnað erlendis. Það er auðvitað vitað um það bil hver kostnaður er við að selja á erlendum markaði og flytja fisk út í gámum og þá er hægt að setja prósentuna í samræmi við það. Á þann hátt er ætlast til þess að menn séu með svipaðar forsendur fyrir markaðssetningu á afurðum sínum, þ.e. á óunnum fiski, ferskum fiski á íslenskum fiskmörkuðum, eins og aðrir kaupendur hefðu ætlast til innan lands að því er varðar verðið.

Ég vil beina orðum mínum til formanns nefndarinnar því mér sýnist tilgangurinn vera einmitt sá sem ég er að lýsa, þ.e. að reyna að tryggja íslenskum fiskvinnslum að þær geti keypt fisk á eðlilegu verði og eðlilegri verðmyndun. En þá verður líka að sjá til þess að kerfið sé þannig uppsett að menn komist ekki upp með óeðlilega viðmiðun sem leiðir það af sér mánuðum saman að ekki einn einasti fiskur frá viðkomandi skipum lendi í sölu á innlendum markaði vegna þess að þeim er frjálst að setja hámarksverð.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að bæði orð mín og annarra sem hér hafa talað dugi til þess að hv. formaður nefndarinnar sjái ástæðu til þess að málið verði tekið til umræðu í nefndinni milli 2. og 3. umr. og skoðað út frá þessum forsendum. Því tilgangur frumvarpsins er, eins og við höfum bent á, að reyna að tryggja íslenskri fiskvinnslu jöfn samkeppnisskilyrði til að nálgast aflann, án þess að viðkomandi útgerðir verði fyrir skaða. En samt þannig að þeir sem hafa áhuga á að kaupa fiskinn geti keypt hann á eðlilegu verði og með eðlilegri viðmiðun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Samráð ríkisstjórnarinnar við launþegasamtökin.

[15:30]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það hefur gefist okkur vel að leita eftir virku samráði við launþegasamtök og stéttarfélög þegar fjárhagsvandi og atvinnuleysi hafa steðjað að okkar þjóð. Ég hygg að það sé okkar sameiginlega reynsla og að slíkt samráð hafi verið til bóta.

Eins og nú horfir í atvinnumálum eru því miður líkur á því að óbreyttri þróun mála að atvinnuleysi muni jafnvel nálgast 5% markið um áramót og að þá verði jafnvel allt að 9.000 manns hér á landi án atvinnu, þeir eru í dag þegar yfir 8.000. Verði svo sem hér var sagt er ljóst að enn getur harðnað á dalnum yfir háveturinn, þ.e. fram til marsmánaðar 2009. Þessi staða er grafalvarleg og ég spyr því hæstv. forsætisráðherra hvernig ríkisstjórnin ætli að vinna gegn því að staðan geti t.d. orðið sú á fyrstu mánuðum komandi árs að það verði jafnvel allt að 10.000 manns hér á landi án atvinnu.

Hæstv. forseti. Mér er tjáð að engin efnisleg vinna sé farin af stað millum launþegasamtaka og verkalýðsfélaga við ríkisstjórnina um hvað megi verða til varnar í atvinnumálum, t.d. um forgangsröðun verkefna á vegum ríkisins og/eða sveitarfélaga með aðkomu ríkisins í svokölluðum mannaflsfrekum framkvæmdum sem m.a. ráðherrar hafa nefnt iðulega í ræðum sínum.

Mörg verkalýðs- og sjómannafélög vítt og breitt um land sem og bæjar- og sveitarstjórnir hafa á undanförnum vikum og mánuðum tekið undir þá tillögugerð þingmanna okkar í Frjálslynda flokknum að auka þorskkvótann nú þegar á þessu fiskveiðiári. Ekki fer á milli mála að oft var þörf en nú er algjör nauðsyn að grípa til allra þeirra ráða sem geta aukið við atvinnu og tekjur þjóðarinnar.

Oft hefur áður við atvinnubrest og tekjufall verið gripið til þess að afla meira til að komast yfir erfiðleikatímabil, t.d. 1968, við hrun norsk-íslenska síldarstofnsins og eftir 1984 þegar veiðar voru m.a. heimilaðar á svæðum í öðrum fisktegundum en þorskinum.

Þá voru einnig gerðar víðtækar aðgerðir í lánamálum og vaxtalækkunum sem ráðherrar gætu jú kynnt sér og lært af.

Áður en ég vík frá sjávarútveginum vil ég spyrja ríkisstjórnina hvort það hafi verið rætt að auka síldveiðar úr sýktum síldveiðistofni á veiðisvæðum til bræðslu enda líkur á því að stór hluti síldarinnar drepist hvort sem er. Það gæti hins vegar aukið smit í aðra fiskstofna og varla er nú á það ástand bætandi.

Ég vil einnig nefna hvort ríkisstjórnin ætli sér að auka hvalveiðar, þar eru mörg atvinnutækifæri í boði.

Atvinnuleysið vex nú hraðast á Stór-Reykjavíkursvæðinu og því spyr ég hæstv. forsætisráðherra hvað ríkisstjórnin viti um ný verkefni til aukinnar atvinnu. Er t.d. væntanleg aukning á starfsemi og uppbyggingu Elkems á Grundartanga að því er varðar kísilflöguverksmiðju og hvað er á borðinu um hin svokölluðu netþjónabú sem talsvert hefur verið rætt um? Hafa farið fram viðræður milli ríkisstjórnar og sveitarfélaga um horfur í atvinnumálum sveitarfélaga á landsbyggðinni annars vegar og á Stór-Reykjavíkursvæðinu sérstaklega vegna þróunar atvinnumála á því svæði? Hafa

launþegasamtök komið að þeim viðræðum ef þær hafa átt sér stað? Eru einhverjar þær framkvæmdir tilbúnar til útboðs, t.d. í einkaframkvæmd, sem auðveldað gæti fjármögnun verkefna eins og nú árar fyrir skuldugum ríkissjóði?

Ferðaþjónustan gæti einnig vaxið enn frekar og margt bendir í þá átt að vænlegt sé nú að efla kynningarstarf erlendis. Ekki veitir af að auka gjaldeyristekjur inn í landið. Ég spyr því hvort unnið sé að því að efla frekari stuðning við ferðamennskuna.

Launþegasamtökin hafa lagt mikla áherslu á að ná niður verðbólgu og ná þannig að vinna gegn kaupmáttarlækkunum launafólks. Verðbólgan nálgast nú 20% og mælir vísitölu verðtryggðra lána. Þeir fjölmörgu sem keypt hafa húsnæði á síðustu 4–5 árum munu brátt eiga minna en ekkert í húsum sínum. Íslendingar hafa löngum litið svo á að eign þeirra í (Forseti hringir.) eigin húsnæði væri hluti þess lífeyris sem fólk ætti eftir starfsævina.

Ég spyr einnig hér, hæstv. forseti, um verðtryggingar, (Forseti hringir.) ég spyr um það hvað megi verða til betri vegar að því er varðar lífeyrisréttindi fólks, t.d. frítekjumark (Forseti hringir.) og ég spyr um séreignarsparnað sem mætti nota til (Forseti hringir.) uppgreiðslu á húsnæðislánum — án skattlagningar, hæstv. forseti.

[15:36]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Hv. þingmaður kom víða við í yfirgripsmikilli ræðu sinni sem ég þakka honum fyrir. Meginspurningin, held ég, í ræðu hans og tilefni þess að hann tekur hér til máls er spurningin um samráð milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar, aðila vinnumarkaðarins, ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna.

Ég vil segja það að ég legg mikið upp úr slíku samráði og reynslan kennir okkur að slíkt samráð er eingöngu til góðs og getur ekki orðið til annars. Þess vegna höfum við í ríkisstjórninni lagt áherslu á slíkt samráð þó að ekki hafi verið fastir fundardagar í því ferli. Við áttum t.d. fund 28. nóvember, fulltrúar ríkisstjórnarinnar, aðilar vinnumarkaðarins, fulltrúar allra stéttarfélagasamtakanna og sveitarfélaganna, þar sem farið var yfir stöðuna í kjaramálum og líklega framvindu í þeim efnum á næstunni. Í dag höfum við einnig haldið fundi með ASÍ og SA og ráðgerum annan fund síðar í dag með öðrum samtökum stéttarfélaga til að ræða horfur í ríkisfjármálum. Við teljum mikilvægt að við þessi samtök öll sé gott og gjöfult samráð, samráð sem getur skilað árangri, og það er ekki síst mikilvægt núna þegar við búum á svo óvissum tímum sem raun ber vitni.

Við höfum gengið hér í gegnum gríðarlega mikla efnahagserfiðleika eftir fall bankanna og erum núna u.þ.b. að sjá í gegnum það þykkni allt þegar heita má að fyrsta áfanga endurreisnarstarfsins vegna þessa fjármálaáfalls sé lokið. Samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og önnur atriði sem því tengjast, samkomulag um lánafyrirgreiðslu, er í höfn og ýmis önnur atriði eru að komast í eðlilegan farveg. Það má segja að í öðrum áfanga sé mikilvægt að fylgja eftir þeim þremur meginþáttum samkomulagsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem snúa í fyrsta lagi að endurreisn bankakerfisins og uppgjöri gömlu bankanna, í öðru lagi að stöðu opinberra fjármála og í þriðja lagi að peninga- og gengismálum. Það er vissulega ánægjulegt að sjá með hvaða hætti gjaldeyrismarkaðurinn fer af stað eftir að krónunni var fleytt, eins og það er kallað, því að hún hefur styrkst um u.þ.b. 25% á þremur viðskiptadögum þótt hún hafi aðeins veikst í dag miðað við nýjustu fréttir.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi tek ég undir það með hv. þingmanni að það er mjög mikilvægt að gera allt sem hægt er til að sporna gegn atvinnuleysi og nýta öll tækifæri sem í landinu finnast til að skapa atvinnu og verðmæti. Við eigum öll hér í þingsalnum að snúa bökum saman í því efni. Það á þess vegna að skoða allar hugmyndir og allar tillögur, hvort sem þær lúta að breytingum í sjávarútvegi, uppbyggingu orkufreks iðnaðar eða öðru slíku sem skapað gæti auð og vinnu.

Ég get ekki svarað því nákvæmlega hvað er á döfinni hjá einstökum fyrirtækjum en auðvitað höfum við áhuga á því í ríkisstjórninni að stuðla að því að hér geti risið netþjónabú eða kísilflöguverksmiðjur svo ég nefni dæmi úr ræðu hv. þingmanns. Mannaflsfrekar framkvæmdir eru áhugamál bæði ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins og þá á ég við framkvæmdirnar sjálfar og einnig undirbúning þeirra sem kallar á sérhæfða vinnu hönnuða, bæði arkitekta og verkfræðinga. Allt skiptir þetta máli þegar svo erfitt ástand er á atvinnumarkaði sem nú hefur skapast, að ég tali ekki um tækifærin sem felast í ferðaþjónustunni og hv. þingmaður vék að í sínu máli.

Við gerum okkur vonir um að verðbólgan geti gengið hratt niður nú þegar krónan er að ná viðspyrnu á gjaldeyrismarkaðnum. Við sjáum hvernig eldsneytisverðið hefur lækkað stórfellt með gríðarlegum sparnaði fyrir heimilin, fyrirtækin, ferðaþjónustuna og ýmsa aðra og það má gera ráð fyrir því að verðlag á innflutningi að öðru leyti muni brátt fylgja í kjölfarið. Þar með verður mjög lítill verðbólguþrýstingur á Íslandi. Við treystum því að verðbólgan geti þá gengið hratt niður og þar með þau neikvæðu áhrif sem hún hefur á það fólk sem er skuldsett og skuldar verðtryggð lán. Allt hangir þetta saman en samráðið sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni er vissulega (Forseti hringir.) gríðarlega mikilvægt.

[15:41]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Það var öllum ljóst sem með því fylgdust fyrstu 12–15 mánuði þessa kjörtímabils að ríkisstjórnin lifði í einhverjum eigin draumaheimi og var lítt tengd við veruleikann. Á þeim tíma var iðulega kvartað undan því, sérstaklega af verkalýðshreyfingunni, að þar fengju menn ekki samráð við ríkisstjórnina og þá sjaldan til slíks var efnt var það innihaldslaust eins og yfirlýsingar ýmissa forustumanna verkalýðshreyfingarinnar í sumar og haust báru með sér og eru til vitnis um.

Horfur í atvinnumálum eru grafalvarlegar, nú þegar eru 8.000 manns eða rúmlega það á atvinnuleysisskrá og atvinnuleysið ört vaxandi. Það er auðvitað mjög undarlegt að ríkisstjórn í jafnmiklum erfiðleikum og raun ber vitni skuli hafa afþakkað til að mynda myndun þjóðstjórnar á haustdögum og skuli ekki hafa náð upp neinu samstarfsandrúmslofti í samfélaginu. Þjóðarsáttin var mikil gæfa á sínum

tíma — og um hvað snerist hún umfram allt annað? Jú, að ná niður verðbólgunni og það tókst árið 1990. Það er árangur þjóðarsáttarinnar sem nú hefur glatast í höndum Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar.

Endurmótunar- og uppbyggingarverkefnið í íslensku samfélagi og íslensku þjóðarbúi er óviðráðanlegt, það er óleysanlegt nema það takist á nýjan leik að fylkja þjóðinni saman og sameina kraftana. Það þarf víðtækt þjóðarsamstarf um þetta verkefni og þar þurfa fleiri að koma að en bara samtök atvinnurekenda og samtök allra launamanna. Þar þarf að vinna með Bændasamtökunum, félagsmálasamtökum og fjöldahreyfingum, virkja þær, og það þarf ekki síst að vinna með sveitarfélögunum. Þar hefur stórkostlegur misbrestur orðið á, samanber t.d. það að sveitarfélögin voru ekki höfð með í ráðum þegar gengið var frá samningunum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og varðar hann þau þó miklu og hefur bein áhrif á tekjur þeirra sem hluta af hinu opinbera eins og skilmálarnir bera með sér. (Forseti hringir.) Hæstv. ríkisstjórn er því miður í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum ekki að vinna vinnuna sína.

[15:43]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu um aðkomu aðila vinnumarkaðarins að lausnum í sambandi við atvinnulífið og deili áhyggjum frummælanda af atvinnuleysinu, vaxandi atvinnuleysi og hugsanlegum afleiðingum þess á m.a. velferðarkerfið. Ég held að það sé einmitt mjög mikilvægt, og það kom fram í ræðu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar að hann horfði til lausna, hann kom með vangaveltur um það hvað mætti verða til þess að auka hér atvinnu, hvort sem væri að auka útflutning eða efla innanlandsmarkaðinn til þess að minnka innflutninginn. Ég tek undir að það er akkúrat sú nálgun sem við þurfum að menn fari að líta til lausna í stað þessa að horfa aðeins á vandræði dagsins í dag.

Það er auðvitað þannig, eins og kom fram í ræðu hans, að það á ekkert að undanskilja, það á að horfa til allra mögulegra lausna. Það er hægt að horfa til hvort sem er sjávarútvegs eða stóriðju, þetta verða menn að skoða hreinskilnislega og meta hvað kemur okkur mest að gagni. Dæmi um slíkt er að nú eigum við orðið ýmis fyrirtæki, sem hafa ekki verið í ríkiseigu áður, í gegnum bankana. Dæmi um það eru steypustöðvar sem m.a. eru að flytja erlent sement inn á íslenska markaðinn þar sem er mikil framleiðslugeta fyrir. Þannig gætum við sparað stórpening. Þar á ég við Steypustöðina Mest sem er í eigu Glitnis og er mér kunnugt um að Akurnesingarnir gætu vel keppt í verði við innflytjendur ef þeir fengju að framleiða til þessarar steypustöðvar.

Ég tek undir þær skoðanir sem hafa komið hér fram, að það er mikilvægt að draga alla aðila að borðinu, þ.e. aðila vinnumarkaðarins, ASÍ og Samtök atvinnulífsins, Bændasamtökin og önnur opinber stéttarfélög, sveitarfélög og raunar ýmsa áhugahópa. Við getum haft þarna sem dæmi gott frumkvæði Bjarkar Guðmundsdóttur og þeirra félaga í sambandi við tillögugerð í atvinnumálum. Það á að nýta allar þessar tillögur, sprotafyrirtæki, ferðaþjónustu o.s.frv. til að leita leiða til þess að koma okkur út úr þessum vanda. Það er einmitt sú samstaða (Forseti hringir.) sem við þurfum á að halda núna í baráttunni næstu mánuðina.

[15:46]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að hefja máls á þessu efni en mig langar ekki í dag að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvað hann sjái fyrir sér, eða ríkisstjórnin. Mig langar að minna á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er talað um víðtæka sátt, það er talað um samstarf við alla flokka á Alþingi, það er talað um markvissan ríkisrekstur, jafnrétti í reynd og samráð á milli ríkisins, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaga um aðgerðir og langtímamarkmið á sviði efnahags-, atvinnu- og félagsmála. Þess vegna hefur verið virkilega undarlegt að horfa upp á þær miklu hamfarir sem dunið hafa yfir þjóðina síðustu tvo mánuðina þar sem hefði þurft að kalla til slökkvilið, sjúkralið, lögreglu, rústabjörgunarteymi, björgunarsveitir, leitarhunda, áfallahjálparteymi og hafa mikinn viðbúnað á heilbrigðisstofnunum en þess í stað standa örfáir slökkviliðsstjórar og krafsa í brakið með gamlan smalahund úr Seðlabankanum sér við hlið. Sjúkraliðinu er haldið fyrir utan girðinguna með norskri öryggisgæslu og löggan er á rúntinum.

Vissulega hefur margt breyst frá því að ríkisstjórnarsáttmálinn var gerður en ef einhvern tíma var þörf á samráði og samvinnu við þá hagsmunaaðila sem mæla fyrir munn þeirra sem gefa stjórnmálamönnunum sitt umboð er það núna, og ekki seinna en strax. Ríkisstjórnin er einangruð, hún situr með verkefni í fanginu sem hún kemst ekki yfir og mun valda meiri skaða en nú þegar er orðinn með sama áframhaldi. Henni ber að taka tillit til og hafa eðlilegt samráð við þá sem réttilega fara með hagsmuni þjóðarinnar, henni ber að hleypa fleirum að borðinu til að finna bestu lausnirnar fyrir fólkið í landinu. Hér situr stór hópur vel menntaðra þingmanna með mikla reynslu, hópur sem tilheyrir bæði stjórn og stjórnarandstöðu og er tilbúinn til að búa til störf, hefja framleiðslu á verðmætum og taka í höndina á þeim sem virkilega þurfa á því að halda og leiða þá á meðan þess gerist þörf.

Ég bið hæstv. forsætisráðherra að sýna djörfung. Hleyptu okkur inn, (Forseti hringir.) hlustaðu á okkur og leyfðu (Forseti hringir.) okkur að taka þátt.

[15:48]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Atvinnuleysið er það versta sem við fáum yfir okkur. Það versta sem fylgir þessari kreppu sem við erum í núna er atvinnuleysi, og aukið atvinnuleysi á næstu mánuðum mun gera okkur sem þjóð lífið mjög erfitt. Það er engin spurning um það og það er enn og aftur atvinnuleysið sem verður okkur verst. Þess vegna þurfum við að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Það er dálítið skrýtið að sjá ríkisfyrirtæki segja fólki upp, þau draga ekki saman vinnu hjá fólki um 10% eða 20% og reyna að hafa sem flesta í vinnu heldur segja þau fólki upp, reka það út á guð og gaddinn.

Það er ýmsar leiðir hægt að fara í þessum málum. Við í Frjálslynda flokknum höfum verið að benda á leiðir sem er

hægt að nota, búa til meiri gjaldeyri, skapa meiri vinnu og þá er ég að tala um í sambandi við að auka við kvóta flestra tegunda, sérstaklega í þorski og síld. Við viljum hefja hvalveiðar, þær skapa 200 manns atvinnu og gjaldeyristekjur fyrir þjóðina. Við viljum líka fara í virkjanir en til þess að hægt sé að fara í virkjanir er mjög líklegt að það þurfi að fá ríkisábyrgð á fjármagn — ef ríkið er einhvers staðar talið hæft til að ábyrgjast peninga — fyrir fyrirtæki eins og Landsvirkjun, Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur og jafnvel einhver fleiri sem vilja fara í virkjanir. Við þurfum að bæta við og gera eitthvað í sambandi við ferðaþjónustuna.

Síðast en ekki síst minni ég á það að við þurfum að koma á laggirnar hönnunarsjóði fyrir arkitekta og verkfræðinga sem hanni verkefni inn í framtíðina sem verður hægt að hefjast (Forseti hringir.) handa við þegar betri tímar renna upp.

[15:50]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Einn styrkleiki íslensks samfélags er að hér starfar vel skipulögð og ábyrg launþegahreyfing sem nýtur almennrar viðurkenningar og stuðnings. Þá búum við jafnframt við mjög sveigjanlegan vinnumarkað sem er ólíkt því sem er í nágrannalöndum okkar. Óvíða er jafnsterk hefð fyrir aðild vinnandi fólks að stéttarfélögum og er samkomulag um fjárhagslegan grundvöll að starfsemi þeirra. Ýmis framfaramál síðustu áratuga hafa verið að frumkvæði stéttarfélaga og samningsaðila þeirra og er þar skemmst að minnast uppbyggingar lífeyrissjóðanna sem er skrautfjöður okkar á þessu sviði í samfélagi þjóðanna. Þegar efnahagsáföllin skullu á okkur í byrjun október kölluðu launþegasamtökin á aukið samráð og við þeirri beiðni var orðið.

Þær aðstæður sem við nú stöndum frammi fyrir kalla á að öll svið samfélagsins tali saman, stilli saman strengi og séu samstiga. Með því verklagi munum við vinna okkur fyrr en ella úr stöðunni. Staða efnahagsmála nú eftir hrun bankanna í kjölfar alþjóðlegrar fjármálakreppu varðar alla. Hún hefur áhrif á heimilin í landinu með ýmsum hætti og hún kemur við kjör launamanna. Þegar hefur kaupmáttur launa skerst og spáð er auknu atvinnuleysi. Innkoma verkalýðshreyfingarinnar og tillögur hennar skipta miklu máli við lausn þess vanda sem við stöndum frammi fyrir. Á síðustu vikum hefur átt sér stað víðtækt samráð við verkalýðshreyfinguna eins og kom fram í máli hæstv. forsætisráðherra. Þannig hafa fulltrúar verkalýðshreyfingar komið með beinum eða óbeinum hætti að smíði aðgerðaáætlunar ríkisstjórnarinnar varðandi heimilin og fyrirtækin í landinu. Ljóst má því vera að ríkisstjórnin hefur leitað í smiðju launþegahreyfingarinnar um lausnir til að mæta áhrifum fjármálakreppunnar hér á landi til lengri og skemmri tíma. Svoleiðis er það og svoleiðis á það að vera.

[15:52]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Íslensk þjóð hefur sjaldan, ef nokkru sinni, gengið í gegnum hremmingar í líkingu við þær sem við nú tökumst á við. Hrun efnahagskerfisins hefur haft gríðarlegar afleiðingar fyrir fjölskyldur og fyrirtæki í landinu. Stjórnvöld hafa ítrekað lýst því yfir að við séum öll á sama báti eins og það hefur verið orðað og bersýnilega ætlast til þess að þjóðin fylgdi ríkisstjórninni í þeirri vegferð sem hún er á, enda þótt það blasi við að stjórnin hafi glatað trausti þjóðarinnar.

Óvissan um það hvert ferðinni er heitið, óvissan um afkomu næstu vikur og mánuði, óvissan um það hvort fólk heldur vinnu sinni eða ekki er eitt það versta sem mætir landsmönnum dag eftir dag. Óvissan helgast af því að stjórnvöld hafa hjúpað stefnu sína og aðgerðir leynd og pukri. Lítið hefur farið fyrir samráði við hina ýmsu hagsmunaaðila, að ekki sé talað um samráð við þjóðina sjálfa því að þar sem hún kemur saman þekkir ríkisstjórnin ekki þjóð sína.

Hér hefur verið farið ítarlega yfir skort á samráði við samtök launafólks. Ég vil beina athyglinni sérstaklega að samráði, eða skorti á því öllu heldur, við sveitarfélögin í landinu. Þau eru hluti af hinu opinbera og fara með ríkt og ómetanlegt hlutverk gagnvart íbúunum. Þegar stjórnvöld voru í samningum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var sveitarfélögunum haldið utan við, jafnvel þótt ríkið hafi síðan skrifað undir margvíslegar skuldbindingar og skilmála af hálfu sjóðsins sem beint varða sveitarfélögin. Sem dæmi má nefna að gert er ráð fyrir skuldaaukningu hins opinbera úr 29% í 109% af landsframleiðslu. Hver var hlutur sveitarfélaganna í þeirri skuldaaukningu? Á sama tíma var talað um lækkun skulda. Hver var hlutur sveitarfélaganna þar? Það er gert ráð fyrir verulegum skorðum í starfsemi hins opinbera og auknum byrðum á almenning. Hvernig kemur þetta við sveitarfélögin? Svo mætti áfram telja.

Ríkisstjórnin hefur undirgengist margvíslegar skuldbindingar fyrir hönd sveitarfélaganna án þess að hafa mikið samráð við þau um það. Hið sama á við um marga aðra hagsmunaaðila eins og hér hefur komið fram. Þessi vinnubrögð, herra forseti, eru ámælisverð, það er vísasti vegur til að fá þjóðina á móti sér að tala aldrei við hana. Með því sýna stjórnvöld þjóðinni fullkomna lítilsvirðingu og stjórnvöld sem þannig (Forseti hringir.) koma fram geta ekki búist við að öðlast virðingu og traust þjóðarinnar.

[15:54]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það kom skýrt fram í skýrslu um efnahagsmál þegar hæstv. forsætisráðherra flutti um hana ræðu að hann vilji hafa samráð og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins til þess að ná samstöðu í þeirri baráttu sem menn sáu fyrir sér þá um kjaraskerðingar þannig að ég held að það sé góður vilji hjá hæstv. ráðherra til að vera í slíku samráði. Auðvitað hefur álagið verið alveg gífurlegt núna þegar bankarnir hafa hrunið í höndunum á okkur þannig að ég trúi því og treysti að samráðið verði eflt núna þegar það álag hlýtur aðeins að minnka.

Það er mjög erfitt að horfa upp á að margt af fólkinu okkar ætlar sér að flytjast úr landi og flytjast þá sérstaklega til Norðurlandanna. Norræna félagið hefur verið með námskeið um það hvernig hægt sé að flytja héðan úr landi og það er mikið álag á sendiráðunum okkar úti, veit ég, þar sem fólk spyrst mikið fyrir. Það er geysilega mikilvægt að halda fólki hérna og halda atvinnu uppi. Þar skiptir samráðið svo miklu, að reyna að finna leiðir í því.

Þegar hæstv. ráðherra flutti ræðu sína um stöðu efnahagsmála sagði hann að besta andsvar okkar við núverandi þrengingum væri að virkja auðlindirnar í auknum mæli með ábyrgum og sjálfbærum hætti, jarðhita jafnt sem vatnsafl, og ráðherra tók líka sterkt til orða og sagði að það ætti að vinna okkur út úr tímabundnum erfiðleikum með því að framleiða, framleiða og aftur framleiða. Þetta voru mjög skýr skilaboð og ég vil því nýta tækifærið hér og spyrja hæstv. ráðherra hvernig staðan sé gagnvart orkufrekum iðnaði. Það hefur komið fram hér, t.d. í fyrirspurn frá Valgerði Sverrisdóttur, að stóriðjan leggur mjög mikið fram í íslenskt þjóðarbú, líklega 4.500 störf, föst störf og afleidd, og útflutningstekjur okkar eru að aukast úr 17% í 30% á yfirstandandi ári vegna stóriðjunnar.

Ég spyr því hæstv. ráðherra, fyrir utan það að taka undir með að við þurfum að efla ferðaþjónustuna, út í orkufrekan iðnað, (Forseti hringir.) hvers sé að vænta í þeim málum.

[15:57]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og þau svör sem hafa verið gefin. Ég met það svo af orðum hæstv. forsætisráðherra að hann hafi fullan vilja til þess að leita aukins samráðs en ég met það einnig svo, hæstv. forseti, að kannski hafi skort á að slíkt samráð hafi verið nægjanlegt hingað til.

Eins og kom fram í máli hæstv. forsætisráðherra voru menn í dag m.a. að ræða við fulltrúa vinnumarkaðarins um stöðuna í ríkisfjármálum. Við vitum auðvitað að hún er erfið og það verður ekki auðvelt að koma saman fjármálum ríkisins. Allt að einu skiptir verulega miklu máli að einmitt ríkið og sveitarfélögin hafi stöðu til þess með einhverjum hætti, þó að skuldsett geti orðið, að taka stöðu með aðilum á vinnumarkaði í því að halda uppi atvinnu í landinu. Það skiptir afar miklu máli, hæstv. forseti.

Það skiptir líka verulegu máli, hæstv. forseti, að litið sé til hinna smærri fyrirtækja sem eru oft og tíðum þeir vaxtarbroddar sem við byggjum á í framtíðinni og það þarf sérstaklega að huga að stuðningi við smærri fyrirtæki og smærri framleiðendur til þess að þeir geti haldið velli í þeim hremmingum sem við erum að ganga í gegnum en að við lítum ekki eingöngu til stærri fyrirtækja.

Ég hef þá trú, hæstv. forseti, að í ferðaþjónustunni felist miklir vaxtarbroddar í framtíðinni og það sé rétt að styðja þar við með öllum tiltækum ráðum. Það er algjörlega ljóst, eins og hv. þm. Grétar Mar Jónsson sagði hér áðan, að atvinnuleysið er versti kosturinn sem við getum lent í. Við megum alls ekki við því að dýpka það atvinnuleysi sem við getum lent í, við þurfum akkúrat að vinna gegn því með öllum tiltækum ráðum og ég treysti því að hæstv. forsætisráðherra meini það (Forseti hringir.) að hann hlusti á ráð annarra í þeim efnum, jafnt okkar í Frjálslynda flokknum (Forseti hringir.) sem annarra þingmanna hér í þessum sal.

[15:59]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég get fullvissað hv. þingmann um að það er hlustað á öll góð ráð í þessum efnum, sama hvaðan þau koma.

Ég held að það sé sammerkt með þeim sem tekið hafa til máls hér í þessum umræðum að allir hafa miklar áhyggjur af því atvinnuleysi sem nú virðist vera í uppsiglingu og allir gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem hvílir á þinginu í því efni en auðvitað fyrst og fremst á ríkisstjórninni og svo aðilum vinnumarkaðarins og atvinnufyrirtækjunum. Það þarf að búa þeim þannig aðstæður að síður komi til uppsagna og að þeir sem hafa vinnu haldi henni en að ný störf séu sköpuð fyrir þá sem missa vinnuna. Það er risavaxið verkefni þegar margt sérhæft fólk missir störfin sín í kjölfarið á bankakreppunni og í kjölfar þeirra erfiðleika sem sú staða hefur skapað fyrir atvinnulífið almennt í landinu. Ríkisstjórnin gerir hvað hún getur til þess að sporna gegn þeirri aukningu atvinnuleysis sem í uppsiglingu er en það er ekki alltaf einfalt mál.

Ég tek undir það sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði um orkumálin og nauðsyn þess að halda áfram uppbyggingu í þeim efnum. Ég tek eindregið undir það, og hef gert áður í haust, að við eigum að nota allar okkar auðlindir, þar með talið orkuna, til þess að skapa hér vinnu og verðmæti. Staðan er hins vegar þannig með sum þau verkefni sem nefnd hafa verið í því efni að slík verkefni eru líka að hluta til orðin fórnarlömb hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu. Þau fyrirtæki sem hafa sýnt einna mestan áhuga á því að hasla sér hér völl með nýfjárfestingum eru líka lent í erfiðleikum vegna þess að kreppan sem við höfum orðið fyrir barðinu á er ekki einkamál okkar, hún blasir við um allan heim og birtist jafnvel stærstu fyrirtækjum eins og nú er komið í ljós.

En að því marki sem við höfum tækifæri og möguleika sjálf til að nýta orkuna okkar í samstarfi við aðra eða upp á eigin spýtur eigum við að sjálfsögðu að gera það.

[16:01]

Útbýting:

Embætti sérstaks saksóknara, 141. mál, nál. allshn., þskj. 292; brtt. allshn., þskj. 293.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 16:02.

---

47. FUNDUR

þriðjudaginn 9. desember,
að loknum 46. fundi.

Dagskrá:

1. Skattlagning kolvetnisvinnslu, stjfrv., 208. mál, þskj. 281. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Ársreikningar, stjfrv., 212. mál, þskj. 285. — 1. umr.

Ef leyft verður.

3. Verslun með áfengi og tóbak, stjfrv., 209. mál, þskj. 282. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

4. Virðisaukaskattur, stjfrv., 211. mál, þskj. 284. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

5. Kjararáð, stjfrv., 210. mál, þskj. 283. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

6. Búnaðargjald, stjfrv., 206. mál, þskj. 279. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

7. Embætti sérstaks saksóknara, stjfrv., 141. mál, þskj. 156, nál. 292, brtt. 293. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

8. Íslensk málstefna, stjtill., 198. mál, þskj. 248. — Fyrri umr.

9. Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, o.fl., frv., 124. mál, þskj. 134. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 292 og 293 og 1.–6. dagskrármál voru of seint komin fram. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörkG, EMS, GHH, GMJ, GuðbH, GAK, HSH, HerdÞ, HöskÞ, IllG, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, MS, PHB, RR, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞKG.

2 þm. (ÁÞS, KHG) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EBS, EyH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KolH, KLM, ÓN, RGuðb, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Skattlagning kolvetnisvinnslu, 1. umr.

Stjfrv., 208. mál (heildarlög). — Þskj. 281.

[16:04]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um skattlagningu á kolvetnisvinnslu. Allt frá árinu 1997 hefur markvisst verið kannað hvort olía eða gas, sem nefnt er einu nafni kolvetni í frumvarpinu, finnist á landgrunni Íslands. Benda niðurstöður þeirra kannana til þess að góðar líkur séu á að svo sé. Í ljósi þess voru, að frumkvæði iðnaðarráðuneytisins, samþykkt á Alþingi sérstök lög árið 2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis í efnahagslögsögu Íslands. Í mars 2006 samþykkti ríkisstjórn Íslands síðan að hefja undirbúning að útgáfu leyfa til rannsókna og vinnslu kolvetnis í lögsögu Íslands, nánar tiltekið á svokölluðu Drekasvæði. Þegar hefur verið ákveðið að fyrstu leyfin til rannsókna á vinnslu kolvetnis verði boðin út fljótlega eftir áramót. Það frumvarp sem hér er kynnt er lagt fram í beinum tengslum við komandi útboð enda mikilvægt að reglur um skattlagningu kolvetnisvinnslu liggi fyrir gagnvart þeim aðilum sem hug hafa á að bjóða í leyfin.

Frumvarpið er í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um skattlagningu kolvetnisvinnslu og voru eftirtalin meginmarkmið höfð að leiðarljósi við mótun á þeim tillögum sem fram koma í frumvarpinu:

Að ríkinu verði tryggð ásættanleg hlutdeild í þeim hagnaði sem fellur til vegna nýtingar á takmarkaðri auðlind í eigu þjóðarinnar.

Að Ísland verði í skattalegu tilliti samkeppnishæft við nágrannaríki okkar.

Að skattlagning kolvetnisvinnslu á Íslandi verði einföld og skilvirk.

Með frumvarpinu er lagt til að sérlög gildi um skattskyldu og skattlagningu kolvetnisvinnslu enda um mjög sérhæfða starfsemi að ræða. Miðað er við að lagður verði sérstakur skattur, annaðhvort í formi vinnslugjalds sem er óháð afkomu vinnslunnar eða í formi kolvetnisskatts þegar vinnslan er farin að skila tilteknum lágmarkshagnaði, á alla aðila sem stunda kolvetnisvinnslu eða taka með beinum hætti þátt í öflun og dreifingu kolvetnis í lögsögu Íslands. Jafnframt munu þeir aðilar sem þessa vinnslu stunda einnig greiða skatta og önnur gjöld sem almennt eru lögð á atvinnurekstur á landi, þar með talinn 15% tekjuskatt.

Á þessari stundu ríkir hins vegar fullkomin óvissa um af hvaða stærðargráðu væntanlegar tekjur og útgjöld ríkissjóðs af mögulegri kolvetnisvinnslu hér á landi kunna að verða í framtíðinni. Talið er óraunhæft að ætla að styttri tími en 9 ár líði frá því kolvetnisvinnslufyrirtæki fær leyfi til leitar og rannsóknar þar til vinnsla getur hafist. Þá er óvarlegt að ætla að fjárfestingar þessara fyrirtækja, sem eru í eðli sínu langtímafjárfestingar, skili hagnaði fyrr en að nokkrum tíma liðnum eftir að vinnsla hefst. Með hliðsjón af þessu hefur almennt verið talið að önnur sjónarmið gildi um skattlagningu þessarar vinnslu en almennt gilda um atvinnustarfsemi, enda getur ábati ríkisins verið mikill ef vel tekst til. Samhliða þarf að tryggja að ríkið fái ásættanlega hlutdeild í þeim hagnaði sem til fellur vegna nýtingar á þessari takmörkuðu þjóðarauðlind. Þessi sjónarmið voru höfð að leiðarljósi við útfærslu á því frumvarpi sem hér um ræðir.

Frumvarpið miðar að því að lögin öðlist gildi 1. janúar 2009.

Herra forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[16:08]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég held að nú sé ástæða til þess fyrir hv. alþingismenn að staldra aðeins við og ræða við ríkisstjórnina um framgang þingmála á þessu hausti. Vissulega er það ljóst eins og allir þingmenn vita að hér hefur verið afbrigðilegt ástand í efnahagsmálum eftir að bankarnir féllu í byrjun október og því oft ástæða til þess að afgreiða löggjöf með hraði til að bregðast við þeim aðstæðum. Ég hef staðið að því og mun gera það áfram þegar í hlut eiga þingmál sem eru þannig vaxin að ég tel að þurfi skjóta framgöngu á Alþingi til að bregðast við erfiðum aðstæðum.

En mér hefur fundist að þessi þróun mála hafi farið versnandi og breiðst út til mála sem eiga ekkert skylt við

það ástand sem við höfum búið við síðan í október og er rökstuðningur fyrir afbrigðilegri málsmeðferð hér í þinginu. Það nær til ýmissa þingmála sem hér hafa verið lögð fram, bæði framlagningu þeirra, fyrirtöku á þingfundi, meðferð þeirra á þingfundum og síðan í úrvinnslu þeirra þegar málin eru komin úr þingnefndum.

Ég fellst ekki á að það mál sem um er að ræða sé þannig vaxið að það þurfti nein sérstök afbrigði til að ræða það. Þingið hefur sett sér reglur um hvernig mál fara hér fram. Þær meginreglur ganga út frá því að tími gefist til að skoða málin áður en umræða fer fram og að þjóðinni gefist tími til að frétta af málunum og kynna sér þau áður en umræða fer fram. Þess vegna er meginreglan sú að mál eru ekki rædd fyrr en í fyrsta lagi degi eftir að þingskjölum er útbýtt.

Þegar vikið er frá þessu eru þingmenn sviptir tækifæri til þess að kynna sér málið og það gerir umræðuna lakari. Jafnframt er þjóðin svipt tækifæri til að heyra um málin, að þau hafi verið lögð fram, og missir jafnvel af umræðu því að henni er lokið þegar menn fá loks að vita af því að málin eru komin fram.

Hér er settur nýr fundur og dregin inn á þann fund níu mál sem fæst eru þess eðlis að nokkur ástæða er til að taka á dagskrá með afbrigðilegum hætti. Það mál sem hér er um að ræða og hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir getur út af fyrir sig verið hið þarfasta mál til að setja nauðsynlega lagastoð og marka stefnu til þess að nýta þá auðlind sem kann að vera innan íslenskrar efnahagslögsögu. Ég er tiltölulega jákvæður gagnvart því að kanna möguleikana á nýtingunni og er tilbúinn að vinna að því að setja löggjöf um það efni.

En ég fellst ekki á að ákvörðun ráðherra um fyrirhugað útboð í janúar geri það að verkum að þingið verður að vera hér í blóðspreng að ræða málið. Þingmenn geta hvorki undirbúið sig né sent málið til umsagnar aðila sem hugsanlega ættu að veita ráðgjöf í þessum efnum og gera það að lögum á örfáum dögum eins og ætlast er til.

Ég segi bara, virðulegi forseti, að það er ekki boðlegt. Það er bara engin ástæða til. Það er hætta á því þegar menn ganga inn á þessa braut að afbrigðið verði að reglu og að reglunni sé vikið til hliðar. Afbrigðið festist í sessi sem regla í málum sem það á ekkert við. Sú hætta er sérstaklega mikil þegar stjórnarflokkarnir eru svo fjölmennir að þeir hafa nægan meiri hluta einir og sér til að veita sér öll þau afbrigði sem þeir kjósa.

Mér sýnist það vera tilhneigingin hjá ráðherranum að líta þannig á málin að þau eigi að koma seint fram og fara hratt í gegnum þingið, helst sem minnst skoðuð og rædd. Ég mótmæli þessu, virðulegi forseti.

[16:13]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg óhætt að taka undir með hv. þingmanni um þau meginsjónarmið sem fram koma hjá honum. En eins og hann gat um sjálfur hefur þetta þing verið um margt óvenjulegt vegna þeirra aðstæðna sem verið hafa hjá okkur í haust.

Þó að þau mál sem hér um ræðir tengist ekki beinlínis því ástandi og að ekki sé verið að biðja um afbrigði við þau í dag til að keyra þau í gegn á fáum sólarhringnum eru þetta mál sem tafist hafa í vinnslu í ráðuneytunum vegna þess að þar hafa menn verið í önnum vegna þess óvenjulega ástands sem hér hefur verið. Ástæðan fyrir því að beðið var um afbrigði til þess að þau gætu komist á dagskrá í dag var einfaldlega til þess að nýta daginn. Það var ekki margt á dagskrá. Þetta er gert til að flýta fyrir því að þessi mál geti komist til nefndar, fái fullnægjandi skoðun þar og, ef þingið kýs svo, til að þau verði afgreidd fyrir jólin því að mörg þeirra eru þess eðlis að það þyrfti að gera.

En eins og fram kom hjá hv. þingmanni hefur það auðvitað þau áhrif að 1. umr. verður kannski ekki eins notadrjúg eins og ella hefði orðið en það gerir það hins vegar að verkum að starfið í nefndinni ætti að geta orðið meira. Ég vil biðja bæði hv. þingmann sem hóf máls á þessu og aðra hv. þingmenn að sýna þessu sjónarmiði skilning í störfum sínum.

[16:15]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef miða á við venjulegan gang mála í þingnefndum mundi meðferð málsins taka svona þrjár, fjórar vikur í þingnefnd og málið verða afgreitt einhvern tíma undir lok janúar, það væri svona hinn venjulegi gangur í þinginu í afgreiðslu á máli sem þessu. Hér er ætlast til þess að þetta verði að lögum 1. janúar, sem þýðir að það verður að afgreiða það núna áður en þingið fer heim í jólaleyfi, hvenær sem það nú verður. Það er ljóst að meðferð málsins er ekki nema brot af þeim tíma sem venja er.

Því til viðbótar sé ég ekki þörfina á því að taka þetta mál fyrir í dag í stað þess að ræða það á morgun, ég átta mig bara ekki á því. Af hverju var ekki hægt að leyfa okkur að skoða þessi þingskjöl sem okkur voru sýnd hérna klukkan hálftvö í dag og geta kynnt okkur þau til morguns og taka þau þá til umræðu? Ég átta mig ekki á því, virðulegi forseti, mér finnst þetta eiginlega algjörlega fráleitt.

Ég frétti af þessum fundi fyrir rúmri klukkustund, að til stæði að setja nýjan fund og taka slatta af málum inn sem var verið að dreifa í dag. Það er bara ekkert í lagi, virðulegi forseti, að þingið starfi svona. Þingið hefur sett sér þá reglu að starfa með öðrum hætti og það á í meginatriðum að halda sig við það. Auðvitað eiga menn að víkja frá því eftir því sem efni standa til og þingsköp leyfa þegar ástæða er til og það hef ég farið yfir. Mér finnst bara menn vera komnir of langt inn á þessar brautir, virðulegi forseti.

[16:17]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan finnst mér sjónarmið hv. þingmanns alls ekki óeðlilegt en ef við tökum þetta mál sérstaklega þá ber þess að geta að það er ekki alveg ókynnt í umræðunni, efnisatriðin hafa verið kynnt opinberlega og menn eiga því ekki að koma alveg kaldir að málinu. Eins og ég sagði áðan að með því að koma málinu hratt og örugglega inn í þingið er frekar verið að hjálpa til við það að þingnefndin fái góðan tíma til þess að skoða málið þó að ég viðurkenni að tímaramminn sé þröngur, en við erum þó innan þess ramma að gera það sem við getum til þess að

nefndin fái sem bestan tíma.

[16:18]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil taka heils hugar undir orð hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og tek undir gagnrýni hans á ríkisstjórnina og kannski líka á forseta Alþingis. Það er auðvitað spurning hvort forseti Alþingis eigi ekki að hafa sterkari bremsur en raun ber vitni. Mér þótti nóg um þegar íslensk málstefna sem við ræddum fyrr í dag kom á dagskrá fundarins en hún var sett á dagskrá með afbrigðum. Þá hugsaði maður með sér að meira að segja íslensk málstefna þyrfti að fara á dagskrá þingsins með afbrigðum. Þetta er auðvitað ekki nógu góður svipur.

Svo segi ég sömu sögu og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, það er innan við klukkutími síðan ég fregnaði að hér ætti að setja nýjan fund klukkan fjögur og að af níu málum sem eru á dagskrá eru sjö sett á dagskrána með afbrigðum. Það er langt í frá að þetta geti talist sæmandi, hæstv. forseti, og jafnvel þó að við séum að fara í gegnum óvanalegar aðstæður þá tel ég það hvorki réttlæta né afsaka að hér sé unnið með þessum hætti.

Í umhverfisnefnd Alþingis var tekin fyrir í morgun beiðni frá iðnaðarnefnd um að gefa umsögn um frumvarp til laga um kolvetnisvinnslu. Þetta frumvarp um skattlagningu kolvetnisvinnslu er beintengt því frumvarpi, eins og kemur fram í greinargerð. Á fundi umhverfisnefndar í morgun, þar sem við vorum að taka á móti gestum til þess að undirbúa umsögn okkar til iðnaðarnefndar, kom fram að ráðuneytin hafa látið undir höfuð leggjast að hafa samráð við allar þær stofnanir sem eiga að koma að þessum málum. Með öðrum orðum, hæstv. forseti, hér er verið að búa til glænýtt lagaumhverfi fyrir gríðarlega sérhæfðan iðnað, sem er olíuiðnaður, og ég spyr hvort ríkisstjórnin sé í raun og veru vakandi og með opin augun þegar hún setur þessi frumvörp á dagskrá jafnóundirbúið og raun ber vitni. Og það kemur í ljós að stofnun eins og Skipulagsstofnun, sem á að sjá um stóran þátt, á að hafa samkvæmt frumvarpi iðnaðarráðherra gríðarlega mikið hlutverk, svo mikið að það nær allan hringinn í kringum borðið, það er með þeim hætti að það er fullkomlega óásættanlegt stjórnsýslulega hvernig hlutverk Skipulagsstofnunar er útlistað í frumvarpinu. Með öðrum orðum, þetta mál er fullkomlega vanreifað og ég fullyrði að um leið og ég er búin að kíkja á mál iðnaðarráðherra hlýtur þetta mál fjármálaráðherra að vera með svipuðum hætti vanreifað því að hér er um anga af máli iðnaðarráðherra að ræða. Að ætla að fara að setja á dagskrá frumvörp sem tengjast innleiðingu gríðarlega umfangsmikils iðnaðar eins og olíuvinnslu með þessum hætti, getum við ekki sætt okkur við, hæstv. forseti.

Það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að það sé frá árinu 1997, þá hafi verið með markvissum hætti kannað hvort olía eða gas finnist á landgrunni Íslands. Það segir að í mars 2006 hafi ríkisstjórn Íslands, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að öllum líkindum, ákveðið að hefja undirbúning að útgáfu leyfa til rannsókna og vinnslu kolvetnis í lögsögu Íslands, nánar tiltekið á svokölluðu Drekasvæði. Í mars 2006, það eru sem sagt tæp þrjú ár síðan ríkisstjórn tók ákvörðun um þetta og þegar málin koma fyrir þingið koma þau í einhverri tímapressu og greinilega svo illa útbúin að það vantar mikið upp á að þau séu boðleg eða þinghæf.

Ég fullyrði héðan úr þessum ræðustól, hæstv. forseti: Allar hugmyndir ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar eru vanreifaðar og illa undirbúnar varðandi þetta stóra mál, varðandi það að fara út í að hefja stórfelldan olíuiðnað á Drekasvæðinu innan lögsögu Íslands. Að ekki sé minnst á það að ríkisstjórnin þykist vera að búa til einhverja stefnu sem geti verðskuldað að vera kennd við sjálfbæra þróun og hér eigi að auka hlut vistvænna orkugjafa. Átta menn sig ekki á því að olíuvinnsla fer í þveröfuga átt? Hvar hafa menn þá verið? Ætla menn að keyra hér eftir sjálfbærri orkustefnu og taka ábyrgð á því í gegnum öll lög ákvarðana hér á Alþingi og í stjórnsýslunni eða ætla menn að búa til vistvæna orkustefnu með annarri hendinni og hefja olíuiðnað með hinni? Hvað er hér í gangi? Má ég biðja um, hæstv. forseti, að það sé þá gert með þeim hætti að undirbúningur málanna sé með fullum sóma. Því er ekki að heilsa í þessu máli.

Ég ítreka mótmæli gegn því að mál af þessu tagi skuli tekin á dagskrá með þessum hætti og þinginu gefinn jafnsnautlegur tími til þess að fjalla um þau. Því eins og hefur komið fram þarf þetta frumvarp að vera samþykkt fyrir jólaleyfi til þess að hægt verði að fylgja þeirri áætlun sem ríkisstjórnin er með, að hefja útboð leyfanna fyrir miðjan janúar næstkomandi. Það er skömm að þessu, hæstv. forseti, skömm að því að okkur skuli boðið upp á að taka þátt í vinnu af þessu tagi.

[16:24]

Katrín Júlíusdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir margt sem komið hefur fram, bæði hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og Kristni H. Gunnarssyni varðandi það hvernig mál koma fyrir þingið þessa dagana og ég tel rétt að við þingmenn séum á varðbergi hvað þetta varðar og látum í okkur heyra um hvernig vinnubrögð við viljum viðhafa.

Ég verð samt að gera athugasemdir við ummæli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um umrætt mál vegna þess að hún fór að þvæla inn í það mál vinnubrögðum um frumvarp sem nú liggur fyrir hjá iðnaðarnefnd og hefur legið þar í nokkrar vikur, um kolvetnisvinnsluna. (**Gripið fram í:** Nokkrar vikur?) Á því máli, virðulegi forseti, er engin dagsetning. (Gripið fram í.) Það er engin dagsetning á því máli, ef ég má tala, virðulegi forseti, það er engin dagsetning á því hvenær því eigi að vera lokið og það mál er í eðlilegri vinnslu innan iðnaðarnefndar og það er ekki búið að ákveða að eigi að fá einhverja sérstaka flýtimeðferð. Við erum að reyna að vinna það hratt og örugglega og málefnalega og fara í gegnum öll efnisatriði þess eins og við teljum best.

Virðulegi forseti. Jafnframt frábið ég mér að hv. þingmaður sé að tala um vinnubrögð í því máli þegar vinna við það fer fram með efnislegum hætti og engin tímasetning hefur verið sett á hvenær nefndin ljúki vinnu sinni í því.

Virðulegi forseti. Varðandi það mál sem hér er til umræðu þá er sagt að einhver flýtimeðferð hafi átt sér stað, að það vanti gögn og annað. Ég er hér með skýrslu frá því í mars 2007, en á þeim tíma var hv. þm. Valgerður Sverris-

dóttir iðnaðarráðherra, mjög góða skýrslu um þetta mál frá A til Ö, þannig að þetta er ekki að koma algjörlega nýtt til þingmanna nú. Við fjölluðum um þetta þann vetur í iðnaðarnefnd og hér stendur líka, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) að það væri óskað eftir athugasemdum við skýrsluna (Forseti hringir.) sem er leiðarvísir þeirrar vinnu sem er í gangi. Hér hefur því ekki (Forseti hringir.) verið unnið með neinum óeðlilegum hætti, virðulegi forseti.

[16:26]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara segja við hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur að mér þykir afskaplega leitt ef ég hef reitt hv. þingmann til reiði með því, eins og hún orðaði það, að þvæla hér inn í umræðu um mál hæstv. fjármálaráðherra, umræðu um frumvarp um kolvetnisvinnslu, en það vill þannig til að þessi mál eru nátengd. Ef við ætlum okkur að fara að undirbúa olíuvinnslu á hafsvæði Íslands, í íslenskri lögsögu, skulum við gera það með þeim hætti að sómi geti verið að.

Ég þekki skýrsluna sem hv. þingmaður veifaði hér í ræðustóli. Ég fékk hana reyndar ekki í hendur fyrr en núna á þessum þingvetri og ég tel það allt í lagi því ég sá ekki fyrir mér að við værum að taka þetta mál hér í gegn um kolvetnisvinnsluna með einhverju hraði og hélt því að það yrði til þess nógur tími. En þegar maður fer að lesa þessi mál bæði í botn sjáum við dagsetninguna 15. janúar, að leyfin eigi að vera tilbúin til útboðs 15. janúar. Þegar þau leyfi verða tilbúin til útboðs hefði maður ætlað að lögin um kolvetnisvinnslu ættu líka að vera tilbúin til þess að við vissum á hvaða grundvelli leyfin eru gefin út. Þess vegna er hæstv. fjármálaráðherra kominn með þetta mál sem við nú ræðum inn í þingið og þess vegna er verið að vinna málin í þingnefndum sem varða hitt málið og þau þurfa auðvitað bæði að vera tilbúin á svipuðum tíma ef umhverfið í kringum þessa gríðarlegu iðnaðarvinnslu á að verða með þeim hætti að það sé hægt fyrir leyfisumsækjendur að vita í hvaða umhverfi þeim verður gert að starfa. Þannig að, afsakið, herra forseti, þessi mál eru nátengd og það er alveg eðlilegt að þau fari samferða í gegnum þingið.

Tímapressan sem er á þessu máli sem við hér ræðum hlýtur því að yfirfærast yfir á hitt málið. Ég tel mig því hafa verið fullum rétti með — eins og hv. þingmaður orðaði það — að þvæla (Forseti hringir.) því máli hér inn í umræðuna.

[16:28]

Katrín Júlíusdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði ekki „að þvæla því máli hér inn í umræðuna“ heldur vinnubrögðunum í því máli, þar sem það mál er í vinnslu innan iðnaðarnefndar og það er meira en ein vika og meira en tvær vikur síðan fyrir því máli var mælt hér í þingsölum. Við skulum því hafa það alveg á hreinu að það er ætlun þess formanns iðnaðarnefndar sem hér stendur að það mál fái góða, djúpa, efnislega umfjöllun og ég ætla að biðja þingmenn um að gera ekki mönnum upp að þeir ætli að vinna þingmál sem lögð eru fram í þinginu, illa og hroðvirknislega. Það er hvorki ætlun þeirrar sem hér stendur né annarra í iðnaðarnefndinni sem vinna að því máli vegna þess að við ætlum að vanda til þeirra verka. Ef við náum því fyrir 15. janúar er það frábært, ef ekki verður að breyta þeirri dagsetningu vegna þess að þetta mál ætlum við að vinna vel á grundvelli þeirrar góðu skýrslu sem ég hef áður nefnt.

Mér þykir undarlegt ef hv. þingmaður er fyrst að vita af þeirri skýrslu nú í vetur vegna þess að hún kom út í mars 2007 og var kynnt innan þingsins þá og í þeirri iðnaðarnefnd sem þá sat, en í henni sat ég og fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og við fengum, ásamt öðrum fulltrúum nefndarinnar, rækilega kynningu á skýrslunni þar.

[16:30]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í tilefni síðustu orða hv. þingmanns þá er það rétt að skýrslan hefur verið kynnt í iðnaðarnefnd en þar hef ég aldrei átt sæti. Ég á hins vegar sæti í umhverfisnefnd Alþingis og skýrslunni var fyrst dreift þar í vetur, svo að það sé allt á hreinu.

Varðandi hina góðu og djúpu umræðu sem hv. formaður iðnaðarnefndar vill að fari fram um þessi mál vil ég segja þetta: Mælt var fyrir frumvarpi iðnaðarráðherra um kolvetnisvinnslu hinn 21. nóvember, (Gripið fram í.) það eru kannski tvær vikur síðan. Málið hefur ekki enn, eftir því sem ég best veit, verið tekið á dagskrá iðnaðarnefndar. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Það kann að vera rétt, ég á ekki sæti í iðnaðarnefnd. Í síðustu viku var það tekið — (Forseti hringir.) Takk fyrir, forseti.

(**Forseti** (EMS): Forseti vill biðja þingmenn um að vera ekki í samtölum hér.)

Takk fyrir, forseti. Það upplýstist hér í frammíkalli hv. formanns iðnaðarnefndar að málið hafi verið tekið á dagskrá iðnaðarnefndar í síðustu viku. Á þeim fundi var ákveðið að senda málið til umhverfisnefndar. Umfjöllun umhverfisnefndar fór fram á fundi í morgun. Hann var innan við klukkutíma langur. Á hann komu á annan tug gesta sem tappað var af og við spurðum út í málið. Þar komu fram gríðarlega alvarlegar athugasemdir fyrst og fremst frá Skipulagsstofnun, sömuleiðis frá Náttúrufræðistofnun Íslands og ákveðnar tæknilegar ábendingar frá Umhverfisstofnun og fleiri aðilum. Ég tel því fullt tilefni til að gagnrýna þá málsmeðferð sem hér er viðhöfð. Ég tel það algjöran óþarfa hjá hv. formanni iðnaðarnefndar að fyrtast við því að það er augljóst að mál af þessari stærðargráðu fær ekki nægan tíma í nefndunum ef afgreiða á þetta sem lög fyrir 15. janúar.

Yfirlýsing hv. formanns nefndarinnar er hins vegar mikilvæg. Hún segir: (Forseti hringir.) „Ef þörf er á því að færa þá dagsetningu til verður það gert.“ Ég vona að hæstv. fjármálaráðherra hafi verið að hlusta.

[16:32]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Hér er komið til umfjöllunar áhugavert mál sem er frumvarp til laga um skattlagningu kolvetnisvinnslu. Áður en ég ræði efnislega um frumvarpið vil ég láta það koma fram að ég get tekið undir með þeim sem talað hafa um að málið komi mjög seint fram og sé tekið hér á dagskrá með afbrigðum. Þingmenn hafa því ekki fengið

tækifæri til þess að kynna sér efnisinnihaldið. Engu að síður held ég að ástæða sé til að fagna því sérstaklega að það virðist vera að ríkisstjórnarflokkarnir séu sammála um þetta mál og það er kannski í fyrsta skipti sem svo er í sambandi við atvinnumál þessarar þjóðar. Ástæða er til að óska hæstv. fjármálaráðherra til hamingju með það, (Gripið fram í.) að svo virðist vera, miðað við það að hæstv. iðnaðarráðherra mælti nýlega, eins og hér hefur komið fram, fyrir máli sem varðar kolvetnisvinnslu og er það til umfjöllunar í iðnaðarnefnd.

Eins og hér kemur fram var það á árinu 2001 að lög nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, voru samþykkt hér á Alþingi að frumkvæði iðnaðarráðherra. Það er því nokkur aðdragandi að því að við setjum þau lög sem frumvarpið kveður á um og reyndar er hægt að fara lengra aftur í tímann til að fara yfir sögu málsins. Því er ekki að neita að ég hef mikinn áhuga á þessu máli og hef haft það og snýr það að kjördæmi mínu, sem er Norðausturkjördæmi. Menn gera sér vonir um að þar geti skapast störf í tengslum við það að þarna geti hugsanlega fundist kolvetni, bæði olía og gas, jafnvel á hinu svokallaða Drekasvæði sem er norðaustur af landinu. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur haft stór orð um það að við verðum ríkasta þjóð í heimi þegar þetta hefur fundist allt saman og við skulum bara trúa því, þó að ég ætli kannski ekki að taka svo mikið upp í mig að rétt sé að vera svolítið bjartsýnn í sambandi við þetta allt saman.

Það mál sem hér er komið fram svo seint sem raun ber vitni snýst um skattlagninguna, sem sagt skattlagningu auk hinnar hefðbundnu. Þar sem ég hef getað kíkt í textann sýnist mér að ákveðin nefnd eigi að vera að störfum — sem er samt ekki ákveðið, sennilega fer það eftir því hvort einhver verðmæti finnast. Ef nefnd verður að störfum verður hún þriggja manna og fjármálaráðherra skipar hana og hún mun mánaðarlega ákveða viðmiðunarverð. Mér þætti gott ef hæstv. ráðherra mundi vilja útskýra þetta svolítið fyrir okkur hv. þingmönnum, t.d. hvernig þessi nefnd verður skipuð. Hún á að vera alveg sjálfstæð. Eru einhverjar tilnefningar í því eða er hún bara skipuð sisona af hæstv. ráðherra?

Komið hefur fram að ekki er algjör samstaða um það í landinu hvort nýta eigi þau verðmæti sem þarna kunna að vera. Eftir því sem ég skil t.d. formann Náttúruverndarsamtaka Íslands heyrist mér hann á móti því að nýta þessa auðlind þó að hún sé hugsanlega til staðar. Hann talar um að það samræmist ekki stefnu ríkisstjórnarinnar að fara í vinnslu kolvetnis við Íslandsstrendur og sjálfsagt því síður í landi. Hæstv. iðnaðarráðherra neitaði því hér í umræðu um daginn að það væri rétt hjá þessum ágæta formanni náttúruverndarsamtakanna að vinnsla kolvetnis samrýmdist ekki stefnu ríkisstjórnarinnar. Ég vildi gjarnan fá að heyra hæstv. fjármálaráðherra láta þau orð falla hér líka. Mér fyndist það með ólíkindum ef einhver spurning er um það að þessi auðlind skuli nýtt ef þarna finnast jarðlög sem gefa verðmæti.

Vissulega er þetta allt saman á miklu dýpi og það er kostnaðarsamara en engu að síður trúi ég því að þetta sé mál sem við eigum að halda áfram að vinna að. Að því leyti til get ég fagnað því að þetta frumvarp sé fram komið en ítreka það sem aðrir hv. þingmenn hafa sagt að það kemur náttúrlega ákaflega seint inn í þingið. Það kemur seint þrátt fyrir að fjármálaráðuneytið sé vel skipað af starfsfólki. Samkvæmt svari sem ég fékk nú nýlega frá hæstv. forsætisráðherra eru sjö starfsmenn ráðnir tímabundið í ráðuneytið fyrir utan alla þá sem eru svo ráðnir á hefðbundinn hátt. Það er því umhugsunarefni að hæstv. ráðherra skuli ekki geta verið fyrr á ferðinni með þetta mál.

[16:38]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir jákvæð viðbrögð gagnvart frumvarpinu. Hún spurði um tvö atriði. Hún spurði hvort það samrýmdist stefnu ríkisstjórnarinnar að vinna kolvetni og það gerir það, ella hefðu þau frumvörp sem hér er verið að fjalla um ekki verið flutt.

Hv. þingmaður spurði síðan sérstaklega um viðmiðunarverðsnefndina en eins og fram kemur í frumvarpinu er verð á kolvetni lagt til grundvallar útreikningi á gjöldum. Ástæðan fyrir því að sú leið er farin að nota viðmiðunarverð sem þessi nefnd ákveður er sú að það tíðkast talsvert í olíuheiminum að olíuvinnslufyrirtækin skipti við tengda aðila og því getur það haft áhrif á verðlagninguna. Þetta er til þess að tryggja að miðað sé við það verð sem tíðkast í heiminum á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir því að settar verði nánari reglur um það hvernig nefndin vinnur en ekki er gert ráð fyrir neinum tilnefningum eins og fram kom hjá hv. þingmanni hvað þetta varðar. Enda má kannski segja að þetta sé tæknilegt atriði þar sem verið er að miða við það verð sem er í gangi í heiminum á hverjum tíma. Hins vegar er gert ráð fyrir því að þeir aðilar sem þarna eru hafi tiltekna þekkingu, eins og kemur fram í 6. gr., í lögfræði, hagfræði og kolvetnisvinnslu.

[16:40]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég bað um orðið undir andsvari hv. formanns iðnaðarnefndar, Katrínar Júlíusdóttur, til að mótmæla þeim orðum hennar að hv. iðnaðarnefnd hafi haft þau mál sem hér voru rædd, um olíuvinnslu, rannsóknir eða leit að olíu á Drekasvæðinu, til umfjöllunar í nokkrar vikur. Það er einfaldlega rangt og ég vil að það komi skýrt fram í þessum ræðustól, (Gripið fram í.) hv. iðnaðarnefnd hefur ekki haft þetta mál til umfjöllunar í nokkrar vikur.

Það sem er rétt í þessu máli er, eins og fram kom hér áðan, að mælt var fyrir því máli sem um ræðir þann 21. nóvember sl. og var því vísað til hv. iðnaðarnefndar. Það er ömurlegt, vil ég segja, það vinnulag sem menn leggja hér upp með. Ekki einungis að verið sé að hrúga hér inn málum eins og gert hefur verið með því að boða þennan viðbótarfund hér með níu málum, öllum nema einu, á afbrigðum. Ekki er nóg með að afgreiða eigi þetta allt fyrir áramót heldur eru fjáraukalög og fjárlög ekki einu sinni komin hér inn í þingið til 2. umr. Eða á ég að segja: Ný fjárlög eru ekki einu sinni komin inn í þingið til umræðu. Það er því alveg ljóst að hversu mikið sem þingmenn vilja leggja sig fram og vinna í desember í nefndum og hér í þinginu þá er ekkert sem heitir eðlileg málsmeðferð eða vinnubrögð í boði ríkisstjórnarinnar, ríkisstjórnar sem þarf að funda und-

ir lögregluvernd þessa dagana. Það er staðan sem er uppi í samfélaginu.

Svo eru menn kallaðir hér til til þess að ræða skattlagningu kolvetnisvinnslu og taka það fyrir með afbrigðum, afgreiða það fyrir áramót, takk. Ég verð að segja eins og er og oft hefur komið hér fram í haust að þeir þingmenn sem eru nýir á þessum vinnustað, eins og sú sem hér stendur, hafa orðið æðitakmarkaða þolinmæði fyrir því vinnulagi sem viðgengist hefur. Ég verð að segja það hreint eins og er að þegar frumvarpið um kolvetnisstarfsemina kom til umræðu 21. nóvember sl. benti ég á hversu mikilvægt það væri að það mál kæmi fyrir umhverfisnefnd. Ef rétt hefði verið á málum haldið hefðu hv. iðnaðarnefnd, hv. umhverfisnefnd og hv. efnahags- og skattanefnd þurft að fara yfir þessi mál sameiginlega og gefa sér góðan tíma til að vinna hlutina saman, vegna þess að þetta er allt háð hvað öðru.

Álitamálin sem hér er verið að fjalla um varðandi mögulega skattlagningu á þessum iðnaði hanga saman við þá stefnu sem tekin verður um það hvernig við ætlum að gæta almennt hagsmuna eigendanna, almennings í landinu, eigenda auðlinda á hafsbotni, í þessu tilfelli, eða annarra auðlinda. Gæta þarf hagsmuna þeirra hvað varðar leyfisveitingarnar og framsal á nýtingu auðlindarinnar sem er til umfjöllunar í hv. iðnaðarnefnd. Einnig þarf að gæta að því hvaða áhrif rannsóknir og vinnsla á þessum efnum kann að hafa á lífríki og lífsmöguleika með ströndum og á nytjastofna okkar ef slys verður eða óhapp. Að auki þarf að gæta að því hvernig gjaldtöku skuli háttað á bæði rannsóknum og vinnslu og loks skattlagningu á það sem þarna kann að koma upp.

Ef eitthvert vinnulag væri af viti á hv. Alþingi ættu þessar nefndir að fá tíma til að setjast yfir hlutina og taka það í heild. Það verklag væri til sóma. Þetta er stórt mál, í því eru mörg álitaefni og ég vil ítreka og taka undir það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði hér áðan að við þurfum, Íslendingar, að muna mjög vel eftir ábyrgð okkar í umhverfismálum, ábyrgð okkar á lofthjúpi jarðar, þeirri sérstöðu sem við höfum til að draga úr hitahækkun í lofthjúpnum með því að nýta orkuauðlindir okkar í vatnsafli og jarðvarma með skynsömum hætti. Við eigum að leggja áherslu á endurnýtanlega orku og sjálfbæra þróun.

Það mál sem hér er til umræðu — ég er ekkert að segja að við séum komin að því að vinna olíu hér á landi á Drekasvæðinu en það er alveg ljóst að slík vinnsla fer ekki saman við sjálfbæra þróun og þau verkefni sem eru uppi og varða loftmengun og hitun í lofthjúpi jarðar.

Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls hérna en ég get ekki annað en notað tækifærið til að mótmæla því enn og aftur hvernig vinnulagi er háttað á hv. Alþingi. Ég ítreka það að ég tel að eins og málin eru lögð upp hafi engin þeirra nefnda sem hér hafa verið nefndar, ekki hv. iðnaðarnefnd, ekki hv. umhverfisnefnd og ekki heldur hv. efnahags- og skattanefnd, nægilegan tíma til að fara yfir þessi mál, ekki bara vegna þess hversu seint þau eru fram komin heldur líka vegna annarra verkefna og einkanlega fjárlagafrumvarps og fjáraukalagafrumvarps sem er ekki komið fram.

[16:47]

Katrín Júlíusdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er enn jafnundrandi og ég var áðan á því að hv. þingmenn Álfheiður Ingadóttir og Kolbrún Halldórsdóttir skuli tala hér eins og við ljúkum nú á eftir eðlilegri þinglegri meðferð á málinu um kolvetnisvinnsluna, sem tengist þessu máli, vegna þess að svo er alls ekki. Hún er rétt að hefjast og mun hefjast í fyrramálið með samræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga, sem hefur gert við þetta talsverðar athugasemdir. Í kjölfarið munum við ræða við ráðuneytið og á morgun fáum við einnig inn umsagnir og köllum til gesti í framhaldi af því. Hér er málið því í efnislegri vinnslu og þess vegna stend ég eiginlega í forundran að menn skuli tala með þeim hætti sem hér er gert vegna þess að svo er alls ekki.

Hv. þingmaður sagði líka að hún teldi það eðlilegt vegna umfangs málsins að hv. efnahags- og skattanefnd, hv. umhverfisnefnd og hv. iðnaðarnefnd funduðu saman um málið í heild. Það þykir mér ekkert verri tillaga en margar aðrar og aldrei að vita nema akkúrat það verði gert. En málið sem við ræðum hér var að koma á dagskrá í dag þannig að ekki hefur verið uppi á borðinu fram að þessu í þinglegri meðferð að efnahags- og skattanefnd kæmi að málinu.

Nú eru hins vegar þessi tvö mál bæði komin inn og þá tel ég að þetta komi vel til greina.

[16:48]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að frumvarpið sem hér var tekið á dagskrá með afbrigðum í dag var boðað og kynnt um leið og mælt var fyrir frumvarpi iðnaðarráðherra um olíuvinnslu og rannsóknir.

[16:49]

Katrín Júlíusdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sýnir kannski líka að þessi mál hafa verið talsvert rædd hingað til og ekki kemur alveg flatt upp á þingmenn að þessi mál skuli vera á leiðinni hér inn og vísa ég enn og aftur til þeirrar löngu umfjöllunar sem um þetta mál hefur verið og hófst með skýrslunni sem ég ræddi áðan.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Ársreikningar, 1. umr.

Stjfrv., 212. mál (heimild til færslu bókhalds í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 285.

[16:50]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram í ljósi þess ástands sem nú ríkir í efnahagslífi landsins og þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á gengi íslensku krónunnar á árinu 2008. Sú þróun

kann í sumum tilfellum að vekja upp spurningar um hvaða starfrækslugjaldmiðill, í skilningi laga um ársreikninga, gefur í raun rétta mynd af afkomu og efnahag félaga á reikningsárinu 2008. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skulu stjórnendur þeirra fyrirtækja sem fara eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum leggja mat á, við gerð ársreiknings, hvaða starfrækslugjaldmiðill gefi sem gleggsta mynd af rekstri félagsins.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga um ársreikninga skal umsókn um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli berast ársreikningaskrá tveimur mánuðum fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs. Verða skilyrði laganna fyrir veitingu slíkrar heimildar að vera uppfyllt þegar í upphafi reikningsársins.

Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er lagt til ákvæði til bráðabirgða við lögin sem veitir ársreikningaskrá heimild til að taka til meðferðar umsóknir um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli annars vegar fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar á því ári og hins vegar fyrir reikningsárið sem hefst 1. janúar 2009, jafnvel þótt slík umsókn berist ekki ársreikningaskrá fyrr en 15. desember 2008. Með öðrum orðum er ársreikningaskrá annars vegar heimilað að samþykkja afturvirkt slíkar beiðnir félaga fyrir reikningsárið 2008 og hins vegar er framlengdur umsóknarfrestur fyrir reikningsárið 2009. Skilyrði fyrir veitingu heimildar ársreikningaskrár eru eftir sem áður þau sem fram koma í 8. gr. ársreikningalaganna.

Með frumvarpinu er því tímabundið, með vísan til núverandi ástands efnahagsmála, verið að opna fyrir það að þeim félögum sem sannanlega uppfylla skilyrði ársreikningalaga til þess að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli á reikningsárinu 2008, en sóttu ekki um heimild til þess á árinu 2007, verði gert kleift að fá slíka heimild afturvirkt. Til jafnræðis er að sama skapi framlengdur umsóknarfrestur til 15. desember fyrir þau félög sem óska eftir að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli á reikningsárinu 2009.

Virðulegi forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Verslun með áfengi og tóbak, 1. umr.

Stjfrv., 209. mál (álagning ÁTVR). — Þskj. 282.

[16:52]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak sem snúa að álagningu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á áfengi og tóbak. Breytingarnar taka mið af áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5035/2007, frá 17. nóvember 2008, sem fjallar um fyrirkomulag álagningar á áfengi og tóbak hjá ÁTVR.

Niðurstaða umboðsmanns er sú að núgildandi lagaumhverfi heimili ekki að álagning ÁTVR sé ákveðin með þeim hætti sem nú er gert. Í kjölfarið hefur umboðsmaður beint þeim tilmælum til fjármálaráðherra að hugað verði að því að endurskoða fyrirkomulag álagningar ÁTVR og að kanna hvort nauðsynlegt sé að leggja til á vettvangi Alþingis að núgildandi ákvæðum laga nr. 63/1969 verði breytt í kjölfar álitsins.

Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er styrkari stoðum skotið undir núverandi framkvæmd álagningar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á áfengi og tóbak. Ekki er því um efnislegar breytingar að ræða að því undanskildu að lagt er til að sama álagning verði á áfengi í reynslusölu og á öðru áfengi. Að auki er með frumvarpinu lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins geti innheimt sérstakt þjónustugjald vegna þess kostnaðar sem leiðir af töku nýrrar vöru til sölu.

Frumvarpið miðar að því að lögin öðlist þegar gildi.

Verði frumvarpið að lögum er áætlað að það muni ekki leiða af sér aukin kostnað fyrir ríkissjóð.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 211. mál (gjaldaaðlögun og uppgjörstímabil). — Þskj. 284.

[16:54]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lögin sem kveður á um að á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilsins september til október 2008 sé heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna uppgjörstímabilsins, þó svo einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, samanber nýsamþykkt lög nr. 130/2008, um breytingu á tollalögum.

Með þessari tímabundnu breytingu er komið til móts við aðkallandi vanda fyrirtækja vegna gjalddaga virðisaukaskatts fyrir uppgjörstímabilið september til október, en sá gjalddagi var þann 5. desember 2008. Með ákvæðinu er verið að bregðast við brýnni þörf á gjaldaaðlögun fyrirtækja vegna þess gengisfalls, samdráttar og verðbólgu sem ríkir í íslensku efnahagslífi um þessar mundir.

Að óbreyttum lögum er þeim aðilum sem notfært hafa sér frestsheimildir á grundvelli laga nr. 130/2008 einungis heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu þann hluta virðisaukaskatts vegna innflutnings sem greiddur hefur verið fyrir gjalddaga. Með frumvarpinu er verið að bregðast við þessari stöðu og tryggja að aðili sem stendur

skil á virðisaukaskatti á gjalddaga 5. desember 2008 geti að fullu notið innskattsréttar vegna uppgjörstímabilsins, þrátt fyrir tímabundnar breytingar á fyrirkomulagi gjalddaga á aðflutningsgjöldum.

Í öðru lagi er með frumvarpinu lagt til að fyrirtæki geti fengið heimild hjá skattstjóra til þess að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur. Fyrirtæki sem að svo háttar til hjá hafa á tíðum mikla fjármuni bundna í virðisaukaskatti og hefur sú binding aukist eftir að hið lægra þrep virðisaukaskatts var lækkað úr 14% í 7%. Til að koma til móts við fyrirtæki sem kaupa vörur eða þjónustu með 24,5% virðisaukaskatti en selja afurðir sínar með 7% virðisaukaskatti er þessi breyting lögð til. Dæmi um fyrirtæki sem ákvæðinu er ætlað að ná til eru mjólkurframleiðendur en þeir kaupa ógerilsneydda mjólk í hærra þrepinu en selja afurðir sínar í hinu lægra.

Virðulegi forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Kjararáð, 1. umr.

Stjfrv., 210. mál (launalækkun alþingismanna og ráðherra). — Þskj. 283.

[16:56]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 47/2006, um kjararáð.

Frumvarp þetta er lagt fram í ljósi alvarlegrar stöðu efnahagsmála, fyrirsjáanlegrar skerðingar ríkistekna og framtíðaráætlana í þjóðarbúskapnum. Með frumvarpinu er í fyrsta lagi mælt fyrir um að kjararáð skuli taka nýja ákvörðun fyrir árslok er feli í sér 5% til 15% launalækkun alþingismanna og ráðherra. Lagt er til að óheimilt verði að endurskoða þann úrskurð til hækkunar út árið 2009. Ákvæði þessu er því ætlað að gilda tímabundið og að því búnu getur kjararáð að nýju fellt úrskurð um þann hóp sem frumvarpið nær til, að teknu tilliti til kjara hjá viðmiðunarhópum eins og þau verða á þeim tíma.

Í öðru lagi mælir frumvarpið fyrir um að kjararáð skuli svo fljótt sem auðið er kveða upp nýjan úrskurð um aðra sem undir ráðið heyra til samræmis við þá launalækkun sem ákvörðuð hafi verið til handa alþingismönnum og ráðherrum. Kjararáði er eftirlátið svigrúm til að útfæra þá ákvörðun. Við mat á þessu má gera ráð fyrir að kjararáð líti bæði til ákvörðunar varðandi alþingismenn og ráðherra og launaþróunar hjá viðmiðunarhópum að því marki sem hún liggur fyrir í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2006.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að kjararáð taki við ákvörðun sína tillit til stjórnskipulegrar sérstöðu dómara en rétt er að taka fram að grunnreglur um sjálfstæði dómsvaldsins, sbr. 2. og 70. gr. stjórnarskrárinnar, koma ekki í veg fyrir að kjararáð geti á grundvelli lagabreytingarinnar kveðið á um launalækkun dómara enda sé hún í samræmi við það sem aðrir þeir er heyra undir úrskurðarvald ráðsins þurfa að sæta.

Í þriðja lagi er kveðið á um það í lokamálslið bráðabirgðaákvæðisins að það taki ekki til forseta Íslands. Helgast það af ákvæði 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að óheimilt skuli að lækka greiðslur af ríkisfé til forseta kjörtímabil hans.

Með frumvarpinu er því tímabundið, með vísan til núverandi ástands efnahagsmála, verið að lækka laun þeirra, sem hæstu launin hafa. Kjararáði er hins vegar eftirlátið svigrúm til að útfæra nákvæmlega í ákvörðun hvernig því markmiði verði náð. Mælt er fyrir um það í frumvarpinu að kjararáð skuli kveða upp úrskurðinn fyrir árslok 2008 og er gert ráð fyrir að hann taki gildi frá ársbyrjun 2009. Einnig er mælt fyrir um það að ekki megi endurskoða þennan úrskurð til hækkunar út árið 2009, en eins og orðalagið ber með sér yrði þá heimilt að endurskoða hann til lækkunar, til dæmis ef í ljós kæmi að viðmiðunarhópar lækkuðu enn meira en sem nemur úrskurði ráðsins.

Virðulegi forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[16:59]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Þetta er búin að vera dálítið torsótt fæðing hjá hæstv. ríkisstjórn eftir að hún hrökk í gang og áttaði sig á því að sú þróun var þegar hafin í landinu að kjör landsmanna voru að skerðast. Ýmsir sem betur voru settir sýndu reyndar gott fordæmi og ákváðu einhliða að lækka laun sín. Það var gert í allmörgum tilvikum í einkafyrirtækjum en stjórnendur og aðrir hæst launaðir starfsmenn höfðu þá gengið þar á undan með góðu fordæmi. Ljóst er að lífskjör á Íslandi eru því miður almennt að skerðast verulega um þessar mundir og hafa farið ein þrjú ár aftur í tímann, mælt í kaupmætti meðallauna.

Það var eins og fleira hjá hæstv. ríkisstjórn að vinnubrögðin voru kannski ekki beinlínis fumlaus og markviss því að hæstv. forsætisráðherra greip til þess ráðs 21. nóvember sl., sem sagt einum sjö vikum eftir að efnahagshrunið hófst, að „spandera“ heilu bréfi á kjararáð. Ég hugsaði með mér um leið og ég frétti af því bréfi að þetta væri nokkuð sérkennilegt ef hæstv. forsætisráðherra gerði sér vonir um að bréf með tilmælum mundi upphefja skýr ákvæði laga á grundvelli hverra kjararáð starfar. Mér sagði svo hugur, sem og varð, að kjararáð mundi að sjálfsögðu komast að þeirri niðurstöðu að það væri bundið af lögum og gæti ekki farið úr fyrir þau í störfum sínum. Á meðan það hefði ekki í höndum nein gögn sem gerðu því kleift að fella nýjan efnislegan úrskurð á grundvelli nýrrar viðmiðunar hlyti það að hafna þessari ósk, hvað og varð, því að kjararáð sagði með bréfi, dagsettu 1. desember sl., ósköp einfaldlega að það hefði ekki lagaskilyrði til að fella nýjan almennan úrskurð um laun og starfskjör þeirra sem úrskurðarvald ráðsins tæki til, þar með talið alþingismanna og ráðherra.

Þetta fór því heldur snautlega hjá hæstv. ríkisstjórn og nú erum við komin þangað sem við erum, langt inn í jólamánuðinn, og þá kemur frumvarp frá hæstv. ríkisstjórn. Það

er þannig úr garði gert að Alþingi ætlar sér með því, ef að lögum verður, að mæla fyrir um að kjararáð felli nýjan úrskurð er feli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gildi frá 1. janúar 2009.

Það er nokkuð sérkennilegt þegar haft er í huga að Alþingi tekur sér þá ákvörðunarvaldið í þessum efnum en með þessum sérkennilega hætti að ákvarða eitthvert launabil og segja kjararáði að kveða upp nýjan úrskurð innan þess ramma. Mér finnst þetta vera krókótt leið og ég held að það sé ekki til bóta upp á samskipti löggjafans við þetta ráð sem þarna starfar að gera þetta með þessum hætti. Alþingi á auðvitað að ákveða það beint hve mikið og með hvaða hætti kjörin verða skert á afmörkuðu tímabili og taka ákvæði laganna um kjararáð úr sambandi að því leyti á tilteknu tímabili og blanda kjararáði alls ekki neitt inn í það mál. Það er augljóslega miklu hreinlegra en að fara þessa skrýtnu leið, ég tala nú ekki um ofan í samskiptin sem ríkisstjórnin er þegar búin að eiga við kjararáð með bréfinu góða frá 21. nóvember.

Ég minni á að ríkisstjórnir hafa áður misstigið sig í samskiptum við kjararáð sem þá hét Kjaradómur. Það leiddi til þess að Kjaradómur sagði af sér í heild sinni vegna þess að vinna hans var í raun og veru gerð ómerk. Alþingismenn ákváðu þá að tiltekinn úrskurður Kjaradóms gengi út fyrir einhver þolanleg mörk, annaðhvort þeirra sjálfra eða samfélagsins, og gripu inn í með þeim hætti að Kjaradómur sagði af sér eins og hann lagði sig. Ég ætla nú ekki að segja að þessi framganga nú gæti leitt til svipaðra hluta en það munar þó kannski ekki mjög miklu að kjararáði finnist því gefið dálítið langt nef með því að setja verkefnið aftur í þess hendur og það með þessum hætti.

Nú vill svo til, herra forseti, að fyrir þessu þingi liggur þegar frumvarp sem tekur á því að laun hinna svokölluðu æðstu embættismanna þjóðarinnar sem heyra jafnframt undir lög um eftirlaun forseta, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, verði skert með tilteknum hætti. Sú útfærsla verði þannig að Alþingi mæli skýrt fyrir um það með því að setja ákvæði til bráðabirgða inn í lögin um kjararáð að heildarlaun verði lækkuð með tilteknum hætti sem þar er útfært og þá þannig að laun ofan við tiltekið hámark verði skert hlutfallslega meira en hér er lagt til. Með öðrum orðum að tekið verði ofan af eða skert ofan frá þannig að í því sé fólgin ákveðin launajöfnun um leið og þeir taki á sig mestu kjaraskerðinguna sem hæst hafa launin. Mér finnst skipta miklu máli að skilaboðin sem frá Alþingi koma hafi inntak að þessu leyti. Er ekki eðlilegt, herra forseti, að þeim mun betur sem menn eru settir í launum þeim mun meira leggi menn af mörkum?

Í greinargerð með frumvarpinu segir að meginmarkmið þess sé að draga úr útgjöldum ríkissjóðs á árinu 2009 vegna hins stórfellda vanda og að sama skapi sé nauðsynlegt að þjóðkjörnir fulltrúar sýni samstöðu með öðrum launþegum sem hafa þegar þurft og munu þurfa að taka á sig launalækkanir líkt og gerst hefur á einkamarkaði o.s.frv.

Hvernig sjá menn fyrir sér að þær launalækkanir verði útfærðar og hvað er sanngjarnt í þeim efnum? Er það hugsun manna að þetta verði prósentuskerðing sem gangi upp og niður allan launastigann eða er hæstv. ríkisstjórn, og þá Alþingi þegar málið kemur í þess hendur, tilbúin að huga að því að útfæra þetta með þeim hætti að sýnt verði í verki að við þessar aðstæður er mikilvægara en nokkru sinni að þeir sem best eru staddir til þess að taka á sig kjaraskerðingu geri það en hinum sé hlíft? Það má að sjálfsögðu deila um viðmiðunarmörk og prósentur í þessum efnum, hvað er hæfilegt, hvort skerða á laun ofan við 450 þúsund um 20%, ofan við 300 þúsund um 15% eða hvernig menn hugsa það. En það er alla vega eindregin afstaða okkar að þannig eigi að nálgast málið og senda með því þau skilaboð að þeir sem hæst hafa launin leggi þarna mest af mörkum en fólki með laun fyrir neðan við eitthvert tiltekið lágmark sé hlíft því. Það er líka mjög mikilvægt að á hinum almenna vinnumarkaði verði sú hugsun við lýði að einhliða kjaraskerðing sé útfærð á einhvern félagslega réttlætanlegan og sanngjarnan hátt.

Í frumvarpi okkar er reyndar tekið á öðru máli sem hæstv. ríkisstjórn hefur að sögn eitthvað verið að hnoðast með og stjórnarflokkarnir líka en það er spurningin um eftirlaunasérréttindi þessa hóps sem búið var um í sérstökum lögum frá 2003 og fræg eru. Þar er lagt til — og þetta mál er reyndar síðasta mál á dagskrá þessa fundar þannig að það er nærtækt að vitna til þess — að þau réttindi verði felld úr gildi í heild sinni gagnvart framtíðinni og að hópurinn taki til við að greiða eftir gildistöku laganna, eða frá og með næstu áramótum, inn í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og menn njóti réttinda í samræmi við það.

Það bólar ekki enn á því frumvarpi frá hæstv. ráðherrum og stjórnarflokkunum en sagnir eru af því að það hafi verið einhvers staðar að þvælast í iðrum þingflokka stjórnarliðsins síðustu dagana og það bíður þá þess tíma að ræða það. Miðað við allar fréttir er þar um mikla skemmri skírn að ræða, einhverja örlitla andlitslyftingu í málinu eftir allan tímann sem ríkisstjórnin með sinn mikla meiri hluta hefur þó haft til að gera eitthvað í því máli. Má ég minna á að það er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að gera þar breytingar á.

Ég tel sem sagt, virðulegur forseti, að þó að hugsunin hér sé að sjálfsögðu rétt og augljóst mál að ekki síst þjóðkjörnir fulltrúar eiga að ganga á undan með góðu fordæmi og taka á sig byrðar — og þótt meiri væru — sé útfærslan meingölluð. Við munum berjast fyrir því að sú hugsun og útfærsla sem er í frumvarpi okkar komi til skoðunar samhliða hinu. Vonandi getur það leitt til þess að einhver samstaða geti tekist um útfærslu á þessu sem felur í sér a.m.k. jafnmikinn sparnað fyrir ríkissjóð, a.m.k. jafnmikla lækkun launa þegar það er lagt saman, en útfærslan sé sú að þeir sem hærri launin hafa leggi meira af mörkum. Þannig verði t.d. laun ráðherra skert meira en laun óbreyttra þingmanna sem eingöngu hafa þingfararkaupið. Það er sanngjarnt og sjálfsagt mál. Þeir sem njóta álags á þingfararkaup af einhverju tagi, eru ráðherrar, formenn stjórnmálaflokka, formenn þingnefnda eða þeir sem sitja í forsætisnefnd leggi meira af mörkum en þeir þingmenn sem eingöngu hafa þingfararkaupið. Er ég þó ekki að segja að þingmönnum með þingfararkaup sé nein sérstök vorkunn miðað við aðstæður í okkar samfélagi til að leggja sitt af mörkum.

Auðvitað er það svo sjálfstætt mál og mikið hneyksli sem sennilega á eftir að verða einhver ljótasti skammarbletturinn á Sjálfstæðisflokknum af mörgum — og ég mun

gera mitt til að halda á lofti á meðan ég er með fjör í fótum — að einmitt á þeim árum þegar ofurlaunin héldu innreið sína á Íslandi náði Sjálfstæðisflokkurinn eftir mikla baráttu því langþráða réttlætismáli sínu í gegn að lækka skatta á hátekjufólki. Þá lét Framsóknarflokkurinn hafa sig í það með Sjálfstæðisflokknum að þrepa út hátekjuskattinn í áföngum. Það gladdi ýmsa sjálfstæðismenn og alveg sérstaklega, hygg ég, unga frjálshyggjusinnaða þingmenn sem litu á það sem alveg sérstakt réttlætismál að lækka sérstaklega skattinn á toppunum, t.d. í fjármálageiranum þar sem tekjuhæstu toppar bankanna sem á þessum árum stefndu með ofurlaun sín til himins svo skipti jafnvel milljónatugum nutu góðs af þessari réttlætisaðgerð Sjálfstæðisflokksins.

Auðvitað væri mjög nærtækt við þessar aðstæður að fara hinu megin í málið og segja — nema hvort tveggja væri: Þeir sem hafa há laun eiga að leggja meira til samfélagsins í gegnum tekjutengdan hátekjuskatt eða fjölþrepa tekjuskatt — það er verið að gera í sumum löndum í kringum okkur núna — einfaldlega af sanngirnis- og réttlætisástæðum og vegna þess að það er þörf fyrir fjármunina. Það er dýrt fyrir heiminn að reyna að afstýra endanlegu hruni kapítalismans. Hin víðtæka pilsfaldavæðing heimskapítalismans sem nú er í gangi kostar mikið fé úr almannasjóðum. Hún kostar sitt þar sem milljarðatugir og milljarðahundruð, mælt í dollurum, evrum eða hverju sem er, renna nú úr almannasjóðum til að reyna að halda þessu móverki á lífi. Þá þarf til þess einhverja peninga og hvernig á að afla þeirra? Er ekki rétt að reyna að gera það með einhverjum sæmilega sanngjörnum hætti, að þeir borgi sem eru aflögufærir en frekar sé reynt að hlífa þeim sem eru þrautpíndir fyrir? Jú, ég hygg það.

Það mætti því að sjálfsögðu nálgast þetta mál líka frá þeirri hlið og verður fróðlegt að vita þegar hæstv. ríkisstjórn kemur endanlega með tillögur sínar um skattamál og ríkisfjármál hvernig hún hyggst fara í málið frá þessari hlið.

Virðulegur forseti. Ég áskil mér fyrir hönd okkar þingmanna Vinstri grænna allan rétt til þess að skoða þetta frumvarp út frá tæknilegri útfærslu. Við erum innilega sammála því að breytingar í þessa átt eigi að gera enda höfum við þegar lagt það til og flutt það í frumvarpsformi að minnsta kosti mánuði á undan hæstv. ríkisstjórn. Við teljum að okkar útfærsla eða að minnsta kosti okkar nálgun hvað varðar það hvernig byrðunum er dreift sé heppilegri en sú sem ríkisstjórnin leggur hér til auk þess sem ég endurtek að að mínu mati á ekki að blanda kjararáði inn í málið aftur með þeim hætti sem hér er lagt til. Alþingi á einfaldlega að ákveða á tilteknu, afmörkuðu tímabili nákvæmlega hvernig þetta er gert, mæla fyrir um það með skýrum hætti í frumvarpi og ganga frá málinu sjálft.

[17:14]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðallega eitt sem skilur að í þessum tveimur málum, annars vegar hvort Alþingi ákveður þetta beint eða hvort reynt er að laga aðstæður að því lagaumhverfi sem fyrir er til þess að ákvarða laun þeirra aðila sem hér um ræðir. Ég sé ekki að það þurfi að vera mikill ásteytingarsteinn. Mér finnst það frekar vera virðingarvottur við kjararáð að fara ekki fram hjá því og verið er að laga aðstæður að því lagaumhverfi.

Hins vegar útilokar ekkert í frumvarpinu það sem hér um ræðir, að kjararáð útfæri síðan launalækkunina á sama hátt og gert er í því frumvarpi sem hv. þingmaður fjallaði um. Það er þá álitamál hversu langt við viljum ganga í því að grípa fram fyrir hendurnar á kjararáði, hvort við viljum leyfa kjararáði að meta það sjálft og grípa ekki meira inn í en nauðsyn krefur eða hvort hv. þingmenn vilja leggja kjararáði forskrift um hvernig það er gert. Mér finnst eðlilegt að um það verði fjallað í nefndinni hvaða aðferð menn telja skikkanlegasta í þessu en ítreka að það er ekkert í frumvarpinu sem hér er til umræðu sem útilokar að kjararáð beiti sömu aðferðafræði og er í því frumvarpi sem hv. þingmaður vitnaði til.

[17:16]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir orð hans og er ánægjulegt að heyra að hann opnar á að þetta verði allt saman skoðað. Málið blasir þannig við mér að meira inngrip sé í verkefni kjararáðs að þvæla málinu til þeirra aftur heldur en ósköp einfaldlega segja að á þessu tiltekna tímabili ætli Alþingi að ganga frá því að svona sé þetta og leysa kjararáð undan því að taka málið til sín aftur innan tiltekins ramma sem frá Alþingi kemur en eiga svo að fella annan úrskurð.

Ég leyfi mér að spyrja: Var kjararáð spurt? Það mætti kannski gera. Ef hæstv. ríkisstjórn hefur ekki gert það þá gæti þingnefndin væntanlega spurt kjararáð hvort því þykir betra að fá málið til sín aftur með þessum hætti eða hvort þegið verður — sem mér býður í grun úr því að Alþingi tekur þetta til sín á annað borð — að Alþingi klári málið og gangi frá því hvernig þetta verður næsta árið.

Sama gildir í sjálfu sér um að vissulega er rétt hjá hæstv. ráðherra að ekkert bannar að kjararáð noti þetta svigrúm, 5% til 15%, til að hafa launajöfnun í huga og láta skerðinguna bitna þyngra á hærri launum eða byrja alfarið við einhver efri mörk ef sama útkoma næst í útreiknaðri skerðingu en það sama gildir um það. Er þá ekki einfaldara ef Alþingi vill senda skilaboð í átt til þess að menn eigi að hafa launajöfnun í huga og láta skerðinguna bitna ofan frá að það sé gert heldur en senda kannski einhver óljós tilmæli um það? Á að gera það í nefndaráliti eða hvernig er þetta hugsað, ef Alþingi hefur skoðun á málinu? Mér finnst að þetta eigi ekki að vera neinn vandræðagangur, frú forseti, heldur eigi að afgreiða þetta með skýrum og fumlausum hætti af hálfu Alþingis.

[17:18]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að líta megi svo á að ákveðin skilaboð séu send með því að nefna þetta bil, 5% til 15%. Það er svigrúm fyrir kjararáð til að útfæra það á sinn eigin hátt. En ég er þeirrar skoðunar að skynsamlegast sé að við höldum okkur innan lagarammans þó að við gerum þessa breytingu vegna aðstæðnanna frekar en að við tökum beina ákvörðun á hv. Alþingi.

[17:19]

Kristinn H. Gunnarsson (FI):

Virðulegi forseti. Hér er rætt frumvarp sem dreift var eftir hádegið og er eitt af þeim málum sem ríkisstjórninni finnst ástæða til að þingmenn komi illa undirbúnir til umræðna um. Mér finnst lakara að standa þannig að málum að þingmenn hafi knappan tíma til að tala um mál af sæmilegu viti og þeirri þekkingu sem er nauðsynleg í vandmeðförnu máli.

Ég held að rétt sé að rifja upp að lögin um kjararáð eru þannig úr garði gerð að Alþingi ákveður ramma fyrir kjararáð til að starfa eftir. Þingið ákveður ekki sjálft kjör sín heldur setur kjararáð í verkefnið og mælir fyrir um viðmiðanir sem ráðið á að hafa til að komast að niðurstöðu. Meginstefnan í lögunum er sú að laun alþingismanna eiga að endurspegla laun þeirra sem eru í störfum sem sambærileg geta talist og kjararáð hefur sjálft ákveðið hvernig það er fundið út. Það þýðir að laun alþingismanna eru ekki leiðandi í því sem gerist hjá hinu opinbera heldur taka mið af því sem gerst hefur í kjarasamningum eða samningum við háttsetta embættismenn ríkisins og eru því afleiðing af þróun en ekki leiðandi þróun. Þetta er rétt að rifja upp vegna þess að í bréfi ríkisstjórnarinnar til kjararáðs er farið fram á að kjararáð endurskoði laun, sem það ákveður, með vísan til þess að rétt sé að þeir aðilar sýni gott fordæmi og axli hluta af fyrirvörum.

Sú lagatilvitnun sem ríkisstjórnin vísar til, 10. gr., er einmitt sú sem kjararáð starfar eftir og ef það er rétt sem fram kemur í bréfi ríkisstjórnarinnar að sú þróun sé almennt í gangi að þeir sem eru vel launaðir í þjóðfélaginu lækki laun sín, þá endurspeglast sú þróun fljótlega í ákvörðun kjararáðs vegna þess að það fylgist með þróuninni og kveður upp nýjan úrskurð og lækkar laun þeirra sem það fjallar um á sambærilegan hátt. Þannig að ef forsenda ríkisstjórnarinnar er rétt er erindið óþarft vegna þess að kjararáð mundi hvort sem er vinna verkið sem farið er fram á. Það er rétt að hafa í huga, virðulegi forseti.

Í öðru lagi ef þessi þróun er hins vegar ekki í gangi og ekki verið að lækka laun vel launaðra starfsmanna ríkisins, þá spyr ég: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að sú þróun *fari í gang? Ríkisstjórnin getur knúið fram það sem hún* sækist eftir með því að ryðja brautina sjálf, ræða við þá forustumenn stofnana og starfsmenn ríkisins sem nálægt henni eru og lækka laun þeirra, ná samkomulagi um launalækkun. Hvað hyggst ríkisstjórnin fyrir í þeim efnum? Ætlar hún að tala við forstöðumenn stofnana? Ætlar hún að tala við starfsmenn ráðuneytanna, sem eru með svipuð laun og alþingismenn og meira, og ná samkomulagi við þá um að lækka laun sín? Ég held að nauðsynlegt sé að fá fram yfirlýsingu frá ríkisstjórninni um það því að ef alþingismenn og fleiri sem undir kjararáð heyra eiga að sýna gott fordæmi, sem ég hygg að allir þingmenn séu tilbúnir til að standa að, þá verða einhverjir að fylgja á eftir. Því annars er það ekkert fordæmi heldur afmörkuð aðgerð gagnvart fámennum hópi en allir aðrir, sem er miklu fjölmennari hópur, bæði hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði, taka ekki þátt í þróuninni. Til hvers er þá barist, virðulegi forseti, ef ekki er hægt að vinna að því að ná þróuninni fram? Það hlýtur að vera meginkjarni málsins.

Ég bendi á það, virðulegi forseti, að ákveðnir ágallar eru á málinu, eins og að hluta til hefur komið fram í fyrri ræðum. Í fyrsta lagi er breytingin varanleg en ekki tímabundin, eins og sagt er í erindi ríkisstjórnarinnar og í greinargerð með frumvarpinu. Varanleg breyting, varanleg lækkun sem verður í nýjum úrskurði kjararáðs þannig að það er ósatt sem fram kemur í frumvarpinu að þetta sé tímabundið mál heldur er þetta varanleg breyting. Rétt er að menn átti sig á því. Því aðeins verður lækkunin bundin við árið 2009 að viðmiðunarhóparnir hafi ekki tekið þátt í leiknum og lækkað laun sín því þá mun kjararáð væntanlega kveða upp nýjan úrskurð í byrjun árs 2010 og hækka launin til samræmis við laun hinna. En þá hefur niðurstaðan orðið sú að aðgerðin er bara bundin við þá sem kjararáð fjallar um og ríkisstjórnin brugðist í því verkefni sínu að gera þetta að stefnu *gagnvart öllum ríkisstarfsmönnum, en forsendan í erindi* ríkisstjórnarinnar er að menn eigi að sýna fordæmi með því að ganga á undan og móta stefnu sem aðrir eiga að fylgja eftir. Ég vænti þess að ríkisstjórnin ætli sér að ná þessu fram sem þýðir einfaldlega að þá munu launin ekki hækka aftur. Breytingin er þá varanleg og þá er eins gott að segja það en ekki eitthvað annað, eins og er gert í frumvarpinu.

Í öðru lagi bendi ég á annmarka við mat kjararáðs sem á að fá þetta til umfjöllunar. Frumvarpstextinn er svo matskenndur og opinn að erfitt er að sjá hvernig kjararáð á að geta fellt úrskurð og dreift honum á bilið 5% til 15% eftir því eftir hvaða forskrift á að miða lægri og efri mörkin, þannig að kjararáð er sett í nokkurn vanda við að komast að niðurstöðu. Ég held að miklu betra sé, eins og var bent á áðan af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að ganga einfaldlega hreint til verks og ákveða tiltekna lækkun hjá tilteknum hópi í tiltekinn tíma sem síðan falli úr gildi þegar sá tími er liðinn. Það væri þá skýr ákvörðun Alþingis sjálfs að gera það og kjararáð heldur svo áfram að vinna sitt verk eftir lögum eins og því ber en verður ekki blandað inn í málið og ætlað að reyna að komast að niðurstöðu um atriði sem það hefur eiginlega engar forsendur til.

Ég vil benda á, virðulegi forseti, atriði sem vakti sérstaka athygli mína. Í bréfi forsætisráðherra til kjararáðs er aðeins talað um ráðherra og aðra hátt launaða ríkisstarfsmenn. Ekki er talað um alþingismenn. Í bréfinu segir, virðulegi forseti, með leyfi:

Við þessar aðstæður vill ríkisstjórnin ganga á undan með góðu fordæmi og sýna vilja ráðherra og annarra hátt launaðra ríkisstarfsmanna til að axla hluta af byrðunum.

Ekki er minnst á alþingismenn í þessu. Út af fyrir sig er ég ekki ósammála því, því ég lít svo á að það sé ekki hlutverk ríkisstjórnarinnar að gefa fyrirmæli um kjör þeirra sem starfa á löggjafarþinginu. Um það vil ég segja og gera alvarlegar athugasemdir þar sem fram hefur komið hjá ríkisstjórninni, sérstaklega hæstv. forsætisráðherra og utanríkisráðherra sem hafa sagt berum orðum að ákvörðun hafi verið tekin í ríkisstjórninni um kjör Alþingis. Virðulegi forseti, það er ekki hlutverk ríkisstjórnarinnar að segja kjararáði eða einhverjum öðrum fyrir verkum um hver kjör alþingismanna eiga að vera. Framkvæmdarvaldið á að halda sig á sínum leikvelli og láta löggjafarvaldinu eftir að taka sínar ákvarðanir. Mér finnst að ríkisstjórnin hafi gengið of langt í þessum efnum og geri alvarlegar athugasemdir við fram-

göngu ráðherra í þessum efnum gagnvart Alþingi.

Ég tel að stjórnarflokkarnir hafi öll tök á að koma sjónarmiðum sínum fram og eiga að gera það í gegnum forseta Alþingis. Það er hann sem er kjörinn til forustu fyrir löggjafarvaldið og ef einhver á að leggja fram frumvarp eða tillögur um breytingar á kjörum alþingismanna á það að koma þá leið en ekki frá ríkisstjórninni. Nóg er samt um yfirgang ríkisstjórnarinnar gagnvart Alþingi oft og tíðum, virðulegi forseti. Mér finnst að þeir ráðherrar sem ég nefndi hafi gengið of langt í ummælum sínum gagnvart Alþingi þar sem þeir líta greinilega svo á að Alþingi sé undir þeirra valdsviði og þeir geti tekið ákvörðun á ríkisstjórnarfundi um stöðu Alþingis í þessum efnum. Mér finnst sérstaklega óviðkunnanlegt að heyra ummæli frá báðum þessum ráðherrum, sem sögðu efnislega að það hafi verið vonbrigði að kjararáð skyldi ekki hlýða fyrirmælum ríkisstjórnarinnar og fyrst svo hafi farið finni þau aðra leið. Í fyrsta lagi liggur ljóst fyrir að fyrirmæli ríkisstjórnarinnar til kjararáðs voru ekki samkvæmt lögum. Kjararáð er sjálfstætt og á að vinna samkvæmt lögum og ríkisstjórnin fór fram á að kjararáð færi ekki eftir lögum. Það er ekki boðlegt, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin gangi þannig fram.

Í öðru lagi orðalagið: Fyrst ekki gekk að fá mennina til að hlýða finnum við aðra leið. Ekki var sagt það sem lá beinast við: Þá leggjum við fram frumvarp og förum fram á það við þingið að það samþykki þetta. Heldur var sagt: Þá finnum við aðra leið. Þau voru eins og aðilar sem leita að einhverri leið, löglegri eða ólöglegri, til að koma sínu fram. Virðulegi forseti, svona eiga ráðherrar ekki að tala, hvorki gagnvart lögum — vegna þess að þeir eru ekki yfir lögin hafnir — og þó að þetta séu merkilegir ráðherrar báðir tveir og ég beri mikla virðingu fyrir þeim eru það ekki þeir sem segja hvernig lögin eigi að líta út eða segja mönnum að fara ekki eftir lögum sem eru ekki eins og þeir vilja hafa þau. Það vil ég ekki samþykkja að sé eðlilegur framgangur og geri alvarlegar athugasemdir við hvernig þessir tveir ráðherrar hafa talað, bæði við kjararáð og við Alþingi, þar sem þeir hafa farið langt út fyrir eðlileg mörk í að lýsa þeim vilja sínum sem þeir vilja að aðrir lúti. Þeir verða að koma fram við starfsmenn kjararáðs og Alþingis af virðingu og ætla Alþingi það sjálfstæði sem það hefur samkvæmt stjórnarskránni.

Þetta vildi ég segja, virðulegur forseti, því að mér finnst ástæða til að reyna að halda ráðherrum innan þeirra marka að þeir haldi sig við framkvæmdarvaldið en láti löggjafarvaldið eftir þeim sem til þess eru kosnir.

[17:34]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það voru út af fyrir sig ágæt og athyglisverð sjónarmið sem fram komu hjá hv. þingmanni. Það er hins vegar eitt sem ég vildi koma að í þessu sambandi þar sem hv. þingmaður spurði hvort þessu frumvarpi væri ekki ætlað að vera fordæmi. Því er ætlað að vera það, það kemur fram í bréfi forsætisráðherra til kjararáðs þar sem hann segir í seinustu setningunni, með leyfi forseta:

„Er rétt að taka fram að ríkisstjórnin áformar að hefja viðræður við hálaunahópa hjá ríkinu um svipaðar tímabundnar lækkanir."

Það liggur því fyrir frá upphafi. Málið á að hluta til rætur í því að því er ætlað að vera fordæmi til að þetta gangi yfir fleiri hópa sem starfa hjá ríkinu og hjá tengdum stofnunum og fyrirtækjum.

Ég fór reyndar aðeins yfir þetta í fyrirspurnatíma í dag að gefnu tilefni og það helgast auðvitað að stórum hluta til af þeim breytingum sem orðið hafa á launakerfi þjóðfélagsins og það eru jafnvel breytingar sem við erum ekki búin að sjá fyrir endann á.

[17:35]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir skýr svör í þessu efni. Eins og kom fram í ræðu minni þá held ég að það standi ekkert upp á alþingismenn að taka á sig launalækkun og sýna með því fordæmi og ganga á undan með góðu fordæmi. En það hlýtur að vera háð því að aðrir fylgi eftir því fordæmi annars er það aldrei fordæmi. Ég vænti þess þá að ráðherra hyggist leggja sig nokkuð fram um að fá aðra til að fylgja því fordæmi og þá mun framtíð málsins auðvitað ráðast af því hvernig þeir samningar verða því að þar er verið að ganga inn á samninga ríkisins við einstaklinga fyrst og fremst og hugsanlega kjarasamninga sem er kannski enn erfiðara mál. Hvert er leiðarljós ríkisstjórnarinnar í þeim samningum? Er það leiðarljósið að fá þá einstaklinga sem ríkisstjórnin mun snúa sér að til að fallast á lækkun launa um 5–15% í eitt ár og að því loknu verði launin aftur það sem þau voru áður? Eða er eitthvert annað markmið í þeim væntanlegu viðræðum?

[17:37]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað tvennt sem kemur til þar. Annars vegar niðurstaða sem kjararáð kemst væntanlega að í framhaldi af því að frumvarpið verði samþykkt og hins vegar hvernig kjararáð bregst enn frekar við þeirri þróun sem á sér stað á vinnumarkaðnum og hvernig það endurspeglast þá í síðari ákvörðunum kjararáðs. Það er alla vega um tvær ákvarðanir að ræða í þessu frumvarpi og svo náttúrlega hvernig þróunin verður á vinnumarkaðnum í heildina og að vissu leyti líka hvaða viðbrögð við fáum við því þegar við nálgumst þá hópa sem starfa hjá ríkinu og þetta gæti átt við.

[17:37]

Útbýting:

Framhaldsfræðsla, 216. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 291.

[17:38]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég verð að segja eins og er að ég er ekki mjög hlynntur því hvernig þetta mál er borið upp og tel að það sé hálfgert klúður að bera það upp með þeim hætti sem hér er gert. Það væri miklu nær, hæstv. forseti, að taka það fyrir sem umræðuefni máls að þingmenn sjálfir ákveði að lækka laun og fari í gegnum umræðu með hvaða hætti það

eigi að vera. Ríkisstjórnin hefur komið með tillögu um að launalækkanir verði á bilinu 5–15%. Ég veit ekki alveg hvernig það er hugsað en geri ráð fyrir því að það sé einhvern veginn út frá upphæð launa.

Ég hef oft sagt í þessum ræðustól að mér hafi fundist skorta á að þingmenn þyrðu að ræða kjör sín eins og þau liggja fyrir opinskátt við þjóðina og án einhverrar tímapressu rétt fyrir jól eða rétt fyrir þinglok þegar verið er að fjalla um eitthvað sem snýr að kjörum þingmanna, hvort sem það eru eftirlaunamál eða annað.

Við eigum að ræða það algerlega opið hver laun okkar eru og fara í gegnum þá umræðu og ef ríkisstjórnin vill beita sér fyrir því að við tökum á okkur launalækkun þá eigum við bara að gera það með frumvarpi um að Alþingi ákveði að lækka launin. Það er okkar verk að fjalla um það og ræða slíkan texta og fjalla svo um það í viðkomandi nefnd og koma með tillögur kjararáðs að öðru leyti. Og að þeim tíma liðnum sem lögin taka til mundi kjararáð meta hvort tilefni væri til launahækkunar að nýju eða ekki. Af sjálfu leiðir, vegna þess hvernig lögin um kjararáð eru, að verði ekki eftirfylgni eins og hæstv. ráðherra lýsti í máli sínu meðal annarra sem taka laun í hæstu launaflokkum opinberra embættismanna, þá mundi kjararáð samkvæmt lögunum þurfa að endurmeta stöðuna eftir eitt ár. Hafi ekkert gengið eftir af því sem ríkisstjórnin ætlaði sér í sambandi við launakjör annarra embættismanna en ráðherra og alþingismanna þá mundi kjararáð samkvæmt lögunum væntanlega hækka launin aftur.

Við fórum fyrir ekki löngu síðan yfir lögin um kjararáð og breyttum þar ákveðnum viðmiðunum, m.a. til að taka mið af launaþróun á almennum vinnumarkaði o.s.frv. Það er ekki langt síðan við breyttum þessum lögum og var það gert til þess að laun alþingismanna endurspegluðu betur það sem gerðist á almennum vinnumarkaði.

Það er einfaldlega ábending mín, hæstv. forseti, að Alþingi geri þetta sjálft, að lögunum um kjararáð verði ekki breytt heldur ákveði Alþingi að lækka laun miðað við ákveðnar upphæðir sem menn hafa í launapakka sínum og leggi til prósentur eða krónutölur eftir atvikum. Það er þess vegna hægt að taka mið af þeim prósentutölum sem ríkisstjórnin leggur hér til, 5–15% ef menn vilja svo viðhafa.

Ég tel að alþingismenn eigi sjálfir að fara yfir þetta mál og samþykkja þau lög sem þeir telja hægt að vinna eftir og leiði til þess að fram komi ákveðin launalækkun sem væntanlega yrði þá fylgt eftir annars staðar, m.a. hjá kjararáði sem á þá taka mið af þeirri launaþróun sem verður á markaði. Þá reynir auðvitað á það hvort ríkisstjórnin nær því fram í samningum og viðræðum við aðra sem eru í hærri launaþrepum á vegum ríkisins að það gangi eftir að lækka laun æðstu embættismanna og annarra sem hafa laun yfir þeim mörkum sem væntanlega yrðu sett um þær viðmiðanir sem alþingismenn mundu setja um launalækkunina.

Ég tel einnig að í slíkri ákvörðun ætti að fylgja að Alþingi mundi ákveða launalækkun forseta Íslands. Það á ekkert að skilja hann eftir í þeim pakka ef slík lög verða sett og það sé bara afgreitt um leið.

Hitt vil ég benda á, hæstv. forseti, að það eru auðvitað tvær aðferðir við að ná niður raunlaunakostnaði ríkisins. Önnur aðferðin liggur í því að lækka laun. Hin aðferðin liggur í því að hækka skatta, því að við erum væntanlega að tala um raunlaunakostnað ríkisins, það hlýtur að vera það sem skiptir máli og raunlaunasamanburður í þjóðfélaginu.

Við upphaf síðustu kjarasamningalotu ASÍ komu fram áherslur í þá veru, sem voru reyndar mjög svipaðar og samstofna þeim áherslum sem Frjálslyndi flokkurinn lagði með sér í umræðuna fyrir síðustu alþingiskosningar, að hafa sérstakan persónuafslátt fyrir þá sem væru með laun undir 150 þús. kr. þannig að menn greiddu ekki skatt af þeim launum. Síðan þynntist sá persónuafsláttur út upp eftir launastiganum og þessi sérstaki persónuafsláttur yrði svo horfinn samkvæmt tillögum ASÍ við 300 þús. kr. mörk eins og þá var viðmiðunin og menn settu fram í kjarasamningum. Ríkisstjórnin féllst ekki á þetta. Ríkisstjórnin féllst ekki á þá tillögu að þeir sem hefðu hærri tekjur greiddu meira til ríkisins og legðu meira til af sínum brúttólaunum inn í raunlaunastefnu ríkisins með því að greiða meira til baka í sköttum.

Ríkisstjórnin hefur gert annað, þ.e. sérstaklega Sjálfstæðisflokkurinn. Sá flokkur hafði það sem sérstakt stefnumál í skattamálum að afnema hátekjuskattinn á sínum tíma í stað þess að hækka frekar tekjuviðmiðið í hátekjuskattinum og skatturinn væri til staðar þess vegna í tveimur þrepum eða þremur og næði til hærri tekna og sérstaklega þeirra tekna sem iðulega hefur verið talað um í þjóðfélaginu sem ofurlaun undanfarin ár og missiri. Það var forgangsröðun sjálfstæðismanna að afnema skatta af háum tekjum og ofurlaunum, svokallaðan hátekjuskatt sem var hér við lýði.

En við erum væntanlega að tala um rauntekjur og rauntekjukostnað ríkisins, að ná honum niður. Vissulega mun ekkert af því veita að ná niður kostnaði ríkissjóðs með þeim ráðum sem tiltæk eru eða þá að ná inn tekjum. Og í því tilviki þegar um er að ræða opinbera starfsmenn þá kemur það alveg út á eitt, ef menn ætla að ná einhverri niðurstöðutölu í launakostnað hæst launuðu manna á vegum ríkisins, opinberra starfsmanna, alþingismanna eða ráðherra, hvort menn fara þá leið að lækka launin í prósentum eða að hátekjuskattsþrepinu hefði verið haldið og það fært út í prósentum eftir því sem tekjurnar voru hærri. Það er væntanlega verið að leggja það til hér með mismunandi prósentu, að nota slíka hugsun að lækka mest launin hjá þeim sem hæstar hafa tekjurnar. Við hefðum alveg eins getað sagt og verið að skoða hér tillögu um að setja 15% hátekjuskatt á þá sem eru með hæstu launin sem lækkaði svo niður í 5% hjá þeim sem neðstir væru í stiganum áður en hátekjuskatturinn félli út.

En Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki dug í sér til að koma með tillögu um þetta vegna þess að hann beitti sér fyrir því að hátekjuskatturinn var felldur út, barðist alveg sérstaklega fyrir því í síðustu ríkisstjórn að ná honum út. Og ég þykist vita það beint innan úr Framsóknarflokknum, eftir viðræður við suma sem ég hef rætt við þar, að það var ekki sérstakt áhugamál framsóknarmanna að leggja af hátekjuskattinn á sínum tíma þó að þeir hafi látið það eftir Sjálfstæðisflokknum að fara í þá vegferð.

Það er nú svo að yfirleitt er hægt að ná þessum markmiðum sem menn ætla sér hér með tvennu móti. Annars vegar að skera niður laun og hins vegar með því að taka skatt af háum tekjum til ríkisins og þá erum við væntanlega

búin að setja raunlaunakostnaðinn á sama stað. Hvar gæti hátekjuskattur legið? Hann gæti vafalaust legið á bilinu 600–700 þús. kr. og þar yfir og þess vegna verið kominn upp í 15% þegar menn eru komnir í bankastjóralaun eða eitthvað slíkt eða ráðherralaun.

Ég bendi á, hæstv. forseti, að mér finnst tvennt koma til greina í þessari stöðu. Annars vegar að alþingismenn ákveði sjálfir þá launalækkun sem menn ætla að ná fram og það sé afgreitt á Alþingi með lögum og kjararáði ekki blandað í það með neinum hætti. Það yrði gert óvirkt að því er varðar laun þessara manna um komandi tíð. Og ef launin lækka leiðir af sjálfu sér að kjararáð mun taka mið af því þegar það fer að virka aftur í ákvörðunum sínum því að það hefur ákveðin viðmið eins og hefur komið fram hér í máli manna.

Hin leiðin er að afla ríkissjóði tekna á móti launagreiðslum með því að taka sérstakt hátekjuskattsþrep. Og þar sem við horfum nú fram á að fjárlög verða væntanlega afgreidd seint fyrir jól og það er alveg ljóst að þau verða afgreidd með gífurlega miklum halla þá er auðvitað verið að leita að því með logandi ljósi hvar hægt er að skera niður og eins hvar hægt er að afla tekna. Þar er kannski ekki um auðugan garð að gresja og ekki sé ég það fyrir mér að menn ætli að setja flata skattahækkun á alla launamenn í landinu í núverandi stöðu. Ég trúi því varla að slíkt verði gert hvorki á árinu 2009 né 2010. Menn hljóta því ef einhver heil brú er í þessari hugsun að horfa til þess að þeir geti borgað hærri skatta sem hæstar hafa tekjurnar. Ég trúi því ekki að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins ætli að keyra áfram skattastefnu sem byggir á því þeir sem hæstar hafa tekjurnar borgi minnstu raunskattana í þjóðfélaginu miðað við tekjur. En þannig er það í dag og hefur verið sýnt fram á það mörgum sinnum, hæstv. forseti. Þetta vildi ég láta koma fram hér. Ég tel að við alþingismenn eigum sjálfir að hafa manndóm í okkur til að fara í gegnum þetta mál og leggja það til sem okkur finnst sjálfsagt og eðlilegt varðandi launalækkun og gera það að lögum alveg óháð því hvernig lögin um kjaradóm. Þau skuli hins vegar tekin úr sambandi tímabundið sem af sjálfu leiðir með slíkum lögum hvort sem það yrði í eitt ár eða lengur.

[17:52]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Eins og kemur fram í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 47/2006 hefur hin alþjóðlega fjármálakreppa og hrun stóru íslensku bankanna haft víðtæk áhrif hér á landi. Því miður mun atvinnuleysi aukast, lífskjör skerðast tímabundið — við vonum að það tímabil verði mun styttra en lítur nú því miður út fyrir — og samdráttur verður í landsframleiðslu á næsta ári. Þetta leiðir til þess að tekjur ríkissjóðs munu dragast saman og þess vegna er jákvætt, tel ég, að hér leitað leiða til að draga úr útgjöldum, þar með talið launakostnaði.

Samt verð ég að taka það fram héðan úr ræðustól að ríkið á að fara varlega í það að draga saman seglin. Hér þarf að vera áfram atvinnulíf. Einkaframtakið er lamað í augnablikinu og því á ríkið að fara afar varlega í það að rifa líka seglin. Hins vegar tel ég að hér sé stigið jákvætt skref þó að ég telji að það hafi átt að haga framkvæmdinni með öðrum hætti en nú er.

Ég tek undir það með þeim sem hafa komið í pontu á undan mér að það sé kannski eðlilegra í ljósi aðstæðna að Alþingi ákveði þá beint hver þessi lækkun eigi að vera. Ég set spurningarmerki við það hvort hyggilegt sé að eiga mikið við laun sem eru við getum sagt undir 400 þús. kr. Þau laun teljast ekki til hátekna og margir sem búa við þau kjör geta átt mjög erfitt um þessar mundir, sérstaklega þegar lán og afborganir hækka eins og raun ber vitni.

Mörg fyrirtæki hafa að undanförnu reynt að draga úr kostnaði með því að lækka laun hæst launuðu starfsmannanna og lækka starfshlutföll. Ég held að það sé mjög jákvætt að sú lækkun komi einnig hjá alþingismönnum og við sendum þau skilaboð út í samfélagið að við ætlum að fylgja þjóðinni í þeim efnum.

Ég verð samt aðeins að koma inn á hið svokallaða eftirlaunafrumvarp. Ég tel að það hefði átt að skoða um leið og þetta mál er lagt fram. Ég veit að verið er að gera breytingar á því en ég tel að alþingismenn eigi að vera á nákvæmlega sömu kjörum varðandi eftirlaun og aðrir opinberir starfsmenn. Við eigum ekki að vera á einhverjum sérreglum, alþingismenn, einhverjum sérdílum sem reynist óframkvæmanlegt að útskýra fyrir fólki af hverju þurfa að vera þannig.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi að það hefði ekki verið neitt sérstakt áhugamál hjá Framsóknarflokknum að afnema hátekjuskattinn. Ég held að það sé hárrétt og ég vil að það komi fram að það er ekki mikið áhugamál hjá þeim sem hér stendur.

Í frumvarpinu segir í fyrsta lagi að kjararáð skuli taka nýja ákvörðun fyrir árslok er feli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna eða ráðherra. Óheimilt verði að endurskoða þann úrskurð til hækkunar árið 2009. Í öðru lagi mælir frumvarpið fyrir um að kjararáð skuli svo fljótt sem auðið er kveða upp nýjan úrskurð um aðra sem undir ráðið heyra til samræmis við þá launalækkun sem ákvörðuð hefur verið til handa alþingismönnum og ráðherrum. Þarna er kjararáði eftirlátið svigrúm til að útfæra þá ákvörðun en tilgangurinn með þessari lagabreytingu er að lækkunin verði að jafnaði hlutfallslega mest hjá þeim sem hæst launin hafa. Þá vil ég bara endurtaka það sem ég sagði hér áðan, ég tel að til að ná því markmiði hefði verið skynsamlegra að setja eitthvert þak á það hversu langt niður þetta nær.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Búnaðargjald, 1. umr.

Stjfrv., 206. mál (nýr staðall um atvinnugreinaflokkun). — Þskj. 279.

[17:58]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald. Hér er ekki um að ræða neina efnislega breytingu, heldur eingöngu verið að bregðast við setningu nýs staðals um atvinnugreina-

flokkun í ÍSAT2008 í stað ÍSAT95. Með þessu frumvarpi verða þar með engar efnisbreytingar á álagningu búnaðargjalds.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sjútv.- og landbn.

Embætti sérstaks saksóknara, 2. umr.

Stjfrv., 141. mál (rannsókn á fjárþroti fjármálafyrirtækja). — Þskj. 156, nál. 292, brtt. 293.

[18:00]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allsherjarnefndar um frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara. Hér er um að ræða þýðingarmikið mál og um meðferð þess hefur verið góð sátt í allsherjarnefnd og verið farið ítarlega yfir alla efnisþætti þess eins og getið er um í nefndaráliti.

Í nefndaráliti er greint frá gestum sem komu á fundi nefndarinnar og umsögnum er bárust.

Kjarni málsins er sá, eins og kemur fram í nefndarálitinu, að með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði sérstakt tímabundið embætti saksóknara til að annast rannsókn á grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við hinar sérstöku og mjög óvenjulegu aðstæður á fjármálamarkaði er leiddu til setningar laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði og fleira, neyðarlaganna svokölluðu, og eftir atvikum að fylgja henni eftir með saksókn.

Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að á tímum sem þessum væri mikilvægt að halda í þá skipan mála sem almennt gilda um rannsókn og saksókn opinberra mála. Tekur nefndin í því sambandi sérstaklega fram að með þessu úrræði er ekki verið að víkja frá þeim grundvallarreglum sem gilda um rannsókn og meðferð sakamála. Fram kom að þau mál sem kunna að falla undir hið nýja embætti geti verið mjög viðamikil og margþætt og því tekið tíma frá og jafnvel valdið máladrætti í öðrum málum sem nú heyra undir efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sem fyrir er störfum hlaðin. Hér er um mjög sérstakt og óvenjulegt úrræði að ræða sem ekki er ætlað að vera varanlegt heldur tímabundið og gert er ráð fyrir því að við niðurlagningu embættisins hverfi verkefni þess til annarra saksóknara- og lögregluembætta. Nefndin fellst á að þær óvenjulegar aðstæður, sem nú eru uppi í efnahagslífi þjóðarinnar eftir að bankarnir féllu, kalli á óvenjuleg viðbrögð og að stofnun embættis sérstaks saksóknara sem geti einbeitt sér að þeim málum sem því tengjast sé til þess fallin að tryggja að rannsókn á grun um refsiverða háttsemi og eftir atvikum saksókn verði markvissari. Nefndin tekur sérstaklega fram í því sambandi að hinum sérstaka saksóknara er heimilt að leita til sérfróðra aðila, innlendra sem erlendra, eftir því sem hann telur þörf á.

Nefndin telur sérstaklega ástæðu til að draga þetta fram vegna þess að í opinberri umræðu hefur oftar en ekki komið fram að um sérhæfð, erfið og flókin viðfangsefni verði að ræða og því meiri þörf á að leita til sérfróðra aðila, innlendra sem erlendra, heldur en venjulegt er.

Í starfi nefndarinnar var rætt nokkuð um afmörkun rannsóknarinnar og í því sambandi orðalag 1. gr. en þar kemur fram að embættið skuli sett á stofn til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við þá atburði er leiddu til setningar neyðarlaganna. Nefndin taldi ákveðna hættu á að þetta orðalag kynni að verða túlkað of þröngt, þannig að t.d. væri einungis átt við tímann fram að setningu laganna. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að markmiðið með greininni er að embættið geti rannsakað grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, sem og í kjölfar þeirra atburða er leiddu til setningar laganna og leggur því til breytingar á orðalaginu til þess að undirstrika og skýra þann skilning nefndarinnar. Þá leggur nefndin einnig til þá breytingu á 1. gr. að tekið verði skýrt fram að rannsóknin og eftir atvikum saksóknin eigi einnig við það ástand er skapaðist á fjármálamarkaðnum, hvort sem brotin hafa átt sér stað innan fjármálafyrirtækja, eða í tengslum við starfsemi annarra lögaðila eða einstaklinga þannig að jafnvel þótt brot séu framin af aðilum sem störfuðu utan fjármálafyrirtækjanna þá heyri slíkt með skýrum hætti undir gildissvið þessara laga.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er tekið fram að rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taki meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota. Gildissvið rannsóknar- og ákæruheimildanna er þannig nokkuð opið og þessi upptalning er ekki tæmandi.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið er undirstrikað að embætti sérstaks saksóknara er viðbót við stofnanir ákæruvaldsins og því er ekki gert ráð fyrir að hróflað sé við verkaskiptingu milli ákæruvalds og lögreglu annars vegar og annarra eftirlitsstofnana hins vegar. Nefndinni þykir ekki tilefni til að leggja til breytingar á því fyrirkomulagi.

Nefndin leggur til breytingar á 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. þannig að skýrt sé að rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taki m.a. til þeirra brota sem til meðferðar hafa verið hjá Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu og skattrannsóknarstjóra og sem þær stofnanir hafa vísað eða kært til lögreglu. Þá þykir heppilegra að kveða á um samstarf saksóknarans við þessar og aðrar réttarvörslu- og eftirlitsstofnanir sem fást við rannsókn tengdra eða sambærilegra mála. Auk þess er lagt til að saksóknaranum séu veittar heimildir til að óska aðgangs að upplýsingum um stöðu mála sem til meðferðar eru í þessum stofnunum, án tillits til þess hvort mál er komið formlega til embættis hans með kæru eða ekki. Er saksóknaranum þannig veittur kostur á að koma að málum fyrr og jafnvel koma á framfæri afstöðu til þess hvort mál eigi að fara til opinberrar meðferðar. Þetta fyrirkomulag er að mati nefndarinnar fallið til að auka traust á starfi hins sérstaka saksóknara, svo og hinna opinberu eftirlitsstofnana, auk þess sem það getur stuðlað að vandaðri undirbúningi opinberrar málsmeðferðar.

Þá segir í nefndarálitinu að nefndin hafi rætt nokkuð um stöðu Fjármálaeftirlitsins eftir setningu neyðarlaganna. Skilanefndir bankanna starfa undir forræði Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er það hlutverk Fjármálaeftirlitsins að hafa eftirlit með skilanefndum og hefur það þá í reynd eftirlit með starfsemi sem heyrir undir það sjálft. Í eftirlitinu felst m.a. að taka ákvörðun um

það hvort mál eiga að fara til opinberrar meðferðar og þar af leiðandi send lögreglu. Nefndin leggur ekki til neina breytingu á því fyrirkomulagi. Nefndin leggur hins vegar til að kveðið verði skýrt á um að saksóknarinn skuli hafa samstarf við Fjármálaeftirlitið og það við saksóknarann eftir því sem þurfa þykir og enn fremur að eftirlitið skuli veita honum aðgang að upplýsingum og gögnum í þess vörslu. Nefndin telur að þannig sé komið til móts við þessi sjónarmið.

Þá ræddi nefndin sérstaklega um ákvæði 4. gr. frumvarpsins sem er hið svokallaða uppljóstraraákvæði. Á fundum nefndarinnar kom fram að slíkt ákvæði er nýmæli í réttarfarslöggjöf og á sér ekki fyrirmynd á Norðurlöndunum. Það á sér þó nokkra stoð í ákvæðum samkeppnislaga en í 3. mgr. 43. gr. þeirra er kveðið á um að Samkeppniseftirlitið geti ákveðið að kæra ekki einstakling hafi hann, eða fyrirtæki sem hann starfar hjá eða er í stjórn hjá, haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota sem geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti á samkeppnishömlum samkvæmt nánar ákveðnum skilyrðum.

Með ákvæði sem þessu er sem sagt vikið frá ákvæðum réttarfarslaga en fram kom að rökin sem búa að baki eru að brýnir almannahagsmunir geti krafist þess að ákveðið verði að falla frá saksókn í tilvikum sem þessum. Sönnunarstaðan í málum af þessu tagi geti verið erfið og rök hafi verið færð fyrir því að framburðir einstaklinga sem liggja sjálfir undir grun geti gegnt mikilvægu hlutverki til að tryggja sönnun á refsiverðri háttsemi. Nefndin fellst á að hagsmunirnir af því að fá slík brot upplýst geti verið mun meiri en að viðkomandi uppljóstrari sæti ákæru. Þá tekur nefndin fram að beiting ákvæðisins er háð mjög ströngum skilyrðum, m.a. að viðkomandi upplýsingar þurfi að leiða til þess að unnt sé að upplýsa alvarleg brot, auk þess sem brot uppljóstrarans verði að vera mun léttvægara en brotið sem upplýst er.

Í þessari grein, 4. gr., er lagt til að ríkissaksóknari hafi heimild til þess að fella niður saksókn við starfsmann eða stjórnarmann fyrirtækis sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn sem tengjast fyrirtækinu, móður- eða dótturfyrirtæki þess eða fyrirtækjum sem það er í viðskiptum við eða stjórnendum þeirra. Nefndin leggur til nokkra breytingu á greininni þar sem hún telur að þetta sé ekki nægilegt með tilliti til umfangs þeirra mála sem koma hugsanlega til embættisins, að takmarka heimild þess við einstaka starfsmenn eða stjórnarmenn í fyrirtæki þar sem fleiri geta haft slíkar upplýsingar, t.d. fyrrverandi starfsmenn eða starfsmenn annarra fyrirtækja eða stofnana.

Nefndin leggur því til að ríkissaksóknara verði heimilt að ákveða, að uppfylltum skilyrðum greinarinnar og að fenginni rökstuddri tillögu frá hinum sérstaka saksóknara, að sá sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn, sæti ekki ákæru þótt upplýsingar eða gögnin leiði líkur að broti hans sjálfs.

Það er rétt að undirstrika að með þessari heimild er verið að víkja frá þeirri skyldu sem almennt gildir að sækja mann til saka fyrir brot og er því er heimildin mjög vandmeðfarin. Þau sjónarmið komu fram fyrir nefndinni að saksóknari þyrfti einnig að geta haft frumkvæði að því að bjóða viðkomandi að sleppa við saksókn gegn því að veita upplýsingar. Nefndin tekur í því sambandi fram að þessi heimild er undantekning frá þeirri almennu reglu að sækja menn til saka fyrir brot og telur því ekki unnt að fallast á þau sjónarmið. Frumkvæðið þarf að koma frá viðkomandi einstaklingi sem hefur brotið af sér en getur komið fram með upplýsingar um alvarlegra brot. Nefndin telur nauðsynlegt að taka skýrt fram í þessu sambandi að ef viðkomandi hefur í frammi rangar sakargiftir geti það aldrei leitt til refsileysis. Þetta er mikilvægt vegna þess að auðvitað kann að vera að einhverjir sjái sér leik á borði að bera rangar sakir á aðra á grundvelli ákvæðis af þessu tagi. Með öðrum orðum er skýrt tekið fyrir það. Þá telur nefndin rétt að það komi fram í dómum að þessari heimild hafi verið beitt, þannig að auðveldara sé fyrir alla að átta sig á því þegar þessi heimild hefur verið nýtt til þess að falla frá saksókn á hendur tilteknum einstaklingi.

Frumvarp þetta tengist með ýmsum hætti frumvarpi til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, sem sjá má á þskj. 223 í 180. máli. Í greinargerð með því frumvarpi er tekið fram að rannsóknarnefndin skuli eiga samstarf við forstöðumann hins nýja embættis, þ.e. saksóknarann, reglulega og geti í þeim trúnaði sem ber að virða fylgst með framvindu mála. Nefndin telur eðlilegt að þetta samstarf eigi sér stað og enn fremur að slíkt samstarf og samvinna sé milli embættisins og þeirra eftirlitsstofnana sem hafa hlutverki að gegna í þessu sambandi, einkum Fjármálaeftirlitsins en einnig Samkeppnisstofnunar og skattyfirvalda.

Í fyrrnefndu rannsóknarnefndarfrumvarpi er ákvæði um að nefndin skuli birta opinberlega upplýsingar um hlutabréfaeign nefndarmanna í fjármálafyrirtækjum sem falla undir neyðarlögin svokölluðu og skuldir við þau, svo og starfsleg tengsl þeirra, maka þeirra og náinna skyldmenna þeirra við þá sem sinnt hafa stjórnunarstörfum í fjármálafyrirtækjunum eða þeim stofnunum ríkisins sem rannsókn nefndarinnar beinist að. Sama gildir um önnur atriði sem geta haft áhrif á sérstakt hæfi nefndarmanna. Upplýsingarnar skulu miðast við síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laganna, fjárhæðir sem eru yfir fimm milljónum króna og einnig eignarhluta umfram þá fjárhæð í félögum sem átt hafa hluti í umræddum fjármálafyrirtækjum 1. september 2008.

Markmiðið með ákvæðinu er að tryggja tiltrú almennings á starfi nefndarinnar og nefndarmönnum. Allsherjarnefnd ræddi nokkuð um það hvort rétt væri að gera slíkar kröfur til þess einstaklings sem gegna muni embætti sérstaks saksóknara þar sem með þessu er gengið mjög nærri stjórnarskrárbundnum réttindum um friðhelgi einkalífs, sérstaklega vegna skyldu til opinberrar birtingar þessa upplýsinga. Allsherjarnefnd telur þó að við þær sérstöku aðstæður sem verið er að glíma við og vegna þeirra almenningshagsmuna sem í húfi eru, sem og þeirrar nauðsynjar að viðkomandi njóti almenns trausts við rannsókn þessara mála, sé rétt að leggja til að slíkt ákvæði verði tekið upp í frumvarpið hvað hinn sérstaka saksóknara varðar.

Í störfum sínum ræddi allsherjarnefnd einnig ákvæði 6. gr. en í henni er kveðið á um að dómsmálaráðherra geti

hvenær sem er eftir 1. janúar 2010 lagt embættið niður. Telur nefndin að þegar litið er til þess hversu umfangsmikið verkefnið kann að vera sé nauðsynlegt að leggja til að gildistíminn verði til 1. janúar 2011. Þá telur nefndin einnig að ákvörðun um niðurlagningu embættisins eigi að vera í höndum Alþingis. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra, að tillögu ríkissaksóknara, leggi fyrir þingið tillögu um framlengingu eða styttingu á líftíma embættisins.

Þannig að það sé klárt að það er alltaf Alþingi sem hefur síðasta orðið í þessu sambandi.

Samkvæmt frumvarpinu þarf hinn sérstaki saksóknari að fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara og ræddi nefndin nokkuð um aldurshámark samkvæmt aldurshámarki dómstólalaga. Telur nefndin að það sé til þess fallið að þrengja nokkuð þann hóp sem til greina kemur og leggur því til að heimilt verði að víkja frá skilyrðum um 70 ára aldurshámark við skipunina.

Þá leggur allsherjarnefnd til nokkrar smávægilegar lagfæringar á orðalagi. Nefna má að ríkissaksóknari er æðsti handhafi almenns ákæruvalds og telur nefndin því rétt að leggja til breytingar á frumvarpinu sem eru til þess fallnar að skýra það hlutverk nánar. Þannig leggur nefndin til breytingar á 3. mgr. 2. gr. sem verður til þess að efni 4. mgr. 1. gr. verður óþarft og leggur til að sú málsgrein falli niður.

Embætti sérstaks saksóknara er ætlað að rannsaka mál og fylgja þeim eftir með saksókn eftir atvikum en í því felst að flytja mál og gefa út ákæru og því er óþarft að taka það sérstaklega fram í lagatextanum. Nefndin leggur loks til nokkrar lagfæringar sem varða tilvísanir í lög um meðferð opinberra mála og til laga um meðferð sakamála í ákvæði til bráðabirgða. Lög um meðferð sakamála munu taka gildi 1. janúar nk. og telur nefndin því rétt að í frumvarpinu sé almennt vísað til þeirra en að í ákvæði til bráðabirgða verði vísað til laga um meðferð opinberra mála þar sem gildistími þeirra rennur senn út. Þá leggur nefndin til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða vegna þess stutta tíma sem er fram að gildistöku laga um meðferð sakamála og varða réttarstöðu hins sérstaka saksóknara almennt og gagnvart ríkissaksóknara, ásamt heimild hans og starfsmanna hans til að flytja mál.

Nefndin telur frumvarpið til þess fallið að tryggja að þau mál sem kunna að koma í ljós og tengjast falli bankanna og setningu neyðarlaganna verði rannsökuð og saksótt með markvissum hætti og á grundvelli sérþekkingar og réttlátrar málsmeðferðar.

Að lokum leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess að tryggðar verði nægar fjárveitingar til embættisins. Á þessu stigi eru ýmsir óvissuþættir í sambandi við umfang þeirra verkefna sem embættið fær til meðferðar, m.a. með tilliti til þarfar á aðkeyptri aðstoð innlendra og erlendra sérfræðinga. Mikilvægt er að fjárskortur standi ekki í vegi þess að ráðist verði í nauðsynlegar ráðstafanir í því sambandi.

Í lok nefndarálitsins er lögð áhersla á að miðað við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu sé mikilvægt að haft sé samráð við allsherjarnefnd um skipun þess einstaklings sem valinn verður til að gegna embætti hins sérstaka saksóknara. En ummæli í þá átt komu skýrlega fram af hálfu dómsmálaráðherra sem hefur skipunarvaldið, bæði á opnum fundi allsherjarnefndar um þetta mál 11. nóvember og eins við 1. umr. í þinginu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ólöf Nordal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Ellert B. Schram, Siv Friðleifsdóttir, Karl V. Matthíasson og Birgir Ármannsson. Atli Gíslason með fyrirvara og Jón Magnússon með fyrirvara.

[18:18]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar til að inna hv. formann allsherjarnefndar eftir því hvort sérstaklega hafi komið til umræðu í nefndinni staða hins sérstaka saksóknara, hvort það er rétt skilið hjá mér að honum sé í raun ætlað að vera eins konar undirmaður ríkissaksóknara. Í dómstólaskipan er gert ráð fyrir þremur þrepum, ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og ríkislögreglustjóra. Ég spyr: Hvar er hinum sérstaka saksóknara skipað niður í þeirri dómstólaskipan? Ég spyr vegna þess að það er spurning hver staða embættisins er gagnvart öðrum embættum í landinu og það er auðvitað líka spurning um laun og hvaðan hægt er að fá menn í starf sem þetta. En ég fagna sérstaklega þeim breytingum sem koma frá nefndinni og lúta m.a. að því að það er haft samráð við hv. allsherjarnefnd um það hvernig verður ráðið til þessa starfs.

[18:20]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða sérstakt embætti saksóknara sem er hugsað þannig að það sé hliðstætt embættum héraðssaksóknara eftir að ákvæði sakamálalaga um það efni koma til framkvæmda. Embættið á að starfa sjálfstætt en um ákveðin atriði þarf að leita til ríkissaksóknara þó að það lúti ekki boðvaldi hans. Embættið verður sem sagt undir eftirliti ríkissaksóknara og í ákveðnum tilvikum getur saksóknari þurft að leita til ríkissaksóknara varðandi t.d. úrskurð um hvort ákveðin verkefni eigi að falla til þessa embættis eða annarra embætta. Í þessari skipan er hugsunin sú að embættið verði sem líkast embætti héraðssaksóknara miðað við lög um meðferð sakamála en eins og kunnugt er verður að öllum líkindum bið á því að héraðssaksóknaraembættin taki til starfa. Greint hefur verið frá tillögum um að það gerist ekki nú um næstu áramót þegar lög um sakamál taka almennt gildi heldur ári síðar. En hugsunin er sem sagt sú að embættið verði á þeim stað í kerfinu.

[18:22]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Við styðjum þetta frumvarp almennt séð og jafnframt að það fái skjóta afgreiðslu á þingi. Það hefur tekið ágætum breytingum í meðförum allsherjarnefndar, m.a. breytingum sem ég mælti fyrir í 1. umr. um útvíkkun á rannsóknarsviði hins sérstaka saksóknara sem taki til kjölfars setningar neyðarlaganna um útvíkkun á uppljóstrarakákvæðinu eins og það var í frumvarpinu. Um frumvarpið hefur verið góð samstaða og gott vinnulag í allsherjarnefnd.

Ég skrifa undir þetta álit með fyrirvara sem lýtur að því, eins og ég nefndi í ræðu við 1. umr., að ég er þeirrar skoð-

unar að sérstakt lagafrumvarp hafi í raun og veru óþarft, að unnt hafi verið að skipa sérstakan saksóknara strax. Það eru þekkt dæmi um að skipaðir hafi verið lögreglustjórar, saksóknarar og fleiri aðilar með skipunarbréfi frá dómsmálaráðherra. Ég gerði líka athugasemdir við að það hefði átt að fara út í þessa rannsókn strax en því var drepið á dreif í einn og hálfan mánuð með því að skipa ríkissaksóknara að leita að grunsemdum. Ég taldi óþarft að bíða með það, rannsóknin hefði getað farið strax af stað.

Það er ákvæði um að dómsmálaráðherra skipi hinn sérstaka saksóknara. Ég verð að vekja athygli á því að í greinargerð með frumvarpinu lít ég svo á að dómsmálaráðherra hafi nánast skrifað sig frá því verkefni og gert sig vanhæfan með því að segja, með leyfi frú forseta:

„Um nokkurt árabil hefur markvisst verið reynt að grafa undan trausti í garð þeirra sem unnið hafa ötullega að rannsókn og ákærum vegna efnahagsbrota. Til þessarar hörðu atlögu var stofnað vegna rannsókna og ákæru gegn einu af viðskiptaveldum landsins sem berst nú fyrir lífi sínu. Ákæruvald og lögregla hafa að sjálfsögðu staðið þessa hrinu af sér.“

Það blasir nú einhvern veginn við að eigendur þessa nefnda viðskiptaveldis eða þeir sem koma að því muni hugsanlega verða undir í þeirri rannsókn sem mælt er fyrir um þannig að ég sé ekki betur en annar ráðherra verði að taka að sér ad hoc að skipa þennan sérstaka saksóknara. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur hins vegar haft uppi góð orð á fundi allsherjarnefndar um að samstöðu um skipanina verði leitað þannig að tryggt verði, sem er langbrýnast í þessu máli, að hinn sérstaki saksóknari njóti óskoraðs trausts almennings eins og hv. formaður allsherjarnefndar Birgir Ármannsson gerði grein fyrir með því að lesa úr áliti neðst á bls. 4.

Ég nefndi áðan að ákvæðið um uppljóstrara hafi verið útvíkkað sem ég taldi nauðsynlegt ef á annan borð yrði farin sú leið sem er af hálfu lögmanna, lögfræðinga og réttarfarssérfræðinga, umdeild og menn hafa uppi efasemdir um en heimildin er, eins og kom fram hjá hv. formanni allsherjarnefndar, mjög þröng. Ákvæðið er tímabundið og aðstæður afar sérstakar.

Annar fyrirvari minn lýtur að því að ákveðnar rannsóknir sem svo innherjaviðskipti falla undir forræði Fjármálaeftirlitsins. Í kjölfar setningar neyðarlaganna voru skipaðar skilanefndir við gömlu bankana sem starfa í umboði Fjármálaeftirlitsins, þ.e. komið geta upp tilvik um rannsóknir eftir setningu neyðarlaganna vegna gömlu bankanna sem Fjármálaeftirlitið rekur og á síðan að hafa eftirlit með. Það taldi ég og tel ófært. Það hefur að vísu verið sett ákvæði um samvinnu og fleira og um þetta er umfjöllun í áliti allsherjarnefndar á miðri bls. 2. Ég ætla ekki að endurtaka það en ég tel að það hefði verið farsælla að aftengja Fjármálaeftirlitið með öllu, bæði fyrir og eftir setningu neyðarlaganna, með bráðabirgðaákvæði sem ég lagði til. Það felur í sér að það kæruforræði sem Fjármálaeftirlitið hefur falli niður gagnvart þessari sérstöku rannsókn og saksóknara. Það var ekki talið fært að fara þá leið þó að skilningur hefði verið innan nefndarinnar á þessum sjónarmiðum sem von er. En þetta mun eðlilega leiða til þess að komi upp innherjaviðskipti eða annað sem er á forræði Fjármálaeftirlitsins blasir við að það verður að víkja vegna stöðu þess í dag í kjölfar neyðarlaganna. Skipa verður sérstakt eftirlit í öllum málum sem rata inn á borð Fjármálaeftirlitsins til rannsóknar samkvæmt sérákvæðum sem gilda um Fjármálaeftirlitið og fjármálafyrirtækin.

Ég hefði líka kosið og talið nauðsynlegt að starfstímabil þessa sérstaka saksóknara yrði lengra. Því var breytt að ýmsu leyti og var gerð sú þarfa breyting að það er Alþingi sem ákvarðar hvort starfstími hins sérstaka saksóknara verði styttur eða lengdur. En ég geri ekki ágreining um það atriði en tel að farsælla hefði verið að hafa starfstíma hins sérstaka saksóknara lengri.

[18:28]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir margt sem fram kom í ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar enda hygg ég að við séum sammála um málið í öllum megindráttum.

Varðandi það atriði sem hann nefndi síðast sem snertir stöðu Fjármálaeftirlitsins og skilanefnda reifum við ákveðnar vangaveltur um það í nefndarálitinu. Skilanefndirnar veita hinum nýju bönkum forstöðu og starfsmenn þeirra banka eru starfsmenn sérstakra félaga sem lúta eftirlitssviði Fjármálaeftirlitsins. Skilanefndirnar eru sjálfstæðar í störfum sínum og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Því hygg ég eftir nokkra yfirlegu að ekki séu fyrir hendi þær formlegu vanhæfisástæður sem hv. þingmaður vék að í máli sínu. Ég hygg því að ekki sé ástæða til að ætla að Fjármálaeftirlitið verði vanhæft til að fjalla um hugsanleg brot sem kunna að hafa átt sér stað innan gömlu bankanna, sem við köllum svo, og á ábyrgð skilanefndanna heldur eigi Fjármálaeftirlitið að geta fjallað um það með sama hætti og annað.

Við leggjum hins vegar áherslu á, vegna þess að auðvitað verða þessi mál að vera hafin yfir grun og vafa eins og hægt er, að það verði skýrar boðleiðir milli embættis sérstaks saksóknara og Fjármálaeftirlitsins í þessum tilvikum, að upplýsingagjöf Fjármálaeftirlits og upplýsingaskylda til saksóknara verði ríkari og meiri en lög gera ráð fyrir að öðru leyti. Það verður því ekkert leynimakk í þessu sambandi. En ég vek athygli á því að ég tel ekki að um sé að ræða vanhæfi Fjármálaeftirlitsins til að fjalla um hugsanleg brot sem kunna að eiga sér stað í störfum nýju bankana.

[18:31]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Virtur lögmaður hér í bæ sagði að skilanefndirnar störfuðu á lögfræðilegu einskismannslandi. Þær starfa í umboði Fjármálaeftirlitsins og á meðan svo er er það ekki fært um að hafa eftirlit með störfum þeirra frekar — þar er alveg klárt vanhæfi. Af skilanefndunum hefur síðan til að mynda umboðsmaður Alþingis verulegar áhyggjur, lagaleg staða þeirra er mjög óljós, rétt eins og lagaleg staða hinna nýju banka.

Ég ætla ekki að gera stórfelldan ágreining um þetta. Ákvæði í breytingartillögum, sem koma að vissu marki til móts við sjónarmið mín, voru sett inn og svo ítreka ég að auðvitað verður Fjármálaeftirlitið að víkja sæti komi upp slík mál sem ég hef í huga.

[18:32]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég skrifaði undir nefndarálitið án fyrirvara þannig að ég er samþykk því sem þar stendur og tel að vinna nefndarinnar hafi verið góð undir forustu Birgis Ármannssonar formanns. Við héldum nokkra fundi og buðum gestum til okkar og fengum gögn, eins og vera ber. Mig langar til að koma inn á nokkur mál sem voru rædd ítarlegar en önnur í nefndinni og tveir stjórnarandstæðingar hafa gert fyrirvara við, m.a. það val að setja á stofn embætti sérstaks saksóknara en setja bankamálin ekki inn í hefðbundið ferli hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

Ég sagði í ræðu þegar við fjölluðum um málið við 1. umr. að greinilegt væri af frumvarpinu að þar væri verið að draga fram þær umræður sem hafa orðið um efnahagsbrotadeildina og ég vitnaði þá í ræðu hæstv. dómsmálaráðherra, sem hann flutti í hátíðarsal Háskóla Íslands 17. október. Þar segir hann, með leyfi virðulegs forseta:

„Um nokkurt árabil hefur markvisst verið reynt að grafa undan trausti í garð þeirra, sem unnið hafa ötullega að rannsókn og ákærum vegna efnahagsbrota. Til þessarar hörðu atlögu var stofnað vegna rannsókna og ákæru gegn einu af viðskiptaveldum landsins, sem berst nú fyrir lífi sínu. Ákæruvald og lögregla hafa að sjálfsögðu staðið þessa hrinu af sér."

Hér vitnar hæstv. ráðherra greinilega til Baugsmálsins en eins og menn muna var í því máli farið í miklar lögfræðilegar deilur og ríkislögreglustjóri úrskurðaður vanhæfur í hluta þess. Ég kann ekki að rekja þá sögu alla, virðulegur forseti, en m.a. vegna þeirrar forsögu kaus ég að styðja að sett væri upp embætti sérstaks saksóknara. Mjög óheppilegt væri ef rannsókn á bankahruninu færi fljótt í lögfræðilegar deilur um hæfi embættis ríkislögreglustjóra þannig að það tefði alla rannsókn og væri ekki til bóta á nokkurn hátt að setja málið í þann farveg. Ég hef því kosið að styðja þá hugmyndafræði að setja á stofn sérstakt embætti þó að það skjóti skökku við ef horft er almennt á löggjöf.

Í nefndarálitinu er tekið fram að þessu nýja embætti sérstaks saksóknara er heimilt að leita til sérfróðra aðila, innlendra og erlendra, eftir því sem það telur þörf á. Ljóst er að þetta nýja embætti sem starfa mun tímabundið og einbeita sér að einu máli, bankahruninu, sem er mjög viðamikið mál, mun að líkindum verða dýrt í rekstri. Ég tel eðlilegt að embættið verði nokkuð kostnaðarsamt og held að rannsóknin hljóti að kosta talsverða peninga, þar sem hún verður að vera vönduð og ítarleg.

Ég ætla líka að gera 4. gr. að umtalsefni, í henni eru nýmæli um uppljóstrara en slíkt hefur ekki áður verið í löggjöf okkar og ekki eru til fyrirmyndir á Norðurlöndunum gagnvart slíkri löggjöf þannig að við fikrum okkur að vissu leyti inn á nýjar brautir. Þó að sambærilegt ákvæði sé að einhverju leyti í samkeppnislögunum gengur þetta að mínu mati talsvert lengra.

Nefndin gerir breytingu gagnvart þeirri grein og útvíkkar hana þannig að hún er ekki lengur bundin við starfsmenn fyrirtækja heldur segir núna í breytingartillögu nefndarinnar:

„Ríkissaksóknara er heimilt að ákveða, að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. og að fenginni rökstuddri tillögu frá hinum sérstaka saksóknara, að sá sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn sæti ekki ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að broti hans sjálfs."

Ég vil sérstaklega undirstrika að orðin „að sá", sem veitir upplýsingarnar getur fengið afslátt af refsingu sinni eða sæti ekki saksókn, eru útvíkkuð til allra. Ég vil nefna sérstaklega, þó að það sé kannski skrýtið, að ákvæðið getur m.a. átt við um fyrrverandi maka þeirra sem tengdust bankamálunum og dæmi eru um að þjóðþekktar persónur hafi upplýst um ýmsar fjárhagstilfærslur aðila síðar.

Síðan er ákvæði sem við settum líka inn og er tekið úr rannsóknarnefndarfrumvarpinu um að birta skuli opinberlega upplýsingar um hlutabréfaeign saksóknarans o.s.frv. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega í þetta ákvæði, en þar er gengið nokkuð langt, virðulegur forseti, í að upplýsa um fjármál þess sem gerist sérstakur saksóknari. Þetta gengur nokkuð nærri stjórnarskrárbundnum réttindum um friðhelgi einkalífs af því að skylda er um opinbera birtingu í þessu sambandi. Nefndin telur að við glímum við sérstakar aðstæður og vegna almenningshagsmuna sem í húfi eru sé nauðsynlegt að hæfi viðkomandi aðila sé algjörlega hafið yfir allan vafa og viðkomandi aðili njóti trausts þannig að ákvæðið er sett hér inn, virðulegur forseti.

Gildistíminn er framlengdur til 1. janúar 2011 og ég var svolítið hugsi yfir því en ákvað að styðja það. Ég held að það blasi við að rannsóknin mun taka þennan tíma og vil ítreka að hvergi er gefið í skyn að ekki eigi að vinna hratt og örugglega í rannsókninni. En þetta er sá raunveruleiki sem við stöndum frammi fyrir, þetta mál er það viðamikið að líklega er óraunhæft að halda því fram að starfið taki mikið styttri tíma. Ef svo er þá er það fínt en líklega verður ekki um það að ræða.

Að lokum, virðulegur forseti, vil ég undirstrika að nefndin telur eðlilegt að hæstv. dómsmálaráðherra hafi samráð við allsherjarnefnd um skipun í embætti hins sérstaka saksóknara. Mjög óvenjulegt er að setja slíkt í nefndarálit en það er gert vegna þess að nefndarmenn ræddu sérstaklega um það við hæstv. ráðherra á opnum fundi í allsherjarnefnd — fyrsta opna fundi þeirrar tegundar í nefndinni — að stjórnmálaflokkarnir vilja samráð um ráðninguna. Auðvitað er valdið í höndum ráðherrans en hér er sagt hreint út í nefndaráliti að það eigi og sé mjög mikilvægt að hafa samráð við allsherjarnefndina um skipun sérstaks saksóknara þannig að við bíðum eftir að það samráð fari fram.

Að öðru leyti vil ég taka undir þau sjónarmið sem komu fram hjá talsmanni nefndarálits, hv. þm. Birgi Ármannssyni, og tel mikilvægt að málið klárist sem fyrst svo rannsókn geti hafist á þessu mjög svo erfiða og viðkvæma máli sem nú þarf að rannsaka og velta við öllum steinum gagnvart.

[18:41]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir talaði um og kemur fram í nefndaráliti að nefndin telur mikilvægt við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu að haft sé samráð við allsherjarnefnd um skipun þess sem valinn verður til að gegna embætti hins sérstaka saksóknara.

Það liggur alveg ljóst fyrir að veitingarvaldið er í höndum ráðherra en á tímum sem þessum skiptir máli að hafið sé yfir allan vafa að leitað sé eftir saksóknara sem geti með heiðarlegum og hlutlægum hætti sinnt þeirri vinnu sem hér um ræðir með sem allra bestum hætti þannig að ekki sé dregið í efa að hann komi eðlilega að málinu.

Ég, eins og hv. þm. Atli Gíslason, skrifa undir nefndarálitið sem liggur fyrir en geri ákveðinn fyrirvara og tel að ekki hefði þurft að setja sérstök lög um sérstakan saksóknara og ég geri ákveðnar athugasemdir við ákvæði 4. gr. frumvarpsins um uppljóstrara. Ég tek undir þau sjónarmið og rök sem hv. þm. Atli Gíslason kom fram með í máli sínu áðan, og til að stytta mál mitt vísa ég til þeirra, en vil auk þess nefna nokkur atriði sem mér finnst máli skipta.

Í umsögn Viðskiptaráðs Íslands, sem nefndinni barst, kemur fram eftirfarandi, sem mér finnst vera mikilvægt grundvallaratriði sem hafa verður í huga þegar fjallað er um mál eins og þessi. Með leyfi forseta:

„Það er einmitt á tímum óvissu og reiði sem þörf er á því að grunnstoðir réttarríkisins standi sem traustastar. Það telst til grundvallarreglna réttarríkisins að löggjafinn veiti ekki við óvenjulegar aðstæður afslátt af þeim meginreglum sem samfélagið byggir á. Sjónarmið og hugmyndir sem búa að baki réttarríkinu þurfa því alltaf að vera í heiðri höfð, hvernig sem viðrar í þjóðfélaginu. Hvað það varðar skiptir einna helst að réttaröryggi borgaranna, alveg óháð starfi þeirra eða stöðu, sé ekki stefnt í voða."

Það er þetta sem ég leyfi mér að vísa til og leggja áherslu á og það reynir mjög á löggjafann að gæta þess að fara ekki offari heldur treysta á grunnstoðir réttarríkisins og þau lýðræðislegu úrræði og stofnanir sem okkur eru tiltæk.

Ég hefði því talið heppilegra að fela þeim sem hafa með rannsókn á efnahagsbrotum að gera rannsóknina sem hér um ræðir og fjölga starfsmönnum hjá embættinu og veita því eðlilegan fjárstuðning til þess að það geti rækt starf sitt sem allra best. Þar er um ákveðna sérhæfingu að ræða sem nauðsynlegt er að efla og styrkja og ljóst að embætti héraðssaksóknara í fjárhagsbrotum hefur ekki fengið nægjanlega fyrirgreiðslu á undanförnum árum, því miður.

Niðurstaðan er sú að meiri hlutinn telur eðlilegt að fara þá leið að setja sérstakan saksóknara og þar með tel ég eðlilegt að vera með á því þar sem ég sé í sjálfu sér ekki neina sérstaka meinbugi á að þannig sé farið eða háttað málum. Þó hefði ég að vísu kosið skynsamlegri leiðina frekar, að styrkja stoðirnar sem þegar eru fyrir og þau embætti saksóknara sem um þessi mál eiga að fjalla. (Gripið fram í.) Nei, nei, það verður alltaf þannig.

Þar fyrir utan er ákvæðið sem ég gerði athugasemd við þegar frumvarpið var til 1. umr. en það er ákvæði 4. gr. frumvarpsins þar sem um er að ræða meiri háttar frávik frá ákvæðum laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og lög nr. 88/2008. Ég hefði talið eðlilegra að setja ákvæði um uppljóstrara og það að horfið yrði frá saksókn í almenn lög. Í dag eru ákvæði í lögum um að fara megi niður úr ákvörðun um lágmarksrefsingu, sem um geti verið að ræða ef viðkomandi skýrir af sjálfsdáðum frá afbroti og/eða gerir grein fyrir því um hvað hafi verið að ræða. Það hefði getað komið til og í ýmsum tilvikum hafa þeir sem þannig hafa komið fram hlotið mun vægari dóma en aðrir. Þannig hefði það líka verið og mér finnst heppilegra að skipa málum með þeim hætti að þeir sem hafa brotið af sér að mati saksóknara fái á sig ákæru en dómstóllinn taki síðan ákvörðun um það og meti með hvaða hætti og hvort það leiði ekki til refsingar vegna upplýsinga sem þeir kunna að hafa gefið í málinu. Það hefði ég talið heppilegra.

Hér er um mjög vandmeðfarið mál að ræða og ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að hvergi á Norðurlöndum hafa verið settar ámóta reglur og þessi víðtæka heimild sem er nánast geðþóttaákvörðun saksóknara í samráði við ríkissaksóknara um að falla frá saksókn ef um hefur verið að ræða einhvers konar upplýsingar sem máli kunna að skipta. Þar er um mjög mikið álitaefni að ræða og ég tel, virðulegi forseti, að í framhaldi af lagafrumvarpinu og samþykkt þess sé mikilvægt að farið verði að huga að því að setja almennar reglur í þessu efni. Að mjög miklu leyti var komið til móts við sjónarmið sem upp komu í nefndinni varðandi nauðsyn á breytingum og þau sjónarmið koma m.a. fram í nefndarálitinu.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að lengja mál mitt frekar þar sem sjónarmiðin sem lúta að fyrirvara mínum við nefndarálitið, sem hér liggur fyrir, eru komin fram en að öðru leyti er ég sammála því sem fram kemur í umræddu nefndaráliti.

[18:49]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Frú forseti. Ég ætla að fjalla stuttlega um þetta mál, frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara. Ég held að allir í þessum sal og þjóðin átti sig á að það eru óvenjulegar aðstæður í samfélaginu og óvenjulegar aðstæður kalla á óvenjuleg úrræði, enda ber að viðurkenna að það úrræði sem við erum að mælast til að verði að lögum er óvenjulegt fyrir margar sakir með því að fara þá leið sem hér á að fara, að stofna sérstakt embætti sem hefur það tiltekna hlutverk að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við og í kjölfar þeirra atburða sem leiddu til setningar neyðarlaganna. Ég held að slík rannsókn á vettvangi þessa embættis verði gríðarlega mikilvægur þáttur í því að byggja upp og auka traust og trúverðugleika í samfélaginu á nýjan leik. Það er ekki hægt að leyna því að maður skynjar mikinn óróa í samfélaginu. Það er tortryggni og vantrú á stjórnmálamönnum, ríkisstjórn, stofnunum, fjölmiðlum og verkalýðshreyfingu. Þetta er ástand sem ekki verður unað við að mínu mati og allir stjórnmálamenn þurfa að taka þátt í því að vinna gegn þessari tilfinningu sem óhjákvæmilega má finna hjá þjóðinni.

Þetta er ekki eini rannsóknarfarvegurinn sem þingið er að leggja til að þessi mál fari í. Til umræðu er líka í allsherjarnefnd frumvarp um óháða rannsóknarnefnd sem hefur annað og víðtækara hlutverk, eins og menn átta sig á við lestur þess máls, en ekki síður mikilvægt sem er að endurreisa hér trúverðugleika og traust og gera upp málin. Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt að uppgjörið, hvort sem það er á vettvangi sérstaks saksóknara eða hjá rannsóknarnefndinni, sé trúverðugt og að þjóðin hafi trú á að hér sé almennilega að hlutum staðið, að hér sé ekki á ferðinni neinn kattarþvottur eða einhver hagsmunatengsl sem trufla mat einstaklinga á viðkomandi vinnu. Þetta verður

allt að hafa í huga þegar við fjöllum um þessi mál. Ég tel að þetta embætti verði mikilvægur farvegur. Þarna eru ýmis nýmæli sem ég vil minnast á og það er þá helst nýmælið sem lýtur að ákvæðinu um uppljóstrara, hvíslarana, að þeir hafi þarna aðgang til að koma með upplýsingar gegn því að losna við að verða fyrir saksókn. Þetta er úrræði sem á sér ekki fordæmi á Norðurlöndum en hefur þó nokkra stoð í ákvæðum samkeppnislaga og er gríðarlega mikilvægt. Ég hef reyndar lagt það til í þinginu að ganga lengra hvað þetta varðar, að hafa almennt ákvæði sem verndar heimildarmenn og uppljóstrara. Hlutverk uppljóstrara getur verið gríðarlega mikilvægt við að gera upp mál, koma á framfæri upplýsingum og eyða tortryggni og varpa ljósi á umdeild mál. Við sjáum þetta í löggjöf víða í kringum okkur og helst í hinum engilsaxneska heimi en það getur verið mikilvægur hluti af lýðræðinu að hafa svona farveg. Það er fagnaðarefni að þetta birtist með þessum hætti í þessu máli og verður fróðlegt að sjá hvort einstaklingar kjósi að fara þessa leið. Þessi leið er líka í frumvarpinu um rannsóknarnefndina, stóru sannleiksnefndina, og það verður einnig fróðlegt að sjá hvort menn nýti sér þetta úrræði þar.

Við breyttum þessu frumvarpi frá því að það kom fyrst í þingsal á þann veg að taka af öll tvímæli um að þessum sérstaka saksóknara beri að skoða einnig atburði sem áttu sér stað eftir setningu neyðarlaganna. Ég held að það sé mikilvægt. Sömuleiðis tel ég að óháða rannsóknarnefndin í hinu málinu þurfi einnig að skoða þá atburði sem áttu sér stað eftir setningu neyðarlaganna þannig að allt sé uppi á borðinu. Ég tel að það sé mjög gagnlegt einmitt fyrir þá einstaklinga sem snerta þessi mál og koma að þeim með einum eða öðrum hætti að þetta sé allt dregið í dagsljósið og öllum vafa sé eytt. Það gengur auðvitað ekki að sögur og orðrómur grasseri á meðan endurreisn samfélagsins fer fram, það þarf að eyða öllu slíku og það er ekki síst þeim einstaklingum sem hlut eiga að mál í hag.

Loks langar mig til að benda á og draga sérstaklega fram að þó að embættið um sérstakan saksóknara eða frumvarpið um rannsóknarnefndina sé ekki orðið að lögum, þá eru þær eftirlitsstofnanir sem við höfum að sjálfsögðu nú þegar farnar að rannsaka ýmsa þætti sem snerta bankahrunið. Við í viðskiptanefnd þingsins höfum haldið hartnær 20 fundi síðan bankahrunið átti sér stað og kallað eftir ýmsum upplýsingum til að varpa ljósi á málið því að það eru ótal spurningar sem vakna. Ég held að nefndin hafi sinnt hlutverki sínu ágætlega hvað þetta varðar en engu að síður þarf að gera miklu meira í þessum efnum og kalla eftir upplýsingum á vettvangi þingsins. Við höfum reynt það á vettvangi viðskiptanefndar og ég veit að aðrar þingnefndir hafa sömuleiðis gert það.

Fjármálaeftirlitið er auðvitað að sinna sínu hlutverki, hefur skoðað bæði innherjaviðskipti og kallað eftir skýrslu um hreyfingar í aðdraganda bankahrunsins og ég veit ekki betur en sú skýrsla hafi átt að koma til Fjármálaeftirlitsins um helgina. Það verður fróðlegt að vita hvar hún stendur og hvort hún verði með einhverjum hætti gerð opinber en við höfum auðvitað heyrt ýmsar sögur um óeðlilegar fjármagnshreyfingar í aðdraganda hrunsins, meðal annars hafa menn leitt líkur að því að það hafi á einhvern átt þátt í því að Bretar beittu íslensk fyrirtæki og Ísland hryðjuverkalögum. Þetta þarf að koma í dagsljósið að mínu mati.

Samkeppniseftirlitið er einnig á vaktinni. Það hefur sent sérstök tilmæli til nýju ríkisbankanna og sömuleiðis skilanefndanna um að hafa ákveðið leiðarljós í huga þegar kemur að ákvarðanatöku, að menn gæti sín á því innan bankakerfisins að hér myndist ekki óeðlileg staða á mörkuðum og annað slíkt því að það er alveg ljóst að nýju bankaráðin og skilanefndirnar hafa talsvert vald hvað þetta varðar. Þess vegna held ég að þessi tilmæli séu mikilvæg og mikilvægt að þessir aðilar virði þau í hvívetna.

Hið opinbera hefur sömuleiðis leitað eftir aðstoð erlendra aðila. Finnskur bankamaður er að koma til að skoða hluta af þessu hruni. Við höfum einnig fengið sænskan bankamann til að skoða afmarkaða þætti þess. Það er ýmislegt að gerast hvað þetta varðar þó að óþreyjan sé auðvitað mikil í samfélaginu og maður skilur það að sjálfsögðu.

Að lokum vona ég að þingheimur geti sameinast um þetta einstaka mál, um embætti sérstaks saksóknara. Ég held að það sé mikilvægt að slíkur saksóknari vinni vel með öðrum eftirlitsaðilum. Hér er ekki verið að hrófla við verkaskiptingu lögreglu annars vegar og annarra eftirlitsstofnana hins vegar, en það skiptir máli að menn vinni saman eins og lög heimila, þannig að við fáum botn í málin hratt og vel og réttindi þeirra einstaklinga sem hlut eiga að máli séu fullkomlega virt og varin. Svona embætti mun án efa kosta talsvert, lagt hefur verið mat á að það muni kosta 76 millj. á ársgrundvelli. Hér er ekki gert ráð fyrir aðkeyptri vinnu sem að mínu mati gæti verið talsverð en í svona málum tel ég mikilvægt að spara ekki þegar kemur að rannsókn þeirra, hvort sem það er á vettvangi þessa sérstaka saksóknara eða á vettvangi rannsóknarnefndarinnar en það mál kemur vonandi til afgreiðslu í þingsalnum sem allra fyrst eftir að allsherjarnefnd hefur lokið umfjöllun sinni um það.

[18:58]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Frú forseti. Við fjöllum hér um frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara vegna hruns bankanna og þess sem að því lýtur. Það er litlu við það að bæta sem sagt hefur verið. Það er ánægjulegt að nokkur samstaða er um málið og þannig var það reyndar mjög fljótt. Strax og þessir atburðir gerðust kom krafa um það í samfélaginu að rannsaka þyrfti öll þessi mál og margir hafa komið með ábendingar um að ýmislegt saknæmt kunni að hafa gerst. Því hefur verið gripið til þess ráðs að koma með frumvarp til laga um sérstakan saksóknara. Ég held að það sé líka mjög jákvætt því að þá vita þeir sem hafa upplýsingar eða telja sig vita um hluti sem eru saknæmir eða ólöglegir og að einhverjir hafi verið að brjóta lög, af þessu sérstaka embætti sem fólk getur snúið sér til og komið með ábendingar og vísbendingar um að eitthvað grunsamlegt hafi verið á seyði hér og þar, hvort sem er í bönkum eða jafnvel alls konar fyrirtækjum sem hafa verið að höndla með bréf, peninga og alls konar eignir.

Þess vegna tel ég mjög gott að þetta frumvarp skuli vera komið fram. Sumir hafa spurt af hvers vegna það hafi ekki komið fram strax og svarið við því er að það hefur náttúrlega verið mikil vinna að undirbúa frumvarpið og hafa það eins vel úr garði gert og hægt er, því að þegar slíkt mál er

lagt fram þarf það að vera þannig að það brjóti ekki á neinum grundvallarreglum réttarríkisins. Þó að hlutirnir virðist augljósir í hugum margra er það samt svo að fara þarf að öllum settum reglum lýðræðisins og öllum reglum sem lúta að mannréttindum og framkomu við þá sem kunna að vera sakborningar.

Ég fagna því, frú forseti, að frumvarpið er nú komið úr nefnd. Ég tók þátt í vinnu nefndarinnar og umræðu um það og það hefur verið heilmikill lærdómur. Margir komu á fund nefndarinnar og bentu á ýmislegt sem hefur verið tekið til athugunar og er í greinargerð og öðrum athugasemdum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:02]

Íslensk málstefna, fyrri umr.

Stjtill., 198. mál. — Þskj. 248.

[19:33]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu á þskj. 248 um íslenska málstefnu. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu verði samþykktar sem opinber stefna í málum er varða íslenska tungu.

Alþingi lýsir yfir stuðningi við það meginmarkmið tillagna Íslenskrar málnefndar að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags."

Ég vil í upphafi máls míns fagna því sérstaklega að tillögur að íslenskri málstefnu skuli vera komnar fram og að færi gefist á að ræða málefni íslenskrar tungu hér á Alþingi af því tilefni. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er gerð grein fyrir aðdraganda þess að íslensk málstefna er lögð fram. Líkt og þar segir kveður 9. gr. laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um að Íslensk málnefnd skuli vera stjórnvöldum til ráðgjafar „um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu". Þessi lög voru sett af Alþingi árið 2006 og því eru þær tillögur að íslenskri málstefnu sem hér eru kynntar hinar fyrstu sem gerðar eru eftir samþykkt laganna. Ég tel það við hæfi að fjallað sé um tillögurnar hér á Alþingi og að þingið álykti um hana, enda þótt ekki sé sérstaklega mælt fyrir um það í lögum. Ég hef áður ítrekað það í mínum ræðum hér að ég teldi mikilvægt að Alþingi gæfist tækifæri til að fjalla um íslenska málstefnu.

Tillögur Íslenskrar málnefndar voru kynntar í hátíðarsal Háskóla Íslands á *degi íslenskrar tungu* þann 16. nóvember sl. Það er rétt að rifja það upp að haustið 1995 ákvað ríkisstjórnin að tillögu þáverandi menntamálaráðherra að 16. nóvember ár hvert, sem er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, skyldi haldinn hátíðlegur sem dagur íslenskrar tungu. Í framhaldi af því hefur menntamálaráðuneytið árlega beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls og helgað þennan dag rækt við það. Með því móti beinist athygli þjóðarinnar að stöðu tungunnar okkar, gildi hennar fyrir þjóðarvitund og alla menningu.

Okkur þykir sjálfsagt núorðið að kenna daginn við tungumálið, og viðburðir í skólum, stofnunum og samtökum víðs vegar um landið minna okkur á mikilvægi tungunnar fyrir þjóðina alla, menningu hennar og sameiginlega vitund. Þessi sameign þjóðarinnar — tungan, menningin og vitundin — er afar dýrmæt. Við þurfum að standa vörð um og leggja rækt við þau verðmæti sem okkur hafa verið fengin.

Svo sem fram kemur í þingskjalinu eru þær tillögur að málstefnu sem hér eru kynntar afrakstur af starfi Íslenskrar málnefndar, og á málnefndin og allt það góða fólk sem lagt hefur hönd á plóg skilið bestu þakkir fyrir starf sitt. Málnefndin ákvað að skipa nokkra vinnuhópa til að undirbúa stefnumótun á einstökum sviðum sem málstefnan nær til og stóð fyrir fjölda málþinga þar sem rætt var um stöðu og horfur íslenskrar tungu, og kallaði eftir sjónarmiðum og ábendingum um stefnumið og áherslur.

Í stefnuskrá Íslenskrar málnefndar segir, með leyfi forseta:

„Á tímum hraðvaxandi alþjóðasamskipta þar sem notkun erlendra tungumála, einkum ensku, verður æ ríkari þáttur í íslensku samfélagi er brýnt að tryggja stöðu íslenskrar tungu. Eitt af mikilvægustu verkefnum Íslenskrar málnefndar er að vinna markvisst að því að íslenska haldi gildi sínu í þessu breytta umhverfi og verði áfram nothæf og notuð á öllum sviðum íslensks þjóðlífs."

Frú forseti. Einhverjir kunna að spyrja hvers vegna þurfti að semja málstefnu fyrir íslensku ef staða tungunnar er sterk að flestu leyti. Því er til að svara að mikilvægt þótti að kanna hver staðan væri í raun og veru. Í því skyni valdi Íslensk málnefnd til umfjöllunar þau svið sem hún taldi mikilvægast að beina sjónum að. Hún kannaði stöðu tungunnar á hverju þessara sviða, hverjar horfurnar væru ef ekkert yrði að gert, skilgreindi markmið og benti á úrræði sem nota mætti til að ná settum markmiðum. Þetta eru einmitt þau atriði sem mikilvægast er að huga að þegar málstefna er sett á blað. Við höfum hingað til ekki átt neina samþykkta málstefnu og stöndum þar verr en Norðurlandaþjóðirnar sem við miðum okkur helst við. Þær þjóðir hafa sett sér málstefnu og telja afar brýnt að tryggja stöðu þjóðtungna sinna þar sem enskan sækir að á flestum sviðum. Þótt margt gott hafi verið skrifað um verndun íslenskrar tungu er okkur hollt að huga að þeim áhrifavöldum samtímans sem helst grafa undan tungum fámennari þjóða og gæta þess að við missum hvergi svið yfir til annars máls.

Það er ástæða til að staðnæmast við meginmarkmið málstefnunnar, að íslenskan verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Ég tel að þetta sé viðeigandi markmið, nú þegar merki eru um að notkun íslensks máls á mikilvægum sviðum þjóðlífsins sé ógnað. Víða erlendis hafa þjóðir, smærri jafnt sem stærri, áhyggjur af því sem kallað hefur verið annars vegar umdæmisvandi og hins vegar umdæmismissir. Með umdæmisvanda er átt við þá stöðu sem ákveðið svið þjóðlífsins getur lent í ef tungumálið er ekki talið nýtast til allra samskipta, en með umdæmismissi er átt við það að heilt svið tekur upp erlent tungumál í öllum sínum samskiptum, innan lands sem utan. Það er t.d. umdæmisvandi

ef kennsla á háskólastigi fer fram á blöndu af íslensku og ensku af því að íslensk orð vantar á kennslusviðinu og því hefur ekki verið sinnt að búa þau til. Það er aftur umdæmismissir ef heilt námskeið fyrir íslenska stúdenta með íslenskan kennara er síðan kennt á ensku. Það er einnig umdæmismissir ef íslenska er ekki gjaldgeng í samskiptum innan íslenskra fyrirtækja. Það er auðvelt að missa umdæmi í hugsunarleysi en það er afar erfitt að vinna það aftur, það kostar bæði tíma og fyrirhöfn og óvíst er um árangurinn.

Ég ætla ekki hér og nú að reyna að gera grein fyrir efnisatriðum og þeirri umfjöllun sem málstefnan geymir, heldur vísa til þess sem í henni kemur fram. Málstefnan er víðfeðm, tekur til alls 11 sviða, og hverjum kafla fylgja tillögur um tiltekin úrræði og aðgerðir.

Ég tel að sérstaklega mikilvægt að huga að hlutverki foreldra og skólakerfinu og fagna því að í tillögum málnefndarinnar er að finna vandaða umfjöllun um skólakerfið og málefni íslenskrar tungu. Lengi býr að fyrstu gerð. Í málstefnutillögunum er á fleiri en einum stað vikið að mikilvægi foreldra sem fyrstu leiðbeinenda barna í meðferð tungumálsins og fyrirmynda þeirra að góðu og vönduðu máli. Flestir foreldrar leggja sig að sjálfsögðu fram við að leiðbeina börnum sínum með því að tala við þau strax frá fæðingu og lesa fyrir þau á meðan þau eru ekki fær um að lesa sjálf. En ábyrgð foreldra lýkur ekki við upphaf skólagöngu. Mikilvægi góðra málfyrirmynda tekur aldrei enda. Því er brýnt, eins og bent er á í málstefnutillögunum, að gott samstarf sé milli skóla og foreldra um mikilvægi tungumálsins fyrir góða og vandaða menntun.

Skólakerfið allt — leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og ekki síst háskólar — ber mikla ábyrgð og þar verður að veita markvissa og jákvæða þjálfun í notkun íslensku. Að henni býr allt þjóðfélagið. Í menntamálaráðuneytinu er hafinn undirbúningur að því að fylgja málstefnunni eftir á öllum skólastigum. Þar tel ég ekki síst mikilvægt að huga vel að tölvunotkun og öllu því sem henni fylgir. Tölvur eru til á flestum heimilum, þær eru notaðar í skólum, allt frá yngstu aldurshópum og til loka háskólaprófs, þær eru á öllum vinnustöðum og eru í vaxandi mæli teknar með hvert sem fólk fer. Fram til þessa hefur notendahugbúnaður að mestu verið á ensku en nú er þess ekki lengur þörf. Til hefur verið þýðing í nokkur ár á stýrikerfi og notendahugbúnaði Microsofts án endurgjalds fyrir eigendur kerfanna en hún hefur ekki fengið þá útbreiðslu sem hefði mátt vænta. Menntamálaráðuneytið mun hvetja til að allur almennur notendahugbúnaður í íslensku skólakerfi, frá leikskólum til háskóla, verði á íslensku í nánustu framtíð. Ekki gefa eftir á því sviði.

Nú gætu einhverjir hugsað sem svo að tillögur Íslenskrar málnefndar séu tóm gagnrýni á öll þau svið sem tekin eru til umfjöllunar. Svo er alls ekki. Þar er ekki verið að ræða boð og bönn eins og einhverjir kynnu að álíta. Dregið er fram það sem jákvætt er á hverju sviði, þegar ástandinu er lýst, en einnig er bent á hvar skórinn kreppir að og gera mætti betur.

Margt er hægt að gera til að efla áhuga á tungumálinu sem lifandi tæki sem móta má á margvíslegan hátt. Nýlega stóð t.d. Íslensk málnefnd fyrir ljóðasamkeppni barna í efri bekkjum grunnskóla sem lauk með verðlaunaafhendingu á hátíð sem haldin var í minningu Steins Steinarrs á aldarafmæli hans. Þátttaka fór fram úr öllum vonum eins og reyndin hefur einnig verið í *fernuflugi* Mjólkursamsölunnar. Þetta eru dæmi um góð samvinnuverkefni barna, foreldra og skóla og oft einhvers samstarfsaðila. Börnin okkar þurfa ef til vill dálitla hvatningu heima fyrir eða í skólanum til að setjast niður og skrifa, en hugarfluginu eiga þau yfir að ráða flest hver sjálf þegar þau eru síðan komin af stað. Nýyrðasamkeppni barna í 5.–7. bekk fór af stað á *degi íslenskrar tungu* og henni lýkur 17. júní. Samkeppni sem þessari er ætlað að sýna börnum, en um leið foreldrum þeirra og fjölskyldu, að gaman getur verið að reyna sig við að búa til íslensk orð í stað þess að taka umhugsunarlaust við þeim erlendu. Ef vel tekst til er e.t.v. hægt að koma af stað hugarfarsbreytingu hjá fyrirtækjum og auglýsendum þannig að þeim verði ljóst að ekki er nauðsyn að grípa til ensku til að ná eyrum og augum viðskiptavinanna.

Herra forseti. Menntamálaráðuneytið mun hafa forgöngu um að kynna málstefnuna og stuðla að umræðu um málefni íslenskrar tungu. Mikilvægt er að almenn samstaða skapist um málstefnuna, markmið hennar og leiðir að þeim. Víðtækur stuðningur allra þeirra sviða sem rætt er um í málstefnunni er forsenda þess að unnt sé að hrinda henni í framkvæmd og vinna markvisst á jákvæðan hátt að því að markmiðum hennar verði náð. Það þrengir að nú um stundir í efnahagslegu tilliti. Á slíkum tímum er gott að hugsa til þess sem við eigum sameiginlega og þurfum að hlúa að eftir bestu getu. Í málstefnunni er margt lagt til í hverjum kafla íslenskri tungu til heiðurs og stuðnings. Í lokaorðunum er bent á að sumt af því kostar ekki mikið fé, margt þurfi aðeins hvatningu en annað kalli á viðhorfsbreytingar. Sumt kostar litla sem enga vinnu, annað meiri, sum markmiðin er unnt að takast á við nú þegar, önnur eru langtímamarkmið sem þarfnast aukinna fjárveitinga. Öll markmið málstefnunnar, stór og smá, eru mikilvæg til þess að þjóðin muni um ókomin ár geta haldið fast í það sem er sameign allra Íslendinga — íslenskt mál sem enginn getur tekið frá þeim.

Hinu háa Alþingi gefst nú færi á að ræða efni tillögunnar og þær áherslur sem í henni koma fram. Ekki er vafi á að það gefur íslenskri málstefnu styrkari stoð að um hana sé fjallað á Alþingi.

[19:45]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri tillögu sem hefur verið lögð fram og sýnist við fyrstu sýn að hér sé um mjög vandaða vinnu að ræða enda hefur vinnulag verið til mikillar fyrirmyndar. Mjög margir úr málsamfélaginu hafa tekið þátt í mótun þessarar stefnu. Þau málþing sem hafa verið haldin til að ræða efni stefnunnar hafa verið vel sótt og kynnt t.d. í fjölmiðlum. Það er mikil ástæða til að hrósa þessu vinnulagi. Rætt hefur verið um stöðu tungunnar, t.d. var rætt í fyrra um lagalega stöðu hennar og annað slíkt, og hér eru komnar markvissar tillögur til þess bæta úr því.

Mig langar að nefna nokkrar aðgerðir sem eru í tillögunum. Sérstaklega langar mig að vekja máls á móðurmálskennslunni sem ég held að sé sá grunnur sem við verðum að byggja á. Það er athyglisvert að skoða tillögur málnefnd-

arinnar þar sem kemur fram að móðurmálskennsla sé hlutfallslega minni hér á landi en í Noregi og Danmörku. Ég held að við getum staðið okkur betur og bætt úr. Það hangir að sjálfsögðu saman við að menntun kennara í íslensku verði aukin eins og lagt er til í þessum tillögum.

Stundum er sagt að allir kennarar séu móðurmálskennarar. Það er þó ekki svo. Við þekkjum það sem höfum tekið þátt í kennslu á ýmsum skólastigum að það er mjög mismunandi hvernig kennarar meta málnotkun og beitingu tungumálsins. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta verði í raun hluti af öllum greinum sem eru kenndar þannig að nemendur venjist því að þurfa að tjá sig á góðri íslensku um öll mál.

Enn fremur er í kaflanum um móðurmálskennslu og kennaramenntun rætt um lestrarátak og það get ég tekið undir. Íslensk börn lesa æ minna samkvæmt rannsóknum og það er áhyggjuefni. Það er rætt um átak í íslenskum barna- og unglingabókmenntum. Ég held að þetta sé mikil nauðsyn og ég minni á tillögu sem liggur hér fyrir frá mér og fleiri þingmönnum Vinstri grænna um barnamenningarhús. Ég held að það væri ein leið til þess að vekja athygli á barnamenningu og auka hlut barnabókmennta og annarrar barnamenningar í menningarlífinu. Við erum með svo margt gott sem er gert í íslensku menningarlífi fyrir börn og það þarf í rauninni bara að taka það saman og kynna það betur, efla starfið úti í skólunum o.s.frv. Það þyrfti ekki að vera mikill tilkostnaður við að búa til miðstöð fyrir allt það góða starf sem er unnið í barnamenningu hér á landi en það skiptir gríðarlegu máli til að viðhalda tungunni. Þetta á ekki bara við um barnabókmenntir heldur einnig um leikhús fyrir börn, tónlist fyrir börn o.s.frv.

Ég staldraði aðeins við í kaflanum um háskólana þar sem kveðið er á um að háskólar setji sér skýra málstefnu og taki upp hagnýta kennslu í íslensku fyrir erlenda kennara og nemendur. Það hefur reyndar lengi verið mín skoðun að háskólar ættu að bjóða öllum nemendum, líka innlendum, upp á hagnýt málnotkunarnámskeið. Það vill oft verða þannig að fólk þarf hreinlega á endurmenntun að halda í málnotkun alveg eins og öllu öðru og ég held að íslenskan verði út undan. Fólk venst á að skrifa með tilteknu málsniði og beita ákveðinni málnotkun og ég held að full þörf sé á að nemendur eigi kost á því að sækja sér endurmenntun í íslensku þó að þeir séu komnir á háskólastig.

Það sem ég staldraði hins vegar hvað mest við er kaflinn um fræði og vísindi, því hæstv. ráðherra nefndi áðan umdæmisvandann og þar held ég að umdæmisvandinn sé mestur. Við höfum séð þá þróun að fólk er farið að skrifa fræðigreinar á ensku til þess að fá birtingu í alþjóðlegum tímaritum sem er eðlilegt ef maður vill ná frama innan fræðasamfélagsins. Það er ekki metið á sama hátt að skrifa fræðilegt efni á íslensku. Mér finnst miklu skipta að við veltum þessu sérstaklega fyrir okkur, því ásamt uppeldi barnanna, lestraruppeldi og tungumálsuppeldi held ég að þarna horfum við á nýsköpun í tungumálinu. Þarna hugsar fólk nýja hluti og það skiptir máli að þeir séu hugsaðir á íslensku.

Ég minni á góða ritgerð Þorsteins Gylfasonar um að hugsa á íslensku. Hér sjáum við ákveðna þróun, það er verið að gera kröfu um að doktorsritgerðir, svo dæmi sé tekið, séu skrifaðar á ensku enda auðveldar það fólki síðar að birta greinar unnar upp úr þessum ritgerðum í erlendum tímaritum. Þetta skapar hins vegar ákveðna erfiðleika fyrir íslenska nemendur, því við erum að tala um nemendur í íslenskum háskólum, að því leyti að mjög margir þurfa jafnvel að leggja út í kostnað við að þýða ritgerðir yfir á ensku af því þeir eiga í erfiðleikum með að tjá hugsun sína skýrt á tungumáli sem er ekki þeirra fyrsta mál. Ég tel því að það geti verið margbrotinn vandi fólginn í að skrifa doktorsritgerð á ensku þegar manni er ekki tamt að tjá sig um sína fræðigrein á því máli. Þar af leiðandi þarf að leggja aukna vinnu í hana og samt er maður í raun knúinn til að gera það til þess að fá alþjóðlega viðurkenningu. Ég held að þarna skipti gríðarlegu máli að við stöldrum við og veltum fyrir okkur hlutverki vísindaheimsins og hvernig hann getur gefið gott fordæmi.

Ég hef t.d. tekið eftir því, þar sem ég dundaði mér við það í sumar að þýða bók þar sem mikið var fjallað um ýmiss konar efni í hinu daglega lífi, að innan efnafræðinnar er mjög mismunandi hvort menn hafa fyrir því að þýða heiti eða ekki. Maður sér í rauninni hvernig enskan hefur tekið yfir heil svið þar innan borðs. Nú ætla ég ekki að segja að efnafræðingar séu eitthvað verri en aðrir, þetta er bara dæmi sem ég hef kynnst og ég held að þetta sé algengara en margan grunar.

Mig langar að nefna tvennt til viðbótar. Auðvitað íslensku sem annað mál, ég er ánægð með að sjá þær áherslur sem þarna eru um að halda áfram að kenna og bjóða útlendingum sem hér eru upp á íslenskunám og ekki síður styrkja rannsóknir á kennslu í íslensku sem öðru máli.

Síðan er það hlutverk fjölmiðla. Það held ég að sé líka atriði sem þarf að huga vel að ásamt börnunum og vísindamönnunum, því fjölmiðlar eru gríðarlega mótandi í málnotkun. Ég held að það væri ráð að fjölmiðlamenn sæktu sér líka endurmenntun í tungumálinu og ég held að þeir geri það, t.d. þar sem þeir hafa yfirlesara eins og ég veit að eru auðvitað inni á öllum fjölmiðlum. Það væri lítill tilkostnaður fyrir fjölmiðla að nýta sér þessa yfirlesara sem kennara um leið og sækja sér þannig endurmenntun í íslensku máli.

Það síðasta sem mig langar að nefna eru þýðingar og hvað þær geta skipt miklu máli. Ég ólst upp við þýðingu á Stjörnustríði. Það var fyrsta myndin sem ég sá í bíói, Stjörnustríð, mynd númer 2. Þar ólst ég upp við að persónurnar hétu Logi, Lilja og Hans Óli. Síðan fór ég náttúrlega á myndirnar aftur þegar þær komu endurhljóðblandaðar í bíó en þá hétu persónurnar Luke, Han Solo og Leia og allur metnaður var farinn úr þýðingunni. Myndin hét bara Star Wars og þetta voru Jedi-riddarar en ekki Væringjar eins og það hét í gömlu þýðingunni. Helstirnið hét Dauðastjarnan sem mér fannst nú talsvert metnaðarlítil þýðing. Þarna sat ég og hugsaði hvað þetta getur skipt miklu. Að hafa séð þessa mynd þýdda fram og til baka þar sem orðaforði var sóttur í fornbókmenntirnar ef því var að skipta — það sat í mér enn þá. Ég mundi hverja einustu þýðingu þegar ég fór á myndina aftur tuttugu árum seinna. Það þarf því ekki að gera mikið til að efla íslenskuna. Það þarf ekki að vera nema þetta, að þýða svona orð, og þá alast börnin upp við að það sé eðlilegt að tala íslensku en ekki nýta bara alheimstungumálið.

Ég fagna sem sagt þessum drögum og minni á orð nóbelsskáldsins okkar: „Gott mál er andlegur þrifnaður". Ég held að þessi tillaga hjálpi okkur við að standa í þeim þrifnaði.

[19:53]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um íslenska málstefnu. Samkvæmt lögum nr. 40 frá 2006, nánar 9. gr., átti Íslensk málnefnd að vinna að tillögu að íslenskri málstefnu fyrir hæstv. menntamálaráðherra. Þessar tillögur liggja hér fyrir og aðalmarkmið þeirra er að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Nú er það svo að við sem byggjum þetta land tölum flest þetta tungumál. Það er líka ljóst að framtíðarhorfur tungumálsins ráðast fyrst og síðast af stöðu þess innan málsamfélagsins en ekki af stærð samfélagsins. Þess vegna þurfum við Íslendingar að rækta okkar tungumál og standa vörð um íslenskuna. En hver er lagaleg staða íslenskrar tungu í dag? Hún er líklegast engin. Hvergi í stjórnarskrá eða lögum er kveðið á um að íslenska sé hið opinbera tungumál lýðveldisins Íslands. Í þessari þingsályktunartillögu stendur á blaðsíðu 13, með leyfi forseta:

„Hvergi er í lögum kveðið á um það að íslenska skuli notuð í störfum Alþingis Íslendinga.

Hvergi er kveðið á um það að lög, reglugerðir og lögskýringargögn á Íslandi skuli vera á íslensku.

Hvergi er kveðið á um það í lögum að íslenska skuli notuð í störfum Stjórnarráðs Íslands eða sveitarstjórna á Íslandi."

Er ekki mál til komið, hæstv. forseti, að svo verði?

Ég get tekið heils hugar undir hvert orð sem hv. þm. Katrín Jakobsdóttir sagði hér áðan um íslenska tungu. Ég vil á sama hátt og hv. þingmaður gera að umtalsefni íslenskukennslu frá fyrsta skólastigi leikskólans og þar til ævinni lýkur því maður lærir svo lengi sem lifir. Það kemur fram að í viðmiðunarstundaskrá eru íslensku- eða móðurmálskennslustundir færri á Íslandi en erlendis. Ekki veit ég nákvæmlega hvort þar er eingöngu tekið til þeirra stunda sem íslenskan eða erlenda tungumálið eru kennd ein og sér eða hvort það er í blönduðu samhengi en hvað þessa töflu varðar á blaðsíðu 17 í þessu þingsályktunarskjali þá stöndum við Íslendingar illa að vígi.

Þeir sem hafa starfað að íslenskukennslu hafa margreynt og sagt að allir kennarar í íslenskum skólum ættu að vera íslenskukennarar en þeir eru það ekki, það er alveg ljóst. Þeir hafa í gegnum tíðina ekki látið íslenskuna skipta máli í öllum greinum eins og íslenskukennarar gera innan fræða íslenskunnar. Það er þannig og sjálfsagt á fleiri en einu skólastigi. Þess vegna skiptir máli að þeir sem vinna í skólunum, allir uppalendur innan skólanna — það skiptir máli að þeirra tunga sé íslenska, að þeir tali íslensku. Hún þarf ekki að vera þeirra móðurmál en það skiptir máli að þeir tali íslensku og að þeir tali gott mál vegna þess að það læra börnin sem fyrir þeim er haft.

Á nákvæmlega sama hátt og áhersla er lögð á að auka málskilning til þess að auka færni og málörvun þá skiptir lestur foreldra og uppalenda afar miklu máli. Meira að segja er sagt að það að lesa fyrir börn geti skipt sköpum *fyrir þá sem greinast síðar með lesblindu vegna þess að* þeir hafi þá öðlast ákveðinn skilning á tungumálinu þótt þeir þekki ekki hljóðkerfisþáttinn. Allt þetta skiptir máli og því ber að leggja ríka áherslu á tungumál okkar.

Mig langar í þessu sambandi, hæstv. forseti, að nefna afar skemmtilegan útvarpsþátt sem er á sunnudögum og heitir Orð skulu standa. Það er sérstaklega ánægjulegt, í það minnsta fyrir þann sem hefur einhvern áhuga á íslenskri tungu, að fylgjast með þeim þætti og ekki síður þeim sem þar eru og taka þátt. Hvernig þeir nálgast viðfangsefnið, *tungumálið sem þeir tala og leiðin sem þeir fara í leit* að lausninni ef þeir þekkja hana ekki í upphafi. Fleiri slíkir þættir og þá fyrir börn allt frá fjögurra, fimm ára og upp allan grunnskólann gætu aukið áhuga þeirra á tungumálinu, skilning þeirra og næmni fyrir því sem felst í þessu fallega tungumáli.

Við erum oft hrædd við það Íslendingar, og margir íslenskukennarar, þegar unglingarnir okkar eru með slanguryrði sín og sletta á ensku, segja hæ og bæ og „love you" og allt það. Ég hef engar áhyggjur af því. Ég hef áhyggjur af því þegar fólk sem kemur frá útlöndum ætlar að breyta íslenskunni, sem er sagnabesta mál í heimi, í nafnorðamál. Ég hef áhyggjur af því þegar Íslendingar sem koma frá útlöndum og eru þar lærðir misnota tilvísunarsetningar þannig að málið, eða það sem átti að segja, verður allt annað en það sem til stóð.

Ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að nefna tvær setningar þar sem tilvísunarsetningar eru rangt notaðar. Sú fyrri birtist í sveitablaði. Þar stóð, reyndar var blaðið ekki skrifað af hámenntuðum einstaklingi en þó menntuðum með háskólagráðu:

Hestur í óskilum hjá hreppstjóra sem er rauðskjóttur og ójárnaður.

Þetta er frekar dapurt en þó kórónaði fréttamaður eins miðilsins alla vitleysuna þegar hann sagði:

Fundur var haldinn hjá óþekktum stjórnmálamanni sem stóð í sex klukkustundir.

Það verður að skoða þessa þætti íslenskunnar ekki síður en að hafa áhyggjur af slanguryrðum barna og unglinga.

Hæstv. forseti. Fjölmiðlarnir skipta máli, barnaefni í sjónvarpi og barnabækur. Þar ber að vanda tunguna, og meira en vanda hana, það ber að hlúa að íslensku máli í öllu sjónvarpsefni fyrir börn. Það þarf að vanda þýðingar. Ég tek undir með hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur að ögn var Starwars skemmtilegri sú fyrsta sem kom en hinar sem komu á eftir. Einmitt í þá veru getum við eflt, ekki bara áhugann á málinu okkar heldur næmni og tilfinningu fyrir því, hvað þetta tungumál er einstakt og hvað okkur hefur þrátt fyrir allt tekist að halda því óspilltu þau ár sem þetta land hefur verið í byggð.

[20:02]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér mikið í þessa umræðu en vil þó bregðast við ræðu hv. þm. Ragnheiðar Ríkharðsdóttur og taka undir orð hennar um mikilvægi íslensku í skólakerfinu. Hv. þingmaður tók ágæt dæmi, sem reyndar geta verið ágæt íslenska ef sérstaklega

er hugað að setningafræðinni. Ég tel að einum þætti íslenskunnar sé ekki gert nógu hátt undir höfði í kennslu á efri skólastigum, t.d. í framhaldsskólanum, en það er sjálfri málfræðinni. Vissulega er mikið lagt upp úr íslenskukennslu í framhaldsskólunum. Mikil áhersla er lögð á bókmenntir sem eru mikilvægar til að öðlast góðan skilning á hagnýtri notkun tungumálsins. Eftir sem áður held ég að gera þurfi meira af því að kenna málfræðina sjálfa, þ.e. uppbyggingu tungumálsins, notkun þess, beygingarfræði, setningafræði og merkingarfræði. Ég tel að gera þurfi betur en nú er gert í þeim efnum og miða ég þá við það kennsluefni sem ég hef þekkt í skólakerfinu, bæði frá því að ég var sjálfur á þessu skólastigi og eins í gegnum börnin mín.

Úr því að ég er kominn í ræðustólinn vil ég leggja áherslu á umfjöllunina um þýðingar. Það er afskaplega mikilvægt fyrir okkur að leggja rækt við hvers konar þýðingar, bæði af íslensku yfir á önnur mál, eins og hér er fjallað um, en ekki síður af öðrum málum en íslensku. Hlúa þarf vel að öllu starfi á því sviði.

[20:04]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir með hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni: Það skiptir máli að leggja áherslu á málfræði og beygingarfræði sem undirstöðuatriði í tungumálum. Að mínu mati verður þó að gæta þess — ég var íslenskukennari í æðimörg ár — að samtvinna þá kennslu öðrum þáttum tungumálsins. Málfræði er ekki sérstaklega spennandi verkefni fyrir unglinga á efri stigum grunnskóla eða í fyrstu bekkjum framhaldsskóla. Hún er ekki spennandi og hana þarf að nálgast með sérstökum hætti til að gera hana áhugaverða. Sú sem hér stendur hefur reyndar sérstakan áhuga á þeim þætti íslenskunnar og meiri áhuga en á mörgum öðrum þáttum en ég veit af reynslu að þetta þarf að tvinna saman á þann hátt að málfræðin sé ekki sérverkefni í tungumálakennslu heldur sé hún samofin öðrum þáttum.

Að öðru leyti tek ég undir það sem hv. þingmaður sagði um þýðingar og tungumálið yfir höfuð.

[20:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Ég vil koma hingað upp í ræðustólinn til að þakka hv. þingmönnum fyrir góðar ábendingar og snjallar ræður. Segja má að ég taki undir meira og minna allt sem sett var fram, hvort sem það var í formi bollalegginga eða ábendinga. Ég tek heils hugar undir það með hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur, og hef sagt það sjálf hér í þingsal, að tryggja þarf lagalega stöðu íslenskrar tungu, hún er engin. Það er rétt að engin lög mæla fyrir um að við eigum að tjá okkur á íslensku í þingsal, hvað þá að frumvörp og þingskjöl séu sett fram á íslensku. Ég hef ítrekað sagt að þessu verði að beina til stjórnarskrárnefndar og hún verði að fara vel yfir þann hluta.

Þær ástkonur íslenskunnar sem töluðu hér áðan komu inn á marga athyglisverða þætti. Það góða við þetta er að við drögum fram að margt hefur verið gert vel. Vinnan var góð hjá Íslenskri málnefnd og margir voru dregnir að því borði að móta tillöguna sem við ræðum um. En ég hef velt ýmsu fyrir mér í tengslum við kennsluna — hv. þm. Katrín Jakobsdóttir kom réttilega inn á það hvað varðar móðurmálskennsluna og hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir gerði það líka. Við gætum greinilega staðið okkur betur hvað varðar fjölda kennslustunda í íslensku í grunnskólum og það kemur m.a. fram í línuriti í þingsályktunartillögunni. Ég tel einnig mjög mikilvægt að nú þegar við erum að móta kennaramenntun að nýju — ég hef áður sagt að það er eitt mikilvægasta verkefnið hjá þeim háskólum landsins sem bjóða upp á kennaramenntun — setjum við fram hugmyndir um það hvernig kennara við viljum sjá í framtíðinni.

Ég hef lagt á það ríka áherslu að með því að auka kröfur um kennaramenntun byggjum við undir hinar sérstöku greinar, m.a. undir íslenskuna. Ég bind vonir við að með því að stokka upp í kennaramenntuninni, og veita háskólunum til að mynda tækifæri til að byggja enn frekar undir íslenskuna, munum við sjá sterkari kennara í framtíðinni og þá sérstaklega með aukna áherslu á íslensku. Ég vil hins vegar hvetja hv. þingmenn, sem báðir eru í menntamálanefnd, til að kalla fyrir nefndina háskólarektora — nefna má Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri — sem m.a. eru með menntavísindasvið á sinni könnu, til að vita hvað þeir ætla að setja fram í þessum efnum, hvernig þeir ætla að koma til móts við það sem fram kemur í þessari málstefnu. Nú er verið að móta námið og í því felast tækifæri til að byggja enn frekar undir íslenskunám og íslenskukennslu til lengri tíma litið.

Ég ætla ekki að fara út í ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar en vil þó engu að síður fara aðeins stutt inn á það sem tengist kennaramenntuninni almennt. Við höfum átt við þann vanda að glíma að við höfum ekki fengið nægilega marga kennara inn í skólana. Við höfum þó verið að fjölga faglærðum innan skólanna, það er tvímælalaust þannig. Þróunin hefur verið jákvæð í þá veru. Þó að ástandið í efnahagsmálum sé að vísu tímabundið vona ég að það leiði til þess að auðveldara verði fyrir skólana að fá kennara. Það yrði vissulega jákvætt en um leið verðum við að byggja upp til framtíðar þannig að ekki þurfi hörmungar í efnahagsmálum til að fylla skólana. Við eigum að bjóða upp á þannig kennaramenntun og umhverfi í skólum landsins að skólarnir haldi í þá kennara sem þangað hafa leitað, þ.e. að þeir hverfi ekki á braut þegar ástandið breytist. — Þetta var útúrdúr af minni hálfu en tengist samt uppbyggingu í íslenskunni. Að mínu mati þurfum við að leita allra leiða til að fá fólk sem bæði hefur gott vald á íslensku og einlægan áhuga á kennslu til að vera áfram í skólunum. Það er önnur saga.

Hv. þm. Katrín Jakobsdóttir kom inn á athyglisverðan þátt varðandi fræði og vísindi, umdæmisvandann, þ.e. að háskólanemar skuli skrifa fræðigreinar á ensku einmitt þar sem nýsköpunar er þörf. Það er eins og skortur á íslenskum orðum á nýjum fræðasviðum leiði til þess að við verðum eftirgefanleg og notum ensk orð í ríkari mæli. Að þessu verðum við að gæta og menntamálanefnd mun fara yfir þessa hluti með þeim sem komu að mótun íslenskrar málstefnu — ég vil enn og aftur þakka fyrir þá vönduðu vinnu. Ég ætla ekki að eigna mér það sem hv. þm. Katrín Jakobsdóttir sagði þegar hún hrósaði vinnulaginu. Fyrst og fremst má hrósa Íslenskri málnefnd í þessu tilviki. Hún stóð mjög

vel að hlutunum og fléttaði inn allt málsamfélagið og einnig fyrirtækin, háskólana og fjölmiðlana.

Þá erum við komin að fjölmiðlunum sem skipta gríðarlega miklu máli. Allir fjölmiðlar, hvort sem þeir eru ríkisreknir eða einkareknir — það að vera undir orðinu einkarekinn á ekki að veita neinn afslátt af því hvernig menn setja mál sitt fram í fjölmiðlum. Gera á ríkar kröfur til einkarekinna og ríkisrekinna fjölmiðla, sérstaklega á þessu sviði. Ég vil líka hrósa fjölmiðlum fyrir að hafa farið út í markvissa talsetningu á erlendu efni fyrir börn. Það hafa þeir gert vel og þýðingarnar hafa margar hverjar verið ágætar þó að hnýta megi í sumar þeirra.

Þá erum við komin að þýðingunum. Hægt er að safna í umræðuefni í mörgum saumaklúbbum, boðum og samkomum þegar farið er út í þýðingar. Við ræddum það hér frammi áðan hvernig okkur væri tamt að tala um alþjóðastofnun sem við höfum rætt mikið í þessum sal, sem er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Eigum við að nota skammstöfunina IMF eða AGS? Ég hallast að AGS en við eigum alla vega ekki að segja ÆMF eins og margir segja. Þetta er í hnotskurn dæmi sem við höfum staðið frammi fyrir nú á síðustu vikum og margir hafa talað á þessum nótum. Við þurfum að sýna gott fordæmi í þessu, hv. þingmenn, og ganga á undan með góðu fordæmi þó að við gleymum okkur stundum eins og aðrir þegar við beitum okkar ástkæra ylhýra tungumáli.

Ég vil þakka kærlega fyrir þær ábendingar sem hv. þingmenn hafa sett fram og beini því eindregið til þeirra að kalla fyrir hv. menntamálanefnd þá sem þeir telja skipta máli í því að koma málstefnunni í framkvæmd. Málstefnan er góð en hún er enn bara orð á blaði. Við áttum okkur á ábyrgð okkar í menntamálaráðuneytinu, hvað við þurfum að gera. Við höfum hafið okkar starf, við höfum áttað okkur á því hvernig við ætlum að fylgja málinu eftir. Það verðum við að gera í samvinnu við þingið, í samvinnu við stofnanir samfélagsins og í samvinnu við fyrirtæki og heimili landsins. Ég vil þakka góðar undirtektir og bið um stuðning við eftirfylgni þessarar góðu stefnu.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og menntmn.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, o.fl., 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 124. mál (eftirlaunaréttur og skerðing launa). — Þskj. 134.

[20:15]

Flm. (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga sem flutt er af öllum þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en það formaður flokksins, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem er 1. flutningsmaður frumvarpsins sem snýr að eftirlaunarétti þingmanna, ráðherra og æðstu embættismanna sem svo eru nefndir. Sem kunnugt er var gerð breyting á lífeyrisréttindum þessa hóps með lögum árið 2003, lögum sem voru umdeild á þeim tíma og gagnrýnd harðlega hér í þingsal og utan þingsins og hafa reyndar allar götur síðan sætt mikilli gagnrýni í þjóðfélaginu.

Með eftirlaunalögunum sem þá voru samþykkt voru fest í sessi forréttindi sem þessir hópar bjuggu við og í sumum tilvikum bætt í. Á það ekki síst við um ráðherra vegna þess að eftirlaunalögin eru kannski fyrst og fremst lög sem bættu verulega kjör ráðherra og sköpuðu þeim umframréttindi sem ekki eru sambærileg við réttindi þingmanna svo að dæmi sé tekið. En allir þessir hópar búa engu að síður við talsvert betri lífeyriskjör en almennt gerist í þjóðfélaginu.

Frumvarp okkar gengur út á að færa þessa hópa inn undir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. A-deild lífeyrissjóðsins er þeim öllum opin. Þar fara allar nýráðningar ríkisstarfsmanna inn og hefur svo verið frá 1. janúar árið 1997 en þá var lífeyrislögunum breytt, bæði almennum lífeyrisramma og einnig lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þetta frumvarp okkar gengur í fáum orðum út á að færa þessa hópa inn undir þá löggjöf.

Síðan er hér tillaga um breytingar á lögum um kjararáð þar sem gert er ráð fyrir því að draga úr kjaramismunun í kerfi þeirra sem heyra undir kjaradóm en tillagan er sú að á laun sem eru umfram 450 þús. kr. komi skerðing sem nemi tuttugu af hundraði.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál en vil aðeins vekja athygli á því að ríkisstjórnin, eða oddvitar ríkisstjórnarflokkanna öllu heldur, kynntu í flóðlýstu Þjóðmenningarhúsinu, það dugði nú ekki minna til, að í vændum væri eftirlaunafrumvarp frá ríkisstjórninni. Menn biðu nokkuð spenntir eftir því frumvarpi sem hefur verið lengi í mjög erfiðri fæðingu. Í stjórnarsáttmála í upphafi kjörtímabils þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr var boðað að breyting yrði gerð á umræddum eftirlaunalögum og menn biðu spenntir eftir því að sjá hver afraksturinn yrði. En hann var harla rýr.

Frumvarpið er reyndar ekki komið fram í þinginu. Mér finnst það gagnrýnisvert, mjög bagalegt. Ég hef boðað það hér áður að nái frumvarp okkar ekki fram að ganga, verði það ekki samþykkt, muni ég gera breytingartillögur við stjórnarfrumvarpið sem gengju þá í þá átt að færa lífeyrisréttindin undir A-deild LSR, Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. En til þess þurfum við náttúrlega að fá að sjá þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar. Það er bagalegt ef menn ætla að halda sig við gamla hefð þegar sérréttindi ráðherra og þingmanna eru annars vegar, að koma með þetta svona undir þinglok eða birta slík áform í skjóli myrkurs, eins og stundum hefur verið gert, og reyna síðan að knýja málið í afgreiðslu hið allra fyrsta. Ég auglýsi þess vegna eftir því að frumvarp ríkisstjórnarinnar líti dagsins ljós.

Tillaga okkar um kjarabreytingar er frábrugðin tillögum ríkisstjórnarinnar að því leytinu að við viljum einvörðungu skerða kjör þeirra sem eru yfir tiltekinni upphæð en ekki láta skerðinguna ganga niður allan stigann eins og ríkisstjórnin leggur til í frumvarpi sem rætt var hér fyrr í dag um breytingu á lögum um kjararáð.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Það er búið að ræða þetta mikið í þjóðfélaginu. Þingið og þjóðin þekkir málavöxtu en mikilvægt er að frumvarpið gangi strax til nefndar og fari til umsagnar sem víðast í þjóðfélaginu og komi síðan til afgreiðslu fyrir þinglok.

[20:22]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Eftir fall bankanna og kreppuna miklu hefur mikil gerjun verið í landinu, mikil umræða, og ég bind satt að segja töluverðar vonir við þá umræðu. Því miður sýnist mér örla á ofbeldi en ég vona þó, frú forseti, að það skemmi ekki þá gerjun og þá umræðu sem er í gangi þannig að hún geti orðið til heilla fyrir þjóðina og leitt til mikilla breytinga sem ég held að flestir séu sammála um að þurfi að verða.

Eitt af því er gagnsæi, gagnsæi í launum t.d., gagnsæi í lífeyrisréttindum o.s.frv. Það er ótrúlegur frumskógur á því sviði. Ef maður spyr einhvern að því hvað hann hafi í laun liggur við að maður sé engu nær þó að hann svari vegna þess að greiddar eru alls konar sporslur til hliðar við hin venjulegu laun. Maður verður eiginlega engu nær þó að viðkomandi segist hafa einhver laun, það þarf að þráspyrja: Færðu greitt fyrir eitthvað fleira? Það er mætingarbónus, það er óhreinindaálag o.s.frv., þetta er endalaust. Þetta þarf allt saman að skýra og ég vona að það verði gert þannig að menn sjái rétt laun.

Ég vil nefna það að hjá þingmönnum er til eitthvað sem heitir starfskostnaður sem var á sínum tíma sett á og er hvorki kostnaður né tekjur. Ef menn nota það ekki fá þeir það sem tekjur og ef menn nota það þá er það kostnaður. Ég hef alltaf hafnað þessum starfskostnaði og ég veit að fleiri hafa gert það vegna þess að ég gat hvorki flokkað þetta undir tekjur né gjöld í bókhaldi mínu.

Lífeyrismál þjóðarinnar eru með ótrúlegum eindæmum hjá ekki stærri þjóð. Við erum með hina almennu lífeyrissjóði verkalýðshreyfingarinnar sem settir voru á laggirnar 1969 upp úr kjarasamningum og greiða verðtryggðan lífeyri miðað við vísitölu neysluverðs og réttindaávinnslu sem er um 1,4% á ári. Til þess þarf um 12% iðgjald, 8% frá atvinnurekanda og 4% frá launþega. Þetta eru hinir svokölluðu almennu lífeyrissjóðir og í þeim eru um það bil 75–80% af öllum vinnandi Íslendingum.

Svo erum við með lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og hann skiptist í tvær deildir. Það er í fyrsta lagi A-deild sem var búin til fyrir tíu árum eða svo, og í hann er greitt 15% iðgjald. Hann veitir 1,9% fyrir hvert ár sem menn hafa starfað en er að öðru leyti sambærilegur en með verðtryggingu miðað við neysluvísitölu, þ.e. lífeyririnn, o.s.frv.

Svo erum við með B-deildina sem er svokallaður eftirmannssjóður sem byggist á því að launin fara eftir launum eftirmanns. Þar erum við að tala um töluvert mikla oftryggingu miðað við hina tvo. Segja má að A-deildin sé töluvert mikið verðmeiri en almennu lífeyrissjóðirnir en B-deildin er öllu verðmest.

Það sem skilur þessar þrjár tegundir af lífeyriskerfum að er það að hjá opinberum starfsmönnum eru réttindin föst en iðgjaldið breytilegt, þ.e. iðgjald ríkisins, þ.e. iðgjald skattgreiðandans. Ef ávöxtun sjóðanna fer af einhverjum ástæðum forgörðum, t.d. við tap bankanna, tap sjóðsins á bankahruninu, hækkar iðgjaldið, þ.e. skattar skattgreiðenda, en réttindin skerðast ekki.

Því er öndvert farið hjá almennu sjóðunum. Þar skulu réttindin skert því það er ekkert sem stendur á bak við þá sjóði nema eignin. Ef hún rýrnar þarf að skerða réttindin því menn virðast ekki tilbúnir til að hækka iðgjaldið. Þó gæti það nú verið en það þarf að semja um það. Það yrði þá bara skattur á viðkomandi sjóðfélaga sem yrði að greiða viðkomandi stétt en ekki eins og hjá opinberu starfsmönnunum þar sem skattur er á annað fólk í þjóðfélaginu, opinbera starfsmenn að sjálfsögðu líka.

Þetta er staðan sem við stöndum frammi fyrir og þau frumvörp sem komið hafa fram undanfarna tvo til þrjá vetur eftir að þessi frægu eftirlaunalög voru samþykkt á Alþingi sem í reynd, frú forseti, skertu réttindi hins almenna þingmanns. Það er svo merkilegt. Að meðaltali tapaði hinn almenni þingmaður á því vegna þess að iðgjaldið var hækkað úr 4% í 5% og réttindin bætt eilítið en ekki sem því svarar. Þar var aðallega um að ræða réttindabætur fyrir ráðherra og aðra.

Þau tvö frumvörp sem við höfum verið að ræða hér, m.a. fyrirliggjandi frumvarp frá Vinstri grænum, fara úr einu forréttindakerfi yfir í annað, þ.e. að réttindin séu föst og töluvert betri en hjá almennu sjóðunum, 1,9% fyrir hvert ár en hjá almennu sjóðunum er það 1,4–1,5%. Það þýðir að í rauninni er verið að fara úr einu forréttindakerfi yfir í annað.

Það sama má segja um þær hugmyndir sem ríkisstjórnin hefur á boðstólum og eins það frumvarp sem hv. þm. Valgerður Bjarnadóttir flutti á sínum tíma. Það var sama sagan. Farið var úr einu forréttindakerfi yfir í annað. Fyrir langalöngu, árið 1996 held ég það hafi verið, flutti ég frumvarp um að þingmenn greiddu í almenna lífeyrissjóði eins og 80% af þjóðinni gera. Það finnst mér vera réttlátast því að þá njóta þeir sömu kjara og umbjóðendur sínir, það fólk sem kaus þá á þing, og skynja strax á eigin skinni hvernig það er að vera skertur ef til þess kæmi. Það finnst mér vera mjög mikilvægt.

Ég mun berjast fyrir því að gerðar verði breytingar á frumvarpi ríkisstjórnarinnar, ef það kemur fram, sem heimila þingmönnum að ganga í almenna lífeyrissjóði og þá gegn því að laun þeirra hækki sem nemi verðmæti réttindanna, því að allir eru einmitt að tala um þessi verðmæti réttindanna sem hvergi koma fram. Það er eiginlega vandinn.

Í nútímaþjóðfélagi, þar sem er krafa um meira gagnsæi og meiri hreinleika o.s.frv., finnst mér mjög mikilvægt að ekki sé verið að fela laun með lífeyrisréttindum. Það veit enginn hvers virði þessi réttindi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í B-deildinni eru í rauninni. Hvað þyrfti iðgjaldið að vera hátt? Menn vita bara að það er sennilega búið að kosta ríkissjóð 170 milljarða. Skuldbindingin hefur vaxið um 170 milljarða frá því að aðlögunarsamningurinn var gerður 1998, að mig minnir. Það hefur hann kostað hinn almenna skattgreiðanda því að það er náttúrlega hann sem greiðir þetta allt saman.

Mér finnst, frú forseti, að þingmenn ættu að stíga skrefið til fulls og taka upp almenn réttindi kjósenda sinna. Þá eru þeir eins settir og kjósendurnir og finna strax á eigin skinni ef skerða þarf réttindin eða eitthvað slíkt.

[20:30]

Flm. (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvað á að segja um þessa

ræðu sem var flutt af talsverðri vandlætingu. Hér talaði maður sem greiddi atkvæði með hinum umdeildu sérréttindum fyrir ráðherra, æðstu embættismenn og þingmenn 2003, studdi frumvarpið og er síðan alltaf að hneykslast yfir þeim sömu sérréttindum. Hann greiddi atkvæði með sérréttindum sjálfum sér til handa, og ráðherrum sérstaklega. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður sagði, í ýmsu tilliti voru ekki bætt lífeyrisréttindi almennra þingmanna. Þetta voru fyrst og fremst ráðherrasérréttindalög, það er nokkuð til í því. Hins vegar tapaði enginn á þessum breytingum, það var áskilið í lögunum að menn gætu valið. Ef þeir töpuðu á lagabreytingunni var þeim frjálst að vera í gamla kerfinu. Þetta er þingmaður sem greiddi atkvæði með sérréttindum sjálfum sér til handa og talar hér núna af mikilli vandlætingu og kveður upp þunga dóma yfir öðrum.

Síðan skulum við tala aðeins um B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem er svona hræðilegur að mati hv. þingmanns. Þeirri deild var lokað í árslok árið 1996. Það hefur enginn farið þar nýr inn og þegar málið er gert upp í heild sinni hefur hann ekki reynst ríkissjóði sú byrði sem hv. þingmaður vill vera láta. Um árabil og áratugabil voru teknir þarna út fjármunir sem voru notaðir, í sumum tilvikum vaxtalaust eða vaxtalítið, af ríkinu til uppbyggingar á eigin innviðum. Síðan spöruðust ómældir fjármunir vegna þess að þeir sem nutu góðra lífeyrisréttinda úr þessari deild, úr þessum lífeyrissjóði, spöruðu almannatryggingum mikla fjármuni. Þegar málið er skoðað þarf að skoða það í þessu stóra samhengi.

Varðandi sýnileika launa er ég alveg sammála hv. þingmanni að allt á að vera uppi á borði og sýnilegt. Hann vék að starfskostnaðargreiðslum sem voru settar hér á einhvern tímann á síðari hluta 10. áratugarins. Þingmenn tóku þær sjálfir, greiddu atkvæði um það. Þó að þeir væru búnir að ákvarða með öðrum lögum að kjaraákvarðanir ættu að heyra undir kjaradóm ákváðu þeir sjálfum sér til handa þessar greiðslur. Ég er alveg sammála hv. þingmanni hvað þær greiðslur varðar. Þær voru mjög slæmar, óheppilegar er ekki orðið, og ég gerði það sama og hv. þm. Pétur H. Blöndal og hef aldrei tekið þessar greiðslur.

Stíga skrefið til fulls, segir hv. þingmaður, það eigi að fara væntanlega þá með alla opinbera starfsmenn inn í almenna lífeyrissjóði — (**PHB:** Þingmenn.) já, þingmenn inn í almenna lífeyrissjóði. Hvers vegna er ekki hægt að fara með þingmenn inn í það kerfi sem opinberir starfsmenn hafa barist fyrir í sinni kjarabaráttu? Þetta eru ekki neinir forréttindahópar — við erum að tala um sjúkraliða, slökkviliðsmenn, hjúkrunarfræðinga, kennara, strætisvagnabílstjóra — sem hafa barist í sinni kjarabaráttu um áratugaskeið. Staðreyndin er sú að það er hægt að koma hér á mismunandi kerfi sem mönnum er líka frjálst og hægur vandinn að gera á almennum vinnumarkaði, nefnilega það að hafa réttindi lífeyriskerfanna fasta stærð en launin þá breytileg. Þetta er bara val sem menn hafa, hvort þeir vilji taka skerðingu í efnahagsáföllum eða þrengingum í gegnum launin eða í gegnum lífeyrisréttindin. Ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar að það sé mikilvægara að halda lífeyrisréttindunum sem fastri stærð en þá verið tilbúinn að taka launin sem breytileg og í þessu tilviki er breytan einmitt launin og þá iðgjaldið, ef sverfur að hjá lífeyrissjóðunum verður að hækka iðgjaldið til sjóðanna.

Hv. þingmaður notaði gamalkunna aðferð, að reyna að skapa úlfúð gagnvart starfsmönnum hins opinbera með því að höfða sífellt til þess að verið væri að setja klyfjar á skattgreiðendur. Það á þá að sjálfsögðu við um öll kjörin, það á væntanlega við um launin líka, veikindaréttinn og öll launakjör hjá starfsmönnum sem vinna hjá ríki eða sveitarfélögum. Það eru ekki bara lífeyrisréttindin. Það er um kjörin öll. Og fólk hefur í kjarabaráttu sinni valið að leggja höfuðkapp á að bæta lífeyrisréttindin. Þetta er bara frjálst opið val sem menn hafa tekið ákvörðun um. Ég furða mig á því að hlusta á þingmenn Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Pétur H. Blöndal, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson og fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem virðast vera að búa sig undir það að hefna sín á opinberum starfsmönnum. Ef þeir þurfa að láta undan í þessu máli, varðandi eigin sérréttindi í lífeyrisréttindum, þurfi að vinna verkið til fulls og skerða réttindi opinberra starfsmanna almennt.

Af því að hv. þingmaður hefur óskað eftir því að koma upp í andsvari verður fróðlegt að heyra hvort það er þetta sem er upp á teningnum eins og mér heyrðist á máli hans þegar lífeyrisréttindin komu hér til umræðu í þingsal um daginn.

Nei, hæstv. forseti, oddvitar ríkisstjórnarflokkanna hafa kynnt okkur, þótt í óljósum orðum sé enn þá, hvaða áform þau hafi uppi um breytingar á hinum illræmdu eftirlaunalögum og á daginn hefur komið að það er ný sérréttindaútgáfa. Þau eru búin að liggja yfir því mánuðum saman, allar götur frá því að ríkisstjórnin var mynduð, að finna hvað þau komist upp með að skerða eigin réttindi lítið. Ef ég man það rétt, ég er ekki með þessi gögn fyrir framan mig, er réttindaávinnsla ráðherra 8% og mig minnir að hún fari þá niður í 4 eða 5%. Ég held að breytingartillögur þeirra gangi út á það en hún yrði eftir sem áður meira en helmingi meiri en almennt gerist hjá starfsmönnum ríkisins. Þetta er allur ávinningurinn af því mikla og þrotlausa starfi sem þau hafa unnið saman undir nautshúðinni, hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde og hæstv. utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Þau kynntu okkur nýja sérréttindaútgáfu sjálfum sér til handa í flóðlýstu Þjóðmenningarhúsinu, það dugði ekki annað til.

[20:39]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður segir að enginn þingmaður hafi tapað á þessu því að hann geti valið en hann gat ekki valið um iðgjaldið, það var hækkað upp í 5% úr 4%. Mjög margir þingmenn hafa tapað, þó að þeir geti valið um réttindin hækkaði iðgjaldið. Svo segir hv. þingmaður að B-deildin hafi ekki verið sú byrði sem hann átti von á. Heldur betur, ég hef reyndar ekki skoðað það nýverið en síðast þegar ég skoðaði það voru það 170 milljarðar sem skuldbindingin hafði vaxið eftir að aðlögunarsamningarnir voru gerðir. Þá lagði ég nefnilega til að opinberir starfsmenn gætu valið að hafa góð lífeyrisréttindi og lág laun eða lakari lífeyrisréttindi, almenn lífeyrisréttindi, og hærri laun. Það er einmitt það sem ég ætla að leggja til og gera að tillögu minni, að þingmenn geti valið um það að vera með annaðhvort forréttindalífeyri hv. þingmanns, það sem ríkisstjórn-

in leggur til, eða valið um það að vera í Lífeyrissjóði verslunarmanna eða öðrum almennum lífeyrissjóði og fá þá hærri laun, sem réttindunum nemur.

Að ég hafi greitt atkvæði með þessu frumvarpi, það gerði ég af þeirri einföldu ástæðu að þar áður var réttindauppbyggingin mjög ógreinileg og ógagnsæ. Með lögunum sem sett voru 2003 var það þó samræmt og það var auðveldara en áður að breyta úr því kerfi yfir í almennt kerfi. Þess vegna greiddi ég þessu atkvæði. En ég var ekkert yfir mig hrifinn af frumvarpinu á sínum tíma. Ég hefði helst viljað að þingmenn, eins og ég lagði sjálfur til árið 1996 eða 1997, nytu bara almennra lífeyrisréttinda eins og meginhluti kjósenda þeirra.

[20:41]

Flm. (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki eiginlega hverju skal svarað til en staðreyndin er sú að starfsmenn ríkis og sveitarfélaga, hvort sem þeir eru innan BSRB eða Alþýðusambands Íslands, búa við betra lífeyriskerfi en gerist á almennum launamarkaði, það er alveg rétt. Hins vegar hafa kjörin á almennum launamarkaði, í hinum gömlu SAL-sjóðum, batnað mjög á undanförnum árum, um 20% á síðustu 4–5 árum tel ég vera. Vegna þess að opinberir starfsmenn, starfsmenn almannaþjónustunnar hjá ríki og sveitarfélögum, hafa aldrei hvikað frá þeirri staðföstu afstöðu að halda í lífeyrisréttindi sín og láta ekki skerða þau í neinu — ég hef verið mjög á þeirri skoðun sjálfur — hafa lífeyrisréttindi almennt í þjóðfélaginu batnað.

Það hafa alltaf verið til menn eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hafa viljað koma öllum réttindum launafólks niður undir gólflistann, ekki bara lífeyrisréttindum, heldur í nánast öllu réttindakerfinu. Út á það gengur þessi málflutningur fyrst og fremst. Ég legg áherslu á að lífeyrisréttindi fólks, hvort sem er hjá hinu opinbera, ríki, sveitarfélögum eða á almennum vinnumarkaði, séu sem traustust og ég er þeirrar skoðunar að það sé betra að hafa lífeyrisréttindin stöðug og ég vil frekar taka breytingum í kjararýrnun í launum þegar áföll verða í efnahagslífinu.

[20:43]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil ekki koma öllum réttindum niður á gólfið, alls ekki. Ég geri mér hins vegar fullkomlega grein fyrir því að þetta er allt saman greitt af einhverjum og það er kannski munurinn á mér og hv. þingmanni að ég geri mér grein fyrir því að þetta er greitt af einhverjum, þetta er greitt af hinum vinnandi manni í þjóðfélaginu, hvort sem hann er opinber starfsmaður eða ekki. Spurningin er: Hvað ætlum við að lesta fólk mikið á vinnuævinni þegar það er að koma sér upp börnum, húsnæði, atvinnurekstri og koma undir sig fótunum, námi o.s.frv., hvað ætlum við að lesta það mikið svo það hafi það mjög gott í ellinni? Þetta þarf að vega og meta. Þetta er ekki spurningin um að koma einhverjum réttindum niður á gólflistann, alls ekki. Það er bara að vega og meta, á fólkið að hafa góð lífskjör þegar það er að koma upp börnum og koma sér upp húsnæði eða þegar það er komið á eftirlaun? Um þetta snýst í rauninni deilan, um það hvað iðgjaldið eigi að vera hátt og hvað réttindin eigi að vera mikil. Það er svo einfalt.

Svo varðandi það að lífeyrisréttindi hafi batnað mikið hjá almennu sjóðunum, það held ég að sé ekki almennt, langt í frá. Margir sjóðir standa illa og hafa ekki getað bætt kjör sín þrátt fyrir góða ávöxtun, þrátt fyrir risaávöxtun undanfarinna góðæra sem núna slær allt til baka. Ég hugsa að næsta haust munum við upplifa — við erum reyndar að setja lög um að það taki ekki gildi, það liggur frumvarp um það fyrir Alþingi að það eigi að víkka mörkin fyrir lífeyrissjóðina. En ég hygg að áfallið núna eigi eftir að rýra kjör margra lífeyrissjóða á sama tíma og hugsanlega þarf að hækka iðgjaldið til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem hefur föst réttindi sem þetta fólk borgar. Og ég veit ekki hvað maðurinn sem er með 70 þús. kr. úr lífeyrissjóði segir — hann er skertur — ef hann á að borga meiri skatta til þess að opinberi starfsmaðurinn haldi sínum réttindum óskertum.

[20:45]

Flm. (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er á því máli að við eigum að búa svo um hnúta að lífeyrisréttindi engra verði skert og þá horfi ég til almenna markaðarins líka. Þessa tölu sem ég var að vitna í, 20% réttindaaukningu á undanförnum, held ég, 5–6 árum, fékk ég hjá lífeyrissjóðunum í gær þegar ég var að afla mér upplýsinga um þetta sérstaklega. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að til eru þeir lífeyrissjóðir sem hafa á undanförnum árum skert réttindi félagsmanna sinna. En almennt hafa lífeyrissjóðirnir styrkt stöðu sína. Þeir hafa verið að sameinast og þeir hafa verið að bæta kjörin. Síðan verðum við fyrir þessum sameiginlegu áföllum, íslenska þjóðin, og ég tel mjög brýnt að allt verði gert sem hægt er til að verja kjör lífeyrisþega. Mér finnst skipta afar miklu máli að við gerum það.

Síðan er alveg rétt og á við um öll laun í landinu, ekki bara hjá starfsmönnum sveitarfélaga eða ríkis, heldur allra starfsmanna, að einhver borgar. Það er einhver sem borgar þeim sem eru að vinna á bensínstöðinni eða í búðinni. Það er neytandinn þá væntanlega og vinnandi fólk sem borgar. Þetta er allt samhangandi keðja. En það sem mér finnst votta fyrir í málflutningi hv. þm. Péturs H. Blöndals er að hann greinir þjóðina alltaf í sundur. Hann talar um þá sem eru á framfæri skattgreiðandans, hins vinnandi manns sem greiðir fyrir einhverja ómaga. Þetta er ekki svona. Allt samfélagið er að sjálfsögðu ein heild þar sem einn vinnur fyrir öðrum. Að sjálfsögðu er það þannig. Það sem við erum að tala um núna er hvernig við getum tryggt, bætt og eflt (Forseti hringir.) þessi almennu réttindi sem launafólk býr við, en ekki grafið undan þeim eins og mér finnst hv. þingmaður gera allt of oft.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Fundi slitið kl. 20:48.

48. FUNDUR

miðvikudaginn 10. desember,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til viðskiptaráðherra:

2. Fundur með fjármálaráðherra Breta, fsp. SF, 130. mál, þskj. 143.

3. Samráð við Fjármálaeftirlitið, fsp. KHG, 174. mál, þskj. 211.

Til samgönguráðherra:

4. GSM-samband, fsp. VS, 135. mál, þskj. 148.

5. Háhraðanetþjónusta, fsp. KolH, 164. mál, þskj. 195.

Til menntamálaráðherra:

6. Nýtt framhaldsskólapróf og fræðsluskylda, fsp. KJak, 148. mál, þskj. 168.

7. Íslenskukennsla fyrir útlendinga, fsp. KJak, 150. mál, þskj. 170.

8. Bygging tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar, fsp. SVÓ, 182. mál, þskj. 225.

9. Úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna, fsp. KJak, 199. mál, þskj. 250.

[13:32]

Útbýting:

Árlegur vestnorrænn dagur, 221. mál, þáltill. KVM o.fl., þskj. 299.

Ríkisútvarpið ohf., 218. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 295.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 219. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 297.

Tryggingagjald, 220. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 298.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og virðisaukaskattur, 175. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 296.

Störf þingsins.

Tilhögun þinghalds o.fl.

[13:33]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Mér leikur hugur á að vita um nokkur atriði sem snúa að tilhögun fundarhalda og skipulagningu starfa þingsins á næstunni. Ég vil í fyrsta lagi spyrja hvort rétt sé að hér hafi staðið formlegir þingfundir í gær á milli 5–5.30 og til 7 en á sama tíma hafi þingflokkar stjórnarflokkanna verið á formlegum þingflokksfundum að fjalla um drög að nýju fjárlagafrumvarpi. Hér var haldið fram þingfundi með ákaflega lítilli viðveru stjórnarliða af eðlilegum ástæðum. Er ætlunin sú að við sjáum jafnvel meira af slíkri nýbreytni, að formlegir þingflokksfundir standi á sama tíma og þingfundur?

Í öðru lagi vil ég spyrja um stöðu fjárlagafrumvarpsins hins nýja, þ.e. niðurskurðar- og harðindafrumvarps ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem enn er ekki komið til fjárlaganefndar og samkvæmt mínum upplýsingum er það jafnvel ekki væntanlegt þangað fyrr en á morgun. Engu að síður flýgur það fyrir á göngum að það standi jafnvel til að ræða það á föstudaginn.

Þá er spurningin sú — og væri gaman að hafa hér hinn glæsta formann fjárlaganefndar sem fór mikinn á upphafsári sínu á þingi um það hvernig hann ætlaði að betrumbæta vinnubrögð og vanda þau öll — hvort það sé þá virkilega meiningin að fjárlaganefnd Alþingis fjalli um hið nýja fjárlagafrumvarp. Það er þá nýtt fjárlagafrumvarp á einum sólarhring. Svo eigi þingið að ræða það strax daginn eftir og taka það jafnvel fyrir með afbrigðum. Auðvitað trúi ég því ekki, herra forseti. Það hlýtur að vera einhver misskilningur en þetta er orðin útbreidd frétt á göngum þinghússins þannig að mér þætti vænt um að forseti bæri þetta til baka. Það stendur tæplega til að fara að bjóða upp á slík vinnubrögð ofan í allt sem á undan er gengið. Þess vegna spyr ég að lokum virðulegan forseta hver sé áætlunin núna um störf þingsins því að ljóst er að starfsáætlun Alþingis er jafnónýt og fjárlagafrumvarpið frá því í haust og hlýtur að þurfa að endurskoðast. Af hverju er ekki sett upp ný starfsáætlun sem raðar þessu niður á dagana fram að jólum og jafnvel milli jóla og nýárs (Forseti hringir.) ef með þarf?

[13:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna spurninga hv. þingmanns vill forseti fara yfir þau atriði sem nefnd voru.

Í fyrsta lagi veit ég ekki til þess að forseta hafi borist athugasemdir í gær meðan á þingfundi stóð um fundarhöld einstakra þingflokka.

Hvað varðar afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins er það deginum ljósara að allar áætlanir þingsins hafa raskast vegna þeirra atburða sem orðið hafa í efnahags- og fjármálalífi landsins og reyndar ekki bara fjármálalífi Íslands heldur veraldarinnar allrar. Það hlaut að koma niður á störfum okkar á Alþingi Íslendinga. Við höfum orðið að stokka upp þau spil. Það hefur tekist býsna vel og ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir mjög gott samstarf hvað það varðar.

Hins vegar liggur það fyrir að fjárlaganefnd mun ekki afgreiða tillögur sínar fyrir 2. umr. fjárlaga fyrr en á föstudagsmorgni. Í því ljósi þurfum við að endurmeta starfsáætlunina hvað varðar þessa viku og þá hina næstu. Þess vegna geri ég ráð fyrir að hitta formenn þingflokka síðar í dag með þær upplýsingar sem ég greindi frá um störf fjárlaganefndarinnar. Vænti ég þess að þetta skýri fyrir hv. þingmanni það sem hann spurði um og vil ég undirstrika það að forseta er vel ljóst að þingmönnum er vandi á höndum að skipuleggja starf sitt. Verkefni okkar hlutu hins vegar að ruglast nokkuð í ljósi þess sem ég nefndi fyrr en þetta vildi ég segja vegna þess sem fram kom í ræðu hv. þingmanns.

[13:38]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Ég vil láta það koma fram að maður gerir auðvitað ekki athugasemdir við að þingflokksfundir standi sem maður veit ekki um að verið er að halda. Ég hafði ekki hugmynd um það fyrr en ég frétti

í morgun að það hefði verið skýringin á fátæklegri viðveru stjórnarliða og ráðherra undir umræðum í gær á aukafundi sem boðaður var með mjög skömmum fyrirvara með sjö nýjum þingmálum sem, ef ég man rétt, voru öll nema kannski eitt tekin á dagskrá með afbrigðum. Þingmenn höfðu vægast sagt lítinn tíma til að bregðast við þeirri nýju dagskrá og setja sig inn í þau mál og ræða þau hér. Þeir gerðu það engu að síður og sýndu þar með mikið umburðarlyndi gagnvart því ástandi sem hér ríkir.

Að sjálfsögðu hefur starfsáætlun Alþingis raskast og það er enginn að kvarta undan því, það er veruleiki sem við stöndum frammi fyrir. En eftir stendur að mikilvægt er að reyna að skipuleggja þinghaldið hér þannig að menn hafi einhvern lágmarksundirbúningstíma og þegar stórmál eins og fjárlagafrumvarp sem er í grunninn nýtt, sameiginleg afurð ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, á að koma á dagskrá. Ef fjárlaganefnd fær ekki nema einhverja klukkutíma eða sólarhringa til að fjalla um það liggur það í hlutarins eðli að þingflokkar og þingmenn hafa ákaflega lítinn tíma til að bregðast við slíku og undirbúa sig undir umræðuna. Það gengur auðvitað ekki að hún sé sett á dagskrá með einhverra örfárra klukkutíma fyrirvara eða þótt það væri með einhverra daga fyrirvara, hvað þá ef málið er tekið á dagskrá með afbrigðum. Ég gef mér því það að forseti hafi verið að boða að fjárlagafrumvarpið verði ekki á dagskrá og það verði ekki rætt fyrr en í næstu viku og er það vel. Þá gefst meiri tími til að undirbúa sig undir það.

Ég hvet til þess sett verði upp ný starfsáætlun a.m.k. fram að jólum ef sá tími dugar, ellegar þá fram að áramótum þannig að þingmenn viti eitthvað að hverju þeir ganga. Samkvæmt gildandi starfsáætlun er fundur á föstudaginn og gerir að sjálfsögðu enginn athugasemdir við það. Það er örugglega nóg að starfa annað en að ræða fjárlagafrumvarpið á þeim degi en mikilvægt er að menn hafi þó jafnan fyrir fram sig einhverja áætlun um næstu sólarhringa þannig að þeir viti að hverju þeir ganga.

[13:40]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég vil eiga orðastað við hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson sem er bæði formaður viðskiptanefndar Alþingis og varaformaður Samfylkingarinnar. Hv. þm. Árni Páll Árnason bað sérstaklega um að Davíð Oddsson seðlabankastjóri væri kallaður fyrir viðskiptanefnd til að upplýsa um það sem seðlabankastjóri segist vita varðandi af hverju hryðjuverkalöggjöfinni svokölluðu var beitt á Ísland. Seðlabankastjóri mætti til fundar en þar neitaði hann að svara þegar á hólminn var komið og bar fyrir sig bankaleynd. Hann kom því síðan sérstaklega að að hann hefði varað ríkisstjórnina við því í sumar að það væru 0% líkur á því að bankarnir mundu lifa af stöðuna á fjármálamarkaðnum.

Varðandi þessi mál hefur hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde upplýst í sjónvarpsviðtali — og ég vitna beint:

„Já, já. Það var fundur í júlí og ég kannast ekki við að það hafi verið talað um 0% líkur. Það má vel vera að það hafi verið sagt einhvern tíma í símtali en slík óformleg samtöl eru ekki hin opinbera afstaða bankans."

Þetta sagði hæstv. forsætisráðherra en Davíð Oddsson seðlabankastjóri kýs samt að koma þessu sérstaklega að hjá viðskiptanefnd þingsins. Síðan sagði hæstv. forsætisráðherra í gær að hann kannaðist ekki við að það hafi verið sagt við sig í samtali að 0% líkur væru á hruni bankanna. Þetta er allt með miklum ólíkindum, virðulegi forseti.

Ég vil spyrja hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson sem segist hafa orðið fyrir vonbrigðum með frammistöðu seðlabankastjóra á fundi nefndarinnar: Hvað ætlar Samfylkingin að gera í þessari stöðu? Eigum við að horfa upp á það að forustumenn þjóðarinnar í lykilstöðum varðandi bankahrunið geti talað með þessum hætti fyrir framan alþjóð? (Forseti hringir.) Eigum við að afbera það?

[13:43]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Herra forseti. Viðskiptanefnd Alþingis hefur haldið 25 fundi síðan bankahrunið varð. Við höfum kallað eftir margs konar upplýsingum og reynt að varpa ljósi á hin ýmsu mál. Má þar nefna uppgjöf peningamarkaðssjóða, samskipti einstakra stjórnvalda, ákvarðanir skilanefnda, hugsanlegar lánveitingar ríkisbankanna sem gætu haft neikvæð áhrif á fjölmiðlamarkaðinn o.s.frv.

Við höfum líka kallað eftir skýringum frá seðlabankastjóra um ýmis mál. Það er rétt að fram kom á fundi nefndarinnar og seðlabankastjóra að seðlabankastjóri segist hafa sagt ráðherrum í júní — hann tekur ekki fram hvaða ráðherrum — að það væru 0% líkur á því að bankarnir mundu lifa. En nú hefur hins vegar komið fram að hvorki utanríkisráðherra né viðskiptaráðherra áttu fund með seðlabankastjóra í júní og þeir kannast ekki við þessi orð. Forsætisráðherra virðist heldur ekki ráma í þessi orð. Auðvitað eiga engar hálfkveðnar vísur að vera í þessu máli og þarf seðlabankastjóri að skýra þessi orð mun betur á hinum opinbera vettvangi. Auðvitað á seðlabankastjóri líka að upplýsa um hvað hann telur hafa valdið því að Bretar settu á okkur hryðjuverkalög. Hann segist búa yfir þeim upplýsingum en hann neitar að gefa þær upp. Auðvitað veldur það mér miklum vonbrigðum. Ég hvet hv. seðlabankastjóra að gera hreint fyrir sínum dyrum. Þetta er ekki einkamál hans, þetta lýtur að hagsmunum þjóðarinnar. Komið hefur fram að stjórnvöld eru að hugsa um að skoða réttarstöðu sína gagnvart Bretum og þessar upplýsingar þurfa að koma upp á yfirborðið. Við í viðskiptanefnd gerðum tilraun til að fá þessar upplýsingar en fengum þær ekki.

Að lokum vil ég vekja athygli á því að seðlabankastjóri sagði á fundi sínum með viðskiptanefnd að viss samtöl í Seðlabankanum væru tekin upp. Á þessum fundi tilkynnti seðlabankastjórinn sérstaklega að hann hefði gert ráðstafanir til að geyma þessa upptöku lengur en í þá sex mánuði sem mun vera meginreglan þar á bæ varðandi geymslu þess háttar upplýsinga. Þetta tilkynnir seðlabankastjórinn nefndinni sérstaklega, væntanlega þá í þeim tilgangi að hægt verði að upplýsa málið enn betur síðar meir (Forseti hringir.) og því hlýt ég að fagna og kalla eftir.

[13:45]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Þetta mál er allt með miklum ólíkindum. Eins og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson gat um hér áðan gerði seðlabankastjóri grein fyrir ákveðnum hlutum en

ekki hefur verið upplýst við hverja hann hafði þau orð að 0% líkur væru á að bankarnir mundu lifa. Hann segist hafa sagt það við ráðherra, og skilgreinir hverja, í júnímánuði en enginn kannast við að þetta hafi verið sagt við einn eða neinn.

Þá hlýtur að vera eðlilegt að viðskiptanefnd kalli seðlabankastjóra aftur á sinn fund. Hér með skora ég á formann viðskiptanefndar, hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson, að kalla seðlabankastjóra aftur á fund þannig að hann geri nefndinni og þinginu grein fyrir því og gefi upplýsingar um það hvenær, hvernig og við hverja hann kom þeim upplýsingum á framfæri að 0% líkur væru á því að bankarnir mundu lifa af.

Hér er um alvarlega yfirlýsingu að ræða og hafi seðlabankastjóri gefið hana á fundi með ráðamönnum bar þeim að sjálfsögðu að bregðast við. Sé seðlabankastjóri hins vegar að segja þetta án þess að nokkur rök eða tilefni séu til liggur ljóst fyrir að seðlabankastjóra er ekki lengur sætt, hann verður að segja af sér.

[13:47]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Hér hefur verið rætt um samskipti Seðlabankans og seðlabankastjóra við ríkisstjórn og Alþingi og það er sífellt eitthvað sem kemur manni á óvart, manni dettur í hug að lengi skuli manninn reyna, þann mann.

Leiðari *Fréttablaðsins* fyrr í vikunni hefst á þessum orðum, með leyfi forseta:

„Viðvörunarbjöllurnar gullu með vaxandi þunga í aðdraganda bankahrunsins í haust. Þar voru hagfræðingar á ferð, bæði innlendir og erlendir, og einnig stjórnmálamenn og ýmsir aðrir sem gerðu sér grein fyrir því að íslenska fjármálaundrið væri ekki undur heldur nær því að vera tálsýn."

Þetta eru orð að sönnu og það er hollt að rifja upp að eftir fund Seðlabankans í London í febrúar var því haldið fram að stjórnvöld hefðu sérstaklega verið vöruð við ástandinu. Eins og hér hefur komið fram lýsti formaður bankastjórnar Seðlabankans því yfir á fundi með viðskiptanefnd nýlega að hann hefði varað ráðherra í ríkisstjórninni við því í sumar — ég læt liggja á milli hluta hvort það var í júní, júlí eða ágúst eða hvenær það var — að 0% líkur væru á að bankarnir mundu lifa lánsfjárkreppuna af. Nú segja ráðherrar að þeir hafi ekki átt fundi eða hlýtt á þessi orð seðlabankastjóra og við hljótum að velta fyrir okkur hver segir satt og hver ósatt, orð standa gegn orði.

Mér er sagt að seðlabankastjóri hafi líka sagt á fundi viðskiptanefndar að hann hafi í september sagt ráðherrum að bankarnir yrðu hrundir innan þriggja vikna. Mér leikur forvitni á að vita hvort þetta er rétt. Hvað voru menn eiginlega að hugsa í Stjórnarráðinu? Voru þeir ekki með réttu ráði? Var ekki talið nauðsynlegt að bregðast við þessum aðstæðum?

Það er, virðulegur forseti, ekki hægt að bjóða þjóðinni upp á þann skrípaleik sem samskipti Seðlabankans og ríkisvaldsins eru. Það hljóta allir að sjá að þessu verður að linna og á því bera bankastjórn Seðlabankans og ríkisstjórnin ábyrgð. Ég hlýt að spyrja: Er ekki kominn tími til að þessir aðilar axli ábyrgð (Forseti hringir.) í samræmi við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og í samræmi við lög um ráðherraábyrgð?

[13:49]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Öll er þessi umræða athyglisverð og ýmislegt af því sem varðar nefndan fund viðskiptanefndar, og suma þeirra sem þann fund sátu, er sannarlega með ólíkindum. Það er athyglisvert ef fram hefur komið á fundi hv. viðskiptanefndar að í Seðlabankanum séu samtöl, eða fundir, hljóðrituð og upptakan varðveitt í sex mánuði. Það hlýtur að vera mikið fagnaðarefni, nú þegar við spyrjum okkur að því hvernig það gat gerst sem gerst hefur, að banki bankanna, Seðlabankinn, hafi staðið með þeim hætti að gagnavörslu. Við hljótum að spyrja okkur hvort hv. viðskiptanefnd hljóti ekki að hafa nokkurn aðgang að þessum upptökum og geti kynnt sér málið enn betur en hún hefur þegar gert fyrst að svo illa hefur gengið að fá upplýsingar beint eða frásagnir af því sem þarna hefur fram farið. Þá hlýtur að vera gott til þess að vita að það sé til með einhverjum hætti hljóðritað á bandi.

[13:50]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Á einum af fundum hv. viðskiptanefndar, í síðustu viku hygg ég að það hafi verið, kom fram að rannsókn á fortíðinni, þ.e. aftur til 1. september sl., væri hafin í bönkunum öllum þremur og sérstakt endurskoðunarfyrirtæki hefði verið fengið, þó annað en það sem hefði endurskoðað viðkomandi banka, til að vinna þá vinnu. Drög væru komin hjá Glitni — Heimir Haraldsson frá skilanefnd Glitnis upplýsti það — og frestur væri til 15. desember. Þetta væri sem sagt að klárast og það var upplýst að umrædd rannsókn færi fram hjá KPMG. Nú hefur eftir þennan fund komið fram að KPMG er að flestra mati fullkomlega vanhæft til að annast þessa athugun með því að fyrirtækið var aðalendurskoðandi ríflega 40% eigenda í Glitni, stærstu eigenda og kjölfestufjárfesta, þar með bæði Baugs og FL Group, nú Stoða.

Ég tel að þessi rannsókn sé þar með fullkomlega ónýt — að vísu ekki sú fyrsta í þessu máli en þessi rannsókn er a.m.k. ónýt — og langar því að spyrja hv. formann viðskiptanefndar hvort hann telji nægilegt og boðlegt að skilanefnd Glitnis fari yfir og sigti út einstök atriði úr þessari rannsókn til að fela öðrum að fara yfir. Það er það sem þetta vanhæfa fyrirtæki, KPMG, hefur farið fram á að gert verði.

[13:52]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég tel það mjög alvarlegt ef við leyfum forustumönnum þjóðarinnar að tala í hálfkveðnum vísum eins og staðan er í samfélaginu. Er ég þar bæði að vísa til hæstv. forsætisráðherra sem segir í fjölmiðlaviðtali að vel megi vera að eitthvað slíkt hafi verið sagt einhvern tímann í símtali en slík óformleg samtöl væru ekki hin opinbera afstaða bankans — mér finnst alvarlegt að segja þetta og segja svo þinginu að hann kannist ekkert við svona samtöl. Mér finnst líka mjög alvarlegt að seðlabankastjóri skuli bæði segja að hann viti af hverju við vorum beitt hryðju-

verkalöggjöfinni, hann eigi samtöl um það, og að hann hafi líka upplýst ríkisstjórnina um að 0% líkur væru á að bankarnir hefðu þetta af, og það hafi verið gert í sumar.

Síðan neitar seðlabankastjóri að tjá sig um hryðjuverkalöggjöfina og ber fyrir sig bankaleynd þegar hann kemur fyrir þingnefnd. Þetta eru hálfkveðnar vísur sem ekki er hægt að sætta sig við. Ég fagna því sérstaklega að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson er ósáttur við þetta og segir að seðlabankastjóri verði að upplýsa hvað hann eigi við í báðum þessum tilvikum, bæði varðandi hryðjuverkalöggjöfina og líka varðandi 0% líkurnar. Ég gef mér þá að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson muni beita sér fyrir því að viðskiptanefnd fái seðlabankastjóra aftur á sinn fund. Það er hægt að gera það á næsta reglulega fundi viðskiptanefndar. Við þær aðstæður sem uppi eru í samfélaginu má ekki fela upplýsingar, það verður að upplýsa þjóðina um hvað hefur átt sér stað.

Forustumenn mega ekki tala í hálfkveðnum vísum. Það er grafalvarlegt og ég (Forseti hringir.) vænti þess að varaformaður Samfylkingarinnar standi í stykkinu og kalli seðlabankastjóra aftur fyrir nefndina.

[13:54]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Frú forseti. Eins og þingmenn ættu að vita hefur ekki staðið á mér að kalla eftir upplýsingum á vettvangi viðskiptanefndar. Ég hef verið iðinn við að kalla saman ýmsar upplýsingar á þeim vettvangi eins og þingmenn í þeirri þingnefnd vita.

Mig langar hins vegar að bregðast aðeins við ummælum hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur. Í ljósi þess máls sem hún gat um áðan, tengsla KPMG við stærstu eigendur og viðskiptavini bankans, dreg ég í efa hæfi þeirra til að fjalla um þetta tiltekna mál. Í ljósi þeirra tengsla sem hafa komið fram finnst mér aðkoma KPMG að þessu verkefni vera óeðlileg og bjóða upp á tortryggni. Það skiptir miklu máli að úttektir af þessu tagi séu hafnar yfir allan vafa og ég geri ráð fyrir að KPMG sé því sammála. Ég hef fengið þær upplýsingar frá skilanefnd Glitnis að annað endurskoðunarfyrirtæki muni taka þetta verkefni að sér. Þar kemur allt til skoðunar, ekki bara úttekt á störfum KPMG í þessu máli.

Þetta er mikið fagnaðarefni að mínu mati, enda ljóst að við verðum að vanda okkur í þessu máli öllu. Þátt endurskoðunarfyrirtækja hefur hins vegar að mínu mati vantað í umræðuna um bankahrunið og orsakir þess, en ábyrgð þeirra fyrirtækja er gríðarlega mikil.

Annars finnst mér mikið púður fara í að fjalla um hugsanleg mistök stjórnsýslunnar en minna í ábyrgð eigenda og stjórnenda bankanna. Auðvitað á að rannsaka ábyrgð eftirlitsaðila og stjórnvalda en það er alveg ljóst að meginorsök falls bankanna er ekki bágu eftirliti ákveðinna stjórnvalda að kenna. Hún liggur auðvitað hjá bönkunum, það voru þeir sem tóku þessar ákvarðanir, það voru þeir sem skuldsettu sig fram úr öllu hófi og það voru þeir sem keyrðu okkur öll út af veginum.

Frú forseti. Lögreglan getur aldrei ábyrgst hraðakstur ökumanna þótt hún beri ábyrgð á eftirlitinu. Við skulum hafa það í huga þegar við gerum þetta mál upp í umræðunni. Ég kalla (Gripið fram í.) eftir skýrari og meiri fókus í umræðuna á ábyrgð þessara einstaklinga sem tóku ákvarðanir sem urðu til þess (Forseti hringir.) að 90% af íslensku fjármálakerfi hrundi með þeim hætti sem það gerði. (Gripið fram í.)

[13:57]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég fagna sérstaklega þeirri yfirlýsingu hv. formanns viðskiptanefndar að allt málið, öll fortíðin frá 1. september sl. í Glitni, verði til rannsóknar hjá öðru endurskoðunarfyrirtæki en því sem hér um ræðir, KPMG. Það er nefnilega svolítið dapurlegt til þess að vita, og ég get tekið undir orð hv. formanns viðskiptanefndar að því leytinu til, að fyrirtækið sjálft skuli ekki hafa áttað sig á þeim hagsmunaárekstrum sem vissulega eru fyrir hendi og því hvaða tortryggni það mun valda í vinnu þeirra. Það er ekki þannig að það sé bara allt í lagi fyrir endurskoðendur að keyra á rauðu ljósi, bara að löggan sjái þá ekki, svo að ég fari í sömu lögreglutilvísanirnar og hv. formaður viðskiptanefndar gerði áðan.

Hvað varðar opinbera regluverkið er kannski erfitt að kenna því um hrun bankanna vegna þess einfaldlega að það var pólitísk stefna hér að hafa það veikt, sérstaklega á peningamarkaðnum. Hið opinbera regluverk má ekki klikka núna í eftirlitinu og þess vegna gerum við athugasemdir og munum halda því áfram. Við höfum óskað eftir utandagskrárumræðu um stöðu Fjármálaeftirlitsins og skilanefndanna. Það er margt að koma fram þessa dagana sem jafnvel vekur efasemdir um það að Fjármálaeftirlitið sem slíkt standi í stykkinu. Á það m.a. við val og skipan og regluverk í kringum skilanefndir bankanna.

Ég fagna þessari yfirlýsingu og treysti því að þessi rannsókn svokallaða hjá KPMG verði dæmd ónýt og sett út af borðinu.

[13:59]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég get tekið undir með varaformanni Samfylkingarinnar um það að ábyrgð bankanna sjálfra, eigenda þeirra og stjórnenda, er geysilega mikil í öllu þessu máli. Það má samt ekki leiða til þess að stjórnarliðar reyni að gera lítið úr ábyrgð stjórnvalda því að hún er sannarlega mikil. Hér hefur verið bent á að ítrekað hafa komið fram upplýsingar frá Seðlabankanum um það að stjórnvöld hafi verið vöruð við og stjórnvöld bera það til baka eða segjast ekki hafa fengið slíkar viðvaranir. Þetta er ekki trúverðugt í samskiptum stjórnvalda og Seðlabankans. Það er eiginlega alveg sama hver ber ábyrgðina á því, þessu verður að koma í lag að mínum dómi.

Ábyrgð stjórnvalda er vissulega rík. Í lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, segir m.a. í 10. gr., með leyfi forseta:

„Loks verður ráðherra sekur eftir lögum þessum:

b. ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir.“

Þetta er auðvitað mjög skýrt í lögunum um ráðherraábyrgð og hér þarf að velta því fyrir sér hvort menn hafi raunverulega haft í höndum upplýsingar sem voru þess eðlis að þeir hefðu átt að geta gripið til ráðstafana til að þetta ástand skapaðist ekki. Í lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem m.a. ná til seðlabankastjóra, eftir því sem ég best veit, segir m.a., með leyfi forseta:

„Rétt er að veita embættismanni lausn um stundarsakir ef hann hefur sýnt í starfi sínu“ — svo koma nokkur atriði upptalin — „eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegnir.“

Hæstv. forsætisráðherra (Forseti hringir.) hefur nú lýst því yfir að ýmsar yfirlýsingar seðlabankastjóra hafi verið óviðeigandi þannig að ég fæ ekki betur séð en að hér eigi þessi lög tvímælalaust við.

[14:01]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna umræðna um stöðu fjárlagavinnunnar í upphafi fyrirspurnatímans og þeirra orða hæstv. forseta að fjárlagafrumvarpið komi úr fjárlaganefnd á föstudagsmorgun.

Í fyrsta lagi hefur forseti ekki um það að segja heldur er það nefndin sjálf. Í öðru lagi vek ég athygli á því að frumvarpið situr fullkomlega fast. Það var boðaður fundur klukkan sex í kvöld en honum hefur verið aflýst og boðað til fundar á morgun.

Hvorki liggur fyrir ný tekjuáætlun né ný þjóðhagsáætlun sem er forsenda þess að leggja fram fjárlagafrumvarp og það þarf þá að koma fyrst. Það liggja heldur ekki fyrir fjáraukalög fyrir árið 2008 sem eðli málsins vegna hljóta að verða að koma áður en við tökum 2. umr. fjárlaga.

Það eru boðaðar miklar breytingar á fjárlagafrumvarpinu. Fjárlaganefnd hefur ekki fjallað um tillögu ríkisstjórnar hvað varðar þær breytingar þannig að það er alveg út í bláinn að lofa því hér hvenær fjárlaganefnd verður búin að fjalla um fjárlagafrumvarpið.

Þarna eru miklir og stórir póstar á ferð og væntanlega verður tekist á um forgangsröðun. Mikill niðurskurður er boðaður í fjárlagafrumvarpinu. Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur verið sent út bréf um 10% flatan niðurskurð. Ég er ekkert viss um að fjárlaganefnd sé samþykk þeirri stefnu.

Ég tel mjög mikilvægt að forseti tryggi hér að fjárlaganefnd fái eðlilegan og nauðsynlegan og góðan tíma til að fjalla um fjárlagafrumvarpið áður en það kemur til 2. umr. og að frumvarp til (Forseti hringir.) fjáraukalaga fyrir árið 2008 verði lagt fram fyrst.

Umræðu lokið.

Fundur með fjármálaráðherra Breta.

Fsp. SF, 130. mál. — Þskj. 143.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég hef í hyggju að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra um fund sem hann átti með fjármálaráðherra Breta 2. september sl. Það er alveg ljóst að sá fundur hlýtur að hafa verið afar merkilegur miðað við hvernig símtali hæstv. fjármálaráðherra, Árna Mathiesens, við fjármálaráðherra Breta, Alistair Darling, vatt fram. Ég tel því mjög brýnt að hæstv. viðskiptaráðherra upplýsi okkur um þennan fund.

Á þeim fundi voru með ráðherra Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, og hugsanlega fleiri. Ég vil gjarnan fá að vita um hvaða banka var rætt á þessum fundi. Síðar hefur komið fram að rætt var um Icesave.

Ég vil líka vita hvað hæstv. ráðherra átti við þegar hann fullyrti við breska fjármálaráðherrann að Bretar þyrftu ekki að hafa áhyggjur en slíkt kemur fram í símtali Árna Mathiesens, hæstv. fjármálaráðherra, við breska fjármálaráðherrann þann 7. október.

Ég vil enn fremur vita hvort hæstv. ráðherra hafi með einhverjum hætti talað brattara en hæstv. ráðherra hafði umboð til. Gaf hæstv. ráðherra eða einhver í sendinefndinni einhvers konar loforð eða viljayfirlýsingu án þess að hæstv. fjármálaráðherra vissi af því?

Það er mjög mikilvægt að þetta komist á hreint, virðulegur forseti, af því að í símtali Árna Mathiesens, hæstv. fjármálaráðherra, við Alistair Darling 7. október — sem reyndar byrjar á því að sá breski heldur að hann sé að tala við Björgvin G. Sigurðsson, hæstv. viðskiptaráðherra, en Árni Mathiesen, hæstv. fjármálaráðherra, leiðrétti það strax — segir sá breski, með leyfi forseta:

„Ég verð að segja eins og er að þegar ég hitti kollega þína og þá hina, þá í raun kemur í ljós að það sem okkur var sagt reyndist ekki rétt. Ég hafði mjög miklar áhyggjur af stöðu bankans í London og þeir héldu áfram að segja að ekkert væri að óttast.“

Síðan segir hæstv. fjármálaráðherra Íslands:

„Ég vona að það verði ekki raunin. Ég var ekki á fundinum svo ég get ekki sagt neitt ...“

Þetta er auðvitað hápunktur samráðsleysis sem maður sér að hér fer fram. Og svo vitnað sé beint í orðalag þess breska segist hann hafa sagt kolleganum sem er þá væntanlega (Forseti hringir.) hæstv. viðskiptaráðherra: „It was nothing to worry about.“

Þess vegna vil ég vita nákvæmlega hvað fór fram á þessum fundi, virðulegur forseti.

[14:07]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Fyrstu spurningunni, um hvaða banka var rætt á fundi með fjármálaráðherra Breta 2. september, hef ég svarað áður. Þann 24. nóvember var dreift á Alþingi svari við skriflegri fyrirspurn sama þingmanns um sama fund, samanber þskj. 214, og þar kemur fram að á fundi ráðherranna var rætt um innstæðureikninga Landsbankans í Bretlandi. Ég skal lesa bara upp úr því skriflega svari ef þingmaðurinn er ekki með það, með leyfi forseta:

„Ráðherra fundaði 2. september sl. með Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands. Á fundinum ræddu ráðherrarnir almennt um aðstæður á mörkuðum og viðskipti landanna. Meginefni fundarins var um það að æskilegt væri að færa innstæðureikninga hjá útibúi Landsbankans í

London í breskt dótturfélag. Bresk stjórnvöld höfðu unnið að því um skeið ásamt íslenskum stjórnvöldum að fá Landsbankann til að flytja innstæður svokallaðra Icesave-reikninga úr útibúinu í breskt dótturfélag. Bresk stjórnvöld gerðu mjög stífar kröfur um flutning eigna Landsbankans til Bretlands og um tímamörk fyrir eignaflutninginn. Tilgangurinn með fundinum var að fara fram á að bresk stjórnvöld heimiluðu að innlánsreikningarnir yrðu fluttir í breskt dótturfélag strax, en að Landsbankanum yrði gefinn eðlilegur frestur til skipulegs flutnings á eignum á móti innstæðum þannig að fjármögnunarsamningar bankans röskuðust sem minnst.

[...]

Auk viðskiptaráðherra [eins og fram hefur komið og ég skal svara þingmanninum aftur] sóttu fundinn af Íslands hálfu sendiherra Íslands í Bretlandi, ráðuneytisstjórinn í viðskiptaráðuneytinu, ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu, formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu og aðstoðarmaður viðskiptaráðherra.“ — Þessir sátu fundinn og eins og ég segi var meginefnið það að fá bresk stjórnvöld til að heimila flutninginn úr útibúi í dótturfélag þannig að innstæðureikningarnir féllu undir vernd breskra innstæðulaga.

Svar við spurningunni um hvað ráðherra eða aðrir í sendinefnd hefðu átt við þegar þeir fullyrtu við breska ráðherrann að Bretar þyrftu ekki að hafa áhyggjur er að ég kannast bara ekki við það að nokkur úr íslensku sendinefndinni hafi fullyrt að Bretar þyrftu ekki að hafa áhyggjur. Ég veit ekki til hvers hann vísar, enda var það mjög ónákvæmt.

Gaf ráðherra til kynna að aðkoma íslenskra stjórnvalda að bankamálum væri umfangsmeiri en hann gat fullyrt vegna umboðsins? Svarið við því er afdráttarlaust nei.

Gaf ráðherra eða einhver í sendinefndinni loforð eða viljayfirlýsingu án samráðs eða vitundar fjármálaráðherra? Nei, að sjálfsögðu ekki enda var ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins á fundinum og það var gagngert til þess að ráðuneytin hefðu eðlilegt upplýsingaflæði sín á milli í svona stóru máli sem skarast milli ráðuneytanna eins og gerist. Þarna er þetta í rauninni vistað í breska fjármálaráðuneytinu þar sem t.d. breska fjármálaeftirlitið er deild í breska fjármálaráðuneytinu. Það er allt annað fyrirkomulag en hér þar sem Fjármálaeftirlitið er sjálfstætt o.s.frv. Þetta er hvert með sínum hætti í þessum löndum þar sem bankarnir hafa starfrækt bæði útibú og dótturfélög. Svona er þessu háttað í Bretlandi. Við óskuðum eftir þessum fundi til að þrýsta á um að þetta mikilvæga mál gengi eftir. Það eitt var fundarefnið eins og margoft hefur komið fram og sérstaklega í skriflega svarinu sem ég vísaði í áðan.

[14:11]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra fyrir greinargóð og skýr svör. Eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi sat nefndan fund ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu, Baldur Guðlaugsson. Ég hef áður rætt þá staðreynd hér við hæstv. fjármálaráðherra og hann hefur upplýst að ráðuneytisstjórinn hafi ekki tilgreint um verulegan eignarhlut sinn í Landsbankanum þegar hann gegndi störfum sínum í ráðuneytinu. Þess vegna vil ég nota tækifærið hér og spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, hafi upplýst viðskiptaráðherra um það áður en hann gekk til fundar við fjármálaráðherra Breta að hann væri umtalsverður hluthafi í Landsbanka Íslands hf. sem til umfjöllunar var á fundinum.

[14:12]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Á margnefndum fundi viðskiptanefndar þann 4. desember sl. þar sem Davíð Oddsson seðlabankastjóri kom var rætt um þennan fund sem hér er til umræðu. Seðlabankastjóri sagði að sá fundur hefði komið á óvart, fjármálaráðherra hefði ekki vitað af honum fyrr en mjög seint. Hann hafi þó náð að senda fulltrúa ráðuneytisins eins og hér var sagt að hafi verið Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri.

Ég spyr hæstv. viðskiptaráðherra af þessu tilefni hvort það sé rétt sem kom fram á fundi viðskiptanefndar að ekki sé til fundargerð af þessum fundi. Og í öðru lagi hvort það sé rétt sem Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði á fundinum að það væru þó a.m.k. til talpunktar svokallaðir sem voru undirbúnir fyrir fundinn. Hann sagðist hafa séð þá og þeir væru í nokkuð mörgum liðum. Þetta tel ég afskaplega upplýsandi gagn í þessu sambandi og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé tilbúinn að birta (Forseti hringir.) þá talpunkta núna.

[14:13]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég tek undir með þeim sem hér hafa kvatt sér hljóðs og fjallað um mikilvægi þess að það sé upplýst hvað raunverulega fór fram á þeim fundi sem hér er vísað til. Sérstaklega finnst mér athyglisvert þetta sem haft er eftir formanni bankastjórnar Seðlabankans á fundi viðskiptanefndar, m.a. að ekki væri til fundargerð. Ég trúi því varla að það sé ekki til fundargerð af fundi sem þessum og vil inna hæstv. viðskiptaráðherra eftir því hvort það geti verið rétt. Er ekki til fundargerð af þessum fundi og er ekki eðlilegt að gerð sé grein fyrir henni og það sé eitthvað meira en bara talpunktar sem þarna eru á ferðinni?

Ég tel ákaflega þýðingarmikið, ekki síst fyrir trúverðugleika ráðherrans sjálfs, að þetta sé allt uppi á borði, að okkur sé ljóst hvað þarna fór fram. Það er augljóslega verið að gefa í skyn í þessu máli að eitthvað í málflutningi íslenskra stjórnvalda hafi gefið breskum stjórnvöldum tilefni til þess að beita hryðjuverkalöggjöfinni (Forseti hringir.) og það verður að fást á hreint hvort svo sé og menn verða þá að axla ábyrgð í samræmi við það.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég staldra við lið 2 í fyrirspurn minni og ekki að ósekju. Það er vegna þess að það er alveg greinilegt af viðbrögðum Darlings að hann er mjög ósáttur við það sem hæstv. fjármálaráðherra Árni Mathiesen er að segja við hann í símtalinu og hann vitnar í fundinn með hæstv. viðskiptaráðherra Björgvini G. Sigurðssyni. Ég ætla að lesa þetta fyrir hæstv. viðskiptaráðherra og ég ætla að

gera það á ensku til að það náist algerlega á tært hvað sá breski var að segja. Tilvitnun í Darling hefst, með leyfi forseta:

„I understand that, but I have to say that when I met your colleague and these others, basically, what we were told turns out not to have been right. I was very concerned about the London banking position and they kept saying there was nothing to worry about."

Þetta er allt þýtt í skjali hér fyrir þá sem vilja lesa þetta á íslensku. Ég vel að segja þetta hérna á ensku af því að það er Darling sem er að segja þetta og hann er mjög ósáttur. Svo upplýsir hér hæstv. viðskiptaráðherra að hann bara kannist ekkert við þetta, Alistair hljóti þá bara að fara með rangt mál. Ég skil það sem svo að hæstv. viðskiptaráðherra Björgvin G. Sigurðsson saki hér breskan ráðherra um að fara með rangt mál í þessu samtali, að aldrei hafi verið talað um að þeir þyrftu ekki að hafa áhyggjur eins og Alistair, sá breski, upplýsir hér.

Ég vil fá þetta algerlega á hreint. Er það þannig að hæstv. viðskiptaráðherra Björgvin G. Sigurðsson sé hér að saka breska fjármálaráðherrann Alistair Darling um ósannindi í símtali við íslenska ráðherrann Árna M. Mathiesen? Það held ég að sé mjög mikilvægt að fá skýrt af því að daginn eftir setja menn hryðjuverkalöggjöfina á okkur af því að skilaboðin voru misvísandi. Það var gefið upp af bæði (Forseti hringir.) Alistair Darling og líka Ian Pearson, aðstoðarefnahagsmálaráðherra Breta.

[14:17]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er algjörlega fráleitt sem látið er í veðri vaka að eitthvað á þessum fundi hafi valdið þessum misskilningi á milli stjórnvalda af því að hann fjallaði bara um eitt. Hann fjallaði um að Fjármálaeftirlitið hér og breska fjármálaeftirlitið hafi unnið að því með Landsbankanum að færa innstæðustarfsemina alla yfir í dótturfélög úr útibúi og ekki að ástæðulausu. Það var af því að innstæðurnar höfðu safnast upp og náðu ákveðnu hámarki árin 2006 og 2007 en minnkuðu aftur á þessu ári. Talin var rík ástæða til að beita sér fyrir því að þær færu í dótturfélög. Það var yfirlýst stefna formanns stjórnar Fjármálaeftirlitsins að starfsemi bankanna erlendis í útibúum færi í dótturfélög, það væri miklu eðlilegra því að þá féllu innstæður undir innstæðuvernd þeirra landa.

Það var eina markmiðið með fundinum og formaður stjórnar FME kom að máli við mig í lok ágúst og sagði mér frá þessu máli, að bresk stjórnvöld gerðu mjög stífar kröfur um flutning á eigum Landsbankans til Bretlands og sérstaklega um tímamörk fyrir flutninginn. Það mundi skipta okkur mjög miklu máli að fá Bretana til að slaka á þessum kröfum og heimila bankanum að reikningarnir yrðu fluttir í dótturfélag strax þó að bankinn sjálfur fengi lengri og rýmri tíma til að flytja eigur á móti. Það var það eitt sem við ræddum á þessum fundi og af því að það skarast á milli ráðuneyta fannst okkur sérstaklega mikilvægt að fjármálaráðuneytið ætti þarna fulltrúa.

Fundurinn var ákveðinn með skömmum fyrirvara og fulltrúa fjármálaráðuneytisins var boðið á ... (Gripið fram í.) Nei, að sjálfsögðu ekki, það er svo fjarri lagi. (Gripið fram í.) Svo að ég svari fyrri spurningu hv. þm. Helga Hjörvars þá upplýsti ráðuneytisstjórinn mig ekki um það og við ræddum það aldrei. (Forseti hringir.) En þetta var efni fundarins og ekki neitt annað.

[14:19]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að þegar vitnað er í prentað mál er óskað eftir leyfi forseta, en forseti hefur ekki gert athugasemdir við að vitnað var hér í skjöl.

Umræðu lokið.

[14:19]

Útbýting:

Aukatekjur ríkissjóðs, 226. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 305.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði, 156. mál, svar fjmrh., þskj. 288.

Samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum fulltrúum, 224. mál, þáltill. KVM o.fl., þskj. 302.

Samráðsfundur sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda, 222. mál, þáltill. KVM o.fl., þskj. 300.

Vátryggingastarfsemi, 225. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 304.

Samráð við Fjármálaeftirlitið.

Fsp. KHG, 174. mál. — Þskj. 211.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl):

Virðulegi forseti. Í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi í 16. gr. segir að Fjármálaeftirlitið skuli gefa viðskiptaráðherra skýrslu um starfsemi sína fyrir 15. september ár hvert og í framhaldi af því geri ráðherra Alþingi grein fyrir starfseminni.

Í skýringum með frumvarpinu sem flutt var segir um þessa grein, með leyfi forseta:

„Ekki er gert ráð fyrir sérstakri samráðsnefnd Fjármálaeftirlits og viðskiptaráðuneytisins eins og nú starfar á grundvelli seðlabankalaga. Þess í stað er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra sé reglulega gerð grein fyrir starfseminni. Brýnt er að viðskiptaráðherra hafi yfirsýn yfir ástand fjármagnsmarkaðarins."

Þannig er þessi lagagrein skýrð, virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að þar er tvisvar sinnum tilgreint sérstaklega að það skuli vera ráðherra sem á að fá upplýsingar um stöðuna á fjármálamarkaði, ekki ráðuneytið.

Þess vegna spyr ég í fyrsta lagi:

Hvernig er háttað því samráði milli ráðherra og Fjármálaeftirlitsins sem ráð er fyrir gert í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og ætlað er til þess að ráðherra hafi yfirsýn yfir ástand fjármálamarkaðarins á hverjum tíma?

Í öðru lagi vek ég athygli á því að fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, Sigurður Einarsson, lét þau ummæli falla í Ríkisútvarpinu 8. nóvember sl. að íslenski bankamálaráðherrann hefði strax í mars átt að hafa þá vitneskju

sem væri nægileg til þess að stöðva frekari innlánssöfnun á Icesave-reikningana.

Daginn eftir segir forstjóri Fjármálaeftirlitsins í viðtali við Ríkisútvarpið að viðskiptaráðherra hefði mátt vera ljóst hver staða Landsbankans vegna Icesave-reikninganna var í vor en segist þó ekki hafa rætt málið sérstaklega við ráðherrann.

Þess vegna spyr ég, virðulegi forseti, í 2. tölulið fyrirspurnarinnar:

Hvers vegna hafði forstjóri Fjármálaeftirlitsins ekki rætt stöðu Icesave-reikninganna við ráðherra, eins og fram kom í viðtali við hann í Ríkisútvarpinu 9. nóvember sl., og hvers vegna mátti ráðherra vera ljóst hver staða Landsbankans var í vor vegna Icesave-reikninganna?

[14:23]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er eftirlit með einstökum fjármálafyrirtækjum falið Fjármálaeftirlitinu sem sérstakri stofnun. Í 1. gr. þeirra segir að markmið laganna sé að stuðla að því að fjármálastarfsemi sem lög þessi taka til sé í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem hverju sinni gildi um starfsemina. Með öðrum orðum er Fjármálaeftirlitinu falið að hafa eftirlit með starfsemi einstakra eftirlitsskyldra aðila. Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð stjórnsýslustofnun og er ekki gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra sé í daglegu sambandi við eftirlitsaðilann, þvert á móti er bein aðkoma ráðherra að starfsemi FME takmörkuð við að hann skipar stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Sjálfstæði stofnunarinnar er í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar kjarnareglur um sjálfstæði eftirlitsaðila fyrir banka.

Í lögunum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli gefa ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs og mat á þróun starfsemi eftirlitsins síðustu þrjú ár og hefur skýrsla þessi fylgt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem fylgiskjal á hverju hausti.

Spurning númer tvö: Við, þ.e. ég sem ráðherra og forverar mínir, höfum að sjálfsögðu, kappkostað að tryggja sjálfstæði eftirlitsins og það er ákaflega mikilvægt að sjálfstæður aðili sé ekki háður öðrum hagsmunum en þeim sem felast beint í eftirlitinu sjálfu. Af því leiðir að ekki er venjan að forstjóri eftirlitsins geri ráðherra persónulega grein fyrir vandamálum einstakra eftirlitsskyldra aðila. Þess vegna er mjög eðlilegt að forstjórinn hafi ekki gert neina sérstaka grein fyrir málum í mars, apríl og maí heldur voru þau mál leyst á þeim tíma. Það hefði staðið upp á hann að gera mér grein fyrir því ef þau mál hefðu ekki verið leyst en þau voru leyst og um það náðist samkomulag á sínum tíma.

Auðvitað var mér fullkomlega kunnugt um að Landsbankinn byði upp á innlánsreikninga erlendis og fylgdist ég almennt með stöðu þeirra og stöðu bankanna. Hún var alveg morgunljós á þeim tíma og í samræmi við fjármálalega stöðugleikaskýrslu Seðlabankans frá því í maí. Síðastliðið vor uppfylltu bankarnir þrír öll viðurkennd viðmið um heilbrigðan rekstur og gátu hvorki sá sem hér stendur né innlendir eftirlitsaðilar, Seðlabanki eða Fjármálaeftirlit, á þeim tíma séð fyrir að skuldabréfavafningar í Bandaríkjunum mundu leiða til þeirra alheimshörmunga á fjármálamörkuðum sem síðar urðu.

En þess ber sérstaklega að geta vegna umræðu um stöðu innlánsreikninganna að yfir helmingur af innlánsreikningum Kaupþings var í dótturfélögum, miklu minna hjá Landsbanka og þess vegna var sett kerfisbundið af stað á vegum Fjármálaeftirlitsins sjálfs vinna með fjármálaeftirlitum heimalanda dótturfélaganna að koma starfsemi útibúanna inn í dótturfélög til að hún væri með eðlilegum hætti og til að heimalöndin bæru sjálf ábyrgð á innstæðum þarlendrar starfsemi.

Vegna þeirrar vinnu, sem er kjarninn í málinu öllu, gerði formaður stjórnar FME mér grein fyrir því í ágúst að hnökrar væru á þeirri vinnu af því að Bretarnir reistu svo háar kröfur að Landsbankinn gæti ekki mætt þeim innan þess tímaramma sem dreginn var upp. Þess vegna settum við málið á pólitískt stig og höfðum samband við ráðherrann úti til að reyna að greiða því leið þannig að sú mikilvæga vinna gengi eftir, þ.e. að innlánsreikningarnir í Bretlandi yrðu fluttir í dótturfélög. Bretarnir féllust ekki á það á þeim tíma, því miður, en það hefði bætt málið mjög að öllu leyti. Fjármálaeftirlitið var búið að vinna mjög vel að málinu í nokkra mánuði allt þetta ár þannig að staðan á þessum reikningum, bæði lagaleg og fjármálaleg, var oft til umræðu. Allir sem fylgdust með þar vissu hvernig staðan var og jafnframt að mikilvægt væri að koma innlánsreikningum yfir í dótturfélag undir innstæðuvernd þarlendra ríkja.

Þess vegna er umræðan um að eftirlitinu hafi borið að gera mér grein fyrir einhverju fyrr á árinu mjög undarleg. Fjármálaeftirlitið gerði það ekki af því að það var nákvæmlega ekkert til að gera mér grein fyrir sem við vissum ekki þá þegar. Því máli lauk í sátt á milli breskra stjórnvalda og Landsbankans úti. Svo hélt málið áfram og yfirvöld okkar brýstu mjög á um það að innlánsreikningarnir yrðu fluttir yfir í dótturfélag. Þeirri vinnu lauk í rauninni aldrei og var í ákveðnu ferli þegar bankarnir féllu eins og við ræddum hérna áðan.

[14:28]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég vil inna hæstv. viðskiptaráðherra eftir því samráði sem hér er verið að spyrja um af því að það er alltaf verið að tala um sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins. En á sama tíma er alveg ljóst að hæstv. ráðherra tekur t.d. með sér stjórnarformann Fjármálaeftirlitsins á fundinn 2. september sl. sem þeir áttu með Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta. Það er því að sjálfsögðu mikið samráð þarna á milli.

Ég vil inna ráðherra almennt eftir þessu samráði og tilgreini sérstaklega þrjá aðila: Það er hæstv. ráðherra sjálfur, forstjóri Fjármálaeftirlitsins og stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins. Hversu náið samráð er á milli þessara þriggja aðila? Er það nánast ekki neitt eða talast þessir aðilar við í síma við og við? Mér finnst mjög mikilvægt að það verði upplýst núna af því að við erum að reyna að skynja hvernig bankahrunið átti sér stað og hver aðdragandinn var.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og það er út af fyrir sig rétt að gert er ráð fyrir því í lögum að ráðherrann hafi ekki vald til þess að hafa áhrif á ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins eða að geta endurskoðað þær. En það er skýrt tekið fram að það ber að upplýsa hann um stöðu mála á hverjum tíma. Miðað við svörin frá hæstv. ráðherra skil ég það þannig að það sé stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins sem hafi það hlutverk að gera ráðherranum grein fyrir stöðunni reglulega. En það kom ekki alveg skýrt fram og væri rétt að ráðherrann gerði betri grein fyrir því hvernig upplýsingaflæðið er frá Fjármálaeftirlitinu til ráðherrans til að uppfylla þetta ákvæði 16. gr. laganna.

Í öðru lagi finnst mér enn vanta skýringar á því hvers vegna forstjóri Fjármálaeftirlitsins tekur svo til orða í útvarpsviðtali að ráðherra hefði mátt vera ljóst hver staða Icesave-reikninganna var sl. vor. Miðað við svör ráðherra er ekki annað að skilja en að hann hafi ekki fengið upplýsingar á þeim tíma um stöðu Icesave-reikninganna, það sé ekki mál af því tagi að ráðherra var gerð grein fyrir samtímis en hins vegar heldur forstjóri Fjármálaeftirlitsins því fram. Það gengur auðvitað ekki, virðulegur forseti, ef forstjóri eftirlitsstofnunarinnar er að vísa ábyrgð á herðar ráðherra á því að búa fyrir upplýsingum sem er svo kannski ekki rétt.

[14:31]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Frú forseti. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins var alls ekki á því. Hann tók þannig til orða og átti við að öllum hafi verið ljós sú staða að Landsbankinn hefði um þriggja ára skeið staðið fyrir innlánsreikningastarfsemi í Bretlandi. Hún var mjög umfangsmikil og leyfið var gefið út árið 2005. Það var í flútti við ákvæði Evrópska efnahagssvæðisins. Það þurfti ekki einu sinni leyfi héðan til að hefja þá starfsemi. Það hefði hins vegar verið hægt að banna það á þeim forsendum að bankinn stæði veikt á þeim tíma o.s.frv. Þannig að forstjórinn var ekki að vísa neinni ábyrgð yfir á mig. Hann var að segja að öllum hefði mátt vera ljóst að þessi starfsemi átti sér stað.

Það var ekkert á þeim tíma í starfseminni sem gaf tilefni til að láta mig sem viðskiptaráðherra vita um neitt í þeirri starfsemi. Það hefði örugglega verið það ef breska Fjármálaeftirlitið og Landsbankinn og hið íslenska hefðu ekki lent málinu í þeirri vinnu sem þá var í gangi, í samkomulag o.s.frv. Síðan kemur þetta aftur upp í ágúst og þá eru hnökrar á ferðinni og þá er ég umsvifalaust látinn vita um það til að fá tækifæri til að liðka fyrir því og taka það upp á pólitískt stig.

Samráðið á milli er alveg prýðilegt. Menn virða eldvegginn sem er á milli Fjármálaeftirlits og ráðuneytis þannig að ekki má leika neinn grunur á að ráðherra sé að vafstra með pólitískum afskiptum af málefnum einstakra eftirlitsskyldra aðila. Það væri skelfilegt ef grunsemdir væru uppi um það. En um leið þarf að vera eðlilegt flæði um stöðuna almennt, stöðuna á fjármálamörkuðum, og það flæði er mjög gott. Menn tala saman í síma og menn hittast að sjálfsögðu. Formaður stjórnar, sem tók við í febrúar, og ég hittumst reglubundið o.s.frv. Þannig að það samráð er gott enda hafa þessir heiðursmenn unnið afskaplega gott starf. Þeir stóðu í ströngu og stóðu í miklu þegar þetta gekk allt yfir og eftir að bankarnir féllu höfum við náttúrlega haft miklu meira samband enda verkefnin þannig að þau kalla bókstaflega á það.

Umræðu lokið.

GSM-samband.

Fsp. VS, 135. mál. — Þskj. 148.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir) (F):

Hæstv. forseti. Fyrri hluta verkefnisins um uppbyggingu GSM-farsímaþjónustu á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum og helstu ferðamannastöðum lauk þann 31. júlí í ár þegar tekinn var í notkun síðasti sendirinn sem þjóna á GSM-farsímasambandinu á hringveginum.

Hæstv. samgönguráðherra sagði við það tækifæri að ekki yrði látið staðar numið í þessum efnum. Unnið væri að því að koma á farsímasambandi um allt land. Hann sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Síðan er í gangi annað útboð sem eru þá aðrir vegir sem er verið að taka og því verkefni ætti að ljúka nú um áramót og þá má eiginlega segja að landið sé allt komið í GSM-samband."

Í skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar, sem samgönguráðherra lagði fyrir Alþingi, á 135. löggjafarþingi í maí í vor, kemur fram að samkvæmt fjarskiptaáætlun sé það markmiðið að GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum og helstu ferðamannastöðum. GSM-farsímakerfið hafi ekki náð til alls landsins og skortir töluvert á að samband náist á þjóðvegakerfinu. Rakið er að GSM-kerfið sé liður í öryggi borgaranna og gegni mikilvægu hlutverki í samskiptum í nútímaþjóðfélagi. Síðari hluti áætlunarinnar um endurbætur á GSM-farsímanetinu náði til annarra ódekkaðra stofnvega og helstu ferðamannastaða.

Undirritaður var samningur milli Ríkiskaupa og Fjarskipta/Vodafone í janúar á þessu ári um að það fyrirtæki tæki að sér verkefni, þ.e. síðari hlutann. Samkvæmt áætlun fyrirtækisins er gert ráð fyrir að öllu verkefninu verði lokið á árinu 2008. Nú líður að lokum ársins 2008 og því er eðlilegt að inna hæstv. samgönguráðherra eftir efndum á þessum yfirlýsingum sem hann setti fram í skýrslu til Alþingis og í fréttum Ríkisútvarpsins 31. júlí sl.

[14:36]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir að taka þetta mál hér upp með fyrirspurn.

Fyrri spurningin er svohljóðandi: „Mun það ganga eftir, sem ráðherra fullyrti 31. júlí sl., að GSM-samband verði komið um land allt um næstu áramót?"

Svar við þeirri spurningu er eftirfarandi: Á vegum Fjarskiptasjóðs hefur verið í gangi verkefni er lýtur að bættu GSM-sambandi á þjóðvegum og þekktum ferðamannastöð-

um. Fyrri hluta verkefnisins er lokið en það laut að bættri útbreiðslu á hringveginum. Auk þess var sambandið bætt á fjallvegunum Fróðárheiði, Steingrímsfjarðarheiði, Þverárfjallsvegi, Fagradal og Fjarðarheiði. Sambandið á Barðaströnd var bætt með sendi í Flatey á Breiðafirði. Samtals var sambandið bætt á 450 kílómetra löngum vegarkafla. Þessu verkefni lauk í júní í ár.

Seinni hluti verkefnisins, sem Vodafone bauð lægst í, og var undirritað í janúar, eins og kom fram hjá hv. þingmanni, lýtur að bættu sambandi á þeim stofnvegum sem voru án GSM-þjónustu að loknum fyrri áfanga verkefnisins. Um er að ræða að bæta sambandið á 860 kílómetra löngum vegarkafla. Af þessum 860 kílómetrum ákvað Vodafone að bæta sambandið á 200 kílómetra vegarkafla á markaðslegum forsendum og án styrkja. Stefnt er að því að klára verkefnið fyrir áramót en þó gætu einstakir vegarkaflar frestast fram yfir áramót ef tíðarfar verður óhagstætt til framkvæmda.

Auk þeirra verkefna sem hér eru upptalin hafa Síminn, Vodafone og Nova staðið fyrir mikilli uppbyggingu að undanförnu á farsímanetum sínum á markaðslegum forsendum. Því má segja að gríðarlegur kraftur hafi færst í uppbyggingu farsímaneta utan þéttbýlis á síðustu tveimur árum og ekki sér fyrir endann á þeirri ánægjulegu uppbyggingu.

Önnur spurningin er svohljóðandi: „Hvar á landinu er ekki GSM-samband núna?“

Á vegum Fjarskiptasjóðs er uppbyggingu lokið á 44 af 60 vegarköflum. Gert er ráð fyrir að uppbyggingu á síðustu fjórum vegarköflum á Vestfjörðum ljúki innan tveggja vikna. Frá því að þetta svar var skrifað er reyndar búið að kveikja á þeim sendum og verða þeir vonandi teknir formlega í notkun í næstu viku.

Á sumum vegarköflum er útbreiðslan 100% en á öðrum vegarköflum eru landfræðileg skilyrði þannig að ekki er hægt að ná fullri útbreiðslu nema með miklum viðbótarkostnaði. Þó er útbreiðslan aldrei minni en 75% af skilgreindum vegarkafla. Að loknum seinni áfanga GSM-verkefnisins er gert ráð fyrir að útbreiðslan nái til yfir 97% stofnvega á Íslandi og sambandsleysi sé eingöngu á stuttum vegarköflum.

Eingöngu hafa verið gerðar úttektir á GSM-sambandi á stofnvegakerfi landsins. Því er ekki hægt að svara spurningunni um hvar á Íslandi ekkert GSM-samband sé núna. Þó má benda á að íslensku farsímafélögin hafa sett gríðarlegan kraft í uppbyggingu á síðustu tveimur árum og byggt upp langdræg GSM-kerfi og þriðju kynslóðar farsímakerfi með mikilli útbreiðslu á miðum og á hálendinu. Sú uppbygging er í fullum gangi og því liggur endanlegur kostnaður vegna útbreiðslunnar ekki fyrir á þessari stundu.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir) (F):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Samkvæmt þeim hefur það ekki gengið upp, sem hæstv. samgönguráðherra hafði uppi áform um og eiginlega lofaði þjóðinni þann 31. júlí sl., að GSM-samband yrði komið á um allt land um næstu áramót.

Ég tók sérstaklega eftir þessum orðum vegna þess að mér fannst hæstv. ráðherra nokkuð djarfur þegar hann lét þau falla. Ég gerði mér grein fyrir því að þetta væri ekkert smáverkefni. En hæstv. ráðherra lætur sér þetta að kenningu verða og gætir sín kannski aðeins í orðavali þegar hann kemur með yfirlýsingar sínar í framtíðinni.

Vissulega hefur margt verið gert og ástandið er ekkert sambærilegt við það sem var fyrir örfáum árum enda voru mikil áform uppi um það að bæta þessa þjónustu við landsmenn þegar Síminn var seldur og stofnað var til Fjarskiptasjóðs.

Það er svo annað mál, sem ég reyndar spyr ekki um í þessari fyrirspurn en er náttúrlega mál málanna, og það er það hvernig gengur að koma á háhraðatengingum til landsmanna sem hefur verið mjög brösulegt og gengið illa, leyfi ég mér að segja, hvað varðar mörg svæði. Mikill ágreiningur hefur verið uppi um það hjá landsmönnum og óánægja gagnvart ráðuneytinu og gagnvart Fjarskiptasjóði — Fjarskiptasjóður hefur ekki viljað koma inn á mörg svæði þar sem einstaklingar hafa þurft að taka á sig allan þann kostnað sem er því samfara að tengjast netinu sem er nú orðið hluti af daglegu lífi Íslendinga, þ.e. að eiga aðgang að netinu.

[14:41]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég skildi nú ekki alveg þennan pirring í seinni ræðu hv. þingmanns. Það er ekkert útilokað að þetta takist fyrir áramót ef veður verður gott. Eins og ég sagði áðan er búið að kveikja á sendum á Vestfjörðum þó að þeir hafi ekki verið teknir í notkun formlega. Og víða um land, t.d. á Vopnafjarðarheiði er það búið, og verið að vinna að þessu af fullum krafti.

Ég átti nýlega samtal við forstjóra Vodafone. Ég er sæmilega bjartsýnn á að þetta gangi allt eftir, bara sæmilega bjartsýnn á það. Eins og ég segi þá ræður veðrið miklu vegna þess að oft og tíðum er verið að vinna uppi á heiðum.

Það skyldi þó ekki vera að kaupum á tækjum hafi seinkað örlítið — ég vona eiginlega að því hafi seinkað, það kemur þó ef til vill niður á verkinu. Ég vona að menn hafi ekki verið að kaupa tæki og tól í þetta verkefni á gengisvísitölunni 250 eða hvað hún var og hefur verið frá bankahruninu mikla og þeim efnahagsörðugleikum sem dunið hafa yfir. Vel má vera að svo hafi verið.

En þrátt fyrir það standa fyrirtækin sig ákaflega vel við þessa GSM-væðingu 2, og ég ítreka að nokkuð góðar líkur eru á að þetta verði búið fyrir áramót. Ég vona að hv. þingmaður verði ánægður með það og ég held að ég hafi ekki verið neitt djarfur að segja frá þeim áformum sem voru. Vonandi ganga þau eftir og hv. þingmaður taki þá gleði sína á ný hvað það varðar að ég hafi verið svo djarfur að nefna daginn 31. desember en ekki 15. janúar eða svoleiðis.

Varðandi tal hv. þingmanns um háhraðann ætla ég ekki að ræða nú, virðulegi forseti, vegna þess að ég er að fara að svara fyrirspurn frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur sem ber það verkefni fyrir brjósti og ætlar að spyrja mig um það hér á eftir.

Umræðu lokið.

Háhraðanetþjónusta.

Fsp. KolH, 164. mál. — Þskj. 195.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég ber hér upp fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra, eins og komið hefur fram, varðandi háhraðanetþjónustu fyrir lögheimili með heilsársbúsetu og fyrirtæki með heilsársstarfsemi sem hvorki eiga kost á slíkri þjónustu né munu eiga kost á henni á markaðsforsendum og langar að fá að vita hvað líður framkvæmd við hana.

Ég óska eftir upplýsingum um hversu mörg heimili og fyrirtæki muni njóta góðs af þeirri framkvæmd og hvenær megi gera ráð fyrir að verkefninu verði lokið.

Hv. varaþingmaður Guðný Hrund Karlsdóttir spurði hæstv. ráðherra og fékk skriflegt svar frá honum varðandi háhraðanettengingarnar og verkefnið sem hér um ræðir 15. maí. Í svari hæstv. ráðherra og á heimasíðu Fjarskiptasjóðs kemur í ljós að útboðið, sem lýtur að háhraðanettengingu fyrir lögheimili með heilsársbúsetu og fyrirtæki með heilsársstarfsemi, nær til allra sveitarfélaga landsins og var auglýst þann 27. febrúar. Einnig kemur fram á heimasíðu Fjarskiptasjóðs að tilboðsfrestur hafi verið til 31. júlí í sumar.

Í tilkynningu á heimasíðu Fjarskiptasjóðs sem sett var *inn á síðuna 18. júlí*, þ.e. *hálfum mánuði áður en tilboðstíma* átti að ljúka, kemur fram að að höfðu samráði við Ríkiskaup, sem sér um framkvæmd útboðsins fyrir hönd sjóðsins, telji stjórn Fjarskiptasjóðs að lengja þurfi tilboðstímann um fimm vikur eða til 4. september. Það er sagt gert til að koma til móts við aðstæður margra bjóðenda þannig að fleiri sjái sér fært að taka þátt í útboðinu. Þar kemur einnig fram að stjórn Fjarskiptasjóðs *telji* það skipta höfuðmáli með tilliti til umfangs verkefnisins að endanlegur viðsemjandi hafi getað undirbúið tilboð sitt með viðunandi hætti. Þannig stuðli lengdur tilboðsfrestur að betri lausn og styttri verktíma og lægra tilboðsverði auk þess sem vel unnin tilboð stytti þann tíma sem yfirferð tilboða og samningsgerð krefjast. Sem sagt, tilboðsfresturinn er lengdur til að fá vandaðri tilboð og til að stytta verktímann. Stjórn sjóðsins leggur á það skýra áherslu við vinnuna að opnun tilboða og undirritun samninga verði flýtt eins og kostur er og stjórnin telur að áhrif lengingar tilboðsfrestsins til 4. september verði óveruleg.

Nú mun það hafa gerst, hæstv. forseti, eða mér hefur borist til eyrna að tilkynnt hafi verið um — reyndar kemur það ekki fram á heimasíðu Fjarskiptasjóðs — að tilboðstíminn hafi verið lengdur til 20. janúar. Það þýðir að tilboðið hefur þá staðið opið í tæpt ár. Þetta kemur mér mjög á óvart og ég hlakka til að heyra svör hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) við þessum spurningum sem brenna á mjög mörgum.

[14:47]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrri spurningu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um háhraðanetþjónustu skal sagt, eins og hér hefur reyndar komið fram, að Ríkiskaup fyrir hönd Fjarskiptasjóðs bauð út háhraðatengingar fyrir lögheimili með heilsársbúsetu og fyrirtæki með heilsársstarfsemi sem hvorki ættu kost á slíkri þjónustu nú né mundu eiga kost á slíkri þjónustu á markaðslegum forsendum. Útboðinu er lokið og sjö tilboð bárust og voru þau opnuð 4. september en vegna efnahagsaðstæðna sem nú ríkja hefur gildistími tilboðanna verið framlengdur til 20. janúar og vonir standa til að samningar takist fyrir þann tíma.

Út frá því sem hv. þingmaður sagði er hárrétt að því miður þurftum við að framlengja tilboðsfrestinn að ósk símafyrirtækjanna. Þetta er flókið verkefni og símafyrirtækin eða þeir sem buðu í verkið eða hugðust bjóða í verkið fóru um landið með mælitæki sín og fóru þá yfir mælingar okkar í útboðinu og báru saman, en þeir báðu um þennan frest sem var veittur og tilboðin voru þá ekki opnuð fyrr en 4. september.

Kostnaðaráætlun á því verki var 1.400–1.500 millj. og alveg upp í 2.000 millj. eftir því hvernig menn reiknuðu og hvaða tækni var hugsað um. Ánægjulegt var að lægsta tilboðið var upp á 379 millj. kr., sem var alveg frábært fyrir 3G-tækni og allt að 6 Mb hraða, flott og gott tilboð. En í miðri yfirferð yfir tilboðið skall kreppan á. Það er ekki fyrir það að við höfðum ekki áhuga á að skrifa undir, það er ekki svo, það þarf tvo til, og miklar viðræður hafa átt sér stað síðan, vegna þess að sannarlega urðu erfiðleikar í framhaldi af þessari kreppu, gengisþurrð og gengiskreppu, vegna þess að í upphafi þurfti að kaupa mikið af tækjum og þau voru þá keypt á allt öðru gengi en var þegar tilboðið var reiknað út.

Því hefur orðið samkomulag um það, virðulegi forseti, að framlengja tilboðsfrestinn til 20. janúar og var það gert fyrir töluverðum tíma með von um að ýmislegt mundi breytast í okkar ágæta þjóðfélagi, eins og t.d. hvað varðar bankaviðskipti, *ábyrgðir* og *gengisskráningu* og að gengið mundi styrkjast eitthvað. Það er aðalástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að þetta er ekki enn komið í gang.

Sem svar við seinni spurningunni, þar sem er spurt um fjölda heimila, þá eru 1.118 staðir tilgreindir í útboðinu sem munu njóta góðs af verkinu. Í útboðinu er gert ráð fyrir að uppbyggingu verði lokið í síðasta lagi á 22 mánuðum eftir að samningar takast. Í flestum tilboðum sem bárust var hins vegar gert ráð fyrir að uppbyggingin yrði framkvæmd á tólf mánuðum eða einu ári, og það á líka við um lægsta tilboðið.

Það sem þarna hefur gerst — og af því að ég sé að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er í salnum — er að í hinni ágætu fjarskiptaáætlun sem var í gildi var gert ráð fyrir — og ég man eftir að hv. þingmaður sagði það fyrir síðustu kosningar — að öllu háhraðaútboði til þeirra sem þyrftu á að halda eftir að Fjarskiptasjóði yrði lokið um síðustu áramót. Það gekk ekki eftir og tafðist af ýmsum ástæðum og aðalástæðurnar eru þær að markaðsfyrirtæki þurftu að leggja fram gögn yfir hvaða hluta landsins þau ætluðu að taka á markaðslegum forsendum, vegna þess að Fjarskiptasjóður má ekki fara inn á önnur svæði en þau sem fyrirtækin skilja eftir. Þá var — og ég held að menn ættu nú að taka vel eftir — talað um 200 bæi. Þeir urðu svo 1.118 þegar gengið var hart eftir að fyrirtækin sem boðuðu að þau mundu gera þetta á markaðslegum forsendum gerðu það ekki og að lokum sögðum við: Hingað og ekki lengra, við viljum koma þessu í útboð.

Þar að auki, virðulegur forseti, eru utan við þessa 1.118 staði nokkur svæði sem fyrirtækin héldu enn inni hjá sér. Ég veit a.m.k. um eitt svæði þar sem Gagnavinnsla Skagafjarðar hefur sagst vera hætt við áform sem hún ætlaði í á markaðslegum forsendum. Þetta er ástæðan, virðulegur forseti, fyrir því að staðirnir urðu svo margir og jafnframt ástæðan fyrir töfum sem hafa verið, en ég hef stundum sagt að fátt sé svo með öllu illt að ekki boði eitthvað gott, vegna þess að í þessu boði hoppum við í raun og veru yfir eina tækni sem sennilega hefði orðið ofan á fyrir ári síðan en fáum miklu betri tækni núna og miklu betra boð, þó svo að þessi óheppilegi dráttur hafi orðið, (Forseti hringir.) fyrst og fremst út af efnahagsástandinu.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin en verð að segja að þau valda mér engu að síður nokkrum áhyggjum. Mér finnst í fyrsta lagi mjög umhugsunarvert þegar talað er um kostnaðaráætlun upp á 1,5–2 milljarða að tilboð komi upp á 379 millj. Þá velti ég fyrir mér hvað menn voru að hugsa þegar þeir gerðu kostnaðaráætlunina og hvort þetta lága tilboð — sem ég veit ekki hvort hefur borist 31. júlí eða fyrir 31. júlí í sumar, að öllum líkindum, (Gripið fram í.) eða 4. september eftir að tilboðstíminn var lengdur fyrst — heldur þá ekki þeim fjölda fyrirtækja sem taka þátt í útboðinu í einhvers konar gíslingu? Ég hefði haldið að hæstv. ráðherra þyrfti að leggja mjög mikið á sig til að reyna að flýta verkinu og vanda það jafnframt. Við höfum haft nægan tíma til þess, því að stærsti hluti kostnaðar sem til fellur við þetta verkefni er innlendur, smíði á tæknihúsum og möstrum, vinna við uppsetningu á slíkum búnaði, möstrum og húsum, og ég hefði talið að miðað við það sem við þurfum á að halda nú fyrir atvinnulífið sé þetta afskaplega ákjósanlegt verkefni. Mér þykir þetta því standa í skrýtnu stappi og ég nefni máli mínu til stuðnings þessar tölur og finnst vægast sagt himinn og haf á milli kostnaðaráætlunar og ódýrasta tilboðs og velti fyrir mér hvort það sé að þvælast fyrir ráðherranum eða þeim sem eiga að leysa úr málinu.

1.118 staðir, sagði hæstv. ráðherra. Það segir reyndar í svari því sem ég nefndi í fyrri ræðu minni að staðirnir séu 1.230 og að öllum líkindum fleiri því að listinn er eitthvað að breytast. Ég minni á að á meðan á stappinu stendur (Forseti hringir.) eru þessir staðir án háhraðanettengingar.

[14:54]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegur forseti. Bara til að hafa allt á hreinu, þá þvælist ekkert fyrir þessum ráðherra hvað varðar þetta mikilvæga verkefni annað en að lægsta tilboðið var mjög gott og ekki þarf að gera lítið úr því þó að kostnaðaráætlunin hafi verið há. Það er fyrirtækjanna hvernig þau ætla að byggja upp landskerfi sitt og hvað þau vilja gera utan þess með styrk frá Fjarskiptasjóði, það er þeirra mál. Mjög miklu munaði á þessu tilboði og því sem kom næst og þess vegna er mjög mikið keppikefli að tilboðið haldi og við komum verkinu í gang á þessari tölu.

Við skulum ekki efast neitt um, eins og ég sagði áðan, að eitthvað drasl sé í tilboðinu. Ekki er gengið neitt á gæði, tilboðið er mjög gott. En þeir sem gera tilboðin ráða því hvernig þeir reikna þau út, við efumst ekki um það. Það er fyrst og fremst þessi brestur í þjóðfélaginu sem gerðist og gerir að verkum að þetta hefur þurft að framlengja af ýmsum ástæðum. Ég gat um nokkur möguleg atriði áðan, eins og hátt gengi, bankaviðskipti gengu brösuglega á milli landa og fyrirtæki úti vantreystu íslenskum fyrirtækjum, án þess að ég fullyrði að það hafi verið þannig.

Þetta er aðalatriðið, virðulegi forseti, og tilboðin voru opnuð 4. september. Þetta tilboð vakir og vonandi tekst að halda lífi í því. Ég hef ekki áhyggjur af tilboðinu eða tækninni sem boðin er, það er allt saman flott og fínt, gott fyrirtæki sem býður þetta, það er eingöngu ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar, en ég er sammála því að margir bíða eftir þessari nettengingu og vonandi kemst hún sem fyrst í gang.

Umræðu lokið.

Nýtt framhaldsskólapróf og fræðsluskylda.

Fsp. KJak, 148. mál. — Þskj. 168.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Þegar ný lög um skólastigin voru sett á síðasta þingi var miðað við eða gert ráð fyrir svokallaðri fræðsluskyldu til 18 ára aldurs og því tengt var sett á nýtt framhaldsskólapróf í nýjum lögum um framhaldsskóla.

Í lögunum er svo sagt, með leyfi forseta:

„Til að útskrifast með framhaldsskólapróf skal nemandi hafa lagt stund á nám sem svarar til 90–120 eininga samkvæmt námskrá og námsbrautarlýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðherra skv. 23. gr.“

Nú er unnið að útfærslu laganna í framhaldsskólum um land allt og greinilegt að ýmsar hugmyndir eru uppi um hvernig eigi að útfæra þetta framhaldsskólapróf. Meðal spurninga er hvort nemendum verði gert að ljúka prófi í 90–120 einingum eða hvort framhaldsskólapróf verði veitt nemendum sem leggja stund á nám í viðkomandi skólastofnun í eitt og hálft til tvö ár án þess þó endilega beinlínis að ljúka prófum eða þreyta próf í öllum þessum einingum.

Ég vil grennslast fyrir um stöðu þessarar vinnu, hvort þessi útfærsla liggur fyrir og hvort hæstv. menntamálaráðherra hefur eitthvert sérstakt viðhorf til þess hvernig eigi að skilgreina framhaldsskólaprófið. Enn fremur langar mig að kanna hvort þessu hefur þá fylgt umræða um reiknilíkanið sem framhaldsskólarnir fá úthlutað fjármunum samkvæmt og hvort ætlunin sé þá að skólarnir fái greitt fyrir nemendur upp að 18 ára aldri samkvæmt fræðsluskyldu óháð því hvort nemendur þreyta próf eða ekki, því hingað til hafa fjármunir og fjárveitingar miðast við að nemendur mæti í próf og einingafjöldinn sem þá er reiknaður miðast við það. En nú, þegar þessi hugmynd um fræðsluskyldu til 18 ára aldurs er uppi, velti ég fyrir mér hvort allir nemendur sem á annað borð eru skráðir í viðkomandi skólastofnun muni teljast virkir þegar fjármunum verður úthlutað.

[14:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir spurninguna. Það sem kom fram er hárrétt, fræðsluskyldan er nýmæli í íslenskum lögum og hugmyndin á bak við var skýr, við viljum tryggja börnunum okkar vist í framhaldsskóla til 18 ára aldurs ef þau kjósa svo. Það er því réttur þeirra að fara í skóla og um leið skylda hins opinbera að sjá til þess að þau geti fylgt eftir þeim rétti sínum.

Í nýjum lögum um framhaldsskóla, svo ég svari spurningum hv. fyrirspyrjanda, er gert ráð fyrir að skólar hafi aðlögunartíma til 1. ágúst 2011 til að uppfylla ákvæði laganna um skipulag náms, námslok, námskrár og námsbrautir. Þetta ákvæði gildir einnig um útfærslu framhaldsskólanna á hinu nýja framhaldsskólaprófi en það mun m.a. tengjast viðmiðunarramma menntamálaráðuneytisins um uppbyggingu námsbrauta, sem birtur verður í aðalnámskrá.

Í ráðuneytinu er nú unnið að reglugerðum sem tengjast nýjum lögum um framhaldsskóla og einnig er hafinn undirbúningur námskrárgerðar á þessu skólastigi. Er m.a. unnið að því að skilgreina í almennum kafla aðalnámskrár ákvæði um þrepaskiptingu náms og svokölluð hæfnisviðmið sem munu síðan liggja til grundvallar vinnu í framhaldsskólunum við uppbyggingu námsbrautanna og framhaldsskólaprófanna. Að þessari vinnu koma margir starfshópar á vegum ráðuneytisins þar sem aðilar, m.a. atvinnulífsins, koma að málum auk þess sem sjö framhaldsskólar hafa fengið sérstakan styrk til þróunarvinnu á þessu sviði.

Útfærsla framhaldsskólaprófsins er hluti af þessari vinnu og því er fyrirkomulag prófsins enn í mótun en það er unnið í samvinnu við þessa aðila sem ég minntist á áðan og við höfum styrkt þessa sjö framhaldsskóla sérstaklega til að útfæra þetta í samvinnu við okkur. Þetta undirstrikar kannski þann tón sem var dreginn fram í framhaldsskólalöggjöfinni að við erum ekki að fara inn í miðstýrt kerfi, ekki er skipun að ofan um hvernig þetta skal útfært. Útfærslan kemur ekki fullbúin frá ráðuneytinu heldur er hún unnin í samræmi við skólana. Vel getur verið að skólarnir hafi líka mismunandi áherslur varðandi útfærslu á prófunum og við verðum að skoða það.

Um fræðsluskyldu stendur í 32. gr. laga um framhaldsskóla að þeir sem eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla skuli eiga rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs en þurfa jafnframt að hlíta skólareglum. Framhaldsskóla er heimilt að gera sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir framhaldsskóla enda miði þær að því að bjóða nemendum fjölbreytt nám sem hæfir ólíkum undirbúningi þeirra. Í samningi skóla og menntamálaráðuneytis, samkvæmt 44. gr. laganna, skal kveðið sérstaklega á um skyldur einstakra framhaldsskóla við innritun nemenda og þær forsendur sem skólinn leggur til grundvallar innritun. Ráðuneytið vinnur að reglugerð um innritun nemenda og hefur einnig hafið skoðun á því hvernig hægt er að tryggja aðgengi nemenda að framhaldsskólum næsta vor í samræmi við fræðsluskyldu. Einnig verður fjallað um þessi atriði við endurnýjun samninga við framhaldsskóla um áramótin.

Í þessu samhengi og einnig í samhengi við það sem hv. þingmaður kom inn á varðandi þreyttar einingar og greiðslur fyrir þreyttar einingar er rétt að undirstrika að endurskoðun á reiknilíkaninu er á fleygiferð og nokkuð er síðan hún var sett af stað en hún tafðist vegna nýrra útfærslna í nýjum lögum sem verður eðlilega að taka tillit til. Þá stöndum við frammi fyrir spurningunum: Hvernig á að meta einingarnar? Hvað þýða þreyttar einingar? Verða próf eða verður það mat kennarans sjálfs að haka við að viðkomandi hafi í rauninni lokið viðkomandi einingum? Þetta er hluti af því sem verið er að fara yfir og ljóst að þeir menn og konur sem standa að mótun nýs reiknilíkans fyrir framhaldsskóla líta til þess að það er ekki eitthvert líkan í lofttæmi heldur verður miklu frekar að vera sveigjanlegt út af nýjum lögum.

Ljóst er að bæði menntamálaráðuneytið og skólar munu þurfa einhvern aðlögunartíma til að móta ferlið við innritunina sjálfa, hvernig best sé að tryggja rétt nemenda varðandi fræðsluskyldu, sem sagt undirstrika þennan rétt nemenda. Ég legg hins vegar ríka áherslu á að þessu ferli verði hraðað eins og kostur er enda er hér um mikið hagsmunamál að ræða, fyrst og fremst fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum landsins.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Það er ljóst að það er mikil deigla í þessum málum og mikil vinna sem stendur yfir en mig langar þó aðeins að grennslast nánar fyrir um nokkur atriði.

Í fyrsta lagi hvað varðar endurskoðun reiknilíkansins. Ég fagna því að taka á upp aukinn sveigjanleika í því hvernig þreyttar einingar eru metnar. Það væri áhugavert að vita nánar um það hvenær ráðherra sér fyrir sér að þeirri endurskoðun ljúki. Því miður hefur reiknilíkanið verið þeim annmörkum háð að skólar hafa t.d. kennt nemendum heila önn sem hafa síðan ekki mætt í próf og þar af leiðandi hefur ekki verið greitt fyrir þá af því að þeir mættu ekki í próf þó að gert sé ráð fyrir þeim í öllum undirbúningi og þeir stundi nám jafnvel í tvo mánuði. Mér þætti áhugavert að vita hvort einhverjar tímasetningar eru í loftinu um það hvenær þessari endurskoðun verður lokið eða er áætlað að ljúki og hvort ráðherra telji líklegt að sá skilningur verði ofan á að miðað verði fremur við mat skóla á einingum til að fá greitt. Þetta skiptir auðvitað máli þegar kemur að fræðsluskyldunni, að skólar geti uppfyllt hana og staðið við hana og fái greitt fyrir nemendur sem sannanlega leggja stund á nám þó að þeir mæti, sumir hverjir, ekki í próf, því að það er vissulega það sem hefur verið við að eiga í mörgum framhaldsskólum hingað til. Mig langar að fá að vita aðeins nánar um þetta og þær tímasetningar sem kunna að liggja fyrir í þessum efnum.

[15:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Tímasetningar liggja í rauninni ekki fyrir og mér finnst miður að geta ekki sagt úr þessum stól að við verðum búin að endurskoða reiknilíkanið innan ákveðins tíma. Ástæðan er sú að þessi lög eru tiltölulega ný af nálinni, voru samþykkt síðasta vor, en það er mikill sveigjan-

leiki í þeim, ég ætla ekki að segja að hann sé algerlega nýr af nálinni en þarna er ný nálgun sem ég tel að reiknilíkansnefndin verði að skoða. Það getur vel verið að nefndin sem slík hafi aðrar skoðanir á þessu en ég. Ég tek undir að fulltrúi fjárlaganefndar situr í nefndinni og eðli málsins samkvæmt fylgist fjárlaganefnd vel með því hvernig á að útfæra reiknilíkanið, hvort reiknilíkanið sé að sinna þörfum framhaldsskólanna. Við munum að fyrir nokkrum árum var reiknilíkaninu breytt með tilliti til þess að auka vægi verknámsskóla og starfsnámsskóla. Sumir segja að það hafi verið of ýkt breyting, ákveðnir skólamenn hafa sagt það. Þetta er eitthvað sem verður að líta til. Nú verður að líta til þess þáttar hvernig reiknilíkanið ætlar að borga fyrir þá nemendur sem eingöngu verða síðan með framhaldsskólapróf. Hvernig á að greiða fyrir það? Þetta er verkefni sem ég tel að reiknilíkansnefndin eigi að fara yfir í samvinnu við bæði framhaldsskólana og ráðuneytið þannig að menn átti sig á hvernig hægt er að meta þær 90–120 einingar sem nemendur þurfa að uppfylla til að fá framhaldsskólapróf. Hluti af stefnumótuninni í kringum framhaldsskólaprófið og markmiðið með því að setja þetta fram á sínum tíma var m.a. að koma í veg fyrir brottfall. Við teljum að þetta sé sú leið, eins og t.d. Danir hafa farið, að bjóða upp á próf í framhaldsskóla sem er styttra en stúdentsprófið og það muni stuðla að því að brottfall minnki, enda er reynsla Dana af því ágæt.

Við verðum líka að leita í smiðju annarra, læra af reynslu annarra og sjá hvað setur allt til að byggja upp betra framhaldsskólakerfi.

Umræðu lokið.

Íslenskukennsla fyrir útlendinga.

Fsp. KJak, 150. mál. — Þskj. 170.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Þetta er nokkuð ítarleg spurning sem ég er með og varðar íslenskukennslu fyrir útlendinga sem við ræddum talsvert í fyrra og snýst í raun um eftirfylgni af því sem ráðist var í í fyrra.

Mig langar til að spyrja hversu margir útlendingar hafa nú í ár sótt íslenskunámskeið sem hlotið hafa styrki frá ráðuneytinu, því að ráðuneytið veitti að sjálfsögðu talsverða styrki í fyrra fyrir námskeiðahald nú í ár. Mig langar einnig að grennslast fyrir um það hvort fyrir liggi spá um það hvort aðsókn að þessum námskeiðum muni dragast saman með breyttu atvinnuástandi, en eins og kunnugt er hefur verið talsvert um það að hér hafi útlendingar verið á vinnumarkaði. Eitthvað er um að þeir hafi yfirgefið landið núna og maður skyldi þá ætla að aðsókn að þessum námskeiðum kynni að dragast saman en það er þó erfitt að átta sig á því af því að það er kannski ekki endilega sá hópur sem hefur sótt þessi námskeið. Mig langar að grennslast fyrir um það hvort ráðuneytið hefur einhverjar spár eða einhver gögn í höndunum sem gerir því kleift að meta þetta. Enn fremur hvort fyrir liggi áætlanir um að ráðist verði í gerð framhaldsnámskrár fyrir námskeið umfram þær 225 stundir í íslensku sem skilgreindar eru í námskrá fyrir grunnnám í íslensku fyrir útlendinga. Hvort auglýstir hafi verið styrkir til námsefnisgerðar í íslensku fyrir útlendinga eins og lagt var til í skýrslu verkefnisstjórnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga að gera ætti haustið 2008. Hvort viðhorf útlendinga til kennslu og námsefnis í íslenskunámskeiðum hafi verið kannað eins og enn fremur var lagt til í sömu skýrslu. Og hvort endurmenntunarnámskeið hafi verið haldin fyrir þá kennara sem hafa kennt útlendingum íslensku eins og lagt er til í sömu skýrslu.

Þetta er að sjálfsögðu allítarleg fyrirspurn en ég tel þó mikilvægt að málið sé rætt hér því í raun má segja að ráðuneytið hafi brugðist við ákveðnu ástandi sem var uppi í fyrra með því að leggja aukna fjármuni í þennan málaflokk. Ég var sjálf þeirrar skoðunar að gera ætti einhvers konar langtímaáætlun um þennan málaflokk en það kann líka að vera erfitt að gera það í ljósi þess að eftirspurn og aðsókn kann að vera mjög breytileg. Mig langar að halda þessu máli lifandi og kanna hvað ráðuneytið sér fyrir sér sem næstu skref í þessu máli.

[15:11]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur að þetta er ítarleg spurning og ég hef knappan tíma í púltinu. Það er því best að fara strax í það að svara spurningum og sjá svo hvað setur hvað verður eftir af tímanum til að svara fyrirspurninni.

Í fyrsta lagi spyr hv. þingmaður hversu margir útlendingar hafi nú í ár sótt íslenskunámskeið sem hlotið hafa styrki frá ráðuneytinu. Því er til að svara að það sem af er ári 2008 hafa samtals 4.200 útlendingar lokið námskeiðum í íslensku á vegum fræðsluaðila sem notið hafa til þess styrkja frá menntamálaráðuneyti en upphaflega var sótt um styrki til að kenna 5.400 einstaklingum. Af þessu sést að nokkurt brottfall er í þessari kennslu.

Í öðru lagi spyr hv. þingmaður hvort fyrir liggi spá um það hvort aðsókn að námskeiðum í íslensku muni dragast saman miðað við þær atvinnuhorfur sem nú ríkja. Nákvæm spá um það hvort aðsókn að námskeiðum í íslensku muni dragast saman hefur ekki verið gerð enda nokkuð erfitt að meta slíkt við núverandi aðstæður. Hins vegar má fastlega búast við að eftirspurn eftir námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga muni dragast saman á næsta ári vegna þess að atvinnuhorfur fara versnandi og eins og við vitum verður væntanlega mikið atvinnuleysi hér á landi á árinu 2009.

Í þriðja lagi er spurt hvort ráðist verði í gerð framhaldsnámskrár fyrir námskeið umfram þær 225 stundir sem skilgreindar eru í námskrá fyrir grunnnám í íslensku fyrir útlendinga. Já, vinna við slíka framhaldsnámskrá er þegar hafin. Þann 23. september sl. var undirritaður samningur milli menntamálaráðuneytis og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um gerð framhaldsnámskrár í íslensku fyrir einstaklinga af erlendum uppruna. Námskráin miðar að því að gera fólki kleift að öðlast grundvallarfærni í málinu og geta átt samskipti við vinnufélaga, almenning og stjórnvöld á íslensku. Færnimarkmið í námskránni skulu skilgreind út frá færnistigi B2 í hinum svokallaða evrópska viðmiðun-

arramma og almennt viðmið um lengd námskeiðs er um 300 klukkustundir eða 40 mínútur. Verklok eru áætluð 30. apríl 2009.

Í fjórða lagi spyr hv. þingmaður hvort auglýstir hafi verið styrkir til námsefnisgerðar í íslensku fyrir útlendinga líkt og verkefnisstjórn í íslensku fyrir útlendinga lagði til að gert yrði. Styrkir til námsefnisgerðar hafa ekki verið auglýstir en með fyrrgreindum samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var henni falið að leita tilboða og semja um gerð eða endurskoðun námsefnis í grunnnámi samkvæmt námskrá ráðuneytisins. Enn fremur var henni falið að semja um útgáfu, dreifingu og höfundarrétt þess efnis og skal stefnt að verklokum haustið 2009. Þá var fræðslumiðstöðinni falið að auglýsa styrki til frekari námsefnisgerðar, fara yfir umsóknir og gera tillögur til ráðuneytisins um úthlutun styrkja. Stefnt er að því að úthlutun geti orðið um miðjan janúar næstkomandi hvað þetta atriði varðar.

Í fimmta lagi spyr hv. þm. Katrín Jakobsdóttir að því hvort viðhorf útlendinga til kennslu og námsefnis í íslenskunámskeiðum hafi verið könnuð. Nei, viðhorf þeirra hafa ekki verið könnuð af ráðuneytinu en þó er vitað að flestir fræðsluaðilar kanna með óformlegum hætti viðhorf nemenda sinna til kennslunnar að námskeiðum loknum. Þetta er einn af þeim þáttum sem ráðuneytið mun kanna með skipulegum hætti næsta ár. Stefnt er að því að niðurstöður slíkrar könnunar geti legið fyrir síðari hluta árs 2009. Þetta er í samræmi við þær áherslur sem við höfum verið að reyna að setja inn í kerfið og þetta á náttúrlega við þennan hluta skólakerfisins líka, þ.e. að við getum fylgt eftir ákveðnum gæðum, fylgt eftir ákveðnu eftirliti til að gæði námskeiðanna séu tryggð með þeim hætti að þeir sem eftir þeim sækjast fái raunverulega það sem þeir sækjast eftir, í þessu tilviki góða íslenskukennslu.

Í sjötta lagi spyr hv. þingmaður hvort haldin hafi verið endurmenntunarnámskeið fyrir kennara sem kennt hafa útlendingum íslensku eins og lagt er til í skýrslu verkefnisstjórnar. Já, þessi námskeið eru hafin. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur veg og vanda af námskeiðahaldi fyrir starfandi kennara og var eitt slíkt haldið í Reykjavík í október sl. Fyrirhugað er að halda annað námskeið í Reykjavík í byrjun desember. Í framhaldinu verður svo könnuð þörfin fyrir hliðstæð námskeið úti á landi og ráðist í frekara námskeiðahald eftir áramót þegar í ljós kemur hvernig heppilegast er að haga slíkum námskeiðum. Stefnt er að því að námskeið verði síðan reglulega í boði fyrir kennara sem liður í stöðugum umbótum og auknum gæðum í íslenskukennslu fyrir útlendinga.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er ljóst að mikil aðsókn hefur verið að þessum námskeiðum þó að færri hafi lokið þeim en sótt var um styrki fyrir, 4.200 útlendingar eru auðvitað há tala.

Ráðuneytið hefur greinilega farið þá leið að semja við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um námsefnisgerð, útgáfu og annað, þ.e. að Fræðslumiðstöðin hafi yfirumsjón með því ferli öllu. Ég velti fyrir mér þessu fyrirkomulagi, af hverju sú leið er valin, ég velti því fyrir mér hvernig fyrirkomulagið verður, hvort ætlunin er að Fræðslumiðstöðin muni þá bjóða út gerð námsefnis eða gera samning við einstök forlög eða eitthvað slíkt. Ég velti því fyrir mér hvernig ferillinn verður í þessari námsefnisgerð og hvernig tryggt verður að gæðum verði haldið uppi. Hver mun hafa eftirlit með því af hálfu ráðuneytis eða er það ráðuneytið sem á að hafa eftirlit með því hvernig námsefni mun uppfylla þá staðla sem um það eru settir í námskrá?

Ég hef heyrt þá gagnrýni að gallinn við þau endurmenntunarnámskeið sem hafa verið haldin, sem mér skilst reyndar að séu góð og séu kennurum að kostnaðarlausu eins og sagt er, sé sá að kennarar, sem eru langflestir verktakar í þessum geira, þurfi að taka það af sínum tíma að mæta á námskeiðin. Bent hefur verið á að það ætti að vera hluti af kennslu þeirra að fá greitt fyrir að sækja endurmenntunarnámskeið í íslenskukennslu. Spurningin er líka hvort ráðherra telji ástæðu til að styrkja utanumhald um þá sem taka að sér íslenskukennslu fyrir útlendinga, að þeir hafi meira batterí í kringum sig og sé t.d. gert auðveldara að sækja endurmenntunarnámskeið.

[15:18]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Kjarninn í einföldu svari við öllu þessu er sá að við viljum styrkja endurmenntun á öllum sviðum og í dag var lagt fram frumvarp um fullorðinsfræðslu.

Varðandi það atriði sem hv. þingmaður kom inn á, þ.e. hvort kennarar eigi að taka hluta af tíma sínum í að fara í endurmenntun, þá snertir það kjarasamninga kennara. Ég held að einnig væri hægt að taka tillit til þess í kjarasamningunum og í samningum ráðuneytisins við viðkomandi skóla.

Ég get tekið undir það, og geri það heils hugar, að við þurfum að efla símenntun, við þurfum að efla endurmenntun hvort sem það er á sviði íslensku eða annarra þátta. Íslenskan er okkur mikilvæg. Síðast í gær ræddum við hv. þingmaður íslenska málstefnu þar sem við drógum sérstaklega fram hlut íslenskunnar í skólakerfinu hvað varðar íslenskukennara í skólakerfinu, hlutfall íslenskukennslu í grunnskólanum o.s.frv. og við vorum sammála um það að þá þætti verðum við að styrkja. Það sama gildir á þessu sviði hvort sem það er fyrir útlendinga eða Íslendinga.

Ýmsir möguleikar eru fram undan. Ég held að á síðustu árum, og sérstaklega á síðasta ári, höfum við tekið gríðarlegum framförum í þjónustu við útlendinga sem vilja vera hér heima. Íslenskan er lykillinn að svo mörgu. Hún er lykillinn að því að útlendingar geti aðlagast íslensku samfélagi, að fordómar minnki, umburðarlyndi verði meira í samfélaginu og því ber stjórnvöldum, hinu opinbera hvort sem það er ríki eða sveitarfélögum, að stuðla að því að boðið verði upp á þannig þjónustu að útlendingar geti nálgast þá færni og kunnáttu sem gott er fyrir þá að búa yfir til að vera fullgildir og virkir þegnar í íslensku þjóðfélagi.

Umræðu lokið.

Bygging tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar.

Fsp. SVÓ, 182. mál. — Þskj. 225.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hæstv. menntamálaráðherra um stöðuna í byggingu tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar við Austurhöfn í Reykjavík. Málið á sér þó nokkuð langa forsögu. Ég hygg að báðir þeir hæstv. ráðherrar sem nú sitja í salnum hafi komið að undirbúningi þess í menntamálaráðherratíð sinni. Sú sem hér stendur skrifaði undir samning við hæstv. núverandi menntamálaráðherra um byggingu hússins og margir aðilar hafa komið að því máli. Staðan er hins vegar sú að eftir hið stóra og mikla bankahrun á Íslandi er sá aðili sem tók að sér framkvæmd verksins í umboði Reykjavíkurborgar og ríkisins, fyrirtækið Portus, kominn í þrot. Við erum því aftur komin með málið í fangið, þ.e. ríkisvaldið og Reykjavíkurborg, og spurning um framhaldið.

Ég tel verkefnið gríðarlega mikilvægt fyrir uppbyggingu miðborgarinnar og líka gríðarlega mikilvægt fyrir menningarlíf landsins alls og ferðaþjónustuna. Mig langar því að spyrja hæstv. menntamálaráðherra um stöðuna hvað varðar byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar við Austurhöfn og hvernig hún sér fyrir sér framhald verkefnisins nú þegar framkvæmdaaðilar eru komnir í þrot.

[15:22]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Það er stórt og mikilvægt mál, bæði í nútíð og framtíð, hvernig við ætlum að haga framkvæmdum við þetta hús, hvernig við ætlum að sjá það byggjast upp. Ég veit ég deili áhuga og metnaði hv. þingmanns og fyrirspyrjanda í því efni að húsið verði klárað og verði fullbyggt af því að það er mikilvægt fyrir samfélag okkar, bæði hvað snertir atvinnuástandið núna og líka til lengri tíma hvað varðar menningu og ferðaþjónustu.

Hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um tónlistarhúsið og ráðstefnumiðstöðina við Austurhöfn. Hún spyr hver staðan sé á byggingunni og hvernig ég sjái fyrir mér framhald verksins nú þegar framkvæmdaaðilar eru komnir í þrot.

Svar mitt byggist m.a. á upplýsingum sem ég leitaði eftir hjá Austurhöfn en það félag er, eins og hv. þingmaður kom inn á, sameiginlegt félag ríkis og borgar sem sett var á stofn til að koma byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins í höfn.

Stjórn og framkvæmdastjóri Austurhafnar hafa um nokkurra vikna skeið unnið að því að finna lausn á því verkefni að láta ljúka við tónlistar- og ráðstefnuhúsið. Fór sú vinna af stað um leið og ljóst þótti að eigendur Portusar, sem eru Landsbanki Íslands og Nýsir, mundu ekki geta lokið við verkið. Verulegur kostnaður er fólginn í því að ljúka verkinu og ljóst að tímaáætlanir munu raskast. Framkvæmdin er um það bil hálfnuð. Samkvæmt því mati sem nú liggur fyrir hefur hátt í 10 milljörðum kr. verið varið í bygginguna og áætlaður kostnaður við verklok er nálægt 14 milljörðum kr. að meðtöldum vaxtakostnaði á byggingartíma.

Af hálfu Austurhafnar hefur verið athugað hvort hægt sé að ljúka við byggingu hússins og koma því í rekstur á þeim grundvelli að ríki og borg standi við fyrirheit sín um framlög til verkefnisins en auki þau ekki. Niðurstaðan af því veltur á mörgu, m.a. kostnaði við yfirtöku eða kaup á félaginu eða húsinu, fjármögnun og framkvæmdakostnaði, en talið er mögulegt að fara í nokkrar sparnaðaraðgerðir sem þó eiga ekki að rýra ágæti hússins auk þess sem talið er að lengja megi verktímann þannig að húsið verði opnað í ársbyrjun 2011. Upphaflega var áætlað að það yrði gert í lok árs 2009 en síðan var því seinkað vegna ýmissa tafa fram á fyrri hluta árs 2010. Ekki er því ólíklegt að við stöndum frammi fyrir seinkun upp á ár.

Fyrst í stað voru viðræður við eigendur Portusar, þ.e. Nýsi og Fasteignafélag Landsbankans, en síðan hefur Nýi Landsbankinn eignast allt hlutafé í Portusi og hafa samningar staðið við bankann um kaup á félaginu með það í huga að fjármagna verkefnið að nýju og freista þess að ljúka því. Í því sambandi hefur m.a. verið rætt um hvernig skipa eigi eignarhaldi á nærliggjandi lóðum og það getur verið stórt atriði í þessu.

Jafnframt hafa viðræður átt sér stað við Íslenska aðalverktaka um breyttan verktíma og fleira. Haldi verkið áfram er m.a. stefnt að því að auka hlutdeild íslensks vinnuafls við verkið sem að hluta gerist sjálfkrafa þar sem margir erlendir starfsmenn hafa látið af störfum.

Herra forseti. Þessi óvissa um framhaldið er bagaleg og er stefnt að því að leiða viðræður við Nýja Landsbankann til lykta á næstunni. Ég get líka greint frá því að afar náið og gott samstarf hefur verið við borgina, bæði borgarstjóra og embættismenn borgarinnar, um framkvæmd verkefnisins alls. Ég fullyrði að það er sameiginlegur skilningur ríkis og borgar að klára húsið og það helst á þeim tíma sem fyrirhugaður var. Ef það tefst hins vegar um ár skiptir öllu máli að við höldum framkvæmdum áfram, að framkvæmdin nýtist í nútíð. Við kynntum ekki alls fyrir löngu, ríkisstjórnin, áætlun um mannaflsfrekar framkvæmdir og þetta er einmitt aðgerð af því tagi. Þetta er mannaflsfrek framkvæmd, hundruð manna eru í vinnu, sem heldur uppi atvinnustiginu og ekki síður er þetta framkvæmd sem byggir upp til framtíðar. Við byggjum undir menningu okkar, undir Sinfóníuhljómsveitina — sem vel að merkja er rétt að óska til hamingju úr ræðustóli með tilnefningu til Grammy-verðlauna í síðustu viku. Sú tilnefning undirstrikar hversu stórkostleg hljómsveitin er. En framkvæmdin er ekki síður mikilvæg fyrir ferðaþjónustuna en þungi hennar mun aukast mjög á næstu árum, tónlistar- og ráðstefnuhúsið mun stuðla að því.

Ég vil vitna í þá yfirlýsingu trúnaðarráðs Eflingar og Boðans-stéttarfélags sem samþykkt var í gærkvöldi og skora á ríkisstjórnina að tímasetja mannaflsfrekar framkvæmdir. Trúnaðarráð þessara stéttarfélaga lýsa yfir þungum áhyggjum af þróun mála á undanförnum vikum og eru þau orð í takti við orð mín um að það skipti máli að halda áfram mannaflsfrekum framkvæmdum sem skila að auki fjárfestingu til lengri tíma. Ég tel brýnt að þessar framkvæmdir haldi áfram. Við þurfum að finna lausnir.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir skýr svör í þessum efnum. Ég er henni hjartanlega sammála um mikilvægi þessa verkefnis, það hefur blessunarlega verið eitt af þeim stórverkefnum sem við Íslendingar höfum tekið okkur fyrir hendur þar sem ríkt hefur þverpólitísk samstaða, sama hver hefur átt í hlut, milli ríkis og borgar og margir sem komið hafa að því. Ég tel mjög mikilvægt, og tek undir það með ráðherranum, að málið verði leyst. Ef hægt er að gera það á þann veg að húsið opni í ársbyrjun 2011 og menn verði að störfum þar fram að þeim tíma þá er það mjög mikilvægt fyrir byggingariðnaðinn.

Hæstv. ráðherra kom líka inn á nærliggjandi lóðir á svæðinu. Þær eru ákaflega dýrmætar og verðmætar þegar fram líða stundir, í þeim felast mikil verðmæti fyrir þann sem fær þær til uppbyggingar. Ef ég skil hæstv. ráðherra rétt þá standa einmitt yfir viðræður við Nýja Landsbankann um að hann haldi þessum lóðum eftir og geti þá innleyst þær þegar fram líða stundir. Þá skiptir mjög miklu máli, og ég treysti því að svo verði, að gott samstarf verði milli ríkisvaldsins og Reykjavíkurborgar um uppbygginguna á svæðinu. Sú skipulagstillaga sem lá fyrir á sínum tíma var mjög metnaðargjörn og framúrstefnuleg og gerði ráð fyrir mjög skemmtilegri miðborgarbyggð. Þó að þessi breyting verði vonast ég til að við sjáum áfram metnaðarfullar tillögur sem miða að því að styrkja miðborg Reykjavíkur og mannlíf og menningu Íslands alls.

[15:29]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Já, efla mannlíf og menningu, ekki bara hér í Reykjavík heldur fyrir landið allt, það er alveg hárrétt. Við verðum líka að átta okkur á því að saga tónlistar- og ráðstefnuhússins er löng. Það eru um þrír áratugir frá því að fólk fór að berjast fyrir uppbyggingu þessa menningarhúss. Ég teldi arfavitlaust ef við færum að slökkva á öllum framkvæmdum við það núna, það væri mikil skammsýni, en við þurfum að finna lausnir. Þetta er fjárfrekt og á síðustu vikum höfum við reynt að miða við að skuldbindingar okkar haldi, þ.e. greiðslur. Ríki og borg hefji ekki greiðslur sínar fyrr en árið 2010 þegar húsinu er þá lokið en við verðum að finna aðrar lausnir. Það er hárrétt, sem hv. þingmaður kom inn á, að virði lóðanna sem liggja að húsinu mun vaxa mjög þegar við höfum lokið byggingu þess. Andvirði þeirra lóða mun aukast mjög og í þeim felast mikil verðmæti.

Stóra málið er að sjálfsögðu það að við verðum að halda áfram uppbyggingu vegna þess að þetta er mannaflsfrek framkvæmd. Við stuðlum að því að halda uppi atvinnu. Atvinnuleysið árið 2009 og fram á árið 2010 verður meira en nokkurn tímann fyrr í íslenskri sögu. Það væri ábyrgðarhluti af okkur, ríkisstjórninni, að fara að stoppa þessa framkvæmd alveg eins og það væri ábyrgðarhluti af borginni að gera það. Það er ætlunin að vinna að lausn þessara mála um leið og við byggjum upp til framtíðar hús fyrir tónlistina og höll fyrir fólkið í landinu.

Það skiptir miklu máli að við höldum þessu áfram og ég vil sérstaklega taka það fram að samstarf mitt við þá fimm borgarstjóra sem ég hef átt samskipti við á ráðherraferli mínum hafa öll verið góð, með eindæmum góð, um þetta verkefni. Allir borgarstjórar hafa sýnt mikinn metnað varðandi það að byggja upp tónlistar- og ráðstefnuhús fyrir menninguna og mannlífið í landinu, eða voru þeir sex? (**SVÓ:** Við vorum sex.)

Umræðu lokið.

[15:32]

Útbýting:

Kaup á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings, 153. mál, svar viðskrh., þskj. 306.

Olweusar-verkefnið, 149. mál, svar menntmrh., þskj. 303.

Tollalög, 193. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 307.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 15:32.

---

49. FUNDUR

miðvikudaginn 10. desember,
að loknum 48. fundi.

Dagskrá:

1. Embætti sérstaks saksóknara, stjfrv., 141. mál, þskj. 156, nál. 292, brtt. 293. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 120. mál, þskj. 130, nál. 276. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Lyfjalög, frv., 203. mál, þskj. 258. — 2. umr.

4. Meðferð sakamála, stjfrv., 217. mál, þskj. 294. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
Helga Sigrún Harðardóttir, 3. þm. Suðurk.
Þórunn Sveinbjarnardóttir umhvrh., 8. þm. Suðvest.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]

4. mál var of seint komið fram. — Samþ. með 42 shlj. atkv. að taka það til meðferðar.

[15:40]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 25. gr. þingskapa skal 3. umr. um fjárlagafrumvarpið hefjast eigi síðar en 15. desember, það er næstkomandi mánudag. Vegna aðstæðna sem öllum eru kunnar hefur afgreiðsla frumvarpsins dregist í fjárlaganefnd og sýnt að ekki verður unnt að uppfylla þetta ákvæði þingskapanna.

Forseta þykir því rétt að leita nú afbrigða frá þessu ákvæði þingskapa til að fullnægja öllum formsatriðum en vonar að 2. umr. um fjárlagafrumvarpið fari fram allra næstu daga og 3. umr. nokkrum dögum síðar. Hefst nú atkvæðagreiðslan um afbrigðin og biður forseti þá þingmenn sem vilja veita afbrigði að rétta upp hönd.

Afbrigði við þingsköp, 2. mgr. 25. gr., samþ. með 42 shlj. atkv.

Lyfjalög, 2. umr.

Frv. heilbrn., 203. mál (gildistaka greinar um smásölu). — Þskj. 258.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð sakamála, 1. umr.

Stjfrv., 217. mál (frestun á stofnun embættis héraðssaksóknara). — Þskj. 294.

[15:41]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála. Í frumvarpinu er lagt til að embætti héraðssaksóknara verði sett á stofn 1. janúar 2010 í stað 1. janúar 2009. Er frumvarpið liður í sparnaðaraðgerðum dóms- og kirkjumálaráðuneytis fyrir árið 2009.

Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008, taka gildi 1. janúar 2009 og leysa þau af hólmi lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Í hinum nýju lögum er m.a. mælt fyrir um að sett skuli á fót embætti héraðssaksóknara og verður það nýtt stjórnsýslustig innan ákæruvaldsins. Í kostnaðarmati því sem fylgdi frumvarpi til laga um meðferð sakamála kemur fram að ef frumvarpið verður að lögum leiði það til 62 millj. kr. hækkunar rekstrarkostnaðar á þessu sviði dómsmálaráðuneytisins. Einnig var gert ráð fyrir að við stofnun embættisins félli til tímabundinn stofnkostnaður sem næmi um 10 millj. kr. Gerði kostnaðarumsögnin þannig ráð fyrir að því að viðbótarútgjöld á ársgrundvelli næmi 72 millj. kr.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir 35 millj. kr. fjárveitingu. Að auki fer nú fram endurskoðun á fjárlagafrumvarpinu með því markmiði að ná fram sparnaði á útgjöldum ríkisins.

Í ljósi framangreinds legg ég til að frestað verði um eitt ár að setja embætti héraðssaksóknara á fót. Ákvæði laga um meðferð sakamála taki að öðru leyti gildi 1. janúar 2009.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Embætti sérstaks saksóknara, frh. 2. umr.

Stjfrv., 141. mál (rannsókn á fjárþroti fjármálafyrirtækja). — Þskj. 156, nál. 292, brtt. 293.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]

Brtt. 293,1 samþ. með 43 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 293,2 (ný 2. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 293,3 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 293,4 samþ. með 44 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 293,5 samþ. með 44 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 293,6 (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 293,7 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 120. mál (útflutningur óunnins afla). — Þskj. 130, nál. 276.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 276 (ný 3. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til sjútv.- og landbn.

[15:52]

Útbýting:

Bréf viðskiptaráðherra til breska fjármálaráðuneytisins, 227. mál, fsp. SF, þskj. 308.

Lyfjalög, frh. 2. umr.

Frv. heilbrn., 203. mál (gildistaka greinar um smásölu). — Þskj. 258.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 15:53.

---

50. FUNDUR

miðvikudaginn 10. desember,
að loknum 49. fundi.

Dagskrá:

Embætti sérstaks saksóknara, stjfrv., 141. mál, þskj. 310. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

Embætti sérstaks saksóknara, 3. umr.

Stjfrv., 141. mál (rannsókn á fjárþroti fjármálafyrirtækja). — Þskj. 310.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 312).

Fundi slitið kl. 15:55.

---

51. FUNDUR

fimmtudaginn 11. desember,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Lyfjalög, frv., 203. mál, þskj. 258. — 3. umr.
3. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 218. mál, þskj. 295. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Framhaldsfræðsla, stjfrv., 216. mál, þskj. 291. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 219. mál, þskj. 297. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
6. Stimpilgjald, stjfrv., 213. mál, þskj. 286. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
7. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 226. mál, þskj. 305. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
8. Tryggingagjald, stjfrv., 220. mál, þskj. 298. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
9. Tollalög, stjfrv., 193. mál, þskj. 240, nál. 307. — 2. umr.
10. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og virðisaukaskattur, stjfrv., 175. mál, þskj. 256, frhnál. 296. — 3. umr.
11. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 207. mál, þskj. 280. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhvrh., 8. þm. Suðvest.

[Fundarhlé. — 10:34]

[10:40]

Útbýting:

Búnaðargjald, 206. mál, nál. sjútv.- og landbn., þskj. 309.

Eftirlit með hlutum, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu, 229. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 315.

Stjórn fiskveiða, 114. mál, nál. sjútv.- og landbn., þskj. 314.

Tekjuskattur, 228. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 313.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 120. mál, þskj. 311.

Tilkynning um dagskrá.

[10:40]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Um klukkan 11 í dag, að loknum óundirbúnum fyrirspurnatíma, það gæti dregist örlítið, fer fram umræða utan dagskrár um peningamarkaðssjóði. Málshefjandi er hv. þm. Birkir J. Jónsson, hæstv. viðskiptaráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Tímabundnar ráðningar í utanríkisráðuneytinu.

[10:41]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég lagði nýlega fram fyrirspurn til forsætisráðherra og spurði m.a. um tímabundnar ráðningar í ráðuneytunum. Mér bárust svör ráðherra sem voru athyglisverð. Þar kom m.a. fram að það er gríðarlegur fjöldi, vil ég segja, sem hefur fengið tímabundnar ráðningar í ráðuneytunum. Ef ég fer aðeins yfir þetta eru það fimm í forsætisráðuneyti, þrír í dómsmálaráðuneyti, sex í félags- og tryggingamálaráðuneyti, sjö í fjármálaráðuneyti, tveir í heilbrigðisráðuneyti, tveir í iðnaðarráðuneyti, sjö í menntamálaráðuneyti, enginn í samgönguráðuneyti, enginn í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, enginn í umhverfisráðuneyti og tveir í viðskiptaráðuneyti.

Það sem var kannski athyglisverðast við þessi svör var að ekkert svar barst um það hvernig staðan er í utanríkisráðuneytinu. Þess vegna fæ ég tækifæri til að spyrja hæstv. ráðherra út í það hvers vegna utanríkisráðuneytið gefur engin svör um tímabundnar ráðningar, hvort utanríkisráðuneytið er ekki enn þá hluti af Stjórnarráðinu og íslenskri stjórnsýslu.

Svo vil ég taka það fram, hæstv. forseti, að reglur sem gilda um auglýsingar eru mjög strangar. Þetta eru reglur fjármálaráðuneytisins um auglýsingar og þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki er skylt að auglýsa“ — sem sagt, reglan er að auglýsa — „störf í eftirfarandi tilvikum:

1. Störf sem aðeins eiga að standa í tvo mánuði eða skemur.

2. Störf við afleysingar, svo sem vegna orlofs, veikinda, barnsburðarleyfis [o.s.frv.].

3. Störf sem auglýst hafa verið innan síðustu sex mánaða og í þeirri auglýsingu hafi þess verið getið að umsóknin geti gilt í sex mánuði.“

Miðað við öll stóru orðin hjá formanni Samfylkingarinnar fyrr á árum í ýmsum Borgarnesræðum og fleiri ræðum um gagnsæjar leikreglur lýðræðisins og að umgangast beri vald af virðingu og þar fram eftir götunum (Forseti hringir.) spyr ég hæstv. utanríkisráðherra um skýringar.

[10:43]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég verð að játa það að eins og ýmsir aðrir þingmenn fer ég stundum inn á bloggsíður. Ég villtist inn á bloggsíðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur í fyrradag og þar sá ég að hún var einmitt að blogga um það að ekki hefðu borist nein svör frá utanríkisráðuneyti, það hefði bara sagt pass við þessari fyrirspurn. Ég verð að játa að mig rak í rogastans yfir að þetta skyldi hafa gerst, fletti þá upp á þessari fyrirspurn þingmannsins og sá að það var ekkert svar frá utanríkisráðuneytinu. Ég hafði samband við ráðuneytið og spurði hverju þetta sætti. Það svar sem ég hef fengið frá starfsmannastjóra ráðuneytisins er að þessi beiðni hafi einfaldlega ekki komið inn á hans borð einhverra hluta vegna og hann ætlar að skoða málið fyrir mig í framhaldi af þessu. Þarna eru væntanlega einhver mistök á ferðinni sem ég bið þá bara forláts á en ég hef a.m.k. sett það í gang að það sé skoðað hvernig það megi vera að beiðni um svar við þessari tilteknu fyrirspurn hafi ekki komið til starfsmannastjóra ráðuneytisins.

[10:45]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé kannski dæmigert um samstarfið eða samstarfsleysið innan ríkisstjórnarinnar, að hæstv. utanríkisráðherra hafi ekki einu sinni fengið upplýsingar um að henni bæri að svara þessari fyrirspurn hæstv. forsætisráðherra. Ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra, því hún á væntanlega eftir að koma hér upp aftur, hvað henni finnist um þessar gríðarlegu tímabundnu ráðningar sem ástundaðar eru innan Stjórnarráðsins og m.a. í ráðuneytum flokksmanna hennar því þetta kostar mikla peninga. Þarna er um að ræða að starfsfólk ráðuneytanna er ekki notað heldur er annað fólk ráðið inn til að vinna vinnuna. Þetta er gagnrýnivert og ég bið hæstv. ráðherra að gefa mér skýringar á því hvers vegna svona margt fólk er ráðið tímabundið.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég svo lýsa ánægju með að hæstv. ráðherra les bloggsíðuna mína. [Hlátrasköll í þingsal.]

[10:46]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Já, ég las bloggsíðuna í þetta sinn hjá þingmanninum og hef svo sem gert það áður. Ég reyni að fylgjast með þeim skoðunum sem uppi eru hjá stjórnarandstöðunni og tel að það skipti nokkru máli að fylgjast ekki bara því sem sagt er í þingsölum heldur líka því sem fólk skrifar í greinum eða á bloggsíðum.

En varðandi þessar tilteknu upplýsingar þá mun ég sjá til þess að þær berist og það verður þá að prenta upp þetta skjal þannig að utanríkisráðuneytið sé með inni í því.

Hvað varðar tímabundnar ráðningar sem hv. þingmaður biður um skýringar á þá finnst mér mjög erfitt að gefa eitthvert algilt svar um það. Tímabundin ráðning getur komið í veg fyrir að sett sé upp ný staða í ráðuneytinu sem getur verið erfiðara að losna við aftur og hún getur líka sparað aðkeypta vinnu. Það er því ekki hægt að gefa neitt algilt svar við því hvort rétt sé að beita tímabundnum ráðningum eða fara frekar í aðkeypta vinnu eða að setja upp stöður sem eru auglýstar. Við tilteknar aðstæður má haga hlutum með þessum hætti. Ég hef auðvitað aðstöðu til að skoða hvernig þingmaðurinn, þegar hún var ráðherra, hagaði þessum hlutum í ráðuneyti sínu. (**VS:** Þar var sko allt á hreinu.) [Hlátrasköll í þingsal.]

Skipun sérstaks saksóknara og álag á dómstóla.

[10:48]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Það eru tvö atriði sem mig langar að inna hæstv. dómsmálaráðherra eftir. Það fyrra tengist afgreiðslu

þingsins í gær á frumvarpi um embætti sérstaks saksóknara sem var afgreitt í góðri sátt og er það vel og er það mál að komast í farveg. Hluti af því samkomulagi er að í nefndaráliti allsherjarnefndar er vikið að því að haft verði samráð um skipan hins sérstaka saksóknara og þarf ekki að fara um það mörgum orðum hversu mikilvægt er að þar takist vel til og að sú skipan verði hafin yfir deilur og um hana samstaða. Ég vil því í fyrra lagi spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvernig hann hyggist standa að því að koma því máli í höfn, þ.e. hvenær og hvernig verður staðið að skipuninni og hvernig samráðinu við allsherjarnefnd eða þingið og þingflokka verði háttað.

Hið seinna snýr að dómstólum landsins. Nú er það svo að þar er fyrir mikið álag og biðlistar heldur að lengjast en styttast, ef ég veit rétt, bæði í héraðsdómum og Hæstarétti. Ég hef orðið var við það meðal dómenda að menn hafa af því miklar áhyggjur að þar stefni að líkindum í stóraukið álag, af ástæðum sem við þurfum ekki að fjölyrða um og allir geta getið sér til um hverjar eru. Dómstólar landsins búast því miður við því að málum muni stórfjölga, ekki síst sem tengjast efnahagsbrotum eða efnahagságreiningi eða hruni sem menn kjósi að skjóta til dómstóla. Ég vil því spyrja hæstv. dómsmálaráðherra: Hefur ráðuneytið gert einhver drög að því hvernig komið verði til móts við dómstólana og tryggt að þeir ráði við þau verkefni sem nú má ætla að þeir fái í sínar hendur til viðbótar því mikla álagi sem þar er fyrir? Er ætlunin að gera þeim kleift að efla starfsemi sína, bæta við sig mannskap eða ráða á annan hátt við verkefnin sem þar má búast við að verði ærin á komandi missirum?

[10:50]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Herra forseti. Varðandi fyrra atriðið þá verður þessi staða auglýst með tveggja vikna umsóknarfresti og síðan verður farið yfir umsóknir. Ég hafði hugsað mér að óska eftir því við allsherjarnefnd að það yrði einn fulltrúi frá hverjum flokki sem kæmi til samráðs við ráðuneytið þegar umsóknir lægju fyrir og við gætum ráðið ráðum okkar um það mál þegar umsóknarfrestur er liðinn og menn sjá hverjir sækja um. Það var mín hugmynd og ég vona að allsherjarnefnd fallist á að þannig verði staðið að málum.

Varðandi dómstólana þá er lögbundinn fjöldi dómara í landinu, héraðsdómarar eru 38 samkvæmt lögum og við vitum að hæstaréttardómarar eru 9 eins og lög mæla fyrir um. Það hafa komið fram hugmyndir um fjölgun héraðsdómara og ég flutti á sínum tíma frumvarp um það. Því var ekki tekið þannig í þinginu að það næði fram að ganga. Einnig hafa verið hugmyndir um að veita fulltrúum dómara aukið vald til að taka á málum og koma að málum en það verður ekki heldur gert nema með lagabreytingu. Ráðuneytið getur því í sjálfu sér ekkert annað gert en taka mið af því hvernig þróunin er og síðan komið með hugmyndir fyrir þingið um fjölgun dómara eða aukið vald dómarafulltrúa. Ég boðaði það og hef sagt að það kunni að koma að því að efla þurfi dómstólana í ljósi þess sem hér hefur gerst en fyrsta skrefið af minni hálfu var að leggja fram frumvarpið um sérstakan saksóknara sem var samþykkt í gær.

[10:52]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég þakka fyrir svör hæstv. ráðherra. Ég tel það sem hæstv. ráðherra segir í fyrra lagi um samráðið um skipan dómarans, sé bærilegt og vonandi tekst að vinna þetta hratt þannig að verkefnið komist af stað sem allra fyrst. Það réttlætir að mínu mati vissulega að hafa frest í kjölfar auglýsingar í allra knappasta lagi og vinna þar hratt úr umsóknum og eiga síðan það samráð sem hér er lofað.

Varðandi dómstólana þá er það vissulega ljóst að meginskipan þeirra er bundinn í lögum en væntanlega skipta einnig fjárveitingar til þeirra og möguleikar til að ráða aðra starfsmenn en þá sem beinlínis eru festir í lögum máli. Eftir sem áður verður að horfast í augu við að ef það stefnir stóraukin verkefni og núverandi fjöldi dómara á báðum dómstigum einfaldlega annar ekki verkefnunum og biðlistar eða halar taka að lengjast þá verðum við væntanlega að bregðast við því, því réttarríki ætlum við væntanlega að halda uppi á Íslandi þó að illa sé búið að fara með fjárhag okkar í höndunum á hæstv. ríkisstjórn.

[10:53]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Ég er sammála því að auðvitað þarf að huga að fjármálum dómstólanna og vafalaust verður það gert við afgreiðslu fjárlaga sem nú fer fram í næstu viku en eins og við vitum er áherslan í því efni á þann veg að spara frekar en auka útgjöld en dómstólarnir hafa þar sérstöðu innan stjórnkerfis okkar sem ber að virða.

Ég vil líka minna á það þegar við erum að ræða um dómstólana þá liggur fyrir hugmynd, fullmótuð hugmynd um að hér verði komið á laggirnar nýju dómstigi, dómstigi sem yrði kennt við landsyfirrétt og það er líka hægt að taka þær tillögur og leggja þær fyrir þingið og koma á slíku dómstigi sem mundi auðvelda meðferð sakamála sérstaklega.

ART-verkefnið.

[10:54]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra. Þrátt fyrir að nú séu erfiðir tímar í efnahagsmálum þjóðarinnar þá langar mig að spyrja hæstv. menntamálaráðherra um ART-verkefnið. Það er verkefni sem staðið hefur yfir á Suðurlandi og hefur verið nefnt ART-verkefnið, skipulagt og unnið af skólaskrifstofu Suðurlands. Þetta er verkefni fyrir ungmenni sem af ýmsum ástæðum hafa flosnað upp úr skóla og hætt námi, jafnvel lent í afbrotum. Gaulverjabæjarskóli var upphaflega tekinn undir þessa starfsemi og þangað komu nemendur víðs vegar að á Suðurlandi til dvalar í styttri tíma. Þar fengu þeir sérstök námskeið, sérstaka meðferð ef svo má að orði komast, hjá kennurum sem höfðu sérstaka þekkingu og reynslu af þessu prógrammi sem nefnist ART. Það reyndist mjög vel. Síðan hefur þetta þróast í þá átt að búið er að þjálfa upp um 150 manna teymi sem er starfandi í grunnskólum og skólunum almennt á Suðurlandi og vinnur eftir þeirri aðferð sem þarna um ræðir sem reynist mjög vel.

Komið hefur í ljós að verkefnið tengist í raun fleiri ráðuneytum en bara menntamálaráðuneytinu. Mig langaði að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvernig hún sjái þetta verkefni í kerfinu í heild sinni, innan menntamála-, dómsmála-, félagsmála- og heilbrigðismálakerfisins.

[10:56]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kjartani Ólafssyni fyrir að vekja athygli á þessu merkilega tilraunaverkefni sem hefur verið í gangi og er samstarfsverkefni ríkis, velferðarsjóðs og sveitarfélaga. Ríkið borgar 40%, þar af menntamálaráðuneytið 8 millj. kr. og sveitarfélögin á Suðurlandi borga 60%. Þessu tilraunaverkefni lýkur núna um áramótin og þá blasir við að spyrja hvert framhaldið verði. Ég hef sagt að þetta verkefni gæti verið verkefni sem yrði fyrirmynd fyrir önnur landsvæði því þetta hefur tekist vel. Það er líka rétt að meginþungi þessa verkefnis hvílir kannski ekki beint á menntamálunum sem slíkum en um leið vil ég undirstrika að menntamálin eru leið til að koma fólki út úr ákveðnum erfiðleikum í lífinu og því má segja að menntun sé ákveðið úrræði sem við eigum að bjóða upp á.

Það er rétt sem hv. þingmaður segir, þetta er samstarfsverkefni margra aðila. Okkur hefur gefist ágætlega að taka þátt í slíkum samstarfsverkefnum og ég tel mikilvægt og brýnt að við förum vel yfir þetta. Málið síðar mun verða lagt í hendurnar á fjárlaganefnd og við vitum alveg hvernig aðstæður eru þar núna. Eins og kom fram hjá hv. þingmanni þá eru vissulega erfiðir tímar en það eru ákveðin verkefni sem við þurfum að fara vel yfir því þótt þau séu kostnaðarsöm um stundir þá geta þau til lengri tíma geta skilað sér margfalt inn í samfélagið. Við skulum því fara vel yfir þetta verkefni og gera það saman.

[10:58]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessar undirtektir og minna jafnframt á að þann 13. júní 2007 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu hvað varðar aðgerðaáætlun til fjögurra ára um stöðu barna og ungmenna. Þetta fellur í raun inni mjög vel undir þá þingsályktunartillögu sem ríkisstjórnin samþykkti.

Ég vil taka undir orð hæstv. menntamálaráðherra um að þetta verkefni ætti að fara víðar um land en það þarf að hlúa að því eins og það er núna. Þess vegna er mikilvægt fyrir okkur að vega og meta þann kostnað sem felst í verkefninu. Lokaspurning mín er hver eigi í raun að hafa forustu um málið innan ríkisstjórnar þar sem þingsályktunartillaga liggur fyrir því ég tel að einhver þurfi að hafa forustu um málið.

[10:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Það er alveg hárrétt, einhver þarf að hafa forustu í málinu. Ég vil vekja athygli á öðru máli sem hefur verið leitt til lykta með farsælum hætti að mínu mati. Það var mál sem var allt að því til vansa um tíma í kerfinu. Það þvældist á síðustu árum milli ráðuneyta; heilbrigðisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og sveitarfélögin áttu þar líka hlut að máli. Hér var um að ræða málefni blindra og sjónskertra. Allir vildu vel, það var ekki spurning, og allir settu fjármagn í þetta. Síðan skipaði ég nefnd sem í voru m.a. fulltrúar félagsmálaráðuneytisins, sveitarfélaganna, Reykjavíkurborgar og heilbrigðisráðuneytisins, þar sem við komum okkur saman um í samvinnu við Blindrafélagið og fleiri, að setja málið undir eina stofnun og láta eitt ráðuneyti bera ábyrgð á þeim málaflokki. Ég tel það vera heppilegra þegar eitt ráðuneyti, einn aðili ber ábyrgð en fær síðan aðra til liðs við sig eins og þar er. Hæstv. félagsmálaráðherra mun brátt flytja tillögu um sameiginlega miðstöð eða stofnun til að þjónusta blinda og sjónskerta. (Forseti hringir.) Ég tel þessa leið vera til fyrirmyndar og ég held að þetta sé eitthvað sem við eigum að skoða nákvæmlega í þessu verkefni.

Aðgengi að menntun.

[11:00]

Eygló Harðardóttir (F):

Herra forseti. Gott aðgengi að menntun er ein mikilvægasta forsenda byggðar í landinu og stuðlar að nýsköpun í atvinnulífi. Sem aldrei fyrr er nú mikilvægt að efla aðgengi fólks að menntun um land allt.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fara um 1.170 millj. kr. í símenntun og fjarkennslu. Það er um 1,9% af heildarfjárveitingu menntamálaráðuneytisins. Stærstu liðirnir eru íslenskukennsla fyrir útlendinga, um 262 millj. kr., og 421 millj. kr. í námskeið og ráðgjöf. Mun lægri upphæð fer beint til miðstöðvanna eða um 9–20 millj. kr. til hverrar miðstöðvar. Þekkingarsetrin fá síðan um 22–44 millj. kr. hvert.

Þegar bein framlög til miðstöðvanna og setranna í landsbyggðarkjördæmunum eru skoðuð kemur í ljós að framlag til Suðurkjördæmis er langlægst eða um 73,6 millj. kr. Framlög til Norðausturkjördæmis eru um 85,7 og Norðvesturkjördæmis um 105 millj. kr. Munar þar allt að 31 millj. kr. Til viðbótar þessu má benda á að fjórir kröftugir háskólar fá sérfjárveitingu í Norðvestur- og Norðausturkjördæmi.

Háskólafélag Suðurlands, sem er að mestu í eigu sveitarfélaga á Suðurlandi, mun hefja starfsemi á næstunni. Ekki hefur hingað til verið vilji af hálfu menntamálaráðuneytisins að koma á háskóla og þekkingarsetri á meginlandi Suðurlands. Því spyr ég: Hyggst hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, koma í veg fyrir niðurskurð á fjármagni til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og vinna þannig áfram að markmiðum byggðaáætlunar um eflingu þekkingarsetra, símenntunar og endurmenntunar, á landsbyggðinni?

Ég spyr líka: Hyggst hæstv. menntamálaráðherra styðja við áframhaldandi uppbyggingu þekkingarsetra með því að koma að rekstri háskólafélags Suðurlands og rétta þannig hlut Suðurkjördæmis gagnvart öðrum landsbyggðarkjördæmum?

Þegar kreppir að í atvinnumálum er mikilvægara en áður að efla aðgengi fólks að menntun.

[11:02]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda, sem aldrei fyrr er mikilvægt að hafa gott aðgengi að menntun, en menntakerfið er ekki undanskilið aðhaldi í ríkisfjármálum frekar en önnur svið í samfélaginu. Ég vil hins vegar benda á að markviss uppbygging hefur verið á sviði menntamála ekki bara út frá ákveðnu svæði heldur markvisst yfir allt landið.

Á sviði framhaldsskólamála höfum við til að mynda lagt okkur fram um að reyna að tengja svæði betur við menntun, auka aðgengi að menntun. Dæmi um það er fjölbrautaskólinn á norðanverðu Snæfellsnesi. Við höldum áfram með verkefni varðandi menntaskólann við utanverðan Eyjafjörð. Við erum að skoða verkefni til að tengja skóla saman. Ný framhaldsskólalög gefa okkur tækifæri til að tengja til að mynda Suðurlandið, Vestmannaeyjar og Rangárvallasýslurnar í eitt menntakerfi. Allt er það gert til að bæta aðgang að menntun.

Síðar á dagskrá þingsins mun ég mæla fyrir frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu þar sem segja má að svarað sé að hluta spurningu hv. þingmanns. Þar undirstrikum við mikilvægi símenntunarmiðstöðvanna og við undirstrikum mikilvægi þess að formgera þá menntun sem tengist símenntun og endurmenntun. Við tryggjum að raunfærnimatið verði formgert á þann veg að við viðurkennum þekkingu og reynslu fólks sem hefur kannski litla formlega menntun að baki á vinnumarkaði, við viðurkennum hana í hinu formlega menntakerfi.

Hvað varðar háskólafélag Suðurlands þá fékk ég það tækifæri, og hafði mikla ánægju af, að hitta það fólk ekki alls fyrir löngu. Eðlilega munum við gera allt til þess að vera í auknu samstarfi við Suðurland. Suðurland er ekki undanskilið hvað þetta varðar og vil ég m.a. benda á að Háskóli Íslands hefur ákveðna starfsemi á Suðurlandi, á Selfossi, sem tengist jarðskjálftarannsóknum.

[11:04]

Eygló Harðardóttir (F):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin. Í fréttum undanfarna tvo daga hefur komið fram að mikið atvinnuleysi er á Suðurnesjum, algert hrun. Ég held að það sýni skýrt hvað menntamál vega þungt, þau eru hluti af þeim byggðaaðgerðum sem hægt er að grípa til til þess að verjast atvinnuleysi. Uppbygging í menntakerfinu er eitt af því sem virkar mjög vel. Fátt hefur gerst en Keilir hefur þó starfað og starfar af miklum krafti.

Það skiptir líka máli að horfa á þann mismun sem er á milli Suðurkjördæmis og hinna landsbyggðarkjördæmanna. Stundum hefur verið bent á að það sé vegna þess að svo stutt sé að fara yfir Hellisheiði. En Suðurlandið er ekki bara (Forseti hringir.) Árborgarsvæðið, það er töluvert stærra — og að því ætlar háskólafélag Suðurlands að vinna.

[11:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að vekja athygli á mikilvægi menntunar sem úrræði gagnvart því atvinnuleysi sem við munum standa frammi fyrir á næsta ári í nokkuð ríkum mæli.

Það höfum við gert rétt á síðustu árum að við höfum verið að undirbyggja menntunina. Við höfum verið að auka fjölbreytni í námsframboði. Við höfum verið að efla iðn- og starfsmenntun. Við höfum verið að fjölga styttri námsbrautum. Við höfum verið að auka aðgengi fólks að menntun víðs vegar um landið. Þetta er ákveðin viðspyrna í þeim miklu erfiðleikum sem við stöndum nú frammi fyrir.

Ekki hefur verið sneitt hjá Suðurlandi varðandi uppbyggingu á sviði menntunar, það er af og frá. Hv. þingmaður veit til að mynda að í Vestmannaeyjum hefur átt sér stað öflug uppbygging, m.a. þekkingarseturs. Framhaldsskólinn er á fleygiferð, það er margt að gerast úti í Vestmannaeyjum. Því fer fjarri að Suðurland sé (Forseti hringir.) undanskilið í uppbyggingu menntunar. Ég vil einnig benda á þá miklu starfsemi sem á sér stað innan Keilis.

Fjárhagur og skyldur sveitarfélaga.

[11:07]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að í þeim efnahagshremmingum sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir um þessar mundir, verða sveitarfélögin í landinu fyrir miklum áföllum. Þau verða fyrir talsverðum tekjumissi með falli í útsvarstekjum. Þau verða fyrir falli í tekjum vegna fasteignaskatta og fasteignagjalda. Þau verða fyrir falli í tekjum vegna minnkandi lóðaúthlutana og raunar kostnaði vegna aukinna skila á lóðum. Þau verða fyrir miklum auknum kostnaði vegna aukinnar eftirspurnar í félagsþjónustu sveitarfélaga svo að dæmi sé tekið. Þannig eru áhrifin á fjárhag sveitarfélaganna við þessar aðstæður margvísleg og ljóst að þau hafa ekki sömu möguleika til að bæta sér upp þennan tekjumissi eins og ríkið hefur.

Á sama tíma er okkur öllum ljóst að það brennur á sveitarfélögunum að halda uppi grunnþjónustunni í samfélaginu og ekki síst tryggja atvinnu við þær aðstæður sem við búum nú við með vaxandi atvinnuleysi. Ég hef því verulegar áhyggjur af því hvernig sveitarfélögunum verður gert kleift að sinna því mikilvæga hlutverki sínu. Ég tek eftir því að í tilkynningu frá ríkisstjórninni er gert ráð fyrir að sveitarfélögunum verði heimilað að hækka útsvar til að auka tekjur sínar.

Ég tók líka eftir því nú fyrr í vikunni að forsætisráðherra Noregs, sem er leiðtogi jafnaðarmanna, var að kynna aðgerðir norsku ríkisstjórnarinnar. Þar er farin sú leið að ríkið tryggir sveitarfélögunum tekjur í samræmi við tekjutapið af útsvarinu til þess að þau geti haldið uppi þjónustunni sem er svo mikilvæg til þess að halda uppi atvinnu og tryggja efnahagsstarfsemina út um allt land.

Ég vil spyrja hæstv. samgönguráðherra, ráðherra sveitarstjórnarmála, hvort hann sé ekki sammála mér í því að heppilegt hefði verið að fara þá leið við þær aðstæður sem við búum við í dag.

[11:09]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn um sveitarfélögin í landinu. Ég vísa til fréttatilkynningar vegna blaðamannafundar sem ríkisstjórnin hélt áðan. Þar er fjallað um það að heimila hækkun útsvars sveitarfélaganna sem getur leitt til hækkunar tekna þeirra og kemur til móts við aukaframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Ríkisstjórnin tekur með öðrum orðum þá ákvörðun að koma til móts við sveitarfélögin og heimila þeim hækkun. Viðræður eru í gangi, m.a. hafa verið fundir með Sambandi ísl. sveitarfélaga, við höfum átt samráðsfundi. Bíða verður í nokkra daga með nánari útfærslu á þessu en þarna kemur fram sú tímamótaákvörðun að heimila sveitarfélögunum að hækka útsvar sitt og þar með fá þau meiri tekjur.

[11:10]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Mér er þetta ljóst, sem kom fram í svari hæstv. ráðherra, en vek athygli á því að útsvarshækkun er jöfn yfir alla í prósentum talið. Hún leggst hlutfallslega þyngra á þá sem hafa lægri tekjur en þá sem hafa hærri tekjur.

Í mínum huga er það ekki góð jafnaðarmennska að fara þannig að. Ég tel að þetta sé ekki góð leið til að bæta sveitarfélögunum upp það tekjutap sem þau verða fyrir. Þar að auki mun þetta ekki koma jafnt á móts við aukaframlagið í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hefur komið úr ríkissjóði. Það er alveg ljóst.

Ég held því fram að þessi leið sé ekki leið jafnaðarmennsku. Hún sé ekki góð til að tryggja sveitarfélögunum þær viðbótartekjur sem þau þurfa sannarlega á að halda. Ég vil spyrja hæstv. samgönguráðherra hvort hann hefði ekki talið betra að taka viðbótarskattinn (Forseti hringir.) með öðrum hætti, jafnari hætti, og koma síðan með aukaframlag beint úr ríkissjóði.

[11:11]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðuleg forseti. Ég hef svo sem ekki miklu að bæta við það sem hv. þingmaður segir. Það hefur verið baráttumál sveitarfélaganna, í því aðgerðaplani sem þau hafa kynnt fyrir okkur, og við höfum verið að ræða saman um, að tryggja aukaframlag til jöfnunarsjóðs til að koma til móts við litlu sveitarfélögin. Þau eiga verulega bágt og þurfa á aukatekjum úr jöfnunarsjóðnum að halda.

Fram hefur komið, virðulegi forseti, að hjá einu sveitarfélaginu er framlag úr jöfnunarsjóði um 60% af heildartekjunum. Hér á höfuðborgarsvæðinu er ljóst að til útsvarshækkunar þarf að koma, til þess að verja grunnþjónustuna. Eins og við höfum talað um er það markmiðið í stefnu Sambands ísl. sveitarfélaga og sveitarstjórnarráðuneytisins, samanber yfirlýsingu okkar. Útfærslan á þessu er ekki klár, við eigum eftir að vinna hana. Farin verður blönduð leið þar sem við reynum að taka á þeim vanda sem er og koma til móts við sveitarfélögin að hætti (Forseti hringir.) jafnaðarmennsku og jafnaðarmanna.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:14]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli forseta á því að annan eða þriðja daginn í röð er dagskrá fundarins með þeim hætti að svo til öll mál eru tekin á dagskrá með afbrigðum. Það á að fara að ræða ein átta, níu lagafrumvörp sem þingmenn hafa ekki séð fyrr en kannski að morgni þess dags þegar fundur hefst.

Við ræddum aðeins í gær, að mínu frumkvæði, um fyrirkomulag þingstarfa á næstunni. Ég innti hæstv. forseta eftir því hvort ætlunin væri að semja nýja starfsáætlun sem tæki þá að minnsta kosti til tímans fram að jólum eða fram að áramótum. En mér sýnist að fyrirkomulag þessara mála sé að lenda í hinu mesta óefni og ekki sé sérstaklega góður svipur á því að dag eftir dag sé dagskrá þingsins sett upp með þeim hætti að veita þurfi afbrigði fyrir nánast hverju einasta máli og ný og ný mál komi hér á dagskrá sem þannig háttar til um.

Ég vil líka spyrja hæstv. forseta: Hefur hann rætt við ríkisstjórnina um það hvernig hún er á vegi stödd með málatilbúnað sinn hér fyrir þinglok um áramót? Er við því að búast (Forseti hringir.) að þetta verði svona áfram næstu daga, að 5–10 mál komi á hverjum degi frá ríkisstjórninni sem öll eigi að taka á dagskrá með afbrigðum?

[11:15]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna athugasemda hv. þingmanns vill forseti geta þess að í gær var farið yfir þá dagskrá sem er í dag með formönnum þingflokkanna. Jafnframt var farið yfir áform um þau dagskrármál sem nú liggja fyrir á næstu dögum og fram til þingloka fyrir jólahlé. Verið er að reyna að þoka þessu áfram en það liggur ljóst fyrir að fjölmörg mál koma fram með stuttum fyrirvara vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er í þjóðfélaginu. Forseti hefur góðan skilning á því að mikið er á þingmenn lagt að kynna sér þau mál á skömmum tíma og verður þess vegna að taka eins mikið tillit til þessara aðstæðna og kostur er við afgreiðslu mála.

3.–8. og 11. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 35 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EyH, GHH, GuðbH, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, JM, KVM, KÓ, KHG, KLM, LB, PHB, RGuðb, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞBack.

4 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, GMJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, BBj, EMS, EBS, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, JBjarn, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, MS, ÓN, RR, SKK, SF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Peningamarkaðssjóðir.

[11:17]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Peningamarkaðssjóðir hafa verið mikið í umræðunni í því hruni sem orðið hefur í rekstri bankanna á undanförnum vikum. Tugþúsundir einstaklinga og fjölskyldna hafa misst gríðarlega miklar fjárhæðir og mörg heimili eru beinlínis í uppnámi vegna þessarar þróunar. Hæstv. viðskiptaráðherra lét sig málið varða strax í upphafi hrunsins og fulltrúar hans funduðu m.a. með fulltrúum viðskiptabankanna vegna þess. Í þessu máli er mikilvægt að öll ákvarðanataka sé gegnsæ og að jafnræðis sé gætt á milli aðila þegar leyst er úr vanda fjölda einstaklinga en mér sýnist því miður svo ekki vera í þessu stóra máli.

Einstaklingar sem hafa átt í þessum sjóðum hafa ítrekað hlustað á fullyrðingar viðskiptaráðherra um að eigendur hlutdeildarskírteina í peningamarkaðssjóðum verði skoðaðir sérstaklega og að algjörlega sé ljóst að jafnræðis verði gætt á milli þeirra og viðræður standi yfir við minni fjármálafyrirtæki um lausn málsins.

Í framhaldi af þessum miklu yfirlýsingum ráðherra gerðist það allt á einum og sama deginum að viðskiptabankarnir þrír keyptu í „eigin sjóðum" þó að algjörir kínamúrar eigi að vera á milli rekstrar þeirra sjóða og viðskiptabankanna. Það gerðu þeir á einum og sama deginum. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvort um samráð hafi verið að ræða við þessi kaup. Við hljótum líka að velta því fyrir okkur hversu miklum fjármunum hafi verið varið til þessara kaupa.

Með þessu var vissulega takmarkað tjón þeirra sem eiga í peningamarkaðssjóðum sem tengdust viðskiptabönkunum þremur. Þá standa eftir aðrir einstaklingar sem voru svo óheppnir að eiga í peningamarkaðssjóðum sem voru á vegum annarra aðila en þessara þriggja viðskiptabanka. Þeir sitja eftir með sárt ennið, með óbætt tjón, og við hljótum að spyrja hæstv. ráðherra hvernig það gangi að leysa úr vanda þessara einstaklinga þar sem hann hafði svo miklar áhyggjur af hinum sem voru í viðskiptum við sjóði sem tengdust viðskiptabönkunum þremur.

Við erum ekki að ræða um lítinn hóp, hæstv. forseti. 4.000 einstaklingar tilheyra þessum hópi, einstaklingar sem eiga margir hverjir allt sitt undir því að úr þessum málum verði leyst. Ég spyr hæstv. ráðherra hvernig gangi að ræða við þær fjármálastofnanir sem þessir einstaklingar voru svo óheppnir að eiga viðskipti við vegna þess að ríkisbankarnir þrír ákváðu að nota stóran hluta af sínu eigin fé til kaupa á bréfum í þeim peningamarkaðssjóðum sem tengdust þeim bönkum.

Ég vil fá svar við eftirtöldum spurningum, hæstv. forseti:

1. Hefði ekki verið eðlilegra að ríkisbankarnir þrír hefðu gætt jafnræðis og keypt eignir út úr öllum peningamarkaðssjóðum innlendra fjármálastofnana?

2. Hversu háu hlutfalli af eigin fé ríkisbankanna þriggja var varið til kaupa á eignum peningamarkaðssjóðanna? Heyrst hefur í viðskiptanefnd þingsins að þar sé um að ræða 200 milljarða kr. Sú upphæð er á huldu, að mér heyrist, en ég vil að hæstv. viðskiptaráðherra upplýsi okkur um það hversu háum fjármunum var varið þennan örlagaríka dag þegar allir viðskiptabankarnir keyptu á sama degi í sínum eigin sjóðum.

3. Telur hæstv. ráðherra eðlilegt að bráðabirgðastjórnir ríkisbankanna taki slíkar meiri háttar ákvarðanir án samþykkis eigandans?

4. Þar sem bankarnir keyptu nær eingöngu eignir í sínum sjóðum, er ekki ljóst að reglur um sjálfstæði og óhæði hafi verið virtar að vettugi? Vísa ég þá til þess hversu miklir kínamúrar eiga að vera á milli þessara rekstrarfélaga og viðkomandi banka.

5. Voru kaup á bréfum peningamarkaðssjóðanna tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins?

6. Hyggst ráðherrann beita sér fyrir því að allt verði uppi á borðum varðandi kaup á bréfum þessara sjóða? Við erum ekki að tala um litla hagsmuni, við erum að tala um milljarðatugi, jafnvel allt að 200 milljörðum króna ef marka má það sem við heyrum í viðskiptanefnd þingsins.

7. Hefur ráðherrann haft samráð við minni fyrirtækin eða var haft samráð við minni fyrirtækin þegar ákvörðun var tekin um að greiða allt út hjá stóru bönkunum? Ef svo var ekki, hvers vegna í ósköpunum?

8. Ég minni ráðherrann á að hann hefur ítrekað sagt að gæta verði jafnræðis og að sé unnið að lausn þessa stóra máls. Er einhver lausn í sjónmáli og hvað felur þá sú lausn í sér, hæstv. forseti?

[11:23]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka upp þetta mikla mál. Það hefði verið ágætt að hafa talsvert lengri tíma til þess að svara því að málið er býsna flókið og það er talsvert mikill misskilningur í umræðunni um eðli þess.

Ég ætla að byrja umræðuna á því að vitna hérna í fína grein sem er í *Morgunblaðinu* í dag eftir Grétu Mjöll Bjarnadóttur. Hún heitir „Smjörklípan um peningamarkaðssjóðina." Gréta segir, með leyfi forseta:

„Staðreyndir eftir því sem næst verður komist eru eftirfarandi:

Innstæðueigendur peningamarkaðssjóða áttu í þeim u.þ.b. 250 milljarða þegar þeim var lokað. Að meðaltali voru innstæðueigendum greidd 80% af inneign sinni þegar sjóðunum var slitið. Í heild gerir það 200 milljarða og það hygg ég að hin ódauðlega tala eigi uppruna sinn. Eignir sjóðanna voru sem hér segir (í grófum dráttum og í heild): 40% innlán þ.e. ca. 90–100 milljarðar. Stutt skuldabréf fyrirtækja með lánshæfismat og mögulega stutt skráð skuldabréf stöndugra fyrirtækja ca. 30%. Flest þessara fyrirtækja eru enn á lífi og greiða af sínum skuldum. Samtals gera þessir liðir um 70% af heildareign ..."

Þannig rekur hún hvernig sjóðirnir eru samsettir og það er kjarni málsins, þ.e. að sjóðirnir eru þannig til komnir og þess vegna slitu bankarnir með þeim hætti.

Fjármálaeftirlitið birti tilmæli á sínum tíma um slit peningamarkaðssjóða þar sem mælst var til að lausu fé og skuldabréfum yrði breytt í innlán en aðrar eignir greiddar út sem innlán eftir því sem kröfur yrðu innheimtar. Málefni sjóðanna eru vandmeðfarin. Miklir hagsmunir margra ein-

staklinga, fyrirtækja og samtaka liggja þarna undir og hafa auk þess margar hliðar sem er nauðsynlegt að skoða í þessu samhengi. Sjóðirnir eru sparnaðarform sem almennt var talið og kynnt sem öruggt sparnaðarform. Í hugum margra var þessi sparnaðarleið jafnvel talin jafnörugg og almenn innlán. Sannleikurinn er þó sá að sjóðirnir eru verðbréfasjóðir þó að fjárfestingarstefna þeirra eigi að vera íhaldssöm og tryggja örugga og stöðuga ávöxtun.

Í ljós hefur komið að sjóðirnir voru varðir fyrir alvarlegu greiðslufalli bankanna og stórfyrirtækja sem selt höfðu sjóðunum bréf. Engu að síður var stór hluti verðbréfasjóðanna mikils virði og því hefur þeim tekist að greiða stóran hluta þess fjár sem fjárfestar og heimili settu þar inn. Í langflestum tilfellum hafa eigendur sjóðanna flýtt fyrir útgreiðslu úr þeim með því að kaupa úr þeim verðbréf. Samt sem áður sitja margir eigendur hlutdeildarskírteina eftir með tap og bera því jafnvel við að þeim hafi verið veittar rangar upplýsingar um eðli sparnaðarins þegar þeir fóru inn í hann.

Hafi einhverjum verið seld hlutdeildarskírteini sjóðanna með fullvissu um að þau séu jafntrygg sparnaði eða almennu innláni er klárlega um að ræða óréttmæta viðskiptahætti. Rétt er að benda þeim sem svo er ástatt um að leita til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Annar flötur þessa sama máls og tilefni þessarar umræðu er staða fjármálafyrirtækja sem sökum smæðar hafa ekki haft burði til að kaupa verðbréf af sjóðum sínum líkt og stærri fjármálastofnanirnar gerðu eftir fall bankanna. Í raun virðist aðeins eitt fyrirtæki, Íslensk verðbréf á Akureyri, sem þannig er ástatt um í dag og sparisjóðirnir hafa allir gert upp sína sjóði, sumir miklu hærra en ríkisbankarnir þó að ríkisaðkoma að því hafi engin verið. (**BJJ:** Og verður engin?) Nei, hún verður engin. Hefði verið eðlilegra að ríkisbankarnir þrír hefðu gætt jafnræðis og keypt eignir úr öllum peningamarkaðssjóðum innlendra fjármálastofnana? Ríkisbankar eru fyrirtæki sem starfa á markaði og hljóta því að hafa sjálfsvald um hverja þeir eiga viðskipti við. Hið sama á auðvitað við um önnur fjármálafyrirtæki eins og sparisjóðina sem hafa farið sömu leið og bankarnir.

Hversu háu hlutfalli af eigin fé bankanna þriggja var varið til kaupa á peningamarkaðssjóðunum? Kaupin voru fjármögnuð með innlánum í bönkunum sjálfum — og það er lykilatriði — sem er skuldaliður á reikningum þeirra en ekki þáttur í eigin fé. Þar sem eignir koma á móti auknum skuldum eru áhrifin á eiginfjárhlutfall líka óveruleg og kalla því ekki á sérstakt eiginfjárframlag. Þar sem bankarnir keyptu nær eingöngu eignir í sínum sjóðum er ekki ljóst að reglur um sjálfstæði hafi verið virtar, segir þingmaðurinn. Ekki er hægt að fullyrða neitt um slíkt, rekstrarfélög sjóðanna eru sjálfstæð félög þó að þau séu í eigu bankanna. Mér er kunnugt um að í öllum tilfellum hafi utanaðkomandi aðili verið fenginn til að meta verðbréf sjóðanna áður en uppgjörið fór fram. Það dregur a.m.k. úr þeim viðhorfum að tengsl hafi verið á milli aðila sem valdið hafi því að verð hafi orðið of hátt. Bankarnir gera að sjálfsögðu grein fyrir því.

Voru kaup á bréfum peningamarkaðssjóðanna tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins? Þau eru eftirlitsskyld og því var það gert.

Var haft samráð við minni fyrirtækin? Eins og fram hefur komið hafði aðstoðarmaður minn samband við rekstrarfélög stóru bankanna þegar ljóst var að þau hefðu ákveðið að leysa sjóðina upp í reiðufé og hvatti þau til að gæta jafnræðis og tryggja að allar viðskiptaákvarðanir stæðust skoðun. Þingmaðurinn kallaði fram í og spurði hvort ríkið kæmi að uppgjöri á sjóðum sparisjóðanna. Ég svaraði því nei, af því að þeir hafa þegar gert þá sjóði upp.

Hvað varðar þau fyrirtæki sem standa eftir. Að einhverju leyti gæti lausnin falist í því að stóru bankarnir tækju þátt í fjármögnun á kaupum rekstraraðila annarra sjóða úr verðbréfum úr sínum sjóðum og slíkt ætti að ganga langt í því að bæta þann aðstöðumun sem er á milli stærri og smærri fjármálafyrirtækja við að veita viðskiptavinum sínum. Það er allt til þess vinnandi að leita leiða í þessu máli (Forseti hringir.) þó að það sé mjög flókið fyrir ríkið að koma að því.

[11:28]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir að taka þetta mál hér upp. Jafnframt lýsi ég vonbrigðum með svör ráðherra sem reyndar er orðinn ótrúlega margsaga varðandi málefni þessara peningamarkaðssjóða. Þetta er mjög mikilvægt mál sem við ræðum hér en við skulum muna að það er aðeins lítill hluti af þeirri stóru mynd sem smám saman er að skýrast eftir hrun bankanna og viðbrögðum ríkisstjórnarinnar við því. Það blasir nefnilega alls staðar það sama við, það er fum og ógegnsæi og ekki síst tregða til að velta við hverjum steini.

Öll meðferð þessa máls er alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar sem hefur beint í hverju skrefi tilmælum til skilanefnda í gegnum Fjármálaeftirlitið, hvernig að þessu skuli staðið og það jafnvel í smáatriðum. Þessi sama ríkisstjórn, sérstaklega viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra, neitar hins vegar að upplýsa á Alþingi hvernig að málum er staðið og bera við bankaleynd. Ég hef beint ítarlegum fyrirspurnum, bæði til þessara hæstv. ráðherra beggja um málefni sjóðanna, um ráðstöfun þess sem sagt er nema 200 milljörðum af ríkisfé, af eigin fé bankanna, og hver tók ákvörðun um hana. Ég vísa til svara við þeim á þskj. 277 og 306. Fjármálaráðherra svaraði eins og vant er út í hött og sagði: Ekki benda á mig. Það er sérkapituli hvernig sá hæstv. ráðherra kýs að umgangast þennan þátt þingskapanna.

Hæstv. viðskiptaráðherra neitar að svara nokkru um samsetningu þessara sjóða, m.a. hversu margir áttu yfir milljarð í þessum sjóðum. Hverjir áttu svo minna, almennan sparnað? Af þessum stóru aðilum má nefna tryggingafélögin, lífeyrissjóðina, Reykjavíkurborg og Landsvirkjun. Það eru þeir stóru aðilar sem notuðu peningamarkaðssjóði sem gegnumstreymissjóð í tekjuflæði sínu.

Ég hefði viljað sjá (Forseti hringir.) að þarna hefði verið gerður greinarmunur á almennum sparnaði — fyrst að ríkið leggur pening í þetta — sem er kannski á bilinu 1 milljón upp í 25 eða 30 milljónir kr. (Forseti hringir.) og ég mun krefjast þess að þeim spurningum sem ráðherrarnir hafa ekki (Forseti hringir.) svarað hér verði svarað í hv. viðskiptanefnd þingsins.

[11:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill biðja þingmenn um að virða ræðutímann.

[11:31]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Mjög margir eiga um sárt að binda eftir fall bankanna og óróa á gjaldeyrismörkuðum. Má þar nefna þá sem ákváðu að taka erlend lán til að fjármagna íbúðarkaup eða bílakaup. Svo þá sem áttu hlutabréf í bönkunum. Það voru 11 þúsund aldraðir eða þriðji hver aldraður sem átti þar hlutabréf. Þeir töpuðu 30 milljörðum sem svarar nokkurn veginn ellilífeyri Tryggingastofnunar á ári, og að meðaltali 3 milljónir. Samtals voru það um 47 þúsund Íslendingar sem töpuðu 130 milljörðum eða 3 milljörðum að meðaltali á hvern mann af þeim sem áttu þarna inni. Og loks þá sem lögðu fyrir í peningamarkaðssjóðum og hafa tapað hluta af eign sinni, um 30–40% sem er miklu minna og allt niður í 10%.

Það sem menn hafa gagnrýnt er misræmið á milli bankanna og ég hef spurt að því og fengið við því svör og ég trúi þeim að við kaup á skuldabréfum út úr þessum sjóðum og greiðslu á þeim hafi verið borgað raunvirði og það eigi jafnvel eftir að borga hluta af þeim peningum. (**Gripið fram í:** Er það uppi á borðinu?) Það er spurning, af hverju er það ekki uppi á borðinu? Það væri mjög æskilegt að það væri uppi á borðinu, því að það er hugsanlegt að hægt sé að borga betur þegar innheimtist af þessum skuldabréfum.

Þeir sem hafa lagt fyrir síðustu þrjú árin í peningamarkaðssjóðina eru nokkurn veginn á sléttu í krónutölu en miðað við verðbólguna hafa þeir tapað. Það er mismunandi eftir fyrirtækjum. Mér sýnist að þeir sem hafa lagt fyrir í þrjú ár í Glitnissjóðum muni tapa um 10% verðtryggt. Þeir sem hafa lagt fyrir hjá Landsbankanum tapi um 20% og hjá Kaupþingi um 3% verðtryggt.

[11:33]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga atriði. Hæstv. viðskiptaráðherra vitnaði hér í grein, góða grein sem birtist í *Morgunblaðinu* í morgun, eftir Grétu Mjöll Bjarnadóttur. En tilvitnun lauk fullsnemma því að í greininni stendur:

„Staðreyndin er þessi: Sparnaður í peningamarkaðssjóðum bankanna var alls enginn áhættusparnaður og á skilið sömu meðhöndlun frá hendi ríkisins eins og annar venjulegur sparnaður.“

Og áfram segir í greininni, með leyfi forseta:

„Spyrjið Bandaríkjamenn, þeir ríkistryggðu peningamarkaðssjóði um miðjan september síðastliðinn um leið og titrings varð vart.“

Síðan lýkur greininni með þessum orðum:

„Við það verður ekki unað að fólki og fyrirtækjum sem þarna höfðu sinn venjulega sparnað sé mismunað gagnvart öðrum eigendum venjulegs sparifjár.“

Það er þungamiðjan í því sem hér er um að ræða, að meginhluti þeirra og allir almennir notendur þessa sparnaðarforms töldu sig vera að leggja inn í örugga sparnaðarleið og raunverulega að þetta væri bara almennur sparnaðarreikningur.

Að mínu viti voru gerð stórfelld mistök þegar ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að vernda sparifé landsmanna en undanskilja peningamarkaðssjóðina. Það má færa að því rök að hefði verið farið þar að með varúð og tekinn tími, eins og var vísað til í ræðu fyrrverandi forsætisráðherra Svía, Görans Perssons, um með hvaða hætti Svíar fóru út úr sinni bankakreppu þar sem áhersla var lögð á að taka tíma til að hámarka verðmæti þeirra hluta sem væru inni bönkunum. Þess (Forseti hringir.) var ekki gætt í þessu tilviki og vegna þessara mistaka ríkisstjórnarinnar eru menn að tapa og það er óviðunandi vegna þess að jafnræðis var ekki gætt. Það (Forseti hringir.) er það alvarlega í málinu.

[11:36]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Því miður er vandfundið það mál þar sem ráðherra hefur verið á jafnmiklum harðahlaupum undan eigin ummælum. Það er kannski til marks um það, því miður, hversu mikið ógagnsæi hefur verið í þessu máli öllu.

Hæstv. viðskiptaráðherra fullyrti hér í umræðu að viðræður væru hafnar milli viðeigandi ráðuneyta og smærri fjármálafyrirtækja um afdrif peningamarkaðssjóðanna. Það voru röng ummæli, engar slíkar viðræður voru í gangi.

Ég spurði líka hæstv. viðskiptaráðherra út í það að aðstoðarmaður hans sendi tölvubréf til forsvarsmanna sjóða stóru bankanna þriggja en ekki smærri fyrirtækjanna, um samræmdar aðgerðir við útfærslu á útgreiðslu úr peningamarkaðssjóðunum. Mér finnst grafalvarlegt að stjórnvöld skipti sér með beinum hætti af málefnum stóru bankanna og eins og komið hefur fram í umræðum er nú ekki um litlar upphæðir að ræða, 200 milljarðar hvorki meira né minna. Viðskiptaráðherra fullyrti í svari við fyrirspurn minni að aðstoðarmaður hans hafi verið að fylgja eftir sérstökum tilmælum FME til stóru bankanna. Það er enn á ný rangt. Þessum tilmælum var beint til allra smærri fjármálafyrirtækja.

Það sem eftir stendur í þessu máli er ógagnsæi. Það vantar upplýsingar og ekki hefur verið gætt jafnræðis þvert á fullyrðingar hæstv. viðskiptaráðherra þar um.

[11:38]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Frú forseti. Við lifum dapra tíma. Í því kerfishruni sem við stöndum frammi fyrir eru mýmörg mál sem þurfa að koma til skoðunar og rannsóknar. Eitt af þessum málum eru málefni peningamarkaðssjóða. En við þurfum m.a. að líta til markaðssetningar þeirra, notkun þess fjár sem í þá barst og síðan uppgjörs sjóðanna svo eitthvað sé nefnt.

Uppgjör sjóðanna hefur einmitt verið gagnrýnt bæði af hálfu þeirra sem vilja ganga lengra í útgreiðslu þeirra en einnig þeirra sem telja að of langt hafi verið gengið. Það hefur hins vegar ítrekað komið fram í umræðunni að ákvörðunin um uppgjör þessara sjóða var byggð á viðskiptalegum forsendum og engum pólitískum þrýstingi var beitt. Enn hefur ekkert komið fram sem bendir til annars. Rétt er að vekja athygli á því að það voru ekki aðeins ríkisbankarnir sem stóðu fyrir útgreiðslum á þessum sjóðum,

einkafjármálastofnanir hafa sömuleiðis gert það og varla halda þingmenn að stjórnmálamenn hafi verið að þvinga þær einnig til tiltekinna aðgerða.

Því er einfaldlega ekki hægt að taka undir þær kröfur sem hér hafa heyrst og annars staðar að pólitískum þrýstingi verði beitt með óeðlilegum hætti gagnvart bönkunum, enda væru menn þá að fórna jafnræði og fjölmörgum grundvallaratriðum.

Hins vegar er rétt að það komi fram að viðskiptanefnd Alþingis sendi bönkunum þann 14. nóvember sl. fjölmargar spurningar um uppgjör peningamarkaðssjóðanna, eignasamsetningu þeirra, verðmæti eigna á bak við þá og einnig um hreyfingar úr sjóðunum. Því miður hafa enn engin svör borist frá bönkunum við þessum spurningum og ekki einu sinni hvort þeim sé í raun óheimilt að veita þessar upplýsingar eða hvort ekki sé hægt að veita þær af einhverjum ástæðum. Að mínu mati gengur það að sjálfsögðu ekki að þessir aðilar svari ekki þingnefnd með einum eða öðrum hætti.

Frú forseti. Að mínu mati skiptir miklu máli að öllum steinum sé hér velt við og allri tortryggni eytt. Og ég fullyrði það að hæstv. (Forseti hringir.) viðskiptaráðherra hefur svo sannarlega talað fyrir slíku og beitt sér fyrir því að auka gagnsæi í þessu máli sem er afskaplega flókið eins og allir átta sig á.

[11:41]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Það var sorglegt að mikill fjöldi fólks lagði peninga inn á þessa reikninga í góðri trú, var jafnvel sérstaklega hvattur til þess af bönkunum og jafnvel að færa fé af öruggum reikningum yfir í sjóði sem áhætta er bundin við. En vissulega verðum við að horfast í augu við að mikill fjöldi almennings á um sárt að binda af mismunandi ástæðum vegna þessa bankahruns og ekki endilega auðvelt að greina þar í sundur hverjir máttu vita betur og hverjir ekki.

Aðgerðin sem þarna var farið út í var að mínu mati fljótræðisleg og ekki nógu vel undirbúin. Þetta hefði þurft að yfirvega betur og gera svo með samræmdum hætti og tryggja jafnræði allra sem jafnt voru settir í þessum efnum.

Rannsaka þarf líka atburði sem gerðust í aðdraganda þess að þetta var gert og jafnvel í aðdraganda bankahrunsins sjálfs, eins og það sem Morgunblaðið upplýsti fimmtudaginn 20. nóvember, að bréf Stoða hefðu verið keypt út úr verðbréfa- og fjárfestingasjóðum Glitnis í lok september með samþykki hæstv. forsætisráðherra Geirs H. Haardes og hæstv. fjármálaráðherra Árna Mathiesens.

Sömuleiðis þarf að athuga hvað gerðist dagana áður en neyðarlögin voru sett þegar miklir fjármunir runnu út úr sjóðum Landsbankans, um 70 milljarðar kr. á örfáum dögum, sem bendir sterklega til þess að einhverjir hafi haft vitneskju um hvað í vændum var og getað forðað sér en aðrir ekki. Þetta þarf að rannsaka og upplýsa. Síðan þarf að standa þannig að framkvæmdinni að hún sé hafin yfir vafa. Og að sjálfsögðu gengur ekki að skilja þá einstaklinga eftir sem voru í viðskiptum við fjármálafyrirtæki sem ekki hafa hrunið með óhemjulegum kostnaði fyrir þjóðarbúið. Það væri að bíta höfuðið af skömminni að mismuna mönnum beinlínis þannig og þessu verður hæstv. ráðherra að gjöra svo vel og kippa í liðinn.

Að síðustu skiptir aðferðin sjálf sem hér er notuð miklu máli og er það endilega sjálfgefið að bæta með sömu hlutfallstölu lágar fjárhæðir almennings og stórar fjárhæðir stórfjárfesta? Hefði ekki komið til greina að bæta jafnvel að fullu lágar upphæðir (Forseti hringir.) en láta svo skerðinguna frekar ganga yfir þá sem áttu þarna miklar fjárhæðir og máttu vita betur en svo að þetta væri örugg fjárfesting?

[11:43]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Fram hefur komið, bæði hjá hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. viðskiptaráðherra, í skriflegu svari við fyrirspurn sem lögð var fram á Alþingi að ákvörðun bankanna að kaupa verðbréf af peningamarkaðssjóðum var gerð á ábyrgð bankanna og var algerlega á viðskiptalegum forsendum.

Ljóst er að sumir þeirra sem áttu fé inni á peningamarkaðssjóðum eru ekki sáttir við það uppgjör sem gert hefur verið á sjóðunum og vefengja það mat sem fram fór á eignasafni þeirra. Þá telja margir viðskiptavinanna að þeir hafi fengið rangar upplýsingar í viðskiptabönkum sínum varðandi peningamarkaðssjóðina og halda því fram að starfsfólk bankanna hafi sagt að þetta væri fullkomlega örugg ávöxtunarleið. Það veldur óánægju þessa fólks. Peningamarkaðssjóðir eru hins vegar í eðli sínu eins og nafnið gefur til kynna háðir sveiflum á markaði og því er hættan til staðar.

Af umræðum um þessi mál má ráða að þeir sem áttu fjármuni inni í þessum sjóðum telja að sjóðirnir hafi fjárfest í misöruggum bréfum. Ég tel að þessi mál hljóti að verða könnuð þegar allt sem viðkemur hruni bankanna verður kannað, sérstaklega í ljósi þess hversu margir telja á rétti sínum brotið. Þau atriði sem hafa valdið deilum og ekki hafa fengist skýr svör við þarf að upplýsa. Tortryggni virðist einkenna umræðuna um of og nauðsynlegt er að eyða henni.

Af þeirri umfjöllun sem farið hefur fram um þessi mál og þeim svörum sem hæstv. ráðherrar fjármála og viðskipta hafa lagt fram á Alþingi virðist mér hins vegar ljóst að það eru sjóðirnir sjálfir sem þurfa að svara fyrir fjárfestingarstefnu sína og nýju bankarnir þurfa að fullvissa almenning um að verðmæti bréfanna sem keypt voru út úr sjóðunum hafi hvorki verið ofmetin né vanmetin heldur hafi viðskiptin verið gerð á fullkomlega viðskiptalegum forsendum.

[11:45]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir að hefja máls á þessu og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ráðherrann gat þess í upphafi að hann teldi sig þurfa að hafa rýmri tíma til að fara yfir efnið. Ég hygg að það sé réttmæt ábending og hvet ráðherrann til að íhuga hvort ekki sé rétt að hann flytji hér mjög fljótlega skýrslu um þetta mál.

Mér er ljóst að þetta er eitt af þeim atriðum sem verður tekið til athugunar í svonefndri rannsóknarnefnd en ég held að það séu það mikil álitamál í þessu peningamarkaðssjóðamáli að full ástæða sé til að taka það út úr og að ráðherra

gefi þinginu skýrslu, munnlega eða skriflega eftir atvikum, mjög fljótlega þar sem betur verður farið yfir ástæður þessa máls og forsendur. Í fyrsta lagi þarf að skýra hvers vegna ákveðið var að nota fé úr ríkissjóði til þessara hluta. Samþykkt var með neyðarlögum að setja stórfé úr ríkissjóði til að endurreisa bankana, til að búa til eigið fé fyrir þá. Þarna var tekin ákvörðun um að nota stóran hluta af þessu eigin fé og breyta í pappíra sem er alls ekki víst að séu þess virði sem þeir voru keyptir á. Það er sjálfstæð ákvörðun sem ég held að þurfi að útskýra betur og færa rök fyrir að nauðsynlegt hafi verið að gera. Ég hef ekki fengið neinn sannfærandi rökstuðning enn þá fyrir því að þetta hafi verið rétt að gera yfir höfuð.

Í öðru lagi þarf að gefa skýringar á framgöngu starfsmanna viðskiptabankanna gömlu sem vitað er að höfðu samband við einstaka sparendur, höfðu upplýsingar um fjárhagsstöðu þeirra og hvöttu þá til að færa þá úr öruggum reikningum í þessa reikninga gegn fullyrðingum um að þetta væri fullkomlega öruggt sem reyndist svo rangt.

Í þriðja lagi þarf að varpa skýrara ljósi en komið hefur fram á þátt (Forseti hringir.) sumra fyrri eigenda bankanna sem virðast hafa notað þessa peninga til að styrkja eigin fyrirtæki. Það þarf að skýra, virðulegur forseti.

[11:48]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Það er ólíðandi að einhver leyndarhjúpur skuli vera yfir þessu máli. Hér hafa heyrst tölur upp á 200 milljarða kr. sem fóru út úr ríkisbönkunum til þessara félaga. Viðskiptaráðherra vill ekki staðfesta hvort við séum að ræða um 200 milljarða eða 100 milljarða. Við hljótum að krefjast þess að ráðherrann svari því hvaða fjármunir streymdu úr ríkisbönkunum eftir þetta hrun, bönkum sem eru í eigu almennings, íslensku þjóðarinnar. Er allt með felldu? spyr ég. Er ástæða til að við ætlum að allt sé með felldu? Hvaða fréttir erum við að heyra innan úr bönkunum, hvaða fréttir af endurskoðendum bankanna? Er nema von að við spyrjum hér spurninga og er nema von að við krefjumst svara frá hæstv. ráðherra?

Í öðru lagi er náttúrlega merkilegt að hlusta á ráðherra samkeppnismála verja það að bankarnir skyldu á sama degi, allir, hafa keypt þessi bréf. Og hvernig var það? Jú, Nýi Glitnir keypti í sjóðum Glitnis, Nýja Kaupþing keypti í sjóðum Kaupþings — er þetta einhver tilviljun? Eiga ekki að vera einhverjir kínamúrar þarna á milli? Svo kemur ráðherra samkeppnismála og ver þennan gjörning, segir að hér sé allt með felldu. Nei, takk fyrir, hæstv. forseti, þetta gengur ekki. Ég tek undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, við þurfum að fá skýrslu um þetta mál, það dugar ekki ein utandagskrárumræða. Ráðherrann þarf að svara hér mörgum spurningum og hann þarf líka að svara því fólki sem hann lofaði að jafnræðis yrði gætt á milli þeirra sem áttu í viðskiptum við þessa peningamarkaðssjóði. Það er búið að svíkja það loforð ef hann ætlar að standa á því að ekkert verði gert varðandi það fólk sem situr eftir með sárt ennið, (Forseti hringir.) hæstv. forseti. Og það eru aum svör frá hæstv. ráðherra og frá Samfylkingunni hér við umræðuna. (Forseti hringir.) Ætlar Samfylkingin að viðhalda einhverjum leyndarhjúpi í þessu máli?

[11:50]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir málefnalega og yfirvegaða umræðu um þetta mál. Ég gat þess strax í upphafi að ég óskaði sérstaklega eftir að geta gert grein fyrir þessum málum við rýmri tímaskilyrði. Þingmaðurinn Kristinn H. Gunnarsson tók undir það og það er alveg sjálfsagt að leita leiða til þess, eins og ég gat um í upphafi. Þetta er mjög yfirgripsmikið mál.

Að sjálfsögðu á ekki að viðhalda leyndarhjúpi yfir þessu máli, fjarri lagi. (Gripið fram í.) Ég hef aldrei borið því við, hvenær hef ég nefnt það? (**ÁI:** Í svari ...) Ég hef aldrei nokkurn tímann borið því við hér í stól á Alþingi. Það sem öllu skiptir, og ég hef hvatt bankana til að gera, er að birta uppgjör sjóða sinna. Það er alveg sjálfsagt að það verði gert til að undirstrika það að bankarnir borguðu raunvirði fyrir þessa sjóði og uppgjörið fór fram á viðskiptalegum forsendum. Svarið við því af hverju uppgjörið fór fram samtímis er ákaflega einfalt og hefur komið fram mörgum sinnum í þessari umræðu. Það var að Fjármálaeftirlitið birti tilmæli um slit peningamarkaðssjóða þar sem mælst var til þess að lausu fé yrði strax breytt í innlán en einnig greiddar sem innlán eftir því sem þær kröfur yrðu innheimtar. Sú er skýringin á því, þessum tilmælum var beint til allra fjármálafyrirtækja á Íslandi, allir bankarnir hafa nú gert upp sjóði sína fyrir utan eitt fyrirtæki, sparisjóðirnir líka. Hæsta útgreiðsluhlutfallið í sparisjóði var, held ég, 97%, sem var mjög hátt og gott hlutfall. Ég nefndi það hér áðan að vandinn við aðkomu að uppgjöri annarra félaga fyrir ríkið er nákvæmlega út af jafnræðissjónarmiðum og pólitískri aðkomu að viðskiptalegum forsendum í þessu máli. Eins og ég nefndi gæti lausnin að einhverju marki falist í því að stóru bankarnir taki þátt í fjármögnun á kaupum rekstraraðila annarra sjóða, á verðbréfum (Forseti hringir.) úr sínum sjóðum. Slíkt ætti að ganga langt í að bæta þann aðstöðumun sem er á milli stærri og smærri fjármálafyrirtækja við að veita viðskipta... (Forseti hringir.) Það nefndi ég hér áðan sem eina hugsanlega leið til að leysa úr því flókna máli (Forseti hringir.) sem lýtur að þessu eina félagi í lokin.

Lyfjalög, 3. umr.

Frv. heilbrn., 203. mál (gildistaka greinar um smásölu). — Þskj. 258.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisútvarpið ohf., 1. umr.

Stjfrv., 218. mál (hækkun sérstaks gjalds, auglýsingatekjur, eftirlit o.fl.). — Þskj. 295.

[11:53]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting

á lögum um Ríkisútvarpið ohf. Frumvarpið felur í sér endurskoðun á ákvæðum laganna er varða tekjustofna Ríkisútvarpsins ohf. og tillögur sem miða að því að gera starfsemi félagsins gagnsærri og bæta ekki síður samkeppnisumhverfi fjölmiðla. Helstu breytingar frumvarpsins eru í fimm liðum:

Í fyrsta lagi lúta þær að ákvæðum 11. gr. laganna um tekjustofna Ríkisútvarpsins ohf. Er þar annars vegar lögð til hækkun sérstaks gjalds sem lagt verður á einstaklinga og fyrirtæki og kemur í stað núverandi afnotagjalds um næstu áramót og hins vegar er tillaga er lítur að því að takmarka tekjur félagsins af auglýsingum og kostun eins og ég mun koma nánar að í ræðu minni á eftir. Það er búið að samþykkja þessa breytingu, það er nú þegar í lögum. Nýtt útvarpsgjald snertir sérstaklega ákveðnar breytingar á fjárhæðinni.

Við setningu laganna var við það miðað að áður en að upptöku gjaldsins kæmi, yrði fjárhæð þess endurskoðuð. Við þá vinnu hefur jafnframt verið talið rétt að gera ákvæði laganna er varða framkvæmd við innheimtu gjaldsins og ráðstöfun þess skýrari en nú er í gildandi lögum. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir því að gjaldið renni í ríkissjóð en ekki til félagsins. Í þessu samhengi er í frumvarpinu lagt til að í þjónustusamningi menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. verði m.a. kveðið nánar á um markmið og umfang útvarpsþjónustu í almannaþágu. Um slíkan þjónustusamning munu að öðru leyti gilda fyrirmæli 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins eftir því sem við á. Gera má ráð fyrir því að tekjur af gjaldinu muni ásamt öðru hafa áhrif á ákvörðun um greiðslur samkvæmt þjónustusamningnum. Samkvæmt því fyrirkomulagi sem hér er lagt til ættu fjárhagslegar forsendur fyrir framkvæmd þjónustusamningsins að vera ljósar.

Hvað viðkemur fjárhæð gjaldsins er lagt til að það hækki úr 14.580 kr. í 17.900 kr. Rétt er að árétta sérstaklega hér að í frumvarpi því sem varð að lögum um Ríkisútvarpið ohf. kemur fram að við útreikning gjaldsins var gert ráð fyrir óbreyttum tekjum fyrirtækisins og þá höfð hliðsjón af tekjustreymi félagsins á árunum 2005 og 2006. Jafnframt var byggt á því að allir sem féllu undir lögin stæðu skil á gjaldinu. Einnig vil ég árétta þau sjónarmið sem höfð voru að leiðarljósi við setningu laganna að haga bæri álagningu gjaldsins þannig að hvert heimili með tvo einstaklinga sem greiða mundu gjaldið yrði nokkurn veginn jafnsett eftir upptöku þess. Tveir einstaklingar í heimili eru því jafnsettir og heimili sem greiðir nú eitt afnotagjald. Þeir sem greiða munu gjaldið eru þeir einstaklingar sem greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra svo og þeir lögaðilar sem eru skattskyldir og bera sjálfstæða skattaðild. Undanskilin álagningu gjaldsins eru dánarbú, þrotabú og ýmsir lögaðilar, svo sem stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga, félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Undanþegnir gjaldinu eru einstaklingar yngri en 16 ára og 70 ára og eldri og jafnframt einstaklingar með tekjuskattsstofn undir 1.080.067 kr. Eins og kom fram við umræðuna á sínum tíma um lagasetninguna á Ríkisútvarpinu ohf. mun því meginþorri íslenskra fjölskyldna hafa það betra undir þessu fyrirkomulagi en undir núgildandi fyrirkomulagi.

Árleg greiðsluskylda útvarpsgjalds samkvæmt gildandi lögum nemur nú 35.940 kr. á hvert heimili. Hér er eins og áður segir lagt til að hækkun gjaldsins frá því sem ákveðið er í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf. taki mið af því sjónarmiði sem áður er lýst, að haga beri álagningu gjaldsins þannig að heimili með tvo einstaklinga sem greiða mundu gjaldið verði því næst jafnsett eftir upptöku þess. Jafnframt tekur hækkun gjaldsins mið af því sjónarmiði, og það er rétt að undirstrika það, að skapa svigrúm fyrir minni tekjur félagsins á auglýsingamarkaði. Samkvæmt þessu yrði gjaldið 17.900 kr. Tekjuaukning félagsins stafar að mestu af því að lögaðilar með sjálfstæða skattaðild greiða nú gjaldið en greiddu það ekki áður. Rétt er að benda á að upptaka gjaldsins snertir gjaldendur með ólíkum hætti eftir því annars vegar hve margir deildu greiðslum afnotagjalds og hins vegar hvernig álagningin varðar einstaklinga og lögaðila. Þannig munu sumir verða undanþegnir gjaldinu og greiðslur þeirra sem eru einir í heimili munu í flestum tilvikum lækka.

Ég geri mér grein fyrir því að þessi leið við innheimtu, frú forseti, er ekki gallalaus fremur en aðrar. Það verður aldrei til vinsælda fallið að innheimta gjöld fyrir einhverja tiltekna þjónustu, þannig er nú einu sinni lífið. Á meðan sátt er um að halda úti ríkisútvarpi verður hins vegar að tryggja fjármögnun þess með skilvirkum hætti. Afnotagjaldið gamla má segja að sé úr sér gengið, ekki síst vegna breyttrar tækni. Því var ákveðið á sínum tíma að taka upp nýtt innheimtuform. Það er mikilvægt að hafa hugfast að fyrir langflest heimili þýðir þetta ekki auknar álögur heldur verða þau jafnsett. Þá verðar stórir hópar sem í dag greiða afnotagjald undanþegnir hinu nýja útvarpsgjaldi, t.d. einstaklingar 70 ára og eldri og þeir sem eru með tekjur undir skattleysismörkum.

Í öðru lagi er eins og ég hef rakið hér að framan lagt til að ákvæði laganna um þjónustusamning um rekstur útvarpsþjónustu í almannaþágu á milli menntamálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Ríkisútvarpsins ohf. verði gerð ítarlegri en nú er.

Í þriðja lagi er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laganna um fjárhagslegan aðskilnað verði Ríkisútvarpinu ohf. eftirleiðis heimilt að ráðstafa fjármunum frá rekstri annarrar starfsemi skv. 4. gr. til greiðslu kostnaðar vegna útvarpsþjónustu í almannaþágu skv. 3. gr. laganna. Verður að telja slíkt mikilvægt til þess að hvetja Ríkisútvarpið ohf. til aukinnar verðmætasköpunar og öflugrar útvarpsþjónustu í almannaþágu.

Í fjórða lagi er lagt til að sett verði sérstakt ákvæði sem takmarkar heimild Ríkisútvarpsins ohf. til tekjuöflunar með sölu auglýsinga, kostun og vöruinnsetningu. Með þessu er sköpuð umgjörð um þátttöku Ríkisútvarpsins ohf. á auglýsingamarkaði. Í því felst jafnframt að svigrúm Ríkisútvarpsins ohf. til þess að afla sér tekna með auglýsingum verður takmarkað verulega, en á móti kemur eins og áður segir að gjald það er kemur í stað útvarpsgjaldsins verður hækkað frá því sem ráð er fyrir gert í 11. gr. laganna. Sú tilhögun sem hér er lögð til hefur meðal annars haft hliðsjón af vinnu nefndar með fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem verið hefur að störfum á undanförnum vikum. Þótt það frumvarp sem hér er til umræðu sé stjórnarfrumvarp og fyrst og fremst samkomulag milli stjórnarflokkanna var sú umræða sem fór fram í nefndinni og þær upplýsingar sem

fram komu á fundum hennar ómetanlegar við þessa vinnu. Ég vonast til þess að sú vinna skili sér líka inn í hv. menntamálanefnd og menn muni nýta sér þau gögn sem fyrir liggja í starfshópnum og veit ég að þeir sem eru nú þegar í menntamálanefnd og tóku þátt í starfshópnum munu miðla af þekkingu sinni inn í þetta þannig að það verði tryggt. Þess vegna vil ég nota þetta tækifæri, frú forseti, og þakka nefndinni og þeim nefndarmönnum sem hafa verið í starfshópnum sérstaklega fyrir störf sín. Ég mun leggja það til við nefndarmenn að þeir starfi áfram og hafi m.a. það hlutverk sem kemur fram og var upphaflega ætlunin að fara yfir eignarhald á fjölmiðlum, hvaða leiðir er best að fara í breyttu umhverfi og jafnframt að nefndinni verði falið það verkefni að fylgja eftir þeim endurskoðunarákvæðum sem er að finna í frumvarpi þessu auk annarra verkefna á sviði fjölmiðlunar. Ég legg ríka áherslu á það að allir flokkar á þingi komi að því að fylgjast með fjölmiðlum, að við höfum aðgang allra flokka að því að miðla þekkingu en ekki síður að halda uppi eftirliti, þá auðvitað í samráði og samvinnu við bæði ráðuneytið en ekki síður útvarpsréttarnefnd.

Í frumvarpinu eru lagðar til töluverðar breytingar á hlutfalli auglýsinga í dagskrá Ríkisútvarpsins ohf. Þannig er gert ráð fyrir að hlutfall auglýsinga af daglegum útsendingartíma skuli ekki vera hærra en 10%. Á kjörtíma, þ.e. útsendingartíma frá 19 til 22, má hlutfall þetta ekki vera hærra en 5%. Þar sem nokkur óvissa ríkir um horfur á fjölmiðlamarkaði og hvaða áhrif skerðing á svigrúmi RÚV á auglýsingamarkaði kann að hafa á tekjustreymi félagsins og auglýsingamarkaðinn almennt, er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að þetta fyrirkomulag verði endurskoðað fyrir 1. júlí 2009.

Þá er við það miðað að hver auglýsingatími skuli vera innan við 200 sekúndur eða rúmar þrjár mínútur hið mesta. Enn fremur að ekki megi vera fleiri en tveir auglýsingatímar á hverri klukkustund útsendingar og að Ríkisútvarpinu ohf. verði óheimilt að rjúfa dagskrárliði sem eru styttri en 45 mínútur með auglýsingatíma.

Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að Ríkisútvarpinu ohf. verði óheimilt að sýna auglýsingar á meðan á útsendingu barnaefnis stendur og að ekki megi sýna auglýsingar sem beinast að börnum í tíu mínútur fyrir og eftir útsendingu barnaefnis. Þá er félaginu óheimilt að afla tekna með vöruinnsetningu. Loks er lagt bann við því að félagið megi afla tekna með kostun nema þegar um er að ræða tiltekna stórviðburði. Þetta atriði vil ég biðja nefndina líka að skoða sérstaklega, ekki síst með tilliti til mikilvægis íþrótta á þessu sviði.

Loks eru í fimmta lagi lagðar til breytingar sem miða að því að koma á skilvirku eftirliti með starfsemi Ríkisútvarpsins ohf., þar á meðal með álagningu stjórnvaldssekta, og skilja með afgerandi hætti á milli eftirlits með lögunum og eignarhalds á félaginu.

Með þessum takmörkunum á svigrúmi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði er lögð til róttæk breyting. Mjög mismunandi reglur gilda um auglýsingar í ríkisreknum fjölmiðlum í Evrópu. Á hinum Norðurlöndunum og á Bretlandi eru auglýsingar ekki heimilaðar í ríkisreknum ljósvakamiðlum. Í flestum öðrum Evrópuríkjum eru þær heimilaðar en stundum með einhverjum takmörkunum eins og gerist til að mynda í Þýskalandi hjá ARD og ZDF þar sem auglýsingar eru, að mig minnir, aðeins leyfðar milli 6 og 8 en síðan eru kostanir líka leyfðar í ríkisfjölmiðlunum þar. Það er því mismunandi háttur hafður á víðs vegar um Evrópu en þau lönd sem við höfum miðað okkur við fram til þessa, Norðurlöndin og Bretland, eru ekki með auglýsingar.

Á Íslandi hefur hins vegar verið annar háttur á alveg frá upphafi og í sögu Ríkisútvarpsins hafa auglýsingar verið leyfðar bæði í útvarpi og sjónvarpi. Það fyrirkomulag hefur verið tiltölulega óumdeilt þótt vissulega hafi það oft verið gagnrýnt, við skulum ekkert leyna því. Ekki þótti til að mynda ástæða til þess á sínum tíma að breyta þessu er útvarpslögum var breytt um miðjan níunda áratuginn og öðrum en ríkinu var heimilað að reka útvarps- og sjónvarpsstöðvar. Þegar frelsið var innleitt á ljósvakamarkaði þótti ekki ástæða til að breyta auglýsingahlutverki Ríkisútvarpsins en núna eru hins vegar allt aðrar aðstæður uppi á fjölmiðlamarkaði.

Það er aftur á móti mikilvægt, frú forseti, að hafa þessar reglur til stöðugrar endurskoðunar. Fjölmiðlun á Íslandi stendur mjög höllum fæti þessa stundina vegna efnahagsástandsins sem m.a. hefur leitt af sér hrun á Íslandi. Ég hef áður lýst því yfir að ég stefndi að því að takmarka hlut ríkisins á auglýsingamarkaði, ég hef aldrei farið leynt með þá ætlun mína. Í ljósi þeirrar stöðu sem komin er upp tel ég það brýnna en nokkru sinni fyrr að skoða þær leiðir sem við getum farið til að stuðla annars vegar að halda Ríkisútvarpinu sterku. Þessar tillögur eru og eiga ekki að vera til þess fallnar að veikja Ríkisútvarpið. Það á að taka tillit til þess tekjumissis sem Ríkisútvarpið verður hugsanlega fyrir en ekki síður verðum við að axla þá ábyrgð og bera þá ábyrgð að það verði ákveðin fjölbreytni í ljósvakamiðlum á Íslandi. Þessar tillögur leiða vonandi til þess að hægt sé að taka tillit til þessara sjónarmiða.

Hins vegar verða menn einnig að hafa hugfast, og það er rétt að undirstrika það, að Ríkisútvarpið er ekki eins fyrirferðarmikið á auglýsingamarkaði og margir vilja vera láta. Ef litið er á allan auglýsingamarkaðinn í heild er hlutur þess rétt rúm 10% en ef einungis er litið á markaðinn fyrir sjónvarpsauglýsingar hefur RÚV verið með innan við þriðjungs hlutdeild og minni hlutdeild en bæði Stöð 2 og Skjárinn. Þó sýna allar áhorfsmælingar gífurlega yfirburði Ríkisútvarpsins í áhorfi. Það má því segja að RÚV hafi ekki beitt því afli sem það gæti haft á markaðnum. Þessar tölur eru dregnar fram því að ýmsar sögur hafa verið í gangi sem eru ekki raunsannar varðandi hlut Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði.

Engu að síður er mikilvægt að hegðun ríkisrekins fjölmiðils á auglýsingamarkaði sé hafin yfir allan vafa þannig að um hana megi ríkja sátt. Því er einnig samhliða takmörkunum á svigrúmi Ríkisútvarpsins lagt til að reglur um eftirlit og viðurlög verði hertar til muna séu reglur brotnar. Þær reglur, t.d. er gilda um gjaldskrá RÚV, verða að vera skýrar og gagnsæjar og öll frávik frá gjaldskrá verða að standa öllum jafnt til boða.

Ég hef hér að framan gert grein fyrir þeim meginbreytingum sem felast í frumvarpinu. Þær breytingar sem hér eru lagðar til á fjárhagsmálefnum Ríkisútvarpsins ohf. er ætlað að skapa traustari grundvöll undir öfluga almannaþjónustu

útvarpsins. En til þess að félagið geti sinnt þessari þjónustu sem skyldi í nánustu framtíð er einnig nauðsynlegt, eins og kom fram í máli mínu í utandagskrárumræðu fyrr í vikunni, að huga að því að styrkja efnahag félagsins frekar og þar með talið að skoða hvernig hægt er að létta á lífeyrisskuldbindingum félagsins. Það er m.a. hægt að gera í tengslum við fjárlög með því að þingið veiti heimild fyrir hönd ríkissjóðs til að kaupa hugsanlega hús Ríkisútvarpsins við Efstaleiti á markaðsverði. Ég tel mikilvægt að hv. menntamálanefnd og þingið fari yfir þessar tillögur.

Ég gat um það sjónarmið áðan, og vil undirstrika það, að viljum halda uppi öflugu ríkisútvarpi. Við viljum líka hafa fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði Það er ekki endilega eining eða samkomulag um hvernig á að nálgast þessi tvö sjónarmið. Það er búið að fara yfir alls konar leiðir. Það voru ræddar tillögur um að taka Ríkisútvarpið algjörlega af auglýsingamarkaði, því er ég ósammála. Ég tel mig finna fyrir því að flestir séu sammála um að það eigi að takmarka hlutdeild Ríkisútvarpsins að einhverju leyti á auglýsingamarkaði en það er ekki sama hvernig það er gert. Sú leið sem hér er farin er til komin eftir að menn hafa rætt þessar hugmyndir í fjölmiðlahópnum. Menn hafa fengið til sín vísustu menn og konur sem hafa þekkingu á þessum markaði og eru að reyna að finna leiðir sem stuðla að báðum þessum atriðum, þ.e. að hafa áfram öflugt ríkisútvarp en ekki síður að halda uppi ákveðinni fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði.

Ég segi það og ítreka það sem ég hef sagt áður að ef hv. menntamálanefnd finnur aðrar leiðir og telur þær heppilegri til að ná þessum markmiðum munum við að sjálfsögðu fylkja okkur á bak við þær. Ég hvet hv. menntamálanefnd til að fara mjög gaumgæfilega yfir þær hugmyndir sem hér liggja fyrir en ég tel þær skástu leiðina til að ná því markmiði okkar að hafa hér ákveðna fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Það hvílir mikil ábyrgð á herðum okkar sem stjórnum bæði ríkisfjármálunum og berum ábyrgð á fjölmiðlamarkaði á einn eða annan hátt að koma með tillögur sem stuðla að því að áfram verði ákveðin samkeppni og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Það er að ýmsu að hyggja í þessu máli og ég veit að margir hafa áhyggjur af ákveðnum atriðum. Ég vil sérstaklega í því samhengi draga fram þær áhyggjur sem látnar hafa verið í ljós af hálfu íþróttaforustunnar varðandi kostun á íþróttaefni og ég hvet hv. menntamálanefnd til að skoða sérstaklega þann þátt og fara yfir hann.

Að lokum legg ég til, virðulegi forseti, að frumvarpinu verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntamálanefndar.

[12:11]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Við ræðum nýtt frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Eins og þingmönnum er vel kunnugt eru ekki margir dagar eftir af starfsáætlun þingsins. Þetta mun vera næstsíðasti dagurinn samkvæmt útgefinni starfsáætlun og ekki höfum við séð neina nýja þó svo að við vitum fullvel að hér verði unnið sennilega fram undir jól og jafnvel fram að gamlársdegi. Þetta segi ég í upphafi máls míns vegna þess að hæstv. menntamálaráðherra gat um það í lokaorðum sínum að menntamálanefnd færi vel yfir ákveðna þætti þessa máls sem ég tel fulla ástæðu til, en jafnframt hangir það yfir okkur að samþykkja þarf þessi lög fyrir áramót svo hægt sé að gera þær breytingar á þeim nefskatti eða útvarpsgjaldi sem mælt er fyrir um í frumvarpinu og er nauðsynlegt að fari í gegn. Ég vil því meina að okkur sé ansi þröngur stakkur skorinn en mun þó ekki láta mitt eftir liggja í menntamálanefnd til að koma þeim sjónarmiðum á framfæri sem ég tel nauðsynlegt að haldið verði fram.

Það eru mörg álitamál í þessu. Sjálf hef ég átt sæti í starfshópnum sem starfað hefur undanfarnar vikur og skipaður var af hæstv. menntamálaráðherra og var falið það hlutverk að fara yfir álit Samkeppnisstofnunar sem gefið var út 14. nóvember sl. og fjallar um stöðu og háttsemi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Hæstv. ráðherra skipaði hóp sem í eiga sæti fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkunum og ég vil segja að það sé ný nálgun og með betri brag en oft áður í málefnum Ríkisútvarpsins því að eins og menn rekur minni til sem hér hafa setið fleiri missiri en þetta kjörtímabil hafa staðið hér harðvítugar deilur um málefni Ríkisútvarpsins. Þó að stjórnarandstaðan hafi átt aðkomu að málefnum fjölmiðla almennt hefur henni beinlínis verið haldið frá þeirri aðkomu sem nauðsynleg hefur verið varðandi Ríkisútvarpið. Ég vil því þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir að hafa sýnt þau merki sem hún nú gerir um breytingu á því vinnulagi og tek ég með glöðu geði að mér að sitja í þeim starfshópi sem nú situr jafnvel þó að starfssvið hans verði útvíkkað og honum verði falið að fara út í að skoða eignarhald á fjölmiðlum.

Hitt vil ég undirstrika að starfshópurinn sem hefur starfað undanfarnar vikur hefur ekki komist að neinni niðurstöðu. Það hefur viljað bera á því í fjölmiðlum að tillögur þær sem fólgnar eru í frumvarpi ráðherrans séu gerðar að tillögum nefndarinnar en það er ekki rétt því að nefndin hefur engum tillögum skilað. Hið rétta er að við höfum tekið á móti mjög mörgum gestum og talsvert mikið af gögnum hefur orðið til í vinnu starfshópsins og þau gögn hefur hæstv. ráðherra notað við samningu frumvarpsins svo að því leytinu til má segja að vinna hópsins hafi gagnast vel við samningu frumvarpsins. Ég hef þó haft allan fyrirvara á öllum niðurstöðum og tel mig því engan veginn bundna af þeim hugmyndum sem talað er fyrir hér.

Ég sagði áðan að álitamálin í þessu máli væru mörg, t.d. nefskatturinn, og þar rifjast upp þau gömlu átök sem fóru fram um það mál þegar afnotagjald Ríkisútvarpsins var í raun og veru dæmt ónýtt af fyrri ríkisstjórn og lagt til að sett yrði á útvarpsgjald sem innheimt væri með svipuðum hætti og innheimt er gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, þ.e. í gegnum skattkerfið, og þá mundi ýmislegt sparast og kannski væru ákveðnir kostir við þetta kerfi en þó væru á því mjög alvarlegir gallar. Hugsunin var sú að núverandi afnotagjald mundi í raun og veru deilast upp á einstaklinga þannig að meiningin var að skatturinn, þ.e. nefskatturinn eða útvarpsgjaldið, kæmi ekki verr út fyrir meðalfjölskyldu en afnotagjaldið gerir í dag. Þeirri hugmyndafræði hefur verið haldið. Ég fagna því en vil hins vegar minna á þá leið sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs héldum fram og hefur aldrei verið skoðuð til hlítar og við teljum enn færa og betri leið en þetta útvarpsgjald, þ.e. að tengja útvarpsgjaldið eða afnotagjaldið við fasteignir og innheimta það með fasteignagjöldum. Það hefur verið próf-

að í einhverju nágrannalanda okkar og hefur eftir því sem ég hef kynnt mér reynst vel. Ég hefði talið að þetta væri eitt af því sem menntamálanefnd gæti litið til ef hún hefði nægan tíma sem ég, eins og ég sagði í upphafi máls míns, efast um að hún hafi nú. Ég geri því ráð fyrir að við sitjum uppi með útvarpsgjald sem er hugsað er eins og hér er lagt til.

Ég minni á að þeir sem eru orðnir 16 ára og þéna yfir milljón á ári þurfa að greiða útvarpsgjaldið, 17.900 kr. samkvæmt frumvarpinu, og þeir sem eru atvinnulausir og þurfa að draga fram lífið á atvinnuleysistekjum og hafa samkvæmt þeim kannski liðlega 1,3 millj. á ári eða innan við 1,5 millj. þurfa að greiða þetta útvarpsgjald. Í fjölskyldu þar sem eru þrír unglingar eða ungt fólk yfir 16 ára — við þekkjum það að ungt fólk reynir að vera heima hjá sér sem lengst og í árferði eins og er núna vilja foreldrar kannski enn frekar halda unga fólkinu sínu heima — í mannmörgum fjölskyldum þar sem margt ungt fólk er í heimili, þ.e. 16 ára og kannski inn á þrítugsaldurinn, getur þetta komið afar illa niður ef þetta fólk er að afla sér einhverra tekna og skólafólk sem vinnur með skóla, framhaldsskólanemar, fer auðveldlega upp í milljón á ári. Hér eru sannarlega ýmsar gryfjur sem við þurfum að gæta að og taka þessar ákvarðanir með opin augun og fullri meðvitund.

Það eru líka álitaefni varðandi það að skerða möguleika Ríkisútvarpsins á að afla sér tekna á auglýsingamarkaði. Við vitum að Ríkisútvarpið hefur áratugum saman þurft að berjast fyrir hækkunum á afnotagjaldinu og það hefur alltaf verið með blóðugum hnúunum sem þeir sem starfa fyrir Ríkisútvarpið hafa þurft að sækja þessar hækkanir inn á Alþingi Íslendinga því að hér hafa þær verið ákveðnar. Hvers vegna hefur verið svona mikil tregða við það? Hún hefur verið vegna þess að útvarpsgjaldið er inni í vísitölu og hér hefur mikið kapp verið lagt á að halda vísitölunni niðri.

Ég lék mér að því um daginn fyrir utandagskrárumræðu sem við höfðum hér að reikna útvarpsgjaldið aftur í tímann til þess tíma þegar Stöð 2 hóf útsendingar sínar. Þá var ekki svo mikill munur á afnotagjaldi Ríkisútvarpsins og áskriftargjaldi Stöðvar 2. Áskriftargjald Stöðvar 2 var þá um 15 þúsund kr. og afnotagjald Ríkisútvarpsins 11.600 kr. Á þeim tíma sem liðinn er síðan, á þessum 20 árum, hefur áskriftargjald Stöðvar 2 hækkað um 43% umfram hækkanir sem hafa orðið á afnotagjaldi Ríkisútvarpsins. Þar að auki hefur Stöð 2 stærri hlut af auglýsingamarkaði en Ríkisútvarpið – sjónvarp. Við erum því, með þeim ákvörðunum sem hér eru lagðar til að skerða tekjur Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði, að leggja enn til að Ríkisútvarpið eigi í erfiðleikum með samkeppnina við Stöð 2.

Ein af röksemdunum fyrir því að draga úr hlut Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði kemur fram í áliti Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið fjallar um það að til þess að fullur samkeppnislegur jöfnuður náist þurfi RÚV að hverfa alfarið af auglýsingamarkaði. Ég vil meina að í áliti Samkeppniseftirlitsins og niðurstöðu þess sé fólgin ákveðin raunveruleikafirring því að þegar ég les álitið finnst mér eins og verið sé að fjalla um sjónvarpsmarkað þar sem eru sex eða sjö sjónvarpsstöðvar en nú er það ekki svo. Það eru þrjár sjónvarpsstöðvar sem hægt er að segja að berjist um þennan markað að einhverju marki og þær eiga allar í verulegum erfiðleikum með að halda sínum hlut og halda þeirri framleiðslu og þeirri starfsemi sem innt er af hendi inni á þeim. Við vitum að Skjár einn á kannski í mestu erfiðleikunum og krafa frá Skjá einum hefur verið sú að þeim gagnist ekkert annað en að farið sé að þeirri ýtrustu kröfu Samkeppniseftirlitsins að Ríkisútvarpið – sjónvarp hverfi alfarið af auglýsingamarkaði. Nú er það ekki lagt til hér heldur að farin verði ákveðin millileið. Með öðrum orðum, það er hætt við að sú leið gagnist ekki Skjá einum. Hætt er við að Skjár einn horfi fram á gjaldþrot jafnvel þótt farið sé í þessar aðgerðir. Þá eru tveir stórir aðilar eftir á markaðnum, 365, sem er alfarið í eigu eins manns, og Ríkisútvarpsins. Ekki er það mikil fjölbreytni. Nú spyr ég: Eigum við að leggjast á árar hvað þetta varðar að rýra hlut Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði til að auðvelda einni sjónvarpsstöð, hinni stöðinni sem keppir við Ríkisútvarpið, samkeppnina? Hæstv. forseti. Ég efast um það. Ég vil í öllu falli að þetta sé skoðað afskaplega vel.

Eitt af því sem talað hefur verið um í starfshópnum og menn hafa verið sammála um, fulltrúar allra flokka, er að það sé ekki hægt og ekki forsvaranlegt að rýra hlut Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði nema Ríkisútvarpinu verði bætt upp tekjutapið og þá að fullu og öllu. Allt eigið fé Ríkisútvarpsins ohf. er brunnið upp, það var yfir 800 millj. í upphafi árs 2007. 800 millj. eru farnar nánast í súginn á verðbólgubáli. Þetta eru fyrst og fremst auknar fjármagnstekjur sem stofnunin hefur þurft að bera vegna lífeyrisskuldbindinga og vegna lána sem hvíla á húseign félagsins. Það er ekki þannig að tap af rekstrinum sé svo mikið því að tapið af rekstrinum á síðasta ári var einungis 70 millj. kr. Þetta eru upplýsingar sem komu frá stjórnarformanni Ríkisútvarpsins inn á fund menntamálanefndar Alþingis í gær. Hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki sýnt á nein spil hvað þetta varðar og ríkisstjórnin hefur ekki gefið neina yfirlýsingu um að hún sé tilbúin til að aflétta þessum lífeyrissjóðsskuldbindingum og taka þær yfir á ríkissjóð eins og gert var þegar fyrirtæki eins og Flugstoðir voru stofnað. Það er annað opinbert hlutafélag sem stofnað var um líkt leyti og Ríkisútvarpið ohf. en þar voru lífeyrisskuldbindingarnar alfarið teknar yfir til ríkisins en ekki hjá ríkissjónvarpinu.

Sömuleiðis kröfurnar eða álitamálin varðandi húsið. Það mundi verða talsverður léttir ef Ríkisútvarpið losnaði við rekstur hússins yfir til Fasteigna ríkissjóðs. Þá er kannski tilefni til að rifja upp svar við fyrirspurn hv. þm. Þuríðar Backman sem hún fékk frá fjármálaráðherra í febrúar 2007 þar sem hún spurði um stefnu hins opinbera í húsnæðismálum hvað varðaði opinberar stofnanir. Í svari hæstv. fjármálaráðherra kemur fram á afar skýran hátt að það sé markmið ríkisins að sem mest af húsnæði í eigu þess verði í umsýslu aðila sem hafi sérþekkingu á viðhaldi og rekstri fasteigna og tryggi þannig að vel og faglega sé staðið að þeim málum. Þess er getið í svarinu að menntamálaráðuneytið hafi tekið ákvörðun um að færa flestar af þeim fasteignum sem heyra undir það til Fasteigna ríkissjóðs til umsýslu. Þá spyr ég, hæstv. forseti: Er þá ekki einboðið að hæstv. menntamálaráðherra beiti sér fyrir því að útvarpshúsið við Efstaleiti verði tekið undir rekstur eða umsjá Fasteigna ríkissjóðs eins og aðrar eða flestar stofnanir sem undir ráðuneytið heyra?

Ég sé að tími minn er farinn að styttast, hæstv. forseti. En mig langar til að rifja upp að þegar átökin stóðu um Ríkisútvarpið frá ársbyrjun 2005, má segja, og þangað til lögin um opinbera hlutafélagið voru samþykkt með harmkvælum, hafa menn fylgst með því út undan sér hvort eitthvað af því sem við vöruðum við í stjórnarandstöðunni á þeim tíma hafi gengið eftir. Og hvað var það sem við vöruðum við? Ég er hérna með útskrift af atkvæðaskýringu minni við lokaafgreiðslu málsins í febrúar 2007, ef ég man rétt. Þar talaði ég um að réttindi starfsmanna væru fyrir borð borin með breytingunni á rekstrarforminu og athugasemdir þeirra voru beinlínis hunsaðar í ferlinu, og enn fáum við ákall frá starfsmönnum Ríkisútvarpsins og það bendir allt til þess að það sem við vöruðum við, stjórnarandstaðan á þessum tíma, fyrir tæpum tveimur árum hafi gengið eftir. Réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins hafa verið fyrir borð borin og allt annað en hugsjónir um launajöfnuð og jafnrétti innan stofnunarinnar hafa verið iðkaðar þar, því miður.

Við töldum á sínum tíma, stjórnarandstaðan, að það væri ásetningur stjórnvalda að koma Ríkisútvarpinu í hendurnar á nánast einráðum útvarpsstjóra sem hefði bakland hjá ríkjandi stjórnvöldum. Það var búið að gefa út þær yfirlýsingar að launabil á milli starfsfólks mundi aukast þegar kjarasamningum starfsmanna yrði breytt úr miðlægum samningum á félagslegum grunni í það sem ríkisútvarpsstjórinn kallaði frjálsa samninga og allir þessir þættir, sem við vöruðum við á þessum tíma, hafa gengið eftir. Það er ríkir launaleynd í stofnuninni og langt í frá að starfsandi sé viðunandi í jafnstórri og mikilvægri stofnun. Við skulum ekki gleyma því hvaða hlutverki þessi stofnun hefur að sinna. Það er gríðarlega mikilvægt hlutverk, hlutverk sem er bundið í lög og stjórn Ríkisútvarpsins segir fullum fetum, bæði við menntamálanefnd fyrir fáeinum dögum og eins við starfshóp menntamálaráðherra, að Ríkisútvarpið hafi staðið við þjónustusamning og lagaskyldu en það sé upp á ríkið að klaga, það hafi ekki staðið við sitt.

[12:26]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi síðasta atriðið þá mótmæli ég því að ríkið hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar. En síðan gleymdi hv. þingmaður einu sem vinstri grænir töluðu einatt um í umræðunni að þetta væri bara fyrsta skrefið að einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Það er síður en svo þannig, við viljum hafa sterkt ríkisútvarp. Tillögurnar sem við erum að tala um núna varðandi hækkað afnotagjald bera þess merki að við viljum standa vörð um Ríkisútvarpið, við viljum styrkja það og meðal annars er inni í gjaldinu verið að taka tillit til hugsanlegrar skerðingar á auglýsingamarkaði. Það skiptir því miklu máli að frumvarpið verði afgreitt fyrir áramót þannig að Ríkisútvarpið standi sterkar eftir þessa umræðu.

Hv. þingmaður fór einmitt ágætlega yfir það í ræðu sinni hver sjónarmið Samkeppniseftirlitsins eru. En ég held að það væri varhugavert að gefa út þá línu að vegna þess hvernig markaðurinn er ættum við einfaldlega ekki að taka tillit til Samkeppniseftirlitsins. Auðvitað eigum við að taka tillit til þess sem þar kemur fram og þó að við séum ekki alltaf sammála öllum álitum sem koma frá Samkeppniseftirlitinu eða öðrum aðilum tel ég engu að síður ábyrgðarhluta ef við tökum ekki tillit til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram.

Hv. þingmaður dró líka fram að ástandið á markaðnum er erfitt. Eigum við þá ekki í ljósi þess ástands að koma með neinar tillögur? Sú tillaga sem við erum að tala um er leið til að koma til móts við þau sjónarmið, annars vegar til að hafa sterkt ríkisútvarp og hins vegar til að halda áfram öðrum miðlum, Skjánum og 365 miðlum og líka prentmiðlum, því að Ríkisútvarpið hefur líka áhrif á prentmiðlana. Ég þá tel miklu skipta að menn komi með aðrar tillögur sem séu til þess fallnar að halda uppi einmitt þessum sjónarmiðum sem ég hef verið að leggja ríka áherslu á. Ég tók eftir því að forsvarsmenn Skjásins sögðu eða töldu sig alla vega sjá fram á breytingar í rétta átt í þessu frumvarpi þó að þeir hefðu vissulega viljað að við gengjum lengra. Þeir vildu taka ríkið af auglýsingamarkaði, því er ég ósammála, en þeir benda á að þetta sé skref í rétta átt til að tryggja tilveru þeirra.

[12:28]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra hefur eflaust tekið eftir því að ég gaf ekki upp neina afdráttarlausa afstöðu í ræðu minni. Ég er þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að skoða hegðun Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. En við skulum muna það að Ríkisútvarpið hefur gríðarlega alvarlegar athugasemdir við álit Samkeppniseftirlitsins og segir ýmislegt sem þar er haldið fram vera ýkt og ekki rétt. Ég hygg að það sé í undirbúningi, ef það er ekki þegar búið, að skila erindi til Samkeppniseftirlitsins þar sem mótmælt er ákveðnum þáttum sem sagðir eru um hegðun Ríkisútvarpsins á markaði. Mér finnst sjálfsagt að Ríkisútvarpið – sjónvarp hagi sér þannig á markaði að auglýsingar séu ekki það ágengar í ríkissjónvarpinu að það fari í taugarnar á manni. Ég verð að viðurkenna að þeirri stefnu hefur ekki verið fylgt síðustu missirin. Mér finnst auglýsingar í ríkissjónvarpinu orðnar mun ágengari og kannski plebbalegri, ef maður leyfir sér að sletta, en mér finnst eðlilegt að þær séu. Ég skal styðja hæstv. ráðherra algerlega í því að gera einhverjar breytingar á þessu. Ríkisútvarpið hefur nú þegar breytt gjaldskrá sinni og gert ákveðnar ráðstafanir til þess að „plebbisminn“ haldi ekki áfram þannig að ég er sátt við að gera ákveðnar takmarkanir þarna. Ég var aðeins að velta upp efasemdum um að þessar aðgerðir geri það sem gera þarf til að bjarga því að hér sé einhver samkeppni. Svo velti ég því líka fyrir mér hvort í alvöru er samkeppni á milli Skjás eins og ríkissjónvarpsins því að Skjár einn er með allt annars konar dagskrá og ég sé ekki annað en að auglýsendur, auglýsingastofur og samtök auglýsenda krefji okkur um að fá að auglýsa hjá ríkissjónvarpinu. Þau segja að það sé hluti af þjónustunni við almenning og ég get tekið undir það sjónarmið líka. Ég segi einungis að það eru mörg álitamál í þessu máli. Ég er ekki búin að gera endanlega upp hug minn en vil þó segja að ég efast um að ég samþykki alveg á endanum að takmarka þetta svona mikið á kjörtíma eins og lagt er til í frumvarpi ráðherra.

[12:31]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tók eftir að hv. þingmaður hafði ekki tekið afstöðu. Ég veit að hv. þingmaður vinnur af einlægni og heilindum í þessu máli því að eins og ég skynja undirtónana í máli hennar deilum við sömu markmiðum, þ.e. að hafa annars vegar öflugt ríkisútvarp og hins vegar ákveðna fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Hv. þingmaður er bæði í starfshópnum, fjölmiðlahópnum, og hv. menntamálanefnd og hefur því góð tækifæri til að koma þessum sjónarmiðum sínum að. Ég undirstrika það sem ég sagði áðan, að ef nefndin finnur aðrar leiðir til að ná þessum markmiðum breytir hún tillögunni að sjálfsögðu í þá veru. Þetta er ekki heilagt skjal heldur viðleitni til að reyna að koma til móts við þau sjónarmið sem hafa verið sett fram af hálfu Samkeppniseftirlitsins og aðila á markaði en líka sjónarmið Ríkisútvarpsins og auglýsenda. Það er vandratað meðalvegur að koma til móts við þessi sjónarmið og ég treysti hv. þingmanni til að taka áfram af heilum hug þátt í umræðunni. Ég deili líka áhyggjum hv. þingmanns varðandi eignarhald á markaði. Þetta er varhugaverð þróun og þess vegna fær fjölmiðlahópurinn áfram það hlutverk að fara yfir eignarhaldið og hvernig hægt er að stuðla að því að fjölbreytni verði í eignarhaldi og fjölmiðlum á Íslandi. Ég efast um að við sjáum aftur þann mikla drifkraft sem var í fjölmiðlum fyrr en efnahagsástandið lagast og held að við verðum að vera það raunsæ hvað það varðar. En þá eigum við að vera tilbúin með tillögur sem stuðla að því að samkeppnin haldist og fjölbreytnin verði tryggð til að við fáum öflugt eftirlit fjórða valdsins, sem stundum hefur verið skortur á.

[12:33]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég skal ekki draga neitt af mér í vinnu við þetta mál í menntamálanefnd. Það hefur aldrei staðið annað til en að ég legði mig alla fram og ynni starf mitt af einlægni, eins og annars staðar þar sem ég kem að málum. En mér finnst skipta verulegu máli að ágreiningsefni okkar hæstv. ráðherra um rekstrarform Ríkisútvarpsins hefur ekki breyst. Ég er enn sömu skoðunar og ég var veturinn 2006–2007 þegar við tókumst á um breytingu á rekstrarforminu. Ég kann vel að setja fram breytingartillögu, þegar þetta frumvarp kemur aftur í þingsali, um að Ríkisútvarpinu verði aftur breytt í ríkisstofnun. Ég er enn þeirrar skoðunar að Ríkisútvarpinu sé best borgið í því rekstrarformi. (Gripið fram í.) Ég legg Ríkisútvarpið algerlega að jöfnu við Þjóðarbókhlöðuna, Þjóðleikhúsið, Landsbókasafnið og Listasafn Íslands þannig að ég tel að þetta eigi að vera ein af menningarstofnununum í flórunni okkar. Þegar við horfum til markaðarins, sem Samkeppniseftirlitið og hæstv. ráðherra reyna að gera, verðum við að átta okkur á því að við erum örmarkaður. Við erum eitt minnsta málsamfélag í Evrópu og okkur ber skylda til að halda í heiðri og viðhalda og varðveita íslenska tungu og íslenska menningu. Við getum ekki gert það svo vel sé nema við eflum menningarstofnanirnar okkar. Þess vegna hef ég alltaf verið fylgjandi því að Ríkisútvarpið fái þá fjármuni sem nauðsynlegir eru til að það geti staðið veglega undir lagaskyldu sinni. Ég hef aldrei verið trúuð á að það að senda Ríkisútvarpið út á markað til að láta það kljást við einhverja einkaaðila komi til með að gefa því svo digra sjóði að það geti staðið undir þessari lagaskyldu. Þess vegna kem ég til með að rökstyðja það við 2. umr. um þetta mál að ég leggi það til að Ríkisútvarpinu ohf. verði aftur breytt í ríkisstofnun.

[Fundarhlé. — 12:36]

[13:30]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Frumvarpið sem liggur fyrir um breytingu á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið, felur í sér margar og mjög viðamiklar breytingar á Ríkisútvarpinu ohf. og auglýsingum, tekjustofnum og öðru sem þar að lýtur.

Alltaf hlýtur að vera spurt hversu mikið ríkið á að skipta sér af einstökum þáttum í þjóðfélaginu og hvort eðlilegt sé að ríkisvaldið standi fyrir og reki fjölmiðil eins og Ríkisútvarpið. Ég hef í gegnum tíðina haft töluverðar efasemdir um að rétt sé að standa þannig að málum.

Í 3. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf. eru sett ákveðin ákvæði um hlutverk og skyldur þess. Það á að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Senda út til landsins alls og næstu miða hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá og framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni. Fræða og gera dagskrárþætti og halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi, flytja fjölbreytt skemmtiefni o.s.frv.

Ég hef stundum velt fyrir mér hvort því mikla fé, sem kemur til Ríkisútvarpsins í gegnum þvingaða áskrift allra þjóðfélagsþegna sem eiga útvarp eða sjónvarp, væri ekki betur varið ef það yrði notað til að sinna markmiðunum sem talin eru upp í 3. gr. laga um Ríkisútvarpið og deilt til stofnana og fjölmiðla sem gætu haft þessa þjónustu á hendi.

Ég tek heils hugar undir að nauðsynlegt er að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. En ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst Ríkisútvarpið ekki hafa gætt þess sem skyldi í starfsemi sinni undanfarin ár að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð þannig að sómi sé að.

Fjölmiðlar gegna ákveðnu öryggishlutverki og þar geta atriði skipt máli sem réttlæta að ríkið komi inn í rekstur fjölmiðils. Að fjölmiðill nái til allra landshluta og miðanna til að koma að fréttum, tilkynningum og öryggisatriðum sem þurfa að koma fram og verður ekki betur komið fram en í gegnum ljósvakamiðlana. Það getur í sjálfu sér réttlætt ákveðna starfsemi opinbers miðils.

Hins vegar er spurning hvort Ríkisútvarpið eða sá miðill sem þarf til að gæta að þessum öryggisatriðum þarf að vera það bákn sem Ríkisútvarpið er. Hvort nauðsynlegt sé að viðhalda afþreyingarútvarpsstöð og afþreyingarsjónvarpi til viðbótar við allt sem í boði er, m.a. í tölvutengdu formi eins og fjölmiðlun háttar til núna. Þegar það er skoðað verður ekki séð að þau gríðarlegu útgjöld sem skattborgararnir bera af rekstri Ríkisútvarpsins séu afsakanleg. Það liggur fyrir að langt er síðan að gera hefði þurft mjög mikilsverðar og mikilvægar skipulagsbreytingar á Ríkisútvarpinu. Taka það og rekstur þess til endurskoðunar og breytinga.

Í grein sem Óli Björn Kárason skrifar á fréttavef sinn AMX, sem ber heitið Gjaldþrot blasir við Ríkisútvarpinu að óbreyttu, segir, með leyfi forseta:

„Staða Ríkisútvarpsins ohf. er alvarleg og ef fyrirtækið væri ekki opinbert hlutafélag væri lítið annað sem biði þess í náinni framtíð en gjaldþrot. Ríkisútvarpið tók til starfa sem opinbert hlutafélag í apríl á liðnu ári og á sextán mánuðum tapaði fyrirtækið liðlega eitt þúsund milljónum króna á verðlagi í nóvember. Ætla má að allt eigið fé sé uppurið og raunar bendir flest til þess að eiginfjárstaðan sé neikvæð. Ef ætlunin er að halda rekstrinum áfram er vandséð hvernig komist verði hjá því að ríkissjóður leggi fyrirtækinu til aukið fé eða eignir seldar.

Í byrjun apríl 2007 var eigið fé Ríkisútvarpsins 878,6 milljónir króna en þar af var hlutafé tæpar 840 milljónir. Reikningsár fyrirtækisins er frá september til ágúst og í lok ágúst var eigið fé komið niður í tæpa 31 milljón króna. Þróun verðlags og gengis íslensku krónunnar frá þeim tíma hefur étið upp allt eigið fé og gott betur.

Skuldir Ríkisútvarpsins í lok ágúst námu alls 5.604 milljónum króna og hækkuðu um nær 200 milljónir á reikningsárinu. Frá því að fyrirtækið varð opinbert hlutafélag hafa skuldir hækkað um 625 milljónir, eða um 39 milljónir króna að meðaltali í hverjum mánuði.

Tapið nam alls 833,7 milljónum króna fyrir skatta eða um 69 milljónum króna að meðaltali á mánuði."

Þá segir áfram í umræddri grein, með leyfi forseta:

„Rekstrarvandi Ríkisútvarpsins virðist vera króníska því tap hefur verið reglan. Frá árinu 2001 hefur heildartap fyrirtækisins numið alls 2.663 milljónum króna á verðlagi hvers árs. Á verðlagi í nóvember sl. nemur tapið hins vegar 3.435 milljónum króna og er síðasta rekstrarár langversta starfsár fyrirtækisins. Á verðlagi í nóvember nemur tapið 935 milljónum króna og er þá stuðst við meðaltal neysluverðsvísitölunnar á reikningsárinu. Frá árinu 2001 hefur Ríkisútvarpið fengið 24.600 milljónir króna í afnotagjöld og er þá miðað við verðlag í nóvember."

Þetta er staðan sem blasir við varðandi þennan rekstur ríkisins á fjölmiðlum. Miðað við þær gríðarlegu fjárhæðir sem skattgreiðendur standa undir á ári hverju hlýtur það að kalla á spurningar um hvort við erum með frumvarpinu að fara rétta leið. Hvort ekki sé grundvallaratriði að gera sérstaka úttekt og rannsókn á fjölmiðlinum með tilliti til þess að rekstur hans og hlutafélagsins geti staðið undir sér og ekki sé um taprekstur að ræða sem skattgreiðendur eru látnir rétta af hverju sinni. Það er ólíðandi. Það verður að koma eðlilegum hlutum á framfæri.

Varðandi frumvarpið sjálft tek ég fram að 1. gr., þ.e. breytingu á 3. gr. laganna um Ríkisútvarp, er mjög góð viðbót sem skýrir með hvaða hætti og hvernig á að standa að málum og ég tel mjög gott að fá það fram sem þar stendur.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að sérstakur nefskattur verði áfram innheimtur svo sem kveður á um í 11. gr. laganna og nefskatturinn á að hækka úr því sem segir í lögunum úr 14.580 kr. á ári í 17.900. Miðað við hvernig til er stofnað og það að um er að ræða fyrirtæki í eigu ríkisins hefði ég talið eðlilegra að halda afnotagjöldum með þeim hætti sem gert er núna eða hreinlega fella þau niður og eingöngu sé um það að ræða að Ríkisútvarpinu væri fengi ákveðna fjárhæð á hverju ári af skattpeningum ríkisins. Mér finnst nefskattshugmyndin mjög ógeðfelld. Ég sætti mig ekki við að allir eigi að borga, hvernig sem á stendur, hvort sem þeir eiga útvarp eða sjónvarp eða ekki. Tekið er fyrir eðlilegt valfrelsi borgarans í þessu landi og það er óásættanlegt.

Við eigum jú að eiga rétt á vali. Við eigum að eiga rétt á því að velja fjölmiðil og hafna fjölmiðli. En með þessum hætti er öllum gert skylt að greiða.

Ég tel að eðlilegra væri, þar sem í lögum er vísað til álagningar opinberra gjalda, að þetta sé hluti af tekjuskatti einstaklinga og ríkisvaldið leggi þá stofnuninni til fé. En að ekki sé sérstakur nefskattur, því hann getur verið mjög óréttlátur í mörgum tilvikum.

Annað sem er gjörsamlega óskiljanlegt í frumvarpinu, miðað við það sem ég gerði grein fyrir fyrr í ræðu minni um hvernig fjárhagur Ríkisútvarpsins er, er það sem kemur fram í 4. gr. frumvarpsins um hlutfall auglýsinga í dagskrá. Það er með öllu óskiljanlegt að takmarka eigi svo sem þar greinir möguleika Ríkisútvarpsins á að afla sér tekna, á sama tíma og á að velta auknum byrðum yfir á skattgreiðendur. Ég hlýt að spyrja: Hvaða tilgangi getur það þjónað?

Hæstv. menntamálaráðherra upplýsti áðan að hlutur Ríkisútvarpsins í auglýsingatekjum útvarps væri 10% og sjónvarps 30%. Mér fundust þær tölur að vísu með nokkrum ólíkindum. En setjum sem svo að það sé rétt þá finnst mér það með ólíkindum að það eigi að fara þá leið sem er valin í frumvarpinu að miða við að auglýsingatíminn skuli vera innan við 200 sekúndur. Hver auglýsingatími skal vera innan við 200 sekúndur. Að vísu verð ég að viðurkenna að út frá eigingjörnum sjónarmiðum þætti mér það mjög henta því mér finnst fátt hvimleiðara en auglýsingar. En þær eru hluti af því fjölmiðlaumhverfi sem við búum við og ef við viljum hafa fjölmiðlun og afþreyingarefni og fræðsluefni verðum við að sætta okkur við auglýsingarnar því þær gera rekstur fjölmiðla mögulegan. En mér finnst með ólíkindum að setja þessa takmörkun.

Enn fremur þarf ég að fá skýrari rök en komu fram í ræðu hæstv. menntamálaráðherra um að taka eigi alfarið fyrir kostun. Vegna þess að kostun getur verið mjög mikilvægt úrræði þegar um er að ræða ákveðna sérstaka hluti sem sýnt yrði frá, eins og alþjóðamót í íþróttum og ýmislegt fleira sem þá er tekið fyrir möguleikana á að geta gert grein fyrir.

Mér finnast báðar breytingarnar vera fremur ómarkvissar. Frekar ætti að velta fyrir sér hvort Ríkisútvarpið yrði að sætta sig við að hlutfall þess á auglýsingamarkaðnum færi ekki yfir ákveðin mörk. Fyrir ári síðan hefði ég treyst mér til þess að vera talsmaður þess að um Ríkisútvarpið yrði hafður annar háttur á, mun meiri takmarkanir á auglýsingum í sjónvarpi heldur en hér er jafnvel gert ráð fyrir.

Ég átta mig á því að ég er einn fárra sem mæla fyrir því að ríkið hætti fjölmiðlarekstri þannig að ég verð að sætta sig við ofurvald meiri hlutans þótt hann hafi rangt fyrir sér. En eins og nú háttar til í íslensku fjölmiðlaumhverfi hefði ég talið að til þess að efla almenna fjölmiðlun í landinu yrðu gerðar verulegar breytingar á.

Eins og nú horfir í augnablikinu og með tilliti til ofurvalds meiri hlutans tel ég að ekki eigi að setja frekari höft í

augnablikinu á auglýsingar sjónvarpsins. Mér finnst mjög ótímabært að gera það og ætla að setja kostnaðinn af því yfir á skattgreiðendur, eins og greinilegt er varðandi þetta frumvarp.

Ég er á móti því að hækka nefskattinn. Ég er í sjálfu sér algerlega á móti nefskattinum sem slíkum og finnst mikilvægt að reyna þá að standa við það sem var ákveðið um tekjur Ríkisútvarpsins í 11. gr. laga nr. 6/2007 en víkja ekki frá því að öðru leyti en því. *Virðulegi forseti, ég tel nauðsynlegt að við föllum frá þessari glórulausu nefskattshugmynd og látum þetta alfarið vera mál sem heyrir undir fjárveitingavaldið hverju sinni sem og þær tekjur sem þarf að afla til að standa undir þeirri fjölmiðlun sem ríkið og meiri hlutinn vilja reka og það sé ekki greitt af fjárlögum og tekjurnar séu allar með sama hætti og aðrar tekjur úr ríkissjóði.*

[13:45]

Katrín Jakobsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langaði aðeins að ræða það sem hv. þingmaður nefndi um hlutverk Ríkisútvarpsins og hvort það væri hlutverk Ríkisútvarpsins að viðhalda afþreyingarútvarpsstöð og sýna afþreyingarefni í sjónvarpi. Nú held ég að flestir hv. þingmenn séu sammála um að ef það á að vera ríkisútvarp hafi það óneitanlega menningarhlutverki að sinna.

Eins og kom fram á fundi menntamálanefndar í vikunni eru útgjöld vegna erlends efnis í sjónvarpi hjá Ríkisútvarpinu um það bil 7% þannig að það er tiltölulega lágur hluti af kostnaði við rekstur RÚV. Á móti kemur hins vegar að það er að sjálfsögðu verið að sýna það sem kalla má innlent afþreyingarefni. Ég reikna með að hv. þingmaður telji Rás 2 vera afþreyingarútvarpsstöðina. Mér finnst þetta vera erfið skilgreining, þ.e. hver á að taka sér það skilgreiningarvald í hönd hvar menningunni sleppir og hvar afþreyingin tekur við. Við gætum tekið Rás 2 sem dæmi um þá útvarpsstöð sem sinnir best íslenskri menningu, því hún er sú stöð sem spilar mesta íslenska tónlist og hefur sinnt mestri nýsköpun í íslenskri tónlistarmenningu þannig að þar er ákveðið menningarhlutverk á ferð. Sama má segja um íslenskt afþreyingarefni sem um leið getur verið menningarefni. Mig langar því aðeins að heyra sjónarmið hv. þingmanns um hvernig eigi að skilgreina muninn á afþreyingu og menningu. Sú skilgreining hefur reynst mörgum erfið í gegnum tíðina og kannski vandséð að Ríkisútvarpið geti haldið sig frá afþreyingu.

[13:47]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Katrín Jakobsdóttir spyr mig hvernig ég vilji skilgreina afþreyingarefni en gat þess um leið í ræðu sinni að eiginlega væri vart hægt að finna þá skilgreiningu. Ég get alveg tekið undir með henni, það að skilgreina annars vegar afþreyingu og hins vegar menningu eða segja að þar á milli sé einhver hyldýpisgjá eða algjör skil getum við ekki gert, að sjálfsögðu ekki. Ég hef stundum sagt að ég velti fyrir mér hvernig það leggi rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð að sýna þætti í sjónvarpinu eins og Desperate Housewives og Sopranos en þar er hins vegar um vinsæla afþreyingarþætti að ræða og ekkert við því að segja. Ef sjónvarpið sem slíkt ætlar að lifa verður það eðlilega að sinna eðlilegri afþreyingu.

Ég get alveg fallist á það sem hv. þm. Katrín Jakobsdóttir sagði varðandi Rás 2 og það menningarlega gildi sem getur falist í því að vera með útsendingu á því sem kallað er dægurtónlist. Einni kynslóð hættir kannski til að skilgreina menningu með einum hætti en afþreyingu með öðrum hætti *en þeirri kynslóð sem næst kemur. Ég ætla mér ekki það* hlutverk að setja það í eitthvert samhengi en það er hins vegar sett fram sem ákveðin skilgreining í lögum um Ríkisútvarpið. Ákveðnum aðilum er þannig ætlað að skilgreina hlut eins og íslenska tungu, sögu, menningararfleifð og ýmislegt fleira. Það eru þeir aðilar sem hafa það hlutverk að feta þann meðalveg að skilgreina og gera með eðlilegum hætti grein fyrir því. Mér hefur fundist á skorta að næg rækt væri lögð við (Forseti hringir.) sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

[13:49]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Það kemur svolítið á óvart að hér skuli vera lagt fram stjórnarfrumvarp um breytingu á nýsettum lögum um Ríkisútvarpið, lögum sem voru sett eftir margra ára umfjöllun milli þáverandi stjórnarflokka þar sem leikurinn barst m.a. til ESA þar sem lagðar voru fyrir stofnunina hugmyndir að breytingum og lögin tóku síðan mið af því áliti sem þar fékkst. Ég er eindregið á þeirri skoðun að í svo fámennu ríki sem Íslandi sé nauðsynlegt að hafa ríkisútvarp sem er bæði öflugt sem útvarp og sjónvarp og gegnir því öryggishlutverki sem nauðsynlegt er að einhver aðili hafi á hendi hér á landi. Ég held að stjórnvöld verði að fara mjög varlega í að breyta stöðu Ríkisútvarpsins þannig að það veiki þetta meginhlutverk þess.

Þetta er ekki afmarkað við Ísland, heldur hefur viðhorf stjórnvalda og löggjafarþinga í flestum ef ekki öllum ríkjum Evrópu verið það að rétt sé að hafa ríkisútvarp. Deilur um það hvort eigi að hafa ríkisútvarp eða ekki eru miklu minni en um ýmis önnur atriði tengd fjölmiðlum þannig að ég læt það koma fram, virðulegi forseti, af þessu tilefni og ítreka afstöðu mína til Ríkisútvarpsins sem slíks. Það er enn þýðingarmeira í fámennu þjóðfélagi en fjölmennu því að það er miklu erfiðara að halda úti öðrum fjölmiðlum algerlega á forsendum einkareksturs en þar sem margmennið er meira. Í svo fámennu þjóðfélagi eins og hér er mjög erfitt að reka öfluga útvarps- og sjónvarpsstöð og fjölmiðla nema það sé mjög mikið góðæri og mikill kaupmáttur í viðkomandi þjóðfélagi. Það hefur að sumu leyti verið á undanförnum árum og þess vegna hefur verið töluverð gróska í fjölmiðlum en hún er miklu meiri en ætla má að efni standa til þegar horft er til lengri tíma. Ég held að menn þurfi að vera viðbúnir því að framboð af efni muni eitthvað minnka í fjölmiðlum á undanförnum árum miðað við það sem hefur verið á síðustu árum. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það.

Það er t.d. ekki við því að búast að unnt sé að reka nema eina aðra sjónvarpsstöð fyrir utan ríkissjónvarpið með góðu móti. Það er hugsanlegt að reka einhverjar sérhæfðar stöðvar á takmörkuðu svæði með takmörkuðu efni en sem stöð

sem sinnir landinu öllu er ekki við því að búast að svigrúm sé fyrir nema eina aðra stöð en Ríkisútvarpið. Ég held að einmitt í ljósi þess hversu miklir annmarkar eru þó enn á því að útvarps- og sjónvarpsstöðvar nái um allt land eigi menn ekki að veikja Ríkisútvarpið. Það eru ýmis svæði á landinu sem einkastöðvarnar þjóna ekki og munu væntanlega ekki gera í náinni framtíð, meira að segja á landsvæðum sem eru ekki fjarri höfuðborgarsvæðinu.

Meginkjarninn í þessu máli sýnist mér vera sá að mæta erfiðleikum fjölmiðla á einkamarkaði með því að þrengja að Ríkisútvarpinu og leggja aukna skatta á landsmenn, færa fé með óbeinum hætti yfir til einkafjölmiðlanna. Það sýnist mér vera kjarninn í þessu máli. Það versta í frumvarpinu er að tekjuöflunin og Ríkisútvarpið eru slitin í sundur. Í gildandi lögum hefur Ríkisútvarpið afnotagjaldið, og nefskattinn þegar þar að kemur. Þá er nefskatturinn gjald sem Ríkisútvarpið hefur til ráðstöfunar. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að slíta þarna í sundur þannig að nefskatturinn verði tekjuöflun ríkissjóðs, ekki Ríkisútvarpsins heldur ríkissjóðs, og síðan mun Ríkisútvarpið fá framlög af fjárlögum samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Nefskatturinn er með þessu frumvarpi hættur að vera skattur til Ríkisútvarpsins, heldur er orðinn skattur til ríkissjóðs. Ég spái því að strax í öðrum fjárlögum héðan í frá muni ríkið taka hluta af þessum nefskatti og halda honum eftir og ekki skila honum inn í Ríkisútvarpið. (Gripið fram í.) Já, virðulegi forseti, ég er eiginlega á þeirri skoðun og leyfi mér bara að spá því. Ég trúi því að það gerist ekki strax í næstu viku þegar fjárlög verða afgreidd, en ég hef mikla trú á því að það verði strax í næstu fjárlögum þar á eftir, fyrir árið 2010, sem nefskatturinn verður orðinn hluti af tekjuöflun ríkissjóðs og Ríkisútvarpinu verði gert að skera niður, það fái ekki þennan nefskatt eins og gildandi lög kveða á um. Það finnst mér eiginlega vera skemmdarverk á löggjöfinni um Ríkisútvarpið, virðulegi forseti, sem er ekki nokkur leið fyrir mig að standa að og ég mun standa gegn því ákvæði frumvarpsins.

Mér finnst það heldur ekki vera hlutverk ríkisstjórnarinnar að nota Alþingi til að finna úrræði til að bjarga fjárhagslega illa stæðum fjölmiðlafyrirtækjum á einkamarkaði. Einkamarkaðurinn á að sjá um það. Fjölmiðlun á einkamarkaði hefur verið mjög lífleg á undanförnum árum. Hún hefur að mínu mati verið langt umfram það sem efni standa til, það sem neytendur eru tilbúnir til að borga. Þeir eru núna tilbúnir til að borga minna en áður og einkamarkaðurinn verður einfaldlega að draga saman seglin í samræmi við það. Hér reynir ríkisstjórnin að koma í veg fyrir að lögmál markaðarins nái fram að ganga með því að sækja fé í vasa skattgreiðenda og færa það með óbeinum hætti yfir í vasa þeirra sem eiga einkafjölmiðlana á Íslandi. Þeir eru bara því miður ekki nógu margir. Mér finnst ekki ráðlegt að gera þessa björgunaraðgerð nema að samhliða verði sett ákvæði um eignarhald á fjölmiðlum. Það vantar inn í þetta frumvarp og ég spyr: Hví er það svo að þessi ríkisstjórn hlífir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vill færa honum þessa peninga? Hvaða tök hefur hann á þessari ríkisstjórn að hann geti náð þessu fram? Hvers vegna gerir ríkisstjórnin ekki það hvort tveggja sem hún á að gera, og það vantar seinni hlutann, ákvæði um takmörkun á samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlum?

Það er algerlega óásættanlegt að standa að þessum fjármagnsflutningum nema þetta verði gert samhliða þannig að við búum við þann einkafjölmiðlamarkað sem er sæmilega frjáls og óháður. Ég vil bæta því við, virðulegi forseti, að það vantar líka inn í löggjöfina ákvæði sem tryggja að þeir sem starfa á fjölmiðlunum, þ.e. blaðamenn og ritstjórar, séu óháðir eigendum fjölmiðlanna. Það eru engin ákvæði í lögunum í dag sem vernda þá fyrir húsbóndavaldi eigendanna. Enda sjáum við þess stað í fjölmiðlunum að húsbóndavaldið er sýnilegt oft og tíðum. Þetta þarf að gera, virðulegi forseti, og það er stórlega ámælisvert af ríkisstjórninni sem samanstendur af stærstu tveimur flokkum landsins sem hafa alla trú á frjálsri samkeppni að láta hjá líða að setja nauðsynleg ákvæði sem tryggja hér einhverja samkeppni, það sé ekki ofursamþjöppun fjölmiðla sem ekki eru í eigu ríkisins. Þetta þarf að gera, virðulegi forseti, og vantar inn í þetta mál.

Hitt vil ég taka undir sem fram kemur, og ég hygg að það hafi komið fram hjá mér við fyrri tækifæri eins og við afgreiðsluna á gildandi lögum um Ríkisútvarpið, að ég er á þeirri skoðun að Ríkisútvarpið hafi verið of fyrirferðarmikið á auglýsingamarkaði hér á landi, það hafi tekið of stórt pláss á þeim markaði sem fyrir hendi er og þrengt þannig að einkafjölmiðlunum. Það var sjónarmið mitt fyrir tveimur árum að það væri kannski helsti ágallinn á núgildandi lögum að ekki hefðu verið reistar skorður við tekjuöflun Ríkisútvarpsins að þessu leytinu til, enda varð það uppspretta meginóánægju aðila á einkamarkaði sem hefur verið fyrir hendi síðan þá og heldur frekar farið vaxandi en hitt. Menn rekja dæmi þess að Ríkisútvarpið hafi gengið nokkurt hart fram í þessum efnum sem ég skal ekki leggja mat á, en er auðvitað ekki til að hjálpa þeirra málstað ef svo er. Mér finnst skynsamlegt að setja takmörkun á svigrúm Ríkisútvarpsins að þessu leytinu til.

Ég er sammála þeim sjónarmiðum að það eigi ekki að ganga svo langt að banna Ríkisútvarpinu að vera með auglýsingar. Þar er ég að hugsa um hagsmuni þeirra sem borga auglýsingarnar, hagsmuni auglýsendanna sjálfra. Þeir segja fullum fetum að ef gengið yrði svo langt yrði við svo fáa að eiga að það yrði lítil samkeppni og þeim yrði gert að borga miklu hærra verð fyrir auglýsingatímana. Það verður að hafa svigrúm fyrir Ríkisútvarpið til að vera með auglýsingar til að tryggja ákveðna samkeppni um auglýsingaverðið og tryggja hagsmuni þeirra sem auglýsa. Ég er út af fyrir sig sammála þessum þætti í frumvarpinu þó að ég hafi ekki sett mig ofan í það í smæstu atriðum hvort sú útfærsla sem þar er gangi of langt eða ekki en í meginatriðum er ég sammála því að það sé rétt að takmarka möguleika Ríkisútvarpsins til auglýsinga og huga að stöðu þeirra sem eru utan Ríkisútvarpsins.

Virðulegi forseti. Það eru ýmis fleiri atriði sem má nefna en þetta eru stærstu atriðin að mínu viti. Það er þessi alvarlega aðgerð að slíta í sundur nefskattinn og þann sem á að fá skattinn sem verður auðvitað til þess að hann fær ekki skattinn þegar fram líða stundir nema að einhverju marki eins og ákveðið er hverju sinni í fjárlögum. Mér finnst það eiginlega alvarlegasta aðgerðin í þessu máli. Svo er hitt, að hækka skatta á almenning um 700–1.000 millj. kr. á ári og færa þá fjárhæð í raun og veru yfir til einkafjölmiðla án

þess að setja þeim einhverjar frekari reglur til að starfa eftir, bæði hvað varðar eignarhald og sjálfstæði þeirra sem starfa að blaðamennsku. Það er hvort tveggja nauðsynlegt til að tryggja sæmilega vandaða umfjöllun fjölmiðla hér á landi sem auðvitað er það oft og tíðum en mér finnst líka ansi mörg dæmi um að svo sé ekki og mér finnst þau dæmi fara versnandi eftir því sem tíminn líður.

Ég hef svolitlar efasemdir um þetta hlutverk útvarpsréttarnefndar og að setja Ríkisútvarpið eitt fjölmiðla í þá stöðu að hafa yfir sér refsivöndinn. Ég veit svo sem ekki hverjum er ætlað að vera refsivöndur Ríkisútvarpsins í útvarpsréttarnefnd, hvort það er Kjartan Gunnarsson eða einhver annar slíkur sem á að passa að menn haldi sig innan þeirra marka sem honum sýnist að lögin kveði á um. Við fyrstu sýn finnst mér býsna langt gengið í að þrengja að Ríkisútvarpinu með þessu þó að ég geti fallist á að einhver aðili þurfi að sjá um að lögunum sé framfylgt. Eðlilegast er að ráðherrann geri það, til þess er hann, meginhlutverk framkvæmdarvaldsins er að túlka lögin.

Ég staldra aðeins við ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun. Ég skil ekki alveg hvað í því felst að ákvæðin skuli sæta endurskoðun, hvort það þýði þá heimild til ráðherra til að gera breytingar án þess að leggja þær fyrir Alþingi eða hvort í því felist eitthvað annað sem ég hef ekki komið auga á.

[14:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka um margt athyglisverða ræðu hjá hv. þingmanni sem kom inn á marga punkta, marga sem hægt er að taka undir en aðra þar sem virðist gæta ákveðins misskilnings.

Útvarpsréttarnefnd hefur nú verið breytt og er nokkuð síðan að það gerðist. Formaður hennar er nú Bernharð Bogason sem mun hafa eftirlit með fjölmiðlunum og þar með Ríkisútvarpinu.

Varðandi það frumvarp sem er hér til umræðu er rétt að árétta að við erum ekki að tala um almenna fjölmiðlalöggjöf heldur sérlöggjöf um Ríkisútvarpið þar sem í fyrsta sinn er rætt um ákveðnar þrengingar eða aðhald á Ríkisútvarpið á auglýsingamarkaði. Hv. þingmaður hefur sett fram sín sjónarmið með markvissum hætti sem eðlilegt er að tekið verði tillit til og farið yfir hjá hv. menntamálanefnd.

Það hefði nú betur verið þannig að við hefðum samþykkt fjölmiðlalögin hin síðari fyrst að hæstv. forseti okkar samþykkti ekki fyrri lögin. Ég minni hv. alþingismann Kristin H. Gunnarsson á að eftir að uppákoman varð 2004 skipaði ég þverpólitíska nefnd sem skilaði þverpólitísku og heildstæðu áliti varðandi eignarhald á fjölmiðlum. Hvað gerðist? Þingið stoppaði það, það stoppaði í nefnd. Það vantaði ekki sjónarmið eða skoðanir af minni hálfu og míns flokks og samstarfsflokks á þeim tíma til að reyna að koma þessu í gegn en stjórnarandstaðan á þeim tíma stoppaði þetta frumvarp sem, merkilegt nokk, var engu að síður þverpólitísk samstaða um. Við hefðum betur farið með það frumvarp í gegn.

Ég tek undir með hv. þingmanni hvað þetta varðar. Það þarf að fara yfir eignarhald á fjölmiðlum (Forseti hringir.) hvort sem það er í nútíð eða framtíð. Og það verður líka hlutverk þess hóps sem er skipaður af öllum flokkum að fara einmitt yfir þann þátt málsins og gera það áfram.

[14:07]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað skylt og rétt að fara með það sem sannara reynist í hverju máli og ég þakka ráðherranum fyrir að leiðrétta mig varðandi útvarpsréttarnefnd, hafi ég farið þar aðeins á skjön við það sem er reynd í dag.

Hvað varðar fjölmiðlalögin frá 2004 þá greiddi ég atkvæði gegn þeim og sé ekki eftir því, ekki vegna þess að ég væri á móti því að setja löggjöf eða teldi ekki þörf á að setja einhverja löggjöf um takmarkanir á eignarhaldi heldur vegna þess að þar var svo langt gengið. Það var gengið svo yfirgengilega langt að þetta var eiginlega bara einelti. Fyrrverandi forsætisráðherra fór offari í málinu og fór miklu lengra en efni stóðu til og hægt var að rökstyðja á þeim tíma.

Það var að mínu viti meginástæðan fyrir því að í raun og veru varð þjóðin algerlega andvíg þessu máli sem var svo staðfest í ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja málið ekki í dóm kjósenda eins og forsetinn bauð upp á með sínum aðgerðum. Það var auðvitað val ríkisstjórnarinnar hvort hún legði gjörðir sínar í dóm kjósenda eða tæki gjörðir sínar til baka. Niðurstaða ríkisstjórnarinnar varð að taka málið til baka.

[14:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé mikilvægt að þetta hafi komið fram. Ég er sammála hv. þingmanni, þjóðin var sammála því að það þyrfti lög um eignarhald á fjölmiðlum. Ég studdi eindregið, og geri enn, að það eigi að setja ákveðnar rammareglur um hvernig eignarhald á fjölmiðlum eigi að vera með það að markmiði að hér verði fjölbreytni í fjölmiðlum en ekki síður aðhald af hálfu fjölmiðla. Ég held að ég og hv. þingmaður séum sammála um þetta atriði.

Það má deila um aðferðafræðina sem var sett fram á sínum tíma. Ég hef ekki dregið dul á að það hefði verið heppilegra að ná breiðu samkomulagi um frumvarpið 2004 en þetta breiða samkomulag fékkst síðan 2005, þverpólitískt samkomulag í nýrri fjölmiðlanefnd fékkst í gegn. Ég lagði fram frumvarp sem byggði á því samkomulagi en hvað gerðist? Þingið stöðvaði málið. Það fékk annað tækifæri til þess að koma heildstæðri fjölmiðlalöggjöf í gegn en stjórnarandstaðan á þeim tíma stöðvaði málið og mér finnst það miður.

Engu að síður greini ég að við hv. þingmaður erum sammála um að við eigum að halda þessu verki áfram til þess að ná fram skynsamlegri löggjöf, ekki ofstopafullri heldur skynsamlegri löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Ég held að það sé á ábyrgð okkar stjórnmálamanna að fylgja því eftir hvernig sem aðstæður eru í samfélaginu, því fjölmiðlar skipa og gegna mikilvægu hlutverki. Þeir verða að veita okkur aðhald hvort sem það eru stjórnmálamenn, eftirlitsstofnanir og ekki síst fyrirtæki. Þeir verða að veita fyrirtækjunum aðhald í málefnalegri umfjöllun sinni og gagn-

rýnni umfjöllun um þá starfsemi sem um er að ræða hverju sinni.

[14:10]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kom ekki að þessu máli á Alþingi 2005 þegar frumvarpið sem hæstv. menntamálaráðherra minnist á var til umræðu þannig að ég er ekki með í kollinum í svipinn hvernig atburðarásin var eða á hverju strandaði á þeim tíma.

Ég tek eftir því að hæstv. ráðherra segir að það þurfi að gera það sem ég nefndi, setja löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Þótt það hafi kannski ekki verið eins skýrt þá skildi ég hana þannig að það þyrfti líka að huga að stöðu þeirra sem vinna á fjölmiðlunum þannig að tryggt sé að þeir geti unnið sitt starf algerlega óháðir húsbóndavaldi eigenda fjölmiðilsins. Það er lykilatriði að þessi staða sé trygg ef fjölmiðlar utan ríkisfjölmiðla eiga að ná einhverjum trúverðugleika til lengri tíma.

Mér finnst vel þessi virði að hreyfa við þeirri hugmynd að ríkið leggi fram fjármuni til að styrkja tiltekna starfsemi í einkafjölmiðlum sem renni til að styrkja stöðu sjálfstæðra fjölmiðlamanna, ef það er talið nauðsynlegt til þess að ná því markmiði fram. Því fé yrði að mínu mati vel varið ef þetta markmið næðist og stuðlaði að heilbrigðri umfjöllun um þjóðmál hér á Íslandi.

[14:12]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum hér breytingar á lögum um RÚV ohf. Ég hef reyndar aldrei skilið hvernig einkaaðilar geti verið í samkeppni við RÚV. Miðað við allan þann gífurlega styrk sem það fyrirtæki fær ætti sú samkeppni að vera algerlega vonlaus nema eitthvað mikið sé að í rekstrinum. Samkeppnin er nokkur þannig að maður getur dregið sínar ályktanir af því.

Verið er að hækka sérskatt vegna þessa fyrirtækis og ég ræði það á eftir. Ég fer ekki ofan af því og skammast mín ekkert fyrir það að ég flutti hér frumvarp um að selja RÚV, það var mál nr. 54 á 132. þingi, vegna þess að ég treysti samkeppniseftirlitinu í landinu sem margir virðast ekki gera nú. Ég tel að Ríkisútvarpið sé virkilega góð stofnun með hæft og gott starfsfólk sem örugglega blómstrar þegar búið verður að breyta því í einkafyrirtæki. Ég hef mikla trú á starfsmönnum RÚV þótt fyrirtækið búi við það helsi í dag að vera í algerri eigu ríkisins.

Áðan var nokkur umræða um sjálfstæði fréttamanna og það var talað um sjálfstæði fréttamanna hjá einkastöðvum. Hvers vegna er ekki umræða um sjálfstæði fréttamanna hjá ríkisstöðinni? Það vill svo til að Ríkisútvarpið er í eigu ríkisins, ríkinu er stjórnað af stjórnmálamönnum og þeir hafa yfirleitt mjög sterkar skoðanir á hlutunum og vilja gjarnan koma þeim fram. Ríkisútvarpið er þannig mjög háð eigendum sínum. Ef nokkur stöð er háð eigendum sínum þá er það Ríkisútvarpið því þar er meira að segja bara einn eigandi og hann er með óskorað vald — það er ríkisvaldið. Í ljósi þeirrar gerjunar sem er í þjóðfélaginu þessa dagana, þegar gagnrýni er beint á allt og alla, hljóta menn að efast um það hvort Ríkisútvarpið sé óháð ríkisvaldinu.

Svo getur maður spurt sig, hvers vegna í ósköpunum rekur ríkið fjölmiðil? Af hverju ekki bókaútgáfu eða hvað sem er, skipaútgerð eins og það gerði reyndar einu sinni.

Þetta frumvarp er stútfullt af forsjárhyggju. Það er talað um að meta eigi kostnað við rekstur almannaþjónustu. Ég ætla bara að grípa niður í nokkur atriði.

Hver auglýsingatími skal vera innan við 200 sekúndur. Ég segi nú bara, af hverju ekki 201 eða 210? Hvaðan koma þessar 200 sekúndur? Það er talað um kjörtíma og verið sem sagt hérna í lögum að vasast í viðskiptum.

Í þessu frumvarpi er dálítið mikil breyting sem ég gleðst mjög yfir. Hún er að nú á Ríkisútvarpið að fara á fjárlög og það á að gera samning við það. Þá er stutt í að þessi samningur verði boðinn út þar sem starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. geti eins og aðrir boðið í þá þjónustu í almannaþágu sem hér er rætt um og nákvæmlega lýst.

Síðan er í frumvarpinu merkilegt ákvæði um að sektir geti numið allt að 10 millj. Bíðum nú við, herra forseti, sektir til hvers og frá hverjum? Hver fær sektirnar? Það er eigandinn. Hvaða máli skiptir þetta? Ég sé engan tilgang í þessu. Miklu betra væri að segja að ef brotið sé gegn lögunum skuli forstöðumaðurinn hætta fyrirvaralaust.

Ég ætla að ræða um skattamálin. Skatturinn er hugsaður sem þjónustugjald eða þannig að hver einstaklingur borgi. Reyndar ekki þeir sem eru undir ákveðnum tekjumörkum og heldur ekki þeir sem eru sjötugir og eldri. Þeir hlusta að sjálfsögðu á útvarp líka og alveg furðulegt að moldríkur áttræður karl með miklar eignir, góðar lífeyristekjur og tekjur af ýmsu öðru skuli sleppa við að borga gjaldið. Ég skil það nú bara ekki.

Fyrirtæki eiga að borga líka, þ.e. sinátrillukarl sem er með hlutafélag um trilluna sína — trillan skal fá að borga líka. Eigandinn er búinn að borga fyrir sig því hann borgar sjálfur sem skattþegn. Hann er búinn að borga fyrir hlustun á útvarpinu en svo á trillan að borga líka. Ég veit ekki til þess að trillur hlusti á útvarp eða horfi á sjónvarp. Málið vandast kannski þegar kemur að notkun útvarps í fjósum en ég ætla ekki að fara nánar út í það hvort eigi að skattleggja kusurnar.

Nefskattur er afskaplega ósanngjarn vegna þess að ef menn hafa einni krónu meira en nemur þessum mörkum borga menn þennan nærri því 20.000 kall plús 6.000 kall eða 7.000 kall í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þá eru menn farnir að borga nærri 30.000 kall fyrir eina krónu.

Það hefði verið miklu skynsamlegra að setja þetta inn í persónuafsláttinn og lækka hann sem nemur þessu. Það kemur nákvæmlega eins út nema það væri jafnara varðandi þessa einu krónu og miklu ódýrari framkvæmd. Ég lagði þetta til á sínum tíma, herra forseti, en að sjálfsögðu var það ekki rætt frekar. Við erum komin með sérskattalög fyrir þetta fyrirbæri sem svo auðveldlega mætti setja inn í persónuafsláttinn í venjulegum skattalögum. Síðan mætti sérgreina tekjurnar af því ef menn vilja endilega sjá það í ríkisbókhaldinu.

[14:19]

Rósa Guðbjartsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir ýmislegt sem komið hefur fram hjá ræðumönnum á undan mér, t.d. varð-

andi það að eignarhald á fjölmiðlum skuli taka aftur til umfjöllunar á þingi og líka það hvort ríkið eigi yfirleitt að vera í fjölmiðlarekstri. En við erum að ræða þessar breytingar á lögum um Ríkisútvarpið sem nú hafa litið dagsins ljós og ég tel að þær séu fagnaðarefni. Frumvarpið er mikilvægt skref í átt til þess að rétta samkeppnisskilyrðin á fjölmiðlamarkaðnum, þar sem umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði verða nú takmörkuð, en eins og við þekkjum hafa forsvarsmenn einkareknu sjónvarpsstöðvanna kallað ákaft eftir slíkum breytingum og telja að þannig breytist og batni rekstrarumhverfi einkastöðvanna.

Samkeppniseftirlitið hefur nýlega sent frá sér álit þar sem fullyrt er að þátttaka Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði sé meginástæða þess að hér fáist ekki fleiri fjölmiðlar þrifist en raun ber vitni. Það er því sannarlega verið að stíga jákvæð skref og í raun vil ég segja að í því felist nokkurt hugrekki að leggja fram þetta frumvarp núna.

Ég get hins vegar tekið undir með þeim sem bent hafa á að tækifæri á ljósvakamiðlamarkaðnum fyrir nýja aðila til að setja fjölmiðla á laggirnar eru kannski helst á útvarpssviðinu. Það er jú talsvert umfangsminni starfsemi og því mundi það e.t.v. skapa betri rekstrarskilyrði fyrir einkaaðila og þar með auka fjölbreytni á þeim markaði ef takmarkanir á auglýsingum næðu líka til útvarps eða hljóðvarps Ríkisútvarpsins. Þetta er ábending sem ég tel að ætti að taka til skoðunar við meðferð frumvarpsins hér í þinginu. Ég tel þó að sú skelfing ætti ekki að bætast við þá sem nú er lögð til, heldur að sama markmiði mætti ná með því að dreifa þessum takmörkunum á auglýsingatíma milli hljóðvarps og sjónvarps.

Það hefur verið fullyrt að tekjutap RÚV verði umtalsvert við þessar breytingar. Aðrir benda þó á að kannski þurfi tekjutapið ekki að verða eins mikið og haldið er fram þar sem eftir álit Samkeppniseftirlitsins og fullyrðingar um undirboð á þessum markaði hafi nú vinnureglur þar að lútandi verið hertar og strangar farið eftir útgefinni verðskrá. Þetta mun tíminn leiða í ljós en við vitum auðvitað líka hvað þetta umhverfi hefur allt breyst gríðarlega á undanförnum vikum og mánuðum, mikill samdráttur í þjóðfélaginu þýðir auðvitað umtalsverðan samdrátt í auglýsingum og þá tekjutap.

Markmiðið sem stendur upp úr er að hér verði öflugt ríkisútvarp með þeim markmiðum sem það hefur í núverandi starfsemi, en jafnframt að fjölbreytni á þeim markaði verði tryggð.

Ég set hins vegar spurningarmerki við þann þátt frumvarpsins sem kveður á um að Ríkisútvarpinu sé óheimilt að afla tekna með kostun nema þegar um er að ræða tiltekna stórviðburði en eins og segir í frumvarpinu þá þurfi að skilgreina hvað séu stórviðburðir. Í frumvarpinu er tekið fram að heimildir til kostunar stórviðburða skuli kveðið á um í þjónustusamningi, samkvæmt nýrri 3. mgr. 3. gr., og gert er ráð fyrir því að nánari reglur verði settar í samninginn t.d. um innlenda íþróttaviðburði. Þetta er að mínu mati mjög mikilvægt atriði þar sem við gerum okkur grein fyrir því hvaða áhrif algjört bann eða mikil takmörkun við kostun á slíkum viðburðum gæti þýtt, t.d. vegna beinna útsendinga frá íslenskum íþróttaviðburðum, beinna útsendinga frá handboltaleikjum, körfuknattleik, knattspyrnu eða öðru slíku sem er eins og við þekkjum mjög vinsælt sjónvarpsefni en meginþorri slíkra útsendinga er einmitt mögulegur vegna kostunar.

Slíkar útsendingar Ríkisútvarpsins hafa að mínu mati mikla samfélagslega þýðingu og vitað er að íþróttahreyfingin hefur miklar áhyggjur af því að slíkar útsendingar gætu jafnvel lagst af verði kostun umtalsverðum takmörkunum háð. Um er að ræða íþróttaviðburði sem einkastöðvarnar hvort eð er sækjast yfirleitt ekki í að sýna frá og eru þær útsendingar því ekki í samkeppni við önnur útvarpsfyrirtæki. Að mínu mati er mjög mikilvægt að gæta gaumgæfilega að þessu svo tryggt verði að beinar útsendingar frá innlendum íþróttaviðburðum leggist ekki af.

[14:24]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Um það frumvarp sem við ræðum hér, frumvarp til laga um breyting á lögum um Ríkisútvarpið ohf., má kannski segja að þrátt fyrir að frumvarpið varði Ríkisútvarpið þá tengist það auðvitað þeirri stöðu sem nú er uppi á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að íslenski fjölmiðlamarkaðurinn hefur gengið í gegnum gríðarlega miklar þrengingar á þessu ári og ekki síst síðustu vikum og mánuðum sem stafa af þeim mikla samdrætti sem orðið hefur í íslensku efnahagslífi og hefur lýst sér í miklum niðurskurði hjá fjölmiðlunum öllum. Ég gat þess í utandagskrárumræðu sem fram fór fyrir nokkrum dögum um málefni Ríkisútvarpsins að vegna þessara þrenginga hefur yfirstjórn Ríkisútvarpsins tilkynnt að félagið muni ráðast í niðurskurð sem nemur 700 millj. kr. Þetta er gríðarlegur niðurskurður með tilheyrandi skerðingu á þeirri þjónustu sem Ríkisútvarpið veitir og uppsögnum starfsmanna. Þar fyrir utan hafa auðvitað aðrir fjölmiðlar ekki farið varhluta af því ástandi sem nú ríkir, við horfum fram á að sjónvarpsstöðin Skjárinn hefur sagt upp öllu sínu starfsfólki og það hefur verið óljóst með framtíð þess fjölmiðils. *Viðskiptablaðið* sem kom út fimm sinnum í viku, kemur núna út einu sinni í viku sem þýðir auðvitað mikinn samdrátt í mannahaldi hjá því fyrirtæki. Árvakur sem rekur *Morgunblaðið* hefur átt í erfiðleikum með að greiða starfsmönnum sínum laun á réttum tíma og þá höfum við orðið vitni að því að 365, það fjölmiðlafyrirtæki, hefur einnig átt í erfiðleikum og þurft að draga saman seglin, fyrir utan síðan þá fjölmiðla sem horfið hafa af markaðnum, eins og t.d. *Blaðið*. Allt þetta hefur þýtt miklar uppsagnir á fjölmiðlamarkaðnum sem eru auðvitað gríðarlega þungbærar fyrir fyrirtækin, en ekki síst og aðallega fyrir þá starfsmenn sem í hlut eiga og hafa misst vinnuna.

Það er ekkert hægt að draga fjöður yfir það að staðan á íslenskum fjölmiðlamarkaði er grafalvarleg og óljóst hver framtíð þessara fjölmiðla verður, vonandi er hún björt til framtíðar en það eru miklir erfiðleikar sem nú steðja að og dynja á þessum fyrirtækjum.

Þetta frumvarp helgast að sínu leyti af þessu ástandi og því er ætlað að reyna að bregðast við þeim aðstæðum sem ég hef nú lýst, jafnvel þótt það varði einungis Ríkisútvarpið. Það tengist að sama skapi tillögum og umræðum sem farið hafa fram í starfshópi sem hæstv. menntamálaráðherra

skipaði, þeim starfshópi var ætlað að fara yfir fjölmiðlamarkaðinn, stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og eignarhald á fjölmiðlamarkaði. Ég hef átt sæti í þessari nefnd og við höfum velt fyrir okkur hvernig best sé að bregðast við þeirri stöðu sem nú er uppi. Það má segja að þau sjónarmið sem hafa verið rædd í nefndinni endurspeglist í ákvæðum þessa frumvarps, ekki síst hvað varðar þær reglur sem lúta að auglýsingum og heimildum Ríkisútvarpsins til að afla sér tekna með auglýsingum.

Þegar við fengum þetta mál til umfjöllunar og úrlausnar var ljóst að allir fjölmiðlarnir sem reknir eru á Íslandi voru í erfiðleikum. Ég hef heyrt í umræðunum hér að skiptar skoðanir eru um þær leiðir sem farnar eru varðandi heimildir Ríkisútvarpsins til að afla sér tekna með auglýsingum og hvernig haga eigi auglýsingamarkaði í íslenskri fjölmiðlun. Það er eðlilegt vegna þess að eins og staðan er á íslenskum fjölmiðlamarkaði er ekki hægt, það er nauðsynlegt að segja það, að finna einhverja eina patentlausn sem virkar fyrir alla. Ég hygg að eins og staðan er núna sé það þannig, hæstv. forseti, að hvernig sem menn bregðast við séu einstakir fjölmiðlar, einstakir stjórnmálamenn eða aðrar stéttir í þjóðfélaginu sem geta bent á að öðruvísi ætti að fara að. Sú niðurstaða sem kemur fram í þessu frumvarpi er hins vegar að mínu mati heiðarleg tilraun til þess að reyna að bregðast við aðstæðum sem uppi eru á íslenskum fjölmiðlamarkaði til að reyna að tryggja að hér sé fjölbreytt fjölmiðlun og til að reyna að tryggja að þeir fjölmiðlar sem nú starfa á markaði geti gert það áfram.

Í frumvarpinu er lagt til að heimildir Ríkisútvarpsins til að afla sér tekna með sölu á auglýsingum í sjónvarpi verði skertar. Meginreglan er sú að hlutfall auglýsinga á dagskrá útsendingartíma í sjónvarpi megi ekki vera meiri en 10%, en á kjörtíma 5%. Það er auðvitað ljóst að hér er um töluverða skerðingu að ræða. Það eru uppi sjónarmið um að ekkert eigi að hreyfa við núverandi fyrirkomulagi. Þá vakna ýmsar spurningar t.d. hvort eðlilegt sé að Ríkisútvarpið sem hefur mikla meðgjöf frá skattgreiðendum og ríkinu taki fullan þátt í samkeppni við einkarekna fjölmiðla á auglýsingamarkaði sem treysta, varðandi tekjuöflun sína, ekki síst á sölu auglýsinga.

Eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á í ræðu sinni þá er vandséð að slíkt samkeppnisumhverfi sé sanngjarnt eða gangi yfirleitt upp fyrir einkaaðilana í samkeppni við ríkið.

Síðan eru aðrir þeirrar skoðunar að Ríkisútvarpið eigi ekki að vera á auglýsingamarkaði. Það eru menn sem segja að ef menn á annað borð séu þeirrar skoðunar að ríkið eigi að reka fjölmiðil sé lágmarkskrafa að það taki ekki þátt í samkeppni við einkaaðila um sölu á auglýsingum. Ég get sagt fyrir mína hönd að ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að meðan menn eru almennt sammála um að ríkið reki fjölmiðil sé lágmark að það afli sér ekki tekna með sölu auglýsinga.

Eins og staðan er á íslenskum fjölmiðlamarkaði er kannski dálítið erfitt að kippa Ríkisútvarpinu í einni svipan út af auglýsingamarkaði. Fyrir því eru ástæður, t.d. sú ástæða sem bent hefur verið á að samþjöppun á auglýsingamarkaði hefur verið mjög mikil á Íslandi, hún hefur aukist ef eitthvað er síðan mestu umræðurnar um samþjöppun og eignarhald á fjölmiðlamarkaði fóru fram árið 2004 þegar við ræddum um umdeilt fjölmiðlafrumvarp.

Í ljósi þessarar samþjöppunar vaknar sú spurning hvort eðlilegt sé að færa auglýsingamarkaðinn í hendur fárra aðila sem eiga fjölmiðlana. Þessum spurningum þurfum við auðvitað að velta fyrir okkur þegar við fáum málið til meðferðar í hv. menntamálanefnd.

Það er annað sjónarmið sem verður að líta til vegna þess að auglýsingar í sjónvarpi varða ekki einungis fjölmiðlana sjálfa, heldur þá sem hafa atvinnu af því að framleiða auglýsingar. Því sjónarmiði hefur t.d. verið dreift til þeirra sem fjalla hvað mest um þessi mál að sjónvarpsauglýsingar á besta tíma, kjörtíma, í sjónvarpi séu í rauninni sá markaður sem sjónvarpsauglýsingar eru framleiddar fyrir. Sjónvarpið sýnir í opinni dagskrá, hefur víða dreifingu og þar af leiðandi er markhópurinn stór. Því hefur verið haldið fram — ég er ekki að segja að það sé mín skoðun en þetta eru hlutir sem þarf að taka til skoðunar — að verði Ríkisútvarpið algjörlega tekið út af auglýsingamarkaði kippi menn stoðunum undan heilli atvinnugrein, þ.e. grein kvikmyndagerðarmanna og þeirra sem starfa í þeirri grein við að framleiða sjónvarpsauglýsingar.

Þetta eru sjónarmið sem við munum væntanlega fá að heyra í umræðu um þetta mál í nefndinni og þarf að taka afstöðu til. Þarna hangir fleira á spýtunni og varðandi þetta atriði málsins má færa fram fleiri ástæður.

Í frumvarpinu er líka kveðið á um þá meginreglu að Ríkisútvarpinu ohf. sé óheimilt að afla sér tekna með kostun, þ.e. að fá utanaðkomandi aðila til að greiða þann kostnað sem fellur til vegna einstakra dagskrárliða. Í því sambandi hefur því sjónarmiði verið haldið fram að kostun á dagskrárliðum sé tekjuöflunartæki sem sé ekki sérstaklega gagnsætt, en að sama skapi sé það þannig að þar sem Ríkisútvarpið hefur þegar einn risastóran kostanda á bak við sig, sem er ríkið sjálft og skattgreiðendur, sé óeðlilegt að Ríkisútvarpið ohf. keppi á þeim markaði við einkaaðila. En á þessu eru auðvitað líka vandkvæði eins og getið er um í greinargerð með frumvarpinu. Þar er opnað á þann möguleika að heimilt sé að sýna frá ýmsum viðburðum sem eru kostaðir, eins og stórviðburðum í íþróttum, heimsmeistarakeppni í fótbolta eða Ólympíuleikum þar sem alþjóðlegir kostunaraðilar kosta viðburðinn sem slíkan. Þeir sem vilja sýna frá honum geta ekkert komist hjá að nefna hann.

Það er líka rétt sem hv. þm. Rósa Guðbjartsdóttir nefndi í ræðu sinni, að sumt sjónvarpsefni þrífst beinlínis á því að það sé kostað, t.d. útsendingar frá íþróttakappleikjum eða íþróttaviðburðum. Ég nefndi N1-deildina í handknattleik. Þetta eru hlutir sem auðvitað þarf að taka til skoðunar og menn hljóta að velta fyrir sér að ef ekki er samkeppni milli sjónvarpsstöðvanna um að sýna frá atburðum eins og þessum er spurning hvort heimilt verði að fara með þá með kostanda inn í ríkissjónvarp.

Allar þessar aðgerðir eins og ég sagði áðan beinast að því að reyna að tryggja að á Íslandi, við þær erfiðu aðstæður sem við nú búum við, þá fjárhagslegu kreppu sem herjar á landið, geti þrifist fjölbreytt fjölmiðlun. Þetta er einn þáttur í þeirri viðleitni en eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi í sinni ágætu ræðu, hv. þingmaður sem í þessum umræðum er hæstv. forseti, eru auðvitað fleiri hlutir sem þarf að taka til skoðunar, eins og eignarhald á fjölmiðlum.

Ég lít þannig á að þegar við höfum lokið þessum þætti málsins fari menn að velta fyrir sér hvort ástæða sé til að bregðast við þeirri stöðu sem uppi er á íslenskum fjölmiðlamarkaði varðandi eignarhald.

Ég vil að endingu benda á eitt, af því að menn hafa rætt hér um skattheimtu og þann nefskatt sem kveðið hefur verið á um, að vissulega er kveðið á um að einstaklingar á aldrinum, ef ég man rétt, 18–70 ára og lögaðilar greiði gjald til útvarpsins en hér er ekki um nefskatt að ræða í skilningi þess orðs. Nefskattur er skattur sem leggst á alla án undantekninga, líka á lítil börn eða aldraða, einstaklinga sem komnir eru yfir sjötugt. Þetta er ekki beinlínis nefskattur, við erum að ræða skatt, einhvers konar annars konar útvarpsskatt sem er skattur engu (Forseti hringir.) að síður.

[14:40]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég ætla að blanda mér stuttlega í umræðuna en tel að betur eigi eftir að ræða þetta í hv. menntamálanefnd og síðan aftur í þingsal.

Hv. þingmenn hafa farið yfir grunnforsendur málsins í dag og rætt um Ríkisútvarpið, hlutverk þess og með hvaða hætti það sinnir lögbundnum hlutverkum sínum. Við ræddum áðan um afþreyingar- og menningarhlutverk og ég ætla ekki að kafa dýpra í þá umræðu að öðru leyti en því að ég tel nauðsynlegt að standa vörð um Ríkisútvarpið og að við skilgreinum hlutverk þess breitt. Ég tel að Ríkisútvarpið sinni skyldum sínum hvað varðar íslenska menningu og tungu talsvert vel og það skipti gríðarlegu máli fyrir okkur sem viljum standa vörð um íslenska menningu og tungu að hafa hér öflugt ríkisútvarp. Ég lít á það sem eina af menningarstofnununum og vil ekki endilega gera þann skýra greinarmun á afþreyingu og menningu, sem var nefndur áðan í máli hv. þm. Jóns Magnússonar og við ræddum aðeins. Afþreying getur oft og tíðum verið ekki síður menningarleg en það sem við köllum menningu í hefðbundinni orðræðu.

Við ræðum sérstaklega um takmörkun á auglýsingum og nýtt útvarpsgjald og breytingar á því. Takmörkun á auglýsingum er grundvallarmál sem við höfum rætt í dag og varpað hefur verið upp ýmsum hliðum á því. Vissulega er það svo að víða í Evrópu tíðkast ekki að almanna- og ríkisútvörp séu á auglýsingamarkaði, nægir þar að líta til sumra Norðurlanda og Bretlands, en þar er auðvitað fjölmiðlamarkaður talsvert annars eðlis en hér og þar eru talsvert margar einkastöðvar og annars konar fyrirkomulag á því hvernig staðið er að fjármögnun viðkomandi ríkisfjölmiðils. Fjölmiðlamarkaður okkar er lítill, eins og bent hefur verið á í máli fjöldamargra hv. þingmanna, tvær stórar stöðvar, Ríkisútvarpið og Stöð 2, sem hafa tiltölulega svipaðan rekstrargrundvöll ef horft er á þá fjármuni sem fara í fjölmiðlana, á bilinu 3–4 milljarðar á hvorum stað. Svo er Skjárinn sem hefur átt í miklum erfiðleikum að undanförnu og m.a. barist mjög mikið fyrir takmörkunum á auglýsingamarkaði.

Ég tel að þetta megi ræða en deili líka þeim áhyggjum sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir varpaði fram hér áðan að nokkuð óljóst sé hvort takmarkanir muni gagnast Skjánum, svo dæmi sé tekið, og hvort við horfðum þá á ráðandi stöðu eina einkarekna ljósvakafjölmiðilsins sem væri þá eftir. Ég tel eðlilegt að við ræðum þetta í ákveðnu samhengi við eignarhald á fjölmiðlum og hvaða almennu lög og reglur við teljum að eigi að gilda um fjölmiðla og hversu nákvæmar við viljum að þær séu. Ég tel í það minnsta að eignarhald fjölmiðla verði ávallt að vera upplýst og ákveðnar reglur eigi að vera um sjálfstæði ritstjórna og fréttastofa á öllum fjölmiðlum, sama hvort þeir eru ríkisreknir eða einkareknir.

Takmarkanirnar hafa verið kynntar og áðan ræddi hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson um hagsmuni auglýsenda. Vissulega er það svo að auglýsendur og auglýsingastofur hafa efasemdir því að þetta gæti vissulega skert möguleika þeirra á að koma skilaboðum sínum á framfæri í auglýsingum og gæti virkað hamlandi fyrir auglýsingagerð og mér finnst að það sé eitthvað sem menntamálanefnd þurfi að skoða.

Ríkisútvarpið mun verða af fjármunum vegna takmarkananna og á fundi menntamálanefndar voru tapaðar tekjur vegna þeirra taldar á bilinu 350–400 millj. kr. Hér er lagt til að útvarpsgjaldið verði 17.900 kr. og hefur verið greint frá því að á því verði ákveðin hækkun umfram vísitölu sem sé ætlað að koma til móts við takmarkanirnar en þó nemur sú hækkun, frá 17.100 kr. upp í 17.900 kr., einungis u.þ.b. 189 milljónum þannig að ljóst er að hækkun á útvarpsgjaldinu dugir ekki til að koma til móts við takmarkanir á auglýsingamarkaði. Það er eiginlega það sem ég tel að við þurfum að ræða.

Við ræddum Ríkisútvarpið og 700 millj. kr. niðurskurð þar ítarlega í utandagskrárumræðu í vikunni. Niðurskurð sem var áætlaður t.d. í svæðisbundnum útsendingum, sem ég veit að margir telja eitt af lykilatriðum í þjónustu Ríkisútvarpsins við landsbyggðina. Við ræddum möguleika á að koma til móts við Ríkisútvarpið, t.d. með því að aflétta lífeyrisskuldbindingum, eins og gert hefur verið með önnur opinber hlutafélög og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fór yfir í dag og nefndi sem dæmi Flugstoðir. Við ræddum einnig hina íþyngjandi húseign í Efstaleiti 1 en talsvert hefur verið rætt um að til einhverra aðgerða þurfi að grípa til að hún íþyngi ekki um of rekstri Ríkisútvarpsins.

Á sama tíma og útvarpið stendur í niðurskurði upp á 700 millj. kr. með tilheyrandi uppsögnum og launalækkunum ræðum við takmarkanir sem ekki eru bættar að fullu með hækkun útvarpsgjaldsins. Það er stóra málið sem mér finnst að þurfi að fara mjög ítarlega yfir í menntamálanefnd, þ.e. ef á annað borð á að ráðast í takmarkanir á auglýsingamarkaði og ef það verður niðurstaða menntamálanefndar út frá hagsmunum fjölmiðlamarkaðarins, auglýsenda og almennings tel ég einboðið að þá verði að bæta Ríkisútvarpinu það með innheimtu útvarpsgjaldsins.

Við höfum rætt þessa gjaldheimtu, útvarpsgjaldið, og hvernig hún mun koma við fólk í landinu en það er spurning hvort þyrfti jafnvel að hækka það enn frekar til að það komi til móts við það tekjutap sem Ríkisútvarpið verður fyrir ef takmarkanirnar taka gildi. Síðan má auðvitað velta því fyrir sér, eins og ég gerði hér áðan, hvort þetta mun duga til að bjarga einhverjum fjölmiðlum. Sumir hafa spáð því að auglýsingakakan muni sennilega minnka og það verði ekkert endilega meiru til að dreifa fyrir aðra aðila á markaði.

Við þurfum að skoða þetta og reyna að meta eins vel og við getum, en aðalpunktur minn hér — vegna þess að við ræðum þetta bara í þessu samhengi og í frumvarpinu er ekki komið inn á lífeyrisskuldbindingar eða húseignina, eins og voru gefin fyrirheit um að yrði rætt um síðar meir í utandagskrárumræðum — er að ef við samþykkjum frumvarpið tel ég að ef koma á til takmarkana þurfi að bæta þær að fullu. (**Gripið fram í:** Nei.) Það verður ekki gert með því að hækka upphæð útvarpsgjaldsins í 17.900 kr. Mér finnst að menntamálanefnd þurfi að meta hvort útreikningarnir eru réttir. Því hefur verið varpað fram að nær lagi væri að hafa útvarpsgjaldið 20.400 til að koma til móts við þær takmarkanir sem eru lagðar hér til. Mér finnst þá að við þurfum að meta það því að ég held að það síðasta sem við eigum að gera í því ástandi sem nú er á fjölmiðlamarkaði sé að skerða stöðu Ríkisútvarpsins. Hér ræðum við um fjórða valdið og hvaða kröfur við gerum til þess. Við hljótum að vilja tryggja Ríkisútvarpinu stöðugt rekstrarumhverfi og það gerum við ekki með því að kalla yfir þá ágætu stofnun enn frekari niðurskurð en hefur þegar orðið.

[14:49]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Ég hef að einhverju leyti ákveðinn fyrirvara við frumvarpið sem hér er til umræðu. Hér er í rauninni verið að koma á nýrri tegund af kvótakerfi. Kvótakerfi sem gengur út á að selja takmarkaðan aðgang að neytendum á Íslandi. Engum blöðum er um það að fletta að það er hagur íslenskra neytenda og það er hagur íslenskra fyrirtækja að hægt sé að koma upplýsingum til viðskiptavina með eins hagkvæmum hætti og mögulegt er.

Kvótakerfið eins og það er teiknað upp í frumvarpinu mun draga úr samkeppni milli fyrirtækja á Íslandi og verða til þess að ýta enn frekar undir samþjöppun en orðið er í ljósi þess að breytingarnar munu þrýsta auglýsingaverði upp, ekki bara á RÚV heldur í fjölmiðlum almennt. Þar með verður þröskuldur lítilla og meðalstórra fyrirtækja hærri og gerir það þeim mun erfiðara fyrir í samkeppninni.

Íslenski fjölmiðlamarkaðurinn er mjög samþjappaður þannig að færa má rök fyrir því að þetta veiti frjálsu fjölmiðlunum, sem að stærstum hluta eru í eigu sama aðila, ákveðna einokunaraðstöðu eða yfirburðastöðu gagnvart auglýsendum. Ég spái því að gjaldskrá einkareknu fjölmiðlanna, og þá sérstaklega ljósvakamiðlanna, eigi eftir að hækka umtalsvert í framtíðinni og enn og aftur komum við því að samkeppnisstöðunni.

Þá er ekki fyrirséð hvaða áhrif frumvarp þetta hefur á íslenska auglýsingagerð. Hætt er við að þessi takmörkun á birtingu í ríkissjónvarpinu dragi úr umfangi þess geira en þar vinnur mjög margt hæfileikaríkt fólk sem á allt sitt undir því að þessi geiri blómstri. Þar er veruleg hart í ári um þessar mundir.

Ég vil hins vegar taka undir með þeim sem bent hafa á erfiða samkeppnisstöðu einkareknu stöðvanna. Ég get tekið undir það að ég tel að efla þurfi samkeppni á auglýsingamarkaði. En ég held að samkeppni ljósvakamiðlanna verði fyrst og fremst tryggð með því að selja Ríkisútvarpið og Rás 2. Ég er tilbúinn til að taka þátt í því og verja síðan blessuðum nefskattinum í að bjóða út gerð á íslensku sjónvarps- og fréttaefni.

Að lokum vil ég segja, hæstv. forseti. Í kjölfar bankahrunsins er mikilvægt að hefja strax endurreisn í íslensku viðskipta- og efnahagslífi. Til að það sé mögulegt á sem stystum tíma verður að ríkja öflug samkeppni hér á landi. Því miður er mikil hætta á að ríkjandi ástand, ekki bara á fjölmiðlamarkaði heldur almennt,ýti undir samþjöppun og hún verði enn meiri en við höfum upplifað á undanförnum árum. Slíkt getur dregið mjög úr hraða endurreisnarinnar þar sem frumkvæði og framtakssemi þjóðarinnar nær ekki fullum skriðþunga. Ég treysti því að hv. menntamálanefnd horfi sérstaklega til þeirra þátta sem ég hef reifað hér þegar frumvarpið verður tekið til meðferðar milli 1. og 2. umr.

[14:52]

Herdís Þórðardóttir (S):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp um breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf. Ríkisútvarpið gegnir mikilvægu hlutverki í samfélagi okkar og hefur gert allt frá stofnun þess 1930. Í meira en hálfa öld naut það þeirra forréttinda að hafa einkarétt á útsendingum hljóðvarps og sjónvarps. Eftir að sá einkaréttur var afnuminn fyrir rúmum 20 árum, í ráðherratíð Ragnhildar Helgadóttur menntamálaráðherra, breyttist rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins töluvert. En eftir að samkeppnin var innleidd í þennan hluta fjölmiðlarekstur hefur Ríkisútvarpið í raun notið töluverðs forskots á markaðnum með því að hafa bæði örugga tekjustofna í formi skuldbundins afnotagjalds og að auki fullt frelsi á auglýsingamarkaði.

Með frumvarpi því sem hæstv. menntamálaráðherra hefur nú mælt fyrir eru gerðar breytingar á lögum um Ríkisútvarpið ohf. sem sett voru í byrjun árs 2007. Þar var samþykkt að í stað afnotagjalds kæmi sérstakt gjald sem lagt yrði á skattskylda einstaklinga og lögaðila með ákveðnum takmörkunum. Þetta ákvæði á að koma til framkvæmda nú um næstu áramót.

Með þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir er verið að takmarka nokkuð þær tekjur sem Ríkisútvarpið getur aflað sér með öðrum hætti, þ.e. auglýsingum og kostun. Ég tel fyllilega tímabært að gera breytingar til að tryggja enn betur en verið hefur að fjölbreytni og virk samkeppni geti verið á fjölmiðlamarkaðnum.

Hvort þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir duga til þess mun koma í ljós síðar. En hér virðist mér vera farið af stað af töluverðri hógværð og þessar breytingar eiga að gera Ríkisútvarpinu kleift að laga sig að breyttum aðstæðum í framtíðinni. Hér er verið að hækka útvarpsgjald, nefskatt, á móti væntanlegu tekjutapi Ríkisútvarpsins af minnkandi auglýsingatekjum. Hagur fyrirtækisins á því ekki að versna af þessum ástæðum.

Vissulega hafa verið sett fram sterk rök fyrir því að útvarp í almannaeigu og rekstur í almannaþágu eigi alls ekki að vera á auglýsingamarkaði, að opinbert fyrirtæki sem nýtur fastra tekna í formi nefskatts á nánast hvern einasta einstakling í landinu eigi ekki að vera á samkeppnismarkaði með auglýsingar. Það sjónarmið á vissulega rétt á sér og þarf að ræða ítarlega og með málefnalegum hætti. Á Norðurlöndunum eru ekki leyfðar auglýsingar í ríkisfjölmiðlum og í Evrópu eru þær víða takmarkaðar. Ég vil í þessari um-

ræðu vekja athygli á nokkrum atriðum frumvarpsins.

Í fyrsta lagi tel ég til bóta að skýra betur markmið með sérstökum þjónustusamningi menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins eins og kveðið er á um í lögunum. Útvarpsréttarnefnd fær þarna mikilvægt verkefni með þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði á 3. gr. laganna um hlutverk og skyldur. Hins vegar vakna upp spurningar um hvernig aðkoma stjórnar Ríkisútvarpsins er og á að vera að þjónustusamningnum, að eftirliti með honum og breytingum.

Í öðru lagi er brýnt að það sé algerlega skýrt að ákvæði 4. gr. frumvarpsins eigi eingöngu við um sjónvarp, bæði hvað varðar auglýsingar og kostun, nema ætlunin sé að takmarkanir eigi líka við um hljóðvarpið. Í því sem hér segir um kostun og skýringum sem fylgja með í athugasemdum frumvarpsins finnst mér ýmislegt orka tvímælis. Þar má nefna að gert er ráð fyrir að kostun sé óheimil nema þegar um er að ræða tiltekna stórviðburði, eins og segir í texta frumvarpsins. Miðað við það má segja t.d. að heimilt verði fyrir gosdrykkjaframleiðanda að kosta söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Eurovision, eða íþróttaviðburði en óheimilt t.d. fyrir tryggingafélag að kosta gerð og birtingu fræðsluefnis um umferðaröryggi. Ég tel að hv. menntamálanefnd eigi að fara vel yfir þessi mál og athuga hvernig lagaákvæði um undanþágu frá banni um kostun verði best orðuð.

Í þriðja lagi finnst mér ástæða til að skoða sérstaklega hvort ákvæði til bráðabirgða, sem gerir ráð fyrir að ákvæði a-liðar 4. gr. verði tekið til endurskoðunar fyrir 1. júlí á næsta ári, sé með eðlilegum tímamörkum. Þarna er um að ræða ákvæði um takmarkanir á birtingu sjónvarpsauglýsinga og spurning hvort ekki þurfi lengri tíma til að meta áhrif þess en einungis nokkra mánuði áður en til endurskoðunar kemur.

Virðulegi forseti. Ríkisútvarpið hefur, eins og ég sagði í upphafi máls míns, mikilvægu hlutverki að gegna. Skyldur þess varða þjónustu við alla landsmenn og stjórnendur fyrirtækisins mega ekki gleyma því þó að höfuðstöðvar þess séu í Reykjavík. Mér fannst skjóta skökku við þegar ráðstafanir til að spara í rekstrinum voru kynntar fyrir skömmu — komu þá strax upp hugmyndir um að leggja niður starfsemi svæðisútvarpanna sem verið hafa í góðum gangi úti á landi og hafa aflað töluverðra tekna. Af 140 manna starfsliði fréttasviðs var strax ákveðið að höggva í raðir þeirra sem starfa úti á landi.

Það skiptir miklu máli þegar grípa þarf til sparnaðarráðstafana, eins og öll fyrirtæki og stofnanir hafa verið og verða að gera um þessar mundir, að stjórnendur séu vel meðvitaðir um hver kjarnastarfsemin eigi að vera og hvað eigi að teljast til viðbótarstarfsemi. Ákvörðun um að hætta starfsemi svæðisútvarpanna var sem betur fer dregin til baka.

Herra forseti. Ég styð frumvarpið sem hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur hér mælt fyrir og vænti þess að með því verði fjölbreytni tryggð á fjölmiðlamarkaði og virkari og heilbrigðari samkeppni en verið hefur.

[15:00]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég hef ákveðnar efasemdir um að sú nefnd sem hefur verið að störfum og fjallað um breytingar á ríkissjónvarpinu varðandi auglýsingamarkaðinn hafi nálgast málið á réttum forsendum.

Í fyrsta lagi liggur sú ákvörðun fyrir, og um það er nokkuð almenn sátt í samfélaginu, að ríkisútvarp og ríkissjónvarp skuli vera í rekstri. Meðan sú ákvörðun stendur óbreytt og þessir fjölmiðlar eru reknir sem ríkisfjölmiðlar, og gegna svo veigamiklu hlutverki á þessum markaði sem raun ber vitni, er erfitt að sjá hvernig hægt er að takmarka aðgang þeirra að auglýsingamarkaði, þ.e. að takmarka aðgang auglýsenda að þessum fjölmiðlum sem dreifingarmiðli.

Auglýsingar hafa mikið samfélagslegt gildi, mikið upplýsingagildi og greiða leið upplýsinga frá fyrirtækjum og stofnunum til almennings í landinu. Það gildi mundi verulega dvína ef við hugsum okkur að taka svo öfluga fjölmiðla af markaðnum.

Það er líka hætta á því að mikill samdráttur yrði í framleiðslu sjónvarpsauglýsinga ef ríkissjónvarpið takmarkaði sína birtingartíma. Þá yrðu færri áhugaverðir auglýsingatímar en kostnaður við sjónvarpsauglýsingar er það mikill að hann er ekki réttlætanlegur nema þær nái til sem flestra og góðir auglýsingatímar séu í gangi sem hægt er að nota þá framleiðslu í.

Við takmörkun á framleiðslu innlendra sjónvarpsauglýsinga er verið að höggva mjög í raðir þeirra sem vinna við íslenska kvikmynda- og þáttagerð. Þetta er mjög góð aukabúgrein hjá mörgum þeirra og ákveðin hætta er á að enn frekar mundi dragast saman á þeim vettvangi.

Þannig yrði miðað við stöðu ríkissjónvarpsins á fjölmiðlamarkaði hreinlega of mikil samþjöppun á auglýsingum. Framboð á auglýsingatímum yrði of lítið. Við erum með eina áskriftarstöð sem rekur nokkrar rásir, þó aðallega eina, og síðan höfum við opna stöð sem rekur hreint auglýsingasjónvarp. Hætta er á því að í dagskrá þessara stöðva yrði ekki nógu mikið af efni sem drægi að sér nægilegt áhorf til að réttlætanlegt væri að framleiða fyrir þær dýrar og miklar auglýsingar.

Ég set líka fyrirvara við hugmyndir um að draga úr kostunarmöguleikum, sérstaklega á innlendri dagskrárgerð. Ég tel ákaflega mikilvægt að sá háttur sem hefur verið hér á undanförnum árum geti áfram verið í gildi, að fyrirtæki og stofnanir geti lagt útsendingu áhugaverðs efnis lið með því að koma að því sem kostunaraðilar og samstarfsaðilar um framleiðslu þess.

Hafandi sagt þetta, virðulegi forseti, vil ég nefna að ríkissjónvarpið hefur gríðarlega mikið forskot á þessum markaði og það hefur beitt þessu forskoti með mismunandi hætti í sinni samkeppni við frjálsu stöðvarnar á undanförnum 22 árum. Það verður að taka tillit til og skapa frjálsum stöðvum á fjölmiðlamarkaði svigrúm svo þær geti staðið af sér það samkeppnisforskot sem ríkissjónvarpið hefur. Sá rammi sem verður að setja ríkissjónvarpinu í þessu samhengi verður að vera mjög strangur hvað varðar öll vinnubrögð og verðlagningu þessara auglýsingatíma.

Auglýsingar birtast einfaldlega þar sem næst til neyt-

enda. Í dag er þessi markaður orðinn mjög þróaður og auglýsingasérfræðingar reikna út hvar áhorfið er, hvaða aldursflokkar horfa, lesa o.s.frv., þannig að hægt sé að ná með eins beinum hætti og mögulegt er til þeirra markhópa sem sóst er eftir.

Í því felst mikil einföldun að hugsa sér að þær 750 millj. sem ríkissjónvarpið hefur í auglýsingatekjur á ári fari hreinlega yfir til frjálsu stöðvanna, yrðu þær teknar algerlega út úr ríkissjónvarpinu. Það er ekki endilega samhengi þar á milli.

Ég held að við getum öll verið sammála um að mjög mikilvægt er að efla rekstur frjálsra fjölmiðla á Íslandi. Það er mjög mikilvægt að horfa til þess hvernig við ætlum að haga, og heimila að hagað verði, eignarhaldi á fjölmiðlum hér á landi í framtíðinni. Við hljótum að leita leiða sem geta dreift þessu eignarhaldi og skapað okkur það umhverfi að hér verði hlutlaus og gagnrýnin umræða um menn og málefni. Í þessu geta frjálsir fjölmiðlar leikið lykilhlutverk í framtíðinni.

Við þurfum því að mínu mati að nálgast þetta mál eftir öðrum leiðum en nefndin sem hefur verið að störfum kýs að gera í þessu tilfelli. Ég held að við þurfum að hugsa þetta þannig að nýta ríkissjónvarpið og ríkisfjölmiðlana sem best sem fjölmiðla, nýta eðlilega þá auglýsingatíma sem þar eru fyrir hendi en á sama tíma nota mögulega hluta af því fjármagni sem þar næst til þess að styðja starfsemi frjálsra stöðva, möguleika þeirra og starfsemi til að efla íslenska dagskrárgerð. Í raun þyrfti að styðja þessa frjálsu fjölmiðla í ljósvakamiðlum til þess að búa til efni sem fær áhorf og fær eftirtekt. Það að fara þessa leið mundi efla stöðvarnar, þær fengju meiri athygli og möguleikar þeirra til tekjuöflunar mundu eflast jafnt á sviði kostunar, aðstoðar og auglýsingasölu.

Ég vil ítreka að á meðan við höfum ákvörðun um og sæmilega breiða fylkingu á bak við það að hér skuli vera öflugir ríkisfjölmiðlar og það mikilvæga hlutverk sem þeir gegna menningarlega og samfélagslega sé eflt getum við að mínu mati ekki klippt á þennan mikilvæga þátt í þeirri starfsemi fjölmiðla, sem er að miðla upplýsingum til almennings í gegnum auglýsingar. Við verðum að nálgast þetta mál með þeim hætti að við sjáum til þess á sama tíma, m.a. með því fjármagni sem fæst í gegnum þetta, að hægt verði að standa við bakið á frjálsum fjölmiðlum og þeim gert kleift að standast það forskot sem ríkisfjölmiðlarnir hafa í þessari samkeppni.

[15:09]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Ríkisútvarp og -sjónvarp á að vera á fjárlögum að mínu mati. Það er langeðlilegasta rekstrarform Ríkisútvarpsins, hvort sem um er að ræða sjónvarpið eða Rás 1 og Rás 2. Þetta fyrirtæki á að vera beint á fjárlögum, það á ekki að vera með nefskatt og ekki á svokölluðum auglýsingamarkaði og það á ekki að láta fyrirtæki kosta þáttagerð.

Víða erlendis eru ríkisreknir fjölmiðlar ekki á auglýsingamarkaði og ég tel nauðsynlegt gagnvart samkeppnisstöðu einkafjölmiðla að þeir séu ekki í samkeppni með þessu sniði. Það er erfitt að vera með einkarekinn fjölmiðil, hvort sem það er útvarp eða sjónvarp, og að þurfa að keppa á auglýsingamarkaði við ríkisstofnun eins og Ríkisútvarpið okkar sem fær 3–4 milljarða kr. í tekjur gegnum nefskatt.

Það er líka ýmislegt sem þarf að varast við Ríkisútvarpið og það eru pólitísk afskipti. Yfir Ríkisútvarpinu er pólitískt kjörin stjórn sem ég tel að þurfi að breyta og koma í veg fyrir bein áhrif pólitíkusa á vinnubrögð Ríkisútvarpsins. Ég hef sjálfur aðeins haft afskipti af því og fundið fyrir að í ákveðnum tilfellum þegar ráðherrar eru óhressir með hvernig fréttamenn ætla að taka á þeim urra þeir aðeins. Þá verða fréttamenn hræddir og þora ekki að halda áfram að vinna fréttir sem upplýsa ýmislegt sem miður hefur farið hjá ráðherrum.

Síðan er það með einkafjölmiðla, einkasjónvarpsstöðvar og einkaútvarpsstöðvar. Þær þurfa auðvitað að vera á eðlilegum rekstrargrundvelli en það er einokun á starfi þeirra. Samkeppnisstofnun ætti auðvitað líka að hugsa um og koma í veg fyrir einokun einkarekinna fjölmiðla. Ég tel að það sé hlutverk Samkeppnisstofnunar að koma í veg fyrir að þeir verði misnotaðir í pólitískum eða öðrum óeðlilegum rekstrarþáttum.

Fjölmiðlafrumvarpið, eða þetta frumvarp þar sem gert er ráð fyrir að auglýsingatími verði takmarkaður á hverjum sólarhring, gengur allt of stutt í átt til þess að tryggja alvöru samkeppni og samkeppnisstöðu einkarekinna fjölmiðla. Þrátt fyrir að hér hafi fyrir þremur, fjórum árum síðan verið mikil andstaða við fjölmiðlafrumvarp er þörf á því að setja lög um fjölmiðla, bæði gagnvart ríkissjónvarpinu svo það sé ekki í samkeppni við einkafjölmiðla og síðast en ekki síst að einkafjölmiðlar hafi ekki einokunaraðstöðu, hvort sem er í útvarpi eða sjónvarpi.

Það hlýtur að vera hægt að búa til eðlilegar og heilbrigðar leikreglur sem allir geta sætt sig við í þessu en auðvitað er ekki hægt að ætlast til að svo sé þegar Ríkisútvarpið er með 3–4 milljarða kr. styrk umfram aðra og keppir svo við einkareknu fjölmiðlana.

Það hlýtur að vera hlutverk Samkeppnisstofnunar að koma í veg fyrir að einhverjir hafi einokun á markaðnum. Ég gef mér að það sé eins og það á að vera, að ekki sé hægt að mynda einokunaraðstöðu eða skapa sér einokunaraðstöðu og fákeppni á markaðnum. Þetta er auðvitað hlutur sem við þurfum að hugsa um og gaumgæfa vandlega að setja um lög og reglur svo allir geti lifað á eðlilegum grundvelli á eðlilegum samkeppnislögum.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og menntmn.

[15:14]

Útbýting:

Embætti sérstaks saksóknara, 141. mál, þskj. 310.

Fundur með fjármálaráðherra Breta 2. september sl., 230. mál, fsp. ÁI, þskj. 316.

Tollalög, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, 231. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 317.

Framhaldsfræðsla, 1. umr.

Stjfrv., 216. mál (heildarlög). — Þskj. 291.

[15:15]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi um framhaldsfræðslu. Með framhaldsfræðslu er vísað til þeirrar starfsemi sem gjarnan hefur verið kölluð fullorðinsfræðsla, þ.e. nám fólks á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið prófi á framhaldsskólastigi. Með framhaldsfræðslu í frumvarpinu er átt við, eins og segir í 3. gr. frumvarpsins: „Hvers konar menntun sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og ekki er skipulögð á grundvelli laga um framhaldsskóla og háskóla."

Frumvarpi þessu er ætlað að styrkja lagalegan grundvöll þeirrar margháttuðu og umfangsmiklu framhaldsfræðslu sem þegar fer fram í landinu, jafnframt því sem lagður er grunnur að frekari eflingu þeirrar starfsemi. Þá er frumvarpinu ætlað að leysa af hólmi lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992.

Íslenskt menntakerfi hefur eflst og dafnað á síðustu árum. Nýlega hafa verið samþykkt á Alþingi lög um skólastigin fjögur; um leik-, grunn-, framhalds- og háskóla, en verði frumvarp þetta að lögum bætist við fimmta grunnstoð menntakerfisins: framhaldsfræðsla, sem yrði hliðsett öðrum stoðum þess. Frumvarpið markar lokaáfanga í heildarendurskoðun á lagaumhverfi hins íslenska menntakerfis sem staðið hefur yfir undanfarin tvö ár með það að leiðarljósi að skapa einstaklingum tækifæri til náms alla ævi. Nám alla ævi snýst því um að horft sé á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla, til framhaldsfræðslu en ekki síður til óformlegrar menntunar sem fer fram utan skólakerfisins, þeirrar hæfni og færni sem einstaklingurinn tileinkar sér í lífi og starfi.

Frú forseti. Nú á tímum skiptir afar miklu máli að þættir eins og þekking, hæfni, færni og reynsla verði metnir hjá því fólki sem ekki hefur mikla grunnmenntun að baki.

Meðal áhersluatriða í frumvarpinu er eftirfarandi:

1. Ábyrgð og hlutverk menntamálaráðuneytis er skilgreint betur en verið hefur.

2. Framhaldsfræðsla er lögfest sem viðurkennt menntunarkerfi til hliðar við formlegar námsbrautir í framhaldsskóla.

3. Skilgreindar eru þær kröfur sem gerðar eru til fræðsluaðila.

4. Hlutverk aðila vinnumarkaðarins varðandi menntun og fræðslu er undirstrikað, m.a. með því að veittar eru heimildir til handa ráðherra til að fela félögum eða stofnunum á þeirra vegum ábyrgð á tilteknum þáttum er varða framkvæmd laga þessara. Byggir sú heimildarveiting á farsælli reynslu af starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

5. Stofnaður verður sérstakur Fræðslusjóður, þar sem sitja fulltrúar launþega og launagreiðenda á almennum og opinberum vinnumarkaði, sem hefur það hlutverk að:

a. veita fé til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald,

b. veita fé til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf og

c. veita styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

6. Mat á einstaklingsbundinni raunfærni mun opna leið fyrir einstaklinga án framhaldsskólamenntunar að hinu formlega framhaldsskólakerfi og brúa svonefnt þekkingarbil á vinnumarkaðinum. Þetta tel ég afar mikilvægt atriði, sérstaklega nú á tímum.

Með frumvarpi þessu er skapað mikilsvert úrræði fyrir einstaklinga sem hafa hætt námi að loknum grunnskóla eða á framhaldsskólastigi og hefðbundið nám í framhaldsskóla er ekki raunhæfur kostur. Af þeirri ástæðu er brýnt að skapa hentug námsúrræði sem eru þannig byggð upp að þau geti opnað leiðir til formlegs náms og til brautskráningar úr framhaldsskóla. Frumvarpinu er ætlað að styrkja samstarf þeirra sem sinna framhaldsfræðslu og framhaldsskóla, t.d. með mati á einingabæru námi og gagnkvæmri viðurkenningu þess, og stuðla þannig að aukinni viðurkenningu á gildi menntunar sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis.

Varðandi einstaka greinar frumvarpsins má nefna að í 8. gr. er fjallað um raunfærnimat og einstaklingsbundna námsráðgjöf fyrir þá sem hyggjast leggja stund á nám sem uppfyllir skilyrði frumvarpsins. Þeir sem leggja stund á framhaldsfræðslu skulu eiga rétt á að einstaklingsbundin raunfærni þeirra sé metin. Mat á einstaklingsbundinni raunfærni, þar sem reynsla einstaklinga í atvinnulífinu er metin með formlegum hætti, mun opna leið fyrir einstaklinga án framhaldsskólamenntunar að hinu formlega framhaldsskólakerfi og brúa þannig svonefnt þekkingarbil á vinnumarkaðinum. Sérstaklega er mikilvægt að draga fram að þetta eykur sveigjanleikann í menntakerfi okkar og aðlagar það enn frekar að þeim sem hyggja á nám. Hér er um að ræða mjög mikilvægt úrræði að mínu mati.

Gert er ráð fyrir því að ráðherra geti viðurkennt fræðsluaðila. Í slíkri viðurkenningu felst að fræðsluaðilum er heimilt að annast framhaldsfræðslu en viðurkenningin er forsenda fyrir fjárstuðningi úr Fræðslusjóði. Við mat á því hvort viðurkenning skuli veitt er horft til aðstöðu fræðsluaðila til kennslu og námskeiðahalds, skipulags náms og umsjónar með því, námskráa eða námslýsinga, fjárhagsmálefna, tryggingа og gæðakerfis fræðsluaðila.

Varðandi fjárveitingar, þá skiptast opinberar fjárveitingar til framhaldsfræðslu í tvennt í meginatriðum, svo sem greinir í 9. gr:

a. Framlög til að mæta kostnaði við viðfangsefni og umsýslu er tengist framhaldsfræðslu með almennum hætti samkvæmt lögum þessum, en þar eru meðtalin reglubundin rekstrarframlög til aðila sem sinna framhaldsfræðslu, og sérstökum viðfangsefnum er varða menntunarmál fullorðinna.

b. Framlög í Fræðslusjóð. Fræðslusjóður hefur m.a. það hlutverk að veita fé til kennslu og námskeiðahalds, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar.

Þau viðfangsefni og umsýsla sem vikið er að í a-lið að ofan eru einkum þau verkefni sem unnin hafa verið af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið. Einnig falla hér undir bein rekstrarframlög sem ákveðin eru á fjárlögum ár hvert til símenntunarmiðstöðva. Undir þennan lið geta einnig fallið útgjöld

til ýmissa viðfangsefna sem geta verið viðvarandi eða tímabundin og menntamálaráðherra ber ábyrgð á. Útgjöld til þessara verkefna eru á fjárlögum.

Opinber framlög sem falla undir skilgreiningu um framhaldsfræðslu samkvæmt frumvarpi þessu hafa í heild sinni aukist verulega undanfarin ár. Til að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og SA um framlengingu kjarasamninga hefur ríkisstjórnin ítrekað samþykkt aukin framlög til framhaldsfræðslu á síðastliðnum árum. Samkvæmt fjárlögum ársins 2008 renna rúmlega 163,8 millj. kr. til grunnreksturs símenntunarmiðstöðva, 72,1 millj. kr. til grunnþjónustu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og 222,3 millj. kr. til námskeiðahalds ásamt náms- og starfsráðgjöf símenntunarmiðstöðva. Í febrúar sl. lýsti ríkisstjórnin því yfir í tengslum við framlengingu kjarasamninga að framlög til framhaldsfræðslu mundu stigaukast á næstu tveimur árum. Umfram þessar ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrri stigum mun samþykkt þessa frumvarps ekki fela í sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Miðað er við að framlög til starfsmenntamála á vegum annarra ráðuneyta færist til menntamálaráðuneytis og renni til þeirra viðfangsefna sem unnin verða samkvæmt frumvarpi þessu. Ber þar hæst 60 millj. kr. fjárveitingu til starfsmenntaráðs sem heyrði undir félagsmálaráðuneytið.

Hér er um að ræða tilfærslu á verkefnum, við erum að einfalda kerfið og samræma alla framhaldsfræðslu sem hefur verið víða í kerfinu, þó sérstaklega í félagsmálaráðuneytinu og í menntamálaráðuneytinu. Það er verið er að setja þessi mál undir einn hatt, allir koma að borðinu, t.d. verður fulltrúi frá félagsmálaráðuneytinu í stjórn Fræðslusjóðs. Það er mjög mikilvægt að bæði hinn almenni og hinn opinberi markaður sameinist um að koma upp öflugri framhaldsfræðslu.

Við undirbúning frumvarpsins hefur fyrirkomulag framhaldsfræðslu í nágrannalöndunum, til dæmis á Norðurlöndum og í Hollandi, verið skoðað. Niðurstaða þeirrar athugunar hefur leitt í ljós að við getum ýmislegt lært af nágrannaþjóðum okkar. Hins vegar er um að ræða mismunandi kerfi og í sumum tilfellum er fyrirkomulagið mun flóknara en hér á landi og aðlagað að annars konar aðstæðum og þörfum. Aðstæður hér á landi eru sérstakar að því leyti að náið og árangursríkt samstarf Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins í fræðslumálum, samskipti þeirra við stjórnvöld og rekstur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á sér vart hliðstæðu í þeim löndum sem Íslendingar bera sig helst saman við. Frumvarpið byggir því m.a. á því fyrirkomulagi sem hér hefur verið þróað síðustu árin og hefur að mati aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda reynst vel. Jafnframt hefur verið litið til þess hvernig starfsemi símenntunarmiðstöðva hefur þróast á liðnum árum, en æskilegt er að tryggðar verði stöðugri undirstöður fyrir það mikilvæga starf sem fram fer á þeirra vegum. Með starfsemi símenntunarmiðstöðvanna hefur áunnist mikilvæg reynsla sem er um margt undirstaða framhaldsfræðslustarfs í landinu og stefnumótunar á því sviði, sem birtist m.a. í frumvarpi þessu.

Virðulegi forseti. Samkvæmt skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem byggir á tölulegum gögnum frá Hagstofu Íslands, höfðu 31% Íslendinga á aldrinum 25–64 ára ekki lokið formlegu námi umfram skyldunám árið 2005. Sú staðreynd var höfð í huga við undirbúning áðurnefndrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um stöðugleika í efnahagsmálum sem gefin var út 17. febrúar 2008 í því skyni að greiða fyrir gerð kjarasamninga milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Þar segir að stefnt verði að því að ekki verði fleiri en sem nemur 10% fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020. Samkvæmt yfirlýsingunni skal unnið að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar fyrir fólk sem er á vinnumarkaði og hefur takmarkaða menntun. Yfirlýsing ríkisstjórnar er metnaðarfull og miðar frumvarpið m.a. að því að framangreindu markmiði verði náð. Til þess að svo megi verða þarf hins vegar mikill árangur að nást í framkvæmd laganna.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf., FA, var stofnuð af ASÍ og SA á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001. Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Markmiðið er að veita starfsmönnum á almennum vinnumarkaði, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Starfsemin byggist á samþykktum félagsins og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið. Gert er ráð fyrir þeirri skipan að FA annist áfram margvísleg verkefni samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið, enda hefur samstarf stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins á þeim vettvangi verið farsælt. Verði frumvarp þetta samþykkt er ljóst að endurskoða verður fjárveitingar og framlög til verkefna sem unnin eru samkvæmt þjónustusamningi menntamálaráðuneytisins og FA, enda yrði framlögum til þeirra verkefna sem unnin eru samkvæmt samningnum ætlað að nýtast fleirum en nú er, þ.e. félagsmönnum BSRB og þeim sem ekki eru stéttarfélagsbundnir.

Viðræður eru í gangi milli forsvarsmanna ASÍ, SA og BSRB um að samtök launþega og vinnuveitenda á opinberum vinnumarkaði öðlist aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem er í eigu SA og ASÍ. Eru bundnar vonir við að samkomulag náist um það á næstu dögum. Hefur þá náðst mikilvægur áfangi í að sameina krafta aðila vinnumarkaðarins í þágu framhaldsfræðslu.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þessu frumvarpi. Brýnt er að brúa bilið milli reynslu og menntunar einstaklinga á vinnumarkaði án framhaldsmenntunar og hins formlega framhalds- og háskólakerfis. Frumvarpi um framhaldsfræðslu er ætlað að skjóta styrkum lagastoðum undir mikilvæga starfsemi í menntakerfi okkar þannig að fleiri ljúki námi á framhaldsskólastigi og menntunarstig í landinu aukist.

Frú forseti. Að umræðu lokinni legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntamálanefndar.

[15:29]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Eins og hæstv. ráðherra fór yfir er verið að brúa ákveðið bil í löggjöf þar sem lög frá 1992 um framhaldsfræðslu voru í raun felld úr gildi 1996 og þá var

bara rætt um fullorðinsfræðslu í lagaákvæði í gömlum lögum um framhaldsskóla frá 1996.

Kallað hefur verið eftir lagasetningu um þetta efni bæði frá fullorðinsfræðslusamfélaginu og í þessum sal og ég tel fulla ástæðu til að fagna því að hér liggi nú fyrir frumvarp um það. Lengi vel var fullorðinsfræðsla hornkerling í hinu formlega íslenska menntakerfi, bæði af þeim ástæðum sem hér eru taldar, að lagaleg staða hennar hefur verið óljós og örlítið hlutfall opinberra framlaga til menntamála hefur runnið til fullorðinsfræðslu. Það hlutfall endurspeglar þó ekki endilega það starf sem hefur verið unnið í fullorðinsfræðslu þar sem bæði hefur verið rekið talsvert formlegt starf, og þá á ég við hefðbundna kennslu fyrir fullorðna á ýmsum sviðum innan ólíkra stofnana. Nægir þar auðvitað að nefna símenntunarmiðstöðvarnar og alls konar námskeiðahald, Námsflokkana á meðan þeir voru í fullu starfi — og þeir standa reyndar enn fyrir námskeiðum á ýmsum sviðum — og svo mætti lengi telja. Ekki má heldur gleyma hinni óformlegu fullorðinsfræðslu sem hefur verið við lýði hér á landi allt frá tímum upplýsingarinnar, þó að hún sé ekki til umræðu hér, en hefur staðið með miklum blóma hvort sem horft er á almenningsbókasöfn, fræðslufélög, fræðslutímarit eða fjölmiðla — ég nefni sérstaklega Ríkisútvarpið og þá fræðslu sem það hefur sinnt, af því að við ræddum það og hlutverk þess hér áðan — og margt fleira mætti nefna. Þessi löggjöf snýst hins vegar um hinn formlega hluta fullorðinsfræðslunnar og ég tel að slík löggjöf muni styrkja hana.

Fullorðinsfræðsla hér á landi hefur að mörgu leyti þróast sjálfstætt í grasrótarstarfi á undanförnum árum. Vinnuveitendur og verkalýðshreyfing hafa tekið höndum saman um fullorðinsfræðslu og rekið öflugt starf og afrakstur þess er m.a. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem hér var nefnd, og hefur orðið nokkurs konar miðstöð margra þeirra sem sinna fullorðinsfræðslu. Ég vil sérstaklega nefna símenntunarmiðstöðvarnar, sem eru flestar sjálfseignarstofnanir, stofnaðar af sveitarfélögum, fyrirtækjum á viðkomandi stöðum, háskólum og framhaldsskólum. Ég þreytist seint á að ítreka mikilvægi þessara miðstöðva fyrir sín svæði og nauðsyn þess að þær starfi áfram sjálfstætt því að þær hafa jú fingurinn á púlsinum þegar kemur að því að meta þarfir og áhugasvið fólks og fyrirtækja á svæðinu og um þær er fjallað í greinargerð með frumvarpinu. Mjög mikilvægt er að rekstrargrundvöllur þeirra verði áfram tryggður enda eru þær oft eini aðgengilegi fræðsluaðilinn í hinum dreifðu byggðum og hafa einnig gegnt mikilvægu hlutverki við fjarnám á háskóla- og framhaldsskólastigi. Því þarf að styrkja stoðir þeirra þannig að nám í heimabyggð fyrir fullorðna verði raunverulegur og aðgengilegur kostur í fullorðinsfræðslu ásamt hvers konar endur- og símenntun og tryggja um leið framboð á náms- og starfsráðgjöf hjá sömu aðilum þannig að hægt verði að bjóða upp á slíka þjónustu, t.d. í samstarfi við atvinnurekendur.

Að þessu sögðu ítreka ég auðvitað líka mikilvægi þeirrar þjónustu sem er í boði hér á höfuðborgarsvæðinu og ætla ekki að fara nánar út í hana enda nefndi ég áðan sem dæmi um hana Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mími, Námsflokkana og svo mætti lengi telja.

Ég hef aðeins rýnt í rökstuðninginn með frumvarpinu, sem greint er frá í greinargerð með því. Þar eru talin til ýmis rök fyrir því að efla fullorðinsfræðslu og sérstaklega rætt um menntunarstigið, sem hæstv. ráðherra nefndi í framsögu sinni, sem er tiltölulega lágt í alþjóðlegum samanburði þegar horft er til hlutfalls þeirra sem lokið hafa formlegu námi umfram skyldunám, en árið 2005 hafði 31% Íslendinga á aldrinum 25–64 ára ekki lokið formlegu námi umfram skyldunám. Athyglisvert er að þeim sem lokið hafa námi á framhaldsskólastigi hefur fjölgað hægar hér á landi en erlendis á sama tíma og hlutfall þeirra sem lokið hafa háskólanámi hérlendis er yfir meðaltali innan OECD-ríkja, að því er fram kemur í greinargerð. Af þessu má draga þá ályktun að hér á landi sé mikill innbyrðis munur á menntunarstigi þegar rætt er um formlega menntun. Ég held að þetta sé áhugaverð umræða fyrir þá sem hafa áhuga á menntamálum að hægt sé að minnka bilið á milli þeirra sem lokið hafa háskólaprófi og hinna sem í raun hafa einungis lokið skyldunámi.

Í greinargerð er einnig sagt að bætt menntun ófaglærðra geti almennt haft jákvæð áhrif á efnahagslífið og aukið lífsgæði þeirra sem njóta menntunarinnar. Þetta er vissulega rétt og mig langar að kafa aðeins dýpra í þessar röksemdir. Mig langar að rifja upp rannsóknir Jóns Torfa Jónassonar sem hefur rannsakað fullorðinsfræðslu mikið og nefnt fern rök, sem mér finnst mikilvægt að halda til haga í umræðunni. Það eru mannauðsrökin sem hægt er að tengja við lífsgæðin sem eru nefnd í greinargerðinni, þ.e. að fullorðinsfræðsla styrki stöðu fólks á vinnumarkaði og geri það færanlegra. Fólki er gert kleift að skipta um vinnu og vinna sig upp og fræðslan eykur líka nýsköpun í starfi og hefur þar af leiðandi jákvæð áhrif á efnahagslífið.

Í öðru lagi má nefna svokölluð lýðræðisrök sem snúast um mikilvægi þess að ávallt sé unnið að því að endurnýja undirstöðuþekkingu almennings eins og t.d. læsi — og við höfum nú rætt um læsi í þessum sölum og mikilvægi þess að læsi fullorðinna sé tryggt. Þjóðfélagið sem við búum í er síbreytilegt og reiðir sig á þekkingu og færni fólks til að geta tekið þátt. Þetta tel ég vera mjög mikilvæg rök fyrir öflugri fullorðinsfræðslu. Við sjáum t.d. hvernig umræða í samfélaginu fer að stórum hluta fram á netinu, sem sýnir okkur mikilvægi þess að almenningur allur sé tölvulæs þótt ekki sé nema til að vera virkur þátttakandi í lýðræðissamfélagi.

Í þriðja lagi eru það svokölluð jafnræðisrök sem eiga mjög vel við í ljósi þeirrar tölfræði sem rædd er í greinargerðinni þar sem rætt er um þennan mikla innbyrðis mun á menntunarstigi á Íslandi. Með aukinni áherslu á fullorðinsfræðslu minnkum við vonandi þennan mun og um leið hugsanlega stéttaskiptingu sem getur hlotist af menntunarmun í samfélagi.

Í fjórða lagi eru það svokölluð almenn tæknirök sem snúast um að tryggja almennan tæknilegan grunn allra til að tryggja að fólk geti verið sem hreyfanlegast á vinnumarkaði.

Ég tel þessa röksemdafærslu í fjórum liðum eiga mjög vel heima í umræðunni og hef áður bent á að þetta sýni nauðsyn þess að hið opinbera axli ákveðna ábyrgð á fullorðinsfræðslu ásamt aðilum vinnumarkaðarins og öðrum sem þar kunna að taka þátt. Fullorðinsfræðsla er að mínu

mati samfélagslegt verkefni, hluti af okkar samábyrga velferðarsamfélagi en ekki aðeins hagsmunamál atvinnurekenda og launþega, þó að þeir hafi unnið gríðarlega mikilvægt frumkvöðlastarf í að þróa fullorðinsfræðslu hér á landi.

Ég legg til í þessu samhengi að menntamálanefnd skoði sérstaklega hvort ástæða sé til að breikka skírskotun frumvarpsins en í greinargerð á bls. 10 segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi þessu er lagður grunnur að nýrri skipan framhaldsfræðslu sem ætlað er að þjóna atvinnulífi og launþegum á vinnumarkaði með stutta skólagöngu að baki, sem hefur jafnframt skírskotun til framhaldsskólastigsins og, eftir atvikum, háskólastigsins. Þessi nýja skipan miðar að því að til verði heildstætt kerfi sem ætlað er að mæta þörfum atvinnulífs og launþega óháð því hvort þeir starfa á almennum eða opinberum vinnumarkaði."

Þetta er mjög gott svo langt sem það nær en ég velti því fyrir mér hvort lög um fullorðinsfræðslu eigi ekki að ná til allra því að þó að fólk á vinnumarkaði sé vafalaust langstærstur hluti þeirra sem sækja sér fræðslu utan hins formlega skólakerfis er fólk sem er ekki á vinnumarkaði en hefur samt litla grunnmenntun. Ég gæti nefnt mjög fatlað fólk eða aðra öryrkja, sem vegna stöðu sinnar hafa ekki getað sinnt vinnu, eða aðra sem eru ekki á vinnumarkaði, kannski vegna stuttrar menntunar. Ég velti því fyrir mér hvort einhver sérstök rök séu fyrir því að undanskilja þessa hópa í frumvarpinu og hvort ekki sé ástæða til að taka þetta einmitt allt heildstætt saman því menntamálaráðuneytið hefur sinnt þessum málum og verið með samstarfssamning við Fjölmennt um fullorðinsfræðslu fatlaðra, og ég velti því fyrir mér hvort ekki væri eðlilegt að sá þáttur fræðslunnar væri ræddur sérstaklega í frumvarpinu, þ.e. fullorðinsfræðsla fyrir fólk sem ekki er á vinnumarkaði. Ég legg til að menntamálanefnd skoði þetta sérstaklega nema einhver sérstök rök mæli gegn því.

Af öðrum einstökum atriðum í frumvarpinu langar mig að nefna tvennt nú í 1. umr. og það er þetta svokallaða raunfærnimat sem fagfólk í fullorðinsfræðslu hefur verið óþreytandi að berjast fyrir undanfarin ár. Ég fagna því að sjá það komið inn í lög enda getur slíkt mat á óformlegu námi verið gríðarlega mikilvægt við að hjálpa fólki annaðhvort til að taka upp þráðinn í námi eða fá hjálp við að komast af stað og því tengt er náms- og starfsráðgjöf. Þetta er sett saman í frumvarpinu sem mér finnst góð tenging af því að þetta snýst bæði um að fólk fái það metið sem það hefur verið að gera, t.d. úti á vinnumarkaði, og fái síðan ákveðna hjálp við að taka upp þennan þráð eða komast af stað.

Hins vegar er það fyrirkomulag hins nýja Fræðslusjóðs sem er seinna atriðið sem mig langar til að ræða aðeins, en eins og hæstv. ráðherra fór yfir áðan er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins úthluti fjármunum til fræðsluaðila og því verði skipt á tiltekinn hátt. Stjórn sjóðsins á að vera skipuð átta aðilum — þetta er hluti fjármagnsins, svo er annar hluti fjármagns sem hæstv. ráðherra fór áðan yfir í framsögu sinni — formanni, væntanlega skipuðum af menntamálaráðherra, tveimur fulltrúum Samtaka atvinnulífsins, tveimur fulltrúum ASÍ, einum fulltrúa BSRB, einum fulltrúa frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og einum fulltrúa sameiginlega tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneyti.

Ég velti fyrir mér tvennu í tengslum við þetta. Annars vegar hvort ekki sé ástæða til að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi þarna heilan fulltrúa, því málið er þeim skylt út af þeirri tengingu sem við þurfum að ná við allt landið og ég held að rétta leiðin til þess sé að fara í gegnum sveitarfélögin sem þekkja vel þarfirnar á hverjum stað. Hins vegar velti ég fyrir mér hvort ekki væri rétt að skapa tengingu inn í — getum við sagt — afganginn af skólasamfélaginu, t.d. inn í háskólasamfélagið þar sem gríðarleg þekking er á menntavísindum, fræðslu og öllum uppeldisfræðum. Þar væri hægt að fá ákveðna akademíska sýn inn í stjórn sjóðsins sem ég held að væri áhugavert að fá inn í svona fyrirkomulag þar sem fjármunum er úthlutað til fullorðinsfræðslu. Við erum með vinnuveitendur, launþega og ráðuneytin en mér finnst vanta dálítið þarna inn fulltrúa sem kemur með sýn skólasamfélagsins.

Ég legg til að menntamálanefnd velti þessum möguleika fyrir sér og taki til skoðunar. Ég efast ekki um að mjög áhugaverð vinna er fram undan við frumvarpið. Ég fagna því að það liggi fyrir og held að það sé fullorðinsfræðslu til mikilla hagsbóta að fá ramma utan um starfsemi sína, sem veitir samt svigrúm til að þróa málin eins og þau hafa þróast úr grasrótinni. En ég velti þessu tvennu sérstaklega fyrir mér og vonast til að vinna nefndarinnar verði gefandi um þessi mál.

[15:42]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um framhaldsfræðslu, svokallaða fimmtu stoð í menntakerfi þjóðarinnar. Fyrr á þessu ári samþykkti hv. Alþingi fjögur metnaðarfull frumvörp um leikskóla, framhaldsskóla, grunnskóla og háskóla sem hæstv. menntamálaráðherra hafði lagt fyrir sem og frumvarp um menntun kennara og skólastjórnenda. Við ræðum því fimmtu stoðina, ef svo má segja, í menntakerfi þjóðarinnar. Lög þessi ná til skipulags framhaldsfræðslu á vegum viðurkenndra fræðsluaðila með þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við framkvæmd hennar.

Í 5. gr. þessa frumvarps stendur hver tilhögun námsins á að vera. Framhaldsfræðslan á að miða við þarfir einstaklinga, fyrirtækja og atvinnulífs og að jafnaði á námsframboði að vera þannig háttað að hægt sé að leggja stund á nám samhliða atvinnuþátttöku. Ég vil taka undir með hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur þar er hún nefnir að ekki allir vinni utan heimilis og taki þátt í atvinnustarfsemi almennt. Til þessa hóps þarf sérstaklega að líta.

Með framhaldsfræðslu, eins og hún er skilgreind hér, er átt við að hvers konar menntun sé ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og ekki er skipulögð á grundvelli laga um framhaldsskóla og háskóla. Engu að síður ætti framhaldsfræðslan síðar að geta auðveldað þeim aðilum sem í henni taka þátt og ljúka með tilskildum árangri samkvæmt því mati sem fram er sett að hefja formlegt nám í framhaldsskóla og/eða háskóla og fá þá nám sitt metið sem hér er nefnt. Það sem skiptir ekki síður máli í þessu frumvarpi er það sem hér er nefnt raunfærnimat. Í því felst að með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklinga sem aflað hefur ver-

ið með skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, fristundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu. Þessir þættir hafa sjaldnast verið metnir til menntunar og því ber að fagna að á þá skuli sérstaklega litið og þeir metnir sem raunverulegt nám, raunveruleg menntun til framhaldsfræðslu samkvæmt þessum lögum. Ég held að þetta sé sá þáttur í frumvarpinu sem komi til með að skipta mestu máli. Þetta er sá þáttur frumvarpsins sem er hvað sanngjarnastur gagnvart öllum þeim aðilum sem ekki hafa aðra formlega menntun að baki en skyldunám eða svokallað grunnskólanám.

Það sem skiptir líka meginmáli að mínu mati í þessu frumvarpi er svokallaður Fræðslusjóður, sem mun úthluta samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir, að framlög til fræðsluaðila eigi að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald, raunfærnimat, starfs- og námsráðgjöf og að styrkveitingar eigi að renna til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu. Þetta skiptir miklu máli og það skiptir máli að þeir fjármunir sem fara í þennan sjóð séu verulegir þannig að sjóðnum takist að stuðla að því að framhaldsfræðslan sem boðuð er í þessum frumvarpsdrögum verði að veruleika og verði virkilega til þess fallin að efla menntun og draga úr þeim mun sem er á menntunarstigi einstaklinga í þessu samfélagi. Það skiptir líka máli þegar skoðað er hve mikill munur er á menntunarstigi að horfa til þess hvar þeir einstaklingar eru, hvort þeir séu frekar í þéttbýli eða dreifbýli. Þá þarf að leggja áherslu á framhaldsfræðsluna á þeim stöðum þar sem þeir eru sem frekast þurfa á henni að halda. Ég er einfaldlega að horfa til þess sem er í hinum dreifðari byggðum landsins, þar þarf að gæta jafnræðis. Ef við sjáum að einhverjir þurfi meira en minna þá verði það gert með tilliti til þess fjölda sem býr á hverjum stað og þarf á umræddri menntun að halda.

Að lokum, hæstv. forseti. Það sem skiptir kannski meginmáli í þessu frumvarpi er að með því eflum við einstaklinginn. Við aukum lífsgæði hans. Við eflum sjálfsmynd hans til að takast á við lífið og tilveruna með enn betri og virkari hætti en margur hefur haft tækifæri til í dag. Það mun skila þjóðinni afar miklu á þessum tímum sem við lifum í augnablikinu og því fagna ég þessu frumvarpi til laga um framhaldsfræðslu. Sem fulltrúi í menntamálanefnd hlakka ég til að takast á við þetta verkefni og heyra í þeim sem um það munu fjalla og gera á því hugsanlega breytingar sem verða til bóta.

[15:49]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil, eins og aðrir sem hér hafa talað, fagna þessu frumvarpi um framhaldsfræðslu. Þetta skemmtilega orð, framhaldsfræðsla, sýnist mér vera nýtt í málinu. Ég veit ekki hvort það hefur mikið verið notað en það er þá búið að öðlast alveg ákveðna merkingu og notað í stað þess sem oft hefur verið kallað fullorðinsfræðsla. Ég held að þetta sé gott orð og lýsi mjög vel því sem verið er að fjalla um. Þetta nær utan um þá fræðslu eða það nám sem menn stunda í framhaldi af einhverju öðru, grunnskólanámi eða öðru.

Margar ástæður eru fyrir því að fólk hættir í skóla, oft ungt. Það geta verið barneignir, eitthvert ástand í atvinnulífinu, það geta verið félagslegar aðstæður sem valda því að fólk hættir allt of snemma í skóla og vill gjarnan komast aftur í viðbótarnám, öðlast möguleika á að fara aftur inn í skólakerfið. Það getur reynst erfitt að setjast á skólabekk með framhaldsskólanemum sem eru töluvert yngri. Þess vegna er svo mikilvægt að hafa þessa leið opna og sem allra besta og formlegasta svo menn geti snúið til baka, sótt sér viðbótarmenntun og öðlast viðbótarfræðslu á þeim sviðum sem þeir hafa áhuga á.

Sömuleiðis er mjög mikilvægt að þegar við lítum til menntunar sé ekki eingöngu talað um skólagöngu. Það sem kemur fram í þessu frumvarpi er að áhersla er lögð á að hægt sé að meta færni fólks. Það er kallað raunfærnimat. Reynt er að meta þá kunnáttu og reynslu sem fólk hefur fengið úti á vinnumarkaði eða í lífinu þegar það kemur aftur inn í skólastarfið og það jafnvel metið til jafns við skólagöngu, því eins og allir vita er skólaganga og menntun ekki endilega það sama þótt það tengist.

Skilgreind meginmarkmið frumvarpsins birtast í 2. gr. Þar segir að markmið framhaldsfræðslunnar sé að veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi tækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju. Það er talað um að efla starfshæfni þeirra sem hafa jafnvel lokið einhverri skólagöngu, þeirra sem vilja skipta um starfsvettvang eða bæta við sig færni og eiga þá kost á því án þess að setjast endilega inn í formlega skólakerfið. Í c-lið 2. gr. eru nefnd úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins þar sem einmitt er brugðist við breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Við sjáum hvernig þróunin hefur verið mjög hröð á liðnum árum í atvinnulífinu og krafist er nýrra tækifæra og nýrrar tækni. Fólk sem hafði í upphafi öðlast ágæta menntun þarf að sækja sér viðbótarmenntun. Þess vegna er mjög mikilvægt að fólk eigi kost á framhaldsfræðslu og námi í þessum nýju greinum.

Síðan kemur að þeim markmiðum í e-liðnum að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis. Það er í rauninni meginmarkmið frumvarpsins með lögunum í heild, að undirstrika að það er eitt skólastig til viðbótar við leikskólann, grunnskólann, framhaldsskólann og háskólann, þ.e. þetta framhaldsfræðslustig, og viðurkenna það sem sjálfstætt skólastig þar sem er í raun og veru hægt að sinna einstaklingum sem hafa ekki áhuga eða tækifæri til að fara inn í hin formlegu skólastig. Undir þennan lið fellur líka að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum. Það er þetta raunfærnimat, það að viðurkenna að mjög margir geta haft t.d. gríðarlega góða tungumálakunnáttu án þess að þeir hafi aflað sér prófa og þá eigi að vera möguleiki á að meta það nám, prófa fólkið og meta raunfærni þannig að viðkomandi geti jafnvel nýtt sér það í formlegu námi, hvort sem er í framhaldsskóla eða háskóla. Almennt er markmiðið líka að efla menntunarstigið í landinu og íslenskt menntakerfi.

Það er ánægjulegt að öll þessi atriði skuli koma inn í þessi lög og með því reynt að ná utan um þetta skref í heildina. Einnig er lögð áhersla á að hægt sé að stunda þessi námsúrræði samhliða atvinnulífsþátttöku. Við getum einmitt horft til þess að úrræðin sem hér er verið að kynna, sem eru auðvitað í gangi í dag og búið er að formgera undir þessum framhaldsfræðslulögum, eru mjög mikilvæg á þess-

um tíma sem er núna með auknu atvinnuleysi. Nú er einmitt mikilvægt að fólk geti samhliða t.d. hlutaatvinnu eða samhliða einhverjum samdrætti stundað nám í símenntunarmiðstöðvum eða á öðrum stöðum þar sem boðið er upp á viðkomandi framhaldsfræðslu.

Aðkoma ríkisins að þessari fræðslu er fyrst og fremst annars vegar í gegnum formlegar fjárveitingar til bæði ýmissa viðfangsefna og umsýslu í gegnum fjárveitingar til símenntunarmiðstöðva en ekki síst með framlögum til Fræðslusjóðs sem síðan mun deila út peningum eftir umsóknum til þeirra verkefna sem þessir aðilar koma með og hafa tilboð um.

Auðvitað er mikilvægt í þessari fræðslu að horfa ekki eingöngu til þess að fólk geti farið inn í framhaldsfræðslu til að afla sér eininga heldur veitir þetta líka almenna þekkingu og fræðslu sem þarf ekki endilega að telja sem einingar. Það er jafnmikilvægt að boðið sé upp á formlegt nám sem telst til eininga og að bjóða upp á ýmislegt nám sem í raunveruleikanum hefur meiri áhrif á almenna líðan og möguleika á því að styrkja sjálfsmynd eða njóta sín í hinu daglega lífi.

Það er engin ástæða til að hafa mörg orð um þetta frumvarp. Mjög jákvætt er að það hefur verið lagt fram. Ég tek undir það sem kom fram fyrr í umræðunni að ýmsir aðilar sinna þessari þjónustu í dag. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem er samstarfsverkefni ASÍ og Samtaka atvinnulífsins, er öflug og gegnir mikilvægu hlutverki. Úti á landi eru símenntunarmiðstöðvar, þekkingarnet og þekkingarsetur sem við þurfum að standa vörð um og tryggja að séu vel starfandi og geti boðið upp á góða framhaldsfræðslu. Fræðslumiðstöðvar iðngreina, Mímir símenntun og fleira er nefnt í greinargerð með þessu frumvarpi.

Ég tel þó ástæðu til að nefna að mér finnst mikilvægt að framhaldsskólarnir — þótt það verði ekki með formlegum hætti, þ.e. ekki með formlegu framhalds- og einingaánámi — eigi líka kost á að bjóða upp á framhaldsfræðslu. Þar er góð aðstaða til þess. Þótt það verði í samstarfi við þekkingar- eða símenntunarmiðstöðvar finnst mér mikilvægt að framhaldsskólarnir geti líka haft hlutverk hvað þetta varðar. Ég veit að sumir skólar hafa einmitt verið að bjóða ákveðnum starfsstéttum upp á framhaldsnám, ekki endilega einingabært en nám sem er stundað utan vinnutíma eða samhliða fullri atvinnu eða hlutastarfi. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við nýtum þessar skólaeiningar, þó að þetta frumvarp fjalli meira um það sem fellur utan formlega skólakerfisins, að við aðskiljum þetta ekki með öllu heldur nýtum háskólana og framhaldsskólana í okkar framhaldsfræðslu.

Þetta frumvarp kemur til menntamálanefndar og eins og þeir sem hér töluðu á undan mér fagna ég því að fá tækifæri til að fjalla um það frekar og skoða betur með hvaða hætti við stöndum að hugsanlegum breytingum á þessu frumvarpi ef einhverjar þarf að gera. Ég óska menntamálaráðherra til hamingju með að vera komin með þetta inn í þingið og hlakka til að takast á við að vinna enn þá betra frumvarp úr þessu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og menntmn.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1. umr.

Stjfrv., 219. mál (greiðsla séreignarsparnaðar, fjárfestingarstefna, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 297.

[15:59]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Flestar þeirra var einnig að finna í frumvarpi sama efnis sem lagt var fram á Alþingi síðastliðið vor, en hlaut ekki afgreiðslu. Það ástand sem nú ríkir á íslenskum fjármálamarkaði og leikið hefur afkomu margra lífeyrissjóða grátt kallar einnig á tilteknar breytingar á lögunum.

Í fyrsta lagi er lögð til sú meginbreyting að þeim aðilum sem náð hafa 60 ára aldri verði heimilt að taka út séreignarsparnað sinn í einu lagi í stað þess að dreifa greiðslum á sjö ár eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Þetta fyrirkomulag, þ.e. sjö ára reglan, hefur sætt talsverðri gagnrýni á undanförnum árum, einkum þar sem um lágar fjárhæðir er að ræða, og í einhverjum tilvikum hafa rétthafar smeygt sér fram hjá gildandi reglum með því að dreifa séreignarsparnaðnum á marga vörsluaðila.

Í öðru lagi er lagt til, með hliðsjón af sífellt hækkandi meðalaldri og bættri heilsu fólks, að ekkert aldurshámark verði á því hvenær einstaklingur getur hafið töku lífeyris, en í gildandi lögum er það hámark bundið við 75 ára aldur.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu að finna tillögur um nokkrar breytingar á 36. gr. laganna sem fjallar um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna. Þar er meðal annars lagt til að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta fyrir allt að 20% af hreinni eign sinni í verðbréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, en í gildandi lögum er umrætt hlutfall 10%. Þessi tvöföldun á hlutfallinu skýrist fyrst og fremst af þeirri stöðu sem nú er uppi á innlendum fjármálamarkaði þar sem framboð á skráðum verðbréfum er afar takmarkað. Hún hefur leitt til þess að einstaka sjóðir hafa jafnvel farið yfir 10% mörkin án nokkurra viðskipta. Gera má ráð fyrir að þetta hlutfall verði tekið til endurskoðunar á ný þegar fjármálamarkaðurinn hefur náð ákveðnu jafnvægi. Að auki eru lagðar til nokkrar aðrar breytingar á 36. gr. sem miða að aukinni áhættudreifingu.

Í fjórða lagi er lagt til að settar verði samræmdar reglur um fjárfestingarstefnu þeirra aðila sem hafa heimild til að taka við séreignarlífeyrissparnaði. Samkvæmt núgildandi lögum er séreignarlífeyrissparnaður í vörslu lífeyrissjóða háður sömu takmörkunum varðandi fjárfestingarstefnu og samtryggingarlífeyrissjóðir á meðan aðrir vörsluaðilar hafa ótakmarkað frelsi til að móta fjárfestingarstefnu sína, jafnframt því að vera óháðir eftirliti Fjármálaeftirlitsins hvað hana varðar. Þetta ójafnræði milli vörsluaðila sem bjóða upp á sambærilega þjónustu er talið miður heppilegt. Auk þess eru nú að koma í ljós ýmis dæmi þess að hið ótakmarkaða frelsi til fjárfestinga sem einstakir vörsluaðilar hafa notið hafi leitt til óvarlegra fjárfestinga með tilheyrandi skaða fyrir eigendur séreignarsparnaðarins. Því er lagt

til, bæði í varúðarskyni og til að gæta samræmis, að allir vörsluaðilar séreignarlífeyrissparnaðar verði bundnir tilteknum lágmarksskilyrðum varðandi fjárfestingar. Það þýðir að fjárfestingarammi lífeyrissjóða gagnvart séreignarsparnaði verður rýmri frá því sem er í gildandi lögum samhliða því að frelsi annarra vörsluaðila séreignarlífeyrissparnaðar verður takmarkað.

Þá eru lagðar til nokkrar breytingar til að auka sveigjanleika við ráðstöfun lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris, jafnframt því sem kröfur til þekkingar stjórnarmanna lífeyrissjóða auk þeirra sem sinna eignastýringu verðbréfasafna lífeyrissjóða eru hertar, auk nokkurra smærri breytinga.

Að lokum er í frumvarpinu að finna bráðabirgðaákvæði þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 39. gr. laganna skuli lífeyrissjóðum vera heimilt að hafa allt að 15% neikvæðan mun á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyris miðað við tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2008, án þess að þeim sé skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Samkvæmt gildandi lögum eru mörkin 10%. Þetta þýðir að þeir sjóðir sem eru reknir innan við 15% samkvæmt tryggingafræðilegu mati munu ekki þurfa að skerða lífeyrisréttindi á næsta ári lagalega séð.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[16:03]

Ellert B. Schram (Sf):

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að standa upp og taka til máls við framlagningu þessa frumvarps sem snýr skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um frumvarpið en stend upp fyrst og fremst til þess að lýsa ánægju minni með þau spor sem hér eru stigin og þær tillögur sem hér eru gerðar. Þær eru fljótt á litið og eftir þó nokkra athugun af minni hálfu allar í rétta átt og jafnvel, segi ég núna, þó fyrr hefði verið, að til slíkra aðgerða væri gripið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum í fjórum meginatriðum. Í fyrsta lagi er sú meginbreyting gerð að þeim sem hafa náð 60 ára aldri er heimilt að taka út séreignarsparnað í einu lagi í stað þess að þurfa að dreifa greiðslum yfir lengri tíma.

Í öðru lagi eru ekki lengur aldurshámark á því hvenær einstaklingur getur hafið töku lífeyris en fram að þessu og í núgildandi lögum er það bundið við 75 ára aldur

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta í hærra hlutfalli en hingað til enda er við gerbreyttar aðstæður í þjóðfélaginu nauðsynlegt að gera þessa breytingu, að breyta hlutfallinu úr 10 í 20%, vegna þess að nánast engin viðskipti fara fram á þessum vettvangi sem hefur líka leitt til þess að þessi hlutföll segja lítið sem ekkert.

Í fjórða og síðasta lagi er gert ráð fyrir því að settar verði samræmdar reglur um fjárfestingarstefnu þeirra aðila sem hafa heimild til að taka við séreignarlífeyrissparnaði. Þetta er kannski ögn óljósara atriði en er að mínu mati líka spor í rétta átt.

Ég vildi kveðja mér hljóðs strax við 1. umr. til að lýsa yfir ánægju minni með frumvarpið og ég tel afar brýnt að það fái afgreiðslu fyrir áramótin.

[16:06]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Þetta frumvarp er vissulega til bóta og ég held að hægt sé að mæla með því en þó eru einhver atriði sem mættu kannski betur fara. Það er spurning um séreignarlífeyrissparnaðinn, hvort ekki væri rétt að leyfa fólki á öllum aldri að taka út séreignarsparnaðinn hvort sem það er þrítugt eða 55 ára eða á hvaða aldri sem það er vegna þess sérstaka neyðarástands sem er í þjóðfélaginu núna. Margir eiga töluvert inni í séreignarsparnaði, jafnvel ungir menn og konur sem gætu nýtt hann hreinlega til að bjarga sér frá hörmungum og jafnvel frá gjaldþroti. En sjálfsagt er að þakka þetta mark sem bundið er við það að 60 ára og eldri megi taka út séreignarsparnaðinn í einu lagi og nýta hann og verður það til bóta fyrir marga. En ég er að hugsa um yngra fólkið, fólk sem er búið að vera með séreignarsparnað í 10 ár og á kannski einhverja aura inni sem gætu hjálpað því í þeim hremmingum sem ganga yfir þjóðfélagið núna. Og það er spurning hvort við leggjum ekki fram breytingartillögu um að það fái líka að nýta sér þetta.

Lífeyrissjóðakerfið er auðvitað mjög gott í sjálfu sér þó svo að mörgum finnist sorglegt að borga verulegar upphæðir allan sinn starfsaldur og fá ekki út nema kannski helminginn til baka eins og er í mörgum lífeyrissjóðum. Í mínum lífeyrissjóði, gamla Lífeyrissjóði sjómanna, fara t.d. um 50% af útborguðum greiðslum sjóðsins á hverju ári í örorkubætur, ekknabætur og slysabætur og annað þess háttar þannig að menn sem hafa borgað 20 millj. í sjóðinn á starfsferli sínum fá kannski ekki út í lífeyri til baka framreiknað nema helminginn af þeirri upphæð. Það segir auðvitað hvernig lífeyrissjóðakerfið er byggt upp en menn gleyma því að þegar lífeyrissjóðakerfinu var komið á um 1970 var örorkuþátturinn í flestum lífeyrissjóðum í kringum 10–12% en hann hefur breyst mjög verulega í flestum sjóðum. Fleira fólk hefur orðið öryrkjar og þar af leiðandi fengið greiðslur úr sjóðunum og stundum meira en það hefur raunverulega borgað í þá. Þetta eru samtryggingarsjóðir og þeir sem fá út úr lífeyrissjóði fá meira en þeir hafa kannski lagt í sjóðinn og auðvitað bitnar það á á eftirlaunum fólks þegar um svoleiðis samtryggingarsjóði er að ræða. Ég hef lagt það til í þeim efnum og byrjaði að tala um það fyrir einum 12 árum síðan að nauðsynlegt væri að þessir sjóðir væru fyrst og fremst lífeyrissjóðir og að fólk sem verður öryrkjar eigi auðvitað að fá út úr sjóðnum miðað við þá punkta sem það á í lífeyrissjóðnum en til að ná lágmarkslífeyri eigi Tryggingastofnun ríkisins eða ríkið að koma á móts við þetta fólk þannig að aðrir lífeyrisþegar í sama lífeyrissjóði þurfi ekki að taka á sig þessa sameiginlegu skyldu. Það er auðvitað misjafnt eftir lífeyrissjóðum hvernig reglurnar eru, ekknabætur, makabætur og ýmsar aðrar bætur eru misjafnar eftir sjóðum. Hinir almennu lífeyrissjóðir eru með allt önnur kjör en lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna, að maður tali ekki um eftirlaunakjör alþingismanna. Þetta er allt hvert með sínu lagi. Því er ekki að leyna að þar eru alþingismenn auðvitað best settir, ég tala nú ekki um ráðherrar, hæstaréttardómarar og æðstu

embættismenn þjóðarinnar.

Annað atriði sem er mjög sérkennilegt í sambandi við lífeyrissjóðina er þátttaka atvinnurekenda í stjórnum lífeyrissjóða. Ég byrjaði að tala um það fyrir 12 árum að það væri mjög óeðlilegt að atvinnurekendur séu til helminga við launþega í stjórnum lífeyrissjóða. Í mörgum lífeyrissjóðum og flestum er það þannig að þar eru jafnmargir fulltrúar frá atvinnurekendum og frá launþegahreyfingunni en það er nú einu sinni þannig að launþegarnir eiga þessa lífeyrissjóði. Þeir búa til lífeyrissjóðina, launin þeirra fara í að búa til lífeyrissjóðina. Auðvitað ættu launþegar að vera með meiri hluta í stjórnum lífeyrissjóða en ekki eins og þetta er í dag að það sé helmingaskiptaregla. Síðan hefur verið ákveðin misnotkun á því mikla fjármagni sem er í lífeyrissjóðakerfinu, keyptir hafa verið hlutir í fyrirtækjum og menn sem fara með atkvæði í lífeyrissjóðunum á hverjum tíma hafa verið að tryggja sínum mönnum stjórnarsetu í ákveðnum fyrirtækjum út á eignarhlut lífeyrissjóðanna.

Það er ýmislegt sem þarf að skoða þegar lífeyrissjóðsmál eru rædd almennt. Þau tvö atriði sem mér finnst þurfa að breyta í lífeyrissjóðakerfinu eða lífeyrissjóðunum er í fyrsta lagi hverjir sitja í stjórnum sjóðanna og í öðru lagi örorkuþátturinn í lífeyrissjóðakerfinu þar sem lífeyrissjóðirnir eru að borga og hlífa ríkinu raunverulega við því sem það á að gera. Það má með sanni segja að það sé óeðlilegt að fólk sem borgar allan sinn starfsaldur í lífeyrissjóð fái raunverulega ekki nema helminginn af peningunum til baka en það er það sem mér sýnist vera alla vega hjá hinum almennu lífeyrissjóðum. Ég þekki þetta ekki nægilega vel hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna en ég veit aftur á móti að lífeyrissjóðir alþingismanna og æðstu embættismanna þjóðarinnar eru á algerum sérkjörum.

[16:14]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður nefndi eitt atriði sérstaklega sem ég vildi nefna og það er um séreignarsjóðina, hvort það ætti almennt að vera heimilt og alla vega tímabundið núna vegna ástandsins að taka út úr þeim sjóðum, þá vil ég segja að mér finnst það alls ekki fráleit hugmynd því að það getur vel verið að það gæti hjálpað einhverjum sem eru í erfiðri stöðu. En hins vegar geta verið vandamál þessu tengd. Það fer eftir því hvort sá hópur sem á í erfiðleikum er stór innan þess hóps sem á séreignarsparnað. Ef hann er lítill skiptir þetta ekki miklu máli, þá ætti ekki að vera mikið vandamál að fá greitt úr sjóðunum. Sé þessi hópur hins vegar stór gæti verið erfitt að greiða honum út en öðrum aðilum í sjóðnum væri ekki heimilt að fá sína inneign út. Það mundi leiða til þess að auðseljanlegustu bréfin og kannski verðmætustu bréfin yrðu seld út úr sjóðunum en eftir sætu bréf sem væru torseldari og jafnvel ekki eins verðmæt nú um stundir og þannig væri verið að mismuna á milli þeirra sem eiga aðild að sjóðunum. Það gæti leitt til þess að eina leiðin til að gæta jafnræðis væri að leysa sjóðina upp og það geta líka verið ákveðin vandamál í því.

Þetta er samt sem áður eins og ég sagði ekki fráleit hugmynd og við erum að skoða hana. Ég lít ekki svo á að þetta sé eitthvað sem þurfi að ákveða einn, tveir og þrír. Við erum þegar búnir að setja löggjöf um greiðslujöfnun, hún á að létta á fólki fyrsta kastið og við höfum tíma til að skoða þetta vandlega áður en við tökum ákvörðun.

[16:16]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott að heyra að hæstv. fjármálaráðherra vill skoða þetta með opnum huga því að auðvitað getur þetta hjálpað mörgum manninum, mörgum fjölskyldum í landinu.

Það hlýtur að vera hægt að smíða um það regluverk og jafnvel þó að fólk fengi þetta ekki út á morgun, eins og maður segir, væri hægt að gera þetta með þeim hætti að það fengi þetta í einhverjum áföngum á næsta ári, að komið væri lagaumhverfi um þetta þannig að fólk vissi að það ætti von á þessum peningum hugsanlega þennan dag eftir þrjá mánuði, eftir sex mánuði, jafnvel eftir ár. Fólk gæti þá vísað bankastofnunum, eða öðrum sem fólk þarf að glíma við til að borga skuldir, á þessa peninga eftir þennan tíma eða hinn.

Ég tel að það ætti að vera auðvelt að búa til regluverk utan um þetta sem gerði öllum kleift að nýta þennan séreignarsparnað til þess að bjarga sér út úr þeim hörmungum sem við erum í í dag. Ég trúi því og treysti að hæstv. fjármálaráðherra beiti sér í því með okkur þingmönnum að koma þessu á laggirnar.

[16:18]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frumvarpið sem er hér til 1. umr. og á eftir að fara til umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd þingsins þar sem ég á reyndar sæti. Við munum fara rækilega yfir málið.

Ég vil aðeins segja um það atriði sem kom hér síðast til umræðu, heimildir til að taka út úr séreignarsparnaði. Í frumvarpinu eru rýmkaðar heimildir til þess við 60 ára aldur. En síðan hafa menn verið að ræða hvort æskilegt væri að rýmka þetta enn meir í ljósi hins bága efnahagsástands sem við búum við og aðsteðjandi vanda hjá mörgum heimilum og einstaklingum sem eru að missa heimili sitt, hvort eigi að rýmka þetta enn meira.

Ég er því mjög fylgjandi fyrir mitt leyti að það verði skoðað. Ég held að fólk muni ekki gera þetta nema mjög brýn nauðsyn knýi. Ég held að enginn leiki sér að því að taka áhættu í þessum efnum eða fara með féð út í neyslu heldur geri fólk þetta einvörðungu til að bjarga sér. Ég er hlynntur því í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru að þetta verði skoðað mjög alvarlega.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að rýmka um fyrir lífeyrissjóðunum varðandi fjárfestingarstefnu. Þetta er nokkuð sem þarf að gera. Lífeyrissjóðirnir þurfa að ýmsu leyti að breyta um kúrs. Ég er því mjög fylgjandi að lífeyrissjóðirnir beini fjármagni sínu núna í eins ríkum mæli og unnt er til uppbyggingar hjá ríki og sveitarfélögum.

Menn hafa verið með þá spurningu uppi hvort yfirleitt sé hægt að geyma peninga. Þeir hafa reynst hafa óþægilega mikið til síns máls sem haft hafa efasemdir um að það væri hægt. Einfaldlega vegna þess að þú setur ekki lífeyrissparnað í sparigrísinn uppi í hillu og tekur hann niður þegar þú

þarft á honum að halda. Efnahagslífið í heild sinni þarf að vera í stakk búið til að geta miðlað þegar þar að kemur. Síðan höfum við séð hvernig farið hefur með þann sparnað sem við höfum sett til hliðar og það er enginn smásparnaður.

Einstaklingur hjá hinu opinbera sem nýtir sér auk lögbundins sparnaðar upp á 15,5%, ef hann er í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, möguleika í séreignarsparnaði upp á 4% er að leggja til hliðar í lífeyrissjóð tæp 20%, sem er fimmtungur af launum hans. Það er fimmti hver dagur. Það er einn vinnudagur í viku. Einn vinnudag í viku er hann að vinna fyrir lífeyrissjóðnum sínum og setur peninga til hliðar.

Nú erum við að átta okkur á því að lífeyrissjóðirnir kunna að hafa tapað á bilinu 15–25% af eignum sínum í fjármálakreppunni. Reyndar eru það oft og tíðum vafasamar tölur sem menn henda á milli sín. Þannig má nefna að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins var með í hlutabréfum fyrir um 5–6 árum, nú þori ég ekki alveg að fara með þessar tölur, um 8 milljarða. Þeir voru komnir með 50 milljarða í árslok 2007 eða 2008 en höfðu einvörðungu lagt inn 3–4 milljarða á því tímabili til viðbótar. Hitt var bara bóla. Þegar hún fer niður er ekki þar með sagt að lífeyrissjóðirnir hafi tapað öllum þeim fjármunum. Ekki er því allt sem sýnist í þessum efnum, aldeilis ekki, og ekki er séð fyrir endann á því hver niðurstaða nefndarinnar verður.

Eitt er ég sannfærður um og það er að þeir peningar sem eru vel notaðar eru vel geymdir. Vel notaðir peningar eru peningar sem notaðir eru til að styrkja innviði samfélagsins, til að styrkja velferðarþjónustuna, til að styrkja starfsemi á vegum sveitarfélaga og ríkisins. Ég er því mjög fylgjandi að fjármagni lífeyrissjóðanna verði í auknum mæli, og í eins ríkum mæli og unnt er, beint til uppbyggingar hjá ríkinu og hjá sveitarfélögunum á komandi mánuðum og menn fari mjög varlega í fjárfestingar á öðrum sviðum.

[16:23]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Hér eru lagðar til nokkrar breytingar sem á margan hátt eru skynsamlegar. Ég ætla ekki að fara neitt sérstaklega ofan í þær nema að þar er sett inn að samræmd ákvæði skuli vera um fjárfestingar séreignarsparnaðar hvort sem hann er hjá lífeyrissjóði eða öðrum aðilum. Þetta er af hinu góða. Reyndar er vikkun á ákvæðum gagnvart lífeyrissjóðunum vegna þess ástands sem er á verðbréfamarkaði innan lands en jafnframt stór þrenging á því sem er hjá öðrum en lífeyrissjóðunum sem eru vörsluaðilar skyldusparnaðar.

En ég ætla fyrst og fremst að tala um ákvæði til bráðabirgða um 15% mun á milli eigna og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða í staðinn fyrir 10%. Á sínum tíma voru þessi 10% valin þannig að menn ætluðu ekki að fara að hreyfa það á hverju ári fram og til baka þó að munurinn yrði kannski 2–3% eða 4%. En þetta er mjög mikilvægt upp á það að ekki sé verið að velta skuldbindingum yfir á framtíðargreiðendur sjóðanna þannig að sjóðirnir greiði alltaf út það sem þeir geta raunverulega greitt. Hér er verið að víkka þetta út þannig að í rauninni er verið að velta ákveðnum vanda yfir á framtíðarskuldbindingar.

Það er dálítið varasamt. Það er reyndar mjög varasamt, frú forseti, vegna þess að það gerir að verkum að sjóðirnir munu borga of mikinn lífeyri þetta eina ár sem um ræðir, 2010, í stað þess að taka strax á vandanum og skerða lífeyri ef þarf vegna taps á hruni bankanna.

Það gerir það að verkum að einhvern tíma seinna þarf hugsanlega að skerða lífeyrinn þeim mun meira vegna þess arna. Þetta vil ég að menn skoði mjög nákvæmlega og fari mjög varlega í svona breytingar því að við viljum ekki velta núverandi vanda yfir á börnin okkar í neinu tilliti, hvorki hér né annars staðar. Það er mjög mikilvægt að þjóðin öll taki á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir nú þegar og bregðist hratt við. Það á jafnt við um þetta frumvarp og fjárlögin sem eru líka til umræðu þessa dagana í þinginu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Stimpilgjald, 1. umr.

Stjfrv., 213. mál (fjárnámsendurrit). — Þskj. 286.

[16:27]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar þess að 1. júlí 2008 sendi umboðsmaður Alþingis frá sér álit í máli nr. 4712/2006. Til þess máls var stofnað með kvörtun til umboðsmanns vegna synjunar fjármálaráðuneytisins á kröfu um endurgreiðslu stimpilgjalds af þinglýstu endurriti fjárnámsgerðar í fasteign. Í álitinu kemst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að álagning stimpilgjalds á þinglýst endurrit úr gerðabók um aðfararbeiðni og framkvæmd fjárnáms eigi sér ekki fullnægjandi lagastoð.

Innheimta stimpilgjalds fyrir fjárnámsendurrit, endurrit úr gerðabók um kyrrsetningu og um löggeymslu hefur tíðkast um langt skeið á grundvelli ákvæðis í 1. mgr. 24. gr. laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, og er gjaldið 15 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð skuldar. Fjármálaráðuneytið hefur litið svo á að fyrirmæli 1. mgr. 5. gr. laganna, um að stimpilskylda skjals réðist af þeim réttindum sem það veitti, en ekki af nafni þess eða formi, fæli í sér að krafa sem tryggð væri með fjárnámi, kyrrsetningu eða löggeymslu yrði samkvæmt efni sínu að fullu lögð að jöfnu við tryggingarbréf skv. 1. mgr. 24. gr. laganna.

Vegna framkomins álits umboðsmanns Alþingis þykir rétt að taka af öll tvímæli um heimildir í lögum til innheimtu stimpilgjalds af fjárnámsendurritum, endurritum kyrrsetningargerða og löggeymslu. Með frumvarpi þessu, sem felur í sér breytingar að formi til og leiðir ekki til aukinnar gjaldtöku, er nýjum málslið bætt við 1. mgr. 24. gr. um stimpilskyldu aðfaragerða, kyrrsetningar og löggeymslu og er með því verið að skjóta styrkari lagastoð undir heimild til innheimtu stimpilgjalds á endurrit úr gerðabók er varða þessa gjörninga.

Virðulegi forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[16:29]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum lögðum á haustdögum fram frumvarp um stimpilgjald sem gengur út á það að fella niður öll stimpilgjöld af öllum fasteignaviðskiptum. Frumvarp sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir þingið gengur ekki svo langt. Það er raunverulega að hluta sem á að fella slíkt gjald niður.

Ég vísa í frumvarp Frjálslynda flokksins sem hljóðar upp á það að við fellum niður öll stimpilgjöld. Í því neyðarástandi sem nú er getur slíkt hjálpað fólki verulega sem þarf að minnka við sig eða losa sig út úr rándýrum húsum í skiptum eða hvernig sem er. Ég held að það sé þess virði að taka betur til skoðunar frumvarp okkar í Frjálslynda flokknum um stimpilgjald.

[16:30]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Örstutt. Það er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að fella niður stimpilgjald þannig að það er svo sem ekkert ókunnugt. Hins vegar hygg ég að í núverandi stöðu þar sem halda þarf mjög vel utan um allar tekjur ríkissjóðs og líka um það sem fer út úr ríkissjóði, gjöldin, sé brýnt að reyna að minnka gjöldin og auka tekjurnar og þá er nú ekki góður jarðvegur til að fella niður stimpilgjaldið þó að það standi í stjórnarsáttmálanum.

Þetta stimpilgjald er löngu úrelt og ég hef haft á móti því í 20 ár en í núverandi stöðu get ég ekki stutt það að fella það niður.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Stjfrv., 226. mál (niðurfelling gjalds vegna skilmálabreytinga fasteignaveðlána o.fl.). — Þskj. 305.

[16:31]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að ákvæðum laganna um þinglýsingargjald verði breytt á þann hátt að ekki skuli greiða þinglýsingargjald vegna skilmálabreytinga á verðtryggðum fasteignaveðlánum sem koma til vegna greiðslujafnaðar samkvæmt lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að taka gjald fyrir útgáfu leyfisbréfs til leikskólakennara til samræmis við það sem gert er við útgáfu leyfisbréfs til grunnskóla- og framhaldsskólakennara. Í þriðja lagi er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái heimild til gjaldtöku vegna útgáfu innheimtuleyfis á grundvelli innheimtulaga, nr. 95/2008, og í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á 17. gr. laganna um gjaldtöku af ljósritum, endurritum og eftirgerðum af gögnum sem afhent eru með rafrænum hætti.

Frú forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 220. mál (brottfall ákvæðis um hlutdeild Icepros í gjaldi). — Þskj. 298.

[16:32]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði laganna er kveður á um að Icepro skuli fá allt að 0,001% af tryggingagjaldsstofni, falli brott. Breyting þessi er fyrst og fremst lögð fram til einföldunar á framkvæmd. Tryggingagjaldið er talsvert sveiflukenndur gjaldstofn og því ekki heppilegt að fjármagna reglubundin útgjöld með honum. Í staðinn fyrir þessa hlutdeild í tekjustofninum mun verkefnið fá beina fjárveitingu úr ríkissjóði. Þannig stendur ekki til að draga úr fjárframlögum til Icepros þótt mörkunin sé afnumin, heldur er tilgangurinn eingöngu að breyta aðferðinni.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[16:33]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Eflaust er fleirum farið sem mér að vita ekki hvað Icepro er. Ég mun leita eftir upplýsingum um það þegar málið kemur til hv. efnahags- og skattanefndar sem ég stýri.

[16:34]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Mig grunaði að það væri þannig farið að einhverjir hv. þingmenn vissu ekki hvað Icepro er. Icepro er hlutlaus vettvangur þar sem opinberum aðilum, einkafyrirtækjum og lausnaraðilum gefst tækifæri til að sitja við eitt borð, miðla af reynslu, setja stefnu, skilgreina ferli og sannreyna tækni. Icepro safnar þekkingu á þessu sviði innan lands og utan og miðlar henni til aðildarfyrirtækja í formi verkefnaþátttöku, ráðstefnuhalds og kynningar ýmiss konar. Þannig er Icepro vettvangur um rafræn viðskipti.

Á ensku nefnist hann The Iceland Committee on e-business and Trade Procedures, skammstafað Icepro. Er hlutverkið að tryggja einfalt og samræmt verklag í rafrænum viðskiptum þar sem alþjóðlegar verklagsreglur og staðlar á sviði rafrænna viðskipta eru lagðir til grundvallar. Nefndin vinnur að útbreiðslu þessara reglna á Íslandi.

Þessar upplýsingar eru fengnar af heimasíðu Icepros.

[16:35]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræddum hér fyrir örstuttu íslenska málvernd o.s.frv. og samt segja menn hérna „æspró“ en ekki „isepro“.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (landið eitt tollumdæmi). — Þskj. 240, nál. 307.

[16:36]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 307 frá hv. efnahags- og skattanefnd um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og fleiri lögum.

Í þingskjalinu kemur fram hverjir komu á fund nefndarinnar og hvaða gesti hún fékk og eins er lýsing á frumvarpinu.

Það var almenn samstaða hjá gestum nefndarinnar um breytingar frumvarpsins. Markmið þeirra væri að hagræða í stjórnsýslu tollframkvæmdar og koma ábyrgð á málaflokknum alfarið undir fjármálaráðuneytið.

Nefndin ræddi rökin fyrir því að yfirstjórn tollamála væri færð til tollstjórans í Reykjavík og var því til stuðnings vísað til umfangs starfseminnar auk þess sem embættið hefði í dag með höndum sérstakt hlutverk.

Þá ræddi nefndin hvort frumvarpið mundi hafa í för með sér niðurskurð og fækkun starfa á landsbyggðinni. Kom fram að það stæði ekki til, heldur ætti að efla þjónustu þar sem hennar væri þörf. Frumvarpið mundi auðvelda færslu starfa til landsbyggðarinnar að því gefnu að það væri álitið hagkvæmt og skynsamlegt.

Á fundum nefndarinnar var undirstrikuð þörf fyrir náið samstarf löggæslu og tollgæslu og mikilvægi þess að tryggja virka miðlun upplýsinga milli þessara embætta, samanber 12. og 45. gr. frumvarpsins. Nefndin tekur undir það sjónarmið.

Nefndin fagnar sérstaklega 5. tölulið 8. gr. frumvarpsins og bendir á að hann er í samræmi við áherslur sem fram komu í áliti nefndarinnar frá 4. desember 2007, á 135. löggjafarþingi. Nefndin vill taka af tvímæli um að tollstjóri annist lögskráningu í umdæmi sýslumannsins í Keflavík og leggur til breytingu þess efnis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem getið er um í nefndarálitinu. Hv. þm. Ögmundur Jónasson og Katrín Jakobsdóttir gera fyrirvara við álitið. Hv. þm. Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Ögmundur Jónasson, með fyrirvara, Bjarni Benediktsson, Gunnar Svavarsson, Birkir J. Jónsson, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Jakobsdóttir, með fyrirvara, og Rósa Guðbjartsdóttir.

[16:38]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál en vísa til þess að þær kerfisbreytingar sem hér er verið að ráðast í hafa fengið stuðning frá Tollvarðafélagi Íslands sem sendi fulltrúa á fund efnahags- og skattanefndar þegar málið var tekið þar til skoðunar.

Meðal þess sem fram kom í máli formanns Tollvarðafélagsins var sú áhersla að þessar breytingar yrðu ekki til þess að rýra gæði tolleftirlitsins á landsbyggðinni. Reyndar taldi hann að svo yrði ekki, hann taldi þvert á móti að þessar kerfisbreytingar yrðu til þess að efla tollþjónustuna.

Ég vil engu að síður gera grein fyrir því að ég tek undir þau sjónarmið sem komu fram í máli hans og eins að þetta leiði ekki til mannfækkunar í tolleftirlitinu þegar á heildina er litið. Þetta eru þeir fyrirvarar sem við hv. þm. Katrín Jakobsdóttir settum við frumvarpið í umræðu um málið í efnahags- og skattanefnd þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 175. mál (endurgreiðsla vegna útflutnings ökutækja). — Þskj. 256, frhnál. 296.

[16:40]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti frá hv. meiri hluta efnahags- og skattanefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umr. Í umræðunni kom fram vilji til þess að setja hámark á þær greiðslur sem eru greiddar vegna einstakra bifreiða.

Meiri hlutinn leggur til þá breytingu á frumvarpinu að samanlögð endurgreiðsla vörugjalds og virðisaukaskatts geti ekki verið hærri en 2 millj. kr. fyrir hvert ökutæki og leggur til breytingar sem er að finna á þskj. 246. Enn fremur kemur þar fram hvaða gestir heimsóttu nefndina.

Hv. þm. Birkir J. Jónsson gerir fyrirvara við álitið. Hv. þm. Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið skrifa hv. þm. Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Bjarni Benediktsson, Gunnar Svavarsson, Birkir J. Jónsson, með fyrirvara, Lúðvík Bergvinsson og Rósa Guðbjartsdóttir.

[16:42]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé ekki um annað að ræða en að styðja þetta frumvarp en ég vil þó geta þess að samfylkingarþingmenn og samfylkingarráðherrar hafa talað um að þetta væri félagsleg aðgerð. Ég segi og minni á að þetta er þá félagsleg aðgerð fyrir bílaumboð og bílasölur en auðvitað er sjálfsagt að aðstoða þá á margan hátt eins og aðra.

Ég vil láta þetta koma fram vegna þess að þrátt fyrir að ég styðji framhaldsnefndarálitið eru sumir þingmenn kannski dálítið að gera þetta á fölskum forsendum. Þetta er ekki fyrir einstaklingana, þetta er aðallega fyrir bílasölur og bílaumboð.

[16:43]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við 1. umr. og jafnframt 2. umr. kom fram að þetta er ekki svo einfalt að þetta sé félagslegur styrkur til bílaumboða. Nokkuð margir hafa tekið ákvörðun um að taka erlend lán til að fjármagna bílakaup. Slík lán voru í boði og þeim mikið haldið að fólki. Vegna þeirrar stöðu sem er á gjaldeyrismarkaði hafa menn lent í því að erlendu lánin hafa hækkað mjög mikið og jafnframt hafa bifreiðarnar orðið illseljanlegar í kjölfar bankahrunsins og líka vegna skorts á fjármögnun innan lands og eftirspurn sem og vegna hækkunar á bensínverði. Ýmislegt lagðist á eitt.

Þetta frumvarp er flutt til þess að losa fólk sem skuldar erlend lán með veði í bílum undan þeirri klemmu sem felst í því að það keypti kannski bifreið á 5 millj., jeppa eða eitthvað slíkt, og skuldar núna 10 en jeppinn er illseljanlegur. Það verður losað úr þessari klemmu og gert því kleift að selja bílinn.

Það eru jafnframt fleiri fletir á þessu máli og þeir eru nefnilega furðu margir. Bifreiðaflotinn sem menn vilja losna við eldist mjög hratt og afskrifast og verður verðlaus á ekki mörgum árum, sérstaklega ef hann er lítið notaður. Til þess að koma honum í verð var ákveðið að endurgreiða þann virðisaukaskatt sem menn eru búnir að borga, með afföllum reyndar, afskriftum. Svo var líka litið á þetta sem tækifæri til að afla gjaldeyris sem þjóðarbúið þarf mjög nauðsynlega á að halda þessa dagana.

[16:45]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að það koma gjaldeyristekjur inn í þjóðfélagið við þennan gjörning og það er auðvitað jákvætt. Á móti er verið að fella niður virðisauka- og vörugjöld af bílum. Það er sjálfsagt að gera það við þessar aðstæður en ég vil minna á það enn og aftur að þetta er með þeim hætti að það er þak á þessu og því ekki hvaða bílar sem eru sem fá endurgreiðslur. En enn og aftur tek ég það fram að þetta er ekki félagsleg aðgerð fyrir fátækt fólk eða fjölskyldurnar í landinu. Þetta er fyrst og fremst félagsleg aðstoð við bílaumboð og bílasölur.

[16:46]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég lít þannig á að þessi endurgreiðsla ætti í rauninni alltaf að vera til staðar. Hún er sjálfsögð. Mér finnst að skattkerfi eigi ekki að stýra hegðun fólks. Því finnst mér að maður sem flytur bíl til landsins og borgar af honum háa skatta, innflutningsskatta, eigi að fá þá endurgreidda þegar hann flytur af landi brott svo ekki sé verið að loka bílana inni í landinu eins og núverandi reglur virka. Ég hefði talið sjálfsagt að menn fengju skattinn endurgreiddan og þá með þeim afföllum sem eðlileg eru miðað við verðmæti bílsins.

Svo varðandi það að þetta sé ekki fyrir fátækt fólk þá held ég að það hafi ekki verið skilyrði fyrir lánveitingum eða gengistryggðum lánum til fólks að það væri með háar tekjur, því miður. Ég er ekki endilega viss um að það sé hátekjufólk sem hafi keypt þessa bíla og skuldar þessi óbærilegu lán sem hafa hækkað mjög mikið eftir að gengið féll. Ég get alveg ímyndað mér að einhverjir í þeim hópi séu með meðaltekjur og jafnvel þar fyrir neðan og lenda í því að verða fátækir vegna þess að lánin hækka en bílarnir ekki. (**Gripið fram í:** Þeir eru orðnir fátækir.) Já.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 207. mál (gildistími ákvæða um áframeldi og krókaaflahlutdeild). — Þskj. 280.

[16:48]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 280, 207. mál en þar er um að ræða breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Breytingarnar snúa annars vegar að því að lagt er til að framlengdur verði gildistími ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum sem veitir ráðherra heimild til að úthluta tilteknum hluta heildarafla til áframeldis í þorski. Hins vegar er lagt til í frumvarpinu að framlengdur verði gildistími ákvæðis til bráðabirgða V í lögum um frest aðila til að ráðstafa krókaaflahlutdeild, þannig að hún rúmist innan tiltekinna marka sem sett eru í 2. og 3. mgr. 13. gr. laga í lögum um stjórn fiskveiða.

Ljóst er að miklar væntingar eru bundnar við eldi á sjávarfiski og því nauðsynlegt að styrkja frekari tilraunir á því sviði. Er því í 1. gr. frumvarpsins lagt til að heimild þessi fyrir ráðherra til úthlutunar þorskeldiskvótans verði framlengd til loka fiskveiðiársins 2014/2015 eða um fimm fiskveiðiár. Með því móti verður kleift að efla frekari tilraunir og marka stefnu til lengri tíma sem er nauðsynlegt í þessari atvinnugrein.

Þá er í frumvarpinu lagt til að frestur aðila til að ráðstafa krókaflahlutdeild, þannig að hún rúmist innan settra marka, verði lengdur um þrjú ár eða til 1. september 2012. Ástæða þess að þetta er lagt til er sú, að vegna sérstakra aðstæðna í íslensku efnahagslífi um þessar mundir og öllum eru ljósar er mjög erfitt að fjármagna viðskipti með krókaflahlutdeildir og því lítill markaður fyrir þær. Þeir aðilar sem enn eru yfir tilsettum mörkum eiga þannig takmarkaða möguleika til þess að komast undir tilskilin mörk. Með því að fresta gildistöku umræddra bráðabirgðaákvæðis er aðilum veittur frekari aðlögunartími. Vænta má að sá frestur geri þeim kleift að komast undir tilsett mörk eftir að markaður fyrir krókaflahlutdeildir hefur opnast að nýju.

Gert er ráð fyrir að ákvæði laganna öðlist þegar gildi. Ákvæði a-liðar 1. gr. mun hins vegar koma til framkvæmda þegar gildistími ákvæðis til bráðabirgða I rennur út þann 1.

september 2010, eða við upphaf fiskveiðiársins 2010/2011, og ákvæði 2. gr. þegar gildistími ákvæðis til bráðabirgða V rennur út þann 1. september 2009 eða við upphaf fiskveiðiársins 2009/2010.

Hæstv. forseti. Ég tel mikilvægt að mál þetta fái framgang og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og umfjöllunar hjá hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

[16:51]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Þetta frumvarp er á margan hátt ágætt, a.m.k. fyrri hluti þess sem snýr að kvóta til áframeldis í fiskeldi. Áframeldi á fiski er mjög vandmeðfarið, þ.e. að veiða smáfisk, jafnvel mjög smáan, alveg niður í seyði og ætla að rækta hann upp í stóran eldisfisk. En það er sjálfsagt að fylgjast með og taka þátt í þessu og 500 tonn af kvóta er ekki mikið til að halda þessu áfram. Maður treystir því og trúir að þetta verði gert með þeim hætti að hringinn í kringum landið njóti menn sama aðgangs að veiðiheimildum til þess að þróa þetta áfram. Hins vegar eru brögð að því, eins og sjá má á myndum í blöðum og í fjölmiðlum, að enn er verið að taka heldur stóran fisk í áframeldi og má kannski segja að það sé helsta hættan að menn misnoti þær aðstæður sem þeir hafa. Ég sá myndir úr fiskeldi, ég held úr Stöðvarfirði frekar en Berufirði, þar sem einmitt var verið að veiða í gildrur stóran fisk til áframeldis. Þetta á við fyrri hluta frumvarpsins.

Síðan er það gildistakan á því hámarki sem á að vera og má vera kvótaeign einstaklinga, fyrirtækja, lögráðamanna á þeirri kennitölu, hvað þeir mega eiga mikinn kvóta í það heila talið í smábátakerfinu. Þar er verið að fresta um þrjú ár, frá 1. september 2009 til 1. september 2012, gildistöku laga sem hafa áður verið sett. Það er út af fyrir sig ágætt að menn séu að stoppa það að þetta fari á fáar hendur en það verður samt að vekja athygli á því að ef menn eru í smábátaútgerð mega þeir ekki eiga meira en 5% í þorskígildum talið í kvóta en í stóra kerfinu mega einstakar útgerðir eiga allt að 12% af úthlutuðum kvóta. Þetta er auðvitað mjög mikil mismunun og óréttlátt eins og nánast allt sem viðkemur íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu hvort sem verið er að tala um stóra kerfið eða litla kerfið og þær leikreglur sem unnið er eftir, það er allt með þeim hætti að það er ekki nokkurri ríkisstjórn eða nokkrum stjórnmálaflokki stætt á því að standa vörð um og verja slíkt fiskveiðistjórnarkerfi. Það er nóg að minna á óréttlætið í því hvernig sjávarbyggðir hringinn í kringum landið hafa farið út úr því, hvernig einstaklingar hafa farið út úr þessu fiskveiðistjórnarkerfi. Það er stanslaust verið að mismuna. Menn fengu auðlindina gefins í upphafi og hafa fengið að leigja hana, selja hana og veðsetja. Þetta vita allir sem fylgjast með þessum málum og það er gersamlega óþolandi að búa áfram við þetta, fyrir svo utan það sem er kannski það alvarlegasta við kerfið í dag sem er að það er verið að brjóta mannréttindi á fólki. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur bent á það að við höfum ekki staðið okkur í stykkinu hvað varðar mannréttindi og brjótum þar sérstaklega á tveimur mönnum vestur á fjörðum sem hafa fengið þann úrskurð frá mannréttindanefnd að á þeim hafi verið brotin mannréttindi.

Það er líka verið að brjóta mannréttindi á fleirum en þessum tveimur sjómönnum með mismunun í úthlutun. Sumir fá, aðrir ekki. Þeir sem voru í útgerð á árunum 1981–1983 fengu ókeypis úthlutaðan kvóta fyrir árið 1984 og hafa síðan átt kvótann, þeir gátu reyndar ekki byrjað að leigja hann og selja eða veðsetja fyrr en eftir 1991 þegar frjálsa framsalið var sett á. Þetta þarf auðvitað að laga og við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til að allar veiðiheimildir yrðu innkallaðar og auðlindasjóður yrði látinn leigja út allar veiðiheimildirnar. Við munum væntanlega tala fyrir því frumvarpi innan skamms. Það kemur manni reyndar spánskt fyrir sjónir þegar þarf að afgreiða frumvörp eins og það frumvarp sem nú er til umræðu, með leyfi og afbrigðum til að koma því á dagskrá, að þá skuli ekki vera hægt að ræða frumvarp eins og frumvarp Frjálslynda flokksins um það að innkalla allar veiðiheimildir á Íslandsmiðum í svokallaðan auðlindasjóð sem leigir hann út aftur. En það er með þetta eins og annað, hér í þinginu tíðkast ótrúleg vinnubrögð þessa dagana, þingið er meira og minna aðgerðalaust en svo koma svona skorpur þar sem helst þarf að keyra mál í gegn á nokkrum klukkutímum vegna þess að það er verið að flýta sér og gera ýmsa hluti mjög hroðvirknislega. Þetta á við flestar þær lagabreytingar sem gerðar hafa verið nýlega, bæði neyðarlögin og önnur lög sem sett hafa verið, gjaldeyrishaftalög, gjaldeyrisskömmtunarlög og ýmislegt annað þessa síðustu daga, lögin um Icesavereikningana og annað í þeim dúr. Við stöndum frammi fyrir því að þingið er hálflamað og svo koma stuttir sprettir þar sem á að keyra allt í gegn. Ég sé t.d. ekki betur en einungis séu fimm þingmenn staddir í þingsalnum núna, fjórir þingmenn og einn ráðherra. Það er allt og sumt. Þetta er áhugi hjá þingmönnum fyrir þingstörfum. Sumir flokkar sjá ekki sóma sinn í því að hafa neina fulltrúa til að ræða þau alvarlegu mál sem eru þó fyrir þinginu.

Ég áskil mér þann rétt að koma jafnvel með breytingartillögu varðandi þetta frumvarp, að það verði með sömu prósentutölu, þ.e. í stóra kerfinu, að engin útgerð eigi meira en 5% í heildarþorskígildum talið og ég held að það væri ágætt til að byrja með þangað til við innköllum allar veiðiheimildirnar á Íslandsmiðum.

[16:58]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég kem upp til þess að lýsa því yfir að mér finnst að það sé rétt að framlengja það fyrirkomulag sem hefur verið í sambandi við áframeldi, 500 lestum af óslægðum þorski er úthlutað til tilrauna með áframeldi. Áframeldið hefur gengið svona þokkalega og áreiðanlega fengist út úr því einhver reynsla sem nýtist okkur áfram inn í aleldið sem ég geri mér vonir um að muni líta dagsins ljós í meira mæli á Íslandi. En kannski hæstv. sjávarútvegsráðherra gæti komið eitthvað inn á það hvernig hann sér fyrir sér að það muni geta þróast. Hann hefur sjálfur tekið undir að það gæti komið til greina að ríkið kæmi inn í rekstur eða uppbyggingu á seiðaeldisstöð eða -stöðvum, þá með útgerðinni sem hefur fram til þessa lagt í gríðarlegan kostnað í sambandi við tilraunir og þróun þorskeldis hér á landi. Mér finnst að það sé kominn tími til þess að einhverjar ákvarðanir verði teknar í þessum efnum og málum og þeim

ekki bara ýtt á undan sér eins og hefur verið. Það væri líka forvitnilegt að vita hvort umtöluð nefnd sem hæstv. ráðherra skipaði og hefur verið að störfum og var um það bil að ljúka störfum, heyrðist mér þegar við ræddum þorskeldi utan dagskrár fyrir nokkrum vikum, hvort sú skýrsla er komin fram og hvað þar er lagt til.

Þetta er það sem ég vildi segja við þetta tækifæri. Hins vegar er það þannig, hæstv. forseti, að mál hafa komið ansi hratt inn á dagskrá og til umræðu og því ekki alltaf tækifæri til að kynna sér þau til hlítar fyrir 1. umr. en vonandi fáum við frekari upplýsingar um þetta mál í hv. nefnd.

Hvað varðar hinn þáttinn sem hér um ræðir í þessu ágæta frumvarpi þá sýnist mér ekki ástæða til að gera athugasemdir við hann, a.m.k. ekki við fyrstu sýn og því ég reikna með að styðja frumvarpið en óska eftir frekari upplýsingum frá hæstv. ráðherra.

[17:01]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil bara í upphafi þakka fyrir þær góðu viðtökur sem þetta mál hefur fengið og sérstaklega vekja athygli á þeirri sögulegu stund sem mér heyrist vera að renna hér upp, að hv. þm. Grétar Mar Jónsson er ekki mjög óánægður með það frumvarp sem ég hef lagt hér fram. Ég veit að þetta verður skráð í ... (**VS:** ... skammast ...) Hann gat skammað kerfið en kannski er hann að taka sig á og ætlar að snúast. Þetta fannst mér samt vera söguleg og ánægjuleg stund fyrir okkur báða.

Virðulegi forseti. Aðeins út af því sem hv. 2. þm. Norðvest. Valgerður Sverrisdóttir spurði mig um er alveg rétt að þessi þorskeldiskvóti hefur verið notaður til þess að þróa áframeldi og það hefur tekist vel. Það hefur fengist um þetta gríðarlega mikil þekking og reynsla sem hefur nýst okkur mjög vel. Eins og við erum hins vegar alveg sammála um er framtíðin í því fólgin að stefna hér að aleldi. Ég hef verið með í gangi nefnd sem starfar á mínum vegum til að leggja á ráðin um það hvernig við eigum að standa að þessari uppbyggingu varðandi þorskeldið.

Ég sagði í umræðu sem fór fram utan dagskrár um þessi mál að það væri mjög skammt í það að nefndin skilaði af sér og ég held að ég geti fullyrt að hún eigi einungis eftir einn fund til að leggja formlega lokahönd á sitt starf sem ég geri þá ráð fyrir að verði vonandi fyrir jólin. Ég held að það sé ástæða til að binda vonir við þær tillögur sem þar munu birtast.

Virðulegi forseti. Að öðru leyti þakka ég fyrst og fremst fyrir þessar góðu umræður og góðar viðtökur þó að ég geri mér auðvitað grein fyrir því að málið á eftir að vinnast í hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

[17:03]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki hvað menn kalla hól eða samstöðu, það er auðvitað mjög teygjanlegt og erfitt að átta sig á því. Sumir virðast kyssa vöndinn þegar þeir eru skammaðir og ekki átta sig á því að það er verið að skamma þá. Ég var hér að tala um mannréttindabrot sem eru mjög alvarleg og hæstv. ráðherra hefur ekki tekið á því þó að það sé búið að vera þekkt í heilt ár að verið sé að brjóta mannréttindi á Íslandi.

Ég get þó huggað hæstv. ráðherra með því að ætli hann að bæta við hvalveiðar og gefa út kvóta bæði á hrefnu og stórhveli mun ég styðja hann. Það er ekki útséð með það að ég geti einhvern tímann stutt hæstv. sjávarútvegsráðherra. En ég bið nú forláts á því að vera talinn sammála þegar ég er að benda á eitthvað það grófasta og ljótasta sem ég veit um, mannréttindabrot sem ekkert hefur verið gert í og hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur ekkert beitt sér í því að leiðrétta það eða leggja fram tillögur eða hugmyndir og reyna að ná sáttum við viðkomandi aðila sem urðu fyrir þessum mannréttindabrotum.

Enn og aftur má segja að Samfylkingin, flokkur sem er í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum, hefur látið þetta yfir sig ganga og þykist vera jafnaðarmannaflokkur. Samfylkingarmenn kalla sig jafnaðarmenn í tíma og ótíma en láta þessi mannréttindabrot ganga yfir án þess að lyfta upp svo mikið sem litla putta til að reyna að koma í veg fyrir þetta skammarlega ástand og þessa hörmulegu stöðu sem er viðhöfð gagnvart þessum sjómönnum sem eiga rétt á og mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna telur að eigi að fá bætur fyrir þau ósómaverk sem á þeim hafa verið unnin. (Forseti hringir.)

[17:05]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er það ljúft að biðjast afsökunar ef ég hef raskað hugarró hv. þingmanns og skilið hann eftir í þeirri trú að hann væri að lýsa yfir stuðningi við mig sérstaklega og fiskveiðistjórnarkerfið. Ég átti ekki von á því í sjálfu sér, enda brá hann ekki þeim vana sínum að nota ferðina hér upp í ræðustól til þess að skamma aðeins kvótakerfið. Er gott að hann heldur í heiðri ákveðnar hefðir sem hann hefur tileinkað sér í þinginu, að koma aldrei hér upp öðruvísi en aðeins að skamma kvótakerfið.

Að öðru leyti var ég eingöngu að vekja athygli á því að viðbrögð hv. þingmanns við þessu frumvarpi mínu voru óvenjujákvæð og það þóttu mér talsverð söguleg tíðindi. Ég vildi bara ítreka það.

[17:06]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það er auðvitað alltaf gott ef menn ná samstöðu um eitthvað en ég hef ekki álitið að við hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson ættum samleið. Þó eru til snertifletir þar sem við getum hugsanlega náð saman, eins og ef hann hefur hug og þor og kjark til þess að gefa út kvóta eða veiðileyfi á stórhveli og hrefnu. Þá væri hægt að taka undir og vera sammála hæstv. sjávarútvegsráðherra.

En tillögu mína um það að stóra kerfið yrði með sama prósentuhluta og smábátakerfið, þ.e. að enginn mætti eiga meira en 5% í heildarkvóta, hvorki fyrirtæki né einstaklingur, tók hann ekkert undir með mér. Það er ótrúlegt að menn treysti sér til að segja: Ef þú átt trillu máttu ekki eiga meira en 5% af heildarkvóta en ef þú átt stórfyrirtæki máttu eiga 12% heildarkvóta í því kerfi, svokallaða stóra kerfi. Þetta er

dálítið skondið, að menn treysti sér til að verja svona misrétti en þetta er ekki eina misréttið í fiskveiðistjórnarkerfinu eins og ég kom inn á áðan. Það er allt fullt af ólögum og óréttí, mannréttindabrotum og öðru í þessu fiskveiðistjórnarkerfi — fyrir utan algjört árangursleysi. Skuldirnar eru langt upp fyrir skorstein á öllum skipum og öllum veiðiheimildum. Kvótinn er verðlaus í dag, verð á kvóta hefur hrunið og sjálfsagt þarf veðköll inn í öll íslensk sjávarútvegsfyrirtæki á næstu vikum. Fyrir utan það hefur ástand margra fiskstofna ekki verið í lagi.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sjútv.- og landbn.

Lyfjalög, frh. 3. umr.

Frv. heilbrn., 203. mál (gildistaka greinar um smásölu). — Þskj. 258.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:26]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, KÓ, KHG, LB, MS, ÓN, PHB, RR, SKK, StB, VS, ÖJ.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, EyH, GHH, GAK, GÞÞ, HSH, HöskÞ, ISG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, KLM, RGuðb, SF, SJS, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 323).

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (landið eitt tollumdæmi). — Þskj. 240, nál. 307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:27]

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KÓ, KHG, LB, MS, ÓN, PHB, RR, SKK, StB, VS, ÖJ.

4 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, EyH, GHH, GAK, GÞÞ, HSH, HöskÞ, ISG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, KLM, RGuðb, SF, SJS, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2.–28. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KÓ, KHG, LB, MS, ÓN, PHB, RR, SKK, StB, VS, ÖJ.

4 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, EyH, GHH, GAK, GÞÞ, HSH, HöskÞ, ISG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, KLM, RGuðb, SF, SJS, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 307 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KÓ, KHG, LB, MS, ÓN, PHB, RR, SKK, StB, VS, ÖJ.

4 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, EyH, GHH, GAK, GÞÞ, HSH, HöskÞ, ISG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, KLM, RGuðb, SF, SJS, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

29. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KÓ, KHG, LB, MS, ÓN, PHB, RR, SKK, StB, VS, ÖJ.

4 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, EyH, GHH, GAK, GÞÞ, HSH, HöskÞ, ISG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, KLM, RGuðb, SF, SJS, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

30.–48. gr. og ákv. til brb. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KÓ, KHG, LB, MS, ÓN, PHB, RR, SKK, StB, VS, ÖJ.

4 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, EyH, GHH, GAK, GÞÞ, HSH, HöskÞ, ISG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, KLM, RGuðb, SF, SJS, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og virðisaukaskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 175. mál (endurgreiðsla vegna útflutnings ökutækja). — Þskj. 256, frhnál. 296.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:29]

Brtt. í nál. 296 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JónG, KÓ, KHG, LB, MS, ÓN, PHB, RR, SKK, StB, VS.

4 þm. (AtlG, ÁI, JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, EyH, GHH, GAK, GÞÞ, HSH, HöskÞ, ISG, JóhS,

JM, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, KLM, RGuðb, SF, SJS, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JónG, KÓ, KHG, LB, MS, ÓN, PHB, RR, SKK, StB, VS.

4 þm. (AtlG, ÁI, JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, EyH, GHH, GAK, GÞÞ, HSH, HöskÞ, ISG, JóhS, JM, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, KLM, RGuðb, SF, SJS, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 325).

[Fundarhlé. — 17:30]

[18:12]

Útbýting:

Gjald af áfengi og tóbaki, 232. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 320.

Olíugjald og kílómetragjald, vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og bifreiðagjald, 233. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 321.

Fundi slitið kl. 18:12.

---

52. FUNDUR

fimmtudaginn 11. desember,
að loknum 51. fundi.

Dagskrá:

1. Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 232. mál, þskj. 320. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Olíugjald og kílómetragjald, vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og bifreiðagjald, stjfrv., 233. mál, þskj. 321. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:13]

1. og 2. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 41 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Gjald af áfengi og tóbaki, 1. umr.

Stjfrv., 232. mál (hækkun áfengisgjalds og tóbaksgjalds). — Þskj. 320.

[18:14]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru, í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2009, lagðar til hækkanir á tilgreindum gjöldum í lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Um er að ræða 12,5% hækkun á áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi.

Í upphaflegu frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 kemur fram að reiknað sé með 11,5% hækkun á áfengis- og tóbaksgjaldi. Var sú hækkun áætluð í samræmi við áætlaða hækkun á vísitölu neysluverðs milli ársmeðaltala 2007 og 2008. Samkvæmt breytingum á tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2009 er nú gert ráð fyrir að þessi hækkun sé 12,5% og er því í frumvarpinu lagt til að umrædd gjöld hækki um 12,5%.

Eins og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er sú hækkun sem hér er lögð til vel innan þeirra marka sem umrædd gjöld hafa rýrnað að verðgildi, ef miðað er við þróun á vísitölu neysluverðs frá því umrædd gjöld voru síðast hækkuð. Sem dæmi má nefna hefur fjárhæð áfengisgjalds af léttu víni og bjór verið óbreytt frá 1. júlí 1998.

Viðbótartekjur ríkissjóðs af þeirri hækkun sem frumvarp þetta kveður á um eru áætlaðar samtals um 1.300 millj. kr. á ársgrundvelli.

Virðulegi forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[18:15]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli á því sem fram kom í máli hæstv. fjármálaráðherra að þessi gjöld af áfengi hafa að raungildi lækkað á undanförnum árum. Fyrir liggja þær staðreyndir varðandi áfengisnotkun að hún eykst með lækkandi verðlagi. Þegar verð á áfengi lækkar í hlutfalli við kaupmátt eykst neyslan og vandræði aukast í þjóðfélaginu. Mér finnst það sjálfstætt viðfangsefni ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma og í samræmi við heilbrigðisáætlun, sem ríkisstjórnin hefur sett sér og hlýtur ávallt að leitast við að framfylgja, að sjá til þess að verðstýring á áfengi sé með þeim hætti að ekki sé verið að auka á áfengisneyslu með því að láta verðið ekki halda í við verðbólgu.

Mér finnst, virðulegi forseti, í ljósi þess sem vitað er um áfengisnotkun og afleiðingar af henni fyrir hag heimila, fjárhag og annað að ríkisstjórnin eigi nú að íhuga mjög alvarlega að sjá til þess að verðlag á áfengi lækki ekki að raungildi heldur hækki a.m.k. í takt við verðbólgu og jafnvel vinni upp þann slaka sem myndast hefur á undanförnum árum. Ég vil beina því til hv. nefndar sem fær málið til athugunar að líta á þetta og hafa í huga þær samþykktir sem

Alþingi hefur gert um þessi efni með heilbrigðisáætlun.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Olíugjald og kílómetragjald, vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og bifreiðagjald, 1. umr.

Stjfrv., 233. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 321.

[18:17]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru, í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2009, lagðar til hækkanir á tilgreindum gjöldum á ökutæki og eldsneyti. Um er að ræða 12,5% hækkun á bifreiðagjaldi, vörugjaldi af bensíni, olíugjaldi og kílómetragjaldi.

Í upphaflegu frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 kemur fram að reiknað sé með 11,5% hækkun á framangreindum gjöldum. Var sú hækkun áætluð í samræmi við áætlaða hækkun á vísitölu neysluverðs milli ársmeðaltala 2007 og 2008. Samkvæmt breytingum á tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2009 er nú gert ráð fyrir að þessi hækkun sé 12,5% og er því í frumvarpinu lagt til að umrædd gjöld hækki um 12,5%.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er sú hækkun sem hér er lögð til vel innan þeirra marka sem umrædd gjöld hafa rýmað að verðgildi, ef miðað er við þróun á vísitölu neysluverðs frá því umrædd gjöld voru síðast hækkuð.

Viðbótartekjur ríkissjóðs af þeirri hækkun sem frumvarp þetta kveður á um eru áætlaðar samtals um 2.275 millj. kr. á ársgrundvelli.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

[Fundarhlé. — 18:19]

[19:11]

Útbýting:

Afstaða ríkisstjórnarinnar til gagnflaugakerfis Bandaríkjanna í Evrópu, 236. mál, fsp. SJS, þskj. 327.

Almannatryggingar, 235. mál, stjfrv. (fél.- og trmrh.), þskj. 326.

Gjald af áfengi og tóbaki, 232. mál, nál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 328.

Olíugjald og kílómetragjald, vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og bifreiðagjald, 233. mál, nál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 329.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 120. mál, nál. 1. minni hluta sjútv.- og landbn., þskj. 318; frhnál. 2. minni hluta sjútv.- og landbn., þskj. 319.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, 234. mál, stjfrv. (fél.- og trmrh.), þskj. 322.

Fundi slitið kl. 19:12.

---

53. FUNDUR

fimmtudaginn 11. desember,
að loknum 52. fundi.

Dagskrá:

1. Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 232. mál, þskj. 320, nál. 328. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Olíugjald og kílómetragjald, vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og bifreiðagjald, stjfrv., 233. mál, þskj. 321, nál. 329. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:14]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og útbýtingu nál. í báðum dagskrármálum. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Gjald af áfengi og tóbaki, 2. umr.

Stjfrv., 232. mál (hækkun áfengisgjalds og tóbaksgjalds). — Þskj. 320, nál. 328.

[19:15]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum frá efnahags- og skattanefnd. Nefndarálitið er að finna á þskj. 328.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Katrín Jakobsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal,

Ellert B. Schram, Ögmundur Jónasson, Bjarni Benediktsson, Birkir J. Jónsson, Lúðvík Bergvinsson, Árni Páll Árnason og Rósa Guðbjartsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Olíugjald og kílómetragjald, vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og bifreiðagjald, 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 321, nál. 329.

[19:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum frá meiri hluta hv. efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Katrín Jakobsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Bjarni Benediktsson, Lúðvík Bergvinsson, Árni Páll Árnason og Rósa Guðbjartsdóttir.

[19:17]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að inna hv. þingmann, formann nefndarinnar, Pétur Blöndal eftir því hvort hann geti upplýst um hvað þessi breyting á lögum um olíugjald og kílómetragjald þýðir mikla kostnaðarhækkun á almenningssamgöngur í landinu. Mér þykir mikilvægt að fá upplýsingar um það vegna þess að mér finnst að til þess hefði átt að horfa við lagasetninguna að reyna að koma sérstaklega til móts við almenningssamgöngur, ekki síst á þessum tímum þegar við höfum og oft og tíðum í vetur rætt um mikilvægi þess að efla almenningssamgöngur.

[19:18]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum hér breytingu á þessum gjöldum um 12,5% í staðinn fyrir 11,5% eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Ekki var fjallað sérstaklega um breytingu á styrkjum eða niðurgreiðslum til almenningssamgangna en það er þá sérmál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjald af áfengi og tóbaki, frh. 2. umr.

Stjfrv., 232. mál (hækkun áfengisgjalds og tóbaksgjalds). — Þskj. 320, nál. 328.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:19]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Olíugjald og kílómetragjald, vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og bifreiðagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 321, nál. 329.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:20]

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GSB, GÞÞ, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KÓ, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SVÓ, StB.

6 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, GMJ, JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

28 þm. (AtlG, ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, EyH, GuðbH, GAK, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, JM, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, MS, SKK, SF, SJS, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 29:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GSB, GÞÞ, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KÓ, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SVÓ, StB.

nei: GMJ.

5 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

28 þm. (AtlG, ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, EyH, GuðbH, GAK, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, JM, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, MS, SKK, SF, SJS, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 19:21.

54. FUNDUR

fimmtudaginn 11. desember,
að loknum 53. fundi.

Dagskrá:

1. Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 232. mál, þskj. 320. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Olíugjald og kílómetragjald, vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl. og bifreiðagjald, stjfrv., 233. mál, þskj. 321. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:22]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. beggja dagskrármála. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Gjald af áfengi og tóbaki, 3. umr.

Stjfrv., 232. mál (hækkun áfengisgjalds og tóbaksgjalds). — Þskj. 320.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:22]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GMJ, GSB, GÞÞ, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, KÓ, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SVÓ, StB, ÖJ.

28 þm. (AtlG, ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, EyH, GuðbH, GAK, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, JM, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, MS, SKK, SF, SJS, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 330).

Olíugjald og kílómetragjald, vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og bifreiðagjald, 3. umr.

Stjfrv., 233. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 321.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:23]

Frv. samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KÓ, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SVÓ, StB.

nei: GMJ.

5 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

27 þm. (AtlG, ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, EyH, GAK, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, JM, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, MS, SKK, SF, SJS, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 331).

Fundi slitið kl. 19:23.

---

55. FUNDUR

föstudaginn 12. desember,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Tekjuskattur, stjfrv., 228. mál, þskj. 313. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Tollalög, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 231. mál, þskj. 317. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, stjfrv., 234. mál, þskj. 322. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Almannatryggingar, stjfrv., 235. mál, þskj. 326. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
6. Tollalög, stjfrv., 193. mál, þskj. 324. — 3. umr.
7. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 120. mál, þskj. 311, nál. 318, frhnál. 319. — 3. umr.
8. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 114. mál, þskj. 123, nál. 314. — 2. umr.
9. Búnaðargjald, stjfrv., 206. mál, þskj. 279, nál. 309. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhvrh., 8. þm. Suðvest.

[10:34]

Útbýting:

Vextir og verðtrygging, 237. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 332.

Störf þingsins.

Hugsanleg lögsókn gegn Bretum – ummæli þingmanns.

[10:34]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég beini orðum mínum til hv. formanns utanríkismálanefndar, Bjarna Benediktssonar, þegar ég

kveð mér hljóðs til að spyrjast fyrir um hvort það sé rétt sem heyrist að ríkisstjórnin haldi illa á málum er varða hugsanlega lögsókn Íslands gagnvart Bretum vegna beitingar hryðjuverkalaga gagnvart íslensku fyrirtæki, Landsbanka Íslands, og vegna yfirtöku breskra stjórnvalda á íslenskum banka í eigu Kaupþings, Singer & Friedlander.

Forsætisráðherra Íslands hefur sagt að beiting hryðjuverkalaga gegn Íslendingum sé ófyrirgefanleg. Hann hefur einnig sagt að réttarstaða Íslands gagnvart breskum stjórnvöldum verði könnuð. Ríkisstjórnin réð lögmannsstofuna Lovells, eina af helstu lögmannsstofum Lundúnaborgar, til verksins. Nú hefur komið fram að lögmaður hins breska lögfræðifyrirtækis fær ekki gögn frá íslenskum stjórnvöldum eða réttara sagt skilanefnd og frestur rennur út eftir þrjár vikur til að hefja málsókn, þ.e. eftir 7. janúar verður málið í algjöru uppnámi. Svo virðist sem íslensk stjórnvöld telji að hluthafarnir, kröfuhafarnir, geti farið í mál við breska ríkið en vegna þess að þeir eru síðastir í röð kröfuhafa eru ekki líkur á því. Þetta er ekki eingöngu, hæstv. forseti, spurning um peninga heldur mannorð þjóðarinnar sem því miður hefur beðið mikinn hnekki. Mín skoðun er sú að það sé Kaupþing sem eigi að sækja málið en bæði pólitískan stuðning og fjármagn þarf til þess að af því geti orðið og ekki þarf að taka fram að Kaupþing er í eigu ríkisins.

Hæstv. forseti. Bretar beittu ofbeldi þegar þeir beittu hryðjuverkalögum til að frysta eignir íslenskra fyrirtækja. Á að láta þar við sitja? Á ekki að láta dómstóla kveða upp úr um það hvort um löglegan gjörning var að ræða?

[10:36]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður hreyfir hér máli sem ég tel að skipti okkur öll miklu, m.a. af þeim ástæðum sem hv. þingmaður rakti í málflutningi sínum, að það var fordæmislaus árás á íslenska hagsmuni þegar Bretar beittu hryðjuverkalögum gegn okkur. Utanríkismálanefnd hefur fylgst með framgangi málsins í störfum sínum og kallað eftir upplýsingum um það hvernig líði mögulegri málsókn íslenskra stjórnvalda eða eftir atvikum nýju ríkisbankanna vegna þessa.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem mér hafa borist ríkir ákveðin réttaróvissa um málið, m.a. um það hvort hentugast sé, eins og hv. þingmaður lagði til, að láta viðkomandi banka sjálfa annast málareksturinn, og þá með stuðningi stjórnvalda, eða hvort íslensk stjórnvöld eigi með einhverjum hætti beina aðild að málsókninni. Í öllu falli er ljóst að stjórnvöld gera sér grein fyrir þeim mikilvægu tímamörkum sem vísað var til og þau eru þess vegna höfð með í heildarmyndinni. Stjórnvöld eru meðvituð um þennan tímafrest og utanríkismálanefnd hefur lagt áherslu á að ýtrustu hagsmuna verði gætt vegna málsins í heild sinni.

[10:38]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn hreyfir hér mikilvægu máli en reyndar er um tvö aðskilin mál að ræða. Annars vegar er um að ræða það mál sem var í fréttum í gærkvöldi og lýtur að málsókn gamla Kaupþings vegna þess tjóns sem Kaupþing varð fyrir. Ég held að það sé þannig að fresturinn sem vísað er til, 7. janúar, eigi við um það mál. Eins og fram kemur í *Fréttablaðinu* í dag, í viðtali við lögmann Kaupþings, er það mál í ferli og vinnslu með þeim lögmönnum sem ráðnir hafa verið til þess verks af hálfu gamla Kaupþings.

Hins vegar er spurningin um möguleika Íslands til að gera kröfur á þjóðréttarlegum grunni gagnvart Bretum í ljósi þessa. Ef ég hef skilið málið rétt hefur lögmannsstofan Lovells komið að því máli. Það sem liggur ljóst fyrir eftir þær upplýsingar sem komið hafa fram í utanríkismálanefnd er að verið er að kanna alla möguleika til þess að setja fram kröfur af þessum toga og velta þar við hverjum steini. Þetta er hins vegar ekki einfalt þjóðréttarlegt úrlausnarefni en unnið er að því af fullum krafti að setja fram kröfur með þeim hætti sem mögulegt er af hálfu ríkisins.

Hér er því um tvö aðskilin mál að ræða, annars vegar málefni gamla Kaupþings, og það er í farvegi og í höndum skilanefndarinnar þar, og hins vegar er málareksturinn af hálfu ríkisins gagnvart bresku ríkisstjórninni og það mál er líka í farvegi.

[10:40]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég held að það sé ósköp einfalt að tíminn er að hlaupa frá okkur. Þetta mál hefur ekki verið unnið af fullum krafti heldur þvert á móti hættulega seint. Ætlunin var auðvitað að fyrst kæmu fram lögfræðileg álit, og hefðu átt að liggja fyrir nú þegar, um það hvernig málsaðstæður væru og hverjar líkur væru á því að koma mætti máli fyrir og eftir atvikum vinna það. Slík lögfræðileg álit eða greinargerðir liggja ekki fyrir þannig að hægt sé að taka ákvörðun um málshöfðunina sjálfa.

Málin eru tvíþætt, annars vegar er það kyrrsetning eða yfirtaka Kaupþings og hins vegar frysting eigna Landsbankans á grundvelli hryðjuverkalaga. Ég er orðinn þeirrar skoðunar, eftir að hafa reynt að fara yfir gögn í þessum efnum og tala við lögfræðinga, að möguleikar ríkisins til að koma máli sem slíku fyrir dómstóla séu afar takmarkaðir og óljóst um það hvort slík leið er yfirleitt fær hvort sem það væri þá Haag-dómstóllinn eða Mannréttindadómstóll Evrópu, eftir dúk og disk og þegar önnur réttarúrræði væru fullreynd.

Það sem þarf að gerast og á að gerast er að Kaupþing höfði mál vegna kyrrsetningar eða yfirtöku sinnar og Landsbankinn verður að höfða málið vegna beitingar hryðjuverkalaganna, hann er aðili að því máli. Það eru þrjár vikur til stefnu í hvoru tilviki um sig til að láta reyna á lögmæti aðgerðanna fyrir breskum dómstólum eins og lög í landi þar eru. Þetta er ekkert flókið og það þarf ekkert að þvæla þessi mál. Annaðhvort klúðrar ríkisstjórnin þessu eins og öðru eða hún stendur í stykkinu og sér til þess að bæði málin verði höfðuð fyrir 7. janúar. Annað er stórkostleg vanrækslа hvað það varðar að gæta hagsmuna Íslands. Þetta snýst ekki bara um það að líkur séu á því að vinna þessi mál heldur að höfða þau og láta bresk stjórnvöld finna fyrir því. Það gæti haft jákvæð áhrif á samningsstöðuna í Icesave-deilunni og skapað okkur stöðu til að koma málflutningi okkar á framfæri og rétta eitthvað af okkar rykti gagnvart (Forseti hringir.) umheiminum og veitir nú víst

ekki af eins og búið er að fara með vort mannorð.

[10:42]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Komið hefur fram í blaðagreinum og fjölmiðlum varðandi þetta mál að mjög margir telja að þessi málshöfðun okkar muni skila okkur töluverðum árangri. Nefni ég í því samhengi að varaforseti Evrópuþingsins, Diana Wallis, er þeirrar skoðunar að aðgerðir Breta hafi gert vonda stöðu verri og segir tíma samstöðu Evrópuríkjanna upp runna þó að við höfum kannski ekki séð það í reynd hér. Þetta mál hefur verið rætt mjög víða og mjög margir eru sannfærðir um að við höfum mjög sterka stöðu hér á landi.

Hv. formaður utanríkismálanefndar telur og segir að ýtrustu hagsmuna verði gætt í þessu máli. Ráðin var lögmannsstofa af hálfu ríkisins til að kanna málið og kom það fram í fjölmiðlum 16. október. Væri fróðlegt að vita hvort sú lögmannsstofa hefur skilað einhverri niðurstöðu og hver hún er þá. Tveir mánuðir eru liðnir og svo virðist sem ríkisstjórnin haldi ekki nógu vel á spöðunum og sé að einhverju leyti að draga lappirnar og maður veltir fyrir sér hvers vegna. Ef hv. formaður utanríkismálanefndar væri tilbúinn að gefa upplýsingar um þátt seðlabankastjóra í þessu máli öllu saman — nú sé ég að formaðurinn glottir — en komið hefur fram í fjölmiðlum og Bretar sjálfir segja, og það kom fram í *Financial Times,* að yfirlýsingar seðlabankastjóra á fundi Viðskiptaráðs hafi veikt forsendur málsóknar íslenskra stjórnvalda á hendur Bretum.

Það væri gott að heyra hvernig þessum (Forseti hringir.) ýtrustu hagsmunum sem formaðurinn nefnir verður beitt í framkvæmd.

[10:45]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ákvarðanir Breta um að beita hryðjuverkalögum gagnvart Landsbanka Íslands og Kaupþingi var stjórnsýsluathöfn. Hún er kæranleg innan þriggja mánaða. Fresturinn rennur út 7. janúar. In defence hópurinn hefur varið hagsmuni okkar mjög dyggilega erlendis en komið að tómum kofum ríkisstjórnarinnar. Kæra er afar mikilvægt vopn eða áríðandi innlegg í samningum okkar um ábyrgð á Icesave-reikningunum. Þetta eru samtengd mál. Þetta er ákvörðun skilanefndar, skilanefndirnar starfa í umboði Fjármálaeftirlitsins, Fjármálaeftirlitið er undir yfirstjórn hæstv. viðskiptaráðherra þannig að ákvörðunin er í raun ríkisstjórnarinnar þótt aðildin sé í höndum bankanna.

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sá virti fræðimaður, hefur lýst því yfir að gerðir hafi verið nauðungarsamningar sem séu ógildanlegir að landslögum og alþjóðarétti. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Ætlar hún að beita því innleggi sem sterkast er í samningaviðræðum við Breta vegna þess að það tjón sem blasir við út af Icesave-reikningunum og út af Kaupþingi má að töluverðu og miklu leyti rekja til þess að NATO-þjóðin Bretar beitti okkur hryðjuverkalögum?

Þetta er árás Breta á aðra NATO-þjóð, Íslendinga, efnahagsleg árás. Og hvað hyggst ríkisstjórnin og utanríkismálanefnd gera í því sambandi, varðandi NATO-aðildina? Af hverju er því vopni ekki beitt að við drögum okkur út úr því samstarfi, rétt eins og við létum liggja í loftinu þegar við stóðum í landhelgisdeilunni á sínum tíma? Þetta er mun alvarlegra mál. Við erum að taka á okkur 100 milljarða í skuldbindingar á ári árið 2010, einn fjórða af fjárlögum sem þýðir niðurskurð í öllu okkar kerfi, heilbrigðiskerfi, menntakerfi og alls staðar. Hvað ætlið þið að (Forseti hringir.) gera? Við viljum fá skýr svör. Ætlið þið að kæra eða ætlið þið ekki að kæra? Ákvörðun verður að liggja fyrir í dag.

[10:47]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég tók eftir umfjöllun íslenskra fjölmiðla um hugsanlega málssókn íslenska ríkisins og íslenskra fyrirtækja gagnvart Bretum vegnar beitingar hryðjuverkalaga þar í landi gegn íslenskum hagsmunum. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram, menn þurfa að taka þessi mál til alvarlegrar athugunar og komast að niðurstöðu um það sem þarf að gera. Ég fagna yfirlýsingu frá hv. þm. Bjarna Benediktssyni, formanni utanríkismálanefndar, um að stjórnvöld geri sér grein fyrir þeim tímafrestum sem liggja fyrir í málunum. Ég geri ráð fyrir að í því felist að áður en þeir tímafrestir renni út liggi fyrir niðurstaða varðandi þau mál sem hér er rætt um, þ.e. annars vegar málshöfðun íslenska ríkisins gagnvart breska ríkinu og hins vegar málssókn íslenskra fyrirtækja gagnvart breska ríkinu vegna íhlutunar og aðgerða þess gagnvart þeim.

Ég vil fyrir mitt leyti leggja áherslu á að íslensk stjórnvöld og þær stofnanir sem undir þau heyra geri allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að hægt sé að höfða mál gagnvart breska ríkinu innan þeirra fresta sem fyrir liggja. Ég hef sagt áður og segi enn að ég tel að það sé mjög mikilvægt að höfðað verði mál gegn breska ríkinu, hvort sem það er íslenska ríkið eða íslensk fyrirtæki, til þess að sýnt sé fram á að við Íslendingar sættum okkur ekki við að hryðjuverkalögum sé beitt gegn íslensku þjóðinni eða íslenskum fyrirtækjum. Ég tel að málshöfðun gegn þessum mönnum séu sterkustu skilaboðin um að við sættum okkur ekki við þetta. Ég treysti því að íslensk stjórnvöld tryggi að þeim skilaboðum verði hægt að koma á (Forseti hringir.) framfæri gagnvart Bretum.

[10:49]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. formanni utanríkismálanefndar og varaformanni fyrir svörin en vissulega sögðu þau okkur ákaflega lítið um það hvað verður gert. Tíminn er svo sannarlega að renna út, það eru jól og áramót fram undan og þá er oft lítið um að stór mál séu til umfjöllunar.

Það kom þó fram að stjórnvöld gera sér grein fyrir tímafrestum og það er gott að vita það. Varaformaðurinn sagði að það væri verið að kanna alla möguleika. Mér finnst allt bera þess merki að ekki sé unnið af fullri alvöru og einurð í þessu stóra máli. Það sem við þurfum að fá svör við núna er fyrst og fremst hvort þetta sé löglegur gjörningur eða ekki. Síðan er seinni tíma mál hvort farið verður í skaðabótamál og hvað kemur út úr því öllu saman.

Þetta er svo mikið spurning um ímynd Íslands. Voru

þetta löglegar aðgerðir gagnvart Íslandi eða ekki? Talandi um ímynd Íslands er það rétt sem hér hefur komið fram, það eru aðallega sjálfboðaliðar sem hafa skipað sér í sveit innan In defence hópsins sem hafa staðið í því að reyna að bæta ímynd Íslands og halda uppi málstað Íslands gagnvart öðrum þjóðum. Það hefur hæstv. ríkisstjórn ekki gert og ef hv. formaður utanríkismálanefndar kemur hér upp aftur væri forvitnilegt ef hann gæti greint hv. Alþingi frá því hvað verið er að vinna í þeim efnum af hálfu íslenskra stjórnvalda.

[10:51]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Við vitum öll að þetta mál er í höndum framkvæmdarvaldsins og við hjá utanríkismálanefnd höfum fyrst og fremst kallað eftir upplýsingum um hvernig stjórnvöld hafa haldið á hagsmunum okkar Íslendinga í þessu máli. Þessu má ekki blanda saman við það að utanríkismálanefnd geti átt einhvers konar frumkvæði í málinu. Við höfum lagt áherslu á að ýtrustu hagsmuna verði gætt.

Eftir að hafa fengið upplýsingar á vettvangi nefndarinnar hallast ég að því að þetta sé, eins og fram hefur komið hér í umræðunni, fyrst og fremst málefni skilanefndanna og það sé félaganna sjálfra að gæta hagsmuna sinna vegna þessa. En það er auðvitað ljóst að það þarf að liggja fyrir skýr stuðningur frá stjórnvöldum, bæði fjárhagslegur og pólitískur, til að sá málarekstur geti átt sér stað. Ég ætla ekki að neita því að mér hefur þótt of mikið hik á stjórnvöldum í þessu máli. Mér þykir líka slæmt að svo langt sé liðið á desember án þess að lögfræðileg álitaefni skuli hafa verið skýrð betur en raun ber vitni.

Ég ætla líka að lýsa ákveðnum efasemdum um að það sé skynsamlegt að láta þetta mál með einhverjum hætti þvælast fyrir samningaviðræðum þeim sem við stöndum núna í við Evrópusambandsríkin vegna Icesave-reikninganna og mögulegrar afléttingar kyrrsetningar breskra stjórnvalda á eignum Landsbankans. Þessum málum á að mínu áliti alls ekki að blanda saman. Við eigum algjörlega á hörðum lögfræðilegum forsendum að mæta þessum árásum sem í ákvörðunum Bretanna fólust og gera það óhikað. Ég tel mikilvægt að nú verði höfð hröð handtök í framhaldinu vegna þess að málið þolir enga frekari bið.

[10:54]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að við fáum lögfræðilega úr þessu máli skorið. Það er rétt sem hv. þm. Bjarni Benediktsson rakti hér, málið er í grunninn í höndum skilanefndanna. Hitt er alveg ljóst, og það hefur komið fram við meðferð málsins bæði í utanríkismálanefnd og viðskiptanefnd, að það kann að koma til þess að skilanefndirnar telji sig ekki hafa til þess fjárhagslega burði eða stöðu að leggja í málin. Þá reynir auðvitað á þingmenn og vilja þingsins. Í því ljósi held ég að verði þá að túlka þau ótvíræðu orð sem hér hafa verið látin falla af hálfu stjórnarandstöðunnar um að hún muni þá styðja veruleg fjárframlög til að hægt sé að halda frammi þessum kröfum ef það er það sem málið strandar á. Það kann vel að fara svo, að skilanefndunum sé einfaldlega í starfi sínu það þröngur stakkur skorinn að þær ráði ekki við að halda frammi svona kröfum í ljósi þess tillits sem þær eiga að hafa til hagsmuna allra kröfuhafa og fara vel með þá hagsmuni sem þær reka.

Að öðru leyti vil ég bara segja, vegna þess sem hér var sagt og kom fram að vera kynni að við ættum sterkan málstað og fara ætti vel, að ég vara alltaf við því áður en lagt er af stað í málsóknir að menn séu í huganum búnir að vinna þær fyrir fram. Þvert á móti skulum við búa okkur undir að erfitt geti orðið að ná þessari niðurstöðu en ég held að það sé óhjákvæmilegt að við látum á það reyna. Ég held að óvissan um þetta mál sé mjög af hinu vonda og það skipti okkur miklu máli að setja fram okkar kröfur og reyna að fá úr þeim leyst og þessi fyrirtæki neyti úrræða breskra laga til að reyna að fá úrskurð hjá breskum dómstólum um málin eins og kostur er.

[10:56]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Það er auðvitað geysilega mikilvægt að fá það staðfest að ríkisstjórnin átti sig á því að þegar þrír mánuðir eru liðnir frá 7. október er kominn 7. janúar. Það er mjög mikilvægt að það skuli vera á hreinu að ríkisstjórnin hafi gert sér þetta ljóst.

Bæði utanríkismálanefnd og viðskiptanefnd hafa fjallað um þessi mál og báðar nefndir hafa lagt á það mikla áherslu að mál verði höfðað. Formanni viðskiptanefndar var á fundi sem ég sat þar sem ég hljóp í skarðið, beinlínis falið það verkefni að koma þeirri afstöðu nefndarinnar á framfæri við stjórnvöld. Pólitískt og siðferðilega er beiting hryðjuverkalaganna miklu verri hlutur og snýr að þáttum sem ekki verða bættir með fé, orðstír Íslands og stöðu okkar. Þess vegna á að höfða það mál, jafnvel þótt líkur séu tvísýnar, til að koma því fyrir dómstóla, komast í aðstöðu til að flytja okkar mál, draga athygli fjölmiðla að því og reyna að rétta þar okkar hlut. Þetta mál verður Landsbankinn gamli að höfða vegna þess að það er augljóst mál að möguleikar ríkisins til að koma slíku máli að dómstólum eru mjög takmarkaðir. Landsbankinn gamli verður að höfða það mál. Kaupþing gamla verður síðan að höfða málið vegna kyrrsetningar eða yfirtöku eigna Kaupþings og lögfræðingar meta stöðuna í því máli þannig að vinningslíkur séu góðar. Þar varð gríðarlegt tjón, það snýst um mjög mikla fjármuni sem þar fóru í súginn, það snýst um að stærsta fyrirtæki landsins var knésett eftir að hér var búið að taka um það pólitíska ákvörðun að reyna að bjarga því og styðja það, þar á meðal með lánum úr Seðlabankanum. Málskostnaður hér er innan skekkjumarka, hann er aukastafir í þeim ósköpum sem við tölum um þessa dagana og erum með í höndunum þar sem enginn nennir að tala lengur um minna en 10 og 20 og 100 og 1.000 milljarða þannig að einhver málskostnaður, þótt breskir lögfræðingar hafi hátt kaup, skiptir ekki neinu máli í þessum efnum. Það má líta á það sem nauðsynlegan fórnarkostnað til að (Forseti hringir.) reyna að rétta við afstöðu Íslands. Og það er hálfur sigur bara að koma málunum fyrir dómstóla.

[10:58]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég er alveg sammála þeim orðum sem hér

hafa fallið úr munnum hv. þingmanna um að það er algjörlega nauðsynlegt að það sé látið reyna á rétt okkar. Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi í ræðu sinni áðan þá er málskostnaður smámál hjá því sem hugsanlega kann að vera í húfi. Ég tel að það að beita hryðjuverkalögunum hafi verið ólögmæt aðgerð sem átti sér engar efnislegar forsendur. Sömuleiðis tel ég að það að ráðast inn í Singer & Friedlander banka Kaupþings hafi kostað ómælt tjón í því fyrirtæki. Það er alveg ljóst, finnst mér, að það eru skilanefndir bankanna sem eiga að reisa þetta mál og verða að gera það. Kostnaðurinn á ekki að skipta máli þar og það mun ekki skorta atbeina ríkisins í því efni. Það hefur komið fram áður, (**Gripið fram í:** Nú?) síðast í þessari viku voru fimm ráðherrar í sambandi út af þessu máli. Það skiptir hins vegar líka máli að hv. þingmenn gæti sín og allir þeir sem að málinu koma þannig að þeir rýri ekki málsstöðu Íslendinga. (**Gripið fram í:** Segir hver?) Ég vísa sérstaklega til þess að hér liggur fyrir þingskjal sem er undirritað af Siv Friðleifsdóttur sem kom fram í síðustu viku, sem er með þeim hætti að orðbragð og orðalag og þær ásakanir gefa til kynna að a.m.k. einn stjórnmálaflokkur telji að bresk stjórnvöld hafi haft einhvers konar tilefni til að grípa til þessara ráðstafana. Þar var vísað til ummæla tiltekinna ráðherra og það var ekki hægt að skilja annað en að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefði með þessu þingskjali í reynd tekið undir með breskum stjórnvöldum um að tilefni hefði verið til þess. Enginn annar Íslendingur hefur gert það nema seðlabankastjóri, Davíð Oddsson, sem hefur sömuleiðis talað í þá veru. (Gripið fram í.) Þingmenn verða að gæta sín í umræðu af þessu tagi, alveg eins og ég vil segja hér að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs (Forseti hringir.) hafa gætt sín vel í þessari umræðu. Þeir vita hvað er í húfi. Þetta ættu hv. þingmenn Framsóknarflokksins að læra af (Forseti hringir.) af forustuflokki stjórnarandstöðunnar. (**ÁI:** Heyr, heyr.)

[11:00]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég vil gjarnan fá að spyrja hv. þm. Jón Gunnarsson út í ummæli sem hann viðhafði í fjölmiðlum í gær þar sem hann talaði í hálfkveðnum vísum. Þar segir hv. þingmaður að skilanefnd og Fjármálaeftirlitið hafi gert mistök og að til þess að endurvekja trúverðugleika og til þess að viðhalda trausti almennings ættu forustumenn ríkisstjórnarinnar að gera þær breytingar sem þarf að gera.

Svo er tilvitnun í orð hv. þingmanns, með leyfi forseta:

„Þetta gæti átt við um Seðlabankann, Fjármálaeftirlitið og skilanefndir og klárlega inn í ríkisstjórnina." — Klárlega inn í ríkisstjórnina.

Síðan þegar spurt er um nöfn segir hv. þingmaður:

„Það ætti að vera auðlesið."

Ég vil gjarnan að hv. þingmaður aðstoði okkur við að lesa í þessa stöðu.

Það er alveg ljóst miðað við þessi ummæli að það bullar og sýður innan Sjálfstæðisflokksins, bullar og sýður þar. Þegar maður skoðar hvað almenningur segir — (**SKK:** Hver er vinsælastur í Framsóknarflokknum?) (**Iðnrh.:** Jónína Ben.) Hvernig er hægt að meta almenning? Það er hægt að skoða skoðanakannanir.

Nýjasta skoðanakönnunin sýnir að hæstv. fjármálaráðherra Árni M. Mathiesen nýtur mjög lítils trausts, 77% treysta honum lítið (**Gripið fram í:** En framsóknarmönnum?) og 24% sjálfstæðismanna treysta honum lítið. (Gripið fram í.)

Svo skulum við skoða Gallup-kannanir. (Gripið fram í.) Í síðustu Gallup-könnun kom í ljós að — (Forseti hringir.) Það er greinilega voða viðkvæmt að tala um þetta, virðulegur forseti. 81% svarenda var óánægt með Árna M. Mathiesen, hæstv. fjármálaráðherra, og 70% voru óánægð með hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra, Björn Bjarnason. (Gripið fram í.) Þetta eru langóvinsælustu ráðherrar ríkisstjórnarinnar, en þeir óvinsælustu hjá Samfylkingunni eru hæstv. umhverfisráðherra Þórunn Sveinbjarnardóttir og Björgvin G. Sigurðsson, hæstv. viðskiptaráðherra. (Gripið fram í.) (Gripið fram í.) Þannig að ég spyr: Hvernig á að skilja þessa yfirlýsingu? [Hlátrasköll í þingsal.] (Forseti hringir.)

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gefa þingmanninum tækifæri til þess að ljúka máli sínu.)

Virðulegur forseti. Það er gaman að því hvað þingmenn geta hlegið að því þegar verið er að lesa áfellisdóma þjóðarinnar yfir hæstv. ráðherrum, (Gripið fram í.) það er mjög merkilegt að þingmenn treysti sér til þess. (Gripið fram í.)

Ég spyr hv. þingmann: Þýðir þessi yfirlýsing að hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. dómsmálaráðherra eigi að víkja fyrst þeir (Forseti hringir.) eru allra óvinsælustu ráðherrarnir í ríkisstjórn og það sýnir almenningur (Forseti hringir.) sem hv. þingmaður vill sjá meira traust hjá? (**Iðnrh.:** Á þá Framsóknarflokkurinn ...?)

(**Forseti** (StB)**:** Forseti biður hv. þingmenn og ráðherra að gefa hljóð.)

[11:03]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég held að eitt hljótum við hv. þm. Siv Friðleifsdóttir að geta verið sammála um og það er að taka ekki mikið mark á skoðanakönnunum. [Hlátrasköll í þingsal.] Í því felst enginn stóridómur.

Íslenskt samfélag hefur á undanförnum vikum og mánuðum gengið í gegnum einhverjar mestu hremmingar sem það hefur gengið í gegnum. Ég hef sagt að við þær aðstæður sem nú eru komnar upp í þessu máli sé mjög eðlilegt að litið verði til þess að gera breytingar. Við erum búin að vera í mikilli varnarbaráttu undanfarnar vikur og þurfum kannski ekki að fara mjög margar vikur aftur í tímann til að sjá hvað þetta er í raun fáránleg staða sem við erum komin í.

Hverjum hefði getað dottið það í hug fyrir stuttu, þrem, fjórum, fimm mánuðum, að við yrðum í þessari stöðu í dag? En við erum í þessari stöðu og við erum að hefja í henni seinni hálfleik. Nú eru komin að bakinu á okkur þau lönd sem ætla að standa við bakið á okkur með fjárhagslegum stuðningi, lánum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er kominn til leiks. Ég hef sagt að við þær aðstæður og þann óróa sem er í samfélaginu sé mjög eðlilegt að forustumenn ríkisstjórnarinnar líti til þess að gera breytingar í embættismannakerfinu og víðar sem þeir telja að þurfi að gera við þessar aðstæður. Það segi ég að geti náð inn í Seðlabanka

Íslands, það geti náð inn í Fjármálaeftirlitið og aðrar þær stofnanir og til annarra þeirra embættismanna sem að málinu koma. (**Iðnrh.:** Ertu að tala um iðnaðarráðuneytið?) Það gæti vel verið, hæstv. ráðherra.

Ég segi líka að þetta geti og eigi þess vegna að ná inn til ríkisstjórnarinnar. Ég hef nefnt sérstaklega tvo ráðherra í ríkisstjórninni, hæstv. umhverfisráðherra og hæstv. viðskiptaráðherra, sem á undanförnum vikum hafa talað hér fyrir kosningum af algjöru ábyrgðarleysi við þær aðstæður sem eru uppi í samfélaginu. Ég hef sagt að slíkir ráðherrar séu með greinileg þreytumerki (Forseti hringir.) og þurfi að víkja. (Forseti hringir.) Ég get ekki séð hvernig slíkir ráðherrar geta verið í ríkisstjórn.

Þessar breytingar geta líka náð til þess að ríkisstjórnarflokkarnir (Forseti hringir.) skipti upp á milli sín ráðuneytum og geri breytingar (Forseti hringir.) á milli þeirra ráðherra sem til staðar eru. En breytingar eru nauðsynlegar til að endurvekja tiltrú almennings við þær aðstæður sem eru í samfélaginu í dag.

Umræðu lokið.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:07]

2.–5. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 33 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Tekjuskattur, 1. umr.

Stjfrv., 228. mál (gerð skattframtala o.fl.). — Þskj. 313.

[11:08]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt. Í frumvarpi þessu er að finna tillögur um ýmsar breytingar á lögum um tekjuskatt.

Í fyrsta lagi er lagt til að styrkir úr Endurhæfingarsjóði Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem ganga til greiðslu kostnaðar vegna endurhæfingar, heilbrigðisþjónustu og tiltekinnar þjónustu fagaðila teljist ekki til tekna. Þessi breyting er einn liður í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar sl.

Í öðru lagi er lögð til breyting á ákvæði laganna um söluhagnað af íbúðarhúsnæði í kjölfar athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA. Í skattframkvæmd hefur verið litið svo á að eingöngu væri hægt að endurfjárfesta í íbúðarhúsnæði á Íslandi til lækkunar á stofnverði hinnar nýju eignar þegar skattskyldur hagnaður hefur myndast við sölu. ESA telur þessa túlkun íslenskra skattyfirvalda ekki samrýmast ákvæðum EES-samningsins um frjálst flæði launþega, réttinn til búsetu og frjálst flæði fjármagns. Því er lögð til sú breyting að kveðið verði skýrt á um það að endurfjárfesting geti farið fram hér á landi, í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Í þriðja lagi er lagt til að kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003 veiti rétt til vaxtabóta líkt og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð enda um sambærileg búsetuform að ræða.

Í fjórða lagi er lagt til að skotið verði styrkari stoðum undir þá túlkun skattyfirvalda að tekjutengdar barnabætur verði ekki ákvarðaðar nema á grundvelli skattframtals við álagningu en ekki byggðar á áætluðum skattstofnum.

Í fimmta lagi er lagt til að lögfest verði heimild fyrir skattstjóra til að annast gerð skattframtala þegar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því af hálfu skattyfirvalda að auðvelda framteljendum með einföld framtöl árlega vinnu við framtalsskil. Þar hefur verið gert ráð fyrir að skattstjóra verði heimilt að útbúa skattframtal fyrir framteljendur þegar talið er að fullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi. Þetta á ekki hvað síst við í tilviki lífeyris- og bótaþega. Lagaheimild hefur ekki verið til staðar og því er umrædd tillaga komin fram.

Í frumvarpinu er einnig að finna þá tillögu að öllum fjármálastofnunum verði gert skylt að senda árlega upplýsingar um bankainnstæður, sjóðsinnstæður og vexti sem slíkir reikningar bera á sama tíma og aðrar nauðsynlegar upplýsingar vegna álagningar berast skattyfirvöldum. Fram til þessa hefur tilgreining bankainnstæðna og skulda á skattframtali alfarið verið háð vilja einstakra framteljenda til að gera grein fyrir þessum upplýsingum sem hefur takmarkað allt eftirlit skattyfirvalda með þessum skattstofni. Í núverandi lagaumhverfi er skattstjórum gert að byggja álagningu á þeim upplýsingum sem tilfærðar eru á framtali um innstæður og skuldir án samanburðar við ytri upplýsingar, svo sem á við um laun, fasteigna- og bifreiðaeign, skuldir við Íbúðalánasjóð o.fl. Það fyrirkomulag að ekki eru gefnar upp sundurliðaðar upplýsingar um afdreginn fjármagnstekjuskatt hefur gert allt eftirlit með skatti þessum og umfangi hans nánast óframkvæmanlegt. Verði tillaga að umræddu ákvæði lögfest mun það einnig stuðla að meira jafnræði milli aðila, sérstaklega þegar réttindi eða skyldur ákvarðast á grundvelli heildartekna, hvort heldur vegna ákvörðunar bóta á grundvelli tekjuskattslaga eða löggjafar um almannatryggingar. Fyrir liggur að meira en 35.000 einstaklingar hafa við álagningu 2008 fengið bóta- og lífeyrisgreiðslur án þess að gerð sé grein fyrir innstæðum á skattframtölum þeirra. Tilgreining bankaupplýsinga er því einnig mikilvæg aðhalds- og mótvægisaðgerð gegn undandrætti tekna.

Virðulegi forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Tollalög, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, 1. umr.

Stjfrv., 231. mál (tollfrjáls innflutningur ferðamanna á varningi o.fl.). — Þskj. 317.

[11:13]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á tollalögum, lögum um virðisaukaskatt og lögum um gjald af áfengi og tóbaki. Í frumvarpinu er verið að bregðast við athugasemdum sem borist hafa frá Eftirlitsstofnun EFTA, umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun. Þá er að finna í frumvarpinu fáeinar minni háttar breytingar á ákvæðum tollalaga.

Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði um afmörkun heimilda ferðamanna og farmanna til innflutnings á varningi, þar með talið áfengi og tóbaki, verði færð í lög. Hingað til hafa umræddar heimildir verið birtar í reglugerð. Eftir ábendingu umboðsmanns Alþingis er talið rétt að styrkja lagagrundvöll reglnanna.

Í öðru lagi er lagt til að heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings nýrra og óskráðra bifreiða sem keyptar eru hér á landi nái jafnframt til nýrra og óskráðra bifreiða sem fluttar eru inn frá öðru EES-ríki, aðildarríki stofnsamnings fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum að öðrum skilyrðum uppfylltum. Þá er lagt til að fyrirtækjum sem eru staðsett í sömu ríkjum verði heimilt að flytja tímabundið inn bifreiðar fyrir starfsfólk þeirra hér á landi, óháð búsetu þess, vegna sérstakra verkefna, að uppfylltum tilteknum skilyrðum um notkun þeirra hér á landi og erlendis á tilteknu tímabili.

Í þriðja lagi er lagt til að ferðamenn og farmenn skuli ótilkvaddir gera grein fyrir hærri fjárhæðum en sem nemur 10.000 evrum í stað 15.000 evra í núgildandi lögum. Þá er lagt til tekinn verði af allur vafi um að skyldan til að gera grein fyrir fjármunum taki jafnframt til handhafabréfa, þar með talið ferðatékka.

Í fjórða lagi er lagt til að kveðið verði á um það í lögum að farmenn geri skriflega grein fyrir öllum þeim varningi sem þeir hafa meðferðis til landsins. Slíkur háttur byggir á áratugalangri framkvæmd.

Til að takmarka fjármagnskostnað útflytjenda er í fimmta lagi lagt til að heimilt verði að fresta gjalddaga á greiðslufresti í tolli vegna virðisaukaskatts fram að uppgjöri almennra virðisaukaskattsskila þegar aðilinn sem um ræðir er að jafnaði með hærri innskatt en útskatt.

Herra forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 114. mál (aukin heimild til flutnings aflamarks milli ára). — Þskj. 123, nál. 314.

[11:17]

Frsm. sjútv.- og landbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið og fékk hún á fund sinn Sigurgeir Þorgeirsson og Kristján Frey Helgason frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Friðrik Arngrímsson frá LÍÚ og Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda. Umsagnir bárust frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fiskistofu, LÍÚ, Háskólanum á Akureyri, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Hafrannsóknastofnuninni, Starfsgreinasambandinu og Veiðimálastofnun.

Efni frumvarpsins lýtur að því að hækka heimild til flutnings aflamarks í botnfiski frá einu fiskveiðiári til þess næsta úr 20% í 33%. Auk þess er heimilað að veiða 5% umfram aflamark í humri á einu fiskveiðiári sem dregst frá heimildum þess næsta á eftir.

Á fundum sínum ræddi nefndin þá tilhögun sem lögð er til í frumvarpinu og er nefndin hlynnt því sem þar er lagt til. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að líklega yrði ráðstöfunin til þess að auka sveigjanleika auk þess sem hún ýtti undir skynsamlega nýtingu afla og gæti takmarkað brottkast. Einnig var fjallað um hvort stofnum gæti stafað hætta af flutningi aflamarks milli ára út frá fiskifræðilegum forsendum og komst nefndin að því að það væri ekki stór hætta á því.

Fram kom ábending um að breytingin hefði í för með sér hækkun á leiguverði á veiðiheimildum og fjallaði nefndin um þann möguleika. Í því samhengi ræddi nefndin einnig sjónarmið sem kom fram í umsögn um málið og sneri að því hvort rétt væri að ákvæðið um geymslurétt milli ára næði einnig til þeirra aðila sem leigðu til sín aflamark. Að athuguðu máli telur nefndin að slík hugmynd þarfnist frekari útfærslu þar sem lagt er mat á hvernig hún verður best framkvæmd. Nefndin beinir því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að þessi möguleiki verði kannaður.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Valgerður Sverrisdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Kjartan Ólafsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðargjald, 2. umr.

Stjfrv., 206. mál (nýr staðall um atvinnugreinaflokkun). — Þskj. 279, nál. 309.

[11:20]

Frsm. sjútv.- og landbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd um breyting á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á fund sinn Ólaf Friðriksson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Með frumvarpinu er verið að bregðast við setningu nýs staðals um atvinnugreinaflokkun, ÍSAT2008 í stað ÍSAT95. Engar efnisbreytingar verða á álagningu búnaðargjalds með frumvarpinu.

Nefndin ræddi þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu og hvort breyting á stöðlunum gæti haft áhrif á álagningu búnaðargjalds en svo er ekki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Kjartan Ólafsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Arnbjörg Sveinsdóttir, Atli Gíslason, Helgi Hjörvar, Valgerður Sverrisdóttir, Karl V. Matthíasson, Jón Gunnarsson og Grétar Mar Jónsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (landið eitt tollumdæmi). — Þskj. 324.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 3. umr.

Stjfrv., 120. mál (útflutningur óunnins afla). — Þskj. 311, nál. 318, frhnál. 319.

[11:22]

Frsm. 1. minni hluta sjútv.- og landbn. (Grétar Mar Jónsson) (Fl):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Fyrsti minni hluti teldi eðlilegt að lögin tækju gildi eigi síðar en 1. janúar 2009 og tekið yrði saman sérstakt yfirlit af hálfu Fiskistofu fyrir miðjan febrúar 2009 um hvernig til hefði tekist með það markmið að koma fiski sem fyrirhugað væri að selja á ferskfiskmarkaði erlendis til sölu á innanlandsmarkaði. Tilgangur frumvarpsins er einmitt sá að auka framboð á ferskfiski til innlendrar fiskvinnslu.

Það er mat 1. minni hluta að til þess að ná því markmiði að gera innlenda fiskkaupendur jafnsetta þeim sem bjóða í fisk á erlendum ferskfiskmörkuðum væri eðlilegt að setja stýrireglu. Regla þessi ætti að byggjast á því að ef ásett lágmarksverð eiganda fiskaflans, þ.e. útgerðar, sem ávallt hefur verið einhver x prósenta reyndist hærri en söluverð fisksins á erlendum ferskfiskmarkaði yfir eins mánaðar tímabil, verði viðkomandi útgerð óheimilt að skrá lágmarksverð næstu tvo mánuði á sinn ferskfisk sem flytja á úr landi. Eigandi fisksins, þ.e. útgerðin, verður þar með að una því næstu tvo mánuðina að sætta sig við hæsta verð sem berst í aflann, eins og aðrir seljendur ferskfisks á mörkuðum. Undanþáguheimild ráðherra frá þessum skyldum ætti því að fella út úr frumvarpinu.

Frumvarpinu er ætlað að auka atvinnumöguleika fiskvinnslufyrirtækja og fiskvinnslufólks. Ekki mun veita af eins og nú árar. Þau 56 þúsund tonn af fiski sem flutt voru út óunnin á síðasta ári gætu, ef þau væru unnin hér á landi, aukið atvinnu í fiskvinnslu og einnig aukið verðmæti útflutnings á sjávarfangi. Ferskfiskverð erlendis getur stundum verið hærra en hér og ætti fyrirkomulag lágmarksverðs sem tekur mið af hæsta verði erlendis að tryggja að þeir markaðir sem best verð gefa verði nýttir enda verð stundum afar hátt, t.d. um jól og áramót og páska. Of hátt lágmarksverð getur orðið til þess að innlend tilboð ná ekki lágmarksverði útgerðar og fiskurinn þar með ávallt farið úr landi.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið gerir 1. minni hluti þá tillögu að inn í lögin verði sett ákvæði sem kveður á um að ákveðið lágmarksverð útgerðar megi ekki vera hærra yfir mánaðartímabil en nemur 15% mun á útgefnu lágmarksverði útgerðar og því brúttóverði sem fékkst fyrir fiskinn á erlendum uppboðsmarkaði ferskfisks undanfarinn mánuð. Verði meiri munur en ofangreind 15% þarf viðkomandi útgerð að una því að fá ekki að setja lágmarksverð á afla sinn vegna skyldu til uppboðs á innlendum ferskfiskmarkaði næstu tvo mánuði.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Á eftir 3. málsl. 2. efnismgr. 1. gr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákveðið lágmarksverð útgerðar má ekki vera hærra yfir mánaðartímabil en nemur 15% mun á útgefnu lágmarksverði útgerðar og brúttóverði sem fékkst fyrir fiskinn á erlendum uppboðsmarkaði undanfarinn mánuð. Verði meiri munur en 15% verður viðkomandi útgerð óheimilt að setja lágmarksverð á afla sinn vegna skyldu til uppboðs á innlendum markaði næstu tvo mánuðina.

[11:27]

Frsm. 2. minni hluta sjútv.- og landbn. (Atli Gíslason) (Vg):

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég ýmsa fyrirvara við það, sem m.a. vörðuðu það að með 1. mgr. 1. gr. er sett upp meginregla en síðan er löggjafarvald framselt í afar ríkum mæli í áframhaldi greinarinnar. Ég talaði þar um opinn tékka til að ráðherra gæti í raun holað að innan þann megintilgang og þau meginsjónarmið sem koma fram í 1. mgr. Ég taldi þetta afar óheppilegt löggjafarstarf og tel enn, þ.e. framsal löggjafarvalds til framkvæmdarvalds. Það er afar óheppilegt og ætti ekki að eiga sér stað. Jafnvel þótt þessar heimildir hafi verið til sölu áður þá er löngu kominn tími til að festa í lög þau ákvæði sem eiga að gilda, skýlaus

ákvæði en ekki að framselja með þessum opna hætti til framkvæmdarvaldsins ákvörðunartöku sem er á valdsviði Alþingis. Þetta er grundvallarsjónarmið og á sérstaklega við, því hér er gengið mjög langt í framsali löggjafarvalds. Þetta gagnrýndi ég og geri enn.

Ég kallaði líka eftir því að reglugerðirnar eða þau drög að reglugerðum, sem vörðuðu útfærslu á undanþáguheimildum ráðherra, lægju fyrir við meðferð í nefnd líkt og Norðmenn gera í lagasetningu sinni og undirbúningi undir lagafrumvörp svo löggjafarvaldið sjái yfir sviðið og viti að hverju er gengið í hvert skipti.

Ég gerði líka fyrirvara um að ég mundi leggja til breytingar á frumvarpinu. Svo hagaði til að eftir 1. umr. var málið tekið fyrir í nefnd og á fund hennar komu fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins. Síðan var boðaður fundur með hagsmunaaðilum sem ég hefði viljað vera á en var útilokaður frá vegna þess að fundur sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar féll saman við fund allsherjarnefndar, þar sem til umræðu voru mál sem þingið telur brýn og herra forseti hefur lagt áherslu á að nái fram að ganga, þ.e. frumvarp um sérstakan saksóknara, sem er orðið að lögum, og ekki síður frumvarp, sem lýtur að rannsóknarnefndinni og bæði hæstv. ráðherra og þingið hafa lagt áherslu á að fái hraða en vandaða meðferð. Ég sinnti þeirri skyldu í allsherjarnefnd og átti því ekki kost á að sækja fund sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar þegar hagsmunaaðilar komu fyrir nefndina. Það vakti nokkra undrun mína — þessir fundir voru á þriðjudegi — að eftir hádegi á miðvikudag var boðaður fundur í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þar sem hefði verið leikur einn að taka þetta mál fyrir en þá var fundarfall í nefndinni. Það varð til þess að í 2. umr. áréttaði ég fyrirvara mína og áskildi mér rétt til að koma fram með breytingartillögur og orðaði í ræðu minni við 2. umr. röksemdir fyrir því, m.a. þá staðreynd að þetta frumvarp er samið fyrir hrunið. Ekki var tekið tillit til þess.

Á fundi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar á milli 2. umr. og þessarar lagði ég síðan fram bókun til að þau sjónarmið sem ég hafði reifað um atvinnuástand í landinu, stigvaxandi atvinnuleysi og fyrirsjáanlegan landflótta yrðu skoðuð í samhengi við frumvarpið. Bókunin var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

Í ljósi þess neyðarástands sem skapast hefur í atvinnumálum þjóðarinnar með ört vaxandi atvinnuleysi og fyrirsjáanlegum landflótta geri ég kröfu til þess að hagsmunaaðilar komi fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og gefi umsögn um fram komnar breytingartillögur á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Þessari bókun var hafnað en hún átti bæði við um tillögu sem ég lagði fram á fundinum og eins tillögu sem hv. þm. Grétar Mar Jónsson lagði fram — og ég vil taka fram að þá tillögu get ég stutt. Þessu var hafnað með rökum sem ég met ófullnægjandi. Sett voru fram rök sem voru að mínu mati sértækir hagsmunir þeirra sem flytja út fisk, sérstakir en órökstuddir hagsmunir sjómanna en ég vildi meta málið heildstætt og út frá samfélagslegum heildarhagsmunum, vega og meta hvort meiri hagsmunir ættu ekki að víkja út þeim minni. Ég er sannfærður um að miklu meiri hagsmunir eru af því að halda uppi eins mikilli atvinnu í landinu og kostur er. Ég veit að hæstv. sjávarútvegsráðherra er sammála mér um það og að við komum í veg fyrir þann fyrirsjáanlega landflótta sem við blasir og er gersamlega óþolandi. Atvinnuleysið er það alversta af öllu vondu við þetta efnahagshrun. Allt er betra en atvinnuleysið. Ég hef sagt það áður og ítreka að betra er að búa við óstöðugt gengi og verðbólgu, allt er betra en atvinnuleysið með þeim hörmulegu afleiðingum sem það hefur í för með sér á fjölskyldur og einstaklinga. Ekki bara á fjárhag þeirra heldur hinar andlegu afleiðingar sem geta líka komið fram í líkamlegum sjúkdómum og sinnuleysi, viljaleysi til verka, depurð og þunglyndi.

Ég taldi því mikilvægt að fjallað yrði um frumvarpið út frá þessum staðreyndum og þeim atvinnuleysistölum sem nú blasa við. Við erum að tala um 4% atvinnuleysi og ef reynslan í Finnlandi 1993 er metin — en Finnar stóðu frammi fyrir sambærilegum erfiðleikum í kjölfar hruns Sovétríkjanna og atvinnuleysi þar fór upp í, að ég hygg, 20% að meðaltali, misjafnt eftir landsvæðum og ástandið í sumum sveitarfélögum í jaðarbyggðum var mun verra. Ég ítreka að samning þessa frumvarps tók ekki tillit til hvernig ástandið í íslenskum efnahags- og atvinnulífsmálum er. Ég segi það líka, það vita allir og því er spáð að atvinnuleysi muni fara upp í 10%. Ég óttast að það verði meira en vona að svo verði ekki. Þess vegna er afar brýnt að leita allra leiða til að ýta undir atvinnusköpun og styðja fólkið, heimilin og atvinnurekstur í landinu. Það er frumskylda okkar og langbrýnasta verkefnið. Þess vegna verður að leita allra leiða til að tryggja innlenda fiskvinnslu á þessum tímum í stað þess að flytja fisk út frá atvinnulitlu Íslandi. Ég hef því lagt til bráðabirgðaákvæði við lögin tímabundið sem hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

Á tímabilinu 1. mars 2009 til 31. desember 2009 er óheimilt að flytja út óunninn afla til löndunar og sölu á fiskmarkaði erlendis nema brýna nauðsyn beri til. Ráðherra setur nánari reglur um undanþágu frá þessu ákvæði.

Hér eru sem sagt brýnir samfélagslegir hagsmunir í húfi. Ekki má skoða þá út frá þröngum hagsmunum. Ég held líka að þeir skynsömu fiskútflytjendur og hagsmunaaðilar sem hlut eiga að málum skilji fullkomlega og séu tilbúnir að láta þrengri hagsmuni sína víkja fyrir þjóðarheill og almannahagsmunum. Ég er þess fullviss, ef ég þekki fiskútflytjendur rétt, að þeir munu fallast á þessi rök. Aðlögunartími er veittur og þetta brestur ekki á frá 1. janúar heldur er tveggja mánaða aðlögunartími þannig að bráðabirgðaákvæðið tekur gildi 1. mars og (Gripið fram í.) — 1. mars er bráðabirgðaákvæðið ætlað — þetta álit stangast ekki á við tillögur minni hlutans. Þetta er stærsta tækifærið sem við höfum nú til að draga úr atvinnuleysi og landflótta, stærsta einstaka tækifærið. Ég fullyrði að um sé að ræða 56 þúsund tonn og reyndar miða ég þá við tölur frá fyrra ári. Þróunin virðist ekki hafa verið sú að dregið hafi úr 56 þúsund tonnum. Einhver nefndi að þetta væri á við 10 frystihús. Hér eru gríðarleg atvinnutækifæri fyrir dreifðari byggðir landsins í því að finna nýjar matarholur á mörkuðum erlendis með því að vinna fiskinn sem mest og skapa sem mesta atvinnu. Ég vil nefna sérstaklega, og gerði það í fyrri ræðu minni í 2. umr., að fiskverkanir án kvóta hafa þurft að kaupa til sín fisk á svo dýru verði að þær hafa orðið að vinna hann í hágæðaaf-

urðir eða finna markaði sem borga hátt verð og hafa verið frumkvöðlar á þessu sviði fiskvinnslu. Í kjölfar frumkvöðlastarfsemi þeirra og nýsköpunar hafa stóru fyrirtækin, stóru kvótaeigendurnir og stóru framleiðendurnir siglt og farið inn í þessar matarholur, sem eru margar fleiri til sem við getum nýtt okkur. Ef þúsund störf fást beint við vinnslu 56 þúsund tonna, fylgja hverju þeirra þrjú eða fjögur afleidd störf þannig að um er að ræða gríðarlega hagsmuni fyrir þjóðina. Ég horfi fyrst og síðast til stöðunnar í dag. Ef málið hefði verið lagt fyrir í desember á síðasta ári, hefði ég getað tekið undir frumvarpið og þann góða tilgang sem býr að baki því. En nú er öldin önnur, svo sannarlega.

Ég hefði að vísu fyrir ári síðan ekki fallist á jafnrúmt löggjafarframsal og hef gagnrýnt það að sama skapi. En öldin er önnur og við verðum að hugsa þetta algerlega á nýjan leik og mér er fullkomin alvara. Þetta er stærsta tækifærið sem við höfum og við getum ekki látið það fara frá okkur. Á fundi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar spurði ég fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins í ljósi tilgangs frumvarpsins, þ.e. að efla fiskvinnslu innan lands, hvað frumvarpið hefði í för með sér fyrir aukningu á að afli sé unninn innan lands, þ.e. að þeim tonnum fækki sem flutt eru út óunnin. Fulltrúi sjávarútvegsráðuneytisins gat ekki gefið mér neina leiðsögn um það. Ergó: Við stöndum líklega frammi fyrir því að tonnin sem flutt verða út munu verða jafnmörg og heldur hefur útflutningur aukist vegna þess að kvóti á ýsu hefur verið aukinn stórfellt og þar er mikið veitt af smáýsu. *Í mínum huga væri grátlegt að missa þetta tækifæri* sem blasir við í atvinnusköpun frá okkur og ég er alveg viss um að það hæfileikarika unga fólk sem er að missa vinnu sína mun finna ný tækifæri. Það mun finna nýja og dýrmæta markaði fyrir hágæða háverðsvöru. Margt af þessu fólki sem er að verða atvinnulaust hefur verulega þekkingu á markaðssetningu og hefur starfað erlendis og kann að selja.

Frú forseti. Sú leiða staðreynd blasir við að megnið af þessum útflutningi á óunnum afla fer til Bretlands, þjóðar sem beitir okkur í dag hryðjuverkalögum. Við tökum sem sagt atvinnu héðan og flytjum út til Bretlands. Það að taka upp svona bráðabirgðaákvæði mundi styrkja okkur verulega í samningsstöðu við Breta. En við hins vegar kyssum vöndinn, við kyssum stöðugt vöndinn, eins og kom fram í umræðu á hv. Alþingi í morgun. Það er óþolandi. Við eigum að tryggja öll þau störf sem við getum á Íslandi og hámarka gjaldeyristekjur og við megum ekki bara horfa á tölur, þó svo að 600 kr. fáist fyrir kílóið í Bretlandi en 460 kr. á Íslandi. Af 600 kr. í Bretlandi dragast 100 kr. á kg frá vegna flutningskostnaðar, umsýslukostnaðar og umboðslauna og annars sem því fylgir og þá er 40–100 kr. munur á tonninu. Við þessar 450–460 kr. í innanlandssölu bætist við gríðarleg verðmætasköpun og virðisauki innan lands sem menn verða að taka með í reikninginn. Ekki er annað hægt. Ég verð að segja að slík fullvinnslumál hafa margsinnis komið til kasta Alþingis þegar atvinnumál á Íslandi standa illa. Einn af helstu talsmönnum þessa var alþingismaðurinn Guðmundur J. Guðmundsson, sem nú er látinn, sem benti margsinnis á þetta á erfiðum atvinnuástandstímum 1968 og aftur upp úr 1990. Ég held að ég tileinki þessum látna vini mínum og hv. fyrrverandi alþingismanni, Guðmundi J. Guðmundssyni, tillöguna. Hún er sett fram af skynsemi. Af hverju skyldi Guðmundi J. Guðmundssyni hafa verið svo annt um slíka tillögu? Jú, vegna þess að hann upplifði afleiðingar atvinnuleysis. Hann mundi þá tíma þegar faðir hans fór niður á Eyri að snapa hafnarvinnu, þegar hópur atvinnulauss og félauss verkafólks gekk um höfnina í humátt á eftir verkstjóra og leitaði ásjár um vinnu. Hann mundi þá tíma líka þegar faðir hans kom heim laust undir hádegi dapur og boginn í baki og þungbrýnn yfir því að einn daginn enn hafði honum verið hafnað.

Sem betur fer þekkir núlifandi kynslóð lítið til atvinnuleysis nema þá af sögubókum. En við sem eldri erum munum hvað gerðist 1968. Við munum það fullkomlega. Þá varð fjöldalandflótti til Svíþjóðar og fáir komu aftur heim. Við verðum að átta okkur á því að gerbreytt staða í efnahagsmálum kallar á ný viðhorf og viðbrögð. Við verðum að víkja frá hefðbundinni hugsun og taka upp öll þau ráð sem við framast getum fundið í atvinnuleysinu. Það nægir mér ekki, frú forseti, að bíða og sjá hver reynslan verður af frumvarpinu og bregðast svo við í apríl eða maí, það nægir mér alls ekki. Ástandið í atvinnumálum kallar á viðbrögð þegar í stað og ég satt best að segja varð fyrir vonbrigðum með afstöðu einstakra nefndarmanna í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, að þeir skuli ekki sjá ljósið í þessum efnum. (Gripið fram í.)

[11:47]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála því sem hv. þm. Atli Gíslason sagði, við eigum að leita allra leiða til að ýta undir atvinnusköpun. Þess vegna er þetta frumvarp flutt. Við skulum ekki gleyma því að það fyrirkomulag sem hér var við lýði var fyrirkomulag sem Samkeppniseftirlitið í fyrsta lagi sagði að stæðist ekki, í öðru lagi liggur líka fyrir að það fyrirkomulag, þ.e. útflutningsálagið, gerði það ekki að verkum að það skapaði það framboð á fiski fyrir íslenska fiskverkendur sem við vildum. Það er alveg ljóst mál að afnám útflutningsálagsins hefur haft sáralítil áhrif á það magn sem hefur verið flutt úr landi. Það er að vísu hægt að taka dæmi um ýsuna, að þar hafi það aukist, en á því eru ýmsar skýringar, m.a. sú að útgerðir sem áður höfðu stundað frystitogaraútgerð hurfu frá því og fóru að gera út á ísfisk og flytja þar með aflann að einhverju leyti út.

Hérna er ekki opnað á rúmar heimildir, eins og hv. þingmaður sagði. Með þessu frumvarpi er verið að loka á þessar heimildir, heimildirnar sem menn fá til að flytja út aflann óunninn og ísaðan eru þrengdar. Það sem verið er að gera er einfaldlega það að menn sem ætla að flytja afla út í gámum eða sigla með afla beint á erlenda markaði eru skyldaðir til að tilkynna það í fyrsta lagi til Fiskistofu með eins sólarhrings fyrirvara og í öðru lagi verður það tryggt að þessar upplýsingar birtast á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla þar sem hann skuli síðan boðinn upp. Þar með er búið að opna á aðgengi fiskvinnslunnar að þessum fiski sem aldrei hefur verið áður. Hér er brotið í blað, hér er komið til móts við sjónarmið sem ég deili með hv. þm. Atla Gíslasyni, að við þurfum að reyna að auka aðgengi fiskvinnslunnar að íslenskum fiski og auka þannig atvinnu-

sköpun í landinu.

Þess vegna erum við ekki að rýmka til um löggjöfina eins og hv. þingmaður talaði um, við erum ekki að framselja (Forseti hringir.) neitt vald, öðru nær, það er verið að þrengja það vald sem löggjafinn í dag veitir.

[11:49]

Frsm. 2. minni hluta sjútv.- og landbn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er allsendis ósammála hæstv. ráðherra. Frumvarpið eins og það liggur fyrir tryggir alls ekki að útflutningur óunnins afla takmarkist frá því sem nú er. Það er ekki trygging fyrir því, það er allsendis óvíst. Hér þarf róttækari tillögur. Ég hefði getað verið sammála andsvari hæstv. ráðherra fyrir einu ári, en ég er það ekki í stöðunni í dag. Ég get ekki verið það.

Hæstv. ráðherra segir að það þurfi að leita allra leiða, en það er ekki verið að gera það. Það er ekki trygging fyrir því að þessi göfugi tilgangur sem að baki er nái fram að ganga. Síðan er vísað til Samkeppniseftirlitsins, ég gef dauða og djöful í það í stöðunni í dag. Evrópusambandið getur aldrei verið dragbítur á atvinnu á Íslandi, og er ekki stofnað til þess. Við verðum að horfa fram hjá því — og ég er að tala um tímabundnar aðgerðir sem ég þykist fullviss um að Samkeppniseftirlitið, Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, og aðrir muni samþykkja. Við erum jaðarbyggð sem er að berjast fyrir lífi sínu, menn verða að skilja það.

Það er sitthvað í frumvarpinu sem opnar verulega fyrir þetta. Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum eða hann fluttur út án þess að hann sé vigtaður. Það er sett á, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, lágmarksverð gagnvart íslenskum fiskverkendum, kaupendum, en ekki gagnvart erlendum kaupendum. Þetta lágmarksverð mun torvelda aðgengi innlendra (Forseti hringir.) fiskverkenda.

[11:51]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af þessu síðasta er það auðvitað þannig að seljandinn setur lágmarksverðið þannig að það er ekki spurning um erlenda eða innlenda aðila í þessu sambandi.

Það er hins vegar þannig, virðulegi forseti, að frumvarpið sem hér liggur fyrir hefur einn yfirlýstan tilgang og hann kemur mjög vel fram í tillögugreininni sjálfri. Hann er sá að reyna að tryggja að fiskvinnslan sem ekki hefur haft aðgang fram á þennan tíma til að bjóða í fiskinn hafi hann. Núna erum við að setja leikreglur sem gerir það að verkum að íslensk fiskvinnsla getur boðið í þennan fisk, þau 56.000 tonn sem hefur verið vitnað til að hafi farið óunnin úr landi. Hérna er opnað á leiðina fyrir íslenska fiskvinnslu til að gera tilboð í aflann og eftir atvikum ná aflanum til sín.

Það er auðvitað rangt sem hv. þingmaður segir, að hér sé með einhverjum hætti opnað á heimildir til að flytja út. Það er verið að þrengja þessar heimildir til að flytja út. Í dag eru þessar heimildir býsna opnar, það er alveg rétt hjá hv. þingmanni, og það var þannig að það fyrirkomulag sem var hér við lýði árum saman gerði það ekki að verkum að það drægi úr þessum útflutningi á óunnum ísuðum fiski. Þess vegna þurftum við að leita nýrra leiða, ég vísaði að vísu til Samkeppniseftirlitsins, það var að mínu mati samt ekki eini kjarni málsins. Það var að vísu ábending sem við hlutum að horfa á, en stóra málið var að það fyrirkomulag sem við höfðum dugði ekki og þess vegna settust fulltrúar útgerðarmanna og fiskverkenda niður ásamt fleirum og reyndu að hugsa upp leið sem gæti gert það að verkum að við auðvelduðum fiskvinnslunni aðgengi að fiskinum og það er verið að gera það með þessu frumvarpi. Það er verið að tryggja miklu betur en áður hagsmuni íslenskrar fiskvinnslu, enda er það markmiðið með þessu lagafrumvarpi og það mun verða raunin verði það samþykkt.

[11:53]

Frsm. 2. minni hluta sjútv.- og landbn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra talar enn eins og efnahagshrunið hafi ekki komið fram. Ég er þeirrar skoðunar að hann átti sig ekki á því miðað við þau orð sem hér eru látin falla. Ég er að tala um það, fyrst og síðast, að tryggja að allur þessi fiskur verði til bráðabirgða unninn á Íslandi til að koma í veg fyrir það atvinnuleysi sem þegar er orðið og það sem blasir við. Ég er að tala um róttækar aðgerðir.

Ég fagna því að fiskur sé settur á uppboðsmarkað og annað slíkt. Ég skil hins vegar ekki af hverju lágmarksverðið er sett á. Ég skil það ekki. Þess vegna er tillaga hv. þm. Grétars Mars Jónssonar gagnleg að því leyti.

Ég verð að mótmæla því líka, hæstv. ráðherra, að nokkuð liggi fyrir um það að minna verði flutt út af óunnum fiski en er í dag. Það er hinn frómi tilgangur frumvarpsins en það hefur ekki verið kannað hvort slíkt muni gerast og það liggur ekkert fyrir um það.

Það að allir hafi jafnan aðgang að fiski er hið besta mál, en brýnni hagsmunir eru það í dag í íslensku þjóðfélagi að sú atvinna sem felst í öllum þeim tonnum sem flutt eru út verði unnin á Íslandi í þeirri stöðu sem nú er.

[11:54]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill beina þeim tilmælum til hv. þingmanna að þeir beini máli sínu til forseta en ekki einstakra ráðherra eða þingmanna.

[11:55]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins bregðast við því sem hv. þm. Atli Gíslason nefndi um bókun þá sem hann lagði fram í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd sem sneri að því að fá inn hagsmunaaðila úr sjávarútveginum inn í nefndina til að meta þá tillögu sem hann leggur hér fram um algjört bann við því að flytja út óunninn afla til sölu á fiskmarkaði erlendis. Það verður að segjast eins og er, hæstv. forseti, að þetta er í sjálfu sér sjálfstætt athugunarefni og mundi taka mjög langan tíma. En vegna þess að málið var að koma til 3. umr. og meiri hluti nefndarinnar taldi mjög mikilsvert að málið næði fram að ganga fyrir áramót til að það gæti farið að reyna á það sem við höfum rætt hér, að það verði hægt

að auka aðgengi íslenskrar fiskvinnslu að þeim sjávarafla sem annars væri seldur á erlendum fiskmörkuðum. Það er auðvitað tilgangur frumvarpsins í sjálfu sér. Það hvort algjörlega verði breytt um, jafnvel hugað að því að setja reglur sem við gætum átt von á að séu brot á EES-samningnum eins og ég held að flestir séu sammála um, slíkt athugunarefni í nefndinni hefði að sjálfsögðu tekið mun lengri tíma en svo að við hefðum getað lokið því fyrir áramót. Ég held einfaldlega að þeir hagsmunir sem hér liggja að baki, að þetta kerfi geti farið að virka, séu það miklir (Forseti hringir.) að það sé mjög nauðsynlegt að ljúka því fyrir áramót eins og ég vona að raunin sé hér í dag.

[11:57]

Frsm. 2. minni hluta sjútv.- og landbn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var auðvitað mjög eðlilegt að slík tillaga, eins og fram kemur í bráðabirgðaákvæðinu og ég lagði fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, yrði rædd í hópi hagsmunaaðila, hvort það væri samfélagsleg skynsemi í þessari tillögu sem væri hafin yfir þrengri sérhagsmuni, að við yrðum að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Ég orðaði það þannig í ræðu minni að ég teldi að fiskútflytjendur mundu allir skilja þessi sjónarmið, enda skynsamir karlar og konur.

Á móti þessari brýnu tillögu færðu talsmenn nefndarinnar, eins og kom fram í ræðu hv. þingmanns, formlegar ástæður gegn efnislega skynsamlegri og þjóðhagslega mjög brýnni tillögu. Ég get fullyrt það hér að ég hefði í ljósi þessarar tillögu getað varið kvöldum, nóttum og helginni sem fer í hönd til að setja þessa tillögu á koppinn í þeim búningi sem þjóðin og þjóðarhagsmunir þurfa við. Formsástæður, að þetta taki langan tíma og fleira, eru ekki gildar fyrir mér um svo efnislega og brýna tillögu.

Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir segir að hagsmunir séu miklir. Þeir eru dauðir í samanburði við samfélagslega og þjóðhagslega hagsmuni. Þeir blikna í samanburði við það að við getum skapað svo gríðarlega atvinnu á grundvelli þessara 56.000 tonna sem flutt voru út á síðasta ári.

[11:59]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var auðvitað rætt í nefndinni en það er augljóst að svona sjálfstæð tillaga sem breytingartillaga og bráðabirgðaákvæði við það frumvarp sem fjölluðum um í nefndinni þarf auðvitað mun meiri athugunar við og auðvitað getur hv. þm. Atli Gíslason lagt tillöguna fram á Alþingi til að hún fái þar afgreiðslu. Hitt er annað mál að það er þó nokkuð síðan að þetta frumvarp var lagt fram og það var fyrst í gær sem þessi tillaga hv. þm. Atla Gíslasonar kom fram og það hafði áður verið boðið upp á það, bæði þegar málið var kynnt og fyrr, að menn kölluðu til alla þá sem menn hugsanlega vildu fá til að ræða þetta mál við nefndina. Ég hvet hv. þingmann til að flytja svona tillögu eins og hann er með sem breytingartillögu við 3. umr. sem sjálfstætt mál.

Hins vegar ræddum við það í nefndinni að við mundum fylgjast mjög vel með því hvernig þetta mál gengur fram, hvernig mönnum tekst að smíða reglugerð, hvernig hagsmunaaðilum tekst að koma sér upp því kerfi sem til þarf, því að þarna þurfa auðvitað að koma að útflytjendur, fiskverkendur og fiskmarkaðirnir, reiknistofa fiskmarkaða, til að þetta kerfi geti í raun virkað. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að við ljúkum þessu máli núna þannig að þessir aðilar geti farið að starfa með formlegum hætti (Forseti hringir.) þann 1. febrúar þegar lögin taka gildi.

[12:01]

Frsm. 2. minni hluta sjútv.- og landbn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst það síðasta, að geta farið að starfa. Það er ekkert í bráðabirgðaákvæðinu sem kemur í veg fyrir það vegna þess að bráðabirgðaákvæðið kippir ekki úr sambandi þeim grundvelli frumvarpsins að fiskurinn fari allur á uppboðsmarkað, það er bara þetta, að hann verði verkaður innan lands. Það kippir því ekki úr sambandi.

Að hér þurfi mun meiri tíma. Við þingmenn höfum staðið frammi fyrir því síðan 6. október að taka fjölda mála til afgreiðslu vegna neyðarástandsins. Við höfum fengið inn á þingið mál með nánast engum fyrirvara, jafnvel mál og breytingar á málum sem ekki voru rædd í nefnd þegar þau komu til 3. umr. Þar nefni ég frumvarp um fjármálafyrirtæki. Það er engin — ég ítreka, engin — afsökun fólgin í því að það þurfi meiri tíma. Við höfum unnið hratt og örugglega að fjölda mála þar sem afbrigði hafa verið veitt. Eru ekki ein fimm mál í dag sem afbrigði eru veitt fyrir? Við gátum, og ég fullyrði það, afgreitt þetta mál ef til þess hefði verið vilji. Formlegar ástæður ýta ekki af brautinni samfélagslegum og þjóðhagslega brýnum hagsmunum í því neyðarástandi atvinnu sem við búum við. (Gripið fram í.) Þau ýta í burtu, neyðin brýtur lög ef því er að skipta.

[Fundarhlé. — 12:04]

[13:30]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti Við ræðum um útflutning á óunnum afla og ég þakka hv. þingmönnum fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og tek undir að okkur er auðvitað verulegt umhugsunarefni að yfir 50 þúsund tonn fari úr landinu óunnin. Þetta mál er fram komið til að bæta aðgengi fiskvinnslunnar að þeim fiski sem fer úr landinu. Sú niðurstaða sem lögð hefur verið fram og fjallað var um í hv. landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd er sáttaleið milli ólíkra sjónarmiða í þeim málum. Hún er til þess sett fram að auka það hlutfall af fiski sem unninn er í landinu og blandast engum hugur um hversu mikilvægt það er nú.

Það er rétt að sú leið sem lagt er til að verði farin var lögð til áður en að hruninu kom í haust og var umræða um málið þess vegna. Niðurstaðan í tillöguflutningnum var vegna þess mjög svo erfiða atvinnuástands sem við munum standa frammi fyrir á næstunni.

Það má taka undir ýmislegt af því sem komið hefur fram í málflutningi ýmissa fulltrúa stjórnarandstöðunnar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, að það er brýnna nú en nokkru sinni fyrr að við sköpum sem mesta atvinnu í land-

inu vegna þess vaxandi atvinnuleysis sem við erum að glíma við. En það er þó allt of langt gengið sem lagt er til af fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að taka alfarið fyrir útflutning á óunnum fiski vegna þess að það verður auðvitað að vera forsenda fyrir því að við vinnum aflann hér, að það sé ekki bara atvinnuskapandi heldur líka hagkvæmt og skynsamlegt. Því er auðvitað ekki til að dreifa í öllum tilfellum og þess vegna óeðlilegt að banna þetta með öllu.

Sú tillaga sem fulltrúi Frjálslynda flokksins í nefndinni, hv. þm. Grétar Mar Jónsson, flytur hér um lágmarksverð á fiski og að setja skorður við því hvaða lágmarksverð sé hægt að setja á fisk miðað við markaðsverð á hverjum tíma held ég að sé miklu nær lagi eða mundi skerpa eitthvað á þessum ákvæðum í lögunum. Ég held að það sé alger óþarfi að lögþvinga slík skilyrði eins og hv. þingmaður leggur til með breytingartillögum sínum. Það er algerlega ótvírætt að það er krafa til þeirra sem koma með afla að hann sé unninn hér ef það er hagkvæmt og arðbært, til þess verði ætlast að það frumvarp sem hér verður að lögum leiði til þess að unninn verði umtalsvert meiri afli í landinu en fer út úr því núna. Ég held þess vegna að við eigum að samþykkja það frumvarp sem liggur fyrir og við höfum fyrir okkar leyti samþykkt í nefndinni og treysta því að sú breyting verði á sem til er ætlast með málinu.

Það er auðvitað ekki hægt að útiloka að við höfum ekki árangur sem erfiði. Það er rétt hjá hv. 7. þm. Suðurkjördæmis, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd, að frumvarpið tryggir ekki að hér verði meiri afli unninn en verið hefur. Ég held hins vegar að það sé deginum ljósara að nái menn ekki markmiðum sínum með þessu frumvarpi, að vinna meiri afla í landinu komi það í ljós tiltölulega mjög fljótt. Ef svo ólíklega vill til, sem ég trúi raunar ekki, að ekki verði tekið tillit til atvinnuástandsins og heimildir þessa frumvarps nýttar til að vinna meiri afla í landinu, er alveg vandalaust fyrir Alþingi að stíga lengra og fastar í þessa átt með enn frekari breytingum á löggjöfinni til að tryggja að markmiðinu verði náð. En ég held að það sé eðlilegt að við á löggjafarsamkomunni ástundum meðalhóf og lögleiðum það samkomulag sem náðst hefur milli ólíkra sjónarmiða og treystum því að það verði til að unninn verði verulega meiri afli á Íslandi en verið hefur. Ef það verða síðan lyktir máls þegar kemur fram á árið 2009 og við okkur blasa vaxandi verkefni á sviði atvinnumála hefur Alþingi sýnt það á þessum haustdögum að það getur ef þarf, ef ástandið í samfélaginu er þannig að það kalli á það, afgreitt hratt og örugglega frumvörp til laga á Alþingi um breytingar til að mæta neyðarástandi í landinu. Ég held að í því ljósi og vegna þeirrar samfélagslegu kröfu sem verður á útgerðinni um að taka þátt í því mikilvæga verkefni á næstu mánuðum og missirum að skapa aukna atvinnu í landinu fyrir þau störf sem við erum að missa, að sá leiðangur sem hér er lagt upp með hljóti að vera fullnægjandi og okkur muni takast að ná þessu ætlunarverki okkar.

[13:36]

Eygló Harðardóttir (F):

Herra forseti. Ég tel að ég sé eini þingmaðurinn, alla vega sem ég veit um, sem hefur staðið í því að bjóða í fisk samkvæmt þessum reglum eða ég var örugglega (Gripið fram í.) ein af þeim fyrstu. Þegar fyrst voru settar reglur um að tilkynna ætti um fisk sem flytja ætti til Fiskistofu þannig að fiskkaupendur gætu haft beint samband við útflytjendurna og boðið í fiskinn veit ég að ég hringdi þó nokkuð mörg símtöl og sendi marga tölvupósta. Það voru mjög athyglisverð samtöl sem ég átti við útflytjendurna. Stundum þurfti ég að hafna símtölunum því að það var skakað svolítið hátt á mig. Í öðrum tilvikum var hreinlega skellt á mig og ég veit um alla vega eitt tilvik þar sem einn mjög reiður útgerðarmaður kom inn í fiskvinnsluna sem ég vann í og skammaði yfirmann minn fyrir að vera með svona freka manneskju sem taldi að hún gæti sagt eitthvað um hvað gera ætti við fiskinn. Þar var ekkert rætt um verðið.

Mér telst til varðandi þessar breytingar á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar að það sé í þriðja skiptið sem þau lög sem verið er að leggja til núna eru lagfærð. Ég fagna mjög að verið sé að taka svo skýrt á að öllum afla sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti haldast í efnahagslögsögu Íslands skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Það er mjög skýrt. Ég vonast sannarlega til þess að þar sé horft til þess að það er ekki bara skrokkurinn á fiskinum sem landað er, þarna sé líka verið að tala um slóg og annað sem fylgir fiskinum. Því sé öllu landað innan lands, það vegið eða tekið inn í innlenda höfn. Ég tel það vera skref í rétta átt.

Þetta er, eins og ég nefndi áðan, í þriðja skiptið sem þessi lög eru lagfærð, ef mér telst rétt til. En ég tek undir álit 1. minni hluta varðandi að það þarf að taka mjög skýrt fram að lágmarksverðið standi raunverulega og menn setji ekki rangt verð því að það var eitt af því sem ég þurfti að reyna þegar ég reyndi að bjóða í fiskinn. Við fengum send gögn þegar við óskuðum eftir því hvað væri verið að selja fiskinn á og verðið sem við fengum var fyrir stærsta og dýrasta fiskinn. Okkur var sagt að það væri verðið sem við gætum borgað fyrir allan aflann.

Ég get að sjálfsögðu ekki tekið undir breytingartillögu um að það verði algerlega óheimilt að flytja út óunninn afla til löndunar og sölu á fiskmarkaði erlendis. Þar fáum við enn á ný að sjá svokallaða einangrunarstefnu hjá Vinstri grænum þar sem þeir virðast vilja hafa sem allra minnst samskipti við aðrar þjóðir. Það mundi skaða íslenska hagsmuni alveg geysilega og við sjáum hvað það skiptir miklu máli að eiga í góðum samskiptum við aðrar þjóðir, alla vega hluti af þjóðinni. Þegar breska ríkisstjórnin setti á okkur hryðjuverkalögin voru þeir einu sem voru tilbúnir að tala máli okkar í breska þinginu einmitt þingmenn svæða eins og í Hull og Grimsby því að þeir vissu hve miklir hagsmunir lágu þarna undir.

Ég vil líka benda á að íslenskur sjávarútvegur er mjög alþjóðleg atvinnugrein og Íslendingar eiga fyrirtæki í Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi þar sem verið er að vinna áfram úr því hráefni sem flutt er út. Hins vegar hef ég talað fyrir því utan þings og innan hvort ekki sé eðlilegt að íslenskur fiskur sem veiddur er hér sé allur boðinn upp á íslenskum mörkuðum. Íslensk og erlend fyrirtæki ættu að hafa tækifæri til að bjóða í fiskinn þannig að það sé alveg á hreinu að fiskinum væri landað hér og hann vigtaður. Þá

mundu þeir sem byðu hæsta verðið borga Íslendingum fyrir fiskinn og síðan væri hann fluttur út. Með því værum við ekki fyrst og fremst að styrkja starfsmenn erlendra fiskmarkaða heldur styddum við við íslenska fiskmarkaðinn.

Í nefndaráliti 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar frá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni segir:

„... ákveðið lágmarksverð útgerðar megi ekki vera hærra yfir mánaðartímabil en nemur 15% mun á útgefnu lágmarksverði útgerðar og því brúttóverði sem fékkst fyrir fiskinn á erlendum uppboðsmarkaði ...“

Ég vil einnig benda á að ef þingið telur, eins og hv. þm. Helgi Hjörvar benti á, að það komi nægilega skýrt fram í greinargerðinni með frumvarpinu hver vilji þingsins er, að sem mestur fiskur skuli unninn hérna innan lands, sé tekið mjög skýrt fram í reglugerð sem ráðherra setur m.a. um uppboðsskilmála og framkvæmd uppboðs. Það þarf líka að vera mjög skýrt að Fiskistofa taki saman þessar upplýsingar og skoði þau tilvik þar sem tilboð sem dekka lágmarksverð, eða eru hærri en verða ekki tekin af viðkomandi útflytjanda, séu borin saman við það verð sem viðkomandi fær á fiskmarkaðnum erlendis.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra á að geta skoðað þær upplýsingar og við alþingismenn sjáum hvort raunverulega er verið að framfylgja vilja þingsins sem kemur svo skýrt fram í 1. gr. laganna. Það hlýtur nefnilega að vera markmið okkar með þessum lögum að tryggja jafnræði og samkeppni á milli hagsmuna útgerðarinnar, sjávarbyggðanna sjálfra og að sjálfsögðu samfélagsins í heild.

[13:43]

Frsm. 1. minni hluta sjútv.- og landbn. (Grétar Mar Jónsson) (Fl):

Herra forseti. Þegar við fjölluðum um þetta frumvarp í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd var ekki annað að heyra á öllum fundarmönnum en að þeir vildu leggja sig fram við að gera lögin þannig að þau stuðluðu að auknum afla til vinnslu innan lands, þ.e. að þessi 56.000 tonn sem við fluttum út á síðasta ári og eitthvað sambærilegt á þessu fiskveiðiári mundu fara í auknum mæli og helst öll inn í íslenskar fiskvinnslur.

Okkur greindi hins vegar á um nokkur atriði. Sérstaklega benti ég á þessar undanþágur sem hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur. Ég benti líka á að það væri nauðsynlegt til þess að geta brugðist við ef þetta gengi ekki eftir, eins og ég held að raunin verði, að lögin tækju ekki gildi 1. mars heldur lagði ég til að það yrði 1. janúar þannig að strax um miðjan febrúar sæjum við hvernig framvindan hefði verið í þessum málum í janúarmánuði. Á það féllst meiri hluti nefndarinnar ekki.

Reglugerðirnar sem eiga að fylgja þessu frumvarpi eru óljósar. Það er óljóst hvernig staðið verður að þessu, bæði varðandi uppboð á heimildum og hvernig gengið verður frá því. Það er auðvitað óþægilegt að samþykkja frumvarp þegar ekki liggur fyrir hvernig reglugerðirnar verða sem því fylgja.

Það er búið að prófa þetta uppboðskerfi, það var gert fyrir a.m.k. einum og hálfum mánuði síðan. Það gekk bara vel fyrir sig enda er þetta ekkert öðruvísi uppboðskerfi en fiskmarkaðirnir hafa verið að nota frá því að þeir voru stofnaðir fyrir fisk sem er boðinn upp í fjarskiptum. Þetta er ekkert öðruvísi kerfi en við höfum notað a.m.k. frá því að Fiskmarkaður Suðurnesja var stofnaður 1985 eða 1986. Þar var ekki góður markaður til að byrja með heldur bara selt eftir meldingum úr skipunum, sérstaklega dagróðrabátum. Þetta er til og það þarf ekkert regluverk eða tilraunir til að prófa eitthvað sem hefur verið notað í 20 ár.

Síðan er það stóra málið. Það er þetta lágmarksverð sem útgerðarmaðurinn hefur leyfi til að setja á aflann. Ekki nóg með það, ég verð að viðurkenna að það fór fram hjá mér, en útgerðarmaðurinn þarf ekki einu sinni að taka lágmarksverði. Hann getur sagt: Nei, ég ætla ekki að taka lágmarksverðinu, ég ætla frekar að taka séns á því að fá meira fyrir aflann erlendis. Ég sé ekki að neitt komi inn í þessi lög sem ýti á að menn vinni aflann hér innan lands. Það er að mínu mati stóri gallinn við þetta frumvarp.

Þegar við setjum lágmarksverð á íslenska fiskkaupendur en ekki erlenda erum við auðvitað að mismuna bæði íslenskum kaupendum og erlendum. Þetta er ekki eina atriðið í íslenskum fiskveiðistjórnarlögum sem felur í sér mismunun. Við byrjuðum á því að ákveða hverjir máttu veiða og hverjir ekki. Sumir fengu veiðiheimildir ókeypis í upphafi og gátu veðsett þær, leigt og selt. Þeir hafa síðan í fleiri ár fjárfest í viðbótarkvótum út á gjafakvótann sem þeir fengu í upphafi, sérstaklega eftir 1991 þegar frjálsa framsalið var sett á.

Við horfum upp á það að mannréttindi eru brotin á ákveðnum aðilum innan sjávarútvegsins og það er, eins og ég hef oft minnst á áður hér í ræðustól Alþingis, náttúrlega þessari ríkisstjórn til skammar og þeim stjórnmálamönnum sem styðja þessa hana. Núna í heilt ár hefur ekkert verið gert til að leiðrétta þau mannréttindabrot sem framin eru innan þeirrar fiskveiðistjórnar sem við búum við í dag.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til að bætt verði við veiðiheimildir í flestum tegundum. Við teljum að það sé mjög þarft í þeirri stöðu sem við erum í. Eftir því sem mér skilst var viðtal í hádegisfréttunum við forstjóra Hafrannsóknastofnunar þar sem kom fram að allt í einu er farið að sjást til sólar á þeim bæ varðandi þorskkvóta og annað, þannig að við fáum sjálfsagt í jólagjöf eða nýársgjöf einhverja viðbót á veiðiheimildum.

Ég vara við því að væntanleg viðbót á kvóta verði færð þeim sem hafa fengið kvóta ókeypis hingað til. Ég tel nauðsynlegt að hann verði boðinn upp á frjálsum markaði og þeir sem eru tilbúnir að borga hæst til ríkissjóðs, en ekki til einstakra útgerðarmanna, geti komist í að veiða hann. Ríkissjóði veitir ekkert af peningum fyrir þessa auðlind, sem og aðrar, og við eigum hiklaust að láta bjóða allar viðbótaraflaheimildir núna strax. Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt fram frumvarp, sem við höfum ekki enn þá fengið að ræða, um innkall á öllum veiðiheimildum. Það er það besta sem gert verður í þessari stöðu, sérstaklega með tilliti til þess að ríkið á í rauninni allan kvótann á Íslandi í dag. Hann er kominn inn í þrjá stærstu bankana svo og allar skuldir sem á kvótanum hvíla. Sjávarútvegurinn er yfirveðsettur og væntanlega þarf að gera veðköll hjá flestum fyrirtækjum í sjávarútvegi. Staða þeirra er með þeim hætti að það verður að stokka þetta allt saman upp.

Væntanlega fáum við að ræða frumvarp okkar í Frjáls-

lynda flokknum um innkall á öllum veiðiheimildum núna fyrir áramót. Við erum með hugmyndir um að stofna auðlindasjóð og láta tekjurnar sem við fáum fyrir að bjóða fiskinn upp renna þar inn og nýta hann fyrir þjóðfélagið í heild sinni.

Það er sorglegt hvað okkur hefur gengið illa í sjávarútvegi í gegnum tíðina og það er sorglegt að þessi einkavinavæðing skuli hafi átt sér þar stað. Ég trúi þó ekki öðru en fólk sjái að sér varðandi þessi mál í íslenskum sjávarútvegi núna og geri breytingar sem tryggja að ekki séu brotin mannréttindi og fólki ekki mismunað á neinn hátt eins og er viðvarandi í þessu fiskveiðistjórnarkerfi. Sumir fá að leigja veiðiheimildir, selja og veðsetja og hafa af því verulegar tekjur á meðan aðrir mega éta það sem úti frýs og fá ekkert fyrir sinn snúð. Ef þeir ætla að halda áfram að vinna í sjávarútvegi, sem margir hverjir eru menntaðir til að gera, bæði skipstjórar og vélstjórar, hafa þeir enga aðra kosti en að vera leiguliðar hjá einhverjum sægreifum sem hafa verið búnir til, venjulega út á pólitísk skírteini fyrr á árum.

Fiskvinnsla án útgerðar þarf að komast í meira hráefni. Gullið í íslenskum sjávarútvegi í dag eru þau fyrirtæki sem eru í fiskvinnslu án útgerðar. Þau borga alltaf hæsta verð fyrir allan fisk sem þau kaupa inn og selja nánast undantekningarlaust á hæsta verði út úr landinu og skapa þar af leiðandi mestu gjaldeyristekjurnar fyrir hverja einingu sem þau flytja úr landi. Þetta er hlutur sem mér finnst allt of lítið gert með. Þau hafa þraukað í þessi ár, verið í samkeppni við útgerðir sem eiga mikinn kvóta og hafa fengið mikið af kvóta gefins. Þau sitja og bjóða í fisk við hliðina á þeim í hryllilegri samkeppnisstöðu. Það er raunverulega fáránlegt að Samkeppniseftirlitið skuli á liðnum árum ekki hafa tekið á málum sem snúa að heilbrigðu markaðskerfi í íslenskum sjávarútvegi.

Áðan kom ég inn á að það er mikil mismunun í þessari atvinnugrein og sennilega hvergi meiri. Kvótakerfið fær mesta ríkisstyrk sem einn atvinnuvegur hefur fengið í gegnum tíðina. Sjálfsagt þekkist annar eins ríkisstyrkur ekki á nokkru byggðu bóli í veröldinni. Stundum hafa Íslendingar ráðist á bændastéttina og við höfum kvartað yfir því hvað bændur fá í niðurgreiðslur og beingreiðslur en það er bara hlægilegt miðað við hvað hefur verið gert fyrir íslenska útgerðarmenn. Nota bene, það verður að taka fram að einungis ákveðinn hópur íslenskra útgerðarmanna hefur fengið þetta, náð að sanka þessu að sér, oft og tíðum í gegnum pólitíska spillingu. Flokksskírteini hafa dugað, sérstaklega hjá Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki, til að tryggja mönnum aðgang að veiðiheimildum.

Þegar rætt er um alþjóðalög eins og samninginn um Evrópska efnahagssvæðið er aldrei talað um það að þegar íslenskur útgerðarmaður flytur fiskinn sinn út setur hann lágmarksverð gagnvart íslenskum fiskkaupendum en ekki erlendum kaupendum á mörkuðum erlendis. Þar er ein mismununin í viðbót. Sumir hv. þingmenn í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hafa kannski misskilið þetta dálítið, þeir þekkja ekki til þessara mála eins og þeir sem eru fæddir og uppaldir í þessari atvinnugrein og hafa jafnvel aldrei stundað neina vinnu annars staðar en í þessum geira. Þeir hafa kannski ekki alveg sama skilning á sem um er rætt, hvernig raunveruleikinn er og hvernig þetta mun fúnkera í rauninni. Ég óttast að engin breyting verði á því hvaða magn verður unnið til viðbótar á Íslandi með þessu frumvarpi sem við ræðum hér.

Staðan á fiskmörkuðum í dag er þannig að lítill hluti af þeim afla sem við veiðum á Íslandsmiðum fer inn á fiskmarkaðinn á Íslandi. Ég hefði viljað sjá að allur fiskur sem veiddist á Íslandsmiðum færi inn á fiskmarkaðinn. Ég vildi líka sjá að við aðskildum veiðar og vinnslu og að allar útgerðir lönduðu sínum fiski inn á fiskmarkaði. Þar fá þeir rétt verð og það skiptir örugglega miklu máli, bæði fyrir útgerðarmenn og sjómenn. Það hjálpar líka fiskvinnslu, sérstaklega fiskvinnslu án útgerðar, að hafa aðgang að hráefni og útsvarstekjur sveitarfélaga verða þar af leiðandi hærri en ella, a.m.k. af sjómönnunum. Hafnagjöld verða hærri og tekjuskattur ríkisins sömuleiðis. Við skiptum þessari köku sem við höfum í íslenskum sjávarútvegi alltaf rangt.

Enn og aftur bendi ég á að þetta frumvarp sem við ræðum núna mun þýða að útgerðarmaðurinn ræður eftir sem áður. Jafnvel þótt hann setji lágmarksverð er hann ekki skyldugur til að taka því, fái hann tilboð sem er jafnhátt lágmarksverðinu eða hærra. Það segir að mínu mati ýmislegt um þekkingarleysi félaga minna í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd að þeir átti sig ekki á þessu.

[13:57]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Við ræðum hér við 3. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar þar sem sérstaklega er verið að fjalla um svokallaðan gámaútflutning, þ.e. útflutning á fiski af Íslandsmiðum sem fari á markaði erlendis án þess íslenskum fiskmörkuðum sé í raun gert kleift að bjóða í fiskinn til vinnslu. (**GMJ:** Fiskvinnslu?) Já, til fiskvinnslu. Þó að heimildir ráðherra til að grípa inn í þann útflutning séu vissulega auknar nokkuð í frumvarpinu vantar mikið á að það sé gert með þeim hætti sem nauðsynlegt er og ekki síst við þær aðstæður sem eru í dag. Það er hollt að lesa upphafsgrein frumvarpsins þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn."

Þetta er góð setning. Að sjálfsögðu, þetta er afli sem fæst af íslenskri auðlind, auðlind sem þjóðin á. Fiskveiðiauðlindin er ekki í eigu einstakra útgerðaraðila, hún er í eigu þjóðarinnar og okkur ber að umgangast hana og nýta hana bæði til skemmri og lengri tíma þannig að hún verði íslenskum sjómönnum, íslensku fiskvinnslufólki og íslensku samfélagi örugg og góð tekjulind og atvinnuskapandi. Því skýtur skökku við þegar í næstu málsgrein kemur, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum eða hann fluttur úr landi án þess að hafa verið endanlega veginn, enda sé fiskurinn seldur á opinberum fiskmarkaði sem hlotið hefur leyfi Fiskistofu."

Hér kemur setning sem gengur þvert á 1. málsgrein. Ráðherra er í rauninni falið laga- og reglugerðarvald sem snýr gersamlega á haus markmiðum greinarinnar, markmiðum þessara breytinga sem er að tryggja að afla af Íslandsmiðum sé landað í innlendri höfn. Í næstu grein er

ráðherra heimilt að víkja frá þessu einhliða.

Þessu hefur hv. þm. Atli Gíslason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd, einmitt gert ítarlega grein fyrir hér í umfjöllun sinni um málið. Hann hefur bent á að þarna sé í rauninni verið að færa ráðherra heimild til að ráðskast með lög, eins og það hvernig fara skuli með afla af Íslandsmiðum, hvort honum skuli landað hér á landi eða erlendis. Þarna er í rauninni verið að fela ráðherranum vald sem Alþingi á að hafa. Og mér finnst það mjög alvarleg staða sem hér er verið að koma upp ef ráðherra fær í rauninni lagaheimild um það hvernig ráðstafa skuli fiski af Íslandsmiðum. Ekki síst í ljósi þeirrar stöðu sem er í dag þegar við stöndum frammi fyrir geigvænlegum efnahagshamförum og fyrirsjáanlegu fjöldaatvinnuleysi í landinu, að fara að samþykkja frumvarp sem gengur út á það að heimila ráðherra löndun á fiski af Íslandsmiðum í erlendum höfnum en ætti í rauninni að snúa að hinu, snúa að því hvernig hægt væri að tryggja með öllum tiltækum ráðum að fiskur af Íslandsmiðum komi í innlendar hafnir og sé unninn í íslenskum fiskvinnslum þannig að hann bæði skapi eins mikla atvinnu og nokkur kostur er úr þessari auðlind, auðlind sem við horfum núna hvað mest til. Við horfum til landbúnaðarins, við horfum til sjávarútvegsins, til þessara auðlinda í atvinnu- og verðmætasköpun þjóðarbúsins til næstu ára og hvernig þær eiga að borga okkur út úr þeim efnahagshamförum sem við nú stöndum frammi fyrir sem þessar auðlindir eiga enga sök á.

Um kvótaskerðinguna fyrir einu og hálfu ári var sagt að hún hefði í för með sér að 600–1.000 störf töpuðust plús ýmis afleidd störf. Menn horfðu mjög fast til þess. En á sama ári þegar verið var að skera niður aflakvótann, þorskkvótann, var heimilað að flytja út milli 50.000 og 60.000 tonn sem hefðu, ef þau hefðu komið til vinnslu innan lands, að langmestu leyti getað veitt því fólki atvinnu sem þá missti atvinnu sína vegna kvótaniðurskurðarins. Það þótti ekki sérstök ástæða til að stemma stigu við því þá.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum ítrekað flutt tillögur á Alþingi um að beita beri aðgerðum sem tryggi fullvinnslu á fiski innan lands. Við höfum ítrekað flutt slíkar tillögur á síðustu árum. Viðbrögð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins, sjávarútvegsráðherra Sjálfstæðisflokksins, voru þau að fella niður kvótaálagið, eina álagið sem var þó eins konar skattlagning á þennan gámaútflutning á fiski sem ekki fékk að koma inn í íslenskar fiskvinnslur.

Nú þegar við horfum fram á fjöldaatvinnuleysi hér á landi væri þetta þá ekki alveg einboðið og þess vegna í krafti neyðarréttar ef einhver ber fyrir sig EES-reglur hér? Ætli bankarnir hafi verið yfirteknir af ríkinu í samræmi við EES-reglur? Nei, því hef ég ekki trú á. Ef EES-reglurnar væru að þvælast fyrir Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni, og Samfylkingin getur nú ekki hugsað sér að gera nokkuð sem gæti hugsanlega truflað Evrópudansinn þeirra, þá er til neyðarréttur. Viljum við ekki heldur takmarka eða reyna að stöðva þennan útflutning á gámafiski og skaffa kannski yfir þúsund manns atvinnu, þúsund manns sem annars þyrftu að fara á atvinnuleysisskrá, og halda auk þess í gegnum fiskvinnsluna góðum atvinnuvegi enn betur gangandi og auka verðmætasköpun hér á landi?

Það er nú svo sorglegt, herra forseti, að sá útflutningur sem hér er um að tefla, 50.000–60.000 tonn, fer að langmestu leyti til Bretlands. Til Bretlands sem setti hryðjuverkalög á íslenska þjóð vegna þess að Bretar töldu framferði okkar vera með þeim hætti að það réttlætti slíkt en samtímis voru þeir reiðubúnir að liðka fyrir útflutningi á gámafiski.

Ég hef undir höndum ágætan tölvupóst eða bréf, herra forseti, sem ég leyfi mér að vitna til. En eins og menn rekur kannski minni til var í umræðuþætti fyrir nokkru flutt viðtal við borgarstjórana í Cuxhaven, Hull og Grimsby og þeir upplýstu að allt að 2 milljónir manna hafi atvinnu með einum eða öðrum hætti af þeim fiski sem kemur af Íslandsmiðum. Þar var einnig viðtal við töframann í fjármálum sem m.a. rétti af tvö fyrirtæki sem stóðu í þessum fiskinnflutningi til Bretlands og voru að verða gjaldþrota vegna þess að útflutningur á gámafiski frá Íslandi stöðvaðist. Hann labbaði þá inn á teppið, að sögn, hjá seðlabankastjóra Bretlands og spurði hvort hann vildi opna strax fyrir flutning fjár til Íslands fyrir þann fisk sem verið var að flytja til Bretlands sem gámafisk og skaffaði kannski 10–20 þúsund manns eða fleirum vinnu í kjördæmi sínu. Hvort hann vildi sem bankastjóri seðlabanka Bretlands bera ábyrgð á því að stöðva það. Og það var opnað fyrir fiskútflutning til Bretlands á gámafiski. En það var ekki opnað fyrir önnur peningaviðskipti með sama hætti. Auðvitað gera Bretar sér grein fyrir því hversu gríðarlega mikilvægt það er að ná þessum fiski af Íslandsmiðum til að skaffa þar kannski tugum þúsunda fólks eða eins og þarna var nefnt jafnvel milljónum manna atvinnu í kringum fiskiðnað sem var háður því að fá þennan gámafisk af Íslandsmiðum. Á sama tíma erum við reiðubúin til að halda áfram að leyfa útflutning á þessum fiski þó að það kosti þúsundir Íslendinga atvinnumissi.

Herra forseti. Það er eitthvað mjög öfugsnúið við þetta eins og kom fram hjá hv. þm. Atla Gíslasyni. Hann benti á að frumvarpið hefði verið samið fyrir kollsteypuna, fyrir hrunið, fyrir sjáanlega mikið atvinnuleysi og menn hefðu átt að axla þá ábyrgð og sjá það í hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd að tímarnir voru gjörbreyttir. Hafi þeim fundist vera forsenda til að heimila útflutning á gámafiski undir fyrrgreindum forsendum þá væru gjörbreyttir tímar núna. Tilvera dagsins snýst um það að við Íslendingar beitum öllum okkar möguleikum, öllum okkar krafti, öllum okkar lagalegu, tæknilegu og siðferðilegu möguleikum til að efla íslenskar útflutningsgreinar eins og fiskvinnslu til að tryggja sem flestum atvinnu þannig að þeir þurfi ekki að fara á atvinnuleysisbætur, til að auka verðmætasköpun af íslenskum auðlindum og fá fyrir þær gjaldeyri sem okkur vantar svo sárlega nú. Hvers vegna eigum við þá að halda opnum heimildum fyrir útflutningi á óunnum fiski, sem nam á síðasta ári líklega í kringum 50.000–60.000 tonnum, sem gæti skaffað kannski um þúsund manns eða meira atvinnu og enn þá fleirum með afleiddum störfum?

Því hefur fulltrúi okkar í hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, hv. þm. Atli Gíslason, lagt það til að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi væru fengnir með að borðinu og þar samið um eða veitt heimild til þess í lögum að semja um að menn að minnsta kosti stefndu að því að það yrði svo að þessi útflutningur yrði nánast stöðvaður og þessi fiskur

kæmi inn í íslenskar fiskvinnslur. Það mætti gefa þessu ákveðinn tíma ef menn teldu að einhver mikilvæg viðskiptasambönd væru í húfi, en neyðarréttur íslensks atvinnulífs, íslensks verkafólks, íslensks fiskvinnslufólks á að vera hér í forgangi.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að breytingartillögur bæði hv. þm. Atla Gíslasonar og hv. þm. Grétars Mars Jónssonar við frumvarpið til 3. umr. (Forseti hringir.) verði samþykktar og við gerum allt sem við getum til að treysta stöðu fiskvinnslu og nýtingu sjávarauðlindarinnar á Íslandi og tryggja þar með líka gjaldeyrisöflun fyrir þjóðina

[14:12]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Herra forseti. Við fjöllum hér um hvaða reglur og lög eigi að gilda um útflutning á ísfiski. Það hefur til skamms tíma þótt vera of mikið svigrúm fyrir þá sem veiða fisk og flytja hann út til að ákveða sjálfir hvert þeir sigla með aflann og hvar hann er seldur. Það hefur verið þannig að útgerðarmenn með skip sín á veiðum hafa veitt aflann og svo getað ákveðið að sigla með hann út. Íslenskar fiskvinnslur hafa kvartað undan því að þetta væri ekki sanngjarnt og að gefa ætti þeim kost á að fá að bjóða í þennan fisk.

Vegna þessarar stöðu var skipuð nefnd til að taka á þessum málum og nú er afrakstur þess starfs hingað kominn sem þýðir að þeir sem hyggjast fara með fisk á erlendan markað þurfa að gefa kost á því að hann sé seldur hér á landi, að gefa upp hvaða magn þeir séu með af fiski, hvað þeir vilji fá fyrir aflann og síðan eiga Íslendingar að geta boðið í fiskinn.

Hér hefur verið gagnrýnt að ákvæðin fyrir útflytjendur séu allt of rúm og þeir geti svindlað á þeim. Þessi mál hafa verið tekin fyrir í nefndinni og á nefndarfundum hefur það verið áréttað að verði menn þess áskynja þegar lögin hafa tekið gildi að fara eigi á svig við þau og reglur sem í þeim eru fólgin, þ.e. að íslenskir fiskverkendur hafi aðgang að þessum fiski, þá verði tekið á því. Og ég kalla til vitnis um þá umræðu menn voru í nefndinni, bæði stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga.

Síðan hafa komið fram tvær tillögur, önnur frá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni um að það séu ákveðin refsingarákvæði í þessu. Ég tel mjög jákvætt að þessi viðhorf hafi komið fram en ekki rétt að setja þau inn í lögin. Það getur verið ákveðinn útfærsluvandi á því. En verði frumvarpið að lögum ítreka ég þá skoðun mína og meiningu að þeir sem kunna að fara á svig við lögin verði látnir sæta ábyrgð og enn fremur að séu greinarnar ekki nógu skýrar þá verði tekið á því. Það eru skilaboð meiri hluta hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Rætt hefur verið um að banna allan útflutning á fiski og m.a. talað um Bretland í því sambandi og hve þeir hafa komið illa fram við okkur og þess vegna ættum við ekki að selja fiskinn til Bretlands. Þá hljótum við náttúrlega að hugsa um hlutina í víðara samhengi og segjum sem svo að við mundum vinna fiskinn hér, ætlum við þá að selja hann unninn til Bretlands? Eða ættum við þá ekki líka að hætta að kaupa vörur frá Bretlandi? Þetta er ein hliðin á því ef menn ætla að nota það sem röksemd að þetta eigi að vera eitthvert refsiákvæði gagnvart Bretum. (**AtlG:** Þetta er útúrsnúningur.) Ég er að benda á að menn tala um að Bretar hafi beitt okkur hryðjuverkalögum, sem er rétt, og ef menn nota þetta sem ákveðna röksemd gegn því. Hv. þingmaður sem kallaði fram í, Atli Gíslason, talaði ekki um það í ræðustóli en það gerði hins vegar hv. þm. Jón Bjarnason sem vék að þessu áðan í ræðu sinni, svo ég komi því til skila og ég tel mig ekki að vera að snúa út úr orðum hans hér.

Ef við erum að tala um það almennt að hámarka öll verðmæti fyrir íslensku þjóðina þá er náttúrlega spurning hvort ekki ætti líka að bæta því við breytingartillöguna, án þess að ég ætli að segja mönnum að gera það, að öllum afla skuli komið í land óunnum og þar með mundum við segja við þá sem eru á frystitogurum: Það er miklu hagkvæmara og það fá miklu fleiri vinnu ef komið er með allan fiskinn í land. Við vinnum hann ekki lengur á frystitogurum, hann á bara að setja beint ofan í lest óunninn og koma síðan með hann í land. Við vitum líka að a.m.k. á sumum frystitogurum er hausinn látinn fara í hafið og hryggurinn líka og þetta eru gríðarleg verðmæti. Ef við ætlum að fara að tala um þessa hluti finnst mér þurfa að fjalla um þetta á miklu skilvirkari hátt en í einni lítilli breytingartillögu við þetta frumvarp sem hér er komið og ég er alveg til í það.

[14:18]

Frsm. 1. minni hluta sjútv.- og landbn. (Grétar Mar Jónsson) (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skynjaði það í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd að vilji var til þess að gera þær breytingar sem hefðu það að markmiði að auka vinnslu innan lands á fiski, og ég er út af fyrir sig mjög ánægður með það. En okkur í nefndinni greinir á um það hvernig staðið skuli að því, hvernig reglugerðirnar í kringum þetta eigi að vera til að koma því í gegn að meiri fiskur verði unninn á Íslandi — 56 þúsund tonn gætu verið 2.000–2.500 störf, bein og óbein, af því að ná þessum fiski inn í landið til vinnslu hér.

Þó að breytingartillaga hafi komið frá mér og svo aftur önnur breytingartillaga frá hv. þm. Atla Gíslasyni, sem gengur kannski lengra en breytingartillaga mín, þá er það út af því að við búum við neyðarástand núna, miklu verri stöðu en við gerðum okkur grein fyrir að mundi geta skollið á íslensku þjóðinni. Fyrir þremur mánuðum hefði enginn getað spáð fyrir um hversu alvarleg staðan er í þjóðfélagi okkar, þó svo að einhverjir hafi séð ákveðin merki um að mjög alvarleg kreppa væri að skella yfir okkur.

Það er í lagi að ræða líka frystitogarana, þeir mættu koma með hryggi, hausa, lifur og hrogn í meira mæli en þeir hafa verið að gera. Á vertíðarbátum er verið að hirða hrogn og svil og náttúrlega haus og hrygg og þetta er allt nýtt. (Forseti hringir.) Við þurfum að gera allt sem við getum (Forseti hringir.) til að skapa störf.

[14:20]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)*:

Ég vil taka undir þessi orð hv. þm. Grétars Mars Jónssonar. Ég vona að við getum sem allra fyrst hafið umræðu um það hér í þinginu hvernig við getum stóraukið verðmæti fiskvinnslunnar í landinu og reynt að koma því þannig til leiðar að við fáum sem mest fyrir þau verðmæti sem við fá-

um úr náttúrunni og úr því hráefni sem við flytjum úr landi núna, auðvitað liggur það í augum uppi.

Ég er hlynntur því að allur fiskur sé unninn á Íslandi og að sem mest fáist fyrir hann. En það koma náttúrlega mjög mörg sjónarmið inn í þetta sem mér finnst að við getum ekki bara afgreitt hér í þingsalnum svona einn, tveir og þrír, þrátt fyrir það neyðarástand sem er. Hvaða áhrif hefði það á fiskmarkaðina hér, hvaða áhrif hefði það á verð til sjómanna ef allur fiskurinn yrði settur á einn markað hér á landi? (**AtlG:** En þjóðarhag?) — og það er ákveðin samkeppni þar á milli. Það getur líka hugsanlega verið að hagur þjóðarinnar í dollurum talið eða pundum — ef nefna má þann gjaldmiðil hér í þessum sal — gæti við vissar aðstæður orðið meiri af því að selja fisk beint á markað en að láta hann í fullvinnslu hér heima vegna þess háa verðs sem gæti fengist fyrir hann úti. Við vitum að ekki er eingöngu um þorsk að ræða heldur karfa, kola og margt annað sem er kannski ekki eins hagkvæmt (Forseti hringir.) að vinna eins og þorskinn og ýsuna.

[14:23]

Frsm. 1. minni hluta sjútv.- og landbn. (Grétar Mar Jónsson) (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Stundum finnst manni eins og stjórnarliðar, allir sem einn, séu að bakka upp og styðja við handónýtt fiskveiðistjórnarkerfi og séu strengjabrúður hjá LÍÚ-klíkunni svokallaðri, og þar er hv. þm. Karl V. Matthíasson engin undantekning. Hann vildi slá af veiðileyfagjaldi fyrir ári. Hann treystir sér til að styðja það að menn megi geyma á milli ára ekki bara 20% heldur núna 33% af kvóta, ef frumvarp verður samþykkt um það, til að halda uppi leiguverðinu og hjálpa LÍÚ að pína upp leiguverð á veiðiheimildum.

Síðast en ekki síst hefur ekkert heyrst frá hv. þingmanni um mannréttindabrot sem búið er að stunda í þessu fiskveiðistjórnarkerfi í heilt ár. Hv. þingmaður hefur ekki lagt sig fram um að fá því breytt, ekki er hægt að segja að það sjáist neins staðar. Vel má vera að hann sé að vinna að því innan síns flokks en við hér í þinginu höfum ekki orðið vör við það — og mennirnir sem urðu fyrir þessum mannréttindabrotum, þetta hefur ekki verið leiðrétt við þá, þeim hafa ekki verið greiddar bætur fyrir eins og mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna vildi að yrði gert.

Áfram eru mannréttindi brotin á fólki. Þó að þessir tveir ágætu menn vestur á fjörðum hafi fengið þann úrskurð frá mannréttindanefnd að verið væri að brjóta á þeim mannréttindi er með fiskveiðistjórnarkerfinu verið að brjóta mannréttindi á fólki á hverjum degi. Ég hvet hv. þingmann til að snúa sér í fullri alvöru að því að reyna að lagfæra það með svokölluðum jafnaðarmönnum, sem þykjast vera jafnaðarmenn, þ.e. samfylkingarfólki, sem virðist vera samþykkt þessu og lætur þetta yfir sig ganga.

[14:25]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Jafnaðarmennska eða jafnaðarhugsjón á alls staðar að vera í heiðri höfð. Það er nú þannig þegar stjórnarflokkar mynda samstarf og samstöðu um mál, til að mynda í ríkisstjórn, að þá fær einn flokkurinn meira í einu máli en minna í öðru. Því miður er það mín skoðun að Samfylkingin — ég hefði gjarnan viljað sjá meira fjallað um sjávarútvegsmál í stjórnarsáttmálanum. En svona var þetta gert og svona var þetta samþykkt.

Það eru hins vegar mörg önnur mál sem horft var til og við höfum séð stað og sjáum stað. Þrátt fyrir mjög dapurlegan niðurskurð í fjárlögum held ég að megi segja að að mörgu leyti sé varnarsigur unninn í sambandi við ýmis jafnréttismál hvað varðar þá sem eiga undir högg að sækja.

Hv. þm. Grétar Mar Jónsson sagði að ég hefði ekkert látið frá mér fara opinberlega um þessi mál. Ég vil þá benda honum á að fljótlega eftir úrskurð mannréttindanefndar, þegar þau mál voru komin í gang hér í samfélaginu, stóð ég fyrir ráðstefnu og fékk m.a. lögmenn þessara manna til að tala. Ég fékk einnig Þorvald Gylfason til að koma og Aðalheiði Ámundadóttur, laganema á Akureyri o.fl. (Gripið fram í.) Ráðstefnan var vel sótt og það lýsir vilja mínum og skoðunum í þessu máli, hv. þingmaður getur ekki neitað því.

Ég vil líka benda hv. þingmanni á það að starfshópur Samfylkingarinnar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur ályktað um þessi mál og hefur ekkert þagað um þau og út frá því hafa orðið fjölmiðlamál. Ég hef að auki margoft sagt um þetta í ræðustóli Alþingis að (Forseti hringir.) breyta þurfi sjávarútvegskerfinu og það er skoðun mín.

[14:27]

Frsm. 2. minni hluta sjútv.- og landbn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir að þetta frumvarp var samið fyrir efnahagshrunið. Það liggur fyrir að við búum við stórfellt atvinnuleysi sem mun fara vaxandi, það liggur fyrir að við erum í neyðarástandi.

Í ljósi þessa lagði ég fram breytingartillögu en bókaði jafnframt á undan að ég óskaði eftir því að hagsmunaaðilar kæmu fyrir nefndina og tjáðu sig um það hvort við gætum sameiginlega komist að niðurstöðu til að tryggja aukna fullvinnslu afla á Íslandi til að mæta stigvaxandi atvinnuleysi og væntanlegum landflótta sem blasir við.

Ég spyr hv. þingmann: Af hverju mátti ekki kalla þessa hagsmunaaðila fyrir og komast að sameiginlegri niðurstöðu með þeim? Hér erum við með stærsta einstaka tækifærið í höndunum til að vinna gegn atvinnuleysi og landflótta. Af hverju ekki að grípa það strax, af hverju á að bíða þar til atvinnuleysið er orðið 10–15%, bíða fram á vorið og sjá reynsluna? Við erum ekki að loka fyrir þá meginhugsun frumvarpsins að þetta fari allt saman á markað. Af hverju mátti ekki heyra skoðanir hagsmunaaðila?

Ég er viss um að stærstu útflytjendurnir, skynsamir menn, hefðu tekið þjóðarhag fram yfir eigin hag, ég er algjörlega viss um það. Þetta kallar á skýr svör hv. þingmanns. Ég hefði getað sinnt nefndarstörfum frá morgni til kvölds, um helgar og yfir nóttina. Ég hefði líka getað hugsað mér að starfa á þinginu á milli jóla og nýárs og klára þetta mál í nánu samráði við hagsmunaaðila.

Ég óska eftir skýrum svörum frá hv. þingmanni.

[14:29]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við vorum með þetta mál til umfjöllunar, hvernig við ættum að reyna að koma þeim fiski á markað sem áður var siglt með beint af miðunum (Gripið fram í.) til Hull eða Grimsby eða víðar. Þetta mál felur það líka í sér, þó að það sé ekki aðalmálið í þessu, að meira eftirlit sé með því hvernig fiskinum er landað o.s.frv. Það er í góðu lagi að hv. þm. Atli Gíslason beri fram tillögur um að við setjumst öll yfir það hvernig hægt sé að auka atvinnu á Íslandi, bæði á þessu sviði og þá væntanlega á öðrum líka.

Ég get spurt á móti: Hvað segir þingmaðurinn ef við setjum fram tillögu um að frystitogurum verði bannað að vinna fisk úti á sjó og komið yrði með allan fisk í land sem unninn er úti á sjó? Það mundi auka atvinnu enn meira. Við gætum jafnvel velt því fyrir okkur að banna ákveðinn útflutning á áli, af því að það er allt hrátt, til að fara að vinna úr því líka og við gætum unnið meira úr ýmsu öðru sem flutt er út sem hrávara.

Auðvitað er verið að gera heilmikið í því að reyna að skapa atvinnu í landinu en ég tel ekki rétt að taka þetta mál út úr eitt og sér. Við skulum taka þetta fyrir strax og þing kemur saman eftir jólaleyfi, en þetta mál er ekkert samhangandi, þetta er sérstakt, viðamikið og stórt mál og hefði kostað marga daga. Það getur verið að hv. þingmaður vilji (Forseti hringir.) sitja hér öll jólin og ræða um hag þjóðarinnar, það er ágætt. (Gripið fram í.)

[14:31]

Frsm. 2. minni hluta sjútv.- og landbn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefði ekki staðið upp á mig að sitja hér öll jólin, alla daga og öll kvöld til að koma í veg fyrir það atvinnuleysi sem þegar er orðið og er í pípunum. Það hefur verið kallað eftir tillögum til að mæta neyðarástandinu. Hér er stærsta einstaka tækifærið sem við höfum til að bæta úr ástandinu.

Ef hægt er að gera eitthvað varðandi frystitogarana, sem gagnspurt er að, gerir maður það auðvitað í samráði við þá hagsmunaaðila sem standa að útgerð þeirra. Ég hef kallað eftir slíku samráði, að skynsamir menn komi að borðinu og horfi á málin út frá atvinnuleysinu, horfi á málin út frá atvinnunni. Ég er algjörlega viss um að nái þessi breytingartillaga fram að ganga þá muni það styrkja mjög verulega hinar dreifðu sjávarbyggðir landsins til lengri tíma litið.

En vel að merkja, ákvæðið er til bráðabirgða frá 1. mars 2009 til 31. desember. Það var kallað á að hagsmunaaðilar skoðuðu þessa hugmynd. Henni var hafnað og það hafa ekki komið fram skýringar á því. Það var líka upplýst á fundi nefndarinnar að engin trygging er fyrir því að hér muni verða aukning á vinnslu afla innan lands, að það verði einhver breyting á því, að það verði einhver minnkun á því að afli verði fluttur óunninn erlendis. Ég geri kröfu til þess að ríkisstjórnin snúi sér af alvöru að atvinnumálunum, berjist af fullum krafti gegn atvinnuleysi og væntanlegum landflótta.

[14:33]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)*:

Ég er mjög bara sammála hv. þm. Atla Gíslasyni að við verðum að gera allt sem við getum til þess að auka atvinnu og styrkja íslenskt atvinnulíf núna því að margir missa náttúrlega vinnuna. Ég veit nú ekki hvort við fengjum svona margt fólk einn, tveir og þrír í fiskvinnsluna þó að margir kunni að vinna fisk í dag því að það er verið að tala um nokkur þúsund manns ef ég skil rétt það sem er um rætt.

Svo er náttúrlega annað í þessu máli, að þessi tillaga hv. þingmanns — reyndar reifaði ég þessi mál líka í nefndinni sjálfur eins og þingmaðurinn sjálfur getur vitnað um — að það væri náttúrlega best að allur þessi fiskur sem við erum að tala um kæmi bara beint inn til landsins og færi bara á markað á Íslandi. En það var í umræðunni á milli 2. og 3. umr. og mér skilst að það sé nú í raun ekki mjög algengt að menn séu með mikla umræðu um mál á milli 2. og 3. umr. og kom tillagan nokkuð seint fram.

Ég lýsi bara yfir þeirri skoðun minni að ég er alveg heils hugar tilbúinn í langar viðræður og pælingar um það hvað við getum gert til að auka atvinnu á Íslandi bæði á þessum sviðum sem og öðrum sviðum líka, bæði í ferðaþjónustu, sem er mikill gjaldeyrisgefandi atvinnuvegur, og mörgu öðru. (**Gripið fram í:** Þetta er útúrsnúningur, að tala um ferðamannaiðnað þegar verið er að tala um þorsk.)

[14:35]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Við erum hér að ræða framkvæmd laga um umgengni um nytjastofna sjávar.

Það er rétt sem komið hefur hér fram í máli manna að þetta frumvarp var að miklu leyti unnið áður en kom til þess alvarlega ástands sem núna ríkir í íslensku þjóðfélagi að því er snýr að atvinnumálum og afkomu fólks í landinu, sem á svo líka að taka á sig verulegar byrðar vegna falls bankanna og allrar þeirrar lántöku sem því mun fylgja ásamt skattahækkunum og öðrum aðgerðum sem snúa að því að draga úr kostnaði ríkissjóðs sem vissulega getur haft, ef of skart er í það farið, neikvæð áhrif á atvinnustig í landinu.

Nú hagar málum þannig, hæstv. forseti, að í landinu eru 8 þúsund manns án atvinnu og allar líkur eru á því að sú tala nálgist 9 þúsund um áramót og líklegt er að sú tala að óbreyttum aðgerðum geti farið að verða yfir 10 þúsund þegar kemur fram á fyrstu mánuði næsta árs. Þetta er alveg grafalvarlegt ástand, hæstv. forseti, og það er skylda okkar í hv. Alþingi að reyna að hafa áhrif á alla lagasetningu til þess að auka atvinnu í landinu eins og frekast er kostur. Við höfum gert athugasemdir við afgreiðslu þessa máls og þingmaður okkar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Grétar Mar Jónsson hefur lagt fram sérstaka breytingartillögu til þess að hafa áhrif á þá stöðu sem er því miður enn þá innbyggð í þetta frumvarp, að það eru ekki settar nægilegar hömlur á að fiskur fari úr landi og ekki er gengið nægjanlega eftir þeim markmiðum að það verði aukið framboð á fiski til vinnslu innan lands bæði á uppboðsmarkaðnum og síðan til fiskvinnslna og til dreifingar í vinnslustöðvar á landinu í gegnum markaðsleið, eins og hér er verið að leggja til.

Til þess að ná fram þeim markmiðum er hægt að fara fleiri en eina leið. Við höfum valið þá leið í Frjálslynda flokknum að leggja fram breytingartillögu við þessi lög sem kveður á um að útgerðarmanni sem ætlað er samkvæmt lögunum að setja lágmarksverð á sinn afla til uppboðs innan lands, þ.e. að hann getur ákveðið krónutölu sem hann vill fá fyrir kíló af þeim fiski sem hann hyggst flytja erlendis og ef tilboðin ná ekki þeirri tölu sem hann setur er næsta víst að viðskiptin eiga sér ekki stað. Það sem meira er, hæstv. forseti, það er meira að segja ekki skylda í lögunum að viðskiptin eigi sér stað þó að svo fari að íslenskir fiskkaupendur bjóði lágmarksverð. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að það finnst mér afar furðulegt að það skuli vera svo, að menn sem eiga aflann sem þeir hyggjast flytja út geti sett á hann lágmarksverð, sem er skylda samkvæmt þessum lögum, til þess að tryggja að menn geti boðið í aflann hér innan lands en þurfi síðan ekki að taka tilboði jafnvel þó að það nái lágmarksverði.

Hvaða breytingar höfum við lagt til á þessu frumvarpi til þess að reyna að tryggja að meiri afli komi til vinnslu innan lands? Þá erum við einnig að horfa til þess að stöku sinnum fæst afar hátt verð á erlendum mörkuðum. Það má til dæmis nefna tímabil eins og fyrst eftir áramót, kringum páska og svo framvegis og einnig geta komið upp tímabil þegar mjög erfið sjósóknarveður hafa verið í Norðursjó og annað slíkt og verð getur þá farið virkilega mjög hátt upp á þessum erlendu ferskfiskmörkuðum. Til þess að reyna að finna leið sem gæti knúið það fram að aflinn kæmi frekar til vinnslu innan lands höfum við valið að leggja til breytingartillögu við þetta frumvarp þar sem lagt er til að ef mismunur á því lágmarksverði sem útgerðarmanni í þessu tilviki er heimilt að setja á aflann reynist vera 15% lægra að meðaltali yfir heilan mánuð en það lágmarksverð sem útgerðarmaðurinn setur og fiskurinn fer samt sem áður úr landi og er seldur erlendis þá þurfi útgerðarmaðurinn að una því næstu tvo mánuði þar á eftir að hafa ekki heimild til að setja lágmarksverð á viðkomandi afla.

Menn hafa svolítið orðað það hér í umræðunni að það væri verið að leggja refsingu á útgerðarmenn með þessum hætti. Ég lít ekki svoleiðis á, hæstv. forseti. Ég lít ekki þannig á að það sé nein refsing fyrir útgerðarmann að þurfa að taka því hæsta tilboði sem boðið er í aflann hér á landi. En það er hins vegar verið að koma í veg fyrir að hann geti misnotað aðstöðu sína samkvæmt þessum lögum með því að hafa lágmarksverðið ævinlega það hátt vegna þess að það eru engin viðurlög í þessum lögum, þ.e. hvað eigi að gera ef svo ber undir ef verðið er alltaf sett það hátt að aflinn fer ævinlega úr landi, að þá sé sett inn þessi kvöð að hann verði að una því að taka því verði sem býðst á íslenskum fiskmörkuðum. Skyldi vera sérstök refsing fólgin í því að menn þurfi að sætta sig við það verð sem best er boðið á íslenskum fiskmörkuðum? Ég held að svo sé ekki, hæstv. forseti. Ég held að á íslenskum fiskmörkuðum hafi það sýnt á undanförnum árum að þar eru oft og tíðum ágætis verð fyrir góða vöru. Ég lít ekki á það sem refsingu. Ég er hins vegar alveg sammála þeim markmiðum sem við ætlumst til að hægt sé að ná fram með þessu ákvæði, þ.e. að tryggja það að aflinn komi til vinnslu innan lands og auki hér atvinnu. Það er virkileg ástæða til þess nú undir þessum kringumstæðum að gera slíkt.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég furða mig á því að ríkisstjórnarmeirihlutinn í hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hafi ekki fallist á að menn kæmu til viðræðu við nefndina og ræddu þær tillögur sem uppi á borðinu voru, annars vegar þá tillögu sem við höfum flutt, hv. þm. Grétar Mar Jónsson flytur, og hins vegar tillögu hv. þm. Atla Gíslasonar um að um ákveðinn tíma verði sett takmörkun mikil eða jafnvel stopp á að fiskur fari úr landi með tilliti til atvinnusjónarmiða. Ég hefði gjarnan viljað í þessari umræðu að þær upplýsingar hefðu legið fyrir frá hagsmunamönnum fiskvinnslunnar og hagsmunamönnum útgerðarinnar hvaða rök þeir hefðu haft fyrir því að leggjast annars vegar gegn tillögu hv. þm. Grétars Mars Jónssonar og hins vegar tillögu hv. þm. Atla Gíslasonar með tilliti til þess hvað við erum að horfa fram á í atvinnumálum Íslendinga, hæstv. forseti.

Það er samt ekki hægt að horfa alveg fram hjá því að á einstökum tímabilum ársins fæst afar hátt verð fyrir heilan fisk ferskan á erlendum mörkuðum, stundum svo hátt að ekki er hægt að sýna fram á það með rökum að meiri arðsemi fáist út úr hverju kílói þó að fiskurinn væri flakaður og verkaður. Það breytir hins vegar ekki því að við hv. þingmenn höfum þær skyldur við núverandi aðstæður að reyna að tryggja hér atvinnu eins og frekast við getum. Ég hefði viljað spyrja þá sem eru hér fyrir stjórnarflokkana núna á þessum fundi í hv. Alþingi hvort stjórnarmeirihlutinn sé tilbúinn að lýsa því yfir að komi í ljós sem við óttumst að þrátt fyrir þau markmið sem unnin voru upp með þessu lagafrumvarpi — og ég tek fram að þau voru unnin upp áður en það ástand kom upp sem nú er. Ég hygg að menn hefðu verið mun stífari á meiningu sinni ef þeir hefðu unnið þetta frumvarp með þeim undirbúningi sem það er búið að hafa við núverandi aðstæður — en ég vil spyrja forustumenn ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki sem starfa í hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hvort þeir sjái ekki að eðlilegt sé að reyna að finna þær leiðir sem leiði til þess að mun meiri fiskur komi til vinnslu innan lands en verið hefur undir núverandi kerfi og hvort þeir sjái ekki að meðal annars tillaga hv. þm. Grétars Mars Jónssonar mundi leiða til þess eins og hún er útfærð, hvort sú hugsun sem þar er, að menn komist ekki upp með að setja lágmarksverð og þurfi ekkert una því að taka þeim tilboðum sem þar koma upp, leiði ekki bara til þess að þá gerist ekki neitt, þá bara haldi menn áfram að hafa slíka viðmiðun og það gerist ekki neitt, menn halda bara áfram að flytja út eins og þeir hafa gert.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hv. þingmenn í sjávarútvegsnefnd og hæstv. ráðherra — ef hann hefði nú verið hér í salnum — hefðu tjáð það hér með orðum sínum í ræðu að þeir væru tilbúnir til þess að breyta þessum lögum til þess að ná fram þeim markmiðum sem þingmennirnir hafa verið að ræða hér með þessum breytingartillögum sem hafa verið fluttar, að auka landaðan afla innan lands, efla atvinnustigið sem eigi mun af veita.

Ég ítreka það enn og aftur, hæstv. forseti, að ég lít alls ekki á það sem refsingu þó að útgerðarmenn verði að una því að taka því hæsta verði sem þeim býðst á íslenskum fiskmörkuðum. Það hefur verið nokkrum sinnum orðað hér

að tillaga okkar frjálslyndra sem hv. þm. Grétar Mar Jónsson mælir fyrir bjóði upp á það að mönnum sé refsað. Ég skil þá ekki alveg orðið refsingu ef það er allt í einu orðin refsing að fá hæsta verð sem í boði er innan lands fyrir íslenskan fisk.

Einstakar fisktegundir eins og karfi og koli og svo framvegis seljast þó nokkrum sinnum á mun hærra verði en gerist innan lands og það er náttúrlega kannski vegna þess að það er vöntun og þá bjóða menn hátt verð. Það á líka við á Íslandi þegar það er vöntun. Þá bjóða menn hátt verð. Hvers vegna er vöntun? Það er annaðhvort vegna þess að markaðurinn kallar á það eða þá að vinnsluaðilana vantar hráefni. Það á líka við í Bretlandi að vinnsluaðilana vantar hráefni bæði til að uppfylla markaðskröfur og eins til þess að halda uppi atvinnu fyrir það fólk sem er að vinna úr fiski. Það á líka við á Humber-svæðinu en það á nefnilega líka við á Íslandi að atvinnan skiptir okkur máli. Við núverandi aðstæður eigum við að koma alls staðar inn þar sem við höldum að það sé hægt að auka atvinnu.

Ég vil víkja í lokin að hinum sýkta íslenska síldarstofni. Ég tel, hæstv. forseti, að það eigi að veiða núna á sýktustu svæðunum og setja þann afla í bræðslu. Ég tel að við höfum engan ávinning að því að missa 50–60% af síldinni dauðri á botninn á stórum veiðisvæðum hér við land fyrir utan það að ég held að það væri ákaflega merkileg tilraun ef vel væri staðið að rannsóknum og eftirfylgni með því hvernig svæði annars vegar sem ekki er veitt á og hins vegar svæði sem veitt er á úr sýktum síldarstofni mundu bregðast við í framtíðinni að því er varðar annað lífríki og aðrar fisktegundir sem þar eru.

Það eru hins vegar ein gleðileg tíðindi, hæstv. forseti, og þau eru reyndar þau sömu og við í þingflokki Frjálslynda flokksins boðuðum hér á síðasta hausti. Við lögðum til að þorskaflinn yrði verulega aukinn og töldum fyrir því öll rök sem við hefðum vitneskju um frá sjómönnum. Núna fór Hafrannsóknastofnun í leiðangur (Forseti hringir.) og komst að því sama og fiskimenn eru búnir að segja okkur í fleiri mánuði, að það sé meiri þorskur á Íslandsmiðum en þeir höfðu gert ráð fyrir á Hafró. Það er gleðilegt en ég ætla að vona (Forseti hringir.) að það verði ekki hlutskipti Sjálfstæðisflokksins að bíða og bíða og bíða með ákvörðun og aðhafast ekki neitt.

[14:50]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að gleðjast yfir þeim orðum sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson lét hér falla um þorskstofninn okkar. Af því tilefni langar mig aðeins til að spyrja hann út í það hvaða hugmyndir hann hafi um hve miklu megi bæta við í veiðum og þá færa rök fyrir því.

[14:51]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í tillögu okkar þingmanna Frjálslynda flokksins snemma í haust lögðum við til að þorskaflinn væri aukinn um 90 þús. tonn. Við lögðum til að 50 þús. tonn af þeirri aukningu færu ekki inn í aflahlutdeildarkerfið, heldur yrðu boðin út til leigu af ríkinu. Það er ekki nýmæli að leigja afla á Íslandsmiðum, útgerðarmenn sjálfir voru frumkvöðlar að því að fara að leigja fisk og bjuggu til alla þá aðferð. Hún er algjörlega kunn og þeir eru búnir að rækta hana með sjálfum sér með ágætisauðlegðarárangri fyrir sjálfa sig í mörg ár en þeim hefur líka stundum tekist að gera aðra að svo miklum leiguliðum að þeir hafa varla haft fyrir útgerðarkostnaði við að gera út á leigukvótann. Í þeim þrengingum sem ríkið á í núna og þjóðin öll ætti skilyrðislaust að taka hluta af þessum aflaheimildum, setja þær á leigumarkað og afla tekna fyrir þjóðina, alveg skilyrðislaust.

Ég þori svo sem ekki að spá því nákvæmlega hvað muni verða lagt til en ég gæti vel ímyndað mér að fyrstu viðbrögð, ef það á að auka aflann, yrðu þau að leggja til 30–40 þús. tonn í upphafi og síðan mundu menn kannski bíða togararallsins í mars til að ákveða framhaldið. Ég held hins vegar að það sé ekki mikil áhætta tekin með það að auka aflann úr þorskstofninum um hátt í 100 þús. tonn. Það er mín skoðun og ég byggi það einfaldlega á öllum þeim viðtölum sem ég hef átt við skipstjórnarmenn á togurum og trillum og öllu þar á milli, fiskimenn sem stunda bæði veiðar á Íslandsmiðum og Grænlandsmiðum.

[14:53]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir svar hans. Þessar fréttir koma mjög — hvað eigum við að segja — þægilega á óvart, a.m.k. sumum, en ég hef deilt skoðunum með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni með það að það mætti veiða meira miðað við alla þá reynslu og orð sjómanna um þorskinn og hvað þeir hafa rekist mikið á hann á miðunum. Á 8. áratugnum var ég stundum til sjós, lítið fiskerí var um allt, Hafró skar þá niður og þá var svona samstaða líka meðal sjómanna um þetta. Sú samstaða hefur hins vegar ekki verið síðustu árin af því að það hefur ekki verið sameiginleg reynsla sjómanna og þeirra sem hafa verið við rannsóknirnar.

Ég gleðst yfir því að það er búið að finna aukinn þorsk og ég tek undir þau sjónarmið hv. þingmanns að verði bætt verulega í eigi a.m.k. að setja góðan hluta af því á markað. Við getum hugsað okkur að ef ríkissjóður fengi 150 kr., þótt við förum ekki hærra, fyrir hvert kíló og það færu, við skulum segja, 20 þús. tonn á markað mundi það þýða 3 milljarða beint í ríkissjóð. Það væri hægt að nota þá peninga til þess að styrkja þorskeldi, kræklingarækt og margt annað.

Að auki langar mig til að bæta við að ef um svona aukningu verður að ræða, eins og hv. þingmaður talar um, er sá tonnafjöldi sem við erum að tala um í þorski sem fluttur er út á markað í Grimsby og Hull bara pínulítill, bara smáafli miðað við það allt saman. Guð láti á gott vita.

[14:56]

Frsm. 1. minni hluta sjútv.- og landbn. (Grétar Mar Jónsson) (Fl):

Herra forseti. Að lokum vil ég segja að það er neyðarástand á Íslandi og við þurfum að gera allt sem við getum til þess að minnka þau vandamál sem fyrir hendi eru. Við þurfum að minnka atvinnuleysið og við þurfum að leggja okkur fram um það að reyna að gera það þannig að fólk

haldi vinnu sinni eins og hægt er. Það er hægt, við eigum leiðir og þar á meðal er sú að gefa íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum tækifæri á að bjóða í fisk í alvörunni og ná fiskinum inn í íslenska fiskvinnslu. Það er alveg á tæru. Það er líka hægt að bæta við kvótann, sérstaklega þorskkvótann.

Núna er frétt á mbl.is um 70% aukningu í vísitölumælingum á þorski á milli ára í haustrallinu. Þetta eru ekkert nýjar fréttir fyrir mig, ég er búinn að vita þetta í langan tíma, alveg frá 1984 höfum við verið með rangar mælingar á þorski og mjög vitlausar og þær hafa ekkert verið í takt við það sem hefur verið í hafinu. Þeir sjómenn sem ég er í daglegu sambandi við hafa upplýst mig um stöðu mála og það hefur aldrei verið í takt við það sem fiskifræðingarnir hafa haldið. Svo loksins núna — skyldi þetta vera tilviljun eða skyldu þetta vera betri fagleg vinnubrögð hjá Hafrannsóknastofnun núna að uppgötva það þegar á þarf að halda að það sé meiri þorskur?

Ég sagði í september að það yrði búið til eitthvert málamyndadjók til þess að geta leiðrétt það og sagt að það væri miklu meiri þorskur í sjónum svo hægt væri að bæta við. Eftir að bankarnir hrundu varð mér ljóst að það yrði bætt við kvótann og það verður örugglega gert en það er ekki af því að ástandið í hafinu hafi breyst neitt til hins betra frá því sem við höfum haldið fram sem höfum verið til sjós alla okkar ævi og höfum fylgst með lífríkinu þar á degi hverjum. Það er engin breyting, það er búið að vera fullt af fiski en núna átta fiskifræðingarnir sig á því þegar kemur að því að það þarf að bæta við og auka veiðar. Við það að fá þessi 50 þús. tonn sem fara í gámum getum við haft fleiri störf, 2 þús. störf í viðbót ef við tökum þessi 50 þús. tonn.

Ef við aukum þorskkvótann um 100 þús. tonn, eða 90 þús. tonn eins og við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til, yrðu að öllum líkindum 6 þús. manns í þessu tvennu viðbót frá því atvinnuleysi sem er nú þegar. Við gætum skaffað á bilinu 5–6 þús. störf bara með því að bæta verulega við þorskkvótann og minnka gámaútflutninginn, helst að stoppa nánast allan gámaútflutning að því marki að þorskur og ýsa færu ekki. Það væru þá aukategundir eins og koli sem væri kannski hægt að sætta sig við að færu af því að það er ekki það hátt verð á honum hér innan lands en hins vegar gríðarlega hátt verð erlendis, skötuselur, koli og svoleiðis tegundir. Þetta eru færar leiðir og sjálfsagt verðum við að fara þær.

Ég ætla rétt að vona að menn sjái líka sóma sinn í því að bæta við síldarkvótann og láta veiða síldina í bræðslu núna á meðan þessi sýking er í stofninum. Við horfum upp á jafnvel helminginn af kvótanum drepast mjög fljótt í síldinni þannig að það er sjálfsagt að nýta hann og láta veiða síldina í bræðslu.

Ég ætla líka að vona það, af því að ég á mér drauma í þessu, að við hættum að brjóta mannréttindi í þessu íslenska fiskveiðistjórnarkerfi og búum til leikreglur sem mismuna ekki fólki með þeim hætti sem hefur verið síðustu 25 ár. Ég treysti því og vonast til þess að þingið átti sig á því á hvaða villigötum við höfum verið. Þetta er partur af því að búa til nýtt Ísland, endurskoða og taka í gegn íslenska fiskveiðistjórnarkerfið, búa til réttlæti, tryggja að allir séu jafnir og leiðrétta þau mannréttindabrot sem hafa verið framin og er verið að fremja á einstaklingum, fyrirtækjum, sveitarfélögum og þegnum þessa lands. Það er ómögulegt að sætta sig við það að fáir útvaldir fái að eiga kvótann, geti leigt hann, selt eða veðsett. Það er hlutur sem verður aldrei hægt að sætta sig við.

[15:01]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem farið hefur fram um þetta ágæta mál sem fjallar um að auka framboð fisks á fiskmörkuðum. Hér hafa komið fram gagnleg sjónarmið og ég held að öllum sé ljós alvarleiki málsins. Við ræddum það í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd að nefndin mundi fylgjast með því hvernig til tækist með reglugerðarsmíð og með það hvernig þeim hagsmunaaðilum sem að þessu máli þurfa að koma, fiskseljendur, hvort sem það eru útgerðarmenn eða fiskkaupendur og fiskverkendur og síðan fiskmarkaðirnir ...

Auðvitað eru allir á þeim buxunum að vilja fá sem hæst verð fyrir hráefni sitt, útgerðarmennirnir vilja auðvitað fá sem hæst verð fyrir sitt og fiskverkendurnir fyrir vinnsluna. Eins og fram hefur komið í umræðunni held ég að öllum sé ljóst hversu miklir hagsmunir eru í húfi og því held ég að full ástæða sé til þess að fylgjast vel með því hvernig þetta kerfi gengur upp í framkvæmd því að það verður auðvitað að vera þannig að kerfið virki.

Ég vil síðan taka undir með þeim þingmönnum sem hér hafa rætt um þau jákvæðu tíðindi sem borist hafa í dag um að haustrallið hafi verið jákvætt. Það veit á gott og þess vegna hefur verið ákveðið að sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd komi saman á mánudagsmorgun og fái nánari upplýsingar hjá Hafrannsóknastofnun um þetta mál og þá fáum við væntanlega betur að heyra hvað niðurstöðurnar úr haustrallinu fela í sér.

[15:03]

Frsm. 1. minni hluta (Grétar Mar Jónsson) (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held allir nefndarmenn séu sammála um að þetta verði til þess að auka vinnslu á fiski innan lands, og það er jákvætt, en okkur greinir á um leiðirnar til að gera það. Ég treysti því að nefndarmenn muni fylgjast vel með því sem mun ske á næstu mánuðum, hvort þetta verður til aukningar á afla innan lands eða ekki. Ég trúi því og treysti að Alþingi muni grípa til þeirra aðgerða sem þarf.

Ég hefði viljað gera þetta fyrr til þess að koma í veg fyrir að vertíðin rynni úr höndum okkar og að meira af þeim afla sem fiskast á vertíðinni færi í íslenskar fiskvinnslur frekar en óunninn úr landi. Auðvitað mun halda áfram að fara óunninn fiskur úr landi, það er verið að kaupa fisk af dagróðrabátum í hverri viku, á hverjum degi sem er verið að slægja og setja í gáma og flytja úr landi. Ég vona að við í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og þingheimur allur bregðist strax við þegar við sjáum hvernig málin þróast. Ég óttast og tel mig vita að það muni engin breyting verða á þessum málum með þessu frumvarpi og það þurfi að grípa til annarra og betri aðgerða og ég trúi ekki öðru en að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir leggi okkur lið í því að leiðrétta það ef þetta næst ekki fram með þessu frumvarpi.

[15:06]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að við erum ósammála, ég og hv. þingmaður, um það hvort þetta frumvarp hafi gagnleg áhrif. Ég tel að það verði og lengi framan af var það þannig að hv. þingmaður hafði þá trú líka, en eins og hér var nefnt munum við fylgjast vel með framgangi málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, 1. umr.

Stjfrv., 234. mál (heildarlög). — Þskj. 322.

[15:06]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Frumvarpið hefur það meginmarkmið að efla og bæta þjónustu við þennan hóp á sviði hæfingar og endurhæfingar til að stuðla að sjálfstæði og virkri þátttöku í samfélaginu jafnframt því að veita ráðgjöf og auka þekkingu og skilning á aðstæðum blindra, sjónskertra og daufblindra.

Frumvarp þetta var samið í félags- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra og fleiri sérfræðinga. Byggt er á tillögum nefndar sem upphaflega var skipuð af menntamálaráðherra til að bæta þjónustu við blinda og sjónskerta og er efni frumvarpsins í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um framkvæmd þeirra tillagna. Einnig var við gerð þess haft samráð við verkefnisstjórn um bætta þjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda sem starfað hefur á vegum félags- og tryggingamálaráðherra frá því í mars 2008 til að fylgja eftir framkvæmd tillagnanna og vinna að undirbúningi nýrrar stofnunar, sem gert var ráð fyrir að komið yrði á fót samkvæmt fyrrnefndum tillögum og er grundvöllur þessa frumvarps. Í verkefnisstjórninni eiga sæti fulltrúar Blindrafélagsins, Daufblindrafélagsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Blindrabókasafns Íslands, menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis auk félags- og tryggingamálaráðuneytis.

Í maí 2007 skipaði menntamálaráðherra framkvæmdanefnd til að gera áætlanir og annast framkvæmd úrbóta á þjónustu við blinda og sjónskerta einstaklinga, einkum á sviði menntamála. Fljótlega komst nefndin að þeirri niðurstöðu að þjónustu við þennan hóp þyrfti að skoða í heild sinni. Í skýrslu sem nefndin skilaði af sér var lagt til að sett yrði á laggirnar miðlæg þjónustumiðstöð sem mundi heyra undir félags- og tryggingamálaráðherra og annast alla sérfræðiþjónustu við blinda og sjónskerta aðra en þá sem telst heilbrigðisþjónusta. Nefndin lagði til að starfsemi Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, Sjónstöðvar Íslands, yrði færð í heild sinni til nýju stofnunarinnar ásamt hluta af starfsemi Blindrabókasafns Íslands. Við tilfærsluna verði áherslum í þjónustunni breytt, sem og hugmyndafræði og verklagi. Þá verði Blindrabókasafninu breytt í hljóðbókasafn sem sinni sérstaklega þeim sem sækjast eftir hljóðbókum. Loks er í skýrslunni lagt til að ákveðin starfsemi sem nú er sinnt af Blindrafélaginu og Daufblindrafélagi Íslands verði færð til hinnar nýju stofnunar. Samhliða því verði færð til þjónustumiðstöðvarinnar stöðugildi starfandi blindrakennara og kennsluráðgjafa sem frá haustinu 2007 hafa verið hýstir af Blindrafélaginu samkvæmt tímabundnum þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.

Ríkisstjórn Íslands fjallaði um tillögur nefndarinnar í nóvember 2007 og ákvað að fela ráðuneytisstjórum menntamála-, félagsmála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyta að annast undirbúning að framkvæmd framangreindra tillagna.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra heyrir samkvæmt gildandi lögum undir heilbrigðisráðherra og telst vera heilbrigðisstofnun. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sett verði á fót ný stofnun, þ.e. þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda. Meginhlutverk hennar verður að veita þjónustu á sviði hæfingar og endurhæfingar, auk þess að þjóna hlutverki þekkingarmiðstöðvar í málefnum þessa hóps og tryggja heildarsýn yfir aðstæður blindra og sjónskertra. Stofnunin mun hins vegar ekki sinna sjúkdómsgreiningu, læknismeðferð eða frumgreiningu á sjón heldur er gert ráð fyrir að þeim þáttum verði sinnt í heilbrigðiskerfinu enda um heilbrigðisþjónustu að ræða. Með þessari breytingu er viðurkennt að heilbrigðiskerfið í heild annast heilbrigðisþjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda, en að skortur er á hæfingu og endurhæfingu fyrir þátttöku í daglegu og sjálfstæðu lífi. Því er um töluverða áherslubreytingu á starfsemi gagnvart þessum hópi einstaklinga að ræða.

Gert er ráð fyrir að nýja stofnunin heyri undir félags- og tryggingamálaráðherra. Er það til samræmis við þá skipan mála í Stjórnarráðinu að málefni fatlaðra heyra undir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Ráðherra mun skipa stofnuninni forstjóra og setja honum erindisbréf. Sex manna samráðsnefnd hagsmunaaðila og stjórnvalda fær það hlutverk að miðla upplýsingum milli aðila og vera framkvæmdastjóra stofnunarinnar til ráðgjafar um fagleg málefni og stefnumótun.

Í frumvarpinu er það nýmæli að tilgreindur er sérstaklega réttur daufblindra til þjónustu á grundvelli fötlunar sinnar af hálfu hinnar nýju stofnunar. Með því væri staðfest í lögum að daufblinda er sérstök fötlun en ekki samsetning tvenns konar fötlunar, þ.e. sjón- og heyrnarskerðingar. Þetta er tilgreint sérstaklega í 5. gr. frumvarpsins og kveðið á um að þjónusta stofnunarinnar við daufblinda skuli veitt á grundvelli fötlunar þeirra. Jafnframt er sérstaklega kveðið á um að stofnunin skuli veita daufblindum þjónustu í samstarfi við aðra aðila og stofnanir sem sinna þessum hópi, en þeir aðilar eru fjölmargir enda um mjög alvarlega fötlun að ræða. Því ber að árétta að ekki er gert ráð fyrir að stofnunin búi yfir allri sérfræðiþekkingu sem þarf til að þjónusta daufblinda og munu Heyrnar- og talmeinastöð og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra eftir sem áður gegna mikilvægu hlutverki í þjónustu við þá.

Eitt af helstu markmiðum frumvarpsins er að gera þjónustu við blinda og sjónskerta heildstæðari þannig að hún sé sem mest aðgengileg á einum stað og að þar sé jafnframt tryggð sem best yfirsýn yfir aðstæður hópsins. Í því sambandi gerir frumvarpið m.a. ráð fyrir að stofnunin taki að sér og beri ábyrgð á verkefnum sem nú heyra formlega undir heilbrigðisráðuneytið og menntamálaráðuneytið og stofnanir þeirra, svo sem úthlutun hjálpartækja sem Sjónstöð Íslands hefur annast og yfirfærslu efnis á blindraletur sem Blindrabókasafn Íslands hefur annast. Auk þess er í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild til stofnunarinnar um að taka að sér að sinna þjónustu á sínu sérsviði sem er á ábyrgð sveitarfélaga á grundvelli þjónustusamninga. Hér er vísað til ábyrgðar þeirra á sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskólanemendur og hafa sveitarfélögin sjálf lýst áhuga á því að geta samið við hina nýju stofnun um að annast þjónustu við nemendur með fötlun af þessu tagi.

Í júní 2007 ákvað ríkisstjórnin að efla þá þegar þjónustu við blinda og sjónskerta þótt endanlegar tillögur um uppbyggingu þjónustunnar með nýrri stofnun lægju ekki fyrir. Bætt var við átta stöðugildum sérfræðinga til að sinna sálfræðiráðgjöf og félagsráðgjöf vegna aðstæðna sem tengjast fötluninni, veita stuðning við nám á öllum skólastigum og stuðning til virkra tómstunda. Þessi þjónusta var ýmist ekki í boði eða óveruleg til þess tíma en verður hluti af starfsemi hinnar nýju stofnunar verði frumvarpið að lögum. Stofnunin mun einnig taka að sér að annast stuðning við atvinnuþátttöku blindra, sjónskertra og daufblindra sem Blindrafélagið hefur sinnt til þessa gagnvart sínum félagsmönnum

Ákvæði um skyldu stofnunarinnar til að halda skrá yfir alla landsmenn sem eru blindir, sjónskertir og daufblindir snýst einkum að því að tryggja yfirsýn yfir þróun sjónskerðingar og daufblindu, aðstæður þessara hópa, þörf þeirra fyrir þjónustu og upplýsingar um þjónustu sem þeim er veitt. Rétt er að taka fram að í gildandi lögum um Þjónustu- og endurhæfingarmiðstöð sjónskertra er ákvæði sem segir að stofnunin skuli í samráði við landlækni halda skrá yfir alla þá landsmenn sem eru sjónskertir. Slíkur grunnur er því til staðar en gera verður ráð fyrir að hann verði þróaður og endurbættur hjá nýrri stofnun, og þá um leið bætt við skráningu vegna daufblindra sem í núverandi grunni hafa ekki verið skráðir sérstaklega sem daufblindir og því ekki hægt að skoða sérstaklega upplýsingar um fjölda þeirra eða aðstæður.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir víðtæku fræðslu- og ráðgjafarhlutverki stofnunarinnar gagnvart þeim sem búa við fötlun vegna blindu, sjónskerðingar eða daufblindu, aðstandendur þeirra og stofnanir eða einstaklinga sem koma á einhvern hátt að þjónustu við umræddan hóp. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að stofnuninni er ætlað að gegna samhæfingarhlutverki vegna þjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda og því mikilvægt að hún geti haft áhrif á framkvæmd þjónustu annarra við þennan hóp með ráðgjöf og fræðslu.

Meðal stofnana sem mikið gagn geta haft af þessari þjónustu eru skólar, öldrunarstofnanir og félagsþjónusta. Má þar nefna að í einstökum skólum eru yfirleitt mjög fáir nemendur ef einhverjir með fötlun af þessu tagi og því sjaldnast sem skólarnir hafa yfir að ráða nauðsynlegri þekkingu á því hvernig komið skuli til móts við þarfir þeirra. Á öldrunarstofnunum býr oftast töluverður hópur einstaklinga sem er blindur, sjónskertur eða daufblindur og mikilvægt fyrir þær að hafa aðgang að fræðslu og aðstoð stofnunarinnar til að koma sér upp viðeigandi hæfni og þekkingu til að mæta sem flestum grunnþörfum þessara einstaklinga.

Verði af stofnun Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta í samræmi við þetta frumvarp mun hún gegna mikilvægu samhæfingarhlutverki varðandi þjónustu við þessa einstaklinga. Í ljósi þess er í frumvarpinu kveðið á um hvernig starfsmenn hennar skuli sinna réttindagæslu hópsins og bregðast við verði þeir þess áskynja að blindur, sjónskertur eða daufblindur einstaklingur nýtur ekki fullnægjandi þjónustu annarra aðila. Stofnunin hefur þó ekki formlegt eftirlit með því að einstaklingar fái lögboðna þjónustu hjá öðrum aðilum sem starfa á þessu sviði.

Gert er ráð fyrir að verði frumvarp þetta að lögum muni það taka gildi 1. janúar 2009. Þegar hafa verið gerðar ýmsar mikilvægar breytingar á starfsemi Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra og unnin mikilvæg skipulagsvinna í þeim tilgangi að bæta þjónustu við blinda og sjónskerta sem nýtast mun við að koma á fót nýrri stofnun. Við gildistöku laganna munu lög um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra falla úr gildi. Megnið af starfsemi þeirrar stofnunar rennur inn í hina nýju stofnun en töluverðar breytingar hafa þegar verið gerðar á hugmyndafræði, áherslum og verklagi starfseminnar.

Samkvæmt frumvarpinu skal öllu starfsfólki Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra boðið starf hjá hinni nýju stofnun og gilda þá ekki ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um auglýsingu starfa. Sama máli gegnir um starfsfólk Blindrabókasafnsins sem sinnir verkum sem flytjast munu til hinnar nýju stofnunar sem og starfsfólk sem nú hefur starfsstöð hjá Blindrafélaginu samkvæmt samningi menntamálaráðuneytisins og Blindrafélagsins.

Virðulegi forseti. Það er sannfæring mín að verði þetta frumvarp að lögum sé lagður grunnur að verulega aukinni og bættri þjónustu við fólk sem er fatlað vegna sjónskerðingar, blindu eða daufblindu.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. félags- og tryggingamálanefndar.

[15:17]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra kærlega fyrir greinargerð sína með þessu máli. Það er ánægjulegt í miðri krepputíð að fá hér til umfjöllunar mikilvægt framfaramál í velferðarþjónustunni í landinu sem þetta mál ótvírætt og sannarlega er fyrir þann hóp sem það snertir, blinda, sjónskerta og daufblinda. En ég held líka að málið feli í sér mikilvægt skref almennt í velferðarþjónustunni því að hér hefur það gerst að þrjú ráðuneyti, ráðuneyti heilbrigðismála, menntamála og félags- og tryggingamála, hafa komist sameiginlega að þeirri niðurstöðu að taka verkefni sem heyrðu undir ráðuneytin þrjú og færa þau öll á einn stað, undir eitt ráðuneyti og á ábyrgð eins aðila. Allir þeir sem hafa starfað að félagsmálum í landinu vita sem er að erfiðast er að sækja mál og vinna að framförum í félags-

og velferðarmálum þegar ekki er skýrt á ábyrgð hvers málin eru, þ.e. þegar menn fara bónleiðir til búðar, ganga úr einu ráðuneytinu í annað, á milli ríkis og sveitarfélaga og allir segja: Ekki ég. Það er sárt þegar menn hafa brýn úrlausnarefni sem ekki er hægt að fá úrlausn á — þó að allir viðurkenni að málin séu þess eðlis að þegar þurfi að taka á þeim — vegna þess að enginn gengst við því að bera ábyrgð á þeim.

Ég held að þetta mál sé þess vegna gott fordæmi fyrir ýmsa aðra málaflokka og hópa í því að hér eru ábyrgðarmörkin skýrð og það sett á einn stað sem lýtur að þessum hópi þannig að þeir sem þurfa að reka mál sín gagnvart stjórnsýslunni þeirra vegna geta leitað á einn stað og þeim verður ekki vísað á milli manna.

Tilefni þess að þetta þurfti að gera var hins vegar það að einkanlega á tveimur sviðum í þjónustu við blinda og sjónskerta var satt að segja ófremdarástand í landinu. Löngum höfðu blindir og sjónskertir verið hornreka í hinu almenna skólakerfi og það var raunar ekki fyrr en árið 1973 sem blindir og sjónskertir urðu nemendur í hinu almenna grunnskólakerfi. Fram að þeim tíma var þeim kennt á Bjarkargötu á vegum líknarfélags, á vegum einkaaðila vegna þess að þeir höfðu ekki aðgang að hinum almenna grunnskóla. En síðan breyttist það og nú starfar blindradeild í Álftamýrarskóla sem veitir góða þjónustu þeim sem þangað leita. Víða um landið eru eftir sem áður blindir og sjónskertir nemendur sem árum saman fá ekki þá aðstoð og þann stuðning sem þeir þurfa. Eftir því sem viðhorfin breytast í skólakerfinu fækkar smátt og smátt þeim sem sækja í hina sérstöku blindradeild og sjálfir grunnskólanemendurnir vilja sækja sinn heimaskóla og foreldrarnir vilja það líka en við veitum þeim engan stuðning út í þá skóla. Það skapaði auðvitað algert ófremdarástand í grunnskólanámi fyrir blind og sjónskert börn.

Þegar athygli yfirvalda var vakin á því fyrir nokkrum árum hversu alvarlegt mál var á ferðinni var full ástæða til að fagna því og þakka fyrir að það var tekið inn á borð ríkisstjórnarinnar og ráðist í bráðaaðgerðir til að bregðast við vandanum. Fyrir milligöngu Blindrafélagsins voru strax ráðnir aðilar til að sinna þessari þjónustu þótt ekki væri kominn fullnægjandi stofnana- og lagagrundvöllur fyrir hana eins og við erum núna loksins að fá. Það var ráðist í að veita fjármuni í það að mennta fólk til að veita þessa þjónustu. Núna er síðan komin fram lausn á því hvaða ráðuneyti muni halda utan um þetta og hvar þetta verði vistað sem og lagagrundvöllur og fjárveitingar sem til þarf þannig að þessir ráðgjafar sem hafa starfað á vegum Blindrafélagsins geta orðið hluti af hinni opinberu þjónustu.

Hitt atriðið sem hefur verið sérlega vanrækt lýtur að endurhæfingu blindra og sjónskertra. Sjónstöð Íslands sem stofnuð var á 9. áratugnum hefur reynst ákaflega öflug og góð þjónustustofnun við blinda og sjónskerta og hefur sinnt mikilvægu starfi í endurhæfingu. Við tilurð hennar lagðist hins vegar af það sem áður hafði verið, að blindir og sjónskertir færu til lengri tíma til öflugrar endurhæfingar erlendis. Menn höfðu farið til Englands á blindraskóla í þrjá til sex mánuði og helgað sig því að endurhæfa sig og læra að komast um með hvítan staf, læra að lesa blindraletur og bjarga sér í eldhúsi og ýmislegt annað sem menn þurfa að tileinka sér upp á nýtt þegar þeir missa sjón. Það kallar á alveg gríðarlega einbeitingu og í raun og veru miklar breytingu á lífsháttum.

Ég held að það sé alveg óhætt að segja að þá öflugu endurhæfingu sem menn sóttu með þessum lengri ferðum erlendis áður hafa menn ekki fengið í þeirri þjónustu sem við höfum nú. Ég held að þegar menn skoða það hversu óskaplega fáir á Íslandi lesa blindraletur sér til gagns blasi við að við höfum beinlínis vanrækt lestrarkennslu fyrir blinda og sjónskerta á Íslandi. Þetta er jú sú aðferð sem blindir nota til að lesa og það hversu fáir eru læsir á blindraletur náttúrlega sýnir okkur svo ekki verður um villst að við höfum ekki sinnt þessu sem skyldi. Sama máli gegnir um ferlikennsluna og endurhæfinguna almennt sem nauðsynlegt er að efla til muna frá því sem verið hefur. Við höfum sannarlega verið eftirbátar þeirra sem við höfum borið okkur saman við. Hér er góður grunnur lagður að umbótum og ríkisstjórnin hefur sýnt metnað í þessum málum, og þau ráðuneyti sem hafa farið með þessi mál.

Sömuleiðis er ástæða til að fagna því að hér sé sérstaklega fjallað um daufblinda sem voru í raun og veru týndur hópur. Ég kom að því sem framkvæmdastjóri Blindrafélagsins um miðjan síðasta áratug að hvetja þau til að stofna sín eigin samtök sem þá voru stofnuð um Blindrafélag Íslands og fá þangað sérstakan daufblindan ráðgjafa til að styðja þessa einstaklinga og styrkja í sínu daglega lífi og til endurhæfingar. Það er auðvitað óþarfi að fjölyrða um það hversu gríðarlegt verkefni það er fyrir eina manneskju að kljást við tvær fatlanir í senn, bæði að sjá lítið og heyra lítið. Þess vegna er fagnaðarefni að sá hópur sé skilgreindur í lögunum og sömuleiðis sagt hvar hann á rétt að sækja þjónustu því að það er auðvitað enn einn hópurinn sem lent hefur í því, jafnvel meira en margir aðrir, að vera vísað frá einum stað til annars og allir sagt: Ekki ég.

Þetta frumvarp fer að lokinni þessari umræðu til umfjöllunar í félags- og tryggingamálanefnd og kemur síðan hingað til frekari efnislegrar umfjöllunar. Ég veit að þetta mál hefur verið unnið í góðu samstarfi við hagsmunasamtökin, við notendur þjónustunnar sem er alltaf mikilvægt þegar verið er að gera breytingar í velferðarþjónustunni. Ég fagna því aftur að þetta mál sé komið fram og að við skulum geta afgreitt framfaramál í velferðarþjónustunni af þessu tagi sem nauðsynlegt er að gera þrátt fyrir þær aðstæður sem við búum við í efnahagslífinu.

[15:26]

Útbýting:

Launakjör stjórnenda Fjármálaeftirlitsins, 131. mál, svar viðskrh., þskj. 333.

Rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, 180. mál, nál. allshn., þskj. 335; brtt. allshn., þskj. 336.

Samráð Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda, 223. mál, þáltill. KVM o.fl., þskj. 301.

[15:27]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir og fagna

því frumvarpi sem hér er komið fram um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Eins og segir í greinargerð með frumvarpinu á þetta frumvarp nokkuð langan aðdraganda og eins og hv. þm. Helgi Hjörvar fór hér yfir og rakti sögu hvað varðar kennslu og aðbúnað blindra og daufblindra er fortíðin ekki björt. Allt til 1973 var blindum kennt í einkaskóla og það var ekki markviss kennsla þar til kennslan fór í Álftamýrarskóla og þá í sérdeild, blindradeild.

Eftir að sérdeildin var lögð niður af ýmsum ástæðum þurrkaðist út eða dvínaði sú sérþekking sem þar hafði byggst upp og fylgdi ekki börnum yfir í grunnskólana og framhaldsskólana eins og hefði þurft að vera. Þetta málefni og þjónusta við blinda, sjónskerta og daufblinda hefur verið olnbogabarn í heilbrigðis-, mennta- og félagsþjónustunni og hver hefur vísað þar á annan. Því er það fagnaðarefni að sú vinna sem fór í gang fyrir um tveimur árum, að frumkvæði hæstv. menntamálaráðherra, hafi skilað þeim árangri að hér sé komið fram frumvarp um þekkingarmiðstöð og ég tel að það hafi verið unnið í góðu samráði við neytendur, þá sem málið varðar og hagsmunasamtökin.

Ég tel mjög mikilvægt í þessu sambandi þegar nú er komið fram að þeim degi sem átti að vera síðasti þingdagur fyrir jól að frumvarp sem er meiningin að lögfesta fyrir jól sé unnið í góðri sátt við hagsmunaaðila. Ég tel mikilvægt að hv. félagsmálanefnd sem fær málið til umsagnar gefi sér tíma, þó að fyrirvarinn sé stuttur, til að kalla hagsmunaaðila til sín og þær stofnanir sem eiga að vera uppistaðan í nýrri þjónustumiðstöð og heyra beint frá þeim hvernig þau sjá fyrir sér þetta frumvarp og starfsemi þessarar þjónustumiðstöðvar. Það er mikilvægt að gefa sér tíma til að fá umsögn þessara aðila.

Það er mikilvægt að horfa til þessarar fyrirmyndar og annarra hópa fatlaðra og fötlunar sem er algeng í þjóðfélaginu. Sjónskertir hafa fram til þessa þurft að fara á milli aðila, frá Heródesi til Pílatusar menntamála, félagsmála og heilbrigðismála, til að fá úrlausn og oftar en ekki enga úrlausn vegna þess að enginn einn ber ábyrgð eða hefur heildarsýnina. Það er mjög erfitt að byggja upp sérþekkingu í hverju sveitarfélagi og á hverju sviði. Ég tel miklu farsælla fyrir ákveðna hópa sem búa við fötlun að byggja upp sterka miðstöð þar sem sérþekkingin kemur saman sem er svo hægt að dreifa frá þessari miðstöð út í skólana, til sveitarfélaga og a.m.k. horfa á einstaklingana og viðurkenna rétt þeirra til að geta farið á einn stað og fengið úrlausn sinna mála.

Mér verður hugsað til þeirra sem búa og lifa við heyrnarskerðingu, heyrnarleysi, sem búa við það sama að þurfa að fara á milli, og heyrnarskertra barna sem þurfa oft og tíðum vissa umgjörð í skólaumhverfi sínu til að geta notið sín í skólunum. Oft er þekking ekki til staðar eða ekki nægileg til að leita bestu lausnar. Þekkingarmiðstöð fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausa gæti sannarlega orðið þessum aðilum mikill stuðningur.

Ég vil þá nefna líka að í slíkri miðstöð gæti verið sérþekking á erilshávaða sem hefur mikið að segja og truflar mikið þá sem heyrnarskertir eru, að aðstoða kennara við að draga úr erilshávaða í bekkjum og leiðbeina með hjálpartæki. Það mætti einnig nefna lesblinda í þessu sambandi, hvað það er nauðsynlegt að koma upp þjónustumiðstöð fyrir lesblinda þannig að þeir geti farið á einn stað og fengið þar þá þjónustu og þær leiðbeiningar sem á þarf að halda. Þjónusta fyrir lesblinda er mjög dreifð í dag og menn vita varla hvert þeir eiga að fara þannig að ég tel að þetta sé fyrirmynd sem við eigum að horfa til til að koma upp fleiri slíkum.

Hvað varðar blinda og sjónskerta er ljóst að við höfum ekki hugað nægilega vel að endurhæfingu og hjálpartækjum fyrir þá. Það var gleðilegt að fylgjast með því þegar nýir leitarhundar komu núna síðsumars til landsins, vel þjálfaðir hundar sem eru blindum sýn og mjög mikilvæg hjálpartæki.

Auðvitað eigum við að halda áfram að byggja upp þessa þjónustu og nota blindrahunda fyrir þá sem það passar. En þá verðum við líka að gæta þess að þeir einstaklingar sem geta notfært sér blindrahunda sem hjálpartæki fái þá samsvarandi stuðning við það að halda hundana eins og er annars staðar á Norðurlöndunum en þar fá blindir bæði hundana og styrki til að fóðra hundana og til að greiða fyrir dýralækniseftirlit og meðferð á hundunum. Það hallar enn þá töluvert á blinda einstaklinga hér á landi sem nota blindrahunda miðað við þá sem nota blindrahunda annars staðar á Norðurlöndunum.

Ég er alveg sannfærð um að með stofnun slíkrar þekkingarmiðstöðvar verði ýmis mál af þessum toga skoðuð markvissara en gert hefur verið í dag og það muni þá koma blindum og sjónskertum til góða og að leiðbeiningar bæði fyrir einstaklingana og eins út í umhverfið verði markvissari en er í dag. En ég legg áherslu á það, hæstv. forseti, að hv. félagsmálanefnd verði gefinn tími til að skoða málið þó að hér eigi að hraða ferð.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 235. mál (frítekjumark öryrkja). — Þskj. 326.

[15:36]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjallað sérstaklega um bættan hag aldraðra og öryrkja og að unnið verði að einföldun almannatryggingakerfisins. Þá segir einnig að fylgt verði eftir tillögum örorkumatsnefndar um stóraukna starfsendurhæfingu og nýtt matskerfi varðandi örorku og starfsgetu. Jafnframt verði komið til móts við þann hóp sem er með varanlega skerta starfsgetu.

Í frumvarpi því sem ég mæli hér fyrir er gert ráð fyrir að 11. töluliður ákvæðis til bráðabirgða, sem kveður á um 100 þús. kr. frítekjumark á atvinnutekjur örorkulífeyrisþega,

verði áfram í gildi út árið 2009. Þetta þýðir að örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar geta áfram aflað sér tekna af atvinnu upp að 100 þús. kr. á mánuði án þess að það hafi áhrif til skerðingar á lífeyrisgreiðslur þeirra.

Alþingi samþykkti á síðasta þingi lög nr. 17/2008, um breytingu á lögum um almannatryggingar, og lögum um málefni aldraðra. Þar var kveðið á um margvíslegar breytingar á greiðslum í þágu aldraðra og öryrkja og ríkisstjórnin gerði grein fyrir því með yfirlýsingu þann 5. desember 2007. Í lögunum er m.a. kveðið á um 100 þús. kr. frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67–70 ára frá og með 1. júlí 2008.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að megintilgangur þess að hækka frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega væri að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku þeirra og gera þeim kleift að afla sér aukinna tekna af atvinnu án þess að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins skerðist.

Þá kom fram að framkvæmdanefnd forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar ynni að tillögum um framkvæmd sem ætlað væri að ná svipuðum markmiðum hvað varðar örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega og hvetja einstaklinga til vinnu. Fram kom að slíkar tillögur sem miði að því að tryggja örorkulífeyrisþegum 100 þús. kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða *ígildi þess verði síðar lagðar fyrir Alþingi.*

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi lög nr. 57/2008 þar sem nýju ákvæði til bráðabirgða var bætt við lög um almannatryggingar og kveðið á um það að þrátt fyrir ákvæðið í 16. gr. laganna skuli örorkulífeyrisþegi á tímabilinu 1. júlí 2008 til 1. janúar 2009 geta valið um að hafa 100 þús. kr. frítekjumark á mánuði vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Með þessu var frítekjumark vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega hækkað til samræmis við hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67–70 ára eða í 100 þús. kr. á mánuði.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu tók hækkun frítekjumarksins gildi 1. júlí 2008 og gildir það til bráðabirgða til 1. janúar 2009. Þar sem nú er ljóst að vinnu framkvæmdarnefndarinnar verður ekki lokið fyrir 1. janúar 2009 eins og stefnt var að, m.a. í ljósi efnahagsástands þjóðarinnar og fjölmargra verkefna sem því tengjast, er með frumvarpi þessu lagt til að ákvæði 11. töluliðar ákvæðis til bráðabirgðalaga um almannatryggingar gildi áfram óbreytt og gildistímabil þess verði framlengt til 1. janúar 2010.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins voru liðlega 30% örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega með *launatekjur í nóvember síðastliðnum eða um 4.700* einstaklingar og hafa þeir þannig ávinning af frítekjumarki á atvinnutekjur í formi hærri bótagreiðslna. Má vænta þess að jafnvel enn stærri hópur örorkulífeyrisþega hafi nýtt sér þetta tækifæri til að feta sig út á vinnumarkaðinn.

Frítekjumarkið felur því í sér aukið tækifæri til handa örorkulífeyrisþegum með þeim auknu lífsgæðum sem þátttaka á vinnumarkaði felur í sér fyrir lífeyrisþegana sjálfa og samfélagið í heild.

Þá má geta þess að Öryrkjabandalag Íslands hefur lagt áherslu á hækkun frítekjumarks í baráttunni fyrir bættum kjörum öryrkja og virka atvinnuþátttöku þeirra í samfélaginu og er þessi lagabreyting mjög í samræmi við áherslur þeirra. Þá er breytingin jafnframt í samræmi við þau markmið sem hugmyndir örorkumatsnefndar um starfshæfnismat og starfsendurhæfingu byggist á.

Virðulegi forseti. Ég hef fjallað um þær breytingar sem í frumvarpinu felast og undirstrika að í því eru ákvæði sem stuðla að áframhaldandi bættum kjörum öryrkja. Ég læt þessari yfirferð yfir efni frumvarpsins lokið og leyfi mér að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. félags- og tryggingamálanefndar og til 2. umr.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Tollalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (landið eitt tollumdæmi). — Þskj. 324.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁKÓ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GAK, HSH, HHj, IllG, JóhS, JBjarn, JM, KaJúl, KÓ, KHG, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞBack.

1 þm. (AtlG) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, GHH, GSB, GÞÞ, GSv, HerdÞ, HöskÞ, ISG, JónG, KVM, KJak, KolH, KÞJ, KLM, MS, RGuðb, SJS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 342).

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 120. mál (útflutningur óunnins afla). — Þskj. 311, nál. 318, frhnál. 319.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]

Brtt. í nál. 318 felld með 24:14 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, EyH, GMJ, GAK, HSH, JBjarn, JM, KHG, SF, VS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁKÓ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BBj, EKG, EMS, EBS, GuðbH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, KVM, KaJúl, KÓ, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB.

25 þm. (ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, GHH, GSB, GÞÞ, GSv, HöskÞ, ISG, JónG, KJak, KolH, KÞJ, KLM, MS, RGuðb, SJS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 319 felld með 28:9 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, GMJ, GAK, JBjarn, JM, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁKÓ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GuðbH, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, KVM, KaJúl, KÓ, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SF,

SVÓ, StB, VS.

26 þm. (ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, GHH, GSB, GÞÞ, GSv, HöskÞ, ISG, JónG, KJak, KolH, KHG, KÞJ, KLM, MS, RGuðb, SJS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 28:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GuðbH, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, KVM, KaJúl, KÓ, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, VS.

nei: GMJ, GAK, JM.

7 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, GHH, GSB, GÞÞ, GSv, HöskÞ, ISG, JónG, KJak, KolH, KÞJ, KLM, MS, RGuðb, SJS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 343).

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 114. mál (aukin heimild til flutnings aflamarks milli ára). — Þskj. 123, nál. 314.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:46]

1. gr. samþ. með 29:11 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GuðbH, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, KVM, KaJúl, KÓ, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS.

nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, GMJ, GAK, JBjarn, JM, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ.

23 þm. (ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, GHH, GSB, GÞÞ, GSv, HöskÞ, ISG, JónG, KJak, KolH, KÞJ, KLM, MS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:46]

Grétar Mar Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég er á móti frumvarpi um stjórn fiskveiða. Það verður til þess að hækka leiguverð á aflaheimildum og verið er að gefa útgerðarmönnum tækifæri til að geyma meiri afla á milli ára með því að breyta 20% í 33%.

Hafrannsóknastofnun hefur mælt á móti þessu og sum sjómannasamtökin. Ef maður horfir á þetta út frá fiskifræðinni, þegar geyma má allt að 33% af úthlutuðum kvóta á milli ára, er nánast furðulegt að reyna að gera það. Ég er alfarið á móti frumvarpinu og segi nei.

2. gr. samþ. með 30:10 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GuðbH, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KÓ, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS.

nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, GMJ, GAK, JM, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ.

23 þm. (ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, GHH, GSB, GÞÞ, GSv, HöskÞ, ISG, JónG, KJak, KolH, KÞJ, KLM, MS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Búnaðargjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 206. mál (nýr staðall um atvinnugreinaflokkun). — Þskj. 279, nál. 309.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 15:49.

---

56. FUNDUR

föstudaginn 12. desember,
að loknum 55. fundi.

Dagskrá:

1. Rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, frv., 180. mál, þskj. 223, nál. 335, brtt. 336. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 237. mál, þskj. 332. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

3. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 114. mál, þskj. 123. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Búnaðargjald, stjfrv., 206. mál, þskj. 279. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1. og 3.–4. dagskrármáls og útbýtingu 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, 2. umr.

Frv. StB o.fl., 180. mál (rannsóknarnefnd á vegum Alþingis). — Þskj. 223, nál. 335, brtt. 336.

[15:50]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar um frumvarp til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Nefndin hefur fjallað um málið á fjölmörgum fundum sínum og fengið allmarga gesti. Einnig hafa borist nokkrar umsagnir skriflega.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis til að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Þá skal nefndin leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því.

Frumvarp þetta á sér sérstöðu en það er lagt fram af forseta Alþingis og formönnum allra stjórnmálaflokka á Alþingi og er afrakstur samkomulags um skipun sérstakrar rannsóknarnefndar. Skal nefndin skipuð dómara úr Hæstarétti sem jafnframt verði formaður, umboðsmanni Alþingis og einum háskólamenntuðum sérfræðingi, sem hafi víðtæka þekkingu á efnahagsmálum og/eða starfsemi fjármálamarkaða. Auk þess getur nefndin skipað sérstaka vinnuhópa innlendra og/eða erlendra sérfræðinga. Forsætisnefnd skipi auk þess sérstakan þriggja manna vinnuhóp einstaklinga með háskólamenntun á sviði hug- og félagsvísinda sem vinni í samráði við rannsóknarnefndina að athugun á starfsháttum og siðferði viðskiptalífsins.

Meginmarkmiðið með frumvarpinu er að rannsakaðar verði orsakir og aðdragandi þess vanda sem íslenskt efnahagslíf stendur frammi fyrir. Í því sambandi þarf að líta til þess að hve miklu leyti megi rekja vandann til innlendra ástæðna og einnig þess hver hafi verið áhrif og afleiðingar alþjóðlegrar fjármálakreppu. Afla þarf upplýsinga um og meta þjóðhagslega þætti, atriði sem varða stjórnun fjármálafyrirtækja, lagaumhverfi og fleira. Með vísan til eftirlitshlutverks Alþingis samkvæmt stjórnarskránni og þingræðisreglunni er einnig ætlunin að nefndin rannsaki þátt stjórnvalda og eftirlitsaðila í aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna.

Á fundum sínum ræddi nefndin einnig um tengsl við frumvarp til laga um sérstakan saksóknara, 141. mál, þskj. 156, sem dómsmálaráðherra lagði fram og orðið er að lögum. Nefndin telur nauðsynlegt að gera skýran greinarmun á þessum málum. Embætti sérstaks saksóknara er ætlað að annast sakamálarannsókn, þ.e. rannsókn á grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og tengslum við fjárþrot fjármálafyrirtækja. Hinni sérstöku rannsóknarnefnd á vegum Alþingis er hins vegar ætlað að vinna að rannsókn á ástæðum hruns bankanna og efnahagsáfallanna og leggja m.a. mat á hvort mistök hafi verið gerð við stjórn efnahagsmála og eftirlit með bönkunum. Rannsóknin getur þannig t.d. beinst að aðgerðum ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra, stjórnendum og eigendum fjármálafyrirtækja og stjórnendum stofnana. Samkvæmt frumvarpinu er ekki ætlunin að taka hugsanlega refsiábyrgð einstaklinga til athugunar en komi fram vísbendingar um refsiverð brot í rannsókn nefndarinnar skal hún tilkynna ríkissaksóknara og hlutaðeigandi stjórnendum hjá ríkinu um það. Rannsóknarnefndinni er ætlað að skila áliti í skýrsluformi til Alþingis þar sem tekið er á þeim atriðum er rannsóknin beinist að.

Í ljósi þessa er það skýrt hlutverk rannsóknarnefndarinnar að henni er ekki ætlað að rannsaka hugsanlega refsiábyrgð einstaklinga. Í athugasemdum í greinargerð með 14. gr. er tekið fram að við rannsókn nefndarinnar kunni að koma fram upplýsingar sem vakið geta grunsemdir um að slíkt brot hafi verið framið enda teljist brotið að mati nefndarinnar alvarlegt. Það er skilningur nefndarinnar að með þessu sé átt við hvers konar brot sem varðað geti refsiviðurlögum og leggur nefndin því til að mat nefndarinnar á því hvort brot teljist alvarleg verði fellt brott. — Breytingartillaga um það er á sérstöku þingskjali.

Í greininni er rannsóknarnefndinni falið að tilkynna ríkissaksóknara um brot af þessu tagi. Þá telur nefndin rétt að leggja til að kveðið verði skýrt á um það í greininni að ríkissaksóknari eigi að taka ákvörðun um hvort rannsaka beri mál í samræmi við lög um meðferð sakamála — þannig að það sé skýrt hvernig ríkissaksóknari skuli bregðast við ef hann fær tilkynningu um meint refsiverð brot.

Nefndin ræddi nokkuð um ráðherraábyrgð á fundum sínum og telur rétt að leggja áherslu á að Alþingi er handhafi ákæruvalds gagnvart ráðherrum vegna embættisreksturs þeirra skv. 14. gr. stjórnarskrár, lögum um ráðherraábyrgð og lögum um landsdóm. Komist rannsóknarnefndin að því að ráðherra hafi gert mistök eða sýnt af sér vanrækslu í starfi, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal hún gera grein fyrir því í skýrslu til Alþingis sem hefur það hlutverk að meta hvort tilefni sé til að ráðherra sæti ábyrgð fyrir það. Í því sambandi vill nefndin taka sérstaklega fram að á vegum þingsins hefur vinnuhópur sérfræðinga verið að störfum í nokkra mánuði sem hefur það hlutverk að gera úttekt á gildandi reglum um þingeftirlit og gera tillögur að hugsanlegum úrbótum. Undir það falla m.a. lög um ráðherraábyrgð og landsdóm. Nefndin telur þó skýrara að tekið sé fram í frumvarpinu að um ráðherraábyrgð fari samkvæmt sérstökum lögum og leggur til breytingu þess efnis.

Nefndin ræddi nokkuð um það hvort verkefni rannsóknarnefndarinnar væri of þröngt afmarkað þegar litið er til þess að starfsemi fjármálafyrirtækja er víðfeðm og margt í starfsemi annarra í viðskiptalífinu sem tengist þeim og getur skýrt þann vanda sem þau eru komin í, svo sem endurskoðun, fjármögnun og útlánastarfsemi þeirra, eignarhald og tengsl þeirra við atvinnulífið. Nefndin leggur því til að við 1. mgr. 1. gr. bætist nýr töluliður sem undirstriki þennan skilning nefndarinnar á hlutverki rannsóknarnefndarinnar. Þá telur nefndin einnig rétt að leggja til sambærilega breytingu á 2. tölul., sem verður 3. tölul., þannig að við úttekt á reglum íslenskra laga um fjármálamarkaðinn bætist „og tengda atvinnustarfsemi“ — þannig að talað sé um fjármálamarkaðinn og tengda atvinnustarfsemi.

Nefndin áréttar að í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er rannsóknarnefndinni heimilt að því marki sem hún telur nauðsynlegt að láta rannsókn sína taka til atburða eftir gildistöku

laga nr. 125/2008 — neyðarlaganna svokölluðu — eða gera tillögu um frekari rannsókn á slíkum atburðum. Nefndin vill taka það fram að rétt getur verið að rannsóknarnefndir rannsaki atburði sem áttu sér stað eftir setningu laga nr. 125/2008 og tengjast með einum eða öðrum hætti falli bankanna.

Þrátt fyrir að meginsjónarmiðið sé auðvitað að rannsóknarnefndin beini sjónum sínum að aðdraganda og orsökum falls bankanna þá geta atburðir sem átt hafa sér stað eftir setningu neyðarlaganna verið með þeim hætti að eðlilegt sé að þeir séu skoðaðir í samhengi við starf þessarar nefndar. Allsherjarnefnd leggur því áherslu á að samkvæmt frumvarpinu er opið fyrir að rannsóknarnefndin taki slík atvik til skoðunar.

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur fram að í tengslum við athugun rannsóknarnefndarinnar skuli enn fremur fara fram rannsókn þar sem lagt verði mat á hvort skýringar á falli íslensku bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði á fjármálamarkaði. Nefndin telur hugsanlegt að það sé of þröng afmörkun að takmarka starf þess vinnuhóps sem á að fjalla um þennan þátt í samráði við rannsóknarnefndina — þarna er nú villa í nefndarálitinu því þarna kemur inn tilvísun um að í stað orðsins fjármálamarkaður komi viðskiptalíf.

Niðurstaða allsherjarnefndar var sú, orðalagið eins og birtist í breytingartillögum nefndarinnar, að þessi sérstaki vinnuhópur skuli kanna hvort starfshættir og siðferði á fjármálamarkaði hafi átt þátt í þeim áföllum sem yfir dundu. Með því að hafa þetta opið er þessum sérstaka vinnuhópi í rauninni gefið svigrúm til þess að meta hvort hann telji ástæðu til þess að skoða starfshætti og siðferði í víðari skilningi, ekki bara á sviði fjármálamarkaðar heldur í viðskiptalífinu almennt og eftir atvikum í stjórnmálum og samfélaginu að því marki að það standi í samhengi við orsakir og aðdraganda falls íslensku bankanna.

Síðan segir í nefndarálitinu:

Þá ræddi nefndin nokkuð um skipun rannsóknarnefndarinnar en samkvæmt frumvarpinu skal skipa einn dómara Hæstaréttar Íslands samkvæmt ákvörðun réttarins, umboðsmann Alþingis og hagfræðing, löggiltan endurskoðanda eða háskólamenntaðan sérfræðing, sem hefur víðtæka þekkingu á efnahagsmálum og/eða starfsemi fjármálamarkaða og skal sá síðastnefndi tilnefndur af forsætisnefnd Alþingis. Kom fram í starfi nefndarinnar að markmiðið með þessari skipun sé að tryggja sjálfstæði rannsóknarnefndarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að þeir sem stýri þessari viðamiklu rannsókn verði sjálfstæðir og óháðir og búi yfir mikilli reynslu og þekkingu.

Samkvæmt 1. tölulið 1. gr. frumvarpsins skal skipa í nefndina dómara Hæstaréttar samkvæmt ákvörðun dómara réttarins og skal hann vera formaður. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að þar sem rannsóknarnefndin er á vegum Alþingis færi betur á því að forsætisnefnd Alþingis skipaði þennan hæstaréttardómara í nefndina. Allsherjarnefnd fellst á þau sjónarmið og leggur til breytingu á ákvæðinu í þá veru.

Allsherjarnefnd ræddi nokkuð hvort samsetning rannsóknarnefndarinnar væri of lögfræðilega miðuð með því að tveir nefndarmenn séu lögfræðimenntaðir, þ.e. hæstaréttardómarinn sem áður er vikið að og umboðsmaður Alþingis. Telur nefndin rétt að benda á í því sambandi að þau verkefni sem nefndinni eru falin eru að talsverðu leyti lögfræðileg. Er henni m.a. ætlað að gera úttekt á reglum íslenskra laga um fjármálamarkaðinn, leggja mat á hvernig staðið hafi verið að eftirliti með fjármálastarfsemi, koma með tillögur um breytingar á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu og gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur vaknar við rannsókn nefndarinnar um að refsiverð háttsemi eða brot á starfsskyldum hafi átt sér stað.

Samkvæmt frumvarpinu er það líka verkefni rannsóknarnefndarinnar að skipa vinnuhópa og ráða starfsmenn sér til aðstoðar. Þá getur rannsóknarnefndin leitað sérfræðilegrar aðstoðar innlendra og erlendra aðila við mat á einstökum þáttum. Með aðkomu sérfræðinga og starfshópa er mætt því sjónarmiði að fá færustu sérfræðinga, innlenda sem erlenda, til að fjalla um mismunandi þætti, sem að sjálfsögðu kalla á mismunandi sérþekkingu. Þannig telur nefndin augljóslega þörf á að leita til sérfræðinga á sviði þjóðhagfræði og viðskiptafræði til að fjalla um ákveðin mál, sérfræðinga í rekstri, ekki síst bankarekstri, til að fjalla um aðra þætti o.s.frv. Einnig getur krafan um hlutlægni og hlutleysi kallað á aðkomu erlendra aðila að ákveðnum þáttum rannsóknar málsins sem nefndin telur eðlilegt að rannsóknarnefndin nýti sér. Það er mat allsherjarnefndar að það sé eðlilegt að löggjafinn veiti rannsóknarnefndinni talsvert svigrúm til að meta þetta og er svo gert eins og frumvarpið lítur nú út. Með þessum heimildum nefndarinnar um að leita til sérfræðinga og skipa vinnuhópa á tilteknum sviðum er líka tryggt að fjölþætt menntun og reynsla verði nýtt í þessari rannsóknarvinnu.

Þá er líka þess að geta að forsætisnefnd skipar enn fremur þriggja manna vinnuhóp einstaklinga með háskólamenntun í heimspeki, sagnfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði eða öðrum skyldum greinum sem á að fjalla í samráði við rannsóknarnefndina um þann þátt rannsóknarinnar sem getið er í 3. mgr. 1. gr. og varðar það sem kalla má siðferðishluta rannsóknarinnar. Nefndin ræddi nokkuð um þær háskólagreinar sem nefndar eru í ákvæðinu og telur nokkra þörf á að auka við upptalninguna sem þó er ekki tæmandi og bæta fjölmiðlafræði við hana, sérstaklega þegar litið er til þess hve veigamiklu hlutverki fjölmiðlar gegna í lýðræðisþjóðfélagi.

Í nefndarálitinu segir síðan, herra forseti:

Fram hafa komið athugasemdir umsagnaraðila um að heimildir nefndarinnar til upplýsingaöflunar, um meðferð gagna og skýrslutökur gagnvart einstaklingum gangi nærri þeirri réttindavernd sem leiðir af 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs. Nefndin telur rétt að árétta það að rannsóknarnefndin verður ávallt í störfum sínum bundin af grundvallarreglum stjórnarskrárinnar, þar á meðal um friðhelgi einkalífs, þegar einstakar ákvarðanir eru teknar um skýrslutökur, gagnaöflun og meðferð upplýsinga. Er það meðal annars ein af ástæðum þess að nefndin fellst á það að hæstaréttardómari og umboðsmaður Alþingis, sem hafa mikla sérþekkingu á samspili mannréttindaákvæða og starfa af þessu tagi, sitji í nefndinni. Rannsóknarnefndin verður þannig að gæta stjórnskipulegs meðalhófs og varfærni við

mat á því hvort tiltekin skýrslugjöf sé nauðsynleg, einkum þegar með henni er vikið frá þagnarskyldu samkvæmt öðrum lögum. Það er mat nefndarinnar að rannsóknarheimildir rannsóknarnefndarinnar brjóti ekki gegn mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, en sem fyrr getur verður nefndin að gæta þess í ríkum mæli við töku einstakra ákvarðana að ekki sé hverju sinni gengið lengra en nauðsyn krefur í þágu þeirra mikilvægu þjóðfélagslegu markmiða sem stefnt er að með nefndarstarfinu.

Nefndin ræddi einnig, eins og kemur fram í nefndarálitinu, þau ákvæði frumvarpsins sem fjalla um upplýsingaskyldu fyrir nefndinni og afnám þagnarskylduákvæða. Í 6. gr. frumvarpsins er ákvæði sem skyldar sérhvern sem þess er krafinn að afhenda rannsóknarnefnd upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fer fram á. Með gögnum er meðal annars átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga og önnur gögn sem nefndin óskar eftir. Samkvæmt greininni er nefndinni heimilt að kalla einstaklinga til fundar við sig og krefja þá um munnlegar upplýsingar í þágu rannsóknarinnar og er þeim skylt að veita nefndinni upplýsingar þó að þær séu háðar þagnarskyldu samkvæmt lögum.

Fyrir allsherjarnefnd komu fram athugasemdir við að þannig sé undantekningarlaust vikið frá þagnarskylduákvæðum laga og að skylda til að láta nefndinni í té upplýsingar sé með frumvarpinu þannig gerð þagnarskylduákvæðum laga yfirsterkari. Allsherjarnefnd ræddi í þessu sambandi þagnarskyldu ýmissa starfsstétta, svo sem lögmanna og endurskoðenda sem hafa trúnaðarskyldur gagnvart skjólstæðingum sínum og búa oft yfir upplýsingum um einkahagi þeirra. Kom fram að með afnámi þessarar þagnarskyldu væri þessum starfsstéttum í raun gert ókleift að sinna starfi sínu. Allsherjarnefnd féllst á að það gæti verið varhugavert að veikja þetta trúnaðarsamband. Nefndin skoðaði í þessu sambandi hvaða reglur giltu um rannsóknarnefndir á vegum danska þingsins. Þar víkur þagnarskylda almennt fyrir skyldu til að láta nefnd í té upplýsingar og gefa skýringar. Ekki þarf þó að láta í té upplýsingar eða skýra frá hlutum sem ekki væri skylt að gefa skýrslu um fyrir dómi.

Allsherjarnefnd leggur því til að lögmönnum, endurskoðendum og öðrum slíkum starfsstéttum sem hafa trúnaðarskyldur gagnvart skjólstæðingum sínum verði gert mögulegt að þegja yfir upplýsingum um einkahagi manna sem þeim hefur verið trúað fyrir. Dómara yrði fengið vald til að meta hvort trúnaðurinn ætti að víkja fyrir almannahagsmunum sem tengjast því að markmiðum laganna verði náð. Sú heimild næði þó ekki til upplýsinga sem verjanda í sakamáli hefði verið trúað fyrir af skjólstæðingi sínum um málsatvik. Jafnframt væri tryggt að nefndin gæti ekki leitað upplýsinga hjá aðstoðarmanni um atriði sem honum hefði verið trúað fyrir í tengslum við rannsókn nefndarinnar.

Allsherjarnefnd leggur því til að við 6. gr. bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. um að lögmaður, endurskoðandi eða annar aðstoðarmaður verði þó ekki krafinn upplýsinga, sem honum hefur verið trúað fyrir út af rannsókn nefndarinnar, nema með leyfi þess sem í hlut á. Síðan er bætt við að ákvæði a- og b-liðar 2. mgr., ásamt 3. og 4. mgr. 119. gr. laga um meðferð sakamála, gilda enn fremur um upplýsingagjöf þeirra sem þar eru tilgreindir. Dómari skal samkvæmt því ákvæði skera úr um upplýsingaskyldu þeirra og er ætlunin að mál af því tagi verði rekið samkvæmt 6. mgr. þessarar greinar frumvarpsins. Niðurstaðan er sem sagt sú að um upplýsingaskyldu þeirra aðila sem þarna koma við sögu sem yrðu einkum lögmenn og endurskoðendur gilda sömu reglur og um meðferð sakamála. Ekki eru gerðar stífari kröfur um að þessir aðilar víki frá þagnarskyldu sinni heldur en almennt gerist við rekstur sakamála. Það eru sem sagt sambærilegar reglur.

Nefndin ræddi nokkuð um ákvæði 4. mgr. 4. gr. þar sem segir að rannsóknarnefndin geti birt upplýsingar sem annars væru háðar þagnarskyldu ef rannsóknarnefndin telur slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður sínar. Hún skal þó því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þar með talið fjármál þeirra, að hún telji að verulegir almannahagsmunir séu af því að birta upplýsingarnar og að þeir vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á. Fram komu ábendingar um að eðlilegt væri að breyta 4. mgr. 4. gr. á þann veg að í stað þess að um ræði undanþágur frá þagnarskyldu, sem nefndin telur nauðsynlegar, verði rætt um undanþágur sem séu nauðsynlegar af tilteknum ástæðum. Fellst nefndin á að slík breyting sé til þess fallin að auka traust á málsmeðferð samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og eyða vafa um að geðþótti geti ráðið ákvörðun um að birta tilteknar upplýsingar.

Mér finnst ástæða til að vísa aftur til þess sem ég áður sagði um að rannsóknarnefndin þarf, þegar hún tekur ákvarðanir af þessu tagi, að sjálfsögðu að hafa í heiðri grundvallarreglur stjórnarskrár og mannréttindasáttmála um vernd friðhelgi einkalífsins, en allsherjarnefnd fellst þó á með frumvarpshöfundum að þær aðstæður geti verið fyrir hendi að undantekningar séu heimilar. Því er því haldið opnu að þegar almannahagsmunirnir af því að birta upplýsingar eru taldir vega mun þyngra en einkahagsmunir þess einstaklings af að viðkomandi atriði fari leynt verði rannsóknarnefndinni heimilt að birta upplýsingarnar. Þarna er hins vegar um algjöra undantekningarreglu að ræða sem hlýtur að verða skilin þröngt.

Allsherjarnefnd ræddi einnig um réttarstöðu einstaklinga sem koma fyrir nefndina til skýrslutöku en á það var bent að hugsanlega kæmu fram upplýsingar fyrir rannsóknarnefndinni um atriði sem síðar kynnu að fara til meðferðar hjá ákæruvaldinu. Í því sambandi telur nefndin rétt að taka skýrt fram að fyrir rannsóknarnefndinni fer ekki fram rannsókn samkvæmt lögum um meðferð sakamála heldur skal rannsóknarnefndin tilkynna ríkissaksóknara um meint refsiverð brot sem framin kunna að hafa verið og tekur hann ákvörðun um hvort rannsaka beri málin.

Var í þessu sambandi vísað til þess að upp hafa komið mál þar sem óljós skil milli hlutverka rannsóknaraðila hafa valdið vandkvæðum. Þannig var vísað til þess að við rannsókn samkeppnisyfirvalda á brotum olíufélaganna á ákvæðum samkeppnislaga komu fram upplýsingar sem lagðar voru fram í sakamáli gegn forstjórum félaganna. Í dómi Hæstaréttar frá 16. mars 2007 í máli nr. 92/2007 var málinu vísað frá á grundvelli þess að rétturinn taldi að mörkin milli stjórnsýslurannsóknar og lögregluannsóknar væru óljós. Þannig var hvorki gætt þagnarréttar í rannsókn samkeppnisyfirvalda né heldur tryggt að skýrslur sem menn gáfu fyrir

samkeppnisyfirvöldum samkvæmt lagaskyldu yrðu ekki síðar notaðar sem sönnunargögn gegn þeim í refsimáli. Samkeppnislögunum var breytt í kjölfarið til að tryggja þessi grundvallarréttindi. Nefndin leggur því til breytingu á frumvarpinu sambærilega við þetta ákvæði samkeppnislaga þannig að við 14. gr. bætist ný málsgrein um að ekki verði heimilt að nota upplýsingar sem einstaklingur hefur veitt fyrir nefndinni sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað er gegn honum.

Þá ræddi nefndin einnig um aðgang að gögnum eftir að starfi rannsóknarnefndarinnar lýkur. Í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins segir að ákvæði 18.–21. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ákvæði upplýsingalaga og ákvæði stjórnsýslulaga gildi ekki um störf rannsóknarnefndarinnar. Fyrir nefndinni komu fram sjónarmið um að þörf væri á að taka skýrlega fram að þegar rannsóknin hefur beinst að réttindi samkvæmt framangreindum ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga til vitneskju um vinnslu umræddra upplýsinga og einnig réttinda skv. 9. gr. upplýsingalaga til aðgangs að gögnum. Allsherjarnefnd fellst á þau sjónarmið en tekur fram að rétt sé að gera undantekningu frá því þegar mál hefur verið tekið til rannsóknar sem sakamál. Nefndin leggur því til að við 17. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr., svohljóðandi: „Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu þeir sem rannsókn hefur beinst að njóta réttinda samkvæmt ákvæðum 18.–21. gr. laga nr. 77/2000 og 9. gr. upplýsingalaga að rannsókn nefndarinnar lokinni, enda hafi ákæruvaldið ekki tekið mál viðkomandi til meðferðar sem sakamál. Fer þá um rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæðum laga um meðferð slíkra mála.“

Þá komu einnig fram ábendingar fyrir nefndinni um að í frumvarpinu sé ekki fjallað um hvernig háttað skuli varðveislu þeirra gagna sem aflað er vegna rannsóknarinnar og aðgangi almennings að þeim. Nefndin leggur því til að skýrt verði kveðið á um hvernig fari um þessi atriði og leggur til að við 17. gr. frumvarpsins verði bætt ákvæði sem fjalli sérstaklega um það að gögn skuli færð á Þjóðskjalasafn Íslands að störfum nefndarinnar loknum, sem og að um aðgang að þeim þar fari eftir ákvæðum upplýsingalaga.

Í framangreindu mundi felast að við ákvörðun Þjóðskjalasafns um veitingu aðgangs að umræddum gögnum yrði að meta hvort rétt væri að takmarka aðgang með vísan til 5. gr. upplýsingalaga um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Um aðgang að gögnum um slík málefni færi einnig eftir 3. mgr. 8. gr. upplýsingalaga þess efnis að takmarkanir á aðgangi að gögnum falli niður 80 árum eftir að þau urðu til. Við ákvörðun Þjóðskjalasafns um veitingu aðgangs að gögnum bæri og að virða ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal ákvæði 7. gr. um sanngirni og meðalhóf.

Nefndin telur rétt að vísa í texta frumvarpsins almennt til laga um meðferð sakamála sem taka munu gildi 1. janúar og að vísa í lög um meðferð opinberra mála í ákvæði til bráðabirgða þar sem gildistími þeirra laga rennur senn út. Leggur allsherjarnefnd því til nokkrar tæknilegar breytingar í því skyni.

Að lokum leggur allsherjarnefnd áherslu á mikilvægi þess að tryggðar verði nægar fjárveitingar til starfs rannsóknarnefndarinnar. Á þessu stigi eru að sjálfsögðu uppi ýmsir óvissuþættir í sambandi við umfang rannsóknarinnar, m.a. hvað varðar þörf á aðkeyptri aðstoð innlendra og erlendra sérfræðinga. Mikilvægt er að fjárskortur standi ekki í vegi fyrir því að rannsóknarnefndin geti sinnt hlutverki sínu og skilað niðurstöðum bæði fljótt og vel.

Nefndin leggur því til, eins og kemur fram í nefndarálitinu, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef nú gert grein fyrir og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálit þetta rita sá sem hér stendur, Atli Gíslason, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ellert B. Schram, Jón Magnússon, Karl V. Matthíasson, Ólöf Nordal, Sigurður Kári Kristjánsson og Siv Friðleifsdóttir.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir nefndarálitið sem hér liggur fyrir og gert grein fyrir þeim breytingartillögum sem allsherjarnefnd stendur að varðandi þetta frumvarp. Ég vil undir lok ræðu minnar árétta að mál þetta og tilurð þess á sér mikla sérstöðu. Það er flutt af forseta Alþingis og formönnum allra stjórnmálaflokka á Alþingi og við vinnslu málsins í allsherjarnefnd þingsins hefur verið lögð á það mikil áhersla að hafa góða samvinnu um þær breytingar sem gerðar hafa verið. Varð niðurstaðan sú, eins og kemur fram í nefndarálitinu, að full samstaða varð með nefndarmönnum um niðurstöðuna.

Vil ég ljúka máli mínu á að þakka nefndarmönnum í allsherjarnefnd fyrir góð störf og góða samvinnu við vinnslu þessa mikilvæga máls.

[16:18]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Það þarf fáum orðum að fara um mikilvægi þessa máls. Það talar allt fyrir sig sjálft. Um leið og ég fagna því að sjálfsögðu, og tek undir með formanni allsherjarnefndar, að það er ánægjulegt að um þetta hefur haldist góð samstaða þá segi ég bara: Skárra væri það nú. Þjóðin á líklega kröfu á því að við stöndum okkur þó hvað þennan þátt hörmunganna varðar. Að standa sómasamlega að því og saman að reyna að gera allt sem í okkar valdi stendur til að setja rannsókn þessara atburða allra í þann farveg að sómasamlegt sé og því sé sæmilega treyst að ekkert annað standi til en að rannsaka þessa hluti refjalaust ofan í kjölinn og leiða hið sanna í ljós.

Ég vil þakka hv. allsherjarnefnd fyrir hönd okkar aðstandenda málsins — ég mun vera fyrstur hér að minnsta kosti í ræðustól af okkur sem erum flutningsmenn frumvarpsins — fyrir hennar vinnu. Mér sýnist að þar hafi tekist vel til og nefndin eftir atvikum á skömmum tíma unnið mikið starf við að fara rækilega yfir málið og taka athugasemdir til greina sem við það hafa borist. Mikið er horft til þess hvernig þetta mál fari af stað og ábendingar hafa borist utan úr þjóðfélaginu frá aðilum eins og laganefnd lögmannafélagsins og fleirum sem að sjálfsögðu er rétt og skylt að fara vandlega yfir.

Ég vil leggja á það sérstaka áherslu í byrjun að í mínum huga er hér á ferðinni ekki bara rannsóknarnefnd í hefðbundnum og þröngum skilningi þess orðs heldur einnig og

ekki síður sannleiksnefnd eins og fram kemur í 1. mgr. 1. gr., verkefnið er að leita sannleikans. Og þessi nefnd hefur líka það veigamikla hlutverk með höndum að reyna að leiða atburðina þannig í ljós og matreiða starf sitt þannig þegar að niðurstöðum kemur að það verði sá grunnur undir uppgjör þessara mála allra fyrir okkur í siðferðislegum, pólitískum og lagalegum skilningi sem við verðum síðan að byggja á til þess að þjóðin komist í gegnum og frá þessum atburðum eins skaplega og kostur er. Það er þannig með stóra atburði í sögu þjóða að það þarf að vinna úr þeim. Það getur tekið áratugi og jafnvel aldir eins og dæmi úr mannkynssögunni færa okkur heim sanninn um. Það hefur tekist misvel.

Ef refsigleðin ein er þar höfð að leiðarljósi og menn nálgast þetta út frá því sjónarmiði einu að finna einhverja tiltekna sökudólga, jafnvel tákngervinga, og refsa þeim en aðhafast síðan ekkert annað þá reynist það oft skammgóður vermir því að þjóðin gengur áfram með samviskubit og ónotin innan í sér um að hlutirnir hafi ekki verið upplýstir með sómasamlegum hætti og ekki skapast sá grundvöllur fyrirgefningar og sátta sem þarf að vera hluti af sálrænni meðferð þjóðar sem tekst á við erfið tímabil í sögu sinni.

Ég hef stundum í huga mér borið svolítið saman uppgjör styrjaldanna miklu á meginlandi Evrópu annars vegar og uppgjör suður-afrísku þjóðarinnar við kynþáttaaðskilnaðarstefnuna hins vegar, en farnar voru þó nokkuð ólíkar leiðir. Af tvennu hika ég ekki við að stilla mér á bak við þá leið sem Nelson Mandela hafði forustu um, og Tutu biskup og fleiri góðir menn, í tilviki Suður-Afríkumanna.

Það er ákaflega mikilvægt að þetta starf fari tafarlaust af stað og helst þarf þessi nefnd að koma saman og hefja störf strax á næstu dögum eftir að lögin taka gildi. Það er m.a. vegna þess að hún þarf umsvifalaust að gera vart við sig hjá þeim aðilum þar sem lykilgögn í þessum málum er að finna. Það eru skilanefndir gömlu bankanna, það eru aðilar eins og Fjármálaeftirlit og Seðlabanki. Það eru fyrrverandi stjórnendur sem einstaklingar sem hljóta að þurfa að koma fyrir nefndina, forsvarsmenn fyrirtækja sem hér koma við sögu. Það eru að sjálfsögðu einnig ráðherrar og þingmenn og aðrir, bæði núverandi og fyrrverandi, sem að þessum hlutum hafa komið.

Það þarf ekkert þar um að efast því að þeir sem skoða 6. gr. frumvarpsins sjá að hér er óvenjuríkulega um það búið að allir með tölu skuli gefa nefndinni upplýsingar, eru til þess skyldugir, er skylt að verða við kröfum nefndarinnar um að láta í té upplýsingar, gögn o.s.frv. Það snýr að einstaklingum, stofnunum og lögaðilum og 4. og 5. mgr. 6. gr. eru kannski hvað mest afgerandi í þessum efnum og það tel ég afar mikilvægt þannig að hlutir fari ekki að þvælast fyrir mönnum eins og tal um bankaleynd eða annað því um líkt. Þar segir ósköp einfaldlega:

„Skylt er að verða við kröfu rannsóknarnefndar um að veita upplýsingar þó að þær séu háðar þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, sérstökum reglum um utanríkismál, öryggi ríkisins eða fundargerðir ríkisstjórnar og ráðherrafunda og fundargerðir nefnda Alþingis. Sama gildir um upplýsingar sem óheimilt er að lögum að veita fyrir dómi nema með samþykki ráðherra, forstöðumanns eða annars yfirmanns viðkomandi, jafnt hjá hinu opinbera sem einkafyrirtæki."

Ég á erfitt með að sjá að um þetta sé hægt að búa öllu rækilegar. Það var hugsun okkar, aðstandenda frumvarpsins, að þetta skyldi vera svo gjörsamlega tæmandi sem nokkur kostur væri þannig að ekki þyrfti að ræða það mál að nefndin á refjalaust rétt á öllum upplýsingum alls staðar, undir öllum kringumstæðum og mönnum er skylt að veita henni aðgang að þeim. Þetta er ákaflega mikilvægt.

Ég vil nefna nokkrar af þeim breytingartillögum sem allsherjarnefnd leggur til og ég tek fram að ég sé ekki annað en þær séu allar til bóta eins og við var að búast. Ég fagna þar sérstaklega breytingu á skipan rannsóknarnefndarinnar sjálfrar. Upphaflegar hugmyndir voru dálítið í þá átt að fela aðilum utan veggja Alþingis tilnefningarvald sem ég var í sjálfu sér ekki sáttur við. Eftir sat þetta eitt að leita til Hæstaréttar og nú leggur allsherjarnefnd til að því verði breytt og það verði forsætisnefnd sjálf sem velji einn af dómendum Hæstaréttar til að taka sæti í nefndinni og veita henni forustu. Það tel ég vera betri skipan mála.

Ég tel einnig að vikka megi út verksvið þeirrar sérnefndar sem hefur talsverða sérstöðu í frumvarpinu hvað varðar þá starfshópa eða sérnefndir sem koma til með að sinna einstökum verkefnum. Það er sú sem vikið er að í síðustu málsgrein 1. gr. og aftur í næstsíðustu málsgrein 2. gr., þ.e. þriggja manna starfshópur sem á að hafa það sérstaka verkefni að kanna hvort orsaka þessara hluta sé að einhverju leyti að leita í siðferðislegum þáttum í starfsháttum eða aðferðafræði sem hér hafi þróast og orðið með þeim hætti að hlutir fóru á þann veg sem raun ber vitni.

Það er svo með Ísland að við erum frekar ung að árum í hinum harða heimi alþjóðlegrar fjármálastarfsemi. Hér er saga kauphallarviðskipta ákaflega stutt og saga viðskipta af því umfangi og af því tagi sem hér koma aðallega við sögu er stutt. Þess vegna er það sem ýmsir, til að mynda erlendir aðilar sem hafa kynnt sér þessi Íslandsmál, ef svo má að orði komast, hafa staldrað við þann þátt að hér á Íslandi vantaði að verulegu leyti hefðir og „menningu" í viðskiptalegum efnum sem í ýmsum nálægum löndum er áratuga- ef ekki aldagömul.

Stundum er sagt um okkur Íslendinga að við séum áhlaupsmenn miklir og viljum taka flesta hluti með vertíðaraðferðafræðinni. Kannski átti það ekki síst við hér að menn upplifðu sig í þessum efnum eins og þeir væru bara komnir á eina góða vertíð og ætluðu að klára þetta af, sigra heiminn. Og það jafnvel í alþjóðlegri bankastarfsemi sem hafði nú ekki verið talið til sérsviða Íslendinga svona fram undir þetta. Oft var sagt að við Íslendingar værum nokkuð góðir í að veiða og verka fisk og selja hann. Við værum nokkuð slyngir í okkar gamla og góða landbúnaði og svona ýmiss konar matvælaiðnaði. Kunnum dálítið á handverk til ýmissa hluta hér innan lands og höfum smátt og smátt verið að öðlast talsverða þekkingu á sviði jarðfræði, verkfræði og jarðefnafræði og á sviði nýtingar og beislunar fallorku og jarðhita.

En sérfræðiþekking og snilld í alþjóðlegum fjármálaviðskiptum var lengi vel ekki meðal þeirra sérsviða þar sem talið var að Íslendingar mundu hafa heiminum mikið fram að færa. Það breyttist um sinn, um skeið, en er nú orðið aftur eins og það var áður. Ég held að enginn mundi fara út í

heim með þann boðskap að Íslendingar hefðu fram að færa eitthvert bissnessmódel, einhverja aðferðafræði í erlendum fjárfestingum og fjármálastarfsemi sem aðrar þjóðir gætu lært verulega af. Þessu var haldið fram um skeið og jafnvel ekki af neinu sérstöku lítillæti eins og þegar einn útrásarvíkingurinn var að kenna Dönum hvernig gera ætti hlutina og Danir urðu nú dálítið undirleitir þegar gamla hjálendan var farin að færa sig svona upp í bekkinn.

En nú er þetta allt með öðrum brag og þess vegna er það óumflýjanlegt að þessi þáttur málsins verði gildur í rannsókninni. Það verður að rannsaka vel þá „menningu", svo að ég sé nú ekki að sletta erlenda orðinu kúltúr, sem þarna þróaðist, hugmyndaheiminn, aðferðafræðina og verklagið sem enginn vafi er á að er þarna talsverður orsakavaldur. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að þessi ákvæði eru þarna í nefndinni og allsherjarnefnd meira að segja styrkir þennan þátt og breikkar frekar en þrengir gildissvið þessa þáttar starfsins og það tel ég að sé vel.

Um verkefnin að öðru leyti er ekki margt að segja af minni hálfu nema að það er í valdi nefndarinnar og í hennar höndum að rannsaka það sem hún telur sig þurfa að gera til að upplýsa málin í heild sinni. Það er mjög mikilvægt að það liggi alveg fyrir að það er ekki ætlunin af hálfu Alþingis að binda hendur eða afmarka starfssvið rannsóknarnefndarinnar eða starfshópa hennar á nokkurn hátt. Hún á að hafa fullt svigrúm, fullt sjálfstæði til að fara í verkið eins og hún telur sig best geta gert þótt öllum sé að sjálfsögðu ljós sá vandi að afmarka verkefnið í þeim skilningi að það sé viðráðanlegt, það sé leysanlegt, það sé framkvæmanlegt innan einhverra hóflegra settra tímamarka.

Þá kem ég líka að því sem aðeins var tæpt á áðan af formanni allsherjarnefndar, að þetta verður umfangsmikið verk. Já, að sjálfsögðu. Þetta verður kostnaðarsamt verk. Já, að sjálfsögðu. En þar má ekki til spara. Þjóðin verður að fjárfesta í því að rannsaka þessa hluti eins vel og nokkur kostur er og það eru smáaurar mældir í stærðunum þeirra hörmunga sem undir eru ef við setjum það í það samhengi eitt augnablik.

Ég vil síðan leggja sérstaka áherslu á það sem komið er inn á bæði í breytingartillögu allsherjarnefndar, samanber staflið b í 7. tölulið breytingartillöguskjalsins, vegna þess að einhver misskilningur komst einhvers staðar á kreik um það — af því það var ekki sagt berum orðum — að ábyrgð stjórnmálamanna væri ekki undir, þ.e. ábyrgð ráðherra í skilningnum lög um ráðherraábyrgð eða ábyrgð annarra stjórnmálamanna eftir hefðbundnum skilningi.

Að sjálfsögðu var það miðlægt í frumvarpinu í hugum okkar flutningsmanna, samanber orðalag 1. mgr. 1. gr., að það var ekki síst það sem skyldi rannsaka. Þar vísa ég til orðanna að þar skuli hún, þ.e. rannsóknarnefndin, leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna og hverjir beri ábyrgð á henni. Það eru ráðherrar. Það er framkvæmdarvaldið. Um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni og hverjir kunni að bera ábyrgð á því. Nefndin telur rétt að taka það skýrt fram að hins vegar þegar kemur að hvað varðar framhald málsins þá gilda þar auðvitað lögin um ráðherraábyrgð, nokkuð roskin sem þau eru svo ég tali nú ekki um ákvæði um landsdóm sem hafa verið óvirk um áratuga-, mér liggur við að segja um aldaskeið, en þau eru þarna og því að sjálfsögðu eðlilegast að vísa til þeirra.

Í því sambandi skiptir líka máli sú lögskýring sem er að finna í nefndaráliti allsherjarnefndar og ég fagna sérstaklega þar sem talað er um undir millifyrirsögn um ráðherraábyrgð, að komist rannsóknarnefndin að því að ráðherrar hafi gert mistök eða sýnt vanrækslu í starfi samanber 1. mgr. 1. gr. skal hún gera grein fyrir því í skýrslu til Alþingis sem hefur það hlutverk að meta hvort tilefni sé til að ráðherra sæti ábyrgð við það. Þar er átt við í hinum hefðbundna skilningi laganna um ráðherraábyrgð þar sem kemur að hinni pólitísku ábyrgð þeirra á framkvæmd viðkomandi málaflokks og því að hafa eftir atvikum mögulega annaðhvort brotið af sér með beinum hætti eða hitt sem hér mundi væntanlega miklu frekar eiga við, gerst sekir um að vanrækja þær skyldur sem þeir áttu að uppfylla, þ.e. að hafa ekki aðhafst, hafandi mátt vita eða hreinlega vitað betur.

Þetta er mjög mikilvægt að sé algerlega á hreinu svo að ekki komi upp nokkur efi í framhaldinu í samfélaginu, en það er síður en svo ætlunin og var aldrei ætlunin að undanskilja þetta á einn eða neinn hátt nema síður sé, eins og ég hef áður nefnt.

Ég vil aðeins nefna aðra þætti sem snúa að tímabilinu sem undir er. Eins og gefur að lesa í 1. gr. þá er ætlunin að nefndin geti skoðað atburði eftir setningu neyðarlaganna og fylgt þeim eftir inn í samtímann eða nær okkur í honum, eftir því sem hún telur þurfa og það er mjög mikilvægt og á það leggur allsherjarnefnd ríka áherslu en það er líka alveg ljóst að nefndin verður að minnsta kosti í sumum tilvikum að fara nokkuð langt aftur, aftur á u.þ.b. miðjan áratug síðustu aldar eða jafnvel lengur, þ.e. aftur fyrir upphaf þeirra skipulagsbreytinga á fjármálamarkaði sem hér koma mjög við sögu, aftur fyrir hlutafélagavæðingu bæði fjárfestingarlánasjóða og ríkisviðskiptabanka sem seinna runnu saman með ýmsum hætti inn í það fjármálakerfi sem nú hefur hrunið ofan á hausinn á okkur.

Það er alveg ljóst að að þessu leyti þarf tímabilið sem undir er að vera nokkuð vítt. Það þarf bæði að fara nægjanlega langt aftur til þess að fara að rótum þessara mála, þar með hljóta líka vinnubrögðin við einkavæðingu bankanna og aðrir atburðir sem þar gerðust að koma í sviðsljósið á nýjan leik, sem og að fylgja málum lengra eftir en að þeim tímapunkti þegar neyðarlögin voru sett 6. október síðastliðinn.

Að síðustu eru auðvitað fjölmörg mál önnur sem er mikilvægt að farið sé vel yfir og eins og gert er í nefndarálitinu. Tímans vegna get ég ekki farið nákvæmlega yfir þau en ég vil að sjálfsögðu þakka fyrir þá umfjöllun sem þar er að finna um bæði upplýsingaskyldu fyrir nefndina og þagnarskyldu. Sömuleiðis að sjálfsögðu um réttarstöðu einstaklinga og að reynt sé að finna hina réttu línu milli þess að þrengja ekki að nefndinni og ríkum rannsóknarheimildum hennar annars vegar og hins vegar þeirri persónuvernd eða réttarvernd gagnvart einstaklingum og þeim sem við sögu koma sem að sjálfsögðu þarf líka að hafa í heiðri. Ég held síðan að við verðum að treysta því góða fólki sem þarna fær vandasamt hlutverk í hendur til að finna réttu leiðirnar.

Það er mikilvægt í mínum huga að hafa í huga að öll tilvik þar sem upp koma grunsemdir um afbrot eða refsiverða

háttsemi fari sinn farveg yfir til hins sérskipaða saksóknara og ætti þar af leiðandi ekki að þurfa að valda vandkvæðum að draga þá hluti í sundur. Upplýsingarnar og gögnin verða eftir sem áður mikilvægur hluti af þeim undirstöðum sem nefndin byggir niðurstöður sínar á þó að réttarkerfið hafi tekið við þeim þætti málsins sem snýr að fullnustunni á því sviði. Þetta þarf allt að vinnast í góðu samstarfi og að lokum bind ég innilega vonir við það, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) að þetta starf fari hratt og vel af stað og verði farsælt og ljúki með svo myndarlegri og traustri og helst óumdeildri niðurstöðu að það auðveldi þjóðinni síðan að komast í burtu frá þessum ósköpum eftir því sem það verður (Forseti hringir.) yfir höfuð hægt og hverjar sem aðstæður okkar til þess verða svona í efnislegu tilliti síðar.

[16:38]

Ellert B. Schram (Sf):

Virðulegi forseti. Hér er runnin upp að mörgu leyti söguleg stund þegar fylgt er úr hlaði nefndaráliti sem víkur að frumvarpi til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Frumvarpið var lagt fram fyrir nokkrum vikum af hæstv. forseta Alþingi og formönnum stjórnmálaflokkanna sem hér sitja og eiga fulltrúa á Alþingi og hefur nú verið afgreitt af hálfu allsherjarnefndar með fulltingi allra flokka þar sem mælt er með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem nefndin hefur lagt til að gerðar verði.

Sú samstaða sem fram kemur hjá formönnum stjórnmálaflokkanna á Alþingi og nú síðast hjá allsherjarnefnd er að mínu mati afar dýrmæt í ljósi þeirrar ólgu og upplausnar sem nú ríkir í landinu.

Hér hafa menn í raun og veru slíðrað sverðin og tekið höndum saman um meðferð og vinnubrögð og sannleiksleit og þar á ekkert að vera undanskilið. Ég fullyrði að íslensk þjóð þarf á þessari rannsókn að halda og ekki síður þeirri samstöðu sem hefur myndast um það hvernig skuli staðið að henni.

Mikil lifandis skelfingar ósköp þarf þjóðin raunar á því að halda að stjórnmálamenn og alþingismenn átti sig á því yfir höfuð á þessum örlagatímum og komi þeim skilaboðum til skila að Íslendingar standa frammi fyrir mestu erfiðleikum seinni tíma. Á slíkum ögurstundum er auðvitað upp á líf og dauða að slá skjaldborg um tilveru okkar og lífsskilyrði. Alþingi og stjórnvöld, hvort sem þau eru til hægri eða vinstri, hvort sem þau eru við stjórnvölinn eða í stjórnarandstöðu verða að taka höndum saman og leggja ágreining sem ég vil kalla minni háttar ágreining til hliðar og mynda víðtæka samstöðu hinna pólitísku afla til þess að varða veginn fram á við.

Þess vegna er samstaða um afgreiðslu þessa frumvarps sem hér liggur fyrir mikið gleðiefni og vinnubrögðin til eftirbreytni. Það er beinlínis skylda okkar og ábyrgð að standa þannig að málum. Við erum öll stödd í sama litla björgunarbátnum sem núna hoppar og skekst um í hafrótinu.

Virðulegi forseti. Þegar kemur að rannsókn á orsökum og afleiðingum bankakreppunnar þá er auðvitað um risavaxið verkefni að ræða og það verður að fara fram víðtæk rannsókn þar sem engum verður hlíft. Það þarf allt að vera uppi á borðinu og þá er ekki aðeins átt við fjármálamarkaðinn einan og sér og bankana heldur hvers konar viðskiptastarfsemi, siðfræðina, pólitíkina ef því er að skipta, fjölmiðlana, embættisfærslur, ráðherraábyrgð o.s.frv. Á þessu öllu er tekið í frumvarpinu.

Það var tvennt sem tók mestan tíma hv. allsherjarnefndar við yfirferð frumvarpsins. Annars vegar var um að ræða hvernig staðið skyldi að skipan rannsóknarnefndarinnar og svo hins vegar um upplýsingaskyldu eða þagnarskyldu. Að því er varðar skipan rannsóknarnefndarinnar þá bárust okkur í nefndinni ýmsar ábendingar og athugasemdir, bæði munnlegar og skriflegar. Það sem vó þyngst var að margir vildu að háskólasamfélagið kæmi í ríkari mæli að forustu í þessu verkefni. En niðurstaðan var sú að við héldum okkur í meginatriðum við þá tillögu sem formenn stjórnmálaflokkanna og hæstv. forseti Alþingis lagði upp með, þ.e. að formaður rannsóknarnefndarinnar skyldi koma úr Hæstarétti og við gerðum þá einu breytingu að í staðinn fyrir að rétturinn tilnefndi þann mann sjálfur þá mundi Alþingi eða forsætisnefnd Alþingis tilnefna eða leggja til hver mundi taka við þeirri formennsku. Þetta varð niðurstaðan.

Að því er varðar upplýsinga- og þagnarskylduna þá var það mál vandmeðfarið því þarna er annars vegar um þá hugsun að ræða að allt sé uppi á borðinu og öllum sé skylt að veita upplýsingar og svo hins vegar að það má auðvitað ekki ganga á mannréttindi og friðhelgi einkalífsins. Ég held að hv. allsherjarnefnd hafi komist að skynsamlegri málamiðlunarniðurstöðu og að minnsta kosti vonumst við til að það standist bæði mannréttindi og stjórnarskrá annars vegar en komi samt ekki í veg fyrir að nefndin geti aflað þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru við meðferð þessa stóra máls.

Það getur verið að margt sem kveðið er á um í frumvarpinu orki tvímælis, of eða van, en viðleitnin er tvímælalaust sú að Alþingi Íslendinga leggur eindregið til og vill standa að löggjöf þar sem sannleikurinn er leiddur í ljós ef á annað borð er hægt leiða einhvern sannleika í ljós á þessum vettvangi.

Þarna er reynt að gæta sanngirni og meðalhófs í báðar áttir en skýlaus undiralda og krafa um að málið sé rannsakað til hlítar, bæði aftur á bak og áfram í tíma og efnismeðferð.

Frú forseti. Sem fulltrúi Samfylkingarinnar í allsherjarnefnd vil ég lýsa yfir eindregnum stuðningi flokks míns við þetta mál og þakka um leið stjórnarandstöðunni fyrir góða samvinnu í nefndarstarfinu sem hefur verið mikið og ítarlegt og síðast en ekki síst þakka ég formanni nefndarinnar fyrir góða leiðsögn.

[16:46]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Við ræðum hér annað tvíburafrumvarpanna svokölluðu, það fyrra hefur verið afgreitt, en það gekk út á að stofna embætti sérstaks saksóknara sem fer með refsiþátt bankahrunsins. Við göngum nú í 2. umr. frá hinum tvíburanum, þ.e. rannsóknarnefnd um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna og tengdra atburða.

Þetta er nokkuð merkilegt mál og ekki oft sem þingið setur upp rannsóknarnefndir af þessu tagi og reyndar frekar óvenjulegt. Það hefur verið gert nokkrum sinnum áður, síð-

ast var það Breiðavíkurnefndin og nú er það bankahrunsnefndin, þannig að talsverð nýmæli eru að við setjum upp svona nefnd þó að slíkt hafi tíðkast mun oftar í nágrannaríkjum okkar.

Frumvarpið er að mörgu leyti flókið og ýmis álitamál sem komu upp og vinna þurfti málið hratt. Vinnuhraðinn hefur verið gagnrýndur úti í samfélaginu en ég tel að málsmeðferð allsherjarnefndar hafi verið eðlileg, við höfum haldið fjölmarga fundi og fengið gesti og umsagnir þannig að ég tel að málið sé fullburða og hægt að fara í 2. umr. og greiða atkvæði um breytingartillögurnar. Ég tel að nefndin hafi unnið eðlilega og vel hafi verið haldið á málum.

Varðandi einstök atriði vil ég benda á að rannsóknin getur beinst að ýmsum aðilum, aðgerðum ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra, stjórnendum og eigendum fjármálafyrirtækja og stjórnendum stofnana. Ljóst er varðandi ráðherrana — og við tökum sérstaklega á því í kafla um ráðherraábyrgð — að ef rannsóknarnefndin kemst að því að ráðherrar hafi gert mistök eða sýnt af sér vanrækslu í starfi skuli nefndin gera grein fyrir því í skýrslu til Alþingis og síðan hefur Alþingi það hlutverk að meta hvort tilefni sé til að ráðherra sæti ábyrgð. Ef Alþingi vill draga viðkomandi ráðherra til ábyrgðar mundi slíkt mál falla undir lög um ráðherraábyrgð og landsdóm. Skýrt er kveðið á um þetta frá nefndinni en það var ekki jafnskýrt í frumvarpinu og það kom fram fyrst og ég fagna að tekið verði sérstaklega á þætti bæði fyrrverandi og núverandi ráðherra þannig að þeir geti þá komið sínum sjónarmiðum á framfæri við nefndina.

Líka eru nokkur nýmæli að við hlið nefndarinnar starfar annar hópur eða vinnunefnd, sem á að skoða starfshætti og siðferði á fjármálamarkaði. Reyndar víkkuðum við það út í allsherjarnefnd og bættum við „í viðskiptalífi", því okkur fannst fullþröngt að skoða bara fjármálamarkaðinn. Athyglisvert verður fyrir okkur að fylgjast með því hvernig nefndin mun vinna málið, þ.e. vinnuhópurinn sem mun skoða siðferðið. Alltaf er erfitt að skoða siðferði en ég tel að eðlilegt sé að gera það í þessu tilviki því þegar bankahrunið er skoðað í heildina efast maður um að siðferðið hafi verið í lagi. Því verður spennandi að sjá hvað kemur út úr rannsókninni.

Við kveðum skýrt á um að samkvæmt frumvarpinu og breytingartillögunum fer nefndin ekki með rannsókn á refsiverðum brotum þannig að ef rannsóknarnefndin kemst að því í störfum sínum að líkur séu á því að sá er hún yfirheyrir eða tekur til skoðunar hafi framkvæmt eitthvað refsivert þá ber henni að tilkynna ríkissaksóknara það, sem tekur svo ákvörðun um hvort rannsaka beri málið og getur þá komið því til sérstaks saksóknara.

Varðandi gögnin sem munu verða til við vinnu nefndarinnar er ljóst að mjög margir verða yfirheyrðir og til verða hljóðupptökur af þeim yfirheyrslum og nefndin hefur líka heimildir til að afla gagna þannig að talsvert af gögnum mun safnast upp. Við fórum sérstaklega yfir það af því að Persónuvernd gerði athugasemdir við hvað yrði svo um gögnin þegar rannsókn lýkur og málið er búið. Þjóðskjalasafnið mun varðveita gögnin og um aðgang að gögnum um svona viðkvæm málefni er farið eftir ákveðnum lögum, upplýsingalögum, og takmarkanir verða á gögnunum. Ef gögnin eru mjög viðkvæm þarf að meta það og liðið geta 80 ár þar til má skoða þau. Væntanlega verður eitthvað af þessum gögnum — eða ég gef mér það — flokkað sem svo viðkvæm gögn að þetta ákvæði gæti átt við. En vonandi verða flest gögnin þannig að það megi skoða þau strax eða eftir færri ár en þar kveður á um.

Við segjum í niðurlagi nefndarálitsins að mjög mikilvægt sé að fjárskortur standi ekki í vegi fyrir því að rannsóknarnefndin geti sinnt hlutverki sínu og skilað niðurstöðum bæði fljótt og vel. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega taka fram að nýlega hélt Alþingi ráðstefnu um eftirlit með þjóðþingum og þar kom fram hjá þeim sem mjög vel þekkja til þeirra mála, t.d. í Noregi, að miklu máli skipti fyrir svona nefndir að hafa öflugt starfsfólk. Ekki skipti öllu að nefndin sé fjölmenn — hún er bara þriggja manna í þessu tilviki — heldur hvort hún hefði þrjá eða tólf starfsmenn. Nefndin gefur því skýr skilaboð um að þessi nýja rannsóknarnefnd sem á að setja á laggirnar á að geta ráðið sér starfsfólk til að fara hratt í rannsóknina og vinna hana á ítarlegan hátt. Þetta mun því kosta peninga, en þeim verður trúlega mjög vel varið þannig að ég er tilbúin til að skrifa undir að ekki megi hemja nefndina í störfum sínum með því að veita of litlu fé til hennar.

Virðulegur forseti, aðalástæðan fyrir því að ég fer hér í nefndarálitið, þrátt fyrir að hv. þm. Birgir Ármannsson, formaður nefndarinnar, hafi gert mjög vel grein fyrir því, er að ég vil undirstrika að auðvitað er mjög óheppilegt að í hvert skipti sem eitthvað svona kemur upp, sem er sem betur fer sjaldan, séum við að skraddarasauma löggjöf í kringum rannsókn á viðkomandi máli. Í þjóðþingum í grenndinni eru til almenn lagaákvæði, þ.e. ef eitthvað svona kemur upp fer kerfið sjálfkrafa í gang og ákveðin rannsóknarnefnd sem lýtur ákveðnum lögum fer í málið. Í þau fáu skipti sem svona mál koma upp hér, sérsmíðum við lög og rannsóknarnefndir og það er óheppilegt. Ég tel því að hið allra fyrsta þurfi að koma á almennri löggjöf þannig að þegar svona áföll koma upp, hvernig sem þau nú eru til komin, fari rannsókn í gang eftir almennum lögum.

[16:55]

Útbýting:

Þróun álverðs og afkoma Landsvirkjunar, 238. mál, fsp. SJS, þskj. 334.

[16:55]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með þeim þingmönnum sem hafa talað í þessari umræðu um frumvarp til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tengdra atburða. Í upphafi var spurningin hvernig með skyldi fara, hvort skipa skyldi nefnd á grundvelli 39. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. rannsóknarnefnd sem þá yrði skipuð þingmönnum, eða hvort setja ætti sérstök lög um rannsóknarnefnd þá sem hér er fjallað um. Sú varð niðurstaðan og ég styð í sjálfu sér að þannig skuli hafa verið farið að.

Alltaf var spurning um með hvaða hætti og hvernig skyldi staðið að, hverjir skyldu eiga sæti í nefndinni, hvert skyldi vera verksvið hennar. Um það voru ýmis sjónarmið, hvað ætti að tiltaka nákvæmar eða hafa almenn orð um og

leyfa nefndinni þá að meta og hafa meira um það að segja með hvaða hætti staðið væri að málum. Þetta varð niðurstaðan og fullkomin eining var um það í allsherjarnefnd að afgreiða málið með þeim hætti sem hér er lagt fram með þeim breytingartillögum, sem hv. þm. Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar, hefur gert ítarlega og góða grein fyrir. Þá tel ég að tekið sé á þeim málum sem skipta mestu varðandi nefndarálitið sem hér liggur fyrir, sem allir nefndarmenn í allsherjarnefnd skrifa undir og eru aðilar að.

Fyrir liggur, virðulegi forseti, að sakir og ýmsar ávirðingar hafa á undanförnum dögum, frá því að af bankahruninu varð, verið bornar á stofnanir og einstaklinga. Þannig er það iðulega þegar alvarleg mál ber að höndum. Við búum við það réttarkerfi að hver maður skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð og við megum aldrei víkja frá grundvallaratriðum réttarríkisins. Aldrei er mikilvægara en einmitt þegar vonda hluti ber að höndum, eins og þá sem hafa riðið yfir íslenskt þjóðfélag á undanförnum mánuðum, að þess sé gætt að hvika hvergi frá grunnstoðum og -atriðum réttarríkisins.

Við höfum nú sett lög um sérstakan saksóknara til að fjalla um hugsanleg afbrot eða meint afbrot í sambandi við bankahrunið og vonandi tekst vel til með það. Í því var fullkomin samstaða Alþingis um að afgreiða það mál fljótt og vel. Frumvarpið sem hér liggur fyrir er rannsóknarverkefni og eins og ég skil það verður málið kannað á breiðum grundvelli og farið í gegnum hvaða atriði gætu hafa orðið þess valdandi að við erum lent í þeim alvarlegu efnahagshremmingum sem um ræðir. Í því sambandi skiptir máli að menn hrapi ekki að niðurstöðum heldur velti við hverjum steini og komist að niðurstöðu eftir vel ígrundaða skoðun.

Þegar farið er út í sérhæfð mál þar sem þarf víðtæka þekkingu og ákveðnar starfsvenjur hafa mótast skiptir miklu máli að þeir sem hafa með rannsókn sem þessa að gera gæti þess að fá fagaðila, sem þekkja til starfseminnar, til þess að fara vel ofan í öll atriði og sjónarmið sem geta komið upp og skipt máli.

Ég velti fyrir mér hvort rétt leið sé farin með hvernig nefndin skal skipuð. Vikið er að því í nefndaráliti þar sem fjallað er um hvaða sjónarmið komu upp í nefndinni og ég sé ekki ástæðu til að rekja það eða gera frekari grein fyrir öðru en því sem þar kemur fram. Síðan er spurning um hvað og hvernig eigi að fara að varðandi þá nefnd sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir talaði um, nefndina sem á að fara ofan í siðferðileg sjónarmið um aðdraganda og orsök bankahrunsins. Þá velta menn því fyrir sér og spyrja hvaða viðmiðanir við höfum og á hvaða grunni eigi að byggja starf slíkrar nefndar. Við höfum ákveðnar vísireglur hvað þetta varðar sem hafa m.a. komið fram hjá ýmsum nefndum Sameinuðu þjóðanna sem hafa fjallað um t.d. hvaða siðareglur eigi að gilda um þjóðfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Þannig hafa ýmis fyrirtæki sjálf sett sér ákveðnar siðareglur og m.a. tekið fram að þau skuldbindi sig til að fylgja þeim.

Þau fyrirtæki sem hafa sett hvað ákveðnustu siðareglurnar hafa oft lent í áföllum og verið gripin í því að fara að með hætti sem verður að segja að hafi ekki verið af þjóðfélagslegri ábyrgð. Það er í tilvikum sem þessum að ástæða er til að menn staldri við og skoði hvað og hvernig eigi að fara fram, hvernig við stöndum að málum þannig að við getum í framtíðinni forðast að lenda í sams konar málum og við lendum nú í.

Að sjálfsögðu er mjög mikilvægt að vel takist til og unnið verði af krafti. Það verður að gera og ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að töluvert langt aftur þyrfti að fara. Ég vil minna á, af því að menn hafa talað um skil á einkabönkum og ríkisbönkum, eins og þar hafi orðið algjör stigs- og skilsmunur á þegar um einkavæðingu bankanna var að ræða, að þá hygg ég að þar hrapi menn að ályktun sem eigi sér í raun ekki stoð. Ég vil minna á að við höfðum sterka fjárfestingarsjóði atvinnulífsins, Fiskveiðisjóð, Iðnlánasjóð og Iðnrekstrarsjóð sem voru settir saman í svokallaðan Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Miklar væntingar voru gerðar til að bankinn yrði undirstaða og grunnur til að styðja við og stuðla að atvinnuuppbyggingu og nýjungum í atvinnurekstri.

Þessi banki fetaði fljótt inn á nýjar brautir og hóf svipaða fjárfestingarstarfsemi og nú hefur orðið okkur svo dýr. Það var á meðan bankinn var ríkisbanki og áður en hann komst í hendur einkaaðila. Að sjálfsögðu verður líka að skoða með hvaða hætti og hvernig tókst til með einkavæðingu ríkisbankanna á sínum tíma, hvaða sjónarmið réðu þar og hvort þau voru að öllu leyti málefnaleg eða hvort þar var vikið til eðlilegum og réttum reglum í markaðsþjóðfélagi. Þetta skiptir allt máli. Gríðarlega miklu skiptir að skoða með hvaða hætti og hvernig löggjöfin var mótuð af Alþingi og hvernig bæði ríkisstofnanir og einstakir stjórnmálamenn komu að málum og með hvaða hætti þess var gætt að ekki kæmi til þess sem nú hefur orðið.

Eins og ég rakti áðan liggur fyrir að ýmsar ávirðingar eru hafðar uppi í máli manna og einstaklingar iðulega sakaðir um að bera meiri eða minni ábyrgð eða jafnvel sakaðir um það á almannafæri að hafa vikið til réttum reglum og gerst sekir um að fara á svig við lögin. Í sjálfu sér er það ekki óeðlilegt í því þjóðfélagsástandi sem við búum við, en einmitt vegna þess skiptir máli að Alþingi afgreiði hratt tillögur um þá nefnd sem hér er um rætt og hún geti tekið til starfa sem allra fyrst. Þannig að rannsóknarnefndin og sérstakur saksóknari geti byrjað og hafið störf sem allra fyrst og myndarlegum fjárveitingum verði varið til þess að sem fyrst megi koma botn í orsakir þess sem hér um ræðir þannig að saklausir einstaklingar liggi ekki undir grun og ávirðingar séu ekki bornar á þá sem hafa gert sitt besta til að afstýra því að svona færi. Það skiptir miklu máli.

Ég vil þakka samnefndarmönnum mínum í allsherjarnefnd fyrir góð störf varðandi nefndarálitið sem hér liggur fyrir og að full samstaða skyldi nást og sérstaklega þá formanni nefndarinnar, hv. þm. Birgi Ármannssyni. Ég tel að vel hafi tekist til. Þegar samkomulag eins og þetta tekst liggur fyrir að allir láta af ýtrustu kröfum með einum eða öðrum hætti. En þegar samkomulag næst er það ákveðinn árangur sem ég tel að skipti miklu máli og sé mikils virði þannig að mér finnst mjög mikilvægt að Alþingi geti staðið sameinað að því sem hér er um ræðir þannig að megi hefja störf að þessum málum sem allra fyrst.

Ég vil í lokin lýsa því yfir að þingmenn Frjálslynda flokksins lýsa yfir eindregnum stuðningi við tillöguna og þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir.

[17:06]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Hér ræðum við frumvarp sem á sér mikla sérstöðu. Í áliti allsherjarnefndar kemur fram að sérstaða þess sé að það sé lagt fram af forseta Alþingis og formönnum allra flokka og sé afrakstur samkomulags. Sérstaðan er auðvitað allt önnur og meiri, við skulum hafa það í huga. Við erum að takast á við mesta áfall og mestu erfiðleika lýðveldissögunnar. Aðstæður eru afar sérstakar og það skyldu menn hafa í huga, utan þings sem innan, þegar þeir leggja mat sitt á og gagnrýna þetta frumvarp. Hér er undir hrun bankanna og mikið áfall fyrir íslenskt efnahagslíf. Í rannsókninni verður lagður dómur á efnahags- og peningamálastefnu, pólitíska stefnu, markaðshyggju o.s.frv.

Menn skyldu líka hafa í huga að rannsóknarnefndin er ekki dómstóll og ekki verður byggt á þessum niðurstöðum fyrir dómi, hvort sem er í einka- eða sakamálum. Þetta er eftirlitsnefnd Alþingis, rannsóknarnefnd Alþingis sem skipar sér algjöra sérstöðu og er fagnaðarefni.

Niðurstaða nefndarinnar mun byggja á yfirsýn bestu manna og skynsamlegu mati rannsóknarnefndarinnar — þriggja manna rannsóknarnefndar sem leitast er við að sé skipuð færustu mönnum sem við eigum völ á — og ekki síður yfirsýn og skynsamlegu mati þeirra vinnuhópa sem að þessu verki koma og þeirrar nefndar sem ég kalla siðferðisnefnd. Fyrst og fremst lýtur þessi rannsókn að hugsanlegri pólitískri, siðferðislegri og starfslegri ábyrgð. Það er málið.

Að mínu mati hefur verið vandað afar vel til verka við þetta frumvarp og það hefur líka fengið góða og faglega meðferð í allsherjarnefnd þrátt fyrir stuttan málsmeðferðartíma. Ég hygg að það hafi verið hugað að öllum veigamestu atriðum þessa frumvarps og náðst hefur samstaða um mjög gagnlegar breytingar sem hv. formaður allsherjarnefndar, Birgir Ármannsson, hefur gert skýra grein fyrir. Ég vil nota tækifærið og þakka honum og meðnefndarmönnum mínum í allsherjarnefnd fyrir gefandi og gott samstarf.

Ég hefði reyndar viljað sjá fleiri breytingar sem ég tel að yrðu til bóta en langflestar af þeim athugasemdum sem ég hafði fram að færa voru teknar til greina. Einnig hefur verið tekið á þeim ábendingum Lögmannafélagsins sem veigamestar eru þannig að atriðin sem eftir standa gefa alls ekki ástæðu til ágreinings.

Það vekur ánægju mína að skipuð sé sérstök nefnd sem leitar skýringa í starfsháttum og siðferði. Í meðferð allsherjarnefndar hefur ákvæðið tekið breytingum þar sem áður stóð „siðferði á fjármálamarkaði". Orðið „fjármálamarkaði" hefur verið fellt út og starfssvið siðferðisnefndarinnar þar með víkkað út þannig að allt er undir, viðskipti, stjórnmál og annað sem máli kann að skipta við þessa rannsókn.

Allsherjarnefnd hefur líka skoðað vandlega hvort einhver ákvæði frumvarpsins kynnu að stangast á við stjórnarskrána. Það er einróma mat hennar að svo sé ekki enda gengur stjórnarskráin að sjálfsögðu ávallt framar almennum lögum og tryggir, eins og henni er ætlað að gera, réttindi einstaklinga. Mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar eru sett til verndar einstaklingum, ég legg áherslu á að þetta eru einstaklingsréttindi en ekki fyrirtækjaréttindi.

Svo hefur líka verið búið um hnútana með breytingum undir meðferð málsins að þagnarskyldan hefur verið tryggð að því marki sem hún er varin og að því marki að hún þurfi ekki að víkja fyrir veigameiri almannahagsmunum. Meginreglan er sú að bankaleyndin víkur fyrir þeim brýnu hagsmunum sem rannsóknarnefndinni er ætlað að sinna. Hér fer fram allsherjarkerfisskoðun.

Ég vil líka minnast á aðra gagnlega breytingu. Tekið hefur verið út það sem ég nefni skipunarábyrgð Hæstaréttar og þar með er að mínu mati skapaður tryggari og traustari grundvöllur undir starf formanns nefndarinnar. Tímalengdin er látin liggja milli hluta og því hefur verið lýst hér á Alþingi við 1. umr. að nefndin væri ekki háð takmörkunum í tíma. Hún getur þess vegna leitað 15, 16, 17 ár aftur í tímann, telji nefndin ástæðu til þess.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði menningu að umtalsefni í ræðu sinni og ég vil í lokaorðum mínum árétta það, það er menning Alþingis og mikilvægi Alþingis í hinu þrískipta ríkisvaldi. Margir hafa haft það á orði að völd Alþingis og gildi í hinu þrískipta ríkisvaldi hafi dvínað á síðustu árum eða áratugum. Mín skoðun er sú að þetta frumkvæði Alþingis í málinu sé afar mikilvægt og styrki Alþingi verulega, ekki eingöngu út frá þessu máli sem ég er að tala um núna heldur fullyrði ég að reynsla af störfum rannsóknarnefndarinnar muni verða leiðarljós að lagasetningu um eftirlitsnefndir. Slík vinna er í gangi og ég hygg að niðurstaðan og starfshættir og starf nefndarinnar í heild sinni muni veita mjög gagnlega vísbendingu um hvernig lagasetning um eftirlitsnefndir á vegum Alþingis eigi að vera orðuð og sett fram. Það er mín einlæga von, og nokkurn veginn vissa, að með því að setja almenn lög um eftirlitsnefndir verði Alþingi mun betur í stakk búið til að sinna sinni brýnu eftirlitsskyldu sem hefur heldur orðið út undan á síðari árum. Ég hygg að það sé vilji alls Alþingis og ég veit að vilji hv. þm. Sturlu Böðvarssonar stendur til þess sem og stjórnar Alþingis. Það er mjög mikilvægt að Alþingi geti gripið inn í veigamikil mál og sett á stofn eftirlitsnefndir, ekki refsiréttarlegar nefndir eða neitt slíkt og ekki til að setja upp dómstólameðferð heldur til að leita sannleikans í málum sem skipta þjóðina miklu máli. Ef það verður niðurstaða þessa máls og rannsóknarinnar verður mikið gæfuspor stigið á Alþingi í dag.

[17:15]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls mín taka undir þau sjónarmið sem komu fram síðast hjá hv. þm. Atla Gíslasyni, að með þessu er verið að stíga mikilvægt skref til að efla eftirlitshlutverk Alþingis og verið að fara með vissum hætti inn á nýjar brautir og er mikilvægt að það verði gert. Ég fagna því líka hve góð samvinna og samstarf hefur verið milli þeirra flokka á þinginu sem að þessu standa, allra flokka sem eiga fulltrúa á Alþingi.

Það hefur verið afar mikilvægt í störfum allsherjarnefndar að þrátt fyrir áherslumun og í sumum tilvikum mismunandi nálgun og jafnvel skiptar skoðanir innan nefndarinnar hafa allir lagt sitt af mörkum til að ná samstöðu um niðurstöðuna og þess vegna náðum við málinu út úr nefndinni með sameiginlegu nefndaráliti og sameiginlegum breytingartillögum sem allir eru sáttir við. Vissulega var áherslumunur fyrir hendi, eins og kannski hefur birst aðeins

í umræðunni í dag, en samstaðan um meginniðurstöðurnar, um nefndarálitið og sjálfar breytingartillögurnar, var mjög góð.

Ég vildi rétt aðeins árétta og taka undir það sem fram kom hjá mörgum hv. þingmönnum sem hér hafa talað, ekki síst Ellerti B. Schram og Atla Gíslasyni, að við erum auðvitað að bregðast við óvenjulegum tímum og óvenjulegum aðstæðum með aðgerðum sem eru á vissan hátt óvenjulegar. Atburðirnir, fall íslensku bankanna og þær efnahagslegu afleiðingar sem eru komnar fram og eiga eftir að koma fram skapa okkur Íslendingum auðvitað gríðarlega erfiða stöðu að mörgu leyti og þess vegna verðum við að fara í ákveðið ferli, ákveðna vinnu til að bregðast við, bæði til að gera upp fortíðina og eins til að læra af svo við getum gert betur í framtíðinni.

Það er mikilvægt í sambandi við mál af þessu tagi, rannsóknarnefnd, að taka fram að enginn sem að þessu máli hefur komið lætur að sér hvarfla að hér geti eða eigi að vera um einhvern hvítþvott fyrir einhvern einstakling eða stofnanir að ræða. Enginn stefnir að því, þvert á móti eru allir sammála um að staðreyndir mála, sannleikurinn eftir því sem hann verður fundinn komi í ljós, allar upplýsingar sem máli skipta komi í ljós og allar staðreyndir verði settar í samhengi eftir því sem nokkur kostur er. Um leið og þetta á ekki að vera hvítþvottur verðum við að gæta þess líka að ekki sé um einhvers konar galdraofsóknir að ræða. Þetta þarf líka að vera yfirveguð, fagleg og vönduð vinna þar sem byggt er á málefnalegum sjónarmiðum og enginn er dæmdur fyrir fram.

Við erum að leitast við að finna leið til að fást við erfið mál með skipulögðum og vitrænum hætti, koma málum í einhvern farveg, koma uppgjöri sem þarf að eiga sér stað í einhvern farveg og vinna vinnu sem getur síðan nýst okkur til framtíðar til að bæta það sem þarf að bæta í samfélaginu.

Taka þarf á mörgum þáttum eins og hefur komið fram í umræðunni. Það eru þjóðhagslegir þættir, það þarf að horfa til þess hvaða áhrif alþjóðlegt umhverfi hafði, efnahagslegir þættir innlendir, hver voru áhrif fjármálakreppunnar, hverjir voru veikleikar íslenska hagkerfisins. Skoða þarf rekstrarlega þætti sem varða starfsemi fjármálafyrirtækjanna, eignarhald, fjármögnun, skuldastöðu og hvers konar atriði önnur sem geta skipt máli í sambandi við fall bankanna. Það þarf að skoða lagalega þætti, lagaumgjörð fjármálamarkaðarins, lagaumgjörð eftirlitskerfisins o.s.frv. Spyrja þarf spurninga um hvort lagaumhverfið hafi brugðist og hvernig og hvernig þurfi að endurskoða það.

Síðan eru það ekki síst þættir sem snúa að stjórnsýslu og stjórnmálum, þar með talið hvernig eftirlitsstofnanir og stjórnsýslan almennt höguðu störfum sínum varðandi fjármálamarkaðinn. Hvort ákvarðanir eða hugsanleg vanrækslа af hálfu ráðherra, ráðuneyta, eftirlitsstofnana eða annarra undirstofnana ráðuneyta þeirra hafi átt þátt í því að svo fór sem fór og svo má lengi telja. Þarna undir eru spurningar um starfslega ábyrgð, pólitíska ábyrgð og hvers konar ábyrgð eins og fram hefur komið hér í umræðunni.

Við útfærsluna á þessu verkefni hefur margt skipt máli. Í fyrsta lagi það sem margir ræðumenn hafa vikið að hér, að nefndin verður að vera skipuð með trúverðugum hætti og við í allsherjarnefnd erum á því að sú niðurstaða sem liggur fyrir tryggi það. Það er líka mikilvægt atriði sem nefnt hefur verið að fjölbreytt menntun og sérhæfing nýtist við mat á hinum ólíku þáttum í viðfangsefnum nefndarinnar. Við teljum það líka tryggt. Það er líka mikilvægt að tryggja að rannsóknarnefndin hafi möguleika á að afla nauðsynlegra upplýsinga um allt sem máli skiptir, þess vegna eru heimildir hennar mjög rúmar en um leið höfum við haft í huga að gæta verði þess að gætt sé grundvallarsjónarmiða réttarríkisins og mannréttinda. Við teljum það líka gert og gerum raunar, eins og fram hefur komið, ákveðnar breytingartillögur til að undirstrika það enn frekar.

Við teljum því, allsherjarnefndarmenn, að gott frumvarp hafi tekið jákvæðum breytingum í meðförum okkar og teljum að með þessu móti sé þannig gengið frá málum að sú mikilvæga rannsóknarnefnd sem frumvarpið fjallar um geti eftir því sem nokkur möguleiki er unnið starf sitt þannig að það skili þeim árangri sem markmið frumvarpsins gera ráð fyrir.

[17:23]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu þakka formanni allsherjarnefndar og nefndarmönnum öllum í hv. allsherjarnefnd fyrir afskaplega góða og vandaða vinnu við úrvinnslu á því frumvarpi sem hér er til meðferðar.

Það mátti öllum vera ljóst að meðferð þessa máls, undirbúningur allur og úrvinnsla í þinginu, væri mjög vandasamt verkefni. Við erum að fást við mjög óvenjulegar aðstæður í íslensku samfélagi þar sem kallað er á eftirlitshlutverk Alþingis, kallað er á að Alþingi grípi til þeirra úrræða og þeirra ráða sem við höfum í lögum til að rannsaka atburði og framkvæmd mála á sviði bankaviðskipta og fleiri atriða sem aldrei hefur verið fengist við á Íslandi. Þess vegna var mjög mikilvægt þegar samkomulag náðist milli forseta Alþingis og formanna allra stjórnmálaflokkana að flytja það frumvarp sem hér er til meðferðar.

Allsherjarnefnd hefur farið yfir málið og fékk samkvæmt nefndarálitinu á sinn fund fjölmarga sérfræðinga sem gefið hafa umsagnir. Allsherjarnefnd hefur unnið úr þeim athugasemdum og umsögnum með þeim hætti sem birtist í breytingartillögunum. Ég tel sem 1. flutningsmaður þessa frumvarps að vel hafi tekist til. Til þess eru störfin á Alþingi og til þess er vinnan í nefndum að grandskoða alla hluti sem hingað berast í formi frumvarpa og tillagna og ég tel að þær breytingartillögur og það nefndarálit sem hér liggur fyrir sýni svo ekki sé um villst hversu vel er unnið í þinginu. Fyrir það vil ég þakka sem 1. flutningsmaður frumvarpsins og vænti þess að okkur megi auðnast að afgreiða frumvarpið og koma þeirri framkvæmd á sem það gerir ráð fyrir þannig að góð sátt verði um það áfram í þinginu og að því verkefni verði sem fyrst lokið, sem vissulega er mjög vandasamt. Ég vil ekki draga neitt úr því.

Ég vona hins vegar að okkur takist að fá gott fólk til starfa í þeim nefndum sem að þessu máli eiga að koma og að við fáum góða sérfræðinga til starfa fyrir rannsóknarnefndina og með henni þannig að við komumst að hinni sönnu niðurstöðu um fall bankanna og tengda atburði. Ég endurtek þakkir fyrir gott starf af hálfu allsherjarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vextir og verðtrygging, 1. umr.

Stjfrv., 237. mál (lækkun dráttarvaxta). — Þskj. 332.

[17:27]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum, sem er 237. mál þingsins á þskj. 332.

Frumvarpið er liður í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í þágu heimilanna sem kynnt var 14. nóvember sl. af formönnum stjórnarflokkanna í umfangsmiklum aðgerðapakka. Þetta var ein af þeim hugmyndum sem kynntar voru þá og kemur núna inn í þingið svo við getum freistað þess að afgreiða það fyrir jól. Hér er um að ræða eitt af mikilvægu málunum sem léttir byrði margra. Því er ætlað er að koma til móts við fjölskyldur og heimili í landinu í kjölfar fjármálakreppunnar sem ríður nú yfir heiminn, en í áætluninni kemur m.a. fram að áætlað sé að endurskoða lög um dráttarvexti með það að markmiði að þeir vextir lækki.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu varðandi útreikning dráttarvaxta sem miða að því að lækka dráttarvexti. Breytingarnar eru þríþættar.

Í fyrsta lagi er lagt til að dráttarvextir miðist framvegis við 7% álag ofan á algengustu skammtímalán Seðlabankans til lánastofnana, en í gildandi lögum er kveðið á um að dráttarvextir eigi að vera samtala gildandi algengustu vaxta skammtímalána Seðlabanka til lánastofnana auk 11% álags, þ.e. verið er að lækka álagið um 4%, úr 11 í 7.

Í öðru lagi er lagt til að heimild Seðlabanka til að ákveða annað vanefndaálag ofan á viðmiðunarvexti verði felld brott, en samkvæmt gildandi lögum hefur Seðlabanki Íslands heimild til að ákveða annað vanefndaálag en 11%, þ.e. frá 7% og upp í 15%

Loks er lagt til að Seðlabankinn birti ákvörðun um dráttarvexti fjórum sinnum á ári í stað tvisvar sinnum nú. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að heimilt verði að semja um fastan hundraðshluta vanefndaálags ofan á grunn dráttarvaxta og um fastan hundraðshluta dráttarvaxta, nema þegar um neytendalán er að ræða.

Eins og ég nefndi áðan er þetta eitt af mörgum málum sem voru kynnt í viðamiklum pakka sem formenn stjórnarflokkanna kynntu um daginn til að létta undir með heimilum í landinu. Margt er að sjálfsögðu enn í vinnslu og skoðun og útfærslu. Sumu er hægt að breyta með einföldum lagabreytingum eins og þessum er hafa strax áhrif, sérstaklega á þá sem eiga í mestu erfiðleikunum núna út af fasteignakaupum og tekjusamdrætti og erfiðum og dýrari lánum og því er þetta aðgerð sem ætti að skipta talsverðu máli.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að dráttarvextir miði framvegis við 7% álag ofan á algengustu skammtímalán Seðlabanka í stað 11% nú. Auk þess er lagt til að heimild Seðlabankans til að ákveða annað vanefndaálag verði felld brott. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs muni lækka um 674 milljónir á árinu 2009. Hins vegar verður ekki séð að frumvarpið muni hafa í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

Virðulegi forseti. Að lokum legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar að lokinni þessari umræðu.

[17:31]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er hægt að fagna frumvarpinu sem hér liggur fyrir þar sem það miðar að því að lækka dráttarvexti. Við skulum þó gera okkur grein fyrir því að dráttarvextir eru vextir sem leggjast á vegna vanskila og að sjálfsögðu skiptir máli fyrir þá sem vilja komast út úr vanskilum að ekki leggist óhóflegir vextir á þá vanskilaskuld sem um er að ræða. Meginatriði í einu þjóðfélagi er samt sem áður að þjóðfélagsþegnar lendi ekki í vanskilum og komist þannig hjá því að greiða dráttarvexti.

Fyrst verið var að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um vexti og verðtryggingu hefði ég vænst þess og viljað sjá þann skilning hjá ríkisstjórninni á þeim vanda sem við er að etja hjá flestum fjölskyldum í landinu, og sérstaklega yngra fólkinu, sem hefur þurft að taka verðtryggð lán og aðrar skuldbindingar og verður nú jafnvel að horfa fram á að lánin hækki og verði meiri en þau verðmæti sem keypt voru fyrir viðkomandi lán og það er óviðunandi.

Þá er líka um það að ræða að við búum við Evrópumet í stýrivöxtum Seðlabanka og æskilegt hefði verið, og raunverulega forsenda þess að hér geti risið öflugt atvinnulíf í landinu, að þeir stýrivextir lækki mjög hratt sem allra fyrst og í kjölfar fylgi vaxtalækkun til einstaklinga og fyrirtækja. Það eru forsendur þess að um sé að ræða að eitthvert réttlæti verði í þessu þjóðfélagi. Ég bið, virðulegi forseti, eftir slíku frumvarpi og vænti þess að ríkisstjórnin muni leggja það fram áður en þetta þing lýkur störfum fyrir næstkomandi áramót því að það er það sem á þarf að halda.

Hér er um að ræða lítið skref í rétta átt hvað það varðar að koma til móts við þá sem eiga í verulegum fjárhagserfiðleikum, þ.e. þá sem lentir eru í vanskilum, en meira þarf að koma til. Frumatriðið er að hér geti búið bjargálna þjóð og að sem flestir geti verið eignafólk. Til þess að það geti orðið verður að vera eðlilegt vaxtaumhverfi, það verður að vera lánaumhverfi sem er í samræmi við það sem gengur og gerist í okkar heimshluta. Það er gjörsamlega útilokað að við getum haldið uppi lífskjörum, staðið undir eðlilegu þjóðfélagi, ef hér eiga að gilda allt önnur lögmál og sjónarmið hvað varðar vexti — og hafa svo verðtryggingu ofan á — en aðrar þjóðir í okkar heimshluta.

[17:34]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta var góð ræða hjá hv. þm. Jóni Magnússyni eins og svo margar sem hann heldur um mál sem snerta þetta allt og mælir hann þar af góðri þekkingu. Þetta mál er eitt af mörgum málum sem við þurfum að koma fram með á næstu vikum, mánuðum og missirum til að létta þeim róðurinn sem þyngstar byrðar bera.

Eins og þingmaðurinn gat um varðar þetta mál sérstaklega lækkun dráttarvaxta hjá þeim sem eru í vanskilum. Margir munu lenda í vanskilum, tímabundið vonandi, og langstærsta verkefni ríkisstjórnarinnar og fjármálafyrirtækjanna á næstu vikum og mánuðum er að koma í veg fyrir að

fólk og fyrirtæki lendi í vanskilum og alvarlegum erfiðleikum. Það þarf að grípa til greiðsluaðlögunar í samfélaginu með tilliti til efnahagsþrenginganna og efnahagsáfallsins, allt er það rétt.

Þingmaðurinn nefndi sérstaklega að stóra málið væri lækkun vaxtastigsins sjálfs og við vitum öll að það tengist tímabundið hástigavöxtunum, áætlun sem íslensk stjórnvöld og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerðu um að koma málum aftur af stað, koma verði á krónuna og koma gengismálum okkar í gang. Langstærsta og mikilvægasta verkefnið af þeim öllum, og sú aðgerð sem skiptir meira máli en allar hinar samanlagðar, er að koma genginu vel af stað og koma réttu verði á krónuna, koma jafnvægisgengi á.

Við getum síðan velt því fyrir okkur sérstaklega hvert leiðir liggja til framtíðar þegar menn ræða um gjaldmiðilsmálin og vaxtastig almennt. Við getum litið aðeins aftur til síðustu ára og borið saman vexti á Íslandi og í öðrum löndum o.s.frv. Það er stór og mikil og spennandi umræða sem mun víða fara fram á næstu vikum eins og við þekkjum. Í dag á milli kl. 4 og 6, held ég, er vinna sjálfstæðismanna í Evrópumálum kynnt o.s.frv., allt ber það að sama brunni.

Þetta mál er sérstaklega til þess að létta þeim byrðar sem lenda í vanskilum og svo er það annað stórt mál að koma í veg fyrir að vaxandi fjöldi fólks lendi í þeirri stöðu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 114. mál (aukin heimild til flutnings aflamarks milli ára). — Þskj. 123.

[17:37]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Ég vil nota tækifærið til að lýsa yfir andstöðu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs við frumvarpið. Þar er lagt til að heimild til flutnings aflamarks í botnfiski frá einu fiskveiðiári til þess næsta á eftir verði aukin úr 20% í 33%. Við getum ekki fallist á þetta.

Enn fremur er sagt að heimilt verði að veiða 5% umfram aflamark í humri á einu fiskveiðiári sem dregst frá heimildum næsta árs á eftir. Við gerum ekki ágreining um þann lið. Það er hinn fyrri liður sem við gerum alvarlegar athugasemdir við og þær lúta að því að aukinn flutningur aflamarks milli ára er til þess fallinn að draga úr atvinnu í þeirri neyðarstöðu atvinnuleysis og landflótta sem nú ríkir og er alls ekki tímabær lagasetning við þær aðstæður.

Ég leyfi mér, frú forseti, að vísa að öðru leyti til ræðu minnar um frumvarp um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar sem ég flutti fyrr í dag.

[17:38]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Ég get tekið undir sömu atriði og hv. þm. Atli Gíslason minntist á, það er í sjálfu sér gott mál að veiða um 5% fram yfir í rækju og humri inn á næsta ár. En stóra málið í frumvarpinu er að það skuli mega geyma veiðiheimildir á milli ára. Ég hef sagt fyrir mig að nógu slæmt er að það skuli vera 20% en þegar það á að breyta því úr 20% í 33% erum við að tala um, að mínu mati, mjög alvarlega hluti og síldarstofninn er kannski gott dæmi sem við horfum upp á núna. Þar er útgefinn kvóti 170 þús. tonn, 33% geymt af því, það eru á milli 50 og 60 þús. tonn sem má geyma á milli ára. Svo verður kvótinn skorinn niður á næsta ári í 50 þús. tonn og þá má samt veiða yfir 100 þús. tonn. Þetta er lýsing á því sem gæti skeð, alls ekki ólíklegt að þetta gerist á næsta ári. Við horfum því upp á hluti sem eru alls ekki skynsamlegir á einn eða neinn hátt.

Þessu til viðbótar má segja að leiguverð verður hærra allt árið. Síðustu árin hefur það verið þannig að ef tegundir hafa ekki veiðst vel allt kvótaárið hafa þær lækkað í leiguverði síðustu mánuði ársins, eins og æði oft hefur gerst með ufsa og karfa. Reyndar hefur þorskurinn haldið sér tiltölulega hátt alla tíð en ýsa, ufsi og karfi hafa lækkað verulega í verði á síðustu dögum kvótaársins.

Nú mun það breytast til hins verra. Útgerðarmaður hefur þann möguleika að geyma 1/3 á milli ára af útgefnum veiðiheimildum, sem mun þýða að sægreifarnir, þeir sem þetta kerfi er klæðskerasniðið fyrir, þ.e. stórútgerðin, geta með þessu móti haldið uppi óeðlilega háu leiguverði á veiðiheimildum og það mun bitna á sjómönnum sem þurfa að leigja til sín veiðiheimildir. Það mun gera afkomu þeirra verri en afkomu stóru sægreifanna betri. Þetta eru sægreifarnir og leiguliðarnir, þetta eru húsbændur og hjú, fólkið sem er í þeirri stöðu að eiga ekki veiðiheimildir.

[17:41]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Meginvirkni frumvarpsins, þegar það er orðið að lögum, mun verða sú að draga úr atvinnu á landinu vegna þess að það dregur úr þeirri skyldu útgerðarmanna að reyna að veiða heimildir sínar og halda uppi veiðireglunni, sem þýðir einfaldlega að minni afli kemur á land og í núverandi ástandi er ekki á bætandi.

Sérstök ástæða er því til að vera á móti þessu atriði fyrir utan það að 20% reglan hefur jafnan dugað mönnum til þess að umgangast þessar veiðiheimildir eins og þeir hafa kosið. Ég sé engin skynsamleg rök fyrir því að hækka þessa tilfærsluskyldu innan fiskveiðiársins úr 20% upp í 33%. Það mun eingöngu verða til þess á fiskveiðiárinu að draga úr atvinnu og við þurfum ekki á því að halda. Þetta skemmir fyrir þeim sem hafa minni veiðiheimildir og hafa verið að leigja til sín en hafa samt verið að gera út og halda uppi atvinnu allt árið, starfsemi þeirra mun dragast saman. Á það er ekki bætandi, hæstv. forseti, eins og nú árar í þjóðfélaginu.

[17:43]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ég vil árétta að það frumvarp sem hér er verið að afgreiða í 3. umr. heimilar að geyma aflaheimildir á milli ára. Það er einhliða heimild til útgerðarinnar til að geyma aflaheimildir á milli ára, allt að 33% þeirra. Við skulum segja að þetta væri nýtt til fulls á 140 þús. tonna þorskkvóta en þá er það í valdi útgerðarinnar að geyma 1/3 af því til næsta árs. Réttur fiskvinnslufólks, réttur byggðarlaganna, réttur íbúanna á svæðunum, til að fá að halda at-

vinnu sinni og að fiskurinn komi með eðlilegum hætti að landi, er gjörsamlega fyrir borð borinn.

Mér er sagt að um leið og vitnaðist að frumvarpið væri að koma fram hafi kaupverðið á leigukvóta hækkað, því að frumvarpið gaf heimild til þess að þeir sem ekki höfðu nýtt aflaheimildirnar innan ársins gátu frestað því til næsta árs. Þetta sýnir hversu fáránlegt fiskveiðistjórnarkerfið er, þetta kvótakerfi er, að útgerðarmenn geti þannig haft atvinnustigið í byggðarlögunum í hendi sér.

Ég geri mér grein fyrir því að langflestir eru heiðarlegir í þeim efnum og ég er ekki að brigsla þeim um það almennt, en valdið er þar. Ef t.d. allir í einu byggðgarlagi tækju sig saman og geymdu kvótann til næsta árs, hvað þá? Ef kvótinn væri í eigu ríkisins og úthlutað væri með þeim hætti sem þörf er á og eðlilegt er til þess að halda uppi og reka eðlilegar og góðar veiðar og vinnslu þyrfti ekkert að vera að geyma svona á milli ára og vera að hleypa leigukvótaverði upp.

Frú forseti. Ég vildi árétta það að þetta er annað frumvarpið sem flutt er í dag sem fyllir ekki upp í væntingar byggðanna, hitt var um heimildina til þess að flytja út óunninn fisk. Væri nú ekki nær að rétturinn til þess að vinna fiskinn væri bundinn við byggðarlögin á Vestfjörðum, byggðarlögin á Norðurlandi, byggðarlögin á suðvesturhorninu, á suðausturhorninu og allt í kringum landið í staðinn fyrir heimild til þess að flytja óunninn fisk út í gámum. Og nú kemur hér til viðbótar frumvarp sem heimilar að geyma enn stærri hlut af fiskveiðiheimildunum milli ára. Hafrannsóknastofnun hefur varað við því og sagt að það sé í engum takti við skynsamlega nýtingu og umgengni við fiskstofnana, því að það byggist jú á jafnri nýtingu og jöfnum veiðum í takt við það sem stofnarnir eru taldir bera. Er eitthvað betra að fara að veiða með tvöföldu álagi á næsta ári? Nei.

Þeir vara við þessu, frú forseti, þetta gengur þvert gegn hagsmunum og sjálfsákvörðunarrétti byggðanna í að nýta og fara með auðlindir sínar. Ég árétta það sjónarmið sem fram kom hjá hv. þingmönnum Atla Gíslasyni, Grétari Mar Jónssyni og Guðjóni Arnari Kristjánssyni að frumvarpið gengur gegn hagsmunum byggðanna, gengur gegn hagsmunum atvinnulífsins í landinu og brýtur í bága við eðlilega umgengni um auðlindina.

[17:47]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað, hv. þingmönnum. Jóni Bjarnasyni, Atla Gíslasyni, Grétari Mar Jónssyni og Guðjóni Arnari Kristjánssyni.

Það sem mér finnst nauðsynlegt að undirstrika varðandi þetta mál er að það að mega flytja allt að 33% veiðiheimilda á milli ára undirstrikar það að engin sérstök vísindi eru á bak við það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við. Það er í raun verið að taka og setja inn þannig að það megi vera geðþóttaákvörðun að veiða svona mikið eða svona lítið innan viðkomandi fiskveiðiárs. Það finnst mér skipta hvað mestu máli varðandi afgreiðslu þessa frumvarps.

Þeir sem samþykkja þetta frumvarp eru í raun að segja að vísindaleg vernd fiskimiðanna, sem jú lögin um stjórn fiskveiða byggja á, að sé í raun nokkuð sem skiptir engu máli vegna þess að þó að Hafrannsóknastofnun ákveði ákveðið hámark sem má veiða innan ákveðins árs þá megi bara hafa það eftir hentugleikum eftir því hvort viðkomandi útgerðaraðili telur rétt að fresta að veiða og gera það á næsta ári og veiða þá enn þá meira næst. Eins og hv. þm. Jón Bjarnason benti á áðan þá er þarna um að ræða allt að 33% af veiðiheimildum og það eru engin vísindi. Það er ekkert annað en glórulaust hvernig að þessu er staðið og eingöngu er verið að ákvarða eftir hentugleikum hverju sinni.

Þegar við í Frjálslynda flokknum höfum haldið því fram að auka mætti fiskveiðikvótann til dæmis á þessu ári þá hafa ýmsir sagt að þar væri verið að fara út yfir eðlileg mörk. Þá spyr ég: Hvað er þá verið að gera með samþykkt þessa frumvarps? Það hefur verið talað um að hér værum við með yfirboð, sem er rangt. Við vorum eingöngu að tala um þá eðlilegu hluti sem um er að ræða miðað við ástandið og lífríki hafsins. En hér er verið að fara út yfir öll mörk og allt sem skiptir máli hvernig eigi að vernda miðað við þann grundvöll sem lagður er upp. Þess vegna finnst mér ábyrgðarhluti ef það á að afgreiða þetta frumvarp héðan frá hv. Alþingi, en það að gera það sýnir í raun að það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við er handónýtt og styðst ekki við neinn vitrænan grundvöll.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðargjald, 3. umr.

Stjfrv., 206. mál (nýr staðall um atvinnugreinaflokkun). — Þskj. 279.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:52]

Útbýting:

Rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, 180. mál, brtt. BÁ, þskj. 344.

Rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, frh. 2. umr.

Frv. StB o.fl., 180. mál (rannsóknarnefnd á vegum Alþingis). — Þskj. 223, nál. 335, brtt. 336.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:54]

Brtt. 336,1 samþ. með 49 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 336,2–8 samþ. með 49 shlj. atkv.

2.–19. gr., svo breyttar, samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 336,9 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 114. mál (aukin heimild til flutnings aflamarks milli ára). — Þskj. 123.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:57]

Frv. samþ. með 37:12 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, StB, VS.

nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, GMJ, GAK, JBjarn, JM, KJak, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, ÁMM, BJJ, EyH, GHH, GÞÞ, JónG, KolH, MS, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 346).

Búnaðargjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 206. mál (nýr staðall um atvinnugreinaflokkun). — Þskj. 279.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:57]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, ÁMM, BJJ, EyH, GHH, GÞÞ, JónG, KolH, MS, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 347).

Fundi slitið kl. 17:57.

---

57. FUNDUR

föstudaginn 12. desember,
að loknum 56. fundi.

Dagskrá:

Rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, frv., 180. mál, þskj. 345, brtt. 344. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:59]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, 3. umr.

Frv. StB o.fl., 180. mál (rannsóknarnefnd á vegum Alþingis). — Þskj. 345, brtt. 344.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:01]

Brtt. 344 samþ. með 49 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, ÁMM, BJJ, EMS, EyH, GHH, GÞÞ, KolH, MS, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 348).

[18:01]

Útbýting:

Fjárlög 2009, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 337; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 338; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 339; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 340; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 341.

Fundi slitið kl. 18:02.

---

58. FUNDUR

mánudaginn 15. desember,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Fjárlög 2009, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 337 og 349, brtt. 338, 339, 340 og 341. — 2. umr.

Lengd þingfundar.

[10:34]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Þar sem búast má við að þingfundur standi yfir fram á kvöld á þessum degi leggur forseti til að vikið sé frá 10. gr. þingskapa um lengd þingfundar.

[10:34]

Útbýting:

Fjárlög 2009, 1. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 349.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Sjúkratryggingastofnun.

[10:35]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Í morgun var efnt til sameiginlegs fundar félagsmálanefndar Alþingis og heilbrigðis- og trygginganefndar þingsins. Umfjöllunarefnið var ágreiningur innan Stjórnarráðsins og óvissa um nýja stofnun sem ákveðið hefur verið að setja á laggirnar, Sjúkratryggingastofnun. Tilurð hennar hefur það í för með sér að starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins verður klofin í herðar niður. Þessi aðgreining innan stjórnsýslunnar kemur til með að kosta skattborgara 250 millj. kr. á ári, fjórðung úr milljarði. En ekki er nóg með að verið sé að skrifa reikninga á skattborgara. Um þessa aðgreiningu og um framtíð þessara stofnana er mikil óvissa og miklar deilur innan Stjórnarráðsins.

Hæstv. forsætisráðherra var spurður í síðustu viku hvað hann hygðist gera í þessu máli til að setja niður deilurnar og draga úr óvissunni sem starfsmenn þessara stofnana búa við. Nú beini ég þeirri spurningu til hæstv. forsætisráðherra hvernig hann líti á þessi mál og þann alvarlega ágreining sem uppi er og var öllum ljós sem sátu sameiginlegan fund félagsmálanefndar og heilbrigðis- og trygginganefndar í morgun.

[10:36]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég sat auðvitað ekki þann fund sem hv. þingmaður vitnar til en ég hygg að hann geri fullmikið úr ágreiningi milli stofnana og aðila innan Stjórnarráðsins um þetta mál. Alþingi samþykkti lög um að stofna sérstaka sjúkratryggingastofnun. Í því felst að ákveðin verkefni á vegum Tryggingastofnunar ríkisins færðust þar á milli. Unnið hefur verið að því á undanförnum vikum og mánuðum en ljóst er að þegar um er að ræða gamalgróna stofnun með fjölda manns í vinnu, eins og Tryggingastofnun ríkisins, þá er það ekki endilega einfalt verk. Ég veit ekki betur en þeir sem þarna koma að máli beggja vegna frá, úr báðum ráðuneytunum, frá Tryggingastofnun ríkisins og frá Sjúkratryggingastofnun, séu að reyna að leysa þetta mál með sem farsælustum hætti og í bróðerni og sátt. Það hefur tekið tíma en það er auðvitað það sem þarf að gera. Þannig þarf að leysa málið. Þær kostnaðartölur sem hv. þingmaður nefndi eru út úr öllu korti og ég hef ekki trú á því að þær geti staðist.

[10:38]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Þeir sem sátu umræddan fund urðu lítið varir við bróðerni og sátt. Við urðum hins vegar vitni að glundroða, að ósætti og stjórnleysi innan Stjórnarráðsins. Hæstv. forsætisráðherra finnst of mikið gert úr þessu máli. Það þykir starfsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins ekki og ég get lofað hæstv. forsætisráðherra því líka að skattborgaranum finnst ekki of mikið gert úr því þegar að ósekju eru settar á hans herðar 250 millj. kr. árlega, fjórðungur úr milljarði. Eða er kannski of mikið gert úr því líka á forsíðu *Morgunblaðsins* þegar boðuð eru aukin kostnaðargjöld og að sjúklingarnir verði rukkaðir þegar þeir ganga inn á Landspítala Íslands? Finnst hæstv. forsætisráðherra of mikið gert úr því í *Morgunblaðinu?* Ég lofa honum því að við fjárlagaumræðuna í dag og á næstu dögum verður ríkisstjórnin mér liggur við að segja látin svara til saka um þau áform sem uppi eru í heilbrigðiskerfi Íslendinga.

Niðurfelling skulda sjávarútvegsfyrirtækja.

[10:39]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Það komu fréttir um það að skilanefnd Landsbankans, Nýi Landsbankinn og 33 fyrirtæki í sjávarútvegi eigi í samningaviðræðum um uppgjör skulda sjávarútvegsfyrirtækjanna vegna framvirkra gjaldmiðilssamninga. Í sjónvarpsfréttum Ríkisútvarpsins 11. desember ræddi Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útgerðarmanna, um samningaumleitanir 33 sjávarútvegsfyrirtækja við Landsbanka Íslands og skilanefnd um niðurfellingu hluta skulda umræddra fyrirtækja. Það mátti heyra að samningar væru að takast og eitt fyrirtækjanna fengi meira að segja stærstan hluta skuldanna felldan niður.

Nú háttar svo til að Nýi Landsbankinn er í ríkiseigu þannig að um aðkomu ríkisvaldsins er að ræða að hugsanlegri niðurfellingu skulda þó nokkurra, jafnvel fjölmargra, fyrirtækja í sjávarútvegi og hugsanlegum framvirkum samningum þar sem svo virðist vera sem veðsetja eigi óveiddan afla. Hvað sem því líður er eðlilegt að spurt sé: Með hvaða hætti kemur ríkisstjórn Íslands, sjávarútvegsráðuneytið, að þessum samningum? Er verið að fella niður að hluta eða að verulegu leyti skuldir einstakra fyrirtækja í sjávarútvegi? Er verið að veðsetja aflaheimildir til framtíð-

ar? Með hvaða hætti er um þessar uppgjörsskuldir sjávarútvegsfyrirtækja að ræða? Þetta er einkar mikilvægt fyrir Alþingi Íslendinga að vita, ekki síst vegna þess að við frjálslyndir höfum lagt til ákveðna hugmynd um að veiðiheimildir verði innkallaðar þannig að allar veiðiheimildir séu í raun í eigu hins opinbera.

[10:42]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Sjávarútvegsfyrirtæki gerðu, eins og mjög mörg önnur fyrirtæki, framvirka gjaldeyrissamninga á sínum tíma og þegar fall bankanna átti sér stað, í upphafi októbermánaðar, voru þeir samningar í uppnámi. Þessir samningar eru í eigu gömlu bankanna og nú hafa staðið yfir viðræður milli gömlu bankanna og þeirra nýju um verðmæti þessara krafna. Eins og ég hef skilið málið þá hafa bankarnir verið að búa sig undir að gera tilboð í þessar kröfur með það fyrir augum að kaupa þær úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju. Þetta verður að sjálfsögðu gert á hreinum viðskiptalegum forsendum og til grundvallar verður einfaldlega lagt mat á verðmæti þessara krafna. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, sem er fagráðuneyti á sínu sviði, kemur að sjálfsögðu ekki að því að gera þá samninga sem kunna að verða gerðir á milli gömlu og nýju bankanna með aðkomu útgerðarfyrirtækjanna. Þetta verða einfaldlega samningar sem munu eiga sér stað þar sem lagt verður viðskiptalegt mat á verðmæti þessara krafna.

Ekki er í sjálfu sér verið að auka veðsetningu sjávarútvegsfyrirtækjanna með þessum samningum á milli nýju og gömlu bankanna þannig að spurning hv. þingmanns á sér enga stoð í neinum forsendum. Ráðuneytið kemur heldur ekkert að því að ljúka þeim samningum sem kunna að eiga sér stað á milli þessara tveggja bankafyrirtækja og síðan útvegsins. Hér er einfaldlega um að ræða viðskiptalegan gjörning sem ég veit ekki til að hafi farið fram en auðvitað er mér kunnugt um að þessar viðræður hafa staðið yfir.

[10:44]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir svörin þó að þau hafi verið heldur rýr í roðinu. Mér finnst satt að segja með ólíkindum að sjávarútvegsráðuneytið hafi komið með jafnlitlum eða rýrum hætti að þessu máli og raun ber vitni eða eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra vildi láta í veðri vaka. Það er ekki í samræmi við það sem skilja mátti af því sem framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, Friðrik Arngrímsson, hafði um þessi mál að segja. Þar var verið að tala um samninga 33 sjávarútvegsfyrirtækja við Nýja Landsbankann, þar var verið að tala um hugsanlega niðurfellingu þannig að þar er um verulegar breytingar að ræða. Eftir því sem ég best get skilið er um að ræða af hálfu stjórnvalda að festa enn betur í sessi gjafakvótakerfið þannig að upp á nýtt á að gefa vitlaust með nýju kerfi þar sem skuldirnar eru strikaðar út að stórum hluta og kvótinn gefinn aftur.

[10:45]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Mér finnst hv. þingmaður svolítið snúa þessum hlutum á hvolf. Ef sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið væri beinn aðili að þessum samningum hefði ég sett mikið spurningarmerki við það. (**GAK:** Fólkið í landinu.) Hér er um að ræða viðskiptalegan gjörning á milli tveggja aðila, þ.e. þessara nýju og gömlu banka, (Gripið fram í.) og auðvitað með aðkomu þeirra fyrirtækja sem um er að ræða. Að mínu mati væri óeðlilegt ef sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið blandaði sér með beinum hætti inn í þessa samninga.

Auðvitað er mér kunnugt um það að samningaviðræður hafa staðið yfir. Það væru skárri ósköpin ef ég reyndi ekki að fylgjast með þessu en það er ekki þannig að ríkisvaldið eða einstök fagráðuneyti hafi beina aðkomu að svona samningagerðum. Það hefur líka komið fram að ef samkomulag næst um það er ætlunin að það verði gert á viðskiptalegum forsendum. Það eru ekki bara sjávarútvegsfyrirtæki sem eiga í svona samskiptum, það eru líka lífeyrissjóðir og ýmsir aðrir sem hafa gríðarlega mikla hagsmuni af því (Forseti hringir.) að hægt sé að ljúka einhverri samningagerð um þessa framvirku gjaldeyrissamninga.

Undirbúningur álversframkvæmda.

[10:46]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Þeir hljóta að gleðjast mikið í dag sem kenna sig við umhverfisvernd á þingi og utan þess. Í okkar huga sem viljum byggja hér upp öflugt atvinnulíf er þetta svartur dagur vegna þeirra frétta sem við fengum í morgun um að slegið hafi verið á frest þeim framkvæmdum sem voru í pípunum við uppbyggingu stóriðju. Þeir gleðjast aftur á móti sem stóðu fyrir því að stækkunin fór ekki í gegn í Straumsvík á sínum tíma og væri farin að skila þjóðarbúinu miklum tekjum og atvinnutækifærum í dag, þeir gleðjast sem stigu stríðsdans þegar Bitra var slegin af, m.a. með þeim afleiðingum að norskt fyrirtæki hætti við að koma til Íslands með starfsemi sína. Þeir gleðjast eflaust yfir því að það gengur illa að fjármagna framkvæmdir í Helguvík og nú yfir þessu sem við heyrum um stækkun skauta í Straumsvík og Alcoa.

Það er mjög mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að greiða götu þeirra fyrirtækja sem vilja standa hér að uppbyggingu atvinnulífs í framtíðinni og þeim auðveldað að koma hingað og hefja starfsemi á landinu. Þróun nokkurra undanfarinna ára hefur verið sú að auka mjög umsvif úttekta og mats umhverfisáhrifa þannig að þetta er orðinn verulega íþyngjandi þáttur í atvinnuuppbyggingu í landinu. Við höfum séð það gerast á Bakka á Húsavík og á fleiri stöðum. Ég held að hér sé mjög nauðsynlegt að spýta í.

Ég vil spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort hann taki ekki undir með mér sem tek undir með ályktun af ASÍ-þingi núna síðast um að fara þurfi að einfalda ferla og stytta verkferla í umhverfismati án þess að það sé þó gert með því að kasta einhverri rýrð á náttúruvernd eða mikilvægi þess en markmiðið sé klárlega að greiða frekar leið þeirra fyrir-

tækja sem vilja hefja starfsemi á Íslandi þannig að við megum byggja hér upp öflugt atvinnulíf byggt á nýtingu náttúruauðlinda landsins.

[10:48]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Kröfur hafa komið úr röðum þeirra sem einkum hafa sinnt stórum framkvæmdum um að umhverfismatið verði einfaldlega slegið af. Við heyrðum slíkar fullyrðingar í upphafi bankakrísunnar. Ég hef hins vegar tekið undir með þeim sem eru ábyrgir á sviði framkvæmda stóriðju og virkjunar þegar þeir hafa afdráttarlaust sagt að þeir hafi engar óskir um það að menn mundu breyta lögum til að taka umhverfismatið frá.

Ég held að það kerfi sem við höfum búið við undanfarin ár og höfum smám saman verið að bæta sé að mörgu leyti mjög gott. Það er ekki hægt að kenna því um, eins og einstakir þingmenn hafa gert, að við höfum glatað tækifærum. Ég held miklu frekar, og sel mig undir þá sök eins og aðra handhafa framkvæmdarvaldsins, að það skipti máli að ýmiss konar frestir sem veittir eru lögum samkvæmt séu haldnir. Það hefur borið við á undanförnum missirum og árum að þeir frestir hafa tafist langt umfram það sem heimilt er samkvæmt lögunum. Þar hefur mitt ráðuneyti verið selt undir þá sök eins og önnur ráðuneyti. Ég hef gert reka að því að það endurtaki sig ekki í framtíðinni. Við höfum sett upp verkferla hjá okkur sem eiga að tryggja að svo verði ekki.

Varðandi það sem hv. þingmaður sagði og vísaði til fregna í dag eru þær ekki alls kostar réttar. Til dæmis er þar vísað í samtal sem ég átti við forustukonu Alcans í Kanada, Jacynthe Côté, og úr því samtali er haft að hún hafi tilkynnt mér að fyrirtækið hafi hætt við tiltekin áform. Það er hugsanlegt að enskukunnátta mín sé svona slök en ég skildi ekki samtalið á þann veg og þessar upplýsingar voru ekki bornar undir mig til staðfestingar þannig að þær hafa með einhverjum öðrum hætti komist á flot.

[10:50]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég treysti enskukunnáttu hæstv. iðnaðarráðherra mjög vel. Ég vona að hann tali hér rétt og þetta sé kannski ekki eins alvarlegt og það lítur út fyrir að vera. En það er þannig að náttúruvernd á Íslandi mun alltaf þurfa að bera keim af því að vera samspil milli verndar og nýtingar. Þessi þjóð hefur ekki efni á öðru en að nýta auðlindir sínar og það sem skiptir okkur öllu máli er hvernig við ætlum að standa að þeirri nýtingu í framtíðinni til að byggja upp mannvænlegt samfélag áfram.

Það regluverk sem við höfum byggt upp í kringum umhverfismat þykir orðið mjög þungt, og aðilum sem koma að þessum málum á vinnumarkaðnum þykir það orðið þungt. Samtök iðnaðarins hafa haft orð á þessu í gegnum tíðina og nú síðast var þetta ályktun á ASÍ-þingi um að það þyrfti að fara í þessa vinnu, einfalda þetta regluverk, þó án þess að skerða markmið þess en einfalda það með þeim hætti að atvinnuuppbygging og nýting náttúruauðlinda (Forseti hringir.) ætti greiðari leið inn í íslenskt samfélag.

[10:52]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég kannast ekki við dæmi sem eru þannig að það sé hægt beinlínis að segja að einhverjar tilteknar framkvæmdir hafi skerst eða menn fallið frá þeim eða hætt við að fjárfesta á Íslandi vegna þessa regluverks sem hv. þingmaður nefnir. Það sem menn hafa fett fingur út í er sú staðreynd að andmælendur framkvæmda hafa lögboðinn rétt til að koma andmælum sínum á framfæri. Þannig er lýðræðið. Þannig á lýðræðið að byggjast upp. Það á að byggjast upp á skoðanaskiptum og ef því er að skipta hugmyndalegum átökum á milli þeirra sem vilja ráðast í tilteknar framkvæmdir og svo hinna sem hafa ýmis rök gegn því. Ég tel að þau andmæli sem ýmsir þeir sem hv. þingmaður kallar náttúruverndarsinna hafa komið á framfæri hafi stundum orðið til þess að bæta framkvæmdina þegar upp er staðið. Ég er almennt þeirrar skoðunar að við eigum að nýta orkulindirnar með hóflegum hætti til að byggja upp iðnað, stóriðnað ef því er að skipta. Ég held að við eigum gæta þess hins vegar (Forseti hringir.) að setja ekki öll okkar egg í sömu körfu. Ég hef t.d. verið talsmaður þess að við reyndum að fá annars konar iðnað en bara áliðnað til Íslands. Ég tel að það sé mjög mikilvægt til að dreifa áhættu íslensks efnahagslífs.

Neyðarráð embættismanna og sameining Seðlabanka og Fjármálaeftirlits.

[10:53]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur legið undir miklu ámæli fyrir það að hafa að mörgu leyti brugðist rangt við aðsteðjandi efnahagshruni og er það svo sannarlega ekki að ósekju. Nú kom hæstv. iðnaðarráðherra fram á völlinn á dögunum í þætti á Stöð 2 sem heitir Mannamál og lýsti því yfir að Samfylkingin hefði lagst gegn því sérstaklega að Davíð Oddsson, formaður stjórnar Seðlabankans, yrði yfir svokölluðu neyðarráði embættismanna sem ætti að takast á við aðsteðjandi vandamál. Það er trúlega tillaga sem hæstv. forsætisráðherra lagði sjálfur fram á ríkisstjórnarfundi en Samfylkingin lagðist gegn.

Nú spyr ég hæstv. forsætisráðherra hvort það geti virkilega verið þannig á þessum síðustu og verstu tímum að ekkert neyðarráð embættismanna sé starfandi. Við hljótum að gefa okkur að það sé starfandi, en hver er þá yfir því neyðarráði? Þetta vekur miklar grunsemdir. Reyndar kom fram hjá Samfylkingunni á dögunum, lak út af ríkisstjórnarfundi, að formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands væri ekki á ábyrgð þess ágæta flokks, en við hljótum að spyrja okkur hvort þeim ágæta manni sé virkilega sætt í embætti ef ríkisstjórnin treystir honum ekki til þeirra verka og hann nýtur ekki trausts til þess að vera yfir slíku neyðarráði.

Ég spyr líka hæstv. ráðherra hvað líði fyrirhuguðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar um sameiningu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Eins og greina má af ummælum ýmissa ráðherra Samfylkingarinnar og forsvarsmanna Samfylkingarinnar er það gert til þess m.a. að breyta um yfirstjórn þessara stofnana og ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvort vænta megi slíkra breytinga fyrir áramót.

[10:55]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Það er ekki til neitt í okkar kerfi sem heitir neyðarráð en að sjálfsögðu er starfandi samráðshópur embættismanna úr helstu stofnunum og ráðuneytum sem kemur að þessum vanda sem hefur verið að fást við. Auðvitað segir það sig sjálft. Hópur ráðherra hefur síðan borið meginþungann og ábyrgðina á þeirri vinnu.

Hvað varðar sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins eða þá hugmynd að færa bankaeftirlitið aftur inn í Seðlabankann sem það mál snýst raunverulega um er því til að svara að sú hugmynd er enn til athugunar. Hún er allra góðra gjalda verð, eins og áður hefur komið fram af minni hálfu, en þetta er eilítið flóknara mál en menn kannski héldu og kallar á lagabreytingar sem verður ekki komið við fyrir áramót svo ég svari spurningu hv. þingmanns hvað það varðar.

[10:56]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Þessi liður, fyrirspurnir þingmanna til ráðherra, hélt ég að væri til þess gerður að fá svör. Ég spurði hver væri formaður þessa neyðarráðs. Ef ríkisstjórnin og Samfylkingin treysta ekki formanni Seðlabanka Íslands, hver er þá formaður í þessu neyðarráði, hæstv. forseti?

Ég spyr líka hæstv. forsætisráðherra í ljósi þess ágæta fundar sem við fulltrúar í viðskiptanefnd áttum með formanni bankaráðs Seðlabankans þar sem hann lýsti því yfir að það væri ekki hann sem tæki ákvörðun um það hvaða ráðherrar mættu á fund fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með bankastjórn Seðlabanka Íslands: Hvers vegna boðaði hæstv. forsætisráðherra ekki ráðherra bankamála á fjöldamarga samráðsfundi sem hann átti með yfirstjórn Seðlabanka Íslands? Við hljótum að spyrja að þessu vegna þess að umræddur ráðherra hafur sagt að hann hafi ekki setið fjöldamarga fundi og ekki haft hugmynd um (Forseti hringir.) hvað væri að gerast á þessum fundum. Við hljótum því að spyrja höfuð ríkisstjórnar Íslands hvers vegna hann (Forseti hringir.) taki ekki slíka meðreiðarsveina með á þá fundi.

[10:58]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Sundurlausar spurningar af þessu tagi þjóna ekki miklum tilgangi, sýnist mér. En svo ég svari fyrri spurningunni sem fram kom hjá hv. þingmanni talar hann enn um neyðarráð, ég er nýbúinn að segja að það er ekkert til í okkar kerfi sem heitir neyðarráð. Það er hér samráðshópur undir stjórn ráðuneytisstjórans í forsætisráðuneytinu. Hann heitir Bolli Þór Bollason, ef hv. þingmanni finnst það skipta máli.

Varðandi það hverjir mæta á einstaka fundi ráðherra með bankastjórn Seðlabankans eða öðrum aðilum eru það auðvitað yfirleitt formenn stjórnarflokkanna sem koma sér saman um hverjir mæta þar og hverjir mæta ekki. Þannig er það. Það er ekki endilega alltaf sama fólkið eða sömu ráðherrarnir sem mæta til slíkra funda. Það fer eftir efni máls, aðstæðum og umræðuefni.

Uppbygging orkufrekra fyrirtækja.

[10:59]

Eygló Harðardóttir (F):

Hæstv. forseti. Í fréttum í morgun bárust þau válegu tíðindi að Rio Tinto Alcan væri hætt við að stækka álverið í Straumsvík og Alcan hefði slegið á frest álveri á Bakka við Húsavík. Í svari við fyrirspurn minni til hæstv. iðnaðarráðherra Össurar Skarphéðinssonar þann 25. nóvember sl. útlistaði ráðherra aðgerðaáætlun iðnaðarráðuneytisins gegn atvinnuleysi. Þar var gert ráð fyrir hundruðum starfa við endurnýjun og stækkun álversins í Straumsvík, uppbyggingu álvers í Helguvík og uppbyggingu stóriðju á Norðurlandi. Öll þessi verkefni eru nú í uppnámi. Því er ljóst að áætlun iðnaðarráðuneytisins um aðgerðir gegn atvinnuleysi er í molum.

Vissulega á ástandið á fjármálamörkuðum og tímabundin lækkun álverðs þátt í þessum ákvörðunum en hörð afstaða hæstv. umhverfisráðherra gegn uppbyggingu í iðnaði, þá sérstaklega í stóriðju, hefur einnig haft mikil áhrif, þ.e. þegar hún var ekki önnum kafin við að eltast við ísbirni. Afstaða umhverfisráðherra kemur einnig niður á öðrum iðnaði. Þannig hætti norska fyrirtækið REC í sumar við áform sín um að reisa sólarkísilverksmiðju í Þorlákshöfn og þar er um að ræða umhverfisvænan orkufrekan iðnað sem hefði orðið mikil lyftistöng fyrir Sveitarfélagið Ölfus.

Þá er ljóst að áætlanir um gagnaver eru í uppnámi því að án samninga við stóriðju á borð við álver geta orkufyrirtækin ekki ráðist í nauðsynlegar virkjanaframkvæmdir. Þannig er ljóst að innanflokksátök Samfylkingarinnar þar sem hæstv. umhverfisráðherra berst hatrammlega gegn áætlun iðnaðarráðherra um atvinnuuppbyggingu með orkufrekum iðnaði eru farin að valda þjóðinni miklum skaða.

Því vil ég spyrja hæstv. umhverfisráðherra eftirfarandi spurninga: Hver er afstaða ráðherrans til uppbyggingar álvers í Helguvík og áforma um stækkun þess? Hyggst ráðherrann áfram beita sér gegn uppbyggingu gagnavera og annarri lítt mengandi orkufrekri starfsemi með því að hindra orkufyrirtækin í að fara í nauðsynlegar virkjanaframkvæmdir? Ætlar ráðherrann áfram að vinna gegn atvinnustefnu hæstv. iðnaðarráðherra og festa þannig í sessi gríðarlegt atvinnuleysi á landinu öllu?

[11:01]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Þegar svona spurningaflaumur dynur á manni er kannski alveg óþarfi að svara því að fyrirspyrjandinn er búinn að gefa sér allar niðurstöður fyrir fram. Þetta heita „hlaðnar spurningar“ á erlendum tungumálum.

Ég skal fara yfir þær, hæstv. forseti. Vegna uppbyggingar álvers í Helguvík hefur frá því snemma á þessu ári allt legið fyrir, öll leyfi sem þarf að hafa. Það er þá fyrirtækisins að klára þær fyrirætlanir ef það ætlar að klára þær þannig að það er engin fyrirstaða í því efni eins og hv. fyrirspyrjandi heldur fram.

Hvað varðar Rio Tinto Alcan í Straumsvík fæ ég að vitna í svar hæstv. iðnaðarráðherra til annars fyrirspyrjanda áðan þar sem dregið var til baka það sem fram kom í blöðunum í dag. Það er í raun og veru ekki um neitt slíkt að

ræða eins og hv. fyrirspyrjandi heldur fram.

Hvað varðar Bakka eru þau mál algjörlega á sínum stað. Ef menn hafa einhvern áhuga á því að reisa álver á Bakka — Alcoa hefur einhvern áhuga á því — gera þeir það. Við skulum muna eftir því að það var Alcoa sem vildi fá viljayfirlýsingu til þriggja ára en ekki 15 mánaða eins og varð niðurstaðan. Það segir kannski þingmönnum eitthvað um áhuga þess fyrirtækis að þeirri uppbyggingu.

Og hvað varðar norska fyrirtækið REC Group sem hv. þingmaður talaði um er það einfaldlega ósatt að það hafi verið umhverfismat sem hafi komið í veg fyrir framkvæmdir þess. Þeir ágætu menn ákváðu að fara til Kanada þegar ekki var hægt að tryggja orkuöflun til 2. áfanga og orkan í Kanada var ódýrari en á Íslandi.

Að síðustu mótmæli ég því sem hv. þingmaður heldur fram, að ég hafi sérstaklega barist gegn uppbyggingu gagnavera hér á landi. Það hef ég ekki gert. Við höfum unnið þetta saman, við hæstv. iðnaðarráðherra, og það stendur ekkert í vegi þess að byggja upp slík gagnaver hér sé orka fyrir hendi.

[11:03]

Eygló Harðardóttir (F):

Mér finnst einkar athyglisvert að heyra frá hæstv. umhverfisráðherra að ég sé í raun að halda fram ósannindum þegar ég tek bara undir það sem Samtök iðnaðarins, ASÍ og Fjárfestingarstofa, sem er undir iðnaðarráðuneytinu, hafa haldið fram. (**Iðnrh.:** Aldrei haldið … umhverfisráðherra.) Jú. (**Iðnrh.:** Aldrei.) Algjörlega. Fulltrúar Fjárfestingarstofu mættu á fund hjá iðnaðarnefnd þar sem þeir komu með athugasemdir þess efnis að umhverfismatið og það ferli sem væri í gangi núna gagnvart orkufrekum iðnaði og virkjunum væri í raun farið að hefta erlenda fjárfestingu, (Gripið fram í.) enda sjáið þið að nánast eina fyrirtækið sem eftir er sem ætlar sér að fara í einhverja uppbyggingu í orkufrekum iðnaði er fyrirtæki sem ætlar sér að sækja fjármagn hér innan lands. Peningarnir koma ekki að utan, heldur fer norskt fyrirtæki ekki til þriðja heims lands heldur til Kanada (Forseti hringir.) af öllum löndum.

[11:04]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég heyri að framsóknarmenn eru að verða ákafir í aðdraganda landsfundar. Þeir ættu kannski að velta því fyrir sér í aðdraganda hans hvort þeir ætli að samþykkja þar að segja upp EES-samningnum. Ef þeir ætla að breyta hér grundvelli umhverfislöggjafarinnar þurfa þeir að segja honum upp. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Eygló Harðardóttir geri sér fyllilega grein fyrir því.

Þó að ábyrgð og vald þess umhverfisráðherra sem hér stendur sé mikið — of mikið finnst sumum, of lítið finnst öðrum — er það ósköp einfaldlega þannig að sú sem hér stendur ber ekki ábyrgð á eða olli alþjóðlegri kreppu á fjármálamörkuðum eða annarri þeirri óáran á fjármálamörkuðum sem yfir okkur dynur sem veldur því að fyrirtæki eru að draga saman, hætta við framkvæmdir og annað það sem allir standa frammi fyrir þessa dagana. (Gripið fram í.) Hið sama á þá við um opinberan rekstur og fyrirtæki í rekstri, allir eiga við sömu vandamálin að stríða, (Forseti hringir.) það er gjaldeyriskreppa og það er fjármálakreppa.

[11:06]

Útbýting:

Fjáraukalög 2008, 239. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 350.

Fjárlög 2009, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 337 og 349, brtt. 338, 339, 340 og 341.

[11:06]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009 frá meiri hluta fjárlaganefndar en meiri hlutann skipa ásamt mér hv. þm. Kristján Þór Júlíusson, varaformaður nefndarinnar, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Guðbjartur Hannesson, Illugi Gunnarsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásta Möller og Herdís Þórðardóttir, sem sat lokafundinn í fjarveru Bjarkar Guðjónsdóttur. Þessir hv. þingmenn eru meðflutningsmenn mínir á áliti þessu og framlögðum breytingartillögum.

Miklar breytingar hafa orðið á íslensku efnahagsumhverfi frá því að fjárlagafrumvarpið var lagt fram á Alþingi þann 1. október sl. Hin snöggu umskipti hafa eðlilega sett mark sitt á störf fjárlaganefndar og ríkisstjórnar í fjárlagaferlinu. Nefndin hóf störf strax í byrjun september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið á fimmta tug funda og átt viðtöl við fjölmarga aðila. Að þessu sinni skipti fjárlaganefndin sér í þrjá undirnefndir þar sem hver og ein tók fyrir afmörkuð málefnasvið. Sú vinna gekk vel að mati nefndarmanna. Einnig voru á annað hundrað viðtöl við hagsmunaaðila um umsóknir þeirra um fjárveitingar til tiltekinna verkefna.

Fulltrúar frá fjármálaráðuneyti komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfum, dagsettum 9. október og 20. nóvember sl., óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um þá þætti frumvarpsins sem varða málefnasvið hverrar um sig. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum. Álit nefnda um úthlutun úr safnliðum verða birt í þingskjölum við 3. umr. samkvæmt ákvörðun fjárlaganefndar.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust. Breytingartillögur sem varða afgreiðslu þeirra verða til umfjöllunar við 3. umr. samkvæmt ákvörðun fjárlaganefndar. Unnið er að frekari áætlunum um vissa útgjaldaliði frumvarpsins sem þurfa frekari skoðunar við, m.a. vaxtagjöld af auknum skuldum sem ríkissjóður þarf að taka á sig í kjölfar áfalla í fjármálakerfi landsins. Einnig er unnið að endurmati á verðlags- og gengisforsendum frumvarpsins. 5. og 6. gr. bíða enn fremur 3. umr. fjárlaga.

Þær breytingartillögur sem nú eru lagðar fram við 2. umr. eru tillögur þær sem ríkisstjórnin hefur lagt fram og voru teknar til umfjöllunar í fjárlaganefnd í annarri viku desember. Þar að auki er í breytingartillögunum sá hluti tillagna forsætisnefndar um fjárheimildir Alþingis 2009 sem lýtur að rekstri þingsins og stofnana þess.

Hér verður fyrst gerð stuttlega grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 395,8 milljarður kr. sem er 54,6 milljarða kr. lækkun frá frumvarpinu. Ríkisstjórnin leggur m.a. til að tekjuskattur einstaklinga verði hækkaður um 1 prósentustig, úr 22,75% í 23,75%. Með því munu tekjur ríkissjóðs hækka um 7 milljarða króna frá því sem áður var áformað. Tekjujöfnuður verður -93,1 milljarður kr. þannig að hallinn eykst um 36,2 milljarða kr. Efnahags- og skattanefnd mun síðan einnig gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr. fjáraukalaga og fjárlaga.

Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umr. nema samtals 18,3 milljörðum kr. til lækkunar á sundurliðun 2 í frumvarpinu. Mun ég ekki gera ítarlega grein fyrir gjaldatilfærslum niður á einstaka liði. Þó ber að nefna að í tillögum ríkisstjórnarinnar sem lagðar voru fyrir fjárlaganefnd Alþingis við 2. umræðu fjárlaga er gert ráð fyrir að í sparnaðartillögum í rekstrarútgjöldum og tekjutilfærslum nemi u.þ.b. 19 milljörðum króna eða um 4,5 % af heildarútgjöldum ríkissjóðs til þessara málaflokka. Er bæði um að ræða hagræðingu í núverandi rekstri og frestun verkefna sem ekki eru komin til framkvæmda. Með þessum og fleiri aðgerðum mun halli ríkissjóðs verða 165–170 milljarðar króna en hefði að óbreyttu geta orðið u.þ.b. 215 milljarðar.

Í áætlunum ríkisstjórnarinnar er gengið út frá því grundvallarviðmiði að sparnaður komi sem minnst niður á velferðarkerfinu, menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu og löggæslu en þess í stað verði meiri áhersla lögð á hagræðingu í rekstri ráðuneyta og hefðbundinna stjórnsýslustofnana. Staðinn er vörður um kjarabætur til millitekju- og láglaunahópa.

Hlutfallslega verður mesti samdráttur rekstrargjalda í utanríkisþjónustunni og hjá æðstu stjórn ríkisins en almennt er samdráttur í rekstri ráðuneyta á bilinu 5–7%. Gert er ráð fyrir að gjöld og samningar sem taka breytingum á milli ára samkvæmt verðlagi hækki í samræmi við þær áætlanir sem settar voru fram í fjárlagafrumvarpinu í byrjun október þar sem verðhækkanir ársins 2008 voru áætlaðar 11,5% en hækkun ársins 2009 var áætluð 5,7%. Er þetta nokkuð lægra en mælingar og spár gera ráð fyrir nú.

Engu að síður mun lágmarksframfærslutrygging almannatrygginga hækka til jafns við hækkun vísitölu neysluverðs á árinu 2008 og spár ársins 2009 sem leiðir til tæplega 20% hækkunar um næstu áramót fyrir þá sem lægstar hafa bæturnar og 9,6% hækkun fyrir aðra bótaþega. Kjör lægst settu lífeyrisþeganna hafa aldrei verið betri samanborið við lægstu laun í landinu.

Af einstökum liðum má nefna að fallið verður frá aukningu útgjalda til þróunaraðstoðar, mótframlagi í endurhæfingarsjóð verður frestað, framlög til sókna verða lækkuð, fallið verður frá framlögum í rannsókna- og tækjasjóði og ýmsir styrkjaliðir verða lækkaðir.

Talsverður samdráttur verður í nýframkvæmdum á árinu 2009 frá því sem áður var áformað. Samtals mun lækkun framkvæmda nema um 11 milljörðum króna eða 21% af áætluðum kostnaði við nýframkvæmdir ársins. Þrátt fyrir þessar breytingar munu framkvæmdir næsta árs nema ríflega 41 milljarði króna sem er svipuð upphæð og framkvæmt var fyrir á þessu ári. Það þýðir að árið 2009 verður samt sem áður eitt mesta framkvæmdaár sögunnar með tilliti til fjárveitinga ríkisins.

Helmingur af sparnaði í nýframkvæmdum verður í vegagerð en af öðrum einstökum liðum má nefna að frestun verður á framkvæmdum vegna nýrrar flugvélar og varðskips Landhelgisgæslunnar. Dregið verður úr fjölgun leiguíbúða og húsbyggingu á vegum Stofnunar Árna Magnússonar verður slegið á frest.

Að lokum er gerð grein fyrir breytingu á B- og C-hluta stofnana í þingskjölum 339 og 340. Mun ég ekki víkja að þeim breytingum hér í ræðu minni né öðrum sem ríkisstjórnin lagði fram en varaformaður fjárlaganefndar, hv. þm. Kristján Þór Júlíusson, mun flytja hér ræðu síðar í dag þar sem hann mun fjalla um nokkrar breytingar og fjárlagagerðina.

Breytt verkaskipting milli heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis, m.a. um öldrunarmál í upphafi ársins, hefur í för með sér flutning á milli liða í fjárlögum. Skiptingu og útfærslu fjárheimilda til rekstrar öldrunarþjónustu milli ráðuneytanna er ekki lokið og nú er fyrirhugað að tillögur um það efni komi fram við 3. umræðu frumvarpsins. Það kann að hafa í för með sér flutning á milli fjárlagaliða til leiðréttingar þar sem um er að ræða tugi milljarða. Þá er þess vegna afar mikilvægt milli 2. og 3. umr. að endurrýna þær tillögur sem hér eru sýndar og mun ég fara þess á leit fyrir hönd fjárlaganefndar að félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti hafi með sér samráð og samvinnu um endurrýni á ráðstöfun fjár, fjárheimildum, á nokkrum tilgreindum fjárlagaliðum sem snerta verkefnatilflutninginn eins og greint var frá við 1. umr. um fjárlagafrumvarpið.

Stór hluti vinnu fjárlaganefndar undanfarnar vikur hefur verið að fjalla um atriði er tengjast safnliðum frumvarpsins svo og verkefnum tengd húsafriðun, bátafriðun svo og ýmsum fornleifaverkefnum. Í ljósi þess að umsóknum og beiðnum um fundi hefur alltaf fjölgað á milli ára vil ég ítreka þá skoðun mína að skoða verði í heild vinnulag Alþingis sem í nokkru gæti leitt af sér styrkingu sjóða en ekki síður að umræddir fundir fari fram mun fyrr á árinu en ella.

Um þessi atriði þarf að nást sátt innan Alþingis en uppi eru þverpólitískar skoðanir á núverandi vinnulagi. Tel ég að brúa megi bil beggja hópa í þessum efnum eins og svo oft áður þegar kemur að samvinnu og sáttum. Hér við 2. umr. verður ekki fjallað um úthlutunartillögurnar en það verður gert við 3. umr.

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið og gera að umtalsefni nokkur atriði sem lúta að gerð fjárlaga og vinnu Alþingis í kjölfar framlagningar frumvarpsins. Það hefur alltaf verið afar mikilvægt í mínum huga að vel takist til um gerð rammafjárlaga á komandi árum, þau eiga að vera það leiðarljós sem stofnanir geta stuðst við. Með frumvarpinu var í fyrsta sinn lagður fram rammi um umfang og forgangsröð-

un ríkisútgjalda til næstu fjögurra ára í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Sett er fram meginstefna í hagstjórn og viðmið um tekjuöflun og raunvöxt útgjalda ríkissjóðs.

Því miður hafa þær forsendur sem frumvarpið byggði á brostið að nokkru og nú ríkir veruleg óvissa um þróun ýmissa hagstærða. Fjárlagarammi til nokkurra ára styrkir hins vegar vinnu ráðuneytanna en ekki síður hefur fjárlaganefndin aðra aðkomu og skýrari að yfirferð frumvarpsins og vinnu við breytingartillögur. Það er ekki heppilegt vinnulag að verða á fjölmörgum löngum fundum í aðdraganda þessarar vinnu að kalla eftir minnisblöðum og skýringum sem þyrftu að berast á hraða ljóssins. Eins er ekki heppilegt að stór hluti af tíma fjárlaganefndar hitti á þessum tíma ársins aðila vegna einstakra verkefna vítt og breitt um landið. Það má gera á öðrum tíma eins og ég hef áður vikið að.

Ég hef verið talsmaður þess að styrkja yfirferð þingsins á lokafjárlögum, taka til umfjöllunar allar stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar en ekki hvað síst að styrkja eftirlitshlutverk þingsins sem tengist framkvæmd fjárlaga. Okkur hefur orðið nokkuð ágengt í þessum efnum að mínu mati undanfarna mánuði. Samskipti þingsins og undirstofnana þess eru nú með betri hætti en áður. Upplýsingar koma fyrr en mikilvægast er að fjárlaganefndarsvið hefur nú beinan aðgang að upplýsingakerfum ríkisins til að yfirfara, stemma og rýna þær fjárveitingar sem til staðar eru.

Á undanförnum árum hefur fjármunum verið ráðstafað umfram heimildir á allt að fjórðungi fjárlagaliða. Agi og festa skipta miklu þegar kemur að fjármálastjórn og ráðstöfun fjármuna. Vissulega geta verið eðlilegar skýringar á því af hverju ráðstöfun er ekki í samræmi við heimildir en í samanburði við þær þjóðir sem við berum okkur gjarnan saman við þekkist það ekki að ráðstöfun fari fram án heimildarákvæða. Það er því hlutverk okkar allra sem komum að fjárlagagerðinni og framkvæmd fjárlaga að tryggja að við höldum okkur innan þess ramma og við það skipulag sem okkur er skapað.

Ákvæði reglugerðar um framkvæmd fjárlaga eru skýr og gefa fyrirmæli um að virða beri fjárlögin til fjárheimilda en ekki að líta á þau sem áætlun sem aðeins beri að hafa til hliðsjónar. Það er skýrt að Alþingi fer með fjárveitingavaldið og það er á ábyrgð Alþingis, ráðuneyta og forstöðumanna stofnana að sjá til þess að fjárlög séu virt.

Strax í upphafi þegar núverandi fjárlaganefnd kom saman fyrir 18 mánuðum síðan voru gefin skýr fyrirheit um að fjárlaganefndin mundi á komandi mánuðum og árum sinna því hlutverki sínu er lýtur að eftirliti með framkvæmd fjárlaga. Það tengist þeirri ábyrgð sem fjárlaganefndinni er falin fyrir hönd Alþingis en hún fer með fjárveitingavaldið. Nefndin breytti verulega um vinnulag og hefur fjallað ítrekað um framkvæmd fjárlaga og er það er vel. Ber einnig að nefna að mikilvægt er að reglur um flutning fjárheimilda á milli verkefna og á milli ára verði gerðar skýrari en þær virðast nú vera.

Þá ber að leggja áherslu á að sameiginlegur skilningur um grundvallaratriði er varðar framkvæmd fjárlaga þarf að vera til staðar hverju sinni hjá þeim aðilum sem vinna að framkvæmdinni og/eða eftirlitinu. Á það virðist skorta að nokkru leyti.

Ríkisendurskoðun hefur á undanförnum árum gert athugasemdir í skýrslum sínum um framkvæmd fjárlaga við að stofnanir hafi farið fram úr fjárheimildum án þess að gripið sé til aðgerða eins og reglur segja til um. Ítreka ber því mikilvægi þess að endurrýna og gera úrbætur á verklagi sem miða að því að framkvæmd fjárlaga sé með betri hætti en nú er. Niðurstaða fjölmargra skýrslna, greinargerða og yfirlita frá fjármálaráðuneytinu til fjárlaganefndar sýna að þess er þörf.

Fjárlaganefndin hefur tekið þátt í þessu átaki með fjármálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun og er það von mín að sú niðurstaða leiði okkur að markvissari ríkisrekstri og meiri aga og festu í kerfinu en það er það sem við höfum leitað eftir og viljum finna stað.

Forseti Alþingis skipaði nýlega nefnd sem skilar á næsta ári skýrslu um þingeftirlit. Vonandi mun sú skýrsla leiða til þess að hlutverkin verði skýrari og framkvæmdinni fundinn farvegur. Í ljósi breytinga á römmum stofnana verður erfiðara fyrir forstöðumenn að stýra fjármálunum en ella hefði orðið. Stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð þurfa að fara saman. Forstöðumenn bera ábyrgð á því að viðkomandi stofnun haldi sig innan ramma fjárlaga því að samkvæmt 1. mgr. 49. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, bera forstöðumenn og stjórnir stofnana ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir.

Þá má minna á að stjórn stofnunar hefur þær skyldur sem forstöðumenn hefðu ella þar sem skipuð er stjórn til þess að annast rekstur. Þetta á t.d. við E-hluta stofnanir ríkisins. Fjárlaganefnd vinnur nú sameiginlega að gerð frumvarps um breytingar á lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, þar sem gert er ráð fyrir að við 1. mgr. 10. gr. bætist nýr málsliður sem heimili Ríkisendurskoðun að veita fjárlaganefnd Alþingis aðgang að þeim gögnum sem hún aflar samkvæmt 1. mgr. áðurnefndra laga. Nefndarmenn verða þá bundnir þagnarskyldu um vitneskjuna sem þeir fá í nefndinni ef ríkisendurskoðandi kveður svo á um. Það mun styrkja mjög aðkomu og eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart E-hluta stofnunum.

Fjárlaganefnd mun hér eftir sem hingað til fylgjast með framkvæmd fjárlaga innan ársins en beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að halda sig innan heimilda fjárlaga sem mun auðvelda ríkisreksturinn, áætlunargerðina og um leið hefur það jákvæð þjóðhagsleg áhrif. Ég held einnig að það sé nauðsynlegt í ljósi stöðunnar að kalla á þá aðila sem fara með þessi mál í byrjun næsta árs, ræða við þá, gera ákveðnar kröfur um verklag, upplýsingar o.s.frv.

Fram kom við 1. umr. fjárlaga að nauðsynlegt er að fjárlaganefnd fari ítarlega ofan í málefni ráðuneyta og undirstofnana þeirra. Eins og ég sagði áðan stendur í nefndarálitinu að nefndin hélt á fimmta tug funda og fékk hundruð gesta á fundi sína m.a. til að fá skýra mynd á rekstri einstakra stofnana og ráðuneyta. Af því tilefni vil ég árétta að gott samstarf var í nefndinni. Ég vil sérstaklega þakka nefndarfólki í fjárlaganefnd fyrir gott samstarf í þeirri vinnu. Að sjálfsögðu getur stjórn og stjórnarandstöðu greint á í ýmsum málum, það geta verið uppi ólíkar skoðanir.

Ég ítreka hins vegar þann vilja minn sem formaður að ná fram sem bestum upplýsingum og rökræðum í starfi

nefndarinnar og þeir sem eldri og reyndari eru en ég í störfum fjárlaganefndar hafa vafalaust tekið eftir þeirri stefnubreytingu sem innleidd hefur verið í vinnubrögðum nefndarinnar. Þar hefur verið tekið upp nýtt vinnulag sem á eftir að þróast enn frekar. Um leið og ég þakka nefndarmönnum meiri hlutans og minni hlutans þann stuðning sem myndast hefur um hið nýja vinnulag vil ég samt sem áður sérstaklega þakka hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar, þeim Jóni Bjarnasyni, Guðjóni A. Kristjánssyni og Magnúsi Stefánssyni, fyrrverandi formanni fjárlaganefndar, en ekki síður fyrrverandi fjárlaganefndarmanni Bjarna Harðarsyni. Nærvera þeirra umliðnar vikur og mánuði hefur verið okkur hinum ómetanleg í því aðhaldi sem þeir sýna okkur í stjórnarmeirihlutanum.

Þá ber að þakka starfsfólki nefndasviðs Alþingis sérstaklega, þá einkum fjárlaganefndarskrifstofu sem hefur lagt á sig ómælda vinnu undir gífurlegu vinnuálagi. Það starfsfólk á heiður skilinn fyrir skipuleg og fagleg vinnubrögð en nefndarmenn meiri og minni hluta hafa notið aðstoðar þeirra í hvívetna. Þá hefur nefndin notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis og einnig hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Hæstv. forseti. Það er með mikilli ánægju sem ég lýk máli mínu og ítreka það sem áður hefur komið fram á hinu háa Alþingi: Við höfum öll sett okkur afar metnaðarfull markmið á mörgum sviðum sem öll eiga það sameiginlegt að stuðla að aukinni velsæld íslensku þjóðarinnar. Við núverandi hagstjórnar- og efnahagsaðstæður skiptir miklu að geta horft fram á veginn til að gera sér enn betur grein fyrir því hvert stefnir í ríkisrekstrinum og um leið hjá íslenskri þjóð.

[11:24]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tek undir þau orð formanns um að nefndarmenn í fjárlaganefnd leggja sig að sjálfsögðu fram um að vinna sem best saman að þeim málum sem fyrir þá eru lögð. Tel ég að allur hópurinn sem þar vinnur leggi sig fram hvað það varðar. Hinu get ég ekki deilt með formanni fjárlaganefndar að það sé skemmtilegt að mæla fyrir einu mesta niðurskurðarfrumvarpi til fjárlaga sem ég hugsa að mælt hafi verið fyrir í sögu íslenska lýðveldisins, bæði er stórfelldur niðurskurður og halli á ríkissjóði og ríkisbúskapnum meiri en nokkru sinni fyrr og ekki verður séð fyrir endann á honum að óbreyttu.

Ég vek líka athygli á því að þegar nefndin fékk tillögur ríkisstjórnarinnar til 2. umr., gjaldahliðina, lá hvorki fyrir frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið né gjalda- og tekjustaða einstakra stofnana og ríkissjóðs. Þess vegna vil ég spyrja hv. formann fjárlaganefndar hvort honum finnist það í raun forsvaranleg vinnubrögð að afgreiða gjaldahlið frumvarpsins að stærstum hluta, bæði á stofnanir og verkefni ríkissjóðs, án þess að við höfum nokkra hugmynd um hver staða þessara stofnana eða ríkissjóðs er (Forseti hringir.) í dag eða í lok þessa árs.

[11:27]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir spurningar um forsvaranleg vinnubrögð og lokastöðu stofnana á árinu. Ég get sagt og verð að vera heiðarlegur í því að ég hefði auðvitað viljað hafa það fyrir framan mig hvað varðar áætlunargerðina að staðan væri betri og ljósari gagnvart hugsanlegri lokastöðu stofnana.

Við höfum fengið níu mánaða yfirlitið í fjárlaganefnd og séð að um 20% stofnana eru komin fram úr. Fjáraukalagafrumvarpið hefur verið lagt fram í dreifingu þannig að við getum notað þær upplýsingar og skoðað á móti níu mánaða uppgjörinu. Hins vegar væri það mikill kostur eins og hv. þingmaður benti á að lokastaða ársins væri ljós. Við höfum ekki fengið þær spátölur inn á borð til okkar en hins vegar hefur maður í sjálfu sér getað áætlað lokaniðurstöðuna en hún hefur ekki borist formlega.

Ég vil alla vega segja það hér, virðulegur forseti, að það hefði verið kostur frekar en galli að hafa lokastöðuna þegar við förum yfir þessar áætlanir og inn í þessa umræðu.

[11:28]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þegar gerðar eru tillögur um nærri 7 milljarða kr. niðurskurð í heilbrigðismálum án þess að hafa hugmynd um hver er staða Landspítalans eða heilbrigðisstofnana um allt land — við vitum samt að lauslegar tölur gera ráð fyrir milljarða króna halla á þessu ári sem þýðir að það er innbyggður halli til næsta árs — hvernig er þá hægt að ganga frá gjaldahlið ef ekki eru fengnar niðurstöður?

Enn fremur vil ég spyrja hv. þingmann, formann fjárlaganefndar: Það liggur ekki heldur fyrir tekjuáætlun, það liggja heldur ekki fyrir heildarútgjöld ríkissjóðs hvað varðar vexti, vaxtagjöld á næsta ári og þarnæsta ári eða lántökur og lántökukostnaður, hvernig á að vinna að fjárlagafrumvarp með þeim hætti?

Ég ítreka að þær tillögur sem hér eru lagðar fram fengu nánast enga umræðu í fjárlaganefnd, (Forseti hringir.) þetta voru tillögur ríkisstjórnarinnar. Hefði ekki verið eðlilegra að fjármálaráðherra sjálfur hefði mælt fyrir þessu frekar en að leggja það á herðar formannsins og nefndarinnar sem komu ekkert (Forseti hringir.) að þessari tillögugerð, herra forseti?

[11:30]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vék að því í frábærri ræðu minni áðan að unnið væri að endurmati á verðlags- og gengisforsendum frumvarpsins (**Gripið fram í:** Hún var stórkostleg.) og að efnahags- og skattanefnd mundi gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr. fjáraukalaga og fjárlaga. Það liggur því fyrir að við munum fá það fyrir 3. umr. eins og venjan hefur verið.

En ég get hins vegar tekið undir orð hv. þingmanns að það hefði auðvitað verið betra fyrir okkur að þessar tillögur hefðu verið komnar fyrr fram, að við hefðum haft meiri tíma til þess að fara yfir þær. En staðan er einfaldlega þessi

og þess vegna skiptir máli að við notum tímann í dag og næstu daga til þess að endurrýna þær upplýsingar sem komnar eru fram og þá sérstaklega fjáraukann sem lagður var fram í dag.

[11:31]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. þm. Gunnari Svavarssyni, formanni fjárlaganefndar, og þakka fyrir gott samstarf í nefndinni.

En ég kem hér upp til að tala á svipuðum nótum og hv. þm. Jón Bjarnason. Það liggur fyrir að fjárlaganefndin fékk þessar breytingartillögur á fimmtudagsmorgni. Búið var að afgreiða þær út úr nefndinni sólarhring síðar án grundvallarumfjöllunar um tillögurnar. Það liggja ekki fyrir forsendur áætlana, þjóðhagsspá hefur ekki verið endurskoðuð, fjáraukalagafrumvarp hafði ekki komið fram o.s.frv. Minni hlutinn mótmælti því að fjárlaganefndin afgreiddi frumvarpið frá sér á þeim tíma á þeim forsendum að allar þessar mikilvægu grundvallarupplýsingar skorti.

Ég vil því spyrja hv. þm. Gunnar Svavarsson, formann fjárlaganefndar, að því hvort hann sé einlæglega þeirrar skoðunar að það hafi hreinlega verið tækt að afgreiða frumvarpið frá fjárlaganefndinni á þessum tíma miðað við stöðuna.

Ég vil jafnframt spyrja hv. þingmann að því hvort hann líti svo á að ef þessi gögn berast ekki áður en fjárlaganefndin lýkur umfjöllun um málið fyrir 3. umr. hvort yfir höfuð komi til greina að afgreiða fjárlög fyrr en grundvallarforsendur liggja fyrir. Þær gera það ekki í dag.

En ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að formaður fjárlaganefndar hefur lagt sig fram um að kalla eftir þeim upplýsingum sem um hefur verið beðið þannig að ég undirstrika að ég er ekki að beina þessu til hans sérstaklega en fyrir liggur að allar grundvallarforsendur vantar. Það er í raun og veru með ólíkindum ef stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hugsar sér að afgreiða fjárlög fyrir árið 2009 miðað við að slíkar forsendur liggi ekki fyrir.

[11:33]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrrverandi formanni fjárlaganefndar, Magnúsi Stefánssyni, fyrir þessar tvær spurningar. Fyrri spurningin fjallaði um hvort hægt hefði verið að afgreiða þessar tillögur út úr nefndinni eins og komið var varðandi þær upplýsingar sem við höfðum. Ég get svarað því svo að meiri hlutanum þótti það greinilega því að tillögurnar eru komnar til umræðu núna. Það liggur því alveg skýrt fyrir.

Hins vegar vil ég ítreka það sem ég sagði áðan í andsvari mínu að ég hefði viljað hafa rýmri tíma. Ég hefði líka viljað hafa enn betri upplýsingar og geri ráð fyrir að það eigi við um alla í fjárlaganefndinni.

Þess vegna var tekin sú ákvörðun að tillögur ríkisstjórnarinnar sem komu fram í síðustu viku væru einungis til umfjöllunar við 2. umr. en ekki þær tillögur aðrar sem væntanlega verða teknar upp við 3. umr. í ljósi þess að fleiri upplýsingar eiga eftir að berast okkur. Það er svarið við síðari spurningunni, virðulegi forseti, það er tiltrú mín að þessar upplýsingar muni berast og ég mun einfaldlega leggjast á bæn og biðja þess að þær berist nú á næstu dögum, sérstaklega í ljósi þess að fjáraukalagafrumvarpið verður lagt fram í dag.

[11:35]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svörin. En ég vil líka velta því upp við hv. þingmann, formann fjárlaganefndar, að á þeim breytingartillögum sem liggja fyrir er flatur niðurskurður t.d. á velferðarstofnanir og við vitum að margar stofnanir hafa átt í miklum rekstrarvanda.

Við sáum frumvarp til fjáraukalaga bara fyrir klukkutíma síðan og þar kemur fram að gert er ráð fyrir fjárheimildum til nokkurra þessara stofnana til að mæta hluta af þessum vanda.

Hvernig sér hv. þingmaður fyrir sér framhald í rekstri þessara stofnana miðað við að eftir stendur ákveðinn rekstrarhalli og miðað við það að í breytingartillögunum er gert ráð fyrir flötum niðurskurði upp á um það bil 3% á þessar stofnanir? Hvernig sjá meiri hluti fjárlaganefndar og hv. þingmaður fyrir sér að þessar stofnanir verði reknar á næsta ári?

[11:36]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vék að því hér áðan hvað það væri mikilvægt að halda vel utan um reksturinn á næsta ári, sérstaklega í ljósi þess ástands sem við stöndum frammi fyrir. Það er mikilvægt að framkvæmd fjárlaga sé með réttum hætti.

Hins vegar er það svo að gengið er inn í vel flestar stofnanir af hálfu ríkisins. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að á mjög mörgum stofnunum verður erfitt að láta enda ná saman eins og víða annars staðar í þjóðfélaginu. Þess vegna skiptir verulegu máli að Alþingi, ráðuneytin og ekki síst fjármálaráðuneytið séu á vaktinni. Ég veit að sveitarstjórnir ætla almennt séð að taka upp áætlunargerð strax á vormánuðum.

Mér finnst það ekki vera eitthvað sem við þurfum að hræðast að frumvarpið og lögin verði tekin upp oftar en hefur verið á undanförnum árum. Við eigum að horfa til þess að nauðsynlegt geti reynst að gera (Forseti hringir.) breytingar.

[11:37]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna að það fýkur eiginlega í mig þegar ég hlusta á þá umræðu sem hér fer fram og skoða þau gögn sem liggja til grundvallar. Maður spyr sig bara: Á þetta að vera eitt allsherjargrín, þessi umræða?

Fjárlögin eru það skjal sem er mest stefnumarkandi af þeim sem lögð eru fram á haustþingi. Fjárlögin sýna hvernig við ætlum að greiða út í samfélagið á næsta ári. Umræðan og nefndarálit meiri hlutans sýna að við erum algjörlega í lausu lofti. Þá liggja engin grundvallargögn hér að baki,

ekki nokkur. Nefndarálit meiri hlutans — það er ekkert í því. Það er rúmlega ein blaðsíða en það er ekkert efnisinnihald í því þannig að það er eiginlega ekkert um að tala hérna.

Ég vil spyrja hv. þm. Gunnar Svavarsson: Er þetta bara tómt grín þessi umræða sem við erum að fara í gegnum núna í dag? Það liggur ekkert á bak við hana. Af hverju er nefndarálitið svona rýrt frá meiri hlutanum? Er það ekki af því að það er ekkert hægt að segja? Er það ekki bara sannleikurinn? Það er ekkert hægt að segja.

Er það ekki algert rugl að við séum að fara að afgreiða fjárlög á næstu dögum? Mér heyrðist hv. þm. Gunnar Svavarsson gera sér eilítið grein fyrir þessu með því að tala um að kannski ætti bara að taka fjárlögin upp oftar. Er það ekki bara það eina sem við getum gert í stöðunni, þ.e. að afgreiða ekki fjárlög til eins árs? Það hlýtur bara að vera „djók“, eins og unglingarnir segja, í stöðunni. Það bara getur ekki verið að það sé hægt. Það vantar grundvallarforsendur. Þurfum við að afgreiða einhver „smotterísfjárlög“ núna til einhverra vikna eða mánaða? Er það ekki bara staðan sem við erum í?

[11:39]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nefndarálit meiri hlutans við 2. umr. er í sjálfu sér ekkert rýrara en það hefur verið undanfarin ár og áratugi. Það samanstendur af stuttum inngangi og síðan heilmiklum sundurliðunum og yfirliti. Mesta breytingin er kannski sú að fjárlaganefndin tók ákvörðun um það sameiginlega, þ.e. stjórnarmeirihluti og stjórnarandstaða, að flytja til ákveðna þætti í umræðunni yfir til 3. umr. Þess vegna má segja að það sé örlítið rýrara en ella hefði orðið af því að við klipptum út ákveðna kafla úr nefndarálitinu. En að öðru leyti er það nákvæmlega eins og verið hefur undanfarin ár.

Það kemur einnig fram í nefndarálitinu og kom fram í ræðu minni að hér eru til umræðu breytingartillögur ríkisstjórnarinnar við frumvarpið sem lagðar voru fram fyrir fjárlaganefnd í síðastliðinni viku. Meiri hlutinn tók ákvörðun um að þær mundu einar standa í 2. umr. auk tillagna sem forsætisnefnd Alþingis hafði lagt fram varðandi rekstur þingsins þannig að það liggur ljóst fyrir.

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að mér finnst að ósekju mega taka fjárlög ársins upp ef þannig stendur á. Þannig á það almennt að vera ef rekstur stofnana eða rekstur ríkisins í heild sinni gengur ekki upp miðað við þær heimildir sem við eigum að veita. Við eigum þá ekki að vera hrædd að taka það til umfjöllunar.

Venjan hefur hins vegar verið sú að því hefur alltaf verið ýtt til haustsins og núna er því ýtt til þriðju viku desembermánaðar sem er ekki gott að mínu mati. Ég fjallaði ítarlega um framkvæmd fjárlaga í ræðu minni áðan og var það í raun og veru meginuppstaða (Forseti hringir.) ræðunnar.

[11:41]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fullyrði að nefndarálit meiri hlutans er núll og nix. Það er ekkert í því, það er ótrúlega rýrt. Við erum að fjalla um stefnumótandi skjal og fáum ekkert að vita enda kannski ekki mikið hægt að segja. Þá skulu menn bara viðurkenna það.

Ég heyri að það er smáskilningur á því hjá hv. þm. Gunnari Svavarssyni. Ég vil bara fá það skýrt fram hjá leiðtoga meiri hlutans í fjárlagagerðinni hvort ekki sé rétt skilið hjá mér að taka eigi upp fjárlögin mjög fljótlega eftir að þau hafa verið samþykkt. Það hlýtur þá að þýða að samþykkt verða fjárlög bara til stutts tíma. Við getum ekki samþykkt fjárlög til eins árs. Það er ekki hægt í stöðunni af því við fáum engin gögn. Við vitum ekki hvaða forsendur liggja að baki. Þær eru ekki til.

Þetta hljóta því að verða skammtímafjárlög. Svo vil ég líka segja að það er niðurlægjandi fyrir þingið að fá sendar tillögur frá ríkisstjórninni og hafa engan tíma til þess að skoða þær, (Gripið fram í.) engan tíma til að gera eitthvað við þær. Það er niðurlægjandi staða.

[11:42]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég gaf hér í skyn áðan var einfaldlega að fjárlaganefndin væri tilbúin til þess að fjalla um fjárlögin inn í vorið eða rýna þau hverju sinni. Við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir því að fjárlögin eru hér samþykkt með tilliti til fjárreiðulaga og það er heimildarfærsla eitt ár fram í tímann.

Í ljósi þess ástands sem við stöndum frammi fyrir hlýtur það augljóslega að gerast að fjárlaganefndin — og þá Alþingi — rýni enn frekar í fjárlögin með hliðsjón af framkvæmd fjárlaganna, hvernig hún gengur fyrir sig. Það mun þá hugsanlega birtast í fjáraukalögunum.

Ég ætla ekki að spá um hvort það gerist eða þurfi að gerast. Hins vegar þurfum við öll að vera á vaktinni. Ég vísaði til þess í ræðu minni áðan hverjar ábyrgðir forstöðumanna og ráðuneytanna væru í þeim efnum til að vakta heildarkerfið þegar vindur fram í næsta ár, þess vegna strax í janúar eða febrúar.

[11:44]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg):

Herra forseti. Við ræðum hér fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar við 2. umr. Staðreyndin er sú að frumvarpið, sem nú er lagt fram og snertir megingjaldahlið frumvarpsins, er gjörbylting. Gjörbreyting frá því frumvarpi sem lagt var fram í haust.

Komið hefur fram hjá hv. formanni fjárlaganefndar, Gunnari Svavarssyni, að tillögur ríkisstjórnarinnar, sem þetta frumvarp er, voru nánast ekkert ræddar í fjárlaganefnd heldur var þar af hálfu meiri hlutans lögð áhersla á að þetta væru tillögur ríkisstjórnarinnar sem meiri hlutinn mundi síðan láta ganga áfram til Alþingis.

Ég skil svo sem vandræðagang og erfiða stöðu meiri hlutans sem lætur kúga sig með þeim hætti að lúta gjörsamlega valdi ráðherranna og ríkisstjórnarinnar en allt þetta fær samt engan veginn staðist. Að meiri hluti fjárlaganefndar skuli ekki hafa haft bolmagn til að krefja ríkisstjórnina um annað vinnulag en við nú stöndum frammi fyrir. Þess vegna verður að segja að tillögurnar sem hér eru lagðar fram af

meiri hluta ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar eru í sjálfu sér ráðherratillögur og hefði verið eðlilegra að ráðherra hefði sjálfur mælt fyrir þeim, því ekki er svo að nefndin hafi fjallað um þær að neinu marki.

Það er líka svo að fjárlög sýna stefnu viðkomandi ríkisstjórnar. Fjárlögin sýna í raun hvernig og hvar aflað skal tekna, hvernig þeim skal skipt á þegna samfélagsins og stefnu ríkisstjórnarinnar í því hvernig ráðstafa eigi útgjöldum og hvar forgangsröðunin er þar. Það má því segja að í frumvarpinu sem nú er lagt fram kristallist stefna ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar.

Megininntak frumvarpsins er niðurskurður, niðurskurður og aftur niðurskurður. Niðurskurður á velferðarstofnunum, niðurskurður í heilbrigðiskerfinu, niðurskurður í menntamálum, niðurskurður í atvinnumálum og atvinnuskapandi stuðningsaðgerðum. Hvar sem borið er niður er niðurskurður. Í tekjuöfluninni er valin sú leið að vera með nánast flatar skattahækkanir, sem gera ekki greinarmun á háum tekjum og lágum og leggjast þar af leiðandi þyngst á þá sem eru með lágar og miðlungstekjur. Þeir tekjuhæstu fara betur út úr skattahækkununum sem hér eru keyrðar áfram. Við höfum kynnst þessari stefnu Sjálfstæðisflokksins í gegnum árin, að skattbyrðin skuli fyrst og fremst leggjast á lægri tekjur en vera hlutfallslega léttari á þá tekjuhærri en okkur kemur á óvart að Samfylkingin skuli nú styðja þá skattstefnu Sjálfstæðisflokksins.

Þegar horft er til útgjaldanna er niðurskurður í heilbrigðiskerfinu það sem stingur harðast í augun. Stórfelldur niðurskurður ofan á sveltistefnuna sem keyrð hefur verið áfram á undanförnum árum gagnvart heilbrigðisstofnunum landsins. Upplýsingar um greiðslustöðu þessara stofnana við gerð gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins hefur ekki legið fyrir en þó eru vísbendingar um að þar sé innbyggður verulegur halli og þær muni eiga í miklum greiðsluerfiðleikum nú við lok ársins. Tillögurnar sem hér eru lagðar fram miða ekki að því að létta eða styrkja heilbrigðisstofnanirnar inn í næsta ár.

Til að bæta gráu ofan á svart og er táknrænt fyrir stefnu Sjálfstæðisflokksins, nú með stuðningi Samfylkingarinnar, er að hækka skal komugjöld á sjúkrahúsum til að rétta af fjárhag heilbrigðisstofnananna, þ.e. að færa kostnaðinn enn meir á sjúklingana.

Þegar við í minni hluta fjárlaganefndar, sem stöndum sameiginlega að nefndarálitinu sem ég mæli fyrir, spyrjum um og leitum upplýsinga um tekjuáætlunina, vaxtagjöldin fyrir næsta ár, mörk og greiðsluþol ríkissjóðs til næstu ára o.s.frv., þá eru svörin: Ja, við vitum það ekki, við verðum að bíða eftir svörum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þannig hefur þetta verið að það virðist vera eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé í raun kominn með fjárlagagerðina hér á landi og hefði kannski verið eðlilegra að framkvæmdastjóri eða tilsjónarmaður af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins stæði hér og svaraði fyrir frumvarp til fjárlaga.

Herra forseti. Áður en ég kem að nefndarálitinu sem slíku verð ég þó að fara nokkrum orðum um stöðuna og framtíðarsýnina og hvernig við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði metum hana.

Okkur er öllum ljóst að íslenskt samfélag stendur nú á miklum tímamótum eftir efnahagshrun og skipbrot frjálshyggjustefnunnar sem hér hefur verið rekin undanfarin 17 ár undir forustu Sjálfstæðisflokksins. Nú stöndum við frammi fyrir nýju tímabili, gjörbreyttum aðstæðum sem við höfum í sjálfu sér ekki kosið okkur, stöndum frammi fyrir því að nú verða íslenskur almenningur, íslensk þjóð og íslenskt atvinnulíf að axla byrðarnar sem skuldasöfnun þjóðfélagsins undanfarin ár skilur eftir sig. Íslenskur almenningur verður að borga útrásina og veisluhöldin, hvort sem þau voru afmælishátíðir þar sem fluttir voru inn frægustu hljómlistar- og söngmenn heimsins í einkaþotum til að skemmta hópnum sem var að skipta á milli sín eigum þjóðarinnar. Íslenskur almenningur verður líka að borga flug einkaþotnanna sem fluttu útrásarmennina á milli landa til að þeir gætu borist sem hraðast á milli til að veðsetja eigur þjóðarinnar og skuldsetja hana. Þetta er hlutskiptið sem við stöndum nú frammi fyrir.

Í upphafi ályktunar flokksráðsfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem haldinn var nú fyrir nokkrum dögum, og þar sem lögð var fram aðgerðaáætlun um hvernig við bregðumst nú við gjörbreyttum aðstæðum í samfélaginu, segir, með leyfi forseta:

„Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að þjóðin eigi val um að halda áfram á sömu braut eða velja sér aðra framtíð og breytt gildismat. Við erum bjartsýn á að framtíðin verði okkur gjöful með hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, félagshyggju, kvenfrelsis og friðarstefnu að leiðarljósi.“

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vísa enn frekar til þessarar ályktunar og aðgerðaáætlunar sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð samþykkti á flokksráðsfundi sínum og er innlegg okkar og stefna inn í þann nýja tíma sem við nú siglum inn í:

„Þjóðin kallar nú eftir breyttum vinnubrögðum: Opnum og lýðræðislegum vinnubrögðum, heiðarleika, réttlæti og gagnsærri stjórnsýslu og ákvarðanatöku í hvívetna. Með slík vinnubrögð að leiðarljósi eigum við að vinna saman að endurreisn íslensks samfélags sem verður að byggjast á jöfnuði, jafnrétti, lýðræði, fjölbreyttu atvinnulífi og sjálfbærri þróun.“

Við endurreisn samfélagsins verða þarfir almennings í landinu fyrir öflugt velferðarkerfi, samábyrgð og jöfn tækifæri að vera í öndvegi en hverfa verður frá þeirri samfélagsgerð sem sniðin er að þörfum auðstétta og stóriðju. Tryggja þarf sérstaklega hag barna og möguleika þeirra í framtíðinni. Helstu verkefni næstu mánaða eru að tryggja að jöfnunartækifærin, sem enn eru til staðar, velferðarkerfið og lífeyrissparnaður hverfi ekki í sama svelg og fjármálakerfið og eignir og auðlindir landsins verði ekki seldar á brunaútsölu eða veðsettar upp í skuldir sem íslenska ríkið yfirtekur nú.

Erfiðleikarnir í íslenskum þjóðarbúskap og íslensku samfélagi um þessar mundir eru af mannavöldum, eins konar manngerðar náttúruhamfarir. Nokkrir tugir manna hafa á örfáum árum skuldsett þjóðina áratugi fram í tímann samtímis því að verðmæti og eignir hafa verið teknar frá henni með einkavæðingu ríkisstofnana á útsölukjörum, því að afhenda einstökum vildarvinum stórfyrirtækin, sjávarauðlindina og stofnanir eins og banka og fjarskiptafyrirtæki, Landssímann, svo nokkuð sé nefnt. Þessar grunnstoðir

íslensks samfélags voru afhentar og sú félagslega ábyrgð sem þessar stofnanir áttu að þjóna í hinu íslenska samfélagi hvarf.

Ábyrgðin á þessum aðgerðum er fyrst og fremst á hendi ríkisstjórnarinnar sem lét þetta viðgangast með meðvituðu pólitísku afskiptaleysi, skorti á eftirliti og eðlilegu regluverki og ýtti að auki undir glórulausan ofvöxt íslensks fjármálalífs og voru beinir gerendur í gróðavæðingu íslensks samfélags með röngum ákvörðunum.

Vissulega eru horfurnar ekki góðar. Því er spáð að atvinnuleysi verði allt að 10% næstu tvö árin og fari ekki niður fyrir 5% fyrr en í fyrsta lagi árið 2011. Þrátt fyrir það er talið að verðbólgan nái nýjum hæðum og í upphafi næsta árs verði hún mest og geti farið yfir 20% en í áætlunartölum sem okkur voru birtar í fjárlaganefnd var gert ráð fyrir að hún mundi verða um 14% á næsta ári að jafnaði og voru það þó bjartsýnistölur. Þá er landsframleiðsla talin dragast saman á næsta ári og eins og hér hefur verið greint frá eru horfurnar einar þær verstu sem við höfum búið við og blasað hafa við þjóðinni síðan hún endurheimti sjálfstæði sitt.

Björgunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar einkenndust fyrst af aðgerðaleysi, síðan af taugaveiklun. Blikur voru á lofti strax á árunum 2004–2005 en þáverandi og núverandi ríkisstjórnir neituðu að horfast í augu við vandann allt þangað til bankakreppan skall á af fullum þunga í haust. Þá brást ríkisstjórnin við með því að leita eftir láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og gekkst inn á skilyrði á borð við vaxtahækkanir, niðurskurð á útgjöldum hins opinbera og fleiri pólitíska skilmála sem ganga munu gegn hagsmunum þjóðarinnar. Í ofanálag horfði þjóðin upp á algjöra uppgjöf ríkisstjórnarinnar gagnvart Evrópusambandsþjóðum um ábyrgð íslenska ríkisins á svokölluðum Icesave-reikningum Landsbankans. Fátt var dapurlegra en að verða vitni að því hvernig íslensk stjórnvöld, þrátt fyrir yfirlýsingar um allt annað, lögðust svo gjörsamlega flöt fyrir kröfum Evrópuþjóðanna — sem sumir kalla vinaþjóðir sína í NATO og sumir kalla klúbbinn í Evrópusambandinu sem þá langar svo ofboðslega til að sameinast. Þegar forsætisráðherra sagði: Við látum þessa þjóð ekki kúga okkur, þetta eru óskyld mál, kröfur einstakra Evrópusambandsríkja á hendur íslenskum bönkum og fjármálastofnunum og það að leita samstarfs við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Niðurstaðan reyndist verða sú að forusta stjórnarflokkanna varð gersamlega að leggjast marflöt fyrir hótunum, kúgunum og kröfum Breta og annarra Evrópuþjóða og samþykkja afarkosti og afarskilmála í sambandi við svokallaða Icesave-reikninga, nokkuð sem virtir lögfræðingar hafa kallað hreina þvingunarsamninga sem ekki ættu að eiga sér stað meðal siðmenntaðra þjóða, hvað þá að þjóðir sem starfa saman í bandalagi, geti þannig sameinast í því að beita eitt minnsta ríkið og eina minnstu þjóð í samfélaginu í Norður-Evrópu slíkum hótunum og þvingunaraðgerðum.

Þar með er ég ekki að segja að íslenska þjóðin eigi ekki að axla sínar skuldbindingar. Það er uppi veruleg og bein réttaróvissa um þær skuldir og kvaðir sem umræddar Evrópuþjóðir töldu sig geta lagt á hina íslensku þjóð, íslenskan almenning til að greiða upp skuldir og ábyrgðir útrásarvíkinganna, óráðsíumannanna eins og seðlabankastjóri kallaði þá, það var dapurlegt að verða vitni að þeirri uppgjöf.

Til viðbótar allri málsmeðferð hefur svo bæst skeytingarleysi gagnvart þeim þingræðis- og lýðræðishefðum og þeim stofnunum sem eiga að gæta hagsmuna almennings. Alþingi Íslendinga hefur margoft verið sniðgengið í ákvarðanatöku um þessi stóru hagsmunamál og Íslendingum verið haldið frá því. Öllum almenningi hefur verið sýnd dæmalaus óvirðing með skorti á upplýsingum, misvísandi skilaboðum frá ráðamönnum og virðingarleysi frá friðsömum mótmælendum. Loks er málsmeðferð í svokölluðum björgunaraðgerðum stórlega ábótavant af hálfu ríkisstjórnarinnar og þingmeirihluta hennar þannig að ekki stenst lágmarkskröfur um góða og lögmæta stjórnsýslu. Til dæmis að ekki skuli hafa farið fram lögformleg skipti á gömlu bönkunum og þeir gerðir gjaldþrota og þá er ákvæðum stjórnarskrárinnar storkað aftur og aftur.

Varðandi uppgjör bankanna liggur fyrir gríðarleg óvissa sem skiptir tugum ef ekki hundruðum milljarða kr. í óvissu um hvað getur fallið á íslenska ríkið í þeim efnum. Þess vegna er svo dapurt og sorglegt að verða vitni að þeim handahófskenndu vinnubrögðum, vinnubrögðum af hálfu ríkisstjórnar sem virðast miða fyrst og fremst af því að viðhalda og endurreisa óbreytt kerfi sem hrundi, koma þeim síðan aftur að kjötkötlunum sem fengu að fleyta til sín flotið og vænstu bitana á undanförnum árum, það eru vinir ríkisstjórnarflokkanna sem standa nú í biðröð til fá aftur til sín þær eignir sem ríkið hefur neyðst til að yfirtaka eftir hrun bankanna. Í þessu fjárlagafrumvarpi er ekkert reynt að leggja mat á þær skuldbindingar sem þarna geta staðið á íslensku samfélagi. Nei, en við getum rætt um það fram og til baka að skera þurfi niður fjárframlög til Landspítalans um 2,5 milljarða eða meira en hvort þeir tugir milljarða sem tapast og fara í súginn vegna handahófskenndra vinnubragða í þeirri erfiðu stöðu og dapurlegu sem upp var komin með þroti bankanna, þar getum við alveg talað í tugum milljarða og hundruðum milljarða. En þegar komið er að íslensku heilbrigðiskerfi þá eru upphæðirnar skornar við nögl, þá eru þær orðnar af þeirri stærð sem meiri hlutinn og ríkisstjórnin skilur.

Herra forseti. Þetta er inngangur hjá mér að því nefndaráliti sem við fulltrúar í minni hluta fjárlaganefndar höfum lagt fram, sá sem hér stendur fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og hv. þingmenn Guðjón Arnar Kristjánsson, þingmaður Frjálslynda flokksins og Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins.

Eins og hér hefur verið rakið þá eru þetta mestu niðurskurðarfjárlög, sumir kalla þau blóðug niðurskurðarfjárlög og forsætisráðherra upplýsti í viðtölum í fjölmiðlum í dag eða í gær að fyrirhugaður væri enn meiri niðurskurður jafnvel nú þegar í 3. umr. fjárlaga. Hvernig kemur þetta út? Jú, að óbreyttu stendur almenningur frammi fyrir auknu atvinnuleysi, minnkandi tekjum, hærri sköttum, auknum framfærslukostnaði, okurvöxtum og lækkandi eignavirði. Almennur kaupmáttur fellur á sama tíma og skuldir aukast hvort sem þær eru verðtryggðar, óverðtryggðar eða í erlendri mynt. Misgengishópar myndast og þeir hafa litla og oft enga möguleika til að bjarga sér úr ástandinu. Eins og nú horfir að óbreyttu og ekki síst fyrir aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar blasir við fjöldagjaldþrot hjá einstaklingum og fyrirtækjum með sársaukafullum afleiðingum fyrir allt at-

vinnulíf og kjör almennings í landinu. Þrátt fyrir að það sé eitt mikilvægasta hlutverk yfirvalda að gæta hagsmuna þegnanna bárust engar viðvaranir inn í samfélagið frá stjórnvöldum um hvað gæti verið í vændum, hvað væri í aðsigi. En þó hefur á undanförnum vikum verið gert opinbert að stjórnvöld höfðu ítrekað verið vöruð við í hvað gæti stefnt, bæði af innlendum og erlendum sérfræðingum, t.d. með bankana og fjármálalíf þjóðarinnar. Í stað þess að sinna þeim aðvörunum og aðvörunarbjöllum sem klingdu bæði heima og erlendis þá fóru stjórnvöld með í útrásina, héldu fundi með útrásarmönnunum hvort það var í Evrópulöndunum eða í Ameríku til að sannfæra fjármálaheiminn um að hér væri allt í lagi. Stjórnvöld völdu að ana áfram í fullkominni sjálfsblekkingu og láta sem ekkert væri. Hefði verið betur að þau hefðu áttað sig, þó að það hefði ekki verið nema fyrir hálfu ári eða einu ári. Á sl. vetri varaði stjórnarandstaðan þingið ítrekað við því að óbreytt stjórnarstefna, erlend skuldasöfnun og taumlaus óráðsía innan fjármálakerfisins gæti leitt til mikils ófarnaðar fyrir efnahagslíf landsins ef ekki væri þegar í stað brugðist við.

Eftir að bankahrunið skall á og meginhluti fjármálakerfis landsins hrundi á einni viku í byrjun október stóðu stjórnvöld lömuð og margt af því sem gert var þá af stjórnvöldum hefur síðan orkað mjög tvímælis. Þá hefur upplýsingagjöf stjórnvalda algerlega verið í molum. Minni hlutinn gagnrýnir leynimakk stjórnvalda heima og erlendis, á meðan bæði þingi og þjóð var haldið utan við umfjöllun og ákvarðanatöku í málum sem varða gífurlegt tap og risavaxnar skuldbindingar þjóðarinnar til næstu áratuga. Leiðbeiningar til almennings hafa verið í algeru lágmarki. Í frumvarpi meiri hlutans er ekki lögð fram nein skýr stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar um framtíðarsýn önnur en niðurskurður og niðurskurður. Þetta er stefna sem margar aðrar þjóðir sem hafa lent í kreppu og hremmingum — þó ekki eins stórum og við lendum í vegna stefnu stjórnvalda á umliðnum árum — hafa varað við, þær hafa varað við slíkum niðurskurði á öllum sviðum því það væri það hættulegasta sem gert væri. Menn yrðu að halda haus, menn yrðu að standa á bak við velferðarkerfið og atvinnulífið. En tillögur ríkisstjórnarinnar í þessum efnum virðast allar vera á annan veg og þegar spurt er hver það sé sem kveði á um eða reki eftir þessari niðurskurðarstefnu þá er svarið: Þetta eru kröfur og skilmálar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. (**GuðbH:** Hver hefur sagt það?) Alveg ítrekað, herra forseti, og ég kem að því síðar í ræðu minni af því að hv. þm. Guðbjartur Hannesson kallar og spyr hver hafi sagt það. (**GuðbH:** Það hefur aldrei verið sagt í fjárlaganefnd. Þú skalt leiðrétta þetta.) Þess vegna höfum við í minni hlutanum lagt fram bréf til þeirra sem skrifuðu undir samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þ.e. fulltrúar Seðlabankans og fulltrúar fjármálaráðherra, þar sem við óskum eftir þeirri stöðu sem fjárlagagerðin og ríkisfjármálin eru í og að þeir aðilar sem undirgengust og skrifuðu undir þá skilmála íslensku þjóðarinnar geri grein fyrir þeim og ég kem að því á eftir, herra forseti.

Fram undan á næsta ári eru risavaxin og erfið verkefni sem felast í því að ná efnahagskerfinu og ríkissjóði aftur á réttan kjöl. Greiðslubyrði þjóðarinnar, lántökur, vaxtabyrði, lánstími og afborgunarskilmálar eru enn óþekktar stærðir. Það er vitað nokkuð hverjar hámarkslánsheimildir frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eru en lántökur og lántökukostnaður sem verður vegna skuldbindinganna í Evrópulöndunum er í óvissu. Það er látið að því liggja að Ísland muni þurfa á næstu einu til tveimur árum að taka lán og axla ábyrgðir á greiðslum sem gætu numið 1.200–1.400 milljörðum kr.

Herra forseti. Að venju var frumvarp til fjárlaga árið 2009 lagt fram á Alþingi í upphafi þings í byrjun október og eftir 1. umr. fór það til umfjöllunar í fjárlaganefnd í samræmi við þingsköp Alþingis. Þar með hafði framkvæmdarvaldið í raun skilað frumvarpinu til umfjöllunar og afgreiðslu Alþingis. Nánast í sama mund féllu viðskiptabankarnir og þá hófst sú atburðarás sem allir þekkja. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega meðferð málsins eftir að frumvarpið kom til umfjöllunar á vettvangi Alþingis. Margar vikur liðu án þess að fjárlaganefndin fjallaði að nokkru marki um frumvarpið. Fjármálaráðherra og ríkisstjórnin tók málið í sínar hendur með stuðningi stjórnarmeirihlutans. Þar var unnið að breytingum á frumvarpinu og það var nánast endursamið eins og ég hef gert grein fyrir en fjárlaganefndin í heild, hinn lögformlegi vettvangur kom sáralítið og nánast ekkert að því verki. Það var ekki fyrr en fulltrúar fjármálaráðuneytisins mættu á fund fjárlaganefndar fimmtudaginn 11. desember að fjárlaganefnd voru kynntar tillögur ríkisstjórnarinnar um stórfelldan niðurskurð á gjaldahlið frumvarpsins. Enginn tími var gefinn til umræðna um frumvarpið í fjárlaganefnd, hvað þá að tími hefði verið gefinn til að leggja mat á áhrif einstakra tillagna, t.d. með því að ræða við aðila sem viðkomandi tillögur varða. Þetta vinnulag er lýsandi fyrir ríkisstjórnina og stjórnarmeirihlutann. Alþingi er markvisst haldið frá málum meðan framkvæmdarvaldið kokkar niðurstöður sínar á bak við luktar dyr. Þessi vinnubrögð gagnrýnir minni hlutinn harðlega.

Minni hlutinn vísar til yfirlýsingar formanns og varaformanns fjárlaganefndar frá síðasta ári um bætt vinnulag við fjárlagagerðina sem hefur því miður ekki gengið eftir. En einmitt við þær aðstæður sem við búum við í efnahagslífi þjóðarinnar nú hefði verið afar brýnt að vera með enn meira og nánara samráð og að nefndir þingsins hefðu komið meira og betur að þeirri vinnu sem hér um ræðir. Þrátt fyrir þær tillögur sem meiri hlutinn leggur fram vantar mikið upp á að nú liggi fyrir heildarmynd af frumvarpinu. Enn hafa ekki komið fram tillögur varðandi ýmsa útgjaldaliði, t.d. vaxtagjöld á auknum skuldum sem ríkissjóður þarf að taka á sig og einnig vantar endurmat á verðlags- og gengisforsendum en horfur eru á að áhrif þeirra verði mjög íþyngjandi. Þá er í fyrirliggjandi breytingartillögum ekki gert ráð fyrir breytingum á öðrum liðum sjóðsstreymis á 5. gr. lánsfjárlagafrumvarpsins né heldur á 6. gr., heimildagreininni, þannig að margt á enn eftir að koma til að hægt sé að fjalla um frumvarpið í heild sinni.

Endanleg tillaga að tekjuáætlun frumvarpsins liggur heldur ekki fyrir og því ógerningur að gera tillögur um útgjöld eins og hér er gert eða hvernig á að gera tillögur um útgjöld ef ekki liggur fyrir úr hvaða tekjum er að spila? Forsendur til að gera þær útgjaldatillögur sem hér eru, sem eru reyndar flestar í formi niðurskurðar, án þess að vita hver tekjuáætlunin er eða hvert greiðsluþol ríkissjóðs verð-

ur á næsta og þarnæsta ári sýnir að vinnubrögð af þessu tagi eru algjörlega óforsvaranleg hvað sem um tillögurnar má segja.

Ég hef áður rakið að á útgjaldahlið breytingartillagnanna kemur fram niðurskurður á heimildum á nánast alla fjárlagaliði. Dregið er úr alls konar starfsemi og þjónustu á öllum sviðum. Gera má ráð fyrir að aðgerðirnar valdi auknu atvinnuleysi meðal fólks sem starfar á vegum ríkisins eða er í störfum sem fjármögnuð eru af fjárheimildum fjárlaga. Verið er að skera niður ýmsar fjárheimildir á sviði rannsókna, nýsköpunar, atvinnuþróunar og mennta á tímum sem aldrei hefur verið jafnmikil þörf fyrir að þróttmikið starf verði unnið á þessum sviðum. Þessi niðurskurður er gerður stefnu- og skipulagslaust og án þess að nokkur tilraun sé gerð af hálfu meiri hlutans eða ríkisstjórnarinnar til að leggja mat á hverjar afleiðingarnar verða fyrir atvinnuleysið og fyrir framþróunarmöguleika íslensks atvinnulífs sem okkur er brýn þörf nú á.

Á hinn bóginn koma fulltrúar ríkisstjórnarinnar og segja að störfin verði varin, störfin á vegum hins opinbera verði varin. Þessar yfirlýsingar koma ítrekað, meira að segja í miðju bankahruninu komu yfirlýsingar frá ráðherrum um að störfin í bönkunum yrðu varin. Þegar svo tillögur koma fram er allt annað upp á borðinu og væri fróðlegt að heyra hvernig ríkisstjórnin og ríkisstjórnarmeirihlutinn ætlar að verja það að þessi niðurskurður leiði ekki til uppsagna og fækkunar starfa.

Fjárhagur sveitarfélaganna, sem gegna lykilhlutverki í nærþjónustu samfélagsins, er skilinn eftir í uppnámi. Það er ljóst að tekjustofnar sveitarfélaganna lækka, tekjustofnar eins og jöfnunarsjóður. Almennt framlag í jöfnunarsjóð lækkar vegna minnkandi tekna í samfélaginu og þau aukaframlög sem sveitarfélögin höfðu sóst eftir eru ekki inni í þessu frumvarpi. Hins vegar er sveitarfélögunum bent á að þau geti hækkað útsvarið á þegnum sínum, þegnum sem fyrirsjáanlegt er að standa frammi fyrir tekjuskerðingu, þannig a hækkun á útsvari verður þeim lítil bót.

Benda má á að á undanförnum árum og reyndar á þessu ári líka hafa verið gerðar úttektir og áætlanir fyrir þá landshluta sem fóru illa út úr þenslu síðustu ára og hafa búið við neikvæðan hagvöxt einmitt vegna þenslunnar sem að mestu leyti var á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess. Ég nefni Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra og ýmsir fleiri landshlutar og byggðir fóru illa út úr þeirri þenslu sem var á undanförnum árum og búa við neikvæðan hagvöxt. Sett hefur verið sérstök aðgerðaáætlun í gang, Vestfjarðaáætlun, Norðvesturáætlun, Norðausturáætlun. Þessum byggðarlögum, sem tóku á sig skerðinguna í góðærinu, er nú gert að taka fullan þátt í skerðingunni líka þegar er kreppa. Þessi samfélög verða að taka á sig skerðingu hvort heldur er í góðæri eða kreppu.

Herra forseti. Ég hef rakið mjög ítarlega að stefnan sem birtist í fjárlagafrumvarpinu miðar fyrst og fremst að niðurskurði og aftur niðurskurði og það skortir einhverja sýn fyrir framtíðina um að standa vörð um velferðarkerfið, heilbrigðisþjónustuna og atvinnulífið. Mörg grundvallaratriði skortir til að hægt sé að leggja mat á frumvarpið og þær tillögur sem hér eru lagðar fram. Við í minni hlutanum gerðum sérstaka bókun þegar meiri hlutinn tók frumvarpið úr fjárlaganefnd, við vorum við því andvíg og töldum það engan veginn undir það búið að vera tekið út, það skorti allar upplýsingar til þess. Raunar er ég þeirrar skoðunar að það frumvarp sem nú er unnið að skorti veigamiklar upplýsingar og þó að nú sé lofað einhverjum upplýsingum fyrir 3. umr. hef ég ekki trú á að þær komi inn með það sannfærandi hætti að hægt sé að byggja næsta fjárlagaár á þeim.

Ég hef á undanförnum þingum bent á hve fjárlagafrumvarpið og fjárlögin hafi breyst innan ársins og hef ítrekað lagt til með frumvarpi að það yrði skylda að gera fjáraukalög, fara yfir fjárlögin að vori í lok þings og breyta þeim að því marki sem þörf væri á. Hafi það einhvern tíma verið brýnt þá er það nú. Þess vegna sýnist mér allt stefna í það með fjárlögin nú og þessa fjárlagagerð að þau verði meira og minna marklaus, forsendulaus og framtíðarlaus.

Það mun hafa verið gert einhvern tíma á árum áður þegar hliðstæðar aðstæður komu upp, þó að þær hafi ekki verið jafngrafalvarlegar og þessar, að samþykkt var sérstök greiðsluheimild fyrir ríkissjóð vegna fyrstu mánaða næsta árs og afgreiðslu fjárlaga frestað til að þau mætti vinna betur. Mér sýnist á öllu, herra forseti, að við stöndum frammi fyrir þeirri stöðu núna að það sé ekkert vit í því að afgreiða einhver málamyndafjárlög sem eru ekki í takt við raunveruleikann, sem skortir verulega upplýsingar sem hægt er að byggja á og menn ættu frekar að vinna að greiðsluáætlun sem ríkissjóður gæti stuðst við og nýtt sér fyrstu mánuði ársins og síðan væri farið í að vinna ný fjárlög. Reyndar tel ég að það væri betra að ný ríkisstjórn gerði það.

Við þingmenn minni hlutans í fjárlaganefnd lögðum fram allmargar spurningar til fjármálaráðuneytisins þegar fulltrúar þess komu á fund fjárlaganefndar, um atriði sem út af stóðu og báðum um svör við þeim. Ég get nefnt sem dæmi að við óskuðum eftir að lögð væri fram rekstraráætlun fyrir ríkissjóð til næstu fjögurra ára. Í svari fjármálaráðuneytisins kom fram, með leyfi forseta, og líka til upplýsingar fyrir hv. þm. Guðbjart Hannesson um stöðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins:

„Fyrirhugað er að vinna nýja langtímaáætlun um ríkisfjármálin sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir í kringum mitt næsta ár í samræmi við samkomulag IMF.“

(Gripið fram í.) Hv. þm. Guðbjarti Hannessyni finnst eitthvað dapurlegt að talað sé um að þetta sé í samræmi við samkomulag. Þetta er samkomulag sem verður að standa við og er í formi tilskipunar.

Einnig var spurt um greiðsluáætlun fyrir ríkissjóð til næstu fjögurra ára og svarið var eins, að beðið sé eftir að hún verði unnin í samræmi við samkomulag Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Svona er um fleiri spurningar sem komu afar fátækleg svör við eins og þegar spurt var um hver yrði fjármögnunarkostnaður, vextir og afborganir á næstu árum, árunum 2009, 2010 og 2011, þá var áfram vísað til þess að þetta lægi ekki fyrir og þess vegna væri ekki hægt að gefa þær upplýsingar.

Þess vegna ákváðum við, þingmenn í minni hlutanum, að ganga hreint til verks og spyrja þá sem skrifuðu undir samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og sendum bréf sem fór til þeirra í morgun. Ég vil leyfa mér að lesa upp úr bréfinu, herra forseti:

„Bréf frá minni hluta fjárlaganefndar til fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands.

Vísað er til þingskjals 189, 161. máls, sem er tillaga til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og lögð var fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009. Jafnframt er vísað til fylgiskjals þingskjalsins, viljayfirlýsingar um áform íslenskra stjórnvalda vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Undirritaður óskar eftir að ráðuneytið beri saman fjárlagafrumvarpið og einstaka liði í fyrrgreindu samkomulagi. Óskað er eftir skriflegri umsögn um:

Þau atriði í fjárlagafrumvarpinu sem hafa bein áhrif á markmið IMF fyrir ríkisbúskapinn og fjármál þjóðarinnar og hvernig þau standast áform samkomulagsins um að ríkissjóður nái hallalausum rekstri innan tilgreinds tíma.“ — Það er alveg ljóst að okkur hefur hvað eftir annað verið kynnt að þetta séu kröfur af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem sumir hafa kallað samkomulag, ég held að menn hafi kallað þetta þvingunarsamkomulag, en það er eins gott að fá upp á borðið hvernig þessar kröfur eru skilgreindar.

„Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir þeim atriðum í niðurskurðartillögum ríkisstjórnarinnar sem eru til komnar vegna samkomulagsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og þeim verði skipt á málaflokka.“

Og enn fremur er óskað eftir svari við eftirfarandi spurningu:

„Ef tekjur ríkissjóðs reynast hærri en gengið er út frá í samkomulaginu, hvaða heimildir eru þá fyrir hendi til að nota þá aukningu við að draga úr niðurskurði ríkissjóðs, t.d. til heilbrigðismála og almannatryggingakerfisins?“

Við viljum fá það á hreint, herra forseti, verði tekjur meiri en áætlað var í drögum að samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hvaða heimild ríkissjóður hafi til að ráðstafa þeim tekjum.

Einnig hefur komið fram að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn muni koma hingað á þriggja mánaða fresti og taka út hver þróunin hefur verið og hvert hafi verið stefnt í fjármálum ríkisins. Við viljum fá að sjá, eins og kom reyndar fram í ræðu m.a. hæstv. forsætisráðherra hér, að við fáum þá rúsínu að ef vel hafi tekist til fáum afgreiðslu á næsta láni. Við viljum fá á hreint hver séu þessi ársfjórðungslegu viðmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hvernig þau eru skilgreind í fjármálum ríkisins og hvort þar geti verið skorður sem kalla á setningu nýrra fjárlaga til að mæta þeim kröfum eða viðmiðunum sem sjóðurinn hefur sett.

Þá óskum við eftir upplýsingum um stöðu heildarlána ríkissjóðs, væntanlegar lántökur næstu fjögur árin, áætlaðan vaxtakostnað og mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á hvað íslenska þjóðarbúið getur staðið undir háum lánum.

Loks óskum við eftir upplýsingum frá Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu um árlega greiðslubyrði afborgana og vaxta á árunum 2009– 2013.

Í þessu bréfi er beðið um nokkrar grunnupplýsingar sem við teljum að verði að liggja fyrir áður en hægt er að leggja mat á fjárlögin og afgreiðslu þeirra, og hvort sem okkur líkar betur eða verr að vera ofurseld hvort sem það heitir skilmálar eða samkomulag Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þá skulu öll þessi skilyrði og skilmálar vera upp á borðum. Það vantar mikið á að svo sé enn.

Herra forseti. Þegar við horfum á þær niðurskurðar- og svartsýnistillögur sem ríkisstjórnin hefur lagt fram sem margir hafa gagnrýnt og telja hættulegt að fara inn á þá braut vil ég leyfa mér að vitna til tillagna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um aðgerðaáætlun sem ég vísaði til í upphafi máls míns og er forgangsröðun okkar í þessari erfiðu stöðu. Forgangsröðun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar kemur fram í þessum tillögum: Niðurskurður í heilbrigðismálum og niðurskurður í menntamálum.

En ég vil gera að umtalsefni tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem lagðar voru fram á flokksráðsfundi fyrir nokkrum dögum. Ég vitna til þeirra sem okkar sýnar á málin. Við teljum reyndar að núverandi ríkisstjórn sé ófær um að taka á málum til næstu framtíðar þjóðinni til heilla, hún muni vera föst í sínu svarta fari og keppast við það eitt að endurreisa það samfélag og fjármálakerfi sem byggðist upp á undanförnum árum og hrundi.

Við viljum annað samfélag og teljum að til þess að það gerist þurfi nýja ríkisstjórn, ríkisstjórn sem miðar að því að bæta, styrkja og standa vörð um hag fjölskyldnanna og heimilanna í landinu og setja það í öndvegi en ekki fjármálalífið fyrst og fremst. Í því skyni er nauðsynlegt að styrkja velferðarkerfið og hlutverk sveitarfélaga í velferðarþjónustunni, að staða sveitarfélaganna og ábyrgð þeirra verði viðurkennd.

Við teljum t.d. að tenging atvinnuleysisbóta við fjölskyldustærð ætti að vera skýr og atvinnuleysisbætur hjá fjölskyldufólki ættu að hækka. Við viljum að almannatryggingakerfið verði byggt á framfærslu- og lífskjaratryggingu þar sem jöfnuður í lífskjörum og aðstöðu verði stóraukinn, jöfnuðurinn verði hafður að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á að samfélagsstofnanir og samtök, svo sem skólar, heilbrigðisstofnanir, félagasamtök, sjálfseignarstofnanir, verði virkjuð og gert auðveldara að sinna sínum hlutverkum.

Við leggjum áhersla á að staða heimilanna verði skilgreind út frá þörfum barna og tryggt að misjafn fjárhagur hafi ekki áhrif á möguleika þeirra til að njóta bestu mögulegrar heilbrigðisþjónustu, skólagöngu og tómstunda. Það er ekki forgangsmál hjá okkur og við erum reyndar andvíg því að hækka komugjöld sjúklinga á sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eins og tillögur meiri hlutans gera ráð fyrir.

Við teljum líka mikilvægt að tryggja að ekki verði dregið úr stuðningi við forvarnir og meðferðarúrræði í efnahagsþrengingunum. Það er aldrei meiri þörf en einmitt í þrengingum að standa vörð um þessa hópa. Við hefðum frekar viljað sjá og munum leggja til að tekinn verði upp hátekjuskattur á þá sem hafa hæstu tekjurnar eða þrepaskiptur tekjuskattur þannig að þeim sem eru með lægri og miðlungstekjur væri hlíft en byrðarnar færðar hlutfallslega meira á þá sem hærri hafa tekjurnar. Það er þveröfugt við það sem er í tillögum meiri hlutans þar sem er flöt tekjuskattshækkun.

Við leggjum áherslu á nýsköpun í atvinnu og byggðamálum og við teljum að leggja verði mikla áherslu á að styrkja alla framleiðslustarfsemi, verðmætasköpun í atvinnulífinu. Meðal þeirra greina sem huga þarf að sérstak-

lega er sjávarútvegur og landbúnaður og reyndar matvælaiðnaðurinn í heild sinni. Nýsköpun í þessum greinum svo og í öðrum greinum eins og sprotafyrirtækjum og smáum og stórum fyrirtækjum er gríðarlega mikilvægur. Í þessu frumvarpi er hann skorinn niður.

Við höfum lagt til að sjávarútveginum og stjórn fiskveiða verði breytt í ljósi þessara markmiða og m.a. að útflutningur á óunnum gámafiski verði stöðvaður, að minnsta kosti tímabundið, og hann tekinn inn til íslenskrar fiskvinnslu.

Við leggjum áherslu á að fjárveitingar hins opinbera verði fyrst og fremst færðar yfir í mannaflsfrekar aðgerðir og það sé gert meðvitað samkvæmt ákveðinni stefnu. Það sé þá ekki síst viðfangsefni sem væri á ábyrgð ríkis og sveitarfélaga og hægt að stýra framlögum ríkisins í þeim efnum.

Ég hef lagt áherslu á landbúnaðinn og tel gríðarlega mikilvægt að við nú stöndum vörð um íslenskan landbúnað. Komið hafa hugmyndir um að leyfa hömlulausan innflutning á hráum kjötvörum og yfirtöku á matvælalöggjöf Evrópusambandsins en fátt væri vitlausara í þessari stöðu en það. Hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur þó enn boðað að það frumvarp komi fram. Við viljum standa á bak við íslenskan landbúnað og þar eigum við möguleika, bæði til innanlandsmarkaðar og líka til útflutnings. Því er afar brýnt að um hann sé sleginn skjaldborg.

Við höfum líka lagt áherslu á að í mennta- og menningarmálum sé þess gætt að ekki sé skorið niður þannig að það hafi neikvæð áhrif og slæmar afleiðingar fyrir samfélagið. Í þeim löndum sem lent hafa í fjárhagslegum hremmingum hefur einmitt verið lögð áhersla á að við þær kringumstæður verði að standa vörð um menntakerfið, um fjölþætta möguleika fólks sem misst hefur sína reglubundnu atvinnu til þess að geta sótt aftur sérmenntun og almenna menntun. Eins og nú horfir eru líkur til þess að eftirspurn eftir menntun og þörf samfélagsins til að svara þeirri eftirspurn fari vaxandi. Þá er ekki rétt leið að beita bara tillitslausum og vanhugsuðum niðurskurði á menntastofnanir landsins. Þessu hefur einmitt verið varað við. Við leggjum til að þarna sé hugað vel að hvernig fénu er varið.

En er einhver staður þar sem við viljum skera niður? Já. Ég get nefnt liði þar sem eru svo augljósir. Ég tel enga ástæðu til að við undir þessum kringumstæðum verjum tugum ef ekki hundruðum milljónum króna í samstarf við NATO, í þátttöku í herleiðöngrum NATO austur í lönd í starfi með NATO, samtökum þjóða sem beittu okkur hryðjuverkalögum. Eigum við í þeirri erfiðu stöðu sem við búum við að verja fjármagni í þau samtök? Nei, nær væri að setja það fjármagn inn á Landspítalann eða í menntastofnanir landsins.

Önnur stofnun eða verkefni sem við teljum að mættu hverfa er af sama meiði en það er hermálastofnunin eða Varnarmálastofnunin sem verið er að setja á stofn. (Gripið fram í.) Við þessar aðstæður? Er það brýnt að setja á stofn hermálastofnun hér? Nei. Væri ekki nær að setja þessa fjármuni inn í heilbrigðisstofnanirnar? Inn í háskólana? Væri það ekki meiri vörn? Jú. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum gjörbreyta áherslum í þessum efnum.

Herra forseti. Ég hef vísað til útgefins nefndarálits hvað varðar álit okkar félaga og hv. þingmanna sem skipum minni hluta fjárlaganefndar, þeirra hv. þm. Magnúsar Stefánssonar fyrir hönd Framsóknarflokksins og Guðjóns Arnars Kristjánssonar fyrir hönd Frjálslynda flokksins og þess sem hér stendur fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég vísa til þessa ítarlega nefndarálits sem liggur fyrir og ég veit að félagar mínir í minni hlutanum munu gera ítarlegri grein fyrir því en ég hef gert.

Ég vil í lok þessarar framsögu leggja áherslu á að í fyrsta lagi er ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar á kolrangri braut í forgangsröðun á útgjöldum sínum og tekjuöflun. Stjórnarliðar viðurkenna að við erfiðar aðstæður sé að eiga. Ríkisstjórnin valdi að stilla sér einhliða upp með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og ekki leita annarra leiða í að vinna sig út úr þeim gríðarlega fjárhags- og efnahagsvanda sem komið hafði yfir þjóðina sem almenningur var að stórum hluta saklaus af en verður að taka á sig byrðarnar.

Ég tel enn að hægt sé að snúa af þeirri braut. Það er sérstök ástæða til þess að þakka Færeyingum sem voru reiðubúnir að leggja okkur til fjárstuðning án þess að lúta ofurkjörum eða kúgunum af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða Evrópuþjóðunum í ESB og NATO.

Við viljum fara inn á þá braut sem ég hef hér rakið og Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill fara þar sem börn og heimili eru sett í fyrirrúm, þar sem menntun og félagshyggja ráði ferð og er áhersluatriði. Þar sem styrking innlends atvinnulífs til sjávar og sveita, nýsköpunar og hátækni er höfð að leiðarljósi og það er treyst á innlenda orku, kraft og þekkingu til að byggja upp enn öflugra atvinnulíf og við getum bjargað okkur og borgað okkar erlendu skuldir og komið okkur aftur á þann stall sem við viljum vera á meðal þjóða í efnahagslegu tilliti á nýjum forsendum.

Þetta frumvarp gerir það ekki talnalega séð og það sem er undirliggjandi er svo ótrúverðugt. Það vantar svo mörg gögn til að hægt sé að leggja mat á það. Þess vegna vorum við þeirrar skoðunar að málið væri ekki tækt eins og það lá fyrir af hálfu meiri hlutans úr hv. fjárlaganefnd til Alþingis og bæri að vinna betur að því. En ég vil árétta að mér sýnist horfa í að Alþingi vinni frumvarp um greiðsluheimildir handa ríkissjóði til þess að hann geti mætt skuldbindingum sínum á fyrstu vikum og mánuðum næsta árs. Við viljum að fjárlagafrumvarpið verði unnið betur, það dregið til baka og unnið betur. Síðan verði lagt fram nýtt fjárlagafrumvarp sem byggir á annarri sýn og betri grunnforsendum þegar líða tekur á næsta ár, herra forseti.

[12:42]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir ræðu hans. Hann flutti ræðu sína sem talsmaður minni hlutans. Var ekki svo að stór hluti af ræðunni var inngangur eða leiðarljós Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frekar en hið sameiginlega nefndarálit þessara þriggja stjórnarandstöðuþingmanna sem sitja í fjárlaganefnd?

Í annan stað vil ég spyrja um þær tillögur sem hv. þingmaður vill útfæra. Það er niðurskurður á framlaginu til NATO og Varnarmálastofnun upp á 70 millj. kr. Er það

nægjanlegt varðandi hagræðingu sem hugsanlega liggur fyrir í ríkisrekstrinum?

[12:44]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Varðandi nefndarálitið og þau atriði sem komu fram í ræðu minni sem ekki var beinn hluti af nefndarálitinu vitnaði ég til þess áðan hvernig það væri og hvernig vikið væri frá nefndarálitinu og inn í annað mál. Það var því nokkuð ljóst í þeim efnum enda liggur nefndarálitið fyrir sem þingskjal og stendur sem slíkt. Það er að mínu viti reyndar mjög gott. Ég hvet hv. þm. Gunnar Svavarsson til að lesa það mjög vandlega því að ef við berum saman nefndarálit meiri hlutans og minni hlutans leyfi ég mér að segja að nefndarálit minni hlutans er miklu styttra og betra án þess þó að segja að hitt hafi verið algerlega ómögulegt. (Gripið fram í.) Varðandi síðan kostnaðarhliðina get ég (Forseti hringir.) spurt hv. (Forseti hringir.) þingmann á móti: Telur hann að tekju- (Forseti hringir.) og gjaldaforsendur séu til staðar til þess að við getum afgreitt gjaldahlið frumvarpsins?

[12:45]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef lesið umrætt nefndarálit og ég mun lesa þessa tímamótaræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar og skoða hvenær hann vitnar til annars vegar stefnuyfirlýsingar Vinstri grænna og hins vegar nefndarálitsins. Mér fannst hins vegar að í ræðunni væri stundum hægt að skilja hann þannig að umræddir meðflutningsmenn að nefndarálitinu tækju undir þessar yfirlýsingar hv. þingmanns.

Hv. þingmaður svaraði ekki fyrirspurn minni varðandi niðurskurð í ríkisrekstri eða hagræðingu að því undanskildu að hann hefur lýst því yfir að það sé sjálfsagt að taka niður tvo rekstrarliði, annars vegar 70 millj. kr. framlag til NATO og hins vegar Varnarmálastofnun, og færa þá fjármuni jafnharðan aftur út í aðra rekstrarliði. Ég ítreka þessa spurningu.

[12:46]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég sagði í ræðu minni að það væri mín persónulega skoðun að það mætti gera þetta við þessa tvo liði og vil leggja áherslu á það.

Ég tel að það eigi að fara í gegnum frumvarpið allt í heild sinni út frá allt annarri forgangsröðun. Samkvæmt þeirri forgangsröðun sem frumvarpið leggur fram verður eingöngu farið í flatan og beinan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu. Menn ætla sér að skera niður við Landspítalann án þess að hafa hugmynd um hvaða afleiðingar það hefur. Gæti hv. þingmaður svarað því hér í síðari ræðu sinni hvaða afleiðingar fyrirhugaður niðurskurður á fjölda starfa hjá Landspítalanum hafi ef þessi ákvörðun á fram að ganga? Svona svör eiga að liggja fyrir áður en menn setja fram gríðarlegar niðurskurðartillögur á einstakar stofnanir. Ég verð að segja það.

[12:47]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ræðan sem talsmaður Vinstri grænna í fjárlaganefnd flutti hér áðan kom mér í sjálfu sér ekki mikið á óvart. Þetta voru sömu frasarnir og áður hafa kveðið og komið fram í þessum ræðustól. Mikið hefur borið á því í því máli hv. þingmanns að gjörð og gerningum í þessu frumvarpi sé stýrt af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það þarf engan snilling og alls ekki einhverja útlendinga til að segja mönnum að það tekjufall sem orðið hefur hjá íslenska ríkinu og sá útgjaldaauki sem fyrir liggur kallar á aðgerðir hér heima fyrir.

Ég vil ítreka þær spurningar sem hv. þm. Gunnar Svavarsson beindi til ræðumanns áðan, hvar hann sjái dregið úr rekstrinum, því utanríkisþjónustan tekur á sig hlutfallslega langmestan niðurskurð í þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Það er ástæðulaust að benda sýknt og heilagt á það sem (Forseti hringir.) betur má fara og ég skora á hv. þingmann að koma með gagngerar tillögur.

[12:48]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Staðan í umræðunni núna er þannig að ekki liggur fyrir tekjuáætlun. Það liggur ekki fyrir nema hluti af gjöldunum. (**Gripið fram í:** Áttirðu von á að tekjurnar hækkuðu?) Það liggur ekki fyrir tekjuáætlun af hálfu ríkisstjórnarinnar hvort sem hún er há eða lág. Ekki erum við í standi til að vinna tekjuáætlun, það er jú ríkisapparatið sem gerir það.

Hins vegar liggur fyrir forgangsröðun í gjöldunum en þó engan veginn öll. Hvar eru vextirnir? Hvar er lántökukostnaðurinn? (Gripið fram í.) Hvar er mat á greiðslugetu ríkissjóðs til næstu ára? Ekkert slíkt liggur fyrir. Umræðan um þetta frumvarp eins og það stendur nú er því (Forseti hringir.) mjög erfið. Einmitt þess vegna töldum (Forseti hringir.) við það ekki hæft til umræðu og að ekki væri hægt að (Forseti hringir.) taka það upp við fjárlaganefnd vegna þess að (Forseti hringir.) það væri svo illa úr garði gert og (Forseti hringir.) upplýsingar vantaði.

[12:50]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti verður að ítreka beiðni sína til hv. þingmanna um að virða tímamörk.

[12:50]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Dettur hv. þingmanni í hug — þrátt fyrir skort á þeim upplýsingum sem hann kallar eftir og ég viðurkenni fúslega að væri gott að hafa — að fara í gegnum þessa umræðu án þess að taka afstöðu til þeirra tillagna sem hér liggja fyrir? Ef hann er ósáttur við þær ætti hann að koma fram með því hugrekki að benda á aðrar leiðir til þess að draga úr fyrirsjáanlegum kostnaði í tekjufalli ríkissjóðs á næsta ári.

Ég skora á vinstri græna að koma með raunhæfar tillögur í þá veru að mæta þeim vanda sem skapast hefur og ítreka spurningar mínar og hv. formanns fjárlaganefndar,

Gunnars Svavarssonar, í þá veru.

[12:51]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta býsna bratt sagt af varaformanni fjárlaganefndar. Það vantar öll grundvallaratriði inn í fjárlaganefnd og fjárlagaumfjöllunina til að hægt sé að vinna fjárlög. (**Gripið fram í:** Ekki öll.) Langflest, þegar vantar bæði tekjur og stóran hluta gjaldanna, greiðsluáætlun og greiðslugetu ríkissjóðs. Þetta er bara vinnuplagg sem lagt er fram af hálfu meiri hlutans. Þess vegna höfum við einmitt skrifað bréf til Seðlabankans og fjármálaráðherra um grundvallaratriði sem setja þessum fjárlögum sinn ramma.

Ég geri mér grein fyrir því að staðan er erfið en þá eiga öll atriði að koma upp á borðið, líka kröfur og skilmálar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hann hefur sett fyrir fjárlagagerðinni. Ég skil ekkert í því af hverju hv. varaformaður (Forseti hringir.) fjárlaganefndar, Kristján Þór Júlíusson, stendur ekki (Forseti hringir.) með mér í því að fá allar (Forseti hringir.) upplýsingar upp á borðið í staðinn fyrir þetta stöðuga leynimakk. (Forseti hringir.)

[12:52]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka ítarlega ræðu en verð þó að lýsa vonbrigðum mínum með að fátt var um viðbótartillögur eða hugmyndir um hvaða upphæðir ætti að glíma við. Margt af því sem var sagt voru hreinir og klárir útúrsnúningar úr því sem þó kemur fram í tillögum meiri hlutans með fjárlögunum.

Sjálfur gagnrýnir hv. þingmaður að ekki liggi fyrir hver vaxtakostnaðurinn sé en í nefndaráliti frá minni hlutanum kemur fram að hann áætlar 300 millj. kr. á þremur árum og í fjárlagafrumvarpinu er einmitt gert ráð fyrir 104 milljörðum kr. árið 2009.

Mig langar að heyra frá hv. þingmanni hvern hann telur vera eðlilegan halla, við skulum segja í prósentum. Mig langar líka að spyrja — ég á nú eftir að eiga betri orðastað við hann varðandi forgangsröðunina: Er 45 milljarða kr. niðurskurður og um það bil 3% (Forseti hringir.) niðurskurður á einstökum stofnunum eins og mennta- og heilbrigðisstofnunum (Forseti hringir.) of í lagt miðað við horfurnar í efnahagslífinu í dag?

[12:53]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili áhyggjum af stöðu efnahagsmála og fjármála og þess í hvert stefnir Ég geri mér grein fyrir að það mun þurfa að beita niðurskurði. Það sem er hins vegar hið erfiða í stöðunni er að upplýsingar um raunverulega stöðu ríkisfjármálanna skuli ekki vera uppi á borðum. Það liggur ekkert fyrir um hverjar heildarlántökurnar verða eða hver raunveruleg greiðslugeta ríkissjóðs er á næstu árum. Það liggur ekki fyrir hver vaxta- og afborgunarbyrði verður á næstu árum. (**Gripið fram í:** Hér gerir það nú samt. Við urðum sammála.) Þess vegna höfum við einmitt óskað eftir því að öll þessi atriði verði lögð fram til þess að hægt sé að vinna á nýjum grunni.

Hitt get ég fullvissað hv. þingmann um að það er ekki í forgangi hjá Vinstri grænum í heilbrigðismálum að hækka (Forseti hringir.) komugjöld sjúklinga á (Forseti hringir.) heilbrigðisstofnanir og sjúkrahús eins og er í tillögum meiri (Forseti hringir.) hlutans.

[12:55]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Áfram er skorast undan að koma með tillögur aðrar en þær sem voru komnar sem hljóðuðu upp einhverja örfáa tugi milljóna í sambandi við varnarmálin.

Eitt vakti athygli mína í ræðu hv. þingmanns. Hann talaði um að menn ættu að snúa sér að mannaflsfrekum framkvæmdum öðru fremur. Er hv. þingmaður þar með að segja að ekki eigi að leggja fé til vegagerðar? Eða lítur hann svo á að það séu mannaflsfrekar framkvæmdir? Hvað annað á hann þá við þegar hann talar um slíkt? (Gripið fram í.)

Mig langar líka að spyrja hvort hann tali sem talsmaður minni hlutans. Voru allir minnihlutafulltrúarnir sammála lýsingunni á einkavæðingu bankanna, einkavinavæðingunni og sölunni á Símanum? Talar hann fyrir alla þá þrjá sem skrifa undir nefndarálit minni hlutans?

[12:56]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa til þessa nefndarálits sem liggur hér fyrir. Það er mjög ítarlegt og gott nefndarálit sem við stöndum sameiginlega að, þingmenn Frjálslynda flokksins, Framsóknarflokksins og Vinstri grænna sem erum í fjárlaganefnd.

Hitt verð ég að segja að ég tek undir áhyggjur hv. þingmanns um áherslur í atvinnu- og menntamálum. Ég minntist áðan á að það er ekki forgangsmál hjá Vinstri grænum að skera niður á sjúkrahúsum eða hækka komugjöld en við viljum líka standa vörð um atvinnustigið. Af hverju á að heimila útflutning á óunnum gámafiski? Af hverju t.d. tökum við hann ekki inn í landið? Ég tel líka mikilvægt þegar talað er um vinnuaflsfrekar (Forseti hringir.) framkvæmdir að við stöndum vel vörð um (Forseti hringir.) viðhaldsverkefni, stofnkostnaðarverkefni (Forseti hringir.) og vegagerð út um allt land.

[12:57]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður segir að við Íslendingar hefðum ekki þurft að leita ásjár hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þá er það spurningin: Hvernig ætlaði hv. þingmaður að leysa þau mál t.d. varðandi gjaldeyrismarkaðinn, það að svara ákalli eða aðgerðum Evrópusambandsins, svara kröfum lánardrottna bankanna og vandamálin með jöklabréfin? Allt þetta er óleyst.

Síðan vil ég benda hv. þingmanni á að tekjuáætlun, samkvæmt 21. gr. þingskapa, á að liggja fyrir frá hv. efnahags- og skattanefnd fyrir 3. umr. og við erum núna í 2. umr.

[12:58]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að tekjuáætlunin á að liggja fyrir í 3. umr. Hins vegar er um svo mikla gjörbyltingu á fjárlagafrumvarpinu og gjaldahlið þess að ræða frá því það kom til 1. umr. að það hefði verið í takt við góð vinnubrögð að tekjuáætlunin lægi fyrir til að hægt væri að fjalla um þau mál.

Varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ég sagði að það hefði ekki endilega þurft en samningur við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og skilmálar hans var eini valkosturinn sem stillt var upp af hálfu ríkisstjórnarinnar. Margir hagfræðingar og sérfræðingar hafa bent á að það hefði átt að skoða aðrar leiðir.

Það sem ég gagnrýni var og er að ekki voru skoðaðar aðrar leiðir eða samsetning á öðrum möguleikum heldur farið alfarið og eingöngu í faðm Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Forseti hringir.) og krafna hans.

[12:59]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður er ekki einn um að uppgötva að það hefur orðið gerbreyting á þjóðfélaginu á síðustu mánuðum og þar af leiðandi á fjárlagafrumvarpinu. Ég hef tekið eftir því líka. Hann svarar því ekki hvernig hann ætlar að lifa áfram í andstöðu við allar Evrópuþjóðir, þjóðirnar sem eru með okkur í Evrópska efnahagssvæðinu. Hann svaraði ekki heldur hvernig íslensk þjóð á að fara að taka lán hjá lánardrottnum ef ekkert er gengið til móts við þá. Hann svarar eiginlega engu af því sem ég spurði um og hann svarar heldur ekki hvernig hann ætlar að leysa vandamálið með gjaldeyrismarkaðinn án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, það átti bara að skoða. Er hv. þingmaður búinn að skoða það allt út í hörgul?

[13:00]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við vinstri grænir erum ekki í ríkisstjórn og þessi ríkisstjórn hefur valið að halda öllum upplýsingum fyrir sig, leynt bæði þjóð og þing sínu makki hvað þetta varðar. Ég get bent hv. þingmanni á þjóð sem var reiðubúin að koma til stuðnings og samstarfs við Íslendinga án þess að lúta afarkostum og kúgunarkjörum Evrópusambandsríkjanna, Bretlands, NATO eða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það voru Færeyingar. Hefði ekki verið nær og hefðum við ekki viljað horfa til þess að þær Evrópuþjóðir sem eru búnar að vera vinaþjóðir okkar í mörg ár hefðu komið til okkar á sama grunni og Færeyingar og boðið samstarf en ekki undir kúgunum? (Gripið fram í.) Hvað sagði hæstv. forsætisráðherra? Hann sagði: Við látum ekki kúga okkur, en hann lét samt kúga sig og er hann forsætisráðherra hv. þingmanns.

[Fundarhlé. — 13:02]

[13:30]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. 2. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009 fer nú fram við mjög óvenjulegar og í reynd einstæðar aðstæður. Við sem þjóð stöndum í raun frammi fyrir gríðarlega erfiðu og flóknu verkefni við að vinna okkur út úr þeim ótrúlegu aðstæðum sem við erum komin í og svo að ég tali fyrir mig finnst mér að fyrir fram hafi þetta verið óhugsandi aðstæður.

Októbermánuður 2008 mun um ókomna tíð vera ein af lykiltímasetningum í sögu landsins þar sem yfir 80% bankakerfisins féll nánast í einu vetvangi. Íslenska þjóðin og efnahagskerfið urðu fyrir miklu áfalli við þessa atburði og því má halda fram að aldrei í heimssögunni hafa aðrar eins hamfarir átt sér stað í einu landi, ekki síst ef litið er til umfangs efnahagskerfisins. Almenningur stendur nú frammi fyrir auknu atvinnuleysi, minnkandi tekjum, hærri sköttum og álögum, auknum framfærslukostnaði og lækkandi eignavirði ásamt hinu himinháa vaxtastigi og mikilli verðbólgu sem nú geisar. Á sama tíma og skuldir aukast, hvort sem um er að ræða verðtryggðar, óverðtryggðar eða gengistryggðar, fellur kaupmáttur ráðstöfunartekna. Það er, virðulegi forseti, sá ískaldi veruleiki sem þjóðin stendur nú frammi fyrir.

Undanfarnar vikur hefur mikið verið fjallað um aðdraganda þessara atburða. Margir aðilar, innlendir og erlendir, höfðu haft uppi viðvörunarorð til stjórnvalda um að í aðsigi væru mikil vandræði í efnahagsmálum. Því miður lét ríkisstjórnin þessar viðvaranir sem vind um eyru þjóta. Síðustu 12–15 mánuði hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar haft uppi yfirlýsingar um að allt væri í besta standi og fram undan væri betri tíð í efnahagsmálum. Nú hefur komið í ljós að á sama tíma voru ráðherrar ítrekað varaðir við ótryggu ástandi og sagt að þörf væri á því að bregðast við ef ekki ætti illa að fara.

Það er ljóst að stjórnvöld hafa í mörgum tilfellum brugðist skyldum sínum. Það liggur líka fyrir að samskipti innan ríkisstjórnarinnar og í raun innan stjórnsýslunnar hafa verið með þeim hætti að það bauð hættunni heim. Nefna má sem dæmi að enginn kannast við að hafa átt samtöl við seðlabankastjóra sem segist hafa varað ráðherra við yfirvofandi hættu varðandi bankakerfið. Tveir hæstv. ráðherrar virðast hafa átt aðild að einhverjum dýrasta misskilningi sögunnar í samskiptum sínum við fjármálaráðherra Breta í aðdraganda þess að beitt var hryðjuverkalögum á eigur Íslendinga í Bretlandi.

Það má nefna margt fleira sem er gagnrýnisvert við vinnubrögð ríkisstjórnarinnar á undanförnum mánuðum. Af nógu er að taka sem hefur komið fram í umræðunni en ég ætla ekki að eyða lengri tíma í þau mál. Ég vísa til nefndarálits minni hluta fjárlaganefndar þar sem ýmislegt er dregið fram.

Frumvarp til fjárlaga 2009 var lagt fram í byrjun þings í október og fór til umfjöllunar og vinnslu í fjárlaganefnd eins og lög gera ráð fyrir. En nánast á sama tíma reið fall bankanna yfir og öllum var ljóst að við þá atburði brustu forsendur fjárlaganna. Í framhaldinu mun lítið hafa verið fjallað um frumvarpið í fjárlaganefnd vikum saman. Ég tek fram að ég er nýkominn til starfa í fjárlaganefnd þannig að ég tala út frá því sem ég hef heyrt um. Hæstv. fjármálaráðherra og ríkisstjórnin tóku frumvarpið aftur í sínar hendur með vilja og stuðningi þingmanna stjórnarflokkanna. Fjár-

laganefndin fékk breytingartillögur ríkisstjórnarinnar á sitt borð fyrir fjórum dögum, nánast nýtt frumvarp. Um sólarhring síðar afgreiddi meiri hluti fjárlaganefndar frumvarpið úr nefndinni til 2. umr. Í raun og veru var ekkert svigrúm fyrir fjárlaganefnd til að fara eðlilega yfir tillögurnar og meta áhrif þeirra. Við í minni hluta fjárlaganefndar höfum gagnrýnt það og komum því á framfæri þegar meiri hlutinn ákvað að afgreiða málið með þessum hætti úr nefndinni. En áður en það gerðist lagði minni hlutinn fram ýmsar spurningar sem við óskuðum eftir að fá svör við og var þeim beint til fjármálaráðuneytisins. Það verður að segjast, virðulegi forseti, að svör við spurningum okkar voru vægast sagt mjög fátækleg. Ég ætla að nefna örfáar af þeim fjölmörgu spurningum sem minni hlutinn lagði fram.

Við spurðum um nýja þjóðhagsspá. Það væru gerbreyttar aðstæður og því væri þörf á að gera nýja þjóðhagsspá. Við spurðumst fyrir um hvort eitthvað slíkt lægi fyrir núna áður en fjárlög yrðu afgreidd. Svörin voru þau að ný, endurskoðuð þjóðhagsspá verði lögð fram í janúar. Spurt var fyrir síðustu helgi hver yrði væntanleg rekstrarniðurstaða ríkissjóðs árið 2008. Þá var vísað til fjáraukalagafrumvarps sem hafði ekki komið fram en eins og kom fram í umræðum í dag var það lagt fram á Alþingi í morgun. Það er í raun og veru með ólíkindum að meiri hluti fjárlaganefndar skuli hafa ákveðið að afgreiða frumvarpið úr nefndinni á föstudaginn án þess að frumvarp til fjáraukalaga lægi fyrir þannig að menn gætu gert sér grein fyrir stöðu málsins. Við spurðum um áætlaðar vaxtatekjur á síðasta ári. Þá var vísað í tillögur sem eru væntanlegar fyrir 3. umr. fjárlaga. Allt í lagi með það, við munum fjalla um þær þegar þar að kemur.

Eitt af því sem spurt var um var hvernig búvörusamningar við bændur yrðu meðhöndlaðir. Í svari ráðuneytisins var vísað í forsendur upphaflega fjárlagafrumvarpsins um verðlagsuppfærslur upp á 5,7% að meðaltali yfir næsta ár. Við sem höfum fylgst með þróun verðbólgu undanfarið og séð þær spár sem menn hafa verið að velta fyrir sér miðað við næsta ár sjáum að þarna er um verulega skert framlög að ræða.

Það eru auðvitað fjölmargar fleiri spurningar sem væri vert að fara yfir en ég vísa í fylgiskjöl með nefndaráliti minni hlutans þar sem þær koma fram sem og svör ráðuneytisins við þeim. En það er sem sagt ekki búið að endurmeta þjóðhagsspána. Vísað er til þess að hún muni koma fram í janúar en hún er auðvitað ein mikilvægasta forsendan fyrir fjárlögunum. Við höfum ekki endurskoðaða spá og þess vegna teljum við í minni hlutanum að við séum hreinlega ekki í stakk búin til að fjalla um þessar breytingartillögur við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Það eru engar greiðsluáætlanir, engar rekstraráætlanir, engin stefnumótun um ríkisfjármálin og það hafa ekki verið lagðar fram áætlanir um lántökur eða lánsfjárþörf ríkissjóðs á næstu árum eða lánakjör. Við höfum kallað eftir því hvernig menn sjá fyrir sér að þjóðin vinni sig í gegnum vandann á tveimur til þremur árum eins og samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn gerir ráð fyrir. Slíkar upplýsingar hafa ekki komið fram. Það má segja, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn, fyrst og fremst þó ríkisstjórnin, skili auðu varðandi margar grundvallarforsendur frumvarpsins. Ég verð að segja að mér finnst aumt að a.m.k. fjármálaráðuneytið skuli ekki sýna neina viðleitni til að reyna að draga fram hvað við erum að tala um þannig að fjárlaganefndin og þingið geti með einhverjum hætti gert sér grein fyrir hvað er í gangi. Við mótmæltum því í minni hlutanum að frumvarpið yrði afgreitt úr nefnd með þeim hætti sem gert var og með þeim rökum sem við höfum farið yfir. En taka ber fram að við gerum ráð fyrir því að fá ýmsar upplýsingar, a.m.k. tillögur, þegar nefndin mun fjalla um frumvarpið fyrir 3. umr. Við verðum auðvitað að lifa í þeirri von — kannski er hún mjög veik — að nefndin fái frekari gögn frá fjármálaráðuneytinu þannig að menn geti áttað sig á því hvað er í gangi. Ég veit að hv. formaður fjárlaganefndar mun ganga eftir því. Ég hef orðið var við það að hann er mjög harður í horn að taka þótt því miður sé árangurinn allt of lítill.

Ég verð að segja að ef ekki koma frekari upplýsingar af þessu tagi er það að mínu mati ábyrgðarlaust að afgreiða fjárlög án þess að þingið viti hvað að baki liggur. Það er hins vegar, eins og við vitum, lögbundið að slíkt skuli gert.

Ég nefni enn einu sinni að frumvarp til fjáraukalaga var lagt fram í dag og ítreka að mér finnst með ólíkindum að meiri hlutinn skuli hafa ákveðið að afgreiða frumvarpið til 2. umr. án þess að vita í raun og veru hvert stefndi í ríkisrekstrinum á árinu 2008.

Hæstv. forseti. Eins og við vitum stefnir í stórfellda skuldsetningu ríkissjóðs á næstu árum. Við höfum kallað eftir einhverri áætlun um hvaða stærðir geti verið þar að ræða, lánakjör og greiðsluáætlanir, og ég hef þegar farið yfir það. Við í minni hluta fjárlaganefndar reyndum að reyna að átta okkur á því hvert umfangið gæti verið, til og með árinu 2011. Ég ætla að hlaupa yfir nokkrar tölur sem við komumst yfir og ég held að þessi lauslega áætlun okkar sé ekkert vitlausari en hvað annað, að minnsta kosti hefur engin áætlun komið frá fjármálaráðuneytinu.

Samkvæmt upplýsingum sem við fengum í Seðlabankanum voru skuldir ríkissjóðs í lok október sl. 564 milljarðar. Áætlað er að halli fjárlaga 2008 samkvæmt fjáraukafrumvarpinu sem kom fram í morgun sé um 5 milljarðar þannig að skuldir ríkissjóðs verða í upphafi árs 2009 um 570 milljarðar. Við teljum að halli ríkissjóðs samanlagt til og með árinu 2011 geti numið allt að 500 milljörðum eða tæplega fjárlögum eins árs. Þar af teljum við að halli á fjárlögum ársins 2009, þegar upp verður staðið, geti nálgast 200 milljarða. Komið hefur fram að fjármögnun nýju ríkisbankanna sé einhvers staðar nálægt 385 milljörðum en gert er ráð fyrir að ríkissjóður gefi út skuldabréf fyrir því. Við áætlum að endurfjárþörf Seðlabankans gæti numið um 150 milljörðum.

Þá er ég kominn að því máli sem enginn veit hvernig mun enda, þ.e. uppgjör á hinum svonefndu Icesave-innstæðum í Bretlandi og Hollandi. Ýmsar tölur hafa flogið í því sambandi en við teljum að það geti verið allt að 600 milljarðar, vonandi miklu minna en um það ríkir alger óvissa. Samkvæmt þessu lauslega mati okkar erum við að tala um að fjármögnunarþörf ríkissjóðs út árið 2011 geti verið einhvers staðar nálægt 1.700 milljörðum en að sjálfsögðu eru allir fyrirvarar settir við það enda er óvissan mikil og við höfum ekki fengið neinar upplýsingar frá fjármála-

ráðuneytinu um það. Ljóst er að ef lánsfjárþörf ríkisins verður eitthvað með þessum hætti sjáum við fram á gríðarlegan vaxtakostnað ríkissjóðs á næstu árum.

Fram undan eru gríðarlegir erfiðleikar í ríkisfjármálum. Við sjáum fram á mikið tekjufall. Raunar lít ég svo á að tekjuáætlun frumvarpsins sé ófrágengin og ekki fullgerð. Ég á von á því að það komi einhverjar breytingartillögur fyrir 3. umr. um lækkun á tekjuáætlun. Viðskiptabankarnir sem féllu skiluðu um 13 milljörðum í tekjusköttum til ríkissjóðs á þessu ári. Við vitum að miklir erfiðleikar eru í atvinnulífinu og að sjálfsögðu allt útlit fyrir að tekjuskattstekjur af lögaðilum muni falla. Það er því skoðun mín og mat að tekjuáætlun komi endurskoðuð fyrir 3. umr. með lægri tölu. Ég vona að sjálfsögðu að svo verði ekki en ég óttast að það gerist.

Við sjáum fram á að það eru lækkanir á mörkuðum erlendis fyrir íslenskar vörur. Komið hefur fram að heimsmarkaðsverð á áli hefur lækkað. Við höfum upplýsingar um að verð á sérstaklega dýrari sjávarafurðum hafi lækkað og við fengum fréttir af því í morgun að nú hafi þau fyrirtæki sem hafa haft uppi áform um uppbyggingu eða stækkun álveranna slegið því á frest. Það er því ekki beint bjart yfir þessum málum, því miður. En á sama tíma eykst þrýstingur á útgjöld, sérstaklega í velferðarmálum og það stafar auðvitað af versnandi ástandi í þjóðfélaginu almennt.

Áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gerir ráð fyrir því að jafnvægi náist í ríkisfjármálum á tveimur til þremur árum. Það þýðir að sjálfsögðu að ef ná á þeim árangri þarf að ráðast í verulegan niðurskurð á útgjöldum. Ég held að menn hljóti að sjá að það eru ekki margir aðrir möguleikar fyrir hendi. Áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins geri ráð fyrir að fjárlagahallinn á árinu 2009 verði einhvers staðar á bilinu 165–170 milljarðar en eins og ég sagði áðan kæmi mér ekki á óvart að hann yrði meiri og vísa ég m.a. í að það er innbyggður halli í kerfinu og margar stofnanir hafa verið í rekstrarvanda.

Síðan endurtek ég það sem ég sagði áðan, það liggur ekki enn þá fyrir hver vaxtakostnaðurinn er áætlaður á næsta ári. Ég geri ráð fyrir að tillögur um það komi fram fyrir 3. umr. en það er alveg ljóst að við erum að tala þar um tugi milljarða, sennilega eitthvað nálægt 100 milljörðum á næsta ári sem er auðvitað gríðarleg fjárhæð. En við allar þessar aðstæður er auðvitað, má segja, velferðarkerfið í hættu. Ég gagnrýni þau vinnubrögð sem koma fram í breytingartillögum meiri hlutans sem byggja á tillögum ríkisstjórnarinnar, þar er gert ráð fyrir flötum niðurskurði á allar stofnanir þó að við vitum að margar stofnanir hafa verið í rekstrarhalla, þó að í fjáraukalagafrumvarpinu sem liggur fyrir núna sé að hluta til tekið á því hjá nokkrum stofnunum.

Það liggur fyrir að ýmsar heilbrigðisstofnanir eru í miklum rekstrarvanda. Ef ég man rétt kemur fram í áliti minni hluta heilbrigðisnefndar sem byggja á upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu að halli heilbrigðisstofnananna sé einhvers staðar nálægt 2,2 milljörðum. Eins og ég sagði er að einhverju leyti verið að taka á því í fjáraukalagafrumvarpi með fjárlagafrumvarpinu. Það stefnir líka í mikinn halla á Landspítalanum, ef ég man rétt um 2 milljarða, en það eru líka einhverjar tillögur um að taka á því að hluta í fjáraukalagafrumvarpinu. Ég gagnrýni þessi vinnubrögð, svona flatan niðurskurð án þess að menn hafi farið yfir hverja stofnun fyrir sig og reynt að finna út úr því hvernig megi leysa þessi mál og hvernig þetta kemur fyrir. Það væri fróðlegt að heyra hvort forustumenn fjárlaganefndar hafa einhverjar hugmyndir um hvernig á að vinna úr þessu á næsta ári og næstu árum, eða jafnvel fjármálaráðherra sem því miður er ekki við þessa umræðu á þessari stundu. Reyndar vek ég athygli á því, virðulegi forseti, að það er ekki einn einasti ráðherra við 2. umr. um fjárlög sem er meginumræðan um fjárlagafrumvarpið. Þetta er kannski eitt dæmið af mörgum um það hvaða virðingu hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar sýna Alþingi, eða hitt þó heldur. Að vísu er hæstv. félagsmálaráðherra í hliðarsal.

Í breytingartillögum meiri hlutans er vandanum velt yfir á almenning og sjúklinga og þá sem þurfa á velferðarþjónustunni að halda. Það má nefna hækkun á tekjuskatti sem fellur auðvitað á þá sem eru vinnandi. Það er verið að hækka komugjöld á heilbrigðisstofnanir og það er gert ráð fyrir að auka greiðsluþátttöku vegna lyfja. Fleira mætti nefna. Það er holt og bolt um allt frumvarp verið að skera niður útgjöld. Nefna má rannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun en auðvitað vitum við að í því árferði sem er fram undan er kannski aldrei meiri þörf á að efla nýsköpun og atvinnuþróun. Það er verið að klippa á það eins og annað.

Ef maður rennir yfir þessar tillögur er verið að skera niður stórar og smáar fjárhæðir um allt frumvarpið og að mörgu leyti kemur það illa niður víða úti um landið. Það er alls kyns starfsemi sem verður hnífnum að bráð og ég sé því miður fyrir mér að þetta muni þýða að þó nokkuð margir muni missa atvinnu vegna þess að rekstur stofnana hefur ekki fjárheimildir til að reka sig og þá þarf auðvitað að skera niður starfsemina. Við þekkjum það að í mörgum tilfellum er launakostnaður uppistaðan í útgjöldunum og t.d. í heilbrigðiskerfi má áætla að launakostnaður sé einhvers staðar nálægt 80% af útgjöldunum.

Ég vil líka, virðulegi forseti, koma inn á það að ég lýsi miklum áhyggjum af stöðu sveitarfélaganna í landinu. Það má segja að þau séu skilin eftir í hálfgerðu uppnámi. Það er ljóst að framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga dragast verulega saman vegna minnkandi skatttekna og í þessum breytingartillögum er ekki að sjá að gert sé ráð fyrir að jöfnunarsjóður fái aukaframlag frá ríkisstjórninni eins og hefur verið undanfarin ár. Við þekkjum það sem þekkjum til sveitarstjórnarstigsins að þessi framlög frá Jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna, að ég tali ekki um aukaframlagið, hafa skipt sköpum fyrir mörg sveitarfélög. Að vísu eru þau misjafnlega sett fjárhagslega en ég óttast að þetta muni koma allillilega niður á mörgum sveitarfélögum ef niðurstaðan verður þessi. Hins vegar ber auðvitað að geta þess að það er gert ráð fyrir því að heimild sveitarfélaga til álagningar útsvars verði hækkuð en ég fullyrði að sú útsvarshækkun muni ekki vega á móti fjármunum sem ýmis sveitarfélög munu tapa af minnkandi framlögum úr jöfnunarsjóði. Ég ítreka að ég lýsi miklum áhyggjum af hagsmunum sveitarfélaganna í landinu svo ég tali ekki um ýmislegt annað sem því tengist.

Það er auðvitað eðli stjórnarandstöðunnar að gagnrýna stjórnarmeirihlutann og finna að því sem gert er og jafn-

framt hlýtur þá að vera eðlilegt að stjórnarmeirihlutinn kalli eftir tillögum stjórnarandstöðunnar, hvernig menn vilja vinna málið með öðrum hætti. Ég vil hins vegar segja það, virðulegi forseti, okkur til málsbóta að það er á vissan hátt mjög óeðlilegt að krefja okkur um tillögur við þær aðstæður sem nú eru uppi. Fjárlaganefndin hefur mjög lítið tekið tíma í að fara yfir þessar tillögur og grunnforsendur liggja ekki fyrir. Fjáraukalagafrumvarpið lá ekki fyrir fyrr en í dag þannig að fleira mætti nefna í því sambandi.

Fjárlaganefndin lauk umfjöllun um þessar tillögur á einum sólarhring og ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst í raun og veru miklu eðlilegra að spyrja hvernig í ósköpunum meiri hlutinn lætur sig hafa það að afgreiða málið út úr fjárlaganefnd við þessar aðstæður í stað þess að gefa því lengri tíma. Ég geri mér grein fyrir því að tíminn er ekki ótakmarkaður, það styttist í áramótin og allt það, en þetta eru hins vegar ekki góð vinnubrögð. Ég geri mér þó grein fyrir því, eins og ég tel að allir geri, hver staða mála er sem er til komin, a.m.k. að miklu leyti, vegna aðgerðaleysis eða framgöngu ríkisstjórnarinnar á síðustu mánuðum, því miður. Það er alveg ljóst að ef við ætlum að ná jafnvægi, t.d. ef við lítum til samkomulagsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, verðum við annaðhvort að auka tekjurnar eða skera niður gjöldin. Það er svo einföld regla — nema hvort tveggja sé auðvitað. Ríkisstjórnin verður að hafa einhverja stefnu í þessum málum og ég lít svo á að hún liggi ekki fyrir, hún er ekki til nema stefnan sé sú að hafa ekki stefnu en það er ljóst að það þarf að forgangsraða upp á nýtt í öllum ríkisútgjöldum út frá aðstæðunum. Útlitið gefur ekki tilefni til annars.

Þar sem ég er að tala um stefnu vil ég nefna að vegna þess niðurskurðar sem liggur fyrir í þessum breytingartillögum, þessum flata niðurskurði, er það þannig að heilbrigðiskerfið okkar er á fullu við að sinna sinni góðu þjónustu en ég tel að það vanti algerlega nýja stefnumótun fyrir heilbrigðisþjónustuna á grundvelli breyttra aðstæðna og þrenginga hjá ríkissjóði sem eru fyrir hendi og við sjáum að munu verða á næstu árum. Almenningur hlýtur að gera kröfu til þess að sjá hvernig stjórnvöld ætla sér að leysa þessi verkefni út frá þeim aðstæðum sem upp eru komnar í ríkisfjármálunum. Ég tel, virðulegi forseti, að það verði að fara kerfisbundið yfir nánast hvern einasta útgjaldalið fjárlaga og leita allra leiða til að spara útgjöld. Í því sambandi er mikilvægt að verja það sem við getum sagt að sé lífsnauðsynlegt, þ.e. á sviði heilbrigðis- og velferðarmála en að leita allra leiða til að draga úr fjárheimildum þar sem nokkur kostur er, þ.e. ef við ætlum að vinna okkur út úr þessum vanda og ná jafnvægi í ríkisbúskapinn. Það er það sem við verðum að gera. Við getum ekki leyft okkur að velta þessu máli yfir á komandi kynslóð. Það er bara svo einfalt.

Ég bendi líka á það, virðulegi forseti, að mörg undanfarin ár hafa ýmsar stofnanir ekki nýtt fjárheimildir sínar og meira að segja hefur Ríkisendurskoðun ítrekað gert athugasemdir við það. Ég vísa því til forustu fjárlaganefndarinnar, hv. þingmanna, að nú verði skoðað hvort ekki eru leiðir til að spara útgjöld með því að klippa hreinlega ónýttar fjárheimildir af einhverjum stofnunum. Það getur þess vegna numið einhverjum milljörðum.

Hér hef ég nefnt nokkur atriði sem ég tel að eigi að skoða alvarlega varðandi ríkisútgjöldin. En það er ljóst að fram undan eru miklir erfiðleikar í þjóðarbúskapnum og atvinnulífinu. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir ráð fyrir því að á næsta ári verði samdráttur í þjóðarframleiðslu upp á hátt í 10% og jafnvel enn meira árið 2010. Það er gríðarlegt áfall fyrir okkur ef þetta gengur eftir. Fjármálakerfið er í miklum vanda, byggingarstarfsemin hefur að miklu leyti stöðvast og af þessu öllu saman eru mikil margfeldisáhrif sem valda samdrætti um allt kerfið. Við horfum upp á aukið atvinnuleysi og því miður eru líkur á því að það muni eitthvað aukast frá því sem nú er. Það er gríðarlegt áfall fyrir þjóðina. Þess vegna, virðulegi forseti, verðum við að leita allra leiða til að halda atvinnulífinu gangandi og auka framleiðslu í samfélaginu. Helsta vonin í því er að við nýtum náttúruauðlindir okkar af skynsemi og leitum allra leiða til að auka verðmæti og verðmætasköpun í samfélaginu. Það er grundvallarvelferðarmál að halda atvinnulífinu gangandi og byggja það upp. Þá legg ég áherslu á, eins og ég hef áður sagt, að örva nýsköpun og atvinnuþróun og þá vitna ég m.a. til þess að við eigum margt vel menntað fólki. Við vitum að einhver hópur af vel menntuðu fólki hefur tapað atvinnu sinni og við verðum að gera allt til að koma í veg fyrir að þessi auðlind okkar færist úr landi.

Ríkisstjórnin gaf út yfirlýsingu fyrir nokkrum dögum um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi atvinnufyrirtækjanna. Þar var m.a. nefnd lenging lána, niðurfærsla skulda, breyting lána í eigið fé o.s.frv. Ég vil nefna í þessu sambandi að það getur gengið hratt á eigið fé nýju ríkisbankanna ef mikið verður um slíkar aðgerðir og ég lýsi jafnframt áhyggjum af skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem gera ekki ráð fyrir því að ríkissjóður hafi mikinn sveigjanleika til að koma bönkunum frekar til aðstoðar.

Það er eitt atriði, virðulegi forseti, sem er vert að nefna í þessu sambandi öllu saman og það er íslenska krónan. Við höfum séð það, bæði í aðdraganda að hruninu og ekki síst núna eftir að það reið yfir, hvað íslenska krónan er veikur gjaldmiðill. Gengi hennar hrundi í kjölfar falls bankanna og það hefur valdið okkur meiri vanda en kannski hefði ella þurft að vera. Ég tel að í ljósi þessarar reynslu þurfi að leita allra möguleika á því að taka upp alvörugjaldmiðil með einhverjum hætti. Ég er ekki endilega að tala um að við eigum að ganga í Evrópusambandið en ýmsar hugmyndir hafa komið fram frá ýmsum sérfræðingum um það með hvaða hætti við getum gert þetta. Það er auðvitað hugsanlegt að niðurstaðan verði sú að Ísland óski eftir aðild að Evrópusambandinu en það er önnur umræða sem ég ætla ekki að fara út í hér. Ég vildi bara nefna þetta lauslega.

Hæstv. forseti. Ég legg fram þá kröfu hér og nú að stjórnarmeirihlutinn sjái til þess að Alþingi hafi með höndum sitt lögboðna hlutverk í stað þess að örfáir einstaklingar í ríkisstjórninni haldi öllum málum í sínum höndum og matreiði þau síðan til afgreiðslu á Alþingi eins og við höfum margoft séð að undanförnu. Hinn fjölmenni meiri hluti stjórnarliðsins hefur þetta á valdi sínu og á í raun og veru að tilkynna ríkisstjórninni að svona geri menn ekki þannig að Alþingi geti sinnt störfum sínum og haft þau verkefni og það hlutverk sem því ber samkvæmt lögum. Ég legg í því sambandi áherslu á eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmd fjárlaga. Það verður að tryggja að fjárlaganefnd hafi

grundvöll til að sinna því hlutverki sínu sem er mjög mikilvægt. Ég legg áherslu á það.

Ég vil líka nefna það sem reyndar hefur komið fram í þessari umræðu að ég tel að Alþingi verði að fjalla um fjárlög næsta árs fyrir lok næsta vorþings og vísa þar til þess sem ég hef sagt, og fleiri, um það hve mikið vantar upp á að forsendur þessa frumvarps liggi fyrir. Í svari fjármálaráðuneytisins til minni hluta fjárlaganefndar kom fram að endurskoðuð þjóðhagsáætlun mun liggja fyrir í janúar. Samkvæmt samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er gert ráð fyrir að hann fylgist með framvindu mála, ef ég man rétt ársfjórðungslega, og ég tel að fjárlaganefnd verði að fara í gegnum þetta mál og meta frumvarpið í raun og veru upp á nýtt þegar forsendur liggja fyrir.

Ég vil líka nefna, virðulegi forseti, að ég tel að leggja eigi fram ríkisreikninginn endurskoðaðan í febrúar í stað þess að hann sé lagður fram að hausti. Þetta getur verið liður í aðhaldi með framkvæmd fjárlaga. Ég tel einnig að það eigi að leggja fram endurskoðunarskýrslu með ríkisreikningi, helst í febrúar. Ég legg enn fremur áherslu á það og tel mikilvægt að mánaðarlegt uppgjör verði í rekstri ríkisins og það síðan borið saman við áætlanir þannig að menn geti fylgst náið með framvindunni. Þar komi þá fram greiningar og skýringar á hugsanlegum frávikum. Í framhaldi af því verði síðan að sjálfsögðu metið hvort grípa þurfi til einhverra aðgerða til að fjárlögin haldi.

Annað mál vil ég nefna í ljósi þess hvernig farið hefur fyrir okkur eða allt útlit er fyrir að fari fyrir okkur varðandi innstæðuábyrgðir á þessum Icesave-reikningum sem byggja á samningum um hið Evrópska efnahagssvæði og tilskipun Evrópusambandsins og hefur komið nánast öllum í opna skjöldu. Ég legg til að farið verði skipulega yfir alþjóðlega samninga sem við erum aðilar að til að komast að raun um hvort fleiri svona mál leynast í slíkum samningum þannig að menn séu a.m.k. klárir á því hvað felst í þeim og við getum gert okkur grein fyrir því ef þar er um að ræða einhver slík mál.

Virðulegi forseti. Ég fer að ljúka máli mínu og vil enda á því að segja að þær breytingartillögur sem hér eru til umræðu eru auðvitað á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans. Staða efnahagsmála og ríkisfjármála og horfur þeirra til framtíðar eru að langmestu leyti á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Það er ljóst að framganga ríkisstjórnarinnar undanfarna 12–15 mánuði í efnahagsmálum er að reynast þessari þjóð okkar dýrkeypt og ábyrgð hennar er mikil.

Það er sorglegt hvernig komið er fyrir okkur sem þjóð ef við horfum á stöðu mála og hvernig þetta hefur allt þróast að undanförnu. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst átakanlegt að fjalla um fjárlög ríkisins við þær aðstæður sem nú eru og þær sem við horfum upp á til framtíðar.

Ég vil að lokum taka undir það sem hv. formaður fjárlaganefndar sagði og nefndi í sinni ræðu, að þakka nefndarmönnum fyrir gott samstarf. Ég tel að þrátt fyrir að ég sé aðeins búinn að hnippa í forustu nefndarinnar haldi hún vel utan um starf nefndarinnar og ég þakka henni fyrir það. Ég vil líka að lokum þakka starfsmönnum fjárlaganefndar fyrir ómetanlega aðstoð við okkur í minni hlutanum um margt af því sem þeir eru að starfa.

[14:02]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Stefánssyni fyrir ræðu hans og innlegg. Þingmaðurinn hefur þá sérstöðu að hafa hvort tveggja gegnt stöðu formanns fjárlaganefndar og einnig setið í ríkisstjórn þannig að hann þekkir mjög vel hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig og þrátt fyrir að hér hafi verið vikið að ábyrgð ríkisstjórnar og stjórnarmeirihlutans í ræðunni gagnvart ýmsu sem kemur fram í breytingartillögunum ætla ég ekki að víkja að því í þessu stutta andsvari. Stjórnarmeirihlutinn ber auðvitað ábyrgð á þessum tillögum sem hér koma og ríkisstjórnin bar fram við 2. umr. inn í nefndina. Við víkjum okkur ekkert undan þeirri ábyrgð þannig að það liggi alveg ljóst fyrir.

Á sama hátt get ég tekið undir, eins og ég lýsti fyrr í dag í magnaðri ræðu minni, er varðar upplýsingastreymið að það hefði mátt vera meira og betra og ég vonast svo sannarlega til þess að upplýsingastreymi til þingsins almennt verði betra á næstu mánuðum og árum. Við höfum gengist fyrir því á fjárlaganefndarsviði að þessar upplýsingar berist með skýrari hætti. Vissulega vantar ýmsar upplýsingar, grundvallarupplýsingar, eins og hér hefur verið rætt fyrr í dag. Þar af leiðandi tek ég undir þau sjónarmið hv. þingmanns og þakka honum um leið þær upplýsingar sem hann bar hér fram í ræðu sinni og ályktanir um fjármagnskostnað og vaxtagjöld og ýmislegt fleira sem hefur ekki verið í umræðunni í dag.

[14:04]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Stefánssyni fyrir mjög málefnalega, góða og ítarlega yfirferð um hans sýn til þessa verkefnis sem við stöndum öll frammi fyrir, vandasömu verkefni. Það var nokkuð annar bragur yfir yfirferð hans en félaga hans, hv. þm. Jóns Bjarnasonar, fyrr í umræðunni um þann vanda sem við stöndum saman frammi fyrir.

Þar sem stigmögnunin í mati á gæðum framsöguræðu hv. formanns fjárlaganefndar fer vaxandi eftir því sem líður á umræðuna, eins og einn hv. þingmaður benti mér á, held ég að í ljósi þeirrar greiningar sem hv. þm. Magnús Stefánsson nefndi áðan um fjármögnunarþörf ríkisins sé augljóst að við er að glíma gríðarlegan stabba, háar fjárhæðir, og þá væri ekkert úr vegi að kalla eftir því, ekki síst í ljósi þeirrar stöðu sem hv. þingmaður hefur gegnt á Alþingi, hvernig hann sjái best tekið á þeim vanda sem við blasir. Við erum að ræða það að áætlaður halli sé um 160–170 milljarðar og mat manna liggur til þess að tekjuspáin eigi hugsanlega eftir að leiða til enn stærra gats og að útgjaldaþörfin sé vanmetin. Það fer ekki saman í umræðunni hjá meiri hlutanum hvaða leiðir menn vilja sjá, annars vegar í því að taka á rekstri ríkisins og hins vegar í þeim verkefnum sem annars staðar geta blasað við, svo sem í uppbyggingu á atvinnulífinu. Þess vegna væri mjög fróðlegt að heyra hv. þingmann fylgja því örlítið nánar eftir í svari við þessu andsvari mínu.

[14:07]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Eins og við auðvitað gerum okkur öll grein fyrir stöndum við frammi fyrir gríðarlegum vanda og mjög erfiðri stöðu í efnahagsmálum og ríkisfjármálum. Það er bara staðreyndin, hvort sem okkur líkar betur eða verr, og við þurfum að vinna okkur út úr því. Eins og ég sagði í ræðu minni verða menn þegar þeir standa frammi fyrir rekstrarhalla, hvort sem það er ríkissjóður eða í einhverjum öðrum rekstri, auðvitað að leita leiða til þess að jafna hann, annaðhvort með auknum tekjum eða lægri gjöldum. Ég fór í ræðu minni yfir nokkrar ábendingar, ekki tæmandi, alls ekki, um það með hvaða hætti menn gætu hugsanlega nálgast það. Þá legg ég m.a. áherslu á að fara yfir forgangsröðun útgjalda og ég nefndi það líka að við ættum að reyna að slá skjaldborg utan um velferðarkerfið og heilbrigðiskerfið. Þetta getum við rætt vel saman í fjárlaganefnd og ég veit að meiri hlutinn er tilbúinn til þess.

Að öðru leyti vísa ég til þess sem ég sagði, þetta er erfitt verkefni og ég verð að viðurkenna að mér líst í raun og veru lítið á blikuna til næstu ára.

[14:08]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessar umræður og stórmerku ræður sem hér hafa verið fluttar, eins og hv. formaður fjárlaganefndar Gunnar Svavarsson hefur sagt, og þakka Magnúsi Stefánssyni fyrir málefnalegt innlegg í þetta. Ég hefði svo sem ekki komið hingað nema vegna þess að undir lok ræðu sinnar mælti hann svo hraustlega að sú efnahagskreppa sem nú dynur yfir þjóðina, mátti skilja á honum, væri um að kenna hagstjórninni á síðustu 12–15 mánuðum.

Þetta fannst mér djarflega mælt af manni sem átti hlutdeild í ríkisstjórn í 12 ár og sem fór svo illa að ráði sínu síðasta kjörtímabilið í þeirri ríkisstjórn að ekki aðeins var efnt til mikilla stóriðjuframkvæmda með tilheyrandi þenslu heldur líka skattalækkana og samkeppni á íbúðalánamarkaðnum sem sprengdi upp verðið á markaðnum og orsakaði þá bólu sem nú er að springa. Það er því djarflega mælt af hv. þingmanni að tala með þessum hætti og þannig eiginlega vísa frá sér allri ábyrgð á því ástandi sem er í landinu. Ég tel að það eigi m.a. rót sína að rekja til þessa, fyrir utan það að skýringanna sé m.a. að leita í einkavæðingu bankanna árið 2001 sem byrjaði þannig að það átti að vera dreifð eignaraðild en endaði síðan í eignaraðild fárra stórra aðila.

Á þessum góðærisárum hérna — í Biblíunni segir að það séu sjö feit ár og sjö mögur og það er nokkuð til í því — á þessum feitu árum hefði auðvitað átt að safna betur í hlöður en gert var í stað þess að grípa til þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin á þeim tíma gerði. Þingmaðurinn getur ekki komið hér upp og talað eins og ábyrgðin sé allra annarra en þeirra sem sátu í ríkisstjórn á þessum 12 árum og þingmaðurinn átti hlutdeild í.

[14:10]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að hæstv. utanríkisráðherra hafi ekki skilið allt sem ég sagði, en fyrst hún vildi koma hér og nota tækifærið til að gagnrýna samstarfsflokk sinn í ríkisstjórn fyrir hagstjórn síðustu ára er það hennar mál.

Það sem ég var að tala um er það, og það er ekki umdeilt, að síðustu 12–15 mánuði hafa komið fram ítrekaðar viðvaranir frá ýmsum aðilum, sérfræðingum og stjórnmálamönnum, innlendum og erlendum, um að fram undan væru blikur á lofti í efnahagsmálum. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að koma hingað og snúa út úr því. Það er staðreynd og ég held að hæstv. ráðherra ætti frekar að sjá sóma sinn í að viðurkenna hana.

[14:11]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég hef margsinnis héðan úr ræðustól Alþingis og annars staðar gagnrýnt hagstjórnina á síðasta kjörtímabili og ég fer ekkert að breyta því þó að ég sé komin í ríkisstjórn. Það voru gerð hagstjórnarmistök á því kjörtímabili og við erum að súpa seyðið af því.

Hvað varðar það að menn hafi bent á að blikur væru á lofti er það alveg rétt. Við vissum öll að það voru blikur á lofti en við stóðum andspænis því að við vorum með bankakerfi sem var 10 eða 12 sinnum stærra en hagkerfið okkar, við vorum með gjaldeyrisvarasjóð sem ekki var nægilega sterkur til að standa við bakið á þessu bankakerfi og það var samþykkt hér á þinginu, m.a. vegna þess að ríkisstjórnin fór fram á það, lánsfjárheimild til ríkisstjórnarinnar til að stækka gjaldeyrisvarasjóðinn vegna þess að allir vissu að það var þó eitthvað sem við urðum að gera. Jafnvel þó að það hefði gengið eftir segir mér svo hugur um að það hefði ekki dugað til að afstýra því hruni sem við stöndum núna andspænis vegna þess að bankakerfið okkar var einfaldlega (Forseti hringir.) orðið allt of stórt miðað við íslenska hagkerfið.

[14:12]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það er kannski best að byrja á því að þakka fyrir samstarfið í fjárlaganefnd sem hefur að mörgu leyti verið ágætt og ekkert undan þeim samskiptum að kvarta. Það er hins vegar undan því að kvarta að upplýsingar hafa ekki fengist sem beðið hefur verið um og ég hygg að það muni koma fram í ræðu minni og er auðvitað skrifað í nefndarálit minni hlutans, að það er ýmislegt slíkt sem að er að finna. Þótt ræða hv. formanns fjárlaganefndar hafi ekki verið mjög löng held ég að ég geti tekið undir að hún hafi verið þokkalega frábær og jafnvel mögnuð. Ég veit ekki hvaða orðum á að bæta við þetta, en ég segi þetta og get alveg glaðst með hv. formanni fjárlaganefndar vegna ræðu hans. (**Gripið fram í:** Áhrifaríkt.) Ja, það er náttúrlega ekki skrifað vegna þess að áhrif koma fram á einstaklingnum, það getur enginn borið um það hvað er áhrifaríkt og hvað ekki, hæstv. forseti.

Við höfum nýverið sett lög á hv. Alþingi, lög um sérstaka rannsóknarnefnd sem ætlað er að leiða fram það sem

sannast og rétt er talið um hrun fjármálakerfisins og þann gríðarlega efnahagsvanda sem af því leiðir. Það er algjörlega ljóst, hæstv. forseti, að í þeim ræðum og nefndarálitum sem hér hafa verið kynnt hafa menn fjallað um þennan vanda sem upp er kominn í þjóðfélagi okkar, þennan gríðarlega efnahagsvanda.

Öll þjóðin á kröfu til þess að við rannsókn þessara mála verði allt uppi á borðum, engum verði hlíft við að leita að því sem sannast reynist í þessum málum. Vandi okkar næstu árin er hins vegar risavaxinn og hann lendir vissulega á mörgum sem enga sök eiga á þeim áföllum sem þjóðin tekur nú á sig vegna, ég vil leyfa mér að segja, fjárglæfra fárra og einnig eftirlitsleysis ríkisstjórnarinnar, eftirlitsleysis einstakra ráðherra og stofnana sem með okkur fylgjast. En um þetta, ágæti forseti, segir svo í upphafi nefndarálits minni hlutans, með leyfi forseta:

„Öllum má vera ljóst að íslenska þjóðin og efnahagskerfi hennar urðu fyrir miklu áfalli þegar þrír stærstu viðskiptabankar landsins féllu í byrjun október 2008. Fram hefur komið það álit að um sé að ræða mesta hrun bankakerfis í heimssögunni miðað við umfang efnahagskerfisins. Á innan við viku frá þessum atburðum hafði virði íslensku krónunnar fallið um meira en 70% og hlutabréfamarkaðurinn tapað yfir 80% af verðmæti sínu. Þessi áföll munu hafa mikil áhrif á íslenskt samfélag til langrar framtíðar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir ráð fyrir að þjóðarframleiðsla muni dragast saman um 9,6% á árinu 2009 og enn meira árið 2010. Tekjur ríkissjóðs munu dragast verulega saman á sama tíma og þrýstingur á aukin útgjöld til velferðarmála mun aukast vegna versnandi ástands í þjóðfélaginu.

Almenningur á Íslandi stendur nú frammi fyrir auknu atvinnuleysi, minnkandi tekjum, hærri sköttum, auknum framfærslukostnaði, okurvöxtum og lækkandi eignavirði. Almennur kaupmáttur fellur á sama tíma og skuldir aukast, hvort sem þær eru verðtryggðar, óverðtryggðar eða í erlendri mynt. Misgengishópar myndast og þeir hafa litla og oft enga möguleika á að bjarga sér út úr ástandinu. Eins og nú horfir blasir við fjöldagjaldþrot hjá einstaklingum og fyrirtækjum með sársaukafullum afleiðingum fyrir bæði atvinnulíf og kjör almennings. Þrátt fyrir að eitt mikilvægasta hlutverk yfirvalda sé að gæta hagsmuna þegnanna bárust þegnunum engar viðvaranir frá yfirvöldum um hvað væri í aðsigi. Á undanförnum vikum hefur verið gert opinbert að stjórnvöld höfðu ítrekað verið vöruð við, bæði af innlendum og erlendum sérfræðingum, í hvað stefndi með bankana og fjármálalíf þjóðarinnar. Stjórnvöld völdu hins vegar að ana áfram í sjálfsblekkingu og láta sem ekkert væri. Á síðastliðnum vetri varaði stjórnarandstaðan á þingi ítrekað við því að óbreytt stjórnarstefna, erlend skuldasöfnun og taumlaus óráðsía innan fjármálakerfisins gæti leitt til mikils ófarnaðar fyrir efnahagslíf landsins ef ekki væri þegar í stað brugðist við.“

Hæstv. forseti. Fram á þetta ár var venjulega hressilegt yfirbragð á ríkisstjórninni sem jafnan talaði um að við værum í góðri stöðu, við værum í öflugri útrás og við værum vel í stakk búin til að takast á við einhvern samdrátt í þjóðartekjunum. Má ég þá minna á, hæstv. forseti, orð hæstv. forsætisráðherra og hæstv. sjávarútvegsráðherra um að við værum í góðri stöðu til þess m.a. að skera niður þorskveiði um árabil, eins og Hafrannsóknastofnun lagði til, vegna þess hve vel við stæðum atvinnu- og efnahagslega, þessi þjóð. En eins og þeir muna sem kynnt sér hafa taldi Hafrannsóknastofnun að hér þyrfti að skera niður þorskafla til fimm ára, að lágmarki.

Hæstv. forseti. Nú krefst minni hluti fjárlaganefndar þess að ríkisstjórnin leggi fram skýra og trúverðuga stefnu um það hvernig eigi að leggja upp með áætlun um það að vinna þjóðina út úr þeim mikla vanda sem við erum stödd í og blasir einnig við fram undan næstu árin. Þjóðin stendur nú frammi fyrir gífurlegu tapi og risavöxnum skuldbindingum til næstu áratuga sem leggjast á þjóðina.

Minni hlutinn krefst þess að ríkisstjórnin leggi fram skýra stefnu um það hvernig eigi að vinna þjóðina út úr þeim mikla vanda sem nú blasir við. Minni hlutinn átelur ríkisstjórnina og önnur stjórnvöld fyrir þátt þeirra í aðdraganda hruns bankanna, sem m.a. felst í andvaraleysi, aðgerðaleysi og um margt röngum viðbrögðum. Fram undan eru á næstu árum risavaxin og erfið verkefni sem felast í því að ná efnahagskerfinu og ríkissjóði aftur á réttan kjöl. Greiðslubyrði þjóðarinnar, lántökur, vaxtabyrði, lánstími og afborgunarskilmálar eru enn þá óþekktar stærðir þegar við ræðum fjárlögin við 2. umr. Undir þannig óvissu er ógjörningur að sjá til lands um afkomu ríkisins og álögur þær sem þjóðinni er ætlað að takast á við næstu árin.

Vissulega var sofið á verðinum í aðdraganda þess sem síðar hefur orðið og um það segir svo í áliti minni hluta fjárlaganefndar við 2. umr., með leyfi forseta:

„Allt frá því um mitt ár 2007 hafa komið fram viðvaranir um að í vændum væru miklir efnahagslegir erfiðleikar vegna þróunar mála á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Fjölmargir aðilar, innlendir og erlendir, hafa á þeim tíma sem liðinn er komið fram með rökstuddar viðvaranir til ríkisstjórnarinnar án viðbragða af hennar hálfu. Allt árið 2008, í aðdraganda hruns bankanna, fór þunginn í þessari umræðu stigvaxandi eftir því sem á leið. Ríkisstjórnin sýndi engin merki um viðbrögð og er engu líkara en hún hafi ekki gert sér grein fyrir þróun mála eða ekki viljað gera það. Stjórnarandstaðan á Alþingi hóf umræðu um þessi mál hvað eftir annað á vettvangi þingsins, lagði fram rökstuddar viðvaranir, krafði ríkisstjórnina um svör og hvatti til aðgerða. Engin viðbrögð komu fram af hálfu ríkisstjórnarinnar, því var gjarnan svarað til að allt væri í góðu lagi og engar ástæður til að hafa áhyggjur af þróun mála. Í mars 2008 sagði hæstv. forsætisráðherra í ræðu á Alþingi að botninum væri náð og fram undan væru bjartir tímar í efnahagsmálum. Sams konar ummæli féllu hjá fleiri fulltrúum stjórnarmeirihlutans á Alþingi á vordögum 2008. Ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi voru í raun fjarri raunveruleikanum í þessum efnum eins og fjölmörg fleiri dæmi úr umræðu síðustu mánaða sýna.

Fram hefur komið að forustumönnum ríkisstjórnarinnar, forsætisráðherra og utanríkisráðherra, var gerð grein fyrir alvarleika málsins á fundi með aðalseðlabankastjóra í febrúar sl. Eftir að þessar upplýsingar komu fram upplýstu forustumennirnir að einir sex fundir hefðu verið haldnir um málin, sá fyrsti 6. febrúar með aðalseðlabankastjóra. Það undarlega er að öðrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar, t.d. iðnaðarráðherra, sem var staðgengill utanríkisráðherra í

veikindum hennar, og viðskiptaráðherra var, að þeirra sögn, ekki kunnugt um þessa fundi. Þeir hvorki sátu þessa fundi né var sagt frá þeim. Rétt er einnig að taka fram að formönnum stjórnarandstöðunnar, sem sátu marga svokallaða samráðsfundi með forustumönnum ríkisstjórnarinnar frá byrjun október sl., var aldrei skýrt frá þessum fundum eða innihaldi þeirra. Aldrei.

Á samráðsfundi formanna stjórnarandstöðuflokkanna með forsætisráðherra og utanríkisráðherra í maí sl. um sérstaka lántökuheimild til ríkisstjórnarinnar sem Alþingi veitti upp á 500 milljarða kr. yfirdráttarheimild hjá seðlabönkunum á Norðurlöndum voru heldur engar upplýsingar veittar um áðurnefnda fundi eða samtöl.

Eitt af því sem fram hefur komið er að aðalbankastjóri Seðlabanka Íslands hafi í júní sl. sagt við ráðherra ríkisstjórnarinnar að engar líkur væru á að íslenska bankakerfið gæti staðið af sér það ástand sem fram undan væri. Enginn ráðherra kannast við að hafa fengið slíkar viðvaranir, þar stendur orð gegn orði og það er krafa minni hlutans að sannleikurinn í þessu máli komi fram. Þetta er lýsandi dæmi um samskipti ráðamanna, ástandið og vinnubrögð stjórnvalda.

Minni hlutinn telur að viðskiptaráðherra hafi sofið á verðinum hvað varðar eftirlitsskyldu sína. Hann hefur sjálfur lýst því að hafa ekki átt bein samskipti við yfirstjórn Seðlabanka Íslands í tæpt ár, frá því í nóvember 2007. Svo virðist sem viðskiptaráðherra hafi verið haldið utan við fundi ráðherra ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans þegar fjallað var um málefni viðskiptabankanna.“

Með samþykki neyðarlaganna 6. október var ljóst að bankarnir þrír yrðu yfirteknir af ríkinu og að ríkissjóður yrði að fjármagna bankana. Jafnframt var ljóst að ríkið yrði að fá aðgang að lánsfé frá öðrum sjóðum. Sá sem hér stendur hvatti mjög til þess að við næðum sem fyrst samningum við hverja þá þjóð sem vildi lána okkur og um það væri samráð sem allra fyrst. Bæði Norðmenn og Rússar gátu komið til greina um lán á þessum fyrstu dögum. Það hefði að mínu viti styrkt samningsstöðu okkar í framhaldinu ef samningar hefðu tekist við þessar þjóðir. Ríkisstjórnin tók aðra stefnu í málinu og um það segir svo í nefndaráliti minni hlutans, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin og Seðlabanki Íslands gengu frá samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um aðgerðaáætlun í efnahagsmálum og lánveitingar sjóðsins til að efla gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans. Í aðdraganda þess var farið með málið sem hernaðarleyndarmál. Alþingi fékk engar upplýsingar um málið þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um, bæði á Alþingi og í þingnefndum. Á sama tíma var byrjað að vinna eftir áætluninni, fyrst með mikilli hækkun stýrivaxta úr 12 í 18%. Þá var ekki búið að samþykkja áætlunina á hv. Alþingi. Sú aðgerð var reyndar harðlega gagnrýnd og stjórnvöld og einstakir ráðherrar vísuðu hver á annan í ábyrgð á þeim gjörningi þar til Seðlabankinn neyddist til að gefa út yfirlýsingu um að þessi stýrivaxtahækkun væri að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og samkvæmt samkomulagi sem enn hefði ekki verið birt. Þrátt fyrir alla leyndina gagnvart Alþingi komst eitt dagblaðanna að lokum yfir samkomulagið við sjóðinn og áætlunina sem íslenskum stjórnvöldum væri gert að fylgja og birti hana. Það voru fyrstu upplýsingar sem alþingismenn fengu um samkomulag íslenskra stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þessi vinnubrögð eru afar gagnrýnisverð og lýsa lítilsvirðingu af hálfu framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi. Stjórnarmeirihlutinn á Alþingi ber alla ábyrgð á því. Þegar Alþingi fjallaði loks um samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fengust takmarkaðar grunnupplýsingar um málið. Á fundum fjárlaganefndar fengust engar upplýsingar eða gögn um forsendur, svo sem áætlanir o.fl. Minni hlutinn vísar í gagnrýni sína á þessi vinnubrögð í nefndaráliti sínu um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu Alþingis á samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og minni hluti fjárlaganefndar vísar í það álit. Þá er enn fremur gagnrýnt að ríkisstjórnin skuli í upphafi hafa bundið sig við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og ýtrustu skilmála hans í stað þess að leita annarra valkosta í stöðunni eins og ég vék að áður. Ýmsir sérfræðingar, bæði innan lands og utan, hafa bent á að til væru aðrar leiðir sem hefði mátt skoða sem lausn á þeim vanda sem upp var kominn.

Þingmenn Frjálslynda flokksins gerðu kröfu til þess þegar umræða fór fram í þinginu nýverið að gerð yrði krafa á Breta vegna beitingar hryðjuverkalaga þar í landi gegn íslenskum fjármálafyrirtækjum. Krafan byggði á því sem sneri að eignum fyrirtækjanna í Bretlandi. Ákvörðun breskra stjórnvalda hefur verið hagsmunum Íslands mjög skaðleg og nú stöndum við frammi fyrir því að Íslendingar þurfa að bera miklar fjárhagslegar byrðar, að því er virðist vegna þess hvernig þau mál fóru milli íslenskra ráðherra og breskra. Fullyrða má að þar sé á ferðinni einhver dýrasti misskilningur sem um getur á síðari tímum. Viðskiptaráðherra Íslands og fjármálaráðherra Íslands virðast ekki hafa talað saman um málin, en þeir ræddu við breska fjármálaráðherrann með nokkurra vikna millibili og úr varð dýrasti misskilningur Íslandssögunnar. Ráðherrarnir ræddu málefni Landsbankans hvor í sínu lagi og olli það þessum dýra misskilningi.

Í nefndaráliti minni hlutans er það orðað svo, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra taldi sig vera að ræða um lántöku Landsbanka Íslands hf. hjá ríkissjóði en breski fjármálaráðherrann taldi að ríkisstjórn Íslands væri að hafna boði bresku ríkisstjórnarinnar um að gegn tiltekinni greiðslu mundu þarlend stjórnvöld taka allar skuldbindingar Icesave-reikninganna á breska innlánstryggingakerfið og þar með hlífa Íslandi við þeim gífurlega kostnaði sem var fyrirséður og stjórnvöldum beggja landa fullljós. Ljóst virðist að fjármálaráðherra hafi ekki verið skýrt frá fundarefni viðskiptaráðherra Íslands með breska fjármálaráðherranum í lok ágúst sl. þar sem umfjöllunarefnin voru Icesave-reikningar Landsbanka Íslands í Bretlandi. Furðulegt má telja að ekki skuli vera til minnisblöð um þennan fund, sbr. svör viðskiptaráðherra við fyrirspurn á Alþingi um það mál.

Misskilningurinn lá í því að verið var að fjalla um tvö mismunandi málefni bankans án þess að aðilar málsins gerðu sér grein fyrir því á þeim tíma. Afleiðingin varð beiting svonefndra hryðjuverkalaga á Landsbankann í Bretlandi og eignir íslenskra fyrirtækja þar í landi, sem leiddi til þess að íslenska þjóðin mun að öllum líkindum sitja uppi með hundraða milljarða króna skuldbindingar til framtíðar. Þetta

er lýsandi dæmi um samskiptaleysið og vinnubrögðin hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar eins og það blasir við minni hlutanum.“

Í þessu sambandi er rétt að draga fram þá stöðu sem íslenska þjóðin stendur að öllum líkindum frammi fyrir en hvernig þau mál geta litið út veldur miklum áhyggjum. Um það segir í nefndaráliti minni hlutans, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir þær breytingartillögur sem ríkisstjórnin lagði fram, og meiri hluti fjárlaganefndar hefur gert að sínum, vantar enn mikið upp á að fyrir liggi heildarmynd af frumvarpinu. Enn hafa ekki komið fram tillögur varðandi vissa útgjaldaliði. Um er að ræða vaxtagjöld af auknum skuldum sem ríkissjóður þarf að taka á sig. Einnig vantar endurmat á verðlags- og gengisforsendum, en horfur eru á að þau áhrif verði mjög íþyngjandi. Þá er í fyrirliggjandi breytingartillögum ekki gert ráð fyrir breytingum á öðrum liðum sjóðstreymis eða á 5. gr., lánsfjárgrein frumvarpsins, né á 6. gr., heimildagreininni. Breytingartillögur er varða þessa liði verða lagðar fram fyrir 3. umræðu.

Minni hlutinn hefur leitast við að leggja mjög lauslegt mat á lánsfjárþörf ríkissjóðs, en tekur fram að allar grunnforsendur vantar til að matið geti talist nákvæmt og auk þess er ekki tekið tillit til krafna ríkisins. Í lok október sl. námu skuldir ríkissjóðs 564,3 milljörðum kr. Ekki liggur fyrir hver afkoma ríkissjóðs verður á árinu 2008, en fram komnar upplýsingar benda til halla. Í upphafi árs 2009 nema skuldir a.m.k. 560 milljörðum kr. Halli ríkissjóðs samanlagt til ársloka 2011 gæti hugsanlega numið 500 milljörðum kr.“

„Ætla má að […] fjármögnun vegna ábyrgða Icesave í Bretlandi og Hollandi nemi allt að 660 milljörðum kr. Þá er ekki tekið tillit til hugsanlegrar fjármögnunar innlánsreikninga bankanna í öðrum löndum.“

Hvað segir þessi samantekt okkur?

„Fjármögnunarþörf ríkisins til ársloka 2011 mun samkvæmt þessu lauslega mati nema a.m.k. 1.700 milljörðum kr., sé gengið út frá fyrrgreindum forsendum. Enn fremur má benda á að í ljós hefur komið að hollensk stjórnvöld hafa undirritað viljayfirlýsingu um að fjármagna Icesaveinnlán þar í landi fyrir íslensk stjórnvöld en ekki liggur fyrir lánssamningur.

Miðað við þessar forsendur og að kostnaður af fjármögnun ríkisskuldabréfa nemi 13–17% á 5–10 ára skuldabréfum má gera ráð fyrir að vaxtagjöld geti numið á þriðja hundrað milljarða kr. til ársloka 2011. Hjaðni verðbólga eins og áætlanir gera ráð fyrir mun draga úr þessum vaxtakostnaði. Minni hlutinn vekur athygli á því að ef bankarnir geta ekki fjármagnað vandamál sem upp eru komin í íslensku atvinnulífi mun koma til kasta ríkissjóðs. Fjárþörf ríkissjóðs kann því að verða önnur en hér kemur fram. Óvissa ríkir um hvenær eignir bankanna erlendis verða innleystar, hvaða verðmæti er um að ræða og hvaða áhrif þær koma til með að hafa á skuldbindingar ríkissjóðs.“

Hæstv. forseti. Ljóst er að við tökumst á við gríðarlega mikinn vanda á næstu árum. Þá stóru spurningu vantar í upplýsingar um fjárlögin, hvernig við ætlum að taka á honum. Með hvaða hætti ætlum við að taka þessi lán? Hver verða vaxtakjör þeirra? Verður afborgunarleysi á einhverjum tíma lánanna sem við tökum? Hvernig tökum við lán til að borga niður lán þegar við munum ekki ráða við kúfinn?

Ég veit að formaður fjárlaganefndar áttar sig á um hvað ég ræði í þessu sambandi.

Við getum lent í því, sem er mjög líklegt, að þurfa að taka lán til að borga niður önnur lán og fleyta okkur þannig áfram. Við horfum sem sagt á það að næstu 10 árin verðum við með mjög mikla vaxtabyrði og mjög mikla afborgunarbyrði. Þess vegna liggur algerlega ljóst fyrir, hæstv. forseti, að við munum þurfa sameiginlega — og þar undan getur stjórnarandstaðan ekki heldur skorast — að taka á því að koma fjárlögum Íslands til næstu ára á réttan kjöl.

Það þýðir að bæði þarf mikið aðhald og niðurskurð. Einnig verðum við að afla allra þeirra tekna inn í þjóðfélagið sem mögulegt er og nýta alla þá kosti sem eru í boði í atvinnumálum. Það þýðir að við verðum að auka þorskveiðina. Menn ættu varla að vera á tauginni yfir því lengur eftir að fundið var út að einn þorskstofn hafi sett Íslandsmet í vexti og stækkað um 70% á milli ára. Ekki bara Íslandsmet, ég hugsa að þetta sé heimsmet.

Þetta segir auðvitað bara einn sannleika sem er að vitlaust var metið í fyrra og hittiðfyrra. Nú er verið að finna mikið af stórum fiski og þó að við séum guðs börn dettur þessi þorskur ekki af himnum, heldur vex hann og hefur þar af leiðandi verið í sjónum síðustu tvö, þrjú, fjögur eða fimm árin. Ef þessi fiskur finnst núna í sjónum var hann að stórum hluta til í fyrra þó að (**Gripið fram í:** … mælst núna.) mönnum hafi ekki tekist að mæla hann.

Ég hef heyrt þessa kenningu, hv. þingmaður, hún kallast að veiðanleiki sé svo mikill að menn geti allt í einu farið að veiða svo rosalega mikið að allt sem menn gerðu mælist kolvitlaust. Á venjulegu veiðimannamáli hét það nú að fiskur væri í göngu og þétti sig og er ekkert nýtt við það á Íslandsmiðum. Hann gerir það og á því byggjast allar fiskveiðar.

Það eru ánægjuleg tíðindi að þessi skekkja skuli hafa verið leiðrétt og ég tel að við verðum að bregðast við með því að auka þorskaflann. Við verðum að ná í meiri tekjur. Það eru váleg tíðindi sem bárust í morgun, ef rétt er haft eftir í blöðunum, að menn ætli ekki að aðhafast við neitt sem heitir uppbygging á þeim álverum sem tekin hafði verið stefna á. Það setur atvinnumál á svæðum eins og Húsavík í uppnám og þá framtíð sem menn horfðu þar á varðandi orkunýtingu. Það segir hins vegar ekki að ekki séu til aðrir kostir til orkunýtingar og þar verða menn að svipast um og reyna að finna atvinnutækifæri sem hægt er að nýta orkuna í. Það er nú einu sinni þannig að álverð á heimsmarkaði hefur jafnan verið breytilegt, nú er það lágt og má búast við því að dragi úr framkvæmdum á þessu sviði. Ef við getum fundið fleiri möguleika til að nýta orkuna en að festa hana í álveri fagna ég því. Það er gott fyrir íslensku þjóðina að setja ekki öll eggin í sömu körfuna, byggja ekki á einni atvinnugrein að langmestu leyti þó að það verði sennilega ekki í stóriðjunni. Margir voru samt farnir að tala um að stóriðjan, álframleiðslan, yrði okkar stærsti framleiðsluatvinnuvegur.

Ferðaþjónustan er eitt af því sem við getum örugglega bætt í og aukið við. Við þurfum auðvitað að meta það og stjórnvöld þurfa sérstaklega að skoða hvernig þau geta stutt við ferðaþjónustuna í landinu og aukið ferðamannastraum.

Þar er eftir mikilli auðlegð að slægjast og miklum möguleikum fyrir framtíðina.

Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að við þurfum líka að skera niður. Það er ekki hægt að gagnrýna allt sem gert er í þeim efnum þó að við setjum vissulega fyrirvara í nefndarálit okkar að því er varðar niðurskurð á heilbrigðisstofnunum og öldrunarstofnunum vegna þess að við sjáum ekki hvernig það á að samrýmast þeim markmiðum að viðhalda hér velferðarþjónustunni og heilbrigðisþjónustunni að fara í málin eins og lagt er til núna í breytingartillögum ríkisstjórnarinnar. Ég held að menn verði að skoða þau mál betur á milli 2. og 3. umr. eins og fjöldamargt annað sem hér er til umræðu, hæstv. forseti.

Það er alveg ljóst að við eigum mikið undir því að velferðarkerfi okkar haldi, að velferðarkerfið geti tekist á við þá niðursveiflu sem er í þjóðfélaginu, um það þurfum við að sameinast. Næsta ár verður vafalaust mjög erfitt og ég held að menn þurfi að leggjast í það sameiginlega að vinna þessi mál til betri vegar, hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að stjórnarandstaðan bauð fram beina samvinnu um þessi mál þegar á haustdögum þegar það ástand var að skella á okkur sem varð. Þetta viðhorf okkar í stjórnarandstöðunni hefur reyndar margoft komið fram, að við værum tilbúin til að leggja því lið að vinna að því að koma íslensku þjóðinni út úr þeim gríðarlegu erfiðleikum sem fram undan eru.

Ég verð að segja alveg eins og er að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og samþykki meiri hluta fjárlaganefndar á þeim vinnubrögðum með því að taka þennan pakka á fimmtudaginn og gera hann að sínum buðu ekki upp á þetta samráð.

Það eru nokkrir dagar eftir af þessu ári og við í minni hlutanum höfum sagt það í nefndaráliti okkar að við teldum óframkvæmanlegt að fara fram með fjárlögin miðað við þær upplýsingar sem nú lægju fyrir, það yrðu að koma upplýsingar um lánsfjárpakkann, samsetningu lánanna, greiðslukvaðirnar og einhver framtíðarsýn um það hvernig við sæjum til lands næstu 3–4 árin varðandi þá stöðu sem við erum að lenda í. Það er ekki hægt að tala neina tæpitungu um þetta mál. Þetta er alveg grafalvarlegt sem við erum að lenda í. Byrðarnar sem munu lenda á fólkinu í landinu verða miklar, þar þurfum við líka að forgangsraða og mér finnst ekki mikil forgangsröðun í þeirri stefnumótun að fara núna í flata skattahækkun í stað þess að skoða, hvað eigum við að segja, hver voru baráttumál Samfylkingarinnar í skattamálum? Var það ekki þrepaskipt skattkerfi sem gæti leitt til þess að skatturinn yrði minni á þeim sem voru með lægri tekjurnar en meiri á þeim sem væru með hærri tekjurnar? Og hvert var forgangsmál Sjálfstæðisflokksins á síðasta kjörtímabili í skattamálum? Að afnema hátekjuskattinn í staðinn fyrir að horfa frekar til þess að hann væri raunverulegur hátekjuskattur og að horfa til þess að hin ótrúlegu laun sem voru greidd í þessu þjóðfélagi væru skattlögð, m.a. í gegnum hátekjuskattsþrep. Nei, menn gerðu það ekki, menn völdu þá leið að segja sem svo að hátekjuskatturinn væri farinn að teygja sig of neðarlega í launastiganum eins og hann var. Það kunna vel að hafa verið rétt rök, en þá áttu menn bara að hækka launalínuna, færa hana upp og hafa hátekjuskattinn inni þar ofan við.

Nú leggur ríkisstjórnin það til að við alþingismenn og æðstu embættismenn lækkum laun okkar, að við förum þá leiðina til að ná niður þessum hæstu tekjum. Ég hefði talið miklu betra að gera það í gegnum skattkerfið, en ef við ætlum að gera það hér með lögum gagnvart okkur sjálfum mælist ég til þess, hæstv. forseti, að við gerum það sjálf, við klárum það sjálf hér í Alþingi að ákveða hvað við ætlum að skera launin niður um mörg prósent en vísum því ekki út í bæ.

Ef það tekst og ef einnig tekst að semja niður við aðra þá standa lögin um kjararáðið samt óbreytt, og hvernig virkar þá kjararáð þegar launin hafa verið skorin niður? Þá ber því að taka mið af því að lækka launin og vinnur þá eftir sínum lögum.

Þannig skil ég þessi lög, hæstv. forseti. Við bættum síðast inn þegar við breyttum lögunum um kjararáð, sem er ekki langt síðan, að taka mið af því sem gerðist á almennum vinnumarkaði. Ég held að það hafi verið réttmæt breyting en mér hefur alltaf fundist það dálítill aumingjadómur, fyrirgefðu orðbragðið, hæstv. forseti, þegar við þingmenn sjálfir þorum ekki að tala um eigin kjör, hvorki eftirlaunin okkar í æðstu störfum né kjör okkar eins og þau eru.

Það er kannski vegna þess að ég var svo vanur að tala um kjörin mín í 25–30 ár meðan ég var í forustu fyrir mína stétt, skipstjórnarmenn á Íslandi og aðra yfirmenn á skipum. Ég tel ekki að það sé neitt til að skammast sín fyrir, að tala um kjörin sín. Menn eiga bara að tala um þau og þjóðin á alveg að fá að vita hvað við höfum í laun. Ég skorast hvorki undan því að ræða kjarahlið alþingismanna né undan því að ræða hið svokallaða eftirlaunafrumvarp. Ég vil að það sé rætt með rökum, út frá talnalegum forsendum og skynsamlegum rökum, hvernig sem við förum í gegnum það.

Allt er þetta partur af ríkisfjármálunum og þeim kostnaði sem ríkið hefur.

Hæstv. forseti. Ég sé að tíma mínum er að verða lokið. Ég hef flutt hér alveg sérstaklega frábæra ræðu, held ég. Maður verður að gefa sér einkunn sjálfur þegar hv. formaður fjárlaganefndar gengur hér hjá og lýsir bara eigin ágæti en ekki annarra. Ég þakka að lokum fyrir samstarfið í nefndinni og þó að mér finnist að vegna þeirra aðstæðna sem núna eru uppi hafi ekki tekist að vinna verkin eins og ég hefði viljað sjá, eða að við stjórnarandstaðan hefðum fengið að koma miklu fyrr að þeim pakka sem ríkisstjórnin lagði fyrir og skoða hann og leggja kannski eitthvað gott til málanna get ég samt sagt að það er ágætt að vinna með forustumönnum ríkisstjórnarflokkanna í fjárlaganefnd. Ég kvarta ekki undan því og ég þakka starfsmönnum fjárlaganefndar fyrir frábært samstarf og þjónustu við okkur í minni hlutanum.

[14:52]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir frábæra ræðu, tímamótaræðu og ódauðlega í alla staði. Hún var einnig kröftuglega flutt.

Ég hélt um tíma að hv. þingmaður gæti ekki komið þorskinum að í ræðu sinni því að hann var búinn að tala í meira en hálftíma án þess að minnast á hann. Það sagði mér

að hv. þingmanni væri mikið niðri fyrir varðandi ýmislegt annað en síðan vék hann að þeim þáttum, varðandi hugsanlega aukna þorskveiði eins og hann hefur jafnan gert og hefur haldið á lofti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að taka það af honum. Hins vegar vék hann svolítið að því í ræðu sinni að fara þyrfti fram með mikið aðhald og niðurskurð í ljósi þeirra upplýsinga sem þó eru til staðar, þótt af skornum skammti séu. Því væri kostur að vita hvar hv. þingmanni þætti best að bera niður varðandi þær hagræðingaraðgerðir sem er ljóst að þarf að fara í. Ég tek undir að það sem er veikt í upplýsingastreyminu og ég hef áður vikið að því í ræðu minni, þrusuræðu, er að hafa ekki nákvæmt yfirlit yfir lánsfjármögnun og vaxtagjöld ríkissjóðs en það er boðað að þær upplýsingar komi fram við 3. umr.

Einnig vil ég ítreka varðandi umræddar tillögur ríkisstjórnarinnar sem fjárlaganefnd hefur til umfjöllunar að við í stjórnarmeirihlutanum berum auðvitað fulla ábyrgð á þeim gjörningum og þeim tillögum sem hér eru (Forseti hringir.) til umræðu.

[14:55]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hvar skyldi ég eiga að byrja að telja upp þegar benda skal á það sem mætti huga að? Við getum litið yfir farinn veg og skoðað hvað hefur orðið úr þeim stofnunum sem við höfum búið til á undanförnum árum og áratugum. Hvernig hafa þær þróast? Hafa þær fylgt einhverri markvissri áætlun? Ég held að svo sé ekki. Eina áætlunin sem þær stofnanir sem við höfum sett á fót hafa fylgt er útþensla. Þær hafa stækkað og stækkað og stækkað.

Fyrsta stofnunin sem mig langar að minnast á er Fiskistofa. Þegar Þorsteinn Pálsson mælti fyrir þeirri tillögu á fiskiþingi fyrir mörgum árum lýsti hann því yfir þegar gengið var á hann um kostnað og útþenslu og annað slíkt að sú stofnun yrði aldrei — taktu eftir, hv. formaður — stærri en 11 manna stofnun. Ég held að með virkum lagfæringum á fiskveiðistjórnarkerfinu sé enginn vandi að breyta starfsemi Fiskistofu verulega. Með því að hafa kerfið þannig hannað að það líti meira eftir sér sjálft og að meiri hvati sé í kerfinu sjálfu en það þurfi ekki endalaust að vera með eftirlit yfir sjálfu sér.

Ég vil líka segja, hæstv. forseti, að mér finnst koma mjög vel til greina að skoða varnarmálaþáttinn sem við höfum tekið upp á undanförnum árum. Mér finnst koma meira en til greina að skoða svokallaða Varnarmálastofnun. Mér finnst líka koma til greina (Forseti hringir.) að skoða fyrirhugaða sjúkratryggingastofnun, hvort hún eigi rétt á sér því þó að ég hafi greitt henni atkvæði þá eru bara breyttir tímar núna.

[14:57]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hreinskilin svör. Ég tíni til tillögur stjórnarandstöðunnar varðandi hugsanlega hagræðingu og niðurskurð. Jón Bjarnason var búinn að benda á Varnarmálastofnun en framlög til hennar eru að vísu skorin niður í tillögum ríkisstjórnarinnar um 20% en hún er hins vegar með fjárveitingar upp á um 1.100 millj. kr. og hins vegar stuðning við NATO upp á 70 millj. kr. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson bætir við og nefnir Fiskistofu og síðan hugsanlega sjúkratryggingastofnun. Þar sem tíminn var úti ætla ég að gefa hv. þingmanni tækifæri til að koma hér í síðara andsvari sínu og bæta við listann því það liggur fyrir að víða þurfi að hagræða og þess vegna er gott að fá upplýsingar frá hv. þingmönnum eins og Guðjóni Arnari Kristjánssyni sem hefur verið lengi að störfum á þinginu um þessa hluti.

[14:58]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held einnig að það þurfi að fara sameiginlega — þess vegna sagði ég að ég saknaði þess að stjórnarandstaðan hefði ekki fengið að koma að þessum pakka sem ríkisstjórnin komi með fram — í gegnum allar tillögur sem geta orðið til sparnaðar. Ég hef hins vegar þann fyrirvara sem ég nefndi í ræðu minni varðandi velferðarstofnanir og heilbrigðiskerfið. Það er af þeirri ástæðu að það mun reyna mjög á velferðarkerfið á næstunni og þess vegna jafnvel heilbrigðiskerfið á komandi árum.

Ég held einnig, hæstv. forseti, að takist okkur að styðja verulega við atvinnulífið muni það gefa okkur auknar tekjur. Það mun gefa okkur auknar tekjur og það mun draga úr atvinnuleysisbótaþættinum og þeim kostnaði sem fylgir atvinnuleysinu. Þetta er samspil þess að reyna að auka tekjurnar, halda uppi atvinnustiginu og þess að skera niður.

Ég hef ekki gert aðra fyrirvara í máli mínu, hæstv. forseti, en þann að ég teldi að það þyrfti að verja velferðarkerfið og heilbrigðiskerfið. Ég held að við getum skoðað mjög marga þætti í ríkisfjármálunum til að leita að sparnaði. Það er ljóst að þjóð sem á að taka á sig 60–100 milljarða í vaxtakostnaði af ekki stærra hlutfalli fjárlaga en íslenska þjóðin er með mun þurfa mikið aðhald á næstu árum. Við verðum að leita þess þar sem við teljum að hægt sé að skera niður án þess að dýpka þá lægð sem við erum að lenda í.

[15:01]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að tekjur lækki um 36,2 milljarða og verði 395,8 milljarðar í þessu frumvarpi. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umr. og varða A-hluta fjárlaga nema samtals 18,3 milljörðum til lækkunar á sundurliðun II í frumvarpinu. Hlutfallslega verður mesti samdráttur rekstrargjalda í utanríkisþjónustunni og hjá æðstu stjórn ríkisins en almennt er samdráttur í rekstri ráðuneyta á bilinu 5–7%. Gert er ráð fyrir að gjöld og samningar sem taka breytingum á milli ára samkvæmt verðlagi hækki í samræmi við þær áætlanir sem settar voru fram í fjárlagafrumvarpinu í byrjun október þar sem verðhækkanir ársins 2008 voru áætlaðar 11,5% en hækkun ársins 2009 var áætluð 5,7%.

Talsverður samdráttur verður í nýframkvæmdum á árinu 2009 frá því sem áður var áformað. Samtals mun lækkun framkvæmda nema 11 milljörðum kr. eða 21% af áætluðum kostnaði við nýframkvæmdir ársins. Þrátt fyrir þessar breytingar verður árið 2009 samt sem áður eitt mesta fram-

kvæmdaár sögunnar með tilliti til fjárveitinga ríkisins að óbreyttum þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Þannig eru megindrættir frumvarps að fjárlögum ríkisins sem hér liggja fyrir til 2. umr. og meginspurningin sem hv. alþingismenn standa frammi fyrir er sú hvort þessi áform muni duga til svo unnt sé að hefja endurreisn efnahagslífs landsins. Ég hef ástæðu til að ætla að ekki sé nægilega langt gengið í átt til þess að taka á ríkissjóðshallanum.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands voru erlendar skuldir Íslands í lok þriðja ársfjórðungs u.þ.b. 12.257 milljarðar kr. og erlendar eignir á sama tíma námu tæplega 10 þúsund milljörðum kr. Alls skuldaði þjóðarbúið því um 2.300 milljörðum meira erlendis en það átti í eignum. Í *Hagtíðindum* Hagstofu Íslands kemur fram að tekjuhalli hins opinbera á þriðja ársfjórðungi 2008 nam 15 milljörðum kr. samanborið við um 17 milljarða kr. tekjuafgang á sama tíma fyrir ári síðan.

Á fyrstu níu mánuðum ársins var tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 2,2 milljarða kr., sem samsvarar 0,2% af landsframleiðslu, en á sama tíma árið 2007 var tekjuafkoman hins vegar jákvæð um rúmlega 51 milljarð kr. eða 4% af landsframleiðslu. Í *Hagtíðindum* kemur einnig fram að tekjuafkoma sveitarfélaganna var neikvæð á þriðja ársfjórðungi um 3,9 milljarða kr. og því mun lakari en á sama tíma árið 2007 þegar hún var jákvæð um 1,4 milljarða.

Fyrstu níu mánuði ársins mældist tekjuafkoma sveitarfélaganna neikvæð um 5,2 milljarða kr. samanborið við jákvæða afkomu upp á 6,1 milljarð fyrir sama tímabil árið 2007.

Viðskiptahalli undanfarinna ára hefur verið skýr vísbending um að til umskipta kæmi í rekstri hins opinbera en í kjölfar þessa þriðja ársfjórðungs hrundi íslenska bankakerfið og umskiptin í rekstrinum eru til muna meiri en nokkurn gat órað fyrir. Frá þeim tíma hafa stjórnvöld verið bundin við björgunarstarf og leitað leiða til að hefja endurreisn íslensks efnahagslífs.

Sú gagnrýni sem m.a. hefur komið fram hér í dag á fjárlagaferlið og það sem betur hefði mátt fara í því verki öllu á að mörgu leyti fullan rétt á sér en hafa ber jafnframt í huga að þær aðstæður sem við er að glíma eru með eindæmum erfiðar og á margan hátt afar afbrigðilegar. Þetta ástand kallaði á það að verkefnum yrði forgangsraðað og það sem mestan forgang verður að hafa er gerð áætlana sem miða að lausn þeirra vandamála sem heimili landsins og fyrirtæki verða að takast á við. Jafnframt hefur þurft að vinna að endurreisn bankakerfisins og standa í erfiðum samningum við aðrar þjóðir. Þessi verkefni öll hafa að sjálfsögðu sett mark sitt á vinnu við gerð fjárlaganna og óhjákvæmilegt er að röskun verði á ýmsum verkþáttum í því markaða ferli. Í kjölfar bankahrunsins hefur lánshæfismat íslenska ríkisins lækkað verulega og í því endurspeglast veikari fjárhagsstaða ríkissjóðs en áður var. Skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu aukast mikið, öll fjármögnun verður dýrari, tekjur ríkissjóðs dragast saman og verulegur halli er fyrirsjáanlegur á fjárlögum næstu ára.

Stjórnvöld hafa náð samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að vinna með skipulögðum hætti á heildarvanda efnahagslífsins og sú vinna miðar m.a. að því að ná hér stöðugleika og styrkja stoðir atvinnulífsins og á endanum mun það væntanlega skila sér í því að lánshæfismat okkar styrkist á nýjan leik. Sú efnahagsáætlun sem unnið er eftir með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum mun gera kröfu til okkar allra og þá sérstaklega okkar á hinu háa Alþingi við það verk að rétta af rekstur ríkissjóðs.

Í ræðu formanns fjárlaganefndar, hv. þm. Gunnars Svavarssonar, fyrr í dag kom fram að hallinn á ríkissjóði hefði að óbreyttu fjárlagafrumvarpi, sem lagt var fram í byrjun október, stefnt í 215 milljarða. Með þeim tillögum ríkisstjórnarinnar að lækkun útgjalda sem hér liggja fyrir er gert ráð fyrir að hallinn á fjárlögum næsta árs verði á bilinu 160–170 milljarðar kr. Þetta eru gríðarlegar fjárhæðir og í ágætum takti við umræðu undangenginna vikna um fjárhagsstærðir í íslensku efnahagslífi. Þar er um svo stórar upphæðir að ræða að almenningur á erfitt með að skilja og á í vandræðum með að setja þær í samhengi við daglegan veruleika. Fjárlagahalli að upphæð 160–170 milljarðar kr. er hins vegar að mínu mati ekki í neinum takti við þann veruleika sem við blasir í fjármálum ríkissjóðs og ég tel algjörlega nauðsynlegt að taka fastar á og draga enn frekar úr væntum hallarekstri ríkissjóðsins.

Í tillögum ríkisstjórnarinnar sem lagðar voru fyrir fjárlaganefnd Alþingis fyrir 2. umr. fjárlaga er gert ráð fyrir að sparnaður í rekstrarútgjöldum og tilfærslum nemi u.þ.b. 19 milljörðum kr. eða einungis um 3,7% af heildarútgjöldum ríkissjóðs til þessara málaflokka. Er bæði um að ræða samdrátt í núverandi rekstri og frestun verkefna sem enn eru ekki komin til framkvæmda. Að sjálfsögðu er óhjákvæmilegt að stjórnvöld þurfi að skuldsetja ríkissjóð við þessar aðstæður. Gríðarlega umfangsmikill rekstur hins opinbera verður ekki dreginn saman á einu augnabliki og því er mikill hallarekstur óumflýjanlegur um einhvern tíma og við þetta bætast svo skuldbindingar sem ríkissjóður þarf að taka á sig í kjölfar bankahrunsins.

Eins og hér hefur komið fram í dag liggur ekki fyrir ný þjóðhagsspá en Seðlabankinn spáði í nóvember að halli á ríkisfjármálunum yrði um 13% á næsta ári, 12% árið 2010 og 8% árið 2011, og gert er ráð fyrir að afgangur verði á rekstri ríkissjóðs fyrst á árinu 2013. Þegar haft er í huga að því verri sem afkoma ríkissjóðs er þeim mun erfiðari verður afkoma heimilanna í landinu, þá er í mínum huga ljóst að við þessari spá Seðlabankans er ekki nema eitt svar og það er að draga verður meira saman í rekstrinum en tillögur liggja fyrir um. Með þeim eina hætti að tryggja efnahag ríkissjóðs er unnt að standa vörð um þá þjónustu sem almenn sátt er um að sé við lýði í norrænu velferðarþjóðfélagi. Jafnframt er það höfuðnauðsyn fyrir afkomu heimilanna í landinu að afkoma hins sameiginlega sjóðs landsmanna sé með þeim hætti að hann njóti trausts og tryggt sé að hann geti staðið af eigin aflafé undir þeirri þjónustu sem honum er ætlað að kosta. Almenn samstaða er um það í þjóðfélaginu við aðstæður sem þessar að leitað sé allra leiða til að verja ákveðna þætti velferðarmála, heilbrigðiskerfisins, menntamála og löggæslunnar. Þess í stað verði leitað allra leiða til þess að hagræða og ná niður kostnaði í rekstri stjórnsýslustofnana og ráðuneyta. Þessar áherslur koma ágætlega fram í þeim tillögum sem ríkisstjórnin skilaði inn til fjárlaganefndar á fimmtudaginn og koma fram í því frumvarpi sem hér liggur fyrir til umræðu.

Í samræmi við þá vinnureglu sem við hv. formaður fjárlaganefndar höfum unnið eftir gerði hann í framsöguræðu sinni allnokkra grein fyrir meginlínum frumvarpsins varðandi tekju- og gjaldahlið þess. Ég mun aftur á móti gera á eftir grein fyrir helstu gjaldabreytingum einstakra málaflokka milli 1. og 2. umr. fjárlaganna.

Framlög til æðstu stjórnar ríkisins lækka um 298 millj. kr. og þar vegur mest lækkun til Alþingis að fjárhæð um 215 milljónir. Framlög til forsætisráðuneytisins lækka um 133 milljónir. Framlög til menntamálaráðuneytisins lækka um tæpa 4,4 milljarða en framlag til Háskóla Íslands lækkar um tæpar 952 milljónir, Háskólans á Akureyri um 128 milljónir, Háskólans í Reykjavík um rúmlega 154 millj. kr. Þarna er um að ræða áform sem stóð til að veita til nýrra rannsókna á vegum þessara háskóla. Stofnkostnaðarframlag að fjárhæð 300 millj. kr. til Stofnunar Árna Magnússonar er fellt niður og sömuleiðis er gert ráð fyrir að framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 1.360 millj. kr.

Framlög til utanríkisráðuneytisins lækka um tæpa 2,4 milljarða. Þar vegur þyngst lækkun á framlagi til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, 777 millj. kr., til þróunarmála og alþjóðastarfsemi um 546 milljónir, alþjóðastofnanir lækka um tæpar 384 milljónir, Varnarmálastofnun um 257 milljónir og sendiráð Íslands um tæpar 230 milljónir. Framlög til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins lækka um 408 millj. kr. og þar er mest lækkunin til Hafrannsóknastofnunar, tæpar 78 milljónir, og einnig er um að ræða lækkun til Fiskistofu og Matvælastofnunar samtals um rúmlega 92 millj. kr.

Framlög til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins lækka um rúmlega 4,1 milljarð kr. og þar vegur að sjálfsögðu langmest lækkun til Landhelgissjóðs Íslands upp á 2,3 milljarða sem felst í seinkun áformaðra framkvæmda við flugvél og skip. Framlag til fangelsisbygginga lækkar einnig um 350 millj. kr. og Landhelgisgæslunnar um tæpar 300 milljónir og sömuleiðis sóknargjöld í kirkjumálaráðuneytinu um 230 milljónir.

Framlög til félags- og tryggingamálaráðuneytisins hækka um rétt tæpa 11 milljarða. Tilfærslur hækka um 11,4 milljarða og þar vegur þyngst viðbót sem lögð er inn í Atvinnuleysistryggingasjóð. Framlög til rekstrar hækka um 720 milljónir en framlög til viðhalds og stofnkostnaðar lækka um 1,1 milljarð kr. Framlög til heilbrigðisráðuneytisins er ráðgert að lækki um rúmlega 6,9 milljarða, þar af lækka framlög til Landspítalans um tæpa 5 milljarða og til Sjúkrahússins á Akureyri um rúmar 312 millj. kr. Framlag til stofnkostnaðar vegna áforma um byggingu hátæknisjúkrahúss lækkar um 400 millj. kr. úr 800 milljónum. Framlög til fjármálaráðuneytisins lækka um tæpa 1,5 milljarða kr., þar af er gert ráð fyrir lækkun á fjárveitingum til fyrrum varnarsvæðis við Keflavíkurflugvöll um 586 milljónir og Endurhæfingarsjóður um 500 millj. kr.

Ráðgert er að framlög til samgönguráðuneytisins lækki um tæpan 8,1 milljarð, samgönguverkefni lækki um tæpa 6 milljarða, framlög til Umferðarstofu um rúmar 236 milljónir, hafnarframkvæmdir er ráðgert að lækki um rúman hálfan milljarð, 506 millj. kr., flugvellir og flugleiðsöguþjónusta lækkar um 1.250 milljónir og Fjarskiptasjóður um 410 millj. kr.

Framlög til iðnaðarráðuneytisins lækka um 9,1 milljón. Framlög til viðskiptaráðuneytisins lækka um 31,1 milljón. Loks vil ég nefna að framlög til umhverfisráðuneytisins lækka um rúmar 695 millj. kr. en þar vegur mest lækkun til Úrvinnslusjóðs upp á 220 millj. kr. og Umhverfisstofnunar um rúmar 125 millj. kr.

Virðulegi forseti. Við þær aðstæður sem nú ríkja í íslensku efnahagslífi er forgangsverkefni stjórnvalda að leita allra leiða til að ná jöfnuði í rekstri ríkisins og þeirra stofnana og fyrirtækja sem það ber ábyrgð á. Mistök sem geta orðið á þeirri vegferð munu einungis tefja fyrir nauðsynlegri styrkingu þeirrar velferðarþjónustu sem við öll viljum að landsmenn búi við. Höfuðforsenda þess að ná þeim bata sem allir vilja sjá er sú að takast ákveðið á við þær tímabundnu þrengingar sem óhjákvæmilega eru fram undan. Því er afar brýnt að sem flestir horfist í augu við þann vanda sem þjóðarbúið stendur andspænis og það verða allir að skilja að við vinnum okkur ekki út úr þessum aðstæðum nema allir taki þátt. Það er hvorki einfalt né sársaukalaust verkefni sem bíður þjóðarinnar en því fyrr og þeim mun ákveðnar sem ráðist er til verka þeim mun hraðar mun batinn nást.

Það er ljóst að draga mun úr opinberri þjónustu um skeið. Það er ljóst að kjarabætur eru hvorki á dagskrá á næstunni hjá hinu opinbera né á almennum vinnumarkaði. Það er ljóst að margvísleg og metnaðarfull verkefni sem unnið hefur verið að á undanförnum árum munu þurfa að bíða betri tíma og það er ljóst að skattar munu hækka.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að fyrir 3. umr. um fjárlög næsta árs komi fram enn frekari og nauðsynlegar tillögur til sparnaðar í ríkisútgjöldum.

[15:17]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hlutverk varaformanns fjárlaganefndar, hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar, var ekki öfundsvert, að lesa upp niðurskurðartillögurnar. Ég hafði vissa samúð með honum í þeim efnum. Vissulega er þetta mikið niðurskurðarfrumvarp og í máli sínu skoðaði hv. þingmaður enn frekari niðurskurðartillögur við seinni umfjöllun fjárlagafrumvarpsins.

Nú ætla ég ekki að gera lítið úr þeim gríðarlega vanda sem við stöndum frammi fyrir í þessum efnum en mig langar þó að spyrja hv. þingmann hvað liggi að baki þessum niðurskurðartillögum. Hvað liggur að baki í forgangsröðun? Hvað liggur að baki í skilgreiningu á þjónustustigi? Í aðra röndina er sagt að halda eigi uppi og verja þjónustustigið, verja heilbrigðisþjónustuna o.s.frv., og svo er líka sagt að verja eigi atvinnustigið. Ég spyr: Hvernig er það skilgreint? Hvar á að setja mörkin? Við hvað er miðað þegar verið er að leggja fram svona gildislægt mat? Og síðan kemur bara niðurskurður.

Ég velti því fyrir mér hvort mat hafi verið lagt á það hvaða áhrif niðurskurðurinn í heilbrigðiskerfinu hefur á þjónustustigið. Hvaða áhrif hefur niðurskurður í heilbrigðiskerfinu á fjölda starfa? Að langmestu leyti er um laun að ræða og ef skera á niður fleiri milljarða í heilbrigðiskerfinu hlýtur það að koma niður í launum og störfum. (Forseti

hringir.) Ég spyr: Hversu mörg störf er verið að skera niður?

[15:19]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ætli það sé ekki rétt að hefja þetta andsvar á því að þakka fyrir auðsýnda samúð í minn garð (Gripið fram í.) en ég tel litla þörf á að við stöndum í slíku. Þetta eru nauðsynleg verkefni. Ekki auðveld, langur vegur frá, en einhverjir verða að taka að sér að vinna okkur niður til lausnar í þessum efnum. Veruleikinn sem við okkur blasir er einfaldlega sá, hvort sem mönnum líkar betur eða verr að heyra það, að ríkissjóður hefur ekki efni á að standa við óbreytta þjónustu eins og hún birtist okkur í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2009 eins og það var lagt fram í byrjun október sl. Þannig að verkefnið sem við stöndum frammi fyrir er að reyna að forgangsraða og reyna að ramma útgjöld okkar innan hæfilegra marka þannig að við getum séð að ríkissjóður geti staðið við þær skuldbindingar sem honum er ætlað að standa undir.

Ég hef ekki haldið því fram að unnt sé að verja alla þá þjónustu sem ríkið hefur staðið í óbreytta. Ég hef ekki haldið því fram að hægt sé að verja atvinnustigið í landinu á kostnað ríkissjóðs. Ég hef haldið því fram að ríkissjóður þurfi að ráðast í endurgerð þeirrar þjónustu sem hann er að veita hverju sinni og hefur veitt á undanförnum árum og ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að í þeim tillögum sem hér liggja fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar felist von um og áform um að á því verði tekið. Ég geri mér fullljóst að það mun taka lengri tíma en menn hafa haft til verka hér og nú að breyta því kerfi sem við höfum byggt upp á umliðnum árum. Það verður sársaukafullt. Það er erfitt og það verður þungt í framkvæmd en engu að síður er nauðsynlegt að hefja það verk.

[15:21]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Þór Júlíusson undirstrikar einmitt meginveikleika þessa frumvarps og tillagna ríkisstjórnarinnar, þ.e. að ekki hefur verið lagt neitt mat á það til hvers það leiðir. Við gerum okkur öll grein fyrir alvarleika málsins en þeim mun mikilvægara er að geta metið áhrifin af þessum niðurskurði og þá forgangsraða. Ég kalla eftir slíkri ábyrgri vinnu áður en menn vaða beint út í þennan niðurskurð.

Ég vil líka spyrja hv. þingmann: Í samkomulaginu sem ég kalla nú bara skilmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en stjórnarmeirihlutinn vill kalla samkomulag því að það lætur betur í eyrum en að heyra um þvingunarsamkomulagið — hvenær er gert ráð fyrir því að ríkissjóður eigi að vera orðinn hallalaus? Hallalaus rekstur ríkissjóðs í þessu samkomulagi? Mig minnir að það sé árinu 2011–2012 eða fyrr sem reksturinn eigi að vera orðinn hallalaus.

Til þess verðum við ekki hvað síst að efla og auka framleiðsluna einmitt til að skapa meiri útflutningstekjur. Í frumvarpinu sýnist mér það ekki vera sett í forgang. Ég spyr því hv. þingmann: Hvenær, samkvæmt samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, á rekstur ríkissjóðs að vera orðinn hallalaus? Hvaða líkur telur hv. þingmaður á að það náist? Og hver ætti þá að vera greiðslubyrðin á þeim árum, 2010–2012, af lántökum ríkissjóðs, hve stór hluti fjárlaganna verður þá að fara í að (Forseti hringir.) greiða vexti og afborgun af okurlánunum sem við verðum að taka erlendis ef fer sem horfir í þeim efnum?

[15:23]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þótti mér hjartanlega vænt um að heyra frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að hann gerði sér grein fyrir því að við yrðum að auka framleiðsluna og verðmætasköpunina í landinu til þess að geta staðið undir framtíðarskuldbindingum. Ég hlakka til að eiga við hann skoðanaskipti um það við gott tækifæri og rifja þá upp ýmsar tillögur hans í þeim efnum, m.a. um landbúnaðarmál, sem ég vil gjarnan að við stöndum vörð um saman.

Hann spyr um það hvernig innihaldið í samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sé varðandi greiðsluafkomu ríkissjóðs og hvenær við getum gert ráð fyrir því að hann eigi að fara að skila afgangi. Ef ég man rétt er gert ráð fyrir því að það gerist á árinu 2012. Það kunna að vera heimildir til þess að víkja eitthvað frá því ef aðstæður á þeirri braut munu skapa okkur svigrúm til þess.

Hitt er annað sem hv. þingmaður kallar eftir varðandi laun og áhrif niðurskurðar og hagræðingar ríkisins á velferðarstörf. Það þarf ekki að spyrja með þessum hætti. Það vita allir að þegar þrengt er að stofnunum, sama hvort það er hjá hinu opinbera eða í einkarekstri, með þeim hætti að skera niður útgjöld til þeirra sem hingað til hafa verið ákveðin þá kemur það niður á launum. Það kemur að sjálfsögðu niður á atvinnu fólks. Það verður reynt að mæta því, vænti ég, með því að reyna að lækka fyrst launastigið áður en til uppsagna kemur. Ég ætla forstöðumönnum ríkisstofnana að vinna með þeim hætti. Síst af öllu viljum við vinna með þeim hætti að senda fólk út á atvinnuleysisskrá. Ég ætlast til þess að forstöðumenn ríkisstofnana vinni þetta með þeim hætti að þeir reyni fyrst að leita leiða til þess að dreifa þessum byrðum innan þeirra stofnana þar sem það á við. Það er að mínu mati það verklag sem mönnum ber að hafa.

En óhjákvæmilegt er í þeim verkefnum sem bíða okkar að umfang ríkisrekstrarins á komandi árum verði allt annað og minna en verið hefur í þeim stöðuga (Forseti hringir.) vexti sem undanfarin ár hefur ríkt.

[15:26]

Útbýting:

Efling náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum, 240. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 353.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 28. mál, nál. viðskn., þskj. 351; brtt. viðskn., þskj. 352.

Rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, 180. mál, þskj. 345.

Tollalög, 193. mál, þskj. 324.

[15:26]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér í 2. umr. frumvarp til

fjárlaga fyrir árið 2009. Í byrjun október var frumvarpið lagt fram af fjármálaráðherra en nokkrum dögum síðar hrundu íslensku bankarnir hver af öðrum og fjármálaástandið hefur síðan gjörbreyst og áætlanir allar riðlast.

Þess vegna hefur verið erfitt að ná utan um verðlags- og gengisspár og nær útilokað að spá nákvæmlega um forsendur fjárlaga hvort heldur eru tekjur eða útgjöld komandi árs.

Óljóst er hvernig verðbólgan þróast en hún ræðst nær eingöngu af gengi íslensku krónunnar og erfitt er að spá um atvinnuleysi á komandi ári en þar ráða útgjöld ríkissjóðs einnig miklu.

Eftir að samkomulag náðist milli íslenska ríkisins, fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka og svo Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, um helstu kennitölur á næstu missirum hófst bið eftir ákvörðun sjóðsins um lánveitingar og það þekkja allir þá sögu vel.

Við höfum átt hér nokkra orðræðu um það hvort fjárlög stjórnist af tilskipun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég hef sjálfur sagt það frá upphafi að alltaf hafi legið fyrir að ef við þyrftum að leita til alþjóðasamfélagsins um lántökur væri gerð ein krafa. Það var að fyrir lægi áætlun um hvernig við endurgreiddum þau lán og um það snýst samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Reynt er að meta og gera grein fyrir helstu forsendum og gera síðan áætlun um með hvaða hætti og hvenær ríkissjóður getur greitt skuldir sínar. Auðvitað er þetta háð mikilli óvissu og verður að skoðast sem slíkt.

Öll þessi óvissa — auk óvissu um umfang björgunaraðgerða, upphæð á kostnaði við lántökur, skuldbindingar vegna Icesave-reikninga o.fl. — varð til þess í fjárlagavinnunni að það dróst að leggja fram tillögur fyrir 2. umr. fjárlaga. Eins og áður sagði er hér um ófullkomna áætlun að ræða sem verður strax að endurmeta fyrir 3. umr. síðar í vikunni.

Ég hef sagt að við þessar aðstæður sé rétt að reikna með endurskoðun fjárlaga reglulega á næsta ári. Fyrst strax í mars og síðan á þriggja mánaða fresti og aukafjárlög verði unnin til að bregðast við ástandinu sem verður þá. Í þessu umhverfi hefur fjárlaganefnd þingsins starfað og stundum beðið eftir tölum frá hagdeild fjármálaráðuneytisins hvað varðar forsendur.

Það hefur komið fram í umræðunni áður, og í þeim gögnum sem lögð voru fram fyrir fjárlaganefnd, að miðað við óbreyttar forsendur varðandi tekjur og annað hefði stefnt í 214 milljarða halla á ríkissjóði en með tillögum um 45 milljarða leiðréttingu þar sem tekjur eru auknar og útgjöld lækkuð er í endurskoðuðum tillögum reiknað með 165–170 milljarða kr. halla miðað við greiðslugrunn.

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að heildarlækkun útgjalda samkvæmt tillögum meiri hlutans miðast við lækkun frá fjárlagafrumvarpi en er ekki lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs, þ.e. ársins 2008. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þar sem fjárlög 2009 gerðu ráð fyrir um það bil 70 milljarða hækkun frá árinu 2008 en eftir breytingar eru fjárlögin eftir sem áður með verulegri krónutöluhækkun frá fjárlögum 2008. Þá er gert ráð fyrir gjaldskrárhækkunum, þ.e. það koma inn þarna, meðal annars er búið að leggja hér fyrir tillögur um hækkun á gjöldum á áfengi og eldsneyti og þó þessar hækkanir vegi töluvert þá eru þær undir verðlagsþróun, þ.e. þessi gjöld fylgja í rauninni ekki verðbólguþróuninni. En vandinn við slíka tekjustofna er auðvitað að þessar hækkanir telja inn í verðbólgu eða verðtrygginguna og þar með hækka húsnæðisskuldir og að þessu leyti er þetta afar vandmeðfarinn tekjustofn. En það er vandséð hvernig hægt er að komast hjá því að láta neysluvörur eins og áfengi ekki fylgja verðlagi.

Í þessum breytingum er einnig reiknað með 1% hækkun tekjuskatts og heimild til þess að hækka útsvar. Á móti þessum tekjuskattshækkunum kemur að áður samþykkt hækkun á persónuafslætti stendur óbreytt og tryggir það að tekjuskatturinn hækkar ekki hjá þeim tekjulægstu andstætt fullyrðingum hv. þm. Jóns Bjarnasonar hér fyrr í umræðunni.

Auðvitað er ástæða til þess að skoða hvernig við tökum okkar skatta. Sjálfur hef ég horft til þess í mörg ár að eðlilegast væri að hafa einhvers konar þrepaskatt, þ.e. að við næðum til hækkunar á tekjum með aukinni skattheimtu og við þær aðstæður sem nú eru hefði það að mörgu leyti verið eðlilegra vegna þess að það er eðlilegt að við reynum að ná til þeirra sem hafa mjög há laun ef þeir draga þau ekki saman í því ástandi sem nú er.

Auk þess sem hér var sagt að framan er rétt að benda á að þær tillögur sem eru lagðar fram í 2. umr. eru fyrst og fremst unnar af ríkisstjórninni en ákveðið var að láta þær fara óbreyttar inn í þingið til að spara tíma. Á milli 2. og 3. umr. verða málin síðan skoðuð betur og farið betur ofan í einstaka liði og gengið frá sundurliðun liða svo sem hinna frægu safnliða.

Allar þær breytingar sem boðaðar eru verður að skoða í samhengi við samþykktir um hækkanir vegna verðlagsbreytinga en inni í frumvarpinu er gert ráð fyrir 10% hækkun launa frá 2008, eða var það í upphaflega frumvarpinu og er það enn þá. En í tillögum hér í 2. umr. er gert ráð fyrir lækkunum launa, til dæmis þingmanna og þeirra sem heyra undir kjararáð. Á öðrum liðum var í frumvarpinu gert ráð fyrir 13,5% hækkun vegna verðlags. Í frumvarpi til fjárlaga 2009, í upphaflegu útgáfunni á blaðsíðu 216, stendur, með leyfi forseta:

„Til viðbótar þessum launa- og verðlagshækkunum kemur fram talsverð raunaukning útgjalda í frumvarpinu. Þar vega þyngst ákvarðanir um að hrinda í framkvæmd mörgum áformum úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem fela í sér ýmsar veigamiklar útgjaldaskuldbindingar. Mest munar um málefni sem snúa að ákvörðunum um uppbyggingu á almannatryggingum, félagslegum bótum og menntamálum auk framkvæmda á vegum ríkisins, sérstaklega í samgöngumálum. Fjármálaráðuneytinu telst til að ný útgjöld sem falla til þegar á árinu 2009 vegna ýmissa slíkra sértækra ákvarðana sem heimfæra má á áform úr stefnuyfirlýsingunni nemi 14 milljörðum kr. á verðlagi ársins 2008. Því til viðbótar eru ýmsar aðrar fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingar sem greindar hafa verið sérstaklega við undirbúning frumvarpsins metnar á rúmlega 6 milljarða kr. þegar jafnframt hefur verið tekið tillit til framlaga til tímabundinna verkefna sem falla niður á næsta ári. Þar er t.d. um að ræða kerfislægan vöxt í skólakerfinu,“ — það er inni í þessari aukningu — „námslánum, sjúkratryggingum, almannatryggingum og í þjónustu við sjúklinga, aldraða og

fatlaða einstaklinga.“

Ég les þennan kafla hér upp vegna þess að þegar menn eru að ræða niðurskurð þá er rétt að skoða hvaða aukningar voru boðaðar í frumvarpinu fyrir 2009. Í frumvarpinu námu einmitt hækkanir á bótum almannatrygginga, atvinnuleysisbótum og bótum til fjölskyldna svo sem vegna fæðingarorlofs, barnabóta og vaxtabóta alls um 8 milljörðum kr.

Rétt er að hafa í huga að í öllum breytingum var reynt að hafa að leiðarljósi að verja grunnþjónustuna, velferðarkerfið, þ.e. menntakerfi, heilsugæslu og almannatryggingakerfið og raunar löggæsluna einnig. Að halda því fram, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, að niðurskurðurinn hafi verið tilviljanakenndur og ekki byggður á neinum grundvallarhugmyndum um hvar ætti að bera niður er einfaldlega alrangt. Það hefur verið viðleitnin í öllum niðurskurðinum að verja hagsmuni þeirra sem minnst mega sín og þeirra sem hafa lægstar tekjur.

Samhliða breytingum í rekstrinum þurfti að huga að því að draga ekki um of úr framkvæmdum og hindra þannig eftir mætti aukningu atvinnuleysis og loks varð að huga að sveitarfélögunum sem reka stóran hluta grunnþjónustunnar. Horft var frekar til þess að draga úr aðkeyptum fjárfestingum og horft til að halda í störf í landinu. Dæmi um þetta var að hætt er við kaup á nýrri þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

Allt þetta var haft í huga við breytingar á fjárlögunum. Sveiflujöfnuninni var haldið með því að hafa inni mikinn halla, halla sem er einungis réttlætanlegur til að reyna að hindra stóraukið atvinnuleysi. Það er vandhitt á þann niðurskurð sem ekki veldur beinu atvinnuleysi vitandi að við aukið atvinnuleysi hjá opinberum aðilum færist launakostnaðurinn beint frá viðkomandi stofnunum yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð og er þá til lítils sparað ef það fer beint þar á milli.

Ég ætla að skoða sérstaklega í ræðu minni breytingar hjá félagsmálaráðuneytinu og stofnunum þess þar sem ég stýri félags- og tryggingamálanefnd. Ef farið er yfir liði í fjárlagafrumvarpinu og skoðaðir einstakir liðir þá voru í fyrsta lagi áætlaðar 55 millj. kr. til verkefna vegna aðgerðaáætlunar til að styrkja stöðu barna í samfélaginu og 34 millj. kr. til að þjónusta börn með athyglisbrest og ofvirkni. Þessum tölum er haldið inni sem og miklu af þeim upphæðum sem ætlaðar voru í aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna í samfélaginu. Aftur á móti er frestað 20 millj. kr. framlagi til aðgerðar gegn mansali enda liggur áætlun ekki fyrir um þá aðgerð.

Áður samþykkt afnám tekjutengingar vegna launa maka stendur óbreytt sem og hækkun tekjuskerðingarmarka vegna barnabóta og vaxtabóta. Þá stendur hækkun vegna málefna fatlaðra einnig en skerðing er þó á rekstrarframlögum til stofnana fatlaðra sambærileg þeim sem verða yfir heildina eða 2–4,5% lækkun á áætluðum hækkunum til rekstrar. Allur slíkur niðurskurður í rekstri stofnana, meðal annars hjá fötluðum er auðvitað sársaukafullur og á stofnunum sérstaklega sem fyrir er þröngt í rekstri.

Í öðru lagi var í frumvarpinu, ef maður lítur á hlut félags- og tryggingamálaráðuneytisins, reiknað með tvöföldun á framlagi til niðurgreiðslu vaxta af lánum vegna 750 leiguíbúða. Framlagið var 1.100 millj. kr. 2008 og átti að hækka, eða tvöfaldast fara í 2,2 milljarða. Horfið er frá þessari hækkun og miðað við að niðurgreiðslur vaxta vegna lána til 400 leiguíbúða standi eins og árið 2008.

Í þriðja lagi birtast víða í fjárlögum tölur til lækkunar vegna þjónustu við blinda og sjónskerta en öll þessi framlög færast saman í nýjan lið undir félagsmálaráðuneytinu, í lið sem heitir Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta. Í félags- og tryggingamálanefnd liggur fyrir frumvarp til laga um þessa miðstöð og verður það vonandi að lögum fyrir jól og þar með jólagjöfin til þessa hóps. Í fjárlögum eru nettó 311 millj. kr. til þessa málefnis en ekki er um útgjaldaaukningu að ræða frá frumvarpinu heldur millifærslu á milli liða.

Í fjórða lagi vil ég nefna lið sem fjallar um bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Það er liður sem kallaður er heimilisuppbót. Hann lækkar í fjárlögunum um 87 millj. kr., annars vegar um 12 millj. kr. þar sem reglur um tekjutengingar atvinnutekna 70 ára og eldri við lífeyri almannatrygginga eru samræmdar reglum fyrir 60–70 ára. Þetta var þannig að það var ákveðið fyrst að tekjur 70 ára og eldri hefðu ekki áhrif til skerðingar á lífeyri almannatrygginga á neinn hátt. Aftur á móti varðandi 67–70 ára var tekjumarkið 100 þús. kr. Nú er þetta samræmt þannig að það er sama tekjumark fyrir 67 ára og eldri og miðað við 100 þús. kr.

Hins vegar varðandi þennan lið var 75 millj. kr. lækkun vegna breytinga þar sem fjármagnstekjur umfram 90 þús. kr. frítekjumark á ári skulu metnar að fullu til útreiknings á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk og tekjutryggingu. Þessi breyting hefur líka áhrif á aðra liði sem ég nefni hér síðar, bæði frítekjumarkið, þ.e. 100 þús. fyrir þá sem voru 70 ára og eldri og fjármagnstekjurnar umfram 90 þús. kr. Þetta hefur sem sagt áhrif á lífeyristryggingarnar með sama hætti og þarna er um að ræða lækkanir um 156 millj. kr. vegna atvinnuteknanna og fjármagnsteknanna og örorkulífeyrir lækkar um 12 millj. vegna breytinga á liðnum um fjármagnstekjur eins og áður var nefnt. Þess skal þó getið að reiknað er með því að frítekjumarkið hjá öryrkjum, 100 þús. kr. — það er komið frumvarp um að framlengja gildistíma þess. Það átti að renna út um áramót og samhliða átti að verða endurskoðun á lögunum og taka inn starfsendurhæfingu. Þeirri vinnu er ekki lokið og þess vegna er tillaga um að framlengja þetta ákvæði um 100 þús. kr. eitt ár í viðbót.

Það kemur hérna önnur hækkun á þessum lið nr. 07-827 í fjárlögunum. Þar hækka framlög sem heita Sérstök viðbót ellilífeyrisþega frá frumvarpinu um 1.200 millj. kr. og liðurinn Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega um 800 millj. kr. Þarna er um að ræða 2 milljarða sem koma til hækkunar í frumvarpinu en hvort tveggja er vegna verðlagsþróunar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hækka bætur um 9,6%. En við síðari útreikning stefnir í 13% hækkun á árinu 2008 og áætluð verðbólga á næsta ári hækkar þetta enn frekar. Ef fylgja ætti hækkun á lífeyri samkvæmt eldri ákvörðun hefði þurft að hækka lífeyri um tæp 20% nú um áramótin.

Við endurskoðun frumvarpsins var ákveðið að tryggja þeim sem hafa lágmarksbætur eða lægstu bæturnar 19,9% hækkun en öðrum 9,6% hækkun eins og áætlað var upphaflega í fjárlagafrumvarpinu. Full hækkun mun þannig ná til fjórðungs lífeyrisþega en því miður ekki til allra og það er

auðvitað meðvituð ákvörðun að reyna að tryggja að þeir sem lægstar bæturnar hafa fái þá að minnsta kosti um það bil 20% hækkun strax um áramót.

Liður sem breytist líka í frumvarpinu er Ábyrgðasjóður launa sem hækkar um 862 millj. kr. þar sem það fer upp í 1.883 millj. kr. eða hækkar sem sagt þarna verulega þar sem reikna má með fleiri gjaldþrotum fyrirtækja. Það er svona varúðarákvörðun eða spá um það sem hugsanlega gæti gerst.

Sömuleiðis hækkar framlagið til Atvinnuleysistryggingasjóðs um rúma 10 milljarða og verður 17,6 milljarðar og þá eru millifærðar inn á Atvinnuleysistryggingasjóð 110 millj. kr. undir liðnum Námskeiðahald og átaksverkefni og önnur úrræði til þess að tryggja að menn geti sinnt betur þessum þáttum í vaxandi atvinnuleysi.

Þá nefna lækkun um 400 millj. kr. til fæðingarorlofssjóðs en sá liður verður 10 milljarðar kr. í stað 10,4 milljarða. 80% hlutfalli af launum er haldið en sett hámark við 400 þús. kr. greiðslu á mánuði. Tekjuviðmiði var breytt á síðasta þingi og fært nær í rauntíma og það verður óbreytt. Þarna er enn eitt dæmið um að menn reyna að hlífa þeim sem hafa lakari tekjurnar en taka örlítið meira af þeim sem hafa betri tekjurnar þar sem er sett tekjuhámark út úr fæðingarorlofssjóðnum við 400 þús. kr. Maður gerir sér grein fyrir því að þetta getur haft áhrif á töku fæðingarorlofs — hugmyndin um að hafa þetta hámark mun hærra var einmitt til þess að tryggja að feður tækju fæðingarorlof og þetta gæti hugsanlega haft einhver áhrif á það en það verður þá að koma í ljós og endurskoða síðar ef menn eru ósáttir við þessa breytingu.

Það eru síðan nokkrar færslur og það hefur verið að þvælast fyrir fólki sem hefur verið að skoða allar þessar breytingartillögur að það er töluvert af færslum á milli liða í frumvarpinu og hefur það valdið töluverðum misskilningi.

Þannig er t.d. breyting til lækkunar á félagsmálum, ýmis starfsemi í liðnum 07-799. Þar er um að ræða lækkun upp á 526 millj. kr. sem reiknast sem lækkun hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu en um er að ræða fyrst og fremst færslu á liðum á milli ráðuneyta þar sem t.d. meðlög sem heyra undir ráðuneyti sveitarstjórnarmála færast yfir til samgönguráðuneytisins og sérstakar ráðstafanir vegna aflasamdráttar færast einnig til samgönguráðuneytisins og skýrir það töluna.

Ég tók þarna aðeins stærstu liðina sem heyra undir ráðuneytið en almennt lækka ríkisstofnanir um 2%–4% jafnvel allt að 4,5% samkvæmt tillögunum. Auðvitað er þetta umtalsverður niðurskurður þó að skoða verði hann í samhengi við tekjurnar. Ef við tökum vaxtagjöldin annars vegar og tekjurýrnunina hins vegar þá minnka ráðstöfunartekjurnar um næstum fjórðung og þá er ekki stórt skorið ef menn geta komist af með að lækka útgjöld um 2%–3%.

Í lokin varðandi félags- og tryggingamálaráðuneytið er mjög mikilvægt að gengið verði sem fyrst frá flutningi málefna aldraðra frá heilbrigðisráðuneytinu til félags- og tryggingamálaráðuneytisins og gengið verði frá þeim tekjubreytingum og gjaldabreytingum sem því fylgja í fjárlagavinnunni. Vonandi hefst það fyrir 3. umr. Eftir umræður á sameiginlegum fundi félags- og tryggingamálanefndar og heilbrigðisnefndar um stöðu Tryggingastofnunar og Sjúkratryggingastofnunar er ljóst að betur þarf að fara yfir skiptin þar á milli og skoða hvort þau hafa einhver áhrif á fjárlagaliði.

Í þessu samhengi er rétt að skoða framlög til öldrunarstofnana og hvernig verkaskiptingin er þar á milli. Það liggur fyrir að öldrunarstofnanirnar eru með töluverðan halla á þessu ári en aðeins lítill hluti er bættur í fjáraukalögum. Spáð hefur verið að halli öldrunarstofnana á landinu sé hálfur til heill milljarður og verði það niðurstaðan getur verið erfitt að skera enn frekar niður á þessum stofnunum þannig að ég áskil mér rétt til að þetta verði skoðað sérstaklega í nefndinni í framhaldinu.

Ég valdi að fjalla fyrst og fremst um félags- og tryggingamálin en ætla aðeins að koma inn á menntamálin. Þar eru stærstu upphæðirnar í tengslum við háskólana þar sem greiðslur til Háskóla Íslands lækka um 833 millj. kr., fyrst og fremst vegna frestunar á 656 millj. kr. framlagi til rannsókna. En framlagið var samkvæmt samningi og var fyrsta greiðslan á árinu og nú er framlagi næsta árs frestað. Auðvitað er mjög erfitt að glíma við það að skera niður rannsóknarsjóðina þótt það sé að sumu leyti réttlætanlegt vegna þess að þar er ekki um að ræða fastlaunaða vinnu. Ef menn hafa ætlað að ná svipuðum árangri hefði þurft að fara í niðurskurð á störfum innan háskólanna. Rannsóknarframlag til annarra háskóla er skorið niður og þetta eru sársaukafullir niðurskurðir þegar efla þyrfti rannsóknir. Þó er reynt að halda framlögum til rannsókna á atvinnuvegum á öðrum liðum.

Þetta ásamt lækkun á greiðslum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru stærstu sparnaðarþættirnir í framlögum til menntamála. Þó verður að taka fram að í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir 30% hækkun frá áætlun 2008 til lánasjóðsins eða um 1.785 millj. kr. Þar er m.a. gert ráð fyrir 2 milljarða framlagi í afskriftarsjóð. Við endurskoðun áætlunar fyrir 2009 hvað varðar nemendafjölda telur sjóðurinn sig geta lækkað framlög til LÍN um 469 millj. kr. og þess þarf þó að gæta þegar sú upphæð er nefnd að þá er búið að gera ráð fyrir 200 millj. kr. hækkun vegna breytinga á útlánareglum sjóðsins frá því í nóvember síðastliðnum þar sem reynt var að koma til móts við tillögur Sambands íslenskra námsmanna erlendis og hækka framlög til námsmanna erlendis.

Í frumvarpinu er jafnframt hækkun upp á 109 millj. kr. vegna vaxtastyrks samkvæmt sama samkomulagi en í tillögunni eins og hún er lögð fram hér í 2. umr. fjárlaga er reiknað með að lánasjóðurinn gangi á eigið fé, sem nemur einum milljarði kr., og lækkar þá ríkisframlagið sem því nemur. Ekkert af þessu á að leiða til rýrnunar á kjörum námsmanna umfram verðbólgu, sem skerðir kjör námsmanna eins og annarra, og verður að treysta á að svo verði ekki í ár, þ.e. að niðurskurður á lánasjóðnum gangi einungis tímabundið á eigið fé en verði ekki til skerðingar hjá námsmönnum.

Almennt eru framlög til skóla lækkuð um 3% sem verður að teljast allvel sloppið þegar haft er í huga að fjárlögin gerðu ráð fyrir 10% hækkun á launum og 13,5% á öðrum þáttum, eins og áður sagði, og tekjufall ríkisins er margfalt hærra en þessi 3%.

Nokkur atriði eru í tillögum menntamálaráðuneytisins

um niðurskurð eða atriði sem ekki ná inn í fjárlögin sem valda mér töluverðum áhyggjum og vonbrigðum. Ég átti ekki von á að rannsóknarsetur Háskóla Íslands úti á landi yrðu skorin niður. Spara á um 24 millj. kr. á Snæfellsnesi, Hornafirði, Húsavík og Austurlandi eða um 6 millj. á hverjum stað. Allt eru þetta góð verkefni sem stuðla að uppbyggingu atvinnulífs á þessum svæðum og þetta þarf að skoða á milli 2. og 3. umr.

Það sama gildir um skráningu skjala á vegum Þjóðskjalasafns en skráningin hefur verið í gangi úti á landi og verið hluti af atvinnuátaki. Hér er lækkunin 25 millj. kr. og þetta þarf einnig að skoða milli 2. og 3. umr. Loks má nefna að hætt er við tvö störf sem áttu að koma til í Húnavatnssýslu samkvæmt nýrri áætlun um uppbyggingu atvinnulífs á Norðvesturlandi á svæði sem hefur búið við neikvæðan hagvöxt og var látið gjalda þenslunnar á liðnum árum.

Fyrir liggja skýrslur bæði fyrir Norðausturland og Norðvesturland þar sem átti að bregðast við byggðaþróuninni með því að leggja 200 millj. til uppbyggingar atvinnumála á hvoru svæði og auðvitað þarf að ræða á milli 2. og 3. umr. hvort menn ætli ekki að standa við þessar nýju skýrslur. Erfitt er að að sætta sig við að einn liður sé skorinn út í Húnavatnssýslunum um 17 millj. kr.

Þá batt ég vonir við að menn létu í friði fjárveitingar sem voru samkvæmt Vestfjarðaskýrslu og nýjum áætlunum fyrir svæðið, eins og ég sagði áður, og treysti á að menn skoði þetta betur síðar.

Að venju undanfarinna ára, eins undarlegt og það nú er, virðist fjárlaganefnd hafa haft það hlutverk að bæta alltaf inn upphæðum einhvers staðar á bilinu 7–8 millj. kr. á hverja náttúrustofu. Sem er það framlag sem menn hafa saknað og spurt um hér í 2. umr. og það hlýtur að koma til skoðunar á milli 2. og 3. umr. og væntanlega verður bætt við náttúrustofurnar.

Auðvitað kalla allar aðgerðirnar á að menn skoði fleiri þætti með hugsanlegan niðurskurð í huga til þess að geta gert þessar leiðréttingar og auðvitað snúa fleiri sársaukafullir þættir sérstaklega að landsbyggðinni. Það er alvarlegt að í þessari umræðu virðast menn líta á atvinnuleysistölur og tala um að atvinnuleysi sé lítið á Vestfjörðum eða á Norðvesturlandi. En staðreyndin er sú að af þessum svæðum hefur fólk flutt jafnóðum og það hefur tapað vinnunni. Við höfum horft á fólksfækkun upp á tugi prósenta og menn mega ekki falla í þá gildru að halda að þess vegna þurfi ekkert að gera á þessum svæðum. Þeim mun frekar þarf að hindra að fólksflóttinn eigi sér stað með því að efla atvinnu á viðkomandi svæðum.

Í menntamálum ætla ég að minnast á landbúnaðarháskólana. En ekki hefur tekist að ljúka yfirfærslu skólanna á Hólum og Hvanneyri frá landbúnaðarráðuneyti yfir í menntamálaráðuneyti með nægri fjárveitingu. Þessir skólar eru báðir orðnir háskólar en hafa ekki fengið fjárveitingu sem slíkir. Að vísu er gert ráð fyrir töluverðri fjárveitingu í fjáraukalögum og þar með gerður upp hali sem hefur fylgt Hólaskóla. Ég átti þátt í gerð skýrslu og tillögusmíð fyrir háskólann á Hólum sem byggði á að skólanum yrði sköpuð þau skilyrði sem lög um háskóla gera ráð fyrir.

Frá stofnun háskólans hafa fjárframlög til hans verið í fjáraukalögum og það er raunar einnig nú. En til að skólinn fái tíma og tækifæri til endurskipulagningar og aðlögunar að almennum háskólalögum samþykkti starfshópur um skólann að leggja ætti skólanum til árlega 115 millj. kr. til viðbótar næstu þrjú árin, að minnsta kosti á meðan væri verið að endurskipuleggja starfið í skólanum og raunar á svæðinu, vegna þess að undir þessum fjárveitingum hafa verið óskýrð mörk á milli sjálfs skólastarfsins og staðarhalds svo eitthvað sé nefnt.

Þessi samþykkt starfshópsins hefur ekki ratað inn í fjárlögin þrátt fyrir samþykkt ríkisstjórnarinnar á tillögu starfshópsins. Þetta tel ég að þurfi að laga því annars mun það hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir Hólaskóla nema að menn ætli enn einu sinni að gera út á það að treysta á fjáraukalög á nýju ári.

Þannig er raunar farið með fleiri stofnanir. Þegar ég kom að gerð fjárlaga í fyrsta skipti í fyrra kom mér á óvart að svo virðist sem ákveðnar stofnanir, einkum heilbrigðisstofnanir, gera út á að fá leiðréttingar í fjáraukalögum. Þannig hafa ráðuneyti reynt að veita aðhald með því að áætla heldur naumt en reyna að skera menn niður úr snörunni með fjáraukalögum árið eftir.

Af því að ég nefndi hér nokkur hagsmunamál landsbyggðarinnar sérstaklega get ég ekki yfirgefið ræðustólinn án þess að skora á samgönguráðherra og samgöngunefnd að gæta þess að í 5,5 milljarða niðurskurði á vegaframkvæmdum verði ekki aftur skornir niður sömu vegaspottarnir og voru látnir gjalda þenslunnar fyrir tveimur til þremur árum. Brýnt er að halda áfram framkvæmdum við Vestfjarðaveg 60 á sunnanverðum Vestfjörðum og ég treysti að menn hafi það í huga í framhaldinu.

Auðvitað eru fleiri verkefni sem er sárt að sjá á eftir í þessari fjárlagagerð. Hér eru t.d. tillögur um að fresta byggingu gestastofu í þjóðgarðinum á Snæfellsnesi og á Látrabjargi. Reiknað er með lokun Hornstrandastofu og Surtseyjarstofu og alls á að spara með þessu um 92 millj. kr. Þetta er í sjálfu sér ekki í samræmi við hugmyndir um að efla ferðamennsku og reyna að færa hana á fleiri svæði út frá Gullfoss- og Geysissvæðinu og Bláa lóninu yfir á fjarlægari svæði. Töluvert hefur verið horft á Snæfellsnesið og jafnvel út á Látrabjarg sem og á fleiri staði. Ég held að menn þurfi að huga að þessu í tengslum við umræðu um ferðaþjónustu.

Ég hef ekkert fjallað um atvinnumálin sem eru veigamikill þáttur í sambandi við fjárlögin þ.e. með hvaða hætti okkur tekst að auka framleiðslu, nýta orku og auka matvælaframleiðslu til að spara okkur gjaldeyri. Hvernig við getum snúið okkur í því að nýta betur það sem íslenskt er? Ég nefndi einhvers staðar í stuttri umræðu utan dagskrár að nú ættum við að nýta okkur íslenska sementið og hætta að flytja sement inn frá Danmörku. Við eigum öfluga sementsverksmiðju sem getur annað allri innanlandsþörf miðað við samdráttinn og hefur framleitt 150 þús. tonn og stefnir í að framleiðslan detti niður fyrir 100 þús. tonn að óbreyttu en stórar steypustöðvar flytja enn inn erlent sement, að því ég best veit. Gengisskráningin ætti að hjálpa okkur að flytja slík viðskipti hingað heim.

Ég hef sjálfur verið óhræddur við að segja að menn eigi að skoða áframhald hvalveiða. En þar verður að vega hagsmunina. Nefnt hefur verið í umræðunni og full ástæða til að

benda á að við eigum að nýta okkur ferðamannastrauminn og þá aðstöðu sem til er til að taka á móti ferðamönnum og reyna að auka gjaldeyrinn.

Tíminn leyfir í sjálfu sér ekki að ég fari ítarlegar yfir fjárlögin að öðru leyti. Mikil vinna er eftir við að fínpússa þau. Bæta inn safnliðum og skoða frekar einstaka liði fyrir 3. umr. Ég ítreka þá skoðun mína að fjárlögin og framkvæmd þeirra eigi að vera í stöðugri endurskoðun og skoðast formlega á þriggja mánaða fresti á næsta ári. Þar sem við fótum okkur í nýju umhverfi, þurfum við að geta fylgst með atvinnuástandi, tekið ákvarðanir til að bregðast við varðandi úrræði fyrir heimilin og vegna hugsanlegs verðbólguskots, skoða gengisþróun og fleira í þeim dúr.

Heilmikil vinna er eftir en ljóst að fjárlögin eru gerð við óvenjulegar aðstæður og þess vegna er rétt að við höfum í huga að þau þurfa endurskoðun fljótlega.

[16:00]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég hef setið og fylgst með þessari umræðu og velti aðeins fyrir mér aðstandendum þessa frumvarps. Hér í salnum er að vísu hv. þm. Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, og er það vel. Sömuleiðis kom til leiks hæstv. umhverfisráðherra skömmu eftir að hæstv. félagsmálaráðherra gekk á braut en aðra ráðherra eða ábyrgðarmenn þessa frumvarps hef ég ekki séð plaga mikið setu á bekkjum. Það hefði verið fróðlegt að eiga orðastað við t.d. formenn stjórnarflokkanna og/eða eftir atvikum hæstv. fjármálaráðherra, m.a. af því að ég er svolítið að velta því fyrir mér hvernig sé með þetta frumvarp, eða hálfdrætting að fjárlagafrumvarpi, sem hér er komið á okkar borð og eins með þessa ríkisstjórn. Ég velti því fyrir mér hvers konar ríkisstjórn er í landinu nú um þessar mundir, hvort þetta sé einhver biðstjórn fram að landsfundi Sjálfstæðisflokksins í lok janúar.

Framsögumenn meiri hlutans hafa að vísu haft allmikla fyrirvara á máli sínu, eins og síðasti hv. ræðumaður sem tók held ég milli 10 og 20 sinnum fram að mjög mikið af þessu þyrfti að endurskoða í fyrsta lagi fyrir 3. umr. og síðan aftur strax á nýju ári. Það er vel. Menn eru þá ekki að þykjast með að hér er lagt fram plagg sem ábyggilega á eftir að teljast einstakt í þingsögunni eða svo til, af því að það er að stofninum til nýtt fjárlagafrumvarp þótt vanti um það bil helminginn á það og í því séu stór göt. Þá veltir maður því fyrir sér, herra forseti, hvort ekki sé nánast verið að fara á svig við þingsköpin sem gera ráð fyrir að fjárlagafrumvarp fari í gegnum þrjár umræður. Fyrsta frumvarpið sem birtist í haust er ónýtt, það er búið að henda því enda minnist enginn maður á það.

Þetta frumvarp er frá ríkisstjórninni og framsögumenn meiri hluta fjárlaganefndar taka skýrt fram að í raun og veru eru þeir pósthólf fyrir niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar inn í þingið. Þeir fengu tillögurnar sl. fimmtudag. Þá stefnir sennilega í að fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2009 fari í gegnum eina og hálfa umræðu í staðinn fyrir þrjár. Þessa hálfu umræðu sem verður núna þar sem öllum óvissuatriðum er vísað inn í 3. umræðu og síðan þá þriðju, því það er tæplega hægt að telja með 1. umræðuna um gerónýtt plagg frá því í haust sem allir eru búnir að gleyma. Er ekki dálítið óvandað að ríkisstjórnin skyldi þá ekki vinna nýtt frumvarp og leggja fram nýtt frumvarp með nýju númeri sem gæti farið í gegnum þrjár umræður og fengið eðlilega skoðun?

Mér finnst reyndar að meiri hluti fjárlaganefndar eigi hrós skilið fyrir að vera ekki að þykjast í þessum efnum, reyna ekki að láta líta svo út sem þeir hafi sett þetta í sjálfstæða skoðun. Ég varð að vísu dálítið spenntur þegar ég sá nefndarálitið. Það er nokkuð þykkt en þegar ég fletti því yfir á annað blað sá ég að það endar þar. Nefndarálit meiri hluta fjárlaganefndar er tæplega ein blaðsíða. Restin er einhver fylgigögn, álit fagnefndanna og síðan heilmikil sundurliðun eða útskýring á niðurskurðartillögum sem komu frá ríkisstjórninni sl. fimmtudag. Svona er málið vaxið í grófum dráttum, ekki satt?

Þá leyfi ég mér að segja: Þetta er varla marktæk umræða. Auðvitað getur Alþingi látið sig hafa þetta ef því býður svo við að horfa en mér finnst ekki mikill svipur á þessu. Menn geta heldur ekki skýlt sér á bak við efnahagsáföll eða breyttar forsendur hvað varðar að reyna ekki eftir sem áður að vanda vinnubrögð. Einhverjir mundu segja hið gagnstæða. Þá er nauðsyn sem aldrei fyrr að skoða eins vel og við mögulega getum hvernig er hægt á sem sársaukaminnstan hátt að takast á við þetta, forgangsraða og verja það mikilvægasta. Er það gert á örfáum sólarhringum í hálfgerðri málamyndaumræðu? Ég efast um það. Ég er farinn að hallast að þeirri skoðun, eftir að hafa skoðað það sem fyrir liggur af gögnum og hlustað hér á umræður, að það sé hið mesta óráð að setja þetta ekki í miklu vandaðri vinnu. Ekki víst að árið mundi duga til, þ.e. þá ætti að afgreiða fjárheimildir um áramótin og halda áfram skoðun fjárlagafrumvarpsins á nýju ári þannig að við gætum kannski um 20. janúar verið komin með nokkurn veginn fullburðuga vinnu í þessum efnum. Verður óvissan þó örugglega næg samt þótt menn reyndu að fara í þetta einhvern veginn svona.

Ekki bætir úr skák ef ríkisstjórnin situr sem einhvers konar bráðabirgðastjórn þar til ljóst verður hvort hún lifir af landsfund Sjálfstæðisflokksins. Þau óvæntu tíðindi hafa nú gerst að formaður stjórnarflokks, formaður Samfylkingarinnar, hefur stillt samstarfsflokknum upp við vegg og sagt að ef hann geri ekki svo vel og leggist á hliðina eða kviðinn í Evrópumálunum sé stjórnin búin og þá eigi að kjósa. Þá á allt í einu að nota lýðræðið. Það hlýtur að teljast dálítil óvissa um hvort Sjálfstæðisflokkurinn lýtur þessum afarkostum eða hvort vænta má þess að stjórnarslit verði í lok næsta mánaðar.

Það er reyndar mjög athyglisvert að Samfylkingin setur þetta fyrir sig sem stjórnarslitaefni. Einhverjum hefði dottið í hug að jafnaðarmannaflokkur, sem svo kallar sig, hefði frekar uppi stjórnarslitahótanir vegna þess sem hér er á dagskrá þegar skera á niður velferðarútgjöld og þjarma að samneyslunni í landinu þannig að önnur dæmi slíks eru engin á seinni árum, hygg ég. Nei, Samfylkingin hótar ekki að ef ekki verði reynt að standa betur vörð um velferðarsamfélagið megi stjórnin missa sig. Það er ekki af hræðslu við að almenningur í landinu missi húsin sín þúsundum saman á næstu mánuðum sem Samfylkingin hótar stjórnarslitum. Það er ekki af ótta við að hér verði mikið atvinnuleysi, m.a.

vegna þess að menn dýpki kreppuna með vanhugsuðum ráðum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem Samfylkingin hótar stjórnarslitum. Nei. Ef ekki er hægt að leggja drög að því að við komumst inn í Evrópusambandið eftir nokkur ár, þá gæti farið að hrikta í að mati Samfylkingarinnar, það er forgangsverkefni í íslenskum stjórnmálum að mati þess flokks. Þetta er umhugsunarefni, virðulegi forseti.

Lítill endir ætlar að verða á hremmingum okkar og margra fleiri sem leiðir af þessu hruni nýfrjálshyggjukapítalismans. Fréttirnar í gær og í dag voru iskyggilegar, t.d. frá evrópskum bönkum um nýjasta hneykslið, nýjasta áfallið, þar sem bankar og fjármálastofnanir, ekki síst í Evrópu, standa frammi fyrir að tapa stórfé á svikamyllu yfirmanns eins stærsta verðbréfamarkaðar í heiminum. Madoff mun hann heita, þessi höfðingi á Nasdaq sem setti þar upp svikamyllu og þar af leiðandi á evrópskt fjármálakerfi í vændum milljarðatuga bandaríkjadala tap. Meira að segja tölurnar sem að Íslendingum snúa um þessar mundir verða næstum því litlar séu þær settar í samhengi við tap stærstu spænsku, frönsku, skosku og þýsku bankanna. Með öðrum orðum, þetta er býsna rotið kerfi sem leikur heimsbyggðina grátt, þetta móverk sem menn mærðu hér og göptu upp á. Það hét að vera framsýnn, trúa á framtíðina og vera ekki íhaldssamur eða afturhaldssamur að falla fram og lúta þessu. (Gripið fram í.) Já og allt það. Svona er þetta nú samt og maður spyr sig: Ætla þessi ósköp engan endi að taka, hvort sem er heima fyrir eða erlendis?

Okkar málum er þannig komið og ríkisstjórn landsins spilaði þannig okkar spilum að menn skriðu á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Röksemdirnar voru að ekkert annað væri hægt. Það voru ekki færð mikil rök fyrir því að þetta prógramm væri í sjálfu sér svo álitlegt eða þetta væri efnilegur leiðangur sem Ísland færi í með því að gefast upp í Icesave-deilunni til að koma lánsumsókninni fyrir hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Nei, það var ekkert annað hægt. Það hefur alltaf slegið mig illa, burt séð frá viðhorfum mínum til innihalds mála, þegar menn grípa til nauðhyggjuröksemda og telja sig þar með ekki þurfa frekari vitna við, þetta sé bara svona og það verði bara að gera þetta svona. Þess vegna fór maður að spyrja sig strax í októbermánuði og nóvembermánuði: Verðum við ekki að reyna að átta okkur á því hvað þetta þýðir í heild sinni og hvort það borgi sig að leggja af stað með Ísland í þennan leiðangur? Eigum við ekki fyrst að átta okkur á því hvort horfurnar séu yfir höfuð þannig að einhver leið sé fær út úr þessu og í gegnum þetta, ef við ætlum að treysta á þessa áætlun og samstarfsaðila við að koma okkur út úr erfiðleikunum?

Ég varaði við því strax frá fyrsta degi þegar umsóknin var send inn að menn gætu verið að gangast inn á hluti sem ættu ekki endilega eftir að reynast gæfulegir. Þá óttaðist ég auðvitað mest það sem síðar kom á daginn að menn mundu gefast upp í deilunum um ólánsreikningana miklu á meginlandi Evrópu. Það varð þvert á allar yfirlýsingar og heitstrengingar um annað. Ég óttaðist líka mjög mikið það sem aðrar þjóðir sem hafa lent á klafa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa lært, að það kynni að verða okkur býsna erfitt að ætla að fylgja því prógrammi og þeirri hugmyndafræði burt séð frá öllu öðru. Hvað ætli komi hér á daginn? Að þetta hálfa frumvarp er ekki frá meiri hluta fjárlaganefndar og ekki frá ríkisstjórninni heldur er það í grunninn og botninn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það er þannig. Þaðan eru skilmálarnir ættaðir á hverra forsendum niðurskurðurinn er framkvæmdur þótt menn reyni að þvo það af sér. Datt mönnum kannski sjálfum í hug það sem starfsmannaskýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er ein til heimilda um, nákvæmlega hvernig þetta er útfært?

Hin nýja biblía Íslands er ekki fjárlagafrumvarpið, ekki einhver spá frá fjármálaráðuneytinu eða efnahagstíðindi frá Seðlabankanum. Nei, það er starfsmannaskýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hana þurfa þeir að lesa sem ætla að tjá sig um ríkisfjármál og efnahagshorfur á Íslandi í dag. Þar er boðskapinn að finna. Í hana er vitnað þegar spurt er í þingnefndum eða annars staðar: Hvar er reynt að hafa heildaryfirsýn? Hverjir hafa skoðað þetta? Hvar eru útreikningarnir? Hvar er matið á greiðslugetu þjóðarbúsins? Fátt verður um svör og að lokum er ekkert annað hægt en að vísa í starfsmannaskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Svona hefur þetta verið undanfarna sólarhringa þar sem ég hef verið á fundum í utanríkismálanefnd, viðskiptanefnd og víðar.

Ég tel mig hafa rakið til enda að nákvæmlega þannig er þetta. Íslenska stjórnkerfið virðist ekki burðugra en svo að það hefur gefist upp og ekkert sjálfstætt íslenskt mat hefur farið fram á því hverjar horfurnar eru fyrir okkur í framtíðinni. Ef mér yfirsést eitthvað yrði ég þakklátur fyrir að vera bent á það. Það er alla vega ekki í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar upp á tæpa eina blaðsíðu. Svo mikið er víst.

Það er mjög fróðlegt, virðulegi forseti, að fara betur yfir þessa starfsmannaskýrslu og ég ætla að eyða svolitlum tíma í það. Því miður er hún á ensku og hefur ekki verið íslenskuð að því ég best veit, sjálfsagt hefur ekki verið gerð tilraun til þess. Þess vegna er umhendis að vitna í hana og mér leiðist alltaf að lesa upp erlend mál. Ef við byrjum á samantektinni fremst í skýrslunni er þar á bæ ekkert skafið utan af því hvað sé í vændum fyrir íslenskt hagkerfi, í því sem heitir „executive summary“. Þar er talað um djúpa efnahagslægð, „deep recession“, að heildarskuldir muni vaxa hratt, „sharp rise in physical debt“, eigum við ekki að segja að heildarskuldir munu aukast hratt. Það er talað um dramatíska aukningu í opinberum skuldum. Hvernig mundum við þýða það? Stórfelld, hrikaleg aukning opinberra skulda. Þetta endurspegli hinn mikla kostnað við að endurskipuleggja bankakerfið og fjármálakerfið. Það er komið inn á að greiðslumiðlunarkerfið milli Íslands og annarra landa, þ.e. gjaldeyrismarkaðurinn og greiðslumiðlunin, hafi því sem næst hrunið, „virtual collapse“, og það skapi mikla og bráða hættu fyrir efnahagslífið haft í huga hversu háð Ísland er innflutningi og útflutningi. Síðan er farið yfir aðgerðaáætlunina, upp á hvað hún hljóði. Þá er sagt að fyrri hluti lánsins sem kominn er upp á 560 millj. SDR, honum eigi að fylgja átta inngreiðslur upp á 105 millj. hver, en það sé háð ársfjórðungslegum endurskoðunarskilmálum. Það er skilyrt fé sem í vændum er. Fróðlegt væri að heyra fjárlaganefndarmenn fara yfir þetta. Hafa þeir kafað ofan í þessi ársfjórðungslegu skilyrði og þökin sem þarna á að setja? (Gripið fram í.) Er búið að greina það í fjárlaganefnd?

Mér segir svo hugur miðað við þau gögn sem ég hef barið út í gegnum veru mína í utanríkismálanefnd að lítið muni fara fyrir sjálfstæðinu þegar þeir mæta á ársfjórðungs-

fresti og fylgjast með því að menn hafi skorið niður eins og til stóð áður en næsta innborgun verði send. Með öðrum orðum, þetta er skilyrt fé, skilyrt því að menn makki rétt í samræmi við skilmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Síðan er þessu skipt upp eins og menn þekkja á árið sem í hönd fer, árið 2009, og gert mikið úr því að þar ætli menn að nota sveiflujöfnunargetu ríkissjóðs að verulegu leyti en þó er nokkuð undandregið í því þegar betur er að gáð. En hins vegar er sagt að hinir ströngu skilmálar komi að fullu inn strax á árinu 2010 þannig að svo erfið sem mönnum kunna að þykja þessi fjárlög og niðurskurðurinn hér, hvað er þá í vændum 2010? Vilja talsmenn ríkisstjórnarflokkanna ekki segja okkur eitthvað um það miðað við það sem hér gefur að lesa í biblíunni sjálfri, starfsmannaskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins?

Ég staldra næst við á bls. 9 í skýrslunni. Þar er sérstakur reitur, nr. 3, sem ber hið sérstaka heiti: — einhverjum finnst þetta kannski gamansemi — „The Perfect Storm“. Hvað er verið að fjalla um þar, virðulegi forseti, í hinu fullkomna óveðri efnahagsmála sem er að skella á Íslandi? Það er verið að fjalla um hin fimmþættu áföll sem Íslendingar eigi í vændum, íslensk heimili, íslenskur almenningur.

Hver eru hin fimmþættu áföll? Það er í fyrsta lagi gengisáfallið, þ.e. áfallið sem skellur á íslenskum heimilum og íslenskum fyrirtækjum vegna gengishrunsins. Það er í öðru lagi verðbólguáfallið, þ.e. áfallið sem íslensk heimili og íslensk fyrirtæki verða fyrir vegna verðbólgunnar sem er um 20% um þessar mundir. Það er í þriðja lagi eignahrunið, „asset shock“ og það skýrist m.a. af því að 80% af íslenska verðbréfamarkaðnum er horfið. Hann er orðinn að ekki neinu. Hann er reyndar orðinn enn minni núna, kannski kominn niður í 10% af því sem hann var og það er vegna þess að það er reiknað með því að verðmæti íbúðarhúsnæðis lækki a.m.k. um fjórðung. Það er þriðja áfallið, eignahrunið.

Fjórða áfallið er „income and employment shock“, þ.e. tekju- og atvinnuhrunið. Í fimmta lagi, sem lítið hefur verið talað um, er viðskiptabankaþjónustuáfallið, þ.e. sú staðreynd að viðskiptabankaþjónusta er tæpast til staðar á Íslandi í dag nema rétt til að skutla launagreiðslunum í gegnum reikning og til manna aftur. Það er nánast engin fyrirgreiðsla í því formi að menn geti fengið rekstrarfé eða úrlausn mála af því tagi og auðvitað snýr þetta sérstaklega að atvinnulífinu og fyrirtækjunum.

Sem sagt, „hið fullkomna óveður í íslenska efnahagslífinu“, sem hinir gamansömu starfsmenn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem samið hafa hina nýju biblíu íslenskra fjármála, ríkisfjármála og efnahagsmála og kalla því nafni, það er listað svona. Þarna eru yfirlit yfir skuldir bæði íslenskra fyrirtækja og íslenskra heimila og þar stendur það náttúrlega upp úr að Ísland er að þessu leyti langskuldugasta hagkerfi OECD, í árslok 2007 með 308% af þjóðartekjum í skuldir fyrirtækja og 103% af þjóðartekjum í skuldir heimila sem í lok þess árs eða miðað við ráðstöfunartekjur ársins á undan, þ.e. 2006, voru 225% af ráðstöfunartekjum. Þetta eru máttarstoðirnar sem nú eru komnar inn í þetta umhverfi sem við erum að ræða. Það eru þessi skuldugu heimili og þetta skulduga atvinnulíf. Það er vert fyrir menn að hafa það í huga.

En víkjum aftur að forsendum fjárlagafrumvarps starfsmannaskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hér er ranglega ýmist feðrað eða mæðrað ríkisstjórninni eða meiri hluta fjárlaganefndar sem hvorugt er rétt. Það er sagt að í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2009 eigi að nota sjálfvirka sveiflujöfnun ríkisfjármála til fulls á árinu 2009. Þá mætti ætla að það þýddi að menn ætluðu ekki að gera sér sérstaka rellu út af því hvort hallinn á fjárlögum yrði einhverjum milljörðum meiri eða minni ef innstæður væru fyrir þeirri fullyrðingu en það eru ekki innstæður fyrir henni. Þegar betur er að gáð kemur annað hugtak til sögunnar, það er svokallaður hagsveifluleiðréttur frumjöfnuður og hann á að taka niður frá þeim slaka sem hugsaður var miðað við hagsveifluna í fjárlagafrumvarpi haustsins úr 2,7% af landsframleiðslu niður í 0,25%. Þar skýrist niðurskurðurinn. Það er ekkert um hann í sameiginlegri viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þetta er ekki stafað út þar, í hinni sameiginlegu yfirlýsingu sem fylgdi með þingsályktunartillögunni um lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þeir rituðu undir höfðingjarnir Davíð Oddsson og Árni Mathiesen, hæstv. fjármálaráðherra. Nei, hvar skyldi þetta vera að finna? Þetta er að finna í starfsmannaskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þar kemur það fram. Þar skal taka þessa framvirku sveiflujöfnun, slakann sem menn í öðru orðinu þóttust ætla að leyfa á ríkisfjármálum á þessu ári og taka síðan niður árið 2010 en þar skal taka hann svona niður og af því skýrist auðvitað niðurskurðurinn samkvæmt beinum fyrirmælum úr starfsmannaskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hér eru á ferðinni fjárlög sem eru algerlega samkvæmt forskrift úr skýrslu starfsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ef orðalag hinnar sameiginlegu viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar væri notað þá hefði mátt ætla að í þessum efnum hefðu menn haft fullt sjálfdæmi um að hafa slakann í hinum opinbera búskap á árinu 2009 eins og mönnum þætti best henta miðað við samfélagið og undirstöðurnar en svo er ekki þegar betur er að gáð.

Þá skulum við aðeins velta fyrir okkur aftur hvað verði á í vændum á árinu 2010. Eigum við þá ekki bara að horfast í augu við veruleikann allan? Því árið 2010 mun renna upp. Hér sagði að vísu varaformaður fjárlaganefndar að það ætti að skera meira niður. Kannski er hann að vísa til þeirrar framtíðar að það sé enn verra í vændum. Það er þá heiðarlegt að viðurkenna það og ég hallast að því að svo sé og í raun og veru því það er engin leið að lesa í gegnum þetta öðruvísi en komast að nákvæmlega þeirri niðurstöðu.

Ég staldra örlítið við kaflann í kjaramálum sem er á bls. 14 í starfsmannaskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það er sjálfsagt öllum ljóst að því hefur verið lofað eða gefið sterklega í skyn við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að það liggi í raun og veru fyrir vilyrði fyrir því að semja um stórfellda kjaraskerðingu á næsta ári umfram þá sem orðin er. Þar er talað um að fyrirliggjandi vísbendingar séu þær að aðilar vinnumarkaðarins „social partners“, munu semja um kjör í landinu með hliðsjón af þessu prógrammi. Hvaðan eru þessar fullyrðingar ættaðar? Er það með umboði frá forustumönnum launamanna í landinu að þetta ratar inn í skýrslu starfsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, orðalag af þessu tagi? Stóð kannski til að sauma þetta saman fyrir áramót eins og einhverjum datt í hug þannig að pakkinn væri

allur klár og kjaraskerðingin komin líka upp á borðið?

Að síðustu og þó ekki síst, virðulegi forseti, reynir maður auðvitað að velta því fyrir sér, hverjar eru líkurnar á því að Ísland ráði við greiðslubyrði af öllum þessum erlendu skuldum sem á að hlaða á landið. Ég hef marglýst eftir því að reynt væri að setja það skema upp, vaxtabyrðina og síðan afborganirnar þegar þær fóru að falla til miðað við þær forsendur sem menn geta gefið sér í dag. Að sjálfsögðu er margt á reiki í þeim efnum og lánskjör og annað liggur ekki endilega fyrir og menn geta þá gert sér bestu dæmi og lakari dæmi og reynt að skoða þetta eitthvað en það er í raun og veru ævintýralegt að enginn aðili innan stjórnkerfisins, ekki fjármálaráðuneytið, ekki Seðlabankinn, ekki forsætisráðuneytið sem fer með efnahagsmál, ekki Þjóðhagsstofnun af því að það er búið að leggja hana niður, skuli hafa reynt að stilla þessu upp. Ætli sá innlendi aðili, kannski fyrir utan ræðumann sem helst hefur reynt að eiga við þetta, sé þá ekki Morgunblaðið sem í tvígang eða þrígang reyndi að setja þetta upp í töflur og vaxtareikna o.s.frv.?

Þegar maður les skýrslu starfsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sér maður á löngu færi að þar á bæ eru menn sér meðvitaðir um að það má ekkert út af bera til þess að Ísland ráði við greiðslubyrðina af þessu. Þeir segja t.d. að greiðslubyrðin verði svo þung og vegna þess hversu gengismálin verða afdrifarík í þessu, að ef gengi krónunnar veiktist um 30% í viðbót séu skuldirnar augljóslega orðnar það sem kallað er „unsustainable“, þá ræður þjóðarbúið ekki við þetta. Hvað þýðir það á mannamáli? Þá förum við á hausinn, komumst í greiðsluþrot. Ég hvet menn til að lesa viðauka III á bls. 55, þar sem talað er um þetta sem mér finnst vont orðalag og sérstaklega þegar menn þýða það yfir á íslensku sem sjálfbærni skulda. Við skulum kalla þetta bara greiðslugetu, hver er greiðslugeta þjóðarbúsins gagnvart annars vegar erlendum skuldum og hins vegar heildarskuldum, eins og hér er sett upp?

Hér er að finna athyglisvert orðalag þegar fjallað er um vöxt bankakerfisins og vikið að því hversu gríðarlegar erlendar skuldir þjóðarbúsins jukust fram að þessu hruni og til og með ársloka 2007, þegar þær höfðu náð í 551% af þjóðartekjum. Það var ekki talað hátt um það á árinu 2007, sérstaklega ekki fyrir kosningar, ef ég man rétt. Eitthvað var einn og einn maður að benda á að það væri kannski dálítið hættulegt hvernig skuldirnar hefðu hlaðist upp en þetta var kraftaverk og undur hve allt var í góðu ástandi á Íslandi þá, góðærið, munið þið það ekki? Það var ekki fyrr en undir haustið 2007 að einn og einn maður fór að draga aðeins úr góðærishjalinu. En í skýrslunni segir, með leyfi forseta: „The external debt of the banking sector had risen at an astronomical pace.“ Ég hef ekki oft áður séð það í erlendum skýrslum um efnahagsmál að menn tali um stjarnfræðilega aukningu erlendra skulda en auðvitað var þetta það. Auðvitað var þetta stjarnfræðileg geðveiki sem hér var í gangi og það mátti hver einasti hugsandi maður sem lagði sig eftir því þótt ekki væri nema dagpart að skoða helstu kennitölur og helstu mæla, sjá að þetta var að fara í skelfilegar ógöngur, hvað kom á daginn. Og þarna í viðaukum og ítargögnum í hinni nýju biblíu okkar, ekki í trúarlegum skilningi að sjálfsögðu, er að finna ýmsar mjög hrollvekjandi upplýsingar satt best að segja. Um þetta ætti auðvitað að fjalla nú í fjárlagaumræðunni. Um þetta ættu að vera töflur. Um þetta ættu að vera einhverjar áætlanir, einhverjar tilraunir af okkar hálfu til að átta okkur á þessu en það er það ekki. Þessi umræða er því niðurlægjandi á allan hátt fyrir Alþingi Íslendinga, fyrir stjórnkerfið og fyrir okkur öll sem þjóð, að þessum ósköpum skuli vera svona komið.

Hvað segir þetta okkur líka um annan þátt málsins, herra forseti? Þetta segir okkur að ríkisstjórn landsins hefur ekkert prógramm, ekki neitt, það er ekki til. Það eru tvö lítil minnisblöð, tólf spora minnisblaðið og eitt annað sem ekkert er í, ekki neitt þegar betur er að gáð. Er eitthvað í þessum fjárlagatillögum um það hvernig menn ætla að reyna að snúa einhvers staðar vörn í sókn, skapa einhvers staðar aukin verðmæti, setja einhvers staðar einhverja fjármuni, þótt litlir séu í okkar höndum samt, til að eygja einhvern tíma betri framtíð aðra en bara að skera og skera og skuldsetja og skuldsetja? Ég leitaði logandi ljósi og ég fann ekki neitt.

Það er verið að skera niður það sem menn á hátíðisdögum tala alltaf um sem það sem eigi að lyfta okkur, áherslu á menntun, rannsóknir, þróun. Þeim veikburða vísum sem af slíku tagi hafa verið að komast á fót úti á landsbyggðinni er slátrað. (Gripið fram í.) Jú, þeim er eiginlega slátrað að mestu leyti, því miður. Ég veit ekki hvað varaformaður fjárlaganefndar segir t.d. um rannsóknarsetur og þekkingarsetur háskólanna úti á landi eða slíka hluti. (Gripið fram í.) Já, það kemur kannski eitthvað við 3. umr., það er yfirleitt svarið. (**Gripið fram í:** Fjórðu?) Já, eða við 4. umr. eða 5. umr. kannski.

Það var einu sinni þannig á Alþingi að ríkisstjórn var í nokkrum vandræðum með að koma saman fjárlagafrumvarpi. Sérstaklega var það ónefndur fagráðherra sem fór með landbúnaðarmál, Jón Helgason frá Seglbúðum, sem var ósáttur með sína útkomu í fjárlagafrumvarpinu. Þá féllst hann á framlagningu fjárlagafrumvarpsins þannig að hann samþykkti tekjuhliðina en ekki gjaldahliðina. Þetta þótti dálítið athyglisvert en það má segja að hér sé að hluta til farið í þessu frægu fótspor. Það er svona önnur hliðin, þ.e. niðurskurðarhliðin, sem er hér svona að talsverðu leyti en hitt er bara skrifað í skýin og vísað í 3. umr. Ríkisstjórnin er að taka hér upp þetta verklag eða meiri hluti hennar.

Það vekur líka athygli að að því marki sem ríkisstjórnin hefur einhverja hugmynd um að kannski megi hlífast við einhverjum niðurskurði með því að reyna að afla einhverra tekna, þá velur hún þá leið að boða flata hækkun tekjuskatts og útsvars að óbreyttum skattleysismörkum miðað við það sem búið var að ákveða fyrir ári síðan. Það þýðir á mannamáli áframhald á þeirri lágtekjuskattpíningu sem hér var í gangi og menn vonuðust til að þeir væru kannski eitthvað að þokast í áttina burtu frá aftur með hækkun skattleysismarka umfram verðlag, sem dregur náttúrlega skammt núna eins og verðbólgan er, því miður.

Ég hef verið að velta því dálítið fyrir mér hvar ríkissjóður gæti verið staddur ef hinar glórulausu og ábyrgðarlausu skattalækkanir á síðasta kjörtímabili hefðu ekki allar gengið fram. Ef við tækjum hátekjuskattinn eins og hann var áður en farið var að þrepa hann niður og hann hefði verið lagður á að fullu öll árin, voru það ekki 2005, 2006 og 2007 og á yfirstandandi ári, eigum við þá ekki að slá á að við gætum átt eitthvað á milli 30 og 50 milljarða þar í handraðanum,

sem sagt nokkurn veginn niðurskurðinn sem hér er verið að bæta í? Það er kannski ekki fjarri lagi.

Hvaða ár voru þetta? Jú, þetta voru ofurlaunaárin, þetta voru veltiárin þegar Íslendingar eignuðust launahæsta mann Norðurlanda. Hefði verið eitthvað að því að hann hefði borgað örfá prósent í viðbót af þessum ofurlaunum sínum? Leita engar efasemdir á sjálfstæðismenn um að þetta hefði verið réttmæt aðgerð og skynsamleg, að bæta aðeins í þensluna og verðbólguna á árunum 2005, 2006 og 2007 með því að lækka sérstaklega skatt á tekjuhæsta fólki landsins? Eða er það trúarsetningin og kenniboðið sem ríkir ofar veruleikanum?

Ég átta mig ekki á því, herra forseti, hvernig á að framkvæma þessi fjárlög. Ég held að þetta sé meira og minna allt saman sýndarmennska. Ég held að engum manni detti í hug að hægt sé að reka Landspítalann með því að skera af honum hátt í 2 milljarða kr. frá því sem hann þó hefur eða hvernig sem á að útleggja það.

Hvernig ætla menn að reka öldrunarstofnanir sem fyrir eru margar með mikinn skuldahala sem að minnstu fæst bættur, eins og kom fram í framsögu eins meirihlutamannanna í fjárlaganefnd? Hvernig ætla menn að reka heilbrigðisstofnanir eins og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Heilbrigðisstofnun Austurlands sem eru í bullandi vandræðum fyrir, dragandi þungan skuldahala og eigandi engan veginn fyrir rekstri í dag með verulegum niðurskurði á framlögum til þeirra? Það er ekki hægt, stærstur hlutinn er launakostnaður. Ég held að menn hljóti að verða að horfast í augu við að það er ekki hægt að gera þetta nema segja strax upp, bara 1. janúar, drjúgum hluta starfsmanna þessara stofnana. Það sparar ekki útgjöld fyrr en líður á árið vegna þess að menn eiga sinn uppsagnarfrest og það setur menn í enn meiri vanda nema það sé hitt, að menn séu að setja hér eitthvað á blað sem ekki er einu sinni ætlunin að reyna að standa við. Eitthvað hlýtur það að vera. Er ekki best að tala bara um þetta eins og þetta er og hvort er það, hv. þm. Gunnar Svavarsson? Hvort er ætlunin að framkvæma þetta og standa við það og segja þá upp fólki í stórum stíl, því að öðruvísi sé ég ekki hvernig á að ná þessum sparnaði fram, eða hvaða önnur brögð telja stjórnarliðar sig kunna í þessum efnum?

Það var athyglisvert að heyra þá fara yfir hallatölurnar, hv. formann og varaformann fjárlaganefndar. Annar sagði í morgun að hallinn yrði á bilinu 165–170 milljarðar, ég held ég að ég hafi örugglega tekið rétt eftir því að svona orðaði formaður fjárlaganefndar þetta. Um það bil tveim tímum síðar kom varaformaður fjárlaganefndar og talaði þá um 160–170 milljarða og er svo sem bitamunur en ekki fjár. En þetta segir okkur í öllu falli að þetta eru ekki alveg nákvæmnisvísindi enn þá hjá þeim fóstbræðrum þegar það hleypur á svona 5–10 milljörðum hver líklegur halli geti orðið út úr þessu.

Þá spyr ég á móti: Af hverju er talan 170 milljarðar svona heilög? Menn segja að annars hefði stefnt í 215 milljarða halla. Hvar eru útreikningarnir sem eiga að sýna okkur að það væri halli sem alls ekki gengi upp en hins vegar séu 160, 165, 170 milljarðar í lagi? Eru þeir útreikningar til? (Gripið fram í.) Það er það sem þið ætlið ykkur. (Gripið fram í.) Þið eruð að segja það. Þið væruð ekki að leggja þetta til annars. (Gripið fram í.) Ætlið þið ekki að bera ábyrgð á því sem þið leggið til? Ég gef mér það að þetta sé vegna þess að þið teljið að þetta gangi, þið væruð náttúrlega ekki að leggja fram fjárlagafrumvarp sem þið teljið að gangi ekki eða er það? Það er ekki venjan að menn flytji þingmál sem þeir eru á móti eða breytingartillögur.

Veruleikinn er auðvitað sá, eins og ég fór yfir í mínu máli, að þetta er ekkert í okkar höndum. Ramminn er settur í starfsmannaskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og menn eru að skrúfa þetta inn í hann. Með öðrum orðum, við erum ekki að reyna að meta hvernig við getum gert þetta sjálf, hvað við eigum að standa vörð um, hvort réttlætanlegt sé að fara inn í þennan tilfinnanlega niðurskurð, t.d. í heilbrigðisstofnunum þar sem er ekki mikill afgangur, þar sem gengur ekki allt of vel að láta hlutina ganga dag frá degi. Hvernig halda menn að Landspítalinn eigi að glíma við þetta með því gríðarlega vinnuálagi sem það er orðið á undirmönnuðum deildum sem hafa verið fjársveltar alveg hreint linnulaust undanfarin ár? Þetta er ekki hægt nema með þvílíkum sársauka að menn eiga mikið í vændum í þeim efnum.

Það væri líka áhugavert að fara yfir smáu liðina, af því að margur sársaukinn á eftir að birtast mönnum þar. Það eru ekki alltaf stórar tölur á ferð, það eru kannski höggnar af 4 eða 6 milljónir sem eru undirstaða tiltekinnar mikilvægrar starfsemi hjá velferðarsamtökum eða samtökum eins og Iðnnemasambandinu eða einhverjum slíkum aðilum. Menn eru að taka ákvarðanir um að slátra slíku í stórum stíl. Ætla menn svo að bera það fyrir þjóðina að þetta séu allt saman aukaatriði, það sem skipti máli sé að koma okkur inn í Evrópusambandið árið 2015 eða 2012 eða hvenær það verður og kannski að fara í einhver stólaskipti hérna um áramótin eða fara í einhverjar lýtaaðgerðir á ríkisstjórninni? (Gripið fram í.)

Eigum við ekki að tala um það sem hér er undir sem er íslenskt samfélag, verkefnið er hér og nú í höndunum á okkur og spurningin um það hvernig við ætlum að halda utan um þetta samfélag okkar næstu mánuðina og missirin. Það er það sem á að vera til umræðu, það skiptir máli en ekki hégóminn.

Því miður verð ég að segja alveg eins og er, herra forseti, að þessi málatilbúnaður (Forseti hringir.) vekur mér litla bjartsýni um að menn séu að rata á rétt spor, verandi mér þó vel meðvitaður um að erfiðleikarnir eru miklir.

[16:40]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir ræðu hans. Hann fjallaði um þær breytingartillögur sem lagðar eru fram við fjárlagafrumvarpið auk þess að fjalla ítarlega um skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða starfsmannaskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og hv. þingmaður vildi nefna það.

Mjög margt kom fram í ræðu hans sem rétt er að fylgja eftir. Ég sagði það í frábærri ræðu minni í morgun að með þessum aðgerðum og fleirum sem kynntar eru hér mun halli ríkissjóðs verða 165–170 milljarðar kr. en hefði að óbreyttu getað orðið u.þ.b. 215 milljarðar. Á sama hátt vil ég ítreka það eins og ég hef jafnan gert í andsvörum í dag að um-

ræddar breytingartillögur sem bárust fjárlaganefnd frá ríkisstjórninni í síðustu viku og eru bornar hér fram, eru á ábyrgð stjórnarmeirihlutans og við víkjum okkur ekkert undan þeirri ábyrgð.

Það hefur komið fram í umræðunni að lagt er upp með það að ekki þurfi að segja upp fólki í stórum stíl og nú má vel vera að einhvers staðar verði að hagræða. Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann, af því að ég hef spurt þingmenn stjórnarandstöðunnar að því í dag: Ef við horfum fram á að það þurfi að vera hagræðing og aðhald í ríkisrekstrinum, hvar vill hann þá bera niður? Menn hafa vikið að stuðningi við NATO, Varnarmálastofnun, Sjúkratryggingastofnun og Fiskistofu og því óska ég eftir að hv. þingmaður bæti (Forseti hringir.) við þennan lista sem ég hef safnað saman frá stjórnarandstöðunni.

[16:43]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er mjög gamalkunnug aðferð þegar menn eru í nokkurri nauðvörn í málflutningi sínum að snúa því upp á andstæðinginn og krefjast þess að hann komi með lausnirnar. Það er í sjálfu sér rétt í þessu tilliti, ekki hefur stjórnarliðið þær. Við teljum vissulega að hægt sé að draga meira úr útgjöldum á ákveðnum sviðum. Ef hv. þingmaður les t.d. nefndarálit minni hluta utanríkismálanefndar eru uppástungur um það, ekki endilega til að spara allt það fé og draga úr halla á ríkissjóði heldur t.d. til að hlífa þá frekar þeim ömurlega niðurskurði á framlögum til mannúðaraðstoðar, hjálparstarfs og þróunarsamvinnu sem er uppistaðan í sparnaðartillögum utanríkisráðuneytisins. Þar er satt best að segja farið ákaflega mjúkum höndum um „establismentið“ sjálft þegar betur er að gáð og ekki gengið langt í því að skera niður sendiráð, hvað þá að hrófla við óskabarninu Varnarmálastofnun, sem á að halda drýgstum hluta sinna fjárveitinga, sem er algjör óþarfi og auðvitað á að leggja hana niður. Ef það er rétt hjá Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð og Flugstoðum að þær stofnanir geti annast þá starfsemi fyrir 400–450 millj. kr. minna fé á auðvitað að skoða það þó að við teljum reyndar að hægt sé að ná þessum sparnaði öllum.

Segjum nú að við skoðuðum þann kost að afla tekna upp á 3–4,5 milljarða kr. Mér reiknast svo til að með tiltölulega vægri útgáfu af hátekjuskatti og með því að lækka tekjur af honum um kannski 20% frá því sem þær hefðu gefið á þessu ári gæti hann samt gefið a.m.k. 3 milljarða kr. Og segjum að við sættum okkur við 5–7 milljarða halla í viðbót. Eða hver eru rökin, hvar liggja nákvæmnisvísindin í því að hann megi að vísu róla sér á milli 160 og 170 milljarða en alls ekki vera t.d. 5 milljarðar í viðbót? Ég held að ég viti svarið, ég er búinn að fara yfir það. Segjum að við næðum þannig og með sparnaði, sem við skulum svo sannarlega hjálpa meiri hlutanum til við að koma með, 2, 3 milljörðum í viðbót, þá gætum (Forseti hringir.) við verið að tala um svigrúm upp á kannski 10, 12 milljarða í viðbót og að sama skapi minni niðurskurð í velferðarmálum.

[16:45]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék að nefndaráliti meiri hlutans. Það hefur eiginlega verið með óbreyttu sniði undanfarin ár jafnvel áratugi. Inni í því áliti er álit frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Úr því að það var óbeint gert lítið úr áliti meiri hluta fjárlaganefndar og sagt að það væri rúm blaðsíða er álitið frá minni hluta utanríkismálanefndar sex línur. Ég ætla nú að lesa það vegna þess að vísað er til þess. Hér segir, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn telur hins vegar að spara mætti mun meiri fjármuni með því að leggja Varnarmálastofnun niður.“

Það hafði áður komið fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að hætta ætti öllum fjárútlátum til hernaðartengdra verkefna, þ.e. til NATO, það hafði áður komið fram. Þá fjármuni ætti að nota í að halda því hlutfalli sem rennur til þróunarsamvinnu og mannúðar- og hjálparstarfs að lágmarki hinu sama miðað við þjóðarframleiðslu á þessu ári. Álitið er ekki lengra.

Líkt og fram kom í morgun hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni segir þarna að taka eigi niður þessa tvo þætti og flytja þá í annan rekstur. Einnig hefur komið fram að hv. þm. Steingrímur J. vill taka upp hátekjuskatt sem mundi gefa 3–4 milljarða. Þegar hátekjuskatturinn var hér — ég er í sjálfu sér sé ekki á móti því að menn séu með einhver skattþrep og útfærslu á slíku — gaf hann um einn og hálfan milljarð og lagðist mikið á millitekjufólkið. Aukningin á að vera þetta mikil en að vísu hefur raunvirðið aukist á milli ára. Þá væri fróðlegt að fá að vita hvernig hv. þingmaður sér fyrir sér að hátekjuskatturinn verði útfærður núna (Forseti hringir.) þannig að hann nái 3–4 milljarða kr. tekjuauka.

[16:47]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er von að meiri hlutinn sem tók hér við niðurskurðartillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gegnum ríkisstjórnina síðastliðinn fimmtudag og hefur nú ekki mikið haft fram að færa sjálfur. Spyrjið þá aðra um tillögur og það er sjálfsagt mál að reyna að verða við því að koma með þær.

Varðandi hátekjuskattinn er alveg ljóst að hefði hann t.d. verið álagður eins og hann var á sínum tíma hefði hann gefið umtalsverða fjármuni á árunum 2006 og 2007, sennilega hæst á árinu 2007. Ég tala nú ekki um ef tekjumörkin hefðu verið jafnlág og ef þau hefðu verið látin fylgja verðlagi upp á við hefðu það engu að síður verið fleiri milljarðar á hverju ári. Hann var farinn að gefa 3–4 milljarða, ef ég man rétt, þegar best lét á sínum tíma þegar hann var enn lagður á í fullu fjöri.

Það má vel vera að hv. þingmanni verði að ósk sinni um að ég sjái til þess að hann fái í hendur útfærðar hugmyndir um hvernig megi gera þetta. Ég bið hv. þingmann að hafa örlitla biðlund. Þá verður honum kannski að þeirri ósk sinni og vonandi styður hann þá það að við drögum úr hinum sársaukafulla niðurskurði þar sem við teljum hann vera hvað tilfinnanlegastan, kannski með því að láta það fólk

sem þó hefur enn og kemur til með að hafa á næsta ári allgóðar tekjur leggja aðeins meira af mörkum þannig að við reynum að dreifa byrðunum á sanngjarnan hátt. Það er stundum kallað félagshyggja eða jafnaðarstefna og ætti ekki að vera svo erfitt fyrir hv. þingmann að átta sig á því. (Gripið fram í.)

Ég veit ekki hvað mönnum verður ágengt í þessum efnum ef skyndilega skyldu verða þau tíðindi að menn vildu allt í einu fara að vinna að alvörufjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009. Ég veit ekki hvað mönnum verður ágengt í þeim efnum á einhverjum örfáum sólarhringum. Ég beini spurningu til meiri hlutans: Vilja menn hugleiða að fara í þetta eins og menn og taka sér kannski eins og mánuð í að semja (Forseti hringir.) alvörufjárlagafrumvarp en afgreiða fjárheimildir fyrir áramótin þannig að lífið geti haldið sinn vanagang og hægt verði að borga út laun 1. janúar? Þá er okkur ekkert að vanbúnaði að halda slíkri vinnu (Forseti hringir.) áfram inn í janúar.

[16:49]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór mjög víða um í ræðu sinni áðan. Ég tel ástæðu til að staldra örlítið við þann þátt málsins þar sem hann segir og fullyrðir úr ræðustóli að það fjárlagafrumvarp sem liggur fyrir sé samið af starfsmönnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Það er langur vegur frá að svo sé. Þetta er samstarfsáætlun sem er í gildi milli íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um með hvaða hætti á að taka og vinna á þeim vanda sem við blasir. Þar hafa menn sett sér ákveðin markmið en það er okkar Íslendinga að útfæra með hvaða hætti við ætlum að nálgast verkefnið.

Ég sá ekki annað en að í áliti minni hluta fjárlaganefndar, sem er ágætt á margan hátt, kæmi fram nokkur nálgun á fjármögnun á þörfum íslenska ríkisins metin á 1.700 milljónir á næsta ári. Það var enginn útreikningur annars staðar frá sem lá til grundvallar þeirri tölu. Þá útreikninga unnu menn hér sjálfir og gera sér grein fyrir þeirri stöðu sem við stöndum frammi fyrir.

Ég kalla eftir því í andsvari mínu við ræðu hv. þingmanns að hann fylgi því eftir sem hann nefndi áðan varðandi mögulegar leiðir til að draga úr þeim sársauka sem fyrirsjáanlegur er við að laga íslenskt hagkerfi að þeim veruleika sem við blasir og staldra aðeins við þessar hugmyndir um hátekjuskattinn sem ég hef lýst mig alveg fylgjandi að skoða. Hann talaði um að það væri ágætt að horfa til þess að fólk sem hefði allgóðar tekjur á næsta ári legði meira af mörkum en aðrir. Ég kalla eftir hvaða hugmyndir hann hefur um það sem hann kallar allgóðar tekjur hjá fólki sem á þá að bera þennan svokallaða hátekjuskatt.

[16:52]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að ég hafi nú ekki sagt kannski beinlínis að starfsmenn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefðu samið þetta frumvarp, enda væri það ekki rétt. En ég fór yfir það og vitnaði í skjöl því til sönnunar að ramminn er þaðan. Og hann er meira en viljayfirlýsingin ein, sú sem þeir rita undir, vinirnir Davíð Oddsson og hæstv. fjármálaráðherra, Árni M. Mathiesen, því að þar er ekki fyllt út í eyður. Það er ekki fyrr en maður fer inn í skýrslu starfsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og les þar tiltekna hluti sem maður fær botn í það t.d. hvaðan ákvörðunin er ættuð um að draga úr slakanum á fjárlagahallanum strax á árinu 2009. Það kemur ekki fram fyrr en á tilteknum stað í starfsmannaskýrslunni. Þar með segi ég að það er þar sem ramminn er ákveðinn og inn í hann eru menn svo að reyna að þröngva þessum niðurskurði.

Ég hefði haft gaman af því líka að heyra hv. þingmann að tala aðeins um árið 2010 en ég fór hér dálítið yfir að þá yrði kannski aðalhöggið.

Í þriðja lagi í sambandi við leiðir til að draga úr hinum sársaukafulla niðurskurði eða reyna að hafa svigrúm til að minnka sársaukann þar sem hann er tilfinnanlegastur í þessum efnum tel ég að hugleiða mætti hátekjuskatt og jafnvel frekari tekjuöflun. Niðurskurður þar sem enn er hægt að taka út hluti til að spara peninga og meiri halli bjóða upp á blandaða leið sem samtals gæti þýtt að mínu mati svigrúm upp á kannski 10–12 milljarða kr. sem mundu auka verulega getu okkar til að koma til móts við þá liði í þessum tillögum sem verst eru leiknir.

Hvað eru allgóð laun? Ég tel laun ofan við 500–700 þús. kr. á mánuði hjá einstaklingi og milljón til 1.400 þús. kr. hjá hjónum verða (Forseti hringir.) það há laun að vel megi skoða þar eitthvert álag upp á einhverjar prósentur á þann hluta launanna sem eru þar fyrir ofan, (Forseti hringir.) þannig virkar jú hátekjuskatturinn.

[16:54]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Það virðist svo miðað við umræður í dag að tekist hafi mjög góð tengsl milli þeirra sem eru í fjárlaganefnd því að þeir keppast við að hrósa ræðum hvers annars og tala um að þarna hafi verið flutt hver tímamótaræðan á fætur annarri. (**Gripið fram í:** Við biðum eftir þessu.)

Að sjálfsögðu verður að taka undir það að margar góðar ræður hafa verið haldnar, kannski ekki endilega af þeim sem sitja í fjárlaganefnd en samt skal ekkert dregið úr því að vel hafi til tekist hjá mörgum. Meðal annars fylgdist ég af athygli með ræðu hv. þm. og varaformanns fjárlaganefndar, hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar, en ég mun víkja að henni á eftir.

En ég verð að taka undir það sem kom fram í umræðum í morgun varðandi frumvarpið sem hér um ræðir áður en það var tekið á dagskrá. Það var í raun byrjað á nokkuð öfugum enda vegna þess að frumvarpið skorti allar forsendur til þess að hægt væri að leggja það fram í því formi sem það er. Það vantar svo gríðarlega mikið af upplýsingum. Þar er í raun ekki við fjárlaganefnd að sakast heldur við ríkisstjórnina sem dregur og hefur dregið að koma með nauðsynlegar upplýsingar til þess að fjárlagavinnan gæti gengið með eðlilegum hætti eins og greinilega kemur fram, að hluta til með vísun til þess sem kemur fram í nefndaráliti frá meiri hluta fjárlaganefndar en þó mun skýrar í nefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar.

En það er ljóst að við hrun íslenska efnahagskerfisins sem var í raun staðfest með neyðarlögunum sem samþykkt

voru á Alþingi 6. október síðastliðinn, þ.e. lög um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, að grípa þyrfti til víðtækra aðgerða í efnahagsmálum og stjórnmálum. Það var ljóst þá þegar og jafnvel nokkrum dögum áður.

Strax í kjölfar þess bauð stjórnarandstaðan fram aðstoð sína, alveg skilyrðislausa aðstoð, til þess að málum yrði komið sem best fyrir fljótt vardandi íslenskan þjóðarhag. Stjórnarandstaðan greiddi fyrir afgreiðslu með öllum hætti sem hugsast gat og bauð upp á að mynduð yrði þjóðstjórn við ríkjandi aðstæður.

Þrátt fyrir það hélt ríkisstjórnin upplýsingum og öðrum hlutum hjá sér og kaus að hafa það með sínum hætti án þess að nýta sér það góða boð sem kom frá stjórnarandstöðunni um að veita virka aðstoð við að stuðla að endurreisnarstarfi í þjóðfélaginu.

Þegar efnahagshrunið reið yfir datt mér ekki annað í hug en að gripið yrði til sérstakra og víðtækra ráðstafana af hálfu ríkisstjórnarinnar vegna þess sem allir gátu séð að taka þyrfti sérstaklega á í ríkisfjármálunum. Það var ljóst þá þegar í lok september og var alla vega staðfest með bankahruninu í byrjun október að efnahagshrunið mundi þýða mjög mikla tekjulækkun ríkissjóðs. Það var ljóst að mjög gildir gjaldendur voru farnir og að gjaldendum almennt mundi fækka. Það var ljóst að það mundi verða atvinnuleysi, því miður, og það var ljóst að tekjur mundu dragast verulega saman hjá stórum hópi fólks.

Í kjölfar þessa var jafnframt ljóst að neysla mundi dragast saman sem ylli því að tekjur af neysluskattsköttum minnkuðu sem því næmi. Það bar því brýna nauðsyn til að sá aðili sem var með mestu ölvunareinkennin og teygað hafði úr öllum bikurum óráðsíunnar í botn í efnahagsuppsveiflunni svokölluðu, þyrfti að bregðast sérstaklega við. Þar var um tvennt að ræða: Að halda áfram svo sem verið hafði og leitast við að spara eitthvað af handahófi eins og þær tillögur sem koma frá meiri hluta fjárlaganefndar bera greinilega merki um. En ég tek viljann fyrir verkið því að það er alveg ljóst að þeir sem standa þar að eru að gera sitt besta og skal ekkert dregið úr því. Það er samt sem áður ljóst miðað við hvernig ríkisstjórnin stendur að málum og hvernig hún skammtar upplýsingar til fjárlaganefndar að verið er að spara og reyna að stoppa í göt af handahófi af því það er ekki tími til þess að móta nægilega markvissa stefnu.

Ég gat ekki annað séð eða annað heyrt — (**Iðnrh.:** Þú ert alltaf …) já, þú saknar þess þegar ég er ekki í ræðustól, hæstv. iðnaðarráðherra. Ég gat ekki annað annað heyrt af ræðu hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar en að hann væri mér í raun sammála þegar hann fjallaði um þessi atriði.

Leita þurfti víðtækrar sáttar um það milli stjórnmálaflokkanna að móta varanlega leið til sparnaðar í ríkisútgjöldum. Fyrri leiðin var valin, að leitast við að draga úr eyðslu ríkisins að nokkru, en því fór fjarri að nóg væri að gert og má öllum vera ljóst sem sjá það frumvarp sem fjárlaganefnd leggur hér fram. (**Iðnrh.:** Þú ert að læra þetta.)

Nú skal ekki gert lítið og ítrekað skal ég taka fram að ég geri ekki lítið úr vinnu fjárlaganefndar við að reyna að lagfæra handónýtt fjárlagafrumvarp sem nefndin hafði í höndunum. Miðað við aðstæður má segja að nefndin hafi í sjálfu sér unnið ágætt verk miðað við þær gefnu forsendur og upplýsingar sem nefndin hefur og hafði úr að moða við vinnu sína. Það liggur hins vegar fyrir og hefur verið staðfest í umræðum hér, og þar vísa ég einkum til þess sem þrír hv. þingmenn, þeir Guðjón Arnar Kristjánsson, Jón Bjarnason og Magnús Stefánsson, hafa sagt við þessar umræður en þar kom m.a. fram að forsendur þessa fjárlagafrumvarps sem við erum nú að ræða eru vægast sagt mjög vafasamar. Tölulegar forsendur vantar, eða eins og segir í áliti minni hluta fjárlaganefndar, sem þrír ofangreindir hv. þingmenn standa að, með leyfi forseta:

„Af þeim svörum sem minni hlutinn fékk við spurningum sínum má ráða að ekki liggja fyrir nauðsynlegar forsendur fyrir frumvarpinu eins og það er nú. Ekki er búið að endurmeta þjóðhagsspá sem er einn mikilvægasti grunnur fjárlagagerðarinnar. Ekki liggja fyrir greiðsluáætlanir, engin rekstraráætlun, engin stefnumótun til framtíðar, ekki er búið að meta hvert hagkvæmasta skuldahlutfall ríkissjóðs er, lánakjör liggja ekki fyrir, engin áætlun um mögulega endurfjármögnun lána eða kjör vegna þess. Ekki liggur fyrir áætlun um það hvernig þjóðarbúið vinni sig út úr stöðunni á tveimur til þremur árum, eins og samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn kveður á um. Í rauninni skilar ríkisstjórnin auðu vardandi margar grunnforsendur frumvarpsins.“

Þá spyr maður: Hvað erum við eiginlega að fjalla um þegar fyrir liggur að nauðsynlegar forsendur fyrir frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir eru ekki fyrir hendi? Ekki er búið að endurmeta þjóðhagsspá, greiðsluáætlanir liggja ekki fyrir og engin rekstraráætlun og stefnumótun til framtíðar. Um hvað erum við þá að fjalla? Hvers konar frumvarp er þetta? Er ekki bara um að ræða ákveðið form sem er sett fram til að uppfylla ákveðna lagaskyldu um það að afgreiða fjárlagafrumvörp á tilsettum tíma án þess að innihaldið sé með þeim hætti sem það á að vera, að gefa raunsanna mynd af því með hvaða hætti tekjur og gjöld eiga að þróast og verða á komandi ári, þ.e. árinu 2009? Mér virðist, virðulegi forseti, sem þannig sé staðið að þessum málum, það sé í raun með þeim hætti að fjárlagafrumvarpið byggi ekki einu sinni á sandi.

Hitt er ljóst að fjárlögin eru afgreidd með miklum halla, en þá liggur fyrir að hallinn verður enn meiri þegar upp er staðið ef frumvarpið verður afgreitt frá Alþingi í þeim búningi sem það liggur nú fyrir, m.a. vegna þess að ýmis gjöld eru, eftir því sem ég best get séð, verulega vanáætluð.

Eins og frumvarpið lítur nú út er miðað við að fjárlögin verði afgreidd með um 100 milljarða halla. Fjárlagahallinn heitir í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar, svo vísað sé í nefndarálitið, með leyfi forseta:

„Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 395,8 milljarðar kr. sem er 54,6 milljarða kr. lækkun frá frumvarpinu. Tekjujöfnuður verður -93,1 milljarður kr. sem er hækkun um -36,2 milljarða kr.“

Hvað þýðir þetta á mannamáli? Það þýðir að fjárlagahallinn er áætlaður samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir upp á tæpar 100 milljarða, 93,1 milljarð. Fjárlagahalli er alvarlegt mál og á ekki að eiga sér stað nema við mjög svo sérstakar aðstæður, styrjaldir, náttúruhamfarir. Ef til vill má segja að þeim hremmingum sem við erum nú lent í

megi jafna til hamfara og það geti réttlætt halla á fjárlögum. En skoðum það örlítið nánar og nú ætla ég að biðja hv. þm. Kristján Þór Júlíusson að hlusta en standa ekki í gaspri við samflokksmenn sína. (**KÞJ:** Ég geri það ekki.) Hann sagði í ræðu sinni hér fyrr í dag, eftir því sem ég gat best greint, að ekki væri gengið nógu langt til að taka á ríkissjóðshallanum. Ég er honum algjörlega sammála, en ég spyr: Hvað segir hv. þm. Kristján Þór Júlíusson, varaformaður fjárlaganefndar — (**Iðnrh.:** Fjármálaráðherra …) Já, á að stokka þannig upp og hvað verður þá um hæstv. iðnaðarráðherra? (**Iðnrh.:** Eins og allt … sem í heiminum er, … vindi.) Já, það hlaut að koma að því. En ég spyr hv. þm. Kristján Þór Júlíusson, varaformann fjárlaganefndar: Finnst honum boðlegt að bjóða upp á svona plagg eins og meiri hluti fjárlaganefndar gerir?

Honum finnst það greinilega því að annars stæði hann ekki að meirihlutaálitinu, stæði ekki að því að bera upp slíka tillögu á Alþingi. En ég reikna með að hv. þm. Kristján Þór Júlíusson hafi þurft að ná samkomulagi í fjárlaganefnd og æskilegt væri að heyra frá hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni, varaformanni fjárlaganefndar, hvaða útgjöld það eru sem hv. þingmaður telur að skera hefði mátt niður miðað við það orðfæri og orðalag sem hann hafði í ræðu sinni fyrr í dag.

Þegar fjárlög eru afgreidd með halla er um seðlaprentun að ræða, seðlaprentun sem engin innstæða er fyrir. Útgjöldum nútímans er velt yfir á framtíðina, núkynslóðin tekur lán hjá framtíðinni, hjá börnum og barnabörnum. Er það afsakanlegt, eru þær aðstæður uppi í þjóðfélaginu að ríkisstjórnin skuli gefast upp við að ná jöfnuði í ríkisútgjöldin en ákveði að taka lán hjá framtíðinni upp á 100 milljarða svo sem þetta frumvarp til fjárlaga hljóðar upp á?

Prentvélar til að prenta seðla fyrir verðmætum sem ekki eru til, hvaða afleiðingar hefur það? Dregur það úr verðbólgu? Er það líklegt til að við náum sem fyrst tökum á þeim vandamálum sem einkenna nú íslenska þjóðfélagið? Nei, því miður er staðreyndin sú að hallarekstur ríkissjóðs kallar á aukin lán til ríkisins og eykur um leið þrýsting á lánakerfið. Hallarekstur ríkisins þýðir því að verð á peningum fyrir atvinnureksturinn og fólkið í landinu verður hærra en annars mundi vera. Uppgjöf fjárlaganefndar fyrir því verkefni að afgreiða hallalaus fjárlög kallar á verri lánakjör fyrir fólk og fyrirtæki í landinu. Aukin seðlaprentun vegna hallareksturs ríkissjóðs eykur verðbólguþrýsting í þjóðfélaginu. Verðbólga er nú um 18% og brýnt hefði verið að reyna með öllum ráðum að draga úr henni.

Þetta fjárlagafrumvarp stefnir þó í allt aðra átt. Aðgerðir í ríkisfjármálum, sem boðaðar eru, ýta undir þenslu en varða ekki veginn til farsællar efnahagsstjórnar. Hallarekstur ríkissjóðs býr til fölsk verðmæti, ekkert ósvipað því sem gerðist á íslenska hlutabréfamarkaðnum þegar hann stóð sem hæst. Virði hlutabréfamarkaðarins hér hefur rýrnað um 3.000 milljarða á tæpum tveimur árum. Þar voru skýr dæmi um verðmæti sem aldrei voru til, voru reist á sandi eins og þetta fjárlagafrumvarp en þar voru þó verðmæti sem voru forsenda lána og eyðslu í þjóðfélaginu. Hér er það ríkið sem stendur að því að búa til verðmæti sem engin innstæða er fyrir. Stærsti munurinn á slíkri bólu og bólu verðbréfamarkaðarins er að bóla verðbréfamarkaðarins þýðir tap einstaklinga og fyrirtækja þegar bólan hjaðnar. Hallarekstur ríkissjóðs leiðir hins vegar til aukinnar verðbólgu, aukinnar sóknar í lánsfé og í raun er slíkt dæmi um óábyrga efnahagsstjórn.

Hallarekstur ríkissjóðs eykur vandann en leysir hann ekki.

Í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar, stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, segir m.a. undir heitinu Hvetjandi skattaumhverfi:

„Stefnt skal að frekari lækkun skatta á einstaklinga á kjörtímabilinu, meðal annars með hækkun persónuafsláttar.“ — Hver er síðan raunin? Þvert ofan í fyrirheit ríkisstjórnarinnar á að hækka skatta en ekki lækka. Smjörþefinn af þessu fengum við með hækkunum ríkisstjórnarinnar á brennivíni og olíu sem Alþingi samþykkti með hraði, því miður, á fimmtudaginn var. Aðrar skattahækkanir eru boðaðar þannig að þvert ofan í boðaða stefnu ríkisstjórnarinnar um lækkun skatta á að hækka þá.

Þetta þýðir að hluti hins opinbera eykst og verður sennilega yfir helmingur af þjóðarútgjöldum á næsta ári. Sjálfstæðisflokkurinn hefur þá afrekað það á valdatíma sínum að eiga Evrópumet í hækkun ríkisútgjalda miðað við þjóðarframleiðslu. Og það er töluvert að eiga, að hafa slíkt met í farteskinu fyrir flokk sem vill stefna að samdrætti í ríkisútgjöldum.

En Sjálfstæðisflokkurinn lagði af stað undir allt öðrum formerkjum. Hann lagði af stað undir þeim formerkjum, og fékk stuðning kjósenda til þess að fara með völd til að lækka ríkisútgjöldin, til að draga úr bákninu. Báknið burt var lagt til grundvallar í upphafi vegferðarinnar, en í stað þess að gera það var báknið aukið og það sem verið er að boða með þessu fjárlagafrumvarpi er að enn á að auka báknið. Það á enn að setja fleiri bagga á hvern skattgreiðanda í landinu, það er það sem verið er að boða af hálfu ríkisstjórnarinnar og handverksmanna hennar í meiri hluta fjárlaganefndar.

Ég spyr vegna þessarar hækkunar: Skyldu menn ekki vera stoltir af því afreki sínu í Valhöll að eiga Evrópumet í hækkun ríkisútgjalda? Og má ekki Samfylkingin brosa út í bæði eins og köttur við rjómaskál yfir að hafa svona viljuga meðreiðarsveina til að koma á Sovét-Íslandi, óskalandinu, eða ýta því a.m.k. nokkuð nær?

Það virðist stefna í að hlutur ríkisins í útgjöldum og tekjum verði yfir 50% af þjóðarframleiðslu á árinu 2009.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, svo að ég haldi nú áfram að vitna í það merka plagg, segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að ýtrasta aðhalds sé gætt í rekstri hins opinbera þannig að fjármunir skattgreiðenda séu nýttir sem best.“ — Ýtrasta aðhald. Þá spyr maður: Ber þetta fjárlagafrumvarp merki um að ýtrasta aðhalds sé gætt? Svarið er nei. Það eru margvíslegar sparnaðarleiðir sem hefði mátt fara og sem hefði átt að grípa til ef viljinn hefði verið fyrir hendi. Það hefði átt að gera það og í raun hefði það líka verið í samræmi við það sem segir í því merka plaggi sem undirritað var af Davíð Oddssyni og Árna M. Mathiesen og sett fram og samþykkt sem tillaga til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem kveðið er á um það með hvaða hætti Íslendingar áforma að láta sjálfvirka sveiflujöfnun í ríkis-

fjármálum virka til fulls á árinu 2009, eins og segir í hinum merkilega 13. lið þess kafla. Þar segir m.a.:

„Opinber umsvif verða háð ársfjórðungslegu þaki á hreinar lántökur og samkomulag um fjárlög ársins 2009 er lykilskilyrði fyrir lokum á fyrstu endurskoðun á stuðningsfjármögnuninni.“

Þá veltir maður fyrir sér hvað átt sé við með þessu orðalagi. Hvað þýðir þetta?

Síðan segir í 14. lið í fylgiskjalinu með þessari merku þingsályktunartillögu um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum: „Við ætlum okkur að hrinda í framkvæmd metnaðarfullri áætlun um ríkisfjármálin.“ — Þetta virðist vera fyrsta skrefið í hinni metnaðarfullu áætlun um ríkisfjármálin sem handverksmenn ríkisstjórnarinnar í meiri hluta fjárlaganefndar bera hér á borð fyrir þjóðina. Og hver er þessi metnaðarfulla áætlun um ríkisfjármálin? Jú, hér er boðið upp á það að frumjöfnuður verði orðinn jákvæður á árinu 2011, þ.e. ekki við fjárlagaafgreiðslu næsta árs heldur þarnæsta árs. Með hvaða hætti ætti það að vera miðað við það sem hér liggur fyrir og þau fyrirheit sem eru gefin — það er varla hægt að kalla þetta fyrirheit, þetta er miklu frekar stefnumörkun sem er mótuð í þessu. Ég get ekki séð að þar sé farið að í samræmi við það sem talað er um í þessum punktum sem formaður bankastjórnar Seðlabankans, Davíð Oddsson, skrifar undir og fjármálaráðherra. Mér sýnist sem þar sé töluvert annað upp á teningnum.

Hv. formaður fjárlaganefndar, Gunnar Svavarsson, sem hefur af stakri prýði reynt að leysa erfitt handverk — ég skal alveg taka undir það og tel að hann sé ekki öfundsverður af því hlutskipti sínu að starfa fyrir jafnvonda og úrræðalausa ríkisstjórn og raun ber vitni, en reynir að gera sitt besta til þess. Í vanda sínum kallar hann hér ítrekað eftir því hvað stjórnarandstaðan hefði fram að færa varðandi sparnaðarleiðir sem ríkisstjórnarflokkarnir koma greinilega ekki auga á. Ég hef fylgst með því í umræðum hér í dag að hv. formaður fjárlaganefndar, Gunnar Svavarsson, hefur ítrekað kallað eftir því og jafnan haft minnisbókina sína á lofti og farið í andsvör við þá fulltrúa stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað og innt þá grannt eftir því hvað þeir hefðu fyrir að leggja varðandi sparnaðartillögur.

Það er alltaf spurningin um hvar upphafið sé og hvar við byrjum í málinu en ég kem að því í lok ræðu minnar. Fyrsta skrefið sem hefði þurft að skoða er heildarendurskoðun á launakerfi ríkisins, breyting á launum. Hvaða launum þá helst? Hæstu launum opinberra embættismanna, hvort heldur það eru ráðherrar, þingmenn, forstöðumenn stofnana eða banka o.s.frv. Endurskoðun á eftirlaunum og eftirlaunaskuldbindingum og það að koma æðstu embættismönnum og alþingismönnum í sömu kjör hvað varðar eftirlaun og gilda um almenning í landinu, aðra opinbera starfsmenn. Þar var spurningin um að leggja niður stofnanir með tilliti til aðstæðna vegna þess að allt aðrar aðstæður eru uppi á árinu 2009 en var við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2008. Það verður að taka tillit til þess. Það þarf að fara ofan í saumana á þyngstu útgjaldaliðunum og það verður að segja þá sögu eins og hún er, þá er ég að tala um menntamál og félagsmál, og gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru í þeim efnum. Þar talar ríkisstjórnin algjöra tæpitungu.

Þjóð sem veður ekki í peningum upp fyrir mitti þarf að hugsa með öðrum hætti en þjóð sem heldur að hún sé næstríkasta þjóð í heimi, eins og fylgismenn ríkisstjórnarflokkanna héldu að við værum frá upphafi kjörtímabilsins þar til í byrjun október. Á tímum þrenginga verður að skera niður allan óþarfa. Af hverju ekki að leggja Varnarmálastofnun niður? Hvar er sú ógn sem um er að ræða, hvar er váin? Til hvers erum við með Varnarmálastofnun sem kostar jafnmikið og raun ber vitni? Eigum við að hafa loftrýmiseftirlit? Til hvers? Hvaðan stafar okkur hætta í loftrými landsins? Ég veit það ekki og ég hef aldrei fengið skynsamlega skýringu á því.

Ég legg til að loftrýmiseftirlitið verið aflagt með öllu sem og Varnarmálastofnun.

Af hverju ekki að leggja niður öll sendiráð á Norðurlöndum nema e.t.v. sendiráðið í Kaupmannahöfn? Af hverju ekki að leggja niður sendiráðið í Suður-Afríku? Af hverju ekki að leggja niður sendiráðið í Japan? Af hverju ekki að leggja niður sendiráðið á Indlandi? Af hverju ekki að leggja niður sendiráðið hjá þjóðinni sem beitti okkur hermdarverkalögunum, Bretum? Af hverju ekki að leggja niður sendiráð okkar í Berlín? Af hverju ekki að leggja niður sendiráð okkar í Washington DC og láta sendiskrifstofuna hjá Sameinuðu þjóðunum duga?

Og hugsanlega er hægt að spara enn þá meira en þetta. Hér nefni ég bara nokkur dæmi um sendiráð sem ég tel einsýnt að eigi að leggja niður miðað við það ástand og þær aðstæður sem við erum í í dag.

Ég spyr áfram: Af hverju ekki að taka fyrir eyðslu og bruðl í utanríkisþjónustunni sem er til skammar fyrir fátæka þjóð og hneyksli öllum sómakærum Íslendingum?

Ég spyr áfram formann fjárlaganefndar, hv. þm. Gunnar Svavarsson: Af hverju eru útgjöld til forsetaembættisins ekki skorin meira niður en raun ber vitni? Er þörf á því að forsetaembættið viðhaldi sínum dýra lífsstíl á kostnað þjóðarinnar, m.a. með rekstri gistihúss útlendinga í miðborg Reykjavíkur? Er nokkur hemja í því eins og staðan er í dag?

Ég spyr: Getur Alþingi ekki gert betur en það sem kemur fram í frumvarpinu? Í fyrra var samþykkt að sumir þingmenn mættu ráða til sín aðstoðarmenn í hlutastarf, má ekki í ljósi þrenginga þjóðarinnar hætta því? Höfum við efni á því, eru það útgjöldin sem eru brýnust og ekki hægt að komast af án? Ég er ekki að tala um aðstoðarmenn formanna stjórnmálaflokka sem ég tel að miðað við aðstöðu ríkisstjórnar sé spurning um að gæta jafnræðis, en ég hef aldrei séð nokkra glóru í því að koma upp því kerfi aðstoðarmanna fyrir þingmenn sem gert var í fyrra og ég verð stoltari með hverjum deginum sem líður af því að hafa verið eini þingmaðurinn sem greiddi atkvæði gegn því að slík tilhögun skyldi komast á.

Ég spyr einnig: Er ekki rétt í bili að afnema allt sem heitir skúffufé ráðherranna, peninga sem þeir mega ráðstafa að eigin geðþótta? Er nokkur ástæða til að hafa það í því árferði sem við erum að tala um? Má ekki taka algjörlega fyrir allt sem því nemur?

Ég vil nefna eitt enn varðandi styrki og millifærslur. Eins og nú háttar, er viðunandi að viðhalda öllu því styrkjakerfi og millifærslum sem um er að ræða í þjóðfélaginu og kostar gríðarlega peninga? Í sumum tilvikum — og þá vil

ég taka fram að við erum sammála um að það beri að hafa velferðarkerfi til að tryggja öllum borgurum þessa lands — (**Gripið fram í:** … bótakerfi.) velferðarkerfi — viðunandi lífskjör, að sjálfsögðu. Það er nauðsynlegt og það er það sem við verðum að sjá sóma okkar í að uppfylla og framfylgja.

En við erum m.a. með annars konar velferðarkerfi og þegar rýnt er í fjárlög undanfarinna ára og það fjárlagafrumvarp sem hér er um að ræða erum við með velferðarkerfi atvinnuveganna í stórum stíl þar sem lagðir eru til, með millifærslum og alls kyns rannsóknarstyrkjum o.s.frv., alls konar hlutir sem gagnast helst þeim sem minnst þurfa á að halda. Þar kemur til skoðunar hvort ekki eigi í því árferði sem nú er frekar að reyna að lækka skatta, draga úr sköttum og afnema velferðarkerfi atvinnuveganna.

Það sem skiptir mestu máli er að þjóðin sníði sér stakk eftir vexti og það er það sem þarf að gera á hverjum tíma. Því miður er staðan sú að ríkisstjórnina skortir úrræði og vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki haft nein úrræði var hún svo lengi að afgreiða hlutina frá sér til fjárlaganefndar og þess vegna erum við komin í þá hönk sem við erum í, Alþingi Íslendinga, með að geta uppfyllt lagaskilyrði um afgreiðslu fjárlaga tímanlega. Ég lýsi allri ábyrgð á þeim vinnubrögðum á hendur ríkisstjórnarinnar sem hefur ekki staðið sig hvað þetta varðar. Þegar bankahrunið varð og setning neyðarlaganna taldi ég sjálfgefið að ríkisstjórnin mundi grípa til ákveðinna aðgerða. Ég taldi að ríkisstjórnin mundi taka sérstaklega fyrir aðgerðir sem vörðuðu ríkisútgjöldin og gera tillögur til markvissra breytinga. Undanfari slíks hefði í raun verið sá að kalla til sérstaka aðgerðanefnd og/eða nefndir til að fara ofan í alla þætti ríkisfjármálanna, bæði hvað varðar tekju- og útgjaldahliðina með mun ákveðnari hætti en fjárlaganefnd getur gert á stuttum tíma. Þar hefðu verið til skoðunar m.a. breytingar á skattkerfi landsmanna og nú ríður á að skattkerfið sé réttlátt. Það þarf að hækka persónuafslátt, það þarf að athuga kosti þess að hafa eitt virðisaukaskattsþrep og lækka virðisaukaskatt. Það þarf að skoða hvaða tekjur hægt er að fá út úr hátekjuskatti. Það er líka ákveðin leiðrétting og eðlilegt réttlæti að taka upp slíka skattheimtu. Það hefði þurft að taka upp heildarendurskoðun á ríkiskerfinu og launakjörum ríkisins. Eins og ég minntist á áðan hefði þurft að afnema óréttlæti eftirlaunakjara forseta, ráðherra, hæstaréttardómara og alþingismanna og miða við það — sem er aldrei eins mikilvægt og einmitt í þjóðfélagsástandi sem við búum við í dag — að skapa þjóðfélag réttlætis og, sem ætti að vera falleg músík í eyrum hv. formanns fjárlaganefndar, hv. þm. Gunnars Svavarssonar, að skapa þjóðfélag réttlætis og jöfnuðar.

Það fjárlagafrumvarp sem hér liggur fyrir leggur grunn að auknum ríkisútgjöldum og auknum ríkisafskiptum, hlutfallslega miðað við þjóðartekjur. Það er röng leið og ég er alfarið á móti slíkri stefnumótun. Til að byggja upp þjóðfélagið þarf að byggja upp rekstur einstaklinga og fyrirtækja til að það verði þá nýgróandi þjóðlíf sem fólkið í landinu hefur næga atvinnu af og þarf ekki að óttast um framtíð sína, atvinnu og eignir eins og staðan er því miður í dag. Þó að ég dragi ekki með einum eða neinum hætti úr þeirri ógn og þeim ástæðum sem alþjóðleg fjármálakreppa hefur haft þá seig hún yfir með ákveðnum aðdraganda og hún varð að vísu mun krappari en við bjuggumst við og hrunið kom mjög skyndilega seinni hluta sumars og í haust. Ekki var tekið á málum hér innan lands.

Ég minnist t.d. umræðna hér á Alþingi í vor þegar við héldum því fram nokkrir stjórnarandstæðingar að gæta þyrfti að hlutum vegna þess að kreppueinkenni væru að koma í ljós í þjóðfélaginu. Við bentum á það í umræðum, ég man ekki hvort það var í febrúar eða mars, sennilega í báðum þessum mánuðum — ég talaði um það þá að ljóst væri að kreppa væri að síga yfir. Ég talaði um það þá að líklegt væri að veruleg stöðnun yrði komin eða kul á byggingamarkaðnum strax í haust, þ.e. þá í september eða október. Ég áttaði mig ekki á því að það yrði slíkt alkul á þeim tíma þegar ég sagði þetta, svo sem raun hefur borið vitni. En á öll þessi varnaðarorð, á allt þetta sem við sögðum, stjórnarandstæðingar — skollaeyrum var skellt við því og því var ítrekað haldið fram að hlutirnir væru í hinu besta lagi, þetta væri allt saman í góðu lagi. Maður fór jafnvel að trúa því að ríkisstjórnin hefði ráð undir rifi hverju.

Hvað kom síðan í ljós? Það kom í ljós að ríkisstjórnin hafði engin ráð. Og þegar að kreppir kemur enn betur í ljós að ríkisstjórnin hefur engin ráð. Hún er meira að segja svo ráðalaus, eins og kemur fram í nefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar, að það vantar grunngögn til að hægt sé að koma fram með eðlilegt frumvarp til fjárlaga til 2. umr. og eins og formaður þingflokks Framsóknarflokksins, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sagði í umræðum í morgun er þetta bara sýndartillaga, þetta væri eins og hún orðaði það bara fyndið. Ég skal ekki taka undir hvað það varðar af því að mér finnst þetta ekkert fyndið, mér finnst þetta bera vott um vinnubrögð sem eru ekki sæmandi fyrir Alþingi Íslendinga. Þar er fyrst og fremst um að kenna ríkisstjórninni sem hefur haldið upplýsingum fyrir sig og heldur upplýsingum fyrir sig og útvegar jafnvel ekki fjárlaganefnd nægjanleg eða nægjanlega góð gögn til að hún geti unnið vinnuna sína af þeim sóma sem henni ber og sem ég veit að hv. þm. Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, vill gera.

Það fjárlagafrumvarp sem hér liggur fyrir leggur grunn að auknum ríkisútgjöldum og auknum ríkisafskiptum. Það er röng leið. Ég er alfarið á móti slíkri stefnumótun og ég tel einmitt eins og nú háttar til að nauðsyn sé á því að byggja upp rekstur einstaklinga og fyrirtækja til að á ný verði gróandi þjóðlíf þar sem fólkið í landinu hefur næga atvinnu og þarf ekki að óttast um framtíð sína, atvinnu og eignir. Það þarf að byggja upp framleiðsluatvinnuveginn.

Ríkisstjórnin ber ábyrgð á því að nú erum við í þjóðfélagi óttans. Fólk óttast um framtíð sína og möguleika. Með fjárlagafrumvarpinu er ekki verið að breyta um stefnu, það er verið að valda auknum erfiðleikum og hamla gegn því að raunhæft uppbyggingarstarf geti byrjað.

Forréttindaaðallinn á að halda rétti sínum, kvótagreifarnir þurfa ekki að greiða fyrir aðgang að fiskimiðunum, þjóðin nýtur ekki eðlilegra tekna af auðlindum sínum. Ríkisstjórn sem er ekki tilbúin til að koma á því réttlæti að þjóðin fái að njóta auðlinda sinna og hafa af þeim eðlilegar tekjur er ekki að vinna fyrir fólkið í landinu heldur forréttindastéttirnar.

Virðulegi forseti. Það fjárlagafrumvarp sem hér liggur fyrir stenst ekki skoðun. Það eru mun fleiri holur í því en

matur. Að því leyti er það eins og svissneskur ostur nema það að það eru þó fleiri matarholur í svissneska ostinum. Hér er gerð tilraun til að halda í þjóðfélag sem er ekki lengur til, þjóðfélag sem er horfið og við getum ekki staðið undir. Meðan sú staðreynd er ekki viðurkennd verður stöðugt erfiðara að hefja endurreisnarstarfið og við missum af fleiri og fleiri tækifærum til þess. Mér finnst fjárlagafrumvarpið eins og það liggur fyrir frá meiri hluta fjárlaganefndar sorglegur minnisvarði um tilraun til að halda áfram ofneysluþjóðfélaginu þar sem kolvitlaust er gefið.

Virðulegi forseti. Það er fyrir löngu kominn tími til að stokka upp og bregðast við aðstæðum með djörfum hætti sem gæti verið til þess fallinn að (Forseti hringir.) leiða þjóðina út úr erfiðleikunum á sem stystum tíma.

[17:34]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Magnússon fór mjög víða í ræðu sinni áðan og er ástæða til að staldra við nokkur atriði í því efni. Á tímabili mátti skilja að þar talaði ekki þingflokksformaður Frjálslynda flokksins miðað við þá umræðu sem frá minni hlutanum hefur komið en engu að síður komu fram margar gagnlegar ábendingar í máli hans sem vert er að taka til skoðunar, sérstaklega það sem lýtur að lækkun útgjalda ríkisins á komandi árum. Þær ábendingar hurfu hins vegar eins og dögg fyrir sólu þegar hv. þingmaður fór að ræða um þá möguleika sem væru enn frekar í stöðunni og ætti að skoða, svo sem lækkun á virðisaukaskatti og hækkun á persónuafslætti. Ég bendi hv. þingmanni á að hverjar þúsund krónur í hækkun á persónuafslætti kosta ríkissjóð um 2,2 milljarða þannig að einhvern veginn verðum við þá að mæta áhrifum af þeim tillögum um skattalækkanir sem hv. þingmaður leggur til.

Ég spyr hv. þingmann í þessu andsvari mínu um þær hugmyndir sem hann hefur uppi til að mæta þeim æskilegu breytingum sem hann leggur til. Þær tillögur sem hann nefndi sjálfur varðandi sparnað eða aðhald í ríkisrekstrinum duga engan veginn upp í þó ekki væri nema þessa tvo þætti.

[17:36]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einu sinni var talað um víðfrægt skáld í Skagafirði, í kjördæmi hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar, að hann hefði m.a. getað reiknað barn í konu. Það var Sölvi Helgason. Og þegar hv. þingmaður talar um að hvert þrep kosti þúsund kr. varðandi persónuafsláttinn þá gleymir hann því að það koma hlutir til baka. Þetta er ekki heildarútreikningur. Þetta þýðir að neysla eykst og þessir peningar koma að miklu leyti til baka.

En það er ekki höfuðatriðið. Það er mjög einfalt og ég verð að segja mjög ódýrt að koma upp í andsvar með þeim hætti sem hv. þm. Kristján Þ. Júlíusson gerir, rífa hlutina í sundur og segja: Annars vegar er þingmaðurinn að benda á þetta og hins vegar hitt. Ég var fyrst og fremst að benda á að fara þyrfti fram heildarendurskoðun á tekjum ríkisins og útgjöldum. Það var meginatriðið. Ég nefndi síðan ýmis atriði sem þyrfti að skoða. Ég benti á það, ég var ekki að leggja það til, að það væri spurning um hvort betur hentaði að hafa eitt virðisaukaskattsþrep heldur en það sem við erum með í dag. Það var spurningin um það hvort virðisaukaskattsskil yrðu betri með því að lækka virðisaukaskattinn og hafa eitt skattþrep, einfalda það og gera það ódýra. Þetta var hugmynd.

Varðandi það sem ég nefni að mörgu öðru leyti þá á það sama við. Aðalatriðið í mínum huga er þetta: Það á að stefna að því að draga úr umsvifum hins opinbera. Það á að miða við það að lækka skatta og draga úr ríkisútgjöldum og ég tel mikilvægt að farið verði í þá vegferð og reynt að ná samstöðu stjórnmálaflokkanna um að vinna að því máli af alefli.

[17:38]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég dreg ekkert til baka með það að málflutningur hv. þingmanns áðan var eins og svissneskur ostur, töluvert götóttur eins og hann hafði sjálfur á orði um frumvarp til fjárlaga sem hér liggur fyrir. Ég var ekki að reyna að snúa út úr orðum þingmannsins. Ég lagði þetta saman eins og það kom fyrir af skepnunni. Það var ekkert flókið við það. Við erum að ræða fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár. Við höfum vissulega kallað eftir tillögum, sjónarmiðum um það með hvaða hætti unnt er að nálgast það að draga úr þeim útgjöldum sem fyrirsjáanleg eru. Ég deili áhyggjum með hv. þingmanni í því að þenslan í útgjöldum ríkisins á síðustu árum hefur verið með þeim hætti að erfitt mun verða að draga úr því. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir að það verður ekki gert í einu vetfangi. Ég hlakka hins vegar til að fá að sjá þær tillögur sem koma frá þingflokki Frjálslynda flokksins undir öruggri og tryggri stjórn hv. þingmanns sem lúta að úrbótum í ríkisrekstrinum á þeim nótum sem hann kynnti áðan. Ég lýsi yfir áhuga á að fá að fylgjast með því þegar þær koma fram.

Ég skulda hv. þingmanni einnig svar varðandi hugmyndir mínar um lækkun ríkisútgjalda og tel í sjálfu sér ástæðulaust að fara ofan í þær í einstaka liðum en víða eru færi í því. Ég hef lagt á það áherslu og lagði á það áherslu í ræðu minni í dag að okkur ber að skoða alla þætti. Ég bendi á að það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort við eigum að verja 41 milljarði til framkvæmda í viðhald og stofnkostnað á næsta ári í ljósi þeirrar stöðu sem er. Ég bendi á að það er líka umhugsunarefni hvort við eigum að verja rúmum 200 milljörðum í svokallaðar tilfærslur. Þannig gæti ég haldið áfram. Þetta er allt álitaefni. Að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir því að frá ríkisstjórninni komi einhverjar tillögur að frekara aðhaldi fyrir 3. umr. fjárlaga.

[17:40]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristján Þór Júlíusson benti einmitt á eitt atriði sem er þungamiðja í því sem ég var að tala um í ræðu minni. Hann benti á millifærslur sem væru upp á 200 milljarða. Sumar af þessum millifærslum eru að sjálfsögðu mikilvægar, ég er ekkert að draga úr því, en ég var að benda á að þarna þyrfti að fara ofan í og skoða hlutina með tilliti til þess að draga úr og taka út ónauðsynleg ríkisútgjöld. Ég gat heldur ekki séð annað en að við ættum fulla samstöðu um þau atriði sem hv. þm. Kristján Þór Júlíusson nefndi varðandi þá sparnaðarliði sem hann talaði um.

Ég vil ganga enn lengra og ekki skal standa á mér að knýja á um að þannig verði staðið að málum í Frjálslynda flokknum að vinna að aðhaldi og sparnaði á öllum sviðum í ríkisrekstrinum. Við megum þó aldrei gleyma því að hafa mannúðina að leiðarljósi og hafa öryggiskeðjuna í þjóðfélaginu virka og styrka þannig að hver einasti þjóðfélagsþegn geti treyst á velferðarkerfið ef á bjátar. Það er frumforsendan. Við þurfum að búa við innra og ytra öryggi og við þurfum að búa við fullkomið velferðarkerfi. En velferðarkerfið á að vera fyrir þá sem þurfa á því að halda ekki fyrir hina sem hafa ekkert með það að gera. Það er grundvallaratriði og því miður hefur að hluta verið byggt upp velferðarkerfi sem kostar of mikið og veitir of litla velferð.

[17:43]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Magnússyni fyrir góða ræðu og sérstaklega hlý orð í minn garð. Mér leið orðið eins og heima í Hafnarfirði. Ég verð að segja að þetta er mesta hól sem ég hef nokkurn tíma fengið á þingi, þ.e. ræða hv. þm. Jóns Magnússonar.

Hv. þingmaður fór yfir nokkur atriði út af því að hann hafði tekið eftir því að ég hafði óskað eftir því. Hann fór yfir ýmis hagræðingaratriði í ríkisrekstrinum, breytingu á launum, eftirlaunum og slíku. Ég tel sjálfgefið að þegar harðnar á dalnum í ríkisrekstri muni þættir eins og yfirvinna og annað breytast og við getum verið sammála um eftirlaunaþáttinn því ég var meðflutningsmaður Valgerðar Bjarnadóttur á því fræga frumvarpi. Varnarmálastofnun og loftrýmiseftirlitið, það hefur komið til umræðu og í þessum breytingartillögum er verið að fella niður 227 millj. kr. til Varnarmálastofnunar m.a. með því að fækka komu erlendra flugsveita vegna loftrýmiseftirlitsins. Síðan fór hv. þm. Jón Magnússon í sendiráðin og (Gripið fram í.) lagði þau öll af nema sendiráðið í Kaupmannahöfn.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill áminna þingmenn um að gefa ræðumanni hljóð.)

Listinn var langur. Það er að vísu verið að leggja það til í tillögunum að starfsstöðvunum í Pretoríu, Strassborg og Róm verði lokað á árinu 2009 og starfsemi aðalræðisskrifstofu Íslands í New York verði endurskipulögð og starfsmönnum fækkað hjá fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, hjá Sendiráði Íslands í París, sendiráði Íslands í Nýju Delí og hjá Sendiráði Íslands í Tokyo þannig að það fer saman með þessum tillögum.

Síðan var vikið að tillögum um niðurskurð hjá forsetaembættinu og Alþingi, aðstoðarmönnum og ráðstöfunarfé ráðherra, og síðan í lokin að styrkjakerfi atvinnuveganna sem ég vil óska eftir að þingmaðurinn skýri örlítið betur.

[17:45]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það gefst takmarkað tækifæri til þess í stuttu andsvari að skýra mjög nákvæmlega út flóknar hugmyndir. En miðað við það sem ég var að nefna og þau sendiráð sem ég talaði um að leggja ætti niður þá er það ekki nema hluti af því sem ég tel að skera þurfi niður í utanríkisþjónustunni. Ég tel í raun að þessi gamaldags hugmyndafræði sendiráða eigi ekki heima á 21. öldinni nema í örfáum tilvikum. Þetta getur átt heima þar sem sinna þarf sérstaklega mjög stöðugum málum eins og t.d. hjá sendiráðinu í Brussel þar sem um er að ræða mjög víðtækan samning sem við erum aðilar að, um Evrópska efnahagssvæðið. Þá koma hugsanlega til lönd sem búa við annað stjórnkerfi en við, t.d. Kína, en í löndum sem búa við svipað stjórnkerfi og við er almennt ekki veruleg þörf á að vera með miðaldalegt sendiráð eftir öllum þeim hefðum og reglum sem um það gilda og lúta. Það sem ég var að vekja sérstaka athygli á, hv. þm. Gunnar Svavarsson, er að þar getum verulega skorið niður og tekið á. Það sem ég vil að beint sé augum að er að skera niður yfirbygginguna í stjórnkerfi landsins. Ég tel að við eigum að byrja þar. Við eigum að einfalda stjórnkerfið og skera niður yfirbygginguna og ég benti m.a. á það, sem er ákveðin þungamiðja í því sem ég var að leggja til, að miðað við aðstæður verði launakjör ríkisins endurskoðuð allt frá grunni.

[17:47]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessi svör. Ég skildi þau svo að í sjálfu sér mætti loka öllum sendiráðum og líklegast fastanefndum líka nema í Kaupmannahöfn, Berlín og Kína, því að flest voru talin upp en hugsanlega, (**JM:** Brussel líka.) já, fyrirgefðu, Brussel hljómaði eins og Berlín, en hugsanlega er þetta útfærsluatriði. Hins vegar má skilja þetta svo að hv. þingmaður vilji skoða starfsemi þessara sendiráða.

Hv. þingmaður kom líka að virðisaukaskattsumræðu og persónuafslætti og ég ítreka það að persónuafslátturinn er að hækka og er verðbótatengdur. Ég ætla ekki að ræða um verðtrygginguna við hv. þingmann, við höfum gert það áður á öðrum stöðum. En það var sérstaklega þetta sem ég vék að í spurningu minni, vegna þess að hv. þm. Jón Magnússon vék að því í ræðu sinni í dag að það ætti að fara inn í styrkjakerfið, rannsóknarstyrki eða velferðarsjóð atvinnuveganna, eins og hann nefndi í ræðunni. Mér dettur þá í hug að í umræðu í síðustu viku, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna útflutnings á bílum, þá talaði ég um þarna væri um óbeina styrki að ræða af því að í sjálfu sér væri hálfpartinn verið að endurgreiða þetta í formi félagslegra styrkja til að koma ökutækjunum úr landi, notuðum ökutækjum, því að þau væru kannski 80% í eigu atvinnuveganna. Hv. þm. Jón Magnússon studdi þá tillögu. Þess vegna spyr ég: Hvað er í raun verið að tala um þegar sagt er að við ætlum að fara inn í velferðarsjóði atvinnuveganna? Ég vil kannski fá það betur útfært.

[17:49]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Gunnar Svavarsson getur reynt að snúa því á haus sem ég var að segja. Í fyrsta lagi varðandi sendiráðin, þá tel ég að mikilvægustu sendiráðin sem við höfum sé sendiráð okkar í New York, þ.e. fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, og sendiráð okkar í Brussel, þ.e. annað sendiráðið, ekki sendiráðið hjá NATO, mér er alveg gersamlega óskiljanlegt af hverju við erum

með tvö sendiráð í sömu borginni, í Brussel. Ég talaði líka um hvort það geti verið — og þar er ég bara að velta fyrir mér hlutum, ég tel að það þurfi að skoða það nákvæmlega af því að það er annað stjórnkerfi — hvort það geti verið réttlætanlegt að vera með sendiráð í Peking. Í sjálfu sér eru samskipti okkar við þá þjóð ekki slík að það kalli á eða réttlæti sendiráð. Önnur sendiráð í Asíu er gersamlega út í hött að vera með, og það að stofnað skuli hafa verið til þeirra er að mínu viti algerlega glórulaust, sem og sendiráðið í Afríku sem ég hef aldrei áttað mig á hvaða hlutverki hafi gegnt eða hafi átt að gegna. Og eins og ég sagði, miðað við þær breytingar sem orðnar eru í fjarskiptum, möguleikum til ferðalaga og samskipta þjóða í milli þá á að taka þetta miðaldafyrirkomulag sendiráða til endurskoðunar. Það er grundvallaratriði.

Ég held að hv. þm. Gunnar Svavarsson sé að grínast þegar hann neitar að skilja hvað ég á við með velferðarkerfi atvinnuvega þegar hann leggur það að jöfnu að ég eigi við það eða sé að tala um það að endurgreiða tollvirði af bílum, sem var ekkert nema en sjálfsagt. Ég er að tala um það þegar um er að ræða að ríkissjóður, skattborgararnir borga kostnað sem eðli máls samkvæmt á að heyra undir atvinnurekstur og hann á að greiða eins og margvíslegur kostnaður sem verið er að greiða fyrir kvótagreifana af almenningi í landinu.

[17:52]

Útbýting:

Niðurfelling laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs, 169. mál, nál. iðnn., þskj. 354.

[Fundarhlé. — 17:53]

[19:32]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Við ræðum hér fjárlög við 2. umr. og ég tel sérstaka ástæðu til að koma upp þó ekki væri nema til að gera grein fyrir því að ég er alls ekki sátt við þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð í tengslum við þetta mál. Það kemur mjög vel fram í nefndaráliti minni hlutans að það vantar allar forsendur inn í þetta fjárlagafrumvarp, þ.e. fjárlagafrumvarpið sem lagt var fram á sínum tíma eins og hefðbundin vinnubrögð gera ráð fyrir er orðið algjörlega úrelt. Það varð ljóst strax og við vissum að bankarnir væru að hrynja að það fjárlagafrumvarp gæti aldrei orðið neitt til að byggja á. Ég man að á sínum tíma sagði sú er hér stendur að segja mætti að það frumvarp væri skrifað með ósýnilegu bleki.

Síðan hefur fjárlaganefnd beðið eftir að fá skýrari skilaboð frá stjórnvöldum um spár en þau hafa ekki komið. Minni hlutinn hefur ítrekað beðið um þau, bæði munnlega og skriflega, en þau hafa ekki skilað sér og því liggja engar forsendur, virðulegur forseti, að baki þeim tillögum sem við ræðum hér eða fjárlagafrumvarpinu yfirleitt.

Mér finnst mjög alvarlegt líka þegar maður áttar sig á að meira að segja þeir ágætu hv. þingmenn Gunnar Svavarsson og Kristján Þór Júlíusson, formaður og varaformaður fjárlaganefndar, gáfu fyrirheit um að vinnubrögðin yrðu bætt í sambandi við fjárlagagerðina, taka ætti faglegar á því starfi og fara betur ofan í málin og þingið ætti að taka völdin meira í sínar hendur í þeim efnum. En það er aldeilis ekki sú staða sem er uppi núna, af því að í ljós kemur að það er ríkisstjórnin eða fjármálaráðuneytið sem kemur með tillögur, breytingartillögur. „Fjármálaráðherra og ríkisstjórnin tóku málið í sínar hendur með stuðningi stjórnarmeirihlutans“, eins og stendur í nefndaráliti minni hlutans. „Þar var unnið að breytingum á frumvarpinu og það nánast endursamið án þess að fjárlaganefnd í heild, hinn lögformlegi vettvangur, kæmi á nokkurn hátt að verkinu.“ Því var sem sagt ýtt yfir á fjármálaráðherra og ríkisstjórnina af stjórnarmeirihlutanum. „Það var ekki fyrr en fulltrúar fjármálaráðuneytisins mættu á fund fjárlaganefndar fimmtudaginn 11. desember að fjárlaganefndinni voru kynntar tillögur ríkisstjórnarinnar um stórfelldan niðurskurð á gjaldahlið frumvarpsins. Enginn tími var gefinn til umræðna um frumvarpið í fjárlaganefnd, hvað þá að tími hafi verið gefinn til að leggja mat á áhrif einstakra tillagna, t.d. með því að ræða við aðila sem viðkomandi tillögur varða.“ Þetta eru vinnubrögðin sem varaformaður og formaður fjárlaganefndar sitja uppi með í þessari stöðu, að þingið hafði sólarhring til að skoða tillögurnar þegar ákveðið er að taka þær úr nefnd. Þessu mótmælti minni hlutinn auðvitað harðlega. Þetta eru ekki eðlileg vinnubrögð, virðulegur forseti, tillögurnar eru kokkaðar bak við luktar dyr, svo koma þær fram og þá er gefinn sólarhringur í nefndinni sem að sjálfsögðu getur ekkert farið yfir málin.

Það hefur líka komið fram, virðulegur forseti, að þjóðhagsspá sem er einn mikilvægasti grunnur fjárlagagerðarinnar hefur ekki verið endurmetin. Það liggja ekki fyrir greiðsluáætlanir, engin rekstraráætlun o.s.frv. Ég þreyti þingheim ekki á því að lesa þetta upp en það vantar bara forsendur, það er kannski aðalmálið. Það er alvarlegt að afgreiða fjárlög í þessari stöðu eins og málum er fyrir komið og ég tel ekki eðlilegt að afgreiða þau til eins árs. Það þarf að ræða það, væntanlega í fjárlaganefnd, hvernig hægt er að setja málin fram með þeim hætti að við samþykkjum tillögur til miklu skemmri tíma en eins árs á meðan engin gögn koma.

Það er margt sem kemur upp í hugann þegar við ræðum fjárlögin, eins og af hverju við erum komin í þessa erfiðu stöðu, virðulegur forseti. Mig langar að tæpa á nokkrum atriðum í því sambandi. Í fyrsta lagi langaði mig að ræða um þær gífurlegu ábyrgðir sem við erum að leggja á þjóðina, sem eru svokallaðir Icesave-reikningar. Það er alveg ljóst að þeir munu hafa áhrif á fjárlagagerðina, þetta verða mjög háar upphæðir sem munu hafa áhrif á þjóðarbúið til einhvers tíma. Það er líka ljóst að ráðherrar ríkisstjórnarinnar gáfu mjög óskýr skilaboð til breskra stjórnvalda. Hæstv. viðskiptaráðherra Björgvin Sigurðsson hélt fund 2. september með breska fjármálaráðherranum og sagði þar eitthvað sem maður áttar sig ekkert á hvað var, af því að 7. október talaði hæstv. fjármálaráðherra Árni Mathiesen við sama ráðherra Breta, Alistair Darling, og þá sagði breski ráðherrann að kollegi hæstv. fjármálaráðherra — og ekki er hægt að lesa út úr því að það sé nokkur annar en hæstv. viðskiptaráðherra eða ég get ekki skilið það á annan hátt — og menn hans hafi sagt rangt til eða sem sagt afvegaleitt eitt-

hvað á þessum fundi með Bretunum.

Sú orðræða sem hefur orðið um ummæli Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra í þessu sambandi vekur athygli mína af því að núna veit almenningur og stjórnarandstaðan hvað fór fram í símtali hæstv. fjármálaráðherra Árna Mathiesens og fjármálaráðherra Breta, við vitum hvað fór fram í því símtali af því að það lak út. Ekki er hægt að skilja það öðruvísi en að það hafi lekið frá íslenskum stjórnvöldum, það birtist fyrst í íslenskum fjölmiðlum. Reyndar er mjög sérstakt að svona símtal hafi verið tekið upp yfirleitt, a.m.k. man sú er hér stendur aldrei til þess þegar hún var ráðherra og átti símtöl við kollega sína erlendis að þau hafi verið tekin upp. En látum það vera, menn hafa kannski viljað taka símtalið upp til að vera með það á hreinu hvað var sagt, en símtalinu var lekið þannig að við vitum hvað þar var sagt og það er alveg greinilegt að það símtal sýnir mjög veikan málflutning hæstv. fjármálaráðherra Árna Mathiesens.

Síðan er það sem Davíð Oddsson hefur sagt. Hann hefur talað um tvö símtöl. Annars vegar símtal sem á að hafa farið fram þar sem hann hafi sagt að 0% líkur væru á því að bankarnir stæðu af sér fjármálaóstöðugleikann erlendis. Hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde brást við þessum ummælum í fjölmiðlum og sagði að eigin frumkvæði að líklega væri seðlabankastjóri að tala um símtal við hann, þ.e. hæstv. forsætisráðherra, og það má vel vera að svo sé. Síðan hefur hæstv. forsætisráðherra sagt að það gæti vel verið að slíkt símtal hafi farið fram en þar hafi þá ekki verið um opinbera stefnu Seðlabankans að ræða. Þetta finnst mér mjög skrýtin umræða af því að seðlabankastjóri treysti sér til að koma svo bratt fram, ekki bara í einhverju spjalli úti í bæ heldur fyrir þingnefnd. Seðlabankastjóri sagði þetta fyrir þingnefnd, vísaði þar í samtöl. Hugsanlega er til upptaka af þessu samtali.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson upplýsti það í umræðu í þinginu að seðlabankastjóri hefði geymt upptökur í lengri tíma en almennt gengur og gerist til að eiga þær til að upplýsa síðar hvernig málin stæðu. Þá fer maður að lúslesa aftur hina frægu ræðu sem seðlabankastjóri hélt á morgunfundi Viðskiptaráðs 18. nóvember sl. en þar segir hann að bresk stjórnvöld hafi ekki skýrt frá því hvers vegna þau gripu til þess að beita okkur terroristalögunum svokölluðu. Seðlabankastjóri segir að ekki hafi öll samtöl verið birt hvað þessi mál varðar og þess vegna sé auðveldara að bera fram tilbúnar sakir o.s.frv. Sem sagt, að ekki hafi öll samtöl verið birt, hér er ekki talað um gögn heldur samtöl, svo líklega eru þetta símtöl, annars hefði viðkomandi aðili ekki orðað þetta svona.

Síðan segir hann, virðulegur forseti, og ég ætla að vitna beint í það sem seðlabankastjóri Davíð Oddsson sagði, með leyfi forseta:

„Ég hef engar áhyggjur af þessu vegna þess að þegar málin verða rannsökuð hljóta fleiri samtöl að verða birt. Mér er kunnugt um efni þeirra og mér er kunnugt um hvað í raun réði afstöðu breskra stjórnvalda.“

Það er alveg ljóst að seðlabankastjóri er að vísa þarna í eitthvert símtal, væntanlega við Breta, sem skýri af hverju þeir beita terroristalögum gegn okkur. Þarna eru tilgreind sérstaklega „samtöl“ sem hlýtur að túlkast sem símtöl en ekki gögn. Það er ljóst að seðlabankastjóri liggur á bunka af símtölum miðað við hvernig hann orðar þetta. Þetta getur því orðið svolítið spennandi þegar þetta verður upplýst síðar. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt mál af því að íslensk stjórnvöld velta fyrir sér, og ég skil það mjög vel, að fara í málaferli gagnvart Bretum út af beitingu hryðjuverkalaganna. Hæstv. utanríkisráðherra hefur sagt í fjölmiðlum að þessi ummæli seðlabankastjóra geti truflað þann undirbúning að málaferlum. Það er kannski erfitt að fara í málaferli við erlenda þjóð þegar seðlabankastjóri segir slíkt, að hann eigi samtöl sem sýni af hverju Bretar beittu okkur hryðjuverkalögum og svo eru þau samtöl ekki birt eða spiluð eða neitt. Ég tel að íslensk stjórnvöld hljóti að vera í gífurlegri klemmu út af þessum ummælum seðlabankastjóra sem vísar þarna í einhver samtöl sem sýna af hverju Bretar beittu okkur hryðjuverkalöggjöfinni.

Virðulegur forseti. Mig langaði líka að minnast á eitt annað, af því að ég ætla ekki að tala lengi, sem tengist fjárlögunum á ákveðinn hátt. En af því að við skynjum auðvitað hve krónan er veik og að hún er líklega ekki gjaldmiðill til framtíðar — ég held að flestir séu að verða sammála um það — þá vakti það athygli mína sem kom fram grein í Fréttablaðinu um helgina eftir hv. þingmenn Illuga Gunnarsson og Bjarna Benediktsson. Sú grein var samfelld vörn gagnvart þeirri stöðu sem uppi er. Það var mjög merkilegt að lesa hana, þar er talað um að hér hafi ríkt fákeppni og mikið verið um krosseignatengsl og það er hárrétt. Það er svolítið gaman að sjá sjálfstæðismenn skrifa svona grein af því að Sjálfstæðisflokkurinn er sá flokkur sem hefur haft mjög sterk ítök í atvinnulífinu. En nú sjá viðkomandi aðilar það greinilega svart á hvítu að hér hefur ríkt fákeppni og mikil krosseignatengsl. Í þessari grein kemur fram ákveðin afstaða gagnvart Evrópusambandinu sem mér fannst mjög merkileg. Mig langaði að tipla þessu á hér af því að þetta tengist gjaldmiðlinum og afkomu okkar í framtíðinni gagnvart tekjum okkar og gjöldum o.s.frv. Þarna rifja þingmennirnir upp að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið á móti Evrópusambandinu, gott og vel, fínt, og þeir rökstyðja það af hverju svo er. En svo segja þeir — ég er ekki með greinina hérna en ég man þetta nokkurn veginn — að þrátt fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn mundi hugsanlega samþykkja það á landsfundi sínum — og það er nú gott að hv. þm. Kristján Þór Júlíusson er einmitt í salnum en hann er formaður í Evrópunefnd Sjálfstæðisflokksins og er að undirbúa landsfundinn — eða komast að þeirri niðurstöðu á fundinum að hagsmunum Íslands væri betur borgið utan ESB, þ.e. að vera bara áfram í þeirri stöðu sem við erum í núna og vera utan ESB, telji þeir, hv. þingmenn Illugi Gunnarsson og Bjarni Benediktsson, að fara eigi í aðildarviðræður og leggja útkomuna úr aðildarviðræðum fyrir þjóðina.

Mér finnst mjög sérstakt að sjá þetta vegna þess að það er talsvert holur hljómur í því ef stjórnarflokkur treystir sér til að hafa slíka stefnu, þ.e. ef flokkurinn segir að okkur sé betur borgið utan ESB en ætli samt að fara á fullu í aðildarviðræður. Það væri mjög holur hljómur í því er og eiginlega mjög skrýtið að menn skuli komast að þessari niðurstöðu. Mér fannst þetta mjög eftirtektarvert og á von á því að um þetta verið mikil umræða í Sjálfstæðisflokknum af því að þar eru menn að velta fyrir sér kostunum og göllunum eins

og eðlilegt er.

Það er ljóst að pressan frá Samfylkingunni er alveg gríðarleg á samstarfsflokkinn vegna Evrópusambandsmálanna. Hæstv. utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði um helgina að það væri sjálfhætt í núverandi ríkisstjórn ef Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti ekki aðildarviðræður og þá er nú ekki lítið sagt. Það er bara bein hótun í þessu og eiginlega ótrúlegt inngrip í innri stefnumótun hjá samstarfsflokki og hjá hvaða flokki yfirleitt að segja slíkt. Það er afar djúpt í árinni tekið af hæstv. utanríkisráðherra að leyfa sér að koma svona fram gagnvart samstarfsflokki sínum en ég sé ekki betur en Sjálfstæðisflokkurinn liggi algjörlega flatur í málinu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekkert tekið á móti þessari yfirlýsingu, ekkert látið í sér heyra út af henni, heldur hefur hv. þm. Kristján Þór Júlíusson einmitt þvert á móti sagt að menn hefðu ekki tíma á þeim bænum að að eltast við svona ummæli, menn væru á fullu að undirbúa sig fyrir landsfundinn. En það er auðvitað saga til næsta bæjar þegar samstarfsflokkurinn, og það ekkert hver sem er þar heldur formaður hans sem leyfir sér að segja við Sjálfstæðisflokkinn að það verði bara stjórnarslit ef hann samþykkir ekki aðildarviðræður við ESB. Og svo koma þeir ágætu hv. þingmenn Illugi Gunnarsson og Bjarni Benediktsson og segja: Skítt með það hvað Sjálfstæðisflokkurinn samþykkir á landsfundi, það verða samt aðildarviðræður. Þetta er sú staða sem við erum í gagnvart þessu máli og er eiginlega alveg með ólíkindum.

Virðulegur forseti. Ég vildi draga þetta sérstaklega fram af því að þetta tengist efnahagsmálum okkar og þó að það tengist þeim ekki í augnablikinu er þetta stórmál til framtíðar og gæti reyndar að margra mati haft jákvæð áhrif á stöðu efnahagsmála hér á landi ef og þegar stjórnvöld ákveða að fara í aðildarviðræður, af því að það verður að segjast eins og er að æ fleiri þingmenn eru á þeirri skoðun og sú er hér stendur er á þeirri skoðun, að það beri að skoða þá leið. Að sjálfsögðu eigum við ekki að samþykkja hvað sem er í aðildarviðræðum, við eigum t.d. að halda hagsmunum okkar í sjávarútvegi mjög vel til haga og í auðlindamálum, en það er með algjörum ólíkindum hvernig Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin tala í þessum málum, bæði inn á við og út á við.

[19:50]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni og sessunaut mínum hér á þingi, Siv Friðleifsdóttur, fyrir ræðu hennar, sem var byggð upp í þremur hlutum. Fyrsti hlutinn vék að yfirlýsingum okkar formanns og varaformanns í fjárlaganefnd varðandi breytingar á vinnubrögðum. Ég stend enn við það sem ég hef sagt í þeim efnum og vonast til að Alþingi hafi mun betri aðgang að upplýsingakerfum en það hefur í dag og hafi fleiri tækifæri til að taka þátt í fjárlagagerðinni og þurfi ekki að vera eins háð og jafnvel ofurselt ráðuneytunum í þeim efnum.

Á sama hátt vil ég segja að fjárlagagerðin hefur verið með mjög óvenjulegum hætti þetta haustið. Þrátt fyrir að við höfum fundað þó nokkuð mikið hefðum við mátt fá tækifæri mun fyrr til að koma að þeim upplýsingum sem við þó fengum. Ég hef lýst því yfir í dag og tekið undir sjónarmið margra hv. þingmanna að þær upplýsingar hefðu mátt vera ítarlegri.

Á sama hátt greindi ég frá því í andsvari mínu hér fyrr í dag við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að ég sæi í sjálfu sér engin vandkvæði á því að þótt við ræddum fjárlögin aftur hér á vormánuðum í þá nýjum fjárauka. Ég sé fyrir mér að það gerist í sveitarfélögunum varðandi fjárhagsáætlanir en hins vegar er ljóst að þegar fjárlögin verða samþykkt gilda þau fyrir árið.

Ég verð hins vegar gefa þingmanninum tækifæri til að gera grein fyrir greinargóðu áliti sem hún sendi fjárlaganefndinni frá 2. minni hluta allsherjarnefndar. Hún kom í fjárlaganefndina og fór yfir það og hefði haft (Forseti hringir.) gott af því að heyra þá yfirferð aftur.

[19:52]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að gefa mér mikinn tíma til að fara yfir álitið. En í því var tekið á fangelsismálum, Landhelgisgæslunni og löggæslumálum. Undirstrikað var að brýnt væri að löggæslan gæti haldið uppi eðlilegri starfsemi, því að hún er ein af mikilvægustu stofnunum í ríki okkar. Einnig var bent á að þyrlusveitin er komin niður í lágmarksæfingar og að staðan í fangelsismálunum er óásættanleg þar sem fleiri en einn er í klefa. Þetta var álitið í stuttu máli.

En ég vil aðeins ræða vinnubrögð fjárlaganefndar af því að ég tel að þau séu fyrir neðan allar hellur. Ég er þá ekki að skammast í hv. formanni fjárlaganefndar en hann hefur samt samþykkt vinnubrögðin. Ríkisstjórnin tók allan pakkann til sín og kemur svo með tillögur 11. desember sem á að afgreiða út daginn eftir. Þetta eru mjög slæm vinnubrögð.

Það má herma það upp á hv. formann fjárlaganefndar að hann kvittar undir vinnubrögðin. Af hverju stoppaði ekki hv. formaður fjárlaganefndar Gunnar Svavarsson vinnsluna? Tillögur komu inn 11. desember, af hverju var þeim hent út daginn eftir? Af hverju var ekki stoppað til að tækifæri gæfist til að fara yfir þetta með eðlilegum hætti í fjárlaganefnd? Þar ræður stjórnarmeirihlutinn för og ekkert mál var að stoppa þá umræðu. Þá ræddum við ekki í dag eitthvað sem við höfum engar forsendur til að ræða.

[19:54]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að fara yfir nefndarálitið sem hún gekk frá í allsherjarnefndinni á sínum tíma. Mjög mikilvægar upplýsingar komu þar fram og ég held að samhljómur sé gagnvart þeim málum sem lúta að fangelsismálum landsins og ég fann fyrir slíku og hef fundið fyrir slíku í umræðu þingmanna.

Hvað varðar vinnubrögðin þá hef ég sagt að ég ber auðvitað fulla ábyrgð á þeim vinnubrögðum sem lagt er upp með í fjárlaganefndinni og um leið hefði ég viljað hafa það með öðrum hætti en að tillögur ríkisstjórnarinnar kæmu inn 11. desember.

Hins vegar var það mat mitt eftir að hafa rætt við fjár-

laganefndina að taka tillögurnar til umræðu á þinginu eins og þær lágu fyrir og þess vegna lítur þingskjalið út eins og það gerir. Það eru eingöngu tillögur ríkisstjórnarinnar og síðan tillögur forsætisnefndar sem lúta að rekstri þingsins. Engar aðrar tillögur eru hér til umræðu.

Ég hefði vissulega viljað hafa rýmri tíma og held að það sama gildi um alla í fjárlaganefndinni. Ég held að tímamörkin sem við settum okkur varðandi afgreiðsluna og undirbúninginn séu engum til eftirbreytni. En ég ber fulla ábyrgð á að hafa gert þetta með þessum hætti og vil um leið segja að gott samstarf hefur verið í fjárlaganefndinni um það að taka í burtu fjölmargar aðrar tillögur sem koma þá til umræðu við 3. umr. Ég vil sérstaklega þakka fjárlaganefndarmönnum fyrir þá afgreiðslu eða í raun og veru niðurstöðu sem við náðum fram á fundi í síðustu viku.

[19:56]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er alveg sama hvað hv. þm. Gunnar Svavarsson klifar oft á því að að þakka minni hlutanum í fjárlaganefndinni svakalega mikið. Hann þakkar og þakkar minni hlutanum en það er ekki „alibí“ eða fjarvistarsönnun fyrir vinnubrögðunum sem eru hér í gangi. Alls ekki. Vinnubrögðin eru fyrir neðan allar hellur, virðulegur forseti. Tillögur koma þann ellefta, út með þær þann tólfta. Enginn gat skoðað þær. Enginn gat áttað sig á þeim. Ekkert var hægt að fara yfir þetta. Ekkert hægt að ræða við þá sem áttu að gefa umsagnir. Þetta eru fáránleg vinnubrögð, virðulegur forseti.

Mér skilst að það eigi að koma einhver bandormur í viðbót. Er það ekki, virðulegur forseti? Ágætt væri ef hv. þm. Gunnar Svavarsson upplýsti okkur um hvort von er á einhverjum bandormi.

Ég heyrði ekki betur áðan í sexfréttum en að frétt númer eitt eða tvö væri að skera ætti niður framlög til bænda um 700 eða 800 millj. kr. Ég heyrði alla vega einhverja slíka frétt en get ekki farið algerlega með þetta. En hér sé ég að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er mættur. Kannski vill hæstv. ráðherra upplýsa okkur um þetta.

Þessi vinnubrögð eru fyrir neðan allar hellur. Engar forsendur eru fyrir fjárlagafrumvarpinu. Það hefur ekkert verið skoðað og svo á hugsanlega að koma bandormur með fleiri slæmum fréttum, miðað við það sem ég heyrði áðan í sexfréttum. Þar var talað við formann Bændasamtakanna sem bar sig að sjálfsögðu mjög illa yfir þessu og sagði að þeir bændur sem tóku lán hefðu margir hverjir gengið út frá einhverjum forsendum, sem nú væri verið að kippa burt. Ég vil spyrja hv. þm. Gunnar Svavarsson, sem getur talað hér í lok umræðunnar, hvort eigi að afgreiða einhverja slíka tillögu hér á korteri eða svo. Eru það vinnubrögðin sem hann ætlar að kvitta upp á í framhaldinu?

[19:58]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Fjárlögin sem hér eru til umræðu eru verulega frábrugðin þeim sem hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir þann 1. október síðastliðinn. Miklar efnahagslegar breytingar hafa orðið í þjóðfélaginu og bera breytingartillögurnar það með sér að þjóðin stendur á tímamótum og við verðum að taka verulega á í niðurskurði í ríkisrekstrinum til að minnka þann halla sem fyrirsjáanlegt er að verði á þjóðarbúinu. Við verðum að vinna okkur út úr þeim vanda sem við nú stöndum frammi fyrir eftir að viðskiptabankarnir hrundu og efnahagskreppa heimsins skall á okkur með mjög alvarlegum afleiðingum.

Niðurskurður er aldrei auðveldur. En stjórnarmeirihlutinn hefur lagt á það áherslu að niðurskurðurinn komi minna niður á velferðarkerfinu, menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu og löggæslunni. Augljóst er að verulega mun reyna á velferðarkerfi okkar á þeim mánuðum sem fram undan eru og við verðum að vera viðbúin því.

Við horfum fram á atvinnuleysistölur sem við höfum líklega ekki séð áður hér á landi. Við verðum að gera ráðstafanir til að mæta þeim vandamálum sem fylgja atvinnuleysinu. Að óbreyttu bendir allt til að halli á ríkissjóði hefði orðið um 215 milljarðar kr. En ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til ráðstafana og í þeim er gert ráð fyrir að hallinn verði ekki meiri en sem nemur um 165–170 milljörðum kr. Það markmið ríkisstjórnarinnar kallar á að minnsta kosti 45 milljarða kr. niðurskurð.

Þá er í tillögunni gert ráð fyrir skattahækkunum. Að tekjuskattur einstaklinga verði hækkaður um eitt prósentustig. Þá er gert ráð fyrir hækkun útsvars til handa sveitarfélögunum sem mörg hver standa höllum fæti. Þar sem atvinnuleysi verður mest mun mikið mæða á sveitarfélögunum á sviði fjölskyldu- og félagsmála og einnig hvílir sú ábyrgð á þeim að gera það sem þau geta til að verja atvinnulífið og halda upp atvinnustigi, en þau eru misjafnlega í stakk búin til að standa undir miklum kostnaðarauka. Ríkisstjórnin leggur til hækkun á útsvari þannig að hámarksútsvarsprósenta sveitarfélaganna verði 13,53% en er nú 13,03%.

Búast má við að margir sem missa atvinnuna sæki í nám, bæði til að auka við þekkingu sína og jafnvel til að ná sér í nýja þekkingu sem gæti nýst betur. Á landsbyggðinni eru símenntunarstofnanir og háskólasetur mjög mikilvægar stofnanir þar sem fólki er gert kleift að stunda nám í heimabyggð sinni. Ásókn í nám hjá símenntunarstofnunum hefur aukist á undanförnum árum og mun þörfin ekki minnka í efnahagsástandinu sem nú ríkir.

Í breytingartillögunum er lagt til að vegna símenntunar og fjarkennslu á háskólastigi fái fimm símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni 3 millj. kr. viðbótarframlag hver. Stöðvarnar eru á Sauðárkróki, í Borgarnesi, í Árborg, í Vestmannaeyjum og í Reykjanesbæ. Mikið og gott starf fer fram hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum um allt land og hafa með þeim opnast möguleikar fyrir fólk að sækja sér menntun án þess að þurfa að flytjast búferlum. Flestar símenntunarstofnanir bjóða auk háskólanáms upp á námskeið fyrir fólk sem vill auka færni sína á ýmsum sviðum. Námið er oft atvinnutengt en einnig er boðið upp á fjölbreytt námskeið af ýmsum toga. Mjög mikilvægt er að styðja starf símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni eins vel og kostur er og gera þeim kleift að opna fólki aðgang að fleiri námsleiðum.

Á erfiðum tímum þarf að standa vörð um heilsugæsluna, sem er sú grunnþjónusta sem fólk treystir á. Í þeim tillögum sem ríkisstjórnin hefur lagt fram eru lagðar til leiðréttingar

til handa nokkrum heilsugæslustöðvum vegna þess að reiknilíkan við fjárveitingu hefur sýnt of lágar fjárveitingar til viðkomandi stofnana og er verið að leiðrétta það. Þetta á t.d. við um heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sem fær 60 millj. kr. og heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem fær 25,2 millj. kr.

Til sömu stofnana eru einnig lagðar til töluverðar lækkanir fjárheimilda frá frumvarpi og verða þær fluttar á sérstakan safnlið til endurráðstöfunar til heilbrigðismála. Í heilbrigðisráðuneytinu er nú unnið að endurskipulagningu heilbrigðisstofnana. Stefnt er að því að ein heilbrigðisstofnun verði í hverju heilbrigðisumdæmi á landsbyggðinni. Gert er ráð fyrir að verkefni flytjist á milli stofnana og verði fjárheimild á liðnum nýtt í þeim tilgangi. Markmiðið með endurskipulagningunni er að standa vörð um grunnþjónustu heilsugæslunnar og bráðaþjónustu sjúkrahúsa í þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin gengur nú í gegnum.

Frekari útfærslur á skipulagsbreytingum varðandi einstakar stofnanir eiga eftir að koma fram. Vonandi verður þess ekki langt að bíða að hæstv. heilbrigðisráðherra kynni þær og aflétti þar með þeirri óvissu sem óhjákvæmilega hefur skapast hjá starfsfólki einstakra heilbrigðisstofnana.

Ljóst er að nú þarf að hagræða og gæta aðhalds í ríkisrekstrinum. Landhelgisgæslunni er gert að hagræða í rekstri sínum og á það að skila rúmlega 130 millj. kr. og má benda á hvort ná megi þeirri hagræðingu með því að færa starfsemi stofnunarinnar að hluta til eða að öllu leyti til Keflavíkurflugvallar á fyrrverandi varnarsvæði þar sem vel búin flugskýli og annar húsakostur eru til staðar auk þess sem á svæðinu er hafnaraðstaða sem gæti nýst skipaflota Landhelgisgæslunnar.

Því sama má velta fyrir sér með lögregluskólann og ná fram hagræðingu þar með samnýtingu við skólastarfsemi sem nú þegar er til staðar á varnarsvæðinu fyrrverandi með samningum við Samgöngu- og öryggisskóla Keilis. Á gamla varnarsvæðinu er góð aðstaða fyrir hendi fyrir allt sem viðkemur öryggis- og þjálfunarmálum og gæti verið skynsamlegt að nýta hana.

Nú stöndum við einfaldlega frammi fyrir því að endurhugsa verður allt upp á nýtt með það að markmiði að ná fram sem bestri nýtingu á því fjármagni sem við höfum til skiptanna. Tekjur ríkissjóðs munu dragast saman um rúmlega 50 milljarða kr. á næsta ári og það þýðir einfaldlega að við verðum að stokka upp á nýtt og endurskoða ríkisrekstrinn.

Sá niðurskurður sem hér er boðaður af ríkisstjórninni er nauðsynlegur við þær aðstæður sem við glímum við. En hér verður ekki staðar numið. Frekari hagræðingu þarf við til að við komumst sem fyrst út úr þeim vandamálum sem við glímum við. Ég er ekki í nokkrum vafa um að okkur mun takast það. Það verður erfitt í nokkur ár en okkur mun takast að vinna okkur út úr erfiðleikunum. Nú þarf að forgangsraða og við þurfum að líta gagnrýnum augum á ríkisreksturinn og vera óhrædd við að gera þær breytingar sem þarf til að ná niður kostnaði, virðulegi forseti.

[20:07]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Hæstv. forseti. Það verður að segja alveg eins og er að það er býsna sérstök tilfinning við býsna sérstakar aðstæður að standa í ræðupúlti á Alþingi Íslendinga í kvöld og ræða fjárlög ríkisins í ljósi efnahagsástandsins sem nú er uppi. Þegar fjárlagafrumvarpið var fyrst lagt fram þann 1. október hvarflaði líklega að fáum að aðeins nokkrum dögum síðar væri allt breytt.

Hin gríðarlega miklu umskipti sem urðu fyrstu dagana í október hafa eðlilega sett mark sitt á fjárlagavinnuna, bæði hjá fjárlaganefnd, ráðuneytum og ríkisstjórn. Ekki er of fast að orði kveðið að segja að allt hafi breyst á einni nóttu og menn hafi þurft að vinna gríðarlega mikið á stuttum tíma. Þar hafa margir lagt nótt við nýtan dag.

Ég vil nota tækifærið og þakka sérstaklega formanni nefndarinnar, hv. þm. Gunnari Svavarssyni, fyrir frábært starf við afar erfiðar aðstæður. Hann hefur stýrt nefndinni af festu en þó mildi og sýnt mikinn vilja til að leysa mál milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Það tel ég að skipti afar miklu máli við þær aðstæður sem nú eru uppi.

Auðvitað eru stjórn og stjórnarandstaða ekki sammála í öllum málum en óhætt er að segja að formaður fjárlaganefndar hafi lagt sitt af mörkum til að fækka vandamálum eins og hægt er milli þessara tveggja hópa.

Því verð ég að segja, hæstv. forseti, eins og er og lýsa yfir vonbrigðum mínum með málflutning hluta stjórnarandstöðunnar í umræðum í dag, a.m.k. eins og hún birtist í morgun í málflutningi hv. þm. Vinstri grænna, Jóns Bjarnasonar. Ég tók eftir því í þeirri umræðu að hv. þingmenn í stjórn kölluðu eftir svörum frá þingmanninum í umræðum um afstöðu hans til ýmissa hluta. Hv. þingmaður átti frekar erfitt með að svara efnislega nema hvað ég hjó eftir því að hann sagði að hann væri á móti komugjöldum sjúklinga á sjúkrahús. Gott og vel, að mörgu leyti er hægt að vera sammála hv. þingmanni í því máli, að það er eðlilegt undir venjulegum kringumstæðum en ég mun einmitt hér á eftir fara ítarlega yfir hvernig reynt er að passa upp á velferðarmálin, jöfnuðinn og heilbrigðismálin í fjárlagafrumvarpinu.

Ekki er nóg að segja bara, eins og þessi hv. þingmaður gerði í morgun, að menn séu á móti, það verður að gera þá kröfu að ef menn eru ósáttir við þær tillögur sem hér eru uppi á borðum kynni þeir aðrar til sögunnar.

Ég tók einnig eftir því að hv. þingmaður sagðist vilja skera niður Varnarmálastofnun og svo var eitthvert óljóst tal um NATO upp á um 1.500 millj. kr. Gott og vel, menn geta haft þær skoðanir en ef ég hef heyrt og skilið þingmanninn rétt vildi hann flytja þessi útgjöld yfir á aðra útgjaldaliði. Hann vildi ekki skera þá burt, hann vill bara flytja 1.500 millj. af Varnarmálastofnun yfir á eitthvað annað.

Í ræðu hv. þingmanns var ekkert minnst á tekjur ríkisins eða einhver afstaða kynnt varðandi þær skattbreytingar sem liggja fyrir í frumvarpinu. Þess vegna er ekki nóg að standa í ræðustól Alþingis og gagnrýna allt sem gert er. Ég geri a.m.k. þá kröfu til stærsta stjórnarandstöðuflokksins á Alþingi að hann setji fram einhverja sýn í málunum.

Gott og vel, þetta er eitthvað sem hv. þingmenn Vinstri grænna verða að eiga við sjálfa sig og ef þeir kjósa að haga málum sínum með þessum hætti verður bara svo að vera. Ég vil hins vegar segja, hæstv. forseti, í þessari umræðu að aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar úr hinum tveimur

flokkunum hafa ekki fallið í þennan sama pytt og vinstri grænir í umræðunni og ég vil nota tækifærið og þakka fyrir það. Ég þakka fyrir að menn hafa sýnt hér málefnalegt aðhald, komið með hugmyndir, skýrt sýn sína o.s.frv.

Þá að fjárlagafrumvarpinu sjálfu. Eins og ég sagði áður er unnið undir miklu álagi og með forsendur sem allar eru breyttar frá því að frumvarpið var fyrst lagt fram. Það var því ekki auðvelt verk sem stjórnvöld stóðu frammi fyrir við tillögugerð vegna 2. umr. Rauði þráðurinn í þeim áætlunum sem við nú ræðum er að standa vörð um velferðar-, mennta- og heilbrigðiskerfið. Þannig er lögð meiri áhersla á hagræðingu í rekstri ráðuneyta og stjórnsýslustofnana auk þess sem nokkuð er dregið úr framkvæmdum sem áformaðar voru sérstaklega í samgöngumálum.

Hér er gerð tillaga um að tekjuskattur einstaklinga verði hækkaður um 1 prósentustig, úr 22,75% í 23,75%. Með því er áætlað að tekjur ríkissjóðs hækki um 7 milljarða en að auki er lagt til að útsvarsprósenta sveitarfélaga hækki um hálft prósentustig þannig að hámarksútsvar sveitarfélaga sem í dag er 13,03% gæti orðið 13,53%. Ég fagna sérstaklega þessu útspili til handa sveitarfélögunum sem mörg hver standa illa fjárhagslega og hafa lengi farið fram á leiðréttingu tekjuskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Þetta mun án efa nýtast þeim til tekjuöflunar á næstunni. Það vakti reyndar athygli mína, hæstv. forseti, að ég sá nýlega haft eftir forseta borgarstjórnar í Reykjavík að hann teldi ekki ástæðu fyrir Reykjavíkurborg til að nýta sér það svigrúm sem þarna er kynnt vegna þess að Reykjavíkurborg stæði svo vel. Nú veit ég svo sem ekki hvað er á bak við það en Reykjavíkurborg er með útsvarsprósentu í 13,03% eins og flest önnur sveitarfélög í landinu en þó eru nokkur sveitarfélög, a.m.k. tvö hér á höfuðborgarsvæðinu, sem nýta sér ekki hámarksútsvarsprósentu eins og hún er skilgreind í lögum núna.

Á næstu missirum, og þess vegna nefni ég þetta með sveitarfélögin og útsvarið, mun reyna mjög mikið á sveitarfélögin í landinu og þjónustuna sem þau veita vegna þess að félagslega þjónustan og fjárhagsaðstoðin er á hendi sveitarfélaganna.

Þegar samgöngunefnd, sem ég veiti formennsku, fjallaði um frumvarp til fjárlaga kom einmitt sá kafli fjárlaga til okkar kasta sem snýr að sveitarfélögunum. Í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar sem er fylgigagn með frumvarpinu er bent á fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Í frumvarpinu er nefnilega ekki gert ráð fyrir 1.400 millj. kr. aukaframlagi sem hefur farið í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á undanförnum árum og Samband ísl. sveitarfélaga hefur gagnrýnt það mikið.

Ég hef alltaf verið talskona þess að treysta fjárhag sveitarfélaganna en þó hef ég haft efasemdir um hversu mikið jöfnunarsjóðurinn hefur vaxið. Það getur ekki talist eðlilegt að allt að 30% af tekjum einstakra sveitarfélaga, eins og staðan er í dag, komi frá jöfnunarsjóði og þau eigi í raun tilveru sína undir fjárveitingum þaðan.

Annað sem ég vil nefna hér og ég kom aðeins inn á áðan lýtur að tekjum sveitarfélaganna, útsvarsprósentu. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að mjög tvímælis geti orkað að sum sveitarfélög, eins og þau sem ég nefndi hér áðan, a.m.k. tvö á höfuðborgarsvæðinu, nýti sér ekki fulla útsvarsprósentu en á sama tíma og það er ekki gert snúa þau sér til ríkisins með beiðni um auknar tekjur.

Ég hef reyndar alltaf verið þeirrar skoðunar að mun heppilegra sé, hvort sem er fyrir ríki eða sveitarfélög, eða ef út í það er farið fyrirtæki, að reyna að auka tekjur sínar með sköttum frekar en með álagningu eða hækkun á þjónustugjöldum. Þannig notum við hina sameiginlegu sjóði til jöfnunar frekar en að innheimta gjöld þar sem framfærslan er þyngst, eins og t.d. af barnafjölskyldum.

Af því að ég er nú farin að tala um skatta í umræðunni er ég þeirrar skoðunar að menn hafi á undanförnum árum gert grundvallarmistök í hagstjórn. Það hefði verið nær, hæstv. forseti, að hækka hér örlítið skatta á góðæristímum, að ég tali ekki um þrepaskiptan skatt eða einhvers konar hátekjuskatt. Ég tel að það hafi verið mikil mistök að hverfa frá því meginprinsippi sem fólst í niðurlagningu hátekjuskattsins á sínum tíma. Auðvitað get ég hins vegar fallist á það að eins og hann var útfærður voru tekjuviðmið hátekjuskattsins e.t.v. of lág þannig að margir lentu í alls kyns jaðaráhrifum vegna þessa og margir sem í dag mundu ekki teljast hátekjufólk voru farnir að borga hátekjuskatta. Ef ég man rétt, hæstv. forseti, miðaðist hann við 450 þús. kr. þegar hann var lagður af á sínum tíma. Ég er ekki alveg viss um að þær tekjur teldust í dag sérstaklega til hárra tekna þótt þetta séu vissulega mun hærri tekjur en lægst launaða fólkið í samfélaginu hefur. Í mínum huga hefði verið nær að skoða einhvers konar þrepaskiptingu í skattkerfinu eða jafnvel hátekjuskatt. Það er mín skoðun þótt niðurstaða ríkisstjórnarinnar, þeirra sem unnu þetta, hafi að þessu sinni verið með þessum hætti.

Eins og ég sagði áður hefur rauði þráðurinn verið að verja velferðarþjónustuna og kjör almennings, sérstaklega þeirra sem lægstar hafa tekjurnar. Þess vegna er afar mikilvægt að persónuafslátturinn sem samið var um í síðustu kjarasamningum haldi sér. Þannig er gert ráð fyrir því að lágmarksframfærslutrygging lífeyrisþega hækki um 19,9%, úr 150 þús. kr. í 180 þús. kr. nú um áramótin sem ég tel afar brýnt. Einnig er mjög mikilvægt að standa vörð um vaxtabætur og barnabætur til þeirra sem þess þurfa eins og hér liggur fyrir.

Í sjálfu sér ætla ég ekki að fara nánar út í þessar velferðaraðgerðir ef svo má að orði komast enda gerði hv. þm. Guðbjartur Hannesson, formaður félagsmálanefndar, ágætlega grein fyrir þeim tillögum hér í dag.

Hæstv. forseti. Þá vil ég víkja aðeins að samgöngumálum og nýframkvæmdum í fjárlagafrumvarpinu. Eins og staðan er núna er útlit fyrir talsverðan samdrátt í nýframkvæmdum og samtals mun lækkun framkvæmda verða um 11 milljarðar, þ.e. um 21% af áætluðum kostnaði við nýframkvæmdir ársins. Þrátt fyrir þennan mikla niðurskurð munu framkvæmdir næsta árs verða um 41 milljarður sem er aðeins lægri upphæð en var á árinu 2008 og hæstv. samgönguráðherra hefur sagt að framkvæmdastigið miðað við þetta verði með því mesta sem verið hefur í sögunni.

Þegar menn skoða framkvæmdastig hins opinbera þarf auðvitað að hafa sveitarfélögin líka í huga. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér er allt útlit fyrir, svo fremi sem sveitarfélögin ná að fjármagna nýframkvæmdir sínar, þó nokkuð hátt framkvæmdastig hjá mörg-

um sveitarfélögum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og suður með sjó og í Hveragerði svo dæmi sé tekið og víðar á landinu. Þar eru menn með hugmyndir og tillögur um nýframkvæmdir þannig að þetta verður að skoða líka í samhengi við það sem ríkið er að gera. Ég tel þetta afar brýnt og að með þessu leggi opinberir aðilar sitt af mörkum til að halda uppi atvinnustigi og stemma þannig stigu við atvinnuleysinu sem án efa mun aukast mjög í byggingariðnaðinum og þessum geira á næsta ári.

Helmingurinn af sparnaðinum sem kynntur er hér verður í vegagerð. Aðrar einstakar framkvæmdir sem slegið er á frest snúa m.a. að Landhelgisgæslu Íslands vegna nýrrar flugvélar og varðskips. Dregið er úr fjárveitingum til húsbygginga, Árnastofnunar sem og byggingar nýs fangelsis að Litla-Hrauni.

Vegna hinna sérkennilegu aðstæðna sem uppi hafa verið í efnahagslífi þjóðarinnar hefur vinna við fjárlagagerðina verið með nokkrum öðrum hætti en undir venjulegum kringumstæðum, svo vægt sé til orða tekið. Þannig hafa t.d. þær hugmyndir sem nú eru uppi um niðurskurð til vegagerðar ekki enn komið formlega inn á borð samgöngunefndar. Ég hef óskað eftir því og aflað mér upplýsinga um að unnið er að ákveðnum tillögum hjá Vegagerðinni og ráðuneyti og ég vil upplýsa hér að ég hef fullan hug á að kalla þessa aðila á fund samgöngunefndar mjög fljótlega þannig að samgöngunefnd geti komið að þessum málum og sett fingraför sín á þetta. Endanlega samgönguáætlun kemur síðan til kasta þingsins á næsta ári og þá er það auðvitað þingsins að marka þá stefnu sem þar birtist.

Hæstv. forseti. Við Íslendingar lifum á skrýtnum og erfiðum tíma. Efnahagskerfið hrundi nánast í einu vetfangi og enn er ekki komið í ljós hvaða áhrif það mun hafa til langframa. Það er því ekkert sérstaklega einfalt eða léttvægt að takast á við það verkefni að koma saman fjárlögum en til þess þarf ákveðinn kjark og ákveðið pólitískt þor sem mér finnst birtast í þessum tillögum. Síðan geta menn verið ósammála og það er bara allt í lagi, það er eðli stjórnarandstöðu að vera ósammála en eins og ég sagði í upphafi gerir maður auðvitað kröfur um að sú stjórnarandstaða sé málefnaleg, byggi á einhverri sýn og kynni plagg sem er á einhvern hátt öðruvísi en það sem stjórnin talar fyrir.

Í þessari fjárlagagerð birtist einnig pólitísk forgangsröðun í þágu þeirra sem minnst mega sín.

Það kann að vera, eins og margir hv. þingmenn hafa sagt í ræðum í dag, að það þurfi að koma til meiri niðurskurðar í framtíðinni, hugsanlega á næsta ári, án efa á næsta ári og þarnæsta í ríkisrekstrinum.

Hv. þingmaður og varaformaður fjárlaganefndar, Kristján Þór Júlíusson, fór yfir einstaka liði og nefndi einmitt að hugsanlega þyrfti að ganga enn fastar fram varðandi aðhald í ríkisrekstrinum.

Auðvitað er mjög margt sem hægt væri að nefna hér í þeirri umfangsmiklu umræðu sem fjárlögin eru. Þessa dagana er líka mikið talað um siðbót og ábyrgð. Eins og allir vita hefur Alþingi nú samþykkt lög sem gera ráð fyrir að Kjaradómur eigi að taka upp og lækka laun þingmanna og ráðherra. (Gripið fram í.) Það er auðvitað sjálfsagt mál að við þingmenn tökum á okkur kjaraskerðingu líkt og aðrir landsmenn þessa dagana. Ég vil hins vegar lýsa þeirri skoðun minni hér að ég tel að hið sama eigi að gilda um marga aðra hópa, t.d. æðstu embættismenn ríkisins sem heyra beint undir kjararáð. Það er engin glóra í því að ýmsir forstjórar eða framkvæmdastjórar ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja, ráðuneyta eða stofnana sem eru vistaðar í svokölluðum E-hluta fjárlaga, eins og t.d. Landsvirkjun, Flugstoðir — og svona mætti lengi telja, (Gripið fram í.) ríkisbankarnir — að þessir hópar séu undanskildir þessu.

Ég tel að sjálfsögðu að strax á næsta ári eigi að afnema fjárveitingu til aðstoðarmanna landsbyggðarþingmanna. Ekkert á að vera undanskilið í þessum sparnaðaraformum, hversu smátt sem það er. Þess vegna held ég, eins og ég hef sagt hér áður, að nota þurfi tímann vel á næstunni og skoða allar hliðar ríkisrekstrarins. Það hefur verið landlægur siður víða í kerfinu að menn keyri fram úr fjárheimildum, oft aftur og aftur. Til að ná tökum á þessu vandamáli tel ég að gera þurfi ákveðnar grunnbreytingar í fjárlagagerðinni. Vonandi gefst tími til að ræða þær umbætur síðar og ég veit að um þetta mál er þverpólitísk samstaða í fjárlaganefnd.

Hæstv. forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að þakka starfsfólki fjárlaganefndar fyrir frábær störf. Það er ómetanlegt fyrir okkur sem störfum í nefndinni að hafa á að skipa svo góðu starfsfólki, sem á undanförnum dögum hefur unnið þrekvirki við mjög erfiðar aðstæður og fyrir það ber að þakka.

Að lokum vil ég segja, hæstv. forseti, að ég vona að umræðan hér í kvöld og nótt og fram á morgun verði málefnaleg og uppbyggileg og ég vona að okkur gangi vel að vinna eftir þessum skrýtnu fjárlögum sem við setjum að þessu sinni við mjög skrýtnar og erfiðar aðstæður.

[20:25]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til þess að þakka hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur fyrir þessa einkunnagjöf hér út og suður en ég verð að segja að það er óttalega leiðinlegt og mikill plagsiður þegar menn koma hér og geta ekki gert annað en verið með palladóma út og suður um það sem aðrir hafa sagt. Ég ætla ekki að falla í þá gryfju né heldur að þakka og kvaka í þúsund ár eins og líka er orðinn plagsiður hér.

Hv. þingmaður sagði að rauði þráðurinn í þessu fjárlagafrumvarpi hefði verið að verja velferðarkerfið. En hún sagði í upphafi eitthvað á þá leið, varðandi sjúklingaskattana sem eru í frumvarpinu, fæðiskostnað eða komugjöld á sjúkrahús að það væri kannski ekki eðlilegt að taka slíkt upp ef um eðlilegar aðstæður væri að ræða.

Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að sjúklingaskattar upp á 1.100 millj. kr. eins og boðaðir eru í þessu frumvarpi eru ekkert smáræði. Og þegar hv. þingmaður gerir síðan lítið úr tillögum og hugmyndum sem hér er bent á eins og að það að skera niður framlög til Varnarmálastofnunar geti skilað 1.500 millj. kr. þá vil ég benda hv. þingmanni á að það mundi duga til þess að koma í veg fyrir hækkun á umræddum sjúklingasköttum. Það mundi líka duga til þess að koma í veg fyrir allan niðurskurð á rannsóknafé til háskólanna fjögurra sem eru þó samningsbundnir og það mundi einnig duga til þess að taka af niðurskurðinn af öllum háskólasetrunum hringinn í kringum landið. Það væri því ým-

islegt hægt að gera, hv. þingmaður, í staðinn fyrir að halda uppi þessari tilgangslausu Varnarmálastofnun og þeim 1.500 millj. kr. sem hún kostar.

[20:27]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að ávarpa forseta eða þingfundinn en ekki einstaka þingmenn.

[20:27]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég áskil mér allan rétt til þess að hafa allar skoðanir sem ég vil á efnisinnihaldi þess sem hér er flutt af einstaka hv. þingmönnum eins og ég gerði í ræðu minni. Ég veit nú ekki betur en að margir hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi uppi oft hér í ræðustóli ýmsar móralíseringar og gagnrýni á það hvað öðrum kann að finnast um það sem þeir segja og því tek ég þetta ekki sérstaklega til mín.

Hins vegar varðandi það sem hv. þingmaður sagði um Varnarmálastofnun var ég eingöngu að benda á að það sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði í morgun varðandi fjárlagafrumvarpið. Þá var tillaga hans eingöngu sú að skera niður útgjöld þar og flytja þau eitthvert annað. Það var ekkert minnst á hugmyndir um skatta. Það var engin sýn á það hvert ætti að stefna í ríkisfjármálum. Það var einfaldlega það, hæstv. forseti, sem ég var að reyna að kalla hér eftir af jafnábyrgum stjórnarandstöðuflokki og Vinstri grænir eru.

[20:29]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er eðlilegt að stjórnarandstöðuþingmenn, rétt eins og forusta Alþýðusambands Íslands, vísi frá sér þeim ásökunum og þeirri gagnrýni stjórnarliða að við séum ekki með tillögur. Vegna þess, herra forseti, að rétt eins og hjá Alþýðusambandi Íslands þá skortir forsendur, það skortir allar forsendur til þess að fara ofan í þetta fjárlagafrumvarp og koma með uppbyggilegar tillögur.

Þetta er hrákasmíð sem er hent í gegnum fjárlaganefnd sem samþykkir pakkann í heilu lagi frá ríkisstjórninni, ættaðan frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eins og hér hefur verið bent á. Þetta eru ekki eðlileg vinnubrögð.

Það kemur úr því hörðustu átt þegar stjórnarliðar sem ekki geta komið með eigin tillögur heldur sækja þær í gegnum ríkisstjórnina til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, standa svo hér og kvarta undan því að stjórnarandstæðingar komi ekki með tillögur. Eða eins og hæstv. ráðherrar gerðu hér á dögunum kvörtuðu undan því að Alþýðusamband Íslands kæmi ekki með neinar tillögur.

Herra forseti. Ég vísa þessum ásökunum því til föðurhúsanna. Það er eðlilegt að við gerum tillögur til þess að koma í veg fyrir þann blóðuga niðurskurð í velferðarkerfinu sem felst í þeim miklu álögum sem á að fara að leggja á sjúklinga í formi sjúklingaskatta upp á 1.100 millj. kr.

[20:30]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er greinilega til of mikils mælst að fara fram á við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að þeir segi okkur frá sinni sýn á fjárlagafrumvarpið. Þá liggur það bara fyrir og þeir verða að eiga það við sig.

Varðandi það sem hv. þingmaður sagði um stjórnarliðið og stjórnarþingmenn þá stöndum við sem sitjum í fjárlaganefnd og tilheyrum stjórnarflokkunum auðvitað öll að baki þessu fjárlagafrumvarpi. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan er þetta frumvarp unnið við mjög sérkennilegar aðstæður, aðstæður sem enginn hefði kosið að lenda í, en svona er þetta bara. Við stöndum að sjálfsögðu við allar þær tillögur sem þarna eru. Ég lýsti áðan minni sýn á ýmislegt sem lýtur að skattamálum og ég hefði hugsanlega gert öðruvísi ef ég hefði ráðið öllu en þannig er þetta nú bara. (Gripið fram í.) Ég ítreka að þetta er auðvitað frumvarp stjórnarinnar allrar, ríkisstjórnar sem og annarra stjórnarþingmanna.

[20:32]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. þm. Álfheiði Ingadóttur. Þetta er orðinn hálfgerður plagsiður hjá sumum þingmönnum, m.a. hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, að koma í ræðustól og gefa þingmönnum einkunnir um hvernig málflutningur þeirra skorar í huga hv. þingmanns. Það er alls ekki áhugavert.

Við getum að sjálfsögðu verið sammála eða ósammála eftir atvikum um þau málefni sem hér eru til umfjöllunar og tekist á um þau eins og gefur að skilja en við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sækjum ekki umboð okkar til Samfylkingarinnar eða þingmanna hennar. Við sækjum umboð okkar til þjóðarinnar og það er hún sem segir til um það — og hefur gert það með ýmsum hætti, m.a. í könnunum — hvernig hún metur okkar málflutning.

Burt séð frá því ætla ég að vekja máls á örfáum atriðum úr ræðu hv. þingmanns, eða kannski því sem ekki kom fram hjá hv. þingmanni sem er formaður samgöngunefndar Alþingis. Í umræðum um samgöngur á vettvangi samgöngunefndar kom fram gagnrýni á að ekkert lægi fyrir um sjálfa samgönguáætlunina. Það væri í raun ekki marktækt að fjalla um samgönguhluta fjárlaganna öðruvísi en að samgöngunefnd hefði tækifæri til að fjalla um samgönguáætlun og hvaða hluti væri verið að skera þar burt ef sú væri raunin.

Formaðurinn hafði góð orð um að fundað yrði í samgöngunefnd áður en 2. umr. um fjárlagafrumvarpið færi fram. Það hefur ekki verið gert og ég spyr: Hverju sætir það? Ég vil líka spyrja: Hvað er nákvæmlega verið er að skera niður í samgönguverkefnum upp á 5 milljarða? Það eru m.a. almenningssamgöngurnar, innanlandsflugið, og samningsbundnir liðir þar. Hvað nákvæmlega er í því sem þar er verið að taka niður? Í hafnamálum er verið að taka niður um 260 millj. kr. Eru það samningar eða verður öllu hent út af borðinu nema því sem er bundið í einhverjum samningum? Ég spyr líka um Fjarskiptasjóð, hann er tekinn niður á núll eða 100%. Það er verið að taka mikilvæga liði í samgöngumálum niður frá 25% upp í 100% eins og Fjarskiptasjóð.

Ég spyr: Hverju sætir það og er þetta eitthvað sem formaður samgöngunefndar er ánægð með? (Forseti hringir.) Er tíminn búinn?

(**Forseti** (KHG)**:** Tíminn er búinn. Klukkan í ræðustólnum mælir ekki réttan tíma en forseti fylgist með því hjá sér þannig að …)

Þá læt ég þetta duga í mínu fyrra andsvari en áskil mér rétt til að koma hingað aftur, herra forseti.

(**Forseti** (KHG)**:** Þingmaður hefur allan rétt til þess.)

[20:34]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég finn greinilega í þingsalnum að málflutningur minn hefur komið við kaunin á þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og það er greinilegt að menn eru viðkvæmir fyrir því að bent sé á vankanta í þeirra málflutningi.

Ég get ekki setið undir því að ég gefi mönnum sérstakar einkunnir varðandi ræður þeirra eða framsögu eða leggi það í vana minn. Menn verða hins vegar að þola, þótt þeir séu í stjórnarandstöðu, að þeir séu stundum gagnrýndir og að dregið sé fram að málflutningur þeirra sé kannski ekki ýkja trúverðugur. Þessu fær stjórnin ætíð að sitja undir frá stjórnarandstöðu og stjórnarandstaðan verður að láta sér lynda að það sama komi frá stjórnarþingmönnum.

Varðandi það sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson sagði um samgöngumálin þá boðaði ég það í ræðu minni áðan að þessi mál verði tekin inn á fund nefndarinnar núna í vikunni og rædd þar efnislega bæði með fulltrúum Vegagerðarinnar og samgönguráðuneytisins. Þá gefst okkur tækifæri til þess að fara yfir öll þessi mál, niðurskurð í vegamálum, forgangsröðun, Fjarskiptasjóð og fleira.

[20:36]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að það sé gert og ég sakna þess að það hafi ekki verið gert áður en þessi umræða fór fram. Það endurspeglar líka það sem hefur komið fram í máli okkar að þessi umræða fer auðvitað fram við mjög einkennilegar aðstæður og hana ber mjög sérkennilega að. Hér kemur inn nánast nýtt fjárlagafrumvarp sem eðlilegast hefði verið að hæstv. fjármálaráðherra hefði mælt fyrir á nýjan leik og hitt frumvarpið þá tekið til baka og samkvæmt þingsköpum færu fram þrjár umræður um það. Það gefst ekki tími til þess.

Þingmönnum stjórnarandstöðunnar hefur ekki gefist góður tími til þess að fara yfir þær tillögur sem hér koma fram. Hér eru mál gjarnan tekin inn með afbrigðum og síðan kvartar þingmaðurinn undan því að engar tillögur komi frá stjórnarandstöðunni. Við tökum umræðuna að sjálfsögðu upp á vettvangi viðkomandi þingnefndar og áskiljum okkur rétt til að koma með breytingartillögur þegar þar að kemur. Til dæmis hefur tekjupakkinn, breytingartillögurnar, ekki komið inn frá ríkisstjórninni. Svo er kvartað yfir því að ekki séu komnar tillögur frá stjórnarandstöðunni. Það kann vel að vera að þær líti dagsins ljós, m.a. tillaga sem lýtur að því sem hv. þingmaður sagðist vera sérstakur talsmaður fyrir, sem er hátekjuskattur. Hv. þingmanni gefst þá tækifæri til þess að sýna vilja sinn í verki þegar þar að kemur.

[20:37]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan hef ég fullan hug á því að þetta mál varðandi samgöngurnar verði tekið inn í samgöngunefnd núna í vikunni. Þá gefst tækifæri fyrir alla sem í samgöngunefnd sitja, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, að koma fram með sín mál, sína forgangsröðun og sínar tillögur. Við skulum því bara bíða og sjá hvað setur með það.

Hins vegar varðandi það sem hv. þingmaður sagði um hátekjuskattinn. Ég lýsti ákveðinni skoðun minni áðan varðandi hátekjuskatt og þrepaskiptingu í skattkerfinu, niðurstaðan varð hins vegar önnur. Ég stend að sjálfsögðu að þeirri niðurstöðu sem kynnt er í fjárlagafrumvarpinu eins og allir aðrir í stjórnarmeirihlutanum. Ég verð því að hryggja hv. þingmann með því að ég mun líklega ekki greiða tillögu hans varðandi hátekjuskatt atkvæði mitt við afgreiðslu í fjárlaganefnd. (Gripið fram í.) Þá stend ég að þessu fjárlagafrumvarpi. Hávaði í þingsal. Þá mun þjóðin sjá það og það er (Gripið fram í.) ágætt. Ég tel líka að sú sem hér stendur hafi verið fullkomlega samkvæm sjálfri sér með að gera grein fyrir afstöðu sinni í þessum málum og ég gef ekkert eftir varðandi það.

Ég tel að mistök hafi verið gerð í hagstjórninni á síðasta kjörtímabili í skattamálunum eins og svo mörgu öðru og við erum að súpa seyðið (**Gripið fram í:** … með Sjálfstæðisflokknum?) af því núna. (**Gripið fram í:** Þetta er alveg rétt hjá þér.)

[20:39]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umræður um mat hv. þingmanna á ræðum annarra hv. þingmanna. Hins vegar hef ég dálítið gaman af því þegar hv. þingmenn koma hér upp og miðla okkur af visku sinni og smekk og mati á málefnalegum umræðum. Ég tel að það sé ágætisinnlegg í umræðuna og það segir kannski sitt um umræðuefnin sem fólk velur sér í þessari pontu. Ég ætla núna að leggja mitt mat á þær umræður sem hafa farið hér fram í dag. (**SVÓ:** Nú, má það?) Var ég ekki að hvetja til þess, hv. þingmaður? Var ég ekki að þakka fyrir mat þingmanna og forgangsröðun (Gripið fram í.) í þessari pontu?

Ég held að þessi umræða í dag sýni einmitt þá óvissu sem ríkir um fjárlögin og það er auðvitað stóra málið sem við ræðum hér í dag. Við erum stödd í því sem við köllum 2. umr. fjárlaga en um nánast nýtt plagg er að ræða og því má í raun kalla þetta 1. umr. Ég tek undir þau sjónarmið sem hafa heyrst um þá óvissu sem við erum stödd í og það er í rauninni erfitt að ræða fjárlög af miklu viti þegar tekjuhliðin er enn jafnóljós og raun ber vitni. Kannski er eðlilegt að fólk leggi þá mat á ræður annarra til að tefja tímann.

Ég velti því fyrir mér hvort ekki væri hreinlegra að veita ríkissjóði fjárheimild fram yfir áramót og gefa þinginu þannig aukinn tíma til að vinna fjárlögin betur þó að þeirri vinnu yrði ekki lokið fyrr en í janúar.

Nefndarálit minni hlutans sýnir vel þessa óvissu og varpar skýru ljósi á þá klípu sem við Íslendingar erum í, alveg sama hvar í flokki við stöndum. Á sama tíma og tekjur ríkissjóðs dragast saman eykst þrýstingur á útgjöld til vel-

ferðarmála eins og segir í áliti minni hlutans, með leyfi forseta:

„Tekjur ríkissjóðs munu dragast verulega saman á sama tíma og þrýstingur á aukin útgjöld til velferðarmála mun aukast vegna versnandi ástands í þjóðfélaginu.“

Stærsta viðfangsefni fjárlaganna er auðvitað hvernig við komumst út úr þessari kreppu án þess að missa grundvallarstoðir samfélagsins, það sem við köllum velferðar- og menntakerfi, undan okkur. Það mundi ég kalla óafturkræf samfélagsspjöll. Þessi fjárlög, óklárað eins og þau eru, skipta miklu fyrir framtíðina. Okkar hlutverk er ekki aðeins að koma okkur út úr þessari efnahagskreppu heldur líka að gæta þess að þjóðin missi ekki það sem hún hefur byggt upp hvort sem það eru skólar, heilbrigðisþjónusta eða almannatryggingar. Okkar hlutverk er að gæta hagsmuna þjóðarinnar og það er eðlilegt að við horfum á þessi fjárlög í því samhengi sem þau eru sett. Þ.e. þau eru sett í kreppu sem kemur í kjölfar loftbólugóðæris sem sprakk framan í okkur þegar bankarnir hrundu í byrjun október.

Eins og kemur fram í nefndaráliti minni hlutans hafa sumir haldið því fram að miðað við umfang efnahagskerfis eigi Íslendingar nánast heimsmet í bankahruni. Það kemur kannski ekki á óvart miðað við hin frægu höfðatölufræði. Erlendir fjölmiðlar lýsa íslenskri þjóð eins og hún sé í áfalli enda hefur sjálfsmynd Íslendinga verið snúið á hvolf á einni nóttu. Í hópi ríkustu þjóða heims í gær og skuldar hvað mest í dag. Það er ekki nema von að fólk kalli eftir aðgerðum enda er það almenningur sem núna borgar brúsann fyrir ævintýramennsku fjármálamanna, bankastjóranna sem brostu allan hringinn meðan Icesave-reikningarnir möluðu gull. Þeir hringdu á föstudegi til að vita hvað mikið af peningum hefði runnið inn en þessir peningar hafa allir runnið út aftur. Þetta eru sömu auðmennirnir og eignuðust hlut hver í öðrum í frumskógi krosseignatengsla og lánuðu sjálfum sér peninga til að kaupa meira loft. Nú eru niðurskurðarfjárlög á borðinu sem eru viðbrögð við þessu.

Við höfum kallað eftir pólitískum aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Við höfum kallað eftir kosningum. Við höfum kallað eftir því að mistök séu viðurkennd. Við höfum kallað eftir því að horfið verði frá þeirri stjórnarstefnu sem hér hefur verið, byggðri á frjálshyggju og meðvitaðri pólitískri afskiptaleysisstefnu, en það gerist ekki neitt. Ríkisstjórnin situr sem fastast og segir ekki af sér. Hún lætur kenningar á flot um að einstökum ráðherrum verði hrókerað til, sem kalla má smjörklípu eins og hún var einhvern tíma skilgreind. Einu breytingarnar sem eru boðaðar er að ef Sjálfstæðisflokkurinn snúist ekki í afstöðu sinni til Evrópusambandsins sé stjórnarsamstarfinu sjálfhætt. Því er ekki sjálfhætt þegar ríkisstjórnin er búin að keyra þjóðina í þrot. Þá er ekki ástæða til að hætta.

Aðgerðirnar hafa verið að fallast á þá afarkosti sem okkur voru settir vegna Icesave-reikninganna — en þeir eru auðvitað stórt vandamál í þessum fjárlögum því þá þarf væntanlega að greiða — fallast á kröfur Evrópusambandsins og viðurkenna tilskipun ESB um innstæðutryggingu gegn óljósum fyrirheitum um að tillit verði tekið til okkar erfiðu aðstæðna.

Það er ekkert skrýtið að Evrópusambandið hafi ekki viljað láta reyna á málaferli vegna Icesave-samninganna. Auðvitað vildi Evrópusambandið ekki taka þá áhættu að réttaróvissa skapaðist um tilskipunina um innstæðutrygginguna. Þetta hafa íslensk stjórnvöld fallist á og þar með senda þau ákveðin skilaboð út í heiminn um að ekki verði látið reyna á málið fyrir dómstólum þó að þeim möguleika sé haldið opnum í orði. Um þetta fjallaði forseti lagadeildar Háskóla Íslands, Björg Thorarensen, m.a. í ræðu á fullveldisdaginn. Í máli Bjargar kom fram, með leyfi forseta, að:

„ESB-ríkin voru ófáanleg til að fallast á að úr þessum ágreiningi yrði skorið eftir löglegum leiðum. Augljóslega hefði málið vakið óróa innan Evrópusambandsríkjanna og vakið athygli allra á því að engar Evrópureglur eru til sem mæla fyrir um ríkisábyrgð á bankainnstæðum. Í ofanálag voru skilyrði fyrir aðstoð Alþjóðgjaldeyrissjóðsins spyrt saman við þessar deilur um ríkisábyrgð innstæðna, svo íslensk stjórnvöld áttu engra kosta völ. Það var ekki um annað að ræða að gangast undir þá þvingun að taka lán sem rennur að hluta til þess að ábyrgjast greiðslur tryggingasjóðsins, nokkuð sem ríkinu ber engin lagalega skylda til, hvorki eftir Evróputilskipun né öðrum þjóðréttarreglum. Samningar af þessum toga eru á lögfræðimáli kallaðir nauðungarsamningar, ekki aðeins í okkar lögum heldur einnig í þjóðaréttinum, og slíkir samningar eru raunar ógildanlegir.“

En það var ákveðið að láta ekki á þetta reyna og treysta frekar á náð og miskunn um að tekið yrði tillit til okkar sérstöku aðstæðna.

Þetta er enginn smáreikningur sem við vitum þó ekki enn hver verður, allt að 640 milljarðar, 660 milljarðar jafnvel, og um leið erum við ræða þessi niðurskurðarfjárlög þegar við erum búin að gefa þetta eftir.

Á sama tíma og þetta er gert virðast málaferli gegn Bretum vegna beitingar hryðjuverkalaga vera stopp og ekkert að gerast. Búið er að ræða það í þessum sal. Rík ástæða er þó til að standa í lappirnar í því máli enda hafa bresk stjórnvöld með aðgerðum sínum valdið miklum skaða og það er morgunljóst að eignir Landsbankans í Bretlandi hafa rýrnað við þennan gjörning, eignir sem annars hefðu gengið upp í Icesave-skuldbindingarnar sem íslenskur almenningur þarf nú að borga. En það gerist ekkert í því heldur, er það? Allir taka því bara rólega í ríkisstjórninni.

En það var reyndar eitt gert. Leitað var eftir fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og það kemur ekki á óvart að skilmálar hans bera vott um að þar eru auðvitað á ferð varðhundar fjármagnsins en ekki almannahagsmuna. Þar er kveðið á um hina metnaðarfullu áætlun í ríkisfjármálum sem á að bera vott um aðhaldssaman rekstur sem þýðir á mæltu máli niðurskurður. Þetta frumvarp sprettur upp úr því ömurlegu ástandi sem íslenskur almenningur kallaði ekki yfir sig nema kannski með því að kjósa þá flokka sem sitja enn í ríkisstjórn. Þetta er til marks um blóðugan niðurskurð sem á eftir að bitna á íslenskum almenningi, því miður, óttast ég, um nokkra framtíð. Hins vegar er enn þá mikil óvissa um tekjuhlið frumvarpsins.

Hv. þm. Magnús Stefánsson fór í ræðu sinni yfir skuldir ríkissjóðs eins og minni hlutinn í fjárlaganefnd hefur reiknað þær út samkvæmt þeim óljósu forsendum sem liggja fyrir en í nefndaráliti minni hlutans er gerð talsverð grein fyrir þessu. Þar hefur minni hlutinn leitast við að leggja lauslegt

mat á lánsfjárþörf ríkissjóðs. Að vísu vantar, eins og kom fram í máli hv. þingmanns, allar grunnforsendur til þess að matið geti talist nákvæmt og ekki tekið tillit til krafna ríkisins.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka mál hv. þm. Magnúsar Stefánssonar en hins vegar eru þetta óhugnanlegar tölur og er rætt um að fjármögnunarþörf ríkisins til ársloka 2011 gæti numið samkvæmt þessu mati að minnsta kosti 1.700 milljörðum kr. ef gengið er út frá þeim forsendum sem minni hlutinn gefur sér í þessu áliti. Þetta eru auðvitað risavaxnar tölur.

Tekjuhlið frumvarpsins er óljós. Gert er ráð fyrir um 395 milljörðum í tekjur í núverandi drögum en samkvæmt áliti minni hlutans er ekki ólíklegt að þær gætu verið ofmetnar. Enn hefur ekki gefist tími til að ræða tekjuhlið í efnahags- og skattanefnd enda gríðarlegt álag á þeirri nefnd um þessar mundir og hefur hún vart undan að fjalla um frumvörp sem á að afgreiða fyrir jól.

Hér hefur verið kallað eftir tillögum. Í breytingartillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir að hækka tekjuskatt um 1% en ekki minnst á hátekjuskatt sem gæti lagst á laun t.d. yfir hálfri milljón. Reyndar sagði formaður annars stjórnarflokksins nú á dögunum að hátekjuskattur væri fyrst og fremst táknrænn og jöfnuður er þá líklega almennt táknrænn því að hátekjuskattur gengur einmitt út á að jafna byrðir, dreifa skattbyrðinni á réttlátari hátt. En þar er ekki gerð tilraun til þess heldur er tekjuskattur hækkaður á alla jafnt. Síðan er að sjálfsögðu boðuð aukin skattheimta í frumvarpinu með auknum sjúklingasköttum, auknum komugjöldum í heilbrigðisþjónustu, og því má segja að almenningur borgi skuldir útrásarvíkinganna. Á sama tíma eru skattarnir hækkaðir flatt og skuldir almennings vaxa með verðtryggðum húsnæðislánum og ekki hefur verið ráðist í neinar aðgerðir til að vinna gegn því að öðru leyti en því að fólk getur lengt í hengingarólinni, geymt skuldirnar og safnað þeim upp.

Mig langar að ræða sérstaklega um þann niðurskurð sem boðaður er í frumvarpinu og þó að ég hafi aðeins nefnt aukin komugjöld í heilbrigðiskerfinu ætla ég svo sem ekki að ræða heilbrigðismálin í löngu máli. En auðvitað vekur miklar áhyggjur sá mikli niðurskurður sem er boðaður í starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss um 2 milljarða. Það veldur ekki síst áhyggjum af því að í nýlegri frétt frá 13. nóvember sl. kemur fram í *Morgunblaðinu* að spítalinn verði rekinn með 1.500 millj. kr. halla á þessu ári. Er sá halli ekki síst sökum gengisins og innkaupa á lyfjum og tækjum eða um það bil 1.200 millj. af þessum 1.500 millj. kr. halla.

Það er auðvitað áhyggjuefni að á sama tíma og þessi aðalspítali landsins er rekinn nú þegar með 1.500 millj. kr. halla er boðaður 2 milljarða niðurskurður þannig að það er alveg ljóst að eitthvað verður undan að láta og það verður þá að sjálfsögðu þjónustan við sjúklinga.

Boðaður er 209 millj. kr. niðurskurður á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og 270 millj. kr. niðurskurður á heilsugæslustöðvum almennt. Alls eru skornir tæpir 7 milljarðar af heilbrigðisráðuneytinu. Það er auðvitað hætt við því að ekki aðeins eigi þjónustan eftir að skerðast og ekki aðeins eigi sjúklingar eftir að borga meira fyrir að verða veikir heldur er hætt við því að öll þróunarverkefni, t.d. samningurinn sem verið hefur í gildi við Akureyrarbæ um heilsugæslu, missi vind úr seglum eða falli niður.

En heilbrigðismálin eru þó ekki aðalefni mitt heldur niðurskurður í menntamálum upp tæplega 4,4 milljarða. Í fyrra fjárlagafrumvarpinu — ég kalla það fyrra fjárlagafrumvarpið því að ég tel þetta ekki vera sama plagg og var lagt fram í byrjun október — var gert ráð fyrir aukningu til háskólanna, reyndar mestri aukningu til hins einkarekna háskóla, Háskólans í Reykjavík, eða 24% en 18,5% hækkun til sameinaðra háskóla, HÍ og KHÍ, og 17,2% til HA. En nú er í staðinn kominn flatur niðurskurður á skólana auk þess að framlögum til rannsókna hefur verið frestað. Þar vegur mjög þungt 655 millj. kr. frestun á framlagi til rannsókna í Háskóla Íslands.

Eins og hv. þingmenn rekur minni til var sá samningur boðaður með pompi og prakt í fyrra og sáu þá forsvarsmenn skólans loksins fram á að geta sig hrært eftir áralanga sveltistefnu vegna þess að skólanum hafði verið mjög þröngur stakkur sniðinn. Þetta er þó ekki eini niðurskurðurinn heldur er framlag til rekstrar háskólans lækkað um 270 millj. og háskólasjóðurinn sem sinnt hefur ungu fræðafólki og nýdoktorum er skorinn um 118 millj. kr.

Það er auðvitað grátlegt eftir að skólinn sá loks fram á bjartari tíma eftir áralanga sveltistefnu þar sem margar námsgreinar höfðu orðið mjög illa úti og lent í ódýrasta flokki reiknilíkansins. Og því miður hefur ástandið verið þannig að ekki hefur verið mögulegt að ráða kennara í margar greinar í stað þeirra sem hætt hafa og kennslu hefur verið haldið úti með ódýrasta mögulega vinnuafli sem eru stundakennarar með enga rannsóknarskyldu og eru vinnuþrælkaðir oft og tíðum.

Þó að háskólunum hafi fjölgað hér á landi hafa tækifærin verið takmörkuð fyrir unga fræðimenn og nýdoktora sem snúa heim úr námi. Tækifærin eru mjög takmörkuð í sumum fræðigreinum. Eins og þinginu ætti að vera kunnugt um er hörð alþjóðleg samkeppni í fræðaheiminum og þar skiptir gríðarlegu máli að geta haldið þessu unga fólki heima og að lögð sé rækt við séreinkenni hvers fræðasamfélags. Með þessum ákvörðunum, sem ekki munu aðeins gilda í ár eða næsta ár heldur hafa áhrif langt fram í tímann því að boðaður hefur verið frekari niðurskurður á næstu árum, horfum við fram á mjög slæma tíma fyrir íslenskt fræðasamfélag og þá er ég náttúrlega ekki bara að tala um Háskóla Íslands.

Rannsóknarsamningi við Háskólann á Akureyri er frestað og sparað er eftir því. Öllum rannsóknarsamningum við háskóla er frestað og sparað í rekstri. Fallið er frá sérstökum framlögum til fræðasetra Háskóla Íslands og það langar mig að ræða sérstaklega. Þar eru 24 milljónir sem vissulega er lág tala en þar er um að ræða Háskólasetur Snæfellsness, Háskólasetrið á Hornafirði, Rannsókna- og fræðasetur Háskóla Íslands á Húsavík, Rannsóknasetur Háskóla Íslands í landnýtingu og Fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi. Þessi setur hafa verið mjög mikilvægar miðstöðvar fyrir landsbyggðina. Þarna hefur verið unnið mikið starf fyrir lágmarksfjármagn. Unnið hefur verið að fjölda nýsköpunarverkefna en framlög ríkisins á flestum setrunum, líklega utan eins, hafa miðast við rekstrarkostnað og laun eins forstöðumanns. Þessir forstöðumenn hafa síðan

aflað viðbótartekna og getað skapað þannig fleiri störf. Þessi setur hafa verið í miklu samstarfi við stofnanir og fyrirtæki í sínum heimabyggðum þannig að þarna er mikilvæg atvinnuskapandi starfsemi, sprotastarfsemi, sem byggir á nýsköpun á landsbyggðinni skorin niður í einu vetfangi um 24 millj. kr.

Það er vissulega rétt að staðan er þröng og skera þarf niður. En stóra málið er kannski það að hér hafa menn haft uppi stór orð og þá er ég að tala um þingmenn og ráðherra ríkisstjórnarinnar sem hafa staðið hér og annars staðar og rætt um menntun og rannsóknir sem leið út úr kreppunni. Þeir hafa sagt að það sé mjög mikilvægt að efla og verja skóla og rannsóknarstofnanir þegar sverfur að því að þar liggi tækifærin, tækifæri til atvinnusköpunar, þekkingarsköpunar og verðmætasköpunar fyrir íslenskt samfélag. En hvað er gert hér? Jú, það er frestað öllum rannsóknarsamningum. Þekkingarsköpuninni sem á að koma okkur út úr kreppunni er skotið á frest og væntanlega verðmætasköpuninni líka. Störfin sem hefðu getað orðið til verða ekki til. Ég spyr: Hvað varð um nauðsyn þess að halda fólki hér heima? Það eru ekki mörg tækifæri þegar við horfum á þennan niðurskurð á rannsóknum. Rannsóknarsamningarnir höfðu nefnilega gefið mörgum von um að tækifæri væru fram undan en þau eru tekin burtu.

En ég vil bara minna á orð sendiherra Færeyja hér á landi sem talaði á málþingi hjá BSRB á dögunum um kreppuna sem þar var. Lærdómur okkar, sagði hún, var sá að peningur kemur aftur en fólk kemur ekki aftur. En við ætlum ekki að læra neitt af Færeyingum heldur ætlum við bara að reyna að skera sem mest sem hraðast niður og koma okkur þannig út úr kreppunni. En á þessum tíma gætum við misst fólk út og það kemur ekki aftur.

Ég gæti rætt um margt í kaflanum um menntamálin og ljóst er að það verður mjög þröngt í búi hjá framhaldsskólunum sem fá þennan flata niðurskurð. Að auki er öll forfallakennsla skorin niður um 126 millj. sem þýðir að ef framhaldsskólakennari forfallast þurfa skólarnir að leysa það innan búðar. Miðað við að reksturinn hefur verið þröngur hingað til sé ég ekki að það sé nokkurt svigrúm fyrir skólana að skipuleggja starf sitt þannig að nemendur geti fengið þá kennslu sem þeim ber. Þetta á því eftir að skila sér í skertri þjónustu við framhaldsskólanema þessa lands.

Íslenskukennsla fyrir útlendinga þar sem verið hafa metnaðarfull markmið um gerð námskrár — en hér hafa verið höfð uppi stór orð um mikilvægi íslenskunnar og við ræddum íslenska málstefnu í fyrri umræðu á dögunum — er skorin niður um 130 millj. kr. sem er mjög stór hluti af þeim pakka. Svo eru það framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þar færist nú enn fjör í leikinn því að þar er nú skorið niður um 1.769 millj. Ég spyr: Hvaða forgangsröðun er þetta? Búið er að ræða mikið í þessum sal — bara á síðustu dögum og vikum — um nauðsyn þess að efla þurfi lánasjóðinn, sérstaklega núna þegar fólk mun streyma í nám í mjög erfiðum aðstæðum á vinnumarkaði.

Rétt er að benda á að grunnframfærsla á mánuði fyrir barnlausan einstakling sem býr í eigin húsnæði er 100.600 kr. og samkvæmt lögum um lánasjóðinn á sjóðurinn að gera lánsmönnum kleift að framfleyta sér. Þeir eiga sem sagt að geta séð fyrir sér með 100.600 kr. Það sér auðvitað hver maður að það er ekki auðvelt fyrir nokkurn að lifa af þeirri fjárhæð einni saman í samfélaginu um þessar mundir. Og auðvitað er löngu kominn tími á að endurskoða framfærslugrunninn sem þessi framfærsla byggist á og höfum við lagt fram tillögu um það. Fyrir henni hefur ekki verið mælt þótt hún hafi reyndar komið fram talsvert áður en þau stjórnarfrumvörp sem tekin hafa verið inn með afbrigðum í „lange baner“ á síðustu dögum. Það er svo merkilegt að þingmannamálin þau sitja eftir þó að þau komi fram á réttum tíma. Það er alveg ótrúleg þróun miðað við þau stóru orð sem höfð hafa verið uppi um að nú eigi nú aldeilis að gera þingið betra og þingmannamál eigi að sjálfsögðu að hafa sama forgang og stjórnarfrumvörp. Maður veltir fyrir sér hvað búi nú að baki þeim orðum. Líklega ekki neitt frekar en að baki þessum fjárlögum.

Þá vil ég minna á að það er auðvitað löngu kominn tími á að endurskoða allt þetta kerfi og breyta því í átt sem tíðkast á Norðurlöndum með mánaðarlegum greiðslum í stað yfirdráttarkerfis sem miðast aðallega við að bankarnir fái vaxtatekjur af námsmönnum og ríkið greiði námsmönnum vaxtastyrk. Námsmannahreyfingarnar eru löngu búnar að benda á þetta og berjast fyrir þessu árum saman. En ég sé hreinlega ekki að það stefni í nokkrar breytingar á lánasjóðnum miðað við þennan niðurskurð og miðað við að frumvarp okkar um þetta efni hefur ekki heldur verið tekið á dagskrá af skrýtnum ástæðum þó að það hafi líka verið lagt fram fyrir þann frest sem settur var á frumvörp sem mæla átti fyrir á þessu þingi. Svona getur nú atburðarásin verið ótrúleg á þinginu.

Ég hefði haldið að það væri hagur ríkisins að fólk færi í nám, fólk sem er án atvinnu, og tækist þannig á við ný og ögrandi viðfangsefni. Þá þarf Lánasjóður íslenskra námsmanna að vera grundvallarstoð. Mín skoðun er sú að það ætti í rauninni að efla lánasjóðinn og gera fleirum kleift að sækja sér nám. T.d. mætti breyta úthlutunarreglum þannig að fólk yfir tvítugu gæti sótt um lán til að ljúka námi í framhaldsskóla. En það er ekki hægt núna heldur er lánshæft nám eingöngu talið vera á háskólastigi.

Ef við meinum eitthvað með því að skólarnir eigi að vera okkar bjargráð í kreppunni verðum við að láta gjörðir fylgja orðum. 4 milljarðar kr. eru skornir niður í menntamálum. Við ætlum að nota 385 milljarða í að endurfjármagna bankana. Við ætlum að borga Icesave-reikninga fyrir allt að 660 milljarða. Við ætlum ekki að fara í mál. Við ætlum ekki að láta reyna á Evróputilskipunina. Við ætlum ekki að reyna að komast að því hvort það sé virkilega hægt að skuldbinda heila þjóð til þess að greiða reikninga þegar allt fjármálakerfið fer á hausinn. Við ætlum ekki að láta á það reyna. Nei, við ætlum að borga þetta. Svo ætlum við að endurfjármagna Seðlabankann fyrir 150 milljarða en við ætlum að skera menntakerfið niður fyrir 4 milljarða.

Ég skil alveg tilganginn. Það á að reyna að lágmarka hallann á ríkissjóði. En við verðum líka að velta fyrir okkur hvort við séum komin svo langt í því að lágmarka hallann á ríkissjóði að afleiðingarnar gætu orðið óafturkræfar fyrir þjóðina.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á í ræðu sinni að það væri hægt að skipuleggja sparnaðinn betur og það væri

hugsanlega hægt að skera meira niður á kostnaðarliðnum Varnarmálastofnun. En hún kostar eftir sparnað 1,2 milljarða. Hér hefur verið rætt um sendiráð sem kosta 2,3 milljarða. Það má auðvitað velta því fyrir sér hvort ekki væri ástæða til að leggja niður t.d. sendiráð okkar í Brussel fyrir NATO. Ég sé nú ekki annað en að það væri ágætur sparnaður.

Mönnum hefur orðið nokkuð tíðrætt um aðstoðarmenn landsbyggðarþingmanna í dag en ég sé fyrir mér að það væri nú hægur vandi að skera niður þessa tólf pólitískt ráðnu aðstoðarmenn ráðherra sem ég veit ekki betur en að séu á ágætislaunum, 700 þús. kr. eða eitthvað þar um bil var það einhvern tímann. Það mætti þá jafnvel lækka þá í launum eins og aðra sem verða fyrir launalækkun núna. Auðvitað má víða spara, ég ætla ekki að gera lítið úr því, en það er forgangsröðunin sem skiptir máli og við þurfum að horfa þar til framtíðar. Við þurfum að gæta að undirstöðunum og við erum búin að ræða það oft í þessum sal, stjórnarþingmenn og stjórnarandstöðuþingmenn, að það sé nú gott að þegar á okkur skellur kreppa höfum við þessar undirstöður og öllum þykir skyndilega mjög vænt um velferðarsamfélagið.

En undirstöðurnar eru ekkert náttúrulögmál sem standa án þess að um þær sé hugsað. Það er mjög erfitt að skuldsetja ríkissjóð, ekki síst fyrir Íslendinga sem ortu Hávamál: „Blóðugt er hjarta þess er biðja skal sér í mál hvert matar.“ Ég er viss um að þannig líður okkur öllum sem horfum á þessa skuldsetningu og lántöku af því að við förum hér bónleið til búðar og biðjum um peninga, ég er viss um að það leggst ekki vel í fólk.

Þótt erfitt sé að skuldsetja ríkissjóð finnst mér líklegt að þessi niðurskurður muni valda meiri skaða en hann gefur til kynna sem tölur á blaði í breytingartillögum við fjárlagafrumvarp. Ef við tálgum utan af undirstöðunum gætum við lent í því að stoðirnar halda ekki lengur og byggingin hrynur öll ofan á okkur. Hér verðum við því að stíga varlega til jarðar.

Ég ítreka þá skoðun mína að þessi fjárlög þurfa frekari vinnu. Ég tel í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem við eigum við að glíma að það ætti að skoða þá leið sem ég nefndi í upphafi, þ.e. að veita ríkisstjórn afmarkaðar fjárheimildir þangað til þing lýkur fjárlagavinnu, sem gæti t.d. orðið um miðjan janúar. Þá væri hægt að leggja meiri vinnu af hálfu þingsins í fjárlögin og hægt að skoða nákvæmlega hvar skera má niður og hvar ekki. Hugsanlega væri hægt að draga úr álögum á sjúklinga eins og hér hefur verið nefnt. Hugsanlega væri hægt að komast hjá einhverjum af þeim niðurskurði sem áætlaður er. Ég nefni sem dæmi að þær 24 millj. sem skornar eru niður við þekkingarsetur á landsbyggðinni. Ég tel að þetta frumvarp krefjist ítarlegri vinnu, að þessar breytingartillögur kalli á ítarlegri breytingartillögur á móti. Það er á ábyrgð þingsins að gefa þessu meiri tíma og beita þá bráðabirgðaákvæðum þangað til hægt verður að ljúka gerð fjárlaga því að þessi fjárlög sem hér eru afgreidd eru alls ekki fullnægjandi plagg. Ég tel þau ekki fullnægjandi plagg og ég tel að þingið þurfi meiri tíma til að fara yfir þau.

Ég vil bara minna á það sem ég sagði áðan um tekjuhliðina sem enn er ekki búið að ræða í nefnd og er mjög óljós. Það er því tillaga mín hér og væri áhugavert að heyra hvort umræðan muni snúast þannig og hvort einhver hv. þingmaður eigi eftir að koma á eftir mér og leggja mat út frá sínum góða smekk á það sem hér hefur verið fært fram.

[21:09]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Eins og fram hefur komið í máli fjölmargra þingmanna fjöllum við um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009 út frá býsna sérstökum forsendum. Bent hefur verið á að í raun hafi verið lagt fram nýtt frumvarp til fjárlaga. Hér eru vinnubrögðin algerlega ný af nálinni og því er brugðið við að við stöndum á svo sérstökum tímamótum að sérstök vinnubrögð þurfi til að mæla fyrir fjárlagafrumvarpi. Þetta er látið heita svo að hér séu á ferðinni breytingartillögur frá meiri hluta fjárlaganefndar við frumvarp ríkisstjórnarinnar til fjárlaga.

Á þskj. 338 eru prentaðar breytingartillögur við frumvarpið frá meiri hluta fjárlaganefndar. Öllum er hins vegar ljóst, enda hefur það komið fram í umræðunni og í skýringum, að hér eru ekki á ferðinni breytingartillögur frá meiri hluta fjárlaganefndar. Hér er á ferðinni nýtt fjárlagafrumvarp frá ríkisstjórninni og við þær aðstæður hefði verið eðlilegt að hæstv. fjármálaráðherra hefði kallað til baka frumvarp sitt til fjárlaga og mælt fyrir nýju frumvarpi miðað við algerlega gerbreyttar forsendur. Um það mál hefðu þá átt að fara fram þrjár umræður eins og ævinlega um lagafrumvörp. Þetta er skemmri skírn, ítarlegum breytingartillögum er dreift án þess að þær hafi verið ræddar af nokkru viti í nefndum, hvorki í fjárlaganefnd og enn síður einstökum fagnefndum sem fjalla jú um fjárlagatillögur viðkomandi málaflokks.

Ég gagnrýndi áðan í andsvari við hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur að engin umræða hefði farið fram um þær breytingartillögur sem hér eru gerðar, t.d. á samgöngupakkanum á vettvangi samgöngunefndar. Þó hafði nefndin að sjálfsögðu fengið til umfjöllunar þann hluta frumvarpsins sem lýtur að samgöngumálum. Slík vinnubrögð tel ég ekki vera til eftirbreytni.

Ég minnist þess að hv. þm. Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, hafði um það stór orð og mikil og miklar heitstrengingar við umræðu um fjárlagafrumvarpið í fyrra að nú ætti aldeilis að breyta vinnubrögðum. Nú sjáum við hvernig hann hefur breytt vinnubrögðum við fjárlagagerðina. Hann tekur við plaggi frá fjármálaráðuneytinu, setur stafina sína á það og segir: Hér eru breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar.

Þetta eru vinnubrögð sem við gagnrýnum. Vel kann að vera að sú gagnrýni falli ekki í góðan jarðveg hjá stjórnarliðum og ýmsir þingmenn stjórnarflokkanna koma hér upp og gefa okkur úr stjórnarandstöðunni einkunn fyrir málflutning okkar, en ég held að innst inni séu þingmenn stjórnarflokkanna sammála okkur í því að svona eigi ekki að vinna þessa hluti.

Nú erum við ekki að gera lítið úr því að aðstæður í efnahagslífinu hafa gerbreyst frá því að fjárlagafrumvarpið var lagt fram 1. október og á þeim málum þarf að taka með öðrum hætti en við hefðum gert við eðlilegar og venjulegar kringumstæður. Þá hefði að mínu viti verið skynsamlegt að

fara þá leið, sem m.a. kom fram hjá hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur nú rétt áðan, að leggja ítarlega vinnu í nýtt fjárlagafrumvarp á vettvangi fjárlaganefndar. Menn hefðu þá þurft að taka sér þann tíma sem þarf til að vinna slíkt og kafa ofan í forsendur málsins, því að þær liggja ekki fyrir, og afgreiða þá frekar greiðsluheimildir til ríkissjóðs þannig að unnt yrði að standa við skuldbindingar svo sem launagreiðslur og samningsbundnar greiðslur um áramót en að nýtt fjárlagafrumvarp yrði afgreitt hér á fyrstu vikum nýs árs og þá á grundvelli allra þeirra upplýsinga sem eðlilegt er að þingið hafi undir höndum þegar fjallað er um fjárlagafrumvarpið.

Svo hefur verið bent á það í umræðunni að í raun er þetta fjárlagafrumvarp afurð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hann setur skilmála um hvað má vera í fjárlagafrumvarpinu, hvert umfang ríkisrekstursins má vera og hæstv. forsætisráðherra hefur jafnvel boðað að frekari tillögur um niðurskurð komi til álita. Við ræðum útgjaldaramma fjárlaganna fyrir árið 2009 og á sama tíma og það er gert hefur hæstv. forsætisráðherra boðað að til enn frekari niðurskurðar kunni að koma. Hvar á hann að koma fram og hvenær á hann að koma fram og hvernig á að vinna hann á vettvangi Alþingis? Eða verður það með sama hætti að meiri hluti fjárlaganefndar tekur við tilbúnu plaggi — kannski ekki í það skipti frá fjármálaráðuneytinu heldur frá forsætisráðuneytinu — um enn frekari niðurskurð, án þess að það fái í raun og veru nokkra yfirlegu og án þess að menn hafi nokkurt ráðrúm til að spyrja eðlilegra og gagnrýnna spurninga um hvað er á bak við þær tillögur sem fjallað er um?

Hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir gagnrýndi okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sérstaklega, einkum og sér í lagi hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúa okkar í fjárlaganefnd, fyrir að leyfa okkur að gagnrýna tillögur ríkisstjórnarinnar en hafa engar tillögur á móti. Ég vil segja af fullum þunga, en líka í fullri vinsemd, að mér finnst ekki manndómsbragur að því hjá hv. þingmanni að koma með slíka palladóma. Hv. þm. Jón Bjarnason, eins og aðrir þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna, hefur fengið ákaflega lítið ráðrúm og lítinn tíma til að fara yfir gerbreyttar forsendur, gerbreytt fjárlagafrumvarp. Engu að síður leggja þingmenn stjórnarandstöðunnar sig að sjálfsögðu fram um að vinna í samræmi við sannfæringu sína og stefnu flokka sinna við að koma áherslum sínum á framfæri og ekki er hægt að ætlast til þess að um leið og þeir bregðast við tillögum meiri hlutans, sem koma beint úr ráðuneytinu og hafa enga umfjöllun fengið á vettvangi nefndarinnar svo heitið geti, séu þeir tilbúnir með alveg nýjar tillögur úr eigin ranni. Það er ekki sanngjarnt að gera kröfur um það, sérstaklega í ljósi þess að ekki liggja fyrir neinar almennilegar forsendur fyrir því sem hér er lagt til.

Við, þingmenn úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, höfum vakið máls á nokkrum þáttum sem við erum ósátt við í þeirri forgangsröðun sem birtist í endurskoðuðu fjárlagafrumvarpi. Við gerum okkur grein fyrir því að með falli í tekjum hins opinbera og breyttum forsendum í kjölfar hruns í efnahagslífinu eru nýjar forsendur. Við erum ekki að gera lítið úr því en teljum að forgangsröðunin hefði mátt vera önnur við niðurskurðinn og við erum ekki endilega sammála því mati sem kemur fram hjá ríkisstjórninni um hversu umfangsmikill niðurskurðurinn á að vera. Við bendum á að hér hefur verið settur einhver rammi af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Við erum ekki sammála forsendunum sem þar eru gefnar og teljum að allt of bratt sé farið í þessa hluti og líkur séu á því að þessi gríðarlegi niðurskurður muni heldur magna efnahagskreppuna þegar á næstu missirum og árum en ella. Þegar horft er fram á verulegt tekjutap einstaklinga og fjölskyldna á næstunni, stóraukið atvinnuleysi, atvinnuleysistölur sem við höfum ekki séð á Íslandi um áratuga skeið, ef nokkurn tíma, verður að haga hagstjórninni þannig að hið opinbera reyni að draga úr þessum geigvænlegu áhrifum en ekki magna þau. Hvernig er það gert? Það er frekar gert með því að hið opinbera, ríki og sveitarfélög örvi efnahagsstarfsemina með ýmsum hætti og tryggi að fólki sé ekki sagt upp í hópum, hundruðum eða þúsundum saman, heldur haldi uppi starfsemi, bæði rekstri og framkvæmdum til þess einmitt að halda hjólum efnahags- og atvinnulífsins gangandi. Það þýðir að sjálfsögðu að hið opinbera verður að taka á sig meiri skuldaaukningu en ríki og sveitarfélög taka á sig í venjulegu árferði. Það segir sig sjálft.

Þá komum við aftur að því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sett skilmála. Ég minni á að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vorum ósátt við þá aðgerð og töldum ekki — og fórum yfir rökin fyrir því í ítarlegu máli — að sú leið væri skynsamleg fyrir okkur, a.m.k. ekki í því umfangi sem gert var gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og ég held að þar sé m.a. komin orsökin eða hluti af orsökinni fyrir því hvernig komið er fyrir okkur. Við horfum á geigvænlegar lántökur með miklum vaxtakostnaði á næsta ári og áreiðanlega ekki síður árið 2010, sem nemur jafnvel allt að fjórðungi af umfangi fjárlaganna, að fjórða hver króna af fjárlögunum fari í afborganir eða vexti af þessum skuldbindingum. Við leyfum okkur, virðulegi forseti, að gagnrýna það og vel kann að vera að þingmenn stjórnarliðsins vilji setja undir sig hausinn og fara í þennan niðurskurð og þennan slag og segja, eins og oft heyrist í þessum sölum, að ekki sé um neitt annað að ræða, við verðum að fara í þetta. Þeir kunna að hafa þessa skoðun en við teljum, eins og margoft hefur komið fram, að það sé ekki endilega rétta leiðin.

Við höfum bent á að verið er að fara í verulegan niðurskurð í velferðarkerfinu og menntakerfinu, og blóðugt er að sjá hvað þar er gengið gassalega fram á sama tíma og stjórnarherrarnir segja að einmitt á samdráttartímum, þegar horft er fram á vaxandi atvinnuleysi, þurfi að gefa fólki kost á því að afla sér frekari þekkingar, færni og menntunar. Eftirspurn inn í skólakerfið mun vaxa en samtímis, eins og hér hefur verið bent á, eru tennurnar að vissu leyti dregnar úr þessu sama kerfi, hvort sem það er rannsóknarfé og rekstrarfé háskólanna eða Lánasjóður íslenskra námsmanna, þannig að við getum ekki annað en haldið því fram að þessi forgangsröðun og þessar áherslur séu óréttlátar og ekki í anda góðrar jafnaðarstefnu að okkar dómi. Á sama tíma eru álögur í heilbrigðiskerfinu auknar með komugjöldum. Almennar skattahækkanir eru boðaðar, tekjuskattshækkun og útsvarshækkun, sem fara þannig yfir kerfið að þær koma hlutfallslega verr við þá sem hafa lágar og miðlungstekjur en þá sem hafa háar tekjur. Hér hefur því verið

hafnað að fara leið hátekjuskatts og því haldið fram að hann sé bara táknrænn, þess vegna hafi það ekkert upp á sig, en ég er ekki viss um að þjóðin sé þeirrar skoðunar. Ég held að þjóðin sé almennt þeirrar skoðunar að eitthvert réttlæti þurfi að vera í málinu og það sé réttlátt að þeir sem hafa háar tekjur, ég tala nú ekki um geysiháar tekjur, leggi meira af mörkum, ekki bara með sömu prósentutölu, sem þýðir eitthvað fleiri krónur, heldur líka hlutfallslega af því að það er einfaldlega af meiru að taka þar.

Verðbólgan æðir áfram. Vextir eru gríðarlega háir og fólk tekur á sig aukna greiðslubyrði af húsnæðislánum sínum á sama tíma og það kemur skattahækkun, á sama tíma og launin lækka og kaupmátturinn rýrnar, þannig að allt kemur þetta verst við þá sem hafa lágar tekjur og meðaltekjur. Það er dagljóst, allir hljóta að sjá það, þannig að þessi forgangsröðun er að okkar mati röng.

Ég vil gera að umtalsefni málefni sveitarfélaganna, sem við höfum oft fjallað um í haust, og þær erfiðu aðstæður sem þar blasa við. Mörg okkar koma úr sveitarstjórnarumhverfinu og við þekkjum mætavel það sem sveitarfélögin glíma við vítt og breitt um landið. Bæði formaður og varaformaður fjárlaganefndar, hv. þm. Gunnar Svavarsson og Kristján Þór Júlíusson, margreyndir sveitarstjórnarmenn, vita nákvæmlega hvar skórinn kreppir í rekstri sveitarfélaganna og hversu erfitt er fyrir mörg þeirra að ná endum saman og að þurfa að vera háð framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga — ég á enn 23 mínútur eftir, frú forseti, ég vek athygli þingmannsins á því. Hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir sagði að hún teldi óviðunandi hversu mörg sveitarfélög væru háð miklu framlagi úr jöfnunarsjóðnum þegar jafnvel 30%–40% af tekjum þeirra væru framlag úr honum. Rétt er að það er ekki góð staða en nú er ekki tíminn til að krukka í það. Við hv. þm. Kristján Þór Júlíusson höfum oft rætt um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og hvernig ætti að gera breytingar á honum þannig að hann þjónaði betur hlutverki sínu og stundum verið sammála og stundum ósammála. En ég held að við hljótum að geta verið sammála um að nú verður að tryggja sérstaklega þeim sveitarfélögum sem verst standa viðunandi rekstrarafkomu á næstu missirum, næsta ári, þar næsta ári. Þess vegna finnst mér mjög bagalegt að sérstakt viðbótarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga upp á 1.400 millj. kr. hafi verið skorið út. Upphaflega var það í tvennu lagi, 700 millj. kr. plús 700 millj. kr., en það er skorið út og nú er það bjargráð ríkisstjórnarinnar að heimila sveitarfélögunum útsvarshækkun til að standa undir tekjutapinu sem verður vegna jöfnunarsjóðsins.

Nú er auðvitað ljóst að útsvarshækkun til sveitarfélaga, flöt prósentuhækkun, mun ekki skila sér í sama hlutfalli til sveitarfélaganna og framlög úr jöfnunarsjóði og ég geng út frá því að ætlunin sé að útsvarshækkuninni verði skipt með einhverju móti þannig að hluti af henni komi beint inn í jöfnunarsjóðinn en hluti fari inn í viðkomandi sveitarsjóði í því hlutfalli sem útsvarshækkuninni nemur. Þetta veit ég ekki en hefði þótt fróðlegt að fá upplýsingar frá fjárlaganefndarmönnum um hvernig þetta er hugsað eða hvort þessi 0,5 prósentustiga hækkun á útsvarinu er að fullu hugsuð þannig að hún fari til sveitarfélaganna hvers um sig, eins og hún kemur fyrir. Alla vega upplýsti hæstv. samgönguráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála mig um það þegar ég bar fram fyrirspurn til hans fyrir nokkrum dögum síðan að meiningin væri að útsvarshækkunin ætti að geta komið að hluta inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og þess vegna hefði ég viljað fá að vita með hvaða hætti það er gert.

Þá kem ég aftur að því að útsvarshækkunin leggst með meiri þunga á þá sem hafa lágar og miðlungstekjur heldur en þá sem hafa háar tekjur þannig að ég tel að hér sé ekki farin sú jöfnunarleið sem ég hefði viljað sjá og tala fyrir og hefði auðvitað ætlast sérstaklega til að jafnaðarmannaflokkur Íslands hefði beitt sér fyrir. Ég leyfi mér að gera býsna ríkar kröfur til hans í þessu efni og veit að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er sammála því og vill gjarnan rísa undir því trausti en því miður sér þess ekki stað að eftir því sé unnið.

Á þeim tímamótum sem við stöndum nú frammi fyrir með vaxandi atvinnuleysi og erfiðari fjárhagsstöðu heimilanna verður hlutverk sveitarfélaganna enn ríkara en ella. Þá meina ég að því er varðar velferðarþjónustu, fjárhagsaðstoð, ráðgjöf hvers konar og á sama tíma og kaupmáttur fjölskyldnanna rýrnar er hætt við því að fjölskyldur vilji spara, m.a. í tengslum við leikskólagjöld, gjöld í frístundastarfsemi fyrir börnin, skólamáltíðir o.s.frv. og þar eru hlutir sem ekki má spara að mínu viti. Sveitarfélögin munu lenda í vandræðum vegna þessara þátta og þess vegna hef ég talið að við hefðum frekar þurft að beina auknu fjármagni til sveitarfélaga og gera þeim kleift að sinna þessu mikilvæga hlutverki.

Í Noregi fer ríkisstjórn undir forustu jafnaðarmanna, flokksfélaga hv. þm. Gunnars Svavarssonar, þá leið að tryggja sveitarfélögunum, með framlögum úr ríkissjóði, tekjutapið sem þau verða fyrir vegna falls í útsvarstekjum. Til hvers? Til þess að þau geti sinnt heima í héraði þessari mikilvægu grunnþjónustu, til þess að þau geti tekið á sig aukin framlög eða aukinn kostnað vegna fjárhagsaðstoðar, atvinnuskapandi aðgerða o.s.frv. Þarna er smiðja sem ég tel að leita hefði átt í, til félaga okkar í Noregi.

Ég ætla líka að nefna samgöngumálin vegna þess að verulegur niðurskurður er í framlögum til þeirra. Í breytingartillögum ríkisstjórnarinnar við fjárlagafrumvarpið sýnist mér gert ráð fyrir niðurskurði í málaflokkunum upp á 18 milljarða eða þar um bil, þ.e. á útgjöldum málaflokkanna. Af því eru samgöngumálin með um 8 milljarða, ef ég hef skilið það skjal sem hér er til umræðu rétt. Í samgöngumálunum er 8.087 millj. kr. niðurskurður af heildarupphæð upp á 18 milljarða. Niðurskurður í samgöngumálum vegur 44% af niðurskurðinum en rekstur samgöngumála er um 11% af heildarupphæð fjárlaga. Samgöngumálin taka því á sig hlutfallslega fjórum sinnum meiri niðurskurð en sem nemur hlutdeild þeirra í fjárlögunum almennt.

Hvar er svo skorið niður þarna? Verulegur niðurskurður er til svokallaðra samgönguverkefna en það eru framkvæmdaverkefni á sviði vegamála. Þarna eru líka hlutir eins og samningsbundnar greiðslur, m.a. vegna niðurgreiðslu á innanlandsflugi, almenningssamgöngurnar, niðurgreiðslur vegna þeirra. Ég hefði talið að þegar væri búið að ganga frá samningum um þau mál og velti fyrir mér hvernig ríkisstjórnin hyggst fara í það, hvort engu að síður eigi að skera þau niður eða hvort þau séu undanskilin. Það kemur ekki fram í þeim gögnum sem við höfum fengið

enda hefur nefndin ekki fengið það til umfjöllunar.

Verulegur niðurskurður er á framlögum til Umferðarstofu, mér sýnist að þar sé um 236 millj. kr. niðurskurður á framlögum. Ekki kemur nákvæmlega fram í hverju hann felst eða hvernig Umferðarstofa á að geta tekið á sig svona mikinn niðurskurð þegar haft er í huga að Umferðarstofa er, samkvæmt upphaflega fjárlagafrumvarpinu, með framlög upp á 450 millj. kr. en á að taka á sig 230 millj. kr. niðurskurð. Það lætur nærri að vera upp undir helmingur af þeim framlögum sem til hennar fara, eða tæplega 50%. Það er ekki lítið og mér leikur forvitni á að vita í hverju það á að vera fólgið.

Ég hef spurst fyrir um hafnarframkvæmdir sem eru teknar niður um 500 millj. kr. Af því er reyndar tæplega helmingur í eitt verkefni, þ.e. Landeyjahöfn. Greinilega á að fresta tilteknum hluta framkvæmda við höfnina til að ná þessum sparnaði inn og ekki liggur fyrir í hverju það er fólgið, ekki liggur fyrir hvað búið er að binda í samningum, það kemur ekki fram í þessum gögnum. Síðan eru um 260 millj. kr. í önnur samgönguverkefni, ósundurgreint, sem er auðvitað mikilvægt að fá upplýsingar um í hverju er fólgið.

Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að ég tel að það sé einmitt mikilvægt þegar við stefnum inn í jafnmikið atvinnuleysi og raun ber vitni að við reynum að halda uppi framkvæmdum, m.a. í samgöngumálum, sem eru sennilega einar arðbærustu framkvæmdir sem hægt er að fara í í samfélaginu. Mér er því lífsins ómögulegt að skilja af hverju þær eru skornar svona mikið niður. Af 25 milljörðum eða þar um bil, sem voru í upphaflegu frumvarpi til fjárlaga, eru 5–6 milljarðar skornir niður í breytingartillögum ríkisstjórnarinnar. Það er um 20% til 25% niðurskurður. Það er ekki lítill niðurskurður á svona stórum lið.

Einnig er lagt til að taka út framlög í Fjarskiptasjóð 100%. Lagt er til að sú fjárheimild, 410 millj. kr. á árinu 2009, falli algjörlega niður og allri frekari uppbyggingu verði frestað. Á sama tíma er rætt um mikilvægi þess að efla fjarskipti því að þau geti verið liður í uppbyggilegri atvinnustarfsemi vítt og breitt um landið, hvers konar fjarvinnslu, möguleikum fólks til að stunda fjarnám o.s.frv. Þá er þessi liður tekinn í heild sinni og skorinn burt. Ég velti fyrir mér hvað reki fólk áfram með slíka forgangsröðun.

Virðulegi forseti. Ég held að ekki hafi farið fram neitt sérstaklega ítarleg umræða á vettvangi þingmanna stjórnarflokkana um það sem hér er á ferðinni. Eins og ég hef þegar sagt þá held ég að menn hafi einungis tekið við plaggi úr fjármálaráðuneytinu og ekki sé um sérstaka pólitíska yfirlegu að ræða hvað varðar forgangsröðun — ef svo hefur verið tel ég forgangsröðunina alla vega alranga.

Ég ætla að leyfa mér að nefna aðeins umhverfismálin. Umhverfisráðuneytið er eitt smæsta ráðuneytið í fjárframlögum. Samkvæmt upphaflegu frumvarpi til fjárlaga voru aðeins 1,5% af útgjöldum ríkisins ætluð umhverfisráðuneytinu og stofnunum á vegum þess en það á samt að bera um 4% af niðurskurðinum, þ.e. þrisvar sinnum meira en nemur hlutdeild ráðuneytisins og málaflokka sem því tengjast í fjárlögunum sjálfum. Það gefur líka vissar vísbendingar um þær áherslur og það mat sem einkennir tillögur ríkisstjórnarflokkanna. Í umhverfisráðuneytinu eru verkefni skorin niður, sum hver ekkert um óskaplegar upphæðir en nokkrar eru þó teknar. Ég vek athygli á Náttúrufræðistofnun en til hennar áttu að fara 70 millj. kr. sem skipta miklu máli fyrir þá stofnun og eru hátt hlutfall, og ég nefni fjölmörg önnur verkefni, Umhverfisstofnun um 50 millj. kr. sem er líka tiltölulega hátt hlutfall þar. Þetta á væntanlega við verkefni sem lúta að þjóðgörðunum sem margir telja að geti orðið býsna mikilvægur liður í atvinnuuppbyggingu okkar, þ.e. þjóðgarðarnir okkar, friðlýst svæði og ferðaþjónustan.

Ég held því að þegar öllu er á botninn hvolft aukist vandinn frekar með þessum mikla niðurskurði í stað þess að reynt sé að mæta vandanum og draga úr sveiflum í efnahags- og atvinnulífinu en það hefur einkennt það sem komið hefur frá ríkisstjórninni. Við munum að sjálfsögðu, ég vænti þess að við fáum tækifæri til þess, ræða einstaka liði betur þegar þeir koma til umfjöllunar í nefndinni. Ég vil sérstaklega ítreka það sem ég hef sagt varðandi samgöngumálin. Þar er stór niðurskurðarpakki í tillögum ríkisstjórnarinnar og óhjákvæmilegt, og annað í raun óviðunandi, að það fái umfjöllun á vettvangi samgöngunefndar. Hv. formaður samgöngunefndar, hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, hafði uppi um það stór orð að hún mundi ekki una því að frumvarp til fjárlaga kæmi til 2. umr. öðruvísi en að samgöngupakkinn hefðir verið ræddur þar. Við það hefur ekki verið staðið en ég vona samt sem áður að þetta mál komi þar til umfjöllunar áður en frumvarpið verður afgreitt endanlega héðan úr þinginu sem fjárlög fyrir árið 2009 ef meiningin er að afgreiða þau á næstu dögum sem ég reikna með að stjórnarþingmenn hafi ímyndað sér að gæti orðið.

Í lokin vil ég árétta það sem komið hefur fram í máli þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs: Við teljum að hér sé um svo miklar breytingar að ræða á fjárlagafrumvarpinu að í raun sé nýtt fjárlagafrumvarp á ferðinni. Það hefði því verið eðlilegt að það hefði fengið þinglega meðferð sem slíkt, í þremur umræðum og að fjármálaráðherra hefði mælt fyrir því og fært fyrir því sín rök enda er frumvarpið frá honum komið, þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir eru komnar frá ríkisstjórninni og hafa ekki verið unnar á vettvangi fjárlaganefndar.

Ég geri ekki lítið úr því, frú forseti, að blikur eru á lofti í atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar á næstu missirum. Ég geri ekki lítið úr því að erfitt er að standa frammi fyrir því að þjóðarframleiðslan dragist jafnmikið saman og gert er ráð fyrir og spáð á næsta ári, með því tekjutapi sem það hefur í för með sér fyrir opinbera aðila. Að sjálfsögðu eru fyrstu viðbrögð manna að reyna að skera niður í rekstrinum á móti til þess að mæta þessu mikla tekjutapi og það er líka krafa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að það sé gert. Það er sú aðferðafræði sem hann hefur ástundað hvarvetna þar sem hann hefur komið að málum og hefur víða gefist afspyrnuilla, haft þveröfug áhrif á við það sem til stóð. Það hefur magnað vandann sem við er að glíma í efnahags- og atvinnulífi þeirra ríkja þar sem hann hefur farið höndum um efnahagsmálin.

Því miður virðist mér allt benda til að það sama muni gerast hér. Í stað þess að við reyndum í gegnum fjárlögin að örva atvinnulífið, reyna að koma hjólum atvinnulífsins á sæmilega ferð og draga úr þeim miklu erfiðleikum og geigvænlegu áhrifum sem kreppan hefur á okkur Íslendinga á

næstunni með markvissum aðgerðum til uppbyggingar, til framkvæmda í þjóðhagslega arðbærum verkefnum, til þess að draga úr atvinnuleysi — því miður er sú leið ekki farin og ég harma það að sjálfsögðu. Ég tel jafnframt að við þessar aðstæður hefði átt að taka sér góðan tíma til að leggjast yfir það í sameiningu á vettvangi Alþingis og þeirra þingnefnda sem hér starfa með hvaða hætti við komum okkur best út úr þeirri stöðu sem við erum komin í. Ekki bara með því að henda hér inn hráum breytingartillögum um blóðugan niðurskurð vítt og breitt um samfélagið heldur fara rækilega yfir það í sameiningu og ræða forsendurnar á bak við, ræða aðrar hugmyndir. Við þurfum að spyrja: Hvað gerist ef við gerum ekki þetta heldur hitt? Enginn tími hefur gefist í slíka vinnu sem þó hefði verið nauðsynlegt ef hér hefði átt að vera einhver marktæk umræða um fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár.

Við Íslendingar erum vissulega í erfiðri stöðu vegna þeirra atburða sem átt hafa sér stað að undanförnu. Mér finnst að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna hafi aðallega beint sjónum að því og vakið máls á því í málflutningi sínum að fyrst og fremst þurfi að taka á þessari stöðu og vinna sig út úr henni. Menn hafa ekki viljað kannast við ábyrgðina á því hvernig komið er eða að minnsta kosti hafa þeir reynt að vísa henni frá sér. Ég er þeirrar skoðunar — um það get ég reyndar verið sammála hæstv. utanríkisráðherra sem tjáði sig um það mál hér í andsvörum í dag — að það sé hin afleita efnahagsstjórn undanfarinna ára sem eigi stóran þátt í því hvernig komið er í íslensku þjóðarbúi. Ég get verið sammála því og þess vegna botna ég alls ekki í þeim hinum sama ráðherra að hafa leitt þá sem þannig héldu á málum til áframhaldandi valda í íslensku samfélagi.

Það er að minnsta kosti alveg ljóst í mínum huga að eins og þjóðin hefur brugðist við þeirri stöðu sem nú er uppi, með málflutningi, með mótmælum og í skoðanakönnunum, þá hefur hún gefið það sterklega til kynna að hún kunni ekki að meta þá stefnu sem hér ríkir við landstjórnina og vilji fá á henni breytingu. Þessi krafa, sem endurómar um allt samfélagið, hlýtur að hafa ratað inn í raðir stjórnarflokkanna. Menn hljóta að vera býsna hugsi yfir því í hve litlum takti þeir eru við þjóð sína sjálfa. Enda hefur það svo sem komið fram líka að forustumenn stjórnarflokkanna vita ekki alltaf hvenær þeir eru að tala við þjóðina eða hvar hún er stödd (Gripið fram í.) eða hvort það er einhver þjóð til að tala við.

Þetta er að sjálfsögðu áhyggjuefni vegna þess að þrátt fyrir allt viljum við halda því fram að við búum í lýðræðissamfélagi og í lýðræðissamfélagi þarf að hlusta á raddir þjóðarinnar og ástunda lýðræðisleg vinnubrögð, það þarf að tryggja að sjónarmiðin komi fram, að þau eigi greiða leið inn í umræður og þann vettvang þar sem ákvarðanir eru teknar. Það á m.a. við hér á Alþingi og í störfum okkar á Alþingi, ekki bara í þingsal við formlega umræðu líkt og þá sem hér fer fram heldur líka í störfum þingnefndanna. Það hefur því miður skort og ég kalla eftir því að menn standi við stóru orðin um breytt vinnulag.

Því var heitið, eins og ég hef þegar nefnt, af formanni fjárlaganefndar, hv. þm. Gunnari Svavarssyni, að vinnubrögð yrðu breytt. Forseti Alþingis boðaði það einnig þegar hann tók við sem forseti að breytt vinnubrögð yrðu í þinginu. Því miður sjáum við ekki neitt slíkt í tengslum við hið stóra mál sem nú er til umfjöllunar, sem er fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2009. Því miður sáum við ekki votta fyrir breyttum og vandaðri eða faglegri og lýðræðislegri vinnubrögðum í umræðunni um stórmál hér í haust, eins og í umræðu um fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða heimild til ríkisstjórnarinnar til að leiða til lykta ágreininginn við Breta út af Icesave-reikningunum — það er skömm að því að við skulum sitja uppi með það eins og við gerum, það er stór þáttur í því hversu erfitt er að láta enda ná saman í fjárlögum fyrir árið 2009.

[21:49]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir efnisríka ræðu. Við hv. þingmaður höfum verið kollegar í sveitarstjórnum um langt árabil og mér þykir yfirleitt skemmtilegra að hlusta á þingmenn sem hafa verið í sveitarstjórnarmálum. Það er kannski út af því að ég er svo sjálfhverfur í þessum efnum.

Ég boðaði hér vissulega miklar breytingar og ég fór yfir það í ræðu minni í dag að það breytingaferli hefði tekist um margt með ágætum í störfum fjárlaganefndar. Ég hef verið talsmaður þess að styrkja yfirferð þingsins á lokafjárlögum, taka til umfjöllunar allar stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar, auka samskipti þingsins og undirstofnana þess, að upplýsingarnar kæmu fyrr og mikilvægast væri að fjárlaganefndarsviðið fengi með beinum hætti aðgang að upplýsingakerfum ríkisins til að yfirfara og stemma og rýna fjárveitingar sem til staðar eru, einnig að leggja áherslu á framkvæmd fjárlaga og eftirlit með E-hluta stofnunum og slíku.

Ég get alveg tekið undir það að síðustu vikurnar hefur örlítið fjarað undan þessum vinnubrögðum. Ég hef hins vegar reynt mitt besta í þessu og sagði það í andsvari við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur í dag að þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð eru ekki öðrum til eftirbreytni.

Ég vil líka örlítið víkja að útsvarsmálunum. Við 3. umr. er gert ráð fyrir því að fram komi breyting, að mér skilst, varðandi tekjustofna sveitarfélaga sem heimili þeim að hækka útsvarið um 0,25 prósentustig þannig að tekjuskatturinn fari upp um 1,25, og 0,25 af því fari þá inn í jöfnunarsjóðinn til að bæta fasteignaskatta hvað varðar ríkiseignir (Forseti hringir.) í sveitarfélögunum.

[21:51]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessi svör sem hann kemur með, m.a. varðandi útsvarið sem ég hafði sérstaklega gert að umræðuefni. Ég dreg ekki eitt augnablik í efa góðan vilja hv. þm. Gunnars Svavarssonar til þess að bæta vinnubrögð í þinginu og ég dreg heldur ekki í efa að hann hafi lagt sig fram um það í vinnu fjárlaganefndar og þar hafi margt batnað í hennar vinnu. Það breytir ekki því að í stóru máli eins og fjárlagafrumvarpinu sjálfu, þó að við séum hér við óvenjulegar og erfiðar aðstæður, verða menn að reyna að tryggja eins lýðræðisleg og vönduð vinnubrögð og unnt er.

Það er Alþingi sem hefur með höndum fjárveitingavaldið, fjárheimildavaldið. Þó að ríkisstjórnin vinni fjárlagafrumvarp og komi með sínar tillögur verður hún að gefa þinginu nægilegt ráðrúm til að fjalla um það á sínum eigin forsendum og ekki ætlast æ ofan í æ til þess að mál séu afgreidd hér á einhverjum sérstökum leifturhraða. Þingmenn sem eru í forustu fyrir þingnefndir eins og fjárlaganefndina verða einfaldlega að segja við framkvæmdarvaldið að það verði að gefa nefndinni viðunandi tíma til að fjalla um málin, ekki bara fjárlaganefndinni heldur að þegar svo viðamiklar breytingar koma fram á öllum málasviðum verði að gefa fagnefndunum tækifæri til þess að gera það líka.

Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það að við höldum áfram þingstörfum þessa viku og þess vegna næstu eða séum hér í vinnu milli jóla og nýárs eins og gengur og gerist á vinnumarkaði til að fjalla um þessi stóru mál, það er ekkert sem kemur í veg fyrir það. Á sama tíma er verið að demba hér inn alls konar málum (Forseti hringir.) á síðustu mínútum sem maður áttar sig ekki á af hverju verið er að gera með þeim hraða sem raun ber vitni.

[21:53]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla örlítið að halda áfram að svara spurningum hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar. Hvað varðar umferðarstofumálin er gríðarlegt fall í sértekjum stofnunarinnar sem þar af leiðandi birtist í tekjuhluta frumvarpsins og kemur á móti í gjaldahliðina. Það þýðir auðvitað þó nokkurn samdrátt hjá stofnuninni á móti. Tekjufallið er gríðarlegt vegna þess að nýskráningum bíla hefur fækkað mjög mikið á milli ára.

Einnig bendi ég þingmanninum á að kynna sér hagrænu skiptinguna á stofnframkvæmdum á bls. 185 í fjárlagafrumvarpinu, þar er hægt að skoða hvernig viðhalds- og stofnframkvæmdirnar koma fram og varpa myndinni yfir á samdráttartillögurnar eins og þær birtast frá ríkisstjórninni.

Ég vil taka undir með báðum þingmönnunum Steinunni Valdísi Óskarsdóttur og Árna Þór Sigurðssyni að umræddar samgöngutillögur þurfa að fara til samgöngunefndar og fá þar umræðu.

Að lokum vil ég líka segja það að ég sem formaður fjárlaganefndar vík mér ekkert undan þeirri ábyrgð að bera hér fram umrætt nefndarálit sem felur í sér tillögur ríkisstjórnarinnar. Það var hins vegar ákvörðun fjárlaganefndar að færa til 3. umr. umfjöllun um ýmis önnur stór mál og munu þau þá birtast við 3. umr.

Að sama skapi ætla ég ekki að víkja mér undan því að funda hér alla daga og jafnvel yfir jólin. Minn stærsti galli er að vera vinnualki og þess vegna hefur mér aldrei þótt erfitt að vera einhvers staðar við vinnu þó jafnvel að það séu jól.

[21:55]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var ekki ætlun mín sérstaklega að kalla fram einhverjar svona persónulegar játningar hv. þingmanns hér í ræðustól, en gott og vel, hann kaus að upplýsa um það.

Ég þakka fyrir þetta og þakka fyrir það að formaður fjárlaganefndar telur eðlilegt að stórir málaflokkar eins og samgöngumálin fái umfjöllun á vettvangi samgöngunefndar. Ég vek líka máls á því að aðrar reglur gilda um 3. umr. fjárlaga en um 2. umr. Það að vísa stórum nýjum málum til 3. umr. þar sem minna svigrúm er til umfjöllunar og lýðræðislegra skoðanaskipta finnst mér bagalegt nema menn geri þá eitthvert samkomulag, þingflokkarnir, sín í milli um að vegna þessara sérstöku aðstæðna sem hér hafa skapast verði að viðhafa annars konar umræðuform eða lengri umræðutíma við 3. umr. en þingsköpin strangt til tekið gefa til kynna, enda er heimild í þingsköpunum til að víkja frá ákvæðum um ræðutíma ef samkomulag er um það á milli þingflokka.

Ég mælist því til þess að hv. formaður fjárlaganefndar ræði það við forustu þingsins að viðhafa þá, vegna þessara aðstæðna, a.m.k. sömu ákvæði um ræðutíma við 3. umr. fjárlaga og við 2. umr.

[21:57]

Útbýting:

Fjárheimild til nýrrar sjúkratryggingastofnunar, 242. mál, fsp. ÁI, þskj. 356.

Vinnubrögð við gerð fjárlaga, 241. mál, þáltill. ÁKÓ, þskj. 355.

[21:57]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég tek hér til máls þar sem ég hafði fyrirvara um álit hv. félagsmálanefndar til hv. fjárlaganefndar. Fyrirvari minn sneri að safnliðum, ég hef alltaf verið á móti því fyrirbæri og tel að tíminn sem nefndarmönnum gefst til að kanna einstaka liði sé allt of skammur til þess að mynda sér einhverja skoðun auk þess sem Alþingi á sjálft að endurskoða og bera ábyrgð á þeim fjárveitingum sem framkvæmdarvaldið fær. Og hver ber ábyrgð á fjárveitingum sem Alþingi sjálft ákveður?

Þá sakna ég þess í fjárlagafrumvarpinu, frú forseti, að stóra liði vantar. Það er af ýmsum ástæðum. Til dæmis vantar hlutafé í bankana. Það hefur verið sagt að það verði 385 milljarðar, gæti verið minna. Ef erlendir aðilar kæmu inn, þá gæti það orðið minna, en það eru ekkert mjög stórar líkur á því.

Síðan vantar inn Icesave-reikningana. Þar gæti verið krafa á bilinu frá núll og upp í 600 milljarða, kannski líkleg 150 milljarðar. Það vantar líka.

Svo vantar vexti á IMF-lánið. Það er enn þá óljósara. Það er ekki víst að við þurfum að draga á það og þá eru engir vextir, en ef við drögum á það eru það 4% vextir og það bítur líka í, fjögur komma eitthvað. Það er eiginlega eini innlendi vandinn vegna þess að það má segja að ummæli breskra ráðamanna hafi valdið bankahruninu. Icesave-reikningarnir eru gallar í regluverki Evrópusambandsins sem við erum þvinguð til að taka upp með sameiginlegu átaki Evrópusambandsins. Lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum má segja að sé til að mæta jöklabréfunum og vandamálum sem þau skapa í gengi krónunnar og þar er óljóst hvaða vexti við þurfum að taka. Það hefur líka valdið því að við settum upp reglur um gjaldeyrisviðskipti.

Að síðustu eru það lánardrottnarnir sem segja að ef við ekki gerum eitthvað gott við þá getum við gleymt því að taka lán næstu 20–30 árin. Ég er ekki alveg svo sannfærður um það en það er líka liður sem er algjörlega óljós.

Þessa sakna ég en ég held að fjárlagafrumvarpið þurfi að finna meðalveg milli þess að skattleggja ekki um of og þess að viðhalda góðu velferðarkerfi. Það er okkar vandi og við þurfum að gæta að því að mesta auðlind þjóðarinnar, mannauðurinn, hverfi ekki úr landi því að allir græða á því að hann haldist í landi, bæði Bretarnir, Hollendingarnir, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og lánardrottnarnir.

[22:00]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni Pétri H. Blöndal fyrir þessa ræðu. Ég leyfi mér að þakka honum líka fyrir að standa í fæturna í þessu máli. Hann er formaður í efnahags- og skattanefnd þingsins og ég get borið því vitni sem nefndarmaður í þeirri nefnd að hann hefur gert allt sem í hans valdi hefur staðið til að kalla eftir upplýsingum þannig að við höfum forsendur til að byggja á þegar við tökum til við að ræða fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár. Við stöndum frammi fyrir miklum erfiðleikum, Íslendingar. Ég hef tekið eftir því hér við umræðuna að kallað hefur verið eftir því hvað stjórnarandstaðan vildi til bragðs taka, sérstaklega þegar við höfum reitt fram gagnrýni á hendur ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum hér á þingi.

Hvað var það sem vildum til bragðs taka og hvað viljum við núna taka til bragðs? Þegar sá mikli vandi varð okkur öllum augljós í byrjun októbermánaðar lögðum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fram þá tillögu við oddvita ríkisstjórnarflokkanna að mynduð yrði þjóðstjórn, að allir stjórnmálaflokkar á þingi kæmu að því sameiginlega að leysa vandann. Við kölluðum eftir breiðu samráði í þjóðfélaginu almennt þar sem að kæmi verkalýðshreyfing, samtök atvinnurekenda, almannasamtök önnur og með því móti yrði mynduð eins konar þjóðarsátt um þær lausnir og þær ráðstafanir sem gripið yrði til. Þessu var hafnað.

Við vildum líka að Íslendingar reyndu að standa í fæturna sameiginlega gagnvart ógnunum að utan. Þá er ég að horfa til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, upphaflega að sjálfsögðu til bresku ríkisstjórnarinnar og síðan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem tók upp hanskann fyrir Breta. Þetta gekk því miður ekki eftir.

Innan stjórnarmeirihlutans voru vissulega þeir aðilar sem vildu sýna staðfestu. Ég nefni þar hv. formann efnahags- og skattanefndar, ég nefni ýmsa í fjárlaganefnd líka, ég ætla ekki að alhæfa um allan stjórnarmeirihlutann í þessu efni, menn skulu njóta sannmælis. Hins vegar tók ég eftir því á hvaða stundu það var sem Samfylkingin brast. Það var þegar hún gerði sér grein fyrir því að Evrópusambandið stæði með Bretum. Þetta er sú reynsla sem ég hef haft á undanförnum árum hér í þinginu að jafnan þegar kemur inn í þingnefndir eða hingað inn í þingsal mál sem byggir á tilskipunum eða ákvörðunum í Brussel frá Evrópusambandinu hættir Samfylkingin að ræða málin. Þetta er bara orðinn hlutur. Við þekkjum það úr nefndum þingsins. Þannig hefur það verið.

Ég hef lýst því yfir að ég sé því fylgjandi að íslenska þjóðin geri út um það í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort hún gangi inn í Evrópusambandið eður ei. En ég er sannfærður um það og ég sannfærist æ betur um að því yrði hafnað. Hvers vegna? Vegna þess að Íslendingar láta ekki beygja sig á þann hátt sem Evrópusambandið vill gera. Það er enn til sá þráður, enn það bein í okkur að við kyssum ekki á vöndinn með þessum hætti. Ég spyr: Hvernig stendur á því að íslenska ríkisstjórnin hefur ekki hreyft því á fundum sínum í Stjórnarráðinu að segja okkur úr Atlantshafsbandalaginu? Hvernig stendur á því að stjórnarflokkarnir, og þá sérstaklega Samfylkingin, tala um það í alvöru að Íslendingar sæki um aðild að Evrópusambandinu á sama tíma og eitt helsta aðildarríki bandalagsins, Bretland, hefur okkur á lista yfir hryðjuverkaþjóðir og beitir okkur þvingunum á þann hátt sem við verðum núna vitni að? Halda menn að Lúðvík Jósepsson hefði tekið ofan hattinn á sínum tíma? Halda menn að Íslendingar hefðu unnið sín landhelgisstríð með þessa hugsun? Ímyndar sér einhver það? Nei. Þá voru vissulega til þær raddir á Íslandi sem sögðu að nú værum við að sigla inn í óvissusjó. Það er alveg rétt en menn stóðu saman og menn stóðu í fæturna. Það er þessa sem ég sakna þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar er annars vegar í þessu máli.

Þegar við höfum þessa umræðu um fjárlagafrumvarpið var gert ráð fyrir því að fjárlagahallinn yrði yfir 200 milljarðar, 215–220 milljarðar. Hvers vegna var það ekki látið standa? Jú, það var vegna þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem hefur tekið völdin á Íslandi fyrirskipaði niðurskurð um 45 milljarða kr. (**Iðnrh.:** Ekki í iðnaðarráðuneytinu.) Um 45 milljarða kr. Og við vitum hver forgangsröðunin er í almannatryggingum. Í fyrsta skipti sem reynir á nauðvörn öryrkja og aldraðra sem sett var í lög eftir miðjan 10. áratuginn um að sú vísitala skyldi halda sem væri hærri, neysluvísitala eða launavísitala, (**Iðnrh.:** 20% …) nemur Samfylkingin hana á brott. (**Iðnrh.:** 20% …) 25%, fjórðungur þeirra sem hafa viðurværi sitt úr almannatryggingum halda sínu, þrír fjórðu hlutar eru skertir um 10%. (**Iðnrh.:** Lækkuðum þau aftur.) Þetta er Samfylkingin (Gripið fram í.) sem kallar sig jafnaðarmannaflokk, það er hún sem lætur sig hafa þetta. Það er hugsað svo aumt og svo lágt, að nú sé verið að verja hina lægst launuðu innan almannatrygginga, innan Tryggingastofnunar ríkisins.

Þetta er forgangsröðun jafnaðarmannaflokks Íslands. Og það er önnur forgangsröðun sem birtist okkur á forsíðu *Morgunblaðsins* í dag þar sem boðað er að fólk verði krafið um aðgangseyri fyrir að leggjast sjúkt inn á Landspítalann í Reykjavík og inn á sjúkrahúsin í landinu. Menn ætla að setja á annan milljarð á sjúklinga til að hafa upp í skuldirnar sem Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn eru að skrifa á íslensku þjóðina.

Síðan horfa menn á fjárlagahallann, en ég spyr: Hver er þessi halli í raun? Hver er hann? Þekkjum við hann? Nei, við þekkjum hann ekki. Hv. þingmaður, oddviti okkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárlaganefnd, hv. þm. Jón Bjarnason, (Gripið fram í.) og aðrir fulltrúar úr stjórnarandstöðu í fjárlaganefnd beindu spurningum til meiri hlutans, til framkvæmdarvaldsins, um hverjar spár lægju fyrir um komandi missiri og ár. Og vitið þið hver

svörin voru? Svörin voru á eina lund: Það er komið undir því hvað Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir, hvað IMF segir. Þetta segir í svörunum og menn geta lesið það í minnihlutaálitinu. Þetta er veruleikinn.

Þeir sem hafa staðið vörð um leyndina og allt þetta rugl koma síðan hingað í pontu, í ræðustól á Alþingi, og spyrja okkur: Já, en hvað er það sem þið viljið gera? Og við segjum: Við viljum fá að þekkja forsendurnar áður en gripið er til þess að rukka sjúklinga um aðgang að Landspítalanum, áður en farið er að skera niður við ellilífeyrisþega og öryrkja í almannatryggingum. Það er það sem við viljum. Þess vegna segi ég, hæstv. forseti: Þessi umræða er marklaus, hún er móðgun við lýðræðið, það er móðgun við Alþingi að bjóða okkur upp á þetta. En það er ekki nóg með að óvissan sé mikil, vegna þess að við þekkjum ekki hvaða skuldbindingar verið er að setja á okkur, það er líka glundroðinn og ruglið í Stjórnarráðinu. Við urðum vitni að því í morgun sem sátum sameiginlegan fund félagsmálanefndar og heilbrigðisnefndar þingsins. Hvað kom þar fram? Jú, um komandi áramót, núna eftir hálfan mánuð, á að taka til starfa stofnun sem heitir Sjúkratryggingastofnun. Hvernig á hún að taka til starfa? Það veit enginn. Það er hins vegar búið að ráða forstjóra, það er byrjað að kljúfa almannatryggingar Tryggingastofnunar ríkisins í herðar niður í teoríu. En það veit enginn hvernig praxísinn á að vera að öðru leyti en einu, bara þessi klofningur á að kosta fjórðunginn úr milljarði, ekki bara einu sinni, heldur á hverju einasta ári á komandi árum. Þeir hinir sömu og eru nú að skerða tryggingabætur fyrir aldraða og öryrkja hlaða upp kostnaði af þessu tagi.

Þeir eru að setja skatt á þjóðina upp á á annan milljarð fyrir nýja stofnun sem heitir Varnarmálastofnun og á að verja okkur fyrir loftárásum einhverra ímyndaðra óvina þegar þær varnir sem við þurfum nú á að halda eru gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, gagnvart Evrópusambandinu og gagnvart vesaldómnum á þessum bekkjum hér, ráðherrabekknum, hjá meiri hlutanum á Alþingi, hjá Samfylkingunni og Sjálfstæðisflokknum sem skipa þennan meiri hluta. Og það er alvarlegasta váin, vesaldómurinn, hvernig menn geta aldrei staðið í fæturna. Þeir þora þá einvörðungu að ráðast gegn þeim sem geta ekki varið sig, láglaunafólkinu, þeim sem þiggja bætur og hafa viðurværi sitt úr almannatryggingum. Það er ráðist á þá og nú á að fara að rukka sjúklinga, veikt fólk sem lendir á sjúkrahúsi á Íslandi. Þetta eru ráðstafanir ríkisstjórnarinnar.

Svo koma menn hingað upp og spyrja: Hvað er það sem þið viljið gera? Ég byrjaði á að svara: Við viljum fá að þekkja forsendurnar, við viljum fá að vita hvað þið ætlið að gera í útlöndum, upp á hvaða skuldbindingar þið eruð að fara að skrifa. Gætuð þið upplýst okkur um hvað varð um 200 milljarðana sem fóru í peningamarkaðssjóðina?

Við erum að tala um halla upp á tæpa 200 milljarða. Ég hef margoft spurt eftir þessu hér í þinginu. Hvað varð um peningana? Á hvaða forsendum var þeim ráðstafað? Gætum við rætt það? Viljið þið skýra það nákvæmlega fyrir okkur? Á þing og þjóð ekki rétt á því (Gripið fram í.) áður en farið er að skera niður við fátækt fólk á Íslandi og níðast á sjúku fólki? Komið hingað upp og skýrið okkur frá því hvað þið hafið gert við peningana. (**Iðnrh.:** Rætt utan dagskrár í síðustu viku.) Rætt utan dagskrár í síðustu viku? (Gripið fram í.) Það er þetta sem við viljum ræða. Þetta er ástæðan fyrir því að við teljum þessa umræðu marklausa. Þetta er bara rugl.

Við upplifðum þetta einnig í haust. Þegar frumvarpið kom upphaflega fram var sýnt hvert stefndi. Hvað gerði hæstv. fjármálaráðherra Íslands, hæstv. fjármálaráðherra Árni Mathiesen? Hann flutti hér ræðu sem sennilega hefur verið skrifuð í apríl, kannski var eitthvað liðið á sumar. Hann sagði að það væri svo gleðilegt og gaman að tala fyrir þessu frumvarpi því að það stefndi í svo mikið góðæri á Íslandi. Hér var allt í himnalagi. Við, í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, lögðum til — því miður voru ekki aðrir stjórnarandstöðuflokkar sammála okkur um það — að umræðunni yrði skotið á frest, þetta væri bara rugl og vitleysa. Andæfir því einhver núna? Nei, enginn. (Gripið fram í.) En er þetta ekki sama ruglið, hv. formaður fjárlaganefndar? Ég leyfi mér að spyrja. Í þeim gögnum sem liggja fyrir kemur fram að óvissan er svo gígantísk að við vitum ekkert hverjar tekjur ríkisins á komandi ári verða og það sem meira er, við höfum ekki hugmynd um hvaða skuldbindingum verið er að hlaða á íslenska skattgreiðendur, ekki bara á komandi ári, heldur komandi árum. Ekki bara á þessa kynslóð, heldur næstu kynslóðir einnig. Þetta eru staðreyndir málsins og þess vegna höfum við spurt hér við umræðuna og kallað eftir því hvort ekki væri ráð að við gripum til lágmarksráðstafana, fengjum lágmarksheimildir til að fleyta okkur fram á næsta ár, þegar við hefðum traustari forsendur til að byggja á og reyndum þá að gera eitthvað af viti og þá hugsanlega saman. Helst saman, það er ekkert sem við vildum fremur. Halda menn að við höfum ekki áhyggjur af því sem er að gerast innan velferðarþjónustunnar? Haldið þið að við höfum ekki áhyggjur af því þegar hæstv. fjármálaráðherra, Árni M. Mathiesen, sendir bréf til allra velferðarstofnana á Íslandi þar sem hann hvetur þær til að skera niður um 10%? Hæstv. heilbrigðisráðherra neitaði hér á þingi að þetta hefði verið gert, en við erum með gögn sem sýna að hann þakkaði stofnunum sem gripu til slíkra ráðstafana eða sýndu með hvaða hætti þær ætluðu að skera niður. Við erum með gögn sem sýna þetta svart á hvítu þó að því hafi verið neitað hér í sölum Alþingis. Þetta eru staðreyndir málsins.

Við höfum lýst því yfir á undanförnum mánuðum og missirum að í mikið óefni stefndi hjá heilbrigðisstofnunum landsins og þær hefðu búið við fjársvelti á undanförnum árum. Ríkisendurskoðun hrósar Landspítalanum fyrir framleiðniaukningu, þ.e. að vinna hvert verk fyrir minni peninga, og þegar forsvarsmenn sjúkrahússins, áður en þeir voru reknir — það eru allir reknir núna sem leyfa sér að andæfa — sögðu: Við getum ekki gengið lengra, komumst ekki lengra, voru þeir látnir fara. En ef skera á áfram að niður, hvert stefnir þá? Jú, það stefnir í þetta. Fólk á Íslandi hættir ekki að verða veikt og þurfa að leggjast inn á sjúkrahús og leita aðhlynningar eða læknismeðhöndlunar. Það verður greitt fyrir meðhöndlunina, það verður gert. Spurningin er: Hver á að borga, sá heilbrigði eða sá veiki? Ríkisstjórnin er að komast að niðurstöðu um það að í auknum mæli eigi það að vera hinn sjúki. Það er það sem á að gera. Reikningurinn verður eftir sem áður greiddur, það á að borga reikninginn. Ég spyr: Er þetta það sem Íslendingar

vilja? Nei, Íslendingar hafa komist að þeirri niðurstöðu að við eigum að greiða fyrir heilbrigðisþjónustuna meðan við erum vinnufær og aflögufær en ekki bíða eftir að verða veik og vera þá rukkuð. Það er aðferðafræði Samfylkingarinnar, jafnaðarmannaflokks Íslands, sem hefur bakkað Sjálfstæðisflokkinn upp og sent inn í heilbrigðisráðuneytið einkavæðingarsinna úr röðum íhaldsins til að byrja að rusla þar til. Við sjáum núna árangurinn, ekki bara í vafasamri stefnu heldur í ótrúlega slælegum vinnubrögðum sem m.a. birtust í þessari uppákomu í morgun, á sameiginlegum fundi heilbrigðisnefndar og félagsmálanefndar þingsins.

Þar saka ég ekki hæstv. félagsmálaráðherra eða félagsmálaráðuneytið, heldur fyrst og fremst yfirganginn í hæstv. heilbrigðisráðherra og því ráðuneyti sem er að leiða til stóraukins kostnaðar fyrir íslenska skattgreiðendur og stóraukins óhagræðis. (**Iðnrh.:** Kvartmilljarður á ári.) Kvartmilljarður á ári bara í stjórnunarkostnaðinn, á ári, á hverju einasta ári. Gera menn sér grein fyrir þessu? Ég bara spyr.

Það eru ekki bara heilbrigðisstofnanirnar sem koma til með að blæða, í dag birtist frétt frá Fangelsismálastofnun og ég tek hana sem dæmi. Ég er ekki byrjaður á að tala um menntakerfið, það er reyndar þegar búið að tala um það og ég horfi hér á hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur sem á eflaust eftir að segja nokkur orð um menntakerfið. Ég er að tala um Fangelsismálastofnun og hvað fangelsismálastjóri Páll Winkel segir í fjölmiðlum í dag. Hann bendir á að sú fjárveiting sem yfirfullum fangelsum er ætluð samkvæmt þessu frumvarpi muni hafa í för með sér stórfelldan niðurskurð. Hvað þýðir það? Það þýðir að fólk sem á að sitja innan múra fangelsa kemur ekki til með að sitja þar. Það er bara staðreynd. Viljum við það?

Viljum við að veikt fólk fái ekki aðhlynningu, komist ekki inn á sjúkrahúsin nema gegn rukkun? Er það virkilega þetta sem við viljum?

Nú skal ég byrja að svara þegar spurt er: Hvað er það sem þið viljið?

Jú, í fyrsta lagi viljum við fá skýrar forsendur fyrir fjárlögin, í öðru lagi segi ég að við eigum að horfast í augu við mikinn halla á fjárlögum. Við eigum að beina fjármagni lífeyrissjóðanna á komandi missirum og árum í að styrkja innviði samfélagsins og horfa nú heildstætt á þjóðfélagið. Gerum það sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur beðið um á undanförnum árum þegar menn hafa gortað af því hér í þingsölum hve lítið ríkissjóður skuldi. Þá höfum við sagt: Horfum heildstætt á þjóðfélagið. Þegar allt kemur til alls þurfum við sameiginlega, sem samfélag, sem þjóð, að taka áföllunum. Það er það sem er að gerast núna. Þess vegna eigum við ekki bara að horfa á fjárlagahallann og alls ekki að láta nota mikinn fjárlagahalla sem afsökun fyrir niðurskurði á velferðarþjónustunni og veikingu á innviðum samfélagsins. Horfum á alla skuldastöðuna, á Icesaveskuldirnar, horfum á IMF-skuldirnar, horfum á allan pakkann, vegna þess að hann kemur til með að verða fjárlagahalli komandi ára.

Menn hafa mikið velt því fyrir sér innan lífeyrissjóðanna og ég hef oft spurt þeirrar spurningar sjálfur hvort hægt væri að geyma peninga. Er hægt að geyma peninga? Ég held að það sé röng hugsun að telja sér trú um að maður geti sett pening í sparigrís uppi í hillu og tekið hann niður eftir 20 ár og notað hann þá. Það er ekki hægt vegna þess að hann er geymdur í efnahagskerfinu. Peningurinn er geymdur í efnahagskerfinu. Hin raunverulega verðtrygging Íslands syndir í sjónum í kringum okkur, það er verðtrygging íslensku þjóðarinnar og ef okkur vegnar illa efnahagslega munum við aldrei geta notið ávaxtanna af því sem við leggjum fyrir, aldrei.

Þetta gildir líka á heimsvísu og nú höfum við orðið vitni að því að peningunum sem settir voru í sparigrísinn var stolið, þeir voru teknir. Hvernig getum við þá geymt peninga? Ég segi: Vel notaðir peningar eru vel geymdir. Peningar sem eru notaðir til að styrkja samfélagið og innviði þess, eru vel geymdir. Þess vegna skulum við núna beina fjármagni lífeyrissjóðanna í stórauknum mæli til sveitarfélaga, þeim til aðstoðar og uppbyggingar, til ríkisins, því til aðstoðar og uppbyggingar, til að efla okkur sem samfélag, efla menntakerfið og heilbrigðiskerfið, búa betur að öldruðum, betur að ungu fólki sem er að afla húsnæðis — þá gerum við þjóðfélagið sterkt. Þá verður það líka aflögufært þegar fram líða stundir. Þannig eigum við að hugsa, ekki sem taparar. Lítum svo á að við séum að hefja nýja sókn. Það var fátæk þjóð sem byggði upp öflugt, kröftugt velferðarþjóðfélag á 20. öld. Það var ekki gert af neinum allsnægtum. Það var gert upp úr örbirgðinni.

Þannig eigum við að hugsa, hvernig við getum samnýtt krafta okkar til að byggja upp en það gerum við ekki með þeirri aðferðafræði sem boðuð er í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar sem byggir á bölsýni og því að níðast mest á þeim sem minnst hafa. (**Gripið fram í:** Mest?) Ég spyr: Hvernig stendur á því að Samfylkingin skrifar upp á það hjá Sjálfstæðisflokknum að settur verði 1% flatur tekjuskattur á alla þjóðina í stað þess að byrja á því að setja á hátekjuskatt sem Samfylkingin hefur oft talað fyrir? Hún hefur gert það, hún hefur talað fyrir þrepaskiptum skatti en núna leggst hún flöt undir íhaldið.

Hvers vegna ekki að hækka fjármagnstekjuskattinn? Hvers vegna ekki að þyngja skattinn á þeim sem eru aflögufærir og létta hann á hinum? Gera menn sér grein fyrir því að tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hafa gengið út á að hækka fjármagnstekjuskatt en jafnframt koma á skattleysismörkum upp á, að því er mig minnir, 120 þús. kr. hefðu það í för með sér að á milli 80 og 90% þeirra sem nú borga fjármagnstekjuskatt mundu ekki borga neitt? Það eru hinir aflögufæru sem mundu borga meira. Þetta er okkar pólitík, þetta er það sem við viljum gera. Við viljum jafna kjörin í landinu og það er þetta sem fólk er að segja á útifundunum, fólkið sem fyllir Austurvöll viku eftir viku og kemur saman í Háskólabíói, þ.e. við viljum réttlæti. Nú viljum við réttlát skipti. Við viljum lýðræði og við viljum gagnsæi. Við viljum pukrið burt og þess vegna segi ég: Það er ekki sæmandi fyrir ríkisstjórnina eða ríkisstjórnarflokkana að bera fram fjárlagafrumvarp sem byggir á pukri. Það er allt undir huliðshjúp. Það er verið að tína í okkur smám saman hverjar hafa verið skipanir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Fyrst var okkur sagt að hann hefði ekki sett nein skilyrði. Hvað gerist svo? Ekki voru liðnir margir klukkutímar frá því að skýrt var frá því að stýrivextir hefðu verið hækkaðir um 50%. Hvers vegna? Að skipan Alþjóðagjaldeyris-

sjóðsins. Hvers vegna er farið niður með fjárlagahallann um 45 milljarða? Að skipan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hvers vegna er ekki hægt að fá upplýsingar um tekjuáætlun fram í tímann? Jú, þeir hafa ekki heyrt það frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þetta segir hér í gögnunum, við erum með þau fyrir framan okkur.

Við höfum afsalað okkur fullveldinu. Það er það sem hefur gerst. Við höfum afsalað okkur fullveldinu að hluta til í allt of ríkum mæli, tel ég, og það finnst mér áhyggjuefni.

Ég veit ekki hvaða dæmi önnur ég á að taka úr þessu fjárlagafrumvarpi til að sýna fram á það sem við teljum ranga forgangsröðun. Það er hægt að telja þau mörg og benda á aðferðafræðina líka, hina flötu niðurskurðaraðferðafræði sem að vísu kom ekki frá fjárlaganefnd þingsins, heldur fyrst og fremst úr fjármálaráðuneytinu, sennilega án vitundar fjárlaganefndar. Það væri gaman að fá það upplýst hér á eftir frá formanni nefndarinnar hvort það hefði verið í samráði við hann sem formann fjárlaganefndar að hæstv. fjármálaráðherra Árni Mathiesen sendi út tilskipun um miðjan nóvembermánuð þar sem hann óskaði eftir því að allar stofnanir í landinu, allar velferðarstofnanirnar, hæfust handa við að skera niður um 10%. Ég hef nú skoðað gögnin um hvernig þær forgangsraða og því miður er það í allt of ríkum mæli án þess einu sinni að ræða við starfsfólkið. Það gerist víða í heilbrigðisstofnunum, niðurskurður í launum og kjörum er boðaður og fólk fært niður í starfshlutfalli án þess að boðað sé til fundar með stéttarfélögunum og heyrt hvaða sjónarmið þau kunna að hafa. Það er nefnilega þannig á Íslandi að allir gera sér grein fyrir því að nú þurfum við sameiginlega að taka á. Allir gera sér grein fyrir þessu. Það er mjög ríkur vilji fyrir því í þjóðfélaginu (**Iðnrh.:** Og á þá ekki að draga saman í ríkisrekstrinum?) að gera það. Ekki að draga saman í ríkisrekstri? Jú, sums staðar, t.d. að leggja niður Varnarmálastofnun. Hún á að kosta 1,2 milljarða kr. Það á að draga verulega úr fyrirhuguðum umsvifum Sjúkratryggingastofnunar, ég vil fá að átta mig á því áður en ég geng lengra hvað það hefði í för með sér að leggja stofnunina af, en draga verulega úr umsvifum hennar þegar nú hefur verið upplýst að það kostar fjórðung úr milljarði á ári að framfylgja kerfisbreytingunum sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur flumbrast til að koma í gegnum þingið.

Þá segi ég: Nú er sönnunarbyrðin á ykkur, kæru stjórnarmeirihlutamenn í þinginu. Sönnunarbyrðin er ykkar að sýna okkur fram á að þetta sé nauðsynlegt, að þetta sé réttlætanlegt og að þið komið til með að spara skattborgurum peninga, að sannfæra okkur um að aukið hagræði verði af þessum breytingum. Hvernig ætlar stjórnarmeirihlutinn að réttlæta fjórðung úr milljarði á ári með þessum kerfisbreytingum sem forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins sagði reyndar í dag að væri vanmetið, þetta væri miklu meira. Þetta væru miklu meiri fjármunir. Ég skal svara hæstv. iðnaðarráðherra þegar hann spyr hvort ekki eigi að draga saman í ríkisrekstrinum: Sums staðar. Sums staðar á að þenja út, sums staðar á að auka útgjöldin, gagnvart fötluðum, öldruðum og sjúkum, inni í menntakerfinu, í Fangelsismálastofnun — (**Iðnrh.:** … allt …?) já, þá er ég kominn með allt. Þar horfir hæstv. iðnaðarráðherra á fjárlagahallann einan, en hann gleymir einu. Hann gleymir vinum okkar hjá Evrópusambandinu, hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem eru með margfaldan hallann á fjárlögum ríkisins, að koma honum upp á axlir skattborgara samtímans og næstu ára. Það er sú staðreynd sem við erum að reyna að benda ykkur á og vörum við. Það er stöku þingmaður í stjórnarmeirihlutanum sem kemur auga á þetta og hefur burði til að standa hér upp og segja það. Ég hef nefnt einn, hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hann hélt ræðu á undan mér og talaði um þessar skuldbindingar. Hann benti t.d. á, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, að ekki væri vitað hver vaxtabyrðin yrði af IMF-lánunum. Hver er hún? Getur hann svarað mér því? Getur verið að hún verði eftir tvö ár orðin tvö til þrjú háskólasjúkrahús á ári? Getur það verið? (**Gripið fram í:** Hugsanlega.) Hugsanlega? Þetta er stærðargráðan og hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans verða að átta sig á því þegar þeir spyrja hvað það sé sem við ætlum að gera að þeir verða að geta svarað okkur. Hverjar eru þær skuldbindingar sem stjórnarmeirihlutinn og ríkisstjórnin eru að setja á herðar okkar? Sönnunarbyrðin hvílir ekki á okkar herðum, heldur ykkar. Þið eruð með frumvarp hér, þinggögn þar sem þið svarið engum slíkum spurningum. Þið skjótið út í loftið á alla lund og leyfið ykkur síðan að beina þessum fráleitu spurningum til okkar. Fráleitu. Sönnunarbyrðin hvílir hjá ykkur.

Hvernig ætlar hv. þm. Kristján Júlíusson að réttlæta fjórðung úr milljarði fyrir að kljúfa Tryggingastofnun ríkisins í herðar niður og búa til stofnun sem búið er að ráða forstjóra í, að sönnu, en enginn veit síðan um framhaldið? Hvernig ætlar hann að réttlæta þetta? Vill hann gjöra svo að koma hér í pontu á eftir? Ég auglýsi eftir honum í andsvari til að skýra fyrir okkur hvernig hann réttlætir þessi útgjöld fyrir íslenska skattgreiðendur.

Hvernig réttlæta þingmenn Samfylkingarinnar það að sjúklingar sem leggjast inn á Landspítalann verði rukkaðir fyrir að fá þar aðhlynningu? Vilja hv. þingmenn Samfylkingarinnar gjöra svo vel að koma hingað upp (**Iðnrh.:** Já, ég skal gera það.) og skýra fyrir okkur hvers vegna á að gera þetta? Já. (Gripið fram í.) Vill hæstv. iðnaðarráðherra þá líka skýra fyrir okkur hvers vegna í fyrsta skipti sem reynir á nauðvörn aldraðra og öryrkja í almannatryggingakerfinu — (**Iðnrh.:** Þá heldur hún.) Að einum fjórða til, fjórðungurinn. (Gripið fram í.) Þrír fjórðu þeirra sem fá viðurværi sitt úr almannatryggingum munu sæta skerðingu. Samfylkingin leggur þetta til, sami flokkur og segir að nú eigi að fara að borga fyrir að leggjast inn á spítala.

Þetta eru fjárlögin í hnotskurn, og sönnunarbyrðin hvílir ekki hjá okkur. Hún hvílir hjá stjórnarmeirihlutanum, hún hvílir hjá Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni.

[22:40]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er af sérstakri væntumþykju um þennan þingmann og virðingu við hans glæsta feril og því af prinsippástæðum að ég segi aldrei að hann haldi vitlausar ræður. Ég ætla ekki að segja að þessi ræða hafi verið vitlaus en málefnaleg var hún ekki og víðs fjarri sannleikanum í ákaflega mörgum atriðum var hún.

Það er algjörlega rangt hjá hv. þingmanni að það sé verið, eins og hann sagði, að níðast á þeim sem verst eru settir.

Þeir sem reynt er að verja í þessu frumvarpi eru þeir sem lakast eru settir. Það er staðreyndin. Þar sér hv. þingmaður stað þeirrar jafnaðarstefnu sem við höfum reynt að færa inn í þessa ríkisstjórn.

Þegar hv. þingmaður belgir sig út um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og segir að hér sé farið með duld og leynd um mál vísa ég hv. þingmanni á það þingskjal sem hér lá frammi, sem honum var sagt frá, alveg eins og formanni hans var sagt frá löngu á undan öllum öðrum þingmönnum hér, a.m.k. í stjórnarandstöðunni. Þar komu þessi skilyrði fram og það er rangt hjá hv. þingmanni að því hafi verið haldið fram af okkur að engin skilyrði fylgdu. Við sögðum alveg skýrt löngu fyrir fram að það væri skilyrði hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir liðsinninu að hækka vexti. Sömuleiðis greindum við frá því að hann gerði ákveðin skilyrði árið 2010 um niðurskurð á gjöldum ríkissjóðs. Það skiptir kannski ekki máli. En þegar hv. þingmaður spyr hvort það geti verið að vaxtagjöld ríkissjóðs verði 2–3 háskólasjúkrahús eftir einhver ár er það ekki ríkari ástæða en ella til að skera niður?

Hv. þingmaður, ég er þeirrar skoðunar að við höfum ekki gengið nógu langt í niðurskurði. Ég var þeirrar skoðunar að það mætti skera lengra niður. Hv. þingmaður nefndi hluti eins og Sjúkratryggingastofnun og stjórnsýslukostnað, ég er honum sammála um það, eins og Varnarmálastofnun, ég er honum sammála um það. Við tókum t.d. út loftrýmiseftirlitið eins og hv. þingmaður (Forseti hringir.) vildi hér áður.

Hv. þingmaður kemur hér og talar um hátekjuskatt. Hvar á að setja hann? Hann hefur einungis symbólskt gildi. Hvert tekjuskattsstig skilar 7 milljörðum en hvað ætlar hv. þingmaður að geta tekið út úr hátekjuskatti? Og hvar ætlar hann að setja mörkin? Segi hann mér það, þá skal ég hugsanlega taka undir það ef hann getur útfært það.

[22:43]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er aldrei gott að skoða heiminn úr mjög þröngu músarholusjónarhorni. Mér finnst hæstv. ráðherra gera það. Hann spyr: Hvar vill hv. þingmaður skera niður? (**Iðnrh.:** Það er ekki spurningin.) Nú, spurði hann ekki að því? (**Iðnrh.:** Nei, það var ekki spurningin.) Ég heyrði ekki betur en að sú væri spurningin. (Gripið fram í.) Það sem málflutningur minn byggir á er að horfa — já, hvers vegna er það þá ekki gert? Hvers vegna er ekki Varnarmálastofnun skorin niður? (Gripið fram í.)

Ég er að hvetja til þess að við horfum á heildarskuldbindingar okkar, þ.e. skuldbindingar sem ríkisstjórnin, Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin, eru að setja á herðar okkar með lántökum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, með lántökum annars staðar, með því að undirgangast fyrirskipanir og þvinganir Evrópusambandsins, Breta fyrst og síðan Evrópusambandsins. (Gripið fram í.) Þetta er ávísun á fjárlagahalla komandi ára og er miklu stærra mál en það sem við erum að glíma við núna. Þess vegna segi ég að í stað þess að horfa á fjárlagahallann núna er stóra málið að reyna að skyggnast inn í framtíðina og gera ekkert sem veldur því að skuldirnar yrðu meiri en þær gætu ella orðið ef við héldum betur á málum. Það er þarna sem ég hef tekið undir með stöku manni úr stjórnarmeirihlutanum. Ég vísaði t.d. á ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals í þessu efni.

Ríkisstjórnin hefur því miður kiknað í þessu máli en einblínir núna á þau úrræði sem hv. þingmaður gerir að umræðuefni, þ.e. fjárlögin og hvernig hægt verði að skera niður í útgjöldum ríkisins núna. (Forseti hringir.) Ég sakna þess þá að sjá ekki þær staðhæfingar sem við heyrðum frá hæstv. iðnaðarráðherra um niðurskurð. Ég veit ekki (Forseti hringir.) betur en hæstv. forsætisráðherra hafi hótað því í dag (Forseti hringir.) að hann mundi mæta í næstu viku með frekari niðurskurð.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Ég bið menn að virða ræðutímann.)

[22:45]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég veit ekki hvað hv. þingmaður á við þegar hann segir að einhver launung sé yfir því hverjar heildarskuldir ríkissjóðs verði líklega á næstu árum. Það hefur komið fram í ræðum hæstv. forsætisráðherra og tvisvar í ræðum mínum. Ég geri ekki kröfu um að hv. þingmaður hlusti á þær en hann ætti alla vega að hlusta á það sem hæstv. forsætisráðherra segir þegar hann er spurður út í þetta af stjórnarandstöðunni.

Komið hefur fram að það er líklegt að þær skuldir sem hv. þingmaður talar um geti numið landsframleiðslu eins og hún var. Hv. þingmaður segir síðan að ríkisstjórnin hafi tekið einhverja sérstaka ákvörðun, væntanlega til að níðast á þjóðinni og stjórnarandstöðunni, um að axla þessar skuldir.

Hvað heldur hv. þingmaður, sem er forustumaður bæði í lífeyrissjóðum og verkalýðshreyfingunni, að gerist þegar ríkissjóður er rekinn með halla? Þá skapast skuld. Menn þurfa að mæta henni með því að taka lán og það lán þarf að greiða. Mundi hv. þingmaður gera það með einhverjum öðrum hætti? Hv. þingmaður fer beinlínis fram á að slíkar lántökur verði meiri með því að óska eftir því að hallinn verði meiri.

Hv. þingmaður veit ósköp vel um þær skuldir sem líklegt er að við þurfum með einhverjum hætti að taka á okkur vegna Icesave-málsins. Hv. þingmaður veit um þá 2,2 milljarða dollara sem við tökum að láni og notum líklega vegna lánsins frá IMF. Vonandi þurfum við ekki að nota þær lánalínur sem að auki bjóðast okkur frá ýmsum vinaþjóðum okkar. Þetta getur hv. þingmaður lagt saman.

Hv. þingmaður getur síðan lesið ræður forsætisráðherra. Hann getur lesið gögn sem hans eigin formaður hefur lesið upp úr, t.d. samkomulagið, eða viljayfirlýsinguna, við Hollendinga. Þá getur hann gert sér vaxtabyrðina í hugarlund. Ég get ekki sagt honum nákvæmlega hver hún er núna vegna þess að við erum að reyna að lækka hana en hv. þingmaður getur gert sér grein fyrir því og þá er hann ekki ýkja fjarri því sem hann sjálfur hefur verið að tala um hér í kvöld.

Þá spyr ég hv. þingmann: Er það ekki ærin ástæða til að ganga fram (Forseti hringir.) af nokkurri hörku varðandi niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs? Nei, segir hv. þingmaður. (Forseti hringir.) Hann vill auka við lántökurnar og þar með vill hann auka við vaxtabyrðina, auka byrðarnar sem

(Forseti hringir.) kynslóðir komandi tíma eiga að axla. Það er það sem hann er að segja.

[22:48]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Stóru, þungu vaxtabyrðarnar á komandi árum eru ekki vegna hallans á ríkissjóði núna. Þær eru vegna lántöku sem við göngumst undir vegna skuldbindinga okkar erlendis, sem ríkisstjórnin er að skrifa undir samkvæmt skipunum (Gripið fram í.) Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það er það sem við bendum á og hæstv. iðnaðarráðherra virðist ekki geta skilið.

Hann virðist geta skilið það eitt að skera eigi niður í velferðarþjónustunni. Hann réttlætir frumvarpið sem hér liggur fyrir. Tóku menn eftir því hvað einn helsti oddviti Samfylkingarinnar sagði? Hann sagði: Hlustum á hæstv. forsætisráðherra, (Gripið fram í.) Geir H. Haarde, formann Sjálfstæðisflokksins. Ég spyr: Er ekki tími til kominn að fara að hlusta á samvisku jafnaðarmanna? (Gripið fram í.) Er ekki tími kominn til þess?

Ég segi: Ef menn gerðu það gripu menn til annarra ráðstafana en að skerða bætur almannatrygginga og rukka sjúkt fólk sem leggst inn á sjúkrahús landsins, inn á Landspítala. Þá legðu menn ekki á 1% jafnan flatan skatt, menn settu á hátekjuskatt. Menn reyndu að jafna kjörin í landinu, létta byrðum af þeim sem minnst hafa (Gripið fram í.) og hækka álögur hjá þeim sem meira hafa. Það er þetta sem ég segi og beini því til hæstv. iðnaðarráðherra: Hlustaðu á rödd samvisku þinnar. (**Iðnrh.:** Hvað er að 1% í skatti? Þú varst …)

[22:50]

Útbýting:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 243. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 357.

[22:50]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Nú er genginn í salinn hæstv. forseti Alþingis, Sturla Böðvarsson, og þá ber vel í veiði. Ég spyr: Hversu lengi hafa menn hugsað sér að halda þessari umræðu áfram? Nú er nokkuð liðið á kvöld, klukkuna vantar átta mínútur í ellefu og ekki nema rúmur klukkutími eftir af þessum sólarhring. Enn munu átta manns vera á mælendaskrá og sú sem hér stendur er ein af þeim.

Svo vill til, herra forseti, að þingmenn þurfa á nætursvefni að halda. Boðaðir hafa verið nefndafundir í fyrramálið og dagskrá fram eftir kvöldi annað kvöld, bæði vegna atkvæðagreiðslna og umræðna um fjáraukalög. Ég hlýt að spyrja hæstv. forseta: Hvenær fá þingmenn nætursvefn í kvöld?

[22:51]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna athugasemda hv. þingmanns er rétt að geta þess að engar athugasemdir voru gerðar við það í upphafi þessarar umræðu að fundi yrði haldið áfram fram yfir klukkan átta eins og reglur og lög gera ráð fyrir. Enn eru margir þingmenn á mælendaskrá og forseti hefur ekki gert ráð fyrir öðru en að þeir fái tækifæri til að tjá sig. (**ÁI:** Hvenær ...) Það fer allt eftir því hversu lengi er talað.

[22:52]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil staðfesta, eins og við öll hljótum að gera, að í upphafi þessarar umræðu var ekki gerð athugasemd við að umræðum yrði haldið áfram eftir klukkan átta eins og hæstv. forseti komst að orði. Ekki er þar með sagt að menn hafi fallist á að vera hér langt fram á nótt.

Nú er liðið undir miðnætti, klukkutími í það að vísu. Við teldum eðlilegt að halda umræðunni áfram enn um sinn en að henni yrði lokið um miðnæturskeið. Hæstv. forseta er kunnugt um þessi sjónarmið okkar frá því á fundi þingflokksformanna með hæstv. forseta fyrr í dag. Hæstv. forseti féllst ekki á þau sjónarmið en þau voru (Forseti hringir.) sett fram af okkar hálfu.

[22:54]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það er mjög líklegt að forseta sé kunnugt um þau sjónarmið sem hv. þm. Ögmundur Jónasson kynnti hér fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þau eru mér hins vegar algjörlega framandi. Enginn maður í þessum sal hefur jafnmikla reynslu af því að vera í stjórnarandstöðu með VG og einmitt sá sem hér stendur. Það gerðist aldrei þegar við snerum saman bökum í viðureign við þá sem þá héldu um valdatauma að nokkur maður léti sér koma til hugar að koma í ræðustól og kvarta undan því að langt væri liðið á kvöld þegar klukkan er ekki einu sinni orðin ellefu. Við byrjuðum aldrei á því fyrr en í fyrsta lagi þegar klukkan sló tólf og við heyrðum klukkuna í Dómkirkjuturninum gjalla.

Að öðru leyti verð ég að segja, með virðingu fyrir hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að hann hefur engin málsefni til að óska eftir því að umræðum sé hætt eftir að hann hefur flutt jafnsnjalla og ögrandi ræðu og hann flutti hér áðan sem var full af staðhæfingum sem þarf að svara. Ég vænti þess að hv. þingmaður ætli ekki að meina þeim þingmönnum stjórnarliðsins, hugsanlega ráðherrum, sem óska eftir að taka hér til máls að reyna af veikum burðum að hrekja þær (Forseti hringir.) með því að reka þá heim til að sofa núna. Það væri af og frá og ekki í samræmi við virðingu hv. þingmanns fyrir málfrelsi og skoðanafrelsi. Við látum það ekki bíða (Forseti hringir.) fram á nýjan dag.

[22:55]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Við vildum fyrst og fremst sýna fyrirhyggju, benda á að við værum því samþykk að halda umræðunni áfram enn um sinn en andvíg því að fara með hana inn í nóttina. Fróðlegt var að heyra hæstv. iðnaðarráðherra boða komu ráðherra til þessarar umræðu eins og hann gerði áðan. Ég vek athygli hæstv. forseta á því að við munum taka upp þráðinn hér ef hæstv. forseti bregður ekki á það ráð að fresta þingfundi um miðnætti.

[22:56]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég hefði getað gefið hæstv. forseta merki og fallið frá ræðu minni, sérstaklega eftir síðustu ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar og vegna yfirferðar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs á fjárlagafrumvarpinu, þeir hafa farið yfir aðdraganda og stöðu málsins. Þrátt fyrir að margt hafi komið fram hef ég samt sem áður ákveðið að létta á hjarta mínu.

Ég skal viðurkenna, hæstv. forseti, að mér er mjög þungt yfir þeirri stöðu sem við erum í nú. Ég er sannfærð um að ég tala fyrir hönd mjög margra sem eru þungir í lund, líður illa, eru reiðir, örvilnaðir og vita í raun ekki hvar þeir standa.

Við erum í 2. umr. um fjárlög fyrir árið 2009. Þau fjárlög eru unnin í skugga hruns íslenska bankakerfisins. Hægt er að segja hruns íslenska bankakerfisins þó að í dag starfi sparisjóðir og nokkrir minni bankar því þrír höfuðbankar landsins féllu á einu bretti og ríkissjóður tók yfir.

Við höfum lifað í mikilli óvissu um stöðu bankanna, um inneignir okkar sem einstaklinga, fyrirtækja, lífeyrissjóða — hvort við fáum út úr bankakerfinu aftur það sem við áttum inni í því. Hvað sé tapað, hvað verði endurgreitt og hvenær það verði endurgreitt. Við erum í raun vanmáttug og skiljum varla hvernig svona getur gerst eftir allan þann mikla darraðardans, dansinn í kringum gullkálfinn, sem staðið hefur yfir á undanförnum árum.

Okkur hefur verið talin trú um að við sem þjóð séum vel menntuð — sem við erum — að ríkissjóður og bankakerfið standi vel, að bankastarfsmenn okkar hafi verið öðrum snjallari og hið íslenska fjármálaundur hafi verið eitthvað sem aðrir gætu lært af, alla vega var það orðin útflutningsgrein hjá okkur.

Almenningur horfði á og hreifst með enda gagnrýndu fáir þetta mikla fjármálaundur þar sem allt varð að peningum, að minnsta kosti í bankakerfinu og hjá fjármálastofnunum. Aftur á móti var erfiðara að fá gott verð fyrir framleiðsluafurðir þar sem íslenska krónan var hátt skráð og þau ár voru erfið fyrir útflutningsgreinarnar.

Í bankakerfinu blómstraði allt og fólkið hreifst með og margir settu sig í skuldir sem auðvelt er að flokka undir óráðsíu eða það að lifa um efni fram. En margir voru líka að koma sér þaki yfir höfuðið og fjárfestu annaðhvort í fasteign eða spöruðu. Sparnaðurinn getur nú verið horfinn og fólk átt í erfiðleikum með að borga af húsnæði sínu og lánum.

Þetta er staðan sem við stöndum frammi fyrir í dag. Auk þess er heimskreppa á fjármálamörkuðum sem varð alveg örugglega til þess að við fengum þessa blautu tusku, hrun bankanna, framan í okkur fyrr en búast mátti við. Ekki gat dregist mjög lengi að spilaborgin hryndi, en hún hrundi ekki spil af spili heldur steyptist um koll og kom þar af leiðandi svo flatt upp á okkur.

Við horfum líka á og reynum að skilja hvað gerðist og hvaða afleiðingar það hefur haft fyrir íslenska þjóð að Landsbankinn hafði leyfi til að starfrækja útibú í Bretlandi og Hollandi og víðar og bjóða upp á sparireikninga fyrir einstaklinga, sveitarfélög, fyrirtæki og félög. Við hrun bankans tökum við með einum eða öðrum hætti — að hluta til vegna klúðurs og að hluta til vegna þess að við viljum ekki styggja hugsanlega samstarfsaðila okkar í Evrópusambandinu og hugsanlega vegna þess að við þorðum ekki að standa upprétt sem Íslendingar, sem þjóð, og standa á rétti okkar gagnvart Evrópuþjóðum og Bretum — á okkur alveg svívirðilegar skuldbindingar sem varla er hægt að ætlast til að við getum ráðið við. Talað er um að við höfum fallist á að greiða 600 milljarða kr. vegna Icesave-reikninganna.

Við erum ekki enn farin að undirbúa málsókn á hendur Bretum eða Evrópusambandinu vegna málsins. Við erum heldur ekki farin að undirbúa málsókn gegn Bretum út af hryðjuverkalögunum sem þeir settu á okkur.

Við afgreiðum fjárlagafrumvarp sem í raun og veru er ekki okkar, alla vega ekki Alþingis. Við erum með á pappírum nýtt frumvarp sem kemur frá ríkisstjórninni og er unnið eftir ramma sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sett íslenskum stjórnvöldum. Innan rammans er farið inn á þá braut að draga enn frekar úr opinberum framlögum til ríkisstofnana og þeim halla sem sýndur var á fjárlagafrumvarpinu sem var lagt fram í byrjun október. Sá halli var af ýmsum ástæðum en við vorum þá tilbúin til þess að — ríkisstjórnin lagði það frumvarp fram með yfir 200 milljarða kr. halla og sá fram á að með því mætti halda nokkurn veginn óbreyttum rekstri velferðarþjónustunnar og menntakerfisins.

Að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var skorið niður í nýju frumvarpi um heila 45 milljarða kr. og við það situr. Því hv. fjárlaganefnd hafði engin tök á og var ekki í neinni stöðu til að fara yfir tillögurnar sem komu til hennar frá fjármálaráðuneytinu, fjármálaráðherra. Ég lái þeim það ekki. Áhyggjur mínar snúast um þau vinnubrögð og þá stöðu sem við erum í en ekki fjárlaganefnd sem slíka eða þá sem þar sitja og reyna að vinna vinnuna sína. Fjárlaganefnd hefur ekki haft möguleika á að sinna hlutverki sínu í haust, hún hefur hvorki haft fjárlögin á sínu borði né tekið sér það vald að vinna með fjárlögin eins og hefði þurft að gera.

Það sem mér finnst líka vera miður í stöðunni er hvað Alþingi hefur misst ferilinn úr höndum sér. Fjárlög voru lögð fram á Alþingi, á ábyrgð Alþingis og fjárlaganefndar, en þegar talað var fyrir frumvarpinu daginn eftir að því var dreift var ljóst að það væri ónýtt plagg. Fjárlaganefnd hefur hvorki bolmagn né kraft til að geta tekið við og unnið að breytingartillögum. Enda veit ég ekki hvort það sé innan ramma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að fjárlaganefnd Alþingis sinni þessu hlutverki, heldur verður ríkisstjórnin að beygja sig undir það.

Enda eigum við, eins og kom fram í ræðu hæstv. iðnaðarráðherra, að hlusta á hæstv. fjármálaráðherra. Hann hefur boðað jafnvel enn meiri niðurskurð og aðhald í ríkisútgjöldum en birtust í breytingartillögunum. Það eru hann, forsætisráðherra og rammi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem ráða.

Ég er ósammála því að það skili okkur meiri árangri og sé betra fyrir okkur sem þjóð og fyrir ríkissjóð að skila minni fjárlagahalla á næsta ári. Að það muni um þessa 45 milljarða. Ef við skerum svo mikið niður að það hafi áhrif á grunnstoðirnar, sem við höfum byggt upp, eða á alla velferðarþjónustuna og menntakerfið, alveg frá leikskóla og upp úr, og drögum svo mikið saman að það hafi áhrif á stuðning við atvinnufyrirtæki og útflutningsgreinar og við

getum ekki stuðlað að frekari nýsköpun eða haldið úti öflugu framhaldsskólastigi, háskólastigi og rannsóknum er ég sannfærð um að við skjótum okkur í fótinn. Það mun skila okkur minnkandi tekjum á næstu árum.

Ef við höfum það mikil áhrif á velferðarþjónustuna að hún veikist og ef við skerðum kjör tekjulágs fólks, námsmanna og þeirra sem háðir eru lífeyrisgreiðslum það mikið að þeir verða háðir stuðningi sveitarfélaganna eða lenda í atvinnuleysi eða slíkum skerðingum, sem hafa áhrif á heilsu þeirra, fáum við til baka meiri útgjöld en á öðrum stöðum og það í velferðarkerfinu. Fólk missir heilsuna vegna langvarandi atvinnuleysis og það kemur þá niður af meiri þunga bæði á velferðarþjónustuna og ekki síður á stuðningsnet sveitarfélaganna. Því er hægt að spara svo mikið eða stuðla það mikið að því að halda niðri halla á ríkissjóði að það verði dýrara þegar upp er staðið.

Ég vil, hæstv. forseti, nú nefna hvers vegna mér er þungt fyrir hjarta út af stöðunni sem við erum í. Mér hefur fundist að við stöndum ekki upprétt sem Íslendingar eða sem stolt þjóð, eða eins og ein kona sagði við mig: Þuríður, mér er eiginlega alveg sama þó að ég hafi misst peningana mína. Mér er sárara um það að missa æruna. Hvers vegna höfum við ekki sent sendiherra Breta heim? Af hverju látum við bjóða okkur þetta?

Mér finnst svo erfitt að fara ekki í mál við þá sem við teljum og erum sannfærð um að kúgi okkur af því við erum svo fá og smá. Þessir vinir okkar í Evrópusambandinu sem nota smæð okkar til að fara gegn okkur. Bretar sem enn hafa ekki aflétt hryðjuverkalögunum af okkur. Hvaða rétt hafa þeir á að beita okkur slíku valdi og nota hryðjuverkalögin í þessu sambandi? Hafa þeir gert sér ljóst að fyrir þeirra tilstilli hrundi Kaupþing í Bretlandi endanlega?

Mér finnst ábyrgð þeirra vera mikil og sárt er að vita til þess að við stöndum ekki upp eins og við gerðum í landhelgisdeilunni. Við létum ekki þessa miklu og stóru þjóð með sín miklu og stóru herskip beygja okkur. Við fórum með litlu varðskipin okkar og unnum það stríð. Þótt við séum fá og smá getum við að minnsta kosti haldið höfði og sýnt að við látum ekki kúga okkur með því óréttmæti og eigum að bera okkar ábyrgð. En til þess þurfum við líka að hafa ábyrga ríkisstjórn, sem lætur ekki glepjast af gullkálfinum og hugsar ekki frekar um að fá tekjur af þeirri starfsemi bankanna sem fór fram erlendis en að huga að því og hlusta á varnaðarorð og setja girðingar þannig að ekki kæmi til þess að ábyrgð af starfsemi bankanna erlendis lenti á íslenska ríkinu.

Við þurfum líka að hafa ríkisstjórn sem er lýðræðislega sinnuð, hlustar á fólk, stendur fyrir opnu stjórnkerfi, styrkir eftirlitsstofnanir sínar og tekur gagnrýni. Það hefur komið í ljós betur og betur með hverjum deginum sem líður að regluverkið sem við áttum að hafa til þess að standa vaktina var mjög veikt og ógegnsætt. Við höfum leyft ótrúlega flóknu fjármála- og fjárfestingarkerfi að þróast, sérstaklega með tilliti til þess að í öllum þessum krosstengingum, þar sem fyrirtæki hafa keypt hvert í öðru, styrkt hvert annað og búið til fjármálaveldi þar sem í raun og veru var bara loft undir, höfum við alveg gleymt að horfa á undirstöðuatvinnugreinarnar sem eru í framleiðslu. Þær skapa okkur gjaldeyri sem er raunverulegur en ekki tilbúin loftbóla eins og verður þar sem sömu einstaklingarnir, sem eru í spámennsku og allt að því fjármálafíkn, skrúfa upp verðmæti í fyrirtækjum sem í raun og veru breyta ekkert eðli sínu eða starfsemi nema hækka í verði og nú er allt hrunið.

Í framhaldi af því sem nú hefur gerst verðum við að standa vörð um velferðarkerfi okkar og menntakerfi og við verðum að verja sérstaklega börn og unglinga, sjúka, aldraða og öryrkja. Við verðum að standa vörð um sveitarfélögin sem munu á komandi árum þurfa að taka á sig meiri félagslega þjónustu. Þau verða að vera það sterka net sem heldur utan um nærþjónustuna, miklu sterkari en hefur verið.

Því miður er í þessu fjárlagafrumvarpi ekki gert ráð fyrir að stefnt verði í þá átt. Í þessu frumvarpi er tiltölulega flatur niðurskurður í heilbrigðisþjónustunni þar sem má segja að fyrirtæki eða stofnanir á mismunandi sviðum skila langflestar einhverjum halla í lok þessa árs, sumar litlum en aðrar miklum. Mér sýnist það vera þumalfingursregla að í fjáraukalögunum, sem við höfum séð og talað verður fyrir á morgun, sé gert ráð fyrir að koma til móts við þennan halla sem nemur svona eins og tveimur þriðju af hallanum. Þessi halli og um það bil 10% niðurskurður á línuna fylgir stofnununum á næsta ári.

Það er ljóst að langflestar þessara stofnana hafa átt í miklum erfiðleikum. Búið er að spara inn að beini og í þessum daglega rekstri er mjög erfitt að spara meira öðruvísi en að skera niður þjónustu. Með því að fækka fólki eða skera niður þjónustu á öðrum sviðum, eins og hefur verið gripið til, í mat, lyfjum eða einhverju slíku.

Það sem er þó alvarlegast hvað varðar heilbrigðisþjónustuna er að það er augljóst að Landspítalinn og aðrar stofnanir geta ekki komist í gegnum rekstur næsta árs öðruvísi en að fara í verulega uppstokkun og hreinlega loka fyrir eða hætta ákveðinni þjónustu sem ekki hefur komið fram enn þá. Hvað varðar Landspítalann sem er með mesta niðurskurðinn, eðli sínu samkvæmt, blasir við að það verða teknir upp auknir sjúklingaskattar. Hugsanlega munu einnig verða tekin gjöld af fólki sem leggst inn til sjúkrahússdvalar, sem sé sólarhringsvistun eða innlögn, en ekki eingöngu því sem kemur inn á göngudeildir eða er á dagdeildum. Það er heldur ekki ljóst hvernig Landspítalinn ætlar að fara með ákveðna starfsemi sem ekki flokkast undir grunnþjónustu, hvort stofnunin tekur á það ráð að vísa ákveðinni þjónustu frá, bjóða hana út eða með hvaða hætti á að reka ýmsar greinar sem stofnunin sjálf flokkar ekki sem grunnþjónustu.

Við blasir sem sagt veruleg skerðing á Landspítalanum. Hugsanlega er hægt að sameina deildir eða hagræða frekar innan stofnunarinnar en það verður þó aldrei öðruvísi en það komi fram skerðing á þjónustu, lækkun launa, fækkun starfsfólks eða, sem blasir alveg við, auknir sjúklingaskattar.

Hæstv. forseti. Í nefndaráliti minni hlutans er farið mjög vel yfir þá vinnu sem fjárlaganefndin hefur unnið. Hér eru líka birtar spurningar og svör til hæstv. fjármálaráðherra eða fjármálaráðuneytisins. Þær eru mjög áhugaverðar og gefa betri lýsingu á því sem við stöndum nú frammi fyrir og hvernig má í raun og veru sjá fyrir sér aukið atvinnuleysi, lækkandi tekjur og minni opinbera þjónustu á næstu árum — á sviðum þar sem miklar heitstrengingar hafa verið

um að bæta, auka og styrkja innviði þjóðfélagsins og draga úr atvinnuleysi.

Ég er ein af þremur nefndarmönnum sem skrifa undir minnihlutaálit heilbrigðisnefndar. Þar förum við líka yfir afstöðu okkar til fjárlagafrumvarpsins eins og það lá fyrir þegar við fengum það í hendurnar eða fengum beiðni um að skrifa nefndarálit um tillögur sem við höfðum þá ekki séð. Þá lá eingöngu fyrir fjárlagafrumvarpið sem var lagt fram 1. október. Vitað var að þar stæði ekki steinn yfir steini og við vissum að forsendur frumvarpsins voru óljósar enda eru þær ekki komnar fram enn. Við höfðum ekki fjáraukalögin og tillögur þar um stuðning við heilbrigðisstofnanir þannig að erfitt var að sjá hvernig þær mundu koma út. Við sjáum þó núna að þær verða margar hverjar með skuldahala og niðurskurðarkröfu á bakinu á næsta ári.

Í nefndarálitinu nefnum við einnig þá stöðu sem er komin upp varðandi nýja stofnun, Sjúkratryggingastofnun, og þann mikla vanda sem blasir við. Þar virðist vera ýmist sambandsleysi eða yfirgangur, eða ég veit ekki hvaða nafn væri helst hægt að gefa þessu, því lögum um Sjúkratryggingastofnun hefur ekki verið framfylgt. Það er ekki það samráð í gangi sem átti að vera. Ekki er búið að skipta þessum stofnunum, Tryggingastofnun og Sjúkratryggingastofnun, upp með samningi eða samkomulagi og þar logar allt í óvissu. Það er mjög bagalegt, hæstv. forseti, því að Sjúkratryggingastofnun virðist stefna á að taka sér miklu meira sjálfstæði, þenjast meira út og verða mannfrekari en gert var ráð fyrir við afgreiðslu frumvarpsins um Sjúkratryggingastofnun.

Ég tel því að mjög mikilvægt sé að gengið verði frá samkomulagi á milli þessara nýju stofnana hið allra fyrsta, að öðrum kosti verði farið til baka og Sjúkratryggingastofnun sett það verkefni eitt að sjá um samninga við sérfræðinga og samningagerð fyrir heilbrigðisráðuneytið. Að minnsta kosti til að byrja með verði verkefni stofnunarinnar bundin við þann hluta einan. Það er ekki hægt að horfa upp á og vita til þess að deilur séu þarna á milli og að þessar tvær stofnanir sem verða að vinna vel saman geti ekki gert það sem skyldi.

Líta má til Sjúkratryggingastofnunar og umfangs hennar ef grípa á til einstakra sparnaðaraðgerða en ég vona að þessi deila leysist áður en til endanlegrar afgreiðslu fjárlaga kemur. Annars má líta til þess að draga úr umfangi stofnunarinnar.

Hæstv. forseti. Ég gæti sagt margt til viðbótar um stöðu þessa máls og hvert við stefnum. Skuldbindingar ríkisins eru mjög miklar og verða það á komandi árum. Það eru skuldbindingar út af lánum og ramma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, skuldbindingar sem við tökum á okkur út af Icesave-lánunum og hugsanlega fleiri lánum og lánalínum sem við þurfum að taka til þess að styrkja gjaldeyrissjóð Seðlabankans. Til þess að endurfjármagna lántökur þurfum við að halda áfram að taka lán til þess að greiða hugsanlega þau lán sem við höfum tekið.

Það sem ég sakna sárt í þessari vinnu við að fara yfir frumvarpið er að hafa ekki línurit eða graf til næstu tíu ára til að sjá hvernig lánin sem nú þegar hefur verið ákveðið að taka raðast niður. Hvernig afborganir af lánunum koma til með að verða og ekki síður hvernig vaxtabyrði þessara lána mun dreifast á næstu ár. Vaxtagreiðslur einar sér eru himinháar tölur, 70 til 100 milljarða kr. afborganir. Ef þetta er sá raunveruleiki sem við stöndum frammi fyrir, að vaxtagreiðslurnar einar sér geti legið á þessu bili, tel ég grafalvarlegt ef við fáum ekki að sjá það alveg skýrt þannig að þjóðin og við hér á hv. Alþingi getum gert okkur grein fyrir frammi fyrir hvaða vanda við stöndum, ekki bara við þessa fjárlagagerð heldur einnig á komandi árum.

Ég tek undir það sem hefur komið fram í máli hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að það er hugsanlega ekki hallinn á fjárlögum núna sem við þurfum að hafa dýpstar áhyggjur af. Við þurfum að hafa áhyggjur af afborgunum af þeim lánum og skuldbindingum sem við tökum á okkur, að við sjáum fram á að geta komist út úr þessu í framtíðinni. Til þess að það geti orðið verðum við að hlúa að atvinnugreinunum. Við verðum að hlúa að landbúnaðinum til þess að tryggja hér matvælaöryggi og sjávarútveginum svo við höfum þá auðlind sem við eigum að geta byggt á — ef við stefnum ekki inn í Evrópusambandið, hugsanlega með alvarlegum afleiðingum hvað varðar yfirráð yfir landgrunninu og landhelginni.

Við þurfum að horfa til þessara atvinnugreina og vaxtarsprota þannig að við getum með öllum ráðum eflt útflutning og atvinnu og hugað að fullvinnslu á matvörum og útflutningsgreinum á öllum sviðum. Við höfum núna í haust frá því að þessar manngerðu hamfarir skullu á okkur orðið vitni að ótrúlegum krafti í íslensku þjóðinni, hjá þeim sem hafa misst vinnuna. Fólk er fljótt að finna sér nýja atvinnumöguleika á mjög frumlegan hátt, margir birtast núna í sölu á ótrúlegustu hlutum. Maður vonar bara að áfram gangi vel með þessa framleiðslu sem er sjálfsprottin núna á haustdögum og hún geti orðið vísir að stærri útflutningsgreinum.

Það er þetta sem við þurfum að gera til þess að komast út úr þessu efnahagsástandi. Til að geta greitt þetta verðum við að standa vörð um íslenskan iðnað, íslenska framleiðslu og spara á eðlilegan hátt og vera hagsýn. Við verðum að spara eins og við getum en ekki þannig að við skerum niður velferðarþjónustuna og menntakerfið það mikið að við stöndum veikari eftir.

[23:33]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Ég taldi í umræðu um fjárlagafrumvarp síðasta árs að margt benti til þess að tekjufall gæti orðið á því ári sem nú er senn liðið. Ég vísaði þá til hinna kviku skatta, virðisauka- og fjármagnstekjuskatts, auk tekjuskatts á lögaðila. Það hvarflaði auðvitað ekki að mér frekar en öðrum að þau ósköp sem við stöndum nú frammi fyrir gætu dunið á okkur. Breytingin er ótrúleg, tekjufall ríkissjóðs hefur sennilega aldrei verið eins mikið. Í áföllum sem þessum er mikilvægt að öryggisnetið, velferðarkerfið sjálft, sé traust en það þarf fyrst og fremst að taka mið af þeim sem minnst hafa á milli handanna. Því miður er margt í velferðarkerfi okkar sem getur flokkast undir ákveðinn lúxus og við ákveðnar aðstæður verið fullkomlega réttlætanlegt. Nú er staðan hins vegar orðin sú að líta þarf ofan í hverja einustu matarholu.

Frumvarpið, eins og það liggur fyrir núna, ber keim af því að ríkisstjórnin virðist ekki átta sig á að bankakerfið á

Íslandi er hrunið. Niðurskurðurinn í þessum fjárlögum endurspeglar engan veginn þann samdrátt sem ríkissjóður lendir í á næstu árum. Ég tel hægt að gera miklu meiri gangskör í niðurskurðinum án þess að það bitni illilega á neinum. Hversu sárt sem okkur þykir það getum við ekki lifað í þessari afneitun. Ef ekki er almennilega tekið til hendinni við setningu fjárlaga 2009 verður sársaukinn enn þá meiri við gerð fjárlaga árið 2010. Ýmsar góðar tillögur hafa komið fram í þessari umræðu og greinilegt er að margir þingmenn, þó alls ekki allir, eru mér sammála um að það þarf að skera meira niður. Um leið er ljóst að margir þingmenn gera sér grein fyrir því að hér er um mikla jafnvægislist að ræða því að niðurskurðurinn má ekki ganga það langt að kreppan verði dýpri en nauðsynlegt er. Það getur þó ekki verið komið að endapunkti í niðurskurði þessara fjárlaga. Mikilvægt er að ríkisstjórnin geri sér það ljóst og komi með frekari tillögur.

Hæstv. forseti. Ég vil nú koma inn á nokkra liði fjárlagafrumvarpsins sem ég tel að gera mætti betur í hvað niðurskurð varðar. Hér eru aðeins nokkur dæmi. Þau eru miklu fleiri en mörg hver í sama dúr. Nokkrar stofnanir munu klárlega geta minnkað umsvif sín í ljósi minnkandi umsvifa í atvinnulífinu og vil ég nefna nokkrar sem dæmi: Skipulagsstofnun, Brunamálastofnun og Umhverfisstofnun sem allar heyra undir umhverfisráðuneytið. Í þeim er auðvelt að ná fram 100 millj. kr. sparnaði til viðbótar við tillögur ríkisstjórnarinnar.

Greiðslur vegna fæðingarorlofs ætti líka að endurskoða. Ég teldi það raunhæft markmið að upphæð sem eytt er í þennan lið tæki mið af fjárlögum ársins 2007 með uppreikningi verðlags dagsins í dag. Með þessari nálgun mætti spara yfir 2 milljarða.

Ég tel fráleitt að leyfa sér lúxus eins og aðstoðarmenn þingmanna við núverandi aðstæður. Þar mætti auðveldlega spara í kringum 60 millj. kr. Ráðstöfunarfé ráðherra er kannski ekki stór upphæð en vissulega táknræn aðgerð. Með því að slá það af mætti spara um 75 millj. kr. og um leið gera ráðherrum þann stóra greiða að þurfa ekki að eyða tíma í að deila út þeim fjármunum.

Með tiltölulega varfærnum aðgerðum mætti spara 150 millj. kr. til viðbótar með niðurskurði í Vatnajökulsþjóðgarði, í landgræðslunni, skógræktinni og ofanflóðavörnum.

Hér er aðeins um sýnishorn að ræða og ég tek fram að ég er ekki að beita mér neitt sérstaklega gagnvart þessu tiltekna ráðuneyti. Eins og ég segi er hér aðeins um lítið sýnishorn að ræða en ég á mun fleiri tillögur í handraðanum sem ég væri tilbúinn til að kynna fyrir fjárlaganefnd.

Við fjárlagagerðina er nauðsynlegt að liggja yfir hverri krónu og velta henni fyrir sér en þeir sem leggjast gegn niðurskurði eru að ávísa á komandi kynslóðir. Það kerfi sem nú er unnið eftir er algjörlega úr sér gengið og ef einhvern tíma er ástæða til að taka upp ný vinnubrögð er það núna. Af þeim sökum hef ég lagt fram þingsályktunartillögu sem liggur fyrir Alþingi, og ég vonast til að geta mælt fyrir fljótlega, um endurskoðun vinnubragða við gerð fjárlaga, þ.e. að tekin verði upp svokölluð núllgrunnsfjárlög. Það getur ekki gengið lengur að horfa eingöngu til þess hversu miklu hefur verið eytt í einstaka liði á undanförnum árum og bæta við þá eða lækka þá lítillega milli ára eftir því hvernig árferðið er hverju sinni. Þá er nýjum liðum bætt við reglulega án þess að mikill eða öflugur rökstuðningur sé þar að baki. Núllgrunnsfjárlagagerð er þekkt vinnuaðferð sem ýmsir horfa til í þeim tilgangi að draga úr sjálfvirku hækkunarferli sem núverandi fyrirkomulag hefur leitt af sér. Núllgrunnsfjárlög eru ekki lausn allra vandamála fjárlagagerðarinnar, gildi þeirra felst fyrst og fremst í því að vald er fært til. Ríkisstofnanir og ráðuneyti, sem eru stærstu notendur fjár úr opinberum sjóðum, verða að endurmeta og rökstyðja öll útgjöld sín frá grunni. Alla liði útgjalda þarf að skýra út frá þörf og nauðsyn stöðunnar á hverjum tíma.

Rík þörf er á róttækum aðgerðum til að bæta vinnslu og framkvæmd fjárlaga. Ríkisútgjöld hafa vaxið úr hófi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Á góðæristímum var þetta mögulegt en raunveruleikinn sem nú blasir við er allt annar. Alþingi, og þar með fjárlaganefnd, verður að fá virkari tæki í hendur til þess að hafa möguleika á bættu eftirliti með framkvæmd fjárlaga ríkisins. Af þessum sökum er augljóst að löggjafarvaldið þarf ný úrræði á þeim erfiðu tímum sem fram undan eru. Þetta er aðeins eitt púsl í stóru púsluspili til að bæta fjárlagagerð framtíðarinnar.

[23:38]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það er orðið áliðið kvölds og flest þau sjónarmið hafa komið fram sem skipta máli um uppbyggingu og samsetningu fjárlagafrumvarpsins. Ég vil því bara í nokkrum orðum gera grein fyrir skoðunum mínum á hinum ytri ramma fjárlaganna, efnahagsrammanum. Þá vil ég fyrst tiltaka að sá vandi sem verið hefur í íslensku hagkerfi á undanförnum árum sem hefur snúið að samspili ríkisfjármálanna annars vegar og peningamálastefnu Seðlabankans hins vegar var óleystur þegar bankakerfi landsins hrundi. Sá vandi fólst í því að við höfum aukið útgjöld ríkissjóðs og hins opinbera, þ.e. einnig sveitarfélaganna, alveg gríðarlega á undanförnum árum, um tugi prósenta að raungildi ef horft er á árin frá 1995 og fram til ársins 2007. Reyndar tók steininn úr á síðasta ári. Á sama tíma var Seðlabankinn að reyna að hamla gegn verðbólgu með því að hækka vexti, sem var hans eina stýritæki, en um leið og vaxtamunurinn við útlönd var orðinn svo mikill að menn fóru að nýta sér hann til að hafa af honum gróða flæddi hér inn í hagkerfið gríðarlegt fjármagn. Við þekkjum framhaldið, gengið varð allt of sterkt, útflutningsgreinarnar þjáðust og kaupmátturinn varð of sterkur fyrir vikið. Við settum hagkerfið á hliðina með þessari stefnu og við höfum ekki enn þá sett upp þann ramma og þá nálgun sem nauðsynleg er til að leysa þennan vanda. Ég vil vekja athygli á þessu því að þetta vill auðvitað gleymast í öllum þeim hörmungum sem nú hafa gengið yfir þjóðina.

Eitt af því sem við ræddum oft um fjárlög í þingsal var hið svokallaða aðhaldsstig fjárlaganna, munurinn á tekjum og gjöldum ríkissjóðs, hversu mikið ríkið tók til sín úr efnahagsstarfseminni og skilaði til baka í formi ýmiss konar þjónustu. Vissulega var mikill afgangur af fjárlögum árum saman en hluti af þeim afgangi varð til vegna fyrirtækja sem höfðu tekjur sínar erlendis, mynduðu hagnað sinn erlendis en greiddu skatt hingað heim. Þar af leiðandi var rangt að tala um eitthvert sérstakt aðhaldsstig fyrir íslenska

hagkerfið sem myndaðist vegna slíkra tekna og á sama tíma var einnig vafamál hvort líta ætti á þær tekjur sem urðu til vegna viðskiptahallans — sem má líta svo á að hafi verið aukatekjur sem vart væri mark á takandi sem sérstöku hagstjórnartæki þegar menn horfðu á mismun tekna og gjalda ríkissjóðs og áhrif hans á hagkerfið sjálft. Það skiptir máli fyrir okkur að hafa þetta hugfast þegar horft er til framtíðar.

Nú stöndum við frammi fyrir mikilli kreppu og við hljótum að spyrja okkur sjálf hvenær henni ljúki af því að það hefur mikið að segja fyrir fjárlögin. Það snýr ekki bara að okkur Íslendingum heldur líka hvenær kreppunni lýkur erlendis. Spurningin er ekki bara um það hvenær kreppunni ljúki, heldur líka um leið hvenær hún hófst. Það má færa rök að því að sú kreppa sem við erum að fást við núna hafi hafist árið 2001 með árásinni á Bandaríkin og líka þegar menn voru að vinna sig út úr hruninu vegna netbólufyrirtækjanna, að með því að seðlabankar bæði Bandaríkjanna og Evrópu juku gríðarlega peningamagn í umferð hafi myndast það bóluhagkerfi sem við höfum síðan horft á hrynja til grunna í formi bankakreppu og lausafjárvanda. Spurningin er þess vegna: Hvar í kreppunni erum við stödd? Það er óskandi að séum að nálgast hægt og rólega einhvern fastan punkt. (**ÁI:** Hægt og rólega?) Já, hægt og rólega, hv. þingmaður, vegna þess að það gerist því miður ekki hratt að við komumst á einhvern endapunkt í því. Einhvern tíma komumst við á þann stað þegar hreinsast munu hafa út úr bankakerfinu allar þær eigur sem hafa verið rangt verðlagðar, þeir fjármálagjörningar sem hafa verið rangt verðlagðir, fyrr eða síðar hreinsast þetta út úr kerfinu og þá hafa menn einhvern punkt sem þeir geta aftur farið að vinna út frá. Þetta skiptir miklu máli fyrir okkur Íslendinga og því fyrr sem þetta gerist á alþjóðavettvangi, því betra.

Þegar kemur að verkefnum sem snúa að fjárlögum þessa árs höfum við, eins og ég sagði í upphafi máls míns, farið í gegnum flest þau mál sem snúa að þeim hvað varðar einstaka liði. Ég vil svo gera það að umræðuefni undir lok ræðu minnar að nú stöndum við frammi fyrir því í upphafi næsta árs að þurfa að hefja strax vinnu við næstu fjárlög vegna þess að þessi fjárlög hafa orðið til við mjög sérstakar aðstæður í kjölfar mikils hruns í hagkerfinu þar sem menn höfðu skamman tíma til ráðstöfunar til að ganga frá fjárlögum. Fjárlögin sem bíða okkar verða að vera þannig úr garði gerð að þar sé horft til að lágmarki tveggja og helst þriggja ára, ekki bara þannig að við setjum fram næstu fjárlög eins og hefð er fyrir og spáum svo fyrir um næstu tvö árin með einhvers konar línulegum aðferðum þar sem við reiknum með að draga úr útgjöldum eða auka þau eftir einhverjum reikniformúlum.

Við verðum raunverulega á næsta ári að leggja fram drög að þrennum fjárlögum. Mín hugmynd er sú að fjármálaráðuneytið ráði til sín bæði innlenda og erlenda sérfræðinga í þessa vinnu og hefjist handa strax í janúar til þess að við getum lagt fram þessi þrenn fjárlög þannig að markaðurinn og þeir sem starfa innan vébanda ríkisins viti nákvæmlega hvað sé fram undan í ríkisrekstrinum á næstu þremur árum. Þetta er gríðarlega mikilvægt vegna þess að með þessu móti getum við náð árangri í því að samhæfa hagkerfið. Vandinn sem við stöndum líka frammi fyrir núna felst í því að það er hætta á að við mögnum sveiflurnar, rétt eins og við mögnuðum sveifluna upp á við er hætta á því að við mögnum aftur sveiflu niður á við ef okkur tekst ekki vel til með aðgerðir í efnahagsmálum á næstu missirum. Mér finnst því grundvallaratriði þegar kemur að fjárlagavinnunni í framhaldinu að horfa til lengri tíma.

Hvað varðar útgjaldastigið er það staðreynd sem því miður verður ekki komist fram hjá að niðurskurður þessa árs sem er sennilega minni en við hefðum átt að ráðast í — þó að vel megi skilja þau sjónarmið sem lágu til grundvallar því að ekki var gengið lengra — þýðir að erfiðara verkefni er fram undan, okkar bíður erfiðara verkefni fyrir fjárlög næsta árs. Það verður ekki gert og við munum ekki ná árangri í því verkefni nema til komi sú pólitíska og stefnumarkandi leiðsögn sem felst í því að skera fjárlögin upp allt frá grunni, þ.e. að endurhugsa hvernig við ætlum að veita opinbera þjónustu í landinu. Þetta eru það alvarlegir tímar.

Ég get tekið undir með hv. þm. Ármanni Ólafssyni sem benti réttilega á að nú væri ágætistækifæri til að fara í svokallaða núllstillingu á fjárlögum þar sem menn byrja frá grunni og spyrja hvaða þjónustu við ætlum að veita og hvernig við ætlum að gera það. Ég held að það sé ágætt að gera það meðfram vegna þess að það hjálpar okkur að fókusera og beina athyglinni að því hvernig við eyðum peningunum, en við getum ekki farið í gegnum niðurskurð á fjárlögunum fyrir næstu tvö árin eða svo öðruvísi en að því fylgi mjög skýr stefnumótun af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alþingis um það hvernig við munum forgangsraða. Til að ná árangri í því, enn og aftur, þurfum við að hefja þá vinnu strax í janúar.

[23:47]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Síðustu orð hv. þingmanns vekja hjá mér spurningu sem mig langar að beina til hans um það hvernig honum lítist á þá forgangsröðun sem er að finna í fjárlagafrumvarpinu. Þar á ég við hækkun svokallaðra sjúklingaskatta upp á um 1.100 millj. kr. Hann sagði réttilega að ekki væri hægt að fara inn í næstu ár í þann blóðuga niðurskurð sem fyrir dyrum stendur öðruvísi en að ákveða hvernig ætti að forgangsraða. Hann nefndi að Alþingi ætti að koma að því. Alþingi hefur ekki komið að þeirri forgangsröðun sem hér liggur á borðum, það er ríkisstjórnin ein sem hefur verið eins og krani fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hingað inn í Alþingi. Það er forgangsröðun frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem við horfum hér á og mig langar að spyrja hv. þingmann: Hvernig finnst honum sú forgangsröðun í heilbrigðismálum að leggja 1.100 millj. kr. í nýja sjúklingaskatta á næsta ári?

[23:48]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa útgjöld til heilbrigðismála vaxið gríðarlega hér á landi. Við höfum náð að efla heilsugæslu og sjúkrahússtarfsemi af miklum myndarskap, en það er alveg öruggt að betur má gera og meira í þeim málum. Það er raunverulega enginn endir á þeim verkum sem þar standa fyrir framan okkur.

Auðvitað er sárt að þurfa að grípa til aðgerða í heilsugæslunni, það er sárt að þurfa að draga saman í félagsþjón-

ustunni, það er blóðugt að þurfa að draga saman í menntakerfinu, það er erfitt að draga úr þeim framlögum sem við höfum til þess að styðja við byggðirnar í landinu sem standa höllum fæti. Allir þessir þættir eru óskaplega erfiðir. En þegar við stöndum frammi fyrir því, þetta samfélag, að tekjugrunnurinn í samfélaginu gefur svona ofboðslega eftir, langleiðina í það að hrynja saman, þegar við stöndum frammi fyrir einhverju erfiðasta áfalli sem nokkur þjóð á Vesturlöndum hefur lent í svo áratugum skiptir er það bara þannig að á öllum sviðum, hvort sem eru heilbrigðismálin, samgöngumálin, félagslegu málin eða menntamálin, verðum við að skera niður, draga úr þjónustu. Á móti kemur, og það er hið ágæta, að á undanförnum áratug eða svo höfum við náð að auka þessa þætti svo myndarlega að það er leitun að því hjá nokkru vestrænu ríki þar sem framlög, t.d. til heilbrigðismála, hafa aukist jafnhratt og jafnmikið að raungildi og gerst hefur á Íslandi.

Þess vegna er staða þessa máls, sem felst í því að við tökum alls staðar rekstur niður til að ná þessum markmiðum sem við verðum að setja okkur, alveg óháð því hvað IMF hefur sagt. Það erum við sem þurfum að borga þær skuldir sem myndast við það að halli er á ríkissjóði, íslensk þjóð þarf að borga þær skuldir, og því meiri sem hallinn er og því minna sem er gert í því að skera niður, því meiri verða byrðarnar sem við þurfum að fleyta yfir á næstu kynslóð.

[23:50]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Á þessu ári kom fram ný skýrsla frá OECD þar sem m.a. var lagt mat á íslenska heilbrigðisþjónustu. Þar var sagt að hún væri öfundsverð. Það er rétt að framlög til heilbrigðisþjónustu hafa vaxið í takt við almenna velmegun og tekjuaukningu í landinu undanfarin ár. Það er eðlilegasti hlutur í heimi. Við stöndum ekkert verr að vígi í mörgum atriðum en norrænu þjóðirnar, og það er vel.

Sjúklingar hafa borgað um 18% af þessum kostnaði úr eigin vasa, en OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa bent á — og hvers vegna skyldi það hafa verið? — að kannski þyrfti að leggja gjöld á sjúklinga þar sem engin gjöld væru fyrir. Og hvar skyldi það vera, herra forseti? Það er á sjúkrahúsunum. Við höfum hingað til ekki rukkað menn þegar þeir eru komnir á nærbuxunum inn á spítala og upp í sjúkrarúm. Við höfum borgað þetta áður, á meðan fólk er fullfrískt hefur það lagt þessa peninga inn til að geta notið sjúkrahúsþjónustu og læknisþjónustu þegar það þarf á henni að halda. En nú skal því breytt, nú skal leggja innlagnargjald eða fæðisgjald á sjúklinga á sjúkrahúsum landsins og ég fullyrði að það er vegna tilmæla OECD og vegna kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þetta hefur ekki verið hér upp á borðum áður.

[23:52]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég fullyrði að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur lagt hér til og hafa fengið umfjöllun í fjárlaganefnd eru allar markaðar því að menn eru að reyna að ná árangri í því að draga sem mest úr þeim halla sem við stöndum frammi fyrir í ríkisfjármálunum. Að öðru leyti vísa ég til fyrra svars míns.

[23:53]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það var mjög athyglisvert að hlusta á hv. þm. Illuga Gunnarsson ræða um vinnubrögðin og aðferðafræðina við fjárlagagerðina. Ég minnist ræðu sem hv. þingmaður flutti fyrir um ári um vinnubrögð við fjárlagagerðina og lýðræðislega aðkomu þingsins og lýðræðislega og þingræðislega ábyrgð Alþingis og fjárlaganefndar. Í fyrra talaði hv. þm. Illugi Gunnarsson um að stórbæta þyrfti og taka sig verulega á í vinnubrögðum við fjárlagagerðina, ekki síst út frá þingræðislegu og lýðræðislegu sjónarmiði, það væri svo að Alþingi bæri ábyrgð á fjárlagavinnunni og fjárlagaframvarpinu og þegar ráðherra hefði mælt fyrir því og skilað því inn í þingið væri það í rauninni þingið sem bæri ábyrgð á því og vinnu þess.

Nú hefur raunin orðið öll önnur. Ef eitthvað er hægt að segja um lýðræðislega og þingræðislega aðkomu að fjárlagagerðinni hefur hún aldrei verið verri en í haust. Aldrei, ekki síðan ég man eftir og er ég þó búinn að vera þingmaður í allnokkur ár. Meira að segja meiri hluti fjárlaganefndar lýsti því við 2. umr. að þetta væru tillögur ríkisstjórnarinnar en ekki fjárlaganefndar, þó svo að sagt væri eftir á að auðvitað yrðum við að gera þær að okkar.

Ég spyr hv. þm. Illuga Gunnarsson hvers vegna honum hafi orðið svo lítið ágengt (Forseti hringir.) miðað við áform sín frá því í fyrrahaust og einnig hvort honum finnist vinnubrögðin eins og þau hafa gengið fyrir sig í haust við (Forseti hringir.) fjárlagagerðina ásættanleg.

[23:55]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er enn sömu skoðunar og ég var í fyrra, að við þurfum að endurskoða vinnuferlið við fjárlagagerðina í þinginu. Ég lýsti einmitt þeirri skoðun minni að það færi vel á einhverjum breytingum, ef ég lýsi þeim í örfáum orðum, sem lúta að því að eftir að fjárlög hafa verið lögð fram af hæstv. fjármálaráðherra ættu fagráðherrar að kynna stöðu sína og fjárlagafrumvarpið gagnvart ráðuneytum sínum og þingmenn ættu síðan að eiga þess kost við 1. umr. að spyrja fagráðherrana út úr. Síðan þyrftu viðkomandi ráðherrar að mæta fyrir fjárlaganefnd á milli 1. og 2. umr. ef breytingar frá framkvæmdarvaldinu ættu að koma til skoðunar af hálfu nefndarinnar en þeir mundu ekki bara senda embættismenn sína eða einhverja nótu um þær breytingar sem þeir legðu til á fjárlögunum. Þetta var skoðun mín og þetta er skoðun mín.

Það sem aftur á móti hefur gerst, hv. þm. Jón Bjarnason, er að í haust hrundi íslenska bankakerfið. Þar með fór hér allt á þvílíkt hvolf að af stað fóru neyðaraðgerðir, fullkomin og algjör óvissa ríkti um tekjugrunn þessa fjárlagafrumvarps og því er það svo að vinnuferlið sem verið hefur hér á undanförnum vikum og mánuðum hvað varðar fjárlagagerðina er alveg einstakt. Þetta eru ekki vinnubrögð sem við viljum nota til að hafa hér til einhvers fordæmis, það voru neyðaraðstæður sem komu upp í þjóðfélaginu og

menn hafa verið að reyna að vinna þetta eins hratt og vel og samviskusamlega og hægt er, en þegar kemur að næstu fjárlögum eins og ég sagði í ræðum mínum áðan þurfum við auðvitað að horfa öðruvísi á þetta, þá höfum við betri tíma. Þá þurfum við að horfa til fleiri ára í senn og þá þurfum við að horfa betur á samspil pólitískrar stefnumörkunar og hvernig (Forseti hringir.) við getum sparað í ríkisrekstrinum.

[23:57]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mitt mat er það að ekki hvað síst við þær aðstæður sem við lentum í í haust, eins og hv. þingmaður minntist á, hrun bankakerfisins og þá gríðarlegu erfiðleika sem eru fram undan í efnahagsmálum þjóðarinnar, hafi aldrei verið mikilvægara að virkja lýðræðið, þingræðið og að þetta væri unnið fyrir opnum tjöldum og af hálfu þingsins. Enda heyrum við mótmælin úti í samfélaginu gegn þessari gerræðislegu og pukurslegu leyndarvinnu í fjárlagagerðinni eins og var hér nú, og við erum hér að fjalla um nánast alveg nýtt frumvarp í öllum meginatriðum frá því sem lagt var fram í haust. Og svo kemur það inn til fjárlaganefndar sem er með það í nokkra klukkutíma og til nokkurra mínútna umfjöllunar.

Svör við spurningum sem voru bornar fram um forsendur þessa frumvarps, eins og um tekjuáætlun, greiðslugetu ríkissjóðs til næstu ára, lán og lánabyrði ríkissjóð á næsta og þarnæsta ári og áfram og um fleiri þætti sem eru grundvallaratriði einmitt við þær aðstæður sem eru nú, vantar. Frumvarpið er afgreitt með slíku hraði og nánast umræðulaust úr fjárlaganefnd til Alþingis. Ég spyr hv. þingmann: Finnst honum í raun boðlegt, forsvaranlegt, að Alþingi fjalli um svo gríðarlega breytt frumvarp, breyttar forsendur, með þessu hraði og á svona veikum grunni eins og það byggir? Hefði ekki átt að gefa sér meiri tíma og vinna þetta þannig að hér lægju raunverulegar forsendur fyrir frumvarpinu, ekki bara vinnuplagg eins og hér er um að ræða?

[23:59]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þannig háttar bara til við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir að óvissan er enn mjög mikil og hún hefur verið alveg gríðarleg. Ríkisstjórn Íslands hefur verið að ná samningum við t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um aðstoð sjóðsins við að koma íslensku krónunni aftur á flot. Menn hafa staðið í stórum og miklum deilum við erlend ríki varðandi skuldbindingar sem gætu mögulega fallið á ríkissjóð o.s.frv. Mesta óvissan er síðan um það hvernig efnahagslífinu sjálfu muni reiða af á næsta ári.

Það er ekki skrýtið þótt á þeim örfáu vikum sem við höfum haft til umráða frá því að þetta áfall varð hafi verið erfitt að ná saman einhverjum upplýsingum sem við getum raunverulega byggt á. Það að einhver leyndarhyggja hafi verið eða eitthvert pukur er fjarri öllu lagi. Þeir sem hafa fylgst með þessum umræðum, fylgst með efnahagsmálum á Íslandi undanfarna mánuði vita auðvitað að svo er ekki.

Spurningin sem til mín var beint frá hv. þingmanni, hvort ég sætti mig við þetta vinnulag, hvort mér þætti þetta eðlilegt — auðvitað er þetta vinnulag ekkert eðlilegt enda eru þetta ekki eðlilegir tímar. Ég er sannfærður um að reynt var að koma þessu máli eins snemma inn í þingið og hægt var, um leið og menn höfðu það í höndunum sem þurfti til að hægt væri að bregðast við öllum þeim breytingum sem leiddu til þess að menn fóru í þær miklu breytingar sem voru gerðar á fjárlagafrumvarpinu.

Auðvitað eru þetta ekki æskileg vinnubrögð, það segir sig sjálft. Hv. þingmaður þarf ekkert að spyrja mig af því að hann veit svarið, en ég lít svo á, og ég held að langflestir þingmenn séu mér sammála hvað það varðar, að aðstæðurnar hafi verið það óvanalegar að það réttlætti að menn hafi farið fram með þeim hætti sem gert hefur verið. Þar með er ekki verið að segja að menn hafi ekki viljað nýta þingið, enda hafa menn nýtt þingið eins mikið og hægt er, nýta sem flesta starfskrafta, nýta sem flestar hugmyndir og kunnáttu, bæði þingmanna og annarra, til að við náum þessum árangri sem núna er þó á borðinu í fjárlagafrumvarpinu, þ.e. (Forseti hringir.) að menn hafa þó náð þessum niðurskurði, en vandinn er sá, hv. þingmaður, að við munum þurfa að ganga lengra á næsta ári. Við munum þurfa að ganga harðar fram í öllum þeim vandamálum sem við erum að kljást við. (**JBjarn:** En það eru engar forsendur …)

[00:02]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Það hefur margt verið sagt um frumvarpið í dag. Ég ætla að taka annan vinkil á málið allt og vísa í ræður kollega minna, sérstaklega Magnúsar Stefánssonar sem fór mjög faglega og yfirvegað yfir frumvarpið fyrr í dag.

Það er samt þannig með þetta blessaða frumvarp til fjárlaga að því miður sýnir umræðan og nefndarálit meiri hlutans að við erum algerlega í lausu lofti. Nefndarálitið er rúmlega ein blaðsíða, ekkert efnisinnihald og það mætti kannski segja að það sem stendur framan á frumvarpinu, „Stefna og horfur“, í fyrri hluta þess, séu einhvers konar öfugmæli. Það er engin stefna í gangi og því miður eru horfurnar afar slæmar. Það væri a.m.k. vert að fá að vita hvað ríkisstjórnin ætlar sér í framhaldinu.

Það er nú einu sinni þannig með þessa blessuðu ríkisstjórn að hún hefur leyft sér að tala út og suður sem því miður þýðir bara eitt. Þeir sem vinna að verkefnum, stórframkvæmdum eða eftir búvörusamningum — það er allt í lausu lofti í dag. Af hverju? Af því að fólk veit ekki hvert stjórnvöld eru að fara. Ráðherrarnir segja eitt í dag, annað á morgun. Svo koma þingmenn stjórnarmeirihlutans og segja kannski þriðja hlutinn og það þýðir bara eitt: Fólk hættir að vinna að verkefnunum vegna þess að það leggur ekki fjármuni og vinnu í eitthvað sem það getur ekki treyst að verði að veruleika.

Það er samt ein setning sem mér finnst hafa staðið upp úr í umræðum meiri hlutans og hún kom fram í ræðu hv. þm. Ármanns Kr. Ólafssonar sem hóf ræðu sína rétt áðan með þessum orðum: „Aldrei hefði það hvarflað að mér að slík ósköp mundu dynja yfir.“ Það hefur verið meginþema í málflutningi meiri hlutans, áfallið kom eins og þruma úr heiðskíru lofti og menn segja: Ja, svona er staðan og við gátum lítið gert í málinu. Við verðum að vinna með stöð-

una eins og hún er.

Ég vil benda á að við framsóknarmenn ræddum um fyrir ári síðan, þegar við fórum í gegnum fjárlagaumræðuna, að það væri alger óráðsía á þeim tíma að hækka fjárlögin um u.þ.b. 20% og það frá kosningaári. Það var heldur betur lítið gert úr þeirri skoðun okkar. Við bentum á það að einkaframtakið væri í fullum gangi, að þensla væri í þjóðfélaginu. Henni mundi ljúka og þá væri gott að ríkið gæti komið sterkt inn og gæti haldið uppi atvinnu og framkvæmdum en ekki þurfa að skera niður um leið og einkaframtakið yrði verr í stakk búið til að halda verkefnum sínum áfram

Hver er staðan núna? Jú, það er allt niðri, það er allt stopp, ekki bara einkaframtakið heldur ríkisstjórnin líka. Það er gaman að rifja það upp hér að þegar skýrsla kom frá OECD um að það væri gott að búa á Íslandi og efnahagslífið hér væri traust og gott, komu þingmenn Sjálfstæðisflokksins upp, börðu sér á brjóst og þökkuðu sér einum efnahagsundrið á Íslandi. Ég held að vert væri að grafa þá ræðu upp og endurflytja hana fyrir þingmenn og Íslendinga. Hún sýnir kaldhæðnina og vitleysuna í þessu öllu saman.

Mig langar aðeins að drepa niður í ræðu hjá hv. fyrrverandi þingmanni, Bjarna Harðarsyni, sem sagði í umræðunni fyrir ári síðan, með leyfi forseta:

„Nú getur vel verið að einhver hugsi þannig í alvöru að ekki þurfi ráðdeild í ríkisfjármálunum sem stendur. Þeir hafa þá ekki lesið það plagg sem ég minntist á hér fyrr þar sem tekin eru af öll tvímæli um að aðhald í ríkisfjármálum þurfi að vera aðaláherslan í fjármálastjórninni næstu missirin þar sem hagkerfið ber öll merki ofþenslu. Ég leyfi mér hér beina tilvitnun, með leyfi forseta, í þann mæta hagfræðing Jón Sigurðsson, fyrrum iðnaðarráðherra Alþýðuflokks, sem sagði að hagkerfið bæri „enn öll merki ofþenslu sem birtist í verðbólgu, miklum viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun“.

Í sama riti segir einnig, með leyfi forseta, og við skulum athuga að þetta er skrifað síðasta vor:

„Hættan er sú að Ísland missi trúverðugleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, en þá væri voðinn vís með hækkandi vaxtaálagi, gengisfalli og verðbólgugusu.““

Fyrr í umræðunni í dag kom hæstv. utanríkisráðherra í andsvar við hv. þm. Magnús Stefánsson og sagði að þessi vandi væri allur frá síðustu ríkisstjórn, þetta væri bara ekki vandi núverandi ríkisstjórnar, eða með öðrum orðum hefði ekkert gerst á þeim 18 mánuðum sem ríkisstjórnin hefur verið við störf, ekki neitt. Þetta væri allt gamall vandi sem Samfylkingin þurfti að taka við. En hún gerði bara ekki neitt, sat og gerði ekki neitt.

Vert er að minnast orða hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar í andsvari hans við ræðu hv. þm. Bjarna Harðarsonar þar sem hann segir:

„Hún var á margan hátt skemmtileg áheyrnar, fróðleg á að hlýða og dæmigerð stjórnarandstöðuræða. Þar hleypur Bjarni fram með miklar viðvaranir um of mikla eyðslu, talar um að gassalega sé gefið á garðann, þetta séu montfjárlög og líklega verði allt í klessu á næsta ári eða kalda koli. Hann talar um að ráðherrar stundi Albaníustjórnmál o.s.frv.“

Hefði ekki verið nær að hlusta á aðvörunarorð okkar framsóknarmanna í fjárlagaumræðunni fyrir ári síðan, hefði það ekki verið ráð? Og hefði ekki líka verið ráð að hlusta og taka tillit til þeirra efnahagstillagna sem við lögðum fram í tvígang, fyrst í marsmánuði og síðan í byrjun eða lok júlímánaðar? Hefði ekki verið ráð að hlusta á viðvörunarorð seðlabankastjóra sem fullyrti á fundi viðskiptanefndar að hann hefði hitt ráðherra ríkisstjórnarinnar og sagt við þá: Það eru núll prósent líkur á því að bankakerfið muni standa þessa hrinu af sér, núll prósent líkur. Reyndar segja ráðherrar núna að þeir hafi séð skýrslu frá Seðlabankanum sem komið hafi út mánuði fyrr og þeir hafi ekki séð neina sérstaka ástæðu til þess að hlusta á þennan æðsta yfirmann Seðlabankans, það þótti ekki tilefni til þess þá. Reyndar efast ég um að þeir hafi verið nægilega vel læsir á þá skýrslu vegna þess að í henni koma greinilega fram miklar aðvaranir.

Þá veltir maður einnig fyrir sér orðum hæstv. forsætisráðherra Geirs H. Haarde sem kom fram stuttu seinna og dásamaði aðgerðaleysið. Aðgerðaleysið væri lausnin á vandanum, það hefði sýnt sig og sannað að aðgerðaleysið væri mál málanna og væri leiðin út úr ógöngum. Kannski er það einhver hagfræðileg stefna hjá sjálfstæðismönnum, einhver hluti af frjálshyggjunni sem ég þekki ekki nægilega vel til, að láta bara efnahagslífið um þetta sjálft, hafa sem minnst áhrif. Þar skilur tvímælalaust á milli Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Við framsóknarmenn viljum og berjumst fyrir því að hér sé öflugt samkeppniseftirlit og öflugt fjármálaeftirlit og að skapaður sé rammi utan um efnahagslíf og atvinnulíf þjóðarinnar. Hefði ekki verið nær að styrkja þann ramma enn frekar eins og við kölluðum eftir í umræðunni fyrir um ári síðan?

Þeir er skemmt, þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, (**Gripið fram í:** Mér varð bara hugsað til Bjarna vinar míns.) og það gleður mig að ykkur sé hugsað til Bjarna vinar ykkar en ég tel að þið ættuð kannski að rifja upp ræður ykkar og andsvör við ræðu hans fyrir um ári síðan. Þær eru ansi hjákátlegar í dag, verður að segja.

Ég rifja upp þessi orð frá þingmönnum: Aldrei hefði það hvarfla að mér að slík ósköp mundu dynja yfir, bankakerfið hrundi bara allt í einu. Hvað gerðist eiginlega? má lesa út úr ræðum hv. stjórnarþingmanna.

Þá vil ég aðeins rifja upp gang mála þegar Glitnir var þjóðnýttur. Glitnir lenti í greiðsluerfiðleikum með eina afborgun 15. október, búið var að dekka fjármögnun á næstu gjalddögum þar á eftir alveg fram í aprílmánuð. Lehman Brothers fór á hausinn og þýski bankinn var búinn að lána Seðlabankanum rúmlega 90 milljarða. Að sjálfsögðu hugsuðu þeir að eðlilegt væri að leita á náðir Seðlabankans með lán. Hvað gerðist svo í kjölfarið? Jú, þeir fara og óska eftir láni, leggja fram veð en það heyrist ekkert frá Seðlabankanum fyrr en seint á sunnudagskvöldi. Þá fyrst datt þeim í hug að kalla á bankamálaráðherra sem hafði verið einhvers staðar á Suðurlandinu að taka slátur, eftir því sem ég best veit en það eru óstaðfestar sögusagnir. Að minnsta kosti var hann ekki hafður með í ráðum fyrr en seint um kvöldið.

Við skulum hafa það algerlega í huga að það var ríkisstjórnin sem tók ákvörðun um það að þjóðnýta Glitni. Var þeim og seðlabankastjóra gerð grein fyrir þeim afleiðingum sem það mundi hafa í för með sér? Já, ítarlega. Það lá fyrir ef að Glitnir mundi fara á hliðina mundi Landsbankinn

fylgja með. Það vissi ríkisstjórnin. Það vissi Seðlabankinn. Það var grafalvarlegt mál.

Og hvernig dæmdu markaðirnir þessa aðgerð, á mánudegi klukkan tíu? Hvernig dæmdu erlend greiningarfyrirtæki þessa ákvörðun íslensku ríkisstjórnarinnar? Þeir dæmdu hana ónýta. Lánshæfismat ríkisins hrapaði. Lánshæfismat bankanna hrapaði. Af hverju? Vegna þess að menn komu saman og sögðu: Íslendingar hafa ekki verið að segja okkur alla söguna. Þeir sögðu okkur fyrir helgi, nokkrum dögum fyrr, að hér væri gott og sterkt bankakerfi. Nokkrum dögum seinna eru þeir búnir að þjóðnýta banka sem átti að standa vel.

Hefði ekki þá verið ráð að setjast niður og boða til neyðarfundar og fara yfir stöðuna? Nei, það var ekki gert. Það var því miður ekki gert og því miður hefur það kannski einkennt þessa ríkisstjórn að samráð, samstaða eða einhvers konar samráðshópur til þess að fara yfir öll þessi mál hefur nánast aldrei verið starfandi. Það varð til einhver vísir að honum þegar Ásmundur Stefánsson var kallaður til til að hafa yfirumsjón með málinu. Það var jákvætt skref. En hann var tekinn út úr því verkefni eins fljótt og hann var seint skipaður.

Hvað gerðist svo í kjölfarið? Neyðarlögin voru sett, illu heilli, á nokkrum klukkustundum. Það þarf að fara yfir þau, að sjálfsögðu. Það hefur ekki verið gert. Síðan kemur seðlabankastjóri í Kastljósþátt og skýrir löndunum frá því að það sé verið að bjarga íslenskum heimilum en skilja erlenda kröfuhafa eftir algerlega úti í kuldanum. Þessi ræða varð einfaldlega til umfjöllunar á breska þinginu. Það er ekkert flóknara en það.

Og hvernig eiga seðlabankastjórar að haga sér? Davíð Oddsson kom á fund viðskiptanefndar og sagði að seðlabankastjórar ættu að hafa eins litlar skoðanir á hlutunum og mögulegt væri. Þeir ættu að tala lítið og ef þeir töluðu þá ættu þeir helst að tala í gátum. Þá spyr maður. Hvað gerðist? Hvað varð til þess að seðlabankastjóri Íslands kom í þennan Kastljósþátt og ákvað nú heldur betur að leysa frá skjóðunni? Hefði það eitt og sér ekki verið tilefni til þess að ríkisstjórnin kallaði á seðlabankastjóra og veitti honum einhvers konar áminningu? Það er ferlið. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á seðlabankastjóra.

Reyndar hefur Samfylkingin komið fram og sagt að hún beri enga ábyrgð á gjörðum hv. seðlabankastjóra. En holari getur nú málflutningurinn ekki verið. Seðlabankastjóri starfar á þeirra forsendum, það er á ábyrgð Samfylkingarinnar að seðlabankastjóri sé enn þá starfandi. Ég spurði seðlabankastjóra að því hvort hann hefði ekki hugsað sér í kjölfar ástandsins, hvort sem hann hefði gert rétt eða rangt, að segja af sér bara til þess að skapa frið um embættið og kannski til þess að auka tiltrúna á íslenskt efnahagslíf og þær aðgerðir sem hafa verið hér í gangi þótt afar litlar hafi verið. Hann vísaði í að hann ynni á forræði og væri starfandi á forræði ríkisstjórnarinnar. Ef hún vildi að hann færi frá þá væri það þeirra.

Hvað gerðist svo í kjölfarið? Hver er ástæða þess að fjárlagafrumvarpið er með þeim hætti sem raun ber vitni? Hver er ástæða þess að við horfum fram á gríðarlega skuldsetningu íslensku þjóðarinnar og íslensks efnahagslífs? Til að mynda það að Bretar settu á okkur hryðjuverkalög. Þeir beittu hryðjuverkalögum á Landsbankann, á ríkisstjórnina og Seðlabanka Íslands. (Gripið fram í.) Hefði þá ekki verið nær að ríkisstjórnin, forsvarsmenn hennar, hæstv. forsætisráðherra, hefði farið í strax og hitt Gordon Brown og reynt að leiðrétta þann misskilning, þann dýrkeypta misskilning sem virðist hafa orðið í samræðum hæstv. viðskiptaráðherra við Darling fjármálaráðherra Bretlands og svo á milli Darlings og hæstv. fjármálaráðherra? Hefði ekki verið ráð að fara og ræða þetta að minnsta kosti? Þetta er nefnilega ekkert sérstaklega flókið. En það var allt of langt gengið að beita Ísland hryðjuverkalögum og hvað hafði það í för með sér? Okkar stærsta fyrirtæki Kaupþing sem átti alls ekki að fara á hliðina, það voru engar forsendur fyrir því, var yfirtekið sem leiddi til þess að öll lán voru gjaldfelld. Yfirmenn bankans reyndu á einni nóttu að gera allt sem þeir gátu en síðan var fall hans staðreynd og um leið 85% af bankakerfinu.

Er enn í dag verið að reyna að leiðrétta þetta með hryðjuverkalögin? Nei, þau eru nefnilega bara enn þá á okkur Íslendingum eins undarlegt og það nú hljómar. Ég var staddur í London á friðarráðstefnu og fór yfir þetta með þingmönnum hvaðanæva að úr heiminum, frá Írlandi, Skandinavíu. Einn spurði mig hvort við Íslendingar hefðum svona skrýtinn húmor, það væri fyndinn þessi hryðjuverkabrandari. Ég hló svolítið að því og sagði þetta er ekki brandari, það væri staðreynd að Bretar hefðu sett á okkur hryðjuverkalög og hann missti andlitið.

Það er nefnilega ekkert mál að útskýra það fyrir almenningi erlendis að það var einfaldlega gengið allt of langt í þessu máli en því miður hefur ríkisstjórnin ekkert beitt sér. Ekki styrkt þann góða hóp sem stofnaði vefsíðuna indefence.is og er kannski eina vörn okkar í þessu mikilvæga hagsmunamáli.

Ég óskaði eftir því í viðskiptanefnd að breskir lögfræðingar sem voru hér á snærum „In defence“ kæmu á fund viðskiptanefndar. Ég óskaði eftir því að það yrði upplýst hverjir héldu utan um málaferlin. Væri það skilanefnd gamla Kaupþings? Væri það nýi bankinn eða væri það ríkisstjórnin? Þar kom skýrt fram að það væri skilanefndin en skilanefndin þyrfti fjárstuðning frá ríkisstjórninni til þess að leiða þann málarekstur áfram. Það kom skýrt fram. Síðan eru liðnar um þrjár vikur, að mig minnir. Það kom líka skýrt fram að frestir til þess að höfða mál mundu renna út núna strax í byrjun janúar, 7. janúar og því yrði að bregðast hart við. Íslensk stjórnvöld yrðu að koma með fjármagn til þess að hægt væri að höfða þetta mál. Kaupþing væri vopn okkar Íslendinga til þess að leiðrétta það óréttlæti sem Bretar hefðu beitt okkur.

En nei, enn í dag berast fréttir af því að málareksturinn sé í miklu uppnámi og ríkisstjórnin hafi í rauninni ekkert aðhafst til þess að koma honum af stað, ekki styrkt hann með fjármunum eða reynt að koma málflutningi okkar Íslendinga til skila inn í breskt samfélag.

Hvað gerðist svo í kjölfarið og við höfum farið mjög ítarlega yfir hér á Alþingi? Ég hef margítrekað spurt viðskiptaráðherra út í hvað hafi gerst varðandi peningamarkaðssjóðina. Vegna þess að þegar gömlu stóru viðskiptabankarnir fóru niður þá hafi restin af fjármálakerfinu einfaldlega sogast með. Það bætti ekki úr skák að Seðlabank-

inn gerði veðköll í kröfur á hendur þessum fjármálafyrirtækjum en Seðlabankinn hafði lánað gömlu viðskiptabönkunum í gegnum þessi litlu fjármálafyrirtæki sem þau höfðu fengið vissa þóknun fyrir bara til þess að tryggja fjármagn bankanna. Maður spyr sig hvar það mál er statt í dag.

Þar er ekki lítið undir. Það er restin af fjármálakerfi þjóðarinnar. Sparisjóðirnir okkar, fyrirtæki, fjármálafyrirtæki sem sýndu ráðdeild, skynsemi í aðgerðum sínum og hafa enga ástæðu til þess að fara með niðurí kjölsogið. Maður hefur það einfaldlega á tilfinningunni að það eigi að tefja þetta mál. Þreyta okkur stjórnarandstöðuþingmenn í því að vekja athygli á því að þarna séu hlutir sem sé vert að bjarga, mikilsverðir hlutir fyrir traust á íslensku fjármálakerfi í framtíðinni. En ég get sagt hv. stjórnarliðum það að við munum ekki gefa eftir í þessum málum. Við munum halda áfram að krefjast svara við því.

Ég minntist á peningamarkaðssjóðina. Við höfum margrætt þá. 200 milljarðar sem voru teknir út úr nýju ríkisbönkunum og greiddir í þessa peningamarkaðssjóði frá nýju bönkunum af þeirra eigin fé. Af hverju er það ekki rætt hér í sölum Alþingis? Þetta eru nú engar smáfjárhæðir. Maður veltir líka fyrir sér af hverju því hefur ekki verið haldið meira á lofti í fjölmiðlum landsins að um leið og hér urðu til ríkisbankar þá voru bein afskipti hjá aðstoðarmanni viðskiptaráðherra þar sem hann sendir bréf á bráðabirgðabankastjórnina um að greiða þessa fjármuni út. Þetta bréf var ekki sent á önnur fjármálafyrirtæki. Þetta bréf var ekki sent á fjármálafyrirtæki sem höfðu ekki fengið pening frá ríkissjóðnum.

En því miður er staðan einfaldlega þannig að Icesave-reikningarnir, lánið frá IMF, vaxtakostnaður og fjármagnskostnaður mun setja þjóðina í mikinn vanda um mörg ókomin ár og ég lýsi fullri ábyrgð á því á hendur núverandi ríkisstjórnar. Þeir voru á verðinum þegar þetta gerðist og þeir eru enn þá á verðinum.

Ég ætla að hlaupa yfir nokkrar tölur sem við framsóknarmenn höfum komist yfir. Að sjálfsögðu eru þessar tölur með þeim fyrirvara að það hafa engar áætlanir komið frá fjármálaráðuneytinu um hvernig framhaldið er. Það er nú kannski það sem háir fjárlagafrumvarpinu fyrst og fremst. En samkvæmt upplýsingum sem við fengum í Seðlabankanum voru skuldir ríkissjóðs í lok október 2008 564 milljarðar. Áætlað er að halli fjárlaga 2008 samkvæmt fjáraukafrumvarpinu sé um 5 milljarðar þannig að skuldir ríkissjóðs verða í upphafi árs 2009 um 570 milljarðar. Og ef við setjum þessar tölur í eitthvert samhengi þá kostar allt heilbrigðiskerfið okkar landsmanna um 60 milljarða á einu ári. Það er dýrasta ráðuneytið, mestu útgjöldin fara í þann málaflokk þannig að við getum svona rétt ímyndað okkur hvaða tölur við erum að horfa fram á hér.

Við framsóknarmenn teljum að halli ríkissjóðs samanlagt til og með árinu 2011 geti numið allt að 500 milljörðum eða tæplega fjárlögum eins árs. Og síðan höfum við reiknað að halli á fjárlögum ársins 2009 þegar upp verður staðið geti nálgast 200 milljarða. Þá á eftir að koma inn í að fjármögnun nýju ríkisbankanna upp á um 385 milljarða en það er gert ráð fyrir að ríkissjóður muni gefa út skuldabréf fyrir því.

Síðan er enn einn útgjaldaliðurinn sem á eftir að meta en það er endurfjárþörf Seðlabankans sem gæti numið um 150 milljörðum. Svo er það sem er nú kannski sárast af öllu og það er að við skulum hafa tekið að okkur að greiða út lágmarksskuldbindingar varðandi Icesave-reikningana þvert á ráðleggingar frá helstu lagasérfræðingum okkar sem sögðu að það væru engar lagalegar forsendur fyrir því að við þyrftum að taka á okkur þessar gríðarlegu fjárhæðir. Talan er upp á 660 milljarða. Það kom fram fyrir nokkrum vikum að eignir Landsbankans í Bretlandi mundu kannski koma á móti þannig að skuldirnar yrðu á endanum kannski um 200 milljarðar. En ég held að það sé afar varlega áætlað og tel að því miður megi reikna með því að þær verði 300–400 milljarðar þegar allt verður komið saman.

Fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárlaganefnd og fulltrúi Vinstri grænna í fjárlaganefnd lögðu fyrir spurningar til þess að fá úr skorið hvert væri í rauninni framhaldið eftir þetta fjárlagafrumvarp. Því miður voru svörin vægast sagt fátækleg.

Hvað með nýja þjóðhagsspá? Af hverju er hún ekki komin fram? Nú eru gerbreyttar aðstæður. Er ekki brýn þörf á því að hér sé gerð þjóðhagsspá þar sem kæmi fram hvaða forsendur við Íslendingar værum að vinna með í framtíðinni? Svo er líka kannski það sem ég hnýt um og finnst í rauninni algerlega ótrúlegt að sé verið að gera. Það er hvernig búvörusamningar við bændur verða meðhöndlaðir. Það sem þeir gerðu, mjólkursamningurinn og sauðfjársamningurinn, var einfaldlega til þess að sauðfjárbændur gætu séð fram í tímann því hvaða atvinnustarfsemi sem er þarf að sjá fram í tímann, þarf að geta áttað sig á því í nokkur ár hvaða skref ríkisstjórnin ætli að stíga. Margir bændur fjárfestu í þessum búvörusamningum. Endurfjármögnuðu sig, skiptu út tækjum og tólum til þess að matvælaframleiðslan yrði hagkvæmari hér á landi og til hagsbóta okkar neytendum. Nú á að taka þá upp. Nú á að endurskoða þá og því miður sjáum við fram á að þar verður um skert framlög um að ræða.

Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra. Það er komið vel yfir miðnætti og í sjálfu sér dapurt að horfa fram á að svona mikilvæg mál séu rædd í skjóli nætur. Það er þvert á það sem var fullyrt að yrði gert þegar ný þingsköp voru samþykkt fyrir um ári en því miður þurfum við að horfa upp á að það eins og annað hefur verið svikið og ekki reynst eins og það átti að duga.

[00:36]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Það er eiginlega bara alveg hreint við hæfi að hér sé verið að ræða þetta frumvarp í skjóli nætur og inn í nóttina. Sú afurð sem hér er á borðum þingmanna er afleiðing þess sem ríkisstjórnin hefur verið að bauka við á bak við þing og þjóð allt frá því að bankahrunið varð í byrjun október.

Stjórnarliðum er nokkur vorkunn. Ég neita því ekki að það hlýtur að vera óþægileg tilfinning fyrir hv. formann fjárlaganefndar Alþingis og varaformann fjárlaganefndar sem hér hafa setið lengst af í dag og í kvöld að hafa setið og beðið og beðið vikum saman eftir því að fá þennan pakka sem hér liggur á borðum frá ríkisstjórninni sem fékk hann aftur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Ég kallaði þetta kranafjárlög fyrr í dag. Það er ekki að sjá að fjárlaganefnd hafi komið nærri þessu nýja frumvarpi sem hér liggur á borðum þingmanna. Það eru nákvæmlega teknar tillögurnar frá ríkisstjórn rétt eins og um nýtt frumvarp væri að ræða. Ég tek undir með þeim sem hafa talað hér fyrr í umræðunni og bent á að það væri nær að hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir þessu plaggi og að tryggt væri að þetta nýja fjárlagafrumvarp sem við erum hér að ræða færi í gegnum þrjár umræður. Frumvarpið sem lá hér fyrir við 1. umr. er löngu úrelt og ekkert að marka. Það sem við fáum núna er að mörgu leyti mjög óljóst og ég mun í máli mínu á eftir beina nokkrum spurningum til hv. formanns fjárlaganefndar um nokkur atriði, sérstaklega safnliði á sviði heilbrigðismála, sem ég held að væri þarft að upplýsa.

Ég sagði áðan að stjórnarliðum væri nokkur vorkunn og margir þeirra hafa hér í dag reynt að beina athyglinni annað, gert kröfur um að við sem gagnrýnum þann blóðuga niðurskurð sem hér er á ferð kæmum með tillögur um „eitthvað annað“. Við höfum ekki forsendur til þess. Við höfum ekki séð þær. Við höfum ekki fengið aðgang að þeim. Þetta er afurð þess sem ég leyfi mér bara að kalla myrkraverk ríkisstjórnarinnar á undanförnum mánuðum. Allt á bak við þing og þjóð. Þar er ég að vísa til samkomulagsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og þar er ég ekki síður að vísa til hnjáliðamýktarinnar gagnvart Evrópusambandinu sem birtist í því að ríkisstjórnin kyngdi kröfum Breta og Hollendinga undir þrýstingi Evrópusambandsins um að standa skil á öllum Icesave-skuldunum. Ég segi öllum Icesave-skuldunum því að vegna þess að svo lengi sem hryðjuverkalögunum er ekki aflétt og svo lengi sem eignir Landsbankans eru kyrrsettar, eignir íslensku bankanna, í Bretlandi er það fyrir mér merki um að Bretarnir muni nota þær eignir til að dekka bilið frá 20 þús. og eitthvað evrum upp í þær 50 þús. evrur sem Bretarnir hafa sjálfir lýst yfir að þeir muni standa mönnum skil á. Ég hef með öðrum orðum, herra forseti, ekki minnstu trú á því að það komi króna frá eignum bankanna í Bretlandi upp í 660 milljarða kr. skuldina.

Í því fjárlagafrumvarpi sem hér liggur fyrir er vel að merkja hvergi gert ráð fyrir því að greidd verði króna, ekki úr ríkissjóði, ekki einu sinni í lántökugjald og ekki einu sinni í vexti af þessum 660 milljörðum kr. Jafnvel þótt það væri lægri fjárhæð er það undarlegt.

Það er rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar, benti á fyrr í kvöld, það er hvergi heldur gert ráð fyrir þeim 385 milljörðum kr. sem fyrirhugað er að leggja inn í bankana sem eigið fé í febrúar nk. Það er hvergi að finna í frumvarpinu. Mig langar til að spyrja hv. formann fjárlaganefndar hvernig standi á því.

Það er heldur ekki gert ráð fyrir þeim 150 milljörðum kr. sem fyrirhugað er að setja í endurfjármögnun á Seðlabankanum. Það er hvergi stafkrók að finna fyrir þeim fjármunum í þessu frumvarpi. Og loks er hvergi að finna neitt um vaxtagreiðslur af öllum þessum lánum. Það sem ég hef nú talið er ein landsframleiðsla eða svo, u.þ.b. 1.200.000 millj. kr. — 1.200.000.000.000 kr. sem hvergi er gerð grein fyrir í þessu frumvarpi en svo koma menn hér og stæra sig nánast af því að skera niður svo sem eins og milljón hér og milljón þar og leggja á 1.100 millj. í nýja sjúklingaskatta.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér kemur mjög á óvart að formenn stórra þingnefnda skuli ekki hafa tekið þátt í umræðum hér í dag. Ég fylgdist náið með því að hv. formaður heilbrigðisnefndar, Ásta Möller, var á mælendaskrá lengi vel í dag. Það var undarlegt að fylgjast með mælendaskránni því að hv. þingmaður fluttist niður eftir henni í takt við það hvernig hún styttist og endaði á því að hverfa alveg út af mælendaskránni. Það hefur því hvergi verið mælt fyrir þeim gríðarlegu niðurskurðartillögum sem hér eru á ferðinni í heilbrigðismálum. Það hafa engar skýringar verið gefnar á því misræmi sem er í yfirlýstri stefnu og vinnu heilbrigðisnefndar fram til þessa dags og til þess plaggs sem hér liggur fyrir. Sama er upp á teningnum varðandi hv. iðnaðarnefnd þar sem ég á líka sæti. Formaður þeirrar nefndar hefur ekki tekið þátt í þessum umræðum.

Mig langar til að byrja á því að nefna aðeins iðnaðarmálin, hvað hér er á ferðinni. Hér er gerð tillaga um að lækka niðurgreiðslur á húshitun á köldum svæðum. Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis eiga að lækka um 200 millj. kr. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hv. formann iðnaðarnefndar hvernig þetta hugnast Samfylkingunni og henni því að þarna er farið lengra aftur en til framlaga á árinu 2007. Það var gert ráð fyrir því að framlagið hækkaði á milli ára um 150 millj. kr. en niðurskurðurinn nemur 200 millj. kr. Það hefði verið athyglisvert að heyra hvernig fyrirhugað er að skera niður vistvæna orkugjafa í næsta lið í iðnaðarráðuneytisfjárlögunum. Ég hefði líka viljað spyrja hv. formann iðnaðarnefndar hvernig það fer saman við fyrirhugaða uppbyggingu sem allir eru sammála um að sé nauðsynleg í ferðaþjónustu á þessu landi — ef við ætlum að afla gjaldeyris er ferðaþjónustan eitt af því sem menn horfa til — að skera niður framlög til Ferðamálastofu um 15,5 millj. kr.

Það hefði líka verið mjög athyglisvert að heyra svar frá hv. formanni iðnaðarnefndar — sem ekki hefur tekið þátt í þessari umræðu hér í dag — við þeirri spurningu hvernig það samrýmist stefnu Samfylkingarinnar og hæstv. iðnaðarráðherra um nýsköpun og sprotafyrirtæki og stuðning við þau að skera framlag til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands niður um ríflega 22 millj. kr.

Auðvitað samrýmist þetta engan veginn yfirlýsingum, ég tala nú ekki um kosningaloforðum, þessa flokks sem ég hef hér gert að umtalsefni, Samfylkingunni, langt í frá. Ég leyfi mér að efast um að hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafi séð þetta plagg eða skoðað. Þegar hv. fjárlaganefnd treystir sér ekki til þess að gera minnstu athugasemd eða breytingu á því sem kemur frá ríkisstjórninni er þess ekki að vænta að almennir þingmenn í öðrum nefndum, þótt formenn séu, hafi haft þar eitthvað um að segja.

Ég ætla í þessari tölu að fjalla um heilbrigðismálin og hvernig þau eru meðhöndluð í þessum tillögum. Heilbrigðismál eru skorin niður um 6.900 millj. kr. samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir við 2. umr. Þar er auðvitað fyrst til að nefna Landspítalann sem skal skorinn niður samkvæmt þessu frumvarpi um 1.740 millj. kr., 1,7 milljarða. Það er sérkennilegt að hægri höndin á þessari ríkisstjórn veit ekki hvað sú vinstri gjörir því að í dag var dreift á Alþingi frumvarpi til fjáraukalaga þar sem gert er ráð fyrir því að Landspítalinn fái 1.550 millj. kr., m.a. og einkum

vegna halla frá fyrra ári og því yfirstandandi. Það er fyrirhugað að greiða niður í fjárauka 2/3 af hallarekstrinum á Landspítalanum. Þetta eru 1.550 millj. kr. en á næsta ári á að skera spítalann niður um 1.740 millj.

Fagstéttir sem auðvitað vita og þekkja manna best hvernig peningum er varið á spítalanum hafa lýst miklum efasemdum um að hægt verði að komast hjá uppsögnum ef framlögin til heilbrigðismála almennt verða skorin svona mikið niður og til Landspítalans sérstaklega. Þetta gerist, eins og bent hefur verið á, á sama tíma og til að mynda Læknafélag Íslands hefur fullyrt að kreppan sem við upplifum núna kalli á aukin framlög til heilbrigðismála en ekki skerðingu.

Það er athyglisvert að sjá í *Fréttablaðinu* í dag viðtal við nýráðinn forstjóra Landspítalans sem segir um þennan harkalega niðurskurð upp á 1.740 millj. kr. á næsta ári að hún geti ekki lofað því á þessum tímapunkti að allir haldi vinnunni, það sé bara þannig, lögð verði áhersla á tilfærslu legudeildaþjónustu til göngu- og dagdeilda og síðan sé rekstusr á endurhæfingar- og öldrunardeildum til skoðunar.

Síðan segir forstjórinn, með leyfi forseta:

„Kjarnastarfsemi sjúkrahússins er meðhöndlun sjúklinga.“

Og síðar:

„Hulda segir að útboð verkefna sem lúta ekki að kjarnastarfsemi sjúkrahússins sé til skoðunar. „Þegar við tölum um hugsanleg útboð verkefna, svo ég sé alveg hreinskilin, getur það þýtt atvinnumissi þeirra sem starfa á okkar vegum að viðkomandi verkefnum.““

Þetta segir forstjóri Landspítalans og það er ekki nema von. Auðvitað sér hver heilvita maður að 1.740 millj. kr. niðurskurður á Landspítala Íslands þar sem yfir 70% af öllum útgjöldum eru laun kallar á uppsagnir og ekkert annað. En það kallar líka á að það sé skilgreint hvað er kjarnastarfsemi ef menn ætla að fara í það að úthýsa einhverju sem ekki er kjarnastarfsemi. Hér í þessu viðtali eru nefndar m.a. endurhæfingardeildir og öldrunardeildir, ef það er ekki kjarnastarfsemi á sjúkrahúsinu á að útvista því. Það er ekkert nýtt. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur lagt sig í framkróka við það að bjóða út þjónustu við aldraða til einkaaðila, það hefur verið stefna hæstv. ráðherra. Afleiðingarnar af því eru auðvitað skýrar, við búum við óuppsegjanlegan samning við Sóltún til 25 ára, samning sem mikil óánægja er með á báðum vígstöðvum en ekkert er hægt að hreyfa. Þetta var flaggskipið í einkavæðingunni, þetta var samningurinn sem átti að vera fyrirmynd að öllum öðrum slíkum samningum.

Næsti samningur sem var gerður um þjónustu við aldraða var við Heilsuverndarstöðina ehf. Hún fór bara því miður á hausinn. Og hvað gerðist? Upp undir 30 sjúklingum var hent út. Tveir eða þrír fengu inni á Grund, einn eða tveir á Landakoti, hinir bara fóru heim til sín. Starfsemin var boðin út aftur, Hrafnista átti lægsta tilboðið en það hefur ekki verið talað við Hrafnistu. Það kom fram í fréttum í gær að það er ekkert útlit fyrir að það verði gengið til samninga við Hrafnistu þannig að tekin verði upp þjónusta við þennan hóp fólks fyrr en í febrúarmánuði eins og ráðherra hefur sagt þó að Hrafnista hafi möguleika á því að taka fólkið fyrr.

Þegar þjónustu við hópa sem eiga að eiga sér skjól í velferðarþjónustunni okkar, í heilbrigðisþjónustunni, í menntakerfinu, er hent út á akurinn til einkaaðila sem eru í rekstri til að hafa af honum hagnað, sem reynist svo ekki nægur og viðkomandi fyrirtæki fara á hausinn er þeim hópum sem þangað var vísað hent út á guð og gaddinn. Um þetta höfum við nýleg dæmi í Reykjavík við gjaldþrot Heilsuverndarstöðvarinnar ehf.

Þarna varðar þetta frumvarp veginn með niðurskurði á Landspítalanum. Orð nýráðins forstjóra staðfesta að öldrunardeildir og endurhæfingardeildir muni lenda í útvistun á undan annarri starfsemi sem þá er kölluð kjarnastarfsemi. Þetta tel ég mjög brýnt að hv. heilbrigðisnefnd fjalli um og það verði tekið á því hvað er kjarnastarfsemi. Ef það er eitthvað sem á að skera utan af, ef það er eitthvert fitulag sem hægt er að skera utan af Landspítalanum er það á vegum heilbrigðisnefndar og þings að athuga og ákveða hvar það liggur.

Hér er ekki aðeins niðurskurður á ferðinni við Landspítalann. Ég var að ræða öldrunardeildir og það er líka mikill niðurskurður á öldrunardeildum. Forstjóri Hrafnistu nefnir það einmitt í blaðaviðtali í dag, ef ég man rétt, þó að ég finni ekki blaðið á borðinu hjá mér, að niðurskurður á framlögum til Hrafnistu um 300 millj. kr. sé aðför að þjónustu við aldraða. Ég get tekið undir þau orð Péturs forstjóra, þessi niðurskurður er aðför að þjónustu við aldraða.

Menn eru sammála um að heilsugæsla sem fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni sé mjög mikilvægur til þess m.a. að spara í heilbrigðisþjónustu. Við vitum að á höfuðborgarsvæðinu hefur heilsugæslan ekki verið byggð upp á sama hátt og úti um land, hér fara miklum mun fleiri beint til sérfræðings og jafnvel beint inn á bráðadeildir sjúkrahúsa í stað þess að fara í gegnum heilsugæsluna, einfaldlega vegna þess að hér eru um 8.000 manns sem eru hvorki skráðir hjá heilsugæslustöð né heilsugæslulækni. Þetta er gríðarlega dýrt fyrir samfélagið og eykur mjög á kostnað ríkisins, og reyndar einstaklinga líka, við heilbrigðisþjónustu. Einhver hefði haldið að þegar svo árar sem nú er, að menn þurfi að skera niður og spara, yrði heilsugæslunni hlíft og jafnvel frekar reynt að auka við framlög til hennar og styrkja hana til þess að fá tækifæri til að spara miklum mun stærri fjárhæðir.

Herra forseti. Það er langt í frá að svo sé.

Þó að heilsugæslan, ég vil sérstaklega nefna Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sé í rauninni lykillinn að auknum sparnaði í heilbrigðisþjónustunni skal þar skorið grimmt. Þannig er það í þessu frumvarpi, herra forseti, að það á að skera niður um 280 millj. kr. á næsta ári beint úr Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Og enn veit hægri höndin, niðurskurðarhöndin, ekki hvað sú vinstri gjörir því að í frumvarpi til fjáraukalaga, sem hér var dreift í dag, er gert ráð fyrir því að borga niður halla á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins upp á 450 millj. kr. Það eru um tveir þriðju af halla stofnunarinnar eftir síðasta ár og þetta.

Hér er skorið grimmt á næsta ári og sama má segja um Akureyri þar sem gert er ráð fyrir að í samningnum við Akureyrarbæ um heilsugæsluna verði framlög skert um ríflega 20 millj. kr.

Fyrir utan það sem ég hef nefnt, um niðurskurð í heilsu-

gæslu á höfuðborgarsvæðinu, er skorið niður, væntanlega eitthvert svipað hlutfall, til hinna einkareknu heilsugæslustöðva sem eru tvær á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Salahverfi í Kópavogi og í Lágmúla í Reykjavík. Þar eru skornar niður samtals um 13 millj. kr. Allt í allt er niðurskurður í heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu því um 300 millj. kr. á næsta ári. Það, herra forseti, er fráleit aðför að þeim sem þurfa að nota þjónustuna og hindrar uppbyggingu á heilsugæslunni sem fyrsta staðarins sem fólk leitar til í heilbrigðisþjónustu, en á það hafa menn einmitt lagt áherslu á undanförnum árum.

Ég vil gera athugasemd og spyrja hv. formann fjárlaganefndar um sérstakan safnlið sem er númer 08-379 og heitir Sjúkrahús, óskipt. Hvernig stendur á því að um 1.000 millj. kr., að því er mér sýnist, eru fluttar inn á þennan safnlið til ráðstöfunar fyrir ráðuneytið og ráðherra, ekki aðeins af heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum heldur einnig af heilsugæslunni hér á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri og annars staðar þar sem heilsugæsla er rekin óháð sjúkrahúsþjónustu?

Í þeim liðum þar sem gerð er grein fyrir þessum tilflutningi fjármuna segir eins og hér í lið 08-506, sem er Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu, að gert sé ráð fyrir að 68,8 millj. kr. verði teknar af heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu, með leyfi forseta:

„ … sem flutt er á sérstakan safnlið 08-379 til endurráðstöfunar til heilbrigðisstofnana. Í heilbrigðisráðuneytinu er unnið að endurskipulagningu heilbrigðisstofnana. Stefnt að því að ein heilbrigðisstofnun verði í hverju heilbrigðisumdæmi á landsbyggðinni. Gert er ráð fyrir að verkefni flytjist á milli stofnana og umdæma og verði fjárheimildir á liðnum nýttar í þeim tilgangi.“

Herra forseti. Ég fæ ekki betur séð en hér sé verið að flytja um 1.000 millj. kr. til ráðstöfunar til ráðherra til þess að fylgja eftir mjög svo umdeildri skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi með það að markmiði að ein heilbrigðisstofnun verði í hverju umdæmi á landsbyggðinni. Ekki er verið að flytja fé innan þessara heilbrigðisumdæma eða innan landsbyggðarinnar heldur er, eins og ég hef bent á, verið að taka yfir 500 milljónir í þessum tilgangi af Landspítala og tæpar 70 milljónir af heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. Ég vil spyrja hv. formann heilbrigðisnefndar hvernig á þessu stendur og hvernig ráðstafa eigi þessu fjármagni, hvort honum finnist eðlilegt að til uppbyggingar einnar heilbrigðisstofnunar í hverju heilbrigðisumdæmi á landsbyggðinni sé tekið fjármagn úr heilsugæslunni á Akureyri, úr heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel að þetta sé fráleit aðför að heilsugæslunni til viðbótar við það sem ég nefndi áðan, að verið er að loka augunum fyrir því hversu mikið getur sparast ef heilsugæslan er efld.

Ég nefndi í andsvörum fyrr í dag að með frumvarpinu er lagt til að 1.100 millj. kr. verði lagðar á sjúklinga sem nýir skattar, 360 millj. kr. af þeirri fjárhæð eru vegna innlagna á sjúkrahús. Nú ber svo vel í veiði að á þessum fundi hefur verið dreift svokölluðum bandormi sem er frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og er að finna á þskj. 357, 243. mál. Þar kemur fram nokkur skýring á þessum sjúklingaskatti því að í X. kafla frumvarpsins er gerð tillaga um að inn í 29. gr. laga um sjúkratryggingar, sem er gjaldtökuheimildargreinin, verði bætt að heimilt sé að taka gjald vegna innlagnar á sjúkrahús. Tekið er fram að ekki skuli tekið gjald vegna innlagnar á fæðingardeild og jafnframt að gjald fyrir þjónustu skuli vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum. En, herra forseti, hér er brotið í blað. Verið er að taka upp aðgangseyri inn á sjúkrahúsin í landinu. Ég vil spyrja: Hversu hátt á þetta gjald að vera og hver á að ákveða það?

Í því frumvarpi til fjárlaga sem hér liggur fyrir við 2. umr. er gert ráð fyrir því að sjúklingaskattur geti verið breyting á komugjöldum og/eða upptaka fæðisgjalds á heilbrigðisstofnunum. Bandormurinn sker úr um það að ætlunin er að taka upp innlagnargjald, komugjald, á sjúkrahús en ekki fæðisgjald. Þetta eigum við eftir að ræða betur þegar þessi bandormur kemst á dagskrá en óhjákvæmilegt er, herra forseti, að lesa það sem segir í bandorminum, í greinargerð um 17. gr., sem fjallar um komugjaldið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með töku komugjalds vegna innlagnar á sjúkrahús skapast meira samræmi og jafnræði í gjaldtöku, enda er tekið komugjald vegna komu á slysadeild, bráðamóttöku og göngudeild auk gjalds vegna rannsókna hjá þeim sem ekki eru inni liggjandi.“

Það er satt og rétt að á síðustu árum hefur verið seilst æ dýpra í vasa sjúklinga og þeirra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda. Það hefur þó ekki verið áður að menn hafi þurft að borga sig inn á sjúkrahúsin eins og inn á hótel. Ég geri lítið með það, herra forseti, þó að fyrirhugað sé að gjald fyrir börn, öryrkja og aldraða verði eitthvað lægra. Ég velti því fyrir mér, jafnvel þótt ekki verði heimilað samkvæmt frumvarpinu að taka gjald vegna innlagnar á fæðingardeild, hvort fyrirhugað er að taka gjald vegna innlagnar á meðgöngudeild. Ég velti því fyrir mér hvort fyrirhugað er að taka gjald fyrir nýbura sem þarf að fara á vökudeild. Hvert eru menn komnir þegar fólk þarf að fara að slíta upp budduna þegar það er komið inn á sjúkrahúsgang?

Það er dapurlegt að horfa upp á þetta. Ég nefndi það hér fyrr í kvöld, og það er staðreynd sem ekki verður í móti mælt, að OECD hefur ítrekað gert tillögur um að tekin verði upp gjaldtaka á sjúkrahúsunum. Við höfum haft hér í lögum ákvæði um að dvöl á sjúkrahúsi skuli vera gjaldfrjáls og við settum það síðast í lög þann 10. september sl. að dvöl á sjúkrahúsum skuli vera gjaldfrjáls. En hér er gerð tillaga um að þeir sem leggjast inn á sjúkrahús skuli borga 360 millj. kr. á næsta ári.

Ekki nóg með það, herra forseti, það er líka gert ráð fyrir því að 730 millj. kr. verði lagðar aukalega á sjúklinga í auknum lyfjakostnaði. Það er að finna í tveimur liðum í frumvarpinu sem hér liggur fyrir. Það skal breyta greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjum þannig að hún taki mið af ódýrasta lyfi í viðkomandi lyfjaflokki. Þar eiga að sparast 320 milljónir. Síðan á að hækka lágmarksgjald sjúkratryggðra fyrir lyf. Þannig á að taka af sjúklingum sem þurfa á lyfjum að halda 410 millj. kr.

Samtals er því hér um að ræða, herra forseti, 1.100 millj. kr. nýja sjúklingaskatta. Ég hlýt að kalla eftir því hvað hv. formaður fjárlaganefndar segir um þetta atriði. Eins og ég sagði þá sakna ég þess að hv. formaður heilbrigðisnefndar hefur ekki treyst sér til að taka þátt í umræðum hér í dag.

Þetta er eitt af því sem ég hefði svo sannarlega viljað spyrja hann um.

Bandormurinn sem hér var kynntur í kvöld tekur til miklu fleiri liða en þeirra sem ég nefndi, þetta var innan við milljarður sem ég var hér að nefna. Hann tekur til 45 milljarða kr. niðurskurðar. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði hér í kvöld að það að menn skuli standa hér blóðugir upp að öxlum í niðurskurði í velferðarþjónustunni og setja á sjúklingaskatta með þessum hætti til þess að skera hallann á ríkissjóði úr 205 milljörðum niður í kannski 160–170 er smáatriði og smánarlegt með tilliti til þess hvað vantar í fjárlagafrumvarpið. Vextirnir einir og sér af því sem fyrirhugað er að taka að láni geta á næsta ári numið einhvers staðar á bilinu 70–100 milljörðum kr. Ekki er stafkrókur í fjárlagafrumvarpinu um það hvernig á að mæta því, ekki til í því, heldur horfa menn á matarholur í velferðarkerfinu og í heilbrigðisþjónustunni. Þar eru menn að leita að brauðmolum til þess að safna upp í niðurskurðinn fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Ekki er nema von að hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar reyni að beina athygli fjölmiðla og landsmanna að öðru en verkunum sem þeir standa í hér á hv. Alþingi á hverjum degi, reyni að beina athyglinni að stólaskiptum, að einhverri andlitslyftingu á ríkisstjórninni eða lýtaaðgerð, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kallaði það hér í dag.

Það hefur verið sagt að endurnýja þyrfti stjórnarsáttmálann og ég held að það væri ágætt að ljúka þessari ræðu minni, herra forseti, með því að rifja aðeins upp nokkur atriði úr stjórnarsáttmálanum, til að mynda það sem segir um barnvænt samfélag, að fæðingarorlofið verði lengt í áföngum. Bandormurinn, sem ég nefndi áðan, gerir ráð fyrir því að skera niður um 400 millj. kr. í fæðingarorlof á næsta ári.

Í liðnum Hvetjandi skattaumhverfi er nefnt að stefnt skuli að frekari lækkun skatta á einstaklinga á kjörtímabilinu, m.a. með hækkun persónuafsláttar. Hvað þýðir það? Það þýðir jöfnuður í skattkerfinu. Hér er þvert á móti verið að fara í átt til ójafnaðar þvert á það sem segir í stjórnarsáttmálanum.

Ekki er nóg, herra forseti, að skipta um einn eða tvo eða þrjá eða fjóra ráðherra í ríkisstjórninni. Það er ekki nóg að gefa ríkisstjórninni andlitslyftingu og það er ekki nóg að breyta stjórnarsáttmálanum eða endurskapa hann eins og oddvitar stjórnarflokkanna hafa sagt. Nei, herra forseti, það þarf að skipta um ríkisstjórn og það þarf að leyfa þessari þjóð að kjósa, kjósa þessa vondu ríkisstjórn burt.

[01:16]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg):

Herra forseti. Nú er komið að lokum þessarar umræðu um frumvarp ríkisstjórnarinnar, 2. umr. um fjárlög. Það hefur komið æ betur í ljós eftir því sem liðið hefur á umræðuna hversu mörg atriði skortir varðandi grundvöll þeirra talna sem hér eru lagðar fram. Það undirstrikar að þetta frumvarp eins og það liggur fyrir nú er raunar bara vinnuplagg en ekki fullbúið frumvarp til fjárlaga eins og það ætti að vera við 2. umr.

Ljóst er að einkenni þessa frumvarps eru fálmkennd viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þeirri erfiðu stöðu sem komin er upp í efnahags- og fjármálalífi þjóðarinnar og er afleiðing nýfrjálshyggju og einkavæðingarstefnu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins sl. 17 ár. Þetta er dapur og sorglegur minnisvarði um þá stefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fylgt og keyrt fram í samfelldri stjórnartíð sinni.

Nú leggjast á almenning í landinu hundruð milljarða kr. skuldbindingar sem hann á enga sök á. Þá bregst þessi ríkisstjórn við með því að keyra fram niðurskurð í velferðarkerfinu, gríðarlegan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu. Þannig á að mæta þeim greiðsluvanda og skuldum sem ríkissjóður stendur frammi fyrir.

Það hefur líka komið greinilega fram í umræðunni að einmitt þau viðbrögð sem ríkisstjórnin sýnir eru hvað hættulegust. Einmitt við þessar aðstæður á og ber að standa vörð um velferðarþjónustuna, um menntunina og heilbrigðismálin, og einnig að hvetja og styðja atvinnulífið í landinu, grunnatvinnuvegina jafnt sem sprota- og nýsköpunartækifæri. Nú ríður á að við gerum allt sem við getum til þess að treysta innviði samfélagsins, sköpum grunn fyrir öflugt atvinnulíf og aukum atvinnu- og útflutningstekjur.

Það skortir öll markmið í þessar tillögur ríkisstjórnarinnar. Ég hefði viljað sjá markmið sem fælu í sér t.d. að menn settu sér mark til að vinna að varðandi hámarksatvinnuleysi í þeirri erfiðu stöðu sem við erum nú. Að ríkisstjórnin setti sér að stöðva eða koma í veg að fyrir atvinnuleysi færi upp yfir ákveðin mörk. Ég vildi líka sjá að sett væru mörk um hvar og á hvaða stigi ríkisstjórnin ætlaði að verja fjölskyldurnar og heimilin í landinu. Á að láta það ganga glórulaust yfir að fjöldi fólks missi húsnæði sitt? Engin mörk, ekkert markmið og engin sýn er sett fram í þessum efnum, bara beitt niðurskurði og aftur niðurskurði.

Ég vildi að menn settu sér raunveruleg mörk þar sem tilgreind eru raunveruleg skilyrði og möguleikar fyrir fólk til þess að skrá sig í nám, háskóla, framhaldsskóla og tækninám. Hverju mætir fólk? Innritunargjöldin í háskólana, bara til að skrá sig, eru 45 þús. kr. að ég held. Fólk sem missir atvinnuna, fólk sem er á lágmarkskjörum eða fólk sem verið er að skerða vinnuhlutfall hjá — ef það ætlar að skrá sig í skóla verður það að byrja á því að greiða 45 þús. kr. í skrásetningargjöld. Það er ekkert víst að fólk hafi efni á því, hvað þá að takast á við kostnað við námið í heild.

Félagsmálastjóri í byggðarlagi úti á landi hafði samband við mig og sagði að það væri þyngra en tárum tæki að taka á móti fólki og hlusta á það lýsa erfiðri stöðu sinni. Það væri tekjusamdráttur og sem dæmi mætti taka hjón með þrjú börn sem hefðu verið í framhaldsskóla. Það er ekki framhaldsskóli á viðkomandi landsvæði svo hjónin urðu að senda þau burt, eitt barnið var í framhaldsskóla á Akureyri og tvö í Reykjavík. Þau sögðu að kostnaðurinn við þetta skipti milljónum króna. Börnin hefðu verið dugleg að vinna fyrir sér til að létta undir með náminu en nú sæju þau ekki fram á að geta það því þeim hefði verið sagt upp starfinu og hefðu í rauninni enga tekjumöguleika. Þau ættu engan annan kost en að hætta í námi og flytja aftur heim.

Því miður er þetta raun sem fólk víða um land stendur frammi fyrir. Fólk sem hefur t.d. þurft að senda börn sín í skóla fjarri heimilum sínum og borið af því mikinn kostnað horfir núna fram á að geta ekki leyft þeim eða stutt þau til að njóta menntunar eins og þó hugur og væntingar standa til. Svo talar ríkisstjórnin um að það þurfi sjálfsagt að efla

menntun og taka á móti fleira fólki inn í skólana en á móti eru skorin niður framlög. Ég nefni þetta sem dæmi um hvernig fólk við misjafnar aðstæður stendur frammi fyrir miklum vanda.

Ég vil líka nefna að nefndir voru starfandi, Norðvesturnefnd, Vestfjarðanefnd og Norðausturnefnd, til að taka á vanda þeirra byggða sem hefðu búið við mikla skerðingu á undanförnum missirum, samdrátt í atvinnulífi og neikvæðan hagvöxt. Gerð var sérstök áætlun fyrir þessi byggðarlög til að bæta þeim þetta upp. Nú sé ég að tillögur svokallaðrar Norðvesturnefndar, þ.e. fyrir Skagafjörð og Húnavatnssýslur þar sem staðan hafði verið hvað erfiðust — hlutar af þessum tillögum eru skornir niður. Það eru skornar niður 17 millj. kr., að mig minnir, sem áttu að fara í störf og verkefni tengd safna- og menningarstarfi í Húnavatnssýslu. Á Blönduósi og í Austur- og Vestur-Húnavatnssýslum.

Það kann að virðast létt og auðvelt verk fyrir fjárlaganefnd og ríkisstjórnina að skera niður þessar tölur en þetta voru þó aðgerðir sem byggðarlög og fólk í erfiðri stöðu hafði litið á sem stuðning og styrk í atvinnu- og menningarlífi og aðstoð við að vinna nokkuð upp það tap og tjón sem þessi byggðarlög tóku á sig í þenslu undanfarinna ára. Það er því ekki aðeins í góðærinu, í þenslunni, sem þessi byggðarlög og mörg verkefni taka á sig skerðingu og neikvæðan hagvöxt heldur eru þau líka fyrst látin til að taka á móti skerðingunni þegar kreppir að. (**Gripið fram í:** … með lögum.)

Þetta þarf að laga með lögum já, með fjárlögum sem við erum nú með til meðhöndlunar. Það eru þau sem ráða hvert tekjustreymið verður út um landið í hin ýmsu verkefni.

Hér hefur verið bent á og ítrekað mjög að greiðsluáætlun ríkissjóðs til næstu ára liggur ekki fyrir. Fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs til næstu ára liggur ekki fyrir, fremur en afborgun eða vextir af hugsanlegum lánum og lántökum ríkissjóðs til næstu ára. Enn liggur heldur ekki fyrir raunveruleg skuldastaða ríkissjóðs. Grunnforsendur þess að hægt sé að afgreiða fjárlög liggja ekki fyrir.

Þess vegna er það mat okkar sem skipum minni hluta fjárlaganefndar að þessi fjárlög séu ekki hæf til afgreiðslu þingsins í þeim búningi sem þau birtast nú. Þess vegna höfum við lagt til að komi ekki fram nauðsynlegar upplýsingar, nauðsynlegar grunnforsendur sem hér hafa verið tilgreindar, beri að fresta afgreiðslu fjárlaga.

Það eru ekki forsvaranleg vinnubrögð að vera hér ef á að vinna og afgreiða fjárlög sem byggja á því einu að skera niður þjónustu, skera niður velferðarkerfið. Ekkert er vitað um framtíðina, skuldir eða marga veigamikla gjaldaþætti sem hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs. Tekjuáætlun liggur heldur ekki fyrir.

Ég vil því ljúka orðum mínum um þetta frumvarp, herra forseti, á að ítreka að þetta er vinnuplagg af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það hefur ekki fengið neina meðferð í fjárlaganefnd. Allar grunnforsendur þessara fjárlaga við 2. umr. vantar og ég legg áherslu á að náist ekki betri vinna og fáist ekki gleggri upplýsingar um grundvöll fyrir fjárlög næsta árs verði fjárlagagerðinni frestað þangað til hægt verður að vinna hana betur. Þá verði afgreidd bráðabirgðagreiðsluáætlun sem ríkissjóður getur stuðst við í byrjun janúar. Þetta eru óforsvaranleg vinnubrögð eins og þau liggja fyrir í þessu fjárlagafrumvarpi.

[01:30]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég gerði fyrr í kvöld grein fyrir sjónarmiðum mínum varðandi fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar og ég get stytt mál mitt með því að vísa í ræður oddvita okkar við fjárlagaumræðuna, hv. þm. Jón Bjarnason, sem gert hefur ágætlega grein fyrir okkar meginviðhorfum.

Við höfum lýst því hvers vegna við teljum fjárlagagerðina fyrir komandi ár ekki standast grundvallarkröfur sem við hljótum að gera til Alþingis. Við höfum reynt að setja fjárlagafrumvarpið inn í annað samhengi en stjórnarliðar hafa gert við þessa umræðu. Þeir byrjuðu framan af umræðunni á því að reisa kröfur á hendur okkur, spyrja hvað það væri sem við vildum gera og hvernig við vildum standa að málum. Við höfum gert grein fyrir því. Við hefðum viljað í upphafi fjármálakreppunnar mynda þjóðstjórn, þar sem allir aðilar kæmu að máli, og stuðla að breiðri samstöðu í þjóðfélaginu. Síðan stæðum við sameiginlega að því að standast ásókn Breta og síðar Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að setja á okkur óheyrilegar skuldaskrúfur sem verða þess valdandi að á næsta ári má reikna með því að vaxtagjöld Íslendinga vegna skuldbindinga sem nú er verið að hlaða á þjóðina munu fara yfir 100 milljarða kr. Þetta eru hin raunverulegu stærðarhlutföll sem ber að hafa í huga í stað þess að einblína einvörðungu á hallann á ríkissjóði. Mönnum vaxa í augum rúmir 200 milljarðar sem verið er að reyna að koma niður í hvað, 175 milljarða eða þar um bil að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en horfa þá fram hjá þessum geigvænlegu upphæðum.

Upphaflega var gert ráð fyrir því að háskólasjúkrahús í Reykjavík mundi kosta 20–30 milljarða. Ég held að sú upphæð sé komin talsvert ofar, 40–50 milljarðar hygg ég. En hér erum við að tala um rúmlega tvö háskólasjúkrahús á ári í vaxtagjöld. Það kann að vera að ég vanreikni þessar upphæðir, áætlaðan kostnað við háskólasjúkrahús, en alla vega erum við að tala um a.m.k. eitt hátæknisjúkrahús á ári í vaxtagreiðslur.

Þetta er samhengi hlutanna sem við þurfum að horfast í augu við. Síðan er hitt að allar forsendur fjárlagafrumvarpsins eru harla ótraustar og óvissar. Af þeim sökum höfum við lagt til, í stjórnarandstöðunni, að við gerðum eins konar bráðabirgðafjárlög núna með lágmarksheimildum til fjárútláta úr ríkissjóði en legðumst síðan að nýju yfir málið á fyrri hluta komandi árs — augljóst er að við verðum að gera það en að við horfumst í augu við þá staðreynd núna. Af þessum sökum er harla vonlaust að gera breytingartillögur á frumvarpi sem er eins froðukennt og þetta. Við vitum einfaldlega ekki hvað bíður okkar á komandi mánuðum. Við vitum ekki hvaða skuldbindingum ríkisstjórnin er að hlaða á okkur.

Þessi reynsla á eftir að verða okkur eftirminnileg fyrir margra hluta sakir. Ég rifjaði það upp hér við umræðuna að á sama tíma og bresk stjórnvöld láta setja Ísland á lista yfir hryðjuverkalönd, hryðjuverkasamtök — al Kaída, Norður Kórea og Íran munu vera á þeim lista — á sama tíma og Evrópusambandið tekur undir kröfur Breta og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að sama skapi, þá gerist það að sérstak-

lega annar stjórnarflokkurinn, Samfylkingin, tekur að biðla ákafar til Evrópusambandsaðildar en nokkru sinni fyrr. Þetta kalla ég að kyssa á vöndinn.

Ég er sannfærður um það — og talar hér maður sem er því fylgjandi að Evrópusambandsaðild verði útkljáð í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu, ég sannfærður um að slíkri aðild yrði hafnað nú. Íslendingar vilja ekki láta fara með sig á þennan hátt.

Ég rifjaði það upp í fyrri ræðu minni í kvöld að ef við hefðum búið við stjórnvöld eins lin og þau sem nú verma ráðherrastólana hér þá hefðum við aldrei unnið eitt einasta þorskastríð. Það er alveg víst, það er deginum ljósara.

Hvað við vildum gera og hvað við viljum gera, vegna þess að það kemur dagur eftir þennan dag og við eigum eftir að taka þessi fjárlög upp að nýju. Það þarf að endurskoða skattkerfið og horfa þar á kjarajöfnun, þ.e. að setja hér á hátekjuskatt. Það þarf að hækka fjármagnstekjuskattinn. Við minnum á að útfærsla okkar á fjármagnstekjuskattinum, hærri skattinum, yrði þess valdandi að 80–90% þeirra sem núna borga fjármagnstekjuskatt, smásparendurnir, yrðu undanþegnir slíkum skatti. Þetta er í hnotskurn lýsingin á okkar skattstefnu, að færa skattbyrðina yfir á herðar hinna aflögufæru en létta henni af hinum sem hafa minni burði í þeim efnum.

Hæstv. forseti. Við vörum mjög alvarlega við því að þær þrengingar sem nú steðja að Íslendingum verði notaðar til að veikja undirstöður íslenska velferðarkerfisins. Því miður eru teikn á lofti um hið gagnstæða. Farið er að boða aukin gjöld í heilbrigðisþjónustunni. Það er talað um að selja aðgang að rúmum á Landspítalanum og öðrum sjúkrahúsum í landinu. Verið er að skerða bætur úr almannatryggingakerfinu. Einvörðungu fjórðungur þeirra sem hafa framfæri sitt frá Tryggingastofnun ríkisins fá óskertar bætur, þrír fjórðu verða fyrir umtalsverðri skerðingu, 10% skerðingu. Og við vekjum athygli á því að nú þegar reynir á varnir fyrir tryggingakerfið í fyrsta skipti frá því lögum var breytt á síðari hluta tíunda áratugarins þar sem sú vísitala ætti halda sem væri hærri, neysluvísitala eða launavísitala, í fyrsta skipti sem reynir á þessar varnir ákveður flokkur sem kallar sig jafnaðarmannaflokk Íslands og gengur undir heitinu Samfylkingin svona dags daglega að skerða þessar bætur, taka niður varnarmúrana.

Þetta eru áherslurnar sem við gagnrýnum í þessu frumvarpi en ofar öllu öðru þá hvetjum við til þess að menn skoði heildardæmið. Að við einskorðum ekki okkar sjónarhorn við fjárlagahallann sem slíkan heldur skoðum skuldastöðuna og þær skuldbindingar sem verið er að hlaða á skattgreiðendur bæði núna og langt inn í framtíðina.

Ég veit að ég og við tölum inn í samvisku og hjörtu margra stjórnarþingmanna. Ég veit að margir þingmenn úr stjórnarmeirihlutanum, reyndar úr báðum stjórnarflokkunum, hafa áhyggjur af þessu og deila þessum sjónarmiðum með okkur. Ég yrði ekki undrandi þótt það ætti við um báða stjórnarþingmennina sem eru hér við umræðuna, hv. þm. Sjálfstæðisflokksins Kristján Júlíusson og hv. formann fjárlaganefndar, Gunnar Svavarsson. Það væri fróðlegt að heyra sjónarmið þeirra hér undir lok umræðunnar.

Á þessum forsendum höfum við byggt málflutning okkar í dag og við höfum lagt á það áherslu að í reynd hvílir sönnunarbyrðin ekki á okkur heldur á stjórnarmeirihlutanum sem er að knýja þessar breytingar í gegn og ætlar að láta okkur samþykkja fjárlagafrumvarp nánast með bundið fyrir augun.

[01:42]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég hafði hér nokkur orð um vinnubrögð og aðstæður í sambandi við þessa svokölluðu 2. umr. fjárlagafrumvarps fyrir árið 2009 fyrr í dag og þarf ekki að endurtaka það. Eftir því sem liðið hefur á umræðuna hef ég orðið æ meira hugsi yfir því hvernig Alþingi stendur að málum, hvernig t.d. einstakir fagráðherrar og formenn fagnefnda sjá hlutverk sitt í þessum efnum. Hér eru undir hlutir sem þýða það stórfelldar breytingar í rekstrarumhverfi stofnana og ýmiss konar starfsemi að einhvern tíma hefði maður haldið að ástæða væri til að þeir sem eiga síðan að bera pólitíska ábyrgð á framkvæmdinni og/eða koma að þeim málum hér fyrir hönd Alþingis sem formenn viðkomandi fagnefnda hefðu haft uppi einhverja tilburði til að koma og útskýra fyrir okkur hvernig þetta á að ganga upp.

Hefur hæstv. heilbrigðisráðherra haft sig hér í umræðuna til að útskýra fyrir okkur hvernig eigi að reka Landspítalann á næsta ári með tæpum 2 milljörðum kr. minni fjárveitingar en hann hefur? Hefur formaður heilbrigðisnefndar farið yfir það? Ég hef ekki orðið var við það. Þannig mætti áfram halda.

Undir kvöld var dreift hér bandormi ríkisstjórnarinnar um alls konar inngrip í sérlög sem tengjast fyrirhuguðu fjárlagafrumvarpi eða fyrirhuguðum fjárlögum. Þegar betur er að gáð er það þannig að sumt af því sem þar er tekið inn á að heita komið hér í breytingartillögum við 2. umr. fjárlaga en annað á að koma við 3. umr. Bandormurinn lítur hér fyrst dagsins ljós með frumvarpi um lagaheimildir til að gera þessar skerðingar og niðurskurð eða nýja sjúklingaskatta eða hvað það er að lögum á næsta ári, hann hefði að sjálfsögðu átt að liggja fyrir og að minnsta kosti vera búinn að koma til umræðu og vera farinn til nefndar. Breytingartillögur við 3. umr. hefðu þá átt að vera heildstæðar og taka mið af því sem þar er á ferðinni. Er það þannig? Nei.

Hér er um algeran bútasaum að ræða. Þetta eru einhver tætingslegustu vinnubrögð sem ég hef nokkurn tíma séð og er þá mikið sagt í sambandi við tilraunir til þess að reyna að koma saman einu stykki fjárlögum fyrir ríkið. Það verður einfaldlega að gefa þessu falleinkunn, það er ekkert annað hægt. Ég veit að menn afsaka sig með afbrigðilegum aðstæðum og miklum erfiðleikum og þar fram eftir götunum en það er í raun mjög takmörkuð afsökun, vegna þess að enn lifa þó 15 dagar til áramóta og mönnum er ekkert vandara um hér á þessum vinnustað en annars staðar að vinna a.m.k. alla virka daga sem eftir eru til áramóta til að gera þetta þá eins sómasamlega úr garði og hægt er. — Kemur vel á vondan að hér skuli mæta í salinn hæstv. landbúnaðarráðherra, það er þá kannski hægt að fara aðeins yfir það sem að bændum á að snúa á næstunni.

Ég fór að blaða í þessum bandormi og ég verð að segja alveg eins og er að hann gerði mig heldur dapran í huga, bæði yfir því hversu lágt er lagst á köflum og eins yfir ýmsu öðru sem vekur þarna nokkra furðu. 2. gr. eða II.

kafli og 2. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum — og eru nú þeir tímar gengnir í garð á nýjan leik að það þarf svona bandorma um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Einhvern tíma var hér flokkur sem ætlaði að útrýma allri slíkri hugsun og slíkt væri liðin tíð, svona sértækar ráðstafanir og krukk í ríkisfjármálunum, en það er nú eitthvað annað.

Hvar er nú borið niður? Jú, í búvörusamningnum, sem er löggerningur, bindandi samningur sem enginn vafi er á að heldur fyrir dómi ef út í það er farið. Nú veit ég ekki hvort bændur hafa beinlínis haft fyrir að þinglýsa honum en það skiptir væntanlega ekki sköpum í þessum efnum. Hann er þannig úr garði gerður að hann byggir á ákvæðum í lögum um samningaviðræður ríkis og bænda og þar er ákveðið ferli í gangi og bændur samþykkja hann í almennri atkvæðagreiðslu, þannig að hann hefur að þessu leyti öll einkenni kjarasamninga. Hann er borinn undir stéttina og hún annaðhvort samþykkir hann eða synjar honum. Það þýðir t.d. að bændaforusta hvers tíma hefur ekkert samningsumboð til að breyta honum eða samþykkja á honum breytingar, hún þyrfti að afla þess í nýrri atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sinna.

Engu að síður á nú að bera hér niður og taka verðbætur af bændum á næsta ári og það eru litlar 800 millj. kr. sem áætlað er að spara í því miðað við núverandi verðlagshorfur og þetta er hvað, herra forseti? Þetta er einhver tekjulægsta stétt landsins í gríðarlegum erfiðleikum vegna mikilla kostnaðarhækkana og annarra aðstæðna sem hér hafa þróast með óhagstæðum hætti, talið jafnvel að allt að þriðjungur kúabænda sé í reynd gjaldþrota vegna hækkana á lánum og mikillar skuldsetningar á undanförnum árum vegna uppbyggingar í þeirri grein. Hin stóra hliðin í búvörusamningnum eru sauðfjárbændur og þeir hafa almennt ekki verið taldir sérstaklega aflögufærir í samfélagi okkar. Þarna ber ríkisstjórnin niður.

Hvað er svo sagt til að réttlæta inngrip í þennan löggerning, þennan bindandi samning sem hefur að lögum að mörgu leyti sömu stöðu og gerður kjarasamningur af því hann er samþykktur í almennri atkvæðagreiðslu stéttarinnar?

Það er sagt, með leyfi forseta:

„Skerðingin er almenns eðlis og bundin við takmarkaðan tíma. Hún er einnig liður í veigamiklum ráðstöfunum sem ríkið er nauðugt að ráðast í. Verður því ekki talið að þessi breyting stríði gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar jafnvel þótt gripið yrði inn í gildandi samninga ríkis og bænda.“

Eitthvað eru menn samt í beyglu með þetta. „Verður þó ekki talið“, þetta minnir mig á orðalagið þegar menn voru að sveigja til stjórnarskrána með samþykkt EES-samningsins og töldu að þetta „mundi rúmast“, það mætti teygja ramma stjórnarskrárinnar þannig að þetta „slyppi sennilega“. Þetta er slík lögfræði. Ég öfunda ekki hæstv. landbúnaðarráðherra, sem við höfum átt orðastað hér við, þingmenn, oft á undanförnum mánuðum um mikla erfiðleika bænda og landbúnaðarins, sem allir lofa núna og prísa að eiga, því að við eigum þó að minnsta kosti mat í landinu, guði sé lof fyrir að krötunum tókst ekki að eyðileggja landbúnaðinn — að koma þá svona fram við greinina, sem er okkur mjög dýrmæt og mikilvæg. Við ættum að hafa hugsun á að styðja landbúnaðinn í gegnum þessa erfiðleika, þá verðmæta- og atvinnusköpun sem þar er og undirstöðu matvælaiðnaðar og fjölbreyttrar annarrar starfsemi.

Ég verð líka að segja alveg eins og er, þó að einhver telji mér kannski málið skylt, að mikið óskaplega finnst mér lágt lagst þegar allt í einu er tínt þarna inn í IV. kafla, 5. gr. laganna, ákvæði um hvað? Að slá af annan héraðsdýralækninn í Þingeyjarumdæmi. Þar fundu menn aldeilis matarholuna eða hvað, hæstv. herra forseti? Þar fann landbúnaðarráðherra væntanlega — sem hefur átt að leggja eitthvað af mörkum í púkkið — matarholuna, sem var að slá af þessa þjónustu í þessu stóra og víðlenda héraði.

Margt er annað mjög umhugsunarvert í þessum bandormi, sem hefði auðvitað þurft að vera búið að ræða hér ef einhver svipur hefði átt að vera á hlutunum. Ég er ákaflega ósammála þeirri aðferð sem hér er farin í skattamálum, ekki vegna þess að ég hafi ekki skilning á því og sé ekki sammála því að það beri að reyna að afla tekna eftir því sem kostur er til að draga þá úr þeim niðurskurði sem menn ella telja sig knúna til að fara í, en það er heldur aumingjalegt að sú leið skuli farin að fara í flata hækkun tekjuskatts og útsvars og gera enga minnstu tilraun til þess að dreifa þá skattbyrðunum þannig að þeir beri þær meira sem aflögufærari eru.

Þegar kemur hér að ýmsum uppreikningi og útreikningi bóta kemur afar merkileg mynd í ljós. Það er t.d. þannig — sem er vel — að það á að reyna að verja lágmarksgreiðslur til þeirra sem slíkra njóta úr almannatryggingakerfinu og til þess að það verði, miðað við verðlagshorfur, eru þær hækkaðar um 20%. En þegar kemur síðan að ýmsum öðrum bótaliðum eru alls konar tölur á ferð. Aðrar greiðslur almannatrygginga eru hækkaðar um 9,6%, sjómannafrádráttur er uppfærður um 12,9%, en viðmiðunarfjárhæðir barnabóta og vaxtabóta um 5,7%. Þar er skilin eftir, ef ég sé rétt, gamla prósentan úr ónýta fjárlagafrumvarpinu frá því í haust. Með öðrum orðum: Þetta er algerlega handahófskennt, það er ekkert samræmi í neinu þarna. Hvaða vísindi eru þarna á ferð? Þetta er einhver geðþótti. Þetta eru bara geðþóttavísitölur sem menn setja þarna inn væntanlega einkum til þess að ná út úr þessu u.þ.b. þeim niðurskurði sem þeir ætla sér.

Í 17. gr. er ætlunin að skjóta lagastoð undir nýjan sjúklingaskatt. Það er undarlegt, herra forseti, að þegar þessir tveir flokkar, eða forveri annars þeirra og sá sami gamli í hinu tilvikinu, Sjálfstæðisflokkurinn, ná saman í ríkisstjórn gerast alltaf svona hlutir. Þá koma sjúklingaskattarnir. Eða muna menn ekki hverjir innleiddu þá? Ríkisstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks 1991–1995. Þá komu sjúklingaskattarnir og þetta er byrjað aftur, þegar kratarnir eru komnir í fangið á Sjálfstæðisflokknum þá byrja þeir. Sérstakur skattur á þá sem eiga að leggjast inn á sjúkrahús eins og menn geri það almennt að gamni sínu.

Nú er það þannig að ýmiss konar gjaldtaka hefur því miður viðhaldist og jafnvel hækkað í kerfinu sem áður var að stærstum hluta gjaldfrítt og menn töldu eitt af einkennismerkjum hinna samábyrgu norrænu velferðarsamfélaga að þar væri ákveðin undirstöðuþjónusta gjaldfrjáls, greidd af almennu aflafé og þannig tryggðu menn eins fullkomið jafnræði og gæði þjónustunnar sem allir nytu óháð efnahag

eins og kostur væri. Aðalsmerki hinna samábyrgu norrænu velferðarsamfélaga. Svo falleruðust krataflokkar í Vestur-Evrópu og víðar í heiminum af nýfrjálshyggjunni á síðustu árum níunda áratugarins og í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar. Þess sást nú heldur betur stað hér á Íslandi þar sem Alþýðuflokkurinn sálugi varð einn af frjálshyggjusinnuðustu krata- eða verkalýðsflokkum í veröldinni og gekk í það með Sjálfstæðisflokknum af fullu afli á kjörtímabilinu 1991–1995 að innleiða þessa hluti.

Sjúkrahúsin hafa verið ákveðið vígi sem hefur haldið fram undir þetta. Menn hafa ekki verið látnir greiða fyrir þjónustuna þegar þeir voru komnir inn á sjúkrahús og hafi þeir þurft að leggjast þangað inn, verið skráðir þangað inn af sínum læknum, hafa þeir fengið þjónustu þar án endurgjalds svona að mestu leyti. Að vísu hefur ýmis rannsóknarkostnaður o.fl. smálæðst þar inn en grunnþjónustan þó verið í aðalatriðum á þessum grunni.

Hér á líka að fara inn í þetta vígi þar sem eru sjúkrahúsin, þar sem er fólk sem er svo veikt að það þarf að leggjast inn á heilbrigðisstofnun. Hver er reynslan af slíkri gjaldtöku þó að hún eigi kannski ekki að vera nein ósköp hér í byrjun, 360 milljónir þó sem eru umtalsverðir fjármunir. Jú, það reynist óhemjuerfitt að ná henni út aftur og hún vill yfirleitt fara hækkandi. Hvað ætla menn að gera 2010 þegar enn erfiðara verður að koma saman fjárlögum? Jú, ætli menn seilist þá ekki til þess að hækka þetta? Komugjöldin á heilsugæslustöðvarnar voru ósköp lág í byrjun og menn sögðu: Þetta er svo lágt, þetta er bara svona hundraðkall, þetta er svona bara skráningargjald. Svo hækkaði það ár eftir ár þegar það var einu sinni komið inn, þegar búið var að brjóta ísinn. Samfylkingin ber mikla ábyrgð að rjúfa þetta vígi líka og taka upp beinar greiðslur fyrir innlögn manna á sjúkrahús. Þetta eru ekki þeir fjármunir að það mundi muna öllu að taka þá öðruvísi á þessu í þessum ósköpum öllum saman.

Almannatryggingakaflinn er náttúrlega stærstur í þessu því að þar munar 5,9 milljörðum sem á að spara við að hækka ekki bætur í samræmi við verðlagsforsendur. Á móti koma 2 milljarðar vegna lágmarkstryggingarinnar þannig að eftir standa rétt tæpir 4 milljarðar nettó í skerðingu, sem lesa má hér út úr greinargerð með bandorminum. Þar eru komin gögn sem algerlega vantaði hér í umræðuna í dag þegar maður var að reyna að átta sig t.d. á þessum tætingslegu breytingartillögum, það var engin leið fyrr en maður fær þá t.d. kostnaðarmat og mat fjárlagaskrifstofunnar á því hvað þetta eigi að gefa af sér.

Ég verð að endurtaka, herra forseti, gagnrýni mína á það hvernig hér er að málum staðið. Þetta er í raun og veru algerlega óboðlegt, þetta er engin alvöru 2. umr., þetta er hálf 1. umr. um nýtt fjárlagafrumvarp sem er ómarktækt vegna þess hvernig hlutirnir eru lagðir upp, vegna þess hvers konar bútasaumur þetta er og vegna þess hvað mikið af grundvallargögnum vantar til að fá eitthvert samhengi í hlutina.

Þegar það nú bætist við að það vantar síðan öll ósköpin sem á að fara að færa hér inn í lög, heimildir fyrir ríkið til að skuldsetja þjóðina fram á næstu áratugi þá versnar nú í því eins og ég hygg að hv. þm. Pétur Blöndal, formaður efnahagsnefndar, hafi bent á í umræðunni í dag. Það hlýtur að vera þannig að það verður að fá lagastoð fyrir þeim lántökum sem hér á að fara að ráðast í og þeirri endurfjármögnun banka og Seðlabanka sem á að fara að ráðast í. Eru það ekki 350–385 milljarðar í tilviki bankanna, 150–200 milljarðar í tilviki Seðlabankans? Það á að fara að reka ríkissjóð með 160–170 milljarða halla þannig að þá verður að ætla vaxtakostnað af því. Það á að heimila Innlánstryggingasjóði að taka lán, hann er jafnvel að því þessa dagana þó að það megi ekki, það er bara einfaldlega þannig. Ég spurði að því hvenær handhöfn lánsins færðist yfir á Innlánstryggingasjóð og það var upplýst af starfsmönnum þeirra ráðuneyta sem með það fara að það gerðist þegar farið yrði að borga út, og það eru 630–640 milljarðar kr. miðað við gengið eins og það hefur verið að undanförnu. Og það á að taka 5,1 milljarð bandaríkjadala eða um 580 milljarða miðað við gengið í dag hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og erlendum seðlabönkum. Bíddu, þetta vantar, það er ekki eitt orð um vaxtabyrðina og líklegar horfur fyrir ríkið í kjölfar alls þessa.

Ríkisstjórnin var að slá um sig á karamellublaðamannafundunum sínum hérna fyrir nokkrum vikum og hélt fyrst karamellufund um aðgerðir til stuðnings heimilunum sem ekkert var í. Það var helst að menn ætluðu að leggja einhverja fjármuni í að flytja út bíla, annað var það ekki. Svo kom næsti fundur hálfum mánuði síðar og þá voru það fyrirtækin og var enn minna í því því að það voru bara áskoranir og tilmæli til hinna og þessara aðila úti í bæ að gera eitthvað, ekkert frá ríkisstjórninni.

Þess vegna beið maður eftir fjárlagafrumvarpinu. Ég minnist þess að aðstandendur ríkisstjórnarinnar sögðu einmitt þá: Bíðið þið, svo kemur þetta í fjárlagafrumvarpinu. Menn hafa sagt við sveitarstjórnir: Bíðið þið, svo kemur þetta í fjárlagafrumvarpinu.

Hvað er að koma í fjárlagafrumvarpinu til stuðnings heimilum, til stuðnings atvinnulífi, til að verja heimilin og halda atvinnulífinu gangandi? Ekki neitt nema blóðugur niðurskurður. Það á að dýpka kreppuna, auka atvinnuleysið með þessum ráðstöfunum samkvæmt forskrift Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Við höfum verið að vinna aðgerðaáætlun í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og ég er með hana hér í höndunum á tólf blaðsíðum þar sem m.a. er heill kafli um aðgerðir í efnahags- og ríkisfjármálum. Hefði ég tíma til mundi ég m.a. vitna í hugmyndir okkar um tekjuöflun og sparnað. Þar eru aðgerðir sem snúa að samskiptum okkar við erlend ríki og annað í þeim dúr sem brýnt er að taka á. Hvar er prógramm ríkisstjórnarinnar í þessum efnum? Það er ekki til, það er ekki neitt, af því að ég kalla minnisblaðið um tólf spora kerfið fyrir atvinnulífið ekki áætlun, það er ekki neitt. Það er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem hefur tekið völdin í þessum efnum á Íslandi og það er dapurlegt, og ég er ekki viss um að það verði okkur til mikillar farsældar að fylgja hans meingölluðu uppskrift sem margar þjóðir hafa bitra reynslu af að fara eftir. Þar sýnist mér því miður ekkert hafa breyst, þannig að það er ekki að þessu leyti, virðulegur forseti, mikið tilefni til bjartsýni meðan þessi aumingja ríkisstjórn sameinast ekki um eitt eða neitt nema að sitja.

[02:03]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil hér í lokin eftir 15 klukkutíma ræðuhöld þakka ræðumönnum, hv. þingmönnum, fyrir málefnalegur ræður í allan dag. Farið hefur verið yfir mjög vítt svið, menn hafa litið í allar áttir í ræðum sínum, komið víða við og vissulega má segja að umræðan um fjárlögin að þessu sinni, 2. umr., sé mjög sérstök. Ég efa að nokkru sinni áður hafi álíka umræða verið og hér hefur verið í dag.

Ég ætla ekki að afsaka það á einn eða neinn hátt. Ég hef sagt að ég beri fulla ábyrgð á því að meirihlutaálitið er með þessum hætti. Tekin var ákvörðun um það af meiri hlutanum að taka tillögur ríkisstjórnarinnar sem bárust í síðustu viku beint inn í álitið og leggja þær hér fram í umræðuna. Það er ákvörðun sem við stöndum við og væntanlega verður síðan gengið til atkvæða um þessar tillögur síðar í vikunni.

Margt er vissulega óljóst í umræðunni og fram kemur í nefndarálitinu að von sé á því að þeir hlutir komi fram við 3. umr. Einnig kom hér fram á þinginu í dag hvort tveggja fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2008 og títtnefndur bandormur sem varpaði örlítið betra ljósi á það umhverfi sem við fjöllum um.

Ég ítreka þakkir mínar til nefndarmanna, ekkert síður nefndarmanna í minni hluta fjárlaganefndar, stjórnarandstöðunnar, og ekki hvað síst starfsfólks Alþingis sem hefur aðstoðað hvoru tveggja, meiri og minni hluta við störfin á umliðnum vikum. Ég ítreka þakkir mínar til hv. þingmanna fyrir málefnalega umræðu í dag þar sem ég hef orðið vitni að og verið upplýstur um fjölmargt sem ég vissi ekki áður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 02:06.

---

59. FUNDUR

þriðjudaginn 16. desember,
kl. 2 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Fjárlög 2009, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 337 og 349, brtt. 338, 339, 340 og 341. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 243. mál, þskj. 357. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Fjáraukalög 2008, stjfrv., 239. mál, þskj. 350. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Atli Gíslason, 7. þm. Suðurk.
Herdís Þórðardóttir, 8. þm. Norðvest.
Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest.

Störf þingsins.

Niðurskurður í mennta- og heilbrigðismálum.

[14:02]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Mig langar að gera að umfjöllunarefni þann niðurskurð sem boðaður er í fjárlögum sem voru til umræðu í gær og sérstaklega þegar kemur að menntamálum. Ég beini því máli mínu til formanns menntamálanefndar, hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, en boðaður er niðurskurður upp á 4,4 milljarða í mennta- og menningarmálum í fjárlagafrumvarpinu — 1,5 milljarðar tæpir í Lánasjóð íslenskra námsmanna, frestun á öllum rannsóknasamningum háskólanna, rekstrarframlög til Háskóla Íslands lækkuð um 270 millj. kr., háskólasjóðurinn, sem sinnir ungu fræðafólki og nýdoktorum, skorinn niður um 118 millj. kr., háskólasetrin um land allt 24 millj. kr., ekki há upphæð en gríðarlega mikilvægar nýsköpunar- og þekkingarmiðstöðvar fyrir landsbyggðina hvort sem við erum að tala um Höfn í Hornafirði, Snæfellsnes, Austurland eða Húsavík, störf þar sem eitt starf hefur skapað fleiri störf.

Umræðan í þinginu hefur verið á þann veg að menntun og rannsóknir eigi að vera einn af lyklum okkar til að komast út úr þessari kreppu, það sé lykillinn sem við þurfum á að halda til að geta unnið okkur út úr henni, skapað störf, haldið unga fólkinu heima og þess vegna sé svo mikilvægt að við hugum að þessu. Það er t.d. búið að ræða um lánasjóðinn í því samhengi. Við verðum að gera fleira ungu fólki kleift að komast í nám og ég hef meira að segja rætt það hvort ekki ætti að rýmka úthlutunarreglurnar og leyfa fólki yfir tvítugt að sækja um lán til að komast til náms í framhaldsskólum en hann er skorinn.

Ég spyr: Höfum við ekki eitthvað að læra af reynslu Færeyinga sem sögðu: Peningurinn kemur aftur en fólk sem fer kemur ekki aftur? Ég vil inna hv. formann menntamálanefndar eftir því hvort hann telji hreinlega ekki of langt gengið í niðurskurði á þessum mikilvæga lið í mennta- og menningarmálum.

[14:05]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það er þyngra en tárum taki að þurfa, við þær aðstæður sem nú eru uppi í efnahagslífinu, að standa að tillögum um niðurskurð til menntamála, ekki síst fyrir þá sem hafa unnið hörðum höndum að uppbyggingu menntakerfisins á síðustu árum og ég tel mig vera í þeim hópi. Við verðum hins vegar að hafa hugfast að útgjöld til menntamála hafa aukist gríðarlega á síðustu árum og hafa verið með þeim hæstu sem þekkjast í heiminum.

Niðurskurðurinn sem hv. þingmaður nefnir er að stórum hluta ákvörðun um að áformaðar hækkanir komi ekki til framkvæmda að sinni. Hér er verið að stíga eins varlega til jarðar og mögulegt er og ganga ekki of nærri menntakerf-

inu, m.a. til að reyna að koma í veg fyrir að fólk flýi land. En við verðum hins vegar að horfast í augu við það að tekjur ríkisins eru að dragast stórlega saman og við slíkar aðstæður verður ríkið að spara og skera niður og því miður á öllum sviðum.

Ég hef tekið eftir því að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa talað um það að ríkisstjórnarflokkarnir séu með tillögum sínum að boða blóðugan niðurskurð. Ég kýs þá að líta þannig á að Vinstri grænir séu á móti niðurskurði ríkisútgjalda og ef farið yrði eftir tillögum þeirra er ljóst að ríkið færi þráðbeint á hausinn enda virðast menn ekki skilja að einhvern veginn þarf að standa undir öllum þessum útgjöldum.

Við þær aðstæður sem uppi eru í efnahagslífinu verða menn að svara þeirri spurningu hverjir eigi að bera byrðina. Fyrirtæki berjast í bökkum, fólk er að missa vinnuna, laun lækka, verðbólga er há og vextir líka og gjaldmiðillinn hefur hrunið. Þetta þýðir að fólkið í landinu er að taka á sig byrðarnar. Því hlýtur maður að spyrja: Treysta þingmenn Vinstri grænna sér til þess að horfa framan í þetta fólk og segja við það að það verði að skera niður sín útgjöld en að ríkið ætli ekki að gera það? Eða vill hv. þingmaður steypa þjóðfélaginu í enn meiri skuldir en orðið er og skuldsetja sjálfan sig, börnin sín og börnin þeirra til framtíðar?

Herra forseti. (Forseti hringir.) Aðstæður eru þannig í þjóðfélaginu að það verður að skera niður. Menn verða að viðurkenna það (Forseti hringir.) og segja sannleikann eins og hann er.

[14:07]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Hér er spurt: Hverjir eiga að bera byrðarnar? Ég varpaði fram nokkrum spurningum síðla kvölds í gær eða í nótt en enginn var til andsvara vegna þess að hv. formaður heilbrigðisnefndar og reyndar líka hv. formaður menntamálanefndar létu ekki sjá sig í umræðunum, tóku ekki þátt í þeim, létu sig hverfa, strikuðu sig út af mælendaskrá. Ég verð að segja að þetta vakti athygli fleiri en mín. Ég verð að segja að það er sérkennilegt, þegar verið er að skera niður heilbrigðisútgjöld um 6,9 milljarða, þegar verið er að skera Landspítalann niður um 1.700 millj. kr., þegar verið er að skera heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu niður um 300 millj. kr. og þegar verið er að leggja 1.100 millj. kr. á í nýja sjúklingaskatta, að þá sé formaður heilbrigðisnefndar þingsins hvergi á vettvangi. Ég hlýt að spyrja: Hver er aðkoma hv. heilbrigðisnefndar að þessum stórfellda niðurskurði? Hver er aðkoma hv. heilbrigðisnefndar þegar þetta liggur fyrir?

Í framhaldinu vil ég spyrja: Ég hef nefnt nokkra þætti, niðurskurð og sjúklingaskatta, en vil spyrja sérstaklega um söfnunarreikning til handa ráðherranum upp á 780 millj. kr. þar sem verið er að taka af öllum heilbrigðisstofnunum í landinu og leggja inn á óskilgreindan söfnunarreikning í ráðuneytinu til að ráðherrann geti ráðskast með í umdæmaskipun í heilbrigðisþjónustu í landinu. Ég óska eftir að fá svör við þessu.

Þetta eru örfáar af þeim spurningum sem ég varpaði fram til hv. formanns heilbrigðisnefndar í gær. Ég var líka með spurningar til hv. formanns iðnaðarnefndar sem var heldur ekki á vettvangi (Forseti hringir.) og lét ekki sjá sig í þessari umræðu. (Forseti hringir.) Ég verð að segja að það er lítill sómi að formönnum þingnefnda sem þannig standa (Forseti hringir.) vaktina í þingsal.

[14:09]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég sat á hinu háa Alþingi langt fram eftir kvöldi í gær þannig að hv. þingmaður hafði fullt tækifæri til að ræða við mig hvort heldur hér inni eða utan salar. En það er ljóst að við stöndum frammi fyrir veruleika sem við hefðum gjarnan viljað vera án. Það þarf að bregðast við á öllum sviðum samfélagsins. Í því fjárlagafrumvarpi sem við erum með fyrir framan okkur er verið að auka í fjárlöginn varðandi heilbrigðismálin um 17% en hins vegar er gert ráð fyrir því í tillögum ríkisstjórnarinnar til fjárlaga við 2. umr. að þau lækki um 5,3 milljarða kr., stofnkostnaður verði lækkaður um 400 millj. kr. og aðallega vegna niðurskurðar á nýbyggingum þjóðarsjúkrahússins, sem er skorið niður um helming. Þá er gert ráð fyrir lækkun lyfjaútgjalda sem nema um 1 milljarði kr. sem er áætlað að muni fást með breytingum á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga og lækkun lyfjakostnaðar vegna breytinga sem gerðar voru á lyfjalögum eins og hv. þingmaður man glöggt eftir síðasta vor og er vænst að muni skila aukinni samkeppni á lyfjamarkaði og lækkun á heildsöluverði lyfja.

Það er ljóst að góð heilbrigðisþjónusta er mjög mikilvæg og það er mjög mikilvægt að bera þannig niður að ekki sé vegið að öryggiskennd einstaklinga og fjölskyldna við þær aðstæður sem við erum í núna. Það er hins vegar ljóst að í kerfinu eru miklir möguleikar til endurskipulagningar og í heilbrigðisþjónustulögum, sem samþykkt voru á vorþingi á síðasta ári, er m.a. mælt fyrir um ákveðna verkaskiptingu í heilbrigðisþjónustunni sem er mjög mikilvægt að farið verði eftir sem mun leiða þegar upp er staðið til mikils sparnaðar í kerfinu. Þá á ég m.a. við verkaskiptingu milli umdæmissjúkrahúsa og sérhæfðra sjúkrahúsa en jafnframt innan heilsugæslunnar.

Hv. þingmaður spyr sérstaklega um þann pott sem lagður er til í fjárlagafrumvarpinu við 2. umr. en verið er að mælast til þess að í þann pott (Forseti hringir.) fari ákveðið fjármagn frá öllum stofnunum sem síðar verði endurúthlutað til að standa straum af skipulagsbreytingum til hagsbóta fyrir sjúklinga í landinu.

[14:12]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Herra forseti. Því er ekki að neita að erfiðir tímar eru fram undan. Mig langar þó að setja nokkrar staðreyndir í samhengi við þá umræðu sem hér er um heilbrigðismál. Gert er ráð fyrir 11 þús. millj. kr. meira í heilbrigðismál núna heldur en það sem við settum í heilbrigðismál í síðustu fjárlögum. Þetta er gert þrátt fyrir að við stöndum frammi fyrir einni dýpstu kreppu sem dunið hefur á Íslandi fyrr og síðar — 11 þús. millj. meira í heilbrigðismál núna heldur en við settum í síðustu fjárlög.

Frá því að þessi ríkisstjórn tók við völdum hefur margt jákvætt gerst í heilbrigðismálum. Mun fleiri fá núna þjónustu BUGL en nokkurn tíma áður. Fráflæðisvandinn á

Landspítalanum, þ.e. sá fjöldi fólks sem býr á spítalanum, er nánast úr sögunni. Ráðist hefur verið í markvissa aðgerð á sviði lyfjamála og síðasta haust hafði lyfjakostnaður lækkað um einn milljarð króna. Fjármagn til heimahjúkrunar átti að aukast um helming frá árinu í fyrra en fjármagnið fyrir þetta ár var sex sinnum hærra en það sem varið var í heimahjúkrun 2005. Biðlistar hafa styst. Bið eftir hjartaþræðingu hefur styst hvað mest samkvæmt upplýsingum frá landlækni. Sameining heimahjúkrunar og félagslegrar þjónustu í Reykjavík er núna að verða að veruleika. Við höfum sett löggjöf um stofnfrumurannsóknir, náð samningum við hjartalækna. Nú í fyrsta skipti er verið að styðja sálfræðiþjónustu fyrir börn.

Þessi upptalning sýnir að heilbrigðismál hafa verið í forgangi í þessari ríkisstjórn en því er ekki að neita að við stöndum frammi fyrir mjög erfiðum tímum. Tekjur ríkisins eru að lækka mjög hratt. Þess vegna reynum við að mæta þessum vanda með annars konar forgangsröðun, við reynum að verja velferðina og höfum reyndar fengið þá gagnrýni að skera ekki nógu mikið niður. En það er ábyrgðarhluti að gera eins og Vinstri grænir að vísa nauðsynlegum niðurskurði á framtíðarkynslóðir ef það er tillaga Vinstri grænna. Við þurfum að taka á þessum vanda sjálf með réttri forgangsröð þar sem velferðin er í forgrunni við þessar afskaplega erfiðu aðstæður.

[14:14]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Mér fannst ein setning einkenna fjárlagaumræðuna í gær af hálfu stjórnarliða en það var það að aldrei skyldi hafa hvarflað að þeim að þessi staða kæmi upp, að þessi niðurskurður hefði einfaldlega dottið á þá af himnum ofan. Það er enginn að tala um það í stjórnarandstöðunni að við viljum setja þjóðina þráðbeint á hausinn, síður en svo. Það hefur ekki verið málflutningur okkar. Við höfum hins vegar gagnrýnt það að ekki sé horft til framtíðar. Hvað er betra en að farið verði varlega í að skera niður í menntamálum? Það er einfaldlega staðreynd að margir munu standa uppi atvinnulausir núna eftir áramót, sérstaklega þeir sem eru enn að vinna á uppsagnarfresti og þá hefði kannski verið betra að hafa meiri peninga til menntamála þannig að fólk gæti bjargað sér um stundabil og menntað sig meira. Ég spyr hæstv. ríkisstjórn: Af hverju hefur ekki verið unnið að tillögum og aðgerðum til að koma því fólki sem mun lenda í þessum vanda eftir áramót til hjálpar?

Það er líka eitt sem ég vil benda á varðandi rannsóknirnar. Nú á einmitt að vera tækifæri til að lyfta undir hjá þeim fyrirtækjum sem stunda rannsóknir, sem stunda frumkvöðlastarf. Mér er sérstaklega minnisstætt þegar ég lagði fram tillögu til þingsályktunar um skattaívilnanir vegna rannsókna- og þróunarverkefna að þingmenn Samfylkingarinnar gagnrýndu það og sögðu að þetta væri þeirra mál sem þeir mundu beita sér fyrir. Af hverju er það ekki upp á borðinu núna? Ég spyr.

[14:16]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Það er augljóst að hv. formannsefni Framsóknarflokksins, Höskuldur Þórhallsson, er svo upptekinn við kosningabaráttuna að hann fylgist ekkert með því sem er að gerast. Hv. þingmaður kemur hingað og hefur augljóslega ekki lesið fjárlagafrumvarpið þó að hann kjósi að nota þennan ræðustól til þess að tala um það. Hv. formannsefni ræðir um hvað verið sé að gera til þess að efla rannsóknir fyrirtækja.

Það vill svo til, herra forseti, að þessi ríkisstjórn hefur t.d. gert samning við Atvinnuleysistryggingasjóð sem gerir það að verkum að sprotafyrirtækjum sem eyða verulegum hluta af sinni veltu í rannsóknir hefur nú tekist að ráða til sín næstum því 300 nýja starfsmenn. Skiptir það ekki máli, hv. formannsefni? Skiptir það ekki máli að á sama tíma og hér er verið að skera niður vegna kreppu eru menn samt sem áður að láta ósnert það sem fer til rannsókna í gegnum Rannsóknarsjóð og ekki bara það, það er verið að auka framlagið?

Hv. formannsefni ætti kannski að kynna sér stöðu Tækniþróunarsjóðs. Þar er ekki verið að skera þar niður, þar er verið að auka við um nærfellt 100 milljónir. Þetta ætti formannsefnið að kynna sér áður en hann fer og ber sér á brjóst yfir því hvað hann veit mikið um vonsku þessarar ríkisstjórnar. Það, herra forseti, er ekki vænlegt fyrir formannsefnið ætli hann sér að ná einhverju brautargengi í hinum ágæta flokki Framsóknarflokknum. Menn verða að vita hvað þeir tala um áður en þeir koma og belgja sig út.

Ég kom hingað hins vegar [Hlátur í þingsal.] til þess að svara hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur sem var með málefnalega gagnrýni og álasaði ríkisstjórninni fyrir að hafa staðið fyrir niðurskurði til menntamála. Það er samt sem áður þannig að það er ekki hægt að halda því fram að verið sé að draga úr möguleikum fólks til þess að koma í háskólana. Það hafa aldrei jafnmargir stundað nám í háskólum og núna, það er staðreyndin. Það hefur aldrei verið jafnmikið átak í að lyfta menntunarstigi þjóðarinnar og (Forseti hringir.) núna. 1.500 nýir nemar hafa skráð sig í háskólana. Það hlýtur að skipta máli. (Gripið fram í.)

[14:19]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Það er vissulega ábyrgðarhluti að fjalla um fjárlög en það er líka ábyrgðarhluti að skuldbinda komandi kynslóðir til að greiða allar skuldir bankanna, til þess að greiða Icesave-skuldbindingarnar. Mér finnst það satt að segja vera stærsti ábyrgðarhlutinn hér og það er fullkomlega eðlilegt að við reynum að sporna gegn því að verið sé að skera niður menntamál og menningarmál um 4,4 milljarða.

Þó að það sé vissulega rétt sem sagt hefur verið að þau framlög hafi aukist á undanförnum árum er nú ekki lengra síðan en í síðustu viku að við ræddum frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu þar sem fram kom að menntastig hér á landi er lágt, lægra en í þeim löndum sem við berum okkur saman við, og innbyrðis munur í menntakerfinu er mikill. Þess vegna finnst mér þetta alvarlegt mál.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta er ekki gert með neinni gleði í hjarta en mér finnst mjög mikilvægt að fólk átti sig á því að þessi fjárlög eru sett í því samhengi að íslenskur almenningur er að greiða skuldir, skuldir fjár-

málastofnana, skuldir banka. Það er hinn stóri ábyrgðarhluti. Mér finnst það líka ábyrgðarhluti ef þetta á að vera okkar leið út úr kreppunni að efla hér menntun, vísindi og rannsóknir að við týnum ekki þeim lykli, að við tálgum ekki undirstöðuna svo mikið að hún verði feyskin og byggingin hrynji ofan á okkur. Hættan með svona niðurskurði er að við göngum of langt. Þá óttast ég, virðulegi forseti, að við fremjum óafturkræf spjöll á menntakerfinu.

Ég nefndi áðan framlög til rannsókna í öllum háskólum sem hefur verið skotið á frest og ég nefndi lánasjóðinn. Það hlýtur að skipta máli fyrir þá nemendur sem vilja komast í nám núna í þessu atvinnuástandi sem fyrir hendi er að framlög til hans eru skorin um 1,5 milljarða. Ég get því ekki séð annað en að þetta sé ansi róttækur niðurskurður og það er líka ábyrgðarhluti.

[14:21]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það væri auðvitað óskandi ef við ættum nóg af peningum til þess að verja til allra þeirra þjóðþrifamála sem við viljum vinna að hér á hinu háa Alþingi. Þessir peningar eru því miður ekki til. Ég fór yfir það áðan að orðið hefur og fyrirsjáanlegt er tekjufall hjá ríkissjóði. Tekjur ríkisins dragast saman og einhvern veginn verður að bregðast við því.

Ég sagði í upphafi ræðu minnar að það sé auðvitað þyngra en tárum taki fyrir okkur sem höfum verið að vinna að því hörðum höndum síðustu árin að byggja upp menntakerfið að þurfa að mæla fyrir niðurskurði á fjárframlögum til þess. Við verðum hins vegar að horfast í augu við staðreyndirnar eins og þær eru. Það er ekki hægt að eyða um efni fram og ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn reyna að stíga ekki fastar til jarðar en nauðsynlegt er til þess að verja menntakerfið.

Menn hafa ekki svarað þeirri spurningu hér hvernig þeir ætla að svara því fólki sem spyr: Hverjir eiga að bera byrðarnar? Hvað ætla hv. þingmenn Vinstri grænna að segja við fólk sem er búið að missa vinnuna, sem hefur lækkað í launum, sem hefur orðið fyrir kjaraskerðingu (Gripið fram í.) þegar fólkið spyr hvort ríkið ætli ekki líka að draga úr útgjöldum? (**Gripið fram í:** Þið hafið völdin í landinu.) Auðvitað verður ríkið að draga úr útgjöldum þegar harðnar á dalnum alveg eins og fólkið í landinu. Það er það sem málið snýst um.

Staðan er grafalvarleg og við verðum að taka á henni. Við megum ekki vera í einhverri vinsældakeppni með yfirlýsingum (Gripið fram í.) sem ekkert er á bak við. (Gripið fram í.) Það þarf að taka á vandanum og það þarf að skera niður og horfast í augu við það. Annars verður niðurstaðan skelfileg og kallar á himinháa skuldsetningu. Skuldir í dag eru skattar á morgun (Forseti hringir.) og ef við viljum forðast að skuldsetja börnin okkar til framtíðar verðum við að skera niður og ríkið er þar ekki undanskilið. (Gripið fram í.)

[14:23]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill biðja hv. þingmenn um að halda ró sinni.

[14:23]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra spyr hvort hv. þm. Höskuldur Þórhallsson hafi lesið fjárlagafrumvarpið. Ég spyr nú bara hver það er sem hefur lesið fjárlagafrumvarpið með öllum þeim breytingum sem lagðar hafa verið fram. Ég skal bara viðurkenna að ég hef ekki náð að lesa yfir það enda eru vinnubrögðin sem einkennt hafa vinnu tengda fjárlagagerðinni algjörlega ótrúleg.

Ég sit í heilbrigðisnefnd og þar kemur mjög skýrt fram í nefndaráliti okkar að okkur fannst vera algjör skortur á markvissum vinnubrögðum. Það kom engin heildarsýn fram, hvorki frá heilbrigðisráðherra né meiri hlutanum í nefndinni. Við skulum bara tala mannamál hérna. Það sem er verið að leggja til er að fækka störfum, það er verið að leggja til að segja fólki upp. Kostnaður heilbrigðiskerfisins er 70–80% launakostnaður þannig að þegar við tölum um að skera niður, hvort sem það er um 3,5 milljarða eða 10 milljarða eða hvaða tölu sem við tölum um, erum við að tala um að fækka störfum. (Gripið fram í.) Það er verið að tala um að skera niður. (Gripið fram í.)

Eftir að búið var að óska ítrekað eftir upplýsingum frá meiri hlutanum um hvað ætti að leggja til og spyrja fulltrúa stofnana beint kom skýrt fram að verið væri að tala um að loka deildum, jafnvel heilum stofnunum til þess að hægt væri að spara. Það má t.d. benda á að meðal þess sem ég hef skoðað er verið að tala um að skera niður fyrir 300 milljónir á Heilbrigðisstofnun Akureyrar. Það þýðir að þar þarf að loka stofnun þannig að við skulum bara tala mannamál hérna.

Það sem er líka einkennandi hérna er að það virðist enginn hafa neina yfirsýn yfir um hve mörg störf er að ræða, enginn. Þeir sem verða atvinnulausir geta væntanlega (Forseti hringir.) fagnað því að það eru átaksverkefni á vegum hæstv. iðnaðarráðherra sem þeir geta tekið þátt í.

[14:25]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vildi bregðast aðeins við orðum hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur sem mér fannst veitast ansi ómaklega að hv. þingmönnum Ástu Möller og Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir (Gripið fram í.) að hafa ekki tekið þátt í umræðunni í gær. Í umræðu sem er svona viðamikil eins og fjárlagaumræðan er jafnan við 2. umr., og ekki síst í gær, verð ég sem þingflokksformaður að skipuleggja hvernig fólk raðast inn í umræðuna. Þau höfðu gert ráð fyrir og undirbúið sig mjög vel fyrir þessa umræðu en það var sem sagt ég sem óskaði eftir því að þau mundu ekki taka þátt í umræðunni úr ræðustól. (Gripið fram í.) Þau voru hins vegar búin að hlýða á umræðuna og fylgjast með henni, m.a. ræðu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur. Ég tek fram að ég útskýrði mjög nákvæmlega fyrir hv. þm. Álfheiði Ingadóttur í gær hvernig í málinu lægi. Þess vegna vil ég segja að það var ómaklegt að taka þetta upp með þessum hætti úr ræðustólnum.

Þetta vildi ég láta koma fram vegna þess hversu mikið hv. þm. Álfheiður Ingadóttir gerði úr því að þessir tveir hv. þingmenn hefðu ekki tekið þátt í umræðunni. (Gripið fram í.) Mér fannst það hins vegar skipta miklu máli að þing-

menn sem sitja í fjárlaganefnd fengju tækifæri til þess að taka þátt í umræðunni og þess vegna er þetta svona.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, hefur það komið fram í framhaldsfjárlagaumræðunni sem átt hefur sér stað undir störfum þingsins að um miklar aðgerðir er að ræða sem miða að því að þeir sem veikast standa (Forseti hringir.) verði ekki fyrir niðurskurði. Ég held að það sé mjög mikilvægt og að við höfum það inni í 3. umr. og það er það markmið sem (Forseti hringir.) við stöndum fyrir í meiri hlutanum að landstjórninni.

[14:28]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Það eru þrjú atriði sem ég þarf að reyna að koma að á örstuttum tíma.

Í fyrsta lagi: Ég mun halda þeirri gagnrýni minni til streitu að formenn stærstu nefnda í þinginu eigi að vera hér til andsvara og skýra sína sýn á fjárlagafrumvarpið. Það á jafnt við hvort þeir eru í þingflokki Sjálfstæðisflokksins eða annars staðar. Ég horfi hér á hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur sem er formaður iðnaðarnefndar og var heldur ekki við umræðuna í gær. Aðrir formenn nefnda en þeir þrír sem ég nefndi tóku að sjálfsögðu til máls og ég vek athygli á því að formenn nefnda í þinginu hafa álag á kaupið sitt sem nefndarformenn, er ekki svo? Ég kalla eftir því að þeir taki þátt í umræðunni og séu til andsvara.

Í öðru lagi er mjög athyglisvert að þegar maður tekur sig til og spyr gagnrýninna spurninga og vísar þeim til Sjálfstæðisflokksins um blóðugan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu, hvað gerist? Stekkur ekki Samfylkingin upp og setur varnarskjöldinn fram. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson kemur hér fram og slær varnarskildi fyrir blóðugan niðurskurð Sjálfstæðisflokksins í heilbrigðisþjónustunni. Það er dapurlegt að á þessum degi í dag verður brotið í blað vegna þess að hér er tillaga um að sjúklingar eigi í fyrsta skipti að fara að greiða aðgöngumiða að sjúkrarúmunum inni á spítölunum. Við munum fara í atkvæðagreiðslu um það hér á eftir. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, Samfylkingin, ætlar að leyfa Sjálfstæðisflokknum að plokka 360 millj. kr. af sjúklingum þegar þeir eru komnir á nærbuxunum upp í sjúkrarúm.

Það vekur upp minningar um að það var ráðherra Samfylkingarinnar þáverandi, þ.e. Alþýðuflokksins, sem tók upp sjúklingaskattana fyrst 1991. Þetta er í rauninni arfleifð frá Samfylkingunni og það er nöturlegt að þessi flokkur skuli leyfa sér að koma að niðurskurði í fjármálum með þeim hætti að heimila þessa nýju sjúklingaskatta. Það hefur aldrei verið hér. Það er í lögum að sjúkrahúsvist skuli vera ókeypis. (Forseti hringir.) Það var dapurlegt að horfa upp á þetta, herra forseti.

[14:30]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Það er nokkuð einkennilegt að ræða fjárlög undir störfum þingsins þegar þau hafa verið á dagskrá en umfjöllun málsins hefur öll verið í nokkru skötulíki og varla hægt að segja að fjárlögin hafi fengið neina þinglega umfjöllun að gagni fyrir 2. umr. eins og þó vert væri en það helgast auðvitað af því neyðarástandi sem hér er.

Það er sjálfsagt og eðlilegt að menn hafi uppi varnaðarorð um að niðurskurðurinn komi niður þar sem síst skyldi en maður hlýtur að spyrja sig í hvers konar fílabeinsturni þessi umræða er eiginlega þegar fjárlögin fyrir komandi ár eru kölluð blóðugur niðurskurður.

Hér er verið að reka ríkissjóð Íslands með tæplega 200 milljarða halla, þ.e. tveggja millj. kr. halla fyrir hvert heimili í landinu. Ég vona að öllum þingmönnum sé ljóst að það verður sannarlega ekki hægt að endurtaka að ári. Hér verður að fara í enn frekari niðurskurð á því fjárlagaári sem koma mun og munu auðvitað allir málaflokkar líða fyrir það. Það er ekki þannig að það sé einhver málaflokkur sem geti orðið friðhelgur í þeirri vinnu vegna þess að menn skera einfaldlega ekki niður jafngríðarlegan halla sem nemur nærri helmingi fjárlaganna nema með því að fara á alla málaflokka. Það er þess vegna ekki hægt að koma hér og vera með einhverja óskalista í því efni eða tala eins og hægt sé að verða við öllu, gera allt og hlífa öllu. (Gripið fram í.) Við stöndum frammi fyrir gríðarlega erfiðu verkefni og ég bið menn um að hafa það í huga við þá umræðu sem hér fer fram. (Gripið fram í.)

Umræðu lokið.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:38]

3. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 41:17 atkv. að taka það til meðferðar og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁI, ÁÞS, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ.

5 þm. (AtlG, BJJ, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:34]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þingið á að standa vörð um lýðræði í landinu og það á líka að vanda vinnubrögð sín. Við erum að greiða atkvæði um afbrigði, þ.e. um að taka ráðstafanir í ríkisfjármálum til umræðu þó að því frumvarpi hafi verði dreift seint í gærkvöldi, líklega rétt fyrir kl. 11. Það er algerlega óásættanlegt að taka það mál til umræðu í dag og því greiðum við atkvæði gegn því. Svona vinnubrögð eiga ekki að líðast og ég verð að viðurkenna að ég verð meira og meira hissa á þinginu þegar ég heyri í umræðum að þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, Arnbjörg Sveinsdóttir, „handpikkar“ út af mælendaskránni hjá Sjálfstæðisflokknum, „handpikkar“ út formenn stærstu nefndanna, formann menntamálanefndar og formann heilbrigðisnefndar. Hvers lags lýðræði er þetta? Um hvað eigum við að ræða í þessu þingi þegar ekki einu sinni stjórnarsinnar mega tala?

[14:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þannig háttar til um þetta mál að því var dreift seint í gærkvöldi þegar hallaði mjög á kvöldið og styttist í miðnættið. Engu að síður eru í þessum bandormi að hluta til ákvæði sem varða lögheimildir vegna skerðinga og breytingartillögur eru fluttar um nú við 2. umr. fjárlagafrumvarps. En að hluta til eru þar á ferðinni atriði sem boðað er að muni koma við 3. umr. fjárlagafrumvarps. Það sannar að þessi svokallaða 2. umr. um fjárlagafrumvarpið var auðvitað ómarktæk og málin engan veginn tæk eða boðleg til umræðu.

Í reynd er á borðum þingmanna nýtt fjárlagafrumvarp, búið að henda hinu sem flutt var 1. október. Þetta nýja frumvarp frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og ríkisstjórninni kallar síðan á ýmsar skerðingar á lögum og nú loksins koma stjórnarliðar fram með þennan bandorm á eftir fjárlagafrumvarpinu og ætlast til að fá hann tekinn á (Forseti hringir.) dagskrá og til umræðu nánast fyrirvaralaust. Það er ekki boðlegt, virðulegi forseti, og væri eðlilegast að sérstaklega forseti Alþingis ýtti á rauða hnappinn og sýndi með því að hann vill ekki láta Alþingi bjóða Alþingi þessi vinnubrögð.

[14:37]

Jón Magnússon:

Virðulegi forseti. Svo háttar til að stjórnarmeirihlutinn er einstaklega fjölmennur. Þar eru 43 þingmenn en stjórnarandstaðan hefur eingöngu 20. Stjórnarþingmenn hafa haft aðstöðu til og kynnt sér þau frumvörp sem koma fram af hálfu ríkisstjórnarinnar en við sem erum í stjórnarandstöðu erum rétt að sjá þau núna þegar dagur rennur þar sem frumvarpinu var dreift mjög seint í gærkvöldi. Mér finnst að ítrekað tekinn sé af mér lýðræðislegur réttur sem þingmaður á Alþingi Íslendinga þegar ríkisstjórnin kastar inn hverju stórfrumvarpinu á fætur öðru og það kom fram við umræður á fjárlögum í gær að þar hafi verið kastað inn tillögum og þær ekki fengist ræddar í fjárlaganefnd en ætlast var til þess að þetta yrði afgreitt á einu bretti.

Ég hef orðið þess áskynja að Alþingi Íslendinga hefur ekki frumkvæði heldur er þetta ríkisstjórnarmiðað þing. En það er útilokað að við sættum okkur (Forseti hringir.) við þau vinnubrögð að taka við öllu sem að okkur er rétt. Þess vegna segi ég nei.

4. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 41 shlj. atkv. að taka það til meðferðar og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

17 þm. (ÁI, ÁÞS, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AtlG, BJJ, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

Fjárlög 2009, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 337 og 349, brtt. 338, 339, 340 og 341.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:40]

Magnús Stefánsson (F) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Umfang breytingartillagna við fjárlagafrumvarpið er með þeim hætti að í raun liggur fyrir nýtt frumvarp. Ég gagnrýni harkalega vinnubrögð við fjárlagagerðina. Fjárlaganefndin kom nánast ekkert að því verki. Það var alfarið unnið hjá ríkisstjórninni og tillögupakkanum var síðan skutlað inn í fjárlaganefnd formsins vegna. Það liggur ekki fyrir endurskoðun á mikilvægum áætlunum sem eru grunnforsendur frumvarpsins.

Fjárlaganefndin fékk lítinn tíma til að fjalla um frumvarpið og ég gagnrýni það. Það vantar allan rökstuðning meiri hlutans fyrir frumvarpinu og við þingmenn Framsóknarflokksins teljum ekki forsvaranlegt að Alþingi afgreiði tillögurnar við þær aðstæður og munum ekki greiða atkvæði við þessa atkvæðagreiðslu.

Herra forseti. Mér finnst frekar á ferðinni grínleikur en ábyrg vinnubrögð löggjafarvaldsins.

[14:41]

Jón Bjarnason (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Þetta frumvarp til fjárlaga sem nú er til 2. umr. er í rauninni bara vinnuplagg. Það hefur ekki fengið eðlilega, lýðræðislega meðferð af hálfu þingsins. Ekki liggur fyrir við afgreiðslu gjaldahliðarinnar nein greiðsluáætlun fyrir ríkissjóð, engin rekstraráætlun fyrir ríkissjóð, engin stefnumótun til framtíðar, ekkert liggur fyrir um lántökur og lánakjör eða vexti og afborganir á næstu árum. Tekjuáætlun liggur ekki fyrir. Þetta er marklaust plagg. Við í fjárlaganefnd lögðum til að málið yrði ekki tekið til umræðu.

Þegar frumvarpið kemur til afgreiðslu munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs almennt sitja hjá en þó gera athugasemdir og koma með ábendingar við einstakar greinar þess til að árétta pólitíska afstöðu okkar til málsins. Þetta er frumvarp ójöfnuðar.

[14:43]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Vinnubrögðin við fjárlögin 2009 eru algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og þingmenn stjórnarflokkanna sem tóku við tillögum að nýjum fjárlögum 11. desember sl. og afgreiddu þau á einum sólarhring til síðari umræðu og þeirrar atkvæðagreiðslu sem hér fer fram.

Aðstæður í þjóðfélaginu gera það óhjákvæmilegt að gripið verði til mjög ákveðinna aðgerða til að ná niður fjárlagahallanum. Þingmenn Frjálslynda flokksins telja nauðsynlegt að unnið verði að heildstæðum, markvissum sparnaði í ríkisrekstri og lýsa sig reiðubúna til að vinna að slíku starfi.

Þær tillögur sem liggja fyrir eru hins vegar illa unnar og ómarkvissar og ná ekki því markmiði sem nauðsynlegt er til að dreifa byrðunum með sanngjörnum hætti á fólkið í landinu. Við áskiljum okkur allan rétt til að koma með til-

lögur og breytingar við 3. umr. Frumvarpið stenst ekki grundvallarforsendur og er án heildaráætlana. Þrátt fyrir óskir þar um hafa þau gögn ekki verið lögð fram. Við þessar aðstæður því munu þingmenn Frjálslynda flokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[14:44]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Miklar breytingar hafa orðið á íslensku efnahagsumhverfi frá því að fjárlagafrumvarpið var lagt fram á Alþingi í byrjun október. Hin snöggu umskipti hafa eðlilega sett mark sitt á störf fjárlaganefndar og ríkisstjórnarinnar í fjárlagaferlinu. Þær breytingartillögur sem nú eru lagðar fram við 2. umr. eru þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur lagt fram og voru teknar til umfjöllunar í fjárlaganefnd í annarrar viku desember. Þar að auki er í breytingartillögunum sá hluti tillagna forsætisnefndar um fjárheimildir Alþingis 2009 er lýtur að rekstri þingsins og stofnana þess.

Af hálfu fjármálaráðuneytisins er nú unnið að frekari áætlunum um vissa útgjaldaliði frumvarpsins sem þurfa frekari skoðunar við, meðal annars endurmat á vaxtagjöldum ríkisins á næsta ári. Þá er unnið að endurmati á verðlags- og tekjupóstum frumvarpsins. Síðan bíða 5. og 6. greinar ákvæði enn fremur 3. umr. fjárlaga. Skipting á útfærslu fjárheimildar til rekstrar- og öldrunarþjónustu milli félags- og heilbrigðisráðuneytis er ekki lokið eins og stefnt var að og er nú er fyrirhugað að tillögur um það efni komi fram við 3. umr. frumvarpsins. Það kann að hafa í för með sér flutning á milli fjárlagaliða til leiðréttingar.

Virðulegi forseti. Fjárlaganefnd og fastanefndir hafa lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem bárust sem voru á annað þúsund. Tillögur fastanefnda og fjárlaganefndar sem varða afgreiðslu (Forseti hringir.) þeirra verða til umfjöllunar við 3. umr. samkvæmt ákvörðun fjárlaganefndar.

Brtt. 341 (ný sundurliðun 1 (tekjur í A-hluta)) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

17 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (AtlG, HSH, HerdÞ, KVM, SKK, VS) fjarstaddir.

Brtt. 338,1–14 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AtlG, HSH, HerdÞ, KVM, SKK, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 338,15–16 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (ÁI, BJJ, EyH, GMJ, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AtlG, ÁÞS, GSB, GAK, HerdÞ, KVM, KaJúl, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:47]

Katrín Jakobsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka varnaðarorð mín. Við erum að samþykkja 4,4 milljarða í niðurskurð á menntakerfinu. Ég ítreka varnaðarorð mín því þarna stöndum við frammi fyrir valkosti. Við þurfum að velta því fyrir okkur hvernig við komumst út úr þessari kreppu. Ég vara við því að við lokum ekki dyrum og ég óttast það, virðulegi forseti, að þessi niðurskurður gangi of nærri okkar góða menntakerfi, okkar góða vísindastarfi og við missum störf og möguleika á þekkingarsköpun og missum fólk úr landi af því að við göngum of nærri menntakerfinu. Því hef ég uppi þessi varnaðarorð hér þegar þessi niðurskurður verður samþykktur í þessari umræðu.

Brtt. 338,17 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (AtlG, GSB, HerdÞ, KVM, KaJúl, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er hörmuleg niðurstaða af niðurskurðarvinnu ríkisstjórnarinnar að það skuli eiga að skerða framlög til Háskóla Íslands um sem nemur tæpum 1 milljarði á næsta ári samkvæmt þeim fjárlagalið sem hér er verið að greiða atkvæði um. Það stangast algerlega á við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að nú skuli sem aldrei fyrr gefa fólki tækifæri til háskólamenntunar. Nú skuli opna alla háskólana upp á gátt. (**Gripið fram í:** Það hafa aldrei verið fleiri sem …) Ég vil því bara segja við þessa ríkisstjórn: Það kostar að kenna fólki í háskóla á Íslandi og það er ekki hægt að vera ósamkvæmari sjálfum sér en ríkisstjórnin er í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og það er skömm að því að þeir skuli bera þetta undir atkvæði Alþingis Íslendinga.

Brtt. 338,18–59.f samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG,

JóhS, JónG, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AtlG, GSB, HerdÞ, KVM, KaJúl, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,59.g samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, KaJúl, VS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:51]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er ríkisstjórnin að leggja til niðurskurð á öllum háskólasetrunum á landsbyggðinni. Það sést hvert risið er. Það er niðurskurður á háskólasetri Snæfellinga um 6 millj. kr., ég held að það sé öll fjárveitingin. Það er niðurskurður á háskólasetri Hornafjarðar um 6 millj. kr., ég held að það sé öll fjárveitingin, það er niðurskurður á háskólasetrinu á Húsavík um 6 millj. kr., ég held að það sé öll fjárveitingin. Það er niðurskurður á rannsóknarsetri Háskóla Íslands í landnýtingu upp á 1 millj. kr. og rannsókna- og fræðasetri á Austurlandi um 5 millj. kr.

Hvert er þessi ríkisstjórn eiginlega að fara ef þetta er það sem á að skera niður, þekkingarsetrin á landsbyggðinni sem hafa einmitt gegnt lykilhlutverki í þeim litlu fjárveitingum sem þau hafa þó fengið? Herra forseti. Þetta er dapurt, þetta er til skammar. Við tökum ekki þátt í svona vinnubrögðum.

Brtt. 338,59.h–65 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

17 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AtlG, GMJ, HerdÞ, KVM, KaJúl, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,66 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, KaJúl, VS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:53]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að leyfa mér í þessari atkvæðaskýringu minni að vitna til orða Runólfs Ágústssonar sem er framkvæmdastjóri fyrir nýstofnað háskólasetur, Keili á Suðurnesjunum en hann gagnrýnir þessa niðurskurðartillögu með svofelldum orðum, með leyfi forseta:

„Með fyrirhugaðri skerðingu á framlögum ríkisins til LÍN er verið að stofna til meiri kostnaðar annars staðar í ríkiskerfinu vegna þess að það er ódýrara fyrir ríkið að hafa fólk í námi en á atvinnuleysisbótum. Með fyrirhugaðri skerðingu eru möguleikar þeirra sem nú eru að hverfa af vinnumarkaði til að mennta sig skertir og sú hætta sköpuð að sumir þessara einstaklinga detti endanlega út úr atvinnulífinu og verði varanlegir þiggjendur samfélagsbóta. Með fyrirhugaðri skerðingu er dregið úr sveigjanleika þess vinnuafls sem við erum að missa af vinnumarkaði. Eftir 2–3 ár verður gott að fá inn stóra hópa af nýútskrifuðu fólki með fjölbreyttu námi af ýmsum skólastigum.“

Það er verið að koma í veg fyrir ýmsa af þeim hlutum sem þessi ríkisstjórn er þó búin að segjast standa fyrir. Þetta er afar alvarleg niðurskurðartillaga, hæstv. forseti.

Brtt. 338,67–88 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, KaJúl, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,89–91 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og fram kemur í nefndaráliti minni hluta utanríkismálanefndar til fjárlaganefndar þá styðjum við í aðalatriðum þann niðurskurð á stofnunum utanríkisráðuneytisins og yfirstjórn sem hér eru lagðar fram tillögur um en hefðum þó viljað forgangsraða öðruvísi innan málaflokksins, einkum og sér í lagi með það í huga að hlífa þróunarsamvinnu, mannúðar- og neyðaraðstoð meira við niðurskurð en hér er gert með það að markmiði helst að framlög okkar til þess málaflokks yrðu á næsta ári óbreytt hlut-

fall af þjóðartekjum, því miður mun minni þjóðartekjum en í ár. Að því leyti til mætti ganga lengra í niðurskurði að okkar mati á ákveðnum sviðum og hlýtur það að gleðja þá stjórnarliða sem ákaflega hafa saknað þess að við lýstum því hvar við gætum hugsað okkur að bera niður í sparnaði og ráðdeild. Það mætti til að mynda gera þarna og alveg sérstaklega í tölulið 92 sem ég mun gera grein fyrir í atkvæðagreiðslu á eftir.

Brtt. 338,92 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

19 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JónG, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er fjallað um fjárveitingar til gæluverkefnisins Varnarmálastofnunar sem er sérstakt hugarfóstur hæstv. utanríkisráðherra. Hér á að vísu að draga aðeins úr fjárveitingum sem áður voru ætlaðar nokkuð ríflegar, upp á tæpa 1,5 milljarða kr., en þó aðeins um 257 millj. kr. Eftir á að standa fjárveiting upp á 1.150 millj. kr. rúmar í þessa vitleysu, í þessa þarfleysu, í útgjöld til að halda uppi heræfingum og ýmis önnur hernaðartengd verkefni og brölt sem þessi stofnun var stofnuð til að hafa með höndum, þetta nýja hermálabatterí ríkisstjórnarinnar. Þarna viljum við ganga mun lengra og Alþingi á að ákveða að leggja þessa stofnun niður. Hún er óþörf. Hún er meira að segja heldur til bölvunar og það sem hún stendur fyrir. Þess vegna vil ég koma því sérstaklega á framfæri að við áskiljum okkur rétt til þess að þessu verði þá breytt þannig við 3. umr. að eingöngu verði skildar eftir nauðsynlegar fjárveitingar til að standa straum af því að leggja stofnunina niður og greiða launakostnað sem ekki verður komist hjá í þeim efnum.

Brtt. 338,93 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

Brtt. 338,94 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:58]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er verið að skera niður til þróunarmála um 780 millj. kr. Ég vil benda á það vegna þess að þegar gerð var hagræðingarkrafa á öll ráðuneytin þá var eitt ráðuneyti sem taldi sig vera að hagræða langmest og það var utanríkisráðuneytið. Það var uppi orðræða um það að félagsmálaráðuneytið gengi ekki nógu langt og talsvert tog í fjölmiðlum út af því. En þegar maður fer að skoða af hverju utanríkisráðuneytið lækkar fjárveitingar og nær þeim árangri sem menn þar þykjast vera að ná þá sést að 74% af þeim „árangri“ er niðurskurður á þróunarmálum og alþjóðlegri hjálparstarfsemi. Þetta er glæsilegur árangur eða hitt þó heldur. Ég sit hjá.

Brtt. 338,95–97 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

15 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AtlG, BÁ, HerdÞ, HöskÞ, JBjarn, KVM, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 338,98–117 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JónG, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (AtlG, HerdÞ, JóhS, KVM, KaJúl, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:00]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögur ríkisstjórnarinnar í niðurskurði í málefnum landbúnaðar og sjávarútvegs. Það vekur athygli að þetta eru einmitt þær greinar sem horft er hvað mest til að geti aukið framleiðslu sína, aukið útflutningsgreinarnar, aukið útflutning og þá er valið að skera þar niður. Þó er ekki allur niðurskurðurinn kominn þarna inn því enn vantar u.þ.b. 801 milljarð kr. sem er ráðgerður niðurskurður í framlögum til bænda í búvörusamningunum sem hefur bein áhrif á hækkun á vöruverði til neytenda og skerðir kjör bænda.

Hafrannsóknastofnun sem við horfum til í að efla og styrkja meðferð og nýtingu helstu auðlinda okkar er skorin

um 78 millj. kr. Skógræktin sem er atvinnuskapandi atvinnugrein og margir bentu á er líka skorin. Herra forseti. Þetta eru svo hugsunarlaus vinnubrögð að það er þyngra en tárum taki.

Brtt. 338,118–164 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, KÞJ, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:02]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nú greiðum við atkvæði um liði sem falla undir dómsmálaráðuneytið, sem snúa að réttarfarskerfinu á Íslandi. Ég veit ekki hvort þingmenn gera sér almennt grein fyrir því hvað verið er að gera réttarfarskerfinu með þeim miklu skerðingum sem felast í þessu frumvarpi. Ég vek athygli á því að framlag vegna málskostnaðar í opinberum málum skorið niður um 50 millj. kr., opinber réttaraðstoð 30 millj. kr., framlag til ríkissaksóknara skorið niður. Ég hélt að hér væri allt að fyllast af sakamálum, þá er skorið niður í þessu embætti. Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála skorið niður um 30 millj. kr., framlag til Fangelsismálastofnunar um 55 millj. kr. og yfirmaður þar á bæ segir að það framlag sem ætlað var í upphaflegu frumvarpi dugi ekki til rekstrar. En þá er komið hér fram og sagt að við verðum að spara, við verðum að skera niður vegna hallans á fjárlögum. Þetta er ekki hinn eiginlegi halli á fjárlögum sem hér birtist. (Forseti hringir.) Hann birtist í skuldsetningunni í útlöndum sem þýðir að vaxtakostnaður á næsta ári, bara vaxtakostnaðurinn á næsta ári sem ríkisstjórnin er að skrifa upp á verður yfir 100 milljarðar kr. (Forseti hringir.) en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir þeim fyrir verkum og hann hefur skipað þeim að skera niður réttarfarskerfið á Íslandi.

Hæstv. forseti. Þetta (Forseti hringir.) eru alvarlegir hlutir sem eiga sér stað.

Brtt. 338,165 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

17 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, VS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 338,166 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

17 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (AtlG, EBS, HerdÞ, KVM, VS, ÞBack) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:04]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við erum að fjalla um liði sem falla undir félagsmálaráðuneytið. Nú reynir í fyrsta skipti á lög sem sett voru á 10. áratugnum sem eiga að verja almannatryggingakerfið. Almannatryggingar eiga að hækka eftir þeirri vísitölu sem er hærri, neysluvísitölunni eða lánskjaravísitölunni. Nú reynir á þetta í fyrsta skipti. Þá stígur Samfylkingin fram, jafnaðarmannaflokkur Íslands, flokkurinn með stóra nafnið en litlu sálina. Hún ræðst núna gegn öryrkjum og öldruðum og hælir sér af því við umræðuna í gær að hún hlífi fjórðungnum, allra blankasta fólkinu. En hún ræðst gegn 75% þeirra sem hafa viðurværi sitt af framlagi úr Tryggingastofnun ríkisins. Hér er ég með í höndum yfirlýsingu frá Öryrkjabandalagi Íslands sem lýsir vantrausti á þessa ríkisstjórn sem ræðst gegn þeim sem minnstar hafa tekjur á Íslandi. Skömm sé ykkur. [Klappað á þingpöllum.]

[15:06]

Árni Þór Sigurðsson:

Herra forseti. Í fyrsta fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2009 var gert ráð fyrir byggingu 750 leiguíbúða og var það m.a. liður í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga fyrr á þessu ári. Nú er lagt til að þetta vilyrði sé svikið og framlag til þessa þýðingarmikla verkefnis er skorið niður um 50%. Þetta er enn eitt ömurlega dæmið um það hvar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar finnur breiðu bökin í samfélaginu. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lýsum fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórnarflokkunum á þessari atlögu að félagslega húsnæðiskerfinu og svikunum við verkalýðshreyfinguna.

Brtt. 338,167–181 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

17 þm. (ÁI, ÁÞS, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AtlG, BJJ, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

Brtt. 338,182 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN,

PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

17 þm. (ÁI, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AtlG, ÁÞS, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:07]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Af öllum þeim niðurskurðartillögum sem hér liggja frammi eru þær sem lúta að heilbrigðismálum, heilbrigðisráðuneytinu hvað sársaukafyllstar og ég tel að þær séu einnig hvað vanhugsaðastar af þeim öllum. Afleiðingarnar eru ekki fyrirséðar en það er ljóst að tæplega 7 milljarða kr. niðurskurður frá fjárlagafrumvarpinu verður ekki bættur nema með skerðingu á þjónustu, fækkun starfsfólks og auknum sjúklingasköttum. Til viðbótar þessum boðaða niðurskurði fara margar stofnanir inn í rekstur næsta árs með skuldahala og veldur það enn frekari erfiðleikum í rekstri þessara mikilvægu stofnana.

Hæstv. forseti. Félagsþjónustan verður undir miklu álagi. Geðheilbrigðisþjónustan verður undir miklu álagi. Hana þyrfti að auka frekar en að draga úr. Lýðheilsa mun versna, henni mun hraka og álagið á aðrar stofnanir er ófyrirsjáanlegt. Þetta eru vanhugsaðar tillögur og munu koma í bakið á ykkur.

Brtt. 338,183 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:09]

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar fjárframlag til Sjúkratryggingastofnunar, umdeildrar stofnunar sem ekki hefur að fullu tekið til starfa. Glöggir þingmenn taka eftir því að þetta er ein af örfáum stofnunum sem ekki er skorið niður hjá. Á fundi heilbrigðisnefndar og félagsmálanefndar í gær var upplýst að þessi stofnun ætlar sér að fá miklu meira fé á næsta ári og haga rekstri sínum með allt öðrum hætti en fyrirhugað var. Það að ekki er skorið niður á þessum lið sýnir að dekrið við einkavæðinguna er enn við lýði í þessari ríkisstjórn og hjá flokkunum báðum. Við teljum nauðsynlegt að endurskoða öll áform um rekstur þessa batterís, Sjúkratryggingastofnunar Íslands og það er hörmulegt hvernig nýskipaður forstjóri þeirrar stofnunar hefur komið fram gagnvart starfsmönnum Tryggingastofnunar á undanförnum vikum. Ég vara stórlega við þessu og við munum freista þess að fá fram breytingar á rekstri stofnunarinnar við fyrsta tækifæri.

Brtt. 338,184–190 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

Brtt. 338,191–192 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AtlG, ÁÓÁ, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér eiga undir tvær mikilvægustu heilbrigðisstofnanir landsmanna, þ.e. Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri, tvær stærstu stofnanirnar. Þær á báðar að skerða verulega, Sjúkrahúsið á Akureyri beint um tæpar 200 millj. kr. auk þess sem færa á talsvert fé frá stofnuninni yfir í pott og Landspítalann um 1.740 millj. kr. eða þar um bil. Þetta er gert án þess að neinar upplýsingar liggi fyrir frá stjórnendum þessara stofnana, frá hæstv. heilbrigðisráðherra, frá formanni heilbrigðisnefndar um hvernig þetta er hægt. Það þekkja allir álagið og rekstrarerfiðleika þessara stofnana á undanförnum missirum og það gríðarlega miðlæga hlutverk sem þær gegna í heilbrigðisþjónustu landsmanna. Það er algerlega óboðlegt að standa svona að verki og að ekki skuli liggja fyrir einhverjar áætlanir um hvernig þetta eigi að framkvæma án stórkostlegrar skerðingar á þjónustu, án þess að stofna heilbrigðisöryggi landsmanna beinlínis í hættu og/eða án þess þá að til blóðugra uppsagna komi og verulegrar fækkunar starfa. Hér er illa að verki staðið, herra forseti.

Brtt. 338,193–194.a samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

17 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AtlG, GAK, HerdÞ, KVM, LB, SKK, VS) fjarstaddir.

Brtt. 338,194.b samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ,

BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

17 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (AtlG, ÁRJ, HerdÞ, KVM, KolH, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:13]

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Með samþykkt þessa liðar í frumvarpinu eru ákvæði núgildandi laga um að sjúkrahúsvist á Íslandi skuli vera ókeypis numin úr gildi og ógilt. Hér er brotið í blað. Á næsta ári eiga sjúklingar að borga sig inn á spítalana á Íslandi. 360 millj. kr. á að tína upp úr vösum veikra einstaklinga sem þurfa að leita á náðir heilbrigðisþjónustu okkar.

Það sem verra er, er að þessi svívirðilega gjaldtaka er réttlætt með þeim orðum að hér sé verið að skapa jafnræði. Þetta kemur frá hinum nýja jafnræðisflokki, Samfylkingunni, eða hvað? Þetta er hörmulegt en þetta er samkvæmt ábendingum OECD og samkvæmt (Forseti hringir.) tilskipun og fyrirskipun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og þá fær allt þetta lið á bekkjunum í hnén og segir já.

Brtt. 338,194.c–248 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (AtlG, ÁRJ, HerdÞ, JónG, KVM, VS) fjarstaddir.

Brtt. 338,249 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:15]

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Atkvæðaskýring mín nær til liðanna 249–251 sem er niðurskurður í heilsugæslu. Heilsugæslan sem fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustu okkar er ákaflega mikilvæg eining. Menn vita að með því að styrkja hana er hægt að spara verulega útgjöld þegar kemur að dýrari þjónustu sem er sérfræðiþjónustan. Með því að taka um 1 milljarð kr. af heilsugæslu í landinu er verið að spara eyrinn en kasta krónunni. Ég gagnrýni þar að auki harðlega að út úr heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins skuli teknar 70 millj. kr. til þess að færa á sérstakan safnlið handa ráðherranum til að sýsla með heilbrigðisumdæmin úti um land. Það þarf að byggja upp heilsugæsluna í landinu og sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, ekki skera hana niður.

Brtt. 338,250–272 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

14 þm. (ÁÞS, BJJ, GAK, HSH, HöskÞ, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AtlG, ÁI, EyH, GMJ, HerdÞ, JBjarn, KVM, VS) fjarstaddir.

Brtt. 338,273–295 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

17 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AtlG, HerdÞ, HöskÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:17]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þeir liðir sem menn greiða nú atkvæði um snúa að fjármálaráðuneytinu og ýmsum stofnunum sem undir það heyra, m.a. ríkisskattstjóra. Menn hafa haft á orði að taka eigi til í íslensku samfélagi, gera það gagnsærra og heiðarlegra, þar á meðal í allri skattheimtu. Og hvert er þá fyrsta verk ríkisstjórnarinnar? Það er náttúrlega að skera niður við ríkisskattstjóra um einhverja tugi milljóna.

Ég vek athygli á því að framlag sem ætlað er til jafnréttismála, jafnréttisfulltrúa, er skorið niður. Menn kunna að hafa skýringar á því að þeir séu færðir undir ýmis ráðuneyti en gagnvart þeim er líka verið að skera niður og skilaboðin eru þau að nú skuli þau einhvers staðar einhvern veginn finna pening. Það er með öðrum orðum verið að skera niður til jafnréttismála. Hvað skyldi formaður Samfylkingarinnar, (Forseti hringir.) hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, segja um það? (Forseti hringir.) Hvernig skýrir hún það eða samflokksmenn hennar og að sjálfsögðu einnig sjálfstæðismenn, meiri hlutinn á Alþingi?

Brtt. 338,296–307 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ)

greiddu ekki atkv.

5 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, RR, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:19]

Árni Þór Sigurðsson:

Herra forseti. Niðurskurðarhnífur ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur harkalega niður á málasviði samgöngu- og sveitarstjórnarmála. Framkvæmdir til samgöngumála eru skornar niður um hálfan sjötta milljarð kr. Það mun enn magna erfiðleikana í íslensku atvinnulífi, dýpka kreppuna og auka atvinnuleysi í landinu. Framlög til samgöngubóta, almenningssamgangna og aukins umferðaröryggis, eru meðal arðbærustu verkefna sem unnt er að ráðast í, verkefni sem eru mannaflsfrek og skila samfélagslegum ávinningi til frambúðar. Framlög til Fjarskiptasjóðs eru skorin út að fullu en markviss uppbygging fjarskiptanetsins getur verið lykillinn að margvíslegri atvinnuuppbyggingu, m.a. með fjarvinnslu, fjarnámi o.s.frv. vítt og breitt um landið. Sveitarfélaganna bíður mikill tekjusamdráttur og útgjaldaaukning vegna efnahags- og atvinnuárferðisins án þess að þeim sé bætt það með viðunandi hætti. Þetta eru nöturlegar staðreyndir, herra forseti.

Brtt. 338,308–320 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AtlG, ÁI, GSB, GAK, HerdÞ, KVM, RR, VS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:21]

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Hér er gerð tillaga um að skera niður fjárveitingar til iðnaðarráðuneytis og verkefna sem þar eru vistuð um 380 millj. kr. tæpar. Það er dapurlegt að fyrir niðurskurðarhnífnum skuli verða sá atvinnuvegur sem helst er horft til í sambandi við gjaldeyrisskapandi rekstur, ég er að tala um ferðaþjónustuna hér. Ekki er það síður dapurlegt að Nýsköpunarmiðstöðin skuli lenda undir hnífnum. Það er þyngra en tárum taki að hlusta síðan á hæstv. iðnaðarráðherra stæra sig af stuðningi við sprota- og nýsköpun í landinu.

Þá vek ég athygli á lið 312 sem ég mun gera sérstaklega grein fyrir á eftir.

[15:22]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Í kaflanum um iðnaðarráðuneytið í fjárlagafrumvarpinu kemur glöggt fram að ríkisstjórnin er að horfa til framtíðar. Hún er að horfa til þeirrar þróunar sem þarf að verða í atvinnulífi Íslendinga til þess að Ísland geti aftur orðið öflugt á sviði atvinnulífsins. Það kemur fram þarna að ekki er verið að skera neitt niður til sprotastarfsemi, nýsköpunar eða rannsókna sem þeim tengjast og ekki heldur til ferðamála. Þarna er gefið í, það er verið að bæta við Tækniþróunarsjóð og það er verið að fimmfalda það fjármagn sem verið er að eyða til að sækja ferðamenn til Íslands. Með öðrum orðum er verið að skjóta nýjum stoðum undir gjaldeyrisöflun til skamms tíma og það er verið að verja fé til að byggja upp nýtt atvinnulíf til langs tíma.

Brtt. 338,321–339 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, SKK, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli þingheims á því að verið er að leggja til að framlög til náttúruverndarmála séu skorin stórlega niður. Ég geri ekki athugasemd við 12 millj. kr. niðurskurð til fyrirhugaðra rannsókna eða annars undirbúnings vegna olíuleitar á Drekasvæðinu. En ég geri athugasemdir við það að þegar Umhverfisstofnun er skorin niður skuli teknar heilar 50 millj. kr. af þeim 64 sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að fara eigi í þjóðgarða og friðlýst svæði. Ég geri athugasemd við að það skuli eiga að loka Surtseyjarstofu og Hornstrandastofu og hætt verði við gestastofuna við Látrabjarg og í þjóðgarðinum á Snæfellsnesi.

Ég segi við hæstv. iðnaðarráðherra sem var að segja í ræðustóli rétt áðan að ekki væri verið að skera niður til ferðamála: Það er víst verið að skera niður til ferðamála og það er gert með því að skera niður framlög til náttúruverndar. Ég mótmæli niðurskurði af þessu tagi, hæstv. forseti.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:26]

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Ég nefndi áðan í atkvæðaskýringu við lið 112, ég hélt að hann mundi koma sérstaklega til atkvæða en nýti þetta tækifæri til að koma að athugasemdum og ábendingum um þann lið. Þar er verið að leggja til 200 millj. kr. niðurskurð í niðurgreiðslum til húshitunar íbúðarhúsnæðis á köldum svæðum. Gert var ráð fyrir því að á milli ára mundi

þetta framlag hækka um 150 millj. kr. þannig að með þessu móti er verið að fara aftur fyrir fjárframlög til niðurgreiðslu á þessu ári og allir vita hvernig olíuverðið hefur verið. Það er dapurlegt að við skulum vera að fara aftur á bak í þessum efnum. Þetta er liður sem kemur mjög illa niður á landsbyggðinni og á fólki sem þarf að eyða hvað mestu til að kynda íbúðarhúsnæði sitt. Þetta er mjög slæmur niðurskurður.

Brtt. 339 (ný sundurliðun 3 (fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta)) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

Brtt. 340 (ný sundurliðun 4 (fjármál lánastofnana í C-hluta)) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, RR, VS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AtlG, ÁJ, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

2.–4. gr., svo breyttar, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (AtlG, BjörkG, HerdÞ, KVM, KaJúl, VS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HSH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, HerdÞ, KVM, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til fjárln.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 1. umr.

Stjfrv., 243. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 357.

[15:30]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á þskj. 357, 243. máli. Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar til samræmis við breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar sem fram komu við 2. umr. um fjárlagafrumvarpið og sem Alþingi var að afgreiða rétt í þessu.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um aðdraganda þessara tillagna. Allt frá því lög nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., voru samþykkt á Alþingi 6. október sl. hafa störf þingsins markast af því að takast á við hrun íslensku bankanna og efnahagskreppu þá sem fylgdi í kjölfarið.

Ein augljósasta afleiðing kreppunnar er sú að skatttekjur ríkisins lækka vegna minnkandi umsvifa í þjóðfélaginu og útgjöld aukast vegna hækkandi verðlags og gengisfalls íslensku krónunnar. Að óbreyttu stefndi í að halli ríkissjóðs á árinu 2009 gæti orðið um 215 milljarðar kr. Í efnahagsáætlun fyrir Ísland sem unnin var í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er hins vegar gert ráð fyrir að hallinn verði ekki meiri en sem nemur 165–170 milljörðum kr. Það þurfti því að bregðast við með mjög afgerandi hætti. Með aðhaldssemi í ríkisbúskapnum stuðlum við að því að þjóðfélagið nái sér sem fyrst upp úr kreppunni.

Ríkisstjórnin kynnti hinn 11. desember sl. sparnaðarað-

gerðir sem lagðar voru til við fjárlaganefnd. Meiri hluti hennar gerði þær að sínum og þingið afgreiddi þær í atkvæðagreiðslu fyrr á þessum fundi. Megintónninn í þeim breytingum er að standa vörð um velferðarkerfið, menntun og löggæslu en þess í stað verði hagrætt sem mest í rekstri ráðuneyta og hefðbundinna stjórnsýslustofnana. Þá mun tekjuskattur hækka og sveitarfélögum verður heimilað að hækka útsvar. Þessar aðgerðir munu bæta afkomu ríkissjóðs alls um allt að 45 milljarða kr. Þar af munu þær aðgerðir sem kveðið er á um í frumvarpi því sem hér er til umræðu bæta afkomuna um 16,5–17 milljarða kr.

Ég mun nú stikla á stóru í frumvarpinu sem hér er mælt fyrir en það skiptist í 11 kafla og er þeim raðað upp í aldursröð þeirra laga sem lagt er til að breytt verði.

Í I. kafla er lögð til breyting á lögum um sóknargjöld þannig að fjárhæð þeirra hækki ekki eins og núgildandi lög gera ráð fyrir milli áranna 2008 og 2009. Þess í stað munu þau lækka tímabundið árið 2009, um 2% frá því sem var árið 2008. Þessi gjöld renna úr ríkissjóði til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskólasjóðs. Með þessum hætti sparast 328 millj. kr.

Í II. kafla er lagt til að sett verði þak á útgjöld ríkisins árið 2009 vegna búvörusamninga. Verðhækkunin verði þannig óbreytt frá því sem reiknað var með í fjárlagafrumvarpinu, þ.e. 5,7%. Til að ná þessu fram er lagt til að bætt verði bráðabirgðaákvæði við búvörulögin þess efnis að búvörusamningar við bændur um sauðfjárrækt, mjólkurframleiðslu og garðyrkjuafurðir hækki einungis upp að vissu marki árið 2009 en ekki í takt við vísitölu neysluverðs.

Þarna er lagt til að Alþingi heimili að gripið verði inn í gerða samninga við bændur og ríkisstjórnin vill alls ekki gera lítið úr afleiðingum sem þetta kann að hafa í för með sér fyrir þá. Líkt og aðrir þjóðfélagshópar verða bændur hins vegar að axla nokkrar byrðar. Laun hafa skerst á almennum vinnumarkaði og hið sama mun eiga sér stað í opinbera geiranum, samanber frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um kjararáð. Við undirbúning frumvarpsins hefur verið hugað að samræmi við 72. gr. stjórnarskrárinnar sem verndar eignarréttinn. Niðurstaða ríkisstjórnarinnar er sú að lagabreyting þessi fái fyllilega staðist.

Skerðingin er almenn með því að hún kemur jafnt niður á þá sem eiga rétt til framlaga samkvæmt búvörusamningum, en þeir eru á þriðja þúsund talsins.

Sú ráðstöfun sem felst í frumvarpinu tekur einungis til eins árs, samningsársins 2009.

Loks er rétt að benda á að réttur til framlaga samkvæmt búvörusamningum er af allsherjarréttarlegum meiði. Eignarréttarvernd slíkra réttinda er að því leyti til veik að játa verður löggjafanum mikið svigrúm við að takmarka réttindin við þær aðstæður sem nú eru uppi þegar nauðsynlegt reynist að draga ríkisútgjöld verulega saman til að verjast þeim gríðarlegu efnahagslegu áföllum sem yfir þjóðina hafa dunið.

Sparnaður af þessari ráðstöfun fyrir ríkið verður um 800 millj. kr. árið 2009.

Í III. kafla frumvarpsins er lagt til að sveitarfélögum verði heimilað að hækka útsvar um 0,25 prósentustig, þ.e. úr 13,03% í 13,28%. Áætlað er að þessi hækkun geti skilað sveitarfélögum allt að 2 milljörðum kr. í útsvarstekjur miðað við það að öll sveitarfélög landsins fullnýti heimildina. Verði frumvarpið að lögum mun það skapa mun betri forsendur fyrir rekstri sveitarsjóðanna á næstu árum, en að öllu óbreyttu hefði stefnt í allnokkra tekjulækkun hjá mörgum sveitarfélögum vegna hinna miklu umskipta sem orðið hafa í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Í V. og IX. kafla frumvarpsins er að finna tillögur til breytinga á lögum um málefni aldraða annars vegar og almannatrygginga hins vegar. Felur þetta í sér að aukin verða áhrif fjármagnstekna á lífeyristryggingar auk þess sem frítekjumarki 70 ára og eldri verður breytt til samræmis við aðra hópa. Sparnaður verður um 1 milljarður kr. fyrir ríkið. Þá verður ákveðið að bætur almannatrygginga hækki ekki fyllilega og að öllu leyti í samræmi við vísitölu neysluverðs milli áranna 2008 og 2009, heldur um 9,6% fyrir aðra hópa en þá sem lægstu bæturnar fá. Þannig verður komið í veg fyrir 5,9 milljarða kr. aukningu útgjalda. Á móti kemur sérstök viðbót elli- og örorkulífeyrisþega að fjárhæð samtals um 2 milljarðar kr.

Í VI. kafla er gert ráð fyrir að greiðslur vegna fæðingarorlofs verði að hámarki 400.000 kr. á mánuði í stað 480.000 kr. Mun breytingin ná til foreldra barna sem fæðast frá og með 1. janúar nk. Gert er ráð fyrir að þessi breyting spari ríkissjóði um 400 millj. kr. miðað við það sem annars hefði orðið.

Í VII. kafla eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um tekjuskatt. Helsta breytingin er sú að lagt er til að tekjuskattur einstaklinga verði hækkaður um 1,25 prósentustig, úr 22,75% í 24%. Markmiðið með þessari hækkun er tvíþætt. Annars vegar er hækkun um 1 prósentustig til að mæta versnandi afkomu ríkissjóðs og hins vegar er hækkun um 0,25 prósentustig sem ætlað er að fjármagna sérstakt 1 milljarðs kr. framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur ríkissjóðs á fasteignagjöldum, samtals um nálægt 1,5 milljörðum kr. Áætlað er að tekjuskattur geti hækkað um samtals 8,5–9 milljarða kr. vegna þessara breytinga.

Í VIII. kafla frumvarpsins er lagt til að lög nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., verði felld úr gildi. Breytingartillögur við 2. umr. fjárlaga munu gera ráð fyrir að frestað verði ýmsum þeim framkvæmdum sem kveðið er á um í lögunum og hefur atkvæðagreiðsla þegar farið fram um þau atriði hér í dag. Vegna gjörbreyttra aðstæðna í efnahagslífi þjóðarinnar frá því lögin voru sett þykir réttast og hreinlegast að fella þau úr gildi og að ákvarðanir um fjármögnun framkvæmda og verkefna sem þar er fjallað um verði teknar árlega á vettvangi fjárlaga, eins og raunin hefur reyndar verið ár hvert frá því þessi lög voru samþykkt. Sparnaður á árinu 2009 vegna þessa, umfram það sem þegar hafði verið ákveðið í fjárlagafrumvarpinu, er um 700 millj. kr.

Í X. kafla er lögð til sú breyting á nýsettum lögum um sjúkratryggingar að heimilað verði að taka komugjald vegna innlagnar á sjúkrahús. Gjaldið sem heilbrigðisráðherra mun ákveða í reglugerð mun ná fyrst og fremst til kostnaðar vegna innritunar og aðstöðu til innritunar og verður heimilt að innheimta það einu sinni fyrir hverja legu. Ekki verður þó heimilt að taka gjald vegna innlagnar á fæðingardeild, og gjald fyrir þjónustu skal vera lægra hjá

öldruðum, öryrkjum og börnum.

Sértekjur heilbrigðisstofnana af gjaldinu eru áætlaðar um 360 millj. kr. á næsta ári.

Lagt er til að frumvarpið taki gildi um áramótin að undanskildum ákvæðum er varða hækkun útsvars sem taki gildi þegar í stað þannig að sveitarfélög hafi svigrúm til að ákveða hvort þau nýti sér umrædda heimild.

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru vissulega umfangsmiklar, og sparnaður fyrir ríkið sem í þeim felst þýðir auknar álögur eða minni tekjur fyrir marga þjóðfélagshópa. Ríkisstjórnin hefur leitast við að fara fram af fullri sanngirni þannig að aðgerðirnar komi síst niður á þeim sem minnst mega við því. Vonir standa til þess að í flestum tilfellum verði hér um tímabundnar aðgerðir að ræða sem hægt verði að endurskoða að ári liðnu.

Að svo mæltu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og efnahags- og skattanefndar og hún geri jafnframt ráðstafanir til að vísa þeim hlutum frumvarpsins sem undir aðrar nefndir heyra til þeirra til umsagnar.

[15:39]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil vekja athygli þingheims og þeirra sem fylgjast með hér á Alþingi á að nú er lagt til að nema úr gildi lögin sem lutu að ráðstöfun á söluandvirði Landssímans í þessum efnum, m.a. hvað Fjarskiptasjóð varðar. Ég bið hæstv. forsætisráðherra að horfa til baka til þeirra röksemda sem beitt var er reynt var að selja þjóðinni að það væri mjög gott að selja Landssímann, þá fengi hún fjármagn sem væri merkt í sérgreindar framkvæmdir. Það voru fjarskiptamálin, vegamálin, bygging hátæknisjúkrahúss o.s.frv. Það var mikið úr þessu gert og ég minnist þess að um það leyti sem þáverandi ríkisstjórn undir forustu Sjálfstæðisflokksins gekk frá sölu Landssímans var gerð skoðanakönnun sem sýndi að yfir 70% þjóðarinnar, milli 70 og 80%, vildu ekki að Síminn yrði seldur. Samt var hann seldur og á þessum gylliboðum sem fylgdu með um það hvernig fénu skyldi ráðstafað.

Nú er verið að nema þessi lög úr gildi og ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvernig honum líði með þessum röksemdum sem þá var beitt.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. forsætisráðherra um búvörusamningana. Það er gert ráð fyrir því að þeir verði skertir um einar 800 millj. kr. og ég velti fyrir mér hvort það hafi verið greint hvaða áhrif þessi skerðing muni hafa t.d. á matvöruverð í landinu annars vegar — mun þetta ekki leiða til hækkunar á matvöruverði? — og hins vegar (Forseti hringir.) hvaða áhrif þetta muni hafa á kjör bænda sem eru með tekjulægri stéttum landsins.

[15:41]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að sú breyting sem hér er lögð til varðandi ráðstöfun á söluhagnaði af Símanum breyti ekki því að það var rétt að selja það fyrirtæki á þeim tíma sem það var gert. Það frumvarp sem forveri minn, Halldór Ásgrímsson, flutti á sínum tíma um ráðstöfun þess fjármagns var hins vegar umdeilanlegra, það var umdeilanlegt hvort það ætti að setja um söluhagnaðinn sérstök lög vegna þess að þrátt fyrir þau þurfti á hverju ári að veita fé samkvæmt þeim lögum eins og þarf með allar ráðstafanir fjár úr ríkissjóði.

Öll árin sem liðin eru síðan höfum við þurft að ráðstafa fénu öðruvísi en gert var ráð fyrir í þessum lögum. Núna horfum við náttúrlega framan í gjörbreyttar aðstæður og þá er hreinlegast, í stað þess að breyta lögunum eða hverfa frá þeirri stefnu sem mörkuð var í lögunum á ári hverju, að fella lögin úr gildi. Það breytir þó ekki því að peningarnir sem fengust fyrir Símann hafa nýst okkur vel og koma nú til annarra nota en þessara. Það breytir heldur ekki því að öll verkefnin sem voru í þessum lögum sérstaklega tilgreind verða áfram aðnjótandi fjárveitinga úr ríkissjóði og í öll þessi verkefni verður ráðist þó að það verði ekki gert með nákvæmlega sama hætti og þau lög gerðu ráð fyrir.

Varðandi síðari spurningu hv. þingmanns vil ég af því tilefni segja við hann að ég hef ekki svar á reiðum höndum varðandi matvælaverðið og áhrif þessara breytinga á búvörusamningum á það verðlag. Það er eðlilegt að sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd kanni það sérstaklega.

[15:43]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Sú blekking sem höfð var í frammi þegar verið var að selja almenningi það að best væri að selja Landssímann sýnir nú best hversu fáránleg salan var. Eitt af því sem átti m.a. að verja stórfé í og var mikið gert úr var bygging hátæknisjúkrahúss sem átti að byggja að stórum hluta fyrir söluandvirði Símans þá. Ekki sést neitt til þeirrar byggingar og ég er viss um að landsmenn, ekki síst úti um hinar dreifðu byggðir, vildu heldur að ríkið, samfélagið, ætti nú sinn Landssíma þannig að hægt væri að tryggja öruggan framgang fjarskipta, háhraðanettenginga og símasambands um allt land.

Það hefur gengið sorglega hægt og eins og hæstv. forsætisráðherra kom inn á áðan hafa allar áætlanir um það verið sviknar. Var það ekki 2007 sem átti að vera komin háhraðanettenging um allt land, á alla bæi? Mig minnir það.

Það er einmitt þetta sem skiptir svo miklu máli fyrir jöfnuð og jafnrétti í landinu, fyrir jafna möguleika allra til þess að þróa og byggja upp sitt atvinnulíf. Jöfnun búsetunnar felst einmitt í þessum fjarskiptum. Ég vil ítreka að það hefði verið nær að landsmenn ættu Landssímann. Ég vil kannski spyrja í lokin: Hver er staða Landssímans og eigna hans í því umróti sem orðið hefur á eignamarkaðnum? Það voru einhver ákveðin fyrirtæki sem eignuðust Landssímann og ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Hver á núna (Forseti hringir.) Landssímann?

[15:45]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég trúi ekki öðru en hv. þingmaður viti að forsætisráðherra er ekki til frásagnar um það hverjir eiga einstök fyrirtæki í landinu. (**JBjarn:** Þetta er nú stærsta fjarskiptafyrirtækið.)

[15:46]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sagði í atkvæðaskýringu fyrir stundu að með lagabreytingum ríkisstjórnarinnar væri verið að brjóta blað í neikvæðum skilningi. Þar vísaði hv. þingmaður fyrst og fremst í þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að krefja sjúklinga sem leggjast inn vegna veikinda á sjúkrahús um aðgangseyri. Svo sjáum við þessa stað í þessu frumvarpi sem hæstv. forsætisráðherra kynnti um heimild til að innheimta gjald fyrir legu á sjúkrahúsum. Þetta er að finna í 17. gr. frumvarpsins sem hæstv. forsætisráðherra kynnti okkur áðan.

Ef ég hef skilið það rétt hefur ríkisstjórnin og einnig Sjálfstæðisflokkurinn sagt okkur að heilbrigðiskerfið eigi að vera gjaldfrjálst. Það megi markaðsvæða framkvæmdina en það eigi að vera sjúku fólki að kostnaðarlausu. Þetta er það sem þjóðinni hefur verið sagt fyrir kosningar og eftir kosningar. Þetta er sagt á fundum, í ræðu og í riti. Nú vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hvernig stendur á því að ekki fara saman orð og athafnir í þessum efnum? Finnst hæstv. forsætisráðherra léttvægt að kynna okkur frumvarp sem í fyrsta skipti á Íslandi kveður á um að fólk sem leggst veikt inn á sjúkrahús skuli krafið um aðgangseyri? (Forseti hringir.)

[15:48]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta ákvæði er liður í því að gera stjórnendum þessara stofnana betur kleift að gæta samræmis milli sjúklinga eða þess fólks sem leitar til þeirra. Það er greitt fyrir mikið af þeirri þjónustu sem fólk fær, t.d. á Landspítalanum, göngudeildarþjónustu og aðra þjónustu sem ekki kallar á innlögn. Spurningin er með hvaða hætti sé best hægt að nýta það fjármagn sem ríkið veitir í þessa mikilvægu þjónustu. Það er mat mjög margra að til að hægt sé að gera það með sem skynsamlegustum hætti eigi að vera samræmi í þessum hlutum. Út á það gengur þetta mál.

Ég er ekki á því að þarna verði mikilvægur tekjustofn fyrir sjúkrahúsin eða ríkissjóð enda er málið ekki hugsað sem slíkt. Hins vegar minnir mig að það hafi verið talað um rúmar 300 millj. kr. yfir árið hjá öllum þeim spítölum sem þarna gætu átt hlut að máli. Málið snýst um að geta nýtt tæki og mannafla spítalans á sem hagkvæmastan hátt þannig að ekki verði óeðlileg stýring í þá þjónustu sem ókeypis er frá þeirri sem greitt er fyrir. Þetta er kjarni málsins.

[15:50]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hef heyrt hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde tala af meiri sannfæringu fyrir lagafrumvörpum sem hann hefur flutt á Alþingi. Hann segir að þetta sé ekki mikilvægur tekjustofn fyrir sjúkrahúsin í landinu, en gæti verið að þetta væru mikilvæg eða afdrifarík útgjöld fyrir þá sem í hlut eiga? Sú spurning sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir er hvernig við ætlum að fjármagna heilbrigðiskerfið. Ætlum við að fjármagna það með sköttum meðan við erum heilbrigð, aflögufær, vinnandi og getum látið eitthvað af mörkum eða ætlum við að fara að stefnu ríkisstjórnar hæstv. forsætisráðherra Geirs H. Haarde og bíða þangað til við verðum veik? Þá á að byrja að rukka. Þegar fólk er orðið veikt og þarf að leggjast inn á sjúkrahús, þá er reiknivélin tekin fram.

Hæstv. forsætisráðherra. Ég kaupi ekki þau rök að þetta sé gert vegna bókhaldsins, til að samræmi sé í bókhaldi sjúkrahúsanna. Þá vil ég benda hæstv. forsætisráðherra á að hægt er að ná þessu samræmi fram með öðrum hætti. Hvernig? Með því að afnema gjaldtöku á göngudeildunum og annars staðar í heilbrigðiskerfinu. Því hefur ríkisstjórnin margoft lofað landsmönnum að yrði gert, sem og hæstv. forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins eigin flokksmönnum á þingum flokksins. Þar hefur því verið lofað að heilbrigðisþjónustan eigi að vera gjaldfrjáls. (Forseti hringir.)

[15:52]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hafði ekki tíma til að geta þess í svari mínu áðan að með þessu ákvæði er auðvitað ekki gert ráð fyrir því að það leggist af sama þunga á þá sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu. Það er gert ráð fyrir því að fullfriskir menn eins og t.d. ég og hv. þingmaður (**ÖJ:** Eru þeir á spítala?) sem þurfum annað slagið að nýta okkur þjónustu spítala borgum þetta innlagnargjald. Það er verið að vitna í greinargerð frumvarpsins, virðulegi forseti, með þínu leyfi:

„Með töku komugjalds vegna innlagnar á sjúkrahús skapast meira samræmi og jafnræði í gjaldtöku, enda er tekið komugjald vegna komu á slysadeild, bráðamóttöku og göngudeild, auk gjalds vegna rannsókna hjá þeim sem ekki eru inniliggjandi. Þess má geta að komugjöld vegna innlagnar eru innheimt á sjúkrahúsum í Svíþjóð og Finnlandi og er því síður en svo um einsdæmi að ræða á Norðurlöndunum.“

Síðan segir:

„Sú breyting á gjaldtöku sem hér er lögð til mun falla undir hámark á greiðsluþátttöku einstaklinga vegna heilbrigðisþjónustu, í samræmi við vinnu nefndar um gjaldtöku í heilbrigðisþjónustunni sem þingmennirnir Pétur H. Blöndal og Ásta R. Jóhannesdóttir hafa stýrt.“

Með öðrum orðum, þetta gjald mun falla undir þær reglur sem nú eru fyrir hendi um uppsöfnun gjalda þar til kemur að því að viðkomandi fær afsláttarkort. Auðvitað er þetta bara einn liður í því að auka samræmi og þar með jafnræði sem þarf að vera fyrir hendi í þessum rekstri þannig að stjórnendur þessara stofnana geti með markvissum hætti rekið þær eins vel og hægt er. (**ÖJ:** Ég sit í þessari nefnd og þekki ill störf hennar.)

[15:54]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Hæstv. forsætisráðherra hóf mál sitt á að ræða vandann sem við stöndum frammi fyrir vegna mikils tekjufalls hins opinbera vegna samdráttar í hagkerfinu og hruns bankanna og afleiddra afleiðinga þeirra óskapa sem yfir okkur hafa gengið í efnahagslegu tilliti. Ekki er deilt um að þar er mikill vandi á ferð og merkilegt að menn skuli nenna að leggja leið sína í ræðustólinn og saka einhverja

þingmenn um að vera ómeðvitaða um það eða horfa alveg fram hjá því þó að þeir hafi sjónarmið fram að færa um hvernig skynsamlegast sé að bregðast við og hvernig réttast sé að reyna að dreifa byrðunum. Þannig skil ég umræðurnar sem hér voru í gær um fjárlagafrumvarpið og eru nú í dag um þetta frumvarp.

Út af fyrir sig er umhugsunarefni af hverju tekjusamdráttur ríkisins verður jafnharkalegur og mikill og raun ber vitni þegar veltan dregst saman í þjóðfélaginu, eins og nú er að gerast. Skyldi það ekki vera í einhverjum tengslum við breytingar sem gerðar hafa verið undanfarin ár á skattkerfi landsmanna og hvernig menn kusu að fjármagna ríkissjóð og samneysluna á óráðsíuárunum? Orðið óráðsía á við þegar miklar tekjur flutu inn í ríkissjóð af viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun. Hvað gerðu menn þá? Þeir slógu um sig og voru miklir karlar — miklir menn skulum við segja, kerlingar voru líka eitthvað með í þessu — og lækkuðu kerfisbundið og ítrekað hina beinu og traustu tekjustofna ríkisins. Menn lifðu með öðrum orðum á gróðatekjunum, sköttum af viðskiptahalla og skuldasöfnun í allt of ríkum mæli. Það kemur mönnum nú í koll í formi miklu harkalegri tekjusamdráttar hins opinbera en hefði orðið ef menn hefðu ekki verið orðnir jafnháðir sveiflugjörnum tekjustofnum og raun ber vitni. Sjálfsagt hefur enginn áhuga á því að velta þessu lengur fyrir sér af því að menn eru ekki mikið fyrir að horfa í eigin barm og velta fyrir sér hvort þeir hafi hugsanlega gert einhver mistök en ég verð þó að segja eins og er að athyglisvert er ef ekki einu sinni þetta kemst á dagskrá núna þegar valkostirnir eru — hverjir? Að ganga jafnharkalega fram í sársaukafullum niðurskurði á ýmsum sviðum og nú á að gera. Að sjálfsögðu hljóta menn í viðbrögðum sínum að gæta ýtrasta aðhalds og reyna að spara peninga þar sem það er hægt. En gríðarlega miklu máli skiptir hvernig það er gert. Það skiptir kannski aðallega máli af tvennum ástæðum. Annars vegar að menn hafi félagslega hugsun og réttlætissjónarmið að leiðarljósi í þeim efnum hvernig byrðunum er dreift og hins vegar að menn séu á varðbergi gagnvart því að grípa ekki til aðgerða, jafnvel vanhugsaðra og fljótræðislegra aðgerða sem auka á vandann og búa til vandamál annars staðar um leið og menn þykjast vera að leysa þau á einum stað. Þar á ég alveg sérstaklega við hættuna á að dýpka kreppuna og auka atvinnuleysi umfram það sem ella væri mögulegt að verjast.

Ég held því miður að þrátt fyrir tal á undanförnum mánuðum þar sem menn hafa sagst ætla að reyna að forðast uppsagnir, verja atvinnustigið og mannaflsfrekar framkvæmdir lendi þeir í því að gera í mörgum tilvikum hið gagnstæða. Það gagnrýni ég og finnst vanhugsað og fljótræðislegt og þar sýnist mér hæstv. ríkisstjórn hafa valið þá einföldu útleið að taka við skilmálum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og þeir koma hráir af skepnunni og reikna þá meira og minna flatt yfir rekstur hins opinbera. Það held ég að sé ekki gæfuleg aðferð og gæti leitt til þess að við misstum atvinnuleysisstigið hærra en ella þyrfti að vera og gæti leitt til annars og enn verri hlutar sem er verulegur landflótti. Hversu dýrt verður það íslensku samfélagi ef við missum kannski 5% til 8% mannaflans úr landi? Við vitum alveg hvaða hluti íbúanna er hreyfanlegastur og líklegastur til þess að fara. Það er ungt og gjarnan vel menntað fólk sem á auðveldara með að höndla tækifærin í öðrum löndum og sem er hreyfanlegast af búsetuástæðum og þannig á vegi statt í sínu lífi að það getur kannski með auðveldari hætti en aðrir breytt til ef það er ekki bundið á klafa þess að eiga húsnæði sem það borgar af o.s.frv.

Í þriðja lagi verða menn að horfa til þess hvernig við ætlum að auka verðmætasköpun og umsvif í þjóðarbúskapnum á nýjan leik þannig að við eigum einhverja von til að ráða við skuldirnar sem hæstv. ríkisstjórn setur á herðar landsmanna þessa mánuðina.

Rætt var um niðurskurð til menntunar fyrr í dag og bent á þá hættu að ef við höldum ekki einu sinni þeim dyrum opnum að þeir sem eru að missa atvinnuna geti þá notað tækifærið og farið í nám — vel að merkja á eigin kostnað að verulegu leyti, með því að taka til þess námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna — þá ýtum við beinlínis þeim sem ekki eiga kost á slíku eða telja sig ekki búnar aðstæður til þess yfir í annað tveggja — það er augljóst — atvinnuleysi eða brottflutning af landinu. Þetta er að mínu mati stóra hættan sem hæstv. ríkisstjórn tekst ekki á við af neinni alvöru, eða hvar er stóra planið? Hvar er áætlun ríkisstjórnarinnar í þessum efnum? Hvar er hin heildstæða hugsun? Hver reynir að hafa yfirsýn yfir þetta í heild sinni? Enginn innlendur aðili. Biblían er hér, starfsmannaskýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem ég er farinn að halda að ískyggilega fáir hafi haft rænu á að lesa en ætti þó að vera grundvallarlesning þeirra sem eru að reyna að átta sig á hlutunum. Þangað er leitað því að engu slíku er til að dreifa hjá hæstv. ríkisstjórn. Hún kemur algerlega úrræða- og tillögulaus, ber á borð flatan og meira og minna órökstuddan niðurskurð fyrir utan það litla sem segja má að eigi að reyna að gera til að verja kjör þeirra allra verst settu innan almannatryggingakerfisins, sem vissulega er þarna til staðar, en að því slepptu er þetta sorglega lítið hugsað og sorglega flatt.

Í bandormi þessum sem hæstv. forsætisráðherra mælti fyrir er byrjað á að fara inn í löggerning, samning við bændur, sem ég tel að orki mjög tvímælis af tveimur ástæðum. Annars vegar vegna þess að bændur eru með tekjulægstu stéttum landsins og miklir rekstrarerfiðleikar eru í landbúnaðinum og hafa þeir verið til umræðu á undanförnum missirum. Landbúnaðurinn fékk á sig kannski umfram flestar aðrar atvinnugreinar gríðarlegar kostnaðarhækkanir á undangengnu einu og hálfu ári og allir vita að tekjur t.d. sauðfjárbænda eru mjög lágar. Allir vita að kúabændur eru mjög skuldsettir vegna fjárfestinga í þeirri grein á undanförnum árum og jafnvel talið að allt að þriðjungur þeirra sé í reynd gjaldþrota, a.m.k. bókhaldslega séð. Búvörusamningurinn byggir á lögum og á ákveðnu ferli, bændur afla samningsumboðs frá umbjóðendum sínum og gera bindandi samning, löggerning, við ríkið um grundvöll greinarinnar fram í tímann og bera síðan samningsniðurstöðuna undir atkvæði félagsmanna sinna. Það þýðir að búvörusamningurinn hefur að þessu leyti ekki bara stöðu sem löggerningur heldur líka hliðstæða stöðu og kjarasamningur. Það þýðir að bændaforustan hefur ekkert umboð til að gera á honum breytingar nema bera það undir félagsmenn sína. Hér tel ég teflt á tæpasta vað og ég gef ekki mikið fyrir þá lögfræði sem hér er að finna í umsögnum um lagagreinina að þetta

megi teljast í lagi gagnvart 72. gr. stjórnarskrárinnar eða eins og þar stendur, með leyfi forseta:

„Verður því ekki talið að þessi breyting stríði gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar jafnvel þótt gripið yrði inn í gildandi samninga ríkis og bænda.“

Einhverjar skrúplur hafa menn haft yfir því úr því að þeir þurftu að setja þetta orðalag inn í frumvarpið.

Í öðru lagi er vikið að fjármálum sveitarfélaganna og þar er lögð til hækkun á útsvari til þeirra upp á hálft prósentustig og ég vil segja alveg eins og er að jafnmikið og við höfum talað fyrir því að staða sveitarfélaganna sé styrkt við þessar aðstæður og þeim gert kleift að sinna mikilvægu hlutverki sínu þá er ég ekki andvígur þessari breytingu. Einhvers staðar verður að afla þeirra tekna og útsvarið er langstærsti tekjustofn sveitarfélaganna, um 60% að meðaltali af tekjum þeirra koma frá útsvari þannig að erfitt er að gera stóra hluti þar nema hreyfa því eitthvað til. Þetta dugar hins vegar skammt eins og afkomu margra sveitarfélaga er háttað. 0,25% af hækkun tekjuskatts eiga síðan að renna til jöfnunarsjóðs til að mæta niðurskurði, sem áður hafði verið ákveðinn gagnvart sveitarfélögum upp á 1.400 millj. kr. í sérstökum jöfnunarframlögum og vegna þess að ríkið hyggst lækka greiðslu fasteignaskatts til sveitarfélaganna. Eftir stendur því að hagur sveitarfélaganna verður mjög erfiður við þessar aðstæður á sama tíma og þau fá á sig stórauknar byrðar.

Fyrst og fremst gagnrýni ég framgöngu ríkisstjórnarinnar hvað varðar tekjuöflun, ekki vegna þess að reynt sé að afla tekna. Það er sjálfsagt mál við þessar aðstæður að reyna að leita leiða til að styrkja tekjugrundvöll ríkis og sveitarfélaga en það á að gera á sanngjarnan hátt. Ég gagnrýni að ríkisstjórnin skuli ekki einu sinni leggja hugsun í að þeirra tekna sé aflað þannig að meira sé lagt á þá sem betur eru aflögufærir, t.d. með þrepaskiptum tekjuskatti eða upptöku einhvers konar hátekjuálags í tekjuskatti. Heldur ódýrt er að skríða bak við þessa flötu hækkun með óbreyttum skattleysismörkum, sem samið var um fyrir meira en ári síðan, sem þýðir áframhald á þeirri lágtekjuskattspíningarstefnu sem fyrri ríkisstjórn gat sér frægð fyrir að endemum að ástunda.

Hér er einnig lagt til að fella niður lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans. Þar með lýkur hinum dapurlega kafla einkavæðingar Pósts og síma, sem seinna varð Íslandspóstur og Landssími, og nú veltir maður fyrir sér: Var sá leiðangur til fjár? Var ekki Landssíminn gott og traust almannaþjónustufyrirtæki nær skuldlaust í opinberri eigu með opinberar þjónustuskyldur, veitti góða þjónustu og greiddi eiganda sínum, ríkinu, tvo, þrjá og upp í sjö milljarða kr. í arð á hverju ári? Hvar er hann í dag? Er hann ekki í höndunum á einhverju illa settu og kafskuldugu eignarhaldsfélagi einhvers staðar úti í bæ og hæstv. forsætisráðherra veit ekki einu sinni hvar? Þar er undir að uppistöðu til nánast allt dreifikerfi landsmanna í fjarskiptum. Væri kannski ekki betra að eiga trausta og góða, skuldlausa eign í Landssímanum og dreifikerfið í höndum þjóðarinnar sjálfrar þannig að m.a. væri hægt að beita því með félagslega og byggðalega hugsun að leiðarljósi við núverandi aðstæður?

Almannatryggingakaflinn er dapurlegur vegna þess að þar er um að ræða mikla skerðingu á alla sem ekki eru á lágmarkstryggingunni og athyglisvert er hvernig uppreikningur viðmiðunarfjárhæða er, þar er allt á rúi og stúi. Grunntrygging er hækkuð um 20%, aðrar bætur um 9,6%, viðmiðunarupphæðir barnabóta og vaxtabóta um 5,7%, sjómannafrádráttur um 12,9% og þar fram eftir götunum. Hvar er samræmið? Hvaða reiknitölu ætlar ríkisstjórnin almennt að nota eða stendur til að skekkja þetta innbyrðis milli þessara aðila? Já, niðurstaðan er sú, það á í reynd að skerða barna- og vaxtabætur umtalsvert með því að nota þar lægri uppreikningstölu en á öðrum stöðum í frumvarpinu.

Að síðustu um hinn nýja sjúklingaskatt upp á 360 millj. kr. Það á að selja inn á sjálf sjúkrahúsin og hver var málflutningur og rök hæstv. forsætisráðherra þar? Þetta var ekki aðallega hugsað sem tekjupóstur. Nei, þetta var samræmingaratriði, réttlætismál eða hvað? Þá er það orðið þannig að fyrst innleiða menn sjúklingaskatta, komugjöld og gjaldtöku hér og þar í kerfinu, koma svo og segja: Heyrðu, við verðum að samræma þetta og taka þetta upp alls staðar þannig að borgað verði fyrir heilbrigðisþjónustuna alls staðar á Íslandi. Var það einhvern tíma ætlunin? Gengu einhvern tíma einhverjir fram og sögðu við kjósendur sína: Við viljum að menn borgi alls staðar hvort sem þeir eru komnir á heilsugæslustöð, inn á sjúkrahús, eru fárveikir eða fullfrískir og sækja sér þjónustu (Forseti hringir.) á eigin fótum úti í bæ. Nei, ég held að það hafi ekki verið gert þannig að auðvitað nota menn falsrök til þess að innleiða enn einn sjúklingaskattinn (Forseti hringir.) í íslenska heilbrigðiskerfinu.

[16:10]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Auðvitað hefði enginn kosið að fara inn í búvörusamningana með þeim hætti sem við gerum með frumvarpinu sem hér er rætt. Þegar við lögðum fram fjárlagafrumvarpið í haust var gert ráð fyrir því að bæta búvörusamningana að fullu með vísitölu. Þar var lögð til grundvallar tiltekin vísitöluhækkun sem var grundvöllur fjárlagafrumvarpsins en við vitum hins vegar hvað hefur gerst síðan. Tekjukerfi ríkissjóðs hefur hrunið og við höfum orðið að takast á við miklu meiri vanda en nokkurt okkar gat ímyndað sér. Hluti af því er auðvitað það að við þurfum að fara yfir þá hluti sem við getum reynt að hagræða í og hér er sett tiltekið þak á vísitöluhækkun á búvörusamningunum. Ekki er verið að fara inn í grundvöll sjálfra samninganna. Sá grundvöllur stendur að sjálfsögðu og auðvitað er það þannig að þegar við stöndum frammi fyrir efnahagsvanda af stærðargráðu sem við höfum ekki áður séð hlýtur samningurinn að ráðast af þeim fjárveitingum sem unnt er að veita til hans.

Ég vil vekja athygli á því að í fyrsta lagi verður þessi samningur virtur að fullu á árinu 2008. Í fjáraukalagafrumvarpinu sem verður rætt í dag eða á morgun er síðan gert ráð fyrir því að, eins og hv. þingmaður vék að, setja tiltekið þak á þær hækkanir sem verða á samningnum og gert er ráð fyrir því að þær vísitölubætur sem lagðar verði til grundvallar séu vísitöluhækkunin sem fjárlagafrumvarpið gekk út frá. Þannig að sú tala sem verður virk í samningunum er

talan sem kemur fram í fjárlagafrumvarpinu eins og það var lagt fram í upphafi þings í byrjun októbermánaðar.

Hv. þingmaður vék að því hvort skrúplur væru um hvort þetta stæðist stjórnarskrána. Vitaskuld er það eðlilegt af hálfu fagráðuneytisins, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, að velta þessum hlutum fyrir sér og það verður auðvitað gert og niðurstaðan er sú að þetta stenst ákvæði stjórnarskrárinnar, enda gerir stjórnarskráin bókstaflega ráð fyrir því að réttur á fjárgreiðslum úr ríkissjóði sé háður ákvæðum stjórnarskrárinnar og bundinn því skilyrði að fjárveiting fáist með samþykkt Alþingis.

[16:12]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ekki hvarflar að mér að halda því fram að hæstv. landbúnaðarráðherra sé að gera þetta að gamni sínu eða honum þyki þetta skemmtilegt en menn verða að ræða gerninginn eins og hann er og velta honum fyrir sér hvað sem tilfinningum líður. Þetta er í fyrsta lagi löggerningur. Samningurinn er lögvarinn. Hver er staða einstakra bænda sem við hann búa og telja sig hafa tiltekinn rétt á grundvelli hans? Það var það sem ég var að vísa til. Ég veit ekkert um hvernig á slíkt gæti reynt fyrir dómstólum. Svo mikið er víst að mér sýnist augljóst — enda bera viðbrögð bændaforustunnar merki um að hún lítur ekki svo á að hún hafi heimild til þess að semja við stjórnvöld um breytingu á þessum samningi nema aflað sé til þess umboðs. Auðvitað ætti þá ráðherra að fara formlega í málið þannig að óska eftir viðræðum við stéttina um breytingar og helst eitthvað sem samkomulag gæti orðið um, því svo vel þekki ég íslenska bændur að ekki mundu þeir skorast undan að reyna að leggja sitt af mörkum í þágu þjóðarbúsins eftir því sem þeir teldu sig vera í aðstöðu til.

Í öðru lagi tölum við um afkomu og rekstrargrundvöll atvinnugreinar sem er okkur ákaflega mikilvæg, þ.e. matvælaframleiðslu og undirstöðu mikilvægs matvælaiðnaðar sem skapar örugglega á milli 12 þúsund og 15 þúsund störf í landinu. Við þurfum líka að huga að því að ganga ekki svo fram að þarna verði frekari vandræði en orðin eru og vísa ég til þess sem ég áður sagði um þá erfiðleika landbúnaðarins sem fyrir voru. Nú lofa allir og prísa íslenskan landbúnað og íslenskan matvælaiðnað en hinir þegja sem undanfarin ár hafa viljað hann feigan og út af fyrir sig er það þakkarvert. Nú er lítið talað um að auka innflutning á matvælum.

Loks skulum við ekki gleyma því að við tölum um mjög tekjulága stétt sem á þá í vændum 800 millj. kr. skerðingu á afkomu sinni miðað við verðlagshorfur fyrir ári. Ég óttast að eins og aðstæður eru í greininni komi þetta fyrst og fremst fram í kjaraskerðingu hjá bændum.

[16:14]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að við hv. þingmaður séum sammála um mikilvægi atvinnugreinarinnar. Við erum alveg sammála um mikilvægi landbúnaðarins og auðvitað var reynt að nálgast þetta viðfangsefni með þeim hætti og með því sjónarmiði sem þar liggur til grundvallar. Ekki var verið að ganga svo hart fram að okkar mat væri að það væri slík röskun á grundvelli landbúnaðarins, enda er ekki farið inn í grundvöll sjálfs búvörusamningsins. Eingöngu er verið að — og ég veit að ýmsum þykir nóg um — setja tiltekið þak á þær vísitölubætur sem verða á búvörusamningnum á næsta ári. Auðvitað má segja sem svo að ekki sé nein fullvissa um hver niðurstöðutalan verður. Gert er ráð fyrir því miðað við þær forsendur sem við höfum um verðlag að þarna geti munað um 700 millj. kr. til 800 millj. kr. en það mun ráðast af verðlagsþróun og að sjálfsögðu er það keppikefli okkar að verðlagsþróunin verði jákvæðari en þarna er talað um.

Hv. þingmaður velti fyrir sér hver væri staða einstakra bænda. Auðvitað hafa einstakir bændur möguleika á því að leita réttar síns ef þeir telja að brotið sé á þeim og ekkert sem kemur í veg fyrir það. En ég er alveg sammála hv. þingmanni um að ég held að mjög æskilegt væri ef samkomulag gæti tekist milli bænda og ríkisvaldsins um aðrar útfærslur á búvörusamningunum sem gætu þá kannski gert það að verkum að greiðslum sem renna í búvörusamninginn verði breytt með þeim hætti að þær gagnist beinlínis kjörum bænda betur en ella og ég vil lýsa því yfir að ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að ræða allar slíkar útfærslur. Ég skil vel að forustumenn bænda geti ekki á þessari stundu tekið jákvætt undir slíkar hugmyndir. Þetta þarf að ræða betur en ég vil ítreka það að af minni hálfu er að velkomið og væri raunar fagnaðarefni ef við gætum reynt að ræða aðra útfærslu þó að ég beri að sjálfsögðu pólitíska ábyrgð á þeirri niðurstöðu að setja þak á vísitöluhækkanir á búvörusamningunum.

[16:16]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Auðvitað er það hálfgerður orðaleikur að tala um að ekki sé verið að fara inn í grundvöll samningsins sjálfs, því að verðtryggingarákvæðin eru hluti samningsins og eru ætluð til þess að greiðslurnar haldi raungildi sínu miðað við verðlagsþróun, þegar það liggur fyrir að tilkostnaðarhækkanir í landbúnaði undanfarin missiri hafa orðið langt umfram meðaltalsverðlagsþróun í landinu. Því getur hæstv. landbúnaðarráðherra ekki neitað, við vitum það. Þessar gríðarlegu hækkanir á fóðri, sem af vissum ástæðum á heimsmarkaði hefur hækkað langt umfram meðaltalsverðlag, hækkanir á áburðarverði, sem eru gríðarlegar, og olíuverði hafa þegar leitt til þess að tilkostnaðarhækkanir í landbúnaði eru langt umfram almenna verðlagsþróun. Vonandi og mögulega gengur eitthvað af þessu til baka eins og olíuverðshækkanirnar núna og það er vel. Kannski hefur það afleidd áhrif, ástandið í heimsmálunum, yfir í að matvælaverð eða kornverð fari aftur eitthvað lækkandi, mögulega á áburðarverð með lækkun orkuverðs á nýjan leik. Þetta eru allt saman óráðnir hlutir enn sem komið er. Veruleikinn er sá að verðtryggingarákvæði búvörusamningsins hafa þrátt fyrir allt reynst bændum alveg gríðarlega mikilvæg, þeir segja allir þegar maður ræðir það við þá að hinar mánaðarlegu, reglubundnu og verðtryggðu greiðslur hafi gersamlega skipt sköpum fyrir þá til að ráða við þær erfiðu aðstæður sem þeir hafa búið við í atvinnurekstri sínum undanfarin ár.

Mér finnst líka að við eigum ekki að gleyma einum hlut og hann er þörfin á því að auka verðmætasköpun í landbúnaðinum, að auka framleiðsluna. Það eru miklir möguleikar til þess að auka umsvif í íslenskum landbúnaði, leggja grunn að meiri úrvinnslu og meiri verðmætasköpun og fleiri störfum. Nú eru markaðsaðstæður hagstæðar, jafnvel ekki bara til þess að ná stærri hlutdeild á innlendum markaði heldur einnig mögulega að flytja út. Er það ekki það sem menn tala um í öðru orðinu, að við þurfum á öllu því að halda sem við mögulega getum virkjað til að auka verðmætasköpun hér og skapa störf?

[16:19]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins út af orðum þingmannsins biðja hann að halda til haga þeim staðreyndum að nú eru komugjöld á spítölunum, það ætti hv. þingmaður að vita. Ef menn leggjast á spítala eftir að hafa farið í gegnum bráðamóttöku greiða menn komugjald, sömuleiðis á endurkomudeild á slysadeild, á bráðamóttökuna og á göngudeild þannig að þetta er allt saman til staðar og er búið að vera það mjög lengi.

Þetta er ekkert öðruvísi en gerist þegar við berum saman heilbrigðismál ef við berum okkur saman við þau lönd sem við venjulega gerum, þ.e. Norðurlöndin. Þó að það sé nokkuð mismunandi hvernig þetta er útfært þá er almenna reglan sú að það er kostnaðarhlutdeild þegar kemur að heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum. Það væri fróðlegt að heyra hvort það er skoðun hv. þingmanns að svo eigi ekki að vera, hvort menn eigi ekki að nota norræna módelið í þessu, þ.e. um kostnaðarþátttökuna. Ég teldi eðlilegt í þessari umræðu að það kæmi skýrt fram. Þess vegna spyr ég hv. þingmann hvort hann sé ósáttur við þetta norræna módel sem við svo sannarlega höfum reynt að fylgja þegar kemur að þessum málum og flestum öðrum í heilbrigðisþjónustunni. Er hv. þingmaður ósammála því?

[16:20]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Skrýtin er tilveran orðin þegar þingmenn Sjálfstæðisflokksins og hæstv. ráðherrar koma hér upp sem alveg sérstakir talsmenn hins norræna fyrirkomulags og spyrja þann sem hér stendur hvort hann sé orðinn eitthvað bilaður í trúnni á það. En það er ekki aðalsmerki hins norræna fyrirkomulags að menn borgi fyrir undirstöðuþjónustu af þessu tagi þó að vissulega hafi frjálshyggjuveikin víða haldið innreið sína og menn hafi bilast að hluta til í ágætum löndum eins og Svíþjóð og jafnvel Finnlandi. Veruleikinn er nú sá að það mun hafa verið í þeim tveimur löndum sem einhver hliðstæð innritunargjöld á sjúkrahús er að finna en ekki á öðrum Norðurlöndum ef marka má meira að segja fylgiskjal með þessu frumvarpi og þá er verið að færa Ísland yfir í þann hópinn sem var áður í minni hluta þar sem slík gjöld voru ekki við lýði.

Ég veit vel um það, frú forseti, sem hæstv. heilbrigðisráðherra nefndi sökum tiltekinnar nýlegrar lífsreynslu að það eru komugjöld, rannsóknargjöld og endurkomugjöld á slysadeildir o.s.frv. ef menn lenda í slíkum hremmingum en menn hafa ekki borgað sérstaklega fyrir að innritast á sjúkrahúsin. (Gripið fram í.) Nei, það hafa menn ekki gert. (**Heilbrrh.:** Hvað af þessu?) Til innlagnarinnar sjálfrar, hæstv. heilbrigðisráðherra. (**ÁI:** Þekkir ekki ráðherrann lögin?) Hæstv. ráðherra veit ekki hvað hann er að leggja til sjálfur í frumvarpi. Annaðhvort er ekkert að marka ráðherrann eða ekkert að marka frumvarpið og fylgiskjölin með því. Það stendur hér að þetta sé innritunargjald á sjúkrahús. Nú segir hæstv. ráðherra að það sé til, það er ekki þannig. Það á að taka upp nýjan sjúklingaskatt með þeim rökum að vegna þess að slíkir skattar séu þegar orðnir fjölmargir hér og þar í kerfinu sé um að gera að fjölga þeim, bæta þeim við, þannig að það verði hvergi nokkurs staðar hægt að fá neina þjónustu í íslenska heilbrigðiskerfinu nema borga sérstaklega fyrir hana. Þá erum við að færast enn lengra út á þá braut að við stöndum ekki undir þessari þjónustu með sameiginlegum aflatekjum heldur látum þá borga sem eru orðnir veikir. Það er tiltekið módel en það er ekki aðalsmerki norræna módelsins. Það er ameríkanisering íslenskra heilbrigðismála.

[16:22]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þekki það alveg ágætlega, bæði liggur það fyrir í reglugerð sem var til staðar þegar ég tók við sem ráðherra og svo þekki ég það bara ágætlega og persónulega af eigin raun að þegar menn fara á bráðamóttöku og fara þaðan í innlögn greiða menn komugjald og menn greiða sömuleiðis komugjald og þjónustugjöld þegar þeir fara á göngudeild sjúkrahúsa. Þetta liggur fyrir og hefur legið fyrir lengi.

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður getur ekki haldið því fram að það sé ekki almenna reglan í norræna heilbrigðiskerfinu að hafa kostnaðarhlutdeild, hún er vissulega mismunandi, en það er meira að segja svo að fulltrúi Vinstri grænna er í nefnd sem er að skoða sérstaklega og bera saman þau módel. Það er nefnd á mínum vegum sem skoðar sérstaklega módel á Norðurlöndunum til að sjá hvernig greiðsluþátttökukerfinu er best fyrir komið því að það er alls ekki sama hvernig það er gert. Þessi nefnd er undir forustu hv. þingmanna Péturs H. Blöndals og Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur og í þeirri nefnd er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Menn geta ekki haldið því fram að sé það ekki almenna reglan á Norðurlöndunum að þar sé kostnaðarþátttaka almennings. Það sýna opinberar og alþjóðlegar tölur sem auðvelt er að fletta upp og hver og einn getur gert það. Það er því alrangt að halda því fram að norræna módelið sé með þeim hætti að notandi greiði ekki ákveðna kostnaðarhlutdeild. Það er alrangt.

Það er hins vegar afskaplega mikilvægt að við reynum að gera þetta vel og með sem sanngjörnustum hætti. Auðvitað hefur enginn gaman af því að leggja á gjöld, sama hver þau eru, ég tala ekki um þegar það snýr að heilbrigðisþjónustunni en ef við ætlum að vera málefnaleg legg ég til að menn tali um þetta eins og þetta er og menn geta ekki haldið því fram að vinir okkar á Norðurlöndunum séu með eitthvað allt annað en þeir eru með.

[16:25]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég átta mig ekki á því hvað hæstv. heilbrigðisráðherra er að þvæla. Í athugasemd um 17. gr. frumvarpsins stendur um það sem hér á að fara að gera, með leyfi forseta: „Lagt er til að í 2. tölul. verði sett inn ákvæði er heimilar að taka upp komugjald við innlögn á sjúkrahús …“ Það var það sem ég var að segja að hefði ekki verið til staðar hér, nákvæmlega. Hitt þekki ég allt saman.

Ég veit líka að í lögum um heilbrigðisþjónustu stendur í 18. gr. (**Gripið fram í:** Sjúkratryggingar.) Í lögum um sjúkratryggingar stendur í 18. gr., með leyfi forseta: „Sjúkratryggingar taka til ókeypis vistar að ráði læknis í sjúkrahúsum sem rekin eru af ríkinu eða samkvæmt samningum …“ Á þá ekki að breyta þessu? Það verður að slátra þessu ákvæði, það á ekki við lengur. Það er enginn ókeypis vist eftir inni á sjúkrahúsum þó að ráði læknis sé. Við erum að tala um innritun til dvalar á sjúkrahús sem læknir ákveður í samráði við sinn sjúkling. Þetta er ekki þannig að menn labbi inn af götunni að gamni sínu og það detti bara í það einn góðan veðurdag að leggjast á spítala, eins og ráða mátti af hæstv. forsætisráðherra sem taldi að þetta gæti jafnvel bremsað það aðeins niður. Ég þekki engan mann og engan lækni á Íslandi sem er að leika sér að því að gamni sínu að spýta mönnum inn á sjúkrahús. Þetta er ekki þannig. Þetta er svipað og þegar ráðherra Alþýðuflokksins taldi svo mikilvægt að taka upp kostnaðargreiðslu sjúklinga af því að þeir væru alltaf að láta taka úr sér botnlangann að óþörfu aftur og aftur. Það þyrfti að innprenta mönnum kostnaðarvitund. Þetta er þvæla. Við erum ekki að tala um svona hluti hér. Hér er alvarleg prinsippbreyting á ferðinni vegna þess að þetta vígi, sjúkrahúsin sjálf hafa þó staðið þeim sem svo veikir eru að þeir þurfa að leggjast inn, innritast þangað til dvalar, til boða áður án sérstakrar greiðslu.

[16:27]

Útbýting:

Almannatryggingar, 235. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 358.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins o.fl., 179. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 359.

[16:27]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra hóf mál sitt þegar hann mælti fyrir frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á því að benda á að margvíslegar ráðstafanir væru nauðsynlegar vegna hruns íslensku bankanna og skal ekki dregið úr því. Það er vissulega rétt að þannig er það. Spurningin er um hvort nóg sé að gert og hvort verið sé að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru.

Að mínu mati er margt gott um frumvarpið að segja og það sem lagt er til, annað miður. Þannig er það stundum þegar lagðar eru til margvíslegar ráðstafanir og ætla ég að fara í gegnum það á eftir. Ég vil þó í upphafi geta þess, virðulegi forseti, að ég hefði talið að þurft hefði að gera mun víðtækari ráðstafanir mun fyrr en gert hefur verið. Ég hafði talið að strax þegar bankahrunið átti sér stað þann 6. október sl. og neyðarlögin voru sett mundi ríkisstjórnin þá þegar grípa til þess að mynda aðgerðahóp, fá fólk úr öllum stjórnmálaflokkum til að taka á þeim málum og vísa til þeirra atriða sem þyrfti svo virkilega að taka á. Það var ekki gert.

Hér stöndum við nokkru fyrir áramót að skoða hvað og hvernig, eftir þeim pípum sem ríkisstjórnin leikur á og þeim frumvörpum ríkisstjórnin hefur lagt fram, hvernig hægt er að forðast hin verstu áföll en við erum í raun ekki að stýra undan því áfalli sem við höfum lent í. Af því að við vorum áðan að ganga frá og vísa fjárlagafrumvarpi til fjárlaganefndar til 3. umr., liggur fyrir að verið er að afgreiða fjárlög með verulegum halla, allt upp undir 100 milljarða halla samkvæmt niðurstöðum frumvarpsins. Það er að mínu viti óásættanlegur halli og óásættanlegt að vísa kostnaði á framtíðarkynslóðir, á börnin okkar og barnabörnin. Við umræðuna í gær var vísað til ýmissa niðurskurðaraðgerða og hluta sem þyrfti að taka til. Ég vísaði til margvíslegra atriða sem ég taldi nauðsynlegt að yrði tekið á til að fjárlög yrðu ekki afgreidd með halla.

Það eru tvær leiðir í því sambandi, að draga saman útgjöldin eða hækka álögurnar eða hafa blöndu af hvoru tveggja. Ég tel að lengra verði ekki haldið, að ríkisútgjöld séu þegar orðin svo mikil og opinber útgjöld sem taka um helming þjóðarframleiðslu séu langt umfram það sem eðlilegt eða ásættanlegt geti talist.

Kallað hefur verið eftir því að við fengjum erlenda sérfræðinga til að aðstoða okkur í þessu ástandi, gera grein fyrir því hvað við eigum að gera. Einn slíkur var hér fyrir nokkrum dögum síðan, ekkert ómerkari maður en fyrrum forsætisráðherra Svía, Göran Persson, sem flutti ræðu í hátíðarsal Háskóla Íslands. Þarna er um að ræða forsætisráðherra sem fór með mál þegar Svíar þurftu að taka á sinni bankakreppu á sínum tíma. Hvað hafði þessi merki stjórnmálamaður að segja við okkur? Jú, hann sagði að við þyrftum að taka strax á okkar málum og þeim mun fyrr sem við gerðum það og ákveðnar þeim mun fyrr kæmumst við út úr þeirri kreppu sem við fyrirsjáanlega mundum lenda í.

Ég er sannfærður um að þessi sjónarmið og ráðleggingar Görans Perssons eru rétt, að brýna nauðsyn beri til að taka með ákveðnum hætti og af festu á þeim málum sem um er að ræða, gera það strax, láta höggið koma og við verðum öll að sætta okkur við það. Þess vegna þurfti strax í október að fara ákveðið í gegnum alla útgjaldaliði fjárlaga, skoða hvernig hægt væri að taka á þeim til að draga úr útgjöldum ríkisins þannig að fjárlög yrðu afgreidd hallalaus. Sjaldan hefur verið eins mikil nauðsyn á því, virðulegi forseti, að afgreiða hallalaus fjárlög en einmitt núna þegar aðstæður eru þær sem um ræðir í okkar þjóðfélagi. Það hefur þurft að skera niður útgjöld, takmarka millifærslur, fara í allar þær sparnaðarleiðir sem hægt hefur verið að koma við.

Venjulegir einstaklingar, heimilin í landinu, hafa ekki möguleika á að eyða meira en tekjurnar leyfa nema að taka lánsfé. Ef mikið er gert af því endar það alltaf með ófarnaði, skuldirnar vaxa heimilunum eða einstaklingnum yfir höfuð. En það sama gildir um ríkið, sama gildir einfaldlega um að þegar farið er fram með þessum hætti er ekki verið að gera neitt annað en prenta seðla og taka lán hjá framtíðinni. Ég tel að staða okkar sé þannig að óásættanlegt sé að

fara þá leið. Það þurfi að vera mun alvarlegri aðstæður uppi en þær sem nú eru til að ásættanlegt sé að afgreiða fjárlög með 100 milljarða halla eins og gert var við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. fjárlaganna í dag.

En þá er spurningin: Er möguleiki eða tilefni til að hækka álögur á fólkið í landinu? Þá segi ég: Þar er svigrúmið ekki fyrir hendi. Af hverju ekki? Vegna þess að í fyrsta lagi eru skattar á almenning í landinu þegar það háir, beinir skattar eru það háir og óbeinu skattarnir eru með því hæsta sem þekkist. Við erum með virðisaukaskatt upp á 24,5% og það sem fólkið í landinu stendur frammi fyrir, sem nánast hver einasti einstaklingur verður að horfast í augu við, er launalækkun, kjara- og eignarýrnun vegna verðbólgu, lífskjaraskerðing vegna hækkunar lána vegna verðbólgunnar þar sem verðtryggingin étur upp andvirði eigna og eins er um að ræða hækkað vöruverð. Það þýðir að ráðstöfunartekjur einstaklinganna eru mun minni en ella væri.

Þrátt fyrir að fólkið í landinu verði nú fyrir verulega mikilli lífskjaraskerðingu er lagt til í 3. gr. frumvarpsins að hækka útsvar um 0,25% og í 8. gr. er lagt til að hækka tekjuskatt um 1,25%. Hvað þýðir það? Það þýðir að samtala tekjustofna sveitarfélaga og tekjuskatts til ríkisins nemur hvorki meira né minna en 37,28% af tekjum einstaklinganna. Til viðbótar við það er síðan þvingaður sparnaður til lífeyrissjóða, sem virðast hafa að hluta til það markmið að fólki geti hugsanlega liðið vel í ellinni þó að því eigi að líða jafnvel illa í dag, en þá erum við að tala um 37,28% sem ríki og sveitarfélög taka til sín í beinum sköttum. Þar ofan á koma 12% framlag til lífeyrissjóða eða 49,28% sem þannig er. Það sem um er að ræða er að verið er að leggja þær byrðar á alla launþega í landinu að greiða helming tekna sinna í opinber gjöld og til lífeyrissjóða. Það er einfaldlega of mikið, fólk hefur ekki tök á því í mörgum tilvikum að hafa bjargráð þegar ríkisvaldið eða hið opinbera tekur jafnmikið.

Í 7. gr. frumvarpsins er talað um fæðingar- og foreldraorlof, um að hámark fæðingarorlofs fari úr 480 þús. niður í 400 þús. kr. Ég hef átt afskaplega erfitt með að átta mig á því velferðarkerfi sem komið var á fyrir ríkt fólk í landinu. Ég tel eðlilegt að velferðarkerfið sé fyrst og fremst fyrir þá sem þurfa á því að halda. Eins og nú háttar til í þjóðfélaginu þurfum við að einbeita okkur að því að halda við því velferðarkerfi þannig að allt fólk geti haft það þannig að það líði ekki skort, að það búi við þokkaleg lífskjör en við eigum ekki að vera með velferðarkerfi hinna sem ekki þurfa á því að halda. Hér er verið að tala um að skerða fæðingar- og foreldraorlof úr 480 þús. niður í 400 þús. og þá spyr ég: Á hvaða forsendum? Hvaða rök mæla með því að hafa hærri greiðslur fyrir fæðingar- og foreldraorlof en fyrir öryrkja og aldraða? Við verðum einhvers staðar að setja okkur mörk í velferðinni. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr hafa þeir sem ungir eru fleiri möguleika og bjargráð en hinir sem eru öryrkjar og aldraðir. Það verður að hyggja að því á tímum eins og þessum. Þess vegna hefði ég talið að það eðlilegra að hafa fæðingar- og foreldraorlof með öðrum hætti en hér er gert.

Í 9. gr. frumvarpsins er verið að fjalla um sjómannaafsláttinn og hækkun hans. Þar getur verið um eðlilegan hlut að ræða en í raun þegar það er skoðað er fyrst og fremst verið að tala um að ríkisvaldið niðurgreiði launakostnað útgerðarinnar. Með þessum hætti, sem og með svo mörgum öðrum, er verið að rétta fram peninga almennings í landinu til hjálpar kvótagreifunum, til hjálpar sægreifunum, og það er ekki ásættanlegt. Ég hefði talið eðlilegra að vísa þessum málum og launakerfinu í heild þannig að þeir stæðu undir því sem eiga að gera það.

Síðan eru það önnur atriði eins og t.d. varðandi sölu Landssímans og komið hefur til umræðu. Hv. þm. Jón Bjarnason gerði athugasemd við að Landssíminn hefði verið seldur á sínum tíma og velti fyrir sér ýmsum hlutum í því sambandi. Ég verð að segja að sem betur fer var Landssíminn seldur á sínum tíma vegna þess að hefði það ekki verið gert væru verðmæti Landssímans til muna minni í dag en á þeim tíma þegar Landssíminn var seldur. Ég taldi það fyrirsjáanlegt þegar Landssíminn var seldur að seinna mætti það ekki vera vegna þess að þær breytingar voru að verða í fjarskiptum að ríkinu lá á að koma þessum verðmætum í verð meðan þau voru virkileg verðmæti. Ég verð því að segja að ég tel að mjög vel hafi tekist til við sölu Landssímans enda fjarskiptamálum þannig háttað að engin ástæða var til að ríkið stæði í þeim rekstri áfram.

Ég tel það jákvæða breytingu sem lögð er til í 13. gr. frumvarpsins hvað varðar að lög um ráðstöfun og sölu Landssímans verði felld niður. Ég sé ekki að þau eigi við miðað við stöðuna í dag.

Það eru nokkur atriði sem ég vil sérstaklega benda á sem ég tel vera til verulegra bóta. Þá vil ég sérstaklega taka 10. og 12. gr. frumvarpsins þar sem verið er að fjalla um hækkun barnabóta og að ekki sé heimilað að skuldajafna við kröfur ríkissjóðs. Ég tel það til verulegra bóta. Það sem hér kemur fram er ekki með öllu illt en það sem ég vara sérstaklega við og hlýt að mæla eindregið á móti og berjast gegn er að enn skuli eiga að hækka gjöld á almenning í landinu. Það er óásættanlegt og almenningur í landinu hefur ekki svigrúm til að taka slíkri gjaldahækkun.

[16:42]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Það hryggir mig mjög hversu fámennt er oft í þessum sal þegar við ræðum svo stórt mál sem þetta. (Gripið fram í.) Þetta mál skiptir fólkið í landinu máli upp á 16 eða 17 milljarða kr. (Gripið fram í.) og ríkisstjórnin hefur lagt það fram til að bæta stöðu ríkissjóðs um þá upphæð. Ég ætla ekki að draga neitt úr því. Að sjálfsögðu þarf að standa vörð um ríkissjóð í erfiðu árferði en mér finnast áherslur ríkisstjórnarinnar í því hvert sækja eigi fjármunina sem mælt er fyrir um í frumvarpinu einkar athyglisverðar. Það á að sækja 360 millj. til sjúklinga vegna nýs gjalds vegna innlagna á sjúkrahús, 400 millj. til foreldra nýfæddra barna með skerðingu á Fæðingarorlofssjóði og 800 millj. í vasa bænda. Þar voru breiðustu bökin fyrir, hæstv. forseti. Af einni mestu láglaunastétt landsins á að taka 800 millj. kr. Það á að ná í tæpa 4 milljarða kr. frá öldruðum og öryrkjum, 3,9 milljarðar sem hefðu átt að renna til þeirra eru skertir með þessu frumvarpi. Fyrir utan það að 400 millj. kr. lækkun er á sérstöku framlagi til sveitarfélaga, sem glímt hafa við kreppu mörg undanfarin ár. Þetta er hin nöt-

urlega staðreynd um forgangsröðun ríkisstjórnarinnar.

Málaflokkarnir sem ég nefndi eru vitaskuld grafalvarlegir, því að mér sýnist að verið sé að seilast til þeirra sem síst skyldi og ég fagna því að hæstv. heilbrigðisráðherra skuli vera viðstaddur umræðuna sem og hæstv. forsætisráðherra í hliðarsal.

Ég hefði kosið, hæstv. forseti, að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra væri viðstaddur umræðuna (Gripið fram í.) vegna þess að mig langar til að ræða breytingar á búvörusamningnum, þar sem takmarka á starfsskilyrði með því að lækka fyrir fram gerða samninga. Bændur hafa gert langtímaáform með tilliti til þess að ríkið stæði við samningana og margir þeirra fóru út í miklar fjárfestingar til að byggja upp bú sín. Nú er ljóst að annar samningsaðilinn, ríkið, mun ekki standa við gerða samninga og talið er að þar muni allt að 800 millj. kr. fyrir íslenskan landbúnað. Það munar um minna, hæstv. forseti. Ég spyr hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hvort ekki sé mikilvægt að stjórnvöld standi vörð um innlenda landbúnaðarframleiðslu á tímum sem þessum. Ég held að ágæti íslensks landbúnaðar hafi aldrei sannað sig eins mikið og á þessum síðustu og verstu tímum og ef eitthvað er hafa landbúnaðarstéttin og landbúnaðarframleiðslan haldið aftur af annars gríðarlega mikilli verðbólgu sem hækkar lán allra landsmanna. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi átt formlegar viðræður við forustu Bændasamtakanna um breytingar á samningnum, sem sumir vilja meina að geti jafnvel falið í sér brot. Hvaða samskipti hafa átt sér stað við forustu bænda í málinu? Þegar ríkisstjórnin tók við völdum var mikið predikað um samræðustjórnmál og að menn þyrftu að tala saman.

Í annan stað vil ég spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra hvað megi áætla að þetta hækki matvælaverð í landinu mikið og vísitöluna og verðbólguna. Nýlegar hækkanir á áfengi og tóbaki hafa ruðst fram í hækkun á vísitölunni af tvöföldum krafti. Hvaða áhrif mun þessi breyting hafa á vísitöluna? Ljóst er að bændur munu ekki geta tekið þessar 800 millj. á sig. Því er mikilvægt að við höfum í huga að þetta mun hafa áhrif á allar fjölskyldur í landinu, á lán allra fjölskyldna vegna þess að þetta mun auka verðbólguna í ljósi þess að bændur þurfa að hækka verð á vörum sínum.

Ég vil spyrja hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra út í þær aðgerðir sem er ráðist í hér gagnvart öldruðum og öryrkjum. Ég ætla að grípa í greinargerð með frumvarpinu þar sem stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Einnig er gert ráð fyrir því í þessum hluta frumvarpsins að hækkun á bótum almannatrygginga um næstu áramót verði óbreytt frá forsendum fjárlagafrumvarpsins, eða 9,6%, fremur en að miðað verði við vísitölu neysluverðs. Er áætlað að þannig verði komið í veg fyrir um 5,9 milljarða kr. aukningu útgjalda.“

Aukningu útgjalda til aldraðra og öryrkja. Reyndar er síðan farið í aðgerðir sem bæta hag hluta öryrkja upp á 2 milljarða kr. þannig að kjör aldraðra og öryrkja eru skert um 3,9 milljarða kr. með frumvarpinu. (Gripið fram í.) Ég ætla að rifja það upp, hæstv. forseti, af því að ég heyri að hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir mælir þessu í mót, hvort hv. þingmaður mælir því þá ekki líka í mót að ríkisstjórnin hafi breytt um viðmið í kjölfar síðustu kjarasamninga gagnvart öldruðum og öryrkjum? Það fullyrða aldraðir, öryrkjar og forsvarsmenn Alþýðusambands Íslands og í þeim samningum tókst ríkisstjórninni að ná 3,6 milljörðum af þessum hópum með því að lækka þetta viðmið. Það segir sig sjálft, hæstv. forseti, að ef forgangsröðun ríkisstjórnarinnar er að veitast að þessum hópum þegar óðaverðbólga geysar og lán þeirra hækka gríðarlega er ekki forsvaranlegt að eitt meginefni frumvarpsins skuli vera að skerða kjör þessara hópa. Ég fer fram á að hæstv. ráðherra félagsmála svari spurningum er lúta að kjörum þessa hóps.

Mig langar líka að spyrja, hæstv. forseti, ef hæstv. samgönguráðherra hefði verið hér hvort ekki hefði þurft að endurnýja það tímabundna framlag sem sveitarfélögin sem hvað verst hafa staðið í landinu hafa fengið frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það lækkar úr 1.400 millj. niður í milljarð, ef ég skil frumvarpið rétt, eða um ein 30%. Þessi sveitarfélög eru, svo ég nefni nokkur dæmi: Ísafjörður, Norðurþing, Sveitarfélagið Skagafjörður, Vestmannaeyjar, Hornafjörður og ég gæti haldið áfram. Þessi sveitarfélög hafa á undanförnum árum átt mjög erfitt með að ná endum saman, enda er orðið „kreppa“ í þessum samfélögum er ekki nýtt hugtak. Það hefur geysað kreppa í þessum sjávarbyggðum á undanförnum 20 árum og nú þegar þessi kreppa skellur á samfélögum sem tóku ekki þátt í góðærinu og urðu jafnvel fyrir barðinu á því, því góðærið bitnaði á útflutningsatvinnuvegunum, þá á að skerða tímabundið framlag til þessara sveitarfélaga sem geta varla komið saman rekstrar- og efnahagsreikningum sínum.

Síðan nefnir ríkisstjórnin það og telur mikilvægt hlutverk fyrir þessi sveitarfélög að standa vörð um nærþjónustuna, um íbúana. [Kliður í salnum.] En hvað ef þau geta ekki sinnt því lögboðna hlutverki sínu vegna þess að þau hafa ekki tekjustofna til þess? Það verður mjög fróðlegt að sjá hverjar fjárhagsáætlanir þessara sveitarfélaga verða, sérstaklega í ljósi þess að tekjustofninn skerðist hjá þeim og svo mörgum öðrum. Hæstv. forseti. Það væri ágætt að fá þögn í salinn þegar maður heldur ræðu eða ágætir þingmenn tali saman frammi á göngunum vegna þess að við erum að tala um stórmál, ekkert smámál. Við tölum um breytingar, tekjutilfærslur frá einstaka hópum til ríkisins upp á 16–17 milljarða kr. Ég hef minnst á barnafólk, bændur, öryrkja og aldraða og nú er tekinn upp nýr skattur, sérstök komugjöld á heilbrigðisstofnunum, frá fólki sem þarf að leggjast á spítala, upp á 360 millj. kr. (**ÁRJ:** Þið voruð með þau líka.) Hv. þingmaður bendir á að fyrri ríkisstjórn hafi verið með ýmis slík gjöld. Hér er verið að taka upp nýjan skatt og ég ætla að benda hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, þingmanni Samfylkingarinnar, á að sjálfstæðismenn sögðu að hægt að væri gera ýmsa hluti í velferðarmálum, í heilbrigðismálum sem þeim hefði ekki tekist að gera með Framsóknarflokknum. Enda var það þannig í upphafi kjörtímabilsins (Gripið fram í.) að menn boðuðu aukna einkavæðingu þar. Við framsóknarmenn vorum ekki tilbúnir að ráðast í slíkar aðgerðir.

Hæstv. forseti. Hægt væri að halda langa ræðu um þessi mikilvægu mál og ég vonast til að mjög ítarleg umræða verði um þau. Þetta frumvarp sem lagt er síðdegis fram skiptir máli fyrir þúsundir Íslendinga og eins og ég hef rakið eru þetta þeir Íslendingar sem mega einna síst við því á

erfiðustu tímum sem við höfum gengið í gegnum á síðustu árum að verða fyrir því að gjöld séu stórhækkuð á þá og tekjur þeirra minnkaðar. Við verðum að fara mjög vandlega yfir þetta og ekki mun líðast að við afgreiðum frumvarpið, þennan bandorm, með einhverjum brjálæðislegum hraða. Í umræðum um fjárlög fyrr í dag á fundi efnahags- og skattanefndar Alþingis í morgun óskaði ég eftir forsendum er varða tekjuhlið fjárlaganna. Við þingmennirnir sem eigum að bera ábyrgð á afgreiðslu málsins höfum ekki enn fengið það sent. Ég mun alla vega ekki afgreiða fjárlög íslenska ríkisins árið 2009 án þess að vita hvaða tölur og skuldbindingar liggja á bak við einstaka útgjaldaliði. Það er einfaldlega ekki hægt að Alþingi Íslendinga láti koma fram við sig með þeim hætti.

Það er eins með þetta frumvarp. Við þurfum að ræða við hópa aldraða og öryrkja og forustumenn bænda og þá sem frumvarpið og bandormurinn snertir. Við skóflum þessu ekki í gegnum þingið sisvona. Því miður hef ég það á tilfinningunni að ríkisstjórnin sem ræður að mestu leyti hvernig þetta þing starfar ætli sér að keyra þetta mál í gegn á örfáum dögum þótt það snerti hátt í 20 milljarða kr. að umfangi og þúsundir Íslendinga. En við í hv. efnahags- og skattanefnd munum gera hvað við getum til að fá ítarlega umræðu um þessi mál.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum segja að vinnubrögð síðustu daga á vettvangi þingsins er varða fjárlögin og nú þetta mál eru því miður ekki til eftirbreytni. Þegar ég leit á þetta frumvarp fyrr í dag trúði ég varla mínum eigin augum hverjar áherslurnar voru, sérstaklega að næla í fjármuni til einstakra hópa, því mér datt einfaldlega ekki í hug að einn stærsti einstaki sparnaðarliðurinn í frumvarpinu væri gagnvart öldruðum og öryrkjum. Mér kom það ekki til hugar. Við fórum í gegnum mjög harða umræðu fyrr á árinu þar sem við í stjórnarandstöðunni bárum það upp á ríkisstjórnina að hafa lækkað viðmið gagnvart þessum hópum, gagnvart kjarasamningum þeirra í kjölfar síðustu samninga. Forusta Alþýðusambandsins, eldri borgarar og öryrkjar staðfestu það með bréfi sem ég las upp í þingsölum Alþingis. Forsvarsmenn Samfylkingarinnar í þeirri umræðu komu upp og sögðu að þessir aðilar færu með rangt mál. Það verður þá væntanlega líka í þessu þegar verið er að taka tæpa fjóra milljarða af þessum hópum aftur að sá sem hér stendur fari bara með fleipur og vitleysu. Ég er alveg viss um að ráðherra félagsmála mun koma hingað upp og rifja upp hvernig síðasta ríkisstjórn var í þessum málum. Ég er alveg viss um það. Ég þekki orðið þau vinnubrögð hér. (**Fél.- og trmrh.:** Finnst þér það nokkuð skrýtið?) En þegar við horfum á það að verið er að skerða stórlega kjör þessara hópa, sem með öllum útreikningum er ekki hægt að sýna að hafi verið gert á undangengnum árum, þá er tími til kominn að menn andmæli og ég vitna til þess að Öryrkjabandalag Íslands mótmælti þessu harðlega í dag og lýsti vantrausti á ríkisstjórnina, vantrausti. Áherslur ríkisstjórnarinnar í frumvarpinu bera þess merki að þar er skorið niður sem síst skyldi.

[16:58]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spurði hvort ekki væri ásetningur okkar að standa vörð um íslenska landbúnaðarframleiðslu. Auðvitað er það ásetningur okkar að gera það og þess vegna fullyrði ég að það sem við erum að gera hefur það einmitt að augnamiði að reyna að tryggja íslenska landbúnaðarframleiðslu. Það sem verið er að gera með frumvarpinu sem hér er rætt um, þessum bandormi sem snýr að landbúnaðarmálunum, er einfaldlega að verið er að setja tiltekið þak á þær verðlagshækkanir eða þær vísitöluhækkanir sem geta orðið á búvörusamningunum á næsta ári. Búvörusamningarnir hafa verið verðbættir að fullu og verða verðbættir að fullu eins og kemur fram í fjáraukalagafrumvarpinu sem nú liggur fyrir þinginu en það sem verið er að gera núna er að verið er að setja sérstakt þak á árið 2009 og miðað við að tölurnar sem lagðar voru fram í fjárlagafrumvarpinu í upphafi októbermánaðar munu standa.

Við vitum að þær breytingar sem hafa orðið í efnahagslífi okkar hafa kallað á aðgerðir af þessu tagi og það er alveg rétt. Hv. þingmaður spurði hvort ég hefði átt viðræður við forustumenn bænda út af þessu. Já, ég kynnti þessi mál fyrir forustumönnum bænda, raunar áður en frumvarpið kom fram, til að gera þeim grein fyrir því hvað væri í aðsigi og viðbrögð þeirra voru, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum, að þeir treystu sér ekki til að ganga til einhverra samninga um þessi mál. Eins og ég vakti athygli á fyrr í þessari umræðu eru ýmsir möguleikar í því sambandi og ég lýsi mig fúslega reiðubúinn til að taka þátt í einhverri slíkri samningagerð við bændur þó að auðvitað beri ég pólitíska ábyrgð á þeirri niðurstöðu sem hefur fengist með því að setja þetta tiltekna þak á vísitöluhækkanir á búvörusamningnum á næsta ári. Hins vegar er það örugglega svo að hægt er að gera tilteknar breytingar á búvörusamningunum sjálfum ef um það skapast samkomulag sem tryggir að þessar greiðslur renni betur til bænda en áður.

Enginn getur svarað með fullnægjandi hætti hvort þetta muni hækka matvælaverð. Auðvitað munu bændur freista þess að velta kostnaðarhækkunum sínum út í verðlagið eins og þeir hafa möguleika á en við vitum ekki á þessari stundu hvernig það mun birtast. Það mun skýrast á næsta ári.

[17:00]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og hvet hann til að eiga áfram samskipti við bændur, sérstaklega í framhaldinu því að það er eins og hæstv. ráðherra benti á ekki sama hvernig menn halda á málum á næstunni. Ég held að hæstv. ráðherra hljóti að vera mér sammála um það í ljósi þess að hér er verið að skerða framlög vegna þessara samninga um 800 millj. kr. Þetta er mjög skuldsett stétt og lágtekjustétt og það er óumflýjanlegt að hluti eða jafnvel stærstur hluti af þessum 800 millj. kr. fari með einhverjum hætti út í verðlagið. Það er mikilvægt líka fyrir okkur sem störfum hér að við áttum okkur þá á afleiðingum þess. Hvað mun það þýða ef matvælaverð hér á landi, lambakjöt, mjólk og aðrar nauðsynjavörur, mun hækka?

Mun það ekki af sjálfu sér leiða til þess að verðbólgan hækki í framhaldinu, lán heimilanna líka og þar fram eftir götunum? Hér er um stórmál að ræða og ég hvet hæstv. ráðherra til að íhuga vel hvernig að þessum málum verður staðið í framhaldinu en við á vettvangi efnahags- og skattanefndar munum að sjálfsögðu reyna að fá svör við því hvaða áhrif þetta muni hafa á verðbólguna og lán Íslendinga. Þau eru að hækka gríðarlega þessi missirin með hárri verðbólgu og það bætir náttúrlega gráu ofan á svart ef þessi aðgerð leiðir til þess að verðbólgan muni aukast enn meir.

[17:02]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að brýna mig til þess að eiga góð samskipti við bændur. Ég hef einmitt kappkostað að eiga slík samskipti við bændur. Það hefur gengið ágætlega og ég veit að bændum er alveg ljóst og alveg kunnugt um það að ég hef áhuga á því að ræða þessi mál áfram við þá ef þeir telja að það sé flötur á því að gera einhverjar þær tilteknu breytingar innan búvörusamninganna sem gætu orðið til að stærri hluti þeirra rynni beint til bænda sjálfra. Auðvitað er ákveðið svigrúm í þeim efnum en þetta er mál sem þarf að ræðast þá af samningsaðilunum báðum og ég hef lýst því yfir að ég er mjög opinn fyrir hvers konar breytingum sem bændur telja skynsamlegar til að auka sem mest tekjustreymið beint til bændanna sjálfra.

En varðandi það sem hv. þingmaður var að velta fyrir sér um verðlagsþróunina vil ég segja það að almennt talað er mín skoðun sú að það sé skynsamlegast að bændurnir geti sótt sér sem mest af tekjum sínum í gegnum afurðaverðið sjálft. Það er það eðlilega og skynsamlega í þessum viðskiptum, að bændurnir hafi sem mestan hluta tekna sinna af því að selja afurðir sínar. Beingreiðslurnar eru síðan til viðbótar við það. Í verðlagsnefnd búvara hefur tvisvar sinnum á þessu ári tekist ágæt samstaða á milli fulltrúa neytenda, bænda og afurðastöðvanna um tilteknar hækkanir á mjólkurverði. Við vitum hins vegar varðandi sauðfjárafurðirnar að sá hluti tekna bændanna ræðst af samningum við afurðastöðvarnar við sláturhúsin og niðurstaðan var heilmikil vonbrigði fyrir ýmsa bændur í haust en það endurspeglaði mat afurðastöðvanna á því hvað þeir gætu velt stórum hluta af þessum kostnaðarauka með hækkandi verði til bænda út í verðlagið sjálft.

Við vitum ekki nákvæmlega hvernig þessi mál munu þróast. Það mun ráðast mjög mikið af því hvernig samkeppnisstaðan verður á þessu ári. Við vitum hins vegar að samkeppnisstaða íslenskrar búvöruframleiðslu og íslenskrar matvælaframleiðslu almennt hefur batnað með lækkandi gengi krónunnar og við verðum vör við vaxandi áhuga á íslenskum framleiðsluvörum. Vonandi verður það til þess að bændur geti sótt sér í meiri mæli tekjur sínar út á markaðinn en þetta er hlutur sem við gerum okkur ekki grein fyrir. Hins vegar er alveg rétt að verðlagning á búvörum hefur verið hamlandi á verðbólguna á þessu (Forseti hringir.) ári.

[17:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég átti erfitt með að sitja þegjandi undir ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar í ljósi þess að Framsóknarflokkurinn sat í 12 ár í heilbrigðisráðuneytinu, þar til eftir síðustu kosningar, og hann gagnrýnir nú m.a. komugjald á sjúkrahús. Ég ætla bara að minna á hvað Framsóknarflokkurinn gerði í bullandi góðæri. Þá var heldur betur rukkað á spítölunum því að við sitjum uppi með komugjöld á slysadeild. Mjög margir sjúklingar leggjast inn á spítala af slysadeild. Þar eru komugjöld frá Framsóknarflokknum. Á bráðadeildum kemur fólk líka inn á spítala og leggst inn. Þar eru komugjöld frá Framsóknarflokknum. (Gripið fram í.) Fjöldi manns sækir göngudeildarþjónustu á spítalana. Þar eru komugjöld frá Framsóknarflokknum og ekki voru þessi gjöld tekin af þegar þjóðin bjó við bullandi góðæri.

Hér er verið að samræma milli sjúklingahópa og sett samræmt komugjald á alla sem sækja spítalann. (**ÁI:** Samræmt komugjald?) Það er verið að setja komugjald á alla sjúklinga sem koma inn á spítalann, ekki bara þá sem koma inn á slysadeild, koma í gegnum bráðadeild og (Gripið fram í.) koma á göngudeild. (Gripið fram í.) Það sem er verið að gera um leið er að það verður sett þak yfir þannig að það verður hámark og öll þessi gjöld fara undir það hámark. (**ÁI:** 2020?) Nei, það verður gert núna á næstu mánuðum og það verður látið virka aftur fyrir sig þannig að útgjöld frá áramótum munu koma undir þetta þak. Það verður tryggt.

Ég vil líka minna á hvað gerðist í tíð Framsóknarflokksins, m.a var heimilt að leggja fólk inn á spítala án þess að innrita það (Forseti hringir.) og heimilt að taka af því allar greiðslur, læknisþjónustu, rannsóknarkostnað o.s.frv. (Forseti hringir.) Það voru verulega há útgjöld hjá mörgum sjúklingum, allt upp í tugi þúsunda áður en þeir lögðust inn.

[17:06]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að Samfylkingin átti sig ekki á því að hún er að verða búin að vera í ríkisstjórn í bráðum tvö ár. Samt kemur alltaf sama bilaða platan hér upp. Ég ætla að minna hv. þingmann, sem virtist vera hreykin af því að hér væri verið að samræma þannig að allir þyrftu að greiða, á að forstjóri Landspítalans sagði á dögunum að það ætti að hagræða í rekstri. Ríkisstjórnin hefur boðað það. Í hverju var sú hagræðing fólgin? Jú, hún var m.a. fólgin í því að auka framboð á göngudeildum, að fólk yrði ekki lagt eins mikið inn. Hvað þýðir þetta á íslensku? Það er ekki verið að hagræða. Nei, ríkið ætlar að rukka fólk í stórauknum mæli fyrir þessa þjónustu. Það er sem sagt verið að breyta kostnaðarhlutdeildinni frá því að ríkið borgi og í það að almenningur borgi. Er hv. þingmaður stolt af þessu? Það sem ég segi er að við erum bara að sjá toppinn af ísjakanum í hagræðingaraðgerðum ríkisstjórnarinnar þegar kemur að velferðarmálum.

Hæstv. forseti. Ég gleymdi óvart 1 milljarði. Með leyfi forseta stendur í greinargerð:

„Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á málefnum aldraða og almannatryggingum varðandi aukin áhrif fjármagnstekna á lífeyristryggingar, auk þess sem frítekjumarki 70 ára og eldri er breytt til samræmis við frítekjumark annarra hópa. Samtals lækka þessar breytingar útgjöld

ríkissjóðs um rúman 1 milljarð kr.“

Þetta er ofan á þessa 3,9 sem ég fór ranglega með. Þetta eru 4,9. Ég spyr hv. þingmann hvort hún ætli að koma hér upp og halda áfram að rifja upp 12 ára valdatíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eða hvort hv. þingmaður ætli að fara að kannast við sín verk. Hér er stórfelldur niðurskurður gagnvart þeim sem hvað lakast standa. Við hv. þingmann vil ég segja það að íslensk heilbrigðisþjónusta og framlög til velferðarmála (Forseti hringir.) jukust um tugi milljarða í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það sem við erum að gagnrýna (Forseti hringir.) hér er samdráttur um marga milljarða kr.

[17:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að rífast við hv. þingmann um það hvað þessi ríkisstjórn hefur gert í sambandi við almannatryggingarnar. Þar var verulega gefið í. Þar hafa hækkað greiðslur til bæði aldraða og öryrkja verulega frá því að þessi ríkisstjórn kom til valda, allt að 50% í sumum tilvikum.

Ég ætlaði að ræða við hv. þingmann um spítalana af því að þar byrjaði hv. þingmaður gagnrýnina áðan og ég komst ekki til að segja frá því hvernig Framsóknarflokkurinn í góðærinu hagaði sér. (**BJJ:** Ætlarðu enn að fara að rifja upp?) Fyrirgefðu, hv. þingmaður. Það er bara þannig, virðulegi forseti, að í tíð Framsóknarflokksins var heimilað að leggja fólk inn á spítala og rukka það fullt fyrir þjónustu meðan það var inniliggjandi án þess að vera innritað, í allt að tvo daga. Fyrst var það einn dagur og síðan, þó að það væri blússandi góðæri, var bætt við seinni deginum þannig að það mátti leggjast inn í tvo daga og alltaf var sjúklingurinn rukkaður fyrir alla þjónustu.

Það var ekkert hámark á ýmsum af þessum gjöldum. Nú á að setja öll þessi gjöld, öll útgjöld sjúklinga, undir hámark þannig að þeir sem eru mikið veikir og þurfa að greiða háar upphæðir, þurfa að greiða mikinn lyfjakostnað, þurfa að borga oft fyrir læknisþjónustu eða aðra heilbrigðisþjónustu munu fara undir ákveðið þak og ekki greiða meira en það á ákveðnu tímabili. Þetta þekkir hv. þingmaður enda á flokkur hans fulltrúa í þeirri nefnd sem er að vinna að þessum tillögum. Þarna er verið að grípa inn í þannig að mikið veikir sjúklingar eða þeir sem þurfa mikið á heilbrigðisþjónustunni að halda munu verða varðir fyrir miklum kostnaði — sem er vel. En á því hafði Framsóknarflokkurinn ekki hugsun þegar hann jók greiðsluþátttöku sjúklinga verulega á spítölum.

[17:11]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi nefnt Framsóknarflokkinn mun oftar á nafn en aldraða og öryrkja í málflutningi sínum. Þetta kannski sýnir hugarfarið hjá Samfylkingunni í þessari umræðu, hún er föst í fortíðinni. Staðreyndin er sú að við Íslendingar búum við eina bestu heilbrigðisþjónustu í heimi. Um það verður ekki deilt.

Síðasta ríkisstjórn varði tugmilljörðum til að bæta þá þjónustu á meðan kostnaðarhlutdeild sjúklinga — (**ÁRJ:** Á kostnað sjúklinga.) Ekki á kostnað sjúklinga, það er rangt hjá hv. þingmanni og ég mun ræða það betur við hana í framhaldinu á Alþingi Íslendinga. Hv. þingmaður minntist ekki á það þegar síðasta ríkisstjórn var með ákveðin viðmið í kjarasamningnum gagnvart öldruðum og öryrkjum og núverandi ríkisstjórn breytti og sparaði sér þannig 3,9 milljarða hjá öldruðum og öryrkjum. (**ÁRJ:** Andskotans bull er þetta.) Andskotans bull, segja hv. þingmenn og passa ekki mál sitt í þessum sal en þeir segja það þó gagnvart forustumönnum aldraðra, öryrkja og Alþýðusambandi Íslands. Ég spyr: Er Samfylkingin alveg búin að missa jarðtenginguna gagnvart forustumönnum Alþýðusambands Íslands? Síðan er hér lagt til að tekjur aldraðra og öryrkja lækki um aðra 4,9 milljarða — ofan á 3,9. Við erum að verða komin upp í allverulegar upphæðir hjá þessari ríkisstjórn sem gumar af því að aldrei hafi verið staðið eins vel að kjörum þessara hópa. Ég held að þessi ríkisstjórn lifi í draumi, hæstv. forseti.

[17:13]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Birki J. Jónssyni fyrir að gefa mér tækifæri til með ræðu sinni áðan að bera saman hvernig aldraðir og öryrkja hafa það í landinu þegar við jafnaðarmenn erum við stjórnvölinn og þegar framsóknarmenn eru við stjórnvölinn. Ég vil bara segja, virðulegi forseti: Guð hjálpi þessari þjóð að það séu ekki framsóknarmenn núna við stjórnvölinn í þeim hremmingum sem við erum.

Ég ætla að byrja á því að rifja upp nokkrar stærðir fyrir hv. þingmann. Þegar frumvarp til fjárlaga var lagt fram var 57 milljarða halli á fjárlögum. Það stendur núna í 215 milljarða halla, það er enginn smáviðsnúningur. Niðurskurðurinn sem verið er að fara í núna er um 43–45 milljarðar. Mig langar til að hv. þingmaður svari einni spurningu: Er þetta of mikill niðurskurður, er þetta of lítill niðurskurður og hvar hefði hv. þingmaður borið niður ef hann hefði verið við stjórnvölinn?

Hv. þingmaður ræðst með miklu offorsi á það hvernig lífeyrisþegar koma út úr þeim tillögum sem við erum að ræða í þeim viðsnúningi sem hér er. Ég held að hv. þingmaður verði, ef hann sýnir einhverja sanngirni, að halda því til haga að við erum að bæta í fjárlagafrumvarpið að því er varðar lífeyrisbætur eða lífeyristryggingar almannatrygginga frá því að frumvarp til fjárlaga var lagt fram, tveimur milljörðum. Til lífeyrisþega og öryrkja, þ.e. til lífeyrisgreiðslna þeirra, er því ekki varið einungis 5,5 milljörðum eins og átti að gera heldur tveim milljörðum meira en gert var ráð fyrir þegar frumvarpið var lagt fram, eða 7,5 milljarðar. (**BJJ:** Þetta var nú bara bull.) Við settum á lágmarksframfærsluviðmið 1. september sl. sem fór í 150 þús. kr. og það sem nú er verið að gera er að það er hækkað upp í 180 þús. kr. Þeir sem hafa 150 þús. kr. í dag munu hækka um 30 þús. kr. um áramótin.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók við voru lágmarksgreiðslur í almannatryggingakerfinu fyrir þá sem ekkert höfðu úr lífeyrissjóðum 126 þús. kr. Hvað verður þetta lágmarksframfærsluviðmið um áramótin? Það fer úr 126 þús. kr. í 180 þús. kr., það hækkar um 50 þús. kr. Á sama tíma

hefur daglaunatrygging hjá fólki á almennum vinnumarkaði hækkað um 25% og mun fara sennilega í 153 þús. kr. þegar dagvinnulaunatryggingin hækkar næst, þ.e. 1. mars.

Hvernig voru lægstu bætur lífeyrisþega árið 1995, þegar Framsóknarflokkurinn tók við, samanborið við dagvinnutrygginguna sem núna hefur hækkað um 50 þús. kr. eða um 50%? Ég vil biðja hv. þingmenn að taka eftir því að 1995 voru lægstu bætur lífeyrisþega samanborið við dagvinnutrygginguna, ef við miðum við 100, 103. Þegar Framsóknarflokkurinn tók við lækkaði þetta alveg niður í 80 á góðæristímum, þegar uppsveifla var í samfélaginu. Þegar lágmarksframfærsluviðmiðið er komið í 180 þús. kr. er þetta sem var lægst meðan Framsóknarflokkurinn stjórnaði árið 2001, 80 komið í tæplega 114 eða 113,6.

Þetta lágmarksframfærsluviðmið hefur aldrei frá upphafi verið hærra en það verður um næstu áramót, aldrei verið hærra, og við erum í bullandi kreppu og hremmingum. Getur hv. þingmaður haldið því með réttu fram að við séum að ráðast á kjör þeirra í almannatryggingunum sem verst hafa það? Nei, auðvitað getur hv. þingmaður ekki gert það.

Við erum að bæta kjör þeirra sem eru yfir 180 þús. kr. á mánuði um 9,6%. Það er enginn í landinu sem er með verðtryggingu í þessari verðbólgu nema lífeyrisþegar og það er vel. En ég ætla líka að halda því til haga að þegar Framsóknarflokkurinn tók við 1995 var eitt hans fyrsta verk að kippa úr sambandi almannatryggingum við launavinnu og þá byrjaði það sem þetta súlurit sýnir, það sést glöggt hvað skeður með því að þessu var kippt úr sambandi.

Ég ætla líka að halda því til haga að í góðærinu, þegar Framsóknarflokkurinn stjórnaði, sl. tólf ár, lækkuðu barnabætur og vaxtabætur hlutfallslega miðað við það sem þær voru 1995. Ég ætla að leyfa mér að halda því hér fram að í þeirri miklu kreppu sem við erum í núna þar sem þarf að taka á alls staðar þar sem það er mögulegt, hafa kjör lífeyrisþega sem lægst hafa launin aldrei verið betri. Þau eru betri núna í 215 milljarða halla en var í 80–100 milljarða góðæri þegar Framsóknarflokkurinn stjórnaði. Ég leyfi mér að halda því fram vegna þess að við erum með gögnin fyrir framan okkur sem sýna þetta.

Við erum ekki að skerða barnabætur eða vaxtabætur, við erum að auka þær núna. Við stöndum við það sem var samið um í síðustu kjarasamningum að barnabætur mundu hækka, mig minnir að ég fari rétt með að það séu 3–4 milljarðar. Það er ekki farin sú leið sem framsóknarmenn fóru þegar þeir stjórnuðu að hækka tekjuskattinn og skerða skattleysismörkin sem fyrst og fremst … (**BJJ:** Hækka tekjuskattinn? Þið lækkuðuð tekjuskattinn.) lækka tekjuskattinn, alveg rétt, lækkuðum tekjuskattinn en skattleysismörkin hækkuðu, takk fyrir að benda mér á þetta. Það leiddi til þess að þeir sem hæstar höfðu tekjurnar, og það sýna allar skoðanir sem hafa verið gerðar á þessu máli, t.d. hjá ríkisskattstjóra, að það bætti kjör þeirra sem mest hafa, þ.e. þeir fengu mestu skattalækkunina en skattbyrði lægst launaða fólksins, líka almannatryggingaþeganna, jókst á þessum tíma. Ég spyr: Er þetta eitthvað til þess að státa sig af?

Nú verjum við skattleysismörkin en hækkum eilítið tekjuskattinn sem ekki bitnar á lægst launaða fólkinu. (**BJJ:** Nú?) Nei, það bitnar ekki á lægst launaða fólkinu, þ.e. því fólki sem við erum að tala um, skattar þess hækka ekki vegna þess að skattleysismörkin verja það. (Gripið fram í.) Skattleysismörkin verja lægstu launin. Ég er meira að segja með dæmi sem sýnir að 800 þús. kr. maðurinn hækkar ekkert voðalega mikið. Hann hækkar t.d. um 5 þús. kr. á mánuði, það er nú ekki meira en það.

Því skal líka haldið til haga að allar þær aðgerðir sem við fórum í á sl. ári til þess að bæta kjör almannatryggingaþega, svo sem makabætur, frítekjumark vegna atvinnutekna, sem var 25 þús. kr. í góðærinu, fór í 100 þús. kr., skerðingarhlutfall sem var lækkað úr 30% í 25%, eignarskattur á íbúðarhúsnæði var felldur niður og tryggt var að uppbót vegna lágra greiðslna úr lífeyrissjóði allt að 25 þús. kr. mundi ekki skerða bætur almannatrygginga, þetta heldur allt. Vasapeningar voru hækkaðir verulega. Þetta heldur allt og við förum ekki í að skerða þetta, fyrir utan það að séreignarlífeyrissparnaður, sem skerti almannatryggingar meðan hv. þingmaður var við stjórnvölinn, mun ekki skerða bætur almannatrygginga um næstu áramót. Það er einn af þeim ávinningum sem við náðum fram og þessu höldum við.

Við förum í tvær breytingar á því sem við gerðum og hv. þingmaður nefndi það réttilega og ég ætla ekkert að koma mér hjá að nefna það. Það er að frítekjumark fyrir 70 ára og eldri, sem var ótakmarkað meðan það var takmarkað í 100 þúsund hjá 67–70 ára og hjá öryrkjum en fer núna undir sama 100 þús. kr. þakið. Frítekjumark öryrkja, sem átti að renna út um áramótin, er framlengt um heilt ár.

Við förum líka út í það að fjármagnstekjuskattur sem skerti bætur almannatrygginga um 50% skerði þær um 100%. Ég spyr: Er það eitthvað sem er hægt að gera ofboðslega mikið veður út af í þeim hremmingum sem við erum í? Ég held ekki, virðulegi forseti. Miðað við þá stöðu sem við erum í, þær hremmingar sem við erum í og þann mikla viðsnúning sem hefur orðið þá ætla ég að leyfa mér að halda að okkur hafi tekist bærilega að verja kjör lífeyrisþega.

Undir þetta 180 þús. kr. þak, sem er hækkað úr 150 þús. kr. í 180 þús. kr. falla tólf þúsund lífeyrisþegar, þar af milli sjö til átta þúsund aldraðir og fjögur til fimm þúsund öryrkjar. Ég held að ég geti staðið alveg sæmilega keik hér vegna þess að í þessari ríkisstjórn höfum við náð að verja kjör þessara lægst launuðu hópa, sem hafa hækkað helmingi meira en daglaunatryggingin á bara rúmu ári, einu og hálfu ári.

Virðulegi forseti. Mér finnst þessi gagnrýni, harða gagnrýni sem kemur að mínu viti úr hörðustu átt frá hv. þm. Birki J. Jónssyni, ekki vera sanngjörn þegar við lítum til almannatryggingakerfisins, barnabóta og vaxtabóta sem hér eru varðar. Ég tel það afar mikilvægt í þessari stöðu að við höldum því og því verði ekki breytt nú við lokaafgreiðslu fjárlaga að vaxtabætur verði skertar. Það er afar þýðingarmikið í þeirri stöðu sem við erum í að halda í vaxtabætur og auka í þær eins og við erum að gera. Í raun og sanni hefðum við líka þurft að hækka vaxtabæturnar, staðan er með þeim hætti og við munum við fyrsta tækifæri fara í það að hækka vaxtabæturnar. En það er mikilvægt að þurfa ekki að skerða þær og líka að við getum staðið við barnabætur vegna þess að eins og staðan er nú skipta barnabæturnar og

vaxtabæturnar öllu máli fyrir barnafólkið í landinu.

Við höfum náttúrlega farið í gegnum þetta, ég og hv. þingmaður áður, þetta var raunverulega svo komið að miðað við þá uppsveiflu sem við vorum í og hvernig var farið í raunverulega öryggisnet almannatryggingakerfisins á tólf ára valdaferli Framsóknarflokksins með Sjálfstæðisflokknum þá vorum við farin að fjarlægjast skandinavíska velferðarkerfið, við vorum komin meira í átt til bandaríska velferðarkerfisins og velferðarkerfið var orðið meira ölmusukerfi en sjálfsagður réttur fólks. Ég vildi svo sannarlega að okkur hefði tekist á tímum þeirrar uppsveiflu sem var, þar sem voru tugir milljarða afgangur af ríkissjóði, að gera velferðarkerfið þannig úr garði að það gagnaðist líka fólki með meðaltekjur sem það þarf sannarlega að gera núna, að gagnast fólki með meðaltekjur en ekki bara lægst launaða fólkinu. Ef við hefðum gert það, staðið betur vörð um velferðarkerfið þegar við höfðum efni á því hefðum við verið miklu betur stödd á þessari stundu, virðulegi forseti.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta en mér ofbauð ræða hv. þingmanns áðan, hvernig hann talaði og var raunverulega með blekkingarleik. Ég er ekkert að draga úr því að við erum ekki að bæta að fullu um 20% hjá öllum lífeyrisþegum, við erum ekki að því, hjá lífeyrisþegum sem sumir eru kannski með 300 þús. kr., 350 þús. kr., sem eru þó nokkrir, við erum ekki að því. En það er þó verið að bæta kjör þeirra sem eru með langminnst úr tryggingakerfinu. Ég held að það sé eitthvað, miðað við þessar aðstæður, virðulegi forseti, sem við getum verið bærilega sátt við og að takast líka að standa vörð um skattleysismörkin.

Ég skal síðan, virðulegi forseti, ljósrita þetta hér til þess að gefa hv. þingmanni sem minningu um tíð Framsóknarflokksins á tólf ára valdaferli hans, hvernig hann fór með almannatryggingakerfið og lífeyrisþega.

[17:27]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa beðið um orðið og hún tekur þar fram fyrir marga af samráðherrum sínum þar sem við erum að ræða hér um mjög mikilvægt mál. Hæstv. ráðherra veifaði hér einhverju súluriti, um hlutfall í þróun lægstu launa, sem reyndar hækkuðu alveg gríðarlega á síðustu árum, við vitum það. Það fóru tugir milljarða inn í þann málaflokk á sínum tíma. Við getum deilt um hvort þeim hafi verið rétt skipt, við getum líka deilt um hvort þeir hafi verið nægilega miklir, en eitt er á hreinu að kjör allra bötnuðu á tímabilinu en margir vildu hafa það meira. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra hafi þar að einhverju leyti eitthvað til síns máls. Ég get alveg staðið hér og viðurkennt það ef hæstv. ráðherra vill sýna mér dæmi um það. Það er enginn minni við að viðurkenna að eitthvað hefði betur mátt fara í fortíðinni.

Hæstv. ráðherra er búin að vera ráðherra félagsmála í 18 mánuði. Ég nefndi það í ræðu minni vegna þess að síðasta ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks gerði sérstakt viðmið, gerði sérstakan kjarasamning við aldraða og öryrkja og núverandi ríkisstjórn með hæstv. ráðherra, sem ég veit að meinar vel, og ákvað að breyta því viðmiði. Það lækkaði kjör aldraðra og öryrkja um 3,9 milljarða á þessu ári, á ársgrundvelli. Hæstv. ráðherra leggur nú til annan niðurskurð upp á 4,9 milljarða. Við erum að tala um niðurskurð upp 8,8 milljarða.

Ég ætla samt ekki að falsa það þannig að ekkert hafi komið í staðinn en ég fullyrði að það eru miklu lægri upphæðir en ég ræði um hér og kjör þessa hóps, og ég hvet hæstv. ráðherra þá til þess að koma með súlurit yfir það hvernig kjör aldraðra og öryrkja (Forseti hringir.) hafa þróast á sl. tólf mánuðum. Það er ekki glæsileg staðreynd, hæstv. forseti, og hæstv. ráðherra verður líka að viðurkenna þá staðreynd.

[17:29]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skal með mikilli ánægju láta útbúa súlurit fyrir hv. þingmann um það hvernig kjör aldraðra og lífeyrisþega hafa þróast meðan ég hef setið hér í stóli félags- og tryggingamálaráðherra í rúmlega eitt og hálft ár eða hvað það er. Það er sko nokkuð sem ég skammast mín ekki fyrir. Þið gátuð ekki einu sinni komið á makatengingunni, afnumið hana, meðan þið voruð við stjórn. Það gerðum við þó eftir að þessi ríkisstjórn tók við. Frítekjumarkið hækkaði, við komum á frítekjumarki líka varðandi lífeyrisgreiðslur fyrir öryrkja, ég fór aðeins yfir það áðan.

Af því að hv. þingmaður talar um tíð mína sem félagsmálaráðherra er náttúrlega ágætt að hann viti það líka að samkvæmt ríkisreikningi hafa útgjöldin í þessum málaflokkum hækkað um 42% á sl. einu og hálfa ári. Hv. þingmaður svaraði því ekki sem ég spurði hann um og ég skora á hann að svara því: Vill hv. þingmaður minnka niðurskurðinn, vill hann auka útgjöldin? Hvar mundi hv. þingmaður skera niður?

Það þýðir ekki bara að tala um Varnarmálaskrifstofuna, eins og ég heyri hér aftur og aftur. Það eru peningar þar, það má vel nefna hana, en það nægir ekki í þann niðurskurð sem þarf. Það þarf að nefna fleiri hluti. Það þýðir ekki að koma hér, eins og hv. þingmaður gerði, og segja að verið sé að troða á öldruðum og öryrkjum þegar við höfum sýnt fram á að við höfum sérstaklega verið að verja kjör þeirra.

Útgjöld ríkisins eru 472 milljarðar, ef ég man það rétt. Ef við tökum saman hvað mikið fer til velferðarmála af því þá eru það 302 milljarðar eða tveir þriðju. Í þeim hremmingum (Forseti hringir.) sem við erum í hlýtur einhvers staðar að vera komið við velferðarkerfið en ég fullyrði að við höfum staðið vörð um þá sem verst standa í þeim hremmingum sem við erum í núna.

[17:31]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra bregður á þann leik eins og allir aðrir ráðherrar í þessari ríkisstjórn og spyr stjórnarandstöðuna: Hvar viljið þið skera niður? Við höfum einmitt verið að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir samráðsleysi. Stjórnarandstöðunni hefur ekki verið hleypt að því borði að móta fjárlög. Við höfum ekki einu sinni verið spurð. Ríkisstjórnin fer nefnilega sínu fram og hæstv. ráðherra er þar ekkert undanskilinn í þeim hópi.

Hæstv. ráðherra nefnir hér að aldraðir og öryrkjar hafi trúlega aldrei haft það eins gott. Ég spyr: Hvernig stendur

þá á því að forsvarsmenn Alþýðusambands Íslands og eldri borgarar og öryrkjar mótmæla því harðlega hvernig hæstv. ráðherra hefur staðið að samningagerð gagnvart þessum hópum eða samningagerð gagnvart þeirra eigin kjarasamningi þar sem viðmiðið var lækkað um heila 3,9 milljarða? Það voru ekki samningaviðræður. Nei, hæstv. ráðherra kallaði fulltrúa þessara félagasamtaka á sinn fund og tilkynnti þeim að viðmiðið hefði verið lækkað.

Hæstv. ráðherra getur komið hér upp og sagt að hér sé allt í besta standi og hlutirnir hafi aldrei verið eins góðir og nú þegar hæstv. ráðherra hefur verið félagsmálaráðherra. Tölurnar sýna það einfaldlega ekki. Sá niðurskurður sem ráðherra hefur beitt sér fyrir á síðustu mánuðum, ég nefni hérna tvö dæmi, lækkunin á viðmiðuninni 3,9 milljarðar og þessi bandormur hér upp á 4,9 milljarða gera 8,8 milljarða kr. Það er það sem forsvarsmenn aldraða og öryrkja hafa verið að mótmæla harðlega. Hæstv. ráðherra getur líka komið hingað upp og eytt meira en helmingnum af ræðutíma sínum í að tala um hvað hafi gerst á síðustu 12 eða 14 árum. Það gagnast einfaldlega ekki fólki í dag. Eins og ég segi, hæstv. forseti, (Forseti hringir.) ég hvet hæstv. ráðherra sem ég veit að hefur góðan hug til þessa málaflokks en hefur greinilega ekki stuðning innan ríkisstjórnarinnar, ég brýni hana hér til góðra verka (Forseti hringir.) í þessum efnum og þar þarf að bæta verulega úr.

[17:34]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi af því að hv. þingmaður minnist á að ég hafi kallað á minn fund forsvarsmenn Öryrkjabandalagsins og aldraðra, þá er það rétt. En hv. þingmaður getur þess ekki, fyrst hann er að tala um þennan fund, hver voru viðbrögð aldraðra og öryrkja á þessum fundi við því sem ég fór í gegnum með þeim og núna er hér í fjárlagafrumvarpinu. Ég ætla ekkert að upplýsa um það nema að einu leyti, þeir fóru ekki óánægðir út. Ég gæti sagt meira en af því að hv. þingmaður nefnir þennan fund, þá vil ég bara staðfesta að þessir aðilar komu á minn fund. Ég ætla ekkert að segja um innihald fundarins nema að þeir fóru ekki óánægðir út. Hv. þingmaður verður að muna það að þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram 1. október, áður en þessar hremmingar gengu yfir, var gert ráð fyrir 9,6% hækkun á fjárlögum til aldraðra og öryrkja, sem sagt fullar vísitölubætur.

En þarf nokkurn að undra þótt það sé skoðað að þeir sem hafa betri kjörin líka í þessum hópi og fá að halda þessum 9,6%, að kjör þeirra séu að einhverju leyti skert? Við bætum að fullu hjá þeim sem voru með 150 þús. að 180 þús. Og mér finnst, miðað við þá stöðu sem við erum í, vel viðunandi. Auðvitað hefði ég viljað hafa málin þannig að við hefðum getað bætt hverjum einasta lífeyrisþega að fullu 20% vísitöluhækkanir. Ég hefði viljað að við gætum bætt hverjum einasta láglaunamanni í landinu þessar vísitölubætur að fullu. En staðan er einfaldlega ekki þannig. Og hv. þingmaður verður að skilja að það lætur eitthvað undan þegar viðsnúningur á fjárlögum er frá 57 milljarða halla upp í 215 milljarða halla. Það hlýtur eitthvað að láta undan. Og mér finnst það ósanngjarnt (Forseti hringir.) ef hv. þingmaður kemur hér upp í ræðustól og segir að við í ríkisstjórninni höfum ekki staðið vörð um kjör þeirra verst settu.

[17:36]

Útbýting:

Ársreikningar, endurskoðendur og skoðunarmenn, 245. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 362.

Bókhald, 244. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 361.

Fjárhagsleg fyrirgreiðsla úr ríkissjóði til málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum, 248. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 365.

[17:36]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra hóf mál sitt í framsögu fyrir frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á því að víkja nokkrum orðum að aðdraganda frumvarpsins, þ.e. að bankahruninu.

Mig langar til að rifja aðeins upp stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem er eins og hálfs árs gömul eða svo og varpa nokkru ljósi á það hvaða augum menn litu verkefni sitt fyrir einu og hálfu ári. En þar segir m.a. í kaflanum um trausta og ábyrga efnahagsstjórn, með leyfi forseta:

„Eitt brýnasta verkefni nýrrar ríkisstjórnar er að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu í þágu heimila og atvinnulífs. Markmið hagstjórnarinnar er að tryggja lága verðbólgu, lágt vaxtastig, betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum, jafnan og öflugan hagvöxt og áframhaldandi trausta stöðu ríkissjóðs.“

Það má auðvitað öllum vera ljóst að þetta eru öfugmæli miðað við stöðuna í dag. Og það er auðvitað öllum ljóst og það er skiljanlegt að forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar sem svona skrifuðu fyrir einu og hálfu ári finnist að nú þurfi að fara að endurskoða stjórnarsáttmálann. Í kaflanum um kraftmikið atvinnulíf segir, með leyfi forseta:

„Íslenskt atvinnulíf mun einkennast í sívaxandi mæli af þekkingarsköpun og útrás.“

Og síðar segir í sama kafla:

„Í umbreytingu íslensks atvinnulífs á undanförnum árum felst meðal annars aukið vægi ýmiss konar alþjóðlegrar þjónustustarfsemi, þar á meðal fjármálaþjónustu. Ríkisstjórnin stefnir að því að tryggja að slík starfsemi geti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki sjái sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar á Íslandi. Áhersla verður lögð á að efla Fjármálaeftirlitið til þess að íslenski fjármálamarkaðurinn njóti fyllsta trausts. Tímabært er að leysa úr læðingi krafta einkaframtaksins svo að íslensk sérþekking og hugvit fái notið sín til fulls í útrás orkufyrirtækja.“

Ég endurtek, frú forseti, að það er ósköp skiljanlegt að þeir sem standa fyrir þessari ríkisstjórn vilji endurnýja þennan stjórnarsáttmála. Þeir vilja kannski strika yfir allt daðrið við útrásina og fjármálamarkaðinn eins og málum er nú komið í landinu. Alla vega er þetta ekki stefna sem eðlilegt er að fara fram með við núverandi aðstæður og var væntanlega þegar hún var sett jafnvitlaus og hún er í dag.

Margt í þessari stefnuyfirlýsingu er þvert á það sem ríkisstjórnin boðar í dag, m.a. hvað varðar frekari lækkun

skatta, aukna notkun á upplýsingatækni til að bæta opinbera þjónustu, að endurskoða tekju- og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga til þess að efla sveitarstjórnarstigið, að lengja fæðingarorlofið og fleira og fleira.

Allt er þetta nú á fallanda fæti vegna hruns bankanna og ekki síður vegna þeirra miklu skulda og þess skuldaklafa sem ríkisstjórnin hefur bundið um háls þjóðarinnar og mun koma niður á fjárlögum næstu ár ef ekki heilan áratug. Þá er ég sérstaklega að vísa til þess að menn leyfðu sér að kyngja afarkostum Evrópusambandsins og gangast undir kröfur Breta og Hollendinga um að íslenska ríkið stæði að fullu undir skyldutryggingu samkvæmt EES-sáttmála, um skyldutryggingar innlána, enda þótt engin ákvæði séu um slíkt í þeirri tilskipun.

Þessi dýra skuldsetning upp á allt að 660 milljarða kr. var síðan aðgangseyririnn að lánum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Og ekki bara að lánum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum heldur líka að þeim skilyrðum sem sjóðurinn hefur sett Íslandi og ætlar nú að koma hér á þriggja mánaða festi og athuga hvernig gengur að framfylgja. Það er því miður þannig að það frumvarp sem við ræðum hér í dag ber þessa merki.

Ég ætla að nefna hér tvennt. Annars vegar þá fáránlegu tillögu um að selja inn á sjúkrahúsin, að selja aðgang að sjúkrahúsunum, að selja aðgang að sjúkrarúmunum í landinu. Og hins vegar hvernig á að svína á bændum og gera þá að nýjum misgengishóp. Það er margt annað sem ræða mætti í frumvarpinu en ég ætla að takmarka mig við þetta tvennt.

Ég ætla að byrja á bændunum. Í fjárlagafrumvarpinu er við það miðað í samræmi við búvörusamninga um sauðfjárrækt, mjólkurframleiðslu og garðyrkjuafurðir, að ríkið greiði ríflega 10 milljarða kr. til bænda samkvæmt sérstökum samningi og hann skal verðtryggður, taka mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Hann er sem sagt vísitölutryggður. Hér hefur ríkisstjórnin fundið leið sem fasteignaeigendur og þeir sem skulda húsnæðislán hafa verið að kalla eftir. Ríkisstjórnin hefur hér fundið sér leið til að setja þak á vísitöluhækkanir ársins 2009. Og ríkisstjórnin segir að fyrst ekki sé um sértæka heldur almenna skerðingu að ræða, fyrst hún sé tímabundin, þ.e. út árið 2009, og af því að þetta sé neyðarráðstöfun sem ríkinu er nauðugt að ráðast í vegna þeirra miklu efnahagsáfalla sem yfir þjóðina hefur dunið, þá verði ekki talið að þessi skerðing á vísitölugreiðslum brjóti eða stríði gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar um eignarréttinn. Þar með hefur hæstv. forsætisráðherra sagt að það sé í lagi að grípa inn í gildandi samning ríkis og bænda.

Frú forseti. Þetta er nákvæmlega það sama og gert var 1983 þegar búinn var til misgengishópur þáverandi íbúðarkaupenda og þeirra sem skulduðu húsnæðislán annars vegar og voru launþegar um leið með því að launavísitölunni var kippt úr sambandi en vísitalan hélt áfram að hækka húsnæðislánin. Þetta er að gerast með íbúðarkaupendur núna og þó jafnvel verra í raun vegna þess að verðmæti fasteignanna minnkar líka þannig að húsnæðiseigendur eiga sífellt minna í húseignum sínum.

Ég hlýt að benda á það hér að bændur eru allir, leyfi ég mér að fullyrða, nær allir er kannski betra að segja, með öll sín lán verðtryggð, öll sín lán til uppbyggingar á býlum sínum hvort heldur er um að ræða íbúðarhúsnæði, gripahús eða hvað það er. Þetta eru örugglega allt saman verðtryggð lán. Það stendur ekki til af hálfu ríkisstjórnarinnar að skerða þá vísitölu. Nei, það á að búa til nýjan misgengishóp bænda á Íslandi með því að skerða laun þeirra. Með því að skerða samningsbundin laun, skerða vísitöluna þar en ekki á lánum þeirra og alls ekki á lánum annarra fasteignaeigenda heldur. Hér á sem sagt að taka 800 millj. kr. af launalið bænda og miða við að vísitöluhækkunin á næsta ári sé 5,7% eins og hún var fyrirhuguð í fjárlagafrumvarpinu þegar það var lagt fram 1. október sl. þegar staðreyndin er sú að nýjustu tölur frá Seðlabankanum benda til að vísitalan muni verða 14,1%. Það er það sem skuldir bænda munu hækka um en launin þeirra verða miklum mun lægri.

Ég hvet hv. efnahags- og skattanefnd til að skoða þá leið sem ríkisstjórnin hefur hér fundið og nota hana, sé hún tæk, til að skera verðbólgukúfinn af húsnæðislánum í landinu. Það hefur verið kallað eftir því í samfélaginu að gripið verði til aðgerða til að skera af þann kúf sem verður núna vegna hækkandi vísitölutryggingar á húsnæðislánum. Menn hafa fullyrt í þessum stól að það yrði of dýrkeypt og það væri ekki hægt að gera. En ríkisstjórnin hefur hér komið fram með leið sem ætti að gagnast, ef hún á að geta gagnast gagnvart bændum hlýtur hún að geta gagnast gagnvart lánum þeirra líka, fyrst hún gerir það gagnvart launaliðnum.

Mig langar síðan til að víkja að máli sem hefur verið mikið í sviðsljósinu í dag og það er að nú á að fara að selja inn á sjúkrahúsin fyrir 360 millj. kr. á næsta ári. Ég harma það að hvorki hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir né hv. formaður heilbrigðisnefndar eru í salnum. — Fyrirgefið, hér situr á forsetastóli hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. — En ég hlýt að harma það að hæstv. heilbrigðisráðherra og hv. formaður heilbrigðisnefndar eru ekki í salnum.

Ég tek fram að hér hefur margt rangt verið sagt um það hvernig háttað er greiðslum fyrir þjónustu á sjúkrahúsum. Það er ekki lengra síðan, frú forseti, en 16. september síðastliðinn, það eru sléttir þrír mánuðir síðan Alþingi samþykkti lög um sjúkratryggingar og þar segir í 18. gr., með leyfi forseta:

„Sjúkratryggingar taka til ókeypis vistar að ráði læknis í sjúkrahúsum sem rekin eru af ríkinu eða samkvæmt samningum skv. IV. kafla, þ.m.t. á fæðingarstofnunum …“ — Síðan kemur undanþágan sem vísar til læknisþjónustu erlendis.

„Sjúkratryggingar taka til ókeypis vistar að ráði læknis í sjúkrahúsum“, sem sagt það er ókeypis að vera á sjúkrahúsum á Íslandi samkvæmt þessum lögum. Í 29. gr. sömu laga er fjallað um gjaldtöku. Þar er listað upp það sem heimilt er að taka gjald fyrir. Þar segir í 2. tölulið að taka megi gjald samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur fyrir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu á göngudeild, dagdeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa sem veitt er „án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða“ — án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða. Hvað þýðir það? Það þýðir að ef maður er lagður inn á bráðadeild eða slysadeild og hann fer síðan í innlögn á sjúkrahús þá er hann ekki rukkaður fyrir komugjald. Þessu hafa hæstv. forsætisráðherra sem og

hæstv. heilbrigðisráðherra neitað hér í dag, kannast ekki við sín eigin lög. Það er þannig að þurfi menn að leggjast inn á sjúkrahús á Íslandi þurfa þeir ekki að borga, hafa ekki þurft að borga. Það eru lög í landinu sem segja að þeir eigi ekki að borga en nú á að breyta því.

Ég held því fram að fara þurfi inn í sjúkratryggingalögin og breyta 18. gr. um sjúkrahúsþjónustu, ef menn ætla að halda áfram með þetta sem hér er fyrirhugað, að selja inn á sjúkrahúsin fyrir 360 millj. kr. á næsta ári.

Ég hef í umræðu um gjaldtökuákvæði sjúkratrygginga mótmælt því hvernig Landspítalinn sérstaklega og önnur sjúkrahús reyndar líka, hafa leyft sér að taka gjald fyrir rannsóknir sem eru hluti af aðgerðum, þ.e. þegar læknir fyrirskipar að sjúklingur eigi, til að mynda eins og sú sem hér stendur, að fara í beinaskann áður en hann fer er í aðgerð og þá skuli sjúklingurinn greiða úr eigin vasa beinaskannið og allar rannsóknir sem eru undanfari aðgerðarinnar samkvæmt ákvörðun læknis sem leggur sjúklinginn inn. Ég hef gagnrýnt þetta og mótmælt þessu og ég mun halda því áfram (Forseti hringir.) og mér þykir miður að í þessu frumvarpi er þetta atriði, sem ég tel stríða gegn lögum, (Forseti hringir.) notað sem rökstuðningur fyrir því að fara nú að selja inn á sjúkrahúsin.

[17:52]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Við fjöllum hér um svokallaðan bandorm, sem er frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar er farið inn á ýmis núgildandi lög sem verður að breyta til að koma fjárlagafrumvarpinu og þeim aðgerðum sem hæstv. ríkisstjórn stendur núna fyrir í gegn með löglegum hætti. Breyta þarf ýmsum lögum eins og komið hefur fram.

Þetta eru misþungar aðgerðir en sumar eru ansi þungar og munu taka í. Þá vil ég sérstaklega nefna kjör bænda sem munu skerðast umtalsvert þegar taka á í burtu vísitölutryggingu á greiðslu til þeirra varðandi afurðalánin. Bændur hafa ekki verið sú stétt manna í þjóðfélaginu sem fleytti rjómann í góðærinu. Þeir hafa talið sig standa nokkuð betur að vígi núna vegna þeirrar verðtryggingar sem þeir hafa haft á búfjárgreiðslum sínum en nú á að taka hana af.

Hæstv. forseti. Það er góð ástæða fyrir því að ég kem í ræðustól. Ég vil nefna alveg sérstaklega og mótmæla þeirri breytingu sem gera á varðandi gjaldtöku á sjúklinga, þ.e. að ætla sér að taka gjald af sjúklingum sem lagðir eru inn á sjúkrahús. Þetta er gert, að sagt er, til að halda jafnræðisreglu miðað við aðra gjaldtöku en ef við lítum aðeins aftur í tímann hefur jafnræðisreglan skrúfast upp á við í staðinn fyrir að vera bremsuð niður til að hún verði eins og hún var áður.

Það eru ekki mörg ár síðan heilsugæslan var gjaldfrjáls. Það hefur alltaf tíðkast að sjúklingar greiddu gjald ef þeir færu til sjálfstætt starfandi sérfræðinga og nytu þeirrar þjónustu. Eftir því sem starf sérfræðinga hefur eflst og tæknin breyst hafa þeir sérfræðingar sem starfa utan sjúkrahúsanna getað boðið upp á meiri þjónustu og þar hefur verið tekið gjald eftir gjaldskrá.

Á mörgum sviðum hefur þessi þjónusta verið sú sama og innt hefur verið af hendi á göngudeildum sjúkrahúsanna, þ.e. sjúklingar fara í meðferð við einhverjum sjúkdómum, leggjast inn á sjúkrahús og síðan þarf að sinna eftirliti eða framhaldsmeðferð sem þá er gerð í sparnaðarskyni á göngudeildum sjúkrahúsanna.

Þar töldu að hluta til sömu sérfræðingar og veita sérfræðiþjónustu utan sjúkrahúsanna að jafnræðisreglunni væri ekki beitt, ef verið væri að veita samsvarandi þjónustu á göngudeildunum ætti að taka gjald þar samkvæmt gjaldskrá.

Í staðinn fyrir að halda í þá reglu að sú þjónusta sem veitt er á göngudeildunum væri sú þjónusta sem er í einhvern tiltekinn tíma í framhaldi af þeirri meðferð sem veitt er á sjúkrahúsunum eftir innlögn, var farin sú leið að taka gjald á göngudeildunum. Nú á sem sé að nota jafnræðisregluna enn og aftur og beita henni með því að skrúfa þetta upp og koma þá gjaldi á innlagnir líka.

Er þetta ekki grátlegt? Að mínu viti er verið að seilast svo langt að það er í raun og veru þyngra en tárum taki. Þetta segi ég sérstaklega með tilliti til þess að við sjáum ekki hvernig útfæra á hugsanlegar breytingar á greiðslum, taka þegar upp nýtt kerfi hvað varðar greiðsluþátttöku sjúklinga í lyfjum og öðru slíku. Verið er að taka þessa greiðsluheimild inn á sjúkrahúsin en það er enginn sem gengur inn á sjúkrahús og leggur sig þar inn. Aftur á móti getur fólk gengið inn til sérfræðinga, pantað sér tíma og fengið þjónustu þar. Það tel ég að við hefðum miklu frekar átt að setja girðingar fyrir í sparnaðarskyni og hafa með einhverju móti hemil á því hversu auðveldlega fólk getur valið sér sérfræðinga. Við ættum að reyna að stjórna því eftir eðli sjúkdómanna og reyna að ná þar einhverjum sparnaði í staðinn fyrir að koma gjöldum yfir á sjúklinga sem þurfa að leggjast inn á sjúkrahús. Það leggst enginn inn á sjúkrahús öðruvísi en að það sé gert að læknisráði, t.d. með því að læknar leggi sjúklinga inn eða eftir bráðaslys eða önnur slys.

Ég verð bara að segja eins og er að það er ekki endilega upphæðin sem skiptir þarna máli, verið er að brjóta blað í heilbrigðismálum hér á landi með því að koma gjaldtöku yfir á þá sem síst skyldi. Við höfum talið okkur geta verið nokkuð stolt af því að þarna greiði samfélagið. Sjúkrahússþjónusta hefur verið það sem við höfum fjármagnað með sameiginlegum sköttum en nú á að taka hluta af því af sjúklingunum sjálfum.

Ég segi bara ekki annað en það, hæstv. forseti, að verði ríkisstjórninni að góðu að sitja uppi með þessa smán og að brjóta þetta blað. Ég óska þess heitt og innilega að hér komi ný ríkisstjórn sem hafi þá sýn að létta gjaldtöku af sjúklingum, gjaldtöku á heilbrigðisstofnunum, í heilbrigðisþjónustunni. Við reynum þá bara að stýra betur en gert er í dag aðgengi sjúklinga í ódýrari þjónustu, efla heilsugæsluna og gera hana gjaldfrjálsa, efla forvarnir og draga úr sjúkdómum og sjúkdómavæðingu. En að fella það vígi sem við höfum staðið vörð um tel ég ekki þessari ríkisstjórn til sóma frekar en margt annað sem verið er að gera í fjárlögunum og hinum svokallaða bandormi sem þeim fylgja.

[18:00]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Við erum að ræða eitt af þeim málum

sem ríkisstjórnin hefur séð ástæðu til að leggja fyrir þingið á síðustu dögum þess, fyrir fyrirhugað jólaleyfi, og kemur inn með þennan pakka með afbrigðum eins og sennilega 60–70% af öllum málum sem komið hafa fyrir þetta þing á þessu hausti. Þau koma inn með svokölluðum afbrigðum sem segir auðvitað að mál koma iðulega til meðferðar í þinginu undir mikilli tímapressu. Það hefur einkennt störf þingsins í haust að við höfum afgreitt hér ýmis lög og löggerninga á tiltölulega mjög skömmum tíma. Þessi ráðstöfun hér, frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum, er oft kölluð einu nafni bandormur þegar verið er að breyta ýmsum lögum í einu og tengjast gerð fjárlaganna. Þau voru afgreidd eftir 2. umr. með atkvæðagreiðslu í dag undir athugasemdum okkar í stjórnarandstöðunni um að þar hefði eigi verið nægilega vandaður undirbúningur og margar upplýsingar hefði vantað varðandi fjárlagagerðina svo að vel væri að verki staðið og almennilega undirbúin þau mál sem verið er að vinna að.

Það eru nokkur atriði í þessu frumvarpi, hæstv. forseti, sem mig langar að víkja að. Í fyrsta lagi er rétt að vekja athygli á því að ríkisstjórnin hefur fundið hin breiðu bök. Hún fann þau hjá bændum landsins sem nú er ætlað að taka á sig verulega skerðingu miðað við það sem þeim hafði áður verið tryggt í svokölluðum búvörusamningum, þ.e. samningum við ríkið um það sem tengist framleiðslu bænda, sauðfjárframleiðslu, mjólkurframleiðslu og garðyrkju, en þetta eru þeir samningar sem einu nafni eru nefndir búvörusamningar. Þeir hafa á undanförnum árum verið stór þáttur í því annars vegar að reyna að tryggja stöðu bænda og tryggja þeim laun og hins vegar, sem hefur ekki verið lítill þáttur í okkar þjóðfélagi, að reyna að sjá til þess að bændur gætu komst af við störf sín án þess að sá kostnaður sem framleiðslunni fylgir færi út í verðlagið í auknum mæli í matvælaframleiðslunni, í búvörunni. Þar af leiðandi hafa samningarnir verið þáttur í því að halda niðri verðlagningu á landbúnaðarvörum hér á landi og til hagsbóta fyrir alla þjóðina.

Hér er sem sagt gengið á gerða samninga til að ná niður kostnaði ríkissjóðs og þessi stétt, bændurnir í landinu, hafa nú ekki haft úr of miklu að spila á undanförnum missirum vegna gengishreyfinga og hækkandi orkuverðs. Það er að vísu sem betur fer að lækka núna en ríkið sá þá einnig tækifæri þar til að ná í nýjar tekjur fyrir ríkissjóð með nýsettum lögum á Alþingi.

Ég verð að segja eins og er að ég tel það ekki góða aðferð að ganga á gerða samninga. Ég velti líka fyrir mér hvort sú aðgerð muni ekki hafa þau áhrif að verð á matvöru hækki sem síðan mælist inn í vísitöluna og verði til þess að hækka lán landsmanna í gegnum verðtryggingu vegna vísitöluviðmiðunar. Það er margt að athuga við þetta mál og þarf auðvitað að gaumgæfa þetta mjög vandlega í nefnd þegar farið verður yfir þessi mál.

Ég geri mér vel grein fyrir því, eins og ég sagði í ræðu minni í sambandi við fjárlögin, að ríkissjóður er í þeirri stöðu að þurfa að ná í nýjar tekjur. Hann er líka í þeirri stöðu að þurfa að draga úr kostnaði en við þurfum líka að horfa á hliðarverkanirnar við það sem af því leiðir þegar við breytum ákveðnum forsendum. Mér er til efs að það sem verið er að gera hér gagnvart bændum verði okkur til hagsbóta þegar upp er staðið ef við lítum annars vegar á væntanlega hækkað vöruverð í verslunum, því að einhvers staðar þurfa bændur að bæta sér upp þá skerðingu sem sett er á þá, og hins vegar hvernig það mun þá mælast inn í vísitöluna og verða til hækkunar á lágmarksskuldbindingum allra í landinu. Ekki er þar á bætandi og stefnir þar nú í misgengisátt.

Það er hins vegar alveg réttmæt spurning sem komið hefur fram úr þessum ræðustól í dag, hvort snúa eigi þessari aðferð við og miða við að ekki megi reikna hærra vísitölustig á hæstu lán en 5,7%, þar eigi menn að draga einhverja löglega línu um það sem mest megi reikna verðtryggingu í öllum lánum. Hér er verið að ákveða það, sýnist mér, í þessu máli eins og það snýr að bændum. Ég hef reyndar verið talsmaður þess í mörg ár og við höfum flutt um það margar tillögur í hv. þingi að menn tækju til við að skoða þetta verðtryggingarfyrirbæri okkar Íslendinga með það að markmiði að leggja það niður eða setja því verulegar skorður. Markmiðið yrði þá að stefna úr þeirri stöðu sem verðtryggingin hefur valdið og varðar skuldbindingar fólks.

Það er algjörlega ljóst að eins og nú stefnir í íslensku þjóðfélagi gengur hratt á eignastöðu fólks. Fólk hefur litið svo á að íbúðir þess væru ákveðinn lífeyrissjóður til framtíðar, þar eignaðist fólk smátt og smátt þó nokkra eign sem það gæti svo selt á efri árum þegar það þyrfti ekki á stóru húsnæði að halda, eins og iðulega er meðan fólk er með börn og þarf þess vegna stærra húsnæði. Þar af leiðandi hafa menn oft litið á eignamyndun í húsnæðiskerfinu sem hluta af lífeyrissjóði sínum.

Eins og nú stefnir er eignamyndun fólks í húsnæði sínu að hverfa og það er að myndast mikið misgengi á milli þróunar lánaskuldbindinga og þróunar tekna. Það er auðvitað mjög alvarlegt.

Hér eru einnig lagðar til skattahækkanir og sú leið er farin, eins og svo oft áður þegar Sjálfstæðisflokkurinn fer í skattalagabreytingar, að ákveðin er föst prósentutala flatt til að breyta sköttum. Á það hefur margsinnis verið bent að það væri ekki aðferðin til að jafna skattbyrðina í landinu í hlutfalli við greiðslustöðu fólks. Við höfum margsinnis bent á það í Frjálslynda flokknum og á persónuafsláttinn m.a. sem leið til að tryggja að allir hafi nægilegt fé til framfærslu, líka þeir sem lægst hafa launin. Við lögðum til á hv. Alþingi að persónuafsláttur inn væri að sumu leyti tvískiptur og það væri sérstakur persónuafsláttur sem yrði til þess að fólk með 150.000 kr. tekjur greiddi enga skatta en síðan væri sérstakur persónuafsláttur þar fyrir ofan sem eyddist út þegar laun væru komin upp í 300.000. Þetta er reyndar sama tillaga og ASÍ var með í kjarasamningaviðræðum sínum en ríkisstjórnin lagðist gegn þegar síðasta samráð var við ríkisstjórnina um kjarasamninga um hvernig tryggja ætti stöðu láglaunafólksins í landinu. Hins vegar var farin sú leið að semja um fastar hækkanir í krónutölu á persónuafslættinum og sem betur fer er ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að afnema það. En allt að einu mun þessi skattahækkun vera eins og allar skattahækkanir sem eru flatar en þær koma iðulega verr út fyrir þá sem lægri hafa launin.

Ég verð að spyrja enn og aftur, hæstv. forseti: Hvar er nú stefna Samfylkingarinnar um þrepaskipt skattkerfi? Af hverju var því ekki fylgt eftir núna? Við gerum okkur vænt-

anlega öll grein fyrir því hér á hv. Alþingi að það þarf að afla ríkinu viðbótartekna á komandi árum. Undan því verður ekki vikist en það er ekki sama hvernig það er gert, það er ekki sama hvernig þeim byrðum er dreift. Við höfum m.a. bent á hvort ekki væri ástæða til að líta til hátekjuskattsins á nýjan leik til að jafna byrðunum við að afla ríkissjóði nýrra tekna.

Ég sé líka eina breytingu hér sem mér finnst réttlætanleg í núverandi stöðu og það er að breyta því ákvæði sem sett var inn á vormánuðum 2007 að afloknum alþingiskosningum. Sjálfstæðisflokkurinn setti hana fram sem sérstaka aðferð sína við að bæta kjör eldri borgara, þ.e. að setja inn sem reglu að þeir sem eru 70 ára og eldri megi hafa eins háar tekjur og þeir vilja í þjóðfélaginu án þess að þeir fái neina skerðingu. Nú er verið að fella þessa breytingu aftur út og setja þá sem eru sjötugir og eldri í sama hóp og aðra með ákveðin frítekjumörk sem núna eru um 100.000 kr. á mánuði. Í sjálfu sér tel ég það eðlilegt, mér fannst alltaf mjög óeðlilegt þegar það var sett í sérstakan forgang við lagfæringu á kjörum lífeyrisþega að þeir sem væru sjötugir mættu þess vegna hafa 20 millj. kr. í árslaun og fengju engar skerðingar á bætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Þeir fengju þær að fullu en hinir sem væru yngri en sjötugir, milli 67 og 70 ára, ættu að búa við skerðingar eftir sem áður. Við höfum ekki mikið við það að athuga að þessu sé breytt.

Við höfum heldur ekki mikið við það að athuga að viðmiðunarfjárhæðunum í fæðingarorlofi sé breytt. Ég tel það eðlilegt í núverandi stöðu ef verið er að leita leiða til að takast á við þær geysilegu byrðar sem skollið hafa á íslensku þjóðinni vegna fjárglæfranna — ég vil leyfa mér að kalla það svo — sé þeim byrðum dreift þar sem hægt er að finna tekjur án þess að ganga verulega á lífskjör fólks. Ég tel að breytingin varðandi fæðingarorlof, þ.e. að viðmiðunarfjárhæðin fari niður í 400.000 kr. á mánuði, geri það ekki.

Hér er komin inn ný skattlagning upp á 0,25 prósentustig sem er sérstaklega ætlað að renna til sveitarfélaganna, upp á 1 milljarð kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég tek undir að það var nauðsynlegt að koma fjármunum út til sveitarfélaganna. Hvort það átti að gera það með flatri skattahækkun leyfi ég mér hins vegar að efast um og bendi á að ég tel að við eigum alltaf að leitast við að dreifa skattbyrðunum sem réttlátast á þegna landsins.

Hæstv. forseti. Ég sé að tími minn flýgur frá mér við þessa umræðu og mun mér ekki takast að fara yfir allt það sem ég hefði viljað víkja að en hef bent á nokkur atriði sem ég tel að þurfi sérstaklega að gaumgæfa. Þar vil ég síðan bæta við komugjöldunum á sjúklinga sem á að leggja hér á samkvæmt þessu frumvarpi og gefa 360 millj. kr. í nýjar tekjur.

[18:15]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, frumvarp sem stundum hefur verið skírskotað til sem bandorms því að þar kennir ýmissa grasa.

Ég kvaddi mér hljóðs í umræðunni fyrr í dag, í andsvari við hæstv. forsætisráðherra, og vék sérstaklega að 17. gr. lagafrumvarpsins þar sem veitt er heimild til innheimtu gjalda fyrir legu á sjúkrahúsum. Hér er því miður, hæstv. forseti, verið að brjóta blað með neikvæðum formerkjum í sögu heilbrigðismála á Íslandi. Það hefur ekki tíðkast að fólk sé krafið um aðgangseyri þegar það kemur veikt inn á sjúkrastofnanir landsins. Hæstv. forsætisráðherra sagði að þetta ætti ekki að bitna á frísku fólki, sem hljómaði undarlega í eyrum þeirra sem átta sig á því að verið er að fjalla um veikindi, svo veikt fólk að það þarf að leggja það inn á sjúkrahús — og nú á að rukka það.

Skýringar hæstv. forsætisráðherra urðu mér umhugsunarefni því að í ljós kom að hann réttlætir þessar ráðstafanir með skírskotun til bókhalds, að verið sé að gæta að og leita eftir samræmi í bókhaldi. Það sé nefnilega svo víða rukkað á göngum spítalanna en gleymst hafi að rukka fyrir það að leggjast inn í sjúkrarúm. Nú þurfi að bæta úr því til að gæta að jafnræði og passa upp á bókhaldið, þannig að allt sé með sama hætti, öll gjaldtaka innan veggja sjúkrahúsanna.

Ég minnti hæstv. forsvarsmann ríkisstjórnarinnar á að flokkur hans, og sú ríkisstjórn sem nú fer með völd í landinu, hefði margoft sagt, bæði hér í sölum Alþingis og einnig utan veggja þingsins, að stefnumarkmið ríkisstjórnarinnar væri að heilbrigðisþjónustan væri gjaldfrjáls. Ríkisstjórnin mundi að sönnu leita eftir aukinni fjölbreytni í rekstri heilbrigðiskerfisins, og jafnvel vera reiðubúin að nýta markaðslausnir í því efni, en hvað gjaldtöku áhrærir yrði stefnt að því að hún kæmi öll úr vasa skattborgarans, sjúklingarnir yrðu ekki látnir borga brúsann. Okkur hefur verið sagt að þetta væri stefna Sjálfstæðisflokksins. Okkur hefur verið sagt að þetta væri stefna ríkisstjórnarinnar og að sjálfsögðu Samfylkingarinnar sem lét kjósa sig á þeim forsendum að hún væri að leita eftir stuðningi þjóðarinnar svo að hún gæti komið velferðarbaráttumálum sínum í höfn, m.a. gjaldfrjálsu heilbrigðiskerfi. Þetta var okkur sagt. Nú birtist hins vegar í verki sá ásetningur ríkisstjórnarinnar að auka gjaldtökur. Allt er það í einhverju bókhaldsbrelluskyni.

Hæstv. forsætisráðherra vísaði í nefnd sem nú er að störfum undir forsæti hv. þm. Péturs H. Blöndals og hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Þarna væru fulltrúar beggja stjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, og nefndin væri að komast að niðurstöðu. Nú vill svo til að ég á sæti í umræddri nefnd og þekki vel til starfa hennar. Það sem vakir fyrir þessari ágætu nefnd er að koma á nýju greiðslufyrirkomulagi í heilbrigðiskerfinu með samræmingu að markmiði. Sitthvað er þar ágætt að finna, sem ég get og skrifað upp á, að sett verði þak á gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu og horft til allra þátta kerfisins. Það er vissulega staðreynd að sjúklingar greiða á ýmsum sviðum vegna sjúkdóma sinna, á heilsugæslustöðvum, við þjónustu á spítulunum, á göngudeildum sjúkrahúsanna, lyfjakostnað og þar fram eftir götunum. Ég er því vissulega fylgjandi að málin verði skoðuð heildstætt og þak sett á þessa gjaldtöku. Það er allt góðra gjalda vert, upp á það get ég skrifað.

Vandinn verður síðan til því að okkur er sagt að þetta eigi að gera til að jafna byrðarnar. Já, gott og vel. Jafna byrðarnar í þjóðfélaginu? Nei, innan sjúklingahópsins. Það er mengið sem nefndin horfir til, sjúklingahópurinn. Okkur var sagt í nefndinni að ekki stæði til að lækka þessi gjöld heildstætt heldur dreifa þeim á annan veg. Nú er reyndar að

koma á daginn að verið er að stórauka gjaldtöku á sjúklingum sem samkvæmt frumvarpinu skrifast á annan milljarð króna, það er staðreynd, gott ef það eru ekki 1,2 milljarðar að hluta til í lyfjakostnaði og að hluta til í gjaldtöku á heilbrigðisstofnunum. Nú er þetta að birtast okkur hérna — nú hristir hæstv. heilbrigðisráðherra höfuðið svona álíka mikið og af álíka miklum krafti og þegar hann neitaði því að send hefði verið út tilskipun frá fjármálaráðuneytinu á sínum tíma, um flatan 10% niðurskurð, nokkuð sem síðan var áframsent af hálfu ráðuneytis hans og síðan, af hálfu sama ráðuneytis, fagnað þegar menn fóru að bregðast við með niðurskurðarhnífinn á lofti.

Þetta er svona, það er verið að tala um að jafna eða dreifa byrðunum á annan hátt innan sjúklingahópsins. Ég spurði að því á sínum tíma hvort þá stæði til að fara að taka gjald af sjúklingum á spítulunum sem ekki greiddu slík gjöld núna, þar á meðal fyrir innlagnir á spítala. Svarið var já, og nú er þetta að birtast okkur.

Í nefndinni hafa orðið mjög umhugsunarverðar umræður. Spurt hefur verið hvort forsvarsmenn nefndarinnar, talsmenn hennar, formaður hennar, væru því fylgjandi að auglýsingar yrðu leyfðar, að læknum yrði heimilað að auglýsa þjónustu sína. Jú, hv. þm. Pétur H. Blöndal er því mjög fylgjandi. Og á hvaða grundvelli eiga þeir síðan að auglýsa þjónustu sína? Á grundvelli gæða væntanlega og á grundvelli verðlags. Við hvað á þá ríkið að miða í stuðningi sínum við lækna og heilbrigðisþjónustuna? Jú, eitthvert lágmarksverð. Þá erum við komin ansi nálægt því sem tíðkast hjá tannlæknum þar sem ríkið greiðir ákveðinn grunn en það sem upp á vantar á síðan að vera háð samkeppni. Undir þessi auglýsingasjónarmið hafa talsmenn Samfylkingarinnar ýmsir skrifað. Vísa ég þar í varaformann Samfylkingarinnar, hv. 4. þm. Reykv. s., Ágúst Ólaf Ágústsson. Við gjöldum varhuga við þessu.

Ég vek enn og aftur athygli á þeim mótsögnum sem birtast í málflutningi ríkisstjórnarinnar, Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar, annars vegar og í gjörðum þeirra hins vegar. Þar stangast allt á. Annars vegar heita þeir þjóðinni heilbrigðisþjónustu sem á að vera gjaldfrjáls og síðan framkvæma verkin á þann veg sem birtist okkur í 17. gr. þess frumvarps sem hér er til umræðu.

Ég er orðinn óskaplega spenntur, hæstv. forseti, að sjá hver afurðin verður af öllum þessum hristingi á höfði hæstv. heilbrigðisráðherra. Hann hristir svo ákaft höfuðið undir málflutningi mínum. Er þetta rangt sem ég held fram? Er það rangt sem ég held fram um áherslur í nefnd hv. þm. Péturs H. Blöndals, um að jafna eigi kjörin innan sjúklingahópsins en ekki horfa á þjóðfélagið heildstætt? Er það rangt sem hann hefur sagt að ekki eigi að draga úr heildarkostnaði sem sjúklingar greiða heldur jafna byrðarnar innbyrðis? Er það rangt sem ég segi hvað þetta snertir? Ég held ekki. Ég held ég hafi verið sæmilega vakandi á öllum þeim fundum nefndarinnar sem ég hef setið.

Ég get líka upplýst hæstv. heilbrigðisráðherra um það að þegar þessi mál hafa komið til umfjöllunar á opinberum vettvangi, m.a. á ráðstefnu sem Öryrkjabandalagið og fleiri aðilar stóðu að ásamt heilbrigðisráðuneytinu, þá sætti þessi aðferð, að hefja gjaldtöku hjá sjúklingum sem ekki borga gjald fyrir þjónustu núna, mikilli gagnrýni. Því miður var hæstv. heilbrigðisráðherra horfinn af vettvangi þegar sú gagnrýni kom fram. Hann hlustaði á sjálfan sig og fulltrúa ráðuneytanna tala en þegar gagnrýni sjúklingahópanna fór að koma fram, í umræðum á þessu málþingi, var hann horfinn á braut. Hann hefur kannski ekki heyrt þessa gagnrýni sem ég get fullvissað hann um að er mjög mikil og er vaxandi meðal þess fólks sem núna greiðir ekki gjöld í heilbrigðiskerfinu en yrði rukkað þegar þessar ráðstafanir yrðu að veruleika.

Ég ítreka hitt, og það hef ég alltaf tekið undir, að ráðstafanir sem verða þess valdandi að þakið lækkar hjá einhverjum hópi finnst mér góðar. Ég er þeirrar skoðunar að afnema eigi gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu almennt. Spurningin stendur nefnilega ekki um það hvort við ætlum að hafa þessa þjónustu eður ei. Við erum öll sammála um það, íslenska þjóðin er sammála um að reka öflugt og kröftugt heilbrigðiskerfi. Það sem við deilum um er hvernig við ætlum að greiða fyrir það. Eigum við að greiða fyrir það í gegnum skattkerfið, borga til þess meðan við erum heilbrigð og aflögufær, þegar við erum vinnandi, eða á að bíða þangað til við verðum veik? Frumvarpið gengur út á það að bíða þar til fólk verður veikt. Þegar það leggst inn á sjúkrahúsið er reiknivélin reidd fram og farið að taka gjald fyrir. Við viljum taka þetta í gegnum almenna skattheimtu og dreifa þannig byrðinni á þjóðina alla. Þetta er nokkuð sem við eigum að forðast í lengstu lög, að þyngja byrðarnar á veiku fólki, það eigum við ekki að gera undir neinum kringumstæðum.

Því miður er ríkisstjórnin að kikna undan skipunum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem hefur skipað henni að draga úr halla á ríkissjóði á sama tíma og hún er að hlaða byrðunum á herðar skattborgara, ekki bara þeirra sem nú greiða skatta heldur komandi kynslóða einnig. Við fáum að vísu ekki upplýsingar um hverjar þessar byrðar eru en hitt vitum við að á næsta ári bendir allt til þess að vaxtabyrðin ein af þessari lántöku verði á annað hundrað milljarða króna.

Við þessar aðstæður eigum við að horfast í augu við þann veruleika að við verðum að taka því að mikill halli verði á fjárlögum. Ég hef lagt það til, alls staðar þar sem ég hef getað komið því við að koma þeim sjónarmiðum á framfæri, að lífeyrissjóðum landsmanna eigi í verulegum mæli að beina, þ.e. fjárfestingum þeirra, til ríkis og sveitarfélaga. Nú eigi að beina fjármagninu í að styrkja innviði samfélagsins. Þannig verðum við sterk. Þannig verðum við sterk til frambúðar. Það er besta fjárfestingin sem við getum lagt í.

Þær tillögur sem ríkisstjórnin læðir hér í skammdeginu inn í þingið, og ætlar að fá okkur til að samþykkja fyrir jólin, að byrja að leita ofan í vasann á veiku fólki uppi á Landspítala, á Sjúkrahúsinu á Akureyri og á öðrum sjúkrahúsum í landinu, finnst mér af og frá. Ég spyr: Hafa allir þingmenn kynnt sér það frumvarp sem ætlast er til að þingið samþykki? Er það virkilega skoðun þingmanna Sjálfstæðisflokksins að rukka eigi fólk sem leggst veikt inn á Landspítalann eða inn á önnur sjúkrahús (Forseti hringir.) landsins? Er það skoðun Samfylkingarinnar að svo eigi að verða? Ég skora (Forseti hringir.) á þingmenn sem allra flesta til (Forseti hringir.) að koma í pontu og gera greina fyrir sjónarmiðum sínum í þessu efni.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti biðst velvirðingar á því en það var bilun í klukkunni og rauða ljósið lét ekki á sér standa þegar tíminn var útrunninn.)

[18:32]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór nokkuð frjálslega með staðreyndir eins og oft áður. Hann talaði um að hér væri verið að breyta miklu frá því sem verið hefði og að menn hefðu lofað gjaldfrelsi í heilbrigðismálum en nú sé eitthvað allt annað upp á teningnum. Til upplýsingar, ég hélt að vísu að allir væru meðvitaðir um þetta sem á annað borð fjalla um heilbrigðismál á þessum vettvangi, þá er kostnaðarþátttaka almenna reglan, og sérstaklega á Norðurlöndunum. Síðan er það verkefni hvernig henni er best fyrir komið. Mér fyndist eðlilegt að hv. þm. Ögmundur Jónasson ræddi þetta málefnalega vegna þess að hér er nefnd að störfum með fulltrúum allra stjórnmálaflokka og við eigum að leggja mikið upp úr því að það náist eins góð sátt og mögulegt er um það endurgreiðslukerfi sem við byggjum upp. Verkefnið er einfaldlega þetta, við viljum sjá til þess að þeir sem veikastir eru og þurfa mest á þessari þjónustu að halda, langveikir og slíkir, þurfi ekki að bera of miklar byrðar. Það er þetta sem menn leggja upp með. Hins vegar er það sársaukalítið fyrir þann sem hér stendur og þá sem hér eru inni, með fullri virðingu fyrir því ágæta fólki, að þurfa að leggja eitthvað út þegar við lendum í því að þurfa á þessari góðu þjónustu að halda. Þetta hefur alltaf verið brot af því sem þjónustan kostar. Það er alla vega sársaukalaust af minni hálfu að þurfa að leggja eitthvað fram þegar maður lendir í slíku. En við viljum koma í veg fyrir að þeir sem virkilega þurfa á þjónustunni að halda beri of miklar byrðar. Til þess er nefndin sett á laggirnar.

[18:34]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra lýsti því yfir að það væri sársaukalaust af hans hálfu að þurfa að greiða eitthvað fyrir læknisþjónustu. Það er skoðun, allt í lagi, hann getur haft þá skoðun, ég get haft aðra skoðun. En hann gerði annað og meira. Hann sagði að ég færi mjög frjálslega með staðreyndir. Á hvern hátt fór ég frjálslega með staðreyndir? Hann vísaði til nefndar sem er að endurskoða greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu og að þar sætu fulltrúar allra flokka. Ég sit í þeirri nefnd og tel að ég hafi unnið nokkuð vel í þeirri nefnd, ég hef kynnt mér þau gögn sem liggja fyrir nefndinni. Á hvern hátt nákvæmlega fór ég frjálslega með staðreyndir?

[18:35]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi, svo ég taki bara nokkra þætti, talaði hv. þingmaður um að við hefðum lofað gjaldfrelsi. Ég kannast ekki við það. Í annan stað talaði hann um það enn og aftur að send hefði verið tilskipun, ég átta mig ekki á hvort það var frá fjármálaráðuneytinu eða heilbrigðisráðuneytinu, um að það ætti að spara um 10%. Það er ekki rétt eins og margoft hefur komið fram. Hins vegar voru öllum forstöðumönnum sendar hugmyndir um sparnað sem næmi 10% af rekstrarkostnaði. Þetta hefur margoft komið fram, enda vita menn sem fjalla um fjárlögin að það er engin tilskipun um 10% niðurskurð.

Síðan talaði hann um að það væru sjúklingagjöld upp á 1,2 milljarða í þessum bandormi og því sem liggur fyrir þinginu. Eins og menn vita erum við að reyna að ná niður kostnaði, aðeins lítið brot af þessum 1,2 milljörðum snýr að greiðslum sjúklinga en við erum hins vegar að reyna að lækka lyfjakostnað. Ég mundi ætla að þokkaleg samstaða væri um það í þinginu en kannski er það ekki. Það er gert með öðru móti en því að taka aukin gjöld af sjúklingum ef þess er nokkur kostur eins og kemur fram í textanum.

Loks segir hv. þingmaður að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skipi okkur fyrir verkum og að við séum að kikna í hnjáliðunum, eða hvernig hann orðaði það, við að minnka fjárlagahallann. Það liggur fyrir og það er alveg sama hvaða ríkisstjórn væri hér og hvaða leið hún færi, að þegar tekjuforsendur bresta þurfa menn að ná endum saman. Það er algerlega óumdeilt og menn eiga ekki að ræða það öðruvísi. Í flestum löndum þar sem menn takast á við sambærileg vandamál þá eru stjórnmálamenn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, það ábyrgir að þeir fara í það verkefni að reyna að vinna bug á vandanum en reyna ekki að gera sér pólitískan mat úr honum. Þess vegna legg ég þessa hluti fram með þeim hætti að það sé mjög sérkennilegt að halda því fram að við viljum koma á sama fyrirkomulagi og viðgengst hjá tannlæknum. Það er algerlega fráleitt enda erum við búin að reyna mikið til að ná þeim inn á samning en það hefur því miður ekki gengið. Svo ég taki bara nokkur brot af því sem hér var farið frjálslega með.

[18:37]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla að reyna að einskorða mig við afmörkuð dæmi. Sagt var að rangt sé að komið hafi tilskipun um 10% niðurskurð. Í bréfi frá fjármálaráðuneytinu til ráðuneyta 14. nóvember segir, með leyfi forseta:

„Núverandi áætlanir benda til að ná þurfi það miklum árangri að því er beint til ráðuneyta að vinnuviðmið þeirra verði að útfæra tillögur um lækkun útgjalda sem nemi að minnsta kosti 10% af veltu, miðað við fjárlagafrumvarpið 2009.“

Þetta var sent til heilbrigðisstofnana, og ég er með lista yfir þær stofnanir frá heilbrigðisráðuneytinu, og þar segir m.a.:

„Eins og ykkur öllum er ljóst er íslenskt efnahagslíf í alvarlegum vanda. Meðfylgjandi er bréf sem ráðuneytinu barst fyrr í dag þar sem farið er fram á að útfærðar verði tillögur um lækkun útgjalda sem nema a.m.k. 10% af veltu miðað við fjárlagafrumvarpið 2009.“ — Síðan kemur frá heilbrigðisráðuneytinu líka, með leyfi forseta: „Heilbrigðisráðherra vill nota þetta tækifæri til að þakka forstöðumönnum hve hratt og örugglega þið hafið brugðist við tilmælum þeim sem þið fenguð í kjölfar tilmæla fjármálaráðuneytisins um 10% samdrátt útgjalda stofnana ríkisins vegna þeirrar alvarlegu kreppu sem riðið hefur yfir íslenskt þjóðfélag.“

Er ég að fara með staðlausa stafi? Eða er hæstv. heilbrigðisráðherra að fara með staðlausa hafi? (Gripið fram í.) Síðan hef ég séð þessar tillögur. Því miður er það svo að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur farið með rangt mál. Hann hefur gert það áður en hér er ég með gögnin. (Gripið fram í.) Ég er með þessi gögn. Ég óska eftir því að ráðherrann kveðji sér þá máls í ræðu eða beri af sér sakir. Ég er að vitna í gögn frá fjármálaráðuneytinu til ráðuneyta. Ég er að vitna í gögn sem komu frá heilbrigðisráðuneytinu og þakkir þess ráðherra sem hér stendur og hefur sakað mig um að fara með staðlausa stafi. (**Gripið fram í:** Hver er niðurstaðan ... ?) Niðurstaðan er sú að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur ekki sagt satt og rétt.

[18:39]

Útbýting:

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 246. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 363.

Virðisaukaskattur, vörugjald o.fl., 247. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 364.

[18:40]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Hér hafa menn rætt frumvarp ríkisstjórnarinnar um sérstakar ráðstafanir í ríkisfjármálum sem fela í sér ýmsar lagabreytingar til að hægt sé að koma á auknum skerðingum í ýmsum málaflokkum í tengslum við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að helst sé að bregðast við efnahagsvandanum með niðurskurði og sérstaklega á þeim þáttum sem snúa að velferðarkerfinu.

Þau afmörkuðu atriði sem ég ætla að taka fyrir í stuttri ræðu minni eru í fyrsta lagi það sem lýtur að framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, þ.e. að með lagaaðgerð á að kippa ákveðnum þáttum búvörusamninganna úr sambandi, samninga sem gerðir voru við samtök bænda, annars vegar við nautgripabændur og hins vegar við sauðfjárbændur og reyndar einnig við garðyrkjubændur.

Það er hollt að hafa í huga um hvers konar samninga hér er að ræða. Þetta eru samningar við bændur, framleiðendur matvæla- og landbúnaðarvara, um að þeir tryggi öruggt framboð af matvörum, mjólk, mjólkurvörum, kjöti og kjötvörum og grænmeti, að þeir tryggi ákveðið magn af þessum vörum á íslenskum markaði. Við gerum okkur grein fyrir því að sjálfstæði og öryggi þjóðar er ekki hvað síst fólgið í fæðu- og matvælaöryggi. Þessi samningur sem gerður hefur verið við landbúnaðarframleiðendur miðar einmitt að því að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Það er hinn pólitíski vilji sem Alþingi og ríkisstjórn hefur farið með gagnvart þessum atvinnuvegi.

Á hinn bóginn er markmið þessa samnings að tryggja atvinnugreininni ákveðinn fjárhagsgrundvöll, ákveðinn fjárhagsstuðning til að geta staðið við ábyrgðir sínar í fæðuöryggi þjóðarinnar. Þessir samningar hafa verið fullkomlega gagnkvæmir með þeim hætti að þeir eru undirskrifaðir og ég veit að af hálfu Bændasamtakanna a.m.k. er litið svo á að þeim sé ekki hægt að breyta öðruvísi en bera þær breytingar undir samtök bænda sem gáfu þá samningaheimild og staðfestu þá samninga sem hér um ræðir. Á sama hátt hefur verið litið á að ríkisvaldið, Alþingi, ríkisstjórn, væri líka skuldbundið til að standa við þessa samninga og gæti ekki breytt þeim einhliða. Það gerir hins vegar ríkisstjórnin í þessu frumvarpi því að með frumvarpinu er verið að kippa úr sambandi hluta af grunnþáttum þessa samkomulags sem er verðtryggingin eða hluti hennar með þeim hætti að greiðslur samkvæmt þessum samningi geta skerst miðað við áætlaða verðbólgu á næsta ári um 800–1.000 milljónir. Þetta er hluti af ráðstöfunum í ríkisfjármálum. Við gerum okkur öll grein fyrir að vandinn þar er mikill. Okkur greinir hins vegar á í fyrsta lagi um forgangsröðun í þeim efnum. Það að ætla að ráðast að einum grunnþætti öryggis þjóðarinnar, sem er matvælaframleiðslan, er að minni hyggju mjög óskynsamlegt. Okkur ber einmitt nú að standa sem klettur að baki íslenskum landbúnaði, mjólkurframleiðslu, kjötframleiðslu og grænmetisframleiðslu, því að í þessa framleiðslu sækjum við styrk, byggjum upp innviði íslensks samfélags, sköpum atvinnu, öflugan matvælaiðnað og treystum fæðuöryggi þjóðarinnar. Jafnvel eru möguleikar á útflutningi á þessum góðu hágæða landbúnaðarvörum í breyttu gengi. Að mínu mati er það röng forgangsröðun af hálfu ríkisstjórnarinnar að ráðast með þeim hætti að íslenskum landbúnaði eins og hér er verið að gera.

Hitt er svo atriði líka að þetta er hluti af tekjugrunni og tekjuöryggi bænda, og 4–5 þúsund bændur, eða hvort þeir eru einu sinni svo margir, og grænmetisbændur munar um það ef tekjur þeirra hrökkva saman um 1 milljarð. Aðföng hafa hækkað, ekki síst vegna breyttrar gengisskráningar hafa erlend aðföng hækkað, áburður, olía o.s.frv. sem bændurnir verða þá að taka af launalið sínum. Hér er verið að koma inn með skerðingu á tekjum upp á 800 millj. eftir því sem hér er tilgreint að gæti orðið og gæti breyst eftir því hver verðbólgan verður og þá numið nokkur hundruð þúsundum króna á hvert býli eða hvern bónda í landinu og eru þeir ekki vel haldnir fyrir. Þetta er gert með því að brjóta einhliða þennan samning. Ríkið brýtur einhliða samning sem er að mínu viti eins konar kjarasamningur við bændur samtímis því að vera öryggissamningur um að tryggja fæðuframboð og fæðuöryggi á Íslandi.

Í vor þegar talað var um að nú ætti að fara í þjóðarsáttarumræður og tilkynnt var að stofnaður hefði verið samráðsvettvangur af hálfu ríkisstjórnarinnar og helstu aðila vinnumarkaðarins, gott og vel með það, þá spurði ég hæstv. forsætisráðherra á Alþingi af hverju bændur hefðu ekki verið kallaðir til líka og beðnir um að koma að þessu borði, hringborði þar sem ræða ætti hvernig bregðast ætti við aðsteðjandi efnahagsvanda þá í mars fyrr á þessu ári. Þá gerði hæstv. forsætisráðherra frekar lítið úr Bændasamtökunum og viðurkenndi að það væri alveg rétt að þau væru ekki með og sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Það er fullt af samtökum sem ekki eru með. Það er ekki hægt að taka alla að sama borðinu.“

Ég minnist þess að í þjóðarsáttarsamningunum frægu gegndu einmitt bændur lykilhlutverki. Þeir tóku á sig miklar byrðar og var umdeilt hversu miklar byrðar þeir tóku, en hlutverk bænda í íslenskum þjóðarbúskap og ekki síst þegar herðir að er mikið eins og ég hef rakið. Ég hef ítrekað lagt til að ríkisstjórnin ætti að koma fram af heilindum og að hún hefði átt að kalla Bændasamtökin að slíkri þjóðarsáttarumræðu sem síðan reyndar rann því miður út í sandinn og

ekki síst vegna þess að það virtist aldrei hugur fylgja máli.

Ég legg áherslu á að mér finnst þessi vinnubrögð ósættanleg af hálfu ríkisstjórnarinnar og mér finnst þau vanhugsuð. Ég spurði hæstv. forsætisráðherra í andsvari hvort gerð hefði verið úttekt á því hvaða afleiðingar þessi tekjuskerðing hefði á hlut landbúnaðarins og hvort gerð hefði verið úttekt á því hvaða áhrif þetta hefði á matvælaverð og fæðuöryggi þjóðarinnar. Svar forsætisráðherra var nei, hann vissi ekki til þess og var hann þó að mæla fyrir frumvarpinu. Og þegar ég spurði hvort hann hefði ekki gert sér grein fyrir því hvaða áhrif þetta hefði á afkomu bænda og hvernig þeir væru í stakk búnir til að taka þessari tekjuskerðingu, þá var líka svarið hjá hæstv. forsætisráðherra: Nei, hann vissi ekki til þess að það hefði verið gert. Þetta sýnir hversu handahófskennd vinnubrögðin eru og hversu óábyrg þau eru. Ég mótmæli því að gengið sé fram með þessum hætti í að skerða grunn landbúnaðarins með því að skera af honum þessi samningsbundnu réttindi.

Hitt sem ég ætla að gera að umtalsefni er svo Landssíminn. Lagt er til í þessu frumvarpi að þau sérstöku lög sem sett voru um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans þegar hann var seldur verði felld úr gildi. Ég minnist þess, og ég hygg að þingheimur og landsmenn allir minnist þeirra átaka sem stóðu um sölu Landssímans. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stóðum hér og börðumst gegn sölu Landssímans. Við töldum að þjóðinni væri miklu betur borgið með því að eiga sín fjarskiptafyrirtæki, sinn Landssíma. En hann var seldur gegn vilja mikils meiri hluta þjóðarinnar. Ég vil þess vegna spyrja nú þegar verið er að nema þessi lög úr gildi: Hvað stendur þá eftir ógert af því fé sem áætlað var að ráðstafa í vegaframkvæmdir upp á 15 milljarða kr. af ráðstöfunarfé Landssímans? Hvar stendur það sem áætlað var að verja til Fjarskiptasjóðs? En samkvæmt þeim ákvæðum var áætlað að verja 2,5 milljörðum kr. til nýs fjarskiptasjóðs sem hefði það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála, bættri fjarsímaþjónustu á landsbyggðinni og víðtækari dreifingu stafræns sjónvarps um gervihnött og átaki í háhraðatengingum á landinu, eins og segir í lögunum. Ég spyr: Hvar eru þessi mál stödd árið 2007? Samkvæmt fjarskiptaáætlun og þeim loforðum sem gefin voru á sínum tíma við sölu Landssímans áttu að vera komnar háhraðatengingar á öll heimili í landinu. Ég er hér með mjög góða grein eftir Jón Jónsson þjóðháttafræðing sem býr á Hólmavík, um stöðu háhraðanetstenginga hér á landi. Greinin er á vefnum strandir.is og þar segir, með leyfi forseta:

„Nú hefur um nokkurn tíma staðið til að koma háhraðaneti til fólks og fyrirtækja í dreifbýli á Íslandi, samtals um það bil 1.200 staða þar sem heilsársbúseta er til staðar eða starfandi fyrirtæki. Þessir staðir eru fyrir utan þau svæði þar sem ráðist hefur verið eða verður í slíka uppbyggingu á markaðsforsendum fjarskiptafyrirtækjanna. Fjölmargir af þessum stöðum sem enn eru án sambands eru á Vestfjörðum. Samkvæmt fjarskiptaáætlun 2005–2010 átti þessu verkefni að vera lokið í lok ársins 2007 og hluti af söluandvirði Símans var settur í þetta framfaramál og Fjarskiptasjóður átti að sjá um framkvæmdina.“

Ég hvet þingmenn til að lesa þessa ágætu grein en henni lýkur með þessum orðum:

„Uppbygging háhraðanets í dreifbýlinu er í senn réttlætismál og eitt af þeim verkefnum sem er allra mikilvægast fyrir verðmætasköpun í dreifbýlinu, mannlíf, menningu og atvinnulíf. Það eiga allir íbúar landsins að sitja við sama borð í upplýsingasamfélagi nútímans, dreifbýlisbúar eiga að hafa jöfn tækifæri á við aðra til að nýta þau sóknarfæri sem gefast …“

Nú þegar Landssíminn og þessi lög (Forseti hringir.) hafa verið lögð af þá er það lágmark að ríkisstjórnin komi og biðjist afsökunar á því að hafa selt Landssímann og í öðru lagi svari fyrir þau verkefni sem var lofað að yrðu gerð og unnin og tímasett fyrir söluandvirði Símans, frú forseti.

[18:55]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Tekið var til umræðu í dag með afbrigðum frumvarp ríkisstjórnarinnar til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta er svo sannarlega ekki fyrsta málið sem kemur á dagskrá þingsins með afbrigðum nú undanfarna daga. Eftir því sem ég fæ best upplýsingar um hefur fjöldi mála verið tekinn til umfjöllunar á Alþingi með afbrigðum í haust það sem af er þessu þingi, að minnsta kosti tíu sinnum fleiri mál en tekin voru með afbrigðum fyrir ári.

Það segir mikið um ástandið og um stjórn þingsins og hvernig komið er fyrir efndum á þeim loforðum sem gefin voru og heitstrengingum af hálfu forustu þingsins þegar núverandi hæstv. forseti tók við starfi sínu og þegar gerðar voru breytingar á þingsköpum fyrir um ári sem áttu að leiða til breyttra vinnubragða í þingstörfum. Við sjáum árangurinn af þessu. Við sjáum árangurinn í því að skipti eftir skipti eru mál tekin inn með afbrigðum vegna þess að ríkisstjórnin hefur þann mikla meiri hluta í atkvæðum talið sem nauðsynlegur er til þess að samþykkja að mál komi inn með afbrigðum. Það sýnir líka vinnubrögðin eins og t.d. við þau mál sem við fjöllum um þessa dagana; fjárlög, fjáraukalög og ráðstafanir í ríkisfjármálum, efnahagsmálin almennt séð.

Þetta er sem sagt enn eitt málið sem kemur inn með þessum hætti og það er ámælisvert og það er áfellisdómur yfir ríkisstjórninni og þeim vinnubrögðum sem hún ástundar, það að hún kemur hér sýknt og heilagt með illa undirbúin mál á síðustu stundu og keyrir þau í gegn og þau fá litla umfjöllun á vettvangi þingnefndar. Það er óvirðing við þingið og það er óvirðing við þjóðina að mál skuli afgreidd með þeim hætti.

Í frumvarpinu er verið að gera tillögur um breytingar á allmörgum lögum — svokallaður bandormur — það tekur til breytinga á ýmsum lögum sem heyra undir mörg ráðuneyti. Af þeim sökum mælti hæstv. forsætisráðherra fyrir frumvarpinu. Í þessari umræðu hefur þegar verið farið yfir mörg þessara atriða. Sum eru ekki umdeild í sjálfu sér. Ég get sagt fyrir mig að ég tel að í frumvarpinu séu ýmis mál sem ég get út af fyrir sig stutt. En í þessu lagafrumvarpi eru líka stórmál á ferðinni sem ég tel alvarleg. Ég ætla að nefna nokkur atriði í því efni á þeim tíma sem ég hef til ráðstöfunar.

Ég ætla að nefna fyrst II. kafla frumvarpsins sem fjallar um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru. Þar er verið að taka úr sambandi með lögum

þau ákvæði í samningum ríkis og bænda að greiðslur til bænda skuli bundnar með vísitölu og taka reglubundinni breytingu með vísitölu. Hér er því haldið fram að þetta sé unnt að gera án þess að það varði við eða stríði gegn ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar. Hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem tekið hefur þátt í þessari umræðu, hefur haldið því fram.

Nú hlýtur það að vera atriði sem verður að skoðast sérstaklega og þá ekki síst af Bændasamtökunum hvernig þessu víkur við. Það er ljóst að hér er verið að taka úr sambandi samningsbundna launahækkun til bænda. Það er það sem verið er að gera. Þetta er ígildi þess að verið sé að taka úr sambandi kjarasamninga með lögum. Það er nú bara svo einfalt vegna þess að þessar greiðslur til bænda eru kjaratrygging þeirra, og er nú bændastéttin í landinu ekki sú sem best hefur kjörin eða breiðust hefur bökin til þess að taka á sig skerðingar af því tagi sem hér er um að ræða.

Vitaskuld verður þess freistað að varpa þessari skerðingu yfir á neytendur í formi hækkaðs vöruverðs. Þannig að annað tveggja gerist, og sennilega hvort tveggja, að vöruverð hækkar og kjör bænda versna. Það er það sem mun gerast og er það mín skoðun að hér sé höggvið í raðir þeirra sem síst skyldi.

Það kom raunar fram m.a. í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hér fyrr í dag, að bændastéttin mundi væntanlega ekki skorast undan því að taka þátt í að bregðast við þeim aðstæðum sem uppi eru í íslensku samfélagi með því að taka einhverja skerðingu á sig eins og almennt er að gerast í samfélaginu en við verðum að sjálfsögðu að reyna að taka mið af því hver staða einstakra stétta og hópa er til þess að bera slíkar byrðar. Hér er þung byrði lögð á bændastéttina til viðbótar við þau áföll sem hún hefur orðið fyrir í sambandi við fóðurverð, í sambandi við áburðarverð og í sambandi við olíuverð sem bændastéttin hefur þurft að glíma við að undanförnu.

Vísitalan er svo í raun og veru tekin úr sambandi, sett hámark, sett þak á það hvað hún má hækka. Við ræddum hér fyrir örfáum dögum eða vikum nákvæmlega það sama varðandi íbúðareigendur í landinu. Við, þingmenn stjórnarandstöðunnar, spurðum: Af hverju er ekki hægt að setja þak á hækkun vísitölu á íbúðarlánum? Af hverju er það ekki hægt? Nei, það var ekki hægt. Það gat ríkisstjórnin ekki gert. Það kostaði svo mikla peninga og það var ómögulegt að setja þak á hækkun vísitölu á íbúðareigendur. En það er hægt að gera það hér gagnvart bændastéttinni. Það er auðvitað fullkominn ósómi, virðulegi forseti, af ríkisstjórninni að standa svona að málum. Og það er skömm fyrir hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem ég veit að er þarna í hliðarsal, að koma fram með þetta mál með þessum hætti.

Annað mál sem ég vil líka nefna varðar tekjustofna sveitarfélaga, III. kaflann, þar sem lagt er til að útsvarsprósenta til sveitarfélaganna hækki um 0,25 prósentustig úr 13,03 í 13,28, þ.e. hámarksútsvar. Ég er ekki andvígur því að þessi breyting verði gerð í sjálfu sér og við höfum margoft í vetur rætt vanda sveitarfélaganna — tekjutapið sem þau verða fyrir ásamt fyrirsjáanlegum auknum útgjöldum vegna erfiðra aðstæðna í atvinnulífi, aukinnar fjárhagsaðstoðar o.s.frv., hefur þýtt að þau munu eiga í vaxandi erfiðleikum með að sinna grundvallarþjónustu sinni. Ég leggst því ekki gegn því að þessi hækkun komi inn á útsvarið en tel ákaflega þýðingarmikið að sveitarfélögin nýti hana til þess að efla eða standa vörð um grundvallarkjarnaþjónustu sem þau veita. Ég nefni t.d. skólamáltíðirnar í því sambandi. Fyrirsjáanlegt er að foreldrar munu í vaxandi mæli veigra sér við kostnaði sem þeir gætu ella losnað við eins og t.d. í leikskólum, eins og t.d. í skólunum, grunnskólunum, frístundaþjónustu, skólamáltíðir o.s.frv. Ég tel mikilvægt að sveitarfélögin nýti þetta svigrúm til þess að standa vörð um eða bæta þjónustuna á þessu sviði.

Hér er líka lögð til sérstök 0,25% hækkun á tekjuskatti sem hugsuð er til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það hefur verið gagnrýnt hér æ ofan í æ í vetur að í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar var ekki gert ráð fyrir sérstöku aukaframlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga upp á 1.400 millj. kr. sem er algerlega lífsnauðsynlegt fyrir mörg sveitarfélög vítt og breitt um landið, sveitarfélög þar sem greiðslur úr jöfnunarsjóðnum vega kannski 30–40 og jafnvel upp í 50% af tekjunum. Þetta hefur verið mjög gagnrýnt hér og ríkisstjórnin hefur ekki farið varhluta af þeirri gagnrýni. Hún hefur orðið vör við hana. Hún hefur heyrt hana hér í þingsölum og hvarvetna þar sem ráðherrar hafa komið og hitt sveitarstjórnarfólk, á fjármálaráðstefnum sveitarfélaga hefur ríkisstjórnin verið sérstaklega gagnrýnd fyrir þetta.

Hvernig ætlar hún að bregðast við þessu? Hún ætlar að gera það í gegnum almenna skattahækkun, almenna tekjuskattshækkun. Taka sem sagt 0,25% til viðbótar í tekjuskattinn og standa þannig undir hluta af þessu viðbótarframlagi í jöfnunarsjóðinn, ekki öllu en hluta. Hún ætlar líka að nýta þessa hækkun til þess að standa skil á fasteignasköttum ríkisins af opinberum byggingum til sveitarfélaganna sem er að mínum dómi forkastanleg aðferðarfræði. Þannig að ég gagnrýni þessa þætti alveg sérstaklega.

Ég hlýt að velta upp því sem nokkuð hefur komið við sögu í þessari umræðu og það er sjúkrahúsgjaldið, að nú eigi að innleiða aðgöngumiða að sjúkrahúsum landsins. Nú á að selja aðgang að sjúkrahúsunum rétt eins og seldur er aðgangur að bíóhúsunum. Þá ætlar ríkisstjórnin að taka upp nýtt gjald, innlagnargjald á sjúkrahúsin, og reynir svo að koma hér, bæði hæstv. heilbrigðisráðherra og ýmsir þingmenn beggja stjórnarflokkanna, og tala um að í sjálfu sér sé ekkert nýmæli á ferðinni af því það kosti að leggjast inn á sjúkrahús ef menn koma inn á sjúkrahús í gegnum slysadeild eða bráðamóttöku, eða ef menn fara t.d. á göngudeild.

Það breytir ekki því að hér er brotið blað. Hér er nýmæli á ferðinni. Hér er verið að innleiða nýjar álögur — á hverja? Á sjúklinga. Lagt er til að það verði gert í hvert skipti sem einstaklingur leggst inn á spítala. Og á hverja leggst þetta þyngst? Það leggst þyngst á þá sem eru langveikir, á krónískra sjúklinga, á langveik börn sem koma skipti eftir skipti inn á spítala, á krabbameinssjúklinga sem þurfa að koma æ ofan í æ í meðferð. Þetta eru nú bökin sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar telur að geti borið auknar byrðar.

Þetta er fráleitt að þetta eigi nokkuð skylt við jafnaðarmennsku. Það er Samfylkingunni til mikillar háðungar og í raun til skammar að hún skuli koma með þessi mál hér inn í þingið og bjóða upp á þetta. Við höfum vitað að það hefur

verið pólitísk stefna Sjálfstæðisflokksins, og það er í eðli frjálshyggjunnar, að vilja taka gjöld fyrir alla þjónustu af þessum toga frekar en að gera það í gegnum samneysluna, í gegnum sameiginlega sjóði með almennri skattheimtu.

Um þetta snýst auðvitað hinn pólitíski ágreiningur og hin pólitíska rökræða. Hún snýst um það hvernig við ráðstöfum sameiginlegum tekjum. Hvernig öflum við tekna fyrir sameiginlegum verkefnum og hvernig ráðstöfum við þeim? Það er þetta sem ágreiningurinn snýst um og þess vegna þarf ekki að koma á óvart að Sjálfstæðisflokkurinn hafi rekið þessa stefnu. Hún er ekki ný af nálinni af þeim bæ. En að Samfylkingin, jafnaðarmannaflokkurinn, skuli bjóða okkur upp á þessa nýju gjaldtöku, sölumennskuna inn á sjúkrahúsin, er fyrir neðan allar hellur og þeim lítt til sóma.

Hér er sagt að ráðherrar geti ákveðið í reglugerð hámark komugjalds fyrir þá sem þurfa að leggjast inn á sjúkrahús oft á ári en í því felst að sjálfsögðu að einstaklingar eiga að borga í hvert skipti. Þannig að það sjá allir í hendi sér að þetta mun koma illa við langveika sjúklinga, við börn sem eru langveik og koma inn aftur og aftur. Ég fordæmi þá breytingartillögu sem felst í þessu lagafrumvarpi harðlega og skora á ríkisstjórnina að taka hana til endurskoðunar og draga hana til baka, að því væri mestur sómi fyrir ráðherra, ekki síst fyrir ráðherra Samfylkingarinnar.

[Fundarhlé. — 19:10]

[19:45]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Þetta mál um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem felur í sér að verið er að breyta allmörgum lögum til að hægt sé að koma við niðurskurði hefur verið rætt mjög ítarlega. Hér er verið að sækja heimildir fyrir því að taka megi upp komugjöld á sjúkrahúsin, þ.e. selja aðgang að sjúkrahúsunum. Þar með er jú brotið blað í íslenskri samhjálp og heilbrigðisþjónustu þegar farið er að selja inn á sjúkrahús.

Til viðbótar er verið að flytja frumvarp til laga sem heimilar ríkisstjórninni að skerða kjarasamning við bændur upp á ein 800 þúsund til milljarð kr. á næsta ári sem ég hef harðlega gagnrýnt. Það er virkilega gagnrýnisvert hvernig þessi ríkisstjórn veður áfram án þess að gera sér nokkra grein fyrir því hverjar afleiðingarnar verða í niðurskurði á velferðarmálum og grunnstoðum atvinnulífsins.

Landbúnaðurinn og bændur hafa staðið við sitt. Þeir hafa ávallt staðið við sitt en þeir munu kunna því illa þegar brotnir eru á þeim samningar og kjör þeirra skert einhliða eins og ríkisstjórnin er að gera í þeim samningum sem hér eru. Verið er að skerða einhliða kjör bænda af hálfu ríkisstjórnarinnar, hóps í landinu sem býr við einar lægstu tekjurnar en eina mikilvægustu starfsemina sem er landbúnaðarframleiðslan, matvælaframleiðslan og fæðuöryggi þjóðarinnar. Þessi aðgerð ríkisstjórnarinnar gagnvart bændum er ekki aðeins ámælisverð, ég tel að hún sé líka brot á þeim kjarasamningi sem ríkisstjórnin hefur gert við bændur og bændur hafa staðfest í fjöldaatkvæðagreiðslu.

Nú er verið að afnema þau lög sem sett voru um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands. Tekist var hart á um sölu Landssímans, hlutafélagavæðingu eða einkavæðingu hans og síðan sölu hans. Meginþorri þjóðarinnar vildi eiga Landssímann. Hann var gott fyrirtæki í öflugri uppbyggingu og þjónustu, skilaði arði til ríkisins, skilaði arði til samfélagsins og bar uppi samfélagsþjónustu.

Strax eftir að Landssíminn var seldur var þjónustustöðvun lokað og þjónustan skert. Ég minnist þess að þjónustustöðvum á Blönduósi, Sauðárkróki, Siglufirði, þjónustuveri Símans á Ísafirði og símsvörun var lokað og þannig var það vítt og breitt um landið. Lofað hafði verið var að söluandvirði Landssímans færi í að styrkja m.a. fjarskiptaþjónustuna úti um land og jafnframt var lofað að fyrir árið 2007 væri búið að háhraðatengja öll býli í landinu. Enn þá eru stórir landshlutar eftir sem ekki hafa eðlilegt fjarskiptasamband né símasamband. Ég benti á mjög góða grein sem Jón Jónsson þjóðháttafræðingur, sá sem setti á stofn Galdrasetrið á Ströndum, skrifar á strandir.is þar sem hann rekur þessa stöðu.

Það er dapurt til þess að vita að nú er svo komið að við erum búin að missa Landssímann. Forsætisráðherra vissi ekki einu sinni hver ætti hann lengur. Ég spurði hæstv. forsætisráðherra: Hver á Landssímann í dag? Hæstv. forsætisráðherra svaraði að það væri nú ekki gott fyrir hann að vita hvar hinar einstöku eignir og einkafyrirtæki væru niður komin. Mér er ekki sama um það og ég tel að það væri best að við næðum Landssímanum aftur í samfélagslega eigu, til samfélagsins, til ríkisins. Við gætum þá endurvakið traust á þessu fyrirtæki og endurvakið styrk hans til þess að efla fjarskipti og (Forseti hringir.) símasamband um allt land. Það væri kannski það besta sem hefði átt að standa í þessum lögum en því miður er ekki svo. Ríkisstjórnin (Forseti hringir.) hugsar um það eitt hvernig hún geti skorið niður þjónustu og ekki hvað síst á landsbyggðinni.

[19:51]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Ég bið forláts, ég ætla meira að segja að fá mér vatnsglas sem ég held að ég hafi aldrei gert í þessum stóli en það er ýmislegt sem er að gerast í fyrsta sinn. Það er í fyrsta sinn verið að setja í lög ákvæði þess efnis að fólk sem leggst inn á Landspítalann eða önnur sjúkrahús í landinu verði rukkað um gjald og það finnst mér harla dapurlegt. Ég verð að trúa hæstv. forseta fyrir því að þegar ég sé frumvarp af þessu tagi vildi ég óska að í landinu væri félagshyggjustjórn. Ég held nefnilega að félagslega sinnað fólk hefði ekki sett fram tillögu af þessu tagi en hér sé á ferðinni einhver málamiðlun á milli aðila.

Við heyrðum hæstv. forsætisráðherra lýsa því að það væri gert til þess að koma á samræmi í bókhaldi innan heilbrigðiskerfisins, að gæta janfræðisreglu. Fyrst rukkað væri á einum stað hlytum við að rukka á öllum stöðum í stað þess að fara í gagnstæða átt og afnema gjaldtöku innan heilbrigðiskerfisins eins og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum stuðla að. Við viljum að öll þau skref sem tekin eru varðandi gjaldtöku verði í þá átt, að nema gjöldin brott.

Hæstv. heilbrigðisráðherra blandaði sér í umræðuna áðan. Sannast sagna er framlag hans umhugsunarvert. Hann hristi ákaft höfuðið undir ræðu minni áðan og þegar hann síðan kom í pontu í andsvari við mig sagði hann að ég hefði

farið með staðlausa stafi eða frjálslega með staðreyndir, eins og það var orðað. Þegar gengið var eftir því í hverju það væri fólgið varð fátt um svör nema að hann vísaði til þess að við hefðum ranglega haldið því fram að ríkisstjórnin hefði fyrirskipað 10% niðurskurð innan velferðarþjónustunnar frá því sem fram hefði komið í fjárlögunum. Ég vek athygli þeirra sem vilja kynna sér þessi mál á því að þeir geta skoðað þingskjöl þar sem vísað er í bréf fjármálaráðuneytisins og svo aftur í gögn frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem vitnað er til afstöðu hæstv. heilbrigðisráðherra. Með því móti geta menn sannfærst um að það var ég sem fór með rétt mál en ekki hæstv. heilbrigðisráðherra. Það er nokkuð sem hlýtur að vera mjög alvarlegt fyrir hann og hans flokk og fyrir ríkisstjórnina þegar ráðherrar verða uppvísir að því að fara beinlínis með rangt mál.

Einnig var vísað í nefnd sem starfar undir formennsku hv. þm. Péturs H. Blöndals en ég á einnig sæti í þeirri nefnd og sá hæstv. forseti sem nú stýrir þessum fundi. Ég vitnaði í þá vinnu sem þar fer fram og aftur taldi hæstv. heilbrigðisráðherra mig fara með rangt mál en þegar á hann var gengið kom í ljós að hann gat ekki fundið orðum sínum stað. Aftur, hæstv. forseti, þykir mér það vera alvarlegt að ráðherra í ríkisstjórninni verði uppvís að því að fara með staðlausa stafi.

Því miður er ræðutími minn á þrotum en ég hef engu að síður komið sjónarmiðum mínum á framfæri. Ég tel þetta mikið óheillaspor sem verið er að stíga, að hefja gjaldtöku á fólki sem leggst sjúkt inn á sjúkrahús landsins.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Fjáraukalög 2008, 1. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 350.

[19:57]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2008, 239. máli þingsins á þskj. 350. Með frumvarpinu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð áætlun um tekjur í samræmi við endurskoðaða þjóðhagsspá og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2008. Frumvarpið byggir einnig á endurmati á helstu hagrænum forsendum fjárlaganna, áhrifum af lögbundnum útgjaldaliðum, samningum og ýmsum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um mál sem fram hafa komið eftir afgreiðslu fjárlaga.

Bæði á tekju- og gjaldahlið frumvarpsins gætir áhrifa af yfirstandandi erfiðleikum í efnahagslífinu sem leiða til samdráttar í tekjum á síðustu mánuðum ársins og aukningu í vissum útgjöldum. T.d. má nefna aukin framlög til starfsemi og verkefna sem greidd eru í erlendri mynt. Í frumvarpinu eru þó ekki sett fram áhrif af þeim sértæku ráðstöfunum sem ríkið þarf að grípa til vegna þeirra miklu áfalla sem orðið hafa í fjármálakerfi landsins í haust. Þar má einkum nefna stofnfjárframlög til þriggja nýrra viðskiptabanka og mögulegar lántökur vegna yfirtöku skuldbindinga. Einnig þarf að komast að niðurstöðu um það reiknингshaldslega hvort þau áhrif eigi fremur að koma fram í þessu frumvarpi eða í fjárlögum fyrir næsta ár. Þessar ráðstafanir snúa einkum að sjóðstreymi ríkissjóðs. Unnið er að nánari áætlunum um þessi mál og er fyrirhugað að tillögur vegna þeirra verði lagðar fram í einu lagi fyrir 3. umræðu annars hvors eða beggja frumvarpanna eftir því hver niðurstaðan verður.

Í fjárlögum fyrir þetta ár var áætlað að tekjuafgangur ríkissjóðs yrði um 39 milljarðar kr. en nú er áætlað að afkoman versni um tæpa 44 milljarða kr. og að 4,7 milljarða kr. halli verði á ríkissjóði. Afkoma ríkisfjármála verður því mun lakari en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir og er það mikill viðsnúningur. Verri afkomu má bæði rekja til minni tekna og aukinna útgjalda sem að stórum hluta eru afleiðingar fjármálakreppunnar sem leiddi til falls íslensku bankanna. Horfur eru á að tekjur ríkissjóðs verði liðlega 12 milljörðum minni en áætlað var í fjárlögum eins og nánar verður komið að síðar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs aukist um tæpa 32 milljarða kr.

Áætlað er að handbært fé frá rekstri, sem er það fé sem regluleg starfsemi ríkissjóðs skilar, verði 3 milljarðar kr. í stað 34 milljarða eins og áætlað var í fjárlögum. Lánsfjárjöfnuður versnar um tæpa 74 milljarða kr. og verður neikvæður um 32 milljarða en reiknað hafði verið með tæplega 42 milljarða kr. afgangi í fjárlögum. Ástæðurnar eru aðallega tvíþættar. Annars vegar lítur út fyrir að handbært fé frá rekstri verði 31 milljarði minna en áætlað var í fjárlögum, bæði vegna minni tekna og aukinna útgjalda, og hins vegar eru horfur á að útstreymi í gegnum fjármunahreyfingar verði næstum 43 milljörðum meira en áætlað var í fjárlögum. Munar þar mest um lánveitingu ríkissjóðs til Seðlabanka Íslands til að styrkja gjaldeyrisvarasjóð bankans.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur í ár verði 461 milljarður kr. sem er 12,3 milljörðum minna en reiknað var með í fjárlögum ársins. Áætlað var í fjárlögum að tekjurnar drægjust saman að raungildi um 2,9% frá árinu 2007 en endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að samdrátturinn verði 16,2%.

Samdráttur í tekjum skýrist fyrst og fremst af breytingum á þjóðhagslegum forsendum fjárlaganna, sérstaklega á síðustu mánuðum ársins. Í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir að þjóðarútgjöld drægjust saman um 4,8% en samkvæmt endurskoðaðri áætlun dragast útgjöldin saman um 9,3% sem er nærri tvöfalt meira en hafði verið spáð. Mestu munar að einkaneysla dregst saman um 8,4% samanborið við 0,9% í forsendum fjárlaga. Einnig leiðir aukin verðbólga vegna mikillar lækkunar á gengi íslensku krónunnar til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur rýrnað verulega.

Mestu munar að áætlun um tekjuskatt lögaðila er lækkuð um 11,5 milljarða kr. þar sem síðasti ársfjórðungur 2007 varð mörgum fyrirtækjum erfiður og afkoma þeirra varð lakari en vísbendingar sem árshlutauppgjör höfðu gefið. Þá er áætlað að tekjuskattar einstaklinga verði 5 milljörðum minni vegna samdráttar í efnahagslífinu á síðustu mánuðum ársins. Eignarskattar dragast saman um 4 milljarða frá áætlun, aðallega vegna minni veltu á fasteignamarkaði sem hefur leitt til minni tekna af stimpilgjöldum. Vegna minni einkaneyslu er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur dragist

saman um 2 milljarða þrátt fyrir að gengis- og verðhækkanir hafi hækkað skattstofninn. Þá skilar eignasala 3 milljörðum minna en áætlað var. Á móti koma svo 14 milljarða kr. meiri vaxtatekjur sem að mestu leyti skýrast af sértækum aðgerðum ríkisstjórnarinnar síðastliðið vor til að styrkja innlendan fjármálamarkað og gjaldeyrisvaraforða með því að taka lán sem ávöxtuð eru í sjóðum og veittum lánum til Seðlabanka.

Nánari grein er gerð fyrir tekjuspánni og forsendum hennar í frumvarpinu.

Áætlað er að heildarútgjöld ársins verði tæplega 466 milljarðar, sem eru 32 milljörðum kr. hærri útgjöld en í fjárlögum. Mest munar um 11 milljarða kr. meiri vaxtagjöld vegna aukinnar útgáfu ríkisbréfa og erlendrar lántöku í tengslum við aðgerðir í efnahagsmálum eins og áður var getið. Þá er lagt til að launa- og verðlagsliður fjárlaganna hækki um tæplega 8 milljarða kr. Skýring á þeirri hækkun er annars vegar nærri 5 milljarðar til að mæta auknum útgjöldum sem greidd eru í erlendum gjaldmiðlum, t.d. rekstur sendiráða, þróunaraðstoð, framlög til alþjóðastofnana og greiðslur vegna nýs varðskips og flugvélar fyrir Landhelgisgæsluna. Hins vegar eru um 3 milljarðar kr. vegna meiri kostnaðar við kjarasamninga sem ríkið hefur gert á árinu en reiknað var með í fjárlögum.

Í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar síðastliðnum ákvað ríkisstjórnin að farið yrði í tilteknar aðgerðir sem leitt hafa til um 4 milljarða kr. útgjaldaaukningar. Mestu munar um 2,4 milljarða til bóta almannatrygginga þar sem bæturnar voru hækkaðar um 4% til viðbótar við 3,3% hækkun þeirra í ársbyrjun. Aðrar aðgerðir í tengslum við kjarasamningana skýra 1,5 milljarða kr. viðbótarútgjöld vegna hækkunar á atvinnuleysibótum og hækkunar á skerðingarmörkum vaxtabóta og barnabóta.

Þessu til viðbótar gerir endurskoðuð áætlun um Fæðingarorlofssjóð ráð fyrir 860 millj. kr. hærri útgjöldum en reiknað var með í fjárlögum.

Samningar um búvöruframleiðslu fylgja vísitölu neysluverðs og vaxa útgjöldin um 660 millj. kr. á árinu vegna verðbóta umfram það sem reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga.

Á móti þessum hækkunum á kerfislægum og reiknuðum útgjaldaþáttum kemur að í frumvarpinu er reiknað með því að atvinnuleysi á þessu ári verði talsvert minna en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir og lækkar fjárveiting til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 3 milljarða kr. vegna þess. Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum um útgjöld almannatrygginga, m.a. miðað við greiðslur það sem af er árinu er einnig talið að þau hafi verið ofmetin um sem nemur 1 milljarði kr.

Samtals eru hækkanir vegna breyttra forsendna fyrir slíkum kerfislægum útgjöldum um 20,5 milljarðar kr. eða sem svarar til um 65% af útgjaldaaukningunni sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Af öðrum stærri málum má nefna að í frumvarpinu er farið fram á rúmlega 3 milljarða fjárheimild vegna uppsafnaðs halla heilbrigðis- og sjúkrastofnana. Þyngst vega um 1,5 milljarðar til Landspítalans. Auk þess er gert ráð fyrir tæplega 800 millj. kr. þurfi til að mæta halla sjúkratrygginga.

Farið er fram á tæplega 550 millj. kr. fjárheimild á liðnum fasteignagjöld af húseignum ríkisins vegna hærri álagningarprósentu en miðað var við í fjárlögum. Það skilar sveitarfélögunum mun meiri tekjum en samkomulag ríkisins við þau gerði ráð fyrir.

Sótt er um rúmlega 730 millj. kr. fjárveitingu vegna kostnaðar sem hlaust af jarðskjálftunum á Suðurlandi í vor. Þar er bæði um að ræða kostnað vegna viðbragða og úrvinnslu sem og tjóna sem hvorki viðlagatrygging né aðrar tryggingar bæta.

Frú forseti. Mun ég nú víkja nánar að lánsfjármálum ríkissjóðs á árinu 2008 samkvæmt 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 3. gr. er farið fram á að lántökuheimildir ríkissjóðs verði 234 milljarðar kr. og hækki því um 203 milljarða frá því sem veitt var í fjárlögum. Undir lok vorþings heimilaði Alþingi fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, að taka á árinu lán fyrir allt að 500 milljörðum kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Seðlabanka Íslands þann hluta sem tekinn væri að láni í erlendri mynt. Horfur eru á að heildarlántökur ríkissjóðs á þessu ári verði 234 milljarðar kr., annars vegar 160 milljarðar í íslenskum krónum og hins vegar 300 milljónir evra sem endurlánaðar voru Seðlabanka Íslands til að styrkja gjaldeyrisvaraforða bankans.

Í 3. gr. eru einnig lagðar til breytingar á ríkisábyrgðum sem veittar eru aðilum sem hafa heimild til lántöku samkvæmt sérlögum. Lántökuheimild Íbúðalánasjóðs hækkar um 5,6 milljarða kr. vegna breytinga á lánamörkuðum. Á móti kemur að heimild Landsvirkjunar lækkar um 5,5 milljarða kr. þar sem fyrirtækið hefur dregið úr og frestað lántökum í ljósi markaðsaðstæðna.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er gert ráð fyrir að handbært fé ríkissjóðs aukist um 100 milljarða kr. á árinu, eða 77 milljörðum meira en áætlað var í fjárlögum. Batnar staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands sem því nemur.

Frú forseti. Ég hef nú fjallað helstu efnisatriði frumvarpsins, sem lagt er fram óvenju seint vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem ríkt hafa hér á landi að undanförnu. Legg ég til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjárlaganefndar þingsins.

[20:07]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. ráðherra undir lokin að frumvarpið er mjög seint fram komið og það er ámælisvert vegna þess að í frumvarpinu, eins og það er lagt hér fram, er í sjálfu sér ekkert nýtt frá síðustu tveim mánuðum. Einu gögnin og tölurnar sem þar koma fram lágu fyrir í byrjun október, því eins og hæstv. ráðherra sagði er ekki tekinn með neinn kostnaður sem tengist beint hruni bankanna.

Ég verð því að spyrja hæstv. ráðherra: Er það boðlegt að koma fram með fjáraukalagafrumvarp sem ekki tekur tillit til þess? Liggur ekki fyrir að ríkið komi með hlutafé inn í bankana? Liggur það ekki fyrir eða er það eitthvað óljóst? Er það ekki komið inn? Liggur ekki fyrir að ríkissjóður kom inn með fjármagn til styrkingar eigin fé upp á 380–400 milljarða kr., liggur það ekki fyrir? Eru ekki bankarnir

meira að segja búnir að eyða því að hluta til að greiða peningamarkaðssjóðina?

Hvað fleira er það þá af þessum stærstu upphæðum sem mun standa út af, annar kostnaður við yfirtöku bankanna, vaxtakostnaður? Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Hvað er svona óvíst við þessar tölur? Liggja þær ekki fyrir? Hvers vegna koma þær ekki fram í frumvarpinu? Eða með hvaða hætti hefur ráðherra hugsað sér að afgreiða fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2008 þar sem kveðið er á um útgjöld og skuldbindingar ríkissjóðs ef þessar tölur og aðrar sem tengjast (Forseti hringir.) bankahruninu á árinu eiga ekki að koma inn?

[20:09]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Öllum þeim spurningum sem hv. þingmaður spurði var svarað í ræðunni. Það er verið að vinna þessi gögn og það er verið að meta það út frá eðli þeirra hvort það sé rétt að þau komi fram í fjáraukalögum 2008 eða fjárlögum 2009 og niðurstaða í því mun liggja fyrir í þessari viku þannig að við getum afgreitt bæði þessi frumvörp og verið með þá niðurstöðu sem við vitum sannasta og besta í þessum efnum eins og staðan er í dag.

Við vitum líka að það á eftir að meta ýmsa hluti hvað varðar bankana, hver staða þeirra var þegar þeir féllu og meta eiginfjárstöðu þeirra og endanlega skiptin á milli þess gamla og nýja. Við erum einfaldlega að reyna að leggja þetta fram eins vel og skipulega og skikkanlega og hægt er en þó þannig að bæði fjáraukalög og fjárlög séu afgreidd á réttan hátt.

[20:10]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vona að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því að ég er að spyrja hæstv. ráðherra, ekki bara embættismenn ráðuneytisins. Ef hæstv. ráðherra hefur ekki skoðun eða veit ekki hvernig á að færa megingjaldahliðar ársins, ja, guð hjálpi mér þá.

Þess vegna verð ég að árétta vegna Icesave-reikninganna, skuldbindingarnar vegna Icesave-reikninganna, voru það ekki skuldbindingar sem hæstv. ráðherra skrifaði undir úti í New York, t.d. við Hollendinga? Er það ekki hluti af þeim skuldbindingum sem tengdust lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og var skilyrði? Þau lán og þær skuldbindingar sem komin eru nú þegar inn vegna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vantar líka í þetta frumvarp. Þetta er bara ein enn sönnun á því hvernig vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru.

Ég vil árétta það og spyrja hæstv. ráðherra sem ráðherra: Eiga þessar upphæðir ekki að koma inn? Er þetta ekki hluti af skuldbindingum þessa árs? Er einhver vafi á því? Ég tel að þetta sé hluti af skuldbindingum þessa árs og eigi að koma inn á fjáraukalög ársins 2008. Ég verð því fyrir miklum vonbrigðum, frú forseti, á viðbrögðum hæstv. ráðherra.

Eitt vil ég líka spyrja um: Við höfum ítrekað kallað eftir niðurstöðu eða áætlaðri niðurstöðu á rekstri stofnana og viðfangsefna á vegum ríkisins í árslok til að hægt sé að meta fjáraukalagaþörfina. Við höfum ekki fengið þær upplýsingar. Samt er hér verið að skera af halla af (Forseti hringir.) ríkisstofnunum og talað um að það séu um það bil tveir þriðju. Er ekki hægt að fá lista yfir stöðu ríkisstofnananna, áætlaðan í árslok, þar sem er þá jafnvel stuðst við þessa fjárlagagerð, frú forseti?

[20:13]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessum spurningum svaraði ég líka í ræðunni. Það er vafi á því hvort það eigi að færa tiltekna liði í fjáraukalagafrumvarpi fyrir 2008 eða fjárlögum 2009. Það er m.a. vegna þess að þó að við tölum um að bankarnir séu fallnir þá hafa þeir ekki formlega verið gerðir gjaldþrota og tölurnar sem þarf að færa liggja heldur ekki endanlega fyrir, eins og ég sagði áðan. Það er verið að reyna að fara yfir þetta eins vel og mögulegt er og komast að sem sannastri niðurstöðu þannig að það sé hægt að láta tölurnar endurspeglast á sem réttastan hátt. Við munum vera tilbúin með tillögur um það áður en afgreiðslu þessara frumvarpa verður lokið hér í þinginu.

[20:14]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur hér mælt fyrir frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2008. Eins og fram kom hjá ráðherra vantar marga meginþætti þessa fjáraukalagafrumvarps sem lúta að því sem hefur gerst hér í efnahagslífi þjóðarinnar, t.d. kostnað vegna bankahrunsins og stofnun nýrra banka með aðkomu ríkisins. Það allt vantar inn í þetta frumvarp. Þar erum við að tala kannski um hundruð milljarða kr., jafnvel þúsundir milljarða.

Ég minntist á það í andsvari mínu að þetta er ekki aðeins um yfirtöku og hlutafé sem ríkið lagði til, þetta er líka um eigið fé sem ríkið lagði til, þetta er líka um þær skuldbindingar sem íslenska ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar hafa komið á ríkissjóð með undirskriftum og bréfum vítt og breitt um heiminn, í New York og í Evrópu, ábyrgðir á svokölluðum Icesave-reikningum. Þá bregst mér minni ef ekki er skýrt á um það kveðið í lögum um fjárreiður ríkisins og í stjórnarskránni, í fyrsta lagi að ekkert gjald megi binda ríkissjóð nema fyrir því hafi fengist heimild hjá Alþingi. Í öðru lagi ber að færa slíkar skuldbindingar til gjalda á því ári sem til þeirra er stofnað.

Ég vildi aðeins, frú forseti, víkja að þessu frumvarpi. Ég er hér með fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2008, sem er gert til þess að gera upp reikninginn, það sem vantaði á og hefur komið fram frá því að fjárlög fyrir árið 2008 voru samþykkt fyrir um ári síðan. Í upphafi nefndarálits, sem skilað var við umræðuna þá, stendur, með leyfi forseta — ég verð að fá að vitna til þess nefndarálits sem við stóðum að, ég og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og ég skiladi við fjárlagafrumvarpið.

Með leyfi forseta, byrjar þetta nefndarálit svona fyrir ári síðan:

„Óvenju mikið umrót og óvissa í efnahagsmálum og aðsteðjandi vandamál í hagstjórn marka allt efnahagsumhverfið við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2008. Ljóst er að orsakir þess vanda sem nú er við að glíma er annars vegar

að leita í mistökum í fortíðinni, í tíð fyrri ríkisstjórnar sem skellti skollaeyrum við varnaðarorðum og stuðlaði að gríðarlegum stóriðjuframkvæmdum sem öllum var ljóst að mundu reyna mjög á hagstjórnartæki og þanþol efnahagslífsins. Nægir í því sambandi að vitna í varnaðarorð Seðlabankans og erlendra ráðgjafarstofnana á sviði efnahagsmála. Áform voru samt keyrð áfram með pólitískum ákvörðunum og þrýstingi þáverandi stjórnarflokka, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, og öll andstaða og varnaðarorð höfð að engu.

En fyrri ríkisstjórn lét ekki þar við sitja heldur lækkaði hún tekjuskatta mitt í þenslunni, einkum þó á hátekjufólk, sem hafði aukin áhrif til þenslu“ eins og áður hefur verið bent á.

Þegar maður sér síðan hver raunveruleikinn varð er það dapurt að hafa verið svona hryllilega sannspár. En þetta hefði líka átt að vera ríkisstjórninni til upplýsingar og til þess að fara eftir þegar fyrir lágu á þeim tíma af hálfu þingmanna stjórnarandstöðunnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins, mjög sterk varnaðarorð um að við værum að sigla inn í mikla hættu.

Ég minnist þess síðan að þegar hæstv. forsætisráðherra kom í áramótaviðtal sitt á síðasta ári talaði hann um að stjórnarandstaðan hefði aldrei haft neitt vitlegt til að leggja í fjárlagaumræðunni. Já, forsætisráðherrann hefur verið býsna duglegur við að stinga höfðinu í sandinn og hamast við að aðhafast ekki neitt. (Gripið fram í.) Já, hann hefði sjálfsagt þess vegna getað stungið höfðinu í stein og aðhafst ekki neitt. Það hafa verið einkunnarorð þessarar ríkisstjórnar, það hafa verið einkunnarorð forsætisráðherra ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins að aðgerðaleysi sé best. Hve oft er hann búinn að segja á árinu að botninum sé náð? Ég held hins vegar að hann sjálfur sé kominn á botninn og sé ekki hvernig hann fer þaðan upp.

Ég minntist á þættina varðandi fjáraukalagafrumvarpið, að það vantar öll meginatriði inn í frumvarpið sem lúta að hinum stærstu tölum. Það er ámælisvert því að það eru einmitt þessar tölur, þessar skuldbindingar sem við erum að ræða og takast á um og viljum vita hversu miklar verða við afgreiðslu fjárlaga. Aftur er það ríkisstjórnin sem heldur að aðgerðaleysið og athafnaleysið í þeim efnum sé best og skrifar undir upp á skuldbindingar hér og hvar.

Það er þó ýmislegt í þessu frumvarpi sem ég vildi inna eftir. Verið er að skera halla af mörgum stofnunum og er það vel. Ég er þeirrar skoðunar að í langflestum tilfellum sé það vel enda eru það stofnanir sem vitað var og fyrirsjáanlegt að mundu fara inn í árið með miklum halla. Þær voru sendar af stað með miklum halla enda sagði hæstv. fjármálaráðherra í framsöguræðu sinni að þetta væri uppsafnaður halli frá fyrri árum. Hvaða stofnanir var þarna um að ræða? Jú, flestallar heilsugæslustofnanir fóru inn í árið með fyrirsjáanlegum halla.

Ég er hér með með breytingartillögur sem við fluttum þá, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varðandi einmitt þessar stofnanir. Við bentum á að það væri vanreiknaður kostnaður sem þær stæðu frammi fyrir. Við lögðum til viðbót við Sjúkrahúsið á Akureyri. Hver er raunin? Jú, að sjálfsögðu er eins og það lá fyrir, Sjúkrahúsið á Akureyri réði ekki við verkefni sín á þeim fjárveitingum sem það fékk. Heilsugæslustöðvarnar vítt og breitt um landið, þar með talin heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, voru sendar inn í árið með nokkur hundruð millj. kr. halla, bæði uppsafnaðan halla og fyrirsjáanlegan hallarekstur. Heilbrigðisstofnun Austurlands einnig og svona má áfram telja.

Allmargar stofnanir fá því skorinn af nokkurn uppsafnaðan halla en hins vegar skil ég ekki á hvaða grunni það er gert. Þegar við spurðum eftir því í fjárlaganefnd í morgun sögðu fulltrúar fjármálaráðuneytisins að það hefði verið tekið eitthvað svona holt og bolt, svona sirka 2/3 af hallanum eða eitthvað svoleiðis. Gott og vel, en þegar við inntum þá eftir því hvort ekki væri hægt að fá þennan lista sem þyngdi áætlaða stöðu stofnananna í árslok var svarið nei, þá lá hann ekki fyrir. Það er þó grundvallaratriði ekki aðeins til þess að ganga frá fjáraukalögum heldur einnig til að áætla og geta gert sér grein fyrir fjárþörf viðkomandi stofnana og viðfangsefna á næsta ári.

Við höfum ítrekað kallað eftir þessum lista en ekki fengið hann. Ég vil enn ítreka við fjármálaráðherra sem ber ábyrgð á eðlilegum og nauðsynlegum skilum á gögnum og upplýsingum til fjárlaganefndar þannig að hún geti unnið sitt verk, að hann sjái til þess að þessi listi og þessi gögn berist fjárlaganefnd í umfjöllun sinni núna um frumvarp fjáraukalaga milli 1. og 2. umr.

Það má velta fyrir sér ýmsum liðum í þessu frumvarpi og ég ætla aðeins að minnast á nokkur þeirra. Ég vil þó minna á að grundvallarforsenda í fjárreiðulögum er sú að það á ekki að stofna til útgjalda eftir á samkvæmt fjáraukalögum. Þessi fjáraukalög sýna ef eitthvað er að fjárlagagerðinni er mjög ábótavant. Ég hef ítrekað lagt til á Alþingi og flutt um það tillögur að hér yrðu lögð fram fjáraukalög að vori sem tækju á þeim breytingum sem væru þegar orðnar á fjárskuldbindingum ríkisins og einnig á þeim breytingum sem gætu hafa gerst á árinu. Að þær væru fyrirsjáanlegar þannig að Alþingi ákvæði útgjöldin fyrir fram og samþykkti þau, eins og kveðið er á um bæði í fjárreiðulögum og í stjórnarskránni, en samþykkti ekki eða afgreiddi eftir á þegar orðinn hlut, eins og hér hefur einmitt verið að gerast.

Það eru allmargar stofnanir, eins og ég sagði, sem fá hér viðbót og ég get ekki rakið þær mjög ítarlega. Ég fagna því t.d. að tekið er á uppsöfnuðum rekstrarhalla Háskólans á Hólum sem var vitað að fór inn í árið með uppsafnaðan og fyrirsjáanlegan halla á árinu. Ég vona að það sem þar er gert ráð fyrir dugi til að dekka þann halla en við höfum ekki upplýsingar um það. Því miður er ekki búið að taka tillit til innbyggðs rekstrarhalla eða rekstrarfjárþarfar inni í fjárlögum næsta árs og af því hef ég áhyggjur.

Hins vegar vil ég minnast á að Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri er ekki hér inni en okkur hafði þó borist vitneskja um að þar sé verulegur uppsafnaður rekstrarhalli. Reyndar lá það fyrir við síðustu áramót og við bentum á það við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2008. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hvers vegna er ekki gert ráð fyrir í fjáraukalögum að mæta fjárþörf Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri? Mér finnst það mjög alvarlegt að það skuli ekki vera gert.

Þá vil ég líka spyrja hæstv. ráðherra, af því að í sértækum aðgerðum sem gripið var til í svokallaðri norðvestur-

nefnd og einnig í Vestfjarðanefndinni. Veitt var heimild á fjáraukalögum til að setja á fót gestastofur á Hornstrandafriðlandi og á Látrabjargi en síðan eru þær skornar niður á fjárlögum næsta árs. Sama er að segja um verkefni sem lúta að störfum norðvesturnefndar til að mæta uppsöfnuðum vanda vegna þessara landshluta, vegna neikvæðs hagvaxtar þar. Þeir hafa ekki haldið í við þensluna hér á suðvesturhorninu. Þá var gripið til aðgerða að gera sérstaka áætlun og í tillögunum er m.a. lagt til að sett séu tvö störf á Blönduósi sem tengist safnamálum og menningarstarfi í Húnavatnssýslum. Það er inni í fjáraukalögum samkvæmt þessu samkomulagi en síðan er það þurrkað út á fjárlögum sem voru til umfjöllunar í gær. Það eru því allmargar og miklar þversagnir í þessu frumvarpi.

Frú forseti. Þetta voru bara nokkur atriði um þetta frumvarp. Það fer til meðhöndlunar fjárlaganefndar en ég vil líka vekja athygli á því að vegna þess að frumvarpið kemur svo seint fram, sem ég tel að hafi verið ástæðulaust því að það eru ný gögn í þessu frumvarpi sem ekki voru komin fram um miðjan október. Ég spyr hæstv. ráðherra: Var þetta gert af ráðnum hug til að halda málum frá nefndinni og Alþingi eins og ríkisstjórnin tíðkar nú? Þá dreg ég í efa að fjárlaganefnd fái nauðsynlegan tíma til þess að fjalla um frumvarpið eins og þörf væri á, heldur verði það keyrt áfram að hætti ríkisstjórnarinnar sem hefur haft það sem einkunnarorð sín í vinnubrögðunum að vanvirða (Forseti hringir.) bæði þingræði (Forseti hringir.) og lýðræði í meðferð fjármála ríkisins.

[20:29]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2008. Ég vil ljúka því af að setja fram gagnrýni á það hversu seint frumvarpið kemur fram og að það skuli ekki hafa verið komið fram áður en fjárlaganefnd lauk umfjöllun um frumvarp til fjárlaga 2009 til 2. umr. Ég hefði talið að það hefði þurft að vera þannig og leyfi mér að gagnrýna þessi vinnubrögð. Auðvitað er það svo að aðstæður eru sérstakar, eins og við vitum, og ætla ég því ekki að vera mjög harður í gagnrýninni á hæstv. fjármálaráðherra, ég skil aðstöðu hans. Engu að síður hefði verið nauðsynlegt að fá frumvarpið fyrr fram.

Ég vil beina til hæstv. ráðherra þeirri spurningu hvort fjárlaganefnd muni fá öll þau gögn sem nauðsynlegt er að fá við umfjöllun málsins. Því miður var það ekki þannig þegar við fjölluðum um frumvarp til fjárlaga í fjárlaganefndinni eins og við höfum farið yfir hér í umræðunni, það skorti mjög upp á að fjárlaganefnd hefði fengið upplýsingar og gögn til að fara yfir það mál. Ég tek þar með undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni og fer fram á að fjárlaganefnd fái yfirlit yfir rekstrarstöðu stofnana áður en hún lýkur umfjöllun um frumvarpið.

Ég vil einnig beina því til hæstv. ráðherra að hann fari yfir það hér — hann fór að einhverju leyti yfir það í framsögu sinni — hvað eigi eftir að koma fram við vinnslu frumvarpsins í fjárlaganefnd áður en ætlunin er að ljúka umfjöllun um málið og gera það að lögum.

Ég ætla ekki að fara í smáatriðum yfir einstök atriði í frumvarpinu, mun fyrst fjalla aðeins um tekjuáætlunina. Eftir að hafa skoðað það lauslega óttast ég að tekjuáætlunin sé ofáætluð í frumvarpinu. Mér sýnist að ekki hafi verið gerðar á henni miklar breytingar frá þeirri áætlun sem kom fram í gögnum með fjárlagafrumvarpinu í haust þrátt fyrir þær hamfarir sem orðið hafa í fjármálakerfi okkar og efnahagskerfi. Ég óttast að við eigum eftir að sjá þá tekjuáætlun sem hér liggur fyrir eitthvað lægri þegar upp verður staðið, og geri ráð fyrir því að svo verði.

Gert er ráð fyrir því samkvæmt frumvarpinu að hallinn á fjárlögum ársins verði um 5 milljarðar kr. Einnig kemur fram í upplýsingum í frumvarpinu að sá halli er svipaður því sem gert er ráð fyrir í auknum útgjöldum vegna verðlagsáhrifa og gengisfalls krónunnar. Við sjáum þar einn kostnaðarlið sem tengist beint gjaldmiðli okkar, því gengisfalli sem orðið hefur á honum að undanförnu. Það eru í þessum tillögum hátt í 5 milljarðar kr. Við sjáum síðan annan lið sem er hækkaður mjög í frumvarpinu frá því sem var í fjárlögunum, það eru vaxtagjöldin, þau hækka um 50%, verða tæpir 30 milljarðar. Að sjálfsögðu koma því ýmis merki fram í frumvarpinu um það sem gerst hefur hér að undanförnu en ég ítreka að við verðum að fá upplýsingar um það hverju við megum eiga von á til viðbótar.

Ég ætla aðeins að fjalla hér, hæstv. forseti, um stofnanirnar og beina sjónum sérstaklega að heilbrigðiskerfinu. Gert var ráð fyrir að áætlaður halli á heilbrigðisstofnunum væri eitthvað vel yfir 2 milljarða, þar af eru öldrunarstofnanir um 1 milljarður ef þær upplýsingar eru réttar sem ég hef, og á Landspítalanum var uppsafnaður halli áætlaður eitthvað yfir 2 milljarða. Að vísu eru í frumvarpinu tillögur um að taka að hluta til á uppsöfnuðum halla stofnana í heilbrigðisgeiranum en síðan er gert ráð fyrir því í fjárlögum ársins 2009 að flatur niðurskurður verði á þessar stofnanir. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvernig hann og ríkisstjórnin eða viðkomandi ráðherrar sjá fyrir sér að rekstrarforsendur þessara stofnana haldi á næsta ári. Við vitum að innbyggður halli er í þessu kerfi og mér þætti fróðlegt að heyra hæstv. ráðherra fara yfir það hvernig hann sér það fyrir sér að þetta haldi, hvaða vandamál við sjáum fram á í því sambandi. Ég er þeirrar skoðunar að leggja þurfi fram nýja stefnu um heilbrigðisþjónustuna út frá breyttum aðstæðum í ríkisfjármálunum. Mér sýnist því mjög stórt og mikið verkefni fram undan í þeim efnum ef þetta á allt að ganga eftir eins og menn leggja upp með.

Eins og fram kom hér áðan þarf auðvitað að fá niðurstöðu í það hvernig á að meðhöndla bæði útgjöld og eins skuldbindingar varðandi bankahrunið sem hér varð. Ég geri ekki lítið úr því sem hæstv. ráðherra sagði að það sé flókið mál að leysa úr því og finna út úr því hvernig það á að liggja en allt gerðist þetta á árinu 2008 þannig að ég geri ráð fyrir því að að minnsta kosti einhver hluti af þessu máli öllu saman komi fram í þessum fjáraukalögum þegar upp verður staðið. Ég ætla svo sem ekki að gera kröfur á ráðherrann um frekari upplýsingar um það hér í þessari umræðu, við munum fara yfir það í fjárlaganefndinni. En ég beini því til hæstv. ráðherra og bið hann kannski að íhuga það frekar en að svara því beint hér og nú hvort ekki sé rétt að taka saman greinargerð um allt er varðar hrunið á bönkunum og yfirtöku þeirra og aðkomu Seðlabankans og ríkissjóðs, og þá er ég tala um greinargerð sem fjallar fyrst og

fremst um það sem tengist ríkissjóði í þessu sambandi og einnig Fjármálaeftirlitinu. Ég bið hæstv. ráðherra bara að hugsa þetta fyrir okkur og með okkur.

Hv. þm. Jón Bjarnason fór hér yfir mál sem ég hafði ætlað mér að nefna og ég ætla að gera það þrátt fyrir allt vegna þess að ég hef miklar áhyggjur af Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, ég sé að ekki er gert ráð fyrir neinum aukafjárheimildum þangað. Ég hef hins vegar upplýsingar um að þeir sem stjórna þeim skóla hafi gert ráð fyrir því að auknar fjárheimildir kæmu, þeir hafa verið að vinna í fjármálum skólans. Ég mun fylgja því eftir í fjárlaganefndinni og er ekkert sérstaklega að beina því í þessari umræðu til hæstv. ráðherra, við munum fylgja því eftir í störfum nefndarinnar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frumvarpið á þessu stigi. Frumvarpinu var dreift í gær og við erum aðeins farin að fjalla um það í fjárlaganefndinni en munum gera það enn frekar næstu tvo dagana þó að tíminn sé stuttur. Við munum taka ítarlegri umræðu um þetta mál við 2. umr.

[20:38]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Hægt er að taka undir það sem sagt hefur verið um fjáraukalagafrumvarpið fyrir árið 2008, það hefði mátt koma fyrr fram. Nauðsynlegt hefði verið að leggjast aðeins yfir plagg af þessu tagi til þess að ná almennilega áttum í því, ná því almennilega um hvað það fjallar. Ekki hefur reynst nægur tími í þinginu þessa daga sem liðnir eru, hvort þeir eru tveir eða þrír, síðan það var lagt fram. Í því sambandi má kannski nefna að full ástæða er til þess að skoða fjáraukalagafrumvarpið almennt í fagnefndum þingsins. Það hefur ekki verið til siðs. Fagnefndir þingsins fá til umfjöllunar viðeigandi kafla í fjárlagafrumvarpinu en það sama hefur ekki gilt sem vinnuregla um fjáraukalagafrumvarpið. Ég hefði talið að í þessu tilfelli, þegar svona hratt er unnið, hefði verið full þörf á því að taka hvern kafla fyrir í fagnefndunum til þess líka að fólk áttaði sig á samhengi hlutanna, áttaði sig á því á hvern hátt ríkisstjórnin er að leggja til að einstökum fagstofnunum verði bættur upp halli eða óvænt áföll á árinu sem nú er að líða og hvernig það „harmonerar“ við fjárlagafrumvarpið sem er til umfjöllunar um svipað leyti, á sama tíma.

Því er ekki að heilsa, hæstv. forseti, og verður eflaust ekki breytt frekar en mörgu öðru sem maður vildi svo gjarnan geta breytt hér á þessum síðustu dögum þingsins fyrir jólafrí, ef það verður eitthvað. Það er afar þungbært að horfa á tölurnar sem birtast í fjáraukalagafrumvarpinu, samdráttinn í skatttekjunum eða tekjunum almennt og það hvernig gjöldin hafa vaxið og hversu óhagstæður tekjujöfnuðurinn er, og margt má segja um það sem tengist þeim aðstæðum sem hér eru.

Mig langar til að segja nokkur orð um það sem ég las úr ræðu hæstv. fjármálaráðherra þegar hann talaði fyrir frumvarpinu hér rétt áðan. Í framsöguræðunni þótti mér — ja, ég vil meina að hæstv. fjármálaráðherra hafi reynt að fjarlægja sjálfan sig og sinn ráðherradóm þessu þingmáli með því hversu fjarrænn hann var í öllum þessum flutningi á málinu. Ég tek þannig undir þau orð sem hv. þm. Jón Bjarnason lét hér falla áðan, það var ekki að ósekju að hann talaði um að ráðherrann hafi flutt mál sitt sem embættismaður og svari fyrir frumvarpið sem embættismaður frekar en ráðherra í ríkisstjórn, sem hefur auðvitað alla ábyrgð á sínum herðum hvað varðar þingmálið og þennan fjárauka. Við þurfum að geta tekist á pólitískt við hæstv. ráðherra sem þarf að axla þá ábyrgð hér í ræðustóli Alþingis sem hann og ríkisstjórnin með réttu bera á því hvernig lagt er upp með málin.

Mig langar, hæstv. forseti, til að eyða þessum stutta ræðutíma að mestu leyti í eitt mál. Það er mál sem gerð er grein fyrir á bls. 107 í fjáraukalagafrumvarpinu og heyrir undir fjármálaráðuneytið sjálft og varðar bætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn. Fram kemur í frumvarpinu að sótt sé um 125 millj. kr. framlag til að greiða það sem kallað er sanngirnisbætur til þeirra sem orðið hafa fyrir varanlegu tjóni á vistheimilum fyrir börn og kostnað úrskurðarnefndar í þeim málum enda liggi fyrir skýrsla frá nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 um að óforsvaranlega hafi verið staðið að málum við vistun á stofnunum eða heimilum í rekstri þess. Hér er skýrslan sem um ræðir, hæstv. forseti, skýrsla sem lögð var fram í febrúar 2008 upp á tæplega 360 blaðsíður. Það er sannarlega ófögur lesning.

Hæstv. forseti. Sú lesning er með þeim hætti að ég hefði haldið að annað og meira þyrfti til til að ljúka því máli sem hæstv. fjármálaráðherra er að reyna að ljúka hér í fjáraukalagafrumvarpinu. Ég hefði haldið að semja þyrfti um niðurstöðu en greinilega er sú leið ekki valin heldur kemur skipun að ofan frá hæstv. fjármálaráðherra um það að 125 millj. kr. skuli nægja í þessar sanngirnisbætur sem hann kallar svo og ekki bara bæturnar heldur líka í kostnað nefndar sem kölluð er úrskurðarnefnd í frumvarpinu.

Hvað á þessi úrskurðarnefnd að gera, hæstv. forseti? Hún á að meta skilyrði fyrir bótagreiðslum. Skilyrði bótagreiðslu samkvæmt fjáraukalagafrumvarpinu eru þau að umsækjandi hafi hlotið varanlegt tjón og leiddar séu líkur að því að það sé vegna vistunar á stofnun eða heimili sem undir fyrrnefnd lög fellur vegna illrar meðferðar eða ofbeldis af hendi starfsmanna þar eða annarra vistmanna. Umtalsverður hluti — og ég hefði gaman af að heyra frá hæstv. fjármálaráðherra hversu stór hluti það verði — á því að fara í kostnað við þessa nefnd.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég verð fyrir mjög miklum vonbrigðum með að lesa þetta hér í fjáraukalagafrumvarpinu. Ég veit að Breiðavíkursamtökin gerðu sér vonir um að einhverju samkomulagi um þessar bótagreiðslur yrði náð og hafi haft fulla ástæðu til að ætla að samningar mundu nást. Ég harma því að samningaborðið skuli hafi verið yfirgefið, ef það hefur þá yfir höfuð einhvern tíma verið ætlun ríkisstjórnarinnar að semja um þessar bótagreiðslur.

Við erum að ræða hér um börn, sennilega 100 börn, sem vistuð voru á Breiðavíkurheimilinu á því tímabili sem um ræðir. Segjum að 100 einstaklingar eigi rétt til bóta og þá erum við að tala um að 1 millj. kr. komi kannski í hlut hvers um sig. Og hvað er nú verið að tala um að bæta fólki sem þurfti að þola frelsissviptingu í æsku, ólöglega frelsissviptingu sem er brot á friðhelgi einkalífs og fjölskyldu? Og við skulum vera þess minnug að það voru ekki bara

drengir á glapstigum sem lentu á Breiðavíkurheimilinu, það voru líka drengir frá fátækum heimilum, hæstv. forseti. Þetta var staður sem var svo einangraður að tengsl barnanna við fjölskyldur sínar rofnuðu gjörsamlega og bara það er andstætt meginreglu flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna sem við erum skuldbundin til að fara eftir og vorum skuldbundin til þess þegar brotin voru framin gagnvart þeim drengjum sem í hlut eiga. Það er prinsipp flóttamannasamningsins að sameina fjölskyldur en sundra þeim ekki.

Drengirnir áttu ekki einu sinni einkalíf í síma. Þeir voru sviptir rétti til menntunar. Þeir voru ofþjakaðir af þungri og óhollri vinnu sem kalla má þrælkun en það er ekki bara brot á barnaverndarlögum núna heldur var það brot gegn barnaverndarlögum þess tíma. Það er líka bannað samkvæmt mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna að setja börn í þrælkunarvinnu. Þessi börn, sem svona var ástatt um, hæstv. forseti, fengu engan talsmann og þau þurftu að þola líkamlegar og andlegar refsingar og kynferðislega misneytingu ýmist af hálfu starfsmanna eða vistmanna. Eftirlitsskylda hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, brást algerlega.

Hæstv. forseti. Bæði lagaleg og siðferðisleg ábyrgð hvílir á hinu opinbera, á ríki og sveitarfélögum. Ef hæstv. fjármálaráðherra og ríkisstjórnin telja sig komast upp með að afgreiða þetta mál með þessum hætti í fjáraukalagafrumvarpi seint um kvöld örfáum dögum áður en þing á að fara í jólafrí, reyndar eftir að þingið á að vera farið í jólafrí, þá eru það gríðarleg vonbrigði. Það eru líka vonbrigði að menn skuli ætla sér að hafa þetta vinnulag, þ.e. að láta drengina gangast undir eitthvert mat á því hjá einhverri úrskurðarnefnd hvort þeir hafi hlotið varanlegan skaða af þessari vist. Ég tel það stríða gegn því sem gert hefur verið í nágrannalöndum okkar, ég tel nánast ómögulegt að fara að setja fullorðna menn, sem þurftu að þola harðræði í æsku, í mat af því tagi sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér. Ég hefði haldið að eðlilegra væri að ákveða það einhliða að þessi dvöl hafi skaðað drengina og að dvalarmánuðirnir verði látnir ráða því hversu háar bæturnar verði. Ég hefði talið, hæstv. forseti, og langar til að segja það hér að bætur barna sem lentu í því harðræði sem dvölin á Breiðavíkurheimilinu var ættu að vera að minnsta kosti hálf til heil milljón fyrir hvern dvalarmánuð.

Ég vil rökstyðja það með því að ákveðin fordæmi séu fyrir þeirri upphæð. Ég tel að þau sé að finna í dómi sem gengið hefur vegna óheimilla ófrjósemisaðgerða sem gerðar voru hér á sjöunda áratugnum og fjallað hefur verið um í fjölmiðlum, en þar voru bætur dæmdar einstaklingum allt að 10 millj. kr. Ég tel að hér sé um sambærilegt tilvik að ræða og ríkið geti ekki látið undir höfuð leggjast að bæta þessum einstaklingum það tjón sem þeir hafa orðið fyrir, þá æsku sem þeir fóru á mis við, kannski það líf sem þeir fóru á mis við með þeim hætti að sómi sé að.

Hæstv. forseti. Ég tel fullt tilefni til að spyrja út í ákveðna þætti í fjáraukalagafrumvarpinu en sé ekki að forsendur séu til þess að fara út í einstök atriði þessara mála hér. Ég hef þess vegna valið að helga ræðu mína þessu eina máli, sem heyrir undir hæstv. fjármálaráðherra og ráðuneyti hans, og treysti því að hann svari með einhverjum hætti gagnrýni minni sem ráðherra en ekki sem embættismaður og taki ábyrgð á því sem hann leggur til í þessu grafalvarlega máli. Ég hef þá lokið máli mínu, hæstv. forseti.

[20:51]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Því miður get ég ekki veitt hv. þingmanni mikil svör um það efni sem hún helgaði ræðu sína. Það er hefð fyrir því að bótaliðir eins og hér er um að ræða séu færðir í fjármálaráðuneytinu þó að efnisatriði máls heyri undir önnur ráðuneyti. Sú nefnd sem um þetta fjallar heyrir undir forsætisráðuneytið. Í samræmi við þær upplýsingar sem frá henni koma má gera ráð fyrir að verði farið að í þeim efnum sem eru í frumvarpinu, í samræmi við hefðir um það hvaða bótaliðir eru virtir.

[20:52]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú þarf hæstv. fjármálaráðherra að tala skýrar. Í fyrsta lagi vil ég segja að það veldur mér vonbrigðum að hann skuli leyfa sér að firra sig ábyrgð í þessu máli með þeim hætti sem hann virðist gera í andsvari sínu. Í öðru lagi vil ég að hann svari því hvaða nefnd hann er að tala um. Er hann að tala um nefndina sem gerði Breiðavíkurskýrsluna sem liggur hér fyrir á þskj. 683 í máli 429 frá síðasta þingi? Eða er hann að tala um einhverja aðra nefnd sem hafi gert tillögu að þessari upphæð við hæstv. ráðherra?

Ég tel að hæstv. ráðherra þurfi að skýra hér betur um hvaða nefnd hann er að tala og ég óska líka eftir því að fá að sjá með hvaða hætti gert er ráð fyrir að kostnaður skiptist, þ.e. annars vegar til þeirrar nefndar sem á að meta þá vistmenn sem koma til greina við bótagreiðslurnar og hins vegar til bótagreiðslnanna sjálfra.

Ég tel upplýsingarnar sem koma fram í texta frumvarpsins ófullnægjandi.

[20:53]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Hv. þingmaður á að vita gjörla hvar þetta mál er vistað og hvaða ráðuneyti hefur farið með það. Hún á einnig að vita hvernig almennt er farið með bótaliði eins og þessa. Það var hins vegar ekki rétt hjá mér að segja að nefndin hefði komið með þessar tillögur heldur eru þetta upplýsingar sem við fáum að beiðni frá forsætisráðuneytinu.

Ég get ekki svarað henni frekar um það en þetta.

[20:53]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er afar vonsvikin með þessi svör hæstv. ráðherra og mér finnst hann svara með hroka þegar hann segir að ég sem þingmaður eigi að vita hvernig farið sé með bótaliði af þessu tagi í fjáraukalagafrumvarpinu. Það kann vel að vera að ég eigi að vita það, en það þýðir ekki að hæstv. fjármálaráðherra þurfi ekki að svara þeim spurningum sem lagðar eru fyrir hann úr ræðustóli. (Gripið fram í.) Þetta er mál ríkisstjórnarinnar sem ríkisstjórnin þarf

að bera ábyrgð á og hæstv. fjármálaráðherra er í forsvari fyrir fjáraukalagafrumvarpið. Hann á að vera búinn að kynna sér vel þá liði sem hér eru, ég tala nú ekki um þegar það eru liðir upp á annað hundrað milljónir króna, hann á að geta svarað fyrir þá betur en hann gerir hér.

Ég vil segja þetta við hæstv. fjármálaráðherra: Ég krefst þess að þetta mál verði skoðað í nefndum þingsins á milli umræðna og ég treysti því og vona svo sannarlega að þingheimur komi til með að reka af okkur slyðruorðið eða þessari ríkisstjórn og fara í þetta mál með öðrum hætti en hér er lagt til.

[20:55]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Það er víst kominn 16. desember þegar við tökum til við að ræða frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2008, einum 4–5 dögum eftir að Alþingi átti að ljúka störfum og verður varla sagt að það sé mjög snemma á ferðinni, þetta frumvarp.

Það hefði út af fyrir sig verið skiljanlegt ef ríkisstjórnin hefði meðvitað beðið með það til þess að taka inn í það allar þær breytingar sem hér hafa orðið og menn teldu rétt og skylt að taka inn í fjáraukalög vegna þess að þær skuli bókfæra á fjárlagaárinu 2008, en þeim mun meiri furðu vekur, eins og hv. þm. Jón Bjarnason kom reyndar inn á, að þegar frumvarpið loksins birtist hér og er tekið til umræðu, með afbrigðum eins og flest þessa dagana, er ekkert í því nema það sem lá í aðalatriðum fyrir strax í haust.

Það er afar sérkennilegt, frú forseti, að hér skuli þá ekki gerð tilraun til að taka á þeim hlutum sem væntanlega þarf og á að bókfæra samkvæmt okkar reglum, fjárreiðulögum og öðrum slíkum reglum á fjárlagaárinu 2008.

Hverju sætir það að áfallinn eða skuldbundinn kostnaður sem tengist efnahagshruninu skuli ekki vera einhvers staðar skráður? Ekkert annað en einhverjar lítils háttar breytingar á lántökum vegna hluta sem áttu sér stað í vor og sumar. Hvernig er t.d. með þau fjárútlát sem ríkið nú þegar hefur innt af höndum til að stofna nýju bankana? Þeir urðu ekki til úr engu. Einhverja peninga varð að setja inn í þá. Jú, heimild til þess er væntanlega í neyðarlögum, en á það ekki að færast inn í fjáraukalög samkvæmt venjulegum bókhaldsvenjum hér og reglum um fjárreiður ríkisins? Hvar er það að finna eða hvernig hugsar hæstv. fjármálaráðherra sér að hafa þetta? Kemur það við 2. umr. eða 3. umr.? Hvernig eru vinnubrögðin hugsuð í þessum efnum?

Varðandi þann halla sem hér er verið að takast á við í mikilvægum stofnunum eins og heilbrigðisstofnunum og menntastofnunum er einfalt um það að tala að því er lýtur að frágangi fjárlaga fyrir yfirstandandi ár hér á svipuðum tíma fyrir ári, að þar er nokkurn veginn nákvæmlega á ferðinni sú vanáætlun sem þá var bent á og allir vissu að var á ferðinni, vanáætlun á stærstu heilbrigðisstofnanirnar eins og Landspítalann, Sjúkrahúsið á Akureyri og Heilsugæsluna. Þá lá líka fyrir eins og það liggur fyrir núna að sumar þessara stofnana voru að draga langan og erfiðan skuldahala sem mundi að sjálfsögðu ekki gufa upp af sjálfu sér og óumflýjanlegt var að takast á við og gera þessum stofnunum kleift að ráða niðurlögum á.

Þessir hlutir snúa að því liðna, að því hvernig fjárlög voru eins og stundum áður, því miður, sett saman á óraunhæfum forsendum fyrir ári. Í raun var engin sérstök tilraun gerð til þess að takast á við það frekar en stundum áður.

Þegar kemur hins vegar að því sem gerst hefur á síðustu mánuðum og horfunum fram að áramótum, og eru nú ekki margir dagar eftir, er það auðvitað allt annað mál. Þá verður að horfast í augu við umtalsverðan tekjusamdrátt nú á síðustu mánuðum ársins vegna þess hvernig hefur snarhægt á í hagkerfinu og vegna hinnar miklu hagsveiflu niður á við. Það rifjar upp fyrir mér að hér við umræður um fjárlaga- eða fjáraukalagafrumvarp, hvort heldur var, í fyrra, í fyrri hluta desembermánaðar, var ég hér að fylgjast með umræðum og hafði ekki endilega hugsað mér að taka þátt í þeim sjálfur en þá fóru nokkrir ræðumenn í ræðustól og höfðu aðallega af því áhyggjur að tekjur ríkissjóðs kynnu að verða vanáætlaðar á árinu 2008 eins og hent hefði árin þar á undan, eitt eða tvö, þegar þenslan og vitleysan fór í himinhæðir og froðutekjur streymdu inn í ríkissjóð þannig að afkoma hans varð betri en menn höfðu áætlað og afgangurinn meiri.

Eitthvað sagði mér að því miður mundu þessir menn ekki hafa rétt fyrir sér og ég leyfði mér að segja að það yrði þá ekki mikið vandamál ef útslagið yrði á þá leiðina, að afkoma ríkissjóðs yrði betri á árinu 2008. Eitthvað sagði mér að því miður væru verulegar líkur á hinu gagnstæða. Og hver er niðurstaðan þegar það er skoðað? Jú, það kemur fram í umfjöllun um tekjur að afgangurinn sem menn montuðu sig af og átti að verða upp á tæpa 40 milljarða, ef minni mitt svíkur ekki, er kominn í 4,7 milljarða halla, sem sagt 44 milljarða sveifla til hins verra er nú áætluð fyrir ríkissjóð á árinu. Það munar um minna. Það eru meira en tveir þriðju af hinum frægu sölutekjum Landssímans svo eitthvað sé nú nefnt. Þar munar mest um að tekjuskattur lögaðila dregst harkalega saman og reyndar ýmsir fleiri tekjustofnar nokkuð eins og skattar á vöru og þjónustu.

Það skýrir þessa dapurlegu útkomu sem þarna stefnir í að verða og er þetta þó hátíð hjá því sem í vændum er, því miður.

Það er athyglisvert að um það má lesa í þessu plaggi að loftkastalar og ævintýramennska hæstv. ríkisstjórnar í heilbrigðismálum sem var hluti af myndun ríkisstjórnarinnar sem, eins og menn kannski muna, fór hér í ákaflega vanhugsaðar og illa undirbúnar breytingar á Stjórnarráði Íslands og stefndi í kjölfarið á skipulagsbreytingar í heilbrigðismálum sem ganga ekki par vel, að sagt er, logar allt í illindum og ósætti milli stofnana og milli ráðherra um þau mál. Þetta kostar heilmikla peninga og þarna setur hæstv. fjármálaráðherra inn í frumvarpið tillögu um viðbótarframlag inn í þennan kostnað upp á 25 millj. kr. vegna ráðgjafarkostnaðar við undirbúning breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum. Síðan hefur verið upplýst að árlegur kostnaður vegna þessara breytinga, að kljúfa þetta upp og semja nýjan hugbúnað og nýtt kerfi og aðgreina þetta og reka í tvennu lagi í staðinn fyrir á einum stað, í Tryggingastofnun eins og verið hefur, sé 200–250 millj. kr. á ári. Þegar hæstv. forsætisráðherra kom hér og sagði að þessar tölur væru fjarri sanni var honum vinsamlega bent á að þeir sem væntanlega hvað gerst til þekkja, eins og forstjóri Tryggingastofnunar, segja að inn í þetta vanti kostnað sem lendi á þeirri stofnun. Hún hefur borið hitann og þungann af því að

undirbúa þetta en fjárveitingarnar fara í nýja gælubarnið Sjúkratryggingastofnun. Með öðrum orðum telja menn sig hafa efni á þessu rugli á sama tíma og þeir blóðskera hér niður með tilfinnanlegum hætti ýmsa aðra hluti. Getur nú ekki hæstv. fjármálaráðherra tekið einu sinni á sig rögg og tekið af skarið og sagt, nei, við hættum við þetta? Þetta kemur til með að kosta okkur stórfé, þetta hefur ekkert skapað nema illindi og þarna getum við þá a.m.k. sparað peninga.

Hverju sætir það að hæstv. fjármálaráðherra er ekki með sömu gleraugu á nefinu þegar hann fer inn í þennan málaflokk? Er það af því að þetta er sérstakt gæluverkefni einkavæðingarsinnanna í Sjálfstæðisflokknum og þar með heilagt? Þar með skal það blífa og fá viðbótarfjárveitingar í fjáraukalögum á sama tíma og menn eru hér með í höndunum frumvarp fyrir næsta ár þar sem allt er skorið niður við trog.

Ég vil líka segja alveg eins og er að ég var snarhissa þegar ég sá að það ætti að skerða fjárveitingar til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Eitthvað annað hélt ég að væri kannski skynsamlegt með hliðsjón af því sem í vændum er hjá þeim sjóði. En það á að skerða útgjöld þar um 3.000 millj. kr. vegna áætlunar um lægra atvinnuleysi en upphaflega var ráð fyrir gert, og auðvitað er gleðilegt að framan af árinu var slíku til að dreifa. Á móti koma 447 millj. kr. útgjöld sem tengdust kjarasamningum og hækkun lágmarksfjárhæðar, en væri nú ekki skynsamlegt að leyfa bara Atvinnuleysistryggingasjóði að halda þessu og eiga það í sjóði? Er það ekki rétt, herra forseti, að miðað við áætlanir um atvinnuleysi núna sem getur orðið allt að 10% í lok næsta árs stefni í að Atvinnuleysistryggingasjóður verði upp urinn á lokamánuðum næsta árs? Það hafa sagt mér glöggir menn sem þekkja til þess og hvert prósentustig í atvinnuleysi kostar um 3 milljarða króna. Þá er það tiltölulega einfalt reikningsdæmi. Hvers vegna er Atvinnuleysistryggingasjóður ekki látinn halda þessu og eiga það í handraðanum?

Um heilbrigðisstofnanirnar, sjúkrahúsin og heilsugæsluna, vil ég segja að mér finnst það dálítið merkilegt við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir núna og vitandi það sem í vændum er, t.d. um gríðarlegan niðurskurð akkúrat á þessum lykilstofnunum, Sjúkrahúsinu á Akureyri, á Landspítalanum og í heilsugæslunni, sem eiga að taka á sig mjög tilfinnanlegan niðurskurð í fjárlögum næsta árs ef þau verða afgreidd á þeim nótum sem þau standa nú eftir 2. umr. og atkvæðagreiðslu, að skuldahali þessara stofnana skuli ekki bara tekinn af þeim að fullu þannig að þær standi þá skuldlausar um áramótin til að takast á við hinn hrikalega niðurskurð sem þær eiga svo að fara að glíma við. Ríkisstjórnin hefur búið sér hér til einhverja þumalputtareglu um að gera þetta u.þ.b. að tveimur þriðju. Af hverju er ekki bara gengið hreint til verks?

Er það ekki a.m.k. þannig að við eigum þessi fjárlög og fjáraukalög ársins 2008 í friði? Við ráðum einhverju um þetta sjálf því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er, að því ég best veit, ekki að skipa okkur beinlínis fyrir verkum hvað varðar meðferð mála á þessu ári. Og um það er ekkert að finna í biblíunni frá honum.

Ég minnist haustsins 1988 þegar ný ríkisstjórn tók til starfa, ef ég man rétt 28. september, við afar erfiðar aðstæður. Þá þurfti að taka til eftir Sjálfstæðisflokkinn eins og stundum áður og síðar, og miklir erfiðleikar voru fyrirsjáanlegir á komandi ári og blöstu við í fjárlagagerðinni sem í hönd fór um haustið. Þá var tekin sú niðurstaða að auðvelda mönnum að takast á við erfiðleikana á næsta fjárlagaári með því að láta menn a.m.k. ekki leggja af stað með þungbærar skuldir inn í það ár. Ýmiss konar óráðsíureikningar sem þá biðu og voru ógreiddir í ráðuneytum voru einfaldlega gerðir upp, en mönnum síðan gert það ljóst að þeir yrðu að takast á við þær naumt skornu fjárveitingar sem kæmu síðan í fjárlögum næsta árs og til þess væri ætlast. Þessu tóku menn almennt vel og brugðust vel við því að reyna að reka starfsemi sína með naumum fjárveitingum enda hafði þá verið komið til móts við aðstæður þeirra eins og þær sannanlega voru.

Nú er hér horfst í augu við t.d. það að ekki var hægt að reka Landspítalann með óbreyttri starfsemi fyrir þær fjárveitingar sem honum voru ætlaðar í fjárlögunum og talan nokkurn veginn sú sem talað var um hér, þ.e. að algert svartasta lágmark væri hún 700 millj. kr. í viðbót, helst milljarður til 1.200 millj. kr. Svipað var upp á teningunum gagnvart Sjúkrahúsinu á Akureyri, að þar væri í raun og veru vanáætlun, ég tala nú ekki um að teknu tilliti til skuldanna upp á um 300 millj. kr.

Heilsugæslan, nákvæmlega sama dæmi blasti við og í mörgum mikilvægum heilbrigðisstofnunum eins og t.d. Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Heilbrigðisstofnun Austurlands. Jú, hér munar vissulega um að höggvið er að tveimur þriðju hlutum til í halann ef þessu verður skipt á þeim nótum í þessum potti en þeim mun meiri sem hallinn var og erfiðleikarnir meiri eins og hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands, þeim mun stærri er þriðjungurinn sem eftir situr í hlutfalli við veltu viðkomandi stofnana.

Ég undrast að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki ganga hreinlegar til verks, ég tel það vera mikil mistök og ég er alveg sannfærður um að forstöðumenn þessara stofnana yrðu samstarfsfúsari og viljugri ef þeir mættu skilningi að þessu leyti því að það er ekkert meira niðurdrepandi en að dragnast með gamla skuldahala ár eftir ár og sjá aldrei til lands. Það er það sem drepur menn mest niður. Fyrir því (Forseti hringir.) hef ég mörg vitnin og dæmin þegar maður hefur rætt við forstöðumenn stórra stofnana sem hafa búið við slíkt árum saman. Það slítur mönnum upp og gerir þá dapra og vonlausa ef þeir fá aldrei skilning á slíku hjá yfirboðurum sínum. Ég skora á hæstv. fjármálaráðherra (Forseti hringir.) að hugleiða þetta milli umræðna og hreinsa þarna betur til.

[21:11]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Talsvert hefur verið spurt hér af fyrri ræðumönnum og ég vænti þess að hæstv. fjármálaráðherra svari því og ætla þess vegna ekki að endurtaka margt. En ég hef sömu áhyggjur að því er varðar hvernig á að færa skuldir og lántökur inn í lokastöðu ársins og velti talsvert fyrir mér hvort tölurnar sem við skoðum hér — talað er um 234 millj. kr. lántökur og tæplega 98 milljarða kr. afborganir vegna lána upp á 74 milljarða kr. — hvort þetta sé rétt

framsetning á málinu. Ég hef um það ákveðnar efasemdir eða skil kannski ekki málið og bið hæstv. fjármálaráðherra að fara þó nokkrum orðum um hvernig skuldir ríkissjóðs verða skráðar í fjáraukalagafrumvarpinu um áramótin eða eins og við munum afgreiða það.

Upplýsingar okkar um lánamál ríkisins segja að þar hafi staðið talan 564 milljarðar kr. 31. október. Ég vænti þess að sú tala komi einhvers staðar fram í lokaskjali fjáraukalagafrumvarps þessa árs, eða misskil ég upplýsingarnar sem við höfum fengið um stöðuna?

Ég velti líka fyrir mér, hæstv. forseti, hvernig verður fært inn í fjáraukann og ég held að ég hafi heyrt hæstv. fjármálaráðherra segja að verið sé að skoða hvort lán sem tekin hafa verið á árinu, m.a. með yfirdrætti hjá Norðurlöndunum — þetta var lánsheimild sem við veittum í vor upp á 500 milljarða — ættu heima í fjáraukanum eða fjárlögunum.

Síðan spyr ég, af því ég held að enginn hafi spurt að því, hvað með lánið sem Seðlabankinn veitti Kaupþingi? Hvar verður gert ráð fyrir því? Eigum við ekki veð í einhverjum dönskum banka, hæstv. fjármálaráðherra, út á það? Verður það skráð einhvers staðar í fjárauka þessa árs? Ég hef skilið það svo að það sem við höfum ráðstafað á þessu ári, tekin lán eða lán sem við höfum veitt og þar af leiðandi einhvers staðar tekið út, þyrfti að koma fram í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2008 en ekki færast yfir á árið 2009.

Mig langar til að fá nánari upplýsingar um það hjá hæstv. fjármálaráðherra í lokaræðu hans um málið hvernig skuldir ríkissjóðs verða færðar í fjáraukanum og í niðurskurði fjárlaga, væntanlega þá inn í ríkiseignir síðar fyrir árið 2008.

Ég heyrði vangaveltur hæstv. ráðherra um að kannski væri ekki alveg ákveðið hvernig með þetta væri farið en ég verð að segja eins og er að mér finnst að skuldbindingar og ráðstafanir sem hafa verið gerðar á árinu hljóti að eiga heima í fjárlögum þessa árs en færist ekki yfir á næsta ár. En það kann að vera einfaldleiki minn og ætla ég ekki að halda því fram að ég kunni tilfærslur í ríkisfjármálum alveg fram og til baka. En ég vænti þess að hæstv. fjármálaráðherra geri það og geti svarað einföldum spurningum mínum.

Svo er eitt mál hér sem kemur fram í þessum plöggum. Það er sérstök 700 millj. kr. fjárveiting til Vestmannaeyjakaupstaðar út af nýrri vatnslögn til Vestmannaeyja. Við gerum okkur öll ljóst að bráðnauðsynlegt var að klára það mál en ég held að fjármálahliðin á því sé ekki alveg svo einföld. Ef ég man rétt hafði Vestmannaeyjabær fest fyrirtæki allar veitulagnir sínar, hitaveitu sem vatnsveitu, og þá hefði væntanlega það fyrirtæki þurft að takast á við þann veitukostnað eða lagnakostnað sem fylgir því að reka veitukerfi í Vestmannaeyjum.

Ég geri mér grein fyrir því að ekki er venjulegt mál að koma vatni til kaupstaðarins í Vestmannaeyjum, sem er úti á eyju, og er miklu meiri kostnaður heldur en mörg önnur sveitarfélög geta orðið fyrir eða aðrir þeir sem reka slíkar veitur. En allt að einu þarf svar við því hvernig þessar 700 millj. kr. færast.

Er það þá svo að ríkissjóður eigi 700 millj. inni í þessu veitufyrirtæki eða með hvaða hætti verður þetta fært? Ef ég veit rétt eru tekjur af sölu fersks vatns í Vestmannaeyjum kannski 25–35 millj. kr. á ár. Fær ríkissjóður þá hluta af þeim tekjum til baka til að borga 700 millj. eða hvernig er þetta gert? Eða er búið að stofna sérstakt félag um fjármunina sem kostaði að leggja þessa nýju vatnslögn til Vestmannaeyja? Á ríkissjóður í því félagi eða hvað? (**Iðnrh.:** Ekki er þingmaður á móti því?) Alls ekki hæstv. iðnaðarráðherra. Hafðu engar áhyggjur af því að ég sé á móti landsbyggðinni. Ég geri mér grein fyrir því að dýrt er að leggja vatn til Vestmannaeyja. Hæstv. ráðherra var ekki í salnum þegar ég sagði það áðan. (Gripið fram í.)

Mér finnst að klárt þurfi að vera hvernig þetta er fært. Því auðvitað er hægt að finna mikil fordæmi í þessu og hvað með hitaveitur sem verið er að leggja á staði úti á landi sem ríkið hefur lagt til o.s.frv. (Gripið fram í.) Já. Ýmislegt má sjá í fjáraukanum. En það er líka ýmislegt sem mér finnst ekki útskýrt nægilega vel og þess vegna spyr ég, hæstv. iðnaðarráðherra. Til þess er nú þessi ræðustóll að geta spurt ráðherrana um það sem við viljum fá upplýsingar um.

Úr því að menn hafa einhverjar efasemdir um að eigi að spyrja svona spurninga þá ætla ég bara að spyrja hér í lokin einfaldrar spurningar, sem ég vænti að menn geti svarað. Það kemur fram undir liðnum umhverfisráðuneytið, sem er ekki alveg ókunnugt hæstv. iðnaðarráðherra. En þar talað um og kannski getur iðnaðarráðherra hæstv. frekar upplýst mig um þetta en hæstv. fjármálaráðherra. (Gripið fram í.) Já, allt í lagi, flott. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Að lokum er óskað eftir 8 millj. kr. framlagi til að mæta hluta af kostnaði stofnunarinnar vegna landgöngu tveggja ísbjarna síðastliðið sumar.“

Mig langar að vita hversu mikill þessi kostnaður var, sérstaklega varðandi þyrlugjöldin þar sem menn flugu fram og til baka með einhvern trékassa frá Kaupmannahöfn og ef ég veit rétt passaði kona bóndans barn dýralæknisins — og af því hæstv. fjármálaráðherra er nú dýralæknir geri ég ráð fyrir að hann sé gjörkunnugur því (Gripið fram í.) hvernig staðið er að svona málum.

Ég vænti þess að þeir tveir hæstv. ráðherrar sem hér sitja á bekkjum — og þakka ég þeim fyrir viðveruna — geti skýrt þetta út fyrir mér. (**Gripið fram í:** Já.) Hvað fór í þessi ísbjarnaævintýri, sérstaklega það síðara þar sem menn flugu jafnvel í þotum norður í land. Ég held að umhverfisráðherra hafi gert það til að komast á vettvang ísbjarnarins.

Rétt fyrir ofan þennan texta, hæstv. forseti, er talað um fjárveitingu annars vegar til gestastofu á Látrabjargi og hins vegar gestastofu á Hornbjargi. (**Gripið fram í:** Sem á að loka.) Já, Hornstrandagestastofu. Hér er verið að leggja til fjármuni í það og ég held að það sé þokkalegt mál vegna þess að það getur stuðlað að aukningu ferðamanna á svæðið. (Gripið fram í.)

Síðan sá ég í fjárlögunum að þessar upphæðir eru settar á núll við næsta ár. Ég verð að spyrja hæstv. ráðherra sem sitja á bekkjum, annars vegar iðnaðarráðherra, sem er nú nátengdur þessu, og hins vegar fjármálaráðherra. Er þetta stefnan? Eru settir peningar í þetta í fjáraukanum á þessu ári en kippt svo algerlega út á næsta ári? Hvað þá? Er þá framkvæmt?

Af því að ég heyrði á hæstv. iðnaðarráðherra að ég hefði kannski spurt flókinna spurninga um stórar tölur í upphafi

þá eru þetta hvort tveggja svo einfalt, um ferðamálin og gestastofurnar og ég tali nú ekki um ísbirnina. Menn hljóta að geta svarað því hér í lokin.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að leggja fleiri spurningar í bili fyrir hæstv. ráðherra en þakka fyrir fram fyrir góð og skilmerkileg svör.

[21:23]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þessar skýringar séu ónákvæmar hvað varðar ísbjörninn. Kostnaðurinn var meiri en þar kemur fram og ég skal gera ráðstafanir til að það verði útskýrt betur í hv. nefnd.

Varðandi vatnslögnina til Vestmannaeyja er þetta framlag til Vestmannaeyjabæjar til að Vestmannaeyjabær geti síðan vegna þessa framlags tryggt það að vatnskostnaður í Vestmannaeyjum verði ekki óheyrilega hár og langt umfram það sem annars staðar gerist.

Varðandi síðan spurningar hv. þingmanns um færslurnar er það álitamál frá þessu ríkisbókhaldslega sjónarmiði hvar beri að færa þann kostnað sem á okkur hefur fallið að undanförnu eða mun falla á okkur fyrirsjáanlega eða líklega, þá kannski helst vegna bankanna. Þó að við tölum um þá eins og þeir séu fallnir eru þeir ekki orðnir gjaldþrota. Og þótt það sé búið að stofna þessa nýju banka er ekki enn þá ljóst hvert eiginfjárframlagið þarf að vera og það er ekki gert ráð fyrir því að það verði innt af hendi fyrr en á næsta ári og þegar mat á bönkunum hefur farið fram verður ljóst hvert framlagið er.

Það eru enn þá spurningarmerki í þessu og við erum að vinna úr þeim. Eins og fram hefur komið hér áður í kvöld munum við væntanlega verða með fullmótaðar tillögur um það áður en afgreiðslu þeirra tveggja frumvarpa sem við höfum rætt hér í dag og í gær lýkur.

[21:25]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Við höfum það þá bara á tæru að ekki er búið að taka ákvörðun um það hvernig þetta verður fært en verður væntanlega skýrt mun betur en liggur fyrir hér og nú.

Ég fagna því einnig að fá nákvæmari kostnað vegna ísbjarnaveiða á Norðurlandi og treysti því að þau svör muni berast mér á minnisblaði. Það verður fróðlegt að sjá hvað okkur tókst til í þeim efnum öllum. Þakka svo fyrir góð svör.

[21:26]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Af því að svo mikið hefur verið rætt um alls konar bandorma og hvernig á að berjast við bandorma í dag í tengslum við bandormsfrumvarp ríkisstjórnarinnar varð mér litið á lið í fjáraukalagafrumvarpinu sem heyrir undir forsætisráðuneytið sem ég vildi spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í. Í fjáraukalagafrumvarpi er óskað eftir fjármagni upp á 30 millj. kr. út af efnahagsrannsóknum Þegar maður les textann — þetta er nú í fjáraukalagafrumvarpinu — sést að þetta er eitthvað sem skyndilega kemur upp og hefur greinilega verið í mesta ólestri áður. Þar er talað um, með leyfi forseta:

„Óskað er eftir 30 millj. kr. framlagi til verkefna á sviði efnahagsmála. Unnið er að því að efla rannsóknir og greiningu á íslensku efnahagslífi með það að markmiði að auka þekkingu og skilning á því innan lands sem erlendis.“ Þetta verður í fjáraukalögum.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Var þetta í svona algerum ólestri að menn verða að taka inn í fjáraukalög að fara að reyna að auka þekkingu og skilning forsætisráðherra bæði innan lands og erlendis á efnahagsmálum? (Gripið fram í.) Það er það sem ég er að segja.

Síðan kemur þarna viðbót sem ég ætla líka að spyrja hæstv. ráðherra út í af því að þetta kemur í fjáraukalög sem sýnir vanbúnað forsætisráðherra í þessum efnum. Þar segir:

„Jafnframt er um að ræða tímabundna ráðgjöf í efnahagsmálum til forsætisráðuneytisins, einkum á sviði peninga- og fjármálamarkaðar.“

Ég hélt að það væri stórvarasamt að kalla þetta tímabundið, a.m.k. ef þessi forsætisráðherra situr þarna áfram sýnist mér að þetta ekki geti orðið tímabundið. Menn voru rétt að uppgötva að þetta væri í þessum ólestri. Ég spyr hann út í þetta: Hvaða röksemd liggur að baki því að allt í einu þurfti að fara að uppfræða forsætisráðherra um stjórn efnahags- og peningamála? Er þetta kannski norski hernaðarsérfræðingurinn sem var að kenna hæstv. forsætisráðherra hvernig hann ætti að koma fram í sjónvarpi, hvenær hann ætti að vera í viðbragðsáætlunum og öðru slíku og ráðleggja honum um hvernig hann ætti að koma fram? Hvar kemur sá kostnaður annars fram?

Ég spyr hvort gert sé ráð fyrir að þessi liður um tímabundna ráðgjöf til forsætisráðherra í efnahagsmálum, einkum á sviði peninga- og fjármálamarkaðar, dekki hernaðarráðgjafann sem forsætisráðherra fékk til að hjálpa sér í að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í efnahagsmálum.

[21:29]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. þingmanni var talið nauðsynlegt að kalla til tímabundna ráðgjafa í efnahagsmálum í forsætisráðuneytinu vegna þeirra aðstæðna sem upp komu. Það hefur síðan tengst öðrum atriðum sem talið var skynsamlegt að ýta undir í tengslum við það.

Norski fjölmiðlaráðgjafinn fellur hins vegar ekki undir efnahagsrannsóknir, hann fellur undir lið 1.90, að ég tel, sem er neðarlega á blaðsíðu 76 og efst á blaðsíðu 77. Þar er um að ræða lið þar sem sótt er um fjárveitingu vegna kostnaðar við bæði erlenda og innlenda ráðgjafa og nauðsynlegar aðgerðir ríkisins vegna ástandsins sem við höfum verið að ræða hér á undanförnum dögum. Þar eru m.a. tilgreindir þeir aðilar sem þar að koma og þar er nefnt norska ráðgjafarfyrirtækið Retainer & Company AS sem ég leyfi mér að ályktа að sé það fyrirtæki sem tengist norska fjölmiðlaráðgjafanum.

[21:30]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil eiginlega þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir að hafa áttað sig á þessu og getað leiðrétt mig í

þessum efnum. Auðvitað hefði maður áhyggjur af því ef þessi norski hernaðarsérfræðingur hefði ekki fengið borgað fyrir það þegar hann kom hérna til landsins. Er hann ekki örugglega farinn? Er hann nokkuð enn þá að stilla mönnum upp í röð og ákveða í hvaða röð þeir eigi að labba inn á fréttamannafundi og þess háttar?

Það er alveg hárrétt, þarna stendur þetta eins og ráðherra gat réttilega um. Þetta eru 250 millj. kr., enda voru líka þessar 30 millj. kr. svo hlægilega lágar í þessu sambandi að það var ekki hægt að hugsa sér að hægt væri að fá norskan hernaðarsérfræðing fyrir þá upphæð. Þarna eru 250 millj. kr. vegna kostnaðar við erlenda og innlenda ráðgjöf og nauðsynlegar aðgerðir ríkisins vegna neyðarástands á fjármálamarkaði í framhaldi af falli þriggja stærstu banka landsins. Auk þess er gert ráð fyrir 100 millj. kr. ráðstöfunarfé til greiðslu þessa kostnaðar.

Um er að ræða kostnað ríkissjóðs við sérfræðiþjónustu og ráðgjöf vegna endurreisnar íslenska fjármálakerfisins — sem hefur reyndar ekki enn tekist — og alþjóðasamskipta auk almannatengsla. Það er alveg hárrétt hjá ráðherra að þetta kemur þarna inn í. Þá er forvitni minni um það mál í sjálfu sér svalað, það er fínt að fá þetta fram og hvort það sé ekki alveg öruggt að þessi hernaðarsérfræðingur og göngulagsskipuleggjari forsætisráðherra sé farinn úr landi.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fjárln.

Fundi slitið kl. 21:33.

---

60. FUNDUR

miðvikudaginn 17. desember,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Virðisaukaskattur, vörugjald o.fl., stjfrv., 247. mál, þskj. 364. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 28. mál, þskj. 28, nál. 351, brtt. 352. — 2. umr.
4. Niðurfelling laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs, stjfrv., 169. mál, þskj. 204, nál. 354. — 2. umr.
5. Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins o.fl., stjfrv., 179. mál, þskj. 222, nál. 359. — 2. umr.
6. Almannatryggingar, stjfrv., 235. mál, þskj. 326, nál. 358. — 2. umr.
7. Fjárhagsleg fyrirgreiðsla úr ríkissjóði til málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum, frv., 248. mál, þskj. 365. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

[13:30]

Útbýting:

Innlent leikið sjónvarpsefni, 166. mál, svar menntmrh., þskj. 366.

Meðferð sakamála, 217. mál, nál. allshn., þskj. 367.

Störf þingsins.

Afstaða Sjálfstæðisflokksins til aðildar að ESB.

[13:30]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég hef áhuga á að spyrja hv. þm. Bjarna Benediktsson, formann utanríkismálanefndar, út í grein sem hann og hv. þm. Illugi Gunnarsson skrifuðu í Fréttablaðið á laugardaginn. Þar er komið inn á Evrópumál með þeim hætti að ég tel eðlilegt að þingið verði upplýst um hvað hér er á ferðinni því að þessi mál verða væntanlega mjög mikilvæg fyrir hagsmuni okkar til framtíðar.

Hæstv. utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur gripið inn í innri málefni Sjálfstæðisflokksins á opinberum vettvangi með því að segja að komist Sjálfstæðisflokkurinn ekki að því að fara eigi í aðildarviðræður við Evrópusambandið sé sjálfhætt í ríkisstjórninni. Þannig að búið er að hóta ríkisstjórnarslitum ef Sjálfstæðisflokkurinn samþykkir ekki ákveðna stefnu sem er hæstv. utanríkisráðherra þóknanleg.

Í greininni sem mig langar að spyrja út í, sem er talsverð varnargrein, þá segja hv. þingmenn, með leyfi forseta:

„Verði það niðurstaða endurmats Sjálfstæðisflokksins að hagsmunum þjóðarinnar sé enn betur borgið utan ESB væri það engu síður mjög í samræmi við ríka lýðræðishefð í Sjálfstæðisflokknum að láta málið ganga til þjóðarinnar í kjölfar viðræðna.“

Hér er línan lögð. Skítt með hvað Sjálfstæðisflokkurinn samþykkir á landsfundi sínum. Ef hann samþykkir að við eigum frekar að vera utan ESB, skítt með það, við skulum samt fara í aðildarviðræður. Hvernig er hægt að komast að þessari niðurstöðu? Ef maður er í ríkisstjórnarflokki, hvernig ætlar maður að hunsa niðurstöður eigin flokks? En þetta telja hv. þingmenn Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson að sé mögulegt. Ég skil þetta ekki á neinn annan hátt en svo að Sjálfstæðisflokkurinn sé að leggjast algerlega flatur fyrir Samfylkingunni, algerlega. Þeir ætla ekki að taka mark á niðurstöðunni á landsfundi sínum, hver sem hún verður.

[13:33]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að hafa lesið greinarskrif mín og hv. þingmaður getur ef til vill komið hingað upp síðar og gert nánar grein fyrir Evrópustefnu Framsóknarflokksins, sem mörgum þykir vera býsna

óljós um þessar mundir. Ég hef stutt stefnu Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum og tilheyri þeim hópi sjálfstæðismanna sem telur hag Íslendinga best borgið utan Evrópusambandsins.

Á hinn bóginn tel ég að það efnahagslega áfall sem við höfum nú orðið fyrir gefi okkur tilefni til þess að fara að nýju yfir það hagsmunamat sem stefna flokksins í málinu hvílir á og eins og kunnugt er verður landsfundur flokksins haldinn nú í lok janúarmánaðar þar sem Evrópumálin verða m.a. á dagskrá.

Þau mál sem ég tel mikilvægt að fara sérstaklega yfir í því samhengi, með hliðsjón af atburðum síðustu vikna, snúa að því hvernig best verði unnið að öflugri efnahagslegri endurreisn okkar, mikilvægi fullra yfirráða yfir auðlindunum, framtíðarpeningamálastefnu landsins, stöðu EES-samningsins og mikilvægi frekara pólitísks samstarfs við Evrópusambandið fyrir framtíðarhagsmuni okkar. Þetta eru álitaefni sem ég tel að réttlæti það að flokkurinn endurmeti hagsmunamat sitt í þessu máli.

Á sama tíma er ég þeirrar skoðunar að langbest sé til að stuðla að víðtækri sátt um tengsl okkar við Evrópu til framtíðar að þjóðin fái að taka þátt í þeirri ákvörðun með þjóðaratkvæðagreiðslu og þess vegna styð ég að þessum málum verði skipað til framtíðar í samræmi við niðurstöðu þjóðarinnar í því efni. Besti möguleiki þjóðarinnar til að taka skýra afstöðu í málinu liggur fyrir að aðildarviðræðum loknum.

[13:35]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram á síðasta ári um Evrópumálin. Aðeins einn flokkur lagði fyrir þjóðina þá stefnu að ganga ætti í Evrópusambandið og hefja aðildarviðræður. Sá flokkur var í miklum erfiðleikum alla kosningabaráttuna. Aðeins nokkrum dögum fyrir kosningar var hann með 18% fylgi.

Sjálfstæðisflokkurinn lagði fyrir kjósendur sína að ekki ætti að ganga í Evrópusambandið og ekki ætti að hefja aðildarviðræður. Nú spyr ég, virðulegi forseti: Hvernig getur flokkurinn ætlast til þess að hann geti skipt um stefnu, eins og hann boðar augljóslega og varaformaðurinn notar Noreg til að koma skilaboðum til Íslendinga í þeim efnum, án þess að kjósendur fái neitt um það að segja? Þó að Sjálfstæðisflokkurinn sé stór, mikill og merkilegur flokkur þá er hann ekki íslenska þjóðin. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins er ekki þjóðaratkvæðagreiðsla og ég átta mig ekki á því, virðulegi forseti, hvernig hv. þm. Bjarni Benediktsson getur leyft sér það við annan mann að segja við íslensku þjóðina að jafnvel þótt flokkur hans komist að þeirri niðurstöðu að standa við þá stefnu sem hann boðaði fyrir síðustu alþingiskosningar, skuli samt sækja um aðild að Evrópusambandinu, vegna þess að landsfundurinn hafi talað og hann sé þjóðin.

Virðulegur forseti. Þvílíkur hroki í þessum ágæta flokki þegar hann leyfir sér að tala þannig að það sem er ákveðið í Sjálfstæðisflokknum sé í nafni íslensku þjóðarinnar. Ég hygg að hv. þingmenn muni enn hvað varaformaður Sjálfstæðisflokksins sagði fyrir fáeinum dögum í blaðaviðtali. Að hún tryði því og treysti að formaður bankastjórnar Seðlabankans kæmist að þeirri niðurstöðu sem væri best fyrir Sjálfstæðisflokkinn — best fyrir Sjálfstæðisflokkinn. (**ÓN:** Þetta er bara útúrsnúningur.)

[13:37]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Þessi umræða er nokkuð sérkennileg. Ég vil verja rétt hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins, sem hafa sumir hugsjónalega andstöðu við Evrópusambandið, til að fá að endurmeta hagsmuni þjóðarinnar og komast kannski að þeirri niðurstöðu að þjóðarhagsmunir kunni að vera fyrir því að sækja um aðild að Evrópusambandinu, þrátt fyrir að þeir hafi haft fyrirvara á því máli. Það er algerlega fráleitt að stilla málum upp eins og þjóðaratkvæðagreiðsla hafi farið fram um aðild að Evrópusambandinu í síðustu þingkosningum. Í síðustu þingkosningum tóku kjósendur afstöðu til mála eins og þau stóðu í því þjóðhagslega ástandi sem við bjuggum þá við. Nú eru aðrir tímar og önnur vandamál sem steðja að okkur. Auðvitað er það fagnaðarefni að stjórnmálaflokkar skuli nálgast þessi mál með opnum hætti, Sjálfstæðisflokkurinn sem aðrir, og mikilvægt að fram fari umræður innan flokkanna þannig að þeir nái að þróa nýja stefnu í þessu brýnasta hagsmunamáli þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Það er einfaldlega þannig að miklu máli skiptir að Sjálfstæðisflokkurinn komi með í vegferð á leið til Evrópu. Flokkurinn er stór og á víða rætur og þess vegna held ég að mjög mikilvægt sé að styðja það góða starf sem þar er hafið í því að endurmeta hagsmunamatið hvað varðar aðild að Evrópusambandinu.

Varðandi ummæli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur áðan um orð hæstv. utanríkisráðherra sem hún reyndi að túlka sem einhverja sérstaka hótun, vil ég segja að engin hótun felst í þeim. Stjórnarflokkarnir hófu samstarf á forsendum peningamálastefnu sem þeir hafa rekið í góðri sátt síðan. Við núverandi aðstæður er öllum ljóst að framtíð íslenskrar krónu er ekki möguleg sem grundvöllur peningamálastefnu til lengri tíma litið. Við þær aðstæður þurfa flokkarnir að ná saman um nýja peningamálastefnu og ef þeir ná ekki saman um hana leiðir það auðvitað af sjálfu að ríkisstjórnarsamstarfið er sjálfhætt.

[13:39]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Hæstv. forseti. Ég held að Framsóknarflokkurinn þurfi ekki að óttast það að Sjálfstæðisflokkurinn liggi flatur fyrir einum eða neinum, hvorki í Evrópumálum né öðru. Við sjálfstæðismenn stöndum keikir og vitum hver stefna okkar er í Evrópumálum eins og öðrum málum (**Gripið fram í:** Jæja, já.) og Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki skipt um stefnu í Evrópumálum. Stefna Sjálfstæðisflokksins er skýr eins og hún er og það þarf að breyta henni á landsfundi ef menn ætla að taka einhverja pólitíska U-beygju í tengslum við Evrópumálin.

Það er hins vegar alveg rétt að ýmsir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, fulltrúar hans og félagar eru þeirrar skoðunar að við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu eða fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið. Það er fullkomlega eðlilegt að fólk hafi þá skoðun, sérstaklega ef

það telur að aðild Íslands að Evrópusambandinu leysi þann vanda sem steðjar að íslensku þjóðfélagi í dag. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að aðild okkar og aðildarviðræður að Evrópusambandinu leysi ekki þann vanda sem að okkur steðjar. Hér er fjármálakreppa og gjaldeyriskreppa og ef við viljum ganga í Evrópusambandið mun það taka fjögur ár ef marka má orð stækkunarstjóra Evrópusambandsins og við gætum þá tekið upp evru eftir sex til sjö ár í gegnum myntbandalagið. Ég hefði talið miklu eðlilegra að við tækjum alvöruumræðu um það hvort Ísland ætti að taka einhliða upp annan gjaldmiðil. Það er úrræði sem mundi leysa úr gjaldeyriskreppunni, leysa þann vanda sem að okkur steðjar með miklu markvissari og fljótvirkari hætti heldur en aðild að Evrópusambandinu. Menn hafa talað um að það sé ekki hægt vegna þess að þá föllum við í pólitíska ónáð hjá Evrópusambandinu. Sjáið þið bara Svartfellinga. Þeir tóku einhliða upp evru árið 2000 og nú fagnar Evrópusambandið og ætlar að taka þeim opnum örmum. Hvers vegna skyldi það sama ekki gilda um Íslendinga?

[13:42]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Vegna síðustu orða fyrri ræðumanns þá tek ég undir með honum að vonandi tekur Evrópusambandið Íslandi opnum örmum eins og Svartfellingum (**Gripið fram í:** Já.) [Hlátur í þingsal.] þegar þar að kemur. En á ögurstundu í lífi þjóðar er forustumönnum hennar skylt að kanna til hlítar alla þá kosti sem henni gefast um heill og hamingju. Við Íslendingar höfum aldrei staðið á annarri eins ögurstundu í efnahagsmálum og það er fagnaðarefni að forustumenn úr Sjálfstæðisflokknum, eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson, skuli gefa út þá yfirlýsingu (Gripið fram í.) að sjálfsagt sé að fara í aðildarviðræður enda er það skylda okkar sem erum þjóðkjörin á þing að beita okkur fyrir aðildarviðræðum við Evrópusambandið og kanna þá kosti sem þjóðin á og leggja málin síðan í dóm þjóðarinnar. Til þess hafa þjóðkjörnir alþingismenn ekki aðeins umboð heldur beinlínis skyldu vegna þess að allir sem sitja á Alþingi Íslendinga viðurkenna að sterk málefnaleg rök eru fyrir því að við kunnum að vera best komin innan veggja Evrópusambandsins (Gripið fram í.) og að úr því verði ekki skorið nema með aðildarviðræðum. Þess vegna er skylda okkar við þjóðina, hvað sem líður umræðum eða ályktunum á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í janúar, að ganga til þeirra aðildarviðræðna, ljúka þeim og leggja niðurstöðuna í dóm þjóðarinnar og ég fagna því að tveir óbreyttir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi sýnt þann kjark og þá forustu að lýsa því yfir í grein sinni í Fréttablaðinu á laugardag.

[13:44]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil taka til máls fyrst og fremst til að vísa á bug ummælum sem hér hafa komið, einkum frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni sem mér fannst fara afar óvarlega í ræðu sinni og gera mönnum upp skoðanir. Sérstaklega vil ég vísa því á bug sem hann sagði að svo virtist sem Sjálfstæðisflokkurinn undirbyggi stefnubreytingu. Ég held að svo sé ekki. Hins vegar er auðvitað mikil og virk umræða um Evrópumálin innan Sjálfstæðisflokksins og hún hefur verið sett í sérstakan farveg sem lýkur á landsfundi nú í lok janúar og þar munu menn komast að niðurstöðu um þessi mál.

Ég tek hins vegar undir það sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði áðan að stefna Sjálfstæðisflokksins er skýr eins og hún er og eins og hann vil ég lýsa stuðningi við þá stefnu og vil að skýrt komi fram að af minni hálfu hafa hinar breyttu aðstæður í efnahagsmálum þjóðarinnar ekki sannfært mig um það að Ísland sé betur komið innan ESB en utan. (Gripið fram í.) Hins vegar geta menn haft ýmsar skoðanir á því hvernig við eigum að nálgast þessi mál, hvort við eigum að fara tvisvar sinnum í þjóðaratkvæðagreiðslu til að kanna hug manna og hvernig við eigum að nálgast viðræður og þess háttar. Ég hef áður sagt að auðvitað verða þessi mál leidd til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu, um það er ekki spurning. Hins vegar get ég sagt fyrir mig — og það kann að vera ákveðinn áherslumunur á milli mín og hv. þm. Bjarna Benediktssonar og hv. þm. Illuga Gunnarssonar — að mér finnst ekki ástæða til að sækja um aðild að klúbbi sem ég hef ekki áhuga á að tilheyra.

[13:46]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Þetta er áhugaverð umræða sem hér hefur spunnist. Sumir fulltrúar sjálfstæðismanna láta í umræðunni almennt eins og framtíðin í þessu efni hvað Ísland varðar ráðist á landsfundi Sjálfstæðisflokksins, þar sé upphaf og endir alls, en það er að sjálfsögðu mikill misskilningur. Vissulega skiptir pólitísk stefnumörkun einstakra stjórnmálaflokka máli en það er ekki upphaf og endir alls í þessu efni hvað landsfundur Sjálfstæðisflokksins kann að ákveða.

Hins vegar er auðvitað öllum ljóst sem horfa á pólitíkina að það er ákveðin hreyfing þar í gangi. Hún hófst með því að forusta flokksins ákvað að flýta landsfundi til þess að koma til móts við kröfur samstarfsflokksins í ríkisstjórn, það fer ekki fram hjá neinum. Varaformaður flokksins kaus að kynna sínar áherslur í hinu víðlesna vinstri sinnaða og róttæka dagblaði, (Gripið fram í.) *Klassekampen* , stéttabaráttunni. Væntanlega gerði hún ráð fyrir því að það væri ekki mjög víðlesið hér en það er nú bara þannig að menn taka eftir því sem birtist í *Klassekampen* og þeim sem kynna áherslur sínar þar. Öllum er því ljóst hvað hér er á ferðinni.

Sagt er af hálfu Samfylkingarinnar að styðja eigi Sjálfstæðisflokkinn í átt til Evrópu. Formaður Samfylkingarinnar gerði meira en að styðja flokkinn þangað, hann setti honum beinlínis stólinn fyrir dyrnar og það er það sem þingmenn eins og Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson mæta með afstöðu sinni.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki rétt hjá hv. þm. Helga Hjörvar að það sé skylda þingmanna að fara í aðildarviðræður. Hér er oft sagt að þjóðin eigi að eiga síðasta orðið. Ég er þeirrar skoðunar að þjóðin eigi að eiga fyrsta orðið, að þjóðkjörnir fulltrúar hafi í raun ekki umboð til þess að taka ákvörðun um að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið (Forseti hringir.) nema spyrja þjóðina fyrst og síðan á nýjan leik þegar einhver afurð kemur út úr slíkum viðræðum.

[13:48]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Frú forseti. Sú sem hér stendur telur þetta vera mikla „ekki-frétt“ sem matreidd hefur verið upp úr grein þeirra félaga, hv. þingmanna Bjarna Benediktssonar og Illuga Gunnarssonar, og ég rökstyð það með þessum orðum: Hugsa þeir sér í alvöru að það geti gerst að Íslendingar taki upp aðildarviðræður við Evrópusambandið, landi samningi og beri hann ekki undir atkvæði þjóðarinnar? Ef svo væri væri það mikið gerræði og hefur ekkert af þeim löndum sem gengið hafa inn í Evrópusambandið á síðustu áratugum látið sér detta í hug að gera annað en að fara með samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er auðvitað sá framgangsmáti sem hafður er.

Það er því sjálfsagt mál að ef farið yrði í aðildarviðræður og samningi yrði landað gerist það nánast án þess að maður þurfi að orða það að sá samningur yrði borinn undir þjóðaratkvæði. Mér þykir þetta því mikil „ekki-frétt“.

Hins vegar langar mig til að spyrja hv. þingmenn sem skrifuðu þá grein sem hér er til umræðu hvort þeir geti hugsað sér að þessi ríkisstjórn sem nú situr hafi til þess vald, ef hún ákveður það í einhverju innbyrðis makki, að sækja um aðild að Evrópusambandinu án þess að kosið hafi verið um það annað hvort í alþingiskosningum eða sjálfstæðri kosningu áður. Það er spurningin sem þessir hv. þingmenn þurfa að svara. Telja þeir að það væri réttlætanlegt og möguleiki að þessi ríkisstjórn kæmi sér saman um að sótt yrði um aðild?

Svo vil ég segja að klúbburinn sem hv. þm. Birgir Ármannsson er ekki tilbúinn til að ganga inn í — og ég ekki heldur — er auðvitað með þeim hætti að maður plokkar þar ekki eitthvað af einhverju hlaðborði og tekur einn réttinn en hafnar öðrum. Við þekkjum öll stefnu Evrópusambandsins (Forseti hringir.) og vitum hvað þyrfti að innleiða í þeim efnum.

[13:50]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta er góð umræða og tímabær. Hér hefur verið velt upp þeirri spurningu hvort núverandi ríkisstjórn hafi til þess umboð að sækja um aðild að Evrópusambandinu á eigin spýtur án undangenginna kosninga eða þjóðaratkvæðis. Svar mitt við þeirri spurningu er afskaplega einfalt og það er já. Ríkisstjórnin hefur til þess fulla heimild, algjörlega fulla og óskoraða heimild. Ég vænti þess að ríkisstjórnin geri það vegna þess að allt annað mundi tefla bráðum þjóðarhagsmunum í tvísýnu. Okkur liggur á að hefja aðildarviðræður, það er mikilvægt að gera það við fyrsta tækifæri þannig að (Gripið fram í.) það á gerast strax, eins fljótt og unnt er á á næsta ári.

Það sem síðan er von til er að við getum haldið þjóðaratkvæðagreiðslu um niðurstöðu aðildarsamnings seint á næsta ári ef gríðarlega vel gengur, annars fljótlega á árinu 2010. Það er hinn eðlilegi framgangsmáti enda ómögulegt að fara í kosningabaráttu við draugasögur af þeim toga sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir byrjaði á áðan um hvað væri í vændum í aðildarsamningum. Það er ómögulegt að fara í kosningabaráttu um órökstuddar væntingar. Við verðum að fara í baráttu um kosti og galla aðildarsamnings sem fyrir liggur þar sem ljóslega liggur fyrir innihald samningsins. Það er hinn eðlilegi framgangsmáti, það er hinn lýðræðislegi framgangsmáti. En að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu áður en lagt er af stað í aðildarviðræður er ekki skynsamleg aðferðafræði.

Ég deili skoðunum hv. þm. Ögmundar Jónassonar í þessu efni sem talaði fyrir réttri aðferð, þ.e. að fyrst yrði sótt um og síðan yrðu niðurstöður samninga lagðar fyrir þjóðaratkvæði. Það er hinn eðlilegi framgangsmáti í málinu, þá liggur fyrir niðurstaða samninga. Við skulum því vona að hlutir gangi fram svo að við náum að leggja inn umsókn strax í febrúarmánuði næstkomandi.

[13:53]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Þessi umræða snýst dálítið um að kalla eftir því á hvaða vegferð Sjálfstæðisflokkurinn er í þessum Evrópumálum. Við vitum það og það er staðreynd að búið er að flýta landsfundi flokksins um marga mánuði. Honum er ekki flýtt til þess að samþykkja óbreytta stefnu, virðulegi forseti, enda hefur varaformaður flokksins tekið af skarið í gegnum fjölmiðil sinn í Noregi og sagt: Við ætlum að fara inn í Evrópusambandið. Það er línan sem búið er að leggja fyrir flokksmenn Sjálfstæðisflokksins í aðdraganda flokksþings sem verður núna í næsta mánuði.

Í öðru lagi var sárlega undan því kvartað í ályktun fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Vestmannaeyjum í gærkvöldi hvernig flokkurinn stendur að þessu máli. Það er fundið að því að flokkurinn láti undan dulbúnum hótunum samstarfsflokksins og hvatt til þess að hann geri það ekki. Það er harmað alveg sérstaklega að enginn af 14 verkstjórum málefnahópanna skuli koma af landsbyggðinni heldur eiga þeir allir lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Það er harmað sérstaklega að sjávarútvegsmál eru ekki tekin fyrir sem sjálfstæður málaflokkur í Evrópumálum hjá flokknum heldur felldur undir auðlindamál. Það er dálítið athyglisvert í ljósi þess að í atkvæðagreiðslu Samtaka atvinnulífsins kemur í ljós að 94% félaga í Samtökum fiskvinnslustöðva eru á móti aðild að Evrópusambandinu og 97,6% félaga í Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þessi hópur, sem er fjölmennur innan Sjálfstæðisflokksins, er settur til hliðar. Það er það sem fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Vestmannaeyjum harmar alveg sérstaklega í ályktun sem send hefur verið (Forseti hringir.) fjölmiðlum, virðulegi forseti.

[13:55]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Þetta eru nú ekki dulbúnar hótanir sem formaður Samfylkingarinnar hefur verið með, þetta eru beinar hótanir. Stálhnefinn er settur fram og sagt við Sjálfstæðisflokkinn: Ef þið samþykkið ekki aðildarviðræður þá er sjálfhætt. Þetta er ekkert flókið, þetta skilja allir.

Hvað gerist síðan? Varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hæstv. menntamálaráðherra, segir: Við förum inn í Evrópusambandið. Hún segir það í Noregi. Hvað segir hæstv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde? Hann talar um þá sem eru andsnúnir Evrópusambandinu, (**Gripið fram í:** Hvað segir þú?) að þeir geti þá bara farið í VG. Hann segir: Vesgú, farið þið í VG. (**Gripið fram í:** Hvað segir þú?) Þetta hefur

verið sagt á opinberum vettvangi.

Sá eini sem hefur að mínu mati sagt sannleikann í dag í stjórnarliðinu í þessu máli er hv. þm. Birgir Ármannsson. (**Gripið fram í:** Nú ...) Hann segir: Það fer enginn í aðildarviðræður í klúbbi sem maður vill ekki tilheyra. En það er það sem hv. þingmenn, Illugi Gunnarsson og Bjarni Benediktsson, vilja gera. (Gripið fram í.) Það þurfa að koma rök fyrir þessari skoðun. Hvernig er hægt að færa rök fyrir því að segi Sjálfstæðisflokkurinn nei, að ekki beri að fara inn í Evrópusambandið, eigi samt að fara í aðildarviðræður? Það er svo holur hljómur í þessu.

Þegar við förum í aðildarviðræður — og ég held að það verði — þurfa menn að vilja að reyna að ná samningi. Þá hljóta menn að reyna að komast þarna inn með ákveðnum skilyrðum en ekki að reyna að fara í sambandið. Sagt er: Nei, við ætlum ekkert inn en við erum samt að „snakka“ við Evrópusambandið. Þetta er svo fáránlegur málflutningur, virðulegur forseti.

Eina röksemdin sem getur legið að baki þessari skoðun er sú að hluti Sjálfstæðisflokksins er skjálfandi á hnjánum gagnvart Samfylkingunni og þorir ekki að segja annað fyrir landsfundinn en að fari svo að hann samþykki ekki að (Forseti hringir.) fara inn í Evrópusambandið eigi samt að fara í aðildarviðræður, annars sé ríkisstjórnin steindauð.

[13:57]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Frú forseti. Það er gaman að hlusta á þessar umræður og ég fagna því eiginlega að þær skuli vera komnar inn í þingsal. Og mikið rosalega er ég glöð að vera í flokki þar sem ekki allir eru sammála, glöð að tilheyra hópi fólks sem þorir að hafa sjálfstæðar skoðanir og láta ekki kúga sig af einum eða neinum og þora að segja það upphátt. (**Gripið fram í:** En það er líka í Sjálfstæðisflokknum.) Það er meira en margur getur sagt.

Ég er ein þeirra sem er fylgjandi því að farið verði í aðildarviðræður við Evrópusambandið, að kannaðir verði kostir og gallar þess sambands fyrir íslenska þjóð. Það verði síðan lagt í þjóðaratkvæðagreiðslu til þess að þjóðin geti sjálf tekið ákvarðanir um örlög sín. Það er það sem skiptir máli.

Ég get líka upplýst hér og nú svo að það fari ekki á milli mála að ég er sjálf fylgjandi aðild að ESB, það er ekkert flókið. Það er enginn holur hljómur í þeirri skoðun og það er ekki holur hljómur í þeim sem segja svo í Sjálfstæðisflokknum. Við sem viljum þessa leið segjum það upphátt og erum ekki að fela eitt eða neitt í þeim efnum. Hins vegar er ferli okkar þannig að það er landsfundur sem leggur ákveðnar línur og það verður gert á landsfundi 29. janúar. Þá tökumst við á, þeir sem eru hlynntir aðildarviðræðum og hinir. Þá kemur í ljós hvor hópurinn verður ofan á.

Ekki væna fólk um holan málflutning eða segja að það þori ekki eða hafi ekki kjark til þess að segja skoðanir sínar. Það væri fróðlegt að vita hvað hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vill segja í Evrópumálum síns flokks, Framsóknarflokksins. Þar hafa menn farið út og suður og gengið í burtu af því að þeir hafa ekki haft kjark til þess að taka umræðuna.

[13:59]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa fjörlegu umræðu sem farið hefur fram og er á köflum kostuleg umræða að mínu áliti. Gefið er í skyn að þegar lagt er til að þjóðin fái að ákveða málið sé verið að leggja upp með eitthvað án þess að þjóðin fái neitt um það að segja, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson orðaði það. Að ég hafi lagt til að málið yrði afgreitt með einhverjum þeim hætti, að þjóðin fengi ekkert um málið að segja eru þvílík öfugmæli, fullkomin öfugmæli, þegar borið er saman við það sem við settum fram í þessari ágætu grein sem fengið hefur góðar viðtökur að því er mér hefur fundist.

Hvort hægt sé að fara í aðildarviðræður án þess að flokkurinn hafi stefnu um að ganga inn í sambandið hef ég þetta að segja: Þeir sem hlustað hafa á stefnu Framsóknarflokksins vita ekkert um hvert hann vill fara í þessu máli. Maður hefur hlýtt á ályktanir héðan og þaðan frá flokksfélögunum um hvort ganga eigi til aðildarviðræðnanna strax eða fara strax í þjóðaratkvæðagreiðslu og ég veit ekki betur en að stefna flokksins í Evrópumálum sé í fullkomnu uppnámi. (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei.)

Þeir sem tala fyrir því að hér verði fyrst farið í þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort fara eigi í umsóknarferlið, eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson gerði áðan, hafa fullt til síns máls. Það er ágætis aðferðafræði til að komast til botns í þessu máli. En hvað ætla menn að gera þegar búið er að samþykkja að fara í það ferli þegar menn halda því fram á sama tíma að reglur klúbbsins séu alveg skýrar? Til hvers á þá að hafa seinni atkvæðagreiðsluna? Var ekki alveg ljóst hver viljinn var í fyrri atkvæðagreiðslunni eða er áhættan svona gríðarlega mikil af því að hefja aðildarviðræður fyrst og bera þær síðan undir þjóðina? Það er þetta sem málið snýst m.a. um.

Ég ætla ekkert endilega að standa í vegi fyrir því (Gripið fram í.) ef ríkari sátt tekst um að fara fyrst í þjóðaratkvæðagreiðslu um að hefja aðildarviðræðurnar. Ég ætla ekki að fyrirgera þeim möguleika að ég styðji við þá leið. Ég hef mælt fyrir því að það verði haldið þannig (Forseti hringir.) á þessu máli að sem víðtækust sátt náist um það hvernig samskiptum okkar við Evrópusambandið verði háttað í framtíðinni. Það er aðalatriðið og er meginatriðið (Forseti hringir.) í þeirri grein sem hér hefur verið til umfjöllunar.

Umræðu lokið.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]

2.–7. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 33 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 28. mál (álagningarstofn eftirlitsgjalds). — Þskj. 28, nál. 351, brtt. 352.

[14:04]

Frsm. viðskn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti, Jónas Fr. Jónsson, Ragnar Hafliðason og Þorstein E. Marinósson frá Fjármálaeftirlitinu, auk fulltrúa frá samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Guðjón Guðmundsson frá Sambandi íslenskra sparisjóða og Guðmund Örn Gunnarsson, forstjóra VÍS og fulltrúa vátryggingafyrirtækja. Umsagnir bárust nefndinni um málið frá Viðskiptaráði Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Félagi stórkaupmanna, Kauphöll Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum verslunar og þjónustu.

Með frumvarpinu er kveðið á um breytingar á álagningarstofnum eftirlitsskyldra fjármálastofnana. Breytingar þær sem frumvarpið felur í sér skýrast af lögbundnu endurmati á kostnaðarskiptingu vegna reksturs Fjármálaeftirlitsins, þróun álagningarstofna eftirlitsskyldra aðila og mati á kostnaðardreifingu. Vegna atburða þeirra sem orðið hafa í íslenskum fjármálaheimi frá því að frumvarp þetta var lagt fram hefur þurft að fara fram endurmat á kostnaðaráætlun Fjármálaeftirlitsins og liggur það nú fyrir. Ljóst er að töluverðar breytingar verða á rekstrarumhverfi eftirlitsins og að umfang þess mun breytast talsvert, m.a. vegna þess að erlend starfsemi íslenskra fjármálastofnana verður mjög lítil á næstu árum auk þess sem fyrirsjáanlegur er samdráttar í útgáfu hluta- og skuldabréfa. Þannig hefur Fjármálaeftirlitið reiknað með að álagningarþörfin fyrir árið 2009 verði 825,7 millj. kr. en ekki 1.116 millj. kr. eins og gert var ráð fyrir í upphaflegu frumvarpi. Samkvæmt upphaflegum útreikningi hefði hækkun eftirlitsgjaldsins orðið um 22% eða 201 millj. kr. og átti sú hækkun að koma til móts við aukinn kostnað við eftirlit stofnunarinnar, stækkun húsnæðis Fjármálaeftirlitsins og nýtt hlutverk þess samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008.

Eðli málsins samkvæmt hefur frumvarpið tekið nokkrum breytingum í meðförum viðskiptanefndar en nefndin hefur fengið á fund sinn hagsmunaaðila til þess að ræða hver eðlileg skipting eftirlitskostnaðar geti talist miðað við breyttar forsendur. Nokkuð var rætt í nefndinni um hækkandi hlutfall eftirlitsgjalds á viðskiptabanka og var þeim sjónarmiðum meðal annars hreyft að ekki ætti að koma til sams konar hækkunar á eftirlitsgjaldi sparisjóða og annarra lánastofnana, m.a. þar sem slíkar fjármálastofnanir beri sem hluta af efnahagsreikningum sínum endurhverf viðskiptabréf gagnvart gömlu bönkunum sem nýju viðskiptabankarnir bera ekki. Auk þessa komu þau sjónarmið fram fyrir nefndinni að hlutfallsleg hækkun á fjárhæð eftirlitsgjalds lífeyrissjóða og vátryggingafélaga væri ekki eðlileg þar sem hrun á fjármálamarkaði komi mest niður á eftirliti með viðskiptabönkum og lánastofnunum. Þá var því sjónarmiði hreyft fyrir nefndinni að eðlilegt væri að þátttaka Íbúðalánasjóðs í eftirlitskostnaði væri hærri, m.a. vegna fyrirsjáanlegs aukins umfangs í starfsemi sjóðsins á næstu missirum.

Að auki hefur Fjármálaeftirlitinu, frá því að frumvarp þetta var lagt fram, verið falið mikilvægt nýtt hlutverk á grundvelli laga nr. 134/2008, um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Eru Fjármálaeftirlitinu þar falin ný verkefni á sviði gjaldeyriseftirlits en benda má á að sérstök deild, með fjölda starfsmanna, starfaði í þessum tilgangi hjá Seðlabanka Íslands meðan gjaldeyrishömlur ríktu síðast hér á landi. Má telja víst að verkefni þetta feli því í sér jafngildi að minnsta kosti eins stöðugildis og er varlega áætlaður kostnaður við slíkt stöðugildi 13 millj. kr. Í breytingartillögum er þess vegna gert ráð fyrir að þeim kostnaði verði dreift á fjármálafyrirtæki sem heimild hafa til gjaldeyrisviðskipta með hreyfingum á álagningarprósentum hvers aðila, en fast lágmarksgjald á þessa aðila þótti ekki fýsilegt þar eð slíkt gjald kæmi líklega hlutfallslega þyngra niður á minni fjármálafyrirtækjum.

Nefndin leggur því til eftirfarandi breytingar:

Í fyrsta lagi leggur nefndin til breytingu sem færir tilvísun sem finna má í 4. gr. laganna til rétts vegar vegna tilfærslu á málsgreinum 5. gr. í frumvarpinu.

Í öðru lagi leggur nefndin til viðbætur við 3. mgr. 4. gr. laganna þannig að tiltekið sé að byggja skuli eftirlitsgjald nýrra eftirlitsskyldra aðila á stofnefnahagsreikningi liggi hann fyrir.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir hækkun á hlutfallsskiptingu eftirlitsgjaldsins úr 0,00682% í gildandi löggjöf í 0,00774% fyrir viðskiptabanka. Vegna sparisjóða, lánafyrirtækja og rafeyrisfyrirtækja er lögð til hækkun úr 0,0061% í gildandi lögum í 0,00686%. Hið upprunalega frumvarp gerði hins vegar ráð fyrir lækkun gjaldsins úr 0,00682% á viðskiptabanka og 0,00661% á sparisjóði og aðrar lánastofnanir niður í 0,00603% á hvern aðila fyrir sig. Eins og áður segir er með hækkun þessari, meðal annars, komið til móts við aukinn kostnað Fjármálaeftirlitsins af eftirliti með gjaldeyrisviðskiptum þessara fjármálafyrirtækja sem leyfi hafa til slíkra viðskipta.

Þá er lagt til að eftirlitsgjald það sem Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf. og Landsbanki Íslands hf. greiði verði föst fjárhæð, 4 millj. kr. á hvern banka.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir hækkun á álagningarhlutfalli sem Íbúðalánasjóður greiðir og að það hlutfall hækki úr 0,00275% í 0,0032% vegna aukinna umsvifa Íbúðalánasjóðs við yfirtöku íbúðalána frá viðskiptabönkunum. Mun þannig eftirlit með stofnuninni aukast.

Að lokum leggur nefndin til breytingu sem felur í sér álagningu fastagjalds vegna nýrra verkefna Fjármálaeftirlitsins á sviði eftirlits með innheimtuaðilum, sbr. lög nr. 95/2008 sem taka gildi nú um áramót. Breytingartillagan gerir ráð fyrir að fastagjald að fjárhæð 600.000 kr. verði lagt á aðila sem fá innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum.

Þá vill nefndin árétta að áætluð heildarálagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2009, með breytingum, mun skila lægri fjárhæð til eftirlitsins en upphaflega var reiknað með. Stafar

sú lækkun af þróun og breytingum á íslenskum fjármálamarkaði og því að fallið er frá stækkun húsnæðis eins og áður hefur verið rakið. Fjárheimildir Fjármálaeftirlitsins hafa hins vegar, á síðustu árum, aukist verulega og nam eftirlitsgjald ársins 2006 alls um 435 millj. kr., árið 2007 nam það síðan 602,6 millj. kr. og loks er áætlað að fyrir árið 2008 nemi eftirlitsgjaldið 915 millj. kr. Eins og fyrr segir er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald ársins 2009 verði 825,7 millj. kr. sem er um 37% hækkun frá árinu 2007 og um 90% hækkun frá árinu 2006. Því er ljóst að fjárheimildir eftirlitsins hafa aukist verulega á stuttum tíma og er það mat nefndarinnar að sú skerðing sem nú er áætluð á fjárheimildum eftirlitsins sé ekki veruleg með tilliti til breyttra aðstæðna og hlutfalls lækkunarinnar nú miðað við hækkanir síðustu þriggja ára.

Nefndin leggur því til að frumvarp þetta verði samþykkt með framangreindum breytingum.

Undir þetta álit rita Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Birgir Ármannsson, Árni Páll Árnason, Jón Gunnarsson og Álfheiður Ingadóttir með fyrirvara.

Birkir J. Jónsson, Höskuldur Þórhallsson og Björk Guðjónsdóttir ásamt Jóni Magnússyni áheyrnarfulltrúa voru fjarverandi við afgreiðslu þessa máls.

[14:12]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Um er að ræða lögbundið árlegt endurmat á kostnaðarskiptingu við rekstur Fjármálaeftirlitsins, þróun álagningarstofna og mat á kostnaðardreifingu.

Ljóst er að töluverðar breytingar verða á Fjármálaeftirlitinu á næsta ári frá því sem áætlað var þegar skýrsla sú sem fylgir þessu frumvarpi um rekstur og starfsemi FME á næstu þremur árum var kynnt þann 3. júlí. Skýrslan er sem sagt fylgiskjal I með frumvarpinu. Þar er fjallað um gríðarlegan vöxt á fjármálamarkaði hér á landi og auk þess hvað starfsemin erlendis hafði aukist mikið, þ.e. starfsemi fjármálafyrirtækja erlendis. Bent var á að aukin alþjóðavæðing íslenskra fjármálafyrirtækja og aukið Evrópusamstarf eftirlitsaðila kallaði á stöðugt fleiri og flóknari verkefni af hálfu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins. Áætlað var að íslensk fjármálafyrirtæki væru með rekstur í 28 löndum og með 73 starfsstöðvar víða um heim síðari hluta ársins 2008. Ég vil árétta að skýrslan var birt þremur mánuðum fyrir bankahrunið.

Frumvarpið hefur eðlilega tekið nokkrum breytingum í meðförum viðskiptanefndar, eins og formaður nefndarinnar hefur rakið. Miðað við þær breytingar og frumvarpið svo breytt er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald ársins 2009 verði ríflega 825 millj. Þessi upphæð er lægri en áætlað var fyrir hrun bankanna en hún er 90% hærri en hún var árið 2006 og 37% hærri en árið 2007. Sjaldan hefur það skipt eins miklu máli og á undanförnum missirum að hafa öflugt fjármálaeftirlit. Það sama á við um nánustu framtíð nú í kjölfar bankahrunsins. Fjármálaeftirlitið hefur stóreflst eins og fram hefur komið á seinustu þremur árum. Fjöldi fastra starfsmanna eftirlitsins jókst t.d. um 60% á árunum 2005–2008 eða frá 35 starfsmönnum í 56.

Þegar þróun Fjármálaeftirlitsins hér á landi er skoðuð í ljósi bankahrunsins má segja að eftirlitið hafi ekki verið nærri fullnægjandi. Ekki skal dæmt um hverju er um að kenna en vert er að skoða þróun Fjármálaeftirlitsins og starf Fjármálaeftirlitsins í samhengi þeirra bankakreppa sem skullu á Norðurlöndunum á 10. áratugnum. Af þeim má draga ýmsan lærdóm. Aðdragandi bankakreppanna t.d. í Finnlandi og í Svíþjóð á 10. áratugnum svipar um margt ástandinu heima á undanförnum árum. Samfara auknu frelsi á fjármálamörkuðum jókst samkeppni milli bankanna — þetta er lýsing frá Svíþjóð og Noregi — og áhættusækni fylgdi í kjölfarið. Reynsla bankanna af starfsemi í frjálsu umhverfi var takmörkuð. Áhættusæknin var mikil og innra eftirlit bankanna veikt. Fjármálaeftirlitið var ekki eflt samhliða mikilli þenslu á fjármálamarkaði og reyndist ekki starfi sínu vaxið. Þetta var í Noregi en sérstaklega í Svíþjóð og Finnlandi og hljómar svolítið eins og það sem við höfum upplifað.

Mikil ásókn var í lán m.a. til kaupa á fasteignum sem hækkuðu stöðugt í verði, heimili og fyrirtæki voru afar skuldsett, innflutningur á vörum var óhóflegur og vöruskiptajöfnuður neikvæður. Gríðarleg útlánaaukning átti sér stað í bönkunum en þar sem innlendir vextir voru háir voru lán gjarnan tekin í erlendri mynt. Fjármagnsinnstreymi var mikið, bankarnir tóku erlend lán til tiltölulega skamms tíma en lánuðu svo aftur til lengri tíma.

Aðrir þættir en þeir sem að ofan greinir komu við sögu í mörgum löndum sem hafa lent í bankakreppum. Þessi aðdragandi hefur verið eins og lýst var áður en auk þess hafa komið til önnur atriði eins og lækkun útflutningstekna í einni svipan en þar má nefna áhrif af falli Sovétríkjanna í Finnlandi. Ofangreindar aðstæður eru klassískar. En ekki er þó hægt að segja að kreppur spretti af afmörkuðum ástæðum heldur flóknu samspili margra þeirra þátta sem hér voru taldir. Ég vil ítreka að fjármálaeftirlit í þeim löndum sem ég hef skoðað og fóru í gegnum fjármálakreppur á 10. áratugnum þótti ábótavant í flestum tilvikum. Fjármálaeftirlitið hefði þurft að verða öflugra en mig langar líka að taka fram að í kjölfar bankakreppunnar í Svíþjóð á 10. áratugnum tóku Svíar þá afstöðu að fela nýrri óháðri stofnun það hlutverk að stýra bankakerfinu út úr krísunni. Það þótti ekki eðlilegt að seðlabankinn eða fjármálaeftirlitið þar í landi hefði það hlutverk.

Þá vil ég líka nefna að hæstv. forsætisráðherra hefur upplýst að til skoðunar sé sá möguleiki að starfsemi Fjármálaeftirlitsins verði breytt og þá á ég við það mögulega fyrirkomulag að eftirlitið verði starfrækt og sameinað starfsemi Seðlabanka Íslands. Þannig er í raun afar margt óljóst um starfsemi Fjármálaeftirlitsins á komandi árum, sérstaklega á komandi ári. Kostnaður er áætlaður miðað við það umfang starfsins sem virðist fram undan og þannig byggir frumvarpið á mati Fjármálaeftirlitsins um það umfang.

Aftur að frumvarpinu, virðulegi forseti. Þar sem erlend starfsemi Fjármálaeftirlitsins verður ekkert í líkingu við það sem sem áætlað var um miðbik þessa árs má gera ráð fyrir að þessar 825,7 millj. kr. sem nú er áætlað að fari í eftirlitið ættu að nýtast vel í þeim verkefnum Fjármálaeftirlitsins sem fram undan eru á næsta ári og því styð ég frumvarpið, ég styð að það verði að lögum.

[14:19]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég kem hér upp til að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef við nefndarálit sem er að finna á þskj. 351, 28. mál, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, þ.e. sá fjárhagsgrundvöllur sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað að starfa eftir. Ég skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

Við vitum öll hversu mikilvægt það hlutverk er sem Fjármálaeftirlitinu var ætlað eftir setningu neyðarlaganna og við hljótum að horfast í augu við það hér, rúmlega tveimur mánuðum síðar, að Fjármálaeftirlitið nýtur ekki þess trausts sem nauðsynlegt er að það hafi fyrst það hefur það hlutverk með höndum sem raun ber vitni. Ýmislegt hefur orðið til þess á undanförnum vikum að trú og traust manna á Fjármálaeftirlitinu er ekki mikið. Nærtækasta dæmið er vitneskja og viðurkenning forstjóra Fjármálaeftirlitsins á því að hann hafi ekki gert sér grein fyrir þeim hagsmunatengslum sem vissulega hlutu að vera til staðar þegar KPMG-endurskoðunarfyrirtækinu var falið að endurskoða aðdraganda bankahrunsins í gamla Glitni en það endurskoðunarfyrirtæki hafði verið aðalendurskoðandi stærstu eigenda bankans, um 40% af eigendum bankans, og þar á meðal Stoða, sem áður voru FL Group, og Baugs. Það er dapurlegt ef forustan í Fjármálaeftirlitinu gerir sér ekki grein fyrir slíkum hlutum. Það er líka að mínu viti gersamlega óskiljanlegt að ekki skuli vera búið að endurskipuleggja starfsemi skilanefndanna en hún fer öll fram á ábyrgð Fjármálaeftirlitsins.

Ég geri ekki athugasemdir við það þegar reynt var að setja upp skilanefndir eða rekstrarstjórnir fyrir þrotabú, sem þá var talað um, gömlu bankanna á kannski 24 klukkustundum eða einum til tveimur sólarhringum. Það var úr vöndu að ráða og sópa þurfti saman fólki til þessara vandasömu starfa, einn tveir og þrír. Það var gert. En tíu vikum síðar stenst þessi gjörningur enga krítik og það sem meira er að í skilanefndum bankanna hefur einstaklingum verið skipt út, að minnsta kosti fjórum einstaklingum, og það verður að segjast eins og er að enn eru í skilanefndunum lykilmenn sem áður störfuðu við gömlu bankana og réðu þar lögum og lofum í tilteknum þáttum bankastarfseminnar.

Ég hef nefnt hér tvö atriði sem hafa á síðustu vikum orðið til þess að draga verulega úr trú og trausti á Fjármálaeftirlitið og það er mjög alvarleg staða vegna þess mikilvæga hlutverks sem því er falið með neyðarlögunum. Ég vil taka undir og hrósa hv. þm. Guðfinnu Bjarnadóttur fyrir innlegg hennar um viðbrögð við krísu á þessu stofnanastigi, sem er Fjármálaeftirlit, Seðlabanki og náttúrlega ráðuneyti sem hún ræddi þó ekki um í ræðu sinni hér áðan.

Það er rétt að komið hefur fram sú hugmynd að sameina Fjármálaeftirlitið aftur Seðlabanka Íslands og ég tel að það sé allrar athugunar virði. Það er hins vegar furðulegt að lesa það í blöðum, haft eftir hæstv. forsætisráðherra, að ekki sé hægt að gera það einn tveir og þrír vegna þess að breyta þurfi lögum. Datt einhverjum í hug, frú forseti, að hægt væri að endurskipuleggja starfsemi Fjármálaeftirlitsins og flytja það inn í Seðlabankann án þess að breyta lögum? Ég held að það sé fráleit hugsun. Auðvitað þarf að breyta lögum og það tekur tíma en það er alveg ljóst að efla þarf Fjármálaeftirlitið en fyrst og fremst að endurskipuleggja það. Ég vil leyfa mér að segja úr þessum ræðustól að endurmanna þurfi allar lykilstöður, bæði í stjórn og forustu embættismanna Fjármálaeftirlitsins, til þess að það öðlist tiltrú og traust almennings í landinu.

Ég vil vísa, frú forseti, til þriðja atriðisins sem dregið hefur úr trausti á Fjármálaeftirlitinu og það er svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn hv. þm. Atla Gíslasonar um launakjör stjórnenda Fjármálaeftirlitsins en skriflegt svar er að finna á þskj. 333. Hv. þm. Atli Gíslason spurði hver væru launakjör forstjóra, aðstoðarforstjóra og yfirmanna fjögurra verkefnasviða Fjármálaeftirlitsins og hver væru launakjör aðalmanna og varamanna í stjórn Fjármálaeftirlitsins en frá upphafi hefur stjórn Fjármálaeftirlitsins unnið þannig að varamenn hafa setið þar alla stjórnarfundi og tekið þátt í afgreiðslu mála.

Í þessu svari, frú forseti, kemur fram að stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins hefur 260 þús. kr. á mánuði fyrir stjórnarformennskuna og að sú tala var tvöfölduð frá 1. júlí sl. Sem sagt, frá 1. júlí sl. eru mánaðarlaunin 520 þús. Aðrir stjórnarmenn hafa 130 þús. kr. í laun og sú upphæð hefur verið tvöfölduð frá 1. október sl. Varamenn hafa síðan 90 þús. kr. í laun og ráðherra hefur tvöfaldað hana frá 1. október sl. Tvöföldun á launum þessara stjórnarmanna er rakin til þess mikla álags sem fylgdi fjármálakreppunni og nýjum verkefnum m.a. vegna neyðarlaganna sem eins og fram kemur í svarinu hefur margfaldað fundartíðni og leitt til þess m.a. að stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur þurft að funda um helgar, á kvöldin og á nóttunni.

Í svarinu kemur einnig fram að forstjóri Fjármálaeftirlitsins, frú forseti, er með 1.700 þús. kr. mánaðarlaun og þar að auki með 100 þús. kr. kaupauka sem er 6,5% tillegg í lífeyrissjóð, viðbótarframlag umfram almenn framlög þannig að mánaðarlaunin fyrir utan venjulegt lífeyrissjóðsframlag eru um 1.800 þús. kr. Ekki kemur fram í þessu svari hvort önnur fríðindi, svo sem bíll eða annað, fylgja þessu starfi en ljóst er, frú forseti, að hér er enn við lýði ofurlaunastefnan sem smitaði inn í stofnanir ríkisins og þarf að taka á og breyta. Aðstoðarforstjóri hjá Fjármálaeftirlitinu hefur 1.250 þús. kr. á mánuði og sviðsstjórar sem spurt var um hinna fjögurra verkefnasviða Fjármáleftirlitsins hafa laun á bilinu 850–970 þús. kr. á mánuði.

Ég rek þetta, frú forseti, vegna þess að kröfurnar sem gerðar eru til Fjármálaeftirlitsins eru auðvitað gríðarlega miklar af tveimur ástæðum, vegna stöðu þess og hlutverks í samfélaginu og í fjármálalífinu, vegna mikilvægis þess, en líka vegna þess að þeir sem þarna sýsla um og eru í vinnu eru ansi vel launaðir og ættu að geta sinnt starfi sínu án þess að þurfa að vera að vasast í öðru. Þess vegna er það að sá slappleiki sem komið hefur fram hjá eftirlitinu á undanförnum 10 vikum, þegar mikið og mest hefur á reynt, hrópar í himininn og hrópar á það sem ég sagði áðan að skipt verði út mönnum bæði í stjórn og í forustuliði starfsmanna.

Svo ég víki aðeins nánar að efni frumvarpsins þá hef ég annan fyrirvara. Ég vil taka fram, það sem þingmenn vænta nlega vita, að kostnaður við starf Fjármálaeftirlitsins er borinn uppi af þeim sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Ekki er um fjárframlög frá hv. Alþingi að ræða. En það hefur komið fram í þessari umræðu að ekki er þörf á

auknu fjármagni til Fjármálaeftirlitsins við þessar aðstæður þrátt fyrir aukin verkefni og ný, m.a. eftirlit með innheimtustarfsemi og eftirlit með gjaldeyrishöftunum sem sett voru á með lögum fyrir skemmstu, vegna þess að það hefur dregið svo mikið úr umsvifum Fjármálaeftirlitsins við eftirlit með erlendri starfsemi bankanna.

Það frumvarp sem hér er til umræðu byggist að mestu á samkomulagi milli þeirra sem eiga að greiða gjaldið og standa undir rekstri Fjármálaeftirlitsins og það kemur fram í nefndarálitinu að frá árinu 2006 hefur eftirlitsgjaldið, þ.e. kostnaður við rekstur Fjármálaeftirlitsins, aukist um 90% og því er ætlað að verða tæpur milljarður á næsta ári eða 826 millj. kr. Ég gerði þann fyrirvara við þessar tillögur um fjárframlag að eftirlitsgjaldið sem gömlu bankarnir, Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf. og Landsbanki Íslands hf., verði föst fjárhæð, 4 millj. kr. á hvern banka. Ég vil benda á það, frú forseti, að hér er um að ræða 12 millj. kr. alls sem dugir ekki voðalega langt miðað við þau launakjör sem þarna eru í starfsmannahaldi, 12 millj. kr. af 826 millj. kr. er ætlað að standa undir starfsemi Fjármálaeftirlitsins við eftirlit með gömlu bönkunum. Ég tel þetta algerlega vanáætlaða fjárhæð. Ég hefði viljað hafa þessar fjárhæðir miklu hærri því það er alveg ljóst að það þarf miklu meira til að hafa eftirlit með starfsemi þessara banka en upphaflega var áætlað. Það var talað um það að setja þessa gömlu banka í gjaldþrot. Nú er talað um það opinskátt á fundum hv. viðskiptanefndar að þeir muni jafnvel vera í rekstri undir greiðslustöðvun í 3–5 ár. Þá er ljóst að eftirlitsgjaldið dugir skammt, eftirlitið sem Fjármálaeftirlitið þarf að hafa verður vitaskuld miklu mun meira heldur en fyrirhugað var.

Ég vil leyfa mér að rifja upp, frú forseti, úr nefndaráliti hv. allsherjarnefndar sem ég hef þó því miður ekki við höndina — skildi það eftir í sæti mínu af vangá — það sem þar segir um sérstakan ríkissaksóknara og verkefni hans að það er sérstök staða sem Fjármálaeftirlitið er í við rekstur þessara gömlu banka, skilanefndanna. Skilanefndirnar starfa á ábyrgð Fjármálaeftirlitsins beint og þær eru valdar af Fjármálaeftirlitinu og starfa í umboði þess. En Fjármálaeftirlitinu er jafnframt ætlað að hafa eftirlit með þessum skilanefndum og starfsemi þeirra og starfsemi bankanna. Eins og hér kemur fram, frú forseti, þá er þetta eftirlit metið á 12 millj. kr. á næsta ári og það er mikil vanáætlun.

Ég tel mjög brýnt að stokka upp það fyrirkomulag sem ákveðið var, út úr neyð, þann 6. október sl. Ef ætlunin er að reka gömlu bankana ég tala nú ekki um í 3–5 ár þá verður að klippa þarna á milli. Það er ekki hægt að Fjármálaeftirlitið beri ábyrgð á rekstri þessara banka með skipan skilanefnda og ákvörðun um það hvernig þær starfa og hafi á sama tíma með höndum eftirlit með þeirri starfsemi. Í þessu, frú forseti, eru fyrirvarar mínir fólgnir. Það þarf að skipta út starfsmönnum Fjármálaeftirlits og stjórn. Það þarf að flytja og endurskipuleggja Fjármálaeftirlitið og flytja það jafnvel inn í Seðlabankann eins og bent hefur verið á og skera þarf á tengsl milli reksturs og eftirlits bankanna gömlu.

Það er alveg ljóst að við Vinstri græn teljum að setja eigi þessa gömlu banka í þann farveg sem ætlað var við setningu neyðarlaganna, þ.e. með því að stýra þeim í gjaldþrot. Við höfum bent á að þær ákvarðanir sem hér voru teknar um aðra leið, að keyra þá í greiðslustöðvun til allt að 24 tíma, standist ekki ákvæði stjórnarskrár. En það er annað mál sem ekki verður afgreitt með afgreiðslu þessa frumvarps.

Frú forseti. Ég mæli með því að frumvarpið verði samþykkt og hef gert grein fyrir þeim fyrirvörum sem ég hef við það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Niðurfelling laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs, 2. umr.

Stjfrv., 169. mál. — Þskj. 204, nál. 354.

[14:35]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um niðurfellingu laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80/1996, með síðari breytingum, og um ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneyti. Umsagnir bárust frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf. og Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn.

Í þessu frumvarpi er lagt til að lög þessi um kísilgúrverksmiðju við Mývatn verði felld úr gildi og að Kísilgúrsjóði verði slitið, starfsemi hans lögð niður og iðnaðarráðherra heimilt að ráðstafa eignum sjóðsins með samningi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. Markmið þess samnings verður að efla atvinnulíf í Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi og Norðurþingi og er það í raun og veru í samræmi við upphaflegan tilgang sjóðsins sem hefur verið frá stofnun hans þar sem kveðið var á um að hann ætti að nota til að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem áttu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Kísiliðjunnar.

Helstu eignir sjóðsins eru bankainnstæður og hlutabréf. Staðan á bankabók sjóðsins 16. september sl. var 14,9 millj. kr. og bókfært virði hlutabréfa 7,4 millj. kr.

Nefndin leggur til að þetta frumvarp verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta rita auk þeirrar sem hér stendur Kristján Þór Júlíusson, Einar Már Sigurðarson, Rósa Guðbjartsdóttir, Björk Guðjónsdóttir, Grétar Mar Jónsson, Álfheiður Ingadóttir og Herdís Þórðardóttir.

[14:37]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég skrifa undir þetta nefndarálit og mæli með því að þetta frumvarp verði samþykkt. Ég neita því ekki að ég hefði í meðförum nefndarinnar gjarnan viljað sjá drög að þeim samningi sem liggur fyrir milli ráðuneytisins annars vegar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hins vegar um það hvernig eigi að ráðstafa þessum fjármunum. Það eru ekki aðeins þessar tæpu 15 millj. kr. sem um er að ræða heldur eru þarna hlutabréf, m.a. í Baðfélaginu í Mývatnssveit og fleiri félögum sem eru að bókfærðu virði eins og hv. formaður iðnaðarnefndar sagði áðan 7,4 millj. kr. Ég hefði gjarnan viljað sjá drög að slíkum samningi.

Það kom fram í meðförum nefndarinnar að ekki er hægt að afsala eignum ríkisins, hvort heldur eru bankabækur eða hlutabréf, til Atvinnuþróunarfélagsins en með samningi er hægt og heimilt að fela Atvinnuþróunarfélaginu að eyða þessum peningum í skynsamleg verkefni sem ég efast ekki um að nóg sé af nú þegar verið er að skera allt niður sem hugsast getur í þessu landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 179. mál (framlenging aðlögunartíma). — Þskj. 222, nál. 359.

[14:39]

Frsm. fél.- og trn. (Guðbjartur Hannesson) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég tala fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002. Þetta er álit frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fulltrúa frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og frá Vinnumálastofnun. Einnig bárust umsagnir frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Útlendingastofnun, Rauða krossi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Viðskiptaráði Íslands, Fjölmenningarsetri og Alþýðusambandi Íslands.

Þegar Búlgaría og Rúmenía urðu aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu var samið um sérstaka aðlögun á löggjöf Evrópusambandsins gagnvart löndunum. Meðal annars var veittur aðlögunartími að reglum um frjálsa för launafólks og aðstandenda þeirra þannig að ákvæði sem tryggja eiga þessa frjálsu för tækju ekki gildi fyrr en 1. janúar 2009, hið fyrsta. Í gildandi lögum er nú miðað við það tímamark hvað varðar frjálsan atvinnu- og búseturétt ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu hér á landi sem hafa því sömu stöðu og aðrir borgarar utan Evrópska efnahagssvæðisins. Samkvæmt því frumvarpi sem hér er flutt verður aðlögunartíminn lengdur um þrjú ár, til 1. janúar 2012. Með þessu er þó einungis hluti heimildar til frestunar nýttur en aðildarríkjum að Evrópska efnahagssvæðinu er leyfilegt að lengja aðlögunartímann til 1. janúar 2014.

Í frumvarpinu er lagt til að nýtt sé heimild til að fresta gildistöku laganna vegna þeirra þrenginga sem orðið hafa í efnahagslífi þjóðarinnar og aukins atvinnuleysis sem þær hafa haft í för með sér. Aðstæður á vinnumarkaði hafa versnað og því eðlilegt að grípa til ráðstafana sem geta orðið til þess að draga úr yfirvofandi atvinnuleysi. Heimild til að framlengja aðlögunartímann er bundin þeim skilyrðum að framlenging þurfi að koma til áður en gildandi tímamarki lýkur og tilkynna þarf til Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir fram um frestun á gildistöku ákvæðanna um frjálsa för launafólks og aðstandenda. Augljóst er því að samþykkja þarf frumvarpið fyrir áramótin sé ætlunin að fresta gildistöku ákvæðanna. Að sama skapi getur aðildarríki þó einhliða vikið frá aðlögunartíma og veitt ríkisborgurum landanna tveggja full réttindi á þessu sviði á við ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins ef ákvörðun verður tekin um slíkt. Nefndin telur eðlilegt við núverandi aðstæður að framlengja aðlögunartímann eins og áður sagði til 1. janúar 2012.

Nefndin áréttar þó jafnframt að takist þjóðinni að vinna sig út úr þeim fjárhagslegu erfiðleikum sem hún er í núna og draga verulega úr atvinnuleysi á nýjan leik áður en gildistími ákvæðanna rennur út verði vikið frá þessum hömlum og ríkisborgurum Búlgaríu og Rúmeníu veitt sömu réttindi til atvinnuþátttöku og búsetu hér á landi og aðrir ríkisborgarar á Evrópska efnahagssvæðinu hafa.

Þetta er í raunveruleikanum svipað frumvarp og var flutt á síðasta þingi þar sem sett voru tímamörk til 1. janúar 2009. Nú er verið að framlengja það um þrjú ár, en í sama frumvarpi á síðasta þingi hafði nefndin til meðferðar þetta frumvarp til laga og það var samþykkt 29. maí sl., sbr. lög nr. 78/2008. Með þeim lögum var m.a. gerð sú breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, að atvinnuleyfi voru flokkuð eftir því á hvaða grundvelli þau eru veitt. Ákvæðum sem varða atvinnuleyfi fyrir nánustu aðstandendur útlendings var jafnframt breytt. Við þá breytingu láðist að lögfesta heimild til að veita nánustu aðstandendum íslenskra ríkisborgara sambærileg atvinnuleyfi. Áður hafði verið stuðst við 7. gr. laganna til að veita slík leyfi eftir að útlendingi hafði verið veitt dvalarleyfi sem nánasta aðstandanda samkvæmt lögum um útlendinga. Vegna flokkunar atvinnuleyfa er ekki lengur hægt að styðjast við fyrri framkvæmd. Þykir því ástæða til að leiðrétta þetta og leggja til breytingar á 12. gr. laganna þannig að heimilt verði að veita nánustu aðstandendum íslenskra ríkisborgara atvinnuleyfi að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda varðandi veitingu atvinnuleyfa til nánustu aðstandenda útlendings sem fengið hefur tímabundið atvinnuleyfi skv. 8. gr. laganna, tímabundið atvinnuleyfi sem tengist dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 11. gr. eða óbundið atvinnuleyfi, sbr. 12. gr. laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem kynnt er í nefndarálitinu.

Kristinn H. Gunnarsson, Árni Johnsen og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið skrifa undirritaður, Guðbjartur Hannesson, formaður félags- og tryggingamálanefndar, Ármann Kr. Ólafsson, Helga Sigrún Harðardóttir, Ögmundur Jónasson, Kjartan Ólafsson og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Ég held að þetta mál skýri sig sjálft. Það er nánast endurflutningur á máli sem var hér fyrir skemmstu og felur í sér fyrst og fremst framlengingu en um leið lítillega leiðréttingu þar sem tryggt er að samkvæmt lögum gildi sömu réttindi um nánustu aðstandendur útlendinga og íslenska aðstandendur íslenskra ríkisborgara.

[14:45]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Í þessu máli, eins og flestum öðrum, eru nokkur álitaefni sem mér þykir rétt að víkja aðeins að og fjalla um í tengslum við afgreiðsluna á því.

Fyrsta álitaefnið er hvort víkja eigi frá því sem um hefur

verið samið varðandi sameiginlegan vinnumarkað gagnvart þessum tveimur ríkjum, Rúmeníu og Búlgaríu, og fresta því að þegnar þeirra hafi aðgang að íslenskum vinnumarkaði eins og þegnar annarra Evrópusambandsríkja.

Í frumvarpinu sem félagsmálaráðherra flutti er lagt til að samningsákvæði sem Evrópusambandið gerði við þessi ríki verði nýtt og aðgangi að sameiginlega vinnumarkaðnum frestað með þeim rökum að mikil óvissa sé á innlendum vinnumarkaði og atvinnuleysi hafi aukist hratt og erfitt sé að meta horfurnar til lengri tíma. Því sé rétt að bíða þess að horfurnar batni.

Ef við skoðum aðeins röksemdafærsluna, sem út af fyrir sig er góð og gild, er hún þannig að atvinnuleysi var um 4,4% í upphafi mánaðarins og samkvæmt því sem fram kemur í frumvarpinu er atvinnuleysi talið vera um 5% að meðaltali í desember samkvæmt mati Vinnumálastofnunar og geta orðið allt að 8% í lok febrúar. Það er mikið atvinnuleysi á okkar mælikvarða. Miklu meira en Íslendingar eru vanir á vinnumarkaði hér.

Það eru rökin fyrir því að grípa til þessara aðgerða og væntanlega, þótt það sé ekki sagt í greinargerðinni, með þeim rökum að ef þær milljónir manna sem búa í Búlgaríu og Rúmeníu hafa aðgang að íslenskum vinnumarkaði muni einhverjir þeirra koma hingað, sækja hér atvinnu og við það muni atvinnuleysi aukast. Það eru væntanlega rökin.

Þá vil ég í fyrsta lagi segja um þetta að þessi tillaga ríkisstjórnarflokkanna staðfestir að það voru mistök á vormánuðum 2006 að nýta ekki sambærilegt ákvæði við átta ný Evrópusambandsríki og fresta gildistöku ákvæða gagnvart þeim um sameiginlegan vinnumarkað á EES-svæðinu. Það voru Eystrasaltslöndin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen. Það voru Pólland, Tékkland, Slóvakía, Slóvenía og Ungverjaland. Þá var ákveðið að nýta ekki ákvæði samnings Evrópusambandsins við þessi átta ríki um að heimilt væri að fresta uppfyllingu ákvæða um aðgang þeirra að sameiginlegum vinnumarkaði og sérstök lög voru samþykkt á vormánuðum 2006 og lét hæstv. félagsmálaráðherra til sín taka eins og vera ber og honum er lagið. Þá var niðurstaðan að fresta því ekki.

Þessi niðurstaða nú segir okkur að það voru mistök að fresta ekki gildistöku ákvæðanna um vinnumarkaðinn gagnvart þessum átta ríkjum. Vegna þess að þá og ef það hefði verið gert hefði verið unnt að fresta þeirri gildistöku með sannfærandi hætti eins og nú er verið að gera gagnvart þessum tveimur um þrjú ár, þ.e. fram til 1. maí 2009. Eins og fram kemur í frumvarpinu sem þá var til umræðu var sérstakt ákvæði í samningnum við þessi átta ríki sem gerði það að verkum að ef röskun yrði á vinnumarkaði yrði heimilt að fresta um tvö ár enn, fram til ársins 2011. Þannig að ef Íslendingar hefðu nýtt sér frestunarákvæðið gagnvart þessum átta ríkjum Evrópusambandsins í apríl 2006 hefðum við getað frestað því til apríl 2009 og síðan 2011.

Þess vegna óskaði ég eftir því að hæstv. félagsmálaráðherra kæmi hingað þótt hann sé önnum kafinn til þess að bera undir ráðherrann þessi sjónarmið og kalla eftir því hvort ekki sé rétt skilið hjá mér að ef frestunin hefði verið nýttur 2006 fyrir þessi átta ríki mundi ráðherrann hafa lagt til núna að fresta þeim aftur um tvö ár gagnvart þessum átta ríkjum eins og nú er lagt til gagnvart þessum tveimur ríkjum, Rúmeníu og Búlgaríu. Það er spurning mín til hæstv. ráðherra.

Er ekki rétt skilið að ráðherrann hefði lagt til áframhaldandi frestun um tvö ár til 2011 gagnvart þessum átta ríkjum ef menn hefðu valið þann kostinn þá að nýta sér heimild til frestunar?

Ég vildi draga fram virðulegi forseti að miðað við það mat ríkisstjórnarinnar núna að nauðsynlegt sé að fresta aðgangi Rúmena og Búlgara að íslenskum vinnumarkaði vegna aðstæðna þá leiðir það sjálfkrafa til sama mats gagnvart þeim átta ríkjum sem fengu aðgang að vinnumarkaðnum árið 2006.

Í öðru lagi vil ég víkja að spurningum sem félagsmálanefnd lagði fyrir ráðherrann að mínu undirlagi og ég þakka nefndinni fyrir að gera spurningarnar að sínum og jafnframt þakka ég ráðherranum fyrir svörin. En í svörunum kemur mjög skýrt fram að mat ráðherrans eða ráðuneytisins sé að ekki sé hægt að beita hinu almenna öryggisákvæði EES-samningsins, 112. gr., til þess að takmarka aðgang vinnuafls frá Evrópusambandsríkjunum að íslenskum vinnumarkaði meðan svona ástand er uppi sem nú er. Niðurstaða ráðuneytisins er að það sé ekki hægt. Þannig gætum við t.d. ekki beitt öryggisákvæðinu núna til að draga úr aðgangi að íslenskum vinnumarkaði á þessu ári eða komandi árum. Það er mat ráðherrans.

Ég held það þurfi að fara yfir það mál. Augljóslega munu koma upp aðstæður í framtíðinni, eins og núna, þegar menn vildu gjarnan geta gripið til ráðstafana til að takmarka aðgang að vinnumarkaðnum og draga þannig úr atvinnuleysi hér á landi. Það hefði örugglega verið vilji ríkisstjórnarinnar til að grípa til slíkra aðgerða, t.d. gagnvart þessum átta ríkjum sem lagasetningin 2006 átti við, til þess að létta á íslenskum vinnumarkaði. En mat ráðuneytisins er að það sé ekki hægt. Með öðrum orðum að þegar menn eru einu sinni komnir inn í kerfið er ekki hægt að snúa til baka.

Aðstæður geta komið upp eftir nokkur ár, fimm eða tíu þar sem árar illa í íslensku efnahagslífi og mikið atvinnuleysi er og menn kunna að vilja takmarka aðganginn. Er það hægt með því að beita fyrir sig 112. gr. EES-samningsins?

Skilningur ráðuneytisins er — alla vega miðað við aðstæður núna — að það sé ekki hægt þar sem atvinnuleysið stefnir í 8%. Það er ekki nægilega mikil röskun á íslenskum vinnumarkaði til að hægt sé að beita öryggisákvæðinu. Er þá vísað til þess að meðaltalsatvinnuleysi í Evrópusambandinu er ekki mikið minna, eða um 7%.

Þá vil ég víkja að öryggisákvæðinu vegna þess að ég er ekki alveg sammála hæstv. ráðherra um túlkun á því. Í EES-samningnum segir um öryggisákvæðið í gr. 112, með leyfi forseta:

„Ef upp eru að koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, getur samningsaðili gripið einhliða til viðeigandi ráðstafana.“

Þetta er einfalt. Samningsaðilinn getur einhliða gripið til ráðstafana sem hann telur viðeigandi. Þetta er skýrt svo frekar í skýringum með þessari grein. Þar segir og er sérstaklega undirstrikað að samningsaðilarnir sjálfir meti hvort

skilyrðin eru fyrir hendi. Þannig að Ísland mundi sjálft meta hvort skilyrði væru fyrir hendi til að beita 112. gr.

Ef ríkið beitir 112. gr. þá á að gera það samkvæmt ákveðinni aðferð sem er lýst í 113. og 114. gr. og hægt er að skjóta umfangi aðgerðanna til gerðardóms sem getur kveðið upp úr með hvort ráðstafanir séu meiri en ástæða er til eða ástæða fyrir hendi. En eitt getur gerðardómur ekki gert. Hann getur ekki lagt mat á hvort ríki sem beitir öryggisákvæðinu hafi gert rétt eða ekki vegna þess að það er ekki á valdi neins að meta það nema ríkisins sjálfs.

Sem þýðir, virðulegi forseti, að EES-samningurinn segir hvað okkur varðar að félagsmálaráðherra einn metur hvort unnt sé að beita öryggisákvæðum 112. gr. Enginn getur vefengt það mat, hvorki innan lands né utan. Þess vegna verður hæstv. ráðherra að vera þess meðvitaður hvað felst í EES-samningnum og hvaða tæki öryggisákvæðið er til að vernda atvinnustigið á íslenskum vinnumarkaði. Með því að flytja frumvarpið núna segir ráðherrann að aðstæður séu það slæmar að nauðsynlegt sé að grípa til verndunaraðgerða. Það er ákveðinn mælikvarði á það hvenær ráðherrann telur nauðsynlegt að grípa til aðgerða. Atvinnuleysi er tiltölulega lítið á evrópskan mælikvarða, það er innan við 5% miðað við síðustu tölur sem við sáum.

Því vil viðbótar lagði Ísland fram — ég held meira að segja að núverandi félagsmálaráðherra hafi líka verið félagsmálaráðherra þegar samið var um þetta við Evrópusambandið — einhliða yfirlýsingu um túlkunina á þessum öryggisákvæðum. Sú yfirlýsing var lögð fram við viðsemjendur okkar og í skýringum við frumvarpið um EES-samninginn segir, með leyfi forseta:

„Yfirlýsing þessi varð ekki tilefni gagnyfirlýsingar af hálfu annarra samningsaðila og verður því að líta svo á að þessi túlkun ákvæðisins sé óumdeild.“

Þannig að viðsemjendur okkar gerðu ekki ágreining um þessa yfirlýsingu. En hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands um beitingu öryggisráðstafana samkvæmt EES-samningnum. Vegna einhæfs atvinnulífs og fámennis lýsir Ísland þeirri túlkun sinni að það geti í samræmi við skyldur sínar samkvæmt samningnum gripið til öryggisráðstafana ef af framkvæmd samningsins leiðir einkum:

alvarlega röskun jafnvægis á vinnumarkaði vegna meiri háttar flutninga starfsfólks sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum; eða

alvarlega röskun jafnvægis á fasteignamarkaði.“

Alvarlega röskun jafnvægis á fasteignamarkaði, er yfirlýsing sem þáverandi félagsmálaráðherra hefur væntanlega samið eða komið að og komið í hendurnar á þáverandi utanríkisráðherra um hvernig við skildum öryggisákvæði EES-samningsins. Það er svona. Að beita eigi því við þessar aðstæður.

Þegar frumvarpið var afgreitt hér á vormánuðum 2006, eins og ég gat um áðan, var formaður félagsmálanefndar Dagný Jónsdóttir og mælti hún eðlilega fyrir nefndaráliti meiri hluta félagsmálanefndar og formaður nefndarinnar rekur í máli sínu það sem fram kemur í nefndarálitinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vert er að taka fram að þegar aðildarríki hefur tekið upp hinar sameiginlegu reglur um frjálsa för launafólks er ekki ætlast til að settar verði strangari takmarkanir síðar nema ef um röskun eða fyrirsjáanlega röskun á innlendum vinnumarkaði verði að ræða.“

Þá var túlkun félagsmálanefndar að á grundvelli almennra ákvæða EES-samningsins væri hægt að að grípa til takmarkana á innlendum vinnumarkaði ef um röskun eða fyrirsjáanlega röskun á innlendum vinnumarkaði væri að ræða. Þetta var meiri hluti félagsmálanefndar, átta af níu, og meðal þeirra sem stóðu að meiri hlutanum voru fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni.

Einn fulltrúi hennar, Kristján Möller hæstv. samgönguráðherra, gekk eftir því í umræðunum og kallaði eftir því að formaður félagsmálanefndar skýrði ummælin frekar þannig að ekki færi á milli mála hvað við væri átt. Segir hann, með leyfi forseta:

„Mig langar að spyrja talsmann nefndarinnar: Um hvaða fyrirsjáanlegu röskun á innlendum vinnumarkaði er verið að ræða sem gæti breytt þessum ákvæðum?“

Framsögumaður nefndarinnar og formaður svarar því til, með leyfi forseta:

„Þarna er settur sá fyrirvari að stjórnvöld geti gripið til aðgerða ef, eins og það er orðað, röskun verður á vinnumarkaði. Það er verið að tala um það að stjórnvöld verði að meta slíkt ástand eða yfirvofandi ástand og hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins. Það er þá verið að tala um það að ef svo stór hópur útlendinga kemur hingað til lands að við verðum engan veginn í stakk búin til að taka á móti þeim. Einnig er verið að hugsa um atvinnuástandið í landinu o.s.frv. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að við séum með þessa heimild í lögunum og það má líka geta þess að þetta eru rýmri heimildir en í Evrópusamningnum þannig að ég tel mjög gott að stjórnvöld hafi þennan varnagla.“

Með öðrum orðum. Það er ekki bara samningurinn heldur eru í lögum rýmri ákvæði sem gefa stjórnvöldum tækifæri til þess að takmarka aðgang að innlendum vinnumarkaði. Alveg skýrt er, virðulegi forseti, að sú túlkun sem kom fram hér á Alþingi fyrir tveimur og hálfu ári er mun rýmri á öryggisákvæðunum en ráðherra í svari sínu til félagsmálanefndar og túlkun ráðherrans nú á öryggisákvæðunum þrengri en fram kemur í ákvæðunum sjálfum og skýringum með þeim.

Nú mun líða tíminn, virðulegi forseti, eins og óhjákvæmilegt er — nema ef heimurinn ferst vegna tilrauna með öreindahraðal, eða eitthvað slíkt — að allir fyrirvarar falla úr gildi sem menn kunna að hafa og menn hafa þá ekkert annað en samninginn sjálfan, EES-samninginn og 112. gr. til að vinna úr. Þá skiptir máli hvernig félagsmálaráðherra á hverjum tíma lítur á þetta ákvæði og hvenær hann getur beitt því. Ráðherrann, eða starfsmenn fyrir hans hönd, hefur sagt núna að núverandi ástand á vinnumarkaði sé ekki nægilega slæmt til að hægt sé að beita öryggisákvæðinu. En hann telur ástandið samt það slæmt að það verði að beita öðrum ákvæðum sem tök eru á til að takmarka aðgang að vinnumarkaði og draga úr atvinnuleysi hér innan lands.

Hvenær telur ráðherrann unnt að beita ákvæðum 112. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið? Hversu mikið þarf atvinnuleysi á Íslandi eða fall á fasteignamark-

aði að vera til (Forseti hringir.) að það verði virkt?

[15:05]

Útbýting:

Ársreikningar, 212. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 368.

Málefni íslenskra fanga erlendis, 172. mál, svar utanrrh., þskj. 287.

Tryggingagjald, 220. mál, nál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 370.

Verslun með áfengi og tóbak, 209. mál, nál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 369.

Virðisaukaskattur, 211. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 373.

[15:06]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Þau sjónarmið og þær spurningar sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson bar fram í ræðu sinni áðan eiga fullt erindi og nauðsynlegt er að þeim verði svarað skýrt og skilmerkilega. Ég deili ekki þeirri trú að öreindarafallinn muni gera eitthvert útslag í veraldarsögunni eða valda því að einhverjar skuldbindingar eða skilyrði samninga muni falla úr gildi. Ég reikna með að við verðum hér eftir sem hingað til að takast á við vandamál eins og við höfum gert og mættum gera af meiri ábyrgð, a.m.k. meiri ábyrgð en gert var í maíbyrjun árið 2006 þar sem um það var að ræða að kallað var eftir því af þingmönnum Frjálslynda flokksins að svipuðum ákvæðum yrði beitt varðandi breytingar á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks á þeim tíma miðað við þau ríki sem þá mundu fá óheftan aðgang. Það voru ríki eins og Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Slóvenía, Slóvakía, Tékkland, Ungverjaland sem höfðu þá nokkru áður gengið í Evrópusambandið. Þá var varað við því að ekki væri flutt frumvarp til laga til þess að nýta sér þá undanþágu sem þá væri fyrir hendi til að hægt væri að koma í veg fyrir að reglur Evrópusambandsins um frjálsa för mundu taka gildi.

Það var möguleiki á þeim tíma varðandi íbúa þessara landa að nýta sér frest fram til 2009 og síðan áfram til 2011 og jafnvel enn þá lengur. En það var ekki gert og það var heldur betur haft á orði að það að ætla sér að framlengja þann frest eða standa í slíku væri í fyrsta lagi atlaga að því að hingað gæti flutt fólk og unnið úr þeim brýnu verkefnum sem þyrfti að vinna úr sem allra fyrst. Það voru ein rökin.

Ýmis önnur rök komu fram og það var ekki síst frá flokki núverandi félagsmálaráðherra sem kom helst andstaða við því að um framlengingu undanþágunnar yrði að ræða á sínum tíma varðandi frjálsa för þessara íbúa á Evrópska efnahagssvæðinu sem þá var talað um að sett yrði viðbótarundanþága fyrir.

Á það var bent að við gætum gert ákveðnar ráðstafanir sjálfir, m.a. með vísun til 112. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og þeirrar bókunar sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vék að hér áðan og ég mun gera að umræðuefni nokkru síðar. Það var hins vegar alveg ljóst að til þess að taka af öll tvímæli um það hver vilji ríkisstjórnarinnar væri í þessu efni þurfti að samþykkja lög með svipuðum hætti og verið er að fara fram á að verði gert hér nú. Til að taka af öll tvímæli ætla ég að taka fram að ég styð það frumvarp sem hér ræðir um, ég tel nauðsynlegt að það verði samþykkt þannig að í stað orðanna „1. janúar 2009“ í ákvæði til bráðabirgða II í lögunum komi: 1. janúar 2012. Heimildir fyrir íbúa Rúmeníu og Búlgaríu til þess að koma hér eins og þeim hentar verði takmarkaðar svo sem frumvarpið kveður á um. Ég tel nauðsynlegt að setja það — og ég taldi á sínum tíma líka nauðsynlegt að slík undanþágа væri sett varðandi aðkomu hinna nýju þjóða í Evrópusambandinu þannig að íslenskt atvinnulíf biði ekki verulegan og jafnvel varanlegan skaða af.

Þáverandi stjórnarflokkar og Samfylkingin, flokkur félagsmálaráðherra, töldu það hið versta mál að ætla að standa þannig að málum. Og hver voru rökin fyrir því? Jú, það m.a. var talað um að með því að heimila frjálsa för og óhefta erlends láglaunafólks frá Póllandi, Eistlandi, Lettlandi, Litháen og víðar mundi þjóðarframleiðslan aukast. Það voru birtar yfirlýsingar, rök og sjónarmið frá hagdeildum hinna föllnu banka um það efni að þjóðarframleiðslan mundi aukast og atvinnutekjur á hvern landsmann með því að hingað kæmi láglaunafólk að utan.

Hver er niðurstaðan þegar við skoðum þetta í baksýnisspeglinum? Niðurstaðan er sú að þetta var rangt, niðurstaðan er sú að þjóðarframleiðslan jókst ekki í samræmi eða nokkurri nánd við þann fjölda erlendra ríkisborgara sem hingað komu.

Það er líka reynsla annarra þjóða þar sem gerð hefur verið úttekt á svipuðum hlutum. Bandaríkin hafa mesta reynslu af því að taka við erlendu vinnuafli og þar hafa verið gerðar víðtækar þjóðfélagsrannsóknir á því hvernig það gengur fyrir sig. Niðurstaðan hefur verið sú að það hefur ekki áhrif til þess að auka þjóðarframleiðslu að fá mikinn fjölda af láglaunafólki að utan, en helstu áhrifin á vinnumarkaðinn eru þau að laun láglaunafólks og fólks með og undir meðaltekjum lækka. Það eru helstu áhrifin. Og það eru þau áhrif sem fyrrverandi ríkisstjórn og Samfylkingin bera ábyrgð á að urðu á íslenskum launamarkaði.

En það voru fleiri áhrif sem komu til greina. Afleiðingin af því að undanþáguákvæðið var ekki framlengt varðandi hin nýju ríki Evrópusambandsins í fyrrverandi Austur-Evrópu urðu til þess að hingað streymdi meira en tugur þúsunda erlendra starfsmanna. Í sjálfu sér margt gott úrvalsfólk til vinnu, en það ruglaði gjörsamlega ástandið á íslenskum vinnumarkaði. Það var það sem við frjálslyndir bentum á að gæti gerst, það mundi gjörsamlega rugla ástandið á íslenskum vinnumarkaði. Að sjálfsögðu hefur það þýðingu þegar um 20.000 manns flytja á stuttum tíma til annars ríkis, það kallar á gríðarlega miklar framkvæmdir í sambandi við íbúðarhúsnæði, það kallar á mikla uppbyggingu í sambandi við alls konar félagslega aðstöðu. Þar stóðum við alls ekki að hlutum með þeim hætti sem við hefðum átt að gera þannig að við gætum þá tekið á móti því fólki sem kom með eðlilegri reisn og látið það njóta í öllum tilvikum eðlilegra kjara og mannréttinda. Þar var virkilega pottur brotinn og það ber að taka sérstaklega fram að íslenska þjóðin, Ísland — við berum ábyrgð gagnvart öllu því fólki sem hingað kemur og er komið inn í landið, að það njóti þeirra lögkjara sem við höfum í lögum varðandi mannréttindi og eðlilegt atlæti. Á því varð nokkur skortur, því miður, vegna þess að innflutningur vinnuaflsins, hins erlenda vinnuafls, á of skömmum tíma varð til þess að ekki varð við neitt ráðið

á ákveðnu tímabili.

Gróðaöflin í þjóðfélaginu, þeir sem vildu halda hinni fölsku þenslu og áframhaldandi skuldsetningu þjóðarinnar, hrópuðu í einum kór að þetta væri algjörlega nauðsynlegt. Afleiðingin er eitt með öðru sú mikla skuldsetning sem við stöndum frammi fyrir í dag, það hrun sem hefur orðið í íslensku efnahagslífi og það að þær framkvæmdir sem við frjálslynd bentum iðulega á að mætti fresta, ætti að taka fyrir á öðrum tíma þegar þenslan væri ekki sú sama og varð á fyrri árum. Þetta var ekki gert og þess vegna stöndum við núna frammi fyrir gríðarlegu atvinnuleysi og skuldsetningu sem er afleiðing af því að þeir stjórnmálamenn sem stóðu þannig að málum neituðu að horfast í augu við alvarleika þess samtíma sem um var að ræða á árinu 2006 og að taka eðlilegar ákvarðanir til að koma í veg fyrir að vandamál mundu skapast í framtíðinni.

Það er ekki lengra síðan en nokkrir mánuðir að ég stóð í þessum ræðustól og hélt því fram að mjög alvarleg kreppa væri að skríða yfir í íslenskum byggingariðnaði. Ég talaði um það nokkru eftir áramót 2008 að það yrði mjög alvarleg kreppa í íslenskum byggingariðnaði og á fasteignamarkaði þegar liði á árið. Á þeim tíma var því svarað til að þetta væri svartagallsraus, að það væri ekkert sem benti til þess og jafnvel nokkrir stjórnarliðar sem héldu því fram að það væri heldur betur eitthvað annað upp á teningnum.

Niðurstaðan er því miður sú að það sem ég taldi verða var miklu alvarlegra en ég hafði þó bent á, svo alvarlegt að nú horfum við fram á það að fasteignamarkaðurinn er hruninn og byggingarstarfsemin að verulegu leyti stöðvuð.

Það liggur fyrir að við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegu og miklu atvinnuleysi og afleiðingar af óráðsíustefnu Samfylkingarinnar og fyrrverandi ríkisstjórnar þýða líka að við höfum gríðarlegt atvinnuleysi og mikinn fjölda útlendinga sem hingað komu á þessum árum, uppsveifluárunum, sem við að sjálfsögðu verðum að gæta að njóti þess félagslega atlætis sem aðrir íbúar þessa lands njóta sem er töluvert mikill og aukinn kostnaður fyrir íslenskt þjóðfélag sem þýðir líka það að atvinnuleysistölur eru hærri en ella yrði. Á sínum tíma var því haldið fram að allir þeir útlendingar sem hingað kæmu í atvinnuleit mundu flytja af landi brott um leið og það harðnaði á dalnum og drægi úr atvinnu. Raunin hefur orðið sú að þessi sjónarmið hafa nokkuð til síns máls — en einungis nokkuð.

Enn situr eftir meginhluti þeirra sem hingað komu og það er staðreyndin í málinu. Það er m.a. sá hópur sem kemur til með að fylla bekki atvinnulausra á íslenskum vinnumarkaði nú og á næstu mánuðum. Það er m.a. sá hópur sem við, íslenska þjóðin, munum þurfa að borga atvinnuleysisbætur núna og á næstu mánuðum.

Það er þess vegna líka, horft í baksýnisspegilinn, gjörsamlega óskiljanlegt hvernig á því stóð að stjórnmálamenn á árinu 2006 neituðu að horfast í augu við raunveruleikann, neituðu að horfast í augu við það með hvaða hætti langtímaþróun íslenskra atvinnuvega og íslensks atvinnulífs gæti orðið, hvernig þeir dönsuðu með bönkunum og þeim sem vildu skuldsetja þjóðina í því að auka hér þrýsting á íslenska atvinnustarfsemi og auka skuldsetninguna þannig að við byggjum við skuldsetta uppbyggingu sem engin innstæða var fyrir.

Staðreyndin er nefnilega sú, virðulegi forseti, að það er ekki hægt að kenna einhverjum örfáum einstaklingum um hvernig komið er fyrir okkur í dag. Það er m.a. svona komið fyrir okkur vegna þess að íslenskir stjórnmálamenn á þessum árum neituðu að taka á málunum af festu með þeim hætti sem hefði verið til hagsbóta fyrir íslenska þjóð.

Við erum ekki nema 300.000 manns, við erum með viðkvæman vinnumarkað, við erum með fábreytta atvinnustarfsemi. Jafnvel þó að fjármálastarfsemi hafi unnið ákveðinn sess í ákveðinn tíma var alveg ljóst að á undirstöðunni, frumframleiðslunni sem allt þjóðfélagið byggðist á urðu ekki neinar stökkbreytingar. Á þeim svokölluðu uppsveiflutímum sem við fórum í gegnum var alveg ljóst að helstu atvinnuvegir þjóðarinnar framleiddu ekki meira og ekki var um verðmætaaukningu að ræða sem nokkru næmi hvað það varðar.

Hvað olli þá uppsveiflunni?

Jú, við fengum mikið innstreymi af erlendu vinnuafli, láglaunafólki. Við tókum gríðarlega mikil lán og ríkissjóður setti prentvélina í gang eða kannski fékk hann mikið af peningum vegna óraunhæfra hluta sem voru í gangi í hagkerfinu. Og það er það sem við horfum upp á og þegar einhverjum örfáum bankamönnum er kennt um það sem gerst hefur segi ég að menn skyldu líta sjálfum sér nær, þeir sem stóðu að því að leyfa þá þjóðfélagsþróun sem varð á umliðnum árum og þá er ég m.a. að vísa aftur til áranna 2005 og 2006.

Hlutir detta nefnilega aldrei skyndilega ofan á höfuðið á fólki, það hefur allt sinn aðdraganda. Það var ábyrgðar- og fyrirhyggjuleysi stjórnmálaaflanna í landinu, þáverandi ríkisstjórnar og Samfylkingarinnar, sem studdi þessi sjónarmið dyggilega og er því meðvöld að því ástandi sem við búum við.

En þau sjónarmið og rök sem komu fram, og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson rakti í ræðu sinni áðan, varðandi skilning á 112. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, hvað fælist í þeirri undanþágu er gild spurning. Það er gild spurning, ekki síst núna, vegna þess að við búum við alvarlegt atvinnuleysi, við horfum fram á vaxandi atvinnuleysi og þá er spurning: Eru þeir fyrirvarar sem getið er um í 112. gr. samningsins nægjanlegir til þess að við getum beitt þeim einhliða? Ég lít svo á að um það sé að ræða, en eins og rakið var í ræðu síðasta ræðumanns liggur fyrir að túlkun félagsmálaráðuneytisins virðist vera með öðrum hætti.

En þá er líka að skoða þá bókun sem var sett fram og sem þáverandi utanríkisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, stóð fyrir og hafði með að gera þegar samið var um Evrópska efnahagssvæðið. Þar fengum við sérstakar undanþágur þar sem bætt var við ef yrði m.a. alvarlegt ójafnvægi á fasteignamarkaði, atriði sem ýmsir hafa haldið fram, m.a. lögspekingar í hópi samfylkingarmanna, að hefði enga sérstaka þýðingu. Það er í sjálfu sér nauðsynlegt að skoða þessi tvö ákvæði í samhengi og fá sjónarmið hæstv. félagsmálaráðherra á því hvaða þýðingu og hvaða gildi þetta hefur, ekki síst vegna þess að við búum nú við þær aðstæður sem kveðið er á um, annars vegar í 112. gr. og hins vegar í þeirri bókun sem þar ræðir um. Í umræðum sem fóru fram á Alþingi á þeim tíma, þegar rætt var um EES-samninginn,

þá spurðu hv. þingmenn þess tíma, þau Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Steingrímur J. Sigfússon, ítrekað um gildi þessarar bókunar um undanþágu frá frjálsri för launafólks sem þáverandi utanríkisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, hafði talað um og það var fullyrt af Jóni Baldvini Hannibalssyni, þáverandi utanríkisráðherra, að þetta hefði fullt gildi og við gætum hvenær sem er gripið til nauðsynlegra takmarkana til að stöðva flæði erlends vinnuafls ef á þyrfti að halda.

Það var niðurstaðan og það sem maður les út úr þeirri umræðu sem átti sér stað þegar um EES-samninginn var rætt á sínum tíma á Alþingi Íslendinga. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort það sé sami skilningur ráðuneytisins í dag, að okkur sé heimilt þegar röskun verður á atvinnumarkaðnum eða fasteignamarkaðnum, að grípa einhliða til aðgerða svo sem kveðið var á um í bókun Íslands við samningaviðræðurnar um Evrópska efnahagssvæðið og hvort félagsmálaráðuneytið telur að undanþáguákvæðið í 112. gr. samningsins, um það að þegar alvarlegir erfiðleikar komi upp á atvinnumarkaði geti ríkið gripið til viðeigandi ráðstafana, hvort sú staða sé komin upp í þjóðfélaginu að hægt sé að nýta þessi ákvæði og koma því svo fyrir að Ísland geti í raun lokað landamærunum.

[15:26]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Sem kunnugt er byggir samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði á frjálsum eða lítt heftum flutningi á fjármagni, vörum og vinnuafli. Á þessu eru þó ýmsar hömlur og eftir að Evrópusambandið var stækkað austur á bóginn til hins fátækari hluta álfunnar þar sem atvinnuleysi er mikið voru sett inn ákvæði eða samþykktir þess efnis að aðildarríki EES gætu frestað því að opna fyrir frjálst flæði launafólks. Við fjöllum hér um einn slíkan samning sem snýr að Búlgörum og Rúmenum og spurningin sem við stöndum frammi fyrir er sú: Eigum við að framlengja þær hömlur sem settar voru á flutninga vinnuafls frá þessum löndum og mundu að óbreyttu renna út í ársbyrjun 2009, eigum við að framlengja þær til ársins 2012?

Um þetta eru nokkuð skiptar skoðanir, það eru skiptar skoðanir um þetta í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Þar eru þær raddir til sem vilja óheft flæði vinnuaflsins, að ekki eigi að mismuna ríkjum eða þegnum innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Þar eru líka til þau sjónarmið að heimurinn eigi einfaldlega að vera allur opinn fyrir frjálsu flæði vinnuafls. Sannast sagna hefur mér fundist þessi aðgreining á milli Evrópusambandsríkjanna annars vegar eða þeirra sem aðild eiga að hinu Evrópska efnahagssvæði og annarra ríkja alltaf verið fremur ógeðfelld. Verst þótti mér þegar við samþykktum á Alþingi — ég átti reyndar ekki hlut að þeirri samþykkt og ekki við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði — ákvæði þess efnis að mismuna fólki utan EES á grundvelli menntunar. Það var mjög ógeðfelld lagasetning. Að ef menn hafa háskólapróf upp á vasann og eru frá Indlandi eða öðrum ríkjum heims utan EES og vilja koma hingað verður leitað í fórum þeirra hvort þeir hafi háskólastimpil upp á vasann eða þyki það merkilegur pappír að rétt sé að hleypa þeim inn í landið. Það þótti mér vera slæmt.

Varðandi þessa framlengingu hins vegar og í ljósi allra aðstæðna ákvað ég að setja nafn mitt undir álit félagsmálanefndar og styðja þessa breytingu. Ég legg áherslu á að þessi framlenging á hömlunum verður ekki til þess að koma í veg fyrir að fólk frá Rúmeníu eða Búlgaríu komi hingað til starfa. Það eru nýleg dæmi þess efnis. Ef gerðir hafa verið samningar sem Vinnumálastofnun hefur boðað og tryggt er að fólk er að sigla hingað inn í örugga höfn þá fær það leyfi til að koma hingað. Mér þykja þetta ekki slæm býti, alls ekki, og það ætti náttúrlega helst að gilda um alla sem hingað koma að því fylgi öryggi, ég tala ekki um ef um er að ræða fátækt fólk sem hingað er komið í atvinnuleit. Vinnumálastofnun mælir með því að við förum þessa leið, Alþýðusamband Íslands mælir með því að við förum þessa leið og flestir aðilar sem leitað hefur verið til. Mér finnst rök þeirra vera sannfærandi og styð frumvarpið.

[15:31]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka umfjöllun hv. félags- og tryggingamálanefndar um þetta frumvarp. Það er ekki langt síðan það kom inn í þingið og nefndin hafði því ekki langan tíma til að fjalla um málið en ég sé á nefndarálitinu að nefndin hefur sett fram þetta álit samhljóða, þ.e. þeir nefndarmenn sem voru við afgreiðslu málsins en þar var ekki viðstaddur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem m.a. hefur gert athugasemdir við þetta frumvarp og lagt fram ýmsar spurningar, líkt og aðrir þingmenn, aðallega þó hv. þm. Jón Magnússon.

Mér finnst fullkomlega eðlilegt að við þessar aðstæður í þjóðfélaginu komi þingmenn hér upp, ræði stöðuna og leggi fram ýmsar spurningar um t.d. ákvæði og beitingu öryggisákvæðis sem hér hefur mikið verið rætt um. Ástandið á vinnumarkaðnum er þess eðlis að það er fullkomlega eðlilegt að um það sé spurt.

Þetta frumvarp kveður á um að við lengjum aðlögunartímann sem við beittum áður, hann er lengdur í þrjú ár, til 2012, og við getum síðan framlengt þann aðlögunartíma til 2014. Þetta er það sem við leggjum til í þessu frumvarpi. Ég tel mikilvægt þegar við ræðum frumvarpið núna, hvaða tillögur eru lagðar til og hvernig þetta var árið 2006, sem mönnum hefur orðið tíðrætt um, þegar við heimiluðum fleiri ríkjum frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks, að menn hafi í huga hvernig þessar ákvarðanir eru teknar. Þær eru aldrei teknar einhliða af félagsmálaráðherra eða ríkisstjórn, hvort beita skuli aðlögunarákvæðum, heldur fer samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins yfir málið, leggur mat á stöðuna á vinnumarkaði og leggur síðan fram afstöðu sína til þess hvort beiti eigi aðlögunarákvæðum. Það var t.d. gert 2006 og um það hefur verið rætt hvort eðlilegt hefði verið að beita þá þessum ákvæðum gagnvart þessum átta ríkjum. Þá voru aðilar vinnumarkaðarins ásamt ríkisstjórninni og þá félagsmálaráðuneytinu samhljóma í því að það skyldi vera með þeim hætti að heimila frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins í þeim ríkjum sem þá var ákveðið að veita frjálsa för hingað til landsins.

Það eru ekki sambærilegir tímar núna og voru 2006 eins

og hv. þm. Jón Magnússon hefur komið inn á. Við beittum þessu ákvæði ekki þá og við getum ekki snúið því til baka þó að einhverjir teldu það æskilegt núna og farið að beita einhverjum aðlögunarákvæðum. Það er hreinlega ekki heimilt gagnvart EES-samningnum að beita þeim núna gagnvart þessum ríkjum sem var heimiluð frjáls för 2006.

Margir hafa haldið því fram, og margir með réttu, að koma útlendinga hingað til lands á vinnumarkaðinn á uppgangstímum hafi stuðlað verulega að auknum hagvexti hér á landi. Er ég sammála því en ég legg líka áherslu á að við hefðum átt að búa okkur miklu betur undir komu útlendinga á þennan vinnumarkað okkar en við gerðum á þessum árum. Ég tel að verulega hafi verið úr því bætt frá árinu 2006, m.a. höfum við sett lög um starfsmannaleigur og þjónustuviðskipti, sett hefur verið áætlun að því er varðar innflytjendur og nú eru í undirbúningi lög um innflytjendur. Þetta hefðum við auðvitað átt að gera miklu fyrr.

Nú óskaði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson eftir því við félagsmálaráðuneytið — nefndin stóð öll að því að beina ákveðnum fyrirspurnum til félags- og tryggingamálaráðuneytisins, ekki síst varðandi beitingu hins almenna öryggisákvæðis 112. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, og ég tel að félagsmálaráðuneytið hafi svarað því mjög ítarlega og rökstutt það af hverju við beitum þessu aðlögunarákvæði núna og af hverju við förum ekki í það að beita þessu öryggisákvæði 112. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Ég tel að það hefði ekki verið skynsamlegt við þær aðstæður sem núna eru uppi í samfélaginu, einmitt núna, að beita 112. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, einfaldlega vegna þess að þó að atvinnuástandið sé slæmt á okkar mælikvarða og stefni í aukið atvinnuleysi, kannski 7–7,5% í janúar, erum við engu að síður með hliðstætt atvinnuleysi og er í mörgum löndum. Ég undirstrika að við eigum að vera vel á verði með aðilum vinnumarkaðarins, fylgjast vel með þróuninni og sjá hvort á einhverjum tímapunkti sé ástæða til að beita þessu öryggisákvæði 112. gr. sem ég tel ekki rétt að gera á þessu augnabliki.

Af hverju tel ég ekki rétt að gera það? Vegna þess að það getur haft ákveðnar afleiðingar í för með sér. Ég veit ekki til þess að þessu öryggisákvæði hafi verið beitt annars staðar, en það kemur fram í svari sem félags- og tryggingamálaráðuneytið sendi félags- og tryggingamálanefnd hvaða afleiðingar það gæti haft ef gripið yrði til þess að beita öryggisráðstöfunum samkvæmt 112. gr. samningsins. Ég ætla að lesa orðrétt upp, með leyfi forseta:

„Hefði það því í för með sér að meginreglur um frjálsa för um Evrópska efnahagssvæðið giltu ekki tímabundið hvað Ísland varðar. Jafnframt skal hafa í huga að öðrum aðildarríkjum er heimilt að grípa til gagnaðgerða ef öryggisráðstöfun veldur misvægi milli réttinda og skyldna samkvæmt samningnum.“

Þó að við getum beitt þessu ákvæði einhliða er áhættan sem við erum að taka sú að önnur ríki muni beita okkur gagnaðgerðum og þá er hætta á að það hefði áhrif á frjálsa för Íslendinga til þessara landa. Þetta held ég að við verðum að hafa í huga. Af því að hér var vikið að þessu öryggisákvæði sem fylgdi upptöku EES-samningsins man ég eftir því að það var mikið rætt. Ég var ein af þeim sem treystu mjög á þetta öryggisákvæði sem er í samningnum og taldi mikilvægt fyrir okkur að hafa slíkt öryggisákvæði til að grípa til ef ástæður væru til. Ég man alveg eftir umræðunni og að margir horfðu mjög til þessa ákvæðis.

Mér fannst menn tala um að túlkunin á þessu væri eitthvað þrengri núna en var áður. Ég tel að svo sé ekki. Hverjir taka ákvörðun um að beita þessu ákvæði? Mér fannst hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson líta þannig á að félagsmálaráðherra gæti einhliða ákveðið að beita þessu öryggisákvæði, en hér er um það afdrifaríkt ákvæði að ræða að það yrði aldrei gert einhliða af félags- og tryggingamálaráðherra. Ef því yrði á annað borð beitt yrði það gert í fullu samráði við aðila vinnumarkaðarins og slík ákvörðun yrði ekki tekin nema að undangengnu slíku samráði og með samþykki aðila vinnumarkaðarins um að aðstæður væru með þeim hætti að ástæða væri til að beita þessu mikilvæga ákvæði. Það yrði skoðað sérstaklega í utanríkisráðuneytinu og einnig auðvitað í ríkisstjórninni allri ef grípa ætti til þess.

Sú greinargerð sem þeir þingmenn sem hafa rætt hér hafa væntanlega haft aðgang að — að vísu á Jón Magnússon ekki sæti í félagsmálanefnd en hann hefur auðvitað fullan aðgang að svari okkar í félags- og tryggingamálanefnd þar sem við fórum m.a. yfir aðstæður núna á íslenskum vinnumarkaði og hvers vegna við teldum ekki rétt að beita þessu ákvæði núna. Ég tel ekki ástæðu til að fara yfir það og lesa það bréf en ég held að það svari fullkomlega ýmsum þeim spurningum sem hér hafa komið fram.

Staðan núna á íslenskum vinnumarkaði að því er varðar útlendinga er að þeir voru 17–18 þús. þegar mest var en í árslok er búist við að þeim hafi fækkað niður í 10 þús.

Ég tek undir með þeim þingmönnum sem hér hafa talað að þetta er mikilvægt ákvæði sem við eigum að skoða grannt ef aðstæður versna mjög á vinnumarkaði en við verðum að hafa það í huga hvaða afleiðingar það hefur að beita þessu ákvæði.

[15:42]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir greinargóða ræðu. Það er eitt atriði sem mér finnst ástæða til að spyrja um, sérstaklega af því tilefni sem var gefið þar sem hæstv. félagsmálaráðherra ræddi um að atvinnuleysi hér væri ekki orðið það mikið, eins og ég gat skilið hana, að unnt væri að beita ákvæði 112. gr. Þá spyr ég: Hve mikið þarf atvinnuleysið að verða til þess að mati hæstv. félagsmálaráðherra að unnt verði að beita ákvæði 112. gr.? Mér finnst í sjálfu sér það sem hæstv. félagsmálaráðherra hafði um málið að segja gefa tilefni til að spyrja þessarar spurningar.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það að beita undanþáguákvæði sem þessu kann að hafa víðtæk áhrif og það getur að sjálfsögðu hitt okkur sjálf fyrir. Þess vegna skipti svo miklu máli á sínum tíma að nýta það undanþáguákvæði sem við höfðum gagnvart níu ríkjum Evrópusambandsins og tekin var ákvörðun um árið 2006 að nýta ekki með þeim afleiðingum sem orðið hafa. Eins og hæstv. félagsmálaráðherra benti á komu um 18 þús. manns til vinnu hingað og það er búist við því að um 10 þús. manns verði hér eftir um næstu áramót. Þeir eru töluvert fleiri í dag og þetta er eingöngu tilgáta, það er meira en helmingur eftir. Meginatriðið

er að ég gat ekki skilið hæstv. félagsmálaráðherra öðruvísi en að hún teldi okkur í raun heimilt að beita undanþáguákvæðum á bókuninni og varðandi 112. gr. og þar væri um töluvert víðtækan rétt að ræða. Ég þakka henni fyrir þá skýringu.

[15:44]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þegar ég lýsti því hér áðan að ég teldi ekki ástæðu til að beita þessu ákvæði núna miðað við atvinnustigið hér á landi er það betra en víða í nágrannalöndum okkar þar sem algengt atvinnuleysi er 6, 7 og 8%, a.m.k. í augnablikinu þó að það stefni í að versni en ég geri mér grein fyrir því að þolmörk okkar gagnvart atvinnuleysinu eru öðruvísi í okkar fámenna landi en í öðrum löndum. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því.

Ég get ekki svarað spurningu hv. þingmanns um það hve mikið atvinnuleysi þurfi að vera til að þessu ákvæði verði beitt. Við þurfum að skoða það í miklu víðtækara samhengi og jafnvel þó að ég væri félagsmálaráðherra þegar kæmi að því að beita slíku ákvæði eru það eins og ég fór yfir áðan aðilar vinnumarkaðarins, ríkisstjórn og utanríkisráðuneytið sem sameiginlega tækju ákvörðun um að beita þessu ákvæði. Það getur eins og hv. þingmaður tók undir með mér haft alvarlegar afleiðingar fyrir Íslendinga líka ef önnur lönd beittu ákveðnum gagnaðgerðum gagnvart Íslendingum. Þessu held ég að afar mikilvægt sé að halda til haga en ég undirstrika ræki lega að við munum fylgjast grannt með ástandinu og hvort ástæða sé til að beita ákvæðinu en við hljótum þá að meta afleiðingarnar af því.

Þótt stefni núna í eða áætlað sé að 10 þús. útlendingar verði hér um áramót vitum við auðvitað ekkert hver staðan verður á næsta ári, hvort þeir verða færri eða ekki. Aðalatriðið í mínum huga er að við fylgjumst vel með þróuninni og metum (Forseti hringir.) á hverjum tíma hvort ástæða sé til að beita þessum neyðarrétti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, vörugjald o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 247. mál (framlenging ákvæða um lækkun gjalda af vistvænum ökutækjum). — Þskj. 364.

[15:47]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Með frumvarpi þessu er lagt til að framlengdar verði um eitt ár þær tímabundnu undanþágur frá vörugjöldum og virðisaukaskatti sem gilda um tiltekin vistvæn ökutæki samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða við lög nr. 97/1987, 29/1993 og 50/1988. Að óbreyttu renna umræddar undanþágur út í lok árs 2008.

Nánar tiltekið er í umræddum ákvæðum um að ræða ívilnanir fyrir:

bifreiðar sem búnar eru vélum sem nýta rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu,

bifreiðar sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúnar óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni,

bifreiðar sem búnar eru vélum og öðrum búnaði sem miðast við að bifreið nýti metangas að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu,

bifreiðar sem aðallega eru ætlaðar til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri og búnar eru aflvélum samkvæmt EUROIII staðli ESB.

Einnig eiga hér undir sérhæfðir varahlutir í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni

Á meðan ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvernig staðið skuli að heildarskattlagningu ökutækja og eldsneytis, þar með talið til vistvænna ökutækja, er með frumvarpi þessu lagt til að umræddar undanþágur frá vörugjöldum og virðisaukaskatti verði framlengdar um eitt ár.

Virðulegi forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[15:48]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Hér er í sjálfu sér um einfalt mál að ræða þar sem lögð eru drög að framlengingu á undanþágum um eitt ár. Frumvarpið er þrjár greinar og í 1. gr. er lögð til framlenging á endurgreiðslu á tveimur þriðju hlutum virðisaukaskatts af kaupum á ökutækjum sem nota — hvað eigum við að kalla þetta? — óhefðbundna orkugjafa og ökutækjum sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga fyrir 18 manns og fleiri.

Í 2. gr. er fjallað sérstaklega um undanþágur á vörugjöldum vegna bifreiða sem ganga fyrir rafmagni, vetni og metani og í 3. gr. er fjallað um undanþágur frá greiðslu vörugjalda þegar um er að ræða vetnisbíla sem eru fluttir inn í rannsóknarskyni.

Í sjálfu sér, herra forseti, hef ég allt gott um þessa framlengingu á undanþágunum að segja og tel sjálfsagt og eðlilegt að viðhalda þeim, en ég gagnrýni harðlega að ekki skuli vera hægt að fá fram efnislegar breytingar á endurgreiðslu á virðisaukaskatti til strætisvagna, til almenningsvagna. Ég vil leyfa mér að vísa til þess að ég hef á undanförnum þingum flutt og flutti ásamt hv. þm. Vinstri grænna, Árna Þór Sigurðssyni, á síðasta þingi frumvarp til laga um breytingu á þessum sömu lögum sem um getur í 1. gr. frumvarpsins, þ.e. um breytingu á lögum nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Sú breyting sem ég tel nauðsynlegt að setja þarna inn — og kynni hér með að ég mun flytja breytingartillögu þess efnis — er að 3. málsliður ákvæðis til bráðabirgða X í lögunum verði felldur brott.

Herra forseti. Það sem þar um ræðir er X. ákvæði til bráðabirgða og það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er að endurgreiða þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 13/1999, um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000

til 31. desember 2008.“ — Nú er sem sagt gerð tillaga um að framlengja það til 2009.

Síðan held ég áfram, með leyfi forseta:

„Endurgreiðsluheimildin verði bundin við hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni, sem nýskráðar eru á tímabilinu og búnar eru aflvélum samkvæmt EUROIII staðli ESB.“ — Síðan kemur þessi setning, herra forseti, sem ég tel nauðsynlegt að fella úr lögum:

„Heimildin tekur ekki til almenningsvagna. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslunnar.“

Svo hljóðar þetta X. ákvæði til bráðabirgða í lögum um virðisaukaskatt, herra forseti, og með því er brotin sú jafnræðisregla sem ég tel að hljóti að verða að hafa í heiðri gagnvart hópbifreiðum, hvort heldur sem um er að ræða almenningsvagna sem má aka, nú ekki lengur eingöngu um götur borgarinnar eða götur bæja í landinu, heldur á milli sveitarfélaga og það jafnvel um langan veg. Ég vil leyfa mér að nefna Akranes, Keflavík og Árborg.

Þarna er um að ræða að allt frá árinu 2000 þegar þessi endurgreiðsluheimild var sett í lög hefur stærsta fyrirtækið á sviði almenningssamgangna, Strætós bs., keypt yfir 50 nýja bíla og hefur á þessu tímabili því borgað nær 200 millj. kr. í virðisaukaskatt. Ef Strætó bs. sæti við sama borð og önnur hópflutningafyrirtæki hefði fyrirtækið fengið endurgreiddar ríflega 100 millj. kr. af þessum greidda virðisaukaskatti.

Mjög mikilvægt er að koma þarna á jafnræði vegna þess að almenningssamgöngur eru, og verða enn frekar nú í þeim efnahagslegu þrengingum sem við nú lifum, þjóðhagslega hagkvæmar, auk þess sem þær skila miklum umhverfislegum ávinningi. Með stuðningi við almenningssamgöngur getur ríkisstjórnin sparað dýrmætan gjaldeyri við kaup á bensíni og dísilolíu til aksturs einkabíla.

Loftmengun, svifryk og sót af völdum samgangna er helsta umhverfisvandamálið hér á höfuðborgarsvæðinu enda byggjast samgöngur hér nær allar á notkun innflutts jarðefnaeldsneytis.

Því er mikilvægt að styðja bæði við þróun vistvænna orkugjafa í samgöngum, eins og gert er með þessu frumvarpi, en jafnframt er mjög nauðsynlegt að auka hlut almenningssamgangna stórlega til að draga úr þessari sömu loftmengun. Fyrsta skrefið, herra forseti, í þá átt er að tryggja að almenningssamgöngur sitji a.m.k. við sama borð og hópferðaakstur við innkaup á nýjum farartækjum til fólksflutninga. Í þeim frumvörpum sem ég hef áður flutt um þetta efni hef ég óskað eftir því að þetta væri jafnvel afturvirkt þannig að ríkissjóður mundi viðurkenna brot á jafnræðisreglu með því að endurgreiða þessum hópferðafyrirtækjum sem eru ekki bara Strætó bs. heldur verktakar, svo sem Hagvagnar hf. og líka fyrirtæki á Akureyri, Ísafirði, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ og Akranesi, og endurgreiða allt upp í 150 millj. kr. sem ég tel að þessi fyrirtæki hafi ofgreitt í ríkissjóð af virðisaukaskatti vegna þessarar mismununar.

Ég boða sem sagt hér, herra forseti, breytingartillögu við þetta frumvarp þess efnis að 3. málsliður ákvæðis til bráðabirgða X í lögunum verði felldur brott þannig að þeir strætisvagnar, almenningsvagnar, sem yrðu keyptir til landsins á næsta ári sitji við sama borð og hópferðabílar almennt og fyrirtækin sem flytja þá inn eða kaupa fái tvo þriðju hluta virðisaukaskatts endurgreiddan.

[15:57]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Hér ræðum við mál sem snýr að því að þegar fluttar eru til landsins bifreiðar, sem menga mun minna en þær bifreiðar sem við almennt notum, greiði menn ekki af þeim vörugjöld og virðisaukaskatt. Hér er um að ræða bifreiðar sem stundum ganga undir nafninu tvinnbifreiðar, eins og sagt var í upphafi, þ.e. bifreiðar sem nota rafmagn að verulegu leyti. Hér er einnig um að ræða ökutæki sem valda hverfandi mengun og eru knúin svokölluðum óhefðbundnum orkugjöfum, svo sem rafhreyfli eða vetni. Ákvæðið nær reyndar einnig til metangass og ökutækja sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga.

Hæstv. forseti. Hér er einnig vikið að sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar, en meginefni þessa máls er að hér framlengjum við árlega svokallaða undanþágu í staðinn fyrir að búa til stefnu og setja hana í lög. Ég hef vikið að þessu nokkrum sinnum, hæstv. forseti, þegar þessi mál hafa komið hér til umræðu. Ég hef talið eðlilegt og jákvætt fyrir þjóðfélag okkar að hafa slík ákvæði sem hér eru reglulega framlengd fyrir hver áramót um eitt ár í senn til þess að fjölga hér ökutækjum sem menga minna en venjulegar bifreiðar. Ég hef spurt að því, a.m.k. tvisvar svo ég muni, hvers vegna ríkisstjórnin búi ekki til stefnu um þetta til lengri tíma í stað þess að afgreiða þetta ævinlega með svokölluðu undanþáguákvæði fyrir eitt ár í senn.

Ég held að ég muni rétt, hæstv. forseti, að þessum ábendingum mínum hefur verið tekið jákvætt af viðkomandi ráðherrum. Menn hafa talið að ríkisstjórnin ætti að sjálfsögðu að koma með tillögur um að breyta slíkum lagaákvæðum til framtíðar.

Það er nú svo að venjulegir þingmenn koma yfirleitt engum málum í gegnum þetta Alþingi, það er bara hin leiða regla sem hefur viðgengist. Nú er hér 43 manna þingmeirihluti og það hefur sýnt sig, eins og svo oft áður í meðförum þingsins, að óbreyttir þingmenn koma ákaflega fáum tillögum, hvað þá lagafrumvörpum, hér í gegn, hvað þá ef þeir eru úr stjórnarandstöðunni.

Ég hef borið upp þessa áskorun við stjórnvöld á hverjum tíma þegar þetta undanþáguákvæði hefur verið til umræðu og hvet enn til þess að stjórnvöld í landinu breyti því vinnulagi sínu að afgreiða hér undanþágu til eins árs en ákveða þetta ekki til lengri tíma. Ég get t.d. vel hugsað mér að slík lög verði sett til fimm ára í senn þannig að fólk sem keypti sér slíkt ökutæki gæti séð lengra fram í tímann um hvernig þessum hlutum væri varið.

Einnig má hugsa sér að hafa þetta ákvæði ótímabundið eins og önnur lög, en allt að einu held ég að þetta eigi að fara í annan farveg, hæstv. forseti, en þann að við framlengjum alltaf slíkt ákvæði um eitt ár í senn. Það gæti m.a. orðið til þess að fólk ákvæði frekar að kaupa svona farartæki en ella.

Ég held að það sé einfaldlega jákvætt að við stuðlum að

því. Ég kem í þessa umræðu til að vekja athygli á því að æskilegt væri að hæstv. fjármálaráðherra og sennilega umhverfisráðherra ásamt samgönguráðherra kæmu sér niður á það hvernig þau vildu leggja til að þessum málum væri fram haldið til næstu ára og kæmu hér á nýju ári með raunverulegar breytingar í þá veru að slík lagaákvæði, sem við framlengjum hér til bráðabirgða, verði fest í löggjöfina til lengri tíma.

Þetta eru ábendingar mínar í þessu máli, reyndar þær sömu og ég hef oft flutt áður þegar við höfum framlengt þessi ákvæði til eins árs í senn, og ég vona að hinn mikli meiri hluti sem hér ræður störfum þingsins geti nú farið að taka undir þessi sjónarmið og leggja þeim lið í framtíðinni. Nú þegar fjallað er um þetta mál, á auðvitað að setja þessi lög til lengri tíma en eins árs í senn. Ég mælist til að þau sjónarmið verið rædd í viðkomandi nefnd.

[16:03]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður óskar eftir því að það verði heildstæðari stefna í þessum efnum. Eins og hv. þingmenn væntanlega vita var lögð fram skýrsla í sumar þar sem kynntar voru tillögur um heildstæða stefnu hvað varðar álögur og farartæki. Ég hafði hugsað mér að leggja slíkt frumvarp fram á haustþinginu en vegna þeirra aðstæðna sem upp hafa komið og þess hversu mikið hefur verið að gera síðustu dagana hefur ekki gengið eftir að koma þessu frumvarpi inn í þingið. Ég geri ráð fyrir að geta lagt það fram strax að loknu jólaleyfi og vænti þess að því verði vel tekið af hv. þingmönnum.

[16:04]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þær upplýsingar sem hann hér gaf og tel þau rök sem hann færði fram fyrir því að fjölga ekki málum á síðustu dögum fyrir jól réttmæt. Ég vænti þess hins vegar að það sem hann sagði um næstkomandi ár gangi eftir og að við sjáum hér stefnumótun sem verður til lengri tíma en við erum að afgreiða hér með þessum lögum til eins árs í senn.

[16:05]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Hér er merkismál á ferðinni sem varðar undanþágur. Það hefur þurft að framlengja þá undanþágu sem hefur verið í gildi og varðar vörugjöld og virðisaukaskatt af tilteknum vistvænum ökutækjum. Þetta er mál sem ég þekki frá minni tíð í ríkisstjórn og iðnaðarráðuneytinu, þetta er mál sem við börðumst mikið fyrir, framsóknarmenn, að ná fram og náðum því fram að það varð að veruleika að taka tillit til þess að hér er um mjög vistvæna lausn að ræða í sambandi við samgöngur.

Ég segi eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, að auðvitað hefði ég viljað sjá nú þegar að komin væri fram einhver heildarstefna í þessum málaflokki. Miðað við stór orð sem voru látin falla af hálfu stjórnarflokkanna við myndun þessarar ríkisstjórnar átti heldur betur að taka á honum stóra sínum, m.a. í þessum málum. Það hefur hins vegar lítið orðið um framkvæmdir en nú boðar hæstv. fjármálaráðherra að það sé að vænta frumvarps sem sé þá til að móta stefnu til framtíðar í þessum málaflokki. Við Íslendingar verðum að setja okkur einhver markmið í því hversu hratt við ætlum að skipta flotanum yfir í vistvæn ökutæki. Við erum í dag með mikla sérstöðu sem varðar orkumál okkar eins og allir vita. Um 70% af heildarorkunotkun er vistvæn orka þannig að það má segja að fyrst og fremst samgöngurnar geti komið okkur lengra á þeim vegi sem við viljum flestöll ganga, held ég.

Ég læt mér detta í hug að það væri hægt að setja sér það markmið að t.d. árið 2020 væri helmingur af hefðbundnum ökutækjum orðinn vistvænn. Einhver markmið verðum við að setja okkur til að ná árangri. Við tókum á sínum tíma mikinn þátt í alþjóðlegu samstarfi sem varðar nýtingu vetnis og það varð vissulega til þess að bæta ímynd Íslands, að Ísland skyldi vera í forustu í raun hvað varðar þennan þátt mála. Nú sýnist mér að áherslan sé ekki síður á rafmagnsbíla og það er ekkert nema gott um það að segja. Aðalatriðið er að við náum að skipta úr jarðefnaeldsneytisnotkun og yfir í vistvæna neyslu á þessu sviði.

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu styðjum við framsóknarmenn þetta mál. Ef það hefði ekki komið fram hefði orðið sú breyting um áramót að þessar undanþágur hefðu fallið úr gildi sem við að sjálfsögðu viljum alls ekki. Ég vona sannarlega að það sé samstaða um það í ríkisstjórninni að flytja það frumvarp sem hæstv. fjármálaráðherra boðaði og að við megum sjá það á vorþinginu í þingsalnum.

[16:09]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en ég vil taka undir orð hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um nauðsyn þess að vera ekki alltaf að endurnýja frá ári til árs undanþáguheimildir sem þessar, heldur setja heildstæða stefnumörkun til lengri tíma. Ég fagna orðum hæstv. fjármálaráðherra um að það standi til og að við megum jafnvel eiga von á því að fá slíka stefnumörkun á borð Alþingis eftir áramótin.

Eins mikilvægt og það er að móta skýra stefnu um það að auka hlut vistvænna ökutækja í bílaflotanum okkar er mjög mikilvægt að auka hlut almenningssamgangna í umferðinni, ekki síst við þær aðstæður sem við nú búum við í þeim tilgangi að spara gjaldeyri og spara útgjöld fyrir almenning í landinu sem þarf að fara ferða sinna og mundi gjarnan þiggja að gera það með betri almenningssamgöngum í stað þess að vera alltaf á einkabílnum. Það er ekki nauðsynlegt að fjölga málum á Alþingi til að styrkja almenningssamgöngur. Það er nóg að gera það eins og ég sagði með því að breyta því frumvarpi sem hér liggur fyrir og ég hef boðað tillögu um en mig langar til að nýta þetta tækifæri og spyrja hæstv. ráðherra beint hvaða rök hnígi að þessum mismun sem hefur verið í þessari undanþágu allt frá árinu 2001 sem er að strætisvagnar sem sinna almenningssamgöngum og eru stærri en fyrir 18 farþega fái ekki endurgreidda 2/3 hluta virðisaukaskatts af nýjum vögnum meðan hópferðabifreiðar aðrar fyrir 18 manns eða fleiri fá það. Eins og ég nefndi áðan munar þetta, á þessu tímabili frá 2000, einhvers staðar á bilinu 100 til 150 millj. kr. sem

fyrirtæki í almenningssamgöngum hafa þurft að borga virðisaukaskatt umfram önnur hópferðafyrirtæki. Ég óska eftir rökstuðningi frá ráðherranum fyrir þessu eða, það sem meira er, óska eftir stuðningi hans við það að breyta þessu, grípa nú tækifærið og breyta þessu um leið og við samþykkjum að öðru leyti þetta frumvarp sem hér liggur fyrir og ég hef þegar lýst stuðningi við.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 235. mál (frítekjumark öryrkja). — Þskj. 326, nál. 358.

[16:12]

Frsm. fél.- og trn. (Guðbjartur Hannesson) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég tala fyrir nefndaráliti félags- og tryggingamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

Hér er um að ræða framlengingu á ákvæði sem átti að gilda til áramóta. Nefndin fjallaði um málið og umsögn barst frá Viðskiptaráði Íslands en ekki voru kallaðir til aðilar, einfaldlega vegna þess að við erum nýbúin að fjalla um málið og eins og ég segi er einungis um framlengingu að ræða.

Með lögum nr. 57/2008 sem samþykkt voru á Alþingi þann 29. maí sl. var lögum um almannatryggingar breytt þannig að frítekjumark örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna var hækkað úr rúmlega 27 þús. kr. í 100 þús. kr. á mánuði. Markmið breytingarinnar var að hvetja einstaklinga til vinnu og gera örorkulífeyrisþegum kleift að afla sér aukinna tekna af atvinnu án þess að til kæmi skerðing á bótum frá Tryggingastofnun ríkisins. Breytingin var tímabundin og henni ætlað að gilda út árið 2008. Unnið hefur verið að tillögum um endurskoðað örorkumat sem byggist m.a. á markmiðum um starfshæfnismat og eflingu starfsendurhæfingar með áherslu á að skoða frekar getu fólks til starfa en vangetu. Þar sem vinnu við þá tillögu er ekki lokið er lögð til framlenging á ákvæðinu til eins árs þannig að örorkulífeyrisþegar haldi þessum rétti sínum.

Nefndin lagði á sínum tíma til að frumvarp það sem varð að lögum nr. 57/2008 yrði samþykkt óbreytt og taldi að hækkun frítekjumarksins mundi leiða til aukinnar atvinnuþátttöku örorkulífeyrisþega og hafa þannig í för með sér hærri tekjur og meiri lífsgæði þeim til handa. Nefndin áréttar í nefndaráliti sínu þessi sjónarmið sín ásamt því sem hún leggur áherslu á að svigrúm verði veitt til vinnu að endurskoðun örorkumatsins. Ljúki þeirri endurskoðun innan þessa árs sem framlengingin nær til verður gildistími laganna endurskoðaður.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Kristinn H. Gunnarsson, Árni Johnsen og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nefndarálitið rita undirritaður, Guðbjartur Hannesson formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Helga Sigrún Harðardóttir, Ögmundur Jónasson, Kjartan Ólafsson og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:15]

Útbýting:

Aukatekjur ríkissjóðs, 226. mál, nál. þskj. 375.

Vextir og verðtrygging, 237. mál, nál. þskj. 374.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, 234. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 371; brtt. fél.- og trn., þskj. 372.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 28. mál (álagningarstofn eftirlitsgjalds). — Þskj. 28, nál. 351, brtt. 352.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:17]

Brtt. 352,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KHG, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, VS, ÞKG, ÞSveinb.

1 þm. (JM) greiddi ekki atkv.

27 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GSv, HSH, HHj, IllG, ISG, JBjarn, JónG, KVM, KJak, KolH, KÞJ, KLM, MS, SF, SJS, StB, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 352,2 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, HHj, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KHG, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, VS, ÞKG, ÞSveinb.

1 þm. (JM) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ArnbS, AtlG, ÁKÓ, ÁJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, ISG, JBjarn, JónG, KVM, KJak, KolH, KÞJ, KLM, MS, SF, SJS, StB, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, HHj, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, KaJúl, KÓ, KHG, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

1 þm. (JM) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, ISG, JBjarn, JónG, KVM, KJak, KolH, KÞJ, KLM, MS, SJS, StB, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Niðurfelling laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 169. mál. — Þskj. 204, nál. 354.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 235. mál (frítekjumark öryrkja). — Þskj. 326, nál. 358.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 179. mál (framlenging aðlögunartíma). — Þskj. 222, nál. 359.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AtlG, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.
4 þm. (ÁI, ÁÞS, KJak, KolH) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BJJ, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GSv, IllG, ISG, KVM, KÞJ, MS, SJS, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 359 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AtlG, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.
4 þm. (ÁI, ÁÞS, KJak, KolH) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BJJ, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GSv, IllG, ISG, KVM, KÞJ, MS, SJS, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. (verða 3.–5. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AtlG, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.
4 þm. (ÁI, ÁÞS, KJak, KolH) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BJJ, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GSv, IllG, ISG, KVM, KÞJ, MS, SJS, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Út af dagskrá var tekið 7. mál.

Fundi slitið kl. 16:23.

---

61. FUNDUR

fimmtudaginn 18. desember,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 28. mál, þskj. 376. — 3. umr.
3. Niðurfelling laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs, stjfrv., 169. mál, þskj. 204. — 3. umr.
4. Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins o.fl., stjfrv., 179. mál, þskj. 377. — 3. umr.
5. Almannatryggingar, stjfrv., 235. mál, þskj. 326. — 3. umr.
6. Meðferð sakamála, stjfrv., 217. mál, þskj. 294, nál. 367. — 2. umr.
7. Verslun með áfengi og tóbak, stjfrv., 209. mál, þskj. 282, nál. 369. — 2. umr.
8. Ársreikningar, stjfrv., 212. mál, þskj. 285, nál. 368. — 2. umr.
9. Tryggingagjald, stjfrv., 220. mál, þskj. 298, nál. 370. — 2. umr.
10. Virðisaukaskattur, stjfrv., 211. mál, þskj. 284, nál. 373. — 2. umr.
11. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 226. mál, þskj. 305,

nál. 375. — 2. umr.

12. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 237. mál, þskj. 332, nál. 374. — 2. umr.

13. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, stjfrv., 234. mál, þskj. 322, nál. 371, brtt. 372. — 2. umr.

Tilkynning um dagskrá.

[13:02]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Um klukkan 1.30 í dag, að loknum óundirbúnum fyrirspurnatíma, fer fram umræða utan dagskrár um vanda smærri fjármálafyrirtækja. Málshefjandi er hv. þm. Höskuldur Þórhallsson. Hæstv. viðskiptaráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Lengd þingfundar.

[13:03]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti lítur svo á að samkomulag sé um fundarlengd í dag, þ.e. að fundi þurfi ekki að ljúka fyrr en eftir kl. 8 í kvöld. Forseti lítur svo á að dagskráin geti staðið fram eftir kvöldi, fram yfir kl. 8 í kvöld.

[13:03]

Útbýting:

Dýravernd, 186. mál, nál. umhvn., þskj. 378.

Fjárlög 2009, 1. mál, þskj. 360.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins o.fl., 179. mál, þskj. 377.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 28. mál, þskj. 376.

Veiting ríkisborgararéttar, 249. mál, frv. allshn., þskj. 379.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Tryggingastofnun ríkisins.

[13:04]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég hef áhuga á því að heyra sjónarmið hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra hvað varðar stöðu Tryggingastofnunar ríkisins. Sú stofnun var, eins og kunnugt er, flutt á verksvið hæstv. ráðherra með breytingum á fyrirkomulagi innan Stjórnarráðsins við upphaf þessa kjörtímabils og ber nú hæstv. ráðherra ábyrgð á meginstarfsemi hennar. Síðan hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipta verkefnum hennar upp og færa sjúkratryggingahlutann til nýrrar stofnunar um útboð og einkarekstur í heilbrigðiskerfinu en fréttir berast af því að þessi uppskipting gangi vægast sagt illa auk þess sem hún virðist ætla að reynast ákaflega kostnaðarsöm.

Þannig er í frumvarpi til fjáraukalaga umtalsverð aukafjárveiting lögð til af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til að kosta ráðgjöf og alls konar vinnu sem að sögn hefur verið unnin á árinu auk þess sem upplýst er að árlegur kostnaður af þessum uppskiptum og þessum tvöfalda rekstri verði um 250 millj. kr. og jafnvel meira. Þar við bætist svo að miklar illdeilur og ágreiningur eru um þetta mál innan kerfisins og milli ráðuneyta og stofnana. Því vil ég spyrja hæstv. félagsmálaráðherra: Hver er staða þessa máls núna? Hver er afstaða hæstv. félagsmálaráðherra til þessa? Vill ekki hæstv. félagsmálaráðherra taka á sig rögg og beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að hætt verði við þessa vitleysu og þeir peningar sem þannig sparast verði þá frekar notaðir í að draga úr sársaukafullum niðurskurði í velferðarkerfinu?

Ég hef trú á því að hæstv. félagsmálaráðherra teldi sig vel geta notað 250 millj. kr. í viðbót einhvers staðar eða eigum við að semja um að þeir peningar verði notaðir til þess að ekki þurfi að selja inn á sjúkrahúsin, hæstv. félagsmálaráðherra? Ég bið um svör.

[13:06]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Samin voru lög um Sjúkratryggingastofnun sem þegar hafa tekið gildi og við erum að vinna í uppskiptingu að því er varðar starfsemi Tryggingastofnunar og Sjúkratryggingastofnunar á grundvelli þeirra laga. Ég viðurkenni fúslega að ástandið á umliðnum vikum hefur verið óviðunandi, ekki síst fyrir starfsmenn þessarar stofnunar, en ég á von á því að við fáum niðurstöðu í málið fljótlega. Niðurstaðan byggir auðvitað á því samkomulagi sem flokkarnir hafa gert um þessa uppskiptingu að því er varðar sjúkratryggingar og almannatryggingar. Hún mun vitaskuld byggjast á þeim lögum sem sett hafa verið um þessa starfsemi og mun byggjast á því hvað er stjórnsýslulega fært í þessu efni. Niðurstaðan mun byggjast, a.m.k. um sinn, á þeirri lausn sem við teljum að sé hagkvæmust miðað við núverandi stöðu í samfélaginu.

Hv. þingmaður talar um 250 millj. kr. Það er auðvitað fjarstæða að verið sé að fara út í svo mikil útgjöld við þessa uppskiptingu. Við erum að leita annarra lausna sem skilar okkur hagkvæmari niðurstöðu og er viðunandi bæði fyrir starfsmennina í báðum þessum stofnunum og fyrir þjónustu stofnunarinnar. Þótt ekki hafi fengist niðurstaða í þetta enn að því er varðar uppskiptinguna tel ég að þetta hafi ekki bitnað neitt á þjónustu eða starfsemi þessara stofnana. Það hefur vissulega valdið miklum óþægindum fyrir starfsfólk, það viðurkenni ég fúslega, en ég hygg að við munum leysa þessi mál vonandi nú á næstu einum eða tveimur sólarhringum.

[13:08]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Þetta eru ákaflega ófullnægjandi svör. Það er viðurkennt að það sé búið að vera ófremdarástand og það sé ófremdarástand og að ekki sé hægt að ætla fólki að búa við þessar starfsaðstæður en menn vonast samt til að þetta leysist. Það er hægt að breyta þeim lögum sem sett voru og það er ekki það langt gengið í þessu máli að ekki sé auðvelt að snúa til baka.

Í aðalatriðum er búið að ráða einn mann, forstjóra, sem

reyndar var ráðinn, eða starf hans a.m.k. auglýst áður en búið var að setja nein lög þar um. Vinnubrögðin öll í þessu máli eru náttúrlega til slíkrar stórskammar að það hálfa væri nóg. Verið er að troða pólitískt fram þessu umdeilda máli og standa í kostnaðarsömum skipulagsbreytingum sem illdeilur eru um í því ástandi sem við erum stödd í núna með samfélag okkar. Það er til háborinnar skammar. Ríkisstjórnin á auðvitað að hætta við þetta, spara þessa peninga og reyna að styðja við bakið á því starfsfólki innan opinberu stjórnsýslunnar sem vinnur mikilvæg verkefni við mjög erfiðar aðstæður. Ég skora því á hæstv. félagsmálaráðherra að gera betur í þessum efnum, taka nú á sig rögg. Nú er hennar tími kominn í vissum skilningi til að taka af skarið í þessum efnum.

[13:09]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður segir „í vissum skilningi“. Er hann ekki alveg kominn? Ég vil segja við hv. þingmann að stjórnarflokkarnir hafa náð ákveðnu samkomulagi um Sjúkratryggingastofnun sem nú er orðið að lögum. Þetta var samkomulag milli flokkanna og ég sé enga ástæðu til að ég fari að beita mér fyrir einhverjum breytingum á þeim lögum. Við skulum sjá hvernig úr vinnst að því er það varðar. Ég er þingmanninum hjartanlega sammála um að við verðum að leysa þetta með þeim hætti sem ég sagði áðan, að aðstæður verði viðunandi fyrir starfsfólk, það er það mikilvæga í mínum huga. Þrátt fyrir þessar deilur — ég skal taka undir að þetta séu deilur, þær hafa ekki verið leystar — hefur starfsemin verið viðunandi fyrir alla þjónustu stofnunarinnar. En auðvitað er ekki hægt að búa við þetta til langframa. Við verðum að leysa þetta og ég ítreka að við munum leysa málið (Forseti hringir.) og ná niðurstöðu í það núna á allra næstu dögum.

Málefni háskólanema.

[13:11]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um málefni háskólastúdenta hér á landi. Sá hópur glímir við mikla erfiðleika. Verðbólga undanfarinna mánaða hefur étið upp alla þá hækkun sem varð á framfærslu LÍN síðastliðið vor auk þess sem gerbreytt ástand á vinnumarkaðnum veldur því að það fólk sem vann meðfram námi fær ekki vinnu í dag til að framfleyta sér. Hér er því um gríðarlega alvarlega stöðu að ræða og það er líka mjög alvarlegt mál að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa rætt við forsvarsmenn námsmannahreyfingarinnar, sem eru þar í forsvari fyrir 20 þúsund námsmenn, sem báðu um fund með hæstv. ráðherra 14. nóvember sl. Hæstv. ráðherra hefur ekki gefið sér tíma til að hitta fulltrúa þessara 20 þúsund háskólanema sem er mjög alvarlegt mál vegna þess að þessi þjóðfélagshópur stendur ansi höllum fæti eins og reyndar margir aðrir þessi missirin.

Ég spyr hæstv. ráðherra í ljósi þess að nú er sexföld fjölgun innskráninga í Háskóla Íslands miðað við síðustu vorönn, hvort það sé ekki eins og blaut tuska frá stjórnvöldum til námsmanna að skera niður framlög til Háskóla Íslands um 950 millj. kr. Hvernig á Háskóli Íslands að þjónusta nemendur og hvernig á hann að standa undir þeirri starfsemi um leið og stjórnvöld hvetja fólk til að fara í nám þegar það missir vinnuna, þá séu skorin niður framlög til Háskóla Íslands og annarra háskólastofnana í landinu? Hvernig á þessi jafna að ganga upp? Ég spyr hæstv. ráðherra því: Hvernig ætlar ráðherrann að koma til móts við þarfir 20 þúsund háskólanema hér á landi sem þurfa mánaðarlega að greiða 20% yfirdráttarvexti, fá lán hjá ríkisbönkunum til að fá námslán? Það er alveg ljóst að það þarf að breyta þessu og ég hvet hæstv. ráðherra að ræða við námsmenn, að hlýða kalli þeirra þegar þeir óska eftir (Forseti hringir.) fundi til að ræða sín brýnu málefni.

[13:13]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir það með hv. þm. Birki J. Jónssyni að það á að tala við námsmenn og ég mun að sjálfsögðu gera það þegar það liggur fyrir hvernig fjárhagsramminn lítur út. Í eðlilegu árferði mundi ég segja að þær tillögur sem við erum að ræða varðandi háskólana og varðandi rannsóknina væru arfavitlausar. Það er að mínu mati það vitlausasta sem menn gera að skera niður allt sem kemur niður á háskólunum, rannsóknunum, vísundunum, nýsköpunarverkefnum og öllu á því sviði. En það er ekki eðlilegt árferði og það verða allir að hagræða. Hér er verið að reyna að láta þær tillögur sem settar eru fram bitna minnst á menntakerfinu og velferðarkerfinu. Ég vil minna á það m.a. af því að við erum að tala um að líta til reynslu annarra þjóða.

Hér á landi var Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svía, og öðruvísi mér áður brá að vitna í formenn sósíaldemókrata í Svíþjóð en svona er nú einu sinni lífið. Reynslan er engu að síður alveg skýr. Svíarnir voru nokkuð fljótir að ná sér út úr erfiðri kreppu. Það gerðu þeir m.a. af því að þeir fóru jafnt yfir, þeir veittu engar undanþágur nema að þeir reyndu að hlífa mennta- og velferðarkerfinu eins og við erum að gera en það var ekki undanskilið. Við erum að gera nákvæmlega það sama og við vonumst til þess að með því munum við verða fljótari að ná okkur út úr þessu erfiða ástandi.

Ég deili áhyggjum hv. þingmanns varðandi Háskóla Íslands. En ég vil líka segja að við erum ekki að skera niður, við erum að fresta framkvæmd rannsóknarsamningsins upp á 650 millj. kr. til síðari tíma. Þó hefur háskólinn í dag einum milljarði meira til rannsókna en hann hafði fyrir einu og hálfu ári síðan. Þetta er erfitt (Forseti hringir.) en ég geri mér engu að síður grein fyrir því að við þurfum að bjóða upp á þessa möguleika. Ég bind vonir (Forseti hringir.) við að hægt verði að leysa úr þessum vanda og þeirri miklu aðsókn sem er inn í háskólana.

[13:15]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að það vitlausasta sem hægt er að gera nú á þessum tímum er að skera niður fjármagn til

rannsókna og nýsköpunar. Samt er það staðreynd að ríkisstjórnin stendur nú í slíku.

Ég vil líka fagna því að hæstv. ráðherra ætlar sér að hitta forustumenn námsmannahreyfingarinnar, sem eins og ég sagði áðan telur 20 þúsund manns. Mér er það til efs að ef aðilar vinnumarkaðarins hefðu beðið um fund með ríkisstjórninni að þeir hefðu þurft að bíða í rúman mánuð eftir slíkum fundi. Hér er um að ræða gríðarlega stóran hóp fólks sem á í miklum vandræðum.

Þessi hópur fólks hefur líka áhyggjur af því að nú er verið að skera niður framlög til LÍN um einar 1.360 milljónir. Það á reyndar að ganga á eigið fé LÍN með þeim hætti en hvað þýðir það? Vandinn verður tvöfalt stærri á næsta ári en hann er í dag og þá verður trúlega að grípa til harkalegri viðbragða. Ég spyr: (Forseti hringir.) Mega stúdentar eiga von á því á næsta vori að það verði komið til móts við þær kröfur sem þeir hafa gert (Forseti hringir.) um að kjör þeirra verði bætt?

[13:16]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Hv. þingmaður kom m.a. inn á stöðu LÍN. Það undirstrikar í rauninni hve staða LÍN er góð og hversu skynsamlega við höfum haldið á málum varðandi málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna á síðustu missirum og árum að við getum — og það er reyndar bara einskiptisaðgerð — að hluta til gengið á eigið fé sjóðsins. Undirstöður LÍN eru sterkar nú við aðstæður sem eru ólíkar því sem við höfum áður upplifað og koma m.a. til móts við þau sjónarmið sem hafa verið sett fram varðandi samtímalánin. Þetta eru allt saman hlutir sem við munum að sjálfsögðu fara í til þess að koma til móts við erfiðar aðstæður námsmanna.

Ég vil líka undirstrika það sem ég sagði um að það væri arfavitlaust að fara þessar leiðir í eðlilegu árferði. Ég efast ekki um að hæstv. félagsmálaráðherra og allir aðrir fagráðherrar hér vilji hlífa sínum málaflokki. Allir telja sín mál, hvort sem það eru heilbrigðis-, félags- eða menntamál, vera þau mál sem skipta okkur máli. En kreppan er ekki bara einhver orð á blaði. Þetta eru hlutir sem allir verða að axla og (Forseti hringir.) allir verða að reyna að hagræða og sýna útsjónarsemi til þess að koma til móts við mismunandi þarfir.

Reglur um starfsemi ríkisbankanna.

[13:18]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Sérkennilegt ástand ríkir í samfélaginu og það ganga alls konar sögur um alls konar hluti sem eiga að eiga sér stað í bönkunum. Meðal fólks er mikill ótti um hvernig farið er með eignir sem liggja inni í bönkunum og mikil óvissa er um hvernig farið er með skuldamál einstaklinga og fyrirtækja í bönkunum núna.

Við þessar aðstæður er stjórnmálamönnum mikill vandi á höndum. Við getum farið aftur í tímann og beitt þeim aðferðum sem einu sinni var beitt sem felast í því að stjórnmálamenn fari að hafa afskipti af innri málum banka, hverjir fái lán, hverjir séu ráðnir til starfa í bönkum o.s.frv. — eða menn geta reynt að setja almennar leikreglur.

Ríkisstjórnin markaði góðu heilli þá meginstefnu í nýtilkynntum aðgerðapakka að settar yrðu almennar leikreglur um hvernig farið yrði með mál af þessum toga í nýju ríkisbönkunum þremur. Ég vildi þess vegna inna hæstv. viðskiptaráðherra eftir hvernig því verki miðaði. Ég tel að það sé afskaplega mikilvægt til þess að skapa grunn undir málefnalega þjóðfélagsumræðu, sem hreinlega er horfin í landinu í dag, að við fáum þessa hluti á hreint. Að settar séu almennar leikreglur og allir viti hvaða reglur gildi í þessum efnum, öllum sé ljóst eftir hvaða viðmiðum bankarnir vinna. Því fyrr því betra. Ég vildi þess vegna inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig miðaði vinnu við gerð þessarar áætlunar sem ríkisstjórnin boðaði í aðgerðaáætluninni.

[13:20]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er mikið rétt að gríðarlegt vantraust er í gangi og ótrúlegasti orðrómur veður uppi um starfsemi bankanna. Margt af því má bæta allverulega og þar er algjört grundvallaratriði að bankarnir setji sér þær verklagsreglur vegna útlánamála sem ríkisstjórnin lagði fyrir þá á sínum tíma. Það kom fram á sérstökum fundi mínum og fjármálaráðherra með formönnum bankastjórna bankanna fyrir nokkru síðan.

Bankarnir hafa brugðist vel við þessu og frá þeim tíma hafa þeir verið með slíkar reglur í vinnslu. Við setjum leikreglurnar. Við þurfum að tryggja gegnsætt og opið ferli þegar kemur að útlánamálum bankanna. Þar bíður bankanna gríðarlega mikið verkefni sem er að nálgast skuldir og skuldara og þar skiptir öllu máli að tvennt sé í heiðri haft, annars vegar jafnræði og hins vegar gagnsæi í öllum slíkum ferlum. (Gripið fram í.) Einungis slíkar verklagsreglur geta orðið grundvöllur að endurreisn og trausti.

Mér hefur verið tilkynnt að Glitnir muni birta sínar verklagsreglur í þessari viku. Landsbankinn er að ljúka gerð sinna reglna og ég efast ekki um að Kaupþing sé að því líka. Þetta er algjört grundvallaratriði til að bankarnir geti sinnt sínu lykilhlutverki í atvinnuuppbyggingu þjóðarinnar og nálgun skuldamála bæði einstaklinga og fyrirtækja. Þar er enginn réttari en annar og þar verður að gæta ýtrustu varúðar.

Þá er mjög mikilvægt að skiptastjórum, sem í mörgum tilfellum hafa með að gera sölu eigna sem hafa farið til þrotameðferðar, verði settar reglur um tilkynningaskyldu á sölu allra eigna yfir ákveðinni upphæð. Þetta er líka mjög mikilvægt mál og við þurfum að setja sérstakar reglur um það að auki.

[13:22]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fagna þeim gangi sem er í þessu máli. Það er auðvitað á ábyrgð okkar hér að skapa þessar almennu leikreglur til þess að greiða fyrir því að almenningur hafi forsendur til að taka upplýstar ákvarðanir um hvað sé á seyði í samfélaginu. Við verðum að skapa þessar almennu leikreglur og þær verða að vera ljósar. Þá er jákvætt að heyra að þessari vinnu miðar vel.

Ég fagna líka ábendingu hæstv. ráðherra varðandi starfsemi skiptastjóra. Það er auðvitað ekki eðlilegt að við setjum almennar leikreglur sem tryggi gagnsæi í meðferð eigna fyrirtækja í vandræðum sem gildi um bankana en svo um leið og komið er inn í formlega skiptameðferð sé leyndarhjúpi varpað yfir aðgerðir aðila. Auðvitað verður eitt yfir alla að ganga í þessum efnum.

[13:23]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Það hefur ákveðinn leyndarhjúpur umleikið störf bæði skilanefnda og banka á síðustu vikum. Þar er við okkur sjálf að sakast. Við þurfum að bregðast við því og auka verulega upplýsingamiðlun bæði til almennings og fjölmiðla um þessi störf og starfsemi og minna á að allir þingflokkar á Alþingi komu að því að tilnefna fólk í bankastjórnir nýju bankanna. Þar situr grandvart sómafólk og vinnur afskaplega gott starf.

Auðvitað tekur tíma að hreinsa borðið og endurbyggja traust og það tekur tíma að vinna að þessum grundvallarmálum. Þessar verklagsreglur skipta þar mestu máli til að tryggja gagnsæið, jafnræðið og traustið og nú eru þær að líta dagsins ljós, fyrst hjá Glitni og síðan hinum bönkunum. Það er fagnaðarefni enda algjört grundvallaratriði til þess að bankarnir geti sinnt því gríðarlega mikla hlutverki sem þeirra bíður í vetur. Samfélagsleg ábyrgð þeirra í þessu öllu er mjög mikil.

Niðurskurður í heilbrigðisþjónustu.

[13:24]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að fjölyrða um þann vanda sem íslensk þjóð stendur núna frammi fyrir. Í þessari viku höfum við farið í gegnum fjárlögin og eins og þjóðin veit er um að ræða niðurskurð á öllum sviðum, ekki síst í heilbrigðismálum. Því miður er það oft þannig að það bitnar á þeim er síst skyldi.

Við í stjórnarandstöðunni höfum samt furðað okkur á forgangsröðun og í raun algjörum skorti á framtíðarsýn í niðurskurðinum. Eitt lítið dæmi sýnir þetta kannski betur en annað en þetta litla dæmi er reyndar algjört stórmál í mínum huga. Staðreyndir málsins eru þær að við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur verið ákveðið að spara. Það hefur sent heilbrigðisráðuneytinu tillögur sínar þar sem kemur fram að til standi að segja upp eina barna- og unglingageðlækninum á landsbyggðinni, eina unglinga- og barnageðlækninum sem starfar utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Þessi eini læknir var með um þúsund heimsóknir skráðar til sín á síðasta ári svo ekki fer á milli mála að þörf á þjónustu hans er gríðarlega mikil, ekki bara í skólabænum Akureyri heldur miklu víðar á landsbyggðinni.

Þeir sem hafa komið að þessum málum neita í rauninni að trúa að þetta sé staðreynd og að þetta verði niðurstaðan. Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrigðisráðherra: Er ekki einfaldlega um mistök að ræða? Er ekki mest um vert á tímum sem þessum að við stöndum vörð um þá sem minnst mega sín? Ef geðheilsu barna og ungmenna er ekki sinnt má þá ekki fullyrða (Forseti hringir.) að við munum missa tengsl við grunngildi íslensks samfélags?

[13:26]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður nefndi að það vantaði framtíðarsýn í þennan málaflokk. Ég held að ég verði að segja eins og er að ég er algjörlega ósammála hv. þingmanni. Reyndar held ég að menn sjái ef þeir skoða málin, og flestum hafi verið það ljóst, að það sem hefur kannski vantað í heilbrigðismálin á Íslandi er stefnumótun og það að menn setji sér markmið fram í tímann.

Ljóst er að það eru mjög mörg tækifæri þegar kemur að heilbrigðismálum þrátt fyrir að við förum í gegnum þessi erfiðu mál sem hv. þingmaður nefndi. Við höfum það að markmiði að viðhalda þeirri velferðarþjónustu sem hér er en við verðum að gera það með öðrum hætti og með minni fjármögnun en fram til þessa. Við lítum svo sannarlega til framtíðar og tjöldum ekki til einnar nætur. Þess vegna hefur áherslan á það sem snýr að samdrætti í heilbrigðismálum snúið að því að menn taki fyrst og fremst á rekstrarþáttum. Það er auðvitað hvorki einfalt né auðvelt. Hins vegar er það þess virði því mestar líkur eru á að það komi minna niður á þjónustunni en ef farið væri í aðra hluti, sem eru örugglega einfaldari en geta komið verr niður á fólkinu sem þarf á þjónustunni að halda.

Eins og hv. þingmaður veit hafa forstöðumenn viðkomandi stofnana vald til þess að fara með sína málaflokka og þurfa að útfæra þá hluti. Í þessari stóru þjónustu endar nú fæst af því sem inn kemur á borði ráðherra og það verður að segjast eins og er að ég þekki bara ekki til þessa máls sem þingmaður nefndi. Ég þarf einfaldlega að kynna mér það ef ég á að tjá mig um það.

[13:28]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég held nú að ekki hafi skort stefnumótun hingað til í íslensku heilbrigðiskerfi. Þegar við framsóknarmenn skiluðum því af okkur kom það hvað best út í niðurstöðum ríkja OECD. Þar kom fram að það væri í rauninni lofsvert hvernig við Íslendingar hefðum haldið á heilbrigðismálum og ég vona að það verði enn upp á teningnum þegar sjálfstæðismenn skila ráðuneytinu af sér.

Mér þykir reyndar miður að hæstv. ráðherra gat ekki svarað mér um þetta tiltekna mál. Ég vona að hann setji sig vel inn í þetta mál og leiðrétti það sem ég tel að hljóti að vera ekkert annað en mistök. Auðvitað eiga forstöðumenn stofnana að fara með sína málaflokka en það er ráðherra sem ber pólitíska ábyrgð. Er kannski ekki kominn tími til að við innleiðum það í íslensk stjórnmál að ráðherrar fylgist með undirstofnunum sínum og beri ábyrgð (Forseti hringir.) á því sem þar fer fram?

[13:30]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Já, það er mjög mikilvægt að menn beri pólitíska ábyrgð og fylgist með því sem gerist í viðkomandi málaflokki. Ég veit samt ekki alveg hvort það er

gerlegt að ráðherra fari yfir hverja einustu undirstofnun og fari yfir það hvað gerist þar frá degi til dags. Ég er ekki viss um að ráðherrar Framsóknarflokksins hafi gert það í sinni tíð. Við erum kannski í þessu tilfelli að tala um heilbrigðisþjónustu sem spannar 100 milljarða og ég er ekki viss um að það sé skynsamlegt að hafa mál með þeim hætti að ráðherra fari að skipta sér af öllu því sem gerist í þeirri undirstofnun. Hins vegar er algjörlega sjálfsagt og eðlilegt að skoða málin þegar þau koma upp og ég lít á þetta sem vinsamlega ábendingu frá hv. þingmanni og tek því bara vel. Við getum kannski rætt það þegar við erum búin að skoða.

Endurskipulagning Fjármálaeftirlitsins.

[13:31]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég hef hug á því að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvað líði hugmyndum um endurskipulagningu Fjármálaeftirlitsins og hver afstaða ráðherrans er til þess að flytja Fjármálaeftirlitið inn í Seðlabankann og hvort hann telji ekki rétt að skipta nú út bæði stjórn og æðstu stjórnendum Fjármálaeftirlitsins.

Ég minni á að Fjármálaeftirlitinu voru falin gríðarlega mikil og mikilvæg verkefni með neyðarlögunum og það er greinilegt að margar aðgerðir eftirlitsins sæta mikilli gagnrýni og þær eru alls ekki yfir vafa hafnar, því miður.

Ég vek athygli á því sem kemur reyndar fram í nefndaráliti allsherjarnefndar vegna sérstaks saksóknara að skilanefndirnar sem Fjármálaeftirlitið skipar starfa sem sagt undir forræði Fjármálaeftirlitsins og eru að reka bankana fyrir og á vegum Fjármálaeftirlitsins en því er síðan ætlað að hafa eftirlit með starfsemi þessara sömu skilanefnda og þar með með sjálfum sér.

Í öðru lagi vek ég athygli á því að það er ótrúlegt en staðfest að í skilanefndir hafa verið valdir til forustu einstaklingar sem eru beintengdir við stóra hagsmunaaðila innan bankans og í hópi eigenda bankanna. Ég vísa til fréttar í *Fréttablaðinu* í dag þar sem fram kemur að 13 af 15 núverandi skilanefndamönnum eru beintengdir inn í sömu fyrirtæki eða til eigenda bankanna og inn í endurskoðunarfyrirtæki.

Það kom fram yfirlýsing frá Fjármálaeftirlitinu vegna þessa þann 15. þessa mánaðar og það má segja að þeir séu gamansamir þar. Þar kemur fram, herra forseti, að Fjármálaeftirlitið gætir hagsmuna okkar (Forseti hringir.) með því að spyrja nefndarmenn í skilanefndunum sérstaklega hvort þeir uppfylli kröfur um almennt hæfi samkvæmt lögum um (Forseti hringir.) fjármálafyrirtæki. Það er ekki kannað, heldur eru nefndarmenn spurðir að því sérstaklega. Þetta tel ég mjög ámælisvert og ég spyr um afstöðu ráðherrans til þessa.

[13:33]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspurnina og skal reyna að svara, a.m.k. hluta af því sem um var spurt.

Við skulum vera sanngjörn þegar við metum, ræðum og gagnrýnum störf stofnana eins og Fjármálaeftirlits, Seðlabanka og annað. Alþingi fól Fjármálaeftirlitinu gríðarlega mikið hlutverk hér með neyðarlögunum 6. október og gjörbreytti hlutverki Fjármálaeftirlitsins. Það var ekki að ósk þeirra, það var ákvörðun Alþingis. Síðan þá hefur Fjármálaeftirlitið unnið mikið starf og þar hafa margir unnið mikið þrekvirki við erfiðar aðstæður. Ég staðhæfi hér að það fólk sem þar starfar hefur unnið frábært starf við mjög erfiðar aðstæður og bjargað miklu af því sem bjargað varð.

Hvað varðar skilanefndirnar má kannski fyrst velta fyrir sér hvort þessar aðstæður kalli ekki á það, ekki síður, að við setjum hámarksstærð á endurskoðunarskrifstofur svo þær séu fleiri og fjölbreyttari en núna þegar þær eru fáar og stórar og erfitt að velja þar á milli.

Fjármálaeftirlitið skipaði skilanefndir yfir bönkunum samhliða því að það tók ákvörðun um að fara inn í gömlu bankana. Það var gert á grundvelli ákvæðisins og það þurfti að taka ákvörðun um mönnun skilanefnda á nokkrum klukkustundum þannig að tryggt væri að bankarnir mundu halda áfram rekstri þrátt fyrir stöðu sína. Vegna þeirra sérstöku aðstæðna og til að tryggja sem besta yfirsýn á sem skemmstum tíma þótti rétt á þeim tíma að í nefndirnar yrðu valdir að hluta starfsmenn sem þekktu til starfseminnar og gætu auðveldað vörslu eignasafns og starfsemi þeirra hér innan lands áfram. Meginverkefni nefndanna er að tryggja umsjón með meðferð eigna og hámarka verðmæti eignanna þannig að sem mest fáist út úr uppgjörinu á bönkunum.

Meiri hluti skilanefndamanna er þó jafnan skipaður utanaðkomandi aðilum með reynslu af endurskoðun og lögmennsku. Við val á fólki í skilanefndir var gætt í hvívetna að almennum hæfisreglum sem um þær gilda og skilanefndafólk sérstaklega spurt um hæfi sitt. Ég treysti Fjármálaeftirlitinu fullkomlega til að standa þar vel og heiðarlega að verki og efast ekki eitt augnablik (Forseti hringir.) um að þeir sinni hlutverki sínu með sóma.

[13:36]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég lýsi fullum skilningi á þeirri stöðu sem upp kom við setningu neyðarlaganna þegar settir voru inn í skilanefndir á tveimur sólarhringum 15 einstaklingar til að taka við þessu vandasama verkefni. En síðan eru liðnar 10 vikur og enn eru í skilanefndunum — og það er búið að skipta um a.m.k. fjóra af þessum 15 einstaklingum — 13 af 15 sem rekja má beint til starfa í bönkunum, til starfa fyrir bankana eða til starfa hjá endurskoðunarskrifstofum sem nú vinna fyrir bankana og/eða unnu fyrir þá.

Það er alveg ljóst að þessi vinnubrögð Fjármálaeftirlitsins, að spyrja nefndarmenn í skilanefndunum hvort þeir telji sig hæfa, dugir ekki. Fjármálaeftirlitið nýtur ekki trausts þegar það vandar ekki (Forseti hringir.) vinnubrögð sín betur. Ég tel að það eigi að skipta um starfslið þar.

[13:37]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég er bara ekki sammála þessu. Ég treysti Fjármálaeftirlitinu fullkomlega. Þar hefur verið unnið, eins og ég sagði áðan, mikið starf við erfiðar aðstæður, dag og nótt, við það að bjarga og vernda eigur bankanna. Það verður að gera þær kröfur að gagnrýni sem er sett fram á Fjármálaeftirlitið, eins og Seðlabankann og aðrar stofnan-

ir stjórnvalda, sé ígrunduð og á rökum reist. Það er ekki þolandi fyrir það fólk sem leggur jafnmikið á sig og starfsmenn eftirlitsins og svo margir aðrir að þurfa að sitja undir óígrundaðri umræðu um hæfi sitt og störf.

Þetta fólk hefur unnið mikið og gott starf, stjórn Fjármálaeftirlitsins, stjórnendur og allir almennir starfsmenn hafa unnið mikið og gott starf. Ég treysti þeim fullkomlega til að halda því áfram og harma það hve langt hefur verið gengið í umræðunni um það og reynt að varpa rýrð á störf þeirra. Þetta er sjálfstæð stofnun sem lýtur sérstakri stjórn og ráðherra skipar stofnuninni ekki fyrir verkum, en henni er skipuð stjórn og ég treysti Fjármálaeftirlitinu (Forseti hringir.) fyrir því að hafa gengið úr skugga um almennt hæfi skilanefndamanna eins og þeir hafa sagt að þeir hafi gert.

Umræður utan dagskrár.

Vandi smærri fjármálafyrirtækja.

[13:39]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Þetta er umræða sem hefði alveg eins getað heyrt undir fjármálaráðherra eða forsætisráðherra, en það varð úr að viðskiptaráðherra er hér til svara og vil ég sérstaklega þakka það.

Fall um 85% af bankakerfinu hafði miklar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf. Sumar voru ófyrirsjáanlegar en aðrar beinlínis afleiðingar af þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin greip til í kjölfar hrunsins. Í mínum huga hafa sumar af þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar dregist allt of lengi, fyrr hefði þurft að bregðast við þeim vanda sem smærri fjármálafyrirtækin lentu í, mörg hver að ósekju. Hér á landi voru nefnilega til fjármálafyrirtæki, sparisjóðir, sem höguðu málum sínum af ráðdeild og skynsemi og geta leikið lykilhlutverk við endurreisn efnahagslífs þjóðarinnar.

Nú eru um 10 vikur frá því að veðkall Seðlabanka Íslands vegna skuldabréfa útgefinna af ríkisbönkunum komu mörgum af þessum fyrirtækjum í mikinn vanda. Hér var um stórt mál að ræða og er því miður enn. Það má í rauninni segja að sá hluti bankakerfisins sem lifði bankahrunið af hefði farið á hliðina ef frestur hefði ekki verið veittur út af þessum veðköllum.

Við framsóknarmenn óskuðum strax eftir neyðarfundi í viðskiptanefnd og málið var tekið upp og hefur svo verið frestað síðan. Þessi mikli vandi skapaðist er óvissa um endurgreiðslu frá ríkisbönkunum vegna skulda þeirra setti fjármálafyrirtækin milli steins og sleggju ríkisvalds og Seðlabanka vegna milligönguhlutverks þeirra við öflun lauss fjár fyrir viðskiptabankana frá Seðlabankanum, algjörlega með vitund hans og vilja. Reglur bankans kváðu beinlínis á um það.

Þessi lausafjárgreiðsla frá Seðlabankanum var síðan notuð til að stofna til eigna ríkisbankanna sem að einhverjum hluta voru teknar yfir í nýju bankana en skuldirnar voru skildar eftir í gömlu bönkunum. Seðlabankinn skerti síðan veðhæfi þessara skulda og krefst nú fullnustu krafna sinna á hendur fjármálafyrirtækjunum. Það er að mínu mati afar ósanngjarnt þar sem mikil óvissa ríkir um endurheimtur úr búum gömlu bankanna.

Eins og gefur að skilja er þessi vandi að miklu leyti heimatilbúinn. Það má í rauninni segja að vinstri vasi ríkissjóðs borgi ekki skuldir sínar á meðan sá hægri gengur fram af mikilli hörku við innheimtu. Það er ekki úr vegi að fá hér úr því skorið hver staðan sé í þessu máli og því beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. viðskiptaráðherra:

Hvað hefur hingað til verið gert til að höggva á þennan heimatilbúna hnút?

Hvenær kemur niðurstaða í þetta mál? Er lausn í sjónmáli? Það er afar mikilvægt að fjármálafyrirtækjunum verði veittur frestur eða að þau fái að fresta þessum veðköllum um einhvern tíma, þangað til það liggur fyrir hvað kemur úr skilanefndum gömlu bankanna þannig að það komi skýrt fram hvað komi upp í þær kröfur.

Er ekki forgangsmál að gera fjármálastofnunum landsins kleift að hjálpa til við endurreisn atvinnulífsins í stað þess að halda þeim fjármálafyrirtækjum í herkví vegna aðferða við yfirtöku gömlu bankanna?

Er ekki mikils virði að þeim hluta bankakerfisins sem lifði bankahrunið af verði gert kleift á allan mögulegan hátt að starfa áfram?

Við verðum að hafa í huga í þessari umræðu að hér var starfandi angi af fjármálakerfi þjóðarinnar, fjármálafyrirtæki sem höguðu sínum málum af mikilli ráðdeild og skynsemi, fóru hvorki út í ofurlaunapakkann né tóku þátt í hinni miklu útþenslu. Ég tel að miklir hagsmunir séu fólgnir í því að ríkið komi að því að þeim hluta fjármálakerfisins verði gert kleift að halda áfram.

[13:44]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er svo sannarlega brýnt að taka þessi mál til umræðu hér þó að það skarist töluvert, kannski með beinum hætti, við það sem hér er um fjallað af því að málefni Seðlabanka og endurhverfu bréfanna heyra undir forsætisráðherra og hann mun sjálfsagt gera grein fyrir því hér við annað tækifæri betur.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja athygli á málinu sem er vandi smærri fjármálafyrirtækja í kjölfar falls stærri bankanna og hefur það auðvitað heilmikil áhrif á stöðu þeirra, stórfelld verðlækkun á verði hlutabréfa og skuldabréfa hefur að sjálfsögðu skert eiginfjárstöðu smærri fjármálafyrirtækja verulega. Þar með eru talin skuldabréfin sem þingmaðurinn gat um og eru útgefin af gömlu viðskiptabönkunum sem ýmsar fjármálastofnanir höfðu lagt að veði í endurhverfum lánaviðskiptum í Seðlabanka Íslands og nemur þessi upphæð, að mér skilst, um 300 milljörðum kr.

Ríkisstjórnin einsetti sér strax í byrjun októbermánaðar að finna lausn á stöðu smærri fjármálafyrirtækja, koma í veg fyrir að þau féllu í kjölfarið væri þess nokkur einasti kostur. Það mun að sjálfsögðu mikið ráðast um afdrif sparisjóðabankans Icebank, af því að þar liggja t.d. margir þræðir úr sparisjóðunum. Hvað varðar spurningarnar beint um endurhverfu bréfin og stöðu mála hvað þau varðar, að höggva á hnútinn, niðurstaðan, þá er þetta mál til sérstakrar skoðunar hjá Seðlabanka Íslands. Það er hans að koma með tillögu að lausn á málinu, hann verður að leysa málið, en það er einnig til umræðu og meðferðar í sérstökum starfs-

hópi um smærri fjármálafyrirtæki sem t.d. birtir reglurnar um aðkomu ríkisins að sparisjóðum sem verða birtar í dag og ríkisstjórn samþykkt fyrir nokkrum dögum og ég ætla rétt að tæpa hér á líka. Þess vegna hafa núna verið settar starfsreglur um framlag ríkisins til sparisjóðanna sem byggjast á vinnu starfshóps um málefni smærri fjármálafyrirtækja þar sem sitji fulltrúar viðskipta- og fjármálaráðuneytis, Seðlabanka og forsætisráðuneytis. Þessar reglur verða birtar opinberlega í dag og þær kveða á um hámarksframlag og viðmiðunarefnahagsreikning, raunar endurskipulagningaráætlun sem m.a. miðar að því að CAD-hlutfall verður ekki lægra en 12% sem er sett að skilyrði fyrir framlagi ríkisins og aðkomu að sparisjóðunum.

Ljóst er að í nokkrum tilfellum mun 20% framlag eitt og sér ekki duga, en reglurnar gera ráð fyrir því að framlag ríkissjóðs auk framlags frá öðrum skuli ná 12% markinu. Í þeim tilfellum sem sameiningaráform eru hluti af endurskipulagningu skulu þau skýrð.

Nú er t.d. í fullum gangi sameiningarviðræður milli Sparisjóðs Reykjavíkur, Byrs og Sparisjóðs Keflavíkur og vonir standa til að þar verði til nýr og öflugur sparisjóður sem standi mikið traustari fótum á erfiðum tímum en þessir minni. Mér er kunnugt um að sjálfstæðir sparisjóðir á landsbyggðinni séu áhugasamir um nánara samstarf og gætu hugsanlega farið svipaða leið ef forsvarsmenn þeirra kjósa svo.

Það er gríðarlega mikilvægt atriði í þessu öllu saman að standa vörð um sparisjóðina, tryggja tilvist þeirra áfram í okkar fjármálakerfi. Því miður fór af stað ferli fyrir mörgum árum sem leiddi til nokkurs konar einkavæðingar sjóðanna og var mjög óheppilegt og breytti þessum félagslegu fjármálafyrirtækjum í hefðbundna viðskiptabanka sem misstu þar með sérstöðuna og kannski sjónar á hlutverki sínu. Það er miður, það er erfitt að snúa þessu við, vissulega, en vonandi tekst okkur að varðveita stöðu fjármálafyrirtækjanna hinna minni, hvort sem það eru fjárfestingarbankar eða sparisjóðir, og það er mikilvægt eins og spurt er um í þriðju spurningu að þeir taki þátt í endurreisninni og verði gert kleift að lifa sé þess nokkur kostur. Í sumum tilfellum ríður það á ákvörðun Seðlabanka og fjármálaráðuneyti að lokum um hvernig farið verði með hin endurhverfu skuldabréf, alveg gríðarlegir fjármunir sem liggja í þessu máli. Icebank, Sparisjóðabankinn, einn og sér er þar með 150 milljarða, helminginn af þessum endurhverfu bréfum, í skuld við Seðlabankann. Hann hefur fengið frest til loka janúar til að ljúka sínum málum. Meðan er unnið að lausn hinna smærri fjármálafyrirtækja sem eru þar með miklu lægri upphæðir, en upphæðir samt sem þau hugsanlega sækjast eftir að breyta í lán, ekki er verið að tala um aðrar ívilnanir en þær.

Jú, ég held að það sé mjög mikilvægt að þessi mál fái farsælan endi eins og einhugur er um meðal ríkisstjórnar og þeirra stofnana sem þar að koma. Þess vegna hefur verið unnið af miklu afli í þessu máli alveg frá því að stóru bankarnir féllu með það að markmiði að koma í veg fyrir að hinir smærri fari á eftir og helst þannig að þeir komi sterkari út, með hagræðingu, með sameiningu og öðrum slíkum atriðum sem eru í gangi núna. Ég vona að það verði jákvæð tíðindi áfram á næstu dögum. Þau eru jákvæð í dag þar sem reglurnar, sem settur fjármálaráðherra kynnti ríkisstjórn á föstudaginn, um aðkomu ríkisins að rekstri sparisjóðanna, verða kynntar.

[13:49]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni fyrir að taka mál smærri fjármálafyrirtækja og sparisjóðanna hér upp. Ég vil líka fagna því sem fram kom í máli hæstv. viðskiptaráðherra að nú væri verið að setja verklagsreglur til að ríkisstjórnin geti komið sparisjóðum til aðstoðar til að gera þá áfram virka í þjónustu fjármálalífs á Íslandi.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum ítrekað flutt frumvarp á Alþingi einmitt um það hvernig styrkja megi og standa vörð um sparisjóðina. Það er alveg hárrétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að fyrir nokkrum árum var lagaumhverfi sparisjóðanna breytt til að opna á það að þeir gætu einkavætt sig með auðveldari hætti. Þar með var vegið að hinum félagslega grunni sparisjóðanna sem þeir eru byggðir á.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um leið og ég fagna því að styrkja á stöðu sparisjóðanna og koma með fjármagn af hálfu hins opinbera inn í þá — og í því sambandi legg ég áherslu á sjálfstæði hinna minni sparisjóða um allt land og að það eigi að tryggja möguleika þeirra til samstarfs — hvort hæstv. ráðherra muni ekki líka fylgja því eftir að settar verði þær siðferðilegu kröfur á sparisjóðina að þeir verði færðir í sitt upprunalega félagslega form og að komið verði í veg fyrir það sem við heyrum að sparisjóðir sem hafa verið nefndir og eins og hæstv. ráðherra nefndi, hvort sem það er SPRON, Byr eða Sparisjóður Keflavíkur eða aðrir, liggi undir ámæli um að þeir hafi stundað fjármálastarfsemi sem alls ekkert er í neinum takti við grunnhugsjónir sparisjóðanna. Ég tel mjög mikilvægt að við tryggjum stöðu sparisjóðanna og færum þá aftur í sitt félagslega horf og treystum stöðu þeirra til framtíðar með þeim hætti.

[13:52]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég tek undir þakkir annarra þingmanna og þakka hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni fyrir að taka upp þessa mikilvægu umræðu, um vanda smærri fjármálafyrirtækja í kjölfar bankahrunsins. Í því samhengi ætla ég að nefna þrjú atriði.

Í fyrsta lagi er mikilvægt að hér verði áfram rekstrargrundvöllur fyrir smærri fjármálafyrirtæki. Þjónusta þeirra eykur valkosti neytenda og þau veita stóru bönkunum verðuga samkeppni.

Í öðru lagi þarf að leysa þann vanda sem tengist viðskiptum þessara smærri fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands. Eins og fram hefur komið höfðu mörg þessara smærri fjármálafyrirtækja gegnt milligönguhlutverki fyrir stærri bankana í aðdraganda bankahrunsins. Ég ætla ekki að fara nánar í þau mál en það þarf engu að síður að finna viðunandi lausn á þessum vanda til að unnt verði að bjarga verðmætum að svo miklu leyti sem það er mögulegt og þá þannig að gætt sé bæði jafnræðis og gagnsæis. Vandinn blasir við. Það eru miklir fjármunir sem um er að ræða.

Hæstv. viðskiptaráðherra nefndi 300 milljarða kr. í þessu samhengi. Vandinn er óleystur og hann kallar á skynsamlega lausn.

Í þriðja lagi þarf að huga sérstaklega að málefnum sparisjóða og aðlögun þeirra að breyttum aðstæðum. Eins og hæstv. viðskiptaráðherra nefndi mun seinna í dag, ef ég skildi hann rétt, verður sérstaklega greint frá aðkomu ríkisins að sparisjóðunum og þá sjáum við vonandi betur hvernig þeim reiðir af eða hver tækifæri þeirra verða í nánustu framtíð.

[13:54]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni, fyrir þá umræðu sem hér fer fram. Ég tel það skipta mestu máli varðandi þá hluti sem hér er um að ræða að hvað varðar meðferð og uppgjör á smærri fjármálafyrirtækjum sé í fyrsta lagi gætt jafnræðis og sanngirni. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að það skiptir gríðarlegu máli fyrir fjármálakerfi okkar að hægt sé að varðveita þær eignir sem mögulegt er að varðveita. Með sama hætti verðum við líka að skoða það að svigrúm til aðstoðar og hjálpar af hálfu hins opinbera er vægast sagt mjög takmarkað því að þar skortir verulega á og miðað við það fjárlagafrumvarp sem var lagt fram og samþykkt til 3. umr. um daginn þá liggur fyrir að ekki eru til fjármunir til að veita eða fara í einhvern aðstoðarleiðangur hvorki við smærri fjármálafyrirtæki né aðra.

Það er búið að veita svigrúm til loka janúar eins og kom fram af Seðlabanka Íslands og er það vel. Það er því spurning um að það svigrúm verði nýtt og smærri fjármálafyrirtæki og þá helst sparisjóðirnir móti stefnu sem geti verið skynsamleg og varðað leið áfram til að þau geti sýnt fram á að þau muni standa sig í því fjármálakerfi sem við búum við. Ég satt að segja vona það. Ég tel að það hafi að mörgu leyti verið gerð mistök þegar bankahrunið varð á Íslandi, að það hefði verið hægt að fara öðruvísi að, með sama hætti og ég hvet til að gert verði núna, þ.e. að reynt verði að hámarka verðmæti og takmarka veðköll svo lengi sem unnt er.

[13:56]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Við ræðum stöðu smærri fjármálafyrirtækja. Það er löngu tímabært að taka umræðuna um stöðu þeirra og þann skaða sem ríkisstjórnin er að valda þeim. Í rúma tvo mánuði hefur ríkisstjórnin með hæstv. viðskiptaráðherra í broddi fylkingar ýtt málinu á undan sér. Menn hafa ekki einu sinni viljað ræða málið á Alþingi fyrr en nú. Má þar nefna að ekkert formlegt svar hefur enn borist við fyrirspurn hv. þm. Jóns Bjarnasonar til viðskiptaráðherra um aðgerðir til stuðnings sparisjóðum frá 27. nóvember sl.

Fáar stofnanir njóta jafnmikils velvilja á Íslandi og sparisjóðirnir. Sparisjóðirnir mælast aftur og aftur sem vinsælustu fyrirtæki landsins og má rekja það til þeirra hugsjóna sem lágu að baki stofnun sjóðanna. Hugmyndafræðin að stofnun sparisjóðanna barst hingað eftir krókaleiðum frá þýsku samvinnuhreyfingunni. Markmiðið með stofnun þeirra var ekki að græða á íbúum samfélagsins heldur að þjóna þeim. En hvað gerðist? Græðgisvæðingin sem tröllreið íslensku samfélagi þar sem allir virtust hugsa fyrst og fremst um skjótan hagnað náði líka til þessara lykilstofnana í íslensku samfélagi. Alveg eins og menn misstu trúna á íslensku samvinnufélögunum á miklum bólgutímum misstu menn tiltrúna á samvinnuhugsjónina á bak við sparisjóðina. Hugsjónin um að samfélagsleg ábyrgð og umhyggja á líka að skipta máli í rekstri fyrirtækja, hugsjónin um að það sé framfaramál fyrir viðkomandi samfélög að sparisjóðirnir dafni og að á móti skili sparisjóðirnir umtalsverðum hluta af hagnaði sínum aftur til samfélagsins í formi alls kyns styrkja og í þátttöku í menningar- og líknarmálum.

Í grein í Fréttablaðinu þann 14. desember sl. skrifar Frímann Hákonarson, með leyfi forseta:

„Það merkilega er að þeir sparisjóðir sem gengið hafa lengst í hlutafélagavæðingunni og útnað hafa mest út á undanförnum árum standa verst að vígi í dag. Þeir sparisjóðir sem héldu í gömlu hefðirnar eru aftur á móti í ágætismálum“

Sá hagfræðilegi rétttrúnaður sem vaðið hefur uppi á síðustu árum um hagkvæmni stærðarinnar er því algert bull og maður hefur því svolitlar áhyggjur (Forseti hringir.) af því sem hæstv. viðskiptaráðherra talar um þegar hann er að leggja til að sparisjóðirnir eigi að halda áfram að útna út.

[13:58]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta er góð umræða og málefnið er brýnt. Þegar kerfishrun verður í hinum stóru bönkum á íslenskt efnahagslíf allt undir því að hinar minni fjármálastofnanir geti starfað með skilvirkum hætti og það er sérstakt fagnaðarefni að þær lifðu þetta hrun af og það greiddi án efa fyrir því að áhrifin í samfélaginu urðu ekki verri en þau þó urðu. Það er mjög mikilvægt að þessar stofnanir fái að vaxa og dafna til lengri tíma litið. Í því efni er augljós hindrun í vegi sem er hvernig gengið verður frá endurhverfum viðskiptum sem þessar stofnanir áttu fyrir hönd gömlu bankanna við Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn verður að taka af skarið í því efni og ég tel að sú óvissa sem ríkir í þessu máli sé mjög skaðleg. Því verður ekki trúað að óreyndu að það verði helsta framlag Seðlabankans á þessum tíma til aðgerða til að endurheimta stöðugleika í fjármálakerfinu að setja þessar smærri fjármálastofnanir í þrot. Ef svo væri þá hlyti maður að spyrja hvers konar skepna Seðlabankinn sé. Það er þá undarleg skepna því að við höfum heyrt að hann sé of lítill og telji sig of lítinn til að lána stórum bönkum. En ef hann er líka óhæfur til að lána litlum bönkum og greiða fyrir því að þeir fái starfað hlýtur maður að spyrja sig til hvers hann er.

Auðvitað á hlutverk Seðlabankans við svona aðstæður að vera að leggja lykkju á leið sína til að tryggja eðlilega starfsemi fjármálastofnana, tryggja að þær geti starfað og rækt skyldur sínar við almenning og það er mjög mikilvægt að Seðlabankinn eyði þeirri óvissu sem er í málinu sem allra fyrst.

[14:00]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Það er hverju orði sannara sem hér hefur

verið nefnt að það var mikil ógæfa þegar sparisjóðirnir urðu græðgisvæðingunni að bráð og hefur leitt til stórtjóns víða fyrir utan hina siðferðilegu hlið á því máli að þeir sem áttu að vera og eiga að vera gæslumenn sjálfseignarstofnananna í héraði, stofnfjáreigendurnir, fundu skyndilega út úr því með hjálp stjórnvalda, ekki síst Framsóknarflokksins sem fór þá með bankamál, að hægt væri að græða á þessu, að græða á valdaaðstöðu sinni í sjálfseignarstofnun, eitt það ógeðfelldasta sem mér finnst hafa gerst hér á undanförnum árum og er þá langt til jafnað.

Fall stóru bankanna var auðvitað mikið reiðarslag með þeirri keðjuverkun og ósköpum sem því hafa tengst. Þeim mun undarlegra er það auðvitað, frú forseti, að ríkisstjórnin skuli hafa þvælt því á undan sér í tvo og hálfan mánuð að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja stöðu þeirra stofnana sem þó halda velli, sparisjóðanna, minni fjárfestingarbanka og annarra fjármálafyrirtækja. Veðkall Seðlabankans, sem menn skamma hér mikið, bæði ráðherra og hv. þm. Samfylkingarinnar Árni Páll Árnason, kom í kjölfar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins um hvernig farið skyldi með bréfin, þannig að það skyldi nú ekki vera að þetta standi nær hæstv. viðskiptaráðherra sjálfum að hluta til en hann vill kannski vera láta í þokukenndum svörum sínum.

Síðan hefur hvorki gengið né rekið og þessar stofnanir lifa viku frá viku á framlengdum frestum, fá engin svör og eru óstarfhæfar því að þær geta hvorki tekið menn í viðskipti né veitt þjónustu meðan þær lifa viku frá viku á framlengdum frestum. Þetta er algerlega óverjandi ástand og óskiljanlegt að menn skuli þó ekki a.m.k. reyna að slá skjaldborg um þann hluta fjármálakerfisins sem ekki hrundi með stóru bönkunum. Ríkisvaldið á einfaldlega að leysa þetta mál. Það þýðir ekkert að vísa hér hver á annan, Seðlabankann eða (Forseti hringir.) fjármálaráðherra eða hvað það nú er. Hæstv. viðskiptaráðherra fer með bankamál og á því sem fagráðherra að hafa forustu um að leysa þetta og fyrir jól.

[14:03]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem komið hefur fram í umræðunni að það mikla efnahagsáfall og bankahrun sem átti sér stað hér í haust hefur auðvitað haft áhrif á hin smærri fjármálafyrirtæki hvort sem um er að ræða smærri fjárfestingarbanka, sparisjóði eða önnur slík fyrirtæki og þar hafa komið upp ákveðin vandamál sem unnið er í að leysa eins og hæstv. viðskiptaráðherra gerði grein fyrir áðan.

Það eru nokkur atriði sem ég vildi nefna. Í fyrsta lagi vil ég taka undir það sem hér hefur komið fram um mikilvægi þessara fyrirtækja á fjármálamarkaðnum. Þau gegna mikilvægu hlutverki, bæði staðbundið en einnig með því að veita sérhæfða þjónustu á ýmsum sviðum og skipta líka miklu máli eins og nefnt hefur verið til þess að tryggja virka og öfluga samkeppni á fjármálamarkaði. Þess vegna er mikilvægt við enduruppbyggingu fjármálakerfisins að þess sé gætt að hagur hinna smærri fjármálafyrirtækja verði ekki fyrir borð borinn og að þau hafi svigrúm og tækifæri til þess að ná sér á strik.

Á hitt ber að líta að jafnvel fyrir bankakreppuna var hagur og aðstaða þessara fyrirtækja afar misjafn. Sum þeirra voru afar vel rekin, önnur kannski síður. Sum voru veik fyrir, önnur ekki. Það er ekki hægt að reikna með að fjármálakerfið verði hér óbreytt eða að hægt sé að frysta ástandið með einhverjum hætti. Það er eðlilegt að gera ráð fyrir því að einhver uppstokkun verði á þessum markaði, það er eðlilegt að gera ráð fyrir því að það verði um einhverjar sameiningar að ræða og það er eðlilegt að þessi fyrirtæki fái svigrúm til þess að (Forseti hringir.) laga sig að breyttum aðstæðum eins og önnur fyrirtæki í atvinnulífinu.

[14:05]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Það var vissulega þannig að umgjörðin um sparisjóðina var með þeim hætti að þar var síður hætta á að þeir sem önnuðust rekstur bankanna færu út í áhættusamar lánveitingar eins og varð í viðskiptabönkunum sem varð þeim svo að falli. Hins vegar varð sú þróun sem hér hefur verið minnst á um að hlutafélagavæða sparisjóðina og var m.a. leidd af Sparisjóði Reykjavíkur og ýmsum sem honum tengdust og þrýstu á breytingar, ekki gæfuspor fyrir sparisjóðina og ég er ekki sammála því að menn eigi að halda áfram á sömu braut og sameina þá fáu sparisjóði sem eftir eru. Gæfan í þessu máli er kannski að þeir fáu sem eftir standa voru þeir sem stóðu utan við sameiningarnar og þessar stóru viðskiptablokkir sem höguðu sér ógætilega á síðustu árum og varð þeim að falli.

Ég held að í þessu máli sé ábyrgð Seðlabankans meiri en hjá mörgum öðrum. Ógæfa Icebank í þessu máli er að Seðlabankinn notaði Icebank til að koma peningum til viðskiptabankanna þriggja, til að koma meiri peningum til þeirra en bankinn mátti lána þeim, sem nam hundruðum milljarða kr. Þarna fundu menn leið til þess að nota millilið eða lepp til að koma 300–400 milljörðum kr. til viðskiptabankanna þriggja til að reyna að bjarga þeim eða að láta þá snúast lengur eftir að ljóst var að allt stefndi í þrot og óefni. Seðlabanki Íslands hlýtur að bera höfuðábyrgð á því, virðulegur forseti.

Það er dálítið hart, virðulegur forseti, ef það á svo að hengja sparisjóðina fyrir að hafa tekið að sér þetta hlutverk milliliðsins og einstakir eignaraðilar Icebank eigi ekki eignir til þess að setja að veði á móti þessum lánum (Forseti hringir.) þegar Seðlabankinn vissi hvað hann var að gera og hvert þau áttu að renna.

[14:07]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram, hún hefur verið málefnaleg og góð. Hún var í mínum huga mjög mikilvæg og brýn vegna þess að það er eins og hv. þm. Árni Páll Árnason sagði áðan, sú óvissa sem þessi fjármálafyrirtæki hafa búið við er óviðunandi.

Ég vil þakka hæstv. viðskiptaráðherra svörin og það að ríkisstjórnin ætlar að koma með lausnir sem verða kynntar seinna í dag, það er afar jákvætt. En um leið verð ég að segja að ég átti von á skýrari svörum varðandi önnur fjármálafyrirtæki sem þurfa enn þá að búa við þessa óvissu. Ég verð bara að segja það hreint út að ég er orðinn hundleiður á því að ráðherrar komi hér upp og vísi í aðra ráðherra. Það

er útilokað að taka þessa umræðu á tvo til þrjá ráðherra sem hefði kannski verið hægt að gera hér í dag, ríkisstjórnin verður einfaldlega að tala saman. Auðvitað höfum við í stjórnarandstöðunni sagt að hér séu tvær ríkisstjórnir, en það á samt ekki að vera bara staðreynd að það sé ekki hægt að svara spurningum sem er beint að ráðherra og snúa að einhverju leyti að öðrum ráðherra. Ég bið því hæstv. viðskiptaráðherra að svara spurningum um veðköllin, sem eru enn þá í óvissu: Verða þau leyst á næstunni?

Hv. þm. Guðfinna Bjarnadóttir sagði að mikilvægt væri að leysa þetta mál skynsamlega. Það er einmitt málið. Það er enginn að tala um að hér verði einhver mikil útgjöld af hálfu ríkisins. Það er bara verið að tala um að þeim verði gert kleift (Forseti hringir.) með frestunum eða á einhvern hátt að komast yfir þessi veðköll þangað til við fáum úr því skorið hvað kemur út úr skilanefndum gömlu bankanna.

[14:10]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegur forseti. Við erum í raun að ræða tvö nokkuð aðskilin mál sem er annars vegar staða sparisjóðanna og hins vegar staða fjárfestingarbankanna hinna minni sem lentu í vanda út af endurhverfu viðskiptunum við Seðlabankann. (**HöskÞ:** Þetta er sama málið.) Ég greindi frá því áðan að það mál væri til sérstakrar meðferðar hjá Seðlabanka og sérstökum starfshópi í fjármálaráðuneytinu sem í eiga sæti fulltrúar ráðuneytanna og Seðlabanka og Fjármálaeftirlits og ég er mjög bjartsýnn á að niðurstaðan komi þaðan fljótlega. Ríkisstjórnin einsetti sér strax í upphafi að slá skjaldborg um starfsemi þessara smærri fjármálafyrirtækja og koma í veg fyrir að þau lentu í erfiðleikum og féllu á eftir og það eru mikil tímamót í þeirri umræðu og þeim ferli öllum nú í dag þegar við kynnum regluverk um aðkomu ríkisins að rekstri sparisjóðanna. Þær verða kynntar opinberlega í dag og kveða á um hámarksframlag og viðmiðunarefnahagsreikning og er raunhæf endurskipulagningaráætlun sem m.a. miðar að því að hlutfall CAD verði ekki lægra en 12% o.s.frv., eins og ég rakti áðan.

Þessar reglur og aðkoma ríkisins að rekstri sparisjóðanna eins og neyðarlögin frá því í byrjun október gáfu heimild til, upp á 20% innspýtingu eiginfjárhlutfalls, berum við vonir til að geri mjög mikið í því að stórbæta stöðu þessara sjóða. SPRON, Byr og Sparisjóður Keflavíkur ákváðu að fara í sameiningarviðræður og þær standa nú yfir og þeir hafa undirritað viljayfirlýsingu. Smærri sjóðirnir úti á landsbyggðinni, sem ég hef átt nokkuð marga fundi með á síðustu vikum og mánuðum, skoða frekar leið um nánara samstarf á ákveðnum sviðum. Það er mjög jákvætt ef það verður til þess að treysta stöðu þeirra áfram af því að það er gífurlega mikilvægt bæði fyrir fjölbreytnina í fjármálakerfinu og eins fyrir byggðirnar af því að þar er staða þessara sjóða mjög mikil og sterk og (Forseti hringir.) mjög mikilvægt að þeir geti áfram ræktað sitt félagslega hlutverk sem þeir hafa gert svo lengi.

[14:12]

Útbýting:

Kjararáð, 210. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 380.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 28. mál (álagningarstofn eftirlitsgjalds). — Þskj. 376.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Niðurfelling laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs, 3. umr.

Stjfrv., 169. mál. — Þskj. 204.

[14:13]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Þegar þetta litla frumvarp kemur til 3. umr. háttar þannig til að ég hef ekki átt kost á því að tjá mig um það áður. Í frumvarpinu eru fólgin kannski stærri tímamót en menn átta sig á í fljótu bragði því að hér er hvort tveggja í senn verið að leggja til ráðstöfun á eignum svonefnds Kísilgúrsjóðs og að fella úr gildi lög um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn, lög nr. 80/1966, og þar með lýkur langri, á margan hátt merkilegri og um leið umdeildri sögu þessa fyrirtækis. Það er kannski ástæða til að staldra við það stundarkorn.

Hvað varðar fyrra atriðið, að ráðstafa nú eftirstandandi eignum Kísilgúrsjóðs sem eru svo sem engin ósköp, a.m.k. ekki mælt í tölum sem mönnum eru nú tamastar þar sem menn telja varla taka því að tala um minna en milljarða, milljarðatugi, milljarðahundruð eða jafnvel milljarðaþúsund, eru svo sem eins og 20 millj. kr. ekki mikið og þessi sjóður hefur aldrei haft nein ósköp umleikis. En það má kannski verða einhverjum umhugsunarefni og hvatning þegar það er skoðað hversu miklu góðu hann hefur þó komið til leiðar og átt þátt í því að styðja af stað ýmis verkefni sem síðan hefur vaxið fiskur um hrygg og mörg orðið að miklum framfaramálum í viðkomandi héraði.

Þar má t.d. nefna Baðfélag Mývatnssveitar sem er orðið aðdráttarafl fyrir ferðamenn á þeim slóðum, vantar svo sem ekki að Mývatnssveit hafi þau mörg fyrir en það er ákaflega góð viðbót við þá þjónustu og dægradvöl sem ferðamönnum býðst á svæðinu. Það er eitt helsta ferðamannasvæði landsins og langöflugasta svæðið sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn norðan heiða.

Hvalamiðstöðina á Húsavík má sömuleiðis nefna, allmörg fleiri verkefni og auðvitað fjöldamörg sem sjóðurinn hefur styrkt eða lagt hlutafé til á undanförnum árum, með þó ekki hærri fjárhæðum en kannski 2,5–3 millj. vor og haust, tvisvar á ári. Það hefur engu að síður nægt ásamt með kannski öðru til að koma fjölmörgum góðum verkefnum af stað sem óvíst er að hefðu litið dagsins ljós ella. Þannig hefur sjóðurinn upp á síðkastið styrkt myndarlega verkefni sem tengjast vetrarferðamennsku í Mývatnssveit og á þeim slóðum sem hefur byggst upp með afar athyglisverðum og ánægjulegum hætti.

Nú er hér lagt til að eftirstöðvum sjóðsins, bæði innstæðum hans á bankabók og hlutabréfaeign hans í allmörg-

um fyrirtækjum sem hann hefur lagt til fé á undanförnum árum, verði ráðstafað til Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga á grundvelli samnings og skal samningurinn hafa það markmið að efla atvinnulíf og nýsköpun, í Skútustaðahreppi auðvitað ekki síst en einnig í Þingeyjarsveit og Norðurþingi, þ.e. á því áhrifasvæði sem mest markaðist á sínum tíma af tilurð Kísilgúrverksmiðjunnar. Þessari ráðstöfun er ég algerlega sammála, ég held að það sé augljóst að eftir að sjóðurinn hættir að hafa tekjur af námagjaldi og lifir þá eingöngu sem slíkur af fjármagnstekjum sínum og eignum sé ástæðulaust að halda utan um ráðstöfun hans sérstaklega. Eðlilegasti aðilinn að sjálfsögðu til að taka við því verkefni er Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga sem hefur reyndar veitt sjóðnum þjónustu um langt skeið.

Þá að hinu ákvæði laganna, að 3. gr. um að fella úr gildi lög um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn hefur oft komið á dagskrá á Alþingi og um hana hafa stundum orðið heitar umræður. Saga hennar markaðist lengst af af talsverðum deilum um tilvist fyrirtækisins þar sem tókust á ólík sjónarmið. Annars vegar voru þeir sem horfðu kannski meira á atvinnusköpunina, verðmætin og þá lyftistöng sem hún var í þeim efnum fyrir viðkomandi byggðarlag og svæði og skal þá ekki gleyma Húsavík því að útskipun framleiðslunnar fór fram um Húsavíkurhöfn og var um áratugaskeið aðalgrundvöllur rekstrar og áætlunarsiglinga á þá höfn. Í tengslum við byggingu verksmiðjunnar var lagður nýr vegur upp Hólasand, Kísilvegur gjarnan kallaður af heimamönnum, sem óvíst er að hefði ella litið dagsins ljós, væri kannski sumarslóði enn í dag ef þessi framkvæmd hefði ekki komið til. Að hinu leytinu var þó verksmiðjan frá byrjun umdeild vegna þess að hún sótti hráefnið í botn Mývatns, dældi þar upp kísilríku seti af þörungum sem þar gefa það af sér, margir óttuðust áhrif þessarar námuvinnslu á lífríkið og um það var löngum deilt hvort vaxandi sveiflur og minnkandi silungur og veiði í vatninu ætti að einhverju leyti rót sína að rekja til þeirrar vinnslu. Heimamenn skiptust nokkuð í tvö horn í afstöðu sinni til málsins og þetta var erfitt deilumál innan sveitar allan tímann sem verksmiðjan starfaði. Sjálfur þekki ég það vel af langri sambúð við fyrirtækið að það var ekki alltaf auðvelt að reyna að halda haus og láta skynsemina ráða í þessum efnum, ég sjálfur að sjálfsögðu hallur undir umhverfisverndarsjónarmiðin sem ég ætla ekki að draga dul á um leið og ég skildi og viðurkenndi mikilvægi fyrirtækisins sem vinnuveitanda á svæðinu.

Að lokum réðu hins vegar ekki deilurnar um þennan þátt málsins endalokum þess þó að því sé stundum haldið fram og það jafnvel í blöðum borið á þann sem hér stendur að hafa orðið banamaður Kísilgúrverksmiðjunnar með andstöðu við það að hún fengi framlengd námaleyfi og gæti farið að athafna sig á Bolum eða í Syðri-Flóa þegar hráefni var á þrotum í Nyrðri-Flóa. Það sem að lokum réði lyktum þessa máls var ósköp einfaldlega það að vegna breyttra markaðsaðstæðna missti hinn erlendi eigandi áhugann á áframhaldandi rekstri og hafði ekki áhuga á að fjárfesta í endurnýjun og búnaði sem þurft hefði til að halda starfseminni áfram. Þetta liggur fyrir skjalfest og þarf ekki að þrefa um slíkt. Sögunnar og sannleikans vegna er nú ágætt að láta þetta koma hér fram, enn eru í gangi draugasögur um eitt og annað í þessum efnum.

Þó að lyktir málsins yrðu þessar breytir það ekki hinu að það var orðin talsverð tvísýna um það hvort yfirvöld teldu yfirleitt réttlætanlegt að endurnýja námaleyfið til langs tíma og heimila kísilgúrnám á nýjum svæðum í Mývatni sem er eins og allir vita ein helsta perla okkar og einstakt vatn á margan hátt á norðurhveli jarðar og fá slík reyndar til. Í raun og veru er kannski aðeins eitt vatn í heiminum þekkt sem býr yfir þeim sömu líffræðilegu eiginleikum og Mývatn að fóstra hinn víðfræga kúluskít. (Gripið fram í.) Ég hygg að það sé aðeins í Japan. Kannski er eitthvað í líkingu við þetta til víðar en langmyndarlegastur og frægastur er náttúrlega kúluskíturinn á þessum tveimur stöðum, enda eru þetta vinabæir og hafa með sér samstarf, kúluskítsvötnin tvö, Mývatn og vatnið hið japanska.

Mývatn er á margan hátt einstakt og merkilegt vatn, fóstrar auðugt lífríki, er undirstaða gríðarlegs fuglalífs og silungsgengdar fyrir utan fegurðina sem þar er rómuð. Eðlilega voru þessi mál erfið viðfangs allan tímann, sambúð iðnrekstrarins og athafnasemi mannsins annars vegar og náttúran og ríki hennar og réttur í sjálfu sér hins vegar. Svona lauk sem sagt sögunni eins og hér hefur verið rakið, að lokum breyttust verulega markaðsaðstæður og samkeppnisstaða þess kísilgúrs sem unninn er með þessum hætti og var líka einstakt í heiminum. Kísilgúrverksmiðjan við Mývatn var eina verksmiðjan í heiminum sem vann hráefni úr vatni, sem sagt úr blautri námu en ekki þurri, þannig að með þessu lýkur á margan hátt stórmerkilegri sögu, virðulegur forseti, og mér finnst ástæða til að vekja aðeins athygli á því hér.

Það má líka margt af þessari sögu læra um það hvernig menn eiga bæði að standa að málum og svo kannski líka ekki standa að málum. Auðvitað ræðir ekki um það í dag. Eins og viðhorf manna til umhverfisverndar hafa breyst á þeim langa tíma frá því að til kísilgúrverksmiðjunnar var stofnað 1966 mundi slíkt aldrei ná fram að ganga í dag, engum manni dytti lengur í hug held ég að fara í eitt af fegurstu og verðmætustu vötnum og lífríki þess á Íslandi og hefja þar námarekstur. En það voru auðvitað aðrir tímar þegar þarna var.

Kísiliðjan markaði djúp spor í atvinnu- og byggðamálum í Mývatnssveit, fyrst og fremst vegna hennar, og í kringum hana byggðist stærsti þéttbýliskjarninn í sveitinni. Einnig kom til bygging Kröfluvirkjunar sem hafði auðvitað líka áhrif þannig að eðlilega voru menn uggandi yfir þeim breytingum sem mundu verða þegar eða ef Kísiliðjan lyki starfsemi. Við því mátti að sjálfsögðu búast eins og mál þróuðust á síðustu árum síðustu aldar og um aldamótin hvað og varð, og í og með þess vegna var Kísilgúrsjóðurinn stofnaður til að stuðla að annarri atvinnuuppbyggingu til hliðar og auka fjölbreytnina í atvinnulífinu þannig að menn væru betur undir það búnir að takast á við breytingarnar ef verksmiðjan lokaði. Það og varð og í reynd sannaði þessi fyrirhyggja gildi sitt því að ég vil leyfa mér að segja að þótt margir hafi vitaskuld orðið fyrir áfalli og orðið að breyta um vinnu og jafnvel búsetu þegar Kísiliðjan lokaði hefur sveitinni þó tekist ótrúlega vel að takast á við þær breytingar og af miklum dugnaði byggja upp aðra atvinnustarfsemi, ekki síst í ferðaþjónustu, þó að minna hafi kannski orðið úr

annars konar iðnaði eins og til stóð. Þar hjálpaði Kísilgúrsjóður og fyrirhyggjan sem í því var fólgin að leggja fé til hliðar á meðan starfsemin var í gangi þannig að menn væru ekki með tómar hendurnar þegar eða ef til þessara breytinga kæmi.

Hugsum okkur nú eitt augnablik, frú forseti, að menn hefðu sýnt sömu fyrirhyggju á Suðurnesjum, menn hefðu horfst í augu við það — sem augljóst var a.m.k. 10 árum áður en bandarískí herinn blessunarlega fór — að að því mundi koma og hefðu lagt myndarlega til hliðar og veitt til annarrar atvinnuuppbyggingar, segjum á 10–15 ára tímabili, fjármuni í hlutfallslegum stærðum við það sem var gert í Mývatnssveit. Ætli menn hefðu þá ekki verið betur staddir til að takast á við breytinguna þegar hún skall á þeim, fyrirsjáanleg sem hún þó var? En menn vildu ekki horfast í augu við það að til þessa mundi koma heldur börðu höfðinu við steininn og voru búnir að sannfæra sjálfa sig um að sálarheill og öryggi Íslendinga væru í því fólgin að hér væru a.m.k. að staðaldri fjórar orrustuþotur. Nú er alllangt um liðið síðan þær hurfu og ég veit ekki betur en að að því leyti til hafi Íslendingum liðið bara óvenjulega vel. Það eru aðrir hlutir sem hrjá okkur um þessar mundir en skortur á orrustuþotum í loftinu yfir höfðunum á okkur, svo sannarlega.

Nóg um það, aftur að þessu litla frumvarpi. Ég vil bara kvitta fyrir það með þessari tölu að hér er að ljúka langri sögu sem ég hef aðeins tæpt á, sögu sem verðskuldaði auðvitað betri skil. Kannski verður það einhvern tíma gert í bók eða sagnfræðilegri ritgerð því að það er mikil stúdía í atvinnu-, byggða- og félagslegu tilliti og ekki síður frá sjónarhóli umhverfismála að skrifa þennan kafla í sögu okkar sem hér er þá að ljúka, frú forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 179. mál (framlenging aðlögunartíma). — Þskj. 377.

[14:27]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Við 3. umr. um þetta frumvarp ætla ég að leyfa mér að fjalla aðeins um það. Við 2. umr. um málið, sem fram fór fyrr í vikunni, ræddi hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og fulltrúi flokksins í félags- og tryggingamálanefnd, um efni þess og gerði grein fyrir afstöðu sinni. Hann gerði jafnframt grein fyrir því að um málið væru skiptar skoðanir í flokki okkar. Það endurspeglaðist jafnframt í atkvæðagreiðslu við málið eftir 2. umr. Af þeim sjö þingmönnum flokksins sem voru viðstaddir atkvæðagreiðsluna voru þrír sem studdu það og fjórir sem sátu hjá.

Mér finnst eðlilegt að reifa í stuttu máli hvað veldur því að við vorum fjögur í þingflokknum sem kusum að sitja hjá við afgreiðslu málsins. Rétt er að taka fram að ég held ekki að neinn ágreiningur sé um málið í eðli sínu, heldur mismunandi áherslur.

Þetta var rætt talsvert hér fyrr á kjörtímabilinu þegar gerðar voru breytingar á þessu sama máli, að því er varðar aðlögun íbúa frá Rúmeníu og Búlgaríu að Evrópska efnahagssvæðinu.

Mín skoðun er almennt sú að þar sem við erum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, sem hefur eins og við öll vitum stækkað á undanförnum árum, sé rétt og eðlilegt þegar ný lönd koma til samstarfsins að leitast við að þau aðlagist þeim viðmiðunum og þeirri löggjöf sem þar gildir eins fljótt og unnt er. Ekki eigi að setja óþarfa steina í götu þess að slík þróun geti átt sér stað.

Vissulega geta aðstæður verið þess eðlis að nauðsynlegt sé að einhver aðlögunartími eigi sér stað á vissum málasviðum. Auðvitað vitum við öll að hvað varðar atvinnumarkaðinn og búseturéttinn getur það verið viðkvæmt mál, ekki síst þegar árar eins og nú gerir í íslensku efnahags- og atvinnulífi.

Í frumvarpinu sjálfu er sem sagt gert ráð fyrir að aðlögunartími Rúmeníu og Búlgaríu lengist um þrjú ár, til ársins 2012, en þátttaka þeirra á svæðinu hefði að óbreyttu átt að taka gildi að fullu 1. janúar næstkomandi.

Í nefndarálitinu er vísað til þess að rétt sé að nýta heimild til þess að fresta gildistöku laganna enn um sinn vegna þeirra þrenginga sem orðið hafa í efnahagslífi þjóðarinnar og aukins atvinnuleysis, eins og það er orðað. Þar segir jafnframt að eðlilegt sé að grípa til ráðstafana sem geti orðið til þess að draga úr yfirvofandi atvinnuleysi.

Nú er ég ekki ósammála því að eðlilegt sé að grípa til ráðstafana sem geta orðið til þess að draga úr yfirvofandi atvinnuleysi. Ég held hins vegar að menn gangi fulllangt í því og mikli fyrir sér hættuna á því að full aðild Rúmeníu og Búlgaríu að innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins ógni því markmiði. Þess vegna var ég ekki reiðubúinn til þess að styðja málið þótt ég leggist ekki gegn því við þær aðstæður sem eru uppi. Ég held að ekki séu verulegar líkur á því að atvinnuöryggi hér sé stefnt í sérstaka hættu vegna málsins heldur séu aðrar aðstæður í efnahags- og atvinnulífinu sem nú munu væntanlega leiða til þess og hafa þegar gert að við höfum séð atvinnuleysi aukast.

Ég held að á þessu sé önnur hlið, ekki er endilega freistandi fyrir íbúa annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins að flytjast til Íslands við þessar aðstæður og leita sér að vinnu og búsetu þegar við búum við þessar aðstæður í efnahagslífinu og atvinnulífinu. Þar sem að við búum við vaxandi atvinnuleysi og versnandi kaupmátt nánast dag frá degi, ef svo má segja, hygg ég að ekki sé freistandi fyrir íbúa hvorki frá þessum löndum né öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins að flykkjast til Íslands. Enda hefur þróunin verið sú að við höfum að undanförnu verið með tiltölulega hátt, sögulega hátt, hlutfall útlendinga á vinnumarkaði okkar og þeim hefur fækkað núna. Útlendingar sem hér hafa verið við störf hafa verið að flytjast til síns heima. Þannig að ég held að hættan, sem menn skrifa hér um í nefndaráliti og er jú bakgrunnurinn að því að frumvarpið er flutt, sé stórlega ofmetin og ég hefði þess vegna viljað að við undirgengjumst að fullu þær skuldbindingar sem felast í þeim samningi sem við erum aðilar að og tækjum Rúmeníu og Búlgaríu inn á svæðið með fullum rétti.

Í nefndaráliti segir líka, með leyfi forseta:

„Nefndin áréttar þó jafnframt að takist þjóðinni að vinna

sig út úr þeim fjárhagslegu erfiðleikum sem hún er í núna og draga verulega úr atvinnuleysi á nýjan leik áður en gildistími ákvæðanna rennur út verði vikið frá þessum hömlum og ríkisborgurum Búlgaríu og Rúmeníu veitt sömu réttindi til atvinnuþátttöku og búsetu hér á landi og aðrir ríkisborgarar á Evrópska efnahagssvæðinu hafa.“

Hér er sem sagt vikið að því að heimildin til að fresta gildistöku ákvæðisins er ekki nýtt til fullnustu. Aðlögunartíminn er í raun til ársins 2014, þ.e. fimm ár til viðbótar við það sem nú er, en hér eru þrjú ár af fimm nýtt.

Í nefndaráliti er sem sagt opnað á það að ef dregur úr atvinnuleysi áður en gildistími ákvæðanna rennur út og aðstæður á vinnumarkaði gefa tilefni til sé hægt að víkja frá þessum hömlum. Heimild sé til þess vegna þess að í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði er einhliða heimild fyrir aðildarríki til þess að víkja frá þessum hömlum en það verður hins vegar að tilkynna þær til eftirlitsstofnunar EFTA áður en heimildin rennur úr gildi um næstu áramót. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að þetta er sagt í nefndarálitinu.

Ég fagna því að nefndin tekur þó þessa afstöðu í nefndarálitinu og finnst að vissu leyti komið til móts við þau sjónarmið sem ég hef haldið fram í málinu og það er ástæðan fyrir því að ég og ýmsir aðrir í þingflokki mínum hafa kosið að sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggjast ekki gegn því. En við teljum að rökstuðningurinn fyrir því að fresta gildistökunni og hætturnar sem þar eru sagðar á innhlaupi eða innrás, ef svo má segja, inn á atvinnumarkaðinn frá þessum ríkjum sé ofmetinn og vildum þess vegna ekki styðja það eins og það er lagt fram.

Ég vildi, frú forseti, að þessi afstaða og sjónarmið mín og ýmissa annarra kæmu fram við þessa síðustu umræðu um málið vegna þess sem kom fram í máli fulltrúa okkar í félagsmálanefnd við 2. umr. að skiptar skoðanir væru í málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 235. mál (frítekjumark öryrkja). — Þskj. 326.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð sakamála, 2. umr.

Stjfrv., 217. mál (frestun á stofnun embættis héraðssaksóknara). — Þskj. 294, nál. 367.

[14:38]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála. Í nefndarálitinu kemur fram að nefndin fjallaði um málið og fékk á fund sinn Rögnu Árnadóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnun embættis héraðssaksóknara verði frestað um eitt ár eða til 1. janúar 2010. Ákvæði laga um meðferð sakamála taka að öðru leyti gildi 1. janúar 2009 og munu leysa af hólmi lög um meðferð opinberra mála.

Allsherjarnefnd leggur áherslu á að frestunin er til komin vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í ríkisfjármálum. Nefndin vill hins vegar árétta þá afstöðu sína að efling ákæruvaldsins m.a. með stofnun embættis héraðssaksóknara er mikilvægt framfaraskref og leggur því áherslu á að hér er aðeins um að ræða frestun til eins árs. Allsherjarnefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Atli Gíslason skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara. Sigurður Kári Kristjánsson, Siv Friðleifsdóttir, Ólöf Nordal og Jón Magnússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

En undir nefndarálit þetta rita auk mín hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, Atli Gíslason, með fyrirvara, Ellert B. Schram og Karl V. Matthíasson.

[14:39]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Já, ég skrifaði undir álitið með fyrirvara. Í raun átti að skila séráliti eða engu áliti. Við stöndum hér frammi fyrir enn einu málinu sem er afleiðing bankahrunsins en ekki síður afleiðing samninga um ábyrgð á hinum svokölluðu Icesave-reikningum, sem ýmsir hafa sagt að væru glæpsamlegir, og fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Í kjölfar hrunsins er álag á dómstóla landsins og hina almennu löggæslu afar mikið en með aðgerðum ríkisstjórnarinnar er dómstóla- og réttarvörslukerfið veikt verulega. Skorið er niður út og suður, nema þá helst hjá ríkislögreglustjóra sem þó sér sjálfur ástæðu til að skera niður efnahagsbrotadeild sína.

Þetta er sorglegt og reyndar óþolandi. Allir vita að staða löggæslumála, grenndarþjónustu, á Suðurnesjum er að verða til skammar. Ófremdarástand vegna manneklu og vart sjást löggæslumenn lengur á stöðum eins og Grindavík, Sandgerði, Garði og Vogum. Það sama gildir um lögsagnarumdæmi Árnessýslu. Ekki hefur verið skorið niður hjá lögreglunni á Selfossi en vegna fjárhagsskorts blasir við að þar verður að skera niður heila vakt.

Á höfuðborgarsvæðinu er sama mynd. Gríðarlegt álag hefur verið á lögreglumönnum á Stór-Reykjavíkursvæðinu, höfuðborgarsvæðinu, og þeir hafa — vil ég halda til haga — staðið sig ótrúlega vel miðað við erfiðar aðstæður. Mikið og aukið álag á löggæsluna á öllu landinu og sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu kallar á mjög auknar fjárveitingar og eflingu. Líka er hægt að gera það með skipulagsbreytingum, með því að færa liðsafla frá ríkislögreglustjóra í almenna löggæslu og ekki veitir af.

Þessi tillaga er einn þáttur, þó ekki stór sé, í að veikja réttarvörslukerfið. Þetta frumvarp um meðferð sakamála hafði verið undirbúið og samþykkt sem lög frá Alþingi. Að baki lá fyrirhyggja og hugsun um styrkingu réttarvörslukerfisins sem nú er verið að veikja með þessari tillögu þótt frumvarpið sé — og ég endurtek það — langt í frá stærsti bitinn í því dæmi.

Í þessu samhengi vil ég rifja upp að það er ekki ein-

göngu bankahrunið sem veldur heldur viðbrögð ríkisstjórnarinnar við því. Ég nefndi áðan hina glæpsamlegu Icesave-reikninga og þá ábyrgð sem ríkið tók á þeim nauðugt, kúgað af Bretum. Kúgað af fleiri þjóðum Evrópu en í fararbroddi fór Evrópusambandið en fyrir það virðist öllu fórnað sem unnt er að fórna, jafnvel þjóðarhag til að ná þar inngöngu og til að styggja engan.

Það hefur sannarlega komið í ljós á síðustu vikum að þrátt fyrir aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og samvinnu við Breta og fleiri þjóðir í NATO má smáþjóð í kreppu sín lítils. Alþjóðalög og -reglur sem giltu um fullvalda ríki að þjóðarétti, bæði stór og smá, hafa orðið að víkja fyrir pólitískum þrýstingi og ofurefli ríkja sem telja sig eiga meiri hagsmuna að gæta. Ég vil sérstaklega halda því til haga að markmið bresku laganna um hryðjuverkavarnir hljóða upp á allt annað en að helga beitingu þeirrar efnahagslegu árásar sem Bretar gerðu á Ísland. Það var hvorki tilgangur né markmið né lagatexti sem stóð því til réttlætingar.

Hvers vegna skyldu menn þá hafa gengið að þessu? Af hverju beita Bretar okkur þessu ofurvaldi? Af og frá er að þessum hryðjuverkalögum hafi verið beitt gegn nokkru öðru Evrópuríki eða Bandaríkjunum. En þó urðu Bretar fyrir þungum búsifjum af bankahruni í Bandaríkjunum en lyftu ekki litla fingri. En þegar litla Ísland lá vel við höggi var það nýtt í pólitískum tilgangi til að næla í atkvæði í vondri stöðu sósíaldemókrata í Bretlandi og höggvið að smáþjóðinni Íslandi. Og viðbrögðin. Í stað þess að senda sendiherrann úr landi og hóta úrsögn úr NATO, hætta að flytja út til Bretlands 50–60 þús. tonn af óunnum afla, kikna ríkisstjórnin í hnjánum og samþykkti ábyrgðir og ofurvald og ægivald sem nú leiðir yfir okkur þær fjölmörgu breytingar og hremmingar sem ríkisstjórnin boðar með frumvörpum dag frá degi.

Brotið hefur verið gegn þjóðréttarlegum skyldum í samskiptum okkar. Það er algerlega ljóst. Það er ekkert, frú forseti, í ESB-samningnum eða alþjóðareglum sem mælir fyrir um það að ríkisstjórnir beri ábyrgð á bankainnstæðum í einkabönkum, eins og hér hefur verið farið fram með samningum um Icesave-reikninga ríkisins við Breta og Evrópusambandið. Undir þeirri kúgun. Engin ákvæði í alþjóðarétti mæla fyrir um það. Samningar sem gerðir hafa verið og þetta frumvarp er afleiðing af eru, frú forseti, nauðungarsamningar og þessir nauðungarsamningar eru ógildanlegir bæði að þjóðarétti og samkvæmt íslenskum lögum.

Nú er það meira að segja svo að beiting hryðjuverkalaganna var kæranleg stjórnsýsluathöfn. Kærufrestur rennur út 7. janúar næstkomandi og nú hefur þingið tekið af dagskrá þingsályktunartillögu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar og fleiri um að þessari kæru verði beitt. Ekki er þar með sagt að halda þurfi málinu alveg til streitu en þetta er sjálfsagt innlegg í samningaviðræður okkar um Icesave-reikningana sem standa nú fyrir dyrum. Niðurstaða þeirra samningaviðræðna er algert grundvallaratriði fyrir fjármál Íslands og hagsmuni þjóðarinnar í framtíðinni. Við gerðum samninga umfram lagaskyldu. Það er algerlega ljóst og aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var háð því að við beygðum okkur undir kúgunina.

Hvað sýna þessir atburðir svo? Jú. Vegna fyrirhyggjuleysis íslenskra stjórnvalda og bankastjórnenda og ólögmætra viðhorfa Evrópusambandsríkja er íslenska þjóðin nú bundin á skuldaklafa næstu áratugi og meira að segja nauðsynlegum réttarfarsúrbótum samkvæmt lögum um meðferð sakamála er fórnað vegna hótana Evrópusambandsins. Þetta er auðvitað gersamlega óþolandi. Þetta er niðurlægjandi fyrir hina íslensku þjóð. Alveg með ólíkindum að þetta hafi gerst. Hvað heyrir maður svo um skýringuna? Jú. Skýringin er sú, og hún blasir reyndar við, að ekki má styggja Breta, Þjóðverja, Frakka, Austurríkismenn og allra síst Evrópusambandið út frá aðildarumsókn sem menn hugleiða mjög stíft þessa dagana.

Meira að segja var svo hart fram farið að ekki var leitað annarra úrræða sem að mínu mati hefðu leitt til þess að óþarfi hefði verið að flytja frumvarpið sem hér er til umræðu. Þ.e. skoða núllkostina. Taka slaginn. Lifa á því sem landið gefur. Neyslumynstur Íslendinga hefur nefnilega stórbreyst frá 6. október. Við flytjum út og öflum meiri gjaldeyris í dag en við eyðum og svo mun vonandi verða um langa hríð ef íslenska þjóðin tekur upp gömul og góð gildi, sparsemi og ráðdeild, samviskusemi og heiðarleika og réttsýni og réttlætiskennd verða höfð að leiðarljósi. Þennan kost átti að skoða í þaula. Ég hef rætt við ýmsa málsmetandi menn í atvinnurekstri og innan verkalýðshreyfingar og víðar í þjóðfélaginu, hagfræðinga sem aðra, og þeir benda á þennan kost sem raunhæfan. Alla vega svo raunhæfan að bara þurfi að reikna hann út. Áður en gripið var til þeirra örþrifaúrræða sem öll þau lagafrumvörp sem hér liggja fyrir og hafa verið afgreidd í kjölfar bankahrunsins leiða til. Þetta er óþolandi.

Vill Samfylkingin fórna öllu fyrir ESB-aðild? Standa ekki í fæturna? Vera ekki með nokkra samningsstöðu í dag? Hvaða samningsstöðu munum við eiga gagnvart Evrópusambandinu ef það veit hversu veik við erum í hnjánum? Hversu veik við vorum í hnjánum gagnvart Icesave-reikningunum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hvar endar það?

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

[14:49]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Atla Gíslasyni fyrir áhugaverða ræðu um þetta mál. Sérstaklega fannst mér áhugaverður sá kafli í ræðu hans þar sem hann fjallaði um Icesave-málið vegna þess að það er rétt sem kemur fram í máli hans að frumvarpið sem hér er til umræðu er ekki síst flutt vegna þess máls sérstaklega. Mig langar þess vegna að forvitnast um það, af því að það kemur ekki fram í nefndarálitinu sjálfu og kom ekki fram í framsöguræðu formanns allsherjarnefndar, að hvað miklu leyti sá þáttur var ræddur á vettvangi allsherjarnefndar, að hve miklu leyti var umræða um Icesave-málið í tengslum við þetta mál á vettvangi nefndarinnar. Mér finnst forvitnilegt að fá fram upplýsingar um það frá hv. þingmanni sem hér hefur gert grein fyrir afstöðu sinni í því efni, ef hann vildi vinsamlegast gefa okkur aðeins innsýn í hvað nefndin fjallaði sérstaklega um þetta mál.

[14:51]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að segja að það liggur ljóst fyrir af hálfu virtra fræðimanna og nefni ég þar helst Björgu Thorarensen, forseta lagadeildar Háskóla Íslands, að þessir samningar séu nauðungarsamningar og ógildanlegir.

Það er líka alveg ljóst að við stóðum fullkomlega réttilega að innleiðingu tilskipana sem gilda um ábyrgðina á innlánsreikningum erlendis sem hér heima. Það var meira að segja svo að ríkisendurskoðandi óskaði eftir því að reikningsinnstæðan í tryggingarsjóðnum yrði færð út úr ríkisreikningi vegna þess að hún ætti ekki heima þar.

Hvað varðar fyrirspurnina um hvort málið hafi verið rætt í allsherjarnefnd þá hefur það lítið sem ekkert verið rætt. Málið hefur verið á sviði utanríkismálanefndar til þessa að ég best veit.

[14:52]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Mér þótti mikilvægt að fá fram þessar upplýsingar frá hv. þingmanni um að hve miklu leyti þetta mál hefði verið til umfjöllunar á vettvangi nefndarinnar í tengslum við afgreiðslu þessa máls. Vegna þess að þó að það komi ekki beinlínis fram í málinu sjálfu er vísað til þess þrátt fyrir allt í nefndarálitinu að gert sé ráð fyrir þessari frestun á gildistöku fyrri ákvæða um embætti héraðssaksóknara vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í ríkisfjármálum. Þar er að sjálfsögðu verið að vísa til efnahagshrunsins. En hér hefur verið til umfjöllunar mál er varðar sérstakan saksóknara til að fara í þessi Icesave-mál og þess vegna hefði mér fundist eðlilegt að hv. allsherjarnefnd hefði rætt það mál sérstaklega. Auðvitað höfum við tekist aðeins á um það eða spurst fyrir um það að undanförnu í þinginu, verið með fyrirspurnir til ráðherra og nefndarformanna um hvað þessu máli líði og af hverju stjórnvöld aðhafist svo lítið, a.m.k. að því er séð verður í því efni að höfða mál til að rétta hlut Íslands og íslenskra fyrirtækja og bara Íslendinga almennt á erlendri grund.

Ég held að mörgum hafi verið farið að leiðast þófið svo mikið, ekki bara í stjórnarandstöðunni heldur líka í stjórnarflokkunum, í Sjálfstæðisflokknum þykist ég vita, að núna er komið fram sérstakt þingmannamál sem er flutt af þingmönnum úr öllum stjórnmálaflokkum, lagafrumvarp sem gerir ráð fyrir því að heimila ríkissjóði að taka þátt í kostnaði vegna undirbúnings málaferla í tilefni af þessu máli.

Ég tek fyllilega undir það með hv. þm. Atla Gíslasyni að í rauninni er með ólíkindum hvernig að því máli öllu var staðið og hvernig Bretar léku Íslendinga í því efni. Erum við samt ekki alveg óvön því að þurfa að takast á við breska heimsveldið en þetta var auðvitað óvenju svívirðileg atlaga að íslenskum hagsmunum og hefur kostað samfélagið gríðarlegar fórnir. Þær skuldbindingar sem við erum að takast nú á herðar eru dæmafáar í Íslandssögunni.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem er reikningsglöggur maður, hefur reiknað það út að þær skuldbindingar sem við erum að taka á okkur á hvern íbúa séu margfalt hærri en þær skuldbindingar sem Þjóðverjar tóku á sig eftir fyrri heimsstyrjöld í gulli og þótti mörgum nóg um það. Það er einmitt gott að setja málin í svona samhengi til að fólk líka annars staðar átti sig á hvað þetta eru stórar fjárhæðir og miklar byrðar fyrir okkur að bera.

Ég varð þess t.d. áskynja þegar ég sótti fund í þingmannanefnd EFTA í októbermánuði í Brussel, þar sem við áttum þess kost að ræða við forustumenn frá Evrópusambandinu, bæði frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og ráðherraráðinu og frönsku formennskunni, að þar voru miklar kröfur á Ísland að gangast við skuldbindingum sínum, að standa undir þeim og gera samkomulag um hvernig gera ætti skuldirnar upp áður en nokkur fyrirgreiðsla fengist hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Ég greindi frá þessari upplifun minni bæði í þinginu og í fjölmiðlum og það kom mjög mörgum á óvart. Því var jafnvel haldið fram að þetta hefði ekki verið eins og ég lýsti því en svo kom í ljós að sama dag og við vorum á fundi þingmannanefndar EFTA var fjármálaráðherra Íslands á fundi með fjármálaráðherrum EFTA og Evrópusambandsríkjanna og þar kom auðvitað nákvæmlega sama fram, sama afstaða, sama harka í garð Íslendinga. Ég held að mönnum hafi algerlega blöskrað það.

Það var því ljóst strax í upphafi að svona ætlaði Evrópusambandið að standa að þessum málum gagnvart okkur, sýna okkur fullkomna óbilgirni. Og ég varð þess áskynja að þegar verið var að tala um fjárhæðirnar sem hér voru á bak við, þær fjárhagslegu skuldbindingar sem við mundum taka á okkur, að upphæðirnar sem við vorum að nefna í þessu sambandi reyndust vera svo smáar í hugum þessara stóru ríkja í Evrópu að þau botnuðu ekkert í því af hverju við værum að kvarta yfir þessu. Þetta væru bara smámunir. Það var vegna þess að þessar fjárhæðir voru svo smáar fyrir þau, ég tala nú ekki um stóru ríkin eins og Frakkland og Bretland, en jafnvel fyrir smærri ríki innan Evrópusambandsins, sem eru þó með íbúatölu sem er kannski tíu sinnum íbúatalan hér á landi, voru þetta svo smáar upphæðir að menn skildu ekkert í því af hverju við værum að kvarta og kveina. Af hverju við gengjumst ekki bara við þessu og tækjum þetta á okkur. Menn gera sér sem sagt ekki grein fyrir því hve íslenskt samfélag er fámennt og hve efnahags- og hagkerfið okkar er lítið og þolir illa áföll af þessari stærðargráðu. Þess vegna hefur mér fundist samanburður í þá veru sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur verið með góður til að sýna fram á einmitt hlutföllin og hvað þetta er alvarlegt mál fyrir okkur.

Í tengslum við þetta mál finnst mér, frú forseti, sérstaklega mikilvægt að heyra aðeins viðhorf hv. þm. Birgis Ármannssonar, formanns allsherjarnefndar, til þess hvort ekki hefði verið eðlilegt að nefndin hefði rætt þetta sérstaklega. Að nefndin hefði til að mynda flutt það þingmál sem nú er komið hér inn, flutt af fimm þingmönnum, og þá á fyrri stigum til að eyða öllum vafa og til að gefa þau skilaboð, bæði út í samfélagið hér á landi og eins gagnvart málsaðilum erlendis, að við litum allt þetta mál mjög alvarlegum augum. Í raun og veru má líka spyrja sig að því af hverju þingmál af þessum toga sé ekki komið inn frá ríkisstjórninni fyrir löngu og hvað hefur haldið aftur af ríkisstjórninni í því að hafa myndarlegt og myndugt frumkvæði í málinu. Ég sakna þess að sjálfsögðu. Ég tel að ríkisstjórnin hefði átt að ganga á undan þarna strax á fyrstu stigum málsins og ekki vera með neinn veimiltítuhátt í því efni.

Hv. þm. Atli Gíslason rakti ágætlega hvernig þetta mál er vaxið lagalega og hefur í því efni vísað m.a. til ágæts erindis og skrifa Bjargar Thorarensen, prófessors í lögum og forseta lagadeildar Háskóla Ísland, um þetta atriði þar sem hún hefur farið rækilega yfir það og leitt rök að því að þeir samningar sem Íslendingar hafa þurft að skrifa undir í þessu efni hafi verið nauðungarsamningar og væru að þjóðarétti og íslenskum lögum ógildanlegir.

Mér leikur forvitni á að vita og heyra frá hv. þm. Birgi Ármannssyni hvaða afstöðu hann hefur til málsins. Hvaða afstöðu hann hefur t.d. til þess máls sem er þegar komið inn og varðar þetta og þá einkum og sér í lagi, eins og ég nefndi áðan, hverju það sætir að nefndin sem hann veitir formennsku hafi ekki tekið þetta til umfjöllunar, fengið á sinn fund sérfræðinga, lögfræðisérfræðinga, sérfræðinga í þjóðarétti, Evrópurétti o.s.frv., til að ræða þetta mál. Þó að mér sé auðvitað kunnugt um að heimildin til handa ríkisstjórninni til að leiða til lykta það mál sem hér var samþykkt með þingsályktun, var til umfjöllunar á vettvangi utanríkismálanefndar þá er þetta samt sem áður mál sem snertir starf hv. allsherjarnefndar með þeim hætti sem hér hefur verið fjallað um.

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað heyra frá hv. þm. Birgi Ármannssyni um þetta atriði og hvort hann sé þeirrar skoðunar að hefja eigi málarekstur vegna þessara mála allra. Hvort hann sé samþykkur því og hvort hann muni beita sér fyrir því að svo verði, þó að það hafi ekki verið til umfjöllunar í nefndinni, þegar málið kemur hér til umræðu sem ég vona sannarlega að verði fyrir jólaleyfi þingsins vegna þess að það eru síðustu forvöð ef menn ætla ekki að renna út á tíma gagnvart þeim tímafrestum sem eru í þessu máli.

[15:02]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tek til máls bæði til að svara ákveðnum spurningum sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson beindi sérstaklega til mín en þó einkum til þess að minna á hvaða mál við höfum hér til umfjöllunar vegna þess að í ræðu sinni, sem að sumu leyti var ágæt, fór hv. þm. Árni Þór Sigurðsson inn á afar mörg mál og minnst inn á það sem hér er til umræðu. Ég vildi því nota tækifærið í andsvari til þess að minna á að við erum að fjalla um það litla mál sem snertir að fresta gildistöku ákvæða um héraðssaksóknara frá 1. janúar 2009 til 1. janúar 2010. Við erum ekki að fjalla um efnahagsmál almennt, við erum ekki að fjalla um ríkisfjármál almennt, við erum ekki að fjalla um Icesave-deiluna, við erum ekki að fjalla um milliríkjasamskipti almennt, þannig að það liggi fyrir.

Hins vegar get ég notað þetta tækifæri til að svara því, af því að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson spurði mig að því sérstaklega, að ég er eindreginn stuðningsmaður þess frumvarps sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og fleiri flytja um málsókn á hendur Bretum, ég vil að það komi skýrt fram. Ég tel hins vegar að það hafi ekkert með þetta tiltekna mál að gera sem við ræðum hér en ég styð það mál og mun greiða því atkvæði. Ef ég get með einhverjum hætti orðið til þess að greiða fyrir framgangi þess í þinginu er það sjálfsagt af minni hálfu.

Hins vegar vil ég undirstrika að það frumvarp sem hér er flutt er auðvitað flutt með tilliti til efnahagsástandsins almennt, hins mikla tekjufalls sem orðið hefur hjá ríkinu og hefur gerbreytt öllum forsendum fjárlaga. En það gerir það ekki að verkum að allsherjarnefnd Alþingis fari í almenna efnahagspólitíska eða utanríkispólitíska umræðu þegar hún fjallar um þetta tiltekna mál.

[15:04]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Birgi Ármannssyni fyrir svör hans. Ég skil mætavel að hann telji að ég hafi farið yfir sviðið vítt og breitt og kannski farið aðeins út fyrir þröngan ramma þess máls sem hér er til umfjöllunar en oft er það nú þannig að mál tengjast beint eða óbeint. Ég vakti máls á því að hv. þm. Atli Gíslason, sem á sæti í allsherjarnefnd og skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara, vakti í ræðu sinni sérstaklega athygli á tengslum þessara mála. Það varð nú tilefnið til þess að ég fór hér upp til þess að spyrja hvort allsherjarnefndin hefði rætt þann þátt málsins að einhverju leyti. Hv. þm. Birgir Ármannsson svarar því til að hann telji að í fyrsta lagi hafi það ekki verið gert og ekki hafi verið eðlilegt að tengja það með þessum hætti, þetta væri mál sem væri meira efnahagspólitískt og utanríkispólitískt og hefði ekki átt heima á vettvangi allsherjarnefndar. En vegna tenginganna við saksóknaramálin vakti ég athygli á þessu.

Ég vil sem sagt þakka þingmanninum fyrir svar hans og hans einörðu stuðningsyfirlýsingu við það mál sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur flutt ásamt fleiri þingmönnum úr öllum flokkum. Ég get notað þetta tækifæri til þess að segja að ég er algerlega sama sinnis. Ég styð það mál heils hugar og vonast til þess að það fái hér þinglega meðferð og afgreiðslu á allra næstu sólarhringum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslun með áfengi og tóbak, 2. umr.

Stjfrv., 209. mál (álagning ÁTVR). — Þskj. 282, nál. 369.

[15:06]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum. Það er að finna á þskj. 369 og er frá hv. efnahags- og skattanefnd.

Á þingskjalinu kemur fram hvaða gestir komu á fund nefndarinnar og eins umsagnir og svo er lýsing á frumvarpinu.

Á fundum nefndarinnar var rætt hvort frumvarpið hefði í för með sér að álagning á áfengi hækkaði eða lækkaði. Fulltrúar fjármálaráðuneytis og ÁTVR bentu á að verð á áfengi í kjarnasölu, bjór, léttvín og sterkt, mundi hækka en verð á bjór og léttvíni í reynslusölu lækka. Var tekið fram í þessu sambandi að meginstarfsemi verslunarinnar, sem er sala áfengis, hefði ekki staðið undir sér undanfarin ár þrátt

fyrir að heildarreksturinn hefði gengið vel. Sama álagning á reynslu- og kjarnavörur mundi auk þess styrkja stöðu nýrra birgja sem leiða ætti til aukinnar samkeppni og þar með lægra vöruverðs.

Fulltrúar framleiðenda og innflytjenda áfengra drykkja sem komu á fund nefndarinnar vöruðu við samþykkt frumvarpsins. Kom fram sú gagnrýni að um væri að ræða dulda hækkun á ríkistekjum sem ekki væri við hæfi að rökstyðja með vísan til skorts á lagastoð. Með hliðsjón af efnahagsaðstæðum væri hækkunin ekki vel tímasett og skaðaði hagsmuni neytenda enn meira en orðið er. Fulltrúi framleiðenda lagði áherslu á að fremur ætti að styðja við innlenda framleiðslu sem gera mætti með því að létta álagningu á bjór.

Nefndin ræddi hvort áfengisgjald væri hluti af innkaupsverði ÁTVR, sbr. 3. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins, og tóku fulltrúar fjármálaráðuneytis fram að svo væri. Þeir tóku einnig fram að réttara hefði verið að tala um vörugjöld í stað innflutningsgjalda í lokamálsgrein athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Nefndin ræddi einnig áhrif frumvarpsins á hækkun vísitölu neysluverðs og fengust þær upplýsingar úr fjármálaráðuneytinu að hún gæti numið 0,06% milli mánaða.

Meiri hlutinn styður frumvarpið í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs. Hann vill þó geta þess að staða nýrra birgja verður ekki tryggð nema gætt sé hófs í gjaldtöku vegna sölu nýrrar vöru. Leggur meiri hlutinn því áherslu á að forsendur sem liggja til grundvallar útreikningi gjaldsins liggi fyrir áður en hafist verður handa við innheimtu þess.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Ögmundur Jónasson, Bjarni Benediktsson, Lúðvík Bergvinsson og Kjartan Ólafsson.

[15:09]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil segja strax í upphafi að ég styð þetta frumvarp og mun greiða því atkvæði sem þar er lagt til. Mig langar til að færa aðeins rök fyrir sjónarmiðum mínum í þessu máli, einkum í ljósi þess sem kemur fram í nefndarálitinu og áliti sumra umsagnaraðila að um geti verið að ræða hækkun á útsöluverði áfengis sem leiði til þeirra áhrifa að neysluverðsvísitala hækki og þar af leiðandi sé málið af hinu vonda fyrir hinn almenna landsmann.

Í síðustu viku var með nokkuð snöggum hætti afgreidd hækkun á áfengisgjaldinu um 12,5% sem hefur síðan verið dálítið í umræðunni á þeim forsendum að það skaðaði almenning í landinu. Ég er ekki sammála því sjónarmiði og vil nota þetta tækifæri til að koma sjónarmiðum mínum um verðlagningu á áfengi á framfæri.

Ég vil geta þess, virðulegi forseti, varðandi áfengisverð að fyrir liggja nokkur gögn um þróun þess allt frá því að áfengisgjald var tekið upp árið 1995. Samkvæmt þeim gögnum liggur nokkuð ljóst fyrir að verð á áfengi, og þá sérstaklega þáttur ríkissjóðs í því, hefur þróast þannig að það hefur hækkað mun minna en vísitala neysluverðs á þessu 13 ára tímabili. Fyrir liggja svör hér í þinginu frá 2002 og 2005 um þetta efni og þar kemur fram, svo að ég vitni í síðara svarið sem er svar við fyrirspurn hv. þm. Birgis Ármannssonar, að áfengisgjald hafi lækkað að raungildi um 14,4%. Áfengisgjald á léttum vínum hafði lækkað um 36,2% og áfengisgjald á bjór hafði lækkað um 29% frá 1995 til 2005.

Áfengi er einn af þeim þáttum sem mynda neysluverðsgrunninn eða útgjöld heimilanna og þróun verðlags á áfengi hefur þar af leiðandi áhrif á heildarkostnað heimilanna miðað við þessa skiptingu. Það sem liggur fyrir í raun er að verðlag á áfengi, sérstaklega það sem ríkið tekur til sín, hefur lækkað að raungildi mjög mikið og tölurnar liggja fyrir árið 2005 um þróunina á þessum tíu árum. Síðan þá hefur áfengisgjaldið ekki hækkað fyrr en núna um 12,5% þannig að öll hækkun neysluverðsvísitölu frá 2005 til 2008 hefur leitt til lækkunar á raunvirði áfengisgjaldsins.

Mér sýnist fljótt á litið að lækkunin á áfengisgjaldi frá 2005 — ég hef aðeins fyrirvara á þeim tölum af því að ég vann þetta svolítið á handahlaupum — til dagsins í dag sé um 45% á sterku áfengi (Gripið fram í.) og lækkunin á léttvíni, áfengisgjaldi, sé um 65% og lækkunin áfengisgjaldi af bjór sé um 50%. Þetta hefur lækkað neysluverðsvísitölu öll árin fá 1995. Hvert einasta ár frá 1995 til 2008 hefur ríkið hagað verðlagningu sinni á áfengi þannig að verð á áfengi hefur lækkað að raungildi. Það hefur leitt til lækkunar á neysluverðsvísitölu. Þeir sem nú hrópa um það að hækkunin upp á 12,5% sé ósanngjörn af því að hún hækki vísitölugrunninn og þar af leiðandi skuldbindingar sem eru tengdar henni, verða auðvitað að hafa í huga allt tímabilið en ekki bara einn dag.

Hvað er lækkunin mikil á skuldbindingunum í dag? Hversu miklar væru skuldbindingarnar í dag ef verðlag á áfengi hefði hækkað í takt við neysluverðsvísitölu? Menn eiga að svara því. Það eru ekki bara nokkrir milljarðar eins og hér er verið að tala um, það væru nokkrir tugir milljarða miðað við þessar forsendur sem menn gefa sér núna. Þessu vildi ég koma á framfæri vegna þess að ég er algjörlega ósammála því að hækkunin á áfengisgjaldinu núna leiði þjóðina í einhvern skuldaklafa sem hefði verið hægur vandi að komast hjá, það er bara ekki þannig. Þetta er fyrsti punkturinn, virðulegur forseti.

Til dæmis má nefna áður en ég lýk þessu með bjórinn að miðað við þær upplýsingar sem ég hef í höndunum — ég trúi þeim varla þannig að ég vil hafa smáfyrirvara á þeim — hefur áfengisgjald á bjór ekki hækkað í krónutölu frá 1995. Hvar finna menn vöru á íslenskum markaði þar sem ríkið hefur ekki hækkað hlut sinn um einseyring á 13 árum? Þeir sem hafa keypt þessa vöru á þessum 13 árum hafa fengið ómældar kjarabætur í því formi að gjaldið hefur lækkað að raungildi og lækkað sífellt. Menn skulu hafa þetta í huga, virðulegi forseti, við mat á málinu í heild.

Í öðru lagi, og það er atriði sem skiptir ekki síður máli, hefur verðlagning á áfengi áhrif á neyslu. Það liggja fyrir margar athuganir sem staðfesta það, lægra verð á áfengi þýðir meiri neyslu. Ég greip með mér dæmi frá Finnlandi. Árið 2004 voru Finnar í þeirri stöðu að Eystrasaltslöndin, sem eru nágrannalönd Finnlands, gátu farið að selja áfengi mjög ódýrt og það leiddi til þess að Finnar fóru yfir til Eistlands til að kaupa áfengi þar og spara sér mikinn pening.

Finnar gripu til þess ráðs að lækka áfengisgjald ríkisins svo mikið að það lækkaði um 33%, sem er minni lækkun, nota bene, en orðið hefur á áfengisgjaldi hér á landi frá 1995. Þeir lækkuðu áfengisgjaldið um 33% samkvæmt fréttum í febrúar 2004.

Í júlí 2004, fimm mánuðum síðar, birtust fréttir í *Morgunblaðinu* um að Finnar íhuguðu að hækka aftur áfengisgjaldið um þriðjung til þess að sporna við aukinni áfengisneyslu í landinu. Í frétt *Morgunblaðsins* var jafnframt greint frá því, með leyfi forseta, að áfengisneysla á hvern mann í Finnlandi hafi aukist úr 9 lítrum í 12. Þetta er aukning um 1/3 eða 33% og skoði menn nú hlutföllin á aukningunni. Það er sama aukningin og lækkunin var á áfengisgjaldinu, 33%.

Þá er spurningin þessi: Hver hefur þróunin verið í neyslu hér á landi á þeim tíma þar sem áfengisgjaldið hefur lækkað svona mikið? Munum eftir því að árið 2000 setti Alþingi sér og þjóðinni heilbrigðisstefnu. Samkvæmt henni var áformað að minnka áfengisneyslu úr 5,5 lítra á mann niður í 5 lítra árið 2010. Sett var sem markmið að minnka neysluna um 10%. Það sem hefur gerst hins vegar er að allar götur síðan hefur neyslan vaxið. Á síðasta ári var hún ekki 5 lítrar, ekki 5,5 lítrar eins og hún var á árinu 2000 heldur 7,56 lítrar. Aukningin frá því að Alþingi samþykkti heilbrigðisstefnuna er um 40%. Skyldi það nú vera nálægt því sem lækkunin á áfengisgjaldinu er að meðaltali hér á landi? Það mundi ég halda, virðulegi forseti, en hef aðeins fyrirvara á því þar til búið er að reikna það nákvæmlega út. En mér sýnist að við höfum hér tvö dæmi um mjög skýrt samband á milli verðs og neyslu.

Þá er það loks þriðji þátturinn sem skiptir máli í þessu sambandi. Það er kostnaðurinn vegna þess að áfengisnotkunin kostar peninga fyrir þjóðfélagið. Áfengisnotkun er ekki bara skemmtileg eða getur verið það — hún getur auðvitað líka verið leiðinleg — en hún kostar peninga. Í bréfi sem þingmenn fengu sent fyrir ári síðan frá Félagi áfengis- og vímuefnaráðgjafa er einmitt vakin athygli á þessum kostnaði.

Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Kostnaður samfélagsins af áfengisneyslu er verulegur. Í gögnum frá Lýðheilsustöð kemur fram að áætlaður heildarkostnaður þjóða af völdum áfengisneyslu sé á bilinu 1–3% af þjóðarframleiðslu. Ætla má að þessi kostnaður sé ekki undir 30 milljörðum kr. á Íslandi.“

Gögn Lýðheilsustöðvar segja sem sé að kostnaður sé ekki undir 30 milljörðum kr.

Ég innti hæstv. heilbrigðisráðherra eftir þessu í fyrirspurn sem ég lagði fram á Alþingi í desember á síðasta ári. Í svari hans 5. desember á síðasta ári segir hann að áætlaður kostnaður í Evrópu — hann hefur ekki mat á þessu héðan, a.m.k. kemur það ekki fram í svari hans — en hann vitnar til Evrópu og segir, með leyfi forseta:

„Ég get hins vegar upplýst hv. þingmann um það að í Evrópu, þar sem meðalneysla var árið 2006 11 áfengislítrar, er beinn kostnaður að hámarki metinn um 1,3% af vergri landsframleiðslu. Óbeinn kostnaður er hins vegar metinn á 1,9% af vergri landsframleiðslu.“

Það er í samræmi við gögn Lýðheilsustöðvar sem telja kostnaðinn á bilinu 1–3%.

Neyslan kostar peninga. Í fyrra var álitið að kostnaðurinn gæti verið um 30 milljarðar og vaxandi neysla kostar meiri peninga. Hún kostar meiri peninga fyrir fyrirtæki landsins sem fá ekki tekjur eða vinnuframlag frá sínum starfsmanni í samræmi við það sem annars hefði verið. Hún kostar peninga fyrir skattgreiðendur landsins sem þurfa að borga heilbrigðiskerfið og höfum það í huga að á síðasta ári var kostnaður við heilbrigðiskerfið 9% af landsframleiðslu. En heilbrigðisráðherra mat það svo fyrir ári síðan að kostnaðurinn væri um 3% þannig að kostnaðurinn af áfengisneyslu væri um 1/3 af öllum kostnaði við heilbrigðiskerfið á Íslandi. Þá berum við annars vegar saman kostnað við heilbrigðiskerfið og hins vegar heildarkostnað við áfengisneyslu, þ.e. heildarkostnað ríkisins, atvinnufyrirtækja og einstaklinga og annarra, höfum það í huga. Svo er það heildarkostnaðurinn við heilbrigðiskerfið. Kostnaðurinn við áfengisneyslu er 3% og 9% af heildarkostnaði við alla heilbrigðisþjónustu við alla Íslendinga á einu ári.

Þetta er ekkert lítið mál, virðulegur forseti, og sú stefna sem menn hafa fylgt á undanförnum 13 árum, að lækka áfengisgjaldið svona ótrúlega mikið eins og raun ber vitni, kostar peninga. Ég fullyrði hún kostar meiri peninga en ríkið fær inn í tekjur af aukinni sölu. Ríkið skapar sér útgjöld með því að lækka verðið og skapar auk þess öðrum útgjöld með því að lækka verðið. Það er því skynsamlegra að halda áfengisgjaldinu háu því að það dregur úr kostnaði þjóðfélagsins, ríkisins.

Skyldi það nú ekki vera betri niðurstaða að standa í þeim sporum en við stöndum í núna eftir þessa miklu lækkun á áfengisverði undanfarin 13 ár? Ég held að það hafi verið óheillaspor. Varað er við þessari stefnu af öllum þeim sem láta sig þessi mál varða, bæði innlendum og erlendum. Ég get vitnað til skýrslu frá Bandaríkjunum um mat þarlendrar opinberrar stofnunar á kostnaði við áfengisneyslu. Þar er um að ræða alveg gríðarlegar fjárhæðir. Menn þurfa því að hafa þessa hluti í huga þegar rætt er um verð á áfengi og tengsl þess við vísitölu neysluverðs.

Virðulegi forseti. Þegar menn meta málið í heild er ég alveg sannfærður um að hver sanngjarn maður kemst að þeirri niðurstöðu að við gerum ekki rétt með því að lækka verðið heldur þegar við hækkum verðið.

[15:25]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta var mjög athyglisverð ræða og þörf. Hún fjallar reyndar um dálítið annað efni en við erum að fjalla um hérna, við erum að tala um álagningu en hv. þingmaður talaði meira um áfengisgjaldið. Það er rétt hjá honum að það hefði mátt hækka það um 70% á bjór og 31% á vín þannig að það héldi í við vísitölu frá því að það var sett á upphaflega. Það hefur þannig í reynd valdið lækkun á vísitölu og brenglað þá útreikninga sem menn eru með sí og æ um að þetta auki skuldir heimilanna.

Það sem ég ætlaði að koma inn á er að þessi áfengisneysla er ekki bara mæld í peningum. Óhamingjuna og harmleiki lífsins sem verða á heimilunum í kjölfarið á óhóflegri áfengisneyslu er ekki hægt að mæla í peningum. Vanræksla barna og misþyrmingar og ofbeldi er miklu alvar-

legri hlutur sem leiðir af ofneyslu áfengis. Þess vegna mátti ég til með að koma í pontu og geta þess að þetta er ekki bara peningatap, þessi ofneysla er miklu alvarlegri.

[15:27]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir framlag hans við þessa umræðu og tek alveg undir það. Það er því til viðbótar sem ég nefndi, ég ræddi einungis um mælanlegar stærðir í fjárhæðum en því til viðbótar eru auðvitað aðrir þættir sem ekki verða mældir til fjár og þeir eru jafnvel mikilvægari en hinir sem ég nefndi.

[15:27]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Þetta var áhugaverð ræða hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni þar sem hann fór mjög rækilega yfir ákveðin lýðheilsufræðileg rök í almennri umræðu um áfengismál. Þetta var til umræðu á þinginu síðast þegar rætt var frumvarp um það hvort setja bæri áfengi í almennar verslanir. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt hafa lýðheilsufræðileg rök bent til þess að það sé einkum tvennt sem stuðli að minni áfengisneyslu, annars vegar verð á áfengi, eins og hv. þingmaður fór yfir hér áðan, og hins vegar aðgengi að því. Það sýnir sig að þar sem aðgengi að áfengi er meira eykst neyslan og að því leytinu til eru þessi tvö mál nokkuð skyld, þetta snýst um aðgengi, bæði fjárhagslegt og svo einnig þetta fýsíska. Það er svo merkilegt að meira að segja í Frakklandi, hjá þeirri miklu víndrykkjuþjóð, ræða mennum að skerða aðgengi að áfengi og takmarka sölu þess í matvörubúðum hreinlega út af þeim heilsufarsvanda sem áfengisneysla veldur.

Það er líka áhugavert sem hér hefur verið sagt um raunlækkun á áfengisgjaldi með því að láta það standa í stað milli ára og hvernig það hefur ekki fylgt almennri vísitölu neysluverðs. Fyrir því eru að sjálfsögðu gild rök. Það frumvarp sem hér er hins vegar til umræðu snýst um álagningu Áfengis- og tókbaksverslunar ríkisins á áfengi sem selt er og kemur í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis um að lagastoð skorti fyrir þessari álagningu. Ég tel sjálfsagt mál að þessi stoð verði sett í lög til þess að ÁTVR verði gert kleift að leggja á.

Hins vegar komu þau sjónarmið sterklega fram í umræðum um málið að hugsanlega væri of í lagt, þ.e. að hækka bæði áfengisgjald og gefa heimild til hækkunar álagningar því að samhliða því að þessi lagastoð er sett er um leið veitt heimild til að hækka álagninguna annars vegar á létt vín úr 18% og á sterkt vín úr 12%. Þetta er rökstutt með því að hluti Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins þurfi að standa undir sér og þetta þurfi til en ástæða þess að mitt nafn er ekki undir þessu meirihlutaáliti snýst ekki um lýðheilsufræðileg rök sem ég get tekið undir af fullum huga heldur einkum um það að þessi álagning sé samþykkt í ljósi erfiðrar stöðu ríkisfjármála.

Mér finnst hins vegar of í lagt að koma með þessar hækkanir hvora ofan í aðra á þessum erfiðu tímum fyrir almenning í landinu. Þó að ég telji ekki ástæðu til að hvetja til aukinnar áfengisneyslu á nokkurn hátt, og tel hana reyndar hafa aukist óhóflega á undanförnum árum, verðum við líka að líta til þess að þetta er að sjálfsögðu neysla sem allur almenningur í landinu stundar ef svo má að orði komast og ljóst að þetta mun skapa auknar álögur á heimilin. Því leyfi ég mér að setja fram efasemdir um að þetta sé gert á sama tíma, þ.e. þessar tvær hækkanir settar saman. Þó að ég hafi ekki sterka sannfæringu fyrir því að ekki megi hækka álagninguna þannig að áfengissalan standi undir sér finnst mér þetta of miklar hækkanir í einu í ljósi þess að kaupmáttur almennings skerðist nú verulega í verðbólgunni og að atvinnuástand er erfitt.

Ég horfi líka til þeirra raka sem nefnd hafa verið að ef verð á áfengi hækkar of mikið er auðvitað meiri hætta á bruggi, heimatilbúningi og smygli eins og fólki er kunnugt um. Mér finnst því að við verðum að stíga varlega til jarðar í þessum málum þó að ég geti tekið undir öll þau lýðheilsurök sem hér hafa verið sett fram. Ég er ekki á móti málinu og fyrir því eru engin prinsipp, ég hef hins vegar áhyggjur af því að við göngum of hratt fram með því að gera þetta hvort tveggja í einu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ársreikningar, 2. umr.

Stjfrv., 212. mál (heimild til færslu bókhalds í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 285, nál. 368.

[15:33]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum, á þskj. 368, frá hv. efnahags- og skattanefnd.

Frumvarpi þessu er, í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar, ætlað að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja vegna efnahagsástandsins. Er lagt til að fyrirtæki sem að öðru leyti uppfylla skilyrði laganna verði gefinn kostur á að sækja um heimild ársreikningaskrár til að gera upp ársreikninga sína í erlendri mynt fyrir árin 2008 og 2009.

Í umsögnum sem nefndinni hafa borist hefur verið undirstrikuð þörfin á að láta heimild frumvarpsins vara lengur en til 15. desember 2008 og leggur nefndin til að því verði breytt í 30. desember.

Fulltrúar atvinnulífsins sem komu á fund nefndarinnar lögðu til að skilyrði 3. tölul. 8. gr. laga um ársreikninga fyrir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendri mynt yrðu rýmkuð. Það væri til þess fallið að færa framkvæmd ársreikningaskrár til meira samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla og auka möguleika fyrirtækja til að færa ársreikninga til uppgjörs í erlendri mynt, t.d. orkufyrirtækja og fyrirtækja í ferðaþjónustunni. Að óbreyttu mundu það einkum vera sjávarútvegsfyrirtæki sem gætu nýtt sér heimild frumvarpsins.

Af hálfu fjármálaráðuneytis kom fram sá skilningur að umrætt skilyrði laga um ársreikninga væri í framkvæmd álitið efnislega samhljóða þeim alþjóðlegu reikningsskilastöðlum sem um það fjölluðu. Enn fremur færi betur á að athugasemdir atvinnulífsins kæmu til skoðunar í tengslum við annað frumvarp sem varðar breytingar á lögum um árs-

reikninga og fjármálaráðherra hefur lagt fram, þskj. 362, 245. mál.

Nefndin fellst á sjónarmið ráðuneytisins og bendir á að frumvarpið sem hér er til umfjöllunar er skammtímaráðstöfun gerð í ljósi sérstakra aðstæðna sem felur í sér frávik frá 9. gr. laga um ársreikninga. Er um að ræða afturvirka en ívilnandi breytingu.

Nefndin bendir hins vegar á að mörg fyrirtæki sem gera upp í íslenskri mynt en hafa meginhluta bæði skulda og tekna í erlendri mynt, og jafnvel einnig hluta gjalda, sýna á pappírnum mikið tap vegna stórkostlegrar veikingar krónunnar undanfarið vegna þess að skuldir þeirra hækka strax á árinu og mynda mikið gengistap en tekjurnar, sem hækka munu næstu árin af sömu ástæðu og eiga að standa undir skuldunum, valda ekki samsvarandi hagnaði í bókhaldinu nema í nokkra mánuði. Ef litið er á rekstur slíkra fyrirtækja frá sjónarhorni erlendrar myntar hefur í raun ekkert breyst, hvorki skuldir né tekjur, en innlendur kostnaður hefur lækkað. Staða slíkra fyrirtækja hefur því styrkst, ef eitthvað er, vegna gengisfalls krónunnar en bókhald í íslenskum krónum sýnir miklu verri stöðu þeirra, sem ekki er rétt. Þetta á við um mörg sjávarútvegsfyrirtæki, fyrirtæki í ferðaþjónustu og iðnfyrirtæki í útflutningi, t.d. álfyrirtæki. Mikilvægt er að fyrirtæki sýni ekki slæma bókhaldslega stöðu að ósekju sem getur skaðað þau mjög mikið gagnvart erlendum lánveitendum.

Með hliðsjón af framansögðu ítrekar nefndin það sem fram hefur komið á fundum hennar að í núverandi efnahagsástandi gefi uppgjör í íslenskri mynt ekki glögga mynd af raunverulegri stöðu margra fyrirtækja og að huga verði að breytingum á skilyrðum 8. gr. ársreikningalaga. Enn fremur að ekki eigi að túlka umrædda lagagrein þrengra en alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gefa tilefni til.

Loks leggur nefndin til að 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins falli brott þar sem ákvæðið virðist ekki hafa sjálfstæða þýðingu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu sem kemur fram á þingskjalinu.

Hv. þm. Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hv. þm. Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og styður álitið með fyrirvara.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Ögmundur Jónasson, Bjarni Benediktsson, Birkir J. Jónsson, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Jakobsdóttir og Kjartan Ólafsson.

Herra forseti. Mig langar til að koma með nokkur orð frá eigin brjósti til að lýsa þeim vanda sem við er að etja. Sjávarútvegsfyrirtæki sem veiðir fisk og vinnur hann og flytur til útlanda hefur greinilega tekjur í erlendri mynt. Það er jafnframt með skuldir í erlendri mynt og staðan er því kristaltær

Hótel sem selur herbergi ýmist í erlendri eða innlendri mynt og auglýsir verð í íslenskri mynt, stundum með erlendri mynt á bak við, að herbergið kosti þetta margar evrur og þetta margar krónur, sem þá breytist eftir því sem gengi krónunnar breytist. Það er spurning hvort hótelið er með tekjur í innlendri eða erlendri mynt en það er alveg greinilegt að hagur þess er háður erlendu myntinni, sérstaklega þar sem meginhluti gestanna er erlendur og samningar við erlendar ferðaskrifstofur og slíkt er stór hluti af starfseminni. Ég tel að þarna sé greinilega um að ræða erlenda mynt.

Svo eru það fyrirtæki eins og Bláa lónið. Í Bláa lónið koma bæði erlendir og innlendir gestir og verð er gefið upp bæði í krónum og í evrum. Stærstur hluti gestanna er útlendingar, ég veit ekki hvort það eru 80% eða 90% en það er gífurlegur fjöldi sem borgar í erlendri mynt. Ég mundi telja að það fyrirtæki ætti að hafa heimild til að hafa bókhald í erlendri mynt.

Svo er það spurning um fyrirtæki sem eru dálítið lengra frá og kannski eitthvað sem menn skilja. Maður rekur trillu og selur fiskinn á fiskmarkaði. Þegar krónan fellur og gengi erlendra gjaldmiðla hækkar þá hækkar verð á fiskmarkaði líka vegna þess að fiskurinn er að meginhluta fluttur út. Fiskurinn gefur strax hærra verð þegar krónan fellur og þar af leiðandi má segja að trillukarlinn sem selur fiskinn á markaði sé í reynd að selja í erlendri mynt eða með tilvísun í erlenda mynt þó að hann fái íslenskar krónur fyrir aflann. Þetta er dálítið erfiðara viðfangs og þyrfti að skoða. Hann er kannski með erlendar skuldir á trillunni frá íslenskum banka og þegar gengið fellur hækka skuldirnar heilmikið en tekjurnar ekki nema í nokkra mánuði. Ég mundi telja að þessi aðili ætti að mega færa bókhaldið í erlendri mynt.

Mig langar til að lesa úr 4. gr. frumvarps sem liggur fyrir Alþingi um breytingu á lögum um ársreikninga þar sem einmitt er fjallað um þetta. Þar stendur, með leyfi herra forseta:

„Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill félagsins. Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem vegur hlutfallslega mest í aðalefnahagsumhverfi félagsins. Aðalefnahagsumhverfið er þar sem félagið aðallega myndar og notar handbært fé. Við mat starfrækslugjaldmiðils skal litið til þess gjaldmiðils sem tekjur og gjöld af rekstrarhreyfingum eru ákvörðuð og greidd í enda sé það sá gjaldmiðill sem mest áhrif hefur á kostnaðarverð og söluverð vara og þjónustu félagsins, m.a. fyrir tilstilli samkeppnisafla, laga og reglna.“

Þetta er mjög athyglisvert, herra forseti. Þetta er stjórnarfrumvarp sem liggur fyrir Alþingi og er ekki búið að samþykkja en ef það verður samþykkt mundi trillukarlinn sennilega falla undir þetta ákvæði vegna þess að sá gjaldmiðill sem hefur mest áhrif á verðið sem hann fær á fiskmarkaði er hugsanlega evran eða dollar eftir því hvert sú fisktegund er mest flutt út til sem hann er að selja. Samkvæmt þessum skilningi þessara breytinga er mjög líklegt að trillukarlinn mætti færa bókhaldið í erlendri mynt og komast hjá þeim mikla vanda sem steðjar að mörgum íslenskum fyrirtækjum sem er sá að erlendu skuldirnar hækka en erlendu tekjurnar hækka ekki fyrr en löngu seinna og á næstu tíu árum til þess að borga skuldirnar.

Þetta vildi ég, herra forseti, koma inn á til þess að útskýra enn frekar þann vanda og þær lausnir sem menn hafa fundið á vandanum, miðað við þær afbrigðilegu aðstæður sem við búum við þegar krónan fellur svona mikið og markaður með krónuna hefur horfið að mestu leyti, er núna bara vöruskiptamarkaður, og útflytjendur og ferðaþjónusta,

álútflytjendur og allir í rauninni hagnast á stöðunni vegna þess að ef við horfum á þetta frá sjónarhorni erlendrar myntar hefur ekkert breyst nema innlendi kostnaðurinn sem lækkar en bókhaldið sýnir mjög slæma stöðu ef það er fært í krónum.

Þetta vildi ég geta um, herra forseti, til viðbótar.

[15:43]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég hef ekkert við umrætt frumvarp að athuga, eins og komið hefur fram. Ég tel að það gæti verið til góðs en ég vil samt vekja athygli á því að hér er verið að tala um þá sem eru að búa til gjaldeyri og flytja út gjaldeyri og þar er ákveðin stétt manna í þjóðfélaginu sem heitir íslenskir sjómenn. Samfara því að þetta yrði að lögum væri ekki óeðlilegt að íslenskir sjómenn, sérstaklega á frystiskipum sem eru upp á hlut, fengju laun sín greidd inn á erlenda gjaldeyrisreikninga eða gjaldeyrisreikninga í íslenskum bönkum og fengju þar af leiðandi hvort sem það væru evrur, dollarar eða jen inn á reikninga sína. Þannig mundi ekki bara útgerðarmaðurinn sem gerir út skipið fá evrur, dollara eða pund í sinn hlut eða hvaða gjaldmiðil sem er, heldur nytu sjómenn þess líka.

Sama má segja um fiskvinnslukonuna og sjómenn á bát. Eins og hv. þm. Pétur Blöndal benti á, t.d. varðandi trillukarlinn að hann eigi rétt á því að gera upp í erlendri mynt þar sem hann selur afurð sína í erlendri mynt, þá er þetta atriði sem menn þyrftu aðeins að hugleiða, hvort það væri ekki rétt að sjómenn fengju gert upp í erlendri mynt og gætu að sama skapi nýtt sér gjaldeyrisbreytingar og gengisfallið mundi nýtast þeim en ekki bara hjálpa útgerðinni að borga með verðminni íslenskum krónum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 2. umr.

Stjfrv., 220. mál (brottfall ákvæðis um hlutdeild Icepros í gjaldi). — Þskj. 298, nál. 370.

[15:45]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, sem er að finna á þskj. 370 og er frá meiri hluta hv. efnahags- og skattanefndar.

Á þingskjalinu kemur fram lýsing á frumvarpinu og gestur sem kom á fund nefndarinnar nefndur. Málið fjallar um það að starfsemi IcePro verði sett á fjárlög en ekki sem markaður tekjustofn með hlutdeild í tryggingagjaldi.

Meiri hlutinn fagnar frumvarpinu og telur það samræmast betur fjárveitingavaldi Alþingis að framlög til málaflokka séu ákveðin í fjárlögum fremur en almennum lögum. Mörg dæmi eru í lagasafninu um hið síðarnefnda.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Bjarni Benediktsson, Lúðvík Bergvinsson og Kjartan Ólafsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 211. mál (gjaldaaðlögun og uppgjörstímabil). — Þskj. 284, nál. 373.

[15:47]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sem er að finna á þskj. 373 og er frá hv. efnahags- og skattanefnd.

Á þingskjalinu kemur fram hvaða gestir komu til nefndarinnar og hvaða umsagnir bárust.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar sem varða uppgjör á virðisaukaskatti. Er annarri ætlað að tryggja fullan innskattsrétt þeirra sem kosið hafa að fresta greiðslu virðisaukaskatts í samræmi við lög nr. 130/2008, um breyting á tollalögum. Hinni er ætlað að gefa fyrirtækjum kost á að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þingmenn Ellert B. Schram, Bjarni Benediktsson, Gunnar Svavarsson og Birkir J. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Ögmundur Jónasson, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Jakobsdóttir og Árni Páll Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 2. umr.

Stjfrv., 226. mál (niðurfelling skilmálabreytingagjalds fasteignaveðlána o.fl.). — Þskj. 305, nál. 375.

[15:48]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, sem er að finna á þskj. 375 og er frá hv. efnahags- og skattanefnd.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Fyrsta breytingin er í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að skilmálabreytingar sem gerðar eru á grundvelli laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga skuli vera lántaka að kostnaðarlausu. Önnur breytingin kveður á um sams konar heimild til gjaldtöku vegna útgáfu leyfisbréfs til leikskólakennara eins og gildir um grunnskóla- og framhaldsskólakennara. Þriðja breytingin mælir fyrir um gjaldtökuheimild vegna útgáfu og endurnýjunar á innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum auk endurnýjunar á leyfi fyrir starfrækslu

uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla. Loks er lagt til að heimilt verði að taka gjald fyrir rafræna miðlun upplýsinga.

Fram kom að 4. gr. frumvarpsins mundi heimila ríkisstofnunum að innheimta gjald fyrir afhendingu gagna á rafrænu formi eins og tíðkast þegar gögn eru afhent í ljósriti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Ögmundur Jónasson, Bjarni Benediktsson, Birkir J. Jónsson, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Jakobsdóttir og Kjartan Ólafsson.

[15:50]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs hér við 2. umr. um þetta mál um aukatekjur ríkissjóðs. Nú liggur fyrir nefndarálit frá efnahags- og skattanefnd og þar kemur fram að nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og ekki er ágreiningur um málið í nefndinni.

Ég vil taka fram að ég hef í sjálfu sér ekki mikilvægar athugasemdir við efni frumvarpsins að því er lýtur að fyrstu þremur greinum þess og ekki heldur 5. gr. um gildistöku, en 4. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Fyrir afritun og afhendingu gagna með rafrænum hætti skal greiða 150 kr. fyrir hverja blaðsíðu, allt að tíu blaðsíðum, en 50 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram tíu.“

Í greinargerð með frumvarpinu segir um þessa grein, með leyfi forseta:

„Um 4. gr. Í 1. mgr. 17 gr. laganna er kveðið á um að heimilt sé að innheimta 150 kr. gjald fyrir hverja ljósritaða blaðsíðu. Engin lagaheimild er hins vegar nú fyrir gjaldtöku þegar sama efni er afhent rafrænt, en afhending gagna með þeim hætti hefur stóraukist með tilheyrandi kostnaði. Í greininni er því að finna tillögu um að fyrir afritun og afhendingu gagna með rafrænum hætti skuli greiða 150 kr. fyrir hverja blaðsíðu, allt að tíu blaðsíðum, en 50 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram tíu blaðsíður.“

Eins og ég hef skilið málið, mun vera um sambærilega gjaldtöku að ræða og þegar gögn eru afhent í endurriti eða ljósriti.

Aðeins ein umsögn barst um þetta mál, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og þar er sérstaklega gerð athugasemd við þessa grein málsins. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir m.a., með leyfi forseta:

„Samband íslenskra sveitarfélaga telur nauðsynlegt að gera athugasemdir við þetta ákvæði frumvarpsins. Í greinargerð með frumvarpinu segir að engin lagaheimild sé nú fyrir gjaldtöku vegna afhendingar efnis með rafrænum hætti, þrátt fyrir að slík afhending hafi stóraukist. Mikilvægt er að gæta hófs í gjaldtökuheimildum og telur sambandið rétt að benda á að ekki er neitt samræmi á milli gjaldtökuheimildarinnar og raunkostnaðar við afhendingu gagna með rafrænum hætti.“

M.a. af ástæðunni sem hér kemur fram finnst mér mikilvægt að heyra viðhorf formanns nefndarinnar um þau álitamál sem koma fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og að hve miklu leyti nefndin hefur sérstaklega rætt þau. Ég get tekið fram að ég sat einn fund í nefndinni þegar málið var til umfjöllunar en ekki þegar það var til afgreiðslu og þessar athugasemdir komu þar fram.

Hér er líka spurt hvort um sé að ræða nýmæli að hvort farið sé inn á þá braut að innheimta gjald fyrir efni sem kann að vera aðgengilegt á vefsíðum, til að mynda ráðuneyta eða ríkisstofnana. Við getum tekið dæmi um að á vefsíðum ýmissa ráðuneyta og stofnana er hægt að sækja sér upplýsingar, t.d. umsóknareyðublöð, og spurningin er m.a. hvort hér sé verið að feta inn á þá braut að taka upp gjald fyrir slíkt efni.

Í umræddri umsögn kemur líka fram að eðlilegra væri að gjaldtökuheimild fyrir sendingu rafrænna gagna væri lægri en gjaldtaka fyrir afhent ljósrit eða endurrit og m.a. vísað til umhverfissjónarmiða sem eru mikilvæg í þessu efni og því haldið fram að með lægra gjaldi fyrir rafræn gögn mætti ætla að komið yrði í veg fyrir óþarfa notkun pappírs. Af þeim sökum væri líka eðlilegt að gjaldtaka fyrir gögn með rafrænum hætti væri lægri en fyrir önnur gögn.

Í umsögn sambandsins segir jafnframt áfram, með leyfi forseta:

„Mismunandi reglur gilda um gjaldtöku ríkis og sveitarfélaga, en gjaldtaka sveitarfélaga byggir á gjaldskrá sem forsætisráðherra hefur sett á grundvelli upplýsingalaga nr. 50/1996. Samkvæmt henni er heimilt að innheimta 10 til 20 kr. fyrir ljósrit af gögnum sem afhent eru á grundvelli upplýsingalaga. Ljóst er að mikill munur er á heimildum ríkissjóðs samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs og umræddri frumvarpsgrein og gildandi gjaldskrá samkvæmt upplýsingalögum og þann raunkostnað sem hlýst af afritun og afhendingu gagna hvort sem er í endurriti eða með rafrænum hætti.“

Þetta er mikilvægt að draga fram, herra forseti, vegna þess að það varpar ljósi á að annaðhvort er hér um verulega mismunun að ræða á milli gjaldtökuheimilda ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar — eða þá að löggjafinn gerir ráð fyrir því að eitt stykki ljósrit sé miklu dýrara í ljósritunarvélum ríkisins en í ljósritunarvélum sveitarfélaganna. Ég hlýt að velta því upp í þessu samhengi hvort hv. þm. Pétur Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar, sé þeirrar skoðunar að ferlið sé mun dýrara, vinnan og efnið, við að taka ljósrit hjá ríkisstofnun en á skrifstofu sveitarfélags og afhenda það, vegna þess að væntanlega er um það að ræða að þetta gjald sé fyrir veitta þjónustu og eigi þess vegna að endurspegla raunkostnað. Hvernig stendur þá á því að gert er ráð fyrir að gjald fyrir ljósrit eða endurrit hjá ríkinu sé um 150 kr. fyrir fyrstu tíu blaðsíðurnar en 50 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram það en aðeins 10 til 20 kr. hjá sveitarfélögunum? Þetta tel ég vera misræmi og mismunun sem sé röng og fái ekki staðist nema ég heyri þá þeim mun sterkari, málefnalegri og efnislegri rök fyrir þessari mismunun.

Að lokum er á það bent í umsögn sambandsins að eðlilegt sé að veita sveitarfélögunum sambærilega heimild og ríkissjóði er veitt með 17. gr., eins og hér segir, með leyfi forseta:

„… enda eðlilegt að sveitarfélögum líkt og ríkissjóði sé

heimilt að innheimta gjöld vegna kostnaðar sem þau verða fyrir við afhendingu endurrita og ljósrita.“

Í umsögn sinni gerir Samband sveitarfélaga tillögu um breytingu á orðalagi greinarinnar og leggur til að hún hljóði þannig, með leyfi forseta:

„Fyrir afritun og afhendingu gagna með rafrænum hætti, sem ekki eru þegar til í rafrænu formi, skal greiða 150 kr. fyrir hverja blaðsíðu, allt að tíu blaðsíðum, en 50 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram tíu“

Lagt er til að þegar gögn eru afhent á rafrænu formi, sem eru ekki þegar komin á rafrænt form, sé heimilt að taka sama gjald og um ljósrit eða endurrit sé að ræða, en ef um er að ræða gögn sem þegar eru til í rafrænu formi geti kostnaðurinn ekki verið sá sami. Þess vegna sé ekki eðlilegt að taka jafnhátt gjald fyrir. Hér er því lagt til að greinin hljóði eins og ég hef þegar gert grein fyrir.

Mér leikur sem sagt forvitni á að fá að vita hjá hv. formanni efnahags- og skattanefndar hvaða umræða hefur farið fram um þetta atriði sérstaklega og hver afstaða hans sé til þess. Ég tek eftir því að í nefndarálitinu er ekki gerð nein tillaga um breytingu hér að lútandi og heldur ekki getið sérstaklega um þessa umsögn. Það er aðeins sagt að umsögn hafi borist frá sambandinu en ekki gerð grein fyrir því í hverju hún felst, vegna þess að hér finnst mér vera mikilvægt efnisatriði og mér finnst vera málefnalegar forsendur fyrir þessari athugasemd og breytingartillögunni.

Ég hef, eins og ég segi, tilhneigingu til þess að koma með breytingartillögu við frumvarpið í samræmi við tillöguna frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga nema ég heyri þá þeim mun sterkari og kröftugri efnislegri rök fyrir því að hafa þetta með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir og óska eftir því að hv. formaður efnahags- og skattanefndar upplýsi um hvernig hann lítur á þetta mál.

[16:00]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var þó nokkuð mikið rætt, eða þannig. Ég vil í sambandi við þetta benda á að kostnaðurinn er aðallega mannakostnaður, launakostnaður. Fólk er almennt með svona 300–400 þús. kr. á mánuði, klukkutíminn fer þá á 3–4 þús. kall. Ef menn lenda sjaldan í því að þurfa að finna svona skjal í t.d. gagnagrunni og þurfa að gera það kannski einu sinni á klukkutíma eða einu sinni á dag getur farið dágóður tími í það, setja sig í gang og finna hvar skjalið er o.s.frv. Miðað við það að tíminn kosti 4 þús. kall er það fljótt að koma.

Þegar tekið er ljósrit fellur til ákveðinn kostnaður, pappír, prentun, afskrift tækja og slíkt þannig að það er líka kostnaður umfram það sem tekið er á rafrænu formi. Þegar um er að ræða rafrænt form er það rétt hjá hv. þingmanni að þegar búið er að taka ljósrit af því og skanna það inn má segja að sá kostnaður sé ekki lengur til staðar en það er mannakostnaður við að skanna inn skjalið þó að það sé enginn annar kostnaður í rauninni nema þá afskriftir af tækjum og slíku. Samanlagt er töluvert flókið að finna út úr þessu, og ef við ætlum að fara að sundurgreina það sem er búið að skanna og það sem ekki var búið að skanna þyrftu menn að vita hvort áður var búið að skanna inn skjalið eða hvort það er ný skönnun og hafa sundurliðun.

Það sem er kannski hvað dýrast er það að senda út reikning ef það skyldi vera gert. Það kostar heilmikið að halda utan um reikning í bókhaldi, sennilega 2–3 þús. kr., halda utan um hann, innheimta hann, ef hann greiðist ekki að senda hann til innheimtufyrirtækis o.s.frv. Það eru mörg sjónarmið í þessu og ekkert einfalt. Það sem ég held að sé mikilvægast í þessu er að reglurnar séu tiltölulega einfaldar og skýrar. Ef það er mismunur á milli sveitarfélaga og ríkisins eiga menn bara að laga það öðru hvorum megin og hér erum við að setja lög þannig að reglugerðin hlýtur þá að fara eftir því.

[16:02]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig alveg á því sem hv. þm. Pétur Blöndal er að segja varðandi kostnaðinn og að það geti verið flókið að halda þessu aðgreindu eða skilgreina nákvæmlega það sem á bak við er hverju sinni. Ég get alveg tekið undir með honum að það er skynsamlegt að reyna að hafa þessi mál tiltölulega skýr og einföld í sniði þannig að ekki komi upp ágreiningur um túlkun og annað slíkt.

Hitt er svo annað mál að það er líka rétt að það kostar utanumhald um bókhaldið, reikninga og að senda þá út. Það getur vel verið að þar með séu tekjurnar fyrir þetta þegar farnar þótt ekki sé nema bara í pappírsgjaldi, póstsendingarkostnaði o.s.frv. Maður veit ekki nákvæmlega hvernig þetta er.

Ég fellst alveg á þessar skýringar hans að þessu leyti til en hefði talið að í nefndaráliti hefði þurft að gera grein fyrir þessum viðhorfum vegna þess að þetta atriði kemur mjög sterkt fram í umsögn Sambands sveitarfélaga sem má segja að sé hinn armur opinberu stjórnsýslunnar. Hann segir í andsvari við mig að hér sé verið að setja lög og að reglugerðin hljóti að taka síðan mið af þeim en það er ekkert sem segir að það sé sjálfsagt. Það viðhorf hefði þess vegna líka þurft að koma fram í nefndaráliti, það er þá hluti af skýringum á bak við málið og væri tilefni til þess fyrir Samband sveitarfélaga á grundvelli slíkra sjónarmiða í nefndaráliti að fara þess á leit við forsætisráðuneytið að reglugerðin væri löguð að því sem hér er ákveðið í lögunum.

[16:04]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þá koma þakklæti á framfæri við hv. þingmann því að mér skilst að það sem framsögumaður segi í umræðu hafi ákveðið vægi við lagaskýringu. Ég bendi á að þetta er flókið mál. Það getur verið mjög dýrt fyrir sveitarfélagið ef starfsmaður hjá einhverri sýsluskrifstofu eða sveitarfélagi fær beiðni um að senda eitt skjal. Ef hann hins vegar fær beiðni um að senda þúsund skjöl eða þúsund beiðnir um eitthvert ákveðið mál getur verið að kostnaðurinn sé ekkert voðalega mikill á hvert skjal. En það er ekki hægt að sundurgreina fyrir notandann hvort hann sé einn á ferð eða hvort það séu þúsund með honum þannig að menn þurfa að taka eitthvert meðaltal af þessu. Eins og ég benti á í fyrra andsvari mínu er mannakostnaðurinn sennilega langsamlega mesti kostnaðurinn við þetta en ekki véla-

kostnaður eða annað slíkt. Menn þurfa að hafa það í huga.

Þegar búið er að skanna hlutinn inn skiptir svo sem engu máli hvort það er ein síða eða hundrað síður í sjálfu sér varðandi það að finna það o.s.frv. Svo gæti líka verið að starfsmaður sem er að finna þetta þurfi að leita á mörgum stöðum til að tína saman ýmis skjöl sem fara svo í eina sendingu. Þetta getur verið margsnúið og margslungið. Ég held að sú lending sem hér er tekin, að það skuli greiða 150 kr. fyrir hverja síðu af 10 síðum og 50 kr. eftir það sé ágætislending í þessu máli, en auðvitað gætu menn rætt þetta og fundið kannski enn betri lausn. Mér datt líka í hug að hafa bara eina ákveðna greiðslu, þúsundkall fyrir svona sendingu yfirleitt, en þá þyrfti að skoða nákvæmlega hvernig þetta er gert og hvernig þetta kemur upp við mismunandi aðstæður, ein beiðni, margar beiðnir, starfsmaðurinn gerir ekkert annað allan daginn eða hann hleypur í þetta inn á milli sem getur verið mjög dýrt.

Ég held að ágætislending sé fundin.

[16:06]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessi viðbrögð og ég skil í raun og veru yfirlýsingu hans hér á þann veg að hann líti svo á að það sem hann hefur sagt um þetta, um að reglugerðin hljóti að taka mið af því sem lögin ákveða þó að það sé reglugerð við önnur lög en í raun og veru um sambærilegt atriði, hljóti að vera innlegg í, má segja, rökstuðning ef sveitarfélögin vilja fara þess á leit við hæstv. forsætisráðherra að reglugerðin sem ég hef þegar minnst á taki breytingum í samræmi við þessa lagasetningu.

Ég skynja það þannig að hv. formaður efnahags- og skattanefndar líti svo á að viðhorf hans í þessu, framsögumanns, með nefndarálitinu hafi efnislega þýðingu í framhaldinu og að sveitarfélögin geti þá nýtt sér það sem rökstuðning fyrir máli sínu áfram á sama grunni og þau hafa gert í umsögn sinni til nefndarinnar um þetta mál. Ég þakka bara fyrir það og álít að þá hafi þetta mál skýrst heilmikið í þessum stuttu umræðum og stuttu andsvörum sem hér hafa farið fram í þessu samhengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vextir og verðtrygging, 2. umr.

Stjfrv., 237. mál (lækkun dráttarvaxta). — Þskj. 332, nál. 374.

[16:08]

Frsm. viðskn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og fengið á sinn fund Áslaugu Árnadóttur og Helgu Óskarsdóttur frá viðskiptaráðuneyti, Eirík Guðnason frá Seðlabanka Íslands, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Helga Sigurðsson frá Nýja Kaupþingi banka hf., Gísla G. Hall frá laganefnd Lögmannafélags Íslands, Sigurð A. Jónsson og Bjarna Þór Óskarsson frá Intrum á Íslandi ehf., Davíð B. Gíslason frá Momentum greiðslu- og innheimtuþjónustu ehf., Hildigunni Hafsteinsdóttur frá Neytendasamtökunum og Ástu S. Helgadóttur frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Þá barst nefndinni skrifleg umsögn um frumvarpið frá Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarp þetta er hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í þágu heimilanna sem kynnt var 14. nóvember sl. og er markmið þess að draga úr kostnaði fyrirtækja og heimila vegna hárra dráttarvaxta sem miðast framvegis við 7% álag á algengustu skammtímalán Seðlabanka Íslands til lánastofnana í stað 11% álags. Auk þess er lagt til að heimild Seðlabankans til að ákveða annað vanefndaálag falli brott og að dráttarvextir verði birtir fjórum sinnum á ári í stað tvisvar á ári samkvæmt núgildandi lögum.

Samkvæmt tilkynningu Seðlabankans frá 26. nóvember eru dráttarvextir 26,5% til og með 31. desember 2008 þannig að grunnur dráttarvaxta sé 15,5% til samræmis við stýrivexti 1. júlí og vanefndaálag 11%. Á grundvelli nýrrar tilkynningar Seðlabankans frá 16. desember sl. skulu dráttarvextir vera 25% frá og með 1. janúar 2009. Er þar miðað við 18% stýrivexti og 7% vanefndaálag. Hefur Seðlabankinn þannig nýtt sér heimild í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna til að lækka vanefndaálag úr 11% í 7%. Með samþykkt þessa frumvarps verður vanefndaálagið hins vegar fest í 7 prósentustigum.

Nefndin fagnar lækkun dráttarvaxta með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Nefndin telur að slík lækkun komi bæði einstaklingum og fyrirtækjum til góða, sérstaklega í því árferði sem nú ríkir.

Nefndin ræddi á fundum sínum nokkuð um dráttarvexti, samsetningu þeirra og ákvörðunardaga. Í lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, kemur fram í 2. mgr. 6. gr. að heimilt sé að semja um fastan hundraðshluta vanefndaálags á grunn dráttarvaxta, að undanskildum neytendalánum. Slíkt samningsfrelsi gildir því um lánveitingar og viðskipti önnur en neytendalán. Samkvæmt lögum um neytendalán, nr. 121/1994, falla þar undir lánasamningar sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur, þar á meðal húsnæðislán neytenda.

Þá komu þau sjónarmið fram fyrir nefndinni að undirliggjandi vandamál við ákvörðun dráttarvaxta hér á landi séu í raun háir stýrivextir. Bent var á að umræddar breytingar gætu leitt til þess að dráttarvextir yrðu í einhverjum tilvikum lægri en hæstu útlánsvextir sem lánastofnanir bjóða. Slíkt gæti ekki talist ákjósanlegt í ljósi þess að eðli dráttarvaxta er að vera lögákveðnar skaðabætur til kröfuhafa vegna vanefnda. Þó var bent á að nauðsynlegt væri að taka heildarkostnað vanskila með í reikninginn, svo sem innheimtukostnað. Sömuleiðis kom fram í umfjöllun nefndarinnar að nú þegar megi finna samningsbundna vexti sem eru hærri en dráttarvextir. Því var hreyft fyrir nefndinni að ákveðið misræmi gæti komið fram milli stýrivaxta og dráttarvaxta þar sem dráttarvextir eru aðeins ákvarðaðir á sex mánaða fresti og byggjast því á allt að sex mánaða gömlum stýrivaxtatölum. Var því lagt til við nefndina að dráttarvaxtaákvörðunardagar væru oftar og jafnvel fleiri en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Fyrir nefndina komu einnig fulltrúar neytenda, frá Neytendastofu og Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, og

fögnuðu þessir aðilar almennt lækkun dráttarvaxta samkvæmt frumvarpinu. Var því sjónarmiði hreyft að lækkun dráttarvaxta með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir gæti haft jákvæð áhrif á lækkun vaxta hjá lánastofnunum. Þá kom fram fyrir nefndinni að mikilvægt verði að teljast að lögfesta sem fyrst úrræði um greiðsluaðlögun, en unnið hefur verið að því frumvarpi í nokkurn tíma. Slíkt úrræði muni koma neytendum til góða og bæta stöðu þeirra aðila sem hvað verst eru settir fjárhagslega.

Eftir umfjöllun sína leggur nefndin til eftirfarandi breytingartillögur:

Gerð er tillaga um að gildistökudagar dráttarvaxta verði fyrsti dagur hvers mánaðar þannig að Seðlabankinn birti dráttarvexti mánaðarlega en ekki fjórum sinnum á ári eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Með þessu er reynt að koma til móts við misræmi sem myndast getur milli dráttarvaxta og stýrivaxta sem ákvarðast oftar en fjórum sinnum á ári.

Þá er einnig lagt til að gildistaka laganna verði 1. janúar 2009.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Við 1. gr. C-liður orðist svo: Í stað orðanna „1. janúar og 1. júlí ár hvert“ í 3. málsl. kemur: fyrsta dag hvers mánaðar.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Undir þetta álit rita hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Árni Páll Árnason, Birgir Ármannsson, Herdís Þórðardóttir og Árni Þór Sigurðsson.

Hv. þm. Birkir J. Jónsson, Höskuldur Þórhallsson og Björk Guðjónsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ég tel þetta jákvætt spor sem við erum að taka hér með því að stuðla að lægri dráttarvöxtum. Það er alveg ótrúlegt að standa frammi fyrir þeim veruleika að dráttarvextir geti verið hér að óbreyttu næstum 30%. Það eru fá heimili eða fyrirtæki sem ná að standa undir slíkum vöxtum. Hér tekur hins vegar löggjafinn það skref að þetta svigrúm Seðlabankans sé takmarkað, að hann hafi ekki lengur það svigrúm að ákvarða vanefndaálagið frá 7% upp í 15%. Venjan hefur verið að Seðlabankinn miði við 11% þannig að hér er það fært niður í 7% og það fest í 7% sem er það lægsta sem við komumst vegna reglu sem má finna í evrópskri tilskipun um að 7% sé lágmarkið. Löggjafinn getur ekki gengið lengra hvað þetta varðar en að mínu mati mun þetta hafa jákvæð áhrif á stöðu skuldara í samfélaginu, ég held að þetta gæti líka hugsanlega haft jákvæð áhrif á aðra vexti í samfélaginu.

Við sáum í umfjöllun nefndarinnar að yfirdráttarvextir virðast, a.m.k. í sumum tilvikum, keyra sig upp að dráttarvöxtum, eru lítið lægri en þeir þannig að ef við lækkum dráttarvextina eins og við erum að gera hér bind ég a.m.k. vonir við það að yfirdráttarvextir fylgi niður í samræmi við það.

Auðvitað er rétt, eins og sumir umsagnaraðilar bentu á, að grunnur dráttarvaxta hér á landi er að uppistöðu stýrivextirnir og þeir eru komnir upp fyrir sársaukamörk, ef svo má segja, og maður bindur vonir við það að stýrivaxtalækkun verði að veruleika sem fyrst með þeim fyrirvara að aðstæðurnar þurfa auðvitað að leyfa það að það vaxtastig sé dregið niður. Svona hátt stýrivaxtastig gengur ekki til lengdar eins og allir vita en við búum við erfiða tíma og sérkennilega stöðu hvað varðar t.d. eignir erlendra aðila í íslensku hagkerfi og þessir háu stýrivextir eru settir fram með þeim rökum að menn flýi ekki krónuna í enn meiri mæli en gert hefur verið. Það er verið að reyna að gera það meira aðlaðandi og meira hagkvæmt, ef svo má segja, að hafa peninga í íslenskum krónum og íslensku hagkerfi því að eins og allir vita hafa fá ríki eins háa stýrivexti og við. Vextir eru ekkert annað en verð á peningum þannig að í rauninni ætti að vera mjög hagstætt fyrir innlánseigendur að hafa peningana sína á íslenskum innlánsreikningum sem bera þessa háu vexti, en svo er aðili á móti sem tekur lán á grundvelli þessara vaxta og þess vegna hlýtur að vera markmið allra hér að við búum til þau skilyrði og það umhverfi að stýrivextirnir geti lækkað sem fyrst, um leið og aðstæður leyfa slíkt.

Ég held að hér sé á ferðinni ágætismál og það hefur vonandi þau áhrif að hagur þessara einstaklinga sem lenda í erfiðleikum muni vænkast eitthvað eilítið og hugsanlega meira en það, en við stöndum frammi fyrir því að gjörsamlega nýr hópur í samfélaginu er að lenda í vanskilum og það er hópur sem við þurfum að huga sérstaklega að og bregðast við með einhverjum hætti. Þetta frumvarp er liður í þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur boðað. Ég sé að það er þverpólitísk sátt um að það fari í gegnum þingið og ég fagna því sérstaklega.

[16:17]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um frumvarp til laga um breyting á lögum um vexti og verðtryggingu og get tekið undir það sem segir í nefndaráliti hv. viðskiptanefndar. En ég átti þess kost að sitja fund nefndarinnar þar sem tekið var á móti gestum og fjallað um þetta mál.

Eins og menn vita á málið uppruna sinn í fyrirheitum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í þágu heimilanna sem auglýstar voru í október- eða nóvembermánuði síðastliðnum með heilsíðuauglýsingum í blöðum. Þar voru tólf punktar settir fram. Einn af þeim var lækkun dráttarvaxta, með leyfi forseta:

„Lög um dráttarvexti verði endurskoðuð með það að markmiði að dráttarvextir lækki.“

Nú er það svo að með frumvarpinu er ekki um að ræða tímabundna lækkun í þeim skilningi, heldur er svokallað dráttarvaxtaálag sem kallað er vanefndaálag tekið úr 11% niður í 7% og vænta menn þess að aðgerðin hafi þau áhrif að vextir lækki almennt.

Þeir sem komu fyrir nefndina, eins og hv. formaður nefndarinnar tók fram áðan, bentu margir hverjir á að kannski væru dráttarvextirnir sem slíkir ekki vandamálið fyrir skuldara. Þeir þyrftu að vera nokkuð háir þar sem þeim væri ætlað að vera skaðabætur til kröfuhafa vegna vanefnda. Stýrivextirnir væru hins vegar meinið. Undir þetta get ég svo sannarlega tekið.

Stýrivextir hér eru og hafa verið allt of háir. Ég get ekki með öllu tekið undir það sem hv. formaður viðskiptanefndar, Ágúst Ólafur Ágústsson, sagði áðan og bendi á að stýri-

vextirnir eru vissulega háir núna. Vegna atbeina Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru þeir hækkaðir í 18%, eins og fram kemur í tillögu til þingsályktunar hér á þingskjali 189 í 19. lið. Þar eru stýrivextirnir hækkaðir að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í þeim tilgangi, sem hv. formaður nefndarinnar sagði frá, að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á því að fé sem útlendingar eiga inni hérlendis renni úr landi.

Það sem vekur athygli varðandi þessa aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að stýringu peningamála á Íslandi er tvennt fyrir utan hækkunina sjálfa. Í fyrsta lagi að hækkunin skyldi koma til framkvæmda áður en fjallað var að öðru leyti um lán eða möguleika Íslendinga til láns úr Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Það var í öðru lagi athyglisvert að ráðherrar ríkisstjórnarinnar fóru í hár saman um hvernig ákvörðunin um hækkun stýrivaxta hefði verið tekin og urðu þar ekki tvísaga heldur þrísaga. Formaður bankastjórnar Seðlabankans, margnefndur úr þessum stól, Davíð Oddsson tók að sér að vera einhvers konar blaðafulltrúi ríkisstjórnarinnar og setti tilkynningu inn á heimasíðu Seðlabankans. Þar var opinberaður fyrsti hlutinn af skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir lánveitingum til Íslands og var það fyrsti liðurinn í 19. gr. samkomulags um lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þar segir með leyfi forseta:

„Að hækka stýrivexti í 18%. Við erum tilbúin til að hækka stýrivextina enn frekar.“

Það er sú staðreynd sem við stöndum frammi fyrir að frekar er að vænta hækkunar á stýrivöxtum á Íslandi en lækkunar og það í umhverfi þar sem í fréttum er daglega sagt frá því að löndin í kringum okkur, bæði austan hafs og vestan, lækki stýrivexti til að reyna að örva efnahagslífið og vinna gegn kreppunni. Hvað gerum við þá? Við fylgjum leið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hækkum stýrivexti upp í 18% og jafnframt lýsa ríkisstjórnin og meiri hlutinn hér á Alþingi því yfir að þau séu tilbúin til að hækka stýrivexti enn frekar.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að rifja þessar staðreyndir upp þar sem við tölum um að lækka dráttarvaxtaálag úr 11% niður í 7%. Allir sem komu fyrir nefndina bentu á að dráttarvextirnir væru ekki meinið heldur stýrivextirnir. Í áliti Samtaka fjármálafyrirtækja segir til að mynda að þau teldu eðlilegra að lækka stýrivexti Seðlabankans í stað þess að lækka álag á dráttarvexti.

En það kann svo vel að vera og er samkvæmt nefndarálitinu von þeirra sem undir það skrifa að frumvarpið geti haft jákvæð áhrif á lækkun vaxta hjá lánastofnunum almennt. Þá væri vel af stað farið.

Líka er mikilvægt, herra forseti, að vekja athygli á því að með frumvarpinu er tekin úr lögum heimild Seðlabankans til að taka aðrar ákvarðanir varðandi vanefndaálagið eða dráttarvextina. Dráttarvextirnir eru festir í 7% en svo vill nú til að Seðlabankinn hefur einmitt nýlega nýtt sér heimildina sem hér er verið að taka úr lögum til að lækka álagið. Því er það svo að fram til 31. desember 2008, eins og hv. formaður nefndarinnar tók fram, verða dráttarvextir 26,5% en heimildin sem Seðlabankinn hefur nýtt sér nú og verður tekin úr lögum með samþykkt frumvarpsins varð til þess að frá og með 1. janúar var fyrirhugað að dráttarvextirnir færu niður í 25%. Þarna hafði Seðlabankinn sem sagt nýtt sér heimildina sem á að fara að taka úr lögum til að lækka dráttarvextina um 1,5 prósentustig.

Fyrst ég nefni þá sem komu á fund nefndarinnar vil ég, herra forseti, bæta við tveimur atriðum. Í fyrsta lagi var það álit þeirra sem á fund nefndarinnar komu að nú væri að bætast í hóp vanskilamanna svokallaðra nýir hópar og hugsanlega væru það ekki dráttarvextirnir sem slíkir sem gerðu þetta fólk að vanskilamönnum þó að lækkun þeirra gæti hjálpað til og leiðrétt stöðu þeirra. Þetta er einfaldlega fólk sem hefur lækkað í launum, misst atvinnuna eða er að gefast upp á því að standa við skuldbindingar sínar vegna verðtryggingar á húsnæðislánum. Dapurlegt er til þess að vita að í auglýsingu ríkisstjórnarinnar um punktana tólf um aðgerðir í þágu heimila skuli menn ekki hafa treyst sér til að taka á þeim ofboðslega vanda.

Ekki verður undan því vikist að taka á því á hinu háa Alþingi og ég vil benda á að í bandorminum þar sem verðbólguhækkunin eða verðbólguskotið er tekið af launum bænda með tilteknum hætti hefur ríkisstjórnin sett upp eins konar módel um hvernig hægt sé að taka verðbólgukúfinn af. Í greinargerð sem kemur hér fram á ábyrgð forsætisráðherra er fullyrt að með því sé ekki farið í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þarna tel ég að sé komin leið sem vert er að nýta til að lækka verðtryggingarskotið sem mun lenda á húseigendum, sem er jú stærsti hópur þeirra sem koma nýir inn á vanskilaskrár hjá bönkum og lánastofnunum.

Hitt atriðið sem ég vil nefna hér og kom fram í meðförum nefndarinnar og er einnig nefnt í nefndarálitinu er að mikilvægt verði að teljast að lögfesta sem fyrst úrræði um greiðsluaðlögun, en í nefndarálitinu segir að unnið hafi verið að frumvarpinu í nokkurn tíma. Slíkt úrræði muni koma neytendum til góða og bæta fjárhagslega stöðu þeirra sem hvað verst eru settir.

Þetta er athyglisvert, herra forseti, og ekki síður að í fjölmiðlum í dag kemur fram að Neytendasamtökin, sem vöktu jú máls á þessu á fundi hv. viðskiptanefndar, setja fram kröfu um að nú verði sett lög um greiðsluaðlögun að norrænni fyrirmynd. Í yfirlýsingu Neytendasamtakanna kemur fram að þörfin hafi aldrei verið meiri og brýnni en nú og samtökin segja óþolandi að drög að slíku frumvarpi skuli enn ekki hafa verið samin og lögð fram á Alþingi. Þess í stað segir, með leyfi forseta, á visir.is í dag:

„Þess í stað sé það sent á milli viðskiptaráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins.“

Á fundi hv. viðskiptanefndar kom fram að málið væri strand eða statt í dómsmálaráðuneytinu og ég tel ástæðu til að hvetja hv. formann viðskiptanefndar og þingmenn til að bregðast nú skjótt við ákalli Neytendasamtakanna og kalla eftir því hjá hæstv. dómsmálaráðherra og viðskiptaráðherra hvar málið er statt.

[16:30]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið sem hv. þingmaður vék að er þar statt að það liggur fyrir tillaga að frumvarpi. Réttarfarsnefnd hefur skrifað athugasemdir með frumvarpinu og málið hefur verið unnið á vegum réttarfarsnefndar. Það hefur enginn ágreiningur verið um málið heldur er verið að útfæra það í lagatexta á þann veg að unnt verði að leggja það

fyrir þingið og verður það væntanlega gert í upphafi næsta árs.

[16:30]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir að upplýsa þingmenn um hvar málið er statt og ég fagna því að þess má vænta að það komi inn í þingið í upphafi nýs árs.

[16:31]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu. Efnislega er um að ræða frumvarp um lækkun dráttarvaxta og þar með tilraun stjórnvalda til að hrinda í framkvæmd aðgerð til að létta undir með heimilum landsins og viðskiptalífi.

Dráttarvextir eru samsettir úr tveimur þáttum eins og hér hefur komið fram, þ.e. stýrivöxtum Seðlabanka Íslands að viðbættu svokölluðu vanefndaálagi. Vanefndaálag undanfarin ár hefur verið 11%. Tvisvar sinnum á ári, í byrjun árs og um mitt ár birtir Seðlabanki Íslands dráttarvexti sem summu stýrivaxta annars vegar og vanefndaálagsins hins vegar.

Frumvarpið felur í sér tvíþætta breytingu. Í fyrsta lagi lækkun vanefndaálagsins frá 11% í 7%. Í öðru lagi er fellt niður ákvæði um að Seðlabankanum sé heimilt að ákveða annað vanefndaálag. Og í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Seðlabanki birti dráttarvexti í hverjum mánuði og taki þannig betur til greina breytingar sem verða á stýrivöxtum.

Við fyrstu sýn er málið afar einfalt. Í kjölfar bankakreppunnar þrengir verulega að heimilum og fyrirtækjum og því nauðsynlegt að bregðast við og létta hinn þunga róður fram undan. En eins og um flest önnur mannanna verk þá eru margir fletir á þessu frumvarpi og það er í raun ekki eins einfalt að meta kosti þess og virtist í upphafi. Útgangspunkturinn í dráttarvaxtamálum er sá að tryggja að dráttarvextir verði ekki lægri en hæstu almennir vextir og þannig verði ekki byggður inn hvati til vanskila. Sú staða gæti komið upp að munur á vöxtum og dráttarvöxtum væri lítill eða enginn.

Ef litið er á málið út frá sjónarhorni kröfuhafa sem eru jafnvel fyrirtæki í vanda eða einstaklingar, þ.e. þeir sem frumvarpið á að létta undir með þá verður nefnilega málið snúnara. Mikilvægt er að hafa í huga að kröfuhafi á að vera skaðlaus af vanskilum og einnig það að ekki sé til staðar þessi hvati fyrir skuldara að lán fari í vanskil. Þetta er þekkt vandamál og hefur Evrópusambandið því gefið út tilskipun um að vanefndaálag skuli ekki fara neðar en 7%. Við þetta má bæta að vanefndaálag í Danmörku og í Noregi var 7% samkvæmt lögum frá 2005 og 8% í Svíþjóð.

Í núgildandi lögum og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt sé að semja um fast hlutfall vanefndaálags ofan á grunn dráttarvaxta. Þannig er klárlega heimilt að hafa dráttarvextina hærri en sem nemur stýrivöxtum plús því 7% vanefndaálagi sem hér er mælt fyrir. Þetta á þó ekki við um neytendalán sem eru þá öll almenn innlán til einstaklinga og þar með talin húsnæðislán.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nema úr gildi ákvæði sem gaf Seðlabankanum heimild til að ákveða annað vanefndaálag en hið fasta álag sem er í lögum. Heimildin kvað á um að Seðlabankinn gæti ákveðið annað álag að lágmarki 7%, sem er lágmarksviðmið Evróputilskipunarinnar, og að hámarki 15%. Við nánari athugun kom í ljós að þessu ákvæði hefur almennt ekki verið beitt og því er það látið niður falla.

Þá er í núgildandi lögum gert ráð fyrir að Seðlabankinn birti dráttarvexti tvisvar á ári hálft ár í senn en þar sem breytingar á stýrivöxtum gætu orðið tíðari en sem því nemur á næstu missirum þykir eðlilegt að birta dráttarvexti oftar en tvisvar á ári. Niðurstaðan var sú eins og áður hefur komið fram að Seðlabanki Íslands birti dráttarvexti í hverjum mánuði. Næst mun því Seðlabanki Íslands birta dráttarvexti viku fyrir næsta gildistíma sem er 1. janúar 2009. Ef þetta frumvarp verður að lögum þá verða dráttarvextirnir í janúarmánuði að líkindum 25%, þ.e. miðað við 18% stýrivexti og 7% í vanefndaálag.

Þess ber að geta að samkvæmt vaxtatöflum ríkisbankanna eru yfirdráttarvextir nálægt þessu 25% hlutfalli. Í einhverjum tilvikum aðeins lægri og í öðrum tilvikum aðeins hærri. Það er erfitt að gera sér grein fyrir áhrifum þessa frumvarps á stöðu kröfuhafa í stóru myndinni en vonin er að lægri dráttarvextir verki ekki sem hvati til vanskila. Í árferðinu sem við upplifum núna finnst mér fremur ósennilegt að dráttarvextirnir einir og sér verki þannig.

Þeir sem þurfa að greiða dráttarvexti vegna greiðsluvanda munu njóta þess að þeir verða nú lægri og er það vel. Í stóru myndinni er þó hin raunverulega kjarabót sem við sækjumst eftir sú að stýrivextir lækki. Þeir eru allt of háir í dag. Í 19. lið viljayfirlýsingar um áform íslenskra stjórnvalda vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er fjallað um stýrivexti eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir kom inn á áðan í ræðu sinni. En hv. þingmaður nefndi ekki að í 20. liðnum er áfram fjallað um vexti en þar segir, með leyfi forseta:

„Við gerum ráð fyrir að traust verði brátt endurvakið þannig að vextir geti lækkað í kjölfarið. Þetta afturhvarf til eðlilegs ástands getur hafist um leið og krónan verður stöðugri á gjaldeyrismarkaðnum, gjaldeyrismarkaður mætir þörf fyrir alla eftirspurn eftir gjaldeyri vegna viðskipta við útlönd og ekki er lengur nauðsynlegt að styðja við markaðinn með því að draga á gjaldeyrisforðann. Við gerum ráð fyrir að ná þessu marki fljótlega.“

Síðar í sömu grein segir:

„Reiknað er með að krónan krónan styrkist fljótt og að verðbólga á ársgrundvelli verði komin í 4,5% við lok ársins 2009 og að krónan styrkist enn frekar og verðbólgan haldi áfram að hjaðna árið 2010.“

Náist þessi markmið verður vaxtastig hér mun lægra en það sem við höfum kynnst undanfarin missiri og því er vonandi að þessi áform gangi eftir.

En aftur að dráttarvöxtunum. Ég styð lækkun þeirra og frumvarpið með þeim breytingartillögum sem formaður viðskiptanefndar hefur þegar gert grein fyrir.

[16:39]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að blanda mér í umræðu

um frumvarp til laga um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu. Ég átti sæti á fundum hv. viðskiptanefndar þar sem þetta mál var til umfjöllunar og skrifaði undir nefndarálitið sem hér hefur verið mælt fyrir án fyrirvara og lýsi þess vegna yfir stuðningi við málið. Ég tel að hér sé um mikilvægt mál að ræða.

Það sem auðvitað vekur athygli engu að síður er að þrátt fyrir að hið svokallaða vanefndaálag ofan á vexti Seðlabankans eigi að lækka um 4% úr 11 í 7% munu dráttarvextir um áramótin aðeins lækka úr 26,5% í 25, þ.e. um 1,5%. Það stafar auðvitað af því að stýrivextir Seðlabankans hækkuðu úr 15,5% í 18% núna ekki fyrir löngu síðan.

Reyndar segir í umræddri og títtnefndri samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í hinum magíska 19. tölulið að stjórnvöld séu reiðubúin til þess að hækka stýrivexti enn frekar. En svo eins og hefur verið vitnað til nú þegar í umræðunni þá var líka gert ráð fyrir því að aðgerðir stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gætu leitt til þess að vextir mundu fljótlega lækka á nýjan leik.

Nú eru reyndar komnir um það bil tveir mánuðir síðan stýrivextirnir voru hækkaðir í 18% og það er boðað að þeir geti hækkað áfram og ekkert bólar á lækkuninni. Ég held að það sé það sem skiptir heimilin í landinu mestu máli, það er hið háa almenna vaxtastig í landinu. Það er auðvitað það sem sérhver fjölskylda er að glíma við um þessar mundir. Þó að þessi breyting sé jákvæð í sjálfu sér og við styðjum hana þá er þetta auðvitað langt í frá að vera nægilegt til að mæta þeim vanda sem fjölskyldurnar og fyrirtækin, atvinnulífið í landinu er að glíma við um þessar mundir.

Það er geysilega mikilvægt að ná niður vaxtastiginu. Við höfum auðvitað oft rætt um verðtrygginguna líka og kosti hennar og galla og ég er í hópi þeirra, og ætla ekkert að liggja á þeirri skoðun minni, sem telur að það eigi að afnema verðtrygginguna. Ég held að hún hafi marga galla í för með sér og fyrst og fremst kannski þá að hér eru auðvitað í raun og veru á ferðinni annars vegar dulbúnir vextir og dulbúin frestun á afborgunum lána sem felst í verðtryggingunni. Því gera menn sér ekki alltaf grein fyrir því hver hin raunverulega vaxtabyrði skuldanna er með þeirri aðferð sem hér er notuð með verðtryggingu.

Sumir halda því fram að verðtryggingin fylgi íslensku krónunni og við munum ekki losna við verðtrygginguna nema með því að skipta um gjaldmiðil. Það kann vel að vera að það að skipta um gjaldmiðil muni leiða til þess að við losnum við verðtrygginguna. En ég er ekki sammála því að þarna sé óaðskiljanleg tenging á milli vegna þess að það hefur ekki alltaf verið verðtrygging hér á landi þótt hér hafi íslensk króna verið við lýði um langt skeið. Það eru til dæmi um verðtryggingu í öðrum ríkjum þótt það sé sjaldgæft.

Ég held að það sé rétt sem haldið hefur verið fram að það var tækifæri, það voru góð tækifæri til þess að fella brott verðtrygginguna á sínum tíma. Því var raunar heitið í kjölfar þjóðarsáttarsamninganna 1990 að verðtryggingin yrði tekin af þegar aðstæður væru til þess. Og sannarlega í kjölfar þess þá voru tækifæri til þess í efnahagslífinu að afnema verðtryggingu en það var ekki gert, því miður. (**PHB:** Sem betur fer.) Því miður.

Ég held að verðtryggingin skapi óeðlilegar aðstæður á markaði. Það má kannski segja að í verðtryggingunni felist eins konar deyfilyf að því leyti til að verðtryggingin felur hluta af þeim byrðum sem fylgja lántöku og menn gera sér ekki alltaf grein fyrir því hver hún raunverulega er.

Að þessu sögðu, að ég tel að verðtrygginguna eigi að afnema, þá verður auðvitað líka að horfa til þess að til að unnt sé að gera það, það verða að vera til þess aðstæður í samfélaginu. Að sjálfsögðu erum við með fullt af skuldbindingum í hagkerfinu nú þegar sem eru samningsbundnar með verðtryggingu þannig að væntanlega er ekki hægt að afnema hana nema í áföngum á nýjum skuldbindingum og hugsanlega hægt að stíga ákveðin skref með því að lengja þann tíma sem lágmarkstími fyrir verðtryggingu skuldbindingar er. Í eina tíð var lágmarkið þrjú ár ef ég man rétt og var síðan lengt í fimm ár og það má dreifa því áfram með breytingum á því til þess að afnema verðtrygginguna til lengri tíma litið. Ég held að í augum alls almennings í landinu sé verðtryggingin eitthvað sem á að fara.

Við sjáum það núna við þær erfiðu aðstæður sem eru í efnahagslífinu, þegar kaupmáttur dregst saman, þegar atvinnuleysi eykst og fólk er að missa vinnu sína í miklum mæli og verðbólgan er á hraðri uppleið, að þá sverfur að og þá er það þetta sem fólk finnur mest fyrir. Það er að afborganirnar af húsnæðislánunum hækka hér dag frá degi og fólk lendir í miklum hremmingum og miklum erfiðleikum með að standa í skilum.

Þess vegna er geysilega mikilvægt að við með einhverju móti getum komið til móts við fjölskyldurnar með því að takmarka hækkun húsnæðislánanna í takt við vísitöluna. Það er rétt sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir benti á í máli sínu að það hefur verið fundin aðferð til þess að frysta verðhækkun eða vísitöluhækkun í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hið sama á að gera gagnvart launum bænda, með því að rjúfa búvörusamninginn með tilteknum hætti.

Við munum að á níunda áratugnum var búinn til ákveðinn misgengishópur þegar launavísitalan var tekin úr sambandi en vísitalan á skuldbindingarnar fékk að halda sér og tikka áfram dag frá degi. Þessar aðferðir eru því þekktar. Þær hafa verið notaðar en nú er sagt að það megi ekki nota þær á skuldbindingar heimilanna í landinu, að betra sé að láta fjölskyldurnar lenda í þroti jafnvel í gjaldþroti vegna þessara aðstæðna.

Ég tel að þegar slíkar aðstæður hafa skapast í samfélaginu þá sé óhjákvæmilegt fyrir ríkisvaldið að taka á þessum vanda ekki með því að velta honum bara á undan sér og velta skuldbindingunum aftur fyrir og láta fólk borga þær síðar og bæta þeim við höfuðstólinn þannig að þær safni vöxtum. Vextirnir safna vöxtum og afborganirnar sem á að fresta safna líka vöxtum. Þetta er leið sem ríkisstjórnin ákvað að fara og getur gagnast í einhverjum tilvikum en er alls ekki nægjanleg fyrir þorra heimila í landinu.

Við sjáum því miður fram á að fjöldinn allur af fjölskyldum mun lenda í geysilega miklum erfiðleikum vegna samdráttar á vinnumarkaði og minnkandi kaupmáttar og fólk veit ekki í hvorn fótinn það á að stíga. Fólk veit ekki sitt rjúkandi ráð. Fjölskyldur sem hafa ekkert til þess unnið annað en að búa hér og starfa á Íslandi. Hafa ekkert til þess

unnið en lenda óforvarandis í þessum hremmingum að geta ekki staðið í skilum með húsnæðislánin sín og geta sig í raun hvergi hreyft. Fólk er hér skuldbundið með húsnæði, með börn í skólum og getur sig hvergi hreyft.

Þess vegna er óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin taki á þessum vanda og í umræðu ekki fyrir löngu síðan þegar þessu máli var hreyft hér þá var sagt: Það kostar 240 milljarða að frysta verðtrygginguna á húsnæðislánunum í eitt ár frá júlí á þessu ári til júlí á næsta ári. Það kostar 240 milljarða. Þetta er of dýrt og þess vegna er það ekki gert.

En á meðan þá er fjöldinn allur af fjölskyldum hrakinn út í verulega greiðsluerfiðleika og jafnvel gjaldþrot. Það getur ekki þjónað hagsmunum samfélagsins að svoleiðis sé staðið að málum. Og þó að það kosti 240 milljarða þá segi ég: Þetta er hlutur sem verður að taka á þó að það sé ekki endilega til heils árs, til tólf mánaða, þó það sé ekki að fullu þá verður með einhverju móti að koma til móts við þennan stóra og vaxandi hóp í samfélaginu. Því það getur engum verið greiði gerður með því og síst samfélaginu sjálfu að koma fólki í þessa stöðu.

Verðtryggingin og þeir háu vextir sem við glímum við er eitthvað sem verður að vinna á. Og þrátt fyrir að sú breyting sem felst í því frumvarpi sem hér er til umræðu sé til bóta þá er langt í frá að hér sé nægjanlega komið til móts við landsmenn, við allan almenning í landinu og við atvinnulífið. Því atvinnulífið er líka að glíma við þessa háu vexti sem enginn getur borið. Ekkert atvinnulíf ber þessa háu vexti og það vitum við. Það segja þingmenn úr öllum flokkum. Þess vegna verður að taka á því.

Þess vegna hef ég áhyggjur af því að við förum heim fyrir jól án þess að hafa tekið á þessum vanda. Þessum raunverulega stóra vanda og þing kemur ekki saman á nýjan leik fyrr en um miðjan janúar, ef að líkum lætur. Ég hef áhyggjur af þessu og ég tel að það sé skylda okkar og miklu meiri skylda okkar þingmanna að taka á þessu máli en að senda inn umsókn til Brussel um aðild að Evrópusambandinu. Vegna þess að það er hér og nú sem eldurinn brennur. Og hann verður ekki slökktur með einhverjum bréfaskriftum til Brussel sem taka marga mánuði og missiri.

Þess vegna skora ég á þingheim og náttúrlega fyrst og fremst ríkisstjórnina að sýna frumkvæði í þessu efni og taka á vandanum. Mæta fjölskyldunum og fyrirtækjunum í landinu með því að lækka vexti og með því að frysta verðtrygginguna, a.m.k. að einhverjum hluta og a.m.k. til einhverra mánaða til að tryggja að hjól atvinnulífsins stöðvist ekki algerlega og til að tryggja að fjölskyldur lendi ekki unnvörpum í greiðsluþroti og gjaldþroti.

[16:52]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu. Þetta mál er hluti af svokallaðri aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar sem var auglýst með fjálglegum hætti á heilsíðum í öllum blöðum landsins þann 14. nóvember síðastliðinn. Frumvarpið sem við ræðum hér miðar að því að lækka álag Seðlabankans og lækka þannig mjög háa dráttarvexti sem fyrir eru.

Þetta mál er í eðli sínu ekki flókið og það vekur því athygli mína að það hefur tekið rúman mánuð fyrir ríkisstjórnina að koma því inn í þingsali. Á meðan eru skuldir heimilanna slíkar að þær hafa trúlega aldrei verið hærri, verðbólgan hefur ekki verið hærri og ástandið á vinnumarkaðnum hefur ekki verið verra í lengri tíma. Það hefði því verið brýnt, í kjölfar þess að ríkisstjórnin tilkynnti um þessa merku áætlun sína, að hafa hröð handtök á og koma með svo mikilvægt mál sem hér um ræðir inn í sali Alþingis, en við ræðum það hér rúmum mánuði síðar á meðan heimilin í landinu kljást við mikla erfiðleika eins og við þekkjum öll.

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að frumvarpið mun hafa þau áhrif, samkvæmt tilkynningu frá Seðlabanka Íslands, að dráttarvextir munu fara úr 26,5% niður í 25%. Það er á mörkunum að maður trúi þessum tölum, því að ég ræddi fyrr í dag um námsmenn sem bíða eftir að fá lán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna en vegna þess að það er eftirágreitt þurfa þeir að fjármagna sig með yfirdráttarvöxtum sem eru 25%. Það er mjög alvarlegt mál að þetta skuli vera með þessum hætti í ljósi þess að skuldir og yfirdráttarlán heimilanna eru mjög mikil.

Við í viðskiptanefnd þingsins afgreiddum á dögunum, og það er hluti af þessu máli, svokölluð haftalög þar sem sett voru höft á gjaldeyrisviðskipti á Íslandi. Með þeim breytingum sem gerðar voru á lögunum þá var það fjármagn, m.a. erlenda aðila, sem er hér á landi í raun og veru fryst í landinu. Það voru sem sagt settar hömlur á það með mjög umdeildum lögum að fjármagn færi úr landinu. Það kom í ljós á fundi viðskiptanefndar að ekkert samráð hafði verið haft við lykilaðila í íslensku samfélagi, aðila vinnumarkaðarins sem komu á fund nefndarinnar og lýstu yfir megnri óánægju með að ekkert samráð skyldi hafa verið haft við þá vegna þessara umdeildu laga sem færðu í raun þjóðfélagið aftur um áratugi. Við erum aftur komin til ára hafta og gjaldeyrisskömmtunar, eitthvað sem ég hefði aldrei trúað að við mundum upplifa. Nú er svo komið að embættismenn og jafnvel stjórnmálamenn eru farnir að hafa þau völd að geta valið á milli þess hver fær gjaldeyri og hver ekki. Og ég vonast til þess, hæstv. forseti, að við komum okkur út úr þessu hjólfari sem allra fyrst.

En ég spyr, í ljósi þess að háir stýrivextir eru til þess fallnir að halda fjármagni í landinu og laða fjármagn til landsins, hvort það sé virkilega þörf á því að íslenskt atvinnulíf og íslensk heimili þurfi að búa við 18% stýrivexti. Það eru gjaldeyrishöft í gangi og fyrst ríkisstjórnin valdi þá leið spyr maður sig að því hvort nauðsynlegt sé að hafa 18% stýrivexti á Íslandi í dag.

Ég spyr: Úr því að ríkisstjórnin ákvað, reyndar án samráðs við aðila innan lands, að fara í slíka haftastefnu af hverju í ósköpunum lækka menn þá ekki stýrivextina? Það er alveg ljóst að fyrirtækjunum og heimilunum í landinu blæðir. Staðreyndin er sú að stór hluti fyrirtækja í landinu er tæknilega gjaldþrota í dag. Gerir ríkisstjórnin íslensku atvinnulífi virkilega greiða með því að viðhalda himinháum stýrivöxtum?

Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu og ef við tölum um vexti og stýrivexti þá hljótum við að spyrja stjórnarliða á þingi af hverju þeir grípa ekki til aðgerða til að lækka stýrivextina. Við höfum sagt hér í marga mánuði, á annað ár, að íslenskt atvinnulíf gæti ekki búið við þetta vaxtastig. Það er alveg

ljóst. Á það hefur ekki verið hlustað.

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn styðjum það frumvarp sem við ræðum hér en hins vegar er óhjákvæmilegt að benda á hina raunverulegu heildarmynd sem blasir við heimilunum og fyrirtækjunum. Við búum við eina hæstu stýrivexti í heimi og í ljósi þess að gjaldeyrishöft hafa verið sett á hljótum við að gera þá kröfu til ríkisstjórnarinnar að hún lækki þessa vexti til hagsbóta fyrir heimilin og fyrirtækin. Það eru engir tilburðir til þess hjá ríkisstjórninni, því miður. En af því að verið er að ræða hér um vexti og síðan um verðtryggingu sem er verðbólgan hljótum við að velta því fyrir okkur, hv. þingmenn, hvað ríkisstjórninni gangi þá til að koma með tillögur sem gera það eitt að hækka verðbólguna. Síðast í þessari viku urðum við vitni að því að ríkisstjórnin ákvað að taka 800 millj. kr. af búvörusamningum við bændur, 800 millj. kr. af undirskrifuðum samningum með því að skerða verðtrygginguna. Og hvað gerist, hæstv. forseti, þegar tekjur bænda lækka um 800 millj. kr. eins og raun ber vitni og ríkisstjórnin hefur ákveðið? Jú, við vitum að bændur eru ekki burðugasta stétt landsins, ekki með miklar tekjur og oftar en ekki miklar skuldir sem hvíla á viðkomandi býlum. Bændur þurfa því að velta þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar út í verðlagið, 800 millj., sem mun leiða til þess að verð á nauðsynjavörum, landbúnaðarvörum mun hækka. Hvað leiðir það af sér? Verðbólgan mun hækka. Verðbólgan er hátt í 20%, stýrivextir eru 18%, hvernig eiga skuldug íslensk heimili og fyrirtæki að standa undir þessu? Og samkvæmt þeim bandormi sem við ræddum á Alþingi í gær er ríkisstjórnin að hækka álögur og gjöld á alla þjóðfélagshópa sem í framhaldinu mun skila sér út í verðlagið. Ég held að við þurfum að horfa á þessi mál í víðu samhengi. Þó að við ræðum hér ágætt mál sem mun lækka stýrivexti um heil 1,5% um áramótin þá stuðlar ríkisstjórnin um leið að hækkandi verðbólgu og sýnir enga tilburði til þess að lækka stýrivexti hjá Seðlabanka Íslands. Við hljótum að kalla eftir því að ríkisstjórnin taki sér tak og komi með einhverjar raunverulegar aðgerðir til að bæta þá erfiðu stöðu sem uppi er.

Atvinnuleysi eykst hröðum skrefum kannski m.a. vegna þess að starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja í dag, með himinháa vexti, er með þeim hætti að þar þarf að draga saman og fólk missir atvinnuna. Heimilin missa framfærslutekjur og heimilin eru þá væntanlega í síauknum mæli að auka við yfirdráttarlán sín. Við erum að tala um lánakjör upp á 25% frá og með næstu áramótum. Hvernig eiga íslensk heimili að geta staðið undir þessu þegar tekjurnar lækka og vextirnir eru með þessum hætti?

Í umsögn efnahags- og skattanefndar um fjárlagafrumvarpið hvað varðar tekjuhlið þess kom fram á fundi í gær að tekjuskerðing almennings á næsta ári, íslenskra heimila, verði 14–15%. Reyndar telja margir sérfræðingar að ríkisstjórnin sé fullbjartsýn hvað þetta snertir. Þegar ég sé hér hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur minnist ég þess að hæstv. félagsmálaráðherra sagði í gær að ríkisstjórnin mætti þó eiga það að staðinn yrði vörður um húsaleigubætur og vaxtabætur til hagsbóta fyrir fjölskyldurnar í landinu, þá vek ég athygli á því að samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eiga þær að hækka um 5% á næsta ári. En hver á verðlagsþróunin að vera þá? 15%. Það er verið að skerða vaxta- og húsaleigubætur fjölskyldna um 10%. Það er nú afrek ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki ofan á aðra lífskjaraskerðingu sem blasir við. Og ríkisstjórnin auglýsir á heilsíðum aðgerðaáætlun til bjargar heimilunum. Ég held að þessi ríkisstjórn hafi ekki heildarmynd af því hvað er að gerast í samfélaginu. Ég held að hún hlusti ekki á raddir fólksins. Ég held til að mynda að ríkisstjórnin hlusti ekki á samtök aldraða og öryrkja en samkvæmt bandorminum sem við ræddum í gær er verið að skerða kjör aldraða og öryrkja um 3,9 milljarða kr. Er það sá hópur í samfélaginu sem má við því að kjör þeirra skerðist með þeim hætti? Ég segi nei.

Hæstv. forseti. Þó að ég styðji það frumvarp sem við ræðum hér get ég með engu móti stutt það hvernig ríkisstjórnin hefur hagað störfum sínum undanfarna rúma tvo mánuði. Hugsa sér að þjóð sem var talin fimmta ríkasta þjóð í veröldinni fyrir einungis tveimur og hálfum mánuði skuli nú vera orðin ein skuldugasta þjóð veraldar.

Við horfum til þess að heimilin og fyrirtækin eiga að búa við um 20% verðbólgu næstu 12 mánuðina, 15–20% verðbólgu, og 18% stýrivexti, eina hæstu vexti í heimi, á sama tíma og vaxtabætur og barnabætur og tekjur heimilanna skerðast verulega. Hvernig á þetta dæmi að ganga upp, hæstv. forseti?

Það er verulega mikið áhyggjuefni hvernig ríkisstjórnarflokkarnir hafa haldið utan um fjárlagagerðina núna. Ég held að fara þurfi ansi mörg ár aftur í tímann til að verða vitni að öðru eins verklagi og við höfum mátt horfa upp á nú. Frumvarp til fjárlaga er lagt fram til 1. umr. og þá á Alþingi Íslendinga að taka við keflinu og fara yfir frumvarpið á sínum vegum, koma með tillögur til 2. umr. sem ræddar eru mjög ítarlega og eftir atvikum aftur með tillögur til 3. umr. og lokaafgreiðslu. Nú var þetta þannig að fjárlagafrumvarp var að venju lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar. Síðan gerðust þeir svakalegu atburðir að fjármálakerfið hrundi. Þá gerði ríkisstjórnin sér lítið fyrir og tók við fjárlagafrumvarpinu aftur, væntanlega til að afgreiða það til 2. umr., og sendi síðan tillögurnar til fjárlaganefndar sem meiri hlutinn afgreiddi til 2. umr. án þess að Alþingi hefði nokkra aðkomu að ákvarðanatöku er varða fjárlög íslenska ríkisins. Það er svo gjörsamlega valtað yfir Alþingi Íslendinga af hálfu framkvæmdarvaldsins að það tekur ekki nokkru tali. Það er verulega sorglegt að horfa upp á þessa atburðarás.

Hæstv. forseti. Við hljótum að velta fyrir okkur stöðu Alþingis í þessu og hvort ekki hefði verið betra í aðdraganda bankahrunsins og fyrstu vikunum þar á eftir að Alþingi hefði haft einhverja aðkomu að ákvarðanatöku. Staðreyndin er sú að framkvæmdarvaldið kemur með tilbúin frumvörp inn á Alþingi og lítur á Alþingi Íslendinga sem formlega afgreiðslustofnun. Hér hafa öll frumvörp ríkisstjórnarinnar runnið í gegn og oftar en ekki í skjóli myrkurs. Við þetta er náttúrlega ekki hægt að búa, hæstv. forseti.

Lítum til Bandaríkjanna, sem er ekki beint fyrirmyndarlandið sem ég lít til, en ef við horfum til þess hruns sem þar varð þá þurfti ríkisstjórn þeirra að koma á hnjánum til bandarískra þingsins til að fá heimildir fyrir því að fara í róttækar efnahagsaðgerðir. Það tók marga daga og meira að segja hafnaði þingið að lokum í fyrri umferð þeim tillögum sem ríkisstjórnin lagði á borðið.

Ég held að mörg ríki standi betur en við Íslendingar og ég held að óhætt sé að fullyrða líka, hæstv. forseti, að margar þjóðir hafi staðið sig betur hvað varðar ákvarðanatöku í öllu því hruni sem við horfum nú upp á. Mér finnst nauðsynlegt að ræða um þetta í ljósi þess að við erum að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu. Og hvað er það sem er að ríða íslenskum heimilum og atvinnulífi að fullu? Það er verðtryggingin, há verðbólga og vextir.

Hæstv. forseti. Ég hefði kosið að hæstv. ríkisstjórn legði fram metnaðarfyllri áform en þau að lækka stýrivexti um áramótin úr 26,5% niður í 25%. Mér finnst það einfaldlega blasa við okkur öllum að íslensk heimili og fyrirtæki muni ekki standa undir þessum gríðarlegu byrðum, því miður. Fólk er að missa atvinnu í stórum stíl, ég held að við höfum einungis séð toppinn á ísjakanum í þeim efnum, atvinnulífinu blæðir í þessu ástandi, en því miður boðar ríkisstjórnin nær engar lausnir. Þvert á móti, það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera í fjárlagaumræðunni er að hækka gjaldskrár og álögur á fyrirtæki og almenning og þar er ekki á bætandi eins og staða atvinnulífsins og heimilanna er.

Staðreyndin er því miður sú að við búum við ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem hefur tekist mjög óhönduglega að takast á við einn mesta efnahagsvanda sem heimilin og fyrirtækin í landinu hafa staðið frammi fyrir og það er mikil synd að búa við slíka ríkisstjórn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, 2. umr.

Stjfrv., 234. mál (heildarlög). — Þskj. 322, nál. 371, brtt. 372.

[17:10]

Frsm. fél.- og trn. (Guðbjartur Hannesson) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég tala hér fyrir nefndaráliti félags- og tryggingamálanefndar um frumvarp til laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund fulltrúa frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sjónstöð Íslands, Blindrafélaginu, Daufblindrafélagi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands og Persónuvernd. Að auki bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Blindrafélaginu, Öryrkjabandalagi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Daufblindrafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Blindrabókasafni Íslands.

Í frumvarpinu er kveðið á um stofnun sérstakrar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda. Til þessa hafa þau verkefni sem heyra skulu undir miðstöðina samkvæmt frumvarpinu verið á forsvari þriggja ráðuneyta, þ.e. heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis. Lagt er til að þessi nýja stofnun heyri einungis undir síðastnefnda ráðuneytið, þ.e. félags- og tryggingamálaráðuneytið. Hlutverk stofnunarinnar verður að veita blindum, sjónskertum og daufblindum einstaklingum þjónustu á sviði ráðgjafar, hæfingar og endurhæfingar með það að markmiði að auka möguleika þeirra til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra. Þá skal stofnunin einnig gegna samhæfingarhlutverki og vera þekkingarmiðstöð sem aflar og miðlar þekkingu og leitast við að auka skilning á aðstæðum blindra, sjónskertra og daufblindra.

Stofnunin yfirtekur m.a. starfsemi Sjónstöðvar Íslands, Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, en auk þess mun hluti af starfsemi Blindrabókasafns Íslands heyra undir hina nýju stofnun. Starfsmönnum þar verða boðin áframhaldandi störf.

Nefndin fagnar framkomnu frumvarpi og telur það mjög til bóta fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda. Þá telur nefndin jákvætt að daufblinda sé nú í fyrsta sinn skilgreind sem sérstök fötlun en ekki samþætting tveggja fatlana eins og verið hefur. Frumvarpið hefur verið unnið í góðri samstöðu og samstarfi við hlutaðeigandi aðila og varð nefndin vör við mikla ánægju með þau vinnubrögð, m.a. hjá Blindrafélaginu og Daufblindrafélaginu, sem höfð voru með í ráðum frá upphafi. Telur nefndin mikilvægt þegar unnið er að lagasetningu sem móta á þjónustu við fatlaða að sem flestir séu fengnir að borðinu og unnið sé í samstarfi við hagsmunasamtök og þá aðila sem málið varðar. Þannig er hægt að sætta sjónarmið ef með þarf og nýta þá reynslu og þekkingu sem skapast hefur ásamt því sem tryggt er að þjónustan taki mið af þeim sérþörfum sem fatlaðir kunna að hafa.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að forstjóri hinnar nýju stofnunar skuli hafa lokið háskólaprófi og hafa menntun og reynslu sem nýtist í starfi stofnunarinnar. Nefndin telur ekki ástæðu til að gerð sé skilyrðislaus krafa um háskólapróf, enda geti þekking, reynsla og starf að málefnum blindra, sjónskertra og daufblindra nýst allt eins vel. Leggur nefndin því til breytingar þess efnis.

Þeim sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni að auka mætti aðkomu menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis að rekstri stofnunarinnar. Telur nefndin eðlilegt að verkefnið sé vistað hjá einu ráðuneyti en bendir jafnframt á að stofnuninni sé ætlað viðamikið hlutverk sem fer inn á málefnasvið fleiri ráðuneyta. Með því að ráðuneytin tilnefni fulltrúa í samráðsnefnd stofnunarinnar telur nefndin þó tryggt að faglega verði farið með þau málefni sem kunna að skarast.

Þá telur nefndin rétt að samráðsnefndin verði ráðherra einnig til ráðgjafar um gjaldtöku skv. 9. gr. Greinin kveður á um að stofnuninni sé heimilt að taka gjald fyrir þá þjónustu sem hún veitir skv. 4. gr. Þar er um að ræða viðamikil og fjölbreytt verkefni og leggur nefndin áherslu á að hófs sé gætt við ákvörðun gjalda. Nefndin áréttar jafnframt þann skilning sinn að ekki sé ætlunin að taka gjald fyrir þjónustu sem hingað til hefur verið gjaldfrjáls.

Komið var á framfæri við nefndina athugasemdum þess efnis að blindir, sjónskertir og daufblindir einstaklingar af landsbyggðinni ættu erfiðara um vik að nálgast þá þjónustu sem stofnunin veitir. Þá sé fötlun vegna blindu, sjónskerðingar og daufblindu fátíð og því erfitt að byggja upp þjónustu fyrir þennan hóp í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Með 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins er stofnuninni veitt heimild til að gera þjónustusamninga við sveitarfélög og telur nefndin það mjög til bóta. Nefndin telur mikilvægt að reynt verði að

jafna kostnað eftir föngum og jafnréttissjónarmiða verði gætt og enn fremur að allir eigi greiðan aðgang að þjónustu stofnunarinnar.

Meðal þeirra verkefna sem stofnuninni eru falin með c-lið 1. tölul. 2. mgr. 4. gr. er að meta þörf og úthluta sérhæfðum hjálpartækjum. Það atriði er endurtekið í 8. tölul. og leggur nefndin til að sá liður falli brott og telur að um tvítekningu sé að ræða. Til þess að laga textann er þetta fellt út og 8. tölul. steypt inn í c-lið 1. tölul. 2. mgr. 4. gr.

Hvað varðar þá skyldu stofnunarinnar að halda skrá yfir blinda, sjónskerta og daufblinda áréttar nefndin þann skilning sinn að tilgangur skráningar sé að bæta þjónustu við hópinn, meta þörf fyrir þjónustu og halda til haga upplýsingum um þá þjónustu sem er veitt. Í gildandi lögum er til staðar sambærilegt ákvæði og því ekki um að ræða eðlisbreytingu á skráningu.

Í nefndinni kom til umræðu að koma á formlegri tilkynningarskyldu stofnunarinnar vegna einstaklinga sem eiga bágt með eða eru ófærir um að stjórna ökutækjum vegna sjónskerðingar. Nefndin leggur þó ekki til breytingar þess efnis enda eðlilegra að kveða á um slíkt í umferðarlögum.

Frumvarpið miðar að því að gera þjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda heildstæðari þannig að hún sé sem mest aðgengileg á einum stað og að þar sé jafnframt tryggð sem best yfirsýn yfir aðstæður hópsins. Hér er um að ræða réttindamál, frumvarpið var unnið í samráði við hlutaðeigandi aðila og breið samstaða og sátt er um það. Telur nefndin því eðlilegt að hraða afgreiðslu þess eins og hægt er.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson, Jón Gunnarsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið skrifa Guðbjartur Hannesson, formaður félags- og tryggingamálanefndar, Ármann Kr. Ólafsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Helga Sigrún Harðardóttir, Kjartan Ólafsson og Árni Johnsen.

Ekki þarf að taka fram að mjög mikil samstaða var um málið, þetta er mjög gott mál. Þarna er þjónusta samþætt og er það gott dæmi um að við reynum að leiða verkefni sem heyra undir mörg ráðuneyti undir eina stofnun til að bæta þjónustuna, gera hana heildstæðari og aðgengilegri fyrir þá sem hennar þurfa að njóta.

Ástæða er til þess að undirstrika það sem kemur fram í umsögninni að gæta ber hófs varðandi gjaldtökur fyrir þá þjónustu sem þessi nýja þjónustustofnun veitir og undirstrika mikilvægi þess að jafna aðstöðu landsbyggðar og þéttbýlis varðandi þjónustu. Markmiðið á auðvitað að vera eftir föngum að menn geti notið þjónustu í sinni heimabyggð.

Upp kom umræða varðandi skráningar og hvort við værum að brjóta í bága við ákvæði sem Persónuvernd mundi gera athugasemdir við. Við fengum umsögn frá Persónuvernd og eins og kemur fram í nefndarálitinu taldi hún að þarna væri unnið í samræmi við lögin enda væri fyrst og fremst verið að halda utan um upplýsingar varðandi þjónustu við viðkomandi einstaklinga en ekki verið að veita aðgang að skrám til annarra nota.

Ég sagði einhvern tíma í nefndinni að þetta væri eitt af þeim málum sem er virkilega gaman að verði afgreidd og gaman væri að ná því fyrir jól. Það verður þá jólagjöfin til blindra, sjónskertra og daufblindra og ánægjuleg nýjung í þjónustu við þá.

[17:19]

Útbýting:

Samfélagsáhrif virkjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi, 252. mál, fsp. ÞBack, þskj. 383.

Sjálfkrafa skráning barna í trúfélag, 250. mál, fsp. KJak, þskj. 381.

Verð á áfengi, 251. mál, fsp. KHG, þskj. 382.

[17:19]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Þegar þetta mál var lagt fram við 1. umr. tók ég til máls og hvatti til þess að hér yrði unnið áfram og nefndi þá að þetta væri í raun og veru mál sem væri til fyrirmyndar hvernig að væri staðið. Þarna var unnið að og bætt úr brýnni þörf með samþættingarþjónustu fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Það var verið að samþætta verkefni sem lágu hjá þremur ráðuneytum og einu ráðuneytinu falið að hafa umsjón með þessum þætti án þess þó að menntamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti, sem eru þá hin tvö ráðuneytin, væru gerð ábyrgðarlaus í því sambandi. Félagsmálaráðuneytinu er falin þessi umsjón og hin tvö ráðuneytin eiga fulltrúa í samráðsstjórn þessarar stofnunar, gegna samhæfingarhlutverki áfram og eiga að vera tengiliðir með sérþekkingu sína inn í þessa nýju stofnun.

Þarna er einnig til fyrirmyndar hvernig unnið er að því að hafa þá aðila sem hlut eiga að máli með í því að móta stefnuna og frumvarpið um þjónustuna. Ég hvet til þess að áfram verði unnið með þessum hætti, að undirbúningsvinna að slíkum stofnunum verði ekki eingöngu í höndum viðkomandi ráðuneyta, þvert á móti verði unnið með þeim sem málið varðar, að það sé ekkert unnið — eins og öryrkjar og fatlaðir segja: ekkert um okkur án okkar — án þess að sjúklingar og fatlaðir séu með í ráðum.

Því tel ég ánægjulegt að við getum staðið að því að gera þetta að lögum núna fyrir jól. Ætli þetta sé þá ekki eina frumvarpið sem við getum sagt að við stöndum að með stolti. Við erum hér að vinna í hverju málinu á fætur öðru þar sem er niðurskurður, skerðingar á bótum, skerðingar á samningum og í raun og veru erfið mál fyrir alla sem bitna ekki síst á sjúklingum og öryrkjum.

Ég vil nefna hérna einn þátt, þann sem varðar gjaldið. Það er sérstaklega tekið fram í nefndarálitinu að ekki sé ætlunin að taka gjald fyrir þjónustu sem hingað til hefur verið gjaldfrjáls. Ég varpa því inn í nefndina aftur eða til þeirra sem standa að þessu hvort það hafi verið skoðað hvort með einhverjum ráðum væri hægt að festa þetta ákvæði, að sú þjónusta sem hefur verið gjaldfrjáls verði gjaldfrjáls. Við höfum talið okkur örugg með þjónustu á sjúkrahúsunum en nú á að fara að taka það af, það á að fara að leggja á gjald fyrir innlagnir á sjúkrahús þannig að mér sýnist ekkert heilagt hjá núverandi hæstv. ríkisstjórn með

það að leggja gjald á sjúklinga og öryrkja og þjónustu sem þeim er veitt. Ég treysti því ekki alveg að þetta haldi og tel að ef hæstv. ríkisstjórn væri í mun að halda þessari þjónustu gjaldfrjálsri áfram hefði með einhverjum hætti átt að festa það frekar.

Í öllu því svartnætti sem við erum í núna og þeim skerðingarákvæðum sem verið er að setja á landsmenn, öryrkja og sjúklinga tel ég að þetta sé ljósið í myrkrinu í störfum okkar í dag.

[17:24]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Fyrst vegna síðustu orða fyrri ræðumanns, það er gott til þess að vita að málefni blindra og sjónskertra séu stjórnarandstöðunni ljós í skammdeginu.

Ég fór yfir þetta mál við 1. umr. og ætla aðeins að bæta við örfáum orðum. Ég fagna því að við getum tekið þetta mikilvæga framfaraskref í velferðarþjónustunni þrátt fyrir þær aðstæður sem við búum almennt við enda á því brýn þörf. Hún er einkum sprottin af tvennu, annars vegar af því að grunnskólarnir voru fluttir til sveitarfélaganna en hópar eins og blindir og sjónskertir, sem eru auðvitað fremur fámennir, hafa þörf fyrir sérstakan stuðning, sérmenntað fólk, sérstaka aðstoð sem óhjákvæmilegt er að þarf að veita frá einum stað á Íslandi en hvert og eitt sveitarfélag getur ekki komið sér upp. Það hefur þess vegna verið mikill og alvarlegur skortur á stuðningi við blind og sjónskert skólabörn í námi og það er nokkuð sem við sem samfélag viljum ekki búa við og tökum á hvernig svo sem árar. Hins vegar er endurhæfingarþátturinn, þó að gott starf hafi út af fyrir sig verið unnið þurfum við að efla mjög endurhæfingu blindra og sjónskertra, ekki síður en ýmissa annarra hópa, enda hefur komið á daginn að það vantar allt of mikið upp á það hjá okkur, þegar við berum okkur saman við nágrannaþjóðir okkar, að við þjálfum fólk upp og tökumst á við það þegar fólk veikist eða verður fyrir fötlun eða er fætt með hana. Það vantar upp á að við sköpum því skilyrði til að það geti orðið virkt á vinnumarkaði, virkt í samfélaginu og verið sjálfbjarga. Við höfum ekki gert nándar nærri því nóg af því að hjálpa fólki til sjálfshjálpar og stundum lagt of mikla áherslu á neyðaraðstoð fremur en skynsamlega fjárfestingu í einstaklingunum sjálfum, uppbyggingu þeirra og eflingu þannig að þeir séu sjálfir færir um að sigrast á fötlun sinni eða veikindum og taka virkan þátt í hinu daglega lífi.

Ég held að það mál sem hér liggur fyrir um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda sé þess vegna til fyrirmyndar um það sem gera má. Það er ástæða til að þakka hæstv. menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, hæstv. heilbrigðisráðherra Guðlaugi Þór Þórðarsyni og þá ekki síst hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur sem hefur haft veg og vanda af vinnslu þessa frumvarps. Sú skjóta og góða afgreiðsla sem málið hefur fengið í hv. félags- og tryggingamálanefnd sýnir ákaflega vel af hversu mikilli skynsemi staðið var að undirbúningnum og í góðu samráði við alla málsaðila, umfjöllun í nefnd tók óverulegan tíma og allir sem þar komu að málinu voru ákaflega sáttir við ekki bara öll meginatriði máls heldur nánast öll efnisatriði málsins. Það er ástæða til að þakka fyrir hið góða samráð sem hefur m.a. verið haft við fulltrúa notendanna, Blindrafélagið og Daufblindrafélagið. Þó að það sé sjálfsagt að við sem fötluð erum eða öryrkjar eigum að koma að ákvörðunum um okkar eigin málefni hefur það stundum farist fyrir hér í þinginu og þess vegna er vert að minnast líka á það þegar vel er munað eftir því.

Ég legg að lokum bara áherslu á það að sú aðferð að samþætta þjónustu við fötlunarhóp hjá mörgum ráðuneytum á einum stað, fyrir allt landið og fyrir leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla, heilbrigðisþjónustu, foreldra o.s.frv. til að leita til á einn stað um þekkingu, stuðning og þjálfun held ég að sé til fyrirmyndar fyrir aðra hópa og að full ástæða sé t.d. til þess að skoða þær aðstæður sem heyrnarskertum og heyrnarlausum börnum eru búnar í hinu almenna skólakerfi og hvaða stuðning þeir nemendur fá. Ég held að eitt og annað bendi til að þar sé um að ræða vanræktan hóp, þau börn, eins og blindu og sjónskertu börnin voru lengi í grunnskólunum hjá okkur, og að full ástæða væri til að beita sömu aðferðafræði við að bæta og efla þjónustu við þann hóp.

[17:30]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu mál sem er fyrsta málið á fimm vikna ferli mínum í þinginu sem ég er virkilega stolt af að hafa tekið þátt í umræðu um og fengið að afgreiða héðan.

Hér hafa þrír hæstv. ráðherrar ásamt fagaðilum frá þeim hagsmunaaðilum sem hér um ræðir lagst á sömu sveif og unnið saman að því að samþætta þjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda þannig að henni er nú allri komið fyrir á einum stað. Markmiðið er að þetta ágæta fólk verði fullir þátttakendur og sjálfbjarga í samfélaginu, eins og hv. þm. Helgi Hjörvar nefndi hér áðan.

Ég hef verið svo heppin að hafa kynnst og stundað nám um tíma með mjög sjónskertum einstaklingi, sem virkilega lagði sig fram um að gera allt sem í hennar valdi stóð í tiltölulega erfiðu námi. Hún þurfti að leggja mjög mikið á sig, þannig að ég fagna því mjög að verið sé að auðvelda fólki með þessa fötlun að verða fullgildir þátttakendur í öllu því sem samfélag okkar býður upp á.

Eitt af því sem kom fram í umfjöllun nefndarinnar og ég held að sé ástæða til að nefna sérstaklega er mikilvægi þess að þjónustan verði aðgengileg alls staðar á landinu, að sveitarfélögin geti gert þjónustusamninga við þessa þjónustu- og þekkingarmiðstöð og fólk verði ekki dregið í dilka eftir póstnúmerum, ég tel það mjög mikilvægt.

Ég vil segja að lokum að — vegna þess hvernig þetta mál er til komið og vegna undirbúningshópsins, sem stóð að því að búa þessa þjónustu- og þekkingarmiðstöð til og gera lögin að veruleika — það var sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu mikil ánægja var í nefndinni með vinnubrögðin og ég tel að ríkisstjórnin öll og jafnvel virðulegt Alþingi líka mættu taka sér þessi vinnubrögð til fyrirmyndar og held að þá væri nú heldur skemmtilegra að lifa hér en raun ber vitni dag frá degi. En ég ætla ekki að vera neikvæð í umræðu minni um þetta mál en fagna framkomu þess.

[17:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég ætla reyndar ekki að segja margt, ég get tekið undir hvert einasta orð sem fram hefur komið í umræðunni og fagna því að málið er í höfn og óska blindum, sjónskertum og daufblindum og aðstandendum þeirra til hamingju með að þessi þjónustu- og þekkingarmiðstöð er að verða að veruleika. Allt of lengi hefur þjónustan við þennan hóp verið á mörgum stöðum og ekki samþætt, ekki öll á einum stað og það hefur bitnað á þjónustunni.

Hér var vel að verki staðið, undirbúningurinn að þingmálinu til fyrirmyndar, margir komu þar að, þrír ráðherrar og hagsmunaaðilar. Ég átti þess kost — eins og kemur fram, ég skrifa undir nefndarálitið — að fylgjast með umræðunni um málið í hv. félags- og tryggingamálanefnd og það var allt hið ánægjulegasta. Ég vildi láta það koma fram hér og taka undir ánægju annarra sem hér hafa talað vegna málsins, sem er sérstaklega gleðilegt núna í aðdraganda jólanna. Ég gerði þetta að sérstöku umræðuefni í útvarpsþætti sem ég kom í nú í vikunni, þannig að ég þarf ekki að hafa frekari orð um þetta en óska öllum hlutaðeigandi til hamingju með þennan áfanga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 28. mál (álagningarstofn eftirlitsgjalds). — Þskj. 376.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:36]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, HSH, HHj, JóhS, JónG, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KLM, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁJ, BjörgvS, BjörkG, GMJ, GAK, GÞÞ, GSv, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JBjarn, JM, KolH, KHG, KÞJ, LB, MS, RGuðb, SJS, VS, ÞKG) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 388).

Niðurfelling laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs, frh. 3. umr.

Stjfrv., 169. mál. — Þskj. 204.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:37]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, HSH, HHj, JóhS, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KLM, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BjörgvS, BjörkG, GAK, GÞÞ, GSv, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JBjarn, KJak, KolH, KHG, KÞJ, LB, MS, RGuðb, SJS, VS, ÞKG) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 389).

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 179. mál (framlenging aðlögunartíma). — Þskj. 377.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:37]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, HSH, HHj, JóhS, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KLM, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (ÁI, ÁÞS, KJak) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BjörgvS, BjörkG, GAK, GÞÞ, GSv, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JBjarn, KolH, KHG, KÞJ, LB, MS, RGuðb, SJS, VS, ÞKG) fjarstaddur.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 390).

Almannatryggingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 235. mál (frítekjumark öryrkja). — Þskj. 326.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:38]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, HSH, HHj, JóhS, JónG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KLM, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BjörgvS, GAK, GÞÞ, GSv, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JBjarn, KolH, KHG, KÞJ, LB, MS, RGuðb, ÞKG) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 391).

Meðferð sakamála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 217. mál (frestun á stofnun embættis héraðssaksóknara). — Þskj. 294, nál. 367.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:38]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ,

BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, HSH, HHj, JóhS, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KLM, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, BjörgvS, GAK, GÞÞ, GSv, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, KolH, KHG, KÞJ, LB, MS, RGuðb, ÞKG) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, HSH, HHj, JóhS, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KLM, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, BjörgvS, GAK, GÞÞ, GSv, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, KolH, KHG, KÞJ, LB, MS, RGuðb, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Verslun með áfengi og tóbak, frh. 2. umr.

Stjfrv., 209. mál (álagning ÁTVR). — Þskj. 282, nál. 369.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:39]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, HSH, HHj, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KLM, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GMJ, JBjarn, JM) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AtlG, ÁJ, ÁÞS, BjörgvS, GAK, GÞÞ, GSv, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, KJak, KolH, KHG, KÞJ, LB, MS, RGuðb, SJS, VS, ÞKG) fjarstaddur.

2.–4. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, HSH, HHj, HerdÞ, JóhS, JónG, KJak, KaJúl, KÓ, KLM, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GMJ, JBjarn, JM) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, BjörgvS, GAK, GÞÞ, GSv, HöskÞ, IllG, ISG, KVM, KolH, KHG, KÞJ, LB, MS, RGuðb, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Ársreikningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 212. mál (heimild til færslu bókhalds í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 285, nál. 368.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:40]

Brtt. í nál. 368 samþ. með 48 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 220. mál (brottfall ákvæðis um hlutdeild Icepros í gjaldi). — Þskj. 298, nál. 370.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:41]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÖS.

6 þm. (AtlG, ÁI, JBjarn, KJak, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, BjörgvS, GAK, GÞÞ, HöskÞ, ISG, KolH, KHG, MS, RGuðb, ÞKG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, BjörgvS, GAK, GÞÞ, HöskÞ, ISG, KolH, KHG, MS, RGuðb, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 211. mál (gjaldaaðlögun og uppgjörstímabil). — Þskj. 284, nál. 373.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:42]

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 226. mál (niðurfelling skilmálabreytingagjalds fasteignaveðlána o.fl.). — Þskj. 305, nál. 375.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:43]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Vextir og verðtrygging, frh. 2. umr.

Stjfrv., 237. mál (lækkun dráttarvaxta). — Þskj. 332, nál. 374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:43]
Brtt. í nál. 374,1 samþ. með 54 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 374,2 (ný 2. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 234. mál (heildarlög). — Þskj. 322, nál. 371, brtt. 372.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:45]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 372,1 samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 372,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
5.–12. gr. og ákv. til brb. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 17:46.

---

62. FUNDUR

fimmtudaginn 18. desember,
kl. 6.20 síðdegis.

Dagskrá:

1. Meðferð sakamála, stjfrv., 217. mál, þskj. 294. — 3. umr. *Ef leyft verður*.
2. Verslun með áfengi og tóbak, stjfrv., 209. mál, þskj. 282. — 3. umr. *Ef leyft verður*.
3. Ársreikningar, stjfrv., 212. mál, þskj. 392. — 3. umr. *Ef leyft verður*.
4. Tryggingagjald, stjfrv., 220. mál, þskj. 298. — 3. umr. *Ef leyft verður*.
5. Virðisaukaskattur, stjfrv., 211. mál, þskj. 284. — 3. umr. *Ef leyft verður*.
6. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 226. mál, þskj. 305. — 3. umr. *Ef leyft verður*.
7. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 237. mál, þskj. 393. — 3. umr. *Ef leyft verður*.
8. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, stjfrv., 234. mál, þskj. 394. — 3. umr. *Ef leyft verður*.
9. Kjararáð, stjfrv., 210. mál, þskj. 283, nál. 380. — 2. umr. *Ef leyft verður*.
10. Dýravernd, stjfrv., 186. mál, þskj. 229, nál. 378. — 2. umr. *Ef leyft verður*.
11. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 249. mál, þskj. 379. — 1. umr. *Ef leyft verður*.
12. Fjárhagsleg fyrirgreiðsla úr ríkissjóði til málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum, frv., 248. mál, þskj. 365. — 1. umr.
13. Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, stjfrv., 246. mál, þskj. 363. — 1. umr. *Ef leyft verður*.

[18:25]

Útbýting:

Fjáraukalög 2008, 239. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 384; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 385.

Kolvetnisstarfsemi, 152. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 386; brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 387.

Afbrigði um dagskrármál.

[18:26]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Í þessari nýju dagskrá er að finna tvö ný mál sem koma hér til 1. umr. í dag, annars vegar mál er varðar málshöfðun gegn Bretum og hins vegar svokallað eftirlaunamál. Ég fagna því að þau séu hér fram komin.

Ég vil hins vegar spyrja hvort ekki sé að vænta á dagskrá þingsins frumvarps til breytinga á lögum um neyðarlögin, um kyrrsetningu eigna auðmanna, sem ég tel að sé ekki síður mikilvægt en þau tvö nýju mál sem hér eru tekin á dagskrá með afbrigðum í dag.

[18:27]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti er þessar stundirnar, sem líða mjög hratt, að fara yfir öll þau mörgu mál sem eru hér til meðferðar í þinginu. Sum hafa ekki komið til 1. umr., önnur eru til vinnslu í nefndum og forseti mun í samráði við formenn þingflokka fara yfir þau mál öll og leita leiða til að þingið geti fengið þau til meðferðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:28]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og/eða útbýtingu þskj. 1.–11. og 13. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 50 shlj. atkv.

Meðferð sakamála, 3. umr.

Stjfrv., 217. mál (frestun á stofnun embættis héraðssaksóknara). — Þskj. 294.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:28]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG.

9 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, BjörgvS, GMJ, GAK, GÞÞ, GSv, HöskÞ, ISG, JM, KHG, KLM, MS, RGuðb, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 395).

Verslun með áfengi og tóbak, 3. umr.

Stjfrv., 209. mál (álagning ÁTVR). — Þskj. 282.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:29]

Frv. samþ. með 47:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: GMJ.

3 þm. (ÁÞS, JBjarn, KJak) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BjörgvS, GAK, GSv, HöskÞ, ISG, JM, KLM, MS, RGuðb, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 396).

Ársreikningar, 3. umr.

Stjfrv., 212. mál (heimild til færslu bókhalds í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 392.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:30]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁJ, BjörgvS, GAK, GSv, HöskÞ, ISG, JM, KLM, MS, RGuðb, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 397).

Tryggingagjald, 3. umr.

Stjfrv., 220. mál (brottfall ákvæðis um hlutdeild Icepros í gjaldi). — Þskj. 298.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:30]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS*, SVÓ, StB, VS, ÞKG.

8 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BjörgvS, GAK, GSv, HöskÞ, ISG, JM, KLM, MS, RGuðb, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 398).

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 211. mál (gjaldaaðlögun og uppgjörstímabil). — Þskj. 284.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:31]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, LB, ÓN, PHB,

RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁJ, BjörgvS, GAK, GSv, HöskÞ, ISG, JM, KLM, MS, RGuðb, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 399).

Aukatekjur ríkissjóðs, 3. umr.

Stjfrv., 226. mál (niðurfelling skilmálabreytingagjalds fasteignaveðlána o.fl.). — Þskj. 305.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:31]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (GMJ) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, BjörgvS, GAK, GSv, HöskÞ, ISG, JM, KLM, MS, RGuðb, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 400).

Vextir og verðtrygging, 3. umr.

Stjfrv., 237. mál (lækkun dráttarvaxta). — Þskj. 393.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:32]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁJ, BjörgvS, GAK, GSv, HöskÞ, ISG, JM, KLM, MS, RGuðb, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 401).

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, 3. umr.

Stjfrv., 234. mál (heildarlög). — Þskj. 394.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:32]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HSH, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁJ, BjörgvS, GAK, GSv, HöskÞ, ISG, JM, KLM, MS, RGuðb, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 402).

Kjararáð, 2. umr.

Stjfrv., 210. mál (launalækkun alþingismanna og ráðherra). — Þskj. 283, nál. 380.

[18:34]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og skattanefnd á þskj. 380 um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð.

Í þingskjalinu kemur fram hvaða gestir komu á fund nefndarinnar og hvaða umsagnir nefndin fékk.

Í frumvarpinu er lagt til að kjararáð úrskurði fyrir lok ársins að laun alþingismanna og ráðherra lækki tímabundið um 5–15%. Einnig er lagt til að kjör annarra sem heyri undir ráðið verði endurskoðuð í kjölfarið og til samræmis. Lögð er sérstök áhersla á að þeir sem hæstu launin hafa lækki hlutfallslega mest.

Aðilar almenna vinnumarkaðarins styðja frumvarpið og telja eðlilegt að laun þeirra sem frumvarpið varðar taki mið af almennri þróun á vinnumarkaði. Þar hafi margir misst vinnu að undanförnu eða orðið að sæta launalækkun og/eða minnkun starfshlutfalls sem rekja megi til efnahagsástandsins.

Fram kom það sjónarmið á fundum nefndarinnar að skerðing á launum starfsmanna ríkisstofnana ætti í mörgum tilvikum ekki rétt á sér þar sem núverandi árferði hefði leitt til aukins vinnuálags. Dómarafélag Íslands taldi, öndvert við það sem haldið er fram í almennum athugasemdum, að héraðsdómur í máli E-1939/2006 gæfi ekki tilefni til að ætla að frumvarpið samrýmdist grunnreglum um sjálfstæði dómsvaldsins, sbr. 2. og 70. gr. stjórnarskrárinnar. Félag forstöðumanna ríkisstofnana taldi að 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrár reisti því skorður að löggjafinn breytti málsmeðferðarreglum um starfskjör embættismanna endurtekið og lagði til að frumvarpið yrði einskorðað við alþingismenn og ráðherra. Prestafélag Íslands taldi að frumvarpið væri til þess fallið að draga úr hlutleysi kjararáðs.

Nefndin ræddi hvort einskorða ætti frumvarpið við alþingismenn og ráðherra en eftir ítarlegar umræður telur hún að þannig verði tilgangi þess ekki náð með fullnægjandi hætti. Bendir hún á að mikil áföll hafa dunið yfir þjóðina og tekjustofnar ríkissjóðs hafa skroppið saman. Viðbúið er að ríkissjóður muni þurfa að standa undir miklum útgjöldum á næstunni vegna falls bankanna og jafnvel vegna innlánsreikninga íslenskra banka erlendis. Einnig er viðbúið að vaxtagreiðslur vaxi umtalsvert. Á sama tíma er gerð krafa um að ríkissjóður verði innan skamms tíma hallalaus. Því má mæta með skattahækkun eða með niðurskurði gjalda.

Skattahækkunum þarf að beita mjög varlega þar sem bæði einstaklingar og fyrirtæki standa mjög veikt eftir áföllin þó að eitthvað megi beita þeim. Niðurskurður gjalda markast af því að yfir 70% ríkisútgjalda eru launakostnaður og flestir aðrir liðir eru tengdir gengi erlendra mynta sem hefur stórhækkað og því erfitt að lækka þá liði. Því verður ekki séð hvernig hægt verður að komast hjá lækkun launakostnaðar hjá ríkinu. Slíkri lækkun má ná fram með eftirfarandi hætti: fækkun starfsmanna með uppsögnum eða ráðningastoppi, ráðningu starfsmanna í hlutastarf í stað fullrar stöðu, afnámi yfirvinnu og aukagreiðslna eða með beinni lækkun launa í kjarasamningum. Ekki er talið æskilegt að auka atvinnuleysi með fyrstu leiðinni og því verður að fara blöndu af síðari leiðunum þremur. Síðasta leiðin, bein launalækkun, þarf að hlífa þeim sem lægst hafa launin, t.d. þeim sem eru með tekjur undir 250.000 kr. á mánuði. Það er sú leið sem bent hefur verið á á hinum almenna markaði. Nefndin telur að frumvarpið sé einmitt leið að því marki og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndin leggur til að felldur verði burt fyrirvari um að kjararáð endurskoði kjör annarra sem undir ráðið heyra svo fljótt sem unnt er og verði það gert samtímis endurskoðun á kjörum alþingismanna og ráðherra. Jafnframt telur nefndin að fengnum ábendingum ekki þörf á að hafa sérstakan fyrirvara í frumvarpstextanum er lýtur að stjórnskipulegri sérstöðu dómstóla og leggur til að hann falli brott.

Kjararáð tók ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins en lagði áherslu á að tryggja yrði greiðari aðgang þess að upplýsingum um laun til að það gæti sinnt starfsskyldum sínum. Nefndin tekur undir það sjónarmið og leggur því til breytingu á 6. gr. laga um kjararáð um það efni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem kemur fram í þingskjalinu. Hv. þm. Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og styður álitið.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Ögmundur Jónasson, Bjarni Benediktsson, Birkir J. Jónsson, Lúðvík Bergvinsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Árni Þór Sigurðsson.

[18:39]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegur forseti. Ég lýsti skoðunum mínum á málinu við 1. umr. frumvarpsins þannig að þær liggja í megindráttum fyrir. Ég vil þó bæta við í þessari umræðu og segja, virðulegur forseti, að mér sýnist á öllu að nefndinni hafi verið falið það erfiða hlutverk að finna rökstuðning fyrir málinu, fyrir þessum afskiptum ríkisstjórnarinnar af kjörum alþingismanna sem ég gagnrýndi mjög harðlega við 1. umr. málsins, sérstaklega ummæli hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra sem mér finnst vera fyrir neðan allar hellur gagnvart þinginu sem slíku, þ.e. að tilkynna það að ríkisstjórnin hafi tekið ákvörðun um kaup og kjör alþingismanna og það verði svo fundin leið til þess að koma því fram fyrst kjararáð var ekki nógu þægt í taumi til að gera það sem því var sagt í blóra við lög.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að ég kann ekki við svona stjórnsýslu, ég kann ekki við þetta oflæti í ráðherrunum gagnvart þinginu burt séð frá málinu sem þeir bera fram. Mér finnst að ráðherrarnir báðir hafi gert sig seka um valdhroka. Sumir verða fljótt gegnsýrðir af honum sýnist mér á öllu ef þessi ummæli eru til marks um almennt viðhorf þessara tveggja ráðherra til þingsins sem ég vona að sé ekki. Ég vona að þetta hafi verið einstakt, afmarkað tilvik, að ráðherrarnir sjái að sér og hagi ekki orðum sínum og gjörðum gagnvart þinginu framvegis líkt og þeir gerðu í aðdraganda þessa frumvarps.

Ég lýsti því að ég teldi eðlilegast að hafa hlutina eins og þeir eru í lögunum um kjararáð. Kjararáði er falið að úrskurða kaup og kjör alþingismanna og fleiri stétta og þau eiga að taka mið af viðmiðunarstéttum sem kjararáð fylgist með þannig að breytingar á kjörum þeirra eiga að fylgja því sem gerst hefur áður og hjá öðrum stéttum. Við erum ekki að ryðja nýja braut í kaupi og kjörum heldur að sigla á eftir því sem aðrir hafa ákveðið. Ég tel það skynsamlega stefnu og að menn eigi að halda sig við hana í öllum megindráttum.

Hins vegar get ég alveg fallist á að taka þátt í því ef menn vilja breyta út af núna við sérstakar aðstæður eins og eru sannarlega uppi. Ef menn ætla að láta æðstu embættismenn ríkisins ganga á undan með góðu fordæmi get ég fallist á það. En að ganga á undan með góðu fordæmi þýðir að aðrir verða að ganga á eftir. Það er til lítils að ganga á undan með góðu fordæmi ef aðrir sem í hlut eiga ganga ekki á eftir. Það er hlutverk ráðherranna að sjá til þess að svo verði.

Helst hefði ég kosið að í frumvarpinu hefði verið ákveðin tiltekin lækkun launa þeirra sem kjararáð úrskurðar kaup og kjör um, sú lækkun gilti í afmarkaðan tíma og félli svo niður. Sá er tilgangur málsins. Mér sýnist að nefndinni hafi ekki tekist að fá fram breytingar á því sem er í frumvarpinu sem er miklu lakari leið, sérstaklega vegna þess að með henni er ekki gengið á undan með góðu fordæmi með tímabundinni lækkun, heldur með varanlegri lækkun. Varanleg lækkun verður niðurstaðan af þessu frumvarpi og það er eins gott að þingmenn geri sér grein fyrir því. Því aðeins verður lækkunin tímabundin að ráðherrunum mistakist það hlutverk sitt að láta aðra ganga á eftir hinu góða fordæmi sem gefið er. Þá hækka launin aftur vegna þess að viðmiðunarhóparnir eru þá nokkurn veginn á sínum stað og þegar lögin taka aftur gildi og kjararáð ber saman launin hjá alþingismönnum annars vegar og viðmiðunarhópum hins vegar munu þau hækka ef viðmiðunarhóparnir hafa ekki lækkað. Hafi þau hins vegar lækkað eins og sagt er að eigi að gerast verður lækkunin varanleg. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þingmenn geri sér grein fyrir því að hér er um varanlega lækkun að ræða og menn séu þá bara meðvitaðir um það.

Eitt fannst mér dálítið athyglisvert í nefndarálitinu, málið er rökstutt með því að færa þurfi niður kostnað. Ég hef minnst á svokallaða niðurfærsluleið í þingsölum fyrr á þessu hausti og rifjað upp tilraunir sem voru uppi í aðdraganda þjóðarsáttarinnar fyrir nærri 20 árum sem Einar Oddur Kristjánsson leiddi ásamt fleirum þegar reynt var að ná saman en tókst ekki á þeim tíma. Þá byggðist efnahagsaðgerðin á því að ná tökum á erfiðri stöðu þjóðarbúsins í mikilli verðbólgu á því að fá marga aðila samtímis til að lækka

sinn hlut, lækka laun, lækka vexti, lækka kostnað. Ef allir gerðu það sama, allir tækju þátt í aðgerðinni sýndist mönnum að von gæti verið til þess að ná verðbólgunni mjög hratt niður sem allir mundu hagnast á, ekki hvað síst launþegarnir. Rökstuðningurinn hér er í raun og veru niðurfærsluleið, það er sagt berum orðum að vegna þess að ríkissjóður er að missa svo og svo miklar tekjur verði að lækka kostnað og 70% af kostnaði ríkissjóðs séu laun. Þá vil ég segja við hæstv. ríkisstjórn: Gangið þá götuna á enda. Það eru þær aðstæður uppi — (Gripið fram í.) Fyrirgefðu? (**LB:** Láttu hana hafa það óþvegið.) Já, já, það er alveg óhætt að gera það þegar það á við, en ég leitast við, virðulegur forseti, að gera það bara þegar það á við. Það átti við áðan að mínu mati í upphafi ræðu minnar sem ég hygg að hv. þingmaður hafi misst af en ég er ekki viss um að hann sé ósammála mér um að það eigi við.

Ég ráðlegg þá ríkisstjórninni: Gangið þá þessa götu áfram og farið í niðurfærsluleiðina af alvöru. Það eru að mörgu leyti betri aðstæður til þess núna en voru fyrir 20 árum í ljósi þess að ríkið ræður þremur stærstu bönkum landsins. Hví skyldu menn ekki gera það? Hví skyldu menn ekki verða glaðir með að ganga til þess leiks að taka þátt í því að ná verðbólgunni niður fljótt og vel og öllum til hagsbóta, sérstaklega þeim tugum þúsunda sem menn telja að eigi á hættu að missa íbúðarhúsnæði sitt í hugsanlegri verðbólguholskeflu á næstu mánuðum? Ef það gengur eftir óttast margir að greiðslubyrðin af lánunum verði meiri en fólk getur staðið undir. Hví skyldu menn þá ekki leggja mikið á sig til að koma í veg fyrir að verðbólgan kæmi nokkurn tímann? Hér er þó upphafsskrefið í því og það er hægt að gera það að árangursríkri göngu ef menn kjósa svo.

Ég spyr hæstv. ríkisstjórn, sem ég sé því miður að er ekkert nálæg í augnablikinu: Eruð þið tilbúin til þess að leggja það á ykkur að ræða við alla þá sem hlut eiga að máli til að ná fram þessu markmiði? Það mundi bjarga fjárhag heimilanna betur en margt annað sem menn leggja til um þessar mundir. Ég trúi því ekki að Alþýðusamband Íslands leggist á móti því, ég á ekki von á því að launþegasamtökin telji það ganga gegn hagsmunum sínum að taka þátt í efnahagsaðgerð sem leiðir til lítillar verðbólgu og ef allt gengur upp verði hagur heimilanna betri eftir en áður. Þá teldi ég að menn hefðu gert gott upphaf í gönguför með því að ganga á undan með því fordæmi sem frumvarpið geymir ef það leiddi til þess áframhalds.

Ég bendi, virðulegur forseti, líka á það sem ég hygg að hafi lítið komið fram í fjölmiðlum um stöðu launakjara alþingismanna. Það virðist meira um að ætlað sé að þau laun séu óhófleg en unnt er að sýna fram á með staðreyndum og mér finnst margir leggja sig fram um að tala af nokkurri óvirðingu og ósannsögli um stöðu alþingismanna og kjör þeirra. Eru ýmsir alþingismenn í þeim hópi fyrr og síðar sem hafa lagt það á sig að fara með villandi upplýsingar skulum við segja um það efni.

Lítum aðeins á það sem kjararáð á að gera, úrskurða um laun æðstu embættismanna ríkisins og alþingismanna og ráðherra. Það eru býsna margir sem heyra undir þennan hóp, allt frá sendiherrum, prestum, ráðuneytisstjórum, forstjórum ríkisstofnana og framkvæmdastjórum ýmissa stofnana. Það er gefin út launatafla og þessum hópi er raðað niður í tvær töflur. Önnur taflan gildir fyrir þjóðkjörna fulltrúa, lægsta talan í þeirri töflu eru 562.020 kr. Hverjum skyldi vera raðað neðst á langan lista? Það eru alþingismenn. Efst er forseti Íslands með 1.827.143 kr. Staðreyndin er því sú að alþingismenn eru lægstir í hópi þjóðkjörinna fulltrúa. Þeir eru ekki hæstir, þeir eru lægstir.

Önnur launatafla er gefin út fyrir embættismenn og þar er lægsta talan 300.303 kr. og hæsta talan 1.638.865 kr. Hæsta talan sýnist mér vera þrisvar sinnum hærri en laun alþingismanna og ríflega það.

Ég spurðist fyrir um tvo hópa ríkisstarfsmanna sem eru á embættismannatöflunni í dag og þær upplýsingar sem ég fékk eru að laun skrifstofustjóra hjá ríkinu eru 596.960 kr. sem eru 34 þús. hærri en laun alþingismanna. Þeir þurfa ekki að fara í neinar kosningar, en að auki hafa þeir að jafnaði 15 til 20 einingar ofan á þannig að heildarlaun þeirra eru um 680–750 þús. kr. á mánuði. Þingmenn eru um 20% lægri í launum en skrifstofustjórar hjá ríkinu.

Hinn hópurinn sem ég spurðist fyrir um er sendiherrar. Laun sendiherra eru 617.413 kr. Þeir hafa að auki um 15 til 20 einingar ofan á eru þær upplýsingar sem ég fæ og þá eru heildarlaun þeirra 700–750 þús. kr. Það er svipað, alþingismenn eru um 20% eða jafnvel ívið meira lægri í launum en sendiherrar.

Ég spyr: Er þetta til marks um það að kjör alþingismanna séu óhófleg og tilefni til að sitja árum saman undir þungri umræðu úr þjóðfélaginu, m.a. frá fjölmiðlum, um að þau séu óhófleg á ýmsa vegu? Mér finnst það ekki. Mér finnst laun alþingismanna vera mjög hófleg í samanburði við aðra sem hægt og eðlilegt er að miða sig og jafnvel lægri en það ef eitthvað er.

Það má benda á og segja að eftirlaunaréttindi alþingismanna séu rýmri en þessara sem ég miða við. Ég býst við að það sé rétt og munurinn minnkar eitthvað ef við tökum það inn í dæmið og reiknum til launa. (**PHB:** Hærra iðgjald.) En ég held að þrátt fyrir þann mun séu kjör alþingismanna mjög hófleg í þessum samanburði og ég er alls ekkert viss um að þau séu hærri en þessara stétta sem ég nefndi jafnvel þó að mismunurinn á eftirlaunakjörum sé reiknaður með.

Nú stendur til að breyta eftirlaunaréttindunum, lækka þau umtalsvert hjá alþingismönnum og þá eykst munurinn. Ég held að menn verði aðeins að vita hvað þeir eru að gera. Ef menn vilja fá öflugt Alþingi geta þeir ekki vænst þess að fá Alþingi þar sem menn standa á rétti sínum og bjóða ríkisstjórninni birginn þegar það á við með launakjör sem eru ekki betri en verið er að veifa framan í þjóðina um þessar mundir að þau verði. Það vil ég segja, virðulegur forseti. Menn eru að veikja Alþingi með þessum aðgerðum í heild sinni. Það er ríkisstjórnin sem er að veikja Alþingi, það er hún sem knýr þessi mál fram. Mér hefur fundist ég heyra dálítið mikið í þjóðfélagsumræðunni um þessar mundir, frá almenningi sem er agndofa yfir falli bankanna og er að leita skýringa á því hvernig þetta gat gerst, að ein af skýringunum sé sú að Alþingi er of veikburða, það ráði ekki við að bjóða ríkisstjórninni birginn, fara almennilega yfir málin sem ríkisstjórnin leggur fram, hafi ekki aðstöðu til þess, ekki mannskap og málin séu oft keyrð áfram á þvílíkum hraða að þau fara nánast óskoðuð í gegn.

Mér finnst töluvert til í því. Hluti af vandanum sem þjóðin horfir á og glímir við um þessar mundir er veikburða Alþingi. Við réttum ekki stöðu Alþingis með því að raða alþingismönnum neðst á listann. Svo þegar reynt er að skapa alþingismönnum betri aðstæður til að vinna verk sitt eins og með því að hafa aðstoðarmenn til að aðstoða sig í starfi sitja menn undir stöðugum árásum utan úr þessu sama þjóðfélagi og menn segja að það sé algjör óþarfi.

Ég hvet menn til að líta á stöðu Alþingis í heild sinni, ekki bara þetta eina frumvarp sem við erum hér að ræða eða það sem á að ræða síðar í kvöld. Menn eru ekki að ganga fram götuna til góðs í þessum efnum þegar á málið er litið í heild sinni. Menn eru að veikja þingið og það er vondur gangur, virðulegur forseti.

[Fundarhlé. — 18:58]

[20:03]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Við ræðum hér í 2. umr. frumvarp til laga um kjararáð, sem er mál sem er þannig til komið að hæstv. utanríkisráðherra lýsti því yfir að ríkisstjórnin hefði tekið ákvörðun um hvernig kjörum æðstu embættismanna þjóðarinnar og ráðherra ríkisstjórnarinnar yrði háttað. Það var gert í framhaldi af því að kjararáð tilkynnti ríkisstjórninni að það tæki ekki við fyrirmælum frá henni heldur þyrfti að breyta lögum og því fengum við þingmenn að heyra það í fjölmiðlum frá hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, að ríkisstjórnin hefði tekið ákvörðun um að breyta þessu og mundi finna leið til þess, finna bara einhverja leið.

Þetta sýnir kannski, hæstv. forseti, í hnotskurn hvernig þingræðið er hér á landi, eða óþingræðið, því að við alþingismenn heyrum þegar hæstv. ráðherrar gefa út skipanir til þingmanna sinna, meiri hlutans hér á þingi, og ætlast til að þeim sé fylgt í blindni og ég hef ekki trú á að einhver undantekning verði í þessu máli frekar en öðrum, enda svo sem ekki ástæða til. (Gripið fram í.)

Málið sem við ræðum hér kemur ekki til af góðu. Íslenskt efnahagslíf er í rúst, held ég að megi segja. Mjög alvarleg staða er uppi í íslensku efnahagslífi og ég hef hreinlega orðið orðlaus vegna margra tillagna sem hafa komið frá stjórnarmeirihlutanum um auknar álögur á lágtekjuhópa og niðurskurð í velferðarþjónustunni.

Við ræddum í gær, hæstv. forseti, frumvarp sem ríkisstjórnin lagði fram sem felur í sér það að kjör aldraða og öryrkja verða skert um 3,9 milljarða kr. Leggja á um 800 millj. kr. álögur á bændur með því að draga þá fjárhæð af búvörusamningunum. Mér sýnist að tekjur háskólastúdenta og þeirra sem stunda nám í atvinnuleysinu verði ekki upp á marga fiska í framhaldinu og ræddi það við hæstv. menntamálaráðherra í dag. Skerða á vaxta- og barnabætur um 10% á næsta ári og taka 400 millj. kr. af foreldrum sem eru að hefja töku fæðingarorlofs.

Ljóst er að verið er að skerða þar sem síst skyldi og auðvitað mælumst við þingmenn til þess að það sé ekki forgangsröðunin heldur byrji menn á hinum endanum og taki af þeim sem eru aflögufærir. M.a. þess vegna er þetta frumvarp komið fram um lækkun launa embættismanna ríkisins, eða þeirra sem heyra undir kjararáð. (Gripið fram í.) Við ræddum mikið um það á vettvangi nefndarinnar hvort við ættum að einskorða frumvarpið einungis við ráðherra og alþingismenn eða hvort við beindum þeim tilmælum til kjararáðs að það lækkaði laun allra æðstu embættismanna ríkisins, dómara, ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra í ráðuneytum, presta, sendiherra og þar mætti áfram telja stóran hóp fólks sem er óneitanlega með þeim tekjuhærri í opinbera kerfinu.

Við sjáum að sveitarfélögin grípa nú til aðhaldsaðgerða og lækka laun starfsfólks síns. Almenni vinnumarkaðurinn er langt á undan hinu opinbera og starfshlutfall fólks á almennum vinnumarkaði er minnkað. Þess vegna þótti mér og öðrum nefndarmönnum ekki annað fært en að æðstu embættismenn þjóðarinnar gengju í takt með þjóðinni þegar allir taka á sig kjaraskerðingu — því miður — en við þurfum að draga úr útgjöldum ríkissjóðs.

Ég vil af þessu tilefni þakka hv. formanni nefndarinnar, Pétri H. Blöndal, fyrir gott samstarf, hann hélt ágætlega á málinu og við fengum m.a. á fund okkar formann kjararáðs, Guðrúnu Zoëga, sem fór yfir málið með okkur.

Það er bjargföst skoðun mín að ef við ætlum að halda frið á íslenskum vinnumarkaði og viljum að Alþingi og þjóðin gangi í takt verði þessi breyting að eiga sér stað. Við tölum um æðstu embættismenn ríkisins sem margir hverjir — óneitanlega í ljósi þess að þeir eru opinberir starfsmenn — njóta meiri verndar í starfi en fólk á almennum vinnumarkaði. Óumflýjanlega þarf að minnka kostnað hjá hinu opinbera, við verðum að gera það m.a. til að geta staðið vörð um ákveðna þætti, til að mynda um kjör aldraðra og öryrkja sem því miður hefur þurft að skerða að undanförnu.

Ég tel að ef Alþingi hefði ekki lagt fram þetta frumvarp hefðum við rofið almenna sátt í samfélaginu því að ekkert annað á gilda um æðstu embættismenn þjóðarinnar en venjulega vinnandi menn.

Í ljósi þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flutti mjög athyglisvert mál hér fyrir rúmri klukkustund — í framhaldinu var fundi frestað — vil ég vekja athygli á því og þeim orðum hans þegar hann rifjaði upp þá tilraun sem gerð var á sínum tíma til þjóðarsáttar þar sem menn settust niður og reyndu að horfa á heildarmyndina, þannig að allir tækju á sig einhverja skerðingu. Við í stjórnarandstöðunni, ég held úr öllum flokkum hennar, höfum á undangengnum 12–16 mánuðum hvatt ríkisstjórnina til að kalla saman aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélögin og aðra helstu aðila sem um véla í samfélaginu til að koma á fót nokkurs konar þjóðarsátt. Að mínu viti er þetta virðingarverð tilraun til að hefja slíkt ferli en að sjálfsögðu hefðu stjórnvöld og ríkisstjórnin átt að vera búin að setjast niður með helstu hagsmunaaðilum í samfélaginu og móta og gera einhverja tilraun til þess að koma á þjóðarsátt í samfélaginu.

Staðreyndin er sú að engin þjóðarsátt er í dag og við þurfum ekki nema að horfa til mótmælanna á Austurvelli á hverjum laugardegi þar sem ósköp venjulegt fólk kemur til þess að mótmæla ríkjandi ástandi og það er ekkert óeðlilegt. Að sumu þessa fólks hefur aldrei fyrr hvarflað að mótmæla, jafnvel á langri ævi, en nú er margt þeirra að missa vinnuna og hlýtur að gera þá kröfu til okkar að við göngum í takt við samfélagið, ekki bara þingmenn og ráðherrar heldur líka aðrir æðstu embættismenn ríkisins. Ekki kemur

til greina að við samþykkjum hér fjárlög sem fela það í sér að við setjum heilmikinn niðurskurð á heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi landsins og skiljum svo undan æðstu embættismenn ríkisins. Mér finnst því mjög brýnt að samþykkja frumvarpið sem allra fyrst með því fororði að kjararáð lækki laun æðstu embættismanna ríkisins og öll tvímæli verði tekin af í þeim efnum.

Hæstv. forseti, í ljósi þess sem við höfum heyrt og séð varðandi framtíðargrundvöll íslensks velferðarkerfis þurfum við að gæta hófs og aðhalds á ýmsum sviðum. Þessi hluti hins opinbera, þ.e. þessar stéttir eru ekki undanþegnar því að þurfa að taka þátt í því að endurreisa íslenskt samfélag.

Reyndar var það svo og það kemur fram í nefndarálitinu að við fengum andmæli við þetta frá ákveðnum stéttum sem heyra undir kjararáð og þar getum við nefnt Dómarafélag Íslands, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Prestafélag Íslands, svo nokkur séu nefnd. Auðvitað gegna þessar stéttir mjög mikilvægu hlutverki í samfélaginu, og haft var á orði að í ljósi ástandsins ykist álag á þær til muna. Ég ætla ekkert að draga úr því og held að ég tali af eigin reynslu, þar sem ég mælist hér til þess að laun þingmanna og ráðherra verði lækkuð, að ég held að sjaldan hafi verið eins mikið álag á kjörnum fulltrúum þjóðarinnar og á síðustu tveimur og hálfum mánuði og ég held að hv. þingmenn geti staðfest það, hvað þá hæstv. ríkisstjórn.

Ég held að þannig sé það í raun og veru um allt samfélagið. Mikið álag er á fjölskyldunum, starfsfólki á heilbrigðisstofnunum og æðstu embættismenn þjóðarinnar geta ekki tekið sig út fyrir sviga og sagt að í ljósi ástandsins verði vinnuumhverfið miklu erfiðara fyrir þá. Vegna þess að ég held að almennt séu mjög erfiðir tímar að ganga í garð fyrir okkur öll og ef við viljum halda þjóðarsátt á þessum erfiðu tímum þurfa þessar stéttir rétt eins og við hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar að taka þátt í uppbyggingarstarfinu sem fram undan er.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum lýsa því yfir að ég tel brýnt að við afgreiðum þetta mál með skjótum hætti. Ég vil líka segja í ljósi orða forseta lýðveldisins, en hann hefur óskað eftir því að tekjur hans dragist saman, að ég tel að mjög mikilvægt sé að allir taki þátt í þessu. Hann er reyndar með stjórnarskrárvarinn rétt en mér finnst að við þurfum öll að vera í sama bátnum í þessu máli. Þess vegna beini ég því til allra og líka þeirra stétta sem ég hef nefnt hér að við stöndum saman í þessu því að ekki er réttlátt á meðan nær allir launamenn á Íslandi taka á sig kjaraskerðingar að einhverjar stéttir taki sig þar úr. Það er einfaldlega þannig komið að við tökum margar óvinsælar ákvarðanir og ég vil frekar byrja á þessum enda en að við skerðum kjör aldraða og öryrkja og vegum að velferðar- og menntakerfi landsins.

Helst hefði ég viljað að við hefðum tekið þetta mál á dagskrá fyrir löngu. Reyndar er það svo í þessu árferði að hlutir sem gerast á einum degi jafnast á við það sem gerðist jafnvel á heilli viku fyrir ári síðan þegar allt var rólegra í samfélaginu og reyndar hefur verið mikið álag á störfum Alþingis. Ég hvet hv. þingmenn til þess að ganga hratt í málið og það verði að lögum vonandi á morgun, þannig að kjararáð geti tekið sig til og ákvarðað laun æðstu embættismanna ríkisins. Það er nauðsynlegt á þessum tímum fyrir okkur öll og til hagsbóta fyrir samfélagið því að við verðum öll að taka þátt í því að endurreisa íslenskt samfélag sem á núna í verulegum erfiðleikum.

[20:16]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Þegar ljóst var hvert stefndi í íslensku efnahagslífi fóru að heyrast raddir, þar á meðal mín eigin, um nauðsyn þess að jafna kjörin í landinu. Nokkuð sem við, mörg hver, höfum talað fyrir um langt skeið og gagnrýnt hve mjög stefndi í átt til aukinnar mismununar, kjaraójafnaðar á Íslandi, en nú þegar þrengdi að væri augljósara en nokkru sinni fyrr að grípa þyrfti til róttækra aðgerða til að jafna kjörin á Íslandi.

Ríkisstjórn Íslands hefur því miður ekki sýnt tilburði í þá veru. Það birtist ekki í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, þar er ekki að finna neinn hátekjuskatt, þar er stefnt í jafna skattahækkun á alla landsmenn í fyrsta skipti frá því að lögum var breytt árið 1998 í þá veru að þeir sem hafa viðurværi sitt af greiðslum frá almannatryggingum yrðu varðir þannig að annaðhvort hækkuðu greiðslurnar samkvæmt neysluvísitölu eða raunvísitölu og farið eftir hvor vísitalan væri hærri, við hana átti að miða. Það er kaldhæðni örlaganna að stjórnmálaflokkur sem kallar sig jafnaðarmannaflokk Íslands skuli ríða á vaðið og ganga gegn þessum lögum í fyrsta skipti sem á þau reynir og það eftir allt talið og allt glamrið, ekki bara í aðdraganda síðustu alþingiskosninga heldur á undanförnum missirum og árum. Þetta er um hina raunverulegu kjarastefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist okkur.

Síðan að því frumvarpi sem hér liggur á borðum, um að beina því til kjararáðs að lækka alla þá sem undir ráðið heyra varðandi launaákvarðanir um 5–15%. Ég og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum þetta frumvarp en að sumu leyti með blendnum huga. Við höfum lagt fram annað frumvarp sem gerir ráð fyrir því að einvörðungu verði ráðist í skerðingu á tekjum yfir tilteknu marki. Við gerum tillögu um kjaraskerðingu á launum umfram 450 þús. kr., að þau verði skert um 20% og það verði ekki hróflað við þeim krónum sem liggja þar undir. Og af því að menn tala um fordæmi og skilaboð út í samfélagið finnst mér þetta skipta mjög miklu máli. Mér finnst skipta miklu máli að við gefum ekki þau skilaboð til launamarkaðarins almennt að ráðast eigi í skerðingu á launum allra, Það á ekki að gera slíkt, það á ekki að fara að skerða kjör sjúkraliða eða strætisvagnastjóra eða annarra almennra launamanna, það á ekki að gera að mínu mati. Sannast sagna er það áhyggjuefni hve hart er gengið fram í þessum efnum á ýmsum vinnustöðum sem notfæra sér ástandið til að skerða laun og skerða kjör.

Hér er verið að horfa til þeirra sem starfa í þessu húsi og þá ráðherra, þingmanna og æðstu embættismanna en undir kjararáð heyra ýmsir aðrir hópar, t.d. prestar. Þegar ég tala um að við samþykkjum þetta frumvarp, og þar tala ég fyrir mig sjálfan persónulega, er ég með ákveðnar efasemdir t.d. varðandi þann hóp sem er stétt manna sem er ekki ofsæl af sínum kjörum. Ég er ekki alls kostar sáttur við að samþykkja kjaraskerðingu á hendur þessari stétt. Ég er fylgjandi því að taka hátekjufólkið á Íslandi og færa það niður í

kjörum, ekki aðra, og ég vil að lægst launaða fólkið hækki í launum. Með öðrum orðum, við erum að tala um kjarajöfnun. Það er sú stefna sem ég er fylgjandi og í þeim anda er okkar frumvarp um skerðingar á kjörum einvörðungu umfram tiltekna upphæð. Við getum síðan rætt hver hún eigi að vera, hvar sé eðlilegt að skerða kjörin. En ég legg áherslu á það, hæstv. forseti, að mér finnst það fordæmi sem hér er verið að tala um ekki eiga að vera eitthvert fordæmi, einhver vísbending, einhver skilaboð, einhverjar óskir út á launamarkaðinn gagnvart öllu fólki, alls ekki.

Verðbólgan er að vinna kjaraskerðingarverkið og því miður allt of hratt hjá lágtekju- og millitekjufólkinu á Íslandi og í komandi kjarasamningum hljóta menn að horfa til stöðu þessara hópa, bæði hvað varðar laun en ekki síður hvernig velferðarsamfélagið kemur til móts við þessa hópa, þá er ég að horfa til skattanna og til millifærslukerfisins. Við skulum ekki gleyma því að verið er að skerða vaxtabætur, það er verið að skerða barnabæturnar, þær hækka í samræmi við þær hækkanir sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þegar lagt var af stað með það í byrjun október en ekki miðað við verðbólguna eins og hún er núna.

Ég nefndi presta sérstaklega vegna þess að prestar eru hópur, stétt fólks sem á að mínu mati í rauninni ekki samleið með þeim sem heyra undir kjararáð. Þar eru forstjórarnir og æðstu embættismenn en prestar eru stétt manna sem eru á öðrum kjörum. Ég held að það hljóti að verða þeirri stétt og forsvarsmönnum hennar umhugsunarefni að hafa yfirleitt óskað eftir því að fara undir kjararáðið og hefði hún verið betur komin innan heildarsamtaka opinberra starfsmanna, í þessu tilviki BHM, Bandalagi háskólamanna, í stað þess að fara í vinarklærnar hjá kjararáði sem er að vísu alltaf óskaplega gott við æðstu forstjórana og þá sem tróna hæst í kerfi hins opinbera. Þessum almennu sjónarmiðum vildi ég gera grein fyrir, hæstv. forseti.

[20:25]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil taka undir margt af því sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi áðan. Ég tel það mjög góð skilaboð út í samfélagið þegar Alþingi ályktar og ákveður að hvetja til þess að laun þingmanna og ráðherra verði lækkuð svo og annarra sem eru á mjög háum launum. En undir kjararáð heyrir líka prestastéttin eins og hv. þingmaður nefndi. Ég er ekki alveg sammála honum í því að það sé mjög auðvelt eða gott fyrir presta að vera í sams konar launabaráttu og aðrar stéttir því að það hefur sýnt sig að prestar geta mjög illa beitt verkfallsvopni og staðið í grimmri kjarabaráttu. Þess vegna varð það niðurstaða að laun presta heyrðu undir kjararáð. Hins vegar tek ég undir að það sé ekki rétt að Alþingi ákveði að kjararáð eigi að endurskoða laun presta til lækkunar, því að prestar eru á svipuðum kjörum og mjög margar aðrar háskólamenntaðar stéttir og gegna ýmsum störfum í þágu ríkisins og þjóðarinnar. Ef farið verður út í að lækka laun presta þá er spurning hvort menn ætli næst að lækka laun t.d. menntaskólakennara, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa, lækna og fleiri stétta? (Forseti hringir.) Eða á þetta að vera vísbending til almennings um að láta lækka laun sín?

[20:27]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er hreinlega ólöglegt að skerða kjarasamningsbundin kjör, það er ólöglegt. Það sem hægt er að gera er að taka á einstaklingsbundnum kjörum en þó einvörðungu þannig að það sé gert samkvæmt uppsagnarfresti.

Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli á því að í ýmsum stofnunum er sá lagalegi réttur starfsfólks ekki virtur. Ég hef það fyrir satt að hjá Ríkisútvarpinu sé verið að lækka einstaklingsbundna samninga frá og með næstu áramótum. Mér var greint frá þessu í dag. Það er ekki í samræmi við lög. Ég óttast að hér sé að myndast í landinu einhver lenska, einhver stefna, einhver hugsun, einhver sefjun sem gengur út á það að þeim sem ráða för í fyrirtækjum og stofnunum sé í sjálfsvald sett hvernig þeir fara með kjör starfsfólksins. Það er af og frá. Ég ítreka að það er ólöglegt að skerða kjarasamningsbundin kjör og ef ráðist er í kjarajöfnun eða kjaralækkun á að sjálfsögðu ævinlega að gera það í samstarfi og samráði við samtök starfsfólksins.

Hvað varðar þá sem heyra undir kjararáð gegnir öðru máli að því leyti að þeir hópar hafa afsalað sér rétti sínum til samninga, það er staðreynd. Þeir hafa staðið í biðröðum forstjórarnir sem hafa óskað eftir því að komast út úr stéttarfélögum og undir kjararáð.

Varðandi prestana þá geta menn deilt um hvar þeim væri best borgið og (Forseti hringir.) hvort og hvernig þeir geti háð sína kjarabaráttu. Ég kem kannski að því aftur í síðara andsvari.

[20:30]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)***:**

Ég tek undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að það er mjög alvarlegt ef sú staða er uppi í samfélaginu að fyrirtæki eða stofnanir sem kannski hafa nægar tekjur og möguleika til að hafa sitt starfsfólk á sömu launum og það var með fyrir fall bankanna lækki þær eða skerði.

Hins vegar vil ég bara ítreka að reynslan sýndi á sínum tíma að prestar óskuðu eftir því að fara undir Kjaradóm, og kjararáð seinna, vegna þess að þeir voru í svo erfiðri stöðu við að sækja rétt sinn. Þetta er í raun og veru eina stéttin sem er undir kjararáði. Í þessari stétt er fólk að vinna úti um allt land, eins og t.d. kennarar, lögreglumenn og læknar og fleira fólk þar sem er alveg heil stétt, yfir hundrað manna stétt, hátt á annað hundrað manns sem er töluvert stór hópur miðað við alla hina sem eru meira, hvað eigum við að segja, einstaklingar eða kannski Hæstiréttur sé þá það næsta sem komi á eftir. Þess vegna hafa prestar verið hafðir undir kjararáði. Ég held að ef raunin verður sú í framtíðinni þurfi þeir að fá þá meiri stuðning og styrk frá bræðrum sínum og systrum í öðrum stéttarfélögum ef þeir ættu að taka þátt í kjarabaráttu og njóta þá meiri skilnings. Því miður er það oft þannig á milli stétta að menn bera sig sífellt saman hver við annan (Forseti hringir.) og horfa meira á hvað hinn hefur mikið meira o.s.frv. í staðinn fyrir að sýna samstöðu. (Forseti hringir.)

[20:32]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Samstaðan getur verið fólgin í því að vilja jafna kjörin og stuðla að réttlátum skiptum. En ég held að prestar ættu að drífa sig hið fyrsta undan kjararáði. Það er erfitt fyrir margar stéttir að heyja kjarabaráttu. Ég nefni það t.d. að lögreglumenn búa ekki við verkfallsrétt. Menn geta háð kjarabaráttu sína í samvinnu og samstöðu með öðrum og í heildarsamtökum leggja allir leggja sitt af mörkum, t.d. til þess að efla og styrkja réttindabaráttuna eða standa vörð um réttindi ef því er að skipta. Ég ætla ekki að fara að deila við hv. þingmann. Ég held að í grundvallaratriðum séum við sammála um að ekki gegni sama máli um hóp eins og prestana og hér er um að ræða svokallaða „æðstu embættismenn“ og aðra þá sem á einstaklingsgrunni standa utan kjarasamtaka.

En sameinumst um það að koma þeim skilaboðum áleiðis til prestastéttarinnar að drífa sig undan kjararáði og ganga inn í heildarsamtök opinberra starfsmanna. Þar eiga þeir samleið með öllu launafólki.

[20:33]

Ellert B. Schram (Sf):

Virðulegur forseti. Eftir að bankarnir hrundu og efnahagshörmungarnar riðu yfir vildi Alþingi fyrir sitt leyti sýna fordæmi með því að leggja til að laun alþingismanna yrðu lækkuð. Sá vilji kom fram í yfirlýsingum hjá hæstv. ráðherrum fyrir nokkrum vikum að óskað yrði eftir því að kjararáð færi að þessum tilmælum og lækkaði laun ráðherra og alþingismanna og eftir atvikum fleiri stétta í stjórnsýslunni.

Kjararáð lýsti því yfir að það gæti ekki orðið við þessum tilmælum með hliðsjón af þeim lögum sem um ráðið gilda og með vísan til þeirra forsendna sem eru að baki því þegar kjararáð tekur ákvarðanir um launahækkanir eða launalækkanir.

Vegna þessara viðbragða frá kjararáði sem eflaust eru lögmæt og eðlileg var lagt hér fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð sem felur það í sér að kjararáði er gert að kveða upp nýjan úrskurð sem felur í sér 5–15% launalækkun hjá alþingismönnum og ráðherrum sem gildi frá 1. janúar 2009. Jafnframt var gert ráð fyrir því að kjararáð endurskoðaði og lækkaði laun annarra sem undir það heyra. Þannig er þetta frumvarp hér til komið og er nú til meðferðar og lokaafgreiðslu.

Í þeirri grægðistíð sem við höfum upplifað á undanförnum árum hafa laun ákveðinna yfirmanna, forstjóra o.s.frv. farið upp í himinhæðir, ofurlaun sem enginn hefur satt að segja botnað upp eða niður í. Þetta hefur ekki aðeins viðgengist í fjármálafyrirtækjunum, heldur höfðu þau áhrif alla leið inn í hinn opinbera geira. Ég minni á það að á sínum tíma, í fyrra eða hittiðfyrra voru laun seðlabankastjóra hækkuð mjög verulega með vísan til þess að bankastjórar einkabankanna hefðu slík laun og laun seðlabankastjóra þyrftu að vera sambærileg til að almennilegt fólk fengist inn í þann banka. Í Seðlabankanum sitja menn sem eru með laun sem ég kann ekki einu sinni að nefna en teljast vissulega til ofurlauna og í samræmi við alla þá vitleysu sem viðgengist hefur í einkabönkunum og víðar. Jafnvel teygði þetta anga sína inn í opinber hlutafélög, ohf., opinber eignarhaldsfélög, þar sem forstjórar og æðstu yfirmenn eru með sambærilega há laun, ofurlaun eins og hér er verið að ræða um.

Ég held líka að sú krafa sem kom frá þjóðinni um að alþingismenn endurskoðuðu kjör sín og réttindi hafi átt sér skýringar í eftirlaunalögunum sem að margra mati, þar á meðal mínu, eru algerlega út úr kú. Þetta er að margra manna mati óréttlátur og ósanngjarn forréttur sem þingmenn og ráðherrar hafa eftir atvikum fært sjálfum sér þótt ég vilji taka fram að það er kannski ekki alveg rétt að nefna þingmenn í þessu sambandi vegna þess að þetta sneri að ráðherrum, formönnum flokka og fyrrverandi ráðamönnum.

Þá held ég að þetta hafi líka haft einhver áhrif á sektarkennd eða tilfinningar og aukið þrýstinginn á að Alþingi brygðist við og ég tel það m.a. vera ástæðuna fyrir því að þetta frumvarp var lagt fram. Þetta segi ég vegna þess að á sama tíma og ég samþykki þetta frumvarp tel ég ekki endilega að þingfararkaupið teljist í flokki ofurlauna. Þingmenn verða að teljast vera með góð laun en þau eru ekki upp úr öllu valdi.

Það er rétt sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson nefndi áðan, hér hefur verið mikið annríki á undanförnum vikum og mánuðum. Vinnudagur hefur verið langur og þingmenn hafa áreiðanlega unnið vel fyrir sínum launum án þess að ég sé í sjálfu sér að kvarta undan þessu vinnuálagi.

Ég skil þetta frumvarp og styð það sem fordæmi og kröfugerð til annarra sem hafa góðar stöður, eftir atvikum góð kjör í kerfinu, að þeir stígi skrefin í sömu átt og deili þá með öllum almenningi þeirri lífskjaraskerðingu sem við erum núna að upplifa.

Eins og hér hefur komið fram í umræðunni er gert ráð fyrir því að kjararáð endurskoði kjör annarra í stjórnsýslunni sem heyra undir það. Nefndin sem fékk þetta mál til meðferðar fékk umsagnir frá a.m.k. þremur félögum þeirra stétta sem hér um ræðir. Því miður voru viðbrögð þeirra allra neikvæð, þau gerðu athugasemdir við þessa ráðagerð og gagnvart þessu frumvarpi og töldu bæði lagalega og siðferðilega rangt að kjararáð gæti lækkað hjá þeim kjörin. Engu að síður gerir frumvarpið ráð fyrir því að kjararáð endurskoði ekki aðeins kjör alþingismanna og ráðherra heldur líka annarra þeirra sem heyra undir kjararáð, þar á meðal presta, og það verður svo að koma í ljós hver niðurstaðan verður eftir þá endurskoðun.

Það er ekki gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi að hreyft verði við launakjörum forseta Íslands og honum sjálfum er eftirlátið að taka ákvarðanir um það hvernig hann vill koma til móts við þau sjónarmið sem búa að baki þessu frumvarpi.

Fyrst og fremst er þetta frumvarp fordæmi og skilaboð út í þjóðfélagið, skilaboð um það að þingmenn vita vel um þær hræringar sem eru í þjóðfélaginu. Þeir hafa sínar tilfinningar gagnvart almenningi og högum hans og vilja bera byrðar eins og aðrir þegar gefur á bátinn.

Kjarni málsins er í rauninni sá að í kjölfarið á þessari efnahagskreppu og í upphafi endurreisnar á íslensku þjóðfélagi þarf það að vera eitt af forgangsmálunum að jafna kjörin, lækka hæstu laun og afnema þá gegndarlausu vitleysu sem hér hefur viðgengist síðustu árin, að menn fái of-

urlaun sem hvorki við né jafnvel þeir sjálfir skilja hvernig hægt er að vinna fyrir.

[20:43]

Útbýting:

Kolvetnisstarfsemi, 152. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 403.

[20:44]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Hér er til umræðu frumvarp til launalækkunar hjá þingmönnum, ráðherrum og öðrum opinberum starfsmönnum þó svo að kannski megi draga í efa að þingmenn og ráðherrar séu opinberir starfsmenn í sömu merkingu og aðrir sem ráðnir eru til starfa hjá ríkinu, jafnvel æviráðnir. Við erum þó bara ráðnir eitt kjörtímabil í einu og auðvitað er það með öðrum hætti en hjá öðrum starfsmönnum.

En það var að skilja í efnahags- og skattanefnd að allir væru sammála um að það þyrfti að lækka laun þingmanna og ráðherra og sýna gott fordæmi. En spurningin var hvort frumvarpið ætti einungis að fjalla um laun þingmanna og ráðherra eða hvort þar ætti að fjalla um alla sem tilheyra eða eru undir kjararáði með laun sín settir.

Auðvitað má taka undir með Ögmundi Jónassyni að kannski væri eðlilegast að prestar sem eru kannski lægst launaðir í þeim hópi sem er undir kjararáði væru teknir út og yrðu með öðrum opinberum starfsmönnum. Það væri gaman að því að þá væri hv. Ögmundur Jónasson orðinn æðsti prestur. En það þyrfti ekki að verða verra fyrir prestastéttina þannig lagað séð.

En það eru víða ofurlaun í samfélaginu enn þá þrátt fyrir að við horfum upp á hrun bankanna og að við höfum aldrei séð kreppu neitt líka þeirri sem blasir við núna og það er sorglegt að vita til þess að enn þá skuli einhverjir vera með ofurlaun. Það eru ofurlaun að vera með tvöföld laun forsætisráðherra sem eru 1.100 þús. kr. Það eru líka ofurlaun í orkufyrirtækjunum, hjá Landsvirkjun og öðrum orkufyrirtækjum í landinu eru ofurlaun. Einnig hjá eftirlitsstofnunum sem eiga að hafa eftirlit með öðrum stofnunum, hjá eftirlitsnefndum sem hafa skipað skilanefndir yfir nýju bönkunum og gömlu bönkunum. Forustumennirnir og hæst launuðu mennirnir í samfélagi í dag eru í þeim fyrirtækjum.

Þess vegna finnst mér að þegar nýráðinn bankastjóri fyrir einum og hálfum mánuði var með 1.750 þús. kr. í laun og þeir menn sem eru í því hlutverki að skipa bankastjóra láta það viðgangast þá séum við bara að halda áfram á sömu braut og við vorum. Við lærum ekkert af kreppunni eða þeim mistökum sem hafa verið gerð í þjóðfélaginu. Það er auðvitað sorglegt.

Þingfararkaup upp á 560 þús. kr. eru ágætislaun og það er ekkert undan þeim að kvarta og þó að þau lækkuðu um 10% þá eru það samt ágætislaun miðað við laun annarra þjóðfélagsþegna. (**BJJ:** Ekki miðað við skipstjóra.) En, fyrst að hv. þm. Birkir Jón Jónsson minntist á skipstjóra þá ættu íslensk stjórnvöld og kannski aðrir að taka það launafyrirkomulag sem er til sjós til fyrirmyndar, þ.e. að æðsti maður hafi aldrei meira en tvöföld eða þreföld laun hásetans, þess lægst launaða. Þetta eru nú þau skipti sem við höfum búið við í gegnum Íslandssöguna nánast, að skipstjóri væri á tvöföldum til þreföldum launum. Það færi kannski betur að í þessum opinberu stofnunum bæði bönkum og öðrum eftirlitsstofnunum, Orkustofnun, fyrirtækjum og öðru að yfirmennirnir væru bara með tvöföld eða þreföld lægstu launin. Ég held að þeir kæmust alveg af með það.

En við erum ekki bara að tala um þau launamál sem eru undir kjararáði. Við erum líka að tala um að breyta eftirlaunum alþingismanna. Það vill nú svo til að ég sat á þingi árið 2003 þegar frumvarpið um eftirlaun alþingismanna, ráðherra, forseta og efstu ráðamanna varð að lögum og ég var fyrsti maður í ræðustól á eftir flutningsmanninum, Halldóri Blöndal, sem þá talaði fyrir málinu um eftirlaunafrumvarp alþingismanna. Og ég varaði við því að gera þetta og greiddi atkvæði á móti því að það eftirlaunakerfi sem alþingismenn og ráðherrar búa við í dag yrði tekið upp.

Það er töluverður munur á því hvort menn eru þingmenn eða ráðherrar hvað varðar eftirlaun. Greiðslurnar voru hækkaðar um 25%, inngreiðslur inn í ríkissjóðinn hjá þingmönnum. Menn þurftu að sitja í tólf og hálft ár á þingi eða meira til þess að ná því, eins og gömlu lögin voru. En aftur á móti nutu ráðherrar mjög góðs af þessu. Bæði gátu þeir farið á full eftirlaun 55 ára gamlir ef þeir höfðu verið ráðherrar og síðan ef þeir stunduðu ritstörf eða eitthvað þess háttar þá urðu þeir ekki fyrir skerðingum út af þeim tekjum sem þeir höfðu fyrir það. Það er því partur af því sem við erum að ganga í gegnum núna, það er að ræða líka eftirlaunafrumvarp alþingismanna, ráðherra og æðstu embættismanna þjóðarinnar.

Eins og ég sagði áðan þá er spurning hvort við tökum alla undir þennan lið í frumvarpinu, alla sem heyra undir kjararáð, eða bara alþingismenn og ráðherra. Auðvitað mundu hinir fylgja á eftir þegar fram líða stundir, kannski eftir þrjá, fjóra til fimm mánuði, í síðasta lagi 1. apríl í vor þegar vænta má að kjarasamningar verði lausir hjá einhverjum opinberum starfsmönnum.

Það þarf auðvitað að stefna að því að jafna laun fólks í landinu. Þetta ofurlaunabrjálæði sem við höfum búið við síðustu ár er náttúrlega bara — og við hér í þinginu erum skyldug að beita okkur fyrir því af fremsta megni að reyna að jafna launakjör í landinu. Lægst launaða fólkið er með um það bil 150 þús. kr. á mánuði í dag og á þá eftir að borga skatta af þeirri upphæð. (Gripið fram í.) Síðan er það hæst launaða fólkið í landinu sem var með margar milljónir á mánuði, bankastjórar í sumum bönkunum voru með allt upp í 200-föld árslaun t.d. gjaldkera eða þeirra starfsmanna bankans sem voru lægst launaðir. Það er auðvitað alls ekki hægt að sætta sig við svona bull og svona rugl. Sömu menn voru líka með alls konar bónusa og máttu kaupa hlutabréf og annað í fastri gengisskráningu, föstu gengi og fastri vísitölu og annað sem var mjög óeðlilegt.

Við eigum að læra af þessu og reyna að búa til meira jafnræði. Ég held að það sé engin spurning að það verður stuðningur við þetta frumvarp kannski með einhverjum breytingum. En hættum þessu brjálæði sem hefur verið í gangi og reynum að snúa okkur að því að búa til jafnara launakerfi í landinu. Við erum að fara að byggja upp nýtt Ísland og við þurfum að gera það frá grunni. Við þurfum að gera það með þeim hætti að það sé snúið ofan af þeirri vit-

leysu sem við erum búin að vera í og ég trúi því og treysti að Alþingi, eftir þau ósköp sem yfir okkur hafa gengið, stuðli að því að búa til réttlátara og betra samfélag til framtíðar litið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýravernd, 2. umr.

Stjfrv., 186. mál (hlutverk tilraunadýranefndar og gjaldtökuheimild). — Þskj. 229, nál. 378.

[20:53]

Frsm. umhvn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um breytingar á lögum um dýravernd frá hv. umhverfisnefnd, á þskj. 378. Hér er um að ræða stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um dýravernd sem varðar tilraunir með dýr og felst fyrst og fremst í því annars vegar að skerpa á kröfum um menntun þeirra sem stunda slíkar tilraunir og hins vegar um gjaldtökuheimildir fyrir eftirlit með tilraunum á dýrum.

Það er niðurstaða nefndarinnar að mæla með því að frumvarpið verði samþykkt af Alþingi. En þó gerir nefndin lítils háttar breytingar á frumvarpinu sem felast í því að skerpa á kröfum um menntun þeirra sem fá að stunda tilraunir á dýrum á Íslandi. Bæði að þeir hafi sótt sérstök námskeið þar um og sömuleiðis að þeir hafi framhaldsgráður úr háskóla á sínu sviði er varða þær tilraunir sem um ræðir.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar bæði frá tilraunadýranefnd, frá dýraverndarráði og svo dýraverndunarsambandi Íslands. Þetta er eitt af fjölmörgum skiptum á undanförnum mörgum árum sem gerðar eru breytingar á lögum um dýravernd og löngu tímabært að ráðast í heildarendurskoðun laganna.

Það hefur áður komið fram af hálfu umhverfisnefndar og nú hefur verið settur starfshópur til þess að vinna að heildarendurskoðun laganna til þess að taka á dýraverndarmálum í landinu í heild sinni. En þess má geta að í umsögnum um málið m.a. frá Samtökum atvinnulífsins var lögð áhersla á mikilvægi þess að einfalda eftirlitskerfið í þessu efni til þess að tryggja betri skilvirkni þar að lútandi.

[20:56]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Bara örstutt um það mál sem hér er til umræðu og hv. þm. Helgi Hjörvar, formaður umhverfisnefndar, hefur gert grein fyrir nefndarálitinu. Ég á sæti í hv. umhverfisnefnd og skrifaði undir þetta nefndarálit með fyrirvara þó. Það gerði einnig hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og ég vil í stuttu máli gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef við afgreiðslu þessa máls.

Ég er í meginatriðum sammála efni frumvarpsins og þeim breytingartillögum sem koma fram í nefndaráliti á þskj. 378. Ég vil þó vekja athygli á umsögnum um þetta mál frá aðilum sem starfa á þessu sviði talsvert með tilraunadýr, ég nefni sérstaklega umsögn frá Bændasamtökum Íslands og umsögn frá tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum þar sem umsjónardýralæknir tilraunadýrahalds skrifar umsögn. Þar er vakin athygli á því að í breytingartillögunum sé gert ráð fyrir að við bætist eftirlit tilraunadýranefndar og gjaldtökuheimild vegna þessa og þar er mótmælt auknum álögum á þá sem stunda dýratilraunir sem þessar breytingartillögur hafa í för með sér. Sambærilegar athugasemdir koma fram í athugasemdum með umsögn Bændasamtaka Íslands þar sem vakið er máls á því að þar sem aðeins séu 30 leyfi til dýratilrauna á ári þá virðist kostnaður af starfi tilraunadýranefndar vera nokkuð hár eins og segir í umsögn Bændasamtakanna. Þar segir líka að mikilvægt sé að dýraverndunarsjónarmið séu virt án íþyngjandi kostnaðar við veitingu leyfa og eftirlits.

Fyrirvari minn lýtur í raun og veru fyrst og fremst að þessu því ég tel mikilvægt að þeim aðilum sem stunda rannsóknir og nota tilraunadýr í rannsóknarskyni sé ekki gert óhægt um vik með of mikilli gjaldtöku. Tilraunadýr er mikilvægur liður í rannsóknarstarfsemi bæði að því er varðar heilbrigði manna og dýra og eru stundaðar víða í rannsóknarstofnunum hér á landi. Ég held að það sé mikilvægt að við stöndum þannig að málum að þessir aðilar geti sinnt þeim án þess að á þá sé lagður sérstakur aukakostnaður eða kostnaður sem mætti segja að væri óþarfur. Ég leyfi mér því að gera fyrirvara við þetta nefndarálit hvað þessi atriði varðar og vil gjarnan halda þeim fyrirvara hér til haga í þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 249. mál. — Þskj. 379.

[20:59]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem flutt er af allsherjarnefnd. Aðdragandi þessa máls er eins og venja hefur verið að allsherjarnefnd hefur fjallað um þetta mál og sérstök undirnefnd á vegum nefndarinnar hefur farið yfir lista þeirra sem óska eftir að öðlast íslenskan ríkisborgararétt. Niðurstaða nefndarinnar var sú að mæla með því að 31 einstaklingur fái ríkisborgararétt með lögum á Alþingi á þessu haustþingi og liggur listinn fyrir í þskj. 379.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu

Fjárhagsleg fyrirgreiðsla úr ríkissjóði til málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum, 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 248. mál. — Þskj. 365.

[21:01]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson) (S):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði í tengslum við málshöfðun fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008. Flutningsmenn

þessa frumvarps eru ásamt mér hv. þingmenn Árni Páll Árnason frá Samfylkingu, Katrín Jakobsdóttir frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, Höskuldur Þórhallsson þingmaður Framsóknarflokksins og Jón Magnússon þingmaður Frjálslynda flokksins.

Í þessu frumvarpi er mælt fyrir um og gerð sú tillaga að fjármálaráðherra verði heimilt að veita fjárhagslega til þess að standa undir kostnaði af undirbúningi og rekstri dómsmála fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu sem ég nefndi áðan. Í frumvarpinu er kveðið á um að fyrirgreiðslan skuli byggja á samningi milli aðila sem getur falið í sér beint fjárframlag, lánveitingu eða fjárhagslega aðstoð að öðru leyti með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 2. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið er samið af þeim sem hér stendur ásamt Helga Áss Grétarssyni, lögfræðingi og sérfræðingi við Lagastofnun Háskóla Íslands.

Tilurð þess að málið er komið fram er beiting breskra stjórnvalda á hryðjuverkalögum gagnvart Íslendingum og íslenskum hagsmunum. Er þar einkum átt við frystingu eigna Landsbankans, að Landsbanki Íslands hafi þurft að sæta því að vera settur á hryðjuverkalista. En einnig hafa flutningsmenn í huga þær aðgerðir sem gripið var til gagnvart Kaupþingi banka, þ.e. dótturfélagi Kaupþings, Singer & Friedlander, sem knúið var í greiðslustöðvun sem síðar leiddi til þess að Kaupþing banki hf. varð ógjaldfær.

Það þarf svo sem ekki að rekja þessa sögu og þær hörmungar sem þessar aðgerðir breskra yfirvalda hafa kallað yfir íslensku þjóðina, það þekkjum við allt saman. Tilgangurinn með þessu frumvarpi er fyrst og fremst sá að tryggja að þeir aðilar sem orðið hafa fyrir tjóni eða telja sig hafa orðið fyrir því að bresk stjórnvöld hafi með ólögmætum hætti ráðist gegn hagsmunum þeirra með beitingu hryðjuverkalaga, geti farið í dómsmál fyrir erlendum dómstólum, og þá dómstólum í Bretlandi, og fengið til þess fjárhagslega fyrirgreiðslu frá fjármálaráðherra. Það eru skilaboðin sem felast í þessu frumvarpi.

Það er óvenjulegt að fjármálaráðherra sé veitt heimild til þess að styðja við bakið á einstaklingum eða fyrirtækjum sem vilja fara í dómsmál erlendis en allt þetta mál er auðvitað mjög óvenjulegt. Það varðar íslenska almannahagsmuni og það réttlætir þær reglur og tillögur sem fram koma í frumvarpinu. Af þeim ástæðum leggjum við frumvarpið til og teljum að vegna þess hversu óvenjulegt málið er, hversu miklir hagsmunir eru í húfi, sé nauðsynlegt að lagastoðin á bak við heimild fjármálaráðherra til þess að veita slíka fyrirgreiðslu sé skýr.

Ég vil síðan segja að verði frumvarpið að lögum felst í því gríðarlega mikil pólitísk yfirlýsing frá Alþingi Íslendinga um að þingmenn á Alþingi og íslenska þingið sætti sig ekki við það framferði Breta að beita Íslendinga þeim aðgerðum sem þeir gerðu. Við Íslendingar viljum ekki sæta því að vera meðhöndlaðir sem hryðjuverkamenn, að við séum beittir hryðjuverkalögum, við erum ekki hryðjuverkamenn. Sé það gert viljum við senda þau skilaboð að við munum bera hönd fyrir höfuð og leita réttar okkar fyrir dómstólum og að slík málshöfðun njóti stuðnings Alþingis Íslendinga.

Ég vil, frú forseti, að lokum þakka hæstv. forseta þingsins og forsætisnefnd fyrir að taka þetta mál hér á dagskrá. Það er auðvitað óvenjulegt þegar svona lítill tími er eftir af þingstörfunum að þingmannamál eins og þetta fái meðferð á þinginu þannig að ég vil þakka þeim sem að því stóðu að koma málinu á dagskrá kærlega fyrir það. Það er til mikils að vinna vegna þess að málshöfðunarfrestur vegna yfirvofandi dómsmála er að renna út. Þess vegna er mikilvægt að þessi heimild fáist og frumvarpið verði að lögum svo að hagsmunir Íslendinga verði ekki fyrir borð bornir.

Ég vil líka þakka meðflutningsmönnum mínum, sem eru þingmenn allra stjórnmálaflokkanna á þinginu, fyrir að flytja málið með mér og veita því stuðning sinn. Það sýnir að það er víðtæk pólitísk sátt um að fara þá leið sem hér er lögð til.

Frú forseti. Með þessum orðum lýk ég máli mínu og legg til að þessu máli verði vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[21:08]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál en vil þó gera grein fyrir því að ég hef ljáð þessu frumvarpi stuðning minn af því að ég tel að málið varði almannahagsmuni. Sá atburður þegar Bretar beittu íslensk fyrirtæki hryðjuverkalögum er einn sá ótrúlegasti í þessum efnahagsþrengingum öllum. Hryðjuverkalöggjöfin er auðvitað mjög umdeild og sértæk löggjöf í Bretlandi sem sett var á í svokölluðu stríði gegn hryðjuverkum og var líklega aldrei ætluð til nota í efnahagslegum tilgangi og hvað þá sérpólitískum tilgangi sem þessum. En leiddar hafa verið líkur að því að þessi verknaður hafi verið liður í pólitískum keilufellingum.

Björg Thorarensen, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, ræddi þetta mál í ávarpi sem hún flutti á fullveldisdeginum, þennan gjörning. Með leyfi forseta, langar mig að vitna í hana. Þar segir hún:

„Með aðgerðum breskra stjórnvalda var í raun brotið bæði gegn þjóðréttarskyldum í samskiptum við annað ríki sem er sjálfstætt skoðunarefni sem íslenska ríkið getur sótt rétt sinn vegna. Auk þess var brotið gegn réttindum íslenskra aðila sem þannig eignast kröfu á hendur breskum stjórnvöldum. Um það síðarnefnda eru afdráttarlausar skyldur leiddar af Mannréttindasáttmála Evrópu sem Bretland hefur gengist undir og jafnframt leitt í lög. Frysting á eignum og aðrar þungbærar aðgerðir sem Landsbankinn varð fyrir á grundvelli hryðjuverkalaganna brutu gegn eignarréttindum sem vernduð eru af sáttmálanum, þar sem lagastoð fyrir þeim skorti. Aldrei fyrr hefur hryðjuverkalögunum verið beitt við slíkar aðstæður og ég tel af og frá að þeim hefði verið beint að nokkru öðru ríki í Evrópu- innan eða utan ESB. En ekkert annað Evrópuríki innan Evrópusambandsins brást við til að taka undir augljós mótmæli íslenskra stjórnvalda.“

Afleiðingar þessa verknaðar eru auðvitað ekki enn komnar að fullu í ljós en þó má telja nokkuð líklegt að þetta hafi haft það í för með sér að eignir Landsbankans hafi rýrnað verulega. Þess vegna varðar þetta almannahagsmuni því að þetta er auðvitað nátengt Icesave-skuldbindingunum.

Þar mun íslenska ríkið gangast í ábyrgðir að tryggja innstæður breskra sparifjáreigenda (Gripið fram í.) upp að rúmlega 20 þús. evrum sem er skuldbinding allt að 640 milljörðum sem eru auðvitað gríðarlegar skuldbindingar fyrir íslenskan almenning fram í tímann. Ljóst má vera að beiting hryðjuverkalaganna hefur rýrt eignir Landsbankans á sama tíma og þannig varðar þetta íslenska almannahagsmuni.

Af þessum orsökum lýsi ég stuðningi við þetta frumvarp og tek undir þau orð hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar sem hér talaði að það skiptir líka máli að þetta mál gangi hratt fyrir sig því að fresturinn til málshöfðunar rennur út 7. janúar. Hér þarf því að bregðast skjótt við því að annars gætu mjög mikilvægir hagsmunir farið forgörðum. Af þessum sökum tel ég æskilegt að Alþingi afgreiði þetta mál héðan.

[21:11]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Hér er komið mál sem ég tel mikilvægt og er sátt á hv. Alþingi um að flytja það. Vænti ég þess að það geti orðið að lögum áður en þingið fer heim í jólaleyfi þar sem við megum engan tíma missa í þessu mikilvæga hagsmunamáli íslensku þjóðarinnar gagnvart Bretum sem beittu okkur hryðjuverkalögum fyrr á þessum vetri, sem er mjög alvarlegur gjörningur. Málið er þannig vaxið að það skiptir máli og styrkir málstað okkar Íslendinga að mínu mati, að þetta frumvarp verði að lögum. Þetta er líka mál sem varðar ímynd lands og þjóðar og að því leyti til er óhætt að segja að hér séu orð í tíma töluð.

Ég þakka hv. 1. flutningsmanni fyrir framsögu hans og er henni algjörlega sammála. Hæstv. forsætisráðherra Íslands hefur látið þau orð falla að réttarstaða Íslands gagnvart breskum stjórnvöldum verði könnuð. Hann hefur líka sagt að það sé ófyrirgefanlegt að beita hryðjuverkalögunum gegn Íslendingum. Því er ekki neita að okkur þingmenn, a.m.k. þingmenn stjórnarandstöðunnar, var farið að lengja eftir því að eitthvað heyrðist frá ríkisstjórninni í sambandi við að fylgja eftir þessum stóru orðum sem hæstv. forsætisráðherra lét falla. Ég hef óljósan grun um að það hafi ekki verið full samstaða á milli stjórnarflokkanna um það hvernig taka skyldi á málinu. Kannski verður sá orðrómur sem uppi hefur verið hrakinn af hálfu þingmanna Samfylkingarinnar eða ráðherra, ég reikna frekar með því að alla vega verði gerð tilraun til þess.

Hæstv. forseti. Þetta er mál sem er eiginlega alveg á síðasta snúningi vegna þess að við erum að tapa tíma. Það styttist í að fresturinn fyrir kröfuhafa til að bregðast við, renni út. Málið gengur út á að gera kröfuhöfum fjárhagslega kleift að sækja málið af hálfu íslenska ríkisins, bæði að undirbúa og sækja mál gagnvart Bretum sem varðar þennan gjörning.

[21:15]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Að setja hryðjuverkalög á litla þjóð er mjög sorglegt og ekki þarf að fara yfir það. Við höfum gert það margoft og það er óþarfi nú.

Það sem furðar mig mest eru rólegheit ríkisstjórnar Íslands og aðgerðaleysi og furðulegt að hér skuli þurfa að koma frumvarp frá óbreyttum þingmanni um að fá samþykkt fyrir að farið verði í mál við breska ríkið út af beitingu hryðjuverkalaganna. Ótrúlegt er að þess skuli þurfa og að ríkisstjórnin skyldi ekki strax í upphafi ákveða hvað hún ætlaði að gera.

Þegar við fengum yfir okkur hryðjuverkalögin áttum við að slíta stjórnmálasambandi við Breta, reka sendiherra þeirra á Íslandi heim til sín og kalla okkar sendiherra í Bretlandi heim. Við áttum að beita sömu aðferðum og þegar við vorum í landhelgisstríði við Breta og þess vegna hóta því að segja okkur úr NATO, út af því að Bretland er í NATO eins og við. Við áttum að beita öllum brögðum og möguleikum sem við höfðum til að gera þeim ljóst að við ætluðum ekki að sætta okkur við þetta.

Við höfum nú skuldbundið þjóðina langt umfram það sem margir af okkar best lögfræðimenntuðu mönnum telja að hefði þurft. Við stöndum frammi fyrir því að hér verður lífskjaraskerðing hjá nánast öllum út af þeim samningum og út af því sem gert hefur verið og kannski ekki síst hryðjuverkalögunum. Þess vegna er sjálfsagt mál að beita þeim aðferðum sem við getum og fara í mál við breska ríkið út af hryðjuverkalögunum.

Það er mikill dónaskapur af Bretum að gera þetta og sýnir að þeir eru ekki vinir okkar nú frekar en áður, þó svo að þeir fagni því að eiga viðskipti við okkur þegar við sendum þeim fiskinn okkar, því þeir hafa meiri þörf fyrir að fá fiskinn okkar heldur en við að selja þeim hann. Það er nú einu sinni þannig. Ákveðin svæði í Bretlandi þurfa á viðskiptum við okkur að halda og við höldum uppi mikilli atvinnu og sköffum þeim þann mat sem þeir vilja helst borða, þ.e. íslenskan fisk.

Af mörgum ástæðum er því mikil þörf fyrir okkur að tryggja að farið verði í mál og að við tryggjum peninga til þeirra sem ætla að fara í málaferli við breska ríkið út af hryðjuverkalögunum. Við þurfum kannski að beita enn þá meiri hörku en við höfum gert til að knýja fram réttlæti og að við fáum miklar skaðabætur fyrir að þeir skyldu voga sér að setja á okkur hryðjuverkalög með þeim hætti sem þeir gerðu.

[21:18]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er þakklátur fyrir að heyra að hv. þingmaður hyggst styðja málið. Ég vil bara árétta eitt atriði sem fram kom í ræðu hv. þingmanns þar sem hann taldi að í frumvarpinu fælist einhvers konar gagnrýni á aðgerðir eða aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar, eins og hann orðaði það.

Svo er auðvitað ekki og ég get upplýst hv. þingmann um það. Ég ætti nú að vita það sem annar af tveimur höfundum frumvarpsins.

Ég verð hins vegar að segja og ég vona að hv. þingmaður taki undir það með mér að kannski er meira viðeigandi að þingið taki þessi mál í sínar hendur með þverpólitískum hætti eins og gert hefur verið frekar en ríkisstjórnin. Ég held að hv. þingmaður hljóti að vera sammála mér um að verði frumvarp eins og þetta samþykkt sýni það svart á hvítu að þingið hefur mikið vægi og getur sýnt styrk sinn þegar menn standa saman um mikilvæg mál eins og þetta.

Ég vildi koma þessu sjónarmiði mínu á framfæri. Engin gagnrýni er fólgin í frumvarpinu með þeim hætti, sem hv. þingmaður álítur. Skárra væri það nú. Ekki gagnrýni ég sem þingmaður ríkisstjórnarinnar mína eigin ráðherra og ég veit að aðrir stjórnarþingmenn á frumvarpinu gera það ekki heldur, eins og sá sem hér stígur í salinn.

Ég vil bara leggja áherslu á að um þetta ríkir þverpólitísk sátt og ég fagna því sérstaklega að þingmenn allra flokka sameinast um þetta mikla mál.

[21:20]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Af hverju var þetta frumvarp flutt nema af því að þingheimur óttaðist að ríkisstjórnin stæði sig ekki í stykkinu hvað undirbúning að málshöfðun gegn Bretum varðaði, óttaðist á hvaða stigi það mál væri og fór þess vegna út í þetta?

Ég skil þetta ekki. Ef stjórnarþingmenn töldu enga ástæðu til að gera þetta og að ríkisstjórnin stæði sína plikt fæ ég ekki séð að koma þyrfti fram með þetta frumvarp um málaferlin. Þá hefði ríkisstjórnin gert það. Hún hefur fullt umboð til að koma hér sjálf með tillögu um það en hún fer út í það að láta einhvern þingmann — eða hv. þm. Sigurður Kári telur sig þurfa að flytja þetta frumvarp til að tryggja að við missum ekki af tímamörkum, en við erum kannski komin á síðasta dag með að klára þetta fyrir jólafrí. Því ef ég skil rétt rennur fresturinn til að höfða mál út 7. janúar.

Þetta mun kosta mikla peninga og auðvitað er gott að það kemur fram í frumvarpinu. En það er dálítið skondið að ríkisstjórnin hefur ekki óskað eftir því að Alþingi samþykki að fara þessa leið.

Lái mér hver sem vill ef mér finnst þetta vera ákveðið vantraust á ríkisstjórnina að hún skuli ekki koma með þetta sjálf heldur þurfi þingmenn úr öllum flokkum til að koma með frumvarpið. Ég lít svo á að ríkisstjórnin sé að bregðast og hér taki þingmenn úr öllum flokkum sig saman og komi í veg fyrir að við missum af lestinni í þessu og glötum því tækifæri að fara í mál við Breta.

[21:23]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég held að hv. þingmaður sem talaði á undan mér hafi ekki lesið frumvarpið. Hafi hann lesið það þá hefur hann gjörsamlega misskilið efni þess og tilgang. Hv. þingmaður talar eins og frumvarpið tryggi að farið verði í málsóknina. Svo er ekki, eins og ég skil það. Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að meginmarkmið þess er að veita fjárhagslega fyrirgreiðslu til að standa undir kostnaði af undirbúningi og rekstri máls sem kynni að verða reist.

Ef hv. þingmaður les síðan ágæta greinargerð þeirra sem flytja málið kemur fram að flutningsmennirnir telja að fyrst og fremst þrotabúin, þ.e. leifar bankanna, muni taka ákvörðun um hvort ráðist verður í málshöfðun af því tagi sem hér er lagt til að verði studd fjárhagslega.

Í máli þeirra sem skrifa greinargerðina, þ.e. flutningsmanna, kemur fram að þeir telja líklegt að kröfuhafarnir hafi annaðhvort takmarkaðan áhuga á að fjármagna málshöfðun gegn breskum stjórnvöldum eða þá að þeir treysta sér ekki til þess af einhverjum öðrum ástæðum. Með öðrum orðum kemur fram í greinargerðinni að tvíþættar orsakir kunni að vera sem liggi til þess að ekki verði tekin ákvörðun af þrotanefndum, þ.e. skilanefndum, að fara í málshöfðun. Annars vegar er það skortur á fjármagni og hins vegar að menn telja að slík málshöfðun yrði svo vafasöm að ekki væri áhættunnar virði að leggja í þá sjóferð.

Hins vegar kemur fram sú skoðun hv. flutningsmanna að jafnvel þó að frumvarpið yrði samþykkt og þar með sú fjárhagslega fyrirgreiðsla sem því fylgdi tryggi það ekki að í slíka málshöfðun verði farið. Ég tel þess vegna að hv. þm. Grétar Mar Jónsson hafi algerlega misskilið tilganginn með frumvarpinu. Ef hv. þingmaður vill koma hingað og fimbulfamba um að ekki sé verið að ráðast í málshöfðun, ef hann vill tryggja að þingið leggi sinn atbeina að því að í gadda sé slegið, þá verða hann og Frjálslyndi flokkurinn að leggja fram frumvarp þar sem Alþingi samþykkir að fela ríkisstjórninni að ráðast í slíka málshöfðun. Það er ekki gert hér.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kom hingað og fór með orðasveim og sagði orðróm vera um að ríkisstjórnin hefði ekki áhuga á því að réttar Íslendinga í málinu yrði með einhverjum hætti leitað fyrir dómstólum. Það er alrangt. Margsinnis hefur komið fram bæði frá forustumönnum beggja stjórnarflokkanna og mörgum ráðherrum og mörgum þingmönnum úr öllum flokkum að mjög einbeittur vilji er fyrir því að Íslendingar taki sér allt það fyrir hendur sem hægt er til að tryggja þennan rétt.

Ég rifja það upp að í nefndaráliti, ég held allrar eða meiri hluta utanríkismálanefndar sem hv. þm. Bjarni Benediktsson mælti hér fyrir á sínum tíma og varðaði Icesavereikningana og ákveðna hluti sem þeim tengdust, er skýrt tekið fram að íslensk stjórnvöld áskilji sér allan rétt þrátt fyrir þá samninga sem kunna að vera gerðir að sækja þann rétt sem þau telja að þeim beri fyrir dómstólum. Það er algerlega klárt. Ljóst er að til þess liggur skýr vilji íslensku ríkisstjórnarinnar.

Ég held að rétt sé hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni 1. flutningsmanni og hv. þm. Grétari Mar Jónssyni að vel kunni að vera að það sé málinu og þeirri glímu sem við eigum eftir að heyja við Breta út af þessu máli til styrktar að fyrir liggi óskoruð yfirlýsing Alþingis. Hennar má afla með ýmsum hætti. Vel hugsanlegt er að ef það er það sem menn leita eftir, eins og mér fannst vera hér ríkjandi í máli hv. þingmanns sem talaði næstur á undan mér, þá hefðu menn hugsanlega getað farið þá leið að Alþingi samþykkti ákveðna yfirlýsingu um afstöðu í málinu.

Ég vil hins vegar segja, eins og ég hef margsinnis sagt úr þessum ræðustól, að ég tel að Bretar hafi komið svívirðilega fram gagnvart okkur á sínum tíma. Ég tel að engin ástæða og engin rök hafi verið til þess að þeir gripu til notkunar hermdarverkalaganna. Ég held raunar varðandi Singer & Friedlander banka Kaupþings að þá eigi eftir að koma í ljós að sá banki stóð með þeim hætti að bresk stjórnvöld höfðu enga ástæðu til að telja að með einhverjum hætti væri hag breskra borgara fjárhagslegur háski búinn. Ég held að það sé algerlega klárt.

Enginn hefur getað sýnt fram á hvaða rök lágu til grundvallar því að Bretar fóru inn í og lokuðu þeim banka Kaupþings. Það olli hruni Kaupþings og hafði í för með sér

ómældan skaða fyrir eigendur Kaupþings og marga þá sem telja má í hópi lánardrottna þess ágæta banka. Þannig að út af fyrir sig er það sérstakt rannsóknarefni að reyna að grafast fyrir um hvað olli þessu.

Ég held, til að taka undir það sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði í upphafsræðu sinni, að þetta hafi fyrst og fremst verið viðleitni forsætisráðherra sem var í veikri stöðu í breska ríkinu til að slá pólitískar keilur. Sá sem hér stendur bjó í Bretlandi á tímum Falklandseyjastríðsins. Ég sá þá hvernig breskur forsætisráðherra sem stóð í harðri vörn og átti undir högg að sækja notaði milliríkjadeilu sem tengdist átökum um yfirráð Falklandseyja til þess að snúa almenningsálitinu sér í vil.

Lítill vafi er í mínum huga um að Gordon Brown forsætisráðherra Breta fór sömu leið. Það sést glöggt þegar yfirlýsingar hans eru skoðaðar, þar sem hann talaði m.a. af lítilli kunnáttu og litlu viti og engri fyrirhyggju um að bresk stjórnvöld mundu leggja undir sig íslensk fyrirtæki, eins og hann orðaði það, í Bretlandi. Það sýndi bara í hvað var stefnt þarna. Þarna átti að sópa breskum almenningi undir vængi stjórnmálamanns í erfiðleikum. Þetta er gamalt trix sem menn kunna að nota þar í landi og þetta gekk að hluta til um stund hjá þeim manni.

Að því er varðar síðan Landsbankann og beitingu hermdarverkalaganna gagnvart honum er ég litlu nær hvað raunverulega olli því. Ekkert sem komið hefur fram af hálfu íslenskra stjórnmálamanna í bréfum eða í samtölum, sem hafa verið birt, gefur tilefni til þess. Enginn hefur heldur haldið því fram ef frá eru taldir tveir einstaklingar. Hinn fyrri er talsmaður Framsóknarflokksins í utanríkismálum sem skrifaði um það mál í áliti Framsóknarflokksins í utanríkismálanefnd, sem ég vísaði til hér áðan, að tiltekið samtal sem þar er tilgreint hefði leitt til þess og samskipti íslenskra stjórnmálamanna, þ.e. ráðherra, við Breta hefðu gefið tilefni til þess að Bretar fóru fram með þessum hætti. Ekkert hefur verið lagt fram sem rökstyður það. Þar að auki tel ég mjög gáleysislegt af íslenskum stjórnmálamönnum að tala með þessum hætti án þess að geta rökstutt mál sitt vegna þess að það beinlínis grefur undan þeim hagsmunum sem t.d. hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson reifaði hér sem eitt af markmiðum þessa frumvarps væri að verja.

Annar Íslendingur hefur líka talað með þessum hætti og það er aðalbankastjóri Seðlabanka Íslands. Þegar hann hélt ræðu sína á viðskiptaþingi og sagði að honum væri kunnugt um óbirt samtöl sem gæfu tilefni til þess að ætla að þar lægi ástæðan fyrir því að bresk stjórnvöld gripu til þessara viðbragða þá tel ég að seðlabankastjórinn hafi þar gáleysislega mælt og án þess að geta lagt fram frekari rök máli sínu til stuðnings hafi hann líka grafið undan málstað Íslendinga. Með því var hann í reynd að greina frá því að hann sem seðlabankastjóri byggi yfir vitneskju sem gæfi tilefni til þess að réttlæta þessa misgjörð breskra stjórnvalda.

Þetta vildi ég nú sagt hafa hér í ræðu minni um þetta mál, herra forseti. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að ágætt sé að Alþingi Íslendinga ítreki þann sterka vilja sem fram hefur komið frá þeim sem hér sitja og ríkisstjórn Íslands um að Íslendingar neyti þeirra ráða sem þeir hafa til að leita réttar síns.

En ég segi hins vegar alveg fortakslaust að ég tel að jafnvel samþykkt þessa frumvarps muni ekki endilega tryggja að farið verði í slíka málsókn af hálfu skilanefndar að minnsta kosti annars þessara banka. Skýrt kemur fram að það er álit þeirra sem flytja málið að einhverjar aðrar ástæður en fjárhagslegar kunni að leiða til þess að þeir treysti sér ekki til þess. Nú ætla ég ekki að rekja garnirnar úr hv. flutningsmönnum frumvarpsins um hvað það kunni að vera. En þetta vildi ég segja í tilefni af orðum Grétars Mars Jónssonar hér áðan.

Ég vil ítreka það, herra forseti, að ég tel að þarna hafi Bretar farið með miklu harðræði, mikilli ósanngirni og ranglæti á hendur Íslendingum og ég tel að þetta mál og framkoma þeirra gagnvart okkur muni verða þeim til ævarandi hneisu.

[21:33]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta virðist koma eitthvað við kaunin á hæstv. iðnaðarráðherra eða réttara sagt olíumálaráðherra í dag, að maður skuli voga sér að draga í efa eða þora að tala um verk ríkisstjórnarinnar með einum eða öðrum hætti.

Það vill svo til að það er verið að leggja fram frumvarp og ég spyr bara: Af hverju er það lagt fram? Það er lagt fram til þess að tryggja að það verði til fjármagn handa skilanefnd KB-banka til að fara með málið áfram. Það er minn skilningur á þessu frumvarpi, og tilgangur frumvarpsins er sá að tryggja að það verði ekki peningar sem komi í veg fyrir að farið verði í þessi málaferli.

Við erum að falla á tíma. Eftir því sem sagt hefur verið hér í þinginu rennur fresturinn út 7. janúar, þá er síðasti frestur til að fara með málið áfram.

Það er auðvitað sorglegt fyrir ríkisstjórnina að hafa ekkert verið að vinna í málunum og jafnvel ekki talað um þessi mál við skilanefndina. Hvað á maður að halda þegar hæstv. olíumálaráðherra talar á þessum nótum?

Hrun KB-banka er augljóslega út af gjörðum bresku ríkisstjórnarinnar eða réttara sagt skoðanabróður og flokksbróður hæstv. olíumálaráðherra, Gordons Browns, sem er jafnaðarmaður eins og hæstv. olíumálaráðherra. Það er auðvitað hann sem setur þessi hryðjuverkalög á okkur og við ætlum okkur að fara í mál við hann og hans ríkisstjórn.

Ég man þess ekki betur en að hæstv. olíumálaráðherra hafi margsagt (Forseti hringir.) að hann ætlaði ekki að kyssa á vöndinn. En hvað er hann að gera í rauninni?

[21:35]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti vill vekja athygli hv. þingmanns á því að virða ávarpsreglur sem eru viðhafðar í þingsal.

[21:35]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að mér fellur miklu betur að vera kallaður hæstv. olíumálaráðherra því að það er titill sem ég mun a.m.k. af fremsta megni reyna að standa undir.

Það er nú ekki svo, herra forseti, að sá olíumálaráðherra sem hér stendur hafi kysst, eins og ég nefndi það í ræðu minni, á vönd kvalara minna. Sú umræða spannst af því að

ég sem starfandi utanríkisráðherra um tíma taldi að það væri fráleitt að Bretar væru fengnir til þess að veita hér loftrýmiseftirlit. Það var dregið í efa af sumum að þar fylgdi hugur máli. Hv. þingmaður veit að það er kominn desember, ekki eru Bretarnir komnir og þeir munu ekki koma.

Nei, herra forseti, ræða mín hér áðan kviknaði af því tilefni að olíumálaráðherra er nú hlýtt til allra þeirra sem hafa einhvern kvóta og hv. þm. Grétar Mar Jónsson hefur alltaf villukvóta hjá mér. Ég kom hingað einungis til að benda honum á þau augljósu sannindi að oft væri betra, ekki endilega alltaf en a.m.k. stundum og örugglega af þessu tilefni, að hv. þingmenn læsu frumvarpið sem þeir töluðu um. Það kom í ljós í ræðu hv. þingmanns að hann taldi þetta frumvarp tryggja málshöfðun. Svo er ekki. Ég benti honum á að samþykkt þessa frumvarps mun tryggja (Gripið fram í.) að málshöfðun mun ekki falla niður vegna þess að þeim sem hyggjast að henni standa verði féskipt.

Það tryggir hins vegar ekki ef, eins og kemur fram í greinargerð af hálfu flutningsmanna, einhverjar aðrar ástæður kröfuhafa í Kaupþing t.d. liggja til þess að fara ekki í slíka málshöfðun. Mætti þá kannski spyrja hvaða ástæður það gætu verið. Ég þekki þær ekki. Ég er alveg sannfærður um að hv. þingmaður sem ég (Forseti hringir.) er að ásaka um að hafa ekki lesið frumvarpið veit það enn síður en ég.

[21:38]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Auðvitað er það útúrsnúningur sem hæstv. olíumálaráðherra heldur hér fram að því leyti að hann — (Forseti hringir.) Ég veit ekki betur en að hæstv. iðnaðarráðherra hafi sjálfur talað um að hann væri olíumálaráðherra, gerir það í tíma og ótíma þegar honum hentar og vill skreyta sig með olíufjöðrum um allar trissur. (Gripið fram í.) *[Hlátrasköll í þingsal.]*

En auðvitað sneri hann út úr. Ég var að tala um að hér væri verið að tryggja fjármagn í það verk að menn gætu farið í málaferli. Og ég var að tala um að það væri ekki tryggt að fara í málaferli. Ég gef mér það að það sé öruggt mál að það verði farið í málaferli og það verði tryggt að til þess fáist fjármagn. Út á það gengur þetta frumvarp, að tryggja peninga til handa skilanefndunum eða öðrum kröfuhöfum sem munu vilja fara í málaferli við breska ríkið.

Enn og aftur segi ég að svo virðist sem þetta komi við kaunin á ráðherrum ríkisstjórnarinnar og ekki þá síst þeim sem höndla með olíumál. Hvet ég þá til að líta í eigin barm og skoða sinn hug betur en þeir hafa gert og tryggja það og leggjast á árar með þingmönnum með að það verði tryggt að farið verði í málaferli og að peningar verði til í þau.

Svo óska ég þess auðvitað að hæstv. iðnaðarráðherra sem vonandi einhvern tímann á eftir að verða olíumálaráðherra muni standa með Alþingi Íslendinga í þessu máli.

[21:40]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Nú sýnist mér eins og hv. þingmaður hafi fengið olíu í fiðrið sitt og eigi erfitt bæði með flug og sund. Ég get staðfest gagnvart hv. þingmanni að það skortir ekkert á minn hug til að fylgja því að Íslendingar sæki allan sinn rétt sem þeir hafa í þessu máli. Ég held að sá réttur sé umtalsverður. Ég held að hann standi bæði andspænis bönkunum tveimur, Landsbankanum gamla og Kaupþingi gamla. Ég held eins og hér hefur áður komið fram í mínu máli við 2. umr. að það sé fyrst og fremst skilanefndanna að standa fyrir slíkri málssókn. En ég held líka að íslenska ríkisstjórnin eigi að leita þeirra ráða sem kunna að vera fyrir hendi til að sækja þennan rétt á öðrum vettvangi. Ég er ekki nægilega lögfróður til að geta bent nákvæmlega á með hvaða hætti það er.

Ég hjó líka eftir því að sá maður sem hv. 1. flutningsmaður þessa máls nefndi sem annan höfund greinargerðarinnar ásamt sjálfum sér sagði í sjónvarpi að hann teldi sjálfur að það kynni að verða erfitt að finna beinlínis leiðirnar til að sækja það mál fyrir alþjóðlegum dómstólum en mér sem ólögfróðum manni finnst ákaflega merkilegt að ekki skuli vera þannig samskiptaleiðir og þannig samningar millum þjóða heimsins að þeir tryggi að þegar ein þjóð fer með slíkri gerningahríð og slíku ranglæti á hendur annarri skuli ekki vera fortakslaus farvegur til að sá sem fyrir mótlætinu verður geti sótt sinn rétt ef hann telur að hann hafi hann, eins og við höfum alveg klárlega í þessu tilviki.

Þá vísa ég aftur til Helga Áss Grétarssonar stórmeistara, hann var ekki alveg handviss um að slíkur farvegur væri fyrir hendi.

[21:42]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram í umræðu að þetta frumvarp tryggir auðvitað ekki að mál verði höfðuð fyrir erlendum dómstólum vegna þeirra aðgerða sem Bretar gripu til. Það sem frumvarpinu er hins vegar ætlað að gera er að taka af allan vafa um að það verður ekki vegna fjárskorts hinna gömlu banka sem það verður ekki gert.

Það hefur flogið fyrir að a.m.k. einhverjar skilanefndanna hafi áhyggjur af því að þær geti ekki forsvarað það út frá hlutverki sínu að verja fé til málshöfðunar og því er þessu frumvarpi ætlað að taka á þeim vanda og tryggja að fjármunir verði til reiðu.

Það er síðan eftir sem áður í höndum skilanefndanna að meta hvort mál verði höfðað. Í því efni hljóta auðvitað að koma til álita þær aðstæður sem voru fyrir hendi þegar af aðgerðunum varð og skilanefndirnar hafa vonandi upplýsingar um því að ég geri ráð fyrir að skilanefndirnar hafi núna getað kannað atburði og aðstæður í viðkomandi bönkum, þá sérstaklega hvort eitthvað þar gæti verið þess eðlis að það hefði getað útskýrt beitingu hryðjuverkalaganna.

Þess vegna held ég að það sé mikilvægt að við ryðjum þeirri hindrun úr vegi, ef það er ekki skýrt, sem felst í því að af málshöfðun geti orðið vegna fjárhagsaðstæðna. Þessu frumvarpi er ætlað að gera það.

Virðulegi forseti. Ástæða þess að þetta frumvarp er þingmannafrumvarp er einfaldlega sú, eins og hefur komið fram í umræðum hér á Alþingi og síðast í umræðum um störf þingsins fyrir einni eða tveimur vikum, að það er mjög mikilvægt að mínu áliti að víðtæk pólitísk samstaða sé um fjárútlát af þessum toga. Það er einfaldlega þannig að ekki má inna af hendi greiðslur úr ríkissjóði nema til þess sé lagaheimild þannig að það þarf að skapa lagaheimildina í

formi annaðhvort sérlaga og/eða fjárlagaheimildar.

Það sem við reynum að gera með þessu frumvarpi er að leggja fram lagagrunn til að unnt sé að veita stuðning þeim bönkum sem vilja láta reyna á þessi réttaratriði. Það er eðlilegt og nauðsynlegt að um það ríki víðtæk samstaða meðal þingmanna. Það kann vel að vera að reikningarnir verði mjög háir. Það hef ég ítrekað bent á í umræðu um þessi atriði í þinginu á undanförnum vikum. Það getur vel verið að málaferlin verði mjög kostnaðarsöm og kostnaður geti þess vegna auðveldlega hlaupið á hundruðum milljóna. Þess vegna skiptir miklu máli að það sé víðtæk pólitísk samstaða um málið og að stjórnarandstaðan standi með okkur í þessu verki. Því er þetta lagt fram hér í formi þingmannafrumvarps.

Ég vil sérstaklega (**ÁI:** Við styðjum ykkur til allra góðra verka.) þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, 1. flutningsmanni, fyrir vinnu hans að málinu. Við leggjum fram þetta frumvarp en því er ekki endilega ætlað að komast í gegnum þingið á þessum fáu dögum fram að jólum. Við munum leggja fram samættaða breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið til að tryggja að í 6. gr. fjárlaga verði fjárheimild sem dugi til þessa og þetta frumvarp fer síðan sinn gang til nefndar, verður vonandi lögfest og verður þá til frekari fyllingar og styrktar þegar kemur vonandi að því að fjármálaráðherra þurfi að beita þessum heimildum.

Virðulegi forseti. Okkur ríður mikið á að fá að vita nákvæmlega hvað gerðist í þessu máli. Það er mikilvægt fyrir þjóðina og það er mikilvægt til þess að við áttum okkur á samhengi hlutanna. En það er ekki síður mikilvægt fyrir sjálfsmynd okkar til lengri tíma litið.

Það kann vel að vera, við skulum ekki útiloka það, að í aðdraganda málshöfðunar eða jafnvel fyrir dómi komi í ljós einhverjir hlutir sem gætu kollvarpað þeirri sýn sem við höfum í dag sem er sú að við höfum verið órétti beitt. Það kann vel að vera að við málsmeðferð fyrir dómi eða í aðdraganda málshöfðunar komi upp úr dúrnum að einhverjir atburðir hafi verið þess eðlis að þeir útskýrðu frekar hvers vegna þessum lagaheimildum var beitt og kannski ættu slík málaferli þá annaðhvort eftir að staðfesta þann grun sem við höfum í dag um að við höfum verið órétti beitt eða kollvarpa þeirri hugsun og útskýra fyrir okkur betur af hverju þessum heimildum var beitt. Þá verður væntanlega auðveldara fyrir okkur að sætta okkur við afleiðingarnar og lifa með þeim.

Það hlýtur að vera mjög mikilvægt, held ég, fyrir þjóðina að öll tildrög þessa máls og aðdragandi fáist hreint upp á yfirborðið og því skiptir miklu máli að allir sem yfir upplýsingum búa um þetta hjálpi skilanefndunum að átta sig á stöðunni þannig að þær geti raunsætt lagt mat á aðstæður áður en til málshöfðunar kemur þannig að málarekstri yrði hagað með eins skynsamlegum hætti og kostur er.

Að síðustu, virðulegi forseti, er það auðvitað þannig að ríkið mun áfram horfa til sinnar lagalegu stöðu varðandi þau úrræði sem ríkið kann að hafa til að bera þessi mál undir dómstóla. Það er rétt sem hér hefur komið fram í umræðunni að það eru nokkur álitamál um það hversu auðvelt það kynni að vera. Það er áfram sjálfstætt úrlausnarefni. Þar eru ekki neinir sérstakir tímafrestir að renna út en hins vegar er greinilega fullur vilji til þess af hálfu forsætisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins að vinna vel í því máli eins og gert hefur verið hingað til.

[21:49]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það hefur komið fram í umræðunni og á fundi sem seðlabankastjóri var á fyrir skömmu, morgunverðarfundi, þar sem hann lýsti því yfir að hann vissi um ákveðna hluti sem hefðu kannski haft úrslitaáhrif í þessu máli og það væri kannski gott hjá okkur að fá það á hreint hjá seðlabankastjóra hvað hefði verið í gangi, eða er ríkisstjórnin kannski að hylma yfir með honum til að koma í veg fyrir það að menn fari í einhvers konar uppgjör eða jafnvel málaferli við Breta af því að seðlabankastjóri veit eitthvað sem ráðherrar í ríkisstjórninni hafa verið að gera sem olli því að hryðjuverkalögin voru sett á okkur og okkar banka? (**Gripið fram í:** Heldurðu að olíumálaráðherra sé að hylma yfir með seðlabankastjóra?)

Ja, margt er skrýtið í kýrhausnum og því er ekki að neita að hæstv. iðnaðarráðherra, sem vonandi verður einhvern tíma olíumálaráðherra, mun kannski neyðast til þess, til að bjarga ríkisstjórninni frá falli eða því að ríkisstjórnin springi eða lendi í einhverjum verri ógöngum en hún er í núna og upp komist um einhverja gjörninga hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar sem hafa verið í þeim dúr að menn séu búnir að gera hér mikið af óhæfuverkum, sumt sjálfsagt löglaust og annað siðlaust. (**Gripið fram í:** Og allt vont?) Nánast allt saman vont og allt vitlaust. Það er sama hvort við tölum um neyðarlögin, gjaldeyrishöftin, eða viðbót við neyðarlögin. Öll frumvörp sem hafa verið samþykkt upp á síðkastið og öll þau lög sem hafa verið sett upp á síðkastið virka með þeim hætti að tvísýnt er hvort þau standist ýmis önnur lög.

[21:51]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það hefur komið skýrt fram hjá hæstv. forsætisráðherra, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra að þau kalla öll skýrt eftir því að seðlabankastjóri upplýsi hvað það er sem hann telur sig vita sem ástæður þess að hryðjuverkalögunum var beitt. Þess vegna er algjörlega fráleitt að halda því fram að af hálfu ríkisstjórnarinnar eða ríkisstjórnarflokkanna sé einhver ótti við að fá það fram í dagsljósið sem seðlabankastjóri þykist vita.

Ég ætla hins vegar að setja fram aðra tilgátu. Ég tel engar líkur á að seðlabankastjóri viti nokkurn skapaðan hlut um málið. Ég held að þetta sé einfaldlega smjörklípa af hans hendi til að draga athygli frá öðrum málum og þá sérstaklega slakri framgöngu Seðlabankans á ýmsum sviðum í kringum hrunið og aðdraganda þess. Þetta minnir óneitanlega á hátterni dryldins smápatta sem þykist búa yfir einhverju sem hann í reynd býr ekki yfir og spilar sig stóran með því. Ég held að við eigum ekki að gera því skóna að seðlabankastjóri viti nokkurn skapaðan hlut í þessu efni, ég held að það sé eðlilegra að lesa þetta sem einhvers konar tilraun til að gera sig breiðan í umræðunni.

[21:53]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Seðlabankastjóri segist vera með upptökur

og geyma upptökur lengur núna en hann gerði áður eða hafi verið vinnuregla Seðlabankans sem var að geyma upptökur í sex mánuði en nú séu þær geymdar lengur. Af einhverjum ástæðum sér hann ástæðu til að halda þessum upptökum, væntanlega segja þær eitthvað.

Það er samt ótrúlegt, hæstv. forseti, að við skulum búa við það að ríkisstjórn Íslands skuli líða seðlabankastjóra það að upplýsa ekki og segja það sem hann veit um þessi mál. Eða er óeðlilegt að óbreyttir þingmenn í þinginu álykti að það sé meiri maðkur í mysunni en komið hefur fram um að ráðherrar í ríkisstjórninni hafi gert einhver afglöp, stærri og meiri afglöp en þeir hafa orðið uppvísir að áður? Er óeðlilegt að við og almenningur í landinu spyrjum: Hvað er undir steininum, hvað er undir? Af hverju fæst þetta ekki upp og af hverju situr seðlabankastjóri í skjóli ríkisstjórnarinnar, (**ÁI:** Í skjóli Samfylkingarinnar.) í skjóli Samfylkingarinnar og ríkisstjórnarinnar allrar? Af hverju er málið ekki upplýst? Af hverju er þjóðinni haldið í þessari óvissu að einhver embættismaður veit eða þykist vita hvað er í gangi?

Það getur vel verið að það sé rétt hjá hv. þm. Árna Páli Árnasyni að hann viti ekkert og hann sé bara eins og lítill dryldinn strákur að monta sig af einhverju sem hann hefur ekki hugmynd um, það getur vel verið að það sé alveg rétt. En þetta er samt með ólíkindum, við erum að tala um einn hæst launaða embættismann Íslands sem ber mikla ábyrgð á þeirri ógæfu sem búið er að setja þessa þjóð í núna. (Forseti hringir.) Þetta er ótrúlegt.

[21:55]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson) (S):

Herra forseti. Ég vil við lok umræðunnar nota tækifærið og þakka þeim sem tóku þátt í henni. Það hefur auðvitað verið farið um víðan völl eins og orðaskipti tveggja hv. þingmanna og hæstv. iðnaðarráðherra bera merki um, en eitt er þó ljóst af þeirri umræðu sem farið hefur fram að það er þverpólitísk sátt um að fara þá leið sem frumvarpið mælir fyrir um, þ.e. að tryggja fjárhagslega fyrirgreiðslu til þeirra sem kjósa að fara í mál fyrir erlendum dómstólum vegna aðgerða breskra stjórnvalda. Og það er þverpólitísk sátt um það og skilningur hér að Alþingi Íslendinga eigi að senda Bretum skýr skilaboð um að við aðgerðir þeirra og beitingu hryðjuverkalaga gagnvart Íslendingum og íslenskum hagsmunum verði ekki unað.

Það er ljóst að fulltrúar allra flokka sem tekið hafa þátt í umræðunni styðja málið og ég fagna því sérstaklega. Ég fagna líka þeim stuðningsyfirlýsingum sem komið hafa frá fulltrúa ríkisstjórnarinnar, hæstv. iðnaðarráðherra Össuri Skarphéðinssyni, sem lýsti hér yfir stuðningi við málið. Það sýnir hversu víðtækur stuðningurinn er. (Gripið fram í.) Nú fer málið til allsherjarnefndar og ætti að fá góðar viðtökur þar og það ætti að vera hægt að afgreiða málið úr nefndinni bæði hratt og vel.

Ég ítreka að ég vil nota tækifærið og þakka fyrir stuðninginn við málið og fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 1. umr.

Stjfrv., 246. mál (réttindaávinnsla o.fl.). — Þskj. 363.

[21:57]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til breytinga á svonefndum eftirlaunalögum. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á eftirlaunakjörum alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara samkvæmt lögum nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Lög nr. 141/2003, sem öðluðust gildi 30. desember 2003, fólu í sér gagngerar breytingar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar. Í almennum athugasemdum við frumvarp það sem varð að fyrrgreindum lögum var því lýst að markmið með setningu laganna væri m.a. að veita alþingismönnum og ráðherrum sem hefðu gegnt störfum lengi og verið í forustusveit í samfélaginu rýmri rétt en áður til að hverfa af opinberum vettvangi og draga sig í hlé frá stjórnmálum. Með því væri stuðlað að hæfilegri endurnýjun í þjóðmálum og þeim sem varið hefðu meginhluta starfsævi sinnar á þessum sviðum tryggður fjárhagslegur grundvöllur til að svo gæti orðið. Tekið var fram að gera ætti þeim sem lengi hefðu verið í forustustörfum í stjórnmálum kleift að hverfa af vettvangi með sæmilega örugga afkomu og án þess að þeir þyrftu að leita nýrra starfa seint á starfsævinni.

Síðan lög nr. 141/2003 voru sett hafa þau sætt margs konar gagnrýni. Í þeirri umræðu hefur þó einkum verið staðnæmst við það atriði að þeir sem þiggja eftirlaun samkvæmt lögunum hafa samhliða getað verið í föstu starfi, þar á meðal hjá hinu opinbera, en sæta þá jafnframt skerðingu eftirlaunanna, þó ekki lengur en til 65 ára aldurs. Skerðing eftirlaunagreiðslna skv. 19. gr. laganna er 6% af áunnum réttindum fyrir hvert aldursár sem vantar upp á að viðkomandi nái 65 ára aldri. Enginn greinarmunur er gerður á því hvort starfið er á vegum hins opinbera eða annarra. Vert er að vekja athygli á því að þetta skerðingarfyrirkomulag var ekki að öllu leyti nýjung. Þeir sem eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur sæta sambærilegri skerðingu, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þá er rétt að taka fram að hjá lífeyrissjóðum á almennum markaði hefur ekki tíðkast að skerða greiðslu ellilífeyris þrátt fyrir að lífeyrisþegar taki að sér önnur störf. Geta sjóðfélagar því notið fulls ellilífeyris og jafnframt notið fullra launa vegna starfa án þess að til nokkurrar skerðingar komi. Á þetta bæði við um þá sem hefja töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur og þá sem hefja töku lífeyris síðar.

Þótt of snemmt sé að segja til um hvort þau markmið sem stefnt var að með setningu laga nr. 141/2003 hafi náðst að fullu er ljóst að tilteknar hliðar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar mæta ekki almennum skilningi í þjóðfélaginu. Við því þarf að bregðast, meðal annars til að varðveita nauðsynlegt traust milli almennings og ráðamanna. Reynsla af framkvæmd laganna sýnir þó að alþingismenn og ráðherrar með langan feril að baki virðast almennt ekki kjósa að setjast í helgan stein þegar eftirlauna-

aldri er náð eins og ráð var fyrir gert. Vegna reynslu sinnar er ekki óeðlilegt að þeir veljist í ýmis opinber störf og eiga þeir samkvæmt núgildandi lögum rétt á eftirlaunum, með ákveðinni skerðingu, samhliða launum fyrir það starf sem þeir gegna. Fyrir vikið njóta þeir kjara sem eru almennt mun betri en almenningur á kost á. Þykir þessi aðstaða sérstaklega óeðlileg þegar um er að ræða störf á vegum hins opinbera þannig að viðkomandi aðilar njóta þá bæði eftirlauna og launagreiðslna frá ríkinu.

Með hliðsjón af framangreindu eru með frumvarpinu lagðar til eftirfarandi breytingar á núgildandi lögum:

Í fyrsta lagi er lagt til að aldurslágmark alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara til töku eftirlauna verði hækkað úr 55 árum í 60 ár.

Í öðru lagi er lagt til að réttindaávinnsla hjá alþingismönnum, ráðherrum og hæstaréttardómurum verði eftirleiðis 2,375% fyrir hvert ár í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári, í stað 3% ávinnslu hjá alþingismönnum og 6% ávinnslu þegar ráðherrar og hæstaréttardómarar eiga í hlut eins og í núgildandi lögum. Samhliða er lagt til að fellt verði á brott ákvæði um að skylda til greiðslu iðgjalda falli niður þegar fullum réttindum samkvæmt lögunum er náð.

Í þriðja lagi er lagt til að girt verði fyrir það að þessir hópar njóti samtímis eftirlauna og launa frá ríkinu. Er það gert með því að kveða á um að launagreiðslur frá hinu opinbera komi að fullu til frádráttar eftirlaunum á grundvelli laganna. Gert er ráð fyrir að skerðingarregla núgildandi laga eigi áfram við um launagreiðslur vegna starfa hjá öðrum aðilum.

Í fjórða lagi er lagt til að sérákvæði um eftirlaunakjör forsætisráðherra verði felld á brott þannig að um fyrrverandi forsætisráðherra gildi eftirleiðis sömu reglur og um aðra ráðherra.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að áunnin réttindi alþingismanna og ráðherra skerðist ekki. Þá er ráðgert að þær breytingar, sem lagðar eru til á 15. gr. laganna gildi einungis um þá hæstaréttardómara sem skipaðir verða eftir fyrirhugaða gildistöku frumvarpsins.

Þegar hugað er að takmörkun eða skerðingu á þeim eftirlaunarétti sem alþingismenn, ráðherrar og hæstaréttardómarar njóta á grundvelli laga nr. 141/2003 þarf að tryggja að fyrirhuguð breyting brjóti ekki gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Í dómum Hæstaréttar og álitum umboðsmanns Alþingis hefur verið fallist á þann skilning að löggjafinn hafi rýmra svigrúm til að takmarka væntanleg lífeyrisréttindi en þau réttindi sem þegar eru orðin virk. Ekki er þó útilokað að skerða megi slík virk réttindi sé það gert með málefnalegum og almennum hætti.

Í samræmi við framangreind sjónarmið er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að áunnin réttindi viðkomandi hópa á grundvelli laga nr. 141/2003 frá gildistöku þeirra til 1. júlí 2009 séu ekki skert. Þannig er lagt til að við útreikning eftirlauna, makalífeyris og örorkulífeyris verði tekið tillit til áunninna réttinda eftir atvikum hlutfallslega. Með þessu móti er ekki hróflað við áunnum réttindum á grundvelli laganna en hins vegar er gert ráð fyrir því að ekki verði unnt að ávinna sér frekari rétt á grundvelli núverandi fyrirkomulags eftir 1. júlí 2009.

Hvað varðar sjónarmið um réttmætar væntingar geta þau tæplega vegið þungt í ljósi þess að núgildandi lög eru aðeins fimm ára gömul og hafa frá upphafi sætt stöðugri gagnrýni. Það er því ósennilegt að rétthafar samkvæmt lögunum geti talist hafa verið í góðri trú um fyrirvaralaus eftirlaunakjör á grundvelli laganna til framtíðar.

Í samræmi við sjónarmið um meðalhóf er gert ráð fyrir því að ákvæði frumvarpsins taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 2009. Er þeim hópum sem falla undir lög nr. 141/2003 þannig veittur ákveðinn aðlögunartími. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Með 1. gr. frumvarpsins er lagt til að lokamálsliður 2. mgr. 1. gr. laganna verði felldur brott þannig að skylda til greiðslu iðgjalda haldist þó svo að fullum réttindum samkvæmt lögunum verði náð. Slík breyting er í samræmi við það sem almennt gildir um sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem og á almennum markaði. Þykir því eðlilegt að sama regla eigi við um þá aðila sem lög nr. 141/2003 taka til.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til á réttindaávinnslu alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara í 3., 6. og 7. gr. frumvarpsins má ætla að þessi breyting muni ekki hafa teljandi áhrif í framkvæmd.

Með 2. og 5. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á þeim ákvæðum laga nr. 141/2003 sem gera ráð fyrir því að þeir alþingismenn og ráðherrar sem hafa gegnt starfi sínu hvað lengst geti hafið töku eftirlauna fyrr en ella, þ.e. í einstaka tilfellum allt niður í 55 ára aldur. Verði frumvarpið að lögum munu þessir aðilar fyrst geta hafið töku eftirlauna samkvæmt lögunum við 60 ára aldur í samræmi við það sem gildir um sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Um 3. og 6. gr. Með 3. og 6. gr. frumvarpsins er lagt til að réttindaávinnsla alþingismanna og ráðherra verði 2,375% fyrir hvert ár þingsetu eða eftir atvikum í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári. Er þannig gert ráð fyrir að eftirlaunahlutfall þessara aðila verði lægra en samkvæmt núgildandi lögum.

Verði frumvarpið að lögum verður réttindaávinnsla alþingismanna og ráðherra í hlutfallslegu samræmi við réttindaávinnslu sjóðfélaga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að teknu tilliti til hærri iðgjalda.

Með 4. gr. frumvarpsins er lagt til að sérákvæði 6. gr. laganna um eftirlaunarétt fyrrverandi forsætisráðherra verði fellt brott.

Með 7. gr. frumvarpsins (Gripið fram í.) eru lagðar til breytingar á réttindum hæstaréttardómara til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á réttindum alþingismanna og ráðherra. Lagt er til að hæstaréttardómarar geti í fyrsta lagi hafið töku eftirlauna við 60 ára aldur og að réttindaávinnsla þeirra verði 2,375% fyrir hvert ár í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári. Styðjast þessar breytingar við sömu rök og greinir í athugasemdum við annars vegar 2. og 5. gr. og hins vegar 3. og 6. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins munu breytingarnar þó einungis ná til þeirra hæstaréttardómara sem skipaðir verða eftir fyrirhugaða gildistöku laganna, en um röksemdir fyrir því vísast til athugasemda við það ákvæði.

Með 8. gr. frumvarpsins er lagt til að gerðar verði um-

talsverðar breytingar á skerðingarreglu 19. gr. laganna. Verði frumvarpið að lögum verður 19. gr. gildandi laga eftirleiðis 1. mgr. 19. gr. að undanskildum lokamálslið ákvæðisins sem verður 3. mgr. 19. gr. Þá bætist ný málsgrein við ákvæðið sem verður 2. mgr. 19. gr. og mælir fyrir um fulla skerðingu eftirlauna vegna launagreiðslna fyrir störf á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess.

Verði frumvarpið að lögum verður þannig í 1. mgr. 19. gr. mælt fyrir um að ef sá sem nýtur eftirlauna samkvæmt lögunum tekur við nýju starfi skerðist eftirlaunagreiðslur til hans fram að 65 ára aldri um sem nemur 0,5% af áunnum rétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur og að sama skerðing verði á eftirlaunum þess sem er í starfi er hann öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt lögunum. Í 2. mgr. verður svo mælt fyrir um að ef sá sem gegnir starfi á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess nýtur réttar til eftirlauna samkvæmt lögunum komi launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar þeim eftirlaunum sem ákvörðuð eru samkvæmt þeim. Í 3. mgr. verður svo mælt fyrir um að skerðing greiðslna skv. 1. og 2. mgr. falli niður þegar látið er af starfi.

Ekki er lagt til að sérstakt aldurshámark verði á þessari skerðingarreglu og er henni því ætlað að gilda uns látið er af hinu opinbera starfi sem að jafnaði yrði ekki síðar en við sjötugt. Þessi nýja skerðingarregla mun jafnan leiða til þess að eftirlaunagreiðslur til þeirra aðila sem gegna föstu starfi á vegum ríkisins falla niður á meðan viðkomandi gegnir starfinu. Þó er ekki útilokað að um einhverja gildi að laun þeirra séu lægri en eftirlaunagreiðslurnar og er talið eðlilegt að þeir einstaklingar sem þannig er ástatt um haldi þeim mismun.

Um 9. gr. Með 9. gr. frumvarpsins er orðalagi 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna breytt og tekið fram að þegar þeir sem höfðu öðlast rétt samkvæmt eldri lögum fyrir gildistöku laga nr. 141/2003 þann 30. desember 2003 og ákveða að taka eftirlaun eða makalífeyri samkvæmt þeim, sæti eftirlaunagreiðslur til þeirra skerðingu skv. 2. mgr. 19. gr. laganna. Ákveði rétthafi að taka eftirlaun eða makalífeyri samkvæmt eldri lögum munu greiðslur til hans þannig skerðast í samræmi við nýtt ákvæði 2. mgr. 19. gr., en um skýringu þess ákvæðis vísast til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins.

Með þessu móti er tryggt að þeir sem njóta réttinda á grundvelli laga nr. 141/2003 sæti allir sams konar skerðingu eftirlaunagreiðslna vegna starfa á vegum hins opinbera. Er þetta í samræmi við almenn sjónarmið um jafnræði og það markmið frumvarpsins að færa kjör ráðamanna nær kjörum almennings.

Með 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins er áréttað að áunnin réttindi frá 30. desember 2003, er lög nr. 141/2003 tóku gildi, fram að gildistöku lagabreytinga samkvæmt frumvarpinu skerðist ekki. Þannig er lagt til að við útreikning eftirlauna, makalífeyris og örorkulífeyris verði tekið fullt tillit til áunninna réttinda, eftir atvikum hlutfallslegt, eins og þau standa við fyrirhugaða gildistöku laganna 1. júlí 2009. Gert er ráð fyrir því að nánar verði mælt fyrir um fyrirkomulag útreiknings í þeim reglum sem fjármálaráðherra setur á grundvelli 2. mgr. 20. gr. laganna.

Með 11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að fyrirhugaðar breytingar á eftirlaunaréttindum hæstaréttardómara taki ekki til þeirra sem skipaðir hafa verið í Hæstarétt fyrir 1. júlí 2009. Þykir þetta eðlileg regla með hliðsjón af stöðu æðstu handhafa dómsvaldsins og með hliðsjón af þeim stjórnskipulegu sjónarmiðum sem rakin voru í almennum athugasemdum.

Virðulegi forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[22:09]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef hálfgerða samúð með hæstv. fjármálaráðherra að þurfa að flytja þetta mál enda var greinilegt að hann vildi ljúka ræðunni sem fyrst [Hlátur í þingsal.] og ég lái honum það ekki.

Það sem ég vildi taka upp í andsvari er að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að færa lífeyrisréttindi alþingismanna frá því sem þau eru að því sem er í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og þeim reglum sem þar gilda. Í fyrsta lagi er alþingismönnum gert skylt að greiða áfram iðgjald af launum sínum þrátt fyrir að engin réttindaávinnsla verði við það, það er í samræmi við A-deild Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í öðru lagi er árleg réttindaávinnsla miðuð við 1,9% sem er í A-deild LSR. 2.375% kemur til vegna þess að alþingismenn greiða 5% af launum sínum í iðgjald en aðrir 4%.

Þess vegna skýtur skökku við, virðulegi forseti, að ekki skuli þá gilda sömu ákvæði og varðandi þá sem greiða í A-deild LSR og fá lífeyri sinn greiddan þaðan. En lagaákvæðin um þann sjóð eru þannig að þeir sem fá lífeyri þaðan geta aflað sér tekna með öðru starfi. Þær launatekjur skerða ekki lífeyrisgreiðslur sjóðsins. Ef þingmenn eiga að vera á sömu kjörum og í A-deild LSR, af hverju á það ekki að vera að öllu leyti? Ég minni á að meðalstarfstími alþingismanna er 11 ár og það mætti því ætla að lífeyrisgreiðslur til þeirra að venjulegum starfstíma loknum væru um 146 þús. kr. á mánuði. Hvers vegna á að skerða þær greiðslur þó að þeir alþingismenn hafi síðar, eftir að þeir hafa látið af störfum, einhverjar tekjur hvort sem það er hjá ríkinu eða öðrum (Forseti hringir.) en þeir sem hafa unnið annars staðar og eru með réttindi úr sama sjóði geta haldið réttindum sínum þó að þeir hafi launatekjur?

[22:11]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta sé ekki alls kostar rétt sem hv. þingmaður sagði áðan um A-deildina. Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðunni að þeir sem eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur sæta sambærilegri skerðingu og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, samanber 15. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þessi sambærilega skerðing sem ég nefndi er einnig í gildandi lögum, lögum 141/2003, þannig að hún er ekki ný.

[22:12]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyrði þetta einmitt hjá hæstv. ráð-

herra í framsöguræðu hans en því ber ekki saman við þær upplýsingar sem ég hef frá lífeyrissjóðnum sjálfum. Ég er með svar frá lífeyrissjóðnum við fyrirspurn minni nýlega um þetta efni og þar segir alveg skýrt að þeir sem fá lífeyri úr A-deildinni fái hann óháð öðrum tekjum.

Ég er hér með útprentun af heimasíðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og þar stendur einfaldlega undir A-deildinni:

„Réttur til lífeyris samhliða starfi.“

Allar upplýsingar sem ég hef um málið eru á þessa lund sem ég rakti og ég hlýt því að spyrja, virðulegi forseti: Hverju sætir það að það á að ganga svo langt að fara á lengra en gildir almennt á vinnumarkaðnum? Hvort sem það eru ríkisstarfsmenn eða aðrir er meginstefnan sú að réttindin eru áunnin með iðgjaldi og þegar menn eiga rétt á að fá sín eftirlaun greidd úr lífeyrissjóði fá þeir þau óháð öðrum tekjum. Þetta er algjör sérregla sem meiningin er að taka upp varðandi alþingismenn og gildir ekki um neinn annan hóp nema þá kannski ráðherra. Hverju sætir það, virðulegi forseti, fyrst færa á, samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar, alþingismenn algjörlega á sama stað og opinbera starfsmenn. Þeir fá þá ekki sömu réttindi og opinberir starfsmenn?

Svo vil ég minna á það, virðulegi forseti, að þegar B-deildinni var lokað og A-deildin stofnuð fengu allir þeir sem þá voru í starfi hjá ríkinu að vera áfram í B-deildinni þangað til þeir létu af störfum. Réttindaávinnslan þar er meiri en hjá A-deildinni.

[22:14]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Nú ber svo við að upplýsingum okkar hv. þingmanns ber ekki saman og það á aldrei að deila um staðreyndir því að það er auðvelt að fá leyst úr því hvað er rétt í þessum efnum. Væntanlega verður hv. nefnd að skoða þær upplýsingar sem hv. þingmaður nefndi hérna og bera þær saman við lögin frá 1997. Ég held þó að við deilum ekki um að þessi skerðingarregla er í gildi samkvæmt lögunum frá 2003 þannig að hún er ekki ný í því frumvarpi sem hér er. Það eru þá aðrar breytingar sem eru á 19. gr. en þessi málsgrein verður þá 1. mgr. ef af breytingunum verður.

[22:15]

Útbýting:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 243. mál, nál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 404; nál. 1. minni hluta efh.- og skattn., þskj. 405.

Tekjuskattur, 228. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 406.

[22:15]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær stórfenglegu leikfimiæfingar sem við urðum vitni að áðan þar sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er búinn að finna það út að þingmenn, ráðherrar og æðstu embættismenn verða samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar fluttir í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Svo er ekki. Þessi hópur, ráðherrar, alþingismenn og æðstu embættismenn sem svo eru nefndir eru ekki í þessum deildum lífeyrissjóðsins. Um þá gilda sérlög og lífeyrisréttindi þeirra grundvallast ekki á sjálfbærri sjóðsmyndun heldur réttindum sem myndast samkvæmt lögum. Síðan er hitt allt annar handleggur, hvort einhver viðmið sem styðjast við reglur í lífeyrissjóðum kunna að koma til álita.

Það sem við erum að fjalla um núna eru lífeyrisréttindi sem mörgum, og þar á meðal mér, finnast ekki rétt en þau eru á þá lund að ráðherrahluti launa vinnur viðkomandi einstaklingi 6% á ári, þingmannshlutinn 3%. Sambærileg réttindaávinnsla í gömlu deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, B-deildinni sem svo er nefnd, er 2% og í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins 1,9%. Í öðrum lífeyrissjóðum er þessi ávinnsla minni eða á bilinu 1,4–1,6% nú um stundir.

Það sem ég vildi vekja athygli á í ræðu minni er hinn pólitíski þráður í þessari umræðu en hann hefur ákaft verið spunninn frá því í aðdraganda síðustu alþingiskosninga og fram á þennan dag, en Samfylkingin hét kjósendum sínum því að afnema, eins og kallað var, lífeyrislögin, sérréttindalögin sem sett voru 2003. Um það var síðan gerð samþykkt í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Hvað þar hengi á spýtu var hins vegar alltaf hulið. Mánuðum saman hefur verið talað um að samningaviðræður standi yfir milli stjórnarflokkanna og menn hafa reynt að kalla þar að fulltrúa allra flokka á þingi þótt staðreyndin sé sú að stjórnarmeirihlutinn, ríkisstjórnarflokkarnir hafi komið sér saman um að verða ásáttir um niðurstöðu í málinu. Hún liggur núna fyrir í þessu frumvarpi sem engan veginn gengur alla leið, enn er verið að festa í lög sérréttindi fyrir þann hóp sem heyrir undir lögin í stað þess að nema þau alveg brott og færa alla spyrðuna undir lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þannig að alþingismenn, ráðherrar og viðkomandi embættismenn njóti sambærilegra kjara og starfsmenn ríkisins gera almennt.

Í þessari umræðu hefur verið athyglisvert að heyra málflutning ýmissa talsmanna Sjálfstæðisflokksins og ég vísa þar t.d. í málflutning hv. þm. Péturs H. Blöndals og á stundum hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar sem segja eða láta í veðri vaka að ef ráðist verði í þessar breytingar vilji þeir að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna almennt verði numin brott. Þá er vísað til þess að þeir búi við ríkari réttindi en gerist almennt á launamarkaði. Það er alveg rétt en engu að síður erum við að tala um réttindi stórra stétta, starfsmanna ríkisins, starfsmanna sveitarfélaganna, og það gleðilega hefur verið að gerast á undanförnum árum að lífeyrisréttindi á almennum vinnumarkaði hafa verið að aukast og batna og þá að hluta til vegna viðmiðunar í lífeyrisréttindi eins og þau gerast hjá ríki og sveitarfélögum. Þetta hefur því þegar á heildina er litið verið mjög til góðs og um þetta er bærileg sátt innan verkalýðshreyfingarinnar. Þar er hugsunin sú að jafna kjörin upp á við. Enginn lætur sér til hugar koma að það merki að koma eigi á sambærilegum sérréttindakjörum og þessi fámenni hópur hefur skapað sjálfum sér.

Töf ríkisstjórnarinnar á því að koma þessum loforðum sínum í framkvæmd hefur fært þeim svolítinn ávinning vegna þess að umframréttindin sem ráðherrar búa við skapa þeim á ári hverju 23.610 kr., það er nú pínulítil launahækk-

un, þau hafa alla vega komið í veg fyrir að lífeyriskjör þeirra rýrni um þessa upphæð á ári hverju með því að bíða. Nú ætla þau að bíða fram í júlí á næsta ári og þá eru þau komin í tæpar 50 þús. kr. á mánuði hverjum í eigin vasa. Þetta er það sem hefst upp úr krafsinu fyrir það að standa gegn kröfum um að ráðist verði í jöfnuð.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta núna. Ég hef marglýst því yfir að þegar frumvarp ríkisstjórnarinnar komi fram og gangi það ekki alla leið og færi lífeyrisréttindi þessara aðila til samræmis við það sem almennt gerist hjá starfsmönnum ríkisins muni ég ásamt helst sem allra flestum standa fyrir breytingartillögum í þá veru og óska síðan eftir því að þingið, hver og einn, geri grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Það verður gert þegar þetta frumvarp kemur til afgreiðslu. Ég vek athygli á því að það er annað frumvarp í þinginu sem bíður þess að komast í þingsalinn og það væri eðlilegra að fá það hingað inn fyrst, taka það fyrst til afgreiðslu, það gengur lengra. Hvað um það, hver sem niðurstaðan verður í því efni mun ég standa þannig að málum. Ég hef sagt að hægt sé að afgreiða þetta mál á skömmum tíma. Ég fyrir mitt leyti mun beita mér fyrir því að svo verði gert, m.a. með því að stytta nú mál mitt.

[22:23]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að leiðrétta hv. þingmann sem fór rangt með það sem ég hafði sagt. Ég hélt því ekki fram að verið væri að færa þingmenn í A-deildina heldur að að færa réttindi þeirra til samræmis við það sem væri í A-deildinni, á því er auðvitað munur.

Mig langar að rifja hér upp það sem fram hefur komið, að samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins kemur fram að þeir sem eru í A-deild njóta þeirra réttinda að þeir geta tekið út lífeyri sinn samhliða starfi og réttur til lífeyris er ekki bundinn við starfslok. Þeir geta haldið áfram í starfi sínu þegar þeir hafa náð þeim aldri að þeir geta tekið út lífeyri og eiga rétt á því.

Fram kom í máli hæstv. fjármálaráðherra að hann taldi að — áður en ég kem að því minni ég á að hv. þingmaður sagði í viðtali í Morgunblaðinu 22. júní 2006 að afnema ætti eftirlaunalögin og, með leyfi forseta:

„… láta þessa starfsmenn hins opinbera ganga inn í þá sjóði sem fyrir eru, sem væri þá væntanlega A-deild LSR. [...] Um þessa starfsmenn eiga að gilda sömu reglur og um aðra en ég kem ekki auga á nein rök sem mæla með öðru.“

Ég spyr hv. þingmann: Er hann sammála því að verði eftirlaunaréttindi alþingismanna færð til samræmis við það sem gildir í A-deild LSR að það gildi þá að öllu leyti? Ég spyr hann jafnframt að því hvort það sé rétt hjá hæstv. fjármálaráðherra að þeir sem fá lífeyri úr A-deild LSR búi við skerðingu á þeim lífeyrisréttindum hafi þeir aðrar tekjur.

[22:25]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta er rétt hjá hv. þingmanni að í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins geta menn farið á lífeyri, að vísu skertan ef þeir fara fyrr á lífeyri en við 65 ára aldur, og jafnframt aflað launatekna, það er rétt. Um það hvort ég telji að slíkt eigi að gilda um þingmenn og þá sem færu inn í A-deildina samkvæmt breytingartillögum sem ég hyggst flytja, já.

Hins vegar er litið svo á, samkvæmt þeim breytingartillögum sem ég mun gangast fyrir, að þegar áunnin réttindi verði ekki hreyfð, sem þýðir að um þá sem eru þegar í þessu réttindakerfi og eru ekki innan A-deildar LSR gildi áfram annars konar reglur. Þeir eru þá ekki komnir inn í þennan sjóð. Þá þarf að setja sérstök lagaákvæði um að þeir geti ekki gert tvennt í senn, tekið lífeyri og aflað sér launatekna. Þeir eru þá í gamla kerfinu, viðkomandi eru ekki komnir inn í A-deild lífeyrissjóðsins.

Ég tel mig ekki hafa verið að hafa rangt eftir hv. þingmanni og hann endurtók það hér og sagði að verið væri að færa réttindi þeirra til samræmis við það sem er í A-deild LSR. Svo er ekki, vegna þess að í A-deild LSR, eins og ég gat um áðan, er gert ráð fyrir að viðkomandi afli réttinda sem nema 1,9% á ári en samkvæmt því frumvarpi sem liggur fyrir hér er meiningin sú að réttindaávinnslan verði 2,735, ef ég man rétt. (Gripið fram í.) 2,357%.

[22:27]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Jú, 1,9% réttindaávinnsla fyrir 4% iðgjald þýðir 2,375% fyrir 5% iðgjald. Það er það sem þingmenn borga og hafa gert síðan 2003. Þetta er því nákvæmlega það sama. Kjarni málsins er sá að frumvarpið byggist upp á A-deildarréttindum, ekki B-deildarréttindum, og þá segi ég: Þá skulum við hafa A-deildarréttindin báðum megin, ekki bara skyldumegin heldur líka réttindamegin.

Ég spurði hv. þingmann vegna þess að hann er búinn að vera jafnframt því að vera alþingismaður lengi í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og varaformaður stundum og ég veit ekki nema hann hafi verið formaður líka og er enn í stjórninni. Það er nefnilega þannig að hjá þeim sem byrja að taka út lífeyri og eru í A-deildinni skerðist lífeyririnn ef þeir taka hann út fyrir 65 ára aldur, ef þeir flýta töku lífeyris, en hann skerðist ekki vegna launatekna. Ég vil ítreka það, virðulegur forseti, að hv. þingmaður svari því skýrt hvort það sé ekki rétt hjá mér að lífeyrir úr A-deild skerðist ekki vegna launatekna, hvort sem þær launatekjur eru af sama starfi, öðru starfi hjá ríkinu eða öðru starfi utan ríkisins.

[22:29]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Lífeyririnn skerðist ekki vegna launatekna en fari menn fyrr á lífeyri skerðast réttindin. Hið sama gerist í lífeyriskerfi þingmanna, ráðherra og æðstu embættismanna, ef viðkomandi fer fyrr á lífeyri en aldur kveður á um skerðast þessi réttindi. (**Gripið fram í:** Lífeyrisréttindin.) En munurinn er sá að þegar þeir ná 70 ára aldri fara þeir aftur upp í 100% réttindi en skerðingin hjá hinum heldur áfram.

Við skulum horfa á heildarpakkann vegna þess að þetta er ekki bara spurning um prósentuávinning sem er verulega umfram það sem gerist hjá starfsmönnum hins opinbera, starfsmönnum ríkisins, starfsmönnum sveitarfélaga og þess sem gerist á almennum launamarkaði. Þetta eru sérréttindi og þetta er kattarþvottur hjá ríkisstjórninni þótt hún sé að

stíga örlítið skref og þá sérstaklega varðandi ráðherrarétt-indin sem voru 6% en meiningin er að lækka þau núna nið-ur en það verður gert í júlí nk. Þegar litið er á heildarpakk-ann erum við eftir sem áður með sérréttindakjör fyrir þing-menn, ráðherra og æðstu embættismenn ríkisins. Það er til skammar að menn hafi notfært sér aðstöðu sína á Alþingi til að skapa sjálfum sér slík sérréttindi og vissulega til skamm-ar ef menn ætla áfram að nota þingið til að staðfesta slíkan sérrétt.

[22:30]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu er stórmál og væri hægt að hafa um það langt mál en sú er hér stendur mun ekki gera það. Fulltrúi Vinstri grænna talaði að mér taldist til í rúmlega átta mínútur og var það vel af sér vikið mundi ég segja.

Ég er búin að skoða fjöldamörg gögn um málið, virðu-legi forseti, og ætla ekki að fara yfir þau öll en hér er mikil forsaga að baki sem ég tel óþarft að rifja upp.

Árið 2003 breyttum við lögunum og í kjölfarið kom fram mjög mikil gagnrýni á hvernig staðið var að því. Þá má segja allir flokkar hafi staðið að málinu að því leytinu til að fulltrúar allra flokka í forsætisnefnd fluttu málið fram. Síðan urðu miklar uppákomur sem ég ætla ekki að rekja hér. Flokkarnir hafa flestir rætt þessi mál í æðstu stofnunum sínum og það hafa framsóknarmenn gert og árið 2007 ályktuðu þeir mjög ákveðið um að afnema bæri sérréttindi alþingismanna eins og þar stendur. Stefna okkar er alger-lega skýr.

Stjórnmálaflokkarnir fóru með þetta inn í síðustu kosn-ingabaráttu og það er ágætt að rifja upp hvað Samfylkingin sagði. Hún sagði það sama, það ber að afnema sérréttindin. En það er varla hægt að rökstyðja það að Samfylkingin sé að gera það hér, það er alls ekki hægt að rökstyðja það og því er hægt að færa rök fyrir því að ríkisstjórnarflokkarnir vilji viðhalda sérréttindunum að vissu leyti.

Valgerður Bjarnadóttir flutti þó mál fyrir stuttu í þinginu sem var sögulegt að því leyti að samfylkingarmenn brutu sig þar frá Sjálfstæðisflokknum en þeir eru eins og allir vita saman í ríkisstjórn. Þetta var mjög eftirtektarvert af því í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir, virðulegur forseti, og ég vitna hér beint í þá yfirlýsingu, með þínu leyfi:

„Eftirlaunakjör alþingismanna og ráðherra verði endur-skoðuð og meira samræmi komið á í lífeyrismálum ráða-manna og almennings.“

Þarna hljóp því Samfylkingin algerlega fram úr sér. Vildi afnema sérréttindin en gekk svo ekki alla leið loksins þegar hún nær saman við Sjálfstæðisflokkinn um málið.

Samkvæmt orðanna hljóðan á ályktun framsóknarmanna um að afnema sérréttindi alþingismanna þá teljum við að stefna beri að því að alþingismenn fari inn í A-deild LSR og við teljum að það eigi að skoða hvort ekki eigi að hafa sömu inngreiðslu og sömu réttindaávinnslu og er þar, þ.e. lækka inngreiðsluna þannig að hún verði 4% en lækka rétt-indaávinnsluna þannig að hún verði 1,9% á ári. Við viljum skoða það og því má segja að sú er hér stendur tali á mjög svipuðum nótum og fulltrúi VG, hv. þm. Ögmundur Jónas-son, gerði áðan.

Eftir þessa umræðu mun málið fara til allsherjarnefndar og fá þar skoðun og ég tel að nefndin eigi að hefja það starf hið allra fyrsta. Þar munum við væntanlega skoða breyting-artillögur en eins og málið er vaxið þá giska ég á að stjórn-arflokkarnir hafi lítinn áhuga á því að fallast á breytingartil-lögur sem stjórnarandstöðuflokkarnir munu væntanlega flytja við málið.

En ég ætla ekki að lengja umræðuna, virðulegur forseti. Ég tel að það hafi ekkert upp á sig. Það er leiðinlegt að þurfa að tala um svona mál að nóttu eða kvöldi til. Klukkan er orðin meira en hálfellefu og ekkert eðlilegt að dvelja of lengi við þetta. Aðalatriðið er að koma málinu til nefndar og fara yfir það og afgreiða það síðan frá Alþingi. Við framsóknarmenn viljum afgreiða það þannig, virðulegur forseti, að sérréttindi alþingismanna verði afnumin og höf-um rætt það í flokkssamþykktum okkar og ályktað mjög skýrt um það.

[22:35]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það er alltaf jafn ofboðslega skemmtilegt að ræða hér kjaramál alþingismanna í þinginu. Það er æv-inlega gert í einhverju tímahraki annaðhvort fyrir jól eða fyrir lok vorþings þar sem menn ætla að hespa einhverju í gegn. Illa grunduðu, illa rökstuddu og ekki endilega í samræmi við það sem menn jafnvel ætluðu sér að gera þegar lagt var af stað.

Ég held að það sé algerlega nauðsynlegt þegar við ræð-um þessi eftirlaunamál að menn ræði þau eins og þau eru almennt í þjóðfélaginu. Skoði réttindainnvinnslu alþingis-manna í samræmi við það og finni reglur sem færa alþingis-mönnum sambærileg réttindi og einhverjar viðmiðunarstétt-ir sem menn vilja taka mið af og í þessu tilliti hafa menn aðallega verið að tala um opinbera starfsmenn. En þá þarf auðvitað að horfa líka á öll þau réttindi sem opinberir starfsmenn hafa ef menn ætla að nota það sem grunn til samanburðar. Það er alveg nauðsynlegt í þessari stöðu, hæstv. forseti, að átta sig á nokkrum grundvallarreglum sem hafa verið að þróast í lífeyriskerfi landsmanna á und-anförnum árum.

Mér fannst nokkuð bera á því áðan hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að hin svokallaða skerðingarregla væri sett fram eins og hálfgerður misskilningur en það er al-menna reglan í úttekt fólks úr lífeyrissjóðum. Það er að á undanförnum árum hefur verið innleitt í reglur flestra líf-eyrissjóða að lífeyrisþegum í viðkomandi lífeyrissjóði eða viðkomandi starfsstétt sé heimilt að hefja töku lífeyris úr lífeyrissjóði sínum fyrr en áður var. Meginreglan var sú að menn byrjuðu að taka lífeyri 65 ára og var ekki heimilt að hefja töku lífeyris fyrr. Það gat oft komið upp skrítin staða þegar fólk fór af einhverjum ástæðum út af vinnumarkaði, missti vinnu sína en var heilt heilsu og átti ekki rétt á ör-orkubótum og þurfti svo kannski að bíða í þrjú, fjögur eða fimm ár eftir að eignast þann rétt að fá greiðslur úr lífeyris-sjóði.

Þessari reglu hefur almennt verið breytt í lífeyrissjóða-kerfinu. Almenna reglan er sú, hvort sem það er í almennu lífeyrissjóðunum á almennum vinnumarkaði eða hjá opin-berum starfsmönnum, að menn geta hafið töku lífeyris út úr

lífeyrissjóði fyrr en 65 ára. En þá taka menn hann skertan. Menn taka skerðingu fyrir hvert ár sem þeir byrja áður en þeir ná 65 ára aldri.

Með sama hætti hefur líka verið búin til sú regla að menn vinna sér inn sérstakan rétt ef þeir fresta töku lífeyris fram yfir 65 ára aldur og allt fram að sjötugu. Þetta er byggt á þeirri einföldu hugsun að ef meðalaldur Íslendinga er, hvað eigum við að segja 81 eða 82 ár og menn taka lífeyri út úr lífeyrissjóði í 20 til 22 ár, hefja töku lífeyris við 60 ára, þá er hugsunin með reglunni sú að sá sem byrjar að taka út lífeyri sextugur og hinn sem byrjar seinna, t.d. 65 ára, ef báðir hafa greitt inn á sömu launum alla sína ævi og lifa báðir til 82 ára aldurs þá hafa þeir báðir tekið sömu upphæð út úr lífeyrissjóðnum í krónum talið. Menn geta flýtt reglunni sér til hagsbóta en þá taka þeir skerðingu fyrir hvert ár. Það er ekki skerðing vegna atvinnutekna úr öðrum störfum eða áframhald í fyrra starfi eða sama starfi eða þó að menn ráði sig í önnur störf. Þetta er innbyggð skerðingarregla sem byggir á því að veita mönnum þann rétt að taka lífeyri fyrr og veita mönnum líka rétt á að taka lífeyri síðar og þá bætast við innvinnsluréttindin. Hugsunin er sú að sá sem byrjar sextugur á að ná nokkurn veginn sömu upphæð miðað við 82 ára aldur og sá sem byrjar sjötugur. En eðli málsins samkvæmt fær sá sem byrjar sjötugur miklu hærri krónutölu á mánuði en sá sem byrjar sextugur. En menn enda u.þ.b. í sömu stöðu. (**Gripið fram í:** Ef menn lifa nógu lengi.) Ef menn lifa nógu lengi. Ég miðaði við meðalaldur. Það hefur enginn tryggingu fyrir því að lifa af meðalaldurinn. En svona er þetta hugsað. Þetta er meginregla, hygg ég, sem hefur verið að festa sig í sessi í lífeyriskerfinu á undanförnum árum.

Það er líka meginregla í lífeyriskerfinu að þegar menn hafa öðlast rétt til að taka út lífeyri sinn í lífeyrissjóði þá er þeim ekki meinað að halda áfram í starfi ef þeir kjósa svo og fá ekki sérstaka skerðingu fyrir það umfram það að byrja að taka fyrr lífeyri út úr lífeyrissjóði sínum. Þetta er atriði sem mér finnst að menn eigi að hafa í huga þegar er verið að ákveða að breyta þessum réttindum alþingismanna og ráðherra, dómara sem verið er að fjalla um í þessu máli. Ef það er viljinn að taka mið af A-deild Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna þá getur reglan ekki verið mismunandi að þessu leyti.

Þá skulum við víkja að því hvernig réttindin eru uppbyggð í lífeyriskerfinu. Í lögum um almenna starfsemi lífeyrissjóða er kveðið á um að verkamönnum og öðrum launþegum á vinnumarkaði skal tryggt sem nemur að mig minnir nú 60% af launum. (**PHB:** 54%.) 54%, segir hv. þm. Pétur Blöndal. Það kann vel að vera rétt. Það þýðir svona nokkurn veginn, innvinnsla miðað við laun upp á 0,5%–0,6%. Í opinbera kerfinu eru menn að vinna sér inn ýmist 1,9% af launum eða 2% eftir því í hvorri deildinni þeir eru. Þessar innvinnslur eru miðaðar við að launþegi greiði 4% í lífeyrissjóð og síðan kemur atvinnurekandaframlagið á móti.

Alþingismenn eiga samkvæmt frumvarpinu að vinna sér inn 2,37% og þá hygg ég að viðmiðunin sé 1,9% sem er í A-deild opinbera kerfisins. Sú tala, 2,37%, byggir þá á því að vera einfaldlega reikniregla út frá 1,9% af launum á hverju ári og byggir þá eingöngu á því sem er meginreglan líka í öllu lífeyriskerfinu eins og það er orðið í dag, að menn vinna sér inn réttindi miðað við það sem þeir greiða inn í sjóðinn. Þeir sem greiða meira inn í sjóðina og hafa hærri laun þeir vinna sér inn meiri réttindi. Þeir sem greiða minna inn í sjóðina og hafa lægri laun þeir vinna sér inn minni réttindi í krónutölu þegar út er tekið. Það er sem sagt upphæð inngreiðslunnar sem býr til réttindin. Þetta er svona meginregla líka. Þar sem við óbreyttir alþingismenn greiðum 5% af launum okkar í lífeyrissjóð þá hefur verið fundin út þessi tala 2,375.

Ef færa á þá tölu niður í 1,9% þá þarf að færa niður það sem við greiðum í lífeyrissjóð úr 5% niður í 4% til þess að þar sé eðlilegt samræmi á milli. Því meginreglan er sú að vinna sér inn réttindi miðað við inngreiðslur þeirra fjármuna sem menn leggja í sjóðinn.

Í opinbera geiranum sýnist mér að ef tekið er tillit til séreignarsparnaðarreglunnar líka þá geti opinberir starfsmenn verið að leggja inn í lífeyrissjóðinn samanlagt með launaframlagi sínu og vinnuveitandans 19,5%. 15,5% samanlagt með launum og framlagi atvinnurekandans hins opinbera og hins vegar 2% og 2% á móti í séreignarsparnað. Það jafngildir þá því að einn dag í viku miðað við fimm daga vinnuviku séu menn að vinna við að leggja alla þá fjármuni inn í lífeyrissjóði. Það er þá fimmti dagurinn í vikunni eða fyrsti dagurinn í vikunni, eftir því hvernig menn hugsa um það, sem jafngildir þeim fjármunum sem menn leggja inn í lífeyrissjóð sinn eins og nú er komið í opinbera kerfinu.

Hæstv. forseti. Það gengur hratt á tímann en ég held að það sé nauðsynlegt að við ræðum þetta út frá efnislegum rökum, tölum og rökfræði. Ef menn vilja færa inngreiðslurnar niður í 4% þá er talan sem við værum að vinna okkur inn samkvæmt þessu frumvarpi, ef samræmi ætti að vera, 1,9% af launum.

Hins vegar er það auðvitað þannig í opinbera kerfinu að þar eiga menn kost á að halda starfi sínu öllu jöfnu. Það á auðvitað ekki við um alþingismenn. Við erum kosnir á fjögurra ára fresti og höldum stundum starfinu og stundum ekki eins og gengur. (**Gripið fram í:** … prófkjör.) Já, ég hef nú ekki tekið þátt í prófkjöri síðan ég var í Sjálfstæðisflokknum hv. þingmaður. Þá gerði ég það (**Gripið fram í:** Ekkert lýðræði?) og fékk nú ekki að una þeirri niðurstöðu, í tvígang eða þrígang ég man það ekki. En það er fortíðin og kemur þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við.

Ég geri einfaldlega kröfu til þess að við förum efnislega í gegnum þessa rökræðu, að við tölum um þetta út frá staðreyndum í samanburði við aðrar stéttir og í samanburði við laun okkar og lífeyrisréttindi o.s.frv., hvað við vinnum okkur inn. Og númer eitt að við séum ekki að reyna að afgreiða svona mál í algerri tímaþröng fyrir jól. Eða í algerri tímaþröng í maí eða júní þegar þinginu á að ljúka. Að við tökum þetta mál nógu skynsamlega til meðferðar eins og hvert annað þingmál sem kemur hérna inn í þingið. Förum í gegnum það, förum yfir rök með eða á móti, væntanlega með það að markmiði að við stöndum jafnfætis við opinbera starfsmenn. Og þá væntanlega líka að því að taka laun í öðru starfi þegar við förum á lífeyri. Því við hljótum að vera að samræma lífeyrisréttindi okkar að fullu miðað við réttindi opinberra starfsmanna, eins og hv. þm. Kristinn H.

Gunnarsson benti réttilega á hér í kvöld.

Ég hef ævinlega lýst því yfir að þetta eftirlaunamál mætti koma inn í þing hvenær sem væri mín vegna en ég gerði einfaldlega kröfu til þess að við færum faglega í gegnum þetta og værum ekki með einhverja fljótaskrift á síðustu mínútunum fyrir jólaleyfi eða síðustu mínútunum fyrir þinglok að vori, að við gerðum þetta vandað og vel í þá veru sem við vildum setja þessi réttindi í og kláruðum það fyrir opnum tjöldum og ræddum um þennan hluta launakjara þingmanna opið og eðlilega svo fólk gæti fylgst með ef það hefði áhuga á því. Það er ekkert að fela í því að tala um launakjör þingmanna.

Þess vegna sagði ég líka, hæstv. forseti, þegar frumvarp um að fela kjararáði að lækka launin okkar kom inn til þingsins þá lýsti ég því yfir að ég teldi að við ættum að gera það sjálf. Ákveða það hér í þinginu hversu mikið við vildum lækka launin og í hve langan tíma. Ég sé ekkert að því að við þorum að tala um kjör okkar eins og aðrar stéttir. Það eigum við að gera. Það er miklu betra að ræða þetta opið og heiðarlega og vera ekkert að draga neitt undan í því. Ég vænti þess, hæstv. forseti, að við vöndum nú til verka við endurskoðun á þessu þingmáli.

[22:50]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum hér um lífeyrisréttindi þingmanna eins og svo oft áður að kvöldi dags undir lok þings eins og síðasti hv. ræðumaður gat um. Það er vegna þess að laun og lífeyrisréttindi þingmanna eru vandræðamál. Það er alltaf vandræðalegt þegar menn ákveða sín eigin laun. (Gripið fram í.) Þess vegna hef ég nú stungið upp á því að það þing sem situr eigi að ákveða lífeyrisréttindi og laun komandi þings eftir næstu kosningar það tímanlega að öllum þeim sem þykja kjörin góð gætu boðið sig fram til þings. (Gripið fram í.) Þá yrði meiri samkeppni um þingsætin en þá mundum við væntanlega saga greinina sem við sitjum á svo að kannski vilja sumir ekki gera það. En þetta hef ég lagt fram nokkrum sinnum.

Það vill nefnilega svo til að ég flutti frumvarp um lífeyrisréttindi þingmanna 1995. Ég er búinn að sitja allt of lengi á þingi. Með mér á þingmálinu voru hv. þm. Árni M. Mathiesen, núverandi hæstv. fjármálaráðherra, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson heitinn, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, hv. þm. Hjálmar Jónsson, hv. þm. Kristján Pálsson og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson.

Það gengur út á að alþingismaður skuli greiða í lífeyrissjóð sem starfar án ríkisábyrgðar. Þá skuli hann velja sér lífeyrissjóð sem staðfestur hefur verið af fjármálaráðuneyti enda heimili reglur sjóðsins aðild. Framlag Alþingis skuli vera í samræmi við reglur þess lífeyrissjóðs o.s.frv. Kjaradómur átti síðan að taka mið af þeim réttindum sem þingmaðurinn tapaði og bæta mönnum það upp í launum.

Nokkrum árum seinna árið 1998 flutti ég frumvarp um þingfararkaup þingmanna næsta kjörtímabil. Þá var hálfnað kjörtímabilið og nægur tími fyrir fólk til að bjóða sig fram með tilheyrandi kostnaði í prófkjörum og slíku hjá þeim flokkum sem viðhafa lýðræði. Þar sem ekki er verið að tilnefna bara á listana. Þá geta menn sem þykja kjörin góð boðið sig fram.

Stuttu seinna, árið 2000 — þetta er löng saga — flutti ég aftur frumvarp um þingfararkaup alþingismanna og þá sagði ég: Alþingismaður sem þess óskar getur tryggt sig hjá viðurkenndum lífeyrissjóði án ábyrgðar ríkissjóðs. Forsætisnefnd Alþingis skal meta hvað hækka beri þingfararkaup almennt ef ekki fellur til ábyrgð ríkissjóðs eða aukaiðgjald og birta niðurstöðuna. Það á að segja hvers virði réttindi þingmanna eru umfram almenning. Ég er sem sagt búinn að dunda heilmikið í gegnum tíðina.

Svo komu frumvörp um kjararáð. Þegar það lá síðast fyrir kom ég því í gegn í minni ágætu nefnd, hv. efnahags- og viðskiptanefnd sem þá hét, að kjararáð skyldi meta og taka tillit til kvaða sem störfunum fylgja svo og hlunninda og réttinda sem tengjast embætti og launum svo sem lífeyrisréttindi og ráðningarkjara. Kjararáð skyldi birta ákvarðanir sínar og úrskurði og ástæður fyrir þeim opinberlega. Ég hef alltaf beðið eftir því að kjararáð segði okkur hvers virði þessi lífeyrisréttindi okkar eru. Það hefur nú ekki gert það enn þá.

Svo var einnig frumvarp um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismenn og hæstaréttardómara sem ógurlegur styr hefur staðið um gegnum tíðina og það bætti vissulega kjör ráðherra og sumra þingmanna. En flestir þingmenn töpuðu á því eða stóðu á sléttu vegna þess að iðgjaldið var hækkað úr 4% í 5%. Ég hef þurft að sæta ámælum fyrir það alla tíð síðan að þarna hefðu menn skarað eld að sinni köku og þó hafa sumir þingmenn tapað á þessu. En menn gátu reyndar valið þannig að þeir völdu bara náttúrlega gamla kerfið ef þeir töpuðu á þessu nýja.

Svo sitjum við frammi fyrir því að við erum með frumvarp til laga um breytingu á þessum lögum klukkan ellefu um kvöld og eigum að fara að ræða þetta. Komið hafa fram tvö frumvörp á Alþingi, annað frá vinstri grænum um að þingmenn eigi að borga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hitt frá Valgerði Sverrisdóttur svipaðs eðlis. Ég hef sagt að þar er farið úr einu forréttindakerfi í annað vegna þess að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er forréttindakerfi. Í fyrsta lagi er iðgjaldið 15,5%, þarf sennilega að vera hærra, á móti 12% iðgjaldi í almennu sjóðina. Réttindaávinnslan er 1,9% á hverju ári á móti 1,4–1,6% hjá almennu sjóðunum. Það eru mikið betri réttindi. Þarna ætla þingmenn að fara inn með mikið betri réttindi en meginþorri kjósenda þeirra.

70–80% kjósenda okkar hv. þingmanna er fólk sem greiðir í almenna sjóði. Hver skyldi nú vera enn einn munurinn á almennu sjóðunum og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins? Hann er mjög veigamikill. Réttindin í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eru pikkföst með lögum. Iðgjaldið breytist og þegar Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins lendir í áföllum vegna mistaka eða vegna áfalla eins og allur markaðurinn lenti í núna verður iðgjaldið hækkað. Þegar stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins stendur frammi fyrir því að iðgjaldið dugar ekki fyrir réttindunum vegna þess að eignirnar hafa rýrnað í bankahruninu er iðgjaldið hækkað. Hvaðan kemur það nú? Iðgjald ríkisins ekki sjóðfélaga. Og hver skyldi nú borga iðgjald ríkisins nema skattgreiðendur, þ.e. hinir og opinberir starfsmenn að sjálfsögðu líka. Það mun koma í ljós annaðhvort í haust eða næsta haust að margur lífeyrissjóðurinn þarf að skerða réttindi

sjóðfélaga sinna. Á sama tíma þarf að auka skattheimtu til að standa undir pikkföstum réttindum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ég hef kallað þetta tímasprengju.

Svo erum við með annað fyrirbæri sem er B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það er algjör forréttindahópur. Hann er nefnilega eftirmannsreglan. Þar fylgja launin starfi eftirmannsins. Þau réttindi hafa hækkað með ólíkindum í þeirri launahækkun sem við höfum upplifað undanfarin tíu ár. Það fólk er með verulega góð lífeyrisréttindi og það vill svo til að margir af þeim sem heyra undir kjaradóm, þ.e. forstöðumenn ríkisstofnana, ráðuneytisstjórar og fleiri, eru í B-deildinni. Það er tímasprengja númer tvö vegna þess að þarna er mismunurinn milli fólks sem vinnur hlið við hlið. Þeir sem eru nýbyrjaðir eiga að borga í A-deildina en þeir sem voru áður eru í B-deildinni.

Hjá sama atvinnurekanda vinnur svo fólk frá Eflingu í umönnunarstörfum og þess háttar og það borgar í almenna lífeyrissjóði. Hjá sama atvinnurekanda erum við með þrenns konar lífeyrisréttindi. Það er tímasprengja númer þrjú. Við erum sem sagt búin að byggja upp tímasprengjur í þessu kerfi og það er mjög alvarlegt. Ég tel eins og kemur fram í þeim frumvörpum sem ég hef flutt hér að þingmenn eigi bara að leggja spilin á borðið og hafa launakjörin gagnsæ. Það er krafan í dag að hlutirnir séu gagnsæir.

Ég mun flytja breytingartillögu við 2. umr. um þetta frumvarp þar sem ég legg til að þingmaður geti valið sér lífeyrissjóð í þjóðfélaginu sem er tilbúinn til þess að taka á móti honum, Lífeyrissjóð verslunarmanna, Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins A-deild, Lífeyrissjóð Eflingar o.s.frv. Hann geti valið sér lífeyrissjóð en kjaradómur eigi að reikna út hvers virði hlunnindin eru sem hann afsalar sér og bæta þau upp með launum. Þá kemur loksins í ljós hvers virði þessi lífeyrisréttindi eru. Þá mun koma í ljós hvaða laun þingmenn eru raunverulega með.

Í þessu sambandi vil ég minna á að forseti Íslands var skattfrjáls sem og maki hans. Það skattfrelsi var afnumið með frumvarpinu sem ég flutti og hvað gerðist þá, herra forseti? Þá komst kjararáð að því að hann var með mikið hærri laun en menn vissu áður. Þá hækkaði forseti Íslands langt upp fyrir forsætisráðherra. Nú er forseti Íslands með hæst launuðu starfsmönnum ríkisins, en samt ekki alveg, á meðan forsætisráðherra er ekki með voðalega há laun miðað við suma aðra þótt ég teldi að hann ætti reyndar að vera með hæstu launin en það er önnur saga.

Ég tel að þingmenn eigi að vera með sömu réttindi og umbjóðendur þeirra, kjósendur. Og þar sem 75–80% kjósenda okkar eru í almennum sjóðum og þurfa hugsanlega að sæta skerðingu, þegar áfall bankanna kemur fram í lakari stöðu lífeyrissjóðanna, er eins gott að þingmenn upplifi það líka að þeir viti hvað brennur á kjósendum og séu ekki með einhver forréttindalífeyrisréttindi.

Í mörgum löndum, m.a. í Bretlandi, er nú verið að ræða um forréttindalífeyrisréttindi en menn hafa byggt þau upp mjög víða. Ég vara eindregið við því að viðhalda svoleiðis misrétti því að það er mjög erfitt að koma auga á það. Hjá gömlu ríkisbönkunum voru lífeyrisréttindin t.d. 6% fyrir hvert ár. Þó var hámarkið 90%. Eftir 15 ár voru menn komnir með 90% af bankastjóralaunum. Þá gátu menn skipt um og farið í annan ríkisbanka og byrjað að safna sér réttindum aftur.

Ég held að menn ættu að fara að skoða lífeyrisréttindin dálítið í þessu kerfi öllu saman því að þar er verið að fela laun sem enginn sér. Ég er á móti því. Ég vil að laun séu uppi á borðinu. Þegar maður spyr einhvern hvað hann er með í laun þá heyri maður ekki einhverja rullu um að byrjunarlaunin séu þetta og þetta, 70 þús. kr. á mánuði eða eitthvað svoleiðis sem er ekkert að marka. Þegar ég spyr mann um launin hans vil ég að hann segi mér hvað hann er raunverulega með í laun og inni í því eru t.d. lífeyrisréttindi, uppsafnaður réttur o.s.frv.

En ég get nú ekki sleppt þessari umræðu um þingfararkaupið öðruvísi en að minnast á að þingmenn eru eina stéttin eða sennilega ein af fáum sem þarf að borga helling fyrir að komast inn í þingsal þar sem þeir fara í prófkjör. Síðast borgaði ég 3 millj., fékk reyndar pínulítið í styrk en að mestu leyti borgaði ég þetta sjálfur svo að ég var kauplaus alla vega fram að jólum.

Það er svo sem allt í lagi. Ég er ekkert að kvarta yfir því. Þetta var mín eigin ákvörðun og ég er ekkert að kvarta yfir því en bendi á þetta. Svo vil ég einnig benda á að þingmenn fá ekki greitt fyrir reynslu, menntun eða neitt slíkt. Slíkt skiptir ekki neinu máli. Það skyldi nú ekki vera að það sé þess vegna sem enginn læknir er á þingi.

[23:03]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst einkar athyglisvert að hlusta á ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Ég man eftir að hafa hlustað á hv. þingmann einhvern tímann áður í útvarpi þar sem hann talaði að mig minnir um átta ára regluna sína. Þar sem hann sagðist helst ekki vilja stoppa lengur á sama vinnustað en í átta ár.

Mér sýndist miðað við upptalninguna að hann hefði gert ansi góða hluti á fyrstu átta árunum. Það er svo spurning hvort eitthvað nýtt kæmi miðað við það sem hann gerði þessi fyrstu átta ár.

Ég skal viðurkenna að þegar ég tók þátt í prófkjöri og valdist fyrst á lista fyrir sex árum síðan vorum við með tvöfalt kjördæmaþing og það kostaði mig nú lítið annað en ferðalög um kjördæmið. Prófkjörið hjá Suðurkjördæmi síðast kostaði mig um 700–800 þús. og borgaði ég það að langmestu sjálf, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal.

Ég man ekki eftir því að hafa velt sérstaklega fyrir mér hvert þingfararkaupið væri og því minna hver lífeyrissjóðsréttindin væru. Ég taldi að meira máli skipti að koma hugsjónum mínum á framfæri en endilega hver ættu að vera kaup og kjör á þinginu. Þannig að við ættum kannski að tala aðeins meira um það af hverju við erum hér og hver tilgangur okkar er, frekar en að tala endalaust um hver lífeyrissjóðsréttindi okkar verða eftir ákveðinn árafjölda.

[23:05]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef margoft komið inn á það í ræðum mínum að lagasmíð er jú hlutverk Alþingis. Mér þykir það mjög bágborið og mjög lítið í rauninni. Ég hefði talið að þingmenn ættu að vera mikið virkari í samningu lagafrumvarpa.

Ég hef flutt hér heilu bálkana af lagafrumvörpum sem ég hef legið yfir heilu sumrin að semja. Hvað gerist? Svona um eitt, tvö leytið á nóttunni er frumvarpið mitt um kvótann, sem ég lá yfir í þrjá mánuði, tekið í gegn. Tveir, þrír koma í umræðuna ef ég er heppinn. Svo fer það í nefnd og aldrei heyrist meira af því. Ég hef líka flutt frumvarp um flatan tekjuskatt á alla þjóðina og nákvæmlega það sama gerðist. Það er ekki mér að kenna að hinir þingmennirnir taka ekki þátt í umræðunni.

En varðandi það að ég sé að yfirdraga að ég hafi lofað að vera átta ár á þingi. Það er alveg rétt og ég er eiginlega farinn að skammast mín. Ég hef náð mjög litlu fram þannig að ég hef margoft sagt að hlutverk þingsins sé allt of rýrt. Ég vil endilega að þingnefndir flytji mál sem ráðuneytin biðja þær um að flytja.

Ég vil snúa þessu við. Þannig að þingmenn hafi það hlutverk að vera löggjafarsamkunda en vasist ekki í fjárlagafrumvarpinu að reisa kofa og rækta hunda og þýða bækur. Það er ekki hlutverk löggjafarsamkundunnar. Hennar er að setja ramma utan um þjóðfélagið og veita fé til framkvæmdarvaldsins. Framkvæmdarvaldsins er að framkvæma. Byggja brýr, vegi, hafnir og allt svoleiðis. Það er okkar að setja ramma og við, allir þingmenn, eigum að vera miklu duglegri við það.

[23:07]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skal fúslega viðurkenna að ég held að flestir landsmenn geti tekið undir það að hv. þm. Pétur Blöndal hefur verið virkilega duglegur við að koma hugsjónum sínum og hugmyndum á framfæri. Hins vegar finnst mér alltaf jafneinkennilegt að hann skuli endast í Sjálfstæðisflokknum sem virðist hafa mjög lítinn áhuga á hugsjónum hans og hugmyndum.

Það jákvæða við þetta blessaða eftirlaunafrumvarp er að það sýnir okkur að þingmenn og ráðherrar gera eitthvert gagn þegar þeir eru komnir út af þingi. Þannig að kannski er ekki alslæmt að vera með átta ára reglu og að menn sitji ekki lengur. Því eins og stendur hér í greinargerð með frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Reynsla af framkvæmd laganna sýnir þó að alþingismenn og ráðherrar með langan feril að baki virðast almennt ekki kjósa að setjast í helgan stein þegar eftirlaunaaldri er náð eins og ráð var fyrir gert. Vegna reynslu sinnar er ekki óeðlilegt að þeir veljist í ýmis opinber störf og eiga þeir samkvæmt núgildandi lögum rétt á eftirlaunum.“

Þeir hafa bara þótt mjög eftirsóknarverðir þannig að menn ættu kannski ekki að hafa jafnmiklar áhyggjur af því að þeir fái ekki góð og áhugaverð störf þegar þingstörfum lýkur og hætta að hafa áhyggjur af þingfararkaupi og lífeyrissjóðsréttindum.

[23:08]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hef ekki haft miklar áhyggjur af þingfararkaupinu eða lífeyrisréttindunum nema að því leyti sem þetta eru forréttindi. Ég er á móti forréttindum almennt. Ég er á móti skattfrelsi. Ég er á móti lífeyrisforréttindum. Þannig að það komi skýrt fram.

Ég nefndi í ræðu minni að ég ætlaði að flytja breytingartillögu um það að þingmenn gætu sótt um aðild að öðrum lífeyrissjóðum án ríkisábyrgðar eða með ríkisábyrgð. Gætu bara valið sér sjóð og þá er greiddur mismunur á virði lífeyrisréttindanna. Gaman væri að heyra sjónarmið hv. þingmanns hvernig hún metur það og hvort hún muni greiða slíkri breytingartillögu atkvæði sitt. Þetta eru jú heimildarákvæði. Þetta er bara til bóta. En þá kemur í ljós hvers virði lífeyrisréttindin eru.

[23:09]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst segja að ég geri athugasemdir við að þetta mál sé tekið til umræðu á síðustu dögum þingsins fyrir jól og þar að auki seint að kvöldi þegar minnstar líkur eru á að nokkur sé að fylgjast með þannig að umræðan geti skilað sér út í þjóðfélagið, því hún á að fara þangað, sérstaklega í ljósi þess hve umdeilt málið hefur verið síðan 2003 þegar nýju eftirlaunalögin voru sett.

Ég sakna þess sérstaklega að hæstv. utanríkisráðherra skuli ekki vera hér, formaður Samfylkingarinnar, sem hefur mjög látið til sín taka í þessu máli og haft miklar skoðanir á því og sett fram miklar fullyrðingar um innihald laganna. Ég verð að segja að erfitt er að eiga samræðustjórnmál við þá sem eru fjarstaddir og fer fram á það við virðulegan forseta að hann sjái að minnsta kosti til þess að ef það er raunverulega ætlun ríkisstjórnarinnar, sem ég held að það sé, að gera þetta að lögum í næturmyrkri á síðustu dögum fyrir jól, þá verði hægt að eiga orðastað og halda uppi pólitískri umræðu við þá sem mest hafa látið sig málið varða og knúið fram þetta lagafrumvarp sem við ræðum nú.

Mér finnst svolítil lítilsvirðing við þingið þegar svona stórt mál í hugum margra — ég geri ekkert lítið úr að menn hafi þá skoðun — er tekið til umræðu þá skuli þeir meira og minna allir vera fjarstaddir og vera að sinna öðrum verkum og kjósa að mæta ekki til umræðunnar og standa fyrir máli sínu. Það er eiginlega alveg óásættanlegt, virðulegi forseti, og sérstaklega á þessum stað sem á að vera miðstöð pólitískrar umræðu um málið.

Um málið má auðvitað margt segja og vissulega eru í því eftirlaunaákvæði alþingismanna og ráðherra, ákvæði sem eru rýmri en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði eða hjá opinberum starfsmönnum og hafa verið lengi.

Engu að síður hafa launakjör þessara starfsstétta tekið mið af því og ef við skoðum kjör alþingismanna í heild sinni, laun þeirra og eftirlaunaréttindi, þá segi ég fullum fetum, virðulegi forseti, að þótt finna megi á þeim agnúa sem rétt er að taka til athugunar eru þau hófsöm í samanburði við kjör manna í sambærilegum stöðum í þjóðfélaginu. Þau eru hófsöm og engin ástæða er til af alþingismönnum sjálfum að tala um starf sitt á þann veg að þar sé um að ræða einhver óeðlileg lagaákvæði um starfskjör þeirra. Engin ástæða er til þess. Menn eiga að hafa uppburði í sér til að ræða um sín eigin kjör á réttum forsendum, bæði kosti og galla.

Ég held, virðulegi forseti, að það sem hafi kveikt eldana árið 2003 hafi verið ákvæðið sem laut að forsætisráðherranum, hið sérstaka forsætisráðherraákvæði. Ég held að það hafi verið ákvæðið sem var langumdeildast og eðlilegt að

það sé tekið til athugunar. Önnur atriði sem hafa verið gagnrýnd frá þeim tíma hafa að mörgu leyti verið ranglega gagnrýnd og ég vil leitast við að fara yfir þau eftir því sem tími vinnst til.

Ég vil fyrst segja í ljósi fullyrðinga margra um að afnema þurfi eftirlaunalögin frá 2003. Afnema eftirlaunaósómann eins og það hét í máli margra, m.a. í síðustu alþingiskosningum, og fram kom í máli hæstv. utanríkisráðherra 14. apríl 2007 á landsfundi Samfylkingarinnar þegar ráðherrann sagði, með leyfi forseta:

„Í árslok 2003 var friður rofinn í íslensku samfélagi með lagasetningu sem færði ráðamönnum ríkisins eftirlaun langt umfram það sem almennt gerist.“

Þetta er kannski kjarninn í umræðunni. Kjarninn í gagnrýninni á lagasetninguna 2003 er sá að friður hafi verið rofinn og með lagasetningunni hafi ráðamönnum ríkisins verið færð eftirlaun langt umfram það sem almennt gerist.

Þá skulum við líta aðeins á hvað var samþykkt árið 2003 og hverju er núna lagt til að gera breytingar á. Þau lagaákvæði sem sett voru 2003 og ekki er lagt til núna að hróflað verði við og standa því áfram eru í fyrsta lagi þau að eftirlaun ráðherra verði 70% af launum þeirra. Það hafði þá verið hækkað úr 50%.

Í öðru lagi að formenn stjórnmálaflokka sem ekki eru ráðherrar hafi 50% álag á þingfararkaup. Þetta kom inn 2003 og ekki er lagt til að hrófla við því, virðulegi forseti.

Í þriðja lagi er ekki lagt til að breyta því sem þá var samþykkt, að iðgjöld þingmanna og ráðherra hækkuðu úr 4% í 5%.

Í fjórða lagi er ekki lagt til að breyta því sem þá var ákveðið, að forseti Íslands greiddi iðgjald.

Í fimmta lagi er ekki lagt til að breyta því sem þá var gert, að skerða makalífeyri alþingismanna og ráðherra mjög verulega, sem gert var með lögunum 2003. Þau réttindi eru ekki nema svipur hjá sjón. Réttindi sem eðli málsins samkvæmt eru fyrst og fremst nú og á næstu árum réttindi kvenna. Mér er það mikið undrunarefni að konur á Alþingi skuli ekki taka upp hanskann fyrir maka alþingismanna og ráðherra vegna þessarar skerðingar á makalífeyrinum sem framkvæmd var árið 2003. En ekki er lagt til að breyta þessu.

Í sjötta lagi er ekki lagt til að breyta því sem þá var ákveðið að ráðherrar fengju biðlaun. Fram að því hafði það verið svo að ráðherrar fengu ekki biðlaun fyrr en eftir tveggja ára setu sem ráðherrar. Því var breytt þannig að þeir fengu strax rétt til þriggja mánaða biðlauna og eftir árs setu sex mánaða biðlauna. Þessu er ekki breytt. Öll atriðin sem sett voru ný inn árið 2003 standa óbreytt. M.a. af hálfu þeirra sem mest hafa gagnrýnt lögin.

Í öðru lagi var 2003 gerð breyting á réttindum alþingismanna á þann veg að ef við miðum við tíu ára setu — en meðalstarfsævi alþingismanna var um 11 ár síðast þegar ég vissi. Lögin sem giltu fram til 2003 voru þannig að eftir tíu ára þingsetu átti þingmaður rétt á 33,33% eftirlaunum af þingfararkaupi. Við lagasetninguna í desember 2003 lækkaði þessi réttur niður í 30%. Hann lækkaði sem sagt um 3,3 prósentustig sem er 10% skerðing. Þannig að það sem formaður Samfylkingarinnar segir að hafi fært ráðamönnum ríkisins eftirlaun langt umfram það sem almennt gerist var 10% skerðing hjá alþingismönnum.

Þegar tekið er tillit til þess að til að afla þessara réttinda þurfti að borga meira en áður, 5% í staðinn fyrir 4%, þá er skerðingin 9,33 prósentustig eða 28% í fjárhæðum talið. Það var breytingin árið 2003 á eftirlaunaréttindum alþingismanna, þau voru skert. Menn fengu minna fyrir meira. Menn þurftu að borga meira en fengu minna. Þegar tekið er tillit til hvors tveggja þá var skerðingin 28%.

Eftirlaunaréttindi ráðherra voru 6% og voru óbreytt í lögunum 2003. Engin ný réttindi voru færð til ráðherra í þeim lagasetningum. Það kann að vera og er alveg hægt að færa rök fyrir því að réttindaávinnsla ráðherra hafi verið mjög hröð og að mörgu leyti kannski óeðlileg. En það voru ekki eftirlaunalögin 2003 sem færðu mönnum þau réttindi eins og haldið hefur verið fram ítrekað árum saman af þeim sem vita betur. Eða máttu vita betur.

Nú er lagt til, virðulegi forseti, að skerða enn eftirlaunaréttindi alþingismanna og reyndar ráðherra því nú eiga þeir að fá sömu réttindaávinnslu. Þannig að eftir tíu ára þingsetu falli eftirlaunaréttindin úr 30% þingfararkaupi niður í 23,75%. Þá er skerðingin orðin 9,58 prósentustig frá 2003 eða 29% af réttindunum sem eru skert. Þegar tekið er tillit til þess að fyrir þessi réttindi þarf að borga hærri iðgjöld þá er skerðingin orðin 43%. Frumvarpið felur það í sér að eftirlaunaréttindi alþingismanna verði, ef það verður samþykkt, 43% lakari en þau voru fyrir lagasetninguna 2003. Þetta heitir að hafa með lagasetningu fært ráðamönnum eftirlaunaréttindi langt umfram það sem almennt gerist.

Þetta eru einfaldlega rangar fullyrðingar. Ósannar fullyrðingar og fyllsta ástæða er til þess að þeir sem hafa haldið þeim fram mæti í þingsal til að svara fyrir ef þeir þora. Ef þeir hafa kjark til þess að mæta í pólitíska umræðu sem er byggð á staðreyndum og það heitir, virðulegi forseti, umræðustjórnmál. Eða það lærði ég á sínum tíma.

Virðulegi forseti. M.a. er fundið að því að réttindaávinnslan sé svo mikil að, eins og kom fram, það sé óeðlilegt. Ég hef farið yfir hvernig það hefur breyst en mig langar líka að minna á að víða erlendis er það svo að um eftirlaun þingmanna gilda tilteknar reglur. Þau lög sem sett voru 2003 byggðust á þeim reglum sem giltu þá í Þýskalandi að menn gátu farið á eftirlaun 55 ára og fengu 3% af þingfararkaupi í réttindaávinnslu fyrir hvert ár og svipuð réttindi voru þá í Svíþjóð og Noregi. Athyglisvert er að í Svíþjóð og Noregi voru kjörin þannig, eða lögin um þessi mál, að menn höfðu náð fullum réttindum eftir tólf ára þingsetu. Í þessum löndum, eins og í Þýskalandi, er lagt töluvert upp úr því að menn stoppi ekki of lengi við sem þingmenn.

Þetta hefur verið eitt af því sem hefur verið gagnrýnt og er tekið út úr frumvarpinu. Ég er ekki sammála því en ætla ekki að gera ágreining um það atriði að þessu sinni. Mér finnst það ekki það stórt að það taki því að gera það að deiluefni. En ég vek athygli á því að með því að taka þetta út er þessu sjónarmiði vikið til hliðar. Að stuðla að því að þingmenn hætti fyrr en ella. Mér finnst ekki framför að víkja frá því.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að í gildandi lögum um eftirlaun alþingismanna og ráðherra eru ákvæði sem skerða þau hafi þeir aðrar tekjur. Þau komu inn í lögunum 2003 og ástæða er til að hvetja menn til að fara yfir þau

ákvæði því að þau eru ítarleg og rökstudd með því að þar sem hin almennu réttindi og réttindaávinnsla er meiri en almennt gerist þá þyki sanngjarnt að á móti komi tiltekin skerðing á eftirlaunum séu menn í öðru starfi hjá hinu opinbera. Þetta var sett inn í lögin 2003 þvert á það sem haldið hefur verið fram í umræðunni. Að menn gætu tekið full laun og full eftirlaun á sama tíma, sem er ekki satt.

Ég vek athygli á því að rökstuðningurinn fyrir því að skerða eftirlaunin vegna tekna er sá að þau eru rýmri en almennt gerist í þjóðfélaginu. Stígi menn það skref að fella niður hin rýmri réttindi þá hljóta menn líka að draga úr skerðingum vegna annarra tekna. En mér sýnist að ríkisstjórnin geri hið gagnstæða. Hún þvert á móti herðir á skerðingunum. Bætir við nýjum ákvæðum um frekari skerðingar þannig að þetta er orðið afar ósanngjarnt, virðulegi forseti, svo ég kveði nú ekki fastar að orði. Ég átta mig ekki á því hvernig ríkisstjórnin kemst eiginlega að þessari niðurstöðu í frumvarpi sínu.

Virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Sá tími sem mér er gefinn að þessu sinni er liðinn þannig að ég læt hér staðar numið. En umræðunni er ekki lokið og ég ítreka óskir mínar og tilmæli til forseta að sjá til þess að hér verði hægt að halda uppi umræðustjórnmálum við þá sem sérstaklega hafa sérhæft sig í því á undanförnum árum.

[23:25]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta var ágæt ræða hjá hv. þingmanni og hann leiðrétti svo sem ýmislegt sem hefur verið haldið fram í fjölmiðlum.

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég hef aldrei stundað starf þar sem vinnuveitandi minn sér eins mikið eftir launum ofan í mig og hef ég þó engan áhuga á launum í sjálfu sér. Svona endalausu tuði um að þetta séu há laun o.s.frv. hef ég aldrei kynnst áður. Það kannski verndar mig frá því að missa sætið því að það fælir náttúrlega annað fólk frá því að sækja um að verða þingmenn.

Ég ætla að koma inn á eitt sem hv. þingmaður sagði um makalífeyrinn. Makalífeyririnn tók áður mið af Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, makinn fékk 20% strax og maðurinn byrjaði að vinna. Þetta var alveg með ólíkindum. Hér voru varaþingmenn í tvær vikur og þá var maki þeirra kominn með 20% lífeyrisréttindi. Makinn var kominn með 100 þús. kall frá því að varaþingmaðurinn félli frá og alveg til æviloka. (**Gripið fram í:** Það voru tæknileg mistök.) Það voru tæknileg mistök en hv. þingmaður var að kvarta undan því að þetta hefði verið fellt niður. Ég var mjög hlynntur því að þetta væri fellt niður, þess vegna vildi ég koma með athugasemd við þetta atriði í ræðu hv. þingmanns. Þetta var mjög óeðlilegt. Þetta tekur mið af Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þar sem fólk er yfirleitt mjög lengi í starfi, makinn byrjar þá með 20% og er með 1% ávinnslu á ári en sjóðfélaginn sjálfur 2% á ári. Það er sem sagt B-deildarákvæði úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Ég vildi bara koma inn á þetta út af þessu atriði.

[23:27]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að þetta ákvæði um makalífeyri til varaþingmanna var óeðlilegt og það var fyllsta ástæða til að breyta því. Það var samt ekki ástæða til að breyta makalífeyrisréttindunum að öllu leyti eins og gert var því að það var ekki látið duga að afnema það sem var óeðlilegt, heldur var líka allt annað skert. Þessi réttindi maka voru þannig að þeir fengu helminginn af lífeyrisréttindum alþingismannsins fyrrverandi og svo bættust 20% ofan á það. Þessu var breytt þannig að 20% voru strikuð út og þar að auki kom inn nýtt ákvæði sem var þannig að ef eftirlifandi makinn hafði aðrar launatekjur skertist lífeyririnn um þriðjunginn af því sem launatekjurnar voru umfram lífeyrisréttindin, ef ég man þetta rétt. Það voru tvær skerðingar þannig að í heildina var um að ræða mjög mikla skerðingu á makalífeyrinum sem er varla svipur hjá sjón á eftir.

[23:28]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég dundaði mér einu sinni við það að reikna út verðmæti þessara réttinda sem varaþingmaðurinn fékk fyrir tveggja vikna starf og þau voru um 1,7 milljónir — á þeim tíma, það er mjög langt síðan.

Makalífeyrir almennt er á undanhaldi í lífeyriskerfinu og það er vegna þess að það hefur orðið þjóðfélagsbreyting. Konur eru ekki lengur heima, þær afla sér sjálfstæðs lífeyrisréttar og flestir lífeyrissjóðirnir eru búnir að þurrka út þennan makalífeyri nema ef um börn er að ræða, ungbörn, og svo einhvern ákveðinn tíma eftir að menn falla frá o.s.frv. Varanlegur makalífeyrir er á miklu undanhaldi í öllu lífeyriskerfinu.

[23:29]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég ætla svo sem ekki að hafa fleiri orð um makalífeyri. Ég vil þó segja að menn eiga að líta á kjör alþingismanna í heild sinni. Ef gengið er til þess verks að breyta eftirlaunaréttindum, sem menn geta auðvitað gert, og þau færð verulega niður eins og hér er lagt til hljóta menn að ætla að taka mið af þeirri breytingu þegar launin sjálf eru ákvörðuð. Það hlýtur að leiða til þess að kjararáð endurmetur laun alþingismanna þegar það ber þau saman við viðmiðunarhópana því að í þessum samanburði hlýtur kjararáð að hafa tekið hliðsjón af lífeyrisréttindunum eins og þau hafa verið. Ef þau eru skert hlýtur það að leiða til þess í samanburðinum að það þurfi að hækka launin. Ég skil þessi lög um kjararáð þannig og starf þess á þá lund að það hljóti að gerast. Annað væri líka óeðlilegt. Það er óeðlilegt, virðulegur forseti, að laun alþingismanna skuli vera mun lægri en laun skrifstofustjóra hjá ríkinu. Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk í dag munu laun skrifstofustjóra hjá ríkinu vera um 600 þús. og að jafnaði hafa þeir 15 til 20 einingar ofan á það þannig að heildarlaunin eru um 680–750 þús.

Nú þegar lífeyrisréttindi verða eins erum við að bera saman annars vegar 560 þús. fyrir að vera alþingismaður og hins vegar allt upp í 750 þús. fyrir að vera skrifstofustjóri. Það bara gengur ekki, virðulegur forseti, mér finnst bara að við getum ekki litið á starf okkar hér í þinginu þannig að þetta séu eðlileg hlutföll launa á milli þessara tveggja ágætu starfsstétta ríkisins.

[23:30]

Útbýting:

Peningamarkaðs- og skammtímasjóðir, 253. mál, beiðni um skýrslu KHG o.fl., þskj. 407.

[23:31]

Eygló Harðardóttir (F):

Herra forseti. Eftirlaunalögin frá 2003 hafa lengi verið eins og þungur baggi á Alþingi. Það frumvarp sem við ræðum hér er sorgleg tilraun Samfylkingarinnar til að breiða yfir þá staðreynd að hún er að svíkja eitt stærsta kosningaloforð sitt, að fella úr gildi það sem ég og fleiri þingmenn höfum nefnt og hefur verið kallað „eftirlaunaósóminn“ frá árinu 2003. Það hefur svolítið verið kallað eftir því og við söknum þingmanna Samfylkingarinnar í salnum í kvöld, það sést bara ekkert til þeirra. Ég ætla því að leyfa röddum þeirra að heyrast aðeins eða hverjar skoðanir þeirra á þessum eftirlaunaósóma hafa verið.

Hv. þm. Árni Páll Árnason sagði í grein í *Morgunblaðinu* fyrir rétt rúmum mánuði síðan, með leyfi forseta:

„Ekkert er annað að gera en afnema þau forréttindi sem veitt voru í árslok 2003 skilyrðislaust og án bóta.“

Það var svo hv. varaþingmaður Samfylkingarinnar, Valgerður Bjarnadóttir, sem lagði fram frumvarp á síðasta þingi og flutningsmenn með henni voru hv. þingmenn Katrín Júlíusdóttir, Ellert B. Schram, Gunnar Svavarsson og Róbert Marshall. Í umræðunni þá var ekki að sjá að þingmenn Samfylkingarinnar hefðu gleymt því hvað umræðustjórnmál þýða því að þeir höfðu margt og mikið að segja og ég mundi gjarnan vilja fá að lesa það. Hv. þm. Árni Páll Árnason sagði þá, með leyfi forseta:

„Ég trúi því og treysti að við náum á þessu þingi samstöðu um það á hinu háa Alþingi að færa okkur aftur í rétta átt, fara í þá átt að búa til eitt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem hlýtur að vera hið eðlilega ástand. Það er fullkomlega óásættanlegt að löggjafinn hafi um það forgöngu að skerast úr leik í þessu efni. Ég held að það væru líka gríðarlega góð og jákvæð skilaboð til aðila vinnumarkaðarins nú þegar kjarasamningar fara í hönd að við sendum út þau skilaboð að við ætlum ekki að slíta í sundur friðinn á íslenskum vinnumarkaði til lengri tíma litið.“

Þetta er náttúrlega sérstaklega áhugavert í ljósi þess að ég held að það ríki enginn friður í dag á milli ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins.

Hv. þm. Gunnar Svavarsson sagði í sömu umræðu:

„Þegar umrædd lög voru sett á sínum tíma var mikið um þau fjallað og þau eru líklega ein af stóru málunum sem hafa verið í þjóðmálaumræðunni. Ég get sagt að sjaldan hef ég fengið jafnmikla hvatningu til að taka eitt einstakt mál upp við þingheim og þetta tiltekna mál. Því er fagnaðarefni að geta verið í þeim hópi sem fer fram með þetta mál undir forustu hv. þm. Valgerðar Bjarnadóttur en við stjórnarskiptin sem urðu á Alþingi eftir síðustu kosningar hafa líka hugsanlega skapast hér önnur tækifæri til að fara í þetta mál.“

Við sjáum þessi önnur tækifæri nú í dag.

Og áfram segir hv. þm. Gunnar Svavarsson, með leyfi forseta:

„Ég vil í sjálfu sér ekki lengja umræðuna um þetta, umræðan hefur verið tekin og vissulega ákveðin prinsippumræða. En eins og hér kemur fram er markmiðið með flutningi frumvarpsins að alþingismenn, ráðherrar og hæstaréttardómarar njóti sömu lífeyriskjara og ríkisstarfsmenn, en búi ekki við sérstök forréttindi. Þannig halda þeir þeim réttindum sem þeir hafa áunnið sér en eftir gildistöku laganna gilda almennar reglur um lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna um aðra en forseta Íslands.“

Það er greinilegt á því frumvarpi sem við fjöllum um í kvöld að prinsipp vilja gleymast ansi hratt, alla vega þegar maður er í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn.

Síðan vil ég aðeins minnast á það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði, sjálfur þingflokksformaður Samfylkingarinnar ef einhver skyldi hafa gleymt því: „Lykilatriðið er að allir séu jafnir og það sé eitt lífeyrissjóðakerfi fyrir alla landsmenn. Um það snýst þetta mál.“

Við sjáum árangurinn af því í kvöld. Það sem menn töluðu um var að afnema ætti sérréttindi þingmanna og þingmenn ættu að vera með sömu lífeyrisréttindi og aðrir opinberir starfsmenn. Út á það gekk frumvarp hv. þm. Valgerðar Bjarnadóttur og það var það sem menn töluðu um að þyrfti að gera til þess að leiðrétta eftirlaunaósómann. Hins vegar virðast allir hafa gleymt því að það voru ýmis önnur sérréttindi í þeim pakka sem samið var um á sínum tíma, svo sem eins og það að formenn flokka ættu að fá hærri launakjör, en það virðist enginn ræða það sem hluta af þessari umræðu um sérréttindi.

Ég fékk spurningu áðan frá hv. þm. Pétri H. Blöndal þar sem hann spurði hvort ég væri tilbúin að tryggja það að þingmenn nytu sömu kjara og almennir launamenn úti á almennum vinnumarkaði. (**PHB:** Það verði heimilt.) Það verði heimilt. Ég mundi vilja svara því að ég teldi eðlilegt að fyrsta skrefið í þá átt væri að við viðurkenndum það fúslega að alþingismenn séu opinberir starfsmenn og við eigum að njóta sömu kjara og aðrir opinberir starfsmenn.

Ég vil hins vegar í framhaldi af því leggja áherslu á að ég tel mjög eðlilegt, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á í sinni ræðu, að síðan verði kjör opinberra starfsmanna jöfnuð við kjör starfsmanna á almennum markaði. Ég tel ekkert eðlilegt við það að lífeyriskjör starfsmanna á almennum markaði eigi að vera lægri en opinberra starfsmanna heldur eigi menn að geta mæst á miðri leið. Það var einmitt það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á að væri að gerast, að lífeyriskjörin hefðu verið að batna, fyrir utan kannski það mikla áfall sem við göngum í gegnum núna varðandi lífeyrissjóðina sjálfa.

Ég efast ekki um að hv. þm. Pétur Blöndal hefur athugasemdir við þetta viðhorf mitt en ég tel að þetta væri eðlilegt fyrsta skref og í framhaldinu yrðu kjör opinberra starfsmanna jöfnuð við kjör starfsmanna á almennum vinnumarkaði.

[23:38]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Talandi um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn þá samdi ég frumvarp sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti árið 1969, minnir mig, um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Það hefur því þegar komið fram og er dálítið langt síðan.

Varðandi það að þingmenn séu opinberir starfsmenn, ég mótmæli því harðlega. Vegna þrískiptingar valdsins erum við hluti af löggjafarvaldinu en ekki framkvæmdarvaldinu. Opinberir starfsmenn eru allir starfsmenn framkvæmdarvaldsins. Ég mundi jafnvel vilja að Alþingi væri með sérfjárlög fyrir sig til að greiða þingmönnum laun.

Ef menn fara aftur í söguna frá því að Alþingi var stofnað þá voru þingmenn ekki opinberir starfsmenn. Þingmenn hafa ekki verið opinberir starfsmenn, þeir eru kosnir fulltrúar. Ég legg mikla áherslu á þetta og ég tel að þingmenn eigi að deila kjörum með þeim sem sendu þá á þing.

[23:39]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég mundi svo sem alveg vilja taka undir þetta hjá hv. þm. Pétri Blöndal að því gefnu að það ríkti raunveruleg þrískipting valds á Íslandi, sem er ekki. Það er nefnilega framkvæmdarvaldið sem stjórnar öllu á Íslandi. (**PHB:** Eigum við ekki að breyta því?) Jú, svo sannarlega, við skulum breyta því hér og nú, en þangað til það breytist skulum við bara tala um okkur sem starfsmenn framkvæmdarvaldsins.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Fundi slitið kl. 23:40.

---

63. FUNDUR

föstudaginn 19. desember,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Kjararáð, stjfrv., 210. mál, þskj. 283, nál. 380. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Dýravernd, stjfrv., 186. mál, þskj. 229, nál. 378. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 249. mál, þskj. 379. — 2. umr.
5. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 243. mál, þskj. 357, nál. 404 og 405. — 2. umr.
6. Fjáraukalög 2008, stjfrv., 239. mál, þskj. 350, nál. 384, brtt. 385. — 2. umr.
7. Kolvetnisstarfsemi, stjfrv., 152. mál, þskj. 176, nál. 386 og 403, brtt. 387. — 2. umr.
8. Tekjuskattur, stjfrv., 228. mál, þskj. 313, nál. 406. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 7. þm. Reykv. s.
Herdís Þórðardóttir, 8. þm. Norðvest.

Lengd þingfundar.

[10:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Þar sem óvissa er um hve lengi þingfundir kunna að standa í dag leggur forseti til að vikið verði frá ákvæðum 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda og ætti það svo sem ekki að koma hv. þingmönnum á óvart þegar kominn er þessi tími.

Um fundarstjórn.

Lengd þingfundar.

[10:36]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Erindi mitt í pontu nú er spurning hæstv. forseta til þingheims um hvort athugasemdir væru um að fundartíminn yrði lengdur umfram það sem kveðið er á um í þingsköpum. Ég geri ekki athugasemd við það fyrir okkar hönd en vil vekja athygli á því að þegar farið er fram á beiðni af þessu tagi lít ég svo á að hún gangi ekki lengra inn í nóttina en til miðnættis. Mér finnst ófært að með þessu móti séu menn að gefa grænt ljós á þinghald fram undir morgun, ótakmarkaðan þingtíma. Ég hef því allan fyrirvara á um hversu lengi þingfundur stendur og við munum hugsanlega gera athugasemdir við það ef okkur þykir óhóflega farið fram í því.

[10:38]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Eins og við finnum á eigin skinni þá er mikið álag á þinginu í augnablikinu og hefur verið um talsvert skeið. Það er unnið talsvert fram eftir og við erum með stór mál undir sem mörg eru flókin og það er að mörgu leyti gagnrýnivert hversu lítið við fáum af gögnum í þeim málum. Ég tel að þingið verði að vanda vinnubrögðin og þess vegna finnst mér mjög óeðlilegt ef hér á að halda þinghaldi fram inn í nóttina. Ég vil því taka undir það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að við munum gera athugasemdir við það ef þingfundur fer fram yfir miðnætti í kvöld. Það er ósk okkar að svo verði alls ekki.

[10:39]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég sé í sjálfu sér ekkert athugavert við að samþykkja þá tillögu sem hæstv. forseti leggur til, að þinghaldið geti staðið lengur eins og farið er fram á en það er mjög mikilvægt að því verði samt markaður tími, þ.e. lok og þá miðað við það að þing stæði ekki lengur en fram til miðnættis svo sem komið hefur fram hjá þeim hv. þingmönnum sem talað hafa á undan mér. Mér finnst mikilvægt að miðað væri við það. Við værum þá ekki að samþykkja ótímabundna heimild til framlengingar og það er grundvallaratriði.

Mér finnst hins vegar mjög mikilvægt að það sé reynt að

halda sig innan þeirra mörkuðu tímamarka sem kveðið er á um í þingsköpum vegna þess að það horfir til þess að halda störfum þingsins í eðlilegu horfi og það er það sem við eigum alltaf að miða við.

[10:40]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta er athyglisverð umræða sem hér fer fram um störf þingsins og lengd þingfunda. Það er hins vegar þekkt og hefur tíðkast í mörg ár að á þessum tíma er oft mikið álag og oft á tíðum er það þannig að það þarf að ljúka við mál fyrir áramót. Ég segi það fyrir mitt leyti að ef þingmenn eru ekki tilbúnir að vera fram yfir miðnætti þá finnst mér það í sjálfu sér vel þess virði að skoða en þá verðum við einfaldlega að vera lengur eftir helgina og ekki mæli ég því í mót. En það er alveg ljóst að það þarf að klára ákveðin mál fyrir áramót og þingið verður að taka þann tíma sem það þarf í það og ef við þurfum að vera fram eftir þá er ég tilbúinn í þá vinnu. Ég er líka tilbúinn í þá vinnu eftir helgi og ég vænti þess að stjórnarandstaðan sé það einnig.

Virðulegi forseti. Mér finnst að virðulegi forseti hafi allar heimildir til að ákveða hversu lengi þessi þingfundur stendur.

[10:41]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar um það að ég treysti forseta fullkomlega til að meta hversu lengi þingfundur þarf að standa, með velferð þingmanna og þeirra þingmála í huga sem við þurfum að afgreiða. En ég held að okkur þingmönnum hafi öllum verið það mjög vel ljóst, nokkuð lengi, að hér yrði mikið álag á þessum dögum og við yrðum að vera fram eftir til að ljúka þeim þingmálum sem á þarf að halda.

[10:42]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna orða hv. þingmanna er rétt að forseti geti þess að hann hefur fullan skilning á því að við þurfum að gæta hófs í því að vera langt inn í nóttina á fundum og við höfum gert það. Það hefur orðið alger breyting á störfum þingsins hvað það varðar og það þekkja þeir sem hafa verið nokkuð lengi í þinginu, sumir jafnvel 30 ár, að það hefur orðið mikil breyting á því. Forseti mun að sjálfsögðu líta til þess. Það liggur þá fyrir að ekki er gerð athugasemd við það þótt vikið sé frá hinum venjulega tíma, þ.e. að verið sé fram yfir kl. 8, en væntanlega er nauðsynlegt að gera ráð fyrir lengri tíma en það.

Störf þingsins.

Lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra – endurskoðun laga um stjórn fiskveiða o.fl.

[10:43]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil kveðja mér hljóðs út af auglýsingu sem birtist í morgun í *Fréttablaðinu* frá Alþýðusambandi Íslands og BSRB undir fyrirsögninni: Afnemum forréttindin. Þar lýsa samtökin yfir algerri andstöðu við þær tillögur sem forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa sett fram við breytingar á efstu launum ráðamanna og voru ræddar í gærkvöldi, þeir krefjast þess að afnumin verði forréttindi ráðherra og alþingismanna í lífeyrismálum og lög sett sem verða þau sömu og hjá öðrum opinberum starfsmönnum.

Mig langar að beina máli mínu til formanns þingflokks Vinstri grænna sem er líka formaður BSRB og stendur að auglýsingunni og sem er líka varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og var formaður þeirrar stjórnar á síðasta ári og hefur þar m.a. oft staðið að því að ráða forustumenn sjóðsins á tvöföldum eða þreföldum launum alþingismanna og finnst það allt í lagi af því að þar er verið að hugsa um peninga en það er eitthvað annað en alþingismenn gera.

Það sem mig langar að vekja athygli á, virðulegi forseti, er í fyrsta lagi áskorunin: Afnemum forréttindin, hvaða forréttindi? Eru það forréttindi BSRB-félaga fram yfir ASÍ-félaga að BSRB-félagar halda lífeyrisréttindum sínum algerlega óskertum hvað sem á dynur og ef sjóðurinn getur ekki staðið undir réttindunum er sótt í vasa skattgreiðenda til að halda þeim réttindum uppi? Það á ekki við um ASÍ-félaga sem verða að sæta því að ef ávöxtun fjárins misferst skerðast réttindin. Eru það þau forréttindi sem á að afnema, forréttindi BSRB gagnvart ASÍ? Ég á ekki von á því, virðulegi forseti, að formaður BSRB sé að meina það.

Þá spyr ég í ljósi þess frumvarps sem við ræddum í gærkvöldi: Hvað er það í því frumvarpi sem eru einhver forréttindi, virðulegi forseti?

[10:45]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er sérstakur kapítuli í þingsögunni. Nú hefur hann tekið að sér það hlutverk að tala máli oddvita ríkisstjórnarinnar fyrir sérréttindum í lífeyrismálum og er að reyna að réttlæta gjörðir þeirra. Staðreyndin er sú að það frumvarp sem núna liggur fyrir þinginu skapar meiri réttindi en gerist almennt í lífeyriskerfinu, meira en gerist almennt hjá starfsmönnum ríkis og bæja sem eiga aðild annaðhvort að lífeyrissjóði sveitarfélaga eða A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ávinnslan þar er 1,9%. Ávinnslan samkvæmt því frumvarpi fyrir þingmenn sem hér liggur fyrir er 2,375%. Einnig er kveðið á um önnur réttindi í þessu frumvarpi. (Gripið fram í.)

Ef þetta eru sömu réttindi hvað er það þá sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson (Gripið fram í.) hefur á móti því að þingmenn, ráðherrar og svokallaðir æðstu embættismenn ríkisins fari inn í lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna? (Gripið fram í.) Hins vegar er þessi málflutningur sem við urðum hér vitni að, þessar tilraunir íhaldsins og afturhaldsafla sem nú hafa fengið liðsinni hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, til að reka fleyg inn í launþegahreyfinguna. (Gripið fram í.) Um þessi lífeyrisréttindi og um þessa ályktun sem hann vitnar til og auglýsingu (Gripið fram í.) er fullkomin samstaða. Ég veit ekki hvað það er sem vakir fyrir hv. þingmanni að reyna að reka fleyg (Gripið fram í.) inn í verkalýðshreyfinguna. (Gripið fram í.)

[10:47]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Sú sem hér stendur og hefur alla tíð þar til hún varð alþingismaður greitt í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkis og bæja og er ein af þeim sem margir telja ómaga á samfélaginu þegar kemur að lífeyrisréttindum og eftirlaunaaldri. Ekki ætla ég að fjölyrða um það.

Hins vegar vildi ég gjarnan spyrja hv. þingflokksformann Vinstri grænna, vegna þess að ég leyfi mér að segja að mér ofbýður að launþegasamtökin skuli setja heilsíðuauglýsingu með þessum hætti í blöð til þess að blanda sér í umræðu um frumvarp sem er til afgreiðslu á þingi. Ég spyr hv. þm. Ögmund Jónasson: Er hann sem formaður BSRB í næstu kjarasamningum tilbúinn til þess að beita sér fyrir því, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur gert í því frumvarpi sem hér liggur fyrir, að fólk hafi valfrelsi um það í hvaða lífeyrissjóð það greiði og afnema þar með þau forréttindi sem lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna hafa fram yfir lífeyrissjóði annarra landsmanna? Um það hlýtur málið að snúast.

Ef verið er að tala um forréttindi í lífeyrissjóðsgreiðslum almennt þá sitji allir við sama borð en ekki bara sumir.

[10:49]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er svolítið kostulegt að fylgjast með þessari umræðu, þessari hörkukjarabaráttu sem menn eru að dragast inn í hér. Ég vil að það sé alveg skýrt í þessari umræðu hvað framsóknarmenn vilja og vil koma því skýrt hér á framfæri. (**Gripið fram í:** Þeir settu lögin.)

Við teljum að það eigi að breyta lögunum og við höfum rætt þetta í flokksstofnunum okkar. Stefna okkar er algjörlega skýr: Alþingismenn eru í vinnu hjá þjóðinni. Við erum í vinnu hjá þjóðinni. Það má segja að við séum opinberir starfsmenn, við erum í vinnu hjá ríkinu. (Gripið fram í.) Við erum ekki í vinnu á almennum vinnumarkaði (Gripið fram í.) þannig að við teljum að við eigum að vera í A-deild LSR. Þá er langbest að hafa þetta kerfi einfalt og gagnsætt, nákvæmlega eins og það er hjá A-deild LSR. Það þýðir að ávinnsla okkar ætti þá að vera 1,9% eins og hún er hjá LSR og iðgjöld okkar ættu að vera þau sömu og eru þar. Þá erum við algjörlega jafnsett þeim sem eru í A-deild LSR.

Þetta er gegnsætt, þetta er einfalt og þetta er það sem aðrir búa við í þeirri deild og þá er ekkert hægt að segja sérþingmenn þetta og hitt. Þetta eiga allir skilja, virðulegur forseti.

[10:50]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Það dróst upp úr hv. þm. Ögmundi Jónassyni að þau forréttindi eða réttindaávinnsla sem hann vill að verði afnumin sé meiri en nemur því sem aðrir hafa í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það er bara ekki rétt hjá hv. þingmanni og hann veit það, hann veit að hann er að segja ósatt. Hann segir ósatt vegna þess að hann vill hafa þetta mál sem pólitískan ávinning fyrir sinn flokk. (**Gripið fram í:** Það er rétt.)

Réttindaávinnsla fyrir 4% iðgjald er 1,9%. Alþingismenn greiða 5% af launum sínum í iðgjald og fá þá alveg jafnmikið í ávinnslu eða 2,375%. Það er hægt að lækka þessi 5% niður í 4%, þá er þetta sama. Þetta eru nákvæmlega sömu réttindi, þó að einu leyti frábrugðin þ.e. að þeir sem borga í A-deild LSR og eru farnir að taka út lífeyri sinn geta aflað sér annarra tekna án þess að það skerði lífeyrinn. Það mun ekki eiga við um alþingismenn. Þær lífeyrisgreiðslur verða skertar vegna annarra tekna. Það er sérregla sem gildir um engan annan í þjóðfélaginu og ég spyr, virðulegi forseti: Hvers vegna á jafnrétti hv. þm. Ögmundar Jónassonar bara að gilda á þennan veginn? Af hverju á ekki hið sama að gilda um alþingismenn að þessu leyti og alla aðra í þjóðfélaginu?

Hann svaraði því ekki í gær. Hann heldur áfram í dag að segja ósatt. Hann er í þeim pólitíska leik að reyna að breiða út ósannindi um kjör alþingismanna af því að hann heldur sig hafa einhvern ávinning af því að tala niður stöðu alþingismanna. Það eru fleiri en hann sem leika þennan ljóta leik og menn eiga að fara að hætta því og fara að segja satt, virðulegi forseti, um þessi mál og hætta að skrökva, hv. þm. Ögmundur Jónasson.

[10:52]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Það er eflaust hægt að læra margt af Kristni H. Gunnarssyni en við lærum það ekki að fara rétt með sannleikann, það lærum við ekki af honum.

Það er svo að skilja á hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að verið sé að hlunnfara hann alveg sérstaklega. Ef svo er, ef verið er að hlunnfara þingmenn, (Gripið fram í.) ef verið er að hlunnfara ráðherra, ef verið er að hlunnfara æðstu embættismenn landsins og þeir búa við lakari kjör en almennt gerist á markaði eða hjá almennum starfsmönnum ríkisins, hjá sjúkraliðanum, hjá hjúkrunarfræðingnum eða hjá slökkviliðsmanninum, hvers vegna í ósköpunum er hv. þingmaður svona andvígur því að fara inn í sömu sjóði og þetta fólk býr við?

Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir kom hér og ræddi um félagslega aðkomu að lífeyrisjóðunum, að menn ættu að hafa einstaklingsbundið val. Ég vil verja þessa félagslegu aðkomu að lífeyrissjóðunum vegna þess að á grundvelli hennar hefur tekist að byggja upp öflugt lífeyriskerfi á landinu.

Hvers vegna eru samtök úti í bæ að blanda sér í þingmál? Hvers vegna eru skattborgararnir að hafa áhyggjur af því hvað þingmenn og ráðherrar ráðskast með um eigin kjör, (Gripið fram í.) er það ekki ósvífni af þeirra hálfu? Þetta er það sem hv. þingmaður er að segja, þetta er það sem hv. gagnrýnendur míns málflutnings eru að segja.

Nú ofbýður þessum þingmanni Sjálfstæðisflokksins. Þetta er í fyrsta sinn sem ég heyri hana verulega reiða á undanförnum dögum, ekki vegna þess að verið er að skerða öryrkja, ekki vegna þess að verið er að skerða aldraða, ekki vegna þess að verið er að skera niður við Heilsugæsluna í Reykjavík um fjórðu hverju krónu, 24%. Það hefur ekki heyrst orð úr horni þar.

Nei, hennar eigin kjör eru í húfi og þá verðum við vör við reiðina.

[10:54]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Það er auðvitað mikil þörf á því að ræða eftirlaunamál og launamál alþingismanna en ég ætlaði aðeins að tala um annað mál sem snýr að mannréttindum. Þá ætlaði ég að beina spjótum mínum að hv. þingmanni eða þingkonu Arnbjörgu Sveinsdóttur, sem er formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. (**Gripið fram í:** Ég er þingmaður og er ...) Fyrirgefðu, hv. þingmaður, að ég skyldi móðga þig með þessum hætti en málið snýst um það að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir er formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og hún er líka formaður þingflokks sjálfstæðismanna. Ég spyr hana því hvað þeirri vinnu líði að endurskoða fiskveiðistefnuna með tilliti til mannréttindabrota sem hafa verið framkvæmd á sjómönnum á Íslandi og hvað sé í deiglunni með það.

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna skilaði fyrir ári síðan frá sér áliti og staðfesti að hér er verið að brjóta mannréttindi á sjómönnum og að breyta þurfi fiskveiðistjórnarkerfinu í grundvallaratriðum. Það er ekki hægt að úthluta fáum útvöldum veiðiheimildum, það er ekki hægt að leyfa þeim að braska með kvótann. Síðast en ekki síst lagði mannréttindanefndin það til að reynt verði að semja við þá sjómenn sem fóru fyrir mannréttindanefnd með sín mál, um bætur fyrir brot sem á þeim voru framin.

Þess vegna óska ég eftir því að heyra hvað er í gangi. Mér finnst heilt ár allt of langur tími, að menn þurfi að bíða í heilt ár eftir að eitthvað sé gert.

[10:56]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við höfum nú nokkuð rætt þetta álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna hér á Alþingi. Málið er enn þá í ferli það ég best veit því að íslensk stjórnvöld hafa sent mannréttindanefndinni greinargerð um það álit sem mannréttindanefndin lét frá sér fara. Mannréttindanefndin hefur óskað eftir því að íslensk stjórnvöld fari yfir athugasemdir sem komu frá kærendum málsins upphaflega sem hefur nú verið sent til íslenskra stjórnvalda. Ég held því að fyrir janúarlok muni íslensk stjórnvöld senda greinargerð varðandi þær athugasemdir sem kærendur sendu til mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Málið er því statt þar í ferlinu, hv. þingmaður, og ég held að við verðum að bíða og sjá lyktir þess, hvernig mannréttindanefndin bregst á endanum við kæru, greinargerðum og athugasemdum sem þar fara í gegnum nefndina.

[10:58]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég vil nýta þetta tækifæri hér til þess að kalla eftir stefnumörkun stjórnarflokkanna varðandi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Þannig er að frá upphafi hefur Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins verið olnbogabarn í heilbrigðiskerfinu. Allt frá 1977 hefur heilsugæslan hér búið við sambýli við sjálfstætt starfandi heimilislækna og hefur notið takmarkaðs pólitísks skilnings. Það hefur því miður síður en svo batnað á undanförnum árum. Þessu kerfi hefur ekki tekist að breyta þrátt fyrir að mjög góð reynsla hafi verið annars staðar á landinu af samþættri heilsugæsluþjónustu.

Um síðustu áramót skipaði hæstv. heilbrigðisráðherra nefnd til þess að endurskoða starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og þrátt fyrir að margoft hafi verið kallað eftir niðurstöðum þeirrar nefndar sem átti að liggja fyrir í apríl sl. hafa engin svör borist. Fyrir rúmu ári síðan lá líka fyrir könnun á þjónustu heilsugæslunnar en það hefur verið leyniplagg og verið geymt og falið ofan í skúffum hjá hæstv. heilbrigðisráðherra allan þann tíma.

Nú er svo komið að uppsafnaður halli heilsugæslunnar á þessu ári er 670 millj. kr. og 450 millj. kr. á að veita á fjáraauka til þess að lækka hann. En á fjárlögum komandi árs á að skera niður fjórðu hverju krónu úr Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, 1.020 millj. kr. á að taka af heilsugæslunni.

Ég hlýt að spyrja hér og beini máli mínu til hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar, sem er varaformaður heilbrigðisnefndar: Hvernig í ósköpunum ætlið þið að láta Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins reka sig og þjónusta 190 þúsund manns fyrir þrjár krónur í staðinn fyrir fjórar á þessu ári?

[11:00]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Herra forseti. Allt tal um einhver leyniplögg hjá heilbrigðisráðuneytinu eða í heilbrigðiskerfinu er ekki rétt. Vinnan sem lýtur að heilsugæslunni verður kynnt í janúar, þannig að það sé alveg á tæru, og við skulum endilega tala um hana á vettvangi heilbrigðisnefndar.

Gæðakönnunin innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er heldur ekkert leyniplagg og við munum líka fara yfir hana á vettvangi heilbrigðisnefndar við fyrsta tækifæri. Sú vinna hefur reyndar verið kynnt fyrir fjöldamörgum starfsmönnum sem koma að málinu, þannig að í þessum efnum eru engin leyndarmál eða leyniplögg og menn eiga að passa sig á að detta ekki algjörlega í gír samsærisins, eins og hv. þingmaður gerir.

Varðandi heilsugæslu almennt er ljóst að Ísland gengur í gegnum djúpa kreppu og reynt er að hagræða eins og hægt er en á sama tíma er haft að leiðarljósi að verja velferðarkerfið og þá um leið heilsugæsluna.

Í fjáraukatillögunum sem liggja fyrir eru beinlínis settar 450 milljónir í Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem eru 2/3 af þeim halla sem hún býr við og áætlanir eru um að þeim halla verði náð niður á tveimur árum. Ekki er rétt, eins og hv. þingmaður fullyrðir hér, að hún missi fjórðu hverju krónu í niðurskurði. Ég hvet hv. þingmann til að kynna sér upplýsingarnar betur og kynna sér m.a. tilfærslur vegna flutnings heimahjúkrunarinnar til Reykjavíkur, sem er löngu tímabært verkefni.

Í lok svars míns minni ég á að ef litið er beinlínis til krónutölunnar erum við að setja 11 milljörðum kr. meira í fjárlagafrumvarp næsta árs en við settum í fjárlög þessa árs, þrátt fyrir eina dýpstu og erfiðustu kreppu sem við höfum nokkurn tíma staðið frammi fyrir. (Forseti hringir.) Heimahjúkrunin fær sex sinnum hærri upphæð á þessu ári en það sem sett var í heimahjúkrun 2005 og hér tala tölurnar (Forseti hringir.) sínu máli, hv. þingmaður.

[11:03]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Það sem ég gagnrýni og leyfði mér að gagnrýna áðan er að stefnumörkun vantar varðandi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ólíðandi er að mínu viti að ár eftir ár og mánuð eftir mánuð og missiri eftir missiri sé vísað til þess að einhver nefnd sé að störfum, lokuð nefnd á vegum hæstv. heilbrigðisráðherra sem ekkert kemur frá og nú er vísað fram í janúar með það.

Auðvitað er þetta bara leyndarnefnd og ekkert annað þegar ekkert heyrist frá henni. Ég kalla eftir því að fleiri komi að því borði vegna þess að upplýst er að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins vinnur ekkert með þessari nefnd, nefndin kallar einstaka starfsmenn fyrir og búið. Það skortir algjörlega stefnumörkun og samráð.

Ég leyfði mér að vekja athygli á því að á bls. 123 í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 kemur fram að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins á þar að fá 3.691 millj. kr., tæpa 3,7 milljarða kr. Hún fékk á þessu ári samkvæmt fjárlögum 4,2 milljarða en í fjárlagafrumvarpinu í haust var fyrirhugað að hún fengi 4,7 milljarða og þar munar 22%. Hér hefur verið bent á að þar sé um að ræða millifærslur yfir til heimahjúkrunar, en ekki kemur fram á þessum stað í frumvarpinu nákvæmlega hverjar fjárhæðirnar eru en við munum væntanlega fá tækifæri til þess að ræða það síðar í dag.

Eftir stendur, herra forseti, að heilsugæslan er olnbogabarn þessarar ríkisstjórnar og ég óttast að niðurskurðurinn sem hér blasir við muni verða notaður til þess að búta hana enn þá meira niður og henda henni út á markaðinn eins og stefna hæstv. heilbrigðisráðherra hefur verið, (Forseti hringir.) að koma öllu sem hægt er í heilbrigðisþjónustunni í hendur einkaaðila og það er miður.

[11:05]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Herra forseti. Ég get ekki sett mig í spor hv. þingmanns þegar hún álítur að það séu einhverjir leynifundir og leyniplögg þegar haldnir eru opnir fundir um vinnuna sem lýtur að heilsugæslunni. Ekki er verið að fela neitt fyrir hv. þingmanni. (Gripið fram í.) Ekkert er falið fyrir starfsmönnum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, þetta er bara rangt. (Gripið fram í.)

Ég segi að við skulum ræða þessi mál við fyrsta tækifæri á vettvangi heilbrigðisnefndar, þar sem ég hef nú þann heiður að deila sæti með hv. þingmanni, það stendur ekki á okkur. (Gripið fram í.) Ég hlýt að geta gert þá kröfu til hv. þingmanna að þeir fjalli málefnalega um þessi atriði. Ég vona þó og veit að allir þingmenn í salnum vilja forgangsraða í þágu heilsugæslunnar, þetta er afar mikilvægur þáttur í heilbrigðiskerfi okkar. Þetta er fyrsti viðkomustaður okkar og lykillinn að því að reyna að ná fram hagræðingu í kerfinu að við höfum hér öfluga heilsugæslu og það er markmið stjórnarflokkanna og það sést á verkum okkar. Við reynum að forgangsraða í þágu heilsugæslu.

Auðvitað vitum við að það er ekki okkur í hag eða heilbrigðiskerfinu eða almenningi að vega að Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins með einhverjum óeðlilegum hætti. Menn hafa einmitt talað um að miðstýringin í því kerfi hafi verið of mikil. En menn mega ekki tapa sér algjörlega í samsærisgírnum eða í þeirri kreddu að ekkert megi skoða eða (Gripið fram í.) ekki megi velta upp steinum þegar kemur að hugsanlegum breytingum. Menn mega ekki vera svo forpokaðir í íhaldssemi sinni og forsjárhyggju að ekki megi velta (Gripið fram í.) fyrir sér breytingum. Ég átta mig ekki stundum á (Forseti hringir.) málflutningi Vinstri grænna þar sem menn velta aldrei fyrir sér hvort „status quo“ sé endilega heppilegasta ástandið. (Gripið fram í.)

Ég fagna því að fá tækifæri til að slá á þessar draugasögur sem hv. þingmaður (Gripið fram í.) kemur iðulega fram með þegar kemur að málefnum heilbrigðiskerfisins. (Forseti hringir.) Förum bara yfir þetta mál, það er enginn að fela neitt og það veit (Forseti hringir.) hv. þingmaður.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að eiga ekki samtöl hér í salnum við þá sem eru í ræðustól.)

[11:07]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég ætla að koma inn á málið um lífeyrisréttindin og vildi andmæla því sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði um það að þingmenn væru ríkisstarfsmenn. Frá upphafi Alþingis, frá stofnun Alþingis, hafa þingmenn verið fulltrúar, þeir eru kosnir en ekki hluti af framkvæmdarvaldinu.

Varðandi lífeyrisréttindin og auglýsingu BSRB eru þrenns konar lífeyrisréttindi fyrir ríkisstarfsmenn. B-deildin, þar sem eru mestu forréttindin og hefur hún kostað skattgreiðendur óhemju fé, A-deildin, sem er með föst réttindi og breytilegt iðgjald sem ríkið, þ.e. skattgreiðendur, borgar og venjulegir lífeyrissjóðir, en í þeim eru aðallega umönnunarstéttirnar sem eru með lægstu launin hjá ríkinu. Þar eru réttindin miklu síðri en hjá öðrum opinberum starfsmönnum og réttindin eru ekki föst, þau eru skert ef eignirnar duga ekki til, ef sjóðurinn verður fyrir áföllum. Það er náttúrlega ekki fært. (Gripið fram í.)

Það sem ég ætlaði líka að koma inn á er að þegar stéttarfélög breyta sér í pólitíska flokka og fara að taka tillit til pólitískra málefna, meira að segja opinber stéttarfélög sem opinberir starfsmenn eru skyldaðir með lögum til að greiða til. Fólk sem er með aðrar skoðanir en hv. þm. Ögmundur Jónasson er skyldað til að borga í stéttarfélagið sitt með lögum frá Alþingi. Það getur verið á öndverðri skoðun við hv. þm. Ögmund Jónasson en hann kemur fram í pólitískum málum í þeirra nafni og með þeirra peningum og heldur fram ákveðnum pólitískum markmiðum. Mér finnst þetta algjörlega ófært. Stéttarfélög eiga að vinna að því að bæta kjör starfsmanna sinna en ekki blanda sér í pólitíska umræðu eins og t.d. hvort það séu forréttindi að vera í lífeyrissjóði þingmanna.

Auk þess hef ég lagt til að þingmenn geti valið sér lífeyrissjóð að eigin vali úti um allt þjóðfélagið, hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna o.s.frv., (Forseti hringir.) og fengið uppbót á launum sem nemur mismuni á réttindunum.

[11:10]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Hér ganga þvílíkar svívirðingar á báða bóga að maður þorir varla að hætta sér út á þessa hálu

braut sem við erum komin á hér í pontunni.

Rétt er hjá hv. þm. Pétri Blöndal að þingmenn eru ekki fulltrúar framkvæmdarvaldsins, alls ekki, og ég held því ekki fram. En af hverju er ekki langeinfaldast og skiljanlegast fyrir alla að við förum inn í lífeyrissjóðsdeild A hjá LSR? (Gripið fram í.) Þar er réttindaávinnslan 1,9% og iðgjaldið 4%, en í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er iðgjaldið 5% og réttindaávinnslan 2,375%.

Það er rétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að þetta stendur á pari, þetta eru sambærilegar tölur, þær eru bara aðeins hærri í frumvarpi ríkisstjórnarinnar en hjá LSR A-deild. (Gripið fram í.) Af hverju förum við ekki í þá deild og borgum það inn sem þar er krafist, sem eru 4%, og fáum þau réttindi sem þar eru gefin, sem eru 1,9%, og tökum öll réttindi eins og þar eru þannig að allir skilji út á hvað þetta gengur?

Af hverju er sú leið ekki farin? Ég spyr hv. fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna að því. Líklega svarið er — og það er heita kartaflan í málinu — að ef það er gert mundi kjararáð líklega hækka kaup þingmanna. Í 4. mgr. 9. gr. laga um kjararáð stendur að kjararáð eigi að taka tillit til lífeyrisréttinda þegar það metur kjör, þannig að afleiðingin yrði líklega sú að kaup þingmanna hækkaði og það er væntanlega það sem er svo erfitt að ræða. Ég held að menn reyni að koma sér hjá því, virðulegur forseti, með því að fara þessa einföldu leið en ég held að menn verði að ræða um það, þetta verður bara að vera þannig.

[11:12]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Mig langar að beina orðum mínum til hv. 6. þm. Suðvest., Ögmundar Jónassonar. Það er æðioft sem (Gripið fram í.) — hæstv. forseti, í gegnum hæstv. forseta á að gera slíkt. (Gripið fram í.) Það er ansi algengt að þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson mætir því að fólk er honum ekki sammála þá er hans leið að skensa fólk, tala niður til þess og skensa það.

Ég var ekki hér sem þingmaður að verja lífeyrisréttindi þingmanna, ég orðaði þau ekki að öðru leyti en því að ég spurði hvort hv. þingmaður væri reiðubúinn að breyta lögum opinberra starfsmanna og lífeyrisréttindum þeirra til jafns á við það sem gilti á hinum almenna markaði og hvort hann væri reiðubúinn til að veita þingmönnum og öðrum valfrelsi til að greiða í lífeyrissjóð.

Ég er ekki varðhundur neins kerfis hér og ég vil gjarnan hafa það frelsi að geta valið þann lífeyrissjóð sem ég greiði í. Ég hef hins vegar sinnt þeim störfum fram til þessa að vera í forréttindahópi þeirra sem greiða í lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Það eru forréttindi umfram almenna launamenn í landinu. Ég frábið mér að ég standi hér sem varðhundur einhvers kerfis vegna þess að ég er það ekki. Ég er ekki hlynnt þeim forréttindum sem eftirlaunafrumvarpið frá 2002–2003 gaf þingmönnum og ráðherrum. Mér fannst það þá og finnst það enn fyrir neðan allar hellur og er ekki að verja það, þannig að það sé (Forseti hringir.) algjörlega skýrt, herra forseti.

[11:14]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í belg í umræðu um eftirlaunamál og vil taka fram að árið 2003 studdi ég ekki frumvarpið sem hér er til umræðu.

Mér finnst samt mikilvægt að sögunni sé til haga haldið og á það minnt að á þeim tíma sem frumvarpið var flutt var haft samráð við alla formenn stjórnarandstöðuflokkanna, þar á meðal formann Vinstri grænna, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Á þeim tíma voru líka flutningsmenn úr öllum flokkum, þar á meðal úr þingflokki Vinstri grænna, Þuríður Backman, ef ég man það rétt.

Ég held að rétt sé, virðulegi forseti, að þessu sé til haga haldið þegar nánast er verið að draga upp þá mynd að hér séu þingmenn misháir á hinum siðferðilega stiga. Mér þykir þetta afar miður og verð að segja, virðulegi forseti, að miðað við þá umræðu sem hér fer fram er vitaskuld eina vitið, og ég tek undir með hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur, að allir fari í einn lífeyrissjóð og starfsmönnum sé ekki mismunað, hvort sem þeir eru hjá ríkinu eða á almennum vinnumarkaði. Það er hið eina raunverulega réttlæti. En ég hef ekki heyrt hv. þm. Ögmund Jónasson tala um þetta, það hef ég ekki heyrt.

Mér finnst mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að sögunni sé til haga haldið og eins á það minnt þegar Framsóknarflokkurinn, sem þá var í ríkisstjórn og flutti málið, mætir hér allt í einu með splunkunýja húfu og er kominn á einhverja allt aðra skoðun og vill halda henni sérstaklega til haga. Mér finnst alveg lágmark, virðulegi forseti, að þegar hv. þingmenn koma hérna að þeir segi satt og segi frá því hvernig sagan var en mála ekki upp einhverja mynd af því að það hentar í núinu. (Gripið fram í.)

Umræðu lokið.

[11:16]

Útbýting:

Fjáraukalög 2008, 239. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 408.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 243. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og skattn., þskj. 410.

Kjararáð, frh. 2. umr.

Stjfrv., 210. mál (launalækkun alþingismanna og ráðherra). — Þskj. 283, nál. 380.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:20]

Brtt. í nál. 380,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GMJ, GAK, JM) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, EBS, HSH, HerdÞ, ISG, MS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:19]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við 1. umr. þessa máls lýsti ég því yfir að ég teldi að það væri hlutverk okkar sjálfra, þingmanna, að breyta launum eins og menn teldu að eðlilegt væri að breyta þeim miðað við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu en ekki ætti að breyta lögunum um kjararáð. Ég er enn þá þeirrar skoðunar að það eigi að vinna málið þannig að við sjálf tökum ákvörðun um það hvað við teljum eðlilegt að lækka laun okkar miðað við núverandi ástand í þjóðfélaginu en förum ekki að breyta lögunum um kjararáð.

Ég mun ekki greiða þessari málsmeðferð atkvæði.

Brtt. í nál. 380,2 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GMJ, JM) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMöl, BjarnB, BBj, EBS, GAK, HSH, HerdÞ, ISG, JónG, KaJúl, KHG, MS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:20]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér leggur hv. efnahags- og skattanefnd til að út verði tekin orðin „svo fljótt sem auðið er“ og færir sem rök fyrir því að kjararáð skuli endurskoða kjör annarra sem undir ráðið heyra svo fljótt sem unnt er, að það verði sem sagt gert samtímis endurskoðun á kjörum alþingismanna og ráðherra. Þetta á að sjálfsögðu við eins og hægt er tæknilega að gera þannig að ef eitthvað kemur tæknilega í veg fyrir að þetta sé hægt verður það að sjálfsögðu ekki gert fyrr en það er tæknilega mögulegt.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GMJ, GAK, JM) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMöl, BjarnB, BBj, EBS, HSH, HerdÞ, ISG, JónG, KHG, MS, SJS, VS) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GMJ, GAK, JM) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMöl, BjarnB, BBj, EBS, HSH, HerdÞ, ISG, JónG, KHG, MS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Dýravernd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 186. mál (hlutverk tilraunadýranefndar og gjaldtökuheimild). — Þskj. 229, nál. 378.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:22]

Brtt. í nál. 378 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

9 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMöl, BjarnB, BBj, EBS, GAK, HSH, HerdÞ, ISG, JónG, MS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

9 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁMöl, BjarnB, BBj, EBS, GAK, HSH, HerdÞ, ISG, JónG, KVM, MS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.

9 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁMöl, BjarnB, BBj, EBS, GAK, HSH, HerdÞ, ISG, JónG, MS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 249. mál. — Þskj. 379.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:24]

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 2. umr.

Stjfrv., 243. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 357, nál. 404, 405 og 410.

[11:25]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 404 um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá meiri hluta hv. efnahags- og skattanefndar.

Í því þingskjali kemur fram hvaða gestir komu til nefndarinnar, einnig að frumvarpið skiptist í 11 kafla og að nefndin hafi vísað einstökum köflum til umsagnar annarra fastanefnda þingsins þannig að I. kafli fór til hv. allsherjarnefndar, II. og IV. kafli til hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, III. kafli til hv. samgöngunefndar, V., VI., og IX. kafli til hv. félags- og tryggingamálanefndar og X. kafli til hv. heilbrigðisnefndar. Allar nefndirnar hafa fjallað um málið og eru umsagnir þeirra birtar sem fylgiskjal með áliti þessu. Er þar að finna greinargóðar lýsingar á frumvarpsgreinum þeim sem þar eiga undir.

Hv. efnahags- og skattanefnd tók sjálf til umfjöllunar VII. og VIII. kafla frumvarpsins. Í VII. kafla eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt og má þar af nefna þær sem varða hækkun tekjuskattsprósentu, hækkun á viðmiðunarfjárhæðum barnabóta, vaxtabóta og loks skuldajafnaðarrétt hins opinbera vegna vaxtabóta og barnabóta.

Hv. efnahags- og skattanefnd hefur rætt um frumvarpið í heild sinni og kynnt sér helstu efnisþætti þess. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir frekari aukningu tekna ríkissjóðs með nokkrum hætti. Má þar helst nefna almenna hækkun á tekjuskatti um 1,25 prósentustig, þ.e. úr 22,75% í 24%. Markmið hækkunarinnar er tvíþætt, annars vegar að mæta versnandi afkomu ríkissjóðs og hins vegar að fjármagna sérstakt 1 milljarðs króna framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir aukningu tekna sveitarfélaganna með því að heimila hækkun hámarksútsvars um 0,25 prósentustig, úr 13,03% í 13,28%. Einnig er gert ráð fyrir breytingum sem fela í sér þak á útgjöldum ríkisins árið 2009 vegna búvörusamninga og eins lækkun hámarksgreiðslu úr Fæðingarorlofssjóði úr 480.000 kr. í 400.000 kr. Enn fremur felst í frumvarpinu breyting á lögum til fækkunar héraðsdýralækna í Þingeyjarumdæmi úr tveimur í einn. Þá er frestað stofnun sérstakrar einingar um skattumsýslu stórfyrirtækja samkvæmt lögum um tekjuskatt, auk þess sem felld eru úr gildi lög nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Að endingu felst í frumvarpinu breyting á lögum um sjúkratryggingar með upptöku sérstaks gjalds við innlögn á sjúkrahús með undantekningu vegna innlagnar við fæðingu.

Sá hluti frumvarpsins sem felur í sér lagabreytingar til samræmis við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í þágu heimilanna felst í því að fjárhæð sóknargjalda hækkar ekki milli ára eins og núgildandi lög um sóknargjöld gera ráð fyrir. Þá er lögð til hækkun á viðmiðunarfjárhæðum sjómannaafsláttar, barnabóta og vaxtabóta frá 1. janúar 2009 og auk þess fallið frá skuldajöfnun vaxtabóta á móti gjaldföllnum afborgunum og vöxtum af lánum Íbúðalánasjóðs. Eins er fallið frá skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaganna. Einnig felast í frumvarpinu lagabreytingar sem snúa að auknum áhrifum fjármagnstekna á lífeyristryggingar, breytingar á frítekjumarki 70 ára og eldri til samræmis við aðra hópa og loks er afnumin heimild til nýtingar á reiknireglu um tekjutengingu maka við útreikning lífeyristrygginga.

Nefndin ræddi áhrif frumvarpsins á tekjur lífeyrisþega og greiðslur almannatrygginga að teknu tilliti til verðlagsþróunar.

Nefndin ræddi almennt um vísitölubindingu þjónustusamninga sem ríkið hefur gert, t.d. við stéttir á heilbrigðissviði og með hliðsjón af ákvæðum frumvarpsins um búvörusamninga.

Þá ræddi nefndin ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. og hvernig það sem óráðstafað væri hefði verið varðveitt.

Hv. efnahags- og skattanefnd ræddi umsagnir annarra fagnefnda. Vill meiri hluti nefndarinnar af því tilefni taka fram að í umsögn meiri hluta hv. heilbrigðisnefndar kemur fram að tekjur heilbrigðisstofnana af innlagnargjaldi muni nema um 100 millj. kr. á ári en ekki 360 millj. kr. eins og fjármálaráðuneytið gerði ráð fyrir. Þetta stafar af því að meginhluti teknanna kemur til vegna hækkana á núgildandi gjöldum en ekki hins nýja komugjalds. Þá er kostnaðarauki sjúklinga af þeim breytingum sem felast í frumvarpinu afar lítill í samhengi við heildarkostnað sjúklinga af heilbrigðisþjónustu. Þó telur meiri hluti heilbrigðisnefndar mikilvægt að í reglugerð verði tekið ríkt tillit til sjúklinga sem leggjast oft inn á sjúkrahús á ári hverju. Meiri hluti heilbrigðisnefndar bendir einnig á að með ákvæðum frumvarpsins fæst meira samræmi milli þess hvaða gjöld eru tekin fyrir innlögn annars vegar og fyrir göngu- og bráðadeildarþjónustu án innlagnar hins vegar.

Í áliti meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar er lögð áhersla á að gæta hagsmuna elli- og örorkulífeyrisþega og telur meiri hlutinn tillögur frumvarpsins miða að því að vernda hag þeirra sem hafa lægstar tekjur. Meiri hluti nefndarinnar tók einnig fæðingar- og foreldraorlofslöggjöfina til sérstakrar umræðu og lagði til að efnahags- og skattanefnd legði mat sitt á það sem fram kom hjá fulltrúa Vinnumálastofnunar og Fæðingarorlofssjóðs um að tillögur um lækkun á hámarksgreiðslum mundu ekki skila nema um helmingi áætlaðrar kostnaðarlækkunar upp á 400 millj. kr. ef lögin tækju gildi 1. janúar 2009. Efnahags- og skattanefnd hafa síðan borist þær upplýsingar úr félags- og tryggingamálaráðuneyti að 300 millj. kr. muni sparast á árinu vegna lækkunarinnar og allt að 100 millj. kr. sparist að auki vegna almennrar lækkunar launa og af öðrum ástæðum.

Meiri hlutinn tekur fram að í frumvarpinu er miðað við að ekki komi til skerðingar á hámarki greiðslna til foreldra í fæðingarorlofi hjá þeim foreldrum sem eignast hafa barn fyrir 1. janúar 2009 og eiga enn ónýttan orlofsrétt og telur

meiri hlutinn að það samrýmist sjónarmiðum um bann við afturvirkni laga.

Meiri hlutinn leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Önnur varðar breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Er henni ætlað að veita Skipulagssjóði heimild til að standa að gerð gróður-, jarðfræði- og vistgerðarkorta sem eru nauðsynleg grunngögn í skipulagsvinnu í tengslum við verndun og nýtingu náttúru Íslands. Mikilvægt er að þau frumgögn séu til staðar svo breytingar í tengslum við framkvæmdir verði ekki fyrir óþarfatöfum.

Þá er lögð til breyting á 8. gr. frumvarpsins þess efnis að tekjuskattsprósenta hækki um 0,1 prósentustig og verði 24,1%.

Út frá þessu sjónarmiði leggur nefndin til breytingar á frumvarpinu sem er að finna í títtnefndu þingskjali.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Bjarni Benediktsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Lúðvík Bergvinsson og Illugi Gunnarsson.

[11:36]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og skattn. (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég bið hæstv. forseta og hv. þingmenn afsökunar á því að ég lét bíða eftir mér. Ég var að afla gagna í öðru húsi, þurfti að fara á milli og hratt yfir og er því svolítið móður.

Við fjöllum hér um frumvarp ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum, svokallaðan bandorm, sem er eins konar fylgifiskur fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar. Það fyrsta sem við í 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar viljum leggja áherslu á — og þar vísa ég til álitsgerðar sem við stöndum að, við hv. þm. Katrín Jakobsdóttir og hv. þm. Grétar Mar Jónsson, sem er áheyrnarfulltrúi á fundum efnahags- og skattanefndar og er samþykkur álitinu — er hve mikil óvissa ríkir um alla þætti þessa máls. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum í reynd, við þekkjum það öll. Ríkissjóður er háður því hvernig efnahagslífinu í heild sinni reiðir af, háður því hverjar skuldir þjóðarbúsins koma til með að verða, hver vaxtakjör erlendra skuldbindinga koma til með að verða og jafnframt hvernig heimilum og fyrirtækjum reiðir af, ekki síst þeim sem búa við mikla skuldabyrði.

Við höfum bent á og talað fyrir því í ljósi þeirrar miklu óvissu sem nú er uppi hve fráleitt er að ganga frá fjárlögum fyrir komandi ár á jafnhæpnum forsendum og hér er um að ræða. Við teljum ráðlegra að komast að niðurstöðu til bráðabirgða, fullnusta verkið á fyrstu mánuðum komandi árs og hafa fjárlögin síðan til stöðugrar endurskoðunar. Þetta held ég reyndar að verði reyndin, að þær niðurstöður sem nú liggja fyrir samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar muni hreinlega ekki ganga upp.

Við erum sem áður segir fyrst og fremst að fjalla um tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins og vísum í álitsgerð okkar í bréf sem þingmönnum barst í gær frá prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, Þórólfi Matthíassyni, sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að starfsfólk fjármálaráðuneytis hafi lagt fram mikið vinnuframlag við að breyta frumvarpinu verður ekki hjá því komist að fum og fálm séu fyrstu orðin sem koma í hugann þegar breytingartillögunum er flett.“

Þetta eru nokkurn veginn í hnotskurn vinnubrögðin sem hér hafa verið viðhöfð. Við minnumst þess að þegar fjárlagafrumvarpið kom fram í byrjun októbermánaðar og fyrirsjáanlegt var hvað mundi gerast hér í efnahagslífinu lögðum við til, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að umræðu um fjárlagafrumvarpið yrði skotið á frest, það yrði hreinlega dregið til baka, en það var ekki nokkur vegur að menn vildu hafa þann hátt á. Ég hef minnt á það við fyrri umræðu að hæstv. fjármálaráðherra flutti meira að segja sömu ræðu og greinilega hafði verið skrifuð nokkrum vikum áður því að hann tíundaði hve allt væri hér í himnalagi og að við stefndum inn í mjög bjarta tíma. Við þekkjum síðan hver reyndin hefur orðið.

Í sundurliðaðri greiningu frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins á tekjugrein fjárlagafrumvarpsins sem nefndinni barst í fyrradag — það var ekki fyrr en í fyrradag sem við fengum sundurgreinda skýrslu frá fjármálaráðuneytinu upp á einar 7–8 síður — birtist m.a. tala í niðurlagi skýrslunnar sem mér hefur orðið umhugsunarefni. Þar er vísað í að kaupmáttur ráðstöfunartekna komi til með að dragast saman um 12,6%. Það var tekið fram af hálfu sérfræðinga fjármálaráðuneytisins að í þessari tölu væri ekki aukin skattheimta þannig að hún er hærri þegar upp er staðið.

Það sem mér er umhugsunarefni er hitt, með það í huga að þetta er meðaltal: Hverjir koma til með að bera þungann af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar? Það kemur m.a. fram í þessum bandormi. Þeir sem koma til með að bera þungann af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar eru m.a. þeir sem hafa viðurværi sitt af tekjum sem þeir fá frá Tryggingastofnun ríkisins, út úr almannatryggingakerfinu. Nú átti í fyrsta skipti frá því að lögum var breytt árið 1998, þegar varnir voru reistar fyrir hönd lífeyrisþega og öryrkja í landinu með því móti að annað skyldi gilda, neysluvísitalan eða lánskjaravísitalan, sú vísitalan sem hærri væri, að reyna á að varnirnar héldu.

Hvað gerir ríkisstjórnin þá, hvað gerir þá jafnaðarmannaflokkur Íslands? Hann nemur þessar varnir brott, í fyrsta skipti sem á þetta reynir. Öryrkjar og aldraðir höfðu barist fyrir því árum saman að njóta sömu kjara og launafólk, sérstaklega með tilvísan til láglaunafólks, að þeir fylgdu sömu launaþróun og láglaunafólk hefði gert. Árum saman höfðu aldraðir og öryrkjar barist fyrir þessu. Þetta gekk aldrei eftir en það fékkst í gegn að breyting var gerð á almannatryggingalögunum í þá veru sem ég var að lýsa, að ef svo færi að kaupmáttur í landinu rýrnaði, kaupmáttur launafólks, yrðu a.m.k. þessar hópar varðir, öryrkjar og aldraðir. Þetta voru þær varnir sem ég var að vísa í og þær eru með þessum lögum numdar brott. Ekki hjá öllum, við tökum það fram í greinargerð 1. minni hluta að lægst launuðu öryrkjarnir og þeir sem eru með minnstu tekjurnar í almannatryggingakerfinu, um fjórðungur þeirra sem þar fá fjármuni, halda sínu og reyndar gott betur. Þeir eru varðir, neðsti hlutinn er varinn, en 3/4 eru það ekki. Ríkisstjórnin er með því frumvarpi sem við erum með hér til umræðu að nema varnir þeirra brott. Þetta er ekki hátekjufólkið á Íslandi. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vil nefna.

Hverjir skyldu vera í öðrum hópi sem kemur til með að

búa við meiri kaupmáttarskerðingu en meðaltalið segir til um? Það eru þeir sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu, með öðrum orðum þeir sem eru veikir, eiga við sjúkdóm að stríða. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að afla ríkinu tekna með því að seilast ofan í vasa þessa fólks upp á annan milljarð króna, m.a. með komugjöldum, með því að rukka við innganginn á Landspítala Íslands, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og öðrum sjúkrastofnunum landsins, rukka um aðgangseyri. Þá sem eru veikir á að rukka.

Þetta þýðir að sjálfsögðu rýrnun á kaupmætti. Kaupmátturinn ræðst af tvennu, því sem kemur í vasann og því sem út úr vasanum fer, af kaupi eða tekjum sem fólk fær frá almannatryggingum og síðan útgjöldunum. Og það eru útgjöldin sem fara vaxandi. Þarna er annar hópur sem er yfir þessu meðaltali sem ég vísaði til um meðaltalskaupmáttarrýrnun í landinu. Það eru með öðrum orðum aldraðir, öryrkjar og sjúkir.

Eru fleiri hópar sem ríkisstjórnin beinir sérstaklega spjótum sínum að? Já. Hverjir eru það? Það eru þrír hópar sem eru ótaldir sérstaklega.

Það er í fyrsta lagi barnafólkið. Barnabætur eru skertar samkvæmt þessu frumvarpi. Uppfærsla barnabóta er í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins eins og það lá fyrir í haust, 5,7%, en verðbólgan eins og við þekkjum er miklu meiri. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir ekkert annað en rýrnun barnabóta. Munið þið hverjir töluðu mest um þá glæpi sem voru framdir þegar barnabætur voru rýrðar? Var það ekki Samfylkingin, hét flokkurinn ekki Samfylking? Mig minnir það. Það er þangað sem farið er núna um fjáröflun, ofan í vasann hjá barnafólki.

Er látið þar við sitja? Nei. Það er líka farið í vasann hjá því fólki sem er að kaupa húsnæði. Hvernig? Það er gert á tvennan hátt, annars vegar með því að keyra vexti upp. Fyrsta ráðstöfun ríkisstjórnarinnar á dögunum var að hækka vexti, hækka stýrivexti um 50% sem hefur síðan keðjuverkandi áhrif inn í vaxtakerfið. Það er ekki séð fyrir endann á því hver niðurstaðan verður um framvinduna í þeim efnum en þetta var fyrsta verkið sem gripið var til, það er bara staðreynd. Við þekkjum hvað slíkt hefur í för með sér fyrir skuldug heimili og fyrir fyrirtæki sem berjast í bökkum. Þarna er því einn hópur til viðbótar.

Ég sagði að á tvennan hátt væri vegið að því fólki sem er að afla húsnæðis. Það er annars vegar með vaxtabyrðunum, vegna þess að allar þær ráðstafanir sem ráðist hefur verið í ganga út á að fresta vandanum. Ég er ekki andvígur því að grípa m.a. til slíkra ráðstafana, en þær leysa ekki þann vanda sem okurvextir, mjög háir vextir og miklar skuldaklyfjar fela í sér. Svo er hinn þátturinn sem ég vildi nefna, hver skyldi hann vera? Það eru vaxtabæturnar, þær eru líka rýrðar. Hið sama á við um vaxtabætur og um barnabætur, þær fylgja forsendum fjárlagafrumvarps frá því í haust, 5,7%, en ekki verðlagsþróun. Hvað þýðir það? Það þýðir að sjálfsögðu kjararýrnun, (**Gripið fram í:** 10%.) 10% kjararýrnun. Aftur erum við búin að finna hóp sem ríkisstjórnin lætur bera þessar byrðar.

Ég sagði að það væru fleiri hópar. Jú, það eru bændur. Hvernig stendur á því að bændur eru valdir sérstaklega (**Gripið fram í:** Hátekjuhópur?) sem stétt til þess að rýra kjörin hjá? Hátekjuhópur? er spurt. Sá sem spyr veit og er sammála mér um það að bændur eru engin hátekjustétt, því miður, það er verið að skerða kjör þeirra. Það sem alvarlegra er — nei, ég ætla ekki að segja að það sé alvarlegra, það er alvarlegt að það sé verið að skerða kjör þeirra, en það er einnig alvarlegt að það er verið að brjóta samninga á bændum. Búvörusamningurinn byggir á samkomulagi, á bindandi samningum milli ríkisvaldsins og bændastéttarinnar. Þetta er staðreynd sem ber að hafa í huga.

Ég er núna búinn að telja upp þá hópa sem ríkisstjórnin beinir sérstaklega spjótum sínum að til að bera þungann af fjármálahruninu, barnafólkið, húsnæðiskaupendur, þá sem eiga við sjúkdóma og vanheilsu og stríða og bændur. (**PHB:** Fæðingarorlofið.) Síðan nefnir hv. þm. Pétur H. Blöndal fæðingarorlofið. (**PHB:** Þar sem hátekjumenn eru skertir.) Þar sem hátekjumenn eru skertir, segir hann, það er verið að færa þakið þar niður. Það er alveg rétt hjá honum að þar er dregið úr greiðslum til hátekjufólks. Sjálfum finnst mér það ekki vera versta ráðstöfunin sem er að finna í þessum bandormi. Ég hefði þó ráðlagt ríkisstjórninni, og við gerum það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að forgangsraða á allt annan veg.

Í fyrsta lagi á ekki að einblína á hallann á ríkissjóði þegar vandi íslensks samfélags er skoðaður. Það á að skoða efnahagskerfið og þjóðfélagið í heild sinni, þar kemur hallinn fram. Þá spyrjum við um þær skuldbindingar sem verið er að hlaða á þjóðina: Hvað er það sem ríkisstjórnin er að skrifa undir? Hvað er það sem hún er að véla um í bakherbergjum með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? Það er hið alvarlega í málinu. Við höfum aldrei fengið umræðu um það á þingi hvernig fjármunum var ráðstafað til peningamarkaðssjóðanna eða til bankanna. Voru það ekki tæpir 400 milljarðar? Voru það ekki 200 milljarðar sem fóru í peningamarkaðssjóði?

Ég er ekkert að fordæma allar þær greiðslur, en ég segi að umræða um það fór aldrei fram í þinginu. (**BJJ:** Leyndarhjúpur.) Yfir því hefur hvílt leyndarhjúpur, það er alveg rétt hjá hv. þingmanni. Þetta er hið alvarlega í stöðunni.

Höfum í huga að vaxtagreiðslur, vextirnir, fjármagnskostnaðurinn af lánum sem verið er að skrifa upp á í útlöndum er á annað hundrað milljarðar á næsta ári, bara á næsta ári. Á meðan menn reyna að sarga kjörin af öryrkjum, öldruðum, barnafólki, húsnæðiskaupendum og bændum eru menn með bundið fyrir augun, bara með vindla og kaffi í postulíni að skrifa undir skuldbindingar upp á mörg hundruð milljarða, án þess að ræða það hér í þinginu. Í því samhengi erum við að fjalla hér um smáaura. En það eru engir smáaurar fyrir fólkið sem kemur til með að missa vinnu sína eða fær skerta þjónustu á sjúkrahúsunum eða fangelsisyfirvöld sem þurfa að setja marga fanga saman í klefa, enn meira en nú er. Yfirstjórn fangelsismálanna hefur lýst því yfir, fangelsismálastjóri Páll Winkel hefur lýst því yfir opinberlega að samkvæmt núverandi fjárveitingum sé ekki hægt að reka fangelsiskerfið, hvað þá þegar búið verður að skerða það um 55 millj. kr.

Hafa menn hugsað til enda hvað hér er að gerast? Menn tala um það nánast bara af léttúð. Hér komu stjórnarliðar áðan alveg bláir í framan af bræði og reiði yfir ranglæti heimsins. Hvert skyldi það vera? Hvað fékk menn til að koma í pontu svoleiðis uppfulla af réttlætiskennd, m.a. hv.

þm. Pétur H. Blöndal? Hann hefur þó staðið sig vel í umræðunni um skuldastöðu og skuldsetningu þjóðarinnar, það má hann eiga. Hann hefur staðið sig vel sem formaður efnahags- og skattanefndar í því tilliti, hann á heiður skilinn fyrir það. Hann kom hins vegar — og þar er ég að gagnrýna hann — og ýmsir samflokksmenn hans stútfullir af réttlætiskennd til að ræða eigin lífeyriskjör, það var stóra málið. Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir var að agnúast út í það að samtök úti í bæ leyfðu sér að skipta sér af lagasetningu um lífeyriskjör þingmanna, ráðherra og æðstu embættismanna.

Hvað segir þetta fólk þegar kemur að því að ræða um skerðingu á kjörum öryrkja og aldraðra, barnafólks, fólks sem er skuldugt að afla húsnæðis, bænda sem ekki geta lengur rekið býli sín, geta ekki séð börnum sínum fyrir menntun, starfsfólks á heilbrigðisstofnunum sem getur ekki rækt skyldur sínar lögum samkvæmt og samvisku sinni vegna fjárskorts og kemur til með að lenda í slíkum vandræðum, fólks sem er að reyna að halda hér gangandi menntakerfi og menningarstarfsemi?

Við skulum ekki gleyma því að kannski er menningarstarfsemin það sem skiptir mjög miklu máli á komandi árum. Þetta snýst ekki bara um krónur og aura, þetta snýst um andlegt ástand þjóðarinnar og kraftinn sem menningin nærir okkur með. Það er þrengt að henni. Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt með skattbreytingum, kerfisbreytingum og einkavæðingu að fjármögnun á margvíslegri starfsemi, listastarfsemi, söfnum o.s.frv. hefur færst í hendur auðmanna sem hafa hent einhverjum molum og aurum í þessa starfsemi sem kemur til með að verða mjög aðþrengd á komandi mánuðum og missirum. Þetta er það sem er að gerast og þetta er mjög alvarlegt.

Þess vegna segi ég: Við slíkar aðstæður eigum við að horfast í augu við mikinn halla, við eigum að gera það, en við eigum að horfast í augu við það að við getum hugsanlega bjargað því að halli framtíðarinnar verði ekki eins mikill og ella ef við höldum aftur af ráðamönnum þessarar þjóðar sem fara nú um heiminn með fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á bakinu með opinn sjálfblekung að skrifa undir skuldir sem settar eru á herðar okkar. Þetta er hið alvarlega í málinu.

Það er líka alvarlegt sem er að gerast núna í bankastofnununum. Við vitum ekki hvað er að gerast þar. Við fáum fréttir nánast eins og úr undirdjúpunum. Nú er alls kyns spilling að koma fram. Hvernig stendur á því að ekki kemur inn á borð þingmanna frumvarp frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, með okkar þingmann Álfheiði Ingadóttur í broddi fylkingar, um að frysta eignir auðmanna? Menn vilja fá þessar eignir í sínar hendur hvort sem þær eru hér á landi eða erlendis, fá þær heim í stað þess að byrðarnar séu settar á almennt launafólk á Íslandi, ég tala nú ekki um á herðar öryrkja og aldraðra. En ég horfi líka til barnanna okkar og velferðarsamfélagsins. Það er mér mikið áhyggjuefni hvað muni henda íslenskt velferðarsamfélag ef farið verður að mola innan úr því eins og mér sýnast stjórnvöld ætla að gera.

Við skulum ekki gleyma því að fólk hættir ekki að verða veikt, það þarf áfram að leita til læknis og fara á spítala. Það getur gerst ef það verður mismunun í þessu kerfi að tekjulítið fólk geti það ekki, eins og við þekktum hér á samdráttartímum á 10. áratugnum þegar tekjulítið fólk hætti að geta leitað til tannlækna. Sú þjónusta var dýr af því að hún stóð utan og stendur að hluta til utan heilbrigðiskerfisins. Almennt mun fólk samt leita til læknis og þá er spurningin þessi: Hvernig á að borga fyrir það? Á að borga fyrir það í gegnum skattfé af okkur öllum sem erum fullfrísk, aflögufær og vinnandi eða á að rukka hinn sjúka, á að bíða þangað til hann verður veikur og rukka hann þá, setja upp sjóðsvélar við innganginn á Landspítalanum? Á að gera það? Það er það sem ríkisstjórnin ætlar að gera og hælir sér af því. Hvað eru það, 300 millj., 400 millj. (**PHB:** Hjá sérfræðingum líka.) sem á að taka inn með þessum hætti? Hjá sérfræðingum líka, segir hv. formaður efnahags- og skattanefndar nokkuð hróðugur. (**PHB:** Það er þannig í dag.)

Þetta finnst mér vera stórkostlega alvarlegt. Það er þannig í dag, segir hv. þingmaður, og það er rétt, að í kerfinu er allt of mikið um gjaldtöku. Það er líka allt of mikið um mótsagnir í málflutningi talsmanna ríkisstjórnarinnar. Annars vegar hafa þeir sagt að við eigum að stuðla að gjaldfrjálsu heilbrigðiskerfi, það eigi að greiða fyrir læknisþjónustu með almennum sköttum — þetta hafa talsmenn stjórnarmeirihlutans sagt aftur og ítrekað, þar á meðal formaður heilbrigðisnefndar þingsins, hv. þm. Ásta Möller, og fleiri hafa tekið undir þessi sjónarmið — en hins vegar hefur ekkert verið gert til að ganga í þessa átt og aflétta eða draga úr gjöldum. Þvert á móti voru fyrir réttu ári stórhækkuð komugjöld inn á heilsugæslustöðvarnar og í heilbrigðiskerfinu almennt. Þetta er veruleikinn og það er þetta sem ég á við þegar ég vísa til mótsagna í málflutningi hjá ríkisstjórninni og ríkisstjórnarflokkunum.

Með nefndaráliti 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar fylgja álitsgerðir frá öðrum nefndum þingsins. Ég ætla ekki að tíunda það sem þar kemur fram, en vísa til þess að hér er að finna álitsgerð frá allsherjarnefnd sem Atli Gíslason, hv. þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, á aðild að, svo og sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd sem hann á einnig aðild að og með því áliti fylgja greinargerðir frá lögfræðingum Bændasamtaka Íslands þar sem rök eru leidd að því að samningar séu brotnir með þessu móti. Ef það er rétt að ekki einu sinni hafi verið leitað eftir samkomulagi við Bændasamtökin er það í sjálfu sér grafalvarlegur hlutur og náttúrlega dæmigert fyrir þau vinnubrögð sem hér tíðkast.

Hér er umsögn frá minni hluta heilbrigðisnefndar sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, Þuríður Backman og Eygló Harðardóttir eiga aðild að og svo samgöngunefndar en hv. þm. Árni Þór Sigurðsson á þar aðild. Einnig er hér umsögn frá félags- og tryggingamálanefnd, undir því áliti er m.a. að finna nafn hv. þm. Atla Gíslasonar. Þetta er meðal þeirra gagna sem fylgja þessu frumvarpi.

Að lokum, hæstv. forseti, því að tími minn þverr: Við þessar aðstæður í þjóðfélaginu þegar við erum að samþykkja hér — „við“ því að við í stjórnarandstöðunni munum ekki standa að þessu — þar sem stjórnarmeirihlutinn samþykkir fjárlög sem hafa í för með sér verulega skerðingu á framlögum til velferðarþjónustunnar er afar brýnt að um þetta fari fram opin umræða og að talsmenn stofnana hins opinbera, stofnana innan almannaþjónustunnar, tjái sig

frítt, gefi okkur skýr skilaboð í þinginu. Þeir mega ekki vera settir undir hæl framkvæmdarvaldsins, þeir verða að geta tjáð sig, og ég spyr þá sem eru hér í forsvari fyrir ríkisstjórnarmeirihlutann: Hafa þeir tryggt að svo verði eða hafa þeir gert hið gagnstæða? Getur það verið? Getur verið að það sé verið að setja í þagnarbindindi menn sem eru í forsvari fyrir opinberar stofnanir, t.d. innan heilbrigðiskerfisins? Ég spyr. Ég er farinn að heyra þetta úr óþægilega mörgum áttum.

Hvernig stendur á því að ekki heyrist hærra og meira frá forsvarsmönnum innan almannaþjónustunnar en raun ber vitni? Getur verið að haft sé í hótunum við þá? Ég spyr. (Forseti hringir.)

[12:06]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar erum við að ræða hér gríðarlega stórt mál. Í 1. umr. málsins kallaði ég eftir svörum frá framkvæmdarvaldinu, frá ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Þeir komu hér tveir, þrír upp og útskýrðu sinn hlut en nú er málið komið til þingsins. Við erum hér að tala um frumvarp sem kemur ofan á kolsvart fjárlagafrumvarp þar sem vegið er að undirstöðu samfélagsins, velferðarþjónustunni, menntamálum og jafnframt að einstökum hópum. Það bætir vissulega gráu ofan á svart þannig að ég beini því til hæstv. forseta að formenn þeirra nefnda sem um þetta mál hafa fjallað verði kallaðir í þingsalinn til umræðna. Ég bið um það.

(**Forseti** (EMS)**:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að verða við óskum hv. þingmanns.)

Ég þakka fyrir það, hæstv. forseti.

Ég vil vekja athygli á því að formaður efnahags- og skattanefndar er viðstaddur umræðuna en ég vil að þeir formenn sem veittu umsögn um frumvarpið sem við ræðum hér mæti í salinn og standi fyrir máli sínu. Það eru einungis stjórnarandstæðingar á mælendaskrá. Ég krefst þess að formenn þessara nefnda komi í þessa umræðu, að fulltrúar Samfylkingarinnar komi í umræðuna því að ég ætla að bera upp spurningar gagnvart formönnum þessara nefnda.

Þó að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands líti á Alþingi Íslendinga sem sjálfsafgreiðslustofnun, stofnun sem stimpla eigi pappírana sem koma frá ríkisstjórninni lít ég ekki svo á. Hv. stjórnarliðar mega ekki líta þannig á að hér eigi málin að fara nærri því umræðulaust í gegn. Ég kalla því enn og aftur eftir því að stjórnarliðar komi í salinn og þá einkum formenn þeirra nefnda sem um málið hafa fjallað og sem skilað hafa áliti eða umsögn vegna þessa frumvarps um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Það er nefnilega merkileg forgangsröðun sem birtist í þessu frumvarpi. Hér er verið að auka álögur á sjúklinga um einar 360 milljónir. Hér er verið að velta eða taka tekjur af bændum upp á 800 milljónir. Hér er verið að stórskerða kjör aldraða og öryrkja og við hljótum að auglýsa eftir samfylkingarmönnum í umræðuna sem töluðu hvað heitast um að kjör þessara hópa þyrfti að bæta en ekki skerða. Síðan er verið að ráðast að barnafólki og húseigendum í landinu. Ég ætla að fara nánar ofan í það, hæstv. forseti, með hvaða hætti ríkisstjórnin vegur að þessum hópum ofan á kolsvart fjárlagafrumvarp sem birtist okkur fyrir nokkru síðan.

Mig langar, hæstv. forseti, að taka undir með hv. þm. Helgu Sigrúnu Harðardóttur sem segir í minnihlutaáliti sínu í félags- og tryggingamálanefnd fyrir hönd Framsóknarflokksins, með leyfi forseta:

„Þá er tíminn sem gefinn er til afgreiðslu allra þeirra niðurskurðartillagna sem varða beint rekstur fjölskyldna í landinu fullkomlega óásættanlegur þar sem hver neyðarlögin reka önnur. Niðurskurðarhnífnum virðist því í besta falli ómarkvisst beitt án tillits til aðstæðna mismunandi hópa samfélagsins.“

Þetta eru orð að sönnu, hæstv. forseti. Í ljósi þess hversu gríðarlegar álögur verið er að leggja hér á sjúklinga, skerða kjör aldraðra og öryrkja, bænda, barnafólks og húseigenda, væri þá ekki rétt að stjórnarliðar væru viðstaddir þessa umræðu — ég tek það enn og aftur fram að hv. formaður efnahags- og skattanefndar er það, en að a.m.k. formenn fagnefndanna sem veittu umsögn um þetta stóra mál sem er upp á 17–18 milljarða kr. sem snertir hagsmuni almennings, séu viðstaddir umræðuna og komi sér á mælendaskrá? Eða á að þagga þetta mál niður með þeim hætti að hér eigi stjórnarandstaðan ein að tala? Nei, takk fyrir, hæstv. forseti.

Ég lýsi eftir Samfylkingunni í þessa umræðu og ég vil að hv. þingmenn og forsvarsmenn Samfylkingarinnar komi sér á mælendaskrá og geri grein fyrir sínu máli því að það voru nú nægjanleg gífuryrðin hjá þessum ágætu stjórnarliðum einungis fyrir nokkrum vikum síðan. Hver er forgangsröðun ríkisstjórnarinnar þegar kemur að þessu? Jú, það er að skera niður þar sem síst skyldi.

Hæstv. forseti,. Ég ætla að fara ofan í einstaka þætti og gera grein fyrir áliti 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar sem ég, fulltrúi Framsóknarflokksins, byggi á tillögum og áliti minna félaga í hinum ýmsu fagnefndum þingsins.

Mig langar að byrja á málefnum sjúklinga. Í þessu frumvarpi hér er gert ráð fyrir því að taka upp nýtt gjald á heilbrigðisstofnunum landsins, nýtt innlagnargjald. Eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði í 1. umr. um málið væri hér einungis verið að samræma gjaldtöku í kerfinu því að þeir sem ekki hafa greitt mundu nú greiða eins og allir aðrir. Gert er ráð fyrir að það muni gefa ríkissjóði einar 360 milljónir aukalega í tekjur og þetta munu sjúklingar þessa lands greiða aukalega í ríkissjóð.

Ef þetta væri nú það eina sem sjúklingar þyrftu að greiða í tengslum við þau fjárlög sem við ræðum hér, oftar en ekki í skjóli nætur, vil ég benda á að ríkisstjórnin, Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn, hefur boðað hækkun á lyfjakostnaði til sjúklinga sem nemur 700–800 millj. kr. Ef við tökum aðeins þessi tvö atriði er hér verið að ræða um skatt á sjúklinga á annan milljarð kr., bara í þessum tveimur atriðum. Enn og aftur, hæstv. forseti, kalla ég eftir því að formenn fagnefndanna komi í þingsal og ég spyr hæstv. forseta hvort við megum vænta þeirra við þessa umræðu á meðan ég flyt mál mitt. Ég hef spurningar til hv. þingmanna. Þetta mál er hjá þinginu og það er vanvirða við það ef hv. þingmenn koma ekki og standa fyrir máli sínu.

(**Forseti** (EMS)**:** Forseti vill taka fram að eins og áður

hefur komið fram hefur forseti gert ráðstafanir til þess að ósk hv. þingmanns verði komið á framfæri við hv. þingmenn. Verið er að vinna í því máli þannig að við vonum að a.m.k. einhverjir þeir sem hafa möguleika á muni láta sjá sig hér áður en hv. þingmaður lýkur máli sínu.)

Hæstv. forseti. Ég mun halda máli mínu áfram í einar fimm mínútur en ef stjórnarliðar fara þá ekki að sýna sig í salnum hljótum við að krefjast þess að þessari umræðu verði frestað því að það gengur hér á ræðutíma minn og ég ætla að spyrja formenn fagnefndanna ákveðinna spurninga og þarf náttúrlega minn tíma til þess.

Ég ætla að halda áfram að ræða málefni sjúklinga þar sem fulltrúar BSRB, Öryrkjabandalagsins og Alþýðusambands Íslands hafa ályktað mjög harðlega gegn þessum álögum, gjaldtöku á hendur sjúklingum. Fulltrúar Öryrkjabandalagsins telja gjaldtökuna verulega íþyngjandi fyrir skjólstæðinga sína, til viðbótar við launalækkun, atvinnumissi og annan niðurskurð í velferðarþjónustunni.

Við eigum eftir að fara yfir það, vonandi með hv. formanni félagsmálanefndar, hvaða áhrif það frumvarp sem hér liggur fyrir mun hafa á kjör aldraðra og öryrkja. Hér er verið að ráðast mjög harkalega að velferðarkerfinu, að heilbrigðisþjónustunni, auknar álögur á sjúklinga til viðbótar stórfelldum niðurskurði í heilbrigðisþjónustu, hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og lykilheilbrigðisstofnunum landsins.

Hvernig eiga þessar stofnanir að standa undir myndarlegri þjónustu við skjólstæðinga sína, sjúklinga, ef framlögin eru skert jafnmikið og raun ber vitni? Ég segi eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan: Ég sé þetta dæmi einfaldlega ekki ganga upp nema með einhverju stórfelldu skipbroti í íslensku samfélagi. Það er mikilvægt að við horfum á þetta mál úr víðu samhengi heildrænt því að niðurskurðurinn á velferðarþjónustunni og hjá þeim einstaklingum sem þurfa að þiggja þjónustuna er svo mikill að maður getur ekki orða bundist.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið að fara yfir málefni sjúklinga en ég hefði kosið að hv. þm. Ásta Möller, formaður heilbrigðisnefndar, væri hér í salnum til þess að hlýða á mál mitt. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (EMS)**:** Forseti vill taka fram vegna orða hv. þingmanns að hv. þm. Ásta Möller hefur fjarvist í dag.)

En varaformaður nefndarinnar þá?

(**Forseti** (EMS)**:** Forseti kannar málið.)

Í öðru lagi er niðurskurðarhnífnum næst beint gegn bændum. Ég hef ekki heyrt þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem hafa talið sig vera talsmenn bænda, tala mikið í þeirri umræðu þegar verið er að skera niður undirritaða samninga um að talið er 800 milljónir á næsta ári. Eru bændur sú stétt sem má við því að kjör þeirra séu skert um 800 milljónir? Ég segi nei. Bændastéttin er mikilvæg stétt sem hefur aldeilis sannað gildi sitt á undanförnum mánuðum. Það sem við höfum talað fyrir hefur sannast, þ.e. að það þurfi að tryggja innlenda matvælaframleiðslu, standa vörð um fæðuöryggi þjóðarinnar. Bændur hafa verið okkur mjög mikilvægir á þessum síðustu og verstu tímum og innlend landbúnaðarframleiðsla hefur haldið aftur af annars gríðarlega mikilli verðbólgu sem hér um ræðir.

Ég spyr þingmenn Sjálfstæðisflokksins hvort þeir séu stoltir af því að tekjur bænda séu skertar um 800 milljónir eins og hér er lagt til. Margir bændur hafa byggt býli sín upp myndarlega á undanförnum árum, hafa lagst í fjárfestingar og hafa staðið í þeirri trú gagnvart búvörusamningum að ríkisstjórnin og ríkisvaldið mundi standa við skuldbindingar sínar. Margir hafa gert framtíðaráform langt fram í tímann í skjóli slíkra samninga. Nú ákveða hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, ef þetta verður samþykkt, og Samfylkingar, sem reyndar kemur ekki á óvart, að kjör bændastéttarinnar verði skert með þessum hætti.

Hvernig eiga bændur landsins að taka þessum skilaboðum og þessari skerðingu? Jú, þeir verða, þeir sem geta það á annað borð, að velta þessu út í verðlagið og því mun verð á íslenskum landbúnaðarafurðum hækka. Hvað þýðir það á mæltu máli? Jú, sú hækkun mun fara út í vísitöluna, sem mun hækka enn meira þá óðaverðbólgu sem nú þegar er í gangi.

Ég spurði hæstv. landbúnaðarráðherra í 1. umr. um þetta mál hvort ríkisstjórnarflokkarnir væru búnir að gera sér í hugarlund hvaða áhrif þetta hefði á verðbólguna og lán íslenskra heimila. Ég held að við vitum það öll að íslensk heimili eru skuldug og fólk sér lánin vaxa mánaðamóta á milli með gríðarlegum hraða. Þessi aðgerð ríkisstjórnarinnar mun leiða til þess að verðbólgan verður enn meiri. Því spyr ég í ljósi þess að ríkisstjórnin auglýsti á heilsíðum stærstu blaða landsins í nóvembermánuði um aðgerðir til bjargar heimilunum, hvort þetta sé aðgerð til bjargar íslenskum heimilum eða íslenskum landbúnaði. Nei, að sjálfsögðu ekki. Forgangsröðunin í því frumvarpi sem hér um ræðir er með slíkum eindæmum að maður trúir því varla, hæstv. forseti.

Í þriðja lagi vil ég fjalla um kjör aldraðra og öryrkja. Við áttum nokkuð hörð skoðanaskipti, ég og hæstv. félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, um kjör þessara hópa þar sem fullyrt var í okkar eyru að aldrei hefði verið jafn vel staðið að þessum málaflokkum. Þó er það staðfest að ríkisstjórnin ákvað í kjölfar síðustu kjarasamninga að lækka viðmið á kjarasamningum gagnvart þeim hópum um 3,6 milljarða, lækka viðmiðið sem ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks gerði á sínum tíma. Þar gat nú ríkissjóður sparað sér heila 3,6 milljarða og þar mátti skera og þar mátti spara.

Í ofanálag er hér lagt til að skerða kjör aldraðra og öryrkja um 3,9 milljarða til viðbótar eða 4,9 milljarða. Í ljósi þess á hvers lags leifturhraða málið hefur farið í gegnum nefndir Alþingis höfum við nefnilega ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um hvort með frumvarpinu sé verið að skerða kjör aldraðra og öryrkja um 3,9 milljarða eða 4,9 milljarða. Er það ekki nauðsynlegt, hæstv. forseti, þar sem hér er verið að ræða um 1.000 milljónir króna gagnvart þessum hópi að við fáum úr því skorið í umræðunni hvort niðurskurðurinn sé 4,9 milljarðar eða 3,9 milljarðar? Eða skiptir það stjórnarliða kannski ekki svo miklu máli? Þetta er jú bara afgreiðslustofnun, við höfum tekið við fyrirmælum frá ríkisstjórninni, segja hv. stjórnarliðar trúlega, og við skulum bara drífa þetta í gegnum þingið. Enda hefur þetta mál fengið undraskamman tíma í meðförum Alþingis og við teljum það nærri því frekar í klukkustundum en í dögum. Við erum svo sem ekkert óvön því hér á hv. Alþingi á

þessum síðustu og verstu tímum að mál gangi í gegn með ótrúlegum hraða.

Þetta eru nú samræðustjórnmálin sem Samfylkingin boðaði í aðdraganda síðustu kosninga en þetta eru ansi snörp skoðanaskipti þykir mér. Menn eru ekki með neinar vífilengjur hjá Samfylkingunni í þessum málum, það á bara að hespa þessu af. Ekki eru þingmenn Samfylkingarinnar mjög áberandi á mælendaskránni. Þegar ég fór í pontu var enginn stjórnarliði kominn á mælendaskrá. Nú er mættur í salinn varaformaður Samfylkingarinnar og hefur gefið til kynna að hann sé kominn á mælendaskrá og er það vel. (Gripið fram í.) Í andsvar? Ég óska ekki eftir bara andsvörum, ég óska eftir því að varaformaður Samfylkingarinnar fari í ræðu og geri grein fyrir stefnu flokks síns hvað varðar forgangsröðun í tengslum við þessa fjárlagagerð, ég bara óska eftir því. Við munum ekki klára þessa umræðu ef Samfylkingin ætlar sér ekki í efnislega umræðu um þetta mál. Halda menn að það sé bara hægt að humma þessa umræðu fram af sér og vera ekki í þingsalnum? Nei, takk fyrir. Stjórnarandstaðan mun ekki láta stjórnmálaflokka eins og Samfylkinguna og Sjálfstæðisflokkinn fara umræðulaust í gegnum þessi mál. Við hljótum að krefjast þess að forsvarsmenn stjórnarflokkanna komi hér og standi fyrir máli sínu.

Hæstv. forseti. Einungis á þessu ári er þar af leiðandi með þeim tveimur aðgerðum gagnvart öldruðum og öryrkjum sem hér um ræðir búið að skerða kjör þeirra um 7,5–8,5 milljarða kr. Stjórnarliðar koma reyndar hér upp og mótmæla þessu en þeir eru dálítið einir í heiminum í þeirri umræðu því að Alþýðusamband Íslands og samtök aldraðra og öryrkja hafa bréflega mótmælt þessum niðurskurði harðlega. Við hljótum líka að spyrja eftir því hvaða samráð hefur verið haft við þá aðila í tengslum við þessar breytingar. Ég held að það samráð sé núll, ekki neitt, rétt eins og þegar viðmiðið gagnvart öldruðum og öryrkjum var lækkað um 3,6 milljarða, þá kallaði hæstv. félagsmálaráðherra þá aðila á fund sinn og tilkynnti þeim um þá ákvörðun. Þetta er kjarasamningur aldraðra og öryrkja. Það eru ekki viðræður sem fara fram um áherslur eða annað slíkt. Nei, þessum hópi er einfaldlega tilkynnt hvað ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks hefur ákveðið í kjaramálum þeirra.

Hæstv. forseti. Hæstv. félagsmálaráðherra sagði í 1. umr. um þetta mál, að þessi ríkisstjórn, ólík þeirri síðustu, stæði vörð um barnabætur og vaxtabætur með nýju fjárlagafrumvarpi. Þar fór hæstv. ráðherra með ósannindi, helber ósannindi, því að það er verið að skerða barnabætur að raungildi um 10% og vaxtabætur að raungildi um 10%. Því til útskýringar vil ég segja að gert er ráð fyrir því að verðbólga á næsta ári verði 15% í forsendum fjárlaga, en í fjárlagafrumvarpinu er einungis gert ráð fyrir 5% hækkun á barnabótum og vaxtabótum. Hvað þýðir það, hæstv. forseti? 10% raunlækkun á barnabótum og vaxtabótum.

Er það nú svo að skuldug íslensk heimili og barnafólk í dag, sem margt hvert hefur misst vinnuna, þurfi á því að halda að þessir mikilvægu bótaflokkar séu skertir um heil 10% á milli ára? Er það forgangsröðun Samfylkingarinnar að ráðast að skuldugum íslenskum heimilum og barnafólki með þessum hætti? Við skulum telja upp þá hópa sem bera þetta frumvarp uppi þar sem verið er annaðhvort að auka gjaldtökur eða auka skattheimtu eða skerða bætur og kjör, við skulum telja þá upp. Við skulum hlusta á það hver forgangsröðun Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokks er með þessu frumvarpi.

Í fyrsta lagi: Sjúklingar, 360 milljónir. Aldraðir og öryrkjar, tæpir 4 milljarðar eða 5, við eigum eftir að fá úr því skorið. Ég spyr varaformann Samfylkingarinnar, hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson: Er verið að skerða kjör aldraðra og öryrkja um 3,9 milljarða eða 4,9 milljarða með þessu?

Það er verið að skerða kjör barnafólks með því að lækka barnabætur, þær lækka um heil 10% á milli ára. Það er líka verið að skerða kjör þeirra fjölskyldna sem þurfa að standa undir afborgunum af lánum sínum með því að skerða vaxtabæturnar.

Þetta er nú hin raunverulega ríkisstjórn sem við þurfum að standa andspænis á vettvangi Alþingis. Mér sýnist það, hæstv. forseti, þrátt fyrir áeggjan mína að stjórnarliðar og hv. þingmenn stjórnarflokkanna hafi ekki mikla löngun til þess að sitja undir þessari umræðu, a.m.k. ekki hér í þingsalnum, fyrir utan hv. formann efnahags- og skattanefndar og varaformann Samfylkingarinnar og síðan náttúrlega hæstv. forseta sem er meðlimur í jafnaðarmannaflokki Íslands eins og Samfylkingin vill jú stundum kalla sig.

Ber þetta frumvarp merki þess að hér sé við völd jafnaðarmannaflokkur Íslands? Nei. Þetta mál ber þess merki að Samfylkingin hefur gjörsamlega snúið baki við þeim fyrirheitum og þeim loforðum sem sá ágæti flokkur gaf sjúklingum, öldruðum og öryrkjum, barnafólki og húsnæðiseigendum. Ég held að við séum ekki, hæstv. forseti, að tala um það fólk sem hefur hvað breiðustu bökin í samfélaginu í dag. Þar að auki er frumkvæðið sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur sýnt með því að leggja það til að ekki verði staðið við gerða samninga gagnvart bændum upp á 800 millj. kr. Þar kemur stuðningur sjálfstæðismanna fram á borði gagnvart þeirri mikilvægu atvinnugrein sem íslenskur landbúnaður er.

En það eru ekki bara hagsmunir bænda sem liggja undir, vegna þess að bændur munu ekkert geta tekið á sig að öllu leyti þessa tekjuskerðingu. Nei, þá ræðum við aftur um barnafólkið, aldraða og öryrkja, sjúklinga og fleiri, en sú ákvörðun sjálfstæðismanna og samfylkingarmanna að hækka matvælaverð hér innan lands mun leiða til þess að afborganir af lánum munu stórhækka vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir kynda undir verðbólguna.

Í ofanálag við tillögurnar sem Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn leggja hér fram búa heimilin í landinu við 18% stýrivexti og um 20% verðbólgu. Ég spyr hv. stjórnarliða: Hvernig eiga íslensk heimili að geta staðið undir 20% verðbólgu og 18% stýrivöxtum, hækkandi álögum og minnkandi tekjum? Hvernig á þetta dæmi að ganga upp? Ég vil líka spyrja fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, þ.e. ef þeir koma meira í umræðuna: Hvernig á íslenskt atvinnulíf að geta staðið undir 18% stýrivöxtum? Hvergi í heiminum getur atvinnulíf staðið undir þessu. Í ljósi haftastefnunnar sem Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin innleiddu í gjaldeyrismálum þjóðarinnar eru ekki haldbær rök fyrir því að hafa svo háa stýrivexti. Búið er að festa allt fjármagn inni í landinu, erlendir aðilar geta ekki tekið fjármagn sitt út úr landinu, en tilgangur hárra stýrivaxta er að laða fjármagn til landsins og halda því þar. Til hvers eru menn þá með 18%

stýrivexti? Getur einhver svarað því?

Ég spyr líka þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem hafa gumað sig af því að vera talsmenn atvinnulífsins, rétt eins og við framsóknarmenn teljum okkur vera: Hvernig á íslenskt atvinnulíf að standa undir þessum himinháu vöxtum? Hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins ekki gert sér grein fyrir því að fyrirtæki segja fólki unnvörpum upp og stærstur hluti íslenskra fyrirtækja er tæknilega orðinn gjaldþrota? Vantar þá að við búum við 18% stýrivexti? Ég segi nei, hæstv. forseti.

Hér virðist því miður vera um að ræða gjörsamlega veruleikafirrta ríkisstjórn og stjórnmálaflokka, sem eru úr tengslum við það sem er að gerast í samfélaginu og furða sig væntanlega á vikulegum mótmælum við Austurvöll. Ég held að þessir hv. þingmenn verði að átta sig á hver heildarmyndin er. (**PHB:** Er eitthvað að gerast?) Er eitthvað að gerast, spyr hv. formaður efnahags- og skattanefndar. Já, það er sko eitthvað að gerast. Verið er að auka álögur á sjúklinga, aldraða og öryrkja, bændur, (**PHB:** Ég átti við hrunið.) og í raun og veru með ólíkindum — og ég ætla að fara að ljúka máli mínu — að verða vitni að því að ríkisstjórnin skuli nota niðurskurðarhnífinn á þessa þjóðfélagshópa, því staða þeirra var ekki góð fyrir.

Ég vil að lokum segja, hæstv. forseti, þannig að það hafi verið sagt, að með frumvarpinu er framlag til þjóðkirkjunnar skert um 300 millj. kr. og þær látnar renna í ríkissjóð. Ég vil minna hv. þingmenn á að 205 kirkjur í landinu eru friðaðar og þess vegna er viðhald þeirra kostnaðarsamara en ella, en trúlega með samþykkt þessa frumvarps munum við horfa upp á guðshúsin niðurnídd og er það enn eitt afbrigði af skelfilegri stjórn Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins á síðustu missirum.

Allt ber að sama brunni. Þetta mál á að kýla í gegnum Alþingi Íslendinga, helst umræðulaust, a.m.k. ætla stjórnarliðar ekki að vera mjög áberandi í umræðunni — enda er þetta út frá sjónarhóli Samfylkingarinnar trúlega ekki fallið til vinsælda og því ekki gott að gera sér ferð hér upp. En við munum krefjast þess að stjórnarliðar setji sig á mælendaskrá og útskýri fyrir fólki, vegna þess að fólk heimtar svör: Hvernig stendur á því að byrjað er á sjúklingum, öldruðum og öryrkjum og öðrum hópum, bændum, sem mega ekki við því að farið sé þannig með þá?

Hæstv. forseti. Ég hef aldrei séð stjórnmálaflokk hvolfa stefnu sinni með eins dramatískum hætti og Samfylkingin hefur gert á einungis örfáum mánuðum. Þeir, sem lögðu trúnað sinn á þann flokk og studdu hann í síðustu alþingiskosningum, horfa upp á að flokkurinn hefur hvolft öllum helstu stefnumálum sínum. Ég er líka sannfærður um það, hæstv. forseti, — því að ég veit að bændur hafa almennt ekki borið mikið traust til Samfylkingarinnar — að þessar aðgerðir, sem eru í raun og veru aðför að íslenskum landbúnaði og íslenskum heimilum, verða ekki Sjálfstæðisflokknum til vegsauka vítt og breitt um landið. Síðast en ekki síst held ég að sá kostnaður sem velt er yfir á bændur með þessu muni á endanum lenda á íslenskum heimilum og lán þeirra muni í kjölfarið hækka, sem og verðbólgan.

[12:36]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Samfylkingin kveinkar sér ekki undan þessari umræðu og ég hef rifjað það upp að þingheimur og þjóð urðu vitni að því á þriðjudag þegar hæstv. félagsmálaráðherra rassskellti hv. þingmann í umræðu um sama mál. Rassskellti hann bókstaflega þegar hann fór yfir velferðarmálin og rangfærslur um þau. Hv. þingmaður dregur kolranga mynd upp af verkum ríkisstjórnarinnar.

Við stöndum vörð um vaxtabæturnar, (**BJJ:** Nei, segðu satt.) barnabæturnar, (Gripið fram í.) og skattleysismörkin. Við tökum til baka hluta af tekjuskattslækkun sem hv. þingmaður stóð fyrir. Við gagnrýndum einmitt að tekjuskattslækkun, prósentulækkun, gagnast best þeim tekjuhæstu. Við tökum hana til baka, aðgerð sem hv. þingmaður stóð fyrir. Á móti verjum við skattleysismörkin, sem koma lágtekjufólki og millitekjufólki miklu betur en tekjuskattslækkun Framsóknarflokksins.

Lægstu tekjur hafa hækkað um 50% á einu ári og hlutfall bóta gagnvart dagvinnutryggingu hefur aldrei verið hærra þannig að hv. þingmaður dregur hér upp kolranga mynd af árangri okkar (Gripið fram í.) í velferðarmálum. Afnámum við ekki makatengingu? Það gerði hv. þingmaður ekki. Hækkuðum við ekki frítekjumörk, lækkuðum við ekki skerðingarmörk? Svona mætti lengi fara yfir.

Varðandi sjúklingamálin er líka kolrangt að við byrjum á sjúklingum, hvernig dettur hv. þingmanni það í hug? (**BJJ:** Það stendur hérna.) Við skulum hafa í huga að nú þegar eru ýmis gjöld í kerfinu og ef við gerum ráð fyrir að kostnaðarhlutdeild sjúklinga sé um 20% af heildinni samkvæmt OECD, sem er með því lægsta í OECD, þá tölum við um að kostnaðarhlutdeild sjúklinga aukist um hvað mikið? Tvö prósent, það er allt og sumt. Við leggjum ekki þungar byrðar á sjúklinga og rangt er að draga þá mynd upp. Við tökum sömuleiðis sérstaklega fram að komugjöld, (Forseti hringir.) sem eru víða í kerfinu, eiga að vera lægri fyrir aldraða, öryrkja og börn. Hér er því (Forseti hringir.) hópum hlíft en ekki vegið að þeim. Það er sérkennilegur málflutningur hv. þingmanns sem byggist á svona rangfærslum (Forseti hringir.) og útúrsnúningum.

[12:38]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að nú sé mikilvægt fyrir varaformann Samfylkingarinnar í þessari umræðu að halda sæmilegu jafnvægi. Hv. þingmaður óskrar beinlínis úr ræðustól Alþingis að Samfylkingin standi vörð um vaxtabætur og barnabætur þegar staðreyndin er sú að bæturnar eru skertar um 10%. Ef ekki er hægt að koma hv. þingmanni í skilning um það er Samfylkingin í vanda stödd.

Hv. þingmaður gumaði af því að kostnaðarhlutdeild sjúklinga hér væri ein sú lægsta í löndum OECD. Hverjir skiluðu því búi af sér? Það voru Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn. Nú þegar Samfylkingin er komin í ríkisstjórn á að hækka kostnaðarhlutdeild sjúklinga. Bara um 2%, segir hv. þingmaður, en þetta er bara byrjunin á vegferð sem sjálfstæðismenn kölluðu: Nú getum við gert hluti með Samfylkingunni í heilbrigðismálum sem við

hefðum annars ekki getað með Framsóknarflokknum.

Þegar hv. þingmaður gumar af því að kjör öryrkja og aldraðra séu svo stórkostleg er það óumdeilt, að núverandi forseti Alþýðusamband Íslands, Gylfi Arnbjörnsson, sem ég hefði haldið að samfylkingarþingmenn ættu að þekkja, og samtök aldraðra og öryrkja staðfestu með bréfi að viðmiðið í kjölfar síðustu kjarasamninga gagnvart öldruðum og öryrkjum hefði verið um 3,9 milljarðar. Ég spurði hv. þingmann og varaformann Samfylkingarinnar: Er verið að skerða kjör lífeyrisþega núna því til viðbótar um 3,9 eða 4,9 milljarða?

Ég vil fá svar við því vegna þess að þó að hv. stjórnarliðum finnist eitt þúsund milljónir til þessara hópa ekki (Forseti hringir.) stórmál þá eru ekki miklir peningar í buddunni hjá þessu fólki, (Forseti hringir.) og við viljum fá svör við því hvort niðurskurðurinn er tæpir fimm milljarðar eða fjórir milljarðar.

[12:41]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Víða er skorið niður, ég fel það ekkert. Hins vegar var ákveðið að vernda lægsta hópinn. Við hækkum bætur úr 150 þús. kr. í 180 þús. kr. Þetta er umtalsverð hækkun og þetta er hópurinn sem við erum að vernda. Við þurfum að forgangsraða, víða er skorið niður, í velferðarkerfinu, í menntakerfinu, víða á þeim stöðum sem við vildum ekki skera niður en við stöndum frammi fyrir 175 milljarða kr. halla á ríkissjóði og ábyrgðarlaust er að vísa þeim halla á framtíðina.

Hv. þingmaður stærði sig af því að kostnaðarhlutdeild sjúklinga væri svo lág eftir valdatíð Framsóknarflokksins. Hún jókst reyndar til muna á þeim tíma, (Gripið fram í.) hún jókst miklu meira en við það sem við gerum. Þetta er hægt að sjá í OECD-skýrslu.

Hv. þingmaður hefur líka orð á að hægt sé að gera ýmislegt sem ekki var hægt þegar Framsóknarflokkurinn var með heilbrigðismálin. Já, ýmislegt er hægt að gera, t.d. leysa fráflæðisvanda á LSH sem við höfum gert. Í tíð Framsóknarflokksins var fólk sem var látið búa á spítalanum í allt að ár. Hægt var að semja við hjartalækna, það gerðum við, en þegar Framsóknarflokkurinn var sögðu hjartalæknar sig af samningi. Hægt var að flytja heimahjúkrun til Reykjavíkurborgar, það gerðum við en Framsóknarflokknum ekki þegar hann réð heilbrigðismálum. Við höfum stytt biðlista til muna og það hefur landlæknir staðfest. Það var ekki hægt þegar Framsóknarflokkurinn réð heilbrigðismálum.

Já, það er því rétt hjá hv. þingmanni að ýmislegt er hægt að gera með Samfylkinguna og Sjálfstæðisflokkinn við stjórnvölinn þegar kemur að heilbrigðismálum.

Kjarni máls míns varðandi komugjöldin er að auðvitað er ekki skemmtileg aðgerð að hækka þau eða setja þau á en það hefur verið sá veruleiki sem blasir við, við förum hóflega í þetta. (Forseti hringir.) Við minnum á að sjúklingar á Landspítalanum greiða nú þegar ýmis gjöld, en í meðförum nefndarinnar var metið að sjúklingar á spítalanum greiddu nú allt að tveimur milljörðum (Forseti hringir.) í sjúklingagjöld, þannig að (Forseti hringir.) ekki er rétt eins og hefur heyrst í umræðunni að menn brjóti eitthvert blað (Forseti hringir.) þegar kemur að gjaldtöku á sjúklingum. (Forseti hringir.) En við tökum aldraða og öryrkja út fyrir sviga. (Forseti hringir.)

[12:43]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti vill biðja hv. þingmenn um að virða tímamörk.

[12:43]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þingmaður og varaformaður Samfylkingarinnar þurfi að setja sig á mælendaskrá til að útskýra fyrir þjóðinni hversu stórkostleg ríkisstjórnin er.

Hv. þingmaður benti akkúrat á það að kostnaðarhlutdeild sjúklinga hér á landi er ein sú lægsta innan OECD-landanna. Þannig skildi Framsóknarflokkurinn við. (Gripið fram í.) Nú er verið að hækka kostnaðarhlutdeild sjúklinga og er það miður.

Þegar hv. þingmaður lýsir yfir hvers lags stórkostlegum aðgerðum ríkisstjórnin hefur staðið í gagnvart öldruðum og öryrkjum vil ég benda á að hagsmunasamtök öryrkja hafa lýst yfir vantrausti á ríkisstjórnina. Þegar hv. þingmaður segir að hæstv. félagsmálaráðherra hafi rassskellt þingmenn hér út og suður vil ég benda hv. þingmanni á að hagsmunasamtök aldraðra og öryrkja ásamt Alþýðusambandi Íslands rassskella ríkisstjórnina á Austurvelli um hverja einustu helgi. Ef hv. þingmaður heldur að ríkisstjórnin standi fyrir glæsilegum málum er það svo mikill reginmisskilningur að ég held að kippa verði hv. varaformanni Samfylkingarinnar inn í raunveruleikann, hvað raunverulega er að gerast í þessum málaflokkum.

Ég vil síðan benda hv. þingmanni á, þegar hann stærir sig af flottum árangri núverandi ríkisstjórnar í heilbrigðismálum, að fyrr í þessari viku var tilkynnt að geðheilbrigðisþjónusta á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, eina geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn á landsbyggðinni, hafi verið lögð niður. Hv. þingmaður vill kannski líka útskýra fyrir mér hver staða Landspítalans er, því ríkisstjórnin leggur til mikinn niðurskurð gagnvart þeirri stofnun. Ég hlakka til — eða í raun og veru kvíði því — að fjalla um hvernig ástandið verður orðið á fáeinum mánuðum þegar (Forseti hringir.) liðið verður á næsta ár. Þá verður myndin ekki svona glæsileg hjá varaformanni Samfylkingarinnar.

[12:46]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður fór mjög víða í ræðu sinni en það sem mér þótti athyglisverðast var kannski að hann er farinn að skylda menn til að halda ræður. Það hefur ekki tíðkast í þinginu hingað til. En þetta er kannski nýmæli og ég get þá farið að skikka hann til að halda ræður öðru hverju.

Ég spurði hann, ég kallaði fram í fyrir honum hvort eitthvað væri að gerast. Hann greip niður í frumvarpið um ráðstafanir en ég var ekkert að meina það. Ég var að meina það sem gerðist í október, hvort eitthvað hefði ekki gerst. Við

urðum fyrir því að bankakerfið hrundi. Við urðum fyrir því að gerðar voru kröfur á okkur erlendis frá vegna Icesave-reikninganna. Við urðum fyrir því að við verðum að ráða við jöklabréfin sem streyma út. Við verðum fyrir því að lánardrottnar neita að veita okkur lán í framtíðinni nema við gerum eitthvað fyrir þá. Þetta er að gerast, herra forseti.

Svo segir hv. þingmaður að Samfylkingin sé að ranghvolfa stefnu sinni. Ég er nú hræddur um að ég persónulega hafi heldur betur þurft að ranghvolfa stefnu minni, búinn að stofna ríkisbanka, búinn að taka upp gjaldeyrishöft, búinn að leggja til skattahækkanir. Heldur hv. þingmaður að ég sé ekki búinn að ranghvolfa stefnu minni og heldur hann að ég geri það bara svona óvart, bara út af engu? Það gerðist nefnilega heilmikið í október og við erum að taka á því.

Fjöldi launþega hefur misst vinnuna, eins og hv. þingmaður sagði, fyrirtæki eru unnvörpum að segja upp fólki. Laun eru að lækka. Atvinnuleysi vex. Þá kvartar þingmaðurinn undan því að bændur fái ekki samkvæmt sínum samningi. Þeir fá 5,7% hækkun, sem aðrar stéttir fá ekki. En þeir fá ekki 15% eins og ekkert hefði gerst. Það hefur nefnilega eitthvað gerst. Það gerðist heilmikið í október.

Svo talar hv. þingmaður um sjúklinga. Sjúklingar eru að borga úti um allt. Þeir fara til sérfræðings. Þá borga þeir. En ef þeir leggjast inn borga þeir ekki neitt. (**ÁI:** Hvers vegna skyldi það nú vera?)

[12:48]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir að vekja máls á því hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur ranghvolft sinni stefnu (Gripið fram í.) á nokkrum mánuðum. Ég spurði sjálfstæðismenn í þessari umræðu — hv. þingmaður fjallar um vanda atvinnulífsins — af hverju við séum með 18% stýrivexti hér á landi. Þegar fyrirtækin eru unnvörpum að segja fólki upp, þegar fyrirtækin flest eru orðin tæknilega gjaldþrota, hvers vegna búum við við 18% stýrivexti?

Hv. þingmaður talar um að við höfum lent í ákveðnum hlutum. Ég spyr hv. þingmann: Hvað skuldar þjóðarbúið? Vitum við það? Vitum við hvaða vextir eru á þeim skuldum? Vitum við það? Og hverjir eiga að útskýra það fyrir þjóðinni hvað við skuldum sem þjóð? Er það stjórnarandstaðan? Nei. Það eru þeir sem hafa vélað um þetta mál í tvo og hálfan mánuð, hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn, bankastjórn Seðlabankans og fleiri aðilar. Við höfum kallað eftir svörum á hv. Alþingi. Það er ósköp eðlilegt að við spyrjum margra spurninga í þessu.

Ég held að hv. stjórnarliðar hafi ekki gert sér neina grein fyrir því hvert heildarumfang vandans sé. Ef hv. þingmaður, sem talar um að við höfum lent í ákveðnum hlutum, telur að stjórnvöld beri ekki neina ábyrgð á því að við lentum í ákveðnum hlutum — sem ég held reyndar að hann telji ekki — þá lifum við náttúrlega ekki alveg í raunveruleikanum því það var margbúið að vara við þessu á undangengnum mánuðum. Formaður bankastjórnar Seðlabankans var búinn að vara formenn stjórnarflokkanna við þessu. Það er óumdeilt. Ég spyr hv. þingmann hvort ekki hefði mátt koma í veg fyrir þetta með einhverjum hætti ef (Forseti hringir.) ríkisstjórnin hefði gripið fyrr til aðgerða.

[12:50]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það eru margir vitrir núna eftir á, mjög margir. (**ÁI:** Eftir á?) Ég man ekki eftir því að nokkur einasti maður hafi sagt fyrir fram að allt bankakerfið færi á hausinn á einni viku. Ég man ekki til þess. (**Gripið fram í:** BJJ: Davíð.) Menn voru meira að segja ... Nei, ég trúi því ekki. (Gripið fram í.) Eftir á, já. Það er nefnilega þannig.

Varðandi það sem hv. þingmaður sagði um 18% stýrivexti þá er ég alveg sammála því að þeir eru háir. En af hverju eru þeir háir? Vegna þess að menn eru að reyna að halda þessum jöklabréfum inni í landinu. Hvar mynduðust jöklabréfin? Hvenær mynduðust þau? Þau mynduðust þegar Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn voru saman í ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Þau duga greinilega ekki því að gengið heldur áfram að falla. Háu vextirnir eru til að reyna að halda þessum krónum inni. Það er trú þeirra manna sem þar véla um. Ég hef ekki þá trú að það haldi neitt.

Svo lendum við í einhverju. Auðvitað lentum við á ákveðnu áfalli út af gjaldþroti Lehman-bræðra. En undirstaðan var veik. Undirstaðan var mjög veik. Það myndaðist á undanförnum áratugum og ekki bara svona allt í einu núna síðustu tvo, þrjá mánuðina. (**ÁÞS:** Undir forustu Sjálfstæðisflokksins.) Forustu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar (**ÁI:** Í 17 ár.) og það voru allir á þeirri skoðun. Matsfyrirtækin mátu bankana mjög góða. Hagnaðurinn var gífurlega góður og svo framvegis. Þetta virtist allt vera í ljómanum. Fjármálaeftirlitið lagði blessun sína yfir allt saman. „Stresstestin“ sem þeir settu á dugðu og allt svoleiðis. (Gripið fram í.)

Það sem við lentum í var að Evrópusambandið kúgaði Íslendinga að beiðni Hollendinga og Breta. Evrópusambandið kúgaði Íslendinga til þess að ganga til samninga um Icesave-reikningana, sem við eigum ekki að borga og það er okkar vandi. Við lentum í stríði og við töpuðum því stríði. Það er þannig. Að heimta að ég viti heildarumfang vandans — þá væri ég búinn að semja. Það er bara ekki búið að semja um Icesave sem betur fer, segi ég, því að ég vil ná heildarsamningum við kröfuhafa og (Forseti hringir.) Icesave-reikningana.

[12:52]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hafa komið hér upp í andsvar og fyrir heiðarleg svör af hans hálfu og lýsi líka yfir ánægju með að tveir stjórnarþingmenn fyrir utan hæstv. forseta skuli hafa setið hér undir ræðu minni. (**ÁÓÁ:** Jafnmargir framsóknarmenn.)

Ég tel að það frumvarp sem við erum að fara hér með í gengum Alþingi Íslendinga, sem stjórnarandstaðan styður ekki, sé á ábyrgð þingmanna Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar. Ef menn vilja axla þá ábyrgð ... (**PHB:** Einhver verður að gera það.) vil ég að þeir hinir sömu aðilar standi fyrir máli sínu hér. Ég mun ekki yfirgefa þessa um-

ræðu án þess að hafa heyrt málflutning Samfylkingarinnar sérstaklega í ræðu — ekki í stuttu andsvari — þar sem farið er yfir forgangsröðun þess flokks í þessu mikla máli þar sem verið er að ræða um frumvarp upp á 17–18 milljarða kr.

Ég hef varpað fram spurningum og ekki fengið svör við því hvað það muni þýða fyrir heimilin í landinu að 800 milljónir séu teknar af búvörusamningunum sem bændur á endanum munu þurfa að velta út í verðlagið. (**PHB:** Hækkun upp á 5,7%.) Hv. þm. Pétur H. Blöndal gumar af því að bændur fái 5,7% verðlagsuppfærslu (Gripið fram í.) þegar fyrirliggjandi er að verðbólgan á næsta ári verður 15%. Ríkið er ekki að standa við gerða samninga. Það er ekki verið að standa við gerða samninga (Gripið fram í.) því að bændum og þessari stétt var lofað verðlagsuppfærslu (**PHB:** Hvað með launþega?) og það er ekki verið að standa við það.

Það er fyrirsjáanlegt, hæstv. forseti, að matvælaverð muni hækka í framhaldinu, lán heimilanna muni hækka vegna þess að verðbólgan mun verða enn meiri en hún er í dag vegna þessarar ákvörðunar Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins.

[12:55]

Útbýting:

Tekjuskattur, 255. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 411.

Vextir og verðtrygging, 254. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 409.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:55]

[14:02]

Útbýting:

Endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 258. mál, stjfrv. (sjútv.- og landbrh.), þskj. 418.

Fjárhagsleg fyrirgreiðsla úr ríkissjóði til málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum, 248. mál, nál. allshn., þskj. 415.

Tekjuskattur, 256. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 416.

Tekjuskattur, 257. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 417.

Virðisaukaskattur, vörugjald o.fl., 247. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 414.

[14:03]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Við ræðum hér ráðstafanir í ríkisfjármálum, niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar upp á 45 milljarða kr. og hér liggja fyrir álit frá hinum ýmsu nefndum þingsins. Áður en gert var hádegishlé var ítrekað óskað eftir því að fulltrúar stjórnarflokkanna væru við þessa umræðu og sérstaklega þeir formenn nefnda sem þetta allt saman bitnar nú á og ekki síður ráðherrarnir sem málin heyra undir. Ég óska eftir því, frú forseti, að hér verði viðstaddir Birgir Ármannsson, formaður hv. allsherjarnefndar, Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður hv. heilbrigðisnefndar, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður hv. samgöngunefndar og Guðbjartur Hannesson, (Forseti hringir.) formaður félags- og tryggingamálanefndar, auk þeirra ráðherra sem kunna að vera í húsinu.

[14:04]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til að koma skilaboðunum áleiðis til þeirra sem hér hafa verið nefndir.

[14:04]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég fagna því að hæstv. forseti hefur gert ráðstafanir til þess að kalla hér til leiks þá hv. þingmenn og ráðherra sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir óskaði eftir að væru við þessa umræðu. Rétt fyrir matarhlé þegar hv. þm. Birkir Jón Jónsson var hér í umræðum og óskaði eftir því að bera fram fyrirspurnir til tiltekinna forsvarsmanna þingnefnda gekk mjög erfiðlega að fá þá hingað í salinn. Reyndar var hér hv. formaður efnahags- og skattanefndar, og varaformaður heilbrigðisnefndar, hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, kom hér einnig, en aðra má segja að hafi vantað í þessa umræðu. Þetta er mjög bagalegt fyrir þá sem vilja eiga orðastað við viðkomandi og fá svör við tilteknum atriðum en þetta er líka fullkomin vanvirðing við þingið. Hér erum við að ræða afskaplega stórt mál í þessu stóra, pólitíska efnahagslega samhengi, ráðstafanir í ríkisfjármálum, og það er eiginlega ekki boðlegt fyrir þingið sjálft og alls ekki fyrir forsetana að þessir (Forseti hringir.) einstaklingar skuli ekki láta sjá sig í þingsalnum.

[14:06]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég óska eindregið eftir því að hlé verði gert á þessum fundi þar til þeir sem málin heyra undir hér á hv. Alþingi koma til andsvara.

Það kom fram í umræðum í vikunni að hv. formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins virðist hafa vald til þess að skipa mönnum inn og út af mælendaskrá eftir því sem ríkisstjórnin ákveður hversu langar umræðurnar eiga að vera. Ég vek athygli á því að það er einungis einn hv. stjórnarþingmaður á mælendaskrá sem komið er og það er gjörsamlega óboðlegt að mínu viti að stjórnarþingmenn sendi Alþingi puttann með þessum hætti. Ég óska eftir því að fundinum verði frestað þar til menn eru komnir hér í salinn.

[14:06]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill biðja hv. þingmenn að gæta hófs í orðavali í ræðustól.

Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess að kalla til þá aðila sem hér eru en forseti mun ekki fresta fundi.

[14:07]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Við höfum gert athugasemdir við það að forsvarsmenn þeirra þingnefnda sem hafa fjallað um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og þeir ráðherrar sem þeir málaflokkar heyra undir skuli ekki vera við þessa umræðu.

Það er virðingarvert hjá hæstv. forseta að hafa gert ráðstafanir til að kanna með að þingmenn og ráðherrar væru við umræðuna, en það er ekki nægjanlegt að gera einhverjar ráðstafanir ef þær skila síðan engum árangri. Ég hlýt að gera þá kröfu eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir að forseti geri stutt hlé þar til kannað er hvort þessir hv. þingmenn og ráðherrar ætli sér yfirleitt að verða við þeim tilmælum sem hér hafa komið fram.

[14:08]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur farið fram á það að fá ákveðna aðila í salinn. Hæstv. forseti hefur gert ráðstafanir til að ná í þá og það eru u.þ.b. tvær mínútur síðan hún gerði það (**ÁI:** Það var reynt í morgun.) og eftir því sem mér skilst eru viðkomandi aðilar á leiðinni. Þess vegna sé ég enga ástæðu til að slíta fundi hérna (Gripið fram í.) eða fresta því að þeir eru væntanlegir í salinn alveg á næstu mínútum.

[14:09]

Jón Magnússon (Fl) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er þetta fyrst og fremst spurningin um það hvaða alúð þeir sem bera mesta ábyrgð á stjórn landsins vilja leggja við þingstörfin og það sem hér er um að ræða. Hér er um að ræða ákaflega mikilvægt stjórnarfrumvarp sem sett er fram og verið er að taka á dagskrá með afbrigðum og þá mundi maður ætla að helstu forustumenn nefnda og ríkisstjórnarinnar sæju sóma sinn í að vera við umræðuna, a.m.k. meginhluta hennar. Það er ekki eins og þessi umræða taki marga daga. Ég tek undir þá kröfu að þeir verði tiltækir þannig að þeir séu við umræðuna og geti þá gert athugasemdir ef þeir telja ástæðu til.

Þegar hv. þm. Álfheiður Ingadóttir byrjaði áðan að ræða þetta mál var enginn stuðningsmaður stjórnarinnar í þingsal (Forseti hringir.) svo dæmi sé tekið.

[14:10]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti mun ekki fresta fundi.

[14:10]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég fagna því að hér eru komnir til þingstarfa a.m.k. þrír hv. formenn þingnefnda ásamt tveimur ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Við erum að ræða stjórnarfrumvarp um niðurskurð upp á 45 milljarða kr., svokallaðan bandorm. Þegar við ræddum málið við 1. umr. var það um miðja nótt og þá voru hér hvorki til andsvara né til þátttöku í umræðum hæstv. heilbrigðisráðherra né hv. formaður heilbrigðisnefndar Ásta Möller. Ég gagnrýndi það harðlega og leyfi mér að gera það enn þá. Ég vænti þess þó að hv. varaformaður heilbrigðisnefndar láti sjá sig hér áður en ég þarf að ljúka máli mínu tímans vegna.

Það er meira í þessu en heilbrigðismálin, sem ég ætla þó að gera að meginatriði í máli mínu, og þar vil ég byrja á skerðingunni gagnvart bændum, skerðingu sem hér er lögð til á umsömdum greiðslum til bænda. Í upphaflega fjárlagafrumvarpinu var miðað við það í samræmi við búvörusamning um sauðfjárrækt, mjólkurframleiðslu og garðyrkjuafurðir að ríkið greiddi ríflega 10 milljarða kr. til bænda. Samkvæmt samningi átti það að vera verðtryggt, taka mánaðarlegum breytingum og fylgja vísitölu neysluverðs. Þarna var sem sagt um vísitölutryggða samninga að ræða.

Ríkisstjórnin hefur nú með þessu frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem er á þskj. 357 fundið sér leið til að setja þak á vísitöluhækkanir í þessum samningi. Við vitum hversu mikið er kallað eftir því úti í þjóðfélaginu að taka verðbólgukúfinn af fasteignaveðlánum núna þegar fasteignaverð er að lækka, verðbólgan æðir áfram og menn munu unnvörpum lenda í miklum vandræðum með heimili sín og íbúðarhúsnæði.

Því hefur verið svarað til að ekki væri hægt að gera þetta vegna þess að það stæðist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar sem er að finna í 72. gr. og það sé ekki heimilt vegna þessa ákvæðis að grípa inn í samninga með þessum hætti. Ríkisstjórnin hefur hér fundið leið til að fara inn í samninga sem eru bundnir nákvæmlega sömu skilyrðum og kröfum gagnvart 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Í greinargerð með frumvarpinu segir um 2. gr., sem fjallar um þessa 800 millj. kr. skerðingu á umsömdum vísitölutryggðum greiðslum til bænda, að ekki verði talið að þessi breyting stríði gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar vegna þess sem þar segir, að skerðingin sé almenns eðlis, að hún sé bundin við takmarkaðan tíma og í þriðja lagi sé hún liður í viðamiklum aðhaldsráðstöfunum sem ríkinu er nauðugt að ráðast í vegna þeirra miklu efnahagsáfalla sem yfir þjóðina hafa dunið.

Ég vakti máls á því við 1. umr. þessa máls að bændur, sem þarna á að fara að skerða launin hjá, samningsbundin, vísitölutryggð laun, hafa auðvitað sínar fjárhagsskuldbindingar eins og aðrir og eru væntanlega flestir, ef ekki allir, með þung fasteignaveðlán sem munu taka breytingum í samræmi við vísitöluna á næsta ári. Það sem hér er lagt upp með er að laun þeirra verði skert á þann hátt að það verði miðað við 5,7% hámarkshækkun vísitölubóta á næsta ári en það er sú spá sem miðað var við þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram 1. október sl. Nú segja nýjustu spár frá Seðlabankanum að verðbólgan verði 14,2% þannig að skerðingin nemur þeim mun sem þarna er á milli.

Þarna hefur því myndast hjá bændum sérstakur nýr misgengishópur og þá er ég að vísa til Sigtúnshópsins frá 1983 þar sem vísitalan var að vísu algerlega tekin úr sambandi hvað launin varðaði — hér er verið að tala um að taka hana úr sambandi niður að 5,7 prósentustigum, það sé hámarkshækkun á árinu 2009 — og þess sem skuldbindingarnar, fasteignaveðlánin, munu hækka um á íbúðarhúsnæðinu sem er væntanlega einhvers staðar í kringum 14,2% ef það rætist sem Seðlabankinn leggur nú fram.

Mig langar í fyrsta lagi til að spyrja hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og hv. formann sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar hvaða áhrif þetta fyrirséða misgengi kunni að hafa á afkomu bænda á næsta ári. Í öðru lagi langar mig til að spyrja þennan hv. þingmann og þennan hæstv. ráðherra hvort þau telji ekki eðlilegt að skerða fasteignaveðlánin, verðbótaþáttinn í fasteignaveðlánunum, með sama hætti þannig að það verði jafnræði en ekki misgengi þarna á milli.

Til þess að ég fari nú enn lengra með spurninguna, virðulegi forseti, spyr ég þessa hv. þingmenn hvort þeir telji ekki að þarna hafi ríkisstjórnin fundið leið sem menn hafa kallað eftir úti í samfélaginu, m.a. á þúsund manna fundum á Austurvelli og í Háskólabíói og víðar, til að hægt sé að skera verðbólgukúfinn af verðtryggðum vísitölufasteignaveðlánum með þeim sama hætti og ríkisstjórnin er hér að gera í 2. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta, frú forseti, var það sem ég vildi segja um landbúnaðarmálin.

Ég hyggst hins vegar fjalla það sem eftir lifir ræðutíma míns hér um þá ósvinnu, sem ég vil kalla, að ætla sér að fara að selja inn á sjúkrahúsin hér á næsta ári. Það var svolítið skondið að sitja í hv. heilbrigðisnefnd, það var líklega í gærkvöldi, og fara yfir þessi mál með fulltrúum heilbrigðisráðuneytis vegna þess að í frumvarpi ríkisstjórnar og greinargerð með því kemur skýrt fram að meiningin sé að taka upp sérstakt innritunargjald vegna innlagnar á sjúkrahús með ákveðnum undantekningum og afslætti fyrir tiltekna hópa.

Síðan segir, með leyfi forseta, í greinargerð með frumvarpinu, um X. kafla þess:

„Sértekjur heilbrigðisstofnana af gjaldinu [þ.e. vegna innlagnar á sjúkrahús] eru áætlaðar um 360 millj. kr. á næsta ári.“

Nú sakna ég þess, frú forseti, að hér er enginn forsvarsmaður ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum, ekki frekar en þegar þetta mál var rætt hér fyrsta sinni. Hér er verið að tala um 6,9 milljarða kr. niðurskurð í heilbrigðisþjónustu landsmanna. Hluta af því á að taka með nýjum sjúklingasköttum upp á 1.100 millj. kr. Aðgangseyrir inn á sjúkrahúsin á að vera 360 millj. kr. af því. Hitt eru tvenns konar hækkanir á gjöldum sjúklinga fyrir lyf. Og enn er enginn talsmaður, forsvarsmaður ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum sem treystir sér til að koma í þessa umræðu. Ég átel það, frú forseti. og ég áskil mér rétt til þess að kalla eftir því áfram við þessa umræðu að menn svari fyrir þær gjörðir sem hér eru.

Í áliti meiri hluta hv. heilbrigðisnefndar er því mótmælt að hér sé brotið í blað, að hér sé um stefnubreytingu að ræða. Það hefði verið ánægjulegt að heyra rökstuðning fyrir því.

Það kom nefnilega fram á fundi hv. heilbrigðisnefndar að þær 360 millj. kr. sem þessi grein frumvarpsins fjallar um og segir bæði í greinargerð frá forsætisráðherra og í umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að eigi að taka fyrir innlagnir á sjúkrahús, þegar menn fóru að reikna þetta mun þeim hafa brugðið nokkuð í brún vegna þess að á landinu öllu munu vera eitthvað ríflega 32.000 innlagnir á ári. Það er rætt um að ekki eigi að taka gjald vegna fæðinga eða mæðraskoðunar, það geta verið 4.000–6.000 af þessum innlögnum. Síðan á að vera lægra innlagnargjald fyrir aldraða, öryrkja og börn. Það er alveg ljóst að ef taka ætti þessar 360 millj. kr. af innlagnargjaldinu einu sér mundi það kosta hvert mannsbarn langt yfir 10.000 kr. Því er það, sem lesa má í nefndarálitum bæði meiri og minni hluta hv. heilbrigðisnefndar, að fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins upplýstu að ætlunin væri alls ekki að afla 360 millj. kr. með innlagnargjöldum á sjúkrahúsin, nei, það ættu bara að vera svona u.þ.b. 4.000 kr. á innlögn, svipað og nú er með bráðadeildar- og slysadeildargjöld, þannig að það ættu ekki að vera nema 100–110 millj. kr. sem ættu að fást inn fyrir innlögn á sjúkrahús.

Það fengust engin svör við því, frú forseti, hvernig ætti að innheimta þetta gjald og hversu mikið mundi tapast af því, hver tilkostnaðurinn við innheimtuna væri. Það fengust heldur ekki sundurgreindar upplýsingar og hafa ekki komið enn þá frá heilbrigðisráðuneytinu um fjölda innlagna eftir sjúkrahúsum á landinu. Það er vitað hverjar þær eru á Landspítalanum, ríflega 27.000 á ári, en það vantaði allar upplýsingar um innlagnir á öðrum stöðum í heilbrigðisumdæmum landsins.

Í minnihlutaáliti okkar heilbrigðisnefndarmanna, Þuríðar Backman og Eyglóar Harðardóttur auk mín, kemur fram að engar upplýsingar komu fram um það hvaðan þessar 250 millj. kr. sem er þá viðbótarhækkun á öðrum komugjöldum, öðrum sértekjum í heilbrigðisþjónustu, ættu að koma. Nú óska ég eftir því, frú forseti, að hv. formaður efnahags- og skattanefndar sé við þessa umræðu. Fyrst talsmenn ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum treysta sér ekki til að vera hér er lágmark að hv. formaður efnahags- og skattanefndar sem hér mælti fyrir nefndarálitinu sé til staðar því að ég hef hugsað mér að spyrja hann tveggja spurninga. Ég óska eftir að ráðstafanir verði gerðar til að hann komi hér í salinn.

Við teljum gjörsamlega óásættanlegt að hæstv. heilbrigðisráðherra fái opinn tékka upp á 250 millj. kr. til að smyrja ofan á önnur innritunargjöld, komugjöld eða hvað það nú er sem þessi gjaldtaka öll er í heilbrigðisþjónustunni. Það hlýtur að hafa verið upplýst á fundum hv. efnahags- og skattanefndar hvernig þessar tekjur ættu að verða til.

Áður en ég skil við álit minni hluta heilbrigðisnefndar minni ég á það sem kom fram hjá fulltrúum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Öryrkjabandalagsins og Alþýðusambandsins, þessir þrír aðilar töldu allir víst að hér væri um eðlisbreytingu að ræða í heilbrigðisþjónustu okkar. Þeir vita að aldrei hefur verið tekið gjald fyrir það að liggja inni á sjúkrahúsi á Íslandi. Það hefur verið tryggt með stoð í 18. gr. laga um sjúkratryggingar sem voru samþykkt hér á Alþingi 16. september sl. Sléttum þremur mánuðum áður en þetta frumvarp kom fram um að breyta því segir, með leyfi forseta, í 18. gr. um sjúkrahúsþjónustu:

„Sjúkratryggingar taka til ókeypis vistar að ráði læknis í sjúkrahúsum sem rekin eru af ríkinu eða samkvæmt samningum skv. IV. kafla, þ.m.t. á fæðingarstofnunum, sbr. þó 23. gr. [sem fjallar um læknisþjónustu erlendis, þ.e. sjúkratryggingar standa ekki undir kostnaði beint við læknisþjónustu erlendis] eða ákvæði sérlaga.“

Þetta ákvæði hefur verið í lögum á Íslandi og hefur tryggt það að menn hafa ekki þurft að kíkja í budduna áður en þeir leggjast inn á sjúkrahús. Hvers vegna skyldi það vera að sjúkrahúslega hefur verið undanþegin gjöldum allan þann tíma frá því að hæstv. þáverandi heilbrigðisráðherra Alþýðuflokks, Sighvatur Björgvinsson, fann upp sjúklingaskattana 1991? Þeir hafa náttúrlega margfaldast síðan og nú greiða sjúklingar u.þ.b. 18% af öllum kostnaði við heilbrigðisþjónustuna beint úr buddunni. Hvers vegna skyldi það vera að það hefur verið ókeypis inn á sjúkrahúsin? Það er jú vegna þess að þar er dýrasta þjónustan veitt.

Þar þarf heilbrigðisþjónustan að vera tilbúin til að leggja í verulegan kostnað við lækningar og aðgerðir á mönnum eftir að þeir eru komnir inn. Það getur orðið þeim svo dýrt. Ef það á að vera úti á hinum frjálsa markaði eins og við þekkjum frá Bandaríkjunum hefur fólk einfaldlega ekki efni á því. Ég vil bara minna á að menn eru látnir borga ýmsar aðgerðir en innlögn á sjúkrahús hefur hingað til verið algerlega ókeypis.

Það er rangt sem hér var haldið fram við umræðuna — hér er hæstv. heilbrigðisráðherra kominn í salinn — það er rangt sem hæstv. heilbrigðisráðherra hélt hér fram í viku, og reyndar fleiri þingmenn, að það væri hægt að tala um samræmi á milli þess að greiða innlagnargjald á sjúkrahús og þess að greiða komugjald á bráðadeild og slysadeild. Því var haldið hér fram að menn greiddu 4.000 kr. komugjald á bráðadeildir og slysadeildir sjúkrahúsanna þegar þeir legðust inn. Svo er ekki, frú forseti, með því að í 2. lið 29. gr. um sjúkratryggingar segir að það sé heimilt að taka gjald, m.a. fyrir göngudeild, dagdeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða. Það er alveg ljóst að komi menn á sjúkrahús og séu lagðir inn, hvort heldur þeir fara í gegnum bráðadeild eða slysadeild, er óheimilt að taka af þeim gjald fyrir bráðaþjónustuna eða slysaþjónustuna samkvæmt þessu ákvæði. Það var staðfest á fundi heilbrigðisnefndar af hálfu fulltrúa Landspítalans sem þar sátu að þetta væri óheimilt og ekki praktíserað.

Nú eru bæði hæstv. heilbrigðisráðherra og hv. formaður efnahags- og skattanefndar gengnir í salinn og mig langar til að spyrja hv. formann efnahags- og skattanefndar hvaða upplýsingar nefndin hafi fengið um það hvernig fyrirhugað er að taka þær 250 millj. kr. sem út af standa ef innlagnargjald á spítalana á ekki að skila nema 110 millj. kr. en í frumvarpinu er talað um 360 millj. kr.

Á sama átt vil ég spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvernig hann hafi hugsað sér að útfæra þetta ákvæði sem er klárlega reiknað 360 millj. kr. í greinargerð og frumvarpinu.

Ég vil að lokum, frú forseti, segja að sjúklingar greiða nú um 20 milljarða kr. úr eigin vasa, sýnist mér, ríflega 18%. Hér er verið að tala um ríflega 2% aukningu að því er varðar læknisþjónustu en það er líka verið að tala um milli 700 og 800 millj. kr. hækkun sjúklingaskatta með hækkun á lyfjum í tveimur flokkum. Það er nöturlegt að hinn svokallaði jafnaðarmannaflokkur Íslands, Samfylkingin, skuli tala um að hér sé gætt jafnræðis með því að taka upp nýja sjúklingaskatta, búa til eitthvert nýtt gjald og selja inn á sjúkrastofnanirnar. Það er þeim flokki ekki samboðið.

[14:30]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spurði mig hvaða áhrif það hefði á afkomu bænda að taka þá ákvörðun að setja tiltekið þak á vísitölubætur á búvörusamningi. Það gefur augaleið hvert svarið er, auðvitað mun það hafa neikvæð áhrif á afkomu bænda.

Við verðum að hafa í huga að gripið er til þessara aðgerða við mjög sérstakar aðstæður sem þarf ekki að hafa mörg orð um. Það er gert með þeim hætti sem hér er lýst, með nákvæmlega sama hætti og verið er að gera á mörgum öðrum sviðum í fjárlagafrumvarpinu þar sem til að mynda er sett þak á bætur almannatrygginga og ýmissa annarra tilfærslna í fjárlagafrumvarpinu til að reyna að draga úr kostnaði við þessar sérstöku og erfiðu aðstæður sem við stöndum frammi fyrir.

Hv. þingmaður spurði hvort þetta væri þá ekki fyrirmyndin að því hvernig ætti að fara með vísitölubundin fasteignalán. Við skulum hugsa þessa hugsun til enda, ef þetta væri tillaga hv. þingmanns skulum við velta því fyrir okkur. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður sagði, þegar við tökum um það ákvörðun að skerða vísitöluhækkunina á búvörusamningunum og almannatryggingum og fleiri þáttum mun það auðvitað koma einhvers staðar niður, það er kostnaður sem kemur þá niður á notendunum í þessu tilviki. Nákvæmlega það sama ætti auðvitað við ef við tækjum þá ákvörðun, eins og hv. þingmaður var að velta fyrir sér, að skerða vísitöluhækkanir á lánum, þá standa t.d. á bak við þau lán innlán hjá almenningi sem eru vísitölubundin, sem yrði þá væntanlega að skerða sem hv. þingmaður væri þá örugglega að tala fyrir. Það væri líka um að ræða þá afleiðingu að skerða vísitölubætur á inneignum lífeyrissjóðanna sem kæmi þá fram í skertum möguleikum lífeyrissjóðanna til að greiða lífeyri í framtíðinni.

Það er ekkert ókeypis í þessum efnum og ef menn vilja hugsa þessa hugsun eins og hv. þingmaður er að gera verða menn að leyfa sér líka að hugsa hana til enda og þá velta fyrir sér hver borgar þann kostnað að lokum. Ég efast um að þetta væri skynsamleg leið enda hefur niðurstaðan verið sú (Forseti hringir.) að fara aðrar leiðir í því sambandi.

[14:33]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef ekki heyrt enn þá tillögur frá hæstv. ríkisstjórn um hvernig eigi að taka á verðbótakúfnum sem hellist yfir fasteignaeigendur á næsta ári. Það sem ég spurði hér um var ósköp einfalt: Er ekki rétt að í stað þess að búa til misgengi með þessum hætti, að miða við verðlag 5,7% á næsta ári í launum til bænda en 14,2% í húseignum eða skuldum þeirra, að jafna þetta og horfa bara til þess (Gripið fram í.) að á næsta ári séu 5,7% verðbætur hámark en það er sú spá sem upphaflegt fjárlagafrumvarp miðaði við og hæstv. ríkisstjórn hefur notað hér sem viðmiðun.

Hæstv. ráðherra spurði hvað yrði um þá sem hafa veitt lánin, lánveitendurna, hvort ætti ekki að skerða þeirra hlut? Jú, af sjálfu leiðir. Hugsunin er sem sagt sú, og það hafa menn úti í samfélaginu alls staðar tekið undir, að það sé ekkert endilega eðlilegt að fjármagnseigendur, hverju nafni sem nefnast — af því að hæstv. ráðherra nefndi lífeyrissjóðina — græði sérstaklega á því sem fer umfram þessi 5,7% eða einhverja aðra tölu. Við vonumst til þess að verðbólgan fari niður á næsta ári og þetta er spurning um þennan kúf sem mun leggjast á verðbætur og á húsnæðislán almennings í landinu og hanga þar næstu áratugi.

Það er þess vegna mjög ánægjulegt, frú forseti, að ríkisstjórnin hefur hér fundið leið sem ekki er talin brjóta í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar.

[14:35]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það fólk sem hv. þingmaður kallar fjármagnseigendur er líka kallað sparifjáreigendur, það er almenningur í landinu, það er unga fólkið, það er gamla fólkið, það er allt það fólk sem hefur lagt til hliðar fjármuni og auðvitað staðið undir þeim útlánum sem bankakerfið hefur veitt bæði atvinnulífinu og heimilunum. Nákvæmlega sama á við um lífeyrissjóðina sem eru þá væntanlega fjármagnseigendurnir í landinu.

Það er alveg ljóst mál að í þeirri verðbólgu sem við höfum núna leiddu 5,7% verðbætur til þess að innlánin mundu skerðast og hefðu þess vegna áhrif á bæði útlánagetu bankanna og um leið möguleika lífeyrissjóðanna til að standa við skuldbindingar sínar.

Gott og vel, ef það er niðurstaða hv. þingmanns að þá verði það að vera svo er það sjónarmið sem hún hefur sett fram. Mér fannst raunar koma ágætlega fram í þessu andsvari áðan sá vilji hennar að það verði gert með þeim hætti að vísitölubinding yrði miðuð við 5,7%. Þá verða menn að horfast í augu við það hvaða áhrif það hefur t.d. á möguleika lífeyrissjóðanna til að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni gagnvart því fólki sem hefur reitt sig á afkomu af lífeyrissjóðunum.

Ég undirstrika að það sem verið er að gera varðandi búvörusamningana er verið að gera með sama hætti í öðrum tilfærslum og greiðslum af sams konar eða svipuðum toga, eins og t.d. í almannatryggingunum, þar er farið með þetta með sama hætti. Það er ekki verið að ráðast á sjálfan grundvöll búvörusamninganna, alls ekki. Hér er verið að setja þak á þær greiðslur eða hækkun á þessum greiðslum sem verður á milli ára og það er gert ráð fyrir því að þær tölur sem stóðu í fjárlagafrumvarpinu þegar það var lagt fram í byrjun október sl. muni standa.

Auðvitað er það (Gripið fram í.) þannig að skerðingin gagnvart bændunum mun síðan ráðast af því hver verðbólguþróunin verður. Það er stóra málið og verkefni okkar núna, þ.e. að reyna að ná niður verðbólgunni þannig að þessi áhrif verði sem minnst. Út á það gengur sú efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar sem hefur verið kynnt og hluti af þeirri efnahagsáætlun er að sýna aðhald í ríkisbúskapnum.

Ég tók eftir því að þegar vinstri grænir gerðu grein fyrir atkvæðum sínum við 2. umr. fjárlaga (Forseti hringir.) samþykktu þeir eina niðurskurðartillögu upp á 12 millj. kr. upp í 200 milljarða halla.

[14:37]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það tjóir ekki fyrir ráðherrann að benda á aðra og segja að þeir eigi að koma með tillögur. Fyrst skal hæstv. ráðherra og ríkisstjórn koma hér með forsendurnar upp á borðið og þá vísa ég til yfirlýsinga Alþýðusambands Íslands þar um. Það þýðir ekkert að kalla eftir tillögum frá öðrum meðan menn eru með allt lok, lok og læs og taka bara (**Sjútv.- og landbrh.:** Tillögurnar eru í fjárlagafrumvarpinu.) beint við fyrirskipunum. Já, þær koma frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þær eru í fjárlagafrumvarpinu.

Frú forseti. Ég lýsti ánægju með það að ríkisstjórnin hefði fundið hér leið til að skera verðbótakúfinn af sem menn vita að muni verða á næsta ári og fundið leið sem ekki stríðir gegn eignarréttarákvæðum 72. gr. stjórnarskrár. Ég tel eins og ráðherrann mjög mikilvægt að verðbólgan náist niður. Það tjóir ekki að horfa bara til útlánagetu bankanna eða þess hvað þeir sem eiga fjármagnið í bönkunum, sparifjáreigendur og lífeyrissjóðir, eiga að fá fyrir útlán fjárins heldur þarf líka að horfa til greiðslugetu almennings og það þarf að horfa til greiðslugetu húseigenda sem fá þennan verðbólgukúf beint í andlitið, samkvæmt því sem Seðlabankinn nú telur 14,2% að meðaltali á næsta ári.

Ríkisstjórnin hefur fundið leið til þess að gera þetta með öðrum hætti og við teljum að þarna sé góð leið sem við munum grípa og höfum reyndar gripið. Það er ekki verið að ráðast á grundvöll fasteignaveðlána fremur en á grundvöll búvörusamninga eins og hæstv. ráðherra sagði. Ég er alveg sannfærð um að þessi hugmynd og þessi tillaga á eftir að sýna sig að vera góð og gild.

[14:39]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í fyrsta lagi varðandi framlag til bænda, það hækkar um 5,7% þegar laun allra launþega hafa eiginlega staðið í stað þannig að þeir fá þá a.m.k. einhverja hækkun (Gripið fram í.) á meðan (**JBjarn:** Hver tekur á sig verðbætur og verðbólguna?) aðrir fá ekki neitt, og aðrir þurfa að sætta sig — (Gripið fram í.) Frú forseti, gæti ég fengið að hafa orðið? Þegar aðrir þurfa að sætta sig við launalækkun, atvinnuleysi og annað slíkt fá þeir 5,7%, það þarf að geta um það.

Hv. þingmaður spurði um þá sem greiða fyrir innlögn á spítala. Þeir sem fara til sérfræðings, þeir sem fara í rannsóknir, þeir sem fara í myndatöku o.s.frv. greiða fyrir það en ef þeir leggjast inn greiða þeir allt í einu ekki neitt. Þeir sem eru svo „heppnir“ að fá meiri þjónustu við það að leggjast inn greiða ekki neitt, en þeir sem fá minni þjónustu með því að fara í ferliverk og annað slíkt, sem er nákvæmlega sama læknisaðgerðin, verða að borga. Þetta finnst mér ekki réttlátt, frú forseti, og ég skil ekki í hv. þingmanni sem telur sig vera réttláta að vilja svoleiðis kerfi.

Svo sagði hv. þingmaður að einhverjir fjármagnseigendur græddu á verðbólgunni. Það vill svo til að stærstu fjármagnseigendur á landinu eru lífeyrissjóðirnir og það er bein tenging á milli verðtryggingar lífeyris og verðtryggingar útlána lífeyrissjóðanna. Ef menn ætla að skerða verðtryggingu útlána lífeyrissjóðanna, eins og mér skilst að einhver ályktun frá Vinstri grænum gangi út á, eru þeir um leið að segja að það eigi að hætta eða skerða verðtryggingu á lífeyri almennra sjóðsfélaga hjá hinum almennu lífeyrissjóðum, ekki hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, nei, nei, ekki hjá lífeyrissjóði þingmanna, nei. Hjá hinum almenna verkamanni sem er í almennum lífeyrissjóði ætla Vinstri grænir að skerða lífeyri, beint ofan í þau áföll sem hann hefur orðið fyrir vegna hruns bankanna.

[14:41]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það væri ánægjulegt að eiga hér orðastað við

hv. formann efnahags- og skattanefndar um lífeyrissjóðina, ávöxtun þeirra, fjárfestingarstefnu og um þau töp sem lífeyrissjóðirnir nú standa frammi fyrir vegna hruns bankanna og vegna þátttöku lífeyrissjóðanna í þeim hrunadansi í kringum gullkálfinn sem hefur viðgengist á fjármálamarkaði á undanförnum árum og hv. þingmanni er vel kunnur.

Hins vegar spurði ég beinna spurninga. Ég spurði hvað hefði komið fram á fundi hv. efnahags- og skattanefndar um það hvernig ætti að ná þeim 360 millj. kr. af sjúklingum sem í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er sagt að eigi að ná af innlagnagjaldi. Mig langar til að minna á það líka að ég nefndi að þessar 360 millj. kr. eru einungis hluti af þeim nýju sjúklingasköttum sem kynntir eru hér til sögunnar, það eru samtals um 1.100 millj. kr. vegna þess að það á líka að hækka lyfjakostnað. Ég spyr hv. þingmann sem veitir forustu nefnd á vegum stjórnarflokkanna hvernig eigi að ná betra jafnræði í þessum efnum. Mig langar til að spyrja hann hvað hann telji eiginlega eðlilegt að sjúklingar standi undir miklum kostnaði beint úr buddunni af rekstri heilbrigðiskerfisins til að tryggja að fjárhagur ráði því ekki hvort menn fái bót meina sinna.

Að lokum, frú forseti — ég á hér hálfa mínútu eftir — ég vek athygli á því að það er ekki val fólks að leggjast inn á sjúkrahús, langt í frá. Menn geta átt val um það að fara í ferliverk eða til sérfræðings eða hvað það nú heitir, en þegar læknir fyrirskipar að maður skuli leggjast inn á sjúkrahús er það vegna þess að það krefst rúmlegu, það er bara ekkert öðruvísi. Það er alger eðlismunur á sjúkrahúsinnlögn og öðrum læknisverkum.

[14:43]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var eðlismunur. Ný tækni í uppskurðum og öðru slíku gerir það að verkum að það er hægt að afgreiða mjög mikið af læknisverkum með svokölluðum ferliverkum. Menn koma á spítalann og fara svo heim að því loknu og taka ekki neitt rúm á sjúkrahúsi, en þeir eru látnir borga. Hinir sem fá meiri þjónustu og leggjast inn og fá mat og allt slíkt og húsnæði borga ekki neitt. Þetta hef ég aldrei skilið, frú forseti, aldrei nokkurn tímann.

Varðandi greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu er hún afskaplega flókin í dag og því miður borga margir umtalsverðar fjárhæðir og því miður þeir sem eru veikastir og þeir sem þurfa kannski mest á tryggingu að halda. Þeirri nefnd sem ég stýri, sem tafðist reyndar sennilega um tvo mánuði, er ætlað að líta á allt heilbrigðiskerfið frá sjónarhorni sjúklingsins og passa að enginn greiði umfram ákveðið hámark á ákveðnum tíma. Það er hlutverk þeirrar nefndar að gæta þess að þeir sem eru mikið veikir — oft eru það öryrkjar og fatlaðir — borgi ekki mikið. Þetta er markmiðið og því verður vonandi náð í mars, apríl.

Greiðsluþátttaka almennings á Íslandi er lægri en víðast hvar annars staðar, líka á Norðurlöndunum. Hún er 17% að meðaltali yfir allt kerfið og fer lækkandi vegna þess að kostnaðurinn vex. Það er markmiðið í þessari nefnd að viðhalda þeirri kostnaðarþátttöku, breyta henni ekki, en dreifa kostnaðinum réttlátar þannig að þeir sem eru sjaldan veikir og lenda lítið í kostnaði borgi meira en að þeir sem eru lengi veikir og mikið veikir og stöðugt veikir, jafnvel alla ævina, borgi minna.

[14:45]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vænti þess að hv. formaður efnahags- og skattanefndar komi aftur upp og svari þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann um hvernig fyrirhugað er að taka þessar 360 milljónir sem við ræðum hér og er að finna í X. kafla frumvarps ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í efnahagsmálum vegna þess að mjög misvísandi upplýsingar hafa komið fram um það.

Vegna þess að hv. þingmaður nefndi áðan að menn legðust inn á sjúkrahús og fengju þar jafnvel eitthvað að éta — (Gripið fram í.) afsakið, frú forseti og hv. þingmaður, að menn legðust þar inn og fengju jafnvel mat að borða — þá hefur því verið fleygt að jafnvel stæði til að taka upp fæðisgjald á sjúkrahúsunum. (**PHB :** Það er gert í Svíþjóð.) Þá langar mig til að undirstrika hér — og gott er að hv. þm. Pétur Blöndal kallaði fram í að það sé gert í Svíþjóð. Já, hægri menn í Svíþjóð og í Stokkhólmi hafa einmitt tekið þetta upp. Hér er Samfylkingin á hlaupum á eftir Sjálfstæðisflokknum í átt hægri manna í Svíþjóð, sem sker sig orðið algerlega úr hvað varðar heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum. Rétt er sem segir í greinargerð með frumvarpinu að sérstakt daggjald er á innlögn á sjúkrahúsum í Svíþjóð. Það er líka innritunargjald í Finnlandi sem rekja má til kreppunnar.

En af hverju nefnir enginn hin löndin? Ísland, Danmörku og Noreg? (Gripið fram í.) Vegna þess að þar er innlögn og dvöl á sjúkrahúsum ókeypis og þannig viljum við hafa það áfram.

[14:48]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hætta mér út í umræðuna sem hér var um sjúkrastofnanir en af því að aðeins var minnst á Svíþjóð og hægri menn í Svíþjóð — svona til að leiðrétta misskilning — þá er himinn og haf á milli hugmyndafræði Moderata samlingspartiet, sem er forustuflokkur í stjórnmálum í ríkisstjórn Svíþjóðar, og Sjálfstæðisflokksins. Vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn er hugmyndafræðilega lentur uppi á eyðiskeri eftir langa stjórnarsetu án þess að hafa í raun á nokkrum tíma markað nokkra stefnu aðra en þá að stjórna frá degi til dags sem hefur þær afleiðingar að nú fjöllum við um (Gripið fram í.) þetta kákfrumvarp sem heitir því stóra nafni: Ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Ég vil þó ekki skilja alveg við umræðurnar um sjúkrahúsmálin án þess að gera grein fyrir lífsreynslusögu um eina tilvikið sem ég hef persónulega þurft að hafa afskipti af sjúkrahúsum ríkisins. Á árum áður gegndi ég formennsku í mjög merkum samtökum, Samtökum ungra sjálfstæðismanna. Á tíma formannsins sem var á undan mér hafði verið samþykkt tillaga um það að miðaldra karlar sem hefðu nóg fyrir sig að leggja — eða konur — greiddu fyrir mat sinn þegar þau legðust inn á sjúkrastofnanir. Var það út af fyrir sig kannski eðlilegt til að vera ekki með óeðlilegar millifærslur í þjóðfélaginu.

Í eina skiptið sem ég þurfti að hafa afskipti af sjúkrastofnun vegna minni háttar aðgerðar fór þar með mér í svipaða aðgerð maður sem hafði verið mér samferða í röðum ungra sjálfstæðismanna og staðið að stefnumótuninni sem ég nefndi áðan. Aðgerðin tók u.þ.b. tíu mínútur fyrir hvorn okkar og við vildum fá að fara, en okkur var meinað það og sagt að við fengjum ekki að fara fyrr en við hefðum borðað. Ég sagði við þennan ágæta mann sem með mér var: Svona háttar nú til í lífinu og svona geta örlög manna orðið að við sem börðumst fyrir því að karlar eins og við ættum að borga fyrir matinn okkar neyðumst nú til þess að hanga fram yfir mat og fáum ekki útskrift fyrr en við höfum notið þeirrar þjónustu ríkisins ókeypis sem við vildum endilega fá að borga fyrir og getum ekki sleppt henni því að annars verðum við ekki útskrifaðir og verðum hér ævilangt.

Í því kerfi sem við búum við er það iðulega svo að menn eru komnir í ákveðið ferli og viðmiðanir, sem er ekkert endilega nauðsynlegt að viðhalda. Ég hygg að ef farið hefði verið með eðlilegum hætti í hlutina þegar ljóst var að skera yrði verulega niður og höfð ákveðin fyrirhyggja hefði verið skoðað með hvaða hætti hægt væri að grípa til ráðstafana varðandi sjúkrastofnanir, ýmislegt í menntakerfinu og víðar. Þannig að þjónustan væri ekki skert heldur að hlutirnir væru ódýrari og látið væri af víðtækum millifærslum sem kosta gríðarlega mikla peninga en þýða ekki endilega aukna þjónustu. Það hafa skynsamir menn á Norðurlöndum, eins og í Moderata samlingspartiet í Svíþjóð, leitast eftir að gera en Sjálfstæðisflokkurinn hefur aftur á móti ekki fylgt þeim flokkum eftir hugmyndafræðilega eða skoðað nauðsynlegar aðgerðir fyrir fram en reynir nú að vinda sér í þær eftir á, því miður.

Kannski er skýrasta dæmið um hvað er hér á ferðinni, í þessu lélega frumvarpi með stóra nafnið, það sem vísað er til í bréfi prófessors í hagfræði við Háskóla Íslands, Þórólfs Matthíassonar, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að starfsfólk fjármálaráðuneytis hafi lagt fram mikið vinnuframlag við að breyta frumvarpinu verður ekki hjá því komist að fum og fálm séu fyrstu orðin sem koma í hugann þegar breytingartillögunum er flett.“

Fum og fálm. Ekki er um skýra stefnumörkun að ræða heldur fum og fálm. Verið er að finna einhverjar minni háttar matarholur, skera niður eitthvað óverulegt sem getur þó haft þýðingu fyrir þá sem fyrir því verða, hækka skatta, en ekki verið að leita eftir neinni kerfisbreytingu sem í raun skiptir máli til framtíðarhagsbóta fyrir fólkið í landinu. Það er gallinn. En það einkennir í raun allt vinnulag ríkisstjórnarinnar sem hér situr og við höfum þurft að horfa upp á að skortir alla framtíðarsýn. Öll markmið skortir um hvernig við eigum að komast út úr og fram hjá þeim boðaföllum og ólgusjó sem við erum nú í. Það er svo alvarlegt að við stöndum hér og erum vanmáttug til að taka stjórnina og koma hlutunum í eðlilegan farveg vegna þess að ríkisstjórnin situr sem fastast gjörsamlega eða nánast úrræðalaus.

Varðandi einstök atriði í frumvarpinu kemur fyrst til 1. gr. frumvarpsins þar sem talað er um að gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða eða skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands skuli vera 855 kr. á mánuði árið 2009 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri.

Um það atriði skiluðum við, ég, Siv Friðleifsdóttir og Atli Gíslason, minnihlutaáliti allsherjarnefndar sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er framlag til kirkjunnar skert um 300 millj. kr. og framlagið tekið frá kirkjunni og látið renna til ríkissjóðs í staðinn.“

Ég tek fram að það var undirstrikað af þeim gestum sem komu frá þjóðkirkjunni að afleiðingin yrði sú að þjónusta sóknanna yrði skert á meðan þjónustuþörfin ykist vegna hrunsins sem hefur orðið og þeirrar óáranar sem er í íslenskum efnahagsmálum í dag, atvinnumissis og erfiðleika einstaklinga í sambandi við eigin fjármál og ýmis áföll sem því tengjast.

Þeir hagsmunaaðilar sem komu fyrir nefndina til að fjalla um þetta töluðu um að segja þyrfti upp starfsmönnum sókna, sem þýðir að starfsmönnum fækkar, og fresta viðhaldi og þetta kæmi líka í veg fyrir ýmsar nýframkvæmdir.

Þá kom líka fram að u.þ.b. 67% eða tvær af hverjum þremur kirkjum eru friðaðar, sem gerir það að verkum að viðhald þeirra verður kostnaðarsamara en ella og ætti hv. þm. Árni Johnsen, sá virti og duglegi kirkjusmiður, að gera sér grein fyrir því hvaða þýðingu það hefur þegar kirkjur eru friðaðar.

Okkur sýnist að afleiðing frumvarpsins, ef kemur til þessarar þjónustuskerðingar sókna, verði að dregið verði úr mannaflsfreku viðhaldi sem mun þá enn leiða til þess að fleiri missa vinnu en annars væri. Þess vegna leggjumst við eindregið gegn því að breytingin nái fram að ganga.

Ég tel það skipta miklu máli eins og nú háttar til að í engu verði það framlag skert sem á lögum samkvæmt að renna til þjóðkirkjunnar. Ég tel mjög mikilvægt að þjóðkirkjan geti sinnt því mikilvæga starfi sem hún vinnur, ekki síst við þær aðstæður sem um er að ræða. Oft gleymist þegar rætt er um kirkju, trú og starfsemi kirkjunnar hversu mikilvægt starf er unnið af kirkjunni og kirkjunnar mönnum einmitt þegar mestu skiptir, á tímum sorgar og erfiðleika. Einmitt við þær aðstæður eiga stjórnvöld ekki að láta sér til hugar koma að framkvæma skerðingu eins og þá sem hér er lögð til. Ég mun því greiða atkvæði gegn 1. gr., ég mun ekki ljá því atkvæði mitt að framlög til þjóðkirkjunnar verði skert og ég tel hreinlega mjög rangt að fara þannig að.

Þá finnst mér mjög varhugavert í því árferði sem við búum við núna að ætla að hækka álögur á fólkið í landinu og færa opinberar álögur auk lífeyrissjóðsgjalda, þ.e. skyldugreiðslna fólksins í landinu, upp í um 50%. Að af hverjum 100 kr. sem hver einstaklingur vinnur sér inn verði 50 krónur teknar til hins opinbera eða þvingaðs sparnaðar. Það er einfaldlega allt of mikið og ekki ásættanlegt að þannig sé staðið að hlutunum.

Það sem hér er um ræðir og er vandamálið er að við stöndum með þetta frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna þess að ríkisstjórnin tók ekki á vandanum strax í haust, í raun hefði hún þurft að taka á honum í vor þegar vissir váboðar voru tvímælalaust fyrir hendi og ljóst mátti vera hvert stefndi. Þá þurfti að taka á og skoða hvaða kerfisbreytingar þyrfti að gera í ríkisfjármálum þannig að hægt væri að afgreiða hallalaus fjárlög. Sú vinna hefði nýst þó að meira hefði vissulega þurft til að koma eftir að bankahrunið varð, það er alveg ljóst. Ég lít á það sem skipbrot í stefnu ríkisstjórnar þegar hún getur ekki afgreitt hallalaus fjárlög

og tekur þá afstöðu að gefast upp fyrir því meginverkefni að við höldum útgjöldum innan þeirra marka sem tekjurnar bjóða upp á.

Ég er ósammála því sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni hér fyrr í umræðunni að afsakanlegt sé við þær aðstæður sem við búum við í dag að reka ríkissjóð með glórulausum halla. Hann notaði að vísu ekki orðalagið „með glórulausum halla“ en miðað við þær hugmyndir og tillögur sem komið hafa fram hjá vinstri grænum í umræðum um efnahagsmál, fjárlög og þetta, virðast þeir hafa þá meginstefnu að vilja auka útgjöldin sem mest og draga saman tekjur ríkissjóðs sem mest. Engar sparnaðartillögur sem máli skipta hafa komið fram af þeirra hálfu og það er að mínu viti ekki ásættanlegur málflutningur.

Ég hefði talið nauðsynlegt að fara í mun meiri niðurskurð en nú er. Einnig hefði komið til greina við þessar aðstæður að breyta skattkerfinu með því að þrepaskipta því meira en er þannig að við tækjum upp sérstakan hátekjuskatt. Að við færum við þessar aðstæður þess vegna í þrjú skattþrep, sem gæti verið afsakanlegt að gera, alla vega með tilliti til ástandsins sem nú er um að ræða, þannig að persónuafsláttur eða skattleysismörk væru komin upp í ákveðna upphæð, sem mundi tryggja að fólk gæti notið eðlilegs lífs. Síðan væri ákveðin viðmiðun sem hækkaði hugsanlega þegar laun fólks væru komin yfir 500 þús. kr. eða 600 þús. kr. og síðan kæmi annað og enn þá hærra skattstig þegar öðru launastigi væri náð, sem við getum flokkað undir það að vera hátekjuskattur.

Ábyrg fjármálastjórn felst í því að vera ekki með útgjöld umfram tekjur. Fyrir okkur í dag er ástandið svo grafalvarlegt að við höfum takmarkaða möguleika til þess að velta ríkissjóðshalla í burtu frá okkur. Hvernig ætlum við að fjármagna ríkissjóðshalla? Það er spurningin. Ætlum við að gera það með því að taka gríðarleg lán innan lands, skuldabréfaútboð á vegum ríkisins? Hverjir munu kaupa þau skuldabréf? Hugsanlega verða einhverjir til þess. Eða ætlum við að leita eftir erlendum lánum til að fjármagna þennan ríkissjóðshalla? Hvar ætlum við að fá þau erlendu lán þegar fyrir liggur að erfitt er að fá þau neyðarlán sem nauðsynleg eru til að við getum stýrt út úr þeim brimskafli sem við erum í eftir efnahagshrunið sem varð í þjóðfélaginu og staðið við fjölþjóðlegar skuldbindingar okkar samkvæmt ákvörðun Alþingis og ríkisstjórnar? Sú staðreynd blasir við okkur og við þær aðstæður er ábyrgðarlaust að tala um að við eigum að reka ríkissjóð með glórulausum halla eins og ríkisstjórnin stendur fyrir að gert verði á næsta fjárhagsári eða um 100 milljarða kr. halla. Það er gjörsamlega óásættanlegt og ábyrgðarlaust að standa þannig að.

Ég get ekki með nokkru móti stutt eða stuðlað að því að fjárlög verði afgreidd hér sem bjóða upp á slíkan ríkissjóðshalla. Ég sé ekki annað en að bæði fjárlaganefnd og ríkisstjórn hafi gefist upp á því mikilvæga hlutverki sínu að afgreiða eðlileg fjárlög. Hvað er ég að tala um með eðlileg fjárlög? Í eðlilegum fjárlögum miða menn við að þjóðfélagið geti haldið áfram að starfa með eðlilegum hætti, tekjur og útgjöld standist á og kostnaði, skuldum, skuldbindingum og eyðslu í nútíðinni sé ekki velt yfir á framtíðina. Þetta er eitt mikilvægasta hlutverk stjórnvalda hverju sinni. Að standa ekki þannig að málum er uppgjöf fyrir nútímanum og ég er ekki tilbúinn til að standa að því. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að þegar við erum komin hingað og ríkisstjórnin hefur misnotað þann tíma sem til hefur verið til að gera þær kerfisbreytingar og lagfæringar sem nauðsynlegt hefði verið að gera er svigrúmið orðið lítið.

Þá standa menn frammi fyrir því sem Þórólfur Matthíasson prófessor orðaði með svo einföldum og snilldarlegum hætti í bréfi sem hann sendi þingmönnum og sem ég leyfi mér að vísa aftur í, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að starfsfólk fjármálaráðuneytis hafi lagt fram mikið vinnuframlag við að breyta frumvarpinu verður ekki hjá því komist að fum og fálm séu fyrstu orðin sem koma í hugann þegar breytingartillögunum er flett.“

Mönnum datt ekki í hug að skera niður kostnað vegna aðstoðarmanna þingmanna. Nei, frekar á að ráðast á gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða. Mönnum datt ekki í hug að leggja niður sendiráðið í Suður-Afríku. Nei, frekar á að taka upp komugjöld á sjúkrahús. Ekki er verið að tala um að gera víðtæka skoðun til lagfæringar og lækkunar ríkisútgjalda og fara inn í allan þann millifærslufrumskóg sem búið er að koma upp, sem þegar upp er staðið þjónar fyrst og fremst þeim sem hafa miðlungs eða betri kjör en ekki láglaunafólkinu í landinu.

Grundvallaratriðið er alltaf og það sem við verðum að miða við er að tryggja lágmarksvelferð í landinu, en það sem umfram er hlýtur allt að vera til skoðunar. Við erum sem betur fer í það ríku þjóðfélagi að við getum staðið undir því að hafa hér gott velferðarkerfi og við eigum ekki að gefa afslátt á því. Við eigum hins vegar að skera af hluti sem hægt er að komast af án þegar svo árar eins og nú er, vegna þess að undir engum kringumstæðum eigum við velta byrðunum yfir á framtíðina, við eigum ekki að sýna óráðsíu eða koma þannig fram gagnvart framtíðinni að velta skuldunum og skuldbindingunum yfir á hana. Það finnst mér ekki ásættanlegt og mér finnst það miður og ég lýsi vantrausti á hverja þá ríkisstjórn sem þannig stendur að málum.

[15:07]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst hv. þm. Jón Magnússon vera úti á þekju þegar hann gagnrýndi Vinstri hreyfinguna – grænt framboð sérstaklega fyrir óábyrgan málflutning í sambandi við ríkisfjármálin og efnahagsmálin og sagði að hér væru miklar tillögur upp á útgjöld og engar tillögur um sparnað eða tekjur. Ég segi þingmanninn úti á þekju þegar hann heldur þessu fram.

Síðan kemur hann og telur upp alls konar hluti, t.d. þrepaskiptan tekjuskatt, sem hefur verið baráttumál og þingmál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um langt skeið. Veit þingmaðurinn það ekki, er honum það ekki ljóst? Af hverju segir hann þá eitthvað allt annað?

Ríkisstjórnin leggur hér fram og segir að hallinn á fjárlögum nú verði 160–170 milljarðar í staðinn fyrir kannski 200 eða 220 sem hann hefði stefnt í. Hlaupið í málflutningi ríkisstjórnarinnar sjálfrar eru 10 milljarðar og ég fullyrði að þær tillögur sem við höfum verið með, annars vegar varðandi útgjöld og hins vegar varðandi tekjur, eru innan þeirra skekkjumarka sem ríkisstjórnin setur sér sjálf. Ég hlýt að

spyrja hv. þingmann þegar hann kallar þetta óábyrgan málflutning og kemur hér og segir svo sjálfur: Það er óábyrgt að reka ríkissjóð með halla, — hvar eru þá tillögur hv. þingmanns sjálfs um niðurskurðinn, vegna þess að hann segir að það eigi ekki að skila fjárlögunum með halla? Hvar eru hans eigin tillögur um niðurskurð upp á 160–170 milljarða? Getum við fengið að hlusta á þær?

[15:09]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi, hv. þingmaður, vil ég benda þér á að í langri og ítarlegri ræðu minni um fjárlagafrumvarpið greindi ég frá hugmyndum mínum og tillögum um með hvaða hætti ætti að skera niður. Ég vil byrja á því að benda á það.

Þó að ég telji að vinstri grænir hafi iðulega komið fram af fullkomnu ábyrgðarleysi í málflutningi sínum varðandi fjárlagafrumvarpið og ýmislegt fleira þar sem hefur verið komið fram með hækkunartillögur og annað í þeim dúr þá ætla ég ekki að saka þá fremur en ríkisstjórnina fyrir það, ég tel þá ekki komast í nálægð við þá ríkisstjórn sem hér situr og skilar því fjárlagafrumvarpi sem hér ræðir um.

Ég hef ekki getað greint betur á undanförnum dögum en að vinstri grænir hafi verið á öllum sviðum með yfirboð varðandi að það eigi að auka útgjöldin en hins vegar gjalda varhuga við öllum sparnaðarleiðum. Ég hef ekki getað greint annað þegar málflutningur þeirra í heild er skoðaður. Varðandi þrepaskiptan tekjuskatt (Gripið fram í.) geri ég mér fyllilega grein fyrir þeim sjónarmiðum og skoðunum sem Vinstri grænir hafa sett hvað það varðar. Það breytir hins vegar ekki því, og það er ekki verið að gera athugasemdir við ýmsar, ég vil segja að mörgu leyti mjög góðar hugmyndir og tillögur sem koma fram hjá Vinstri grænum, það er eingöngu sá málflutningur þar sem hvað rekur sig á annars horn sem ég er að gera athugasemd við vegna þess að menn verða að vera sjálfum sér samkvæmir í málflutningi sínum. Það finnst mér vinstri grænir ekki hafa verið í þessum umræðum, hvorki um fjárlagafrumvarpið né þetta frumvarp.

[15:11]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég veitti því líka athygli í ræðu hv. þingmanns að hann talaði um að það væri hægt að reka hér eðlilegt samfélag þar sem tekjur og gjöld stæðust á. Af því tilefni vil ég líka inna hv. þingmann eftir því við þær aðstæður sem við horfumst í augu við nú í efnahagslífi okkar, hvernig hann sér fyrir sér eðlilegt samfélag ef við þyrftum að skera niður ríkisútgjöldin um 160–170 milljarða til viðbótar við það sem við sjáum nú þegar í tillögum stjórnvalda. Hvernig væri það samfélag eðlilegt miðað við það sem við höfum byggt hér upp á undanförnum árum og búið við?

Ég geri mér grein fyrir því að þær hremmingar sem við erum í leiða til þess að það verður verulegt fall í kaupmætti hjá almenningi, það verða erfiðleikar í atvinnulífi, það er hlutur sem við erum að horfast í augu við og þurfum að takast á við. En ég vil vita hvernig þetta eðlilega samfélag hv. þingmanns lítur út miðað við þann mikla niðurskurð sem hann sér bersýnilega fyrir sér í útgjöldum hins opinbera.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir að hann dró a.m.k. að einhverju leyti í land hvað varðar gagnrýni sína á okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og mun eiga eftir að gera það enn frekar síðar í dag þegar hann heyrir betur um tillögur okkar og hugmyndir í ríkisfjármálunum sem forusta flokksins hefur nú þegar kynnt fjölmiðlum.

[15:13]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alrangt hjá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni að ég hafi dregið eitthvað í land. Hins vegar, til þess að allir njóti sannmælis, skal ég vissulega segja það hér úr þessum ræðustól að ég ber mikla virðingu fyrir vinnusemi og tillögugerð og tillögusmíð Vinstri grænna á mörgum sviðum og að mörgu leyti. Ég var því ekkert að draga í land, heldur einungis að láta fólk njóta sannmælis.

Hins vegar varðandi þessa afgreiðslu og spurninguna um ríkissjóðshallann, eins og formaður þingflokks Vinstri grænna sagði, og það er raunverulega stefna, þá ég hlýt að líta á það sem stefnu Vinstri grænna að það sé ekkert athugavert við að reka ríkissjóð með miklum halla miðað við þessar aðstæður. Það var það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði fyrr í umræðunni í dag um þetta atriði. Þar erum við bara einfaldlega hugmyndafræðilega ósammála. Ég tel að það sé óafsakanlegt að reka ríkissjóð með halla, það þurfi að koma mun verri aðstæður til til þess að það sé réttlætanlegt.

Það er hins vegar eitt sem ég skil ekki hjá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni þegar hann talar um þessa 170 milljarða. Það er talað um 100 milljarða halla á ríkissjóði miðað við fjárlagafrumvarpið eins og það lítur út í dag. Það er sá veruleiki sem ég er að tala um og fjalla um að hefði verið skylda, í fyrsta lagi ríkisstjórnarinnar að leggja fram frumvarp hvað það varðar og síðan Alþingis að ganga í að reyna að lagfæra það.

Við vitum báðir, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, að þegar málin eru komin á þetta stig og á afgreiðslustig með þeim hætti og með því vinnulagi sem tíðkast á Alþingi, að hversu góðan vilja sem ég eða hv. þm. Árni Þór Sigurðsson höfum til þess að reyna að koma einhverju viti í þetta frumvarp þá gefst okkur ekki tækifæri til þess því miður því að ríkisstjórnarmeirihlutinn sér fyrir því að knýja sitt mál fram.

[15:15]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Hér er til umræðu frumvarp ríkisstjórnarinnar til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og það hefur verið farið býsna víða um völl. Þegar þessi umræða hófst í morgun söknuðum við þess mörg að það vantaði fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna til þátttöku í umræðunni og til að svara spurningum sem brenna á okkur mörgum og kölluðum eftir viðveru þeirra. Það hefur verið ráðin bót á því að vissu marki og ég vil sérstaklega fagna því að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur séð sér fært að vera viðstaddur umræðuna eftir að óskað var eftir því vegna þess að hluti af þeim ráðstöfunum sem hér eru til umfjöllunar varða landbúnaðinn og bændastéttina. Það er því mikilvægt

að hæstv. landbúnaðarráðherra sé viðstaddur þessa umræðu og geti tekið þátt í henni og svarað þeim spurningum sem brenna á þingmönnum hvað það snertir.

Ég sakna þess vissulega að ekki skuli fleiri ráðherrar taka þátt í umræðunni. Ég nefni sérstaklega hæstv. heilbrigðisráðherra, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra sem mælti fyrir frumvarpinu.

Ég ætla að koma inn á nokkur atriði sérstaklega en þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa nú þegar komið inn á allmörg mál. Sum þeirra eru stór í sniðum og eru okkur mörgum mjög hugleikin og ýmsum öðrum atriðum skiptum við með okkur að fjalla um eins og gefur að skilja.

Ég vil fyrst segja að það liggur auðvitað alveg ljóst fyrir að ríkisfjármálin eru öll í mikilli óvissu. Um það þarf út af fyrir sig ekki að vera neinn sérstakur ágreiningur og það er kannski eðlilegt við þær aðstæður sem eru uppi í samfélaginu núna að óvissa ríki um marga þætti fjárlagafrumvarpsins og þróun efnahagsmála. Við höfum hins vegar gagnrýnt að það skuli vera ásetningur stjórnvalda að afgreiða það fjárlagafrumvarp sem hér liggur fyrir miðað við þann skort á bakgrunnsupplýsingum sem við búum við. Það vantar mjög mikið af grundvallarupplýsingum um það hver þróun mála verður á næstunni. Það vantar upplýsingar um greiðslubyrði af lánum sem við erum að taka vegna skuldbindinga á erlendri grundu o.s.frv.

Við teljum að það hefði verið eðlilegra að afgreiða hér sérstakt frumvarp um greiðsluheimild úr ríkissjóði eins og dæmi eru um í stjórnmálasögunni þó að það sé ekki endilega mjög heppilegt. En það er auðvitað heldur ekki gott að afgreiða fjárlagafrumvarp sem við vitum að fær ekki staðist og verður að taka til endurskoðunar mjög fljótlega aftur.

Mér er kunnugt um að í einstökum sveitarfélögum, t.d. í Reykjavíkurborg, gera menn sér fyllilega grein fyrir þessu, líka sjálfstæðismenn, og hafa þess vegna ákveðið eftir því sem ég best veit að afgreiða fjárhagsáætlun sína í byrjun janúar og jafnframt ákveðið að hún verði endurskoðuð á mánaðarfresti vegna þess að mönnum er ljóst að forsendur hennar munu taka verulegum breytingum. Ég held að skynsamlegra væri að standa þannig að málum hér við afgreiðslu fjárlaganna.

Þar hafa líka verið ástunduð þau vinnubrögð að hafa samráð allra stjórnmálaflokka hvort sem þeir skipa meiri hluta eða minni hluta til að freista þess að ná sem mestri og breiðastri samstöðu í stjórnmálunum um þær aðgerðir sem gripið er til til þess að sjónarmið allra stjórnmálaflokka komi fram og þeir geti mæst með sín ólíku sjónarmið og viðhorf til heilla fyrir samfélagið. Ég átel að ríkisstjórnin hafi ítrekað slegið á útrétta hönd stjórnarandstöðunnar í átt til samráðs og samstarfs um þann geigvænlega vanda sem við glímum við um þessar mundir.

Ríkisstjórnin segir oft og iðulega að við séum öll á sama báti, til að mynda hefur hæstv. forsætisráðherra sagt þetta oftar en einu sinni. Já, við erum út af fyrir sig öll á sama báti. En hvernig stendur þá á því að á sama tíma og þetta er ítrekað skuli þeir sem standa í brúnni ekki vilja fá alla sem eru á þessum sama báti til liðs við sig til þess að halda fleyinu á floti? Hverju sætir það að ríkisstjórnin freistar þess ekki að ná samstöðu og samstarfi og gefa þau skýru skilaboð út í samfélagið að við ætlumst til þess að allir leggi eitthvað af mörkum, að allir leggi eitthvað á sig? En þá verður líka að vera vilji til þess að hlusta á þau ráð og þau sjónarmið sem eru úti í samfélaginu.

Það á ekki að loka á samstarf, hvorki við stjórnarandstöðuna eins og ríkisstjórnin hefur gert, né hagsmunaaðila og samtök út um allt samfélagið. Ég nefni verkalýðshreyfinguna sem bersýnilega hefur fengið sig fullsadda á vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar og gefur það skýrt til kynna í viðtölum eftir fundi með ríkisstjórninni, í auglýsingum o.s.frv. Ég nefni samtök eins og aldraðra og öryrkja sem hafa gagnrýnt þær aðgerðir sem ríkisstjórnin er að ráðast í og ég nefni Bændasamtökin sem sömuleiðis gagnrýna það sem ríkisstjórnin er að aðhafast. Síðan koma talsmenn ríkisstjórnarinnar og segja: Já, en við lentum nú bara í þessum vanda, eins og hv. þm. Pétur Blöndal segir. Við bara lentum í þessu og verðum að taka á því. (**PHB:** Var ekki bankahrun?) Var ekki bankahrun? Jú, það var bankahrun. En hvers vegna kom það til og hverjir bera ábyrgð á því og hver er ábyrgð ríkisstjórnarinnar sjálfrar á því? Hv. þm. Pétur Blöndal sagði að enginn hefði séð það fyrir. Það sagði ekki nokkur maður að von væri á þessu. Hér hefur um margra mánaða eða jafnvel missiraskeið verið talað um hvert stefndi í efnahagsmálum. Kannski ekki sagt að það yrði bankahrun en að það væru mjög válegir tíma fram undan. Og stjórnvöld og stjórnarliðar skelltu skollaeyrum við því af því að þeir tóku þátt í þessu brambolti öllu saman (Gripið fram í.) og fannst það bara gott.

Hvers vegna eru afleiðingarnar hér miklu meiri en annars staðar? Það er vegna þess að undirstöðurnar voru feysknar. Það er vegna þess að menn höfðu ekki gætt að sér, ekki gætt hófs. Hv. þm. Árni Páll Árnason sem hér kallar úr Samfylkingunni var að sjálfsögðu í því liði sem á síðasta kjörtímabili varaði einmitt við en um leið og Samfylkingin var komin í ríkisstjórn þá þögnuðu þær raddir í röðum Samfylkingarinnar. (**Gripið fram í:** Þetta er staðan núna …)

Þetta er staðan núna og það sem ég er að leggja áherslu á í þessari umræðu er að sumt af þessu mátti sjá fyrir og sumt af þessu eru afleiðingar af þeirri stjórnarstefnu sem hefur verið rekin hér á landi um margra ára skeið. Og það er hún sem hefur brugðist. Aðgerðaleysið eða rangar ákvarðanir í hagstjórninni á undanförnum árum og þá er að sjálfsögðu ekki rétti tíminn til þess að láta þá sömu stefnu, þá sömu einstaklinga og þá sömu flokka halda áfram á þeirri braut sem þeir hafa stefnt okkur í. Það er ekki rétt að gera það.

Það er að minnsta kosti lágmark að stjórnvöld reyni að efna til víðtæks samstarfs og samráðs í samfélaginu um það til hvaða aðgerða eigi að grípa til þess að koma okkur úr þeirri stöðu sem við erum í. Og það hefur ekki verið gert eins og ég hef þegar bent á.

Ég ætla að nefna Bændasamtökin sérstaklega og búvörusamninginn og ákvörðun ríkisstjórnarinnar í tengslum við hann. Bændasamtökin hafa mótmælt þessari aðgerð. Hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra segir: Það verða allir að leggja sitt af mörkum, bændur eins og aðrir og gera það með þessum hætti.

Hér er á ferðinni brot á samningum og ríkisstjórnin læt-

ur ekki svo lítið að ræða við samningsaðila um hvort hægt sé að gera breytingar á samningunum sem báðir aðilar felli sig við. Hið sama á auðvitað við um málefni aldraða og öryrkja. Það er ekki farið í þá vinnu. Hér eru teknar einhliða ákvarðanir og Bændasamtökin hafa í áliti sínu eða umsögn sinni til þingsins látið frá sér fara ályktun og minnisblað lögmanns samtakanna þar sem færð eru rök fyrir því að hér sé verið að brjóta þá samninga sem liggja fyrir. Það eru auðvitað tilteknar aðferðir til samkvæmt samningnum til að taka upp efni hans. En menn ákváðu að fara ekki í þær aðgerðir eða í samræmi við það.

Það er sem sagt verið að taka úr sambandi með lögum ákvæði í þessum samningum. Þetta er nú sú stétt, leyfi ég mér að fullyrða, sem hefur á undanförnum mánuðum og missirum þurft að taka á sig gríðarlegar kostnaðarhækkanir í aðföngum hjá sér, gríðarlegar. Og ég trúi því ekki að því sé mótmælt. Á sama tíma vitum við að afkoman í þessari grein, sérstaklega í tilteknum þáttum hennar eins og sauðfjárræktinni, er mjög bágborin. Það er því ekki á bændastéttina leggjandi, ég segi það fullum fetum, að taka á sig þá skerðingu sem hér um ræðir.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur vakið máls á því að ríkisstjórnin hafi fundið leið til þess frysta verðtrygginguna en lætur það síðan ekki ganga á skuldbindingarnar hinum megin. Þetta er það sama og gerðist hér á níunda áratugnum þegar til varð misgengishópurinn, þegar vísitala launa var tekin úr sambandi en vísitalan á skuldbindingunum hélt áfram. Við vitum hvaða afleiðingar það hafði. Hér er í raun og veru verið að fara sömu leið.

Þess vegna höfum við verið að velta fyrir okkur hvort ekki sé hægt að nota sömu aðferð á verðtryggð húsnæðislán, fasteignaverðtryggð húsnæðislán. Við, fjórir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs, höfum því lagt fram frumvarp í þá veru, sem hefur verið dreift, sem gengur einmitt út á það að frysta að hluta til hækkun vísitölunnar með sama hætti og ríkisstjórnin leggur til í frumvarpinu um ráðstafanir í ríkisfjármálum og með sama rökstuðningi og þar er beitt. Meðal annars með vísan til eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar því það er ljóst að það eru leiðir sem hægt er að fara í þessu efni.

Í 1. umr. um þetta mál sagði ég að mér fyndist vera skömm að því fyrir hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að leggja fram og standa að þeim tillögum sem hér eru lagðar fram varðandi bændastéttina. Ég stend við það, mér finnst það. En þótt vissulega sé hægt að finna dæmi um að þeim sé hlíft sem verst eru settir, t.d. tekjulægstu bótaþegunum í lífeyriskerfinu sem er virðingarvert og ég ætla ekki að draga úr því, þá eru engu að síður líka hópar sem verða fyrir verulegum áföllum eins og fram hefur komið í þessari umræðu.

Það sem er kannski hvað grætilegast í þessu er að um leið og við segjum að auðvitað verði allir að taka á í þessu efni — það verða allir fyrir tekjutapi, það verða allir fyrir kaupmáttarrýrnun, fólk missir vinnuna eða verður fyrir launalækkun, fólk verður fyrir verulegri hækkun á skuldbindingum sínum vegna verðbólgunnar og getur ekki staðið í skilum því allir hafa sínar skuldbindingar fastar engu að síður, með fjölskyldur og börn og fólk stendur frammi fyrir miklum vanda — þá er í raun ekki verið að taka á þessum vanda. Og það er alls ekki verið að beina spjótum að þeim sem kannski fyrst og fremst bera ábyrgð á því hvernig komið er. Það er ekkert verið að gera í því að reyna að frysta eigur þeirra einstaklinga sem hafa farið svona með samfélag okkar. Það er ekkert verið að gera í því. Það finnst mér vera stóralvarlegt mál.

Við vitum það öll að það er fámennur hópur sem stundum eru kallaðir auðmenn, það er fámennur hópur einstaklinga í samfélaginu sem hefur leikið sér með fjöregg þjóðarinnar. Þess vegna er komið eins og komið er. Andvaraleysi stjórnvalda á þátt í því að hafa látið þetta allt viðgangast. Ríkisstjórnin á auðvitað að bera ábyrgð á því þó að hún reyni að víkja sér undan og benda á alla aðra.

Ég vil líka í þessu samhengi taka hér upp málefni sveitarfélaganna. Í þessu frumvarpi er lögð til hækkun á útsvari um 0,25% og ég vil taka það skýrt fram að ég geri ekki ágreining um þá aðgerð. Við höfum margoft talað um vanda sveitarfélaganna hér og einkum og sér í lagi þegar kreppir að með þeim hætti sem núna gerir að þá mun mæða mjög mikið á sveitarfélögunum. Þau verða fyrir miklu tekjutapi í lækkuðu útsvari og þau verða fyrir miklum útgjaldaauka í formi aukinnar fjárhagsaðstoðar sveitarfélaganna og aukinna útgjalda í skólum og leikskólum og frístundastarfi til að koma til móts við versnandi afkomu heimilanna. Þess vegna höfum við talað um mikilvægi þess að bæta hag sveitarfélaganna.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum almennt verið þeirrar skoðunar að þá sé betra að hér sé um að ræða almenna útsvarshækkun en að sveitarfélögin neyðist til þess að hækka þjónustugjöldin hjá sér. Að því leyti til erum við ekki ósammála þessari hækkun og eins og kemur fram í umsögn samgöngunefndar um þetta frumvarp þá skrifaði ég undir það álit nefndarinnar hvað þetta atriði snertir. En með þeim fyrirvara að ég geri hins vegar athugasemd við það hvernig farið er að því að bæta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þá skerðingu sem jöfnunarsjóðurinn átti að taka á sig samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 þar sem sérstöku framlagi upp á 1.400 millj. kr. sem skyldi ráðstafað til þeirra sveitarfélaga sem verst voru sett var kippt út, framlagi sem er algerlega lífsnauðsynlegt fyrir sveitarfélög vítt og breitt um landið. Víða eru tekjur sveitarfélaganna um 30–40% og allt upp í 50% af heildartekjum sveitarfélaga og þess vegna algerlega fráleitt að kippa þessu úr sambandi.

Það sem hér er gert er hins vegar að ríkið heldur sig við þessa skerðingu en hækkar síðan tekjuskattsprósentuna um 0,25% til þess að geta að hluta til mætt þessu framlagi. En að hluta til til þess að greiða fasteignaskatt ríkisins af opinberum byggingum til sveitarfélaganna sem ríkið ætlaði og tók einhliða ákvörðun um að lækka prósentuna algerlega án þess að fyrir því væru nokkur málefnaleg rök. Þar var líka um að ræða samning milli ríkis og sveitarfélaga um það mál. Það var ekki gerður neinn nýr samningur eða breytingar á þeim samningi í samvinnu við sveitarfélögin. Þetta er enn eitt dæmið um að ríkisstjórnin ræðir ekki við þá aðila sem málið varðar. Hún tekur sínar einhliða ákvarðanir án þess að ráðgast við aðra. Þetta er auðvitað vísasta leið til þess að um þessi mál verði djúpstæður ágreiningur. Djúpstæður ágreiningur sem ríkisstjórnin hefði hæglega getað

komið í veg fyrir ef hún hefði unnið þetta mál á mannsæmandi hátt. Ef hún hefði unnið þetta í samráði og í samstarfi við þá aðila sem málið varðar og ef hún hefði haft dug til þess að hafa stjórnarandstöðuna með sér í liði.

Í umræðunni um ráðstafanir í ríkisfjármálum um fjárlagafrumvarp og fjáraukalög höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, frú forseti, lýst hugmyndum okkar sem munu kannski koma betur fram í umræðunni á eftir. En við höfum bæði verið með hugmyndir um tekjuöflun þar sem við höfum lagt áherslu á þrepaskiptan tekjuskatt eins og ég gat um hér í andsvari við hv. þm. Jón Magnússon áðan, við höfum verið með hugmyndir um breytingar á fjármagnstekjuskatti þannig að meiri jöfnuður kæmi fram í honum og við höfum sömuleiðis verið með hugmyndir um að það mætti grípa til sparnaðaraðgerða á öðrum sviðum en ríkisstjórnin er að leggja hér upp með. Þær hugmyndir hafa komið fram nú þegar í þessari umræðu og verða kynntar betur í dag.

Við teljum sem sagt að aðgerðir okkar liggi algerlega fyrir því þó að hugsanlega verði örlítið meiri halli á ríkissjóði heldur en hér er lagt upp með þá sé það innan skekkjumarka miðað við þann mikla halla sem þrátt fyrir allt verður og við viðurkennum að sjálfsögðu að er óhjákvæmilegur. En það er líka mikilvægt að þær aðgerðir sem farið er í verði ekki til þess að magna vandann. Að magna vandann, auka atvinnuleysið og hægja enn frekar á hjólum atvinnulífsins því þá lendum við inn í hringrás sem er ekki víst að við getum stöðvað auðveldlega. Það er auðvitað ekki góð leið heldur því þá mun atvinnuleysið aukast, tekjusamdrátturinn verða enn meiri og afkoma fjölskyldna og fyrirtækja í landinu enn verri en ella. Hér þarf því auðvitað að gæta að jafnvægi og ég tel að við höfum sýnt (Forseti hringir.) fram á það og gert það með málflutningi okkar. En eins og ég segi, virðulegi forseti, það er mjög margt um þetta mál að segja og við eigum eftir að koma hér upp aftur í þessu (Forseti hringir.) máli til að ræða fleiri hliðar þess.

[15:36]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður gerði töluvert að umræðuefni meint samráðsleysi ríkisstjórnarinnar við ýmsa aðila í þjóðfélaginu. Ég ætla í sjálfu sér ekki að ræða þau mál almennt talað en um það sem snýr að samráði við Bændasamtökin varðandi það mál sem verið er að ræða hérna núna vil ég segja að ég hafði samráð við forustumenn bænda um þessi mál í þeim skilningi að ég ræddi þau við forustumenn bænda, en ég gerði mér ekki vonir um eða ætlaðist til að forustumenn bænda mundu blessa þá ákvörðun sem hér er verið að kynna. Þetta er ákvörðun sem leiðir til þess að afkoma bænda muni versna og það er að mínu mati ekkert hægt að gera ráð fyrir því að hagsmunasamtök eins og Bændasamtökin geti með einhverjum hætti blessað slíka ákvörðun.

Hins vegar var m.a. til umræðu hvort til að mynda væri hægt að útfæra búvörusamningana með einhverjum öðrum hætti en gert er ráð fyrir í samningunum sjálfum þannig að stærri hluti þeirra greiðslna sem gert er ráð fyrir í þessum búvörusamningum upp á 10 milljarða kr. rynni beint til bænda sjálfra. Þetta er auðvitað mál sem er sjálfsagt að reyna að ræða áfram. Það var eftir því kallað fyrr í þessari umræðu hvort ég væri tilbúinn til að standa að einhverju slíku og ég lýsti því ítrekað yfir og vil gera það aftur hér úr þessum ræðustóli núna að ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að ræða einhverjar slíkar útfærslur sem gætu gagnast bændum betur.

Ég hafna því algjörlega að ég hafi ekki haft samráð við Bændasamtökin, ég gætti þess mjög vel að eiga slíkt samráð við Bændasamtökin. Þetta frumvarp hér sem snýr að búvörusamningunum felur það ekki í sér eins og ég hef margoft sagt að verið sé að fara inn í grundvöll búvörusamninganna sjálfra, það er einfaldlega verið að setja þak á þær hækkanir sem verða á búvörusamningunum milli ára, milli ársins 2008 og 2009. Gert er ráð fyrir að þessi hækkun nemi 5,7% eins og fram hefur komið, og það er gert í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem við búum við núna og er gert með sama hætti og verið er að gera varðandi aðrar tilfærslur, til að mynda greiðslur til almannatrygginga í landinu.

[15:38]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að lýsa sérstakri ánægju minni með það að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skuli vera hér og taka þátt í þessari umræðu. Hann á allt hrós skilið fyrir það og hann hefur það umfram kollega sína í ríkisstjórninni að hann hefur þó nennu til að sitja hér og taka þátt í umræðu og svara spurningum um þau mikilvægu mál sem hér eru til umfjöllunar. Ég vil að það komi skýrt fram. Hann á heiður skilið fyrir það.

Ég vil hins vegar segja varðandi samráðsleysið sem ég fullyrti um í ræðu minni að í Bændablaðinu sem kom nýlega út er einmitt frétt um þetta mál þar sem segir að ekki verði staðið við búvörusamninga og þar segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Forustumönnum bænda var kynnt ákvörðunin í síðustu viku. Einar Kristinn segir að ekki sé um neitt samkomulag að ræða heldur sé þetta einhliða ákvörðun ríkisstjórnarinnar.“

Þetta er það sem ég er að gagnrýna. Þakka skyldi að ráðherrar greini hagsmunaaðilum frá ákvörðunum sínum, það er eitt og sér en ég kalla það ekki samráð. Það er ekki samráð um ákvörðunina sem slíka. Þetta er einhliða ákvörðun ríkisstjórnarinnar og á henni ber hún auðvitað fulla ábyrgð og ég gagnrýni þessa aðferðafræði. Ég tel að það hefði frekar átt að setjast yfir það með Bændasamtökunum með hvaða hætti Bændasamtökin gætu, ef það væri möguleiki innan búvörusamningsins, mætt því gjörningaveðri sem við stöndum frammi fyrir. Ég minni á að í fyrri umræðu um þetta mál kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem einu sinni var landbúnaðarráðherra, að Bændasamtökin, bændur landsins, væru örugglega reiðubúin til að taka þátt í þessu erfiða verkefni en til að það sé hægt verður auðvitað að hafa bændur við borðið og ræða við þá um leiðir og um útfærslur og það verður að vera með einhverjum sanngjörnum hætti.

Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Telur hann að bændur landsins séu yfir höfuð aflögufærir eða að afkoman

í greininni sé aflögufær til að taka þátt í þessu með svona afgerandi hætti (Forseti hringir.) upp á 700–800 millj. kr.?

[15:40]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan í ræðu minni að ég hefði ekki búist við því að Bændasamtökin gætu í sjálfu sér axlað ábyrgðina á einhvern hátt með einhverju samráði eða í samkomulagi um að setja þetta þak á vísitöluhækkanirnar. Ég skildi það mjög vel og mér finnst það eðlilegt, mér finnst það eðlileg afstaða Bændasamtakanna að þau geti ekki axlað þessa ábyrgð. Þetta er ákvörðun sem ríkisstjórnin tók í ljósi þeirra erfiðu aðstæðna sem við stöndum frammi fyrir. Ég ræddi þessi mál við forustumenn Bændasamtakanna. Þar ræddum við m.a. hvort einhver möguleiki væri á því að við færum sameiginlega í að útfæra búvörusamningana upp á nýtt þannig að greiðslurnar rynnu meira beint til bændanna sjálfra. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður benti á og kom t.d. fram hérna við 1. umr. málsins að það er ýmiss konar svigrúm í þessum efnum.

Ég hef margoft lýst áhuga mínum á því að taka þátt í slíkri vinnu. Það mun ekki standa á mér eða mínu ráðuneyti að vinna að þeim málum með bændum. Þess vegna höfum við rætt um það hvort möguleikar væru á annarri útfærslu og ég hef tekið eftir því í umræðunni í þinginu frá því að þessi mál bárust fyrst í tal að það er greinilega sama sjónarmið uppi um það hjá þingmönnum, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að afkoma bænda er ekki góð og þeir mega auðvitað ekki við tekjuskerðingu. Það er okkur alveg ljóst. Við vitum hins vegar hvað er að gerast og við vitum til hvaða úrræða við urðum að grípa vegna þess tekjubrests og þess útgjaldavanda sem ríkisútgjöldin eru í núna. Við höfum orðið að fara hér bæði inn í búvörusamninga og í almannatryggingakerfið, við vitum að úti um allt þjóðfélag eru menn að taka á sig kjaraskerðingu, jafnvel þeir sem ekkert mega við því vegna afkomu sinnar. Við erum í þröngri stöðu og þess vegna er stóra verkefnið það hvort við getum til að mynda reynt að útfæra búvörusamningana öðruvísi innan þess ramma sem við höfum, rúmlega 10 milljarða ramma, þannig að það gagnist bændum sem best fyrir þeirra beinu afkomu á næsta ári.

[15:42]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi viðbrögð en ég vil þó segja að ég tel mjög mikilvægt að ef hann ætlar að fara í einhverja frekari vinnu með Bændasamtökunum um útfærslu í þessu efni sé tekið mið af og tillit til þess gríðarlega kostnaðarauka sem bændastéttin hefur orðið fyrir á undanförnum missirum. Við þekkjum það öll og höfum áður rætt hér í þessum sal. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að í öllu þessu samhengi sé ekki bara litið til þess að bændur verði að leggja sitt af mörkum eins og allir aðrir, það verður að taka tillit til þess mikla kostnaðarauka sem þeir hafa orðið fyrir og það verður að vera hluti af öllu þessu reikningsdæmi.

Þegar hér er sagt að í raun og veru verði að höggva í allar stéttir ef svo má segja, bændastéttina, lífeyrisþega og almenna launþega, hefur ekki farið fram hjá okkur að það er verið að gera það. Við höfum mörg hver gagnrýnt hversu harkalega er gengið fram í þeim efnum á sama tíma og við höfum gagnrýnt að það er allt of lítið hugsað um og talað um að það þurfi að taka á þeim sem best eru settir í samfélaginu.

Þegar ríkisbankarnir urðu til á rústum gömlu bankanna voru ráðnir yfirmenn bankanna á svimandi háum launum, miklu hærri launum en t.d. forsætisráðherra, og þetta viðgengst enn þá víða í kerfinu og það er ekkert verið að taka á því. Það er þetta sem almenningi í landinu blöskrar og sem fólk mótmælir m.a. á fundum úti og inni og þar sem þjóðin mótmælir ráðherrum þó að þeir hafi ekki tekið eftir því að þeir væru að tala við eða eiga orðastað við þjóðina.

Þarna þarf líka að taka á, ekki bara á bændum eða lífeyrisþegum eða almennu launafólki, það verður líka að taka á þessum atriðum og ríkisstjórnin verður að sýna að hún ætli sér að gera það.

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Það er nú að vonum að nokkur umræða verði um þetta frumvarp, þennan bandorm, sem er eitt meginfrumvarpa ríkisstjórnarinnar við afgreiðslu fjárlaga eða lúkningu starfa hér fyrir jól eða áramót og heitir þessu gamalkunnuga nafni fyrir suma: Ráðstafanir í ríkisfjármálum. Sú var tíðin að svona plögg voru býsna algeng á borðum en kannski síður hin seinni ár fyrr en nú er aftur genginn í garð sá tími að menn flytja frumvörp um afbrigðilegar ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Vissulega eru aðstæður óvenjulegar og erfiðar og um það er ekki deilt. Hitt er kannski öllu meira vandamál að erfiðlega gengur að fá dregna upp og skoðaða heildarmyndina sem þyrfti auðvitað að skýrast hér samhliða meðferð fjáraukalagafrumvarps, fjárlagafrumvarps og frumvarps um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Einhvers staðar á einum stað ætti að vera heildarmat á stöðu þjóðarbúsins. Heildarmat á stöðu ríkissjóðs og horfum ríkissjóðs. Heildarmat á stöðu sveitarfélaganna og horfum í málum þeirra. Vegna þess að þó að hlutirnir séu óþægilegir þýðir ekki að reyna að fela þá. Ekki þýðir annað en að horfast í augu við þá. Menn verða að takast á við öll vandamál með því að reyna að átta sig á þeim, skilja þau, skoða þau, viðurkenna tilvist þeirra og velja færustu eða skástu leiðir til að glíma við þau og leysa þau.

Ég er orðinn æ meira hugsi yfir því vandamáli að heildarsýnin skuli í raun og veru hvergi dregin upp. Það er helst að menn leiti á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og í skýrslur hans til að átta sig á því hvað er í pakkanum í heild sinni.

Þetta er ekki enn komið, að ég best veit, til fjárlaganefndar nema þá að einhverju litlu leyti í morgun að einhverjar upplýsingar voru veittar um hvernig ríkisstjórnin og ráðuneytin og stjórnsýslan meta stöðuna í heild. Hvernig ætla menn að fara með vandasöm mál eins og að bókfæra skuldbindingar, lántökuheimildir og önnur slík atriði sem verða og eiga að koma hér inn í lög á grundvelli venjulegra leikreglna sem fjárreiðulög og önnur lög mæla fyrir um?

Kreppan sem hér er skollin á — þótt hún skipti kannski

ekki öllum sköpum þegar við ræðum þessar tilteknu ráðstafanir þá er hún nú samt bakgrunnur þessa alls og þá þurfa menn líka að átta sig á því hvernig þetta gat gerst. Hver staðan er í framhaldinu og hvaða leiðir eru færar út úr vandanum.

Í mínum huga er ljóst að við glímum við afleiðingar áfalla sem eiga sér í aðalatriðum þríþætta uppsprettu. Hinn heimatilbúni og stóri vandi, óstjórnin og mistökin sem hér voru gerð á löngu árabili sem gerði það að verkum að þetta gat hrunið með þeim hætti og svo harkalega og illa og raun ber vitni. Það þýðir ekkert að afneita þeim veruleika. Það þýðir ekkert að kenna bara alþjóðlegri fjármálakreppu um, þótt hún sé sannarlega líka orsakavaldur.

Í þriðja lagi verður auðvitað ekkert horft fram hjá því að við urðum fyrir miklu áfalli í samskiptum, sérstaklega við Breta — og það sem þeir gerðu bakaði okkur gríðarlegt tjón — og í framhaldinu blokkina sem myndaðist innan Evrópusambandsins og setti á okkur miklar þvingunarskrúfur sem sér nú ekki fyrir endann á enn þá. Þetta eru kannski þrjár stærstu og einstöku orsakirnar.

Í þeim heimatilbúna vanda er margt á ferð. Þar eru á ferð mistök stjórnmálamanna. Hrein mistök og rangar ákvarðanir. Hugmyndafræði sem gafst ákaflega illa og hefur reynst íslensku samfélagi dýr, svo vægt sér til orða tekið. Fyrirbærið nýfrjálshyggja, markaðs- og græðgisvæðing samfélags, er huglægt og óefnislegt þannig að ekki er hægt að ná höndum utan um hugmyndafræðina sem slíka. En einhverjir báru hana fram. Þar liggur ábyrgðin. Þeir sem voru boðberar hennar og erindrekar hingað inn á Alþingi Íslendinga og í ríkisstjórn og breyttu lögum og tóku pólitískar ákvarðanir á grundvelli þessarar hugmyndafræði eru hinir seku. Hugmyndafræðin sem slík hverfur vonandi á öskuhauga sögunnar og hrynur nú reyndar úti um allan heim þannig að mikið endurmat fer fram í umræðum um stjórnmál og þjóðmál eiginlega alls staðar og hlýtur auðvitað að þurfa að gerast hér eins og annars staðar.

Það er dapurlegt en staðreynd engu að síður að tiltölulega fámennur hópur, kannski svona þrír til fimm tugir forustumanna í stjórnmálum, tilteknum stjórnmálaflokkum, ráðherrar í ríkisstjórn og meiri hluti á bak við þá á Alþingi, forustumenn í fjármálaheiminum, bankastofnunum og eftirlitsstofnunum og hópur óprúttinna viðskiptajöfra að ógleymdum fjölmiðlum landsins, ber hér mesta ábyrgð.

Ég hef æ meira farið að hugsa um hlut fjölmiðlanna í þessu og þátt þeirra í því að nánast heilt samfélag varð meðvirkt á svona löngu tímabili, svona gagnrýnislaust á sjálft sig. Elti dellu og vitleysu út í tómar ógöngur eins og þetta svokallaða íslenska bissnessmódel, þessi útrásarglýja og þetta auðmannadekur sem hér óð uppi. Ég held að ekki verði fram hjá því horft að gagnrýnisleysi íslenskra fjölmiðla hlýtur að vera þar einn skýringarþátturinn. Svo getur maður spurt sig að því í dag hvort staðan í íslenskri fjölmiðlun sé dapurleg og sárt er til þess að vita að þar er nú allt á brauðfótum og meira að segja Ríkisútvarpið okkar sjálft.

En hafa menn náð að endurmeta hlutina t.d. á þeim vettvangi? Er ekki enn því miður ansi rík tilhneiging, að því er virðist, að minnsta kosti hjá mörgum fjölmiðlum að þjóna áfram valdinu? Að elta það áfram. Er nægjanlegt aðhald og gagnrýni veitt í fjölmiðlum í dag, t.d. á þá hluti sem hafa gerst á Íslandi frá og með 6. október? Jú. Ágætar rispur eru inni á milli og margt fjölmiðlafólk reynir sitt besta. En mér sýnist stundum að þegar kemur upp í ritstjórnirnar eða fréttastjórnirnar og ábyrgðaraðilana hafi þetta endurmat ekki náð þangað. Maður er hugsi yfir því hvort sömu mistökin eigi sér þá aftur stað. Að menn hafi ekki það aðhald sem nauðsynlegt er.

Ég ætla að minnsta kosti að vona að meirihlutamenn væli ekki undan því að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar séu hér skoðaðar í gagnrýnu ljósi af hálfu okkar stjórnarandstæðinga. Eða vilja menn í viðbót að þessum ofboðslega afdrifaríku hlutum, sem hér eru undir í frumvarpinu um ráðstafanir í ríkisfjármálum, í fjáraukalögum, í fjárlögum, sé sullað í gegn í einhverri þögn og tómlæti til að komast heim í jólafrí?

Eitthvað er nöldrað hér á göngunum yfir því að umræður um málið séu orðnar langar. Ég bið það fólk að hugsa sinn gang. Er það mikilvægara en að við gerum okkar allra besta og allt sem mögulegt er til að leysa þessi viðfangsefni eins sómasamlega og hægt er? Ekki er þingmönnum vandara um en öðrum að vinna hér alla virka daga og þótt laugardagar séu í viðbót fram að jólum. Milli jóla og nýárs og í janúar ef þess þarf. Ef það má verða til þess að við getum náð aðeins betur utan um þetta sem við erum með í höndunum.

Ég held t.d. að blessaðri fjárlaganefnd og efnahags- og skattanefnd hefði ekki veitt af aðeins meiri tíma til að skoða hlutina þá loksins að þeir komu frá ríkisstjórninni undir lok síðustu viku og ýmislegt ekki komið fram enn. Nema þá að eitthvað hafi komið í morgun.

Ég ætla að tæpa á einstökum atriðum í þessu máli. Sumt af því hafði ég tekið fyrir í fyrri ræðu minni. En ég verð þó aðeins að nefna inngripið í búvörusamninginn sem varð reyndar tilefni orðaskipta hér áðan milli hæstv. landbúnaðarráðherra og hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar. Ég tek undir að það er virðingarvert að hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra skuli vera við umræðuna. Gerir betur en kollegar hans aðrir sem sjást hér engir.

Mér finnst mjög dapurlegt að fara svona í þetta. Ég spyr hvort ekki sé einhver leið til að koma þessu í annan farveg. Það er neyðargerningur að fara inn í samning. Þetta eru í raun samningsrof af hálfu ríkisins. Einhliða samningsrof. Ekki þýðir að neita því. Það er alltaf alveg skelfilegt jafnvel þótt menn telji sig geta réttlætt slíkt með einhverjum aðstæðum og einhverri neyð. Hvað hefur það í för með sér í framhaldinu ef meira að segja löggerningar milli ríkis og einnar atvinnugreinar halda ekki? Bara vegna þess að þá væri það svo miklu betri kostur fyrir báða aðila að gera það sama eða eitthvað minna vonandi með því að endursemja. Því þá losna menn frá þeim ljóta bletti sem settur er á framkvæmd mála af þessu tagi með því að framkvæma einhliða samningsrof.

Svo er það líka athyglisvert og til umhugsunar fyrir ríkisstjórnina og meiri hlutann að þarna telur ríkisstjórnin sig geta farið inn í verðtryggingu. Það er í lagi gagnvart þessari stétt, bændum. Hvað er búvörusamningurinn og beingreiðslurnar í þeirra tilliti? Jú. Þetta er afkomu- og rekstrartrygging þeirra. Það vita allir sem þekkja til í sveitum

landsins að hinar mánaðarlegu beingreiðslur sem bændur fá inn á reikning eru algerlega afkoma þeirra. Hinar föstu, traustu tekjur.

Í öðru tilliti eins og hjá sauðfjárbændum fá þeir síðan bara viðbótina einu sinni á ári með innleggi sínu á haustin í sláturhús. Margir hafa sagt mér á undanförnum mánuðum að það hafi algerlega skipt sköpum fyrir þá í þeim þrengingum sem þeir hafa glímt við að hafa beingreiðslurnar og hafa þær verðtryggðar. Nú á að kippa þessu undan þeim.

Fólk með verðtryggð húsnæðislán spyr auðvitað þegar þetta kemur upp: Er þá ekki hægt að gera það sama gagnvart okkur? Ef ríkisstjórnin telur sig geta farið einhliða inn í forsendur verðtryggingar í bundnum samningi og tekið í raun og veru bara verðbólgukúfinn ofan af, hvað með lánin? Það er eðlileg spurning. Hér á að nota gömlu forsendurnar úr fjárlagafrumvarpinu 1. september, 5,7% hækkun, sem dugir hvergi nærri og áætlað er að muni 800 millj. Væri þá kannski hægt að fara sömu leið með húsnæðislánin? Hvað ætla menn að gera fyrir þann hóp? Bændur eru líka aðilar að málinu hinum megin frá. Þeir eru með verðtryggðar lánaskuldbindingar að uppistöðu til og síðan einhver erlend lán sem ekki er nú skárra.

Lánin úr Stofnlánadeild landbúnaðarins seinna Lánasjóði landbúnaðarins nú inni í Nýja Landsbankanum, sem, ef ég man rétt, keypti lánasjóðinn, eru verðtryggð. Að vísu á fremur lágum vöxtum, sérstaklega eldri lánin, vegna þess gamla og góða fyrirkomulags sem var í stofnlánadeild að vaxtakjörunum var á vissan hátt jafnað út innan stéttarinnar með greiðslum búnaðarmálagjalda sem þyddu í reynd að eldri og stofnsettari bændur tóku þátt í fjárfestingarkostnaði yngri bænda sem voru að koma sér fyrir. Félagslega ákaflega merkilegt fyrirbæri.

Þessi lán liggja þarna verðtryggð eða einhvers staðar annars staðar í sparisjóðum eða hvar sem það nú er. Hvað er þá verið að gera með þessari gjörð að fara inn í kjör bænda þarna megin frá og láta þá ekki fá verðuppfærslu á launum sínum? Verið er að búa til nýjan misgengishóp algerlega í sama anda og var gert hér 1983–1984 þegar til varð einhver ljótasti blettur í samskiptum stjórnvalda og almennings, eða stórs hóps í samfélaginu, sem sögur fara af og frægt var að endemum og ábyrgðarmenn ríkisstjórnar og stjórnmála frá þeim tíma hafa sagt síðar, jafnvel í ævisögum sínum, að þeir hafi hvað mest samviskubit yfir af öllu sem þeir hafa gert á sínum ferli. Þegar hið illræmda misgengi var búið til með nákvæmlega sömu aðferðum og hér er að hluta til farið inn á.

Þannig að mér fyndist að hæstv. landbúnaðarráðherra ætti að beita sér fyrir því og fá um það samkomulag í ríkisstjórninni að taka þennan kafla út úr frumvarpinu og reyna að hafa fyrir því tryggingu hjá bændum að þeir væru opnir fyrir því að ganga til viðræðna og gera frekar einhverjar breytingar á grundvelli samningsniðurstöðu heldur en að gera þetta svona.

Í öðru lagi um skatta- og tekjuöflun vil ég segja að það vakti auðvitað mikla undrun að ríkisstjórnin skyldi fara svona í málin, ekki síst með aðild jafnaðarmannaflokks Íslands, og að við þessar aðstæður skyldu menn ekki reyna að finna leiðir í skattamálum sem dreifðu byrðunum betur en þetta og öfluðu tekna — sem vissulega er líka mikilvægt viðfangsefni, að reyna að afla tekna eftir því sem það er mögulegt og getur sanngjarnt talist við núverandi aðstæður til þess að þurfa ekki að ganga jafnlangt í niðurskurðinum. Til þess að þurfa t.d. ekki að fara inn í almannatryggingakerfið og skerða það stórlega.

En ríkisstjórnin velur hér flata hækkun tekjuskatts og útsvars að óbreyttum skattleysismörkum eins og búið var að semja um að þau yrðu, sem er auðvitað engin hækkun. Allra síst í ljósi þess að verðlagsforsendur nú eru allt aðrar en menn áætluðu að yrðu þegar gengið var frá því samkomulagi á sínum tíma.

Við, þingmenn Vinstri grænna, höfum í dag kynnt tillögupakka sem gengur út á umtalsverðar breytingar í skattamálum. Þrjú frumvörp sem fela það í sér að tekna verður aflað á næsta ári svo nemur af stærðargráðunni 5,5–6 milljarðar kr. Þetta yrði gert með þessum þremur ráðstöfunum, þ.e. þrepaskiptu álag á hærri laun.

Í öðru lagi er breytt fyrirkomulag fjármagnstekjuskatts þar sem almennt skatthlutfall yrði 14% í stað 10%. En frítekjumark kæmi á móti til að hlífa minni innstæðueigendum við skatti, sem mundi gera stóran hluta þeirra sem í dag greiða fjármagnstekjuskatt skattfrjálsan en hækka greiðslur þeirra sem hafa miklar fjármagnstekjur.

Í þriðja lagi leggjum við til að þeim sem hafa miklar fjármagnstekjur en telja fram lítil eða engin laun, sem eru allmörg hundruð einstaklinga eða hjóna, verði gert að reikna sér endurgjald eins og um sjálfstætt starfandi aðila væri að ræða eftir að fjármagnstekjur eru komnar upp fyrir viss mörk.

Það er eiginlega algerlega óþolandi að allstór hópur fólks lifir í raun og veru í samfélaginu, margir góðu lífi með ágæt efni án þess að leggja neitt af mörkum til þess nema þá 10% af fjármagnstekjum sínum. Borga ekki útsvar, ekki tekjuskatt, ekki einu sinni nefskatt í Framkvæmdasjóð aldraða og munu ekki borga nýja útvarpsgjaldið af sömu ástæðum. Vegna þess að þeir telja engar tekjur fram og teljast tekjulausir einstaklingar. Margir hins vegar með tugi milljóna jafnvel hundruð milljóna í fjármagnstekjur.

Nú verður auðvitað að ætla og gera ráð fyrir að þessi heimur breytist mikið með þeim ósköpum sem hér hafa gengið yfir og að þetta verði kannski ekki jafnalgengt og áður var. En það er engu að síður réttlætismál að taka á þessu og þótt þetta skili ekki miklum tekjum þá getur samt munað um það í einhverjum tilvikum, t.d. þar sem slíkir aðilar búa í litlum sveitarfélögum og hafa að óbreyttu alla þjónustu þaðan en leggja ekki krónu af mörkum. Þetta er ómögulegt og þessu viljum við breyta og það er réttlætismál.

Aðrar áherslur okkar geta menn kynnt sér en þær höfum við kynnt fyrir fjölmiðlum í dag og dreift hér þessum þremur frumvörpum. Þetta eru þríþættar aðgerðir, sem fela í sér tekjuöflun, viðbótarsparnað og síðan ráðstöfun þess svigrúms sem þannig myndast til þess að í fyrsta lagi falla frá skerðingunni á almannatryggingakerfinu. Í öðru og þriðja lagi að draga úr sársaukafullum niðurskurði í heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu. Einkum og sér í lagi að hætta við gjaldtöku á sjúkrahúsum, eins og þetta frumvarp gengur út á að selja mönnum inn á sjúkrahúsin á Íslandi.

Það er ömurlegt ef menn telja svo komið að standa þurfi við sjúkrahúsdyrnar og rukka þar inngöngugjald. Ætlar Samfylkingin að taka að sér dyravörsluna og vera með kassann og reita af mönnum krónurnar þegar þeir koma fárveikir inn á sjúkrahús? (Gripið fram í.) Ekki verður gaman að vera (Forseti hringir.) í því innheimtuhlutverki.

[16:05]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fjallaði í löngu máli um nokkra ágalla sem hann sér á þessu frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum Hann kynnti til sögunnar þrjú frumvörp sem þingmenn Vinstri grænna hafa kynnt í dag og fjalla um frekari skattlagningu. Þau skila miðað við bjartsýnar forsendur í frumvörpunum rétt röskum 5 milljörðum kr.

Nú er það hins vegar ljóst að ríkisstjórnin stefnir að því að reyna að ná sparnaði upp á í kringum 45 milljarða kr. Ég tel satt að segja að það sé heldur lítið því að tekjuhlið fjárlaga er enn háð mikilli óvissu. Við erum í sjálfu sér að tefla á tæpasta vað með ríkissjóðshallann.

Ég hlýt þess vegna að spyrja: Hvar eru úrræði hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar kemur að niðurskurðartillögunum? Mér vitanlega eru engar tillögur komnar fram frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um samdrátt í útgjöldum ríkissjóðs. Það eru engar aðrar tillögur um niðurskurð settar fram.

Það skýtur mjög skökku við að koma hér með viðbótarskattlagningartillögur upp á 5 milljarða og láta eins og þær geti leyst málið. Hér er þörf gríðarlegs aðhalds í ríkisrekstri, það þarf að taka erfiðar ákvarðanir og ég hlýt að spyrja hv. þingmann: Hvar eru tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessu efni?

[16:07]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú er mér ljúft að svara þessu því að ég get eftir orðaskipti okkar gengið til hv. þingmanns og afhent honum kynningu á tillögum okkar, áherslum okkar í skatta- og ríkisfjármálum sem við höfum lagt fram í dag. Þetta var sem sagt algerlega úrelt ræða hjá hv. þingmanni. Ég veit að hann langar til að halda hana samt vegna þess að Samfylkingunni fannst gaman, og stjórnarliðum, að geta haldið því fram að við í stjórnarandstöðunni og kannski sérstaklega við vinstri græn værum algerlega óábyrg. Við værum að móti öllum niðurskurði og vildum hvergi afla tekna og vildum bara reka ríkissjóð með einhverjum ægilegum halla.

Veruleikinn er sá að við nálgumst þetta, eins og ég sé það, með mjög ábyrgum hætti. Við leggjum til réttláta og sanngjarna tekjuöflun þar sem þeir leggja mest af mörkum sem aflögufærastir eru upp á 5,5–6 milljarða kr. Við leggjum til frekari sparnað. Við leggjum til að leggja Varnarmálastofnun niður. Það gæti sparað umtalsverða fjárhæð, 7–800 millj. kr. kannski. Við leggjum til að hætta við skipulagsbreytingar í heilbrigðis- og tryggingamálum, hætta við að stofna Sjúkratryggingastofnun. Það gæti sparað 250 millj. kr. auk þess sem þá lyki þeim illdeilum sem eru um það mál. Við leggjum til að menn fari ekki út í aðrar kerfis- og skipulagsbreytingar sem geta leitt til kostnaðar og aukins álags hjá starfsfólki eins og t.d. nú er fyrirhugað jafnvel í heilbrigðisstofnununum, bæta því við þá erfiðleika sem verða samfara því að lifa við þessar skertu fjárveitingar. Að ætla að fara að hringla og hræra í skipulaginu er bara eins og hver önnur vitleysa.

Við leggjum til að það verði hætt við þátttöku í heimssýningunni í Kína. Við leggjum til að breytt verði fyrirkomulagi dagpeningagreiðslna hjá ráðherrum, þingmönnum og embættismönnum, hætt að greiða þeim fasta dagpeninga á ferðalögum heldur eingöngu endurgreiða sannanlega útlagðan kostnað og það með þaki.

Það er hægt að spara á ýmsum slíkum sviðum.

Og við leggjum hér til viðbótarsparnað, að við áætlum, upp á 1,5–2 milljarða. Þar með erum við búin að búa til svigrúm strax með tekjum og sparnaði upp á 7,5 milljarða eða svo — og munar ekki um það, hv. þingmaður, ef við getum dregið sem því nemur og þótt það væri eitthvað meira (Forseti hringir.) úr niðurskurði í almannatryggingakerfinu, hætt við að selja inn á sjúkrahúsin og búið betur að þeim sem mesta (Forseti hringir.) þörf hafa núna fyrir velferðarþjónustuna?

[16:09]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega gott að reyna að búa til svigrúm upp á 7,5 milljarða. Ég er ekki að draga úr því. Ég er ekki að draga úr því að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs komi með tillögur um nýja skattheimtu. Ég tel mjög athyglisverðar þær tillögur sem hv. þingmenn hafa sett fram og tel óhjákvæmilegt að við munum horfa í þá átt sem þar eru t.d. gerðar tillögur um á næstu mánuðum og missirum. Það er óhjákvæmilegt miðað við ástandið í ríkisrekstri.

En að halda að það sé hægt að komast hjá sársaukafullum aðgerðum og benda á örfá atriði sem ég held að við munum hvort sem er líka þurfa að líta á eins og þátttökuna í heimssýningunni og ýmis þessi atriði sem hv. þingmaður nefndi áðan held ég að sé mikill blekkingarleikur. Við munum þurfa að taka erfiðar ákvarðanir. Hv. þingmaður víkur sér undan því, og Vinstri hreyfingin – grænt framboð, að koma með tillögur um umfangsmeiri niðurskurð. 7,5 milljarðar, hv. þingmaður, eru hreinlega ekki nóg miðað við ástandið eins og það er í dag. Það er ekki þannig að við getum látið slíkt duga. Það þarf mun meira á næsta ári. Við vitum að við munum þurfa að taka erfiðar ákvarðanir. Í þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur gripið til núna og snerta almannatryggingakerfið og velferðarkerfið er þess einmitt gætt að verja hagsmuni þeirra sem lakast standa.

Þeirri gjaldtöku sem er lögð til sem komugjöld á sjúkrahús er einmitt ætlað að jafna gjaldtökukerfið innan heilbrigðiskerfisins og það verður engin rukkun þar við innlögn, hv. þingmaður. Þessi gjöld verða innheimt með nákvæmlega sama hætti og önnur gjöld í heilbrigðisþjónustu í dag með fullu tilliti til greiðslugetu fólks og með tilliti til hagsmuna þeirra sem lakast standa.

Það er þessi áhersla sem við verðum einfaldlega að hafa. Við verðum að opna alla þætti. Það verður því miður allt að vera undir. En við verðum að (Forseti hringir.) reyna að gera það á forsendum jafnræðis og þess að hagur þeirra sem

lakast standa sé sérstaklega borinn fyrir brjósti.

[16:11]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður verður bara að hlusta grannt eftir og þá mun hann átta sig á þessu. Hann fellst á það að mikilvægt sé að búa til svigrúm og það geti verið réttlætanlegt að fara þar í tekjuöflun og ég trúi því að jafnaðarmenn sem svo kalla sig hljóti að geta fallist á það að við erum hér að fara leiðir í skattamálum sem eru mjög sanngjarnar og til þess að jafna tekjur og aðstæður.

Við höfum hvergi haldið því fram og gerum ekki hér í okkar útspili að þetta leysi allan vandann og það þurfi þá ekkert að skera niður. Það er misskilningur. Þvert á móti erum við í raun og veru að segja að við föllumst á í aðalatriðum þann harkalega samdrátt í rekstri ríkisins sem áformaður er að öðru leyti en því að við viljum taka út skerðinguna á almannatryggingakerfinu og draga úr, eins og svigrúmið leyfir sem við erum að tala hér um, skerðingunni í heilbrigðis- og menntamálum. Það þýðir á mannamáli að við horfumst í augu við og viðurkennum að það er engin önnur leið, því miður, en að draga umtalsvert saman og fresta framkvæmdum o.s.frv. Við leggjumst ekki gegn því. Að sjálfsögðu eru þar hlutirnir misvel útfærðir og missársaukafullir og það þarf að skoða.

Það eru t.d. ýmsir smáútgjaldaliðir sem þarna eru á ferðinni sem eru ákaflega sársaukafullir eins og að skera af með 24 millj. kr. sparnaði starfsemi háskólans úti um land, þekkingarsetrin. Það er sorglegt ef menn hafa ekki einu sinni efni á því að leyfa þessari litlu veikburða starfsemi að lifa sem er gríðarlega mikilvæg á sínum svæðum.

Forgangsröðun okkar liggur hér fyrir og ég tel að þegar hv. þingmaður verður búinn að kynna sér þetta sem hann mun gera nú á eftir átti hann sig á því að það er ekki þannig, enda var ekki við því að búast, að framganga okkar sé óábyrg eða ómálefnaleg í þessum efnum. Ég tel þvert á móti að við séum að sýna það umfram alla aðra flokka, og ríkisstjórnarflokkana þar meðtalda, hvernig við teljum að sé á heiðarlegan hátt hægt að (Forseti hringir.) nálgast þetta viðfangsefni.

[16:14]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Auðvitað er það rétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er hreint neyðarbrauð að fara inn í búvörusamningana eins og við erum að gera með þessu frumvarpi. Og auðvitað er það gert vegna þess að ríkissjóður er í hreinni neyð vegna afkomu sinnar.

Við vitum að þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram í byrjun október var gert ráð fyrir því að búvörusamningarnir yrðu verðbættir að fullu. Þær aðstæður sem síðan hafa orðið hafa hins vegar kallað á það að við höfum jafnvel orðið að fara í endurmat á hlutum sem við höfðum ekki ímyndunarafl til þess að ætla að við þyrftum að fara í að skoða sérstaklega og þar með talið voru búvörusamningarnir.

Við erum að bregðast við með sambærilegum hætti gagnvart búvörusamningunum eins og við erum að gera í sambandi við almannatryggingakerfið. Við erum að setja þak á vísitölubæturnar og erum ekki að bæta þessar tilfærslur að fullu eins og ella hefði orðið.

Hv. þingmaður gerði verðtrygginguna í sjálfu sér að töluverðu umræðuefni sínu. Það væri hægt að fara mörgum orðum um hana. Við ræddum þetta áðan, ég og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, og ég ætla ekki að endurtaka þau vandamál sem því væru samfara að fara inn í þau mál eins og hv. þingmaðurýjaði að. Það er einfaldlega þannig að ríkisstjórnin fór með aðilum á sínum vegum yfir þessi mál mjög rækilega og niðurstaðan varð sú að það greiðslujöfnunarfrumvarp sem seinna varð að lögum sem gerir það að verkum að þeir sem eru með þessar verðtryggðu skuldir hafa möguleika á því að ýta þessum verðbólgukúfi aftur fyrir sig. Auðvitað mun það laga greiðslustöðu manna.

Með sama hætti hafa bankarnir, m.a. vegna tilmæla ríkisstjórnarinnar, fryst hin erlendu lán og mér er kunnugt um að það hefur gengið mjög vel, m.a. hjá landbúnaðinum og sjávarútveginum, að fá slíka fyrirgreiðslu hjá bönkunum. Við trúum því og verðum auðvitað að treysta því að það gengisstig sem er núna og veldur því að skuldir manna hrannast upp muni breytast og þess (Forseti hringir.) vegna muni hinar erlendu skuldir lækka og möguleikar manna til þess að standa undir þessum skuldum muni þar með (Forseti hringir.) batna þegar fram í sækir.

[16:16]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Að sjálfsögðu er gríðarlega mikilvægt að gengið komist á eitthvert eðlilegt og raunhæft ról. Erlendar skuldir lækka þá og greiðslubyrði af slíkum lánum léttist. Vandinn með verðtryggðu lánin er hins vegar sá að það eru afar litlar líkur á því að verðbólguhækkun sem verður á höfuðstól lána á tímum mikillar verðbólgu gangi nokkurn tíma til baka. Til þess þarf verðhjöðnun og hún er ekki alveg fyrirsjáanleg.

Þess vegna er það ákaflega mikið umhugsunarefni, sérstaklega ef við trúum því að það verði svipað með verðbólguna og gengið, að þetta verði kúfur í stuttan tíma, hvort ekki er hægt að taka eitthvað ofan af honum. Það er mjög freistandi hugsun þó að ég viðurkenni alveg að hún er erfið í útfærslu. Ef gengið er langt í þeim efnum færast þar til miklir fjármunir. En ætti það ekki að vera til skoðunar sem sameiginlegt verkefni ríkisins, Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóðanna t.d. hvort þeir geti á einhvern hátt deilt með sér byrðunum af því að hjálpa fólki með því að höggva einhvern verðbólgukúf ofan af en ekki bara bjóða upp á að færa hann aftur fyrir sem leiðir að endingu til þess að fólk hefur borgað enn þá meira þegar upp verður staðið, ef það getur það nokkurn tíma. Það vita allir hvað í því felst að lengja lánin.

Um búvörusamninginn og stöðu landbúnaðarins vil ég aðeins segja það að ég er ekki bara að hugsa um kjör bænda í núinu þó að það sé gríðarlega mikilvægt heldur líka mikilvægi greinarinnar og þá verðmætasköpun sem hún stendur fyrir og gæti gert í auknum mæli ef henni verða búin skilyrði til þess. Nú lofa allir og prísa að við skulum eiga íslenskan landbúnað og íslenskan matvælaiðnað og að kröfunum tókst ekki að eyðileggja það. Maður hittir varla nokkurn mann sem ekki fagnar því og gleðst yfir því.

Framleiðsla landbúnaðarins selst sem aldrei fyrr og þar eru möguleikar til aukinnar framleiðslu, aukinnar verðmætasköpunar til að framleiða (Forseti hringir.) meira hráefni inn í matvælaiðnað o.s.frv. (Gripið fram í.) Það er akkúrat það sem við þurfum á að halda, hæstv. landbúnaðarráðherra. (Forseti hringir.) Þess vegna verðum við að passa okkur á því að valda ekki meira tjóni en því sem við erum að leysa með ráðstöfunum af þessu tagi.

[16:18]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kjarni þess þegar við ræðum um verðtrygginguna er sá að ef við tökum þá ákvörðun að fara inn í hana með einhverjum hætti, alveg eins og við erum að gera hér með búvörusamningunum, mun einhver þurfa að greiða fyrir það. Þegar við skerðum vísitöluhækkanir mun það bitna á einhverjum með einhverjum hætti. Nákvæmlega sama mundi gerast varðandi fjárskuldbindingar almennings og fyrirtækja í landinu, einhver þarf að borga það að lokum. Það er vandinn og þess vegna hafa menn ekki treyst sér til þess að fara inn í þetta með þessum hætti.

Ég vek athygli á því að hæstv. félagsmálaráðherra setti niður starfshóp undir forustu sjálfs forseta Alþýðusambands Íslands til þess að fara yfir þessi mál. Niðurstaðan varð sú að það sé ekki hægt að skera algjörlega burtu þennan kúf heldur verður reynt að velta honum á undan sér í ljósi þess að hér sé um að ræða fasteignatryggð veðlán sem eru til lengri tíma. Þar er hægt að lækka greiðslubyrðina núna meðan verst stendur á hjá almenningi. Það mun hafa verulega jákvæð áhrif fyrir landbúnaðinn sem m.a. er skuldsettur með slíkum verðtryggðum lánum.

Varðandi búvörusamninginn og það sem hér hefur verið sagt er ekkert í frumvarpinu sem hér liggur fyrir og verður væntanlega samþykkt, sem sem kemur í veg fyrir að hægt sé að taka þessi mál upp við forustumenn bænda og ræða aðrar útfærslur. Ég hef margoft lýst því yfir, eins og hv. þingmaður veit, það kom fram í andsvari við hann við 1. umr. þessa máls, að ég er sannarlega reiðubúinn til þess. Ég ræddi þessi mál við forustumenn bænda í aðdraganda þessarar ákvörðunar. Eins og ég hef áður sagt finnst mér afstaða Bændasamtakanna að þeir væru ekki tilbúnir til þess að fara inn í samráðsferlið við þessar aðstæður, vera eðlileg. En ég fagna því að ég hef fundið fyrir mjög miklum vilja, áhuga og raunar hvatningu frá einstökum hv. þingmönnum um að við reynum að skoða þetta eftir áramótin og ef það er vilji forustumanna bænda að það sé gert mun ekki standa á mér í þeim efnum.

[16:20]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það gætu verið ýmsar félagslega betri leiðir til þess að fara inn í búvörusamninginn ef menn vildu opna á það en flöt skerðing beingreiðslnanna með því að láta þær ekki fylgja verðlagsþróun. Við skulum t.d. átta okkur á því að bústærðin er mjög ólík.

Ég var alltaf hallur undir þau sjónarmið á sínum tíma að fara frekar leið skyldari því sem t.d. Norðmenn, Kanadamenn og fleiri fleiri þjóðir fara varðandi stuðning sinn að hann fer fallandi með bústærð ofan við ákveðin mörk. Þannig náum við betur til einyrkjanna, náum upp að þeim mörkum þar sem myndast ein árslaun á búinu. Það er tilfinnanlegast að skerða beingreiðslu hjá bónda sem hefur engar aðrar tekjur og er rétt við þessi mörk með meðalbústærð, t.d. í sauðfjárrækt. Það er spurning hvort t.d. stærstu búin þyldu ekki frekar að eitthvað drægi úr beingreiðslunum hjá þeim. (Gripið fram í.) Það gætu vissulega verið þau skuldsettari, alveg hárrétt, hæstv. landbúnaðarráðherra, þannig að allt er þetta nú erfitt.

Þá komum við aftur að verðtryggingunni. Ég tel ekki að neinn hafi verið að tala um það og við höfum ekki verið að skoða það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að fara inn í verðtryggingargrunninn almennt. Það sem verið hefur til skoðunar eru verðtryggð húsnæðislán og hvort þar sé hægt að koma til móts við fólk vegna þess að það er auðvitað tilfinnanlegast af öllu ef fólk missir ofan af sér húsnæðið.

Þar eru aðallega tvö tæki. Það væri að fara í þetta sameiginlega með Íbúðalánasjóði, lífeyrissjóðunum og ríkissjóði að taka einhvern verðbólgukúf ofan af eða hækka umtalsvert vaxtabætur. Hvorugt á að gera. Þvert á móti verða vaxtabæturnar samkvæmt þessu frumvarpi í raun skertar og barnabætur líka því að þær eiga ekki að taka á sig nema 5,7% verðlagshækkun sem dugar hvergi nærri til. Það er sama skerðingarprósentan og gagnvart bændum.

[16:23]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vildi í upphafi nefna vegna þeirrar umræðu sem spunnist hefur um búvörusamninginn að auðvitað er erfitt að ganga inn í samninga sem gerðir hafa verið með þessum hætti en hér eru sérstakar aðstæður fyrir hendi. Það er alveg ljóst að ef við setjum hámark á uppbætur í almannatryggingakerfinu hljóta að vera jafnrík efnisleg rök til að láta hið sama ganga inn í búvörusamningana.

Ég held hins vegar að það sé mjög mikilvægt að horfa á leiðir til að endurskoða búvörusamningana í ljósi breyttra aðstæðna og tek undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi hér áðan að það er full ástæða til þess að horfa á aðstæður í heild sinni. Þær erfiðu aðstæður sem við búum við kalla á að við hugsum allt upp á nýtt, ekki bara sumt heldur allt. Í fjárlagagerð fyrir árið 2010 verður allt undir og þar verðum við að horfa á alla þá þætti sem við snertum núna og jafnvel að taka þar á hlutum sem við höfum ekki treyst okkur til að taka á í dag. Við þurfum að hugsa hið ómögulega, við þurfum alltaf að hugsa út fyrir rammann á næsta ári og við þurfum að horfa til þess að endurskoða með víðtækum hætti allar skuldbindingar ríkisins.

Ég held þess vegna að í búvörusamningakerfinu sé mikilvægt að fá hagsmunaaðila að borðinu og setjast yfir það hvernig hægt er að endurskipuleggja þar þannig að framlög ríkisins nýtist sem best til þess að styðja við fjölskyldubúin vítt og breitt um landið. Að við skerum sem kostur er niður stuðninginn við verksmiðjubúin og reynum þannig að búa til heilbrigðari umgjörð utan um framlögin til þess að tryggja búsetu og til þess að styðja við framþróun í greininni.

Svo er náttúrlega ljóst sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi áðan að auðvitað eru mikil sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað við núverandi aðstæður. Þau þarf að styrkja og efla. Einn grunnþátturinn í því er aðild að Evrópusambandinu og opna þar með útflutningsmarkað fyrir þessa atvinnugrein en binda greinina ekki hér við sífellt minnkandi innanlandsmarkað. Við þurfum að opna fyrir henni möguleika til útflutnings þannig að hún geti vaxið og dafnað eins og aðrar greinar og öðlast alvörutækifæri sem eru víða fyrir íslenskan landbúnað. Það er minnimáttarkennd og heimóttarskapur að halda að íslenskur landbúnaður geti ekki spjarað sig í samkeppni við landbúnað á evrópskum markaði.

Virðulegi forseti. Það hefði líklega engu okkar í þessum sal dottið í hug fyrir ári síðan að við stæðum í þeim sporum sem við stöndum í núna og að við mundum þurfa að taka svona margar erfiðar ákvarðanir. Í þeim aðgerðum sem nú hafa verið kynntar er reynt að skapa svigrúm með niðurskurði upp á 45 milljarða. Það er mjög mikilvægt til þess að reyna að bregðast við þessu erfiða ástandi en samt verður halli ríkissjóðs gríðarlegur. Þar er óhjákvæmilegt að viðurkenna að við teflum á tæpasta vað. En það er erfitt að ganga lengra við þessar aðstæður því að við megum heldur ekki dýpka kreppuna um of í upphafi þannig að hér er um viðkvæman jafnvægisleik að ræða. Við viljum ekki draga of mikið úr kaupgetu fólks, úr möguleikum fólks sem er háð bótum og framlögum frá hinu opinbera og við viljum ekki heldur hækka skatta um of strax í byrjun þegar fólk á mikið undir því að hafa sem mest milli handanna til að bregðast við þessum erfiðu aðstæðum þannig að kostirnir eru fáir góðir. Það er alveg ljóst að fram undan eru enn erfiðari og enn flóknari ákvarðanir í ríkisfjármálum strax á næsta ári. Það má alveg halda því fram með góðum rökum að tekjuáætlun fjárlaga sé nokkuð bjartsýn og það kann vel að vera að við stöndum frammi fyrir því að þurfa að endurmeta fjárlögin strax í febrúar í ljósi nýrra upplýsinga um tekjustreymið. Ég á satt að segja von á því frekar en ekki.

Við þessar aðstæður finnst mér með ólíkindum að hlusta á þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem tala fyrir meiri ríkissjóðshalla og að það sé raunverulega valkostur að skera ekki niður við þessar aðstæður í þeim mæli sem ríkisstjórnin er að reyna. Það sé með öðrum orðum mögulegt að ætla okkur að halda meiri halla á ríkissjóði en við stefnum þó í, slíkt sé með einhverjum hætti ábyrg afstaða við núverandi aðstæður.

Þvert á móti er nú málum þannig háttað að ef við færum að tillögum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og værum með enn stórfelldari ríkissjóðshalla mundi hann einungis gera annað tveggja: Keyra vaxtastig upp úr öllu valdi þannig að hér yrðu ofurvextir af verstu sort, enn verri en við búum við í dag, eða að hér yrði óðaverðbólga. Hvers vegna? Jú, innlendur lánsfjármarkaður er hruninn og við eigum ekki aðgang að erlendum lánsfjármörkuðum. Halla á fjárlögum verðum við að fjármagna með lánum. Íslenska ríkið hefur misst lánshæfismatið og aðgangur okkar að erlendum lánsfjármörkuðum er ekki fyrir hendi í dag. Það er því ljóst að ríkissjóðshallann verðum við að öllum líkindum að fjármagna á innlendum markaði. Það er eins og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs haldi að ríkissjóðshalli sé eitthvað sem menn geti bara safnað og hann hafi engin áhrif á efnahagsstjórnina eða ástandið í efnahagslífinu á næsta ári en því er nú ekki að heilsa. Útgjöld umfram tekjur þarf að fjármagna og þau verða ekki fjármögnuð öðruvísi en með lántöku.

Innlendur lánsfjármarkaður er hruninn. Vegna veikrar stöðu bankakerfisins blasir við gríðarleg lánsfjárþörf innlendra fyrirtækja á næsta ári sem þurfa að endurfjármagna skuldbindingar sínar, útistandandi skuldabréf sem eru á gjalddaga á næsta ári. Þau fyrirtæki munu sækja á innlendan lánsfjármarkað og leitast eftir að fá þar lánsfé. Sama munu sveitarfélögin gera og þau eiga nú þegar í gríðarlegum vandræðum með að fjármagna sig á innlendum lánsfjármarkaði. Það er þekkt að þau fóru í skuldabréfaútboð fyrir nokkrum vikum síðan og náðu ekki einu sinni upp í það sem þau töldu bráðnauðsynlegt að fá. Ef ríkissjóður bætist við á þennan innlenda lánsfjármarkað með gríðarlegan halla, meiri halla en við stefnum nú að eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til, er það auðvitað ávísun á endalausar vaxtahækkanir vegna þess að það er takmarkað framboð á peningum.

Hverjir eiga peninga á innlendum lánsfjármarkaði á næsta ári? Jú, það blasir við að það eru fyrst og fremst lífeyrissjóðirnir sem munu eiga eitthvert handbært fé en það er ekki mikið, það losar kannski 100 milljarða. Mörgum kann að finnast það mikið en ef þeir 100 milljarðar eiga að fullnægja endurfjármögnunarþörf innlendra fyrirtækja, allra sveitarfélaga í landinu og ríkissjóðs með enn stærri fjárlagahalla en við erum að tala um núna, 40 milljörðum hærri eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð stefnir að, köllum við yfir okkur gríðarlegar vaxtahækkanir á næsta ári nema menn vilji að Seðlabankinn fari í seðlaprentun en þá kæmi óðaverðbólga. Hvort tveggja, virðulegi forseti, er aðför að hagsmunum almennings í landinu. Tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í ríkisfjármálum núna eru þess vegna algjörlega óábyrgar. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Allar tillögur ríkisstjórnarinnar núna hafa það að markmiði að draga sem kostur er úr því atvinnuleysi sem hellist óhjákvæmilega yfir okkur núna. Þess vegna er ekki gengið jafnhart fram í niðurskurði og mörg rök hefðu verið fyrir eins og ég rakti hér áðan. Reynt er að draga sem kostur er úr óæskilegum afleiðingum hrunsins en það er ekki hægt að auka enn ríkissjóðshallann án þess að það hafi einhver áhrif á almenning í landinu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerir mikið úr því að nú séu komnar fram tillögur frá henni í ríkisfjármálum. Þær fela í sér nokkurn niðurskurð á sviði utanríkismála sem er allrar athygli verður og við höfum svo sem rætt áður. Á móti kemur að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur nú lagst gegn hluta af þeim niðurskurði á vettvangi utanríkismála sem þegar hefur verið ákveðinn þannig að það sléttist út að hluta til. Að öðru leyti er komið með viðbótartekjuöflun upp á 5 milljarða miðað við bjartsýnar spár, þ.e. um hátekjuskatt sem á að skila milli 2 og 3 milljörðum. Hann er vissulega umhugsunarefni og ég held að það sé atriði sem við hljótum að ræða á komandi mánuðum. Síðan er smotterístillaga upp á 150 milljónir sem er um reiknað endurgjald hjá þeim aðilum sem hafa fyrst og fremst fjármagnstekjur. Ég held nú satt að segja að samkvæmt núver-

andi lögum hafi skattstjórar heimild til að taka slíkar ákvarðanir þannig að hún er meira upp á punt þessi ágæta tillaga en góðra gjalda verð engu að síður.

Þriðja tillaga Vinstri grænna um aukna skattheimtu er svo hærri fjármagnstekjuskattur með frítekjumarki. Þar gefa þeir sér þær forsendur að sú skattbreyting muni skila 2,5 milljörðum. Um það hef ég verulegar efasemdir við núverandi aðstæður og ég held að það sé fugl í skógi. Við núverandi aðstæður þar sem bankakerfið er jafnveikt og raun ber vitni og lítil tiltrú á því er mjög óvarlegt að mínu viti, án þess að við hugsum það frekar, að hrófla mikið við fjármagnstekjuskatti því að það síðasta sem við viljum núna er fjármagnsflótti út úr landinu þegar ekkert fjármagn er á lánsfjármarkaði í landinu.

Þeim tillögum sem koma nú og Vinstri hreyfingin – grænt framboð ber sér á brjóst yfir, verður best lýst með þeim ágætu orðum að fjallið tók jóðsótt og það fæddist lítil mús. Þær eru enginn valkostur, þær eru enginn trúverðugur valkostur í því efnahagsástandi sem hér er. Vinstri hreyfingin – grænt framboð víkur sér enn og aftur undan því að taka ábyrgð á því hvernig haga eigi efnahagsstjórn við þessar erfiðu aðstæður.

Þá kemur mér í hug hin ágæta mynd Halldórs Baldurssonar í *Morgunblaðinu* í gær þar sem hann kynnir til leiks, með leyfi virðulegs forseta, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon í fallegum blúndukjól í hlutverki Pollýönnu að strá blómum á veg þeirra sem ganga, áhyggjulaus. Pollýanna segir að við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur. Hún vill ekki hækka skatta, ekki lækka ríkisútgjöld, ekki borga skuldir og svo segir hún að krónan sé bara æðisleg eins og hún hafi alltaf verið.

Þessi mynd segir meira en mörg orð um það ábyrgðarleysishjal sem hefur mætt okkur í þessari umræðu frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Það er enginn valkostur við erfiðar aðgerðir nú, það er enginn valkostur. Það þarf miklu meiri niðurskurð en Vinstri hreyfingin – grænt framboð virðist geta sætt sig við miðað við þær hugmyndir sem kynntar hafa verið í dag og heyrst hafa frá henni áður. Það er ekki valkostur að keyra hér upp tröllaukinn ríkissjóðshalla eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill. Meiri ríkissjóðshalli við þessar aðstæður er bara ávísun á hrikalega ofurvexti þannig að vextir í landinu fari að nema tugum prósenta eða verðbólgutölur sem nálgast 100%. Það er ekki hægt með einhverjum töfrabrögðum að halda úti ríkissjóðshalla sem er ófjármagnaður. Vinstri hreyfingin – grænt framboð víkur sér alltaf undan ábyrgð í þessu efni.

Virðulegi forseti. Það er engin óskastaða sem við erum lent í núna. Við erum lent í henni vegna þess að það dundu hrikaleg áföll yfir íslenskt fjármálalíf og efnahagslíf. Að því leyti sem það var fyrirséð mátti gera því skóna lengi að gjaldmiðillinn sem við búum við væri ekki fullnægjandi grunnur undir þá alþjóðlegu viðskiptastarfsemi sem var í landinu. Þeir bera því mikla ábyrgð sem sögðu að það væri alltaf hægt að búa við íslensku krónuna, það er alveg hárrétt. En við verðum að fást við þá stöðu sem við erum í í dag. Hún kallar á erfiðar aðgerðir.

Í öllum þeim atriðum sem rakin eru í því frumvarpi sem til umræðu er í dag er það stefna ríkisstjórnarinnar að skera niður nægilega mikið til þess að greiða fyrir efnahagslegum stöðugleika en þó ekki svo mikið að við dýpkum kreppuna, aukum á það atvinnuleysi sem því miður er óhjákvæmilegt, heldur reynum þvert á móti að ná hófstilltri siglingu út úr ástandinu.

Aðgerðir sem varða almannatryggingakerfið miða að því að verja hag þeirra sem minnst hafa milli handanna. Aðgerðir varðandi komugjöld á sjúkrahúsum miða að því að jafna mun sem er á gjaldtöku milli ólíkra þjónustuforma í heilbrigðiskerfinu í dag og ganga ekki lengra en það. Inngripið í búvörusamningana einkennist af sömu meginreglu og beitt er gagnvart lífeyrisþegum þannig að þar er ekki gengið fram af neinu offorsi.

Virðulegi forseti. Við verðum að vera tilbúin að taka erfiðar ákvarðanir. Það sem mér finnst erfiðast að horfa upp á er að sjá stjórnarandstöðu sem býður ekki upp á neinar lausnir, ekki neinn valkost, en heldur langar ræður og gagnrýnir hverja einustu tillögu sem kemur fram. Þegar ég nefni stjórnarandstöðuna í þessu dæmi er það sérstaklega Vinstri hreyfingin – grænt framboð sem vekur athygli fyrir þetta. Það eru engar trúverðugar tillögur um nauðsynlegan samdrátt í ríkisútgjöldum sem koma frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Þvert á móti er staðhæft að sá höflegi niðurskurður sem stefnt er að sé of mikill. Þá fer maður nú bara að velta fyrir sér: Hvernig í ósköpunum gæti Vinstri hreyfingin – grænt framboð komið með trúverðugar tillögur um nauðsynlegan niðurskurð á næsta ári þegar við vitum að við þurfum að ganga lengra?

Í staðinn hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð boðið upp á einhvers konar töfralausn sem felst í því að það sé í lagi að keyra taumlausan ríkissjóðshalla og það hafi engar afleiðingar, það sé bara allt í lagi. Þvert á móti, virðulegi forseti, er meiri ríkissjóðshalli bara ávísun á hrikalegar vaxtahækkanir eða taumlausa verðbólgu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð boðar einvörðungu efnahagslega óábyrga hagstjórn sem mun leiða til hrikalegra kjaraskerðinga fyrir almenning í landinu.

[16:40]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Árni Páll Árnason gat þess að allt væri undir, allt þyrfti að stokka upp. Auðvitað er það fagnaðarefni þegar þingmaðurinn kemur inn á þetta og þess vegna vil ég spyrja hann um kvótann, fiskinn í sjónum sem gefur okkur gjaldeyristekjur núna og heldur raunverulega lífi í þjóðinni nú um stundir, hvort hann eigi að vera óbreyttur. Hvort sömu sægreifarnir sem hafa haft tangarhald á veiðiheimildunum, kvótanum, eigi að fá að hafa þær áfram, hvort gjafakvótakerfið eigi að vera áfram við lýði eða hvort það standi til að afnema það, og hvort hann sé ekki sammála okkur í Frjálslynda flokknum um að innleysa eigi allar veiðiheimildir og bjóða þær upp hæstbjóðanda sem treystir sér til að leigja þær á sem hæstu verði og skapa þar með gjaldeyristekjur inn í þjóðfélagið til handa þeim sem þurfa kannski mest á því halda svo sem öryrkjar og aldraðir.

Hvað varðar útflutning á landbúnaðarvörum þá minntist hv. þingmaður á að við þyrftum að ganga í Evrópusambandið til þess að það væri hægt, en hefur hann gleymt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið?

Til að auka tekjur í þjóðfélaginu er hægt að bæta við þorskkvótann og kvóta í flestum tegundum, þ.e. til að stækka kökuna. Í öðru lagi er svo apparat sem heitir utanríkisþjónustan, utanríkisráðuneytið, sem hefur 9 milljarða á fjárlögum næsta árs og þar er hægt að skera heldur betur niður miðað við það sem fyrirhugað er.

[16:42]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi kvótann. Ég er ekki talsmaður þess að taka veiðiheimildir bótalaust af þeim sem nú hafa þær á hendi. Ég held að það væri óðs manns æði og mundi kollvarpa sjávarútveginum í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Ég hef hins vegar alltaf verið þeirrar skoðunar að við þurfum að vinna okkur út úr því kvótakerfi sem við búum við og koma á endurgjaldi í einu eða öðru formi til ríkisins fyrir afnot af veiðiheimildum. Það er auðvitað útfærsluatriði hvernig því verður komið á en ég sé ekki að það geti leyst efnahagsvandann sem við stöndum frammi fyrir í dag.

Hv. þingmaður spurði hvort ég væri búinn að gleyma samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þegar kæmi að útflutningi á landbúnaðarvörum. Nei, akkúrat ekki, hv. þingmaður, því að landbúnaðarvörur eru ekki hluti af gildissviði EES-samningsins. Hann tekur ekki til viðskipta með landbúnaðarvörur, það er akkúrat meinið, það er vandinn, þannig að íslenskir bændur hafa ekki aðgang fyrir framleiðsluvörur sínar inn á evrópska markaði. Við höfum náð, íslenska ríkið, að mjálma út með ærinni fyrirhöfn á undanförnum árum smotterískvóta fyrir aðgang að markaði fyrir íslenskar landbúnaðarvörur hér þar, 25 tonn af smjöri o.s.frv., en þetta eru allt of litlir kvótar til að það sé arðbært fyrir fyrirtæki í Evrópu að bjóða upp á þessa vöru eða markaðssetja hana. Þess vegna er brýn nauðsyn fyrir íslenskan landbúnað að fá aðild að Evrópusambandinu þar sem viðskipti með landbúnaðarvörur verða frjáls þannig að bændur geti raunverulega sótt inn á evrópskan markað. Ég er ekki í nokkrum vafa um að íslenskt smjör ætti gríðarleg sóknarfæri á evrópskum markaði og ýmsar aðrar vörur, skyr t.d., eiga mikið sóknarfæri inn á þennan markað. Það er erfiðara með árstíðabundna vöru eins og lambakjöt.

Hvað varðar niðurskurð í utanríkisþjónustunni þá get ég kannski komið að honum í seinna andsvari mínu.

[16:44]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er dapurlegt að hlusta á hv. þingmann fara svona yfir málin og sýnir náttúrlega að ekki er vilji til að taka á neins staðar þar sem þörf er.

Með því að leigja út veiðiheimildir og miðað við það leiguverð sem er búið að vera á markaðnum síðustu mánuði væri ríkið sennilega að hafa eitthvað milli 20 og 30 milljarða í tekjur af útleigu á veiðiheimildum, hvort sem það væri í dögum eða tonnum, kílóum. Það er auðvitað sorglegt þegar hv. þingmenn átta sig ekki á að hér er um gjafakvótakerfi að ræða þar sem veiðiheimildum var úthlutað ókeypis í upphafi og ríkið hefur aldrei fengið neitt fyrir það brask sem hefur átt sér stað með kvóta og þess vegna er maður kannski ekkert hissa á því að málefni þjóðarinnar eru í þeirri stöðu sem þau eru í dag.

[16:45]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vísa til þess sem ég sagði áðan hvað varðar kvótann.

Hins vegar heldur hv. þingmaður því ranglega fram að það sé enginn vilji til að taka á þar sem á þarf að halda, það er bara þvert á móti rangt. (**GMJ:** Þú talaðir um …) Ég var að tala um sóknarfæri fyrir bændur, hv. þingmaður. (Gripið fram í.)

Að því er varðar utanríkisþjónustuna sem hv. þingmaður nefndi áðan er vert að nefna að í utanríkisþjónustunni er núna gerð tillaga um 20% niðurskurð, hvorki meira né minna. Ég er sammála hv. þingmanni að það kann að vera möguleiki á enn frekari niðurskurði (Gripið fram í.) á næsta ári og ég held að það sé óhjákvæmilegt að velta þar við mörgum steinum (**GMJ:** Af hverju …?) og endurskoða kostnað þar. En ég held líka að þjóð sem verður fyrir efnahagslegu áfalli verði að hafa öfluga utanríkisþjónustu því að hún þarf að vinna sér orðspor aftur, hún þarf að vinna sér markaði aftur og utanríkisþjónustan er lykillinn að því við vinnum framleiðsluvörum okkar aðgang að erlendum mörkuðum.

[16:47]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og skattn. (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér þótti athyglisvert að heyra talsmann jafnaðarmannaflokks Íslands tala um hinn hóflega niðurskurð og vísa þá væntanlega til skerðingar á barnabótum og vaxtabótum, á kjörum aldraða, á kjörum öryrkja, til skerðingar á velferðarþjónustunni, sjúkrahúsum og öðrum (Gripið fram í.) velferðarstofnunum. Hann talar um þetta sem hóflegan niðurskurð. Ég held að fólki almennt finnist það ekki hóflegur niðurskurður þegar það þarf síðan að glíma við rekstur þessara stofnana.

Hann talar jafnframt um að hugmyndir okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði séu ávísun á óðaverðbólgu og kjaraskerðingu þegar upp er staðið. Ég held ekki. Ég er frekar á sama máli og Roosevelt var á sínum tíma þegar hann vildi gefa upp á nýtt í „New Deal“ upp úr 1930 og sem menn hafa vísað til í kreppum að menn eigi að grípa til.

Við höfum sagt að það eigi að horfast í augu við þann mikla halla (**Gripið fram í:** Hvernig var gamla …?) sem er á ríkisútgjöldunum. Ég hef lagt það til að lífeyrissjóðirnir sem núna íhuga sumir hverjir að stofna fjárfestingarsjóð upp á 75 milljarða kr. beini fjármagni sínu til fjárfestinga hjá ríki og sveitarfélögum þannig að lántökur verði innan lands. Mér finnst jafnframt umhugsunarefni að þeir taki fjárfestingar sínar erlendis í einhverjum mæli til þess að styrkja innviði samfélags okkar vegna þess að ég óttast (Forseti hringir.) að mikill niðurskurður nú komi hreinlega í bakið á okkur í stórauknum útgjöldum, í auknu atvinnuleysi og öðrum (Forseti hringir.) afleiddum stærðum.

[16:49]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. þingmanni

um að of mikill niðurskurður nú gæti aukið á atvinnuleysisvanda og skapað miklu stærri vandamál en við stöndum frammi fyrir. Það er nákvæmlega þess vegna sem við fórum ekki í allt of mikinn niðurskurð, það er nákvæmlega þess vegna sem hér er farið mjög varlega. Ríkissjóðshallinn er alveg við stærstu mörk vegna þess að það verður ekki auðvelt að fjármagna hann innan lands.

Hv. þingmaður talar um að lífeyrissjóðir eigi að fjármagna ríki og sveitarfélög innan lands. Eftir stendur þá, hv. þingmaður, að endurreistir íslenskir bankar eru ekki í lánaviðskiptum við erlenda banka þannig að þeir geta ekki veitt erlent lánsfé inn í landið. Þeir skuldbreyta hjá fyrirtækjum og hjá heimilum. Af þessum skuldbreytingum leiðir að þeir fá minni peninga en þeir ella fengju inn á næsta ári til að endurlána.

Ég spyr hv. þingmann: Á þá atvinnulífið bara að hrynja? Hann kallar yfir þá sem eru á almennum vinnumarkaði, almenna launamenn, stórfellt atvinnuleysi vegna þess að fyrirtækin munu ekki hafa aðgang að lánsfé, þau munu ekki geta haldið áfram að standa við skuldbindingar sínar. Það er ekki þannig að lífeyrissjóðirnir einir eigi bara að koma ríkinu og sveitarfélögunum í skjól og þá megi afgangurinn af þjóðinni bara gossa eins og hv. þingmaður virðist tala hér fyrir.

Það eru takmarkaðir peningar sem lífeyrissjóðirnir hafa til ráðstöfunar á næsta ári, líklega um 120 milljarðar. Þeir duga ekki fyrir endurfjármögnunarþörf fyrirtækja, endurfjármögnunarþörf sveitarfélaga og tæpast fyrir þeim fjárlagahalla sem við höfum í dag, hvað þá ef um tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um 40 milljarða viðbótarfjárlagahalla yrði að ræða, ef við ykjum fjárlagahallann um sem nemur 40 milljörðum. (**PHB:** Prenta peninga.) Það er þá ekki nema annað tveggja sem gerist, annað hvort prentum við peninga með tilheyrandi óðaverðbólgu eða vaxtastigið gýs upp vegna þess að það er allt of lítið (Forseti hringir.) framboð á peningum. (**PHB:** Nema hvort tveggja sé.) Nema hvort tveggja sé.

[16:51]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og skattn. (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Gaman að sjá og heyra hvernig hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Árni Páll Árnason tala algerlega í kór og brosa hvor til annars hlýju brosi.

Staðreyndin er sú að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sett fram tillögur sem ekki einvörðungu eru til þess fallnar að bæta stöðu ríkissjóðs, heldur líka stuðla að kjarajöfnuði í landinu. Okkar tillögur ganga út á þetta. Það sem ég hvet hv. þingmann til að horfa til er ekki einvörðungu hallinn á ríkissjóði, heldur hallinn á þjóðarbúinu. Þar er ég að horfa til þeirra skuldbindinga sem ríkisstjórnin hleður á herðar þjóðarinnar, því miður allt of umræðulítið, eða ég spyr hv. þingmann: Hvað veit hann um ráðstöfun 200 milljarða sem fóru til peningamarkaðssjóðanna? Hvar var það rætt? Hvað veit hv. þingmaður um það? Og hvers vegna er okkur ekki gerð grein fyrir þeim erlendu skuldbindingum sem verið er að hlaða á herðar okkar?

Því miður er það svo að ef (Forseti hringir.) Samfylkingin óttast að hún sé að gera eitthvað hugsanlega á hlut valdhafanna í Brussel og Evrópusambandsins kiknar hún í hnjánum. Hún hefur því miður ekki staðið vaktina (Forseti hringir.) fyrir íslensku þjóðina þegar þessar skuldbindingar voru annars vegar. Þegar kemur hins vegar að því að skera niður á Landspítalanum er hún til í tuskið.

[16:53]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það fór eins og ég hugði að um leið og hv. þm. Ögmundi Jónassyni er svarað með málefnalegum hætti og kallað eftir því að hv. þingmaður rökstyðji tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flögrar hann burt og kemur með einhverja ómálefnalega útúrsnúninga.

Málið er bara einfaldlega þannig að efnahagstillögurnar ganga ekki upp, tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ganga einfaldlega ekki upp. Hv. þingmaður barði sér á brjóst áðan og fór að tala um að hann vildi gera eins og Roosevelt, árið 1932, gerði og gefa upp á nýtt. En kosturinn við Franklin Delano Roosevelt var að hann skildi efnahagsmál. Hann var víðlesinn, og vel lesinn í einum framsæknasta hagfræðingi þess tíma, Keynes.

Vandinn við tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er að þær ganga ekki upp út frá neinum hagfræðikenningum. Þær eru ávísun á óðaverðbólgu vegna seðlaprentunar eða á ofurvexti vegna þess að það er of lítið fjármagn í umferð. (Forseti hringir.) Það gengur ekki upp að afla ekki tekna eða skera niður á móti þessum mikla halla í einhverjum mæli.

[16:54]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil segja það hv. þm. Árna Páli Árnasyni til hróss að við stjórnarandstæðingar gátum sært upp einn þingmann Samfylkingarinnar í ræðu sem hann flutti að mörgu leyti með mjög málefnalegum hætti.

Að sama skapi er sorglegt þegar maður upplifir það að stjórnarliðar kalla eftir og fullyrða að stjórnarandstaðan hafi ekki boðað neinar lausnir. Manni líður svona eins og að þegar bátur er hér um bil sokkinn byrji menn loks að ausa. Það er í raun og veru sú staða sem er uppi núna. Ég vil minna hv. þingmann á það að við framsóknarmenn lögðum fram tillögu til þingsályktunar í fyrri hluta októbermánaðar um að stofna samvinnu- og efnahagsráð Íslands þar sem allir aðilar sem hafa áhrif á stjórn efnahagslífsins yrðu kallaðir að borðinu, forustumenn stjórnmálaflokka, atvinnulífs, launþega, sveitarfélaga, fjármálafyrirtækja, Bændasamtaka Íslands og sjávarútvegsfyrirtækja. Það tók enginn stjórnarliði þátt í umræðu um þetta frumvarp okkar og í rauninni var það einungis Frjálslyndi flokkurinn sem tók þátt í umræðunni. Það er svo ódýrt fyrir stjórnarliða að kalla hér eftir einhverjum patentlausnum. Það hefði þurft að kalla þetta samvinnu- og efnahagsráð Íslands saman miklu fyrr, strax í upphafi hrunsins.

Ég ætla að minna hv. þingmann á að útgjöld ríkissjóðs eru að 70% hluta laun. Við töluðum fyrir frumvarpi um lækkun launa æðstu embættismanna ríkisins og ég held að allir þurfi að taka á sig einhverja skerðingu í ljósi þeirra atburða sem hér hafa gengið yfir. Þetta efnahagsráð hefði get-

að verið búið að leggja línurnar um þjóðarsátt í þeim efnum.

Það sem við erum að gagnrýna hér, framsóknarmenn, er að það er byrjað á (Forseti hringir.) öldruðum, öryrkjum, sjúklingum og bændum þegar ríkisstjórnin byrjar að skera niður, því miður.

Hæstv. forseti. (Forseti hringir.) Ég hafna því að framsóknarmenn hafi ekki lagt fram tillögur til úrbóta.

[16:56]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ekki þannig að það sé byrjað á eldri borgurum og öryrkjum. Það er byrjað á því sem einfaldast er, sparnaði í yfirstjórn ríkisins, 20% samdrætti í utanríkisþjónustunni. Síðan er velferðarkerfinu hlíft sem kostur er. Þær skerðingar sem þar koma inn einskorðast við þá sem eru betur stæðir. Þetta er hins vegar gríðarlega erfitt val.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að samráð milli stjórnar og stjórnarandstöðu og víða í samfélaginu og við aðila vinnumarkaðarins er mjög mikilvægt. Ég ætla bara að minna hv. þingmann á að ég talaði fyrir því í löngu viðtali í Markaðnum í *Fréttablaðinu* í ágústmánuði að það væri nauðsynlegt að koma slíkum formlegum samráðsvettvangi á sem allra fyrst og ég held að það hefði hjálpað okkur í gegnum þessa erfiðleika. En í þessum erfiðleikum dynur margt á og ef vettvangurinn er ekki þegar til er kannski tímafrekt að koma honum á.

Ég er ekki að biðja stjórnarandstöðuna um að koma með heildstæðar lausnir, ég veit alveg að kannski eru ekki forsendur til þess. Ég geri samt þá kröfu að menn horfist í augu við efnahagslegar afleiðingar tillagna sinna eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerir alls ekki. Tillaga hennar um taumlausan ríkissjóðshalla langt umfram það sem innlendur lánsfjármarkaður ber er ávísun á stórfellda kjaraskerðingu almennings í landinu, annaðhvort með taumlausum vaxtahækkunum eða óðaverðbólgu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð verður að horfast í augu við það.

Það er ekki hægt að hugsa um að það eigi bara að passa ríkið og sveitarfélögin og þá megi fyrirtækin fara út á guð og gaddinn eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan, að það sé hægt að ætla lífeyrissjóðunum það að fjármagna ríkið og sveitarfélögin og banna þeim að fjármagna fyrirtækin í landinu. Fyrirtækin eiga ekki aðgang að neinum peningum í þessu landi í dag öðrum en þeim sem lífeyrissjóðirnir eiga. Það er ekki hægt að tala svona eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerir. Það er það sem ég var að gagnrýna, (Forseti hringir.) ekki að ætlast til þess að stjórnarandstaðan kæmi með heildstætt nýtt fjárlagafrumvarp.

[16:59]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni hreinskilnina því að ég held að ef tillaga til þingsályktunar sem hv. þm. Guðni Ágústsson ásamt öllum þingflokki Framsóknarflokksins flutti á sínum tíma, fyrri hluta októbermánaðar, hefði verið samþykkt værum við ekki í jafnerfiðri stöðu í dag og raun ber vitni. Við værum örugglega í miklum erfiðleikum en ég er alveg viss um að við værum í mun betri málum. Reyndar hafa Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands gagnrýnt ríkisstjórnina harðlega fyrir að hafa ekki nægjanlegt samráð í mikilvægum málum. Látum stjórnarandstöðuna vera, við höfum alveg verið hunsuð hér, en þegar aðilar vinnumarkaðarins eru hunsaðir er það mjög alvarlegt.

Hæstv. forseti. Við hefðum þurft að taka heildstætt á þessum málum. Við þurfum líka að hugsa fyrir því sem hv. þm. Guðni Ágústsson sagði á sínum tíma, með leyfi forseta:

„Öll sterkustu öflin verða að setjast í samvinnu- og efnahagsráð til þess að gefa út skýr skilaboð þannig að menn tali ekki í eina áttina í dag og aðra á morgun. (Forseti hringir.) Við verðum öll að vera í þeim sama báti að bjarga þessari þjóð út úr þessum erfiðleikum.“

Það voru orð að sönnu, hæstv. forseti.

[17:00]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Óþarfi er að lengja umræðuna mjög að þessu leyti. Því miður fáum við ekki breytt því sem gerðist. Eins og ég nefndi í fyrra andsvari mínu þá lagði ég til í sumar skipulegan samráðsvettvang af þessum toga. Satt að segja er gert ráð fyrir honum í stjórnarsáttmálanum. Þetta var eitt af kosningamálum Samfylkingarinnar. Efnahagsstjórnun væri samhæfðari ef menn væru ekki alltaf að togast á.

Einn grunnþáttanna í efnahagsáætluninni sem unnin hefur verið í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er akkúrat þessi samstilling milli ríkisstjórnar og Seðlabanka. Á undanförnum mánuðum hefur ekki skort að ég hafi gagnrýnt Seðlabanka Íslands fyrir að nenna ekki að ganga í takt við ríkisstjórnina og hlaupa eins og huglaus köttur út um allar trissur þegar gefur á bátinn, skjóta sér undan ábyrgð á eigin vaxtahækkunum o.s.frv.

Mikilvægt er að allir gangi í takt og vinni saman. Ég held og vonast til þess, því þegar við komumst út úr mesta brimrótinu hér rétt eftir áramót (Forseti hringir.) og áður en við tökumst á við enn erfiðari vandamál í ríkisfjármálum — sem við verðum að gera á næsta ári alveg sama þótt vinstri grænir vilji ekki horfast í augu við það — (Forseti hringir.) þá skiptir máli að koma á heildstæðri stefnu.

[17:01]

Útbýting:

Bifreiðahlunnindi starfsmanna hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum, 261. mál, fsp. EyH, þskj. 422.

Greiðslur til líffæragjafa, 259. mál, stjfrv. (fél.- og trmrh.), þskj. 419.

Heimild til greiðslu útsvars í tveimur sveitarfélögum, 260. mál, frv. KHG o.fl., þskj. 420.

Virðisaukaskattur, vörugjald o.fl., 247. mál, brtt. ÁI og ÁÞS, þskj. 421.

[17:02]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Hér eru tvö atriði sem gefa ærið tilefni til að taka til máls, þó af mörgu sé að taka. Það fyrsta sem ég

vil gera að umfjöllunarefni er breyting á lögum um sóknargjöld þar sem ákveðið er að lækka framlög til skráðra trúfélaga, þjóðkirkjusafnaða og Háskóla Íslands niður í 855 kr. á mann á mánuði. Áætlað er að skerðingin nemi 300 millj. Hér er ekki um að ræða sparnað, herra forseti, heldur tekur ríkið þetta fé til sín og seilist í vasa þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands.

Í annan stað liggur fyrir að breyta lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og þar er lagt til að fresta verðbótaþætti í samningum um starfsskilyrði sauðfjárræktar, starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og á hann ekki að ná fram að ganga.

Sú skerðing er áætluð 800 millj. kr. Af hverju ræðst ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar með þessum hætti gegn þjóðkirkjusöfnuðum, skráðum trúfélögum og Háskóla Íslands? Af hverju ræðst ríkisstjórnin með þessum hætti gegn bændum sem standa afar illa og þar með innlendri matvælaframleiðslu?

Mjög brýnt er að það liggi fyrir og auðvitað verður að skoða málið í samhengi. Hér er ítrekað spurt: Hvaða aðrir kostir eru í stöðunni? Hvaða kosti leggið þið til í stjórnarandstöðunni o.s.frv.? Hverjir eru valkostir ykkar?

Yfir þá forsögu þarf að fara. Stærsti valkosturinn í stöðunni er að gangast ekki undir þær ábyrgðir sem glórulausir ofurauðmenn og græðgismenn hafa leitt yfir þjóðina.

Hér er þess fyrst að minnast að hæstv. fjármálaráðherra fékk hinn 4. nóvember 2008 afar kaldar móttökur vegna afstöðu ríkisstjórnarinnar til svonefndra Icesave-reikninga í Bretlandi og Hollandi. Niðurstöður á þeim fundi og nefndar sem skipuð var voru taldar með öllu óaðgengilegar fyrir Ísland. Hæstv. fjármálaráðherra Árni M. Mathiesen lýsti því yfir 13. nóvember að skilyrði Evrópuríkja þar sem fulltrúar Breta, Þjóðverja, Hollendinga, Frakka og Austurríkismanna, dyggilega studdir af Evrópusambandinu í heild sinni og Evrópusambandsstjórninni sem fór fremst í flokki, væru með öllu óaðgengileg. Undir það tók forsætisráðherrann.

Hálfum mánuði síðar gekk ríkisstjórnin engu að síður að kröfum um að ábyrgjast innstæður Icesave-reikninganna og þá fyrst gaf Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn grænt ljós á fyrirgreiðslu. Með þessari ábyrgð reisti ríkisstjórnin þjóðinni gjörsamlega hurðarás um öxl. Hvað breyttist? Hvers vegna ákvað ríkisstjórnin að fara ekki að tilskipun Evrópusambandsins sem við höfðum innleitt og greiða ábyrgðina úr þeim sjóði? Hvað varð til þess að ákveðið var að ríkissjóður tæki ábyrgð á einkabönkunum sem honum bar engin lagaleg skylda til samkvæmt ESB-tilskipuninni?

Ef til vill má lesa ákveðna skýringu í ummælum hæstv. utanríkisráðherra í umræðum á Alþingi 17. nóvember um tilkynningu um Icesave-reikningana og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þar sagði hæstv. utanríkisráðherra orðrétt, með leyfi forseta:

„Við höfum rætt það og það hefur verið lagt til að þetta færi annaðhvort fyrir dómstól eða einhvern úrskurðaraðila en það væri mjög erfitt, ef ekki ómögulegt, að finna dómstól eða úrskurðaraðila sem báðir aðilar gætu sætt sig við. Okkar mat er einfaldlega að það að halda áfram þessum langvinnu lagaþrætum mundi leiða til mikils taps, ekki síst fyrir okkur Íslendinga þar sem eignir hefðu brunnið upp á meðan, eignir sem búið er að frysta í Bretlandi. Í versta falli hefði þessi deila getað leitt til þess að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði væri í uppnámi. Við töldum sem sagt ekki á það hættandi að setja samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði í uppnám vegna þessarar lagaþrætu.“

Svo mörg voru þau orð. Það var ekki einu sinni skoðað að fara hina leiðina og standa í fæturna og leggjast ekki í duftið og taka því sem við vorum þvinguð til að gera. En þessi ummæli lýsa þeim ósvífnu hótunum sem Evrópusambandið hafði í frammi gagnvart hinni íslensku þjóð varðandi Icesave-reikningana.

Auðvitað hefur verið krafist fullra upplýsinga um þessa samninga og önnur gögn en þær hafa ekki komið fram hér fyrir þingið eins og margupplýst er. En ég vil taka sérstaklega fram að íslenska ríkið uppfyllti tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar. Það verður fullkomlega ljóst þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2007 er skoðuð, en þar lagði ríkisendurskoðandi til að fella ætti Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta úr B-hluta ríkissjóðs.

Að mati Ríkisendurskoðunar voru ekki lagalegar forsendur fyrir birtingu sjóðsins í ríkisreikningi því hann gat með engu móti talist eign ríkisins og það bæri heldur ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Þetta kemur fram hjá Ríkisendurskoðun. Af hverju ábyrgðumst við þá Icesave-reikninga upp á 640 milljarða sem eru gjörsamlega að keyra okkur um koll? Þeir eru að setja þjóðina í greiðsluþrot og til þeirra má rekja allar skerðingarnar sem ræddar eru í þessu frumvarpi.

Enn er von til að hnekkja þessum samningum. Lögfræðingarnir Stefán Már Stefánsson og Lárus Blöndal bergmála skoðun Ríkisendurskoðunar í *Morgunblaðinu* 15. október 2008 þar sem þeir segja að ríkið beri ekki ábyrgð umfram það sem er í Tryggingarsjóði innstæðueigenda.

Fyllilega ljóst er, herra forseti, að alþjóðalög og reglur sem giltu um fullvalda ríki að þjóðarétti, bæði smá og stór, hafa verið látin víkja fyrir pólitískum þrýstingi ofurafla ríkja sem telja eiginhagsmunum sínum betur borgið með því. Ég vil taka skýrt fram að markmið bresku laganna um hryðjuverk eru allt önnur en það að beita þeim gagnvart vinaþjóðinni Íslandi, sem er NATO-ríki ásamt Bretlandi.

Þessum heimildum var alls ekki ætlað að taka til stöðunnar sem þarna kom upp og fullkomlega er ljóst að Bretar beittu þessum heimildum ekki gagnvart öðrum ríkjum þegar innstæðueigendur í Bretlandi urðu fyrir tjóni (Gripið fram í.) og þar er sérstaklega hægt að nefna Bandaríkin. Því ræðst NATO-þjóðin Bretar á litlu NATO-þjóðina Íslendinga? Af hverju hefur það ekki afleiðingar gagnvart Bretum? Af hverju var sendiherra þeirra ekki vísað úr landi? Af hverju sögðum við ekki umræðulaust NATO-samningnum upp? (**Gripið fram í:** Reka þá úr landi.)

Þetta er alveg með ólíkindum og ég verð að ítreka að tilskipun Evrópusambandsins um innstæðuábyrgðina leggur ekki þessar skyldur á herðar ríkissjóðs. Það er óumdeilanleg staðreynd.

ESB-ríkin voru hins vegar ófáanleg til að fallast á að úr þessum ágreiningi yrði skorið eftir löglegum leiðum og kusu að senda yfir okkur Íslendinga píningsdóm með svip-

uðum hætti og Danir gerðu á sínum tíma. Ljóst liggur fyrir og Björg Thorarensen, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, sá virti lögfræðingur og fræðimaður, hefur sagt að samningarnir séu á lögfræðimáli kallaðir nauðungarsamningar og ekki aðeins ógildanlegir að íslenskum lögum heldur einnig þjóðaréttarlögum.

Fyrirhyggjuleysi íslenskra stjórnvalda í efnum bankastjórnenda og ólögmæt viðbrögð Evrópusambandsins, sem Samfylkingin knékrýpur nú fyrir, þýða að íslenska þjóðin verður bundin í skuldaklafa næstu áratugi og traust efnahagskerfi er hrunið. Þrátt fyrir blóðug fjárlög nú og niðurskurð er boðaður enn blóðugri niðurskurður á næsta ári. Ríkisstjórnin dregur meira að segja lappirnar í því að kæra beitingu hryðjuverkalaganna. Framtak þingmanna í formi frumvarps þurfti til að koma því máli af stað, sem er að verða allt of seint.

Þar liggur meginorsök kreppunnar sem við siglum inn í og þess niðurskurðar sem þjóðin er að taka á sig. Ríkisstjórnin viðurkennir að þurfa að taka á sig 150–200 milljarða kr. vegna Icesave-reikninganna. Menn spyrja um úrkosti. Hvað getum við gert? Hverjir eru valkostirnir? Jú, að gangast ekki undir þessa nauðungarsamninga. Þar liggja 200 milljarðar sem ekki þarf að skera niður. Þarf skýrari valkosti? Þarf skýrari leiðir?

Þetta er hins vegar ekki það eina, herra forseti, sem fyrir liggur. Hér er eingöngu talað um það tjón sem hlýst af höfuðstól Icesave-reikninganna sem er upp á 640 milljarð. Á næstu árum verður gríðarlegur vaxtakostnaður af þessum 640 milljónum. Við borgum ekki bara vexti af 150–200 millj. sem við töpum í höfuðstólnum heldur þurfum við að borga vexti á meðan verið er að koma eignum Landsbankans í Bretlandi í verð. Það segja allir sérfræðingar og ég er þeim sammála að ástæðulaust sé að selja eignirnar á brunaútsölu. Vaxtakostnaður af þessari fjárhæð er jafnvel áætlaður í nokkur ár allt að hundrað milljarðar króna. Þar má spara með því að halda rétt á spilum gagnvart Evrópusambandinu og Bretum.

Hvað blasir við ef gengið verður að þessum nauðungarsamningum? Jú, við þurfum að skera niður fjárhæðir, borga og gangast í ábyrgð fyrir fjárhæðir sem eru allt að 20–25% af tekjum ríkisins. Við erum að tala um 300–500 milljarða kr. herkostnað fyrir að lúta í duft aumingjaskapar í samningaviðræðum við Breta og sérstaklega Evrópusambandið.

Hver voru t.d. útgjöld samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2008? Ef við skoðum þessar tölur í samhengi 150, 200 og 400 milljarðar. Tekjuskattur einstaklinga á þessu ári var áætlaður 93,5 milljarðar. Skattálögur eru 45,5 milljarðar. Útgjöld til fræðslumála sem hér eru til umræðu 41,6 milljarðar. Við hefðum ekki þurft að skera tommu þar. Heilbrigðismálin taka 103 milljarða, sem er sama tala og menn velta sér upp úr að þurfi að greiða á árinu 2010 í vaxta- og lántökukostnað af þessum hundruðum milljarða. Almannatryggingar og velferðarmál sem verið er að skera niður, herra forseti. Pakkinn þar 2008 eru 96 milljarðar. Við þyrftum ekki að skera krónu niður ef við stæðum í lappirnar varðandi samninga um Icesave, ef þessar ótrúlegu hnébeygjur og ótti við að styggja ESB út af væntanlegri aðild væru ekki að fara með menn hér. Ég hef aldrei áður heyrt að menn vilji ekki beita vopnum sínum gegn nauðungarsamningum af því að það muni styggja Evrópusambandið.

Við áttum auðvitað að standa í lappirnar. En í stað þess er lagst í duftið gagnvart ESB, Bretum og fleiri Evrópuríkjum og afleiðingar ofurgræðgi og sérhagsmunagæslu ofurauðmanna eru lagðar á almenning. Við áttum og eigum fleiri vopn en það að hér séu nauðungarsamningar. Við áttum vopn í NATO. Svo er spurt um úrræði. Hér er talað um að bjarga bönkum og koma í veg fyrir gengishrun. Koma í veg fyrir óðaverðbólgu. En stórfellt atvinnuleysi blasir við, sem er það versta af öllu.

Við sluppum sem betur fer við atvinnuleysi upp úr 1970 en þá var óðaverðbólga og það vil ég mun fremur en atvinnuleysi og landflótta. En við kyssum vöndinn í Bretlandi. Við kyssum vöndinn. Við kyssum nauðungarsamningana. Við bugtum okkur og blessum þá og flytjum út til þeirra atvinnu. 56.000 tonn á síðasta ári af óunnum fiski. Það má ætla að það séu 3.000–5.000 störf beint og óbeint við fullvinnslu þess afla. Stærsta einstaka tækifærið til að endurreisa atvinnulífið á Íslandi var fellt hér á þingi í síðustu viku. Við gátum lokað sendiráðinu. Slitið stjórnmálasambandi. Það var ekkert gert. Það mundi styggja í samningaviðræðum.

Hvaða maður fer í samningaviðræður án þess að sýna vopn sín á einhverju stigi? Eru menn virkilega svona blauðir í þessari ríkisstjórn? Geta menn ekki gengið hnarreistir til hinnar bresku þjóðar og sagt: Þessir samningar eru nauðungarsamningar, þið reisið hinni íslensku þjóð hurðarás um öxl.

Það var líka kostur í stöðunni og hann var ærinn, að gangast alls ekki við neinni ábyrgð. Taka þá lausn sem ég nefni núlllausn. Það mátti fullkomlega skoða hana. Af hverju er hún svona rakin í dag? Vegna þess að neysla Íslendinga hefur dottið niður frá 6. október. Við öflum meiri gjaldeyris í dag en við eyðum. Við stæðum ekki í þessu blóðuga skerðingardæmi ríkisstjórnarinnar ef við hefðum haldið haus og tekið slaginn. Við tókum ekki slaginn en við getum tekið þennan slag með þeim vopnum sem við eigum. Við getum það enn þá. Samninganefndin er úti. Við gerum bara sagt við gagnaðilana: Við getum þetta ekki. Við þolum þetta ekki. Hér blasir við landflótti og fjöldaatvinnuleysi. En það má ekki taka slaginn, það getur styggt samningsaðilana. Það getur styggt þá að bera höfuðið hátt.

Frekar á að leggja til frumvarp eins og hér er til umræðu og leggja byrðar af ofurgræðgi á almenning með blóðugum fjárlögum. Ríkisstjórnin er blóðug upp fyrir axlir og almenningi í landinu blæðir. Það sem verra er; blóðugri niðurskurður í fjárlögum er boðaður fyrir árið 2010 í stað þess að taka slaginn við ESB og Breta. Öllu er fórnað á grundvelli staðfasts vilja Samfylkingarinnar til að ganga í ESB. Það má ekki styggja ESB eða bandalagsþjóðirnar. Frekar að liggja marflöt. Þessi niðurskurður, þetta fjárlagafrumvarp og allt sem hér er í umræðu er píningsdómur og er versta lausnin sem ríkisstjórnin gat nokkurn tíma tekið.

Ég vil síðan, herra forseti, vísa til umsagnar og þá kem ég að þeim tveimur liðum sem ég gerði að umtalsefni í upphafi ræðu minnar. Þ.e. umsögn minni hluta allsherjarnefndar um lækkun sóknargjalda. Þar fer fyrir hv. þm. Siv Friðleifsdóttir en með á álitinu eða umsögninni eru Jón Magnússon og sá sem hér stendur.

Verið er að skerða framlög til kirkjunnar, eins og ég sagði áðan, um 300 millj. Framlagið er tekið frá þjóðkirkjunni. Frá trúfélögum og Háskóla Íslands og látið renna í ríkissjóð. Það er ekki verið að spara heldur er verið að seilast í vasa trúfélaganna, Háskóla Íslands, safnaða þjóðkirkjunnar og það öfluga starf sem þar er unnið er skert. Vegið er að miklum menningarverðmætum því í umsögninni kemur fram að tveir þriðju hlutar kirkna í landinu séu verndaðar, friðaðar, og grundvallaratriði er að hægt sé að halda þessum menningarverðmætum við. Að stunda endurbætur og viðhald svo að þessi framlög skerðist ekki. Ég mun gera frekari grein fyrir síðari umsögninni er varðar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd í ræðu síðar um þetta mál.

[17:22]

Útbýting:

Tollalög, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, 231. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 423.

[17:22]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Við ræðum hér stöðu mála í ríkisfjármálum og erum að fjalla um hvar við eigum að skera niður, hvar við eigum að spara. Raunverulega er þetta ekki ósvipað *Litlu gulu hænunni* þegar verið var að baka kökuna og spurningin var um hverjir ættu að fá að njóta hennar.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt það til að kakan yrði stækkuð. Við mundum búa til stærri köku með því að stuðla að því að auka gjaldeyristekjur með því að veiða meiri fisk til þess að ekki þurfi að skerða tekjur öryrkja og aldraðra, ekki þurfi að skera niður í heilbrigðisgeiranum, skera niður heilbrigðisþjónustu við fólk. Til þess að ekki þurfi að taka upp komugjöld hjá sjúklingum sem koma inn á spítala, ekki þurfi að gera aðför að bændastéttinni með því að ráðast á búvörusamninga og flytja inn ferskt kjöt sem eykur samkeppni við framleiðslu íslenskra bænda í dag. Á sama tíma og við erum að berjast fyrir því hvernig skipta eigi kökunni á réttlátan hátt heyrir maður að verið sé að fella niður skuldir af útgerðum vegna framvirkra gjaldeyrissamninga sem þær hafa gert.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til að kvótinn verði leigður. Ef við leikum okkur með tölur, að 100.000 tonn af þorski séu leigð á því verði sem íslenskir útgerðarmenn leigja sín á milli í dag eru 100.000 tonn af þorski 25 milljarðar. Það er plúss fyrir þessa 25 milljarða í heilbrigðisstofnunum, handa öryrkjum og öldruðum eða til að borga niður skuldir og annað í þeim dúr.

Við setjum 800 millj. í Fiskistofu á sama tíma og við setjum sennilega um 300 millj. í fíkniefnalögregluna — eiturlyfjalögregluna eða hvað á að kalla þá sem berjast gegn innflutningi á eiturlyfjum sem er ein sú mesta hætta sem steðjar að þjóð okkar í nútímaþjóðfélagi, það er dópneysla og eiturlyfjaneysla. Þegar ég fjalla um þessa hluti hlýt ég að bera saman og skoða hvernig við skiptum kökunni. Gerum við það á réttlátan eða ranglátan hátt? Hefði verið nær að þessir hópar fengju meira af kökunni og aðrir minna? Það virðist vera ætlun þessarar ríkisstjórnar að skipta kökunni með óréttmætum hætti eins og gert hefur verið í gegnum tíðina, ekki bara á þessu kjörtímabili heldur síðustu tólf ár eða lengur.

Nú erum við að lækka laun þingmanna og ráðherra og ég styð það þótt kannski mætti gera það með öðrum aðferðum en nú er gert. Æðstu embættismenn þjóðarinnar verða einnig fyrir skerðingum á launum. Á sama tíma höldum við uppi ofurlaunum í bankakerfinu, í ýmsum eftirlitsstofnunum, Samkeppnisstofnun, Fjármálaeftirliti og öðrum stofnunum og víða í kerfinu er fólk með allt of há laun. Á meðan er lægst launaða fólkið aðeins með 140–150 þús. á mánuði sem eru allt of lág laun þegar menn eru annars staðar með tvær milljónir og meira.

Verkalýðshreyfingin er ekkert betri. Þar eru menn með yfir milljón og upp í eina og hálfa milljón í laun, þ.e. þeir sem eru í forustu verkalýðshreyfingarinnar. Henni væri nær að líta sér nær þegar hún gagnrýnir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og annarra. En auðvitað er hægt að skera niður víða. Ég spyr: Af hverju vorum við að endurreisa þrjá banka? Hefði ekki verið nóg að vera með einn eða í besta falli tvo?

Það má gera ýmsar athugasemdir við þau vinnubrögð sem viðgengist hafa. Hv. þm. Atli Gíslason gerði mjög vel grein fyrir þeirri lagalegu stöðu sem er í þessum málum. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það allt en hann benti á mjög marga og góða þætti sem snúa m.a. að lögmæti þess að skrifa undir neyðarsamningana sem við vorum pínd til að gera. Það er kannski sérkapítuli að ræða það.

En það er eitt sem mér finnst hægt að gera meira af en er gert en það varðar niðurskurð á utanríkisþjónustunni. Utanríkisráðuneytið fer með 9 milljarða í eyðslu. Þar af eru stofnanir eins og Varnarmálastofnun sem kostar einar 1.200 millj. í rekstri á ári. Ég spyr: Til hvers? Hvað þurfum við að óttast?

Sama máli gegnir um framlög okkar í NATO-samstarfið. Ég sé ekki að það sé nein þörf á því í dag. Ég hefði lagt það til eftir að hryðjuverkalögin voru sett á okkur að við segðum okkur hreinlega úr NATO því að við eigum ekki samleið með þjóðum sem setja á okkur hryðjuverkalög en eins og allir vita er Bretland í NATO.

Mér finnst svo lítil reisn yfir íslenskum stjórnvöldum og íslensku ríkisstjórninni að láta beygja sig svona ofan í duftið á öllum sviðum án þess að reyna að gera eitthvað og ég segi bara: Það var eins gott að þessi ríkisstjórn og þessir ráðherrar sem nú eru í ríkisstjórn voru ekki við völd meðan við vorum í landhelgisbaráttunni á sínum tíma. Ég hefði beðið guð að hjálpa okkur ef þeir hefðu verið hér. Það væru sjálfsagt breskir og þýskir togarar hér uppi í öllum kálgörðum enn þá. Þetta var nú smáútúrdúr en auðvitað er þetta hluti af umræðunni um hvaða álögur búið er að setja á íslensku þjóðina, hvaða skattbyrði við munum bera og hversu skert lífsafkoma fólksins í landinu mun vera á næstu árum út af þessum óvönduðu og lélegu vinnubrögðum.

Mér finnst líka mjög líklegt að allir þeir samningar og öll þau neyðarlög sem Alþingi hefur samþykkt á síðustu tveimur mánuðum, hvort sem það eru sjálf neyðarlögin eða aukalög við þau, brjóta öll í bága við önnur lög, jafnvel stjórnarskrána. Við eigum yfir höfði okkar málaferli víða erlendis frá út af alls konar vitleysu í lagasetningu hjá okkur á Alþingi. Við munum sjálfsagt þurfa að borga fleiri milljarða í skaðabætur þó að við höfum kannski þann möguleika að sækja eitthvað til baka með málaferlum við

Breta út af hryðjuverkalögunum. Það virðist engin ástæða hafa verið til beitingar þeirra af hálfu Breta önnur en sú að sýna okkur klærnar og eyðileggja verulega fyrir okkur og jafnvel beinlínis að stuðla að gjaldþroti banka.

Þegar við tölum um hvar eigi að skera niður og hvar eigi að bæta þurfum við að horfa til þess að við munum haga okkur með allt öðrum hætti næstu ár en við höfum gert. Meðal annars þurfum við að endurskoða tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þess að væntanlega munu sveitarfélögin þurfa að taka á sig miklu meira og erfiðara verk við að gæta okkar verst settu þegna sem eiga jafnvel ekki fyrir mat. Ég held að við þurfum að skoða það að taka upp ókeypis skólamáltíðir í öllum grunnskólum landsins og sveitarfélögin verða að borga það. Það þarf að gera þeim það kleift með því að breyta tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga meira en lagt er til í frumvörpum um hækkun á útsvari og tekjuskatti.

En alltaf er spurt um — og við höfum nú lent í þeirri umræðu í dag — hvaða tillögur stjórnarandstaðan hefur. Reyndar var spjótunum mest beint að vinstri grænum af hv. þm. Árna Páli Árnasyni sem taldi að stjórnarandstaðan væri ekki með neinar tillögur. Þeir væru bara að rífa niður og gaspra út í loftið. En hann er samt tilbúinn til þess að halda áfram að brjóta mannréttindi og verja mannréttindabrot út af bandbrjáluðu fiskveiðistjórnarkerfi. Ég get ekki sleppt því að minnast á að það var þrennt sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafði að segja um fiskveiðistjórnarkerfi okkar: Í fyrsta lagi að óeðlilegt væri að úthluta einhverjum ákveðnum fiski í sjónum. Í öðru lagi að það væri ekki hægt að sá sem fengi úthlutaðar veiðiheimildir gæti fénýtt þær á þriðja aðila og síðast en ekki síst að þeir sjómenn sem fóru með málið fyrir mannréttindanefndina ættu að fá bætur. Það er ár síðan mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna sendi frá sér þetta álit en það hefur ekkert gerst í málunum enn þá.

Þegar ég horfi á þessa hluti skilst mér að hér eigi ekki að fara að byggja upp nýtt Ísland heldur ætlum við að vera áfram í sama forarpyttinum og við höfum verið, halda misskipingu og óréttlæti gangandi og brjóta mannréttindi á fólki út og suður ef því er að skipta. Það er ekkert lagt upp úr því að reyna að búa til nýtt Ísland á heilbrigðari og sanngjarnari grundvelli þar sem allir þegnar landsins standa jafnfætis heldur skal áfram vera stuðlað að því að hér verði einhvers konar aðall og einhvers konar skríll sem fær að vinna hjá aðlinum og á kjörum sem eru óljós. Það er sjálfsagt að leggja til atlögu gegn fólkinu, fjölskyldunum í landinu sem eiga verulega undir högg að sækja. Og það er allt í lagi að heimta að fólk standi við sína samninga á sama tíma og verið er að fella niður skuldir af sægreifunum. Jafnvel ætla lífeyrissjóðirnir í landinu að búa til einhvern bjargráðasjóð og fara þar hjálpa atvinnulífinu að komast á fætur aftur með því að nota peningana sem fólkið í landinu hefur verið að borga í lífeyrissjóði til þess að hjálpa aftur sömu sægreifunum og sama aðlinum að koma undir sig fótunum á ný. Það er gert með því að leyfa þeim að kaupa hluti í fyrirtækjum þeirra sem orðin eru gjaldþrota og leyfa þeim svo að eignast þau aftur þegar betur árar.

Ég harma það ef lífeyrissjóðir landsins ætla að taka þátt í því að kaupa kvóta núna sem er lítill eða jafnvel einskis virði eftir bankahrunið og eiga svo kvótann í tvö, þrjú, fjögur ár, selja hann þá aftur og fá þannig þjóðina til þess að gera sömu mistök og urðu árið 1991 þegar við settum frjálsa framsalið á og byrjuðum á vitleysunni. Það er grundvallaratriði að kvótinn verði ekki skilinn eftir í þessari uppstokkun og að við innleysum allar veiðiheimildir til okkar og getum leigt þær út. Ég taka það skýrt fram að íslenskir útgerðarmenn leigja nú sín á milli þorskkíló á 250 kr. í stóra kerfinu sem gæfi bara 100.000 tonn sem ríkið leigði frá sér. Aðeins 100.000 tonn af þorski á því verði sem gildir nú og menn leigja á, mundi gefa ríkissjóði tekjur 25 milljarða.

En eignarverð á þorskkílói er orðið miklu lægra en það var og jafnvel bara einn þriðji. Þess vegna má ætla að það þurfi veðköll inn í öll sjávarútvegsfyrirtæki. Við stöndum frammi fyrir því að byggja upp nýtt Ísland og við verðum að gera það á sanngjarnan hátt, skipta kökunni rétt en ekki að hafa áfram einhverjar forréttindastéttir sem geta nýtt sér áfram með styrk ríkisstjórnarinnar og stjórnvalda þá misskiptingu sem verið hefur. Við viljum breyta þessu og við verðum að breyta þessu. Ég trúi því og treysti að fólkið á Austurvelli sætti sig ekki við þetta, fólkið sem er að mótmæla óréttlæti, mótmæla því að missa húsnæði sitt. Ég trúi því ekki að fjöldi fjölskyldna í landinu sætti sig við það að við ætlum að halda áfram mannréttindabrotum á Íslandi og leyfa einhverjum fáum útvöldum að eiga fiskinn í sjónum — og ekki bara fiskinn í sjónum heldur ýmsar auðlindir á Íslandi. Við viljum ekki að einhverjir fáir útvaldir fái að braska með þessa hluti og svo megi lýðurinn éta það sem úti frýs.

[17:38]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, svokallaðan bandorm. Hér er farið inn í ýmsa lagabálka til að breyta megi lögum svo hægt sé að koma með löglegum hætti fyrir þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ætlar að beita sér núna fyrir á ýmsum sviðum. Það er ekki óalgengt að þetta sé gert við afgreiðslu fjárlaga þegar ákvarðanir eru teknar sem breyta reglum sem í gildi eru.

Að mati okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er hér aftur á móti farið inn á þætti sem við teljum að ætti að fresta, a.m.k. að sinni, grípa ekki til svo stórtækra ráðstafana undir þeirri pressu sem við búum við núna. Það er alveg ljóst, hæstv. forseti, að afgreiðslu fjárlaganna, fjáraukalaganna og bara heildarfjárlaga næsta árs er svo komið milli fjármálaráðuneytis og fjárlaganefndar að mikið vantar upp á að þar sé búið að skoða og reikna út og fara yfir þær miklu breytingar sem búið er að taka ákvörðun um, sem sé varðandi lántökur og breytingar á fjárlögunum. Það er erfitt að sjá þessa heildarmynd fyrir sér og í raun er óvissan svo mikil að mér finnst óábyrgt að afgreiða fjárlögin núna öðruvísi en að gefa greiðsluheimild fram yfir áramótin og að Alþingi taki þessa vinnu í sínar hendur því að fjárlaganefnd hefur ekki unnið að fjárlagagerðinni eins og Alþingi á að gera, hefur í raun ekkert komið að þessari vinnu. Alþingi þarf að gefa sér nauðsynlegan tíma til að fara yfir málin og kortleggja stöðuna þannig að menn viti hvaða tölur þetta

eru, hvaða greiðslubyrði leggst hér á, ekki bara næsta ár heldur næstu ár miðað við þær hugmyndir sem eru með lántökuna, þótt ekki væri til annars en að sjá hvernig vaxtabyrðin ætti að leggjast á komandi ár. Eins þarf að skoða hvernig eigi að bókfæra þessar upphæðir. Mér finnst þetta ekki ábyrg afgreiðsla á fjárlögunum og það að fara undir pressu í þetta miklar boðaðar kerfisbreytingar finnst mér ekki ábyrgt.

Þá vil ég sérstaklega nefna hér breytingu sem gerð er í II. kafla, 2. gr., um að skerða vísitölubindingar búvörusamninganna og skerða greiðslur til bænda um 800 millj. kr. á næstu árum. Það má líta svo á að í heildarmyndinni sé þetta ekki há upphæð og að allir verði að taka á sig einhverjar byrðar og einhverjar álögur en ég tel að það hefði verið betra að ná þessari fjárhæð ef bændur hefðu verið tilbúnir og getað tekið þessar álögur á sig umfram það sem bændastéttin hefur gert allt árið, alveg frá því snemma á þessu ári, með hækkandi olíuverði og kjarnfóðursverði og öðrum þeim vörum sem bændur verða að nota. Kannski verður þessi viðbót til þess að bændur gefist hreinlega upp, hætti búskap, og maður spyr sig hvort það yrði ekki enn meiri skellur fyrir þjóðarbúið en að leita annarra leiða til að ná fram hagræðingu eða þessum niðurskurði út úr greininni, ekki taka hann svona flatan eins og hér er verið að gera.

Þessi skerðing mun koma mjög misjafnlega niður á greinum og eftir stærð búanna. Minni búin þola þetta örugglega verr, líka hin sem eru skuldsett í dag ef þetta bætist ofan á, þannig að ég hefði haldið að það væri rétt af hæstv. landbúnaðarráðherra að fylgja því eftir eins og hann hefur talað í dag, að hann sé tilbúinn að skoða með hvaða hætti sé hægt að fara inn í búvörusamningana og ná fram breytingum og einhvers konar annars konar greiðslum til bænda innan þessara marka. Ég hefði talið miklu heillavænlegra skref að gefa út þá yfirlýsingu og ganga í það verk með bændum í landinu og samtökum þeirra að reyna að ná fram skerðingu en með öðrum hætti.

Ég held að við höfum áttað okkur á því, Íslendingar, núna þegar okkur varð ljóst að hér var ekki hægt að greiða fyrir vöru, það var ekki hægt að fá vöru, það var ekki hægt að greiða fyrir vöru, það var ekki hægt að ganga að því sem sjálfsögðum hlut að kaupa hingað matvæli, að það var hugsanlega ekki besta leiðin til þess að tryggja hér matvælaöryggi að treysta á innfluttar hráar kjúklingabringur til að bjarga heimilunum og treysta rekstrargrunn þeirra. Ég trúi því að sá mikli skellur sem þjóðin hefur orðið fyrir hafi a.m.k. opnað augu mjög margra fyrir því hvað það er mikilvægt að hafa hér öflugan landbúnað í landinu og líka fyrir því að ef margar búgreinar fá örlítið meiri stuðning — ég vil þá bara nefna lífræna ræktun, að bændur sem hafa áhuga á því og vilja auka fjölbreytni í framleiðslu sinni fengju örlítinn stuðning við það og hvata til að fara í lífræna ræktun — er bæði innan lands og erlendis markaður fyrir lífræna vöru.

Eins er mikilvægt að horfa til þess að vera með fjölbreyttari úrvinnslu úr því hráefni sem við höfum. Við höfum mjög mikla möguleika, við höfum líka möguleika fyrir bændur til að tengjast ferðaþjónustu mun meira en gert er í dag með því að vera með framleiðslu beint frá býli. Nú eru akkúrat tímar til að stuðla að þessum greinum, meiri fjölbreytni, meira matvælaöryggi. Ef frekari skerðingar og álögur ganga yfir bændur óttast ég að hugsanleg fjölbreytni í búgreinum muni minnka og við stöndum uppi með einhæfari framleiðslu í landbúnaði þar sem vantar þá hvata til fjölbreytni, nýbreytni og frumkvöðlavinnu sem hefur verið hjá bændum sem hafa horft sérstaklega til ferðaþjónustunnar og hugmyndafræðinnar „beint frá býli“ og nálgast frekar lífræna framleiðslu og koma til móts við kröfur neytenda í dag. Við getum misst út þessi tækifæri, einmitt þessa tekjuöflun og eins þá möguleika að afla gjaldeyris.

Ég hefði viljað, hæstv. forseti, sjá þá upphæð sem hér kemur fram náð fram með öðrum hætti. Ég tel að þessi tímapressa og flati niðurskurður séu ekki heppilegar aðferðir og við verðum að passa okkur á því að horfa aðeins fram á veginn, ekki bara á tölurnar sem eiga að birtast núna í fjárlagafrumvarpinu. Við verðum líka að skoða hvaða áhrif það hefur að tálga svo innan úr velferðarkerfinu, menntakerfinu og hinum smærri stofnunum sem hafa notið þess að fá mótframlög frá fyrirtækjum eða sveitarfélögum á móti opinberum framlögum og eins að draga styrkjum til stofnana, framkvæmda eða aðgerða þar sem starfsemi hefur langmest verið haldið uppi af sjálfboðavinnu.

Auðvitað er það alvarlegt ef við kippum fótunum undan slíkri starfsemi sem er í sjálfu sér ódýr fyrir ríkið en gefur þjóðarbúinu mikið. Við verðum að horfa á það líka hvaða afleiðingar það getur haft ef milljón í styrk eða framlag til ákveðinna verkefna þar sem margir aðrir koma að dettur út. Það getur orðið til þess að mótframlög falla niður og verkefnin detta jafnvel upp fyrir.

Hæstv. forseti. Það sem ég hefði viljað aðeins ræða er 17. gr. Hér er farið í kerfisbreytingar þar sem lagt er til að heimilt verði að taka innlagnargjald af sjúklingum sem leggjast inn á sjúkrahús. Þarna finnst mér við vera að brjóta blað. Þetta er ekki bara spurning um jafnrétti eða jafnræðisreglur á milli göngudeilda sjúkrahúsanna og sérfræðinga, þetta er ný hugsun, þetta er enn frekari gjaldtaka en verið hefur og þegar við horfum til þeirra raka sem hér er verið að beita, að það sé rétt að fólk finni ekki fyrir því hvort það leggst inn á sjúkrahús eða fær þjónustuna á göngudeildinni, vil ég horfa aðeins lengra til baka og rifja upp hvers vegna tekið var upp gjald á göngudeildum. Það var vegna jafnræðisreglunnar varðandi þjónustu sérfræðinga sem voru með sjálfstætt starfandi stofur. Núna hefur tækninni fleygt fram og aðgerðir eru orðnar mun fjölbreyttari og meiri, og meiri inngrip eru gerð á einkareknum stofum sem eru orðnar litlar skurðstofur þar sem unnin eru ferliverk og sjúklingar greiða þá samkvæmt því á þeim töxtum. Hnjáaðgerð, svo ég nefni dæmi, getur kostað einhvers staðar í kringum 100.000 kr. og vel yfir það. Svo á sjúklingurinn að fá eitthvað endurgreitt frá Tryggingastofnun. Má ekki hugsa sér að úr því að það er farið að taka innritunargjald og ef það á að beita jafnræðisreglunni verði þessar einfaldari aðgerðir flokkaðar fyrir utan kjarnastarfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss? Verður þá ekki farið í ferliverk á sjúkrahúsunum? Verður ekki farið að taka sömu greiðslu fyrir aðgerðir af þessu tagi sem enn þá eru gerðar á sjúkrahúsunum? Hversu langt á þessi jafnræðisregla að ná?

Hér er enn þá margt óljóst, það er ekki nefnt í greinar-

gerð með þessari gjaldtökuheimild hvort það verði sett eitthvert þak á fjölda innlagna sem sjúklingurinn þarf að greiða fyrir. Það er eingöngu nefnt hér að „við innlögn“ skuli greiða. Nefnt hefur verið að það gætu verið 4.000 kr. fyrir innlögnina en það er ekkert tekið fram eða ekkert þak sett á það hversu mörg skipti mega vera. Ég vil ekki trúa öðru en að þetta falli þá undir eitthvert þak en það er ekki útfært og þegar við vitum af hinni miklu þörf á fjármagni inn í rekstur stofnunarinnar held ég að það verði frekar seilst í vasa sjúklinganna en í buddu ríkisins.

Ég tel að hér sé tekið miklu stærra skref en í fyrstu getur litið út fyrir. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fylgjum stefnu okkar hreyfingar og teljum að sjúkrahúsþjónustan eigi að vera gjaldfrjáls eins og hún hefur verið. Við teljum líka að koma á heilsugæslu eigi að vera gjaldfrjáls og það eigi að efla þá þjónustu miklum mun meira en er í dag þannig að aðgengið sé gott og það eigi þá með öllum tiltækum ráðum að beina sjúklingum til sérfræðinga og inn á sjúkrahús í gegnum heilsugæsluna, það sé og verði fyrsti viðkomustaður og í því liggi sá sparnaður sem við viljum ná.

Það hefur verið nefnt í þessu sambandi að það verði að vera eitthvert gjald til þess að hafa hemil á komu fólks bæði á heilsugæsluna og bráðamóttökuna en á móti vil ég segja að ef við erum vel upplýst er mikið unnið. Það er til bóta að foreldrar, svo ég nefni dæmi, fái stuðning við uppeldi barna sinna og upplýsingar á heilsugæslunni um hvað teljist sjúkdómar og hvenær ástandið sé alvarlegt, hvenær beri að fara með barn til læknis eða leita aðhlynningar, og eins er brýnt að vinnumarkaðurinn sé ekki svo harður að fólk geti ekki verið heima hjá börnum sínum, það verði að fá lyf til þess að koma börnum í skóla eða leikskóla. Ég held að það sé kominn tími til að við stöldrum aðeins við og hugleiðum í hvernig þjóðfélagi við lifum og hvort þetta sé leiðin, að sjúkdómavæða alla hluti.

Hæstv. forseti. Það væri hægt að hafa hér mörg orð og enn lengri ræðu um það sem hér er verið að gera og fyrirhugaðar breytingar. Hér er verið að skerða lífeyrisgreiðslur til aldraða og margir mundu segja að það mætti kalla svik að afnema lög um hvernig eigi að fara með söluandvirði Símans sem var eyrnamerkt í ákveðna þætti. Flestir töldu tryggt að ákveðið fjármagn færi í þær framkvæmdir sem þar voru eyrnamerktar, vegagerð, samskipti o.fl. Nú er það úti í vindinum og fjármagnið rennur óskilgreint inn í ríkissjóð þannig að það er ekki á það að treysta að þessir málaflokkar verði varðir áfram.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði í upphafi tel ég að þessi bandormur ætti að bíða afgreiðslu fram yfir áramótin og fram yfir það að fjárlögin séu afgreidd hér af Alþingi með einhverjum vitrænum hætti þannig að það sé hægt að gefa sér tíma til þess að fara yfir þau og skoða hvaða afleiðingar þetta hefur. Ef það er gert kemur hugsanlega í ljós að í staðinn fyrir að hola svo innan alla þá þjónustu og allt það velferðarkerfi sem við höfum byggt upp, öryggisnet, verðum við lengur að vinna okkur út úr þessari kreppu ef við göngum svona nærri hrygglengjunni (Forseti hringir.) frekar en að taka þá á okkur dýpri skuldasöfnun á næsta ári.

[Fundarhlé. — 17:59]

[20:01]

Útbýting:

Ársreikningar, 212. mál, þskj. 392.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 246. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 425.

Kjararáð, 210. mál, þskj. 412.

Ríkisútvarpið ohf., 262. mál, frv. menntmn., þskj. 424.

[20:02]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Við höfum rætt í dag frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og farið nokkuð vítt yfir það svið. Í fyrri ræðu minni í þessu máli fór ég yfir nokkur atriði sem mér þótti mikilvægt að vekja máls á. Þar er ég m.a. að tala um ákvörðun sem felst í frumvarpinu, verði það að lögum, um að taka úr sambandi að hluta til vísitölu á greiðslur til bænda samkvæmt búvörusamningi sem þýðir verulegt tekjutap fyrir þá stétt. Ég hef farið aðeins yfir málefni sveitarfélaga og í málflutningi okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur sömuleiðis verið farið yfir skerðingarnar sem áformaðar eru í þessu lagafrumvarpi í lífeyriskerfinu, almannatryggingakerfinu og gagnvart öldruðum og síðast en ekki síst um þá nýbreytni sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að taka upp sem eru gjöld fyrir innlögn á sjúkrahús. Það atriði höfum við gagnrýnt mjög harkalega vegna þess að í því felst alveg ný stefnumótun af hálfu stjórnvalda. Hingað til höfum við blessunarlega verið laus við að fjárhagur manna ráði því eða geti ráðið því hvort fólk getur lagst inn á sjúkrahús eða ekki. Margir telja kannski harkalegt að orða þetta svona vegna þess að þessi gjaldtaka eigi ekki að koma í veg fyrir að fólk leggist inn á sjúkrahús, en engu að síður er það svo að þau gjöld sem hér er gerð tillaga um að lögð verði á geta verið íþyngjandi fyrir marga. Hér er mótuð ný stefna og hún er að mati okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ákaflega ójafnaðarleg ef svo má segja.

Við höfum fengið að heyra það frá ýmsum, m.a. frá þingmönnum úr stjórnarherbúðunum, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi ekki gert neinar sérstakar tillögur eða að tillögur þeirra séu lítilsigldar og hafi ekki nein sérstök áhrif, þær séu fyrst og fremst til útgjaldaauka og mundu leiða til aukins halla á ríkissjóði frá því sem þegar er lagt upp með. Ég vil því fara aðeins yfir það mál sérstaklega í síðari ræðu minni.

Ég vil fyrst geta eins vegna þess að það komu upp mismunandi tölur í tengslum við hallann á fjárlögum eins og hann virðist ætla að verða á árinu 2009 miðað við fjárlagafrumvarp. Ég hafði nefnt töluna 160–170 milljarða kr. Því var reyndar mótmælt af einum hv. þingmanni, hv. þm. Jóni Magnússyni, sem sagði að hallinn yrði um eða innan við 100 milljarðar kr. Það er rétt að skýra þann mun sem í þessu felst. Eins og fjárlagafrumvarpið fyrir 2009 stendur núna eftir 2. umr. sýnir það halla upp á tæplega 100 milljarða kr. en þá er rétt að taka fram að ekki er tekið tillit til vaxtakostnaðar af þeim skuldbindingum, þeim lánum sem ríkissjóður tekur á næsta ári, m.a. vegna Icesavereikninganna og lánanna á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég hygg að við 3. umr. komi viðbótartölur inn í fjár-

lagafrumvarpið til að mæta þessum kostnaði sem sennilega verða á bilinu 60–70 milljarðar og vaxtakostnaðurinn sérstaklega reiknaður 80–90 milljarðar en síðan einhverjar aðgerðir á móti til lækkunar á þeirri tölu. Hallinn stefnir því í að verða um 160–170 milljarðar á næsta ári rétt eins og ég gat um í fyrri ræðu minni.

Við höfum, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, kynnt og lagt fram á Alþingi í dag þrjú frumvörp til laga. Í fyrsta lagi frumvarp um þrepaskipt álag á hærri laun. Við teljum mikilvægt að þeim byrðum sem óhjákvæmilega lenda nú á herðum landsmanna vegna þeirra aðstæðna sem hér hafa skapast í efnahagslífinu, sé skipt á réttlátan hátt. Við teljum að hægt sé að forða okkur frá mesta niðurskurðinum í velferðarkerfinu, í félagskerfinu, hvað varðar málefni lífeyrisþega, aldraða og öryrkja, og mesta niðurskurðinum í menntakerfinu og sjúkrahúsinnlagnargjaldinu með ýmiss konar öðrum ráðstöfunum, með aukinni tekjuöflun í formi þrepaskipts álags á hærri laun, og þar tölum við um að það byrji við 500 þús. kr. á mánuði sem 3% álag og síðan 8% álag á enn hærri tekjur.

Við erum með frumvarp um breytt fyrirkomulag fjármagnstekjuskatts sem gerir ráð fyrir því að skattprósentan í fjármagnstekjuskatti hækki úr 10% í 14% en jafnframt verði innleitt frítekjumark í fjármagnstekjuskattinum þannig að allur almennur venjulegur sparnaður hins almenna borgara verði undanþeginn fjármagnstekjuskatti eða það komi frítekjumark eða eins konar persónuafsláttur inn í fjármagnstekjuskattinn og 14% skatturinn leggist þá á hærri fjármagnstekjur.

Þá erum við með frumvarp um reiknað endurgjald fjármagnstekjuhafa sem hafa litlar eða engar launatekjur taldar fram. Með þessum ráðstöfunum teljum við að ná megi viðbótartekjum upp á 5,5–6 milljarða kr. sem fer langt með að mæta þeim niðurskurði sem er í frumvarpi ríkisstjórnarinnar og lendir sérstaklega á almannatryggingalífeyriskerfinu.

Loks erum við með nokkrar hugmyndir um viðbótarsparnað til að draga úr verstu tillögunum í frumvarpinu sem hér er til umræðu. Við teljum unnt að leggja niður Varnarmálastofnun, hún sé óþörf. Ég held reyndar að það sé vaxandi skilningur á því og þeirri skoðun vaxi fiskur um hrygg, líka innan raða stjórnarflokkanna beggja, að það sé óþarfi við þær aðstæður sem við erum í núna að setja svona mikla fjármuni í Varnarmálastofnun. Við teljum að þar sé hægt að spara um 700–800 millj. kr. strax á næsta ári.

Við teljum að ekki eigi að halda til streitu stofnun Sjúkratryggingastofnunar vegna þess að sú kerfisbreyting sem þar er á ferðinni, að taka hluta af starfsemi Tryggingastofnunar og setja í sérstaka stofnun, sé í fyrsta lagi illa undirbúin. Það er augljóslega mikill ágreiningur um það mál, bæði milli stjórnarflokkanna og einnig meðal starfsfólks í þessum geira. Það kostar auðvitað heilmikla peninga að fara í endurskipulagningu á ríkisstofnunum með þessum hætti og við teljum að þarna gæti orðið umtalsverður sparnaður eða sem næst 250 millj. kr. á næsta ári. Við teljum að hætta eigi við margs konar fyrirhugaðar kerfisbreytingar m.a. í starfsemi heilsugæslustöðva út um land vegna þess að slíkar kerfisbreytingar hafa alltaf í för með sér umtalsverðan kostnað sem á ekki að leggja í á þessum tímum.

Við leggjum líka til að hætt verði við þátttöku Íslands á heimssýningunni í Kína. Vissulega er gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu að draga úr útgjöldum til þess verkefnis en við teljum að þegar leita þarf að sparnaði nánast alls staðar sé nær að gera það á þessum lið heldur en með álagi eða upptöku sjúklingaskatts á spítalana.

Þannig teljum við okkur leggja fram með ábyrgum hætti ákveðnar hugmyndir bæði um viðbótartekjuöflun þar sem vísað er til jöfnuðar og viðbótarsparnað. Þetta leggjum við fram sem aðgerðir til að unnt sé að hætta við verstu hlutina í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Við teljum, virðulegi forseti, að þetta sé málefnalegt innlegg í umræðuna og að taka eigi þessum hugmyndum fagnandi, það eigi ekki að mæta þeim með einhverjum klisjum og fyrirslætti (Forseti hringir.) um að tillögur af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs séu ekki ábyrgar, því að þær eru það sannarlega og ég sé að jafnvel sumir stjórnarþingmenn kinka kolli og segja að (Forseti hringir.) þetta séu tillögur sem hiklaust megi skoða frekar.

[20:13]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Frú forseti. Nú líður að jólum. Hér í þinginu standa þingmenn frammi fyrir því að hvert stórmálið rekur annað. Algerlega ný og gjörbreytt fjárlög, fjáraukalög, að ekki sé talað um svonefndar ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þessi mál ásamt fjölmörgum öðrum eiga hv. þingmenn að gjóa öðru auganu á og afgreiða svo yfirleitt með miklum afbrigðum án þess að hafa tækifæri til þess að kynna sér fjárhagslegar forsendur fyrir þeim eða afleiðingar þeirra fyrir íslenskar fjölskyldur.

Fjárhagslegar forsendur fyrir þessum málum liggja alls ekki fyrir og það vantar mjög mikið upp á það meira að segja. Sá ótti hefur læðst að mér undanfarna daga og vikur að hv. ríkisstjórn hafi ekki hugmynd um hvert hún er að reka þjóð sína. Ekki hugmynd, en það grillir í hengiflug í gegnum þokuna.

Nú á að afgreiða hér tekju- og gjaldaáætlun ríkissjóðs til næsta árs á næstu dögum. Það liggur ekki fyrir hverjar skuldbindingar ríkissjóðs eru varðandi hina margumræddu Icesave-reikninga, hvað þar fæst að láni og á hvaða kjörum. Það hefur verið reiknuð út 13% kaupmáttarskerðing að meðaltali. Það veit hvert mannsbarn hvað það þýðir. Það þýðir að þeir sem minnst hafa munu bera þyngstu byrðarnar. Og um það vitna biðraðir hjá Mæðrastyrksnefnd og öðrum hjálparsamtökum þessa dagana. Biðraðir sem lengjast með hverri úthlutun. Þar stendur fólk úti í kuldanum með kökkinn í hálsinum til að biðja um mat til að geta gefið börnunum sínum að borða. Dramatískustu jólasögurnar eru blákaldur veruleiki á Íslandi.

Á sama tíma situr ríkisstjórnin og skammtar þessu sama fólki frekari niðurskurð á það litla sem það hefur fyrir. Auknum álögum hvað varðar heilsugæslu og sjúkrakostnað. Eldri borgarar, öryrkjar, sjúklingar og bændur eru þeir sem fá úthlutað þyngstu byrðunum þessi jólin, virðulegi forseti. Það veit líka hvert mannsbarn að þegar búið er að leggja línurnar fyrir næsta ár verður erfitt fyrir þessa hópa að fá nokkra leiðréttingu. Þeir eru með þessari lagasetningu fastir í netinu og eiga sér engrar undankomu auðið.

Stjórnarliðar hafa ekki séð sér fært að taka þátt í umræðum um þessi mál, virðulegi forseti, að neinu marki. Þeir þora ekki að standa fyrir máli sínu hér á hinu hæstv. Alþingi. Þeir eru í felum. Þegar hv. þm. Birkir Jón Jónsson stóð í ræðustóli í morgun og óskaði hann sérstaklega eftir því að formaður og varaformaður þeirrar nefndar sem vann hinar ógeðfelldu ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum tækju þátt í umræðunni og svöruðu nokkrum vel völdum spurningum. Þeir sáu sér ekki fært að gera það. Einn einasti stjórnarliði var hér í salnum lengst af fyrir utan virðulegan forseta en það var hv. þm. Pétur Blöndal sem viðurkenndi að hann hefði snarsnúið allri sinni pólitík svo manni virtist sem hann vissi hvorki í þennan heim né annan. Og hv. þm. og varaformaður Samfylkingarinnar, Ágúst Ólafur Ágústsson, datt hér inn í hálftíma fyrir matarhlé með ræstiduft og vítissóda að vopni til að reyna hvítþvo Samfylkinguna í þeirri hörmung sem við ræðum um hér.

Hvar voru hinir 40, virðulegi forseti? Þeir voru á harða flótta undan því að standa fyrir máli sínu. Samfylkingin vegna þess að hún er búin að éta svo mikið af kosningaloforðum að henni er orðið óglatt og má vart mæla og sjálfstæðismenn vegna þess að þeir vilja ekki viðurkenna að þeir hafa enga stjórn á því sem hér þarf að gera.

Hér var til umræðu í gærkvöldi mál sem varðar eftirlaun þingmanna, ráðherra og annarra háttsettra embættismanna. Umræðan fór fram seint um kvöld að fjarstöddum flestum forkólfunum. Og hverjir treystu sér til að taka þátt í þeirri umræðu? Eðli málsins samkvæmt flutti fjármálaráðherra málið. Einn einasti stjórnarliði hv. áðurnefndur þingmaður, Pétur H. Blöndal, tók þátt í umræðunni og ég verð að viðurkenna að ég virði hann mikils fyrir að hann skuli láta sig varða að ræða við aðra þingmenn um þau mál sem hér eru borin upp þótt ekki sé nema í stuttum andsvörum. Hvers vegna ætli hinir 40 hafi ekki haft áhuga á því, virðulegi forseti? Var það vegna þess að þeir voru uppteknir við smákökubakstur í gærkvöldi eða var það vegna þess að þeir voru með óbragð í munninum yfir því?

Við upphaf þingfundar í morgun var svo rætt um að haldinn yrði fundur sem hér stendur yfir í kvöld. Stjórnarandstaðan bað um svigrúm til að vinna í þeim stóru málum sem eru til umræðu þessa dagana. Hv. þm. og formaður þingflokks Samfylkingarinnar tók þátt í þeirri umræðu. Hvað hafði hann fram að færa? Jú, þá staðreynd að hér valtar ríkisstjórn yfir þingi og lýðræði og meiri hlutinn í þinginu fylgir með, vonandi gegn sinni betri vitund. Þingfundir eru haldnir frá morgni til kvölds. Lítið sem ekkert svigrúm er fyrir þingmenn að vinna að þessu máli. Og skilaboð þingflokksformanns Samfylkingarinnar voru þau að best væri að drífa þetta af svo verði ekki eins mikil vinna í næstu viku.

Staðreyndin er sú að menn hafa ekki hugmynd um hvert þeir eru að fara með þjóð sína sem situr hnípin og skuldum vafin og óskar þess að fá að velja sér nýja forustu sem hún treystir betur. En, nei, það er ekki í boði. Of mikið er í húfi fyrir stjórnarliðana sjálfa. Og svo eru mál keyrð í gegn á óeðlilegum ógnarhraða án þess að fyrir liggi nokkrar forsendur.

Það mál sem rætt hefur verið um í dag, ráðstafanir í ríkisfjármálum, bera vott um það. Eldri borgarar, öryrkjar, sjúklingar, barnafólk og bændur fá úthlutað þungum byrðum í jólagjöf frá ríkisstjórninni sem að sjálfsögðu er fjarverandi. Og ofan á það mega bændur í þessu landi taka sinn skerf þar sem nú á að rifta einhliða samningi sem gerður hafði verið við þá án þess svo mikið sem rætt hafi verið við þá eitt einasta orð. En samningum er ekki bara rift einhliða með þessum hætti án þess að rætt sé við samningsaðila.

Við vitum það að kostnaðinum af þessum samningi sem ríkisstjórnin er að spara verður velt út í matvælaverð. Og hverjir borga fyrir það? Það eru þeir sem hafa flesta munna að metta. Telur ríkisvaldið sig ekkert skuldbundið af þeim samningum sem það gerir? Ein af meginreglum samningaréttar er að samningar skuli standa. En sú ríkisstjórn sem nú situr í skjóli hins mikla meiri hluta sem náðist fram í síðustu kosningum með brellum og svikum telur sig ekki þurfa að standa við nokkurn skapaðan hlut. Mér fyndist ekki ólíklegt að bændur létu reyna á þessi mál fyrir dómstólum og kannski ekki í þessu eina máli.

Hér voru sett galopin neyðarlög að kvöldi 6. október síðastliðinn. Þau lög hafa verið notuð í mjög vafasömum tilgangi, svo ekki sé meira sagt. Menn reyndu að gefa alþjóðasamfélaginu fingurinn í sérkennilegustu útfærslu sem helstu lagaspekingar landsins hafa séð. Menn reyndu að nota neyðarlögin til að brjóta ekki bara stjórnarskrána heldur lögfesta mannréttindasáttmála Evrópu og EES-samninginn alla á einu bretti. Í skjóli stjórnskipulegs neyðarréttar sem áhöld eru um að sé til enda hefur honum að minnsta kosti einu sinni verið hafnað af stjórnarskrárnefnd sem þá taldi að lög um mannréttindi skyldu halda á öllum tímum.

En ríkisstjórnin kærir sig kollótta. Hún telur sig alvitra og hafa öll völd í hendi sér. Og á þeim forsendum veður hún áfram þessa dagana án þess að vita nokkuð hvert hún stefnir. Og þjóðin horfir á skelfingu lostin. Þjóðin sem fyrir nokkrum mánuðum var ríkasta þjóð í heimi og þjóðin sem fyrir nokkrum mánuðum mældist hæst í samanburði við aðrar þjóðir í lífskjararannsóknum.

Þessi sama þjóð horfir nú upp á að ríkisstjórnin teiknar upp ný fjárlög og þingmönnum er gefinn fullkomlega óásættanlegur tími til að afgreiða þau. Hún getur ekki svarað því hverjar byrðarnar verða sem lagðar verða á fólkið en leggur sjálf þungar byrðar á herðar þeirra sem minnst mega sín.

Í fúlustu alvöru, virðulegi forseti, þá er ekkert mjög langt í litlu stúlkuna með eldspýturnar. Hún stendur núna fótköld og krókloppin í röðinni hjá Hjálparstofnun kirkjunnar, mamma hennar er veik og litlu systkinin hennar svelta. Þetta er sá veruleiki sem við horfum upp á. Og ég veit til þess að fólk sem býr í nágrenni við úthlutunarstaði hjálparstofnana fer að heiman þá daga sem úthlutun stendur yfir vegna þess að því er um megn að horfa upp á hvernig raðirnar lengjast og hversu bugað fólkið er. Og þetta er sama fólkið og ríkisstjórnin ætlast til að gefi enn meira eftir og taki á sig enn þyngri byrðar. Ég óttast, virðulegi forseti, að það muni einhverjir bugast endanlega. Ég er orðin verulega hrædd um það.

Í umræðu um þessar óhugnanlegu aðgerðir hafa þeir örfáu stjórnarliðar sem þorað hafa að taka þátt í henni spurt um það hvar við hin viljum skera niður. Það hefur þó gjarn-

an verið spurt í frammíköllum og með háði en ekki þannig að þeir þori að taka virkan þátt og bera höfuðið hátt enda er ekkert til að bera höfuðið hátt yfir.

Það vita það allir að staða okkar er því miður sú að það þarf að fara í óvinsælar niðurskurðaraðgerðir. Hvorki framsóknarmenn né aðrir stjórnarandstöðuþingmenn horfa fram hjá því. Ég minni á að í haust, og fyrir bankahrunið, lagði þingflokkur framsóknarmanna fram þingsályktunartillögu um stofnun samvinnu- og efnahagsráðs þar sem gert var ráð fyrir að forustumenn allra flokka auk helstu hagsmunaaðila samfélagsins settust yfir þann vanda sem þá var yfirvofandi og fyndu leiðir til að efla og styrkja íslenska atvinnuvegi og íslenskt efnahagslíf til frambúðar. Hefði ekki verið, virðulegi forseti, viturlegt fyrir hæstv. ríkisstjórn að þiggja það góða boð í stað þess að kasta hér fram korteri fyrir jól flausturslega unnum tillögum um að keyra eldri borgara, öryrkja, sjúklinga, barnafólk og bændur í þrot? Hefði það ekki verið viturlegra, virðulegi forseti? Við gætum vart verið í verri stöðu en nú er.

En þetta snýst auðvitað allt um það að menn ríghalda í valdið. Menn hafa sett hver neyðarlögin á fætur öðrum en það eina sem ekki má hrófla við er þeirra eigið vald. Hæstv. forsætisráðherra hefur sagt að hann muni ekki skorast undan þeirri ábyrgð að koma fólki í öruggt skjól. Fólkinu sem vill ekki að hann sitji við stýrið. Hann hefur líka sagt að lögum samkvæmt sé kosið á fjögurra ára fresti. Hann sagði það í umræðu um vantrauststillögu sem flutt var á ríkisstjórnina af stjórnarandstöðunni hér á þinginu fyrir skemmstu. En er það það eina sem ekki má breyta? Er það það eina sem ekki má breyta, virðulegi forseti, valdið sem hinir háu herrar sem taka sér þessa dagana? Og formaður Samfylkingarinnar mætti nú fara að rifja upp Borgarnesræðurnar sem snerust um harkalega gagnrýni á það sem hún sjálf í skjóli þingmanna sinna í þinginu hefur nú gerst sek um og var ekki lengi að komast á bragðið.

Á meðan fyrrverandi ríkisstjórn sat við völd gagnrýndi hún nefnilega harðlega það að einstakir ráðherrar kæmu pólitískum samverkamönnum á hina opinberu jötu. En hvað gerir hún svo sjálf? Á sama tíma og boðaður er niðurskurður í utanríkisþjónustunni þá hefur hún skipað fjóra nýja sendiherra, þar af einn fyrrverandi þingmann Sjálfstæðisflokksins og nú síðast góða vinkonu sína sem eingöngu hafði unnið með hæstv. ráðherra í eitt ár, eitt einasta ár í utanríkisráðuneytinu. Þetta eru vinnubrögð formanns Samfylkingarinnar sem hefur ekki eingöngu gerst sek um trúnaðarbrot vegna beinna kosningaloforða heldur alvarlegs brots á skyldum sínum.

Ég verð að taka það fram að það er auðvitað boðaður niðurskurður í utanríkisþjónustunni eins og annars staðar. En sá niðurskurður er tekinn af stórfelldri aukningu sem verið hefur í utanríkisþjónustunni enda hafa framlög til hennar aukist mjög mikið. Ég minni á að hún kostaði 5,5 milljarða kr. árið 2004 en gert var ráð fyrir að hún kostaði nærri 12 milljarða kr. á árinu 2009. Það hefur núna verið skorið niður í 9 milljarða kr.

Ég nefni Samfylkinguna sérstaklega hér, virðulegi forseti, vegna þess að ég veit að fólk í samfélaginu bar meira traust og hafði meiri væntingar til Samfylkingarinnar en Sjálfstæðisflokksins í ljósi þeirra kosningaloforða og þeirra stóru orða sem féllu í aðdraganda kosninga. Orða sem nú eru í besta falli áfellisdómur yfir þeim flokki og þeim sem honum tilheyra hér á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta frumvarp er áfellisdómur yfir ríkisstjórninni. Ekki eingöngu vegna þeirra vinnubragða sem ég hef nú lýst þar sem skortur á upplýsingum gerir mönnum algerlega ókleift að vinna þetta verk, þar sem ráðherrar taka ákvarðanir um að ögra réttarríkinu og telja sig ekki bundna af lögum eins og aðrir í þessu landi, það er líka vegna þeirrar stefnu sem birtist í þessu plaggi.

Gamla fólkið sem fyrir kann betur en nokkur annar að gera mikið úr litlu skal bera þyngri bagga en margur. Öryrkjarnir og sjúklingarnir sem vegna veikinda sinna eiga óhægt um vik skulu líka bera þyngri bagga en margur. Barnafólkið sem hefur marga munna að metta og leggur sig fram um að skapa komandi kynslóðir ber þyngri bagga en margur. Og bændur sem vart teljast til hátekjufólks og ganga til gegninga bæði kvölds og morgna og vinna hörðum höndum þess á milli m.a. til að tryggja matvælaöryggi þjóðarinnar, þeir mega bera þyngri bagga en margur. Er þetta ásættanlegt, virðulegi forseti?

Og hvernig eiga hv. þingmenn hvar svo sem þeir hafa skipað sér í flokk að meta ástandið, afleiðingarnar og þessar aðgerðir? Hvernig á ég að geta sagt til um það hvernig ég hefði viljað skipa málum öðruvísi? Ég hef engar upplýsingar um það og líklega ekki ríkisstjórnin heldur. Ég veit það eitt að ég tel of langt gengið hvað þá hópa varðar sem ég hef rætt hér sérstaklega. Það hefur illa verið haldið á málum og niðurskurðarhnífnum er ómarkvisst beitt og fyrir verða þeir sem minnst mega sín. Það er jólagjöfin frá ríkisstjórninni í ár, virðulegi forseti.

[20:28]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Hvar eru stjórnarliðar? spurði hv. þm. Helga Sigrún Harðardóttir áðan. Það er ekki aðeins hér í þingsölum sem spurt er eftir því hvar hv. stjórnarliðar eru. Hér mun einn sitja í salnum, að minnsta kosti. Ég held að hv. stjórnarþingmenn gleymi því að að jafnaði eru um 18.000 manns að fylgjast með útsendingum frá Alþingi, 18.000 manns að jafnaði. Það er makalaust ef menn halda að það taki enginn eftir þessari hrópandi fjarveru þeirra.

Ég var að horfa á Kastljós rétt áðan, frú forseti. Þar var til umræðu hvað verið væri að gera í Alþingi. Hvað væri verið að gera í þessum niðurskurði sem menn heyra auðvitað af í gegnum fréttir. Þar var einn ágætur rithöfundur, Einar Kárason, sem sagðist hafa það á tilfinningunni vegna þagnar og fjarveru manna og skorts á upplýsingum að stjórnarliðar vissu nú kannski ekkert mikið meira um hvað þeir væru að gera en almenningur úti í bæ.

Ég held að það væri nær fyrir hv. stjórnarþingmenn, og ég tala nú ekki um forsvarsmenn stjórnarliðsins í stærstu nefndum þingsins, að vera hér viðstaddir og taka þátt í umræðunni með okkur, skýra sína stefnu og svara þeim spurningum sem hér eru framreiddar.

Það hefur verið ein góð undantekning á þessu í dag, undantekningin sem sannar regluna, og það er hv. þm. og

hæstv. ráðherra, Einar Kristinn Guðfinnsson. Hann hefur verið hér í dag til andsvara fyrir sinn málaflokk. Ég vildi að ég gæti hrósað hv. formanni efnahags- og skattanefndar fyrir að hafa svarað spurningum en hann hefur enn ekki svarað spurningunni sem ég beindi til hans einhvern tímann upp úr klukkan tvö í dag. (Gripið fram í.) Ég veit nú ekki, frú forseti, hvort ég á að eyða tíma mínum í að koma fram með það í þriðja sinn en kannski ég geri það. Ég er orðin æfð í því.

Ég óska sem sagt eftir því að fá að heyra, frú forseti, hvernig hv. efnahags- og skattanefnd skilur ákvæði X. kafla þessa frumvarps um 360 millj. kr. tekjuöflun í ríkissjóð af innlagnargjaldi á spítalana, vegna þess að í heilbrigðisnefnd komu fram misvísandi upplýsingar þar um.

Bent hefur verið á það og ég vil segja að hér hafi farið fram í rauninni nokkuð öfugsnúin umræða um kostnaðinn sem almenningur þarf að reiða af hendi í heilbrigðisþjónustunni. Mér hefur fundist að jafnvel hjá ráðherrum — ég hef nefnt hér hæstv. forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra — en einnig hjá þingmönnum stjórnarliðsins hafi komið fram mikil vanþekking á því hvernig gjaldtöku er í raun háttað í heilbrigðiskerfinu og hvaða lög gilda þar um. Ég nefndi nokkur dæmi um það í dag.

Það er þyngra en tárum taki að hlusta á svokallaða jafnaðarmenn benda á að það þurfi samræmingu á gjaldtöku í heilbrigðisþjónustunni, það þurfi eitthvað sem þeir kalla jafnræði í gjaldtökunni svo að ekki sé hætta á að allt í einu sé allt ókeypis, eins og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson nefndi hér í ræðu sinni í dag.

En hvenær er það sem allt er ókeypis? Jú, það er þegar menn eru orðnir svo óskaplega veikir að þeir þurfa innlögn á sjúkrahús. Þannig hefur það verið hér, frú forseti, og þannig er það á Norðurlöndunum. Það er þetta norræna módel sem við Íslendingar höfum verið svo gæfusöm að búa við undanfarna áratugi með þeirri undantekningu þó sem nú er orðin í Svíþjóð undir stjórn hægri manna, sérstaklega þar sem saman fer stjórn hægri manna í Stokkhólmi og stjórn hægri manna í landinu líka og jafnframt í Finnlandi. Þá gjaldtöku má rekja til kreppunnar sem oft hefur verið nefnd hér í tengslum við kreppuna á Íslandi.

Þeir svokölluðu jafnaðarmenn í Samfylkingunni sem tala um samræmingu, það þurfi jafnræði í þessari gjaldtöku og vísa til gjaldtöku á slysa- og bráðamóttöku, væri nær að rifja upp hvernig sú gjaldtaka er til komin. Það var einn nefndarmaður í hv. heilbrigðisnefnd sem óskaði eftir því á fundi nefndarinnar í gær að það kæmu fram gögn um það hvers vegna tekið var upp göngudeildargjald á sjúkrahúsum vegna ferliverka. Ég er hér með svar, minnisblað frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem fram kemur, og nú les ég úr bréfi ráðuneytisins svohljóðandi:

„Því er til að svara að hér búa samkeppnis- og jafnræðissjónarmið að baki. Staðan var sú að allt sem gert var á sjúkrahúsunum var sjúklingum að kostnaðarlausu en hins vegar þurfti að greiða fyrir sambærilega þjónustu sem veitt var á læknastofum. Síðar var tekið upp fast gjald á göngudeild en áfram var ákveðið misræmi til staðar þar sem gjaldtaka á læknastofum byggðist á hlutfalli af kostnaði. Fyrir rúmlega áratug höfðaði sjálfstætt starfandi sérgreinalæknir dómsmál vegna þessa og varð niðurstaðan sú að þessi mismunandi gjaldtaka væri ólögmæt. Í framhaldi af því var gjaldtaka af sjúklingum á göngudeildum sjúkrahúsa og á læknastofum samræmd.“

Hinn svokallaði jafnaðarmannaflokkur Íslands gleymir nefnilega aðalatriðinu þegar hann talar um samræminguna og jafnræðið. Hinir svokölluðu jafnaðarmenn gleyma samkeppnishugtakinu og einkavæðingunni sem haldið hefur innreið sína á síðasta áratug í íslenska heilbrigðisþjónustu. Hún hefur farið vaxandi og boðað hefur verið að hún muni vaxa mjög á komandi ári og árum ef þessi ríkisstjórn fer ekki frá völdum.

Þetta vildi ég nú, frú forseti, minna hv. þingmenn Samfylkingarinnar á, að það er ekki bara einhvers konar samræming og ekki bara einhvers konar jafnræði. Það er fyrst og fremst verið að tala um samkeppnissjónarmið þegar verið er að taka gjald í heilbrigðisþjónustunni til viðbótar við það sem tekið er af sköttum landsmanna og er auðvitað burðarásinn í útgjöldunum í heilbrigðisþjónustunni.

Frú forseti. 10. apríl síðastliðinn var hér til umræðu skýrsla OECD m.a. um heilbrigðisþjónustuna á Íslandi. Skýrslan hófst á þann hátt að þar sagði:

„Heilsufar Íslendinga er öfundsvert.“

Bæði OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa í orði hrósað Íslandi mjög fyrir góða heilbrigðisþjónustu en hafa jafnframt bent á að það væri nú rétt að breyta aðeins til í þessari góðu heilbrigðisþjónustu. Til hvers? Til þess að hleypa einkaaðilum inn og til þess að taka gjald þar sem ekki væri gjaldtaka fyrir. Og hvar skyldi það nú vera? Jú, það er einmitt á sjúkrahúsunum. Það eru sem sagt tilmæli frá OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að fara að selja inn á spítalana á Íslandi.

Tillögur OECD sem voru til umræðu hér á Alþingi 10. apríl á þessu ári voru svohljóðandi auk þess að gæta þyrfti fyllsta aðhalds í útgjöldum til heilbrigðismála ekki síður en við annars konar ríkisútgjöld. Tillögurnar eru þessar: Að afnema hömlur á þjónustu einkaaðila, opna fyrir samkeppni í heilbrigðisþjónustu, koma á kostnaðarþátttöku sjúklinga þar sem hún er ókeypis nú eins og er á sjúkrahúsunum og forgangsraða í heilbrigðiskerfinu.

Þetta eru þau fyrirmæli sem hinn svokallaði jafnaðarmannaflokkur á Íslandi flytur nú fram inn í fjárlög fyrir árið 2009 undir því yfirskini að það þurfi eitthvert jafnræði í gjaldtöku.

Frú forseti. Við þingmenn vinstri grænna sögðum hér í vor „nei takk“ við þessum trakteringum OECD. Við höfum sagt „nei takk“ við trakteringunum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og við segjum að skömm hins svokallaða íslenska jafnaðarmannaflokks fyrir þessa (Forseti hringir.) gjaldtöku að fara að selja inn á spítalana er mikil.

[20:39]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Hér hefur nú verið rætt allítarlega um þennan svokallaða bandorm ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Heitið bandormur hefur aldrei þótt neitt sérstakt lofsyrði í íslensku máli né heldur hefur þótt neitt sérstaklega gott að ganga með bandorm eins og ríkisstjórnin gerir í máli sínu hér.

Á síðustu öld var hér skipulagt átak til að útrýma band-

ormi. Hann þótti dæmi um óhollustu og óhreinindi og fávisku í umgengni við heilbrigðismál og það var átak einmitt hjá heilbrigðisstéttum og öllum þeim sem vildu mæla sig og taka upp menntaða búskaparhætti að útrýma bandorminum.

Ríkisstjórnin sem nú situr virðist gera sér far um að endurvekja allt sem víkur að bandorminum og fylgikvillum hans. Hér er einn slíkur fluttur sem tekur á hvernig ríkisstjórnin hyggst út frá bandormshugsuninni fá lagaheimildir til að þjarma að ákveðnum stéttum í landinu til að ná fram markmiðum sínum.

Eitt af því sem þar er gert er að segja upp samningi við bændur. Búvörusamningnum, sem er eins konar sáttmáli á milli þjóðarinnar, ríkisstjórnarinnar, Alþingis og bænda um að bændur tryggi ákveðna framleiðslu í mjólk, kjötvörum og grænmeti sem fæðuöryggi fyrir neytendur gegn því að bændur hafi þá líka lágmarkstryggingu, bæði fyrir búrekstur sinn og kjör.

Þessum samningi er nú sagt upp einhliða af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þar á að krækja í af bændum um 800–1.000 millj. kr. eftir því hver verðþróunin verður. Þær eru svo mikilvægar upp í þetta gat, upp í þessi gjöld, upp í þessar gríðarlegu skuldbindingar upp á 1.000, 1.200 eða 1.400 milljarða kr. Það veit enginn. En allir vita að þetta er einhvers staðar í kringum 1.000 milljarðar eða meira. Þá er afar nauðsynlegt að ná í bændur, sem hafa greinilega verið ofaldir á síðustu árum að mati ríkisstjórnarinnar og ná af þeim 800 millj. kr. Með því að segja upp við þá búvörusamningum.

Eðlilega hafa samtök bænda bent á að þarna er vegið að einni af grunnstoðum íslensks samfélags og öryggiskerfis sem er landbúnaðurinn. Þau hafa líka lýst því yfir að hingað til hafi ekki staðið á bændum að koma til samráðs — hvort sem er með ríkisvaldi eða öðrum þjóðfélagshópum — um að taka þátt í aðgerðum.

Ég minni á þjóðarsáttarsamningana á sínum tíma þar sem Bændasamtökin gegndu eðlilega lykilhlutverki. Ég held að fræg sé myndin sem var þá einhvers konar táknmynd þjóðarsáttarsamninganna þar sem forustumenn stærstu launþegasamtakanna og formaður Bændasamtakanna tókust í hendur að samningi loknum. Þess vegna er þetta með ólíkindum, en þó táknrænt fyrir vinnubrögð þessarar ríkisstjórnar, að án nokkurs samráðs, með fullkominni valdbeitingu, er samningunum sagt upp og þeir skertir.

Þó að hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra hafi af veikum mætti sagt: Þeim er ekkert sagt upp. Þeir eru bara skertir. Það er bara farið inn í þá og verðbótaþátturinn skertur og svona, þá er þetta er samningurinn allur og þegar hann var samþykktur á sínum tíma þá var það hér. Hann var borinn upp undir Alþingi. Hann var líka borinn upp við alla bændur í landinu sem greiddu atkvæði um hann. Þannig að þessi gjörningur er ríkisstjórninni til skammar og ég dreg í efa að hann standist lög. Að ríkisstjórnin geti einhliða brotið lög á bændum eða stefnt afkomu þeirra og framleiðsluöryggi í hættu.

Ég mun þess vegna, frú forseti, vera reiðubúinn að starfa bæði hér innan þings og einnig með samtökum bænda til að berjast gegn valdbeitingarháttalagi ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

En þetta er allt á eina bókina lært. Við höfum upplifað hreint valdbeitingarhaust þar sem ríkisstjórnin hefur einhliða og með miklum hroka staðið í alls konar makki, samningum og samningsleysi, hinum og þessum aðgerðum og skrifað undir skuldbindingar hér og þar í heiminum án þess að Alþingi eða þjóðin hefði þar nokkra hugmynd um. Þetta er kannski alvarlegasti ljóðurinn á ríkisstjórninni og hvernig hún hefur troðið hér niður lýðræðið. Ekki er nóg að vera í erfiðri stöðu. Hún er erfið. En þá einmitt er brýnt að lýðræðið sé virt.

Maður veltir því fyrir sér, úr því að ástæða þótti til að fara inn í samningana sem hér um ræðir, að fullt er til af öðrum samningum. Af hverju er ekki líka farið inn í þá? Úr starfi mínu í fjárlaganefnd veit ég um allmarga samninga, sem ríkisstjórnin hefur gert á undanförnum árum. Einkaviðingarsamninga. Ég minnist samningsins sem Háskólinn á Akureyri og þeir aðilar sem honum voru tengdir, að mig minnir Náttúrufræðistofnun, voru þvingaðir til þess að gera við einkaaðila um húsnæði. Voru þvingaðir til þess. Á hverju ári síðan þá hefur þurft að taka sérstaklega fyrir fjárbeiðni Háskólans á Akureyri til að standa undir verðbótum og verðhækkunum á þessum leigusamningi.

Hvernig ætli sé með húseignir Alþingis? Fróðlegt væri að vita hvernig t.d. hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efnahagsnefndar, sem á nú að fylgjast með að ekki séu gerðir samningar sem eru skuldbindandi með þessum hætti. Hvernig ætli sé með samninga um húsnæðið sem Alþingi er með á leigu? (**PHB:** Það veit fjárlaganefnd.) Ætli þeir séu ekki verðbættir? Ætli það sé ekki verðbótaþáttur inni í samningnum? (Gripið fram í.) Af hverju er ekki farið inn í þá? Það ættu ábyrgðaraðilar í meiri hlutanum að vita. Af hverju er ekki farið inn í slíka samninga ef menn telja að hægt sé að fara inn í samninga með þessum hætti? Bíddu við. Var ekki líka verðbættur samningur við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.? Er hann ekki líka verðbættur? Eða hvernig er verðtryggingin inni í honum? Ég er með skjal fyrir framan mig þar sem minnst er á hann. Ég er hér með, frú forseti, þingskjal sem heitir Skýrsla forsætisráðherra um samninga, viljayfirlýsingar og fyrirheit ráðherra samkvæmt beiðni. Lögð fyrir 135. löggjafarþing 2007–2008.

Þar er greint frá fjölda samninga sem ríkisvaldið hefur gert í þeim kosningavíxli eða kosningasamningum. En það eru til einkavæðingarsamningar. Af hverju er ekki farið inn í samninginn um Sóltún? Er hann verðbættur? Ég vil spyrja um það. Er farið inn í hann? Ekki það að ég mæli með því að samningar séu brotnir, hversu bölvaðir sem þeir eru og vitlausir. En verið er að fara inn í einstaka samninga.

Ég spurði að því í fjárlaganefnd hvernig væri með samninga í einkavæðingarkerfi heilbrigðisþjónustunnar þar sem boðin er út heilsugæsla, læknisverk o.s.frv. Jú. Það kom fram. Þeir eru verðbættir í bak og fyrir. Er það allt í lagi? Er allt í lagi að halda þeim samningum inni? Kannski eru hærri upphæðir í verðbótum í öllum þeim samningum en verið er að ná út úr samningum við bændur. Þegar ríkisstjórnin fer út í eitthvað af þessu tagi er athyglisvert að velta slíku fyrir sér, af hverju þessi samningur er tekinn út. Þetta er kjarasamningur bænda. Þetta er kjarasamningur við landbúnaðinn. Segir maður einhliða upp kjarasamningi?

Athyglisvert er í þessu samhengi, frú forseti, að þegar litið er á fjárframlög landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins, sem ég kem svo að seinna í ræðu um fjárlög og fjáraukalög, að þar eru, að mig minnir, á árinu 2007 eða 2008, um 70 millj. kr. eða nokkrir tugir millj. kr. til innleiðingar á matvælalöggjöf Evrópusambandsins. Á þessu ári er áfram fjármagn til að innleiða matvælalöggjöf Evrópusambandsins. Að vísu er hún lækkuð en áfram eru nokkrir tugir milljóna króna og á næsta ári, 2009, er gert ráð fyrir nokkrum tugum milljóna króna í innleiðingu á matvælalöggjöf Evrópusambandsins sem byggir á lögum sem Alþingi hefur ekki einu sinni samþykkt og mun vonandi aldrei samþykkja.

Ástæða þykir til að nota nokkra tugi milljóna króna til að innleiða löggjöf, sem mun ganga mjög nærri íslenskum landbúnaði og íslensku fæðuöryggi og setja það í óvissu og uppnám. Hægt er að halda þeim peningum inni en ganga á samninginn sjálfan við bændur. Það er ekki bara upphæðin. Þetta sýnir innræti og afstöðu ríkisstjórnarinnar til íslensks landbúnaðar.

Ég geri þetta sérstaklega að umræðuefni hér, frú forseti, vegna þess að við eigum svo mikið undir — ekki hvað síst núna — öflugum vexti og viðgangi og trausti um landbúnaðinn að okkur ber frekar að styrkja grunnstoðir hans og fæðuframleiðsluna í landinu, matvælavinnsluna. En þá kemur ríkisstjórnin og vill skera niður tekjur bænda, sem eru líklega innan við 4.000 talsins, um samtals 800 millj. kr. og taka þar með þá áhættu að hleypa matvælaverði upp, draga úr og skerða fæðuöryggi íslensks samfélags og auk þess afkomu bænda. En flytur á móti í fjárlagafrumvarpinu tillögur um fjárveitingar til að heimila innflutning á hráu kjöti til að undirgangast Evrópusambandstilskipanirnar.

Sama er hvar að er komið. Ef eitthvað snertir Evrópusambandið liggur öll ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir hundflöt. Sumir segja að þetta séu áhrif Samfylkingarinnar í ríkisstjórn en mér finnst ansi aumt ef hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra sem tilheyrir Sjálfstæðisflokknum, það að ég best veit, leggist flatur fyrir Samfylkingunni. Ætli hann þurfi nokkra hjálp til þess í þessu máli? Því hann hefur einmitt lýst því yfir að hans helsta áhugamál sé að opna fyrir innflutning á hráu kjöti frá Evrópusambandinu og setja íslenskan landbúnað í uppnám. Hann flytur svo tillögur hér til að styrkja ríkissjóð vegna bankahrunsins, til að greiða fyrir ferðakostnað ráðherranna til útlanda. Til Norðurlandanna og Bandaríkjanna til að telja alheiminum trú um að allt væri í mjög góðu lagi í íslenskum bankaheimi. Þetta verða íslenskir bændur nú að taka á sig með samningsrofum af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Bændur verða að greiða fyrir veisluna hjá fjármálagúrúunum sem héldu stóra afmælisveislu og buðu frægustu tónlistarmönnum heim í sérþotu til að syngja eitt lag. Elton John, góður söngvari. En þetta verða bændur að borga. Nú er reikningurinn sendur á bændur í landinu. Reikningurinn vegna Eltons Johns og reikningurinn vegna þotnanna, en einn af þessum jöfrum sem nú er búinn að setja landið á slig kvartaði undan því að það rigndi á þær á Keflavíkurflugvelli. Það þyrfti að byggja yfir þær skýli. Það væri svo vont að láta rigna á þær. Já. Auðvitað er vont að láta rigna á þotur. (**Gripið fram í:** Þær voru á hrakhólum.) Þær voru á hrakhólum. Kostnaðinn við þetta verða nú bændur að borga. Reikningurinn er sendur á þá, með samningsrofi eins og hér er gert.

Bændur hafa verið seinþreyttir til vandræða og hafa hingað til staðið við sitt og lagt sitt fram þegar um er beðið. En ég veit að þeir kunna því illa þegar farið er aftan að þeim með þessum hætti. Farið var aftan að þeim í matvælalöggjöfinni með því að vilja keyra hér á innflutning á hráu kjöti. Allt til að þjónka Evrópusambandinu. Nú er farið aftan að þeim með því að rjúfa við þá samning, sem allir voru sammála um að mætti ekki þrengri vera til að halda hér uppi fæðuöryggi og öflugum landbúnaði.

Frú forseti. Framkoma ríkisstjórnarinnar gagnvart bændum í landinu birtist í þessum bandormi sem bændur lögðu sitt af mörkum til að útrýma á sínum tíma. Þeir útrýmdu sullaveikisbandorminum í landinu og náðu þar góðum árangri. Nú er hann keyrður hér inn af hálfu ríkisstjórnarinnar í bandormsfrumvarpi með samningsrofi á (Forseti hringir.) bændum. Ég harma það og mótmæli því mjög sterklega. (Forseti hringir.)

[20:59]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Ég náði ekki að ljúka efnisumfjöllun minni um þetta frumvarp í fyrri ræðu minni. Þar var komið sögu í fyrri ræðu minni að ég var að fjalla um umsögn minni hluta allsherjarnefndar um lækkun sóknargjalda en að því standa Siv Friðleifsdóttir, Jón Magnússon og sá sem hér stendur.

Með frumvarpinu er framlag til kirkjunnar skert um 300 millj. kr. og framlagið tekið frá kirkjunni og látið renna til ríkissjóðs í staðinn. Gestir sem komu á fund nefndarinnar undirstrikuðu að afleiðingin verður sú að þjónusta sóknanna verður skert jafnframt því sem þjónustuþörfin eykst vegna hruns bankakerfisins og áfalla sem því tengjast. Hagsmunaaðilar töldu að vegna þessarar skerðingar þyrfti að segja upp starfsmönnum sókna, fresta viðhaldi og stöðva nýframkvæmdir. Það kom líka fram í máli þeirra að tveir þriðju hlutar kirkna í landinu, sem eru mikil menningarverðmæti, eða um 205 kirkjur séu friðaðar og þess vegna sé viðhald þeirra og endurbætur kostnaðarsamara en ella. Afleiðing frumvarpsins er því þjónustuskerðing sókna ásamt því að dregið er verulega úr mannaflafreku viðhaldi og nýframkvæmdum.

Frú forseti. Hér er ekki verið að spara heldur er ríkisstjórnin að seilast í vasa þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands og skerða það öfluga starf sem unnið er á grundvelli þessara gjalda. Sóknargjöldin eru þar með notuð til að greiða fyrir græðgina, fyrir einkaþoturnar, lúxusvillurnar og bruðlið allt, sparnaðurinn rennur til ofurauðmannanna.

Þá kem ég að síðara þætti málsins sem hér er til umfjöllunar eða ég hef til umfjöllunar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og þar skiladi ég ásamt hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur umsögn um að skera út gengistryggingu eða verðtryggingu samninga ríkisstjórnarinnar við Bændasamtökin. Þær tillögur sem kynntar eru hér til sögunnar eru til þess fallnar að skerða greiðslur til bænda um allt að 800 millj. kr. — ég segi 800 millj. kr. — á ársgrundvelli. Íslenskur landbúnaður hefur lengi átt erfitt uppdráttar og árið 2008 reyndist sérstaklega erfitt. Allur tilkostnaður hefur hækkað

mjög verulega, svo sem fóður, áburður og olía. Þá hafa mjög margir bændur, einkum á síðari árum, endurnýjað bú sín og tækjakost og skulda því mikið bæði í verðtryggðum og gengistryggðum lánum sem hafa hækkað langt umfram afurðaverð.

Það er hins vegar svo og því ber að halda til haga mjög sterklega að í kjölfar efnahagshrunsins hefur íslenskur landbúnaður aldrei verið þjóðinni mikilvægari vegna fæðuöryggis og innlends matvælaiðnaðar og nú. Nú skipta bændur og innlendur matvælaiðnaður sköpum fyrir atvinnuuppbyggingu, verðmæta- og nýsköpun. Það er líka mjög mikilvægt á þessum tímum að standa vörð um sjálfbærni innlends landbúnaðar á þeim umbrotatímum sem eru. Því telur minni hlutinn sem stendur að þessari umsögn fráleitt að þjarma enn frekar að landbúnaði og matvælaiðnaði á Íslandi með þeirri miklu skerðingu sem frumvarpið mælir fyrir um.

Bændasamtök Íslands gáfu umsögn um þetta mál með bréfi, dagsettu 16. desember 2008. Þar er rakin samþykkt stjórnarfundar Bændasamtaka Íslands 10. desember.

Þar segir m.a. orðrétt, með leyfi frú forseta:

„Fjárlagaárið 2008 verður því gert upp miðað við þær vístölubindingar sem er að finna í samningnum en samningsfjárhæðirnar vegna 2009 munu einungis hækka um 5–6% frá lokaniðurstöðunni samkvæmt fjáraukalögum 2008 en vísitölubundnum hækkunum samninganna vegna 2009 verður að öðru leyti sleppt.“

Fyrir Bændasamtökin hefur lögfræðiskrifstofan Lex unnið álit og það er eindregið álit þeirra að í þessu frumvarpi og með þessari háttsemi ríkisstjórnarinnar sé framið klárt samningsbrot. Svo mörg voru þau orð þeirra.

Minni hlutinn leggst því alfarið gegn þeim breytingum sem hér eru nefndar. Ég vil í þessu samhengi, frú forseti, nefna dæmi. Ég kom ásamt nefndinni til Vestfjarða í haust. Þar hittum við bændur í Súgandafirði sem höfðu farið nýlega í mjög nauðsynlegar endurbætur á mjólkurbúum sínum og þeir létu reikna út að fjárfesting í endurbótum og nýjungum væri arðbær. Nú er staðan þannig að helmingur tekna búanna fer í vexti og verðbætur og þar fyrir utan hafa öll aðföng hækkað svo stórlega að rekstrargrundvöllurinn er brostinn.

Því spyr maður: Af hverju felst þessi þversögn í aðgerðum ríkisstjórnarinnar, að afnema vísitölutryggingu af greiðslum til bænda en afnema ekki um leið verðtryggingu og gengistryggingu af lánum til bænda og íbúðakaupenda? Af hverju er ríkisstjórnin ekki sjálfri sér samkvæm? Þetta er afar þungt högg á bændur þegar aldrei hefur verið brýnna að verja búalið og býli í landinu. Síðan, frú forseti, er boðað matvælafrumvarp og innflutningur á hráu kjöti. Hvað gengur ríkisstjórninni eiginlega til? Hér eru brotnir skuldbindandi samningar einhliða og málaferli blasa við og það er vandséð annað en að bændur hafi þar sigur.

Ég vil líka halda því til haga og það má færa að því mjög sterk rök að með þessu frumvarpi sé verið að brjóta gegn eignarréttindum og atvinnuréttindum sem varin eru af stjórnarskránni. Ég ítreka það að eins og staðan er í dag og eins og þörfin er fyrir matvæli, innlend matvæli sem kosta ekki gjaldeyri, megum við ekki missa eitt einasta bú úr rekstri.

Ég vil líka nefna það sem fram kemur í fjárlagatillögum ríkisstjórnarinnar að framlög til verkefnisins *bændur græða landið* hafa verið skorið niður úr 45 milljónum í 30 milljónir og að raunvirði er skerðingin u.þ.b. 20 millj. kr. Það er ótrúlegt þegar jafnatvinnuskapandi og dýrmætt verkefni eins og endurheimt landgæða er að þar skuli vera skorið niður. Það eru ótrúlegir möguleikar fólgnir í endurheimt landgæða, ótrúlega atvinnuskapandi verkefni, ég nefni bara það að styrkja verkefnið *bændur græða landið,* taka niður gamlar girðingar, fara í skógrækt, útplöntun og grisjun o.fl. og tengja það við Atvinnuleysistryggingasjóð. Það eru fjölmörg atvinnutækifæri tengd landbúnaði sem unnt er að nýta en eru með þessum tillögum forsómuð, því miður. Við munum síðar leggja fram tillögur um atvinnuuppbyggingu á þessu sviði þegar þing kemur saman á nýjan leik.

Nei, það á að bjarga bönkunum en ekki heimilum, ekki atvinnurekstri, ekki bændum, ekki fólkinu í landinu, og það blasir við stórfellt atvinnuleysi og landflótti. Ég ítreka það og það hef ég sagt áður: Það er allt betra en atvinnuleysi. Allt eru þetta afleiðingar af ábyrgðarlausum samningum um Icesave, nauðungarsamningum sem við vorum þvinguð til að skrifa undir, sem virtur lagaprófessor segir að séu nauðungarsamningar sem séu ógildanlegir bæði að íslenskum lögum og alþjóðalögum.

Niðurskurðurinn á sóknargjöldum og framlögum til bænda samkvæmt skuldbindandi samningum er um 1,1 milljarður og þegar maður skoðar í samanburði það að áætlað er að við þurfum að borga höfuðstólum Icesave-lánanna að lágmarki 150 milljarða og 100 milljarða í vexti og lántökukostnað á ári þá gengur þetta auðvitað ekki, að knékrjúpa fyrir Evrópusambandinu og taka gjaldið af bændum er gjörsamlega útilokað. Ég ítreka: Við megum ekki missa eitt einasta bú úr rekstri, þvert á móti verður að fjölga þeim á grundvelli fæðuöryggis og við verðum líka að tryggja matvælaöryggi. Þess krefjast hagsmunir þjóðarinnar. Bændur eru fullkomlega traustsins verðir og geta staðið við sitt ef ríkisstjórnin fer ekki að þeim með þeim álögum sem raun ber vitni.

[21:09]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Það er af nógu að taka og það er hægt að gagnrýna nánast allar þær gjörðir sem gerðar hafa verið og er verið að gera þessa dagana og allt sem ríkisstjórnin gerir gerir hún með handarbökunum, það er ekki hægt að segja að hún geri nánast neitt af viti. Því er nú verr, það er bara staðreynd málsins.

Nýr hátekjuskattur á öryrkja, greiðslur skerðast um 14–16 þús. kr. á mánuði frá því sem fyrirhugað var. Þetta blasir við öryrkjum. Skerða hækkun til allra málaflokka um 10%. Síðan eiga lágmarksbætur að verða ríflega 163 þús. kr. í stað 178 þús. kr. Það er auðvitað sorglegt hvernig við ætlum að koma við það fólk sem verst er statt í samfélaginu.

Það má segja að verið sé að setja nokkurs konar hátekjuskatt á greiðslur lífeyrissjóða til elli- og örorkulífeyrisþega. Það á sem sagt að hirða þann lífeyri sem launafólk hefur safnað saman á löngum starfsferli. Þetta er það sem ríkisstjórnin er að gera. Það sem syrgir mig mest er að hæstv.

félagsmálaráðherra skuli taka þátt í þessu eða réttara sagt þurfi að beygja sig undir þessi mál eða þessa gjörninga ríkisstjórnarinnar. Það er ekki verið að bæta kjör þeirra verst settu eins og haldið hefur verið fram, það er langur vegur frá.

Síðan erum við splitta Tryggingastofnun ríkisins upp í tvær stofnanir, og af hverju og til hvers þegar það kostar 250 millj. kr. að gera það? Hvað erum við að gera? Hefði ekki verið nær að fresta þessu um einhvern tíma, jafnvel eitt, tvö ár til að byrja með og halda áfram og spara okkur þessar 250 milljónir og nota þær fyrir öryrkja og aldraða? Það er margt skrýtið sem er í gangi þessa dagana.

Maður þarf kannski ekkert að vera hissa miðað við það sem er í gangi. Við erum að ráðast á búfjársamninga, það á að taka vísitölutryggingu á þeim úr sambandi. Síðan er verið að vinna í því að taka skuldir af sjávarútvegsfyrirtækjum, þ.e. að fella niður framvirka gjaldeyrissamninga af sjávarútveginum.

Það er ekki verið að fella neitt niður af íbúðalánum, það er ekki verið að fella niður skuldir hjá Íbúðalánasjóði eða sem húsbyggjendur eða húseigendur hafa verið með af erlendum lánum í bankakerfinu. Þau lán hækka, það er ekki verið að skera af þeim. Það er heldur ekki verið að minnka ofurlaun bankamanna og æðstu embættismanna ríkisins. Það er jú verið að leggja til að laun þingmanna lækki og ráðherra og er það sjálfgefið að það sé gert, en auðvitað þarf að gera það með eðlilegum hætti og þora að tala um þau mál í björtu en ekki vera að þræla þessu í gegnum þingið á síðustu stundu með þeim hætti til að fela þetta í jólatraffíkinni og koma í veg fyrir að fólk fylgist með og viti hvað við erum að gera hér. Við eigum að tala bæði um laun alþingismanna og ráðherra og eftirlaun alþingismanna og ráðherra í björtu og þora að tala um það hvernig á að standa að þessum hlutum en ekki að vera að gera þetta í skjóli myrkurs einhvern tíma þegar sem fæstir taka eftir því hvað er í gangi.

Ég neita því ekki að utanríkisþjónustan og utanríkisráðuneytið og allt sem er á vegum utanríkisráðuneytisins stingur heiftarlega í stúf þegar maður tekur eftir því að það er ætlað að utanríkisráðuneytið hafi 900 milljarða. Við erum að vandræðast með ýmis peningaframlög til öryrkja og aldraða en við hikum ekki við að setja 1.200 millj. kr. í Varnarmálastofnun og setjum í þróunarmál og alþjóðlega hjálparstarfsemi fullt af peningum og annað í þeim dúr. Varnarmálastofnun á að fá einn milljarð, 1.082 þúsund millj. kr. Það er auðvitað sjónarmið en þetta er það sem við hefðum átt að spara.

Í sambandi við NATO, Atlantshafsbandalagið, af hverju erum við að setja 70 milljarða í það? Af hverju segjum við einfaldlega ekki þeim samningi bara upp? Síðan fær alþjóðlega friðargæslusveit okkar 205 millj. kr. á næsta ári í fjárveitingu, og íslensk friðargæsla 326 millj. kr. Hvað er í gangi? Má ekki stoppa þetta og hætta þessu? Þetta eru hlutir sem manni sýnist alls ekki vera þörf á og nú nefni ég bara nokkrar tölur sem ég tók eftir og stungu mann, þetta gengur ekki. Síðan er talað um að skera niður framlög til ýmissa hjálparstofnana eins og Rauða krossins, Fjölskylduhjálpar Íslands og Mæðrastyrksnefndar (Gripið fram í.) og þá skilur maður hvorki upp né niður í málunum.

Við erum ekki að forgangsraða rétt. Ég sagði í ræðu fyrr í dag að við erum að skipta þessari köku sem við eigum illa og vitlaust og við þurfum að endurskoða það hvernig við skiptum henni. Það vantar mikið á fyrir svo utan það að við í Frjálslynda flokknum erum með tillögur um það að stækka kökuna. Við viljum bæta við veiðiheimildir, sérstaklega í þorski og þess vegna í síld og öðrum tegundum, og auka atvinnustarfsemi í landinu. Meira að segja hefur Hafrannsóknastofnun Íslands komist að þeirri niðurstöðu samkvæmt haustralli þeirra að það sé 70% hærri vísitala í þorski í ár en var fyrir einu ári en samt tala þeir gegn því. Nú er fiskur allt í einu orðinn veiðanlegri en hann hefur verið. Það er auðvitað ekki hægt að búa við svona að á meðan þjóðin lepur dauðann úr skel, að við skulum standa frammi fyrir því að það sé ekki hægt að bæta úr. Áfram er líka fluttur út óunninn fiskur sem gæti skapað hér a.m.k. tvö þúsund störf ef sá fiskur yrði tekinn til vinnslu innan lands.

Nú verðum við að horfa á hlutina öðruvísi en við höfum gert og endurskoða þau vinnubrögð sem við höfum og nú þegar við ætlum að fara að byggja upp nýtt Ísland þurfum við að gæta jafnræðis og hætta að brjóta mannréttindi á sjómönnum eins og Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn hafa gert í heilt ár. Þeir hafa ekki lyft upp litla putta til að stoppa þær hörmungar, ég tala nú ekki um að þeir hafa hvorki viljað breyta fiskveiðistjórnarkerfinu né bæta þeim mönnum sem urðu fyrir þessum mannréttindabrotum. Þeir hafa ekki lyft upp litla fingri til að gera það.

Það vill svo til að í sumar fór sjómaður í Sandgerði að róa án þess að hafa veiðiheimildir og hann hefur nú beðið í 19 vikur eftir því að verða ákærður fyrir brot sitt, að hafa farið á sjó kvótalaus en hann hefur ekki fengið ákæru enn þá. Það er eins og ég segi ýmislegt skrýtið í þessu, en hér er verið að tala um hvernig við ætlum að skipta okkar sameiginlegu köku. Í fyrsta lagi viljum við í Frjálslynda flokknum reyna að stækka hana, síðan viljum við reyna að skipta á sanngjarnan hátt, þar sem allir standa jafnir. Síðast en ekki síst þurfum við að taka tillit til ungs fólks sem er að koma inn á vinnumarkaðinn, koma úr skólum, með því að styðja við bakið á sprotafyrirtækjum og öðrum sem hugsanlega geta orðið okkur mikils virði í framtíðinni í (Forseti hringir.) ýmiss konar atvinnuuppbyggingu.

[21:20]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Þetta er búin að vera afar áhugaverð og upplýsandi umræða, ég þakka fyrir hana, hún hefur verið mjög góð. Það komu margar spurningar upp og sumum hefur verið svarað.

Ég ætla að byrja á því að svara hv. þm. Álfheiði Ingadóttur sem spurði mig fyrr í dag. Ég fór í andsvar við hana en það var svo margt sem ég þurfti að svara að ég gleymdi hreinlega að svara þessu. Hún spurði mig um gjöldin vegna innlagna á spítala. Í umsögn hv. meiri hluta heilbrigðisnefndar til hv. efnahags- og skattanefndar segir, með leyfi forseta:

„Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að tekjur heilbrigðisstofnana af innlagnargjaldi þessu muni nema um 100

millj. kr. á ári. Komugjaldið vegna innlagnar á sjúkrahús mun því ekki skila 360 millj. kr. eins og fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins þar sem meginhluti þeirra tekna sem þau ákvæði frumvarpsins er varða breytingar á lögum um sjúkratryggingar gera ráð fyrir mun koma til vegna hækkana á núgildandi gjöldum.“

Vegna mjög erfiðs árferðis þurfa menn að hækka gjöld og menn þurfa líka að hækka skatta til að reyna að minnka þann gífurlega halla sem er á ríkissjóði. Það hefur komið fram að greiðsluþátttaka almennings í heilbrigðiskerfinu í heild sinni er eitthvað um 17,5% og ég hygg að menn ætli sér að halda því, hvorki auka þátttöku ríkisins né minnka hana. En vegna þess að kostnaðurinn hefur vaxið mikið í heilbrigðiskerfinu þarf óneitanlega að hækka ýmis komugjöld á spítölunum sem sum hver hafa ekki verið hækkuð lengi.

Það var spurt um fleira. Sumir hafa talað um óþekktar stærðir í þessu frumvarpi og það er rétt. Við urðum fyrir fjórföldu áfalli, m.a. að 80–90% af fjármálakerfinu hrundi á einni viku sem hefur haft áhrif um allt kerfið, eftirköst, fyrirtæki fara á hausinn af því að þau fá ekki fyrirgreiðslu, einstaklingum er sagt upp, þeir missa vinnuna o.s.frv. Þetta hefur kostað óhemjufé og þess sér stað í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2009 og einnig fjáraukalögunum fyrir þetta ár. Síðan vorum við með jöklabréf hér á landi sem höfðu streymt inn vegna vaxtamunar og streyma núna út og valda miklum erfiðleikum við gjaldeyrisviðskipti og hafa lækkað gengið á krónunni til mikils skaða fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem ákváðu að taka lán í erlendri mynt án þess að hafa tekjur í erlendri mynt sem ætti að vera grundvallaratriði í lántökum, að hafa skuldirnar í sömu mynt og tekjurnar.

Við getum í rauninni ekki sagt hvað kostnaður af lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, vextirnir, sé mikill vegna þess að það er ekki búið að draga á þessi lán enn þá, (Gripið fram í.) ekki nema lítinn hluta, og kannski þarf ekki að draga yfirleitt á þau og ef við færum að draga á þau værum við í rauninni að gefa merki um að meiningin væri að ríkið færi að blanda sér inn í þennan markað og það kynni að hafa áhrif á markaðinn sjálfan.

Svo er það með Icesave-reikningana, þessa þekktu sem við erum í deilu við Breta út af. Ég hef sagt að lögfræðilega eigum við ekki að borga það. Við vorum eiginlega þvingaðir til þess, ekki eiginlega, við vorum bara þvingaðir til þess með kúgun Evrópusambandsins, þessara svokölluðu vinaþjóða okkar, líka Norðurlandanna. Við getum ekki sagt í fjárlagafrumvarpinu hvað sú tala er mikil því að þá værum við í rauninni búin að viðurkenna hver niðurstaðan úr samningnum ætti að vera. Ég segi að þessi tala sé einhvers staðar á bilinu frá 0 upp í 600 milljarðar og vonandi bara 0.

Það er eins með lánardrottnana. Ef við ætlum að taka lán í útlöndum, bæði til að fjármagna óhjákvæmilegan halla á ríkissjóði og eins til að fjármagna atvinnulífið áfram — það hefur verið fjármagnað erlendis — þarf hugsanlega að bæta eitthvað úr stöðu lánardrottna en það er sama sagan þar, við getum ekki sagt hvað það verður mikið vegna þess að þá værum við búin að semja.

Í umræðunni hefur mikið verið rætt um bændur og stöðu þeirra. Ég undirstrika að bændur fá 5,7% hækkun á sama tíma og flestir launþegar sætta sig við lækkun launa og atvinnuleysi. Ég held að það sé farin að verða regla nánast á hinum frjálsa markaði að laun lækki, a.m.k. er búið að skera niður yfirvinnu. Hjá bændum fer náttúrlega hluti af gjaldinu til greiðslu á kostnaði og kostnaðurinn hefur ekki lækkað þannig að ég hygg að þetta sé ekki langt í frá en ég er viss um að margir munu gagnrýna að þeir fái 5,7% á sama tíma og aðrir fá ekki neitt.

Hér var dálítið rætt um verðbætur. Ég var að lesa frá Vinstri grænum að þeir ætli að fara að stoppa verðbætur. Ekki líst mér á það. Hverjir fá verðbætur og af hverju fá menn verðbætur? Það eru sparifjáreigendur, oftast nær eldra fólk sem hefur nurlað einhverju saman, sleppt einhverri neyslu, hætt við að fara í ferð eða ekki keypt sér flottan bíl eða eitthvað svoleiðis og sparað það og vonast til að geta haldið neyslunni áfram seinna, sem sagt þeirri neyslu sem það frestaði. Verðtrygging gerir ekkert annað en það að menn geta keypt það sama eftir 10 ár og það sem þeir hefðu getað keypt fyrir það sem þeir lögðu til hliðar 10 árum áður. Ef menn ætla að breyta því er verið að hrekkja þetta fólk, það er ekkert annað. Eins með lífeyrissjóðinn, ef menn ætla að skerða verðbætur almennt þurfa lífeyrissjóðirnir til viðbótar við þetta áfall, þ.e. almennu lífeyrissjóðirnir, ekki opinberu lífeyrissjóðirnir, að skerða enn meira, einmitt sem nemur skerðingu á verðbótunum sem þeir ætla að skerða. Þetta er ekki einfalt. Ef menn ætla hins vegar að skerða og láta ríkið borga mismuninn er það ekkert annað en skattahækkun, ekkert annað eða enn frekari skerðing á velferðarkerfinu þannig að ég get ekki séð hvernig menn ætla sér að leysa það mál.

Hv. þm. Atli Gíslason held ég að hafi sagt að menn væru að bjarga bönkunum, ekki fólkinu. Ég man ekki betur en að hluthafar í bönkunum hafi tapað öllu og það talar enginn mikið um það. Þar af voru 11.000 aldraðir sem að meðaltali áttu 3 millj. kr. í hlutabréfum bankanna og töpuðu því fé. Það var ekkert verið að bjarga bönkunum. Það var verið að bjarga bankarekstri en hluthafarnir töpuðu öllu sínu, við skulum hafa það alveg á tæru. Það fóru þúsund milljarðar á einni viku og enginn er að bjarga bönkunum. Við erum að bjarga rekstrinum, við erum að bjarga innstæðunum og greiðslukerfinu. Það er allt annar handleggur.

[21:28]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka fyrir síðbúið svar en verð að taka fram að hv. þingmaður hefur misskilið fyrirspurn mína þó ég hafi komið með hana í þrígang í dag. Ég spurði hvað hefði verið upplýst á fundi hv. efnahags- og skattanefndar. Sjálf sat ég fund hv. heilbrigðisnefndar og því þurfti ekki að segja mér hvað kom fram á þeim fundi, hv. þingmaður.

Ég var að spyrja hvernig efnahags- og skattanefnd hefði afgreitt þessar 250 millj. kr. sem vantar upp á samkvæmt X. kafla þess frumvarps sem við hér ræðum. Fyrst að spítalagjaldið fyrir innlögn á spítala á ekki að vera upp á nema 100–110 millj. vantar 250 millj. kr. Hv. þingmaður vísaði til meirihlutaálits hv. heilbrigðisnefndar og sagði að það ætti þá að hækka önnur gjöld. Ég hlýt að spyrja hv. þingmann hvaða gjöld það eru. Eru það kannski þessar 4.000 kr. á slysa- og bráðamóttökuna? Eru það 2.100 kr. sem það

kostar að fara á göngudeild ef maður hittir annan en lækni? Eru það kannski þessar 3.100 kr. + 40% af taxta sérgreinalækna ef maður ætlar að hitta sérfræðing? Eru það kannski 3.000 kr. sem maður borgar fyrir krabbameinsleit í legi eða brjóstum? Á kannski að hækka það fyrir keiluskurðinn, 6.300 kr., eða fyrir kransæðaþræðingarnar, 6.200 kr.? Eða fyrir geisla- og myndgreiningu, 1.800 kr.?

Ég spyr eins og þjóðin hlýtur að spyrja: Hvar á að taka 360 millj. kr.? Samkvæmt þessu frumvarpi átti að taka það með spítalaskattinum en nú er því vísað eitthvað annað. Við sögðum í minni hluta hv. heilbrigðisnefndar að þetta væri opinn tékki sem væri verið að senda á hæstv. heilbrigðisráðherra og það samrýmist ekki því fjárveitingavaldi sem hér er. (Forseti hringir.) Það er afsal á því valdi sem hér á að liggja.

[21:30]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. efnahags- og skattanefnd vísaði málinu til mismunandi nefnda einmitt til að þær upplýstu um þessa þætti. Það kemur fram í umsögn hv. meiri hluta heilbrigðisnefndar hvernig þessu er varið. Ég reikna með að þau gjöld sem hv. þingmaður taldi upp hafi mörg hver ekki hækkað í háa herrans tíð (Gripið fram í.) þannig að ég geri ráð fyrir því að eitthvað af því verði hækkað sérstaklega ef það hefur ekki hækkað lengi. Það þarf eitthvað undan að láta, ég ætla að vona að menn geri sér grein fyrir því. Það sem menn eru að tala um að almenningur borgi — ég held að það séu 17 eða 20 milljarðar í heilbrigðiskerfinu og við erum að tala um 250 millj., við erum að tala um 20 þúsund milljónir á móti 250. Ég get ekki séð að það setji allt á hvolf. En þess verður gætt að greiðsluþátttaka almennings fari ekki umfram það sem hún hefur verið undanfarið, um 17% af heildarkostnaðinum. Eins og fram kemur í umsögn meiri hluta hv. heilbrigðisnefndar er meiningin að hækka ýmis gjöld sem ekki hafa hækkað lengi.

[21:31]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það undrar mig stórlega að hv. þm. Pétur Blöndal sé ánægður með að vísa til ummæla starfsmanna heilbrigðisráðuneytis á fundi heilbrigðisnefndar um að þetta hafi allt saman verið misskilningur hjá fjármálaráðuneytinu, að fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins hafi bara misskilið þetta. Þess vegna sé það rangt sem segir í greinargerð með frumvarpinu og rangt sem segir í umsögn fjárlagaskrifstofunnar að það eigi ekki að taka 360 millj. af spítölunum heldur af einhverju allt öðru. Það undrar mig stórlega að hv. þingmaður sé ánægður með að þess vegna verði þessum 260 millj. kr. dreift einhvers staðar ofan úr ráðuneyti á sjúklinga þessa lands sem þurfi að leita sér læknisþjónustu.

Ég vil rifja upp að það er ekki bara um þetta að tefla á næsta ári. Það á líka að hækka sjúklingaskattana um ríflega 700 millj. kr. á næsta ári vegna hækkunar á lyfjum. Þessi tæp 18% sem reiknuð hafa verið beint úr buddu sjúklinga inn í heilbrigðisþjónustuna — það er svo langt í frá að það hafi staðið í stað. Það hefur þvert á móti verið að hækka, hv. þingmaður. Við erum að tala um að heilbrigðisþjónustan muni á næsta ári kosta eitthvað ríflega 112 milljarða kr. 18% af því gera eitthvað um 20 milljarða, eins og ég sagði áðan. Þarna er verið að taka gjöld af þeim sem verst eru settir. Verið er að finna upp nýjan skattstofn til að láta þá borga sem geta enga björg sér veitt og verða að leggjast inn á sjúkrahús að læknisráði, verða að vera rúmliggjandi, og það er þar sem verið er að brjóta í blað.

Eins og ég sagði áðan er það miður að svokallaður jafnaðarmannaflokkur Íslands skuli láta þetta yfir sig ganga en ég undrast lítillæti hv. formanns efnahags- og skattanefndar í þessu sambandi.

[21:34]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég sagði í gær að ég væri alls ekki ánægður með ýmislegt sem ég þarf að gera, alls ekki. Ég hef þurft að ríkisvæða þrjá banka. Halda menn virkilega að ég sé ánægður með það? Ég hef þurft að setja á gjaldeyrishöft. Halda menn virkilega að ég sé ánægður með það? (**Gripið fram í:** Hvað ... um sparisjóðina?) Ég þurfti að setja á aukna skatta. Halda menn virkilega að ég sé ánægður með það? Ég hugsa að samstarfsflokksmenn mínir, samfylkingarmenn, séu heldur ekki ánægðir með það sem þeir þurfa að gera en það er bara eitt (Gripið fram í.) að gera þegar ein þjóð missir allt bankakerfið sitt eða 80–90% af bankakerfi sínu á einni viku. Þá er það áfall og þá þurfa menn að gera ýmislegt sem þeim líkar ekki við. (**Gripið fram í:** Já, láta sjúklingana borga.) Nei, það er einmitt verið að útbúa kerfi sem ég stend fyrir að vinna að, að reyna að líta á allt heilbrigðiskerfið frá sjónarhorni eins sjúklingsins til að hindra það sem er í dag, þ.e. að sumir sem eru mikið veikir greiði mjög háar upphæðir í dag og þeir gerðu það á síðasta ári og þar áður. Sumir borga yfir 100 þús. kr. á ári í heilbrigðiskerfið. Ég hef fengið upplýsingar um það. Ég ætla að reyna að minnka þann kostnað þannig að verið er að reyna eins og menn mögulega geta að hlífa þeim sem eru verst settir. Ég vil segja að það eru ekki allir illa settir sem lagðir eru inn á spítala. Ef ég yrði lagður inn á spítala yrði ég ekkert illa settur þótt ég þyrfti að borga einhverjar 5 þús. kr. (Gripið fram í.)

[21:35]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og skattn. (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Maður verður hálfdapur í sinni að heyra þennan harmagrát hv. þm. Péturs H. Blöndals sem grætur það að hafa þurft að ríkisvæða banka og setja á gjaldeyrishöft. En hann grætur ekki jafnhátt yfir því að hann skerðir tekjur öryrkja og aldraðra, skerðir kjör húsnæðiskaupenda, skerðir bætur barnafjölskyldna, rýfur samninga á bændum og þannig mætti áfram telja. Í flestum grundvallaratriðum er ég á öndverðum meiði við hv. þm. Pétur H. Blöndal.

En að einu leyti er ég það ekki. Hann nefndi í ræðu sinni nauðungarsamningana sem verið er að þröngva upp á Ísland, Icesave-samningana, og þar verð ég að segja að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur staðið í fæturna. Sem formaður efnahags- og skattanefndar hefur hann óskað eftir gögnum

um þau mál og bent réttilega á, bæði í nefndinni og utan nefndar í sölum Alþingis og í fjölmiðlum, að forsendur þess að við getum afgreitt fjárlög af einhverju viti er að hafa upplýsingar um þessar stóru og miklu stærðir. Ég vil beina þeirri spurningu til hv. þingmanns hvernig hann sér framvinduna að þessu leyti, hvenær hann telur líklegt að við fáum fast land undir fætur hvað varðar skuldbindingar Íslands eða vitneskju um það. Þegar allt kemur til alls er það svo að þótt það skipti miklu máli hver hallinn er á fjárlögum landsins er stóra málið að horfa til hallans á efnahagskerfinu í heild sinni. Þá þurfum við að horfa til skuldanna ekki síður en til útgjalda ríkisins.

[21:37]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla að vona að þetta hafi ekki verið neinn harmagrátur, ég var bara að horfast í augu við ákveðnar staðreyndir, þetta er bara svona. Ég er ekkert ánægður með að rjúfa samninga við bændur, ég er ekki ánægður með að fólk sem tók ákvörðun um að taka erlend lán borgi óskaplega gengishækkun og að allt sé í óvissu. Halda menn virkilega að ég sé eitthvað ánægður með það? Þetta er bara ákveðin staða sem við stöndum frammi fyrir og þurfum að leysa.

Ég hef lagt áherslu á það varðandi seinni spurningu hv. þingmanns að Íslendingar semji við alla aðila sameiginlega. Það er vonlaust að semja um Icesave-reikningana eina sér, síðan að semja við kröfuhafana og þar næst að semja við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Hver um sig skuldbindur þjóðina eins og hún þolir, er það samanlagt of mikið fyrir þjóðina. Það er hagur allra þessara aðila að aðalauðlind Íslands, mannauðurinn, haldist í landi. Það er hagur Bretanna og Hollendinganna, það er hagur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, það er hagur Evrópusambandsins, það er hagur lánardrottnanna, annars fá þeir ekki greitt. Þess vegna er svo mikilvægt að menn semji við alla í einu … (**Gripið fram í:** Ertu búinn að segja þetta við ríkisstjórnina?) Ég er búinn að segja mörgum sinnum að það eigi að semja sameiginlega við alla þessa aðila, fara eigi í friðarsamninga við alla þessa aðila og semja og það er mín framtíðarsýn. Svo vil ég benda á að umræðan í þjóðfélaginu og mótmælin eru mjög jákvæð. Ef þau fara ekki út í ofbeldi er það mjög jákvæð gerjun og í svona stöðu er hægt að gera heilmiklar breytingar til að bæta þjóðfélagið, gera enn þá betra. Ég bind ákveðnar vonir við að þessi gerjun í þjóðfélaginu geri það að verkum að við getum hreinsað ýmislegt út sem grasserað hefur í góðærinu og að við stöndum eftir með betra þjóðfélag en áður.

[21:39]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og skattn. (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er alveg sammála því sem fram kom í máli hv. þingmanns að sú gerjun sem er í þjóðfélaginu getur orðið til góðs og auðvitað á að hlusta á rödd þjóðarinnar eins og hún birtist á fundum á Austurvelli, í Háskólabíói eða á Akureyri og Selfossi, það eru fundir víða um landið. Þá á í alvöru að hlusta á rödd þjóðarinnar. Eftir hverju óskar hún? (**Gripið fram í:** Gagnsæi.) Hún óskar eftir gagnsæi, hún óskar eftir lýðræði. Hún vill að þeir sem bera ábyrgð axli ábyrgð. Það á við um ríkisstjórnina, það á við um stjórnarmeirihlutann. Það sem fólk er að segja og óskar eftir er að efnt verði til kosninga í landinu og að þjóðinni gefist þannig tækifæri til að hafa áhrif á framvinduna.

Hvað varðar það sem hv. þingmaður sagði um skuldbindingar okkar og samninga gagnvart útlöndum er ég hjartanlega sammála. Auðvitað á að skoða þessi mál heildstætt og það er allra hagur að ekki verði reistar slíkar kröfur á hendur Íslendingum að þeir fái ekki undir þeim risið. Það er allra hagur, bæði okkar og hinna sem eru lánardrottnar okkar. En það er annað. Það þarf líka að láta reyna á hverjar eru í reynd okkar lagalegu og þjóðréttarlegu skuldbindingar. Ríkisstjórnin hefur ekki verið tilbúin að láta á þetta reyna. Því miður held ég að veikleikann hafi verið að finna í Samfylkingunni sérstaklega sem haldin er ákveðinni Evrópuveiki. Ef hún telur að einhver í Brussel móðgist fá menn alltaf í hnén á þeim bænum. Er hv. þingmaður sammála mér um þetta?

[21:42]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ef ég ætla að semja við einhvern mann þarf ég helst að vera sannfærður um málstað minn, það er mjög mikilvægt. Ég má ekki taka yfir málstað andstæðingsins, það er mjög mikilvægt. Þetta er eiginlega það sem ég legg samningsmönnum okkar til í veganesti. Þeir eiga að trúa því að við höfum á réttu að standa. Við eigum ekki að borga þessa Icesave-reikninga. Við erum búnir að uppfylla öll skilyrði eða tilskipanir Evrópusambandsins. Við erum með innlánstryggingarsjóð sem Bretar eru ekki með. Við erum búnir að byggja upp kerfi nákvæmlega samkvæmt þeim reglum, sendum lögin út og þeir samþykktu þau, komu alla vega ekki með athugasemdir. Við erum að byggja upp þennan sjóð og þetta er sem sagt alveg í fullkomnu lagi. Það sem er ekki í lagi er tilskipunin sjálf, það eru reglur Evrópusambandsins. Þær eru gallaðar. Fjármálaráðherra Breta hefur komið auga á það. Hann er búinn að senda bréf til Evrópusambandsins og hefur beðið þá um að breyta reglunum vegna þess að hann kærir sig ekki um að breskir skattgreiðendur borgi fyrir innlán erlendra banka í Bretlandi.

Hann ætlast til að íslenskir skattgreiðendur borgi fyrir innlán íslenskra banka í Bretlandi. Hann kemur með bestu rök samningsmanna okkar til að ræða við Breta. Hann er búinn að segja að skattgreiðendur eigi ekki að borga fyrir innlánin. Sem sagt: Bankakerfið á sjálft að borga þetta og til þess höfum við 18 milljarða og þeir geta fengið þá og verði þeim að góðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 2008, 2. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 350, nál. 384 og 408, brtt. 385.

[21:44]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2008 frá meiri hluta fjárlaganefndar. Undir álitið skrifa auk mín hv. þm. Kristján Þór Júlíusson, varaformaður fjárlaganefndar, Guðbjartur Hannesson, Illugi Gunnarsson, Ásta Möller, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Björk Guðjónsdóttir.

Nefndarálitið er í sjálfu sér stutt og skorinort, í því er fjallað um nokkrar breytingartillögur en einnig um það verkefni sem fjárlaganefnd féll í skaut í framhaldi af því að mælt hafði verið fyrir umræddu frumvarpi og því vísað til nefndarinnar.

Nefndin hafði að vísu frumvarpið til athugunar í mjög stuttan tíma, eins og menn muna var frumvarpið til umræðu núna á þriðjudaginn. Vil ég nota tækifærið og þakka hv. þingmönnum í fjárlaganefnd fyrir að heimila það að byrja upplýsingafundi vegna frumvarpsins strax þann sama dag. Það skipti verulegu máli í ljósi þess tíma sem við höfðum. Það er einnig ljóst að frumvarpið barst afar seint inn í þingið. Það er kannski ekki til eftirbreytni en vissulega eru mjög sérstakir tímar uppi í samfélaginu og hugsanlega ástæða fyrir því af hverju frumvarpið barst hingað svo seint.

Virðulegi forseti. Nefndin leitaði skýringa hjá fjármálaráðuneytinu og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Fjármálaráðherra upplýsti nefndina á fundi 12. nóvember sl. um að í samræmi við 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, hefði verið tekin sú ákvörðun í ríkisstjórn að veita heimild til að leggja 385 milljarða í nýju bankana og leggja sparisjóðunum til stofnfé í samræmi við lög nr. 125/2008. Hæstv. ráðherra greindi jafnframt frá því að lagt hefði verið til 2,3 milljarða kr. hlutafé við stofnun nýju bankanna, þrisvar sinnum 775 millj. kr. Ætlunin er að skoða það mál enn frekar á milli 2. og 3. umr.

Nefndinni hafa borist óskir um 6. gr. heimildir vegna fjáraukalagatillagna fyrir 3. umr., hún hefur tekið þær fyrir á fundi sínum en um þær verður ekki fjallað á þessum þingfundi, virðulegi forseti.

Meiri hlutinn hefur enn fremur farið yfir þau erindi sem bárust nefndinni og gerir 10 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 120,5 millj. kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu minni á eftir.

Nefndin mun á milli 2. og 3. umr. kalla eftir frekari upplýsingum um einstaka málaflokka, svo sem varðandi breytingar á 5. og 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2008.

Vil ég þá gera grein fyrir einstökum breytingartillögum.

Lögð er til fjárheimild í tvennu lagi til handa æðstu stjórn ríkisins, Alþingis, í fyrsta lagi um aukinn kostnað á Alþingi, 10 millj. kr. hækkun til að styrkja rekstrargrunn en forsætisnefnd breytti greiðslum ferðakostnaðar í kjördæmi frá og með árinu 2008 þannig að hann er nú sá sami fyrir alla alþingismenn og öll kjördæmi. Síðan er gerð tillaga um 30 millj. kr. framlag til að standa straum af kostnaði við rannsóknarnefnd sem er ætlað að rannsaka aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna í samræmi við lög sem samþykkt voru 12. desember sl.

Þá er lagt til að fjárheimild til menntamálaráðuneytis verði aukin um 55 millj. kr. Það er í fyrsta lagi stofnkostnaður til Framhaldsskólans á Laugum vegna frágangsverkefnis við torg við skólann. Skólinn varð nýlega 20 ára gamall, umrætt verkefni hefur verið í bígerð í nokkuð langan tíma og var hafin undirbúningsvinna vegna þessa verkefnis og undirbúningsfrágangur fyrir 30 ára afmælið sem var haldið upp á í haust.

Þá er gerð tillaga um 4 millj. kr. framlag til Bátasafns Breiðafjarðar á Reykhólum sem upphaflega var ætlað Byggðasafni Snæfellinga til sama verkefnis. Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum hafði óskað eftir tilflutningi á þessari fjárhæð þar sem Byggðasafn Snæfellinga óskaði ekki eftir að nýta framlagið.

Þá var gerð tillaga um að styrkja rekstrargrunn Sinfóníuhljómsveitarinnar um 16 millj. kr. og auk þess gerð tillaga um 20 millj. kr. framlag sem ætlað er til stækkunar íþróttahúss Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík. Það verkefni hefur verið hér á fjárlögum í ein þrjú ár í framhaldi af samkomulagi Reykjavíkurborgar við íþróttafélagið en þetta tengist rekstri félagsins við Hátún og samvinnuverkefni þess við svokallaða HL-stöð fyrir hjarta- og lungnasjúklinga. Þar er verið að ganga frá stækkun á húsnæðinu, sal og tengibyggingu.

Þá er gerð tillaga um að heimila sveitarfélaginu Grímseyjarhreppi að nýta framlag sem það fékk vegna fjölnota menningarhúss en verði notað frekar til að endurbæta sundlaug í Grímsey þar sem ekki eru lengur áform um að reisa menningarhúsið.

Um er að ræða tillögur, virðulegi forseti, til heilbrigðisráðuneytis um 5 millj. kr. og sú upphæð er ánöfnuð Félagi áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúkra og annarra skyldra sjúkdóma en fjárveiting til félagsins féll niður við afgreiðslu fjárlaga ársins. Þykir mér sem formanni fjárlaganefndar miður að það hafi gerst en því miður misfórst erindi félagsins í meðförum okkar í fjárlaganefnd og hlaut aldrei yfirferð heilbrigðisnefndar eða fjárlaganefndar á sínum tíma. Viðkomandi félag, FAAS, hafði verið á fjárlögum um nokkurra ára skeið.

Síðan er gerð tillaga um 7,5 millj. kr. framlag til samgönguráðuneytisins vegna tveggja verkefna, annars vegar er tillaga um 6 millj. kr. framlag til dýpkunar hafskipabryggju á Þórshöfn og svo 1,5 millj. kr. framlag til lendingarbóta við Selsvör við norðanverðan Steingrímsfjörð. Umsókn barst um það verkefni og Alþingi hafði þegar úthlutað til þess á árinu en ljóst varð að umrætt verkefni var mun dýrara í framkvæmd en ráð var fyrir gert. Um er að ræða mikilvægan lendingarstað á þessum stað og sem betur fer hafði ég nokkra hv. þingmenn úr Norðvesturkjördæmi sem gátu frætt mig vel um þessi mál eins og hv. þingmenn úr Norðvesturkjördæmi gera jafnan í fjárlaganefnd. Á stundum má ætla að það séu einungis þingmenn úr Norðvesturkjördæmi í nefndinni. (**ÁI:** Er það ekki svo?) (Gripið fram í.) Þetta var bara sagt til uppörvunar.

Að lokum eru framlög til umhverfisráðuneytisins upp á 13 millj. kr. Það er í fyrsta lagi hið svokallaða Green Globe verkefni sem nokkur sveitarfélög á Snæfellsnesi hafa kom-

ið sér saman um. Það verkefni er hugsanlega öðrum til eftirbreytni en það hefur fengið alþjóðlega vottun og hafa sveitarfélögin á Snæfellsnesi gengið fram í nokkur ár við að kynna öðrum sveitarfélögum, fyrirtækjum og áhugasamtökum þetta framlag sitt til umhverfismála í raun og fjölmargir horft til þess að geta nálgast slíka viðurkenningu eins og þessi fjögur sveitarfélög. Hins vegar fer framkvæmdaráð Snæfellinga með þetta mál fyrir þeirra hönd.

Að lokum er gerð tillaga um 7 millj. kr. framlag til að breyta ósi Skjálfandafljóts og koma honum í eldri farveg. Þetta er verkefni sem Þingeyjarsveit hefur staðið fyrir og fjölmargir haft áhyggjur af. Sandarnir niðri við ósinn hafa breytt farveginum og hann hefur færst til austurs og í áttina að Laxá. Þetta hefur líka verið samvinnuverkefni við bændur á staðnum og var farið fram með ákveðna hönnunarvinnu og rannsóknarvinnu í sumar. Fjölmargir óttast að ef ekkert verður að gert geti þetta haft alvarlegar afleiðingar fyrir lífríkið á staðnum. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Landgræðslu ríkisins eins og önnur fyrirhleðsluverkefni hér á landi. Ég ítreka að þetta verkefni er í sjálfu sér í góðum farvegi þrátt fyrir að ekki hefur náðst að vinna eins mikið og áætlað var enda ekki fyrir hendi fullt fjárframlag til verksins í ár.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra og tefja þingfundinn enn frekar. Vissulega hefði ég sem formaður fjárlaganefndar viljað hafa rýmri tíma til að fjalla um frumvarpið. Fyrst ríkisstjórnin kom ekki með fleiri tillögur við 2. umr. var tekin ákvörðun um að við mundum klára þetta hér til þinglegrar meðferðar. Við fengum öll ráðuneytin til að fjalla um þessar tillögur og tókum til þess drjúgan tíma, vorum með ráðuneytin í tvo heila daga. Það voru langar setur hjá þeim og þau skiluðu okkur sum síðan aukaupplýsingum sem við kölluðum eftir, minnisblöðum og öðru. Í sjálfu sér var minna mál að fjalla um tillögurnar sem bárust frá áhugasamtökum, sveitarfélögum eða öðrum eins og hér er gerð grein fyrir. Þær voru tæplega 30 og góð samstaða í nefndinni um afgreiðslu þeirra. Mig minnir að minni hlutinn styðji þær breytingartillögur sem meiri hlutinn fer fram með, enda sú vinna sem var unnin á þeim lokastigum unnin í sátt og samlyndi að hætti Hafnarfjarðarkrata.

Virðulegi forseti. Ég ítreka enn á ný þakklæti mitt til nefndarmanna fyrir stutt og snörp vinnubrögð varðandi fjáraukalagafrumvarpið og ég geri ráð fyrir að nefndarmenn séu tilbúnir til að taka aðra lotu með það fyrir 3. umr.

[21:57]

Útbýting:

Frestun á fundum Alþingis, 264. mál, stjtill. forsrh., þskj. 428.

Tjón af Suðurlandsskjálfta í maí sl., 263. mál, fsp. KHG, þskj. 427.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, 234. mál, þskj. 394.

[21:58]

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta fjárlaganefndar en að honum standa ásamt mér hv. þm. Jón Bjarnason og hv. þm. Magnús Stefánsson.

Minnihlutaálitið hljóðar svo, með leyfi forseta:

Meiri hluti fjárlaganefndar afgreiddi frumvarp til fjáraukalaga 2008 til 2. umr. á Alþingi aðeins þremur sólarhringum eftir að frumvarpið var lagt fram á Alþingi 15. desember sl. Frumvarp til fjáraukalaga var lagt fram á Alþingi eftir að meiri hluti fjárlaganefndar afgreiddi breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009 til 2. umr. í þinginu. Þingmenn sáu því ekki frumvarp til fjáraukalaga fyrr en í þann mund sem 2. umr. um fjárlög ársins 2009 hófst. Minni hlutinn átelur þau vinnubrögð að fram fari meginumræða um fjárlög áður en fjallað er um frumvarp til fjáraukalaga á Alþingi. Minni hlutinn telur að þetta vinnulag sé til komið vegna þess að ríkisstjórnin hafi ekki tök á stöðu þjóðmála og efnahagsmálum í kjölfar þeirra efnahagslegu áfalla sem þjóðin hefur orðið fyrir.

Minni hlutinn bendir á að frumvarpið ber lítt merki um fall bankakerfisins í byrjun október sl. Því telur minni hlutinn að engin ástæða hafi verið til að draga framlagningu fjáraukalagafrumvarpsins fram í miðjan desember. Minni hlutinn gagnrýnir þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar en þau eru reyndar til marks um það uppnám og skipulagsleysi sem einkennir fjárlagagerðina.

Minni hlutinn vekur athygli á því að fjárlaganefnd skortir ýmsar upplýsingar og forsendur er varða fjárhagsárið 2008, m.a. þær sem tengjast innkomu ríkisins í bankakerfið og falli þess.

Minni hlutinn óskar eftir að unnin verði ítarleg greinargerð um allt er varðar fall viðskiptabankanna þriggja, yfirtökur ríkisins á þeim, stofnun nýrra ríkisbanka, lánveitingar Seðlabanka Íslands því tengdu, heildarfjármögnun eins og hún liggur nú fyrir og skuldbindingar sem ríkissjóður þarf að taka á sig vegna málsins. Einnig óskar minni hlutinn eftir skýrslu um aðkomu og útgjöld Fjármálaeftirlitsins svo og Seðlabanka Íslands vegna þessara mála.

Endurskoðuð tekjuáætlun 2008 var lögð fram í byrjun október í haust og birtist í ritinu *Stefna og horfur* sem var fylgirit með frumvarpi til fjárlaga ársins 2009. Tekjuáætlun í frumvarpi til fjáraukalaga er nokkuð breytt frá endurskoðaðri áætlun. Helstu frávik tekjuáætlunar í frumvarpi til fjáraukalaga miðað við fjárlög 2008 eru að tekjuskattar einstaklinga lækka um 5%, tekjuskattar lögaðila um 11,5% og skatttekjur samtals eru lækkaðar um 23,8% frá fjárlögum 2008. Aðrar tekjur hækka um 14,7%. Samtals lækka tekjur ríkissjóðs um 12,3% frá fjárlögum ársins. Hækkun á öðrum tekjum birtist helst í auknum vaxtatekjum og er meginástæðan sú að vaxtatekjur af bankareikningum ríkissjóðs hækka um 10,5 milljarða kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2008. Hækkunin skýrist að langmestu leyti af sértækum aðgerðum ríkisstjórnarinnar í vor til að styrkja innlenda fjármálamarkaði og gjaldeyrisvaraforðann. En aðgerðirnar fólu í sér að tekin voru lán sem ávöxtuð voru í sjóðum og veittum lánum til Seðlabanka Íslands. Minni hlutinn vekur athygli á því að þessar auknu vaxtatekjur eru í beinum tengslum við beinar lántökur og stóraukinn vaxtakostnað.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vaxtagjöld ríkissjóðs aukist um 11 milljarða kr. en í fjárlögum ársins voru vaxtagjöld ársins áætluð upp á 21,7 milljarða kr. Samtals er því

gert ráð fyrir að vaxtagjöld ársins verði um 33 milljarðar kr. Þessi auknu vaxtagjöld eiga rætur að rekja til aðgerða í efnahagsmálum sem fela í sér aukna útgáfu ríkisbréfa og erlenda lántöku.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild til launa og verðlagsmála verði aukin um 4,8 milljarða kr. til að mæta útgjöldum sem greidd eru í erlendum gjaldmiðlum. Kemur þetta til vegna þess að gengi íslensku krónunnar hefur lækkað mikið frá því sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

Vegna atburða sem urðu við fall bankanna er athyglisvert að bera tekjuáætlun í frumvarpi til fjáraukalaga saman við endurskoðaða tekjuáætlun frá því í byrjun október sl., frá því fyrir fall bankanna. Helstu frávik eru þau að tekjuskattar einstaklinga hækka um 0,3% en engin breyting er á tekjusköttum lögaðila. Skatttekjur alls lækka hins vegar um 5,3%. Aðrar tekjur aukast um 3% en tekjur ríkissjóðs alls eru lækkaðar um 2,3% í tekjuáætlun frumvarps til fjáraukalaga miðað við endurskoðaða tekjuáætlun frá því í byrjun október sl.

Minni hlutinn telur að tekjuáætlun í frumvarpi til fjáraukalaga 2008 sé ofmetin þar sem áhrifin af falli bankanna og almenns samdráttar í kjölfarið ættu að koma fram í minni tekjum en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Minni hlutinn gerir ráð fyrir því að fjármálaráðuneytið muni endurskoða tekjuáætlunina fyrir 3. umr. fjáraukalaganna.

Minni hlutinn lýsir áhyggjum af því að lagt sé af stað inn í erfiðleika næsta árs með uppsafnaðan mikinn halla hjá mörgum af helstu stofnunum ríkisins.

Minni hlutinn bendir sérstaklega á rekstrarstöðu einstakra stofnana á sviði heilbrigðismála. Fjölmargar heilbrigðisstofnanir glíma við uppsafnaðan rekstrarhalla og var hann áætlaður 4,4 milljarðar kr. samkvæmt upplýsingum heilbrigðisráðuneytisins. Í frumvarpi til fjáraukalaga er að hluta til tekið á uppsöfnuðum halla með sérstökum fjárheimildum en þriðjungur hallans almennt skilinn eftir óbættur. Samkvæmt breytingartillögum fyrir fjárlög fyrir árið 2009 sem samþykktar hafa verið á Alþingi eru fjárheimildir þessara stofnana auk þess almennt skornar niður um 3% frá upphaflegu frumvarpi. Minni hlutinn telur ótækt að þessar stofnanir hefji nýtt rekstrarár með algjörlega óviðunandi rekstrarstöðu, sérstaklega í ljósi þeirrar þröngu stöðu sem fram undan er næstu árin. Hún er í andstöðu við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að standa vörð um heilbrigðis- og velferðarþjónustuna. Minni hlutinn lýsir eigi síður yfir áhyggjum af rekstrarstöðu öldrunarstofnana. Samkvæmt upplýsingum minni hlutans er áætlaður uppsafnaður halli þeirra um 1 milljarður kr. Í frumvarpinu eru engin merki um að taka eigi á þessum vanda. Þessar stofnanir mæta sömuleiðis 3% niðurskurði á árinu 2009. Minni hlutinn fær ekki séð að öldrunarstofnunum sé tryggður eðlilegur rekstrargrundvöllur á næstu árum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 70 millj. kr. fjárheimild til heimssýningarinnar EXPO 2010 í Kína. Minni hlutinn bendir á að engin fjárheimild var vegna þessa verkefnis í fjárlögum 2008. Fram kom reyndar í fjárlaganefnd, að mig minnir 11. janúar á þessu ári, þ.e. rúmum mánuði eftir að fjárlögin voru samþykkt í hv. Alþingi, að ríkisstjórnin hafi samþykkt að fara út í þetta verkefni. Minni hlutinn mótmælir þessum vinnubrögðum og lausatökum í fjármálum og bendir á að þetta gengur gegn ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins. Minni hlutinn vekur athygli á hringlandahætti umhverfisráðuneytisins varðandi gestastofu á Látrabjargi og við Hornstrandir. Í fjárlögum 2008 og frumvarpi til fjáraukalaga er gert ráð fyrir fjárheimildum til að koma þessum gestastofum á fót. Í breytingartillögum við fjárlög fyrir árið 2009 sem samþykktar hafa verið á Alþingi eftir 2. umr. eru þessar fjárheimildir skornar niður með það fyrir augum að loka þessum gestastofum. Ekki verður annað sagt en að lítið samræmi sé í þessum verkum milli fjárlaga annars vegar og fjáraukalaga hins vegar. Skýr stefnumótun er ekki fyrir hendi í málaflokknum.

Ekki er gert ráð fyrir að tekið verði á rekstrarvanda Landbúnaðarháskóla Íslands. Fyrir liggur að stofnunin glímir við uppsafnaðan rekstrarhalla. Minni hlutinn leggur áherslu á að tillögur til lausnar á málinu komi fram fyrir 3. umr. fjárlaganna.

Minni hlutinn undrast þá stöðu sem upp er komin með nýja sjúkratryggingastofnun. Það blasir við að heilbrigðisráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti ásamt forstjórum Tryggingastofnunar og Sjúkratryggingastofnunar eiga í deilum um skiptingu fjárheimilda milli stofnananna vegna verkaskiptingar. Minni hlutinn bendir á þetta mál sem dæmi um stefnuleysi stjórnvalda í ríkisrekstrinum. Minni hlutinn telur að margt bendi til að þetta mál muni valda meiri útgjöldum fyrir ríkissjóð en þörf er á.

Minni hlutinn bendir á að við afgreiðslu fjárlaga 2008 vakti hann sérstaka athygli á því hvert stefndi og er niðurstaðan í samræmi við þau varnaðarorð.

Minni hlutinn vekur athygli á því að verulega skortir á upplýsingar um áætlaða rekstrarstöðu stofnana almennt og leggur áherslu á að þær upplýsingar liggi fyrir við 3. umr. fjárlaga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 125 millj. kr. fjárheimild til bóta vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að sérstök nefnd muni taka afstöðu til bótakrafna. Minni hlutinn gagnrýnir að forsendur fyrir bótagreiðslum hafi ekki komið fram og leggur áherslu á að staða málsins verði skýrð betur fyrir 3. umr.

Hæstv. forseti. Það verður að teljast afar varhugavert eins og staðan er nú í þjóðfélagi okkar og þegar horft er til þeirra vandamála sem fram undan eru að því er varðar rekstur og afkomu ríkisins á næstu árum, á árunum 2010 og 2011, að skilja núna eftir heilbrigðisstofnanir og öldrunarstofnanir þegar við erum að fara í gegnum fjáraukann með mikinn halla til að takast á við þann vanda sem blasir við á næstu 2–3 árum. Minni hlutinn telur, eins og kemur fram í nefndarálitinu, að einmitt vegna þess hvernig horfir um fjárlög ríkisins og mikla byrði þjóðarinnar af erlendum lántökum á næstu árum hefði verið ærin ástæða til að taka sérstaklega á vanda þessara stofnana nú í fjáraukalagafrumvarpinu, m.a. til þess að geta með betri hætti horft inn í framtíðina með rekstur þessara stofnana miðað við þá erfiðleika sem örugglega eru fram undan, hæstv. forseti.

Við leggjum einnig sérstaka áherslu á Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og teljum að þar verði að taka á eins og reyndar var að stefnt þó að eigi hafi verið frá þeim málum gengið milli menntamálaráðuneytis og skólans. Þar

þarf að taka þannig á málum að skólinn verði rekstrarhæfur til framtíðar og ég trúi því eigi fyrr en við tökum á því að þannig verði ekki reynt að taka á málum áður en fjárlög verða afgreidd og fjáraukalög við 3. umr. Ég vænti þess, hæstv. forseti, að fjárlaganefnd nái saman um þær lagfæringar sem ég hef hér sérstaklega nefnt sem eru mikið áhyggjuefni fyrir næstu tvö ár.

Það er okkur í fjárlaganefndinni ekki mikið tilhlökkunarefni að takast á við fjárhagsvanda næstu ára eins og nú horfir. Sífellt bætast í hann upplýsingar um skuldbindingar og lántökur og vaxtakostnað sem þjóðin mun standa frammi fyrir á komandi ári. Við munum sameiginlega þurfa að axla þá ábyrgð að reyna að sigla þjóðinni út úr þeim örðugleikum sem fram undan eru hvort sem okkur líkar það betur eða verr og þó að þjóðin geti auðvitað engan veginn verið sátt við það að hafa lent í þeirri stöðu sem hún er lent í að því er varðar fall fjármálamarkaðarins og bankanna og þær afleiðingar sem það hefur á íslenskt þjóðfélag og mun hafa á íslenskt þjóðfélag á komandi árum.

Það er sérstök ástæða til að hafa áhyggjur af því sem Poul Thomsen frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum vakti athygli á, að fram undan væri ár þar sem 85–90% af landsframleiðslunni færu í að halda sjó, eins og sagt er, til næstu ára. Ef það er rétt spá hjá hinum virta útlendingi er það auðvitað mikið áhyggjuefni fyrir íslensku þjóðina. Við höfum ekki enn þá séð skipulega uppsett hvernig þessi framtíð lítur út fyrir framan okkur og munum kannski ekki sjá það fyrr en á næsta ári og væntum þess að niðurstaðan af hinu svokallaða Icesave-máli í Bretlandi og Hollandi verði með þeim hætti að við fáum undir því risið og berum þar ekki nema skynsamlegar byrðar, íslenska þjóðin. Við eigum mikið undir því að þeir sem stjórna hér landsmálunum og hafa forustu fyrir þeim taki á þeim vandamálum sem fram undan eru af mikilli ábyrgð. Fram undan eru gríðarlegir erfiðleikar og ríkisstjórnin getur ekki annað en reynt að lágmarka þann skaða sem þjóðin hefur orðið fyrir þannig að við megum sameiginlega komast í gegnum þann brimgarð sem fram undan er.

[22:15]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hefur gert grein fyrir nefndaráliti sem við, fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd, flytjum sameiginlega og vísa ég til þess. Ég vil aðeins ítreka nokkur ákveðin atriði.

Í fyrsta lagi kom þetta fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2008 fram fyrir nokkrum dögum. Í því var í raun ekki neitt sem ekki lá fyrir í byrjun október og því ástæðulaust að draga svo lengi sem ríkisstjórnin gerði að leggja það fram. Fjáraukalagafrumvarp á að taka á vanda eða því sem upp hefur komið innan ársins en er ekki ætlað að vera fjárlög ársins. Mörg af þeim atriðum sem koma inn við afgreiðslu fjáraukalaga voru fyrirséð fyrir ári síðan og við fluttum þá tillögur um þau. Fyrir lá við afgreiðslu fjárlaga í fyrra að heilbrigðisstofnanirnar voru sendar út í árið með fyrirsjáanlegum halla og innbyggðum rekstrarvanda eða rekstrarfjárskorti, sem og háskólarnir, Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands, sjúkrahúsin, öldrunarheimilin. Samkvæmt fjárlögum er slíkt ekki heimilt. Allt tal um að refsa forstöðumönnum fyrir að fara ekki að fjárlögum er út í hött þegar fjárlögin eru vitlaust unnin.

Af reynslu minni gera forstöðumenn og þeir sem standa að rekstri stofnana við erfiðar aðstæður sitt besta. Yfirleitt er ekki við þá að sakast ef stofnanir fara út fyrir fjárheimildir sínar. Það er yfirleitt sök Alþingis, fjárlaganefndar og ríkisstjórnarinnar. Þegar nú er komið til móts við halla allmargra stofnana er það í sjálfu sér vel. En einnig það virðist vera mjög handahófskennt. Í öðru orðinu er sagt að ætlunin hafi verið að taka u.þ.b. tvo þriðju af áætluðum rekstrarhalla stofnana í velferðarkerfinu, menntastofnana, heilbrigðisstofnana og öldrunarstofnana en þegar farið er nánar ofan í það virðist sú regla vera meira út og suður. Það verður líka að segjast eins og er að gögn, sem fjárlaganefndin þarf að hafa til að geta unnið verk sitt vel og lagt mat á fjárþörf stofnana, hafa ekki legið fyrir.

Allra síðustu klukkutímana hafa komið slitrur frá einstökum ráðuneytum um áætlaðar tölur einstakra stofnana. Það er fjarri því að gögn séu komin frá öllum, eins og nefndin hefur beðið um, en þau gátu og áttu að liggja fyrir fyrir meira en mánuði eða tveimur mánuðum síðan. Bókhaldskerfi og samtengt tölvukerfi ríkisins á fjárhag stofnana ætti að vera orðið það fullkomið að vandalaust ætti að vera að fá þessar upplýsingar. Þetta virðist vera bein tregða, jafnvel meðvituð, í að skila gögnum til fjárlaganefndar þannig að hún geti unnið starf sitt. Það hefur raunar verið verra í haust en nokkurt annað haust.

Ég vil jafnframt leggja áherslu á að síðan ég kom á þing hefur ríkisvaldið aldrei komið fram af jafnmiklum hroka og valdbeitingu gagnvart Alþingi og það hefur gert undanfarnar vikur. Ég hef aldrei kynnst jafnaumu og -lélegu þingræði og lýðræði við vinnubrögð við fjárlagagerð. Þetta er hrein valdbeiting af hálfu framkvæmdarvaldsins á öllum sviðum.

Eins og kom fram í nefndaráliti minni hlutans og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson gerði grein fyrir kemur fjáraukalagafrumvarpið nánast óbreytt að öllu leyti til 2. umr. frá því sem var mælt fyrir við 1. umr. Gögn, tillögur og upplýsingar um fjárhagsstöðu, tekjur og skuldbindingar ársins liggja ekki fyrir við 2. umr. fjáraukalaga, sem er aðalumræðan. Þessi vinnubrögð eru alveg forkastanleg. Auðvitað áttu allar helstu upplýsingar að liggja fyrir.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson rakti mjög vel í nefndarálitinu að upplýsingar vantar um þær miklu skuldbindingar sem ríkissjóður hefur tekið á sig í haust, yfirtöku bankanna, framlag til eigin fjár bankanna, kostnað við bankahrunið, kostnað við Fjármálaeftirlitið, skilanefndir og hvað það nú er. Einnig vantar yfirlit yfir hvaða lán ríkissjóður hefur tekið, hvaða skuldbindingar hann hefur skrifað upp á. Við höfum kallað eftir bréfi sem hæstv. fjármálaráðherra Árni Mathiesen á að hafa skrifað undir í New York um skuldbindingar vegna svokallaðra Icesave-reikninga í Hollandi. Það bréf hefur ekki fengist sýnt. Hins vegar er ljóst að Icesave-skuldbindingarnar í Bretlandi og Evrópulöndunum eru gríðarlega miklar en enginn veit hversu miklar þær eru. Þegar beðið er um upplýsingar hvað það varðar hefur fjárlaganefnd, eins og aðrir, orðið alfarið að styðjast við það sem birtist í blöðum. Engar upplýsingar koma inn í nefndina. Í *Morgunblaðinu* í morgun er sagt, með leyfi forseta:

„Um 150 milljarða bakreikningur. Kröfuhöfum Landsbanka skýrt frá að þeir fái sitt ekki greitt. Talið að 300 milljarða vanti upp á Icesave-skuldir.“

Fjárlaganefnd er ekki greint frá því að verið sé að ræða gríðarlegar skuldbindingar við erlenda aðila sömu daga og fjárlaganefnd afgreiðir fjárlög ársins. Nei, nefndin verður að lesa um það í blöðunum. Þær upplýsingar sem ekki koma í íslenskum blöðum og fréttamiðlum verður að sækja í erlenda fréttamiðla ef fylgja á eftir. Í áðurnefndri frétt er viðtal við Lárus Finnbogason, formann skilanefndar Landsbankans, þar sem hann rekur möguleika á að hafa eitthvað upp í Icesave-skuldirnar. Hann segir viðbúið að kröfuhafar fari í mál og reyni að hnekkja neyðarlögunum sem voru sett um forgangsröðun á kröfur. Þessar upplýsingar koma ekki inn í fjárlaganefnd sem fjallar um þessi mál, nei, þær koma í blöðum. Þetta er lýsandi dæmi fyrir framkomu stjórnvalda gagnvart Alþingi og nefndum þingsins.

Þegar spurt er hverjar upphæðirnar eru sem búið er að skuldbinda okkur fyrir á þessu ári vegna Icesave-reikninga, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og annarra skuldbindinga um endurfjármögnun banka þá koma engin svör og við förum í 2. umr., aðalumræðu, fjáraukalaga án þess að nokkur svör komi við því. Þessi vinnubrögð eru öll alveg með ólíkindum og ég efast um að á byggðu bóli — einhvern tíma var þessu í þingsal líkt við Simbabve og Mugabe og ég veit ekki hvort við eigum að draga sömu líkingar þar en hvorki ber mikið á ákvörðunum og umræðu um mál þjóðarinnar inni í þingsal né að upplýsingar berist fyrst þangað.

Hins vegar er athyglisvert að sjá gæluverkefnin í frumvarpinu. Mitt í kreppu og þrengingum þegar okkur finnst við vera að sigla inn í erfiða tíma koma gæluverkefnin fram. Keyra á fram einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu, sjúkratryggingastofnun, uppskiptingu í tryggingamálum og forsætisráðuneytið fer fram á 25 millj. kr. framlag á fjáraukalögum vegna ráðgjafarkostnaðar við undirbúning og breytingu í heilbrigðis- og tryggingamálum. Það er til viðbótar 30 millj. sem gert var ráð fyrir á fjárlögum ársins þannig að 55 millj. fara til ráðgjafar til forsætisráðuneytis við uppskiptingu á þessum málaflokki og undirbúningi á einkavæðingarferli í heilbrigðismálum. Þannig að gæluverkefnin koma fram.

Ég hjó líka eftir því að í landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu koma gæluverkefni fram. Fyrir matvælalöggjöf Evrópusambandsins — allt sem lýtur að Evrópusambandinu — er einmitt lagt til 26,4 millj. kr. framlag vegna undirbúningskostnaðar vegna yfirtöku á gerðum í viðauka EES-samningsins og vegna ESB-löggjafar um matvæli og fóður, til viðbótar 70 millj. kr. sem voru inni á fjárlögum ársins 2007 þannig að þar er hægt að tína inn peninga. Yfirtaka á matvælalöggjöf Evrópusambandsins. Til eru peningar fyrir öllu sem lýtur að Evrópusambandinu og innleiðing á löggjöf. Það fer að styttast í 100 millj. kr. á þessum lið einum vegna yfirtöku á Evrópusambandsreglugerðum, lögum sem hafa ekki enn verið samþykkt og voru drepin góðu heilli í vor og hafa ekki enn komið fram. Samt er hér komið yfir 100 millj. kr. framlag til að innleiða þessi lög. Hver heilvita maður sér hvernig þessi forgangsröðun hefði verið. Væri ekki nær að þessar 100 millj. kr. hefðu runnið til og dregið úr skerðingum á búvörusamningnum við bændur? Nei, leggja skal 100 millj. kr. í að innleiða löggjöf Evrópusambandsins án þess að lögin hafi einu sinni verið samþykkt. Svona má finna víðar. Einmitt í þessum þrengingum skína gæluverkefni ríkisstjórnarinnar í gegn.

Herra forseti. Eitt vil ég nefna í lokin sem hefur komið fram í umræðunni. Allt í einu á síðustu dögum ársins á að stokka upp heilbrigðisstofnanir á Vestur- og Norðurlandi (**GMJ:** Suðurlandi.) og allt í einu koma tillögur um að búa til eina heilbrigðisstofnun frá Langanesi í Húnavatnssýslur og aðra fyrir Vesturland frá Hólmavík og á Akranes, allt án nokkurs samráðs við heimamenn. Þessi myrkraverk hafa farið fram í pukri eftir að orðið er dimmt á kvöldin og engir hafðir með í samráði, ekki heimamenn, allt í einu er rokið í þetta. Liggur á að hleypa öllu í uppnám. Er ekki nóg fyrir þessar stofnanir og heilbrigðisþjónustuna út um land að glíma við erfiða rekstrarfjárstöðu þótt hæstv. heilbrigðisráðherra setji þær ekki líka í uppnám í einkavæðingardraumum sínum með svo forkastanlegum vinnubrögðum. Ég vil spyrja hv. 1. þm. Norðvesturkjördæmis, forseta þingsins, Sturlu Böðvarsson, hvort það sé með vilja og vitund hans að heilbrigðismálum á Norðurlandi og Norðvesturlandi er hleypt í uppnám á síðustu dögum ársins.

Á þingmannafundum fyrr í haust kom fram og hv. þm. Sturla Böðvarsson upplýsti að hann hefði slegið öllum hugmyndum á frest, a.m.k. fram á mitt næsta ár, og allir þeir sveitarstjórnarmenn tóku undir að þetta væri ekki tími til að fara í slíkar uppstokkanir. Svo skyndilega kemur hæstv. heilbrigðisráðherra, sem hefur það markmið að rústa til og einkavæða heilbrigðiskerfið, allt í einu eru komnar fram hugmyndir og tillögur um algera uppstokkun á heilbrigðisþjónustunni í landshlutanum án þess að nokkur viti af, hvorki starfsfólk, sveitarstjórnarfólk eða íbúar á svæðunum. Ég spyr forseta þingsins og fyrsta þingmann kjördæmisins hvernig hann ætli að bregðast við. Við áttum ágætan fund í dag með fulltrúum sveitarstjórnar Skagafjarðar sem höfðu miklar áhyggjur af þessum hroðvirknislegu vinnubrögðum sem komin væru í gang og þeir hefðu spurnir af og töldu að hagsmunir íbúanna væru þar ekki hafðir í fyrirrúmi frekar en eitthvað annað og voru einmitt með góðar hugmyndir sem þeir vildu ræða en fengu ekki aðkomu til þess fyrr en í dag að þeir komu þeim sjónarmiðum á framfæri við hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég skora á ríkisstjórnina og hæstv. heilbrigðisráðherra að stöðva þessa illa unnu og hroðvirknislegu tillögu sem þarna er á ferð. Stöðva líka áformin um sjúkratryggingastofnun. Nú er ekki tími til að fara í stórfelldar uppstokkanir og skapa aukna óvissu í þessum grunnþáttum heilbrigðismála og við eigum þess vegna að fara okkur hægt í þeim efnum.

Herra forseti. Ekkert nýtt liggur fyrir í frumvarpinu frá því sem kom fram við 1. umr. Það er sorglegt og lýsir því kaosi, því stjórnleysi, þeim vandræðagangi sem er á ríkisstjórnarheimilinu í efnahagsmálum þjóðarinnar og speglast vel í þessum vandræðagangi í frumvarpinu. Ég vona að fyrir 3. umr. verði komnar ítarlegri upplýsingar svo hægt sé að fjalla um niðurstöðu ársins hvað tekjur, gjöld og áætlanir varðar.

[22:35]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil koma inn á í sambandi við þetta fjáraukalagafrumvarp núna við 2. umr. þess þó að kannski hafi ekki margt breyst í þeim efnum frá því að við ræddum það fyrir nokkrum dögum við 1. umr. Frumvarpið, eins og menn vita og hér hefur verið viðurkennt, kom mjög seint fram en var þó engu að síður að stofni til nokkurn veginn miðað við óbreyttar aðstæður eins og þær höfðu verið í haust og hafði ekki nema að óverulegu leyti tekið mið af þeim breytingum sem síðan hafa orðið. Um það þarf ekki að fara mörgum orðum, jafnfjölrætt og það hefur orðið sem hér hefur á dagana drifið síðan í byrjun októbermánaðar. En það er þá líka viðfangsefni að skoða með hvaða hætti sé skynsamlegast að ganga frá þessum fjárauka fyrir yfirstandandi ár í ljósi þess sem orðið er og í vændum er. Ég lét það sjónarmið mitt koma fram við 1. umr., einhverjum hefur kannski ekki þótt það mjög ábyrgur málflutningur, að mér sýndist sem ekki mundi af veita að taka betur til í sambandi við stöðu ýmissa stofnana á þessu ári sem nú væri að líða þannig að þær legðu upp í leiðangurinn á árinu 2009 og áfram inn í framtíðina betur staddar til að takast á við þá miklu erfiðleika sem verða í hinum opinbera búskap og hinum opinbera rekstri í framtíðinni.

Enn vil ég halda því til haga að þó að það þýddi vissulega að halli yrði eitthvað meiri á þessu fjáraukalagafrumvarpi en nú er gengið út frá þar sem talað er um eina tæpa 5 milljarða, ef ég man rétt, hafi það ekki breyst eitthvað í forsendum milli umræðna, held ég að þá yrði bara svo að vera frekar en að leggja af stað með stofnanirnar eins og ýmsar heilbrigðis- og menntastofnanir sem draga hluta af þeim skuldahala áfram með sér inn á hið erfiða ár 2009 sem þær hafa búið við á þessu ári og sumar hverjar jafnvel lengur.

Það er að vísu þannig að horfur eru hér að versna svo snögglega að sennilega eru fá dæmi slíks. Má segja að þær séu sótsvartar. Íslendingur erlendis sem fylgist með umræðum hér á netinu og hefur samband heim spurði mig í dag hvað væri orðið ljóst og hvað lægi fyrir um þjóðhagshorfur á næsta ári og áfram. Ég sagði að enn væri óglögg myndin af því en það eina sem því miður yrði að teljast nokkuð víst væri að horfurnar væru sótsvartar eins og menn hefðu einhvern tíma orðað það. Tæplega 40 milljarða kr. afgangur sem átti að vera á fjárlögum ársins er að snúast upp í 5 milljarða kr. halla og á þó sennilega því miður eftir að reynast meiri þegar upp verður staðið því að tilfinning mín er sú að hinn harkalegi samdráttur haustmánaða sé ekki enn að fullu kominn inn. Hallinn hleypur upp, m.a. og ekki síst út af stórauknum vaxtakostnaði sem fer upp um 11 milljarða kr., þá í áætlaða 33 milljarða á árinu. Er það þá að gerast á nýjan leik að vaxtakostnaður vegna skuldabyrði hins opinbera er farinn að taka verulega í. Þó er það hátíð hjá því sem í vændum er ef vaxtakostnaður næsta árs verður kannski af stærðargráðunni 90–100 milljarðar kr.

Það eru nokkur atriði þessa frumvarps sem ástæða væri til að staldra betur við. Mér sýnast breytingartillögur fjárlaganefndar allar vera vel rökstuddar og geri ekki athugasemdir við þær. Ég held að allt sem þar er tínt til sé úrlausnarefni sem þarf að leysa og ekkert meira um það að segja í sjálfu sér annað en þetta sem ég hef áður sagt, að í mínum huga væri skynsamlegt að taka betur til og búa hinn opinbera rekstur og búskap betur undir það sem hann á í vændum en hér er gert. Það vekur athygli mína, m.a. vegna þess sem við kynntum og lögðum til í dag, þingmenn Vinstri grænna, í sambandi við áherslur okkar í ríkisfjármálum og skattamálum og leggjum þar til ásamt með öðru að hætt verði við þátttöku í heimssýningunni í Kína, að þar er á ferðinni mál að því er virðist sem hefur borið þannig að að engar fjárheimildir voru á yfirstandandi ári til þeirrar þátttöku eða undirbúnings hennar. Engu að síður er í frumvarpinu gert ráð fyrir 70 millj. kr. fjárheimild í þetta og allmiklum fjárhæðum á næsta ári í fjárlagafrumvarpinu. Þó að þar eigi að draga eitthvað úr fyrri stórbrotnum áformum um mikla sýningarhöll fara samt í þetta umtalsverðir fjármunir ef þetta verður að veruleika, annars vegar þær 70 millj. kr. sem hér er lagt til að komi inn í fjáraukalög og er þá trúlega búið að eyða að verulegu leyti í undirbúninginn og hins vegar kostnaðurinn sjálfur á næsta ári. Það sem vekur kannski meiri athygli og er meira umhugsunarefni er að í nefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar er upplýst að þar hafi einfaldlega komið fram í fjárlaganefnd í byrjun þessa árs og eftir að fjárlög voru samþykkt að ríkisstjórnin hafi samþykkt að fara út í þetta verkefni — heimildarlaus þar um frá Alþingi. Þá höfum við dæmi í höndunum um hlut af þessu tagi sem ríkisstjórnin ákveður og mætir svo til Alþingis og biður um stórar fjárveitingar, annars vegar í fjáraukalögum og hins vegar fjárlögum næsta árs, um eitthvert verkefni af þessu tagi sem Alþingi hefur aldrei lagt blessun sína yfir. Mér finnst það færa frekari rök fyrir því að það eigi að hætta við þetta, sætta sig þá bara við að afskrifa þann kostnað sem verður ekki endurheimtur, er farinn í þetta, en láta þar við sitja.

Ég held að við þurfum að vinna önnur og brýnni verkefni í landkynningarmálum okkar og til að endurheimta orðstír okkar en þann að vera eitthvað að monta okkur í Kína á næsta ári sem er dálítið langt í burtu. Vissulega er þetta heimssýning en ætli okkar verkefni liggi ekki nær okkur, að reyna að endurreisa orðspor okkar í okkar heimshluta og setja frekar fjármuni í markvisst og árangursríkt kynningar- og endurreisnarstarf, t.d. með því að tefla fram okkar bókmennta- og menningararfleifð á bókamessum og ferðasýningum í nágrenninu sem eru líklegri til að skila okkur árangri en endilega þátttaka þarna. Ég sakna þess t.d. að fjárlaganefnd skuli þá ekki hafa tekið á sig rögg í þessu máli og sagt við blessaða ríkisstjórnina að það væri vænlegast að hætta við þetta svo eitt lítið dæmi sé þarna tekið.

Skuldahalinn og skuldamálin og hvernig þau verða bókfærð eru enn í nokkurri þoku og ekkert er um það að finna enn í breytingartillögum eða meirihlutaáliti eða minnihlutaáliti nema þá gagnrýnina á það í nefndaráliti minni hlutans að þessir hlutir skuli enn liggja duldir. Minni hlutinn hefur þar reynt að draga fram upplýsingar og ítrekað óskað eftir því að fá um það gögn hvernig öllu sem tengist falli bankanna og fyrirhuguðum eða þegar orðnum lántökum og skuldbindingum verði fyrirkomið í ríkisbókhaldinu. Þetta hlýtur þá að skýrast núna í lokin á allra síðasta sprettinum í tengslum við 3. umr. fjárlaga og þá 3. umr. þessa máls en það er ekki besti hlutinn af þessum vinnubrögðum að standa frammi fyrir því að stór og vandasöm mál komi alls

ekki fram og liggi alls ekki fyrir fyrr en við 3. og síðustu umræðu um mál. Í lögum stendur að öll lagafrumvörp skuli fara í gegnum þrjár umræður og fá þá rækilegu skoðun sem þar er. Aðalefnisumræða um frumvarp eftir skoðun eða rannsókn í nefnd er 2. umr. þannig að hér er verið að fara dálitla hjáleið í sambandi við góða og vandaða þingræðislega meðferð mála. Það er ekki hægt annað en að horfast í augu við það. Menn afsaka ýmislegt með því þessa dagana að það séu neyðaraðstæður, óvenjulegar aðstæður og tímaþröng og það verði að gera margt með hraði en menn verða samt að reyna að vanda sig eins og þeir geta og aðstæður leyfa og Alþingi á þá bara að taka sér þann óumflýjanlega tíma sem það telur þurfa til að gera þessa hluti eins vel úr garði og mögulegt er. Það lýtur m.a. að þeim vandasömu álitamálum sem kunna að verða mjög umdeild út frá lagalegu og þingræðislegu sjónarmiði um hvernig með þessa hluti verður farið. Ekki það að það skipti öllu máli fyrir hina efnislegu útkomu hvar skuldirnar eru bókfærðar eða hvernig frá þessu er gengið en ekki bætir úr skák ef menn fara að sveigja vinnureglur sem menn hafa baksað við að reyna að bæta og betrumbæta á undanförnum árum, svo sem með setningu fjárreiðulaganna á sínum tíma og ýmsu fleiru.

Ég hef líka verið að hugsa um það, virðulegur forseti, þótt það væri að vísu svo í Alþingi hinu forna að fjárlög voru afgreidd í sameinuðu þingi, voru eina frumvarpið sem var fjallað um í sameinuðu þingi en ekki í deildum, hefðu önnur frumvarp sem hér eru á ferðinni og því tengjast farið aðra leið og fengið sexfalda umræðu og jafnvel rúmlega það því að iðulega gerðist það að seinni deild sá ágalla á málum sem fyrri deildin var búin að fjalla um, lagfærði þá og sendi málið til baka. Þannig gekk það þangað til niðurstaða var fengin, annaðhvort báðar deildir þingsins orðnar sammála eða sameinað Alþingi skar úr að lokum. Þá fengu hlutirnir rækilegri skoðun, um það verður ekki deilt, og mér finnst ágætt að menn hafi þetta í huga og muni það þegar við erum að ræða um vinnubrögð á Alþingi í dag að það voru miklar heitstrengingar um það á sínum tíma þegar þingskapalögum og skipulaginu var breytt árið 1991 að menn mundu í staðinn vanda enn betur hina einföldu þriggja umræðna umfjöllun um mál og reyna að standa þannig að því að það kæmi ekki á nokkurn hátt niður á gæðum löggjafarstarfsins.

Hér eru líka hlutir, virðulegi forseti, sem maður undrast satt best að segja að skuli þurfa að ræða um og deila um. Ég tek undir nokkur af þeim atriðum sem hv. þm. Jón Bjarnason gerði að umtalsefni. Það er dálítið skrýtið að það skuli þó ekki einu sinni vera aðstæður uppi til þess að menn sameinist um að hætta við vissa hluti og gera ekki sumt sem er eiginlega ómögulegt að sjá annað en að valdi vandræðum og kostnaði ofan í allt sem menn hafa í höndunum til að glíma við eins og þessa vitleysu, skipulagsbreytingu í heilbrigðis- og tryggingamálum. Af hverju í ósköpunum hætta menn ekki við að kljúfa upp Tryggingastofnun með ærnum kostnaði og illdeilum og bæta því álagi ofan á þegar hart keyrt starfsfólk sem þarf nú að vinna við erfiðar aðstæður sem aldrei fyrr? Það eru nokkrir þannig hlutir á ferðinni eða jafnvel í farvatninu, að boðað er, sem maður bókstaflega skilur ekki að menn láti sér detta í hug að fara út í við þessar óvissu og erfiðu aðstæður. Það er langskást við þessar aðstæður að reyna að halda utan um reksturinn í grófum dráttum eins og hann er með sem minnstum átökum um hann og láta menn þá glíma við það viðfangsefni hver á sínum stað í því samhengi sem þeir eru með hlutina að ná endum saman en fara ekki að bæta óvissunni af skipulagsbreytingum og uppskiptum eða einhverri vanhugsaðri sameiningu út í loftið ofan á það sem fyrir er. Það vita allir og þekkja að jafnvel þótt sameining einhverra stofnana sem er hugsuð sem skipulagsbreyting og einföldun og að í því eigi að felast einhver hagræðing fylgir nánast undantekningarlaust því umróti í fyrstu umferð kostnaður, aukið vinnuálag, skörun og jafnvel viðbótarlaunakostnaður vegna þess að fólk lætur af störfum á einum stað en annað ráðið á móti eða hvernig sem þetta gerist allt saman. Ef menn eru í aðstöðu til þess að gera slíka hluti, hafa efni á kostnaðinum og sjá fyrir langtímaávinning, geta þeir fjárfest í honum þótt það kosti viss útgjöld tímabundið. En erum við endilega í þeirri aðstöðu í dag? Finnst okkur réttlætanlegt að kosta jafnvel hundruðum milljóna í eitthvað slíkt en þurfa að skera niður almannatryggingar, þurfa að skerða vaxta- og barnabætur? Það er veruleikinn á borðum okkar þingmanna þessa dagana. Þó að það eigi ekki beint erindi hér í sambandi við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir þetta ár því að auðvitað öflum við ekki tekna úr þessu á árinu sem er að kveðja mundi það samt skipta máli upp á framhaldið, og þá það hvað menn teldu réttlætanlegt að gera í sambandi við t.d. halla á þessu fjáraukalagafrumvarpi, hvað menn ætluðu sér svo í framhaldinu.

Ég held að hæstv. ríkisstjórn sé að falla mjög á prófinu í þeim efnum, að reyna ekki af einhverjum metnaði að skoða blandaðar aðgerðir frekar en þær sem enn hafa verið boðaðar sem fyrst og fremst eru tiltölulega flatur niðurskurður á öllu kerfinu, sem fela í sér annars vegar einhverja sanngjarna og tekjujafnandi tekjuöflun, sparnað á öðrum forsendum en þeim sem enn er a.m.k. fyrirhugaður, þ.e. velja frekar út starfsemi sem er ekki mjög tilfinnanlegt eða sárt að trappa niður, ég tala nú ekki um að hætta við að koma á fót og í rekstur óstofnuðum stofnunum sem eiga mikla sýn eins og Sjúkratryggingastofnun og ráðstafa frekar þeim fjármunum í það eða hugsa í samhengi við að við getum látið eftir okkur aðeins meiri halla á þessu ári. Ég hef skilið það svo að því ráðum við sjálf, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé ekki beinlínis að skipa okkur fyrir verkum með það hvernig við klárum fjárlagadæmið fyrir árið sem er að líða. Hann horfir meira á árið 2009 og þá alveg sérstaklega 2010, boðar þar ekkert fagnaðarerindi í þeim efnum, satt best að segja eins og þeir sjá sem fylgdust með viðtölum sem hér voru við talsmenn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og við fengum sannarlega að upplifa sem áttum með þeim fund í þinghúsinu í fyrramorgun. En það kemur að því að glíma við þá hluti síðar.

Ég tel sem sagt, virðulegi forseti, að enn séu uppi ýmis álitamál í því dæmi sem hér er á okkar borði í kvöld, fjáraukalagafrumvarpinu fyrir yfirstandandi ár. Þetta er að vísu bara 2. umr. og málið kann að taka einhverjum breytingum í lokin. Ég mæli með því að þegar hv. fjárlaganefnd fer yfir málið milli 2. og 3. umr. velti hún alvarlega fyrir sér hvort hún eigi ekki að ræða þá við ríkisstjórnina eða forustumenn

hennar um frekari breytingar í þessum efnum sem annars vegar feli í sér að höggva betur skuldahalann af þeim stofnunum sem eiga áfram að draga hann inn í næsta ár og hins vegar sé þá kannski hægt að ákveða líka tilteknar aðgerðir sem mundu þýða sparnað, minni fyrirhöfn og minna álag á starfsemina á næsta ári. Það hleypur ekkert frá mönnum að gera skipulagsbreytingar af því tagi sem menn hafa ætlað sér í heilbrigðis- og tryggingamálum síðar ef menn verða áfram sannfærðir um að þær séu réttmætar en fresta því við þessar erfiðu aðstæður, setja niður illdeilurnar, skapa um þetta frið og reyna að vinna þessa hluti með fólki en ekki á móti því eða í ágreiningi við það.

Herra forseti. Ég held að ég láti þessar athugasemdir mínar duga að svo stöddu. Ég veit ekki hvort hv. formaður fjárlaganefndar hyggst blanda sér frekar í umræðurnar en þá væri fróðlegt að hann lýsti aðeins inn í það hvað hann telur vera eftir í þessu máli, hvernig fjárlaganefnd hugsar sér að vinna það milli umræðna og hvort vænta megi umtalsverðra breytinga þegar þar að kemur.

[22:54]

Útbýting:

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 246. mál, brtt. PHB, þskj. 426; brtt. ÖJ o.fl., þskj. 429.

[22:54]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég ætla í upphafi að þakka hv. þingmönnum fyrir umræðuna um fjáraukalögin, hv. framsögumanni minni hluta, Guðjóni Arnari Kristjánssyni, og þingmanninum Jóni Bjarnasyni. Með þeim í minni hlutanum var hv. þm. Magnús Stefánsson en einnig þakka ég fyrir hugleiðingar frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Ég væri til í að fara með nokkuð langa ræðu um hitt og þetta í ræðum þessara hv. þingmanna, ekki þó endilega til þess að glíma um ákveðin atriði þar sem skoðanaágreiningur er en frekar að koma með hugleiðingar um fjárlagagerð og það vinnulag sem Alþingi hefur við gerð fjárlaga. Hef ég fjallað um það áður í ræðum mínum við fjáraukalög og fjárlög.

Þrátt fyrir að ég haldi að aðeins hafi nú miðað í breytingaferlinu tel ég samt sem áður að enn sé nokkuð langt í land að ná fram því vinnulagi sem ég hefði viljað sjá. Það er kannski hægt að lýsa því með hugleiðingum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar varðandi nýjar stofnanir og stjórnsýslubreytingar. Ég get tekið undir þau sjónarmið að þegar eru settar á fót nýjar stofnanir eða fyrirtæki eða hvað sem er verður oft og tíðum ákveðinn viðbótarkostnaður. Hugmyndin er sú að til lengri tíma litið geti menn afskrifað slíkan byrjunarkostnað og bætt vinnulagið hjá ríkinu.

Ég þekki vel til í sveitarfélögunum en þar er vinnulagið iðulega með öðrum hætti. Þegar fara á í stjórnsýslubreytingar eða setja af stað nýjar deildir eða verkliði er yfirleitt öllum boðið að koma að hlutunum. Það er yfirleitt þannig að sem flestir sveitarstjórnarmenn heima í héraði hafa tækifæri til þess að tjá sig um málin bæði í meiri og minni hluta og taka síðan sameiginlega ákvörðun um það sem gert er. Ég vil því segja eins og áður að ríkið er í sjálfu sér ekkert öðruvísi stjórnsýslustig en sveitarfélögin, þetta eru bara tvö ólík stjórnsýslustig, virðulegi forseti. Ríkið mætti taka sér sveitarfélögin að mörgu leyti til eftirbreytni í vinnubrögðum.

Við sjáum það einnig í fjárlagagerðinni í samanburði við fjárhagsáætlun sveitarfélaganna að nú lýsa jafnvel stærstu sveitarfélög landsins því yfir að allir aðilar í pólitíkinni hafi komið að gerð fjárhagsáætlunar, jafnvel að allir aðilar heima í héraði — svo að ég noti nú það orðasamband — séu sammála þeim meginmarkmiðum sem koma fram í fjárhagsáætluninni, þeim meginlínum og jafnvel útsvarshækkunum í samræmi við það sem boðað hefur verið í tengslum við bandorminn. Allir flokkar koma að slíku.

Vinnulagið hér á þingi er hins vegar með öðrum hætti. Það einskorðast af því að þingið er að nokkru leyti matað af framkvæmdarvaldinu og flestar upprunalegar tillögur koma þaðan. (**ÁI:** Kokgleypa þær.) Síðan er það hlutverk þingsins að fjalla um málin og oft og tíðum að breyta og bæta, koma með nýtt. Ég held að þetta vinnulag megi vera með einhverjum öðrum hætti. Það er alla vega mín skoðun eftir að hafa verið hér í 18 mánuði að þetta geti verið með öðrum hætti og ég vonast til þess að þingið geti breytt þessu, ekki bara við fjárlagagerðina heldur við svo fjölmargt annað.

Ég er kannski orðinn svefndrukkinn enda búinn að vera lokaður inni í margar vikur en ég held að það eigi að vera okkur leiðarljós, sérstaklega þegar harðnar á dalnum. Eins og einhvern tímann hefur verið sagt verða til fjölmörg tækifæri þegar það gerist. Þá verða menn að hafa opinn huga og vera tilbúnir til þess að beita nýju vinnulagi og vinnubrögðum og um leið að auka þann trúnað og traust sem á að vera á milli aðila þó að menn hafi ólíkar pólitískar skoðanir því að það er svo margt sem við getum verið sammála um.

Ég þekki það úr fjárlaganefndinni — ég ætla ekki að fara með mjög langa ræðu en vil nú samt koma þessu frá mér — að þar ná menn sáttum um fjölmörg mál og yfirleitt enda flest málin í góðri sátt. Þeir eru í sjálfu sér alveg sammála um ýmsa hluti eins og til að mynda það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom að varðandi EXPO-sýninguna í Kína. Ég hef verið gagnrýninn á slík vinnubrögð af hálfu framkvæmdarvaldsins. Ég tel það ekki ásættanlegt gagnvart þinginu þegar framkvæmdarvaldið fer með slíkar ákvarðanir að vera ekki í stakk búið að kynna þær þinginu og óska eftir heimild. Þannig á það annars að vera. Við höfum ákveðin fjárreiðulög og ákveðnar reglugerðir í framhaldi af fjárreiðulögunum og við eigum að geta tileinkað okkur það vinnulag sem lagt er upp í fjárreiðulögunum.

Það á líka við um rekstur stofnana og stundum er eins og menn haldi að fjárlögin séu eitthvað öðruvísi en önnur lög. Fjárlögin eru auðvitað fjárheimildarlög og við samþykkjum þar fjárheimildir. Síðan er það okkar að meta hvort fjárheimildirnar séu réttar. Þá kem ég að öðru máli sem er mér mikið hugðarefni. Það er upplýsingastreymi til Alþingis.

Ég hef tekið eftir því að við á þinginu höfum ekki nægileg tækifæri til þess að nálgast þær upplýsingar sem eru í upplýsingakerfum ríkisins, heldur eru þær síaðar, ef svo má segja, berast með haustskipunum, og málin deyja drottni sínum. Ég tel að á grundvelli eftirlitshlutverks Alþingis um framkvæmd fjárlaga eigi Alþingi að hafa beinan aðgang að

upplýsingakerfunum, það eigi að vera mögulegt að gera það í gegnum fjárlaganefndarsviðið. Þar eru starfsmenn starfandi bæði fyrir stjórnarmeirihlutann og minni hlutann og eiga að geta fengið þær upplýsingar úr kerfunum. Það er hægt að aðgangsstýra þeim upplýsingum þannig að menn geti fengið þær upplýsingar hvenær sem er enda á ekki að vera neinn trúnaður á slíkum upplýsingum fyrir þingmenn. Þingmenn eiga að geta meðhöndlað upplýsingarnar innan vissra marka eins og þeir gera iðulega í öðrum málum. Ég tel að framkvæmd fjárlaga væri mun skýrari ef þetta væri mögulegt. Ég hef unnið ötullega að því að koma þessu á og ég vona að ég komi þessu einhvern tímann í gegn eins og vilji er fyrir í fjárlaganefndinni.

Að öðru leyti vil ég ekki fjalla mikið meira um þessa hluti. Ég ítreka að það eru atriði sem standa út af sem horft er til við 3. umr., til að mynda uppsafnaður rekstrarhalli m.a. hjá öldrunarstofnunum, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og fleiri stofnunum sem verið er að skoða og við óskuðum eftir sérstökum upplýsingum um. Vandamálið við þessar stofnanir er að sumar eru að hluta stofnanir ríkisins en aðrar eru sjálfseignarstofnanir þannig að sjóðstreymið hefur farið fram á annan hátt en eðlilegt er með eins og til að mynda hjá flestum sjúkrastofnunum. En hins vegar finn ég fyrir ríkum vilja til að mæta halla ársins í ár og hann er oft og tíðum uppsafnaður til margra ára.

Ég vil sérstaklega víkja að ákveðnu atriði í lokin sem tengist fjárheimild til bóta vegna misgjörða á vistheimilunum fyrir börn en í frumvarpinu er gert ráð fyrir 125 millj. kr. fjárheimild. Í greinargerð með frumvarpinu kom fram að sérstök nefnd muni taka afstöðu til bótakrafnanna. Nú er það svo að ekki er ljóst hvort þessar bótakröfur verði lægri eða hærri en 125 millj. En ef þær verða hærri hefur það orðið að samkomulagi að leysa það sem sérstakri 6. gr. heimild í fjárlögum en hún náðist hér á elleftu stundu. Ég vona að þingheimur allur geti stutt það mál enda mjög mikilvægt að fyrir séu þá fjárheimildir til þess að ljúka þeim málum með hliðsjón af því sem ég sagði áðan um ýmis verkefni sem farið hefði verið fram með án þess að hafa heimildir. Með því tel ég að þingið horfi til framtíðar ef niðurstaðan verður hærri en þessar 125 millj. kr. og sé þar af leiðandi búið að búa sér til varnargirðingar um heimildarfærsluna.

Að öðru leyti get ég og vil ítreka að góður samhljómur var um breytingartillögurnar í nefndinni en vissulega hefðum við viljað hafa meiri tíma. Varðandi það álag sem verið hefur á nefndarmönnum, og þá sérlega okkur sem stjórnum nefndinni, að eftir nokkur ár mun ég segja að þessi vinna hafi verið algjör kleppur. En ég vona hins vegar að við komumst í gegnum þetta og fáum þær upplýsingar sem við höfum óskað eftir á elleftu stundu eins og verið hefur alla þessa viku.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kolvetnisstarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 152. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 176, nál. 386 og 403, brtt. 387.

[23:07]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda gesta.

Umsagnir bárust frá Byggðastofnun, Brunamálastofnun, Bændasamtökum Íslands, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Hafrannsóknastofnuninni, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Siglingastofnun, Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun, auk þess bárust minnisblöð frá iðnaðarráðuneytinu. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem heyra undir iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti vegna kolvetnisstarfsemi.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, þess efnis að skerpt verði á skilyrðum varðandi útgáfu leyfa og að svæðisgjöld verði lækkuð, sem og leyfisgjöld fyrir rannsóknarleyfi. Á móti verði tekið upp sérstakt umsóknargjald sem leggist á alla umsækjendur. Þá er gert ráð fyrir að ríkið geti stofnað hlutafélag um þátttöku í vinnslu kolvetnis.

Virðulegi forseti. Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á skipulags- og byggingarlögum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum, lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda og lögum um brunavarnir. Með breytingunum er ætlunin að setja skýrari lagaumgjörð um skipulags-, mengunarvarna- og öryggismál í tengslum við rannsóknir, leit og vinnslu kolvetnis á hafsvæðunum umhverfis Ísland. Hlutverk Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Brunamálastofnunar er víkkað út þannig að þau taki einnig til starfsemi við rannsóknir, leit og vinnslu kolvetnis innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka Íslands. Lagt er til að Skipulagsstofnun ákvarði um matsskyldu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, annist gerð og framkvæmd skipulagsáætlana, veiti framkvæmdaleyfi og hafi eftirlit með leyfisskyldri starfsemi. Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi og hafi eftirlit með starfsemi sem getur haft í för með sér mengun í hafi eða á hafsbotni. Brunamálastofnun annist eldvarnaeftirlit, staðfesti öryggismat vegna mannvirkja á svæðinu og endurskoði það mat reglulega.

Virðulegi forseti. Hv. iðnaðarnefnd leitaði þó nokkurra umsagna eins og fram hefur komið en hv. umhverfisnefnd fjallaði einnig um málið og eftir umfjöllun þessara tveggja nefnda leggjum við í hv. meiri hluta iðnaðarnefndar fram breytingartillögur við þetta frumvarp í 15 liðum. Ástæðan er sú að nefndinni bárust nokkrar athugasemdir við frumvarpið þó að umsagnaraðilar væru flestir jákvæðir gagnvart

starfseminni sjálfri. Ákveðnir þættir frumvarpsins voru umdeildir og við því brást nefndin, bæði iðnaðarnefnd og jafnframt umhverfisnefnd sem gaf okkur umsögn sína. Iðnaðarnefnd tók síðan umsögn umhverfisnefndar upp á sína arma og gerði breytingartillögur mjög í anda gagnrýni meiri hluta umhverfisnefndar vegna þess að umhverfisnefnd skilaði samhljóða áliti utan fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í þeirri nefnd.

Töluverð umræða skapaðist í nefndinni um skipulagslögsögu sveitarfélaga á strandsvæðum og kannski var stærsta ágreiningsefnið eða umkvörtunarefnið það að fram komu athugasemdir um að aðkoma sveitarfélaga væri ekki nægilega tryggð í þeim tilfellum sem kolvetnisstarfsemi kæmi nær ströndum. Rifjuð var upp gömul deila sem hefur átt sér stað milli ríkis og sveitarfélaga en Samband íslenskra sveitarfélaga segir í áliti sínu að samkvæmt áliti félagsmálaráðuneytisins frá 19. október árið 2000 miðist mörk sveitarfélaga til hafsins við netlög svokölluð og gildir þetta einnig um netlög við hólma og eyjar sem tilheyra búörðum. Innan þessara marka fara sveitarfélög með skipulagsvald og útgáfu framkvæmdaleyfa. Þessi deila dúkkaði upp í okkar vinnu vegna þess að henni var aldrei lokið. Skipuð var nefnd á vegum félagsmálaráðherra árið 2002 sem þá fór með málefni sveitarfélaga til að fjalla um þetta álitamál. Ekki náðist að mynda sameiginlega afstöðu til þessarar spurningar en afstaða fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga var sú að þessi mörk væru allt of knöpp miðað við nútímaaðstæður.

Virðulegi forseti. Meiri hluti iðnaðarnefndar samþykkir og tekur undir að það hljóti að skipta sveitarfélög og íbúa þeirra mjög miklu máli hvaða starfsemi er leyfð við strönd eða í fjörðum í sveitarfélögum og því sé nauðsynlegt að tryggja þátttöku sveitarfélaganna í ákvörðun um það. Við föllumst á það sjónarmið og leggjum til breytingu á frumvarpinu til að mæta þessum sjónarmiðum til að tryggja umsagnarrétt viðeigandi sveitarfélags komi til þess að sótt verði um leyfi á svæði sem er innan einnar sjómílu utan áðurnefndra netlaga.

Virðulegi forseti. Þetta er í anda þeirrar niðurstöðu sem hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur komist að í umsögn sinni um málefni er varða fiskeldi. Meiri hlutinn tekur jafnframt undir það sem kemur fram í umsögnum Fjórðungssambands Vestfjarða og Sambands íslenskra sveitarfélaga um mikilvægi þess að ljúka vinnu við að skilgreina lögsögu sveitarfélaga til hafsins, eins og lagt var upp með árið 2002 sem ég hef áður komið inn á en var ekki lokið við. Við leggjum mikla áherslu á það í meiri hluta iðnaðarnefndar að þessari vinnu verði lokið hið allra fyrsta. Þá skapaðist mikil umræða um skipulagsþátt málsins sem nokkuð var gagnrýndur. Eftir yfirferð nefndarinnar leggur meiri hlutinn til þó nokkrar viðbætur og breytingar á frumvarpinu eins og áður hefur komið fram.

Í fyrsta lagi leggur meiri hlutinn til að kveðið verði á um að Orkustofnun skuli leita umsagnar hjá viðeigandi sveitarfélagi komi til þess að sótt verði um leyfi á svæði sem er innan við 1 sjómílu utan netlaga. Með því er komið til móts við sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sambærilega breytingartillögu er að finna varðandi afgreiðslu rannsóknar- og vinnsluleyfa.

Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til breytingar sem fjalla um nánari útfærslu á skilyrðum varðandi skipulag leyfishafa og starfsemi hans hér á landi. Annars vegar er lagt til að kveðið verði á um að leyfishafi skuli hafa skipulag sem tryggir sjálfstæða stjórnun og umsjón framkvæmda frá Íslandi á öllum þáttum tengdum kolvetnisstarfsemi sinni hér á landi. Í þessu felst að öll umsýsla og þjónusta við leyfishafa, rekstur og áhafnaskipti fari fram á Íslandi. Í þessum tilgangi verði Orkustofnun heimilt að setja sérstök skilyrði er lúta að skipulagi og eiginfjárgrunni leyfishafa. Slík regla mundi skapa skilyrði til uppbyggingar á þekkingu og iðnaði og efla þannig atvinnulíf í byggðum á þeim svæðum þar sem þjónustan yrði veitt. Hins vegar er lagt til að kveðið verði á um að kolvetnisstarfsemi og tengd starfsemi skuli rekin frá stöð á Íslandi.

Þessi breytingartillaga hlaut mikla umfjöllun í hv. iðnaðarnefnd og þó svo að hér liggi fyrir minnihlutaálit um málið í heild þá er um þetta þó nokkuð mikil samstaða. Þessi breytingartillaga byggist á norskri fyrirmynd og þar sem okkar ágætu vinir í Noregi hafa bæði mikla reynslu af kolvetnisstarfsemi og eru í sömu stöðu og við að vera hluti af EES-samningnum töldum við rétt að fara sömu leið og þeir hafa farið í þessum tilgangi til að tryggja að starfsemin eflist hér á landi og með öryggissjónarmið í huga.

Í þriðja lagi leggur meiri hlutinn til að lögfest verði að sá sem hlýtur rannsóknar- og vinnsluleyfi hér á landi skuli á gildistíma leyfisins greiða árlegt framlag til sérstaks menntunar- og rannsóknarsjóðs. Þarna erum við með fyrirmynd frá Færeyjum. Færeyingar hafa verið í sömu stöðu og við Íslendingar og þeir ákváðu að fara þá leið að búa til sérstakan sjóð í Færeyjum. Þeir sem fá heimild til að leita að olíu þar eða kolvetni leggja til fé í sérstakan sjóð til að efla þekkingu og reynslu í því fagi þar í landi. Meiri hluti nefndarinnar ætlar að leggja til að það sama verði gert hér. Þá er lagt til að í rannsóknar- og vinnsluleyfum skuli nánar kveðið á um stofnframlag og árlegt gjald í framangreindan sjóð. Ráðherra er heimilað að setja í reglugerð nánari ákvæði sem lúta að markmiði og hlutverki sjóðsins. Kveðið er á um að sjóðurinn skuli skipaður fulltrúum leyfishafa auk fulltrúa ríkisins sem iðnaðarráðherra skipar og skal hann hafa neitunarvald ef ákvarðanir stjórnar eru ekki í samræmi við hlutverk og markmið sjóðsins. Það er von okkar í meiri hluta hv. iðnaðarnefndar að með sjóðnum verði unnt að auka menntun og þekkingu á málum tengdum kolvetnisstarfsemi á Íslandi.

Í fjórða lagi leggur meiri hlutinn til að í rannsóknar- og vinnsluleyfi skuli kveðið á um stofnframlag, sem og árlegt gjald leyfishafa rannsóknar- og vinnsluleyfis í menntunar- og rannsóknarsjóð þann sem ég nefndi áðan.

Í fimmta lagi leggur meiri hlutinn til að Orkustofnun skuli starfrækja og leiða starf samráðshóps eftirlitsaðila vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis við Ísland. Þetta er viðbót, virðulegi forseti, enn ein viðbótin, ein af 15 breytingum sem við gerum á því frumvarpi sem hér liggur fyrir, og teljum að verði mjög til bóta. Í starfshópi þessum munu 11 aðilar sitja. Það eru Brunamálastofnun, Flugmálastjórn Íslands, Geislavarnir ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Landhelgisgæslan, Orkustofnun, Siglingastofnun Íslands, Skipulagsstofnun og Vinnueftirlits ríkisins auk Um-

hverfisstofnunar. Því til viðbótar er lagt til að Náttúrufræðistofnun Íslands verði veitt aðild að starfshópnum. Það að Náttúrufræðistofnun Íslands skuli vera veitt aðild að þessum hópi er í samræmi við umsögn meiri hluta umhverfisnefndar Alþingis sem bendir á hið lögbundna hlutverk Náttúrufræðistofnunar sem sé m.a. að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja. Þá starfar Náttúrufræðistofnun í nánu samstarfi við Hafrannsóknastofnunina að skráningu og gerð gagnagrunns um botndýr á Íslandsmiðum.

Þá skal ekki gleyma, virðulegi forseti, stöðu Náttúrufræðistofnunar í þeirri vinnu og þeim rannsóknum sem þegar hafa verið gerðar á Drekasvæðinu sem liggja því til grundvallar að við teljum að nú sé rétt að ganga skrefinu lengra og hefja útboð á rannsóknum á því hvort þarna sé kolvetni að finna — nú þegar hafa 57 sýni verið tekin á svæðinu og frumskoðun á sýnum þaðan bendir til þess að fjölbreytni botndýra sé mjög mikil og að víða séu tegundir mjög viðkvæmar fyrir raski, t.d. mjúkir kórallar. Það, virðulegi forseti, telur meiri hluti iðnaðarnefndar mjög mikilvægan hluta af þeim rannsóknum sem fara fram á þessu svæði og því sé rétt að Náttúrufræðistofnun sé í eftirlitsnefnd.

Í sjötta lagi leggur meiri hlutinn til að í bráðabirgðaákvæði við lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis verði kveðið á um að iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti skuli fyrir 1. janúar 2010 hafa lokið skoðun á því hvort þörf sé breytinga á ákvæðum 14.–18. gr. þeirra laga og ákvæðum skipulags- og byggingarlaga varðandi efni, gerð og málsmeðferð skipulagsáætlana og leyfisveitinga vegna einstakra framkvæmda á grundvelli leyfa til rannsóknar og vinnslu kolvetnis útgefnum af Orkustofnun. Breytingin tengist athugasemdum Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins um fyrirkomulag leyfisveitinga og því að lagt er til að felld verði brott ákvæði frumvarpsins er varða breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Þá fylgir, virðulegi forseti, að við leggjum til að felldar verði á brott þær greinar frumvarpsins sem fjalla um breytingar á skipulags- og byggingarlögum og fólu í sér útvíkkun á þeim sem við teljum að ættu að eiga sér stað í víðara samhengi.

Í umsögnum sem bárust nefndinni komu fram athugasemdir frá Skipulagsstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins við að víkka út gildissvið laganna með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Í ljósi þessara athugasemda og ákvæða kolvetnislaga um afgreiðslu Orkustofnunar á rannsóknar- og vinnsluleyfum og samþykkis stofnunarinnar fyrir einstökum framkvæmdum þótti rétt að þessi þáttur málsins yrði skoðaður nánar. Þetta var nánast, virðulegi forseti, óumdeilt bæði innan nefndar og meðal umsagnaraðila. Í þessu sambandi var sérstaklega haft í huga að samkvæmt gildandi lögum ber Orkustofnun að leita umsagna umhverfisráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis áður en veitt eru rannsóknar- og vinnsluleyfi eða leyfi fyrir einstökum framkvæmdum. Þá var horft til þess að lögfestur hefur verið samráðshópur eftirlitsaðila þar sem allar stofnanir sem eftirliti eiga að sinna hafa sinn fulltrúa eins og áður hefur verið nefnt, t.d. Orkustofnun og Skipulagsstofnun. Samkvæmt tillögu að nýju bráðabirgðaákvæði ber iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti að skoða þennan þátt mun betur.

Í áttunda lagi leggur meiri hlutinn til að orðið „leit“ verði fellt brott úr greinum frumvarpsins. Gera verður greinarmun á leit að kolvetni annars vegar og rannsóknum og vinnslu hins vegar. Leit er, eins og fram kemur í lögunum, bundin við rannsóknir sem ekki eru líklegar til að hafa í för með sér röskun, en framkvæmdir tengdar rannsóknum og vinnslu hafa í för með sér röskun. Því er eðlilegt að gera þarna mun á og miða við rannsóknir og vinnslu en ekki leit þegar verið er að fjalla um breytingar á umhverfislöggjöf.

Í níunda lagi, virðulegi forseti, leggur meiri hlutinn til að 19. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að nýtt ákvæði verði 6. gr. a en ekki 6. gr. b, svo sem lagt er til í frumvarpinu.

Þá leggur meiri hlutinn til að 20. gr. frumvarpsins falli brott. Greinin fjallar um heimild Umhverfisstofnunar til gjaldtöku vegna leyfisveitinga og eftirlits. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur m.a. fram að með því að fela stofnuninni útgáfu starfsleyfa nái ákvæði 21. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir til þessa en ákvæðið fjallar um gjaldtöku vegna þjónustu stofnunarinnar. Óþarft sé að kveða á um sérstaka gjaldtökuheimild vegna leyfisveitinga og eftirlits með kolvetnisstarfsemi fyrst almenn ákvæði laganna um gjaldtöku nái til leyfisveitinga og eftirlits með kolvetnisstarfseminni.

Þá leggur meiri hlutinn til að gerðar verði tvær breytingar á fylgiskjölum — og ég tel að þetta séu gríðarlega mikilvægar breytingar — við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Annar vegar er lagt til að fylgiskjali I, sem hefur að geyma lista yfir atvinnurekstur sem Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir, verði breytt þannig að rannsóknir og vinnsla kolvetnis séu talin upp í fylgiskjalinu í samræmi við það sem lagt er til í 19. gr. frumvarpsins. Hins vegar er lagt til að fylgiskjali II, sem hefur að geyma lista yfir starfsemi sem færa skal grænt bókhald, verði breytt þannig að kolvetnisvinnsla komi fram í upptalningunni. Þetta, virðulegi forseti, teljum við gríðarlega mikilvægt og ýmsir umsagnaraðilar komu inn á þetta.

Meiri hlutinn leggur til að 23. gr. frumvarpsins verði breytt, en greinin varðar breytingu á skilgreiningu laga um varnir gegn mengun hafs og stranda á hugtakinu losun þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið. Að ábendingu Umhverfisstofnunar og umsögn umhverfisnefndar er talið réttara að við b-lið 7. tölul. 3. gr. laganna bætist orðin: „nema um sé að ræða mengandi efni frá kolvetnisvinnslu eða boranir tengdar henni“. Með þessu er ætlunin að skýra nánar hvað átt er við með losun en ljóst er að hluti þeirra jarðefna sem stafa frá rannsóknum eða nýtingu teljast ekki losun. Meiri hlutinn vísar til þess að í 25. gr. frumvarpsins er lagt til að gildissvið laga um brunavarnir verði víkkað út þannig að það nái til starfsemi og framkvæmda utan netlaga og innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Í athugasemd Sambands íslenskra sveitarfélaga var gerð athugasemd við að gildissvið laganna væri víkkað út með þessum hætti þar sem ljóst væri að flest ákvæði laganna ættu ekki við um þessa starfsemi og slíkt gæti valdið mis-

skilningi. Í ljósi þessa leggur meiri hlutinn til þess að í 25. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að gildissvið laga um brunavarnir verði látið halda sér nema sérstaklega sé kveðið á um annað í lögunum.

Að lokum, virðulegi forseti, er í 26. og 27. gr. frumvarpsins að finna ákvæði sem eingöngu munu ná til rannsókna á vinnslu kolvetnis utan netlaga og þar með takmörkum við þann þátt með því — og þetta er jafnframt gert vegna athugasemda. Að lokum leggur meiri hlutinn til að í lögum um brunavarnir komi í stað orðsins efnahagslögsaga orðið mengunarlögsaga í samræmi við þá hugtakanotkun sem nú þegar er í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu hvað þetta varðar og meiri hluti iðnaðarnefndar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Undir þetta rita sú er hér stendur, formaður og framsögumaður iðnaðarnefndar, Kristján Þór Júlíusson, Einar Már Sigurðarson, Eygló Harðardóttir, Herdís Þórðardóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Björk Guðjónsdóttir og Grétar Mar Jónsson, með fyrirvara.

[23:34]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil aðallega bregðast við tvennu í máli hv. formanns iðnaðarnefndar og framsögumanns nefndarálitsins. Það er í fyrsta lagi athugasemd um málsmeðferð vegna þess að hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi eins og það er orðað. Hér er verið að gera tillögu um breytingu á sex lagabálkum. Þar af er í raun aðeins einn sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið á meðan fimm heyra undir umhverfisráðuneytið.

Þetta er fyrst og fremst athugasemd um vinnubrögð og ekkert síður má beina þessu til forseta Alþingis úr því að hann er sestur hér í forsetastól að löggjöf sem heyrir undir marga málaflokka sérstaklega eins og hér stendur á þar sem obbinn af þeim breytingum sem verið er að leggja til heyrir undir aðra nefnd en þá sem fékk málið til umfjöllunar þá vil ég leyfa mér að gera athugasemdir við þann tíma og þá möguleika sem hv. umhverfisnefnd hefur haft til þess að fjalla um þetta mál og þær lagabreytingar sem heyra undir þá nefnd. Ég hefði talið að menn þyrftu að huga aðeins að breytingum á vinnubrögðum þegar svona háttar til og vil leita eftir viðbrögðum hv. formanns iðnaðarnefndar við þessu atriði.

Hitt er svo að því er varðar skipulagsþátt málsins því hér leggur nefndin til að breytingarnar sem fyrirhugaðar voru á skipulags- og byggingarlögunum falli allar brott. Þá leyfi ég mér að spyrja hvernig nefndin sér þá fyrir sér skipulagi þessa svæðis fyrir komið eða er ekki meiningin að það verði unnið neitt skipulag af svæðinu áður en það fer í það ferli sem er gert ráð fyrir að verði farið af stað með hér eftir áramótin? Mér finnst alla vega mikilvægt að fá það fram í þessari umræðu hvernig nefndin sér það fyrir sér.

[23:36]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er mjög réttmæt og fín spurning hjá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni vegna þess að vissulega er rétt að frumvarpið snertir að mjög miklu leyti til hv. umhverfisnefnd.

Umhverfisnefnd fjallaði um málið og fékk til sín fjölmarga aðila og við sitjum þar bæði, ég og hv. þingmaður, í þeirri nefnd. Umhverfisnefnd skilaði áliti sínu á málinu til okkar í iðnaðarnefnd sem hafði, hvað eigum við að segja, lögsögu yfir málinu í heild sinni. Við tókum tillit til allra athugasemda meiri hluta umhverfisnefndar og þar á meðal þeirrar að menn töldu að skipulagsmálin væru ekki og skipulagsþátturinn — og hv. þingmaður veit að forstöðumaður Skipulagsstofnunar kom og gagnrýndi þann hátt. Við breyttum því með bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að við hefjum ekki þann þátt sem snýr að rannsóknarhlutanum, þ.e. að hægt sé að bjóða út rannsóknarleyfi á Drekasvæðinu. Engu að síður ákvað iðnaðarnefnd, vegna meðal annars orða meiri hluta umhverfisnefndar um að skipulagsþátturinn hafi ekki verið leystur með fullnægjandi hætti, að samþykkja ekki þann þátt með öðruvísi en að setja bráðabirgðaákvæði um að iðnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið — og að sjálfsögðu hlýtur það að gerast í samráði við sveitarfélögin — að sá þáttur verði leystur með almennum hætti fyrir 1. febrúar árið 2010. (Forseti hringir.) Ég er, virðulegi forseti, búinn með tímann minn en ég mun svara seinni fyrirspurnum hv. þingmanns hér á eftir í seinna andsvari mínu.

[23:38]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er einmitt þetta. Mér er ljóst að umhverfisnefndin fékk málið til umfjöllunar og fékk marga aðila málsins á sinn fund. Engu að síður einkenndi það starf nefndarinnar að hún hefði í raun ekki lögsögu, eins og hv. þingmaður komst að orði, í málinu og mér finnst það athugunarefni þegar svo stór hluti þessa máls, þessa pakka, ef svo má segja, heyrir undir eða fjallar um mál og löggjöf sem lýtur að verksviði hv. umhverfisnefndar. Við það er ég eiginlega að gera athugasemd hér.

Varðandi síðan skipulagsþáttinn þá sýnist mér líka að í þeirri tillögu sem hér er lögð fram um bráðabirgðaákvæði þá komi það bráðabirgðaákvæði inn í lögin um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis sem er á forræði iðnaðarráðuneytisins enda þótt það bráðabirgðaákvæði lúti fyrst og fremst að endurskoðun skipulags- og byggingarlaga. Mér finnst dálítið sérkennilegt að setja það þar inn vegna þess að það er þá á forræði iðnaðarráðherra í raun að setja af stað athugun á því hvort nauðsynlegt sé að breyta skipulags- og byggingarlögum. Ég veit ekki alveg hvort þetta er kórrétt stjórnsýsla.

Ég get alveg tekið undir efnisatriðið þannig séð að það sé eðlilegt að láta fara fram athugun á þessu í samvinnu þessara aðila. En ég hefði engu að síður talið að það hefði þá átt að koma með einhverjum hætti inn í skipulags- og byggingarlögin. Ég tek undir það sem kom fram í máli forstjóra Skipulagsstofnunar á fundum umhverfisnefndar að

skipulagsþátturinn reyndist vera vanreifaður í þessu máli og þarf meiri yfirlegu, meðal annars með tilliti til athugasemda sem komu fram hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um breytingar á umdæmi sveitarfélaga í skipulagsmálum sem ég er algerlega sammála. Ég er sammála þeim sjónarmiðum sem þaðan hafa komið og mun beita mér fyrir því þegar (Forseti hringir.) skipulagslögin verða vonandi til umfjöllunar hér aftur síðar í vetur.

[23:41]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem við lendum í þegar við erum að ræða þetta mál, um olíuleit á Drekasvæði sem er alls ekki nálægt einu sinni netlögum sem um hefur verið rætt hér, þá lendum við í því að upp kemur gamall draugur, þ.e. deila á milli sveitarfélaga og ríkisins um hversu langt lögsaga sveitarfélaganna og skipulagslögsaga sveitarfélaganna á að ná.

Þessi draugur hefur komið upp líka í öðrum málum, til dæmis í málefnum sem varða fiskeldi sem hafa komið upp hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og það er þess vegna sem við leggjum mjög mikla áherslu á það í okkar umsögn og í okkar nefndaráliti að sú deila verði leyst.

Við í hv. iðnaðarnefnd getum ekki leyst þá deilu vegna þess að hún snertir svo marga aðra fleti. Við leysum hana ekki í umfjöllun um Drekasvæðið sem er svo miklu lengra í burtu. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á að það mál verði leyst.

Þess vegna ákváðum við líka að samþykkja og koma til móts við Samband íslenskra sveitarfélaga að því leyti að komi til einhverra slíkra þátta að kolvetnisstarfsemin verði innan þess svæðis, einnar sjómílu utan netlaga, áður en þessi deila verður leyst þá er það vilji okkar að leitað verði umsagnar viðeigandi sveitarfélags.

Við töluðum við Samband íslenskra sveitarfélaga og það gerði ég persónulega og þeir lýstu ánægju með þó þessa niðurstöðu. En það er alveg ljóst að þessa deilu verður að leysa með heildrænum hætti. Það gerum við ekki í hv. iðnaðarnefnd né heldur við hv. þm. Árni Þór Sigurðsson sem sitjum í umhverfisnefnd. Við í umhverfisnefnd leysum hana ekki. Hana verður að leysa heildrænt.

[23:43]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mig langar til þess að varpa þeirri spurningu hér fram til hv. formanns iðnaðarnefndar hvort hún hafi kynnt sér þær tillögur til niðurskurðar á rannsóknum sem tengjast olíuleit á Drekasvæðinu sem er að finna í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar og hverjar þær eru.

[23:43]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég horfi heildrænt á málið. Við erum hér og nú að fjalla um rannsóknir og mögulegt útboð á rannsóknum á Drekasvæðinu.

Ég hef ekki kynnt mér þær sérstaklega þar sem er fjallað um næsta ár. Nei. Ég skal svara því heiðarlega.

[23:44]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hér hefur verið gagnrýnt töluvert bæði í gær og í dag að hv. stjórnarliðar hafi ekki treyst sér til þess að taka þátt í umræðum um fjárlög og bandorminn heldur hefur maður í raun séð undir iljarnar á þeim hér flestum úr þingsalnum ef frá er talinn sá sem hér birtist í dyrum, hv. formaður efnahags- og skattanefndar, Pétur H. Blöndal.

Ég get hins vegar upplýst hv. formann iðnaðarnefndar um hvað ríkisstjórn sem hún styður hefur ákveðið að gera varðandi rannsóknir sem hún var að benda hér á og það skipulag sem á að koma á í stjórnsýslunni.

Það er einfaldlega þannig að af 6,5 millj. kr. — ef hv. formaður iðnaðarnefndar vildi gjöra svo vel og hlusta — að af 6,5 millj. kr. sem Veðurstofa Íslands átti að fá til þess að rannsaka veðurfar á Drekasvæðinu er búið að skera 6 millj. kr. og af 6 millj. kr. sem Umhverfisstofnun átti að fá til þess að tryggja stjórnsýsluþáttinn er búið að skera 6 millj. Af þessum 12,5 millj. kr. standa eftir 0,5.

Þar að auki er búið að skera niður af Náttúrufræðistofnun yfir 30 millj. kr., af Hafrannsóknastofnun tæpar 80 og af Orkustofnun yfir 30 millj. kr. En það er athyglisvert að það þurfi að upplýsa hv. formann um þetta.

Ég gagnrýni það sem hér segir um rannsóknirnar. Þetta er of lítið af rannsóknum á lífríkinu og ég tala nú ekki um miðað við þann niðurskurð sem hefur verið ákveðinn.

[23:46]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér lék hv. þingmaður ákveðinn leik en þetta frumvarp er enn ekki orðið að lögum og við í hv. iðnaðarnefnd höfum lagt okkur fram við að gera það sem best úr garði, eins og hv. þingmaður veit, t.d. með því að setja Náttúrufræðistofnun í hóp samráðsaðila og eftirlitsaðila, svo þarna fari fram raunverulegar og góðar rannsóknir, eins og hingað til.

Þetta frumvarp er ekki enn orðið að lögum, virðulegi forseti, og þar af leiðandi er ekki óeðlilegt að til þess hafi ekki verið lagt fé. Ekki er hægt að leggja fé til hluta sem ekki eru enn orðnir. (**ÁI:** Ég er að tala um fjárlög 1909.) Vonandi berum við gæfu til þess, (Gripið fram í.) virðulegi forseti, að gera að lögum þetta frumvarp um kolvetnisstarfsemi frá hæstv. iðnaðarráðherra og ég geri þá ráð fyrir að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðji frumvarpið og þar með hljótum við á hv. Alþingi að skuldbinda okkur til að fylgja því til hins ýtrasta og það er auðvitað ætlunin, virðulegi forseti. Ég vona að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fylgi okkur í því og komi með okkur í þann leiðangur að finna olíu eða jarðgas við Drekasvæðið eins og ætlunin er.

[23:48]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég vil strax í upphafi að það komi skýrt fram að þingmenn Vinstri grænna styðja náttúrufarsrann-

sóknir, hafa gert það í öllum þeim tilvikum sem ég þekki til og munu væntanlega gera áfram. Við leggjum mjög mikla áherslu á grunnrannsóknir á náttúru Íslands og þegar þrengir að fjárhagslega er það auðvitað spurning um forgangsröðun.

Hæstv. ríkisstjórn hefur forgangsraðað þannig í rannsóknum hjá Veðurstofu Íslands og hvað varðar skipulagsþáttinn í stjórnsýslunni hjá Umhverfisstofnun að hún hefur skorið niður framlag til olíuleitar á Drekasvæðinu, annars vegar framlag til veðurfarsrannsókna og hins vegar framlag til að styrkja stjórnsýsluþátt Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Herra forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti mínu í hv. iðnaðarnefnd. Ég vil byrja á því að vekja athygli á því að klukkuna vantar nú 9 mínútur í miðnætti. Það er 19. desember, á morgun er 20. desember. Enn er ekki búið að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár. Fjáraukalög hafa heldur ekki verið afgreidd. Þetta tengist því kannski að bankarnir hrundu og 6. október voru sett neyðarlög og hefur það sett mark sitt á öll störf þessa þings. Við höfum í dag rætt ítarlega afleiðingarnar af þessu og þær ráðstafanir sem hæstv. ríkisstjórn grípur til. Við höfum gagnrýnt að 10 þúsund kr. verða teknar um hver einustu mánaðamót af 90% lífeyrisþega í landinu út allt næsta ár. Við höfum gagnrýnt að 1.100 millj. kr. eru sóttar í nýja sjúklingaskatta. En allt þetta, bankahrunið, kreppan, nýir sjúklingaskattar, álögur á almenning, atvinnumissir og tekjutap, yfirvofandi gjaldþrot heimila og nauðungarsölur, hreyfir ekki við hæstv. iðnaðarráðherra. Hann veit ekki af þessu. Þess vegna skiptir höfuðmáli korteri fyrir jól að þröngva í gegn illa unnu, illa undirbúnu og vanreifuðu máli — um hvað? Um leit og vinnslu á olíu og jarðgasi á Drekasvæðinu. Ég vil nefna, herra forseti, strax í upphafi að ég get ekki kallað olíu og gas kolvetni. Ég fæ — ég vil viðurkenna það — hálfgerðan aumingjahroll í hvert skipti sem það er gert vegna þess að þetta er svo mikið rangnefni. Hins vegar vannst ekki tími til að ræða það í hv. iðnaðarnefnd, það lá svo mikið á að taka málið úr nefndinni að ekki náðist einu sinni að ræða það. Ég er með tillögur um hvernig má breyta þessu og ég hyggst gera grein fyrir þeim á eftir og ég mun óska eftir því, herra forseti, að málið verði tekið aftur fyrir í nefnd milli 2. og 3. umr. meðal annars vegna þess og fleiri tillagna til breytinga sem ég hefði viljað koma á framfæri í málinu.

Ég vil líka gagnrýna að málið var tekið út úr nefndinni eftir að þingfundur hafði verið settur á Alþingi. Þess vegna gekk ég út. Óheimilt er að halda nefndarfundi á meðan á þingfundi stendur og því gekk ég út og hafði því ekki tækifæri til að koma að tillögum mínum til breytinga og bóta á þessu ágæta frumvarpi.

Hér ræðum við sem sagt frumvarp sem tekur til breytinga á einum sex lagabálkum sem varða svokallaða kolvetnisstarfsemi, þ.e. leit, rannsóknir og vinnslu á jarðolíu og jarðgasi í efnahagslögsögunni. Þetta eru nokkrir lagabálkar sem allir nema einn heyra undir umhverfisráðuneytið. Sá eini sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið eru lög sem fyrst voru sett 2001 en var breytt talsvert með lögum nr. 49/2007, um sama efni, sem varða jarðolíu og jarðgas í efnahagslögsögunni.

Í nefndaráliti á þskj. 403 kemur fram að minni hlutinn telur að breytingarnar sem frumvarpið tekur til og varða skipulagsmál, brunavarnir og mengunarvarnir hefðu með réttu átt að vera á forræði umhverfisráðuneytisins og umhverfisnefndar þingsins sem því miður var einungis veittur umsagnarréttur þar um. Ég gerði athugasemd við þetta strax við 1. umr. málsins og tek undir með hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni að þetta eru ekki vinnubrögð sem eru til bóta í störfum þingsins. Ég tel að sú ráðstöfun að veita umhverfisnefnd einungis umsagnarrétt um þessa stóru lagabálka sé óásættanleg, enda kom í ljós að umhverfisþættir málsins eru mjög vanreifaðir og illa undirbúnir af frumvarpshöfundum, sem eðlilega komu úr iðnaðarráðuneyti.

Mat minni hlutans er að hér sé fremur farið fram af kappi en forsjá og enda þótt þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu í meðförum nefndarinnar séu til hins betra, hefði nefndin að ósekju mátt leggja meiri vinnu í þær og vinna þær í náinni samvinnu við aðrar nefndir þingsins til að fá betri niðurstöðu. Engin haldbær rök hafa komið fram um nauðsyn þess að afgreiða frumvarpið fyrir jólahlé og það held ég að hæstv. forseta þingsins eigi að vera ljóst enda þótt hér sé sett á 2. umr. á þessum ókristilega tíma. Það eina sem hefur verið gefið upp um það er yfirlýsing ráðuneytisins eftir að fulltrúar ráðuneytisins höfðu verið þráspurðir í hv. iðnaðarnefnd um af hverju lægi svona mikið á, af hverju Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að mynda var aðeins veitt innan við vika í umsagnarfrest um málið. Af hverju lá svona mikið á? Svarað var að búið væri að „tilkynna“ að leyfi til olíuleitar á svonefndu Drekasvæði verði boðin út 15. janúar. Það hafði verið tilkynnt. Það er nefnilega það. Ég vildi óska, herra forseti, að allar þær ákvarðanir og tilkynningar sem hafa verið gefnar út nú á haustmánuðum og fyrr, fengju nú staðist. En því miður er því ekki svo farið í íslensku þjóðlífi í dag, því miður. En þessu má ekki hagga og það er mjög eftirtektarvert. Ég tel að þrýstingur af því tagi sem kom fram frá hv. iðnaðarráðuneyti á vinnu þingnefndar sé mjög ómálefnalegur og að mínu áliti rakalaus. Ljóst er einnig að ná hefði mátt betri sátt um lausn ágreinings, sem frumvarpið vissulega kveikti og hv. formaður iðnaðarnefndar kallaði draug áðan, með víðtækara samráði og meiri vinnu en hinn knappi tímarammi ráðuneytisins leyfði.

Við skulum líka átta okkur á því, herra forseti, að hraðinn við þessa afgreiðslu er ekki í neinu samræmi við þann veruleika sem við blasir og vandséð er að olíuvinnsla hefjist á Drekasvæðinu eða annars staðar í lögsögu Íslendinga fyrr en eftir nokkur eða jafnvel allmörg ár. Minni hlutinn hvetur til þess í nefndaráliti að menn gæti hófs í yfirlýsingum sínum og kyndi ekki um of undir væntingar um skjótfenginn gróða af olíuiðnaði og mikinn fjölda starfa sem honum kunni að fylgja.

Ég vil einnig nota tækifærið og minna á ábyrgð Íslendinga í umhverfismálum, ekki síst hvað varðar lofthjúp jarðar og breytingar á honum. En sú ábyrgð verður að vera í fyrirrúmi þegar teknar eru ákvarðanir sem varða orkuvinnslu og orkunýtingu til langs tíma og ég minni á að Íslendingar eru samábyrgir varðandi umhverfisvernd á heimskautasvæðum gegnum Norðurheimskautsráðið en hér er einmitt fjallað um olíuvinnslu eða gasvinnslu í Norður-Ís-

hafinu. Stjórnvöld mega nefnilega ekki missa sjónar á mikilvægi endurnýjanlegra orkugjafa og sjálfbærri nýtingu þeirra þótt olíuvinnslufyrirtæki utan úr heimi, hugsanlega frá Rússlandi og Kína, banki upp á og vilji auka framleiðslu sína með samstarfi við Ísland um rannsóknir á landgrunninu. Minni hlutinn tekur undir það í nefndarálitinu að ekki sé sjálfgefið að Íslendingar leggi út á þær brautir að bora eftir olíu á botni Norður-Íshafsins og ákvörðun um útboð á leyfum til slíks hefði þurft mun ítarlegri umfjöllun en tímapressan frá iðnaðarráðuneytinu leyfði.

Herra forseti. Hér er rætt frumvarp um auðlindir í sameign þjóðarinnar. Það er eins og ætíð mjög vandmeðfarið hvernig hagsmuna eigendanna, þ.e. almennings, skuli gætt, bæði hvað varðar leyfisveitingarnar sem slíkar, framsal á nýtingu auðlindarinnar og gjaldtöku fyrir nýtinguna. Minni hlutinn gerir í áliti sínu ekki athugasemdir við þær breytingar sem eru gerðar á gjaldtökuheimildum fyrir leyfi til rannsókna í 11. gr. en bendir þó á að í stað þess að taka stighækkandi gjald gæti ríkið myndað eignarhluta í slíkum fyrirtækjum. Ábendingar um þetta komu fram í umræðum þegar lögunum var breytt síðast í mars 2007 og aftur núna í 1. umr. en ekki gafst tóm til þess í hv. iðnaðarnefnd að ræða það.

Ég vil vekja athygli á 5. gr. frumvarpsins þar sem er nýmæli sem heimilar ráðherra að stofna til hlutafélags til að gæta hagsmuna ríkisins á olíu- og/eða gasvinnslu. Í frumvarpinu er tekið mið af norska ríkishlutafélaginu Petoro AS sem ólíkt StatoilHydro tekur ekki beinan þátt í olíuvinnslu. Þessi leið til að gæta hagsmuna Íslands við olíuvinnslu er ekki einboðin og minni hlutinn bendir á hinn mikla og óumdeilda ávinning Norðmanna af uppbyggingu norska ríkishlutafélagsins StatoilHydro en Norðmenn stýrðu frá upphafi olíuvinnslu sinni í farveg sem miðaði að því að byggja upp þekkingu og aðkomu innlendra aðila að rannsóknum og vinnslu olíu. Þar í landi hafa menn ekki verið feimnir við að beita ríkisvaldinu til að tryggja að í höndum Norðmanna sjálfra yrði til öflugur iðnaður á því sviði. Danir á hinn bóginn völdu að fara aðra leið þegar þeir framseldu réttindi sín í Norðursjó til einkaaðilans Mærsk. Í Danmörku hefur þess vegna ekki byggst upp viðlíka iðnaður og þekking sem í Noregi. Þetta eru atriði sem hefðu þurft nánari skoðunar við í nefndinni sem og félagsformið en til þess gafst einfaldlega ekki tóm.

Ég verð að segja að það kom þeirri sem hér stendur algerlega í opna skjöldu þegar skyndilega var boðaður fundur í hádegishléi í hv. iðnaðarnefnd til þess að taka málið út. Það hafði ekki verið boðað. Þvert á móti hafði þarsíðasta fundi nefndarinnar lokið undir því fororði að reynt yrði að athuga hvort ekki mætti vinna þetta mál betur eftir áramótin.

En þrátt fyrir þennan knappa tímaramma og þrátt fyrir þau handarbaksvinnubrögð sem vissulega voru viðhöfð við undirbúning málsins er ljóst að í meðförum nefndarinnar urðu ágætar breytingar á frumvarpinu og veitti þar ekki af. Ég vil í því sambandi sérstaklega nefna aðkomu hv. þm. Bjarkar Guðjónsdóttur sem kom með mjög margar og góðar ábendingar sem fengu vinnslu og frágang sem breytingartillögur. Um þær var samstaða í nefndinni.

Þar vil ég nefna fyrst og fremst þá leið Norðmanna að tryggja í norskum lögum að þjónusta við þá sem leita að, rannsaka eða vinna jarðolíu eða jarðgas fari fram frá höfn í Noregi. Ákvæði þessa efnis var tekið inn í breytingartillögur og var samstaða um það í nefndinni. Þar er m.a. átt við áhafnaskipti og annað þess háttar en það hafði hv. iðnaðarráðuneyti láðst að athuga við undirbúning málsins. Þessa breytingu tel ég mjög til bóta og alveg sjálfsagða.

Í meðförum nefndarinnar var einnig litið til fordæmis Færeyinga sem stofnað hafa menntunar- og rannsóknarsjóð með framlögum frá olíuleitarfyrirtækjum. Þar um var einnig samstaða í nefndinni að rétt væri að fara svipaða leið hér á landi. Sú sem hér stendur telur það til mikilla bóta en hefði samt kosið, og kom því á framfæri í nefndinni, að slíkum fjárframlögum væri ætlað að renna til þess að efla rannsóknarsjóði, rannsóknarstofnanir og háskóla sem fyrir eru. En um það náðist ekki samstaða í nefndinni og það var í rauninni lítið rætt að öðru leyti en því að hv. formaður iðnaðarnefndar sagði: Ég er bara algerlega ósammála. Og þar sem var málið útrætt.

Stærsti hluti frumvarpsins hins vegar sem komið hefur fram fjallar um lög sem eru á forræði umhverfisráðuneytis. Þar er um að ræða útvíkkun á starfsemi ýmissa eftirlitsstofnana sem fara með skipulagsmál, mengunarvarnir og brunavarnir.

Það er auðvitað ljóst að rannsóknir og vinnsla á jarðolíu og jarðgasi geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á lífríki úthafsins sem og lífríki strandsvæða. Það er mjög mikilvægt að lög um hollustuhætti og mengunarvarnir taki til þeirrar starfsemi sem hér er fjallað um en einnig til flutnings jarðolíu og unninnar olíu í efnahagslögsögunni. Á það skortir að mínu mati. Sama á í rauninni við um ákvæði laga um brunavarnir en þó var bent á það í meðförum nefndarinnar að Brunamálastofnun hafi ekki þvingunarúrræði gagnvart þeim aðilum sem hér um ræðir og fá leyfi til þess að rannsaka eða vinna olíu eða gas.

Minni hlutinn gerir í áliti sínu ekki athugasemdir við þessi atriði að öðru leyti en því að það hefði farið betur á því að fjalla um andrúmsloftið, þ.e. taka einnig til mengunar í lofti, ekki aðeins í hafi og hafsbotni en til þess vannst ekki tími í nefndinni. Eins og ég hef áður sagt var mikill hraði og mikil pressa á vinnu nefndarinnar.

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram vörðuðu helstu athugasemdir sem nefndinni bárust aðkomu Skipulagsstofnunar og sveitarfélaganna. Vegna þeirra tillagna sem gerðar voru um skipulag, útgáfu framkvæmdar- og byggingarleyfa og eftirlit, vegna þess litla undirbúnings annars vegar og þess kapps hins vegar sem iðnaðarráðuneytið lagði á að hraða afgreiðslu málsins gafst nefndin í rauninni upp fyrir því verkefni að breyta skipulags- og byggingarlögum þannig að þau tækju til olíuvinnslu eða leitar.

Það var í rauninni skipt um hest í miðri á og í tillögu meiri hluta nefndarinnar er öllum ákvæðum sem lúta að þessum atriðum einfaldlega kippt út úr frumvarpinu og þessu efni vísað til frekari vinnu í iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Þeirri vinnu á að ljúka fyrir 1. janúar 2010. Minni hlutinn telur algerlega ófullnægjandi að sveitarfélögum og ráðuneytum sveitarstjórnarmála skuli ekki tryggð bein aðkoma að þeirri vinnu. Vil ég nú rökstyðja

með nokkrum orðum.

Þannig háttar að Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldið hafa um árabil deilt um forræði á skipulagi strandsvæðanna. Lögsaga sveitarfélaganna til skipulags nær samkvæmt núgildandi lögum aðeins á haf út innan netlaga, það er 115 metrar frá stórstraumsfjöruborði. Það segir sig sjálft, eins og hv. formaður iðnaðarnefndar nefndi áðan, það skiptir sveitarfélögin mjög miklu hvaða starfsemi og framkvæmdir það eru sem leyfðar eru uppi í landsteinum. Þær geta haft mjög víðtæk áhrif eins og dæmin sanna, ekki aðeins frá fiskeldi sem hv. formaður iðnaðarnefndar nefndi, heldur einnig frá efnistöku. Við horfum upp á mjög mikla landeyðingu og skemmdir í Kollafirðinum og með Hvalfirðinum vegna mjög mikillar efnistöku rétt utan við landsteinana.

Sveitarfélögin sem sendu inn umsagnir sem og Samband íslenskra sveitarfélaga en fulltrúar þeirra komu á fund nefndarinnar lögðust eindregið gegn ákvæðum frumvarpsins um breytingar á skipulagslögum. Þeir töldu að með því væri verið að festa í sessi mjög umdeilt atriði sem verið hefur í nefnd, væntanlega á vegum félagsmálaráðuneytis upphaflega en ætti að vera komið núna á forræði samgönguráðuneytis. En frá árinu 2002 hefur þessi nefnd starfað án þess að nokkur niðurstaða hafi þar fengist.

Sveitarfélögin hins vegar hafa lagt fram aðra tillögu og gerðu það á fundi hv. iðnaðarnefndar 10. desember síðastliðinn. Sú tillaga byggir á norsku fordæmi og er þess eðlis að sveitarfélag hafi forræði til skipulags með ströndum þannig að skipulagssvæðið nái til þess hafsvæðis sem er innan einnar sjómílu utan við grunnlínupunkta. Það þýðir að allir flóar og firðir og vogar yrðu þveraðir og sveitarfélögin fengju aðkomu. Það væri skipulagsskylt á sama hátt og er með land.

Þetta tel ég mjög góða tillögu og var ekki annað að skilja á mönnum í hv. iðnaðarnefnd en að svo væri. Hins vegar lá svo mikið á að koma þessu máli frá að það var ekki einu sinni hægt að óska eftir umsögnum formlega um þessa tillögu, hvað þá að kalla fyrir nefndina fulltrúa frá samgönguráðuneyti sem fer með málefni sveitarstjórna í landinu til þess að fá uppgefið hvar vinna nefndarinnar væri stödd.

Ég gagnrýni í nefndaráliti minni hlutans að ekki skuli einu sinni hafa gefist tími til þess að leita álits Sambands íslenskra sveitarfélaga eða ráðuneytis sveitarstjórnarmála um þá niðurstöðu sem meiri hluti nefndarinnar komst að sem er að Orkustofnun skuli leita umsagnar viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga ef leyfi berst um leit eða vinnslu á olíu eða gasi innan við eina sjómílu utan við netalög. Þetta er auðvitað allt önnur hugmynd og hugsun en sú sem sambandið lagði fram um eina sjómílu utan grunnlínupunkta.

Eins og segir í nefndaráliti minu, herra forseti, er þetta algerlega ófullnægjandi niðurstaða að mati minni hlutans og hann harmar að ekki gefist tími til þess að leita álits Sambands íslenskra sveitarfélaga eða ráðuneytis sveitarstjórnarmála um þetta atriði.

Ég hlýt að gera grein fyrir lokaorðum í þessu áliti mínu en þar er ítrekað að minni hlutinn telur að málið sé ekki fullunnið, að þrýstingurinn frá iðnaðarráðuneytinu sé ekki í samræmi við þær kröfur sem verið er að gera til vandaðrar vinnu í nefndum þingsins. Ég bendi á að málið varðar ekki aðeins iðnaðarnefnd heldur einnig umhverfisnefnd, samgöngunefnd og efnahags- og skattanefnd sem enn hefur ekki lokið umfjöllun um það sem til hennar heyrir í þessu efni.

Þessar nefndir hefðu þurft að fá tóm til þess að fara yfir málið í sameiningu. Ég óskaði eftir því sérstaklega bæði hér við umræðu og eins í hv. iðnaðarnefnd en við því var ekki orðið. Ég bendi á að þing mun væntanlega koma saman 12. janúar á nýju ári. Víst er að sú sem hér stendur telur að ekki verði héraðsbrestur þótt fyrirhugað útboð á olíuleitarleiðum dragist um einn mánuð eða svo því að hér er ekki verið að tjalda til einnar nætur, samanber reynslu Færeyinga af olíuleit á sínu landgrunni sem hefur staðið nú um allmörg ár.

Minni hlutinn vill freista þess að fá málinu breytt á milli umræðna og mun óska eftir því að það verði tekið inn í nefndina á milli umræðna og að það verði unnið þar með þeim hætti að þingið hafi af því fullan sóma. Leitað verði umsagna frá sveitarfélögunum við þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu.

Ég vil að lokum, herra forseti, fjalla nokkuð um notkun orðsins „kolvetni“ í þessu sambandi. Í daglegu tali og í orðabókum tekur þetta orð, kolvetni, til sykra sem er sérstakur efnaflokkur sem tengist næringarfræði og er væntanlega að finna einnig í lögum um matvælafræði eða matvælaiðnað.

Þannig er að orðið kolvetni var nú kannski ekki mjög þekkt eða algengt í málinu fyrir nokkrum árum þangað til *Atkinskúrinn* svokallaði hélt innreið sína í landið. Þá fór annar hver maður — eða á ég kannski að segja kona — að afla sér upplýsinga um kolvetni og áhrif þeirra á meltingu og holdafar. Nokkuð hefur verið fjallað hér um aðkomu fyrrverandi ríkissáttasemjara, Ásmundar Stefánssonar, að bankakrísunni á vegum forsætisráðherra en sá ágæti maður gaf einmitt út ágæta bók um svokallaðan *Ásmundarkúr* sem fjallaði um kolvetnissnautt fæði.

Ég sagði áðan að ég fengi hálfgerðan aumingjahroll í hvert skipti sem þetta rugl kemur hér upp á borð vegna þess að það er varla til nokkuð ólíkara en efnaflokkurinn sykrur, sem ég get uppfrætt hv. þingmenn um að skiptast í einsykrur, tvísykrur og fjölsykrur og tek fram að ég hef kennt þennan efnaflokk sem og reyndar hinn, olíur og gös, jarðolíur og jarðgös, við Menntaskólann í Reykjavík. Ég hefði svo gjarnan viljað óska eftir því að hv. iðnaðarnefnd hefði gefið sér tíma til þess að breyta þessu orðalagi. Ég hef lagt mig í framkróka um að kalla eftir umsögnum og athugasemdum við það atriði frá þar til bærum aðilum, frá íslenskri málnefnd og Stofnun Árna Magnússonar, frá Háskóla Íslands, Raunvísindastofnun og afla upplýsinga þar um á vísindavefnum. Þar ber allt að sama brunni, sem sagt að ekki megi rugla saman efnaflokkum sem nefnast kolvetni og á ensku heita „carbohydrates“ eða „karbóhýdröt“ eins og þetta var nú kallað á íslensku annars vegar og hins vegar „vetniskol“ sem á ensku eru „hydrocarbons“.

Herra forseti. Þetta er nú kannski smæsta atriðið í þeim athugasemdum sem ég hef við þetta frumvarp og varðar aðallega vinnubrögð sem eru bara ekki boðleg. Við getum staðið hér og sagt að brýna efnahagslega nauðsyn beri til þess að taka ákvarðanir í skyndi, að taka ákvarðanir á næt-

urfundum, að taka ákvarðanir eins og gert var með neyðarlögunum. En, herra forseti, fyrir þessu er bara engin afsökun. Maður hlýtur að spyrja hvort það geti verið hégómleikinn einber sem ræður því að þinginu gefst svona snautlegur tími til þess að fjalla um þetta stóra mál.

Við höfum orðið vör við það í þingsölum undanfarna daga að hæstv. iðnaðarráðherra kallar sjálfan sig olíumálaráðherra. Það kann að vera skýringin. Þess vegna nefni þetta hégómleika og spyr hvort það geti ráðið hér för. Ef svo er þykir mér það nú enn verra en annað.

[00:18]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna og líka álit hennar á málinu. Það er eitt sem ég vil nefna í upphafi, það er rétt að það spannst mikil umræða í nefndinni um nafn frumvarpsins og líka um nafn laganna, „kolvetni“. Eins og hv. þingmaður nefndi er það rétt að við höfum hingað til kannski tengt það við Atkins-kúrinn sem þýðir að þá á maður að skera niður öll kolvetni og bara éta prótein.

Einhverra hluta held ég samt að heimurinn verði fyrst kominn raunverulega á Atkins-kúrinn þegar við hættum að nota olíu og jarðgas miðað við þetta allt saman. Ég held hins vegar að það sé mjög langt í það.

Ég er sammála hv. þingmanni um að við þurfum að gæta hófs í allri umræðu um þetta. Það er einmitt sem þetta mál snýst um, þ.e. að við klárum að gera lagasetninguna þannig úr garði að við getum hafið rannsóknir á því hvort það sé kolvetni, eða hvað sem menn vilja kalla það, uppi á Drekasvæði. Það er það sem þetta mál snýst um.

Hv. þingmaður talar mikið um það að hér hafi ekki gefist færi á að ræða málin almennilega. Ég bendi á að þetta mál var fyrst lagt fram hér á þingi af hæstv. iðnaðarráðherra og mælt fyrir því 21. nóvember. Það er heill mánuður síðan.

Þetta mál hefur verið í vinnslu í hv. iðnaðarnefnd. Við kölluðum til alla þá aðila sem hafa lagt fram umsagnir um málið. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur ekki beðið um neinn aukalega til nefndarinnar umfram þá sem kallaðir voru til. Við leggjum fram 15 breytingartillögur. Við erum búin að liggja yfir þessu máli í heilan mánuð þannig að (Forseti hringir.) þetta er ekki illa unnið mál þó að hratt hafi farið á einum mánuði. Það er verið að vinna þetta vel. Breytingartillögurnar sýna það líka.

[00:20]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi það sérstaklega í ræðu minni áðan að allar þær breytingar sem urðu til í meðförum nefndarinnar hafi verið til hins betra, einfaldlega vegna þess að málið var illa unnið af hálfu iðnaðarráðuneytis og þurfti að gera á því verulegar breytingar og hefði mátt gera þær fleiri til þess að málið yrði enn betra.

Það er nú þetta sem menn þurfa að hugsa um þegar þeim hleypur kapp í kinn, þ.e. að það þarf líka að vanda sig. Það þarf líka að vanda sig og taka þann tíma sem þarf til þess. Það ættu talsmenn samræðustjórnmálanna að vita.

Það er engin nauður sem rekur menn til að afgreiða þetta núna korteri fyrir jól. Það er langt í frá. Það var upplýst á fundum nefndarinnar að töfradagsetningin 15. janúar er nú ekki svo nálæg í tíma sem halda mætti vegna þess að ef útboð verða þá auglýst tekur við þriggja mánaða útboðstími sem þýðir að tilboð ættu að berast einhvern tímann fyrir lok apríl. Þá tekur við þriggja til fjögurra mánaða tími til að meta þau tilboð. Menn eru ekkert að falla á neinum tíma. Það vekur, eins og ég sagði áðan, spurningar um það hvort menn séu að eltast hér við einhvern hégómleika.

Ég tek fram að það var mælt fyrir þessu máli 3. desember. (Gripið fram í.) Það kom til umfjöllunar í nefnd með umsögnum 10. desember. Samband íslenskra sveitarfélaga gerði strax athugasemdir þegar málið kom fram og fékk svo (Forseti hringir.) innan við viku til þess að gera formlega umsögn.

[00:23]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekkert skrýtið að menn séu orðnir örlítið ringlaðir á þessum tíma nætur. Varðandi tímasetningar liggja þær allar fyrir á netinu, hvenær hvað var lagt fram og hvernig.

Ég fékk tölvupóst frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 24. nóvember sl. þar sem það lagði fram sína fyrstu gagnrýni um málið. Þá var það orðið formlega lagt fyrir af þinginu. Og ég nenni ekki að fara í einhverjar deilur við hv. þingmann um það.

Hins vegar er alveg rétt hjá henni að auðvitað á að vanda sig og auðvitað á þingið að vanda sig. Auðvitað á ráðuneytið að vanda sig. Og að mínu mati gekk það núna vel upp, nákvæmlega eins og það á að gera. Við fengum ekki nógu vel unnið frumvarp frá iðnaðarráðuneytinu sem unnið var af því og umhverfisráðuneytinu. Þess vegna erum við með 15 breytingartillögur við málið sem hv. þingmaður er búinn að viðurkenna að gera málið enn betra.

Að mínu mati skiptir gríðarlega miklu máli að við getum hafið þessar rannsóknir sem fyrst. Það er langt inn í framtíðina sem við vitum hvað kemur út úr rannsóknunum. En við hljótum að geta sammælst um að búa hér til löggjöf — og þurfum ekki marga mánuði í það atriði — sem heimilar okkur og heimilar framkvæmdarvaldinu að bjóða út rannsóknir á svæðinu og með öllum þeim fyrirvörum sem lagðir eru fram í breytingartillögum okkar í hv. meiri hluta iðnaðarnefndar.

Ég spyr hv. þingmann sem vill allan þennan tíma til viðbótar til að ræða málið umfram þennan heila mánuð sem við erum búin að hafa: Hvað vantar, virðulegi forseti? Ég hlýt að spyrja hv. þingmann um það: Hvað vantar annað en að hún (Forseti hringir.) var óánægð með nafnið á frumvarpinu? Hvað vantar? Og varðandi nafnið er ég sammála henni. En það er bara (Forseti hringir.) aukaatriði málsins, við getum tekið þá umræðu síðar enda kemur hún rannsóknum á þessu svæði ekki nokkurn skapaðan hlut við. Ég er viss um að við eigum eftir að taka þann hluta (Forseti hringir.) upp síðar.

[00:25]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla rétt að vona að hv. formaður iðnaðarnefndar sé ekki að skora á mig hér að taka aftur til máls og ræða í eitthvað aðeins styttra máli en þegar sem ég rakti athugasemdir mínar við þetta mál og málsmeðferðina í hálftímaræðu. (Gripið fram í.) Alls ekki. Bara málsmeðferðina. Það er einfaldlega rangt og ég mótmæli yfirlýsingunum um það. Í minnihlutaáliti mínu benti ég á ýmislegt sem betur má fara í þessu. Það sem þó fyrst og fremst skortir á er að menn nenni að vanda sig við þessa frumvarpssmíð.

Hv. þingmaður spurði hvað í ósköpunum sú sem hér stendur vildi gera við allan þennan tíma. Það sem um var að ræða og hv. formaður iðnaðarnefndar ætti að viðurkenna var að við töluðum um að taka málið út í fyrstu eða annarri viku eftir jólahlé. Í stað töfradagsetningarinnar 15. janúar væru menn kannski að tala um í síðasta lagi 15. febrúar.

Það er nú allur tíminn. Það er vika til hálfur mánuður, einn eða tveir fundir í hv. iðnaðarnefnd vegna þess, herra forseti, að það er enn þá mjög stórt gat í þessu máli sem varðar skipulagsþáttinn. Það er mjög stórt æpandi gat í því vegna þess að eins og ég sagði skipti iðnaðarráðuneytið um hest í miðri á og hv. iðnaðarnefnd gafst upp fyrir verkefninu og vísaði því bara inn í framtíðina en þó án aðkomu ráðuneytis sveitarstjórnarmála og án aðkomu sveitarfélaganna beint. Það er mjög gagnrýnivert að mínu mati.

[00:27]

Útbýting:

Dýravernd, 186. mál, þskj. 413.

[00:27]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við erum hér að ræða frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi. Formaður nefndarinnar hefur farið ítarlega yfir þær breytingar sem nefndin gerði á frumvarpinu. Þær voru fjölmargar og ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa talað á undan mér, ég er sammála þeim og tel að allar þessar breytingar séu til mikilla bóta.

Ég ætla að nota tíma minn til að ræða um þau áhrif sem rannsóknir og vonandi vinnsla síðar meir hefur á atvinnumál okkar Íslendinga ef olía og gas finnst í vinnanlegu magni á Drekasvæðinu. Það munu skapast ný atvinnutækifæri á landi og má í því sambandi segja að hagsmunir byggða á Norður- og Austurlandi séu töluverðir. Það þarf strax og leyfum er úthlutað til rannsóknar og vinnslu kolvetnis að gæta þess að nýting auðlinda sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða.

Við undirbúning frumvarpsins var leitað til Noregs og Færeyja og byggt á þeirra miklu reynslu. Eins og allir vita hafa Norðmenn mjög mikla reynslu og þekkingu í vinnslu olíu sem hefur byggst upp í áratugi. Færeyingar eru hins vegar komnir styttra á leið, þeir gáfu út fyrsta rannsóknarleyfið á árinu 2000 og enn hefur ekki fundist olía í vinnanlegu magni. Þrátt fyrir það hafa Færeyingar byggt upp hjá sér mikla þekkingu og fengið mikla reynslu nú þegar með starfsemi sem felst í þjónustu við rannsóknarskipin.

Fyrirtæki eitt sem stundar þessa starfsemi í Færeyjum er nú þegar orðið það öflugt að það er farið að stunda þessa starfsemi og bjóða þessa þjónustu um allan heim. Meðal annars eru skip á þeirra vegum að störfum í Mexíkóflóa og víðar með slíka þjónustu svo dæmi séu tekin. Útgerðarmenn í Færeyjum sáu ný tækifæri til að nýta skip sín með öðrum hætti en til hefðbundinna fiskveiða og margir hverjir fóru þá leið að breyta fiskiskipum í skip sem hentuðu til þjónustu við rannsóknar- og vinnsluskip. Þegar Færeyingar buðu út fyrstu rannsóknarleyfin voru þeir á svipuðum stað og við erum núna, höfðu ekki reynsluna en hafa nú sannarlega byggt hana upp á þeim tíma sem liðinn er.

Það eru miklir hagsmunir í húfi fyrir okkur Íslendinga að við nýtum okkur alla þá möguleika sem bjóðast til atvinnuuppbyggingar í tengslum við þennan iðnað og á þetta sérstaklega við um byggðir á Norðausturlandi. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að taka þátt í þessu verkefni frá byrjun. Með því byggist upp þekking og reynsla sem mun nýtast mjög vel þegar og ef á Drekasvæðinu verður farið að vinna olíu og gas innan kannski 8–10 ára.

Þá mun þjónusta við iðnaðinn aukast verulega en hann er samt töluverður á því tímabili sem rannsókn er í gangi. Skipin þurfa vistir, varahluti, rekstrarvörur og vinnuafl. Þess vegna er mjög mikilvægt að öll þessi þjónusta fari í gegnum íslenska höfn og eru lagðar til breytingar á frumvarpinu sem lúta að því að tryggja það og sett inn skilyrði varðandi skipulag leyfishafa og starfsemi hans hér á landi. Lögð er til sú breyting að kveðið verði á um að leyfishafi skuli hafa skipulag sem tryggi sjálfstæða stjórnun og umsjón framkvæmda frá Íslandi á öllum þáttum tengdum kolvetnisstarfsemi sinni hér á landi. Í þessu felst öll umsýsla og þjónusta við leyfishafa og að áhafnarskipti fari einnig fram í gegnum Ísland. Þetta er mjög mikilvægt í lögunum að mínu mati.

Fyrirtæki í þessum iðnaði úti um allan heim vita að í hverju landi gilda mismunandi lög um þessa starfsemi sem fyrirtækin þurfa að fara eftir. Þess vegna er enn mikilvægara að lögin kveði skýrt á um það hvernig fyrirkomulagið á að vera hér hjá okkur í þessu mikilvæga máli. Þessa leið hafa bæði Norðmenn og Færeyingar farið.

Í Noregi eru í dag 70–80% nýsmíða og breytinga á skipum tengd olíuiðnaði og u.þ.b. 7.000 skip um allan heim eru í þjónustu við olíuiðnaðinn. Hverju skipi tengist fjöldi starfsmanna sem þurfa þjónustu.

Tækifæri sveitarfélaga á Norður- og Austurlandi eru því mikil til atvinnuuppbyggingar á þessu sviði fyrir utan allt umstang í kringum áhafnarskipti en þá þarf þyrluþjónustu því að almennt er skipt um áhöfn á skipum með aðstoð þyrlu. Þjónustan við rannsóknarskip og hafstöðvar er töruflutningar á hafi og geta ferðir verið mjög tíðar milli lands og skipa með vistir og búnað.

Virðulegi forseti. Eflaust finnst okkur olíuvinnsla á íslensku landgrunni fjarlægur draumur en ef og þegar það gerist þurfum við að vera reiðubúin að nýta þau atvinnutækifæri sem við það skapast alveg frá byrjun. Með því öflum við okkur þekkingar og reynslu í nýrri atvinnugrein sem

mun skapa ný störf á landsvæði sem hefur átt undir högg að sækja.

[00:34]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Við fjöllum um breytingar á ýmsum lögum um kolvetnisstarfsemi eins og ítrekað hefur komið fram hér í kvöld, eða það sem við köllum öðrum orðum olíu- og gasleit í íslenskri efnahagslögsögu. Ég ætla að fá að ítreka hvaðan þessi skilgreining kemur.

Kolvetni þýðir samkvæmt lögum nr. 13/2001 jarðolía, jarðgas eða annars konar kolvetni sem er til staðar í jarðlögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og er hægt að nota í fljótandi eða loftkenndu formi. Það hefur lítið með hinn fræga og umtalaða kolvetniskúr að gera og þaðan af síður eitthvað með Ásmund Stefánsson að gera, sem hefur eiginlega eignað sér Atkins-kúrinn hér á Íslandi.

Svo að við rifjum aðeins frekar upp söguna samþykkti ríkisstjórnin vorið 2005 tillögu fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, um að hefja undirbúning fyrir hugsanlega útgáfu sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á norðanverðu Drekasvæðinu rétt við Jan Mayen hrygginn. Niðurstöður þeirra rannsókna hafa verið jákvæðar. Fram hafa komið skýrar vísbendingar um að þar sé olíu og gas að finna en nauðsynlegt er að fara í frekari rannsóknir til að sannreyna að svo sé. Drekasvæðið er nyrst og austast í íslensku efnahagslögsögunni og eiginlega eins langt og við komumst frá Íslandi ef við miðum við efnahagslögsöguna og er það 42.700 ferkílómetrar að flatarmáli. Rannsóknir hafa leitt í ljós að áhugaverðar myndanir eru í jarðlögum á norðanverðu svæðinu á allt að 4.400 ferkílómetra svæði. Hluti, eða um 800 ferkílómetrar, er í norsku efnahagslögsögunni við Jan Mayen en um 3.600 ferkílómetrar eru innan íslensku lögsögunnar og er í gildi milliríkjasamningur á milli Íslendinga og Norðmanna um hvernig skipta beri kostnaði og hugsanlegum olíu- og gasfundi á milli ríkjanna.

Íslenska ríkið er samkvæmt lögum eigandi kolvetnis eða vetniskolefnis, sem er nú miklu fallegra orð, eða vetniskola, sem kann að finnast á íslensku yfirráðasvæði utan netlaga og fellur stjórn olíu- og gasmála undir iðnaðarráðuneytið. Orkustofnun er leyfisveitandi í rannsóknum og vinnslu kolvetnis á ókunnum svæðum og hafa tvö leyfi verið veitt til leitar á olíu og gasi til olíuleitarfyrirtækjanna InSeis árið 2001 og TGS Nopec árið 2002.

Það frumvarp sem við fjöllum hér um var samið sameiginlega af iðnaðarráðuneytinu og umhverfisráðuneytinu. Verið er að leggja til breytingar á áðurnefndum lögum nr. 13/2001 um þessa kolvetnisvinnslu — og það er algjörlega óþolandi að þurfa að nota þetta orð svona oft — en einnig eru lagðar til breytingar á skipulags- og byggingarlögum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum, lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda og lögum um brunavarnir — aðrar nefndir og önnur ráðuneyti hafa verið heppnari með orð, það er ánægjulegt að sjá.

Markmiðið með breytingunum er að setja skýrari lagaumgjörð um skipulag mengunarvarna og öryggismál og utan um rannsóknir, leit og vinnslu á olíu og gasi á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Einnig kemur fram að verið er að útvíkka hlutverk Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Brunamálastofnunar. Þau eiga þá einnig að taka til starfsemi við rannsóknir, leit og vinnslu á kolvetni (Gripið fram í.) og landgrunnsmarka Íslands. Lagt er til að Skipulagsstofnun ákvarði um matsskyldu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, annist gerð og framkvæmd skipulagsáætlana, veiti framkvæmdarleyfi og hafi eftirlit með leyfisskyldri starfsemi. Umhverfisstofnun er ætlað að veita starfsleyfi og hafa eftirlit með starfsemi sem getur haft í för með sér mengun í hafi eða á hafsbotni, og Brunamálastofnun á að annast eldvarnaeftirlit, staðfesta öryggismat vegna mannvirkja á svæðinu og endurskoða það mat reglulega.

Í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar eru lagðar til mjög umfangsmiklar breytingar á frumvarpinu og má gróft sagt flokka það í tvo þætti. Fyrri hlutinn snýr að þeirri kröfu nefndarmanna að þekking, reynsla og störf myndist hér á landi um rannsóknir og vinnslu á olíu og gasi. Í frumvarpinu virðist einfaldlega gert ráð fyrir að leyfishafar geti stofnað hér útibú og verið skattlagðir en engar aðrar sérstakar kröfur eru gerðar um starfsemi hér á landi. Nefndin leggur því til að fyrirtækin verði ekki bara að stofna sérstakt félag hér á landi heldur verði þau líka að vera með starfsstöð og starfsemi sem tryggir sjálfstæða stjórnun og umsjón framkvæmda frá Íslandi á öllum þáttum sem tengjast áðurnefndri kolvetnisstarfsemi. Orkustofnun verði jafnframt heimilt að setja sérstök skilyrði er lúta að þessu skipulagi fyrirtækjanna og fjármögnun þeirra.

Þetta atriði er að mínu mati mjög mikilvægt í ljósi þess að í skýrslu iðnaðarráðuneytisins frá því í mars 2007 um Drekasvæðið koma ítrekað fram þær væntingar höfunda skýrslunnar að starfsfólk við leit, rannsóknir, framkvæmdir og framleiðslu verði að langmestu leyti erlent. Það var hreinlega sláandi hversu litlar væntingar eru gerðar til sköpunar nýrra starfa fyrir Íslendinga vegna rannsókna, leitar og vinnslu olíu og gass í skýrslunni. Ég hef í fyrirspurn bent hæstv. iðnaðarráðherra á að einna helst virðist vera gert ráð fyrir einhverjum störfum við að lesa yfir umsóknir um rannsóknarleyfi og svo eru einhverjar vangaveltur um að eftir 10–20 ár, þegar erlend olíufyrirtæki hafa hugsanlega hafið vinnslu á svæðinu, verði kannski hægt að staðsetja þar eina þyrlu frá Landhelgisgæslunni auk þess sem einhver störf kunni að skapast fyrir heilbrigðisstarfsmenn vegna þjónustu við starfsmenn borpallanna.

Frumvarpið sem var lagt fram á hinu háa Alþingi virðist endurspegla þessar sorglega litlu væntingar um atvinnusköpun hjá iðnaðar- og umhverfisráðuneytinu. Ég fagna því mjög að meiri hluti iðnaðarnefndar var ekki tilbúinn að taka undir þessar væntingar, sérstaklega í ljósi þeirra válegu frétta og atburða sem við höfum verið að fást við hér á Íslandi, sem hefur síðan leitt til þess að stórastoppið er komið í sambandi við orkufrekan iðnað, samgönguframkvæmdir, byggingariðnað og svo að sjálfsögðu hinn margumtalaða fjármálageira.

Óskað var eftir upplýsingum um hvernig önnur lönd hafa reynt að tryggja sem mesta atvinnustarfsemi við vinnslu olíu og gass og í þeirri yfirferð kom fram að í norskum lögum um kolvetnisstarfsemi er lagaákvæði sem ætlað er að tryggja sem mesta starfsemi í þessari atvinnu-

grein í landinu, þannig að á því verði tekið og óskað eftir því að mjög skýrt komi fram að fyrirtækin geti ekki einungis stofnað útibú hér og verið skattlaus heldur yrðu þau að stjórna starfsemi sinni og reka héðan frá Íslandi.

Nefndarmenn í meiri hluta í iðnaðarnefnd, og raunar allir nefndarmenn, töluðu um það hversu mikilvægt er að byggja upp menntun og rannsóknir á þessu sviði. Því er það lagt til í áliti meiri hluta iðnaðarnefndar — og minni hlutinn hefur tekið mjög sterklega undir þá kröfu — að stofnaður verði sérstakur menntunar- og rannsóknarsjóður að færeyskri fyrirmynd og þurfi væntanlegir leyfishafar að greiða árlegt framlag í hann. Sjóðurinn verði síðan nýttur til þess að byggja upp þekkingu og menntun á sviði olíu- og gasvinnslu hér á landi bæði við háskólana og hjá fyrirtækjum.

Hin stóra breytingin sem ég nefndi — flokka má breytingarnar í tvo aðalþætti — er sú að teknar eru út fyrirhugaðar breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Aðalathugasemdirnar sem nefndinni bárust varðandi frumvarpið vörðuðu þann þátt og má benda á að meiri hluti umhverfisnefndar tók undir þær athugasemdir sem iðnaðarnefnd bárust. Þær athugasemdir komu m.a. frá Skipulagsstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins og voru þess efnis að verið væri að útvíkka hlutverk Skipulagsstofnunar á þann máta að Skipulagsstofnun fengi algjörlega nýtt hlutverk. Fulltrúar stofnunarinnar sem komu á fund nefndarinnar töluðu mjög skýrt þess efnis að þeir teldu raunar að frumvarpið brjóti í bága við góða stjórnsýsluhætti þar sem stofnuninni er ætlað að gera áætlanir, meta umhverfisáhrif, veita leyfi og sinna eftirliti með leyfishöfum og sitja þannig ekki báðum megin við borðið heldur hreinlega allan hringinn. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til að þessi ákvæði í frumvarpinu verði felld út og að Orkustofnun muni áfram sinna afgreiðslu á rannsóknar- og vinnsluleyfum. Var það m.a. byggt á því að Orkustofnun er samkvæmt gildandi lögum ætlað að leita umsagnar hjá umhverfis- og sjávarútvegsráðuneyti.

Einnig er lagt til að lögfestur verði sérstakur samráðshópur eftirlitsaðila þar sem allar stofnanir sem sinna eftirliti á þessu sviði eigi fulltrúa. Var m.a. tekið undir ábendingar hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur um það að Náttúrufræðistofnun kæmi þar að, sem er í samræmi við athugasemdir sem bárust frá umhverfisnefnd.

Það kom líka mjög skýrt fram í umsögnum og hjá gestum nefndarinnar að til staðar er ákveðinn ágreiningur á milli sveitarfélaganna og umhverfisráðuneytisins um skipulagsvald sveitarfélaga og ríkisins og þá út í sjó. Sveitarfélögin hafa óskað eftir því að útvíkka skipulagsvald sitt þannig að þau nái ekki bara að mörkum netlaga heldur miðist við grunnlínu plús eina sjómílu út í haf. Þetta er ágreiningur sem áður hefur komið á borð Alþingis og þá hvað varðar skipulag á fiskeldi og einnig hefur verið mikill ágreiningur, eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir benti á, um efnistöku sem hefði nánast verið uppi í fjöru hjá sveitarfélögum.

Verið er að leggja til ákveðið bráðabirgðaákvæði, eins og segir í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Í sjötta lagi leggur meiri hlutinn til að í bráðabirgðaákvæði við lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis verði kveðið á um að iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti skuli fyrir 1. janúar 2010 hafa lokið skoðun á því hvort þörf sé breytinga á ákvæðum 14.–18. gr. þeirra laga og ákvæðum skipulags- og byggingarlaga varðandi efni, gerð og málsmeðferð skipulagsáætlana og leyfisveitinga vegna einstakra framkvæmda á grundvelli leyfa til rannsóknar og vinnslu kolvetnis útgefnum af Orkustofnun.“

Skemmtilegar umræður spunnust um það í nefndinni hvort — ef frumvarpið mundi fara í gegn án þess að þessir liðir hefðu verið teknir út — við værum þá farin að tala um að deiliskipuleggja ákveðin hafsvæði og gátu menn ekki alveg séð fyrir sér hvernig þau skipulagsgögn ættu að vera og hvort það væri óleyfilegt fyrir öldurnar að fara yfir ákveðna hæð og ég veit ekki hvað. Það var sem sagt ákveðið að við mundum leggja til að þessar greinar laganna yrðu felldar út og vona ég að sú tillaga verði samþykkt.

Eins og allir þeir sem fylgst hafa með umræðunni um íslenskt efnahagslíf vita er mjög dimmt yfir hjá okkur. Við á Alþingi ræðum dag eftir dag og kvöld eftir kvöld — núna vantar klukkuna tíu mínútur í eitt — um aukna skuldsetningu ríkisins og einstaklinga og fyrirtækja. Við erum að tala um mikinn niðurskurð hjá ríkinu og því miður líka hjá fyrirtækjum landsins og fjölskyldum. Við erum að tala um aukið atvinnuleysi og auknar álögur á Íslendinga. Nefna má nýjasta dæmið sem er hinn svokallaði bandormur ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar er m.a. verið að leggja til að kostnaðarhlutdeild sjúklinga hækki um 360 millj. kr., eldri borgarar og öryrkjar verði fyrir um 3,9 milljarða kr. skerðingu og nýbakaðir foreldrar verði af um 400 millj. kr. vegna lækkunar heildargreiðslna í fæðingarorlofi. Það má því segja að kjaftshögg eftir kjaftshögg ríði á íslenskum almenningi sem ríkisstjórnin verður algjörlega að axla ábyrgð á eftir að hafa hunsað viðvörunarorð um ástandið í fjármálageiranum og í heiminum.

Það má kannski afsaka það og hafa skilning á því af hverju hæstv. iðnaðarráðherra hefur aðeins misst sig yfir hugsanlegum olíugróða og þrýst á að þetta frumvarp yrði að lögum. Það má svo sem minna á setningu hæstv. ráðherra af vefsíðu hans, með leyfi forseta:

„Við munum fyrr eða seinna skipa okkur á bekk með olíuþjóðum heimsins. Ég bind sterkar vonir við að olía og gas muni skapa mikinn auð á Íslandi og afrakstur okkar mun allur renna í sameiginlega sjóði.“

Það kemur fram í áðurnefndri skýrslu að settir eru upp fjórir mismunandi möguleikar þar sem verið er að áætla tekjur af Drekasvæðinu. Þær tölur eru allt frá núlli upp í 3.600 milljarða kr., eins gott að hafa núllin á hreinu. Ekkert nema kostnaður ef ekkert finnst á Drekasvæðinu en ef eitthvað finnst — og talað er um möguleika 1, 2, 3 og 4, og best væri að við gætum fundið bæði olíu og gas. Ef það mundi gerast hefðum við nægan pening til þess að borga skuldir ríkisins vegna bankanna, Icesave, vexti, eiginfjáraukningu Seðlabanka og nýju bankanna og ýmislegt fleira skemmtilegt.

Það má því alveg skilja af hverju ákveðinn þrýstingur er til staðar, menn sjá kannski einhverja smávonarglætu í öllu myrkrinu. En þótt olía finnist mun það lítið hjálpa okkur á næstu árum. Við horfum til þess að olía finnist — ef hún

finnst — ekki fyrr en eftir 10–20 ár, eins og kemur mjög skýrt fram í áðurnefndri skýrslu.

Ég vona svo sannarlega að ef olía finnst þá fari menn mun varlegar en við höfum t.d. gert með bankana okkar og komið verði í veg fyrir að í staðinn fyrir bankabóluna verði olíubólan mikla. Afleiðingin af því — þó að það sé kannski ekki það sem við þurfum að hafa mestar áhyggjur af — gæti orðið sú að hæstv. iðnaðarráðherra neyddist til að loka blogginu sínu líkt og hæstv. viðskiptaráðherra neyddist til að gera þegar bankabólan sprakk.

Að lokum vil ég þakka fyrir samstarfið í nefndinni við vinnslu frumvarpsins. Mjög vel var tekið í athugasemdir og ábendingar nefndarmanna og umsagnaraðila og ég hef því miður allt of sjaldan séð slíkt á þeim stutta tíma sem ég hef verið á Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur, 2. umr.

Stjfrv., 228. mál (gerð skattframtala o.fl.). — Þskj. 313, nál. 406.

[00:51]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og skattanefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Það er að finna á þskj. 406.

Í þingskjalinu kemur fram hvaða gestir komu til nefndarinnar og hvaða umsagnir við fengum.

Í frumvarpinu er fjallað um nokkrar breytingar á ákvæðum tekjuskattslaga. Má þar nefna ákvæði um skattfrelsi greiðslna Endurhæfingarsjóðs, meðferð söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði, skilyrði vaxtabóta, skilyrði barnabóta, einföldun framtalsskila og sjálfvirka upplýsingaskyldu. Einnig er að finna í frumvarpinu ákvæði til bráðabirgða sem ætlað er að koma í veg fyrir afturvirk áhrif laga nr. 38/2008 á tilgreinda söluaðila hlutabréfa.

Nefndin ræddi sérstaklega ákvæði 7. gr. frumvarpsins, um sjálfvirka upplýsingaskyldu banka, sparisjóða og annarra fjármálafyrirtækja gagnvart skattyfirvöldum. Fram kom að tilgangur þess væri að tryggja jafnræði í skattframkvæmd, þar með talið við álagningu skatta, skattaívilnanir og greiðslu bóta. Skattyfirvöld gætu á grundvelli þess haft eftirlit með að fjármálafyrirtæki haldi réttilega eftir staðgreiðslu skatta vegna tilgreindra fjármagnstekna. Þá væri ákvæðið liður í áformum skattyfirvalda skv. 6. gr. frumvarpsins um að aflétta framtalsskyldu af tilgreindum hópi framteljanda.

Á fundum nefndarinnar var sjálfvirk upplýsingaskylda rædd annars vegar með hliðsjón af þeim trúnaðarskyldum sem bankar bera almennt gagnvart viðskiptavinum sínum og hins vegar með tilliti til sérstakra aðstæðna í íslensku efnahagslífi. Undirstrikað var það sjónarmið að greiður aðgangur að umræddum upplýsingum gerði framkvæmd skattskila áreiðanlegri. Aðrir töldu að frumvarpsgreinin væri of víðtæk og til þess fallin að rýra traust á íslensku fjármálakerfi.

Nefndin leggur til breytingu á 7. gr. frumvarpsins og er hún gerð til að sætta öndverð sjónarmið skattyfirvalda og Samtaka fjármálafyrirtækja í málinu. Til viðbótar við það sem að framan er rakið hefur verið bent á að það geti reynst tæknilega erfitt að afhenda umræddar upplýsingar.

Nefndin leggur einnig til breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins. Auk þess bendir nefndin á að henni hafa verið gefnar þær skýringar á ákvæðum 1. gr. og a-liðar 2. gr. frumvarpsins að um formbreytingu sé að ræða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem kemur fram í umræddu þingskjali.

Hv. þm. Birkir J. Jónsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Ögmundur Jónasson, Bjarni Benediktsson, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Jakobsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir.

Mig langar rétt aðeins til að koma með hugleiðingar frá eigin brjósti um skattfrelsi styrkja úr Endurhæfingarsjóði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Ég tel mjög mikilvægt að þessi endurhæfingarsjóður fari í gang. Hann er afskaplega mikilvægur til að efla tengsl fólks við atvinnulífið, hvort sem þau tengsl hafa rofnað vegna sjúkdóma eða slysa, og það hefur sýnt sig að ef þessi tengsl rofna lengur en í hálft ár eru verulegar líkur á því að viðkomandi fari aldrei aftur á vinnumarkað. Þess vegna er endurhæfingarsjóður mjög gott fyrirbæri.

Hins vegar er skattfrelsi slíkra greiðslna alltaf dálítið varasamt. Fólk sem ekki nýtur þessara greiðslna en notar hins vegar sambærilega þjónustu, kaupir sér þjónustu til endurhæfingar, læknisþjónustu eða annað slíkt þarf að borga skatt af tekjum sínum til að standa undir greiðslunum. Tekjur sínar nota menn annaðhvort til eyðslu eða sparnaðar og borga skatt af hvoru tveggja. Þess vegna getur verið dálítið varasamt að fara mjög víða með svona skattfrelsi.

Ég vildi bara koma inn á þetta atriði sérstaklega. Það urðu miklar umræður um afhendingu gagna úr bönkunum en ég held að því hafi verið lent sæmilega. Þessi gögn gera það að verkum að skattstjóri getur í raun talið fram fyrir fólk og það er náttúrlega heilmikill munur þegar fólk þarf ekki lengur að telja fram sjálft.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 00:56.

64. FUNDUR

laugardaginn 20. desember,
kl. 9.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Peningamarkaðs- og skammtímasjóðir, beiðni um skýrslu, 253. mál, þskj. 407. *Hvort leyfð skuli.*
2. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 243. mál, þskj. 357, nál. 404, 405 og 410. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Fjáraukalög 2008, stjfrv., 239. mál, þskj. 350, nál. 384 og 408, brtt. 385. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Kolvetnisstarfsemi, stjfrv., 152. mál, þskj. 176, nál. 386 og 403, brtt. 387. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Tekjuskattur, stjfrv., 228. mál, þskj. 313, nál. 406. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 264. mál, þskj. 428. — Ein umr. *Ef leyft verður.*
7. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 249. mál, þskj. 379. — 3. umr.
8. Kjararáð, stjfrv., 210. mál, þskj. 412. — 3. umr.
9. Dýravernd, stjfrv., 186. mál, þskj. 413. — 3. umr.
10. Tollalög, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 231. mál, þskj. 317, nál. 423. — 2. umr.
11. Virðisaukaskattur, vörugjald o.fl., stjfrv., 247. mál, þskj. 364, nál. 414, brtt. 421. — 2. umr.
12. Fjárhagsleg fyrirgreiðsla úr ríkissjóði til málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum, frv., 248. mál, þskj. 365, nál. 415. — 2. umr.
13. Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, stjfrv., 246. mál, þskj. 363, nál. 425 og 430, brtt. 426 og 429. — 2. umr.
14. Ríkisútvarpið ohf., frv., 262. mál, þskj. 424. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Herdís Þórðardóttir, 8. þm. Norðvest. [09:34]

Útbýting:

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 246. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 430.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:34]

6. og 14. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 42 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Peningamarkaðs- og skammtímasjóðir.

Beiðni KHG o.fl. um skýrslu, 253. mál. — Þskj. 407.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:35]

Beiðni leyfð til viðskiptaráðherra með 46 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 243. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 357, nál. 404, 405 og 410.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:36]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum ber vott um ranga forgangsröðun, ef ekki brenglað siðferðismat. Hverjir eru líklegastir til að hafa það af í kreppunni sem fram undan er? Það er hátekjufólkið. Er hér að finna hátekjuskatt? Nei. Hverjir eru líklegastir til að eiga erfiðast uppdráttar? Það eru skuldugir húsnæðiskaupendur, ráðist er á þá vegna þess að vaxtabætur eru skertar að raungildi. Barnafólkið mun koma til með að eiga erfitt og ráðist er á það, barnabætur eru skertar að raungildi. Ráðist er á aldraða og öryrkja og bætur þeirra skertar að raungildi, að þremur fjórðu. Þeir sem eru inni í almannatryggingakerfinu koma til með að sæta skerðingum. Bændur koma til með að eiga erfitt uppdráttar, aðföng öll verða dýrari. Ráðist er á þá.

Stefna ríkisstjórnarinnar birtist í hnotskurn í því frumvarpi sem við göngum til atkvæða um.

[09:37]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Við greiðum atkvæði um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem bera vott um mjög sorglega forgangsröðun. Hverjir eru það sem þurfa að greiða fyrir hagstjórnarmistök síðustu mánaða? Það eru aldraðir, [Hlátur í þingsal.] öryrkjar, húsnæðiseigendur og barnafólk. Með ólíkindum er að horfa á stjórnarliða hlæja að þessu. Síðast (**Utanrrh.:** Við erum að hlæja að þér.) en ekki síst eru það bændur (Gripið fram í.) og það eru kaldar kveðjur frá Sjálfstæðisflokknum að gengið sé á skriflega samninga við þá stétt. Hafi einhvern tíma verið þörf á að standa vörð um matvælaöryggi landsins og þessa mikilvægu stétt þá er það núna. Sorglegt er að sjá Sjálfstæðisflokkinn beita sér gegn því, því þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin er að fara að samþykkja hér munu enn auka á verðbólgubálið, öllum til tjóns. En ríkisstjórnin styðst ekki við neina nema sjálfa sig. Ekkert samráð er haft við aðila úti í þjóðfélaginu þannig að ég vísa alfarið ábyrgð á hendur ríkisstjórninni í þessu skammarlega máli.

[09:38]

Árni Páll Árnason (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Í þessu frumvarpi sýnir ríkisstjórnin rétta forgangsröðun. Aðgerðirnar miðast við að tryggja sem best hag þeirra sem lakast standa. Úrræðaleysi stjórnarandstöðunnar er átakanlegt í þessari umræðu. Hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ekki boðið upp á annað en taumlausan ríkissjóðshalla sem að óbreyttu mun kalla yfir þjóðina (Gripið fram í.) annaðhvort óðaverðbólgu eða ofurvexti nema hvort tveggja sé. Algerlega ljóst er (Gripið fram í.) — það er verið að gera grein fyrir atkvæði. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Í þessari atkvæða-

greiðslu eru greidd atkvæði um aðgerðir sem hafa það að markmiði að taka á brýnum vanda með þeim eina hætti sem hægt er, aðhaldsaðgerðum. (Gripið fram í.) Hér er gengið fram mjög skynsamlega og forgangsraðað með réttum hætti, (**SJS:** Setja inn á sjúkrahúsin.) sem stjórnarandstaðan hefur ekki treyst sér til að gera. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að leyfa þeim sem eru í ræðustól hverju sinni að tala.)

[09:40]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Í málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar eru valdar álögur á nokkra hópa í þjóðfélaginu, bændur, eldri borgara og barnafólk. Forgangsröðunin er furðuleg, vægast sagt. Ég lýsi andstöðu við frumvarpið.

1. gr. samþ. með 32:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, ISG, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

nei: AtlG, EyH, GAK, JBjarn, JM, KHG, ÖJ.

10 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, HSH, KJak, KolH, MS, SF, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁKÓ, BÁ, BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, KaJúl, ÓN, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 31:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, ISG, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GAK, HSH, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, VS, ÖJ.

15 þm. (ÁKÓ, BÁ, BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, KaJúl, ÓN, RGuðb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:42]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér fer hæstv. ríkisstjórn einhliða inn í búvörusamninga en samkvæmt lögfræðiáliti sem fulltrúar í hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hafa undir höndum getur ríkisvaldið ekki gert það án þess að samkomulag sé um það við mótaðilann, sem eru Bændasamtökin. Þetta er mjög gróf aðgerð gegn bændastéttinni og alvarleg á þeim tímum sem við lifum nú þegar bændur eru mjög illa staddir fjárhagslega, ekki síst vegna gríðarlegs fjármagnskostnaðar sem þeir þurfa að bera eins og aðrir í þessu þjóðfélagi. Þannig að við framsóknarmenn munum greiða atkvæði gegn þessari grein.

[09:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér brýtur ríkisstjórnin samning við bændur um þann kjarasamning, framleiðslusamning, sem gerður var milli þessara aðila og staðfestur af þeim. Þarna á að krækja í 800 millj. af bændum. Hafa skal í huga að samtímis óskar ríkisstjórnin eftir fjármagni til að greiða kostnað við að yfirtaka matvælalöggjöf Evrópusambandsins, á annað hundrað millj. kr. hafa farið í það verkefni ef þetta ár verður tekið með. Þar er forgangsröðunin. Innleiðing matvælalöggjafar sem mun reynast bændum og matvælaiðnaði mjög hættuleg og stefna fæðuöryggi þjóðarinnar í hættu. Þetta er forgangsröðin, ESB gegn bændum. Ég segi nei.

3.–4. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, ISG, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, SKK, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

4 þm. (BJJ, EyH, MS, VS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁKÓ, BÁ, BjarnB, BjörkG, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, KaJúl, KÓ, ÓN, RGuðb, SF, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 31:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, ISG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

nei: AtlG, GAK, JBjarn, JM, SJS.

11 þm. (ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, HSH, KJak, KolH, MS, SF, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, BÁ, BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, KaJúl, KHG, ÓN, RGuðb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 32:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, ISG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, HSH, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SF, SJS, VS, ÖJ.

2 þm. (GAK, KHG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁKÓ, BÁ, BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, KaJúl, ÓN, RGuðb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í þessum kafla hefjast árásir ríkisstjórnarinnar á aldraða og öryrkja. Í fyrsta skipti er lögum, sem voru sett þeim til varnar árið 1998, vikið brott. Í fyrsta skipti sem reynir á þessi lög er þeim vikið brott og það gerir Sjálfstæðisflokkurinn, við þekkjum hann af verkum hans frá stjórnarsetu síðan 1991, en nú erum við fyrir alvöru að kynnast Samfylkingunni, sem mun heita líka, að ég hygg, Jafnaðarmannaflokkur Íslands. Það þarf að fletta því upp hvort þetta er svo en sé það rétt, þá legg ég til að þetta verði tilefni til þess að Samfylkingin breyti nafni sínu og heiti hér eftir bara Samfylking og taki sér aldrei í munn orðið jöfnuður. (**LB:** Er þetta atkvæðaskýring?) Ég greiði atkvæði gegn þessu. (Gripið fram í.) Við greiðum atkvæði um tillögur Samfylkingarinnar um lagabreytingar Samfylkingarinnar sem fela í sér (Gripið fram í.) stórfelldar árásir á aldraða og öryrkja á Íslandi (Gripið fram í.) og nú hlær Samfylkingin.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti tekur eftir því að fólk kemur afskaplega hresst og vel vakandi til dagsins.)

7. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, ISG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, HSH, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁKÓ, BjarnB, EMS, GMJ, GAK, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, KaJúl, ÓN, RGuðb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 404,1 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, ISG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GAK, HSH, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SF, SJS, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁKÓ, BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, KaJúl, ÓN, RGuðb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, ISG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

nei: JM.

15 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GAK, HSH, JBjarn, KJak, KolH, MS, SF, SJS, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁKÓ, BjarnB, BjörgvS, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, KaJúl, ÓN, RGuðb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

9.–12. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, ISG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GAK, HSH, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SF, SJS, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁKÓ, BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, KaJúl, KHG, ÓN, RGuðb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, ISG, JóhS, JónG, JM, KVM, KÓ, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GAK, HSH, JBjarn, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁKÓ, BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, KaJúl, ÓN, RGuðb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

14.–15. gr. samþ. með 33:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, ISG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GAK, HSH, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, VS, ÖJ.

13 þm. (ÁKÓ, BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, KaJúl, ÓN, RGuðb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:49]

Helga Sigrún Harðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að fá að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið af hv. þm. Ögmundi Jónassyni, því hér halda árásir á eldri borgara og öryrkja áfram. Sennilega er rétt sem hv. þm. Árni Páll Árnason sagði áðan að hér er um rétta forgangsröðun ríkisstjórnarinnar að ræða og þá vitum við það. Samfylkingin er hlaupin frá öllum kosningaloforðum sínum. Í umræðunni tekur hún nánast engan þátt og einn þingmaður mætti við umræðuna um þessa lagasetningu í gær, hv. varaformaður Samfylkingarinnar, Ágúst Ólafur, með vítissóda og ræstiduft að vopni og líklega klósettbursta — (Gripið fram í.) Ágúst Ólafur Ágústsson, hæstv. forseti, — til að reyna að hvítskúra Samfylkinguna, sem fyrir löngu er hlaupin frá öllum loforðum sínum, en, virðulegi forseti, það dugði ekki til. (Gripið fram í.)

16.–17. gr. samþ. með 35:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, ISG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GAK, HSH, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, VS, ÖJ.

11 þm. (BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, KaJúl, ÓN, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:50]

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Hér verða vatnaskil í íslenskri heilbrigðisþjónustu. Ríkisstjórnin stefnir að því að selja inn á sjúkrahúsin á næsta ári og hyggst þyngja byrðar sjúklinga enn og þá sérstaklega þeirra sem eru svo hundveikir að þeir verða að vera rúmliggjandi inni á spítölunum. Þetta segir hinn svokallaði jafnaðarmannaflokkur Íslands að sé rétt forgangsröðun og þá vita menn það. Nú þegar greiða sjúklingar beint úr buddunni um 18% af kostnaði við heilbrigðisþjónustuna, um 20 milljarða kr. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem hér liggur fyrir á nú enn að bæta í það um 1.100 millj. kr. og með þessu ákvæði á að taka upp nýjan sjúklingaskatt upp á 360 millj. kr. og eins og ég segi þá verða þau vatnaskil að sjúklingar þurfa að borga fyrir að liggja á spítölum. Ég segi nei.

[09:51]

Eygló Harðardóttir:

Herra forseti. Ég held að í þessu máli geti Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn hlakkað yfir því að standa við kosningaloforð sín þess efnis að einkavæða eigi sem flest í heilbrigðiskerfinu. Með þessu skrefi er fólk vanið við að það eigi að borga fyrir allt innan heilbrigðiskerfisins, alveg sama hvað það er. Talað er um 110 millj. sem koma hugsanlega inn með þessu nýja innlagnargjaldi og önnur gjöld sem eru rukkuð inni í kerfinu verða síðan hækkuð til að ná því sem vantar upp á þessar áætluðu 360 millj. Starfsmenn Landspítalans hafa m.a. bent á að hægt væri að ná þessum 110 millj. hreinlega með því að fara í framkvæmdir og sameina bráðamóttökurnar og geta þar með bæði fjölgað störfum og náð mikilli hagræðingu í rekstri spítalans, þannig að ekki þyrfti að leggja þessar auknu álögur á sjúklingana sjálfa. Því segi ég nei.

[09:53]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Eins og allir vita er Ísland að ganga inn í mjög djúpa kreppu. Við neyðumst til að skera víða niður og m.a. í velferðarkerfinu. Við förum ekki í neinn feluleik með það. En það er rangt að gefa í skyn að hér sé verið að brjóta eitthvert blað, það séu einhver vatnaskil. Íslendingar vita að margs konar gjöld eru í heilbrigðiskerfi okkar. (Gripið fram í.) Sjúklingagjöld á Landspítalanum eru nú um 2 milljarðar. Kostnaðarhlutur sjúklinga í íslenska heilbrigðiskerfinu er um 20 milljarðar þannig að hin mikla kostnaðaraukning sem við færum á sjúklinga er um 2%. Við reynum að forgangsraða í þágu velferðar, við erum að vernda vaxtabæturnar, skattleysismörkin (Gripið fram í.) og barnabæturnar. (Gripið fram í.) Lægstu bætur hafa hækkað um 50% (Gripið fram í.) á einu ári. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Lægstu bætur hafa aldrei verið eins háar í samanburði við dagvinnutryggingu og þetta vita þingmenn. Ef við stöndum frammi fyrir 175 milljarða kr. halla er ábyrgðarhluti (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) að vísa þeim halla til framtíðarinnar eins og hv. þingmenn Vinstri grænna (Forseti hringir.) vilja gera. (**ÖJ:** Í hvaða flokki er þingmaður?)

[09:54]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Allir Íslendingar vita að við horfum nú fram á erfiða tíma. Það er einlægur ásetningur ríkisstjórnarinnar, og það er slæmt að heyra að einhverjir vilji afbaka það, og kemur fram í þessum frumvörpum að vernda velferðarþjónustuna. (Gripið fram í.) Í grófum drættum má segja að hægt sé að gera þrennt þegar kemur að velferðarþjónustunni við þessar aðstæður. Í fyrsta lagi er hægt að minnka þjónustuna. Í öðru lagi er hægt að fara í mikla hækkun þjónustugjalda og í þriðja lagi er hægt að gera það sem ríkisstjórnin er að gera, (Gripið fram í.) að taka á rekstrinum. Það er ekki einfalt mál en það er nokkuð sem við ætlum að gera til að reyna að viðhalda og helst efla það þjónustustig sem hér er til staðar. Það er algerlega fráleitt að standa upp (Forseti hringir.) og halda því fram að ekki séu þjónustugjöld fyrir heilbrigðisþjónustu í norræna módelinu. Þannig hefur það alltaf verið á Íslandi og í þeim löndum sem við berum okkur (Forseti hringir.) saman við. (Gripið fram í.)

Brtt. í nál. 404,2 (tvær nýjar greinar, verða 18.–19. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

18. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, GHH, GuðbH, GÞÞ, GSv, ISG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

17 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GAK, HSH, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, BjarnB, EMS, EBS, GMJ, GSB, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, KaJúl, ÓN, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til efh.- og skattn.

Fjáraukalög 2008, frh. 2. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 350, nál. 384 og 408, brtt. 385.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[09:58]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Við tökum fyrir 2. umr. fjáraukalaga og ég vil gera grein fyrir nokkrum málum sem verða skoðuð milli 2. og 3. umr. m.a. mál sem lúta að 2,3 milljarða kr. hlutafé við stofnun nýju bankanna, eins og hæstv. fjármálaráðherra gerði grein fyrir á fundi með fjárlaganefnd 12. nóvember. Einnig er verið að skoða ýmsar 5. og 6. gr. heimildir, svo og uppsafnaðan rekstrarvanda öldrunar- og hjúkrunarheimila og annarra stofnana, svo sem Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. En það mun koma til umfjöllunar milli 2. og 3. umr.

Að öðru leyti var samstaða um þessar 10 breytingartillögur sem komu fram í nefndinni.

[09:59]

Jón Bjarnason (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2008 er að koma til 2. umr. Það kemur óbreytt frá 1. umr. þannig að segja má að að því leyti til hafi það ekki versnað. [Hlátur í þingsal.] Engar nýjar tillögur hafa komið inn frá ríkisstjórninni. (Gripið fram í: Góður þessi.) Hins vegar er athyglisvert hið mikla stjórnleysi og óreiða sem virðist ríkja af hálfu ríkisstjórnarinnar við gerð fjárlaga. Takið t.d. eftir því að við afgreiðum fjáraukalög, aðalumræðu fjáraukalaga á árinu, án þess að minnst sé á Icesave-reikninga, hvort ábyrgðin þar gæti verið 150 milljarðar, 200 milljarðar, 500 milljarðar, 600 milljarðar, 700 milljarðar, skuldbindingar á árinu. Hins vegar ræðum við mjög ítarlega um halla á sjúkrahúsunum upp á 10–15 millj. Það vantar (Gripið fram í.) alla hina stóru og afdrifaríku þætti í þetta frumvarp.

(Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Því munum við, herra forseti, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitja hjá við afgreiðsluna. (Forseti hringir.)

[10:00]

Magnús Stefánsson (F) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp til fjáraukalaga kom mjög seint fram og talið var að það stafaði af falli bankanna en hins vegar er ekkert í frumvarpinu sem tengist því máli þannig að frumvarpið hefði getað komið fram mun fyrr. Við gerum ráð fyrir að fá tillögur fyrir 3. umr. eins og hér kom fram hjá formanni nefndarinnar.

Ég vek athygli á því að mikill uppsafnaður rekstrarhalli er hjá heilbrigðisstofnunum og öldrunarstofnunum. Verið er að taka á því að hluta til hjá heilbrigðisstofnunum en ekki öldrunarstofnunum. Þessar stofnanir munu því hefja næsta rekstrarár með halla, auk niðurskurðar í fjárlögum ef ekkert verður að gert en við þurfum auðvitað að skoða þetta á milli umræðna.

Nokkrar breytingartillögur liggja fyrir frá fjárlaganefnd sem samstaða er um. Við framsóknarmenn munum styðja þær en að öðru leyti sitja hjá við a.m.k. flestar þær tillögur sem liggja fyrir í frumvarpinu.

[10:01]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. og afgreiðslu fjáraukalaga er ljóst að ýmsar upplýsingar vantar, eins og kom fram í máli hv. þm. Gunnars Svavarssonar, formanns fjárlaganefndar. Líka kom mjög skýrt fram í nefndaráliti minni hlutans að við teldum að margar veigamiklar upplýsingar og lagfæringar vantaði inn í fjáraukann m.a. að því er varðaði öldrunarstofnanir, heilbrigðisstofnanir og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Við væntum þess auðvitað að þær tillögur berist og að við fáum tækifæri til að fjalla um þær en það verður að segjast alveg eins og er að ekki hefur verið gefinn mikill tími til að fara í gegnum breytingartillögur og lagfæringar á þessum frumvörpum.

Þær fáu tillögur sem hér eru til lagðar til lagfæringar, 10 að tölu, er samkomulag um og við munum styðja þær.

[10:02]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Í fjáraukalagafrumvarpinu er gert ráð fyrir sérstakri 125 millj. kr. greiðslu bóta til þeirra sem sættu misgjörðum á vistheimilum fyrir börn á sínum tíma og eru þær greiðslur hugsaðar í samræmi við skýrslu nefndar sem starfað hefur á mínum vegum um það mál. Ég vil greina frá því að, eins og þingheimi er kunnugt um, því miður hefur ekki unnist tími til að leggja fram frumvarp til bótagreiðslna á yfirstandandi þingi. Stefnt er að því að leggja slíkt frumvarp fram á vorþinginu og þá verður fyrirkomulag bótagreiðslnanna nánar útfært og ákveðið. Fjárveitingin sem hér er til afgreiðslu í frumvarpi til fjáraukalaga verður geymd til næsta árs og verður þá til ráðstöfunar í þessu skyni en að auki er gert ráð fyrir því að í fjárlögum fyrir árið 2009 verði sérstakt heimildarákvæði til frekari greiðslna ef væntanleg lög um þetta efni munu kveða á um slíkt.

Brtt. 385,1 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 385,2 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, RGuðb, SKK, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

13 þm. (ÁMM, BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, KaJúl, ÓN, SF, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:05]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér veitum við heimild til þess að greiða fyrir rannsókn á aðdraganda á orsökum falls bankanna á Íslandi á þessu ári. Við setjum 30 millj. í það og ég vil taka fram að mjög mikilvægt er að rannsóknin fari vel af stað og vandað sé til hennar og það mun kosta, þannig að það er með mikilli ánægju sem við greiðum atkvæði, alla vega sú er hér stendur, um þetta og ég tel að þetta gæti orðið dýrara. Það þarf að ráða sérfræðinga til aðstoðar, jafnvel erlenda, og mjög mikilvægt að engu verði til sparað þannig að sú er hér stendur mun ekki gagnrýna þótt upphæðin yrði jafnvel hærri. Það þarf að rannsaka og rannsaka vel og það mun kosta og sú er hér stendur mun styðja það alveg út í gegn.

Brtt. 385,3–9 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 385,10 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KJak, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

14 þm. (ÁI, BjarnB, EMS, EBS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, KVM, KaJúl, ÓN, SVÓ, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þarna er verið að veita 7 millj. kr. til að lagfæra ós Skjálfandafljóts sem ég í sjálfu sér styð en legg áherslu á að þar sé unnið mjög vandlega og í nánu samráði bæði við alla landeigendur sem þar eiga hagsmuna að gæta og alla þá sem tengjast umhverfismálum, umhverfisaðilum og skipulagsmálum, og unnið sé af mikilli vandvirkni og í samkomulagi. Þetta er viðkvæmt (Gripið fram í.) — já, já, bara árétta það eins og gert hefur verið, segir hv. þm. Kristján Þór Júlíusson, ég tek undir það en undirstrika að þarna þarf að fara af mikilli gát.

Sundurliðun 2, svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, ISG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, GAK, JBjarn, JM, KJak, KolH,

SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BjarnB, EMS, EyH, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, KaJúl, ÓN, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, IllG, ISG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

13 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, EyH, GAK, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BJJ, BjarnB, EMS, GMJ, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, KaJúl, ÓN, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, IllG, ISG, JóhS, JónG, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GAK, HSH, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SF, SJS, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, KaJúl, ÓN, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til fjárln.

Kolvetnisstarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 152. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 176, nál. 386 og 403, brtt. 387.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:09]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Eins og fram kemur í minnihlutaáliti þeirrar sem hér stendur frá hv. iðnaðarnefnd þá tel ég að málið sé ekki fullunnið og að þrýstingur sá sem iðnaðarráðuneytið hefur lagt á afgreiðslu þess fyrir jólahlé sé ekki í samræmi við þær kröfur sem gera verður til vandaðrar vinnu í nefndum þingsins.

Minni hlutinn hyggst freista þess að fá málinu frestað þannig að hægt sé að vinna það betur og ná fram tilteknum breytingum á því milli umræðna, sem hér var gert grein fyrir í gærkvöldi eða gærnótt, þannig að hægt verði að ganga frá málinu svo þingið hafi af því fullan sóma. Við vinstri græn munum því sitja hjá við einstakar greinar frumvarpsins, sem og þær 15 breytingartillögur sem hv. meiri hluti nefndarinnar flutti og óska eftir því að málið gangi til nefndar aftur á milli umræðna.

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, ISG, JóhS, JónG, JM, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb.

8 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BJJ, BjarnB, EMS, GMJ, GAK, HHj, HerdÞ, HöskÞ, KaJúl, MS, ÓN, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, ISG, JóhS, JónG, JM, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb.

8 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, KaJúl, ÓN, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 387,1 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, ISG, JóhS, JónG, JM, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb.

8 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, KaJúl, ÓN, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

3.–6. gr. (verða 4.–7. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, ISG, JóhS, JónG, JM, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb.

8 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, KaJúl, ÓN, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 387,2–15 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, ISG, JóhS, JónG, JM, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb.

8 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, KaJúl, ÓN, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

7.–28. gr. (verða 8.–26. gr.), svo breyttar, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, ISG, JóhS, JónG, JM, KVM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb.

8 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, KaJúl, ÓN, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til iðnn.

Tekjuskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 228. mál (gerð skattframtala o.fl.). — Þskj. 313, nál. 406.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:12]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 406,1 samþ. með 52 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 406,2 samþ. með 52 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 264. mál. — Þskj. 428.

[10:15]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir svohljóðandi tillögu til þingsályktunar:

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 2008 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 20. janúar 2009.

Tillaga þessi skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:15]
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÖJ.

11 þm. (BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, KaJúl, ÓN, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 436).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 249. mál. — Þskj. 379.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:16]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÖJ.

11 þm. (BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, KaJúl, ÓN, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 437).

Kjararáð, 3. umr.

Stjfrv., 210. mál (launalækkun alþingismanna og ráðherra). — Þskj. 412.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:16]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum þetta frumvarp en höfum haft á því ákveðna fyrirvara sem fram hafa komið í umræðum um málið. Við stóðum að tillögum sem snúa að kjarajöfnun, að aðeins yrði hreyft við kjörum þeirra sem hæst hafa launin. Önnur laun yrðu ekki hreyfð. Tillaga okkar gekk út á að kjaraskerðing yrði ekki á laun undir 450 þús. kr. — verðbólgan mun sjá um það, því miður — einvörðungu hinna sem eru með há laun. Þess vegna var það réttmætt sem t.d. kom fram í málflutningi hv. þm. Karls V. Matthíassonar um að álitamál væri hvort réttmætt væri að skerða kjör hópa, stétta, sem heyra undir kjararáð. (Forseti hringir.) Ég tek undir þau sjónarmið sem fram komu hjá honum. Þetta mega ekki verða skilaboð út í þjóðfélagið um að atvinnurekendum, hvort sem er á almennum launamarkaði (Forseti hringir.) eða hjá hinu opinbera, áskotnist siðferðislegur réttur til að ráðast á kjör fólks. Ég minni á að ólöglegt er að skerða kjarasamningsbundin laun.

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, KJak, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÖJ.

2 þm. (GAK, JM) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ,

KVM, KaJúl, ÓN, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 438).

Dýravernd, 3. umr.

Stjfrv., 186. mál (hlutverk tilraunadýranefndar og gjaldtökuheimild). — Þskj. 413.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:19]

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, IllG, ISG, JóhS, JónG, JM, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, PHB, RR, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb.

15 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GAK, HSH, JBjarn, KJak, KolH, MS, SF, SJS, VS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BjarnB, EMS, GMJ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, KVM, KaJúl, ÓN, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 439).

Tollalög, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, 2. umr.

Stjfrv., 231. mál (tollfrjáls innflutningur ferðamanna á varningi o.fl.). — Þskj. 317, nál. 423.

[10:20]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og skattanefnd en það er að finna á þskj. 423.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ögmund Hrafn Magnússon.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á tollalögum, lögum um virðisaukaskatt og lögum um gjald af áfengi og tóbaki að teknu tilliti til athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun.

Lagt er til að ákvæði um afmörkun heimilda til innflutnings á varningi, þar með talið áfengi og tóbaki, verði færð í lög. Í öðru lagi er lagt til að heimild til tímabundins innflutnings bifreiða skv. a-lið 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga nái jafnframt til nýrra og óskráðra bifreiða sem fluttar eru inn frá öðru EES-ríki. Lagt er til að fyrirtækjum, sem eru staðsett í sömu ríkjum, verði heimilt að flytja tímabundið inn bifreiðar fyrir starfsfólk sitt hér á landi, óháð búsetu þess, vegna sérstakra verkefna. Í þriðja lagi er lagt til að ferðamenn og farmenn skuli ótilkvaddir gera grein fyrir hærri fjárhæðum en nemur 10.000 evrum í stað 15.000 evra í núgildandi lögum. Einnig er lagt til að tekinn verði af vafi um að skyldan taki jafnframt til handhafabréfa, þar með talið ferðatékka. Í fjórða lagi er lagt til að kveðið verði á um það í lögum að farmenn geri skriflega grein fyrir öllum þeim varningi sem þeir hafa meðferðis til landsins. Loks er lagt til að heimilt verði að fresta gjalddaga á greiðslufresti í tolli vegna virðisaukaskatts fram að uppgjöri almennra virðisaukaskattsskila þegar aðilinn sem um ræðir er að jafnaði með hærri innskatt en útskatt.

Nefndin gerir athugasemd við orðalag í lokamálslið bliðar 1. gr. frumvarpsins en þar er rætt um börn yngri en 12 ára. Nefndin bendir á að lög gangi almennt út frá því að einstaklingur sé barn fram til 18 ára aldurs. Skilningur nefndarinnar er því sá að með umræddu orðalagi sé átt við þau börn sem eru undir 12 ára aldri.

Loks leggur nefndin til þá breytingu að tiltekið orðalag í lokamálslið a-liðar 2. gr. verði fellt brott en nefndin telur það óþarft.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem er að finna á viðkomandi þingskjali.

Hv. þm. Gunnar Svavarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins. Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Bjarni Benediktsson, Birkir J. Jónsson, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Jakobsdóttir, Árni Þór Sigurðsson og Ólöf Nordal.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, vörugjald o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 247. mál (framlenging ákvæða um lækkun gjalda af vistvænum ökutækjum). — Þskj. 364, nál. 414, brtt. 421.

[10:23]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, frá hv. efnahags- og skattanefnd, en nefndarálitið er að finna á þskj. 414.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að framlengja tímabundið undanþágur frá vörugjöldum og virðisaukaskatti sem gilda um tiltekin vistvæn ökutæki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þingmenn Ögmundur Jónasson og Birkir J. Jónsson gera fyrirvara við álit þetta.

Hv. þingmenn Gunnar Svavarsson, Lúðvík Bergvinsson og Katrín Jakobsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Ögmundur Jónasson, með fyrirvara, Bjarni Benediktsson, Birkir J. Jónsson, með fyrirvara, og Jón Gunnarsson.

[10:24]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu sem er að finna á þskj. 421 við frumvarp til laga á þskj. 364, við breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt o.fl.

Ég gerði grein fyrir þessum breytingartillögum við 1. umr. en þær ganga út á það, frú forseti, að endurgreiðsla á tveimur þriðju hlutum virðisaukaskatts til kaupa á bílum sem geta flutt 18 manns eða fleiri taki ekki aðeins til hópferðabíla heldur einnig til almenningsvagna, þ.e. strætisvagna. Á þingskjalinu segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Við 1. gr. bætist nýr stafliður, a-liður, svohljóðandi: 3. málsl. í ákvæði til bráðabirgða X í lögunum fellur brott.“

Í lagatextanum stendur að ákvæðið taki ekki til almenningsvagna, þ.e. heimildin til að endurgreiða tvo þriðju hluta virðisaukaskatts af nýkeyptum hópferðabílum gildir ekki ef þeir verða notaðir sem almenningsvagnar. Þetta er fráleitt, í fyrsta lagi vegna þess að það stenst ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Enginn munur er á hvort um er að ræða hópferðabifreið eða strætisvagn og benda má á að sum fyrirtæki eru með hvort tveggja í sinni eigu og þjónustu, t.d. Strætó bs. sem er með almenningssamgöngur upp á Akranes og notar til þess hópferðabíla að einhverju leyti. En um leið og þeir verða almenningsvagnar og sinna almenningssamgöngum fæst ekki endurgreiddur af þeim þessi hluti virðisaukaskatts sem hópferðabifreiðum er tryggður.

Í öðru lagi leggjum við til að hér bætist við nýr kafli um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum í þessari grein, sem hljóði svo að í stað orðanna „skuli endurgreidd 80% olíugjalds“ í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: skal endurgreitt að fullu olíugjald.

Þetta fjallar um, frú forseti, að þegar olíugjaldið var tekið upp átti það ekki að vera meira íþyngjandi gagnvart almenningssamgöngum en gjaldtakan hafði verið áður. Reynslan hefur sýnt að 80% endurgreiðslan gerir að verkum að fyrir strætisvagna í almenningssamgöngum er nú greitt meira heldur en fyrir upptöku olíugjaldsins og því er þetta lagt til.

Ég vek athygli á því að hér eru þessi mál flutt sem breytingartillögur við árlegt framlengingarfrumvarp þeirra ákvæða sem er að finna í frumvarpi til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt o.fl. Áður hefur málið verið flutt sérstaklega á tveimur ef ekki þremur þingum. Markmiðið er auðvitað, frú forseti, að styðja við almenningssamgöngur í landinu og það er aldrei brýnna en einmitt nú að stjórnvöld geri það. Vegna hvers? Vegna þess að ekki er aðeins um loftgæðin að tefla og ábyrgð okkar í loftslagsmálum heimsins, en við mengum nú hlutfallslega meira en nokkrir aðrir Evrópubúar og er það sorgleg staðreynd. Mengunin er aðallega frá umferð. Umhverfismengun frá umferð er mesta umhverfisvandamálið á höfuðborgarsvæðinu. Mjög mikill ávinningur er að því að efla almenningssamgöngur og draga úr notkun einkabíla.

Í öðru lagi, frú forseti. Á þeim tímum sem við lifum núna, tímum gjaldeyrissparnaðar, gjaldeyrishafta, á tímum þar sem þjóðinni veitir ekki af að nýta hverja einustu krónu sem hún kann að afla í erlendum gjaldeyri til að greiða niður skuldir og greiða fyrir lífsnauðsynlega hluti sem við viljum fá inn í landið þá er hér um gríðarlega mikinn sparnað að ræða í innkeyptri olíu og bensíni. Það segir sig sjálft að ef eitthvert vit væri í aðhaldsaðgerðum og horft væri fram á veginn hjá ríkisstjórninni væri þetta ein af áherslunum sem mundi fljótt skila árangri að styðja við almenningssamgöngur þannig að fólk geti lagt einkabílunum og sparað bæði þjóðarbúinu og einstaklingum mikil fjárútlát í bensínkaupum. Því er það, frú forseti, að ef, þrátt fyrir harðæri og hallæri, einhverjum skyldi detta í hug að standa við fyrirhuguð kaup á almenningsvögnum til landsins á næsta ári væri eðlilegt að mínu viti að sömu reglur giltu og um aðra hópbíla til fólksflutninga og það fyrirtæki fengi endurgreidda tvo þriðju af virðisaukaskattinum.

Frú forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir breytingartillögunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárhagsleg fyrirgreiðsla úr ríkissjóði til málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum, 2. umr.

Frv. SKK o.fl., 248. mál. — Þskj. 365, nál. 415.

[10:31]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar um frumvarp til laga um heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði í tengslum við málshöfðun fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Nefndin telur að það geti varðað miklum almannahagsmunum að úr því verði skorið með málsókn á hendur breskum yfirvöldum hvort aðgerðir breskra stjórnvalda gegn íslenskum lögaðilum á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008 hafi brotið gegn lögum. Fyrir liggur að frestur til málsóknar rennur út í byrjun næsta árs.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt. Ellert B. Schram var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nefndarálit þetta rita, auk þess sem hér stendur, Ágúst Ólafur Ágústsson, Atli Gíslason, Sigurður Kári Kristjánsson, Siv Friðleifsdóttir, Ólöf Nordal, Karl V. Matthíasson og Jón Magnússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 2. umr.

Stjfrv., 246. mál (réttindaávinnsla o.fl.). — Þskj. 363, nál. 425 og 430, brtt. 426 og 429.

[10:32]

Frsm. meiri hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar vegna frumvarps til laga um breyting á lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum og fengið til sín gesti.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á eftirlaunakjörum alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara í því

skyni að koma á meira samræmi í lífeyrismálum ráðamanna og almennings. Í fyrsta lagi er lagt til að aldurslágmark alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara til töku eftirlauna verði hækkað úr 55 árum í 60 ár. Í öðru lagi er lagt til að réttindaávinnsla þeirra verði 2,375% fyrir hvert ár í embætti í stað 3% ávinnslu hjá alþingismönnum og 6% hjá ráðherrum og hæstaréttardómurum. Í þriðja lagi er lagt til að þessir hópar geti ekki notið samtímis eftirlauna og launa frá ríkinu og launagreiðslur komi að fullu til frádráttar eftirlaunum. Skerðingarregla gildandi laga gildir áfram um launagreiðslur vegna starfa hjá öðrum aðilum. Í fjórða lagi er lagt til að sérákvæði um eftirlaunakjör forsætisráðherra verði felld á brott þannig að um fyrrverandi forsætisráðherra gildi eftirleiðis sömu reglur og um aðra ráðherra. Loks er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að áunnin réttindi alþingismanna og ráðherra skerðist ekki. Þá er ráðgert að þær breytingar sem lagðar eru til á 15. gr. laganna gildi einungis um þá hæstaréttardómara sem skipaðir verða eftir fyrirhugaða gildistöku frumvarpsins.

Innan nefndarinnar komu fram sjónarmið um ýmsar frekari breytingar eða aðrar útfærslur á fyrirkomulagi eftirlauna þeirra sem undir þessi lög heyra og telur meiri hluti allsherjarnefndar að slík skoðun þurfi að eiga sér stað.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Ellert B. Schram skrifar undir álitið með fyrirvara.

Undir nefndarálitið rita auk þess sem hér stendur Ágúst Ólafur Ágústsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Ellert B. Schram, með fyrirvara, Ólöf Nordal og Karl V. Matthíasson.

[10:35]

Frsm. minni hluta allshn. (Atli Gíslason) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Að frumvarpinu standa sá sem hér er í ræðustól, hv. þm. Jón Magnússon og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir.

Meginmarkmið þessa frumvarps er að gera breytingar á núgildandi lögum er snúa að eftirlaunum forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Forsögu málsins má rekja til setningar laganna árið 2003 sem hafði í för með sér lögbindingu fjölmargra sérréttinda, sérstaklega til handa ráðherrum og hæstaréttardómurum. Er vandséð að það hafi tekist að öllu leyti að ná þessum markmiðum.

Minni hlutinn telur að málið hefði þarfnast mun meiri tíma í nefndinni svo unnt hefði verið að fara yfir það með fullnægjandi hætti og gulltryggja að frumvarpið næði tilgangi sínum.

Minni hlutinn telur mikilvægt að ekki gildi sérreglur fyrir forseta Íslands, ráðherra, alþingismenn og hæstaréttardómara hvað eftirlaun varðar. Það er mat minni hlutans að eðlilegast sé að þeir greiði sambærileg iðgjöld og njóti sömu réttinda og opinberir starfsmenn í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Slíkt fyrirkomulag er einfalt, auðskiljanlegt og gagnsætt auk þess að vera lýðræðislegt.

Minni hlutinn mun standa að breytingartillögum við frumvarpið sem byggðar eru á frumvarpi sem lagt hefur verið fram á Alþingi á þskj. 134 í 124. máli. Er vísað til þess um frekari rökstuðning. Hv. þm. Ögmundur Jónasson mun gera grein fyrir breytingartillögum.

[10:37]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum breytingar á lífeyriskjörum alþingismanna, forseta Íslands, ráðherra og hæstaréttardómara. Það hefur verið mikil umræða um þetta mál, talað um forréttindi o.s.frv. vegna þess að þetta er ógagnsætt. Verið er að veita ákveðin réttindi sem menn sjá ekki í fljótu bragði hvað þýða.

Undanfarið hafa verið mikil mótmæli gegn því ástandi sem ríkir, gegn ýmsu, það er reiði í fólki. Ég bind vonir við að út úr þessum mótmælum komi ákveðin gerjun, ákveðin krafa, ákveðin umræða sem muni leiða til breytinga á ýmsum þáttum í þjóðfélaginu sem gjarnan má breyta. Þar á meðal er gagnsæi, gagnsæi kjara, gagnsæi lífeyriskjara og upplýsingar um lífeyriskjör. Lífeyriskjör eru afskaplega mismunandi hér á landi. Í fyrsta lagi eru enn þá í gangi lífeyrisréttindi sem tengdust gömlu ríkisbönkunum og voru ótrúleg. Þá eru líka lífeyrisréttindi í einstökum fyrirtækjum sem voru ótrúleg, bílar til æviloka hjá sjálfseignarstofnunum o.s.frv. Það er ekki uppi á borðum, þetta veit enginn nema sá sem nýtur.

Svo eru alls konar sérkjör. Það er t.d. B-deildin hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sem er með eftirmannsregluna. Þegar kennarar tvöfölduðust í launum vegna aðlögunarsamninganna hækkuðu lífeyrisþegar allt í einu líka tvöfalt vegna þess að þeir voru með eftirmannsregluna. Síðan erum við með A-deildina þar sem borgað er 15,5% iðgjald, þar sem ríkið borgar 11,5% iðgjald á móti 4% frá launþegunum á meðan það er 12% iðgjald hjá venjulegum lífeyrissjóði og réttindi mikið lakari sem því nemur. Þó er einn stór munur á þessum tveimur kerfum sem er að hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er ríkisábyrgð á réttindunum. Þeim verður ekki breytt. Það sem breytist er ef stjórnir sjóðanna tapa fjármagni sem þeim er falið til ráðstöfunar, t.d. á bankahruninu, hækkar iðgjald ríkisins, ekki launþeganna. Þá þarf að hækka iðgjald ríkisins á meðan engin bakábyrgð er hjá almennu sjóðunum. Hjá almennu lífeyrissjóðunum verða réttindin skert, frú forseti. Það er reginmunur á þessu.

Við erum reyndar núna að leggja til að þau vikmörk sem mega að vera á milli eigna- og skuldbindinga lífeyrissjóðanna skuli víkkuð í eitt ár úr 10% í 15% til að koma í veg fyrir skerðingu vegna bankahrunsins en skerðingin mun líklega koma engu að síður. Hún kemur bara ári seinna. Þetta er eiginlega ófær staða og það er meira að segja fólk sem vinnur hjá sama vinnuveitandanum sem er í öllum þessum þrem kerfum. Sumir í B-deildinni hafa stórhækkað í lífeyri og eru jafnvel með mjög há laun og mjög góð lífeyrisréttindi, þ.e. læknar, ráðuneytisstjórar o.s.frv. Svo eru aðrir sem eru í A-deildinni með ágætiseftirlaun og er ríkisábyrgð á því. En svo er líka fólk sem vinnur hjá ríkinu, aðallega í umönnunarstéttum, láglaunafólk sem er í Eflingu, fólk sem er með 200 þús. kr. á mánuði. Lífeyrir þeirra verður skertur á sama tíma og iðgjaldið inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins verður hækkað sem þýðir aukna skatta og skerðingu fyrir þetta sama fólk. Ef menn eru sáttir við svona jafnrétti er ég undrandi, frú forseti. Þetta er nefnilega ekki jafnrétti, þetta er ójafnrétti. Þetta er dulið, þetta er falið og það veit enginn af þessu.

Við erum hér með frumvarp um lífeyrisréttindi þing-

manna. Þau eru aðlöguð að réttindum hjá ríkinu. Árið 1995 flutti ég frumvarp um að þingmenn væru með almenn réttindi eins og fólkið sem kýs þá, eins og 80% þjóðarinnar. Ég vil hafa það þannig að við upplifum sjálf hvernig er að verða skertur þegar eignin dugir ekki til, þegar áfall verður í ávöxtuninni. Það liggur ekkert fyrir við ætlum að fara út í svoleiðis og þær breytingartillögur sem hérna liggja fyrir ganga ekki út á það. Breytingartillögurnar frá hv. þingmönnum Vinstri grænna ganga út á að fara úr einu forréttindakerfinu yfir í annað. En réttindin verða tryggð, við getum alveg sofið róleg, það verður ekkert skert. Iðgjaldið verður hækkað á ríkið, frú forseti, ríkisframlagið verður hækkað. Telja menn þetta virkilega vera réttlæti á sama tíma og fólkið sem er í umönnunarstéttum, á sjúkrahúsum og elliheimilunum og út um allt er skert? Mér þykir það undarlegt. Það er undarlegt réttlæti þeirra manna sem halda slíku fram.

Til að varpa ljósi á þetta flyt ég breytingartillögu um að þingmenn geti valið sér lífeyrissjóð. Ég gæti valið almennan lífeyrissjóð, A-deildina eða hvaða lífeyrissjóð sem er. Þeir hv. þingmenn sem það velja fá launauppbót sem nemur þeim réttindamissi sem þeir verða fyrir, þeim réttindamissi sem felst í því að njóta ekki ríkisábyrgðar á réttindunum eins og 80% þjóðarinnar — það er þessi massi sem er að verða atvinnulaus núna. Þingmenn geti valið það og fá launauppbót. Þá kemur í ljós, frú forseti, hvers virði þessi réttindi eru. Þá kemur nákvæmlega í ljós hvers virði þau eru og ég mun ríða á vaðið þegar þessi breytingartillaga hefur verið samþykkt og óska eftir því að ganga í Lífeyrissjóð verslunarmanna þar sem ég á mestöll mín réttindi. Þau munu líklega verða skert þó að sá sjóður standi reyndar hvað best af öllum sjóðum vegna þess hve mikið er af ungu fólki í honum. Það eru aðrir sjóðir sem standa miklu verr, því miður, og hafa líka orðið fyrir áfalli.

Mér finnst það réttlætismál og það er krafa tímans um gagnsæi og upplýsingar að svona lagað sé gert þannig að ég skora á hv. þingmenn að samþykkja þessa tillögu. Hún er ekkert annað en heimild fyrir þingmenn til að fara út úr þessu forréttindakerfi sem þeir eru þvingaðir inn í með lögum. Ég er þvingaður inn í þetta með lögum. Ég skal greiða í þetta, ég skal njóta þessara réttinda. Ég skal hafa pikkföst réttindi þegar allur almenningur í landinu þarf að sætta sig við skerðingu, þá þarf ég ekki að sætta mig við skerðingu á þessum hluta lífeyrisréttinda minna. En þau réttindi sem ég aflaði mér á hinum frjálsa markaði áður en ég fór í þingstörfin skulu skert eins og allra hinna, 70–80% þjóðarinnar sem vinna á markaðnum og finna raunverulega fyrir þessu falli. En opinberir starfsmenn finna ekki fyrir því og þingmenn ekki heldur.

[10:45]

Frsm. minni hluta allshn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að fólkið í landinu býr við mismunandi réttindi. Hv. þingmaður nefndi sérstaklega ófaglært verkafólk og lífeyrissjóði þeirra, eða ég skildi ræðu hans þannig, og bendir á það óréttlæti. Ég er algerlega sammála því. Allir landsmenn eiga að búa við jafnan lífeyrisrétt. En er þá ekki eðlilegt, hv. þm. Pétur Blöndal, að rétta hlut ófaglærðs fólks eða rétta hlut fólks sem eru sjóðfélagar í hinum almennu lífeyrissjóðum, sem ég kalla svo, að færa þau upp þannig að þau séu mannsæmandi en lúti ekki skerðingum eins og nú blasir við vegna efnahagsstefnu ríkisstjórna Sjálfstæðisflokksins frá 1991? Ég spyr líka hv. þingmann: Hvernig megna breytingartillögur hans, sem ég veit að eru fluttar af góðum hug og með góðan tilgang, að rétta hlut þeirra sem verst eru settir í lífeyrissjóðakerfinu? Hvernig fer hv. þingmaður fram til að svara þeirri gagnrýni sem hann setur fram á misréttið? Hvað vill hann gera í þeim málum?

[10:47]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum núna að afgreiða fjárlög sem eru með mjög miklum halla vegna þeirra áfalla sem íslenska þjóðin hefur orðið fyrir, bankahruni, keðjuverkun, atvinnuleysi o.s.frv. Það er mjög mikill halli á ríkissjóði. Ef hann ætti að bæta lífeyrissjóðunum upp tap þeirra til að viðhalda réttindum þar yrði hann sennilega að bæta við nálægt 100 milljörðum. Nú veit ég ekki nákvæmlega hverju lífeyrissjóðirnir töpuðu en það sem hv. þingmaður segir er að ef við ætlum að rétta hlut almenningssjóðanna verðum við væntanlega að bæta þeim tapið af hruninu.

Ég sé ekki voðalega auðvelda leið til þess því að það mundi bara lenda á skattgreiðendum, þessu sama fólki og borgar í lífeyrissjóðina núna og verður brátt fjár vant þannig að það er engin lausn í því. Svo spyr hv. þingmaður hvernig ég sjái lausn í breytingartillögu minni. Hún er einmitt sú að sama dag og ég fer í Lífeyrissjóð verslunarmanna mun ég fá launahækkun sem því nemur, verðmæti réttindanna, og þá liggur það kristaltært fyrir hvers virði þessi réttindi eru, líka hjá opinberum starfsmönnum út um allt þjóðfélagið sem eru í A-deild og sérstaklega í B-deild. Þá munu menn ekki fimbulfamba alla daga um hve mikils virði þessi réttindi eru. Þá liggur það bara fyrir upp á krónu og aur og þá get ég verið með kjósendum mínum í Lífeyrissjóði verslunarmanna á meðan aðrir þingmenn eru í forréttindahópnum.

[10:49]

Frsm. minni hluta allshn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kom í ræðustól vegna þess að hv. þingmaður notar sér það að benda á lök kjör sjóðfélaga í hinum almennu lífeyrissjóðum. Ég skil rökstuðning hans þannig að hann vilji leiðrétta kjör allra niður á við þannig að þeir sitji við borð sem ekki er sæmandi. (Gripið fram í.) Ég hygg að hv. þingmaður ætti að huga að því.

Ég spurði líka hvernig hann sjái fyrir sér leiðréttingu. Ég er ekki að tala um leiðréttingu í fjárlögum í ár en ég spurði hv. þingmann hvernig hann gæti séð það fyrir sér til framtíðar þannig að við getum leiðrétt þessi kjör svo að allir sitji við sama borð, leiðrétt kjör þeirra sem lakast eru settir í lífeyrissjóðakerfinu. Kjör sjóðfélaga sem lakast eru settir verði færð upp. Hvernig sér hv. þingmaður það fyrir sér? Á hugsanlega að taka allt þetta inn í almannatryggingakerfið? Almanntryggingakerfið og lífeyrissjóðakerfið hafa ekki starfað saman sem skyldi. Réttindi í lífeyrissjóðum hafa orðið til skerðinga á rétti í almannatryggingakerfinu og er þá hugsanlegt að snúa til baka? Er þetta kerfi jafnsterkt og

af er látið miðað við það hrun sem orðið hefur hér?

Svo verð ég líka, frú forseti, að vekja athygli á því svo að því sé haldið til haga að alþingismenn taka hér á sig verulegar skerðingar á lífeyrisréttindum, skerðingar umfram réttindi þeirra fyrir ósómalögin 2003, svo að því sé haldið til haga. Ég er ekki staddur í ræðustól til að leggjast gegn því. Ég hygg að þingmenn þoli það en þessari staðreynd verður að halda til haga.

[10:51]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Öll velferðarkerfi og allar tryggingar eru greiddar af einhverjum og það er alltaf hinn vinnandi maður sem sér bæði um kynslóðina á undan sér og á eftir. Hann sér um uppeldi barnanna hvort sem hann gerir það með sköttum og kemur þeim á leikskóla og í grunnskóla eða hvort hann gerir það með beinni framfærslu. Það er í rauninni spurningin um dreifingu. Hann sér líka um kynslóðina á undan sér sem orðin er farlama og getur ekki unnið vegna elli. Hann sér líka um öryrkja. Svona er það.

Spurningin er hvað við ætlum að lesta hinn vinnandi mann mikið til að hafa góð kjör hjá hinum. Það er mjög mikilvægt að þau kjör séu sambærileg, að sumir séu ekki með mjög há réttindi í ellilífeyri og aðrir með lök réttindi. Ég hygg að ef þessi forréttindi opinberra starfsmanna, sérstaklega þingmanna og ráðherra, eru minnkuð og launin raunverulega sýnd, sé hægt að bæta kjör hinna sem verst eru settir. Reyndar er íslenska lífeyriskerfið alls ekki slæmt þó að það komi einstaka sinnum áföll eins og núna. Það er í rauninni tiltölulega gott miðað við alþjóðlegan samanburð. Þegar við höfum Tryggingastofnun undir sem net er það í rauninni tiltölulega gott. Ég hygg að þeir sem verst eru settir í íslenska lífeyrissjóðakerfinu eru ekki illa settir, alls ekki. En það sem er verst í þessu eru forréttindin sem sumir hafa komið upp. Ég vil benda á að þessi umræða á sér stað víðar í heiminum, t.d. í Bretlandi þar sem menn hafa komið sér upp forréttindalífeyri. Lífeyrir er nefnilega falinn, hann sést svo illa. Það er bara sá sem tekur á móti honum sem veit hvar hann er. Yfirleitt er hann ekki þekktur. Hérna í þjóðfélaginu er ótrúlegur fjöldi fólks sem hefur góðan lífeyri. Ég held að það hafi verið 800 manns árið 2005 sem höfðu meira en hálfa milljón á mánuði lífeyri samkvæmt könnun sem ég gerði.

[10:53]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég byrja á því að óska eftir því við forseta að þeir tveir ráðherrar, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra, sem mesta ábyrgð bera á þessu máli mæti og verði viðstaddir umræðuna. Mér finnst þá vanta til umræðunnar, sérstaklega í ljósi þess hver þátttaka eða aðkoma þeirra að málinu hefur verið.

Fyrir rúmum mánuði eða 22. nóvember héldu þessir tveir ráðherrar blaðamannafund og tilkynntu þær breytingar sem þeir höfðu komið sér saman um að yrðu gerðar á eftirlaunum alþingismanna o.fl. Mér finnst ekki úr vegi að þeir mæti til þingsins og geri grein fyrir sjónarmiðum sínum við þingið. Fyrst þingið er málsaðili sem þessir tveir ráðherrar töldu sig hafa stöðu til að taka ákvörðun fyrir og tilkynna það fjölmiðlum finnst mér að þeir eigi að sýna okkur þann sóma að mæta til þings og ræða við okkur um þetta mál.

Þetta mál sem hefur verið eitt það umdeildasta í íslenskum þjóðmálum undanfarin fimm ár á meira skilið en þeir sem mest hafa látið það til sín taka hverfi af vettvangi þegar það kemur til umræðu. Ég fer fram á að þeir komi til umræðunnar, virðulegi forseti, verði hér, taki þátt í henni og geri okkur grein fyrir sjónarmiðum sínum. Mér finnst það algert lágmark að þeir sem eru gerendur í málinu standi fyrir máli sínu gagnvart þeim m.a. sem það snýr að.

Ég minni á að þegar rædd var ný heildarlöggjöf um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins fyrir 12 árum, í desember 1996, var þáverandi fjármálaráðherra, Friðrik Sophusson, spurður um afstöðu sína til þess hvernig lífeyriskjörum alþingismanna og ráðherra ætti að vera háttað. Hann fór yfir það hver skoðun hans á því máli væri og sagði: Það er ekki mitt mál að flytja tillögur um lífeyrisréttindi alþingismanna. Ég lít svo á, sagði þáverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins, að það sé málefni forseta Alþingis að leiða starf um það hvernig menn kjósa að skipa þeim málum og bera fram tillögur um það. Það hefur breyst nú 12 árum síðar að það er ekki lengur afstaða forustumanna Sjálfstæðisflokksins að það sé viðfangsefni forseta Alþingis að leiða það starf og bera fram tillögur um hvernig skipa eigi málum á Alþingi varðandi alþingismenn sjálfa heldur hafa forustumenn ríkisstjórnarinnar tekið sér það vald í sínar hendur og tilkynna þinginu á blaðamannafundi hvernig þetta eigi að vera. Þeir mæta þó ekki til umræðunnar sjálfir nema tilkallaðir, boðaðir til umræðunnar eins og menn eru boðaðir til dómstóla. Þessir tveir ágætu ráðherrar voru hvergi sjáanlegir við 1. umr. málsins, ekki fremur en fuglinn fljúgandi.

Mér finnst í þessu fólgin óvirðing við þingið, lítilsvirðing við stjórnmálin sem umræðuvettvang og lítið gert úr Alþingi sjálfu með því að ætla því að taka við því sem að því er rétt og láta sér það lynda án þess að eiga einu sinni orðaskipti við þá sem að málinu standa og þeir komi upp í ræðustól til að fara yfir efnisatriðið með okkur til að útskýra hvers vegna þeir leggja þetta til. Ég tel það grundvallaratriði að menn manni sig upp í að gera slíkt. Ég tel að Alþingi eigi ekki að láta koma svona fram við sig og eigi ekki að þola það, hvorki þessum ráðherrum né öðrum, svona framkomu. Þetta er að mínu viti spegilmynd af þróuninni sem orðið hefur í íslenskum stjórnmálum á síðustu 12 árum frá því að varaformaður Sjálfstæðisflokksins stóð í þessum ræðustól og sagði: Það er ekki verkefni fjármálaráðherra að leggja fyrir þingið tillögur um lífeyrisréttindi alþingismanna. Það er verkefni forseta þingsins.

Þróunin þessi 12 ár eru foringjastjórnmálin, þróunin þar sem æ meira af pólitísku valdi hefur verið dregið í hendur á forustumönnum ríkisstjórnarflokkanna á hverjum tíma, þróun sem átti sér stað í tíð Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar. En ég hélt að þessi þróun mundi breytast með nýju fólki og að nokkru leyti nýjum flokkum en enn sem komið er sé ég engin merki þess. Ég sé bara sömu foringjastjórnmálin í báðum ríkisstjórnarflokkunum um þessar mundir. Þeir tala við þingið alveg eins og Davíð Oddsson gerði og alveg eins og Halldór Ásgrímsson gerði. Ég sé engan mun á nema kannski helst þann að það eru meiri foringjastjórnmál í þessu máli en finna má í mörgum öðrum á umliðnum 12 árum. Þessari þróun verður þingið að snúa

við og þingið snýr ekki við þessari þróun ef það lætur það viðgangast að búið sé þannig að því í kjörum langt undir því sem verið hefur og langt undir því sem það ágæta fólk sem nú situr á ráðherrabekkjunum býður því fólki sem það vill hafa í vinnu. Hvernig væri t.d. að hæstv. utanríkisráðherra upplýsti þingheim um hvaða laun ráðherrann greiðir sendiherranum sem hann réði um daginn?

Miðað við þær upplýsingar sem ég hef eru laun sendiherra um 627 þús. með 15–20 einingum ofan á, í heildina 750 þús. kr. á mánuði. Laun alþingismanna eru 560 þús. kr. plús — við skulum sjá til með það, virðulegi forseti. En ef þetta eru þau laun sem þessir ágætu ráðherrar bjóða fólki sem þeir vilja hafa í vinnu, hvort sem það eru sendiherrar eða skrifstofustjórar því að það er mjög svipað — ég er ekki að miða við hæst launaða eða æðsta embættisfólk ráðuneytanna, ég er ekki að miða við ráðuneytisstjóra heldur millifólk og þingmenn eru langt undir því. Ef þetta eru launin sem ráðherrarnir telja eðlilegt að greiða þessu fólki, þá spyr ég: Hvers vegna er ekki eðlilegt að greiða þingmönnum sambærileg laun? Hvar er viðmiðunin hjá þessum tveimur ágætu ráðherrum?

Nú kunna þeir að segja og það er nokkuð til í því að lífeyrisréttindin sem þingmenn hafa búið við eru betri en almennt gerist. Það er rétt og það má meta þau til verðs og til launa. En þá segi ég: Það sem er verið að gera hér er að verið er að færa lífeyrisréttindi alþingismanna niður í það sama og væntanlega er hjá þeim stéttum sem ég tók til viðmiðunar. Ég hef að vísu ekki kannað lífeyrisréttindi þeirra, ég geng út frá því að þeir séu í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Gott og vel. Ef við færum lífeyrisréttindi alþingismanna niður í það hljóta menn að ætla að hafa launakjör alþingismanna á sama stað og sendiherra og skrifstofustjóra í ráðuneytunum, um 700–750 þús. kr. Það hlýtur þá að vera viðmiðunin. Það er ekki bara hægt að lækka laun alþingismanna eða kjör þeirra og láta þá standa eftir með þriðjungi lakari launakjör en kjör meðalembættismanna hjá ríkinu. Ef meiningin er að þingmenn eigi að vera svona langt undir þessari viðmiðun sem má deila um hvort sé rétt, hvort ekki eigi að taka hærri viðmiðun, eru menn einfaldlega að vinna að því að brjóta niður þingið sem stofnun.

Það er ekkert annað sem vakir fyrir mönnum en að gera þingið veikara vegna þess að það dregur ekki að fólkið sem við þurfum að fá til þings ef það fólk sem við sjáum að er mikill fengur í að komist á þing getur fengið vinnu víðast hvar á miklu hærri launum og meðal annars hjá ráðherrunum sjálfum. Hverjir eiga að glíma við ráðherrana við þessar aðstæður? Sjá menn ekki hvað er verið að gera? Það er verið að veikja þingið, það er verið að veikja löggjafarvaldið, það er verið að styrkja ríkisstjórnina. Það er verið að styrkja framkvæmdarvaldið. Það er það sem verið er að gera, virðulegi forseti.

Ég hef engar sérstakar skoðanir eða áhuga á því að lífeyriskjör alþingismanna eigi að vera með tilteknum hætti, svona eða á hinn veginn. Mér er alveg sama þó að þau séu eins og gerist í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, það er ekki málið. Það sem ég segi er að heildarkjörin eiga að vera það góð að þau standist einhvern samanburð við viðmiðunarhópa sem menn taka til samanburðar. Þau eiga að vera hófleg en þau eiga að vera góð. Staðreyndin er sú að þau eru hvorugt og þau verða það örugglega ekki ef þessi breyting nær fram að ganga og ekkert annað gerist í framhaldinu. Halda menn að þessir ágætu ráðherrar muni nú í framhaldi af því þegar við höfum samþykkt að lækka launin okkar með frumvarpi hér áðan, fara í Landspítalann og lækka launin hjá læknunum sem eru með eina milljón og upp í tvær milljónir á mánuði? Ég læt mér ekki detta í hug að það hafist í gegn. Ég held að eftir þessa aðgerð verði það tiltölulega fámennur hópur opinberra starfsmanna sem munu lækka launin sín en alls ekki þeir sem eru hæst launaðir.

Ætla menn að lækka laun ráðuneytisstjóra um 10%, 15 eða 20%? Ég held að það verði allt í skötulíki og menn geta ekki lækkað samningsbundin laun, það sýnist mér vera alveg vonlaust mál. Ég á eftir að sjá hv. þm. Ögmund Jónasson standa upp og tala fyrir því að hálaunamenn lækki launin sín, séu þau laun á annað borð samningsbundin. Ég er þegar farinn að heyra hann segja að það eigi ekki að hreyfa við samningum og ég hugsa að flestir taki undir að það eigi ekki að hreyfa við samningum. En hver er þá ávinningurinn, virðulegi forseti, þegar menn hafa lækkað laun alþingismanna og eftirlaunaréttindi þeirra? Hvar standa menn með þingið í þessari stöðu? Jú, þeir sitja úti í sal og mæna á ráðherrana og bíða eftir því að þeir komist eitthvað áfram í pólitíkinni. Hvar verður þá staðfestan sem þarf að vera í hverju þingi af fólki með reynslu og þekkingu og kunnáttu og kjark til að standa á móti framkvæmdarvaldinu á hverjum tíma og laga málin sem þarf að laga, stoppa málin sem þarf að stoppa? Hvað verður um það, virðulegi forseti?

Mér finnst að það hafi orðið mikil breyting á Alþingi á síðasta áratug og hún er ekki öll til bóta þó að fólkið allt sé gott. Þingið hefur veikst. Þingið hefur veikst mjög mikið og það er, held ég, eitt af því sem almenningur er að velta fyrir sér í kjölfar hruns bankanna og spyr: Hvað er það sem farið hefur á rangan veg á síðustu árum? Hvað er það sem þarf að breytast? Eitt af því sem fólk segir er: Það er þingið sjálft. Það vinnur ekki vinnuna sína. Það er nokkuð til í því. Við vinnum ekki alltaf vinnuna okkar. Við vinnum ekki vinnuna okkar þegar ráðherrar koma með mál sem gerð eru að lögum á sama sólarhring, daginn eftir eða á þriðja degi. Það höfum við svo oft brennt okkur á á undanförnum árum. Þó að aðstæður kunni oft að vera þannig að það verði að vinna hratt er vitað að þegar unnið er hratt er hætta á mistökum og þau hafa orðið. Stundum hafa ekki orðið mistök, stundum hafa menn ekki viljað vinna vinnuna sína. Hver ætlar að standa því upp og halda því fram að hv. allsherjarnefnd hafi unnið vinnuna sína í sambandi við þetta eftirlaunafrumvarp? Ég ætla ekki að segja að formaður nefndarinnar geti ekki unnið sitt verk. Ég veit að hann er góður þingmaður. En hann er í þeirri stöðu að honum er sagt: Þú átt að taka málið út í dag. Það er pólitísk niðurstaða forustumanna stjórnarflokkanna og menn eru í þeirri stöðu að þeir segja: Já, ég verð að gera það. Þannig er staðan, virðulegi forseti.

Í þessu eftirlaunamáli eru margar rangfærslur sem farið hefur verið með, þar á meðal hæstv. utanríkisráðherra sem hefur haft miklar skoðanir á þessu máli gegnum árin og sagði t.d. á landsfundi Samfylkingarinnar í aprílmánuði 2002, með leyfi forseta:

„Í árslok 2003 var friður rofinn í íslensku samfélagi með lagasetningu sem færði ráðamönnum ríkisins eftirlaun langt umfram það sem almennt gerist.“

Ég fór yfir málið í 1. umr. um það hvernig breytingin var gagnvart alþingismönnum. Hún færði þeim ekki eitt eða neitt, virðulegi forseti. Hún skerti eftirlaun alþingismanna, mismunandi mikið en hún skerti þau. Eftir þá lagabreytingu árið 2003 fá þingmenn minna en þurfa að borga meira fyrir það. Menn fá minna fyrir meira. Mér finnst ekki að forustumenn í stjórnmálum eigi að tala svona eins og ég hef vitnað til vegna þess að hér er ekki farið með rétt mál.

Síðan hefur verið mikil gagnrýni á að þingmenn og ráðherrar fyrrverandi geti tekið laun á sama tíma og þeir þiggja eftirlaun hjá ríkinu. Í þessu er líka mikið sagt sem ekki er rétt. Ég ætla að eyða síðustu mínútum mínum í að fara aðeins yfir það mál.

Ég vil minna á að í gildandi lögum sem sett voru 2003 voru einmitt sett ákvæði sem skerða eftirlaun hafi menn aðrar tekjur. Það var gert með þeim rökstuðningi að í þessum lögum væri verið að ákvarða eftirlaunarétt ráðherra og þingmanna sem var sambærilegur hvað ráðherra varðar við það sem ákveðið hafði verið löngu áður. Hann var lakari hjá þingmönnum en verið hafði en var þó betri en almennt gengur og gerist. Það er alveg rétt. Eftirlaun þeirra hafa verið betri en gengur og gerist og það er enginn feluleikur með það. En einmitt vegna þess var ákveðið að um þessa skekkju gilti það sem ekki gildir um aðra. Það gildir ekki um aðra að þegar menn eiga rétt á lífeyri skerðist hann vegna annarra tekna. Almenna reglan er sú að réttindaávinnslu njóta menn þegar þeir hafa tök á að taka út laun sín burt séð frá öðrum tekjum. Það er meginreglan í eftirlaunarétti. Frávikið varðandi alþingismenn, ráðherra og aðra sem undir þessi lög heyra vegna þess að þar er um að ræða betri réttindi. Í gildandi lögum er fjallað um þá sem nýta sér ákvæði um að hætta snemma og fara á eftirlaun 55 ára sem er það fyrsta sem mögulegt er sem reyndar enginn þingmaður getur nýtt sér nema hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Sá sem nýtir sér það og fer svo að vinna strax í öðru starfi, hvort sem er hjá ríkinu eða einhverjum öðrum, það skiptir engu máli, verður að þola skerðingu á áunnum eftirlaunum um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar upp á 65 ára aldur. Nýti hann sér réttindin til hins ýtrasta, sá sem hættir á þingi 55 ára og fer beint í starf, skerðast eftirlaunin um 60%. Það er enginn sem fær full eftirlaun og full laun fyrir sitt starf. Í þessu hefur margt verið sagt sem ekki er rétt.

Meðalþingaldur er um 11 ár. Ég reiknaði að gamni mínu dæmið fyrir þingmann sem er búinn að sitja í 10 ár. Hann situr eitthvert árabil, hættir og fer að vinna önnur störf. Svo þegar hann er orðinn 65 ára á hann rétt á sínum eftirlaunum og þau eru samkvæmt þessu frumvarpi þá 23,75% eða 133 þús. kr.

Samkvæmt gildandi lögum getur hann fengið þessi eftirlaun eftir 65 ára aldur en samkvæmt þeim lögum sem núna eiga að taka gildi munu eftirlaunin sem hann fær skerðast um þau laun sem hann hefur. Sá sem er t.d. 68 ára, hefur setið á þingi í 10 ár, kannski fyrir 20 árum síðan er á launum og fær fyrir það 250 þús. kr. það er þá verið að taka af honum allan eftirlaunaréttinn? Hvaða réttlæti er í því, virðulegi forseti, að svipta menn þeim réttindum sem þeir hafa áunnið sér sem á við um flesta þingmenn? Það eru aðeins þeir sem setið hafa mjög lengi á þingi sem geta haldið eftir einhverjum hluta af eftirlaunum sínum.

[11:14]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég ætla að kynna breytingartillögur við frumvarp ríkisstjórnarinnar sem standa að auk mín hv. þingmenn Atli Gíslason, Jón Magnússon, Grétar Mar Jónsson, Siv Friðleifsdóttir og Eygló Harðardóttir. Tillögur okkar er að finna í sex liðum, í fyrsta lagi tillögu þess efnis að allir sem heyra undir lögin fari nú við áramótin yfir í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hún er lögum samkvæmt öllum þessum aðilum opin og ef svo færi að þetta yrði samþykkt þá mundu alþingismenn, ráðherrar, svokallaðir æðstu embættismenn og aðrir sem lögin taka til njóta sambærilegra lífeyriskjara og almennt gerist hjá starfsmönnum ríkisins.

Í öðru lagi er ákvæði þess efnis að þegar áunninn réttur verði eigi skertur. Þetta er í samræmi við frumvarp sem áður hefur komið fram hjá hv. þm. Valgerði Bjarnadóttur. Því hefur oft verið hreyft í umræðunni að rétt væri að skera alveg á slík áunnin réttindi og láta reyna á það hvort einhver vildi sækja réttinn fyrir dómstólum en niðurstaðan varð sú að fara þessa leið.

Í þriðja lagi er ákvæði þess efnis að taki menn lífeyrisréttindi samkvæmt gildandi lögum og koma til með að halda áunnum réttindum sínum, verði farið að okkar ráðum, hafi ekki heimild til að gegna öðru starfi og taka jafnframt óskertan lífeyri. En við förum aðra leið en ríkisstjórnarmeirihlutinn gerir í þessu efni vegna þess að ríkisstjórnin vill einvörðungu skerða laun þeirra sem eru í starfi hjá hinu opinbera eða félögum sem eru að meiri hluta í opinberri eign. Með öðrum orðum mun fyrrverandi þingmaður eða ráðherra sem fer til starfa hjá ríkinu sæta þessum frádrætti en gerist menn forstjórar hjá tryggingafélagi eða olíufélagi, bankastjórar (**PHB:** Eða stéttarfélagi.) eða stéttarfélagi eða gegna starfi hjúkrunarfræðings eða sjúkraliða eða hvað það nú er sem menn fara að starfa þá eru þeir lausir allra mála. Við viljum láta eitt yfir alla ganga (**Utanrrh.:** Ekki hjúkrunarfræðingar.) hvað þetta snertir. Ekki hjúkrunarfræðingur, jú. (**Gripið fram í:** Þeir fá óskert.) Nei. Ef viðkomandi er hjúkrunarfræðingur þá skal hann samkvæmt frumvarpi sem ríkisstjórnin stendur að ekki geta tekið eftirlaun á sama tíma og hann gegnir launuðu starfi hjá hinu opinbera, það gildir líka hjá hjúkrunarfræðingi. Það sem ég er að segja er að það sama eigi að gilda um fólk sem er starfandi á almennum vinnumarkaði. Samkvæmt ríkisstjórnarbreytingartillögunum er gerður þarna greinarmunur á. Greinarmunurinn er sá að samkvæmt tillögum meiri hlutans á því aðeins að skerða laun þeirra eða lífeyrisréttindi þeirra, lífeyrisgreiðslur þeirra sem fara að starfa að loknu þingstarfinu hjá hinu opinbera. Ef viðkomandi fer að starfa hjá fyrirtæki á markaði á þessi skerðing ekki að koma til. Þetta er munurinn. (**KHG:** Hún er í gildandi lögum.) Í gildandi lögum er þessi frádráttur ekki. (**Gripið fram í:** Jú, um ...) Við viljum láta eitt yfir alla ganga hvort sem þeir eru hjá ríki eða annars staðar. (**Gripið fram í:** Líka ...) Nú er það þannig að

einstaklingur getur verið í starfi hjá hinu opinbera og jafnframt tekið eftirlaun. Síðan er hitt alveg rétt sem fram kom í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að taki hann lífeyrisgreiðslur fyrir 65 ára aldur — það er annað mál — þá sætir hann skerðingu um 0,5% fyrir hvern mánuð. Það er rétt og það er áfram. En ég er að vekja athygli á þessum mun sem gerður er á starfsmönnum hins opinbera annars vegar og starfsmönnum á almennum vinnumarkaði hins vegar. Við viljum ekki gera þennan greinarmun þarna á.

Síðan er í 4. og 5. lið breytingartillagna okkar felldur brott meginlagakaflinn og í 6. lið er ákvæði um gildistöku 1. janúar í stað 1. júlí í tillögum ríkisstjórnarinnar. Það er í rauninni alveg óskiljanleg ósvífni að mínu mati að ætla að hanga á þessu núna í hálft ár til viðbótar. Ríkisstjórnin eða oddvitar ríkisstjórnarflokkanna sem hér sitja, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra, formenn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hétu kjósendum því að tekið yrði á þessum málum. Margir trúðu því að Samfylkingin ætlaði að afnema lögin og færa þingmenn, ráðherra, svokallaða æðstu embættismenn og aðra sem lögin taka til inn í almennt kerfi opinberra starfsmanna. Menn trúðu því margir. Kjósendur trúðu því margir því það var látið í veðri vaka í aðdraganda síðustu kosninga. Nú eru þeir búnir að hanga á þessu allan þennan tíma og fyrir bragðið hækka eigin lífeyriskjör og lífeyrisréttindi vegna þess að á hverju ári hefur lífeyrisávinnsla ráðherra verið rúmlega 42 þús. kr. í stað 23.610 kr. ef þeir hefðu verið í A-deild lífeyrissjóðsins þannig að á hverju ári hafa þeir verið að hækka lífeyrisgreiðslur til sín sem nema rúmum 18 þús. kr. á mánuði hverjum með því að hanga á þessum sérréttindum og fara ekki inn í LSR. Nú á enn um sinn að fresta eigin kjaraskerðingu.

Ég vil víkja nokkrum orðum að því sem kom fram hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal sem var óskaplega æstur yfir ranglæti heimsins og því misrétti sem væri við lýði í lífeyriskerfinu almennt og horfði hann þá til opinbera kerfisins annars vegar og almenna kerfisins hins vegar. Hann vildi laga þetta — hvernig? Með því að færa lífeyriskerfið hjá opinberum starfsmönnum niður. Það var hans lausn.

Staðreyndin er sú að opinberir starfsmenn hafa lagt ofurkapp á að viðhalda og bæta lífeyrisréttindi sín. Það hefur orðið öllum launamarkaðnum mjög til góðs. Það er þannig núna til dæmis að starfsmenn hjá sveitarfélögum og hinu opinbera, gagnstætt því sem skilja mátti á málflutningi hv. þm. Péturs H. Blöndals, búa við sambærileg réttindi og opinberir starfsmenn gera. Það er greitt fyrir starfsmenn innan Starfsgreinasambandsins, þar á meðal Eflingar sem starfa hjá sveitarfélögunum og sama gildir um ríkið, 11,5% frá atvinnurekendahliðinni og 4% frá launamanninum. Það er sama upphæð, sama hlutfall og gerist hjá mönnum í BSRB og BHM. Þetta hefur verið fært til betri vegnar vegna þess að ekki tókst að skerða almenn lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Þess vegna hefur þetta orðið til þess að færa réttindi allra upp.

Hitt er alveg rétt hjá hv. þingmanni að það er enn ákveðinn munur á. Hann er sá að hjá opinberum starfsmönnum eru lífeyrisréttindin föst stærð en iðgjöldin eru breytileg stærð. Þessu er hægt að koma á í almenna lífeyriskerfinu líka ef vilji er til þess. Það er alveg hægt, ekki síst eftir að lífeyrissjóðirnir voru sameinaðir og taka nánast til alls launamarkaðar. Ef það væru samantekin ráð að halda réttinum sem fastri stærð en hafa launin og iðgjöldin breytileg þá yrði það veruleikinn fyrir alla. Ég vona að svo verði vegna þess að það skiptir miklu máli fyrir fólk sem komið er á lífeyrisaldur að geta gengið að föstum réttindum. Það er auðveldara þegar við erum vinnandi að aðlaga okkur breytingum. Um þetta hafa verið talsvert skiptar skoðanir innan verkalýðshreyfingarinnar. Ég hef verið ákafur talsmaður þess að standa vörð um lífeyrisréttinn og hafa þá kaupmátt launatekna breytilegan og það sé í laununum sem við tökum á okkur skerðingarnar og ávinninginn ef því er að skipta.

Kem ég þá að þeirri mismunun sem er fólgin í lífeyrisréttindum þingmanna annars vegar samkvæmt þeim breytingum sem hér liggja fyrir og annarra. Í fyrsta lagi er ávinnslan miklum mun meiri (**Gripið fram í:** Fimm á móti fjórum.) hjá þingmönnum en gerist hjá hinu opinbera annars staðar og á hinum almenna vinnumarkaði. Ávinnslan hjá þingmönnum kemur til með að verða 2,375% (Gripið fram í.) á ári. Í gömlu B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er þessi ávinnsla 2%. Þeim sjóði hefur nú verið lokað. Frá 1. janúar árið 1997 var honum lokað. Það fer engin nýráðning þar inn lengur. Þá var settur á laggirnar nýr sjóður eða ný deild innan LSR sem gengur undir nafninu A-deildin. Það er sjálfbær sjóður. Hann á að rísa undir þeim réttindum sem þar er að finna. (Gripið fram í.) Það er ákveðinn munur á tryggingu sem fólk hefur innan þessara sjóða. Hver er hann? Innan B-deildar lífeyrissjóðsins tekur fólk mið af launum eftirmanns í starfi, nýtur svokallaðrar eftirmannsreglu. Í þessu er fólgin mikil trygging, eins konar launavísitölubinding lífeyrisréttinda sem er mjög verðmæt því þó að það gerist eins og nú er, að við erum að verða vitni að núna, að neysluvísitalan hækkar langt umfram það sem launavísitalan gerir þá er það sem betur fer svo að þegar á heildina er litið og til mjög langs tíma hafa launakjörin verið að batna. Þess vegna eru fólgin í B-deildinni mjög mikil verðmæti. Þessara verðmæta njóta alþingismenn vegna þess að þeir verða áfram vísitölutryggðir að þessu leyti. Þeir taka áfram mið af eftirmanni í starfi. Um þá á ekki að gilda sama reglan, sama breytingin og var gerð gagnvart öðrum árið 1997 þegar allir voru færðir undir neysluvísitöluna.

Í A-deildinni er ávinnsla lífeyrisréttinda 1,9% núna. (Gripið fram í.) Hún er síðan færð upp samkvæmt neysluvísitölu. Í almennum lífeyrissjóðum á markaði er þessi ávinnsla minni, 1,4–1,6%, hygg ég að það sé. Þar er aftur viðmiðun í neysluvísitölu. Síðan eru margvísleg önnur ákvæði til ávinnings hjá alþingismönnum. Ég nefni til dæmis makabótarétt. Hann er 50% af áunnum réttindum til æviloka. Í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er það 50% til þriggja ára, 25% til tveggja ára og síðan búið nema viðkomandi eigi börn undir 22 ára aldri. Þá er ávinnslan áfram. Í þessu eru fólgin mikil verðmæti og ég vek athygli á að alþingismenn njóta einnig framreiknings örorkubóta.

Síðan er hitt sem er mjög stórt mál og hefur verið vikið að — mjög stórt mál og mjög verðmætt — að ef alþingismenn taka lífeyri fyrir 65 ára aldur eins og fram kom í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þá verður skerðing um

0,5% á mánuði, 6% á ári, 30% ef þeir fara niður í þann aldur sem hann nefndi, sama og gerist hjá A-deild LSR. Það sama á við um það nema það er einn grundvallarmunur sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gleymdi að nefna. Hann er sá að þegar þingmaðurinn er kominn á 65 ára aldur þá gerist svolítið. Bingó! Þá er hann aftur kominn upp í 100%. En skerðingin hjá sjúkraliðanum og hjúkrunarfræðingnum og slökkviliðsmanninum er til æviloka. Halda menn að þetta kosti ekki neitt? Síðan komu menn hér — ég ætla einhvern tíma að fara ofan í saumana á þessum ræðum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur flutt við þessa umræðu og þann samanburð sem hann gerði á réttindum þingmanna og réttindum sem eru innan A-deildar LSR þegar hann jafnaði síðan þessu 1% sem menn borga til viðbótar (**KHG:** Gerðu það bara strax.) inn í lífeyrissjóðinn — ég ætla að stúdera það — vegna þess að það gleymist í þessu að skoða hver iðgjöldin þyrftu að vera í reynd í alþingismannasjóðnum ef hann ætti að vera sjálfbær með öllum þessum umframréttindum, þessum sérréttindum, þessum forréttindum. Ég hef ekki nákvæma útreikninga á því. En ég staðhæfi að þau eru ekki undir 35%. Ég er sannfærður um það þannig að þetta 1% sem verið er að sveifla til og frá gerir afskaplega lítið í því samhengi.

Hæstv. forseti. Þegar allt er saman tekið — ég hef ekki nefnt alla þætti lífeyrisréttinda alþingismanna og svokallaðra æðstu embættismanna og þeirra sem lögin taka til — en þegar dæmið er gert upp er augljóst að við erum að tala um forréttindafrumvarp, forréttindaréttindi sem menn voru að æsa sig yfir að fólk úti í bæ, eins og það er kallað, leyfir sér að hafa skoðun á þegar almenningur er að horfa á þingið véla um sín eigin kjör og leyfa sér að álykta um það og þess vegna auglýsa um það. Það er þetta sem margir lögðu sig í líma við með hv. þm. Kristin H. Gunnarsson í fararbroddi sem hefur tekið að sér einhvers konar verkstjórn í vörnum ríkisstjórnarinnar og var að reyna að gera hér tortryggilegt við umræðuna í gær.

Hæstv. forseti. Við komum til með að greiða atkvæði um þær tillögur sem liggja fyrir annars vegar frá ríkisstjórninni og hins vegar frá stjórnarandstöðunni, frá sex stjórnarandstöðuþingmönnum og ég hygg að það sé fyrir meginþorra þeirra sem núna skipa stjórnarandstöðuna og ég hef grun um að í stjórnarliðinu vilji margir veita okkar hugmyndum og tillögum brautargengi. Það verður fróðlegt að sjá hvernig menn greiða atkvæði. Það verður mjög sýnilegt vegna þess að það verður óskað eftir nafnakalli við þessa atkvæðagreiðslu.

Aðeins í lokin um (Gripið fram í.) tillögu sem hv. þm. Pétur H. Blöndal kynnti áðan um valfrelsi í lífeyrismálum. Hann hefur löngum talað fyrir því að einstaklingurinn hefði valfrelsi og að þeir væru ekki skipulagðir þannig á félagslegum grunni, á stéttarfélagslegum grunni. Ég segi, hæstv. forseti, og ég segi við þingheim: Ástæðan fyrir því að okkur hefur tekist að tryggja gott lífeyriskerfi á Íslandi, lífeyriskerfi sem nú á í erfiðleikum að sönnu, er sú að stéttarfélögin, þ.e. verkalýðshreyfingin hefur staðið þar að baki og stuðlað að því að hér hefur verið byggt upp öflugt félagslegt kerfi og ég vona að við berum gæfu til þess að standa vörð um það kerfi inn í framtíðina. En þá þurfum við líka að uppræta það mein (Forseti hringir.) sem sérréttindi þeirra sem hér eru inni óneitanlega eru.

[11:34]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður segir að ég hafi verið æstur, það hefur komið fyrir fleiri, en hann segir að ég vilji færa réttindi opinberra starfsmanna niður. Nei, ég vil bara sýna þeim hvaða laun þeir hafa, það er munurinn, (**ÖJ:** Að hvað?) hvaða laun þeir hafa. Og ég ætla að spyrja hv. þingmann í fyrsta lagi: Mun hann samþykkja tillögu mína og leyfa mér að borga í lífeyrissjóð sem velflestir kjósendur mínir greiða til, með sömu réttindi þannig að ég fái að upplifa skerðinguna sem mun koma sem hv. þingmaður mun verða laus við?

Svo langar mig til að spyrja: Á reglan sem hann setur upp í 3. breytingartillögu sinni að gilda fyrir opinbera starfsmenn almennt og lífeyrissjóðakerfið almennt? Það gildir í öllu lífeyrissjóðakerfinu að fólk fer á eftirlaun og fær þau algerlega óháð því hvort það vinnur áfram eða ekki. Menn eiga rétt á þessu. Þeir eru búnir að borga fyrir þetta og þeir fá lífeyri, 67 ára eða hvað það nú er, 70 með hækkun þá, og þá eiga þeir rétt á þessum lífeyri og fá hann óháð tekjum. Ætlar hann að breyta þessu, hv. þingmaður, hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þar sem hann situr í stjórn, hjá öllum opinberum starfsmönnum, hjá öllum félagsmönnum stéttarfélaganna?

Síðan er þriðja spurningin. Hv. þingmaður situr í stjórn LSR og þá ætla ég að spyrja hann: Hvaða áfall dundi á LSR við bankafallið og hvað hefði þurft að skerða lífeyri mikið — hann hlýtur að vita það sem stjórnarmaður — ef reglur almennu sjóðanna hefðu gilt og hvað þarf að hækka iðgjaldið mikið hjá ríkinu vegna þessa áfalls sem lífeyrissjóðurinn varð fyrir undir hans stjórn? Svo væri gaman að heyra hver stjórnarlaunin eru.

[11:36]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að laun og réttindakerfi eiga að vera gagnsæ. Mér finnst það skipta miklu máli og ég er sammála honum um þetta. Kerfið sem alþingismönnum, ráðherrum — svokölluðum æðstu embættismönnum — er búið er mjög ógagnsætt, ég tek alveg undir það, það er það. Kerfið á að vera gagnsætt.

Varðandi einstaklingsbundið val á lífeyrissjóðum, ég er ekki fylgjandi því. Ég vil félagslega aðkomu að lífeyrissjóðunum, að stéttir eigi aðild að þeim lífeyrissjóðum sem þær hafa samið um sem stéttir, félagslegar einingar. Ég færi þau rök fyrir því, og hef gert það, að með því móti stöndum við best vörð um þetta kerfi. Það hefur reynst vel að hafa þann hátt á í stað þess að fara þá leið sem bankarnir og fjármálafyrirtæki hafa talað fyrir og hv. þingmaður gerir greinilega sjálfur, að þetta verði einfaldlega einstaklingsbundin kjör þar sem menn geti leitað hvert sem þeir vilji. Ég er fylgjandi hinni félagslegu aðkomu.

Varðandi þá spurningu hvort ég telji rétt að það eigi að skerða greiðslur úr lífeyrissjóðum séu menn í launaðri vinnu, nei, ég er því ekki fylgjandi, alls ekki. Hið sama gildir ekki um þá sem heyra undir þessi sérréttindi vegna þess að þeir eru ekki í neinum lífeyrissjóði í raun. Þetta er

millifærslukerfi þar sem þeir að sönnu greiða inn í LSR. Ríkið greiðir hins vegar mismuninn og tryggir réttindi þessara aðila þannig að það er ekki saman að jafna. Það er ekki saman að jafna því sem gerist í almennum lífeyrissjóðum og því sem gerist (Forseti hringir.) hjá þessum hópi. Ég kem að öðrum svörum á eftir um skerðingar, launagreiðslur og annað slíkt.

[11:38]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þá liggur það fyrir. Hv. þingmaður ætlar að neyða mig áfram í forréttindi. Hann ætlar ekki að leyfa mér að fara í þann lífeyrissjóð þar sem ég á mest réttindi, hann ætlar ekki að leyfa mér að fara í þann lífeyrissjóð þar sem flestir mínir kjósendur eru eða réttindi sem þeir hafa almennt. Hann ætlar að láta mig vera áfram í forréttindum. Ég þakka hv. þingmanni fyrir.

Síðan talaði hv. þingmaður um 2,375% en þeir sem kunna stærðfræði geta reiknað 1,9% sem eru hjá A-deildinni, 1,9% á ári, margfaldað með 5 sem er iðgjald þingmanna og deilt með 4 sem er iðgjald almennra sjóðfélaga í A-deildinni og þá fær hann út 2,375. Þetta er reyndar mjög illa skýrt í frumvarpinu, afskaplega illa, og er það ámælisvert, frú forseti. Það er heldur ekki skýrt í nefndaráliti allsherjarnefndar. En þetta er ósköp venjuleg stærðfræði. Það er það sem fólkið borgar, 4%, og þingmenn 5%. Það sem hv. þingmaður vill er að hafa iðgjaldið breytilegt hjá öllum lífeyrissjóðum en réttindin föst sem þýðir að það á að skerða kjör hins vinnandi manns þegar ávöxtun næst ekki því að það sem fyrirtækin borga fólkinu í hærra iðgjald í lífeyrissjóð gætu þau alveg eins borgað sem hærri laun til viðkomandi starfsmanna. Það sem gerist núna ef hv. þingmaður nær sínu fram er að stjórnir sjóðanna verða ábyrgðarlausar, það þarf ekki að skerða lífeyri, kjör allra sjóðsfélaga verða skert. Ég er ekki viss um að almenningur sé hrifinn af slíkri hugsun.

[11:41]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er svolítið erfitt að átta sig á hv. þingmanni stundum. Hann er höfundur að ýmsu skemmtilegu í umræðum um lífeyrissjóði og bankamál. Einu sinni var mikið talað um fé án hirðis. Við höfum fylgst með því að undanförnu hvernig hirðingjarnir hafa farið með féð. (**PHB:** Stjórnir lífeyrissjóðanna.)

Varðandi það áfall sem lífeyrissjóðirnir hafa orðið fyrir er það mjög mikið, en enginn veit hvað það er og verður í reynd. Menn tala um 15–25% en við skulum ekki gleyma því að þegar litið er á það áfall sem þessir sjóðir verða fyrir verður að horfa á það í réttu samhengi. Það verður að horfa á það í samhengi við bóluna sem orðið hefur vegna þess að menn miða þá iðulega við mjög hátt gengi bréfa sem síðan fellur, gengi sem var mjög óraunhæft. Fallið í prósentum talið verður þannig stærra en ella. (**PHB:** Hvað þarf að skerða hjá venjulegum lífeyrissjóði?) Ég er að segja að það er ekki vitað hvert áfallið verður, menn horfa ekki enn upp á skerðingu hjá lífeyrissjóðunum og við vonum að sjálfsögðu að svo verði ekki. Hvort á að vera breytileg stærð, kaupmáttur launa eða lífeyrisréttindin, er bara spurning, álitamál, hvar menn vilja standa í þessu efni. Ég hef viljað leggja áherslu á föst lífeyrisréttindi.

Varðandi launakjör hjá þeim sem sitja í stjórnum eins og hjá LSR hygg ég að launin hafi verið rúmar 60 þús. kr. og síðan álag fyrir stjórnarformennsku og varaformann stjórnar. Við getum séð á heimasíðu minni hvað þetta er í krónum og aurum talið. Ég hef alltaf gert grein fyrir því hvað mig varðar sérstaklega (Forseti hringir.) en hins vegar var tekin ákvörðun um það á síðasta stjórnarfundi að lækka þessar þóknanir og lækka laun efstu manna.

[11:43]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil rifja upp að grein var gerð fyrir skýrslu eða samantekt um stöðu þingmanna í ýmsum öðrum löndum þegar lögin voru sett árið 2003. Þar kemur m.a. fram að þjóðkjörnir fulltrúar búa oft við aðrar aðstæður í þessum efnum en almennir launþegar og það er greinilegt að í mörgum löndum hefur mönnum fundist eðlileg skipan mála að hafa eitthvert sérstakt kerfi fyrir þá sem búa við þá stöðu að þeir eru kosnir af almenningi. Það gildir ekki sama um þá og venjulega launþega eða sambærilegar stéttir. Það er ekkert óeðlilegt, virðulegi forseti, að menn geri það. Í Svíþjóð og Noregi er það t.d. þannig að þingmenn sem hafa setið í 12 ár á þeim þingum höfðu þá unnið sér inn full eftirlaunaréttindi. Það var a.m.k. svo þegar menn settu lögin árið 2003. Kerfið sem við tókum upp í lögunum 2003 hvað varðar eftirlaunarétt alþingismanna var nánast sniðið að því sem þá gilti í Þýskalandi. Ég held að menn fari ekkert út á torg og hrópi þar um að einhver spilling eða ósómi sé á ferðinni, eftirlaunaósómi í þessum löndum. Ég held að menn átti sig bara á því að þetta á sín rök og getur verið sanngjarnt kerfi ef hlutirnir eru ákvarðaðir með þeim hætti að það ofbjóði ekki mönnum hvað varðar heildarlaunakjör. Ég held að það sé ekki þannig á Íslandi. Launakjör alþingismanna eru mjög hófleg. Ef eitthvað er að eru þau sennilega of lök í samanburði við margar aðrar stéttir sem eðlilegt er að miða sig við.

Ég spyr hv. þingmann hvers vegna hann standi í þessum útifundahrópunum gagnvart eftirlaunakjörum alþingismanna árum saman með manni sem hefur 900 þús. kr. í laun á mánuði, (Forseti hringir.) forseta Alþýðusambands Íslands?

[11:45]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þekki ekki þær jarðtengingar sem þýska þingið hefur við þjóð sína og hvaða kröfur þar eru gerðar en hér eru gerðar ríkar kröfur af hálfu almennings, sem betur fer fyrir alþingismenn. Sú siðferðilega krafa er gerð á hendur þinginu að það fari varlega með vald sitt. Hér hafa alþingismenn tekið sér vald til að skammta sjálfum sér kjör, lífeyriskjör. Menn gengu lengra. Menn gengu á sínum tíma fram í því að skammta sér nokkuð sem hét starfskostnaður en var í reynd launahækkun. Á sama tíma og vald til launaákvarðana hafði verið sett til annars aðila náðu þeir sér í starfskostnað sem fyrst um sinn var ekki einu sinni ekki skattlagður þótt enginn kostnaður lægi þar að baki. Þannig var það fyrst en var breytt eftir mikil mótmæli úti í

þjóðfélaginu. Við erum enn sem betur fer í tengslum við þjóð okkar sem gerir kröfur til okkar og vill að við förum vel með vald okkar. Það höfum við ekki gert hvað þetta snertir og alls ekki hvað áhrærir lífeyrisréttindin, forréttindin sem þingið og sérstaklega ráðherrarnir (Gripið fram í.) — við skulum ekki gleyma því að lögin eins og þau eru núna eru fyrst og fremst ráðherralög. En engu að síður hafa þingmenn líka búið sjálfum sér kjör sem eru umtalsvert umfram það sem almennt gerist hjá launafólki á Íslandi, á almennum markaði og hjá almennum starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga. Þessu á að breyta.

[11:47]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á móti eftirlaunaréttindum sem eru rífleg, eins og alltaf hefur verið tekið fram, kemur það að launakjörin eru lægri. Þegar launin og eftirlaunin eru metin í heild sinni kemur út sú stærð sem miðað er við í úrskurðum kjararáðs. Þessi staða alþingismanna er mjög hófleg og mér finnst að hv. þingmaður hafi árum saman gert mjög mikið af því að afhrópa kjör alþingismanna, slá sér upp á kostnað þeirra með upphrópunum í útifundastíl og reyndar staðið fyrir útifundum til að hrópa niður ákvarðanir um kjör alþingismanna. Það er engum öðrum til að dreifa til að setja löggjöf á Íslandi en alþingismönnum. Til þess eru þeir kosnir. Þess vegna er það verk þeirra að setja löggjöf um eigin stöðu og eigin kjör hvort sem þeir ákvarða þau sjálfir eða fela öðrum að gera það, eins og kjararáði.

Eitt dæmið um rangfærslur hv. þingmanns nefndi hann sjálfur áðan sem var starfskostnaður sem var ákveðinn fyrir nokkrum árum 40 þús. kr. á mánuði, sem þótti eftir athugun vera eðlileg fjárhæð miðað við þann starfskostnað sem þingið greiðir og þá fjárhæð sem mönnum sýndist þetta vera. Það var afhrópað og gert tortryggilegt og hv. þm. Ögmundur Jónasson gekk lengst fram í því með öðrum lýðskrumurum því að hv. þingmaður er algerlega í sérflokki í lýðskrumi og upphrópunum og sérstaklega gagnvart félögum sínum á þingi. Það þykir mér afar slæmt að menn leiki þann leik að reyna alltaf að slá sér upp á annarra kostnað. Ég ætla að biðja hv. þingmann að fara að hætta því. Hann gerði það síðast í gær með blaðaauglýsingu í *Fréttablaðinu* þar sem ósannindin voru borin fram til að reyna að blekkja þjóðina frá því sem ríkisstjórnin er þó að myndast við að gera. Ég er ekki alveg sáttur við það. En hv. þingmaður leggur sig fram við að reyna að afvegaleiða þjóðina frá því sem er verið að leggja til á Alþingi. (Gripið fram í.)

[11:49]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sennilega alveg rétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að við göngum aldrei nógu langt í því að sýna samstarfsmönnum okkar og samherjum sanngirni. Ég efast ekki um að við getum lært mikið af hv. þingmanni í þeim efnum.

Ég var sannast sagna og er því fylgjandi að laun þingmanna séu ákveðin hér. Við getum t.d. gert það í sömu viku og við ákveðum bætur almannatrygginga til öryrkja og aldraða. Þegar hv. þingmaður vísar í viðmið í samfélaginu og hvað sé eðlilegt og gott í þeim efnum þá horfir hann upp í forstjórana og talar um að ef þetta sé ekki uppi í einhverjum himinhæðum þá fáist ekki nógu gott fólk til starfa. Ég held að þessu sé öfugt farið. Því hærri laun því vitlausara fólk færðu inn. Ég er alveg sannfærður um að svo er. (Gripið fram í.) Það sem við eigum að horfa til (**RR:** Þvílík mannfyrirlitning.) — ég er að tala um þennan gráðuga hóp í samfélaginu sem við eigum ekki að fylla salinn með. (Gripið fram í.) Spurningin er sú hver á að vera okkar viðmiðunarhópur. Eigum við ekki að horfa til ljósmæðra? Eða slökkviliðsmanna? Eigum við ekki að horfa til þess fólks sem gegnir lykilstöðum í þjóðfélaginu og við viljum vera í tengslum við þannig að menn hér inni finni það af sjálfum sér hvað er réttlátt og hvað er ranglátt en þurfi ekki að slá því upp í einhverjum uppsláttarritum? Að menn séu í tengslum við launaþjóðina, við veruleikann í þjóðfélaginu. Þetta kallar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lýðskrum. (Gripið fram í.)

[11:51]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm Ögmundi Jónassyni hvað það varðar að miklu máli skiptir að þingið sé í tengslum við þjóðina. Það má segja að á desemberdögum árið 2003 hafi þingið rofnað með ákveðnum hætti úr tengslum við þjóðina þegar rætt var um frumvarp, sem varð að lögum nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Þá var gengið allt of langt í því að ákveða sérkjör, einkum fyrir forseta Íslands, ráðherra og hæstaréttardómara. Það var ekki tekið svo sérstaklega á varðandi (**KHG:** Þú meinar forsætisráðherra.) — forsætisráðherra. Já, það er hárrétt athugasemd, og þar var eiginlega farið út fyrir öll mörk sem þjóðin gat sætt sig við.

Einhvern veginn snerist allt í umræðunni meira og minna um sérkjör alþingismanna — sem var ekki alls kostar rétt en það er einhvern veginn þannig sem umræðan hefur verið og þegar þjóðin telur að ákveðin grið séu rofin gagnvart sér gerir hún kröfu um ákveðna leiðréttingu. Með lögum nr. 141/2003 var farið út yfir öll eðlileg mörk, einkum hvað varðaði kjör ráðherra og þá einkum forsætisráðherra. Það er staðreyndin í málinu og við höfum glímt við afleiðingarnar af því frá þeim tíma. Spurningin er með hvaða hætti hægt er að koma á réttlæti sem fólkið í landinu sættir sig við.

Það liggur fyrir og er augljóst að almenningur er óánægður með hvernig launakjörum er háttað samkvæmt lögunum sem um ræðir og því hefur verið lofað af hálfu ríkisstjórnarinnar að gera raunhæfar breytingar sem hefur verið talað um að væru réttlátar breytingar. Frumvarpið sem hér liggur fyrir er tvímælalaust mjög stórt skref í þá átt og ber að virða það sem þar er gert. Hitt er annað mál að skoðanir eru skiptar um hvort eigi að fara þessa leið eða hvort eigi að ganga lengra í átt til jöfnuðar og samræmingar hvað varðar lífeyriskjör og við sem stöndum að nefndaráliti minni hluta allsherjarnefndar, hv. þm. Atli Gíslason og Siv Friðleifsdóttir auk mín, gerum kröfu um að gengið sé lengra svo sem um ræðir í breytingartillögum sem fluttar eru af hv. þm. Ögmundi Jónassyni, Atla Gíslasyni, þeim sem hér stendur, Grétari Mar Jónssyni, Siv Friðleifsdóttur og Eygló

Harðardóttur og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði ítarlega grein fyrir í máli sínu hér áðan.

Ég hef alltaf haft ákveðnar efasemdir um lífeyriskerfið sem við búum við. Ég hef alltaf haft efasemdir um að rétt væri að hafa þvingaðan sparnað jafnháan og raun ber vitni, að 12% af brúttó- eða heildarlaunum fólksins í landinu séu tekin í þvingaðan sparnað. En þetta er þvingaður sparnaður sem ríkisvaldið stendur fyrir og gerir kröfu til, skuldbindur fólki til að greiða hvort sem því líkar betur eða verr og þá er spurningin: Með hvaða hætti er þá tryggt að fólkið fái peningana sína til baka? Staðreyndin er sú að það er ekki tryggt. Miðað við kerfið sem við höfum í dag er það ekki tryggt vegna þess að þessu er deilt niður til mismunandi sjóðstjórna sem hafa töluverðar heimildir til að ráðstafa fjármunum eftir geðþótta eða ákveðnum fjárfestingarstefnum. Niðurstaðan er sú að í því ástandi sem orðið hefur hafa lífeyrissjóðirnir tapað gríðarlegum fjármunum og þá stöndum við frammi fyrir því að við höfum kerfi þar sem hver einstaklingur er samkvæmt lögum þvingaður af ríkisvaldinu til að leggja verulegan hluta af mögulegum ævisparnaði með ákveðnum hætti til lífeyrissjóða en hefur ekki tryggingu fyrir því að fá þann sparnað endurgreiddan. (Gripið fram í.) Það finnst mér verulegur galli á kerfinu sem við búum við.

Ég var mjög hrifinn af hugmynd hv. þm. Péturs Blöndals, sem hann kom fyrir margt löngu með, um að til væri lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. Ég hefði talið að fyrst ríkið er á annað borð að krukka í þessi mál ætti að fara þá leið að vera með einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn og um væri að ræða meiri jöfnuð en um ræðir núna í lífeyriskerfinu þannig að fyrst verið er að skuldbinda fólk í þennan þvingaða sparnað tryggi ríkisvaldið fólki endurgreiðslu með sama hætti. Það hefði ég haldið að væri eðlilegt að fylgdist að en þannig er það ekki.

Við flutningsmenn breytingartillögunnar, sem liggur fyrir á þskj. 529, viljum fara í þá átt að alþingismenn, ráðherrar, hæstaréttardómarar og þingmenn fylgi og séu jafnsettir þeim sem greiða iðgjöld í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Við viljum afnema þau sérkjör sem um er að ræða og enn er gert ráð fyrir í frumvarpi til laga sem liggur fyrir á þskj. 363 frá hæstv. ríkisstjórn. Við viljum ganga lengra þannig að það liggi fyrir að sérréttindi alþingismanna og annarra embættismanna sem ég vék að séu afnumin og um það snýst þetta mál í dag. Við erum með frumvarp ríkisstjórnarinnar sem gerir ráð fyrir því að ganga í átt frá þeim ójöfnuði sem var settur með lögunum frá 2003 en fara þó ekki alla leið. Við sem flytjum breytingartillöguna, sem hér liggur fyrir og fyrsti flutningsmaður er hv. þm. Ögmundur Jónasson, leggjum hins vegar til að það verði gengið alla leið. Um það verða þingmenn að greiða atkvæði og um það snýst málið í dag, hvort við viljum afnema sérstök sérréttindi alþingismanna, ráðherra o.s.frv. og hafa þau með sama hætti og hjá almennum starfsmönnum ríkisins eða hvort við viljum halda ákveðnum sérréttindum áfram svo sem frumvarp ríkisstjórnarinnar byggir á.

Við jafnaðarmenn — hvað lífeyrisrétt snertir — í þessum þremur flokkum sem stöndum að þeim breytingartillögum sem hér eru viljum í raun afnema sérréttindi þingmanna, ráðherra, forseta Íslands og hæstaréttardómara og láta það sama ganga yfir þá og opinbera starfsmenn í landinu. (Gripið fram í.)

[12:00]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf):

Frú forseti. Hér erum við að tala um tímabært mál að mínu mati sem tekur aftur þau sérréttindi sem voru ákveðin fyrir fimm árum, 2003, sem lutu að þessum hópi og þess vegna fagna ég þessu frumvarpi og tel að hér séu tekin jákvæð skref. Ég vil líka minna þingmenn á að í umræðunni hafa menn verið að skamma Samfylkinguna allhressilega fyrir að hafa skoðun á þessu máli, jafnvel ýtt á eftir því. Hér hafa þingmenn talað fyrir því að Samfylkingin hafi ekki mátt benda á að breytinga væri þörf. Það hafa hv. þingmenn gert og mér finnst það afar sérkennilegt því að það er ekki síst Samfylkingin sem hefur sett þetta mál á dagskrá reglulega þau fimm ár sem þessi lög hafa verið í gildi. Það hafa ekki verið Vinstri grænir. Vinstri grænir hafa gargað á torgum en þeir hafa ekki lagt fram nein þingmál nema núna á síðustu metrunum til að breyta þessu. Það hefur Samfylkingin gert.

Þegar þessi ríkisstjórn var mynduð settum við sömuleiðis í stjórnarsáttmálann að það bæri að jafna þessi kjör. Þess vegna eru mikil öfugmæli að skammast út í Samfylkinguna sem er núna að ná í gegn í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn á sínu öðru ári í ríkisstjórn veigamiklum breytingum, ekki léttvægum breytingum heldur veigamiklum. Þess vegna er fagnaðarefni að þetta mál sé núna komið til þingsins og við séum að taka þau skref sem hér verða tekin. Ég vísa á bug allri þeirri gagnrýni að Samfylkingin hafi hangið á málinu eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson segir sem er núna í þessari umræðu búinn að gera popúlisma að listformi. (**Gripið fram í:** Popúlismi …) Samfylkingin hefur lagt fram þingmál, Samfylkingin hefur talað fyrir þessu máli og hlotið skömm í hattinn, m.a. frá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, fyrir að tala um málið og það er mjög sérkennilegur málflutningur þegar við erum á öðru ári í ríkisstjórn að ná mjög veigamiklum jákvæðum breytingum.

Förum aðeins yfir breytingar sem Vinstri grænir hafa talað um sem örlítið skref og kattarþvott. Í frumvarpinu erum við að koma í veg fyrir tvöföldu greiðslurnar sem hafa verið gagnrýndar öll þessi ár og í rauninni göngum við lengra því að möguleiki á þeim var fyrir hendi árið 2003. Við göngum lengra núna þegar kemur að því að koma í veg fyrir að einstaklingur geti þegið á sama tíma eftirlaun frá ríkinu og laun frá ríkinu.

Í öðru lagi göngum við lengra í að skerða réttindaávinnslu þessara hópa. Við göngum lengra en var fyrir 2003. Þetta er mikilvægt að hafa í huga. Við erum að lækka réttindaávinnslu ráðherra úr 6% í 2,375% og þingmanna úr 3% í 2,375%. Réttindaávinnsla vissra þingmanna fyrir 2003 var meiri þannig að við erum að ganga enn þá lengra en var ákveðið með ólögunum 2003, ólögum sem formaður Vinstri grænna greiddi fyrir á þingi að kæmi á dagskrá þingsins. Við skulum ekki gleyma sögunni, eins illa og okkur kann að vera við hana. Svona var málið og það vita allir þingmenn, og þjóðin veit það að hinn háheilagi flokkur Vinstri grænir átti sinn flutningsmann að málinu og átti hlut að þessu máli þegar það kom fram í þinginu. Þetta vita

þingmenn og annað er blekkingarleikur.

Í þriðja lagi erum við að afnema sérreglur sem lutu að forsætisráðherra en hann var í ólögunum 2003 settur í einhvern sérstakan klassa. Við erum að afnema það. Það er ekki lítið skref, hv. þm. Ögmundur Jónasson. Það er ekki kattarþvottur.

Í fjórða lagi hækkum við aldursmörkin og í fimmta lagi jöfnum við réttindaávinnslu milli þingmanna og ráðherra. Þetta eru breytingar sem skipta máli. Þjóðinni hafa sviðið þessi atriði í lögunum, gildandi lögum, og við erum að breyta því núna. Þess vegna er ekki rétt og sanngjarnt sem menn segja úti í samfélaginu, í fjölmiðlum, hv. þingmenn, að hér séu tekin örlítil skref og þetta sé kattarþvottur ríkisstjórnarinnar. Það er ekki rétt. Við erum að taka mikilvæg skref. Við erum að taka á þeim atriðum sem hafa hvað mest verið gagnrýnd og sviðið mest í réttlætiskennd þjóðarinnar. Höfum þetta í huga.

Fulltrúi forsætisráðuneytisins var spurður við meðferð málsins í allsherjarnefnd hvaða sérréttindi væru eiginlega eftir. Hann gat ekki nefnt nein sérstök sérréttindi. Og ef um er að ræða sérréttindi skulum við fá þau á borðið. Ég heyri hér að það er mismunandi skilningur milli þingmanna í stjórnarandstöðunni. Sumir telja að við göngum of skammt, aðrir telja að við göngum of langt. En við settum í nefndarálit — við erum ekki að loka þessari umræðu — að þessi mál ættu að koma enn frekar til skoðunar. Það er allt í lagi að taka þá umræðu, bera saman A-deildina og síðan þetta. Það er alveg (Gripið fram í.) rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal segir, það er eins og menn hafi ekki áttað sig á einfaldri stærðfræði þegar þeir bera saman A-deildina og síðan það kerfi sem hér er. Reyndar er tekið fram í frumvarpinu að verði frumvarpið að lögum verði réttindaávinnsla alþingismanna og ráðherra í hlutfallslegu samræmi við réttindaávinnslu sjóðfélaga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að teknu tilliti til hærri iðgjalda. (**Gripið fram í:** Af hverju …?) Þessi hópur, þingmenn og ráðherrar, greiðir 5%, fær 2,375% til baka. Einstaklingar í A-deildinni greiða 4%, fá 1,9%. Þetta er það sama. (Gripið fram í.) Menn borga meira og fá meira. Ég kvíði ekki þeirri umræðu hvort við eigum að ganga lengra og fara í A-deildina. Tökum þá umræðu. En þetta frumvarp sníður hins vegar þá agnúa sem hafa verið hvað mest gagnrýndir og umdeildir og það ætti að vera mikið fagnaðarefni, a.m.k. hv. þingmanna Vinstri grænna sem hafa gagnrýnt þessi lög. Ég átta mig ekki á Framsóknarflokknum vegna þess að hann studdi einmitt lögin 2003, ólíkt Samfylkingunni. Samfylkingin studdi ekki eftirlaunalögin þegar þau fóru hérna í gegn fyrir utan einn þingmann. (**Gripið fram í:** Hann lagði málið fram.) Já, já, eins og ég segi liggur okkar saga alveg fyrir. Ég er ekkert að fela hana en ég tek sérstaklega fram hvernig atkvæðagreiðslan var þegar lögin fóru í gegn. Við skulum hafa þetta allt uppi á borðinu. Við áttum flutningsmann á málinu, ég viðurkenni það alveg. Við áttum aðkomu að þessu máli alveg eins og vinstri grænir. En við höfum ekki farið í þann leik eins og vinstri grænir að þvo hendur okkar af aðkomunni. Það finnst mér ekki sanngjarnt. Ég held að hv. þingmenn Framsóknarflokksins séu alveg sammála því.

Þetta frumvarp er ekki kattarþvottur, er ekki örlítið skref. Það er ekki sett fram í þeim tilgangi að verja forréttindi og sérréttindi, heldur einmitt að skerða þau, minnka og taka í burtu. Ég minni líka á það að verði þetta frumvarp að lögum mun lífeyrissjóðsskuldbinding lækka gagnvart ráðherrum um 60%. Við erum hér að lækka lífeyrissjóðsskuldbindingu um 60% gagnvart ráðherrum. Það er ekki lítið skref, það er ekki kattarþvottur. Gagnvart þingmönnum er lækkunin 20% og í heild lækkar skuldbinding um 40% þannig að þetta eru ekki lítil skref sem við erum að taka. Við eigum að vera ánægð með að við séum að ná því í gegn að þær sérreglur sem voru settar 2003 heyri brátt sögunni til. Auðvitað átta ég mig alveg á því að það geta verið rök fyrir því að ganga alla leið, eins og menn segja, í A-deildina. Tökum alveg þá umræðu. Það er ekkert mál en þessi skref eru tímabær og hljóta að vera í samræmi við vilja flestra þingmanna.

Að lokum, virðulegi forseti, ítreka ég að þessari umræðu um lífeyrisréttindi eða jafnvel launamál þingmanna lýkur ekki í dag. Við tökum það sérstaklega fram í meirihlutaáliti allsherjarnefndar að skoðun á annarri útfærslu, öðrum breytingum, þurfi að eiga sér stað. Það er vinna sem við getum farið í. En það á ekki að koma í veg fyrir að við tökum í burtu þessi sérsniðnu ákvæði sem voru sett 2003 og særðu svo réttilega réttlætiskennd og sóma þjóðarinnar sem fólk horfði upp á, allar krúsindúllurnar sem virtust miða nánast að ákveðnum einstaklingum sem voru settar í þau lög á þeim tíma. En nú erum við að taka það skref fram á við að gera þetta sanngjarnara og henda út þessum sérkennilegu ákvæðum sem fóru í gegn rétt fyrir jól 2003.

[12:11]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að láta þess getið í andsvari mínu að mér finnst afar slæmt að við séum að reyna að koma þessu máli í gegnum þingið í einhverri tímapressu á næstsíðasta degi fyrir jólaleyfi eins og að er stefnt ef ég veit rétt um áætlanir forseta.

Ég vil spyrja hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson hvað hann álíti að gerist í kjararáði þegar lagt verður mat á 60% rýrnun lífeyrisréttinda ráðherra og 20% rýrnun lífeyrisréttinda þingmanna. Við samþykktum hér lög í gær, að vísu ekki með mínu samþykki vegna þess að ég átaldi vinnubrögðin um lækkun kjara alþingismanna … (Forseti hringir.) Það er að mörgu að hyggja í öllu þessu samhengi sem við erum að fást við núna á síðustu dögum þingsins. Ég tel að þetta séu óvönduð vinnubrögð sem við viðhöfum hér, hæstv. forseti.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill geta þess að ræðutíminn er ein mínúta í báðum umferðum þar sem eru fjórir andsvarendur.) (**GAK:** Það er ekki …)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Já, það voru mistök og biðst forseti velvirðingar á því.)

[12:13]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Spurningin sem hv. þingmaður beindi til mín, hafi ég heyrt hana rétt, var hvað ég héldi að kjararáð mundi gera eftir að við værum búin að skerða lífeyrisskuldbindingu um 40% í heild, 60% hjá ráðherrum, 20% hjá þingmönnum. Það er erfitt fyrir mig að segja. Þetta er góð spurning í ljósi þess að í 9. gr. laganna um kjararáð

stendur, með leyfi forseta:

„Kjararáð skal meta og taka tillit til kvaða sem störfunum fylgja, svo og hlunninda og réttinda sem tengjast embætti og launum, svo sem lífeyrisréttinda og ráðningarkjara.“

Mér dettur ekki í hug að vera með einhverjar getgátur um hvað kjararáð gerir vegna þess að þetta er mat kjararáðs og það tekur tillit til alls konar þátta en þarna er sérstaklega minnst á að það á að taka tillit til lífeyrisréttinda og þetta getur að mínu mati hugsanlega haft áhrif á þá ákvörðun þegar að henni kemur.

[12:14]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er í raun og veru sammála svari hv. þingmanns. Þetta er m.a. afleiðingin af því sem við erum að fást hérna við. Ég bendi á það, hæstv. forseti, að þessum lögum er ekki ætlað að taka gildi fyrr en á miðju næsta ári og við erum ekki að vinna vel að þessum málum með því að reyna að keyra það í gegn í tímapressu. Við förum ekki yfir alla þætti málsins, afleiðingar þess eða hliðarverkanir. Við ræðum þetta ekki í samhengi við það sem við erum að fjalla um varðandi þá stöðu sem er í landinu ef menn halda að það sé umræðan sem eigi að taka hér.

Ég hef ævinlega verið þeirrar skoðunar að við þingmenn eigum að geta rætt opið um réttindi okkar, hvort sem það eru launakjör eða lífeyriskjör. Ég hef sagt það frá fyrstu tíð, frá því að þetta mál var samþykkt, að það mætti koma aftur inn í þing mín vegna (Forseti hringir.) hvenær sem væri en ég tæki ekki þátt í handahófsvinnubrögðum rétt fyrir jól eða rétt fyrir þinglok.

[12:15]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að æskilegt er að við tökum meiri tíma í umfjöllun um málin, mörg þeirra fara allt of hratt í gegn. Mér finnst hins vegar þetta mál liggja þannig fyrir að verið sé að taka á mjög þekktum atriðum, atriðum sem hafa verið rædd hérna í fimm ár. Menn hafa m.a. unnið lögfræðiálit til að skoða hvert svigrúm löggjafans er í þessum efnum. Ég styð því framgang málsins á þinginu, að við samþykkjum það í dag eða á allra næstu dögum. Þetta eru atriði sem mér finnst ekki þola mikla bið til viðbótar. Þarna er verið að taka á ákveðnum einföldum atriðum en þó mikilvægum. Þó að við stígum þessi skref hættum við ekki umfjöllun um lífeyriskjör og stöðu umræddra hópa. Ég fullyrði að sú umræða mun halda áfram á nýju ári. (Forseti hringir.) Hægt er að ímynda sér aðrar breytingar sem hugsanlega færa þennan hóp inn í A-deild þegar sú umræða á sér stað á vettvangi (Forseti hringir.) stjórnmálanna en sú umræða hefur ekki farið fram.

[12:16]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Athyglisvert var að fylgjast með ræðu varaformanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar, um skrefið sem nú væri verið að stíga, þessa miklu baráttu sem háð hefði verið og áfangasigurinn sem nú væri að komast í höfn. Við hvern er verið að berjast? Er formaður Samfylkingarinnar að berjast við formann Sjálfstæðisflokksins? Það eru einkum þau sem hafa verið að véla um þetta. Hafa þau verið að takast á um málið? Ég óska eftir því að hv. þingmaður skýri þetta nánar fyrir okkur.

Ég vísa síðan í umsögn um 3. og 6. gr. frumvarpsins sem hv. þingmaður vísar til, að verði frumvarpið að lögum verði réttindaávinnsla alþingismanna og ráðherra í hlutfallslegu samræmi við réttindaávinnslu sjóðfélaga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að teknu tilliti til hærri iðgjalda. Þetta held ég að sé alrangt. Ég held að það gleymist að taka tillit til margvíslegra réttinda sem ég rakti í ræðu minni. Ég vísa þar í makabótaréttinn, ég vísa þar í mismun á skerðingu fyrir 65 ára aldur (Forseti hringir.) og hvernig haldið er á málum eftir að þeim (Forseti hringir.) aldri er náð. Þetta eru mjög verðmæt réttindi.

[12:18]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson spyr: Hver er eiginlega barátta Samfylkingarinnar? Engum blöðum er um það að fletta að þingmenn Samfylkingarinnar og fleiri í samfélaginu hafa ítrekað tekið þetta mál upp á þessum vettvangi, á fundum og í fjölmiðlum og öðru slíku. Við höfum lagt fram þingmál, við höfum sýnt það í verki að við krefjumst breytinga.

Hvar eru þingmálin frá Vinstri grænum í þessu máli á undanförnum fimm árum? Ég veit að korteri fyrir þetta mál kom fram þingmál, en hvar eru öll þingmál Vinstri grænna á þessu sviði? Hvar er barátta Vinstri grænna á þessum vettvangi önnur en sú að garga á torgum eins og hv. þingmaður hefur gert að ævistarfi sínu? Hvar eru verkin þegar að því kemur að reyna að fá breytingar sem menn tala iðulega um á útifundunum og á flokksfundum? Árangur þeirrar baráttu hjá Vinstri grænum er afskaplega lítill, virðulegi forseti. (Forseti hringir.)

Við erum hér að stíga skref og mér finnst sérkennilegt að hv. þingmaður tali áfram um að þau mikilvægu skref séu „örlítil“, séu „kattarþvottur“, því að þau eru það ekki. Hann sýnir ekki sanngirni þegar hann kemur ítrekað í pontu (Forseti hringir.) og gerir lítið úr frumvarpi sem felur í sér þá (Forseti hringir.) mikilvægu þætti að jafna kjörin og afnema helstu agnúa (Forseti hringir.) af lögunum frá 2003.

[12:19]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að virða ræðutíma.

[12:19]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, þetta með virðinguna og að gera lítið úr fólki, gera lítið úr baráttu sem fjöldasamtök heyja, verkalýðshreyfingin, Öryrkjabandalagið, útifundirnir á Austurvelli — þar á meðal ég, sem hafi gert það að ævistarfi mínu að garga á torgum. Er verið að tala um forseta Alþýðusambands Íslands sem var hér nýlega á fundi? Er verið að tala um Öryrkjabandalag Íslands? Er verið að tala um fólk úti á Austurvelli, að það sé að garga á torgum þegar það mótmælir sérréttindum sem þingmenn hafa áskapað sjálfum sér?

Hæstv. forseti. Hvað um öll þessi frumvörp? Hvar er frumvarp okkar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs? Það er í nefnd þar sem það hefur verið fryst eins og jafnan er gert með þingmál frá stjórnarandstöðunni. Samfylkingin er hins vegar í ríkisstjórn. (Forseti hringir.) Henni er í lófa lagið að koma málum fram og núna ætlar hún að viðhalda sérréttindum (Forseti hringir.) þingmönnum til handa í stað þess að fara með alla spyrðuna inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. (Forseti hringir.) Reyndar gefst okkur tækifæri til þess í atkvæðagreiðslu (Forseti hringir.) síðar í dag að sýna hver raunverulegur (Forseti hringir.) hugur okkar er í þessu efni.

[12:21]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að virða ræðutímann.

[12:21]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég áttaði mig ekki á því að í hv. þingmanni birtist Alþýðusambandið, Öryrkjabandalagið, öll félagssamtök í landinu o.s.frv., sem réttilega hafa haft sterka skoðun á þessu máli. Ég er að gagnrýna framgöngu hv. þingmanns. Hann hefur löggjafarvald á þingi en hefur ekki ómakað sig að leggja fram eitt einasta þingmál á öllum þessum tíma til að nýta það vald til að afnema þessi óréttlátu kjör, sem hann iðulega nefnir svo, nema núna korteri fyrir málið sem kemur frá okkur.

Það er rétt að Samfylkingin er í ríkisstjórn og henni er í lófa lagið að gera breytingar. Þess vegna er þetta mál líka komið fram því að menn hafa náð samkomulagi milli stjórnarflokkanna um að stíga þessi stóru skref um að afnema sérstök ákvæði um forsætisráðherra, minnka réttindaáhersluna, lækka heildarskuldbindinguna um 40%, hækka aldursmörk og annað slíkt. (**ÖJ:** Af hverju ekki afnema sérréttindi?) Það eru verkin sem tala, hv. þingmaður, og þess vegna er þetta mál komið fram á öðru ári okkar í ríkisstjórn, það ætti að vera fagnaðarefni í huga hv. þingmanns en virðist ekki vera það.

[12:22]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég var ávarpaður fullu nafni, eins og forseti kynnti mig núna, þegar ég var ungur drengur, þegar móður minni þótti hún þurfa að taka í drenginn, að hann hefði hegðað sér illa. Ég vona að ekki hafi vakað fyrir forseta að veita mér stranga áminningu.

Mig langar að árétta það, í ljósi þess sem kom fram í ræðu hv. þingmanns, að árið 2003, fyrir fimm árum, voru ekki gerðar neinar þær breytingar á lífeyrisréttindum alþingismanna og ráðherra sem hann lét í veðri vaka. 6% réttindaávinnsla ráðherra var komin inn þá löngu áður, að mig minnir árið 1967, og var engin breyting á. Réttindaávinnsla alþingismanna var með tilteknum hætti og henni var breytt á þann veg að þeir sem höfðu verið skemur en 17 ár bjuggu við skert réttindi og þeir sem höfðu verið meðaltíma, þingmenn í 10 ár, fengu 10% minni réttindi en þeir höfðu fyrir breytinguna. Það var nú allur eftirlaunaósóminn, virðulegi forseti.

[12:23]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að 6% reglan átti við ráðherra fyrir 2003 en hins vegar var, eins og hv. þingmaður getur réttilega um, staðan mismunandi varðandi þingmennina. Það fór, eftir því sem mér sýnist, eftir því hversu lengi menn höfðu setið á þingi. Sumir greiddu 2%, aðrir 5% og enn annar hópurinn 3,3% og síðan voru önnur þrep, (**Gripið fram í:** Það fór eftir starfstíma á þinginu.) það fór eftir starfstíma á þinginu. Nú erum við að fara niður í 2,375%, samræma þetta. Við erum líka að samræma þetta milli ráðherra og þingmanna. Ég tel það afskaplega mikilvægt, það var auðvitað ekki fyrir 2003. Að því leyti erum við líka að ganga lengra.

En það kom margt inn sem við afnemum núna í eftirlaunaósómanum, eins og hv. þingmaður kýs að kalla það, margt sem við bökkum núna með. Ég nefni á lokasekúndunum sérreglur sem áttu við forsætisráðherrann sérstaklega. Þær eru komnar út ef frumvarpið verður að lögum.

[12:24]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það atriði sem kom inn 2003 og kveikti eldana var fyrst og fremst þetta sérstaka ákvæði varðandi forsætisráðherra. Margt annað kom inn í lögin þá og er ekki lagt til að það verði tekið út. Ég get talið upp sjö atriði sem þá komu ný inn í lögin en ekki er hróflað við að þessu sinni.

Það er meiri ósóminn sem á þá að sitja áfram, virðulegi forseti. En ég vil árétta það að varðandi alþingismennina voru eftirlaunakjörin skert árið 2003 og enn er lagt til að skerða þau árið 2008. Fyrir þann þingmann sem hafði setið í 10 ár er skerðingin orðin, frá því sem var fyrir 2003, úr 187 þús. kr. niður í 133 þús. eftir að þetta frumvarp verður að lögum. Það er um 30% skerðing, virðulegi forseti, og ég bið menn að vera ekki að tala á þeim nótum að þarna hafi menn verið að færa réttindi til alþingismanna. Það er hið gagnstæða, menn hafa verið að færa réttindi frá þeim.

[12:26]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það, ef ég skil hv. þingmann rétt, að margt sem sagt hefur verið um þá gríðarlegu kjaraaukningu þingmanna sem átti að eiga sér stað árið 2003 er ekki á rökum reist. Það miðast fyrst og fremst við bætt kjör ráðherra. Þess vegna eru þær breytingar sem finna má í frumvarpinu fyrst og fremst miðaðar við að taka þau réttindi til baka eða breyta þeim með einum eða öðrum hætti. En það er ljóst að við erum klárlega að skerða réttindi þingmanna í þessu frumvarpi. Við erum að lækka réttindaáhersluna úr 3% niður í rúmlega 2% og það er klárlega skerðing og það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að draga það fram í dagsljósið svo að menn viti hvað við erum að fara að samþykkja. Það skiptir líka miklu máli í mínum huga að þetta komist út í umræðuna því að hún vill oft verða fjörug þegar kemur að svona málum.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir málefnalega umræðu í dag.

[12:27]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru mjög athyglisverðar umræður. Mig langar að spyrja hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson út í A-deildina af því að ég heyri að hv. þingmaður er að gæla við hana. Það kemur í ljós í nefndarálitinu að verið er að tala um að gera frekari breytingar eða útfærslur og að áfram þurfi að skoða málið. Það kom líka fram í ræðu hv. þingmanns.

Hv. þingmaður segir að sérreglurnar heyri sögunni til en það er ekki rétt. Áfram er sérregla í gildi fyrir þingmenn að hinu nýja frumvarpi ríkisstjórnarinnar samþykktu. Ég heyri að þingmanninn langar — ég ætla að túlka orð hans á þann veg að honum finnist eðlilegt að fara inn í A-deildina. Ég spyr þá: Af hverju stígum við ekki strax það skref að fara inn í A-deildina? Þá eru engar sérreglur fyrir okkur, þá erum við bara í A-deildinni og njótum þeirra réttinda sem þar eru og greiðum það iðgjald sem þar er krafist? Af hverju er þetta skref ekki stigið?

[12:28]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður segir að ég sé að gæla við einhverja hugmynd og ég er kannski meira en að gæla við hana, ég er að segja að hún sé ekki útilokuð. Það er ekki útilokað að við gerum frekari breytingar á þessu og færum þennan hóp í A-deildina. Það getur vel verið að það skref verði stigið. Að sama skapi þurfum við að vita hvað það þýðir. Við þurfum að vita hver sérréttindin eru ef svo má segja ef einhver eru eftir. (Gripið fram í.) Eins og hv. þingmaður benti á þurfum við að vita nákvæmlega hvaða sérréttindi eru eftir. Hv. þingmaður sat í allsherjarnefnd þegar við fjölluðum um þetta mál og fulltrúi forsætisráðuneytisins gat raunar ekki bent á nein sérréttindi sem stæðu út af eftir samþykkt þessa frumvarps.

Út af frammíköllum hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar vil ég benda á að þau skref sem við stígum hér eru tiltölulega einföld. Menn annaðhvort styðja þau eða styðja þau ekki og þó að við viljum skoða málið enn frekar á það ekki að koma í veg fyrir að við stígum þau jákvæðu skref sem eru í frumvarpinu því að þau hafa svo sem verið til umræðu og gagnrýnd í þau fimm ár sem liðin eru frá því að þau lög voru sett.

[12:29]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrir gott svar. Hv. þingmaður segir: Ég er ekki bara að gæla við A-deildina, ég vil virkilega að við skoðum það. Hv. þingmaður er þá á sömu skoðun og minni hlutinn sem hefur fært fram breytingartillögur við frumvarpið um að fara inn í A-deild LSR. Það væri þó eðlilegt ef menn eru sjálfum sér samkvæmir í stjórnarmeirihlutanum. Ég skal ekki segja hvað Sjálfstæðisflokkurinn vill en alla vega er hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar. Maður mundi ætla að þegar meiri tími gefst eftir áramót hljóti menn að fara í endurskoðun og þá meira en gæla við að fara í A-deild LSR, þá gerum við meira en það, þá bara gerum við það, förum inn í hana. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann telji að þetta séu vinnubrögð sem hann geti kvittað upp á — (Gripið fram í.) ég býst við því að meiri hlutinn ætli að þröngva þessu í gegn núna í dag. En getur hv. þingmaður fallist á að við förum strax í það eftir áramót að skoða málin aftur og fara inn í A-deildina?

[12:30]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að ég vilji skoða þá leið sem lýtur að því að færa þennan hóp í A-deildina er ég ekki með því að segja að ég ætli eftir hádegi að samþykkja tillögu minni hlutans. Ég vil fá að vita nákvæmlega hvað í henni felst.

Þingmenn hafa sagt hér að A-deildin sé einhver forréttindahópur. Dregin er upp mynd af A-deildinni sem forréttindahópi, ef borið er saman við aðila á almennum vinnumarkaði. Þessi umræða átti sér ekki stað á vettvangi allsherjarnefndar vegna þess að við vorum að ræða þær breytingar sem nú eru gerðar. Við eigum þá umræðu eftir, það veit hv. þingmaður. Það getur vel verið að það sé einhver galli við að færa þetta í A-deildina. Það getur vel verið að við þurfum að skoða þetta í stærra samhengi, í því samhengi að jafna almennt öll lífeyrisréttindi á markaði, líka milli opinberra starfsmanna og aðila á almenna vinnumarkaðinum. Það er umræða sem margir þekkja og hafa tekið þátt í í mörg ár. Þetta má allt skoða mín vegna og er spennandi umræða því að auðvitað á jöfnuðurinn að vera lykilatriði. Auðvitað eiga ekki að vera nein sérréttindi, ég átta mig alveg á því.

Ég stend ekki hér til að verja einhver sérréttindi. Ég mæli fyrir þessum málum (Forseti hringir.) vegna þess að við afnemum sérréttindi. Það er þess vegna sem ég vil gera það að lögum í dag vegna þess að við afnemum óréttlát sérréttindi. Ég skal taka umræðuna um A-deildina hvenær sem er, strax 2. janúar ef hv. þingmaður kýs svo. (Forseti hringir.) Sú umræða er einfaldlega eftir, það vitum við hv. þingmaður.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:33]

Tollalög, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, frh. 2. umr.

Stjfrv., 231. mál (tollfrjáls innflutningur ferðamanna á varningi o.fl.). — Þskj. 317, nál. 423.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 423 samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
3.–11. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Virðisaukaskattur, vörugjald o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 247. mál (framlenging ákvæða um lækkun gjalda af vistvænum ökutækjum). — Þskj. 364, nál. 414, brtt. 421.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]

Brtt. 421,1 felld með 27:11 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, JM, KJak, SF, SJS, VS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BBj, EKG, EBS, GHH, GSB, GÞÞ, HHj, ISG, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, StB, ÞKG, ÖS.

25 þm. (ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EMS, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, KolH, KÞJ, MS, RR, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 421,2 felld með 27:12 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, HSH, JM, KJak, SF, SJS, VS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BBj, EKG, EBS, GHH, GSB, GÞÞ, HHj, ISG, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, StB, ÞKG, ÖS.

24 þm. (ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EMS, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, KolH, KÞJ, MS, RR, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:06]

Árni Þór Sigurðsson:

Herra forseti. Ég hef á tilfinningunni að hér í galsanum rétt fyrir jólin séu hv. stjórnarþingmenn að ýta á vitlausan takka kannski fyrst og fremst af því að þeir átta sig á því að tillagan er frá stjórnarandstöðunni en ekki vegna innihaldsins.

Hér er sem sagt lagt til mikið baráttumál, að bæta afkomu almenningssamgangna fyrst og fremst með því að endurgreiða (Gripið fram í.) hærra hlutfall olíugjaldsins en er í gildandi lögum og til þess að ná þeirri endurgreiðslu sem var áður en olíugjaldið var tekið upp með þeim hætti sem það er í dag. Þetta hefur verið baráttumál meðal annars okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og fólks í Samfylkingunni líka og það vekur athygli hvernig hún greiðir atkvæði í þessu máli hér og er rétt að halda því til haga. Ég segi já.

4. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fjárhagsleg fyrirgreiðsla úr ríkissjóði til málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum, frh. 2. umr.

Frv. SKK o.fl., 248. mál. — Þskj. 365, nál. 415.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–3. gr. og ákv. til brb. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, frh. 2. umr.

Stjfrv., 246. mál (réttindaávinnsla o.fl.). — Þskj. 363, nál. 425 og 430, brtt. 426 og 429. [14:10]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar frumvarp sem hefur fengið mikla umfjöllun eða þetta málefni réttara sagt hvað varðar eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, hefur fengið mikla umfjöllun í þjóðfélaginu á síðustu árum og sú breyting sem gerð var árið 2003 ekki síst.

Nú hefur það gerst að stjórnarflokkarnir hafa orðið sammála um ákveðnar breytingar á lögunum frá 2003 og er í sjálfu sér hægt að lýsa ánægju með það. En það hefði kannski verið skemmtilegra ef það hefði verið mögulegt að allir flokkar sem eiga sæti á hv. Alþingi hefðu getað orðið sammála um þessar breytingar og það hefði verið hægt að haga málum þannig að flutningsmenn hefðu komið úr öllum flokkum. Í rauninni var það þannig, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan frétti af því í gegnum fjölmiðla að stjórnarflokkarnir hefðu náð þessu samkomulagi en stjórnarandstaðan fékk ekki tækifæri til þess að vera með í samkomulaginu. Hins vegar var stjórnarandstöðunni boðið að flytja málið eins og það kom frá stjórnarflokkunum, sem hún þáðu ekki.

Ég ætla fyrst og fremst að tala fyrir Framsóknarflokkinn en ekki stjórnarandstöðuna sem heild vegna þess að ég tel að mismunandi áherslur séu uppi í þeim flokkum að einhverju leyti. Áðan sagði hv. 4. þm. Reykv. s., Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, að margt sem sagt hefur verið um lögin frá 2003 hafi ekki verið á rökum reist og ég held að það séu orð að sönnu hjá hv. þingmanni. Það hefur verið margt sagt um þau lög sem var í raun ekki í samræmi við veruleikann. Þar eru forsvarsmenn og forustumenn Samfylkingarinnar (Gripið fram í.) í raun í nokkurri forustu þar sem formaðurinn hefur látið stór orð falla um þessi lög og hefur síðan augljóslega gefið eftir. En það er alltaf virðingarvert þegar fólk gefur eftir til þess að ná samkomulagi og nú liggur þetta samkomulag fyrir.

Ég vil halda því fram, hæstv. forseti, að þetta samkomulag og þetta frumvarp sem hér um ræðir sé verulega til bóta. Það fer ekkert á milli mála. En hvað var samþykkt þarna árið 2003 sem var svona óskaplega erfitt að sætta sig við? Það vil ég taka fram að flokksþing framsóknarmanna hefur

líka ályktað gegn þeim lögum.

Í fyrsta lagi voru sett heildarlög um eftirlaunarétt en áður höfðu (Gripið fram í.) fyrirmæli um réttindin verið mjög dreifð. Í öðru lagi var greint á milli eftirlauna sem greiðast úr ríkissjóði og lífeyrisgreiðslna sem greiðast samkvæmt almennum reglum. Í þriðja lagi voru iðgjaldagreiðslurnar hækkaðar þannig að það sem einstaka þingmaður og ráðherra eru að greiða inn í sjóðinn var hækkað úr 4% í 5 og þetta er óbreytt samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Síðan voru í fjórða lagi settar sérreglur um eftirlaunarétt forsætisráðherra sem voru færðar mjög í samræmi við eftirlaunarétt forseta Íslands. Það ákvæði var mjög umdeilt og er mjög umdeilt og samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir er það ákvæði tekið út. Í fimmta lagi er talað um aldursmarkið sem árið 2003 var fært niður þannig að fyrrverandi ráðherra sem hafði gegnt embætti í sex ár eða lengur gat hafið töku eftirlauna 55–60 ára eftir því hversu lengi hann hafði gegnt embætti ráðherra og ekki ósvipaðar reglur voru þá lögfestar í sambandi við alþingismenn. Síðan er það þessi réttindaávinnsla sem hefur verið gagnrýnd en henni var ekki breytt árið 2003 hvað varðar ráðherrana. Hún hafði verið 6% og var áfram 6%. Nú er hún færð niður í 2,375% og það sama gildir um þingmennina þannig að það er vissulega nokkuð róttæk breyting. Síðan voru réttindi maka alþingismanna skert árið 2003 og ég sé ekki að gerð sé breyting á því núna.

Annað atriði fyrir utan þau auknu réttindi sem forsætisráðherra fékk með breytingunni var að heimilt var að taka eftirlaun á sama tíma og fyrrverandi þingmenn eða ráðherrar gegndu starfi. Þetta var hins vegar ekki eins og hér hefur komið fram — ákveðinn misskilningur hefur verið uppi í samfélaginu um að þessi regla hafi verið tekin upp árið 2003. Hún er eldri og hún er í raun í samræmi við það sem gerist eða ekki óáþekkt því sem gerist hjá almennum ríkisstarfsmönnum. Þessi réttur er tekinn út núna og ég lýsi ánægju með það líka.

Við skulum hafa það í huga að þegar þetta samkomulag var upphaflega gert árið 2003 þá var það á milli allra formanna stjórnmálaflokkanna. Allir formennirnir gerðu þetta samkomulag og þeir voru hv. þingmenn Davíð Oddsson, Halldór Ásgrímsson, Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon og Guðjón A. Kristjánsson. Þeir gerðu þetta samkomulag og þegar það var kynnt öðrum ráðherrum og öðrum þingmönnum lá fyrir að það var samkomulag um þessa breytingu þó að samkomulagið héldi ekki og þeir sem þarna áttu í hlut og ekki síst þeir sem þarna voru að fá aukin réttindi eða hærri laun, skulum við kalla það, treystu sér ekki til þess að fylgja málinu til loka. Það var verið að hækka þingfararkaupið verulega, þingfararkaup formanna stjórnarandstöðuflokkanna þar sem gert er ráð fyrir að formenn stjórnarflokkanna almennt gegni embætti ráðherra. Þessi breyting er áfram við lýði og það er ekkert hróflað við henni í því frumvarpi sem hér um ræðir enda snýst það einungis um eftirlaun. En þetta var nú hluti af samkomulaginu og ég held að það sé bara mikilvægt að það liggi hér fyrir.

Hæstv. forseti. Ég er þeirrar skoðunar að ef Samfylkingin hefði verið tilbúin að gangast undir það fyrir nokkrum árum síðan að lögin yrðu ekki afturvirk þá hefðum við getað gengið frá samkomulagi og breytingum á þessum lögum. Það var krafa Samfylkingarinnar að lögin yrðu afturvirk sem er ekki í samræmi við ákvæði stjórnarskrár. Nú virðist þetta hafa verið gefið eftir og Samfylkingin, hv. þingmenn og ráðherrar Samfylkingarinnar hafi gengist undir það að lögin geti ekki verið afturvirk. Þar leystist sá hnútur með því að ná skilningi, sennilega fyrst og fremst hæstv. utanríkisráðherra, á þessu máli.

Það var meðal annars í tengslum við þetta ákvæði sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar fóru að tala um smásálir, það væri rétt að hafa lögin afturvirk og svo gætu þeir sem hefðu áhuga á því að sækja sinn rétt bara gert það ef þeir væru slíkar smásálir. Það hefur lítið verið talað um smásálir hér í dag enda hefur Samfylkingin gefið eftir og gert sér grein fyrir því að afturvirk lög eru ekki sett á hv. Alþingi.

Eins og hér hefur komið fram finnst mér þær breytingar sem hér eru til umfjöllunar vera allar til bóta. Hins vegar er ég komin á þá skoðun núna eftir að þessi tími hefur liðið og öll þessi orð hafa verið látin falla og allur þessi misskilningur sem hefur verið uppi í sambandi við öll þessi mál hefur orðið skýrari að það væri best að alþingismenn og ráðherrar greiddu í hinn almenna sjóð ríkisstarfsmanna, A-deildina. Ég mun því styðja þá tillögu sem hér kemur fram og lýtur að því að það skref verði stigið og mér sýnist að miðað við nefndarálit sem kemur frá meiri hluta allsherjarnefndar og er undirritað af stjórnarsinnum að það sé mál sem verði til skoðunar áfram því að þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Innan nefndarinnar komu fram sjónarmið um ýmsar frekari breytingar eða aðrar útfærslur á fyrirkomulagi eftirlauna þeirra sem undir þessi lög heyra og telur meiri hluti allsherjarnefndar að slík skoðun þurfi að eiga sér stað.“

Þennan texta skil ég svo að það mál verði áfram til umfjöllunar.

Mér finnst ekki ólíklegt að ef sú tillaga sem hér verður borin fram um A-deildina, þ.e. að henni fallinni þá gæti ég stutt þetta frumvarp, því að eins og fram hefur komið er það verulega til bóta.

[14:21]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því í máli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur að hún taldi að með þessu frumvarpi hefði Samfylkingin gefið afslátt af þeirri hugmynd sinni að ný lög yrðu afturvirk eins og hún orðaði það, þ.e. næðu til þeirra sem þegar væru farnir að taka rétt samkvæmt lögunum frá 2003, og nú hefði hún gefið afslátt af því sem hún hefði ekki verið tilbúin til að gefa þegar Halldór Ásgrímsson var forsætisráðherra og var með frumvarp í smíðum um þessi mál.

Þetta er misskilningur hjá þingmanninum vegna þess að það sem málið snerist um á þeim tíma var að Halldór Ásgrímsson var ekki tilbúinn til að láta það ákvæði nýrra laga sem þá hefði orðið að veruleika um að menn gætu ekki á sama tíma þegið laun og eftirlaun hjá ríkinu, ná til þeirra sem þegar voru farnir að taka eftirlaun og voru líka með laun hjá ríkinu. Í þessu frumvarpi eru tekin af öll tvímæli um að það nái til þeirra sem þegar eru farnir að taka eftirlaun og eru með laun hjá ríkinu.

Það segir hér í athugasemd um 8. gr. um þetta mál:

„Gildir það jafnt um þá sem þegar hafa hafið töku eftirlauna og þá sem hefja slíka töku síðar.“

Það eru því tekin af öll tvímæli í 8. gr. þessa frumvarps um að það nær eftir 1. júlí á næsta ári einnig til þeirra sem eru með laun hjá ríkinu og taka eftirlaun samkvæmt lögunum frá 2003. Frumvarpið nær til þeirra og verður skerðing hjá þeim eftir 1. júlí.

[14:23]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þarna hafa farið fram samtöl sem ég átti ekki aðild að en miðað við þær upplýsingar sem ég hef fer hæstv. ráðherra ekki með rétt mál heldur var þetta með þeim hætti sem ég fór yfir áðan. (Gripið fram í.) En hæstv. utanríkisráðherra kom ekkert frekar inn á málið sem varðar A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Mér þætti áhugavert að heyra hvort hún er tilbúin að fallast á að það verði skoðað frekar að alþingismenn og ráðherrar greiði í þann sjóð og njóti réttinda úr honum.

[14:24]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég vel sjálf andsvör mín og andsvar mitt við ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur laut að því að hún fór ekki með rétt mál hvað varðaði afturvirknina. Ég mun taka til máls á eftir og ræða ýmislegt annað sem varðar þetta eftirlaunamál en ég er í andsvari við þingmanninn vegna þess að hún fer ekki rétt með hvað varðar afturvirknina. Umræðan um afturvirknina stóð einmitt um hvort við værum tilbúin að láta ákvæði um að menn gætu ekki þegið laun og eftirlaun hjá ríkinu á sama tíma, ná til þeirra sem þannig háttar þegar um að eru með laun frá ríkinu og eftirlaun frá Alþingi. Það eru tekin af tvímæli í þessu frumvarpi að eftir 1. júlí nær það til þeirra aðila. Það var hin svokallaða afturvirkni sem var í umræðunni og þar eru tekin af öll tvímæli. Þess vegna eru það ósannindi þegar þingmaðurinn kemur upp og segir að nú sé Samfylkingin búin að kyngja þessum hugmyndum sínum um að lögin væru afturvirk hvað þetta varðar.

[14:25]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hlýddi af athygli á mál hv. þingmanns í þeirri ræðu sem hún flutti áðan. Það vakti athygli mína að hún lagði lykkju á leið sína í ræðu sinni til að finna að málflutningi Samfylkingarinnar sem hún hefur haft uppi frá 2003. Staðreyndin er sú að enginn flokkur hefur gagnrýnt þetta frumvarp jafnmikið og flutt tvö mál á þingi um breytingar á þessu máli hingað til. Það er staðreynd.

Staðreyndin er líka sú að það mál sem hér er verið að breyta og var samþykkt af þingmönnum þáverandi stjórnarflokka, var borið uppi af þingmönnum þáverandi stjórnarflokka, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. (**VS:** Það var flutt af ...) Það var borið upp og samþykkt af þessum þingmönnum. Það var hins vegar flutt af forsætisnefnd, það er ágætt að halda því til haga. (Gripið fram í.) Það var flutt af forsætisnefnd en það var á endanum samþykkt af þingmönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. (**Gripið fram í:** Það fór aldrei í nefnd.) Þess vegna finnst mér athyglisvert, virðulegi forseti, að hv. þingmaður komi upp núna og hundskammi þá sem gert hafa tillögur um breytingu á þessum málum og eins þá sem ekki studdu málið. Mér þótti það mjög athyglisverður málflutningur. Ég verð að segja það alveg eins og er, virðulegi forseti. Hér er hins vegar til umræðu frumvarp sem farið hefur verið yfir og er samkomulag stjórnarflokkanna og verður greitt atkvæði um það á eftir. Það er ekki alveg sanngjarnt að skamma stjórnmálaflokk fyrir mál sem hv. þingmaður bar ábyrgð á á þinginu fyrir nokkrum árum.

[14:27]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ástæða þess að ég beindi orðum mínum til hv. samfylkingarmanna er sú að þeir hafa ekki fyrst og fremst verið að reyna að ná árangri í því að breyta þessum lögum heldur hafa þeir verið með sýndarmennskutillögur. Hvers vegna flutti Samfylkingin t.d. frumvarp í fyrra til breytinga á eftirlaunalögunum án þess að hafa um það samráð við samstarfsflokkinn á sama tíma og ákvæði var í stjórnarsáttmála um að stjórnarflokkarnir ætluðu í sameiningu að breyta eftirlaunalögunum umdeildu? Var það líklegt til að ná árangri? Það var nefnilega ekki líklegt til að ná árangri enda var ekki um það að ræða. Það var ekki spurning um að ná árangri. Það var spurning um sýndarmennsku og reyna að láta líta svo út að Samfylkingin væri eini flokkurinn sem hefði einhvern áhuga á að breyta þessu lögum. Það er málið. Þess vegna leyfi ég mér að gagnrýna þennan málatilbúnað og tel mig hafa fulla ástæðu til að gera það.

[14:28]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fyrst kemur hv. þingmaður upp og skammar okkur fyrir aðgerðaleysi eða gagnrýni á það mál sem samþykkt var 2003 og vakið hefur mikla umræðu. Nú kemur hv. þingmaður í andsvari og skammar okkur fyrir að hafa flutt mál um þetta tiltekna efni. Þetta er dálítið kostulegt, virðulegi forseti, en ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þessa ræðu.

[14:29]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það sem mér finnst broslegast af þessu öllu saman er að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson skuli koma upp í pontu og tala um að ég hafi verið skamma hann eða skamma Samfylkinguna. Menn þola lítið. Hvernig var á síðasta kjörtímabili þegar hv. þingmaður fór mikinn sem stjórnarandstæðingur? Þetta voru ekki skammir frekar en ég veit ekki hvað sem ég hafði uppi þegar tekið er tillit til þess. Þetta voru nánast gælur eins og hæstv. utanríkisráðherra bendir á.

En ég hafði fulla ástæðu til að láta þetta koma fram í ræðu minni vegna þess að frumvarpið sem Samfylkingin flutti í fyrra náði ekki fram að ganga vegna þess að það var flutt af Samfylkingunni einni. Ekki var reynt að hafa samráð við Sjálfstæðisflokkinn enda hurfu þeir úr salnum, hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þegar þessi umræða fór fram. Þeir voru greinilega ósáttir við framkomuna gagnvart

samstarfsflokknum. Þess vegna erum við fyrst núna að breyta lögunum eftir að þessi langi tími hefur liðið.

[14:30]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Forsagan er nú kannski ekki aðalatriði þessa máls þegar við stöndum með þetta frumvarp í höndunum þar sem hæstv. ríkisstjórn er eftir hartnær tveggja ára tíma að bögglast við að koma sér frá málinu og heldur óhönduglega. Hún gengur þar ekki hreint til verks, mun skemur t.d. en frumvarp þingmanna Samfylkingarinnar á síðasta þingi gerði.

En vegna söguskýringar hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur vil ég taka fram að það er oftúlkun að segja að það hafi verið um það samkomulag milli formanna allra þáverandi stjórnmálaflokka að flytja frumvarpið eins og það var lagt fram í endanlegri gerð. Það er oftúlkun.

Hið rétta er að okkur, formönnum stjórnarandstöðuflokkanna á þeim tíma, voru kynnt drög að frumvarpi fyrst og fremst á einum fundi í ráðherrabústaðnum með þáverandi forsætisráðherra og fjármálaráðherra og gott ef þáverandi utanríkisráðherra var ekki með. Þau frumvarpsdrög sem þá lágu fyrir gengu mun skemmra en frumvarpið sem síðan var lagt fram í endanlegri mynd. Þá var t.d. búið að auka verulega við þau réttindi sem forsætisráðherra voru sérstaklega færð í þessu margrómaða eftirlaunafrumvarpi. Það var kannski að lokum fyrst og fremst frumvarp um stóraukin eftirlaunaréttindi forsætisráðherra og þeirra sem áður höfðu verið ráðherrar og urðu forsætisráðherrar í stuttan tíma.

Það er mín aðild að þessu máli og ég hef viðurkennt það sem mistök að hafa ekki lagst gegn því að málið færi áfram. Þvert á móti var ég því fylgjandi, eins og við vorum á þessum fundi, að þetta yrði unnið áfram. Það hef ég viðurkennt að hafi verið mistök sem ég sé eftir en við því verður ekki gert.

Frumvarpið eins og það kom endanlega búið frá þáverandi forsætisráðherra og þáverandi fjármálaráðherra hafði tekið miklum breytingum og gekk mun lengra en þau drög sem áður höfðu verið rædd og áttu fyrst og fremst (Forseti hringir.) að vera tæknilegar lagfæringar og samræming þessara réttinda í eina löggjöf eins og lagt var upp með.

[14:32]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég veit að þetta er ákaflega viðkvæmt mál hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. En við skulum segja að þetta sé rétt, að það hafi orðið breyting á því frumvarpi frá því að samkomulagið var gert á milli formanna stjórnmálaflokkanna og þar til að það var flutt hér á Alþingi. En mér finnst mjög ólíklegt að þegar að forsætisnefndarfulltrúi Vinstri grænna flutti málið og skrifaði upp á það að ekki hafi legið algerlega fyrir hvernig þetta mál var vaxið.

Ég get ekki ímyndað mér annað en að frumvarpið hafi verið rætt í þingflokki Vinstri grænna. Varla hefur hv. þm. Þuríður Backman farið að flytja málið án þess að það hafi verið rætt í þingflokknum. Það hlýtur að hafa verið öllum ljóst hvernig málið var vaxið og hvernig frumvarpið leit út þegar það barst inn á hv. Alþingi. Ég fullyrði að forsætisnefndarfulltrúinn hefur verið búinn að skoða málið áður en það var flutt. Vissi þá formaður flokksins ekkert um hvernig málið var fyrst fulltrúinn í forsætisnefndinni vissi það?

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta er ekkert viðkvæmt mál af minni hálfu en rétt skal vera rétt. Það er um að gera að hlutirnir liggi fyrir nákvæmlega eins og þeir eru og það sem ég rakti hér áðan eru staðreyndir.

Það stóð nú reyndar þannig á að þegar frumvarpið kom fram voru örfáir sólarhringar eftir að þinghaldinu, ef ég man rétt. Þetta var nú hálfgerð næturvinna og unnin í miklum flýti eins og stundum er gert en er aldrei til eftirbreytni. Ég var þá reyndar ekki á þingi heldur við kosningaeftirlit í Rússlandi og var á leiðinni til landsins daginn sem frumvarpið var flutt, ef ég man rétt. Ég sá það ekki í endanlegri gerð fyrr en því hafði verið dreift á þinginu.

Ég er ekki viss um, þó að maður eigi auðvitað aldrei að gefa sér að menn standi kannski að einhverju leyti að hlutum sem þeir hafa ekki skoðað ofan í kjölinn, að allir hafi áttað sig á því hvað í frumvarpinu var fyrr en það birtist mönnum hér á borðum þingmanna og í ljós kom hversu langt var gengið, sérstaklega varðandi stóraukinn eftirlaunarétt ráðherra.

Umræðan var auðvitað öll mjög á skjön því að (Forseti hringir.) þegar upp var staðið var frumvarpið ekki um aukningu eftirlaunaréttar þingmanna eins og svo gjarnan er (Forseti hringir.) svo talað um heldur fyrst og fremst ráðherra.

[14:35]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er athyglisvert að hlusta á söguskýringarnar og ágætt að halda þeim að einhverju leyti til haga. Ég man eftir því þegar þetta mál kom fram var það einmitt kynnt þannig að formenn stjórnmálaflokka hefðu náð samkomulagi. Svo var málið flutt af fulltrúum allra stjórnmálaflokka í forsætisnefnd þannig að sú mynd sem gefin var af málinu í upphafi var að það væri samkomulagsmál. En síðan breyttist það og þegar á hólminn var komið var ekkert samkomulag um málið þannig að þetta var nú mjög sérstakur tími sem við upplifðum í kringum 2003.

Hvað hefur gerst síðan? Jú, það hefur verið tekist alveg gífurlega á um þetta mál. En hvað var í málinu 2003? Það er búið að fara aðeins yfir það hér og ég ætla að rifja það upp.

Það var ekki verið að breyta því að þeir sem voru farnir að taka eftirlaun gætu ekki líka unnið hjá hinu opinbera, það hafði verið áður við lýði. Það var ekki verið að breyta eftirlaunarétti ráðherranna, fyrir utan forsætisráðherra, nema að mjög takmörkuðu leyti.

Varðandi þingmennina fengu þeir aukin réttindi. Þeir fengu sömu réttindi en þeir áttu að borga meira fyrir þau. (**Gripið fram í:** Minni. Minni réttindi.) Minni réttindi, kallar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. En alla vega græddu þingmenn ekki á frumvarpinu ef svo má að orði komast og ég held að mesti munurinn hafi verið í því að þeir greiddu

hærri iðgjöld eftir 2003.

Þar fyrir utan var hækkað álagið á formenn stjórnmálaflokka í frumvarpinu um 50%, að ég held, og það voru nýmæli. Ég held að það hafi verið eðlilegt skref. Það er mikið álag sem fylgir því að vera formaður í stjórnmálaflokki, býst ég við. Sú mynd sem gefin var af þessum eftirlaunaósóma, eins og hann hefur verið kallaður, var líklega mjög skökk. Það gagnrýnisverðasta voru kjör forsætisráðherra sem voru aukin. Sú mynd sem fólkið í landinu fékk, að þingmenn væru að „gúffa“ í stórum stíl fjármagn fyrir eftirlaun sín síðar, var röng. Það var röng mynd sem gefin var.

Þetta hefur verið rætt talsvert í Framsóknarflokknum og við höfum ályktað um hvað gera beri í þessari stöðu. Við teljum að ekki eigi að hafa nein sérréttindi. Þess vegna höfum við lagt til að farin verði svokölluð A-deildar leið í LSR. (Gripið fram í.)

Samfylkingin flutti, eins og komið hefur fram, mál á síðasta þingi. Valgerður Bjarnadóttir var 1. flutningsmaður á því máli en þar voru líka hv. þm. Ellert B. Schram, Katrín Júlíusdóttir, Gunnar Svavarsson og Róbert Marshall. Það var mjög merkilegt af því í stjórnarsáttmálanum segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Eftirlaunakjör alþingismanna og ráðherra verði endurskoðuð og meira samræmi komið á í lífeyrismálum ráðamanna og almennings.“

Það átti að koma meira samræmi. Það átti að taka skref samkvæmt stjórnarsáttmálanum. En Samfylkingin klýfur sig frá stjórnarsáttmálanum og skilur samstarfsflokk sinn, Sjálfstæðisflokkinn, eftir á brókinni og fer fram með þetta mál ein. Þetta var því mjög ankannalegt og ber ekki vott um mikil heilindi. Þrátt fyrir að hér hafi verið um varaþingmanninn hv. Valgerði Bjarnadóttur að ræða sem hafði mikið rætt þessi mál tel ég þetta samt vera mikil óheilindi sem Samfylkingin sýndi sínum samstarfsflokki Sjálfstæðisflokknum á þessum tíma.

Fyrir utan þetta, í tengslum við þá orðræðu sem varð, gassaðist hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún, fram á sviðið og talaði um málið í fjölmiðlum. Sú orðræða varð einungis til þess að eyðileggja hugsanlega samstöðu sem hefði getað skapast um þetta mál. Alltaf hafði verið lögð svo mikil áhersla á samstöðu um málið og þess vegna var reynt að ná samkomulagi allra flokka á sínum tíma. Það tókst en menn duttu svo út þegar á hólminn var komið.

Hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, undirstrikaði að mikilvægt væri að ná sátt á milli stjórnmálaflokkanna í málinu. En allar aðgerðir og orðræða sem komu frá hæstv. ráðherra voru í þveröfuga átt og eyðilögðu fyrir því samkomulagi þannig að lokum fór mál hv. varaþingmanns Valgerðar Bjarnadóttur að sjálfsögðu ekki í gegn, það var bara svæft í allsherjarnefnd. Meiri hlutinn, þ.e. fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, reyndi auðvitað ekki að koma því í gegn þannig að það sofnaði svefninum langa og nú er komið fram frumvarp frá ríkisstjórninni.

Þetta frumvarp hefði þurft að fá miklu meiri tíma í nefndinni. Það var unnið allt of hratt. Þessi mál eru flókin og það eru margir vinklar sem þarf að skoða. Okkur tókst ekki að gera það í nefndinni á þessum tíma, því miður, þannig að ég tel að hér sé ekki um vönduð vinnubrögð að ræða. Ég vona að það verði þó engin slys vegna þessa frumvarps þegar það verður samþykkt. Ég býst við því að stjórnarflokkarnir hafi nú meiri hluta þegar á hólminn er komið í atkvæðagreiðslunni.

Við í minni hlutanum teljum mjög mikilvægt að fara með kjör okkar, þingmanna og ráðherra, inn í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ef það er gert er alveg á hreinu hvert menn stefna. Þá förum við nákvæmlega þá leið sem þar er farin. Við borgum þá það sama inn í sjóðinn sem eru 4% og fáum sömu réttindaávinnslu sem þar er í gildi sem er 1,9%.

Það er hins vegar alveg rétt sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og fleiri hafa sagt í ræðum sínum, að hlutfallslega er þetta sömu tölur og eru í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, þ.e. þar er iðgjaldagreiðslan 5% og réttindaávinnslan 2,375%. Það er alveg í samræmi við það sem felst í A-deildinni. En við teljum að það eigi að ganga skrefið til fulls, vera ekki með sérreglur heldur þá reglu sem gildir í þeim sjóði. Öll kjör sem þar gilda, gildi líka öll um alþingismenn og ráðherra.

En hvað mun þá eiga sér stað, virðulegur forseti, að þessu frumvarpi samþykktu? Það hlýtur að hafa áhrif á ákvörðun kjararáðs þegar kemur að henni. Að vísu mun kjararáð væntanlega ekki taka á málum þingmanna og ráðherra um nokkurt skeið, í eitt ár eða svo, minnir mig að sé í þeim lögum sem við erum að breyta um kjararáð. En í 4. mgr. 9. gr. þeirra laga segir að þegar kjararáð tekur mál til meðferðar skal það taka tillit til kvaða sem störfunum fylgja svo sem hlunninda og réttinda sem tengjast embætti og launum svo sem lífeyrisréttinda og ráðninga og kjara. Það eru því leiðbeiningar í lögunum um hvað Kjararáð á að skoða þegar lögin eru ákvörðuð.

Það hefur verið upplýst í umræðunni og kom fram í allsherjarnefnd að við skerðum réttindi ráðherra um 60% miðað við tillögur ríkisstjórnarinnar og þingmanna um 20% samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar. Verði tillaga minni hlutans samþykkt er verið að skerða þessi kjör enn þá meira. Hvor leiðin sem farin verður, leið minni hlutans eða leið stjórnarflokkanna, er alveg ljóst að kjararáð hlýtur að hækka laun þingmanna og ráðherra. Annað væri mjög sérstakt og alls ekki í takt við lögin að mínu mati en hækkunin yrði talsvert meiri ef leið minni hlutans yrði farin.

Ég tel bara að það sé eðlilegt. Það er eðlilegt að kalla hlutina því nafni sem þeir heita og það á ekki að vera að fela kjörin í einhverjum lífeyrisréttindum. Það er eðlilegra að kaupið sé hærra en lífeyrisréttindin að sama skapi lægri. Við teljum að það eigi að fara þessa svokölluðu A-leið, fara inn í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Ég vil taka það sérstaklega fram að í dag erum við með svokallaðar sérreglur en samt er verið að sýsla með það kerfi sem alþingismenn og ráðherrar taka eftirlaun eftir hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Með því að hafa sérreglur eykst kostnaðinn talsvert við utanumhald um kerfið hjá lífeyrissjóðunum. Þetta er flókið, kostnaðarsamt og óhagkvæmt. Svo að ég vitni nú í það sem kom fram á fundi allsherjarnefndar hjá þeim sem með þessi kerfi sýsla þá hækkar þetta flækjustigið. Það væri því mjög mikið hagræði í því að færa þetta inn undir eitt kerfi hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Öll rök mæla með því að fara þessa leið. Ég hef ekki al-

veg áttað mig af hverju meiri hlutinn vill það ekki, að fara algerlega inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og vera í því gagnsæja kerfi sem þar er (Gripið fram í.) og fá kjör eins og sá hópur býr við. Það yrði mikil einföldun varðandi (Gripið fram í.) meðferð þessara mála hjá okkur, virðulegur forseti.

Ég hef líka heyrt hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson lýsa því yfir í frekar skýru máli að það ætti að skoða að fara A-leiðina. Það eru gefin svolítil fyrirheit um það í nefndaráliti meiri hlutans. Þar segir að komið hafi fram sjónarmið um frekari breytingar og aðrar útfærslur á fyrirkomulagi eftirlauna og slík skoðun þurfi að eiga sér stað.

Það er bara ansi mikið sagt í þessu nefndaráliti, að slík skoðun þurfi að eiga sér stað. Það segir meiri hlutinn. Ég skora á þingmenn stjórnarflokkanna sem eru í allsherjarnefnd að beita sér fyrir því að þessi endurskoðun fari fram sem fyrst. Ég tek líka eftir því að einn hv. þingmaður í meiri hlutanum, Ellert B. Schram, gerir fyrirvara við þetta nefndarálit og mál.

Virðulegur forseti. Þetta er jákvætt skref sem stjórnarflokkarnir taka hér en það væri miklu eðlilegra að ganga alla leið og færa þingmenn og ráðherra inn í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þá þyrfti ekkert að vera að reyna að útskýra hvað í kjörum okkar felst. Þá gætu flestir, jafnvel allir, skilið það algerlega. Þær reglur sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eru svo mörgum kunnar og hafa verið í gildi um nokkurt skeið.

[14:49]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þá áhugaverðu og málefnalegu umræðu um eftirlaunamál eða -kjör þingmanna, ráðherra og hæstaréttardómara sem hér hefur farið fram í dag og tel að hún hafi verið mjög áhugaverð, meðal annars vegna þess hversu vítt hefur verið farið yfir sviðið hvað varðar almenn lífeyrisréttindi í landinu. Ég vil sérstaklega þakka, að öðrum ólöstuðum, hv. þingmönnum Kristni H. Gunnarssyni og Ögmundi Jónassyni fyrir áhugaverða umræðu um lífeyrismál. Ég verð líka að hrósa hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir þann kjark sem hann sýnir í umræðunni umfram aðra þingmenn, vil ég leyfa mér að segja, sem hugsa kannski ekkert ólíkt með sjálfum sér, að kannski sé ástæða til þess, hvað sem öðru líður, að halda til haga ýmsu sem snýr að kjörum þingmanna og kjaramálum þeirra og reyna að leiðrétta aðeins hlut þeirra í umræðunni, en það er ekki til vinsælda fallið á þessum síðustu og verstu tímum að halda þeim málstað á lofti. Þess vegna finnst mér ástæða til, burt séð frá því hvort maður er sammála þingmanninum eða ekki, að hrósa honum fyrir þann kjark sem hann sýnir.

Ég þarf ekki að hafa langt mál um frumvarpið sem hér er fram komið, virðulegi forseti, því flest hefur verið sagt sem máli skiptir en það sem er á ferðinni og er auðvitað aðalatriðið í málinu er að verið er að skerða forréttindi þingmanna og ekki síst ráðherra frá því sem verið hefur. Forréttindum er ekki viðhaldið heldur eru þau skert, því eins og fram hefur komið í umræðunni eru skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda ráðherra um 60% og þingmanna um 20%. Í þessu felst veruleg skerðing. Ekki er hægt að kalla það neitt annað.

Vel getur verið og má færa fyrir því rök að fara hefði átt með lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra inn í A-deild Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna og eins og kom fram hjá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni er hægt að taka þá umræðu á einhverjum síðari stigum ef mönnum svo sýnist en hér er hins vegar stigið verulega stórt skref í þá átt að færa lífeyrisréttindi ráðherra og þingmanna nær því sem almennt gerist, ekki síst hjá opinberum starfsmönnum. Við skulum hafa í huga í þessari umræðu að ekki búa allir landsmenn við sömu lífeyrisréttindi. Þau eru ólík á milli A- og B-deildar opinberra starfsmanna, þau eru ólík á milli almenna markaðarins og opinbera markaðarins. Nú eru lífeyrisréttindi ráðherra og þingmanna færð nær því sem almennt gerist.

Réttindaávinnslan er vissulega meiri hjá þingmönnum eftir þetta en í A-deild lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna vegna þess að réttindaávinnsla hjá þingmönnum og ráðherrum er 2,375% í stað 1,912% eins og er í A-deildinni en það byggir þá á því að þingmenn og ráðherrar greiða 5% iðgjald en ekki 4% iðgjald eins og greitt er í A-deildinni. Á því byggist munurinn á réttindaávinnslunni.

Í frumvarpinu er því líka breytt sem mörgum hefur verið mikill þyrnir í augum að ráðherrar eða þingmenn sem fara á eftirlaun geti á sama tíma fengið laun úr ríkissjóði, vegna þess að hugmyndin á bak við eftirlaunin er sú að sjá til þess að allir hafi eitthvað sér til lífsviðurværis. Reyndar hefur það farið svo hjá ýmsum hópum að fólk getur fengið greitt úr lífeyrissjóði og haft tekjur annars staðar frá á sama tíma en óeðlilegt er að á sama tíma sé hægt að tryggja eftirlaun úr ríkissjóði og laun sem ríkissjóður greiðir og (Gripið fram í.) með þessu frumvarpi er því breytt. En þetta hefur verið mörgum þyrnir í auga.

Sama á við um aldursmörk. Í lögum frá 2003 voru þau færð verulega niður þannig að þingmenn og ráðherrar gátu við tilteknar aðstæður farið á full eftirlaun 55 ára að aldri. Því er nú breytt og aldurinn hækkaður, hið almenna viðmið er 65 ár en við tilteknar aðstæður geta þingmenn og ráðherrar farið á eftirlaun við 60 ára aldur, þannig að hér eru forréttindi almennt skert frá því sem verið hefur. Ég tel að þetta sé til mikilla framfara og komið sé til móts við þá miklu gagnrýni sem var á lagasetninguna árið 2003 sem fulltrúar allra flokka komu að með einum eða öðrum hætti, eins og fram hefur komið í umræðunni. Ég ætla ekki að fara í þær sögulegu útskýringar en allir flokkar komu að lagasetningunni með einum eða öðrum hætti.

Fimm ár hafa liðið og á þeim tíma hafa allir flokkar og þingmenn haft tækifæri til að koma fram með frumvörp til að sýna hvert þeir vildu stefna með lífeyrisréttindin en þeir einu sem það hafa gert hafa verið þingmenn úr flokki Samfylkingarinnar. Jóhanna Sigurðardóttir og Margrét Frímannsdóttir fluttu frumvarp og síðan fluttu þingmenn með Valgerði Bjarnadóttur í broddi fylkingar frumvarp til breytinga á lögunum en aðrir man ég ekki eftir að hafi hreyft sig fyrr en þá núna, korteri fyrir framlagningu þessa frumvarps frá ríkisstjórninni. Að málinu hefur verið unnið mjög ötullega af hálfu Samfylkingarinnar og það er að skila árangri því ég tel að ástæðan fyrir því hversu langt við náum nú í

því að skerða forréttindin er að steinninn hefur verið klappaður af okkar hálfu í hartnær fimm ár og það er farið að skila þeim árangri að nú er dregið úr þeim forréttindum sem þingmenn og ekki síst ráðherrar hafa notið samkvæmt lögunum frá 2003.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttur spurði hvernig á því hafi staðið að Samfylkingin hafi ekki reynt að ná samkomulagi allra flokka um þetta mál. Ég var þeirrar skoðunar að það hefði verið mjög mikilvægt ef það hefði tekist en niðurstaða mín er sú að ekki var sátt um málið árið 2003 og segja má að forsendur hafi brostið þá og ekki hafi verið forsendur síðan til að ná sátt þvert á alla flokka um málið þó að mjög æskilegt hefði verið að það tækist. Ég held að hvorki séu forsendur né vilji til þess af hálfu allra þingmanna að ná saman um málið vegna þess að það er að mörgu leyti þess eðlis að pólitískt getur verið heppilegt að um það séu átök og þess vegna hafi niðurstaða ekki fengist. En nú er að komast á lokastig þetta frumvarp til laga sem felur í sér verulega breytingu og niðurskurð á þeim forréttindum sem þessir hópar hafa hingað til haft.

[14:58]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að mótmæla því að þingmenn hafi ekki flutt frumvarp um lífeyrisréttindi þingmanna. Ég flutti frumvarp ásamt hv. þingmönnum Árna M. Mathiesen, Einari Oddi Kristjánssyni, Guðmundi Hallvarðssyni, Hjálmari Jónssyni, Kristjáni Pálssyni og Vilhjálmi Egilssyni. Ég var 1. flutningsmaður og samdi frumvarpið árið 1995 þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Alþingismaður skal greiða í lífeyrissjóð sem starfar án ríkisábyrgðar.“

Þetta var 1995. Síðan hef ég flutt í tvígang frumvarp um þingfararkaup, að það sé ákveðið og þar með lífeyrisréttindi líka í þeim frumvörpum báðum þannig að ég hlýt að andmæla þessu.

Svo er A-deildin að sjálfsögðu forréttindadeild vegna þess að réttindin eru föst, þau eru tryggð með lögum og iðgjaldið er breytilegt, þ.e. iðgjald ríkisins ekki sjóðfélagans, þannig að þetta eru forréttindi og líka það að menn greiða 5% iðgjald á meðan venjulegt fólk borgar 4%. Rétt er að við fáum meiri réttindi í þessu nýja frumvarpi en ríkið borgar þá líka 20% meira en hjá venjulegu fólki í A-deildinni þannig að það eru á ýmsan hátt forréttindi. En aðalatriðið er að þegar Lífeyrissjóður verslunarmanna og hugsanlega aðrir lífeyrissjóði verða skertir, sem vonandi verður ekki, eftir áfallið þá munu þessir forréttindasjóðir sitja pikkfastir og verða ekki skertir.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra, af því að hann ræddi ekkert þetta frumvarp, sem í reynd er nokkurs konar aðild að A-deild, hvort hann gefi mér færi á því að komast út úr þessu forréttindakerfi, hvort hann muni ekki styðja breytingartillögu mína og leyfa mér að skreppa út úr því þótt allir aðrir vilji sitja inni í því.

[15:00]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það hafi verið alveg skýrt að ég var að tala um að enginn þingmaður nema þeir þingmenn sem ég tilgreindi hér hafi flutt frumvarp um lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra eftir 2003 til að sýna fram á með hvaða hætti þeir vildu haga málum eftir 2003. Ég fór ekki aftur til ársins 1995 og dreg ekki í efa að þingmaðurinn hefur flutt ýmis mál sem tengjast þessu án þess að ég hafi nokkra yfirsýn yfir það í sjálfu sér. En eftir 2003 er mér ekki kunnugt um að aðrir en þeir þingmenn Samfylkingarinnar sem ég tiltók hafi flutt frumvörp til að sýna fram á með hvaða hætti mætti haga þessum hlutum og koma þeim til betri vegar fyrr en þá núna á síðustu metrunum þegar mönnum var ljóst í hvað stefndi.

Hvað varðar breytingartillögu þingmannsins þá verð ég að gera þá játningu að ég hef kannski ekki skoðað það alveg nógu vel til að geta tjáð mig um það hér í pontunni en ég hefði haldið að það væri til bóta að sömu reglur giltu um alla þingmenn þegar kæmi að lífeyriskjörum. Niðurstaða mín í þessu máli er að sjálfsögðu sú sem er í frumvarpinu sem flutt er af fjármálaráðherra.

[15:02]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar venjulegt fólk á hinum almenna vinnumarkaði, 70% kjósenda okkar, 80% af kjósendum eða einhvers staðar þar á milli byrjar að fá skerðingar, þá vil ég gjarnan vera í þeim hópi. Ég tel rétt að við séum í þeim hópi kjósenda okkar sem lendir í þeim ósköpum. Breytingartillaga mín gengur út á það, eins og við erum margbúin að ræða í þessari umræðu, að þingmenn geti valið sér lífeyrissjóð að eigin vali og fái þá launauppbót sem nemur verðmæti réttindanna. Það kemur líka í veg fyrir alls konar spekúlasjónir um hvers virði þessi réttindi eru. Það kemur þá hreinlega í ljós og öll umræða um það verður dauð vegna þess að menn vita um hvað er að ræða en í dag veit það enginn.

[15:03]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann að vera rétt hjá hæstv. utanríkisráðherra að þetta mál hafi verið gott og vel til fallið til að halda uppi pólitískri ósamstöðu um það. Ég held að Samfylkingin hafi einmitt gert það þegar hún lagði fram sérstakt þingmál um málið án þess að reyna að leita um það neins staðar sátta.

Hæstv. utanríkisráðherra hefur einnig sagt að allir geti komið með frumvörp inn í þingið. Það þarf varla að upplýsa það sérstaklega að við getum það en við búum hins vegar við það, þingmenn stjórnarandstöðunnar, undir 43 manna þingmeirihluta að koma nánast ekki einu einasta máli í gegn hvað sem við leggjum til. Meira að segja þótt lagt sé til að menn fresti málinu og taki upp skynsamleg vinnubrögð við að klára það, taki sér tíma í það, þá eru menn ekki heldur til í það. Það skal bara vaðið áfram og búnar til alls konar lausnir sem við eigum síðan eftir að reka okkur á að hafa ekki verið unnar til enda.

Í því frumvarpi sem meiri hlutinn flytur eru vissulega ákvæði sem ég get tekið undir. Ég get tekið undir aldursmarkið 60 ár í staðinn fyrir 55 og það má hugsanlega taka undir þá reiknireglu sem hér er byggt á. Það má líka taka

undir sérákvæði er varða eftirlaunakjör forsætisráðherra. En ég bendi einfaldlega á, hæstv. forseti, að það er nauðsynlegt að vanda þessa umræðu, það eru nokkur atriði, m.a. í þessu frumvarpi og öllum öðrum tillögum sem hér hafa komið fram, sem þarf að kanna miklu betur hvaða afleiðingar hafa. Ég bendi á lögin um kjararáð í því sambandi og hvaða afleiðingar það mun hafa í framtíðinni sem við gerum hér að því er kjararáð varðar og þar með kostnað ríkissjóðs vegna eftirlauna allra sem komnir eru á eftirlaun samkvæmt þessu kerfi.

[15:05]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég get byrjað á að taka undir tvennt í máli hv. þingmanns. Í fyrsta lagi get ég tekið undir að það er heldur fátítt að þingmál frá stjórnarandstöðunni fái framgang í þinginu. Við höfum mörg verið í þeirri stöðu, ekki bara hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson heldur fleiri, þeir sem eru í stjórn núna hafa líka verið í stjórnarandstöðu og öfugt. Hitt er svo líka hægt að taka undir að stundum mætti vanda betur til málatilbúnaðar og umfjöllunar um þingmál í nefndum. Allt er þetta satt og rétt. Það breytir ekki því að stjórnarandstaða hlýtur að halda áfram að sýna fyrir hvað hún stendur og hvaða stefnu hún hefur í einstökum málum, jafnvel þó svo að hún geri ráð fyrir að málin sem hún er að leggja fram fái ekki framgang. Það sem ég er að benda á er að í öll þau ár sem liðin eru, þessi fimm ár, hefur stjórnarandstaða eða stjórnarflokkar á þinginu ekki fyrr en núna, og ekki fyrr en Samfylkingin gerði það í þau tvö skipti sem ég tiltók, sýnt á spilin, sýnt hvaða stefnu menn hefðu og hvert þeir vildu stefna með þessi eftirlaunakjör. Það hafa ekki komið fram frumvörp frá öðrum en þeim þingmönnum sem ég tiltók þar sem menn sýna fram á hvert þeir vildu stefna í málinu. Það er staðreynd málsins.

[15:07]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég hygg að hæstv. utanríkisráðherra geti staðfest það að á nokkrum fundum sem ég hef átt með henni og hæstv. forsætisráðherra um þetta mál hef ég ævinlega lýst því yfir að lífeyrisréttindamálið og eftirlaunafrumvarpið svokallaða mætti koma inn í þingið. Því var líka lýst yfir við fyrri forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, að við í Frjálslynda flokknum værum tilbúin að taka málið til efnislegrar umræðu hvenær sem væri en við neituðum hins vegar, og ég geri það enn, að afgreiða slík mál í flýti rétt fyrir jól eða rétt fyrir þinglok. Þetta hef ég margsagt og ef minni utanríkisráðherra er í lagi veit ég að hún man þessi orð. Það hefur því aldrei staðið á þeim sem hér stendur að taka þátt í að skoða þetta mál.

Ég vek hins vegar athygli á því vegna orða sem hér féllu hjá hæstv. utanríkisráðherra um að allir hefðu komið að sátt um þetta mál, og ég held að hv. þm. Steingrímur Sigfússon hafi líka vikið að því á sínum tíma að ég hefði verið boðaður á einhvern fund í ráðherrabústaðnum um þetta mál. Það er ósatt, ég var aldrei á nokkrum einasta fundi um þetta mál í ráðherrabústaðnum (Forseti hringir.) svo því sé haldið til haga.

[15:08]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar að hann hefur margsinnis sagt það á fundum með formönnum flokkanna að hann fyrir sitt leyti og Frjálslyndi flokkurinn hefðu ekkert á móti því að þetta mál eða önnur mál sem varða eftirlaunaréttindi ráðherra og þingmanna og hæstaréttardómara komi inn í þingið til efnislegrar umræðu. Það er alveg rétt, þingmaðurinn hefur sagt þetta og talað fyrir hönd sjálfs síns og Frjálslynda flokksins. Það var bara ekki umræðuefni mitt áðan. Umræðuefni mitt var að engir flokkar aðrir en Samfylkingin hafa haldið þessu máli á lofti í þinginu með því að leggja fram frumvörp og sýna hvert þeir vildu stefna í málinu. Það eru staðreyndir og það eru fimm ár síðan lögin voru sett. Við erum að ná verulegum árangri núna í því að skerða þessi forréttindi og breyta þeim og ég tel að það sé vegna þess að það er búið að klappa steininn svo lengi í þá veru að við erum að ná núna ákveðinni niðurstöðu sem er mjög mikilvæg.

[15:09]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Þetta er of mikil sýndarmennska og of mikill hroki til að maður sitji þegjandi undir því. Hæstv. utanríkisráðherra gefur hér í skyn að Samfylkingin hafi haldið þessu máli vakandi í mörg ár, nú sé Samfylkingin komin til valda og hókus, pókus, málið er leyst. Við erum búin að klappa þennan stein svo lengi, segir hæstv. utanríkisráðherra. (**Gripið fram í:** Það er líka alveg rétt.) Þetta er ekki svona, virðulegur forseti.

Eins og lýst var áðan af formanni Framsóknarflokksins, hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, beitti Framsóknarflokkurinn sér þegar við vorum með forsætisráðherraembættið fyrir samkomulagi um breytta löggjöf. Það tókst ekki, m.a. út af hæstv. utanríkisráðherra Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Síðan er þetta mál sett inn í stjórnarsáttmálann hjá Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni og hvað gerist? Samfylkingin veður fram með málið, gott mál en veður fram með það í þinginu og skilur Sjálfstæðisflokkinn eftir á nærbrókinni, algerlega á nærbrókinni. Þeim leið ekki vel, hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins þá. Ég man það mjög vel, þeim leið ekki vel, enda búið að stilla þeim algerlega upp við vegg. Ekki var leitað eftir neinu samráði og málið sett í þann farveg að Samfylkingin væri komin til að bjarga því sem bjargað yrði. Svei, þetta var ekki svona, virðulegur forseti. Það hafði verið reynt að ná samkomulagi og Samfylkingin skal eiga það sem hún á í því, hún hjálpaði ekki til við að koma á samkomulagi. Nei, þetta tafði málið þannig að nú er það loksins komin fram og þá er það stjórnarfrumvarp. Ef þetta er aðferðin, ef þetta eru heilindi í ríkisstjórnarsamstarfi, þá spyr ég hæstv. utanríkisráðherra: Má búast við að fleira verði tekið úr stjórnarsáttmálanum? Ætlar Samfylkingin að flytja fleiri slík mál og skilja Sjálfstæðisflokkinn eftir á brókinni í því ef þetta er leiðin til að ná árangri?

[15:11]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef tekið eftir því að það er mikið nærbuxnatal í hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar þessa dagana, bæði hjá þingmanninum Siv Friðleifsdóttur og eins var um daginn hjá þingmanninum Álfheiði Ingadóttur og merkilegt hvað þetta leitar á huga þeirra þessa dagana. Ég veit ekki hvort það er löngunin eftir að komast í jólafrí sem því ræður.

Virðulegur forseti. Það er rétt að verkin tala og það er þess vegna sem þetta frumvarp er fram komið í góðri sátt milli stjórnarflokkanna sem leggja það fram til að sýna hvert þeir vilja fara í þeim efnum að draga úr forréttindum ráðherra, þingmanna og hæstaréttardómara. Framsókn, hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, beitti sér fyrir því að ná samkomulagi um þetta mál en það samkomulag gekk mjög skammt og því er það alveg rétt sem þingmaðurinn sagði að ég beitti mér gegn því vegna þess að það samkomulag fól ekki í sér að það ætti á neinn hátt að hrófla við réttindaávinnslu ráðherra. Það átti ekki að hrófla neitt við réttindaávinnslu ráðherra í því frumvarpi. Það var ekkert um það í því frumvarpi hjá hæstv. þáverandi forsætisráðherra, Halldóri Ásgrímssyni. Þar af leiðandi beitti ég mér gegn því og var ekki tilbúin til að taka þátt í því samkomulagi. Það geta þeir staðfest sem voru á þeim fundum að ekki stóð til að hrófla við réttindaávinnslu ráðherra, hvorki forsætisráðherra né ráðherra almennt. (Gripið fram í.) Já.

[15:13]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í samræmi við það sem kom fram hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur áðan en ég ætla ekki að elta ólar við það frekar.

Vinnubrögð Samfylkingarinnar eru þess eðlis — það þarf ekkert að tala um nærbrækur sérstaklega í því sambandi, maður getur alveg eins sagt að vinnubrögð í svona viðkvæmu máli sem búið er að rífast í botn út af í kosningabaráttu og við fjölmörg önnur tækifæri, þegar Samfylkingin fer ein fram með mál sem eru í stjórnarsáttmála þá er það eins og að rassskella samstarfsflokkinn á beran bossann. [Hlátrasköll í þingsal.] Það er ígildi þess. Þetta er svo mikið hneyksli, þetta sýnir svo ofboðslega mikla fyrirlitningu á samstarfsflokknum mundi ég segja, virðulegi forseti. Þetta sýnir sýndarmennsku af æðstu gráðu og þess vegna spyr ég og hæstv. utanríkisráðherra svaraði því ekki: Má búast við að Samfylkingin taki fleiri mál og (Forseti hringir.) flytji ein ef það er röksemdafærslan fyrir því að ná árangri?

[15:14]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki röksemdafærslan fyrir því að ná árangri. Röksemdafærslan fyrir því að ná árangri var að flokkarnir hafa komið sér saman um veigamiklar breytingar á lögunum frá 2003 sem fela í sér að skerða forréttindi þessara hópa. Þetta er samkomulag á milli stjórnarflokkanna og þeir láta verkin tala.

[15:15]

Útbýting:

Stimpilgjald, 213. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 447.

Störf í orkufrekum iðnaði, 183. mál, svar iðnrh., þskj. 431.

[15:15]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það er vont að mínu mati að við skulum ræða þetta mál hér í tímapressu þess að það eru að nálgast jól og tímapressu þess að við erum með fjárlögin undir og fjáraukalögin og ýmis gríðarlega stór mál sem við þurfum að afgreiða.

Ég vek sérstaka athygli á því, hæstv. forseti, sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði hér áðan og í samhengi við það vil ég tengja það sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson sagði fyrir hádegið í ræðu þegar sem hann benti réttilega á að breytingar á lífeyrisreglunum gætu haft áhrif á niðurstöðu að því er varðaði laun alþingismanna, ráðherra og æðstu embættismanna.

Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson sagði að samkvæmt könnun þeirra í nefndinni þegar þau voru að vinna þetta mál væri mat þeirra að það væri 60% skerðing á réttindum ráðherranna og 20% skerðing á réttindum almennra þingmanna. Ég vona að ég fari rétt með, hæstv. forseti.

Nú er það svo að við vorum að samþykkja lög, hæstv. forseti, um skerðingu á launum þingmanna, breytingu þar sem við felum kjararáði að breyta launum þingmanna með fyrir fram ákveðnum prósentum á bilinu 5–15% til lækkunar, þ.e. kjararáð ákveður þingfararkaupið og samkvæmt því sem hér var samþykkt í gær — ég tel að hafi verið klaufaleg vinnubrögð að fara í þetta með þessu lagi og þar með ef til vill loka á þá vegferð sem við þurfum kannski að fara í á næsta ári, að búa til hátekjuskattþrep eða þrepaskipt skattkerfi til þess að ná í tekjur fyrir ríkissjóð, ekki bara af þeim hópum sem við erum hér að fjalla um heldur almennt af hátekjufólki í þjóðfélaginu eða fólki sem er með hærri tekjur.

Ég tel miklar líkur á því, hæstv. forseti, hvort sem okkur hv. þingmönnum líkar það betur eða verr að við munum þurfa að auka tekjur ríkissjóðs með öllum ráðum á næsta ári bæði með skattalagabreytingum og útfærslum að öðru leyti sem geta orðið til tekjuauka í þjóðfélaginu og þar með niðurskurði til þess að minnka útgjöld.

En þá vaknar spurning, hæstv. forseti. Þegar menn eru búnir að setja þau lög sem voru sett í gær og lækka laun þeirra hópa sem lögin um kjararáð ná til og það verður búið að framkvæma það — væntanlega verður það framkvæmt mjög fljótlega á næsta ári — telja menn þá líklegt að það verði einfalt að setja jafnframt á þrepaskipt skattkerfi eða hátekjuskatt ofan í það?

Ég held að í gær hafi Sjálfstæðisflokknum tekist að láta samþykkja hér mestu smjörklípu sem samþykkt hefur verið í lengri tíma vegna þess að þetta gerir það að verkum að þær útfærslur sem við gætum notað í skattkerfinu til að hlífa þeim lægst launuðu — að hafa þrepaskipt skattkerfi eða hátekjuskattþrep — það væri mun erfiðara að koma því á eftir að við erum búin að setja þessi lög því ekki verða þau sett þannig að þau nái bara til þeirra sem þessi lög um

kjararáð ná ekki til. Ég held að það hefði verið miklu virkara fyrir framtíðina að geta horft á skattlagningu til þess að ná til allra sem hafa hæstu tekjurnar í þjóðfélaginu með það að markmiði að hlífa þeim lægst launuðu. Þetta vildi ég bara láta koma hér fram vegna þess að það mun líka koma að kjararáði að taka tillit til þeirra skerðinga sem verða ákveðnar núna í þessum lögum til hækkunar launa. Við vorum ekki að breyta neinu í þessum ákvæðum í gær varðandi lífeyrisreglur og lífeyrisgreiðslur eða mat kjararáðs á því þannig að kjararáð mun standa frammi fyrir því að endurákvarða þingfararkaupið til hækkunar út frá því sem verið er að gera hér. Ég vil benda á þetta samhengi, hæstv. forseti.

Ég vil einnig benda á að þegar sá úrskurður fellur, byggður á óbreyttum lögum um kjararáð, þá mun það ekki bara ná til alþingismanna, ráðherra og æðstu embættismanna. Það mun ná til allra sem eru hættir og farnir að nýta lífeyrisrétt sinn og rétt sinn því þeir hafa ýmsar viðmiðanir í þeim launum sem eru í gildi í þjóðfélaginu samkvæmt eldri lögum. Því er nú ekki víst að við séum að gera ríkissjóði mikinn greiða ef við flýtum okkur of mikið með þetta mál og vinnum það illa.

Það sem ég hef alltaf mest óttast, hæstv. forseti, er að þegar við setjum lög í svona flýti á síðustu dögum þings fyrir jólaleyfi eða síðustu klukkustundum áður en þingi lýkur að vori þá verða okkur á mistök. Ég tek undir það og er sammála því að fjalla um þessi lög og endurskoða þau með það að markmiði að færa þau réttindi í þá átt sem hér er verið að gera. En ég vara við því að gera það í fljótræði án þess að horfa á það hvaða raunverulegu afleiðingar fylgja þar á eftir.

Ég bendi einnig á það, hæstv. forseti, að tækjum við ákvörðun um að setja alla þingmenn og þessa hópa sem við erum hér að fjalla um beint inn í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þá er sú regla sem hér er, um að menn megi ekki bæði taka lífeyri og laun, fallin. Þá er hún fallin. Það er bara hin almenna regla í lífeyrissjóðum, líka í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Ég segi það bara, hæstv. forseti, að mér finnst að við þurfum að vanda okkur mjög vel í þessu máli. Ég hef aldrei haft neinn beyg af því sem mér finnst stundum menn halda að Alþingi geti ekki vélað um sín eigin kjör. (Gripið fram í.) Ég tel að Alþingi eigi að geta vélað um sín eigin kjör á fullkomlega rökrænum grundvelli og farið skynsamlega í gegnum það hver launakjör okkar eigi að vera og það liggi opið fyrir þjóðinni, líka lífeyrisréttindin.

Ég er alls ekki fyrir fram að hafna því að gera þá breytingu að fara í A-deildina. Það kann vel að koma til greina að mínu viti. Þá verðum við bara að fara í gegnum þá rökræðu eins og hún er og kanna hvort einhverjar afleiðingar séu þar sem maður þarf sérstaklega að fjalla um. Ég sé að þá þarf meðal annars að breyta lögunum um kjararáð og fella þar út þær greinar sem víkja að lífeyrisréttindum manna, í lögunum um kjararáð. Ef menn ætla að fara þangað sem ég er ekkert að hafna ef menn skoða það bara gaumgæfilega. Ég tel hins vegar að það sem fram er sett hér varðandi stigaávinnsluna 2,37 sé í rökréttu samhengi við það að við borgum 5% í lífeyrissjóð. (Gripið fram í.) Ég tel að það sé.

Dregin hafa verið fram ýmis atriði í þessu máli sem mér finnst menn ekki alltaf hafa sett í samhengi og áttað sig á. Ég segi það, hæstv. forseti, að mér finnst liggja mikið við að við vöndum nú til þessa verks þannig að við komum ekki fram fyrir þjóðina með einhver mistök sem fara í allt annan farveg en við stefndum að og jafnvel auka heildarkostnað ríkissjóðs, þ.e. breyting á launakjörunum. Það getur gerst þegar Kjaradómur er búinn að kveða upp sinn dóm eftir lækkun lífeyrisréttinda. Þá getur það gerst að ríkissjóður standi frammi fyrir því vegna viðmiðunar þeirra sem hættir eru í starfi að kostnaðarpakki ríkissjóðs aukist en ekki lækki.

Ég segi það bara alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst sómi að því ef Alþingi tæki nú þá ákvörðun að segja: Heyrðu, hér liggur þetta mál. Látum það liggja þangað til í janúar og hefjum þá vinnu við það aftur. Förum í gegnum það. Förum í gegnum það bara á skynsemisnótum hægt og rólega og skoðum allar hliðar þess. Líka þá að fara inn í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Við veltum þá bara öllum málum upp með tengingum og afleiðingum og hvaða áhrif það hefur, skoðum það vandlega. Verum ekki að flaustra hér við eitthvað sem síðan reynist vera þannig að það er ekki eins og við ætluðum að gera það, kemur ekki þannig út. Það er örugglega ekki vilji eða mikið áhugamál alþingismanna í dag að auka á byrðar ríkissjóðs á komandi árum miðað við núverandi stöðu.

Hæstv. forseti. Ég er held ég búinn að segja megnið af því sem ég vildi sagt hafa í þessari umræðu. En það er hins vegar alveg rétt að ef við lítum á almenna vinnumarkaðinn, opinbera starfsmenn og á almenna vinnumarkaðinn, þá er það svo að lífeyrisréttindin hafa fæðst í gegnum kjarasamninga stétta í þessu landi, mismunandi starfsstétta með mismunandi áherslum og svo framvegis. Auðvitað hafa stéttarsambönd í þessu landi stuðlað að því hvernig lífeyriskerfið hefur þróast almennt í landinu og margt tekist þar vel. En ég vek athygli á því að í umræðum um lífeyrismál hefur verkalýðshreyfingin ekki flýtt sér í þeim málum. Hún hefur einmitt vandað vinnu sína í því, tekið sér tíma í þá umfjöllun. Það hefur ekki verið hrist fram úr erminni í kjarasamningum hvernig lífeyrismálum skyldi skipað. Menn hafa stigið þar skref fyrir skref og þróað lífeyriskerfið á undanförnum árum í þá veru sem það er í dag jafnt hjá opinberum starfsmönnum sem og almennu verkalýðshreyfingunni. Ég segi það alveg eins og er, hæstv. forseti, að ef einhvers staðar þarf að bæta í lífeyriskerfinu almennt þá tel ég það vera í hinum almennu lífeyrissjóðum þar sem þarf að huga að því að bæta stöðu fólks.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt fram alveg sérstakt þingmál sem miðar að því að launafólk sem tekur út úr almennum lífeyrissjóðum fái sérstakt frítekjumark á lífeyristekjur sínar. Það er erfitt að tala um það í því árferði sem fram undan er. Það mun kosta peninga. En ég tel að það sé réttlætismál, sérstaklega að því er varðar það fólk sem á í almennu lífeyrissjóðunum og er ekki að fá sambærileg kjör og margar aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Ég vek athygli á þessu, hæstv. forseti, í þessari umræðu.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess og vona satt að segja innilega að við berum gæfu til þess að flaustra ekki við þetta mál þannig að við fáum ekki þá niðurstöðu sem við helst

vildum fá, þ.e. að lagfæra það sem óeðlilegt getur talist í þessu máli sem við erum að fjalla um og hefur verndað einhver sérstök réttindi sem ekki eru rök fyrir. En þá eiga menn auðvitað að ræða það í samhengi. Þeir eiga að ræða það í samhengi við laun og ræða það í samhengi við þau réttindi sem þeir vinna sér inn og það á að ræða það í samhengi við lögin um kjararáð og ræða það í samhengi við það hver verði kostnaður ríkissjóðs af breytingunni og hver réttindaávinnsla þeirra sem við eiga að búa verði, hver makalífeyririnn verði og svo framvegis. Allt þetta eiga menn að fara skipulega í gegnum og skoða vandlega og ég hvet til þess að við gerum nú ekki einhver þau mistök í þessu máli sem við hefðum gjarnan ekki viljað gera hér undir tímapressu þegar síðar kemur fram í málið. Mér finnst að nóg sé komið af því að föndra við þetta mál í tímapressu eins og gert var 2003.

Ég sagði áðan, hæstv. forseti, að ég hefði ekki mætt á neinn fund í ráðherrabústaðnum með Davíð Oddssyni eða öðrum forustumönnum ríkisstjórnarinnar þá um þetta mál, í desember 2003. Þannig er það. Davíð Oddsson hafði hins vegar samband við mig daginn áður en ég fór af landi brott og sagði mér að menn væru orðnir nokkuð sáttir við að ríkisstjórnin legði fram svona mál. Ég gerði ekki athugasemdir við að það yrði lagt fram og sagði þá: „Við munum þá að reyna að finna einhvern í okkar þingflokki til að mæla fyrir þessu máli.“ Og ég bað Sigurjón Þórðarson um að gera það þegar þetta mál kæmi fram, yrði tilbúið. Hvort einhver fundur var haldinn með öðrum foringjum stjórnarandstöðunnar um þetta mál í ráðherrabústaðnum er mér ekki kunnugt um. En svona var þetta í pottinn búið og ég þarf ekki að fela neitt í því. Og við eins og aðrir flokkar hér í þingi gengumst inn á það að þetta mál yrði flutt. Síðan kom auðvitað umræðan hér og málið inn í þingið eins og það var og þá sáu menn auðvitað í því mikla agnúa eins og það var í pottinn búið.

Ég hygg að við höfum ekki áttað okkur á því, alla vega gerði ég það ekki sérstaklega, að í því fælist önnur eins sérréttindi og voru færð sérstaklega að því er varðar forsætisráðherra á þessum tíma. En það breytir ekki því að við í Frjálslynda flokknum vorum einir af þeim sem fluttu þetta mál hér inn í þingið eins og allir aðrir stjórnmálaflokkar. En um það varð mikið ósætti í þinginu og þá sögu þekkja allir. Ég hygg að við sem hér erum núna, ég og Steingrímur J. Sigfússon, höfum sagt frá þessu máli eins og við vitum það sannast og rétt.

[15:32]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er sjálfsagt rétt og skylt að staðfesta að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson segir hárrétt frá. Þegar ég rifja það upp mun rétt vera að hann komst ekki til þess fundar sem boðaður var í ráðherrabústaðnum. Þar höfðum við mætt, ég og hæstv. núverandi ráðherra, Össur Skarphéðinsson. Mig minnir einmitt að þá hafi verið talað um að forsætisráðherra og/eða fjármálaráðherra sem unnu að málinu og fóru með það mundu setja sig sérstaklega í samband við hv. þingmann eins og hér hefur komið fram að var gert.

[15:33]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Það er gott að í þingsal sé mættur hæstv. forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins en mér þykir miður að hér sé ekki hæstv. utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, vegna þess að þessir tveir oddvitar ríkisstjórnarflokkanna hafa einkum vélað um þessi mál sín í milli á undanförnum mánuðum og missirum eða allt frá því að ríkisstjórnin var mynduð. Ég óska eftir að þau boð verði færð hæstv. utanríkisráðherra að ég óski nærveru hennar hér við umræðuna.

(**Forseti** (KHG)**:** Það verður gert. Þingmaðurinn hefur orðið.)

Ég veit að ég hef orðið og þakka hæstv. forseta fyrir það. Eins og ég gat um ætla ég að bíða eftir því að (Gripið fram í.) formaður Samfylkingarinnar komi. Ég óskaði eftir því hér áðan að bæði forsætisráðherra og utanríkisráðherra væru til staðar við umræðuna. Það er hæstv. utanríkisráðherra sem er að tefja málið.

(**Forseti** (KHG)**:** Ráðherrann er genginn í salinn og bið ég þingmanninn um að halda áfram ræðu sinni.)

Ég þakka fyrir það. Við höfum hér orðið vitni að umræðu um eftirlaun þingmanna, ráðherra og svokallaðra æðstu embættismanna ríkisins. Stöku sjálfstæðismaður hefur tekið til máls og nefni ég þar sérstaklega hv. þm. Pétur H. Blöndal sem um langt árabil hefur látið sig þennan málaflokk miklu skipta og sýnt honum áhuga. Við erum ekki alltaf sammála í þeim efnum en hann hefur ævinlega komið málefnalega að þeirri umræðu. Fáir aðrir sjálfstæðismenn hafa tekið til máls í þessari umræðu.

Samfylkingarmenn hafa látið nokkuð að sér kveða, sérstaklega nú á síðustu metrunum. Það flögraði að mér að við þessa umræðu kynni Samfylkingin að hafa slegið þingmet í ómerkilegum málflutningi.

Hæstv. utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, lét að því liggja að það væri henni að þakka að þessum málum skyldi nú hreyft. Hún ein, Samfylkingin ein, hefði andæft forréttindum í lífeyrismálum. Hún ein hefði flutt um þetta frumvörp, gert tillögur og andæft málinu. Klappað steininn, eins og hæstv. utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir og gerir.

Þetta er nú ekki alveg rétt. Í fyrsta lagi hefur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt fram frumvarp um þetta efni og það hafa fleiri gert. Hv. þm. Samfylkingarinnar Valgerður Bjarnadóttir gerði það líka og við höfum mörg hver stutt það. Ég hef þó alltaf saknað þess að þeir sem voru meðflutningsmenn hennar létu málið til sín taka hér í þinginu. Ég varð þess aldrei var að hugur fylgdi máli eða menn reyndu að beita sér og berjast í málinu.

Á síðasta kjörtímabili var vísað í samkomulag sem menn höfðu þá gert. Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, leitaði á sínum tíma eftir samkomulagi um málamiðlun. Mér þótti það alltaf vera lýtaaðgerð á frumvarpinu gerð til að friðþægja fólki. Það voru svo mikil andmæli gegn þessu, reiði gagnvart því misrétti og misnotkun á valdi sem felst í að skapa sjálfum sér hér í þessum sal sérréttindi umfram það sem almennt gerist í þjóðfélaginu, að menn vildu grípa til einhverra ráðstafana.

Það samkomulag var aldrei í höfn en þegar menn töldu að hillti undir það minnist ég þess — og ég ætla bara að nefna það sögunnar vegna — að þá var komið til mín og ég spurður hvernig ég mundi taka þessu. Ég sagði: Komið endilega með slíkt frumvarp inn í þingið en ég vil að menn viti að ég mun gera breytingartillögu þess efnis að þessi hópur fari inn í A-deild LSR. Þá sögðu fulltrúar Samfylkingarinnar við mig með miklum þjósti: Ætlar þú að eyðileggja möguleika á einhvers konar samkomulagi? Þannig var viljinn á þeim bænum. Því vil ég segja þegar dregin er upp þessi ranga glansmynd af Samfylkingunni að þetta eru mikil ósannindi.

Hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra hafa síðan setið að þessum málum, vélað um þetta og tafið allar götur frá því þau settust í ríkisstjórn vorið 2007 og ætla núna að láta ný lög taka gildi næsta sumar. Það þýðir að þau hækka eigin réttindi um á milli 10 og 20 þús. kr. fyrir hvern mánuð sem líður nú þegar þau verða komin á eftirlaun. Þetta er það sem raunverulega er að gerast.

Síðan er það staðreynd sem menn verða að horfast í augu við að sérréttindin, lífeyrisréttindi þingmanna, ráðherra og æðstu embættismanna sem svo eru nefndir, eru langt umfram það sem almennt gerist í lífeyriskerfinu, líka hjá ríkisstarfsmönnum. Ávinnsla lífeyrisréttinda er miklu meiri sem og makabótarétturinn. Réttindi sem lúta að því að taki menn lífeyri fyrir 65 ára aldur skerðist réttindin um 6% á hverju ári — það gerist í A-deild lífeyrissjóðsins líka en í þessum hópi fara þau aftur upp í 100% við 65 ára aldur meðan þeir sem eru í A-deild LSR eru skertir til æviloka. Í þessu er munurinn fólginn og ýmsu öðru líka, ég nefni bara nokkur dæmi. Við erum því enn þá með umframréttindi.

Mér fannst næstum því átakanlegt að fylgjast með hæstv. utanríkisráðherra, formanni Samfylkingarinnar, klappa núverandi forseta þingsins, hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, á höfuðið og þakka honum fyrir hans framgöngu í þessu máli. Mikið hafði hann staðið sig óskaplega vel og það sem meira var, hann hafði sagt hug þingmanna, það sem þeir raunverulega hugsuðu. Þetta finnst mér vera kaldar kveðjur til Alþingis frá formanni Samfylkingarinnar.

Var hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson að lýsa hug þingmanna þegar hann stappaði stálinu í menn hér og talaði um hversu illa haldnir þingmenn væru í launum borið saman við einhverja forstjóra og bankastjóra úti í bæ? Hann horfði ekki til launa íslensku þjóðarinnar, ekki til ljósmóðurinnar, slökkviliðsmannsins eða kennarans. Nei, þingmenn áttu náttúrlega að bera sig saman við þá sem stóðu einhvers staðar uppi í efstu hæðum. Þá klappaði formaður Samfylkingarinnar starfandi þingforseta á höfuðið og sagði: Mikið óskaplega stóð maðurinn sig vel og sagði hug þingmanna. Þetta eru kaldar kveðjur til Alþingis, þannig hugsa menn ekki.

Síðan kom varaformaður Samfylkingarinnar hingað upp og sagði að það kæmi vel til greina að halda málinu áfram á síðari stigum. Þá kynnu menn að hafa uppi önnur úrræði, hugsanlega fara inn í A-deild LSR, en nú væru menn að stíga skref. Það sama sagði formaður Samfylkingarinnar: Við erum að stíga skref í rétta átt. Ef Samfylkingin og stjórnarmeirihlutinn væri tilbúinn að stíga þó ekki væri nema brot af þessu skrefi í þágu öryrkja og aldraða þar sem nú er verið að skerða kjörin. Væri ekki nær að sýna þeirri umræðu meiri alúð og áhuga en því sem lýtur að eigin kjörum þeirra sem eru hér í þessum sal? Þetta finnst mér vera átakanlegur vitnisburður um hvernig komið er fyrir flokki sem kallar sig ekki bara Samfylkingu heldur jafnaðarmannaflokk Íslands. Ég fletti því síðarnefnda reyndar upp á heimasíðunni áðan og fann hvergi. Ég hugsa að þetta hljóti þá að vera skráð vörumerki sem til stendur að geyma til næstu kosninga og taka þá fram til að segja kjósendum hvað er ósatt um þennan flokk.

[15:42]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson þriggja spurninga. Telur hann það vera forréttindi innan B-deildar opinberra starfsmanna að sameiginlegur starfs- og lífaldur, svokölluð 95 ára regla, geri fólki kleift að fara á eftirlaun 60 ára gamalt?

Í öðru lagi. Samkvæmt A-deildinni ávinna þeir sem þar eru sér 1,9% á ári með því að greiða 4% af launum sínum. Ég spyr hvort hv. þingmaður sé sammála þeirri stærðfræði minni að þar sem alþingismenn greiði 5% af sínum launum öðlist þeir 2,375% sem er samkvæmt starfsævinni 5 × 1,9 deilt með 4. Þar sem alþingismenn greiða 5% njóta þeir 2,375% en þeir sem greiða 4% fá 1,9%.

Mig langar að spyrja hv. þingmann í fyrsta lagi: Hvað er í raun ósanngjarnt við þetta? Og í öðru lagi: Telur hann þetta vera forréttindi?

[15:44]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég taldi nú ekki nema tvær spurningar. Mér fannst vera talað um þrjár en ég er úr máladeild þannig að það getur vel verið að ég hafi ekki náð þessu alveg.

Tel ég 95 ára regluna sem er við lýði í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vera forréttindi? Já, það eru umframréttindi. Staðreyndin er sú að þann sjóð er í reynd búið að leggja niður í þeim skilningi. Honum var lokað fyrsta dag janúarmánaðar árið 1997. Eftir það fara allar nýráðningar inn í A-deild LSR.

Ég var í hópi þeirra sem studdu að ekki yrði hróflað við fyrri réttindum. Reyndar hafði ég léð máls á því á fyrri stigum samninga að búa til sameiginlegt lífeyriskerfi með eins konar sólarlagsákvæðum en sú varð ekki reyndin. Það var ákveðið að viðhalda þeim réttindum sem voru við lýði í B-deildinni fram til ársloka 1996 en það gildir hins vegar ekki um neinar nýráðningar.

Síðan varðandi útreikningana í A-deildinni. Nei, ég er ekki sammála þeim útreikningum, alls ekki. Staðreyndin er sú — og þetta er held ég rangt sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu sem hér liggur fyrir. Ef það ætti að reikna iðgjöldin í B-deild LSR og hann ætti að vera sjálfbær og standa undir sér ættu þau að vera miklu hærri en þau 10% af föstum launum sem þau eru. Þau ættu í reynd að vera á milli 30 og 40% og iðgjöld fyrir þessa deild ráðherra og þingmanna ættu ekki að vera neitt í líkingu við það sem þau eru, að minnsta kosti 40%, ef ekki meira. Þessir útreikningar eru því gersamlega út í hött.

[15:46]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það hafi komið berlega í ljós að þingmaðurinn var í máladeild og lærði lítið í stærðfræði. Það var hins vegar ljóst að hann lýsti því yfir mjög formlega að það væru forréttindi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins innan B-deildarinnar, sem mér og fleirum er kunnugt að var lokað 1. janúar árið 1997. Það hafa viðgengist forréttindi í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna frá stofnun hans, það er ekkert flóknara en það.

Herra forseti. Samkvæmt stærðfræðinni er 5 sinnum 1,9 9,5. Deilt í það með 4 gera 2,375, þannig að þingmaður sem greiðir 5% af launum sínum fær 2,375 á meðan sá sem er í A-deildinni greiðir 4% af launum sínum og ávinnur sér 1,9. Þetta er bara gallhörð stærðfræði, hv. þm. Ögmundur Jónasson, og ég ætla ekki að deila við hann um kunnáttu hans í stærðfræði eða mína kunnáttu, ég reikna þetta út með þessum hætti. En ég fagna því að hv. þm. Ögmundur Jónasson lýsti því hér formlega yfir að forréttindin væru fyrir hendi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en hann er ekki tilbúinn að veita okkur þingmönnum frelsi til þess að velja okkur lífeyrissjóði óháða forréttindum. Það segir meira en mörg orð, hæstv. forseti.

[15:48]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég reyndi að gera grein fyrir því í máli mínu að þessi margföldun og deilingar og reiknikúnstir ganga hreinlega ekki upp vegna þess að það verður að horfa til annarra þátta en launanna eða lífeyrisgreiðslnanna einna. Það verður að horfa til makabótaréttar, það verður að horfa til réttinda kerfisins í heild sinni. Það hygg ég að hafi ekki verið gert réttilega í umsögn um frumvarpið sem hv. þingmaður er greinilega sammála, hvort sem hún hefur reiknað þetta út sjálf, kann vel að vera, mér heyrðist hún reyndar segja það, en til sambærilegra útreikninga er vísað í greinargerð með frumvarpinu. Ég tel þá vera ranga.

Þegar talað er um 95 ára reglu eða aðrar reglur sem gilda um réttindi launafólks í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vil ég minna hv. þingmann á að þetta er afurð kjarasamninga, þetta eru réttindi sem launafólk hefur samið um í áranna rás. Í langan tíma, og ég þekki það bara mjög vel við samningaborð, var teflt fram tveimur kostum. Vilja menn draga úr réttindum af þessu tagi, ekki bara lífeyrisréttindum, veikindarétti, öðrum réttindum, fæðingarorlofi — opinberir starfsmenn bjuggu við betra fæðingarorlof til skamms tíma en aðrar stéttir — vilja menn draga úr þessum réttindum og hækka kaupið eða vilja menn halda réttindunum og fórna því þá hugsanlega að halda kaupgjaldinu niðri?

Það að stilla þessu upp á þennan hátt sem forréttindum sem kennarar og hjúkrunarfræðingar og þessar stéttir sem búa við þessi kjör búi við finnst mér vera mjög ósanngjarnt.

[15:50]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Það er komið undir lok þessarar umræðu en ég ætla að segja nokkur orð.

Með því frumvarpi sem hér liggur fyrir eru lagðar til breytingar á eftirlaunakjörum alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara í því skyni að koma á meira samræmi í lífeyrismálum ráðamanna og almennings. Ég tel þetta vera skref í rétta átt og næsta skref er þá kannski að taka undir þær breytingartillögur sem minni hlutinn hefur lagt fram um að forseti Íslands, ráðherrar, alþingismenn, hæstaréttardómarar skuli meðan þeir gegna störfum greiða iðgjöld í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eftir þeim reglum sem um sjóðinn gilda.

Ég hef þá grundvallarafstöðu að það gangi einfaldlega ekki upp að alþingismenn séu á einhverjum sérkjörum. Upp á síðkastið hefur fólk verið að mótmæla á Austurvelli, fólk er að mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér eru höfð í frammi og ég tel að það sé fyrst og fremst vegna þess að ferlið er einfaldlega ekki nógu gegnsætt. Kannski er það þannig að útilokað sé að réttlæta sérkjör alþingismanna og ég held að umræðan um þetta mál hafi oft verið ósanngjörn og kannski ekki alveg rétt og undan þannig umræðu mega alþingismenn og ríkisstjórn ekki láta. En í prinsippatriðinu eiga alþingismenn að vera á sömu kjörum og aðrir opinberir starfsmenn, ég tel að það mundi auka gegnsæi.

Ef við förum út í það að breyta vinnubrögðum þá er kannski næsta skref að auka vald þingsins, auka eftirlitshlutverk þingmanna, að menn beri pólitíska ábyrgð og að ráðherrar taki og beri meiri ábyrgð á undirmönnum sínum og undirstofnunum. Það er önnur umræða sem við þurfum að taka upp hér á hinu háa Alþingi eftir áramót.

En ég harma það og verð að segja að það sem hefur því miður einkennt þá umræðu sem nú fer fram, og fleiri upp á síðkastið, er að þetta mál eins og önnur hefði þarfnast meiri tíma þannig að unnt væri að fara yfir það með fullnægjandi hætti og tryggja að frumvarpið næði tilgangi sínum. Svo tek ég undir álit minni hlutans þar sem segir að það sé mikilvægt að ekki gildi sérreglur fyrir forseta Íslands, ráðherra, alþingismenn og hæstaréttardómara hvað eftirlaun varðar, að eðlilegast sé að þeir greiði sambærileg iðgjöld og njóti sömu réttinda og opinberir starfsmenn í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Slíkt fyrirkomulag er einfalt, auðskiljanlegt og, eins og ég hef áður sagt að sé mikilvægast að við innleiðum hér á Alþingi: fyrst og fremst gegnsætt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisútvarpið ohf., 1. umr.

Frv. menntmn., 262. mál (fjárhæð sérstaks gjalds). — Þskj. 424.

[15:54]

Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., sem hv. menntamálanefnd Alþingis flytur.

Ríkisútvarpið var gert að opinberu hlutafélagi með lögum nr. 6/2007. Í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna er gert ráð fyrir að í stað afnotagjalds verði tekið upp sérstakt útvarpsgjald sem lagt verði á einstaklinga og lögaðila 1. janúar 2009. Frá sama tíma fellur brott innheimta afnotagjalds

samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V í lögum um Ríkisútvarpið ohf. Var við það miðað að við þetta tímamark yrði fjárhæð gjaldsins endurskoðuð. Ljóst er hins vegar að ákveðin vandkvæði eru á innheimtu gjaldsins og ráðstöfun þess til félagsins. Þykir því rétt að leggja til að gjaldið renni í ríkissjóð. Í samræmi við þessa framsetningu er lagt til að heiti greinarinnar verði breytt til samræmis við 2. og 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna, þar sem talað er um tekjur félagsins.

Í c-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fjárhæð gjalds skv. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna hækki úr 14.580 kr. í 17.200 kr. Í athugasemdum við 1. mgr. 11. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 6/2007 kemur fram að við útreikninga á gjaldinu hafi verið gert ráð fyrir óbreyttum tekjum Ríkisútvarpsins ohf. og höfð hliðsjón af tekjustreymi félagsins á árunum 2005 og 2006 og lagt til grundvallar að allir gjaldendur sem féllu undir lögin stæðu skil á gjaldinu. Í frumvarpinu var jafnframt tekið fram að eðlilegt væri að fjárhæð gjaldsins yrði endurskoðuð þegar nær dregi breytingu á tekjustofnum Ríkisútvarpsins ohf. úr afnotagjaldi í sérstakt útvarpsgjald skv. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna. Þá var því sjónarmiði lýst að haga bæri álagningu gjaldsins þannig að hvert heimili með tvo einstaklinga sem greiða mundu gjaldið yrði nokkurn veginn jafnsett eftir upptöku gjaldsins. Við það er miðað að þeir einstaklingar sem greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra greiði útvarpsgjaldið, svo og þeir lögaðilar sem eru skattskyldir og bera sjálfstæða skattaðild. Undanskilin álagningu gjaldsins eru dánarbú, þrotabú og ýmsir lögaðilar, svo sem stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga, félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Til viðmiðunar var gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra lagt á 185.532 einstaklinga álagningarárið 2008 vegna tekna árið 2007 og hafði þeim fjölgað um 2,35% frá árinu á undan. Undanþegnir gjaldinu voru einstaklingar með tekjuskattstofn undir 1.080.067 kr., þar með taldir námsmenn 16 ára og eldri undir þeim tekjumörkum. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra voru lögaðilar á skrá í október sl. 41.198. Af þeim voru lögð opinber gjöld á 32.868 vegna tekna þeirra á árinu 2007. Fjöldi lögaðila sem greiddi opinber gjöld í október sl. var 24.409. Með hliðsjón af framansögðu, og að teknu tilliti til þess að atvinnu- og tekjuhorfur þykja óvissar nú um stundir, þykir varlegt að áætla að greiðendur gjaldsins verði um 205.000 á árinu 2009, en vitanlega ríkir nokkur óvissa um þann fjölda. Með því að láta gjaldið renna í ríkissjóð er aukin vissa í rekstri Ríkisútvarpsins ohf., en ríkissjóður mun bera áhættuna af óvissu um fjölda greiðenda sem félagið hefði ella borið.

Árleg greiðsluskylda afnotagjalds skv. 12. gr. laga, nr. 122/2000, um útvarpsgjald og innheimtu þess, nemur nú 35.940 kr. á hvert heimili. Hér er lagt til að hækkun gjaldsins frá því sem ákveðið er í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf. taki mið af því sjónarmiði sem áður er lýst, að haga beri álagningu gjaldsins þannig að heimili með tvo einstaklinga sem greiða mundu gjaldið verði því næst sem jafnsett eftir upptöku gjaldsins. Samkvæmt þessu yrði gjaldið 17.200 kr., sem felur í sér rétt um 18% hækkun heildartekna Ríkisútvarpsins ohf. frá gildandi lögum. Tekjuaukning félagsins stafar að mestu af því að lögaðilar með sjálfstæða skattaðild greiða gjaldið nú, en greiddu það ekki áður. Rétt er að benda á að upptaka gjaldsins snertir gjaldendur með ólíkum hætti eftir því annars vegar hve margir deildu greiðslum afnotagjalds og hins vegar hvernig álagningin varðar einstaklinga og lögaðila. Þannig munu sumir verða undanþegnir gjaldinu og greiðslur þeirra sem eru einir í heimili munu í flestum tilvikum lækka.

Í greinargerð með frumvarpinu eru ýmsar aðrar tölulegar upplýsingar um forsendur þess hvernig tryggja ber Ríkisútvarpinu tekjur. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega út í það en vil þó segja að hæstv. menntamálaráðherra lagði fram á þingi frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Það frumvarp varðaði bæði tekjur Ríkisútvarpsins en mælti einnig fyrir um reglur hvað varðar heimildir Ríkisútvarpsins til þess að afla sér tekna með sölu auglýsinga. Eins og áður segir flytur hv. menntamálanefnd þetta frumvarp og frumvarpið varðar einungis tekjustofna Ríkisútvarpsins en auglýsingamálin og aðrir hlutir eru lagðir til hliðar. Nefndin telur að við þessar aðstæður sé eingöngu rétt að afgreiða þann þátt sem varðar tekjustofna Ríkisútvarpsins ohf. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekið verði upp sérstakt gjald sem leggst á einstaklinga og lögaðila.

Þó skal tekið fram að meðal þeirra flokka sem skipa menntamálanefnd eru skiptar skoðanir um innheimtu gjaldsins og rekstrarform Ríkisútvarpsins ohf. Enn fremur ítrekar nefndin og flutningsmenn frumvarpsins að hér er einungis um tímabundna ráðstöfun að ræða varðandi fjárhæð gjaldsins og önnur atriði frumvarpsins, og þá frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið ohf., sem lagt var fram á þessu þingi á þskj. 295, 218. mál, en það er það frumvarp sem ég vék að hér áðan.

Ég vil taka það sérstaklega fram að menntamálanefnd áréttar að þó svo að reglur sem varða takmörkun Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði séu ekki afgreiddar að svo stöddu, samanber áðurnefnt frumvarp, þá verða þær áfram til meðferðar hjá menntamálanefnd. Nefndin telur nauðsynlegt að sá starfshópur sem starfað hefur á vegum menntamálaráðherra og fjallað hefur um stöðuna á íslenskum fjölmiðlamarkaði útfæri tillögur um takmörkun Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði, tillögur sem mundu bæði ná til auglýsinga í útvarpi og í sjónvarpi, en frumvarp menntamálaráðherra varðaði einungis auglýsingar í sjónvarpi. Samhliða þessu leggi starfshópurinn fram tillögur um reglur að eignarhaldi á fjölmiðlum. Við leggjum til að þessar tillögur skuli liggja fyrir eigi síðar en 15. febrúar 2009, sem þýðir að starfshópurinn þarf auðvitað að hafa mjög hraðar hendur til þess að koma tillögunum fram. Við teljum það nauðsynlegt til þess að þeir aðilar sem starfa á fjölmiðlamarkaði sjái til lands og viti hvað framtíðin muni bera í skauti sér.

Ég hef verið að fjalla um fjölmiðlamál hér á Alþingi meira og minna síðan 2004 þegar umdeilt fjölmiðlafrumvarp var lagt fram og ég get bara sagt það að í þessum fjölmiðlamálum er búið að velta við öllum steinum. Það er búið að skrifa allar þær skýrslur sem hægt er að skrifa um þetta, það liggja fyrir allar niðurstöður og tillögur varðandi eignarhald, auglýsingar og alla aðra þætti sem varða fjölmiðlana. Verkefni okkar núna er að tína til þær reglur sem við teljum og erum sammála um að eigi að ríkja og gilda um fjölmiðlana og keyra þær inn í þingið og ljúka þeirri

óvissu sem hefur ríkt um þessi mál.

Að lokum vil ég svo nefna að við umfjöllun um málið í nefndinni kom til tals sá möguleiki að lögfesta ákvæði sem kvæði á um bann við því að Ríkisútvarpið afli sér auglýsingatekna að eigin frumkvæði. Við teljum ekki ástæðu til þess að kveða á um slíka bannreglu að sinni en viljum beina þeim tilmælum til Ríkisútvarpsins að ganga hóflega fram þar til þessi mál og þessar tillögur hafa verið afgreiddar frá Alþingi. Það þarf ekkert að draga fjöður yfir að það er ástæða fyrir því að nefndin hefur komið sér saman um að senda svona skilaboð til Ríkisútvarpsins og þá fyrst og fremst stjórnenda Ríkisútvarpsins og þeirra sem hafa með auglýsingasölu að gera vegna þess að við vinnslu málsins fyrir nefndinni höfum við fengið mjög margar ábendingar um það, sem m.a. liggja fyrir í áliti Samkeppniseftirlitsins, að auglýsingadeild Ríkisútvarpsins hafi, eins og orðað hefur verið, verið býsna skelegg við sölu á auglýsingum upp á síðkastið. Nefndin beinir því þeim skilaboðum til stjórnenda Ríkisútvarpsins og þeirra sem halda um auglýsingasölumál hjá því fyrirtæki að þeir haldi nú að sér höndum þar til þær reglur sem ég hef hér vikið að hafa verið færðar í lög og lögfestar.

Ég vil að lokum, herra forseti, nota tækifærið og þakka nefndarmönnum í menntamálanefnd fyrir samstarfið og fyrir það að vilja standa saman að því að afgreiða þetta mál með þessum hætti. Ég tel að nefndarmenn allir sem einn, úr hvaða flokki sem er, hafi tekið málefnalega á þessu máli og saman komumst við að þeirri niðurstöðu að rétt væri að afgreiða málið með þessum hætti þrátt fyrir, eins og ég sagði áðan, að ágreiningur sé milli nefndarmanna um þá leið sem hér er farin varðandi gjaldtöku og að ágreiningur sé milli nefndarmanna um hvort hlutafélagaformið sé æskilegast á Ríkisútvarpinu eða ekki. Sem formaður nefndarinnar vil ég þakka nefndarmönnum kærlega fyrir samstarfið og velviljann að þessu leyti.

Herra forseti. Ég legg til að málið fari til 2. umr. að lokinni þessari umræðu en gangi ekki til nefndar þar sem nefndin sjálf flytur þetta frumvarp og ég tel mig hafa umboð nefndarmanna til þess að lýsa því yfir að nefndin telur ekki ástæðu til þess að taka málið inn í nefnd milli umræðna.

[16:06]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hef aldrei skilið af hverju við búum til þennan nefskatt eða setjum hann á. Ég held að Ríkisútvarpið og aðrar stofnanir sem ríkið vill eiga og reka eigi hreinlega að vera á fjárlögum. Þessi nefskattur getur lent mjög misjafnlega á fólki eða fjölskyldum. Fjölskylda með tvö eða þrjú börn á aldrinum 16–25 ára getur lent í því að þurfa að borga fimm sinnum 17 þúsund. Þetta eru orðnar gríðarlegar upphæðir. Ég held að við eigum ekki að setja þennan nefskatt á heldur hafa Ríkisútvarpið á fjárlögum og þora að viðurkenna að ef við viljum hafa ríkisútvarp á annað borð þá viljum við að borgað verði beint úr ríkissjóði, en ekki með sérstökum skatti á fólkið í landinu.

Því til viðbótar má segja að einnig er sjálfsagt að Ríkisútvarpið sé ekki á auglýsingamarkaði, hvorki sjónvarpsstöðvarnar né útvarpsstöðvarnar. Ég hef haldið langar ræður um þetta áður og vil ítreka það og ég spyr hv. þingmann, formann menntamálanefndar: Af hverju er verið að gera þetta? Af hverju getum við ekki haft þetta beint á fjárlögum?

[16:08]

Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því í svari mínu til hv. þm. Grétars Mars Jónssonar að leiðrétta það að fjáröflunarleiðin sem frumvarpið mælir fyrir um — ef hv. þingmaður mundi nú leggja símann frá sér á meðan ég svara honum — þá er ekki hér um nefskatt að ræða. Nefskattur er skattur sem leggst á hvern einasta einstakling án þess að neinn sé undanþeginn, þ.e. skattur á hvert nef. Þessi fjármögnunarleið gerir ráð fyrir því að ýmsir séu undanþegnir; börn undir 16 ára aldri, þeir sem eru eldri og þeir sem ekki ná tiltekinni fjárhæð í laun. Hér er því ekki um nefskatt að ræða í klassískum skattaréttarlegum skilningi.

Hitt er annað mál og rétt hjá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni að umdeilt er hvort þessi leið sé sú rétta. Það liggur fyrir meirihlutasamþykkt hjá Alþingi að fara þessa leið og á meðan því hefur ekki verið breytt verður það gert. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að ýmsar aðrar leiðir eru mögulegar eins og t.d. að hafa Ríkisútvarpið á fjárlögum. Þá þyrfti væntanlega að breyta því í stofnun, ég minnist þess ekki að einhver hlutafélög fái bein fjárframlög á fjárlögum.

Við þær aðstæður sem uppi eru verðum við að leysa málið til að tryggja Ríkisútvarpinu tekjur eftir áramót og það er gert með þessum hætti. Hins vegar er fullkomlega málefnalegt að halda því fram að það megi gera með einhverjum öðrum hætti en þá verðum við bara að taka umræðuna um það síðar.

[16:10]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Auðvitað er þetta útúrsnúningur hjá hv. þm. Sigurði Kára vegna þess. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti beinir því til þingmanna að nefna aðra þingmenn fullu nafni.)

Hæstv. forseti. Sigurður Kári Kristjánsson heitir hv. þingmaður og ég biðst afsökunar á að orða þetta ekki rétt.

Ég vil segja að þetta er útúrsnúningur, auðvitað er þetta nefskattur þó að einhverjar undanþágur séu í einstaka tilfellum bæði hvað varðar aldur, upp að 16 ára aldri, og fyrir öryrkja og aldraða. Verið er að skattleggja alla sem hafa yfir 1,1 milljón á ári í tekjur.

Mér finnst að við eigum að hafa þetta beint á fjárlögum, en ekki skattleggja með þessum hætti. Enn og aftur tek ég fram að við eigum ekki heldur að vera með Ríkisútvarpið, hvort sem það er sjónvarpið eða útvarpsrásirnar, Rás 1 og Rás 2, á auglýsingamarkaði. Við eigum að þora að viðurkenna að við ætlum að vera með ríkisútvarp og við eigum ekki að skattleggja einstaklinga sérstaklega heldur hafa það á fjárlögum og ég endurtek það, á fjárlögum á þetta að vera en ekki með öðrum hætti.

[16:12]

Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að standa hér og hnakkrífast

við hv. þingmann um það hvort það gjald sem við fjöllum um heiti nefskattur eða ekki. Hv. þingmaður verður að hafa það eins og hann vill en mér finnst það frekar vera útúrsnúningur að kalla hlutina einhverju öðru nafni en þeir eru.

Varðandi auglýsingar og Ríkisútvarpið er það þannig, eins og ég sagði í framsögu með málinu, að við gerum ráð fyrir að reglur um auglýsingar og heimildir Ríkisútvarpsins til að selja auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi muni liggja fyrir þann 15. febrúar. Við þurfum bara lengri tíma og meiri vinnu til að útfæra reglurnar. Það hlýtur að vera málefnalegt sjónarmið að vilja reyna að vanda sig við löggjöf frekar en að skófla málum héðan út úr þinginu í einhverju snarhasti þegar menn eru ekki öruggir um hvaða afleiðingar það kann að hafa.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi um mannmargar fjölskyldur og áhyggjur hans af því að kannski fimm til sex einstaklingar á hverju heimili þurfi að greiða þennan skatt (Gripið fram í.) — útvarpsskatt eða -gjald eða hvað hv. þingmaður vill kalla það — þá er við það miðað að þeir sem hafa einhverjar tekjur greiði til Ríkisútvarpsins. Þeir sem hafa litlar sem engar tekjur munu ekki þurfa að greiða þetta tillegg til Ríkisútvarpsins, eins og t.d. námsmenn. Ég geri ráð fyrir að á heimilum þar sem eru faðir og móðir og kannski fjórir námsmenn leiði þetta í flestum tilvikum til þess að foreldrarnir greiða gjaldið en börnin ekki.

Hv. þingmaður má hins vegar ekki gleyma því að með þessari tillögu lækkar framlag einstæðra til (Forseti hringir.) Ríkisútvarpsins um ríflega helming og það hlýtur að fela í sér mikla kjarabót (Forseti hringir.) fyrir t.d. einstæðar mæður.

[16:14]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja umræðuna, heldur spyrja hv. þingmann hvort í nefndinni hafi verið rætt að ef menn fara einni krónu umfram þetta tekjumark, þá borga þeir í fyrsta lagi gjald í Framkvæmdasjóð aldraða eitthvað um 6.000–7.000 kr. og síðan þessar krónur þarna, 17 þúsund, þ.e. borga um 24.000–25.000 kr. fyrir þessa einu krónu.

Í öðru lagi hvort í nefndinni hafi verið rædd hugmynd sem ég hef komið með áður að persónuafslátturinn væri lækkaður sem þessu næmi. Það væri afskaplega einföld aðgerð og mjög einföld innheimta og mætti alveg sérmerkja það í lögum að þessi hluti af persónuafslættinum rynni til útvarpsins.

Svo er það vandamálið með trillurnar og öll fyrirtækin. Búast menn ekki við vandræðum þegar maður sem hefur stofnað hlutafélag utan um trilluna sína þarf að borga? Hann hefur borgað sjálfur heima hjá sér og þegar hann hlustar á útvarpið úti á sjó þarf hann að borga líka fyrir trilluna og hvort trillan muni ekki mótmæla, því hún horfir ekkert á sjónvarp eða hlustar á útvarp, hvort menn geri ekki athugasemdir við þetta? Bændur sem eru með útvarp úti í fjósi og hlutafélag um allt saman að þeir borgi sérstaklega fyrir kusurnar. Þær eru kannski 20 og hlusta náttúrlega á útvarpið svo að það er kannski ekki alveg nógu gott sjónarmið.

Ég ætla ekki að koma í annað andsvar til að tefja ekki umræðuna en ég vildi gjarnan fá svör við þessu.

[16:16]

Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Varðandi síðasta atriðið er ég nú hræddur um að miðað við núverandi kerfi afnotagjalda að trillukarlinn og bóndinn sem var með útvarp úti í fjósi hefðu þurft að borga af því tæki vegna þess að gjaldskyldan miðast við hvert viðtæki sem er á heimilinu. Þeir sem eru með þrjú sjónvarpstæki heima hjá sér eiga því að borga þrjú afnotagjöld, hygg ég. (Gripið fram í.) Þessi misskilningur hefur verið leiðréttur.

Varðandi hin atriðin tvö þá var fyrra atriðið var ekki rætt í nefndinni og heldur ekki sá möguleiki að lækka persónuafsláttinn sem nemur framlaginu til Ríkisútvarpsins. Ég get hins vegar sagt að mér finnst það mjög góð hugmynd og ég veit að hv. þingmaður hefur margoft komið fram með hana. Það er einföld leið til þess að afla Ríkisútvarpinu tekna. Hitt er annað mál að hún hefur ekki komið til umfjöllunar frá hæstv. menntamálaráðherra og við höfum ekki tekið hana til sérstakrar umfjöllunar í nefndinni en það er kannski ástæða til að gera það í náinni framtíð.

Ég bendi á það sem ég sagði í framsöguræðu minni að sú tillaga sem felst í því frumvarpi sem hér er flutt er í rauninni tímabundin ráðstöfun sem kemur til endurskoðunar þegar við sjáum heildarpakkann varðandi auglýsingar og aðra þætti og starfshópur sem menntamálaráðherra skipaði mun ljúka störfum vonandi fyrir 15. febrúar á næsta ári.

[16:18]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ég get í þessari umræðu um frumvarp til laga frá menntamálanefnd um Ríkisútvarpið ohf. staðfest það sem hv. formaður menntamálanefndar sagði í ræðu sinni að ekki er ágreiningur um framlagningu þessa frumvarps í menntamálanefnd. Við fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í nefndinni lýsum yfir stuðningi við þessa ráðstöfun úr því sem komið er og við þær aðstæður sem uppi eru.

Málefni Ríkisútvarpsins eru umfangsmikil og inn í nefndina kom frumvarp hæstv. menntamálaráðherra. Við höfum tekið á móti fjölda gesta og fengið mjög mikið af mjög málefnalegum umsögnum. Við erum búin að vera á fullu að yfirfara þær og skoða kjarna málsins. Sömuleiðis höfum við fengið gögn sem ættuð eru frá starfshópi sem menntamálaráðherra setti á laggirnar fyrir nokkrum vikum, fyrir rúmum mánuði. Þannig hefur vinna starfshópsins og menntamálanefndar skarast.

Þó svo að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gerum ekki athugasemd við þessa niðurstöðu málsins, að gjaldaþáttur þess sé afgreiddur með þessum hætti og annað látið liggja inni í nefndinni, er ekki þar með sagt að við séum að breyta afstöðu okkar hvað varðar innheimtu útvarpsgjalds eða fyrirkomulag þessarar innheimtu yfir höfuð og ekki heldur stuðningi við að Ríkisútvarpið sé og verði eða eigi að vera opinbert hlutafélag. Það ríkir enn þá sá skoðanaágreiningur í þeim efnum sem hefur ríkt.

Hins vegar vil ég segja í tilefni af orðaskiptum sem urðu milli hv. formanns nefndarinnar og hv. þm. Péturs H. Blöndals rétt áðan að það eru auðvitað skiptar skoðanir um með

hvaða hætti sé best að innheimta útvarpsgjaldið. Við höfum verið að reyna að koma þeirri málvenju á að við tölum um „afnotagjald“ þegar við tölum um það gjald sem núna er greitt til Ríkisútvarpsins og köllum síðan „útvarpsgjald“ þetta nýja gjald sem á að innleiða og á að leggja á með einum gjalddaga 1. ágúst á sama hátt og gert er varðandi Framkvæmdasjóð aldraða. Fólk sér það ef það les greinargerðina með frumvarpi því sem við hér ræðum að gerður er mjög skýr greinarmunur á því að afnotagjaldið er það sem hver einstaklingur sem greiðir það í dag áttar sig á að hann greiðir það af sínum VISA-reikningi eða sínum bankareikningi eða sínum gíróseðlum að hann tekur sjálfur þátt í að greiða gjald í Ríkisútvarpið mánaðarlega. Ég hef talið að þetta sé af hinu góða og að hver og einn notandi finni með þessu móti fyrir því að hann á Ríkisútvarpið.

Á hinn bóginn þegar við förum að innheimta útvarpsgjald með einum gjalddaga á hverju ári í gegnum skattinn á sama hátt og innheimt er í Framkvæmdasjóð aldraða hættir einstaklingurinn, borgarinn, að finna fyrir því að hann á Ríkisútvarpið. Það myndast ákveðin fjarlægð á milli greiðandans og stofnunarinnar, eða Ríkisútvarpsins í þessu tilfelli.

Síðan er hægt að fara aðrar leiðir eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði hér um. Það er hægt að fara persónuafsláttarleiðina og það er líka hægt að fara fjórðu leiðina sem við þingmenn Vinstri grænna töluðum fyrir þegar Ríkisútvarpsmálið fór í gegn 2007 og þessi formbreyting á rekstrarforminu var gerð að lögum. Þá töluðum við fyrir því að kannað yrði hvort ekki væri hægt að festa gjaldið við fasteignir þannig að það væri þá innheimt með fasteignagjöldunum. Þessi leið hefur heldur ekki verið reiknuð eða útfærð að neinu marki ekki frekar en leið hv. þm. Péturs H. Blöndals.

Ég tel sem sagt traust tilefni til að allar þessar leiðir séu skoðaðar og ég lít svo á að við höfum enn tækifæri til að gera það. Þó svo að við samþykkjum það frumvarp sem liggur fyrir verður ekki gjald lagt á neinn einstakling fyrr en 1. ágúst 2009 þannig að ég lít svo á að hér sé um mjög tímabundna ráðstöfun að ræða sem er í raun og veru hægt að bakka með ef þingheimur ákveður það á næstu mánuðum.

Ég lýsi stuðningi við að nefndin skuli taka málið áfram í kraftmikla vinnu þannig að við munum eflaust sjá niðurstöðu í því fyrir miðjan febrúar. Ég kem til með að leggja mitt af mörkum í þeim efnum.

Önnur athugasemd sem ég vil gera efnislega við gjaldið kemur fram í greinargerðinni með frumvarpinu, að ákveðin rök hafi verið fyrir því á sínum tíma að útvarpsgjaldinu bæri að haga með þeim hætti að álagningin kæmi ekki verr niður á einstaklingum eða heimilunum en afnotagjaldið gerir í dag. Þannig hafi verið við það miðað að tveir einstaklingar á sama heimili sem greiða mundu útvarpsgjaldið yrðu nokkurn veginn jafnsettir eftir upptöku gjaldsins eins og þeir eru nú við greiðslu afnotagjalds.

Þetta stenst ekki fyllilega skoðun, hæstv. forseti, því að þegar við skoðum það afnotagjald sem greitt er í dag er það 2.990 kr. á mánuði hvern mánuð ársins sem gera 36 þús. kr. á ári. Ef við deilum í þá tölu með tveimur fáum við út 18 þús. kr. en ekki 17.200. Með réttu má því segja að ef þessi rök hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnarinnar fyrir breytingunni á sínum tíma, að hvert heimili eigi að vera jafnsett með tveimur fullborgandi einstaklingum sem greiða útvarpsgjaldið eins og þeir væru að greiða afnotagjald ætti þetta gjald að vera á því herrans ári sem gengur í garð eftir örfáa daga 18 þús. kr. en ekki 17.200.

Það eru þeir skýru fyrirvarar sem ég og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum á þessu máli. Engu að síður styðjum við, eins og ég sagði áðan, þessa meðhöndlun í ljósi þess að hér er um tímabundna ráðstöfun að ræða og gjaldið alls ekki endanlegt.

Segja má að það hafi verið ætlunarverk Sjálfstæðisflokksins á sínum tíma þegar verið var að fara með þetta frumvarp í gegnum Ríkisútvarpið ohf., að koma stærstum hluta Ríkisútvarpsins eða þjónustuútvarps út á markað. Það var mikið talað um að með óháeffuninni mundi myndast ákveðinn sveigjanleiki fyrir þann stjórnanda sem réðist að útvarpinu til þess m.a. að sækja sér tekjur á auglýsingamarkaði en líka sveigjanleiki varðandi mannaráðningar. Það var í sjálfu sér lykilatriði í röksemdafærslu Sjálfstæðisflokksins, og reyndar Framsóknarflokksins á sínum tíma sem studdi það mál, að með rekstrarformsbreytingunni yrði til aukinn sveigjanleiki og sjálfstæði innan stofnunarinnar.

Við vinstri græn vorum ekki á sama máli. Við töldum og teljum enn að Ríkisútvarpinu sé best komið sem ríkisstofnun og sé og eigi að vera ein af menningarstofnununum sem þjóðin á og rekur sameiginlega, fyllilega sambærilegt við Þjóðleikhús, Þjóðarbókhlöðu, Þjóðminjasafn, Listasafn Íslands og þar fram eftir götunum.

Þessi sjónarmið okkar hafa ekki breyst enda þykir okkur í ljósi þess sem gerst hefur með tæplega tveggja ára reynslu af opinberu hlutafélagi hafa verið sýnt fram á að sveigjanleikinn sem stjórnandinn fékk í hendur hafi verið nýttur nákvæmlega eins og gert hafði verið ráð fyrir. Farið var „aggressíft“ út á markaðinn og auglýsingatekjum safnað. Þetta hefði ekki gerst ef Ríkisútvarpið hefði áfram verið ríkisstofnun. Ég tel að formbreytingin hafi beinlínis hvatt til þess sem gerðist í raun og veru og verið er að kvarta undan núna.

Það vil ég að þingmenn hafi í huga þegar við hugleiðum þetta mál áfram á næstunni því að það er alveg ljóst að við höfum ekki sagt síðasta orðið í máli Ríkisútvarpsins. Við munum að fjalla um það áfram, bæði í menntamálanefnd og það mun síðan koma áfram til þingsins.

Mér virðast þau sjónarmið vera uppi í nefndinni að það var ákveðinn forsendubrestur fyrir þeim hlutum sem talað var fyrir á sínum tíma þegar formbreytingin var gerð. Ég tel þess vegna að ekki sé loku fyrir það skotið að fólk átti sig á því áður en yfir lýkur að Ríkisútvarpinu sé best fyrir komið sem ríkisstofnun.

Að svo mæltu, hæstv. forseti, læt ég máli mínu lokið og ítreka það enn einu sinni að þó svo að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í menntamálanefnd styðjum þennan framgangsmáta og afgreiðslumáta á málinu erum við hvorki að lýsa yfir stuðningi við að Ríkisútvarpið sé, verði eða eigi að vera áfram opinbert hlutafélag né við það fyrirkomulag gjaldheimtu sem hér um ræðir.

[16:28]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp sem má í raun segja að sé sáttaleið sem menntamálanefnd ákvað að fara. Snemma var ljóst að mikil ósátt var um frumvarp menntamálaráðherra um að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði. Það var ósætti eða athugasemd við nánast hverja einustu málsgrein og við framsóknarmenn féllumst á að fara þessa leið, ákveða þennan svokallaða nefskatt — sem ég vil kalla þó að hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni finnist það ekki réttnefni — og taka svo hitt frumvarpið upp eftir áramót og vinna það betur.

Ríkisútvarpið var gert að opinberu hlutafélagi í tíð síðustu ríkisstjórnar. Í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna kom fram að þar var gert ráð fyrir að í stað afnotagjalds yrði tekið upp sérstakt útvarpsgjald sem lagt yrði á einstaklinga og lögaðila 1. janúar 2009. Segja má að verið sé að fylgja eftir því sem ákveðið var með þeirri lagasetningu.

Í athugasemdum við 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins kemur fram að við útreikning á gjaldinu hafi verið gert ráð fyrir óbreyttum tekjum Ríkisútvarpsins ohf. og hliðsjón höfð af tekjustreymi félagsins á árunum 2005 og 2006 og lagt til grundvallar að allir gjaldendur sem féllu undir lögin stæðu skil á gjaldinu. Í frumvarpinu var tekið fram að eðlilegt væri að fjárhæð gjaldsins yrði endurskoðuð þegar nær drægi breytingu á tekjustofnum Ríkisútvarpsins ohf. úr afnotagjaldi í sérstakt útvarpsgjald samkvæmt lagagreininni. Þá var því sjónarmiði lýst að haga bæri álagningu gjaldsins þannig að hvert heimili með tvo einstaklinga sem greiddu gjaldið yrði nokkurn veginn jafnsett eftir upptöku þess.

Það er rétt sem kom hér fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að umdeilt er hvort gjaldið eigi að vera 17.200 kr. eða 18.000 kr., en fyrirvari er í frumvarpinu um að farið verði yfir þessa hluti strax á næsta ári.

Einnig þarf að taka upp og endurskoða hvernig gengið hefur með formbreytinguna sem farið var í með lögum nr. 6/2007. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði að auka hefði átt sveigjanleika og sjálfræði, ég held að það sé rétt. Kannski ekki með því sem við höfum nú séð að Ríkisútvarpið sækir sér tekjur á auglýsingamarkaðinn heldur var algjört skilyrði að framlög fylgdu þessu opinbera hlutafélagi og styrkja átti Ríkisútvarpið. Það hefur algjörlega verið svikið. Skýrt hefur komið fram hjá ýmsum umsagnaraðilum að ekki hafi verið staðið við þann þjónustusamning sem ríkið gerði við RÚV.

Þar erum við kannski komin að rót vandans vegna þess að stjórnendur RÚV notfæra sér þau tæki sem þeir hafa, tæki markaðarins, til að sækja sér fjármuni. Þeir sóttu mjög skelegga auglýsingasafnara, ef ég má nota það orð, sem náðu í auglýsingar af miklu meiri móð en áður hafði verið gert og kannski má segja að samstaðan um Ríkisútvarpið hafi þá einfaldlega rofnað.

Eins og við heyrðum hjá umsagnaraðilum vilja langflestir hafa einhvers konar ríkisútvarp, þá er vísað í menningarhlutverkið og öryggishlutverkið, en kannski er kominn tími til að breyta rekstrargrundvellinum og taka það upp núna strax eftir áramót.

Svo er óleystur sá vandi sem nú blasir við og það er niðurskurðurinn. Við sáum fram á uppsagnir í byrjun ágúst og svo aftur í lok nóvember og byrjun desember. Það er vandamál sem ríkisstjórnin verður að leysa með einum eða öðrum hætti vegna þess að ekkert er mikilvægara en að við höfum öfluga fjölmiðla í því ástandi sem ríkir hér á landi. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Ég þakka hæstv. forseta — sem fipaði mig nú hálfpartinn í ræðunni en það er annað mál.

Eins og ég var að segja verðum við að endurskoða hlutverk RÚV. Tillögurnar sem voru núna í frumvarpinu náðu bara til sjónvarpsins en ekki útvarpsins og var það harðlega gagnrýnt og ósanngjarnt að einungis hafi átt að taka RÚV af sjónvarpsauglýsingamarkaðnum en ekki útvarpsins. Ég er mjög fylgjandi því að Ríkisútvarpinu verði bannað að beita sér á auglýsingamarkaði og vil árétta það sem kemur fram í áliti menntamálanefndar.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Við umfjöllun um málið kom til tals sá möguleiki að lögfesta ákvæði sem kveði á um bann við því að Ríkisútvarpið afli sér auglýsingatekna að eigin frumkvæði. Nefndin telur hins vegar ekki ástæðu til að gera tillögur um slíkt bann að sinni en beinir þeim tilmælum til Ríkisútvarpsins að ganga hóflega fram þar til málið hefur verið afgreitt á Alþingi.“

Ég held að ef þetta næðist fram yrði kannski aftur grundvöllur um samstöðu um Ríkisútvarpið fyrir alla landsmenn.

Að lokum vil ég ítreka það sem hefur komið hér fram að þótt bótareglur sem varða takmörkun Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði séu ekki afgreiddar að svo stöddu verða þær áfram til meðferðar hjá nefndinni sem telur eðlilegt að starfshópurinn fari aftur í málið, en ekki er samstaða um hvernig þessu verður hagað í framtíðinni. Við framsóknarmenn munum standa að frumvarpinu og samþykkjum það kannski líka til að liðka til fyrir störfum þingsins en áskiljum okkur allan rétt til að koma með tillögur að breytingum strax eftir áramót.

[16:36]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að hrósa hv. menntamálanefnd sérstaklega fyrir góð vinnubrögð. Mikið tillit var tekið til þeirrar umræðu sem fram hefur farið bæði í þingflokkum og í þinginu um málið og ég fagna niðurstöðunni sem liggur fyrir. Við höfum ríkisfjölmiðla og erum alveg ákveðin í því að vera með þá. Um það er tiltölulega mikil sátt í flestum þingflokkum og í samfélaginu. (Gripið fram í.)

Mikilvægi fjölmiðla felst m.a. í upplýsingagildi og auglýsingar eru auðvitað ekkert annað en eitt form þess að miðla upplýsingum til þjóðarinnar. Að ætla að taka svo mikilvæga og stóra fjölmiðla, sem ríkisfjölmiðlarnir eru, af markaði rýrir möguleika á því að koma upplýsingum til almennings. Í eins fámennu samfélagi og við lifum í höfum við ekki það fjölbreytta flóru fjölmiðla svo ég er á þeirri skoðun að ekki sé rétt nálgun til að styrkja stöðu innlendra sjónvarpsstöðva eða frjálsra sjónvarpsstöðva að draga úr auglýsingabirtingum á ríkisfjölmiðlunum. Það gæti haft þær afleiðingar að draga úr íslenskri dagskrárgerð vegna

þess að mörg þeirra fyrirtækja sem stunda innlenda dagskrárgerð hafa miklar og góðar aukatekjur og mörg hver fá drjúgan hluta af tekjum sínum af auglýsingagerð. Ef svo mikilvæg sjónvarpsstöð sem RÚV félli út í auglýsingagerð væri hreinlega ekki jafnmikill hvati til að búa til góðar og miklar auglýsingar í sjónvarpi.

Ekkert samasemmerki er heldur á milli þess að auglýsingatekjur RÚV, um 750 milljónir á ári, færu beint til hinna stöðvanna, það er ekkert sem segir það. Það sem ræður áhorfi eða birtingu á auglýsingum er áhorf á sjónvarpsþætti. Mælingar á auglýsingaáhorfi í dag eru orðnar það nákvæmar að ekki er víst að kakan mundi færast neitt yfir á hinar stöðvarnar hreinlega út af því að dagskrárliðir þeirra væru ekki nægilegur hvati til þess.

Þessar frjálsu stöðvar hafa vitað í 22 ár, frá því að þær tóku til starfa, að á ljósvakamarkaðnum væru fyrir ríkisstöðvar sem sýndu auglýsingar. Því er ekki hægt að kenna samkeppni RÚV um erfiða fjárhagsstöðu þessara fyrirtækja í dag, ég held að rætur þess liggi allt annars staðar. Að sama skapi eru frjálsar sjónvarpsstöðvar mjög mikilvægar fyrir okkur og mjög áríðandi að á þessum markaði sé samkeppni, eins mikil og góð samkeppni og þar getur þrifist. Ég er á því að við eigum að nálgast þetta með þeim hætti að reyna að styrkja samkeppnina. Við eigum að hjálpa frjálsum sjónvarpsstöðvum að laga samkeppni sína og vinna upp það forskot sem ríkisfjölmiðlarnir hafa með föstu áskriftargjöldunum sem þeir fá í gegnum skattheimtuna. Þetta sé ég fyrir mér að gæti verið gert þannig að hluti af tekjum ríkissjónvarpsins, hvort sem væri af auglýsingasölu — kannski helst af auglýsingasölu — færi til þessara stöðva með einum eða öðrum hætti. Þetta er útfærsluatriði og þar sæi ég fyrir mér að fyrst og fremst væri um að ræða leið til að efla íslenska dagskrárgerð, nota hluta af tekjum RÚV til að styðja íslenska dagskrárgerð á frjálsu stöðvunum sem aftur eykur samkeppnishæfni þeirra og gefur þeim möguleika á að selja fleiri auglýsingar og hafa auglýsingatímana dýrari þar sem dýrustu tímarnir eru gjarnan í kringum innlenda dagskrárliði.

Þetta vildi ég segja um frumvarpið, virðulegi forseti, og aftur vil ég fagna því að hv. menntamálanefnd skuli hafa komist að þessari niðurstöðu. Ég heyri það á málflutningi hv. formanns nefndarinnar að til stendur að halda vinnunni áfram og að við munum sjá afurð hennar í þingsölum fljótlega. Ég tel mjög mikilvægt að á þessu máli verði tekið, en ég tel að nálgunin sé röng. Í millitíðinni vonast ég til að hv. menntamálanefnd og hæstv. menntamálaráðherra sendi þau skilaboð til ríkissjónvarpsins að það hagi sér í samræmi við stöðu sína á markaði og misnoti ekki í auglýsingasölu þá sterku stöðu sem það hefur í gegnum fastar áskriftartekjur sínar.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu

[Fundarhlé. — 16:42]

Fundi slitið kl. 17:05.

---

65. FUNDUR

laugardaginn 20. desember,
að loknum 64. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning varamanns í bankaráð Seðlabanka Íslands í stað Höllu Tómasdóttur til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 26. gr. laga nr. 36 22. maí 2001 um Seðlabanka Íslands.
2. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 243. mál, þskj. 432. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Kolvetnisstarfsemi, stjfrv., 152. mál, þskj. 434. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Tekjuskattur, stjfrv., 228. mál, þskj. 435. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Tollalög, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 231. mál, þskj. 446. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Virðisaukaskattur, vörugjald o.fl., stjfrv., 247. mál, þskj. 364. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Fjárhagsleg fyrirgreiðsla úr ríkissjóði til málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum, frv., 248. mál, þskj. 365. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Ríkisútvarpið ohf., frv., 262. mál, þskj. 424. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:07]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og/eða útbýtingu þskj. í 2.–8. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 50 shlj. atkv.

Kosning varamanns í bankaráð Seðlabanka Íslands í stað Höllu Tómasdóttur til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 26. gr. laga nr. 36 22. maí 2001 um Seðlabanka Íslands.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Fjóla Björk Jónsdóttir.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 3. umr.

Stjfrv., 243. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 432.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:09]

Frv. samþ. með 34:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB,

BjörkG, BBj, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, IllG, ISG, JóhS, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÖS.

nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, KolH, SJS, ÖJ.

10 þm. (BJJ, EyH, GMJ, HSH, HöskÞ, JM, KHG, MS, SF, VS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BjörgvS, EKG, EMS, GAK, HHj, HerdÞ, RGuðb, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 451).

Kolvetnisstarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 152. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 434.

[17:09]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég óskaði sérstaklega eftir því að þetta mál yrði tekið aftur fyrir á fundi hv. iðnaðarnefndar. Tilgangurinn var að freista þess að fá málinu frestað fram yfir áramót þannig að hægt væri að vinna það betur.

Ég vil nefna nokkur þau atriði sem ég tel að nauðsynlegt hefði verið að nota tímann til þess að vinna betur. Meðal annars harma ég að ekki var tóm til þess að leita umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um aðkomu sveitarfélaga að leyfisveitingum mögulegum við leit að olíu á tilteknu svæði utan netlagna en innan einnar sjómílu þar fyrir utan. Þetta er lausn sem iðnaðarráðuneytið fann upp á, að skipta um hest í miðri á, og ekki var gefið tóm til þess að leita afstöðu sveitarfélaganna, því miður.

Ég benti einnig á að eðlilegt hefði verið að hafa samráð um uppbyggingu á þekkingar- og vísindasjóði við þær rannsóknastofnanir sem fyrir eru í landinu, Háskóla Íslands og aðrar rannsóknastofnanir, en til þess gafst heldur ekki tóm. Ég benti reyndar á þann annmarka sem er á lögunum að það er algjört gat hvað varðar skipulagsþáttinn. Allt sem laut að skipulagi á þessum svæðum var einfaldlega tekið út úr frumvarpinu og það hefði þurft að setja bráðabirgðaákvæði inn í lögin um hvernig standa ætti að gerð skipulags á Drekasvæðinu eingöngu vegna þess að það er jú það sem um er að ræða.

Það eru mikil vonbrigði, herra forseti, að hv. iðnaðarnefnd treysti sér ekki til þess að geyma afgreiðslu þessa frumvarps, vinna það eilítið betur og reyna að ná um það frekari samstöðu vegna þess að það hefur að mínu mati ekki komið fram neinn haldbær rökstuðningur fyrir því að afgreiða þurfi þetta mál hér og nú.

Ég vek athygli á því að hér hafa hrunið bankar. Nú er kominn 20. desember og ekki hafa verið afgreidd fjárlög eða fjáraukalög. Fólk er að missa vinnuna og fólk lækkar í launum en ekki hróflar það við hæstv. iðnaðarráðherra sem á hátíðarstundum kallar sig gjarnan olíumálaráðherra. Þetta ástand í samfélaginu breytir engu. Einu rökin sem höfð eru uppi fyrir því að klára þetta mál í pressu fyrir áramót eru þau að hæstv. ráðuneytið hafi einhvern tíma tilkynnt að það verði útboð á leyfum 15. janúar nk.

Herra forseti. Ég vildi óska þess að allar þær tilkynningar um stjórnvaldsákvarðanir sem menn hafa beðið eftir að kæmu til framkvæmda á næsta ári mættu fá þá afgreiðslu sem þetta dekurmál á að fá hér núna. Það er dapurlegt að ekki einu sinni leiðrétting á sjö ára gamalli þýðingarvillu hlaut náð fyrir augum hv. iðnaðarnefndar. Ég óskaði sérstaklega eftir því og lagði fram ítarlegar breytingartillögur um að menn hættu að tala um „sykrur“ þegar um er að ræða rannsóknir á jarðolíu og jarðgasi. En ekki einu sinni það, herra forseti, hlaut náð fyrir augum hv. iðnaðarnefndar, væntanlega vegna þess að tillagan kom frá stjórnarandstöðunni.

Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst þetta dapurleg niðurstaða að þessu leytinu til. Það hefði mátt vinna þetta miklu betur. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum freista þess að fá fram breytingar á þessum málum áfram og við munum sitja hjá þessa atkvæðagreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:14]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HSH, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÖS.

8 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, JBjarn, KJak, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BjörgvS, EKG, EMS, GAK, GSv, HHj, HerdÞ, KÞJ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 452).

Tekjuskattur, 3. umr.

Stjfrv., 228. mál (gerð skattframtala o.fl.). — Þskj. 435.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:14]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HSH, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BjörgvS, EKG, EMS, GAK, GSv, HHj, HerdÞ, KÞJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 453).

Tollalög, virðisaukaskattur og gjald af áfengi og tóbaki, 3. umr.

Stjfrv., 231. mál (tollfrjáls innflutningur ferðamanna á varningi o.fl.). — Þskj. 446.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:15]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HSH, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BjörgvS, EKG, EMS, GAK, GSv, HHj, HerdÞ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 454).

Virðisaukaskattur, vörugjald o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 247. mál (framlenging ákvæða um lækkun gjalda af vistvænum ökutækjum). — Þskj. 364.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:15]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HSH, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BjörgvS, EKG, EMS, GAK, GSv, HHj, HerdÞ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 455).

Fjárhagsleg fyrirgreiðsla úr ríkissjóði til málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum, 3. umr.

Frv. SKK o.fl., 248. mál. — Þskj. 365.

[17:16]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Núna þegar við göngum til lokaumræðu og atkvæðagreiðslu um þetta frumvarp til laga um fjárhagslega fyrirgreiðslu úr ríkissjóði til málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum vil ég nota tækifærið og þakka hæstv. forseta Alþingis fyrir að taka þetta mál til umræðu hér til þess að það komist til lokaafgreiðslu.

Ég vil líka nota tækifærið og þakka þingmönnum allra stjórnmálaflokka á Alþingi fyrir að styðja þetta mikilvæga mál og greiða fyrir því að það hljóti afgreiðslu. Það sýnir að þverpólitísk samstaða er um að íslenska ríkið og ríkisvaldið sé reiðubúið til þess að standa við bakið á þeim sem vilja höfða mál gegn breskum stjórnvöldum vegna aðgerða þeirra gegn Íslendingum og íslenskum hagsmunum í upphafi októbermánaðar.

Í samþykkt þessa frumvarps felast líka mikil pólitísk tíðindi, þ.e. yfirlýsing frá Alþingi Íslands um að Alþingi sættir sig ekki við að bresk stjórnvöld beiti Íslendinga og íslenska hagsmuni hryðjuverkalögum. Íslendingar eru ekki hryðjuverkamenn og munu ekki sætta sig við að vera meðhöndlaðir sem slíkir.

[17:18]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég tek undir hvert orð síðasta ræðumanns og vil um leið þakka honum og þingmönnunum sem standa að flutningi þessa máls fyrir frumkvæði þeirra. Það er lofsvert og ánægjulegt að einstöku sinnum taki Alþingi á sig rögg og taki hlutina í sínar hendur. Það mætti gerast oftar.

Ég sakna þess auðvitað, virðulegi forseti, að annað gott þingmannafrumvarp, heimildir til stjórnvalda til þess að frysta eða kyrrsetja tímabundið eignir ef á þarf að halda til að gæta hagsmuna þjóðarbúsins vegna bankahrunsins, skuli ekki hafa fengið sambærilega meðferð.

Ég vil líka nota tækifærið, og vísa þar til þess sem kom fram í máli hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, að með þessu er Alþingi að senda mjög sterk skilaboð sem ekki mega misskiljast. Alþingi vill að það verði farið í mál við Breta, það er ósköp einfalt mál eins og græna taflan hér sýnir. Ég vil því bara fá algerlega á hreint: Er ekki ljóst að framkvæmdarvaldið fær þessi skilaboð og misskilur þau ekki? Að það verði tryggt að fyrir 7. janúar nk., áður en frestir renna út, verði búið að höfða mál með stuðningi ríkisins bæði í tilviki Kaupþings og þvingaðrar yfirtöku dótturfélags þess í Bretlandi sem og frystingar á eignum Landsbankans með hryðjuverkalögum?

[17:19]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram um að það er ástæða til þess að þakka það frumkvæði sem felst í flutningi þessa þingmáls og þeim stuðningi við það sem komið hefur í ljós.

Jafnframt þarf að hafa í huga að þau mál er lúta að hugsanlegum málarekstri í Bretlandi eru tvíþætt. Það mál sem hér er fyrst og fremst haft í huga er mál sem íslenska ríkið hefur ekki beinan aðgang að. Þess vegna er lagt til í þessu frumvarpi að þrátt fyrir að íslenska ríkið hafi ekki beina aðild að því máli sé heimilt að veita fjármuni úr ríkissjóði til að styrkja aðra aðila til að fara í það mál. Það á ekki að blanda þessu saman.

Hitt málið er síðan mál þar sem ríkið hefur beina aðkomu og ekki þarf að endurtaka það sem hér hefur oft komið fram af minni hálfu og annarra í ríkisstjórninni. Sá málflutningur og aðdragandi að þeim málaferlum er auðvitað í undirbúningi en við þurfum ekki sérstaka fjárveitingaheimild til að standa að því.

[17:21]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim sem segja að hér sé um afar jákvætt mál að ræða. Það er mjög mikilvægt að Alþingi sendi frá sér þau skilaboð að við teljum að á okkur hafi verið brotið þegar Kaupþing var yfirtekið af breskum stjórnvöldum og þau mál verði keyrð í gegn fyrir 7. janúar.

Það er rétt að það er skilanefnd Kaupþings sem þarf að reka þetta mál. Það var ljóst 22. október þegar við framsóknarmenn óskuðum eftir því að erlendir lögmenn kæmu á fund nefndarinnar og skæru úr um hverjir mundu reka málið fyrir hönd íslenskra stjórnvalda.

En þetta er afar jákvætt, við framsóknarmenn fögnum þessu og segjum því já.

[17:22]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Það er óþarfi að lengja þessa umræðu. Mikið fagnaðarefni er að svo vel hefur verið tekið í þetta mál eins og raun ber vitni. Það sem mestu máli skiptir er að sjálfsögðu að við flutningsmenn þessa máls munum við 3. umr. fjárlaga jafnframt flytja breytingartillögu við 6. gr. fjárlagafrumvarpsins um að þar verði sett tilsvarandi fjárlagaheimild þannig að fjármálaráðherra geti beitt þessari heimild og hafi til þess öll tæki.

[17:23]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Nokkrum mínútum á Alþingi hefur verið eytt fyrir minna en það sem hér er undir þannig að ég er ekki feiminn við að tefja hv. þingmenn í örfáar mínútur í viðbót þegar þvílíkir þjóðarhagsmunir eru í húfi.

Það er alveg hárrétt hjá hæstv. forsætisráðherra að í öðru tilvikinu á ríkið ekki beina aðild að máli þar sem er Kaupþing eða yfirtaka breska fjármálaeftirlitsins á bankanum Singer & Friedlander. Engu að síður er gríðarlega mikilvægt að það mál verði rekið og að þeir sem þar eiga aðild geti gert það með fjárhagslegum stuðningi ríkisins ef á þarf að halda eins og lagður er lagagrundvöllur að í þessu frumvarpi.

Hins vegar er það frystingin á eignum Landsbankans með beitingu hinna illræmdu hryðjuverkalaga. Þar koma íslensk stjórnvöld vissulega við sögu þannig að þar er um beina málsaðild að ræða. Engu að síður er að mínu mati mjög mikilvægt að Landsbankinn gamli verði þar málshöfðunaraðili, e.t.v. ásamt ríkinu og væntanlega er lögfræðilega hægt að ganga svo frá að báðir aðilar standi að málinu, m.a. vegna þess að vænlegustu möguleikar íslenska ríkisins til þess að reka beitingu hryðjuverkalaganna alla leið liggja að lokum til Mannréttindadómstóls Evrópu. Til þess að það sé hægt verður að tæma réttarúrræði innan Bretlands. Þess vegna verður hvort tveggja að gerast, að bæði málin verði höfðuð áður en frestirnir renna út og öllum réttarfarslegum leiðum verði haldið opnum til þess að hægt sé að reka þessi mál til enda.

[17:24]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Hv. þingmaður hefur sett sig vel inn í þessi mál og allt sem hann hefur hér sagt um þetta er hárrétt. Auðvitað verða þessi mál rekin á þann hátt sem nauðsynlegt er og hann lýsti.

Ég vil jafnframt taka fram að við höfum hugsað okkur, utanríkisráðherra og ég, að funda sérstaklega með formönnum stjórnarandstöðuflokkanna til að fara yfir þessi mál, hvernig best sé að þeim staðið og til að mynda sem breiðasta pólitíska samstöðu um þetta mikilvæga mál þar sem svo miklir hagsmunir eru í húfi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:25]

Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BjörgvS, EKG, EMS, GAK, HerdÞ, MS, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 456).

Ríkisútvarpið ohf., 2. umr.

Frv. menntmn., 262. mál. — Þskj. 424 (fjárhæð sérstaks gjalds).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:26]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, StB, VS, ÞKG, ÖS.

6 þm. (AtlG, GMJ, JBjarn, JM, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BjörgvS, EKG, EMS, GAK, HerdÞ, MS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörkG, BBj, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÖS.

7 þm. (AtlG, GMJ, HSH, JBjarn, JM, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁÓÁ, ÁJ, BjörgvS, EKG, EMS, GAK, HerdÞ, MS, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

[17:27]

Útbýting:
Endurskoðun á samkeppnislögum, 265. mál, þáltill. ÁKÓ, þskj. 449.

Fjárlög 2009, 1. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 440; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 441; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 442; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 443; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 444; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 445.

Fundi slitið kl. 17:29.

---

66. FUNDUR

mánudaginn 22. desember,
kl. 9.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, stjfrv., 246. mál, þskj. 363, nál. 425 og 430, brtt. 426 og 429. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Fjárlög 2009, stjfrv., 1. mál, þskj. 360, frhnál. 440 og 450, brtt. 441, 442, 443, 444 og 445. — 3. umr.
3. Stimpilgjald, stjfrv., 213. mál, þskj. 286, nál. 447. — 2. umr.
4. Ríkisútvarpið ohf., frv., 262. mál, þskj. 424. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:
Helga Sigrún Harðardóttir, 3. þm. Suðurk.
Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest.

[09:36]

Útbýting:
Fjárlög 2009, 1. mál, frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 450.

Lengd þingfundar.

[09:36]

Forseti (Sturla Böðvarsson):
Þar sem óvissa er um hve lengi þingfundir standa í dag leggur forseti til að vikið verði frá 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:36]
Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 450. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 09:36]

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, frh. 2. umr.

Stjfrv., 246. mál (réttindaávinnsla o.fl.). — Þskj. 363, nál. 425 og 430, brtt. 426 og 429.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[09:48]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**
Hæstv. forseti. Allar götur frá því að lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara var breytt árið 2003 hafa staðið miklar deilur um þau. Nú koma þau til kasta Alþingis að nýju. Í flestum tilvikum, að mínu mati, halda í allt of ríkum mæli flokkslínur við atkvæðagreiðslu á Alþingi. Ef rík ástæða er í einhverju tilviki til þess að þau flokksbönd bresti er það í þessu máli. Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að nafnakall verði viðhaft við fyrstu breytingartillögu með þessu frumvarpi þannig að afstaða sérhvers þingmanns komi berlega í ljós. Fyrsta atkvæðagreiðslan mun fara fram um það grundvallaratriði hvort hér eigi að halda sérréttindi um þá hópa sem lögin taka til, ráðherra, alþingismenn, forseta Íslands og (Forseti hringir.) svokallaða æðstu embættismenn ríkisins, að þeir eigi að búa við sömu lífeyriskjör og almennt gerist hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga.

[09:49]

Pétur H. Blöndal (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**
Herra forseti. Við ræðum um lífeyriskjör þingmanna, ráðherra o.fl. Undanfarið hefur verið mikið um mótmæli, mikil gerjun í þjóðfélaginu, krafa um gagnsæi.

Þau réttindi sem við ræðum hér eru ekki gagnsæ. Lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna eru heldur ekki gagnsæ vegna þess að réttindin þar eru tryggð en iðgjald ríkisins er breytilegt en hjá almennu sjóðunum er iðgjaldið fast en réttindin breytileg. Áfall sem lífeyrissjóðirnir hafa orðið fyrir undanfarið mun verða til þess að hinir almennu sjóðir verða skertir, lífeyrir þeirra verður skertur, á sama tíma og opinberir starfsmenn og sérstaklega þingmenn og ráðherrar búa við þau forréttindi að réttindin eru föst.

Ég vara eindregið við þessu og hef flutt um þetta breytingartillögur.

[09:50]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**
Virðulegur forseti. Það frumvarp sem hér kemur til afgreiðslu markar mikil tímamót. Það afnemur ekki aðeins

hin umdeildu lög frá 2003, hin umdeildu eftirlaunalög, heldur gengur enn lengra og takmarkar verulega þau réttindi sem þingmenn og ráðherrar hafa hingað til haft til eftirlauna. Réttindaávinnsla þingmanna er minnkuð, enginn getur nú bæði tekið laun og eftirlaun úr ríkissjóði, aldursmörk eru hækkuð til viðmiðunar þegar hægt er að taka eftirlaun, sérákvæði um réttindaávinnslu forsætisráðherra umfram aðra eru afnumin og lífeyrisskuldbindingar vegna ráðherra og þingmanna lækka um 40% ef þetta frumvarp nær fram að ganga.

Hér er á ferðinni mikill áfangi í því að færa eftirlaun ráðherra og þingmanna nær því sem almennt gerist og fyrir hönd Samfylkingarinnar fagna ég samþykkt þessa frumvarps því að sl. fimm ár hefur Samfylkingin haldið þessu máli lifandi og núna tala verkin af hálfu ríkisstjórnarinnar.

[09:52]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Frumvarp ríkisstjórnarinnar er skref í rétta átt. Það er rétt að það gengur nær þeim réttindum sem almennt gilda en við sjáum í dag. Það hins vegar gengur ekki alla leið þannig að stjórnarandstaðan stendur sameinuð um breytingartillögur þar sem viljum að gengið sé alla leið, þ.e. að við förum inn í A-deild LSR. Þannig værum við í kerfi sem væri einfalt, auðskiljanlegt og gagnsætt, tækjum bara þau réttindi sem þar væru.

Ég býst við að þegar búið er að samþykkja frumvarp ríkisstjórnarinnar hér á eftir, sem ég geri frekar ráð fyrir að gert verði, verði kjararáð að hækka kaup þingmanna af því að í reglum um kjararáð stendur að taka eigi tillit til lífeyrisréttinda.

Virðulegur forseti. Þetta er skref í rétta átt en stjórnarandstaðan vill ganga lengra. Hún er sameinuð um það þannig að ef við hefðum haft meiri tíma í þinginu held ég að stjórnarflokkarnir hefðu farið inn á þá hugmyndafræði að fara í A-deild LSR. Því miður gafst ekki nógu mikill tími til að sannfæra ríkisstjórnarflokkana.

[09:53]

Jón Magnússon (Fl) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Valið er einfalt. Spurningin er um það að greiða atkvæði með þeirri tillögu sem við höfum flutt sem breytingartillögu við það frumvarp sem hér ræðir um og hv. þm. Ögmundur Jónasson er 1. flutningsmaður að þar sem við greiðum atkvæði um að koma á fullkomnum jöfnuði, þ.e. að forréttindi alþingismanna og ýmissa æðstu embættismanna ríkisins eru afnumin. Það er spurningin hvort við viljum jöfnuð eða viðhalda ójöfnuði.

Ég greiði atkvæði með jöfnuði.

[09:54]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það skref sem við erum að taka hér er fagnaðarefni. Þetta er skref sem Samfylkingin hefur iðulega kallað eftir undanfarin fimm ár en hér erum við að afnema hinar umdeildu tvöföldu greiðslur frá hinu opinbera. Við erum að lækka réttindaávinnsluna þannig að hún verður í samræmi við A-deildina að teknu tilliti til hærri iðgjalda sem þessi hópur greiðir. Við erum að afnema forsætisráðherrasérregluna, hækka aldursmörkin, jafna réttindaávinnslu milli þingmanna og ráðherra sem er mikilvægt og þetta allt saman lækkar lífeyrissjóðsskuldbindingar gagnvart ráðherrum um 60%. Það er þess vegna ekki rétt sem hv. þingmenn Vinstri grænna hafa sagt að hér sé verið að taka lítil skref eða hér sé einhvers konar kattarþvottur, hér erum við að taka stór skref í að afnema þau sérréttindi sem voru sett á fót með lögunum 2003. Í sumum tilfellum erum við að ganga lengra en það sem var sett 2003.

Að lokum, herra forseti, undirstrika ég að við erum ekki að ljúka umræðunni um þessi mál hér og nú. Meiri hluti allsherjarnefndar kallar eftir frekari skoðun (Forseti hringir.) á þessum málum og m.a. kemur fyllilega til greina að færa þennan hóp undir A-deildina en sú skoðun og sú umræða á einfaldlega eftir að eiga sér stað. Það vita hv. þingmenn. (Gripið fram í.)

Brtt. 429,1 felld með 39:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJak, KolH, MS, SF, SJS, VS, ÖJ, AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, HöskÞ, JBjarn, JM.

nei: KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖS, ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JónG, StB.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

8 þm. (KVM, RR, ÞBack, EMS, GMJ, GSv, HSH, JóhS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:56]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er lagt til að forseti Íslands, alþingismenn og hæstaréttardómarar greiði í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en auk þess er getið um það í 3. gr. þessarar sömu breytingartillögu að þeir geti ekki haldið bæði réttindum og launum samtímis sem er andstætt reglum A-deildarinnar. Þetta eru sem sagt lakari réttindi en A-deildin veitir.

Burt séð frá því er lagt til að þingmenn greiði í forréttindasjóð, sjóð sem er með föst réttindi og breytilegt iðgjald og ég er á móti því. Ég er á móti því að við séum ekki með sömu lífeyrisréttindi og kjósendur okkar en 80% þeirra greiða í almenna sjóði og munu þurfa að sæta skerðingu á sama tíma og við höfum pikkföst réttindi.

Ég segi nei.

[09:58]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Við erum að greiða atkvæði um það hvort við viljum halda í sérreglur eða ekki. Flokksþing Framsóknarflokksins samþykkti að það ætti að afnema sérreglur fyrir þingmenn og ráðherra þannig að það er með mikilli ánægju sem ég segi já við þessari tillögu sem við erum að greiða atkvæði um. Ég átta mig satt best að segja ekki á því af hverju stjórnarflokkarnir vilja ekki stíga það skref að fara inn í A-deild LSR. Það eru eiginlega engin rök fyrir því að hafna þeirri leið. Þau rök sem komu í umræðunni þegar þetta mál var til umfjöllunar fyrir helgi voru hol

þannig að það er mjög skrýtið að við göngum ekki alla leið. Ég bind þó vonir við þær yfirlýsingar sem komu fram í umræðunni að þingmenn vilja skoða þetta eftir áramót. Ég skora á ríkisstjórnina að setja af stað vinnuhóp til að skoða þessi réttindi enn frekar þannig að við getum þá farið í A-deildina með breytingum á lögum á næsta ári.

Ég segi já.

[09:59]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég segi já við því að alþingismenn, ráðherrar, forseti Íslands og svokallaðir æðstu embættismenn ríkisins fari inn í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og gildir almennt um starfsmenn hins opinbera. Þá erum við að tala um sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga, almenna starfsmenn sem hafa í áranna rás samið um þessi réttindi þótt hér sé reynt að útmála þau sem einhver sérstök forréttindi eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur gert við þessa umræðu.

Breytingartillögur ríkisstjórnarinnar afnema ekki sérréttindin þrátt fyrir afvegaleiðandi og ómerkilegt tal, sérstaklega Samfylkingarinnar við þessa umræða. Hún hefur leikið ótrúlegan loddaraleik við þessa umræðu og nú talar hún um þetta sem skref í rétta átt. En hún er tilbúin til að stíga skref til skerðingar á kjörum aldraðra og öryrkja. Þá er hægt að gera það í einu vetfangi (Forseti hringir.) og núna 1. janúar en hún ætlar að bíða fram á sumarið með það að draga örlítið úr eigin sérréttindum. Þetta er ómerkilegt. (Forseti hringir.)

Ég segi já.

[10:01]

Ellert B. Schram:

Herra forseti. Ég styð þetta frumvarp fyrst og fremst vegna þess að það felur í sér afnám þeirra sérréttinda sem fólust í lögunum frá 2003. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að nefndin og þingið hefðu átt að fá meiri tíma til að fjalla um málið, ekki síst í ljósi þess að lögin frá 2003 veittu alþingismönnum ekki almennt auknar lífeyristekjur og þau lög sem nú er verið að samþykkja rýra lífeyrisréttindi alþingismanna um 20%. Á því er vert að vekja rækilega athygli að réttindi alþingismanna voru ekki bætt með lögunum 2003 og þau eru rýrð núna með þessum lögum. Ég segi nei.

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

14 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, EyH, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EMS, GMJ, GSv, HSH, JóhS, KVM, RR, ÞBack) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég hef margoft gert grein fyrir því undir þessari umræðu að ég tel þetta afar vandmeðfarið mál og að menn ættu að taka til þess nægan tíma. Hér er verið að afgreiða málið í hasti, það er illa unnið, það er illa grundað. Ég hef marglýst því yfir að ég mun ekki taka þátt í að afgreiða þetta umdeilda mál í einhverri tímaþröng rétt fyrir jól eða tímaþröng rétt fyrir þinglok eins og málin hafa verið unnin á undanförnum árum. Þar af leiðandi mun ég ekki greiða þessari málsmeðferð atkvæði.

[10:05]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Nú er búið að fella tillögur framsóknarmanna og annarra stjórnarandstöðuflokka um að fara í A-deild LSR (**Gripið fram í:** Og afnema Framsóknarflokkinn.) Það er ekki búið að ákveða að afnema sérreglurnar heldur viðhöldum við þeim. Frumvarp ríkisstjórnarinnar er skref í rétta átt og þess vegna mun ég greiða því atkvæði. Þó er alls ekki þar með sagt að ég sé ánægð með þessi málalok, ég hefði óskað þess að þingið sýndi styrk og gengi alla leið, færi inn í A-deild LSR en ekki hefur verið orðið við þeirri ósk og þeim tillögum. Þrátt fyrir það mun ég greiða frumvarpinu atkvæði mitt og þó að ég sé engan veginn sátt við það er það samt skref í rétta átt.

[10:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er verið að nálgast réttindin í A-deild og það er skref í rétta átt. Ég segi því já en ég bendi á að í nefndaráliti meiri hluta hv. allsherjarnefndar er sagt, með leyfi forseta: „… og telur meiri hluti allsherjarnefndar að slík skoðun þurfi að eiga sér stað“. Þetta er sem sagt ekki endapunkturinn. Ég bendi á að ég er með breytingartillögu um að þingmenn geti valið sér almenna lífeyrissjóði, þá lífeyrissjóði sem kjósendur þeirra almennt greiða til. Ég segi því já við þessu en vildi gjarnan að menn skoðuðu enn frekar samræmingu á lífeyriskerfi þjóðarinnar.

Brtt. 426 felld með 45:2 atkv. og sögðu

já: JM, PHB.

nei: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JBjarn, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, LB, ÓN, RGuðb, SKK, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

8 þm. (EyH, GAK, HöskÞ, JónG, KHG, MS, SF, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EMS, GMJ, GSv, HSH, JóhS, KVM, RR, ÞBack) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:08]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Vegna hruns bankanna mun það væntanlega gerast næsta haust að hinir almennu lífeyrissjóðir þurfi að skerða réttindi fyrir utan það að hv. þingmenn Vinstri grænna hafa líka lagt til að verðtryggingin verði skert til viðbótar á meðan þeir halda pikkföstum réttindum. Ég vil breyta þessu þannig að þingmenn geti valið sér lífeyrissjóð, það er komið í ljós hvers virði þessi réttindi eru því að þau

hækka launin, þá er það orðið gagnsætt og ég mun geta sagt hv. þingmönnum í fílabeinsturninum, þegar ég er búinn að velja mér Lífeyrissjóð verslunarmanna þar sem ég á meginhluta réttinda minna, hvernig tilfinning það er að vera skertur varanlega. Vegna hruns bankanna og verðtryggingarbanns vinstri grænna mun ég geta sagt þingmönnum hvernig tilfinning það er sem allir aðrir og meiri hluti kjósenda þeirra munu upplifa þegar þessi skerðing á sér stað. Ég segi já.

[10:09]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Íslenska lífeyriskerfið hefur verið byggt upp með félagslegu átaki. Það hefur verið þróað í kjarasamningum á vinnumarkaði þar sem félagseiningar hafa komið að, verkalýðshreyfingin annars vegar og samtök atvinnurekenda hins vegar. (**PHB:** Sem hafa vit fyrir þér.) Margoft hefur verið reynt að sundra þessu kerfi og oft hafa heyrst raddir svipaðar þeirri sem við heyrðum áðan frá hv. þm. Pétri H. Blöndal, sérstaklega úr fjármálageiranum, sem hafa undir því yfirskini að þeir berjist fyrir (Gripið fram í.) einstaklingsfrelsinu viljað sundra þessari félagslegu aðkomu og grafa þannig undan íslenska lífeyriskerfinu. (Gripið fram í.) Tillagan sem við erum að greiða atkvæði um er atlaga að félagslegri aðkomu að íslenska lífeyriskerfinu. Ég segi nei. (**PHB:** Af hverju segirðu nei?)

Brtt. 429,2–5 felld með 39:15 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SF, SJS, VS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JónG, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EMS, GMJ, GSv, HSH, JóhS, KVM, RR, ÞBack) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

13 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, EyH, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EMS, GMJ, GSv, HSH, JóhS, KVM, KHG, RR, ÞBack) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 41:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: KHG.

13 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, EyH, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EMS, GMJ, GSv, HSH, JóhS, KVM, RR, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:11]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að gera þá breytingu að þeir sem undir lögin heyra geti ekki í senn fengið lífeyrisgreiðslur og greiðslur úr ríkissjóði. Sannast sagna hef ég oft haft efasemdir um þessa grein þótt hún hafi sætt jafnvel mestri gagnrýni úti í þjóðfélaginu. Þær breytingartillögur sem við gerðum og voru felldar hér áðan kveða á um að að sönnu verði slík skerðing gerð á þeim sem komi til með að heyra undir lögin og hafi búið við áunninn rétt, ekki samkvæmt þeim sem fara inn í nýja kerfið, gagnstætt því sem hér var haldið fram, en við viljum ekki gera greinarmun — eða vildum ekki, það fólst í tillögu okkar — á milli greiðslna úr ríkissjóði annars vegar og greiðslna fyrir laun á vinnumarkaði hins vegar. Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar á að draga af þeim einstaklingi sem vinnur hjá hinu opinbera en sé hann bankastjóri eða forstjóri olíufélags (Forseti hringir.) er hann laus allra mála samkvæmt þeim tillögum sem ríkisstjórnin er að samþykkja hér.

9. gr. samþ. með 41:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: KHG.

13 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, EyH, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EMS, GMJ, GSv, HSH, JóhS, KVM, RR, ÞBack) fjarstaddir.

10.–11. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JónG, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

13 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, EyH, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EMS, GMJ, GSv, HSH, JóhS, KVM, RR, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 429,6 felld með 38:15 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EBS, EyH, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SF, SJS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JónG, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

2 þm. (GAK, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EMS, GMJ, GSv, HSH, JóhS, KVM, RR, ÞBack) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:14]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að lagabreytingar sem hér er verið að festa í lögin taki gildi núna um áramótin. Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar á að fresta gildistöku fram til 1. júlí. Það þýðir að þeir sem sitja á þessum bekkjum hér, hæstvirtir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, munu hækka lífeyrisgreiðslur sínar þegar þeir eru komnir á lífeyri um á milli 10 og 15 þús. kr. fyrir hvern mánuð. Sú ákvörðun að hanga á þessu í hálft ár bætir eftirlaunaréttindi þeirra sem verma þessa bekki.

Á eftir munum við væntanlega ganga til atkvæða um fjárlög Íslands. Þar er verið að skerða kjör öryrkja og aldraðra, þar er verið að herða að velferðarstofnunum landsins, þar er verið að ákveða að það eigi að rukka fólk sem leggst veikt inn á spítala (Forseti hringir.) landsins en það á að gera strax. Í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki þurfi að skýra þessa grein ríkisstjórnarinnar um frestunina, en þó (Forseti hringir.) kom sá pappír frá forsætisráðuneytinu sem segir að það þurfi að fá tíma til að laga sig að þessari nýju hugsun. (Forseti hringir.) Er þetta stórmannlegt? Nei.

[10:15]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er enn eitt dæmið um lýðskrum hv. þingmanna Vinstri grænna sem í öllum þessum tillögum vilja að þingmenn greiði til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þar sem hv. þm. Ögmundur Jónasson situr í stjórn. Hann er búinn að sitja lengi, er ekki kosinn af hinum almennu sjóðfélögum í sjóðnum heldur af stéttarfélaginu og er með þau forréttindi að réttindi hans og opinberra starfsmanna eru pikkföst, þeim verður ekki breytt. Þau eru föst með lögum á meðan hinir almennu kjósendur hv. þingmanns og mín, um 80% af almennum kjósendum, eru í almennum lífeyrissjóðum. Réttindi þeirra verða skert og þau munu verða skert enn frekar þegar tillögur hv. þingmanna Vinstri grænna sem njóta fastra réttinda ganga í gegn en þeir vilja setja þak á hækkun verðtryggðra lána, þ.e. skerða réttindi annarra en opinberra starfsmanna enn meira, varanlega. Ég býst ekki við því að hv. þingmenn þekki þá tilfinningu að vera með varanlega skert lífeyrisréttindi. Ég segi nei.

12. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JónG, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RGuðb, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

13 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, EyH, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EMS, GMJ, GSv, HSH, JóhS, KVM, RR, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til allshn.

Fjárlög 2009, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 360, frhnál. 440 og 450, brtt. 441, 442, 443, 444 og 445.

[10:19]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti frá meiri hluta fjárlaganefndar. Það liggur fyrir á þskj. 440.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umr. fór fram 14. desember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn ráðuneyta.

Ég vil einnig geta þess, virðulegi forseti, í þessari framsögu að rétt er að fram komi í upphafi að fjárlaganefnd tók fjáraukalögin úr nefndinni snemma í morgun eða fyrir um klukkutíma síðan. Ég geri því ráð fyrir því að þau verði tekin til umræðu síðar í dag. Er rétt að þingmenn séu upplýstir um að fjárlaganefndin hefur þar af leiðandi lokið störfum sínum nú í desember nema eitthvað óvænt komi upp.

Eins og venja er samkvæmt 25. gr. þingskapa fjallaði formaður efnahags- og skattanefndar, Pétur H. Blöndal og flutningsmaður meirihlutaálits um tekjuhlið frumvarpsins og hv. þm. Ögmundur Jónasson kynnti einnig álit minni hluta nefndarinnar. Undir nefndarálitið skrifa, auk mín, hv. þingmenn Kristján Þór Júlíusson, Ármann Kr. Ólafsson, Guðbjartur Hannesson, Jón Gunnarsson í forföllum Ástu Möller, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Björk Guðjónsdóttir og Illugi Gunnarsson. Þá gerum við grein fyrir tekjuhlið frumvarpsins, fyrst þeim breytingum sem verða á 2. og 5. gr. og að lokum þeim breytingum sem eru lagðar til á sundurliðun 2.

Fram kom í fjárlagafrumvarpinu að skiptingu á útfærslu fjárheimilda til rekstrar á öldrunarþjónustu milli ráðuneyta væri ekki lokið og fyrirhugaðar tillögur um það kæmu fram við 2. umr. Gerð er ítarleg grein fyrir því í nefndarálitinu hvernig við hyggjumst leggja til lausnir á þeim málum því að þær lausnir komu ekki fram við 3. umr. Þetta er í samræmi við reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 177/2007, en þá fer félags- og tryggingamálaráðuneytið með mál er varða málefni aldraðra og uppbyggingu á öldrunarþjónustu á hjúkrunarheimilum. Heilbrigðisráðuneytið fer hins vegar með mál sem varða heilbrigðisþjónustu almennt, þar með talið heilbrigðisþjónustu á hjúkrunarheimilum. Þetta er í samræmi við breytingar á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, sem tóku gildi 1. janúar 2008 þegar yfirstjórn öldrunarmála fluttist milli ráðuneytanna.

Eins og ég sagði áðan var verið að vinna að þessari skiptingu og það kann að hafa í för með sér flutning milli fjárlagaliða en þeirri vinnu er ekki lokið. Því er það niðurstaða meiri hlutans að skipuð verði sameiginleg verkefnastjórn félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðismálaráðuneytisins sem hafi það hlutverk að tryggja og samhæfa skilvirka ákvörðunartöku á sviði öldrunarmála og annast framkvæmd verkefna sem henni eru falin. Meiri hluti nefndarinnar setur niður ítarlegt vinnufyrirkomulag en verkefnastjórnin skal skipuð fimm sérfræðingum. Skipi heilbrigðisráðuneytið tvo, fjármálaráðuneytið einn en fjármálaráðuneytið heldur utan um fjárlagaliðina og útfærslu þeirra innan ráðuneytisins og félags- og tryggingamálaráðu-

neytisins skipi tvo. Allar ákvarðanir og tillögur til ráðuneytanna skulu samþykktar samhljóða. Ráðuneytin setja verkefnastjórninni erindisbréf þar sem verkefni hennar er lýst og henni settar starfsreglur. Verkefnastjórnin skal njóta aðstoðar starfsmanna ráðuneytanna á sviði öldrunarmála og fjármála en einnig getur hún aflað sér sérþekkingar annarra aðila. Vil ég í þeim efnum sérstaklega benda á sérfræðinga innan Alþingis á fjárlaganefndarsviði og aðra sérfræðinga sem Alþingi hefur yfir að ráða, meðal annars þá sem heyra undir landskjörstjórn. Við höfum verið að skoða þessi mál í sameiningu. Málið er flókið úrlausnarefni tæknilega og þar af leiðandi er rétt að menn fari ítarlega yfir það þegar þeir skipta fjárlagaliðunum.

Verkefnastjórninni eru sett tímamörk. Hún skal skila fjárlaganefnd Alþingis tillögum um skiptingu fjárlagaliðanna sem lúta að öldrunarmálum í samræmi við reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007 fyrir lok janúar 2009. Í samræmi við 43. gr. laganna um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, mun meiri hlutinn því leggja fram frumvarp um fjáraukalög í febrúar nk. þar sem leitað verður eftir heimildum Alþingis til fjárráðstafana um millifærslu milli fjárlagaliða í samræmi við framangreint. Tímamörkin eru því fastsett í þessum efnum og er því lýst yfir að það eigi að klárast innan mánaðar. Ég vona að það gangi fljótt og vel og menn fari ítarlega yfir það. Síðan mun hv. fjárlaganefnd fá málið til umfjöllunar og getur þá farið yfir þetta flókna efni. Hér segir áfram í framhaldsnefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar:

„Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu rúmir 395 milljarðar eða 65 milljörðum minna en á árinu 2008. Samdrátturinn nemur 14,2% að nafnvirði en 24,6% umfram verðbólgu sem spáð er að verði 13,8% á næsta ári [meðan samdrátturinn er mjög mikill og ljóst er að ríkistekjur eru að falla mjög ört]. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki [milli umræðna, eins og sagt er í spánni] um 6,6 milljarða en gert er ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga hækki um 2,2 milljarða kr., þar af eru 1,5 milljarðar ætlaðir til að fjármagna auknar greiðslur ríkisins til sveitarfélaga. Einskiptistekjur að fjárhæð 3 milljarðar eru áformaðar af sölu sendiherrabústaða en á móti koma áætluð 2 milljarða kr. útgjöld við kaup á ódýrari húseignum. Þá er gert ráð fyrir 3.830 millj. kr. tekjum af nýjum skatti vegna Ríkisútvarpsins en niður falla 2.945 millj. kr. af afnotagjöldum.“

Þetta er það helsta um tekjumálin en síðan er gerð grein fyrir því í 2. gr. að ríkissjóður geti yfirtekið tryggingabréf frá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 385 milljarða og áformað er að verja á árinu 2009 vegna eiginfjárframlags ríkissjóðs á nýju bönkunum þremur.

Í öðru lagi að afborganir af veittum lánum hækka um 950 millj. kr. í samráði við endurskoðaða áætlun og í þriðja lagi afborganir ríkissjóðs af teknum lánum hækkaðar um 43.500 millj. kr. í samræmi við endurskoðana lánsfjáráætlun.

Í 5. gr. er gerð grein fyrir því að hækkun sé um 105 milljarða á lántökuheimild fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Í öðru lagi er 1.200 millj. kr. hækkun á endurlánaheimildum til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Er rétt að Lánasjóður ísl. námsmanna hafi þessa endurlánaheimild og hækkun á henni. Í þriðja lagi er lögð til 5.000 millj. kr. hækkun á heimild til veitingar ríkisábyrgðar á lántöku Landsvirkjunar í ljósi endurskoðaðrar rekstrar- og fjárfestingaráætlana fyrirtækisins. Þetta eru allt saman uppfærslur á eldri tillögum sem fram komu í frumvarpinu og er verið að uppfæra þær í samræmi við áætlanir eða verðbótafærslu.

Þá er í fjórða lagi lögð til 87 milljarða kr. hækkun á heimild til ríkisábyrgðar á lántökum Íbúðalánasjóðs vegna almennra lána og munar mestu um 100 milljarða kr. hækkun til kaupa á fasteignalánum bankanna. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að dragi úr eftirspurn eftir almennum íbúðalánum. Það er þá væntanlega mismunurinn á 100 og 87 sem mun enn þá vera 13.

Loks er í fimmta lagi lögð til 743 millj. kr. lækkun á heimild til veitingar ríkisábyrgðar á lántökum Íbúðalánasjóðs vegna leiguíbúða í ljósi nýrra áætlana sjóðsins. Sjóðurinn hefur enn þá þó nokkra heimild til að lána og endurlána vegna leiguíbúða, svo og leiguíbúða og almennra íbúða, eins og komið hefur fram í upplýsingum frá sjóðnum.

Tillögur meiri hlutans er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til 67 milljarða kr. hækkunar útgjalda og er gert ráð fyrir að heildarútgjöld verði 556 milljarðar og tekjuafgangur neikvæður um 153 milljarða.

Það verður að segjast eins og er að það er ekki skemmtilegt hlutverk mitt sem formanns fjárlaganefndar, sérstaklega þegar ég horfi yfir salinn og sé tvo fyrrverandi formenn fjárlaganefndar sem hafa flutt nefndarálit líkt og þetta áður, (Gripið fram í.) að flytja frumvarp þar sem tekjuafgangur er neikvæður um 153 milljarða. En svona eru hlutirnir og ég stend algerlega í lappirnar gagnvart því. Skýringar á þessum breytingartillögum meiri hlutans koma fram við sundurliðun 2 sem fylgja skjali sem viðauki. Þessar tillögur komu margar hverjar fram við 2. umr., meðal annars launa- og verðlagsliðirnir sem gerð var grein fyrir í 2. umr. Nú hafa þeir verið uppfærðir og koma fram við 3. umr. eins og jafnan er. Svo eru fjölmargir úthlutunarliðir fastanefnda þingsins og/eða fjárlaganefndar þar sem vikið er að smáum hlutum vítt og breitt um landið. Þar hafa mjög margir komið að málum, bæði fagaðilar sem gefið hafa ráð til nefndanna og þingsins en ekki síst þingmenn sem lagt hafa ýmislegt til. Hv. þingmenn þekkja jafnframt til einstakra erinda. Þetta eru kannski ekki stóru hlutirnir í þessum heildarútgjöldum, 556 milljarðar, en hins vegar eru hér mjög mörg mál eða stór verkefni sem fá brautargengi eins og jafnan er.

Ég vék að því í ræðu minni — ég ætla ekki að hafa nein lýsingarorð um ræðuna, það hefur verið fjallað um það annars staðar, við 2. umr. — að ég sæi það fyrir mér að þessir hlutir gætu breyst og er vonandi að þingheimur nái samstöðu um það. Það eru þverpólitískar áherslur á milli þingmanna um hvernig fjallað skuli um þessa safnliði eða stofnkostnaðarliði. Ég sé fyrir mér að hægt sé að ná sátt varðandi þau mál, að þingið hafi enn meiri tíma til að fara yfir hlutina og jafnvel að fleiri fái að koma að því en um leið að sjóðir og sjóðsstjórnir hafi ákveði umboð og vald eins og þau hafa í dag. Það sem sjóðir og sjóðsstjórnir fjalla um geti þannig fengið kynningu á þinginu eða að hugsanlega verði leitað umsagna og öfugt. Þessi mál liggja ekki í flokkslínum heldur frekar í reynslu og þekkingu hv. þing-

manna þannig að ég mun beita mér fyrir því hér eftir sem hingað til að reyna að ná fram þeirri breytingu sem verið er að leita eftir í sátt við virðulegt Alþingi.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fjalla nánar um þessar breytingartillögur. Þær skipta hundruðum. Varaformaður fjárlaganefndar, hv. þm. Kristján Þór Júlíusson, mun fara yfir þær stærðir. Við munum hafa sama háttinn á og fyrir ári að skipta þessari umfjöllun upp þannig að í framsögunum mun ekki verða farið yfir einstaka liði heldur mun það vera gert eftir að framsögumenn minni hluta hafa lokið máli sínu.

Ég geri grein fyrir því að í rekstraryfirliti í 1. gr. og viðeigandi liðum með sjóðsstreymi er greinum breytt í samræmi við áhrif og þeim breytingum sem gerð er tillaga um. Síðan vil ég einnig koma að tvennu fyrir utan það sem ég hef sagt í þessari ræðu. Það er í fyrsta lagi að ég legg gríðarlega áherslu á að fjárlaganefnd komi fyrir hönd Alþingis enn frekar að eftirliti. Við höfum verið að reyna að þróa þau vinnubrögð á þinginu og fengið leiðbeiningar frá hv. þingmönnum þess efnis. Fjárlaganefndarsviðið hefur verið styrkt. Ég tala alltaf um fjárlaganefndarsviðið, virðulegur forseti — nú það er búið að skipta um forseta í miðri ræðu.

(**Forseti** (KÓ)**:** Forseti samt.)

Hann er samt forseti, það er rétt. Þá vil ég ítreka, hv. þingmenn og virðulegur forseti, að ég held að það skipti gríðarlegu máli fyrir þingið að fara fram með breytingar gagnvart þingi og þá ekki hvað síst ef það gæti fengið beinan aðgang að upplýsingakerfunum þannig að upplýsingar berist með hraða ljóssins en ekki með haustskipunum eins og nú er. Það er til vansa að starfshættirnir séu ekki með þeim hætti að við getum fengið upplýsingar fljótt og vel. Væri gott að þurfa ekki að fara fram með þær í fyrirspurnarformi gagnvart ráðuneytum, ríkisendurskoðun eða slíku heldur sé þinginu treyst fyrir, líkt og ég greindi frá í ræðu minni við 2. umr., að afla sér þessara upplýsinga sjálft. Þingið hafi þá e.t.v. takmarkaðan aðgang að ákveðnum, sundurliðuðum upplýsingum sem skipta kannski ekki máli — þar er ég að tala um launamál og slíkt sem eru viðkvæmar persónuupplýsingar — heldur geti það fengið upplýsingar og haft beinan aðgang að heildaryfirsýn á rekstri A-hluta stofnana og jafnvel hvernig einstaka samningar standa. Eftirlitið er ríkur þáttur af hálfu þingsins, ekki einungis gagnvart stofnunum heldur líka gagnvart ráðuneytunum. Við eigum öll að standa að því, sérstaklega á þessum tímum þegar fjármagnið er takmarkað eins og sést í þessu nefndaráliti og þessum tillögum, að við getum fylgt fjárlögum mun betur með auknu eftirliti.

Ég vísa til ræðu minnar við 2. umr. þar sem ég fór ítarlega yfir þessi mál hvað varðar framkvæmd fjárlaga. Þá vil ég einnig í framhaldi af því segja að upplýsingarnar hefðu mátt vera mun betri og vísa ég til ræðna meiri og minni hluta við 2. umr. varðandi þau mál.

Ég þakka fjárlaganefnd fyrir góð störf á liðnum vikum og mánuðum. Þetta er búinn að vera um margt erfiður tími, langir dagar, ekki hvað síst hjá mér og varaformanni, en líka öllu fjárlaganefndarfólki. Það má segja að vertíðin hafi strax byrjað þann 3. október. Við höfum verið undir miklu álagi daga og klukkutíma en allir hafa staðið sig afskaplega vel, bæði meiri hluti og minni hluti. Ég þakka öllum nefndarmönnum fyrir góð störf í fjárlaganefnd og eins og kom fram í upphafi ræðu minnar sleit ég vonandi síðasta fundi fjárlaganefndar á þessu ári nú fyrir klukkutíma síðan. Verið er að ganga frá síðustu þingskjölum fyrir fjáraukalagaumræðu. Ég færi fyrir hönd fjárlaganefndar starfsfólki sviðsins, sem unnið hefur afskaplega vel fyrir sviðið, þingið og fjárlaganefndina, þakkir fyrir góð störf. Án þessa starfsfólks geri ég ráð fyrir að við værum ekki komin jafnlangt og raun ber vitni þrátt fyrir að við getum verið gagnrýnin á sjálf okkur fyrir það að málið hefði mátt koma fyrr fram. Starfsfólkið hefur lagt nótt við nýtan dag til að þetta gæti orðið að veruleika.

Einnig höfum við átt gott samstarf við fjölmargar ríkisstofnanir, ráðuneyti, sjálfseignarstofnanir og C-hluta og D-hluta stofnanir og fengið upplýsingar frá þeim. Það má kannski segja að við höfum fengið fæstar upplýsingar frá E-hluta stofnunum sem ég hef oft nefnt að séu ríki í ríkinu. Fjárlaganefnd vinnur nú að frumvarpi sem mun koma fram á vormánuðum þannig að E-hluta stofnanir munu vonandi, ef það frumvarp nær fram að ganga, líka þurfa að kynnast hv. fjárlaganefnd. Veit ég að E-hluta stofnunum mun þykja vænt um að fá að mæta á fund fjárlaganefndar til þess að fara yfir fjárreiður þessara stofnana. Það eru stofnanir eins og Ríkisútvarpið, Landsvirkjun, þróunarfélag, Flugstoðir og ekki hvað síst þrír nýir ríkisbankar sem heyra undir E-hluta ríkisstofnanir í ríkisreikningi. En það skiptir gríðarlegu máli að Alþingi hafi tækifæri til að eiga greiðan aðgang að fjárreiðum og framkvæmd fjárhagsáætlana þessara stofnana eins og uppgjör þeirra sýna þannig að ekkert í rekstri eða efnahag þessara stofnana komi Alþingi á óvart.

Virðulegi forseti. Ég lýk því máli mínu varðandi þetta framhaldsnefndarálit og ítreka að varaformaður fjárlaganefndar, hv. þm. Kristján Þór Júlíusson, mun fara betur yfir sundurliðanir varðandi útgjaldaþáttinn. Að öðru leyti hef ég farið yfir tekjuliðina og vísa til þingskjala varðandi breytingar á sjóðstreymi og lántökuheimildum og heimildargreinum 6. gr.

[10:42]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. formanns fjárlaganefndar var svo sem ekki farið yfir alla þætti þeirra fjölmörgu breytingartillagna sem hér liggja fyrir en þó nokkuð og almennt. Ég vil fyrst segja að ég tel að mikið skorti á að vinnubrögðin við þessa fjárlagagerð séu viðunandi. Hér var dreift seint á laugardaginn fjölmörgum umfangsmiklum breytingartillögum sem þingmenn hafa ekki haft mikinn tíma til þess að fara yfir rækilega eða fá ítarlegar skýringar við því að þeim fylgir fæstum nokkur greinargerð með rökstuðningi.

Ég vil þess vegna leyfa mér að spyrja um eitt atriði bara í þessari atrennu sem ég rek augun í og það er í 6. gr. frumvarpsins, heimildargreininni, þar sem í lið 3.5 segir í frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugu húsnæði fyrir Heilsugæslu Árbæjar.“

Í breytingartillögu meiri hlutans falla burt úr þessum lið orðin að: „verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugu

húsnæði fyrir Heilsugæslu Árbæjar.“ Heimildin gengur þá út á að selja eignarhlut ríkisins í þessu húsnæði fyrir Heilsugæsluna í Árbæ en það er sem sagt ekki gert ráð fyrir því að andvirðinu verði ráðstafað til þess að leigja eða kaupa annað hentugt húsnæði fyrir þessa heilsugæslu í þessu hverfi í Reykjavík. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. formann fjárlaganefndar hverju þetta sæti, hvort það sé ekki gert ráð fyrir því að Heilsugæslan í Árbæ verði starfrækt áfram.

[10:44]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir þessa spurningu. Vissulega fór ég hér ekki ítarlega yfir 6. greinar heimildirnar sem slíkar en vil ítreka það, virðulegur forseti, að allar meginbreytingar og orðalagsbreytingar sem koma fram á 6. greinar heimildum utan tveggja komu frá ríkisstjórninni og fulltrúar ríkisstjórnarinnar lögðu þær fram og skýrðu þær út á fundi fjárlaganefndar. Það var ekki sérstaklega í nefndinni vikið að þessari skýringu og orðalagi hennar. En ég geri ráð fyrir því, virðulegur forseti, að heilsugæslan eigi að vera starfrækt áfram, ef það hefur verið spurningin. Ég verð þá einfaldlega að vísa til þess enn frekar að heilbrigðisráðherra eða formaður heilbrigðisnefndar geti upplýst um það. Ég lít svo á að hér sé fyrst og fremst um fjárhagsfærslu eða útfærslu á þeim að ræða í þessari 6. greinar heimild.

Að öðru leyti get ég ekki tjáð mig um stefnumörkun varðandi Heilsugæsluna í Árbæ.

[10:45]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fróðlegt að heyra að þessi tillaga ásamt mörgum öðrum sé komin frá ríkisstjórninni án þess að hafa fengið kannski viðunandi umræðu á vettvangi fjárlaganefndar og bersýnilega ekki á vettvangi þeirrar fagnefndar sem fjallar þá um þetta mál eða ég geng út frá því miðað við svar hv. formanns fjárlaganefndar.

Ég velti því fyrir mér hvort hér sé ætlunin að breyta um rekstrarform í Heilsugæslunni í Árbæ og vil inna hv. formann fjárlaganefndar eftir því hvort það kunni að vera skýringin á bak við þessa litlu breytingu að sleppa þarna einni aukasetningu, að ætlunin sé að bjóða út rekstur Heilsugæslunnar í Árbæ, að einkavæða hana eða koma henni í einkarekstur og það sé skýringin á því að ekki er gert ráð fyrir því að andvirði þessa eignarhluta sé ráðstafað til kaupa eða leigu á nýju húsnæði fyrir Heilsugæsluna í Árbæ. Ég tel að mikilvægt að fá fram hvort þetta sé pólitísk stefnumörkun um að það eigi að einkavæða eða setja í einkarekstur þessa heilsugæslustöð. Ég tel að það sé stórpólitísk ákvörðun þegar svoleiðis er gert og það þurfi því að fylgja svona breytingartillögum skýringar, greinargerð eða skýringar þannig að hv. þingmenn geti áttað sig á því hvað þarna er á ferðinni. Þótt þetta láti lítið yfir sér sem brottfall á einni aukasetningu geta falist í því býsna stór pólitísk tíðindi og það er það sem ég er að sjálfsögðu að inna hv. þingmann eftir.

[10:47]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var nú svo heppinn að hv. formaður heilbrigðisnefndar Ásta Möller var stödd í salnum og gat upplýst mig um að Heilsugæsla Árbæjar er að flytja í nýtt húsnæði nú í desember. Þar af leiðandi vil ég ítreka að eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson veit varðandi annars vegar það hvort menn kaupi eða leigi fasteignir þá er það allt annað mál varðandi síðan rekstrarfyrirkomulag heilsugæslunnar. Við í hv. fjárlaganefnd höfum ekkert fjallað um rekstrarfyrirkomulagið og ég held að það sé alla vega óbreytt. Ég veit ekki betur. Þessi umræða snýr einungis að húsnæðinu. Heilsugæslan í Árbæ er sem sagt að flytja í nýtt húsnæði nú í desember. Ég fékk hér upplýsingar um það frá hv. þm. Ástu Möller. Ég verð að vísa til þeirra upplýsinga og þess vegna er kannski verið að breyta þar af leiðandi 6. greinar heimildinni varðandi fasteignamálin.

Í frumvarpinu í byrjun október segir, eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson kom að, að heimilt væri að selja eignarhlutinn í Hraunbæ 102 og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugu húsnæði fyrir Heilsugæslu Árbæjar. Ég hlýt að skilja það sem svo að nú sé búið að leigja húsnæði undir heilsugæsluna þannig að hún er að flytja í annað húsnæði sem verið er að taka í notkun og er það vel.

[10:49]

Útbýting:

Bráðabirgðagreiðsluheimildir úr ríkissjóði og heimildir til lántöku í byrjun árs 2009, 266. mál, frv. JBjarn, þskj. 457.

[10:50]

Frsm. minni hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) (F):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar við frumvarp til fjárlaga árið 2009. Auk mín standa að því áliti hv. þingmenn Guðjón Arnar Kristjánsson og Jón Bjarnason.

Eftir að fram hafði farið 2. umr. um frumvarp til fjárlaga 2009, með miklu magni breytingartillagna frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar, voru þær samþykktar af stjórnarmeirihlutanum á Alþingi. Mikill þrýstingur hefur verið á umfjöllun um frumvarpið í nefndinni og tímapressan sem lögð er á alla aðila við vinnslu málsins er í senn óþolandi og skapar aðstæður fyrir óvönduð vinnubrögð og mistök. Eitt af því sem hefur einkennt störf fjárlaganefndar síðustu daga og vikur er bið eftir upplýsingum og tillögum frá fjármálaráðuneytinu og hefur það gert alla vinnu erfiðari en ella og takmarkað þann tíma sem nefndinni hefur verið gefinn í sínum störfum. Þetta verklag, virðulegur forseti, sýnir betur en margt annað hver staða Alþingis er gagnvart framkvæmdarvaldinu. Fjárlaganefnd fjallaði ekki um breytingartillögur við frumvarpið sem afgreiddar voru eftir 2. umr. með fulltrúum ráðuneyta fyrr en eftir að tillögurnar voru samþykktar af stjórnarmeirihlutanum á Alþingi. Það að ekki skuli hafa verið svigrúm hjá nefndinni til að fjalla um breytingartillögurnar með fulltrúum ráðuneytanna áður en nefndin afgreiddi tillögurnar til 2. umr. er einstakt og í reynd mjög gagnrýnivert. Við umfjöllun fulltrúa ráðuneyt-

anna um tillögurnar komu fram ýmsar upplýsingar um einstaka mál sem fjárlaganefnd hefði þurft að fá fram áður en 2. umr. fór fram.

Sem dæmi má nefna að í breytingartillögunum var gert ráð fyrir tilfærslum fjárheimilda milli einstakra heilbrigðisstofnana víða um landið vegna áforma um sameiningu þeirra. Eftir að tillögurnar höfðu verið samþykktar af Alþingi og fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins komu til fundar við nefndina komu fram þær upplýsingar að unnið væri að yfirgripsmiklum sameiningum heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæma á stórum landsvæðum. Samkvæmt upplýsingum minni hlutans hefur ekkert samráð verið haft um þessi áform við heimaaðila á viðkomandi svæðum, við sveitarstjórnir eða starfsfólk heilbrigðisstofnana. Minni hlutinn lýsir áhyggjum vegna þessara áforma varðandi þjónustustigið og öryggi í heilbrigðisþjónustu. Hér er um að ræða allt aðrar og mun umfangsmeiri sameiningar stofnana en þingmenn töldu vera við umfjöllun í fjárlaganefnd og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Eftir þetta hefur komið í ljós að einstaka þingmenn hafa ekki verið með á nótunum hvað þetta varðar og þessar upplýsingar hafa komið mörgum í opna skjöldu.

Þetta er lýsandi fyrir það að þingið hefur enga möguleika á því að vita hvað er verið að samþykkja, hvaða afleiðingar það hefur og þingmenn geta almennt ekki á nokkurn hátt gert sér grein fyrir heildarmynd mála. Umfjöllun og afgreiðsla fjárlaganna er með þeim hraða og tætingslega hætti að þingmenn hafa hreinlega ekki þær forsendur sem nauðsynlegar eru til þess að setja sig inn í málið eins og vera þyrfti.

Eins og minni hlutinn hefur vakið athygli á hefur verklagið við umfjöllun og afgreiðslu frumvarpsins og breytingartillagna verið gagnrýnivert, sérstaklega vegna tímahraks og flausturslegra vinnubragða. Það eru vinnubrögð sem ekki eiga að viðgangast á Alþingi Íslendinga og eru ekki til þess fallin að auka traust og virðingu almennings fyrir löggjafarvaldinu.

Fulltrúar fjármálaráðuneytisins mættu á fund fjárlaganefndar að morgni föstudagsins 19. desember og kynntu tillögur frá ríkisstjórninni um breytingar á frumvarpinu fyrir 3. umr. á Alþingi. Fjárlaganefnd hélt tvo fundi um málið þann dag. Eftir að fjárlaganefnd hafði haft breytingartillögur ríkisstjórnarinnar til skoðunar í örfáar klukkustundir ákvað meiri hluti nefndarinnar að afgreiða frumvarpið og breytingartillögurnar úr nefndinni til 3. umr. Minni hlutinn lagðist gegn því að nefndin hætti umfjöllun um frumvarpið og breytingartillögurnar á þeim tímapunkti, enda vantaði margar mikilvægar upplýsingar og forsendur er varða frumvarpið. Auk þess er það álit minni hlutans að þingmenn hafi ekki haft tækifæri til þess að gera sér fulla grein fyrir tillögunum, afleiðingum þeirra og eðli. Minni hlutinn telur að enn þá sé ekki forsvaranlegt að Alþingi afgreiði frumvarpið svo ófullkomið og vanreifað sem það er. Það er mat minni hlutans að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hafi gefist upp við að vinna að gerð ábyrgra fjárlaga.

Samkvæmt breytingartillögum ríkisstjórnarinnar — eins og þær liggja nú fyrir og meiri hluti fjárlaganefndar hefur gert grein fyrir — er áætlaður halli fjárlaga 153 milljarðar kr. á rekstrargrunni. Fjármálaráðuneytið gerir fyrirvara um niðurstöður um vaxtakostnað vegna erlendra innlánsreikninga bankanna, upplýsingar þar um liggja ekki fyrir. Sú aðferð að samþykkja fjárlög með þessu stóra gati er ekki til þess fallin að skapa hagstjórninni trúverðugleika.

Í breytingartillögum meiri hlutans við tekjuáætlun felast auknar tekjur sem nema alls um 6,7 milljörðum kr. á rekstrargrunni. Meðal tillagna um auknar tekjur má nefna að gert er ráð fyrir að seldar verði fasteignir erlendis sem skili tekjum að fjárhæð 3 milljarðar kr., en þar er um að ræða sölu á sendiherrabústöðum í New York, Washington, London og Ósló. Þess ber að geta að gert er ráð fyrir að leigja þurfi húsnæði eða kaupa ódýrari eignir í staðinn, þannig að hér er a.m.k. að hluta til um að ræða sýnda veiði en ekki gefna varðandi fjárhagslegan ávinning ríkissjóðs.

Í nefndaráliti minni hlutans fyrir 2. umr. um frumvarpið voru gerðar alvarlegar athugasemdir við að allar forsendur tekjuáætlunar vantaði. Þrátt fyrir formlegar og ítrekaðar óskir þar um höfðu þær upplýsingar ekki borist. Eftir að Alþingi hafði samþykkt tekjuáætlun eins og hún lá fyrir við 2. umr. barst fjárlaganefnd bréf frá fjármálaráðuneytinu, dags. 17. desember, þar sem gerð er ítarleg grein fyrir forsendum tekjuáætlunar eins og hún var afgreidd eftir 2. umr. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að þessar forsendur hafi ekki legið fyrir í fjárlaganefnd áður en nefndin afgreiddi tekjuáætlunina til 2. umr. og áður en stjórnarmeirihlutinn samþykkti hana. Þar sem þessar upplýsingar höfðu ekki borist fyrr liggur fyrir að stjórnarmeirihlutinn hafði ekki eðlilegar forsendur til að leggja mat á tekjuáætlunina áður en hún var samþykkt á Alþingi. Þessi vinnubrögð stjórnarmeirihlutans eru lýsandi fyrir það sem á sér stað á Alþingi um þessar mundir og eru langt frá því að geta talist ábyrg og eðlileg. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega þessi vinnubrögð og vísar til ábyrgðar stjórnarmeirihlutans á þeim.

Fjárlaganefndinni barst álit frá efnahags- og skattanefnd varðandi tekjuáætlunina. Þar kom fram að það er samdóma álit bæði meiri hluta og minni hluta hennar að mjög mikil óvissa sé ríkjandi og að tekjuáætlun sé alls ekki raunhæf. Minni hlutinn tekur undir þetta og er þeirrar skoðunar að tekjuáætlunin geti ekki talist raunhæf og hefur minni hlutinn áhyggjur af því að í áætluninni séu tekjur ríkissjóðs ofmetnar. Það á fyrst og fremst við um tekjuskatta einstaklinga og lögaðila og er vísað til þess að mjög alvarlegt ástand er fram undan á vinnumarkaði og í atvinnustarfseminni og samkvæmt spám er því miður gert ráð fyrir auknu atvinnuleysi á næsta ári og meiri samdrætti í atvinnustarfseminni þegar líður á árið.

Í breytingartillögum meiri hlutans í fjárlaganefnd við gjaldahliðina koma fram nokkrar tillögur um aðgerðir til að lækka útgjöld og nema þær alls tæplega 3 milljörðum kr. Þessar tillögur fela fyrst og fremst í sér niðurskurð á stofnkostnaði og framkvæmdum.

Á móti breytingartillögum til niðurskurðar útgjöldum eru tillögur um aukin útgjöld að fjárhæð alls 3,5 milljarðar kr. Loks eru fjölmargar sundurliðaðar tillögur til aukinna útgjalda að fjárhæð 13,1 milljarður kr. vegna uppreiknings á áhrifum launa, verðlags og gengis krónunnar. Í frumvarpi til fjárlaga var almennt miðað við 5,4% verðlagshækkanir en endurskoðuð spá gerir ráð fyrir að verðbólga milli ára verði 14,3%. Í frumvarpinu var gengið út frá þeirri for-

sendu að gengisvísitala krónunnar væri óbreytt frá stöðu 3. september sl. en endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir mun hærri gengisvísitölu eða 200 stigum.

Samkvæmt ákvæðum frumvarps um ráðstafanir í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir að hækkun bóta almannatrygginga verði óbreytt miðað við forsendur í frumvarpinu, þ.e. um 5,4%, það sama gildi um framlög samkvæmt búvörusamningum. Minni hlutinn bendir á að þetta leiði til þess að viðkomandi greiðslur munu rýrna að raunvirði eða sem nemur mismuninum á raunverulegum verðlagsbreytingum og 5,4% áætlun fjárlaga og þar með skila lægri rauntekjum til þjóðfélagshópa — þ.e. þeirra sem þiggja tekjur frá almannatryggingum og þeirra sem þiggja tekjur samkvæmt búvörusamningum — og minnkandi kaupmætti.

Það liggur í augum uppi að vegna falls bankakerfisins og allra þeirra gríðarlegu skuldbindinga sem ríkissjóður þarf að gangast undir þess vegna verður vaxtakostnaður ríkissjóðs mjög mikill á næstu árum. Fjármálaráðuneytið lagði fyrir fjárlaganefnd vaxtaáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2009. Samkvæmt þeirri áætlun er gert ráð fyrir að vaxtakostnaður verði alls 86,9 milljarðar kr. Vaxtagjöld vegna lána ríkissjóðs eru áætluð 41 milljarður kr. en voru áætluð 34,7 milljarðar kr. í frumvarpi til fjárlaga 2009. Vaxtakostnaður sem tengist falli bankakerfisins er áætlaður yfir 45 milljarðar kr. Samkvæmt þessu er áætlaður vaxtakostnaður 21,6% af áætluðum tekjum ríkissjóðs 2009. Þessi útgjaldaliður, vaxtakostnaður, mun auðsjáanlega verða mjög íþyngjandi fyrir ríkissjóð á allra næstu árum. Athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir vaxtakostnaði vegna væntanlegra skuldbindinga ríkissjóðs vegna Icesave-reikninga Landsbankans í Hollandi og Bretlandi. Mikil óvissa er um hve mikill sá kostnaður verður. Hér er um að ræða gríðarlega háar fjárhæðir sem ríkissjóður þarf væntanlega að standa skil á, þó að við vonum auðvitað öll að þessar fjárhæðir verði sem lægstar.

Á fundi fjárlaganefndar 19. desember lögðu fulltrúar fjármálaráðuneytisins fram minnisblað, dags. 18. desember, um sérstök framlög vegna falls bankanna. Þar er fjallað um lán ríkissjóðs 2008, endurfjármögnun og fjármögnunarþörf. Samkvæmt því yfirliti sem kemur fram í þessu minnisblaði er um að ræða vel yfir 800 milljarða kr. fjármögnunarþörf en þar er hins vegar ekki gert ráð fyrir fjármögnun hallareksturs ríkissjóðs.

Við í minni hluta fjárlaganefndar vekjum sérstaka athygli á þessum fjárhæðum en um er að ræða hluta af þeim miklu skuldbindingum sem almenningur í landinu þarf að standa undir vegna falls bankanna. Það er ljóst að áhrifin af því munu vara í mörg ár og bitna á komandi kynslóðum sem á engan hátt bera ábyrgð á því sem gerst hefur.

Samkvæmt því sem fram hefur komið hjá yfirmanni sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi mun kostnaðurinn við að endurreisa bankakerfið og endurfjármagna Seðlabankann verða á bilinu 85–90% af landsframleiðslu sem er mjög hátt hlutfall í öllum samanburði. Hins vegar eru um 60% af þeim kostnaði innlend og þess vegna hvílir endurreisnin mest á því að taka til heima fyrir. Ef miðað er við að landsframleiðsla sé nálægt 1.300 milljörðum kr. gæti þessi kostnaður legið í kringum 1.000 milljarða kr.

Í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar eru allmargar tillögur er varða 6. gr. frumvarpsins, sem er heimildargrein. Þar kennir ýmissa grasa. Minni hlutinn beinir því til fjármálaráðherra og fjárlaganefndar að sú regla verði tekin upp að ef fjárútlát samkvæmt þessari heimildargrein stefni í að fara umfram tiltekna fjárhæð beri að leggja fram mat á því hvaða kostnað viðkomandi heimildir munu fela í sér. (Gripið fram í.) Hv. þm. Gunnar Svavarsson skýtur inn spurningu um hvaða fjárhæð það ætti að vera — ég tel að það sé eitthvað sem þurfi að komast að niðurstöðu um en ég er ekki með tillögurnar hér. Fyrst og fremst erum við í minni hlutanum að leggja áherslu á að slíkt mat verði gert og grundvallaratriðið er auðvitað að fjárlaganefndin, sem fjallar um þessar heimildargreinar, hafi einhverja vitneskju um hversu mikið umfang í fjárheimildum er um að ræða varðandi einstakar tillögur. Við teljum að þetta feli í sér aukinn aga í ríkisfjármálum, fyrir utan að fjárlaganefnd og Alþingi þurfa að vera algjörlega með á nótunum um hvað einstaka heimildir í heimildargreininni koma til með að fela í sér í ríkisútgjöldum. Ég geri ráð fyrir því að menn séu sammála þessu og við munum ræða það síðar.

Hæstv. forseti. Minni hlutinn ítrekar að rekstur heilbrigðis- og öldrunarstofnana hefur verið með uppsöfnuðum halla en að hluta til er tekið á því í fjáraukalögum 2008. Hins vegar munu þessar stofnanir hefja rekstrarárið 2009 með talsverðan uppsafnaðan halla auk þess sem fjárheimildir þeirra eru skornar niður í þessu frumvarpi. Minni hlutinn lýsir miklum áhyggjum af þessu ráðslagi ríkisstjórnarinnar og spáir því að þessar stofnanir verði fljótlega komnar í mikinn rekstrarvanda ef miðað er við óbreytt þjónustustig. Minni hlutinn óttast að ráðist verði í að draga úr þjónustu til að mæta þessum rekstrarvanda en það kæmi mjög illa niður á velferðarþjónustunni og öllum þeim sem þurfa á henni að halda

Minni hlutinn vekur sérstaka athygli á því sem hér hefur verið rætt áður í tengslum við önnur mál, það sem við köllum innan gæsalappa „nýbreytni“, sem er það að sjúklingar sem þurfa á þjónustu sjúkrahúsa að halda greiði fyrir það gjald. Við vekjum sérstaka athygli á því, eða ég sérstaklega sem talsmaður, að þarna er Sjálfstæðisflokkurinn að ná fram sínu stefnumiði með mjög dyggum stuðningi Samfylkingarinnar. Hér er um að ræða nýjan sjúklingaskatt sem að sjálfsögðu kemur illa niður á þeim sem þurfa á þessari þjónustu að halda.

Vegna þess mikla niðurskurðar ríkisútgjalda sem birtist holt og bolt um allt kerfið telur minni hlutinn að afleiðingarnar verði þær að margir einstaklingar muni missa störf sín. Það muni leiða til þess að álag á atvinnuleysistryggingarnar muni aukast með auknum útgjöldum. Minni hlutinn vísar allri ábyrgð af því á ríkisstjórnina og stjórnarmeirihlutann á Alþingi. Hætt er við því að þessar aðgerðir muni leiða af sér meiri ríkisútgjöld en niðurskurðinum nemur.

Við í minni hluta fjárlaganefndar ítrekum að við teljum að það sé ekki unnt að vinna að trúverðugu fjárlagafrumvarpi eða fjárlögum með þeim hætti sem hér er viðhafður. Ef fjárlögin verða samþykkt, sem ég geri nú ráð fyrir að verði, út frá þessum hæpnu forsendum sem liggja til grundvallar og við höfum fjallað um ítarlega muni þau ekki gefa rétta mynd af því sem fram undan er né heldur geti fjárlög-

in verið raunhæft og sanngjarnt stjórntæki ríkisfjármála eins og þeim er ætlað að vera og þar með hagstjórnartæki.

Við vekjum athygli á því, hæstv. forseti, að eftirlitskerfi ríkisins hefur ekki staðið undir sínu hlutverki. Í því sambandi má benda á að fjárlög hafa ekki staðist árum saman og frávikagreining fjármálaráðuneytisins er ómarkviss. Minni hlutinn bendir á að Ríkisendurskoðun vinnur skýrslur um framkvæmd fjárlaga fyrir hvern ársfjórðung en til þessa hefur ekki verið unnin slík skýrsla fyrir síðasta ársfjórðung liðinna ára. Minni hlutinn bendir á að ríkisreikningur kemur allt of seint fram ár hvert í stað þess að vera til staðar skömmu eftir áramót eins og almennt gengur og gerist í atvinnulífinu þannig að Alþingi geti betur og í tíma fylgst með því sem gerist.

Við bentum á við 2. umr. að við teljum að orðið geti uppi sú staða að rekstrarhalli ríkissjóðs næstu fjögur árin geti numið samtals tekjum eins fjárlagaárs. Það hefur í raun og veru ekkert komið fram sem dregur úr ótta okkar í minni hlutanum við að skuldastaða ríkissjóðs geti á einhverjum tímapunkti numið vel á annað þúsund milljörðum kr. og að á móti þeim skuldum standi óvissar eignir í þrotabúum gömlu bankanna sem hafa ekki verið verðmetnar opinberlega.

Við leggjum mikla áherslu á það hlutverk Alþingis og fjárlaganefndar að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Það er okkar mat að við þær aðstæður sem uppi eru og fram undan eru sé þetta hlutverk fjárlaganefndar og Alþingis mikilvægara en áður.

Minni hlutinn leggur áherslu á að Alþingi fjalli um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2009 á vorþingi komandi. Eins og minni hlutinn hefur ítrekað bent á vantar mikilvægar upplýsingar og forsendur fjárlaganna. Þegar líður fram á árið 2009 munu margir hlutir skýrast smám saman, t.d. um væntanlegar skuldbindingar ríkissjóðs varðandi uppgjör á innstæðureikningum Icesave. Þá hefur komið fram að endurskoðuð þjóðhagsáætlun fjármálaráðuneytisins verður birt í janúar. Samkvæmt samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn mun sjóðurinn meta framvindu mála ársfjórðungslega. Miklir óvissuþættir eru varðandi fall bankanna og verðmæti eigna þeirra. Allt þetta hefur það sín áhrif á forsendur fjárlaga og er líklegt að þau mál skýrist með einhverjum hætti þegar líður á næsta ár.

Hæstv. forseti. Í ljósi alls þessa gerir minni hlutinn tillögu í sínu nefndaráliti. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjárlög fyrir árið 2009 skulu koma til endurskoðunar á Alþingi með sérstöku frumvarpi til fjáraukalaga sem lagt verði fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2009.“

Við höfum gert ítarlega grein fyrir því af hverju við teljum að þetta eigi að gera og reyndar höfum við heyrt á stjórnarliðum, mörgum hv. þingmönnum, að þeir eru sama sinnis. Við erum þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að þingið fjalli um þessa tillögu og samþykki hana helst, þannig að þetta verði gert og segi ég það í ljósi reynslunnar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég vil að lokum taka undir með formanni fjárlaganefndar, hv. þm. Gunnari Svavarssyni, og þakka fyrir samstarfið. Ég hef ekki verið lengi í fjárlaganefnd að þessu sinni, bara örfáar vikur, en samstarfið hefur verið gott. Ég þakka sérstaklega formanni og varaformanni nefndarinnar fyrir ágæta stjórn við mjög erfiðar aðstæður. Þeir eru ekki — svo ég segi það nú og það komi beint frá hjarta mínu — öfundsverðir að standa í því að stýra þessum málum við þessar aðstæður, ekki síst vegna þess hve krumla framkvæmdarvaldsins umlykur hér allt sem lýtur að þingstörfum. Það höfum við svo sannarlega orðið vör við í störfum fjárlaganefndar Alþingis á þessum síðustu dögum.

[11:12]

Ásta Möller (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður vék að vanda heilbrigðisstofnana í ræðu sinni og m.a. vegna þeirra fyrirhuguðu skipulagsbreytinga sem verða á landsbyggðinni ekki síst og reyndar á höfuðborgarsvæðinu líka, í kjölfar þeirrar stöðu sem við stöndum frammi fyrir núna. Í rauninni má segja að þær skipulagsbreytingar hafi þegar verið orðnar ljósar síðastliðið vor eða öllu heldur vorið 2007 þegar gerðar voru breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Þar var gert ráð fyrir annarri og breyttri verkaskiptingu milli stofnana og jafnframt sameiningu sjúkrastofnana á landsbyggðinni og miklu betri skilgreiningu á því hvers konar þjónusta á að vera á hinum einstöku stofnunum úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu.

Það var alveg ljóst að þær breytingar sem mælt var fyrir á lögum um heilbrigðisþjónustu mundu leiða til þessara breytinga og ættu þær því ekki að koma neinum á óvart. Hins vegar var ljóst að þessar breytingar höfðu ekki gengið eftir eins og búist var við en í sjálfu sér eru þetta líka breytingar sem krefjast ákveðins undirbúningstíma og samráðs við viðkomandi aðila, m.a. sveitarstjórnir á viðkomandi svæðum. Við það er miðað að þessar skipulagsbreytingar leiði til aukinnar hagkvæmni í heilbrigðisþjónustunni, aukins samstarfs heilbrigðisstofnana á svæðinu og aukinnar samhæfingar á þjónustu við fólk og þannig séð bættrar þjónustu. Oft hefur verið sagt að á þessum stöðum hafi ríkt falskt öryggi, þ.e. að fólk hafi búist við að þar væri ákveðin þjónusta sem þegar á reyndi væri ekki til staðar heldur frekar í orði en á borði. Með þessari breyttu skilgreiningu á hlutverkum heilbrigðisstofnana (Forseti hringir.) náum við betri árangri bæði peningalega og hvað þjónustu varðar.

[11:15]

Frsm. minni hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) (F) *(andsvar)***:**

Hæsv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að koma upp og vekja athygli á þessu. Ég var í rauninni ekki að fjalla um skipulag heilbrigðisþjónustunnar eða fór ekkert inn í það. Ég vakti hins vegar athygli á því að í frumvarpi til fjárlaga 2009 er fjallað í greinargerð um áform um breytingar á skipulagi heilbrigðisþjónustunnar. Síðan komu fram breytingartillögur við frumvarpið sem fjallað var um við 2. umr. og þær voru samþykktar. Í framhaldi af því, eftir að búið var að samþykkja þessar tillögur, komu fram upplýsingar í fjárlaganefnd um hvaða áform væru uppi núna um þessi mál og þau eru ekki hin sömu og voru í frumvarpinu að okkar mati. Það var fyrst og fremst þetta sem ég var að vekja athygli á. Ég geri ráð fyrir að við munum síðar taka efnisumræðu um þau atriði og ég ætla ekki að tjá mig um það hér og nú með hvaða hætti það ætti að vera. Ég var

fyrst og fremst að vekja athygli á því að stjórnarmeirihlutinn hefur samþykkt tilteknar tillögur að mínu mati áður en menn höfðu raunverulega upplýsingar um hvað í þeim fólst.

[11:16]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tilgangur minn með að koma í andsvar við hv. þingmann er að segja að forskrift þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru liggja í lögum um heilbrigðisþjónustu, sem allir flokkar stóðu að vorið 2007 og komu að undirbúningi að. Því lá alveg ljóst fyrir hvers konar skipulagsbreytingar yrðu en jafnframt að þær yrðu gerðar í samráði við viðkomandi sveitarfélög. Ég held að þegar upp er staðið muni fólk upplifa það sem bætta og betur skilgreinda þjónustu, m.a. þjónustu bráðamóttöku, móttöku vegna slysa og bráðatilvika, vegna þess að hugmyndir ganga út á að styrkja þann þátt. Enda er bráðamóttaka, bráðaþjónusta, hluti af grunnþjónustu þessara stofnana.

Töluverð umræða var jafnframt við 2. umr. — ég átti reyndar ekki kost á að taka þátt í henni af ákveðnum ástæðum — og þá kom fram að tillögur eru um niðurskurð í rekstri heilbrigðisþjónustu um 5,3 milljarða kr. Ljóst er að mjög erfitt verður að ná þessum markmiðum en ég tel að í því felist ákveðnar væntingar og að skipulagsbreytingarnar muni leiða til betri niðurstöðu.

Jafnframt var um það rætt við 2. umr. að verulegur uppsafnaður vandi væri hjá heilbrigðisstofnunum á yfirstandandi ári og ég bendi þá á að í fjáraukalögum, sem koma til 3. umr. í dag, eru lagðar til 800 millj. kr. til að mæta vanda öldrunarstofnana en við 1. umr. komu inn rúmir 3 milljarðar kr. til að mæta vanda annarra heilbrigðisstofnana.

Ákveðinn vandi er til staðar og standa verður mjög fast á bremsunni til að ná þeim (Forseti hringir.) markmiðum sem við ætlum að ná á næsta ári.

[11:18]

Frsm. minni hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég deili þeim sjónarmiðum hv. þingmanns að sjálfsagt er að vinna stöðugt að því að bæta þjónustu í heilbrigðiskerfinu og vonandi tekst að halda áfram á þeirri braut sem við höfum verið á í mörg ár, að auka og bæta þjónustu í heilbrigðiskerfinu. Ég ætla ekki að standa í frekari skoðanaskiptum við hv. þingmann, við eigum örugglega eftir að ræða þetta margoft, en ég ítreka það sem ég sagði að ég tel mig fullvissan um að það eru hv. þingmenn sem ekki hafa gert sér ljóst hvað fólst í breytingunum vegna þess að annað kom fram í frumvarpinu sjálfu en hv. þingmenn samþykktu eftir 2. umr. um frumvarpið.

[11:19]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Oft og tíðum er svolítið sérstakt að koma hér upp og fara í andsvar við ræðu þegar maður ætlar að þakka fyrir ræðuna sem hefur verið flutt en ekki hvað síst að benda á og taka undir ýmislegt.

Ég vil, virðulegur forseti, þakka minni hluta fjárlaganefndar fyrir efnisríkt framhaldsnefndarálit. Ég tel að það sé mjög faglega unnið og fjölmargar athugasemdir og ábendingar, sem hafa komið fram í umræðunni, eru settar þar fram. Auðvitað eru ólíkar pólitískar skoðanir á milli stjórnmálaflokkanna og jafnvel á milli stjórnmálaflokkanna í minni hlutanum en ég ætla að víkja því til hliðar, virðulegur forseti, og í sjálfu sér ekki að elta ólar við slíkt í nefndarálitinu.

Að öðru leyti og þá sérstaklega því sem viðvíkur hinu tæknilega og verklaginu og ýmsu öðru get ég svo sannarlega tekið undir það, líkt og minni hlutinn hefur tekið undir ýmislegt sem meiri hlutinn hefur sagt, þannig að ég vil þakka fyrir það.

Ég vil einnig í ljósi breytingartillögunnar benda á framhaldsnefndarálit meiri hlutans þar sem vikið er að því að meiri hlutinn muni leggja fram frumvarp um fjáraukalög í febrúar nk. í samræmi við 43. gr. laga um fjárreiður ríkisins þannig að boðað er að fara ítarlega yfir fjárlögin og horfa til þess að upplýsingar geti borist, bæði varðandi þennan flutning á milli liða og ýmislegt annað sem kannski hefur misfarist og ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem boðað er hér við 3. umr. að slíkt frumvarp komi fram.

Að öðru leyti tek ég undir þann þátt sem lýtur að eftirliti og upplýsingastreymi til að tryggja (Forseti hringir.) að framkvæmd fjárlaga geti verið betri en raun ber vitni.

[11:21]

Frsm. minni hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Svavarssyni fyrir — má ég leyfa mér að segja — „kommentið“ á nefndarálit okkar. Við í minni hlutanum leggjum okkur fram um að vinna faglega að þessu og höfum lagt fram ýmsar ábendingar um það sem betur má fara og byggjum það á reynslu okkar allra þriggja sem erum í minni hlutanum og höfum lengi verið í fjárlaganefndinni. Ég tel að þetta sé innlegg í umræðu meðal okkar þingmanna um hvernig við getum bætt hlutina enn frekar, sem er mjög mikilvægt, ekki síst á þessum tímum.

Hvað varðar síðan fjáraukalög á næsta ári höfðum við ekki séð nefndarálit meiri hlutans þegar við sömdum tillögu okkar en fögnum því að meiri hlutinn er sammála okkur í því sem þar kemur fram þannig að vilji manna liggur fyrir til að fara í þessa vinnu sem ég held að sé nauðsynleg sem fyrst á næsta ári vegna þess að við búum við þær aðstæður að algjörlega nauðsynlegt og mikilvægt er að fara í gegnum það.

[11:23]

Útbýting:

Icesave-ábyrgðir, 215. mál, svar forsrh., þskj. 460.

[11:23]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Hv. þm. Magnús Stefánsson hefur gert ít-

arlega grein fyrir framhaldsnefndaráliti okkar í minni hluta fjárlaganefndar við 3. umr. fjárlaga ársins 2009. Ég vísa til þeirra orða hans og nefndarálitsins eins og það liggur fyrir. Þar er rakið mjög ítarlega hversu vanbúið fjárlagafrumvarpið er til afgreiðslu. Þar er rakið mjög ítarlega að allt er í óvissu um hverjar eru í raun fjárskuldbindingar ríkisins á næsta ári. Allt er í óvissu um hver vaxtagjöld verða á næsta ári og næstu árum, allt er í óvissu um skuldbindingar á svokölluðum Icesave-reikningum, hvar þær lenda og hversu háar upphæðir lenda á íslenska þjóðarbúinu og ríkissjóði. Þannig eru fjöldamörg atriði fullkomlega í uppnámi og óljós svo að ekki munar nokkur hundruðum milljóna eða nokkrum milljörðum heldur hundruð milljörðum króna.

Hér eru lögð fram fjárlög sem eru stærstu niðurskurðarfjárlög í sögu íslenska lýðveldisins en samt hefur óvissan aldrei verið meiri um hversu raunhæf þau eru og sjálfur forsætisráðherrann hefur lýst því yfir að beita þurfi enn meiri niðurskurði á næsta og þarnæsta ári. Engin tilraun er gerð til að meta horfur til næstu ára. Ekki er gerð tilraun til að meta greiðslugetu ríkissjóðs. Ræður ríkissjóður við að taka á sig á annað þúsund milljarða kr. skuldbindingar til næstu ára? Ég dreg það í efa.

Því hefði verið mjög mikilvægt á þessum örlagatímum að í fjárlögum fyrir næsta ár hefðu þessi atriði verið unnin mun nánar. Ítrekað er vísað til þess að þetta séu fjárlög Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi með aðkomu sinni sett fram kröfur um bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs og hvernig þau gjöld eru lögð á, hvernig tekjuöflunin er lögð á einstaklinga og fyrirtæki og atvinnulífið í landinu og hvernig gjöldum er dreift.

Við höfum séð forgangsröðunina sem lýsir sér best í því að selja á inn á sjúkrahúsin. Við höfum séð forgangsröðunina um að skera lögbundinn samning við bændur niður. Við höfum séð hvernig á að skera niður framlög til menntamála. Samt er í hinu orðinu sagt að í þrengingunum sem fram undan eru sé mjög mikilvægt að fólk nýti tækifærið og leiti sér meiri menntunar, að fólk sem er að missa atvinnuna fari í skóla.

Þegar ungir og eldri ætla að sækja um skólavist geta skólarnir ekki tekið við vegna þess að fjárveiting til þeirra hefur verið skorin niður. Hvað sagði ekki rektor Háskóla Íslands í gær? Hún sagði að það væri fjarri því að háskólinn gæti tekið við þeim nemendum sem hefðu sótt um skólavist vegna þess að fjárveitingar vantaði og nemendur sem höfðu sótt um skólavist og höfðu jafnvel þegar borgað gíróseðilinn fyrir innritunargjöldin — ekki eru þau nú svo lág, milli 40 og 50 þús. kr. sem hver nemandi verður að greiða um leið og hann staðfestir innritun sína — fengu tilkynningu um að hluti þeirra yrði bakfærður. Þeir höfðu greitt innritunargjaldið, staðfestingargjaldið, en háskólinn taldi sig ekki geta orðið við því að taka viðkomandi nemendur inn og þessar greiðslur voru bakfærðar. Þetta er því miður staðreyndin sem blasir við.

Við í minni hluta fjárlaganefndar höfum einnig lagt fram bréf og óskað eftir nákvæmum upplýsingum um stöðu mála. Þær hafa ekki fengist í gegnum hefðbundnar leiðir frá ráðuneytunum og við höfum því lagt fram bréf bæði til Seðlabankans, sem við báðum um að svara þar til greindum atriðum sem lúta að samanburði á fjárlagafrumvarpinu og skilmálum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og ríkisendurskoðanda, sem við báðum um að skoða hvernig það sem lagt er fram í fjárlagagerðinni og hvernig skuldbindingar ríkissjóðs eru tilgreindar í fjárlagafrumvarpinu samræmist ákvæðum fjárreiðulaga og öðru því sem ríkisendurskoðandi vildi byggja á. Við höfum ekki fengið svar.

Þess vegna er það, herra forseti, að við í minni hlutanum höfum gagnrýnt mjög að fjárlög verði afgreidd við þessar aðstæður. Ég tel að fresta eigi afgreiðslu fjárlaga meðan verið er að vinna þau og frumvarpið betur og hef af því tilefni lagt fram frumvarp til laga sem gæti tekið á þeirri stöðu ef frumvarpi til fjárlaga yrði frestað. Þá yrðu bráðabirgðaheimildir og heimildir til nauðsynlegrar lántöku í byrjun árs afgreiddar úr ríkissjóði og síðan væri hægt að vinna fjárlögin betur.

Þetta á sér fordæmi. Árið 1980 voru fjárlögin ekki tilbúin í tæka tíð og þá var gripið til þess ráðs að vinna fjárheimild til bráðabirgða — greiðsluheimildir fyrir ríkissjóð — meðan verið var að vinna fjárlög og það var fram í marsmánuð.

Ég vil víkja að öðru atriði á þessum stutta tíma, herra forseti, og það eru heilbrigðismálin. Í breytingartillögum ríkisstjórnarinnar við fjárlög kemur fram að stokka á gjörsamlega upp heilbrigðisstofnanir og sjúkrahús úti á landsbyggðinni. Menn vísa til þess að það standi í lögum. Það stendur nú svo margt í lögum, en tillögur hafa komið fram og heyrst nú á allra síðustu dögum um að sameina eigi heilbrigðisstofnanir frá Langanesi í Húnavatnssýslu undir sjúkrahúsið á Akureyri. Á hinn bóginn hafa heyrst þær hugmyndir að sameina eigi heilbrigðisstofnanir á Vesturlandi allt frá Hvammstanga að Hólmavík og vestur um að Akranesi í sjúkrahúsið á Akranesi. Síðast í gær greindi framkvæmdastjóri sjúkrahússins á Patreksfirði frá því að fram hefðu komið hugmyndir um að sameina heilbrigðisstofnunina á Patreksfirði undir Ísafjörð, en ekki eru samgöngur þar á milli nema nokkurn hluta af ári.

Ekki aðeins þarf að vinna þessar sameiningarhugmyndir miklu betur heldur eru það vinnubrögðin við aðgerðirnar allar — og ég vil inna hæstv. heilbrigðisráðherra eftir hvort þessi vinnubrögð séu að hans tillögu um að skyndilega sé farið í að undirbúa svona gríðarlegar sameiningar án nokkurs samráðs við sveitarfélög og sveitarstjórnir, án nokkurs samráðs við starfsfólk sjúkrahúsanna, án nokkurs samráðs við íbúana og hvort raunveruleg greinargerð og áætlun fyrir það hverju á að ná fram hafi verið unnin. Menn hljóta að setja markmið um hverju á að ná fram með slíkum gríðarlegum sameiningum, bæði hvað varðar þjónustu og sparnað, áður en farið er af stað í svo umfangsmiklar aðgerðir.

Ég vil minna á, herra forseti, að þingmenn Norðvesturkjördæmis fengu bréf frá fulltrúum allra flokka í sveitarstjórn Skagafjarðar sem höfðu frétt á skotspónum að til stæði að leggja Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki undir sjúkrahúsið á Akureyri. Þeir komu á fund okkar þingmanna og lögðu fram bréf þar sem þeir tjá vandlætingu sína á þessum vinnubrögðum og krefjast aðkomu að málinu, segjast vera með aðrar hugmyndir sem gætu þess vegna líka þjónað bæði þjónustustigs- og hagkvæmnismarkmiðum ráðherrans. Allir gera sér grein fyrir því að það þurfi að spara en heilbrigðisþjónustan er fyrir fólkið, heimafólk á

svæðunum, ekki fyrir ráðuneytið, ekki fyrir ráðherrann.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki stöðvað þetta ferli sem fréttist af núna á síðustu dögum að hefði verið sett í gang um þessar gríðarlegu og hroðvirknislegu sameiningu sem þarna var sett upp og málin séu tekin til gaumgæfilegrar skoðunar og athugunar og umræðu og heimafólk fái tækifæri til að móta tillögur sínar. Hver heilvita maður sér hversu fáránlegt er að leggja heilbrigðisstofnunina á Patreksfirði undir Ísafjörð, bæði eru nokkur hundruð kílómetrar þar á milli, kannski um 170 kílómetrar, og vegurinn lokaður mánuðum saman á vetrum. Ég vil beina þessu til hæstv. heilbrigðisráðherra.

Hitt sem ég hef áhyggjur af til viðbótar og svo öllu því raunverulega sem stendur í þessu frumvarpi, er hvernig vegið er að landbúnaðarskólunum. Bæði Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli höfðu gert ítarlega grein fyrir fjárþörf sinni fyrir næsta ár. Nýleg lagasetning heimilaði þeim að verða háskólar með aukin verkefni, nýbúið er að færa þá á milli ráðuneyta frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis. Skólarnir hafa vel að merkja verið undir atvinnuvegaráðuneyti frá stofnun sinni, eða í meira en 100 ár, og nú virðist eiga að kippa fjárhagslegum grundvelli undan þeim eða lama hann verulega.

Við, þingmenn Vinstri grænna, vöruðum við þessu þegar ríkisstjórnin flutti stofnanirnar frá landbúnaðarráðuneytinu til menntamálaráðuneytisins. Við töldum að undir niðri væri áætlun um að skerða stöðu þeirra verulega, við vöruðum við þessu. Nú virðist ótti okkar vera að koma í ljós, herra forseti, og ég vil spyrja hæstv. menntamálaráðherra, sem ég vona að komi aftur inn í umræðuna seinna, hvernig hann ætlar að skýra og rökstyðja þann niðurskurð og úlfakreppu sem hann setur landbúnaðarskólana í. Þeir eru ekki aðeins meðal sterkustu menntastofnana landsins heldur lykilstofnanir í héruðum sínum og lykilstofnanir landsins á ákveðnum mikilvægum verkefnasviðum sem við horfum nú til að geti verið hvað sterkastar og virkastar í að takast á við þann mikla efnahagsvanda sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins (Forseti hringir.) hefur komið þjóðinni í og byggja landið áfram upp. Ég skora á hæstv. (Forseti hringir.) menntamálaráðherra að gera grein fyrir stefnu sinni varðandi landbúnaðarskólana.

[11:38]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja eins og er að ég harma það mikla ábyrgðarleysi sem kemur fram í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Það er í öðru orðinu eins og hv. þingmaður og hans flokksmenn tali eins og ekkert hafi breyst.

Hins vegar sagði hv. þingmaður eina ágæta setningu. Hann kom með nokkrar perlur og það var dálítið sérstakt að heyra hv. þingmann segja að það væri eitthvað í lögum. Hann sagði að það stæði svo margt í lögum eins og það væri algert aukaatriði sem eru svolítið sérkennileg skilaboð frá hv. þingmanni til almennings í landinu.

En hann sagði hins vegar að allir vissu að það þyrfti að spara. Það er vandinn sem við horfum fram á núna. En þegar kemur að því að vernda velferðarkerfið, sem við erum einbeitt í að gera, eru fjórir þættir sem koma til greina. Í fyrsta lagi er hægt að skerða þjónustuna. Í öðru lagi er hægt að hækka þjónustugjöldin. Í þriðja lagi er hægt að taka á rekstrinum og í fjórða lagi er hægt skoða ýmsan kostnað.

Við tökum þætti þrjú og fjögur og það er ekki auðvelt. Við erum að reyna að nýta þá fjármuni sem eru til staðar betur en nú er gert. Þá kemur að rekstrinum. Við erum einnig að reyna að lækka lyfjakostnað og þá kemur að ýmsu sem að því snýr.

Það er algerlega útilokað annað en að við lítum til rekstrar heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Hv. þingmaður spurði hvort hinir ágætu fulltrúar bæjarstjórnarinnar í Skagafirði gætu ekki komið með hugmyndir þegar kemur að þessum málum. Það skal upplýst að þegar hefur verið farið yfir það með þeim. Það var bara sjálfsagt og eðlilegt.

Það er líka rétt hjá hv. þingmanni að fyrst eigi menn að setja sér markmið og síðan að vinna eftir þeim. En því er algerlega vísað til föðurhúsanna að hér séu (Forseti hringir.) hroðvirknisleg vinnubrögð. Þeim er ekki fyrir að fara hér.

[11:41]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég var ekki að spyrja hæstv. ráðherra um aðgangseyri að sjúkrahúsunum eða niðurskurð og forgangsröðun hæstv. ráðherra í heilbrigðismálum og áhuga á einkavæðingu þar. Ég var að spyrja um hrein tiltekin atriði sem lúta að heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni.

Það er ekki skylt að sameina þær. Það er lagaheimild að gera það og þá undir einhverjum ákveðnum formerkjum. Það er ekki skylt og það er misskilningur hjá ráðherra ef hann heldur að honum sé skylt að gera það. (Gripið fram í.)

Okkur finnst það svo sem nöturlegt, íbúum á Norðvestur- og Norðurlandi og Norðausturlandi á svæðum sem eru búin að taka á sig neikvæðan hagvöxt á undanförnum árum vegna ofþenslunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að hér hefur verið vaðið áfram með þeim hætti, að nú falla skuldirnar á þjóðarbúið. Íbúar á Norðvesturlandi bera ekki ábyrgð á því. Íbúar á Norðausturlandi bera ekki ábyrgð á því. En þeir eiga líka að vera þeir fyrstu sem taka á sig skerðinguna, sem taka á sig óvissuna í skipulagsbreytingum sem þýðir bara niðurskurð, eins og hæstv. ráðherra vék að, án nokkurs samráðs við heimafólk, án nokkurs samráðs við sveitarstjórnir, án nokkurs samráðs við starfsmenn heilbrigðisstofnana.

Ég spyr hæstv. ráðherra einfaldlega: Ætlar hann að stöðva þetta ferli nú sem var sett í gang með svona gríðarlegum sameiningum og gefa heimafólki, þess vegna þingmönnum kjördæmisins, sveitarstjórnum, starfsmönnum sjúkrahúsanna, tækifæri til að koma að borðinu og ræða sín mál og meta hvað er best (Forseti hringir.) fyrir það en ekki best fyrir ráðherrann?

[11:43]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem hv. þingmaður segir er einfaldlega að við eigum ekki að taka á þeirri stöðu sem uppi

er núna. Það er það sem hv. þingmaður er að segja. Við skulum hafa það algerlega á hreinu að ef við förum ekki að vinna í því sem snýr að rekstrinum, og það á við um allt land — og svo að því sé haldið til haga hefur verið unnið mikið starf og verið kallaðir til m.a. þeir aðilar sem hafa verið að vinna hjá þessum stofnunum og margir aðrir til að skoða þessa þætti.

Hv. þingmaður upplýsir hér að það eigi ekki að gera þetta. Það á ekki að snerta þetta. Hvað er hv. þingmaður að segja? Hann er með tillögur um gríðarlega hækkun á sjúklinga eða gríðarlega þjónustuskerðingu. Það eru tillögur hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Menn skulu vera algerlega meðvitaðir um að hann nefndi réttilega að allir vissu, miðað við þessa stöðu sem nú er, að það þarf að spara. Það má færa full rök fyrir því að við séum að fara erfiðustu leiðina þar. Það á að taka á rekstrarþættinum til þess að halda uppi þjónustustiginu fyrir fólkið sem þarf á þjónustunni að halda. Það er ekkert leyndarmál að þá velta menn öllum steinum. Öllum steinum.

En hv. þm. Jón Bjarnason kemur hér og segir: Þetta eigið þið ekki að gera. Þetta eigið þið að láta algerlega í friði. Hann segir okkur hreint og klárt — og ég þakka hv. þingmanni fyrir hreinskilnina — að áherslur hans og hans flokks séu þær að við eigum að skerða þjónustu og við eigum að hækka gjöld á þá sem þurfa á þessari þjónustu að halda því að engar aðrar leiðir eru færar.

[11:45]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. heilbrigðisráðherra, einkavæðingarráðherra heilbrigðismála, að það eru ekki tillögur Vinstri grænna að fara að selja inn á sjúkrahúsin. Það er alveg hárrétt og hefur aldrei verið. En hinu svaraði hæstv. ráðherra ekki hvort hann ætlar að halda áfram á sömu braut um að vaða áfram í fyrirhyggjuleysi í sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi og Norðvesturlandi og Vesturlandi og Vestfjörðum án nokkurs samráðs við fólkið heima fyrir.

Ég er reyndar ekki sammála honum í því að þetta séu fyrstu svæðin sem eigi að taka á sig skerðingarnar í heilbrigðismálum. Ég er ekki sammála honum í því. Þetta eru svæði sem bjuggu líka við neikvæðan hagvöxt meðan þenslan var hér.

En spurningin hér lýtur að því hvort heimafólk fær að koma að sínum málum sem lúta að heilbrigðismálunum, hvort íbúar Skagafjarðar eiga að horfa upp á að heilbrigðisráðherrann geti með einhliða geðþóttaákvörðunum sínum fært sjúkrahúsið á Sauðárkróki undir sjúkrahúsið á Akureyri, hvort heilbrigðisstofnanir á Hólmavík eða á Snæfellsnesi eiga að geðþóttaákvörðun ráðherrans að fara undir heilbrigðisstofnunina á Akranesi án þess að nokkuð sé farið í fyrir fram greiningu á því. Það var reyndar upplýst á fundi með sveitarstjórnarmönnum að heilbrigðisráðuneytið talaði um einhverja skýrslu sem hefði verið unnin en fengist ekki afhent.

Ef heilbrigðisstofnunin á Patreksfirði á að fara að leggjast undir sjúkrahúsið á Ísafirði bara til að þóknast geðþóttaákvörðunum heilbrigðisráðherra þá er ég andvígur því, já. Ef menn hafa hugmyndir þá er sjálfsagt að leggja þær fram en svona mál ræða menn og vinna með heimamönnum, (Forseti hringir.) með fólki sem þar þekkir til. Það er heimafólk sem á að njóta þessarar þjónustu, herra forseti, en ekki ráðherrann í sínum fílabeinsturni í heilbrigðisráðuneytinu.

[11:47]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil eins og fleiri sem hér hafa tekið til máls lýsa yfir ánægju með þá vinnu sem farið hefur fram í fjárlaganefndinni um fjárlagagerðina. Þetta er vissulega mikið og erfitt verkefni sem menn hafa staðið frammi fyrir en ekki óleysanlegt eins og við sjáum á því sem nefndin hefur hér lagt fram.

Í umræðum um fjárlögin er mikið rætt um að það sé mikil óvissa í stöðunni og að þetta séu niðurskurðarfjárlög o.s.frv. og ég ætla að koma aðeins að því í máli mínu á eftir. Það hefur mikið borið á því að menn setji á langar ræður og velti hlutunum upp og þvæli ýmsum fjárhagslegum stærðum sem og hugtökum fram og til baka, að mínu mati í mikinn óþarfa því málið er í rauninni tiltölulega einfalt.

Ef við tökum nú aðeins til umræðu þá stöðu sem uppi er við fjárlagagerð næsta árs og berum saman við fjárlög ársins 2008 í hverju þetta liggur í raun. Við getum líkt þessu við venjulegt heimilishald, þetta er í rauninni ekkert flóknara en það. Fjölskyldan hefur ákveðnar tekjur, hún hefur föst útgjöld og síðan hefur hún val um það hvort hún getur eytt til annarra þátta en bara venjulegrar starfrækslu heimilisins ef hún hefur efni til þess.

Ef við horfum þannig á ríkissjóðinn og reksturinn þá blasa eftirfarandi staðreyndir við. Í fjárlögum ársins 2008 voru tekjurnar sem menn höfðu úr að spila 473 milljarðar kr. Tekjuspáin fyrir árið 2009 fyrir íslenska ríkið gerir ráð fyrir því að við höfum 402 milljarða. Þetta er tekjufall um 71 milljarð. Að sjálfsögðu hlýtur það að koma einhvers staðar fram. Stærsti einstaki liðurinn sem leggur upp í þetta er að skattarnir á lögaðila lækka um 23 milljarða. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur einstaklinga lækki um 22 milljarða og áætlað er að virðisaukaskatturinn lækki um 10 milljarða. Þarna er því úr 71 milljarði minna að spila sem hlýtur með einhverjum hætti að hafa áhrif á það sem við leggjum drög að við útgjöld næsta árs. Og hvernig skyldi það líta út? Í fjárlögum ársins 2008 gerðum við ráð fyrir því að eyða 434 milljörðum kr. Tæplega 40 milljörðum lægri fjárhæð en við höfðum í tekjur þannig að afkoman átti að vera þokkalega góð. Maður skyldi ætla að þetta ætti að vera í svipuðum gír, í svipuðu lagi í fjárlögum ársins 2009.

Það er langur vegur frá. Eins og ég nefndi eru tekjurnar áætlaðar 402 milljarðar á næsta ári en við ætlum að eyða 556 milljörðum kr., 150 milljörðum rúmum hærri krónutölu en við höfum úr að spila. Stærsta einfalda breytingin í þessu liggur í vöxtum. Þeir eru að hækka um 65 milljarða á milli ára og síðan eru útgjöld, m.a. til Atvinnuleysistryggingasjóðsins, hækkuð um 10 milljarða.

Er um að ræða einhvern samdrátt í útgjöldum? Er um að ræða einhvern blóðugan niðurskurð? Ég svara því þannig að um það sé ekki að ræða. Það er ekki um neinn blóðugan niðurskurð að ræða í þessum fjárlögum. Það er langur vegur frá. Útgjöldin frá fjárlögum ársins 2008 til fjárlaga ársins

2009 eru hækkuð um 156 milljarða kr. Og hvernig skyldi það líta út eftir málaflokkum? Þar sem menn hafa verið að tala um að við séum að skera niður með blóðugum hnífnum í menntamálum, félags- og tryggingamálum og heilbrigðismálum.

Ég ætla bara rétt að bera þetta örstutt saman. Útgjöld til menntamála á milli fjárlaga ársins 2008 og 2009 hækka um 11,5 milljarða kr., 21%. Útgjöld til félags- og tryggingamála hækka um rúma 30 milljarða, 30,4 milljarða, 36%. Útgjöld til heilbrigðismála hækka um rétt tæpa 20 milljarða, 19,4%. Og svo eru menn að tala um að hér sé blóðugur niðurskurður í gangi. Það er bara alls ekki rétt. Vissulega kemur það við með einhverjum hætti þegar við þurfum að mæta þessu gríðarlega tekjuhrapi en ég fullyrði að það er ekki langt til seilst í þeim efnum í þeim fjárlögum sem liggja fyrir. Miklu, miklu meira og erfiðara verk bíður manna við fjárlagagerð ársins 2010. Þetta er hjóm eitt miðað við þá vinnu sem þar er fram undan.

Ef við horfum aðeins á þetta heimili í þessu ljósi þá erum við að eyða um 150 milljörðum umfram þær tekjur sem við höfum og eigum þá eftir að greiða af þeim lánum sem við höfum þegar tekið á fyrri árum. Áætlun um afborganir af lánum sem við höfum tekið fram til þessa eru 54 milljarðar, þannig að eftir standa um 200 milljarðar sem við verðum að fjármagna á næsta ári fyrir þeim verkefnum sem ætlað er inn í fjárlagatillöguna sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Það sjá það allir menn að þannig getur þetta ekki gengið til lengdar, að við höldum áfram að halda úti ríkisrekstrinum með þessum hætti og skuldsetja okkur fyrir því að halda honum úti. Einhvern tímann kemur að því að við eigum ekki fyrir því sem við ætlum að gera. Sú staða sem er komin upp núna hlýtur að kalla á það í framhaldinu að hert verði á aganum í ríkisrekstri.

Það hefur verið regla um heimildir til stofnana að 4% svigrúm er til eða frá út frá samþykktum fjárlögum. Ég fullyrði að í því ljósi sem ég hef verið að varpa á fjárlög og fjárhagsstöðu ríkisrekstrarins þarf að endurskoða þær reglur.

Það er einnig óhjákvæmilegt að mínu mati að endurskoða þau fjárlög sem hér verða samþykkt, vonandi í dag, tiltölulega fljótt. Ég sé það fyrir mér að við þurfum að fara í fjáraukalagagerð oftar en einu sinni og oftar en tvisvar á næsta ári. Að mínu mati þarf fjárlagagerðin fyrir árið 2010 og undirbúningur að henni að hefjast í janúar næstkomandi. Það er þannig verk sem bíður að því lengri tíma sem menn gefa sér í undirbúninginn þeim mun betra og þeim mun vandaðri mun vinnan verða. Ég get fullkomlega tekið undir þau sjónarmið og þau orð sem fallið hafa í morgun varðandi fjárlagagerðina sem hér liggur fyrir að hún hefði mátt að ósekju vera miklu vandaðri og fyllri. En í ljósi ástandsins sem var við að glíma þá er ekki við öðru að búast en að þar séu inni einhverjar villur sem þurfa lagfæringar við. Ónákvæmni í áætlanagerð fyrir útgjöld og starfsemi ríkisins er óhjákvæmilega fylgifiskur þeirra vinnubragða sem við höfum því miður þurft að viðhafa við samningu þessara fjárlaga.

Ég ítreka þetta í því ljósi sem ég nefndi áðan að þriðjungur tekna ríkissjóðs er horfinn. Við höfum samt sem áður reynt að mæta þessu með skattahækkunum. Þær duga ekki til til þess að jafna út þennan halla. Við höfum einnig mætt þessu með því að reyna að draga úr ríkisrekstrinum fjárhæð sem nemur um það bil 45 milljörðum kr. Og það dugar heldur ekki til.

Það hefur verið viðtekin venja eins og hv. þm. Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, nefndi áðan að gera grein fyrir með þokkalega nákvæmum hætti þeim breytingum sem gerðar eru á fjárlagafrumvarpinu milli umræðna. Við gerðum það síðast fyrir 2. umr. fjárlaga ársins 2008 en þetta er allt með öðrum brag í ár og því læt ég það liggja á milli hluta að gera það mjög nákvæmlega núna.

Ein stærsta breytingin sem gerð er lýtur í rauninni að verðlagsuppbótum sem dreift er yfir allan reksturinn og hefur komið upp á móti þeim athugasemdum sem einstaka ríkisstofnanir hafa verið að setja þegar fjárlagatillagan lá fyrir eftir 2. umr. Verðlagsuppfærslurnar eru 13,1 milljarður kr. sem gefur ágætisyfirlit yfir það hversu umfangsmikill þessi ríkisrekstur er og í rauninni flókinn þegar þarf að bæta þetta upp með þessum hætti. Forsendan fyrir þeim uppreikningi gerir ráð fyrir því að verðlagsuppbætur séu um 14% á milli ára.

Ég vil einnig geta þess að fjárlaganefndin hefur reynt að sýna gott fordæmi í vinnu sinni varðandi þau verk sem henni er ætlað að standa skil á. Síðar í dag mun verða lagt fram þingskjal þar sem lagt er til að svokallaðir safnliðir sem hafa verið á verkefnaskrá fjárlaganefndar muni lækka um nokkur hundruð millj. kr. sem ekki var úthlutað. Engu að síður er verulegum fjárhæðum úthlutað til þessara svokölluðu safnliða. Þar eru á ferðinni ýmis verkefni, mjög mörg og merkileg. Í umræðunni ber hins vegar oft á því að lítið sé gert úr þessu. Það kann stundum að helgast af því hvaða nöfn viðkomandi verkefni bera.

Ég gerði mér það til dundurs meðan ég hlustaði á ræður manna í morgun að kíkja örlítið á þetta og staldraði sérstaklega við hin svokölluðu setur. Þau eru mörg og margvísleg. Alls gat ég greint um 20 tegundir af setrum, mismunandi flokka. Stærsta flokkinn skipa setur sem kennd eru við dýr, svo furðulegt sem það nú er. Það er geitfjársetur og hreindýrasetur, setur íslenska hestsins, melrakkasetur, saltfisksetur, sauðfjársetur, selasetur og skelfisksetur. (**GuðbH:** Arnarsetur.) Og svo arnarsetur. Það bætist við. Þakka þér fyrir, hv. þingmaður. Svo erum við komin í annan flokk sem er kannski óræðari. Það er draugasetrið og skrímslasetrið og sjóræningasetrið. Svo förum við að vera örlítið fræðilegri og þá eru fræðasetrin fugla-, flugu- og sögusetur og þjóðlagasetur, textílsetur, landnámssetur og Þórbergssetur, jarðfræðisetur og Kötlusetur svo ekki sé minnst á öll háskólasetrin og þekkingarsetrin. Það er því af nógu að taka.

Eins og ég gat um áðan þá er stundum gert lítið úr þessu þegar rædd eru einstök atriði. En það kann vel að vera að þetta sé sú leið sem einstaklingar úti um land sem hafa sótt sér þekkingu og menntun á ýmsum sviðum eru að búa til til skapa sér lífsgrunn og tilverugrunn, að skapa sér starfsvettvang úti um land sem er við hæfi þeirrar sérþekkingar sem þeir hafa aflað sér. Og ég fullyrði að þessi skemmtilega flóra allra þessara setra gerir tilveruna, ekki bara úti um land heldur í landinu öllu mun skemmtilegri og það er mjög ánægjulegt að fá tækifæri til að kynnast því mikla starfi sem þar er unnið, ekkert síður en innan þeirra ríkisstofnana

sem meiri og lengri hefð er fyrir.

Hins vegar er alveg ljóst og það vil ég undirstrika undir lok ræðu minnar að þessi vegferð er rétt að hefjast. Okkar bíður mikið verk. Það er rétt að það er mikil óvissa í kortunum fyrir komandi ár. Það er hárrétt sem á hefur verið bent, að svo er. Og þess vegna vil ég leggja áherslu á það sjónarmið mitt að það er ekki nóg að gert í því að draga úr útgjöldum í ríkisrekstri miðað við þann tekjugrunn sem maður sér fyrir sér á komandi árum.

Þess vegna verð ég að undirstrika í lokin enn og aftur að það verkefni verður að hefjast þegar í upphafi næsta árs að undirbyggja og undirbúa starfsemi ríkisins undir það vandasama og erfiða verkefni sem bíður við gerð fjárlaga ársins 2010.

[12:02]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil fyrst láta í ljós ánægju mína með þá eindrægni sem var í fjárlaganefnd um að koma með fjárveitingar inn til þekkingarsetranna en það hafði verið skorið niður í tillögum ríkisstjórnarinnar og í ýmis önnur verkefni er lutu að náttúrustofum og fjarkennslu og einnig líka að þessum minni verkefnum sem hv. þingmaður nefndi. Ég tek undir með hv. þingmanni um að þau séu mjög mikilvæg og ekki aðeins fyrir það að verkefnin eru góð og í höndum duglegs og baráttuglaðs fólks heldur líka að þrátt fyrir allt eigi almenningur þessa lýðræðislegu aðkomu að þinginu sínu, að það sé ekki allt þó í gegnum ráðuneytin sem loka hurðum misfast á fólk eða opna þær eftir því hvernig út í það er farið.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni um agaleysið af hálfu ríkisstjórnarinnar og agaleysið af hálfu ráðuneytanna. Það má vel vera að eitthvað megi bæta hjá stofnunum. En ég vil spyrja hv. þm. Kristján Þór Júlíusson í ljósi fjárlagavinnunnar undanfarna daga og vikur hvort hann sé ekki sammála mér um að brýnast sé að setja þessa ríkisstjórn og ráðherra undir járnaga þannig að þeir geti skilað sinni vinnu sem þeim er ætlað að gera inn til fjárlaganefndar á eðlilegum tíma og séu ekki að vaða út úr heimildum, hvort heldur það er til Kína að stofna Expo-sýningu án nokkurrar heimildar eða annarra verkefna án heimilda. (Forseti hringir.) Mér sýnast ráðherrarnir vera langverstir og þeir eru sérstakt vandamál við fjárlagagerðina.

[12:04]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þegar stórt er spurt er oft erfitt um svör. Ég held nú að hvort heldur við erum að ræða ráðherra eða ríkisstjórn eða þingheim allan þá sé það nokkuð ljóst að allir verða að taka sig á. Við getum alveg viðurkennt það fúslega og heiðarlega í rauninni að umgengni okkar um fjárlög undanfarin ár hefur verið slík að við höfum ekkert þurft að hafa mjög miklar áhyggjur af, hvað á ég að segja, eyðslunni. Þannig ástand hefur ríkt hér á landi að við höfum ekki þurft að hafa stórar áhyggjur af því hvort við höfum átt fyrir þeim útgjöldum sem við höfum stofnað til eða ekki. Það er annar tími runninn upp og ég er þess fullviss að ríkisstjórn Íslands og stjórnarmeirihlutinn í það minnsta gerir sér fullkomlega grein fyrir þeirri stöðu að gríðarlegur vandi er fram undan við fjárlagagerð íslenska ríkisins fyrir árið 2010. Ég vil undirstrika það enn og aftur hér. Verklagið og vinnulagið hins vegar við framkvæmd fjárlaga ársins 2009 má ekki verða að mínu mati með sama brag og við höfum umgengist fjárlög síðustu ára. Það þarf að mínu mati miklu meiri aga og hann á ekki eingöngu að taka til stjórnarmeirihlutans. Sá agi hlýtur að ganga yfir allan þingheim. Það þarf einfaldlega miklu meiri aga við framkvæmd fjárlaga en hefur verið og ekki síður þarf svo að styrkja eftirlitshlutverk fjárlaganefndarinnar með framkvæmd fjárlaganna. Um það erum við hv. þm. Jón Bjarnason örugglega hjartanlega sammála.

[12:06]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er hjartanlega sammála hv. þingmanni um að vinnubrögð við gerð fjárlaga þurfi að vera miklu agaðri og betri og forsendur fjárlaga þurfa að vera miklu tryggari og betur unnar. Nú er verið að afgreiða fjárlög þar sem allt er í óvissu meira að segja fyrir næsta ár. Tekjuáætlunin er í mikilli óvissu og nánast bara skot út í loftið. Lántökur svo skiptir hundruðum milljarða kr. á næsta ári eru að stórum hluta ágiskunartölur. Þess vegna lögðum við í minni hlutanum til og erum þeirrar skoðunar að það hefði átt að fresta afgreiðslu fjárlaga og vinna þetta betur því að ef fjárlögin eru illa unnin og röng í grundvallaratriðum þá verður líka framkvæmd þeirra í þeim dúr. Agaleysið af hálfu ríkisstjórnarinnar hvað þetta varðar er slíkt að ég tel að það hefði átt að fresta afgreiðslu fjárlaga og afgreiða bara greiðsluheimildir.

Eitt vil ég spyrja í lokin hv. þingmann út í, þ.e. orð framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hér ræður nú húsum og er búinn að setja sérstakan tilsjónarmann með framkvæmd fjárlaga á Íslandi. Hann leggur áherslu á í viðtali í gær og í fyrradag sem birtist í fjölmiðlum mikilvægi þess að ríkissjóður passi sig nú á því að skera ekki of hart niður útgjöld, hann eigi frekar að auka í til þess að ríkissjóður verði á slíkum erfiðleikatímum hvati fyrir hagvöxt, hvati fyrir atvinnulíf, hvati fyrir þjónustuna. Þess vegna kemur mér á óvart að hann skuli samtímis leggja til þennan niðurskurð (Forseti hringir.) á fjárlögum 2010. Telur hv. þingmaður að hægt sé að skila hallalausum fjárlögum árið 2010 (Forseti hringir.) eins og sjóðurinn gerir kröfu um, frú forseti?

[12:09]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er nú orðið hart í heimi þegar hv. þm. Vinstri grænna, Jón Bjarnason, er farinn að nota orð framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að rökstyðja sitt mál. (Gripið fram í.) En ég fagna þeim umskiptum vegna þess einfaldlega að eins og við sjáum berlega á því viðfangsefni sem við glímum við þá hefðum við aldrei komist í gegnum og munum ekkert komast í gegnum þá starfsemi ríkisins sem við ætlum að standa straum af á næsta ári nema með aðstoð erlendra sjóða eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til þess að fjármagna þau útgjöld sem við erum hér um bil að samþykkja í dag.

Ég er sammála þeim orðum sem vitnað var til að ríkis-

sjóðurinn þarf á þessum tímum að bæta í umfram það sem hann hefur til ráðstöfunar. Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar að við séum að gera það með því að reka og gera áætlanir um að reka ríkissjóð með 150 milljarða kr. halla. Þá er ríkissjóðurinn að sínu leytinu að taka á. Það er rangt að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn geri kröfu um að ríkissjóður verði rekinn hallalaus árið 2010. Það eru áform uppi um það 2012/2013. Ég tel að við ættum að geta náð þeim markmiðum með því að vanda okkur, með því að halda vel utan um, en ekki síst með því að ríkissjóðurinn gangi þannig til verka og starfsemi okkar að við ýtum undir aukna verðmætasköpun í landinu, að við förum að vinna með þeim hætti að atvinnureksturinn okkar og atvinnulífið framleiði meiri verðmæti úr þeim auðlindum sem landið býr yfir því að grunnurinn að búsetu okkar hér í þessu annars ágæta landi er að nýta gögn þess og gæði til lands og sjávar.

[12:11]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér við 3. umr. fjárlög fyrir árið 2009 og þetta eru önnur fjárlög sem ég fæ sem fulltrúi í fjárlaganefnd að taka þátt í að móta og get aðeins tekið undir það sem hefur komið fram hér hjá minni hluta og raunar frá hv. formanni og varaformanni einnig í fjárlaganefnd að vinnubrögð hafa á margan hátt verið óhefðbundin. Það hefur orðið að vinna hratt hér síðustu dagana. Það hefur verið of lítill tími til nákvæmrar skoðunar á einstökum liðum og ýmsar áætlanir svo sem gengis- og verðlagsspár hafa komið á síðustu stundu og þess vegna var nú vinnan líka þannig að margt kemur hér inn í 3. umr. sem venjulega kemur inn í 2. umr. í fjárlögum.

Að draga þá ályktun að það hefði átt að fresta fjárlögum til þess að bíða eftir að fá nákvæmari upplýsingar er engu að síður fáránlegt að mínu mati vegna þess að það hefði ekkert legið fyrir eftir einhverjar tvær, þrjár vikur hver niðurstaðan yrði úr samningum varðandi Icesave. Þess vegna hefur meiri hlutinn — og það hefur raunar minni hlutinn tekið undir og er með tillögu um það — valið þá leið að tryggja það frekar að á næsta ári fljótlega verði hafin vinna við fjáraukalög þar sem mál verði skoðuð og betur fylgst með reglubundið og ég held að það skipti mjög miklu máli.

Annað sem hefur vakið athygli mína í þessari fjárlagavinnu er — eins og hefur raunar verið með stofnanir úti um allt land að þær fylgja ýmsum reiknilíkönum — að þá virðast ráðuneytin hafa sett sér mjög stífa ramma sem þau eiga að fylgja, hvert ráðuneyti fyrir sig. Oft og tíðum veldur þetta erfiðleikum þegar um er fjallað vegna þess að þá rúmast ekki mál hjá viðkomandi ráðherrum og erfitt er að hnika til stórum málum eins og ég kem að síðar.

Í síðasta lagi hefur það vakið athygli mína í umræðunni, einmitt kannski út af hraðanum eða ég veit ekki svo sem af hvaða ástæðum, að þá finnst mér í mörgum tilfellum verið að kalla eftir ótrúlega miklum upplýsingum frá ráðuneytum um hitt og þetta, alla vega lista og skýrslur, sem mér sýnist lítið vera gert með, sem kallar á ómælda vinnu í ráðuneytunum eða hjá starfsmönnum þingsins við að útbúa þessa lista. Ég held að við þingmenn, ekki hvað síst í stjórnarandstöðunni, þyrftum að vanda okkur miklu betur við að kalla eftir þessum upplýsingum og við að skipuleggja hvaða upplýsingar eru veittar í sambandi við fjárlagagerð.

Ástæðan fyrir því að ég tek þátt í þessari umræðu sérstaklega er í rauninni fyrst og fremst sú að mér finnst í allri umræðu um mál sem tengjast fjárlögum sérstaklega stjórnarandstaðan hafa gleymt því að íslenska ríkið hefur tapað fjórðungi sinna ráðstöfunartekna. Það er ekkert lítið. Það er hægt að bregðast við með ýmsum hætti. Það er hægt að láta sem ekkert sé og að sumu leyti er það gert (Gripið fram í.) vegna þess að það er verið að draga saman að litlu leyti, að miklu minna leyti en við þurfum að gera til lengri tíma, en útgjöldunum er haldið einfaldlega vegna þess að það skiptir gríðarlega miklu að við förum í gegnum þetta tímabil með þessari svokölluðu sveiflujöfnun þar sem við reynum að halda úti störfum hjá ríkinu nú þegar samdrátturinn er hvað mestur á öðrum sviðum.

Það að segja síðan, eins og hefur komið fram hér, að hér sé blóðugur niðurskurður og gengið harkalega á velferðarkerfið — ég ætla að leyfa mér að vísa því fullkomlega til baka. (Gripið fram í.) Það er alrangt og í allri vinnu sem hér hefur verið unnin af mér sem fulltrúa í félags- og tryggingamálanefnd og af þeim sem hafa komið að þessari vinnu hefur þess sérstaklega verið gætt að gæta hagsmuna þeirra sem lægstu launin hafa (Gripið fram í.) og þeirra sem eru á lífeyri og öðru slíku. Þetta segi ég hér vegna þess að það að leyfa sér það að kalla það — þó að við þurfum að breyta til baka að litlu leyti því sem bætt hefur verið bara á þessum 19 mánuðum sem ég hef verið hér í þinginu, að það skuli að litlu leyti dregið til baka þegar 25% niðurskurður er á ráðstöfunartekjum — að kalla það blóðugan niðurskurð og aðför að velferðarkerfinu er ekkert nema lýðskrum og dónaskapur gagnvart almenningi. Mér finnst skipta mjög miklu máli að það komi fram í þessari umræðu. Ég hef tekið þátt í því að reyna að verja velferðarkerfið og mun gera það áfram og í meginatriðum eru þær tillögur sem koma fram í gegnum þetta fjárlagafrumvarp í þeim anda að þess er gætt. Við getum þó ávallt tekist á um það hvernig við reynum að nálgast viðfangsefni eins og skattlagningu. Ég skal vera fyrsti maður til þess að viðurkenna að við þurfum að skoða mjög alvarlega hvort ekki eigi að taka upp þrepaskatt og þar með hátekjuskatt sem kæmi þá undir í þeim þrepaköttum og ég vænti þess að við fáum tækifæri til að ræða það í framhaldinu.

Í síðustu umræðunni hér, sem sagt núna við 3. umr., komu ýmsar lagfæringar líka sem snúa að menntakerfinu. Gengið er út frá því — menn réðust hér á það við 2. umr. að það væri verið að skera niður lánasjóðinn og að látið væri í það skína að það ætti að skerða kjör námsmanna umfram aðra. Það kemur skýrt fram hér að svo er ekki, þ.e. það stendur ekki til. Lánasjóðurinn er tryggur og það er heldur bætt í hann til baka aftur hér einmitt til þess að gefa þau skilaboð klárlega að það á ekki að skerða kjör námsmanna umfram kjör annarra hópa sem skerðast augljóslega við þá verðbólgu sem er í augnablikinu og við það ástand sem hefur skapast.

Það koma líka til baka nokkur framlög til háskólanna. En sá hængur er á að hér eru skildir eftir landbúnaðarháskólarnir og það verður að harma að ekki skuli búið að ljúka þeirri vinnu sem þarf til varðandi yfirfærsluna á landbúnaðarháskólunum frá landbúnaðarráðuneytinu yfir til

menntamálaráðuneytisins og að koma þeim undir það nýja háskólaumhverfi sem þeim er ætlað. Ég treysti á að sú vinna muni eiga sér stað mjög hratt og fljótt þannig að Háskólinn á Hólum fari undir þá áætlun sem sá starfshópur sem þar vann að verkum — sem undirritaður tók þátt í — að farið verði eftir þeim tillögum, skólinn gerður að sjálfseignarstofnun og að hann fái ramma sem hann ræður við til þess að efla sína starfsemi og byggja upp á því svæði. Sama gildir um landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Það þarf að vinda bráðan bug að því að hann fái tækifæri til þess að endurskipuleggja sig og fella sig undir háskólalögin. Hann á töluverðar eignir sem hann getur nýtt og það þarf að ganga frá málum þannig að sá skóli fái líka að dafna og styrkjast sem slíkur.

Í þessum fjárlögum eru gerðar ýmsar lagfæringar sem meðal annars snúa að byggðamálum sem eru mér mjög hugleikin. Reynt er að gæta þess í þeim skýrslum sem gefnar hafa verið út um Vestfirðina, Norðvestur- og Norðausturkjördæmi, öll þau svæði sem fóru eiginlega á mis við þensluna og hagvöxtinn, þ.e. að þar sem höfðu verið gerðar tillögur um útgjöld þá eiga þau flest að vera tryggð í fjárlagafrumvarpinu. Við gengum fast eftir því og það er reynt að tryggja að svo sé. Það gildir þar með um náttúrustofur, háskólasetur og gestastofur. Þó að þær sem nýjastar voru eða áttu að taka til starfa á næsta ári og fá þá fyrstu fjárveitingu séu látnar bíða þá er tryggt að Hornstrandastofa og Surtseyjarstofa verði áfram reknar og fái til þess fjármagn. Látrabjargið aftur bíður en fékk þó fjármagn í fjáraukalögunum og getur þá nýtt það til frekari undirbúnings í framhaldinu.

Það hefur verið töluverð umræða um heilbrigðismálin hér um að í gegnum fjárlög og fjáraukalög komi fram hugmyndir um breytingar þar á skipulagi. Ég vil taka undir það sem hefur komið fram í umræðunni að þar þarf að fara varlega fram og tryggja að þeim markmiðum sem boðuð eru með þeim breytingum, að efla þjónustuna og styrkja hana og gera hana um leið hagkvæmari, verði náð og að sú vinna fari fram með þeim aðilum sem best til þekkja á viðkomandi stöðum. Það getur verið auðvelt að líta á landakortið og sjá að hægt er að reka stofnanir sameiginlega. En fjarlægðirnar eru oft miklu meiri þegar tekið er tillit til vetrarveðra eins og á Patreksfirði eða annars staðar ef menn eiga að sameinast undir einhvern stað þar sem nánast er ekki hægt að hafa nein samskipti við nema þá í gegnum tölvu yfir vetrartímann. (Gripið fram í.)

Við höfum einnig rætt töluvert um Sjúkratryggingastofnun og Tryggingastofnun ríkisins og það er ljóst að í uppgjörinu á milli ráðuneyta varðandi öldrunarmál eða málefni aldraða á eftir að ljúka vinnunni eins og kemur fram hér í nefndaráliti. Það á líka eftir að stilla upp og klára skiptinguna varðandi Sjúkratryggingastofnun og Tryggingastofnun ríkisins. Sú vinna er í góðum farvegi og lýkur vonandi í byrjun næsta árs.

En annað er að gerast samhliða þeim erfiðleikum sem eru hér í efnahagslífinu, þ.e. að það kemur gríðarleg pressa á lífeyriskerfið. Það er hætta á fjölgun öryrkja, að stíflur bresti, bæði vegna þess að um er að ræða veikindi eða annað sem fylgir atvinnuleysinu eða því álagi sem fylgir fjárhagserfiðleikum sem óhjákvæmilega verður núna við hrun bankanna en líka vegna þess að kjör öryrkja hafa verið bætt stórlega og það eru dæmi um það — ég ætla bara að segja það hér — að meðal annars sveitarfélög sem hafa þurft að borga töluverða félagsþjónustu vísi á tryggingakerfið og bendi mönnum á að sækja frekar um örorkubætur. Við þurfum að sjálfsögðu að vinna gegn þessu og reyna að hafa mat tryggingakerfisins sem allra best. Þar voru uppi miklar hugmyndir um breytt fyrirkomulag og það verður að vinna hratt að þeim hugmyndum áfram. Þar voru hugmyndir um að efla Endurhæfingarsjóð sem var úrvinnsla úr kjarasamningum og sú vinna er sett inn aftur hér í 3. umr., þ.e. fjármagn til þess að vinna að þessum endurhæfingarsjóði og er það vel.

Ég ætla ekki að nota langan tíma til þess að fara yfir öll þau atriði sem eru í fjárlagafrumvarpinu. Ég vildi aðeins nefna þessi atriði og undirstrika að þó að hér sé um að ræða aukningu á tekjum í gegnum skatta, niðurskurð á ýmsum liðum, frestun á framkvæmdum og öðru slíku þá hafa menn reynt að gera það eins varlega og hægt er, reynt að gæta hagsmuna þeirra sem minnst mega sín, reynt að gæta hagsmuna landsbyggðar eftir því sem hægt er og þess vegna stend ég að þeirri fjárlagagerð sem hér fer fram.

Það er mikil vinna fram undan. Þetta er tækifæri til þess að hugsa með nýjum hætti hvort sem er varðandi sameiningu sveitarfélaga eða nýtingu auðlinda. Ég hef áður bent á að það eigi að skoða tekjurnar, meðal annars af auðlindum. Við þurfum að horfa til ferðamálanna og svo framvegis. Forsenda þess að við getum náð hér hallalausum fjárlögum innan nokkurra ára er sú að við höldum tekjunum en líka aðlögum ríkisreksturinn að þeim grundvallarþáttum sem við viljum að hann sinni.

Varðandi sameiningu sveitarfélaga þá held ég að menn eigi að horfast mjög harkalega í augu við það að eitt af vandamálunum sem sköpuðust hér á velmegunarárunum á undaförnum árum er kapphlaupið á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Að setja sér markmið, eins og Reykjavíkurborg gerði, að fjölga íbúum um 15% þá átti auðvitað að fylgja þeirri áætlun hvaða landshluta þeir ætluðu að flytja til Reykjavíkur. Svona hugmyndir þarf að vinna allt öðruvísi en gert hefur verið hingað til og það gildir líka að horfa upp á að á höfuðborgarsvæðinu veita sveitarfélögin mjög ólíka þjónustu og kasta þannig hvert til annars verkefnum eins og leiguíbúðum eða félagslegu húsnæði þar sem menn hegða sér með ólíkum hætti. Þó að oft sé horft til litlu sveitarfélaganna og að þau þurfi að sameinast þá þarf ekki síður að horfa til stjórnsýslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Fjárlögin eru unnin á miklum hraða. Það þýðir að við þurfum að fara fyrr í endurskoðun og bæta vinnubrögðin og það er verkefni okkar í náinni framtíð.

[12:24]

Frsm. minni hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðbjartur Hannesson kvartaði yfir því hvernig stjórnarandstaðan fjallar um þessi mál, að stjórnarandstaðan talaði um blóðugan niðurskurð og aðför að velferðarkerfinu, og hv. þm. Guðbjartur Hannesson telur það vera dónaskap gagnvart almenningi að tala um þetta.

Ég spyr: Er það dónaskapur gagnvart almenningi að benda á að raunbætur úr almannatryggingum muni skerðast á næsta ári vegna þess að gert er ráð fyrir rúmlega 5% verðlagshækkunum í frumvarpinu en við vitum öll að verðbólgan verður hærri? Er það dónaskapur gagnvart almenningi að benda á að það sama verður hjá bændum landsins? Er það dónaskapur gagnvart almenningi að benda á að nú ætlar Samfylkingin að byrja á því að rukka sjúklinga sem þurfa af einhverjum ástæðum að leggjast inn á sjúkrahús?

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna að ég skil ekki þennan málflutning.

[12:25]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hafi hv. þm. Magnús Stefánsson skilið mig svo að það væri dónaskapur að fjalla um hvaða breytingar eru gerðar í fjárlagafrumvarpinu biðst ég afsökunar á því. Dónaskapurinn felst í orðalaginu. Hvað ætla menn að kalla niðurskurðinn væri hann mun meiri og ef við hefðum horfið aftur til þess tíma sem var þegar Framsókn og sjálfstæðismenn stjórnuðu ein? Hvað kallast þetta þá? Það héti ekki blóðugur, það mundi væntanlega heita hrein og klár hryðjuverk eða ég veit ekki hvað ætti að kalla það.

Ég átti eingöngu við þau hástemmdu lýsingarorð sem hafa verið notuð um það sem er að gerast. Það er enginn að reyna að leyna því að það verður niðurskurður og hann verður á almennu launafólki vegna verðbólgunnar. Því er spáð að kaupmáttur rýrni um allt að 10–15% á næsta ári. Hjá bændum rýrnar hann mun minna, hjá lífeyrisþegum miklu minna. Ég hef haldið því fram að það sé verið að snúa hlutunum á hvolf með því að segja að þeir sem harðast verði úti séu lífeyrisþegarnir. Það sem ég er að gagnrýna er orðanotkunin en ekki það að veita upplýsingar, því að það er einmitt það sem okkur vantar, þ.e. að veita betri upplýsingar, að hafa hófstilltari umræðu með réttlátari upplýsingum en ekki að reyna að hreykja sér með einhverju lýðskrumi eða feluleik.

Ég ætla að taka það fram af því að hv. þm. Magnús Stefánsson kemur í andsvar að þetta á ekki við hv. þm. Magnús Stefánsson, ég er miklu frekar að lýsa málflutningi einstakra þingmanna Vinstri grænna svo það hafi verið sagt.

[12:27]

Frsm. minni hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þingmanni fyrir að segja það beint út við hvern hann á þegar hann talar svona. Ég veit eins vel og hann að þetta á ekki við mig en það er auðvitað alltaf best að menn komi beint fram þannig að það valdi engum misskilningi.

En það er annað mál sem ég vil fá að spyrja hv. þingmann út í. Hann fjallaði um landbúnaðarskólana og ég skildi hann svo að hann gerði sér vonir um að hægt yrði að leiðrétta rekstrarforsendur landbúnaðarskólanna. Í frumvarpi til fjáraukalaga er gert ráð fyrir að taka að nokkrum hluta á rekstrarhalla skólans á Hólum en enn þá hef ég ekki séð tillögur varðandi Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, hvort meiningin er að lagfæra rekstrarhallann. Það kemur væntanlega í ljós síðar í dag þegar koma fram tillögur við 3. umr. um fjáraukalagafrumvarpið, ég vonast til að þar verði einhverjar tillögur. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann telji að það verði svigrúm á næsta ári eða þarnæsta ári, annaðhvort í fjárauka árið 2009 eða í fjárlögum 2010, til að lagfæra rekstrargrundvöll þessara skóla. Miðað við útlitið þá er það skoðun mín að það verði minna svigrúm 2009 og 2010 en stjórnarmeirihlutinn hefur í fjáraukalögum fyrir árið 2008 til að koma til móts við þetta. Ég vil spyrja hv. þingmann hvað hann sjái fyrir sér í þessu.

[12:28]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það kann að vera að ég ætti að nafngreina alla þá sem hér hafa notað hástemmd lýsingarorð um það sem hefur verið að gerast. Ég leyfði mér að segja stjórnarandstaðan, einfaldlega vegna þess að hún kemur ein og heil með andstöðuna við fjárlagafrumvarpið og notar sum af þessum orðum (**Gripið fram í:** Nei.) í sínu áliti, þ.e. hófstilltari en ég talaði um og ég mundi ekki kalla það dónaskap en engu að síður leyfi ég mér að fullyrða að þar sé að sumu leyti um að ræða ýkjur á ástandinu.

Varðandi landbúnaðarháskólana þá verð ég að vísa því til menntamálaráðherra að svara umfjölluninni um þá. Ég deili áhyggjum með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni af skólunum. Ég tel þó að svigrúmið sé nægjanlegt innan háskólasamfélagsins og útgjalda til menntamála í heild að koma þessum skólum inn í ramma laga um háskóla. Ég held að þarna sé fyrst og fremst um það að ræða að menn hafi ekki lokið vinnu sinni og treysti á að það verði gert í framhaldinu, en það er auðvitað alveg lífsspursmál að atvinnugreinaskólar eins og landbúnaðarháskólarnir fái svigrúm til að dafna og þjónusta þær atvinnugreinar sem þá snerta.

[12:30]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Guðbjarti Hannessyni er vorkunn að standa að þessu fjárlagafrumvarpi, ég skil það. Varðandi þær áherslur sem hv. þingmaður var með, m.a. um skattlagninguna, sagði þingmaðurinn að honum hugnaðist betur þrepaskiptur tekjuskattur en flatur tekjuskattur sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins leggur með stuðningi Samfylkingarinnar, sem kemur náttúrlega fyrst og fremst hlutfallslega harðast niður á lægri tekjum og meðaltekjum. Mér fannst nú ágætt að heyra þar slá visst jafnaðar- og samvinnuhjarta.

Ég dreg í efa að það sé einhver óskastaða hjá hv. þm. Guðbjarti Hannessyni að það sé ríkisstjórn Samfylkingarinnar sem stendur að því að taka upp aðgangseyri að sjúkrahúsunum. Ég dreg það í efa þannig að ég skil alveg viðkvæmni hv. þingmanns.

Það sem ég ætlaði annars að spyrja um var annað sem ekki vannst tími til að taka á í fjárlaganefnd. Ég spurði um það en fékk ekki svör. Það er t.d. um tónlistarskólanám, sérstaklega dreifbýlisfólks, ungs fólks sem verður að fara langt að heiman í framhaldsskóla. Ef það ætlar að halda áfram í tónlistarnámi verður það að borga það að fullu. Þetta er búið að vera að veltast í kerfinu undanfarin ár og ríkið hefur alltaf vikið sér undan eðlilegri ábyrgð í þeim efnum.

Sama er um kostnað ungs fólks og fjölskyldna sem

verða að senda nemendur langt frá sér í framhaldsskóla. Í þeim tekjusamdrætti sem nú er og verður og er þegar farinn að hafa áhrif, og atvinnuleysi (Forseti hringir.) er þetta gríðarlega íþyngjandi. Ég þekki fjölskyldur sem verða að hætta við að senda börn sín (Forseti hringir.) frá sér af landsbyggðinni í framhaldsskóla.

[12:32]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. Jón Bjarnason þurfi ekkert að vorkenna mér frekar en öðrum að takast á við þann vanda sem við horfumst í augu við. Ég á bara ekki þann kost að nota þá aðferð sem flokksfélagar hans hafa notað að fela bara veruleikann, taka ekkert á honum og stinga upp á hækkunum og helst ekki hækka neina skatta eða bregðast neitt við og segja: Við hefðum ekki átt að taka lán, en um leið að tala um að við hefðum átt að vera með miklu hærri gjaldeyrisvarasjóði o.s.frv. Það er ekkert auðvelt að takast á við þessa hluti en ég vorkenni mér ekki að gera það frekar en öðrum.

Varðandi tekjuskattinn og hækkunina er ástæðan fyrir því að ég get með góðri samvisku samþykkt þá hækkun einfaldlega sú að það er hækkun á skattleysismörkum samhliða. Það þýðir að tekjuskatturinn byrjar ekki að telja á lægstu launin. Þetta á hv. þm. Jóni Bjarnasyni að vera ljóst og hv. þingmaður getur skoðað hvar þessi mörk skerðast. Það er ekki verið að skerða láglaunafólkið hvað varðar tekjuskattinn.

Varðandi tónlistarskólamálin deilum við þeim áhyggjum. Þarna átti auðvitað að vera búið fyrir löngu að ljúka málum en í því ferli eru samskipti sveitarfélaga og ríkisins og verið er að deila og véla um útgjöld þar hvort á sinn veginn. Í menntamálanefnd og víðar hefur komið fram að þetta sé allt í eðlilegum farvegi og ég treysti á að þessum málum verði lokið.

Ég deili jafnframt þeim áhyggjum að fólk þurfi að sækja langt í framhaldsskólanám. Sömuleiðis hefur þar verið tekið vel á málum, t.d. með framhaldsdeildum eins og á Tálknafirði. Það er ekki verið að skerða það á neinn hátt í fjárlagafrumvarpinu, það er ekki verið að minnka neitt möguleikana í sambandi við það. Jöfnun til námskostnaðar kemur inn nú í 3. umr., þ.e. hækkun aftur til baka. Ég treysti því á að við getum sameiginlega staðið vörð um að fólk geti stundað nám sem næst sínu heimili.

[12:34]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á stöðu ungs fólks, sérstaklega á landsbyggðinni sem þarf að sækja langt í framhaldsskóla, taka þar á leigu húsnæði og halda sér uppi, vegna þess að aðstæður eru líka breyttar. Þær eru enn þá harðari og var það ekki gott áður, það var mismunun fyrir. Núna eru því minni möguleikar fyrir þetta unga fólk í skólahléum sem hefur verið mjög duglegt að fá sér vinnu til að reyna að vinna upp skólakostnaðinn. Fólk hefur minni tekjur sem bitnar langharðast á þeim sem eru tekjulægstir. Verður þarna að leggja í kostnað sem önnur heimili þurfa ekki eins og t.d. í höfuðborgarskólunum þar sem allir skólarnir eru staðsettir. Meira að segja var rausnarskapurinn ekki meiri en svo að þegar felld voru niður af hálfu Reykjavíkurborgar strætógjöld fyrir nemendur í framhaldsskólum gilti það bara fyrir íbúa svæðisins. Eru þó viðkomandi nemendur komnir utan af landi og greiða hér húsaleigu og alla sína neyslu. Samt er staðan ekki rausnarlegri en sú.

Í lokin, herra forseti, vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann vilji í ljósi orða hans áðan koma með okkur í þann leiðangur — og hann hefur nú stöðu til þess, ég held að hann sé formaður hv. heilbrigðis- og tryggingaefndar, (Gripið fram í.) já, félags- og tryggingamála — hefði sjálfsagt mátt vera líka heilbrigðismála. Ég hefði nú treyst honum enn þá betur en núverandi formanni þar fyrir því að taka á málefnum heilbrigðisþjónustunnar á Vesturlandi og Norðurlandi og Norðausturlandi. Þetta eru svæðin sem mokuðu ekki upp neinum fjármunum á árum undanfarinnar þenslu. Þess vegna tel ég að fara eigi mjúkum höndum um það þegar verið er að beita niðurskurði á heilbrigðisstofnanir þar. En númer eitt: Ef breyta á skipulagi þessara stofnana er það náttúrlega gert af einhverri skynsemi og (Forseti hringir.) í samráði við heimafólk en ekki með einhliða aðgerðum af (Forseti hringir.) hálfu ráðherra í pukri. Vill hv. þingmaður ekki beita áhrifum sínum í þá veruna, herra forseti?

[12:37]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. þingmaður. Ég held að ég geti svarað fyrirspurnum hv. þm. Jóns Bjarnasonar með einföldu jái. Að sjálfsögðu hef ég áhuga á því að beita mér fyrir því að sem hagstæðust niðurstaða náist varðandi heilbrigðisstofnanir á Norðvesturlandi sem og annars staðar og að þess sé gætt að markmiðin hvað varðar þjónustu séu í forgrunni. Við verðum auðvitað líka að hafa markmið heildarinnar í huga, að við höfum efni á því að reka þá þjónustu sem rekin er. Þess vegna vil ég alls ekki útiloka að það eigi sér stað mikil og góð vinna í sambandi við hvernig við getum samnýtt stofnanir, deilt verkefnum á milli stofnana og tryggt þannig betri þjónustu með heildstæðara yfirliti. Sú vinna þarf að fara fram og er að sumu leyti í gangi. Ég ætla að treysta því að svo verði áfram og því verði betur fylgt eftir með markmið landsbyggðarfólksins í huga.

Við deilum örugglega áhyggjum af því fólki sem þarf að sækja langt í þjónustu. Við erum nýbúin að afgreiða m.a. frumvarp um þjónustumiðstöð fyrir sjónskerta og fleiri. Þar var einmitt tekið sérstaklega fram að þess yrði gætt að sú þjónusta væri í boði fyrir alla landsbyggðina og að menn mundu gæta þess í gjaldskrá og með öðrum hætti að tryggja að fólki væri ekki mismunað eftir búsetu. Það er markmiðið í öllu því sem við gerum.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:38]

[13:30]

Útbýting:

Fjáraukalög 2008, 239. mál, þskj. 433.

Fjárlög 2009, 1. mál, brtt. SKK o.fl., þskj. 448; brtt. GSv og KÞJ, þskj. 462.

Skattlagning kolvetnisvinnslu, 208. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 458.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 219. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 459; brtt. efh.- og skattn., þskj. 461.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 448 og 462. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Fjárlög 2009, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 360, frhnál. 440 og 450, brtt. 441, 442, 443, 444, 445, 448 og 462.

[13:36]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Maður hefur fengist við skemmtilegra viðfangsefni um dagana heldur en taka þátt í þessari fjárlagaumræðu á þessum desemberdegi sem er að vísu nokkrum mínútum lengri en dagurinn í gær en það er enn nokkuð mikið skammdegi samt yfir málum á Íslandi.

Það má segja að heildarmyndin hafi smátt og smátt verið að skýrast þótt enginn hafi almennilega lagt í að draga hana upp eða setja hana á blað. Þó má segja að hv. þm. Kristján Þór Júlíusson, varaformaður fjárlaganefndar, hafi ekkert dregið undan í því að breytingin hvað varðar afkomu ríkissjóðs væri stórfelld og dramatísk, að fara úr áður áætluðum afgangi upp á tæpa 40 milljarða á þessu ári yfir í nokkurra milljarða halla eins og nú stefnir í. Hann sagði að síðan drægi í sundur með tekjum og gjöldum ríkissjóðs á næsta ári um yfir 150 milljarða kr. Það eru væntanlega engin dæmi í ríkisbúskap okkar að svo hrottaleg sveifla komi inn á ríkissjóð á einu einasta ári og er þó ekki allt búið enn því að menn bæta því gjarnan við og hafa gert núna síðustu dagana og vísað þar m.a. í landstjórann nýja eða stiftamtmanninn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að árið 2010 verði enn erfiðara. Það þurfi jafnvel strax að fara í undirbúning að frekari niðurskurði eða aðgerðum á fyrstu mánuðum næsta árs.

Í raun og veru er meiri hlutinn á sinn hátt búinn að viðurkenna að þetta séu einhvers konar bráðabirgðafjárlög og þetta sé svona ágiskun út í loftið, einhver rammi. Þá má spyrja til hvers verið er að setja fjárlög yfirleitt fyrir allt árið 2009. Hefði ekki verið málefnalegra og heiðarlegra að horfast í augu við það að forsendurnar eru þannig að vænlegast væri að afgreiða greiðsluheimildir fyrir ríkissjóð eftir áramótin þannig að það verði hægt að borga út laun og efna gerða samninga og virða eða fullnusta skuldbindingar ríkisins sem falla til á fyrstu vikum næsta árs og halda þessari vinnu áfram? Vegna þess að hæstv. ríkisstjórn velur hvort eigum við að kalla það einfalda eða aumingjalega leið þegar kemur að hinni hlið málanna, spurningunni um hvaða tekna væri með sanngjörnum hætti mögulega hægt að afla, ekki til að skipta sköpum í sambandi við hallann eða horfurnar að því leyti því að það er augljóslega ekki í okkar höndum. Við sækjum enga 100 eða 150 milljarða til að ná ríkissjóði hallalausum á næsta ári, það er ekki hægt, en fyrst og fremst til að horfa á hina hliðina sem ekki er undir og það eru viðfangsefnin, það er þjónustan, það eru störfin, það er almenningur í landinu sem á að búa við þessi fjárlög. Þá munar um hverja krónu, hverja milljónina, hverjar 10 millj., hverjar 100 millj., hvern milljarð sem við gætum kannski losað með einhverjum hætti, aflað með tekjum eða fengið upp í með einhverjum frekari sparnaði sem kæmi betur niður en það sem nú stendur til. Hann ætti að setja í þau verkefni sem tilfinnanlegast verða útleikin hér ef svo heldur sem horfir. Er enginn pólitískur áhugi á því á Alþingi, alla vega ekki innan stjórnarflokkanna að reyna að leita einhverra leiða til að þurfa ekki að fara að selja inn á sjúkrahúsin? Er það ekki einnar messu virði?

Hvað með Samfylkinguna, jafnaðarmannaflokk Íslands? Er það ekki svolítið sárt enn þá fyrir þann flokk að ætla að bæta nú í arfleifð sína eða forvera sinna með því að fullkomna sjúklingaskattaprógrammið þannig að hvergi í heilbrigðisþjónustunni verði lengur um að ræða gjaldfrjálsa þjónustu, ekki einu sinni þegar maður er vistaður inn á sjúkrahús að ráði læknis?

Þetta eru ekki stórir fjármunir. Það eru að vísu settar þarna inn 360 millj. sem allir vita að munu ekki nást og virðist ekki standa til að ná með sjálfu innritunargjaldinu heldur eitthvað upp í það. Hér er því einhver sýndarmennska á ferðinni enda er það í sjálfu sér ekki upphæðin sem öllu skiptir heldur grundvallaratriðið. Ætlum við líka að fara út í það ef við gætum með metnaðarfullri vinnu, segjum fram eftir janúarmánuði, náð niðurstöðu sem væri kannski í átt við það sem tillögur okkar vinstri grænna ganga út á, að fara blandaða leið viðbótartekjuöflunar þar sem lagðar væru einhverjar frekari byrðar á þá sem helst eru aflögufærir eftir í landinu? Hverjir eru það? Ætli það sé ekki það fólk sem enn er svo heppið að vera í fullri vinnu með góð laun eða þá þeir sem eru svo efnaðir að þeir hafa umtalsverðar fjármagnstekjur? Það skyldi nú ekki vera. Og ef slíkir aðilar geta lagt nokkra milljarða í púkkið á næsta ári sem við notum beint í það að hætta við að selja inn á sjúkrahúsin, að draga úr og helst falla frá sparnaði í almannatryggingakerfinu. Reyna kannski að milda niðurskurðinn og sársaukann í því sem stendur til að gera annars staðar og almennt í heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu, svo að dæmi sé tekið.

Það vekur líka mikla athygli hvernig ríkisstjórnin hyggst fara í sparnaðinn. Þar er hlíft ýmsum gæluverkefnum sem mér er algerlega óskiljanlegt að menn skuli láta hvarfla að sér að halda áfram að moka peningum í eins og aðstæður eru orðnar í samfélaginu. Hvað á það að þýða að setja á annan milljarð króna í varnarmálastofnun suður við Keflavíkurflugvöll? Nýtt batterí sem snýst aðallega um að undirbúa og halda heræfingar, fá hingað vini okkar eins og Breta sem ætluðu að koma í jólamánuðunum og leyfa þeim að leika sér hér á okkar kostnað að verulegu leyti í einhverju svokölluðu loftrýmiseftirliti. Þeir líta á það sem skemmtilegt frí, skemmtilegt tækifæri til að leika sér og æfa stríðstól sín í landi þar sem þeir fá kannski að olnboga sig með frjálsari hætti en þeir geta gert heima hjá sér hvað varðar lágflug og annað í þeim dúr.

Hvað á það að þýða, virðulegur forseti, að halda til streitu þessum fokdýru skipulagsbreytingum í heilbrigðis- og tryggingamálum sem við erum með á borðunum núna og kosta stórfé. Það er búið að eyða stórfé og enn er verið að eyða stórfé og á að biðja um meira í ráðgjöf til innlendra og erlendra aðila til að halda þessari vitleysu áfram. Komið hafa fram upplýsingar um þetta mál í allsherjarnefnd, hygg ég. Búið er að verja í þetta heilmiklum peningum. Strax á árinu 2007 fóru í þetta tæpar 12 millj. í ráðgjöf, í þetta gæluverkefni ríkisstjórnarinnar að stofna Sjúkratryggingastofnun. Það fara í það tæpar 40 millj. kr. á þessu ári, þá eru komnar 50 millj. kr. Það er upplýst að það kosti stórfé á ári hverju að reka þetta tvöfalda batterí, reka þessa nýju stofnun umfram það sem sparast hjá Tryggingastofnun því að hana á að reka áfram. Hún verður keyrð áfram með sinni yfirstjórn, sínum tölvukerfum og sínum bráðnauðsynlegu verkefnum. Það væri fróðlegt, frú forseti, að hæstv. heilbrigðisráðherra kæmi og færi aðeins yfir þetta líka, t.d. þennan ráðgjafarþátt. Mér er að vísu ljóst að þetta er vistað hjá forsætisráðuneytinu undir því yfirskini að það varði samskipti tveggja ráðuneyta, það sé erfitt að sortera það sundur. Það virðist t.d. vera þarna eitt ráðgjafarfyrirtæki, InDevelop Íslandi ehf. sem hafi fyrst og fremst annast þessa vinnu og verið áskrifandi að tugum milljóna króna hjá ríkissjóði fyrir ráðgjöf varðandi þetta verkefni.

Hvernig var þetta fyrirtæki valið? Var þetta boðið út? Hvernig hefur ráðgjöfin gefist, frú forseti? Er ekki allt logandi í illdeilum í málinu? Kom ekki hæstv. félagsmálaráðherra og sagði að þetta væri ófremdarástand eftir eins og hálfs árs ráðgjöf sem kostað hefur tugi og aftur tugi millj. kr.? Þá er ófremdarástand, segir annar af tveimur hæstv. ráðherrum sem málið varðar sérstaklega, ráðherra tryggingamála. Þetta býður ríkisstjórnin upp á í sama mund og farið er í blóðugan og sársaukafullan niðurskurð á viðkvæmum sviðum velferðarmála. Verið er að þjarma t.d. að skólunum þannig að skólayfirvöld vita ekki hvernig þau eiga að takast á við þá auknu aðsókn sem nú er til þeirra af því að fólk vill sem betur fer frekar nota tíma sinn í að reyna að mennta sig en ganga um atvinnulaust. Þá er á sama tíma skorið niður, stórfelldur niðurskurður á stærstu menntastofnunum, tilfinnanlegast hjá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Á sama tíma gengur menntamálaráðherra um og segir að það sé um að gera fyrir fólk að drífa sig inn í skólana og nota tímann til að mennta sig. En hvernig þeir eiga síðan að takast á við það að kenna öllum þessum nýju nemendum, búa þeim starfsaðstöðu og finna fyrir þá rannsóknarverkefni eða annað eftir atvikum því að margir af þessum nemendum ætla sér í framhaldsnám í háskóla? Því er ekki svarað.

Ég held því fram, frú forseti, að einn mesti veikleikinn í því hvernig menn glíma — ef glímu skyldi kalla — við þessa erfiðleika okkar sé að menn horfa fram hjá því að Ísland er þróað land með norrænt velferðarkerfi, að því marki sem það komst til þroska hér, sem er að lenda í kreppu.

Við erum með félagslega aðstoð hjá sveitarfélögum. Við erum með atvinnuleysistryggingar og við erum með ýmsar frekari ráðstafanir, sem betur fer, sem fólk á að geta reitt sig á ef það þarf á því að halda. En það þýðir að á sama tíma og útgjöld sparast að nafninu til, t.d. með uppsögnum opinberra starfsmanna, vakna þau annars staðar í formi atvinnuleysisbóta, félagslegrar aðstoðar eða slíkra hluta hinum megin hjá þessu sama opinbera. Þess vegna verður að horfa á hlutina dálítið öðruvísi hér en menn hafa gert sums staðar í vanþróaðri ríkjum þar sem fólki stendur því miður ekki til boða öryggisnet af því tagi sem við vonandi erum þó sammála um að við ætlum að verja, enda aldrei mikilvægara en þegar aðstæður af þessu tagi skella á.

Ríkisstjórnin kynnti líka á hinum frægu karamellufundum sínum síðdegis á föstudögum með hálfs mánaðar millibili, held ég, meðan hún naut ráðgjafar norska hermála- og almannatengslafulltrúans sem kostaði örugglega eitthvað, annars vegar blað um aðgerðir til stuðnings heimilunum og svo seinna aðgerðir til stuðnings atvinnulífinu. Það var magurt svo að vægt sé til orða tekið hvort tveggja. Síðan hefur ekkert af því heyrst. Er eitthvað í fjárlagafrumvarpinu sem bendir til þess að ríkisstjórnin sé með einhverja heildstæða áætlun, einhverja hugsun, eitthvert „prógramm“ um hvernig styðja eigi heimilin í alvörunni í gegnum erfiðleikana og hvernig eigi ekki bara helst að halda atvinnulífinu á lífi heldur vonandi horfa til aukinna verðmætasköpunarmöguleika og allra tækifæra sem mögulegt er að nýta sem hefur aldrei verið okkur mikilvægari en nú, a.m.k. um langt árabil? Það er því miður ekki, það er engu slíku til að dreifa hér. Stundum er sagt að það sé dýrt að vera fátækur og það er rétt. En leiðin út úr fátæktinni er þó að reyna eitthvað, reyna að bæta aðstæður sínar, reyna að afla tekna.

Hvað er það sem er mikilvægast af öllu fyrir Ísland núna? Það er að verjast atvinnuleysi og það er að verjast landflótta, það er engin spurning. Þær bráðustu hættur sem að okkur steðja og munu gera hlutina enn óviðráðanlegri ef mönnum tekst ekkert til í þeim efnum er að við missum atvinnuleysi upp úr öllu valdi og að ekkert rofi til í þeim efnum. Það mun verða ávísun á landflótta fyrr eða síðar. Ef ekki tekst að draga upp það andrúmsloft að menn ætli að snúa sér af alvöru og kjarki í að takast á við þessa erfiðleika en ekki hrekjast undan eins og núverandi blessuð ríkisstjórn hefur gert fram að þessu lítur þetta satt best að segja því miður ekkert allt of glæsilega út hjá okkur, frú forseti. Það er dapurlegt að þurfa að segja það og horfast í augu við það. Auðvitað heldur maður í trúna (Forseti hringir.) á það að þetta sé leysanlegt verkefni, erfitt sem það verður. En það þarf þá heldur betur að fara að verða breyting á frá því sem andrúmsloftið hefur þróast hjá (Forseti hringir.) hæstv. ríkisstjórn enn sem komið er.

[13:51]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér við 3. umr. fjárlög fyrir árið 2009. Í þau tæpu sex ár sem ég hef setið á Alþingi Íslendinga þá verð ég segja að ég held að ég hafi ekki upplifað dapurlegri stund. Að fylgjast með því úrræðaleysi og þeim handahófskenndu vinnubrögðum sem ríkisstjórnin hefur viðhaft á síðustu vikum er vægast sagt mjög dapurlegt að horfa upp á, því að rétt eins og hv. þm. Magnús Stefánsson, sem var framsögumaður minni hlutans í þessu máli, benti á þá er þetta þannig, svo ég vitni orðétt til þess álits sem þingmaðurinn mælti fyrir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur haldið öllum þessum málum í fangi

sér og skammtar Alþingi sínar lausnir og ákvarðanir, nánast tilviljanakennt, seint og illa. Það er mikill ábyrgðarhluti að allt þetta fólk sitji nánast aðgerðalaust meðan hamfaraástand hefur ríkt í efnahagsmálum þjóðarinnar. Björgunarsveitin var þannig látin bíða aðgerðalaus meðan þeir sem voru á slysstað voru nánast látnir sjá um sig sjálfir. Þessi framkoma ríkisstjórnarinnar gagnvart Alþingi og almenningi í landinu er í senn ólýðræðisleg og óþingleg. Ekki síst á erfiðleika- og óvissutímum er mikilvægt að virða lýðræðislegar grunnstoðir þjóðfélagsins.“

Hæstv. forseti. Þetta er kjarni málsins. Alþingi hefur setið hjá á undanförnum vikum þegar mestu efnahagshamfarir síðari tíma hafa dunið yfir þjóðarbúið. Ríkisstjórnin hefur sýnt hér algeran einleik og hefur litið á Alþingi Íslendinga sem eins konar afgreiðslustofnun fyrir þær ákvarðanir sem þessi þröngi hópur, þ.e. ríkisstjórnin, hefur vélað um í málefnum þjóðarinnar. Nú koma hæstv. ráðherrar í fjárlagaumræðunni og óska eftir tillögum frá stjórnarandstöðunni. Hvar vill stjórnarandstaðan skera niður? spyrja hæstv. ráðherrar. Hefði ekki verið nær fyrir hæstv. ráðherra að kalla stjórnarandstöðuna fyrr að þessu verki en núna á síðustu dögum desembermánaðar? Af hverju segi ég þetta, hæstv. forseti? Það hefur verið skoðun okkar framsóknarmanna lengi að hér þyrfti að mynda vettvang þar sem allir færustu aðilar í samfélaginu kæmu saman að borðinu til að skapa heildarlausnir í því erfiða árferði sem ríkir í samfélagi okkar.

Hæstv. forseti. Þegar stjórnarliðar segja að við framsóknarmenn eða stjórnarandstaðan hafi ekki komið með tillögur í þeim efnum að bæta stöðu mála og reyna að ná árangri á grundvelli samvinnu og samræðu, rétt eins og annar flokkurinn sem á aðild að ríkisstjórn boðaði í aðdraganda síðustu kosninga, þá höfum við gert það. Fyrri hluta októbermánaðar lagði þingflokkur Framsóknarflokksins fram tillögu til þingsályktunar, sem hv. þm. Guðni Ágústsson mælti fyrir á Alþingi, um að stofna samvinnu- og efnahagsráð Íslands. Sú tillaga gerði ráð fyrir að kalla saman forustumenn íslenskra stjórnmálaflokka, fulltrúa atvinnulífsins, launþega, sveitarfélaga, fjármálafyrirtækja, Bændasamtaka Íslands, sjávarútvegsfyrirtækja, ásamt helstu sérfræðingum á sviði efnahagsmála frá Seðlabanka Íslands og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þessi vettvangur sem við framsóknarmenn mæltum fyrir í október strax í kjölfar bankahrunsins og töldum að þyrfti að koma saman hefur ekki verið kallaður saman og þingsályktunartillagan liggur reyndar enn hjá hv. efnahags- og skattanefnd og hefur ekki verið afgreidd þaðan. Ég held að öllum ætti að vera það ljóst og ég ætla að fullyrða það hér að hefðu menn komið saman og stundað samræðustjórnmál og nýtt samvinnu á þessum erfiðu tímum væri staðan með öðrum hætti en hún er í dag. Staðreyndin er sú að hæstv. ríkisstjórn hefur verið eini leikandinn í þeim aðgerðum sem stjórnvöld hafa brugðist við á síðustu mánuðum, tilviljanakenndum viðbrögðum og fálmkenndum. Því til vitnisburðar getum við nefnt að Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands, sem hefðu átt að eiga aðild að slíku samvinnu- og efnahagsráði Íslands, hafa oftsinnis gagnrýnt ríkisstjórnina, stjórnarmeirihlutann fyrir vitlausar ákvarðanir. Hefði ekki verið nær, hæstv. forseti, að kalla þessa aðila fyrr að borðinu?

Við framsóknarmenn höfum gagnrýnt fjárlagafrumvarpið og þá höfuðáherslu sem Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn eru með í því að skera niður gagnvart einstaka hópum. Það sem við vildum í byrjun október var að kalla saman helstu aðila í íslensku samfélagi til að mynda þjóðarsátt. Það þarf að mynda þjóðarsátt og ég vil meina að fyrsti vísirinn að þeirri þjóðarsátt sé kominn fram á Alþingi sem felst í því að lækka laun æðstu embættismanna ríkisins. Þar þarf að byrja á þeirri þjóðarsátt og síðan þarf að vinna sig niður í því að koma til móts við hrikalega alvarlegan aðsteðjandi vanda.

Við framsóknarmenn gerum okkur grein fyrir því að það þarf að fara í óvinsælar aðgerðir. Ég held að allir launamenn á almennum vinnumarkaði og hinum opinbera þurfi að taka á sig einhvers konar kjaraskerðingu, ég held að það sé óumflýjanlegt í ljósi þess ástands sem ríkir í samfélaginu en það þarf að gera eftir réttum leiðum og menn þurfa að byrja á réttum enda. Þess vegna hefði þurft að kalla þessa aðila saman að borðinu fyrir löngu síðan til þess að taka mikilvægar ákvarðanir. Það er staðreynd að útgjöld ríkisins vegna launa eru um 70%. Þess vegna hlýtur að þurfa að ná fram einhvers konar samkomulagi á hinum opinbera vinnumarkaði um að draga þar úr án þess að grípa þurfi til fjöldauppsagna, nógu slæmt er ástandið. Það hefur ekki verið gert og ekki hefur verið hlustað á tillögur framsóknarmanna í þessum efnum. Til merkis um það er að enginn stjórnarliði tók til máls þegar hv. þm. Guðni Ágústsson mælti fyrir þingsályktunartillögu okkar. Í raun og veru tók aðeins einn annar flokkur þátt í þeirri umræðu en það var Frjálslyndi flokkurinn með formann þess flokks, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, í broddi fylkingar.

Ég spyr, hæstv. forseti: Hefði ekki verið ráð að kalla fyrrnefnda aðila saman í októbermánuði síðastliðnum, fyrir rúmum tveimur mánuðum síðan? Ég segi jú. En þegar stjórnarliðar hlusta ekki og vilja ekki horfa á þær tillögur sem stjórnarandstaðan leggur fram og við framsóknarmenn höfum lagt fram þá er náttúrlega erfitt um vik. Það sem við gagnrýnum hér, hæstv. forseti, og gagnrýnum Samfylkinguna sérstaklega fyrir, jafnaðarmannaflokk Íslands, er að menn byrja ekki á þeim enda sem þeir hefðu átt að byrja á, að taka á málinu heildstætt og byrja á að lækka laun æðstu embættismanna ríkisins og fikra sig niður eftir stiganum í framhaldinu. Nei, þessi flokkur, Samfylkingin, byrjar á því í bandormi sem við ræddum í síðustu viku að skerða kjör aldraða og öryrkja um 3,9–4,9 milljarða kr. og taka upp sjúklingagjald sem á að skila um 360 millj. kr. Og Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin stóðu að því að brjóta samkomulag gegn bændastéttinni þar sem greiðslur til bænda sem voru undirritaðir samningar eru skertar um 800–1.000 millj. kr.

Hæstv. forseti. Það er þessi nálgun sem við erum að gagnrýna í þessari umræðu sem er að mörgu leyti sárgrætileg. Enn og aftur tek ég fram að ég tel að grípa þurfi til óvinsælla aðgerða og ég er alveg til í að standa að slíku en það verður þá að vera eitthvert vit í því, hæstv. forseti, og það hefði þurft að vera búið að mynda einhverja þjóðarsátt um það hvernig að menn ætla að taka heildstætt á þessum vanda.

Ég gat ekki orða bundist þegar hv. þm. Guðbjartur

Hannesson kom hér upp og sagði að Samfylkingin væri að gæta hagsmuna þeirra sem minnst mega sín og hagsmuna landsbyggðarinnar. Ég hef farið örfáum orðum um það hvernig komið er fram gagnvart öldruðum og öryrkjum en ofan á þessa 3,9–4,9 milljarða kr. höfðu kjör þessara hópa verið skert fyrr á árinu um 3,6 milljarða sem var lækkun á viðmiði í tengslum við gerð kjarasamninga. Það er því búið að skerða kjör aldraðra og öryrkja stórlega á þessu ári og því miður sýnist mér, miðað við hvernig framtíðarhorfurnar eru, að það verði meira um það hjá hæstv. ríkisstjórn að seilast í þá vasa. Ég gleymdi, hæstv. forseti, að taka með mér blað frá Félagi eldri borgara þar sem þessi forgangsröðun ríkisstjórnarinnar var hörmuð og í raun hefur Öryrkjabandalagið gert það líka.

Mig langar, hæstv. forseti, í ljósi þess að ég hef rætt þessi mál allítarlega í umræðu um bandorm ríkisstjórnarinnar og áður í fjárlagaumræðunni, að ræða um annað. Það eru áherslur Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins gagnvart landsbyggðinni — og ber nú í veiði þegar hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir gengur fram hjá. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur mælt fyrir því að sameina heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni og það ekkert smávegis. Heilbrigðisstofnanir frá Blönduósi allt austur á Langanes eiga að renna undir sama hattinn. Við erum þar að tala um heilbrigðisstofnanirnar á Blönduósi, Skagafirði, Siglufirði, Akureyri, Húsavík og alveg austur að Langanesi. Vita hv. stjórnarliðar eitthvað hvað þeir eru að samþykkja? Þetta hefur verið gert án þess að hafa nokkurt samráð við sveitarstjórnir á viðkomandi svæðum eða viðkomandi stofnanir. Ég ætla að minna hv. þm. Lúðvík Bergvinsson á að hér er um undirstöðustofnanir að ræða í viðkomandi samfélögum. Stofnanir sem er grundvöllur búsetu á viðkomandi stöðum. Og hvað ætla menn sér með þessum hagræðingaraðgerðum? Á að segja upp fólki í stórum stíl á þessum stöðum? Á að segja forstöðumönnunum upp? Eða hvað á að gera? Vita menn eitthvað hvað hæstv. heilbrigðisráðherra ætlar sér í þessu? Það er talað um sameiningu heilbrigðisstofnana á Vesturlandi og alveg að Hólmavík og Hvammstanga. Halda menn að þessi skilaboð frá ríkisstjórninni veki einhverjar væntingar hjá íbúum í þessum byggðarlögum um að í vændum sé mikil uppbygging á þessum stofnunum? Nei, þvert á móti.

Ég held, hæstv. forseti, að þarna eigi að fara að skera niður í samfélögum sem hafa búið við kreppu í 20 ár. Tóku ekki þátt í góðæriskreppunni en nú á að seilast í vasa í góðærinu sem olli kreppu í viðkomandi samfélögum vegna þess að gengi krónunnar var vitlaust skráð sem bitnaði á sjávarútveginum. Og ofan á þá kreppu sem þessi samfélög hafa gengið í gegnum á undangengnum 20 árum eiga þessi samfélög nú að taka þátt í því að hagræða, hugsanlega með blóðugum niðurskurði. Sömu samfélög eru líka skert í sínum tekjustofnum. Sveitarfélög sem hafa glímt við tekjuskerðingu á undangengnum 15–20 árum fá skerðingu á tímabundnu framlagi úr 1.400 millj. kr. niður í 1 milljard sem þýðir um þriðjungs lækkun. Hvaða samfélög eru það sem barist hafa í bökkum við ná saman sínum efnahags- og rekstrarreikningum? Við erum að tala um Ísafjörð, Skagafjörð, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Norðurþing, Hornafjörð, Vestmannaeyjar og fleiri mætti nefna. Hvernig eiga þessi samfélög að standa undir grunnþjónustu fyrir borgara sína? Á að láta þessum samfélögum blæða enn meira en orðið er? Ég vil fá svör við því frá hv. stjórnarliðum hvernig menn horfa til þess að þau samfélög sem glímt hafa við viðvarandi samdrátt á undangengnum 20 árum eigi að taka við enn meiri samdrætti af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Þau skilaboð eru fólgin í fjárlagafrumvarpinu gagnvart íbúum í þessum byggðarlögum að nú eigi að ganga að heilbrigðisþjónustunni og að tekjustofnum viðkomandi sveitarfélaga og ég spyr, hæstv. forseti: Hafa stjórnarliðar sett það eitthvað niður fyrir sér hvaða áhrif það fjárlagafrumvarp sem við ræðum hér og unnið hefur verið í miklum flýti hefur á þessi samfélög og síðast en ekki síst á þá þjóðfélagshópa sem hvað verst standa í samfélaginu? Ég (Forseti hringir.) held því miður, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin viti ekkert í hvaða vegferð hún er að halda.

[14:06]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Fyrst núna við 3. umr. fjárlagafrumvarpsins er myndin eilítið tekin að skýrast. Nú er m.a. komið fram hversu mikil og þung sú vaxtabyrði verður á næsta ári sem okkur er ætlað að standa undir og er bein afleiðing af falli bankanna. Viðbótin í vaxtagjöldum á milli ára er meira en 50 milljarðar kr. sem rekja má beint til falls bankanna. Samanlagt er talið að 87 milljarðar kr. fari í vexti.

Þar er þó ekki öll sagan sögð vegna þess að enn á eftir að taka inn í dæmið vaxtagjöld vegna Icesave-reikninganna. Hér hefur nokkuð verið fjallað um hversu mikið það mun kosta íslenskt samfélag að ríkisstjórnin beygði sig í hnjánum fyrir hótunum frá Evrópusambandinu, samþykkti að standa skil á Icesave-reikningunum og fékk þannig aðgöngumiða að láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum án þess að nokkuð í tilskipunum Evrópusambandsins segði til um að ríkið sem slíkt ætti að standa undir slíkum skuldbindingum. Menn vita að skuldbindingarnar í það heila eru í kringum 650 milljarða kr. Hæstv. forsætisráðherra sem og þeir stjórnarliðar sem hafa tjáð sig um þetta segja hins vegar að um 150 milljarðar kr. gætu lent á okkur því eignir Landsbankans í Bretlandi munu vera um 500 milljarðar. Frú forseti. Ég leyfi mér að efast um þetta. Á meðan Ísland er enn á lista bresku ríkisstjórnarinnar yfir hryðjuverkamenn og frystingin á eignum bankanna í Bretlandi er enn þá staðreynd er það fyrir mér vitnisburður um að Bretar ætli sér að haldleggja þessar eignir og nýta þær til að greiða þann mismun sem þeir hafa lofað sínum þegnum og eigendum Icesave-reikninganna að borga, þ.e. muninn á milli 20 þús. evra annars vegar og 50 þús. evra hins vegar. Það hafa Bretarnir ætlað að greiða en allt á þetta eftir að koma í ljós.

Frú forseti. Það er staðreynd að til þess að standa við það sem ríkisstjórnin hefur lofað verðum við að taka allar þessar 650 milljarða kr. að láni og við verðum að greiða Icesave-reikningana. Síðan á að selja eignir bankanna og sjá hvað kemur upp í þetta. Því segi ég að það er langt í frá að heildarmynd sé komin á þessi fjárlög. Þarna stendur út af mjög stór þáttur, vaxtakostnaðurinn af Icesave-reikningunum. Ég tel að það sé algerlega óábyrgt að ganga frá fjárlögunum með þessum hætti.

Við vinstri græn höfum lagt til að í stað þess að afgreiða

þessi illa undirbúnu fjárlög verði samþykktar greiðsluheimildir til bráðabirgða þannig að tóm gefist til að vinna ný fjárlög á traustari grunni í febrúar. Við höfum líka bent á að forgangsröðunin í þessum fjárlögum er röng. Niðurskurðartillögurnar sem blasa við eru vanhugsaðar og félagslega mjög ranglátar. Þær miða alls ekki við þau viðbrögð sem aðrir í heiminum grípa núna til í kreppunni. Við skerum niður á meðan aðrar þjóðir gefa í. Bragð er að þá barnið finnur þegar sjálfur Dominique Strauss-Kahn, forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, kemur fram í fjölmiðlum í Bretlandi og segir að ríkisstjórnir verði að auka fjárlagahallann. Þær verði að gefa svolítið í en megi ekki skera bara niður því þá dýpki kreppan. Það mætti halda að Dominique Strauss-Kahn hefði hlustað á það sem við vinstri græn höfum haft fram að færa í þessu krepputali. Við höfum nefnilega bent á að það mætti auka hallann hér til að forðast hinn sára, og ég endurtek blóðuga niðurskurð sem fyrir dyrum er í velferðarkerfinu, bæði gagnvart lífeyrisþegum, elli- og örorkulífeyrisþegum, og ekki síður heilbrigðisþjónustunni og sjúklingum. Það er dapurlegt að á meðan fréttir berast af því að spillingin vaði áfram uppi í bankakerfinu er staðreyndin sú að engin rannsókn er enn þá hafin á bankahneykslinu. Ég leyfi mér að kalla það spillingu ef um er að ræða stórfelldar afskriftir á skuldum auðmanna í þessum svokölluðu ríkisbönkum og bönkunum sem nú eru undir stjórn Fjármálaeftirlitsins í gegnum skilanefndir og aðstoða fólk í greiðslustöðvun en á sama tíma er á hv. Alþingi ekki leyft að ræða um kyrrsetningu eigna auðmanna.

Frú forseti. Með samþykkt þessa frumvarps verða vatnaskil í heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Það er verið að auka gjaldtöku á sjúklinga, 1.100 millj. kr. eiga að koma úr vösum sjúklinga á næsta ári til viðbótar við það sem fyrir var. Í fyrsta lagi á nú að selja inn á sjúkrahúsin eins og hér hefur komið fram. Það á að þyngja byrðar allra sjúklinga en þó sérstaklega þeirra sem eru svo hundveikir að þeir þurfa að leggjast inn á sjúkrahús.

Í upphaflega frumvarpinu sem kom frá hæstv. forsætisráðherra í bandorminum kom fram að það ætti að taka 360 millj. kr. með þessum nýja spítalaskatti. Þetta hefði jafngilt ríflega 10 þús. kr. á hverja innlögn. Kannski menn hafi hrokkið við og séð að það gæti verið erfitt að rukka fólk sem komið væri upp í sjúkrarúm um 10 þús. kr. áður en farið væri að tala við það. Ég reikna með að það sé skýringin á því að fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins upplýstu á fundi hv. heilbrigðisnefndar að það ætti ekki að taka nema 4.000 kr. á mann fyrir að leggjast inn á spítala. Það mundi gefa 110 millj. kr. en þessar 250 millj. til viðbótar sem þá vantaði til að fjárlögin stæðust fengjust með hækkunum á öðrum sjúklingasköttum og komugjöldum. Engin svör hafa fengist við því hér í umræðunni af hvaða gjöldum á að taka þetta, hvað á að hækka. Er það kannski gjaldið fyrir keiluskurð sem er 6.300 kr. í dag? Eða gjaldið fyrir hjartaþræðingu sem er nú 6.200 kr.? Er það slysadeildin? Bráðamóttakan? Hver af þessum komugjöldum á að hækka til að taka inn 250 millj. kr., frú forseti? Um það hafa engin svör fengist.

Verði þetta frumvarp samþykkt hefur ráðherra fengið opinn tékka, annars vegar upp á þessar 110 millj. sem taka á af sjúklingum inni á spítölunum en síðan er algerlega undir hælinn lagt hvaða gjöld sjúklinga verða hækkuð til að taka inn aðrar 250 millj. kr. Þetta er þó ekki eini opni tékkinn sem er að finna í þessu fjárlagafrumvarpi og hæstv. heilbrigðisráðherra fær í hendur.

Ég hef nefnt þessar 360 millj. kr. í sjúklingaskattinum en vil einnig benda á að í tveimur öðrum liðum í breytingartillögum frá ríkisstjórninni er um 730 millj. kr. velt beint yfir á sjúklinga með því að auka þátttöku þeirra og hlutdeild í lyfjakostnaði. Þar er annars vegar um að ræða 320 millj. kr. sem eiga að fást með því að hækka viðmiðið sem greiðsla Sjúkratryggingastofnunar á lyfjum miðast við og hins vegar um 410 millj. með almennri hækkun á hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði. Hér er annar opinn tékki sem hæstv. heilbrigðisráðherra fær með þessu frumvarpi.

Þriðji opni tékkinn sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur fengið með framlagningu þessa frumvarps hljóðar upp á um 700 millj. kr. Það er liður 08-379 í fjárlagafrumvarpinu er nefnist Sjúkrahús, óskipt. Upphaflega var áætlað að þessi liður hljóðaði upp á tæplega 200 millj. kr. Þó að ég geti ekkert fullyrt hvað þetta varðar því ekki hefur gefist tóm til að bera þessar tölur almennilega saman og enginn af framsögumönnum meiri hlutans hefur farið í þessi mál með þeim hætti að eitthvað fáist út úr því — það sér undir iljarnar á hv. formanni heilbrigðisnefndar og öðrum talsmönnum meiri hlutans í heilbrigðismálum þegar að þessum málaflokki kemur við umræðu um fjárlög — sýnist mér að hæstv. heilbrigðisráðherra fái um 700 millj. kr. til endurráðstöfunar til heilbrigðisstofnana. Í greinargerð með þessum tillögum segir einnig að stefnt sé að því, eins og mikið hefur verið rætt í dag, að ein heilbrigðisstofnun verði í hverju heilbrigðisumdæmi á landsbyggðinni og verkefnið verði flutt milli stofnana og heilbrigðisumdæma.

Frú forseti. Þessar 700 millj. kr. eru plokkaðar af heilbrigðisstofnunum vítt og breitt um landið og heilsugæslunni líka án minnstu skýringa. Engar forsendur eru gefnar fyrir því hversu mikið er skorið af hverri stofnun. Ég vil nefna dæmi. Það á að taka um 500 millj. kr. af Landspítalanum í þessa endurskipulagningu á heilbrigðisumdæmum úti um landið og 70 millj. kr. af heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. (**PHB:** Það er búið að svara þessu.) 68,8 millj. kr. á að taka af heilsugæslunni af höfuðborgarsvæðinu til að breyta heilbrigðisumdæmum landsins. Þetta er aðför að heilsugæslunni og ég treysti ekki hæstv. heilbrigðisráðherra eða hv. formanni heilbrigðisnefndar til að fara með þessi mál.

Hér var gripið fram í fyrir mér áðan og sagt að búið væri að svara þessu. Því hefur kannski verið svarað, hv. þm. Pétur Blöndal, á vettvangi Sjálfstæðisflokksins. (**PHB:** Hér í þingsal.) Mér er fyllilega ljóst að hv. formaður heilbrigðisnefndar lifir í einhverjum sérstökum heimi þar sem hún fær í hendur undirgögn frá heilbrigðisráðuneytinu. (**PHB:** Ég svaraði þessu.) Ég hef ekki fengið skýringu á því, hv. þm. Pétur Blöndal, af hverju verið er að taka 68,8 millj. kr. af heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu til að endurskipuleggja heilbrigðisumdæmi úti á landi. Til að flytja, eins og hér hefur verið bent á, allar heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi milli Langaness og Hvammstanga eða frá Blönduósi yfir á Akureyri.

Frú forseti. Ég hef nefnt þrjú atriði þar sem hæstv. heil-

brigðisráðherra er afhentur opinn tékki til gjaldtöku og niðurskurðar í heilbrigðisþjónustunni. Ég tel að með því móti sé Alþingi í rauninni að veita fjárheimildir sem ekki samrýmast lögum. Ég tel að það verði að fjalla mun betur um fjárveitingar og skatta af þessu tagi sem sjúklingaskattarnir eru en ekki vísa þessu svona inn. Ég vil sérstaklega mótmæla því hvernig staðið er að þessari endurskipulagningu í heilbrigðisþjónustunni vegna þess að þetta er í rauninni bara yfirlýsing um stríð heima í héraði. Það er verið að láta menn slást milli héraða um hvar og hvernig á að vera hægt að komast til læknis.

Það er rangt að þetta geti bætt þjónustu eins og þeir sem best þekkja til hafa bent á. Ég vil að lokum benda á að það eru ekki einungis heilbrigðisþjónustan og heilsugæslan sem eru hér undir hnífnum. Við 3. umr. er gerð tillaga um að skera niður 200 millj. kr. sem voru ætlaðar til uppbyggingar á öldrunarstofnunum úti um allt land. Þessi framlög áttu að vera í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu 400 nýrra hjúkrunarheimila. Með þessu (Forseti hringir.) fjárlagafrumvarpi er þeirri áætlun hent út í hafsauga.

[14:21]

Útbýting:

Fjárlög 2009, 1. mál, brtt. fjmrh., þskj. 463.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 463. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[14:26]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Hér fer fram lokaumræða um fjárlög ársins 2009 og væri auðvitað hægt að hafa langt mál um alla þá málsmeðferð á þessu hausti og til þessa dags, daginn fyrir Þorláksmessu.

Eins og allir vita hafa málin verið afar óvenjuleg undanfarnar vikur og mánuði og málsmeðferð við afgreiðslu fjárlaganna hefur einnig verið það og margt við vinnulagið að athuga. Kannski sérstaklega það að tillögur frá ríkisstjórn hafa komið afar seint hingað inn til afgreiðslu, bæði varðandi fjárlögin sjálf og fjáraukann. Það hefur skapað mikla tímapressu í vinnubrögðum og oft komið upp að mönnum hefur fundist vanta upplýsingar. Það hefur einkennt störfin sérstaklega að það hefur verið beðið eftir upplýsingum um eitt og annað fyrir utan tillögur ríkisstjórnarinnar.

En það sem upp úr stendur eftir þessa vinnu í haust er ýmislegt sem snýr að þjóðinni á komandi ári og tengist þeim áföllum og miklu álögum sem á íslensku þjóðinni er að lenda. Við getum auðvitað kvartað undan samráðsleysi og ýmsu varðandi vinnubrögð í fjárlaganefndinni og lýst áhyggjum okkar eins og við gerum í minnihlutaálitinu varðandi ýmis þjónustustig, m.a. í heilbrigðisþjónustunni og öldrunarstofnunum. En stærsta vandamál okkar á næsta ári verður það hvernig við munum takast á við að halda hér uppi atvinnu og hvernig við getum litið til þess að þurfa ekki að horfa í framtíðinni á endalausan niðurskurð fjárlaga til ýmissar þjónustu, heilbrigðismála, velferðarmála, menntunarmála o.s.frv., hvernig við getum sameiginlega unnið okkur út úr þeim vanda sem fram undan er.

Ég held, hæstv. forseti, að það sé best gert með því að við reynum sameiginlega að afla þjóðfélaginu nýrra tekna. Ef við horfum til þess að reyna að gera það, að byggja undir atvinnustarfsemina og byggja undir það að menn geti aflað nýrra tekna sem komi þjóðfélaginu til góða þá erum við líka að vinna gegn atvinnuleysinu en á upphafsmánuðum næsta árs virðist ætla að stefna í að 10.000 manns verði á atvinnuleysisskrá. Það er ástand sem við megum ekki horfa á til framtíðar, ástand sem við getum búið við. Við verðum með öllum tiltækum ráðum að reyna að vinna gegn atvinnuleysinu. Þar fara auðvitað saman hagsmunir okkar að afla nýrra tekna, viðbótartekna inn í þjóðfélagið og að minnka atvinnuleysið.

Við í Frjálslynda flokknum höfum marglagt það til á þessu þingi og í öllum umræðum í haust, að við reynum með öllum tiltækum ráðum að afla þjóðinni nýrra tekna. Við höfum bent á sjávarútveginn í því sambandi, sjávarútveginn sem margir töluðu um á uppgangstímum fjármálafyrirtækjanna að væri orðinn jafnvel hliðarbúgrein vegna þess að við stefndum í að verða fjármálaveldi. Við stefndum í að verða ríki þar sem fyrirtæki vildu koma fyrir fjármunum sínum, jafnvel efna til alþjóðlegrar bankastarfsemi og skrá hér alþjóðleg fjármálafyrirtæki. Við gætum orðið alþjóðleg fjármálamiðstöð og það var vissulega horft til þeirra tekna sem komu inn í ríkissjóð af starfsemi bankanna sérstaklega og annarra útrásarfyrirtækja á fjármálasviði og í verslun og ýmsum fleiri atriðum.

Því miður, hæstv. forseti, þá hrundi spilaborg fjármálakerfisins og íslenska þjóðin stendur frammi fyrir því að taka þær ábyrgðir á sig með mikilli lántöku til að reyna að viðhalda hér eðlilegu fjármálalífi og starfsemi fjármálafyrirtækja og ekki síður ef svo fer sem stjórnvöld virðast stefna í að sé í vændum að gerðir verði sérstakir samningar við Breta og Hollendinga um svokallaða Icesave-reikninga og ábyrgðir okkar á þeim. Ef það allt saman lendir á íslensku þjóðinni til viðbótar við það sem er í fjárlagafrumvarpinu um vaxtabyrði upp á 87 milljarða kr. eins og er samkvæmt þeirri áætlun sem liggur fyrir þá má leiða líkum að því að viðbótarvaxtabyrðin vegna Icesave-lánanna, ef menn ætla að ganga til þess samkomulags, sem ég dreg mjög í efa að íslenska ríkið eigi að gera, þá gætum við verið að tala þar um viðbótarvaxtabyrði upp á 30–40 milljarða kr., þ.e. ef við gefum okkur að vextirnir séu á bilinu 5–8%. Það væri náttúrlega slík viðbót að það er varla séð að við réðum við það að þurfa að bera slíka vaxtabyrði, á annað hundrað milljarða kr. á ári, jafnvel þótt það væri ekkert nema vaxtabyrðin, engar afborganir, samhliða því að tekin hafa verið önnur lán sem þarf að borga vexti af og væntanlega afborganir á næstu árum.

Þess vegna segi ég það, hæstv. forseti, að við Íslendingar getum ekki horft inn í þá framtíð að hér verði vandamál framtíðarinnar leyst með niðurskurði aðallega í þjónustu og rekstri, m.a. heilbrigðiskerfis og velferðarkerfis og menntakerfis. Við verðum að afla nýrra tekna. Það er eina leiðin sem dugar okkur, vissulega samhliða aðhaldi og niðurskurði. Við verðum að afla nýrra tekna. Í því getum við ekki verið með nein vettlingatök og við verðum að leyfa okkur að taka áhættu varðandi það að afla nýrra tekna. Sá

sem hér stendur telur reyndar að engin áhætta sé fólgin í því að taka ákvörðun um að auka þorskaflann um 90–100 þús. tonn næstu þrjú til fjögur árin.

Það mundi hins vegar að gefa nokkuð marga tugi milljarða í nýjar útflutningstekjur sem mundu fara til þjóðfélagsins í launum og aðkeyptri þjónustu fyrir sjávarútveginn. Viðbótarkostnaður sjávarútvegsins og útgerðarinnar við að veiða þessi tonn er sáralítill, vegna þess að skipin eru jú á sjó og það er enginn vandi að taka meiri afla á sjó en gert hefur verið.

Sama má segja um fjárfestinguna í vinnslustöðvum. Það þarf ekki að leggja í mikinn kostnað við það. Það eru hendur, það er fólk sem kemur að þessari tekjuöflun, fleira fólk bæði í veiðum og vinnslu og síðan þjónustuaðilarnir sem kannski þurfa að þjónusta fyrirtækin betur þegar þau eru í meiri verkum og meira úthaldi. Þetta mundi fara um þjóðfélagið sem margföldun og gefa okkur nýjar skatttekjur vegna hærri tekna.

Ég minni einnig á ferðaþjónustuna, hæstv. forseti, sem ég held að skipti rosalegu miklu máli fyrir framtíðina og að mjög auðvelt sé að auka ferðamannastraum hingað og hafa meiri tekjur af ferðamannaþjónustunni. Þetta eru þau nýju tækifæri sem ég held að við getum gengið í og að hægt sé að ganga í með vilja og ákvörðunum stjórnvalda. Síðan má auðvitað benda á nýtingu orkunnar og fyrirtækja á því sviði sem hana nýta sem möguleika sem við þurfum vissulega einnig að horfa til.

Svo þarf auðvitað að horfa til þess sérstaklega að íbúðareigendur bera við núverandi aðstæður óheyrilegan lánakostnað sem er ekki á þá leggjandi miðað við núverandi aðstæður þegar dregur úr raunlaununum og kostnaður við heimilin vex samfara lánunum. Þar verður að grípa inn í með aðferð sem dugar til þess að ekki verði fjöldagjaldþrot þess fólks sem á undanförnum árum, með endalausum ráðleggingum þeirra sem voru starfandi í bankakerfinu um að taka nú þessi lán eða hin og meiri lán ef á þyrfti að halda o.s.frv. verður nú fyrir þeim gífurlega skaða sem fylgir mikilli verðbólgu, hreyfingu gengisins eins og það hefur verið og þar af leiðandi verðtryggingunni og vísitölubindingu lána. Á þessu verðum við að taka til þess að atvinnustarfsemi haldist áfram í þjóðfélaginu og að við sköðumst eins lítið og mögulegt er við að taka á málum til framtíðar.

Menn hafa verið að velta fyrir sér skattlagningu, ég hef heyrt menn nefna það. Það kann vel að vera að við þurfum að grípa til þess til framtíðar en þá segi ég, hæstv. forseti, þá verðum við að grípa til þess að vernda þá sem lægstar hafa tekjurnar. Sem þýðir þá annaðhvort þrepaskiptur skattur, hærri sérstakur persónuafsláttur eins og við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til sem eyðist út við hærri tekjur eða hátekjuskattur. Til alls þessa þurfum við að horfa. Það kann einnig að vera að við þurfum að horfa á hærri fjármagnstekjuskatt hjá þeim sem mestar hafa fjármagnstekjurnar.

Ég held nefnilega að hvernig sem á málið er litið þá verðum við að horfa alls staðar til þess hvar við getum aflað tekna. Ég segi enn og aftur að við getum gert það best með því að auka atvinnustarfsemina og auka tekjurnar. Við getum reynt að bregðast við og vernda fjölskyldurnar sem er annars geysilega mikið mál sem ég hef vikið að og við getum vissulega fundið einhverjar viðbótartekjur í skattkerfið. Við getum líka minnkað kostnað við að skera niður en þar er okkur hins vegar skorinn þröngur stakkur því við ætlum okkur að reyna að halda við velferðarþjónustunni, heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu.

Allt þetta, hæstv. forseti, þurfum við að fást við á næstu árum. Ég minni á í lokin að við erum að vega að (Forseti hringir.) þeirri stofnun sem menntar íslenska bændur, landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, þar sem ekki á að taka á vanda hans og skiljum við þá stofnun sérstaklega eftir í miklum vanda á næsta ári. (Forseti hringir.)

[14:41]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Það eru vond fjárlög sem gera ráð fyrir því að halli verði 153 eða 160 milljarðar og jafnvel verður enn þá meiri halli á þessum fjárlögum þegar upp verður staðið. Þá er spurningin með kökuna sem við höfum. Er hægt að stækka kökuna eða horfum við fram á að þurfi að minnka hana svona mikið? Hvað er hægt að gera? Við þurfum að skera niður víða og sums staðar finnst mér of lítið gert í niðurskurði í þessum fjárlögum en á öðrum stöðum finnst mér of mikið skorið niður. Auðvitað eru skiptar skoðanir á milli þingmanna, á milli ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu um það og það verður alltaf þannig.

Í mínu kjördæmi er sá þáttur sem snýr að samgöngum við Vestmannaeyjar ótrúlegur. Þar er ekki gert ráð fyrir að fá nýtt skip til að bæta samgöngur. Slegið var af borðinu að gera smíðasamning um nýja ferju sem siglir á milli lands og Eyja og óvíst er hvernig gengur með hafnarmannvirki í Bakkafjöru. Þótt til séu peningar í það verkefni núna er óljóst hvað þeir munu endast. Það vekur líka furðu mína þegar verið er að ræða fjárlagafrumvarpið að Vestmannaeyingar og þeir sem tengjast Vestmannaeyjum hafa ekki látið til sín taka í þessum málaflokki. En þeir eiga svo sannarlega skilið að fá bættar samgöngur til eyjanna og við horfum upp á að flug á milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru er lagt af yfir vetrartímann þannig að Vestmannaeyingar eiga ekki gott með að komast frá eyjunum. Því til viðbótar er aðalsamgöngutækið, gamli Herjólfur, nánast ónýtt. Hann er stöðugt bilaður og miklar tafir verða þess vegna. Ýmislegt varðandi hann er orðið dálítið ískyggilegt, meðal annars var hann á reki um daginn, vélarvana í tæpan klukkutíma, og það er auðvitað ekki boðlegt fólki að þurfa að búa við þannig samgöngur á Norður-Atlantshafi. Ég vildi aðeins koma inn á þennan þátt sem mér finnst skipta verulegu máli fyrir Vestmannaeyinga og bendi á þetta atriði. Þarna er verið að skera niður.

Síðan er auðvitað niðurskurður á sjúkrastofnunum, niðurskurður til aldraða og öryrkja, sem er sorglegt, og á skurðdeildum í Sjúkrahúsi Keflavíkur. Almennt er verið að skera allt of mikið niður í heilbrigðisþjónustunni að mínu mati, að ekki sé minnst á lögreglu og toll. Þar er verið að skera niður nánast alls staðar og mun það bitna mjög á þeirri þjónustu sem við veitum en gerum ekki nægilega vel þegar svona árar.

Á sama tíma erum við að fella niður skuldir af fyrirtækjum. Við fellum niður skuldir af útgerðarmönnum hvað varðar framleiðslu gjaldeyrissamninga. Við fellum þar nið-

ur eða búum til samkomulag um ákveðið gengi sem er ekkert annað en niðurfelling á skuldum. Það er sorglegt fyrir utan það að það eru ákveðnir gæðingar, jafnvel gamlir útrásarvíkingar, sem búa til samkomulag um að þeir fái að halda fyrirtækjum sínum áfram. Við látum lífeyrissjóðina búa til björgunarsjóð og sú hætta er fyrir hendi að hann verði notaður sem bjargráð við fyrirtæki sem komin eru í gjaldþrot eða svo gott sem. En við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til kvótaaukningu í flestum tegundum sem við teljum að gæti orðið til þess að taka stærsta höggið af þjóðinni. Með því að veiða 190 þús. tonn af þorski í viðbót og bæta við í öðrum tegundum gætum við búið til útflutningsverðmæti upp á kannski 60–100 milljarða í tekjur. Þetta er valkostur sem við höfum og við eigum að nýta hann. Það mundi draga verulega úr atvinnuleysi sem yfirvofandi er og auka gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Við gætum flutt út jafnvel fyrir 100 milljarða í viðbót, bara í tengslum við sjávarútveginn.

Við þurfum að virkja fallvötnin og við þurfum að tryggja fjármagn í að orkuveitur og að Landsvirkjun fái aðgang að fjármagni til að geta haldið áfram að virkja. Það er forsenda fyrir því að byggja upp álver, netþjónabú og annað sem við sækjumst eftir og er á teikniborðinu. Það mun skapa mikla atvinnu, bæði við uppbyggingu og í rekstri. Það er forgangsverkefni að mínu mati að reyna að tryggja að þetta haldi áfram. Það mun hafa þau áhrif að byggingarverktakar og aðrir sem eru í þeim greinum atvinnulífsins sem standa hvað verst í dag fengju meiri vinnu. Við mundum hleypa lífi inn í þá atvinnugrein sem stendur einna verst núna. Auðvitað þurfum við á álverum og netþjónabúum að halda, þau skapa mikla atvinnu og tekjur. Við megum ekki hætta að láta hjólin snúast og við verðum að gera allt sem við getum til þess að stuðla að því að atvinnulífið lognist ekki út af eins og jafnvel hætta er á.

Það eru miklir möguleikar í ferðamannaiðnaði og það er sjálfsagt að við reynum að styðja við hann eins og hægt er því að þar búum við líka til gjaldeyristekjur.

Að síðustu vil ég minna á sveitarfélögin. Á þau verða settar auknar byrðar núna og sveitarfélögin þurfa að taka á sig meiri samfélagsþjónustu en áður. Ég hef sagt það áður í þinginu að ég telji að sveitarfélögin eigi t.d. að vera með ókeypis máltíðir í öllum barnaskólum landsins. Ég hefði talið að það væri gott innlegg í þessi mál og þá þarf að tryggja það með auknu fjármagni frá ríki til sveitarfélaga, gera þeim kleift að gera þetta. Í því fælist ákveðið öryggi fyrir börn og fjölskyldur að þurfa ekki að borga sérstaklega fyrir þessa þjónustu. Ef við miðum við svokallaða finnska leið sem farin var í kreppunni í Finnlandi fyrir 18–20 árum síðan var það þetta sem hélt lífi í mörgum fjölskyldum, þ.e. að börnin fengu frían og ókeypis mat í skólum.

En hér er stiklað á stóru og komið niður á nokkur atriði sem mér finnst að þurfi að skoða og ég þarf ekki að þylja upp það sem aðrir hafa sagt á undan. En að búa til fjárlög með 150 milljarða halla sem verða kannski 250 milljarðar í halla þegar upp verður staðið, kostar peninga. Einhvers staðar verður að brúa það bil með einhverjum hætti og það kostar þjóðarbúið vexti, skapar kostnað og rýrir lífskjör almennings í landinu til framtíðar litið. Þess vegna er nauðsynlegt að menn horfi í alvöru á þær leiðir og þá möguleika sem við höfum að búa til auknar tekjur. Það er það sem við eigum að leggja höfuðáherslu á og reyna svo að skipta þessari köku sem við höfum með sanngjarnari og réttari hætti en við höfum gert, hugsa um fólkið sem verst stendur, fjölskyldurnar í landinu sem búa við þær hörmungar að missa húsnæði sitt.

Á sama tíma gerum við einhverja vildarkjarasamninga við atvinnurekendur, hjálpum þeim að búa til einhverjar gengiskörfur sérstaklega sem snúa að gjaldeyrissamningum gagnvart sjávarútveginum. Þar er verið að búa til ákveðið gengi sem þessar skuldir verða settar á. Það er í rauninni ekkert annað en niðurgreiðsla og ríkisstyrkur. Það er er komið nóg af því. Ríkisstyrkur í sjávarútvegi er búinn að vera við lýði í 24 ár. Útgerðarmönnum var afhentur fiskurinn ókeypis. Þeir gátu leigt hann, veðsett hann og selt hann dýrum dómum og það er stærsti ríkisstyrkur Íslandssögunnar. Svo eru menn stundum að tala um að verið sé að styrkja íslenskan landbúnað. Það er mjög lítið miðað við það sem er gert í íslenskum sjávarútvegi.

Mér finnst allt of lítið hafa verið talað í gegnum tíðina um hvað núverandi handhafar fiskveiðiheimilda, sægreifarnir, hafa fengið í ríkisstyrki gegnum tíðina. Enn stendur til að leyfa þeim að halda því áfram þrátt fyrir að þeir séu yfirskuldsettir. En við erum ekki að hugsa um fjölskyldurnar sem eru að missa húsnæðið sitt. Við erum ekki að hugsa um öryrkja eða aldraða eða þá sem þurfa að nota heilbrigðisþjónustuna, sjúkrahúsin okkar og annað slíkt. Það er allt í lagi að skera það niður en ekki þau sérréttindi og þann ríkisstyrk sem útgerðarmenn eru með í dag.

[14:53]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér lengi í umræðuna. Mig langar þó að árétta það sem hér var rætt í fyrri umræðu, 2. umr. um fjárlögin, um þann mikla niðurskurð sem boðaður er í fjárlagafrumvarpinu í ár í menntamálum upp á rúmlega 4 milljarða. Viðbrögð samfélagsins við þessum niðurskurði hafa verið rík og sterk og okkur þingmönnum í menntamálanefnd Alþingis og þingheimi öllum líklega hafa borist mörg bréf um þessi mál bæði frá háskólum og framhaldsskólum. Mig langar að halda þessu til haga í þessari pontu að fólk í skólasamfélaginu hefur verulegar áhyggjur af því hvert stefni með þeim fjárlögum sem hér er verið að afgreiða í þessum mikla flýti, svo miklum flýti að hér eru breytingartillögur enn að berast og eru settar á dagskrá hér með afbrigðum nú þegar tveir dagar eru til jóla.

Mig langar að nefna sérstaklega niðurskurðinn til Háskóla Íslands en í fyrra fjárlagafrumvarpi, því sem hér var kynnt í október, hafði verið boðuð hækkun á framlögum til Háskóla Íslands upp á rúm 20%, 20,8%, en skerðingin frá því frumvarpi er núna tæp 11% (Gripið fram í.) og er skerðingin mest á Háskóla Íslands, langmest á Háskóla Íslands sem einnig hækkaði hlutfallslega minna en til að mynda Háskólinn í Reykjavík eða Háskólinn á Bifröst sem fengu veglegri hækkanir í fyrra frumvarpi, þessir einkareknu skólar sem hafa verið sérstök óskabörn menntamálayfirvalda Sjálfstæðisflokksins í gegnum árin og fá einnig minni skerðingu núna þegar ráðist er í skerðingar, 7,2% í tilfelli

Háskólans í Reykjavík og 8,5% í tilviki Háskólans á Bifröst.

Það má kalla að hér sé vegið að Háskóla Íslands sem sá fram á bjartari tíð eftir áralanga sveltistefnu þar sem ekki hefur tekist að manna stöður sem hafa losnað þegar kennarar hafa hætt sökum aldurs svo dæmi sé tekið. Greinar hafa setið eftir og verið reknar á fáum föstum starfskröftum og svo ódýru vinnuafli stundakennara og nýdoktora sem hafa lagt af mörkum ómælda stundakennslu fyrir lágmarkslaun og ekki getað sinnt rannsóknum gegn greiðslu nema að mjög litlu leyti. Það er líka alvarlegt mál að Háskólasjóðurinn, sem hefur gert þessu unga fræðafólki auðveldara fyrir, er núna skorinn um hartnær 120 milljónir. Rekstrarframlagið er svo lækkað um 270 og rannsóknarframlaginu, sem var nú fagnað hér og klappað mikið fyrir í fyrra, er frestað. Það eru því dökkir tímar fram undan hjá Háskóla Íslands á sama tíma. Við reynum að leita leiða og lausna í kreppunni og höfum nefnt menntun oftar en einu sinni og oftar en tvisvar en þá er hún skorin með þessum svakalega hætti og hafa þingmönnum borist erindi, meðal annars frá Félagi prófessora við ríkisháskóla sem mótmælir harðlega boðuðum niðurskurði fjárveitinga til Háskóla Íslands og bendir á að Háskóli Íslands veiti þegar hagkvæmustu menntun sambærilegra námsleiða við íslenska háskóla samkvæmt nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar og hefur yfir að ráða kennurum og sérfræðingum í fremstu röð.

Ég leyfi mér að vitna í þetta bréf frá Félagi prófessora við ríkisháskóla, með leyfi forseta:

„Boðaður niðurskurður ræðst helst gegn rannsóknum og framhaldsnámi við skólann sem eru mikilvægustu vaxtarbroddar háskólastarfsemi í landinu.“

Þetta er hið alvarlegasta mál því að þeir sem hafa kynnt sér þessi efni vita að fræðasamfélög lifa og hrærast með þeirri nýliðun og þeirri nýsköpun sem í þeim verður, nýsköpun í rannsóknum og nýliðun í fólki. Ef sú hætta vofir yfir íslenskri akademíu að eldast þá munum við ekki endilega finna leiðirnar þar út úr kreppunni ef unga fólkið okkar hverfur af landi brott og nýsköpunarfjármagni í rannsóknum við háskólana er frestað.

Háskólaráð Háskóla Íslands hefur líka sent okkur bréf þar sem bent er á efnislega að nú sé gerð sú krafa á hendur háskólanum að opna sínar dyr og taka við auknum fjölda umsókna um nám á vormissiri 2009 til að bregðast við afleiðingum fjármálakreppunnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í því skyni rýmkaði skólinn umsóknarfrest um nám til 15. desember. Alls hafa borist yfir 1.600 umsóknir um nám á grunn- og framhaldsstigi, sem svarar til um 13% af heildarnemendafjölda háskólans. Þessi mikla eftirspurn sýnir mikilvægi háskólans og þær væntingar sem gerðar eru til hans. Háskóli Íslands mun axla samfélagslega ábyrgð í þessu efni, en á hinn bóginn eru takmörk fyrir því hversu langt er unnt að ganga þannig að gæði starfseminnar hljóti ekki skaða af. Þess vegna hlýtur háskólaráð að gera ráð fyrir að stjórnvöld samþykki sérstaka fjárveitingu til þess að hægt sé að mæta þeim viðbótarkostnaði sem af þessu myndi hljótast fyrir Háskóla Íslands.“

Staðan er því alvarleg hjá háskólum þessa lands.

Mig langar líka að ræða hér framhaldsskólana. Þeir hafa búið við þröngan rekstur árum saman og því tengt er það reiknilíkan sem notað er til að dreifa fjármunum til framhaldsskólanna sem upphaflega miðaðist mjög við hefðbundna bóknámsskóla en hefur nú verið í endurskoðun um alllangt skeið og vonandi fer henni að ljúka. Skólarnir hafa verið reknir með miklu aðhaldi en nú er boðaður niðurskurður upp á hálfan milljarð. Félag framhaldsskólakennara hefur sent okkur ályktun sína þar sem þeir segja hreinlega, með leyfi forseta:

„Framhaldsskólar hafa verið reknir með miklu aðhaldi í mörg ár. Margir telja að ekki sé hægt að ganga lengra í þá átt. Ef breytingartillögurnar ná fram að ganga er illa komið fyrir framhaldsskólum landsins.“

Þar verðum við líka að muna að þessar mikilvægu undirstöðustofnanir okkar, framhaldsskólarnir, þar sem unga fólkið okkar stundar nám daglega og búið er að skera niður forfallakennslu, svo dæmi sé tekið, alfarið þannig að nú má enginn veikjast lengur án þess að kennsla falli niður, þ.e. þessi mikli niðurskurður mun bitna á þeim sem hafa átt við erfiðan rekstur að stríða núna árum saman.

Að lokum langar mig að nefna lánasjóðinn þar sem gengið er á eigið fé á sama tíma og námsmannahreyfingar hafa gert kröfu um að lánasjóðurinn verði efldur enn til þess að tryggja að fólk geti sótt um lán til sjóðsins og stundað nám í háskóla. Grunnframfærsla lánasjóðsins á mánuði er 100.600 kr. og er hún ætluð til að duga fyrir framfærslu eins einstaklings sem býr á eigin vegum. Það sjá náttúrlega allir að slík upphæð dugir vart til framfærslu á heilum mánuði. Ekki eru miklar líkur til að þessi framfærsla hækki mikið þegar framlög til sjóðsins eru skorin niður um 1 milljarð og 400 milljónir. Þó að því sé lofað að þetta muni ekki bitna á þjónustu sjóðsins þá á ég erfitt með að sjá það þegar gengið er með þessum hætti á eigið fé. Við vitum hvað er fram undan á árinu 2010 því að við höfum rætt það að þessi fjárlög verði erfið og búið er að boða að fjárlögin 2010 muni verða hálfu verri. Nú göngum við á eigið fé lánasjóðsins með þessum hætti. Hvernig ætlum við að leysa mál hans á næsta ári — mér er spurn — á sama tíma og við beinum æ fleirum í háskólanám og ætlumst til þess að skólarnir taki við fólki á sama tíma og atvinnuástand versnar og að við nýtum þetta tækifæri? Þetta hefur verið kallað tækifæri til þess að bæta hér menntunarstig landsmanna. Við gerum það ekki ef við ætlum að ganga af lánasjóðnum dauðum.

Ég hef áhyggjur, virðulegi forseti. Ég hef áhyggjur af þeim aðgerðum sem hér eru boðaðar í menntamálum þjóðarinnar. Ég hef áhyggjur af framhaldsskólunum okkar, háskólunum og lánasjóðnum. Ég hef áhyggjur af sveitarfélögunum sem reka þjónustu við leikskóla- og grunnskólabörn og sjá líka fram á erfiðari tíma í rekstri. Hv. þingmaður sem hér talaði á undan mér, Grétar Mar Jónsson, nefndi hugmyndir sem hafa verið uppi um að bjóða upp á gjaldfrjálsar máltíðir í skólum. Við höfum verið að lesa um dæmin frá finnsku kreppunni þar sem börn borðuðu ekki heita máltíð frá föstudegi til mánudags en fengu hana þó í skólunum. Þetta er auðvitað gamalt baráttumál okkar vinstri grænna. En það verður erfitt að sjá að sveitarfélögin muni hafa nokkurt aukið svigrúm í þeim aðgerðum sem eru boðaðar í þessu fjárlagafrumvarpi.

Að lokum langar mig að nefna það, virðulegi forseti, að

ég las í *Morgunblaðinu* í dag, tilvitnun í Dominique Strauss-Kahn, yfirmann Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem við höfum rætt svo mikið um hér í þessum sal upp á síðkastið. Þar er sem sagt vitnað í Dominique Strauss-Kahn þar sem hann ræðir nauðsyn þess til þess að bregðast við kreppunni, þ.e. að það þurfi að færa fé til lágtekjuheimila með auknum atvinnuleysisbótum, auka þurfi skattfríðindi handa lágtekjufólki og fjármagna þurfi stórverkefni, sérstaklega þau sem séu þegar komin á teikniborðið.

Leiðarahöfundur *Morgunblaðsins* segir, með leyfi forseta:

„Það er athyglisvert að heyra þessi orð frá forustumanni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og bera saman við þær aðgerðir, sem hér er verið að grípa til. Það er ekki beinlínis hægt að segja að þar sé mikill samhljómur.“

Það er vissulega rétt. Það er ekki mikill samhljómur milli þess að fara í flata skattahækkun eftir þær flötu skattalækkanir sem hér hafa tíðkast og nýta ekki færið til þess að dreifa nú skattbyrðinni á réttlátari hátt, taka upp þrepaskiptan hátekjuskatt eins og við þingmenn Vinstri grænna höfum lagt til í okkar frumvörpum og reyna að stuðla að auknum jöfnuði í þessu landi með því að dreifa byrðunum á réttlátar og láta þá sem meira hafa á milli handa leggja meira fram og hlífa þeim sem minnst hafa milli handa. Það hefur ekki verið mikill samhljómur um það hjá ríkisstjórnarflokkunum, hvorki Sjálfstæðisflokknum né þeim flokki sem kennir sig við jöfnuð í daglegu tali.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín miklu fleiri að þessu sinni. Ég ítreka þó að ég tel að best hefði verið að veita hér tímabundnar fjárveitingarheimildir fram yfir áramót og vinna fjárlagafrumvarpið áfram í janúar. Ég held að þær tillögur sem nú eru enn að berast inn í þingsali og þarf afbrigði í hvert sinn til að samþykkja, sýni best að þetta frumvarp er ekki klárað enn þá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stimpilgjald, 2. umr.

Stjfrv., 213. mál (fjárnámsendurrit). — Þskj. 286, nál. 447.

[15:05]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og skattanefnd en nefndarálitið er að finna á þskj. 447.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Guðmund Jóhann Árnason frá fjármálaráðuneyti.

Frumvarpinu er ætlað að treysta lagagrundvöll álagningar stimpilgjalds vegna tilgreindra skjala. Er það lagt fram í kjölfar álits umboðsmanns í máli nr. 4712/2006.

Nefndin ræddi á hverjum skylda til að greiða gjaldið hvíli, hverjar tekjur væru af gjaldinu og tengsl stimpilskyldu og þinglýsingar í ljósi tilvísunar frumvarpsins til þinglýsingar. Nefndin ræddi einnig áform í stjórnarsáttmálanum um afnám stimpilgjalds.

Fram kom að lög um stimpilgjald mæltu ekki afdráttarlaust fyrir um á hverjum stimpilskylda hvíli heldur væri það jafnan komið undir samkomulagi hlutaðeigandi aðila. Þegar um gjaldtöku samkvæmt frumvarpinu væri að ræða mætti gera ráð fyrir því að gerðarbeiðandi legði út fyrir gjaldinu en að gerðarþoli beri kostnaðinn endanlega þegar um er að ræða lið í innheimtuaðgerðum.

Fram kom að stimpilskylda væri miðuð við útgáfu skjals en í framkvæmd hefði greiðsla verið innt af hendi við þinglýsingu. Ekki stæði til að breyta þeirri framkvæmd. Þá kom fram að tekjur af gjaldi því sem frumvarpið mælir fyrir um nemi um það bil 5% af heildartekjum af stimpilgjaldi á ári eða sem svarar 320 millj. kr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Lúðvík Bergvinsson og Birkir J. Jónsson hv. þingmenn skrifa undir álitið með fyrirvara.

Hv. þingmenn Bjarni Benediktsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Ögmundur Jónasson, Birkir J. Jónsson, með fyrirvara, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Katrín Jakobsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisútvarpið ohf., 3. umr.

Frv. menntmn., 262. mál. — Þskj. 424 (fárhæð sérstaks gjalds).

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:07]

Útbýting:

Fjáraukalög 2008, 239. mál, brtt. fjmrh., þskj. 464; frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 465; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 467, 468, 469.

Fundi slitið kl. 15:08.

---

67. FUNDUR

mánudaginn 22. desember,
að loknum 66. fundi.

Dagskrá:

1. Stimpilgjald, stjfrv., 213. mál, þskj. 286, nál. 447. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Ríkisútvarpið ohf., frv., 262. mál, þskj. 424. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

3. Fjáraukalög 2008, stjfrv., 239. mál, þskj. 433, frhnál. 465 og 470, brtt. 464, 467, 468 og 469. — 3. umr. *Ef leyft verður*.

4. Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, stjfrv., 246. mál, þskj. 363. — 3. umr. *Ef leyft verður*.

5. Skattlagning kolvetnisvinnslu, stjfrv., 208. mál, þskj. 281, nál. 458. — 2. umr. *Ef leyft verður*.

6. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 219. mál, þskj. 297, nál. 459, brtt. 461. — 2. umr. *Ef leyft verður*.

[Fundarhlé. — 15:09]

[15:19]

Útbýting:

Fjáraukalög 2008, 239. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 466; frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 470.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og/eða útbýtingu þskj. í 3.–6. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Fjáraukalög 2008, 3. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 433, frhnál. 465 og 470, brtt. 464, 466, 467, 468 og 469.

[15:23]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég geri hér grein fyrir framhaldsnefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar en auk mín skrifa undir álitið hv. þingmenn í meiri hluta fjárlaganefndar, Kristján Þór Júlíusson, varaformaður nefndarinnar, Björk Guðjónsdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Guðbjartur Hannesson, Illugi Gunnarsson, Ásta Möller og Ármann Kr. Ólafsson.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar eftir 2. umr. og leitað m.a. skýringa hjá ráðuneytum. Meiri hlutinn gerir breytingartillögur við sundurliðun 2 sem nema alls 1,36 milljörðum kr. til hækkunar gjalda. Engar breytingar eru gerðar á tekjugrein frumvarpsins frá 1. umr. en gerðar eru breytingar á 2. gr., sjóðstreymi ríkissjóðs, í ljósi frekari gjalda, samanber sundurliðun 2. Einnig liggja fyrir breytingar á 5. og 6. gr. laganna sem birtast í greinum 3 og 4.

Fulltrúar fjármálaráðuneytisins komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekju- og gjaldahlið frumvarpsins en nokkrar breytingar komu frá ríkisstjórn fyrir 3. umr. Þá hefur nefndin kallað eftir sérstökum skýringum frá Fjármálaeftirlitinu og viðskiptaráðuneytinu á ósk um viðbótarfjárveitingu að upphæð 549 millj. kr. vegna aukakostnaðar sem féll á Fjármálaeftirlitið í kjölfar neyðarlaga, nr. 125/2008. Ítarlegt minnisblað var lagt fram á fundi nefndarinnar vegna þess.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til efnahags- og skattanefndar þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um lánsfjárheimildir og tekjuhlið frumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar telur að í framtíðinni geti það verið kostur að vísa breyttum tekju- og lánsfjárheimildum á fjáraukalögum hverju sinni til efnahags- og skattanefndar til umsagnar. Hafa formaður fjárlaganefndar og formaður efnahags- og skattanefndar rætt slíkt fyrirkomulag. Það mundi án efa styrkja efnis- og málsmeðferð þingsins. Í ljósi þess vil ég vísa til umræðu hér fyrr í dag um fjárlög en þá var gerð grein fyrir því að hv. þm. Pétur Blöndal og Ögmundur Jónasson komu inn á fund fjárlaganefndar til að gera grein fyrir meiri- og minnihlutaálitum efnahags- og skattanefndar varðandi fjárlögin.

Virðulegur forseti. Ég ítreka nú þætti sem snúa að framkvæmd fjárlaga en ég tel að dropinn holi steininn í þeim efnum.

Einn af mikilvægum þáttum í störfum fjárlaganefndar er eftirlitshlutverk nefndarinnar með framkvæmd fjárlaga. Þar hefur verið unnið náið með Ríkisendurskoðun og fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Til þess að eftirlitsþátturinn geti orðið enn virkari þarf að bæta aðgang þingsins að upplýsingakerfum.

Meiri hluti fjárlaganefndar vísar til beiðni forstöðumanns nefndasviðs Alþingis til fjársýslustjóra þar sem óskað var eftir skoðunaraðgangi að helstu upplýsingakerfum ríkisins fyrir fjárlaganefnd Alþingis. Í beiðninni fólst ósk um aðgang að sömu vefskýrslum og eru til notkunar hjá Ríkisendurskoðun. Jafnframt þarf fyrirspurnar- og skoðunaraðgang að nokkrum öðrum kerfum. Í svörum Fjársýslu ríkisins kemur fram að hún hafi yfirumsjón með þessum kerfum fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og muni vísa þessu erindi til ráðuneytisins. Beiðni nefndarinnar hefur síðan verið ítrekuð á fundi fjárlaganefndar með fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Meiri hluti fjárlaganefndar vill nú enn á ný ítreka mikilvægi þess að veittur sé aðgangur að kerfunum.

Á reglulegum fundum fjárlaganefndar fer fjárreiðu- og eignaskrifstofa fjármálaráðuneytisins yfir árshlutaskýrslur fjármálaráðuneytisins um framkvæmd fjárlaga. Eru þær gerðar vegna fyrirmæla í 9. gr. reglugerðar nr. 1061/2004, um framkvæmd fjárlaga. Þá er jafnframt tilkynnt að fjármálaráðuneytið sendi ráðuneytum bréf þar sem mælst er til þess að þau afli skýringa forstöðumanna eftir því sem við á með tilliti til þess að um umframgjöld sé að ræða og upplýsi fjármálaráðuneytið um fyrirhugaðar aðgerðir í kjölfarið.

Í ljósi laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og fyrrgreinda reglugerð um sama mál vill fjárlaganefnd Alþingis — þ.e. meiri hluti hennar, ég geri ráð fyrir því að minni hlutinn sé nokkuð samhljóma í þessu — ítreka mikilvægi þess að ráðuneyti bregðist skjótt við og svari beiðni um áðurnefndar upplýsingar.

Meiri hluti fjárlaganefndar minnir á frumkvæðisskyldu ráðuneyta við eftirlit, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 1061/2004, um framkvæmd fjárlaga, og skyldur forstöðumanna vegna umframútgjalda, sbr. 15. gr. sömu reglugerðar. Ríkisendurskoðun hefur komið sömu sjónarmiðum á framfæri í skýrslum um framkvæmd fjárlaga og tekur meiri hluti fjárlaganefndar Alþingis undir þau sjónarmið.

Það er afar mikilvægt að mati meiri hluta fjárlaganefndar að ráðuneyti leggi sjálfstætt mat á framkomnar skýringar, sbr. 17. gr. reglugerðarinnar. Hún minnir á ábyrgð ráðuneytisins skv. 18. gr. hennar en þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneyti ber ábyrgð á því að forstöðumaður grípi til nauðsynlegra úrræða til þess að ráða bót á rekstrarvandanum. Það getur sett forstöðumanni og eftir atvikum stjórn stofnunar tímafrest til þess að bregðast við fyrirmælum sínum um úrbætur.“

Þá skal einnig bent á að í þeim tilfellum sem frávik frá fjárheimildum eru meiri en 4% skulu gefnar ítarlegar upplýsingar um hvaða fyrirmæli voru gefin til að ná markmiðum fjárheimilda.

Meiri hluti fjárlaganefndar hefur einnig talið mikilvægt að styrkja yfirferð þingsins á lokafjárlögum. Má í þeim efnum minna á að í þingskjali 1084 við umræðu lokafjárlaga fyrir árið 2006 benti meiri hlutinn á að u.þ.b. tíu ár eru liðin síðan lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, tóku gildi. Með þeim var mörkuð skýr stefna um efni fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga.

Lögð var rík áhersla á að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir kæmu fram í fjárlögum. Í fjáraukalögum innan hvers fjárhagsárs væri síðan fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög skyldu samkvæmt þessu fyrst og fremst snúast um ófrávíkjanleg málefni og ófyrirséð útgjöld en síður um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir ættu eftir atvikum að koma til umfjöllunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár.

Í 7. gr. fjárreiðulaga er fjallað um framlagningu ríkisreiknings. Þar segir að fjármálaráðherra skuli leggja endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins reikningsárs fyrir Alþingi eigi síðar en tveimur vikum eftir að þing kemur saman að hausti. Í almennum athugasemdum við frumvarp til fjárreiðulaga undir yfirskriftinni „Ríkisreikningur“ segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Auk þeirra breytinga á efni og gerð ríkisreiknings sem að framan er lýst er lagt til að framlagning ríkisreiknings á Alþingi og umræða um hann verði með öðru sniði en verið hefur. Sú skylda er lögð á fjármálaráðherra að leggja fram endurskoðaðan ríkisreikning eigi síðar en tíu dögum eftir að þing kemur saman að hausti. Með þeim ríkisreikningi skal honum til staðfestingar leggja fram frumvarp til lokafjárlaga vegna sama fjárhagsárs. Í samþykkt Alþingis á lokafjárlögum felst samþykkt á ríkisreikningi og er fjárhagsárinu þar með formlega lokað. Í þessu er einnig fólgin sú breyting að ríkisreikningur er ekki framvegis samþykktur með sérstökum lögum.“

Samkvæmt 45. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, skal ríkisreikningi fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Allt frá gildistöku fjárreiðulaganna hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að leggja fram ríkisreikning og lokafjárlög samhliða eins og lögin gera greinilega ráð fyrir. Meiri hluti fjárlaganefndar leggur því einnig áherslu á að markvisst verði unnið að vinnu við gerð frumvarps til lokafjárlaga og því verði hraðað innan hvers árs þannig að leggja megi það fram samhliða ríkisreikningi. Tæknilega sýnist fátt því til fyrirstöðu. Meiri hluti fagnar þeirri formlegu breytingu sem forseti Alþingis stóð að á sl. vori að taka til umfjöllunar allar stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar á formlegan hátt en það mun ekki hvað síst styrkja eftirlitshlutverk þingsins sem tengist m.a. framkvæmd fjárlaga. Hefur orðið nokkuð ágengt í þessum efnum að mati meiri hluta fjárlaganefndar sl. mánuði.

Hins vegar ber að leggja áherslu á að sameiginlegur skilningur um grundvallaratriði er varðar framkvæmd fjárlaga þarf að vera hverju sinni til staðar hjá þeim aðilum sem vinna að framkvæmdinni og/eða eftirlitinu. Á það virtist skorta að nokkru.

Það liggur fyrir að Ríkisendurskoðun hefur á undanförnum árum gert athugasemdir í skýrslum sínum við framkvæmd fjárlaga, að stofnanir hafi farið fram úr fjárheimildum án þess að gripið sé til aðgerða eins og reglur segja til um og ég hef ítrekað farið yfir. Þar af leiðandi, virðulegur forseti, ber að ítreka mikilvægi þess að endurrýna og gera úrbætur á verklagi sem miðar að því að framkvæmd fjárlaga sé með betri hætti en nú er. Niðurstaða fjölmargra skýrslna, greinargerða og yfirlita frá fjárreiðu- og eignaskrifstofa fjármálaráðuneytisins til fjárlaganefndar sýna að þess er þörf.

Fjárlaganefndin hefur tekið þátt í þessu átaki með fjármálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun. Er það von meiri hluta fjárlaganefndar að sú niðurstaða leiði að markvissari ríkisrekstri og meiri aga og festu í kerfinu en það eru þeir hlutir sem meiri hluti fjárlaganefndar Alþingis hefur leitað eftir.

Forseti Alþingis skipaði nýlega nefnd sem skilar á næsta ári skýrslu um þingeftirlit. Vonandi mun sú skýrsla leiða til þess að hlutverkin verði skýrari og framkvæmdinni fundinn farvegur. Í ljósi breytinga á römmum stofnana sem lagt er til í fjárlögum þessa árs verður sífellt erfiðara fyrir forstöðumenn að stýra fjármálunum. Stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð þarf því að fara sama og er vísað til áðurnefndrar reglugerðar nr. 1061/2004, um framkvæmd fjárlaga.

Einnig vill meiri hluti fjárlaganefndar minna á að þar sem skipuð er stjórn til að annast rekstur hefur stjórn stofnunar þær skyldur sem forstöðumenn hefðu ella. Þetta á t.d. við um E-hluta stofnanir ríkisins en fjárlaganefnd vinnur nú sameiginlega að gerð frumvarps um breytingar á lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, þar sem gert er ráð fyrir að við 1. mgr. 10. gr. bætist nýr málsliður sem heimili Ríkisendurskoðun að veita fjárlaganefnd Alþingis aðgang að þeim gögnum sem hún aflar samkvæmt 1. mgr. áðurnefndra laga. Nefndarmenn verða þá bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef ríkisendurskoðandi kveður svo á um. Þetta mun styrkja mjög aðkomu og eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart E-hluta stofnunum. Ég mun nú gera örlitla grein fyrir einstaka tillögum sem skýrðar eru í nefndarálitinu en eins og kom fram í byrjun, virðulegi for-

seti, eru gerðar þær breytingartillögur samkvæmt sundurliðun 2 sem nema alls 1,36 milljörðum og samkvæmt fjárlögum versnar afkoman nokkuð. Hún var jákvæð í fjárlögunum fyrir þetta ár um 39,2 milljarða en verði þetta þ.e. niðurstaðan eftir 3. umr., svo fremi sem þessar tillögur verða samþykktar, versnar afkoman um 45,4 milljarða. Afkoma ársins ætti því að verða neikvæð um 6 milljarða.

Í þessum breytingartillögum er fjallað um nokkrar breytingar á 6. gr. sem er þá 4. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er heimild til fjármálaráðherra að stofna þrjú ný fjármálafyrirtæki á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., og leggja hverju þeirra til 775 millj. kr. í stofnfé. Fjármálaráðherra gerði grein fyrir þessu á fundi nefndarinnar þann 12. nóvember sl. Hér er verið að leggja til að formfesta þann gjörning sem var farið í á grundvelli umræddra neyðarlaga þegar hinir þrír nýju ríkisbankar voru stofnaðir og þeim lagt til stofnfé upp á 775 millj. kr.

Þá er einnig breytingartillaga á grundvelli sömu laga að leggja sparisjóðum til allt að 14 milljarða kr. í stofnfé eða hlutafé og er þá um að ræða heimild um fjárveitingar úr ríkissjóði vegna þessa. Svo er heimild til að kaupa af Seðlabankanum þau viðskiptabréf sem bankanum hafa verið afhent til tryggingar á veðlánum bankans og annast uppgjör þeirra krafna eins og hagkvæmast þykir.

Það er einnig gerð tillaga um breytingu á lánsfjárheimild sem er þá 3. gr. fjáraukalaganna en 5. gr. í fjárlögunum. Í stað „234 milljónir“ komi: allt að 660 milljónir. Þá er, líkt og ég gerði grein fyrir í upphafi ræðu minnar, gerð … (**ÁÞS:** Milljarðar.) — Milljarðar. Í stað „234 þús. millj. kr.“ komi: allt að 660 þús. millj. kr. eða 660 milljarðar. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir að fylgjast jafn vel með og raun ber vitni. Það eru breytingartillögur varðandi fjármálahreyfingar og fjármögnun og það eru tölulegar breytingar í ljósi niðurstöðu breytingartillagna.

Ég vil þá rétt í lokin, virðulegur forseti, gera grein fyrir heildarbreytingunum eins og þær birtast á sundurliðun 2. Um er að ræða breytingar á lið fasteigna forsætisráðuneytisins um 17 millj. Gerðar eru breytingar á liðum er lúta að umboðsmanni barna upp á 5 millj. kr., Hagstofu Íslands upp á 16 millj. kr., símenntun og fjarkennslu upp á 100 millj. kr. Þá er gerð breytingartillaga um 30 millj. kr. til handa Slysavarnafélaginu Landsbjörgu þannig að dómsmálaráðuneytið geti fullnustað þann samning sem lýtur að björgunarskipum félagsins en þetta er þá greiðsla sem tengist árunum 2007 og 2008. Tillaga kom um styrkingu á rekstrargrunni lögreglustjórans á Suðurnesjum og sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli upp á 200 millj. kr. Síðan er tillaga um styrkingar á rekstrarstöðu öldrunarstofnana upp á 800 millj. kr. Þær eru sundurliðaðar í breytingartillögunum og mun ég ekki, virðulegur forseti, fara yfir það. Um er að ræða milli 20 og 30 öldrunarstofnanir vítt og breitt hringinn í kringum landið.

Í lokin er tillaga um styrkingu á rekstrargrunni endurhæfingarstöðvarinnar að Reykjalundi upp á 43,5 millj. kr. svo og liðnum „Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta“ upp á 130 millj. en það er þjónustugreiðsla til Flugstoða. Síðan í lokin eru uppreiknaðar verðlagshreyfingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem tengjast tekjum ríkisins. Einnig er gert ráð fyrir því að það séu sérstök viðbótarframlög upp á 100 millj. kr. inn í jöfnunarsjóðinn. Þá að lokum styrking við viðskiptaráðuneytið vegna peningaþvættisverkefnis. Að lokum eru umræddar 549 millj. til Fjármálaeftirlitsins en ég gerði grein fyrir því í upphafi að það var viðbótarkostnaður sem féll á Fjármálaeftirlitið í framhaldi af neyðarlögunum nr. 125/2008 og það kom ítarlegt minnisblað sem var lagt fram á fundi nefndarinnar vegna þess og þessir hlutir sundurliðaðir.

Ég hef, virðulegur forseti, farið yfir helstu breytingartillögurnar. Ég sundurliðaði ekki sérstakar öldrunarstofnanir, hvorki er varðar hjúkrunar-, dagvistar- eða dvalarrýmin en í breytingartillögunum eru það á milli 20 og 30 stofnanir sem gert er ráð fyrir að fái rekstrarstyrkingu.

Ég hef fyrst og fremst eytt drjúgum hluta af ræðu minni í þau atriði sem tengjast framkvæmd fjárlaga og það má kannski segja sem svo, virðulegur forseti, að ég geri það hverju sinni þegar ég mæli fyrir nefndarálitum hvort sem er um fjárlög, fjáraukalög eða lokafjárlög og vil ítreka það að ég held að dropinn holi steininn í þeim efnum. Það skiptir Alþingi verulegu máli að fá aðgang að upplýsingakerfunum. Það skiptir Alþingi verulegu máli að geta fylgst með því hvort framkvæmd fjárlaga á grundvelli reglugerðarinnar og/eða fjárreiðulaganna sé með réttum hætti. Það skiptir Alþingi líka miklu máli að hafa tækifæri til þess að fylgjast með rekstri E-hluta stofnana ríkisins sem ég nefni stundum ríki í ríkinu en þær eru núna orðnar um 25 talsins og fjölgaði nýlega um þrjár vegna hinna nýju ríkisbanka.

Að öðru leyti vil ég nota tækifærið og þakka starfsfólki nefndasviðs fyrir snörp og góð vinnubrögð varðandi fjáraukalögin. Ég vil þakka öllum nefndarmönnum í fjárlaganefnd fyrir samstarfið og við lukum nefndarstörfum í morgun kl. hálftíu. Þetta er búið að vera langt og strangt ferðalag á okkur síðustu vikur og mánuði. Nóttin hefur verið drjúg í þeim efnum og ég ætla sérstaklega að þakka varaformanni nefndarinnar, hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni fyrir ánægjulegt samstarf og samveru í ótalmargar klukkustundir (**ÁÞS:** Dag og nótt.) á sl. mánuðum, dag og nótt.

[15:45]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir framhaldsnefndaráliti um frumvarp til fjáraukalaga frá minni hluta fjárlaganefndar. Undir það rita auk mín, sem er fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárlaganefnd, þeir hv. þingmenn Magnús Stefánsson, fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárlaganefnd, og Guðjón A. Kristjánsson, fulltrúi Frjálslynda flokksins í fjárlaganefnd.

Áður en ég hef mál mitt, herra forseti, hef ég óskað eftir því að bæði hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði viðstaddir umræðuna þannig að ég geti beint til þeirra spurningum.

Meðan ég bíð eftir að þeir komi í salinn, og áður en ég hef að greina frá framhaldsnefndarálitinu, vil ég víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Gunnars Svavarssonar. Hann kemur hér álíka bjartsýnn og hann var í fyrra þegar hann mælti fyrir fyrsta fjárlagafrumvarpi sínu. Þá vonaði hann að hann gæti fengið því áorkað að vinnubrögðum yrði

breytt til batnaðar — var áfram með þennan stein um hálsinn sem hann ætlaði að reyna að hola, þ.e. þessa sömu ríkisstjórn. Hann vonaði að dropinn holaði steininn hvað varðar bætt vinnubrögð hennar. (Gripið fram í.) Ég verð nú að segja að mikil er trú hans og vissulega hefur formaðurinn verið með nokkra tilburði í þeim efnum en þeir hafa því miður reynst mjög árangurslitlir. (Gripið fram í.) Ef formaður og hv. varaformaður eru ánægðir með þann árangur sem þeir hafa náð í bættum vinnubrögðum tek ég ekki undir það. Ég tel að vinnubrögðin hafi aldrei verið verri við fjáraukalagagerðina en við upplifum þessa dagana.

Fjáraukalagafrumvarpið kom fyrir skömmu til 2. umr. og allar þær upplýsingar sem í því voru gátu hafa legið fyrir í byrjun október. Ekki var minnst einu orði á bankahrunið eða á neinar þær skuldbindingar sem hafa dunið á þjóðinni á þessu ári og þó var frumvarpið ekki lagt fram fyrr en undir miðjan desember. Það virðist ganga afar hægt að aga ríkisstjórnina í þessum efnum. Hv. formaður fjárlaganefndar talar um að beita eigi forstöðumenn einhverjum agatilskipunum í bættum vinnubrögðum við utanumhald fjármuna og vel má vera að það sé nauðsynlegt í einstaka tilvikum, en vandinn er fyrst og fremst ríkisstjórnarinnar og ráðherranna sem fara sínu fram. Hv. formaður og varaformaður fjárlaganefndar, nú eins og fyrr, virðast standa máttlausir gagnvart því. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég hefði óskað eftir því að þessir ráðherrar væru viðstaddir umfjöllun mína um nefndarálitið. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti vill upplýsa ræðumann um að verið er að gera ráðstafanir til að biðja þá um að koma í þingsalinn.)

Ég sé að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er kominn og ég vona fastlega að hæstv. menntamálaráðherra komi einnig sem fyrst — gott að sjá hæstv. menntamálaráðherra.

Ég vík þá að nefndarálitinu sem minni hluti fjárlaganefndar stendur að, með leyfi forseta:

Ríkisstjórnin hefur lagt fram breytingartillögur við 3. umr. um frumvarp til fjáraukalaga árið 2008. Samkvæmt þeim hækka útgjöld um 1.367,2 millj. kr. og skiptast á sex ráðuneyti. Þau eru forsætisráðuneyti, sem ráðgert er að fái 68 millj. kr., menntamálaráðuneyti 100 millj. kr., dóms- og kirkjumálaráðuneyti 230 millj. kr., heilbrigðisráðuneyti 43,5 millj. kr., samgönguráðuneyti 369 millj. kr. og viðskiptaráðuneyti 556,7 millj. kr. Minni hlutinn vekur athygli á því að engar frekari breytingartillögur komu fram um tekjuáætlun frumvarpsins frá því að það var lagt fram. Minni hlutinn vísar í ítarlegt nefndarálit sitt við 2. umr. um frumvarpið og telur að enn þá sé tekjuáætlunin ofmetin.

Stór hluti hækkunarinnar samkvæmt tillögum meiri hlutans mun fara til Fjármálaeftirlitsins til greiðslu viðbótarkostnaðar sem það hefur haft af setningu neyðarlaganna. Á fundi með fjárlaganefnd hafði viðskiptaráðuneytið tilkynnt að ekki þyrfti að koma til frekari fjárbeiðna Fjármálaeftirlitsins þar sem unnt væri að mæta þessum óvæntu útgjöldum með því að ganga á ónotaðar fjárheimildir. Þá þegar benti minni hlutinn á að ekki væri rétt að draga úr fjárheimildum um 17,1 millj. kr. eins og gert var með breytingartillögu sem samþykkt var af meiri hlutanum eftir 2. umr. þar sem stofnuninni veitti ekki af því sem til væri. Minni hlutinn mætti ekki skilningi hjá meiri hlutanum um þetta sjónarmið og því hlýtur fjárbeiðnin að koma meiri hlutanum mjög á óvart.

Minni hlutinn telur óhjákvæmilegt að nánari grein sé gerð fyrir fjárbeiðni af þessari stærðargráðu þrátt fyrir að í lögum nr. 125/2008 sé heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Minni hlutinn bendir á nauðsyn þess að fjárlaganefnd leggist nánar yfir forsendur fjárbeiðninnar og veittar verði mun ítarlegri upplýsingar um með hvaða hætti þessi kostnaður skiptist og hvaða liðir standi að baki honum. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að lögð verði fram kostnaðaráætlun frá Fjármálaeftirlitinu um hvaða fjárhæðir komi til með að lenda á ríkissjóði vegna starfa skilanefndanna á næsta ári. Ekki nægir yfirlýsing frá Fjármálaeftirlitinu frá 4. desember sl. um að á þessum tímapunkti sé — með beinni tilvitnun í skýrslu Fjármálaeftirlitsins — „alls óljóst hve lengi skilanefndirnar munu verða starfandi“. Þá er bent á að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 er ekki lagt mat á þennan fyrirsjáanlega kostnað. Hann er vegna skilanefnda gömlu viðskiptabankanna þriggja, endurskoðunarkostnaðar vegna bráðabirgðastofnefnahagsreikninga bankanna, sem ekki hafa enn litið dagsins ljós, verðmatskostnaðar vegna aðkeyptra sérfræðinga auk annarrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu.

Minni hlutinn bendir á að að minnsta kosti hluti þeirra endurskoðunarskrifstofa sem unnið hafa á vegum skilanefndanna skrifuðu undir ársreikninga gömlu viðskiptabankanna. Ein endurskoðunarskrifstofa hefur sagt sig frá verkinu vegna ábendinga um að hugsanlega megi draga óhæði hennar í efa, en minni hlutinn telur eðlilegt að farið verði yfir óhæði allra sem að þessari vinnu koma til að eyða þeirri tortryggni sem virðist ríkja í garð starfsmanna og sérfræðinga skilanefndanna. Í þessu sambandi bendir minni hlutinn á 6. tölul. 9. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, en þar segir, með leyfi forseta:

„Endurskoðanda er óheimilt að endurskoða hjá stofnunum og fyrirtækjum […] ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.“

Ég vek athygli herra forseta á að í málum sem þessum, svona stórum málum sem þessum, mega slík grundvallaratriði ekki vera neinum vafa undirorpin. Hægt er að velta því fyrir sér hvers vegna skilanefndirnar og Fjármálaeftirlitið, og það á ábyrgð ríkisins, hafa farið fram með þessum hætti — allmörgum vikum eftir að skilanefndir og endurskoðendur hafa tekið til starfa taka menn upp þessar spurningar.

Minni hlutinn telur nauðsynlegt að endurskoðunarskýrslur þeirra vegna endurskoðunar bankanna þriggja síðustu þrjú árin verði lagðar fyrir fjárlaganefnd og hefur minni hlutinn þegar óskað eftir því að svo verði gert. Ríkissjóður hefur nú tekið við ábyrgðinni af stjórn bankanna og tjónið af falli þeirra lendir með beinum hætti á þegnum landsins. Má í því sambandi benda á minnisblað frá fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, dags. 19. des. 2008, þar sem lántökur ríkissjóðs að fjárhæð 840 milljarðar kr. vegna bankanna eru staðfestar og áætluð vaxtagjöld að fjárhæð 45,9 milljarðar kr. Eru þá ótaldar lántökur vegna uppgjörs á Icesave-reikningunum svokölluðu og

tengdum innlánsreikningum í útibúum gömlu bankanna erlendis sem líklegt er, miðað við framkomnar upplýsingar, að hlaupa muni á hundruðum milljarða króna með tuga milljarða króna árlegum vaxtakostnaði. Með þessu er ekki átt við að veittar verði fjárhagslegar upplýsingar um einstaklinga eða upplýsingar sem eðlilegt verður að telja að leynd ríki um. Hér er átt við almennar upplýsingar sem kunnáttumenn á sviði reikningsskila og uppgjörsfræða veita eigendum fyrirtækja um rekstur, umhverfi hans, áhættugreiningu og framtíðarhorfur. Þær almennu upplýsingar sem veittar eru í endurskoðunarbréfunum eru því ekki einkamál tiltekinna stjórnenda og fámenns hóps fyrrum eigenda bankanna heldur upplýsingar sem almenningur á rétt á að veittar verði þeim sem nú bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri þrotabúanna. Á endanum reyndist það síðan vera almenningur sjálfur sem verður að axla þessa ábyrgð, því miður.

Minni hlutinn telur eðlilegt að gerð verði grein fyrir því á Alþingi hvort þessir utanaðkomandi eftirlitsaðilar sem störfuðu jafnt fyrir hluthafa, bankastjórnirnar og hið opinbera hafi með viðunandi hætti varað við þeirri hættu sem nú virðist hafa komið fram að var innbyggð í rekstur bankanna og almenningur bar vissa ábyrgð á þó svo að þegnarnir hafi almennt mátt telja að ábyrgðin takmarkaðist við hlutafé bankanna, Tryggingasjóð innstæðueigenda og Ábyrgðasjóð launa. Þeirri spurningu hefur ekki enn verið svarað hvers vegna ábyrgð þegnanna hafði ekki verið kynnt og við henni varað. Þá varpar minni hlutinn þeirri spurningu fram hvort ekki sé eðlilegt að þrotabú bankanna beri þennan kostnað þrátt fyrir ákvæði neyðarlaganna, þar sem þrotabúin hefðu hvort sem er borið ákveðinn hluta hans, og að skilanefndirnar flokki kostnaðinn milli ríkissjóðs og þrotabúanna með það í huga. Öðru máli kann að gegna með kostnað ríkissjóðs af sérstakri rannsókn sem nú hefur verið sótt um fjárheimildir fyrir.

Minni hlutinn vekur sérstaka athygli á tillögu um aukafjárveitingu til Flugstoða að fjárhæð 130 millj. kr. sem var lögð fram í þann mund sem frumvarpið var afgreitt frá fjárlaganefnd án fullnægjandi skýringa og án þess að tími hafi unnist til að ræða hana innan nefndarinnar. Minni hlutinn gagnrýnir þessi vinnubrögð, en þau eru í samræmi við það skipulags- og stefnuleysi sem einkennir fjárlagagerðina.

Ekki er verið að gagnrýna hvort fjárveitingin hafi verið mikilvæg eða ekki, við vitum að Flugstoðir bera ábyrgð á flugumferð og að flugvellir í landinu eru hæfir til flugumferðar en vinnubrögð af þessu tagi á síðustu metrum og síðustu mínútum fjárlagagerðarinnar hljóta að vera gagnrýnisverð. Einungis á að taka inn í fjáraukalögin eitthvað sem skyndilega kemur upp og ekki var fyrirsjáanlegt. Fjáraukalögin hafa verið í meðferð þingsins í nokkrar vikur og mánuði og upphæðir af þessum toga, og reyndar fleiri sem hér eru gerðar tillögur um, hljóta að hafa legið fyrr fyrir.

Minni hlutinn vísar til þess sem áður hefur komið fram af hans hálfu um að stofnanir í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu munu samkvæmt frumvarpinu hefja rekstur á næsta ári með halla, auk þess sem fjárheimildir þeirra eru almennt skornar niður í fjárlögum fyrir árið 2009.

Margar þessar stofnanir fara með umtalsverðan halla inn í næsta ár.

Minni hlutinn ítrekar gagnrýni sína á þetta ráðslag og óttast að óhjákvæmilegur sé mikill hallarekstur á næsta ári sem muni valda miklum erfiðleikum í rekstri þessara stofnana. Minni hlutinn vekur jafnframt athygli á því að ekki er gerð tillaga um eina einustu krónu til að koma til móts við rekstrarhalla Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar má öllum vera ljóst að það mun valda miklum vandræðum í starfsemi skólans á komandi árum. Minni hlutinn vísar allri ábyrgð á því máli á menntamálaráðuneytið og stjórnarmeirihlutann á Alþingi.

Ég vil víkja örfáum orðum frekar að málum landbúnaðarháskólanna. Ný lög voru samþykkt um Hólaskóla og Landbúnaðarháskóla Íslands og var samþykkt að sá síðarnefndi mundi sameinast Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Ljóst var að sú sameining mundi ein sér kosta verulegt fjármagn og skipulagsbreytingar. Auk þess var skólanum heimilt að bjóða upp á nýjar námsbrautir og auka umsvif sín á þeim vettvangi. Það sama var gert við Hólaskóla og honum veitt heimild með sérstökum lögum til að færa nám sitt á háskólastig og brautskrá nemendur.

Ljóst er og lá fyrir þegar ákvörðunin var tekin að þetta mundi eðlilega leiða til aukins kostnaðar í starfsemi skólans. Auk þess var mikil eftirspurn eftir starfsemi skólans og námsbrautum og í lögum þar sem Hólaskóli fékk heimild til að vera formlegur háskóli var einmitt gert ráð fyrir því í greinargerð og umfjöllun þess máls að hann mundi auka umsvif sín.

Ofan á þetta bættist að eitt fyrsta verk ríkisstjórnarinnar sem nú situr, ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, var að gangast fyrir miklum skipulagsbreytingum í Stjórnarráðinu um vistun ákveðinna málaflokka og heilla stofnana. Þá var lagt til að skólarnir, sem höfðu á annað hundrað ár eða allt frá stofnun verið með farsælum hætti í forsjá fyrst atvinnuvegaráðuneytisins og síðan landbúnaðarráðuneytisins, eftir að það var sérstaklega stofnað, með stjórnskipunarbreytingu var ákveðið af meiri hlutanum að færa skólana til menntamálaráðuneytisins.

Ég og reyndar fleiri þingmenn í stjórnarandstöðuflokkunum, flokkunum sem hafa kannski hvað mest tengsl við landsbyggðina, inn í landbúnaðarkerfið og til bænda, við vöruðum mjög við þessu. Við bentum á að búnaðarskólarnir hefðu um aldaskeið verið hluti af bændasamfélaginu og landbúnaðarsamfélaginu og staða þeirra sem slík mjög sérstæð, en í því fólst einmitt styrkur þeirra. Við vöruðum við að ef skólarnir færu undan landbúnaðarráðuneytinu yfir til menntamálaráðuneytisins mundi staða þeirra og sérstaða veikjast og þeir frekar metnir sem almennir skólar sem standa á venjulegum götuhornum og ekki yrði tekið tillit til hinnar gríðarlegu sérstöðu þeirra og þess samfélagslega, menningarlega og vísindalega hlutverks sem þeir gegndu í umhverfinu sem þeir eru sprottnir úr. Þessu var öllu varað við. Á síðasta ári voru þeir áfram sendir út. Fyrir ári síðan var ljóst að uppsafnaður halli var á skólunum en þá var hvorki tekið á þeim halla né fengu skólarnir nauðsynlegar fjárveitingar inn á fjárlög ársins 2008 sem þó var öllum ljóst að þyrfti að koma til og var hluti af lagasetningunni sem sett var um skólana. Þá var því borið við að þeir væru í endurskoðun og skoða þyrfti málin frekar en á þessu yrði

tekið þegar á þessu ári og skólarnir fengu heimild til að fara áfram í verkefni sín með óbreyttu sniði á þessu ári. Þess vegna kom mjög á óvart í ljósi allra þessara yfirlýsinga að við fjárlagagerð nú var fjarri því að stofnanirnar fengju fjármagn inn á fjárlög 2009 eins og þær þurftu og eins og hafði verið gert ráð fyrir að þyrfti við þær tilfærslur sem urðu á þeim á milli ráðuneyta og einnig með tilliti til þeirra laga sem höfðu verið sett um þær fyrir skömmu. En það olli miklum vandræðum og vonbrigðum.

Ekki síður hitt að varðandi þann uppsafnaða halla sem hefur legið fyrir síðustu tvö til þrjú ár er rétt að geta þess að Hólaskóli fékk þar nokkuð viðunandi afgreiðslu á halla sínum við 2. umr. fjáraukalaga en Landbúnaðarháskóli Íslands ekkert. Ég ætla ekki að nefna upphæðina sem verið var að tala um en ljóst er að fjármagnið sem stofnunina vantar til að uppfylla þau loforð og væntingar sem henni voru gefnar fyrir ári síðan eru það háar að komi þær ekki inn og fái stofnunin þær ekki bættar inn í rekstur sinn mun hún standa frammi fyrir verulegum vandræðum. Sumir segja að ef það verði þannig sé það nánast tilskipun af hálfu stjórnvalda að skólinn sé óþarfur og honum eigi að loka eða skerða starfsemina svo verulega að hann verði ekki sami skóli á eftir.

Ég vil því beina afdráttarlaust spurningum til hæstv. menntamálaráðherra hvort raunin sé að Landbúnaðarháskóli Íslands eigi að fara inn í næsta ár með þennan uppsafnaða halla sem liggur fyrir — og ég veit að hæstv. ráðherra veit um hvaða tölur er að ræða — og einnig hvernig hæstv. ráðherra hugsar sér rekstrargrunn stofnananna á næsta ári þegar ljóst er að umtalsverðar fjárveitingar vantar inn í rekstur þeirra á árinu 2009 til að þær geti starfað með óbreyttum og eðlilegum hætti.

Jafnframt vil ég beina spurningum til hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra sem veit vel um þá gagnrýni sem atvinnuvegurinn, Bændasamtökin og aðrir þeir sem tengjast stofnununum nánast — hann veit vel af gagnrýni og tortryggni í garð þeirrar ákvörðunar að flytja skólana frá landbúnaðarráðuneytinu til menntamálaráðuneytisins. Þar sem ég lít enn svo á að landbúnaðarskólarnir séu áfram hluti af félagslegu, vísindalegu og menntalegu umhverfi landbúnaðarins og þess vegna faglega á ábyrgð hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að þessi vinnubrögð og framkoma gagnvart skólunum sé ásættanleg og hvort þetta sé eitthvað sem hæstv. ráðherra styðji. Ég vil líka heyra röksemdir fyrir því að verið er að þreyta stofnanirnar með þessum hætti og að hann svari hreint út hvort verið sé að óbreyttu að segja Landbúnaðarháskóla Íslands að hann eigi að skera niður og skreppa svo saman að hann verði varla starfhæfur með sama hætti áfram. Ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari þessu alveg skýrt og skorinort.

Svo ég víki aftur í nefndarálitið þá vísar minni hlutinn til nefndarálitsins sem lagt var fram við 2. umr. um frumvarpið. Í því nefndaráliti er ítarlega fjallað um frumvarpið og fram komnar breytingartillögur. Minni hlutinn getur ekki staðið að því að samþykkja fjáraukalög fyrir árið 2008 miðað við þær forsendur sem liggja til grundvallar enda vantar enn mikilvægar forsendur og upplýsingar til að hægt sé að meta stöðuna í heild. Er nú komið fram um jól og þessar upplýsingar liggja enn ekki fyrir. Þess vegna leggur minni hlutinn áherslu á og lýsir því yfir að ef fjáraukalögin verða afgreidd með þeim hætti sem hér liggur fyrir verði þau algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans á Alþingi.

Ég vil einnig vekja athygli á því að við hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd rituðum ríkisendurskoðanda bréf, dagsett 19. desember, þar sem við óskum eftir að ríkisendurskoðandi fari bæði yfir frumvarp til fjárlaga og frumvarp til fjáraukalaga ársins 2009 og hugi sérstaklega að öllum þeim þáttum sem tengjast falli bankakerfisins og skuldbindingum ríkissjóðs þar að lútandi. Sérstaklega er bent á vinnuferlið við fjárlagagerðina og fjáraukalagagerðina við þær óvenjulegu aðstæður sem ríkja í þjóðfélaginu. Þá var þess óskað að ríkisendurskoðandi liti sérstaklega á þær skuldbindingar sem ríkissjóður gengst undir og möguleika ríkissjóðs til að standa undir þeim til framtíðar. Óskað er eftir athugasemdum og ábendingum við fjárlagaferlið eftir því sem ríkisendurskoðanda þykir ástæða til.

Herra forseti. Eins og hér hefur verið rakið ítarlega bæði við 2. umr. og í nefndaráliti minni hluta við 3. umr. eru svo gríðarlegar skuldbindingar, lána- og vaxtagreiðslur að falla á ríkissjóð eða geta gert sem ekki er gerð grein fyrir í frumvarpinu þannig að margar ástæður eru fyrir því að minni hlutinn telur að þetta frumvarp sé algerlega ófullnægjandi, taki ekki á þeim aðstæðum sem fyrir hendi eru eða gefi um þær tæmandi upplýsingar og afgreiðsla þess og meðferð í þinginu er á ábyrgð meiri hluta ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar.

[16:11]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt sem kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar að á síðustu árum og áður en skólarnir komu yfir til menntamálaráðuneytisins, hafi þeir safnað umtalsverðum halla. Skólarnir eru fámennir, kostnaðurinn mikill og rannsóknir miklar enda merkilegt starf sem á sér þar stað á mörgum sviðum þannig að í nokkur ár var ekki tekið á rekstrarvanda háskólanna.

Ég get tekið undir það með hv. þingmanni og flestum hér inni að auðvitað vil ég sjá meira fjármagni varið til menntamála og rannsókna, það hefur verið stóraukið á síðustu árum. En við þurfum bæði að huga að breyttum tímum og rekstri hverrar stofnunar fyrir sig

Ég nefni sem dæmi að fyrir nokkrum árum, þremur árum, ræddum við í þingsal, m.a. hv. þingmaður, vandamál Háskólans á Akureyri. Tekið var á þeim málum. Farið var í rekstrarumbætur og í dag stendur skólinn mun betur en áður. Það var sársaukafullt en við fórum í það og í dag höfum við m.a. halaklippt skólann af því að við sjáum raunhæfar áætlanir liggja fyrir um stjórnun og stefnumótun skólans.

Það sama má segja um Háskólann á Hólum. Það er engin tilviljun að við setjum nú 170 millj. til viðbótar til Háskólans á Hólum. Það er vegna þess að fyrir liggja áætlanir um hvernig hægt er að styrkja kjarnastarfsemina á Hólum og við munum, ef aðilar eru sammála, tengjast þeim í grasrótinni mun betur, tengja Bændasamtökin og fleiri hagsmunaaðila mun betur við skólann á Hólum. Þetta á eftir að gera enn betur með Landbúnaðarháskóla Íslands. Ljóst er

að við munum þurfa að taka á málum hans með það í huga að koma rekstrinum í lag og til að styrkja starfsemina þar, sem er merkileg fyrir margra hluta sakir. Þannig að það er af og frá að verið sé að leggja til að koma fram með tillögu sem stuðli að því að starfinu á Hvanneyri verði hætt, síður en svo. Það dugar hins vegar ekki, herra forseti, að setja fjármagn í svona starfsemi án þess (Forseti hringir.) að menn átti sig á hvert skuli haldið til lengri tíma litið.

[16:13]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég held að hæstv. ráðherra verði að skýra aðeins betur hvað hún á við. Að taka til í rekstri þýðir eftir því sem ég hef oft skilið hæstv. ráðherra að einkavæða á skólann. Firra á ríkið ábyrgð á stofnununum og koma þeim í annað form. Við þekkjum þetta m.a. með Háskólann í Reykjavík og Fjöltækniskólann.

Ég hef ekki trú á að þær aðstæður séu nú uppi að einkaaðilar séu reiðubúnir að koma með fjármagn inn í þessa stofnun þó svo að hæstv. ráðherra geti orðið að ósk sinni með einkavæðingu þeirra. Ég legg áherslu á að þessar stofnanir gegna gríðarlegu hlutverki í menningarlegu og samfélagslegu tilliti fyrir landið allt, ekki aðeins fyrir nánasta umhverfi sitt. Þess vegna finnst mér að þetta séu véfréttaryfirlýsingar frá hæstv. ráðherra um að breyta þurfi rekstrarformi eða eitthvað slíkt til að ráðherrann komi að og ég vara við því ef binda á Landbúnaðarháskóla Íslands við það að hann verði að fara í eitthvert einkavæðingarferli. Áfram stendur, alveg sama hvort hæstv. ráðherra setur skólann í eitthvert einkavæðingarferli eins og hún hefur gert við skóla á höfuðborgarsvæðinu, að hallinn sem stofnunin er nú með gerir henni gersamlega ófært að starfa áfram ef hann er ekki tekinn af. Miklu eðlilegra er ef hæstv. ráðherra vill keyra eitthvert annað rekstrarform í gang að það sé gert á sléttu borði en ekki með því að negla stofnanir upp við vegg og nánast að hóta þeim að ef ekki verði breytt um form muni þær ekki fá úrlausn mála sinna.

Ég ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra: Er það ætlunin að láta Landbúnaðarháskóla Íslands fara út í árið (Forseti hringir.) 2009 með uppsafnaðan halla, hátt á annað hundrað millj. kr., (Forseti hringir.) frá þessu ári og síðustu tveimur eða þremur árum?

[16:16]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Háskólinn á Akureyri var ekki einkavæddur. Var hann það? Nei, það var sérstaklega tekið á málefnum Háskólans á Akureyri og hann er í góðum farvegi núna. Og Háskólinn á Hólum, þau mál sem hafa verið dregin fram þar, m.a. í skýrslu nokkurra nefndarmanna, eru einmitt með þá hagsmuni í huga að efla starfið á Hólum. Það er ekkert útilokað í því, ef við þurfum að tengjast hagsmunaaðilum betur með því að tengja þá inn í starfið, þá gerum við það. Við eigum ekki að útiloka eitt eða neitt rekstrarform ef það verður til þess að styrkja starfsemina á viðkomandi sviði. Annað eru bara fordómar, annað rýrir möguleika viðkomandi starfsemi til að efla sig.

Svo það sé sagt skýrt varðandi Hvanneyri þá hef ég ekki hug á því að fara í að einkavæða Hvanneyri en ég hef hug á því að styrkja starfsemina á Hvanneyri og þá er ekkert undanskilið, hvort sem við erum að tala um samstarf eða sameiningu við aðra háskóla. Við þurfum að efla áfram rannsóknarstarfið sem fer fram á Hvanneyri en það verður ekki gert að óbreyttu. Við sjáum að ár eftir ár er stofnunin rekin með halla. Það þarf að taka á slíku og það verður að sjálfsögðu gert með víðtæku samráði. Ég hef hugsað mér að fara m.a. í að leggja fram frumvarp um afnám laga um búnaðarfræðslu og í tengslum við það verður málum þessara skóla, Hvanneyrar og Hóla, skipað með öðrum hætti en nú er og starfsskilyrðum breytt og þeir settir undir lög um háskóla, rammalöggjöf um alla háskóla á landinu þar með talið þær kröfur sem gerðar eru til kennslu og rannsókna innan háskólanna og það skiptir mjög miklu máli.

[16:17]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er mesti misskilningur hjá hæstv. ráðherra að þetta snúist um að það vanti lög. Ég geri í sjálfu sér enga athugasemd við það þótt skólarnir, úr því sem komið er, fari undir rammalög en það er ekki afsökun fyrir því að taka ekki á fjárhagsvanda skólanna eins og hann er í dag og hefur legið fyrir. Ég veit ekki betur en að viðkomandi skóli og skólayfirvöld hafi gert mjög ítarlega grein fyrir því hvernig þessi halli er tilkominn og hvernig staðan er með hann, það þarf enga lagabreytingu til að taka á honum.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég vona að hæstv. ráðherra geti komið að þessum málum og geri það ekki bara örlítið heldur kannski með talsvert jákvæðari hætti, þannig að skólarnir, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri fái yfirlýsingu um að hann megi halda áfram á þeirri braut sem hann hefur verið í sínu öfluga starfi þó svo að hann hafi færst milli ráðuneyta. Það þarf ekki að setja ný lög til að koma til móts við þá stöðu.

Ég vil áfram inna hæstv. menntamálaráðherra eftir því hvernig hún hyggst koma að málum til að standa vörð um þessar menntastofnanir landbúnaðarins og dreifbýlisins sem þær eru tvímælalaust. Það veltur á miklu fyrir þann atvinnuveg og dreifbýlissamfélagið að þær séu öflugar áfram og ráði við þau margþættu hlutverk sem þeim verða falin (Forseti hringir.) á næstu tímum.

[16:20]

Útbýting:

Fjáraukalög 2008, 239. mál, brtt. menntmn., þskj. 473.

[16:20]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Nú fer fram 3. umr. um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2008. Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um málið núna við lok þessarar umræðu. Ég vísa til nefndarálits minni hlutans bæði við þessa umræðu og eins við 2. umr. þar sem ítarlega var fjallað um málið. Ég vil fyrst og fremst ræða aðeins það mál sem var síðast til umfjöllunar, þ.e. málefni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, og vísa til þeirra svara sem komu fram hjá hæstv.

menntamálaráðherra í andsvörum rétt áðan og þakka fyrir það sem kom fram hjá henni svo langt sem það nær.

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti biðst forláts. Forseti óskar eftir því að þingmenn séu ekki í samtölum í salnum meðan ræðumaður hefur orðið.)

Takk fyrir það, hæstv. forseti. Ég vil spyrja hæstv. menntamálaráðherra aðeins nánar út í þetta málefni. Það liggur fyrir að töluverður rekstrarhalli er núna við lok ársins hjá þessum skóla. Í fjáraukalagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir einni einustu krónu til að mæta því. Hæstv. ráðherra hefur reyndar farið yfir það hver framtíðarsýnin gæti hugsanlega verið varðandi starfsemi landbúnaðarháskólans. — Virðulegi forseti. Það er svolítið truflandi þegar fram fara hávær samtöl í hliðarsal. — En ég vil spyrja hæstv. menntamálaráðherra: Hvaða skilaboð munu stjórnendur skólans fá varðandi þessa stöðu þegar þeir hefja starfsár sitt nú um áramótin með þennan mikla halla? Ég veit að gert var ráð fyrir því að rammi þeirra yrði stækkaður og að aukið rekstrarfé kæmi inn í fjárlögin. Ég spyr einfaldlega: Hvernig eiga stjórnendur landbúnaðarháskólans að vinna úr þessum málum á næsta ári? Því þó svo að hér komi frumvörp um breytingar á lögum, eins og ráðherrann kom inn á áðan, þá gerist það ekki einn, tveir og þrír. Stjórnendur standa frammi fyrir þessari stöðu eins og hún er og ég spyr hæstv. menntamálaráðherra: Hvaða skilaboð fá stjórnendur? Hvernig eiga þeir að vinna úr þessum málum? Hvernig eiga þeir að mæta þessari rekstrarstöðu? Eiga þeir að draga úr starfsemi og segja upp fólki eða hvaða úrræði hefur hæstv. ráðherra fyrir stjórnendurna á þessu stigi málsins?

Að svo mæltu ætla ég ekki að hafa þessa ræðu lengri en ég vænti þess að hæstv. ráðherra komi í andsvar þannig að við getum átt örstutt skoðanaskipti um málið.

[16:23]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér er mikil ánægja að koma upp í andsvar við hv. þm. Magnús Stefánsson sem ég hef átt gott og farsælt samstarf við. Hvaða svör eru gagnvart Hvanneyri? Þau eru nákvæmlega hin sömu og við gáfum varðandi Háskólann á Akureyri. Það þarf að beina sjónum að rótum vandans sem er mikill rekstrarvandi. Það verður auðvitað ekki gert nema í samvinnu við menntamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið um það hvernig við ætlum að endurskipuleggja Hvanneyri.

Af hverju var ég að draga fram ný frumvörp um afnám búnaðarfræðslulaganna? Það er m.a. vegna þess að þar sjáum við móta fyrir ákveðinni framtíðarsýn varðandi aukið samstarf eða hugsanlega sameiningu við aðra háskóla. Ég held að það mundi einmitt styrkja Hvanneyri verulega ef sú starfsemi sem þar fer fram færi í samstarf við aðra háskóla, hvort sem það er Bifröst eða Háskóli Íslands. Við eigum ekki að útiloka neitt í þeim efnum en það er ljóst að við munum þurfa að taka á rekstrarvandanum. Ég mun hins vegar ekki bera út þau skilaboð að Hvanneyri eigi að fara að segja upp fólki. Ekki Hvanneyri frekar en aðrir háskólar. Allir háskólar á landinu standa frammi fyrir sársaukafullum rekstri á næstunni eins og öll önnur fyrirtæki og stofnanir í landinu. Fjárlagafrumvarpið og fjáraukafrumvarpið bera það engu að síður með sér að verið að hlífa þessum stofnunum og velferðarstofnunum umfram aðrar stofnanir. En enn og aftur ítreka ég að í þessu erfiða efnahagsumhverfi eru engar stofnanir undanskildar hvað varðar hagræðingu og betri rekstur.

[16:24]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör sem ég tel reyndar ekki nægjanleg. Ég spyr því hæstv. ráðherra í ljósi stöðunnar hjá landbúnaðarháskólanum, ég man ekki nákvæmlega tölurnar yfir hallann, ég held að hann sé vel yfir 200 millj. kr. ef ég man rétt. Telur ráðherra að það verði eitthvert svigrúm á næsta ári eða þarnæsta til að mæta þessum vandræðum? Ég verð að viðurkenna að ég tel að svigrúmið til þess verði ekki mjög mikið. Þess vegna spyr ég: Hvernig stendur á því að ekki koma tillögur um það í fjáraukann núna fyrir 2008 þar sem er þó að mínu mati meira svigrúm til að fara inn á slíka hluti?

Ég vil gjarnan heyra meira frá ráðherra og ætla að vera svolítið leiðinlegur við hana en það verður bara að fylgja þessu: Hvernig eiga stjórnendurnir að leysa úr málunum? Ráðherra segir hér að það eigi ekki að segja upp fólki og ég skildi það svo að það ætti ekki að draga úr starfseminni. Hvernig þá, miðað við fjárhagsstöðu skólans? Því miður, hæstv. menntamálaráðherra, ég næ þessu ekki alveg heim og saman og þess vegna vil ég ganga örlítið harðar að ráðherranum varðandi svör um þetta, þessi praktísku atriði.

[16:26]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við höfum reynslu af því að taka á stofnunum með halla og sérstaklega háskólastofnunum. Við höfum reynslu af því og höfum gert það ágætlega og ég bendi aftur á Háskólann á Akureyri. En ég tel að það sé ekki rétt aðferð að auka við á fjárauka eða fjárlögum til neinnar stofnunar nema fyrir liggi hvernig menn ætla að ná sér út úr rekstrarhallanum. Það er ábyrgðarleysi, og talandi um ábyrgð, það er ábyrgðarleysi að setja aukið fjármagn inn í stofnanir ef um halla stofnunar er að ræða og ekki liggur fyrir hvernig eigi að vinna sig út úr hallanum. Þær tillögur mun ég vinna í samvinnu og samráði við starfsmenn á Hvanneyri.

Ég bendi líka á að það liggja fyrir tillögur um rekstur Hóla, það liggja fyrir tillögur um hvernig byggja eigi upp á Hólum. Og hvað gerum við? Við fylgjum því eftir, við komum með tillögur inn í fjáraukann upp á 170 millj. kr. til að fylgja eftir hugmyndum okkar um betri rekstur. Ég tel þetta sýna að okkur er fúlasta alvara að taka á rekstrarvanda og rekstrarhalla menntastofnana en þær eru ekki undanskildar. Hvað varðar Hvanneyri þá hef ég mikla trú á aukinni uppbyggingu þar til lengri tíma litið vegna þess merkilega starfs sem þar fer fram, ekki síst á sviði rannsókna. Það átta sig ekki allir á að Hvanneyri er meiri rannsóknarstofnun en kennslustofnun, 60% starfseminnar þar eru rannsóknir. Ég er full bjartsýni varðandi framtíð Hvanneyrar. En við getum ekki sett aukið fjármagn inn í stofnanir nema fyrir liggi hvernig við ætlum í sameiningu að vinna okkur

út úr þeim vanda sem við blasir. Annað er óábyrgt.

[16:28]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka enn og aftur hæstv. ráðherra fyrir svörin. Að sjálfsögðu eiga að liggja fyrir plön og einhver áætlun um hvernig mæta á rekstrarstöðu eins og er á Hvanneyri. Ég tel mig hafa upplýsingar um að það hafi farið fram töluverð vinna einmitt við það. Ég verð þó að viðurkenna, virðulegi forseti, að mér finnst svörin mjög rýr í roðinu hvað varðar stöðuna á næstu mánuðum og næsta árið. Ég verð að standa frammi fyrir því eins og það er. Mér finnst þetta ekki góð skilaboð til stjórnenda skólans um það hvernig þeir eiga að taka á þessu, hvernig þeir eiga að reka sína stofnun, en auðvitað hlýt ég að vona að lausn finnist á þessu máli sem allra fyrst vegna þess að staðan er afleit hjá stofnuninni. Ég hvet hæstv. ráðherra til að beita afli sínu, sem hún hefur í töluverðum mæli svona yfirleitt, til að leysa þetta mál því að þetta gengur hreinlega ekki upp svona, þessi stofnun verður að fá lausn sinna mála.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:31]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 473. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

[16:31]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Í upphafi máls míns vil ég vekja sérstaka athygli á vanda Landbúnaðarháskóla Íslands. Ef ég man rétt var það svo þegar stofnað var til Landbúnaðarháskólans — þ.e. þegar Bændaskólanum á Hvanneyri var breytt í þá stofnun og hann sameinaður Garðyrkjuskólanum og síðan ýmis rannsóknarstarfsemi færð til skólans — gerðu menn sér grein fyrir því þar sem skólinn var færður frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis að ýmis uppsafnaður vandi og kostnaður var til staðar sem mundi koma fram við sameininguna og flutning að Hvanneyri. Þá var því lofað sérstaklega að tekið yrði á þessum vanda þannig að skólinn sæti ekki til frambúðar uppi með mikinn halla í rekstrarumhverfi sínu og að framtíðarrekstur skólans væri tryggður með slíkri aðgerð.

Í andsvari hæstv. menntamálaráðherra áðan um þetta efni heyrði ég að hún gaf einhvers konar yfirlýsingu um að menntamálaráðuneytið væri vant að taka á svona vanda og það yrði gert. Hæstv. forseti, eftir því sem ég best veit, og ég vil fá það skýrt fram hjá hæstv. menntamálaráðherra þar sem hún er í salnum, hefur verið unnið að því að ná fram slíku fyrirkomulagi og skipulagi og stefna að því að rekstur Landbúnaðarháskóla Íslands verði í eðlilegu formi og rekstrarumhverfi til næstu ára. Eftir því sem ég best veit var sú vinna milli menntamálaráðuneytisins annars vegar og stjórnvalda skólans hins vegar vel á veg komin.

Mér finnst ekki hafa komið nægilega skýrt fram hjá hæstv. menntamálaráðherra hvernig þau mál liggja nú. Hins vegar hefur ráðherrann sagt hér að það stæði til að taka á þessum vanda. Nú skiljum við þó skólann eftir með uppsafnaðan vanda tveggja ára upp á að mig minnir samanlagt rétt rúmar 200 millj. kr. Þar að auki sýnist mér að í fjárlögunum setjum við hann í viðbótarrekstrarhalla á næsta ári, hæstv. forseti. Það er afar brýnt að á þessu sé tekið því ég get ekki séð að stjórnendur skólans geti haldið áfram að reka skólann í þeirri fjárhagsstöðu sem hann starfar nú. Þeir gætu hreinlega þurft að grípa til aðgerða þegar á næsta vetri, skera niður skólahald eða jafnvel stytta skólann og taka niður kostnað.

Ég hefði nú haldið, þar sem þetta er meginskóli bændastéttarinnar á Íslandi, að það væri ekki ráð að draga þar úr menntun. Eðlilegra væri að efla hana og ýmsar hliðargreinar sem hafa þróast samhliða landbúnaðinum. Þess vegna spyr ég og vil fá skýrt svar frá hæstv. menntamálaráðherra hvort skipuleg vinna hafi verið í gangi milli menntamálaráðuneytisins og skólayfirvalda á Hvanneyri um vanda skólans og einnig hvort menn hafi verið langt komnir í þeirri vinnu við að ná fram skipulagi og breytingum. Liggur þá ekki fyrir að það þurfi að taka m.a. á fjárhagsvandanum jafnvel þótt málin séu ekki frágengin? Er eðlilegt að skilja skólann eftir með þessi vandamál, tveggja ára uppsöfnun og framtíðarrekstur í uppnámi, við afgreiðslu fjáraukalaga og síðan fjárlaga sem væntanlega verða afgreidd líka hér í dag?

Þetta held ég að sé mjög misráðið, hæstv. forseti. Ég hélt satt að segja að málin væru það langt komin að það væri kominn einhvers konar grunnur fyrir það hvaða fjárveitingar þyrfti til þess að ákveðið skipulag, skipulagsbreytingar og vinnulag næðist fram sem mætti til framtíðar verða til þess að hægt væri að reka skólann innan þeirra framtíðarfjárlaga sem menn kæmust að niðurstöðu um.

Ég vænti þess að hæstv. menntamálaráðherra geti svarað því hvernig þessari vinnu var fram komið og hvort við eigum von á að tryggt verði að bændastéttin eigi áfram öruggan aðgang að menntun í þessum skóla, að þar verði áfram staðið að þeim rannsóknarþáttum sem þangað voru færðir þannig að þar verði áfram góð, fullnægjandi og öflug menntun hvað varðar landbúnaðinn í heild sem og garðyrkjuna og jafnframt að rannsóknarstarfsemin verði ekki alveg skorin niður við trog. Mér finnst mjög miður ef fara á þá leið að skera niður rannsóknarstarfsemina sem þangað var færð á sínum tíma. Á sínum tíma var gert samkomulag um að sameina þessar stofnanir og rannsóknarþáttinn að talsverðu leyti og ég taldi þá að það væri til bóta. Mér finnst afar miður ef þetta verður niðurstaðan, hæstv. forseti, og vil gera þetta mál að aðalefni í ræðu minni um fjáraukalögin vegna þess að mér finnst óforsvaranlegt að gengið sé frá þessum málum með því lagi sem það birtist okkur hér og nú.

Hæstv. forseti. Margt hefur verið óvanalegt við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga á þessu hausti. Vinnan hefur iðulega farið í að bíða eftir upplýsingum. Þær hafa komið seint og um síðir og þá verið fundað í hasti tvisvar, þrisvar sinnum til þess að kippa málunum af stað í næstu umræðu. Í raun og veru hafa menn ekki haft nægilegan tíma til þess að vinna þau verk sem fylgt hafa ýmsum breytingartillögum sem borist hafa frá ríkisstjórninni í þessum málum.

Á síðasta ári urðu miklar breytingar á högum landsmanna frá því að menn sögðu í bjartsýni á sl. vetri alveg

fram á vordaga að engin sérstök vá væri fyrir dyrum eða hætta að því er varðaði horfur okkar Íslendinga yfir í það sem núna er, hæstv. forseti. Við erum í mjög miklum vanda og sjáum ekki hvernig okkur tekst að vinna úr þeim vandamálum á næsta ári.

Við horfum á mjög vaxandi atvinnuleysi þetta haustið og nú eru að ég held yfir 9.000 manns án atvinnu. Við sjáum misgengi hjá launafólki sem skuldar fé í sínu íbúðarhúsnæði þar sem lánin rjúka upp en greiðslugetan fer niður. Við horfum á fólk sem taldi sig hafa þokkalega eignastöðu á sl. ári í þeim íbúðum og húsnæði sem það hafði keypt og taldi að eigin eign í húsnæðinu væri kannski 15–20 milljónir en það er nú nánast komið niður í núll. Því miður eru ekki enn þá horfur á að við sjáum fyrir endann á þeim vandamálum sem fylgja verðtryggingu fjárskuldbindinga, miklu flökti íslensku krónunnar og falli hennar og síðan minnkandi atvinnu í landinu.

Við þurfum auðvitað að taka á þessu til framtíðar og það mun verða svo, hæstv. forseti. Snemma á næsta ári þurfum við að endurskoða fjárlögin sem við samþykkjum væntanlega hér í kvöld. Í því sambandi er rétt að minna á að við í minni hlutanum höfum lagt sérstaklega til að komið verði inn með ný fjáraukalög fyrir mars á næsta ári til þess að endurskoða það sem við aðhöfumst nú í þessari óvissu og hinar sérstöku afleiðingar falls bankanna. Öll vinna í sambandi við gerð fjárlaganna á þessu hausti hefur verið unnin í talsverðri tímaþröng og mikil bið hefur verið eftir upplýsingum. Störf þingsins hafa auðvitað einkennst af því, sérstaklega síðasta mánuðinn, að þannig var í pottinn búið.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að hæstv. menntamálaráðherra hafi tekið eftir þeim spurningum sem ég lagði fram en þær sneru sérstaklega að því hvar á vegi það samráð væri statt sem ég tel mig hafa upplýsingar um að hafi átt sér stað milli menntamálaráðuneytis og skólayfirvalda á Hvanneyri.

[16:42]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er laukrétt að mikið samráð hefur verið haft við menntamálaráðuneytið. Þessar tvær stofnanir, þ.e. Landbúnaðarháskólinn og ráðuneytið, hafa átt samstarf enda kveður svo á um í nýjum háskólalögum að ráðuneytið skuli gera samninga við háskóla og virkir samningar skuli vera á milli háskólanna. Reyndar er verið að vinna að því að klára slíkan samning og búa þannig um hnútana að annars vegar verði kennslusamningur og hins vegar rannsóknarsamningur og þá ekki tvíþættur eins og hefur verið við aðra háskóla, t.d. stóri rannsóknarsamningurinn við Háskóla Íslands. Þetta verður þríþættur samningur þannig að við tengjum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið líka inn í rannsóknirnar til þess að hafa hagsmunaaðilana, sem margir hafa talað um, einnig innan borðs. Það skiptir miklu máli að hafa þessar tengingar á hreinu.

Ég vil líka geta þess að í tengslum við þessa vinnu höfum við þurft að greina í sundur námið á Hvanneyri því að ákveðinnar sérstöðu gætir hvað varðar Landbúnaðarháskóla Íslands, ekki bara í rannsóknum heldur líka hvernig náminu er skipt upp. Skólinn er bæði á háskólastigi og framhaldsskólastigi. Það má í raun segja að 2/3 starfseminnar séu á skilgreindu háskólastigi og 1/3 starfseminnar sé framhaldsskólanám. Að þessu verðum við að gæta þegar við byggjum upp til framtíðar og mótum háskólasamning við skólann á Hvanneyri og þetta allt átti eftir að gera. Ég ætla ekki að segja að allt hafi verið í einni kös þegar komið var að skólanum en þetta var ekki sundurgreint eins og þarf að vera lögum samkvæmt til þess að við getum greint út heimildir til háskólastigs eða framhaldsskólastigs eftir atvikum.

Ég vil líka geta þess að í gangi hefur verið nefnd vegna málefna Keldna sem undirstrikar m.a. þá hugsun okkar að tryggja áframhaldandi rannsóknarstarfsemi á Hvanneyri. Keldnanefndin hefur m.a. skoðað að sú stofnun og (Forseti hringir.) starfsemin sem þar er verði með aðaláherslu á dýralækningar. (Forseti hringir.) Þá getur sú starfsemi m.a. tengst Landbúnaðarháskóla Íslands annars vegar og (Forseti hringir.) Háskóla Íslands hins vegar, herra forseti.

[16:45]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég er eftir atvikum sæmilega sáttur við ýmislegt sem hæstv. ráðherra upplýsti hér en fannst þó í lokin að hæstv. ráðherra væri komin í hálfgert tímahrak og vil eiginlega gefa henni tækifæri til þess að bæta um betur. Mér finnst ýmislegt hafa skýrst við það sem hún sagði að það væri verið að skoða fyrirkomulagið með þrenns konar hætti, þ.e. kennslu, samninga, rannsóknir og hins vegar tengingu við hagsmunaaðila. Ég held að það sé í sjálfu sér ágætt, sérstaklega að hagsmunaaðilar komi að þessu með einhverjum hætti og hafi áhrif í þá veru sem þeir telja nauðsynlegt.

Ég vil einnig ítreka að það þarf sérstaklega að huga að hlutverki skólans en eins og hæstv. ráðherra vék réttilega að er hann bæði á framhaldsskólastigi og á háskólastigi.

Ég vænti þess að ég megi ráða þannig í orð hæstv. ráðherra að það muni ekki margar vikur líða af næsta ári þar til kominn verði á einhvers konar samningur sem tryggir það að þessi skóli geti haldið áfram starfsemi sinni og þar þurfi menn ekki að grípa til örþrifaráða eins og að fækka fólki eða jafnvel að stytta kennslutímann að vori.

[16:46]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þannig að það sé ljóst þá er engin áætlun um að skera niður starfsemina á Hvanneyri þannig að þar verði ekki áfram háskóla- og vísindastarf, það er alveg tryggt.

Hins vegar verða líka að liggja fyrir fyrirætlanir um það hvernig við sjáum Hvanneyri vaxa og þróast til lengri tíma litið. Þess vegna var ég í lok ræðu minnar, reyndar komin í svolitla tímaþröng, að nefna starfsemina á Keldum sem hefur verið í skoðun hjá okkur í ráðuneytinu, hvernig hægt væri að tengja þá merkilegu rannsóknarstarfsemi sem þar fer fram sem hugsanlega miðstöð dýralækninga annars vegar inn í Hvanneyri og hins vegar inn í Háskóla Íslands. Þetta er allt til þess að treysta undirstöður rannsókna og vísinda hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.

Við munum að sjálfsögðu halda áfram að vinna af fullum krafti að samningi milli ráðuneytisins og Hvanneyrar.

En við þurfum að skilgreina námið betur, nákvæmlega hvað á lögum samkvæmt að falla innan samningsins, hvað er háskólastarf og vísindastarf annars vegar og hvað fellur undir framhaldsskólastigið hins vegar. Þetta verðum við einfaldlega að gera og erum að gera það í góðu samráði og samvinnu við skólann.

[16:47]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessi viðbótarsvör. Ég tel að það sé orðið nokkuð ljóst að þessi mál eru í ákveðnu ferli og skýringin á því að menn hafa ekki tekið á þeim núna sé einfaldlega sú að það ferli er ekki nægilega langt fram gengið. En ég vænti þess að þau verk stoppist ekki það sem eftir er af þessu ári og verði kláruð mjög fljótlega á næsta ári.

Vonandi má vel við það una sem út úr því kemur og ég trúi því ekki og hef enga ástæðu til að ætla að hæstv. menntamálaráðherra muni skilja þessa stofnun eftir í þeim vanda að hún sé ekki vel rekstrarhæf á næsta ári, ég tek orð hennar þannig.

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins í lokin minna á það að eins og vinnulagið hefur verið við gerð fjáraukalaganna og fjárlaganna þá er það auðvitað þannig að minni hlutinn og stjórnarandstaðan hefur ákaflega lítið getað komið inn í þau verk í heild sinni vegna þess að þar hefur verið mikill hraði á. Í raun og veru hefur verið tekið við tillögum ríkisstjórnar sem meiri hlutinn hefur einnig beðið eftir og þeim haskað hér í hvelli eða mjög fljótlega inn í Alþingi.

Þetta hefur auðvitað gert það að verkum að þegar kemur til afgreiðslu þessara mála þá munum við líta þannig á að það sé ríkisstjórnin sem beri ábyrgð á þeim og að meiri hlutinn sé að fylgja eftir fororði og skipunum ríkisstjórnarinnar. Þannig hefur það auðvitað verið í reynd að menn eru að hamast við að koma hér inn tillögum ríkisstjórnarinnar til afgreiðslu og meðferðar og þess vegna erum við að þessu núna, daginn fyrir Þorláksmessu.

Vonandi verður ekki mikil handvömm eða mistök í þessari flýtivinnu en ég vænti þess að menn séu sammála um að taka til verka snemma á næsta ári við að yfirfara fjárlögin því ég held að það muni ekki af veita, hæstv. forseti.

[16:50]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Hér er verið að halda síðustu ræðurnar og segja síðustu orðin um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2008 sem væntanlega verður afgreitt sem lög frá Alþingi áður en mjög langt um líður, innan stundar væntanlega.

Mig langar að blanda mér örstutt í þessa umræðu um nokkur atriði. Ég vil fyrst ræða aðeins um vinnubrögðin varðandi frumvarpið til fjáraukalaga en sama má segja að eigi við um frumvarpið til fjárlaga og fjárlögin sem við höfum verið með hér til umfjöllunar að undanförnu einnig.

Fjárlagafrumvarpið kom fram eins og lög gera ráð fyrir strax í byrjun október en viku eftir að það var lagt fram urðu þau miklu tíðindi að bankakerfið hér á landi hrundi með þeim gríðarlegu afleiðingum sem það hefur haft síðan í för með sér. Það má segja að vinnubrögðin hafi verið nokkuð óvenjuleg af þessum sökum þannig að fjárlaganefnd var nánast ekkert við vinnu við fjárlagafrumvarpið fyrr en í byrjun desember, svona efnislega má segja. Að sjálfsögðu ætla ég ekki að gera lítið úr því að hv. þingmenn sem sæti eiga í fjárlaganefnd hafi verið við vinnu sína. En það má segja að hin efnislega umfjöllun um fjárlagafrumvarpið hafi í raun ekki hafist fyrr en að ríkisstjórnin var tilbúin með nýjar tillögur sem ég tel að hafi verið þess eðlis og svo umfangsmiklar að það hafi í raun verið ígildi nýs fjárlagafrumvarps. Og hefði verið ástæða til að taka það þar af leiðandi til meðferðar sem slíkt, að ríkisstjórnin hefði dregið til baka hið fyrra fjárlagafrumvarp og mælt fyrir nýju frumvarpi.

Síðan var þetta mál að sjálfsögðu til meðferðar í hv. fjárlaganefnd og eins og hér hefur komið fram hafa menn lagt mikið á sig í þeirri vinnu og eiga að sjálfsögðu hrós skilið fyrir það að mörgu leyti við erfiðar aðstæður. Sérstaklega við þær aðstæður að hafa ekki haft undir höndum nægilega góð gögn, upplýsingar um það hvers væri að vænta varðandi skuldbindingar okkar sérstaklega inn í næsta ár og það á að sjálfsögðu sömuleiðis við um hluta málsins sem lýtur að fjáraukalögum fyrir árið 2008.

Ég tel að það sé ástæða fyrir okkur hér í þinginu að fara yfir vinnubrögðin í ljósi þess sem hér hefur gerst. Og að sjálfsögðu, eins og komið hefur fram í máli ýmissa þingmanna úr stjórnarandstöðunni, þá hefði í raun verið eðlilegt að þingið hefði afgreitt heimildarfrumvarp til greiðslna úr ríkissjóði til þess að standa undir þeim skuldbindingum sem ríkissjóður hefur við launagreiðslur og samningsbundnar greiðslur fyrstu daga og vikur nýs árs og að menn hefðu tekið sér eðlilegan tíma til þess að fara yfir allar forsendur fjárlagafrumvarps og fjáraukalagafrumvarps með sambærilegum hætti og venjan er. Þinginu hefði þá gefist þeir tveir mánuðir sem venjulega fara í þessa vinnu líka við þau frumvörp sem við erum að afgreiða núna því það er bara sá tími sem þingmenn þurfa til þess að fara í saumana á öllum þeim atriðum sem hér eru til umfjöllunar.

Nú geri ég mér ljóst að það eru áform ríkisstjórnarinnar að afgreiða þessi mál nú á þessum klukkutímunum áður en jólaleyfi þingsins hefst. Þess vegna vil ég frekar koma með það sjónarmið sem áréttingu til forustu þingsins og þingnefndanna að núna strax í upphafi nýs árs verði farið yfir þessi vinnubrögð og hugað að hvaða lærdóma við getum dregið af þeim og hvernig við eigum að standa að málum til þess að bæta vinnubrögðin í þinginu. Ég held að það sé geysilega þýðingarmikið að við gefum okkur tíma til þess.

Ég efast ekkert um að hv. þingmenn úr stjórnarflokkunum eru í raun sama sinnis, að fyrirheitin hér í fyrrahaust um bætt vinnubrögð við fjárlagagerðina hafa ekki gengið upp. Þar er ekki endilega við fjárlaganefndarmenn að sakast. Þar hafa margir þættir haft áhrif og við verðum að sjálfsögðu að horfa til þess en engu að síður hefði verið hægt að bregðast við þessu með öðrum hætti hvað vinnuna varðar hér á vettvangi þingsins og ég tel að það hefði verið affarasælla að gera það.

Mig langar aðeins að nefna málefni Keldna vegna þess að hæstv. menntamálaráðherra er hér í salnum og í andsvari við hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson áðan kom hún inn á málefni tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og gat um vinnu sem þar hefur verið í gangi við

endurskoðun laganna og hugmynda um að leggja af lögin um Keldur og breyta starfseminni og færa hana beint undir heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Í tilefni af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um landbúnaðarháskólann á Hvanneyri nefndi hún einnig tenginguna við Hvanneyri.

Ég vil rétt stuttlega segja um það mál að ég held að það þurfi að liggja mjög rækilega yfir því máli öllu og gefa tóm til þess að fjalla um það hér á vettvangi Alþingis þegar þar að kemur. Tilraunastöðin á Keldum er í raun og veru, vil ég leyfa mér að fullyrða, sú vísindastofnun hér á landi sem er hvað mest og best þekkt á alþjóðavísu á sinni vísindagrein og hefur verið það um áratugaskeið og grundvallast á brautryðjandastarfi sem dr. Björn Sigurðsson kom á laggirnar á sjötta áratugnum og hefur alla tíð síðan verið í fremstu röð á sviði læknisfræði og dýralæknisfræði og er þekkt sem slík og má segja að sé eins konar vörumerki fyrir íslenskar vísindarannsóknir á heilbrigðissviði um allan heim.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það sé í fyrsta lagi ákaflega þýðingarmikið að halda því nafni sem er bundið við þá stofnun. Ég tel að í því felist mikil verðmæti í sjálfu sér, mikill auður. Þar sem ég á sæti í nefnd sem hæstv. heilbrigðisráðherra skipaði til að fjalla um uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss þar sem þetta mál hefur að sjálfsögðu komið talsvert til umræðu þá hef ég lýst þeirri skoðun minni þar að það sé mikilvægt að halda í þá þekkingu og í þau verðmæti sem felast í þeirri stofnun og í því starfi sem þar hefur farið fram og mun gera það áfram. Ég tel þess vegna að það verði að fara mjög varlega í allar hugmyndir um að slíta þá stofnun í sundur. Ég veit ekki hvort ég átti að skilja hæstv. menntamálaráðherra í andsvarinu við hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson þannig að það fælist í hennar orðum. Ég er ekki viss um það en ég vona a.m.k. að svo sé ekki því ég óttast að það mundi hafa mjög slæmar afleiðingar fyrir það vísindasamfélag sem þar er vegna þess að það sem þar má segja að sé stóri kosturinn og hefur gefið þessari stofnun það sem hún er, það er að þar koma saman fjölþættar vísindagreinar og njóta góðs hver af annarri. Þess vegna tel ég afar þýðingarmikið að við stöndum vörð um það rannsóknar- og vísindastarf og reynum að halda því sem best á lofti þó að það sé undir heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands eins og hugmyndir eru um, en ég legg áherslu á að starfsemin verði ekki slitin í sundur því það mun kippa grundvellinum að verulegu leyti undan þessari merku vísindastofnun. Þetta vildi ég segja um þetta mál.

Það sem ég vildi síðan segja um fjáraukalagafrumvarpið, þetta tengist að sjálfsögðu, það er eðlilega nátengt fjárlögunum fyrir næsta ár, er auðvitað sú óvissa sem við stöndum frammi fyrir varðandi skuldbindingar okkar landsmanna, bæði okkar sem erum hér og störfum í dag og jafnframt komandi kynslóða vegna bankahrunsins og áfallanna sem við höfum orðið fyrir í efnahagslífinu og atvinnulífinu.

Við sjáum hér verulega auknar heimildir til handa fjármálaráðherra til að taka lán. Lítil tillaga fór fram frá meiri hluta fjárlaganefndar við fjáraukalagafrumvarpið við 1. tölulið 3. gr. þar sem í stað orðanna allt að 234.000 millj. kr. komi allt að 660.000 millj. kr. Reyndar fipaðist hv. formaður fjárlaganefndar aðeins á núllunum þegar hann gerði grein fyrir þessu og gleymdi þremur núllum. Þannig að upphæðirnar í hans munni voru fyrst 234 millj. kr. upp í 660 millj. kr. en áttu að sjálfsögðu að vera milljarðar kr. Það er kannski lítið á milli vina en hv. þingmaður leiðrétti sig eftir frammíkall frá undirrituðum.

Hér er um að ræða gríðarlega skuldsetningu, í raun heimildir. Þetta er að vísu til ýmissa verkefna, þarfra verkefna að sjálfsögðu, en hér er auðvitað um að ræða miklar skuldbindingar. Lætur nærri að það séu um 2 milljónir á hvert mannsbarn á landinu og rúmlega það, kannski 8–10 milljónir á hverja fjölskyldu í landinu. Hér eru því auðvitað gríðarlega miklar skuldbindingar sem við erum að takast á hendur. Þá er ótalið það sem hér hefur komið fram, þ.e. ótaldar skuldbindingarnar vegna Icesave-reikninganna svokölluðu og bankahrunsins eða endurreisnar bankanna og annað slíkt.

Það sem ég vil leyfa mér að leggja áherslu á í þessari umræðu er fyrst og fremst það að það er mikið sem er ekki komið fram í tengslum við efnahagsfjárhæð ríkissjóðs á næsta ári eða næstu árum. Þegar hefur verið boðað, m.a. af ráðamönnum eða forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar, að það þurfi að ráðast í endurskoðun fjárlaganna og vinnu við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2010, nú þegar í byrjun næsta árs. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfum lagt það til og talað fyrir því að það verði í raun þegar hafin vinna við endurskoðunina þannig að það komi frumvarp til nýrra fjáraukalaga fyrir 1. mars á næsta ári en miðað við það hvernig stjórnarliðar hafa greitt atkvæði hér til þessa, að allar hugmyndir frá stjórnarandstöðunni eru felldar hversu góðar og gagnlegar þær kunna nú samt að vera, þá á ég ekkert sérstaklega von á því að þetta verði samþykkt. En ég vil samt segja við þá stjórnarþingmenn sem eru í salnum að ég tel að hugmynd af þessu tagi væri algerlega útlátalaus af hálfu stjórnarinnar og mundi sýna að hún væri reiðubúin til þess að vinna með stjórnarandstöðunni. Við höfum margoft boðið það í stjórnarandstöðunni að vinna með ríkisstjórninni að þeim mikilvægu viðfangsefnum sem blasa við þjóðinni allri, ekki bara kjósendum ríkisstjórnarflokkanna heldur þjóðinni allri, líka þeim sem styðja og hafa kosið stjórnarandstöðuflokkana og þeim fer fjölgandi dag frá degi eins og kunnugt er í skoðanakönnunum. Það væri því algerlega útlátalaust af hálfu stjórnarinnar að fallast á einhverja slíka málsmeðferð og sýna í verki að stjórnin væri reiðubúin til þess að vinna með stjórnarandstöðunni.

Hér eru geysilega mikil verkefni fram undan. Þau er ekki einföld og það er enginn öfundsverður sem stendur í þeirri vinnu en hún er óhjákvæmileg. Við eigum að leggja saman kraftana eins og við mögulega getum og sérstaklega er ábyrgðin mikil hjá þeim sem fara með meiri hlutann í ríkisstjórn og Alþingi, að taka í útréttar hendur og sýna það að stjórnin meinar líka eitthvað þegar hún segir sýknt og heilagt að við séum öll í sama báti. Þá þurfa allir að leggjast á árarnar og þá þarf að vinna með stjórnarandstöðunni líka. (Gripið fram í.) Nei, ég ætla ekki að leggja árar í bát.

Ég tel að við getum unnið okkur út úr þeirri stöðu sem við erum í, tvímælalaust. Við eigum ekki að láta eins og hér sé allt á vonarvöl eða að þjóðin sé á barmi gjaldþrots þótt vissulega séu erfiðleikar fram undan. Við eigum að takast á við þennan vanda þótt við kunnum að hafa mismunandi áherslur og mismunandi skoðanir á því hvernig við gerum

það. En það er öllum fyrir bestu og sérstaklega íslenskri þjóð að stjórnmálalífið sýni að það sé þess megnugt að leggja saman kraftana til heilla fyrir núlifandi Íslendinga og komandi kynslóðir. Ég held að allur almenningur í landinu kunni engri ríkisstjórn, hversu stór sem meiri hlutinn kann að vera í atkvæðum talið á Alþingi, þakkir fyrir að hafna samstarfi og samvinnu við alla aðila í samfélaginu, hvort sem það er stjórnarandstaðan, verkalýðshreyfingin, sveitarfélögin eða hverjir aðrir. Það er mikilvægt að við leggjumst öll á eitt og þá er ég sannfærður um að við getum unnið okkur út úr þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir og sem þjóðin sjálf ber enga ábyrgð á en (Forseti hringir.) en verður bersýnilega engu að síður að axla.

[17:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir að vekja máls á merkilegu starfi Keldna og tek heils hugar undir þau orð sem hann lét falla úr ræðustól um það.

Ég vil aðeins gera grein fyrir hvernig staðan er varðandi málefni Keldna. Nú liggur fyrir greinargerð nefndar sem leggur til að Keldur sameinist heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Þetta er auðvitað viðkvæmt mál eins og margoft hefur komið fram þegar verið er að ræða málefni Keldna. Í ljósi þessa var ákveðið að fela forstöðumanni Keldna og rektor Háskóla Íslands að gera drög að viðauka við rannsóknarsamninginn sem er á milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands þar sem sérstaklega er vikið að merkilegri starfsemi Keldna. Það er alveg ljóst að ekki verður gengið frá slíkum viðauka nema það sé bærileg sátt um innihald samningsins og viðaukann. Með þessu er verið að reyna að tryggja að starfsemi Keldna með slíkri sameiningu verði viðhaldið og jafnframt Keldnanafninu.

Ég vil líka geta þess að í síðustu viku átti formaður nefndarinnar sem leggur fram þessar tillögur fund með starfsmönnum Keldna þar sem verið var að fara yfir þetta. Það er því verið að reyna að hafa umræðuna opna og aðganginn eins opinn og hægt er. En meginmarkmiðið með svona tillögum er náttúrlega að efla rannsóknarstarfsemi eins og þá sem Tilraunastöðin á Keldum einbeitir sér að. Við nefndarmenn teljum að þetta sé leið til þess að styrkja starfið enn frekar en um leið þarf að gæta sérstöðu stöðvarinnar sérstaklega.

[17:07]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir þessar upplýsingar. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel að það sé einkum og sér í lagi mikilvægt að starfsemin haldist sem ein heild. Ég þekki þar til og veit að það er eitt af því sem starfsfólkið á þessum vinnustað telur að séu hvað mest verðmæti fólgin í, að halda starfseminni sameinaðri. Það var ekki síst það sem ég lagði áherslu á í máli mínu.

Ég tek undir það og finnst spennandi að starfsemin geti verið hluti af heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Ég veit ekki hvort það er nauðsynlegt að leggja af lögin um Keldur, sem eru sérstök lög, eða hvort það væri nægilegt að gera á þeim breytingar til þess að samræma þau þeim hugmyndum sem uppi eru um að Keldur fari undir heilbrigðisvísindasviðið, hvort það er gert með samningi eins og hæstv. menntamálaráðherra gat um eða einhvers konar viðauka. Það kann vel að vera að það sé nægilegt en ég legg áherslu á að mjög sé vandað til þessarar vinnu og reynt að tryggja að sem allra best sátt og samstaða takist um þær breytingar sem bersýnilega eru í farvatninu.

[17:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek undir þessi síðustu orð hv. þingmanns. Það þarf að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um þetta en við verðum að halda áfram með málið. Ég held að það skipti mjög miklu máli fyrir starfsemina á Keldum að starfseminnar verði sérstaklega getið í þessum stóra rannsóknarsamningi sem er við Háskóla Íslands. Þar verði sérviðauki sem bæði starfsmenn og forstöðumaður Keldna hafa haft aðgang að og hafa samið í samvinnu við annars vegar háskólann og hins vegar menntamálaráðuneytið.

Varðandi síðan umræðu okkar áðan í þingsal um hvernig við sjáum háskólastarfsemina og rannsóknarstarfsemina þróast á næstu árum held ég að það sé algjörlega óumflýjanlegt að við reynum að fara yfir sviðið í heild, ekki bara með tilliti til þessa erfiða efnahagsástands heldur einnig vegna þess að við verðum sterkari með því að vinna betur saman. Ég held að þessar þrjár einingar, Háskóli Íslands, Keldur og Hvanneyri, geti unnið betur saman en hefur verið gert fram til þessa. Hvernig það verður síðan gert í framtíðinni, hvort það verður með sameiningu eða í öðru formi skal ég ekki segja. Ég held að við verðum að líta til þess hvaða möguleika við eigum til þess að nýta stofnanir okkar á þessu sviði sem best þannig að út úr þessu komi einhver ein heild sem verður enn sterkari alþjóðlega. Við erum náttúrlega, eins og hv. þingmaður kom inn á áðan, mjög sterk á þessu sviði og Keldur eru viðurkennt nafn á alþjóðavísu.

Ég mun beita mér fyrir því — og hv. þingmaður kom líka að því áðan — að Alþingi verði upplýst og að við ræðum um málefni Keldna þegar fram í sækir, þegar fyrir liggja endanlegar tillögur frá nefndinni sem fjallar um málefni tilraunastöðvarinnar.

[17:10]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir ræðuna og yfirlýsingar um samráð og samvinnu. Það er gott að vita til þess að það er til staðar.

Ég ætla fara örlítið inn á tvö mál. Annars vegar varðar það lánsfjárheimildirnar. Þegar lögin voru samþykkt á sínum tíma var í 1. málslið 5. gr. fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán allt að 30 milljörðum eða 30 þúsund milljónir. Við framlagningu fjáraukalagafrumvarpsins fyrir hálfum mánuði var sú upphæð komin í 234 milljarða. Síðan kom ósk um að sú tala yrði hækkuð í 660 milljarða í bréfi frá ráðuneytinu og ríkisstjórn þann 20. desember sl. á fundi fjárlaganefndar á laugardaginn.

Í skýringum í umræddu bréfi segir svo:

„Með ofangreindum breytingum á 5. gr. er í fyrsta lagi óskað eftir 426 milljarða kr. hækkun á lántökuheimild fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs sem þörf er á vegna aukinnar skuldsetningar ríkissjóðs í kjölfar áfalla í fjármálakerfi landsins.“

Ég minni síðan á þá heimild sem þingið veitti í maí sl. varðandi það að styrkja gjaldeyrissjóðinn, gjaldeyrisviðspyrnuna í Seðlabankanum.

Síðan hefur því verið lýst yfir í nefndaráliti varðandi fjárlögin, virðulegur forseti, að meiri hlutinn muni leggja fram frumvarp um fjáraukalög í febrúar nk. þar sem leitað verði eftir heimildum Alþingis til fjárráðstafana, millifærslu milli fjárlagaliða í samræmi við nefndarálitið eins og gerð var grein fyrir. Ég tel að það sé í fyrsta skipti sem slík yfirlýsing liggur fyrir (Forseti hringir.) þannig að það sé öllum ljóst.

[17:13]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, þetta er í raun og veru í samræmi við það sem ég ræddi áðan um þessar miklu hækkanir á lánsfjárheimildum. Það sem ég benti fyrst og fremst á í máli mínu var að við erum sem sagt að fara inn í tímabil þar sem verið er að skuldsetja ríkissjóð geysilega mikið og er ekki allt talið enn. Það er það sem við vitum öll að það er lagt upp með mikinn halla og mikla lánsfjárþörf og lántökur, miklar skuldbindingar í vaxtakostnaði á næstu árum, tugi milljarða, sem er auðvitað mjög þungbært fyrir þjóðarbúið. Hv. þm. Gunnar Svavarsson staðfesti það raunverulega þegar hann talaði um endurskoðun í febrúarmánuði á næsta ári. Það sem ekki er komið fram enn þá nema bara á skotspónum eru skuldbindingarnar vegna ævintýranna í Bretlandi, Hollandi og víðar með Icesave-reikningana. Það er viðbót sem á eftir að leggjast á landsmenn og verður auðvitað mjög þungt.

Þess vegna held ég að sé einmitt mjög mikilvægt að fjárlögin fyrir næsta ár og þessi mál öll verði komin til endurskoðunar og umræðu strax á nýju ári á vettvangi þingsins og á vettvangi fjárlaganefndar. Þannig verði strax farið að vinna að málum svo að við vitum betur hvað er í húfi eða hvað er um að tefla. Það verði ekki bara beðið fram á næsta haust, til haustsins 2009, til að taka þessi mál aftur til umfjöllunar. Við verðum að hafa þau öll uppi á borðinu og þjóðin verður að vita hvaða skuldbindingar hún er að undirgangast. Það tekur enginn á sig skuldbindingar í heimilisbókhaldi sínu eða felur umboðsmanni sínum að gangast undir skuldbindingar fyrir sína hönd án þess að vita hvað það er sem liggur þar að baki. Það á auðvitað ekkert síður að eiga við um ríkissjóð, hið opinbera og landsmenn (Forseti hringir.) sem eru að sjálfsögðu á bak við ríkissjóðinn.

[17:15]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Mig langar að spyrja hv. formann fjárlaganefndar um tvö mál. Annars vegar langar mig að fá skýringar á því af hverju ekki var gengið hreint til verks og allur halinn af heilbrigðisstofnunum og öldrunarstofnunum klipptur af í stað þess að skera einungis niður tvo þriðju hluta eins og hér er gert.

Mig langar til að spyrja vegna þess að mér sýnist að ef allur halinn á Landspítalanum hefði verið tekinn núna hefði þurft að bæta við 750 millj. kr. Ætli það sé þá ekki annað eins fyrir allar aðrar stofnanir í landinu. Þá hefði þurft að bæta í fjáraukalögin 1–2 milljörðum kr. til þess að stilla heilbrigðisstofnanir okkar og öldrunarstofnanir, sem hafa verið að burðast með langan skuldahala á undanförnum árum, á núll. Þá hefðu þær getað farið skuldlausar inn í þann mikla niðurskurð sem blasir við á næsta ári og jafnvel enn meiri niðurskurð árið þar á eftir.

Ég held, frú forseti, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi ekki bannað aukinn halla á þessu ári. Ég held að mögulegt hefði verið að grípa til þessa ráðs án þess að fara inn í samninginn við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Mig langar að spyrja hv. formann fjárlaganefndar hver skýringin er á því að þetta var gert? Af hverju var ekki gengið hreint til verks og menn skildir eftir með hreint borð?

Í öðru lagi langar mig til að spyrja aðeins út í SÁÁ og þá sérstaklega göngudeildarstarfsemina. SÁÁ hefur allt þetta ár rekið göngudeildir fyrir alkóhólista, aðstandendur þeirra, foreldra, maka og börn og reyndar fíkla líka, bæði í Reykjavík og á Akureyri, án þess að samningur við ríkið þar um væri í gildi.

Í Reykjavík hefur SÁÁ rekið göngudeild allt frá árinu 1980 og á Akureyri allt frá því 1990. Samningar um þennan rekstur runnu út um síðustu áramót og menn héldu þessum rekstri áfram í góðri trú, enda ekki óalgengt að samningar dragist og samningaviðræður gangi inn á næsta ár í svo flóknum samningum og dýrum. Það var heldur aldrei rætt um annað en að semja um þessa starfsemi, að henni yrði haldið áfram. Hins vegar var aðeins gerður þjónustusamningur um Vog, Staðarfell og Vík. Þá var sagt að peningarnir væri búnir og reynt var að finna einhverjar lausnir.

Mig langar til að eiga orðastað við hv. formann fjárlaganefndar um SÁÁ. Það slitnaði upp úr samningaviðræðum milli ríkisins og SÁÁ varðandi þetta atriði, göngudeildirnar, í ágúst eða september sl. þegar allt í einu var tilkynnt af hálfu ríkisins að SÁÁ fengi engar fjárveitingar og engan samning vegna ársins 2008. Samningaviðræðum var eitthvað haldið áfram vegna ársins 2009 og mér sýnist nú, þegar ég skoða fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2009, að þar hafi SÁÁ lent mjög alvarlega undir hnífnum og þessi starfsemi þá væntanlega sérstaklega.

Mig langar að vita hvort ekki hafi komið til álita í fjáraukalögunum að bæta SÁÁ með einhverjum hætti, jafnvel allt að tveimur þriðju eins og gert er með aðrar heilbrigðisstofnanir, hallann sem hefur skapast vegna þeirrar stöðu sem er í rekstri göngudeildanna.

[17:20]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að víkja að báðum þessum spurningum í tveimur stuttum andsvörum.

Fyrst að SÁÁ: Nú er það þannig að SÁÁ er sjálfseignarstofnun og með beinan samning, eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir vék að, en ekki A-hluta stofnun — ekki er eins farið með umræddar sjálfseignarstofnanir sem hafa samn-

ing og A-hluta stofnanirnar. Viðkomandi sjálfseignarstofnanir hafa þurft að taka lánin sjálfar ef þær fara fram úr og eiga í raun sjóðsfærsluna sjálfa.

Þegar fjáraukalagafrumvarpið var lagt fram fyrir rúmum hálfum mánuði var ljóst að ekki voru neinar tillögur um að styrkja rekstrarstöðu SÁÁ eða annarra sjálfseignarstofnana. Fyrst og fremst var vikið að sjúkrastofnunum sem heyra undir A-hlutann eða ríkissjóð sjálfan.

Við í fjárlaganefnd fórum yfir þessa stöðu bæði með ráðuneytunum og síðan ýmsum öðrum sem tengjast þessum þáttum. Niðurstaða okkar, í ljósi þeirra upplýsinga sem við fengum um samkomulag og samninga, var sú að leggja ekki fram breytingartillögu við tillögu fjármálaráðherra eða ríkisstjórnarinnar, heldur fara fram með þetta óbreytt. Það var gert í ljósi þess að menn mundu klára að fara yfir þetta samkomulag eins og hv. þingmaður vék að varðandi dagdeildirnar og þess vegna væri hægt að leita til frekari styrkinga í ríkissjóð á hvaða tíma sem er líkt og við höfum lýst hér varðandi önnur mál.

Ég vona að þetta svari þessum hluta, þ.e. (Forseti hringir.) gagnvart umræddri sjálfseignarstofnun, en sjálfseignarstofnanir eru fjölmargar. Hins vegar var tekin ákvörðun um að fara fram með (Forseti hringir.) breytingu varðandi öldrunarstofnanir sem (Forseti hringir.) velflestar eru sjálfseignarstofnanir. (Forseti hringir.)

[17:22]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni fjárlaganefndar kærlega fyrir þessi svör. Ég verð að segja eins og er að það kemur mér ekkert sérstaklega á óvart að ekki skuli hafa komið fram tillaga frá hæstv. heilbrigðisráðherra eða heilbrigðisráðuneytinu um að styrkja rekstrarstöðu SÁÁ. Mér hefur fundist anda köldu gagnvart þessari stofnun og ég verð að segja að mér þykir það miður.

Ég fagna því hins vegar, sem hv. formaður segir hér, að möguleiki sé á því með breyttum vinnubrögðum að fara yfir þessa hluti með öðrum hætti á komandi ári og grípa þá fyrr inn í hlutina, með styttra millibili.

Ég endurtek að ég efast um stuðning hæstv. heilbrigðisráðherra við þessa starfsemi og efast reyndar um stuðning Sjálfstæðisflokksins við SÁÁ og þá þjóðþrifastarfsemi sem þeir hafa rekið hér um 25–30 ára skeið. Ég vil í því sambandi minna á útboðið sem hægri stjórnin í Reykjavík viðhafði hér um úrræði fyrir skjólstæðinga Byrgisins. Þá bauð SÁÁ fram áralanga þekkingu og reynslu og miklu ódýrari samning en vildarvinirnir í Heilsuverndarstöðinni ehf. sem fengu samninginn en fóru því miður á hausinn.

Ég velti því sem sagt fyrir mér, herra forseti, hvort það geti verið að rekstrarformið hjá SÁÁ sé eitthvað að þvælast fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra. Að það þurfi að einkavæða SÁÁ og gera það að hlutafélagi til þess að það hljóti náð fyrir augum hans.

[17:24]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Gunnar Svavarsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að í þessu sambandi sé ljóst að fjölmargar sjálfseignarstofnanir sinna ýmiss konar þjónustu fyrir ríkið með samningagerð, hvort sem það er SÁÁ, öldrunarstofnanir eða ýmiss konar aðrar stofnanir. Við þekkjum þetta úr menningarmálunum og jafnvel fræðslumálunum og hinum og þessum málaflokkum.

Ég finn ekki fyrir öðru en að ríkur vilji sé til þess að halda áfram samstarfi við SÁÁ, ég skynja það ekki sem svo að einhverjir séu andsnúnir því, enda hlýtur maður að spyrja sjálfan sig að því hvar annars staðar úrræðin séu í íslensku samfélagi. Þau eru að einhverju leyti inni á Landspítalanum en á velflestum öðrum stöðum eru þau inni í þessum sjálfseignarstofnunum og við vitum öll hvað SÁÁ hefur gert fyrir íslensku þjóðina í þeim efnum. Ég vonast til þess að menn nái að endurrýna þetta samkomulag og fara yfir það og horfi til næstu mánaða eða vikna með það.

Ég vil hins vegar segja þessu tengt varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og rekstrarhallann og annað að það tengist þessu sama því að á sumum stöðum hafa sjálfseignarstofnanirnar farið út í útgjöldin en á öðrum stöðum hefur ríkið þegar farið út í útgjöldin. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn metur frumvörpin og breytingarnar á sjóðsgrunni eða greiðslugrunni miklu frekar en rekstrargrunni. Það skiptir því í sjálfu sér kannski ekki svo verulegu máli gagnvart A-hluta stofnunum hvort halinn sé klipptur af því að þá þegar hefur ríkissjóður farið út í útgjöldin. Sjóðshreyfingin hefur átt sér stað og hún liggur í sjálfu sér neikvæð.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn horfir miklu frekar á næsta ár í sjóðshreyfingunni (Forseti hringir.) en í rekstrarheimildinni sem er að vísu nátengd (Forseti hringir.) enda sjá menn það, virðulegi forseti, ef þeir skoða fjárlögin (Forseti hringir.) að þá eru þau bæði sett upp í rekstrargrunni og (Forseti hringir.) einnig í greiðslugrunni eða sjóðsgrunni. Ég get farið betur yfir þetta (Forseti hringir.) síðar með hv. (Forseti hringir.) þingmanni.

[17:26]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil aftur þakka hv. formanni fjárlaganefndar fyrir þessi svör og taka undir með honum þegar hann spyr: Hvar annars staðar eru úrræði sem sjálfseignarstofnanir og félagasamtök hafa haldið uppi í heilbrigðisþjónustunni okkar árum og áratugum saman? SÁÁ er eitt dæmi en dæmin eru mýmörg og vil ég minna á Reykjalund og Hrafnistu.

Ég skil það svo að vænta megi stuðnings hv. formanns fjárlaganefndar við breytt vinnubrögð gagnvart þessum samningi og að samkomulag við SÁÁ þar um verði endurunnið.

En varðandi núllstillinguna á halanum, fyrst búið er að leggja út í þennan kostnað eins og hv. þingmaður segir — þegar greiðslan hefur faktískt verið innt af hendi og þetta er ekki annað en bókhaldstala, að vísu er verið að flytja til fjármuni til þess að slétta hana út — þá held ég að það hljóti að vera skynsamlegra að stíga skrefið til fulls og auðvelda þessum stofnunum að fara inn í þann mikla niðurskurð sem er fram undan. Þess vegna hefði átt að klippa þennan hala algerlega af.

Ekki hefði munað, samkvæmt mínum útreikningum, nema kannski einum og hálfum milljarði. Einn og hálfur milljarður í hallanum sem við erum að tala um núna skiptir

ekki sköpum, það liggur við að það sé innan skekkjumarka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 3. umr.

Stjfrv., 246. mál (réttindaávinnsla o.fl.). — Þskj. 363.

[17:29]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræddum þetta mál hér í dag við 2. umr. og þá lagði ég fram breytingartillögu um að þingmenn mættu velja sér lífeyrissjóð, þeim væri heimilt að velja sér lífeyrissjóð, það var nú ekki annað. Ég gat þess jafnframt að það eru eiginlega í gangi fjögur mismunandi lífeyriskerfi í landinu. Það er í fyrsta lagi hin lokaða B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem er með afskaplega góð réttindi sem eru tengd eftirmannsreglunni eða launavísitölu. Þar eru alls konar forréttindi, 95 ára regla, 30 ára iðgjaldagreiðslutími o.s.frv. Þar er óbreytt skuldbinding sennilega um 200 milljarðar kr. sem ríkið hefur ekki greitt.

Svo er það A-deildin en þar er iðgjaldið 15,5%, þ.e. töluvert hærra en á almennum markaði þar sem iðgjaldið er 12%. Í báðum þessum deildum eru föst réttindi og breytilegt iðgjald, þ.e. ríkisins, skattgreiðenda. Svo getur fólk verið í Eflingu og starfað hjá ríkinu. Þá eru greidd 15,5% samkvæmt sérstöku samkomulagi inn í lífeyrissjóðinn en réttindin eru eftir sem áður breytileg. Ef sjóðurinn fær skell eins og núna munu réttindi verða skert á meðan iðgjald ríkisins er hækkað hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Svo er það fólk sem er utan starfa hjá ríkinu, þ.e. 80% af kjósendum okkar. Þeir eru í almennum lífeyrissjóðum, það eru borguð 12% fyrir þá, þeir borga sjálfir 4% og atvinnurekandi 8% og þar ekkert annað en eignin sem stendur á móti lífeyrinum. Eignin hefur rýrnað mikið í áfallinu núna og mun rýrna enn frekar ef hv. þingmenn Vinstri grænna ná sínu fram sem þeir auglýsa hér, herra forseti: „VG vill setja þak á hækkun höfuðstóls verðtryggðra lána.“ Þetta var í *Morgunblaðinu* 8. desember undir fyrirsögninni „Talað fyrir bjartsýni.“ Það er ekki bjartsýni hjá lífeyrisþegum því að það yrði að skerða þá til viðbótar við skerðinguna sem varð vegna áfalls bankanna ef þetta næði fram.

Þetta er sem sagt margslungið og verðtrygging er ekkert voðalega einfaldur hlutur. Ef vextir hefðu verið óverðtryggðir og menn ætluðu ekki að hlunnfara sparifjáreigendur, þyrftu vextir að vera 20% í dag. Það þýðir að maður sem skuldar 30 millj. kr. lán borgar 6 milljónir bara í vexti. Það getur hann að sjálfsögðu ekki. Verðtryggingin er því í sjálfu sér mjög góð fyrir skuldarana.

Þegar greidd voru atkvæði áðan greiddu 45 þingmenn hv. atkvæði gegn tillögu minni og mig langar til þess að spyrja: Hvað olli því? Hvers vegna greiddu þeir atkvæði gegn tillögu minni? Átta sátu hjá. Ég hef spurt nokkra og þeir hafa svarað ýmsu. Ég ætla ekkert að fara að vitna í það neitt sérstaklega en ég held að það geti verið ýmislegt sem olli þessu.

Í fyrsta lagi gekk tillagan út á að þessi réttindi yrðu metin og launin hækkuð hjá þeim sem mundu velja að ganga í almennan lífeyrissjóð. Þá kæmi í ljós hvers virði þessi réttindi eru. Það tel ég vera mjög mikilvægt skref í átt til gagnsæis sem er sífellt meiri krafa um í þjóðfélaginu. Ég get ekki ímyndað mér að nokkur þingmaður sé á móti því. Það getur vel verið að það sé þannig en ég held ekki.

Svo er það spurningin um val á lífeyrissjóði. Tillagan gekk út á að þingmenn gætu valið sér lífeyrissjóði og ef menn ætluðu að gæta jafnræðis fyrir kjósendur okkar ættu þeir að geta valið sér lífeyrissjóð líka. Þá spyr maður sig: Af hverju ekki? Af hverju skyldi fólk ekki velja sér lífeyrissjóð? Hv. þm. Ögmundur Jónasson svaraði því eiginlega. Hann sagði að þetta væri stéttarfélagslegt atriði að geta haldið fólki, sauðunum, innan réttra rétta, inni í réttum dilk. Þetta væri í rauninni til að tryggja stéttarfélögin og stéttarkerfið allt saman. Það held ég að sé hárrétt hjá hv. þingmanni. Það er kannski þess vegna sem þingmenn greiddu ekki umsvifalaust atkvæði með þessu, það var vegna þess að þeir eru hræddir við stéttarfélögin, ASÍ og SA og vald þeirra.

Hverjir skyldu tilnefna í stjórn lífeyrissjóðanna aðrir en stéttarfélögin og SA, atvinnurekendur? Það er svo merkilegt. Þarna er valdið í þjóðfélaginu, þarna eru peningarnir, þangað streyma 12% af launum allra Íslendinga inn. Þeir eru ávaxtaðir þarna og þetta gefur gífurleg völd. Það skyldi nú ekki vera að völdin væru á bak við þetta?

Svo eru sum stéttarfélögin að breytast grímulaust í stjórnmálaflokka. Það er náttúrlega annar handleggur, herra forseti, að opinberum starfsmönnum er gert með lögum að borga í opinber stéttarfélög sem mynda svo BSRB, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Svo er BSRB farið að koma með ályktanir og túlkanir út og suður í pólitískum málum sem ég er ekki viss um að allir opinberir starfsmenn séu sammála um. Peningar þeirra eru sem sagt notaðir til að keyra á málefni og skoðanir sem þeir eru andsnúnir. Hvar er eiginlega skoðanafrelsi stjórnarskrárinnar, herra forseti? Samkvæmt lögum má nota þessa peninga og þeir eru misnotaðir til þess að birta auglýsingar gegn ákveðnum pólitískum atriðum. Þetta hefur lengi verið gert en með betri grímu. Nú er þetta grímulaust.

Svo segja sumir — og hv. þingmaður, Ögmundur Jónasson, sagði það eiginlega — að það væri betra að stjórnir lífeyrissjóðanna, stéttarfélögin og þess háttar sæju um þetta. Fólk ætti ekkert með að kjósa stjórnir. Nú getur vel verið að ég hafi túlkað orð hans fullstrangt en ég veit ekki til þess að ég hafi nokkurn tíma kosið hv. þm. Ögmund Jónasson til að fara með ellilífeyri minn en hann gerir það samt. Sem stjórnarmaður í LSR fer hann með deild alþingismanna og þar með ávaxtar hann fé mitt. Nú getur vel verið að hann sé þvílíkur snillingur á fjármálasviðinu, að peningarnir séu vel geymdir, en ég vildi gjarnan hafa um það að segja hverjir fara með peningana mína. Ég geri ráð fyrir að það séu mjög fáir Íslendingar sem hafi kosið menn til að fara með þetta fjármagn sitt. Það er kannski hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga og einhverjum einstökum lífeyrissjóðum. (Gripið fram í.)

Svo getur vel verið — ég er að velta því fyrir mér af hverju þingmenn greiddu atkvæði gegn þessu — að hv. þingmenn vilji ekki deila kjörum með 80% kjósenda sinna sem þurfa þá að finna fyrir því hvernig tilfinning það er það

að sjá lífeyrisréttindin skerðast varanlega. Hvernig tilfinning er það, herra forseti? Við þingmenn munum ekki kynnast því nema þeir sem eiga réttindi úti á hinum almenna markaði. Þar á ég sennilega yfir helminginn af mínum réttindum. Ég mun þurfa að horfast í augu við þetta og ég vil ekki vera þvingaður inn í þennan forréttindaklúbb hér eins og gert er með núverandi lögum. Ég má ekki velja mér t.d. Lífeyrissjóð verslunarmanna.

Kannski vilja hv. þingmenn ekki horfa framan í þá skerðingu sem mun koma. Svo getur vel verið að málið sé ekki nægilega rætt og það er vonandi ástæðan. Ég held að það sé ástæðan fyrir því að menn kusu gegn þessu, þessir 45 þingmenn. Ég vona að það sé ástæðan. Ég skora á menn að spyrja þessa þingmenn að því af hverju þeir greiddu atkvæði gegn þessu. Það getur vel verið að þetta sé ekki nægilega vel rætt en það eru mótmælafundir alla daga, það er mikil gerjun í þjóðfélaginu. Menn mótmæla ríkisstjórninni, Seðlabankanum, Fjármálaeftirlitinu, fjölmiðlum, Alþingi, stjórnvaldinu, stéttarfélögum o.s.frv. Það er sett spurningarmerki við allt valdið. Ég held að við hv. þingmenn þurfum að svara þessu kalli, við þurfum að breyta hlutum. Við þurfum t.d. að breyta því hvernig er háttað með stéttarfélögin, hvernig kosið er inn í stéttarfélögin. Við þurfum að breyta því hvernig réttindi eru birt eins og t.d. hjá þingmönnum, þeir segja að það liggi ekki á borðinu hvers virði réttindin eru. Við þurfum að svara kalli mótmælenda á Austurvelli, við þurfum að svara kalli þjóðarinnar og upplýsa um marga hluti eins og t.d. stéttarfélögin, lífeyrisréttindi þingmanna o.s.frv. Þessi tillaga gekk út á það. Það þarf að skoða fjölmiðla líka. Hvernig birta þeir fréttir af hlutum og hverjir eiga þá?

Það er smáglæta í dæminu því að í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar hv. kemur fram, með leyfi herra forseta:

„Innan nefndarinnar komu fram sjónarmið um ýmsar frekari breytingar eða aðrar útfærslur á fyrirkomulagi eftirlauna þeirra sem undir þessi lög heyra og telur meiri hluti allsherjarnefndar að slík skoðun þurfi að eiga sér stað.“

Þeir viðurkenna að það sé ástæða til að skoða þessi réttindi og ég ætla að vona að menn finni einhverja lausn þannig að réttindin séu þá uppi á borðinu.

Ef tillaga mín yrði samþykkt kæmi í ljós hvers virði þessi réttindi eru. Þá munu opinberir starfsmenn vilja það sama. Þeir munu líka vilja vita: Hvers virði eru réttindi mín og get ég hugsanlega fengið hærri laun með venjuleg lífeyrissjóðsréttindi eins og hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna t.d.? Þá er ég hræddur um að brotni undan valdi hv. þm. Ögmundar Jónassonar, ég er hræddur um að það fari ýmislegt að hrynja þar.

Ég held að við hv. þingmenn ættum að nota tækifærið sem þessi gerjun í þjóðfélaginu, sem fall bankanna leiðir af sér, skapar, þessa reiði sem nú er að breytast yfir í umræðu. Við eigum að nota tækifærið í þessari umræðu og breyta fullt af hlutum. Við eigum að breyta eftirlitskerfi með hlutafélögum, við eigum að breyta bönkunum, við eigum að breyta stéttarfélögunum og lífeyrissjóðunum og við eigum að nota tækifærið og byggja upp þjóðfélag sem er heiðarlegt og gagnsætt. Þá getum við grætt á þessu áfalli eins og mögulegt er því að áfallið er mjög mikið. Það er mikil gerjun og þjóðin krefst þess að hlutunum sé breytt, gömlum hlutum sem gengið hafa áratug eftir áratug eins og stéttarfélögin þar sem lýðræðið er mjög lítið. Við þurfum að breyta því og við þurfum að breyta lífeyriskerfinu og lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna og lífeyrisréttindum þingmanna.

[17:40]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmanni um að það eru ýmis tækifæri fólgin í þeim tíma sem við höfum nú kallað yfir okkur til þess að breyta samfélaginu. Ég get líka tekið undir með hv. þingmanni að þörf er á því að breyta því í átt til heiðarlegra og gegnsærra samfélags. En ég harma um leið að hv. þingmaður skuli hafa stutt þá ríkisstjórn sem á síðustu árum og jafnvel áratugum hefur byggt upp það óheiðarlega og ógegnsæja samfélag sem við höfum þurft að búa við.

Ég kem í andsvar í tilefni orða hv. þingmanns um Vinstri hreyfinguna — grænt framboð og okkar hugmynd varðandi breytingu á verðtryggingu. Hv. þingmaður sagði að verðtrygging væri flókið mál og ég vil segja: Ég veit það vel og það vitum við öll sem erum í þessum sal að það er ekki einfalt að ráðast í breytingar á verðtryggingunni.

Ég vil hins vegar segja að hugmynd okkar vinstri grænna að breytingu á verðtryggingunni er tekin beint frá ríkisstjórninni, sem hv. þingmaður styður, nefnilega úr 2. gr. laga sem verið var að samþykkja hér fyrir helgina eða á laugardaginn um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar kom ríkisstjórnin með þá tillögu að breyta búvörusamningi með þeim hætti að vísitalan í honum verði fryst við þær forsendur sem fjárlagafrumvarpið reiknaði með, þ.e. 5,7%. Við hugsuðum með okkur að úr því að ríkisstjórnin getur breytt forsendum búvörusamnings með þessum hætti hljótum við líka að geta breytt tímabundið vegna þeirrar neyðar sem er í samfélaginu þeim skuldbindingum sem eru í samningum milli þeirra sem hafa lánað íbúðareigendum og þeirra sem eiga þá fjármuni.

Ég segi því við hv. þingmann: Farið var í smiðju til ríkisstjórnarinnar, sem hv. þingmaður styður, þegar við sóttum þá hugmynd sem við lögðum fram hér, (Forseti hringir.) vinstri græn, til þess að tryggja að íbúðareigendur (Forseti hringir.) eigi meiri möguleika á því að bjarga húsnæði sínu (Forseti hringir.) við þær aðstæður sem nú eru uppi.

[17:42]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar spurningar. Í fyrsta lagi að ég hafi stutt ríkisvald sem hefur byggt upp ógagnsætt þjóðfélag. Það er búið að gera heilmikið gagnsætt í þjóðfélaginu. Bankarnir voru einkavæddir og það losaði heilmikið um það sem var í gangi þar áður. Ég veit ekki hvort hv. þingmaður þekkti biðstofur bankastjóra og allar reddingarnar sem voru í kringum lánveitingar eða lífeyrisréttindi bankastjóra. Ég þekki hvernig það var. (Gripið fram í.) Það var ekki sérstaklega fögur lesning.

Því miður brugðust ákveðnir eftirlitsþættir og því miður hafa komið í ljós veilur í lagasetningunni sem mér finnst að við þurfum að breyta.

Varðandi búvörusamninginn er hann hækkaður um 5,7% á meðan allir aðrir launþegar fá enga launahækkun, sumir launalækkun og aðrir missa vinnuna. Það má kannski segja með bændur að þeir hafa ákveðinn kostnað sem vex í rekstrinum og þessi hækkun sé til að mæta því en flestir launþegar í landinu þurfa að sætta sig við launalækkun eða alla vega launastopp.

Svo vil ég benda á að búvörusamningurinn er bara til nokkurra ára og hann er tekinn upp reglulega. Það gerist ekki með lánveitingar frá lífeyrissjóðunum. Það gerist ekki með verðtryggðan lífeyri eða ef eignir lífeyrissjóðanna eru skertar með því að verðtrygging þeirra hefur verið skert. Stærsti eigandi verðtryggðra krafna á Íslandi eru lífeyrissjóðirnir og þeir fleyta þeirri verðtryggingu beint yfir til lífeyrisþeganna. Ef verðtryggingin er skert hjá lífeyrissjóðunum verða þeir að skerða um leið lífeyri til lífeyrisþeganna sem margir hverjir hafa ekkert voðalega mikið fé nema náttúrlega hjá ríkinu. Þar eru sumir með mjög góðan rétt í B-deildinni en þau réttindi eru pikkföst og tryggð með lögum frá Alþingi.

[17:44]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ef ég væri hv. þingmaður mundi ég fara varlega í að lofa hér og prísa eða mæra einkavæðingu bankanna og halda því fram að hún hafi innleitt hér eitthvað meiri heiðarleika eða gegnsæi í það samfélag sem við búum við en áður þekktist.

Ég skal hins vegar styðja hv. þingmann jafnt nótt sem dag í því að byggja hér upp heiðarlegra viðskiptaumhverfi og gegnsærra. Liður í því eru tillögur okkar Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs sem við höfum sett fram á síðustu vikum og missirum sem hv. þingmaður vitnaði til í ræðu sinni. Ég kom hingað í andsvar við hv. þingmann vegna þess hvernig hann vitnaði til þeirra hugmynda sem við tölum þar fyrir.

Við tölum þar fyrir hugmyndum sem eru tímabundnar, jafntímabundnar og ríkisstjórnin leggur til að verði varðandi búvörusamninginn. Við viljum bara tryggja að fólk kaupir sér íbúðir í þessu árferði og að við þessar aðstæður þurfi ekki að taka allan þann verðbólgukúf sem er núna og verður á næsta ári inn í íbúðarlánin sín. Við viljum tryggja að sá kúfur verði tekinn af vegna þess að við teljum eðlilegt að stundum eigi það að vera þannig að bankarnir eða lánastofnanirnar missi eitthvað af því fé sem þær lána. Það verði þá þeir sem fá lánin sem eigi að geta notið þess, það sé ekki alltaf sá sem á fjármunina sem eigi að fara með allt gulltryggt og vera bæði með belti og axlabönd.

Þetta veit hv. þingmaður auðvitað mætavel. Hann þekkir þær hugmyndir sem við höfum talað fyrir og hann þarf ekki að gera úr þeim neitt annað en það sem í þeim er.

[17:46]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það örlaði á ákveðnum misskilningi hjá hv. þingmanni sem ég verð mjög oft var við. Bankar eru ekki sparifjáreigendur, bankar eiga yfirleitt ekki sparifé. Bankar lána verðtryggt út peninga sem þeir fá sjálfir að láni með innlánum hjá gömlu fólki og hjá lífeyrissjóðunum með því að gefa út bankabréf.

Það sama gildir um Íbúðalánasjóð, hann fær verðtryggð lán frá lífeyrissjóðunum til að lána út aftur verðtryggt. Ef á að skerða verðtrygginguna öðrum megin verður að gera það hinum megin líka nema þá að geysimikið tap komi fram hjá ríkisbönkunum eða ríkisíbúðalánasjóðnum. Það þurfa skattgreiðendur þá að borga hvort eð er, kannski nákvæmlega sama fólk, þannig að menn þurfa að fara dálítið varlega í þetta og ekki tala svona léttúðlega.

Ég gat ekki lesið út úr þessari frétt frá Vinstri grænum annað en það að þeir ætli að setja þak á hækkun höfuðstóls verðtryggðra lána, það stendur hér. Það þýðir að — ekkert stóð um að þetta ætti að koma í bakið á fólki eftir t.d. fimm ár, (**Gripið fram í:** Lestu þingmálið sem er á bak við fréttina.) viðbótarhækkun á ekki að koma eftir einhver ár af því að þá sé staðan orðin betri. Nei, þetta á að vera varanlegt, (**Gripið fram í:** Þingmálið.) þannig skildi ég það.

Varðandi ríkisbankana gömlu, ég þarf ekki nema að minna hv. þingmann á víxileyðublöðin sem voru geymd hér niðri á þingi þar sem þingmenn og ráðherrar voru að redda lánum og víxlum og alls konar dóti. Ég vil ekki sjá þá tíma koma aftur og ætla að vona að menn beri gæfu til þess eftir að ríkið hefur eignast alla bankana þrjá að menn hindri svoleiðis fyrirbæri, biðstofur bankastjóranna fullar út úr dyrum þar sem menn voru að redda lánum og víxlum. Enginn fékk sjálfvirkt lán, það voru alltaf einhverjar reddingar. Ég vil ekki sjá svoleiðis aftur þar sem sumir fengu lán og aðrir ekki, nei takk.

[17:48]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal vill ekki sjá reddingartímana aftur. Staðreyndin er sú að á meðan ríkisbankarnir voru við lýði voru þeir aldrei baggi á ríkissjóði. Einu sinni, árið 1991 hygg ég að það hafi verið, lenti Landsbanki Íslands í vandræðum og þurfti að fá lán frá ríkissjóði sem hann síðan greiddi til baka.

Nú eru einkavæddir bankar að setja ekki bara íslenska fjármálakerfið á hausinn heldur þjóðfélagið eins og það leggur sig. Við verðum vitni að því hvernig hvert spillingarmálið kemur upp á fætur öðru, hvernig fjármunir landsmanna, sparifé landsmanna, lífeyrissparnaður landsmanna hefur verið misnotaður í möndli og reddingarskyni. Að koma hér á Alþingi og tala á þessa lund er með ólíkindum.

Máltækið segir að góð vísa sé aldrei of oft kveðin. En hvað með lélegan kveðskap, hvað með hnoðið sem við heyrum frá hv. þm. Pétri H. Blöndal í sennilega þúsundasta skiptið um lífeyrismálin? Hann segir að hann vilji gagnsæi og gagnrýnir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins fyrir ógagnsæi. A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem sett var á laggirnar 1. janúar 1997 er fullkomlega gagnsæ og eins gagnsæ og allir aðrir lífeyrissjóðir í landinu. Það greinir hana frá öðrum lífeyrissjóðum að réttindin eru föst en iðgjöldin breytileg. Hið gagnstæða er uppi í öðrum lífeyrissjóðum.

Sams konar fyrirkomulagi er auðveldlega hægt að koma á í öðrum lífeyrissjóðum landsins. Þetta er spurning um pólitískt val. Um það hefur farið fram mikil umræða innan verkalýðshreyfingarinnar. Ég er því fylgjandi að stuðla að

kerfi þar sem lífeyrisréttindin eru föst en iðgjöldin og þar með launin og kaupmáttur þeirra breytileg. Þetta er ekki bundið við opinbera sjóði eða sjóði á almennum vinnumarkaði, þetta er félagspólitískt val.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal kemur hér upp óskaplega uppspenntur af mærð og réttlætiskennd að því er virðist. Þetta er sami maður og staðfesti með atkvæði sínu lögin frá 2003 og tók þátt í atkvæðagreiðslu hér fyrr í dag og staðfesti aftur sérréttindi sjálfum sér til handa. Kemur svo hingað vælandi um að hann langi svo óskaplega til að fara yfir í sjóð þar sem hægt er að skerða réttindi hans og talar þar sérstaklega um Lífeyrissjóð verslunarmanna. Þangað langar hann óskaplega að fara og talar fyrir því að allir eigi að hafa valfrelsi um hvar þeir eru í lífeyrissjóðum. Hann vill fara í Lífeyrissjóð verslunarmanna.

Ég spyr hv. þingmann: Ef þessi krafa hans og ósk, sem hann er ekkert einn um — þetta er krafa sem hefur komið frá fjármálafyrirtækinu Kaupþingi, sem hv. þingmaður stofnaði á sínum tíma, og öðrum fjármálafyrirtækjum um að leggja af félagslegu lífeyrissjóðina og stuðla að kerfi þar sem einstaklingurinn hefur valfrelsi — heldur hann að þá verði eitthvað til sem heitir Lífeyrissjóður verslunarmanna? Nei. Lífeyrissjóðirnir verða í fjármálastofnunum sem byggja á einstaklingsbundnu vali. Hann leggur til að félagsleg aðkoma að lífeyrissjóðum verði lögð af. Hann reynir að tala þessa félagslegu aðkomu niður, segir að hún sé ólýðræðisleg og fer um hana slíkum orðum.

Þetta er óskaplega ósannfærandi málatilbúnaður, en ég vek aftur athygli á því og vona að allir átti sig á því að hér talar maður sem með atkvæði sínu hefur staðfest sérréttindi sjálfum sér til handa, hann greiðir þannig atkvæði, kemur síðan upp í óskaplega mikilli mærð og vælir um að hann langi svo til að vera í öðrum sjóði þar sem hægt er að skerða réttindi hans. Síðan notar hann tækifærið til að ráðast á lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga og ríkis, sem sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, almennt skrifstofufólk, almennt launafólk sem starfar hjá ríkinu og kennarar í áranna rás hafa samið um til að tryggja sér gott lífeyriskerfi og reynir að tala þetta niður, reynir að gera lítið úr því og tala það niður. Þetta sé sérréttindakerfi.

Þetta er ekkert sérréttindakerfi. Þetta er kerfi sem íslenskt launafólk, starfandi hjá ríki og sveitarfélögum, hefur samið um í áranna rás, það hefur staðið frammi fyrir þeim valkostum að berjast fyrir hærri launum, hugsanlega á kostnað réttindanna, eða standa vörð um réttindin og láta þá launakröfuna víkja. Þannig hefur þetta verið. Ég þekki þetta sjálfur, ég hef margoft setið við samningaborð þar sem þetta hefur verið upp á teningnum.

Ég gef því ekkert fyrir skot hv. þingmanns á réttindi sem launafólk hefur samið um. Þetta er ekkert sérréttindakerfi. Þetta er kerfi sem almennt íslenskt launafólk hefur barist fyrir og vill varðveita og ég frábið svona tal um réttindakerfi sem launafólk á Íslandi hefur barist fyrir.

Að lokum, hæstv. forseti, þetta tal um gömlu ríkisbankana, hann vill ekki fá þá aftur með reddingunum öllum. Ég er alveg sammála honum um að ég vil engar reddingar í skúmaskotum, ég vil allt gagnsætt. En hvað hefur verið að gerast á undanförnum árum? Þetta er maðurinn sem vildi ekki fé án hirðis. Við höfum séð alla hirðingja hv. þm. Péturs H. Blöndals hvernig þeir hafa sólundað og farið illa með það fjármagn sem þeim var treyst fyrir sem hirðingjum. Þarf hann ekki að horfast í augu við þann veruleika sem hann tók þátt í að skapa með löggjöf á Alþingi í stað þess að tala á þá lund sem hann gerir nú?

[17:55]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Árið 2003 greiddi ég atkvæði með því frumvarpi sem þá var samþykkt vegna þess að það einfaldaði og staðlaði réttindi þingmanna. Réttindi þingmanna þar áður voru afskaplega flókin og maður þurfti að liggja yfir þeim í marga klukkutíma til að skilja þau. Þau voru stöðluð og þess vegna greiddi ég atkvæði og þau voru auk þess skert hjá þingmönnum. Hins vegar voru kjörin bætt hjá ráðherrum og formönnum flokka en það er önnur ella. Ég greiddi atkvæði með frumvarpinu vegna þess að réttindi þingmanna almennt voru skert. Ég var á móti forréttindakerfinu og það hefur ekkert breyst og þess vegna óskaði ég eftir því að fá leyfi Alþingis til að greiða í annan lífeyrissjóð að eigin vali þannig að í ljós kæmi hvers virði réttindin eru.

Hv. þingmaður talar um að menn geti haft breytilegt iðgjald í öllum lífeyrissjóðum. Mér þætti gaman að sjá atvinnulífið í dag bæta á sig heilmiklum iðgjöldum, hækkandi iðgjaldaprósentu, í þessum vandræðum. Það getur enginn nema ríkið og ríkið getur það ekki heldur, frú forseti, nema með því að hækka skatta á sama fólkið og sætir skerðingu. Mér þætti gaman að sjá hv. þingmann þegar það allt saman gerist og alla þá umræðu sem kæmi þá upp. Ég vara við því og ég vil gjarnan að þetta sjáist fyrir nú þegar.

Varðandi það að þetta sé ekki sérréttindakerfi, kerfið í sjálfu sér er ekki sérréttindi. Munurinn er sá að búið er að byggja upp kerfi sem er þannig að iðgjald ríkisins hækkar sjálfvirkt ef sjóðirnir lenda í vandræðum á sama tíma og kjör fólks sem er að borga þetta, 80% af kjósendum okkar, skerðast. Þá þarf það að borga meiri skatta fyrir opinbera starfsmenn. Það verður áhugavert að upplifa spennuna sem þá kæmi upp, bara svo að hv. þingmaður viti það.

Ég hef í sjálfu sér aldrei gagnrýnt ríkisstarfsmenn en ég hef gagnrýnt stjórnarfyrirkomulagið hvernig kosið er í stjórnir lífeyrissjóðanna og ég spyr hv. þingmann: Hvenær var hann eiginlega kosinn í stjórn LSR og hver kaus hann?

[17:58]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var kosinn af hálfu BSRB og get fullvissað hv. þm. Pétur H. Blöndal um að lýðræðisleg aðkoma verkalýðsfélaganna, þar með BSRB, stendur mjög traustum fótum. Á öllum aðalfundum, á öllum þingum og reglulega á stjórnarfundum eru málefni lífeyrissjóðanna tekin til athugunar, skoðunar og umræðu. Í miklu ríkari mæli er um lýðræðislega aðkomu að ræða en í nokkru hlutafélagi eða nokkru öðru formi sem ég þekki til.

Fyrr í dag átti hv. þm. Pétur H. Blöndal kost á að greiða því atkvæði að lífeyrisréttindi þingmanna, ráðherra, svokallaðra æðstu embættismanna og þar með talið forseta Íslands yrðu færð undir A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem er fullkomlega gagnsær sjóður, fullkomlega sjálfbær sjóður. Hann greiddi atkvæði gegn þessu. Hann

hefur hins vegar með atkvæði sínu enn og aftur staðfest sérréttindin. Kemur síðan upp í pontu vælandi um að hann langi svo inn í einhvern sjóð þar sem hægt sé að skerða réttindi hans og reynir að drepa málinu á dreif og skapa þá mynd að hann standi einhvern veginn utan þess sem hér er að gerast, utan þeirrar atburðarásar sem hér á sér stað.

Hann átti þess kost og á þess enn kost við atkvæðagreiðslu á eftir að hafna sérréttindafrumvarpi Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og reyndar fulltrúar allra stjórnarandstöðuflokkanna á þingi lögðum fram tillögu þar sem kostur gafst á að velja þá leið að við færum inn í gagnsætt kerfi almennra starfsmanna ríkisins. Þessu hafnaði hv. þm. Pétur H. Blöndal.

[18:00]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er afskaplega leiðinlegt að heyra í tvígang í umræðu orð eins og „vælandi“. Ég held að ég sé ekkert að væla. Ég flutti breytingartillögu um að þingmenn sem þess óskuðu gætu valið sér annan lífeyrissjóð en þessi lífeyrisréttindi þingmanna, það var það eina, og að þeir fengju launauppbót sem því næmi til að varpa ljósi á og gera gagnsætt hvers virði lífeyrisréttindi þingmanna eru, líka hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, líka hjá A-deildinni. Það var fellt. Ég velti því fyrir mér af hverju í ósköpunum greiddu menn atkvæði gegn því. Ég velti vöngum yfir því, ræða mín gekk út á það, ég var ekkert að væla eitt eða neitt. Mér finnst afskaplega ómálefnalegt þegar menn tala svona.

Varðandi stjórnarkjör hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, það getur vel verið að það sé alveg fullkomlega lýðræðislegt en ég man ekki eftir því að ég hafi nokkurn tíma kosið hv. þingmann sem stjórnarmann yfir mitt lífeyrisfé og ég veit ekki til þess að nokkur einasti þingmaður hafi gert það. Ég veit ekki til þess að fjöldinn allur af opinberum starfsmönnum komi að því vali, því að það er stjórn BSRB sem kýs fulltrúa sína í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, þá sem ekki eru skipaðir af ráðherra, og lýðræðið er ekki neitt. Af hverju í ósköpunum kjósa ekki sjóðfélagar sjálfir sína stjórn, þá snillinga sem þeir telja að fari best með fé þeirra? Það skiptir fólk verulegu máli hvernig farið er með þetta fé, nema náttúrlega LSR því að þar borgar ríkið ef illa fer. Ríkið borgar ef illa fer og ég veit ekki til þess að neinn hafi hætt þar í stjórninni. Hjá bönkunum hættu menn þó, alla vega bankastjórarnir, og hluthafarnir töpuðu öllu sínu. Þarna tapar enginn neinu nema ríkið, ekki einu sinni sjóðfélagarnir. En hjá hinum almennu sjóðum tapar fólkið, fólkið tapar af því að það er engin önnur eign á móti og engin ábyrgð.

[18:02]

Ögmundur Jónasson (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt, hv. þingmaður kýs ekki menn í stjórnir lífeyrissjóða, enda er hann andvígur félagslegri aðkomu að lífeyrissjóðunum. Hann hefur lýst andstöðu við það.

Það má vel vera að rangt sé að tala um að hv. þingmaður hafi verið vælandi hér í ræðustól, það er kannski óviðeigandi að tala á þann veg. En hann lýsti dapurleika, mikilli depurð yfir því að fá ekki að vera í lífeyrissjóði sem sætti skerðingum, það var það sem hann talaði um. Þetta er sami þingmaðurinn, hv. þm. Pétur H. Blöndal, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins við þessa umræðu, og greiðir síðan atkvæði með sérréttindum og forréttindum sjálfum sér til handa. Mér finnst þetta ekkert sérstaklega stórmannlegur málflutningur og ekki samræmi á milli orða og athafna, ég verð að segja það. Fyrr í dag gafst honum tækifæri til að greiða tillögu okkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs atkvæði, við höfum lagt fram frumvarp í þá veru, og stjórnarandstaðan öll stendur að baki breytingartillögum við stjórnarfrumvarpið þar sem lífeyrisréttindi þingmanna, ráðherra og svokallaðra æðstu embættismanna eru færð inn í almennan lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. (**PHB:** Af hverju …?) Hv. þm. Pétur H. Blöndal greiddi atkvæði gegn þessu, hann greiddi atkvæði með forréttindakerfinu en kemur hér upp óskaplega æstur í ræðustól og talar eitthvað út og suður, í allt aðra átt. Hann má ekki reyna að drepa málinu á dreif með þessum hætti, hann verður að hafa hugrekki til að horfast í augu við það og vera samkvæmur sjálfum sér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattlagning kolvetnisvinnslu, 2. umr.

Stjfrv., 208. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 458.

[18:04]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og skattanefnd um frumvarp til laga um skattlagningu kolvetnisvinnslu, en það er að finna á þskj. 458.

Á þingskjalinu kemur fram hverjir veittu umsagnir, hvaða gestir komu fyrir nefndina og eins lýsing á frumvarpinu.

Nefndin ræddi einnig um muninn á vinnslugjaldi og kolefnisskatti, kosti þeirra og galla, afmörkun leitarsvæða, heimildir vinnslufyrirtækja þar að lútandi til að flytja tap af leyfisskyldri starfsemi milli leyfishafa eða einstakra leyfissvæða. Þá var bent á að vinnslugjaldið styddist við þau rök að ríkinu, sem eiganda auðlindarinnar, hlotnuðust tekjur af nýtingu hennar óháð því hvort starfsemin væri arðbær. Einnig væri vinnslugjaldinu ætlað að virka sem hvati fyrir vinnslufyrirtæki til að skila hagnaði og enn fremur væri því ætlað að letja fyrirtæki til að hefja vinnslu ef fyrirséð væri að starfsemin yrði ekki arðbær.

Bent var á að vinnslugjaldið er háð vinnslumagninu á tvennan hátt. Vinnslumagnið, unnið magn af kolvetni hefur bein áhrif á gjaldhlutfallið og einnig á gjaldstofn vinnslugjaldsins. Vinnslugjaldið er margfeldi þessara beggja þátta og því háð magninu í öðru veldi. Miklar sveiflur í olíuverði geta leitt til þess að fyrirtæki greiði ýmist vinnslugjald, sem oft er miklu hærra, eða kolefnisskatt, og það getur komið dálítið undarlega út.

Að öðru leyti vísa ég til nefndarálitsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem er að finna í nefndarálitinu.

Hv. þingmenn Bjarni Benediktsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Ögmundur Jónasson, með fyrirvara, Birkir J. Jónsson, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Jakobsdóttir, með fyrirvara, og Rósa Guðbjartsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (greiðsla séreignarsparnaðar, fjárfestingarstefna, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 297, nál. 459, brtt. 461.

[18:07]

Frsm. efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og skattanefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, en það er að finna á þskj. 459.

Á þingskjalinu kemur fram hvaða gestir komu til nefndarinnar og hvaða umsagnir hún fékk.

Efnahags- og skattanefnd hefur áður fjallað um þær breytingar sem varða aukið svigrúm til ráðstöfunar lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris. Að auki gerir frumvarpið ráð fyrir að heimilt verði að greiða lífeyrissparnað ásamt vöxtum í séreign út í einu lagi eftir 60 ára aldur.

Nokkrar breytingar eru til komnar vegna ástandsins sem nú ríkir á íslenskum fjármálamarkaði. Má þar nefna ákvæði sem varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og samræmingu á reglum um fjárfestingarstefnu vörsluaðila séreignarlífeyrissparnaðar. Einnig má nefna ákvæði sem lúta að hæfi þeirra sem sitja í stjórnum lífeyrissjóða eða annast eignastýringu verðbréfasafna sjóðanna og jafnframt breytingar á eftirlitshlutverki stjórna lífeyrissjóðanna. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að vikmörk eignaliða og framtíðarskuldbindinga sjóðanna verði rýmkuð tímabundið án þess að til þurfi að koma breyting á samþykktum sjóðanna.

Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að samræmdar reglur gildi um allan séreignarsparnað óháð því hver vörsluaðilinn er. Fram til þessa hafa aðrir vörsluaðilar en lífeyrissjóðir haft mun frjálsari hendur við fjárfestingar sínar en lífeyrissjóðirnir. Tilgangur greinarinnar er að leiðrétta þetta misræmi og hvetja til meiri varfærni í fjárfestingum. Á móti hefur því verið haldið fram að greinin setji of þröngar skorður í ljósi þess að séreignarsparnaður er valfrjáls sparnaður. Nefndin bendir einnig á að Fjármálaeftirlitið telji þörf á að setja þak á heimild til að fjárfesta séreignarsparnað í hlutabréfum fyrirtækja annars vegar og afleiðusamningum hins vegar og tekur mið af því.

Nefndin ræddi ákvæði c-liðar 10. gr. frumvarpsins um rýmkun á heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum. Heimildin er í dag 10% af hreinni eign en yrði 20%. Fram komu sjónarmið um að þörf væri á þessari breytingu þar sem sumir sjóðir hefðu vegna hremminga á fjármálamörkuðum færst yfir lögbundin mörk vegna þess að aðrar eignir hefðu rýrnað mjög án þess að eiginleg viðskipti lægju að baki.

Nefndin ræddi einnig ítarlega aðkomu lífeyrissjóða að endurreisnarsjóði atvinnulífsins í samstarfi við aðila almenna vinnumarkaðarins og opinbera aðila. Fékk nefndin af því tilefni afhent minnisblað frá Landssamtökum lífeyrissjóða þar sem lýst er hvernig fyrirhugað er að standa að stofnun sjóðsins, hvaða reglur ættu að gilda um starfsemina og hvernig breyta þurfi lögbundnum fjárfestingarheimildum sjóðanna til að þeir geti tekið þátt í þessu verkefni. Hlutverk sjóðsins, sem verður samlagshlutafélag, verði að aðstoða fyrirtæki sem eigi við rekstrarlegan vanda að etja vegna efnahagsástandsins en ættu sér vænlegan rekstrareða starfsgrundvöll. Nefndin ræddi í þessu sambandi hversu mikla fjármuni sjóðirnir væru tilbúnir að leggja til verkefnisins og á hvaða forsendum. Einnig ræddi nefndin um fyrirhugaða fjárfestingarstefnu sjóðsins og hvaða skilyrðum stjórnendur þyrftu að fullnægja.

Nefndin ræddi þá áhættu sem falist getur í verkefninu en einnig hversu mikilvægt það væri fyrir lífeyrissjóði landsins að sjóðfélagar þeirra haldi atvinnunni og geti staðið undir iðgjöldum til sjóðanna. Taldi hún mikilvægt ef ráðist verði í slíkt verkefni að gætt yrði fyllstu varkárni. Sérstaklega þyrfti að gæta að faglegri og málefnalegri ákvarðanatöku um fjárfestingar og dreifingu áhættu.

Það sjónarmið kom fram í nefndinni að mikilvægt sé að slíkur sjóður upplýsti um eigendur sína og stjórn og setti sér gagnsæjar og skýrar reglur um fjárfestingarstefnu. Slíkar reglur gætu m.a. falist í að færa niður hlutafé, breyta skuldum kröfuhafa í hlutafé eða víkjandi lán eða að skuldir verði greiddar út að hluta og felldar niður að hluta. Fyrri eigendur mundu hugsanlega víkja tímabundið úr stjórn, sjóðurinn tilnefndi nýja aðila í stjórn á faglegum grunni óháða stjórn sjóðsins og lífeyrissjóðum og fulltrúar starfsmanna gætu tekið sæti í stjórn fyrir sjóðinn um takmarkaðan tíma. Tekið yrði á rekstrarvanda fyrirtækis með t.d. lækkun hæstu launa, breyttum áherslum í rekstri og sókn á nýjum sviðum. Flokka þyrfti fyrirtæki niður á málefnalegan og faglegan hátt eftir því hvers eðlis erfiðleikar þeirra væru og hversu alvarlegir þeir væru. Markmiðið er að halda fyrirtækjum gangandi og tryggja atvinnu eftir föngum. Þá gæti falist í reglunum áætlun um að sjóðurinn stefndi að sölu á hlut sínum innan ekki langs tíma. Þá yrði leitað samstarfs við aðra kröfuhafa og aðra áhugasama um aðkomu að björguninni. Gagnsæi reglnanna gæti enn fremur falist í að kynnt yrði um fyrirhugaða aðkomu sjóðsins að ákveðnu fyrirtæki tímanlega, þegar það skaðar ekki, öðrum yrði boðin þátttaka í verkefninu eða jafnvel yfirtaka og að ferlinu verði lýst þegar aðgerðir eru hafnar og þeim lokið. Aðstandendur sjóðsins ættu að huga að því hvort skynsamlegt sé að bjóða almenningi og öðrum þátttöku í sjóðnum, jafnvel með einni rödd í sér hlutafélagi.

Nefndin fjallaði um bráðabirgðaákvæði frumvarpsins en þar er lagt til að heimil vikmörk milli eignaliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóðs geti numið allt að 15% tímabundið í stað 10% vikmarka núna. Fram kom að talsverðrar óvissu gætti um eignir lífeyrissjóðanna um þessar mundir og að neikvæð staða margra væri um og yfir 10%. Kom fram sú skoðun hjá fulltrúum Landssamtaka lífeyrissjóða

að ólíklegt væri að sjóðir sem væru með neikvæða stöðu rétt undir 15% mundu nýta sér heimildina. Nefndin ræddi þetta atriði ítarlega og einkum það sjónarmið að hér væri verið að fresta að taka á vanda sjóðanna á kostnað yngri sjóðfélaga. Betra væri að taka strax á vandanum og hafa þessi mörk óbreytt. Hér er um það að ræða að skerða lífeyri ef eignir duga ekki fyrir skuldum. Á móti kemur að mörkin eru heimildarákvæði og að stjórn sjóðs gæti tekið sjálfstæða ákvörðun um skerðingu ef staða sjóðsins væri nálægt þessum mörkum. Þá var bent á að staða á eignamörkuðum væri svo óljós að ekki lægi enn fyrir hvert áfallið verður. Það kynni að skýrast á árinu 2009. Nefndin féllst á það sjónarmið.

Í annan stað leggur nefndin til þá breytingu að gildistöku 11. gr. frumvarpsins verði frestað til loka næsta árs til að þeir sem undir hana falli geti lagað sig að ákvæðinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þingmenn Bjarni Benediktsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Ögmundur Jónasson, Birkir J. Jónsson, með fyrirvara, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Jakobsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:15]

Útbýting:
Geðheilbrigðismál, 106. mál, svar heilbrrh., þskj. 472.
Lyfjagagnagrunnur, 72. mál, svar heilbrrh., þskj. 471.

Stimpilgjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 213. mál (fjárnámsendurrit). — Þskj. 286, nál. 447.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:18]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SJS, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

5 þm. (BJJ, EyH, HöskÞ, MS, SF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁKÓ, ÁMM, ÁMöl, BjörgvS, EMS, GSv, HSH, KVM, RGuðb, StB, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

5 þm. (BJJ, EyH, HöskÞ, MS, SF) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁKÓ, EMS, GSv, HSH, KVM, RGuðb, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Ríkisútvarpið ohf., frh. 3. umr.

Frv. menntmn., 262. mál. — Þskj. 424 (fjárhæð sérstaks gjalds).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:19]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Frú forseti. Hér er komið til lokaatkvæðagreiðslu frumvarp til laga sem flutt er af menntamálanefnd og varðar Ríkisútvarpið. Ég vil lýsa því yfir og ítreka það sem ég sagði í 2. umr. um þetta mál að ég og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem sitjum í menntamálanefnd erum sátt við þessar málalyktir, þ.e. að áfram verði unnið í málinu um Ríkisútvarpið í hv. menntamálanefnd. Þar verður áfram tekist á um þau mál sem það varðar. Útvarpsgjaldið sem hér er fjallað um verður afgreitt með þeim hætti að um tímabundna ráðstöfun er að ræða. Við lítum svo á að með því að afgreiða málið á þennan hátt lýsum við í sjálfu sér hvorki yfir stuðningi við hið breytta rekstrarform Ríkisútvarpsins né við það fyrirkomulag gjaldheimtu sem komið var á með þeim lögum sem samþykkt voru fyrir tveimur árum síðan. En þetta (Forseti hringir.) fyrirkomulag á afgreiðslu málsins er okkur að skapi og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í menntamálanefnd munum því styðja þennan framgangsmáta.

Frv. samþ. með 45:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KJak, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, MS, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

nei: GMJ, GAK, JM.

4 þm. (AtlG, JBjarn, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁKÓ, EMS, GSv, HSH, KVM, KaJúl, LB, RGuðb, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 474).

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, frh. 3. umr.

Stjfrv., 246. mál (réttindaávinnsla o.fl.). — Þskj. 363.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:21]

Frv. samþ. með 38:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ,

BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb.

nei: KHG.

14 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KJak, KolH, MS, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁKÓ, EMS, GSv, HSH, KVM, LB, RGuðb, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 475).

Skattlagning kolvetnisvinnslu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 208. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 458.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:22]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 458,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
8.–12. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 458,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
14.–20. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 458,3 samþ. með 54 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
22.–23. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (greiðsla séreignarsparnaðar, fjárfestingarstefna, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 297, nál. 459, brtt. 461.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:27]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 461,1 samþ. með 54 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 461,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 461,3 samþ. með 54 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 461,4 samþ. með 54 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 18:33.

68. FUNDUR

mánudaginn 22. desember,
kl. 7 síðdegis.

Dagskrá:

1. Skattlagning kolvetnisvinnslu, stjfrv., 208. mál, þskj. 476. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 219. mál, þskj. 477. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Stimpilgjald, stjfrv., 213. mál, þskj. 286. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Fjárlög 2009, stjfrv., 1. mál, þskj. 360, frhnál. 440 og 450, brtt. 441, 442, 443, 444, 445, 448, 462 og 463. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Fjáraukalög 2008, stjfrv., 239. mál, þskj. 433, frhnál. 465 og 470, brtt. 464, 466, 467, 468, 469 og 473. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Læknafélagi Íslands.

[Fundarhlé. — 19:03]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:21]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1.–3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 55 shlj. atkv.

Skattlagning kolvetnisvinnslu, 3. umr.

Stjfrv., 208. mál (heildarlög). — Þskj. 476.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:22]

Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

8 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 478).

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 3. umr.

Stjfrv., 219. mál (greiðsla séreignarsparnaðar, fjárfestingarstefna, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 477.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:22]

Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

8 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 479).

Stimpilgjald, 3. umr.

Stjfrv., 213. mál (fjárnámsendurrit). — Þskj. 286.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:23]

Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, ISG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

8 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 480).

Fjárlög 2009, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 360, frhnál. 440 og 450, brtt. 441, 442, 443, 444, 445, 448, 462 og 463.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[19:24]

Jón Bjarnason (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Hér kemur til lokaafgreiðslu frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009. Þetta verða mjög sérstök lög ef þau verða samþykkt. Mörg atriði eru óljós, skuldbindingar sem enn eru í lausu lofti skipta hundruðum milljarða króna og enginn veit hvar þær lenda. Samt er þetta mesti niðurskurður sem átt hefur sér stað í fjárlögum á lýðveldistímanum.

Við þingmenn Vinstri grænna höfum lagt til að þessu frumvarpi verði frestað, það unnið betur í upphafi næsta árs og greiðsluheimild samþykkt. Við munum í atkvæðagreiðslu vísa á meiri hlutann varðandi ábyrgð á einstaka greinum. Að sjálfsögðu eru atriði innan frumvarpsins og í einstökum liðum þess sem við gætum vel stutt (Forseti hringir.) en frumvarpið í heild sinni er á ábyrgð ríkisstjórnarmeirihluta Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.

[19:25]

Magnús Stefánsson (F) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að ítreka þá gagnrýni sem við í minni hlutanum höfum haft uppi um vinnubrögð við þessa fjárlagagerð. Enn vantar mikilvægar forsendur og upplýsingar varðandi frumvarpið og margt er óljóst. Ég tel að þingmenn geti ekki og hafi í raun og veru almennt ekki forsendur til þess að meta þetta frumvarp eins og það liggur fyrir. Margar grunnstofnanir munu hefja rekstrarárið með halla auk þess niðurskurðar sem fram undan er. Nú á að taka upp að rukka aðgangseyri að sjúkrahúsunum og margt fleira mætti nefna í þessu sambandi.

Þingmenn Framsóknarflokksins munu sitja hjá við flest atriði þessa frumvarps og breytingartillagna enda er þetta allt saman á ábyrgð stjórnarmeirihlutans hér á Alþingi. Í raun og veru teljum við að frumvarpið sé ekki tækt til afgreiðslu eins og það liggur fyrir. Við munum hins vegar að sjálfsögðu styðja tillögu minni hluta fjárlaganefndar sem kemur fram í nefndaráliti um að hér verði unnið fjáraukalagafrumvarp á vordögum.

[19:26]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Nú þegar við göngum til lokaafgreiðslu fjárlaga liggur ljóst fyrir að við í stjórnarandstöðunni höfum átt litla aðkomu að þessu máli. Upplýsingar hafa borist seint og illa frá ríkisstjórn og fjárlagavinnan hefur þar af leiðandi verið mjög óvanaleg.

Í samræmi við það munum við ekki greiða frumvarpinu atkvæði. Við vekjum hins vegar athygli á breytingartillögu okkar í minni hlutanum um að fyrir 1. mars á næsta ári verði lagt fram fjáraukalagafrumvarp, m.a. til þess að fara yfir það sem vissulega hefði mátt betur fara við þessa afgreiðslu og til að taka á því sem enn er óséð og óskrifað.

[19:28]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegur forseti. Miklar breytingar hafa orðið á íslensku efnahagsumhverfi. Hin snöggu umskipti hafa eðlilega sett mark sitt á störf fjárlaganefndar og ríkisstjórnar í fjárlagaferlinu. Fjölmargar breytingartillögur komu fram í meðförum þingsins. Við 2. umr. komu fram þær tillögur sem ríkisstjórnin lagði fram og að auki hluti tillagna forsætisnefndar um fjárheimildir til Alþingis á næsta ári. Endurmat á vaxtagjöldum hefur komið fram svo og heildarendurmat á verðlags- og gengisforsendum.

Skipting og útfærsla fjárheimilda til rekstrar á öldrunarþjónustu milli félags- og heilbrigðisráðuneytis lauk ekki eins og stefnt var að en fram kemur í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar hvernig því máli og flutningi á milli

fjárlagaliða verður háttað.

Virðulegur forseti. Það er vissulega sérstakt að fjalla um frumvarp sem gerir ráð fyrir því að heildarútgjöld verði 556 milljarðar kr. og tekjuafgangur verði neikvæður um tæpa 154 milljarða. Mikilvægi framkvæmda fjárlaga og sískoðunar á fjárhagsfærslum og rekstri er aldrei meiri en nú. Agi og festa er það sem kallað er eftir og ég hef trú á því að Alþingi, ráðuneyti og stofnanir standi undir þeirri ábyrgð.

[19:29]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Nú líður að lokum einhverrar erfiðustu fjárlagavinnu og -afgreiðslu sem um getur hér á hv. Alþingi. Ástæðan er auðvitað sú að við upplifum heimskreppu og það sem hefur mest áhrif hér á landi er fall íslensku bankanna. Þetta setur að sjálfsögðu mark sitt á fjárlög íslenska ríkisins fyrir árið 2009 og mun setja mark sitt á fjárhag ríkisins á komandi árum.

Við gerum ráð fyrir því að árið 2009 verði dýpsta ár kreppunnar. Þess vegna hefur verið reynt að ganga varlega fram til þess að ríkið dýpki ekki kreppuna með sínum aðgerðum. Væntanlegar niðurstöðutölur þessara fjárlaga eru því þannig að útgjöld ríkisins, hin hefðbundnu rekstrar-, tilfærslu- og fjárfestingargjöld ríkissjóðs, eru á sama útgjaldastigi og á árinu 2008. Ég held að það sé vel við unandi miðað við allar (Forseti hringir.) aðstæður.

[19:30]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hyggst haga atkvæðagreiðslu þannig að breytingartillögur verða bornar upp eftir skjölum í því skyni að stytta atkvæðagreiðslurnar.

Brtt. 442 (ný sundurliðun 1) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 462 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 463,1 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

15 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 441 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 448 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 443 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

15 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EMS, HSH, JM, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 444 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 463,2 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 445 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

15 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BÁ, EMS, HSH, HöskÞ, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 450 felld með 40:16 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:35]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi breytingartillaga felur í sér að Alþingi skuldbindur sig til að endurskoða fjárlögin fyrir árið 2009 verði þau samþykkt, eins og hér stefnir í, og verði þau endurskoðuð eigi síðar en fyrir 1. mars á næsta ári með sérstökum fjáraukalögum.

Það er deginum ljósara að gögnin sem fjárlagafrumvarpið byggir á eru afar ófullkomin, það skeikar hundruðum milljarða króna, ef ekki þúsundum. Þess vegna leggjum við áherslu á að Alþingi sé skuldbundið til að taka málið upp strax að loknu jólahléi og nýtt frumvarp verði unnið. Það er tillaga okkar í minni hlutanum og mér finnst með endemum ef stjórnarmeirihlutinn ætlar að vera svo haldinn valdhroka að fella tillöguna.

[19:36]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég sé á töflunni að hv. þingmenn stjórnarliðsins eru algjörlega klárir á því hvað felst í frumvarpinu og sannfærðir um að allt liggi til grundvallar sem þarf að liggja til grundvallar. Ég hef hins vegar heyrt á ræðum manna að ýmsir hv. stjórnarliðar hafa verið þeirrar skoðunar að það sem við leggjum hér til þyrfti að gera, þannig að það kemur mér á óvart hvernig taflan lítur út.

Hins vegar mun ekki koma mér á óvart að fram komi frumvarp til fjáraukalaga á vordögum þrátt fyrir að þessi tillaga sé felld og full þörf er á því.

[19:37]

Gunnar Svavarsson:

Virðulegur forseti. Með tilvísun til fyrri atkvæðaskýringar minnar í dag liggur fyrir í nefndaráliti meiri hluta að í samræmi við 43. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, muni meiri hlutinn leggja fram frumvarp um fjáraukalög í febrúar þar sem leitað verður eftir heimildum Alþingis til fjárráðstafana um millifærslu milli fjárlagaliða í samræmi við skiptingar milli liða um öldrunarmál.

Þá vil ég einnig benda á að í fjölmörgum fjárlagaliðum hefur þurft að hagræða og er mikilvægt í þeim efnum að nefna að á sama hátt hefur verið staðinn vörður um aðra liði sem lúta m.a. að fjölþættum mennta-, heilbrigðis- og velferðarmálum auk nýsköpunar og stofnframkvæmda á ýmsum sviðum.

Hins vegar liggur ljóst fyrir, virðulegur forseti, og ég hef átt samræður um það við hæstv. fjármálaráðherra að margt þarf að skoða, hvort sem það eru skógar í uppsveitum Suðurlands eða einstaka verkefni á Vestfjörðum eða verkefni í einstaka stofnunum. Þannig að í ljósi þeirrar vinnu sem við höfum farið yfir liggur fyrir að þessi mál verða (Forseti hringir.) skoðuð jafnhliða þeim sem ég hef áður lýst yfir.

Frv., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EMS, HSH, JónG, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er mjög dapurlegur vitnisburður um ástandið á Íslandi, afleiðingar banka- og efnahagshrunsins og þeirra miklu og dýrkeyptu hagstjórnarmistaka sem gerð hafa verið á Íslandi undanfarnar vikur, mánuði, missiri og ár.

Þetta er líka dapurlegur vitnisburður um ráðleysi og verkleysi ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans. Hér er engin tilraun gerð til að afla tekna með því að þeir leggi meira af mörkum sem helst eru aflögufærir eins og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt til, t.d. með því að leggja þrepatengt skattaálag á hærri laun eða láta þá sem umtalsverðar fjármagnstekjur hafa leggja meira af mörkum. Með slíku hefði mátt hlífa almannatryggingakerfinu við niðurskurði, hætta við að selja inn á sjúkrahúsin og draga aðeins úr sársaukanum sem niðurskurður í heilbrigðis- og menntamálum veldur. Ekki er hægt að gefa þessum vinnubrögðum annað en falleinkunn. Þó að aðstæður séu erfiðar er það ekki afsökun fyrir slælegum vinnubrögðum.

[19:40]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Nú kemur til lokaafgreiðslu frumvarp til fjárlaga 2009. Hér hafa verið samþykktar breytingartillögur við frumvarpið sem fela í sér gríðarlega skuldsetningu þjóðarbúsins og ríkissjóðs til næstu ára og gríðarlega vaxtabyrði og eru vaxtagjöldin á árinu 2009 áætluð nálægt 22% af tekjum samkvæmt tekjuáætlun.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að staðan er dapurleg. Það er dapurlegt að standa frammi fyrir þessari staðreynd og einnig vantar mikilvægar forsendur, eins og hér hefur margoft verið farið yfir, fyrir frumvarpinu og það er í raun vart tækt til afgreiðslu.

Merkilegast af öllu og lýsir vinnubrögðunum er að stjórnarmeirihlutinn skuli hafa fellt tillögu um að taka til afgreiðslu frumvarp til fjáraukalaga á vordögum en svo kemur yfirlýsing frá formanni fjárlaganefndar um að það verði gert. Virðulegur forseti. Þetta er lýsandi fyrir vinnubrögðin hér.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 481).

Fjáraukalög 2008, frh. 3. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 433, frhnál. 465 og 470, brtt. 464, 466, 467, 468, 469 og 473.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[19:42]

Jón Bjarnason (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Hér kemur til atkvæðagreiðslu fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2008, árið sem bankarnir hrundu, árið sem 17 ára ríkisstjórnarstefna Sjálfstæðisflokksins hrundi. Ríkisstjórnin situr áfram rúin trausti.

Við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins eru fjöldamargir þættir í óvissu. Hver verður kostnaðurinn við hrun bankanna? Hver verður kostnaðurinn við Icesave-reikningana? Þetta fjáraukalagafrumvarp er þess vegna algjörlega ófullkomið og tekur ekki á þeim gríðarlegu þáttum sem enn eru ófærðir á þetta ár.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu og vísa allri ábyrgð (Forseti hringir.) á málinu á hendur ríkisstjórninni en þetta er hrun á ríkisstjórnarstefnu Sjálfstæðisflokksins.

[19:43]

Magnús Stefánsson (F) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp til fjáraukalaga kom ótrúlega seint fram á Alþingi. Það kom fram (Gripið fram í.) þegar 2. umr. um fjárlög hófst, hæstv. iðnaðarráðherra, og ekki er góður bragur á því. Þetta frumvarp er illa reifað og mikilvægar upplýsingar vantar og margt er óljóst.

Ég vek athygli á að margar grunnstofnanir eru látnar draga með sér rekstrarhalla yfir á næsta ár þar sem bætist við niðurskurður fjárheimilda. Ég tel að tekjuáætlun frumvarpsins sé ofáætluð, því miður.

Hv. þingmenn Framsóknarflokksins munu sitja hjá við atkvæðagreiðsluna enda er þetta mál alfarið á ábyrgð stjórnarmeirihlutans á Alþingi.

[19:44]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Það nauðsynlegasta sem þarf að gera í þjóðfélaginu er að afla meiri tekna. Meira tekjustreymi og meiri atvinna inn í þjóðfélagið er það sem við þurfum að takast á við. Við getum ekki komist í gegnum þá miklu erfiðleika sem hafa birst okkur núna á haustinu og munu birtast okkur á næsta ári bara með því að skera niður, það er algjörlega útilokað.

Við þurfum að horfa sérstaklega til þess að auka tekjurnar, halda atvinnunni, standa vörð um velferðarkerfið, heilbrigðiskerfið, og tryggja að húseigendur þurfi ekki að hverfa frá eignum sínum algjörlega eignalausir.

Þetta eru verkefnin, hæstv. forseti, og þau verðum við að reyna að tryggja sameiginlega, það er ekki gert með núverandi stjórnarstefnu.

[19:45]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegur forseti. Þegar fjárlög þessa árs voru samþykkt í desember á síðasta ári var það leiðarljós stjórnarmeirihlutans að halda úti verkefnum sem þegar höfðu farið af stað, setja ný af stað í anda stjórnarsáttmálans, m.a. á velferðarsviði, m.a. aukningu í tekjutilfærslum og var bótagreiðslum í ríkiskerfinu breytt að verulegu leyti. Síðan þá hafa orðið miklar breytingar í íslensku og alþjóðlegu rekstrar- og fjárhagsumhverfi, hrun og endurreisn bankakerfisins hafa sett mikinn svip á rekstur ríkissjóðs á árinu.

Fjáraukalagafrumvarpið tekur á fjölmörgum þáttum, kemur til móts við uppsafnaðan rekstrarhalla fjölmargra stofnana, m.a. heilbrigðis- og öldrunarstofnana, en auk þess er tekið á lánsfjármögnun og endurmati á heimildargreinum, m.a. heimild til að stofna þrjá nýja ríkisbanka.

Virðulegur forseti. Þegar lögin voru samþykkt var gert ráð fyrir 39 milljarða kr. tekjuafgangi en við tekjufall og útgjaldaauka er ljóst að afgangur verður neikvæður um 6 milljarða kr. og um er að ræða 45 milljarða kr. sveiflu frá því að fjárlögin voru samþykkt.

Brtt. 466,1–47 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 466,48 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vildi vekja athygli á því að hér er verið að greiða atkvæði um 549 millj. kr. framlag til Fjármálaeftirlitsins á árinu 2008. Enn liggur ekkert fyrir í raun um hver kostnaður Fjármálaeftirlitsins, skilanefndanna eða annarra þeirra verka sem tengjast hruni viðskiptabankanna verður þannig að hér er bara um ágiskunartölu að ræða. Hver á síðan að bera þennan kostnað þegar upp verður staðið, eru það gömlu bankarnir, nýju bankarnir eða þjóðin? (Gripið fram í.)

Það væri líka fróðlegt að vita á hvaða taxta þeir verktakar sem eru núna inni í bönkunum að vinna við úttekt og stjórnun á þessum málum, þessum bönkum, eru að vinna nú þegar við horfum fram á launalækkanir og atvinnuleysi. (Forseti hringir.) Það skyldu þó ekki vera hæstu verktakataxtar þar á ferðinni? Ég vil að þessi atriði séu (Forseti hringir.) öll skoðuð mjög gaumgæfilega, herra forseti.

[19:49]

Gunnar Svavarsson:

Virðulegur forseti. Hér eru greidd atkvæði um 549 millj. kr. heimild til handa Fjármálaeftirlitinu en fulltrúar frá fjármálaráðuneyti komu á fund fjárlaganefndar til viðræðna um tekju- og gjaldahlið frumvarpsins. Nefndin kallaði einnig eftir sérstökum skýringum frá Fjármálaeftirlitinu og viðskiptaráðuneytinu vegna þessarar óskar um viðbótarfjárveitingu að upphæð 549 millj. kr. vegna aukakostnaðar sem féll á Fjármálaeftirlitið í kjölfar neyðarlaga nr. 125/2008.

Ítarlegt minnisblað var lagt fram af hálfu viðskiptaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins á fundi nefndarinnar vegna þessa.

Brtt. 464 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

15 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 473 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 467 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 468 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 469 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, ISG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KLM, LB, ÓN, PHB, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

16 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, EyH, GMJ, GAK, HöskÞ, JBjarn, JM, KolH, KHG, MS, SF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EMS, HSH, KVM, KJak, KÞJ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 482).

Minningarorð um Halldóru Eldjárn.

[19:54]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Háttvirtir alþingismenn. Sú fregn barst í dag að Halldóra Eldjárn, fyrrverandi forsetafrú, hefði andast seint í gær, sunnudaginn 21. desember, 85 ára að aldri.

Halldóra Kristín Ingólfsdóttir Eldjárn fæddist 24. nóvember 1923 á Ísafirði. Foreldrar hennar voru hjónin Ólöf Sigríður Jónasdóttir húsmóðir og Ingólfur Árnason, verslunarmaður og framkvæmdastjóri.

Að loknu gagnfræðanámi á Ísafirði hóf Halldóra nám við Verslunarskóla Íslands, lauk þaðan verslunarprófi 1942 og fékkst síðan við skrifstofustörf í Reykjavík. Hún giftist Kristjáni Eldjárn þjóðminjaverði 1947.

Er Kristján Eldjárn var kosinn forseti Íslands í júnílok 1968 tók frú Halldóra við vandasömu hlutverki sem forsetafrú á Bessastöðum. Á skömmum tíma vann hún hug og hjörtu landsmanna með virðulegri og alúðlegri framkomu sinni. Á þeim 12 árum sem þau Kristján Eldjárn og frú Halldóra sátu Bessastaði fóru þau víða um landið og báru hróður Íslands um önnur lönd í opinberum heimsóknum. Á

Bessastöðum var gestkvæmt í forsetatíð þeirra hjóna, eins og jafnan er þar, og héldu þau hjónin uppi þjóðlegri risnu með látleysi sem þjóðin mat mikils.

Rúmum tveimur árum eftir að þau Kristján og frú Halldóra kvöddu Bessastaði lést Kristján, haustið 1982, langt fyrir aldur fram. Frú Halldóra starfaði síðar í nokkur ár hjá Orðabók Háskólans. Þótti mikill fengur að starfi hennar þar sem annars staðar og vandvirkni hennar við brugðið.

Það er með þakklátum hug sem Alþingi og alþingismenn kveðja Halldóru Eldjárn, fyrrverandi forsetafrú, og minnast mikilvægra starfa hennar í þágu íslensku þjóðarinnar.

Ég bið hv. þingmenn að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Þingfrestun.

[19:57]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Þá er komið að lokum síðasta fundar Alþingis fyrir jólahlé. Störf þessa haustþings hafa sannarlega verið með nokkuð öðrum hætti en venja er. Frá því að Alþingi var sett 1. október sl. hafa störfin hér að miklu leyti mótast af þroti bankanna og því ástandi sem það skapaði í okkar samfélagi. Stór hluti þeirra laga sem við höfum afgreitt á síðustu dögum og vikum hefur tengst þessu mikla máli.

Við afgreiðslu fjárlaga hefur óhjákvæmilega orðið að draga verulega úr ríkisútgjöldum. Alþingi hefur því eins og aðrar opinberar stofnanir gripið til aðhaldsaðgerða í öllum rekstri þingsins eins og þingmenn munu verða varir við þegar nýtt ár gengur í garð. Jafnframt er nauðsynlegt að vera vakandi fyrir frekari möguleikum á sparnaði í starfsemi þingsins. Einn þáttur sem ég tel að við eigum að íhuga alvarlega er að gera breytingar á fastanefndum þingsins. Verulegur ávinningur, bæði fjárhagslegur og faglegur, gæti orðið af því að fækka nefndum þingsins. Þær eru núna tólf að tölu en með góðu móti, og góðu skipulagi, mætti fækka þeim í sjö. Fyrir utan þann fjárhagslega sparnað sem af þessu leiddi væri margvíslegur annar ávinningur og hagræðing af slíkri breytingu. Vil ég nefna hér þrjú atriði:

Í fyrsta lagi gæti hver alþingismaður sinnt nefndastörfum betur þar sem flestir yrðu eingöngu í einni nefnd. Þingmenn gætu því betur helgað sig skyldum málefnasviðum. Slíkt mundi og styrkja eftirlitshlutverk þingsins. Með því að flestir væru eingöngu í einni nefnd mundi það jafnframt að mestu heyra sögunni til að þingmaður þyrfti að standa frammi fyrir því á annatíma þingsins, sem við þekkjum, að vera á tveimur nefndafundum á sama tíma eins og gjarnan gerist við núverandi skipulag.

Í öðru lagi mundi þessi breyting skapa aukið svigrúm til nefndafunda, en nefndir eru nú oft aðþrengdar með fundartíma. Auðveldara yrði að gera fundatöflu fyrir nefndir og meiri möguleiki á aukafundum í nefndum. Í þessu sambandi skapaðist betra tækifæri og tími til að halda opna nefndafundi, en slíkir fundir krefjast oft meiri tíma en hefðbundnir nefndafundir.

Í þriðja lagi tel ég að fækkun nefnda mundi þýða að hver nefnd hefði sterkari stöðu bæði utan þings og innan. Svipað gerðist þegar deildaskiptingin var afnumin árið 1991 og ein fagnefnd á hverju málasviði kom í stað tveggja samkynja nefnda áður.

Erfiðleikar í bankakerfinu hafa sýnt okkur fram á mikilvægi þess að Alþingi búi við fastmótaðar reglur um eftirlitshlutverk þess, enda reynir nú meira á Alþingi sem eftirlitsaðila en nokkru sinni áður. Starf þess vinnuhóps sem forsætisnefnd Alþingis skipaði síðasta sumar til að yfirfara lagareglur um þingeftirlit er því enn mikilvægara en við sáum fyrir þegar vinnuhópurinn var settur á fót. Ég hef því farið þess á leit við hópinn að hann skili skýrslu sinni fyrr en ætlað var og er von mín að niðurstöðurnar verði kynntar forsætisnefnd fyrir lok þinghalds í vor.

Ég tel að Alþingi hafi brugðist hárrétt við með því að samþykkja sérstök lög um rannsókn á aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna og tengdra atburða. Allur hinn faglegi undirbúningur þess máls hefur verið á hendi Alþingis og er það staðfesting á þeirri þróun sem orðið hefur innan Alþingis og lýsir sér í auknu faglegu sjálfstæði þingsins.

Það er líka ánægjulegt að breið pólitísk samstaða hafi tekist um hina lagalegu umgjörð um rannsókn málsins. Gert er ráð fyrir að rannsóknarnefndin kalli til liðs við sig ýmsa sérfræðinga, innlenda og erlenda, og hefur Alþingi þegar tryggt fjármagn til þeirrar vinnu.

Ég vil að lokum færa þingmönnum öllum, svo og starfsfólki Alþingis, þakkir fyrir gott samstarf á haustþinginu, óska öllum gleðilegrar og friðsællar jólahátíðar og þakka samstarfið á því ári sem nú er brátt á enda.

Þeim sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári. Landsmönnum öllum sendi ég mínar bestu jóla- og nýársóskir.

[20:02]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd okkar alþingismanna þakka hæstv. forseta fyrir gott samstarf á haustþingi. Ekki síst vil ég þakka fyrir gott samstarf við okkur þingflokksformenn.

Sú breyting hefur orðið á þinghaldinu á síðustu árum að starfsáætlun þingsins hefur staðist í öllum meginatriðum. Í ár hefur það þó ekki gengið eftir, þinghaldið hefur farið talsvert úr skorðum, vegna falls íslensku bankanna og áhrifa þess á efnahagslífið, eins og hæstv. forseti vék að áðan.

Þótt þingmenn deili um ýmis mál hér á hinu háttvirta Alþingi eru þó mörg mál sem góð samstaða næst um. Eitt slíkt mál, sem var afar mikilvægt að góð samstaða náðist um, eru lög um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008. Hæstv. forseti Alþingis náði samstöðu allra flokka á Alþingi um það mál. Það ber að þakka.

Ég þakka forseta hlý orð í garð okkar alþingismanna og óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þá vil ég færa starfsfólki Alþingis þakkir fyrir góða aðstoð við okkur þingmenn og ánægjulegt samstarf á árinu og óska því gleðilegrar jólahátíðar.

Ég bið hv. alþingismenn að taka undir góðar óskir til hæstv. forseta og fjölskyldu hans og starfsfólks Alþingis með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[20:03]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Ég þakka hv. 10. þingmanni Suðvesturkjördæmis, Siv Friðleifsdóttur, fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og háttvirtum þingmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum. Ég endurtek þakkir mínar og óskir til háttvirtra þingmanna og alls starfsfólks Alþingis.

[20:04]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 136. löggjafarþings, frá 20. desember 2008 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 20. janúar 2009.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Geir H. Haarde.

Bréf forseta Íslands um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis frá því síðastliðinn laugardag lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis 136. löggjafarþings er frestað.

Leyfi ég mér að þakka hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins fyrir vel unnin störf á þessu erfiða og óvenjulega haustþingi um leið og ég óska þeim svo og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Fundi slitið kl. 20:05.

69. FUNDUR

þriðjudaginn 20. janúar,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 225. mál, þskj. 304. — 1. umr.
3. Greiðslur til líffæragjafa, stjfrv., 259. mál, þskj. 419. — 1. umr.
4. Sala áfengis og tóbaks, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.
5. Olíugjald og kílómetragjald, frv., 40. mál, þskj. 40. — 1. umr.
6. Andstaða við eldflaugavarnakerfi í Austur-Evrópu, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.
7. Tóbaksvarnir, frv., 57. mál, þskj. 57. — 1. umr.
8. Stjórnarskipunarlög, frv., 58. mál, þskj. 58. — 1. umr.
9. Prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, þáltill., 59. mál, þskj. 59. — Fyrri umr.
10. Skipafriðunarsjóður, þáltill., 60. mál, þskj. 60. — Fyrri umr.
11. Áhrif markaðsvæðingar á samfélagsþjónustu, þáltill., 66. mál, þskj. 66. — Fyrri umr.
12. Umferðarlög, frv., 93. mál, þskj. 100. — 1. umr.
13. Fjármálafyrirtæki, frv., 111. mál, þskj. 120. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
Birkir Jón Jónsson, 6. þm. Norðaust.
Einar K. Guðfinnsson sjútv.- og landbrh., 5. þm. Norðvest.
Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv. n.
Guðjón A. Kristjánsson, 6. þm. Norðvest.
Gunnar Svavarsson, 2. þm. Suðvest.
Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
Þuríður Backman, 8. þm. Norðaust.

Lagt fram á lestrarsal:

Áskorun frá samtökum lækna á Norðurlöndum.

Framhaldsfundir Alþingis.

[13:34]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 20. janúar 2009 kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 20. janúar 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Geir H. Haarde.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.“

[13:34]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Ég óska alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs. Jafnframt sendi ég landsmönnum öllum mínar bestu nýársóskir.

Á fundi forsætisnefndar í byrjun þessa árs var fjallað um starfsáætlun Alþingis. Niðurstaðan var sú að vinna áfram samkvæmt þeirri starfsáætlun sem mörkuð var við upphaf haustþings nema hvað varðar minni háttar breytingar sem þingmönnum hefur þegar verið greint frá.

Forsætisnefnd hefur einnig fjallað um útfærslu á sparnaðaraðgerðum sem Alþingi hefur ákveðið að grípa til í rekstri sínum í samræmi við samþykkt fjárlaga. Útgjöld Alþingis lækka verulega frá því sem verið hefur. Það mun óhjákvæmilega hafa ýmis áhrif á störf þingmanna og vænti ég þess að þingmenn hafi góðan skilning á þeirri framkvæmd sem fjárlög gera ráð fyrir.

Ég vil nota þetta tækifæri og senda héðan úr Alþingi nýkjörnum formanni Framsóknarflokksins, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, hamingjuóskir með kjörið á landsfundi flokksins um síðustu helgi. Sömuleiðis óska ég þingmönnunum Birki J. Jónssyni og Eygló Harðardóttur til hamingju með kjör þeirra til forustu í Framsóknarflokknum. Þá vil ég þakka fráfarandi formanni, Valgerði Sverrisdóttur, fyrir gott samstarf á vettvangi þingsins þann tíma sem hún gegndi formennsku í Framsóknarflokknum.

Ég óska hv. alþingismönnum öllum velfarnaðar í störfum þeirra á þessu vetrarþingi.

Afsal varaþingmennsku.

[13:36]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hefur bréf frá 1. varaþingmanni Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, Guðmundi Steingrímssyni, dagsett 8. janúar sl., þar sem hann segir af sér sem varaþingmaður Samfylkingarinnar í kjördæminu. Samkvæmt þessari tilkynningu færist Tryggvi Harðarson sveitarstjóri upp um eitt sæti og verður 1. varaþingmaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

Um fundarstjórn.

Dagskrá fundarins.

[13:37]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég vil spyrja forseta hverju sæti sú dagskrá sem lögð er fyrir Alþingi þegar það kemur saman til funda eftir þinghlé um jól og áramót. Það vekur sérstaka athygli að hér skuli ekki í upphafi þings vera rætt um ástandið í samfélaginu og að ríkisstjórnin skuli til að mynda ekki sjá ástæðu til að gera Alþingi grein fyrir stöðu mála eftir að það hefur ekki verið að störfum eða til funda um sinn.

Ég vil spyrja hæstv. forseta: Barst engin ósk um það frá ríkisstjórninni að því yrði þannig hagað að við upphaf þingfunda yrði gefið svigrúm til að fara yfir stöðu mála og ræða hvernig hlutirnir standa nú í byrjun árs? Það vekur mikla

furðu t.d. að 4. mál á dagskrá þessa fundar, fyrsta mál á eftir tveimur stjórnarfrumvörpum, skuli vera frumvarp um brennivín í búðir. Hverju sætir að flutningsmenn þessa máls skuli ekki sjá sóma sinn í að kalla það til baka? Hverju sætir að forseti hefur það í sérstökum forgangi? Ég held að þjóðin hljóti að spyrja sig: Hvað er forseti Alþingis og hvað er ríkisstjórnin að hugsa? Og ég verð að segja, forseti, að mér finnst þetta snautlegt upphaf á þingstörfunum með hliðsjón af aðstæðum í þjóðfélaginu eins og við heyrum líka hér utan við þinghúsið.

[13:38]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna athugasemdar hv. þingmanns er þess að geta að forseti setur á dagskrá þau mál sem liggja fyrir sem þingmál og ekkert óeðlilegt við það. Þau raðast að jafnaði inn í þeirri númeraröð sem þau berast til þingsins. Nú verður gengið til dagskrár og er fyrsta dagskrármálið óundirbúinn fyrirspurnatími þar sem gefst færi fyrir þingmenn að bera upp fyrirspurnir um þau mál sem þeir telja brýnust.

[13:39]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Forseti. Forseti Alþingis raðar niður á dagskrá þingsins. Í því er fólgið ákveðið mat, ákveðin forgangsröðun, og ég hlýt að spyrja nú þegar 106 dagar eru liðnir frá því að neyðarlögin voru sett: Hverju sætir það að forseti hefur ekki enn séð ástæðu til að taka á dagskrá þingsins frumvarp til laga um breytingu á neyðarlögunum til að tryggja kyrrsetningu eigna auðmanna, þannig að ef og þegar eitthvað verður farið að rannsaka og gera í þessum málum, sem ég á ekki von á meðan þessi ríkisstjórn situr, verði ekki búið að flytja þetta allt úr landi? Og ég spyr forseta: Hverju sætir sú forgangsröðun að brennivín í búðum komi á undan kyrrsetningu eigna auðmanna?

[13:40]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hafði ekki ætlað á þessum degi að eiga í orðræðu við hvern einasta þingmann sem hér kemur upp en sér engu að síður ástæðu til þess, vegna orða hv. þingmanns, að nefna að fundir með formönnum þingflokka og fundir í forsætisnefnd eru til þess að eiga samráð, m.a. um dagskrá fundanna. Fyrir liggur dagskrá sem fjallað var um bæði á fundi forsætisnefndar og fundi með formönnum þingflokka þar sem engin athugasemd var sérstaklega gerð við dagskrána eins og hún liggur fyrir og er áætluð þessa viku. Að sjálfsögðu munum við taka upp, ef fram koma óskir á vettvangi forsætisnefndar og samstarfsvettvangi með formönnum þingflokka, þau mál sem þingmenn bera sérstaklega fyrir brjósti, en gert er ráð fyrir utandagskrárumræðum m.a. á morgun og fimmtudaginn.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Þetta eru engir venjulegir tímar sem við lifum. Óundirbúnar fyrirspurnir eru að sjálfsögðu á sínum stað og það er góðra gjalda vert að einn þingmaður geti rætt við einn ráðherra í tvær mínútur og eina mínútu. En það dregur skammt þegar um er að ræða þá ógnaratburði sem hér eru í samfélaginu og allt í kringum okkur.

Ég tek svar forseta þannig að engin ósk hafi borist um það frá ríkisstjórn að gera með neinum sérstökum hætti grein fyrir stöðu mála við upphaf þingsins, að ríkisstjórnin ætli að vera frumkvæðislaus og aðgerðalaus og sofandi í þessum efnum eins og öðrum og þá er það auðvitað bara niðurstaðan. En það vantar ekki umræðuefnin, að líður ekki svo dagur að ekki reki á fjörur þjóðarinnar ný hneykslis- og vandræðamál. Það hefði t.d. verið tilvalið að ræða áformaðar handtökuaðgerðir sýslumannsins á Selfossi við dómsmálaráðherra en það stóð til að fara að handtaka upp undir 400 Sunnlendinga og hneppa þá í skuldafangelsi af miklum fantaskap. (**Dómsmrh.:** Fylgist þingmaður ekki með?) Mér er alveg sama, hæstv. dómsmálaráðherra, þó að þú sért búinn að bakka eitthvað með þetta. En ég segi það, virðulegi forseti, mér finnst þetta heldur snautleg byrjun á þinghaldinu með vísan til ástandsins í þjóðfélaginu.

[13:43]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Örstutt athugasemd vegna ummæla hæstv. forseta. Á nýafstöðnum fundi forseta með formönnum þingflokka lýsti ég undrun á dagskránni, vísaði m.a. í það þingmál sem hér hefur verið gert að umræðuefni, um áfengismál, að koma áfengi í matvöruverslanir, að það skuli vera forgangsmál þingsins núna. Ég lýsti jafnframt yfir undrun minni á því að ríkisstjórnin skyldi ekki í upphafi þessa þingfundar, þegar Alþingi kemur saman eftir alllangt hlé, koma með skýrslu um stöðu mála og efna til almennrar umræðu um þau alvarlegu mál sem uppi eru í þjóðfélaginu.

Hæstv. forseti. Vegna ummæla hæstv. forseta sé ég ástæðu til að gera grein fyrir þessu.

[13:44]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég spyr þar sem verið er að ræða dagskrá þingsins, hvernig stendur á því að við höfum ekki enn séð frumvarp um greiðsluaðlögun sett á dagskrá þingsins. Frá því að núverandi ríkisstjórn tók við völdum hefur hún lofað að setja lög um greiðsluaðlögun og það er kallað sterklega eftir því frá almenningi. Þessi greiðsluaðlögun þýðir að skuldarar verði aðstoðaðir við að komast út úr mesta svartnættinu og hvað er það annað en að fólk er að óska eftir að ríkisstjórnin geri eitthvað fyrir fólkið í landinu?

Það er sorglegt að segja frá því að það síðasta sem heyrðist frá ríkisstjórninni um þetta mikilvæga mál var einmitt viðtal við hæstv. félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur, á Stöð 2, þar sem hún lýsti því yfir að hún hefði allt í einu uppgötvað það eftir allan sinn tíma á þingi hversu gríðarlega erfitt það er að leggja fram mál þar sem tekið er á því að afskrifa skuldir einstaklinga. (Forseti hringir.) Ég tek bara undir orð hv. þingmanna um að þessi forgangsröðun er alveg ótrúleg, að það eigi að fara að ræða hér um áfengi.

[13:45]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) (S):

Herra forseti. Eins og ég gat um rétt fyrir þinglok áður

en þingið fór í jólaleyfi yrði frumvarp um greiðsluaðlögun eða skuldaaðlögun lagt fram í upphafi þessa árs. Það frumvarp var til meðferðar í ríkisstjórninni í morgun og sent þingflokkum ríkisstjórnarinnar í dag og þeim mun fyrr sem þeir ljúka meðferð sinni á málinu því fyrr kemur það hingað í þingsalinn.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Krafa um kosningar.

[13:46]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Um landið allt er nú að magnast krafan um að efnt verði til alþingiskosninga þegar í stað. Þúsundir landsmanna mæta til fjöldafunda og fylkja sér undir þessa kröfu. Innan þings hefur hún einnig verið reist. Vantrausti er lýst á ríkisstjórnina og þess krafist að hún fari frá. Þessu hefur meiri hlutinn hafnað og því er staðfest að ríkisstjórnin sem nú situr er á ábyrgð þingmanna Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins og aðeins þeirra.

Oddvitar ríkisstjórnarflokkanna hafa haft uppi tal sem í senn er hrokafullt og veruleikafirrt. Hæstv. forsætisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, talar í óræðum myndlíkingum. Lýsti því í blaðaviðtali fyrir fáeinum dögum að hann væri hulinn reykskýi en teldi sig vera farinn að sjá í gegnum reykinn. Hæstv. utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, kom fram í sjónvarpi, sagði ríkisstjórnina vera í miðjum björgunarleiðangri sem ekki mætti trufla með kosningum. Hún og forsætisráðherrann væru að moka skafl og fólk yrði að treysta þeim til þess verks.

Hæstv. forseti. Það gerir þjóðin ekki. Þetta er umboðslaust fólk sem hefur týnt sjálfu sér og er í forsvari fyrir trausti rúna ríkisstjórn. Ríkisstjórnin heykist á að sækja rétt okkar gagnvart ríkjum sem beita okkur kúgunarvaldi. Icesave-reikningarnir og aðrar erlendir skuldbindingar að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru svo risavaxnar að ómögulegt er að við fáum undir þeim risið. Samt koma ráðherrar fram fyrir þjóðina og segja allt í himnalagi. Slíkt aulatal misbýður hugsandi fólki.

Þessari ríkisstjórn er ekki treystandi til að semja við erlenda lánardrottna. Gagnvart þeim kiknar hún á sama tíma og hún fyrirskipar kinnroðalaust að skera niður við þurfandi fólk í landinu. Þjóðin fær nánast ekkert að vita um hvað verið er að sýsla í gamla bankakerfinu. Þar er allt sveipað leyndarhjúpi. (Forseti hringir.) Við sjáum þó gröftinn vella út. Hvers vegna þessi leynd? Hvers vegna fáum við ekki að vita um raunverulegar skuldir og eignir og hvað yfirleitt er að gerast? Við vitum það eitt (Forseti hringir.) að verið er að ráðstafa fjármunum okkar að okkur forspurðum. Hæstv. forsætisráðherra. Hvenær verður efnt til alþingiskosninga á Íslandi?

[13:48]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Hv. stjórnarandstaða bar fram tillögu um vantraust á ríkisstjórnina fyrir nokkrum vikum á Alþingi. Sú tillaga var felld. Það þýðir með öðrum orðum að þessi ríkisstjórn hefur meiri hluta þingsins á bak við sig eins og krafist er í þingræðisskipulagi eins og okkar. (**KolH:** En ekki þjóðina.) Þingið sagði sína skoðun í þeirri atkvæðagreiðslu sem þá fór fram.

Ríkisstjórnin er auðvitað önnum kafin við að greiða úr ýmsum þeim málum sem hv. þingmaður vék að þó að hann hafi nú grautað þeim öllum saman heldur óhönduglega. Upplýsingar um skuldir ríkisins og þjóðarinnar liggja fyrir. Það liggur líka fyrir að endanlegar tölur í þeim efnum eru ekki tilbúnar vegna þess að enn er ekki ljóst hve mikið fæst upp í þessar skuldir t.d. af eignum Landsbankans. Það er heldur ekki ljóst hversu mikið verður notað af þeim lánum sem við höfum tryggt okkur bæði frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hjá vinveittum þjóðum hér í nágrenninu.

Þess vegna er auðvitað mjög mikilvægt að ríkisstjórnin fái vinnufrið til þess að koma í veg fyrir að þurfa að draga á þessi lán, að við þurfum ekki að nota alla þessa peninga. Til þess að það sé hægt þarf auðvitað að gera hér ýmsar ráðstafanir innan lands og þær geta verið misjafnlega vinsælar.

Ég hélt satt að segja að við hv. þingmenn, Ögmundur Jónasson, ég og aðrir hér, hefðum það sameiginlega markmið að draga úr þörfinni fyrir þær lántökur sem við höfum samið um við aðrar þjóðir og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og ætluðum ekki að nýta okkur þá peninga nema í harðbakkann slægi. En það er nauðsynlegt að hafa aðgang að þessu fjármagni.

Hefur hv. þingmaður ekki fylgst með því sem er að gerast í nálægum löndum? Hefur hann ekki heyrt flokksbræður sína í nálægum löndum t.d. í breska Verkamannaflokknum tala um hvernig ástandið er þar í landi? Var ekki hv. þingmaður á flokksþingi einhvers staðar hjá Verkamannaflokknum (Forseti hringir.) fyrir nokkrum vikum síðan? Ég held að hann ætti að kynna sér hvað þessir menn segja þar í landi um efnahagsmálin. (**KolH:** Heyrir forsætisráðherra ekki í þjóðinni?)

[13:51]

Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Að það sé nauðsynlegt að draga úr þörfinni fyrir erlent lánsfjármagn — það er okkar krafa. Það er krafa fólksins sem er að mótmæla ekki bara hér við Alþingishúsið heldur um allt land.

Gera menn sér grein fyrir því að eitt prósentustig til eða frá af Icesave-lánunum sem ríkisstjórn hæstv. forsætisráðherra er að makka um á bak við tjöldin jafngildir þeim niðurskurði sem nú bitnar á heilbrigðiskerfinu í landinu, jafngildir rekstrarkostnaði Háskóla Íslands á heilu ári? Og þetta er ríkisstjórnin að makka um á bak við tjöldin. Staðreyndin er sú að hún þorir ekki að standa á rétti þjóðarinnar gagnvart erlendu kúgunarvaldi.

Hæstv. forseti. Það sem þarf að gera er:

1. Það þarf að hreinsa út úr valdastofnunum landsins. (Forseti hringir.)

2. Það þarf að opna á upplýsingar — allt undan leyndarhjúpi.

3. Það þarf að kalla til aðstoðar erlenda sérfræðinga eins og (Forseti hringir.) stungið hefur verið upp á.

4. Það þarf að koma tafarlaust til liðs við fólk sem er að missa eignir sínar í þessum töluðu orðum.

5. Framar öllu öðru þarf það fólk að fara frá (Forseti hringir.) sem klúðrað hefur málum okkar eins herfilega og raun ber vitni og þjóðin þarf að fá tækifæri til að kjósa nýtt þing með raunverulegt umboð. (Forseti hringir.)

Þessi ríkisstjórn hefur sýnt (Forseti hringir.) sig vanhæfa að gæta hagsmuna Íslendinga. (Forseti hringir.) Hún á að fara frá og það á að efna til lýðræðislegra kosninga í landinu. (Forseti hringir.) Og þegar forsætisráðherra þjóðarinnar óskar eftir því að fá frið (Forseti hringir.) fyrir lýðræðinu, frið (Forseti hringir.) fyrir fólkinu, frið fyrir þjóðinni þá er illa komið. Slík ríkisstjórn á að sjá sóma sinn í að segja af sér (Forseti hringir.) og efna til kosninga í landinu og virða þannig lýðræði og mannréttindi.

[13:53]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill biðja hv. þingmenn um að fara að þingsköpum.

[13:53]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Það væri skemmtileg tilbreyting að hv. þingmaður brygði þeim vana sínum að fara ekki að reglum þingsins um ræðutíma en látum það nú vera. En ég hafna því sem hv. þingmaður hélt fram að ríkisstjórnin væri í einhverju leynimakki hvað varðar samninga við erlend lönd, hvað varðar Icesave-reikninga og þess háttar (Gripið fram í.) vegna þess að hún hefur á bak við sig ályktun frá Alþingi í því efni. (**Gripið fram í:** Nei ... ræða þetta hér í þinginu.) Eru hv. þingmenn búnir að gleyma því? (Gripið fram í.) Er hv. þingmaður búinn að gleyma því að það var samþykkt hér þingsályktun um það í haust? (**ÖJ:** Hlustaðu á rödd þjóðarinnar.)

Það er ekki hægt að eiga orðastað við þennan þingmann, hæstv. forseti. Hann stendur hér og gargar (Gripið fram í.) eins og hann sé að tala á útifundi. (Forseti hringir.) (**ÖJ:** … leyfa fólki að tala …) (**ÖJ:** Þetta er vanvirðing við lýðræðið.) (Forseti hringir.)

[13:54]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gæta hófs í framgöngu sinni hér í þingsalnum og virða þær reglur sem hér gilda. (**ÖJ:** Þetta er umboðslaust fólk.)

Ástæður Breta fyrir beitingu hryðjuverkalaga gegn Íslendingum.

[13:54]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Hér skal tekið undir að það skiptir ... (Gripið fram í.) Það er spurning að fá hljóð í þingsalinn ef fulltrúar vinstri flokkanna geta komið sér saman hér fyrir utan. Það skiptir vissulega máli fyrir þjóðina að fá sem gleggstar og bestar upplýsingar um það sem er að gerast.

Þann 6. október, fyrir rúmum hundrað dögum, voru sett hér neyðarlög. Í framhaldi af því eða þann 8. október settu Bretar sérstök hryðjuverkalög á Ísland og Landsbanka Íslands. Það hefur ekki fengist fullnægjandi skýring eða skilgreining á því hvað olli því að Bretar beittu þessum aðferðum. Hver var ástæða þess að breska ríkisstjórnin beitti hryðjuverkalögunum í þessu sambandi?

Hér er um grundvallarspurningu að ræða. Aðeins einn forustumaður í íslensku þjóðlífi segist vita það en það er Davíð Oddsson seðlabankastjóri. Aðrir hafa ekki gert þjóðinni grein fyrir vitneskju sinni með einum eða neinum hætti. Þess vegna hlýt ég að spyrja og tel mjög mikilvægt að þjóðin verði upplýst um það hvað varð þess valdandi að bresk stjórnvöld beittu Ísland og Landsbanka Íslands hryðjuverkalögum þann 8. október síðastliðinn. Hefur verið leitað svara við þeim spurningum við bresk stjórnvöld? Og sé svo, hverjir gerðu það? Hvaða spurninga var spurt?

[13:56]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Þetta mál er að sjálfsögðu margrætt hér í þingsal og innan ríkisstjórnar og víðar. Við vitum ekki svarið við þessari spurningu, af hverju þessum lögum var beitt. Hins vegar eru í þeim mjög víðtækar valdbeitingarheimildir til breskra stjórnvalda til þess að gera það sem þeir kalla „að gæta hagsmuna sinna“. Við töldum og teljum að beiting þessara lagaákvæða hafi verið svívirðileg og höfum ekki skipt um skoðun í því efni þó að við höfum ekki fundið flöt á að höfða mál fyrir breskum dómstólum á þeirri forsendu.

Hvað Kaupþing varðar var þessum lögum ekki beitt gegn því. Það voru aðrar ráðstafanir gerðar gegn Kaupþingi og á þær er núna verið að láta reyna fyrir breskum dómstólum með stuðningi ríkisstjórnarinnar.

[13:57]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra. Ég hlýt að spyrja að því hvort leitað hafi verið eftir svörum frá breskum stjórnvöldum um hvers vegna þessum hryðjuverkalögum var beitt. Það er það sem er inntakið í spurningu minni: Hvað varð þess valdandi að hryðjuverkalögunum var beitt?

Ég tek undir það með hæstv. forsætisráðherra að að sjálfsögðu var það svívirðileg aðgerð sem Bretar beittu okkur. Og þess vegna hljótum við að gera kröfu um að fá allar upplýsingar um málið sem allra fyrst. Hvað varð þess valdandi að bresk stjórnvöld sáu sig tilknúin að beita hryðjuverkalögum? Hver hafa viðbrögð ríkisstjórnarinnar verið? Þau hafa nánast engin verið og hún ætlar ekki að höfða mál á þeim grundvelli, telur það sjálfsagt vonlaust. Ég þekki það mál ekki en ég spyr: Hefur ekki verið spurt um þetta atriði? Hafa íslensk stjórnvöld ekki spurt um hvernig á því stendur að bresk stjórnvöld beittu okkur hryðjuverkalögunum?

Ef það hefur ekki verið gert tel ég að íslensk stjórnvöld hafi gjörsamlega brugðist skyldum sínum við íslensku þjóðina. (Forseti hringir.) Og ég hlýt að fara fram á að þegar verði leitað svara og þjóðin upplýst um það nú þegar hvernig á því stóð (Forseti hringir.) að Bretar beittu hryðjuverkalögum gagnvart Íslandi.

[13:58]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Það er athyglisvert að hv. þingmaður sé að

spyrja um þetta núna rúmlega hundrað dögum eftir þessa atburði. Auðvitað var leitað skýringa en skýringarnar voru ekki aðrar en þær sem komu fram opinberlega af hálfu breskra yfirvalda. Við höfum ekki fengið neina almennilega skýringu á þessari framkomu. Það hafa ekki verið veittar fullnægjandi skýringar á þessari svívirðilegu framkomu.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

[13:59]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að senda formanni Samfylkingarinnar baráttukveðjur á Karólínska sjúkrahúsið í Stokkhólmi, með ósk um skjótan bata. Það veitir ekkert af öllum vinnandi höndum hér heima.

Hæstv. forsætisráðherra talaði um það áðan að menn spyrðu hér um ýmis mál og grautuðu öllu saman. Ég ætla að reyna að hafa þetta óskaplega skýrt, eins skýrt og ég get og horfa eingöngu mánuð aftur í tímann. Ég óska eftir því sem þingmaður að fá að vita hvað ríkisstjórnin hefur verið að undirbúa síðan þingið fór í jólaleyfi 22. desember.

Brot af því sem hefur komið fram í fjölmiðlum um ríkisstjórnina er þetta: Hæstv. iðnaðarráðherra kepptist við að búa til hégómafulla titla á sjálfan sig og orðið á götunni segir að hann sé í fýlu yfir því að fá ekki nógu mikla athygli vegna þess. Hæstv. heilbrigðisráðherra kynnir gerræðislegar hugmyndir sínar um heilbrigðiskerfið þar sem vissir auðmenn virðast eiga að gegna stóru hlutverki. Á sama tíma og ísraelsk stjórnvöld sprengja upp saklausa borgara á Gaza-svæðinu, þar með talin smábörn, snýst ríkisstjórnin í kringum sjálfa sig í sjálfhverfunni og kemur sér ekki saman um að fordæma framferði þeirra.

Virðulegi forseti. Ég vil því spyrja forsætisráðherra hvað ríkisstjórnin hafi í hyggju á komandi dögum og vikum því að tími til aðgerða styttist á degi hverjum. Að sama skapi stækkar sá hópur sem þarf nauðsynlega á aðstoð og aðgerðum að halda. Spurningarnar eru þessar: Hvernig hyggst ríkisstjórnin verja hag heimilanna? Hvernig á að gera fólki kleift að halda í þak yfir höfuðið á fjölskyldum sínum? Hvað hyggst ríkisstjórnin skapa mörg störf á næstu mánuðum og hvernig? Og að lokum: Hvaða fyrirtæki eiga að lifa og hvaða fyrirtæki eiga að deyja? Verður hugsanlega spurt um flokksskírteini þegar kemur að því vali eða aðild að einhverjum öðrum klúbbum?

[14:01]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Hv. þingmaður spyr hér margra spurninga um ástandið og það er gott að Framsóknarflokkurinn hefur áhuga á því að fylgjast með hvað er í gangi og jafnvel að leggja eitthvað af mörkum til að leysa málin. Það mátti skilja á hinum nýja formanni Framsóknarflokksins að hann vildi taka þátt í því og ég vona að það eigi við um alla aðra þingmenn flokksins.

Við kynntum í ríkisstjórninni skömmu fyrir jól aðgerðaáætlanir sem lúta bæði að fyrirtækjum og heimilum. Þau atriði sem þar voru tilkynnt eru smám saman að koma til framkvæmda. Sumt af því hefur þurft að leysa með lagasetningu og var gert fyrir jólin og er smám saman að sjá dagsins ljós. Eitt atriði kom fram í máli hæstv. dómsmálaráðherra áðan, frumvarp um greiðsluaðlögun, og margt fleira er í pípunum.

Auðvitað gerast þessir hlutir ekki á einni nóttu og ríkisstjórnin hefur ekki setið auðum höndum í jólaleyfi þingsins heldur hefur hún þvert á móti undirbúið fjölmörg mál eins og koma mun í ljós.

[14:02]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Helvítis lyddugangur er þetta. Hvað á fólk að standa lengi í mótmælastöðu úti á Austurvelli eða annars staðar í borginni? Þolinmæðin er á þrotum og ég held að við heyrum það í dag.

Að lokum vil ég fá að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hver ber ábyrgð á því ef eitthvað gerist hér úti núna? Sem valdalaus þingmaður hér innan dyra vil ég fá að vita hver ber ábyrgð á því vegna þess að ég vil ekki gera það.

[14:02]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gæta orða sinna og orðavals í þingsalnum. (Gripið fram í.)

[14:03]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Allir bera ábyrgð á sjálfum sér og allir verða að virða það þó að þeir séu að mótmæla að fara ekki yfir strikið í þeim mótmælum og huga að rétti náungans og gæta að sóma og virðingu Alþingis. Að öðru leyti treysti ég því að bæði mótmælendur og lögreglan komi fram af fyllstu sanngirni og skynsemi.

Álit umboðsmanns um skipan dómara.

[14:03]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Fyrir rúmlega ári tók hæstv. fjármálaráðherra að sér að gerast setudómsmálaráðherra til að skipa fyrir um aðstoðarmann dómsmálaráðherra í embætti dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Af öllum málatilbúnaði er ljóst að aldrei stóð annað til af hálfu ráðherra Sjálfstæðisflokksins en að ráðstafa þessu embætti á forsendum flokksins en ekki með hliðsjón af faglegum kröfum og hæfni. Það kemur reyndar ekki á óvart úr ranni Sjálfstæðisflokksins sem umgengst stjórnsýsluna eins og hann eigi hana og lætur sér í léttu rúmi liggja þótt stjórnsýslulög séu brotin.

Nú liggur fyrir álit umboðsmanns Alþingis þar sem m.a. er sagt að miklir annmarkar hafi verið á undirbúningi og málsmeðferð hæstv. fjármálaráðherra. Þannig staðfestir umboðsmaður Alþingis það sem sagt var um málið í umræðum hér á Alþingi á síðasta þingi í kjölfar þessa dæmalausa ráðslags ráðherrans. Stjórnsýsla ráðherrans fær falleinkunn og til þessa hefur hann bara yppt öxlum og látið eins og ekkert hafi í skorist.

Það er bara engin þolinmæði í samfélaginu gagnvart svona stjórnsýslusubbuskap ráðamanna, ekki lengur. Í viðtali við Stöð 2 fyrir ellefu dögum sagðist ráðherrann ekki

enn hafa mótað sér endanlega afstöðu til álitsins en hann muni skoða það og sjá svo til með framhaldið. Nú liggur fyrir að ráðherrann hefur farið á svig við stjórnsýslulög og misboðið réttlætiskennd almennings. Ég vil því krefja hæstv. fjármálaráðherra svara um hvort hann hafi ákveðið hvernig hann hyggst axla ábyrgð, hvort hann telji ráðherrum heimilt að fara á svig við stjórnsýslulög, hvort hann telji að dómara eigi almennt að skipa á pólitískum forsendum og hvort hann hyggist segja af sér vegna embættisafglapa.

[14:05]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég hef farið yfir þær athugasemdir sem umboðsmaður Alþingis gerir við málsmeðferð í þessu tiltekna máli. Þetta eru umhugsunarverðir hlutir sem hann nefnir, þetta eru álitamál sem þurfti að taka á þegar verið var að vinna málið. Í stjórnsýslurétti er unnið eftir almennum reglum en ekki eftir nákvæmum reglum og því þarf oft að kveða upp úr um hvernig eigi að gera hlutina og oft er ekki hægt að segja alveg fyrir um það fyrir fram hvernig nákvæmlega hefði átt að fara að.

Embætti umboðsmanns Alþingis hefur það hlutverk að hafa eftirlit með embættisfærslum í stjórnsýslunni og ef hann gerir athugasemdir við þær þá tökum við tillit til þess í embættisfærslum okkar í framtíðinni. Í þessu máli sér hann annmarka en hann hefur hins vegar ekki kveðið upp úr um embættisfærsluna sjálfa eða niðurstöðuna. Og ég segi það, og ég hef gert það undantekningalaust, að þegar athugasemdir hafa borist frá umboðsmanni Alþingis hef ég leitast við það í framhaldinu að fara eftir þeim og haga embættisfærslunum í þá veru eins og hann túlkar stjórnsýslulögin sem þar er um að ræða. (**Gripið fram í:** Ætlarðu að segja af þér?)

[14:07]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Hæstv. ráðherra segir að hér sé um álitamál að ræða en ég segi: Nei, hér er ekki um neitt álitamál að ræða. Hér er alveg augljóst að ráðherrann hefur farið á svig við stjórnsýslulög og þetta er ekki fyrsta og áreiðanlega ekki síðasta ofanígjöf sem ráðherrar Sjálfstæðisflokksins fá frá umboðsmanni Alþingis ef þeir eiga eftir að sitja lengur við völd, sem vonandi verður ekki. Hæstv. forsætisráðherra fékk ofanígjöf frá sama umboðsmanni Alþingis fyrir stuttu vegna skorts á auglýsingu starfa.

Ég tel að það sé ótrúleg ósvífni hjá hæstv. fjármálaráðherra að svara með þeim hætti sem hann gerir. Hann skeytir hvorki um skömm né heiður en langlundargeð þjóðarinnar er hins vegar algerlega þrotið. Það hefur kannski farið fram hjá ráðamönnum þjóðarinnar. Ég tel að þetta sé enn eitt dæmið um að Sjálfstæðisflokkurinn umgengst umboð sitt og vald og stjórnsýsluna eins og hann eigi hana sjálfur en það er misskilningur og ráðherrann á að sjá sóma sinn í því að axla pólitíska ábyrgð á þessum embættisafglöpum. Það lá ljóst fyrir alveg frá upphafi hvernig hann hugðist haga stjórnsýslunni, (Forseti hringir.) embættisskipun í þessu máli, og það var ljóst af þeim svörum sem hann gaf skriflega á Alþingi þegar um þetta var spurt en þá kom í ljós að hann hafði engan tíma tekið til þess að skoða gögn málsins og skipaði (Forseti hringir.) fyrrverandi aðstoðarmann dómsmálaráðherra í embættið.

[14:08]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Það var út af fyrir sig nægur tími til þess að vinna málið en eins og hv. þingmaður sjálfsagt veit taldi umboðsmaður Alþingis að þeir annmarkar sem hann talar um á málinu væru ekki þess eðlis að þeir leiddu til ógildingar á embættisverkinu, sem út af fyrir sig segir sína sögu.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan, að þegar verið er að skipa menn í embætti þarf alltaf að taka afstöðu til ákveðinna hluta og það þarf ráðherrann sem skipar í embættið að gera og ég gerði það. Það lá ekki í augum uppi að athugasemdir gætu verið gerðar við þá hluti sem þar var um að ræða. Þegar athugasemdir umboðsmannsins (Gripið fram í.) liggja fyrir eftir á verða þær auðvitað hafðar til hliðsjónar og farið eftir þeim í framtíðinni þegar sams konar verk verða unnin. En eins og ég sagði áðan taldi umboðsmaður þetta ekki leiða til ógildingar á verkinu, og, herra forseti, ég hef ekki hugsað mér að segja af mér vegna þessa.

Greiðsluvandi einstaklinga og fyrirtækja.

[14:10]

Eygló Harðardóttir (F):

Herra forseti. Óveður ríkir í íslensku efnahagslífi. Það er neyðarástand á þúsundum heimila í landinu og gjaldþrot blasir við mörgum. Atvinnulausir eru orðnir yfir tíu þúsund og enn fleiri ráða ekki við greiðslubyrði sína. Fjöldi fyrirtækja á í miklum greiðsluerfiðleikum og það var sláandi að sjá spá Creditinfo Ísland um það að á fjórða þúsund fyrirtækja yrðu gjaldþrota á næstunni.

Viðbrögð stjórnvalda við ástandinu hafa verið að hækka skatta, auka álögur í formi þjónustugjalda, kjaraskerðing, uppsagnir opinberra starfsmanna og nú síðast handstökuskipanir á hendur einstaklingum sem virðast hafa gert það eitt af sér að skulda ekki nógu mikið. Til að koma í veg fyrir þá flóðbylgju gjaldþrota sem blasir við og leggja mun líf þúsunda fjölskyldna í rúst verður að grípa til aðgerða strax og aðstoða fólk úr öngstrætinu.

Hæstv. dómsmálaráðherra sagði að ríkisstjórnin hafi loksins hreyft sig eftir tveggja ára bið og ákveðið að leggja fram frumvarp um greiðsluaðlögun. En hvað svo? Mun málið stöðvast í þingflokkum ríkisstjórnarflokkanna? Og hvað með aðrar aðgerðir til aðstoðar fólki og fyrirtækjum í landinu? Verður t.d. stuðningur við Ráðgjafarstofu heimilanna aukinn og verður kannski sett á stofn ráðgjafarstofa fyrir fyrirtækin þannig að þau hafi eitthvert að leita?

Því spyr ég hæstv. viðskiptaráðherra hvort hann og ríkisstjórnin ætli að sofa áfram þyrnirósarsvefni gagnvart þeim geysilega greiðsluvanda sem blasir við einstaklingum og fyrirtækjum í landinu eða hyggst hann grípa til aðgerða og tryggja að fólk hafi möguleika á því að lifa hérna áfram?

[14:11]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Það mætti hafa langt mál um það sem hefur verið unnið á síðustu vikum og mánuðum í því að

mæta því alvarlega ástandi sem núna er og við gætum líka deilt um það lengi hvað veldur því af hverju svo margir húsnæðiskaupendur hafa lent í vanda, ef til vill vegna 90% húsnæðislána sem komið var á fyrir nokkrum árum sem eru ekkert annað en alvarlegur fingurbrjótur í húsnæðiskerfinu öllu eftir á séð og hafa haft mikið að segja um þá fasteignabólu sem hér myndaðist.

Það má nefna margt af því sem hefur verið gert núna um leið og unnið er eftir samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um endurreisn íslensks efnahagslífs. Það má nefna hækkun á persónuafslætti sem gerir það að verkum að þeir sem hafa 500 þús. kr. og minna í tekjur borga lægri tekjuskatt en áður. Við erum stödd á mesta framkvæmdaári Íslandssögunnar í samgönguframkvæmdum og ýmsu öðru þrátt fyrir niðurskurð eða afturköllun á fyrirhuguðum hækkunum á fjárlögum síðasta árs og svo mætti lengi til telja.

Þingmaðurinn nefndi stórt mál sem við höfum unnið að vel og lengi enda er málið komið fram ákaflega vandað. Dómsmálaráðherra kynnti í ríkisstjórn í morgun frumvarp til laga um skuldaaðlögun eða greiðsluaðlögun og það mun væntanlega verða lagt fyrir þingið á allra næstu dögum og skiptir mjög miklu máli. Hvað varðar stöðu bæði einstaklinga og fyrirtækja er það náttúrlega stærsta verkefni bankanna. Ég fundaði með bankastjórum eða stjórn Samtaka fjármálafyrirtækja í gær þar sem við fórum yfir þessi mál. Fjármálafyrirtækin miða allt sitt starf að því að mæta hverjum einstaklingi og hverju fyrirtæki á einstaklingsgrunni út frá því hvernig hver og einn er staddur til að koma í veg fyrir að fyrirtæki og einstaklingar verði gjaldþrota og einnig til að greiðsluaðlaga fólk og fyrirtæki á þeim erfiðu tímum sem fram undan eru. Þar verður mjög margt gert til þess að koma í veg fyrir að gjaldþrotahrina skapist á næstu vikum og mánuðum og bankarnir hafa nú þegar (Forseti hringir.) kynnt grunnaðgerðir eins og að frysta og lengja lán o.s.frv.

[14:14]

Eygló Harðardóttir (F):

Herra forseti. Það virðist vera mjög algengt að vilja kenna framsóknarmönnum um allt mögulegt sem hefur farið úrskeiðis í landinu en ég held að menn þurfi að fara að axla sína ábyrgð, svona í eitt skipti. Framsóknarmenn hafa axlað sína ábyrgð, það er kominn tími til að ríkisstjórnarflokkarnir geri það líka. (Gripið fram í.)

Það er nefnilega staðreynd að það er talað um að fyrirtækin muni geta leitað til bankanna. En hvaða traust er til staðar gagnvart bönkunum? Það er nákvæmlega ekki neitt. Því held ég að það sé ástæða til þess að ríkisstjórnarflokkarnir fari að íhuga það að koma til móts við og auka traust í samfélaginu þannig að við fáum kannski einhvern vinnufrið hér á þinginu. Þeir sem hafa staðið í fyrirtækjarekstri hafa átt í óskaplega fá hús að venda þegar fyrirtækin hafa lent í greiðsluerfiðleikum. Hins vegar var það þannig að fyrrverandi félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, kom á stofn ráðgjafarstofu fyrir einstaklinga og þangað hafa fleiri þúsund manns leitað, meira að segja þegar mikið hagvaxtarskeið hefur verið. Við getum því rétt ímyndað okkur hvers konar álag verður á Ráðgjafarstofu heimilanna á næstu dögum og vikum. (Forseti hringir.)

Ég vil líka benda á að það er ýmislegt fleira sem hægt er að gera, annað en bara að benda á Framsóknarflokkinn, það er tiltölulega auðveld lausn.

[14:15]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Burt séð frá öllum skætingi um hvað sé hvers í þessu þá er unnið að mjög umfangsmiklum aðgerðum. Kynntar hafa verið aðgerðir í þágu heimila og fyrirtækja. Á þeim atriðalistum mun fjölga allverulega og unnið er að mörgum úrræðum, en stærsta úrræðið snýr að tímabundnum vanda húsnæðiskaupenda, sérstaklega þeirra sem keyptu á háþenslutímanum. Á meðan gengi krónunnar er lágt og liggur niðri þá er þessi vandi viðvarandi og við þurfum að leita allra leiða til að fleyta fyrirtækjum og fólki í gegnum hann, en 80% af skuldum fyrirtækja eru í erlendum gjaldmiðlum. Það skapar vandann sem við stöndum frammi fyrir núna. Um leið og krónan styrkist dregur sjálfkrafa úr vandanum.

Í bönkunum og öllum fjármálafyrirtækjum okkar, þeim sem ríkið á, sparisjóðum og öðrum er unnið hörðum höndum að því dag og nótt að mæta þeim vanda og honum verður mætt, það er engin spurning. Til þess eru margar leiðir og það er best gert á einstaklingsgrunni. Svo er gripið til almennra aðgerða eins og frumvarps og laga félagsmálaráðherra um sérstaka greiðslujöfnun verðtryggðra lána.

Um fundarstjórn.

Mál á dagskrá – framhald þingfundar.

[14:17]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég hef tekið eftir því að alvarlegar athugasemdir hafa verið gerðar við dagskrána sem liggur fyrir fundinum og þá kannski sérstaklega við mál nr. 4 á dagskránni, frumvarp sem ég flyt ásamt 14 öðrum þingmönnum á hinu háa Alþingi og varðar sölu áfengis og tóbaks. Kvartað hefur verið yfir því að óeðlilegt sé að þetta mál sé rætt miðað við aðstæðurnar sem uppi eru.

Þetta mál var lagt fram á fyrsta degi þingsins, áður en fjármálakerfið hrundi. Ég get fallist á að það er ekki brýnasta viðfangsefni stjórnmálanna í dag, ekki frekar en ýmis önnur mál sem eru á dagskránni, eins og mál nr. 7 um tóbaksvarnir eða mál nr. 10 um skipafriðunarsjóð. Ég viðurkenni það og hygg að aðrir hv. þingmenn sem flytja málið með mér telji að hér þurfi að ræða önnur og brýnni viðfangsefni og ég get lýst því yfir sem 1. flutningsmaður málsins að mér finnst sjálfsagt að fresta umræðu um þingmálið og taka það fyrir síðar. Ef það verður til að greiða fyrir þingstörfum og skapa ekki úlfúð á þinginu, (Forseti hringir.) þá er það mér algerlega að meinalausu að við frestum umræðu um málið og ég geri ráð fyrir að hæstv. forseti taki beiðni mína til góðfúslegrar skoðunar.

[14:18]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ég tel hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson vera mann að meiri að hafa komið í ræðustól Alþingis og óskað eftir því sjálfur að þetta fáránlega mál, vil ég segja,

sem hér um ræðir verði tekið af dagskrá.

Ég vil segja við hæstv. forseta að umræðan það sem af er fundinum færir mér heim sanninn um það að hæstv. forseti geri það eitt rétt í málinu, eins og ástandið er nú fyrir utan húsið og inni í því, að fresta fundinum í ljósi þess að hæstv. forsætisráðherra hefur gefið yfirlýsingu um að ríkisstjórnin hafi nýtt jólaleyfið vel og undirbúið fjölmörg mál. Ég tel að Alþingi og þjóðinni yrði sýndur sómi og virðing, eins og hæstv. forsætisráðherra bað um að yrði gert, með því að fresta fundinum og taka fyrir þau brýnu mál sem þjóðin vill að verði rædd þegar og ef þetta Alþingi kemur saman aftur. Eða forseti setjist niður með ríkisstjórninni og leiði henni fyrir sjónir (Forseti hringir.) að hún er rúin trausti og henni ber að víkja.

[14:20]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna orða hv. þingmanns ítrekar forseti að haft var samráð í dag um dagskrána og ekki liggur annað fyrir en að við höldum áfram fundi í dag. (**Gripið fram í:** Hann mótmælti. Það kom fram í ræðu áðan.)

[14:20]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ítrekað hafa þingmenn talað um að mál þeirra fáist ekki rædd. Hér er ég með eitt mál á dagskrá um tóbaksvarnir ríkisins og get tekið undir með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að ég tel að brýnna sé að ræða ýmis önnur mál en það eða málið sem hann er 1. flutningsmaður að þannig að mér væri að meinalausu þó að önnur mál kæmu frekar í forgang. En það er einu sinni þannig að gengið er frá dagskrá Alþingis með ákveðnum fyrirvara og málefni þingmanna eiga líka rétt á því að fást rædd. Ekki er hægt að halda því fram eins og Vinstri grænir hafa gert að mál frá ríkisstjórninni eigi að hafa forgang. Hvers konar þingræði erum við að tala um? Að sjálfsögðu verða þingmenn að fá að ræða mál sín hversu mikilvæg (Gripið fram í.) eða ómerkileg sem ykkur finnst þau vera. Það er bara einu sinni þannig að þingmenn eiga þann rétt. Þetta er málstofa þingsins og þingið er rödd þjóðarinnar hvort sem fólki líkar það betur eða verr á meðan það situr að störfum.

[14:21]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Forseti. Í upphafi þingfundar kom fram að dagskrá fundarins sem við ræðum nú var kynnt á fundi með formönnum þingflokka kl. 13 en eins og menn vita hófst þingfundur kl. 13.30. Þetta er samráðið sem verið er að ræða og á þeim fundi gerði þingflokksformaður Vinstri grænna að sjálfsögðu athugasemdir við þessa fáránlegu dagskrá og það hefur komið fram (**Gripið fram í:** Hann gerði athugasemd við eitt mál.) — hann gerði athugasemd við eitt mál sem nú hefur eðlilega verið tekið af dagskránni. (Gripið fram í.) Ég er mjög sátt við það en ég yrði sáttari ef ríkisstjórnin þyrði að koma fram með mál sín og standa fyrir þeim, standa fyrir málum sínum, koma með þau bjargráð — þau segjast vera að moka skafl, yfir hvað eru þau að moka? Burt með þau. Þetta er vanhæf ríkisstjórn. (Gripið fram í.)

[14:23]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Hæstv. forseta er það auðvitað alveg jafnljóst og okkur hinum sem sitjum í þessum sal að hvorki er vinnufriður né andrúmsloft til að vinna í húsinu í dag. Ég óska eftir því að hæstv. forseti sýni þjóðinni sem stendur fyrir utan húsið og ber bumbur þann skilning að fresta fundinum hér og nú. Þetta er vanhæf ríkisstjórn sem fólkið úti mótmælir. Við eigum að sýna fólkinu, sem þarna stendur og er íslenska þjóðin, skilning og virðingu. Við erum kosin af því og við getum alveg sest niður yfir það hvort við setjum ekki betri dagskrá þar sem rædd verða brýnni málefni en þau sem hér á að ræða.

Hæstv. forseti. Ég tel vinnufriðinn vera úti í dag. Ég verð að segja fyrir sjálfa mig að ég hef ekki lyst á að sitja hér mikið lengur í dag. Ástandið er með þeim hætti, bæði fyrir utan húsið og inni í því, að ég tel það sanngjarna ósk að hæstv. forseti fresti fundinum.

[14:24]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég held að við hljótum að geta orðið sammála um að heldur óskemmtilegar aðstæður eru til að halda fram fundi. Hörð mótmæli þúsunda eru allt í kringum Alþingishúsið, táragasi hefur verið beitt og fólk hefur verið handtekið og hér heyrist varla mannsins mál þannig að ég held að forseti ætti að íhuga mjög vel hvort ekki væri hyggilegt að taka af dagskrá fundarins þau mál sem þar eru enn og standa öðruvísi að upphafi funda í framhaldinu.

Ég vil hrósa hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir að draga mál sitt af dagskrá og hef velt fyrir mér hvort hann eða einhverjir af flutningsmönnum málsins hafi velt fyrir sér að afturkalla stuðning sinn við málið í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu. Því miður er ærin ástæða til að hafa áhyggjur af því hvernig ástandið í þjóðfélaginu kemur til með að verka bæði félagslega og andlega. Eitt af því sem mjög margir hafa áhyggjur af er hætta á auknu heimilisofbeldi og hlutum af því tagi sem varla stendur til (Forseti hringir.) að bæta með því að setja brennivín í allar búðir landsins þannig að ég skora á hv. þingmenn, flutningsmenn þessa máls, hvern fyrir sig og alla í senn (Forseti hringir.) að velta nú fyrir sér hvort þeir geti ekki séð sóma (Forseti hringir.) sinn bestan í því að afturkalla stuðning sinn við málið.

[14:25]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Mig langar að spyrja hæstv. forseta hvað fellur undir liðinn Fundarstjórn forseta. Hér hafa menn komið og beðið um að mál verði tekin af dagskrá og ég þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir að hafa forgöngu um að taka 4. mál af dagskrá og styð það heils hugar en ég spyr hæstv. forseta hvort ekki sé tímabært að við ræðum hvað eigi að ræða undir Fundarstjórn forseta því algerlega kýrskýrt er að það sem hér hefur verið rætt á ekkert skylt við fundarstjórn forseta. (**Gripið fram í:** Á ekkert skylt við fundarstjórn forseta. Vanhæf ríkisstjórn.)

Vátryggingastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 225. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 304.

[14:27]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um vátryggingastarfsemi. Frumvarpið er á þingskjali 304 og er 225. mál þingsins.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði þann 18. september 2007 til þess að semja frumvarp til innleiðingar á tilskipun um endurtryggingar. Þótt skipunarbréf nefndarinnar hafi afmarkað verkefnið við innleiðinguna á sínum tíma varð fljótlega ljóst að innleiðingin kallaði á slíkar breytingar á lögum um vátryggingastarfsemi að ekki yrði hjá því komist að endurskoða þau lög í heild sinni. Meginástæða þess er að frá því núgildandi lög um vátryggingastarfsemi komu til framkvæmda hefur þeim verið breytt fjölmörgum sinnum, en samþykkt þeirra á sínum tíma var hluti af aðlögun innlends réttar að löggjöf Evrópusambandsins. Þá hafa heilu kaflar laganna verið felldir brott — eða breytt að verulegu leyti — bæði vegna sérlaga um vátryggingamiðlun og eins vegna samþykktar á nýjum vátryggingarsamningalögum árið 2004.

Upphaflegu lögin innleiddu þær gerðir ESB á vátryggingasviði sem þá voru í gildi. Frá gildistöku þeirra hafa verið innleiddar þær gerðir á vátryggingasviði sem skylt hefur verið að innleiða samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Í athugasemdum við einstaka greinar frumvarpsins er sérstaklega tilgreint hvort verið sé að innleiða ákvæði endurtryggingatilskipunarinnar, gera tillögur til breytinga á gildandi ákvæðum, án þess að það tengist sérstaklega innleiðingunni, eða hvort viðkomandi grein eigi sér samsvörun í gildandi lögum. Til skýringa skal þess getið að á mörgum sviðum eru ákvæði endurtryggingatilskipunarinnar spegilmynd ákvæða tilskipana um skaða- og líftryggingar. Í þeim tilvikum hafa ákvæðin í allflestum tilvikum þegar verið innleidd og því var eðlilegt að innleiðing endurtryggingatilskipunarinnar yrði gerð samhliða heildarendurskoðun á lögum um vátryggingastarfsemi.

Þar sem tilefni frumvarps þessa er innleiðing endurtryggingatilskipunarinnar er rétt að fara nokkrum orðum um helstu ákvæði hennar og starfsemi innlendra endurtryggingafélaga.

Lög nr. 60/1994 fjalla um vátryggingastarfsemi, bæði um frum- og endurtryggingastarfsemi. Með hugtakinu vátryggingafélag er í lögunum átt við félög sem stunda bæði frum- og endurtryggingastarfsemi. Af vátryggingafélögum með starfsleyfi í dag hefur Íslensk endurtrygging hf. ávallt starfað eingöngu í endurtryggingastarfsemi. Að auki hefur Trygging hf. hin seinni ár eingöngu unnið að uppgjöri eldri endurtryggingaskuldbindinga eftir flutning frumtryggingastofns félagsins til Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Í gildandi lögum er kveðið á um að enginn megi í atvinnuskyni stuðla að því að innlend vátryggingaráhætta sé frumtryggð annars staðar en hjá vátryggingafélögum sem hér hafa starfsleyfi. Hins vegar eru í gildandi lögum engin takmörk á því hvar vátryggingaráhætta er endurtryggð.

Í 1. tilskipun ESB, eins og henni hefur verið breytt, er að finna ákvæði um starfsemi félaga sem sérhæfa sig í frumtryggingum. Á Evrópska efnahagssvæðinu var á sama hátt ekki að finna sameiginleg ákvæði um starfsemi sérhæfðra endurtryggingafélaga fyrr en með tilkomu tilskipunarinnar.

Markmiðið með tilskipun um endurtryggingar er því að samræma eftirlit með endurtryggingastarfsemi og styrkja innri markaðinn hvað varðar vátryggingastarfsemi. Tilskipunin er í samræmi við alþjóðlega staðla um eftirlit með endurtryggingastarfsemi sem unnir hafa verið af alþjóðasamtökum eftirlitsstjórnvalda á vátryggingasviði

Á sama hátt og í frumtryggingastarfsemi veitir starfsleyfi í endurtryggingum í einu aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins möguleika til að starfa á öllu svæðinu. Til að vernda hagsmuni neytenda og vegna ólíkra ákvæða laga um vátryggingarsamninga á Evrópska efnahagssvæðinu þurfa frumtryggingafélög að tilkynna heimaeftirlitsstjórnvöldum sínum um fyrirætlanir um að hefja starfsemi í öðrum ríkjum svæðisins. Eftirlitsstjórnvöld heimaríkis tilkynna eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis um starfsemina og votta að vátryggingafélagið uppfylli kröfur um lágmarksgjaldþol. Slík skilyrði eru hins vegar ekki í endurtryggingatilskipuninni.

Flest ákvæði endurtryggingatilskipunarinnar eru þó efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum tilskipana um skaðatryggingar og líftryggingar og felur innleiðing þeirra því í sér takmörkuð áhrif á innleiðingarákvæði gildandi laga um vátryggingastarfsemi. Helstu frávik frá ákvæðum skaða- og líftryggingatilskipana lúta að því að starfsemi með endurtryggingar er í reynd alþjóðleg.

Frumvarpið gerir nokkrar tillögur til breytinga sem hvorki tengjast innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar né eru umritun gildandi ákvæða, þ.e. eru hrein nýmæli. Er rétt að geta helstu nýmælanna og verður grein gerð fyrir þeim í þeirri röð sem þau eru í frumvarpinu.

Frumvarpið leggur til að íslensk vátryggingafélög skuli rekin í hlutafélagaformi. Gildandi lög gera bæði ráð fyrir hlutafélagaformi sem og því að unnt sé að reka vátryggingafélag sem gagnkvæmt félag, en þegar gildandi lög komu til framkvæmda voru starfandi allnokkur slík.

Í dag eru engin gagnkvæm vátryggingafélög með starfsemi. Þetta félagaform er hins vegar þekkt á öðrum Norðurlöndum og munu nokkur gagnkvæm félög enn starfandi þar. Í Danmörku er nokkur fjöldi smárra — á danskan mælikvarða — gagnkvæmra vátryggingafélaga sem veita þjónustu á afmörkuðum sviðum. Í nokkrum EES-ríkjum, m.a. flestum hinna nýrri, er hins vegar ekki heimilt að stofna vátryggingafélög með öðru formi en sem hlutafélög.

Svo virðist sem gagnkvæma formið dugi vart á markaði þar sem virk samkeppni er. Gagnkvæm félög eiga oft í erfiðleikum ef þau þurfa að bæta fjárhagsstöðu sína. Þau geta ekki líkt og hlutafélög aukið eigið fé félagsins með útgáfu nýrra hlutabréfa. Gagnkvæma formið virðist einkum henta þegar um sérhæfðar vátryggingar er að ræða í takmörkuðum rekstri. Þá erfiðleika sem gagnkvæmu vátryggingafélögin lentu í hér á landi má fyrst og fremst rekja til vandræða þeirra við að hlúa að fjárhagslegum styrk sínum á markaði.

Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi voru

samþykkt eftir gildistöku gildandi laga og lagabreytingar sem urðu á ákvæðum um réttarsamband vátryggingartaka og vátryggingafélags við gildistöku nýrra laga um vátryggingarsamninga gera það nauðsynlegt að afmarka betur en gildandi lög hvenær Fjármálaeftirlitið getur gripið til aðgerða og viðurlaga séu hagsmunir neytenda ekki hafðir til hliðsjónar.

Í samræmi við þetta leggur frumvarpið til að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að grípa til ráðstafana ef það telur að starfsemi vátryggingafélags sé ekki í samræmi við góða viðskiptahætti eða venjur. Fjármálaeftirlitinu ber að meta það hverju sinni hvort tilefni er til ráðstafana á grundvelli þeirra heimilda sem eftirlitið hefur.

Hefur Fjármálaeftirlitið um árabil starfrækt upplýsinga- og leiðbeiningaþjónustu fyrir viðskiptavini eftirlitsskyldra aðila. Þeir geta beint fyrirspurnum til eftirlitsins, ýmist almenns eðlis varðandi starfshætti eftirlitsskyldra aðila eða í tengslum við tiltekin mál. Fjármálaeftirlitið hefur hins vegar ekki úrskurðarvald í einstökum ágreiningsmálum eða sker úr um réttindi og skyldur aðila að einkarétti eða ágreiningi um sönnun málsatvika. Þau úrræði sem einstaklingum og lögaðilum standa til boða til að leita réttar síns vegna einstakra viðskipta við vátryggingafélög eru úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, eftir atvikum gerðardómar, og almennir dómstólar.

Frumvarpið leggur til töluverðar breytingar á ákvæðum um stofnun og starfsleyfi vátryggingafélags. Taka þær mið af lögum um fjármálafyrirtæki eftir því sem unnt þykir og lögum um hlutafélög. Er lagt til að Fjármálaeftirlitið veiti starfsleyfi vátryggingafélags en samkvæmt gildandi lögum er það viðskiptaráðherra sem veitir starfsleyfið. Er breyting þessi lögð til til samræmis við það sem gildir um önnur fjármálafyrirtæki. Af þessu leiðir að komi til starfsleyfissviptingar er það Fjármálaeftirlitið en ekki ráðherra sem tekur ákvörðun um leyfissviptingu.

Frumvarpið leggur til breytingar á ákvæðum um meðferð virks eignarhlutar. Leggur það til að atkvæðisréttur aðila sem eignast eða eykur við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki bær til þess að fara með hlutinn fari niður fyrir lágmark virks eignarhlutar og takmarkist við 9,99%. Í ljósi alvarleika þess að aðili brýtur af ásetningi gegn rökstuddri niðurstöðu eftirlitsaðila þykir rétt að takmarka enn frekar athafnir slíkra aðila með tilliti til fjármálamarkaðarins og trúverðugleika hans. Fjármálaeftirlitið fer gaumgæfilega yfir tilkynningar aðila um að þeir hyggist eignast eða auka við virkan eignarhlut. Við þá yfirferð leitar eftirlitið staðfestingar á hæfi aðila til að fara með hlutinn og rökstyður niðurstöðu sína, komist það að þeirri niðurstöðu að aðilinn sé ekki hæfur til að fara með hann.

Frumvarpið leggur til þrengingu á heimildum til setu í stjórn vátryggingafélags. Bæði er fjölgað upptalningu þeirra laga sem væntanlegir stjórnarmenn mega ekki hafa gerst brotlegir við og eins eru þrengd skilyrði fyrir því að aðilar í hagsmunasambandi eða aðilar í hagsmunasambandi við samkeppnisaðila viðkomandi félags geti tekið sæti í stjórn. Ástæða þess að frumvarpið leggur til þessa þrengingu er gagnrýni á þröngt eignarhald á innlendum fjármálamarkaði. Er talin full ástæða til þess að stjórnvöld bregðist við slíkri gagnrýni enda skiptir trúverðugleiki fjármálamarkaðarins verulegu máli um framgang og möguleika aðila á markaði til að þróast frekar.

Með frumvarpinu eru lögð til ný ákvæði um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins. Til þess að taka af allan vafa um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum eða athugunum er talið nauðsynlegt að jákvætt ákvæði í þá veru sé að finna í þessum lögum.

Eins og áður segir var upphaflegi tilgangurinn með frumvarpinu að innleiða þessa tilteknu tilskipun. Við nánari skoðun á lögunum þótti rétt að fara mjög vandlega yfir gildandi lög með tilliti til breytinga sem gerðar höfðu verið á þeim í gegnum tíðina. Jafnframt þessu hafði Eftirlitsstofnun EFTA bent á nokkur ákvæði eldri tilskipana sem stofnunin taldi að ekki hefðu verið innleidd með fullnægjandi hætti. Þá var tilefnið einnig nýtt til þess að aðlaga ákvæði um virkan eignarhlut ákvæðum tilskipunarinnar.

Eins og ég gerði grein fyrir í upphafinu er í athugasemdum um einstaka greinar skilmerkilega fjallað um það hvort viðkomandi grein sé til innleiðingar á endurtryggingatilskipuninni, öðrum tilskipunum eða hvort um sé að ræða séríslensk ákvæði.

Að lokinni þessari umræðu er lagt til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Greiðslur til líffæragjafa, 1. umr.

Stjfrv., 259. mál (heildarlög). — Þskj. 419.

[14:38]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um greiðslu til líffæragjafa.

Í nóvember 2007 skipaði ég ásamt heilbrigðisráðherra vinnuhóp til að kanna stöðu lifandi líffæragjafa og þá einkum með tilliti til greiðslna vegna tímabundinnar óvinnufærni eftir líffæragjöf. Í vinnuhópnum áttu sæti fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins auk fulltrúa stjórnvalda. Skilaði hópurinn skýrslu til ráðherranna í apríl síðastliðið vor. Frumvarp þetta er byggt á tillögum vinnuhópsins sem fram kom í skýrslu hópsins. Hópurinn taldi m.a. að yfirstjórn greiðslna til líffæragjafa á vinnumarkaði ætti undir málefnasvið félags- og tryggingamálaráðherra enda um að ræða réttindi til greiðslna vegna tímabundinnar fjarveru fólks af vinnumarkaði sem fjármagnaðar væru úr ríkissjóði.

Vinnuhópurinn kynnti sér líffæraígræðslur hér á landi en í skýrslu hans kemur meðal annars fram að alvarleg bilun lífsnauðsynlegra líffæra, svo sem hjarta, lifrar, lungna og nýrna, hefur verið vaxandi heilbrigðisvandamál á Vesturlöndum á síðustu árum. Ígræðsla líffæris er þá í mörgum tilvikum besta meðferðarúrræðið sem völ er á. Líffærin fást aðallega frá látnum líffæragjöfum en einnig getur lifandi og heilbrigt fólk gefið nýra og hluta lifrar. Lifandi nýrnagjöfum hefur víða fjölgað mikið síðustu ár vegna skorts á nýr-

um frá látnum gjöfum en áhættan sem fylgir slíkri aðgerð er mjög lítil. Nýru eru þau líffæri sem oftast eru grædd í sjúklinga hérlendis en árlega hefja um tuttugu einstaklingar meðferð við lokastigsnýrnabilun hér á landi. Tvenns konar meðferð er í boði vegna nýrnabilunar. Annars vegar er um að ræða blóðhreinsun, sem kallast skilun, og hins vegar ígræðsla nýra, sem er kjörmeðferð en hentar þó ekki öllum sjúklingum.

Nýrnaígræðslur frá lifandi gjöfum hafa verið framkvæmdar hér á landi á Landspítala frá árinu 2003. Fram til ársins 2005 voru að meðaltali gerðar fimm nýrnaígræðslur árlega í sjúklinga sem sjúkratryggðir eru hér á landi en síðustu ár hefur þeim fjölgað nokkuð. Gera má ráð fyrir að sjúklingum sem þarfnast ígræðslu nýra fjölgi enn frekar á næstu árum og til marks um það bendir vinnuhópurinn á að í ársbyrjun 2008 hafi um þrjátíu einstaklingar verið á ýmsum stigum undirbúnings fyrir ígræðslu.

Líffæragjafi sem er á lífi verður í flestum tilvikum óvinnufær í tengslum við líffæragjöf og þarf því að leggja tímabundið niður störf sé hann virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Þó hefur ekki verið talið að þessi tilvik falli undir réttindi launafólks til launa í veikindaforföllum samkvæmt kjarasamningum, enda ekki um eiginleg sjúkdómstilvik eða -tilfelli að ræða. Sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaganna hafa í einhverjum tilvikum veitt félagsmönnum sínum fjárhagslegan stuðning eða greitt dagpeninga á grundvelli sérstakra heimilda vegna ólaunaðrar fjarveru frá vinnu í tengslum við líffæragjöf enda þótt ekki sé kveðið beint á um slík tilfelli í reglum þeirra. Eðlilegra þykir að líffæragjöfum sé tryggð tímabundin fjárhagsaðstoð með þeim hætti sem lagt er til með frumvarpi þessu.

Virðulegi forseti. Með frumvarpinu er því lagt til að líffæragjafar sem eru launamenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar á innlendum vinnumarkaði og verða óvinnufærir vegna líffæragjafar geti átt rétt á sem nemur 80% að meðaltali heildarlauna í allt að þrjá mánuði enda hafi þeir verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði samfellt í að minnsta kosti sex mánuði fyrir þann tíma. Við útreikning á tekjutengdu greiðslunum skal miða við tekjuárið á undan því ári sem líffæragjafi leggur niður störf vegna líffæragjafar. Mánaðarlegar greiðslur til líffæragjafa geta þó aldrei verið hærri en sem nemur 535.700 kr. og ekki lægri en 134.300 kr.

Lagt er til að sérfræðilæknir sem hefur umsjón með undirbúningi líffæragjafar, aðgerðinni sjálfri sem og eftirmeðferðinni, votti um hvenær líffæragjafi verður óvinnufær og hve lengi hann er óvinnufær vegna líffæragjafarinnar. Jafnframt er gert að skilyrði að líffæragjafi hafi lögheimili hér á landi þegar hann verður óvinnufær vegna líffæragjafar og þann tíma sem greiðslur standa yfir. Síðan er miðað við að það komi í hlut Tryggingastofnunar ríkisins, sem ég ætla að fari með framkvæmdina, að meta aðstæður líffæragjafa heildstætt og þá í hversu langan tíma hann geti átt rétt á greiðslum. Gert er ráð fyrir að greiðslur reiknist frá og með þeim degi er vinnuveitandi hættir að greiða starfsmanni sínum full laun í forföllum hans í tengslum við líffæragjöfina. Í skýrslu vinnuhópsins kemur fram að í langflestum tilvikum séu líffæragjafar komnir til starfa á ný eftir sex vikur en ástæða þykir til að gera ráð fyrir að fjarvistir frá vinnu geti staðið yfir í allt að þrjá mánuði enda geta tilvikin verið nokkuð misjöfn.

Enn fremur er mælt fyrir um í frumvarpi þessu að til þátttöku á vinnumarkaði teljist einnig sá tími sem líffæragjafi fær greiddar atvinnuleysisbætur, er á biðtíma eftir slíkum bótum eða hefði átt rétt á þeim hefði hann skráð sig án atvinnu samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar. Hið sama á við þann tíma er líffæragjafi er í orlofi eða leyfi samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi eða hefur fengið greidda sjúkra- og slysadagpeninga. Nýtur bóta frá tryggingafélagi sem komi í stað launa vegna tímabundins atvinnutjóns af völdum slyss og fær tekjutengdar greiðslur samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaða barna. Við útreikning á tekjutengdum greiðslum samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að miðað verði við þær greiðslur sem líffæragjafi hafði á þessum tíma eða eftir því sem við getur átt þær viðmiðunartekjur sem þær greiðslur voru miðaðar við.

Fyrrnefndur vinnuhópur fjallaði einungis um rétt líffæragjafa sem eru virkir þátttakendur á innlendum vinnumarkaði en lagði í skýrslu sinni áherslu á að skoðuð yrði sérstaklega staða þeirra líffæragjafa sem eru námsmenn. Við nánari athugun þótti ástæða til að veita þeim ákveðin réttindi enda getur líffæragjöf falið í sér fjárhagslegt óhagræði fyrir námsmenn í tilvikum þegar líffæragjöfin hefur veruleg áhrif á námsframvindu þeirra. Í slíkum tilvikum eiga námsmenn á hættu að eiga ekki rétt á námslánum en réttur til slíkra lána byggist yfirleitt á að námsmaður fullnægi þeim skilyrðum sem viðkomandi skóli setur um eðlilega námsframvindu. Enn fremur getur líffæragjöfin haft áhrif á getu líffæragjafans til að stunda vinnu samhliða náminu sem ætluð var honum til framfærslu.

Í frumvarpinu er því lagt til að líffæragjafi sem þarf að gera hlé á námi vegna líffæragjafar samkvæmt vottorði sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina geti átt rétt á 134.300 kr. á mánuði í allt að þrjá mánuði samkvæmt mati Tryggingastofnunar ríkisins sem annast framkvæmdina. Miðað er við að líffæragjafi hafi verið námsmaður í fullu námi í skilningi frumvarpsins í að minnsta kosti sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann verður að gera hlé á námi sínu vegna líffæragjafar. Enn fremur er gert ráð fyrir að líffæragjafinn geti ekki stundað nám sitt vegna líffæragjafarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að greiðsla geti komið til fyrr en líffæragjöfin hefur haft veruleg áhrif á námsframvindu líffæragjafans og þar með leitt til þess að hann hafi ekki getað aflað sér lífsviðurværis með þeim hætti sem áætlað var þegar ákvörðun um nám var tekin. Er því miðað við að hann hafi þurft að gera hlé á námi sínu í að minnsta kosti eina önn í viðkomandi skóla. Ástæðan er sú að umræddum greiðslum er ætlað að bæta framfærslumissi líffæragjafans sem námsmanns en ekki ætlað að vera styrkur vegna líffæragjafarinnar.

Virðulegi forseti. Með þessum breytingum verði frumvarp þetta að lögum höfum við fært aðstæður líffæragjafa hér á landi til samræmis við það sem tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar. En víða, svo sem á Norðurlöndum og Bretlandi, hefur verið miðað við að líffæragjafar verði ekki verr settir fjárhagslega eftir líffæragjöf enda þótt reglurnar séu

misjafnar milli ríkja.

Er ætlað að árlegur kostnaður vegna frumvarps þessa nemi um 21,5 millj. kr. en þar var áætlað að samtals gefi um 25 einstaklingar líffæri á ári og var miðað við meðalheildarlaun á mánuði árið 2007 hjá fullvinnandi launafólki á verðlagi ársins 2008. Var þá jafnframt miðað við að um 60% líffæragjafa hefji störf að sex viknum liðnum en 40% líffæragjafa verði frá vinnu í fulla þrjá mánuði.

Eins og ég rakti hér í upphafi verður í ljósi mikilvægis þessara aðgerða að telja tímabært að setja reglur um greiðslur sem þessar enda verður kostnaðurinn að teljast óverulegur þegar litið er til þess ávinnings sem það er fyrir samfélagið að fólk sé reiðubúið að gefa líffæri til bjargar mannslífum. Þar verðum við að koma í veg fyrir að fólk treysti sér ekki til að gefa líffæri eingöngu af fjárhagslegum ástæðum með því að tryggja fólki þá fjárhagsaðstoð sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. félags- og tryggingamálanefndar.

[14:48]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir framlagningu þessa máls. Þingflokksformaður framsóknarmanna, Siv Friðleifsdóttir, vakti athygli á því fyrr í vetur en það verður að segjast eins og er að líkurnar aukast óneitanlega verulega við það að hæstv. félagsmálaráðherra leggur það fram. Ég ætla ekki að fara efnislega yfir málið, félagsmálaráðherra gerði það ágætlega, en ég vil lýsa yfir ánægju minni með þá stefnu sem fram kemur í frumvarpinu að fjárhagsstaða fólks ráði ekki úrslitum um líf þess og heilsu. Mig langar að lauma því að hæstv. félagsmálaráðherra að heilbrigðisráðherra hefði líklega gott af leiðsögn hennar enda margt sem bendir til þess að skilningur hans sé annar.

[14:49]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Út af síðustu orðum hv. þingmanns, að skilningur hæstv. heilbrigðisráðherra sé annar en þeirrar sem hér stendur á því frumvarpi sem hér er lagt fram, þá vil ég vekja athygli á því að í upphafi þegar lögð voru drög að þessari frumvarpssmíð var skipuð nefnd bæði á vegum mín og hæstv. heilbrigðisráðherra til að vinna að framgangi þessa máls og það varð sameiginleg niðurstaða í þessari skýrslu hvernig að því skyldi unnið og með það farið. Sú nefnd sem vann þetta mál síðan áfram var með aðild heilbrigðisráðherra og var enginn ágreiningur í þeirri nefnd. Ég vil koma því á framfæri. Að öðru leyti þakka ég hv. þingmanni fyrir undirtektir við málið.

[14:49]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það var kannski ekki eingöngu í þessu máli sem ég átti við að hæstv. heilbrigðisráðherra hefði hugsanlega annan skilning á málum heldur ekki síður vegna þeirra gerræðislegu vinnubragða sem sýnd voru eftir áramótin þegar hann kynnti hugmyndir sínar, algerlega án samráðs við alla aðra þar sem auðmönnum virðist vera ætlað hlutverk í heilbrigðisþjónustunni með tilheyrandi einkavæðingu og greiðsluþátttöku almennings. Ég er fyrst og fremst að lýsa ánægju með þá stefnu að fjárhagsstaða fólks ráði ekki úrslitum um líf og heilsu þess og fyrir það vildi ég þakka.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[14:51]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Ég vísa til umræðna sem urðu fyrr á þessum fundi þar sem við lögðum til við virðulegan forseta að dagskrá fundarins yrði einfaldlega tæmd, þ.e. þau mál tekin út af dagskrá sem ekki ber brýna nauðsyn til að ræða í dag vegna aðstæðna við upphaf þingfundar og óánægju með þá dagskrá sem upp var sett eins og fram hefur komið. Þó að þau mál sem eftir eru á dagskránni séu góðra gjalda verð, þar á meðal það sem forseti ætlar að taka næst fyrir, 6. dagskrármálið, þá óska ég eftir því að það verði tekið út af dagskrá og rætt síðar, sett á dagskrá á næsta fundi þar sem þingmannamál verða til umfjöllunar. Nú hafa verið rædd þau tvö stjórnarfrumvörp sem voru fremst á dagskrá fundarins og þeim vísað til nefndar. Með fullri virðingu leyfi ég mér að segja að ég held að öll þau mál sem þar eru á eftir séu ekki þannig tímabundin eða brýn að miklu máli skipti að þau séu endilega rædd í dag við þessar óvenjulegu aðstæður. Ég held að það væri skynsamlegt og betri svipur á því að láta hér staðar numið og taka þessi mál fyrir síðar við skemmtilegri aðstæður en eru til fundahalda á Alþingi Íslendinga í dag.

[14:52]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti mun verða við þessari ósk hv. þingmanns og tekur 6. dagskrármálið út af dagskránni og frestar því til síðari fundar.

Nú mun verða gert hlé á þessum fundi í 20 mínútur vegna fundar forseta með formönnum þingflokka.

[Fundarhlé. — 14:52]

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. KHG, 58. mál (bráðabirgðalög, þingseta ráðherra). — Þskj. 58.

[15:23]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég flyt frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, á þskj. 58.

Frumvarpið tekur á ákveðnum þáttum stjórnarskrárinnar sem ég tel nauðsynlegt að breytt verði til að hrinda í framkvæmd skiptingu ríkisvaldsins milli löggjafarþings og ríkis-

stjórnar á þann hátt sem ég tel að stjórnarskráin mæli fyrir um. Ég leyni því ekki að ég er á þeirri skoðun að áhrif og völd framkvæmdarvaldsins séu miklu meiri en efni standa til, miklu meiri en stjórnarskráin í raun mælir fyrir um. Ég flyt því þetta frumvarp til að styrkja stöðu Alþingis og færa hana til þess horfs sem ég tel að mælt sé skýrt fyrir um í stjórnarskrá lýðveldisins.

Frumvarpið var áður lagt fram á Alþingi á 133. og 135. löggjafarþingi en varð ekki útrætt í hvorugt skiptið og er flutt því í þriðja sinn.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til þrjár breytingar á stjórnarskránni. Í fyrsta lagi er felld brott heimild til þess að setja bráðabirgðalög og í öðru lagi er skilið á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds með því að meina ráðherrum setu á Alþingi en í þriðja lagi er gert ráð fyrir að breytingar á stjórnarskránni verði bornar undir þjóðina.

Heimild til setningar bráðabirgðalaga, sem er heimild til einstakra ráðherra framkvæmdarvaldsins til að setja lög, hefur lengi verið umdeild og var lengi beitt í umtalsverðum mæli. Frá 1874 hefur heimildinni verið beitt líklega 448 sinnum og þar af liðlega 100 sinnum á áttunda og níunda tug síðustu aldar. Hafa ber í huga að þegar stjórnarskráin er sett 1874 voru aðstæður í íslensku þjóðfélagi allt aðrar en nú eru. Þá kom Alþingi saman annað hvert ár og stóð almennt ekki lengur en átta vikur í senn, samgönguerfiðleikar voru miklir og fjarskipti stirð. Heimildin fyrir setningu bráðabirgðalaga sem studdist við þessi rök á ekki lengur við og rökstuðningurinn fyrir löngu síðan úr gildi fallinn.

Við stjórnarskrárbreytinguna fyrir sextán árum, þegar deildaskipting Alþingis var afnumin, var ákveðið að þrengja heimild ríkisstjórnarinnar til þess að setja lög með þessum hætti og var miðað við að heimildin yrði aðeins notuð í undantekningartilvikum. Ætlunin var að meginreglan yrði sú að kalla Alþingi saman og starfsreglum þess var breytt þannig að það starfar allt árið og getur komið saman til funda hvenær sem er með litlum fyrirvara. Ekki verður séð að sú staða geti komið upp að ókleift verði að kalla Alþingi saman en á sama tíma geti einstök ráðuneyti, ríkisstjórnin og embætti forseta Íslands staðið að því að setja nauðsynlega löggjöf.

Í kjölfar breytinganna hefur dregið verulega úr lagasetningu með bráðabirgðalögum. Setning bráðabirgðalaga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði og fleiri lögum sumarið 2003 og bráðabirgðalaga í júlí 2007 um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli auk bráðabirgðalaga í sumar vegna Suðurlandsskjálftans, þar sem ákvæðum um sjálfsábyrgð vátryggjenda var breytt lítils háttar, sýna og benda til þess að aftur sækir í sama farið af hálfu ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma. Í fyrstnefnda málinu kom fram í áliti meiri hluta landbúnaðarnefndar Alþingis um frumvarpið til staðfestingar bráðabirgðalögunum að leitað hafi verið álits Ragnhildar Helgadóttur, lektors í Háskólanum í Reykjavík, og Eiríks Tómassonar prófessors. Niðurstaða Ragnhildar var að með bráðabirgðalögunum þá, þ.e. árið 2003, hafi verið gengið nær 28. gr. stjórnarskrárinnar en dæmi eru um frá stjórnarskrárbreytingunni 1991. Hún taldi hins vegar ólíklegt að dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðalöggjafinn teldist hafa farið út fyrir valdsvið sitt þó að sú niðurstaða væri að hennar mati ekki vafalaus. Eiríkur Tómasson taldi setningu bráðabirgðalaganna þá takmarkatilvik.

Það sem fyrst og fremst þótti vafasamt er hvort brýna nauðsyn hafi borið til að beita heimildinni og setja bráðabirgðalög fremur en að leggja málið fyrir Alþingi, sem fer með löggjafarvaldið samkvæmt stjórnarskránni. Reyndar gengur Ragnhildur svo langt í áliti sínu að segjast vera þeirrar skoðunar að of nærri hafi verið gengið skilyrðum 28. gr. um brýna nauðsyn, eins og greinin verði skýrð með hliðsjón af þeim ummælum sem féllu á Alþingi við breytingu stjórnarskrárinnar 1991, með því að setja bráðabirgðalög án þess að reyna að leggja málið fyrir Alþingi. Sumarið 2007 voru aðstæður þær sömu og fyrir fimm árum og því nokkuð ljóst að skilyrði fyrir notkun bráðabirgðalagaheimildarinnar eru ekki ríkari en var þá.

Bráðabirgðalögin síðasta sumar, 2008, verður að telja á þann veg að enn minni rök hafi verið fyrir því að brýna ástæðu hafi borið til að ráðherrar tækju sér löggjafarvaldið í hendur þegar atvik málsins eru skoðuð. Það verður að telja hafið yfir allan vafa í þessum tilvikum öllum þremur að unnt var að kveðja Alþingi saman og leggja málið fyrir það á þeim tíma sem til ráðstöfunar var og viðurkennt var af hálfu hæstv. viðskiptaráðherra við 1. umr. um staðfestingarfrumvarpið, bráðabirgðalögin sumarið 2007 að ríkisstjórninni fannst ekki ástæða til þess. Með öðrum orðum, ráðherrann rökstuddi þá setningu bráðabirgðalaganna með þeim rökum að ekki hefði verið nægilega brýnt tilefni til að kveðja Alþingi saman. Með öðrum orðum, ráðherra sneri algerlega við ákvæðum stjórnarskrárinnar um að beita megi bráðabirgðalagaheimildinni ef brýna ástæðu beri til. Það er býsna langt gengið, virðulegi forseti, þegar einstakir ráðherrar eru farnir að umgangast heimildina til að setja bráðabirgðalög á þann veg að hún sé notuð án þess að þeirra mati að brýn ástæða sé fyrir því og málið sem er undir er ekki það stórt í sniðum að þeirra mati að taki því að ónáða Alþingi með því að kalla það til fundar. Þá þykir mér vera farið að kasta tólfunum í ásælni einstakra ráðherra ríkisstjórnarinnar inn í verksvið löggjafarvaldsins.

Það er kannski tímanna tákn og talandi dæmi um veika stöðu Alþingis að ráðherrar skuli komast upp með þetta, ekki bara sumarið 2007 heldur er það endurtekið sumarið 2008 án þess að meiri hluti þingmanna geri athugasemdir við og geri ráðherra ljóst að það sé gengið lengra en þeir geti sætt sig við. Í þessu ljósi tel ég einboðið að fella algerlega niður heimild ráðherra til að setja bráðabirgðalög með þeim rökum að ráðherrarnir misnota heimildina. Það endar ávallt á þann veg að ráðherrar framkvæmdarvaldsins munu misnota heimildina í stjórnarskránni til að setja bráðabirgðalög. Það liggur fyrir staðfest dæmi um það og það þrjú frekar en eitt. Ef þingið ætlar að láta taka mark á sér og það sem er kannski meira um vert, ef þingið ætlar að fara að stjórnarskránni á það að taka fyrir þennan möguleika. Það er eina leiðin til að þingið sinni því hlutverki sem stjórnarskráin felur því að sinna, þ.e. að fara með löggjafarvaldið. Ég er algerlega sannfærður um það að fenginni reynslu að það er ekki við þetta búandi og ráðherrum er ekki treystandi til að fara með þetta vald. Og það sem verra er, það er svo um það búið að ráðherrarnir meta sjálfir hvort

brýna ástæðu ber til og það er kannski höfuðgallinn í málinu að sá sem hefur heimildina metur líka hvenær á að beita henni. Þetta er auðvitað algerlega fráleitt. Telji Alþingi að það eigi að vera einhver heimild í stjórnarskránni til að fela öðrum tiltekið vald sitt verður það að vera afmarkað og skýrt þannig að sá sem fær heimild til að beita því valdi geri það innan þess ramma sem fyrir er lagt en móti ekki sjálfur rammann. Það er algerlega út í hött. Þetta minnir dálítið á löggjöf sem fer í gegnum Alþingi í vaxandi mæli sem er á þá lund að Alþingi veitir ráðherrum heimild til að gera ákveðna hluti sem eru mjög rúmir og lítt afmarkaðir þannig að ráðherra hefur meira og minna frjálsar hendur um það hvort hann beitir heimildinni, hvernig hann túlkar hana og yfir hvað heimildin nær.

Mörg löggjöfin á undanförnum árum er þessu marki brennd og ráðherrar vilja í vaxandi mæli hafa löggjöfina þannig að þeir séu í raun með löggjafarvaldið. Dæmi um slíkt er nýja heilbrigðislöggjöfin frá 2007. Það er auðvitað margt ágætt í henni en megingallinn er sá að Alþingi felur ráðherranum í of ríkum mæli að marka stefnuna og móta hana og beita heimildum sem honum eru fengnar án nokkurrar leiðsagnar eða afmörkunar í lögunum sjálfum. Og satt að segja þó að ég hafi ekki látið athuga það eða viti til að það hafi verið kannað, þá held ég að það sé álitamál og kannski ástæða til að láta skoða það hvort löggjöf sem svo er um búið, svona rúm heimildarlöggjöf, standist ákvæði stjórnarskrárinnar, vegna þess að með svona rúmum lagaákvæðum er í raun búið að færa of mikið af lagasetningarvaldinu til framkvæmdarvaldsins undir þessu yfirskini.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, er hér lagt til að seta ráðherra á Alþingi verði bönnuð. Seta ráðherra á Alþingi hefur lengi þótt umdeilanleg í ljósi þess sjónarmiðs að rétt sé að aðskilja framkvæmdarvald og löggjafarvald með sama hætti og dómsvald er aðgreint frá öðrum þáttum ríkisvaldsins. Nefna má að á 123. löggjafarþingi var flutt frumvarp sem kvað á um að ráðherrar sætu ekki á Alþingi þann tíma sem þeir gegndu ráðherradómi. Slíkt fyrirkomulag er talið heppilegt til að auka skilin á milli framkvæmdar- og löggjafarvalds og er í samræmi við meginregluna um þrígreiningu ríkisvaldsins.

Undanfarna áratugi hefur greinilega verið sú þróun í löggjöf að þáttur alþingismanna innan framkvæmdarvaldsins hefur farið mjög minnkandi og hlutur og áhrif ráðherra vaxið að sama skapi. Nú er meginreglan að ráðherrar skipa stjórnir og ráð sem falla undir ráðuneyti þeirra eða stofnanir sem heyra undir ráðuneytið. Enn fremur hafa veigamiklar ákvarðanir verið fluttar frá Alþingi til ráðherra og má þar nefna sem dæmi að virkjanaleyfi eru nú í höndum iðnaðarráðherra en áður veitti Alþingi sjálft þau flest með sérstökum lögum hverju sinni. Breytingar á lögum um ríkisstofnanir og um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafa styrkt stöðu framkvæmdastjóra ríkisstofnana. Stjórnir einstakra stofnana hafa ýmist verið lagðar niður eða heyra að öllu leyti beint undir ráðherra og hlutverki þeirra verið breytt.

Þessi skýra stefna um aðskilnað löggjafarvalds frá framkvæmdarvaldi er studd mörgum veigamiklum rökum og hefur eflt framkvæmdarvaldið. Eðlilegast er að framfylgja þessari stefnu með sama hætti innan löggjafarvaldsins og taka fyrir setu ráðherra á Alþingi. Er hér lagt til að ráðherra verði að afsala sér þingmennsku og eigi því ekki afturkvæmt til setu á Alþingi fyrr en við næstu alþingiskosningar. Þessi leið tryggir aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Önnur leið er að ráðherra verði að láta tímabundið af þingmennsku meðan hann gegnir ráðherrastarfi. Hún kemur einnig til greina og er til bóta en er þó síðri en sú sem lögð er til í frumvarpinu.

Virðulegi forseti. Ég hef ákveðið að flytja frumvarpið með þessum hætti til að skilin verði skýr og full að þingmaður sem verður ráðherra verði að kveðja Alþingi algerlega. Ég hef styrkst í þeirri skoðun minni eftir því sem tímar líða fram og verð æ meira fráhverfur hinni hugmyndinni sem hefur verið hreyft á Alþingi að ráðherra afsali sér þingmennsku um stundarsakir vegna þess að það slítur ekki skilin og ráðherrann er enn þá með sitt umboð sem þingmaður og hefur áhrif sem slíkur innan þingflokksins. Ég held að í þessu gildi ekkert nema annaðhvort eða. Þingið verður að draga skilin algerlega skýrt og þeir sem hugsa sér að gegna ráðherradómi verða að gera sér grein fyrir því að hann kostar það að þá láti þeir af þingmennsku. Það styrkir þingið að eiga ekkert undir ráðherranum.

Menn þekkja það hér á landi, þar sem við búum við tiltölulega fámennt þing og fjöldi ráðherra í þingflokki er tiltölulega hár þannig að áhrif þeirra eru mikil, að haldi ráðherra þingsæti sínu þó að hann sé í leyfi þá hefur hann áhrif, reynslan er sú, og getur meira og minna stjórnað löggjöfinni á sínu málasviði í krafti þess valds. Það er þetta sem verður að taka fyrir til að þingið sinni hlutverki sínu í að vera sjálfstæður aðili að löggjöfinni og láti ekki ráðherrana segja sér fyrir verkum í stóru og smáu hvað þeir samþykki að þingið samþykki. Það er hinn praktíski veruleiki, virðulegi forseti. Og þótt eðlilegt sé að ráðherrar leggi fram frumvörp um málaflokka sem undir þá heyra og lýsi því hvernig þeir vilji breyta einstakri löggjöf þá er ekki eðlilegt að ráðherra hafi slík heljartök á því að ekkert annað nái fram að ganga en það sem viðkomandi ráðherra sættir sig við. Ráðherra á ekki að hafa neitunarvald um breytingar á löggjöf sem undir hann heyrir en þannig er það í reynd í dag og því þarf að breyta.

Við sjáum alveg í hvaða stöðu þingið er komið og hve versnandi hún fer, að kjör alþingismanna sem að formi til eru ákvörðuð í þingsalnum eru í reynd ákvörðuð á ríkisstjórnarfundum, ég tala nú ekki um hópa í þjóðfélaginu. Það hefur alltaf verið svo að hagsmunahópar og aðrir hrópa og reyna að hafa áhrif á löggjöf en að þessu sinni, á þessum þingvetri, var það ríkisstjórnin sem ákvað á sínum vettvangi að breyta kjörum alþingismanna. Það er algerlega óviðunandi, virðulegi forseti, að framkvæmdarvaldið ákveði á sínum fundum kaup og kjör löggjafarvaldsins. Það er ekki hægt að sætta sig við það. Menn geta haft skoðun á því hver þau eigi að vera, laun og kjör sem þingmenn búa við, en þingmennirnir verða að taka afstöðu til þess hver þau eigi að vera eða hver eigi að ákveða það ef þeir vilja ekki ákveða það sjálfir. Framkvæmdarvaldið á ekki að setja þingmönnum stólinn fyrir dyrnar í þessum efnum. Það gengur ekki, virðulegi forseti, þá er þingið orðið algerlega undir fótum framkvæmdarvaldsins. Ég leyni því ekki að ég er mjög ósáttur við að núverandi ríkisstjórn skyldi ganga

þennan veg, sem aðrar ríkisstjórnir hafa ekki gert á undan henni, að mæla fyrir um stöðu alþingismanna að þessu leyti. En það er kannski lýsandi fyrir það hvernig ráðherrarnir líta á stöðu sína. Það er kannski skýrasta dæmið um hversu langt menn eru komnir inn á þá braut að líta svo á að í stóli ráðherra séu menn kóngar í ríki sínu og Alþingi sé ekki ríki heldur hirð sem á að bugta sig og beygja eftir því sem kóngurinn í ríki sínu mælir fyrir um eða lætur sína þegna sína vita hvað honum sé þóknanlegt. Þessi staða algerlega óviðunandi. Við eigum að hafa á þingi fólk sem leyfir sér að tala fyrir skoðunum sínum, flytja sitt mál og tillögur, jafnvel þótt það sé í blóra við vilja einstakra ráðherra eða forustumanna einstakra stjórnmálaflokka. Þingmenn eiga óhægt um vik með þetta í dag ef þeir ætla sér einhvern frama innan stjórnmálaflokkanna. Við skulum bara tala um hlutina eins og þeir eru. Þetta er vandamál okkar og það er okkar að koma okkur út úr því vandamáli.

Ég er með tillögu sem ég held að hjálpi til í þeim efnum: Setjum ráðherrana út fyrir vegginn. Þeir komi ekki hér inn nema sem ráðherrar að mæla fyrir sínum málum eða svara fyrirspurnum. Þeir séu ekki hluti af þinginu, þeir greiði ekki atkvæði. Þeir hafi ekki afskipti af því hvaða mál eru á dagskrá. Þeir hafi ekki afskipti af því hvað nefndir ákveða að afgreiða eða hvernig. Þeir geri það sem þingið segir þeim að gera en ekki öfugt. Þessu þurfum við að breyta, virðulegi forseti.

Það má auðvitað segja að þegar fólk fer að íhuga hvernig það gat gerst að við lentum í þeim ógöngum sem við höfum lent í, þá fari menn að velta fyrir sér m.a. stjórnkerfinu og hvort leikreglurnar sem við höfum sett séu endilega þær bestu og hvort þær séu það gallaðar að þær leiði að einhverju leyti til þessarar niðurstöðu. Ég held, virðulegi forseti, að það sé margt sem skýri aðdragandann að efnahagshruninu hér á landi en ég er alveg sannfærður um að einn þátturinn er einmitt leikreglurnar á pólitíska sviðinu og að hluti af þeim breytingum sem við þurfum að ráðast í, hvort sem það verður þetta þing, næsta þing eða hvernig það gerist, sé að breyta hlutunum í samræmi við það sem ég er að leggja hér til, að afnema heimild ráðherra til að setja lög, að afnema heimild ráðherra til að sitja á Alþingi og svo að sjálfsögðu að samþykkja frumvarp sem ég er með um fjárreiður ríkisins um að afnema heimild fjármálaráðherra til að stofna til útgjalda og greiða út fé án heimildar í fjárlögum. Í stjórnarskránni er líka ákvæði um að Alþingi hafi fjárveitingavaldið en menn hafa þróað þá reglu hér og settu í lög um fjárreiður ríkisins heimildir til að borga út peninga og sækja um heimild til Alþingis eftir á. Það er heimild til að styrkja framkvæmdarvaldið í sessi. Við þurfum að loka öllum þessum leiðum og gera framkvæmdarvaldinu ljóst að það á að fara eftir ákveðnum reglum og halda sig innan þeirra.

Virðulegur forseti. Loks gerir þriðja breytingartillagan ráð fyrir að breytingar á stjórnarskránni verði bornar undir þjóðina og öðlist ekki gildi nema með samþykki í almennri og leynilegri atkvæðagreiðslu. Þykir ekki eðlilegt að Alþingi sjálft bæði leggi fram tillögur til breytinga á stjórnarskránni og samþykki þær, einkum í ljósi þess að stjórnarskráin er upphaflega sett af þjóðinni og hefur að geyma fyrirmæli um starfssvið Alþingis. Rétt þykir að sá sem setti stjórnarskrána í upphafi, þ.e. þjóðin sjálf, staðfesti framvegis breytingar á henni. Að sama skapi verður að telja það til bóta að Alþingi ákvarði ekki sjálft eigin stöðu í stjórnskipuninni.

Ég tel að þetta sé ákaflega mikilvæg breyting því að ég er á þeirri skoðun að Alþingi og stjórnmálaflokkarnir hafi misnotað freklega þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og geta breytt stjórnarskránni í veigamiklum atriðum og í raun og veru komist hjá umræðu um breytinguna vegna þess að almennar alþingiskosningar þurfa að fara fram á milli og þær snúast ævinlega um eitthvað annað en stjórnarskrána, yfirleitt um efnahags- og þjóðfélagsmál sem hæst ber á hverjum tíma. Stjórnarskrárbreyting fær því tiltölulega litla umfjöllun og um hana er yfirleitt aldrei greitt atkvæði. Kjósandi sem mætir á kjörstað og vill láta í ljós skoðun sína á tiltekinni breytingu á stjórnarskránni sem á að staðfesta að afloknum alþingiskosningum fær aldrei tækifæri til að segja skoðun sína á þessum tillögum vegna þess að hann fær bara kjörseðil með nöfnum stjórnmálamanna sem bjóða sig fram til setu sem alþingismenn. Menn geta haft ákveðna skoðun á því hverjir eigi að sitja á þingi og það þarf ekki að vera neitt samhengi á milli þess og þeirra skoðana sem kjósandi hefur á því hvernig stjórnarskráin eigi að vera hverju sinni. Þess vegna er nauðsynlegt að taka breytingar á stjórnarskránni út úr alþingiskosningum og út úr vali á þingmönnum og ráðherrum yfir í beina kosningu sem fer ekki fram öðruvísi en með þjóðaratkvæðagreiðslu og er þá sama fyrirkomulag og var þegar við settum stjórnarskrána. Þjóðin setti stjórnarskrána og það er auðvitað þjóðin ein sem á að geta breytt henni með beinum og skýrum hætti.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið við að mæla fyrir þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga og þeim breytingum sem í því eru sem ég tel að eigi mjög vel við sem hluti af þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegt er að grípa til í kjölfar þess efnahagshruns og að sumu leyti stjórnmálahruns í þjóðfélaginu sem orðið hefur á undanförnum mánuðum.

[15:50]

Útbýting:

Virðisaukaskattur, 267. mál, frv. þskj. 483.

[15:50]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Eftir fall bankanna í haust hefur orðið mikil gerjun í þjóðfélaginu, mótmælafundir iðulega og mikil pólitísk umræða. Ég tel það mjög jákvætt, frú forseti. Ég held að við eigum að nýta okkur það sem kemur út úr þeirri umræðu og þess vegna finnst mér þetta frumvarp og umræða um það í dag alveg sérstaklega vel til fallið vegna þess að það fjallar um samskipti löggjafarvaldsins, þess hluta ríkisvaldsins sem almenningur kýs, og framkvæmdarvaldsins, þess hluta ríkisins sem framkvæmir en er ekki kosinn en situr í skjóli Alþingis. Ég tel mjög mikilvægt að við ræðum einmitt þetta.

Varðandi fyrsta atriðið sem hv. þingmaður nefndi og kemur fram í frumvarpinu um að heimild til bráðabirgðalaga verði felld niður þá vara ég við því vegna þess, frú forseti, að upp geta komið aðstæður, og það ættum við að hafa séð núna í haust, það geta komið upp aðstæður sem krefjast

mjög snöggra viðbragða. Ég nefni til dæmis eitthvert svona hrun eða fall. Ég nefni jarðskjálfta, eldgos, hernað, hryðjuverk eða eitthvað slíkt sem gerir það að verkum að Alþingi getur ekki komið saman nægilega fljótt til þess að bregðast við.

Hins vegar er ég alveg sammála hv. þingmanni um að það þarf að þrengja þetta enn frekar. Ég sting upp á því að menn skoði þá hugsun að í staðinn fyrir að segja: Ekki mega þau þó, þ.e. bráðabirgðalögin, brjóta í bága við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar það er saman komið á ný, þ.e. að í stað þessarar síðustu setningar standi: Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi sem koma skal saman eins fljótt og unnt er. Það mundi þýða að ef unnt er að kveðja Alþingi saman þannig að það geti fjallað um málið þá þarf ekki að gefa út bráðabirgðalög. Ef hins vegar er ekki unnt að kveðja Alþingi saman þá skuli gefa út bráðabirgðalög en þá skuli Alþingi kallað saman eins fljótt og hægt er. Ég held að þetta mundi mæta þeirri þörf sem ég tel að sé fyrir bráðabirgðalög í algjörum undantekningartilfellum, frú forseti.

Varðandi það að að ráðherra sé ekki þingmaður þá tel ég það vera mjög jákvætt og ég hef svo sem stutt það áður og flutt frumvarp með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur einmitt um það atriði. Það sem vantar inn í þessa tillögu er að þingmönnum fækki úr 63 niður í 51. Ég tel það vera eðlilega afleiðingu af þessari tillögu. Þá mundi ekkert breytast, ekki sætaskipun hér í þingsalnum, nefndaskipunin ekki því að ráðherrar taka ekki þátt í nefndum. Utanríkisstarf þingsins mundi ekki breytast og kostnaður mundi ekki aukast. Það eina sem mundi breytast er að varaþingmenn stjórnarflokkanna kæmu inn á þing en hlutföllin mundu haldast óbreytt í atkvæðagreiðslu. En ráðherra mundi ekki greiða atkvæði.

Svo er hægt að ræða, og það mætti kannski gera í þessari nefnd sem hefur verið sett á laggirnar, stjórnskipunarnefnd, hvort ráðherrar eigi að hverfa alveg af þingi eða tímabundið. Ég hallast frekar að því að menn fari tímabundið þann tíma sem þeir sitja sem ráðherrar en þá hafi þeir ekki réttindi þingmanna, ekki heldur til að sitja í þingflokkum, þannig að þeir hverfi þannig séð alveg af þingi. Ef þeir hins vegar þurfa að segja af sér eða stjórnin fellur eða eitthvað slíkt þá komi þeir aftur sjálfkrafa inn sem þingmenn. Ég tel það vera eðlilegt.

Varðandi síðasta atriðið í frumvarpinu þá er ég er sammála hv. þingmanni um það að þjóðin eigi að greiða atkvæði um þetta en það er ekki sama hvernig. Til dæmis ef 20% greiða atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu og 11% samþykkja þá finnst mér það ekki fullnægjandi og ekki sannfærandi. Það finnst mér ekki vera sannfærandi stuðningur við stjórnarskrárbreytingu. Ég held að stjórnarskrárbreyting þurfi miklu meiri þátttöku til samþykktar. Ég mundi gera kröfu til þess að alla vega helmingur þjóðarinnar, þ.e. atkvæðisbærra manna, tæki þátt í atkvæðagreiðslunni og jafnvel að setja það til viðbótar að tveir þriðju þeirra sem greiða atkvæði greiði því atkvæði. Ég tel að breytingar á stjórnarskránni séu svo mikilvægar að það þurfi að vera aukinn meiri hluti fyrir því og alla vega að einhver lítill minni hluti þjóðarinnar geti ekki samþykkt breytingu á stjórnarskrá.

Að öðru leyti tek ég undir þessar breytingar. Ég tel mikilvægt að staða Alþingis sé styrkt. Ég hef margoft nefnt til dæmis það að flestöll lög sem Alþingi samþykkir, þ.e. að frumvörp að þeim eru samin annars staðar en á Alþingi. Það er regla og það er mjög miður því að sá sem setur upphaflega saman lagatexta ræður hvernig endanlegur rammi er. Allir aðrir sem koma að því, hvort sem það er ríkisstjórn, hvort sem það eru þingflokkarnir, hvort sem það er Alþingi eða nefnd Alþingis, þurfa að koma með breytingartillögur við þessar tillögur og þeir þurfa að rökstyðja þær. Sá sem semur textann í upphafi þarf ekki að rökstyðja neitt. Endanleg lagasetning verður eins og hann vill hafa það nema eitthvað annað sé rökstutt. Ef nefndir Alþingis mundu almennt séð semja frumvörp, sem ég tel mjög æskilegt og jákvætt og ætti í raun að stefna að — og það þyrfti engu að breyta til þess, frú forseti. Það þyrfti engu að breyta hvorki í lögum né stjórnarskrá. Þetta er bara vinnuregla — ef vinnureglan væri sú að ráðuneytin ásamt félagasamtökum, einstaklingum og samtökum og svo framvegis gætu komið með tillögur til viðkomandi nefnda um að nauðsynlegt sé að breyta þessu og hinu. Síðan tæki nefndin ákvörðun um að semja um það frumvarp og nefndin mundi sjálf semja það frumvarp. Þá þurfum við að sjálfsögðu að styrkja nefndasviðið allverulega með því sama fólki væntanlega sem er að vinna uppi í ráðuneytunum. Það mætti gera það, flytja það til nefndasviðs. Það yrði sami kostnaðurinn fyrir ríkið. Þetta er bara vinnulag. Það þyrfti ekki að breyta í rauninni neinu nema skipulagi vinnunnar. Þá gætu líka ráðuneytin verið uppteknari af því að sinna framkvæmdinni í staðinn fyrir að semja lög þannig að ég held að þetta yrði mjög jákvætt.

Það er sitthvað fleira. Til dæmis finnst mér að fjárlög þar sem Alþingi er að grípa inn á svið framkvæmdarvaldsins ættu að vera miklu meira á því formi að það séu settir rammar, til dæmis almennt séð söfn, þetta miklir fjármunir í söfn, og það sé jafnframt sagt að menn vilji að það sé gætt jafnræðis á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis og svo framvegis. En það er á ábyrgð ráðherrans hvernig hann framkvæmir það svo, í staðinn fyrir að Alþingi sé að segja að það eigi að setja svo og svo mikla peninga í þetta safnið eða hitt safnið. Það finnst mér vera mjög óeðlilegt og þar er Alþingi að grípa inn í framkvæmdir og þá getur enginn borið ábyrgð á þeirri framkvæmd því að Alþingi getur ekki kvartað undan sjálfu sér. En Alþingi á að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu.

Ég er því mjög hlynntur þessu og mér finnst þetta frumvarp til stjórnarskipunarlaga eiga mjög vel við í núverandi stöðu og í ljósi þeirra mótmæla og þeirrar gerjunar sem er í þjóðfélaginu sem ég held að þingmenn ættu virkilega að hlusta á og nýta sér það sem út úr því kemur vegna þess að það er að mínu mati alltaf jákvætt þegar fólk sýnir pólitískan áhuga.

[16:00]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í belg varðandi þá umræðu sem hér fer fram, umræðu um stjórnarskrána og stjórnarskipunarlög sem fer kannski of sjaldan fram á hinu háa Alþingi. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson á heiður skilinn fyrir að taka þessa umræðu upp og leggja fram ákveðnar hugmyndir til breytingar á stjórnarskránni.

Ég ætla líka að leyfa mér að nota þann tíma sem ég hef til þess kannski að tala líka almennt um stjórnarskrána og stjórnarskrárbreytingar og hvernig umræðan hefur þróast hér um nokkuð langt skeið. Ég held, virðulegi forseti, að kominn sé tími til þess að við á hinu háa Alþingi hugleiðum það mjög vandlega og skoðum stöðu Alþingis í víðara samhengi en við höfum gert hingað til. Við búum við það fyrirkomulag að hér er blandað kerfi, þ.e. framkvæmdarvald og löggjafarvald eru þannig nátengd í þeim skilningi í gegnum þingræðisregluna sem felur það í sér að engin ríkisstjórn getur setið nema Alþingi að minnsta kosti veiti henni hlutleysi eða þá að minnsta kosti að meiri hlutinn styðji viðkomandi ríkisstjórn. Þetta fyrirkomulag hefur oft og tíðum verið gagnrýnt og kannski meira nú undanfarið en oft áður og þá einkum sú staðreynd að langsamlega stærsti hluti þeirra laga sem fara hér í gegn og eru afgreidd á hinu háa Alþingi, þ.e. frumvörp sem eru afgreidd á hinu háa Alþingi koma frá ráðherrum ríkisstjórnar hverju sinni. Er ég þá ekki að gera upp á milli ríkisstjórna á nokkurn hátt heldur hefur þetta fyrirkomulag tíðkast um mjög langt skeið og ég held að það sé orðið tímabært að við hugleiðum þá möguleika og þær hugmyndir sem hafa komið fram í þessu efni.

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er staldrað við þrjú ákvæði og lagðar til breytingar á þeim. En ég held að full ástæða sé til þess að skoða þetta í stærra samhengi og skoða þetta þá þannig hvort ástæða sé til þess að skilja betur að framkvæmdarvald og löggjafarvald en nú er. Hér er lagt til meðal annars að ráðherra sitji ekki sem alþingismaður og má segja sem svo að það sé góðra gjalda vert. En það má einnig víkja til þess sem hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á hér áðan, að þá koma inn varaþingmenn í stað þeirra sem taka sæti sem ráðherrar þannig að segja má sem svo að þetta fyrirkomulag styrki heldur en veiki meiri hlutann hverju sinni sem er á þinginu. Ég er ekki endilega viss um að það sé sú hugmynd sem hér býr undir. Hins vegar er prinsippið eða grundvallaratriðið sem ég tel að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sé að benda á raunverulega að greina betur en nú er gert milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Ég vil segja það sem mína skoðun í þessu máli að ég tek ekki endilega undir þær hugmyndir og sjónarmið sem hafa verið sett fram. Ég held jafnvel að það væri skynsamlegra að við mundum reyna að skoða breytingar á stjórnarskrá í stærra samhengi og víðara samhengi en kannski hér er lagt til en um leið, eins og ég nefndi áðan, fagna ég því að þessi umræða fari af stað.

Virðulegi forseti. Ég gæti vel séð það fyrir mér að þarna yrði um algera aðgreiningu að ræða milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og þá jafnvel þannig að þingmönnum yrði fækkað eitthvað en á móti kæmi að aðstaða þeirra og umbúnaður yrði þannig gerður að það hlutfall sem nú ríkir og hefur orðið að veruleika, þ.e. að flest lagafrumvörp koma á einn eða annan hátt frá ráðuneytunum, að þau verði unnin í miklu meira mæli hér á þinginu og afgreidd en nú er. Ég held að það megi hugsa þetta margvíslega. Við höfum fyrirmyndir víða úr heiminum og einmitt í dag er nýkjörinn forseti Bandaríkjanna, Barak Obama, að taka við embætti og þar er einmitt dæmi um þessa aðgreiningu valdþáttanna þriggja, framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds.

Um leið og ég nefni dómsvaldið þá tel ég að það eigi að skoða mjög vandlega að breyta reglum varðandi skipun dómara, sérstaklega hæstaréttardómara og eins héraðsdómara, sem gerir það þá að verkum að Alþingi komi í mun ríkara mæli að þeirri ákvörðun. Alþingi er eðli málsins samkvæmt æðst handhafanna þriggja, þ.e. æðst valdhafanna. Alþingi hefur umboð þjóðarinnar. Þangað er valdið sótt og í gegnum alþingiskosningar hverju sinni veitir þjóðin þingmönnum umboð sitt, að minnsta kosti tímabundið. Eðli málsins samkvæmt er Alþingi því æðst þessara handhafa þó að það megi segja sem svo að Alþingi hafi að sumu leyti afsalað sér hluta af valdi sínu til framkvæmdarvaldsins. En ég held einmitt varðandi það umhverfi og þá umræðu sem hér hefur þróast í nokkuð langan tíma — þá má jafnvel benda alveg aftur til þess tíma er Vilmundur Gylfason heitinn og fleiri fjölluðu um þessa þætti og lögðu fram ákveðnar hugmyndir sem mér hafa alltaf þótt skynsamlegar — til dagsins í dag að þá held ég að það sé einmitt mikilvægt að umræðan um formið, um umgjörðina, um stjórnskipunina sjálfa fari fram af meiri þunga en verið hefur. Ég tel að við eigum að skoða þessa hluti í stærra samhengi en við höfum gert hingað til og gera á þeim ákveðnar breytingar.

Ég vildi leggja þetta, virðulegi forseti, inn í þessa umræðu um leið og ég fagna frumkvæði hv. þingmanns um að taka hér upp umræðu um stjórnarskrána sem kannski allt of lítið er gert af á þinginu og ræða það form sem við vinnum innan því að það form skiptir miklu máli um hvernig lýðræðið gengur fram og hvernig við náum að framkvæma það lýðræði sem við reynum að halda í heiðri. Ég tel mjög mikilvægt að Alþingi taki meira vald til sín en verið hefur. Það hefur það vald sem það vill. En það hefur afhent framkvæmdarvaldinu talsvert af því í þeim skilningi. Við sjáum hvernig frumvörp eru afgreidd og hvaða frumvörp eru afgreidd. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt og ég held að það sé afar mikilvægt að við reynum að skoða þessi mál í mun stærra samhengi en við höfum gert og ein þeirra hugmynda sem hefur verið vakin upp er meðal annars að setja á fót stjórnlagaþing. Ég man að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti frumvarp ítrekað um slík mál. Ég held að full ástæða sé til þess í ljósi þess umróts sem nú er, í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í nokkra áratugi, að skoða vandlega slíkar hugmyndir og skoða það að breyta stjórnarskránni jafnvel í ríkara mæli en hér er lagt til.

[16:10]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur verið um frumvarpið og þær undirtektir sem það hefur fengið hjá hv. ræðumönnum. Ég tek undir þau sjónarmið sem fram hafa komið að nauðsynlegt sé að fitja meira upp á umræðu um þessi mál, sérstaklega í ljósi þess sem gerst hefur í haust og síðan sem svar við því, að hluta til a.m.k., hvaða breytingar menn telja nauðsynlegt að gera til þess að bæta þá stjórnskipan sem við búum við. Færa má fyrir því nokkur rök að a.m.k. megi velta því fyrir sér hvort fyrirkomulagið eins og það er feli í sér galla sem eru þess eðlis að þeir hafi átt sinn þátt í að leiða til þess sem varð og þá — ef menn telja að svo geti verið — hvernig beri að bæta úr þannig að menn dragi úr líkunum á því að sömu atburðir

endurtaki sig.

Ég held reyndar að þessar breytingar sem ég mæli fyrir séu lagðar fram óháð því sem gerðist í haust enda frumvarpið samið löngu fyrir þann tíma, en þar er um að ræða atriði sem greinilega eiga erindi inn í umræðu núna um það hvernig bregðast eigi við því sem orðið er. Ég er sannfærður um að þessi atriði og e.t.v. fleiri sem er rétt að taka til umræðu, eins og þeir hafa bent hér á hv. þingmenn Pétur Blöndal og Lúðvík Bergvinsson, eru þess eðlis að við eigum að íhuga það alvarlega og leitast við að ná samkomulagi um breytingar á stjórnarskránni. Það er alla vega nauðsynlegt, ef menn telja að nauðsynlegt sé að breyta henni til að bæta úr, að menn ræði það á þessu vorþingi og nái pólitísku samkomulagi um það til að geta hrint því í framkvæmd svo fljótt sem verða má á næstunni.

Ég sakna þess — í ljósi þess að í upphafi þingfundar var gerð athugasemd við dagskrá á þann veg að hún svaraði ekki þeirri umræðu sem uppi væri eða ástandi og menn væru ekki að takast á við vandann sem við er að etja og fundið að því að tiltekin mál væru á dagskrá — að þeir sem höfðu þessa skoðun hafi ekki sýnt sig hér í þingsölum og tekið þátt í umræðu um þetta þingmál. Ég spyr sjálfan mig: Finnst þeim hinum sömu sem fannst dagskráin ekki endurspegla viðfangsefni Alþingis að þetta mál sé ekki þess virði að líta á það eða eru menn of uppteknir við aðra þætti í störfum sínum en að líta til þess sem þeir ættu kannski öðru fremur að sinna á þessum degi, að skoða löggjöfina sem undir er? Ég hefði kosið að menn — sérstaklega þeir sem eru gagnrýnir á stöðuna í dag — sýndu þessu meiri áhuga þannig að við vissum meira um hug þeirra til þessara atriða og þeirra breytinga sem menn teldu að þyrfti að gera. Þingmenn ráða því sjálfir hvort þeir taki þátt í umræðu eða sýni sig hér í þingsal á öðrum stundum en þeim sem kastljós fjölmiðlanna er á þingsalnum.

Varðandi þær hugmyndir sem komu fram í máli hv. þingmanna voru þær allar á þá lund að mæta þeim sjónarmiðum sem ég legg fram í frumvarpinu þannig að ég get tekið undir þær að því leyti að þær bæta núverandi ástand ef þeim yrði hrundið í framkvæmd. Varðandi þá tillögu hv. þm. Péturs Blöndals um að hafa áfram heimild til bráðabirgðalagasetningar en setja ákvæði um að kveðja skuli saman Alþingi svo fljótt sem verða má í kjölfarið má segja að það væri framför frá því sem nú er, alveg ótvírætt. Að vísu mundi það svolítið ráðast af því hversu fljótt þingið yrði kallað saman. Hver ætti að meta það? Ég held t.d. að þá mundi ég leggja til, ef sú leið yrði farin, að það væri forseti Alþingis sem kallaði til þingfundar. Hann hefði það mat með höndum, hvenær hann gæti gert það eða hversu skjótt, af því að ég treysti því að hans mat væri frekar á þá lund að gera það fyrr en seinna. Ef það væri hins vegar oddviti ríkisstjórnarinnar sem beitir bráðabirgðalagavaldinu sem ætti að kveðja þingið saman finnst mér líklegra að hann mundi líta á hlutina á hinn veginn, að kveðja það saman síðar en fyrr, þannig að ég mundi leggja til að menn kæmu sér saman um að það yrði forseti Alþingis.

Ég hugsa hins vegar að ef við færum þessa leið yrði niðurstaðan sú að þing yrði kallað saman nánast örugglega innan viku. Ég hugsa að það gætu verið svona að jafnaði tveir, þrír dagar því að það er alltaf í viðbragðsstöðu og það er ekki nema í mestu sumarleyfum á þeim tíma árs sem það gæti kannski verið svifaseinna til fundar. En að öllu jöfnu held ég að hægt væri að kveðja þingfund saman frá útgáfu bráðabirgðalaga á þremur dögum eða jafnvel innan þeirra til þess að leggja löggjöfina þar fyrir og afgreiða hana. Þá erum við eiginlega komin að þeirri niðurstöðu, sem ég hugsa nú að hafi vakað fyrir hv. þingmanni, að þá er ekkert unnið með því að setja bráðaðbirgðalög, þá á bara að leggja frumvarp fyrir þingið. Ef menn geta kallað þingið saman með mjög skömmum fyrirvara til að staðfesta bráðabirgðalög geta menn líka gert það sama til að leggja frumvarpið þar fram upphaflega og sleppa bráðabirgðalagaútgáfunni. Þá hugsa ég, virðulegi forseti, að ef menn vilja halda í möguleikann á útgáfu bráðabirgðalaga verði til viðbótar því sem hér hefur komið fram að þrengja möguleikann á útgáfu bráðabirgðalaga, setja nánari ákvæði í stjórnarskrána um það hvenær heimilt væri að beita þeim ákvæðum og taka það mat úr höndum ráðherranna þannig að þeir hafi ekki frjálst mat um það hvenær heimildin er virt. Það verður ekki gert öðruvísi en að tilgreina í texta afmörkunina á heimildarnotkuninni.

Í öðru lagi varðandi það að ráðherra haldi þingsætinu en komi ekki að þingstörfum að öðru leyti er það líka til bóta frá núverandi ástandi og sérstaklega ef þannig verður um hnútana búið að þingmaðurinn sem er í leyfi vegna þess að hann situr sem ráðherra komi ekki einu sinni inn á þingflokksfundi, það held ég að mundi skipta máli, ég tel það mundi skipta verulegu máli. Hugsanlegt er að menn komist það langt með þessari leið að hægt sé að fallast á að þingmaður haldi sæti sínu þann tíma sem hann er ráðherra. Ég vil alls ekki útiloka að menn geti náð saman um útfærslu á þeirri leið, sem ég dreg þó enga dul á að ég tel lakari og eins og ég sagði í framsöguræðunni hef ég styrkst í þeirri skoðun minni að það verði að vera annaðhvort eða. En ég er alltaf tilbúinn að hlusta á önnur sjónarmið í málinu og leitast við að ná samkomulagi um það.

Varðandi þriðja atriðið, um þjóðaratkvæðagreiðsluna, get ég tekið undir að það er ankannalegt að breytingar á stjórnarskránni yrðu samþykktar með mjög lítilli þátttöku og líka með mjög lágu hlutfalli þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni eða lágu hlutfalli þeirra sem eru á kjörskrá. Ég er því alls ekki fráhverfur að menn setji sér einhverjar skorður í þeim efnum en samt held ég að þær megi ekki verða svo háar sem hv. þingmaður nefndi. Stjórnarskráin er ekki hið endanlega plagg þannig að mér finnst ekki rétt að gera breytingar á stjórnarskránni erfiðari en að setja hana í upphafi þegar er verið að reyna að verja hana, þannig að gildandi fyrirkomulag er ekki það rétthátt að það hafi meiri rétt til að standa en nýtt ákvæði sem kemur inn. Það gerist ef við setjum skilyrðin svo stíf eins og t.d. fyrir tvo þriðju hluta atkvæða, þá er ákvæði inni í stjórnarskrá sem er samþykkt í upphafi með einföldum meiri hluta, þá heldur það gildi sínu jafnvel þótt allt að tveir þriðju séu á móti. Mér finnst það liggi ekki fyrir nein rök sem staðfesta að það sé svo rétthátt að minni hluti þjóðarinnar geti séð til þess að það breytist ekki og komið í veg fyrir að nýtt ákvæði taki gildi jafnvel þó að það hafi meirihlutastuðning. Ég held að menn verði að miða við meiri hlutann, hvort tölurnar eigi að vera 50% kjörsókn eða að 50% þeirra sem eru

á kjörskrá styðji mál til þess að það hljóti gildi og 2/3 þeirra sem kjósa segi já, mér finnst það fullstíft. Ég get fallist á að hafa þátttökulágmark en ég held að ég mundi mæla með því, að því skilyrði uppfylltu, að lágmarkstöku sé náð, að þá gildi meirihlutavilji þeirra sem á annað borð hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni, af því að fyrra ákvæðið um lágmarksþátttöku á að duga til þess að tryggja að á bak við breytingar sé þó einhver lágmarksstuðningur.

Fleira vil ég ekki segja um málið eða undirtektir þingmanna að þessu sinni að öðru leyti en því að ég þakka þeim fyrir framlag þeirra til umræðunnar.

[16:22]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Varðandi bráðabirgðalagaheimildina vildi ég hafa hana mjög þrönga — ef hv. frummælandi gæti hlýtt á mál mitt — og ég nefndi jarðskjálfta, eldgos, eitthvert hrun eða skæruliðaárásir eða stríð. Ég vildi hafa hana svo þrönga að ég er ekki að tala um vikur, ég er að tala um daga eða klukkutíma, þ.e. eins og ég gat um: „Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi, sem koma skal saman svo fljótt sem auðið er.“ Það er að mínu mati innan einhverra klukkutíma, innan sólarhrings alla vega, og það er þá hægt að boða varamenn ef mikið er um sumarleyfi, ég sé enga ástæðu til annars. Fyrir mér er þetta eitthvað sem yrðu eiginlega aldrei notað því að sjálfsögðu ef hægt er að kalla Alþingi saman með þessum fyrirvara og ekki liggur meira á málinu þá verður það bara lagt fyrir Alþingi þannig að þá þarf ekki bráðabirgðaákvæði til. Það er eingöngu ef menn lenda í þeirri stöðu að þeir neyðast til að setja einhver lög og ekki er af einhverjum ástæðum hægt að kalla Alþingi saman þá verður að vera heimild til bráðabirgðalaga.

Þegar stjórnarskráin var sett í upphafi var mikill áhugi á málinu og vitað að það yrði mikil kjörsókn. Menn hefðu örugglega hugsað sig um ef þeir hefðu þurft að óttast að ekki yrði nema 20% kjörsókn og 11% mundu samþykkja.

[16:24]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég segi nú eftir þessar útskýringar hv. þingmanns á hugmynd sinni um útgáfu bráðabirgðalaga að það er styttra á milli hugmynda okkar en ég hélt því að þær leiða raunverulega til þess að tekið er fyrir útgáfu bráðabirgðalaga og þá er ekki mikið bil á milli sjónarmiða okkar og ég fagna því. Það má alveg hugsa sér að hafa opna heimild sem er einhvers konar viðurlagaheimild ef á þarf að halda. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að þess þurfi ekki en ég get alveg hugsað mér að ræða það við aðra þingmenn og sjá hvort menn nái saman um útfærslu á því. Ef menn telja nauðsynlegt að hafa viðurlagaákvæði er sjálfsagt að skoða það, en þá yrði það að vera ákvæði sem takmarkaði innihald laganna við einhverjar aðgerðir sem nauðsynlegt væri talið að grípa til með svo skjótum hætti. Ég tel t.d. að útgáfa bráðabirgðalaganna síðasta sumar, í kjölfar jarðskjálftans á Suðurlandi, hafi alls ekki fullnægt neinum mælikvörðum um nauðsyn fyrir útgáfu bráðabirgðalaga vegna þess að það fjallaði ekkert um að bregðast við vanda fólks í sárri nauð eða öðru slíku heldur að lækka sjálfsábyrgð fólks í innbústjóni um nokkra tugi þúsunda króna. Það mál, þó að það geti verið eðlilegt að ræða það á Alþingi og breyta löggjöf, átti ekkert erindi inn í bráðabirgðalög.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sérn.

Út af dagskrá voru tekin 4.–6. og 9.–13. mál.

Fundi slitið kl. 16:26.

---

70. FUNDUR

fimmtudaginn 22. janúar,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Staða efnahagsmála og horfur á vinnumarkaði, munnleg skýrsla forsætisráðherra. — Ein umr.
2. Endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, stjfrv., 258. mál, þskj. 418. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Birgir Ármannsson, 9. þm. Reykv. s.
Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
Þuríður Backman, 8. þm. Norðaust.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hefur bréf frá þingflokksformanni Samfylkingarinnar, Lúðvíki Bergvinssyni, um að Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest., geti ekki sótt þingfundi á næstunni vegna læknismeðferðar. Fyrsti varamaður Samfylkingarinnar í kjördæminu, Anna Kristín Gunnarsdóttir, tók sæti á Alþingi frá og með deginum í gær. Hún hefur áður setið á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa á ný.

[10:35]

Útbýting:

Framkvæmd samgönguáætlunar 2007, 268. mál, skýrsla samgrh., þskj. 484.

Skuldir sjávarútvegsfyrirtækja, 168. mál, svar fjmrh., þskj. 485.

Staða efnahagsmála og horfur á vinnumarkaði, munnleg skýrsla forsætisráðherra, ein umr.

[10:36]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Samkomulag er um fyrirkomulag umræðunnar. Í fyrstu umferð hefur forsætisráðherra 20 mínútur en talsmenn frá öðrum þingflokkum 15 mínútur hver. Í annarri, þriðju og fjórðu umferð talar einn þingmaður frá hverjum flokki og hefur 5 mínútur. Forsætisráðherra hefur 5 mínútur í lok umræðunnar.

[10:36]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég fagna því að eiga þess kost að ræða um efnahags- og atvinnumál með skipulegum hætti svo skömmu eftir að þing kom saman að nýju eftir jólaleyfi.

Því verður ekki á móti mælt að efnahagshorfur hér á landi eru dökkar um þessar mundir. Það hefur verið margrætt í þessum sal og nýbirt spá fjármálaráðuneytisins ber það með sér. En við Íslendingar erum ekki einir á báti í þeim efnum. Aðstæður í nágrannalöndunum eru einnig gríðarlega erfiðar, enda er heimsbúskapurinn nú að kljást við erfiðustu kreppu sem riðið hefur yfir síðan heimskreppan mikla var á 4. áratug síðustu aldar.

Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði neikvæður um 9,6% á þessu ári sem er gríðarlega mikil breyting og samdráttur einkaneyslunnar verði rúm 24% að raungildi. Kaupmáttur ráðstöfunartekna mun þó dragast mun minna saman eða um rúm 13% og hefur þá verið tekið tillit til áhrifa vaxandi atvinnuleysis sem samkvæmt spánni verður 7,8% á þessu ári. Verðbólgan hefur verið erfið viðureignar upp á síðkastið, eins og við þekkjum, ekki hvað síst vegna mikils gengisfalls íslensku krónunnar á síðasta ári. Hins vegar eru flestir sammála um að góðar horfur séu á því að verðbólgan lækki hratt þegar líður á árið og verði nálægt verðbólgumarkmiði Seðlabankans undir loks ársins.

Mikill viðsnúningur hefur þegar átt sér stað í utanríkisviðskiptum þar sem innflutningur dregst hratt saman á sama tíma og útflutningur vex. Aukinn þorskkvóti á yfirstandandi fiskveiðiári, um 30 þúsund tonn, eykur að sjálfsögðu útflutning sjávarafurða, styrkir stöðu greinarinnar og bætir enn í útflutningsframleiðsluna. Vöruskiptajöfnuður verður því jákvæður um rúmlega 14% af landsframleiðslu á þessu ári sem eru mikil umskipti til hins betra frá síðustu árum.

Á næsta ári eru horfur á að hagvöxtur verði lítill sem enginn þar sem efnahagslífið verður væntanlega ekki enn búið að ná sér að fullu eftir bankaáfallið en ekki er gert ráð fyrir því að þjóðarframleiðslan dragist enn frekar saman frá því sem verður á þessu ári. En góðar horfur eru á því að þegar á næsta ári, þegar líða tekur á árið, blasi við efnahagslegur viðsnúningur og hjól efnahagslífsins geti farið að snúast af fullum krafti á nýjan leik.

Atvinnumálin hafa verið mikið í deiglunni upp á síðkastið enda fátt sem brennur meira á heimilunum en örugg atvinna sem tryggir afkomuöryggi fjölskyldunnar. Til að tryggja árangur á þessu sviði þarf annars vegar að grípa til sértækra aðgerða þar sem það á við en þegar upp er staðið er það árangur efnahagsstefnunnar í heild sem tryggir bestu niðurstöðuna fyrir alla.

Ef við lítum fyrst á heildarmyndina þá skiptir sköpum fyrir íslenskt efnahagslíf að ríkisstjórnin hefur frá því í nóvember unnið eftir skýrri efnahagsstefnu sem unnin var í samstarfi við sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og liggur hún til grundvallar samstarfi Íslands og sjóðsins næstu tvö árin. Áætlunin er metnaðarfull og skýr en tekur að sjálfsögðu mið af því fordæmalausa áfalli sem íslenskt fjármálakerfi hefur orðið fyrir og þeim mikla samdrætti sem efnahagslíf okkar mun þurfa að ganga í gegnum af þeim sökum næstu tvö ár. Áætlunin er skýrt tímasett en mun þó taka breytingum eftir því sem ástandið þróast og verður endurskoðuð af sérfræðingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á þriggja mánaða fresti.

Herra forseti. Því hefur verið haldið fram að ríkisstjórnin hafi ekkert gert til að bregðast við þeim miklu erfiðleikum sem íslenskt efnahagslíf gengur í gegnum. Þetta eru að sjálfsögðu mikil öfugmæli eins og ég vona sjáist á eftirfarandi yfirliti um þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir á undanförnum vikum og mánuðum til að koma til móts við einstaklinga og fjölskyldufólk.

1. Greiðslubyrði einstaklinga með verðtryggð lán hefur verið létt með því að beita greiðslujafnaðarvísitölu, þ.e. launavísitölu sem tekur mið af atvinnustigi.

2. Úrræðum Íbúðalánasjóðs til að koma til móts við almenning í greiðsluvanda verður fjölgað, svo sem með lengingu og skuldbreytingu lána, auknum sveigjanleika og rýmri heimildum gagnvart innheimtu.

3. Íbúðalánasjóði hafa verið veittar lagaheimildir til að leigja út húsnæði í eigu sjóðsins, til að fjölga úrræðum fyrir einstaklinga í greiðsluvanda. Heimilt verður að leita eftir samstarfi við sveitarfélög eða aðra rekstraraðila með samningi.

4. Gerðar hafa verið nauðsynlegar breytingar til bráðabirgða á lögum eða reglugerðum svo fella megi niður ýmis gjöld vegna skilmálabreytinga sem torveldað hafa skuldbreytingar á uppgreiðslu lána, svo sem stimpilgjöld og þinglýsingargjöld.

5. Felld hefur verið úr gildi heimild til að skuldajafna barnabætur á móti opinberum gjöldum.

6. Felld hefur verið úr gildi heimild til að skuldajafna vaxtabætur á móti afborgunum lána hjá Íbúðalánasjóði.

7. Barnabætur eru nú greiddar út mánaðarlega til þeirra sem það kjósa en ekki á þriggja mánaða fresti.

8. Opinberum innheimtuaðilum hafa tímabundið verið veittar frekari heimildir til sveigjanleika í samningum um gjaldfallnar kröfur sem taka mið af mismunandi aðstæðum einstaklinga.

9. Lögfestar hafa verið tímabundnar heimildir til innheimtumanna ríkissjóðs um mögulega niðurfellingu dráttarvaxta, kostnaðar og gjalda í sérstökum skýrt afmörkuðum tilfellum.

10. Öll ráðuneyti og stofnanir ríkisins hafa fengið fyrirmæli um að milda sem kostur er innheimtuaðgerðir gagnvart einstaklingum, þar með talið að takmarkað verði sem kostur er það hlutfall launa sem ríkið getur nýtt til skuldajöfnunar.

11. Lög um dráttarvexti hafa verið endurskoðuð með

það að markmiði að þeir lækki.

12. Heimild til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar hefur verið nýtt.

13. Alþingi samþykkti í desember að heimila greiðslu hlutabóta vegna atvinnuleysis til að hvetja atvinnurekendur til að lækka frekar starfshlutfall en að grípa til uppsagna. Sjálfstætt starfandi einstaklingar geta nú einnig tekið að sér tilfallandi verkefni án þess að missa bótaréttinn.

14. Fyrirtækjum og stofnunum hefur einnig verið gert kleift að ráða tímabundið til sín fólk í atvinnuleit. Bætur fylgja þá starfsfólkinu. Einnig hafa réttindi atvinnulausra verið aukin til að auðvelda þeim að fara út á vinnumarkaðinn á nýjan leik, t.d. með búferlaflutningsstyrkjum.

15. Gripið hefur verið til aðgerða til að styðja við sprotafyrirtæki og verður það gert enn frekar. Á síðasta ári tók Nýsköpunarsjóður þátt í stofnun nýs öflugs fjárfestingarsjóðs, Frumtaks, sem mun styrkja þessa mikilvægu vaxtarsprota næstu árin. Einnig er mikilvægt að byggingu álvers í Helguvík miði vel og hafa stjórnvöld unnið hart að því að tryggja að það gangi eftir, m.a. með fjárfestingarsamningi í síðasta mánuði.

16. Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða á sviði menntamála. Atvinnulausir geta fengið greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt áunnum réttindum sínum samhliða því að stunda ákveðið nám eða sækja námskeið. Auk þess tókst að tryggja nær öllum sem þess óskuðu inngöngu í framhaldsskóla á vorönn 2009 og leitaðist menntamálaráðuneytið eftir að skapa sveigjanleika í fjárveitingum til skóla til að svo gæti orðið.

Af þessari upptalningu má sjá að fjarstæða er að halda því fram að ríkisstjórnin hafi setið aðgerðalaus og það þekkja menn auðvitað af störfum á Alþingi vegna þess að mörg þessara mála hafa komið til kasta þingsins á liðnum vikum. Þvert á móti hefur verið unnið ötullega á öllum vígstöðvum að því að draga úr neikvæðum áhrifum efnahagserfiðleikanna á hag heimilanna.

Til viðbótar þessu má nefna að ríkisstjórnin hefur ýmist þegar hrint í framkvæmd eða er langt komin með undirbúning fjölmargra aðgerða til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja.

1. Bönkunum var gert að setja sér skýrar viðmiðunarreglur um fyrirgreiðslu við fyrirtæki í landinu með það að markmiði að vernda störf og stuðla að áframhaldandi starfsemi lífvænlegra fyrirtækja. Reglurnar eiga m.a. að taka til lengingar lána, niðurfærslu skulda, breytingar lána í eigið fé og sameiningar fyrirtækja. Settar verði reglur sem tryggja gegnsæi í ákvörðunartöku bankanna og hlutlæga fyrirgreiðslu þar sem hugað verði að samræmdum vinnubrögðum gagnvart fyrirtækjum en innra eftirlit bankanna verði jafnframt eflt.

2. Bankarnir eru ýmist búnir eða um það bil að verða búnir að stofna sérstök eignaumsýslufélög sem hafa munu umsjón með eignarhlutum í fyrirtækjum þar sem ákveðið hefur verið að breyta skuldum í eigið fé.

3. Liðka verður fyrir stofnun endurreisnarsjóðs, öflugs fjárfestingarsjóðs atvinnulífsins með þátttöku lífeyrissjóða, banka og annarra fjárfesta. Ríkisstjórnin hvetur til þess að í fjárfestingarstefnu sinni taki endurreisnarsjóðurinn m.a. tillit til sjónarmiða er lúta að góðum stjórnarháttum og samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja, þar á meðal áherslu fyrirtækja á að viðhalda eða fjölga störfum. Auk þess verður lögð áhersla á launastefnu, jafnréttisstefnu, umhverfisstefnu, framlög til rannsókna og þróunar, mikilvægi starfsemi fyrir grunnþjónustu samfélagsins o.s.frv.

4. Fyrirtækjum sem uppfylla að öðru leyti skilyrðum laga hefur verið gert kleift að gera ársreikninga sína upp í erlendri mynt með lagasetningu sem gildir afturvirkt frá 1. janúar 2008 og hefur nokkur fjöldi fyrirtækja nýtt sér þetta þannig að ljóst er að ávinningur er að því fyrir ýmis fyrirtæki.

5. Lagt er til að skipaður verði óháður umboðsmaður viðskiptavina í hverjum banka og hefur verið auglýst eftir slíkum aðila í a.m.k. tveimur af viðskiptabönkunum. Skal hann m.a. hafa það hlutverk að gæta þess að viðkomandi banki mismuni ekki viðskiptavinum með óeðlilegum hætti, að ferli við endurskipulagningu fyrirtækja og aðrar mikilvægar ráðstafanir sé gagnsætt og skráð og bankinn gæti að samkeppnissjónarmiðum. Bankaráð velji umboðsmann í hverjum banka og tryggi að hann geti sinnt eftirliti sínu.

6. Við endurskipulagningu fyrirtækja verði valdar leiðir sem efla samkeppni og hamla henni sem minnst. Á sama hátt verði svigrúm til að draga úr fákeppni eða markaðsráðandi stöðu nýtt sem kostur er. Þeim tilmælum er beint til bankaráða að hafa hliðsjón af þeim meginreglum um samkeppnissjónarmið sem koma fram í nýlegu áliti Samkeppniseftirlitsins.

7. Ríkisstjórnin lýsir yfir vilja til að greiða fyrir uppgjöri við erlenda kröfuhafa með því að bjóða þeim hlutafé í nýju bönkunum, m.a. í því skyni að tryggja endurfjármögnun þeirra, fjölbreyttara bankaumhverfi og greiða fyrir eðlilegum lánaviðskiptum innlendra aðila og erlendra banka.

8. Stjórnvöld hafa hugsað sér að greiða með lagasetningu fyrir langtímaeign lífeyrissjóða á fasteignum sem þeir hafa lánað fyrir. Þannig má bjóða einstaklingum og fyrirtækjum sem missa fasteignir sínar að búa eða starfa þar áfram með því að leigja fasteignirnar af lífeyrissjóðunum.

9. Lögð verði sérstök áhersla á mannaflsfrekar atvinnuskapandi aðgerðir á vegum ríkisins og samstarfs leitað við sveitarfélög um tímasetningu framkvæmda með það fyrir augum að standa vörð um atvinnu fólks og auka hagkvæmni. Samgönguráðherra vinnur sérstaklega að þessu máli.

10. Stjórnvöld munu beita sér fyrir endurskoðun á ákvæðum hlutafélagalaga, skattalaga og annarra laga í því skyni að auðvelda stjórnendum fyrirtækja að komast í gegnum tímabundna erfiðleika vegna efnahagsástandsins.

11. Ríkisstjórnin mun í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins fara yfir reglur um gjaldeyrishömlur, sem ætlað er að styrkja gengi krónunnar, til að takmarka neikvæð hliðaráhrif þeirra eins og kostur er.

Þessi aðgerðalisti staðfestir vonandi að ríkisstjórnin hefur unnið hörðum höndum að viðbrögðum við efnahagserfiðleikunum jafnframt því að skapa hér forsendur fyrir endurreisn efnahagslífsins. Við listann má bæta aðgerðum í þágu heimilanna, en eins og áður hefur komið fram í þessum sal hefur á vegum dómsmálaráðuneytisins verið unnið að breytingum á gjaldþrotalögum til að greiða fyrir svokallaðri greiðsluaðlögun einstaklinga. Það frumvarp kemur

vonandi inn í þingið á allra næstu dögum.

Herra forseti. Ég vil víkja frekar að efnahagsáætluninni sem ríkisstjórnin hefur gert í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og vinnur nú eftir. Áætlunin tekur skýrt mið af ástandinu sem nú ríkir í efnahags- og fjármálalífi þjóðarinnar. Meginmarkmið hennar eru þrjú og miða öll að því grundvallarmarkmiði að endurvekja traust og trúverðugleika hagkerfisins og búa í haginn fyrir bætta fjárhagsstöðu íslenskra heimila og fyrirtækja eins fljótt og auðið er.

Fyrsta markmið áætlunarinnar er að koma stöðugleika á gengi krónunnar og tryggja hratt lækkandi verðbólgu. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess hversu skuldsett fyrirtæki og einstaklingar eru í erlendri mynt og verðtryggðum lánum. Fátt mundi því verða meira til hagsbóta fyrir heimilin og flest fyrirtæki í landinu en styrking krónunnar og aukinn verðstöðugleiki. Lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og vinaþjóða eru hugsuð til að greiða fyrir því að þetta markmið náist, að vera til taks sem varasjóður á gjaldeyrismarkaðnum.

Alþingi samþykkti lög um gjaldeyrishöft í lok nóvember og hefur sú lagasetning að því er best verður séð að flestu leyti skilað því sem til var ætlast. Krónan styrktist nokkuð í fyrstu en hefur síðan gefið nokkuð eftir. Það kemur á óvart í ljósi þess að metafgangur var á vöruskiptum við útlönd í desember ásamt því að vaxtamunur við útlönd hefur aukist nokkuð. Ötullega er unnið að því að straumlínulaga reglurnar og fylgja eftir framkvæmd þeirra svo viðsnúningur í utanríkisviðskiptum skili sér í styrkingu krónunnar sem hefur í för með sér augljósan hag fyrir allan almenning og stærstan hluta íslenskra fyrirtækja.

Þrátt fyrir að mikilvægir áfangasigrar hafi náðst í gengis- og verðlagsmálum eru enn stór viðfangsefni sem bíða úrlausnar. Næstu skref snúa að því að fullmóta stefnu um það hvenær og hvernig dregið verður úr höftum á gjaldeyrismarkaði og stýrivextir lækkaðir. Því fyrr sem það gerist, því fyrr sem jákvæð staða í utanríkisviðskiptum skilar styrkara gengi, þeim mun styttra er í að vextir geti lækkað. Ljóst er að vilji er til að lyfta og afnema gjaldeyrishöftin um leið og tækifæri gefst en slík höft hafa almennt neikvæð áhrif á hagkerfi til lengri tíma litið og eru því í sjálfu sér aðeins hugsuð til skamms tíma og eru raun og veru neyðaraðgerð, eins og mönnum er kunnugt um. Hins vegar mun verða einhver bið á því að fjármagnsflæði verði fullkomlega frjálst og ljóst að ekki verður mögulegt að lina höftin fyrr en aukinn stöðugleiki hefur komist á gengi krónunnar og ljóst er hvernig stýritæki Seðlabankans vinna við nýjar aðstæður. Einnig er nauðsynlegt að gæta aðhalds í peningamálastefnu þegar höftum verður létt en búast má við að stýrivextir Seðlabankans verði lækkaðir hröðum skrefum um leið og tækifæri gefst.

Annað markmið efnahagsáætlunarinnar er að ná tökum á ríkisfjármálum í ljósi þeirra miklu byrða sem ríkissjóður axlar vegna endurfjármögnunar bankakerfisins og þess mikla halla sem verður fyrirsjáanlegur á ríkissjóði á næstu árum.

Greiðslubyrði lána verður mjög mikil næstu ár þar sem bráttóskuldir hins opinbera verða mjög háar. Hins vegar koma þar á móti allmiklar eignir og því er nettóskuldin mun lægri eða hugsanlega nærri 70% af landsframleiðslu. Við núverandi aðstæður er þetta mat að sjálfsögðu mikilli óvissu undirorpið. En gangi þessar áætlanir eftir verður nettóskuldastaða ríkisins ekki fjarri því sem gerist að meðaltali á evrusvæðinu. Ég vil leggja sérstaka áherslu á þetta atriði þar sem hér hafa því miður verið á ferðinni miklar rangfærslur í þessum efnum.

Starf vegna stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum hefur beinst sérstaklega að breytingum á fjárlagafrumvarpi ársins 2009 í ljósi nýrra aðstæðna frá því að efnahagsáætlun stjórnvalda var samþykkt. Nauðsynlegt reyndist að bæta afkomu ríkissjóðs með því að draga úr útgjöldum og auka tekjur um 45 milljarða fyrir árið 2009 miðað við það sem annars hefði orðið. Halli ársins samkvæmt fjárlögunum verður því nærri 154 milljarðar kr. sem samsvarar um 10% af áætlaðri landsframleiðslu. Miðað hefur verið við að verja grunnþjónustu ríkisins í mennta-, heilbrigðis-, félags- og löggæslumálum. Í ljósi þess hefur ríkisstjórnin sem fyrr einnig kynnt aðgerðaáætlanir fyrir heimili og fyrirtæki en fjárhagsleg staða ríkissjóðs setur slíkum aðgerðum augljóslega ákveðin takmörk.

Við núverandi aðstæður eru aðeins tvær leiðir færar til að fjármagna fjárlagahallann. Annars vegar er hægt að ganga á inneign ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands sem er sem betur fer mikil og hefur safnast upp á undanförnum árum. Hægt er að ganga á þá inneign en áætlað er að allt að 100 milljarðar kr. verði nýttir af reikningi ríkissjóðs til að fjármagna hallann á þessu ári. Frekari úttektir gætu hins vegar skapað hættu á hækkandi verðbólgu.

Hin leiðin til að fjármagna ríkissjóðshallann er útgáfa ríkisskuldabréfa. Mikil aukning í útgáfu slíkra bréfa gæti leitt til hækkandi vaxta. Hvorug leiðin er því kostnaðarlaus fyrir heimili og fyrirtæki í landinu sem munu um síðir þurfa að greiða niður skuldir ríkissjóðs vegna hallans. Vinna er einnig hafin í mótun ríkisfjármála til næstu þriggja til fjögurra ára. Stefnt er að því að slík stefna verði birt fullmótuð á fyrri hluta þessa árs en mikilvægt er að ráðuneyti og stofnanir fái skýra mynd af fjárveitingum sínum næstu árin til að hægt sé að grípa til viðeigandi sparnaðaraðgerða. Skýr markmið til næstu ára ættu að skapa grundvöll til endurskipulagningar.

Þriðja markmið stjórnvalda er að endurbyggja íslenskt bankakerfi svo það geti veitt einstaklingum og fyrirtækjum ábyrga og kröftuga þjónustu en vel virkt fjármálakerfi er, eins og allir vita, grundvöllur enduruppbyggingar í hagkerfinu og forsenda þess að fyrirtækin í landinu nái að blómstra. Starfið er hins vegar tröllaukið þar sem um 85% bankakerfisins er hrunið og er það hlutfallslega mesta áfall sem nokkurt fjármálakerfi í heiminum hefur orðið fyrir. Stefnt er að því að ríkissjóður veiti eigin fé inn í ríkisbankana þrjá sem nemur allt að 400 milljörðum kr. Þessi tilhögun var samþykkt í fjárlögum fyrir árið 2009. Ekki mun reynast nauðsynlegt að fara í sérstakar skuldabréfaútgáfur vegna þessa. Því ætti endurfjármögnun kerfisins ekki að hafa áhrif á vaxtastigið í landinu að þessu leyti. Einnig er unnið að því að styrkja stoðir sparisjóða og annarra smærri fjármálastofnana sem margar hverjar hafa orðið fyrir áföllum vegna lánsfjárkreppunnar. Einnig hefur verið ákveðið að endurfjármagna Seðlabankann að hluta til með útgáfu skuldabréfs, eins og fram hefur komið, og er verið að ganga

frá þeim málum.

Til að tryggja framgang mála varðandi endurreisn bankakerfisins og gera tillögur um frekari aðgerðir sem miða að enduruppbyggingu þess hefur verið skipuð sérstök nefnd undir forustu virts sænsks bankasérfræðings sem auk þess var starfsmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til margra ára. Þá hefur finnskur fjármálasérfræðingur verið ráðinn til að endurskoða reglur og lagaumhverfi fjármálakerfisins. Loks má nefna að við höfum gert samning við virt alþjóðlegt fjármálafyrirtæki, Oliver Wyman, um að hafa yfirumsjón með verðmæti nýju og gömlu bankanna. Allt miðar þetta að því að endurreisa íslenskt bankakerfi og skapa því trúverðugleika og traust á nýjan leik. Til að svo megi verða þurfa öll vinnubrögð að vera gagnsæ og vinna þarf af fagmennsku og ábyrgð.

[10:56]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Þó að yfirskrift þessarar umræðu sé efnahagsvandinn og horfur í atvinnumálum hlýtur umræðan eðli málsins samkvæmt að vera um þjóðarbúskapinn í heild og ástandið í samfélaginu, þetta er allt samofið. Verkefnið er ekki bara efnahagslegt í einhverjum þröngum skilningi. Það er það vissulega að hluta til, snýr að endurreisn hrunins bankakerfis, það snýr að atvinnulífinu, það snýr að heimilunum og fjölskyldunum, það snýr að sveitarfélögunum sem fá nú í sínar hendur gríðarlega aukin og erfið verkefni, ekki síst á sviði félagsþjónustu og nærþjónustu. Það snýr að heilbrigðiskerfinu þar sem starfsfólk finnur nú þegar fyrir auknu álagi, ekki síst í þeim hlutum þjónustunnar á heilsugæslustöðvum t.d. sem snúa að fjölskylduráðgjöf, sálfræðiþjónustu og öðru slíku. Þetta snýr sem sagt að því og viðfangsefni þessarar umræðu hlýtur að vera: Hvernig ætlum við í heild sinni að halda utan um íslenskt samfélag á næstu mánuðum og árum, koma okkur í gegnum þessa erfiðleika og vinna okkur upp úr þeim?

Vandinn er vissulega efnahagslegur en hann er líka félagslegur, hann er mannlegur og hann er pólitískur. Það birtist okkur með æpandi hætti þessa dagana að vandinn er ekki síst pólitískur. Við höfum ríkisstjórn sem hefur misst tökin á ástandinu í samfélaginu. Með því er ekki verið að segja að hún hafi ekkert verið að gera, ég held að enginn hafi haldið því fram. Staðreyndirnar tala engu að síður sínu máli, ríkisstjórnin hefur haft yfir hundrað daga til að reyna að vinna úr þessum málum og hún hefur gert það á þann hátt að þjóðin er ákaflega ósátt og ríkisstjórnin hefur ekki traust. Það er óumflýjanlegt að horfast í augu við ástandið í samfélaginu sem hluta af viðfangsefninu.

Við höfum öll áhyggjur, miklar áhyggjur, ekki síst eftir gærdaginn, nóttina og það sem gerðist í fyrradag. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að héðan úr þessu húsi sendum við þá áskorun til allra að gæta stillingar og halda sig við friðsamlegar og lögmætar aðgerðir og hvetja bæði mótmælendur og lögreglu til þess að reyna að halda ró sinni eins og tókst afar vel framan af og alveg fram undir hið síðasta í þessum sögulegu fjöldaaðgerðum þar sem tugir þúsunda Íslendinga hafa notað rétt sinn til þess að koma skoðunum sínum og óánægju á framfæri og setja fram réttmætar og eðlilegar kröfur.

Það er þar sem ríkisstjórnin hefur að mínu mati brugðist mest. Henni hefur algerlega mistekist að mæta óskum samfélagsins um upplýsingar, um að breytt verði um vinnubrögð, að hlutirnir verði opnir, gagnsæir, lýðræðislegir, heiðarlegir, að við skiljum gömlu aðferðirnar eftir. Ríkisstjórninni hefur algerlega brugðist að mæta kröfunum um ábyrgð og það vekur æ meiri undrun, bæði innan lands og utan, að allir skuli sitja þar sem þeir sitja, ráðherrar, forustumenn eftirlitsstofnana og ábyrgðaraðilar í fjármálaheiminum og víðar.

Loksins er heildarmyndin að birtast okkur hvað varðar skuldastöðu þjóðarbúsins og ekki síst ríkisins. Þegar við ræddum þessi mál hér fyrir jól þegar til umræðu voru fjárlög, fjáraukalög, heimildir ríkisstjórnarinnar til að gefast upp í Icesave-deilunni og heimildir ríkisstjórnarinnar til að ganga til samstarfs við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn marglýstum við eftir því hver væri heildarmyndin og hvort ekki væri nauðsynlegt að átta sig á því í hvað stefndi með heildarskuldsetningu ríkissjóðs og þjóðarbúsins og hverjar líkurnar væru á að við gætum ráðið við þetta. Nú hafa tölurnar verið að skýrast og birtast og þær eru ískyggilegar. Það eru ekki bara horfurnar í þjóðarspánni sem slíkri, horfur um næstum 10% fall þjóðartekna, 13% verðbólgu á þessu ári, 10% atvinnuleysi í lok ársins sem eru ískyggilegar. Það ískyggilegasta eru auðvitað skuldirnar, það ískyggilegasta er að íslenska ríkið og íslenska þjóðarbúið verða, ef allt þetta gengur eftir, svo þunglestuð skuldum að hagfræðingar glíma nú helst við það að reyna að átta sig á því hvort þetta sé yfir höfuð hægt, eins og við sjáum t.d. á blaðagreinum í morgun og undanfarna daga.

Það þarf í raun og veru ekki að flækja þetta mikið. Það er nokkuð ljóst að skuldastabbi, innlendur og erlendur, er að bætast á ríkið sem verður á næstu árum af stærðargráðunni 2.000–2.500 milljarðar. Það er vissulega rétt að þetta eru eðlisólíkir hlutir, sumt lántaka innan lands hjá okkur sjálfum, sumt lán sem við getum vonandi geymt í varasjóði og sem gjaldeyrisforða en sumt eru líka lán sem eru tapaðir peningar í hafi og koma ekki að einu einasta gagni til að byggja upp nokkurn skapaðan hlut á Íslandi og þar er Icesave-reikningurinn verstur. Það er alveg ljóst að vaxtakostnaður af þessum rosalega skuldastabba verður svo geigvænlegur, vaxtakostnaðurinn einn, á næstu tveimur, þremur árum að hann mun taka drjúgan hluta tekna ríkisins á hverju ári, 85 milljarða eða þar um bil í ár, stóraukinn á næsta ári, kannski 150 milljarðar, tiltölulega fljótreiknað ef 35–50 milljarðar vegna Icesave bætast ofan á það sem við erum að borga á þessu ári og fleira til. Þá fer að verða mikil spurning um það hvort við getum yfir höfuð borgað vextina, hvort þjóðarbúið yfir höfuð ræður við vextina. Þá erum við ekkert farin að tala um afborganir, ekki neitt. Jú, eignir koma þarna vonandi einhverjar á móti en þá eiga líka afborganirnar eftir að koma inn í myndina frá og með árunum kannski 2011, 2012, 2013.

Ég ætla, herra forseti, fyrst og fremst að ræða hér að öðru leyti um atvinnuhorfurnar og atvinnuleysið, vegna þess að að okkur steðjar, fyrir utan hinn þröngt skilgreinda efnahagslega vanda, kannski sérstaklega tvíþætt hætta, tvenns konar samtengt böl. Það er hættan á stórfelldu atvinnuleysi og það er hættan á landflótta. Atvinnuhorfurnar

eru þannig að þær versna hraðar en þær hafa eiginlega nokkru sinni gert á Íslandi, atvinnuleysið tvöfaldast á skrám sumra skráningaraðila næstum því að segja milli mánaða og er að breiðast út um allt land. Það er ekki bara hér á höfuðborgarsvæðinu þó að hér sé það sannarlega mikið og ört vaxandi, það er líka mikið atvinnuleysi á Suðurnesjum og það er mikið atvinnuleysi t.d. á Akureyri og á Norðausturlandi. Þar eru nú þúsund manns án atvinnu, þar af um 80% á Akureyri og þar af er atvinnuleysið langmest meðal yngsta hópsins, 18–24 ára.

Atvinnuleysi er mikið böl. Það er efnahagsleg sóun, það er félagslegt og mannlegt böl eða nær væri kannski að segja harmleikur, og það er skemmandi. Það rýrir starfsgetu, dregur úr sjálfsvirðingu og sjálfsáliti þeirra sem í því lenda. Það á ekki að þurfa að dæma nokkurn mann til þess að geta ekki nýtt starfskrafta sína sé annarra kosta völ. Íslendingar eru vinnusöm þjóð og við skulum hafa það í huga að atvinnuleysið kemur öðruvísi við á Íslandi en kannski í flestum öðrum löndum. Vegna hvers? Vegna þess að Íslendingar hafa byggt upp afkomu sína á því að ekki bara vinna með mikilli atvinnuþátttöku beggja kynja heldur vinna mjög mikið. Hér er vinnuvikan að meðaltali 10 klst. lengri en í nálægum löndum, þannig hafa menn byggt upp lífsafkomu sína, með óheyrilega langri vinnuviku, sem er auðvitað böl í sjálfu sér, en þannig hefur það verið. Þess vegna er það rosaleg breyting fyrir fólk sem hefur náð að skapa sér sæmilega lífsafkomu með gríðarmikilli vinnu að missa hana og hverfa niður á atvinnuleysisbæturnar sem ná ekki einu sinni 150 þús. kr. þegar tekjutengda tímabilið er runnið út og þó að menn fái 270 kr. á dag vegna hvers barns. Það er ekki ofgert.

Staðan er þannig að atvinnuleysið var tæp 5% um áramótin, það gera tæplega átta þúsund heilsársstörf en á skránni eru um tólf þúsund manns vegna hlutastarfa. Því er spáð að það endi í um 10% í lok þessa árs, sem mun gera atvinnuleysi upp á tæp 8% að meðaltali yfir árið. Það mun þýða, þar sem kostnaður við hvert prósentustig atvinnuleysis er yfir 10 milljarðar kr., að útgjöld vegna atvinnuleysisbóta verða sennilega 24–25 milljarðar kr. á árinu. Atvinnuleysistryggingasjóður hafði 15 milljarða í sjóði nú í byrjun janúarmánaðar og getur vænst tekna upp á um það bil 6 milljarða af tekjustofni sínum og vaxtatekjum, það gera 21 milljarð til að moða úr, Atvinnuleysistryggingasjóður verður með öðrum orðum tómur á haustmánuðum og eftir það þarf að leggja honum til eitthvað á þriðja milljarð kr. á hverjum mánuði miðað við atvinnuleysisstig af því tagi sem við erum hér að ræða um.

Það er þess vegna þeim mun undarlegra sem maður jafnvel les um í blöðum að ríkið er að segja upp fólki. Landhelgisgæslan ætlar t.d. að segja um 20–30 manns — (**Gripið fram í:** Hún dró það til baka.) nú, það er gott og vonandi verður það víðar. Enda spyr maður sig: Hvaða tilgangi þjónar það að segja upp fremur illa launuðum ríkisstarfsmönnum til þess að færa þá yfir á 150 þús. kr. atvinnuleysisbætur sem koma frá ríkinu eða úr opinberum sjóði?

Maður er undrandi að frétta af hlutum eins og þeim að það stefni í að allt að einni milljón plantna sem eru í framleiðslu í landinu verði hent af því að búið er að skerða svo fjárveitingar til þeirra sem í hlut eiga að þeir ráða ekki við kaupa þær eða greiða vinnulaun við að koma þeim niður í jörðina. Er nú ekki hægt að standa öðruvísi að málum? Er það virkilega ekki skynsamlegt að stuðla að því að t.d. á þessu sviði, landgræðslu, skógræktar, landbótarverkefna, verði ráðist í viðmikið átaksverkefni þannig að ungt fólk geti frá og með vorinu haft launaða vinnu og verið úti í náttúrunni við slík þjóðnýt og uppbyggileg störf og við komum þessum plöntum ofan í jörðina? Það kostar ekki stóra fjármuni en það gæti þýtt að 1.000, 1.500 eða 2.000 ungmenni í landinu eða atvinnulaust fólk á hvaða aldri sem er yrði við störf í sumar í staðinn fyrir að mæla göturnar. Ég held að við verðum að takast á við þessa hluti af miklu meiri metnaði en hæstv. ríkisstjórn er enn að gera.

Þjóðhagsspáin er kannski ekki síst svakaleg vegna þess að þar er spáð áframhaldandi óðaverðbólgu, áframhaldandi okurvöxtum langt fram á þetta ár. Því er spáð að verðbólgan verði 13% á árinu 2009. Við vitum hvað það þýðir í verðtryggðum lánum. Því er spáð að stýrivextir verði 13% og fari ekki að lækka fyrr en eftir fyrsta ársfjórðung úr því sem þeir eru núna. Þetta eru ekki gæfulegar horfur. Það hefði verið fróðlegt að hæstv. forsætisráðherra hefði farið yfir það í máli sínu: Er það svo að við getum ekki lækkað vexti í landinu þrátt fyrir það að þeir séu að kyrkja allt atvinnulíf? Eru það fyrirmælin frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem ráða því?

Nei, herra forseti, ég held að við höfum ekki þá tilfinningu, því miður, nema þá örfáir einstaklingar hér í þessum sal að þetta sé að ganga þannig að við getum verið bjartsýn á framhaldið. Þetta verður ekki gert í andstöðu við þjóðina og án þess að hafa hana með í hinu risavaxna verkefni sem fram undan blasir við okkur. Hvaða leiðir eru færar til þess að endurheimta það traust og þann stuðning? Ég held að það sé aðeins ein leið og blessunarlega er sífellt fleirum að verða það ljóst: Við verðum að efna til alþingiskosninga sem allra fyrst þannig að ný ríkisstjórn með nýtt umboð og þjóðina á bak við sig geti ráðist í það risavaxna verkefni að endurreisa Ísland.

[11:12]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir það greinargóða yfirlit sem hann flutti áðan um þær aðgerðir sem hæstv. ríkisstjórn hefur gripið til á þeim ríflega hundrað dögum sem liðnir eru frá því að bankakreppan dundi yfir og gjaldeyriskreppan að auki. Sömuleiðis þakka ég hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, fyrir ákaflega málefnalega ræðu sem hann flutti áðan. Hv. þingmaður tjáði að sönnu tilfinningar sínar með því sterklega og meitlaða orðfari sem honum er tamt en hann gerði það með þeim hætti að hann lagði það eigi að síður fram hér fyrir okkur að ekki væri hægt að halda því fram að ríkisstjórnin hefði ekki gert ýmislegt gott.

Rétt er að það hefur gengið þung og erfið mótmælabylgja yfir íslensku þjóðina. Fólk er kvíðið, það lifir í óvissu og það er reitt. Ég vil hins vegar segja að ég tel að fólk hafi í mótmælum sínum sýnt mikla stillingu. Miðað við þá reiði sem ríkir, miðað við óvissuna og miðað við

þann mikla fjölda sem hefur tekið þátt í mótmælum, t.d. í kringum Alþingishúsið á síðustu dögum, þá verð ég að segja að það er ekki mildi sem olli því að ekki kom til neins konar meiðinga meiri en það sem þó gerðist, heldur var það fyrst og fremst hófsemd og stilling þeirra sem leitt hafa þessi mótmæli fyrir utan húsið. Þetta vildi ég að fram kæmi.

Hv. þingmaður talaði um að nauðsynlegt væri að meiri upplýsingar kæmu fram og það er alveg hárrétt. Í þeim 40 atriðum sem hæstv. forsætisráðherra taldi upp áðan eru ítarlegar upplýsingar um hvað ríkisstjórnin hefur verið að gera til að halda samfélaginu gangandi til að lina þjáningar fólks sem á við mikla erfiðleika að stríða og þó verð ég að segja, eins og hv. þingmaður, að þeir erfiðleikar eru ekki að fullu fram komnir. Við þurfum auðvitað að leggja fram allar þær upplýsingar sem hægt er en við þurfum líka að geta unnið úr þeim. Eitt af því sem t.d. veldur kvíða hjá fólki eru þær skuldaklyfjar sem haldið er fram að komandi kynslóðir þurfi að axla á næstu árum og áratugum. Við þurfum á fá á hreint hverjar þessar upphæðir eru. Í þessari umræðu hafa nú þegar, þótt aðeins tveir hv. alþingismenn og ráðherrar hafi talað, komið nú fram mjög mismunandi upplýsingar og staðhæfingar um grundvallaratriði.

Hæstv. forsætisráðherra gerði þetta í skýru máli að umræðuefni og sagði að nettóskuldir þjóðarinnar væru 70% af landsframleiðslu. Það er ekki baggi sem mun valda því að kynslóðir framtíðarinnar kikni í hnjánum. Það er ekki baggi sem við getum, miðað við stöðu þeirra atvinnuvega sem við búum yfir, ekki ráðið við að greiða. Hv. þingmaður og formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sér þetta allt öðrum augum. Hann segir: Skuldirnar eru hátt á þriðja þúsund milljarð króna. Milli þessara tveggja stærða er auðvitað himinn og haf og við í þessum sölum, þingmenn í umræðum eða þingnefndir eða fjölmiðlar þurfum að geta unnið úr þessu og skýrt hvar sannleikurinn í þessu máli liggur vegna þess að hér er um að ræða lykiltölur.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að héðan þyrftu að koma skilaboð um hófsemd og stillingu. Ég er sammála því en héðan þurfa líka að koma önnur skilaboð. Það eru skilaboð um von og bjartsýni. Auðvitað er staðan þannig að íslenska þjóðin er í bölvaðri klípu. Við sem löggjafarsamkunda og við sem ríkisstjórn sem situr á þessum bekkjum erum í bölvaðri klípu. Við sem löggjafarsamkunda m.a. vegna þess að við, hver og einn einasti sem á sínum tíma tók þátt í atkvæðagreiðslu um þá löggjöf sem reyndist gölluð greiddum atkvæði með þeirri löggjöf. Sú löggjöf sem leiddi til þess að við berum nú hugsanlega miklar byrðar út af svokölluðum Icesave-reikningum var á síðustu árum afgreidd í þessum sölum með atkvæðum allra þingmanna. (**Gripið fram í:** Nei.) Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði í ágætri lokaræðu sinni sem formaður Framsóknarflokksins að flokkur hennar hefði átt þátt í mörgum góðum verkum en hann hefði líka átt þátt í þessari löggjöf sem lögð var fram. Þingmenn geta farið í þingskjöl og skoðað það. Þingheimur allur greiddi atkvæði með því, það er bara staðreynd. Við þurfum að horfast í augu við það. Þess vegna er það skylda okkar að geta sýnt þjóðinni fram á að það sé hægt fyrir Alþingi Íslendinga og ríkisstjórnina að komast fram úr þessum vanda. Það þarf að sýna fólki að það er tilefni, þrátt fyrir þessa erfiðu stöðu og þann dökkva sem fram undan er, að leyfa sér samt þann munað að hafa ákveðna von og bjartsýni um að við getum unnið okkur út úr vandanum.

Snertiflöturinn í ræðu minni og þeirrar sem flutt var hér áðan er einmitt sé að Íslendingar geta unnið sig út úr þessum vandræðum. Staðreyndin er sú að þrátt fyrir að við séum stödd í tvöfaldri kreppu, gjaldeyriskreppu og bankakreppu, og þrátt fyrir að margar aðrar þjóðir hafi lent í því sama þá er engin þjóð sem hefur svipaða möguleika og við til að vinna okkur út úr þessu. Ástæðan er sú að engin önnur þjóð sem hefur hrapað í þessar ógöngur býr að jafnsterkum og öflugum útflutningsatvinnuvegum og Íslendingar. Við búum í dag að mjög öflugum sjávarútvegi þar sem flestar fréttir úr hafinu sjálfu eru góðar. Við búum sömuleiðis að öflugum orkulindum sem eru eftirsóttar. Einungis í þessari viku hafa þrjú alþjóðleg fyrirtæki, sem ekki hafa komið hingað áður, viljað ræða við íslensku ríkisstjórnina um möguleika á því að leggja fram fjármagn til að virkja þessar orkulindir af því að við höfum ekki það fjármagn sjálf. Sömuleiðis höfum við aldrei haft betri sóknarfæri til að búa til gjaldeyri og skapa störf á grundvelli náttúru og menningar en núna í gegnum ferðaþjónustuna. Við eigum þar að auki tvöfaldan sóknarfleyg inn í framtíðina þar sem annars vegar eru hátt á annað hundrað sprotafyrirtæki sem skera sig frá öðrum fyrirtækjum í landinu núna að því leyti til að flest þeirra eru að bæta við störfum, flest þeirra eru að ná aukinni hlutdeild á alþjóðlegum mörkuðum og flest þeirra eru að auka veltu sína í erlendum gjaldeyri. Hinn sóknarfleygurinn markar síðan tímamót á þessum degi og það eru möguleikar Íslendinga á því að vinna olíu og gas fyrir neðan hafsbotninn á norðaustursvæðinu. Eftir klukkutíma verður formlega opnað fyrsta útboð vegna sérleyfa á þessari auðlind. Þetta eru líka möguleikar sem skipta máli þegar við horfum fram í framtíðina.

Við sjáum fyrir okkur mikinn samdrátt í greinum sem hafa þanist út á góðærisskeiði síðustu ára og það eru þær greinar, mannaflsfrekar greinar í byggingariðnaði og öðru skyldum sem dragast hraðast saman. Byggingarverkafólk, iðnaðarmenn, arkitektar, skipulagsfræðingar, verkfræðingar finna fyrst fyrir þessu. Þess vegna hefur ríkisstjórnin lagt á það þunga áherslu, ágæti þingheimur, að skapa störf fyrir þetta fólk. Þegar ég á sínum tíma staðfesti fjárfestingarsamning um Helguvík var það ekki beinlínis gert til að vinna vinsældakosningu innan Samfylkingarinnar, míns flokks, sem hefur ekki alltaf klappað fyrir slíku. En það skipti máli þegar ég tók þá erfiðu ákvörðun að hún leiðir til þess að 2.500 störf verða til við byggingu stóriðjunnar í Helguvík á þeim tíma sem atvinnuleysið er hæst og efnahagslægðin er dýpst. Þegar búið er að byggja það álver fá þar 650 manns vel launuð störf og 1.000–1.300 aðrir fá þar með einhverjum hætti afleidd störf. Þetta skiptir máli.

Það skiptir máli að þessi ríkisstjórn, þrátt fyrir erfiðan niðurskurð í ríkisfjármálum, erfiðustu stöðu sem þjóðarbúið hefur nokkru sinni lent í, hefur eigi að síður samþykkt fjárlög þar sem gert er ráð fyrir að til framkvæmda fari meira fé en nokkru sinni fyrr, 40 milljörðum íslenskra króna verður varið til framkvæmda. Þannig tekur ríkið á til að skapa störf fyrir fólk sem er að tapa störfum sínum. Það er með

nákvæmlega sama viðhorfi, einbeittur vilji okkar til að draga úr atvinnuleysinu, sem menn hafa líka fallist á það að þegar Búðarháls verður virkjaður mun orkan sem þaðan fæst fara til þess að auka framleiðslu hjá Alcan. Af hverju? Vegna þess að það þýðir að 300–400 manns fá störf vegna þessa. Það eru nákvæmlega þeir hópar sem núna bera skarðan hlut frá vinnumarkaði, iðnaðarmenn, verkfræðingar og arkitektar, sem þess njóta.

Að sama skapi var það auðsótt af hálfu ríkisstjórnarinnar þegar iðnaðarráðherra óskaði eftir því að gerður væri sérstakur samningur við Atvinnuleysistryggingasjóð sem heimilaði sprotafyrirtækjum að ráða til sín fólk af atvinnuleysisskrá með þeim hætti að fullar atvinnuleysisbætur fylgdu. Það þýðir samkvæmt upplýsingum og mati sprotafyrirtækjanna sjálfra að 300 ný störf verða til með þeim hætti og fast að 1.000 eða afleidd störf eru tekin með. Þetta skiptir auðvitað máli. Og halda menn að það hafi ekki verið einmitt vegna stöðunnar í þjóðarbúinu sem hæstv. sjávarútvegsráðherra tók þá ákvörðun að kynna aukningu útgáfu aflaheimilda um 30.000 tonn? Við getum svo slegist og bitist eins og hundar um það hvort hefði átt að selja þær eins og ég hefði gjarnan viljað sjá. Það sem skiptir máli er að 30.000 þorsktonn búa til gjaldeyri en þau búa líka til störf handa höndum sem ekki hafa atvinnu í dag. Auðvitað réði það miklu. Hafrannsóknastofnunin mælti gegn þessu. Ráðherrann tók þessa ákvörðun vegna þess að vísbendingar voru um það úr síðasta ralli Hafró að það væri að verða viðsnúningur í þorskstofninum, vegna hvers? Vegna þess að núverandi ríkisstjórn hafði kjark til þess á meðan góðærið ríkti að draga úr veiðinni og byggja hana upp. Nú eru menn að njóta þess. Þetta skiptir máli.

Allar aðrar fréttir utan ein úr hafinu við Ísland eru jákvæðar. Það er ekki bara þorskstofninn, hingað eru farnar að koma nýjar tegundir eins og makríll sem menn eru farnir að veiða hér hátt á annað hundrað þúsund tonn. Og sumir sem hafa verið þaulsætnastir í þingsölum á síðustu árum muna eftir þrálátum tillöguflutningi þáverandi þingmanns Össurar Skarphéðinssonar um að fara í tilraunaveiðar úr því sem ég kallaði miðsjávarteppið í hafinu. Loksins eru menn að fara í það og við sjáum að Huginn í Vestmannaeyjum kemur til hafnar með 600 tonn af nýrri tegund, gulldeplu sem gríðarlegt magn er af í hafinu. Svona mætti halda áfram að telja.

Ég vil að lokum segja það, herra forseti: Mér er falið það verk að reyna af fremsta megni að nýta með skynsamlegum hætti fyrir hönd þjóðarinnar þær orkulindir sem við búum við. Það hef ég reynt að gera. Að sama skapi hef ég líka reynt að leggja sprota inn í framtíðina vegna þess að við þurfum að koma út úr þessari kreppu með atvinnulíf sem er sterkara og betra en það var áður og með dreifðari áhættu. Ég er alveg sannfærður um að fáir þingmenn gera sér grein fyrir þeirri auðlegð sem felst í þeim rúmlega 100 sprotafyrirtækjum sem við erum að reyna að byggja upp í dag. Hvað hefur ríkisstjórnin gert í þeim efnum? Í fyrsta lagi höfum við, þrátt fyrir niðurskurð, sett meiri pening til ýmissa styrktarsjóða en nokkru sinni fyrr. Búið er að leggja fram þrenns konar nýja styrki á allra síðustu dögum beinlínis vegna þeirrar stöðu sem hér er uppi. Í fyrsta lagi frumherjastyrki sem geta verið allt að 10 millj. kr. til þess að styðja frumkvöðla sem fá góðar hugmyndir. Í öðru lagi sérstaka brúarstyrki til þess að aðstoða þá sem eru komnir með fullþroska afurð til að koma henni á markað. Í þriðja lagi öndvegisstyrki til þess að búa til öndvegissetur í vistvænni skipulagshönnun fyrir arkitekta í sjálfbærri ferðaþjónustu til að reyna að fá fleiri útlendinga til landsins. Og á sviði orkulíftækni styrkur til þess að búa til innlent eldsneyti til að við þurfum ekki að eyða dýrmætum gjaldeyri í að kaupa það annars staðar frá. En það sem skiptir kannski hvað mestu máli er að í þessari viku tekur loksins til starfa gamall draumur hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur og mín, Frumtak, sjóður sem hefur 4,3 milljarða til ráðstöfunar og þó hugsanlega einum meiri þegar þetta ár ef úti ef samningar okkar við Evrópusambandið ná fram að ganga. Það þýðir bókstaflega að sá sjóður mun fjárfesta fast að 100 millj. kr. í átta til tíu íslenskum sprotafyrirtækjum á hverju einasta ári. Halda menn að þetta skipti ekki máli?

Þetta skiptir máli og það er m.a. þetta sem gerir það að verkum að þegar kreppunni slotar eftir eitt og hálft til tvö ár þá siglum við út úr henni með nýja flóru fyrirtækja sem eru miklu sterkari og allt öðruvísi, hátæknifyrirtæki sem eiga framtíðina fyrir sér. Það er þetta sem á að geta gefið fólki von og bjartsýni. Við eigum ekki að láta það henda okkur að víl og bölmóður í þessum sal verði að sérstöku efnahagsvandamáli (Forseti hringir.) þjóðarinnar.

[11:27]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Það er mjög sérkennilegt að ræða hér um efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar í fortíð og framtíð þegar okkur er öllum ljóst að ríkisstjórnin á sér ekki viðreisnar von. Það sjá allir. Það sjá fulltrúar ríkisstjórnarinnar á Alþingi kannski allir nema hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn Íslands.

Ekki jókst bjartsýnin, hæstv. forseti, við að hlusta á hæstv. forsætisráðherra. (Gripið fram í.) Hans ræða var máttlítil. Það var enginn kraftur í þeirri ræðu. Engin sannfæring einkenndi málflutning leiðtoga ríkisstjórnarinnar. Það má þó segja um ræðu hæstv. iðnaðarráðherra að einhver framsýni og bjartsýni og kraftur bjó í hans málflutningi. (Gripið fram í.) En það verður að segjast eins og er, hæstv. forseti, að málflutningur forsætisráðherra hér var heldur máttlítill og það er áhyggjuefni því sú umræða um efnahags- og atvinnumál sem við tökum nú fer fram í skugga mestu mótmæla lýðveldissögunnar. Við Íslendingar sem fyrir rúmum hundrað dögum vorum talin fimmta ríkasta þjóð veraldar erum nú ein sú skuldugasta. Eftir situr hnípin þjóð í vanda, þjóð sem heimtar svör við ákveðnum spurningum. Hví fór sem fór?

Þessi þjóð gerir kröfur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir og svör. Almenningi finnst að valdhafarnir hlusti ekki á raddir þeirra og vantraustið og reiðin eykst í samfélaginu dag frá degi. Í 20% verðbólgu og 18% stýrivöxtum og með lækkandi verði á fasteignum brenna eignir landsmanna upp rétt eins og bálkestirnir sem kveiktir hafa verið víða um Reykjavíkurborg að undanförnu. Fólk horfir á eftir ævisparnaði sínum og gott betur en það, horfir á skuldir heimilanna vaxa dag frá degi og margir horfa því miður nú þegar fram á gjaldþrot.

Ég tilheyri skuldugustu kynslóð Íslandssögunnar, þeirri kynslóð sem mun þurfa að greiða þann stærsta víxil sem nokkur kynslóð hefur þurft að greiða í lýðveldissögunni. Ég tilheyri þeirri kynslóð sem keypti sér húsnæði, tók námslán, jafnvel bílalán, og sumt í erlendri mynt að áeggjan bankanna, þeirra sömu banka og margir telja að hafi síðar tekið stöðu á móti krónunni með þeim afleiðingum að lán þeirra sem skulda í erlendri mynt hafa margfaldast. Það er því eðlilegt, hæstv. forseti, að fólk sé reitt.

Á sama tíma vex atvinnuleysið gríðarlega. Á milli 11 og 12 þúsund einstaklingar eru nú atvinnulausir og það er margt sem bendir til þess að sú tala muni tvöfaldast á næstu vikum og mánuðum. Þegar 20 þúsund einstaklingar ganga atvinnulausir um götur bæjanna segir sig sjálft að það snertir hverja einustu fjölskyldu í landinu með einum eða öðrum hætti. Við þessu þarf að bregðast. Við framsóknarmenn teljum það forgangsverkefni við þessar aðstæður að mæta þörfum heimila og fyrirtækja þannig að það verði fyrir flest heimili hægt að komast í gegnum þá miklu erfiðleika sem að okkur steðja.

Er það nema von, hæstv. forseti, að fólki sé ofboðið? Við horfum á atvinnurekendur í raun axla sína ábyrgð á ástandinu, fólki er sagt upp, dregið er úr yfirvinnu og gripið er til allra þeirra hagræðingaraðgerða sem völ er á. Á meðan sitja ráðherrarnir í stólum sínum. Yfirmenn Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins gera það líka. Þeir aðilar sem áttu að standa vaktina starfa áfram á meðan þúsundir Íslendinga hafa misst vinnuna. Er nema von að þessi staðreynd komi við réttlætiskennd almennings?

Ég spyr: Koma þessar staðreyndir ekkert við réttlætiskennd þeirra stjórnarþingmanna sem hér sitja og bera ábyrgð á því að þessir aðilar sitja enn óáreittir? Erlendis furða menn sig á því að enginn aðili í þessum stofnunum skuli hafa axlað ábyrgð. Þess vegna er traust alþjóðasamfélagsins á íslensku efnahagslífi eins lítið og raun ber vitni. Ef traustið er lítið sem ekkert á stjórn íslenskra efnahagsmála, jafnt hér innan lands sem erlendis þá er alveg ljóst að það verður ómögulegt að byggja upp hið nýja Ísland. Hæstv. forseti. Breytinga er þörf.

Það kom fram í fréttum í morgun að á formannafundi Alþýðusambands Íslands á morgun á að taka fyrir tillögu þar sem gerð allra kjarasamninga verði frestað fram á mitt ár eða þangað til ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum, ríkisstjórn sem hafi þá skýrt umboð kjósenda til að leiða okkur út úr þeim erfiðleikum sem við okkur blasa. Í þessu felst vantraust Alþýðusambands Íslands á ríkisstjórnina. Reyndar held ég að það vantraust sé ekkert nýtt af nálinni því að þegar haftastefnan var innleidd hér á landi gagnvart gjaldeyrisviðskiptum rauf ríkisstjórnin frið við aðila vinnumarkaðarins. Ekkert samráð var haft við aðila vinnumarkaðarins við þann gerning.

Hann er eftirminnilegur sá fundur, kvöldfundur í viðskiptanefnd Alþingis, þegar aðilar vinnumarkaðarins fordæmdu ríkisstjórnina fyrir þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í því máli. Þegar ríkisstjórnin leyfir sér að fara fram með slíkum hætti, sérstaklega á þeim tímum þegar nauðsynlegt er að ná fram þjóðarsátt um aðgerðir til að sporna við kreppunni þá er henni einfaldlega ekki sætt lengur.

Það er ekkert óeðlilegt við að aðilar vinnumarkaðarins skuli bera jafntakmarkað traust til ríkisstjórnarinnar og raun ber vitni. Þegar um 70% íslenskra fyrirtækja eru tæknilega gjaldþrota er eðlilegt að spurt sé: Af hverju þurfa þau að búa við 18% stýrivexti? Af hverju? Þegar búið er að setja höft á fjármagnsflutninga þjóna svo háir stýrivextir nær engum tilgangi nema þeim einum að þjarma að fyrirtækjunum sem þurfa í framhaldinu að fækka starfsfólki og hækka verð á afurðum sínum til þess að standa undir sínum rekstri.

Hæstv. forseti. Við hljótum einnig að velta því fyrir okkur af hverju heimilin í landinu þurfi líka að búa við 18% stýrivexti. Ég spyr: Eru Seðlabankinn og ríkisstjórnin að koma í veg fyrir þenslu í rekstri heimilanna í dag, eitthvert óþarfa bruðl? Eru stjórnvöld ekki lengur með á nótunum hér í dag? Flest íslensk heimili berjast í bökkum við að standa undir sínum skuldbindingum í dag vegna þess að afborganir af lánum heimilanna hafa hækkað gríðarlega á undanförnum mánuðum. Þessi ríkisstjórn er ekkert jarðtengd, hæstv. forseti. Þessu er fólk meðal annars að mótmæla hér á Austurvelli og víðar um land, hæstv. forseti.

Við framsóknarmenn lögðum fram hér á þingi í fyrri hluta septembermánaðar undir forustu þáverandi formanns, Guðna Ágústssonar, þingsályktunartillögu um stofnun efnahags- og samvinnuráðs Íslands. Sú tillaga felur í sér að ráðinu verði falið að samræma leiðir út úr efnahagsvandanum, leggja grunn að styrku íslensku efnahagslífi til frambúðar með það að leiðarljósi að styrkja útflutning og framleiðslu atvinnulífsins og þjóðarsparnað. Þessi tillaga var lögð fram undir forustu þáverandi formanns, Guðna Ágústssonar, og það var enginn stjórnarliði hér í þessum sal sem tók þátt í þeirri umræðu. Ég spyr, hæstv. forseti: Gæti ekki verið að staðan væri með öðrum hætti ef ríkisstjórnin hefði sýnt þann manndóm að kalla saman helstu hagsmunaaðila í íslensku samfélagi að samningaborði til þess að ná saman þjóðarsátt um aðgerðir til þess að mæta þeim mikla efnahagsvanda sem blasir við íslenskri þjóð? Þvert á móti höfum við horft á einleik ríkisstjórnarinnar sem hefur án samráðs við marga af helstu efnahagsráðgjöfum þjóðarinnar gert hver mistökin á fætur öðrum. Því miður, hæstv. forseti, verð ég að segja þetta. Þetta er napurleg staðreynd sem við stöndum frammi fyrir og það verður erfitt fyrir okkur að sigla út úr þeim vanda sem meðal annars núverandi ríkisstjórn á sök á að hafa leitt þjóðina í.

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um vanda heimilanna og vanda fyrirtækjanna. Þingflokkur framsóknarmanna undir forustu nýs formanns, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, hefur núna að loknu kröftugu flokksþingi unnið að tillögugerð um hvernig við megum mæta vanda fólks og fyrirtækja í dag. Það er ljóst að mörg fyrirtæki búa við lausafjárskort, mörg fyrirtæki verða í vandræðum strax um næstu mánaðamót við að greiða starfsfólki sínu laun. Stjórnvöld verða að búa svo um hnútana að ódýrt fjármagn verði veitt til íslenskra fyrirtækja þannig að þau geti haldið áfram verðmætasköpun í okkar samfélagi. Við þurfum líka að koma hjólum atvinnulífsins í gang á nýjan leik. Ef við gerum þetta ekki mun það leiða til enn meira atvinnuleysis en við ella mundum horfa fram á. Við þurfum líka að koma til móts við vanda skuldugra heimila, heimila sem skulda í erlendri mynt eða vísitölutryggðum lánum sem hækka og hækka eftir því sem vikur og mánuðir líða.

Um leið og ég segi að þessi ríkisstjórn beri feigðina í augunum er það jafnframt ljóst að sú ríkisstjórn sem mun taka við að loknu starfi þessarar ríkisstjórnar verður að tala með öðrum hætti en hæstv. forsætisráðherra gerði hér áðan. Ný ríkisstjórn verður að sýna Íslendingum fram á þau tækifæri sem blasa við íslenskri þjóð. Við búum að gríðarlegum náttúruauðlindum, miklum mannauði og tækifærin blasa við okkur hvert sem litið er. En til þess að það megi auðnast að við komum okkur út úr þeim erfiðleikum sem við okkur blasa verður íslensk þjóð líka að búa að því að eiga öfluga foringja í ríkisstjórn Íslands sem tala af sannfæringu og krafti og tala kjark í fólkið í landinu. Það er nauðsynlegt. Það er þess vegna sem við framsóknarmenn viljum að þessi ríkisstjórn fari frá.

Ég spyr, hæstv. forseti, í ljósi þess að þjóðin hefur svo bersýnilega gefist upp á þessari ríkisstjórn: Hver ætlar að bera ábyrgð á því, ef fram heldur sem horfir, hvað gerist í íslensku samfélagi ef þessi ríkisstjórn ætlar að sitja áfram? Hver ætlar að axla þá ábyrgð? Ætla þingmenn stjórnarflokkanna og ráðherrar að axla ábyrgð á því að hér muni allt sjóða upp úr eða vilja stjórnarliðar rétta fram sáttarhönd til þjóðarinnar til þess að við getum í sameiningu komið okkur út úr þeim erfiðleikum sem við okkur blasa?

Við þurfum að koma á fót sérstöku stjórnlagaþingi. Við framsóknarmenn samþykktum það á flokksþingi okkar um síðustu helgi að það þarf að kalla almenning að borðinu. Við þurfum að móta okkur nýtt samfélag. Við þurfum að móta okkur nýja stjórnarskrá þannig að við getum gengið í takt á nýjum tímum í hinu nýja Íslandi.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan þá sjá það hér allir sem á annað borð vilja sjá að ríkisstjórnin er með feigðarglampa í augum. Það er átakanlegt að sjá forustumenn stjórnarinnar ríghalda í stólana og endurtaka sömu loforðin aftur og aftur. Hann er með ólíkindum þessi seinagangur. Hvernig var það með greiðsluaðlögun fyrir skuldugu íslensku heimilin? Það átti að koma fram á haustþingi. Síðan var það komið fram í desember og nú sýnist mér að það verði ekki að lögum fyrr en í febrúarmánuði. Á meðan blæðir íslenskum heimilum. Af hverju þessi seinagangur hjá þessari ríkisstjórn? Á meðan neyðarástand ríkir á íslenskum heimilum endurnýja ráðherrarnir í ríkisstjórninni sömu loforðin aftur og aftur. Þeir byrjuðu að lofa lögum um greiðsluaðlögun í haust og síðast í Kastljósinu í gærkvöldi lofaði forsætisráðherra þessum lögum aftur. Þetta gengur ekki svona, hæstv. forseti.

Í ljósi þess sem ég hef sagt var það ákvörðun þingflokks framsóknarmanna í gær að bjóða Samfylkingunni og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði upp á það að verja þá flokka vantrausti gegn því að kosningar verði eigi haldnar síðar en 25. apríl næstkomandi. Fram að þeim tíma mundi sú stjórn einbeita sér að því að leysa bráðavanda heimila og atvinnulífs jafnframt því sem sérstakt stjórnlagaþing yrði kallað saman til að semja íslenska lýðveldinu nýja stjórnarskrá.

Hæstv. forseti. Krafa fólksins er einföld. Það er krafa um breytingar, breytingar í ríkisstjórn Íslands, breytingar í Seðlabanka, breytingar í Fjármálaeftirliti, breytingar á viðskiptasiðferði og krafa um lýðræðisleg og opin vinnubrögð og síðast en ekki síst krafa um kosningar. Það er óvinnandi vegur fyrir núverandi ríkisstjórn að öðlast tiltrú almennings á nýjan leik. Aðgerða- og stefnuleysi lýsa þessari áhöfn hvað best. Við þurfum að skipta um áhöfn og sigla íslenskri þjóð út úr þeim brimskafli sem hún er nú í.

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnina frá. Ekki meir, Geir.

[11:42]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég held að megi fullyrða það að engir þeirra sem eru í þingsalnum hafi upplifað þá stöðu sem íslenska þjóðin er í. Við erum að takast á við mjög alvarlega tíma. Við horfum vissulega í baksýnisspegilinn til að sjá hvað við gerðum ekki, hverju við brugðumst ekki við en það breytir hins vegar ekki því að ástandið nú er svo alvarlegt að okkur öllum sem störfum í hv. Alþingi ber skylda til að leggja fram allt sem við getum til að taka á því ástandi sem nú blasir við. Þar getur ekkert okkar skorist undan hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Ég held að staða ríkisstjórnarinnar sé nú með þeim hætti að hún eigi ákaflega erfitt með að koma fram þeim málum sem hún vill vinna að. Ég merki það m.a. af fundum sem haldnir voru í Samfylkingunni í gærkvöldi og þeim ályktunum sem borist hafa frá öðrum ríkisstjórnarflokknum, þ.e. Samfylkingunni, frá félögum þar innan dyra, úr Kópavogi og víðar, þar sem því er lýst yfir að flokksfólkið, jafnvel þingmenn hafi enga trú á því að núverandi ríkisstjórn geti starfað áfram.

Við sjáum líka hin geysihörðu mótmæli sem farið hafa vaxandi í landinu undanfarnar vikur og kröfur þjóðarinnar um breytingu, kröfu fólksins um að tekið verði á málum og brugðist við. Ég held að staða okkar sé einfaldlega sú að ekki verði undan því vikist að kjósa fyrr en síðar. Það verður ekki undan því vikist. Það breytir hins vegar ekki því að sá vandi sem ég kom að í upphafi máls míns er til staðar og frá honum getum við ekki hlaupið. Við verðum að takast á við hann, við verðum að reyna að horfa til þess að gera íslensku þjóðinni mögulegt að standa af sér þá holskeflu sem nú er fram undan og hún hverfur ekki á næstu vikum og mánuðum, því miður. Ábyrgð okkar er því mikil hvar sem við stöndum í stjórnmálum og hvort sem við störfum í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Stjórnarandstaðan bauð á síðasta hausti að koma jafnvel að þjóðstjórn til að takast á við málin. Ég held að það sé kannski staðan sem við stöndum frammi fyrir núna að hæstv. forsætisráðherra verði að meta hvort hann vilji njóta samstarfs við okkur í stjórnarandstöðunni við að taka á þeim málum sem fram undan eru en þá verður auðvitað að liggja fyrir samkomulag um það hvernig við ætlum að leyfa þjóðinni að fella sinn dóm og hvenær. Ég tel að þjóðin eigi heimtingu á því. Við höfum öll staðið að því á hv. Alþingi að samþykkja lög um svokallaða sannleiksnefnd til að leysa upp ýmsa starfsemi, losa og afnema trúnaðarreglur starfsmanna sem geta borið vitni fyrir nefndinni án þess að hafa af trúnað við ráðherra, trúnað við bankana eða þau störf sem þeir hafa haft með höndum til að upplýsa það sem sannast og réttast er um stöðuna sem við erum komin í. Smátt og smátt berast okkur upplýsingar um hvað var að gerast í bankakerfinu þar sem menn leyfðu sér að færa fjármuni fram og til baka um veröldina til eigenda og fursta til

að breyta eða reyna að hafa áhrif á stöðu íslenska bankakerfisins.

Það er auðvitað í samræmi við það sem forsætisráðherra sagði og utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, hefur líka sagt þegar rætt var um stöðuna hér á landi í febrúar og mars á síðasta ári m.a. við seðlabankastjóra um hversu alvarleg hún væri. Í framhaldinu var rætt við bankastjórnirnar og bankastjórana og hvað sögðu þeir? Á Íslandi er allt í lagi. Við eigum fjármuni út árið 2009, við munum standa af okkur alla þessa orrahríð. Ég geri ekki ráð fyrir að bankastjórarnir hafi sagt forsætisráðherra og utanríkisráðherra hvað þeir væru að aðhafast í peningatilflutningi um veröldina til að breyta stöðu bankanna. Það kann þó að vera en þau hafa ekki sagt okkur það. Reyndar sögðu forustumenn ríkisstjórnarinnar okkur í stjórnarandstöðunni ekki heldur frá fundunum í febrúar og mars og þeirri alvarlegu stöðu sem menn voru þá að ræða eftir upplýsingar frá Bretlandi.

Hvað um það, ekki þýðir að velta sér upp úr fortíðinni þótt eðlilegt sé að minnast á það hér hvernig mál hafa gengið fyrir sig. Ég held að hæstv. forsætisráðherra eigi að leita eftir því við stjórnarandstöðuna núna að vinna skipulega að því að taka á þeim erfiðu málum sem fram undan eru. Þau eru mörg og þó að hæstv. forsætisráðherra hafi farið hér yfir ýmislegt sem sett hefur verið í lög og reglur og ýmislegt sem er í farvatninu þá er vandinn samt til staðar og hann snýr sérstaklega að fólkinu í landinu og atvinnulífinu, fyrirtækjunum. Við horfum upp á að sífellt fjölgar á atvinnuleysisskránni, nú eru 12 þúsund manns atvinnulausir. Margt þarf að gera til að reyna að draga úr atvinnuleysinu. Það er engin hefð fyrir því á Íslandi að sætta sig við atvinnuleysi. Við höfum aldrei vanist því sem þjóð að búa við atvinnuleysi og munum auðvitað ekki sætta okkur við það. Enda er það viðhorf íslensku þjóðarinnar að hún eigi að fá að vinna eina leiðin til að komast út úr þeirri stöðu sem við erum í, að hún eigi að fá að starfa. Í gegnum alla erfiðleika sem ég þekki til úr mínu minni hefur þjóðin unnið sig út úr þeim hörðum höndum og unnið mikið. Stundum var sagt: Vinnan göfgar manninn og eftirvinnan enn þá meir. Það er aðferðin sem við höfum stundum þurft að grípa til.

Þegar herðir að í atvinnulífinu, störfum fækkar og dregur úr kaupmætti fólks getur fólk þurft að vinna meira til að komast af og einnig til að koma þjóðinni í þá stöðu að hún komist út úr erfiðleikum. Ég legg það til að ef við þurfum að vinna meira, þá gerum við það. Að við skorumst ekki undan því á hv. Alþingi, hvorki stjórn né stjórnarandstaða, að við leggjum allt af mörkum sem við getum til að vinna okkur út úr ástandinu.

Ég er alla vega fyrir hönd Frjálslynda flokksins að bjóða fram slíkt samstarf vegna þess að ég held að ekki fáist vinnufriður í þjóðfélaginu nema ríkisstjórnin móti samkomulag og sameiginlega stefnu um það hvenær gengið verði til kosninga. Ég hef sagt að úr því að allur þingheimur var sammála um að skipa svokallaða sannleiksnefnd eigi hún að fá að starfa og skila einhverju til þjóðarinnar. Hún á að geta lagt mat á hvar hún fær besta vitneskju í hendur, hún á að geta treyst því að sá farvegur sem við vorum sammála um sé sá sem geti sagt okkur satt og við eigum að geta treyst því. Við höfum ekki á annað betra að treysta þó að vissulega hafi mjög margt farið á þann veg í þjóðfélaginu að við treystum ekki ýmsum upplýsingum og við treystum oft ekki þeim upplýsingum sem okkur eru gefnar.

Staðan er grafalvarleg og það hefur verið komið inn á hana hér í þingsalnum og í ræðum í morgun. Alvarlegust er þó, held ég, sú skuldastaða sem íslenska þjóðarbúið horfist í augu við. Og hvort við tölum um 1.500 eða 2.000 milljarða kr., hvor talan sem er mun leggja miklar byrðar á íslensku þjóðina. Við samþykktum á núverandi fjárlögum 87 milljarða kr. vaxtagreiðslur einar og sér, ekki afborganir. Af hvaða tekjum? 402 milljörðum. Af tekjum sem höfðu lækkað um 50–60 milljarða ætlum við að greiða 87 milljarða í vexti. Ef Icesave-reikningarnir eiga að falla á íslensku þjóðina óbættir með vaxtabyrði upp á 5–7% erum við að tala um 30–40 milljarða í viðbót í vöxtum, 120–140 milljarða af núverandi 402 milljarða kr. tekjum.

Það er alveg ljóst að við verðum að reyna að auka tekjurnar í þjóðfélaginu. Í því sambandi þolum við og getum ekki lifað við neina taugaveiklun. Við munum þurfa að taka þær tekjur sem við getum náð í hvort sem það er til sjós eða lands. Einhverjum mun örugglega mislíka eitthvað af því sem gert verður til að afla tekna en við verðum að fara þessa leið alveg eins og við verðum að fara þá leið að skera niður ýmislegt í ríkisfjármálum. Þó að við verðum að setja í forgang að halda velferðarkerfinu, heilbrigðiskerfinu og reyna að tryggja að þeir sem lakasta hafa afkomuna í þjóðfélaginu haldi velli, þá verðum við samt sem áður að fara niðurskurðarleið að einhverju leyti. En við komumst ekki þessa vegferð á niðurskurðarleiðinni einni og sér, það er útilokað. Tekjuaukning verður að koma til. Og þó að hæstv. iðnaðarráðherra hafi lýst hér áðan því ofboðslega afreki ríkisstjórnarinnar að hafa bjargað og byggt upp þorskstofninn, þá er ég þeirrar skoðunar að það sé lífríkið í sjónum, hitafar sjávar og aukið ætisframboð sem hafi aukið þorskstofninn en ekki hæstv. ríkisstjórn. Það er mín skoðun, hæstv. forseti. Við megum þakka fyrir að svoleiðis árar því að það gefur okkur tækifæri til að auka tekjurnar úr sjávarútvegi enn frekar, það gefur okkur tækifæri til þess. Í því sambandi er rétt að minna íslensku þjóðina á að við höfum í meira en hálfa öld fiskað 400.000 tonn af þorski að meðaltali. Ef ég man rétt frá 1905, í rúma öld, erum við sennilega að tala um 360.000 tonn að meðaltali.

Ef sæmilega árar í hafinu tökum við enga sérstaka áhættu með því þó að við þurfum að auka þorskveiðina. Ég verð að segja að það er furðulegur misskilningur, sérstaklega hjá mönnum sem starfa í sjávarútvegi, ef menn halda að 30.000 tonna aukning af þorski á Íslandsmiðum ráði heimsmarkaðsverði á þorski úti í heimi. Það er furðulegur misskilningur. Það eru Norðmenn og Rússar sem ráða núna framboðinu á þorski, þjóðir sem eru að veiða 600.000–700.000 tonn. Það framboð hefur áhrif en ekki 30, 50 eða 100.000 tonna aukning á Íslandsmiðum.

Hins vegar er það reyndar svo úti í heimi alveg eins og hjá okkur að fólk velur sér mat eftir verði. Þegar saltfiskkílóið á Kanarí er selt á 22,5 evrur en kjúklingabringan við hliðina á 9 evrur, þá skulu menn bara fylgjast með hver kaupir saltfiskinn. Ég stóð á annan klukkutíma við svona borð og það kom enginn, ekki einn. Menn verða bara að átta sig á að við erum að selja mat. Við munum þurfa að

lækka afurðaverð okkar, við verðum að una því, en við þurfum jafnframt að auka tekjurnar og við gerum það ekki nema með meira magni. Svo einfalt er það.

Vonandi er svo að ýmislegt sem við getum gert í atvinnumálum, m.a. í orkumálum og iðnaðarmálum, í sprotafyrirtækjum, og mannaflsfrekum framkvæmdum sem hæstv. samgönguráðherra (Forseti hringir.) á að stýra, verði til þess að lágmarka atvinnuleysið. Það verður samt nógu erfitt. (Forseti hringir.) En þetta er eina leiðin fyrir okkur til að komast út úr því sameiginlega að (Forseti hringir.) íslenskt þjóðfélag ráði við vandann.

[11:58]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (S):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og þá ræðu sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson flutti rétt áðan en hann kom inn á margt athyglisvert. Í því ástandi sem er í dag tala margir um kosningar og hv. þingmaður benti á að það væri rétt að láta sannleiksnefndina svokölluðu skila og það eru ekki annað en gild rök í þeirri umræðu. Ég held að það verði ekki hjá því komist að við kjósum á þessu ári. Við þurfum að finna tímapunktinn og við þurfum að gera það í sátt en það má ekki verða til þess að mikilvægustu og brýnustu verkefni okkar stjórnmálamanna bíði í þeirri sjálfhverfu sem óhjákvæmilega fylgir kosningum. Þar er enginn flokkur undanskilinn, þegar menn fara í kosningar hugsa menn um eigin hag og flokkana sína en ekki annað. Það er bara þannig. Og við höfum ekki efni á því á næstu dögum og vikum að geyma og bíða með að taka þær stóru ákvarðanir sem lúta að því að koma bankakerfinu af stað að nýju og það er algert lykilatriði fyrir okkur. Hér er vaxandi atvinnuleysi eins og menn hafa komið inn á og til að sporna gegn því þarf að koma bankakerfinu og bankastarfseminni í gang að nýju. Þar verður að tína margt til. Við þurfum að reyna að leysa úr þeirri flækju sem er m.a. við erlenda kröfuhafa og við verðum að koma samskiptum bankanna og fyrirtækjanna í betri farveg en þau eru í dag. Við skulum heldur ekki fara í grafgötur með það að hátt vaxtastig sem hefur verið hátt allt of lengi er sá baggi sem hvílir helst á fólkinu og fyrirtækjunum í dag.

Við gerðum samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem átti að stuðla að því að lækka verðbólgu sem mundi síðan leiða til lækkandi vaxta um leið og við settum ákveðin gjaldeyrishöft hér á landi. En menn hljóta að velta fyrir sér þegar starfsmenn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins koma nú í febrúar, þá hlýtur að verða fara yfir málin því gengið hefur ekki styrkst eins og við höfum væntingar til og áherslur okkar sögðu fyrir um og þá hljótum við með rökum að fara yfir það með samstarfsfólki okkar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hvort það sé betra fyrir íslenskt samfélag til að rétta fyrr úr kútnum hvort það sé réttara að huga að lækkun vaxta en auknum gjaldeyrishöftum í staðinn. Við þurfum að halda fjármagninu inni en við þurfum líka að koma hagstæðara fjármagni til fólksins og ekki síst til fyrirtækjanna til þess að hjól atvinnulífsins fari betur af stað en þau hafa gert í dag.

Ég held að þá ræðu sem hæstv. forsætisráðherra flutti áðan mætti flytja miklu, miklu oftar. Þeir 40 punktar sem þar voru nefndir hljóma nefnilega ekki nógu oft. Það hefur verið unnið heilmikið að málum í þágu heimilanna og fyrirtækjanna, umræða um þá vinnu hefur bara farið allt of lágt. Að því leytinu til tek ég sannarlega undir, og hef oft gert, það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að stærstu mistök ríkisstjórnarinnar væru að upplýsa ekki nóg og það er rétt. En ég bið menn að hlusta á það sem forsætisráðherra sagði áðan um aðgerðir til uppbyggingar samfélagsins, þá 40 punkta sem þar voru nefndir, hvort sem það var á vegum Íbúðalánasjóðs eða í formi aukins samspils atvinnuleysis, lána og náms eða til þess að hjálpa fólki sem minni menntun hefur til að mennta sig í gegnum Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og þar mætti margt draga fram. Í því hruni sem við höfum sem betur fer ekki upplifað áður jafnríkulega í íslenskri sögu og við upplifðum í októbermánuði þá þurfti að greiða úr mörgu, það þurfti að greiða úr flækjunni og við erum að gera það. Skólakerfið hrundi ekki, heilbrigðiskerfið hrundi ekki, það virkar. Félagslega kerfið virkar og bankakerfið heldur áfram, þótt það hökti. Við getum ekki komið sem stjórnmálamenn í þennan ræðustól og sagt að það þurfi að kjósa, það þurfi að kjósa. Við höfum ekki efni á að bíða næstu vikur með að taka sársaukafullar ákvarðanir. Ég er reiðubúin til að taka þær sársaukafullu ákvarðanir og fara í kosningar. En ef við bíðum með þær ákvarðanir þá erum við að segja við fólkið í landinu: Við ætlum ekki að stuðla að því að minnka atvinnuleysi. Við þurfum að fara í ákvarðanir á sviði ríkisfjármála, á sviði peningamála sem mega ekki bíða. Það er í þágu fólksins.

[12:03]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Á sameiginlegum fundi efnahags- og skattanefndar og fjárlaganefndar í morgun var kynnt ný þjóðhagsspá og það sem upp úr stóð var hvað það er gríðarleg óvissa. Það segir að íslenskt efnahagslíf sé enn á leið inn í djúpa efnahagslægð sem spáð er að nái botni á fyrri hluta árs 2010. Hins vegar eru allar forsendur í mikilli óvissu. Það er ekki enn hægt að gera grein fyrir skuldum ríkisins. Það er enn óvissa um Icesave-reikningana, það er enn óvíst hvenær vextir verða lækkaðir á sama tíma og aðrar þjóðir keppast við að lækka vexti, allt niður í 0,25% eins og kemur fram í þessari skýrslu en stýrivextir hér eru enn 18%. Það er ekki nema von að fólk furði sig, t.d. þeir sem fylgdust með umræðum á þinginu í nóvember um efnahagsmál, þegar síðast var rætt um efnahagsmál, þá stóð upp fjöldi þingmanna og allir lýstu furðu á vaxtastefnu ríkisins, Seðlabankans. Allir efuðust um þessa aðferðafræði og enn standa hér menn og konur og lýsa furðu og efast um aðferðafræðina og ég leyfi mér að taka undir það. Ég leyfi mér að taka undir það því það er enn sannara í dag en það var í nóvember að stýrivextirnir eru að sliga fólk og fyrirtæki og aðferðafræðin skilar ekki árangri.

Það kom líka fram á fundi efnahags- og skattanefndar í fyrradag að það er allsendis óvíst hver lánsfjárþörf atvinnulífsins er til framtíðar því sem stendur eru fyrirtækin ekki að taka lán. Það er enn þá óljóst hvort þeir 385 milljarðar sem á að leggja inn í bankana duga sem eiginfjárframlag. Það er ekki enn þá búið að stofna þessa nýju banka, formlega, þeir eru í raun ekkert annað en viljayfirlýsing um

banka og frá því verður ekki gengið fyrr en í fyrsta lagi um miðjan febrúar. Skilin milli gömlu og nýju bankanna eru enn óljós, það er ekki enn þá búið að afhenda þetta skuldabréf á milli bankanna. Vinna skilanefndarinnar fer að miklu leyti fram í myrkri og upplýsingar seytla út til almennings, nú síðast um hin stórfurðulegu viðskipti sjeiksins við Kaupþing.

Í þjóðhagsspánni er líka spáð 8,6% atvinnuleysi en þar eru forsendur líka óvissar og það er líklega mjög hófstillt spá því samkvæmt upplýsingum Creditinfo eru 3.000–3.500 fyrirtæki sem standa mjög illa og þó að því hafi verið lýst yfir að ríkið muni grípa til mannaflsfrekra aðgerða til að bregðast við atvinnuástandinu þá er samt skorið niður hjá hinu opinbera, það er verið að fækka störfum og það er það sem fólk sér. Það heyrir ekki einhver orð, það sér hins vegar hvað er að gerast í raun, að það er verið að fækka störfum og skera niður.

Hér hafa verið sett skilyrði af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um tiltekinn halla og það setur auðvitað hinu opinbera skorður. Það hafa verið sett skilyrði um að skuldirnar verði greiddar hratt og örugglega niður og að hallinn verði minnkaður hratt og örugglega, enda hugsar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fyrst og fremst um hagsmuni fjármagnsins. Síðast en ekki síst erum við stödd mitt í stærsta reikningnum, stærsta einstaka reikningi sem fellur á íslenskan almenning sem eru Icesave-skuldbindingarnar. Hér er hugsanlega um að ræða 150 milljarða en við vitum að heildartalan eru 640 milljarðar og við vitum ekki hvað kemur á móti. 640 milljarða reikningur sem eigi að síður er búið að færa gríðarlega sannfærandi rök fyrir að okkur ber ekki lagaleg skylda til að greiða.

Björg Thorarensen hefur lýst Icesave-samningunum sem nauðungarsamningum sem þar af leiðandi séu ógildanlegir samkvæmt þjóðarétti. Lárus Blöndal og Stefán Már Stefánsson segja að íslenska ríkið hafi það val að fara í mál fyrir dómstóli Evrópusambandsins og láta á þetta reyna því það gerði enginn ráð fyrir því að umrædd Evrópusambandstilskipun ætti við um heilt bankahrun í landi þar sem gengið yrði lengra en að vísa til innstæðutryggingasjóðs sem ætti að greiða það sem þar væri til. Þetta er stóri einstaki reikningurinn sem fellur á íslenskan almenning. Hér er því ekki bara efnahagskreppa einangruð í tíma og rúmi, það er samfélagskreppa. Það er engin sátt um þá aðferðafræði sem hefur verið valin og þess vegna leggjum við áherslu á kosningar. Þess vegna leggjum við til að forsætisráðherra leiti eftir kosningabuxunum sem hann fann ekki í gær því það er það eina sem getur skapað einhverja sátt og hún er nauðsynleg til að komast út úr kreppunni. Kreppan verður ekki leyst undir lögregluverði.

[12:08]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Íslenska þjóðin gengur nú í gegnum gríðarleg áföll í efnahags- og fjármálum, vandamál sem kom í kjölfar mikillar þenslu einkum á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma og við gengum í gegnum það víða úti á landi að hagvöxtur var neikvæður á stórum svæðum og vinnuaflið sogaðist inn til höfuðborgarinnar þar sem menn kepptust hver við annan um að byggja upp íbúðir og kepptust um að fjölga íbúum. Það gekk jafnvel svo langt að Reykjavíkurborg setti sér það markmið að fjölga íbúum um 15% sem jafngilti því að flytja alla af Norðausturlandinu til Reykjavíkur.

Einkavinavæddir bankar nutu frá stofnun nánast ótakmarkaðs aðgangs að lánsfé þar sem hver milljón í hlutafé var tífölduð með lánsfé. Um leið og ráðist var í stórtækar framkvæmdir með tilheyrandi þenslu ákvað þáverandi ríkisstjórn að lækka skatta, Seðlabankinn minnkaði bindiskyldu og bankarnir komu inn á íbúðalánamarkaðinn með 90% lán og fjármögnuðu íbúðalán sín, veitt til áratuga með skammtímalánalínu. Hækkað fasteignaverð sem fylgdi auknu aðgengi að lánsfé varð veðandlag fyrir alls kyns neyslulánum auk hækkunar íbúðalána og þannig var dansinn stiginn í einhverjum alsælutöfradansi frjálshyggjunnar. Svo virtist sem peningarnir kæmu af himnum ofan eða yrðu til af sjálfum sér. Fyrirgreiðslu- og valdaflokkar samfélagsins kyntu þessa kjötkatla og komu sér vel fyrir við bálið. Þess vegna fór ég í kosningar fyrir tveimur árum, til að koma þessum flokkum frá en framhaldið þekkjum við. (**Gripið fram í:** Já.)

Þegar þrengdi að í heiminum komu varúðarráðstafanir fjárfesta. Fjárfestar horfðu til hrávara, hættu að veðja á hlutabréf og það kom í ljós hversu berskjölduð örmyntin okkar var, mynt sem vaxandi alþjóðlegt fjármála- og atvinnulíf hafði yfirgefið. Erlendir lánveitendur kröfðust sífellt hærri skuldatryggingaálags og aðgangur að lánsfé dróst hratt saman. Alþjóðleg matsfyrirtæki ráðlögðu bönkunum að auka innlán sem tókst vonum framar erlendis, eins og Icesave sýnir. Með yfirboði í vaxtagreiðslum og í skjóli ofurvaxta til heimila og fyrirtækja Íslands tókst að skuldsetja þjóðina gríðarlega. Við stóðum uppi með risavaxið bankakerfi, þ.e. tí- eða tólffalda landsframleiðslu Íslands, skrímsli sem engin leið var að verja. Þannig leit landið út þegar ég kom á þing og þótt óstöðugleiki, of há verðbólga og þensla hafði hringt ýmsum bjöllum, þá varð oftrú mín á burði efnahags- og atvinnulífsins og óskhyggja alls samfélagsins, þar með talið okkar þingmanna og ríkisstjórnar, á að þetta bjargaðist, hindrun þess að gripið yrði til verulega harðra aðgerða. Getuleysi Seðlabankans og innlendra og erlendra fjármálastofnana varð til þess að ofurhiti útrásarinnar og risabönkunum varð ekki bjargað.

Ég nefni þetta hér vegna þess að þegar árið 2002 hafði Samfylkingin bent á að við þyrftum að koma okkur í öruggara umhverfi með aðild að Evrópusambandinu og að eignast nýjan gjaldmiðil. Ekki tókst að koma því máli á dagskrá og það komst raunar ekki á dagskrá fyrr en Sjálfstæðisflokkurinn ákvað að taka það á dagskrá og þá fór hinn lýðræðislegi, málefnalegi fréttamiðill, *Morgunblaðið,* að birta greinaflokk í fjölmörgum útgáfum sínum.

Ég held að við verðum enn einu sinni að horfa til baka vegna þess að hér koma fram flokkar sem virðast ekki ætla að bera neina ábyrgð á því sem gerðist áður og það koma aðrir flokkar sem ætla ekki að sjá það bankahrun sem hefur átt sér stað, afneita staðreyndunum, mála skrattann á vegginn, ala á óvissu og hræra í pottinum einfaldlega til að reyna að skapa aukinn ótta í samfélaginu. Við verðum að horfast í augu við þennan vanda eins og hann er. Það hefur ríkisstjórnin gert með margvíslegum hætti þó að margt

megi gagnrýna og það hefur komið ágætlega fram í ræðum hæstv. forsætisráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra. Það er ástæðulaust að endurtaka þá umræðu en það er þó ástæða til að vekja athygli á nokkrum þáttum eins og hallanum á ríkissjóði og lágmarki á niðurskurði sem er einfaldlega gerður til að reyna að halda uppi atvinnustiginu, ótal vinnumarkaðsaðgerðum og nú síðast samráði á vinnumarkaði til að leita að úrræðum til að auka atvinnustigið. Það er ljóst að það gengur hægt að stilla bönkunum upp að nýju. Það liggur á því vegna þess að atvinnulífið þarf á fyrirgreiðslu bankanna að halda. Þorskkvóti hefur verið aukinn, það er verið að taka ákvarðanir í sambandi við nýtingu á orku og þannig mætti lengi telja.

Tíminn leyfir ekki að farið sé yfir öll þessi atriði en það er ljóst að það þurfa allir stjórnmálaflokkar að víkja til hliðar stundarhagsmunum og leggjast á eitt um að efla kjark og bjartsýni. Við höfum mörg tækifæri til að koma okkur út úr þessum vanda og það er verkefni okkar núna. Við eigum að efna til kosninga á þessu ári sem fyrst en samtímis eigum við að vinna hratt og örugglega að þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að tryggja að hér verði ekki atvinnuleysi umfram það sem óhjákvæmilegt er.

[12:14]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Herra forseti. Í dag er til umræðu skýrsla forsætisráðherra um efnahagsmál og horfur á vinnumarkaði. Hæstv. forsætisráðherra fór skilmerkilega yfir aðgerðir ríkisstjórnarinnar við upphaf þingfundar og ber að þakka fyrir það. Þær aðgerðir eru ágætar svo langt sem þær ná. Þær ná bara ekki nándar nærri nógu langt og alls óljóst er hversu mikilli fjölgun starfa hérlendis ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir á komandi mánuðum.

Hæstv. iðnaðarráðherra fór í framhaldinu vandlega yfir ýmsar aðgerðir sem varða nýsköpun og sprotafyrirtæki. Ég fagna því sérstaklega en tel þó að virðulegur ráðherra geri sér fulla grein fyrir því eins og við hin að þær aðgerðir munu fyrst og fremst gagnast þegar til lengri tíma er litið en ekki nema að örlitlu leyti þeim tugþúsundum vinnufúsra handa sem nú hafa verið sendar heim af vinnumarkaði. Nú ganga nefnilega á þrettánda þúsund manns atvinnulaus um götur um land allt. Atvinnuleysi jókst um 45% á milli mánaða í nóvember og desember. Spár um atvinnuleysi sem er í pípunum og er ókomið fram eru uggvænlegar. Spáð er allt að 10% atvinnuleysi í lok þessa árs en ég leyfi mér að geta þess sérstaklega að á Suðurnesjum hafa menn náð þeirri tölu nú þegar. Staðan er því uggvænleg og ljóst virðist vera að ástandið bitnar mjög harkalega á Suðurnesjamönnum.

Herra forseti. Vinnusemi er hér landlæg og sjálfstraust fólks er nátengt atvinnu þess. Gera má ráð fyrir að það einkenni íslensku þjóðarsálarinnar geri fólki almennt erfiðara fyrir að taka atvinnuleysi með jafnaðargeði og íslensk stjórnvöld draga því beinlínis kjarkinn úr fólki á meðan ekkert er að gert. Nýlegar rannsóknir hérlendis gefa til kynna mikla fylgni á milli atvinnuleysis og nýgengis örorku. Með öðrum orðum, þegar atvinnuleysi eykst eru mjög miklar líkur á að öryrkjum fjölgi, fólki sem kemst illa eða ekki út á vinnumarkaðinn aftur. Þar leiða menn líkur að því að veikustu einstaklingarnir tapi heilsu sinni í kjölfar atvinnumissis og leið þeirra liggi beina leið inn í örorkumat. Það er þekkt staðreynd að atvinnumissir hefur mikil áhrif á heilsu manna og eru hjartasjúkdómar og þunglyndi þar ofarlega á blaði. Langvarandi atvinnuleysi rýrir fjárhag fólks og í kjölfarið félagslega stöðu þess. Dánartíðni eykst einnig.

Ekki þarf að nefna það að atvinnuleysi eykur efnahagslegan ójöfnuð og þaðan verður ekki aftur snúið nema fyrir þá allra hörðustu. Ef ekkert verður að gert og ríkisstjórn landsins leggur ekki meira á sig en orðið er til að skapa ný störf á komandi mánuðum er ljóst að fólk mun í auknum mæli finna fyrir depurð, kvíða og þunglyndi og það leggur árar í bát, sumt fyrir lífstíð. Líkur eru á að sterkustu einstaklingarnir sem hafa samkeppnishæfa menntun og reynslu muni flýja af landi brott til að forðast ástandið, og hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í því? Nú þegar bíður á annan tug þúsunda manna eftir því að fá að vinna.

Íslendingar telja atvinnuleysi jafnframt alvarlegra vandamál en öll önnur vandamál sem þjóð getur glímt við. Það hafa ítrekaðar rannsóknir Gallups leitt í ljós. Atvinnulaust fólk leitar meira inn í heilbrigðiskerfið en þeir sem vinnandi eru vegna þeirra alvarlegu afleiðinga sem atvinnuleysi hefur á fólk. Rannsóknir sýna jafnframt að heilbrigðisvandi atvinnulausra kemur ekki til kasta heilbrigðisþjónustunnar fyrr en seint og síðar meir þegar erfiðara er að ráða við hann og því er mikilvægt á tímum kreppu og atvinnuleysis að hafa sem minnstar aðgangshindranir að grunnþjónustunni. Þrátt fyrir þetta eru komugjöld sett á á spítölum sem bitna vissulega harðast á þeim sem virkilega þurfa á þeirri þjónustu að halda og það þó að menn viti að slík komugjöld skili litlu sem engu í ríkiskassann. Það lærðist að manni sá grunur að komugjöld séu sett á til að fæla fólk frá því að leita sér aðstoðar, að þau séu einhvers konar aðgangsstýring þar sem stórum hópi er haldið frá heilbrigðisþjónustunni. Það dregur vissulega úr kostnaði. Reyndar eru þjónustugjöld hér lág og flestum ekki ofviða, ekki enn þá alla vega en það kann að breytast þegar fólk hefur minna á milli handanna. Nú þegar er fólk farið að fresta því að leysa út lyf og fresta tímum hjá sjúkraþjálfurum þar sem það telur sig ekki hafa efni á þjónustunni eins og stendur. Slík frestun eykur svo á vanda þeirra sem virkilega þurfa á að halda, t.d. atvinnulausra og þar með aukast líkurnar á því að heilsufar þeirra leiði til varanlegrar örorku. Þetta er framtíðarsýnin sem við höfum, virðulegi forseti, ef þessi ríkisstjórn situr mikið lengur við völd.

Hér er aðgerða þörf ef bjarga á tugum þúsunda vinnandi handa frá þeim ömurlegu örlögum að sitja verklausar langtímum saman með tilheyrandi heilsubresti. Þarna er um að ræða vinnuframlag sem íslenska þjóðin hefur ekki efni á að tapa. Því miður eru ekki líkur á að þær björgunaraðgerðir nái fram að ganga ef stjórnarherrarnir og -frúrnar ætla að sitja áfram undir vernd vopnaðrar lögreglu. Á alþjóðavettvangi erum við álitin eitruð peð vegna þess að hér sitja menn sem fastast í sínum stólum. Margir voru hneykslaðir á því að vera settir á lista með Al Kaída. En ríkisstjórnin sjálf skipar sér á bekk með spilltum og vanþróuðum þjóðum sem ættu að standa íslensku þjóðinni langt að baki.

[12:19]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Við viljum sjá nýtt Ísland rísa út úr þeim hörmungum sem yfir okkur hafa gengið upp á síðkastið. Til þess að við getum skapað nýtt Ísland þurfum við að halda stjórnlagaþing og kjósa til þess, við þurfum að setja nýja stjórnarskrá, við þurfum að samþykkja ný kosningalög. Breytinga er þörf á flestum ef ekki öllum sviðum í samfélagi okkar. Við þurfum að hugsa hlutina gjörsamlega upp á nýtt á öllum sviðum og reyna að uppræta þá spillingu og sukk sem hefur verið í gangi í samfélaginu á síðustu árum. Það er víða af nógu að taka í spillingunni. Síðast en ekki síst þurfum við að mynda kannski þjóðstjórn fram að kosningum og halda síðan kosningar með vorinu.

Það er mjög alvarlegt þegar svo horfir að 40% af fjölskyldum landsins séu að fara í gjaldþrot, missa húseignir sínar, það er mjög alvarlegt ef 70% fyrirtækja í landinu eru að verða gjaldþrota, og þá erum við kannski rétt að sjá toppinn á ísjakanum. Þær skuldbindingar sem verið er að setja á okkur með Icesave-reikningunum eru með ólíkindum og ég er efins um að við getum nokkurn tíma staðið undir þeim vöxtum og afborgunum sem á okkur hvíla út af þeim.

Efnahagsmál eru náttúrlega mál málanna við þessar aðstæður og síðast en ekki síst kannski atvinnumálin og hvaða möguleikar eru til að auka tekjur þjóðarinnar, skapa atvinnu og tryggja að fólkið í landinu haldi áfram að lifa mannsæmandi lífi. Við höfum auðvitað ákveðna möguleika en skiptar skoðanir hafa verið um það meðal ekki bara þingmanna heldur landsmanna hvaða auðlindir við eigum að nýta og hvernig við eigum að nýta þær. Ákveðinn hluti þjóðarinnar vill ekki nýta virkjanir og byggja upp stóriðju og annað í þeim dúr, ýmiss konar iðjuver sem gætu skapað okkur tekjur, bæði atvinnu- og gjaldeyristekjur. Við höfum möguleika á að auka tekjur í ferðamannaiðnaðinum og síðast en ekki síst í sprotafyrirtækjunum en við þurfum að huga að því að gera þetta almennilega og setja í það fjármagn.

Sama má segja um landbúnaðinn. Við getum sparað okkur gjaldeyri með því að auka framleiðslu í landbúnaði. Það skýtur dálítið skökku við þegar landbúnaðurinn á undir högg að sækja eins og annar atvinnurekstur í landinu að þá skulum við leggja drög að frjálsum innflutningi á fersku kjöti. Það gengur ekki alveg upp að mínu mati og hefði ég talið rökrétt að fresta því um a.m.k. eitt ár. Landbúnaður er matvælaframleiðsla og eftir því sem við getum sparað meira í innflutningi getum við átt meira eftir af gjaldeyri sem við sköpum. Ýmsir möguleikar eru í landbúnaði eins og heimaslátrun og annað í þeim dúr sem getur skapað atvinnu fyrir bændur og fólk í landbúnaðarhéruðum.

Þegar rætt er um atvinnumál er það náttúrlega sjávarútvegurinn sem getur fært okkur miklu meira en við höfum verið að nýta úr þeirri atvinnugrein. Við getum í fyrsta lagi aukið veiðar á flestum tegundum og ég sé dálítið eftir því að við skyldum ekki nýta okkur að veiða meira af þeirri sýktu síld sem er að drepast um allar trissur. Auðvitað hjálpa til 30 þúsund tonn sem við bættum við í þorski en þau hjálpa náttúrlega ekki til þegar sömu mennirnir fá þau afhent. Það hefði verið tilvalinn tekjuliður fyrir ríkið að leigja þessar veiðiheimildir, þessi 30 þúsund tonn, og miðað við þau lögverð sem eru í gangi í dag hefði þetta skilað ríkissjóði 6–7 milljörðum, en á það hefur ekki verið fallist og ekki verið gert. Þessi úthlutun er kannski aðallega til komin vegna þess að menn eru að reyna að bjarga sjávarútveginum með veð, skapa honum veðhæfni, og það getur vel verið að þetta sé veðhæfni upp á allt að 50–60 milljarða miðað við það (Forseti hringir.) sem gengur á markaðnum í dag.

[12:24]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Óhætt er að segja að við Íslendingar stöndum nú frammi fyrir meiri erfiðleikum en við höfum staðið frammi fyrir um mjög langan tíma, og samkvæmt þeim spám sem við höfum verstar er erfitt tímabil fram undan. Það er hins vegar óþarfi að gera þetta verra en það raunverulega er og gera lítið úr því sem hæstv. ríkisstjórn er að vinna að um þessar mundir til að bregðast við erfiðleikunum og tryggja að staðan fari batnandi í framtíðinni.

Lögð var fram áætlun unnin í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem í meginatriðum byggist á þremur þáttum, styrkingu og endurreisn bankanna, styrkingu og endurreisn krónunnar og breytingum í ríkisfjármálum. Þessu fylgir fjöldi annarra aðgerða bæði vegna heimila og fyrirtækja sem hæstv. forsætisráðherra fór mjög skilmerkilega yfir í framsöguerindi sínu.

Fjárlög ársins 2009 voru afgreidd fyrir lok þings í desember. Einmitt vegna þess að yfirstandandi ár er talið verða það erfiðasta á þessu tímabili var ekki gengið hart fram í breytingum á ríkisfjármálunum og þegar vaxtagjöld eru tekin til hliðar lætur nærri að hefðbundin útgjöld ríkisins séu þau sömu á árinu 2009 og þau voru á árinu 2008 þó að auðvitað sé samsetningin aðeins öðruvísi og þurft hafi að hagræða vegna þess. Hins vegar er um að ræða næstmesta framkvæmdaár á vegum ríkisins á síðari tímum og því er ekki hægt að segja að ríkisstjórnin og ríkissjóður reyni ekki eins og mögulegt er við erfiðar aðstæður að styrkja við atvinnulífið.

Staða ríkissjóðs hefur að sjálfsögðu versnað til mikilla muna. Áður en áfallið reið yfir var ríkissjóður skuldlaus nettó, hann skuldaði milli 600 og 700 milljarða en átti peningalegar eignir á móti því öllu. Staðan hefur því breyst verulega og stærðargráðan á fyrirsjáanlegum skuldum ríkissjóðs er núna 2.000 milljarðar brúttó. Þar tel ég ekki með lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem Seðlabankinn tekur, eða lán frá erlendum ríkjum sem ætluðu að styðja við það vegna þess að við gerum ráð fyrir því að sá stuðningur verði í formi lánalína og vegna þess að hér er um varasjóð að ræða þurfum við ekki að draga á og þar af leiðandi ekki að taka eða nýta þessi lán, en talan er nógu stór samt. En ef þeir hlutir ganga eftir sem ætlaðir eru, að við getum komið okkur aftur út úr bankarekstrinum og við fáum til baka stóran hluta af því sem snertir Icesave og getum haldið aftur af ríkisútgjöldum næstu árin, þarf nettóskuld ríkissjóðs vegna áfallsins ekki að nema meiru en 500–600 milljörðum. Það er út af fyrir sig alveg nóg en nettóskuldastaða OECD-ríkjanna var að meðaltali um 40% áður en heimskreppan gekk yfir og 600 milljarðar eru nálægt 40% af landsframleiðslu. Staða okkar í því samhengi ætti því ekki að vera

slík að við til lengri tíma litið ættum ekki að ráða við hana.

Merki eru um, og það kemur fram í spá fjármálaráðuneytisins, að gengið muni styrkjast á árinu og reiknað er með því að það muni styrkjast um tæp 20% frá því sem það er núna og gengisvísitalan fara niður í nálægt 180 stig. Gert er ráð fyrir að vaxtastig, stýrivextir Seðlabankans muni lækka umtalsvert á árinu og verða 7% við lok ársins, að meðaltali 13% yfir árið, og gert er ráð fyrir að verðbólgan gangi mjög niður á árinu og verði komin niður fyrir 5%, þ.e. tólf mánaða verðbólgan niður fyrir 5% í lok ársins.

Það sem skiptir okkur hins vegar mestu máli er hvernig við bregðumst við til að bæta okkar hag og þá þurfum við að vera enn einbeittari en áður í því að nýta auðlindir okkar og fá fjárfestingar til landsins til að skapa atvinnu. Við þurfum að standa vel að sjávarútveginum og styðja við hann því að hann er auðvitað grunnforsendan eins og oftast áður í því sem við gerum hér og í því að krónan geti styrkst með jákvæðum viðskiptajöfnuði. Við þurfum að styrkja ferðaþjónustuna, við þurfum að styrkja krónuna og tryggja stöðugan gjaldmiðil til framtíðar fyrir atvinnuvegi okkar.

[12:29]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ég held að okkur ætti öllum að vera ljós hver krafa þjóðarinnar er, krafan um heiðarleika, krafan um traust, krafan um jafnrétti fólks óháð því hvaða aðstæður það býr við eða hver þjóðfélagsleg staða þess er annars. Þessi grunngildi eru forsenda fyrir því að þjóðin geti saman tekið á þeim vanda sem hún og við öll stöndum frammi fyrir. Það er einmitt heiðarleiki og traust á stjórnvöldum sem hefur skort á undanförnum árum, þeim sem hafa verið við stjórnvölinn í landinu og stýrt atburðarásinni. Þjóðin kallar á þetta.

Það er líka forgangsröðunin, hvernig við forgangsröðum nú og í hverra þágu. Hæstv. fjármálaráðherra vildi forgangsraða í þágu fjármálageirans, alþjóðlegra fjármálaviðskipta. Ég geri ekki lítið úr þeim, en ég vil forgangsraða fyrir fólkið, fyrir heimilin, fyrir atvinnulífið í landinu, fyrir atvinnuvegina, grunnvelferðarþjónustuna, heilbrigðismálin. Ég vil forgangsraða fyrir þetta.

Hæstv. forsætisráðherra minntist ekki á landbúnaðinn eða matvælaframleiðsluna eða fæðuöryggið í upptalningu sinni. Ég tel að matvælavinnslan og fæðuöryggið, landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn hvað það varðar sé einn af hornsteinum íslensks samfélags sem við eigum að horfa mjög til núna og hlúa að, byggja upp og standa á bak við. Matvælavinnslan ein og fæðuöryggið eru eitt af öryggismálum allra þjóða. Þess vegna hef ég áhyggjur af því að stór hluti bænda á nú í miklum greiðsluerfiðleikum. Það er ekkert verið að gera til að taka á málum í matvælavinnslunni og þróunarmöguleikum í landbúnaði. Það eina sem verið er að leggja til er að opna fyrir innflutning á hráu kjöti sem ræða á hér síðar í dag. Er þetta það sem íslenskur landbúnaður og íslenska þjóðin þarf núna? Nei, þetta er veruleikafirring.

Ég ætla líka að minnast á heilbrigðisþjónustuna. Er þetta rétti tíminn til að gefa hæstv. heilbrigðisráðherra lausan tauminn við að einkavæða heilbrigðisþjónustuna í stórum stíl, gangast fyrir skipulagsbreytingum á heilbrigðisþjónustu í heilum landshlutum, loka og breyta einu stærsta sjúkrahúsi landsins, St. Jósefsspítala, setja störf hjúkrunarfólks og starfsfólks á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum í uppnám, setja öryggi og heilbrigðismál heilla héraða í uppnám? Er þetta rétti tíminn til þess? Nei, ég tel að eitt brýnasta málið núna sé að kippa heilbrigðisráðherra úr umferð með þessi einkavæðingaráform sín og skipulagsbreytingar í heilbrigðismálum og hvernig á að rústa þeim í heilum héruðum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill leggja þessar áherslur fram.

Ég hef ekki séð neinn rökstuðning fyrir því að rústa heilbrigðiskerfinu í landinu, stokka upp og leggja heilu heilbrigðisstofnanirnar niður og færa þær undir miðstýringu í fjarlægum landshlutum. Það liggur ekki fyrir nein kostnaðargreining eða nein nein úttekt á því hvort þetta skili einhverju fjárhagslega eða hvort bara sé verið að færa fjárhagslegar byrðar yfir á fólkið sem þarf að leita þjónustunnar. Þetta liggur ekki fyrir. Nei, það þarf bara að einkavæða og hræra í þessu. Lágmark er að fyrir liggi að það sé einhver fjárhagslegur þjóðhagslegur ábati af þessu, sem ég dreg stórlega í efa og tel reyndar alls ekki. Ekkert af þessu liggur fyrir. Það er bara ráðist í að leggja heilbrigðisstofnunina á Patreksfirði undir sjúkrahúsið á Ísafirði og samtímis er ákveðið að hætta mokstri á Dynjandisheiði og yfir Hrafnseyrarheiði á milli þessara staða. Sjá menn ekki veruleikafirringuna? Eða að leggja sjúkrahúsið á Blönduósi og sjúkrahúsið á Sauðárkróki niður í sinni mynd og færa þau undir yfirstjórn sjúkrahússins á Akureyri, sem kannski vill ekkert með þetta hafa. Allt er þetta gert án þess að nokkrar forsendur liggi fyrir. (Forseti hringir.) Nei, herra forseti, það sem skortir er heiðarleiki, traust, samstaða og (Forseti hringir.) að við stöndum saman um grunnstoðir okkar, sem er velferðarkerfið.

[12:34]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Það er mikill samhljómur á Alþingi Íslendinga, samhljómur um að efna skuli til kosninga. Áherslumunurinn er hvort það eigi að gera snemma eða seint á þessu ári. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að það eigi að gera snemma og lagðist gegn því í haust að nokkrum ráðherrum yrði fórnað í því skyni að við hin gætum haldið áfram að stjórna landinu. Ég sagði að mér þætti það hugleysi vegna þess að það sem gerðist hér í október er á ábyrgð okkar allra hér á Alþingi og þó fyrst og fremst okkar stjórnarliðanna bæði fyrir það sem samþykkt var hér fyrr á árum og eins fyrir það sem ógert er. Skylda okkar sem þjóðkjörinna fulltrúa er að biðja kjósendur okkar velvirðingar á því sem við gerðum og axla ábyrgð okkar og gangast undir dóm þeirra. Þeim mun fyrr þeim mun betra vegna þess að fram undan er langt erfiðleikatímabil, um það er engum blöðum að fletta. Það er ekki eitt ár eða tvö ár. Það lætur nærri að þau verði fimm eða tíu. Það þarf að taka margar erfiðar ákvarðanir og þau stjórnvöld sem þær þurfa að taka síðar á þessu ári þurfa að hafa skýrt og ótvírætt umboð frá þjóðinni, ferskt umboð og samstöðu um þær erfiðu aðgerðir sem þarf að grípa til. Öðruvísi munum við aldrei komast í gegnum þetta.

Við þurfum líka á kosningum að halda vegna þess að í

kosningum fáum við endurnýjun hugmynda. Við fáum nýtt fólk. Við fáum nýja framtíðarsýn og umræðu í samfélaginu um það hvert við skulum stefna og á þessum tímamótum þurfum við hennar sannarlega með sem aldrei fyrr því að erfiðleikar okkar eru slíkir að við þurfum á öllum hugmyndum og öllu fólki í þessu landi að halda.

Við sjáum vel fyrir vestan haf, í Bandaríkjunum, hvað kosningar geta gert fyrir þjóð í vanda, hvað það getur gert fyrir þjóð í vanda að endurnýja í forustusveitinni, að endurnýja hugmyndir til þess að skapa bjartsýni og trú.

En við þurfum ekki að fara alla leið til Bandaríkjanna til að sjá menn takast á við erfiðleika. Þótt erfiðleikar okkar séu miklir og erfiðleikatímabilið fram undan langt eru þeir ekki meiri en frændur okkar Færeyingar tókust á við fyrir nokkrum árum. Og frændur okkar Færeyingar sigruðust með samheldni og vinnusemi sinni á þeim miklu erfiðleikum á nokkrum árum. Fyrst Færeyingar gátu það getum við líka gert það.

En um leið og við efnum til almennra kosninga þurfum við að gera það með ábyrgum hætti. Við þurfum að taka um það sameiginlega ákvörðun en ekki hlaupast frá ábyrgð okkar og skilja allt eftir í upplausn því að fram að kosningum þarf sannarlega að grípa til margvíslegra aðgerða. Við getum ekki frestað aðgerðunum fram yfir kosningar. Þær aðgerðir snúa ekki bara að bönkum og fjármálakerfi og öðru slíku. Þær aðgerðir snúa fyrst og fremst að heimilunum í landinu. Við þurfum að koma til móts við ótta almennings sem hefur verðtryggð lán og gengistryggð lán, um að reikningarnir fyrir stjórnlausri verðbólgu og vöxtunum í landinu verði takmarkalaust sendir á fólkið í landinu og það verði borið út af heimilum sínum fyrir þá. Ég held að ríkisstjórnin hafi gert talsvert til að koma til móts við fólkið með yfirlýsingum og aðgerðum en ég held að enn þurfum við að gera betur. Ég held að við þurfum að kynna sterkar aðgerðir til þess að skapa störf fyrir þær hendur sem hafa misst vinnuna og tek í því efni undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, ég held að við höfum mörg tækifæri til þess.

En athafnagleði okkar og aðgerðir munu alltaf takmarkast af því að við erum traustir rúin. Það er enginn í heiminum sem ætlar að lána okkur peninga endalaust til hallarekstrar eða allra þeirra hluta sem við þurfum að gera. Þess vegna þurfum við að endurreisa traust okkar erlendis og það þurfum við m.a. að gera með því að láta seðlabankastjórnina víkja því að Icesave er ekki stærsta tjónið eitt og sér í þessu hruni. Seðlabankinn er ekki síður stórt tjón í því. Við þurfum að reyna að brjótast út úr gjaldeyriskreppu okkar því að við lifum ekki við 18% vexti íslensku krónunnar. (Forseti hringir.) Við þurfum að sækja um aðild að Evrópusambandinu því að sem okkur, forustumönnum íslensku þjóðarinnar, finnst um Evrópusambandið skiptir engu máli. Það er skylda (Forseti hringir.) okkar að kanna til fullnustu (Forseti hringir.) þá kosti sem þessi þjóð á.

[12:40]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Það eru svartir dagar fram undan. Endurskoðuð þjóðhagsspá gerir ráð fyrir landsframleiðsla dragist saman um nærri 10% þrátt fyrir áframhaldandi viðsnúning í þróun utanríkisviðskipta og aukinn þorskkvóta. Verðbólgan stefnir yfir 13% og skuldir ríkissjóðs stefna hraðbyri í 2000 milljarða með tilheyrandi niðurskurði fjárlaga. Afleiðingarnar eru að fjöldi einstaklinga og fyrirtækja rambar á barmi gjaldþrots. Creditinfo Ísland áætlar að á fjórða þúsund fyrirtækja verði gjaldþrota á næstu árum.

Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar eru nú rúmlega 12.000 manns án atvinnu. Þessi tala á eftir að hækka á næstu vikum og ef spár bjartsýnustu manna ganga eftir verða á milli 15 og 20 þúsund Íslendingar atvinnulausir á næstu mánuðum. Ég óttast að sú tala verði jafnvel enn hærri af því að þúsundir fjölskyldna í landinu verða búnar missa aðra eða báðar fyrirvinnur sínar.

Og hvað gerir ríkisstjórnin? Hún stendur ráðþrota frammi fyrir vandanum. Á meðan almenningur ber utan Alþingishúsið í veikri von um að hægt sé að koma viti fyrir ráðherrana svo að þeir skammist í það minnsta til að segja af sér, niðurlægja þeir þjóð og þing með því að bjóða upp á umræður á Alþingi um einhverja blauta drauma stuttbuxnadrengja um bjór og vín í Bónus.

Hvernig ætla hæstv. ráðherrar að ástandið verði þegar tugþúsundir Íslendinga hafa ekki ofan í sig eða á, búnir að missa húsið sitt, bílinn sinn, vinnuna, sjálfsvirðinguna, jafnvel fjölskylduna og mæla göturnar í örvæntingu? Ég er hrædd um að mótmælin sem hafa staðið hér síðustu daga verði barnaleikur í samanburði við það sem þá mun ganga á.

Það eina sem maður getur vonað er að að minnsta kosti annar stjórnarflokkurinn sjái sóma sinn í að binda enda á þetta hraksmánarlega stjórnarsamstarf. Stjórnarsamstarf sem þegar hefur klofið þjóðina í herðar niður þar sem hundelta á með handjárnum almúgann sem skuldar síðustu afborgun af bílaláninu sínu á meðan þeir menn sem hreinsuðu hundruð milljarða út úr bönkunum og skildu þennan sama almúga eftir með reikninginn spranga enn um á einkaþotum og þyrlum og hafa ekkert að óttast.

Sjálfstæðismönnum er vorkunn því samkvæmt möntrunni sem þeir kirja á hverjum degi undir mynd af Friedman og foringjanum í Svörtuloftum er græðgin af hinu góða. Samfylkingunni er hins vegar ekki vorkunn, stjórnmálaflokknum sem hefur predikað frá stofnun að hann sé höfuðandstæðingur Sjálfstæðisflokksins. Að gott og grandvart fólk á borð við hæstv. félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, sem hingað til hefur borið hag almennings fyrir brjósti, skuli verja þau efnahagslegu hryðjuverk sem ríkisstjórnin er að fremja á þegnum þessa lands er hreinlega óskiljanlegt.

Afleiðingar þessa gríðarlega efnahagslega hruns og atvinnuleysis verða hræðilegar og beint fjárhagslegt tjón heimilanna í landinu vegna þess bætist ofan á það tjón sem þegar hefur orðið með aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar á öðrum sviðum. En fjárhagslega tjónið er ekki það versta. Félagslegir fylgikvillar atvinnuleysis eru jafnvel enn alvarlegri og kostnaður samfélagsins vegna þeirra á eftir að hlaupa á tugum ef ekki hundruðum milljóna á næstunni.

Virðulegi forseti. Hlustum á fólkið. Hlustum á íslenskan almenning. Það verður að grípa til aðgerða strax. Boða þarf til kosninga og ráðast strax í aðgerðir til að koma til móts við skuldsett heimili í landinu og bæta þarf rekstrarskilyrði

íslensks atvinnulífs. Framsóknarmenn vilja að gjaldeyrisvandinn verði leystur strax með því að tengja krónuna við aðra mynt tímabundið eða til frambúðar. Endurskoða þarf vísitölutengingu lána, bjóða upp á greiðsluaðlögun og endurskoða algerlega lagaumhverfi viðskiptalífsins. Hefja þarf undirbúning aðildarviðræðna við Evrópusambandið til að fá niðurstöðu um hvort hagsmunum Íslendinga sé í raun best borgið þar. Tryggja þarf fyrirtækjum rekstrargrundvöll með stofnun sérstaks endurreisnarsjóðs sem getur bæði lánað fyrirtækjum og keypt hlutafé í þeim. Sjóður þessi fái heimild til lántöku með ríkisábyrgð hjá íslenskum lífeyrissjóðum og verði einnig heimilt að lána sveitarfélögum til viðhalds og uppbyggingarverkefna.

Síðast en alls ekki síst verða stjórnarflokkarnir að fara að skilja hvað þýðir að axla ábyrgð. Orðin tóm duga ekki lengur. Þjóðin mun ekki sætta sig við að sömu mennirnir og sátu að völdum við hrun bankanna sitji áfram eins og ekkert hafi í skorist. Sitji eins og Neró með hendur í skauti og horfi á meðan landið brennur og almenningur horfir á eftir húsnæði sínu, starfinu sínu, sjálfsvirðingunni og jafnvel fjölskyldunni. Sýnið fólkinu að aðgerðir ykkar séu meira en orðin tóm eða sjáið sóma ykkar í að láta ykkur hverfa.

[12:45]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Þessar umræður hafa um margt verið fróðlegar. En það er hins vegar þannig, hæstv. forseti, að stundum ber forustumönnum ríkisstjórnarinnar ekki alveg saman. Ef ég hef tekið rétt eftir þá sagði hæstv. forsætisráðherra að það væru líkur á því, miðað við að hægt væri að selja ákveðnar eignir, að skuldir okkar gætu til framtíðar verið um 70% af landsframleiðslu. Mér heyrðist hæstv. fjármálaráðherra tala hér áðan um að þær getu verið kannski 40–50% af landsframleiðslu. Eitthvað held ég að þarna passi ekki í dæmið. Hins vegar, hæstv. forseti, finnst mér að ráðherrarnir sem hér hafa talað hafi ekki reynt að upplýsa okkur um mál eins og til dæmis Icesave. Það er ekki verið að segja okkur hvar það mál er statt. Það er ekki verið að segja okkur í hvaða ferli það er. Það er ekki verið að segja okkur hvort það sé líklegt að menn séu að ná þar einhverju samkomulagi sem þjóðin fái undir risið eða hvort það stefni í það sem ég held að það eigi að stefna í, þ.e. að verða óleyst deila milli Íslendinga og Breta, óleyst deila. Við höfum áður staðið í deilum við Breta og þær hafa verið óleystar um þó nokkurra mánaða skeið og ára skeið. Það þarf ekki nema minna á landhelgisstríðin í því sambandi. Ég held nefnilega að við fáum ekki undir því risið að taka við Icesave-reikningunum eins og þeir liggja fyrir í dag.

Það er talað um eignirnar í Bretlandi sem hugsanlega munu ganga til móts við þær skuldbindingar sem við tökum á okkur. Það er einnig svo, hæstv. forseti, því miður, að eignaverð í Bretlandi er að snarlækka og við vitum ekki og höfum ekki fengið upplýst — alla vega hef ég ekki heyrt það — hvaða tjón varð af þeim eignum með beitingu hryðjuverkalaganna í Bretlandi. Hvaða áhrif hafði það á eignastöðu þessara fyrirtækja? Við höfum ekki verið upplýst um það, hæstv. forseti. En ég hef grun um að þær eignir sem menn töldu vera jafnvel svo mikils virði að við þyrftum ekki að taka á okkur nema kannski 100–150 milljarða þegar upp væri staðið séu ekki þannig metnar í dag. En það hefur ekki verið upplýst og mér finnst vanta á það, hæstv. forseti — ég verð að segja það eins og það er — að forustumennirnir í ríkisstjórninni sem best eiga að vita upplýsi þingheim og þjóð um það hvernig þessi mál liggja fyrir.

Hér var minnst á verðtryggingu áðan. Hv. þm. Helgi Hjörvar minntist á hana. Ég vil minna á það, hæstv. forseti, að við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til í mörg ár í þingmálum að verðtryggingin yrði tekin til gagngerrar endurskoðunar með það að markmiði að leggja hana niður, með það að markmiði að við værum ekki með sérstaka vísitölutryggingu lánsfjárskuldbindinga eins og verið hefur á undanförnum árum.

Það er algerlega ljóst að eins og nú horfir í íslensku þjóðfélagi getur orðið eignaþurrð. Ég vil leyfa mér að nota það orð. Það getur orðið eignaþurrð hjá fjölskyldum í landinu, hvort sem skuldir þeirra eru vegna verðtryggðra lána til komnar eða vegna gengistryggðra lána. Vonandi styrkist gengið og skuldirnar lækka. En fyrir því höfum við, því miður, enga tryggingu.

Hæstv. forseti. Okkar mál í íslensku þjóðfélagi eru grafalvarleg. Ég sagði það í fyrri ræðu minni að við hv. þingmenn yrðum að axla þessa ábyrgð sameiginlega. Ég vil endurtaka það í lok þessarar ræðu minnar, hæstv. forseti, að við í Frjálslynda flokknum erum tilbúnir til þess að reyna að leggja því lið að íslenska þjóðin komist sem best frá þeim gríðarlegu vandamálum sem fram undan eru. En þá erum við líka að tala um alvörusamráð í þeim málum þannig að menn hafi eitthvað um það að segja hvernig við ætlum að taka á ákveðnum málum okkur til hagsbóta. Þá erum við líka að tala um það, hæstv. forseti, að það liggi þá fyrir samkomulag um það hvenær eigi að ganga til kosninga í þessu landi. Það þarf að vera. Það þarf að nást sátt við þjóðina til að við getum unnið þau verk sem við þurfum að takast á við.

[12:50]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þessi umræða fari fram í dag og það er mikið gagn að því að umræða af þessu taginu eigi sér stað einfaldlega vegna þess að það er rétt sem hér hefur verið sagt margoft í dag að það skortir mjög mikið á að menn geri sér grein fyrir því í fyrsta lagi hver staðan er og í öðru lagi hvað gert hefur verið á undanförnum mánuðum og vikum til að bregðast við þeirri gríðarlega alvarlegu stöðu sem okkar þjóðarbú er statt í. Umræða af þessu taginu, sem hefur verið að mínu mati mestan part málefnaleg, er einmitt til þess fallin að varpa bæði ljósi á stöðu málsins og einnig að varpa ljósi á það sem gert hefur verið. Hæstv. forsætisráðherra fór mjög vel yfir þessi mál áðan og ég hygg að mörgum hafi orðið það ljósara en áður hversu gífurlegt verk ríkisstjórnin hefur unnið í því einmitt að bregðast við þeim mikla og alvarlega vanda sem steyptist yfir okkur í byrjun októbermánaðar.

Það er út af fyrir sig alveg rétt að við þurfum að gera mjög margt annað og þess vegna er mjög mikilvægt eins og hér var sagt af hálfu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að

horfa til framtíðar. Þess vegna megum við engan tíma missa við þær aðgerðir sem eru nauðsynlegar. En til að þessar aðgerðir nái tilskildum árangri þurfum við líka að efla tiltrú meðal þjóðarinnar og það gerum við meðal annars með því að varpa ljósi bæði á ástandið og það sem verið er að gera til að menn geri sér grein fyrir því að þær aðgerðir sem við höfum verið að grípa til eru einmitt liður í því að byggja upp til framtíðar. Í þeim aðgerðum sem við höfum verið að grípa til gagnvart heimilunum og atvinnulífinu er annars vegar fólgið að bregðast við þeim bráða vanda sem yfir okkur skall og hins vegar líka að reyna að byggja upp og leggja grundvöll að nýju Íslandi.

Virðulegi forseti. Þegar það gerist að heilt fjármálakerfi hrynur hjá einni þjóð eins og gerðist hjá okkur í byrjun októbermánaðar og líka vegna þess að þetta fjármálakerfi var svona stórt í hlutfalli við okkar þjóðarframleiðslu þá hlaut mjög margt að láta undan. Við skulum ekki gleyma því að fjármálakerfi okkar var farið að leggja meira til þjóðarframleiðslunnar heldur en sjálfur sjávarútvegurinn. Þegar þetta hrynur á einni nóttu er ekki við öðru að búast en að það hafi alvarlegar afleiðingar. 10% samdráttur í þjóðarframleiðslu á þessu ári er besta lýsingin á því sem við erum að fást við. Þetta er gífurlegur samdráttur sem gerir það að verkum að ýmislegt af því sem við gátum gert auðveldlega í fyrra og hittiðfyrra getum við ekki gert núna. Það er hins vegar engin ástæða til þess fyrir okkur að leggja árar í bát. Við sjáum líka á þeim tölum sem við höfum handbærar fyrir framan okkur og hér hefur verið vitnað til að þó að samdrátturinn sé óskaplega mikill á þessu ári þá sjáum við til sólar á næsta ári ef áform okkar ganga eftir. Það verður ekki frekari samdráttur í landsframleiðslunni á næsta ári að því er talið er og strax á árinu 2011 förum aftur að sjá hagvöxt. Þetta er hins vegar háð því að við fylgjum eftir þeirri áætlun sem við unnum í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og það er engin ástæða til að gera lítið úr því samstarfi. Það var ekki þvingað samstarf. Það var samstarf sem við sem sjálfstæð þjóð kusum að ganga til vegna þess að við vissum að það var leiðin, öflugasta og kröftugasta leiðin út úr okkar vanda. Það er ámælisvert af þeim sem hafa verið að gagnrýna þetta samkomulag að tala með þeim hætti að það sé hægt að hlaupa frá því eins og ekkert sé og eins og að það muni ekki hafa afleiðingar fyrir okkur sem þjóð. Gera menn sér ekki grein fyrir því hvað er að gerast í löndunum í kringum okkur? Hafa menn ekki fylgst með fréttunum frá Bretlandi og Bandaríkjunum og í Evrópulöndunum almennt þar sem aðgangur að lánsfé er nánast að verða uppþornaður? Hvernig halda menn að okkar þjóð væri stödd ef við værum búnir að klippa á þetta samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn en í því fólst meðal annars aðgangur að verulegu fjármagni sem er nauðsynlegur til að skapa tiltrú, til þess að gera þjóðum heimsins það ljóst að við erum í færum til þess að reka efnahagskerfi okkar áfram.

Virðulegi forseti. Að mínu mati er þróun gengisins það sem hefur valdið mestum vonbrigðum upp á síðkastið. Það voru allar forsendur til þess að það gæti styrkst svo um munaði. Þess vegna er það fagnaðarefni sem kemur fram í spá fjármálaráðuneytisins að það muni gerast á þessu ári. En það er að mínu mati illskiljanlegt hvernig það getur gerst á sama tíma og við erum að skila metafgangi mánuð eftir mánuð í vöruskiptum við útlönd. Það er alger viðsnúningur í þessum efnum með jákvæðum formerkjum að það skuli samt sem áður ekki gerast að gengi okkar styrkist. Við settum tiltekin lög, umdeild lög sem Alþingi samþykkti beinlínis í því augnamiði að reyna að styrkja forsendur fyrir gengisstyrkingu krónunnar. Þess vegna verðum við sérstaklega að fara yfir það hvað valdi því að gengið skuli ekki styrkjast eins og eru forsendur til. Það er gífurleg verðmætasköpun í landinu. Sjávarútvegurinn, ferðaþjónustan og álverin eru að skapa okkur miklar útflutningstekjur og allar forsendur eru fyrir því (Forseti hringir.) að gengi krónunnar geti styrkst og þá mun verðbólgan lækka, þá munu skuldir heimilanna lækka, (Forseti hringir.) þá munu skuldir atvinnufyrirtækjanna lækka og við erum að skapa okkur forsendur (Forseti hringir.) fyrir þá uppbyggingu sem við sjáum (Forseti hringir.) og eygjum á næstu mánuðum.

[12:56]

Útbýting:

Lögleiðing ákvæða Árósasamningsins, 269. mál, fsp. KolH og AtlG, þskj. 486.

[12:56]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Skömm rökkum. Skitu refar í brunn karls. Já. Skömm rökkum. Skitu refar í brunn karls. Þennan gamla málshátt er að finna í einu handriti Ólafs sögu helga og hann er ekki auðskilinn. Það sagði mér málfræðingur sem er mikill áhugamaður og kunnáttumaður um málshætti og þá djúpu speki sem í þeim felst alla jafnan að það hafi þurft kreppuna til að hann skildi þennan til hlítar. Skömm rökkum. Skitu refar í brunn karls. Ef við hugsum aftur í aldir um gamla búskaparhætti þá er merkingin eitthvað á þessa leið: Skömm sé þeim varðhundum sem brugðust og ekki gættu þess sem dýrmætast var, vatnsins í brunni karls. Þeir sváfu á verðinum svo refirnir komust í brunninn. Þeir skitu í hann og eyðilögðu. Skömm rökkum. Skitu refar í brunn karls.

En hvaða erindi á þessi gamli málsháttur við okkur á ögurstund uppi á Íslandi á árinu 2009 og hvað segir hann okkur um okkur og ástandið? Varðhundarnir eru eftirlitsaðilarnir, Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið, ríkisstjórnin, allir þeir sem áttu að gæta efnahagslegs stöðugleika, velferðar heimilanna í landinu, þess sem er nauðsynlegt fyrir fjölskyldur, heimili og fyrirtæki til að treysta sína eigin stöðu og framtíð. Þeir brugðust. Skömm rökkum. Þeir stóðu ekki vaktina fyrir fólkið í landinu heldur létu þeir gróðavon og græðgi refanna sem eru útrásarvíkingarnir og boðberar nýfrjálshyggjunnar, létu þá taka völdin í samfélaginu. Skitu refar í brunn karls. Brunnurinn eru heimilin í landinu sem refarnir og andvaraleysi rakkanna hafa eyðilagt, hin sönnu verðmæti, fjölskyldurnar í landinu, þeir sem nú hafa misst vinnuna og húsnæði, þeir sem eiga ekki fyrir mat. Þeim hefur verið fórnað. Skömm rökkum. Skitu refar í brunn karls. Já, í ljósi kreppunnar lifnar þessi aldagamli málsháttur við og skýrir fyrir okkur nútímamönnum samhengi hlutanna og það hvað gerist ef sofið er á verðinum.

Herra forseti. Krafan endurómar um samfélagið allt: Kosningar strax. Vanhæf ríkisstjórn. Kosningar strax. Á móti heyrum við að ríkisstjórnin þurfi vinnufrið, vinnufrið

til að gera ekki neitt, segir fólkið úti á götu. Hér var talið upp í 40 liðum það sem ríkisstjórnin telur sig hafa verið að gera. Við heyrum að það megi ekki kjósa vegna þess að það þurfi að halda áfram á sömu braut. Það var haft eftir stjórnarliðum í Ríkisútvarpinu á dögunum að ekki sé hægt að kjósa fyrr en búið sé að tryggja að bankarnir geti starfað eðlilega áfram og við höfum heyrt þetta enduróma í orðum stjórnarliða í morgun. Þetta endurspeglar enn og aftur þá trú sem þetta fólk hefur á kennisetningu nýfrjálshyggjunnar um að markaðurinn og þá sérstaklega fjármálamarkaðurinn sé forsenda hagsældar og allrar farsældar og þess að unnt sé að byggja upp samfélagið. Þannig ætlar þessi ríkisstjórn sér áfram að slá skjaldborg um bankana en ekki um fjölskyldurnar í landinu, ekki um heimilin, ekki um velferðarkerfið, ekki um heilbrigðisþjónustuna, ekki um sveitarfélögin, ekki um öryrkja, ekki um gamla fólkið. Þetta má bíða. Aðalatriðið er að bankarnir geti starfað eðlilega áfram. Meira að segja var gamla fólkið flutt nauðungarflutningum tíu kílómetra út fyrir bæjarmörkin á Akureyri og sumir komnir á níræðisaldur. Maður spyr sig: Hafa menn tapað allri velsæmistilfinningu? Eru menn undrandi á reiði fólks?

Það er staðreynd að það er ekki aðeins aðgerðaleysi heldur röng forgangsröðun þessarar ríkisstjórnar, það er atlaga hennar að langveikum, að öryrkjum og að sjúklingum sem við blasir og menn óttast fái þessi ríkisstjórn að starfa óáreitt áfram. Þetta er vanhæf ríkisstjórn. Hún er trausti rúin og hún er komin að fótum fram. Menn vita að ef hún fær að halda áfram óáreitt þá verður áfram byggt á sama grunni, á grunni markaðshyggju og misskiptingar, á grunni græðgi og spillingar. En íslensk (Forseti hringir.) þjóð á skilið aðra framtíð. Lýðræðislega leið til uppgjörs (Forseti hringir.) við þetta lið eru kosningar. Þessi ríkisstjórn (Forseti hringir.) á að fara frá og það á að kjósa strax.

[13:01]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Hér hefur verið lýst vel þeim góðu verkum sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir á þessum hundrað dögum frá bankahruninu. Þeim hefur verið lýst ágætlega af hæstv. forsætisráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra og öðrum talsmönnum stjórnarflokkanna í þessari umræðu.

Það var gripið til aðgerða til að tryggja að unnið væri að brýnustu verkefnunum. Gripið var til nauðsynlegra aðgerða til að milda verstu áhrifin af hruninu á heimili og fyrirtæki í landinu. Grunnur var lagður undir efnahagslega endurreisn með áætlun sem unnin var í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Jafnframt var gripið til metnaðarfullra aðgerða til að bæta aðstöðu fyrir nýsköpun og sprotafyrirtæki. Þannig að grunnur var lagður og stórfelldu tjóni forðað. Það er hrósvert og þakkarvert.

En í þessum styrkleika ríkisstjórnarinnar kristallast líka veikleiki hennar, sem við getum ekki litið fram hjá. Þjóðin skynjar hann og við skynjum hann öll. Við tölum ekki nógu skýrt. Ekki er talað með nógu skýrum hætti við fólk og upplifun þjóðarinnar er sú að hún sé ekki virt viðlits. Það er ekkert skynsamlegt eða eðlilegt við það að flytja ræður um að vissulega sé þetta dýfa en við sjáum fyrir endann á henni í lok næsta árs. Því þjóðin og við öll stöndum frammi fyrir erfiðum ákvörðunum og við eigum ekkert að draga úr því og við eigum að virða fólk þess að segja hreint út við hverju er að búast.

Það er ekki þannig að svartnætti sé fram undan. Skuldirnar sem ríkissjóður þarf að bera eru ekki slíkar að þær eigi að vera ofviða okkur og framtíðarhorfurnar eru vissulega góðar vegna þess að útflutningstekjustaða okkar er góð til lengri tíma litið. En þetta verður samt sem áður erfitt og mun taka í. Þess vegna skiptir svo miklu máli á svona örlagastundu að tala skýrt.

Ríkisstjórn sem horfir til framtíðar verður að vera tilbúin að gera tvennt af mikilli hörku og einurð. Í fyrsta lagi að skera upp í stjórnkerfi landsins og ganga á hólm við það stjórnkerfi embættismannaklíkna og skjallbandalaga, sem hefur skilað okkur óhæfu stjórnkerfi sem ekki hefur reynst fært um að vara við, vera forspátt eða vinna trúverðugan stefnugrunn undir ákvarðanir sem síðan hafa verið teknar.

Við þurfum opnara stjórnkerfi. Við þurfum betra stjórnkerfi. Við þurfum stjórnkerfi sem vinnur þvert á ráðuneyti en ekki stjórnkerfi sem er varið af varðhundum óbreytts ástands þar sem hver ver sinn póst. Við þurfum líka að leggja grunn að efnahagslegri endurreisn og efnahagsleg endurreisn verður ekki nema við komum íslensku efnahagslífi í samband við önnur ríki. Íslenskir bankar fá ekki lánafyrirgreiðslu í útlöndum í dag. Íslenska ríkið getur ekki leitað lánafyrirgreiðslu á erlendum mörkuðum í dag.

Íslensku atvinnulífi mun blæða út ef við tökum ekki nauðsynlegar ákvarðanir sem fyrst í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Þeir stjórnmálamenn sem gæla við þá hugmynd aðýta þessum brýnu verkefnum á undan sér út þetta ár snuddast í þeim svona á milli kaffitíma, það eru menn sem ógna brýnustu hagsmunum þjóðarinnar.

Við megum engan tíma missa að leggja inn aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Það er grundvallaratriði til að hefja hér endurreisn íslensks atvinnulífs. Til þess að tryggja fjárflæði til bankanna og til að skapa einhverjar vonir um það að íslenska krónan geti losnað við þau hörmulegu gjaldeyrishöft sem við þurfum að búa við í dag.

Þeir stjórnmálamenn sem ásökuðu okkur sem vöruðum við veikleika íslensks gjaldmiðils á síðustu árum og sökuðu okkur um ábyrgðarleysi og að líta ekki til brýnustu úrlausnarefni efnahagslífsins bera þunga ábyrgð. Öllum hagspekingum ber saman um að það eina sem við hefðum mögulega getað gert til að afstýra hruni síðasta árið hefði verið að leggja inn aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórn verður að hafa framtíðarsýn. Hún verður að tala skýrt. Hún verður að virða fólkið í landinu. Hlusta á það og vinna með því.

[13:06]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Eins og glöggt hefur komið í ljós í þessari umræðu og við þekkjum öll þá eru staðan og horfurnar í íslensku efnahagslífi mjög dökkar. Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins, sem var kynnt í þingnefndum í morgun, staðfestir það.

Eitt af því sem gerir okkur erfitt fyrir núna er bankakerfið. Ég óttast að ríkisbankarnir þrír sem urðu til við fall bankanna í október eigi erfitt uppdráttar og mikil óvissa sé

um hvernig þeim reiðir af. Bankarnir virðast ekki hafa burði til að fjármagna atvinnulífið með eðlilegum hætti og einnig hefur komið í ljós ákveðin ákvarðanafælni í bönkunum. Það er einfaldlega þannig, virðulegi forseti, að bankakerfið verður að hafa burði til að fjármagna atvinnulífið. Þannig að allt þarf að gera til þess að tryggja grundvöll bankanna.

Ég vil leyfa mér að beina einni lítilli spurningu til hæstv. forsætisráðherra vegna þess að ég hef orðið var við óöryggi hjá fólki og stjórnendum fyrirtækja vegna bankanna og hvernig útlitið er þar. Ég held að mikilvægt sé að yfirlýsing komi frá stjórnvöldum um hvort ríkið tryggir innstæður almennings og fyrirtækja í nýju ríkisbönkunum. Ég leyfi mér að beina þessu til hæstv. forsætisráðherra og vænti þess að hann svari mér hér á eftir.

Eitt af stóru vandamálunum okkar núna er gjaldeyriskreppan. Flestum ætti að vera ljóst að íslenska krónan gerir okkur erfitt fyrir. Hún er veik og lítil og í raun og veru er það skoðun mín að það gangi ekki til framtíðar að halda krónunni við. Það gerir atvinnulífinu og efnahagskerfinu í heild erfitt fyrir.

Mikið hefur verið rætt um að við þurfum að taka upp nýjan gjaldmiðil. Ég held hins vegar að ef ekkert verður gert og engin stefna mótuð í þeim málum þá muni, ef ég má orða það svo, náttúran taka völdin, þ.e. að hér verði sjálfkrafa innleiðing evru án þess að nokkur stýring sé á því. Ég bendi á að mörg útflutningsfyrirtæki fá að sjálfsögðu — af því þau eru útflutningsfyrirtæki — tekjur sínar í evrum. Ég held að sú þróun geti orðið og reyndar held ég að hún sé hafin að útflutningsfyrirtæki noti evrur í viðskiptum sínum. Greiði fólki sínu hluta af launum í evrum, geri upp reikninga í evrum o.s.frv. Þetta getur leitt til þess að hér verði tvöfalt hagkerfi. Annars vegar þeir sem notast við evru — tökum dæmi af launafólki sem fær hluta af launum sínum greitt í evrum og getur þar af leiðandi tekið lán sín í evrum með mun hagstæðari kjörum og er þar með laust við verðtrygginguna. Hins vegar þeir sem lifa í íslenska krónuhagkerfinu við þær aðstæður sem við þekkjum öll. Ef þessi þróun verður og heldur áfram og mun verða þá held ég að hún sé mjög óheppileg. Virðulegi forseti. Það sem blasir við í þessu er að skýra stefnu í gjaldmiðlamálum vantar.

Fyrir jólin þegar fjárlög voru afgreidd frá Alþingi ræddum við mikið um ríkissjóð, stöðu hans og horfur varðandi hann. Ég vísa til ræðnanna sem ég flutti af því tilefni.

Ljóst er að staða ríkissjóðs er gríðarlega erfið og mjög dökkt er fram undan til næstu ára varðandi ríkissjóð. Við horfum fram á botnlausa skuldsetningu hans og merkilegt er að heyra, t.d. í umræðunni í dag, að menn tala út og suður um hversu mikil þessi skuldsetning er. Með öðrum orðum er algerlega óljóst í hvaða stöðu við erum og munum verða í því sambandi. Ef ég hef tekið rétt eftir bar hæstv. ráðherrum ekki einu sinni saman um hvert útlitið væri í því. Þannig að þetta eru auðvitað hlutir sem við þurfum að fá á hreint og þessu fylgja mikil vaxtagjöld. Þannig að erfiðleikarnir fram undan eru miklir.

Ég spái því að fjárlagagerð fyrir árið 2010 verði mjög erfið og taka þurfi á þáttum sem verða mjög sársaukafullir og auðvitað sér maður þá fram á að velferðarkerfið er í ákveðinni hættu. Mikilvægt er að standa vörð um það.

Margt er hægt að segja um þessi mál en tíminn er stuttur. En ég vil segja að lokum virðulegi forseti að þó að staðan sé erfið og útlitið dökkt þá eigum við alla möguleika á að vinna okkur vel út úr þessu. Við eigum hér miklar og mikilvægar auðlindir. Við stundum öfluga útflutningsatvinnustarfsemi og Íslendingar eru seigir og vinnusamir. Auðvitað er mjög mikilvægt og hlutverk okkar stjórnmálamanna við þessar aðstæður sem nú eru að tala kjark í þjóðina. Það þarf að gera á heiðarlegan hátt og með ákveðinni auðmýkt, ekki síst vegna þess ástands sem nú ríkir. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að bæta upplýsingamiðlun til almennings. Gera almenningi betur grein fyrir því hver staðan er og hvað fram undan er. Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt ekki síst við þær aðstæður sem nú eru.

[13:11]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir skýrsluna sem hann flutti hér áðan og fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram sem hafa verið málefnalegar og lýsa sjálfsagt því að þingmenn gera sér mjög glögga grein fyrir alvarleika þess sem við stöndum frammi fyrir í þjóðlífi okkar. Ég vil sérstaklega taka undir ummæli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar hann fjallaði um mótmæli og sagði og hvatti fólk sem vildi mótmæla að gæta stillingar. Að fara friðsamlega fram og vera innan laga og réttar.

Þetta er grundvallaratriði sem verður að leggja áherslu á. Það verður að leggja áherslu á að allir lýðræðissinnar, hvar í flokki svo sem þeir standa, standi saman um að lýðræðislega kjörin stjórnvöld og embættismenn geti unnið verk sín með eðlilegum hætti.

Það verður líka að gera þá kröfu til annarra sem ríka ábyrgð bera í þjóðfélaginu að þeir reyni að halda uppi eðlilegu þjóðfélagi og þar bera ekki síst fjölmiðlar mjög ríka ábyrgð.

Ljóst er að allt of langur tími hefur liðið án þess að þjóðin fái glögga yfirsýn og upplýsingar um hvaða vandi sé fyrir höndum. Hvaða líkur séu á því að þjóðin geti risið undir þeim skuldbindingum sem á hana hafa verið lagðar. Hvaða tími og hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Hvað framtíðin beri í skauti sér. Ekki hefur verið talað nægilega skýrt.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að erfitt er að tala skýrt í ástandi sem er jafnruglingslegt og það er í heiminum í dag. Samkvæmt því sem kemur fram í ársriti hins virta tímarits *The Economist* fyrir 2009 segir frá því að virtasta greiningarfyrirtæki í heimi Standard & Poor meti það þannig að tveir þriðju hlutar af öllum útlánum banka í heiminum árið 2007 séu ónýtir. Þannig að íslenska bankakerfið hefur ekki sérstöðu miðað við það sem hefur verið að gerast í heiminum.

Finnst okkur þó nægjanlegt og yfirdrifið það sem yfir okkur hefur dunið og það sem við horfum upp á þar sem menn hafa verið í alls kyns hráskinnaleik — að því er virðist vera skipulagðri glæpastarfsemi — til að koma hlutum fyrir með öðrum hætti en raunveruleikinn gat sýnt fram á. Því verður að taka á og menn verða að bera ábyrgð. Líka hefur of langur tími liðið án þess að raunveruleg rannsókn á

þeim meintu afbrotum sem ég tala hér um hafi farið af stað.

En við búum við annan vanda og það er sundurþykk ríkisstjórn. Við búum við ríkisstjórn þar sem annar stjórnarflokkurinn og stór hópur þingflokks stjórnarflokksins, þ.e. Samfylkingarinnar, lýsir því yfir að úti sé um líf ríkisstjórnarinnar. Með einum eða öðrum hætti hafa þeir gert það og hvetja til kosninga. Þegar svo háttar til er útilokað fyrir ríkisstjórn að geta staðið frammi fyrir og axlað þá ábyrgð sem verður að ætlast til af hverri ríkisstjórn við þær alvarlegu aðstæður sem eru í þjóðfélaginu. Við verðum því að gera kröfu til þess, og ég tek undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, að hér verði að komast á starfhæf ríkisstjórn sem víðtæk sátt geti orðið um, helst þjóðstjórn til þess að vinna fram að kosningum. Það er grundvallaratriði að þannig verði farið fram vegna þess að a.m.k. annan samstarfsflokkinn í ríkisstjórninni hefur þrotið örendið. Þá gengur ekki að ætla að halda áfram stjórnarsamvinnunni. Það þjónar hvorki hagsmunum ríkisins né fólksins í landinu.

Við horfum fram á vandamál sem verður að taka á. Verðtrygging er eitt stærsta vandamál sem heimilin í landinu horfa fram á. Það verður að hafa eðlilega lánastarfsemi í landinu og tryggja að fyrirtæki sem eiga möguleika, geti fengið eðlilegar lánveitingar og fyrirgreiðslu til að koma inn í þá starfsemi og brydda upp á nýjungum til þess að atvinnulífið standist og hér verði ekki um fjöldaatvinnuleysi að ræða. Þetta skiptir gríðarlegu máli.

Við höfum heyrt skilgreiningar háskólamanna á því hvað fór úrskeiðis. Það er fortíðarvandi sem verður skilgreindur betur þegar hlutirnir skýrast. En það er framtíðin sem er spurningin og mikilvægasta atriðið. Við þurfum að móta nýtt Ísland. Við þurfum að breyta stjórnskipuninni. Við þurfum að siðvæða stjórnmálin. Við verðum að siðvæða fjármálakerfið. Við verðum að koma á jöfnuði og jafnrétti og tryggja að allar náttúruauðlindir þjóðarinnar verði raunveruleg þjóðareign.

[13:17]

Útbýting:

Gjaldþrot fyrirtækja að kröfu hins opinbera, 270. mál, fsp. EyH, þskj. 487.

[13:17]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég vil þakka þær ágætu umræður sem hér hafa staðið í rúmlega tvo og hálfan tíma. Hér hefur margt borið á góma og margt athyglisvert verið sagt. Ég vil t.d. þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir hans ágætu ræðu hér og einnig þeim síðustu ræðumönnum sem hér töluðu, hv. þingmönnum Magnúsi Stefánssyni og Jóni Magnússyni. Því miður gat ég ekki hlustað á alla umræðuna.

Það er hárrétt sem fram kom í máli síðasta ræðumanns, að það má ekki hlífa neinum eða nokkru í rannsókn á afbrotum sem hugsanlega kunna að koma upp úr kafinu þegar þau mál verða brotin til mergjar. Búið er að setja þau mál í þann farveg að það á að vera hægt að treysta því að allt slíkt verði rannsakað til hlítar og þá bera menn þá ábyrgð sem lög kveða á um.

Það er líka rétt hjá hv. þingmanni að ástandið í heiminum er ruglingslegt, það er ekki eins og allir geri sér almennilega grein fyrir því. Royal Bank of Scotland, þessi stóri banki í Bretlandi, tapaði 5.500 milljörðum ísl. kr. á einum ársfjórðungi að því er fram kom í uppgjöri hans fyrir örfáum dögum. Það eru því ótrúlegir hlutir að gerast víða um heim og öll höfum við fylgst með því hvernig hinn nýi Bandaríkjaforseti hyggst reyna að blása lífi í bandarískt efnahagslíf með miklum örvunaraðgerðum sem kosta ríkissjóð þar í landi stórkostlega fjármuni en það er talið réttlætanlegt vegna þess að tjónið verði ella mun meira. Vandinn hér á landi er vissulega mikill en hann er mikill hjá mörgum fleirum.

Ég vil svara ákveðinni spurningu sem hv. þm. Magnús Stefánsson beindi til mín því að hún skiptir miklu máli. Hann spurði: Eru innstæðurnar í nýju ríkisbönkunum tryggðar? Svarið við því er afdráttarlaust já. Það hefur ekkert breyst í þeim efnum frá því að við lýstum því yfir í haust. Það er mjög mikilvægt að það sé ekki neinn vafi í því efni og allar sögusagnir um að eitthvað óeðlilegt sé að gerast varðandi þau mál eru fráleitar og enginn af þeim bönkum er að falla eða neitt slíkt.

Hv. þingmaður nefndi einnig upplýsingamiðlun til almennings. Ég geri ráð fyrir því að gagnrýna megi ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki staðið nægilega vel að þeim málum. Allt það sem ég fór með hér í minni ræðu, þessi 40 atriði eða svo, hafa löngu komið fram, þetta hefur verið rætt í þinginu, margt af þessu voru þingmál. Þetta er allt samandregið á vefsíðu sem heitir island.is en samt sem áður er ljóst að ýmsir hafa ekki gert sér grein fyrir því að þetta eru mjög aðgengilegar upplýsingar en það þarf að gera betur í þessum efnum.

Hér hefur mikið verið talað um skuldir ríkissjóðs í kjölfar bankahrunsins, þær verða vissulega miklar. Þær eru misjafnlega alvarlegar. Fjármunirnir sem við leggjum inn í Seðlabankann eða notum til að endurfjármagna bankana eru minna vandamál en þær erlendu skuldir sem við þurfum að taka á okkur. Minnsta vandamálið er þar en meira vandamál er að sjálfsögðu erlendu skuldirnar og þess vegna verðum við að gera allt sem hægt er til að lágmarka þær og til að koma hlutum þannig fyrir að við þurfum ekki að nota þau lán sem við fáum frá nágrannaþjóðum og frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum nema þá við ýtrustu erfiðleika.

Ég tel að það sé hárrétt sem hv. þm. Árni Páll Árnason sagði að við erum ekki að taka á okkur meiri skuldir en við munum fá undir risið en eigi að síður verður að gera allt sem hægt er til þess að lágmarka þann reikning. Það er hins vegar þannig, og það hefur komið fram hjá mörgum ræðumönnum hér, að þrátt fyrir að næstu ár verði okkur Íslendingum erfið efnahagslega eru framtíðarhorfurnar mjög bjartar. Margir hafa vikið að því, t.d. hæstv. iðnaðarráðherra, og þess vegna höfum við alla burði hér til að endurreisa íslenskt efnahagslíf þrátt fyrir erfiðleika. Sú efnahagsáætlun sem við erum að vinna eftir, og sem ég rakti ítarlega í upphafsræðu minni, miðar að því að endurreisa efnahagslífið og það mun takast, ég er ekki í nokkrum einasta vafa um það. Við munum, Íslendingar, sýna af okkur þá þrautseigju og þann dug sem þarf til þess að koma málum heilum í höfn þó að það muni taka einhvern tíma og verða erfitt meðan á því stendur.

[13:22]

Útbýting:

Gjaldþrot einstaklinga að kröfu hins opinbera, 271. mál, fsp. EyH, þskj. 488.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 13:22]

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 13:46.

---

71. FUNDUR

fimmtudaginn 22. janúar,
að loknum 70. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál sbr. 42. gr. þingskapa.
2. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn Ríkisútvarpsins ohf. til eins árs, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. gr. laga nr. 6 1. febr. 2007, um Ríkisútvarpið ohf.
3. Endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, stjfrv., 258. mál, þskj. 418. — 1. umr.

Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál sbr. 42. gr. þingskapa.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti því yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Birgir Ármannsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (A),
Atli Gíslason (B),
Bjarni Benediktsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Jón Magnússon (B).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn Ríkisútvarpsins ohf. til eins árs, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. gr. laga nr. 6 1. febr. 2007, um Ríkisútvarpið ohf.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti því yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Auður Finnbogadóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Svanhildur Kaaber (B),
Kristín Edwald (A),
Ari Skúlason (A).

Varamenn:
Signý Ormarsdóttir (A),
Eva Bjarnadóttir (A),
Hlynur Hallsson (B),
Sigurður Aðils Guðmundsson (A),
Lovísa Óladóttir (A).

Endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 1. umr.

Stjfrv., 258. mál (EES-reglur, breyting ýmissa laga). — Þskj. 418.

[13:48]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 418, 258. máli, en um er að ræða frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Þann 23. október 2007 heimilaði ríkisstjórnin staðfestingu á sex ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fela í sér breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn. Efnislega var um að ræða endurskoðun á undanþágu Íslands frá I. kafla í viðauka I við EES-samninginn og upptöku löggjafar Evrópusambandsins um matvæli og fóður inn í EES-samninginn. Ofangreindar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar voru staðfestar af nefndinni þann 26. október 2007 með fyrirvara um samþykki Alþingis. Lagafrumvarpið kveður á um þær lagabreytingar sem eru nauðsynlegar vegna ofangreindra breytinga á EES-samningnum og innleiðingar ofangreindrar EES-löggjafar um matvæli og fóður.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en þá var það ekki afgreitt. Gerðar hafa verið nokkrar efnislegar breytingar á ákvæðum þess frumvarps. Ég mun á eftir gera grein fyrir helstu breytingum frá fyrra frumvarpi en fyrst vil ég þó gera grein fyrir efni frumvarpsins almennt.

Endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn felur m.a. í sér eftirfarandi:

1. Samkvæmt hinni nýju löggjöf verði Ísland hluti af innri markaði ESB hvað matvæli varðar en ekki þriðja ríki eins og hingað til hefur verið og settar verða upp landamærastöðvar vegna kjötafurða, eggja og mjólkurvara

eins og gert hefur verið með fisk. Frelsi til útflutnings búfjárafurða mun aukast. Búfjárafurðir, þ.e. kjöt, mjólk og egg, fá sömu lagalega stöðu hvað heilbrigðisreglur varðar og fiskur og fiskafurðir hafa haft.

2. Hluti þeirra vörutegunda sem áður hefur verið óheimilt að flytja til landsins eða einungis er heimilt að flytja inn með sérstakri heimild mun verða heimilaður á grundvelli heilbrigðiskrafna EES-löggjafar. Ekki er þó vikið frá banni Íslands á innflutningi lifandi dýra þar sem enn eru talin standa sterk rök til slíks banns á grundvelli heilbrigðisástæðna.

3. Á Íslandi verður áfram heimilt að fóðra búfé með fiskimjöli þrátt fyrir gildandi bann þess efnis innan ESB og Ísland getur áfram bannað innflutning á beina- og kjötmjöli.

4. Ekki verður þörf á að fjarlægja svokallað áhættuveð við slátrun þar sem Ísland er laust við kúariðu.

5. Ísland þarf hins vegar að innleiða sérstaka reglu sem varðar líflömb á bæi þar sem skorið hefur verið niður vegna riðu.

6. Ekki er gert ráð fyrir að reglur um dýravernd verði teknar yfir nema hvað varðar aðbúnað og aðferðir við slátrun dýra.

7. Breytingin hefur engin áhrif á tollvernd fyrir landbúnaðarafurðir.

Íslensk yfirvöld hafa 18 mánaða aðlögunartíma til að innleiða þær gerðir ákvörðunarinnar sem gilda um landbúnaðarafurðir, kjöt, mjólk og egg. Aðlögunartíminn byrjar þegar stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt vegna umræddra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þann tíma þarf að nota til að aðlaga ýmis stjórnvaldsfyrirmæli að löggjöf ESB og breyta lagaframkvæmd. Unnið er að því að fá svokallaðar viðbótartryggingar vegna salmonellu sem þýðir að ESB tekur tillit til þess hve salmonellusýkingar eru fátíðar á Íslandi. Slíkar viðbótartryggingar þýða að setja má tiltekin skilyrði fyrir innflutningi á vissum afurðum til að fyrirbyggja útbreiðslu tiltekins sjúkdóms. Jafnframt verða settar reglugerðir til að halda uppi óbreyttum vörnum gegn markaðssetningu á kjöti sem er smitað af kampýlóbakter og verða þær ströngu reglur sem nú gilda um innlenda framleiðslu jafnframt látnar ná til innfluttra afurða.

Upptaka löggjafar Evrópusambandsins um matvæli og fóður inn í EES-samninginn byggir á reglugerð EB nr. 178/2002. Með þeirri reglugerð voru settar heildarreglur um fæðuöryggi frá frumframleiðslu til markaðssetningar matvæla og einnig var kveðið á um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, EFSA. EFSA er ætlað mjög mikilvægt hlutverk, m.a. að gefa út vísindaleg álit og áhættumat um allt sem varðar matvæli og heilbrigði dýra. Með reglugerðinni er leitast við að gera regluverk um framleiðslu matvæla einfaldara og skilvirkara. Reglugerðin gildir á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar matvæla og fóðurs. Lögð er áhersla á að samræma löggjöf og eftirlit með matvælum frá hafi og haga til maga. Skulu sömu reglur gilda um hollustuhætti óháð því hvort um er að ræða mat, framleiðslu eða dreifingu á kjöti, fiski, matjurtum eða unnum matvælum. Meginmarkmið reglugerðarinnar er að efla fæðuöryggi og tryggja þannig hnökralaus viðskipti með örugg matvæli á innri markaðnum. Hagsmunir neytenda eru settir í öndvegi og munu reglur um rekjanleika matvæla leika þar stórt hlutverk. Með þeim mun verða mögulegt að rekja feril matvæla á öllum stigum framleiðslu og dreifingar. Ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila gagnvart neytendum matvæla er dregin skýrt fram.

Settar hafa verið ítarlegar reglur um hollustuhætti, fóður og matvælastarfsemi auk eftirlitsreglna sem byggja á ofangreindri reglugerð EB nr. 178/2002. Í meðfylgjandi frumvarpi er óskað eftir heimild handa ráðherra til að innleiða reglugerð nr. 178/2002 auk afleiddra gerða ESB á þessu sviði. Allt matvælaeftirlit mun nú verða á hendi Matvælastofnunar og tíu heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Með einföldun má segja að Matvælastofnun muni sinna eftirliti með frumframleiðslu matvæla en auk þess inn- og útflutningseftirliti með matvælum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna munu sinna eftirliti með smásölu matvæla eins og verið hefur.

Samkvæmt nýju löggjöfinni verður opinbert fóðureftirlit víðtækara en áður. Nú skal hafa eftirlit með öllum sem framleiða, flytja eða höndla með fóður. Þetta þýðir að allir bændur og öll flutningsfyrirtæki falla undir fóðureftirlit Matvælastofnunar. Það mun þó ekki fela í sér efnislega breytingu gagnvart bændum sem fyrst og fremst stunda heyframleiðslu og kornrækt ef ekki er um að ræða íblöndun svokallaðra aukefna á búinu. Með öðrum orðum á þessi breyting ekki að íþyngja þorra bænda.

Í frumvarpinu eru ítarleg ákvæði um gjaldtöku vegna eftirlitsins. Ákvæðin eru samhljóða reglum ESB um þessi efni. Eftirlitsgjöld verða ákveðin af ráðherra og birt í gjaldskrá en frumvarpið kveður á um að ráðherra skuli afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendu gjaldskrárinnar með a.m.k. mánaðarfyrirvara. Þetta er auðvitað gert til að tryggja hófstillta gjaldtöku. Upptaka matvælalöggjafar ESB leiðir m.a. af sér að héraðsdýralæknar mega einungis sinna opinberu eftirliti en ekki almennri dýralæknisþjónustu eins og verið hefur. Jafnframt mun umdæmum héraðsdýralækna fækka úr 14 í 6 og stækka sem því nemur. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir, og ég vil undirstrika það, að eftirlitsdýralæknar sem vinna í umboði héraðsdýralækna geti sinnt almennri dýralæknisþjónustu við bændur og aðra dýraeigendur.

Vaktsvæði dýralækna verða nú 13 í stað 15. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að dýralæknar sinni bakvakt utan venjulegs vinnutíma á landinu öllu í stað 24 tíma vöktunar á tilteknum svæðum. Gert er ráð fyrir því að löggjöf ESB um fóður muni nú gilda um fiskimjöl en lög nr. 55/1998, um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, hafa gilt um þessa afurð. Matvælastofnun mun nú fá heimild til að fela faggiltum skoðunarstofum tiltekin verkefni framkvæmdaeftirlits. Þetta er breyting frá því sem nú er þar sem núgildandi lög fela í sér samningsgildi framleiðenda sjávarafurða við tilteknar skoðunarstofur um eftirlit.

Samkvæmt frumvarpinu þurfa öll matvælafyrirtæki að sækja um starfsleyfi til eftirlitsaðilans. Matvælafyrirtæki sem annast frumframleiðslu matjurta eða sauðfjár- og hrossarækt þurfa þó einungis að tilkynna starfsemi sína til Matvælastofnunar. Fóðurfyrirtækin þurfa að tilkynna starfsemi sína til Matvælastofnunar en þeir fóðurframleiðendur sem nota aukefni þurfa starfsleyfi frá Matvælastofnun.

Þetta frumvarp tekur jafnframt tillit til reglugerðar EB nr. 1774/2002, vegna aukaafurða úr dýrum, sem eru ekki ætlaðar til manneldis. Í reglugerðinni er að finna ákvæði um söfnun, flutning, meðhöndlun, markaðssetningu, vinnslu og notkun eða förgun á úrgangi frá dýrum sem eru ekki ætlaður til manneldis. Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir smit vegna aukaafurða dýra samkvæmt reglugerð EB nr. 1774/2002, sem áður var nefnd, og verða íslensk yfirvöld skuldbundin að meginstefnu að farga úrgangi með brennslu í stað urðunar. Þannig verður óheimilt að urða riðusmitað fé.

Frumvarp með það sama heiti og hér er verið að ræða um var lagt fram á 135. löggjafarþingi, 524. mál. Gerðar hafa verið nokkrar efnislegar breytingar frá ákvæðum þess frumvarps til að koma til móts við þau sjónarmið sem komu fram í umræðum í vor og einnig í umsögnum sem hafa borist, bæði þá og síðar. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi: Kveðið er fastar á um skyldur ráðherra, eftirlitsaðila og stjórnenda matvælafyrirtækja til að koma í veg fyrir að matvæli sem geta valdið matarsýkingum komist á markað. Í því skyni er m.a. sett inn nýtt ákvæði sem leggur þá skyldu á ráðherra að setja reglugerð um ráðstafanir sem gera skal til að fyrirbyggja markaðssetningu slíkra matvæla samanber 5. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana. Þetta varðar ekki síst ráðstafanir til að forða því að matvæli smituð kampýlóbakter verði boðin hér á markaði og því er m.a. gert ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra framfylgi áfram efnislega reglugerð nr. 688/2002, sem fjallar um slátrun og markaðssetningu alifugla. Gert er ráð fyrir að Matvælastofnun hafi eftirlit með kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum að undanskilinni slíkri starfsemi í smásöluverslun. Jafnframt er gert ráð fyrir því að Matvælastofnun hafi eftirlit með mjólkurstöðvum og eggjavinnslu. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna hafa sinnt eftirliti vegna ofangreindrar starfsemi nema þegar kjötvinnsla er tengd sláturhúsi þá er hún undir eftirliti Matvælastofnunar samkvæmt núgildandi lögum. Stofnunin hefur einnig eftirlit með mjólkurstöðvum vegna útflutnings. Breytingar verða gerðar til að samræma betur eftirlitið, einfalda það og gera valdmörkin skýrari.

Skipan umdæma héraðsdýralækna er óbreytt frá fyrra frumvarpi og er gert ráð fyrir að umdæmum fækki úr 14 í 6. Nú eru sett inn ákvæði til bráðabirgða í 41. gr. sem heimila ráðherra að ákveða skiptingu og fjölda umdæmanna öðruvísi fyrst um sinn og jafnframt fela héraðsdýralækni að sinna almennri dýralæknaþjónustu tímabundið á tilteknu svæði ef nauðsyn ber til. Hvort tveggja er gert til að tryggja nauðsynlega þjónustu um land allt í kjölfar kerfisbreytingarinnar en heimildirnar falla niður og hin almenna regla laganna gildir án undantekninga eigi síðar en frá 1. september 2013. Í fyrra frumvarpi var gert ráð fyrir að leggja niður vaktþjónustu dýralækna í Gullbringu- og Kjósarumdæmi, Skagafirði, Eyjafirði, Rangárvallasýslu og Árnessýslu. Frá þessu er horfið þannig að vaktþjónusta verður veitt á öllu landinu en svæðaskiptingu er breytt og verða vaktsvæðin 13 í stað 15.

Ákvæði um starfsleyfisskyldu sauðfjár- og hrossaræktar eru felld út úr frumvarpinu en þær búgreinar þurfa þess í stað að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína. Þá er heimilt samkvæmt frumvarpinu í 6. gr. og 68. gr. að gefa út eitt starfsleyfi enda þótt starfsleyfisskyldan byggi á fleiri en einum lögum. Þetta er hvort tveggja gert til einföldunar og til að draga úr skriffinnsku og kostnaði. Skilgreining reglugerða ESB um áhættugreiningu er tekin upp í frumvarpið og áhersla lögð á að matvælaeftirlit skuli byggja á áhættugreiningu og áhættumati. Ráðherra skal skipa ráðgefandi nefnd sem skal vinna að áhættumati á hlutlausan hátt. Sama á við um fóðureftirlit.

Í frumvarpinu eru allmargar aðrar breytingar sem ekki þykir ástæða til að draga sérstaklega fram hér heldur er vísað til athugasemda með frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að matvælalöggjöf ESB taki gildi hérlendis 1. mars 2009, enda verði Alþingi búið að samþykkja meðfylgjandi frumvarp fyrir þann tíma. Efnisákvæði sem varða búfjárafurðir taka þó ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2010.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir helstu efnisatriðum frumvarpsins og legg því til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og 2. umr.

[14:02]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Um þetta frumvarp, eða annað því líkt, fjölluðum við mikið og vel á síðasta ári. Niðurstaðan varð sú að margir höfðu efasemdir um að þessar aðgerðir ættu rétt á sér.

Nú hefur bankakerfið í landinu hrunið og efnahagsástandið er allt annað en það var. Bændastéttin sem slík á mjög undir högg að sækja sem og aðrir Íslendingar, bæði hvað varðar atvinnurekstur og eins einstaklingarnir sem slíkir. Það mun bitna mjög verulega og alvarlega á bændastéttinni að fá þetta frelsi. Þetta er einn af göllunum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og þær skyldur sem menn eru að tala um að uppfylla þurfi gagnvart samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Ekki er nóg með að skrifa þurfi undir og innleiða svona reglugerðir, um frjálst flæði á ferskum matvælum, þó að enn séu tollar í gildi. En það sem mér finnst verst er að verið er að nota sjávarútveginn í þessu tilfelli með þeim hætti að segja að ef ekki verði gengið að frelsi til að flytja inn landbúnaðarvörur þá muni það bitna á útflutningi okkar á sjávarafurðum sem ég tel alls ekki rétt og við höfum ekki séð nein gögn um það frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Það er ekkert óeðlilegt að við spyrjum: Hvar eru þau gögn og af hverju er ekki hægt að sýna okkur þau?

Þessu til viðbótar skil ég ekki af hverju ákvæði þurfa að vera um dýralækna í þessu frumvarpi sem mér finnst vera af allt öðrum meiði.

[14:04]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp á sér mjög langa forsögu og sú forsaga teygir sig allmörg ár aftur í tímann. Það var þannig að íslensk stjórnvöld reyndu sitt ýtrasta og freistuðu þess að fá að halda sig við það fyrirkomulag sem hér hafði verið. Málið er hins vegar þannig að búið er að gera algjörar grundvallarbreytingar á matvælalöggjöf Evr-

ópusambandsins. Þær breytingar fela það í sér að það fyrirkomulag sem við höfum búið við og vorum ágætlega sátt við í sjálfu sér gengur einfaldlega ekki. Þannig er litið á að hér sé um að ræða heildstæða löggjöf og við setjum þess vegna útflutningshagsmuni okkar í áhættu ef við göngum ekki í það að uppfylla þessi skilyrði. Þessi matvælalöggjöf er að mínu mati að grunni til mjög vönduð og er gerð út frá sjónarmiðum neytenda til þess að tryggja heilnæmi þeirra afurða sem verið er að versla með.

Þegar við stöndum frammi fyrir þessu þá er það markmið okkar að reyna að tryggja innlenda búvöruframleiðslu. Og hvernig gerum við það í ljósi þessa frumvarps sem verið er að leggja til? Jú, það er í fyrsta lagi gert með þeim hætti, eins og ég gerði grein fyrir hér í framsöguræðu minni, að við erum að styrkja eftirlitsþáttinn sjálfan. Í sjálfu sér taldi ég að nokkuð vel væri fyrir því séð í því frumvarpi sem við lögðum fram á síðastliðnu vori en eftir að hafa farið yfir þær umsagnir sem bárust, ekki síst frá Bændasamtökunum, taldi ég ástæðu til að styrkja þennan þátt málsins sérstaklega og það er gert í frumvarpinu eins og ég gerði grein fyrir.

Síðan er það auðvitað hitt málið sem er þá jafnframt stóra málið. Það er það, eins og ég nefndi líka í ræðu minni, að gert er ráð fyrir því að engar breytingar verði gerðar á tollaumhverfi landbúnaðarins og þannig að varnir landbúnaðarins felast annars vegar í þessu ákveðna ákvæði sem er í frumvarpinu sem tryggir það að hingað til lands verði ekki fluttar óheilnæmar afurðir. Og í öðru lagi hitt að við munum halda áfram þeirri tollvernd sem hefur verið í gildi og hefur verið við lýði gagnvart landbúnaðinum.

[14:06]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta mál er með þeim hætti að ég held að við höfum engan sóma af því að fara að gera þetta að lögum núna. Þess vegna skora ég á hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að draga þetta frumvarp til baka og fresta því að minnsta kosti um eitt ár að gera þetta að lögum út af stöðunni í samfélaginu núna eftir þetta bankahrun og eftir þær gengisbreytingar sem hafa nánast rústað bændastéttinni í heilu lagi. Sárafáir bændur standa uppréttir eftir þessar hörmungar sem yfir þjóðfélagið hafa gengið.

Ég hvet ríkisstjórnina, bæði samfylkingarfólk og sjálfstæðisfólk, til þess að hugsa þetta upp á nýtt og fresta því alla vega um eitt ár að gera þetta að lögum. Það er mjög alvarlegt mál að ætla að leiða svona yfir heila stétt og mun ekki gera annað en að gera þeim lífið erfiðara og vandasamara að komast í gegnum þessi miklu vandræði sem þeir og öll þjóðin stendur frammi fyrir.

Ég segi að hæstv. sjávarútvegsráðherra væri maður að meiri ef hann drægi frumvarpið til baka og frestaði því um eitt ár að ræða þetta. Þá gætum við aftur komið eftir eitt ár og farið yfir málin og athugað hvort forsendur væru fyrir hendi. Mér finnst líka sorglegt, og ég vitna í marga menn í íslenskum sjávarútvegi sem hafa sagt að verið sé að beita sjávarútveginn þrýstingi út af þessu. Ég segi því: Sýnið okkur þau gögn sem hafa komið frá Evrópusambandinu um að þetta muni bitna á íslenskum sjávarútvegi.

[14:08]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og þingmenn muna þá lagði ég þetta frumvarp fram tiltölulega snemma á síðasta þingi. Þetta mál fékk mjög mikla yfirferð í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis þannig að þingmenn höfðu mjög góðar forsendur til að kynna sér það.

Þetta mál var einnig sent út til umsagnar og eftir að ég fékk um það áskoranir frá fjöldamörgum aðilum, m.a. afurðastöðvunum og bændunum, ákvað ég að fresta afgreiðslu þess og leggja ekki áherslu á að málinu yrði lokið fyrir þinglok í fyrra. Tíminn var síðan notaður mjög rækilega til þess að fara yfir allar þessar umsagnir til þess að reyna að koma til móts við sjónarmið þeirra sem vildu tryggja veg landbúnaðarins sem allra best, og ég fullyrði að það hefur tekist.

Ekki þarf annað en að lesa viðbrögð bænda og bændaforustunnar, sem hafa komið fram opinberlega, þeir segja að hér hafi verið unninn heilmikill sigur af þeirra hálfu með þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

Það er engin ástæða til að fresta þessu máli frekar. Ég vek athygli á því að gildistakan sem snýr að landbúnaðinum sjálfum er ekki fyrr en eftir 18 mánuði. Á þeim tíma munum við þurfa að vinna alls konar aðra undirbúningsvinnu sem ekki verður hægt að klára fyrr en að þessum lögum samþykktum. Þar á meðal er gert ráð fyrir að við munum afla okkur viðbótartrygginga vegna góðrar sjúkdómastöðu varðandi salmonellu og við munum því með enn betri hætti geta tryggt stöðu íslensks landbúnaðar.

Ég vil vekja athygli á því, og það er kjarni þessa máls, að við höfum stundað útflutning inn á Evrópusambandslöndin á grundvelli matvælalöggjafar sem búið er að afleggja. Það er ljóst að við svo búið getur ekki staðið til neinnar framtíðar. Þess vegna erum við stödd í þeim sporum að við verðum að taka yfir þessa matvælalöggjöf til þess að gæta bæði hagsmuna landbúnaðar og sjávarútvegs. Við höfum þar heilmikið svigrúm til að tryggja sem best stöðu landbúnaðarins. Ég hef í þessu frumvarpi nýtt þetta svigrúm eins og kostur hefur verið og mun gera það í framkvæmdinni ef ég á þess kost.

[14:10]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta er eitthvert vitlausasta frumvarp sem þessi lélega ríkisstjórn hefur lagt fram þá mánuði eða þau missiri sem hún hefur verið að störfum. Matvælalöggjöf Evrópusambandsins hentar meira að segja illa í Evrópusambandinu hvað þá hér uppi á Íslandi á einangruðu eylandi norður í höfum.

Spurning mín til hæstv. ráðherra, áður en umræðan hefst fyrir alvöru, varðar kostnaðaráætlunina sem fylgir frumvarpinu og umsögn fjármálaráðuneytisins sem mér sýnist að hafi ekki verið endurnýjuð fyrir gerð eða prentun þessa frumvarps. Ég sé ekki betur en að okkur sé boðið upp á það að fá gamla umsögn frá fjárlagaskrifstofu því að hér er verið að tala um fjárlagafrumvarpið 2007 og hvað hafi verið ætlað til málsins 2007 og hversu mikill kostnaðurinn verði 2007.

Ef það er rétt að hér sé um gamla umsögn frá fjárlagaskrifstofu að ræða þá er um handvömm að ræða sem hæstv. ráðherra á að skammast sín fyrir að láta henda. Ef svo er þá krefst ég þess, hæstv. forseti, að málið verði tekið af dagskrá nema ráðuneytið endurnýi þessa umsögn frá fjármálaráðuneytinu þannig að við fáum réttar tölur sem reiknaðar eru á réttu gengi miðað við það sem við búum við í dag.

Svo langar mig til þess að segja það að miðað við þær tölur sem við þó höfum hér er gert ráð fyrir að kostnaðarauki hins opinbera af þessari innleiðingu sé tæpar 300 millj. kr. á ári þegar allt er komið til framkvæmda.

Þó að við séum kannski orðin vön að tala hér um 2.000 milljarða eins og ekkert sé þá eru 300 millj. kr. í kostnaðarauka vegna þessarar innleiðingar á ári fyrir okkur Íslendinga hreinlega allt of mikið. Og við þurfum ekki að auka kostnaðinn svona mikið þar sem við þurfum ekki að innleiða þetta frumvarp og þessa matvælalöggjöf. Ég vil gjalda varhuga við því að (Forseti hringir.) farið sé inn á þá hálu braut sem er að auki gríðarlega kostnaðarsöm.

[14:12]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er nú einfaldlega þannig að það er lögboðið að áður en stjórnarfrumvarp er lagt fram fari það í kostnaðarmat hjá fjárlagaskrifstofunni. Það var gert í fyrra þegar frumvarpið var lagt fram og það var líka gert núna þegar frumvarpið var lagt fram að nýju.

Það var mat fjármálaráðuneytisins og þeirra sérfræðinga sem þar starfa að engar þær forsendur hefðu breyst í sjálfu frumvarpinu, þó við værum að gera margs konar aðrar efnisbreytingar á því, sem kölluðu á það að þeir breyttu í neinum stórum málum að minnsta kosti kostnaðarumsögn sinni. Þess vegna liggur fyrir að þær tölur sem þeir höfðu reiknað sig í gegnum áður en fyrra frumvarpið var lagt fram standast miðað við þær forsendur sem frumvarpið byggist á. Þess vegna er engin ástæða til annars en að halda þessari umræðu áfram. Þetta mál hefur verið vandlega undirbúið eins og ég hef þegar rakið og gert með skírskotun til þeirra athugasemda sem hafa borist um það mál.

Hins vegar fer þetta frumvarp þegar þessari umræðu er lokið til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis sem hefur þá allar forsendur til að fara betur ofan í kostnaðarþætti málsins ef nefndin kýs að gera það. Og ég tel sjálfsagðan hlut að gera það. Það er auðvitað hægt með því að ræða við sérfræðinga sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, með því að ræða til að mynda við þá sérfræðinga sem starfa á þessu sviði hjá Matvælastofnun, sem hefur að miklu leyti með framkvæmd þessara laga að gera, og auðvitað líka þá sérfræðinga fjármálaráðuneytisins sem unnu þessa kostnaðarumsögn.

[14:14]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er þá staðfest að hæstv. ráðherra hefur lagt þetta frumvarp hér fram í janúar 2009 með kostnaðarumsögn sem er sennilega frá haustinu 2007. Þetta er ekki boðlegt þó að ég viti að nefndin geti kallað til sín þá sem unnu þessa umsögn og rætt frekar við þá.

Hæstv. forseti. Ég krefst þess að betur sé farið yfir þingskjöl frá hæstv. ráðherra ef þetta gerist með þessum hætti og ef þessi kostnaðaráætlun getur þvælst hér inn í þetta frumvarp. Það er ekki boðlegt að við skulum fá þingskjal með þessum hætti, við sem eigum þó að vera ábyrg fyrir því hvaða lög eru sett og hvað við erum að skuldsetja hið opinbera með þeirri löggjöf sem verið er að innleiða.

Hæstv. forseti. Okkur hefur ekki tekist að innleiða löggjöf Evrópusambandsins um fjármálamarkaðinn. Við vitum alveg um alla þá feila sem við gerðum í innleiðingu. Innleiðing matvælalöggjafar Evrópusambandsins er að mínu mati enn flóknari. Það er enn flóknara að innleiða þessa löggjöf sem hentar okkur engan veginn heldur en löggjöfina um fjármálafyrirtækin sem við vitum öll að við féllum á.

Ég álít því að við séum á verulega hálum ís þegar maður les yfir það sem þetta felur í sér, alla þá auknu vinnu sem við þurfum að leggja á stofnanir okkar, þá auknu vinnu sem þarf að fara á ráðuneytin — bara þessi innleiðing kostar ríkissjóð aukalega um á annan tug milljóna á ári í aukinn kostnað til ráðuneytis hæstv. ráðherra. Og við þurfum ekkert á þessu að halda. Við þurfum ekkert auknar tryggingar varðandi salmonelluna. Við vitum að okkur hefur tekist að ráða niðurlögum salmonellu. Og við þurfum umfram allt að sjá íslenskri þjóð fyrir hollri og heilnæmri matvöru — 300 þús. manna samfélag er ekki að fara að flytja út kjúklingaafurðir í stórum stíl. Og við skulum þá líka segja það og viðurkenna að við þurfum heldur ekki (Forseti hringir.) að flytja þær inn.

[14:16]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort ég þarf beinlínis að stafa þetta ofan í hv. þingmann en kostnaðarumsögnin er unnin af fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Það var eftir að við höfðum farið yfir frumvarpið, eins og ég gerði grein fyrir hér áðan. Þegar frumvarpið var tilbúið af hálfu okkar í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu var það sent í kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Niðurstaðan var sú, eftir að farið hafði verið yfir frumvarpið og menn höfðu gert sér grein fyrir þeim fjárhagslegu stærðum sem þar var um að ræða, að forsendurnar sem að því sneru breyttu því ekki að hægt var að styðjast við og nota þá kostnaðarumsögn sem áður hafði verið lögð fram. Hér er því ekki um neitt óeðlilegt að ræða og þetta er saga málsins.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að þessi löggjöf er býsna flókin. Þess vegna hef ég lagt áherslu á að við reyndum að vanda undirbúninginn eins og við mögulega gætum. Ég nefndi það lauslega í framsögu minni hér áðan að þetta mál ætti sér mjög langa forsögu. Það á sér áralanga forsögu og forveri minn á stóli landbúnaðarráðherra hafði unnið að því og það hafði komið fram hvað eftir annað, líka á opinberum vettvangi, að óhjákvæmilegt væri að innleiða löggjöfina. Ástæðan fyrir því að það hefur tekið þó þennan tíma, mörg ár, að koma málinu í þann búning sem það er nú í er sú sem hv. þingmaður nefndi hér, málið er flókið. Þess vegna hefur vinnsla málsins kallað á og tekið áralanga

vinnu, bæði vegna þess að við leituðum annarra leiða, sem síðan var sýnt fram á að voru ófærar. Því varð niðurstaðan sú að undirbúa málið með þeim hætti sem gert hefur verið. Að mínu mati hefur það verið gert með vönduðum hætti, m.a. með því að kalla eftir ítarlegum álitum ráðuneytis okkar, sjálfstæðra aðila, sem við kölluðum sérstaklega til, með gögnum sem hafa verið lögð fram í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og með (Forseti hringir.) vísan til álita sérfræðinga og hagsmunaaðila sem rækilegt tillit hefur verið tekið til.

[14:18]

Útbýting:

Stuðningur ríkisins við fráveitur, 272. mál, fsp. KHG, þskj. 489.

[14:19]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Frumvarpið sem hér er til umræðu er að mínu mati veruleikaflótti eða veruleikafirring í ljósi efnahagshrunsins, ekki er hægt að segja annað. Með því stefnir í stórslys.

Fyrst um formlega ágalla frumvarpsins. Hvernig stendur á því að slíkt valdaframsal er heimilað með frumvarpinu og hvernig stendur á því að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur enn ekki, að því er mér virðist, lagt fram reglugerðirnar sem eiga að fylgja frumvarpinu? Þegar Norðmenn tóku sambærilegt frumvarp til umfjöllunar lágu allar reglugerðir, allt sviðið, opið og menn vissu fullkomlega hverju þeir gengu að. Í þessu frumvarpi er fjöldinn allur af reglugerðarheimildum en enn eru drög að reglugerðum ekki komin fram þó svo að þráfaldlega hafi verið spurt eftir þeim í meðferð sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar á frumvarpinu, sem lagt var fram á síðasta þingi.

Líka var þráfaldlega spurt eftir gögnum og upplýsingum um samningaviðræðurnar og viðhlítandi svör liggja alls ekki fyrir enn þá.

Í þriðja lagi, hvar standa samningar um viðbótartryggingar vegna salmonellu og hvar standa eftir skýrar kröfur varðandi kampýlóbakter?

Evrópusambandið hefur ekki áhyggjur af kampýlóbakter. Við höfum náð alveg gríðarlegum árangri á Íslandi og ég fullyrði að við höfum besta heilbrigðiskerfi, matvælaöryggiskerfi í Evrópu ef ekki víðar. Því skyldum við taka upp kerfi sem slakar á þeim kröfum sem við höfum talið okkur skylt að standa undir og reynslan hefur kennt okkur að standa undir?

Það sem hér stendur fyrir dyrum er að opna fyrir eftirlitslausan eða eftirlitslítinn innflutning á hráu kjöti. Eftirlitið felst í því að bregðast við þegar einhver verður veikur. Það hefur og getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir matvælaöryggið. Sama gildir um fæðuöryggið. Frumvarpið getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir neytendavernd og sanngjarna viðskiptahætti í ljósi þeirrar fákeppni sem ríkir á matvörumarkaði og þeir miklu flutningar á kjöti sem þarna er stefnt að hefðu líka stórkostlegar afleiðingar fyrir umhverfisvernd.

Þetta eru að mínu mati ótrúlega kaldar kveðjur til bænda í kjölfar efnahagshrunsins og ótrúlega kaldar kveðjur til matvælaiðnaðarins. Á þetta treystir landsbyggðin. Alveg ótrúlegt er hversu ríkisstjórnin beygir sig stöðugt í hnjánum fyrir ESB, titrar í hnjánum. Við vitum að Icesave-samningarnir og ábyrgðin þar var samþykkt vegna hótana ESB um að við fengjum ekki fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að Evrópska efnahagssvæðið yrði sett í uppnám og þjóðir þar mundu beita neitunarvaldi gegn ESB-umsókn. Fyrir þessu vék ríkisstjórnin þrátt fyrir að hæstv. fjármálaráðherra hefði sagt 13. nóvember sl. að samningar eða ábyrgð á Icesave væri gjörsamlega óaðgengilegt og undir það tók hæstv. forsætisráðherra.

Enn bugtum við okkur og beygjum fyrir Evrópusambandinu og nú á að stefna matvælaöryggi þjóðarinnar í hættu. (Gripið fram í.) Hvað er að okkur? Engar meginbreytingar hafa orðið á frumvarpinu í þá átt sem Bændasamtökin, sveitarfélög, framleiðendur og bændur almennt hafa kallað eftir. Kallað var eftir eftirliti í tolli, það er ekki komið. Einnig hefur verið kallað eftir því, hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að við förum sömu leið og Norðmenn í það minnsta, þ.e. höfum tollumhverfi sem kemur í veg fyrir innflutning. Það höfum við ekki. Norðmenn geta stýrt innflutningi á hráu kjöti eftir framboði og eftirspurn. Ef Norðmenn framleiða nægilega mikið af kjúklingi, kjöti eða öðrum landbúnaðarvörum flytja þeir ekki inn gramm. Ef það er skortur og framboðið í Noregi annar ekki eftirspurn eru gefnir út kvótar og innflutningur heimilaður. Við höfum engar slíkar tryggingar og hæstv. ráðherra hefur hvorki sannfært mig né hagsmunaaðila, Bændasamtökin, sveitarfélög og framleiðendur, um að hér stefni ekki í stórslys.

Ég sagði að þetta væru kaldar kveðjur til bænda, það er svo sannarlega satt. Einhver 100, 200 mjólkurbú á landinu eru í verulegum greiðsluerfiðleikum og tugir annarra eru í greiðsluerfiðleikum en stefna þó ekki í þrot. Sauðfjárbúskapurinn stendur enn verr. Í stað þess að rétta bændum hjálparhönd, frysta öll lán þeirra og koma til móts við þá með fjárhagsaðstoð og öðrum hætti, þá virðist forgangsverkefnið vera að koma fram með frumvarp sem mælir fyrir um skert kjör þeirra. Þetta kalla ég veruleikafirringu, ég verð að segja alveg eins og er. Í dag, þegar ríður svo mikið á að við kaupum íslenskt, spörum okkur allan þann gjaldeyri sem við getum og stundum atvinnustarfsemi hér á Íslandi sem kallar ekki á mikil útlát í gjaldeyri. Nei, þá á að fara að örva innflutning á hvítu kjöti, eggjum og fleiru.

Hvar er þjóðin stödd? Skilja ráðamenn ekki ástandið? Skilja ráðamenn ekki að hér er vaxandi atvinnuleysi og það ríður á að styrkja grunnstoðir þjóðfélagsins? Það ríður á að styrkja landbúnaðinn og efla atvinnu innan lands og fullvinnslu. Það ríður á því að við vinnum hvern fisk sem kemur til landsins innan lands og flytjum ekki út óunninn afla. Alþingi felldi tillöguflutning í þá veru til bráðabirgða, jafnvel þó að það skapi a.m.k. jafnvel fimm þúsund störf, tíu frystihús. Hvar er ríkisstjórnin stödd og ríkisstjórnarþingmenn?

Margir bændur standa frammi fyrir því að ráða ekki nú í febrúar við uppgjör á virðisaukaskatti fyrir síðari helming ársins 2008. Fjöldi bænda stendur frammi fyrir því, hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að ráða ekki við áburðarkaupin í vor. Hver eru úrræði ríkisstjórnarinnar í

þeim efnum? Að heimila frjálsan innflutning?

Staðan er gjörbreytt frá því að frumvarpið var lagt fram í fyrra, gjörbreytt, en viðbrögðin við því eru engin. Verði þetta frumvarp að lögum mun það hafa gríðarleg áhrif á atvinnu fólks hérlendis, það mun hafa áhrif á matvælaöryggi, eins og ég hef sagt, og gæði matar, og sérfræðingar óttast að sýkingum muni fjölga. Við krefjumst þess að frumvarpið verði dregið til baka, frestað verði að fjalla um það meðan við förum yfir mestu erfiðleikana í efnahagslífi okkar og undirbyggjum grunnstoðir íslensks samfélags. Meðan við erum að tryggja það að hver vinnufús hönd hafi eitthvað til að starfa krefjumst við þess að þetta frumvarp verði dregið til baka og menn horfist í augu við atvinnuleysið og það sem er enn alvarlegra, landflótta. Að við horfumst í augu við reynslu annarra þjóða af þrengingum eins og þeim sem hin íslenska þjóð glímir við.

Við þurfum ekki að fara langt, við getum horft til Færeyja þar sem einir sjö, átta þúsund Færeyingar fóru úr landi eða sjö, átta þúsund komu ekki til baka, ég hef ekki tölurnar á hreinu. Við megum ekki missa einn einasta einstakling úr landi og þeir sem kunna að fara úr landi eru fyrst og fremst þeir sem hafa góða menntun og annað slíkt, Íslendingar sem geta gagnast landbúnaðinum verulega. Við megum ekki missa einn einasta mann og við megum ekki stefna í atvinnuleysi.

Hvað matvælaöryggið varðar lá fyrir nefndinni á síðasta vori og hefur komið ný álitsgerð sem Margrét Guðnadóttir, fyrrverandi prófessor í sýklafræði, skilaði að ósk Bændasamtakanna. Þessi ítarlega greinargerð er dagsett í ágúst, ef ég man rétt, og í henni varar Margrét við þeirri stórkostlegu hættu sem blasir við. Full ástæða er til að taka mark á Margréti Guðnadóttir, hún er talin einn fremsti sérfræðingur í heiminum í þessum fræðum. Í greinargerð hennar, sem tími gefst ekki til að fjalla nákvæmlega um, segir að við blasi stórkostlegt slys ef af verður. Hún bendir á reynsluna, herra forseti, hún bendir á reynsluna. Við höfum brennt okkur áður.

Það sem kannski er aðalatriðið í þessu máli, hæstv. ráðherra, er — sem menn virðast ekki skilja og ganga út frá og Evrópusambandið virðist ekki hafa skilning á — að Ísland er eyland og hér hlaupa dýr ekki á milli landa. Við búum á eyju fjarri öðrum löndum og landlægir smitsjúkdómar fara ekki á milli landa. Ekki bara það. Við höfum hér dýrastofna, bæði kúakyn og sauðfjárkyn, sem eru einstakir í veröldinni og hafa hvorki þol né mótefni gagnvart sjúkdómum sem eru landlægir í Evrópu. Við vitum fullkomlega að ekki er tekið á kampýlóbakter neins staðar.

En nei, viðvörunarorð Margrétar Guðnadóttur eru hunsuð. Fram hafa komið töflur um árangur okkar varðandi salmonellu og kampýlóbakter og maður er stoltur af því hvernig menn á Íslandi hafa tekist á við kampýlóbakter, framleiðendur og bændur. Ótrúlegur árangur hefur náðst eftir árið 1999, alveg ótrúlegur, bæði varðandi kampýlóbakter og ekki síður salmonellu. Við fengum fregnir af því í sumar að Danir eiga í verulegum vandræðum út af matvælaöryggi, þar var landlæg matareitrun í sumar. Þeir hafa átt í vandræðum með innflutning frá Frakklandi vegna þess að þeir hafa ekki getað stoppað hann í tolli. Þeir hafa neyðst til þess síðan að setja kröfur og stoppa í tolli og liggja því undir ámæli Evrópusambandsins, sem kúgaði okkur til að taka ábyrgð á Icesave-reikningunum.

Gera menn sér ekki grein fyrir því hversu mikilvæg störfin í matvælaiðnaði eru á Íslandi? Í kjördæmi mínu, Suðurkjördæmi, er matvælaiðnaður einn af hornsteinum atvinnu þar sem ekki er mikið að hafa, það sama gildir um Norðausturkjördæmi, Norðvesturkjördæmi og fleiri staði. Sjálfstæðisflokkurinn gengur gegn hagsmunum íbúa þessara byggðarlaga með framlagningu frumvarpsins, ég fullyrði það. Hvað er gert á móti til að tryggja að bændur liggi ekki undir hnefanum á einokunarsmásölunni? Af hverju komum við ekki með aðgerðir á móti því þegar 80% af versluninni er á tveimur höndum? Hvernig verður staða innlendra framleiðenda gagnvart þessum fyrirtækjum þegar er búið að leyfa frjálsan innflutning og þau fleyta rjómann ofan af? Er ekki verið að hugsa um neytendavernd þar?

Hvað með umhverfisverndina, flutninga milli landa og þar fram eftir götunum? Sama er hvar drepið er niður í þessu máli, þetta er með því firrtara sem maður hefur séð lengi, (Forseti hringir.) sérstaklega í ljósi efnhagshrunsins.

[14:34]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spurði mig nokkurra spurninga. Hann velti því t.d. fyrir sér hvort við værum að lögfesta þessa löggjöf Evrópusambandsins með öðrum hætti en Norðmenn gera. Þá er rétt að undirstrika að Norðmenn eru búnir að lögfesta þessa löggjöf. Þingmaðurinn segir að það vanti reglugerðir sem þessi löggjöf byggi á. Það vill svo til að þær reglugerðir eru í þessari möppu og alveg eins og aðrar reglugerðir hefur þeim öllum verið dreift til nefndarmanna í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Þar situr hv. þingmaður og hann getur kynnt sér þessi mál þar.

Hins vegar erum við að lögfesta þetta með öðrum hætti en Norðmenn vegna þess að við göngum lengra í lögfestingunni. Norðmenn gera það með þeim hætti að þeir eru með almennar heimildir til kóngsins, með öðrum orðum til framkvæmdarvaldsins, varðandi þessa innleiðingu. Við göngum mun lengra og okkar löggjöf er að þessu leyti miklu nákvæmari og meira í anda þess sem við gerum almennt þegar við lögfestum atriði af þessu tagi.

Hv. þingmaður spurði mig líka um salmonelluna. Eins og ég nefndi í ræðu minni er verið að vinna að því að við fáum sérstöðu okkar metna, góða sjúkdómastöðu okkar að þessu leyti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að auðvitað skiptir það mjög miklu máli og við teljum að við höfum mjög góðan málstað þar sem gerir það að verkum að við getum takmarkað innflutning á kjöti við þau svæði sem uppfylla þessi skilyrði jafnframt.

Hv. þingmaður talaði um að verið væri að opna á eftirlitslítinn innflutning. Það var eins og hv. þingmaður horfði fram hjá öllu sem verið er að setja inn í þessa löggjöf og ég gerði ítarlega grein fyrir. Bændasamtökin sendu frá sér ítarlega umsögn og í henni er fyrst og fremst vikið að því og vísað til þess að 13. gr. EES-samningsins veiti okkur rúmar heimildir til svona takmörkunar. Við göngum í sjálfu sér lengra en þessi umsögn kveður á um vegna þess að það er

sett sem skilyrði og skylda á starfandi landbúnaðarráðherra hverju sinni að setja reglugerðir í þessum efnum og það kemur fram í athugasemdunum og kom fram í ræðu minni (Forseti hringir.) að þar verður stuðst við og byggt á þeirri reglugerð sem hefur verið í gildi frá árinu 2002.

[14:36]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir andsvarið. Ég hef ekki séð þessar reglugerðir og hæstv. ráðherra mun e.t.v. upplýsa hvort hér er um drög að ræða eða eldri reglugerðir. Er um drög að ræða sem á að setja í kjölfar lögfestingar þessa frumvarps? Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur ekki haldið fund um þetta mál þannig að ég hef ekki séð hugsanleg drög að reglugerðum sem hæstv. ráðherra vísar til. Það er alveg á hreinu að Bændasamtökin og hagsmunaaðilar leggjast allir sem einn gegn þessu frumvarpi, hæstv. ráðherra, og það verður munað hverjir að þessu standa.

Ég vil hins vegar spyrja hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn að fara þá leið sem Norðmenn fara varðandi tollana? Er hann tilbúinn að hækka tolla í þeirri stöðu sem upp er komin eftir efnahagshrunið? Við stigum nefnilega það ólánsskref fyrir nokkrum árum að lækka tolla mjög verulega á landbúnaðarvörum. Nú eru gjörbreyttar aðstæður, við verðum að tryggja vinnu innan lands þannig að það eru komin ný rök í pottinn, hæstv. ráðherra, um að taka upp tollakerfi sem takmarkar þennan innflutning. Það er auðvitað aðeins ein hugsun sem á að gilda og það er að tryggja atvinnu, það er að vernda bændur. Við megum ekki missa eitt einasta bú úr rekstri á Íslandi, við verðum að fjölga búum vegna þess að við eigum að stíla upp á innlenda framleiðslu. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað ætlar hann að gera varðandi tollana og hvað ætlar hann að gera til að tryggja það að bú fari ekki í þrot? Hvað ætlar hann að gera í sambandi við virðisaukaskattinn í febrúar, hvað ætlar hann að gera í sambandi við áburðinn í vor o.s.frv.?

[14:38]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær reglugerðir sem ég vísaði til og sýndi raunar hér í eintaki eru reglugerðir sem hafa verið sendar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Þetta eru reglugerðir eins og þær koma frá þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins bæði í enskri og íslenskri útgáfu þeirra. Það er auðvitað hægt að fara yfir þær ef menn telja ástæðu til þess og það er á grundvelli þessara reglugerða sem frumvarpið er samið og lagt fram eins og ég hef þegar vikið að.

Munurinn á löggjöf okkar og þeirri sem Norðmenn hafa notað er sá að við erum með miklu nákvæmari löggjöf vegna þess að við teljum ekki eðlilegt að afhenda þetta vald með sama hætti til framkvæmdarvaldsins eins og þykir eðlilegt í lagapraxís Norðmanna. Þetta er lagapraxís sem hefur verið að ryðja sér til rúms hjá okkur og ég held að sé til fyrirmyndar.

Varðandi það sem hv. þingmaður sagði um tollana þá er það rétt að áður en ég kom í ráðuneyti landbúnaðar var tekin ákvörðun um að lækka tolla á ýmsum landbúnaðarvörum. Ég á ekki von á að sú ákvörðun verði tekin til baka. Mjög háir tollar eru á landbúnaðarvörum okkar og þegar menn ræddu það síðastliðið vor vísuðu flestir fyrst og fremst til tolla á ferskum kjúklingabringum. Annað töldu menn almennt vera fullnægjandi en varðandi fersku kjúklingabringurnar mátti kannski segja að það gæti verið umdeilanlegt. Ég hygg þó, ekki síst í ljósi þeirra gengisþróunar sem orðið hefur, að við séum með mjög fullnægjandi tollavernd fyrir okkar landbúnað, reyndar svo mikla að undan því er kvartað. Til að mynda í skýrslu Samkeppniseftirlitsins, sem kom út fyrir ekki löngu síðan, var vikið mjög að því að þessir tollar héldu uppi matarverði í landinu. Ég er að vísu ósammála því af því að ég styð þá tollvernd sem landbúnaðurinn á að hafa. (Forseti hringir.) Þetta er auðvitað gert vegna þess að við viljum tryggja búvöruframleiðslu okkar og það gerum við bæði með (Forseti hringir.) traustri matvælalöggjöf, eins og hér er verið að lögfesta, og enn fremur tollumhverfinu.

[14:40]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að karpa um reglugerðirnar, þær koma væntanlega inn á mitt borð þegar nefndin kemur saman næst og það er hið besta mál. Aðalatriðið er að löggjöfin, frumvarpið, er í óþökk hagsmunaaðila, Bændasamtakanna, það er aðalatriði þessa máls. Í því felst valdframsal sem ég hef áður mælt gegn á þingi. Lagasetningin á þessu þingi hefur stöðugt einkennst af því að ráðherra er veitt heimild til að setja reglugerðir og útfæra lög. Það heitir valdframsal, það heitir að framselja löggjafarvald til framkvæmdarvalds. Það er ekki til fyrirmyndar, hæstv. ráðherra, það er vond lagasetningaraðferð. Lagasetningin á að sýna nákvæmlega hvað á að gerast.

Það veldur mér miklum vonbrigðum að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skuli ekki, í ljósi efnahagshrunsins og kringumstæðna og þess að við verðum að styrkja undirstöðugreinar okkar, landbúnað og sjávarútveg, og að við verðum að vinna okkur út úr vandanum fyrst og fremst fyrir tilstyrk þessara greina, íhuga það alvarlega að hækka tollana á þessum landbúnaðarvörum og fara sömu leið og Norðmenn í þeim efnum. Það veldur mér líka miklum vonbrigðum að ekki skuli vera ákvæði í þessu eða látið þrælreyna á undanþágu um eftirlit í tolli, sýnatöku og eftirlit í tolli, ekki hið almenna eftirlit í matvörubúðum.

Ég verð líka að benda hæstv. ráðherra á það, sem hann veit auðvitað fullkomlega, að öll aðföng til bænda hafa stórhækkað. Vextir sem þeir glíma við eru okurvextir, gengistryggð lán þeirra hafa farið í svimandi hæðir og enn kalla ég eftir því hvað hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) hyggst gera í þeim efnum til að koma til móts við bændur.

[14:43]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Það er svo sem eftir öðru að það eru fáir þingmenn hér í þingsalnum til að ræða þessi mál. Það er auðvitað mjög bagalegt hversu fáir þingmenn sýna þessu áhuga. Það er svo sem eins og ýmislegt annað sem við erum að fást við þessa daga, það er ýmislegt skrýtið við vinnubrögð Alþingis.

Evrópusambandið setur nú þær skyldur á okkur, samkvæmt því sem ríkisstjórnin segir, að uppfylla samninga um innflutning á fersku kjöti. Við verðum að hafa landið okkar galopið fyrir því þrátt fyrir að ýmsir vari við því út frá margvíslegum forsendum og þá kannski ekki síst hvað varðar heilbrigðisvottorð. Ágætur prófessor, Margrét Guðnadóttir sem er prófessor í sýklafræði, hefur varað mjög eindregið við því að við förum þessa leið.

Þegar við erum komin í þá stöðu að þurfa að uppfylla þessa skyldu er eins og ekki séu nein rök lengur fyrir því, það bara skal gert. Þrátt fyrir að við brjótum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið hvað varðar frjálst flæði peninga út af þeim lögum sem sett voru í haust, skal þetta uppfyllt. Ég held að ef við gætum frestað því að uppfylla þessi lög um eitt ár mundum við strax bæta stöðu bænda verulega. Eftir að við skrifum undir samninginn höfum við 18 mánuði til þess að laga okkur að þessum lögum. Ég legg því til, eins og ég sagði áðan í andsvari við hæstv. ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðarmála, að frumvarpinu verði frestað um eitt ár a.m.k., að við skoðum þessi mál í ljósi stöðu lands okkar og þjóðar eftir eitt ár.

Það sem mér finnst verra við þetta er að alltaf er verið að nota sjávarútveginn sem einhverja grýlu til að knýja á um þetta. Við höfum ekki fengið neinar upplýsingar í hendurnar um það. Margir ágætir menn, m.a. úr sjávarútvegi, komu á fund sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar til að ræða þetta. Við spurðum forstjóra í sjávarútvegsfyrirtækjum, sem tengjast reyndar líka landbúnaðinum, um þessi mál. Þeir könnuðust ekki við að hafa orðið fyrir óþægindum, þvingunum eða þrýstingi. Maður áttar sig því ekki alveg á því á hvaða leið ráðuneytið er í þessu.

Síðan er verið að tala um viðbótartryggingar varðandi sjúkdóma og margt fleira. En það er auðvitað jákvætt að í íslenskum landbúnaði eru ýmsar nýjar og góðar hugmyndir, t.d. hugmyndin *frá haga til maga,* sem er mjög góð, eins heimaslátrun og síðast en ekki síst hafa bændur verið með bændagistingu. Kornrækt er líka að hasla sér völl í landbúnaði og margt annað mjög gott hefur verið gert þar og lofar góðu. Við megum því ekki leggja svona hindranir fyrir stéttina.

Búið er að fara í búvörusamningana og breyta þeim, bændur fá ekki þær hækkanir sem ákveðnar voru samkvæmt samningnum. Það er ekki á einu sviði, það er nánast á öllum sviðum sem verið er að bregða fæti fyrir bændastéttina. Ég skil ekki að við skulum leggja fram þetta frumvarp þegar við þurfum virkilega á því að halda að skapa störf fyrir Íslendinga, fólk er að missa atvinnuna. Ég tel að við hefðum betur látið það kyrrt liggja a.m.k. í eitt ár.

Eitt í þessu frumvarpi snýr að dýralæknum og dýralækningasvæðum. Ég á voðalega erfitt með að skilja þegar verið er að setja lög eins og þessi, um frjálsan innflutning á fersku kjöti, að þar skuli vera eitthvað sem snýr að dýralæknum. Ég gæti fallist á það að eðlilegt væri ef um væri að ræða einhverjar reglugerðir sem dýralæknar þyrftu að fylgjast með og það væri á þeim grundvelli. — Nei, þetta um staðsetningu og fjölda dýralækna á ákveðnum svæðum. Þessi viðbót er eins og skrattinn úr sauðarleggnum í frumvarpinu.

Í engu ráðuneyti kemur jafnoft fyrir að svona gjörólík mál eru í sama frumvarpi. Verið er að tala um áframeldi í fiskeldi en inn í það frumvarp kemur svo líka að frestað er gildistöku eða breytingu á lögum um kvóta á smábátum um þrjú ár. Ég átta mig ekkert á því og finnst þetta vera svo gjörsamlega ólík mál að ekki gangi upp að hafa þau í sama frumvarpi. Fleiri frumvörpum man ég eftir sem verið hafa með þessum hætti. Það er ótrúlegt en slíkt virðist koma oftar fyrir í þeim frumvörpum sem samin eru í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og sem við erum í stimplunardeildinni í þinginu fáum að kvitta upp á.

Við höfum verið með sennilega eitt besta matvælaeftirlit í Evrópu. Það kemur m.a. af því að við búum á eyju norður í hafi og höfum átt betra með að verjast ágangi smitsjúkdóma og öðru þess háttar í landbúnaði okkar. Þar af leiðandi hefur gæðastuðull og gæðaeftirlit verið með því besta sem gerist. Við eigum að reyna að halda því áfram.

Þetta frumvarp gerir ráð fyrir mörgum reglugerðum. Við höfum ekki séð þær en hæstv. ráðherra segir þó að þær séu á leiðinni til okkar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd sem fjallar um þessi mál og þar munum við sjá hvernig reglugerðirnar líta út. En það eru kaldar kveðjur til landbúnaðarins á Íslandi sem við sendum með þessu frumvarpi. Það er ekki nóg að við séum búin að fara inn í búfjársamninginn sem mun bitna mjög á bændum. Þessir tveir ríkisstjórnarflokkar hafa mjög misjafnar skoðanir og álit á því hvernig íslenskur landbúnaður eigi að vera yfir höfuð og er mikill ágreiningur þeirra í milli um það. Talað er um að verið sé að ríkisstyrkja íslenskan landbúnað.

Það má eflaust færa rök fyrir því. Við notum beingreiðslur og framleiðslustyrki upp á u.þ.b. átta milljarða á ári til þess að halda því gangandi. Á sama tíma og við erum að vesenast yfir þessu erum við með einhvern mesta ríkisstyrk allra þjóða í heimi sem snýr að sjávarútvegi með því að úthluta íslenskum útgerðarmönnum veiðiheimildum ókeypis, leyfa þeim að veðsetja og leigja innan ársins og selja varanlegri sölu.

Til gamans má geta þess að leiguverðið út á þau 30 þúsund tonn af þorski sem úthlutað var fyrir viku síðan er á milli sjö og átta milljarðar sem við færum útgerðinni beint í styrk. Fyrir einu og hálfu ári síðan hefði verðið og verðgildi þessara 30 þúsund tonna verið 120 milljarðar sem hefði verið sú tala sem þeir gátu notað sem viðmið. En í dag mundi veðhæfni útgerðarinnar reyndar ekki hafa lagast nema um helming eða innan við helming af þessu, eitthvað á bilinu 50–60 milljarða, við þessa gjöf til sægreifanna. Þegar við berum saman atvinnugreinar, annars vegar landbúnaðinn sem fær kannski nálægt átta milljörðum í beingreiðslur sem eru beinlínis notaðar til þess að laga og lækka matvælaverð til neytenda þannig að almenningur í landinu sem telur sig borga þessar niðurgreiðslur og beingreiðslur fær til baka, og hins vegar sjávarútveginn, finnst mönnum sjálfsagt — og kannski þeim sem býsnast hafa mest yfir þessum styrkjum í íslenskum landbúnaði, þ.e. samfylkingarfólkinu — og gerir það með glöðu geði að styrkja útgerðarmennina. Aðeins þessi 30 þúsund tonn eru svipuð upphæð í leigutekjur og síðan til viðbótar eru möguleikar á auknum veðsetningum út á gjafakvótann frá hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ríkisstjórnarflokkunum.

Bændur eiga í miklum erfiðleikum. Verið er að tala um

að 30–40% bænda séu tæknilega gjaldþrota og eins og hv. þm. Atli Gíslason benti á áðan er mjög líklegt að margir þeirra verði í mjög miklum erfiðleikum með að borga virðisaukaskatt sinn á næsta ári. Þeir verða sjálfsagt sóttir af sýslumanninum á Selfossi sem gerir út á að sækja fólk og ná því til að greiða upp skuldir sínar. Það er náttúrlega bara skammarlegt athæfi og hluti af því sem við ættum að vinna að er setja sýslumönnum lög og reglur um að þeir geti ekki hagað sér eins og ætlunin var að gera þótt sýslumaðurinn á Selfossi hafi hætt við áform sín um stundarsakir vegna afskipta dómsmálaráðherra.

Bændastéttin á eftir að gjalda fyrir þann mikla ágreining sem er á milli stjórnarflokkanna um landbúnaðarmál og verður eflaust til þess að þrýst verður á að klára þetta mál núna fyrir vorið. Ég harma það og eins og ég sagði í andsvörum við hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra áðan hvet ég ríkisstjórnina og ríkisstjórnarflokkana til að draga frumvarpið til baka og nota næsta ár til að skoða hver okkar staða verður, hvort við erum þá á leiðinni áfram veginn og hvort við höfum möguleika til þess að skoða málið aftur í breyttu umhverfi fyrir okkur öll og kannski sérstaklega bændastéttina. Við þurfum að skoða hvort þetta mál verður enn ein byrðin á Bændasamtökin og okkur sem neytum landbúnaðarafurða, íslensku þjóðina alla, hvort þessi ákvörðun íþyngi öllum þegar upp verður staðið.

[14:56]

Útbýting:

Kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna, 273. mál, frv. HHj o.fl., þskj. 490.

[14:56]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Það er nú svolítið dapurlegt að vera að ræða þetta mál eins og það er vaxið og aðstæðurnar sérstakar þegar það er komið hér á dagskrá af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og forustu þingsins. Út af fyrir sig væri þarft og brýnt að taka hér ýmis mál sem varða landbúnaðinn fyrir. En þau mættu þá gjarnan vera af öðrum toga en þetta. Þessu máli var í raun hafnað hér. Það er eiginlega ekki hægt að orða hér öðruvísi. Þessu máli var hafnað hér síðastliðið vor enda reis upp mikil andstaða gegn því innan þings og utan. Bændasamtökin, fyrirtæki í matvælaiðnaði og afurðastöðvar, fjölmörg sveitarfélög þar sem miklir hagsmunir eru í húfi í landbúnaði og matvælaiðnaði, verkalýðsfélög og fleiri aðilar, kvenfélög jafnvel létu þetta til sín taka og það reis mikil andstöðubylgja við málið. Svo fór að hæstv. ríkisstjórn heyktist á því að knýja það í gegn og það var ekki hærra á henni risið en svo að hún dró það að leggja þetta mál fram þó nokkuð fram á haustþingið, ef ég man rétt, og það er að koma hér til 1. umr. nú. Það er í sjálfu sér ekkert skrýtið þó að ríkisstjórnin sé í beyglu með þetta vegna þess að það gengur erfiðlega að sannfæra menn um, sem vonlegt er, í fyrsta lagið að það sé nauðsynlegt eða óumflýjanlegt að gera þetta með þessum hætti. Þaðan af síður gengur vel að sannfæra nokkurn hugsandi mann um að þetta sé eitthvert framfaraspor fyrir Ísland. Ég held að það fari ákaflega fátt og lágt um þau rök. Það eru nauðhyggjurökin við bara verðum að gera þetta. Þá er þetta þannig að fyrst gefa menn þetta eftir í samningaviðræðum erlendis, tiltölulega umboðslausir vegna þess að það er nú ekki kannski borið undir marga þegar ráðherra eða ríkisstjórn gefur embættismönnum heimild um að það megi leggja af stað með Ísland inn í leiðangur af þessu tagi eins og gerðist í tíð fyrri ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Nú man ég ekki nákvæmlega hvenær það var en hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er til dæmis hér til upplýsinga og heimilda um það enda mun hún vera á mælendaskrá.

Síðan gerist það þegar að ríkisstjórn ákveður í október 2007 að heimila staðfestingu á ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fela þetta efnislega í sér að undanþága okkar frá I. kaflanum í I. viðauka við EES-samninginn um upptöku löggjafar Evrópusambandsins að upptöku Evróputilskipana á þessu sviði hvað varðar matvæli og fóður er gefinn eftir. Svo koma menn til þingsins og segja: „Því miður. Þetta er ekki gott mál en við verðum bara að gera þetta og við verðum að láta okkur hafa þetta.“ Og notuð eru ýmiss konar hræðslurök eða nauðhyggjurök um að við höfum verra af ef við gerum þetta ekki og svo framvegis. Þetta er nú ekki rismikill farvegur fyrir mál yfirleitt til að bera fram á löggjafarþinginu.

Á sínum tíma þegar EES-samningurinn var gerður, svo umdeildur sem hann nú var og ekki var nú síst talsverð tortryggni í hans garð ríkjandi í sveitum og meðal bænda og landbúnaðarins og matvælaiðnaðarins, einnig í sjávarútveginum sumpart þó menn hefðu þar auðvitað ríkan skilning á þörfinni fyrir að hafa greiðan markaðsaðgang fyrir okkar vörur, að þá var þetta notað talsvert sem rök. Ég held að minni mitt svíki ekkert í því efni, herra forseti, að gegn þeim efasemdum og þeirri andstöðu sem varð við EES-samninginn og áhyggjur til dæmis sem fólk hafði af því að jarðnæði kynni að lenda í höndum útlendinga — mjög kunnugleg umræða frá Evrópumálaumræðunni í Danmörku sem leiddi til þess á sínum tíma upphaflega að Danir fengu hina frægu sumarbústaðalóðaundanþágu sem þeir halda enn ef ég veit rétt vegna þess að Danir óttuðust að hinir ríku Þjóðverjar mundu streyma þar yfir landamærin og hreiðra um sig, kaupa upp land til sumarnota eða í atvinnuskyni. Það mega Danir eiga að þeir vörðu sig að þessu leyti og hafa gert nokkuð snöfurmannlega. Þeir voru sem sagt ekki alveg á hnjánum og létu ekki allt leka niður auk þess sem danska þjóðin hefur aftur og aftur tekið í kosningum fram fyrir hendur ríkisstjórna og fellt samninga sem hún hefur komið með heim og skipað Dönum að semja upp á nýtt.

Ég held að þetta sé umhugsunarefni fyrir okkur, herra forseti, vegna þess að hér hefur það ekki enn gerst — aldrei — að íslensk stjórnvöld eða samningamenn fyrir þeirra hönd hafi staðið þannig að málum að við höfum náð fram eða varið varanlegar undanþágur eða sérmeðferð mála af okkar hálfu. Þau tilvik sem hægt er að nefna um það eru svo sárafá og þau varða í öllum tilvikum einhverja svo fáránlega hluti, einhverja svo fráleita hluti sem allir sáu að áttu ekkert erindi til Íslands eins og tilskipun um viðskipti með jarðgas eða eitthvað slíkt. Þess vegna er hér verið að gefa eftir veigamikinn og afdrifaríkan þátt sem var án efa ein af ástæðum þess að EES-samningurinn fékkst yfir höfuð samþykktur, að menn voru fullvissaðir um að að þessu leyti, þessu afar mikilvæga leyti yrði íslenskur landbúnaður

tryggur og varinn, að við gætum haldið okkar ströngu reglum sjúkdómavarna og heilbrigðisákvæðum á grundvelli undanþágunnar sem fékkst við þennan I. viðauka.

Nú þarf ekki að fjölyrða hér fyrir hv. alþingismenn um mikilvægi landbúnaðarins og matvælaiðnaðarins sem mönnum er ljósar nú í dag og við núverandi aðstæður heldur en kannski oft áður eða um langa hríð áður. Það má segja að nú lofi allir og prísi það að krötum og fleirum tókst ekki að eyðileggja landbúnaðinn. Við höfum þó þessa öflugu matvælaframleiðslu og þennan mikla iðnað sem á honum byggist. Og þjóðin hefur brugðist vel við og keypt íslenskar vörur sem aldrei fyrr.

Eftir sem áður eru miklir erfiðleikar í íslenskum landbúnaði. Það er mjög tvísýnt um framtíð margra bænda að óbreyttu. Staðan er til dæmis þannig í landbúnaði að það er með öllu óvíst hvort drjúgur hluti bænda ráði við virðisaukaskattsgreiðslur núna 1. mars næstkomandi. Það liggur alveg fyrir að bændur kvíða því og fjölmargir þeirra muni ekki kljúfa það að inna þær greiðslur af hendi. Það liggur sömuleiðis ljóst fyrir að verulegur hluti bænda mun eiga í miklum erfiðleikum að óbreyttu með að leysa út áburð í vor.

Þess vegna væri nú ánægjulegra, virðulegi forseti, ef við værum hér að ræða um það hvernig ríkisstjórnin ætlar að reyna að styðja þessa atvinnugrein gagnvart svona hlutum en að hún skuli koma hér með þetta mál sem gæti kippt fótunum undan mikilvægum greinum íslensks landbúnaðar, valdið verulegri fækkun starfa í bæði frumframleiðslu og úrvinnslu og ofan á allt saman falið í sér verulegar hættur hvað varðar hollustu og heilnæmi og manneldissjónarmið, þýtt til dæmis að sá glæsilegi árangur sem við höfum náð á sviði sjúkdómavarna og hvað það varðar að hafa ósýktar afurðir á markaði, lausar við salmonellu og kampýlóbakter og annað slíkt, að þessu sé nú öllu stofnað í hættu.

Það var mjög alvarlegt þegar fyrri ríkisstjórn ákvað að gefa það eftir og leggja upp í samningaviðræður um að við féllum frá þessari undanþágu sem við höfðum. Það er á hennar ábyrgð. Það var líka mjög alvarlegt að núverandi ríkisstjórn skyldi ljá máls á því að við tækjum þátt í þessari ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar og að það yrði fallist á að hún yrði staðfest.

Þá kemur að innleiðingunni sjálfri sem skiptir auðvitað máli þó langvænlegast sé að hafna þessu máli, þ.e. meginþætti þess. Þetta mál snýst í grunninn um afar einfaldan hlut, að hér eigi að fara að heimila innflutning á hráu kjöti og reyna svo að viðhafa svona eftir á eða í besta falli samtímaeftirlit með því að það sé ekki sýkt eða mengað eða feli í sér sjúkdómahættu. Þessum þætti málsins á auðvitað að hafna. Honum á að hafna.

Það sem ég sakna — og gaman væri að hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra mætti hér við bindast í salnum smástund eða þá að formaður landbúnaðarnefndar og sjávarútvegsnefndar svari þessu — það sem ég sakna sérstaklega er að það hefur aldrei verið kortlagt svo ég viti hvaða möguleg úrræði við ættum í þeim efnum hvað varðar þá mismunandi útgáfu af innleiðingunni og leiðir til þess að komast — við skulum bara orða það hreint út — fram hjá þeim þætti málsins að hafa hér opið fyrir innflutning á hráu kjöti. Það vill svo til að ég sat einn eða tvo fundi um þetta mál í forföllum nefndarmanns okkar í landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd og eitthvað rifjast nú upp fyrir mér í þessum málaflokki svona þegar vel liggur á mér. Ég fór að spyrja embættismenn — af því að þeir eru nú hér örugglega í hliðarsölum einhverjir sem kannast við málið: — Bíddu, hefur ekkert verið skoðað í fyrsta lagi til dæmis að aðskilja þetta með skýrum hætti hvað varðar annars vegar sjávarútvegshliðina og hins vegar þennan landbúnaðarþátt og í öðru lagi hvaða svigrúm við kunnum að hafa ef við notum okkur það til hins ýtrasta til þess að innleiða þetta á okkar forsendum og á okkar hátt þannig að við náum fram því meginmarkmiði okkar að hafa ekki opið fyrir innflutning á hráu kjöti? Ég hef ekki séð slíka kortlagningu. Ætlar virðuleg landbúnaðarnefnd þá að ráðast í að gera hana þó seint sé? Og hún á að taka sér þá góðan tíma til þess. Ekki liggur á.

Ég skal nefna dæmi um það hvað ég er hér að hugsa. Er það fullvíst, ef sá kostur verður ekki valinn sem bestur er að hafna þessu máli, er þá kannski næstbesti kosturinn og sem að mínu mati væri algert úrslitaatriði ef hægt ætti að vera að sætta sig við þetta á einhvern hátt, að við fáum og bara ákveðum að standa þannig að innleiðingunni að við gætum sett upp bannlista og bannlistalönd eða svæði og snúið þar í raun reglunum við að sjálfsögðu á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og raka sem við hefðum til þess að gera slíkt. Með öðrum orðum þá gætum við dregið upp landakortið, við gætum skoðað smitástand, sýkingarástand, sjúkdómastöðu og síðan listuðum við upp lönd jafnvel í fleiri en tvo flokka — ekki endilega bara grænt og rautt eða svart og hvítt — og hefðum slíkan lista og styddumst við þannig að það væru þá ekki nema þau lönd sem að öllu leyti uppfylltu okkar kröfur sem hefðu þennan sjálfvirka rétt að flytja frá sér og til okkar hrátt kjöt.

Nú notast Evrópusambandið sjálft við talsvert af svona regluverki. Þó hin almenna regla sé með tilteknum hætti þá eru ýmiss konar bannlistar og flokkun eftir sem áður viðhöfð. Þetta á að skoða og er að mínu mati það allra lengsta sem ég vil segja að ég fyrir mitt leyti gæti hugsað mér að ganga í þessum efnum. Og þá á að gera það. Þá eigum við að innleiða málið á þennan hátt og taka slaginn við hina háu herra um það og fara í málflutning og rökstyðja okkar mál. Við mundum þá í leiðinni kaupa okkur í öllu falli tíma og verja okkur jafnvel í nokkur ár í viðbót. Hvað væri í hættu þó það myndaðist einhver ágreiningur og skak um þetta ef við hefðum sannarlega innleitt málið, hefðum gert það á þann hátt einan sem við teljum að við getum vegna aðstæðna okkar og hagsmuna og sérstöðu?

Ég skil ekki þessa óskaplegu mýkt alltaf, þessa óskaplegu hnjáliðamýkt alltaf sem kemur upp í mönnum þegar hið háa Evrópusamband og regluverk þess á í hlut. Það má aldrei láta reyna á nokkurn skapaðan hlut. Hvað með það þó ágreiningur stofnaðist um að þeir segðu að þetta væri ekki alveg í samræmi við það sem ætti að gera og við segðum jú því vegna þess hvernig aðstæður Íslands eru þá verðum við við að gera þetta svona? Við höfum málefnaleg rök fyrir því og þau eru þessi og þessi og þessi. Málið færi svo í eitthvert ferli og þetta yrði kannski eitthvert hnoð og hver veit nema að við hefðum það upp úr krafsinu að lokum að við fengjum frið með að gera þetta á þann hátt sem væri lífvænlegur fyrir okkur.

Ég sé ekki að þessi vinna hafi verið unnin. Frumvarpið kom hér mjög illa unnið og hrátt. (Forseti hringir.) enda er landbúnaðarráðherra með það á harðahlaupum, búinn að gera á því breytingar. (Forseti hringir.) Þetta eru svona smáandlitslyftingar. En meginatriðið stendur enn og það er það sem þarf að fara út úr málinu að hér verði (Forseti hringir.) ekki galopið fyrir innflutning á hráu kjöti.

[15:12]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlýtt á þá umræðu sem hefur farið fram um matvælafrumvarpið. Í mínum huga er augljóst að málið er komið hér fyrir þingið. Það er í þinglegri meðferð. Það hefur verið samþykkt af ríkisstjórn, stjórnarflokkum og það er búið að mæla fyrir málinu í þinginu. Það mun síðan að lokinni þessari umræðu fara til þingnefndar líkt og gert var á þinginu 2007–2008. Þá átti ég meðal annars þátt í því ásamt mörgum fleirum að farið var í gegnum það frumvarp og á endanum var það ekki afgreitt. En við erum að sjá nýtt og breytt frumvarp núna með allt annarri aðkomu þeirra hagsmunaaðila sem gáfu umsögn í fyrra. Við sem eigum sæti í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd munum að sjálfsögðu fara yfir málið eins og það liggur fyrir núna og fara yfir þá hagsmuni sem íslensk þjóð hefur við hvað þetta varðar.

Ég minnist þess hins vegar að þegar að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var landbúnaðarráðherra hér á árum áður hafði hann tök á því að stöðva innflutning á rotmassa til Íslands — hv. þingmaður ræðir mikið um heilbrigðismál — en þá var kúariða í Bretlandi. Hæstv. þáverandi landbúnaðarráðherra heimilaði innflutning á rotmassa frá Bretlandi þar sem kúariða var. Ég treysti hv. þingmanni ekkert betur en þá fyrir þessu máli. Ég held því að við eigum að treysta þeirri þingnefnd sem á að vinna málið og koma því í höfn vegna þess að við vitum sem er að við verðum að innleiða matvælalöggjöfina hér vegna hagsmuna sjávarútvegsins. (Forseti hringir.)

[15:14]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú einhver ömurlegasti málflutningur sem ég hef lengi heyrt hjá hv. þingmanni vegna þess að í fyrsta lagi þá lýgur hann. Það er alltaf leiðinlegt að hlusta á þingmenn gera það. Ég trúi því ekki að hv. þingmaður sé svo illa upplýstur að hann viti ekki rétt í þessu rotmassamáli sem er 20 ára gamalt og er nú stórbrotið að taka hér inn í þessa umræðu. Veruleikinn er sá að slíkur rotmassainnflutningur var í gangi þegar ég kom í ráðuneytið og hann var stoppaður í minni tíð. Við það fóru reyndar nokkrir svepparæktendur á hausinn og kunnu mér litlar þakkir fyrir. Það var einfaldlega vegna þess að þeir sem ekki framleiddu sinn rotmassa sjálfir lentu í vandræðum. Það var sárt. En það var ekkert um annað að ræða. Þegar það kom í ljós og ég var búinn að láta skoða hvað þarna var að gerast þá var það stoppað. Þetta er nú staðreyndin í málinu. Svo kemur hv. þm. Kjartan Ólafsson hér upp og snýr þessu á haus og lýgur hinu gagnstæða. (Gripið fram í.) Þetta er svona, hv. þingmaður, og reyndu ekki að halda öðru fram. Reyndu ekki að halda öðru fram. Ég skal þá bara koma með skrifleg gögn handa þér ef þú ekki trúir þessu.

Ég stóð í ýmsu öðru slíku sem sýndi nú enga sérstaka linkind af minni hálfu þegar ég til dæmis lét henda hér tveimur fullum gámum af kartöflum sem áttu að vera frá Hollandi og vottaðar í bak og fyrir en mönnum leist tortryggilega á þær og fóru að skoða þær. Það kom í ljós að pappírarnir frá Hollandi voru einskis virði. Þetta voru í raun suðurítalskar kartöflur. Enda þótti mönnum voruppskeran í Hollandi fullsnemma á ferðinni. Ég held að það hafi verið í mars. Og það kom í ljós að þetta var þrælmengað og ekki rétt vottað og ég fyrirskipaði auðvitað að þessu yrði hent. Þá komu grátandi innflytjendur til mín og sögðust fara á hausinn. Ég sagði að það væri leiðinlegt en því miður yrði þetta svona að vera. Við teflum ekki í hættu heilbrigði íslenskra dýra og plantna og manna.

Ef hv. þm. Kjartan Ólafsson var að gefa hér í skyn í sínum upphafsorðum, það eina sem hann sagði um þetta mál áður en hann fór út í þennan leiðangur sinn að reyna að klína einhverju á mig, að málsins kunni að bíða sömu örlög aftur og þess biðu síðasta vetur, að það sé sem sagt komið hér í þinglega meðferð og kannski verði það bara látið nægja (Forseti hringir.) þá fagna ég því ef hv. þingmaður var að gefa það í skyn.

[15:16]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill beina því til þingmanna að gæta ákvæða þingskapa í ávörpum sínum.

[15:16]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess sem ég nefndi áðan um rotmassann sem heimilaður var fyrir um 20 árum þá minnist ég þess að hæstv. þáverandi landbúnaðarráðherra gaf út reglur um hvernig farga skyldi rotmassa. Það væri gaman að sjá öll þau gögn. Ég man vel eftir þeirri umræðu.

Annað sem hv. þingmaður fór yfir áðan var innflutningur á kartöflum og hann nefndi þá kartöflur frá suðlægari Evrópulöndum. Það atriði sem við þurfum virkilega að skoða hvað þennan málaflokk varðar eru upprunavottorðin vegna þess að við innflutning til Íslands er verið að brengla með þessi upprunavottorð, ekki bara af hálfu þeirra sem flytja vöru hingað, það er verið að flytja inn vöru á fölskum forsendum inn í Evrópusambandið. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að þar þurfum við að vera vel á verði.

Ég minni á, herra forseti, að við erum aðilar að EES-samningnum, við erum aðilar að alþjóðasamningnum WTO og þar er verið að opna ákveðna múra. Það er staðreynd og hefur nú þegar tekið gildi á Íslandi. Sú samningalota er enn í gangi og er ekki lokið. Það eru því víða hindranir sem við þurfum að fylgjast með. Verið er að taka niður girðingar fyrir heimsviðskipti á landbúnaðarvörum. Það er ekki einvörðungu varðandi þetta matvælafrumvarp sem við þurfum að vera vakandi fyrir hagsmunum okkar, hagsmunum heilbrigðis og matvælaöryggis, heldur líka varðandi aðra alþjóðasamninga og ég tala nú ekki um ESB-umræðuna sem hér er hamrað á eins og hávaðinn á Austurvelli í dag.

[15:19]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Reglugerð um förgun rotmassa sannar ekki mikið hjá hv. þingmanni því að það þurfti væntanlega reglur um hvernig farga átti rotmassanum sem framleiddur var innan lands. (**KÓ:** Nei, …) Eftir stendur náttúrlega sá stóri sveppaframleiðandi sem frá byrjun var svo forsjáll að útbúa sig til að geta framleitt sinn rotmassa sjálfur. En hv. þingmaður reyndi ekki að standa frekar á þessari þvælu sinni þannig að það mál er afgreitt.

Varðandi upprunavottorðin þá þekki ég það og hv. þingmaður tók undir það, að þar er ein hættan í þessum efnum sú að ekki er alltaf að treysta þeim pappírum og þeim vottorðum sem á að heita að fylgi svona vörum. Það er stórkostlega hættulegt. Ef á að heita svo að þetta sé vottorð og skoðað af okkar nágrannalöndum, sem við teljum trúverðug og ábyrg í þessum efnum, og svo reynist vera maðkur í mysunni, þ.e. að þetta sé vara sem hefur komið annars staðar að, komið þar við og fengið pappíra, þá hefur reynslan sýnt að slíkt getur verið stórkostlega varasamt. Það er bara til marks um hversu varlega menn verða að fara í þessum efnum og hversu glórulaust það er að hafa reglurnar þannig að þetta sé sjálfvirkur réttur, þetta sé opið þegar svona viðkvæmir hlutir eiga í hlut.

Varðandi GATT/Úrúgvæ-viðræður eða Alþjóðaviðskiptastofnunina þá er vissulega rétt að þar hafa lengi staðið yfir viðræður eða viðræðuþóf með árahléum um að auka viðskipti eða gera viðskipti frjálslegri með matvörur og búvörur en þar hafa Íslendingar reynt að standa í lappirnar eða gerðu a.m.k. á sinni tíð. Það vill svo til að ég tók þátt í slíku líka, Úrúgvæ-lotunni sem strandaði seint á þeim tíma sem ég var í landbúnaðarráðuneytinu. Þá stóðum við mjög fast á því að halda öllum okkar undanþágum og öllu okkar regluverki varðandi heilbrigðismál. Þáverandi yfirdýralæknir, Brynjólfur Sandholt, vann þar mjög gott verk við að rökstyðja og flytja málstað Íslands og (Forseti hringir.) honum tókst það vel og það var yfirleitt tekið gilt sem við sögðum í þessum efnum þegar búið var að útskýra hvers vegna Ísland hefði þessa miklu sérstöðu.

[15:21]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er áhugavert í ljósi þeirra ummæla sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði um landbúnaðarstefnu krata í ræðu sinni hvernig stendur á ákalli hans til Samfylkingarinnar um að koma í ríkisstjórnarsamstarf. Það er væntanlega ekki vegna landbúnaðarstefnu hennar ef skilja má orð hans rétt. Það er vitað að Samfylkingin hefur mikinn áhuga á inngöngu í Evrópusambandið með öllum þeim reglum sem því fylgir. Við erum hér m.a. með afleiðingu reglugerða Evrópusambandsins sem við verðum að taka upp samkvæmt EES-samningnum því að framkvæmdastjórnin gerði það að skilyrði þegar hún var búin að endurskoða matvælalöggjöfina að við tækjum þetta upp og undan því verður víst ekki vikist hvað sem okkur að öðru leyti finnst um það.

Hv. þingmaður beindi því til mín hvort skoðað hefði verið að kortleggja einstök svæði þar sem menn teldu vera sérstakt smitástand og þá mætti væntanlega ekki flytja inn vörur frá þeim svæðum. Evrópusambandið gengur auðvitað ekki út á aðskilja svæði þannig heldur er lagt til og gert ráð fyrir að varðandi salmonelluvarnir fylgi fullgilt vottorð hvort sem varan kemur frá Svíþjóð þar sem er talið heldur gott ástand eða Póllandi þar sem menn telja að sé heldur verra ástand.

Varðandi kampýlóbaktersmitun verður auðvitað tekið upp verklagskerfi sem byggir á því að hægt verði að skoða innflutning á vörum með tilliti til slíkrar smitunar.

[15:23]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég kannast ekki við neitt sérstakt ákall til Samfylkingarinnar þó að það sé borið mjög upp á mig núna af því að ég vísaði til þess í einu blaðaviðtali að ég hefði ekki skipt um skoðun í þeim efnum frá því að við í aðdraganda síðustu þingkosninga reyndum að mynda bandalag gegn þáverandi ríkisstjórn, enda erum við að takast hér á við sameiginlega stjórnarstefnu væntanlega Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Þetta er ekki bara mál Alþýðuflokksins eða Samfylkingarinnar. (**ArnbS:** Þú varst að vísa til landbúnaðarstefnu þeirra.) Já, ég var að vísa til landbúnaðarstefnu krata í gegnum tíðina sem hefur almennt ekki verið talin sérstaklega hliðholl landbúnaðinum og hélt að menn skildu það. En hér er stjórnarfrumvarp sem Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin standa að og Sjálfstæðisflokkurinn hleypur ekkert undan því. Hann verður að bera fulla pólitíska ábyrgð á því ef hann ætlar að láta sig hafa það að setja þetta inn og gera þetta að lögum. Mér er vel kunnugt um að það ríkir lítil hrifning víða í röðum sjálfstæðismanna eða fyrrverandi sjálfstæðismanna t.d. á landsbyggðinni um framgöngu flokks þeirra í þessum efnum. Þar ríkir lítil hrifning. Þeir þurfa t.d. ekki nema norður í Húnavatnssýslu, leiðtogar Sjálfstæðisflokksins, til að átta sig á því.

Það sem hér var spurt um varðandi möguleika á að svartlista lönd og svæði, þá var svarið hjá hv. formanni landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndar mjög fátæklegt, því að ég er að spyrja um innleiðingaraðferðina, að það sé bundið í lög að við höfum slíkar heimildir sem í raun og veru þyddu að við gætum í aðalatriðum lokað á tiltekinn innflutning vegna þess að sjúkdóma- og smitástand og aðferðafræði er að stærstu leyti til með allt öðrum hætti í þeim löndum sem líklegt er að vörur kæmu frá, að verulegu leyti hvað varðar salmonellu og nánast algerlega hvað varðar kampýlóbakter. Það ætti að geta dugað okkur að hafa allt aðrar reglur, það væri nauðsynlegt að sækja um leyfi og menn yrðu að sanna fyrir fram að varan væri í lagi ef hún kæmi hingað yfir höfuð.

[15:26]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég tel að búið sé að fara mjög vel í gegnum frumvarpið í þessum tveimur umgöngum og búið að leita allra leiða sem hægt er miðað við hina sameiginlegu löggjöf Evrópusambandsins og hvernig hægt er að passa upp á að við höfum hér einhverjar varnir. Mér er fullkomlega ljóst, og hef auðvitað farið í gegnum þá umræðu í nefndinni þegar frumvarpið var þar hið fyrra sinnið, afstaða

margra til frumvarpsins en það er líka búið að taka tillit til margra athugasemda sem komu fram við frumvarpið þegar það var til umfjöllunar í nefndinni. Auðvitað hræðast menn helst að innflutningur á hráu kjöti muni ógna matvörumarkaðnum hér og sérstaklega kjötvinnslum sem muni þá hugsanlega eiga undir högg að sækja, en eins og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fór yfir er auðvitað heilmikil vörn í tollunum og ég vona að svo verði áfram að við getum haldið uppi slíkri vörn. Komið hefur fram að ekki eru allir stjórnmálaflokkar mjög hrifnir af þeirri vörn en tollarnir eiga alla vega að gefa þá vörn sem dugar auk þeirra varna sem nú eru komnar inn í frumvarpið, að sanna verður með vottorðum að salmonella sé ekki til staðar, að ekki sé um salmonellusmitað kjöt að ræða. Eins mun verða með kampýlóbaktervarnirnar, heimilt verður að skoða innflutning á kjöti sem hugsanlega gæti verið kampýlóbaktersmitað og auðvitað verður gengið mjög hart eftir því.

[15:28]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ef svo er að búið sé að fara óskaplega vel í gegnum þetta og það verði ekkert frekar að gert, þá finnst mér ósköp einfaldlega óásættanlegt að gera þetta svona og þá verða menn að skoða, hvað gera Danir þá? Ef ekki eru færar neinar slíkar leiðir sem ég hef talað fyrir að verði skoðaðar til þrautar og mér finnst geta komið til greina að séu færar fyrir okkur að innleiða á þann hátt sem lifandi væri með af okkar hálfu.

Þegar vísað er til tollverndarinnar þá eru mikil göt í henni eins og ég veit að hv. þingmaður veit. Tollar voru lækkaðir fyrir skemmstu, því miður, á sumum flokkum sem er ákaflega tilfinnanlegt nú ef þetta á að verða og þeir reynast hættulega lágir og miklu lægri en t.d. í Noregi einmitt á sumum hráum vörum. Það eru mörg göt þar sem ég veit að hv. þingmaður þekkir. Það er það sem m.a. bæði svína- og sérstaklega kjúklingabændur óttast og matvælaiðnaðurinn, úrvinnslan, vegna þess að sá iðnaður byggir ákaflega mikið á því að hafa heildina, hafa þá umsetningu og þá samfellu sem fellur til með reglubundinni vinnslu þeirra afurða sem falla til jafnt allt árið eins og í svína- og kjúklingaræktinni. Þetta eiga allir þeir að vita sem þekkja til. Og það að við skulum vera hér með mál í höndunum sem kann að stofna í verulega hættu gríðarlegum atvinnuhagsmunum svo þúsundum starfa skiptir þegar matvælaiðnaðurinn er tekinn með. Við getum tekið t.d. Norðausturkjördæmi þar sem eru gríðarstór matvælaiðnaðarfyrirtæki eins og Norðlenska, Kjarnafæði, Fjallalamb og mörg fleiri. Í sumum byggðarlögum vegur þetta umtalsvert, er kannski eini stóri vinnuveitandinn þar eins og Fjallalamb á Kópaskeri eða Norðlenska á Akureyri og Húsavík og Kjarnafæði á Svalbarðseyri, þannig að miklu nemur. Það er dapurlegt á tímum þegar verið er að spá okkur 10% atvinnuleysi í lok ársins og kannski yfir 20 þúsund manns á (Forseti hringir.) atvinnuleysisskrá þegar kemur fram í næsta jólamánuð. Það er heldur dapurlegt.

[15:30]

Útbýting:

Reglur um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 274. mál, þáltill. ÁÞS o.fl., þskj. 492.

[15:31]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að segja nokkur orð í umræðunni um þetta mál sem við þekkjum reyndar allvel frá síðasta þingi en þá var því frestað, eins og komið hefur fram. Ég verð að hryggja hv. þingheim með því að ég mun ekki halda hér hefðbundna stjórnarandstöðuræðu vegna þess að mér finnst í rauninni ekki hægt að halda því fram sem ýmsir hafa gert að þetta mál sé flutt af einhverri illkvittni. Ég er ekki heldur neinn sérstakur stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar þegar ég segi þetta en það er bara einfaldlega þannig að við áttum engan annan kost en að innleiða þessa tilskipun og þessa löggjöf. Ég er ekki að tala um að það sé eitthvert sérstakt framfaraspor að gera það, eins og einhver nefndi áðan.

Við eigum náttúrlega þann kost að segja okkur úr EES og það getur vel verið að einhverjir mundu vilja það en meðan við erum þar eru hlutirnir einfaldlega svona og það er ekkert broslegt við það, ég veit þetta alveg. Fyrirgefið, hæstv. forseti, að ég segi svona, en ég er eldri en tvævetur og veit alveg að það er ekkert grín að innleiða ekki þær tilskipanir sem koma frá Evrópusambandinu.

Ég vil líka taka það fram að undanþágan sem við fengum með EES í sambandi við hráa kjötið var alltaf tímabundin og það kom að því að þurfti að taka það mál upp til umfjöllunar og það var gert. ESB fór að banka og vildi fá að ræða við Ísland um þessa tímabundnu undanþágu fyrir mörgum árum. Síðan kom kúariðan og það varð til þess að allt málið frestaðist og Evrópusambandið fór út í að semja heildstæða matvælalöggjöf sem nær yfir bæði fisk og kjöt og matvæli almennt. Við gátum því ekkert annað en farið í þessar viðræður og þeim lyktaði eins og hér liggur fyrir. Það hefur verið talað um að embættismenn hafi samið þetta og ekki haft pólitískan stuðning eða pólitískt bakland, sem er náttúrlega ekki rétt því að auðvitað eru hlutir bornir undir ráðherra þegar verið er að ljúka samningum.

Ýmislegt náðist fram og m.a. eitt mikilvægt atriði sem varðar innflutning á lifandi dýrum sem við höfum enn þá undanþágu gagnvart. Hvort mikið hafi verið gefið eftir, eins og hefur verið haldið fram, það er eitthvað sem hv. þingmenn geta slegið fram án þess að þekkja málið en þetta eru hlutir sem við stöndum frammi fyrir.

Ég vil halda því fram og trúi því að ef við frestum þessu öllu lengur getum við lent í erfiðleikum í sambandi við sjávarútveginn og það er reyndar þegar farið að bera á því, a.m.k. hafa komið fram vísbendingar um að svo sé. Þetta segi ég, hæstv. forseti, hér í upphafi án þess að ég haldi því fram að um eitthvert sérstakt framfaraspor sé að ræða að innleiða þetta en tel að ekki sé um annað að ræða.

Ég vil halda því fram að frumvarpið hafi tekið framförum og að tillit hafi verið tekið til ýmissa athugasemda og ábendinga sem komu fram og ég vil þakka það. Það varðar t.d. dýralæknana sem var mjög umdeilt atriði í gamla frumvarpinu. Af því að hér var nefnt að það væri einkennilegt að

þetta dýralæknamál skyldi koma inn í frumvarpið er það að hluta til vegna þess að það þarf að vera aðskilnaður á milli opinbers eftirlits og svo faglegrar þjónustu og síðan er tekið á dýralæknamálunum á breiðari grundvelli, sem ég ætla svo sem ekkert að segja að ég sé að öllu leyti ánægð með, en þetta mál hefur þó engu að síður tekið breytingum til batnaðar frá því sem upphaflega var lagt upp með. Eins og ég skil þetta, samkvæmt breytingunni, er heimild til þess að fela héraðsdýralækni að sinna tímabundið almennri þjónustu á svæðum ef ekki fást dýralæknar, og það tel ég að sé til bóta.

Það er gert ráð fyrir því að krafist sé viðbótartrygginga vegna salmonellusmits í innfluttum dýraafurðum og þá getur verið bæði um kjöt og egg að ræða, þegar Ísland getur sýnt fram á að það hafi aðgerðaáætlun þar að lútandi, eins og stendur í greinargerð. Nú óttast maður náttúrlega alltaf að þessu máli verði ekki fylgt nægilega vel eftir og sérstaklega hvað varðar þetta atriði. Mér finnst því mjög mikilvægt að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra geti fullvissað okkur um að þeim heimildum sem hafa náðst eða sem eru settar fram í frumvarpinu verði fylgt eftir og að þetta séu ekki bara orð á blaði, því þarna eru náttúrlega gríðarlegir hagsmunir í húfi fyrir íslenskan landbúnað og íslenskt þjóðfélag. Það sýnir sig í þeim hörmungum sem þjóðin er að ganga í gegnum hvað það er gríðarlegt hagsmunamál og gríðarlegur kostur fyrir Ísland að hafa öflugan landbúnað og maður þakkar fyrir að stjórnmálaöfl sem hafa verið landbúnaðinum andsnúin hafa ekki verið hér við völd til þess að eyðileggja hann. Ég legg mikla áherslu á það að stjórnvöld standi vel að málum hvað varðar þær tryggingar sem lagt er upp með í frumvarpinu, að þeim verði fylgt vel eftir og þær gerðar virkar.

Þetta snýst náttúrlega allt saman mikið um eftirlit eins og komið hefur fram. Auðvitað hefur maður áhyggjur af því líka að eftirlitið verði dýrt og þegar málið var til umfjöllunar hjá nefndinni í fyrra komu fram athugasemdir frá gestum okkar um að eftirlitið yrði flókið og það yrði dýrt og það yrði kannski að einhverju leyti óþarft. Það er svo sem ekki ný umræða á Íslandi, það hefur mikið verið gagnrýnt að við séum með margslungið eftirlit og mjög dýrt eftirlit og þetta er eitt af því sem við munum skoða vel í nefndinni aftur núna.

Svo er það Matvælastofnunin sem við munum með þessari samþykkt tilheyra. Hún hefur vissulega miklu hlutverki að gegna, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra. Eins og ég skil þetta er það gert að algjöru skilyrði til þess að við getum tekið þátt í því starfi sem þar fer fram, verði þetta frumvarp að lögum. Ég þekki ekki mjög vel til Matvælastofnunar, hún hefur það hlutverk að gefa út vísindaleg álit og áhættumat o.fl., en samkvæmt upplýsingum mínum skiptir það miklu máli fyrir Ísland að við séum þar innan dyra.

Hæstv. forseti. Við höfum frekar stuttan tíma til þess að ljúka vinnu við þetta frumvarp miðað við að það eigi að taka gildi eftir rúman mánuð og það þarf að halda vel á málum í hv. nefnd til þess að sú geti orðið raunin, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir þessu. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort umrædd gildistökudagsetning sé eitthvert heilagt mál eða hvort við getum fengið að hafa frumvarpið aðeins lengur til umfjöllunar vegna þess að þetta er mjög flókið mál og getur verið afdrifaríkt ef þar verða einhver mistök, þó að vissulega sé það rétt að gildistaka landbúnaðarþáttarins eða þess sem er viðkvæmastur er ekki fyrr en 1. nóvember 2010.

Auðvitað er ekki hægt að neita því, hæstv. forseti, að það er rennt dálítið blint í sjóinn með þetta mál allt saman því við vitum ekkert hversu mikill innflutningurinn verður en einhver kemur hann örugglega til með að verða. Miðað við það gengi sem við búum við í dag þá hjálpar það að sjálfsögðu í sambandi við að bæta samkeppnisstöðu Íslands en það er náttúrlega enginn sem óskar sér þess að við sitjum uppi með krónuna eins og hún er í dag til frambúðar.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um eitt sem hefur komið fram opinberlega, hvort það sé tilfellið að smásalan sé tilbúin að aflétta því fyrirkomulagi sem hefur verið við lýði og snýst um skilaskyldu. Bændur hafa kvartað mjög mikið yfir því og þeir óttast, sem skiljanlegt er, að matvöru verði raðað þannig upp í verslunum að innflutta kjötið verði framan við og séð verði til þess að það seljist því það er væntanlega flutt inn af eigendum viðkomandi verslunar en íslenska kjötið verði haft bak við vegna þess að verslunin hefur hingað til getað skilað því. Ef hægt er að ná fram breytingum hvað þetta varðar finnst mér það skipta máli. Þetta hef ég heyrt að geti komið til greina og vil spyrja frekar út í það.

Eins og ég nefndi áðan hefur viðhorf til landbúnaðar breyst mjög mikið nú í kreppunni og það er ekki nokkur vafi á því að landbúnaðarframleiðsla á Íslandi er til fyrirmyndar. Við erum með gríðarlega góða vöru og þess vegna stöndum við kannski betur að vígi en ella því okkar vara er mjög samkeppnishæf. Og maður hefur heyrt frá öðrum þjóðum að það er ekki endilega þannig alls staðar. Þegar Finnar gengu í Evrópusambandið kom í ljós að þeir vildu áfram halda sig við finnska vöru frekar en innflutta vegna þess að hún var einfaldlega betri. Ég trúi því að eitthvað svipað gæti verið uppi á teningnum hér.

Að lokum vil ég segja við hæstv. ráðherra, af því að ég hef ekki staðist þá freistingu að stríða honum svolítið á ræðunni sem hann hélt í Valhöll eftir að hann hafði mælt fyrir gamla frumvarpinu á hv. Alþingi og var alveg gríðarlega stoltur yfir því frumvarpi, þessari nýju matvælalöggjöf sem væri bara stórkostlegt hagsmunamál fyrir neytendur og mikil tækifæri, það væri svo mikil fjölbreytni í kjötborðunum og barði sér mjög á brjóst þarna í Valhöll á sínum tíma út af þessu frumvarpi. Nú hefur hann ekki haldið þá ræðu hér, a.m.k. ekki enn þá, og ég spyr hvort hann vilji ekki koma hérna í stólinn og viðurkenna að ræðan sem hann hélt í Valhöll á dögunum hafi ekkert verið honum til sérstaklega mikils sóma.

[15:44]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir var, þegar við höfðum fyrra frumvarpið til meðferðar, helsti talsmaður eða stuðningsmaður frumvarpsins í meðförum í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og við körpuðum um það á flestum fundum nefndarinnar. Það er gott og blessað, en það var alltaf sagt: Við áttum ekki annan kost, við stöndum

frammi fyrir þessu.

Ég verð að segja að ég trúi því ekki fyrr en ég sé skjöl um það eða tek á því að við höfum ekki átt kost á því að semja um að hér væri matvælaöryggi og eftirlitskerfi við lýði sem væri betra en í Evrópusambandinu. Reyndi á það, hv. þingmaður, í umræðunum eða ekki?

Því hefur enn fremur verið borið við að við fáum stöðu þriðja ríkis varðandi sjávarútveginn, því var haldið fram í upphafsmeðferð í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Það var hrakið í nefndinni og sá sem rak smiðshöggið á þá hrakningu var Þórólfur Gíslason, sá merki útvegsmaður, samvinnumaður og kaupfélagsstjóri með meiru frá Sauðárkróki. Hann sagði að svo væri ekki og þar með fór það, og fleiri tóku undir þau orð.

Tilefni þess að ég kem hér upp (Gripið fram í.) er að spyrja hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur hvort hún endurómi skoðun Framsóknarflokksins eða hvort hún hafi sérstöðu þar, því ég skildi ummæli af nýlegum fundi flokksins þar sem flokkurinn kaus sér nýjan formann á þann veg að það andaði köldu í garð þessa frumvarps. Nú hef ég ekki þau ummæli sem ég er að vísa til en mig minnir að nýkjörinn formaður hafi — mig minnir það, ég verð að hafa þann fyrirvara á því — lagst gegn þessu frumvarpi. Ég spyr því enn og aftur: Túlkar hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir afstöðu Framsóknarflokksins í málinu og styður flokkurinn frumvarpið?

[15:47]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má vel vera að andi köldu í garð þessa frumvarps en engu að síður stendur maður frammi fyrir því að það verði að samþykkja það. Það er ekkert framfaraspor að innleiða þetta að mínu mati, þetta er engin óskastaða. En ég bara get ekki, þó að ég sé í stjórnarandstöðu í dag, farið að halda hér fram einhverju sem ég veit að er ekki hægt og sem er bara vitleysa. Mér er það algerlega ómögulegt. Með fullri virðingu fyrir hv. þingmanni þá finnst mér eins og falskur hljómur sé í þessum málflutningi hans vegna þess að ég trúi því ekki, eftir alla þá umfjöllun sem málið hefur fengið, að hann sé ekki orðinn þeirrar skoðunar að þetta sé hluti af því að vera á Evrópska efnahagssvæðinu. Það er ekkert hægt að ganga að einhverju hlaðborði þar og taka bara það sem mann langar í, það er bara ekki þannig.

Ég kannast kannski ekki við að ég hafi verið helsti stuðningsmaður málsins en ég hef reynt að fjalla málefnalega um það og tala um staðreyndir. Þetta er eiginlega ekki spurning um pólitík. Pólitíkin er reyndar sú jú að setja þær varnir sem mögulegt er og ég vil náttúrlega fara betur yfir það í nefndinni. En ég tel að frumvarpið hafi batnað með þeim breytingum sem nú liggja fyrir.

En þetta varðar það að búið er að setja á samræmt kerfi hjá Evrópusambandinu sem snerta matvæli og ekki er gerður greinarmunur á fiski og kjöti. Þetta gæti því bitnað á útvegi okkar og útflutningi á fiskafurðum, sem eru okkur gríðarlega mikilvægar, ef við drögum það mikið lengur að innleiða þessa tilskipun.

[15:49]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginerindi mitt til andsvara og athugasemda var einföld spurning, hvort hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir túlkaði þá afstöðu Framsóknarflokksins eða væri að lýsa sínum persónulegu og málefnalegu skoðunum á frumvarpinu. (Gripið fram í.) Er það svo að Framsóknarflokkurinn styðji frumvarpið? Auðvitað verða bændur og hagsmunaaðilar og landsbyggðin öll að fá það á hreint.

Ég spyr líka hv. þingmann hvort hún sé tilbúin að taka slaginn með okkur og fara út í viðræður. Jafnvel að fara út til Brussel strax á næstu vikum og taka upp viðræður og lýsa fyrir stjórnvöldum þarna úti kerfinu okkar í þessum efnum. Að við séum til fyrirmyndar í Evrópu og jafnvel í öllum heiminum um matvælaöryggi hvað varðar salmonellu, kampýlóbakter og svo margt fleira. Og lýsa fyrir þeim sérstöðu okkar að öðru leyti hvað varðar þau dýrakyn sem við búum við, bæði kúakyn og sauðfé, og taka það upp. Ég hef enn ekki séð það af gögnum málsins að þessar röksemdir hafi verið settar fram og gerðar kröfur vegna þessarar sérstöðu.

Staðan er einfaldlega þannig hjá Dönum núna — þeir eru með þessa löggjöf — að þeir hafa nánast í nauðvörn bannað innflutning á kjúklingum frá Frakklandi, að ég held, vegna þess að upp komu þvílíkar matarkveisur í Danmörku á síðasta ári að til mikilla vandræða horfði og sjúkdóma sérstaklega fyrir eldra fólk.

En enn og aftur ítreka ég: Túlkar hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir afstöðu Framsóknarflokksins og er hún er tilbúin að taka slaginn og fara út og þrautreyna það hvort við náum hagstæðari samningum því ég heyri að hún er ekki sérstaklega ánægð?

[15:51]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei, ég er ekki tilbúin að fara út með hv. þingmanni og reyna að ná betri samningum. Ég þekki bærilega til í utanríkisráðuneytinu og ég veit alveg að það var mikið reynt að ná enn betri samningi — ég tel að ýmsir hlutir hafi náðst fram — en það gekk ekki.

Ég mundi ekki vilja opna þennan samning gagnvart Evrópusambandinu vegna þess að þá gætum við staðið frammi fyrir því að missa þó það út sem náðist fram. Eins og t.d. það sem varðar lifandi dýr.

Afstaða Framsóknarflokksins í þessu máli hlýtur að koma fram í atkvæðagreiðslu. Ég hef talað með þessum hætti og sit í nefndinni og við skulum þá bara sjá til hvernig málið kemur út úr nefnd og til atkvæða. Það er engin ástæða til að vera með stórar yfirlýsingar um það hér á þessari stundu. Þetta er nú 1. umr. og mikið starf eftir í nefndinni en ég hlakka til að halda áfram að ræða þetta mál í hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

[15:52]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spurði mig tveggja spurninga varðandi þetta frumvarp. Varðandi gildistökuna vil ég segja að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að gildis-

takan sé 1. mars og síðan það sem snýr að landbúnaðinum sjálfum átján mánuðum eftir það.

Það er hins vegar enginn vandi fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd að breyta gildistökutímanum ef nefndin kýs að gera það þannig. Þessi dagsetning, 1. mars, er bara sett fram í ljósi þess að frumvarpið var lagt fram hér í desember og við svona horfðum til þess að það væri kannski ekki alveg óraunhæft að ljúka því í tæka tíð þannig að gildistakan gæti verið 1. mars þar sem það ætti við. Þar sem ekki þyrfti þennan lengri aðlögunarfrest. En þetta er auðvitað hlutur sem nefndin tekur afstöðu til í ljósi þess hvernig málinu vindur fram þar.

Varðandi smásöluna og skilaskylduna þá er kannski ofmælt að segja að smásalan í heild sinni hafi lýst því yfir að þau væru tilbúin að falla frá skilaskyldunni. Ég hef hins vegar rætt við framkvæmdastjóra stórrar verslunarkeðju sem hefur sagt, og jafnframt gefið mér heimild til þess að segja það, að þau væru tilbúin að falla frá skilaskyldunni með sérstökum hætti. Þetta er hlutur sem ég held að væri bara æskilegast að nefndin aflaði upplýsinga um t.d. með því að kalla fyrir fulltrúa þessara stóru fyrirtækja eins og Haga og Kaupáss til að heyra það hvort þetta sé ekki þannig.

Ég hef hins vegar vakið athygli á því að þetta mál sem snýr að samkeppnisþættinum sé kannski eitt af því stærsta sem þurfi að ræða í þessu samhengi. Ég hef raunar tekið þetta sjálfur upp við Samkeppniseftirlitið og talið að sérstakt tilefni væri til, m.a. út af þessu frumvarpi og ýmsum öðrum ástæðum bara vegna þeirrar stöðu sem uppi er, að fara betur ofan í þau mál.

[15:54]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessi svör. En vill hæstv. ráðherra ekki aðeins tala um ræðuna sem hann hélt í Valhöll?

[15:54]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hógværð mín kannski meinaði mér það að taka undir með hv. þingmanni að reyna að dæma hvort þetta væri góð eða slæm ræða. Mér fannst hún reyndar mjög góð þegar hún var flutt og eins og hún kemur upp í koll minn svona löngu síðar þá fannst mér hún enn þá hafa verið býsna góð.

Ég hef síðan haldið mjög margar ræður um þetta matvælafrumvarp víða um landið og ég held að ég hafi alls staðar talað með sama hætti. Ég hef reynt að gera grein fyrir út á hvað efni frumvarpsins gengur. Það muni væntanlega leiða til þess sem hv. þingmaður sagði en hins vegar séu miklar varnir í frumvarpinu og þær varnir hafa verið styrktar.

Þannig að það getur verið að eitthvað af því sem ég sagði í Valhöll fyrir ári eigi ekki alveg eins vel við og það átti þá af því að það er búið að styrkja svo mikið varnirnar í frumvarpinu. Það er gert með skírskotun til 13. gr. EES-samningsins og það er gert með pósitífum hætti eins og gert er í frumvarpinu. Þannig að ég geri ráð fyrir því að það sem ég sagði í Valhöll standist ekki alveg tímans tönn af því ég gerði þessar breytingar á frumvarpinu.

[15:55]

Útbýting:

Samfélagsáhrif virkjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi, 252. mál, svar iðnrh., þskj. 491.

[15:56]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Hér er á dagskrá afturganga, frumvarp sem drepið var á fyrra þingi. Bændasamtökin stóðu fyrir því en það hefur nú verið magnað upp aftur og lagt fyrir á nýjan leik. Mér finnst leggjast lítið fyrir hv. fyrrverandi formann Framsóknarflokksins, hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, að segja að Íslendingar hafi ekki átt annan kost en þann að kyngja þessari tilskipun Evrópusambandsins. Það var aldrei látið á það reyna. Það hefur skort á að leggja fram sannanir um það og ég segi bara: Þakka skyldi að innflutningur á lifandi dýrum var ekki heimilaður líka.

Ég nefndi í ræðu fyrr í dag forgangsröðun ríkisstjórnarflokkanna, þessarar vanhæfu ríkisstjórnar sem hér situr trausti rúin og ber nú fram matvælafrumvarpið öðru sinni. Það er nöturlegt að þessi ríkisstjórn hefur lagt sig fram um að ráðast sérstaklega að bændum í skjóli kreppunnar. Kreppan hefur verið notuð til að ráðast sérstaklega að bændum og nú vil ég, herra forseti, flytja nokkur rök fyrir þessum fullyrðingum mínum.

Ég vil minna á þá beinu kjaraskerðingu sem ríkisstjórnin lagði upp með og framkvæmdi með fjárlagafrumvarpinu í bandorminum fyrir jól þar sem annaðhvort 1.100 eða 1.300 millj. kr., ég man ekki hvort heldur er rétt, voru teknar beint af bændum. Það er kjaraskerðing upp á 1.100 eða 1.300 millj. kr. (**Gripið fram í:** 800.) 800, er sagt úr sal, ég skal viðurkenna að ég man ekki þessar tölur en þessi beina kjaraskerðing skipti hundruðum milljóna. Hvernig var það gert? Það var gert með svikum á búvörusamningum með því móti að verðbætur á búvörusamningana voru teknar af, reyndar á nákvæmlega sama hátt og verðbótin á lífeyrisgreiðslum til 3/4 hluta öryrkja og ellilífeyrisþega var tekin af. Þessir hópar, bændur annars vegar og öryrkjar og ellilífeyrisþegar hins vegar, eiga að fá 5,7% verðbætur á launin sín eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu áður en kreppan skall á. Verðbótakúfurinn var tekinn ofan af þar. Það var í lagi. Þá skipti engu máli að verðbólgan og verðbæturnar sem búið var að semja um við bændur, ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega voru í takt við verðbólguna sem samkvæmt nýrri spá í dag verður um 13% á þessu ári. (**Gripið fram í:** Það er góð ríkisstjórn.) Það er svo góð ríkisstjórn, já. Það er vanhæf ríkisstjórn sem gengur svona fram og leggur sig sérstaklega fram um að ráðast gegn bændum. Þessi beina kjaraskerðing sem ég hef nefnt er ekki nóg.

Ég vil minna á að bændur hafa tekið verðtryggð lán, bæði til kaupa á húsnæði og til kaupa á búmarki. Ég hlýt að spyrja hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hvernig hann ætlar að fara með það misgengi sem þarna mun myndast vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar með kjaraskerðingunni og svikunum á búvörusamningnum. Ætlar ráðherra að beita

sér fyrir því að felldar verði niður skuldir á móti á sama hátt? Við þingmenn Vinstri grænna höfum lagt fram frumvarp um að taka með nákvæmlega sama hætti verðbótakúfinn af verðtryggðum lánum með sama orðalagi og þessi vanhæfa ríkisstjórn gerði þegar hún tók af verðbótakúfinn gagnvart bændum og eins gagnvart öryrkjum og ellilífeyrisþegum. En það var ekki aðeins að það væri þessi beina kjaraskerðing á búvörusamningnum sem bændur urðu fyrir. Með einu pennastriki voru niðurgreiðslur á raforku á köldum svæðum skornar niður um 400 millj. kr. ef ég man rétt. Enn segi ég „ef ég man rétt“ því að ég hef ekki fjárlagafrumvarpið hér fyrir framan mig. (Gripið fram í.) Nei, það voru ekki 200, það voru örugglega 400 ef ekki 600 en það skiptir kannski ekki öllu máli. Aðalatriðið er að þetta munar bónda við utanverðan og austanverðan Eyjafjörð á sæmilegu sauðfjárbúi um 150 þús. kr. á ári. Hvað skyldi það nú vera, herra forseti? Það eru mánaðarlaun bóndans. Bara þessi ákvörðun vanhæfrar ríkisstjórnar um að skerða niðurgreiðslur á köldum svæðum kostar bóndann ein mánaðarlaun fyrir utan þá kjaraskerðingu sem ég nefndi áðan með svikunum á búvörusamningnum.

Hvernig skyldu svo bændur standa núna í dag? Í febrúar, eða mars líklega, eiga bændur að standa skil á virðisaukaskatti fyrir síðasta sex mánaða tímabil en það er aðaltekjutímabil bænda. Við vinstri græn höfum verið á fundum úti um allt land síðan kreppan skall á og bændur gera sér alveg grein fyrir því hver staðan er. Þeir fullyrða á þessum fundum að 70–80% af yngri bændum geti ekki staðið skil á þessum virðisaukaskatti, það sé útilokað mál. Virðisaukaskattsgreiðslan verði mörgum bóndanum jafnvel ofviða að ekki sé talað um það sem þarf að gera þar á eftir, þ.e. að kaupa áburð sem hefur hækkað alveg gríðarlega í verði frá því í fyrra. Ég vil spyrja hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þessarar vanhæfu ríkisstjórnar: Hvað verður ef ekki verður borið á tún á Íslandi í sumar? Er það kannski allt í lagi? Eigum við bara að flytja inn kjöt? Er það þess vegna sem þetta frumvarp er komið hér inn frá þessari vanhæfu ríkisstjórn? Það er líklega skýringin. Þetta er eitthvert fráleitasta mál sem hér hefur verið borið upp á þinginu. Þetta er á vísun á salmonellusýkingar og kampýlóbaktersýkingar. Þetta er atlaga að fæðuöryggi og matvælavinnslu í landinu.

Ég var ekki alveg búin með bændurna vegna þess að það hefur orðið gríðarleg aukning á neyslu á íslenskum landbúnaðarafurðum eftir að kreppan skall á. Það var mesta dilkasala síðan 1993 í desember sl., 550 tonn af lambakjöti fóru úr verslunum og inn á borð landsmanna í desembermánuði. Það er auðvitað mjög mikilvægt við þær aðstæður sem við búum að auka og efla neyslu innlendra afurða og matvæla. Með því spörum við gjaldeyri, drögum úr innflutningi og aukum atvinnu í landinu en það er akkúrat það sem á að gera. Þetta frumvarp fer þvert gegn því öllu. Þar er stefnt að innflutningi á fæðu sem er ótryggari heilsufarslega en sú sem við höfum nú, sóar gjaldeyri, eykur innflutning og dregur úr atvinnu. Hér heggur nefnilega sá sem hlífa skyldi. Við þurfum á öllum vinnandi höndum að halda á Íslandi ef við ætlum að komast yfir hrunið og klúðrið sem þessi vanhæfa ríkisstjórn hefur staðið fyrir eftir það. Við þurfum ekki á því að halda að bæta í hóp atvinnulausra á landinu uppflosnuðum bændum eða starfsmönnum mjög öflugra matvælafyrirtækja hringinn í kringum landið.

Við þurfum heldur ekki á því að halda að loka matvælafyrirtækjum í landinu vegna óhollra, ódýrra, innfluttra — þess vegna rándýrra — matvæla heldur eigum við að stefna að því að fullvinna matvæli úr auðlindum lands og sjávar og gera Íslendinga og matvælaframleiðslu okkar eins sjálfbæra í þeim efnum og mögulegt er. Við eigum að framleiða matvöruna sem næst markaðnum og sjálfbær matvælaframleiðsla á að vera markmið okkar og stolt. Við getum líka verið stolt yfir matvælaframleiðslunni á Íslandi og vegna þess að ég hef verið að tala um hvernig þetta frumvarp kemur við bændur og hvernig ríkisstjórnin kemur fram við bændur ætla ég aðeins að segja að það skiptir okkur neytendur á höfuðborgarsvæðinu, þar sem um 190 þúsund manns búa, gríðarlega miklu máli að halda uppi byggð í landinu öllu og treysta íslenskan landbúnað. Það skiptir okkur miklu máli að hafa aðgang að góðum og hollum matvörum. Það hefur sýnt sig núna í kreppunni að neytendur eru tilbúnir til að gera það sem skynsamlegt er, það sem hagsýnar húsmæður gera, að kaupa innlent.

Mig langar til að vísa aðeins til álits Margrétar Guðnadóttur prófessors. Ég er ein af þeim heppnu sem hafa notið kennslu Margrétar Guðnadóttur í gegnum tíðina. Ég virði álit hennar sem fagmanns margfalt meira en einhverjar tilskipanir frá Evrópusambandinu þar sem misvitrir embættismenn sitja — og gera hvað? Horfa á málin út frá tálsýninni um frelsi markaðarins. Allir vita hvert sú tálsýn, sú nýfrjálshyggja, fjórfrelsið, markaðsvæðingin hefur leitt okkur. Nei, ég held mig frekar við álit Margrétar Guðnadóttur sem bendir á það í áliti sínu frá því í ágúst í fyrra um sama mál hversu mikilvægt það er að halda inni öllum þeim undanþágum sem við fengum við inngönguna í Evrópska efnahagssvæðið. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Atli Gíslason sagði áðan: Það var aldrei látið á þetta reyna þannig að það bíður nýrrar ríkisstjórnar, vona ég, þegar þessi vanhæfa ríkisstjórn er farin frá.

Ég vil minna á að sú sérstaða sem undanþágur okkar byggðust á er óbreytt. Við erum eitt einangrað eyland úti í ballarhafi, það hefur ekkert breyst. Við erum enn með landnámskynin okkar, bæði í hefðbundnum landbúnaði, þ.e. bæði kúakynið og sauðfjárkynið. Reyndar skulum við ekki gleyma íslenska hestinum í því sambandi og öðrum dýrategundum svo sem líka. En það hefur tekist mjög vel að varðveita eiginleika þessara landnámskynja og mjög miklu hefur verið kostað til í þeim tilgangi að útrýma mæðiveiki, þurramæði, votamæði og visnu, eins og tókst vel að gera. Vita neytendur að bæði visna og mæði eru landlægar í sauðfjárkynjum og geitastofnum í sunnanverðri Evrópu? Vita neytendur að þetta frumvarp sem þessi vanhæfa ríkisstjórn leggur fyrir þingið heimilar innflutning á þessu kjöti frá þessum sýktu svæðum, hráu kjöti?

Riða er líka landlæg í Suður-Evrópu. Ég ætla að nefna aðeins kjúklingaræktina á þessum örfáu sekúndum sem ég á eftir. Ég vil mótmæla því sem hv. formaður landbúnaðarnefndar, Arnbjörg Sveinsdóttir, sagði áðan að það væri nóg ef sett væri upp verklagskerfi þannig að heimilað væri að skoða innflutning og leita að kampýlóbakter þar. Við eigum eitt besta kerfi til útrýmingar á kampýlóbaktersmiti í heim-

inum. Tekið er sýni af hverri einustu slátrun. Hún er upprunamerkt og ef það finnst vottur af kampýlóbakter í því er öll slátrunin fryst og komið í veg fyrir útbreiðslu sýkilsins. Þetta er ekki hægt gagnvart erlendum framleiðendum og það veit þingmaðurinn mætavel.

Mér þykir miður, herra forseti, að tími minn er búinn en hér er um stórmál að ræða, ekki síst fyrir neytendur.

[16:11]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég gerði að umtalsefni í fyrri ræðu minni álit Margrétar Guðnadóttur, sérfræðings í sýklafræðum, en vannst ekki tími til frekari tilvísana. Ég kom mjög stutt inn á það. Í þessu áliti segir hún að með frumvarpinu sé verið að fella niður mikilvægar undanþágur og að það sé meingallað og vanhugsað frumvarp. Hún geti ekki hugsað sér að það verði að lögum og það sé ávísun á stórslys í framtíðinni. Þetta mælir einn fremsti og virtasti fræði- og vísindamaður á sviði sýklafræði í heiminum. Hún segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Við búum hér á eyju fjarri löndum þar sem landlægir smitsjúkdómar eru miklu færri en á meginlöndum. Bústofnar okkar komu hingað á landnámsöld, hafa lítið blandast öðrum stofnum síðan og eru mjög viðkvæmir fyrir innfluttum smitsjúkdómum, enda ekkert ónæmi hér gegn sjúkdómum sem okkar búfé hefur aldrei haft nein kynni af. Gott dæmi er hrossasjúkdómur sem barst hingað í fyrsta skipti fyrir nokkrum árum og breiddist út nákvæmlega eins og inflúensufaraldur í fólki gerir ef nýtt, áður óþekkt afbrigði af veirunni kemur upp.

Á liðnum árum hafa innfluttir búfjársjúkdómar valdið miklum búsifjum, t.d. votamæði, þurramæði, visna, riða og garnaveiki. Votamæði, þurramæði og visnu var útrýmt með allsherjarniðurskurði á sauðfé á svæðinu norðan úr Þingeyjarsýslum austur í Skaftafellssýslur, sauðleysi á öllu þessu svæði í 1–3 ár eftir niðurskurðinn, síðan fjárskiptum með tilheyrandi afurðatapi bænda. Þannig hurfu þessir skæðu sjúkdómar úr landi. Langar einhvern í þá aftur hingað? Þeir finnast á öllu svæði Evrópusambandsins, berast með öndunarsmiti, mjólkursmiti og blóðsmiti og eru mjög algengir í Miðjarðarhafslöndum Evrópu ef litið er til einkennalítilla smitbera. Ég ætla rétt að vona að enginn fari að flytja hingað hrátt lambakjöt af þessum svæðum sem færi á grillin úti í íslenskri náttúru þar sem forvitnar sauðkindur kæmust í leifarnar.“

Svo mörg voru þau orð.

Hún tekur líka fram eða segir orðrétt í áliti sínu, með leyfi herra forseta:

„Verði þetta frumvarp að lögum verður dreift í verslanir landsins innfluttu hrámeti sem kannski hefur verið ófrosið á margra daga ferðalagi við mismunandi hitastig svo margs konar bakteríur, líka þeir stofnar salmonellu og saurgerla sem aldrei hafa fundist hér hafa fengið gott tækifæri til að fjölga sér. Ef slíkt gerist geta slíkir stofnar orðið skæðir skaðvaldar hér í mönnum og skepnum. Til eru margir salmonellustofnar. Sá skæðasti, salmonella typhi, taugaveikibakterían, var hér landlæg og olli mörgum dauðsföllum en var útrýmt á fyrstu áratugum síðustu aldar.“

Átta menn sig ekki á því hvaða stórhættu stefnir í, hvaða stórslys stefnir í? Hún talar líka um kúariðufaraldurinn í Bretlandi og kemst að þeirri niðurstöðu að ESB-reglurnar hafi verið gagnslausar í þeirri baráttu, meira að segja leitt til deilu milli Frakka og Englendinga út af því. Hún segir orðrétt, með leyfi herra forseta:

„Hvort sem litið er til hollustu matvæla eða sóttvarna er auðvitað eðlilegast að búvörur séu framleiddar sem næst neytandanum undir faglegu heilbrigðiseftirliti en ekki geðþótta markaðslögmálanna. Það er engin ástæða til þess að búvöruframleiðsla á Íslandi sé eyðilögð eins og nú stendur til. Sjálfbær matvælaframleiðsla á að vera markmið og stolt hverrar þjóðar og við eigum alls ekki að láta blaður óábyrgra manna komast upp með að eyðileggja hana.“

Hún rekur síðan í greinargerð sinni fjölda sjúkdóma sem hafa komið til landsins á 52 ára starfsferli hennar og nefnir þar að lokum alnæmisfaraldurinn. Lokaorð hennar eru þessi, með leyfi herra forseta:

„Að lokum vil ég minna á þá staðreynd að margar kynslóðir af góðu fólki lögðu á sig ómælda vinnu til að koma íslensku heilbrigðisástandi að matvælaeftirliti þangað sem það er núna. Það gerðist ekki á einum degi með samþykkt laga heldur með þrotlausri vinnu. Höldum henni áfram, göngum ekki aftur á bak þó að það sé miklu auðveldara að brjóta niður en byggja upp.“

Hefjum, herra forseti, viðræður að nýju við Evrópusambandið og gerum þeim grein fyrir staðreyndum þessa máls.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sjútv.- og landbn.

Fundi slitið kl. 16:17.

---

72. FUNDUR

mánudaginn 26. janúar,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Bókhald, stjfrv., 244. mál, þskj. 361. — 1. umr.
3. Ársreikningar, endurskoðendur og skoðunarmenn, stjfrv., 245. mál, þskj. 362. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv. n.
Guðfinna S. Bjarnadóttir, 3. þm. Reykv. n.
Kolbrún Halldórsdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Slit stjórnarsamstarfs.

[15:04]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er lokið. Ég mun ganga á fund forseta Íslands í dag kl. 16 og biðjast lausnar fyrir mig og ráðuneyti mitt.

Rétt er að gera þingheimi grein fyrir því að ekki er um málefnalegan ágreining að ræða milli flokkanna heldur hefur krafa Samfylkingarinnar um að taka við forsætisráðuneytinu valdið trúnaðarbresti sem ekki er yfirstíganlegur. Öllum má vera ljóst að krafa um að stjórnarforustan flytjist á milli flokka í ríkisstjórn getur ekki leitt til annars en stjórnarslita.

Ég vil þakka hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, persónulega fyrir það samstarf sem við höfum átt sem formenn stjórnarflokkanna. Þar hefur engan skugga borið á. Ríkisstjórnin hefur unnið mikið verk við ótrúlega erfiðar aðstæður síðustu vikur og mánuði. Það gengur kraftaverki næst að hér á landi skuli vera starfhæft bankakerfi eftir hrun fjármálakerfisins í byrjun október. Vel hefur miðað í undirbúningi endurreisnar og uppbyggingar í samfélaginu. Um það bil 100 atriði, lagabreytingar, reglugerðarbreytingar og stjórnvaldsákvarðanir, hafa komið til framkvæmda eða verið ákveðnar á þessum tíma. Það er ekki hægt að gera kraftaverk á hverjum einasta degi, allir sjá það, en stundum stendur upp á okkur krafa um að gera einmitt það.

Því miður hefur það nú gerst sem ég óttaðist allan tímann frá því að bankahrunið varð í byrjun október að stjórnarkreppa mundi bætast ofan á efnahagskreppuna. Ég skora á þingmenn alla að rísa nú undir þeirri ábyrgð sem þeim hefur verið falin af þjóðinni og búa svo um hnútana að þær viðamiklu björgunaraðgerðir sem nú eru í gangi fari ekki út um þúfur í stjórnleysi og upplausn. Ekkert okkar er mikilvægara en hagur þjóðarinnar og við verðum öll að ganga í takt næstu vikur og mánuði þar til kjósendur velja sér nýja fulltrúa. Þetta er verkefni sem nú blasir við okkur á hinu háa Alþingi og við sjálfstæðismenn munum að sjálfsögðu ekki hlaupast undan þeirri ábyrgð.

[15:07]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Herra forseti. Ágætu þingmenn. Eins og forsætisráðherra sagði réttilega hefur þessu ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar verið slitið og forseta verður væntanlega gerð grein fyrir því síðar í dag. Forsætisráðherra sagði að ástæðan fyrir því væri ekki málefnaleg ástæða heldur sú að Samfylkingin gerði kröfu um forustu í ríkisstjórninni. Ég tel að þetta sé ekki alveg réttilega með farið af hálfu forsætisráðherra. Við viljum síst af öllu lasta hann og hans orð. Það var samt ekki rétt með farið.

Ástæðan fyrir því að þetta stjórnarsamstarf gengur ekki lengur er sú að það er mjög mikilvægt við þær aðstæður sem uppi eru í samfélaginu núna að það sé í fyrsta lagi öflug verkstjórn, það sé öflug aðgerðaáætlun og að það sé traust og trúverðugleiki á ríkisstjórninni. Þó að ríkisstjórnin hafi í haust gert mjög marga hluti vel — og er það í raun inni kraftaverk eftir það efnahagshrun og bankahrun sem þá varð að hér skyldu vera starfandi bankar í landinu, greiðslumiðlun skyldi virka þar sem hægt var að greiða fyrir vörur og lyf og alla hluti sem margir höfðu spáð að mundi ekki takast — allt þetta tókst — hafa aðgerðir í þágu heimilanna og ekki síst fyrirtækjanna í landinu gengið of hægt á undanförnum mánuðum.

Ég tel að Samfylkingin hafi sýnt mikið langlundargeð við þessar aðstæður. Ýmislegt sem varðar breytingar í fjármálakerfinu okkar sem lýtur ekki síst að Seðlabankanum og því að endurreisa traust á þessari æðstu stofnun efnahagsmála í landinu sem er Seðlabankinn hefur mistekist. Við viljum að á því verði breyting eigi síðar en strax. Við teljum að það sé ekki hægt að bíða lengur. Við erum búin að bíða frá því í haust, við getum ekki beðið lengur eftir þeirri breytingu. Hún verður að gerast núna. Það er ekki hægt að vísa henni inn í framtíðina með hugmyndum um hugsanlegar lagabreytingar. Þetta þarf að gerast núna. Svo tel ég líka að öflugt verkstjórnarvald þurfi inn í ríkisstjórnina.

Við þær aðstæður sem núna eru, m.a. vegna minna eigin veikinda og forsætisráðherra, tel ég að eðlilegt væri að við tvö mundum stíga til hliðar, taka okkur leyfi í einn mánuð eða tvo. Ég tel að sá þingmaður sem hefur hvað mesta reynslu, mestan trúverðugleika og er hvað óumdeildastur meðal þjóðarinnar, þ.e. Jóhanna Sigurðardóttir, ætti við þessar aðstæður að leiða ríkisstjórnina. Það er mín tillaga að svo verði og það var mín tillaga til forsætisráðherra að þannig yrði málum háttað fram að kosningum. Síðan getur þjóðin ákveður það hvernig hún vill haga hlutunum eftir kosningar. Hér er öflugur, reyndur þingmaður og ráðherra sem gæti leitt þessa ríkisstjórn fram að kosningum til að vinna tiltekin verk. Þau verk sem ég er þar að tala um er auðvitað efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að fylgja henni fram, að gera breytingar á stjórnarskránni sem varða fullveldi og auðlindir þjóðarinnar, að skipta um yfirstjórn Seðlabanka Íslands og breyta þar lögum, að taka til höndum varðandi erfiðleika heimilanna í landinu og stofna sérstakan bjargráðasjóð heimilanna til að standa straum af björgunaraðgerðum í þágu heimilanna. Það eru auk þess ákveðnar aðgerðir í þágu fyrirtækjanna sem þegar hafa verið ákveðnar sem koma þarf til framkvæmda. Við skulum ekki gleyma því að ríkisstjórnin afgreiddi fyrir áramót 12 aðgerðir í þágu fyrirtækja í landinu en einungis þrjár þeirra eða fjórðungur eru þegar komin til framkvæmda. Það er mikilvægt að á því verði breyting, að þessir hlutir komist til framkvæmda. Það sé ekki bara talað og ákveðið, það sé hlutur sem verði framkvæmdur. Það er það sem við, Samfylkingin, viljum tryggja, að hér sé öflug pólitísk starfsstjórn undir tryggri forustu fram að kosningum. Þjóðin getur síðan tekið ákvörðun í kosningum hvernig hún vill sjá hlutunum best fyrir komið á nýju kjörtímabili. Þetta er ástæðan fyrir því að þessi ríkisstjórn heldur ekki áfram. Hún snýst ekki um það að Samfylkingin sem slík vilji leiða ríkisstjórnina heldur að það sé öflug forusta fyrir henni, það sé öflugur einstaklingur sem leiði sem er traust og trúverðugleiki á.

Þetta er okkar tillaga og okkar tilboð og því hefur verið hafnað. Það er auðvitað okkar að gera forseta Íslands grein fyrir þessu og síðan þingmanna allra að sjá til þess að hér

verði, hvernig svo sem allt veltist og snýst, öflug starfsstjórn. Þegar ég segi starfsstjórn er ég að tala um að hér verði starfsöm stjórn fram að kosningum og hún á auðvitað að styðjast við þingmeirihluta.

[15:12]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Þingheimur. Góðir landsmenn. Stjórnarslit eru nú staðreynd. Ríkisstjórn sem í raun hefur verið óstarfhæf um margra vikna ef ekki mánaða skeið hefur orðið að játa sig sigraða. Þessi stjórnarslit fara nokkuð harkalega fram. Því er ekki að leyna að maður er hugsi yfir þeim hörðu orðum sem forustumenn fráfarandi stjórnarflokka hafa haft hvor í annars garð og þá sérstaklega í garð samstarfsflokksins fyrrverandi.

Mönnum var það ljóst í dag, held ég, þegar við gengum inn í Skálann þar sem ekki bara allir íslenskir fjölmiðlamenn voru heldur tugir erlendra fréttamanna, að við vorum að senda út um heiminn þau skilaboð að ofan á efnahagskreppu og kerfishrun hefði nú bæst stjórnmálakreppa á Íslandi. Þetta eru ekki þau skilaboð sem við þurfum mest á að halda að senda, hvorki inn á við né út á við. Sú ábyrgð sem á okkur öllum hvílir snýr þó auðvitað fyrst og fremst að íslensku samfélagi. Þar er verkefnið. Og vegna þess hvílir nú meiri ábyrgð á herðum 63 þingmanna hér inni en kannski hefur verið um mjög langt árabil. Úr þessu verður að greiða.

Málin fara nú í stjórnskipulegan farveg og forseti lýðveldisins tekur við verkstjórn til að mynda landinu á sem allra skemmstum tíma á nýjan leik starfhæfa ríkisstjórn. Vinstri hreyfingin – grænt framboð og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru tilbúin til slíkra viðræðna. Við erum tilbúin til að axla ábyrgð og leggja okkar af mörkum. Við útilokum engan kost fyrir fram og við göngum ekki til slíkra viðræðna með fyrirframskilyrði, allra síst um menn eða verkaskiptingu því að það er málefnið og verkefnið sem skiptir öllu hér og að því þurfa menn að hyggja.

Við, forustumenn stjórnarandstöðunnar, buðum upp á það í októbermánuði sl. þegar öllum mátti verða ljóst hvílíkir reginerfiðleikar voru að skella á landinu að hér yrði mynduð þjóðstjórn. Því boði var ekki tekið og það er ekki hægt annað en velta því fyrir sér hvort mál okkar væru ekki í betri stöðu nú ef forustumenn fráfarandi stjórnarflokka hefðu borið gæfu til þess að taka þá höndum saman við okkur í stjórnarandstöðunni og gera það besta úr málum. En ekki þýðir að tjá um það og þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi þá slegið á útrétta sáttarhönd okkar og reyndar margra fleiri í samfélaginu, til að mynda aðila vinnumarkaðarins og ýmissa annarra sem þá vildu samráð opnuðum við aftur á það að þjóðstjórn kynni að vera leið út úr þessum miklu erfiðleikum sem augljóslega voru orðnir á stjórnarheimilinu síðustu dagana og vikurnar. Það er þó mjög mikilvægt að menn hafi í huga að þótt nafnið sé fallegt dugar það ekki til. Þjóðstjórn verður þá að vera alvöruríkisstjórn, fær um að vinna þau verk sem þarf að vinna á næstu vikum og leiða svo landið inn í kosningar. Maður hlýtur að hafa vissar efasemdir eftir það sem á dagana hefur drifið og einkum í dag í þeim efnum.

Aðrir kostir eru að sjálfsögðu í stöðunni og hafa sumir verið nefndir og þá erum við sömuleiðis tilbúin til að skoða af fullum heilindum, reynist þeir vænlegri kostir og auðveldara að ná þeim fram. Tíminn er afar dýrmætur. Það verður að eyða þeirri óvissu sem nú er uppi og síðan að reyna að búa eins vel um hlutina og hægt er á því brúartímabili sem er þangað til þjóðin getur valið sér nýtt þing og ný ríkisstjórn með sterkan þingmeirihluta og þjóðina á bak við sig getur farið í það risavaxna verkefni sem það er að takast á við hlutina og hefja endurreisn Íslands. Það er ekkert minna sem okkar bíður en að endurmóta og endurreisa þetta samfélag úr rústum þeirrar hugmyndafræði og þeirrar ráðsmennsku sem ríkisstjórnir undangenginna margra ára hafa kallað yfir okkur. Nú þurfum við á öllum okkar kröftum og allri okkar visku að halda og við skulum vona fyrir allra okkar hönd og þjóðarinnar að úr þessu greiðist sem allra fyrst.

[15:17]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Þingheimur. Góðir Íslendingar. Það eru stór tíðindi sem gerst hafa hér í dag en við framsóknarmenn fögnum því að ríkisstjórnin hafi loksins axlað ábyrgð. Um leið segjum við: Þótt fyrr hefði verið. Í hugum okkar framsóknarmanna hefur það blasað við að hér væri ekki bara bankakreppa og efnahagskreppa heldur einnig stjórnarkreppa. Ríkisstjórnin hefur í rauninni aldrei verið í stakk búin til þess að taka á þeim vanda sem blasir við íslensku þjóðinni.

Þjóðin hefur þegar kveðið upp sinn dóm. Við heyrum það á mótmælum úti um allt land að það er samhljómur um að ríkisstjórnin var vanhæf. Kannski má orða það þannig að þegar uppsagnarbréfið kom þá hafi menn sagt: Nei við tökum ekki uppsögninni. Við ætlum sjálfir að segja upp.

Nú verður að mynda starfhæfa ríkisstjórn. Þeirrar ríkisstjórnar bíða risavaxin verkefni. Það verður að taka stórar ákvarðanir. Hér duga engin vettlingatök . Þjóðin getur ekki beðið lengur.

Það versta sem þessi ríkisstjórn boðaði var óvissa. Óvissa handa heimilunum. Óvissa fyrir fyrirtækin og í rauninni standa landsmenn uppi með það í dag að enginn veit hvert framhaldið er. Það verður að ráðast strax í að vinna bug á atvinnuleysinu. Þjóðin þolir ekki 15% atvinnuleysi. Það verður að vinna bug á vanda heimilanna. Það að 50% heimila landsins séu tæknilega gjaldþrota er algjörlega óviðunandi niðurstaða. Og atvinnulífið, það þarf að koma því í gang. Atvinnulíf með 20% stýrivexti nær ekki að þróa sig áfram.

Við framsóknarmenn höfum lýst því yfir, og það tilboð stendur enn, að við erum til í að verja minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna falli. Við teljum okkur ekki í stakk búna til þess að taka sjálfir sæti í ríkisstjórn. Okkur skortir til þess umboð kjósenda. En ef það verður raunin þá munum við framsóknarmenn að sjálfsögðu axla ábyrgð í þeim efnum. Tilboð okkar í stjórnarandstöðunni um þjóðstjórn stendur að sjálfsögðu einnig en við viljum samt taka fram að okkur finnst ansi rýrt að það skuli koma upp aftur núna. Við töldum að það þyrfti að liggja fyrir fyrir jól, það hefði þurft að gerast þá.

Við framsóknarmenn munum setja það á oddinn að hér verði samþykkt frumvarp sem við leggjum fram um stjórnlagaþing. Það verður að ráðast í það verkefni strax að endurvekja traust almennings á störfum þingsins. Það verður að skilja á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það verður að auka eftirlitshlutverk nefnda þingsins þannig að boðvald þeirra yfir framkvæmdarvaldinu sé skýrt og ótvírætt.

Það eru stór tíðindi sem blasa við íslensku þjóðinni. Við fögnum því að ríkisstjórnin hefur loksins axlað ábyrgð og ég vil sérstaklega fagna orðum hæstv. utanríkisráðherra um að forustumenn flokkanna sem glíma við erfið veikindi taki sér frí og nái að endurnýja starfskraft sinn. Þjóðin þarfnast þess og við framsóknarmenn munum leggja okkar af mörkum til þess að endurreisa þetta þjóðfélag.

[15:22]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það er dapurlegt að stjórnarsamstarf ríkisstjórnarflokkanna skuli hafa endað eins og það endaði í dag. Það endaði með því að menn standa upp og fara strax að hnýta harkalega hver í annan, flokkar sem mynduðu hina svokölluðu Þingvallastjórn um öflugt efnahagslíf og velferð á Íslandi.

Því miður hefur sú tilraun ekki tekist að vinna þau verk sem við þjóðinni hafa blasað í kjölfar bankahrunsins. Ríkisstjórninni hefur með engum hætti tekist að höndla þau vandamál sem nú blasa við þjóðinni, því miður. Ekki verður undan því vikist að þingheimur allur komi að því að reyna að sigla málum í höfn.

Við lýstum því yfir í Frjálslynda flokknum að við værum tilbúnir að koma í þjóðstjórn þegar síðastliðið haust til þess að leggja okkar af mörkum til þess að málum yrði stýrt með sem bestum hætti til hagsbóta fyrir íslensku þjóðina. Núna stöndum við hins vegar frammi fyrir því við fall ríkisstjórnarinnar að það er engan veginn fyrirséð hvort tekst að koma á þjóðstjórn, sem ég tel enn skásta kostinn. Þá yrði það auðvitað að vera þannig uppsett að verkin sem á að vinna liggi nokkuð klár fyrir. Menn setji það niður fyrir sér hvað þarf að gera næstu 30–40 daga í lagasetningum og reglugerðarverki og þar með endurskipulagningu á ýmsum embættum í stjórnkerfinu.

Við erum enn reiðubúnir til þess að koma að slíku verki. Það mun auðvitað reyna á það á næstu klukkustundum og vonandi ekki allt of mörgum sólarhringum hvort það tekst. En ég tel að það sé ábyrgð okkar allra alþingismanna að takast á við það verkefni sem fram undan er en það er ekki til vinsælda fallið með íslenskri þjóð. Það þarf að takast á við mörg verk á næstu mánuðum sem ekki verða til vinsælda fallin, mjög erfiðar ákvarðanir þarf að taka. En það verður ekki undan því vikist. Það verður ekki undan því vikist hvort sem það er til að stuðla að auknu aðhaldi í þjóðfélaginu eða afla nýrra tekna. Tryggja það að heimilin falli ekki. Tryggja það að atvinnulífið haldi velli. Þetta verðum við að gera sameiginlega.

Ég vonast til þess að okkur takist að mynda starfhæfa þjóðstjórn. Ef það verður ekki niðurstaðan þá þurfum við samt sem áður að koma á stjórn sem getur stýrt þessu landi, annað er útilokað. Slíkt verður að ske sem allra fyrst. Og fyrir fram ætlum við ekki að hafna neinum kosti í því. En við höfum talið að þjóðstjórn í þessu tilviki væri sá sáttagrunnur sem við ættum að leggja upp með, skilgreina verkin sem þarf að vinna og klára þau. Kosningadagur, hvort sem hann er í apríl, endaðan maí eða júní, á ekki að skipta máli í því sambandi. Það eru verkin sem við verðum að klára sem eiga að skipta máli. Það er það sem þjóðin krefst af okkur að við skiljum hana ekki eftir flata meðan við hömumst við að rífast og skammast hvert út í annað í kosningabaráttunni.

[15:26]

Útbýting:

Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, 276. mál, skýrsla iðnrh., þskj. 495.

Greiðsluaðlögun, 275. mál, frv. SF o.fl., þskj. 494.

Verð á áfengi, 251. mál, svar fjmrh., þskj. 493.

Út af dagskrá voru tekin 1.–3. mál.

Fundi slitið kl. 15:26.

---

73. FUNDUR

miðvikudaginn 4. febrúar,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.
2. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
3. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.
   a. Allsherjarnefnd, 9 manna.
   b. Efnahags- og skattanefnd, 9 manna.
   c. Félags- og tryggingamálanefnd, 9 manna.
   d. Fjárlaganefnd, 11 manna.
   e. Heilbrigðisnefnd, 9 manna.
   f. Iðnaðarnefnd, 9 manna.
   g. Menntamálanefnd, 9 manna.
   h. Samgöngunefnd, 9 manna.
   i. Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, 9 manna.
   j. Umhverfisnefnd, 9 manna.
   k. Utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
   l. Viðskiptanefnd, 9 manna.

Fjarvistarleyfi:

Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá bæjarráði Árborgar.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:37]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hefur bréf frá þingflokksformanni Samfylkingarinnar, Lúðvík Bergvinssyni, um að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 2. þm. Reykv. s., sé í veikindaleyfi og geti ekki sótt þingfundi á næstunni. 1. varamaður flokksins í kjördæminu, Mörður Árnason íslenskufræðingur, tekur því sæti á Alþingi í dag. Hann hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[13:37]

Útbýting:

Aðgerðir til stuðnings sparisjóðum, 188. mál, svar viðskrh., þskj. 505.

Bréf viðskiptaráðherra til breska fjármálaráðuneytisins, 227. mál, svar viðskrh., þskj. 503.

Fjáraukalög 2009, 277. mál, frv. KHG, þskj. 496.

Fjárheimild til nýrrar sjúkratryggingastofnunar, 242. mál, svar heilbrrh., þskj. 501.

Gjaldþrotaskipti, 278. mál, frv. BBj o.fl., þskj. 497.

Íbúðabyggingar, 121. mál, svar samgrh., þskj. 500.

Opinber gjöld banka, stöðugildi og launagreiðslur, 202. mál, svar fjmrh., þskj. 499.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 279. mál, frv. ÁMM o.fl., þskj. 498.

Staða bankamála og Icesave-ábyrgðir, 214. mál, svar viðskrh., þskj. 504.

Tjón af Suðurlandsskjálfta í maí sl., 263. mál, svar viðskrh., þskj. 502.

Stjórnarskipti og kosningar.

[13:39]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vil ég bjóða ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur velkomna til starfa og óska ráðherrum velfarnaðar í mikilvægum störfum. Ég vona að þeir eigi gott samstarf við Alþingi. Jafnframt þakka ég ráðherrum í ríkisstjórn Geirs Haarde fyrir samstarfið og óska þeim alls hins besta. Héðan frá Alþingi sendum við Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, góðar kveðjur.

Mikil umskipti hafa nú orðið í íslenskum stjórnmálum. Ríkisstjórn sem naut stuðnings meira en tveggja þriðju hluta þingmanna hefur sagt af sér og við tekur minnihlutastjórn tveggja flokka. Alþingiskosningar verða í vetrarlok. Ríkisstjórnir koma og fara, það er hluti af lýðræðinu og þeirri stjórnskipan sem við búum við í landinu og kosningar verða eigi síðar en á fjögurra ára fresti, en Alþingi stendur hvað sem á dynur.

Ég verð að viðurkenna fyrir þingheimi héðan úr stól forseta Alþingis, að ég hef verið mjög hugsi yfir atburðum síðustu vikna við Alþingishúsið og er sannarlega ekki einn um það. Veggir þinghússins hafa verið útbíaðir, rúður brotnar í tugatali og ruðst hefur verið inn í það með ofbeldi. Í stjórnarskránni segir að eigi megi raska friði Alþingis né frelsi. Þess vegna hljótum við að harma þessa atburði. Við höfum mótað okkur leikreglur í samfélaginu á löngum tíma. Þeim má vissulega breyta en menn verða að fara með friði, annars er voðinn vís. Ég vona í lengstu lög að atburðirnir við Alþingishúsið að undanförnu boði ekki nýja siði í íslenskum stjórnmálum. Alþingi er hornsteinn íslenskrar stjórnskipunar. Þangað velur íslenska þjóðin sína fulltrúa. Stöndum vörð um Alþingi.

Mér hefur borist bréf frá meiri hluta alþingismanna þar sem farið er fram á, skv. 6. gr. þingskapa, að kosinn verði á ný forseti Alþingis, varaforsetar og fastanefndir þingsins. Í bréfinu er þess jafnframt farið á leit að fundur verði á Alþingi í dag kl. 13.30 þar sem áðurgreindar kosningar verði teknar á dagskrá. Beiðni þingmanna er samkvæmt þingsköpum, frá meiri hluta þingmanna eins og þar er áskilið, 34 þingmenn auk eins varamanns, og er því gild. Ég hef þess vegna boðað til þessa fundar með þeirri dagskrá sem fyrir liggur og lög gera ráð fyrir.

Um fundarstjórn.

Kjör nýs forseta þingsins.

[13:42]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Núna kemur þing saman í fyrsta sinn eftir að ný ríkisstjórn, minnihlutaríkisstjórn, tók við völdum. Á síðustu árum hefur verið hér þingforseti sem hefur stutt þingið og eflt það, aukið vægi og virðingu þingsins. Um það hafa flestir verið sammála, m.a. þingflokksformaður Framsóknar.

Þegar hæstv. forseti var kjörinn á sínum tíma stjórnaði hæstv. núverandi forsætisráðherra þeim fundi. Forseti fékk 54 greidd atkvæði af 58, fjórir greiddu ekki atkvæði. Í 20 ár höfum við hlustað á m.a. formann Vinstri grænna tala um að þingforseti ætti að koma frá minni hluta, frá stjórnarandstöðu, en þegar á hólminn er komið verða beinin að brjóski. Það er miður. Það væri sök sér ef um meirihlutastjórn væri að ræða en við erum að tala um minnihlutastjórn og þess vegna er eðlilegt að maður spyrji: Hvar er virðing þingsins? Hvar er ríkisstjórnin og hver er staða hennar gagnvart þinginu? Að mínu mati er þetta mjög sérstök uppákoma, að fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar, minnihlutaríkisstjórnar, er að koma (Forseti hringir.) rétt kjörnum forseta, sem hefur styrkt þingið og eflt á síðustu árum, úr embætti. Þetta er allt í boði Framsóknar.

[13:44]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Frá því að Alþingi kom saman í einni málstofu hefur það ætíð verið svo að forseti þingsins hefur komið úr hópi þeirra þingmanna sem stutt hafa ríkisstjórnina hverju sinni. Forseti hefur því verið úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins síðustu 18 ár. Þess vegna þykir mér ekki mikil reisn yfir því eftir allan þennan tíma að koma fram með umræðu af þessum toga (**Gripið fram í:** … meirihlutastjórn.) vegna þess, eins og hæstv. forseti vakti sérstaka athygli á áðan, að meiri hluti þingsins hefur óskað eftir að hér fari fram kosning. Það er í anda þingskapa og þetta er meiri hluti þingsins. Margir forsetar sem hér hafa setið áður hafa aukið veg og virðingu þingsins. (Forseti hringir.) Það hefur núverandi forseti einnig gert og ég vænti þess að þeir forsetar sem hér sitja í framtíðinni geri það líka.

[13:45]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Við skulum hafa það á hreinu að breyting á forsetakjöri á Alþingi Íslendinga hefur ekkert með persónu Sturlu Böðvarssonar að gera og ég vil fyrir hönd framsóknarmanna á þingi þakka honum ágætlega unnin störf síðustu árin hér á Alþingi. Hins vegar er það svo að ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum og meiri hluti þingmanna hefur ákveðið að skipta um forseta og lagt fram bréf þess efnis. Ég endurtek enn og aftur: Það hefur ekkert að gera með persónu Sturlu Böðvarssonar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með embætti forseta Alþingis síðustu 18 árin. Embætti forseta Alþingis er ekki séreign einhverra stjórnmálaflokka og ég bið því sjálfstæðismenn á þingi að virða vilja meiri hluta alþingismanna sem vilja skipta um yfirstjórn á þinginu. Við þurfum að koma mörgum brýnum málum til leiðar. Það ætlar núverandi ríkisstjórn sér að gera (Forseti hringir.) og við framsóknarmenn munum styðja hana í öllum góðum málum.

[13:46]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Forsetinn sem hér hefur gegnt störfum frá því að þetta þing var kosið hefur gert það með miklum ágætum og komið ýmsum hagsmunamálum þingsins vel fram. Þegar fram kemur beiðni um að breyta til — miðað við það að forseti hefur verið kjörinn til fjögurra ára — felur það óhjákvæmilega í sér ákveðið vantraust á hann. Fram hjá því verður ekki litið.

Ég get ekki tekið þátt í að lýsa yfir vantrausti á sitjandi forseta sem mér finnst hafa gegnt störfum sínum með einstökum glæsibrag og komið fram fyrir hönd þingsins með þeim hætti að ég get ekki séð að það verði gert betur. Ég lýsi mig því algerlega andvígan því að við förum að með þessum hætti. Ég get ekki annað séð en að forseti hafi gætt þeirra reglna (Forseti hringir.) að fara fram með hlutleysi og hlutlægni í málum og ég geri ráð fyrir að hann geri það áfram og við eigum ekki að láta breytingar á (Forseti hringir.) ríkisstjórn breyta þessu mikilvæga embætti Alþingis.

[13:48]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Allt aðrar aðstæður eru uppi nú en á síðustu 18 árum. Við erum að tala um minnihlutastjórn, sem einn flokkur ver vantrausti, en ekki um meirihlutastjórn. Vinstri grænir hafa í gegnum tíðina sagt að hleypa ætti stjórnarandstöðunni að, t.d. með því að hún fái þingforseta. Fyrsta verk minnihlutastjórnar er að keyra í gegnum þingið breytingar á embættinu. Þannig að þetta er mjög sérstakt og ég vil ítreka að Framsóknarflokkurinn stendur greinilega að þessu.

Ég vil nýta tækifærið og þakka hæstv. forseta Sturlu Böðvarssyni sérstaklega fyrir vel unnin störf. Hann hefur sinnt starfi sínu af mikilli fórnfýsi og hefur svo sannarlega styrkt þingið með þeim breytingum sem hann hefur komið í gegn með okkar tilstuðlan. Þingið hefur eflst og styrkst á síðustu árum. Um það er enginn efi.

[13:49]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Það er alveg rétt. Þetta eru óvenjulegir tímar. Hér hefur verið skipt um ríkisstjórn eftir mjög sérstæðan aðdraganda og eins og hér hefur verið nefnt studdist sú ríkisstjórn sem fer frá við meira en tvo þriðju kjörinna þingmanna. Þannig að vissulega eru þetta mikil tímamót.

Ég vil vekja athygli á því að í 6. gr. þingskapa er kveðið á um þinglega heimild til þess að óska eftir nýjum kosningum forseta og nefnda þingsins. Það er fyrst og fremst það sem verið er að gera hér. Varðandi aðild annarra flokka að forsetaembættum og (Forseti hringir.) nefndum þá er sjálfsagt að skoða það þegar við komum saman eftir kosningar í vor.

[13:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Aldrei hefur annað komið fram hér í þingsölum en að hæstv. forseti Sturla Böðvarsson gætti fyllsta hlutleysis gagnvart þingmönnum og þeim flokkum sem eiga sæti á Alþingi. Þess vegna hlýtur það að teljast mjög undarleg framganga minnihlutastjórnarinnar að krefjast þess af Framsóknarflokknum að hann felli sitjandi forseta.

Ég heyrði ekki betur í gær en að hv. þm. Birkir Jón Jónsson ætlaði aldrei að verja þá ríkisstjórn falli sem setti fæturna fyrir álverið á Bakka. Breyttist það eitthvað í nótt?

Hæstv. forseti. (Gripið fram í.) Þessi framganga minnihlutastjórnar gagnvart Alþingi er ótrúleg, (Forseti hringir.) að hún skuli krefjast þess að Framsóknarflokkurinn styðji að (Forseti hringir.) setja hæstv. forseta frá. [Kliður í þingsal.]

[13:52]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Hæstv. forseti. Mér kemur ekki til hugar að lasta störf núverandi hæstv. forseta Alþingis. En nú er staðan önnur en hún var fyrir nokkrum dögum. Sjálfstæðisflokkurinn er kominn í stjórnarandstöðu í fyrsta skipti í tæp 18 ár og ekki einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins í þessum sal hefur nokkru sinni verið stjórnarandstöðuþingmaður. Til hamingju, Sjálfstæðisflokkur, að vera kominn í stjórnarandstöðu. Það er holl lýðræðisleg æfing fyrir stjórnmálaflokk.

Það sem er merkilegt í þessari stöðu er að nú virðist það vera orðinn háttur íhaldsmanna að brjóta hefðirnar þegar þeim hentar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur aldrei staðið fyrir annað en að þeirra meirihlutamaður gegndi embætti forseta Alþingis. (Gripið fram í.) Nú hefur meiri hluti þingmanna, rétt kjörinna á Alþingi Íslendinga, beðið um að nýr forseti verði kosinn á Alþingi. Í atkvæðagreiðslunni kemur í ljós (Forseti hringir.) hver vilji meiri hluta löggjafarsamkomunnar er. (Gripið fram í.) [Hlátur í þingsal.]

[13:53]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Með miklum ólíkindum er að hlusta á þingmenn Framsóknarflokksins, sem hafa lagt til að skipt verði um hæstv. forseta á hinu háa Alþingi, halda því fram að það hafi ekkert með persónu hv. þingmanns Sturlu

Böðvarssonar að gera þegar þeir í hinu orðinu leggja til að honum verði skipt út af forsetastóli. Ótrúlegt er að horfa á hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, sem náði ekki andanum af hrifningu þegar hún mærði núverandi forseta fyrir þingskapabreytingarnar sem hann lagði til og hafði forgöngu um, leggja til að honum verði skipt út af forsetastóli.

Mér finnst þetta allt vera með miklum ólíkindum og ég sakna þess að heyra hvorki hósta né stunu frá hæstv. fjármálaráðherra Steingrími J. Sigfússyni sem oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hefur lagt til að forseti þingsins komi úr stjórnarandstöðunni. Af hverju (Forseti hringir.) tekur hæstv. fjármálaráðherra ekki til máls hér og flytur fyrri tillögur sínar um þetta efni? [Frammíköll í þingsal.] Af hverju heyrist ekkert í honum? [Kliður í þingsal.]

[13:54]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill biðja hv. þingmenn að gefa gott hljóð.

[13:55]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Það er skemmtilegt að í fyrsta sinn sem Sjálfstæðisflokkurinn er í stjórnarandstöðu í 18 ár, á fyrsta degi sínum í þeirri stöðu, eru allir 24 þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem hér eru staddir, nýir í stjórnarandstöðu. Og hvað ræða þeir þegar landsins gagni og nauðsynjum er svo komið sem raun ber vitni? Jú, um fundarstjórn forseta. Forseti góður. Það ræða þeir. [Frammíköll í þingsal.] Það er skemmtilegt vegna þess að sá sem hér stendur ræddi mikið um fundarstjórn forseta og fékk fyrir það afar hvassa gagnrýni frá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur og hv. þm., fyrrverandi hæstv. ráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur (Gripið fram í.) og fleirum sem töldu það ógn við þingræðið.

Um persónu forsetans sem hér situr er væntanlega allt gott að segja. Hann er þó ekki hæfari en svo að sjálfur Sjálfstæðisflokkurinn samdi hann aðeins inn í tvö ár þegar (Gripið fram í.) síðasta ríkisstjórn var mynduð og ætlaði að reka hinn ágæta þingmann og hæstv. forseta Sturlu Böðvarsson í vor, í maí árið 2009. Þá átti að skipta um. Það var virðingin sem Sjálfstæðisflokkurinn bar fyrir þessum manni sem nú er mærður og grátinn á forsetastóli vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn þarf að beita sér í stjórnarandstöðunni og koma af stað væringum á þinginu. (Gripið fram í.)

[13:56]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Nú vill forseti geta þess að græna ljósið er farið að loga óeðlilega lengi [Hlátur í þingsal.] og (Gripið fram í.) óskar eftir því að hv. þingmenn taki tillit til þess.

[13:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Augljóst er að minnihlutastjórnin fellur á fyrsta prófinu. Eftir (Gripið fram í.) allar ræðurnar um að styrkja sjálfstæði þingsins o.s.frv., þá er þetta hennar fyrsta verk. Það er mjög spaugilegt í raun að hlusta á hv. þm. Birki Jón Jónsson tala um að þetta sé ekki persónulegt gagnvart forseta þingsins. Þetta er þá væntanlega meira svona almennt um alla þá sem heita Sturla Böðvarsson og eru forsetar Alþingis.

Hér var kosinn forseti þingsins og allir eru sammála um að hann hafi staðið sig einstaklega vel. Það að fara fram með þessum hætti segir okkur að allur orðaflaumur þessa fólks — sem var ekki lítill — um sjálfstæði þingsins, að styrkja þingið og hugmyndir hv. þm. hæstv. fjármálaráðherra og formanns vinstri grænna um að (Forseti hringir.) hleypa stjórnarandstöðunni í auknum mæli að störfum þingsins var tal. Ekkert annað.

[13:58]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Full ástæða er til að ljúka lofi á störf hæstv. forseta, Sturlu Böðvarssonar. Hann hefur staðið sig vel á forsetastóli. Hinu er ekki að neita að nú er tekinn við nýr meiri hluti. [Frammíköll í þingsal.] Hafi það farið fram hjá hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins (Gripið fram í.) þá hefur meiri hluti þingmanna óskað eftir því að hér fari fram nýtt forsetakjör og kjör í nefndir á þeim grunni.

Það kann að vera erfitt fyrir Sjálfstæðisflokkinn að fóta sig í þeirri stöðu að vera ekki í meiri hluta á þingi (Gripið fram í.) en hann er það ekki í þessu máli. Hér situr minnihlutastjórn og með henni starfar Framsóknarflokkurinn og meiri hluti þingmanna óskar eftir þessari breytingu. (Gripið fram í.)

Auðvitað er ansi gaman að sjá hversu erfitt Sjálfstæðisflokkurinn á með að fóta sig í þessu hlutverki, að fara ekki lengur með völdin. Ákveða ekki lengur hverjir sitja hvar og hvenær og hvernig. En sá tími er einfaldlega liðinn.

[13:59]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. [Kliður í þingsal.] Tvennt vekur einkum athygli í þessari (Forseti hringir.) umræðu. Í fyrsta lagi það, sem áður hefur verið nefnt, að á fyrsta degi nýju minnihlutastjórnarinnar tryggir hún að í forsetastóli skuli sitja forseti sem er henni hliðhollur. Það er öll meiningin sem liggur að baki umræðunni um stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Hitt er auðvitað enn merkilegra og vekur meiri athygli að Framsókn stígur á sínum fyrsta degi á þessum 24 daga leiðangri sem er fram undan, skref í átt til minnihlutastjórnarinnar til að þóknast henni með þeim hætti að við erum í fullkominni óvissu um það sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir vék að hér áðan. Nefnilega hver vilji meiri hluta þingsins er. Hver verður vilji meiri hluta þingsins í öllum þeim málum sem eiga eftir að koma frá ríkisstjórninni? (Gripið fram í.)

Hér hefur fengist svar við því að Framsókn styður minni hlutann í þessu máli. Þetta er (Forseti hringir.) augljóslega á ábyrgð Framsóknar. En við munum á næstu 24 dögum komast að raun um hvað Framsókn vill (Forseti hringir.) í öllum hinum málunum en ótrúlegt er að óvissa skuli vera (Forseti hringir.) um það á þessum (Gripið fram í.) fyrstu dögum.

[14:01]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið nokkuð merkileg um-

ræða og hefur leitt í ljós að Framsóknarflokkurinn er hluti af ríkisstjórninni. Reyndar situr enginn ráðherra frá Framsókn í ríkisstjórninni en þetta er greinilega meiri hluti, þetta er þriggja flokka stjórn og það sitjum við uppi með.

Hitt er auðvitað mjög gott að heyra, og það er hér viðurkennt, að allir treysta núverandi forseta en (**Gripið fram í:** Nema Sjálfstæðisflokkurinn.) þeir hafa ákveðið að þeir þurfi að keyra mál í gegn eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson orðaði það. Það er það [Háreysti í þingsal.] sem þarf að gera (**Gripið fram í:** Það er nauðsynlegt.) með valdi.

Hæstv. forseti. Ég vil í lok þessara orða minna þakka (Forseti hringir.) hæstv. forseta fyrir góða stjórn og góða leiðsögn fyrir þinginu og hversu vel hann hefur eflt þingið og störf þess.

[14:02]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er gaman að koma hingað til leiks eftir þau umskipti sem hafa orðið af því að það er greinilegt að allir eru að reyna að fóta sig í nýju hlutverki.

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að hæstv. forseti hefur komið ýmsum umbótum í framkvæmd í þinginu og sú er hér stendur hefur átt þátt í því að koma þeim á ásamt fleiri þingmönnum. Ég vil nefna sérstaklega það að takmarka ræðutímann sem brýn þörf var orðin á að gera þannig að það var mjög gott. Ég verð hins vegar að segja að mér brá talsvert þegar ég sá *Morgunblaðið* í dag þar sem hv. þm. Geir H. Haarde segir að verið sé að fara í aðför að forsetanum og það sé takmarkalaus valdagræðgi í Samfylkingunni út af þessu máli. Ég vil minna sjálfstæðismenn á að í síðasta meiri hluta voru 43 þingmenn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, 43 þingmenn, meira en tveir þriðju af þinginu. (Forseti hringir.) Samt datt Sjálfstæðisflokknum ekki í hug að bjóða stjórnarandstöðunni formennsku í einni einustu nefnd né forsetaembættið. Það er lýðræðisástin hjá Sjálfstæðisflokknum.

[14:03]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Þau voru mjög athyglisverð fyrstu orð varaformanns Sjálfstæðisflokksins, starfandi formanns væntanlega, hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, í upphafi þessa fundar. Það var ekki eitt einasta hlýlegt orð, það voru engar árnaðaróskir til þeirrar ríkisstjórnar sem glímir núna við að bjarga þjóðfélaginu frá efnahagslegu og pólitísku þrotabúi Sjálfstæðisflokksins, ekki eitt einasta hlýlegt orð til þeirra sem eru að reyna að ganga í verkin sem Sjálfstæðisflokkurinn skilur eftir. (Gripið fram í.) Það eru mistök að blanda stöðu ríkisstjórnar inn í það mál sem hér er á dagskrá. (**Gripið fram í:** Nú?) Meiri hluti þingmanna hefur óskað eftir því að kjósa á nýjan leik til trúnaðarstarfa í þingi. Það liggur fyrir samkvæmt skýrum ákvæðum þingskapa. Þar af leiðandi er allt tal um minnihlutastjórn og stöðu hennar misskilningur.

Það er vissulega svo að tæpur 18 ára valdatími Sjálfstæðisflokksins markar djúp spor. Þau eru þungbær úti í þjóðfélaginu en ég fer að halda að þau séu ekki síður þungbær hér inni. Ég held að þetta séu einhver heiftarlegustu fráhvarfseinkenni sem ég hef lengi séð (Gripið fram í.) og það er víst hægt að fara og fá sér hjálp við svona löguðu.

[14:05]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Þessi ræða hæstv. fjármálaráðherra var áhugaverð, einkum í ljósi fyrri ummæla sama þá virðulegs hv. þingmanns um það mál sem hér er rætt. En sérstaklega skiptir máli að komið er fram að þetta hafi ekkert að gera með þá ríkisstjórn sem nú situr, með öðrum orðum þá breytingu sem orðið hefur á framkvæmdarvaldinu. Það þýðir með öðrum orðum að allar hugmyndir framsóknarmanna um að hér sé ekki um að ræða vantraust á sitjandi forseta, ekki sé verið að setja út á verk þess einstaklings — sú kenning fellur um sjálfa sig. Það var stundum sagt á árum áður að Framsóknarflokkurinn væri ekki rismikill og sumir gengu svo langt, sem mér fannst afskaplega ósanngjarnt, að kalla hann hækju íhaldsins. Ég veit ekki hvað á að segja um þennan ágæta flokk sem nú ætlar að láta leiða sig til þessara verka og hefur ekki einu sinni ráðherra í ríkisstjórn. Ég veit ekki hvaða orð á að velja um flokk sem hefur þá virðingu fyrir sjálfum sér eins og mér sýnist þessi flokkur ætla að bera sig hér að.

[14:06]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Það er ansi merkilegt að fylgjast með málflutningi sjálfstæðismanna í þessari umræðu. Þeir keppast um að koma hér upp hver á fætur öðrum til að mæra sitjandi forseta, sinn eigin flokksmann. Flokkurinn sem er búinn að halda utan um forsetastól Alþingis í 18 ár þolir ekki að aðrir stjórnmálaflokkar komi þar nærri, þolir það ekki. Og þegar maður fylgist með þessum loftfimleikum sjálfstæðismanna í þessari umræðu, sem mér sýnist vera upphafið að miklum slag þar innan borðs — væntanlegir kandídatar til formanns Sjálfstæðisflokksins hafa komið í unnvörpum hér upp. Mér sýnist að sjálfstæðisþingmenn séu að deila innbyrðis og reyna að koma sjálfum sér á framfæri með ótrúlegum loftfimleikum í þessari umræðu. Það er einfaldlega þannig að hér ræður lýðræðið, meiri hlutinn ræður, og Sjálfstæðisflokkurinn verður að fara að koma sjálfum sér í skilning um það.

[14:07]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. [Truflun í þingsal.] Ég veit ekki hvort ég fæ aukinn tíma vegna þessa en þessi umræða hefur verið mjög athyglisverð. Undanfarin 18 ár hefur fulltrúi Sjálfstæðisflokksins setið á þessum stóli og fyrsta dag sem breytingar eru fyrirætlaðar verður umræðan af þessum toga meðan samfélagið er í þeirri stöðu sem raun ber vitni — þau verk sem þarf að ráðast í sökum þess að það hefur þurft að skipta um ríkisstjórn.

Það hefur fyrst og fremst verið reynt að draga það fram að breyting sé aðför að persónu Sturlu Böðvarssonar. Það er algerlega fráleitt frekar en þegar Sjálfstæðisflokkurinn skipti Halldóri Blöndal út fyrir Sólveigu Pétursdóttur. Það var aldrei um það talað að það væri aðför að persónu Halldórs Blöndals. Hins vegar eru eðlilegar breytingar og ég er sannfærður um að nýr forseti mun standa sig mjög vel í

sínu starfi og halda áfram að byggja upp virðingu þingsins og við munum stíga skref fram á við. (Forseti hringir.) Það er enginn ómissandi í þessu starfi frekar en öðrum.

[14:08]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. fjármálaráðherra vil ég að gefnu tilefni, af því að ég gleymdi því í ræðu minni áðan, óska nýrri ríkisstjórn alls velfarnaðar, ekki mun af veita og ekki skal standa á mér hvað það varðar að veita henni liðsinni til góðra mála. Það liggur fyrir að það eru mjög mörg og vandasöm mál sem þarf að vinna að og það verður að vinna hratt og ég lít þannig á að þingheimur verði að standa að því með sem allra besta móti.

Þá lít ég þannig til að það skipti máli að við höfum áfram í forsetastóli Alþingis mann sem hefur getið sér gott orð, hefur sýnt það í verkum sínum að hann metur með hlutlægum hætti hvar og hvernig eigi að standa að stjórn mála og þess vegna hvet ég eindregið til þess að við skiptum ekki um forseta þegar (Forseti hringir.) svo horfir til.

[14:10]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Okkur var öllum ljóst að hæstv. fjármálaráðherra varð mikið um að fá ekki hamingjuóskir þannig að ég skal reyna að hjálpa honum með það og óska nýrri ríkisstjórn velfarnaðar. Og ég tek undir með öðrum þingmönnum að ekki veitir af. En tvennt stendur upp úr: Annars vegar það að allt það sem Vinstri grænir hafa sagt um sjálfstæði þingsins, um þessar löngu ræður sem þeir hafa farið með um að skynsamlegt væri, til að ná góðri stöðu og sátt, að þingforseti væri úr röðum stjórnarandstöðunnar, þetta er allt innantómt hjal. Í ofanálag kom það skýrt fram, takið eftir orðalaginu, að það ætti að skipta um forseta til að keyra mál í gegn. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Ég heyri að stjórnarþingmenn taka hressilega undir með þessu. Erum við ekki búnir að taka þessa umræðu nokkrum sinnum um að það væri kannski ekki alveg sem þannig ætti að vinna? (Forseti hringir.) En það breytist kannski núna eins og allt annað hjá þessum þingmönnum.

[14:11]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Það sem þessi umræða gefur til kynna, og sá tónn sem hún slær fyrir næstu vikur, sem að sínu leyti verða úrslitavikur í íslenskum þjóðmálum, efnahagslífi og stjórnmálum, er það að Sjálfstæðisflokkurinn ætlar sér — þessir 24 sem aldrei hafa setið í stjórnarandstöðu og þekkja ekkert annað en sætleika valdsins og hiklausa beitingu meirihlutavalds á þingi, eins og minni hlutinn sé ekki til — að taka upp stjórnarandstöðu af því tagi sem við munum eftir sem höfum náð miðjum aldri og vel það, sem hann stundaði hér árin 1988–1991 þegar hann reyndi að koma í veg fyrir þá björgunarstarfsemi sem þá var hafin eftir efnahagsstjórn Sjálfstæðisflokksins, reyndi að hindra það samkomulag til þjóðarsáttar sem þá tókst og þau gæfuskref sem þá voru stigin. Eftir allan þennan tíma (Forseti hringir.) hefur hann ekki lært meira, 18 ár til einskis, virðulegi forseti.

Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.

[14:13]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Nú fer fram kosning forseta, skv. 1. mgr., 3. gr. þingskapa. Mér hafa borist tvær tilnefningar; um 2. þm. Norðvest., Guðbjart Hannesson, og 1. þm. Norðvest., Sturlu Böðvarsson. Eru aðrar tilnefningar?

Aðrar tilnefningar hafa ekki borist og Guðbjartur Hannesson og Sturla Böðvarsson eru því tveir einir í kjöri. Þar sem tveir eru í kjöri mun forseti láta fara fram skriflega kosningu. Ég bið þingverði að dreifa atkvæðaseðlum til þingmanna. Hv. þingmenn skrifa nafn þess sem þeir kjósa á seðilinn.

[Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Guðbjartur Hannesson,** 2. þm. Norðvest., hlaut 35 atkvæði en Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest., hlaut 25 atkvæði. Einn seðill var auður.]

[14:22]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Samkvæmt þessu er Guðbjartur Hannesson 2. þm. Norðvest. réttkjörinn forseti Alþingis.

Ég óska honum innilega til hamingju með kosninguna og allra heilla í störfum sem forseti Alþingis. Nýkjörinn forseti Alþingis tekur við fundarstjórn.

[14:23]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Hv. alþingismenn. Ég þakka það traust sem mér er sýnt með því að vera kosinn forseti Alþingis. Ég met það mikils og mun leggja mig allan fram við að rísa undir ábyrgðinni sem fylgir svo mikilvægu embætti.

Ég þakka fráfarandi forseta góð og farsæl störf hans við stjórn þingsins. Hann hefur lagt sitt að mörkum, oft við erfiðar aðstæður, til að efla Alþingi, gera umræðuna skilvirkari og ekki hvað síst með því að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar og hlut landsbyggðarþingmanna.

Ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum. Í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins er kona forsætisráðherra og kynjaskipting jöfn. Ég óska ríkisstjórninni velfarnaðar í störfum og vona að samstarf hennar og Alþingis verði gott og árangursríkt. Ég óska nýjum hæstv. ráðherrum sérstaklega til hamingju með ný verkefni um leið og ég þakka þeim sem úr ríkisstjórn hverfa fyrir störf þeirra.

Hin nýja ríkisstjórn er minnihlutastjórn og styðst aðeins við minni hluta þingmanna. Jafnframt er sú nýjung í skipan þessarar ríkisstjórnar að tveir ráðherrar eru ekki kjörnir alþingismenn en munu taka þátt í störfum þingsins án þess að hafa atkvæðisrétt. Allt mun þetta hafa áhrif á störf þingsins þá tvo mánuði sem þingið starfar fram að boðuðum alþingiskosningum.

Alþingi, alþingismenn, starfsmenn þingsins og þjóðin öll hafa gengið í gegnum erfiða tíma. Við höfum fylgst með miklum mótmælum og hér við Alþingishúsið ríkti umsátursástand í nokkra daga. Umræða undanfarinna vikna hefur endurspeglað vaxandi vantraust á Alþingi og alþingismönnum. Krafa er um aukið lýðræði og aukið sjálfstæði og aukin áhrif Alþingis, skarpari skil á milli löggjafar- og fram-

kvæmdarvalds, endurnýjað umboð Alþingis, betri upplýsingar um gang mála, aukið gagnsæi og réttlæti í allri stjórnsýslu. Við þessu ákalli þjóðarinnar verður að bregðast og boðuð lagasetning um stjórnlagaþing er mikilvægt skref í endurskoðun á lýðræðiskerfi okkar í heild.

Minnihlutastjórn reynir enn frekar en áður á samstarf og samninga milli þingflokka um stjórn þingsins. Þetta getur eflt stöðu Alþingis þar sem sátta verður leitað og meiri hluta náð fram í hverju og einu máli. En þá og því aðeins ef þingmenn láta störf sín mótast af vilja til að leysa mál og leita bestu lausna hverju sinni. Minnihlutastjórn getur þannig haft í för með sér að staða Alþingis styrkist. Það er í anda kröfu samfélagsins um sterkara Alþingi og aukið lýðræði. Krafa þjóðarinnar er að við náum árangri í þeim erfiða efnahagsvanda sem við glímum við.

Ég veit að hv. þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum bera velferð lands og þjóðar fyrir brjósti. Hv. þingmenn eiga það sameiginlega markmið að ná árangri í björgunaraðgerðum í þágu heimila og fyrirtækja og ég treysti á að samstaða náist um að koma þingmálum áfram hratt og örugglega, nýta tímann vel, tryggja skilvirkt starf í nefndum og marka málefnalega umræðu á Alþingi. Þannig aukum við tiltrú og traust á Alþingi.

Alþingi Íslendinga má ekki á þessum erfiðu tímum verða vettvangur kosningabaráttu einstakra þingmanna eða stjórnmálaflokka heldur á umræðan að markast af lausnum á þeim brýnu verkefnum sem bíða og þurfa úrlausnar við fyrir komandi kosningar.

Ég endurtek þakkir mínar til þingheims fyrir það traust að fela mér þetta embætti. Ég ítreka þá von mína að ég eigi gott samstarf við alla hv. þingmenn og starfsfólk þingsins um árangursríkt og afkastamikið þing.

[14:27]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna óska hæstv. forseta til hamingju með kjörið og óska eftir góðu samstarfi við hann, þó að við hefðum talið það vera einstakt tækifæri fyrir þingið til þess að ná góðri samstöðu og samvinnu á þessum tímum að fyrrverandi forseti hefði verið áfram forseti okkar og þingsins alls. Ég vil endurtaka hamingjuóskir til hæstv. forseta með kjörið og óska eftir góðu samstarfi við hann.

Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörin væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Kjartan Ólafsson (B),
2. varaforseti: Þuríður Backman (A),
3. varaforseti: Ragnheiður Ríkharðsdóttir (B),
4. varaforseti: Einar Már Sigurðarson (A),
5. varaforseti: Guðfinna S. Bjarnadóttir (B),
6. varaforseti: Kristinn H. Gunnarsson (A).

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu annarra fastanefnda komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

Allsherjarnefnd:
Árni Páll Árnason (A),
Birgir Ármannsson (B),
Ágúst Ólafur Ágústsson (A),
Álfheiður Ingadóttir (A),
Ólöf Nordal (B),
Árni Þór Sigurðsson (A),
Sigurður Kári Kristjánsson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Jón Magnússon (A).

Efnahags- og skattanefnd:
Björgvin G. Sigurðsson (A),
Pétur H. Blöndal (B),
Ellert B. Schram (A),
Gunnar Svavarsson (A),
Bjarni Benediktsson (B),
Árni Þór Sigurðsson (A),
Ragnheiður E. Árnadóttir (B),
Jón Bjarnason (A),
Birkir J. Jónsson (A).

Félags- og tryggingamálanefnd:
Þórunn Sveinbjarnardóttir (A),
Ármann Kr. Ólafsson (B),
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Þuríður Backman (A),
Árni Johnsen (B),
Atli Gíslason (A),
Ragnheiður Ríkharðsdóttir (B),
Helga Sigrún Harðardóttir (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Fjárlaganefnd:
Gunnar Svavarsson (A),
Kristján Þór Júlíusson (B),
Björgvin G. Sigurðsson (A),
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Ármann Kr. Ólafsson (B),
Ellert B. Schram (A),
Ásta Möller (B),
Jón Bjarnason (A),
Magnús Stefánsson (A),
Illugi Gunnarsson (B),
Guðjón A. Kristjánsson (A).

Heilbrigðisnefnd:
Ágúst Ólafur Ágústsson (A),
Ásta Möller (B),
Ellert B. Schram (A),
Þuríður Backman (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (B),
Álfheiður Ingadóttir (A),

Pétur H. Blöndal (B),
Eygló Harðardóttir (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Iðnaðarnefnd:
Katrín Júlíusdóttir (A),
Kristján Þór Júlíusson (B),
Einar Már Sigurðarson (A),
Helgi Hjörvar (A),
Herdís Þórðardóttir (B),
Álfheiður Ingadóttir (A),
Björk Guðjónsdóttir (B),
Eygló Harðardóttir (A),
Grétar Mar Jónsson (A).

Menntamálanefnd:
Einar Már Sigurðarson (A),
Einar K. Guðfinnsson (B),
Katrín Júlíusdóttir (A),
Árni Páll Árnason (A),
Björk Guðjónsdóttir (B),
Þuríður Backman (A),
Ragnheiður Ríkharðsdóttir (B),
Höskuldur Þórhallsson (A),
Jón Magnússon (A).

Samgöngunefnd:
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Ólöf Nordal (B),
Karl V. Matthíasson (A),
Björgvin G. Sigurðsson (A),
Sturla Böðvarsson (B),
Árni Þór Sigurðsson (A),
Árni Johnsen (B),
Helga Sigrún Harðardóttir (A),
Guðjón A. Kristjánsson (A).

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd:
Karl V. Matthíasson (A),
Arnbjörg Sveinsdóttir (B),
Helgi Hjörvar (A),
Atli Gíslason (A),
Herdís Þórðardóttir (B),
Magnús Stefánsson (A),
Jón Gunnarsson (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Grétar Mar Jónsson (A).

Umhverfisnefnd:
Helgi Hjörvar (A),
Kjartan Ólafsson (B),
Katrín Júlíusdóttir (A),
Karl V. Matthíasson (A),
Jón Gunnarsson (B),
Atli Gíslason (A),
Árni M. Mathiesen (B),
Eygló Harðardóttir (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Utanríkismálanefnd:
Aðalmenn:
Þórunn Sveinbjarnardóttir (A),
Björn Bjarnason (B),
Lúðvík Bergvinsson (A),
Árni Þór Sigurðsson (A),
Ragnheiður E. Árnadóttir (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Varamenn:
Ágúst Ólafur Ágústsson (A),
Arnbjörg Sveinsdóttir (B),
Ellert B. Schram (A),
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Sigurður Kári Kristjánsson (B),
Atli Gíslason (A),
Björk Guðjónsdóttir (B),
Magnús Stefánsson (A),
Jón Magnússon (A).

Viðskiptanefnd:
Gunnar Svavarsson (A),
Birgir Ármannsson (B),
Lúðvík Bergvinsson (A),
Álfheiður Ingadóttir (A),
Guðfinna S. Bjarnadóttir (B),
Höskuldur Þórhallsson (A),
Árni M. Mathiesen (B),
Birkir J. Jónsson (A),
Jón Magnússon (A).

Um fundarstjórn.

Umræða um stefnu ríkisstjórnarinnar.

[14:36]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég ítreka þær hamingjuóskir sem hafa verið fluttar til forsetans vegna þessa virðulega embættis og hef allt traust á að hann muni sinna því vel.

Jafnframt vil ég færa hæstv. forsætisráðherra mínar hjartanlegustu árnaðaróskir með embættistökuna og óska henni velfarnaðar í starfi. Ég get þó ekki annað en nefnt að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með að skýrslunni um efnahagsmál og stöðu þjóðmála, sem verður rædd í kvöld, skuli enn ekki hafa verið dreift hér í þingsölum. (Gripið fram í.) Ég veit að hún verður flutt munnlega en að sjálfsögðu hefði verið mjög til bóta fyrir umræðuna í þinginu ef gögnum hefði verið dreift fyrir þessa mikilvægu umræðu, sem verður sjónvarpað og ég er sannfærður um að margir munu vilja fylgjast með. Þótt hér hafi verið tekist á um ýmislegt í þingsköpum og annað slíkt í dag fer mikilvæg umræða fram í þinginu í kvöld og ég held að það hefði verið merki um öflugt verklag og vilja til að vinna vel með þinginu ef skýrslunni hefði verið dreift í þinginu þannig að við hefðum getað kynnt okkur hana og undirbúið þar með betur umræð-

urnar í kvöld svo þær yrðu gagnlegri bæði fyrir þingið og þjóðina.

[14:38]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Herra forseti. Ég vil byrja á því sem nýr forsætisráðherra að óska eftir góðu samstarfi og samvinnu við allan þingheim um þau erfiðu störf sem fram undan eru. Við höfum stuttan tíma og ríkisstjórnin er með verkáætlun, sem hefur verið kynnt, og leggur mikla áherslu á að hún nái fram að ganga á þeim stutta tíma sem við höfum til stefnu.

Varðandi það að leggja fram ræðu mína á þessum degi var ég upplýst um að ég þyrfti ekki að gera það þar sem þetta væri ekki hefðbundin stefnuræða, sem væri flutt að afloknum kosningum. Ég vissi ekki fyrr en í dag að óskir lægju frammi um að ég legði fram stefnuræðu mína í tíma fyrir fundinn í kvöld. Ég mun gera mitt besta til að verða við þeim óskum og mun kappkosta að reyna að ljúka þeirri ræðu þegar ég kemst í ráðuneyti mitt að þessum fundi loknum, þannig að þingmenn geti fengið hana í hólf til sín eins fljótt og kostur er fyrir fundinn sem hefst hér í kvöld.

[14:39]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir þessi svör. Ég tel að þetta skipti máli fyrir okkur í umræðunni í kvöld. Ég átta mig á því að í mörg horn er að líta hjá ríkisstjórninni en mikilvægt er að við getum rætt málin eins vel og hægt er og til þess þurfum við að sjá þann málflutning sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir hér í þingsölum.

Ég fagna því enn og aftur og vil ítreka að við viljum eiga gott samstarf við ríkisstjórnina, þessa minnihlutastjórn. Það þýðir að við viljum styðja þau góðu mál sem koma fram en munum líka beita okkur af festu og hörku gegn því sem við teljum að sé ekki í hag lands og þjóðar. Ég held að verkefnið sem við stöndum frammi fyrir, hvort sem við erum í minni hluta eða meiri hluta, sé það sama og auðvitað mun reyna mjög á þá sérstöku stöðu í þinginu að hér starfar nú minnihlutastjórn.

Tilhögun þingfundar.

[14:41]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Í kvöld, klukkan 7.50, verður flutt skýrsla forsætisráðherra um stefnu ríkisstjórnarinnar. Tillaga forseta er að umræðan verði þannig að umferðirnar verði þrjár, 12 mínútur, 6 mínútur og 5 mínútur en forsætisráðherra hafi 20 mínútur til framsögu. Ef engar athugasemdir eru við þetta skoðast það samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:41.

---

74. FUNDUR

miðvikudaginn 4. febrúar,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:

Stefna ríkisstjórnarinnar, skýrsla forsrh. — Ein umr.

[19:52]

Útbýting:

Gjaldþrotaskipti o.fl., 281. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 507.

Seðlabanki Íslands, 280. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 506.

Stefna ríkisstjórnarinnar, skýrsla forsrh., ein umr.

[19:52]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Gengið er til dagskrár og fyrir tekið eina dagskrármálið, stefna ríkisstjórnarinnar, skýrsla forsætisráðherra og umræður um hana sem verður útvarpað og sjónvarpað héðan úr Alþingishúsinu.

Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir. Forsætisráðherra hefur 20 mínútur til framsögu en aðrir þingflokkar en þingflokkur forsætisráðherra hafa 12 mínútur í fyrstu umferð, í annarri umferð hafa þingflokkarnir sex mínútur en í þeirri þriðju fimm mínútur hver þingflokkur.

Röð flokkanna er í öllum umferðum þessi: Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Ásta R. Jóhannesdóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, í annarri umferð og Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n., í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Sjálfstæðisflokk verða Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, 1. þm. Suðvest., í fyrstu umferð, Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Norðvest., í annarri umferð og Björn Bjarnason, 6. þm. Reykv. s., í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í fyrstu umferð, í annarri Álfheiður Ingadóttir, 11. þm. Reykv. s., og í þriðju umferð Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.

Fyrir Framsóknarflokk tala Birkir J. Jónsson, 6. þm. Norðaust., í fyrstu umferð, í annarri Eygló Harðardóttir, 8. þm. Suðurk., og í þriðju umferð Siv Friðleifsdóttir, 10. þm. Suðvest.

Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Guðjón A. Kristjánsson, 6. þm. Norðvest., Kristinn H. Gunnarsson, 9. þm. Norðvest., í annarri umferð en í þriðju umferð Grétar Mar Jónsson, 10. þm. Suðurk.

[19:54]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Það gengur þess

enginn dulinn að þjóð okkar er að ganga í gegnum djúpan efnahagslegan öldudal. Ríkisstjórnin þarf á skömmum tíma að bregðast við af ábyrgð til að halda atvinnulífinu gangandi og þétta öryggisnetið um heimilin og fjölskyldurnar í landinu. Þjóðum í okkar heimshluta hefur vegnað best þegar saman fer samfélagsleg ábyrgð og nýting kosta markaðarins í þágu almannahagsmuna en ekki sérhagsmuna. Við skulum læra af þeim mistökum sem við erum nú að súpa seyðið af.

Hrun fjármálakerfisins hér á landi leiddi til umróts meðal almennings, mótmæla sem byggðust á réttlátri reiði og ekki síður ríkri þörf til afskipta og aðgerða. Það er von mín að sú upplausn sem verið hefur í samfélaginu sé nú að baki og við séum nú á sáttaleið. Sá jarðvegur sem varð til í þessu erfiða efnahagsástandi hefur leitt til frjórrar þjóðfélagsumræðu. Sú umræða hefur verið öflug, margvíslegar hugmyndir og kröfur um breytta skipan samfélags okkar hafa komið fram. Almenn þátttaka hefur verið víðtækari en við höfum áður þekkt hér á landi.

Við höfum heyrt sjónarmið frá fjölda fólks. Ég tel að það sé mikilvægt fyrir okkur sem störfum í stjórnmálum að finna leiðir til þess að raddir sem flestra fái að heyrast. Við megum ekki binda okkur svo í viðjum flokkakerfis að fólkið fjarlægist okkur. Enginn sem starfar í stjórnmálum vill fjarlægjast þá sem þeir eru að þjóna. Okkar starf byggist á því að vera í góðum tengslum við almenning, þá sem hafa kosið okkur til verka. Ég er sannfærð um að umrótið undanfarið hefur snert okkur öll og haft áhrif á okkur til frambúðar.

Sú ríkisstjórn sem nú hefur tekið til starfa varð til við afar sérstakar aðstæður. Ákall fólks um breytingar hefur haft áhrif og mun ríkisstjórnin kappkosta að finna þessum röddum og þeim kröfum sem komið hefur verið á framfæri farveg í verkum sínum og vinnubrögðum. Ný ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi breytingar í þágu lýðræðis og aukins réttlætis í samfélaginu: Breytingar á stjórnarskránni er kveði á um sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum, þjóðaratkvæðagreiðslur og stjórnlagaþing, sem mun marka tímamót með þátttöku almennings við mótun stjórnskipunar í landinu. Sömuleiðis verður hafinn undirbúningur að gerð siðareglna í Stjórnarráðinu, lagaákvæða um ráðherraábyrgð, þannig að þau verði sambærileg og meðal nágrannaþjóða, og nýrra reglna um skipan hæstaréttar- og héraðsdómara.

Þá verður kosningalögum breytt með þeim hætti að opnað verður á möguleika þess að taka upp persónukjör í kosningum til Alþingis, helst þannig að það komist til framkvæmda í komandi kosningum. Allar þessar breytingar stuðla að því að efla lýðræðið og aðkomu almennings og afnema hvers kyns mismunun sem hefur verið gagnrýnd. Þær eru merki um að kröfur almennings í umræðu undanfarinna vikna, hafi náð eyrum stjórnvalda og finni sér nú farveg í verkefnum ríkisstjórnarinnar.

Ágætu Íslendingar. Undanfarnir mánuðir hafa verið okkur öllum erfiðir. Fjöldi fólks hefur tapað eignum sínum og atvinnu, fyrirtæki eru sum hver komin í þrot og önnur eru í hægagangi. Við þurfum öll að hjálpast að við að koma atvinnulífinu af stað aftur, að fá gangverk efnahagslífsins til að virka svo fyrirtækin og ekki síður heimilin fái betur þrifist.

Óhjákvæmilegt er að líta til þeirra tenginga sem eru á milli atvinnu-, efnahags- og stjórnmálalífs í landinu þegar við ráðumst gegn spillingu í okkar samfélagi. Við skulum hefja þá göngu núna og við skulum hefja hana saman. Um leið skulum við halda okkur við siðlegar aðferðir við uppgjörið. Við skulum halda í heiðri þá grundvallarréttarreglu að enginn er sekur fyrr en það hefur verið leitt í ljós lögum og reglum samkvæmt. Höldum í heiðri mannréttindi allra og gætum þess að uppgjör okkar snúist ekki upp í „nornaveiðar“ af neinu tagi. Við búum í réttarríki og það er hvorki vilji ríkisstjórnar né alþingismanna að ganga á svig við meginreglur réttarríkisins. Það vil ég undirstrika hér í kvöld.

Miklu skiptir hins vegar að okkur takist að endurvekja traust fólks í landinu á stjórnvöld og gangvirki efnahagslífsins. Við þurfum jafnframt að endurreisa virðingu og bæta orðspor Íslendinga á erlendum vettvangi. Engin þjóð fær vel þrifist án heilbrigðra samskipta við erlendar þjóðir. Það er beint samhengi á milli ímyndar okkar og orðspors á erlendum vettvangi og endurreisnar efnahagslífsins hér á landi. Við þurfum að stokka upp í fjármála- og eftirlitskerfi okkar. Það hefur brugðist þannig að þessar stofnanir hafa því miður glatað trúverðugleika sínum bæði gagnvart umheiminum og okkar eigin samfélagi.

Við það verður ekki unað því að aðilar sem ekki njóta trausts geta ekki gegnt lykilhlutverki við endurreisn samfélagsins. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd. Við stjórnmálamenn erum hér ekki undanskildir. Þess vegna er mikilvægt að boðað verði til kosninga í vor þar sem stjórnmálamenn munu leggja verk sín í dóm kjósenda.

Ný ríkisstjórn hefur þegar hafist handa og hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Nú þegar hefur yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins vikið og brýnt er að skipa nýja stjórn yfir eftirlitið hið fyrsta. Ríkisstjórnin hefur nú farið þess á leit við yfirstjórn Seðlabankans að hún stígi líka til hliðar. Bankarnir hafa gengið í gegnum viðamiklar breytingar og enn er því ferli ekki lokið. Eitt af mikilvægustu forgangsverkefnum ríkisstjórnarinnar er að tryggja að fjármálastofnanir öðlist þann styrk sem þarf til að þær geti stutt vel við uppbyggingu atvinnulífsins. Í samræmi við samkomulag Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og stjórnvalda vinnum við nú ötullega að þessu verkefni, að endurreisa fjármálakerfið. Efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gengur samkvæmt áætlun og stjórnvöld munu sjá til þess að samstarfið við sjóðinn verði skilvirkt og traust.

Lögð er áhersla á það af hálfu ríkisstjórnarinnar að markvisst og hratt verði unnið að því að ljúka mati á eignum gömlu og nýju bankana. Það hefur gengið hægar en reiknað var með í upphafi. Þegar því verki er lokið verður hægt að ljúka við endurfjármögnun bankanna. Kappkosta verður að koma hjólum atvinnulífsins af stað sem fyrst, fyrirtækin glíma við örðugri aðstæður en nokkur dæmi eru til um, gríðarlega skuldsetningu, samdrátt í eftirspurn og tekjum, ótryggan gjaldmiðil og hátt vaxtastig.

Við þessar aðstæður þurfa bankarnir vitanlega að gæta varúðar. Þeir þurfa um leið að axla þá ábyrgð að veita fyrir-

tækjunum aðhald og taka þátt í endurreisnarstarfinu. Með hratt lækkandi verðbólgu sem virðist blasa við skapast forsendur fyrir lækkun stýrivaxta og hagfelldara umhverfi fyrir atvinnulífið. Í gjaldeyris- og peningamálum þarf að skapa skilyrði fyrir því að hægt verði að draga úr gjaldeyrishöftum og lækka vexti sem fyrst.

Ég vænti þess að ríkisstjórnin muni þegar í næstu viku gera nánari grein fyrir fyrirætlunum sínum um endurreisn fjármálakerfisins og ýmsum mikilvægum ráðstöfunum sem því tengjast. Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins sem starfar undir forustu Svíans Mats Josefssons mun gera ríkisstjórninni grein fyrir fyrstu tillögum sínum í lok þessarar viku. Markmiðið er að hér dafni heilbrigð fjármálastarfsemi sem fyrst og fremst tekur mið af þörfum viðskiptavina bankanna. Þannig verði lagður grunnur að því að bæta hag fyrirtækja og almennings. Grundvallaratriði í starfi nýrrar ríkisstjórnar er ábyrg stjórn efnahags- og peningamála. Í ríkisfjármálum þarf að leggja drög að áætlun til næstu missira og hefja undirbúning fjárlagavinnunnar fyrir næstu ár. Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, sem lagt hefur verið fram á Alþingi er mælt fyrir um sérstaka peningastefnunefnd.

Nefndin fari með ákvörðunarvald um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. Slík peningastefnunefnd gæti leikið lykilhlutverk við mótun stefnu í gjaldeyris- og peningamálum hér á landi á næstu missirum. Í nefndinni er gert ráð fyrir að sæti eigi sérfræðingar utan bankans, innlendir sem erlendir. Slíkt getur verið til þess fallið að auka á trúverðugleika þeirrar peningastefnu sem rekin er.

Góðir landsmenn. Atvinnuleysistölur hér á landi eru allt of háar um þessar mundir og því miður gætu þær átt eftir að hækka. Að baki þessum tölum eru einstaklingar, feður, mæður og börn. Heilu fjölskyldurnar verða fyrir áhrifum þess samdráttar sem við göngum nú í gegnum. Það er sárt til þess að vita að glæfraleg viðskipti fárra hafi leitt til atvinnuleysis rúmlega 13.000 manna.

Við þessu verðum við að bregðast með aðgerðum sem fjölga störfum og verja þau störf sem fyrir eru. Við munum leita markvisst leiða til þess að örva fjárfestingu innlendra og erlendra aðila og skapa ný störf á almennum vinnumarkaði. Ríkisstjórnin mun fljótlega kynna áætlun um opinberar framkvæmdir og útboð. Þegar hafa verið efld úrræði á sviði vinnumarkaðsmála og nýsköpunar. Heimildir Íbúðalánasjóðs til lánveitinga vegna viðhaldsverkefna á íbúðarhúsnæði verða rýmkaðar og tekin verður upp full endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna vinnu manna á byggingarstað við slík viðhaldsverkefni. Við vitum að stórir framkvæmdaaðilar bíða hreinlega eftir því að hefjast handa. Okkur ber að stuðla að því að það geti gerst sem allra fyrst. Í sama tilgangi höfum við jafnframt einsett okkur að efla útlánagetu Byggðastofnunar.

Við munum efla samráð við aðila vinnumarkaðarins í öllum þessum mikilvægu verkefnum. Við munum grípa til markvissra aðgerða til að bregðast við fjárhagsvanda heimila í landinu í virku samráði við hagsmunaaðila. Sett verður á fót velferðarvakt margra aðila sem mun fylgjast með afleiðingum bankahrunsins og gera tillögur um aðgerðir. Hér verðum við að draga lærdóm af biturri reynslu Finna. Ríkisstjórnin hefur þegar afgreitt frumvarp til laga um greiðsluaðlögun, sem er nýmæli hér á landi sem ég hef lengi barist fyrir. Á næstunni verða lögð fram fleiri frumvörp sem bæta réttarstöðu einstaklinga sem eiga í tímabundnum greiðsluerfiðleikum. Gjaldþrotalögum verður breytt með þeim hætti að réttarstaða skuldara verði bætt. Fram til þessa hefur um of verið einblínt á réttarstöðu lánveitenda þegar um gjaldþrotaskipti er að ræða.

Sett verða lög um séreignarsparnað sem veita sjóðfélögum tímabundna heimild til fyrirframgreiðslu úr séreignarsjóðum til að mæta brýnum fjárhagsvanda.

Góðir landsmenn. Hér hef ég rakið efnislega meginatriði í sáttmála þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr við stjórnvölinn. Þessi ríkisstjórn er minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem situr með stuðningi Framsóknarflokksins. Hún er um margt einstök, þótt skammtímastjórn sé. Í fyrsta sinn sitja jafnmargar konur og karlar í ríkisstjórn hér á landi og er það í þriðja sinn sem slíkt gerist á heimsvísu. Þá voru kallaðir til þjónustu tveir nýir ráðherrar á „faglegum“ grunni, þ.e. ráðherrar sem ekki hafa tekið þátt í stjórnmálum til þessa. Þessir tveir ráðherrar taka að sér afar mikilvæg ráðuneyti í þeirri endurreisn sem á sér stað og gegna lykilhlutverki í því að endurvekja traust almennings. Ég tel að þetta hafi verið rétt ákvörðun við þessar aðstæður. Ég bið alla að hafa í huga að hér er aðeins um skammtímastjórn að ræða, stjórn sem fær aðeins 82 daga til að vinna nauðsynleg verk, þjóðþrifaverk.

Ég er ánægð með þá ábyrgð sem þingmenn Vinstri grænna, Framsóknarflokks og Samfylkingar hafa sýnt með því að gera stjórnarsamstarfið mögulegt og leysa þannig þá stjórnarkreppu sem upp var komin. Það þarf vissulega kjark og áræðni til að takast á við þau miklu verkefni sem fram undan eru. Ég fagna því að flokkarnir sem standa að stjórninni treysti sér í þau verkefni þótt skammt sé til kosninga. Ég vil einnig þakka þingmönnum Sjálfstæðisflokksins fyrir samstarfið í síðustu ríkisstjórn og sérstaklega fyrrverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde. Ég veit að ég mæli fyrir þjóðina alla þegar ég óska honum góðs bata.

Ég vil jafnframt nota þetta tækifæri til að vekja athygli á ábyrgð okkar alþingismanna við þær aðstæður sem nú eru uppi. Það er ástæða til að óska sérstaklega eftir því að allur þingheimur starfi nú saman og greiði fyrir framgangi mála sem miða að því að draga úr áhrifum bankahrunsins á atvinnulífið, heimili og fjölskyldur. Ég heiti á þingheim að sýna ríkisstjórninni skilning við þessar aðstæður. Ég heiti jafnframt þingheimi öflugu samstarfi og samráði á komandi tímum. Þjóðin þarfnast samvinnu okkar — því megum við ekki bregðast.

En ég beini líka máli mínu til þjóðarinnar. Oft var þörf en nú er nauðsyn að Íslendingar sýni samstöðu og samhug. Við þurfum að þétta öryggisnet samfélagsins. Við þurfum öll að vera vakandi, verkalýðssamtök og ríkisvald, sveitarfélög, kirkja, Rauði krossinn og aðrar samfélagsstofnanir og mannúðarsamtök sem oft vinna kraftaverk í þessu tilliti.

En við þurfum líka að bretta upp ermarnar og hefja uppbyggingu nýs velferðarsamfélags. Við þurfum að gefa nýjum atvinnutækifærum gaum, skapa jarðveg fyrir sprotafyrirtæki og gefa starfandi fyrirtækjum olnbogarými til að auka hraðann og vinnuaflsþörfina. Ég bið fyrirtækin og atvinnulífið allt að leggjast á árarnar með okkur — og sýna

því skilning að við þurfum að byrja margt upp á nýtt.

Góðir landsmenn. Við þurfum áræðni í stað ótta. Við verðum að ráðast í verkefni og framkvæmdir sem hafa beðið á meðan góðærið stóð sem hæst. Allir sem geta eiga að leggja sitt af mörkum því að aðeins þannig vinnum við okkur hratt út úr vandanum.

Segja má að ríkisstjórnin byggi á samkomulagi um nýja byrjun, nýtt gildismat. Það hefur orðið viðhorfsbreyting meðal almennings í landinu. Það hefur myndast samstaða um önnur gildi en þau sem mest hafa verið í hávegum höfð á undanförnum árum. Það hefur myndast samstaða um samábyrgð fólks, við erum öll á sama báti.

Sú ríkisstjórn sem nú er að hefja sína fyrstu vinnuviku er frjálslynd velferðarstjórn sem starfar á grundvelli víðtæks samráðs, stjórn sem ætlar að endurreisa, stjórn sem ætlar að koma á stöðugleika, stjórn sem ætlar að verja grunnþjónustu velferðarkerfis okkar.

Ég þakka fyrir fjölmargar kveðjur frá einstaklingum og samtökum hér á landi og erlendum þjóðarleiðtogum sem mér og ríkisstjórninni hafa borist undanfarna daga. Ég hef átt samtöl við erlenda samráðherra sem sýna aðstæðum okkar mikinn skilning. Það er okkur mikilvæg hvatning.

Vonandi verður arfleifð þessarar ríkisstjórnar sú að hún verði talin hafa verið undanfari nýrra tíma í íslensku samfélagi þar sem lýðræði og áhrif einstaklinga á umhverfi sitt fær innihald. Þetta er og á að verða ríkisstjórn fólksins í landinu. — Góðar stundir.

[20:12]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Við Íslendingar stöndum nú frammi fyrir vanda af stærðargráðu sem óþekkt er í sögu landsins okkar. Það reynir á hagsæld fjölskyldunnar, rekstrargrundvöll fyrirtækja og efnahag þjóðarinnar. Því skiptir öllu að á tímum sem þessum starfi samhent ríkisstjórn sem hafi þor og dug og vilja til að takast á við þau erfiðu og stundum sársaukafullu verkefni sem fram undan eru. Ég vil því óska nýrri ríkisstjórn velfarnaðar í störfum sínum og verkum komandi vikur og mánuði. Þung er byrði væntinganna og ég vona að ríkisstjórnin, nú nýsest, haldi vel á spöðunum landi og þjóð okkar til heilla.

Sjálfstæðisflokkurinn og þingmenn hans munu að sjálfsögðu styðja nýja ríkisstjórn til góðra verka er styrkja atvinnu- og efnahagslíf landsins okkar. Við munum í krafti umboðs kjósenda flokksins ekki aðeins veita ríkisstjórn málefnalegt aðhald, heldur bjóða í fyrsta skipti í langan tíma upp á sterka og samstiga stjórnarandstöðu. Til marks um samstarfsvilja okkar og metnað til verka hér á þingi hefur þingflokkur Sjálfstæðisflokksins nú þegar lagt fram tvö frumvörp sem við teljum mikilvægt að nái fram að ganga. Annars vegar er frumvarp um skuldaaðlögun, aðlögun sem inniheldur brýn úrræði fyrir þá sem lenda í greiðsluerfiðleikum, og hins vegar frumvarp um aðgang einstaklinga að séreignarsparnaði sínum til greiðslu skulda. Frumvarp þetta gæti létt mjög á skuldugum einstaklingum og heimilum í landinu. Bæði þessi mál voru tilbúin áður en ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar lauk og raunar hafði frumvarpið um skuldaaðlögun legið um nokkurt skeið í þingflokki Samfylkingar og beðið afgreiðslu.

Góðir landsmenn. Grundvöllur þess endurreisnarstarfs sem fram undan er liggur í samstarfi okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þetta samstarf og sú áætlun sem það er byggt á er lykilforsenda þess að á landinu skapist nauðsynleg tiltrú og forsenda þess að landið njóti alþjóðlegs stuðnings við það uppbyggingarstarf sem fram undan er. Íslensk stjórnvöld unnu í samræmi við sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins efnahagsáætlun til tveggja ára sem gengur í aðalatriðum út á þrennt, að styrkja gengi krónunnar, endurreisa bankakerfið og ná tökum á rekstri ríkissjóðs.

Það var því ánægjulegt að sjá að í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar nýju var kveðið á um áframhaldandi fylgni við fyrirliggjandi stefnu. Hins vegar vekur upp óvissu allt tal annars stjórnarflokksins, Vinstri grænna, um að endurskoða eigi áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sérstaklega í ljósi einstrengingslegrar afstöðu þeirra gagnvart sjóðnum í gegnum tíðina og óvissa er akkúrat ekki það sem við þurfum núna á að halda.

Einnig verður fróðlegt að sjá hvernig ríkisstjórnarforkólfunum muni ganga að komast að niðurstöðu um aukinn niðurskurð á ríkisfjármálunum þar sem helsta baráttumál annars flokksins og stundum beggja hefur verið að auka þau en ekki minnka. Við skulum segja þetta skýrt: Það er halli á ríkisfjármálunum, og hvernig ætlar ríkisstjórnin að taka á þeim halla? Hvernig geta ötulustu talsmenn aukinna útgjalda, flokkur og flokkar sem fundu niðurskurði fyrri ríkisstjórnar allt til foráttu, nú fundið leið til að draga úr halla ríkissjóðs? Það er bara eitt í boði og það er að hækka skatta, það er að stórhækka skatta. Við slíkt mun ríkisstjórnin ekki finna fyrir veika stjórnarandstöðu. Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki stutt við það að velta stórauknum byrðum yfir á heimili landsins enda sýnir reynslan okkur að þegar vinstri menn tala um breytingu á skattkerfinu þýðir það á mannamáli hærri álögur á meðaljóninn og -gunnuna og meiri jaðarskatta, það er bara þannig.

Góðir Íslendingar. Á föstudaginn verða fjórir mánuðir liðnir frá því að Alþingi samþykkti neyðarlögin svokölluðu. Fjórir mánuðir eru ekki langur tími í stóra samhenginu en hann hefur verið lengi að líða og verið mörgum mjög erfiður. Engu að síður voru fjölmargar stórar ákvarðanir leiddar til lykta á þessum tíma og við höfum náð því að koma okkur í skjól fyrir frekari efnahagslegum skakkaföllum í bili. Auðvitað voru mistök gerð, bæði í aðdraganda bankahrunsins og eftir það, það verður að segjast hreint út, annað væri óeðlilegt í þeim sviptivindum sem störfin voru unnin. Sjálfstæðisflokkurinn dregur enga dul á þetta og það er líka ljóst og hefur verið sagt áður að upplýsingagjöf um störf ríkisstjórnarinnar hefði mátt vera skilvirkari og samræðan við þjóðina okkar betri. Slíkt hefði skapað traust og minnkað tortryggni. Um það getum við engum kennt nema sjálfum okkur. Þó mun sagan sýna að á þessum fyrstu dögum og vikum eftir hrunið voru unnin þrekvirki og orsökuðu þau að hér fór ekki mun verr.

Hvað á að gerast næst ef rétt er á málum haldið? Verðbólga mun ganga hratt niður og við sjáum raunar skýr merki nú þegar á verðbólgumælingunni fyrir janúarmánuð að hækkunin milli mánaða er sú minnsta í langan tíma. Minni verðbólga þýðir lægri afborganir af húsnæðislánum og minni hækkanir á verðlagi. Þetta er kjarabót sem allir

skilja. Minni verðbólga þýðir líka að vextir eiga að geta lækkað. Vaxtalækkun er sú vítamínsprauta sem fyrirtækin á Íslandi þurfa nauðsynlega á að halda en það liggur fyrir að við hefðum getað fengið þessa vítamínsprautu í síðustu viku ef ekki hefði komið til stjórnarkreppa.

Unnið hefur verið hörðum höndum að því innan bankanna að ganga frá verðmati á eignum bankanna og skilja endanlega á milli gömlu og nýju bankanna. Nú þegar liggja fyrir tillögur og mikil vinna sem getur orðið til þess að bankakerfið okkar fari að funkera og þeim þarf að fylgja eftir. Það er lykilatriði svo óvissan minnki og traust skapist þannig að fyrirtækin geti skipulagt sig í núinu og til framtíðar.

Góðir Íslendingar. Í dag eru yfir 13.000 manns á atvinnuleysisskrá á Íslandi. Þetta eru hrikalegar tölur og allt verður gert til þess að þær verði einungis tímabundnar. Atvinnuleysi má ekki skjóta hér rótum. Ekkert böl leggst af meiri þunga á þjóðarsál og þrek en þannig ástand. Við Íslendingar getum staðið af okkur ýmis áföll en við getum ekki og megum ekki sætta okkur við að hér skapist það ástand til langframa að vinnufúsar hendur fái ekki verkefni við hæfi. Ég trúi ekki öðru en að ný ríkisstjórn leggi allt sitt á vogarskálarnar til að koma í veg fyrir að slíkt ástand myndist og mun hún njóta fulltingis Sjálfstæðisflokksins til slíkra verka.

Af þessum sökum hljóta fyrstu skref nýju stjórnarinnar í atvinnuuppbyggingu að vekja furðu. Þegar allt er undir einkennast vinnubrögðin af gerólíkum áherslum og skoðunum flokkanna þriggja sem að stjórninni standa. Nýr umhverfisráðherra var ekki búin að vera hálfan sólarhring í starfi þegar hún lýsti því yfir að ríkisstjórnin hefði ákveðið að hætta við álver á Bakka og slá þau áform varanlega út af borðinu. Iðnaðarráðherra hljóp þá til með sína skoðun og leiðrétti umhverfisráðherrann og sagði að ekkert hefði verið ákveðið um álver á Bakka. (Gripið fram í.) Síðan var þriðja og fjórða skoðunin, þær skoðanir eru innan Samfylkingarinnar en hin fimmta kom síðan frá Framsóknarflokknum, varaformanni Framsóknarflokksins sem lýsti því yfir að hann mundi aldrei styðja ríkisstjórn sem legði svo mikið sem stein í götu þess að álver yrði reist á Bakka. Og ég fagna því.

Sömu söguna er að segja um hvalveiðar í atvinnuskyni sem talið er að geti skapað 200 ný störf hér á landi. Stjórninni virðist ómögulegt að komast að niðurstöðu í þessu máli og væri forvitnilegt að heyra hvað hæstv. sjávarútvegsráðherrann hefur að segja við þá tæplega þúsund manns sem er á atvinnuleysisskrá í Norðvesturkjördæmi en allir þessir ráðherrar eru jú í boði Framsóknar.

Fleira virðist vera sem stjórnin á erfitt með að tala um. Um mikilvægasta hagsmunamál samtíðarinnar að mati Samfylkingar, Evrópumálin, má ekki ræða, rétt impra á þeim. Reyndar skrifaði einn þingmaður Samfylkingarinnar í dag í blað að ríkisstjórnin væri þráðbeint á leið í Evrópusambandið. Ætli fjármálaráðherrann viti af því eða samdi fjármálaráðherrann af sér við ríkisstjórnarborðið?

Hin nýja ríkisstjórn fær þrjá mánuði til að sýna úr hverju hún er gerð, sem er sami tíminn og Samfylkingin gaf fráfarandi ríkisstjórn eftir hrunið. Það dugir því ekki fyrir stjórnina að tala um tímaþröng, erfiðar aðstæður og ólíkar áherslur flokkanna fram að kosningum. Þjóðin okkar þarf á svörum og lausnum að halda og það strax, það er allt tilbúið.

Góðir Íslendingar. Eitt mál vil ég nefna sérstaklega hér að lokum, það er stjórnarskráin okkar og fyrirhugaðar breytingar á henni. Ég hef talað fyrir því eins og margir fleiri í þessum sal að gera verði breytingar á ýmsum þáttum stjórnarskrárinnar, breytingar sem lúta fyrst og fremst að því að efla þingið og styrkja stöðu þess gagnvart framkvæmdarvaldinu en líka hugmyndum um þjóðaratkvæðagreiðslur og jafnvel ákvæði sem kveða nánar á um framsal fullveldis til yfirþjóðlegra stofnana. Stjórnarskráin er það skjal og sá vettvangur í okkar stjórnskipan sem verður að umgangast af virðingu. Það er fyrir því rakin ástæða, erfitt er að breyta henni í dag. Endurskoðun á henni má ekki ráðast af offorsi eða hvatvísi. Stjórnarskráin geymir grundvallarreglur þjóðfélags okkar og þau mannréttindi sem við öll njótum. Hún á að vera yfir það hafin að breytast í takt við tískubylgjur eða dægurþras.

Þær breytingar sem orðið hafa á stjórnarskránni undanfarin ár hafa þannig byggst á vandaðri vinnu og þverpólitískri sátt á þinginu. Slíkt vinnulag er forsenda þess að stjórnarskráin okkar njóti þess trausts og hafi þann sess sem hún á skilið. Við sjálfstæðismenn lýsum okkur tilbúna til vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar að því gefnu að vandað verði til verka og leitað verði samráðs um þær breytingar sem til greina koma, ekki bara á lokastigi eins og nú er verið að boða. Það er nýlunda.

Góðir landsmenn. Í þeirri uppbyggingu sem fram undan er þurfum við að vera trú og ræktа þau gildi sem hér hafa þróast um aldir. Fyrir hvað stöndum við sem þjóð, og hvaða gildum viljum við sem þjóð halda á lofti? Þótt fyrstu dagar nýju ríkisstjórnarinnar lofi ekki góðu, hafi frekar sýnt fram á sundrungu og erfiðleika, er brýnt að þessari nýju ríkisstjórn takist vel til næstu daga og vikur. Við erum vel menntuð þjóð, við erum dugleg og áræðin, við erum bjartsýn, stolt og pínulítið þrjósk. Um leið og við verðum að læra af reynslunni skulum við nýta okkur þessa eiginleika þjóðarinnar og skapa hér að nýju öflugt og heilbrigt samfélag sem við getum búið við stolt og hamingjusöm í frjálsu landi. Sjálfstæðisflokkurinn mun leggja allt sitt á vogarskálarnar til að svo megi verða. — Góðar stundir.

[20:24]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Virðulegur þingheimur. Góðir landsmenn. Það var gríðarlega dýrmætt og mikilvægt innlegg í vanda okkar Íslendinga og verkefni sem við höfum með höndum að hlusta á varaformann Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, eyða drjúgum hluta ræðutíma síns í að tala út og suður um meintan ágreining í ríkisstjórn sem hefur setið í þrjá sólarhringa eða milli flokka sem að henni standa. Ég vil líka segja að það megi teljast nokkuð fullkomið gullfiskaminni að bera þær ávirðingar fyrir fram á ríkisstjórn að hún kunni hugsanlega að hækka skatta þannig að það komi verst við meðaljón og -gunnu en sleppa algerlega að nefna það að hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er að koma úr ríkisstjórn sem hækkaði skatta flatt, núna rétt fyrir áramótin og það svo sannarlega á Jón og Gunnu og það er sami flokkurinn sem barði í gegn skatta-

stefnu sem létti sérstaklega skatti af hátekjufólki og auðmönnum. Væri ekki gott að hafa þær krónur nú í handraðanum sem ofurlaunaliðið hefði borgað í skatta á undanförnum árum ef Sjálfstæðisflokkurinn hefði ekki sérstaklega pakkað því inn í bómull? Og til þess að reyna að auka líkurnar á því að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sofi vel í nótt þá vil ég upplýsa að í dag átti ég ágætt samtal við þann yfirmann Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem fer með málefni Íslands. Það fór hið besta á með okkur og hann taldi það sjálfsagt mál að við ræddum framvindu þessarar áætlunar og hvernig hana mætti aðlaga sem best að aðstæðum á Íslandi í dag. En það kemur í ljós að það má bara tala við þessa menn (**Gripið fram í:** Nú?) [Hlátrasköll í þingsal.] og það gerir ekkert til. Ég held að Sjálfstæðisflokknum hljóti að vera létt.

Við lifum mikil tímamót. Þau eru mörgum erfið. Þau eru greinilega erfið þingmönnum Sjálfstæðisflokksins en ég hef minnstar áhyggjur af því. Ég hef af því miklar áhyggjur hvernig hið efnahagslega og pólitíska hrun sem við stöndum nú frammi fyrir eftir tæpan 18 ára valdatíma Sjálfstæðisflokksins hefur leikið íslenska þjóð. Tvö síðustu skipti sem ríkisstjórnir hafa gefist upp vegna vandræða í efnahagsmálum hafa það í bæði skiptin verið ríkisstjórnir undir forustu Sjálfstæðisflokksins og í bæði skiptin hafa vinstri stjórnir komið að verki til að bjarga málum. Það er sjálfsagt staðreynd sem Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki rifja mikið upp en hún er rétt, þ.e. að Sjálfstæðisflokkurinn fór fyrir ríkisstjórn sem sigldi öllu í strand haustið 1988 og Sjálfstæðisflokkurinn leiddi ríkisstjórn og ríkisstjórnir sem skilja við Ísland eins og raun ber vitni. Og byrjar svo ekki söngurinn enn á ný, hinn innstæðulausi og tómi söngur um að vinstri sinnuðum stjórnmálamönnum eða félagslega þenkjandi fólki sé ekki trúandi fyrir fjármálum, þeir komi öllu í kaldakol.

Hvert fellur dómur reynslunnar í þeim efnum á Íslandi? Hann talar skýru máli. Árið 1991 tók ríkisstjórn í morgungjöf við þjóðarsáttinni og verðbólgu sem búið var að ná niður í lága eins stafs tölu með miklum fórnum. Þá hófst söngur um fortíðarvandann. Hafi verið hægt að kalla þau skilyrði sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fékk vorið 1991 í hendur með lágri verðbólgu og miklum fórnum launamanna sem höfðu leitt af verkum fortíðarvanda, hvað má þá kalla núverandi viðskilnað? Það hefur engin ríkisstjórn í sögu íslenska lýðveldisins tekið við öðru eins þrotabúi og það hefur engin ríkisstjórn tekið við framtíðarhorfum sem eru jafndökkar fyrir samfélag okkar. Það er því miður hinn beiski veruleiki fyrir utan mikla innri erfiðleika í samfélaginu, skuldir heimila, fyrirtækja og sveitarfélaga. Nú bætast þar við ört vaxandi og miklar skuldir íslenska ríkisins. Þær aukast um á fimmta hundrað milljarða kr. á þessu ári, fara hátt í 1.100 milljarða. Þar til viðbótar mun ríkið í árslok, ef svo heldur sem horfir, hafa bætt ofan á um 1.300 milljörðum í ábyrgðir. Þetta eru staðreyndir. Þetta talar sínu máli. Þetta sýnir hversu erfitt verkefnið fram undan er.

Hæstv. forsætisráðherra fór yfir í ítarlegri framsöguræðu þær aðgerðir sem þessi ríkisstjórn ætlar að gera sitt besta til að koma fram og beita sér fyrir í þágu fjölskyldna, heimila og atvinnulífs og ekki síður í þágu lýðræðisumbóta og réttlátara og opnara samfélags. Í minn hlut í þessari ríkisstjórn kemur m.a. að ráðast í ákaflega brýnt verkefni sem er að ljúka þeirri endurreisn í fjármálakerfinu og koma á fót starfhæfum bönkum sem við verðum að fá til að hjól atvinnulífs og mannlífs í landinu geti gengið. Það er líka verkefni að standa vörð um þó þær fjármálastofnanir sem enn hafa ekki hrunið og ekki er nú á bætandi að geri það, minni fjármálafyrirtæki og sparisjóði. Því miður er staðan þannig að í þeim atvinnugreinum og því hefðbundna atvinnulífi sem er starfandi í landinu eru miklir uppsafnaðir erfiðleikar og ofan á þá bætast núna utanaðkomandi áföll eins og lækkandi fiskverð. Sjávarútvegurinn er skuldugur, landbúnaðurinn hefur mætt miklum erfiðleikum og kostnaðarhækkunum en þarna liggja engu að síður þau tækifæri og þeir möguleikar sem okkur er nú lífsnauðsynlegt að virkja; í ferðaþjónustu, í útflutnings- og samkeppnisiðnfyrirtækjum, í hvers kyns nýsköpun. Nú þurfa allir að leggja sitt af mörkum. Auðlindir lands og sjávar, landið sjálft, náttúran, menningin og tungan og mannauðurinn, við sjálf, er það sem við verðum að byggja á.

Við erum vinnusöm og vel menntuð þjóð. Við erum heiðarlegt og gott fólk. Við erum friðsöm. Við viljum lýðræðislegt, réttlátt og opið samfélag og nú verðum við að taka á saman. Þess vegna tek ég undir áskorun hæstv. forsætisráðherra til forsvarsmanna fyrirtækja að þeir geri allt sem í þeirra valdi stendur til þess að halda fólki í störfum, að jafna frekar út vinnu en segja fólki upp og þreyja með okkur þorrann og góuna þannig að við komumst öll fram á græn grös. Sveitarfélögin gegna hér líka lykilhlutverki. Þau verða að halda utan um nærsamfélagið. Þau eru veitendur mikilvægrar þjónustu og þau eru stórir vinnuveitendur. Stofnanir og samtök, það geta allir lagt sitt af mörkum.

Nú er tíminn til að ráðast í viðhald á íbúðarhúsnæði. Eigi menn fasteignir, skuldlitlar, sem þeir vilja ráðast í framkvæmd við er tíminn núna. Nú eru iðnaðarmenn á lausu, nú vantar störf og með hvetjandi aðgerðum ríkisstjórnar má taka þetta sem dæmi um það hvernig á uppbyggilegan hátt margir geta lagt sitt af mörkum. Og er eitthvað að því, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, að beina slíkri áskorun út í samfélagið að allir hugsi svona, hvað get ég gert? Er ég á einhvern hátt í aðstöðu til að láta gott af mér leiða og leggja mitt af mörkum til þess að hlutirnir gangi betur? Við þurfum áræði, við þurfum kjark og við þurfum samstöðu og auðvitað skiptir eitt miklu máli: Nú þarf lukkuhjólið endilega að fara að snúast með okkur Íslendingum. Það hefur fátt ef nokkuð lagt með okkur undanfarin missiri. Það er því miður dapurleg staðreynd að það hefur verið leitun að góðum fréttum sem við höfum getað glaðst yfir að undanförnu.

Í upphafi síldarvertíðar sem menn bundu vonir við, að þá færi í hönd gjöful tíð fyrir þau fyrirtæki sem mikið byggja á, urðum við fyrir áfalli. Það er ótrúlegt að slíkt ólán skuli á köflum hafa elt okkur, að ofan í þá miklu erfiðleika sem hrun í efnahagslífi og alþjóðleg fjármálakreppa og óvinveittar aðgerðir nágrannaríkja, sumra ónefndra, leggist slíkir hlutir á móti okkur. Nú verður því að linna. Við skulum vona að nú snúist lukkuhjólið rétt með okkur. (**Gripið fram í:** Við förum að veiða hval.) Við skulum t.d. vona að það finnist veiðanleg loðna. Hvað er að því að óska sér þess að einhverjir slíkir hlutir leggist með okkur? Nú þurfum við

að vinna allan þann afla sem við getum gert úr aukin verðmæti hér heima. Nú þurfum við að koma með hráefni að landi, t.d. í þurrkun, þannig að það standi auknum útflutningi ekki fyrir þrifum. Og þá kalla áhugamenn í salnum: Eigum við þá ekki að fara að veiða hval? Hvert er svarið? Jú, það stendur ekki á mér ef hægt er að nýta þá tegund í lífríkinu með sjálfbærum hætti og í samræmi við alþjóðalög og viðurkenndar reglur. En við skulum líka skoða það og við skulum líka virða þá staðreynd að íslensk ferðaþjónusta er mesta vaxtargrein íslensks atvinnulífs um áratugaskeið og að fjármálageiranum hrundum saman eins og raun ber vitni stendur vöxturinn í íslenskri ferðaþjónustu upp úr þegar skoðaðar eru aðrar sambærilegar atvinnugreinar. Við skulum því líka meta af yfirvegun heildarhagsmuni okkar og láta ekki tilfinningar bera okkur ofurliði. Tökum kalda raunsæja afstöðu til þess í hverju heildarhagsmunir okkar eru best fólgnir. Við skulum ekki hrapa að ákvörðun. Við skulum ekki taka stórar umdeildar erfiðar pólitískar ákvarðanir á meðan við erum hlaupandi út úr dyrunum til að skella á okkur hurðinni af því að við höfum misst völdin í landinu.

Iðnfyrirtækin þurfa að huga að því að flytja starfsemi heim sem þau hafa úthýst á undanförnum árum. Við eigum að skapa þeim skilyrði til þess. Bændur eiga að sá korni og reyna að draga úr innfluttum aðföngum o.s.frv. Með öðrum orðum, margt smátt gerir eitt stórt. Við Íslendingar erum í þeirri aðstöðu að við eigum að fara með stækkunarglerið á alla möguleika alls staðar til aukinnar verðmætasköpunar og til þess að leggja okkar af mörkum, til að skapa verðmæti, tryggja störf og reyna að fara saman í gegnum þessa miklu erfiðleika.

Hvernig viljum við að verði talað um okkur sem kynslóð, segjum árið 2030 þegar Alþingi fagnar 1100 ára afmæli sínu eða árið 2044 þegar lýðveldið verður 100 ára? Ætlum við þá að láta segja að við höfum gefist upp? Nei. Þá viljum við að verði sagt: Já, íslenska þjóðin lenti í miklum erfiðleikum upp úr aldamótunum 2000. Hún lenti í klónum á forustumönnum sem eltu villuljós á rangri braut, villuljós nýfrjálshyggju markaðsdýrkunar og græðgi og það lék samfélag okkar grátt. En íslenska þjóðin sigraðist á erfiðleikunum. Hún barðist, hún vann sig í gegnum þá og þess vegna viljum við að börnin okkar og barnabörn segi árið 2030 eða 2044. Þess vegna búum við áfram í þessu góða, fallega landi og gæfuríka samfélagi.

[20:37]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur tekið við stjórnartaumunum á miklum umbrotatímum í íslensku samfélagi. Öllum var orðið ljóst að fyrri ríkisstjórn var óstarfhæf. Nauðsynlega forustu skorti og lítið var um aðgerðir í þágu heimila og fyrirtækja. Ef eitthvað á að segja til að lýsa þeirri ríkisstjórn var hún haldin ákvarðanatökufælni í mjög mörgum mikilvægum málefnum fyrir íslenska þjóð. Viðbrögð almennings við ládeyðunni voru þau að krefjast kosninga, krefjast breytinga á yfirstjórn Seðlabankans, krefjast breytinga á yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins svo fátt eitt sé nefnt.

Á nýafstöðnu flokksþingi okkar framsóknarmanna kom þessi skýra krafa almennings um breytingar berlega í ljós. Um eitt þúsund manns komu þar saman og kusu sér nýjan formann, Sigmund Davíð Gunnlaugsson, sem hefur slegið nýjan tón í stjórnmálaumræðunni, talað um lausnir vegna vanda heimila og fyrirtækja frekar en að vera fastur í kreddustjórnmálum sem við þurfum að segja skilið við. Mikill fjöldi fólks hefur gengið til liðs við Framsóknarflokkinn í kjölfarið, fólk sem vill breytingar á íslensku samfélagi, fólk sem vill hafa áhrif.

Eins og áður sagði var fráfarandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar óstarfhæf. Misvísandi stefnur flokkanna í mörgum grundvallaratriðum urðu til þess að lítið var um aðgerðir og sjálfstæðismenn virtust helst hafa þann metnað að halda í valdastólana þannig að Valhöll gæti áfram verið þrettánda ráðuneytið í ríkisstjórn þeirra. Frá hvarfseinkenni flokksins hafa verið gríðarleg síðan stjórnarskiptin urðu og heyrðist það síðast í umræðunni á Alþingi í dag, enda hefur flokkurinn verið við völd samfellt í 18 ár og mun þurfa sinn tíma til að fóta sig í stjórnarandstöðunni. Það er í raun og veru merkilegt, hæstv. forseti, að hugsa til þess að þeir sem fá að kjósa í fyrsta sinn í vor hafa margir hverjir ekki upplifað íslenskt samfélag án þess að Sjálfstæðisflokkurinn sé í ríkisstjórn. Heil kynslóð Íslendinga hefur ekki kynnst Íslandi án þess að Sjálfstæðisflokkurinn sé þar við völd.

Góðir Íslendingar. Breytinga var þörf og breytinga er þörf á fleiri sviðum. Í ljósi þess að við bjuggum við ríkisstjórn sem kom sér varla saman um nokkurn skapaðan hlut buðum við í Framsóknarflokknum Samfylkingunni og Vinstri grænum að verja minnihlutastjórn þeirra vantrausti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau skilyrði sem við framsóknarmenn settum voru þau að alþingiskosningar yrðu eigi síðar en 25. apríl og nú hefur sá kjördagur verið ákveðinn. Í öðru lagi lögðum við áherslu á að hafin yrði vinna að undirbúningi stjórnlagaþings þar sem almenningur kæmi að því að semja stjórnarskrá lýðveldisins. Út frá þeim grunni verður byggt upp nýtt samfélag þar sem von mín er sú að réttlæti og valddreifing verði meginstefið.

Í þriðja lagi vildum við framsóknarmenn sjá raunverulegar aðgerðir í þágu heimilanna í landinu. Í fjórða lagi vildum við sjá raunverulegar aðgerðir í þágu atvinnulífsins í landinu. Í fimmta lagi vildum við sjá að mótuð yrði stefna í gjaldmiðilsmálum til framtíðar en þar hefur Sjálfstæðisflokkurinn á undanförnum árum ekki viljað aðhafast neitt og neitað að horfast í augu við raunveruleikann. Ástandið er með þeim hætti að við getum ekki búið við stjórnvöld sem humma hlutina fram af sér og láta aðgerðaleysið eitt ráða för. Kyrrstöðuna þurfti að rjúfa.

Það heyrir til undantekninga hér á landi að minnihlutastjórn sé að störfum en við slíkar breytingar þarf framkvæmdarvaldið í auknum mæli að leita til þingsins í ákvarðanatöku sinni og það er ólíkt því sem tíðkaðist hjá síðustu ríkisstjórn. Starf hennar einkenndist af því að við þingmenn heyrðum í fjölmiðlum hvað ríkisstjórnin hafði ákvarðað að þingið mundi afgreiða. Ég minni á að Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn og það er framkvæmdarvaldið sem á að fylgja eftir þeim málum sem Alþingi Íslendinga ákveður. Það skal viðurkennt að ráðherraræðið sem viðgengist hefur á undanförnum árum hefur verið með

þeim hætti að okkur er lítill sómi að.

Ný ríkisstjórn tekur við erfiðu búi, margar erfiðar og vandasamar ákvarðanir þarf að taka og eru fram undan í hagstjórninni og það er enginn öfundsverður af því að fara með stjórn mála. Ég óska nýkjörnum forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, góðs gengis við verkstjórnina og nýrri ríkisstjórn líka. Ég vil segja það hér að Framsóknarflokkurinn mun veita góðum málum brautargengi á Alþingi Íslendinga sama hvort þau koma frá stjórn eða stjórnarandstöðu.

Við myndun núverandi ríkisstjórnar var mikið rætt um hvers vegna framsóknarmenn vildu fá tíma til að meta stuðning sinn við slíka minnihlutastjórn og margar sögur hafa verið á kreiki. Sannleikurinn er sá að þar var ekki verið að karpa um stóla eða bitlinga heldur um málefni og aðgerðir, um að þessi ríkisstjórn mundi í störfum sínum skapa betra Ísland. Að því vill Framsóknarflokkurinn stefna.

Góðir landsmenn. Eitt okkar brýnasta mál er að hið fyrsta verði komið til móts við skuldug heimili þar sem greiðslubyrði lána hefur margfaldast einungis á nokkrum mánuðum. Lækka þarf stýrivexti Seðlabankans, heimilin bera einfaldlega ekki hæstu stýrivexti í heimi. Það hlýtur að vera forgangsmál nýrrar ríkisstjórnar að hefja vaxtalækkunarferli og þeirrar ríkisstjórnar sem taka mun við eftir næstu kosningar að fylgja því ferli á enda. Við þetta verður ekki búið.

Mörg brýn mál þarf að afgreiða frá Alþingi á mjög stuttum tíma. Við framsóknarmenn höfum m.a. lagt fram frumvarp um greiðsluaðlögun sem ný ríkisstjórn hefur gert einnig. Þessar aðgerðir munu bæta hag heimilanna verulega. Fólk verður að sjá fram úr þeim vandamálum sem við blasa og stjórnvöld og ný ríkisstjórn verða að koma fram með trúverðugum hætti og sýna fram á hvernig við ætlum að takast á við þær gríðarlegu skuldir sem blasa við þjóðarbúinu og heimilunum í landinu.

Eitt mesta böl sem nokkur maður getur búið við er atvinnuleysi. Ríflega 13 þúsund Íslendingar ganga nú atvinnulausir og talið er að í maímánuði næsta verði um 20 þúsund Íslendingar atvinnulausir. Þegar 20 þúsund Íslendingar eru án atvinnu snertir það hvert einasta heimili í landinu. Við þessu þarf að bregðast með öflugri atvinnustefnu og þar vil ég endurtaka það sem ég hef sagt að ekki má leggja stein í götu verkefna sem geta skapað þjóðarbúinu gjaldeyri og fjölda starfa. Við þurfum nú sem aldrei fyrr að auka verðmætasköpun í samfélaginu, við þurfum að fá inn erlenda fjárfestingu og við þurfum nauðsynlega að fjölga störfum í vaxandi atvinnuleysi.

Frumskilyrði þess að íslenskt atvinnulíf vaxi og dafni er að bankakerfinu verði komið í starfhæft form á ný þannig að lífvænleg fyrirtæki fái aðgengi að ódýru lánsfé. Við vitum að mörg fyrirtæki eiga í greiðsluerfiðleikum, mörg fyrirtæki eiga í erfiðleikum með að greiða starfsfólki sínu laun eða standa skil á opinberum gjöldum. Við þetta verður ekki búið. Það er því forgangsverkefni að gerður verði efnahagsreikningur fyrir ríkisbankana. Þeir munu ekki geta starfað eðlilega án þess að vitað sé hverjar eru eignir þeirra og skuldir. Jafnframt er brýnt að semja við eigendur jöklabréfa sem er forsenda þess að ná fram eðlilegri verðmyndun á íslensku krónunni og leysa þannig fyrirliggjandi vanda í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Við þurfum að huga sérstaklega að stöðu sparisjóðanna í því umhverfi sem við búum við í dag. Þeir munu gegna lykilhlutverki við endurreisn fjármálakerfisins. Ég vil leggja sérstaka áherslu á það samfélagslega hlutverk sem þeir hafa gegnt um áratugaskeið. Viðreisn fjármálakerfisins þarf að byggjast í auknum mæli á samfélagslegum forsendum en ekki á forsendum blindrar frjálshyggju og græðgi. Svo á einnig við um aðrar atvinnugreinar.

Íslenskur landbúnaður hefur aldeilis sannað gildi sitt á þessum síðustu og verstu tímum. Nauðsynlegt er að bregðast við rekstrarvanda landbúnaðarins og fylgja góðar kveðjur frá okkur framsóknarmönnum til hæstv. landbúnaðarráðherra um að beita sér í þeim efnum. Með því að efla innlenda matvælaframleiðslu sköpum við störf og við komum í veg fyrir útstreymi gjaldeyris. Við viðhöldum blómlegri byggð í landinu okkar og stuðlum að ákveðnu öryggi sem felst í því að vera sjálfum okkur nóg um helstu matvælanauðsynjar.

Góðir Íslendingar. Þrátt fyrir tímabundna kreppu, sem óþarfi er að gera lítið úr, ríður á að Íslendingar standi saman og við skulum hafa það hugfast að innviðir íslensks samfélags eru með því besta sem gerist í heiminum. Velferðarkerfið er sterkt, húsnæði er hér nægt til næstu ára og auðlindir eru ríkulegar. Við eigum ein gjöfulustu fiskimið heims, við eigum íslenska vatnið, við eigum orku í fallvötnum og iðrum jarðar og við eigum jafnvel vannýttar eða ónýttar olíuauðlindir. Síðast en ekki síst eigum við mannauð, mikinn mannauð sem er fólginn í duglegri og vel menntaðri þjóð sem sýnir samtakamátt sinn þegar á reynir.

Þrátt fyrir erfitt árferði eru spennandi tímar fram undan. Við erum að fara að móta nýtt samfélag og við munum vonandi hefja önnur gildi til vegs og virðingar líkt og samvinnu og félagshyggju. Það vandasama verk er að byggja upp traust í íslensku samfélagi. Íslensk stjórnsýsla, efnahagslíf og atvinnulíf þurfa að ávinna sér á ný tiltrú almennings og það á ekki síst við um störf okkar á Alþingi Íslendinga. Til þess að svo geti orðið þurfa ákveðnar breytingar að eiga sér stað. Við þurfum manneskjulegri og samfélagslegri gildi. Við þurfum aukið réttlæti og aukið lýðræði. Við þurfum gagnsæjar og faglegar ákvarðanir í íslensku samfélagi. Við þurfum að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi í stað sérhygli ákveðinna hópa eða einstaklinga. — Góðir Íslendingar, breytum rétt.

[20:50]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Mikið hefur verið fjallað í ræðum og rituðu máli sem og á mörgum fjölmennum mótmælafundum í haust og vetur um að bæta yrði lýðræðisskipulag og stjórnsýsluna. Undir þá kröfu almennings tekur sá sem hér stendur og sú stefnumótun er einnig í stefnu Frjálslynda flokksins.

Við höfum flutt tillögur um að landið verði eitt kjördæmi og jafnframt að kosið yrði til Alþingis bæði af flokkslistum og óröðuðum landslista. Í stjórnarskrárnefnd undir forustu Jóns Kristjánssonar, fyrrverandi þingmanns, lögðu þingmenn Frjálslynda flokksins til að 15% kosningabærra manna gætu krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál.

Þjóðin hefur aldrei fengið að kjósa um óréttlátt kvótabraskskerfi þótt fólkið í landinu hafni kvótakerfinu með miklum meiri hluta í hverri skoðanakönnuninni og á mótmælafundum síðustu mánaða svo dæmi sé tekið. Við lögðum einnig til í stjórnarskrárnefnd að tveir fimmtu alþingismanna gætu ávallt knúið fram þjóðaratkvæði um einstök mál. Við erum sammála því að ávallt skuli kosið beint um breytingar á stjórnarskrá og styðjum þá áherslu í verklýsingu nýrrar ríkisstjórnar sem jafnframt er óskað velferðar í störfum sínum á mjög erfiðum tímum.

Frjálslyndi flokkurinn vill að ráðning hæstaréttardómara verði samþykkt á Alþingi, jafnvel með auknum meiri hluta, og sérstaklega viljum við að skýrt verði markað í stjórnarskrá að auðlindir séu þjóðareign og ríkið hafi aðeins heimild til þess að ráðstafa tímabundnum nýtingar- eða leiguréttti. Stjórnlagaþing hefur þarna ærin verkefni.

Ákvörðun um frjálst framsal kvótans frá og með 1991 var hörmuleg ákvörðun og mikið óhæfuverk. Sú áhersla á valdatíma Þorsteins Pálssonar sem sjávarútvegsráðherra 1991–1999 var vegferð upphafs skuldaaukningar og fjárglæfra. Fjárstreymi út úr sjávarútveginum var þar með sett á fulla ferð.

Fjármunir til nýrra viðskipta voru að miklu leyti sóttir með veðsetningu kvótans og sölu hans. Skuldir sjávarútvegsins jukust um 100 milljarða á næstu 10 árum. Kvótinn var framseldur frá byggðarlögunum og stéttarfélög og sveitarfélög gátu ekki varið sín byggðasvæði. Það var afnumið. Takmörkuðum réttindum fólks í sjávarbyggðum til verndar eignarrétti var eiginlega hent. Óheft frjálshyggjan í Sjálfstæðisflokknum réð virkilega þeirri ógæfuför. Þannig varð til ný verðmyndun á kvóta sem stærri útgerðir og bankar tóku þátt í og stjórnuðu.

Margir hafa á undanförnum vikum bankahruns á Íslandi bent á þessa tilbúnu fjármagnsframleiðslu sem varð til með veðsetningu á óveiddum fiski í sjó og frjálsu framsali kvótans sem fyrstu orsök þess lánsfjárflóðs sem varð fjármálakerfi okkar síðar að falli.

Að taka lán erlendis og auka veðhæfni eigna varð sérsvið bankastjórnenda og viðskiptajöfra.

Það er hins vegar ávallt þjóðin, fólkið í landinu, sem verður fyrir því að taka á sig fallið, þjóðin þarf að þola byrðarnar.

Það er mikið vandaverk að takast nú á við vanda efnahagslífsins í landinu. Vaxtalækkanir verða að koma til sem allra fyrst. Fyrirtæki og heimili fá ekki risið undir þessum ofurvöxtum. Fjármálakerfi landsins þarf að ná virkni og eðlilegri lánastarfsemi fyrir atvinnulífið. Það þarf að vinna hratt og skipulega að því að afstýra gjaldþrotahrinu vegna vaxandi skulda heimilanna í landinu.

Ég minni á að Frjálslyndi flokkurinn hefur margoft lagt fram tillögur á Alþingi um virkar aðgerðir til afnáms verðtryggingar á lánsfé. Við núverandi aðstæður þarf að frysta verðbætur til næstu mánaða, vel fram á sumar svo nýrri ríkisstjórn gefist ráðrúm til framhaldsaðgerða vegna skuldaþenslu heimilanna. Þar á sér nú stað eignabruni sem verður með einhverjum ráðum að stöðva.

Í þinginu liggur nú fyrir frumvarp okkar frjálslyndra um Seðlabanka Íslands þar sem lögð er til nýskipan í stjórn Seðlabankans, að bankastjóri verði einn og bankaráð faglega ráðið með tilliti til menntunar og þekkingar á peninga- og efnahagsmálum. Það mál okkar frjálslyndra hefur ekki enn fengist rætt en hefði þó verið fullt tilefni til á haustmánuðum. Nú fæst það vonandi rætt því að nú boðar ríkisstjórnin sömu áherslur í verkefnalista sínum.

Ég vil einnig minna á að enn þá hefur seðlabankastjórinn eða fyrrum stjórnvöld ekki upplýst þjóðina um raunverulegt efni þeirra funda sem hófust fyrir tæpu ári þar sem Davíð Oddsson, Geir Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fjölluðu um fjármálavoðann sem var varað við. Upplýsingagjöf til þjóðarinnar er mjög ábótavant og úr því þarf verulega að bæta.

Í allt haust vantaði einmitt skýrar upplýsingar um í hvaða skuldafeni þjóðin væri að lenda vegna falls stóru bankanna og þess hvað Seðlabankinn þurfti í auknu fjármagni eða gjaldeyri. Við sáum í fjárlögum gert ráð fyrir vaxtagreiðslum á þessu ári upp á tæpa 90 milljarða króna. Og enn er Icesave-deilan óleyst. Telur virkilega einhver í þessum sal að við ráðum við þær byrðar að óbreyttum tekjum þjóðfélagsins? Það er bráðnauðsynlegt að setja skýrt fram hvaða framtíð bíður okkar í skuldum, vöxtum og afborgunum til næstu ára.

Ég hef talið að vaxtabyrði okkar megi ekki fara yfir 100 milljarða kr. á hverju ári eins og tekjur eru nú. Þess vegna verður að auka tekjur þjóðarinnar með öllum tiltækum ráðum. Þar mega tilfinningar ekki hefta atvinnu. Atvinnuleysið er algjört böl og má ekki vaxa mánuðum saman. Allar fjölskyldur í landinu þekkja nú orðið til fólks sem er á þeim lista, 13.000 manns sem orðnir eru atvinnulausir. Allir þekkja orðið til slíkra dæma.

Virðulegi forseti. Nú hafa hvalveiðar verið leyfðar til næstu fimm ára. Sú ákvörðun stóð lengi í Einari K. Guðfinnssyni, hæstv. sjávarútvegsráðherra. (**Gripið fram í:** Fyrrverandi.) Fyrrverandi. Að lokum fékk hann þó kjarkinn þegar starfi hans sem sjávarútvegsráðherra var að ljúka. Betra seint en aldrei. Frjálslyndi flokkurinn hefur alla tíð haft það á stefnuskrá sinni að hér yrðu stundaðar hvalveiðar í sátt við eðlilega nýtingu náttúrunnar. Það vita allir sem um sjó sigla við landið reglulega og einnig þeir ekki síst sem hafa fiskveiðar að atvinnu allan ársins hring hversu mikil aukning hefur orðið á hval á Íslandsmiðum síðustu áratugi. Rannsóknir á hrefnu sýna skýrt að sú tegund er enn meiri afræningi á lífríki sjávar, þorski og ýsu, en jafnvel sjómennirnir sjálfir gerðu ráð fyrir. Hins vegar verður að segja eins og er, hæstv. forseti, að það vantar slíkar rannsóknir á stórhvelunum. Vonandi tekst það nú þegar veiðarnar hefjast.

Að ætla að snúa frá þessari eðlilegu og sjálfsögðu nýtingu náttúruauðlinda sem hvalveiðar eru væri mikið óhæfu- og skemmdarverk. Því verður ekki trúað að óreyndu að Steingrímur J. Sigfússon, núverandi sjávarútvegsráðherra, muni draga til baka þá ákvörðun um stórauknar hvalveiðar í atvinnuskyni hér við land sem tekin hefur verið.

Við þurfum nú að auka atvinnu í landinu með öllum tiltækum ráðum og vinna af alefli gegn vaxandi atvinnuleysi. Hvalveiðar falla vel að þeim áherslum sem nú verða að vera forgangsmál í íslensku þjóðfélagi.

Ný ríkisstjórn verður að víkja tilfinningum til hliðar og leggja kalt mat á öll þau verk sem geta aukið atvinnu fólks í

landinu eins og nú árar í þeim efnum. Hvalveiðar eru útflutningsgrein. Þær geta fært okkur verðmætan gjaldeyri og orðið lyftistöng fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni. Veiðar á hvölum geta vel farið saman við hvalaskoðun og aðrar greinar ferðamennsku. Við getum einnig aukið komu ferðamanna til landsins, m.a. með frekari kynningu og samvinnu við ferðaþjónustuaðila í þeim efnum.

Þetta gildir einnig um aðrar greinar sjávarútvegsins, þar má auka úrvinnslu. Við verðum að leita leiða til að auka áframvinnslu sjávarafurða og að sjálfsögðu þurfum við að auka veiðiheimildir í þorski enn frekar en gert hefur verið og einnig má líta til þess í öðrum bolfiskstegundum.

Þá veiðiaukningu á að sækja með strandveiðiflotanum sem skapar umhverfisvæn störf. Einnig er óskiljanlegt að ekki skuli hafa verið aukið mjög verulega við veiðar á íslensku sumargotssíldinni.

Til viðbótar er það skýlaus krafa að mannréttindi verði virt við núverandi úthlutun aflaheimilda. Íslenskir borgarar eiga skýlausan rétt á að nýta auðlindir í eigin landi án þess að þurfa að greiða blóðug afgjöld til forréttindahópa sem hafa makað krókinn um áratugaskeið í skjóli stjórnvalda. Strax ber að hefja vinnu við að innkalla aflaheimildir til ríkisins, og höfum við í Frjálslynda flokknum lagt fram tillögur þess efnis hér á Alþingi. Þjóðin á að eiga óveiddan fiskinn í sjónum. Við munum ekki komast í gegnum þá erfiðleika sem fram undan eru á niðurskurðinum einum og við munum heldur ekki komast það með því að fara þá leið sem hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir talaði um hér áðan, að auka eingöngu skattana. Allar leiðir þurfa til að koma, auknar tekjur, aukin atvinna, aðhald og skynsamleg skattstefna.

[21:02]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Útlitið er dökkt fram undan í atvinnumálum. Við verðum að finna lausnir á þeim vanda sem þar blasir við, taka höndum saman og vinna gegn ört vaxandi atvinnuleysi og afleiðingum þess. Samvinna stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins skiptir gríðarlega miklu máli. Allir verða að leggjast á eitt. Verkefnið fram undan er ærið, að reisa nýtt og betra samfélag. Stokka þarf spilin, gefa upp á nýtt og gera það rétt. Við þurfum siðbót í stjórnmálum, fjármálalífi og viðskiptalífi til að hægt sé að byggja upp traust og trú á íslenskt samfélag, jafnt innan lands sem utan. Við þurfum að halda í heiðri félagslegt gildi, réttlæti og jöfnuð og byggja á þeim til framtíðar. Endurreisn samfélagsins er langtímaverkefni en fram undan eru aðkallandi verk sem þola enga bið.

Í gær heimsótti ég þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar á höfuðborgarsvæðinu og fann þá örvæntingu og vanlíðan sem þar ríkir. Þar var fjöldi fólks að stíga þau erfiðu spor að skrá sig án atvinnu eftir að hafa misst það haldreipi í lífinu sem trygg atvinna er.

Í dag voru nálægt 14.000 manns skráðir án atvinnu, tæplega 8.800 karlar og rúmlega 5.100 konur. Ég tek þó fram að í þeim hópi er allstór hópur fólks sem hefur enn atvinnu að hluta og nýtur hluta bóta í samræmi við lagabreytingu sem samþykkt var á Alþingi fyrir áramót.

Góðir landsmenn. Ýmislegt hefur þegar verið gert til að bregðast við ástandinu og hafa aðgerðirnar þegar á heildina er litið sannað gildi sitt og verið sú hvatning til atvinnulífsins sem ætlast var til. Hlutabæturnar sem ég nefndi áðan voru nauðsynlegt úrræði og jafnframt rýmkun á rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til atvinnuleysisbóta. Í báðum tilvikum var áhersla lögð á að halda fólki virku á vinnumarkaði eins lengi og kostur er. Þetta eru tímabundin úrræði samkvæmt lögunum en ég mun bráðlega leggja fram frumvarp um framhald þessara aðgerða. Eins er í athugun hvort ástæða sé til að leggja til frekari breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar í ljósi reynslu síðustu mánaða.

Á vegum Vinnumálastofnunar eru í boði ýmsar tegundir vinnumarkaðsaðgerða. Þeir sem eru án vinnu eiga kost á að taka þátt í ýmsum verkefnum samhliða því að fá greiddar atvinnuleysisbætur. Ég nefni heimildir til að ráða fólk tímabundið til reynslu, í starfsþjálfun, til sérstakra átaksverkefna og einnig til frumkvöðlastarfa. Við verðum að beita bæði hefðbundnum og óhefðbundnum lausnum. Mennt er máttur og mikilvægt að fólki án atvinnu gefist kostur á að mennta sig og efla starfshæfni sína.

Í félags- og tryggingamálaráðuneyti er áhersla lögð á að fjölga námsmöguleikum fyrir fólk án atvinnu. Vinnumálastofnun er nú heimilt að gera námssamninga við fólk án atvinnu til að stunda samtengt nám samhliða atvinnuleysisbótum, til að bæta stöðu þess á vinnumarkaði.

Til að bæta möguleika fólks til náms meðan það er án atvinnu er nauðsynlegt að breyta lögum og reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna þannig að fólk sem misst hefur atvinnu geti farið í hefðbundið nám ef það kýs svo. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir slíkum breytingum. Við erum rétt að hefja baráttuna gegn atvinnuleysi. Fulltrúar stjórnvalda, sveitarfélaga, stærstu framkvæmdaraðila hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins munu vinna tillögur um hvernig megi auka mannhaldsfrekar framkvæmdir. Ég nefni einnig áform um útlán Íbúðalánasjóðs til viðhaldsverkefna og endurgreiðslu virðisaukaskatts að fullu vegna vinnu manna á byggingarstað. Hvoru tveggja er ætlað að hvetja til framkvæmda og draga úr atvinnuleysi.

Góðir Íslendingar. Fátt er fólki dýrmætara en heimilið og fjölskyldan. Á þessu byggist samfélagsgerð okkar. Það er skylda okkar að gera allt sem hægt er til að verja heimilin og koma í veg fyrir gjaldþrot. Frá því að bankarnir féllu hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða í því skyni. Íbúðalánasjóður getur nú komið betur til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum. Fyrir áramót var komið á greiðslujöfnun fasteignaveðlána til að létta tímabundið greiðslubyrði af verðtryggðum lánum einstaklinga. Ég ætla ekki að rekja frekar hvað hefur þegar verið gert. Þær aðgerðir eru góðar eins langt og þær ná en augljóslega þarf að ganga lengra.

Eitt þeirra mála sem Samfylkingin hefur lagt ríka áherslu á er að koma á greiðsluaðlögun. Það er úrræði fyrir fólk í miklum greiðsluerfiðleikum. Ísland er eina norræna ríkið sem hefur ekki greiðsluaðlögun meðal leiða til að koma heimilum til bjargar í fjárhagserfiðleikum en reynsla hinna Norðurlandaþjóðanna af henni hefur gefið mjög góða raun. Ríkisstjórnin mun nú koma henni á.

Frumvarp um greiðslujöfnun gengistryggðra lána er einnig væntanlegt til að létta greiðslubyrði. Þá eru áformað-

ar breytingar sem gera kleift að fresta nauðungaruppboðum vegna íbúðarhúsnæðis í allt að sex mánuði meðan reynt er að tryggja búsetuöryggi fólks til frambúðar. Við ætlum að tryggja að allir geti notið þeirra úrræða sem Íbúðalánasjóður hefur upp á að bjóða vegna greiðsluerfiðleika.

Góðir landsmenn. Hagur og velferð heimila og fjölskyldna í landinu er í húfi. Samstaða og samstarf er nauðsynlegt. Ég bind vonir við að góð samstaða náist um þessi brýnu mál hér á Alþingi meðal allra þingmanna. Samfélagið þarf á því að halda.

[21:09]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það er ástæða í upphafi að óska nýrri ríkisstjórn velfarnaðar í vandasömum störfum. Hún tekur við í skugga mikilla erfiðleika sem óhjákvæmilegt er að áfram sé tekist á við af festu og ábyrgð. Það gefur augaleið að ýmislegt fór úrskeiðis hjá okkur í aðdraganda bankahrunsins og átti sinn þátt í því í kjölfar alþjóðlegrar fjármálakreppu að illa fór. Við skulum horfast í augu við þetta, læra af reynslunni og tryggja að slíkt endurtaki sig ekki.

Fráfarandi ríkisstjórn glímdi við fyrstu afleiðingar bankahrunsins og efnahagskreppunnar með myndarlegum hætti þar sem teknar voru skjótar og markvissar ákvarðanir á fjöldamörgum sviðum sem nú eru sem leiðarljós inn í framtíðina. Í farvatninu voru síðan enn frekari og bráðnauðsynlegar aðgerðir sem höfðu það að markmiði að koma bankaþjónustunni í skikkanlegt horf, styrkja atvinnusköpunina og grípa til aðgerða til bjargar heimilum og atvinnulífinu. Þess vegna var ákaflega sérstakt að hlusta á hæstv. forsætisráðherra rekja þau mál eins og þau hefðu dúkkað upp af borði nýrrar ríkisstjórnar. Um það get ég borið vitni að ekki var um að ræða ágreining um þau mál í fyrri ríkisstjórn. Þeim málum miðaði vel áfram og hefðu að öllu óbreyttu verið komin fram mörg hver. Því miður þraut annan stjórnarflokkinn, Samfylkinguna, örendið og kiknaði í hnjánum undan þeim erfiðu verkefnum sem við var að glíma. Þess vegna slitnaði upp úr stjórnarsamstarfinu og við fengum pólitískan óstöðugleika ofan í vandræði okkar.

Það fór ágætlega á því þegar hæstv. ráðherra Steingrímur J. Sigfússon fór síðan að rifja upp ríkisstjórnarmyndunina frá 1988. Sú ríkisstjórn og núverandi ríkisstjórn eiga nefnilega ýmislegt sameiginlegt. Þeirri ríkisstjórn var líkt og fyrrverandi ríkisstjórn slitið í beinni útsendingu af stjórnmálamönnum sem flúðu af hólmi og í báðum tilvikum leiddi það til þess að hæstv. ráðherra varð ráðherra, eins og allir vita.

Hæstv. ráðherra talaði líka um að skattar hefðu verið hækkaðir fyrir jólin. Hann ætti að fara heim í ráðuneyti sitt og lesa sér aðeins betur til því það liggur fyrir að skattabreytingarnar með hækkun persónuafsláttarins urðu til þess að langflestir íslenskir launamenn fengu skattalækkun en ekki skattahækkun. Síðan var mjög skemmtilegt að hlusta á þegar hæstv. ráðherra trúði okkur fyrir því að nú væri komið á talsamband milli hans og hins ógurlega sjóðs, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, eins og það væru sérstök tíðindi, sjóðurinn sem hann lýsti þannig fyrir jólin að hefði eiginlega átt uppruna sinn hjá þeim í neðra. Nú er bara að bíða eftir því að hæstv. ráðherra segi okkur frá því hvernig til tekst með frekari faðmlög VG og IMF.

Með samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, skýrri stefnu í ríkisfjármálum og fjölmörgum aðgerðum í þágu heimila og fjármálalífs má segja að lagður hafi verið ákveðinn grunnur. Fram undan eru gríðarlega viðurhlutamikil viðfangsefni sem nauðsynlegt er að takast á við af festu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að byggt verði á mjög aðhaldssamri og ábyrgri stefnu í efnahags- og ríkisfjármálum. Þess vegna lofar það ekki góðu að það sem helst hefur sést til verka ríkisstjórnarinnar fram að þessu stefnir í þveröfuga átt. Við höfum fengið að sjá útgjaldahugmyndir en engar aðhaldsaðgerðir og ekki glytti í þær nú í kvöld. Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart. Sporin hræða því þegar við rifjum upp málefnalega fortíð þeirra sem fyrir núverandi ríkisstjórn standa er ekki annars að vænta, því miður, en áherslan verði ekki á aðhaldssemi heldur fremur lausatök.

Fyrstu dagar nýju ríkisstjórnarinnar eru heldur ekki mjög uppörvandi. Málin frá stjórninni streyma sem á færibandi, þ.e. ágreiningsmálin. Hingað til hefur enginn dagur liðið án þess að þau birtist okkur ekki í einu eða öðru formi. Í fyrradag voru það stóriðjumálin en enginn veit í dag hvort fylgt er uppbyggingarstefnu hæstv. iðnaðarráðherra eða stoppstefnu hæstv. umhverfisráðherra. Í gær deildu hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra um gjaldmiðilsmál, frammi fyrir þjóðinni og fullum sal af fréttamönnum. Í morgun sáum við glytta í ansi efnilegt rifrildi um Evrópusambandsmál sem ýmist eru sögð úti á köldum klaka í ríkisstjórninni eða á tvíbreiðri hraðbraut með fyrirhuguðum breytingum á stjórnarskránni. Eru Vinstri grænn sammála formanni og þingmönnum Samfylkingarinnar um að tilgangurinn með boðuðum breytingum á stjórnarskrá sé að greiða fyrir ESB-aðild? Það er algerlega óhjákvæmilegt að flokkurinn svari því með skýrum hætti í þessari umræðu. Hinni nýju ríkisstjórn er afmörkuð 80 daga stund til verka sinna. Haldi hún uppi háttum sínum má búast við að það verði tími 80 ágreiningsefna, einnar deilu á dag.

Ákvörðun mín sem landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra um að halda áfram hvalveiðum hefur komið af stað umræðu sem á margan hátt hefur verið óvænt. Ótti margra við að hvalveiðar kynnu að valda erfiðleikum, t.d. í ferðaþjónustu, hefur reynst ástæðulaus. Mikill vöxtur hefur þvert á móti verið í ferðaþjónustunni og erlendum ferðamönnum sem komið hafa hingað til lands hefur fjölgað úr 278 þúsund í ríflega 500 þúsund eða um 80% frá árinu 2002, árinu áður en hvalveiðar hófust. Hvalveiðar eru atvinnugrein sem byggist á skynsamlegri og ábyrgri auðlindanýtingu, er í samræmi við alþjóðlegar reglur og samþykktir og íslensk lög. Sú atvinnugrein, sem skapar okkur verðmæt störf á tímum atvinnuleysis, býr til gjaldeyri sem er mikil þörf á og getur starfað á eigin viðskiptalegum forsendum með sölu afurða. Því spyr ég: Hvers vegna ættum við að banna slíka atvinnustarfsemi? Ég trúi því raunar ekki fyrr en ég tek á að ríkisstjórn sem er undir forsæti þingreyndasta þingmanns á Alþingi Íslendinga eða hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem hefur næstmestu þingreynsluna fari með harkalegum hætti gegn vilja þings og þjóðar sem margfaldlega hefur legið fyrir. Enda glyttir nú loksins í nýjan tón í hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í fyrsta skipti

núna í kvöld.

Virðulegi forseti. Við erum sannarlega í miklum vanda stödd í efnahagslegu tilliti. En við erum kraftmikil þjóð með sterka innviði þjóðfélagsins og höfum alla burði til að vinna okkur út úr þessum vanda. Þar munu þeir hins vegar valda sem á halda. Þess vegna ríður á að vanda vel til verks, ekki ganga fram með misvísandi skilaboð og kæruleysislegum útspilum sem rýra tekjumöguleika okkar og dýpka kreppuna eins og hafa borist undanfarna daga úr Stjórnarráðinu. Við þurfum að hefja okkur upp yfir dægurríginn og sameinast um öfluga framfarasókn í þágu þjóðarinnar.

[21:15]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég er stolt af því að standa í ræðustól Alþingis í dag. Ég er stolt af því að hér hefur verið stofnað til ríkisstjórnar sem markar ótrúlega stór tímamót í íslenskum stjórnmálum og þjóðlífi og getur ef vel tekst til orðið undanfari nýrra tíma, eins og hæstv. forsætisráðherra sagði áðan.

Fyrst vil ég nefna að með þessari ríkisstjórn er stigið stórt skref í réttindabaráttu kvenna. Í fyrsta sinn á Íslandi er kona á forsætisráðherrastól og ríkisstjórn skipuð jafnmörgum konum og körlum. Hér hafa báðir ríkisstjórnarflokkarnir fylgt yfirlýstri stefnu sinni um að sjónarmið og reynsla beggja kynja skuli vera við borðið þar sem ákvarðanir eru teknar. Það er skýrt leiðarmerki á nýrri öld og fyrir nýtt Ísland. Herra forseti, ég er stolt af því.

Í þessari ríkisstjórn sitja einnig, í fyrsta sinn í meira en 60 ár, tveir ráðherrar sem ekki eiga sæti á Alþingi. Á stóla viðskiptaráðherra og dómsmálaráðherra hafa verið valin karl og kona sem bæði njóta víðtæks trausts, ekki aðeins hjá þingmönnum stjórnarflokkanna heldur í samfélaginu öllu. Það er gríðarlega mikilvægt í ljósi þeirra miklu verkefna sem bíða þeirra í ráðuneytum sínum.

Ríkisstjórnin sem nú hefur tekið við er líka einstök að því leyti að hún er minnihlutastjórn tveggja flokka og þriðji flokkurinn ver hana vantrausti. Hér er einnig brotið í blað á þingi sem hingað til hefur um of verið bundið á klafa ráðherraræðis, löggjafarvalds sem hefur í flestu lotið boðvaldi framkvæmdarvaldsins og sætt miklu ámæli fyrir vikið.

Loks er ríkisstjórnin einstök að því leyti að hún ætlar sér stuttan starfstíma, ríflega 80 daga, og boðar til kosninga eins fljótt og auðið er í samræmi við kröfur þjóðarinnar. Ríkisstjórnin hefur sett sér skýra verkefnaskrá og er þegar farin að taka til hendi svo eftir er tekið.

Ég ætla mér ekki að fjalla mikið um aðdraganda stjórnarmyndunarinnar. Það hafa aðrir gert. En stutta útgáfan er einfaldlega sú að langlundargeð þjóðarinnar og meiri hluta þingmanna þraut. Sjálfstæðisflokkurinn daufheyrðist mánuðum saman við vaxandi kröfum þjóðarinnar um breytingar bæði í stjórnkerfinu og bankakerfinu og kröfurnar urðu háværari með hverjum deginum sem leið. En sömu dagar færðu mönnum sífellt nýjar fregnir af áframhaldandi spillingu og auðsöfnun hinna útvöldu á meðan þúsundir misstu vinnuna og jafnvel íbúðarhúsnæði sitt líka.

Fáum blandast hugur um það lengur að íslenska fjármálakerfið var gríðarlega flókið. Það var rotið og spillt og beinlínis svo um hnúta búið að auðvelt væri að flytja fjármuni í skattaskjól út og suður. Ég fagna því sérstaklega að ný ríkisstjórn ætlar að kanna möguleika á því að kyrrsetja eignir til þess að lágmarka mögulegan skaða skattborgara og ríkissjóðs af bankahruninu. Sjálf flutti ég ásamt þremur öðrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frumvarp þess efnis strax í haust, þegar við lögðum til breytingar á neyðarlögunum í sama tilgangi. Ég hef fundið víðtækan stuðning við þessa sanngjörnu kröfu í samfélaginu og treysti því að ríkisstjórnin beiti öllum tiltækum ráðum til að eignum sem kunna að verða andlag skaðabóta vegna bankahrunsins verði ekki komið undan, enda þótt rannsókn á aðdraganda hrunsins hafi dregist úr hömlu.

Sagt hefur verið, herra forseti, að kyrrsetning eigna kunni að brjóta gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um eignarrétt. Ég hvet þá sem þannig tala að taka til varna þegar eignarrétturinn er nú hrifsaður af íbúðareigendum í hundraðatali. Vegna hvers? Vegna vaxandi skulda sem rekja má beint til bankahrunsins. Eða er sá eignarréttur minna virði en eignarréttur auðmanna samkvæmt stjórnarskrá? Ég held ekki.

Ég sagðist vera stolt af því að vera íslenskur stjórnmálamaður á Alþingi í dag. Það er vor í lofti og nýrrar ríkisstjórnar bíður á stuttum tíma mikið verk. Auðlindir okkar í sjó og á landi fara ekki langt. En mannauðinn verðum við að halda í með öllum tiltækum ráðum. Við þær aðstæður sem eru uppi í íslensku þjóðfélagi í dag, þegar 13.000 eða 14.000 manns eru á atvinnuleysisskrá, er erfitt að áfellast ungt fólk sem flyst úr landi til að leita sér að betra lífi.

Ég hvet fólk samt til þess að þreyja þorrann og góuna og leggjast á árar með okkur að mótun nýs Íslands því að nú er komið tækifæri. Ríkisstjórnin er þegar byrjuð að taka til hendinni. Ég fagna sérstaklega ákvörðun heilbrigðisráðherra um að taka aftur spítalaskattinn illræmda sem lagður var á um síðustu áramót. Ég fagna líka ákvörðun menntamálaráðherra um nýja stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna og vona sannarlega að þeirri stjórn auðnist að vinna betur með námsmönnum og námsmannahreyfingunni en þeirri sem áður sat.

Ég vil líka sérstaklega fagna ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að láta kanna lagalegan grundvöll þess að ráðherra í starfsstjórn í ríkisstjórn sem hefur beðist lausnar taki á síðustu metrum starfans umdeildar ákvarðanir sem binda ríkisstjórnir til frambúðar. Þetta er nokkuð sem vart getur verið hafið yfir gagnrýni eða samrýmst góðri stjórnsýslu hvað svo sem mönnum kann að finnast um efnislegt innihald ákvörðunarinnar.

Herra forseti. Ég er stolt af því að flokkur minn Vinstri hreyfingin – grænt framboð fær nú tækifæri til þess að setja mark sitt á stjórn landsins við þessar erfiðu aðstæður. Ég hef áður sagt að því erfiðara sem ástandið verður í þessu landi þeim mun mikilvægara er að vinstri græn komi þar að með stefnu sína sem byggist á hugsjónum um félagsleg gildi, jöfnuð og réttlæti og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Sonur minn og um 70.000 aðrir Íslendingar yngri en 18 ára hafa nú lifað heila þrjá daga án Sjálfstæðisflokksins í Stjórnarráðinu og hafa fengið fyrirheit um að 80 slíkir muni fylgja í kjölfarið. Ég vona svo sannarlega að þeir verði miklu fleiri. [Hlátur í þingsal.]

[21:22]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Fyrir tveimur árum vék Framsóknarflokkurinn úr ríkisstjórn eftir tólf ára setu. Honum hafði tekist furðu vel að halda sjó í sambúðinni við Sjálfstæðisflokkinn þótt mörgum þætti hjónasvipur þessara tveggja flokka fullmikill á síðustu metrunum. Við náðum þó að standa vörð um velferðina, sem almenningur hafði byggt upp á síðustu áratugum með blóði, svita og tárum. Má þar nefna Íbúðalánasjóð, heilbrigðiskerfið og félagslega kerfið sem við vörðum með kjafti og klóm þar til yfir lauk.

En enginn er fullkominn. Við framsóknarmenn gerðum mistök bæði í eigin verkum en ekki síst þegar kom að því að hemja frjálshyggjuskepnuna sem ólmaðist í túni Valhallarbóndans. Trúarstríð sjálfstæðismanna gegn hvers kyns eftirliti með hinum frjálsa markaði er það sem reið íslenskum efnahag nærri því að fullu.

Vissulega berum við framsóknarmenn okkar sök og okkar ábyrgð. Þá sök höfum við viðurkennt og þá ábyrgð höfum við axlað. Hjá okkur er uppgjörinu að ljúka og endurnýjun og uppbygging er hafin. Íslenskt samfélag þarf að ganga í gegnum sams konar ferli. Við þurfum að gera upp fortíðina. Við þurfum endurnýjun og í kjölfarið þarf að byggja upp að nýju. Fráfarandi ríkisstjórn gerði ekkert af þessu. Í stjórnartíð hennar var skollaeyrum skellt við viðvörunum sérfræðinga, embættismanna og stjórnarandstöðu. Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, varaði ítrekað við þenslufjárlögum og yfirvofandi hættum í fjármálakerfinu en óheft gandreið frjálshyggjunnar hélt áfram. Afleiðingin er sorglegri en tárum taki.

En hafi lítið verið gert til að forðast hrun var enn minna gert til að bregðast við því. Hér hefur ekkert uppgjör farið fram. Hér hefur engin endurnýjun átt sér stað. Hér hefur engin uppbygging hafist fyrr en nú. Fólkið í landinu sagði hingað og ekki lengra. Eins og grasrótin í Framsókn krafðist hún uppgjörs, endurnýjunar og uppbyggingar. Með nýjum formanni Framsóknar voru innleiddir nýir tíma í íslensk stjórnmál. Tilboð um stuðning við minnihlutastjórn Vinstri grænna og Samfylkingar hefur losað þjóðina úr spennitreyju frjálshyggjunnar. Þetta tilboð opnaði Samfylkingunni leið úr kæfandi faðmlagi Sjálfstæðisflokksins sem hún nýtti sér til heilla fyrir þing og þjóð.

En þetta tilboð er enginn óútfylltur tékki. Því fylgdu frá upphafi skýr skilyrði. Kosningar í síðasta lagi 25. apríl, stjórnlagaþing til að semja nýja stjórnarskrá lýðveldisins og raunhæfar leiðir til að styðja við heimili og fyrirtæki í landinu. Með þessum einföldu og skýru skilyrðum töldum við framsóknarmenn okkur koma til móts við vilja fólksins í landinu. Þess fólks sem með búsáhaldabyltingu sinni lagði grunninn að hinu nýja Íslandi. Uppgjörið er hafið. Endurnýjunin er hafin. Uppbyggingin er hafin.

Við framsóknarmenn ætlum ekki að bera ábyrgð á ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar en við ætlum að styðja hana til allra góðra verka. Mikilvægast er að brjótast út úr þeim vítahring ákvörðunarfælni og aðgerðaleysis sem einkenndi síðustu ríkisstjórn. Það virðist hin nýja stjórn ætla að gera. En þær leiðir sem farnar verða við uppbygginguna eru ekki síður mikilvægar. Við Íslendingar höfum löngum verið haldnir óbilandi bjartsýni og trú á okkur sjálfa. Endalaus vinnusemi og mottóið „þetta reddast“ hefur fleytt okkur lengra en nokkur hefði trúað og sumir segja að það mottó hafi kannski fleytt okkur fram af brúninni.

Við megum ekki glata trúnni á okkur sjálf. Endurreisnin mun byggja á hinni meðfæddu bjartsýni okkar Íslendinga og trúnni á hið nýja Ísland. En við þurfum líka að hafa trú á þeim leiðum sem stjórnvöld marka út úr myrkrinu. Við þurfum að treysta því að þær leiðir sem valdar eru komi okkur á braut velmegunar á ný.

Framsóknarmenn hafa lagt fram skýrar tillögur um hvert skal stefna. Við vonum að þær fái hljómgrunn hjá núverandi ríkisstjórn enda sýnist okkur sú stefna sem hér hefur verið mörkuð að mörgu leyti samhljóma okkar. Við viljum lækka vexti til að bjarga heimilum og fyrirtækjum í landinu. Við viljum ráðast gegn atvinnuleysi með auknum framkvæmdum ríkis og einkaaðila. Við viljum efla eftirlitsstofnanir og endurskoða peningamálastefnuna til að hrun geti aldrei aftur átt sér stað. Síðast en ekki síst viljum við brjótast út úr þeim þankagangi sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið fyrir í íslenskum stjórnmálum þar sem flokkurinn gengur framar öllu.

Nýr formaður Framsóknar var spurður af þingfréttamanni Ríkisútvarpsins hvað Framsókn fengi í staðinn fyrir stuðning við stjórnina. Henni var sýnilega brugðið þegar formaðurinn svaraði. Vonandi betra Ísland. Hin nýja Framsókn fer ekki fram á skrauthúfur, bitlinga eða vegtyllur. Í hinu nýja Íslandi verðum við að setja þjóðina í fyrsta sæti. Smákóngaslagir um stóla og embætti verða að heyra sögunni til.

Umræðan sem efnt var til á Alþingi í dag er sorglegt dæmi um hið gamla Ísland Sjálfstæðisflokksins. Íslands sem vonandi er liðið undir lok. Þjóðin vill nýtt Ísland. Hið nýja Ísland munum við byggja á samvinnu, samstöðu og sanngirni.

[21:28]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti og góðir tilheyrendur. Því verður ekki á móti mælt að íslenskt þjóðfélag hefur ratað í miklar ógöngur. Risavaxin vandamál blasa við eftir hrun helstu fjármálafyrirtækja landsins. Þau eru tilkomin vegna græðgi, ófyrirleitni og hömluleysis sem fékk að viðgangast öllum til tjóns. Menn héldu í alvöru að endalaust væri hægt að kaupa íbúðir á háu verði og taka allt að láni. Verðið mundi halda áfram að hækka og allt yrði í lagi. Menn héldu að hægt væri að kaupa hlutabréf á metverði og taka lán fyrir kaupunum. Verðið á þeim gæti bara hækkað og hagnaðurinn væri öruggur. Menn héldu að hægt væri að halda uppi lífskjörum með fölsku gengi á krónunni. Útvaldir bankamenn héldu að hægt væri að slá lán hjá sparifjáreigendum um allan heim og ekki þyrfti að skila peningunum.

En þetta var auðvitað ekki hægt. Nú er komið að skuldadögunum og það kostar lakari lífskjör um skeið. Því miður bitnar ástandið á mörgum sem síst skyldi. Ævintýramennskan í fjármálafyrirtækjunum skilur eftir sig þungar klyfjar sem ekki verður umflúið að greiða. En við getum gert það. Þrátt fyrir allt verða skuldir okkar ekki meiri en sumra ríkja í Evrópu. Þrátt fyrir allt verða lífskjörin góð í alþjóðlegum samanburði. Þrátt fyrir allt verður hér mennta-

kerfi og heilbrigðiskerfi í fremstu röð í heiminum. Landsmenn hafa alla burði til þess að vinna sig út úr vandanum. Þeir hafa áður tekist á við efnahagsleg áföll og unnið bug á þeim á undraskömmum tíma.

Virðulegi forseti. Forgangsverkefni stjórnvalda er að vinna bug á atvinnuleysinu. Auðlindir til lands og sjávar eru miklar og þær á að nýta. Nú þýðir ekki að láta fordóma koma í veg fyrir nýtingu fiski- og hvalastofna eða virkjun vatnsorku og jarðvarma. Landbúnaður er mikilvægur og ekki á að vega að honum með því að draga úr sjúkdómavörnum heldur á að standa vörð um störf í framleiðslu og úrvinnslu. Við þurfum störf fyrir vinnufúsar hendur.

Það á að ráðast í frekari álversuppbyggingu ef kostur er á. Því hefur verið borið við að ekki eigi að auka hlut álframleiðslu. Því er til að svara að hlutur þorskveiða er stór í íslenskum sjávarútvegi. Á þess vegna að leggjast gegn aukinni þorskveiði? Svarið er nei. Milljarðarnir sem aukin veiði gefur af sér koma sér vel fyrir þjóðarbúið og það sama mun gilda um auknar tekjur af álframleiðslu eða annarri stóriðju.

Við núverandi aðstæður á að leggja ofuráherslu á uppbyggingu innviða þjóðfélagsins með framkvæmdum í samgöngumannvirkjum og framförum í fjarskiptum um land allt. Sú fjárfesting mun skila sér fljótt í öflugra atvinnulífi og fleiri störfum og verða til þess að landsmenn komast fyrr upp úr öldudalnum en ella. Víða um land eru brýn verkefni á þessu sviði en ég vil minna sérstaklega á jarðganga- og vegagerð á sunnanverðum Vestfjörðum sem ekki má tefjast frekar en orðið er. Ég vil fagna þeim áfanga sem þegar hefur verið náð með útboði á hluta af þessum vegarkafla.

Ég vænti þess að núverandi ríkisstjórn láti ekki hvarfla að sér að leggja af Reykjavíkurflugvöll. Öll áform um slíkt eru aðför að landsbyggðinni. Sjálfstæði þjóðarinnar og fullt forræði yfir auðlindum landsins og eigin málum mun reynast okkur mikill kostur sem fyrr. Við eigum að kappkosta að eyða ekki um efni fram og nýta þau úrræði sem felast í sjálfstæðri efnahagsstjórn.

Ýmsir halda því fram að best sé að fela erlendum aðilum að ráða fram úr málum okkar að meira eða minna leyti. Það heitir að deila fullveldi okkar með öðrum þjóðum. Svona tal minnir mig á dæmisöguna um músina og fílinn sem áttust við í kappleik. Þau deildu saman leikvellinum og spiluðu eftir sömu leikreglum og áttu því að standa jafnt að vígi. En það fyrirsjáanlega gerðist að fíllinn einfaldlega steig ofan á músina þegar honum hentaði. Þannig verður leikurinn í Evrópusambandinu. Við verðum í hlutverki músarinnar og þegar stóru ríkin vilja fara sínu fram þá gera þau það. Evrópusambandið mun breytast og yfirtaka æ fleiri svið fullveldisins eftir því sem tímar líða hvað sem okkur finnst um það. Heilladrýgst verður okkur Íslendingum að halda fast um fullt sjálfstæði þjóðarinnar.

Góðir áheyrendur. Við skulum draga þann lærdóm af nýorðnum atburðum að láta af takmarkalausri trú á gróðann og græðgina. Að láta af umburðarlyndinu gagnvart ósvífninni og ófyrirleitninni. Ekki er eðlilegt að beita hvaða ráðum sem er til að græða. Það er heldur ekki eðlilegt að hafa engar hömlur á gróðafíkninni. Nú þarf að breyta um hugarfar og huga aftur meira að hófsemi, sparsemi, jafnræði og sanngirni. Á þann veg getum við skapað frið og sátt í íslensku samfélagi. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[21:34]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég óska Sjálfstæðisflokknum hjartanlega til hamingju með að vera kominn í stjórnarandstöðu og vona að hann megi vera þar vel og lengi. Hv. þingmanni Einar Guðfinnssyni verð ég hins vegar að segja að það er nokkur byrjendabragur á því að ásaka nýja ríkisstjórn vinstri manna um að hún kunni ekki með peninga að fara og það verði tómur glundroði. Það er satt að segja, virðulegir sjálfstæðismenn, fullstutt frá bankahruninu og borgarabyltingunni til þess að Sjálfstæðisflokkurinn geti staðið hér í ræðustólnum og bent ásakandi á aðra um glundroða og vonda fjármálastjórn.

Við í Samfylkingunni höfum ekki verið gagnrýnd fyrir það að hafa slitið stjórnarsamstarfinu heldur fyrir hitt að hafa haldið því áfram allt of lengi því að ekkert lífsmark var á löngum köflum að sjá með samstarfsflokki okkar ef undan er skilinn hræðsluskjálftinn sem um hann fór þegar nefnt var nafn Davíðs Oddssonar.

Það fer ekki vel á því að við séum að kýtast hér því að við sem höfum stjórnað landinu síðastliðin ár, við sem stóðum vaktina 6. október sl., hljótum auðvitað fyrst og síðast að biðja þjóðina afsökunar vegna þess að það var á okkar vakt sem kerfið hrundi. Ekki að biðjast afsökunar „ef“ við gerðum eitthvað rangt heldur vegna þess að við brugðumst. Við í Samfylkingunni öxlum þá ábyrgð okkar með því að binda endi á þetta kjörtímabil gegn vilja Sjálfstæðisflokksins og efna, í samstarfi við framsókn og VG, til kosninga nú í vor þar sem kjósendur fá að úrskurða um fortíð og framtíð.

Við öxlum líka ábyrgð okkar með því að taka þá forustu fyrir landstjórninni sem engin var og hrinda í framkvæmd í samvinnu við Vinstri hreyfinguna – grænt framboð og Framsóknarflokkinn þeim brýnustu aðgerðum sem aldrei var hægt að aka Sjálfstæðisflokknum í. Ég vona að þessi ríkisstjórn sitji vel og lengi en í þessari lotu eru það aðeins 80 dagar sem hún hefur og við getum ekki haft væntingar um að hún geti gert allt fyrir alla. Hér eru líka gríðarlegir erfiðleikar fram undan í mörg ár og við skulum horfast í augu við það. En við skulum líka muna að sú kreppa sem við eigum við er ekki mikið dýpri en sú sem Færeyingar tókust á við og þeir sigruðust á henni. Það getum við líka.

Við skulum muna að Færeyingar bjuggu ekki að eigin örsmáum fljótandi gjaldmiðli og þeir áttu dyggan stuðning í Dönum. Það er þess vegna gott að varaformaður Sjálfstæðisflokksins spyrji um Evrópusambandið. Og það er gott að ríkisstjórnin sem nú er tekin við greiðir fyrir því með breytingum á stjórnarskrá að á næsta kjörtímabili sé hægt að fara í aðildarumsókn að Evrópusambandinu (Gripið fram í.) vegna þess að á ögurstundu í lífi þjóðar ber forustumönnum hennar skylda til þess að kanna til hlítar þá kosti sem hún á. Alveg sama hvað okkur finnst um Evrópusambandið ber okkur skylda til þess við þær aðstæður sem hér eru að kanna hvað í boði er. Það er til marks um forustukreppu Sjálfstæðisflokksins að hafa ekki getað tekið þá ákvörðun þó að vissulega hafi hv. þm. Bjarni Benediktsson lagt það til.

Við þurfum ekki bara að axla ábyrgð gagnvart þjóðinni, við þurfum líka að axla ábyrgð gagnvart þjóðunum. Við þurfum að senda skýr skilaboð um að við á Íslandi séum hætt í sjálfumglaða víkingaleiknum. Við þurfum að senda skýr skilaboð um að hér búi ábyrgt fólk sem vill axla ábyrgð í samstarfi við aðrar þjóðir, að hér sé ekki fólk sem haldi að það geti fengið allt fyrir ekki neitt, að það geti keypt allan heiminn út á krít. Framganga okkar á undanförnum árum hefur rúið okkur trausti, ekki bara innan lands heldur líka á hinum alþjóðlega vettvangi og þar með líka lánstrausti okkar. Í þeirri kreppu sem fram undan er munu ákvarðanir okkar sem teknar eru á þingi því ekki alltaf ráðast af því sem skynsamlegt er heldur af þeim takmörkunum sem fjárhagur okkar setur okkur vegna þess að í heiminum er ekki lengur til neinn sem er tilbúinn til þess að lána okkur til alls þess sem okkur þykir skynsamlegt.

Til þess að brjótast út úr þeirri stöðu er það sannfæring okkar í Samfylkingunni — sannfæring sem við munum fylgja fram í komandi kosningabaráttu og sannfæring sem ég trúi og treysti að allir stjórnmálaflokkar á Alþingi beri gæfu til að finna — að við getum lyft okkur yfir ágreininginn um Evrópusambandið og sameinast um það að loknum næstu kosningum að hefja aðildarviðræður. Þó að við megum læra það af sögu okkar að hér eru engar patentlausnir til á neinum vanda er það grundvallaratriði varðandi farsæld okkar og hvernig okkur gengur að vinna okkur út úr næstu árum að við sendum heiminum skýr skilaboð um að við höfum lært af reynslu okkar og að hér búi þjóð sem eftir mikla þenslu og mikið hrun hefur áttað sig á því að sígandi lukka er best.

[21:40]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Um leið og ég óska nýrri ríkisstjórn og einstökum ráðherrum hennar velfarnaðar í störfum lýsi ég undrun á aðdraganda og aðferð við myndun hennar.

Hér á landi gildir þingræðisregla og hefur gert allt frá því að íslenskur ráðherra kom til sögunnar í Stjórnarráði Íslands fyrir 105 árum. Í reglunni felst að við myndun ríkisstjórnar skuli leita allra leiða til að í landinu sé meirihlutastjórn. Framkvæmd reglunnar hefur til þessa byggst á því að forseti Íslands veiti umboð til stjórnarmyndunar í samræmi við hana og að ekki sé veitt umboð til að mynda minnihlutastjórn fyrr en kannað hafi verið til þrautar að ekki sé unnt að stofna til stjórnar með meiri hluta þingmanna á bak við sig.

Þegar Geir H. Haarde baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt mánudaginn 26. janúar lagði hann til við Ólaf Ragnar Grímsson að mynduð yrði þjóðstjórn. Tillagan var að engu höfð og þess í stað tilkynnt á Bessastöðum daginn eftir að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fengi umboð til að mynda minnihlutastjórn í samvinnu við Steingrím J. Sigfússon enda hefði Framsóknarflokkurinn lofað að verja slíka stjórn vantrausti og Frjálslyndir gert sig líklega til einhvers konar stuðnings. Þá skyldu tveir utanþingsmenn sitja í stjórninni. Í forsetaboðskap var látið að því liggja að gengi þetta eftir yrði hér til ígildi þjóðstjórnar sem er fráleitt.

Við hlýðum nú í kvöld á skýrslu forsætisráðherra í minnihlutastjórn. Þá skal þess minnst að óvissa ríkir um stuðning meiri hluta þingmanna við allt sem boðað er í þessari skýrslu. Hún er því lítið annað en orð á blaði.

Góðir áheyrendur. Þegar litið er á málefnalista nýrrar ríkisstjórnar sést raunar að þar er það eitt haldfast sem ákveðið hafði verið í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar. Nú er gripið til þess ráðs að færa frumvörp í annan búning eins og t.d. frumvarp um skuldaaðlögun einstaklinga og heimila sem samið var í dómsmálaráðherratíð minni og ég hef nú flutt hér á þingi ásamt öðrum sjálfstæðismönnum. Breytingar hinnar nýju stjórnar á því máli eru þess eðlis að við venjulegar aðstæður hefðu þær komið fram við meðferð málsins í þingnefnd.

Hin rétta mynd af tilgangi stjórnarsamstarfs Samfylkingar og Vinstri grænna birtist hér í þingsalnum í dag þegar andstæðingar Sjálfstæðisflokksins sameinuðust um að ýta Sturlu Böðvarssyni úr forsetastóli. Þeir kepptust við að segja að það væri ekki vegna starfa Sturlu heldur vegna þess að hann væri sjálfstæðismaður. Og framsóknarmönnum þótti sér sæma að leggja þessum gjörningi lið. Að minnihlutastjórn hefji störf með flokkspólitíska heift og hefnigirni að leiðarljósi lofar ekki góðu.

Við þingmenn lútum atkvæðavaldi hér á hinu háa Alþingi. Hinu ber að mótmæla að beitt sé geðþóttavaldi gagnvart einstökum embættismönnum ríkisins. Á mörgu getur maður vissulega átt von á vettvangi stjórnmálanna en að sjá formann BSRB, þótt í leyfi sé, sitja í ríkisstjórn sem gerir aðför að rétti embættismanna til starfa — við því gat enginn skynsamur maður búist. Eftir fyrsta fund nýrrar ríkisstjórnar grípur hæstv. forsætisráðherra til þess óvenjulega ráðs að afhenda fjölmiðlum bréf til seðlabankastjóra þar sem mælst er til þess að bankastjórarnir biðjist lausnar, annars eigi þeir ráðherrann á fæti og lagasetningarvald Alþingis. Slíkri ríkisstjórn þarf greinilega að setja siðareglur.

Spyrja má: Gat nýr forsætisráðherra ekki valið betri gjöf til Stjórnarráðs Íslands á 105 ára afmæli þess en að færa stjórnvaldsákvarðanir út á götu? Þetta er ekki vönduð stjórnsýsla. Rökin í bréfinu til bankastjóranna, að með því sé verið að endurvekja traust á fjármálakerfinu, eru með öllu marklaus. Herra forseti. Ég minnist þess ekki að hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, hafi gert athugasemdir við ákvarðanir Seðlabanka Íslands í peningamálum á meðan ég sat með henni í ríkisstjórn.

Góðir áheyrendur. Illa var staðið að myndun ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Það ríkir óvissa um framgang allra mála sem hún ætlar að leggja fyrir Alþingi. Fyrstu verk ríkisstjórnarinnar eru geðþóttaákvarðanir um að bola embættismönnum úr störfum. Þetta er ný byrjun og þetta er nýtt gildismat sem ber að hafna og lofar ekki góðu. Ég efast um að nokkur trúi því að við núverandi aðstæður á Íslandi sé það þjóðinni fyrir bestu að lúta slíkri stjórn. Fyrstu skref hennar staðfesta aðeins að það er ekki nein tilviljun að vinstri stjórn hefur ekki setið hér í 18 ár og þessi stjórn komst ekki til valda nema með því að farið var á svig við þingræðisregluna. Á stjórnmálavettvangi er það ljós í myrkri að kosið verður til Alþingis 25. apríl.

[21:46]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Það eru sannarlega miklir umbrotatímar í íslensku samfélagi um þessar mundir. Hrunið efnahags- og fjármálakerfi og hraðvaxandi atvinnuleysi kippa stoðum undan lífsafkomu fjölmargra fjölskyldna í landinu. Staða þjóðarbúsins er ein sú alvarlegasta sem við höfum þurft að takast á við sem fullvalda þjóð. Það er skiljanlegt að reiði og vonleysi brjótist út í brjóstum þúsunda og tugþúsunda Íslendinga sem hafa mótmælt dáðleysi stjórnvalda. Reiði yfir því ranglæti að tiltölulega fámennur hópur fólks hafi getað valsað um og skuldbundið þjóðina að henni forspurðri, reiði út í stjórnvöld sem brugðust þeirri frumskyldu sinni að tryggja öryggi og afkomu þjóðarinnar.

Við þurfum að rýna inn í okkar eigið sjálf og spyrja okkur fjölmargra grundvallarspurninga. Hvar brást okkur bogalistin? Í nýársprédikun sinni gerði biskup Íslands græðgina og hrokann að umtalsefni og sagði að öllu virtist vikið til hliðar nema nauðsynjum fjármagnsins, fátt virtist álitið heilagt nema rétturinn til að græða. Slíkur hugsunarháttur gegnsýrði því miður svo ótal marga þætti í samfélaginu. Það er hárrétt sem hæstv. viðskiptaráðherra sagði í sjónvarpsviðtali nýlega að hugmyndafræðin sem eftirlitsstofnanir okkar störfuðu samkvæmt var í grundvallaratriðum röng. Eftirlitsaðilar, sem áttu að starfa í þágu almennings í landinu, voru í vitlausu liði.

Hin fyrirhyggjulausa einkavæðing, þar sem samfélagslegar eigur voru teknar traustataki og látnar lúta taumlausum lögmálum samkeppnis- og markaðshyggju, hefur leikið okkur grátt. Í nafni frjálshyggjunnar voru miklar skuldbindingar kirfilega reyrðar á bak almennings í landinu. En ábyrgðin á óráðsíunni og drambinu — hún var ekki einkavædd. Hana berum við sameiginlega og undan henni verður ekki vikist.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með forustu í landstjórninni undanfarin 18 ár. Hugmyndafræðin sem stefna hans byggir á skilur heimilin og atvinnulífið í landinu eftir í miklum kröggum. Stoðir þeirrar stefnu, sem svo mjög hefur verið mærð og talin ábyrg efnahagsstjórn, reyndust fúnar og feysknar. Nú þegar Sjálfstæðisflokkinn hefur þrotið örendið við stjórnvölinn þarf að tryggja að uppbygging samfélagsins helgist af öðrum gildum og annarri lífssýn.

Kosningar til Alþingis fara fram innan fárra vikna. Ríkisstjórnin hefur því ekki langan tíma til að hrinda í framkvæmd þeim fjölþættu ráðstöfunum sem eru svo brýnar til að koma atvinnulífinu í gang á nýjan leik og forða heimilum og fjölskyldum frá efnahagslegri ánauð. Vitaskuld verðum við að vera raunsæ og horfast í augu við þá erfiðleika sem við blasa og að ekki verður allt gert á vikunum fram til kosninga.

Við skulum samt vera bjartsýn. Það býr mikil elja í íslenskri þjóð og við eigum dýrmætt land sem okkur þykir öllum vænt um. Við erum rík að auðlindum til sjós og lands, og ekki síst er mikill auður í náttúrunni sem slíkri og fólkinu sjálfu.

Vinstri græn hafa á undanförnum mánuðum og missirum talað fyrir breyttri stjórnarstefnu og bent á hætturnar sem fólust í gegndarlausri neyslu, sem mestmegnis var tekin að láni, og þeirri ofþenslu sem efnahagslífið var keyrt í undir gunnfána græðgisvæðingar frjálshyggjunnar. Ný ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mun einhenda sér í það verk að reisa landið úr pólitískum rústum frjálshyggjunnar. Við vitum að það er ekki létt verk og engar töfralausnir eru til. En með samhentu átaki og með þjóðina að baki okkur, erum við sannfærð um að það mun takast að reisa Ísland við, að endurheimta traust og trúnað inn á við og út á við.

Góðir Íslendingar. Vonina og bjartsýnina eigum við saman. Við viljum geta sagt stolt við börnin okkar og barnabörn: Þetta samfélag höfum við mótað, sjálfbært samfélag réttlætis, jöfnuðar og samvinnu. Þeirri ábyrgð og því trausti skulum við ekki bregðast. — Góðar stundir.

[21:50]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Við Íslendingar stöndum á tímamótum og við þurfum að sýna kjark og áræði til að komast út úr þeirri kreppu sem við erum í núna. Við höfum upplifað geysilega miklar hræringar í samfélaginu og í stjórnmálunum á síðustu mánuðum, og ég er sammála því sem hæstv. forsætisráðherra sagði áðan, þessar hræringar munu hafa áhrif á okkur öll og áhrifin verða til frambúðar.

Þjóðin ákvað að mótmæla síðustu ríkisstjórn. Þjóðin tók sig meira eða minna saman, mætti á Austurvöll og mótmælti. Mótmælin voru bæði friðsamleg og uppbyggileg en þau voru líka ofbeldisfull og ég vil taka það fram að lögreglan stóð sig mjög vel í vandasömu verki.

Ríkisstjórnin las stöðuna ekki rétt. Ríkisstjórnin brást ekki við, hér var orðin stjórnarkreppa. Við urðum að komast út úr þeirri stjórnarkreppu. Þess vegna buðumst við framsóknarmenn til þess að styðja minnihlutastjórn og verja hana vantrausti. Þetta tilboð okkar var sett fram af mikilli hógværð og í anda samvinnunnar. Það varð að brjótast út úr stöðunni.

Fólk vill nýtt Ísland. Við eigum að mæta þeirri kröfu. Þess vegna höfum við framsóknarmenn lagt fram frumvarp um stjórnlagaþing. Stjórnmálamenn hafa verið ófærir um að breyta stjórnarskránni. Þeir hafa ekki komið með nægjanlegar tillögur í þeim efnum sem samstaða hefur skapast um. Það hef ég fundið á eigin skinni, ég hef margoft flutt tillögur, t.d. um að ráðherrar eigi ekki að sitja jafnhliða sem þingmenn. Ekki var hægt að skapa samstöðu um það og mörg önnur dæmi um slíkt er hægt að nefna. Það þarf að aðgreina valdið, það þarf að breyta stjórnarskránni með því að taka verkefni úr höndum stjórnmálamannanna og setja í hendur fólksins í landinu.

Virðulegur forseti. Framsóknarflokkurinn hefur mjög skýra sýn í jafnréttismálum. Við vorum fyrstir flokka með jafnt hlutfall kvenna og karla í ríkisstjórn og fyrsti utanríkisráðherrann var úr okkar röðum, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Það varð bakslag í síðustu alþingiskosningum, konum fækkaði á þingi, það er áhyggjuefni.

Hins vegar samgleðst ég nýju ríkisstjórninni og ég samgleðst konum sem hafa barist fyrir jafnrétti í stjórnmálum og í landinu öllu. Ég samgleðst sérstaklega nýjum forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, með að ríkisstjórnin skuli vera skipuð til jafns körlum og konum og að í fyrsta skipti sé kona í sæti forsætisráðherra.

Ég gladdist þegar Vigdís Finnbogadóttir var kjörinn forseti á sínum tíma. Hún sat í 16 ár. Þegar hún fór frá og þjóðin kaus karlmann sögðu sumir krakkarnir við sjónvarpsskjáinn: Mamma, getur karlmaður verið forseti Íslands? Kannski munum við upplifa sams konar viðhorf gagnvart forsætisráðherraembættinu. Það er mikilvægt að við höfum góðar fyrirmyndir og ég tel að nýr forsætisráðherra, hæstv. Jóhanna Sigurðardóttir, sé slík fyrirmynd og óska henni velfarnaðar í vandasömum störfum sínum.

Virðulegur forseti. Sjálfstæðisflokknum er vorkunn. Við hlustuðum áðan á hv. þm. Björn Bjarnason gráta hástöfum. Hann skammaði Framsóknarflokkinn fyrir svokallaða aðför að fyrrverandi forseta Alþingis. Ég vil sérstaklega mótmæla þessu. Hér sat ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar með ofurmeirihluta, 43 þingmenn af 63, meira en tvo þriðju hluta þingmanna, ofurmeirihluta, ofurvald. Sjálfstæðisflokkurinn bauðst aldrei til þess að losa stóla fyrir stjórnarandstöðuna í formennsku í þinginu, né heldur bauð hann stjórnarandstöðunni upp á forsetastólinn og ég vísa því þessum gráti til föðurhúsanna.

Virðulegur forseti. Fólk vill lausnir. Það vill ekki hefðbundið karp og skylmingar og það vill ekki tuggur. Það er því mjög sérstakt að hlusta á varaformann Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, og fleiri sjálfstæðismenn í dag koma með, ja, ég vil kalla það taktísk mistök, tugguna: Þetta er allt í boði Framsóknar. Hér er skammast í ríkisstjórninni og svo er sagt: Þetta er allt í boði Framsóknar. Þetta á að vera tuggan, þetta er tuggan úr Valhöll. Ég vænti þess að nýja ríkisstjórnin, þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna, hljóti að þakka Sjálfstæðisflokknum fyrir þetta af því að þetta mun bara auka líkurnar á því að Framsóknarflokkurinn leggist þétt upp að nýju ríkisstjórninni. Við getum því væntanlega þakkað Sjálfstæðisflokknum fyrir það og ég segi þá á móti: Það hagsældarskeið sem var hér í tólf ár þegar við vorum í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum, var þá væntanlega líka í boði Framsóknar. — Góðar stundir.

[21:56]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Góðir landsmenn. Við í Frjálslynda flokknum viljum bregðast við þeirri hroðalegu stöðu sem þjóðin er í með því að gjörbreyta fiskveiðikerfinu. Margir mætir sérfræðingar telja að upphaf hörmunga okkar sé gjafakvótakerfinu að kenna. Við í Frjálslynda flokknum viljum innkalla allar veiðiheimildir á Íslandsmiðum og leigja út á sanngjarnan hátt og tryggja nýliðun í sjávarútvegi.

Við viljum frjálsar handfæraveiðar og smærri báta yfir sumartímann. Við viljum að allur fiskur verði seldur á innlendum fiskmörkuðum. Við viljum aðskilja veiðar og vinnslu — það þarf að tryggja að allur afli komi að landi, þar á meðal hryggir og hausar af frystitogurum.

Það þarf að auka veiðiheimildir af þorski, síld og flestum öðrum bolfiskstegundum. Við getum auðveldlega aukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar um 80 milljarða með því að veiða meira og nýta betur það sem veitt er úr hafinu. Leiguverð á aflaheimildum er ekki í neinum takti við fiskverð upp úr sjó eða afurðaverð á unnum fiski. Að hluta til er því um að kenna að nú má geyma 33% af kvóta á milli ára. Því þarf að breyta strax. Fjöldi báta og skipa þarf nú að stoppa vegna hárrar leigu, sérstaklega á þorski, sem hefur skelfilegar afleiðingar fyrir fólk í sjávarútvegi og sjávarbyggðum.

Auðvitað þurfum við að veiða hval og við þurfum að virða mannréttindi íslenskra sjómanna. Kvótakerfið er ónýtt og óréttlátt og brýtur í bága við álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og íslensku þjóðinni til skammar hvernig við stöndum að því. Skjótvirkasta aðgerðin til að vinna bug á því atvinnuleysi sem ógnar íslensku samfélagi er að auka sjávaraflann. Með því drögum við stórlega úr atvinnuleysi, eflum tekjumöguleika fólks og aukum bjartsýni. Það er engin áhætta tekin með því að auka veiðarnar enda þarf þjóðin núna á öllum möguleikum að halda til að efla útflutning sinn og gjaldeyristekjur.

Góðir landsmenn. Við þurfum að virkja fallvötn og orku í iðrum jarðar, við þurfum að nýta alla okkar möguleika til að skapa atvinnu og gjaldeyristekjur.

Það verður að skera niður bruðlið sem víða er í þjóðfélagi okkar, sérstaklega í opinbera geiranum, og víða þarf að taka til. Í utanríkisþjónustunni þarf að skera niður a.m.k. um helming. Það þarf að selja húseignir og fækka aðgerðalausum eða aðgerðalitlum sendiherrum víða um heim.

Uppsagnir blasa víða við í opinberum stofnunum og því þarf að gæta þess vel að rétt sé staðið að þeim og reyna eftir fremsta megni að minnka frekar starfshlutfall fólks á stórum sem smáum vinnustöðum en að beita uppsögnum.

Sums staðar hefur tekist mjög illa til við uppsagnir, eins og suður á Keflavíkurflugvelli, hjá KEF ohf. Lítill sem enginn fyrirvari var á uppsögnum, sem er brot á kjarasamningum og ekki síður siðlaust af íslenska ríkinu að standa að eins og gert var við öryggisverði í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það eiga mjög margir um sárt að binda, stöndum saman og hjálpum hvert öðru. Við skulum hafa aðgát í nærveru sálar.

Mörg sveitarfélög standa illa og því legg ég til að Alþingi tryggi með lögum að öll börn í grunnskólum fái fría máltíð einu sinni á dag fimm daga vikunnar.

Við þurfum að kjósa stjórnlagaþing til að endurskoða stjórnarskrána. Við þurfum að gera landið að einu kjördæmi. Við þurfum að breyta kosningalögum, kjósa forsætisráðherra beinni kosningu og tryggja að kjósendur viti hvers lags ríkisstjórn eða stjórnarmunstur verður til eftir kosningar. Kjósendur eiga að fá að stilla upp á lista í kosningum og við eigum að innleiða þjóðaratkvæðagreiðslur í auknum mæli.

Ég vara nýja ríkisstjórn við því að mismuna fyrirtækjum og einstaklingum við uppgjör skulda. Allir skulu jafnir vera. Bankakerfið verður að fara að virka þannig að gömul og ný fyrirtæki fái eðlilega fyrirgreiðslu til starfsemi.

Góðir Íslendingar. Nú sem aldrei fyrr þurfum við að standa saman um velferðarkerfi okkar og tryggja þeim sem verst standa viðunandi lífsskilyrði næstu missiri. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Fundi slitið kl. 22:02.

75. FUNDUR

fimmtudaginn 5. febrúar,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Gjaldþrotaskipti o.fl., stjfrv., 281. mál, þskj. 507. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Gjaldþrotaskipti, frv., 278. mál, þskj. 497. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Greiðsluaðlögun, frv., 275. mál, þskj. 494. — 1. umr.
5. Ábyrgðarmenn, frv., 125. mál, þskj. 135. — 1. umr.
6. Tímabundnar ráðstafanir í þágu einstaklinga, frv., 128. mál, þskj. 141. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv. n.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:33]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Borist hefur bréf frá hv. 7. þm. Norðvest., Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, um að hún geti ekki setið lengur á Alþingi sem varamaður Karls V. Matthíassonar. 2. varamaður Samfylkingarinnar í kjördæminu, Sigurður Pétursson bæjarfulltrúi, tekur sæti á Alþingi í dag.

Kjörbréf Sigurðar Péturssonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni samkvæmt 2. gr. þingskapa.

[Sigurður Pétursson, 7. þm. Norðvest., undirritaði drengskaparheit að stjórnarskránni.]

[10:33]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Sigurður Pétursson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Starfsáætlun þingsins.

[10:34]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill greina frá því að forsætisnefnd samþykkti á fundi sínum fyrr í morgun að fella úr gildi starfsáætlun Alþingis fyrir vetrar- og vorþing 2009. Sú starfsáætlun getur ekki átt við lengur þar sem hún miðaði við að þing stæði fram á sumar en eins og hv. alþingismönnum er kunnugt er nú gert ráð fyrir alþingiskosningum í lok aprílmánaðar.

Forsætisnefnd samþykkti jafnframt að þingfundir verði fyrst um sinn í hverri viku frá mánudegi til fimmtudags en um nefndadaga og aðra vinnudaga verði ákveðið síðar. Þá var ákveðið að þingfundur verði á morgun, föstudaginn 6. febrúar.

Afturköllun þingmála.

[10:34]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti tilkynnir að fyrirspurnir um lögleiðingu ákvæða Árósasamningsins, 269. mál, þskj. 486, og um náttúruvernd við Mývatn og Laxá, 184. mál, þskj. 227, frá Kolbrúnu Halldórsdóttur eru kallaðar aftur. Þessar tvær fyrirspurnir eru afturkallaðar af skiljanlegum ástæðum.

Tilkynning um stjórn þingflokks.

[10:35]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Borist hefur eftirfarandi tilkynning um breytingu á stjórn þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs: Jón Bjarnason er kjörinn þar formaður, Álfheiður Ingadóttir varaformaður og Atli Gíslason ritari.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

[10:35]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Ég vil byrja á að óska hæstv. fjármálaráðherra alls hins besta í hans nýja starfi. Eins og hv. þingmenn vita var greinilegt fyrr í vetur á meðan hæstv. fjármálaráðherra var enn í stjórnarandstöðu að hann var mjög á móti því samkomulagi og samstarfi sem ríkisstjórnin hafði tekið upp við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Sú andstaða hæstv. ráðherra náði hámarki í Kastljóssþætti einum þar sem hann lýsti því yfir að réttast væri að endurgreiða lánið. Nú hefur flokkur hæstv. ráðherra sest í ríkisstjórn og ríkisstjórnin hefur gert með sér verkefnasamning. Í þeim verkefnasamningi er mjög skýrt kveðið á um að vinna eigi eftir samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Reyndar er það eina ákvæðið sem er skýrt í efnahagskafla þess verkefnalista. Ekki er um það að ræða að þarna sé einhver málamiðlun heldur er það mjög skýrt að eftir þessari áætlun eigi að vinna.

Ég held að það væri gagnlegt fyrir hv. þingheim ef hæstv. fjármálaráðherra gæti gert okkur grein fyrir því hvernig standi á þessum sinnaskiptum hans og hvað hafi valdið því að hann hefur nú skipt um skoðun í þessu efni.

[10:37]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég þakka góðar óskir í minn garð og ekki mun af veita að manni fylgi góðar óskir í það verkefni sem ég hef tekist á hendur. Maður hefur ýmsar brekkur séð um dagana en ég held að ég hafi aldrei séð annan eins snarhalla og þann sem hv. þm. Árni M. Mathiesen skilur eftir sig handa arftaka sínum í fjármálaráðuneytinu.

Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að við vorum gagnrýnin á margt í því hvernig fyrrverandi ríkisstjórn hélt á málum eftir hrunið í byrjun október og þar á meðal að loka öðrum leiðum til endurreisnar hér mögulega en þeim að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, einfaldlega vegna þess að

það er vel þekkt af samskiptum við þann sjóð að hann setur ströng skilyrði sem er ekki alltaf þægileg úrlausnar fyrir þá sem eiga við að búa. Það var inn á það atriði sem ég kom í Kastljóssþætti að skilmálarnir væru Íslandi á margan hátt erfiðir og það væri áhugavert að ræða það mál sérstaklega við sjóðinn og það verður gert. Svo einfalt er það. Verið er að undirbúa heimsókn þeirra hingað um eða upp úr miðjum febrúarmánuði og þá verður farið yfir stöðu áætlunar og rætt við sjóðinn. Þetta er áætlun til tveggja ára, þá lýkur henni, en hvað stendur þá eftir ef að líkum lætur? Umtalsverð erlend lán. Ég get ekki ímyndað mér að það sé kappsmál eða keppikefli nokkurs á Íslandi að hlaða meiri erlendum skuldum á þjóðarbúið en óumflýjanlegt er. Allir hafa verið sammála um það í umræðum hér að þeim mun minna sem við þurfum að nota af þessum lánum þeim mun betra og þeim mun auðveldara verður að skila þeim eða láta þau ganga til baka.

Ég held að þegar upp er staðið sé enginn stór ágreiningur í þessu máli og að sjálfstæðismenn ættu frekar, svona þegar þeir verða búnir að jafna sig, að fagna því sem þeir vilja telja sinnaskipti hjá mér en ég tel reyndar engin vera. En ef það veldur Sjálfstæðisflokknum miklum vonbrigðum þá verður hann að vinna úr því. Ég held að þessi samskipti séu í góðum og eðlilegum farvegi. Eins og fram kom hér í gærkvöldi (Forseti hringir.) hef ég átt gott símtal við þann yfirmann hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem fer með þessi mál. Þeir fylgjast grannt með þróun (Forseti hringir.) og framvindu mála á Íslandi og ég gat ekki merkt að þeir hefðu neinar sérstakar áhyggjur af því t.d. þótt hér hefðu orðið stjórnarskipti.

[10:40]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Það var ekki margt í ræðu hæstv. fjármálaráðherra sem skýrði sinnaskiptin en hins vegar er alveg ljóst af ræðu hans að það hafa orðið sinnaskipti hjá honum hvað þetta varðar, hann hefur hafið samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ég get alveg staðfest að það eru viðræðugóðir aðilar sem starfa þar þó að þeir séu reyndar líka fastir á sínum meiningum. En það er gott að sinnaskiptin hafa orðið og það er gott að hæstv. ráðherra er kominn í samband við sjóðinn til að ræða við þá. Ég er sammála honum um að þeim mun minna sem við þurfum að nota af þessum lánum þeim mun betra. Og ég held að ég leyfi mér að draga þá ályktun, þrátt fyrir ýmis merki hjá ráðherrum í stórum útgjaldaráðuneytum um að draga til baka þá hluti sem gera þarf til að við stöndum við markmið samkomulagsins, að ekki sé ástæða til að ætla að hæstv. ráðherra eða aðrir ráðherrar reyni að brjóta samkomulagið á bak aftur innan frá, ef svo má að orði komast, með því að standa ekki við það.

[10:41]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Virðulegi forseti. Einhvern veginn er það þannig að ég tel mig hafa um svo miklu mikilvægari hluti að hugsa og brýnari verkefnum að sinna en því hvernig Sjálfstæðisflokknum líður inni í sér gagnvart hlutum af þessu tagi [Hlátrasköll í þingsal.] að ég held að ég eyði ekki tíma í það. Það er ósköp einfaldlega þannig … (Gripið fram í.) Er þetta ekki ósköp einfalt? Það eru orðin stjórnarskipti í landinu og þau verkefni koma í hendur nýrra manna sem þar lágu fyrir og úr þeim þarf að vinna. Er ekki ætlast til þess af nýjum ráðherrum að gera það? (**Gripið fram í:** Jú.) Já. Ég held að Sjálfstæðisflokkurinn eigi bara að taka sér nægan tíma í sína meðferð og jafna sig á þessum hlutum og hafa ekki áhyggjur að óþörfu af því að málin séu ekki í góðra höndum.

Starfsemi St. Jósefsspítala.

[10:42]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Fyrrum heilbrigðisráðherra, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, tók þá ákvörðun í ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks að loka St. Jósefsspítala og koma þar fyrir öldrunarþjónustu og flytja starfsemina sem þar var bæði á sjúkrahúsið í Reykjanesbæ og á Landspítalann. Þessi ákvörðun var tekin í mjög miklum flýti og án samráðs við hagsmunaaðila. Meðal annars var ekki haft samráð við Hafnarfjarðarbæ þótt hann eigi 15% í sjúkrahúsinu. Það er rétt sem hv. þm. Jón Gunnarsson benti á á mjög fjölmennum borgarafundi í Hafnarfirði að þingmenn fréttu af þessari ákvörðun í fjölmiðlum.

Fráfarandi ráðherra gat ekki gefið nein skýr svör við þessari ákvörðun og ekki hafa komið fram upplýsingar um að þetta leiði til neinnar hagræðingar. Það hafa því ekki komið fram skýringar á þessari ákvörðun en eins og við vitum þarf að hagræða alls staðar, líka í heilbrigðiskerfinu. Á St. Jósefsspítala fer fram mjög mikilvæg starfsemi á sviði meltingarfærasjúkdóma og þar er grindarbotnsteymi sem hefur verið starfandi í 13 ár og hefur hjálpað mjög mörgum konum. Þetta teymi er eina sinnar tegundar í landinu og ef starfsemi spítalans leggst af splundrast það og við vitum ekki hvernig þessari þjónustu verður fyrir komið í framhaldinu. Bandalag kvenna í Hafnarfirði hefur mótmælt þessari aðgerð og staðið fyrir undirskriftasöfnun og 75% íbúa í Hafnarfirði hafa skrifað undir. Það er þverpólitísk samstaða allra flokka í bænum gegn ákvörðuninni. Ég vil því spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmund Jónasson sem sat samráðsfund ásamt þingmönnum Suðvesturkjördæmis og aðgerðahópnum *stöndum vörð um St. Jósefsspítala* út í hver næstu skref verða. Hvað nú, hæstv. heilbrigðisráðherra? Hvað verður um ákvörðunina að loka St. Jósefsspítala?

[10:44]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Það er rétt hjá hv. þingmanni að óvissa ríkir um framtíð St. Jósefsspítala og ég lít á það sem forgangsverkefni hjá mér að greiða úr þeim málum þannig að óvissan víki og menn viti hvert stefni.

St. Jósefsspítali er hafnfirskt sjúkrahús og þannig líta íbúarnir á málin. Af þeim sökum byrja ég á því að eiga viðræður við forsvarsmenn Hafnarfjarðarbæjar og bæjarstjórann í Hafnarfirði og leita eftir samstarfi um framtíðarlausn sjúkrahússins við hann og bæjaryfirvöld. Í öðru lagi hef ég boðað á minn fund fulltrúa þeirra hollvinasamtaka sem hv.

þingmaður vísar til. Sá fundur fer fram núna síðdegis. Ég mun einnig eiga viðræður við starfsfólk á St. Jósefsspítala til að heyra sjónarmið þess.

Vandinn er sá að því miður hefur allt of títt verið ráðist í umfangsmiklar breytingar án þess að leitað sé samráðs við þá sem málin snerta með viðunandi hætti. Síðan er hitt að þessi mál þarf að sjálfsögðu að skoða í víðara samhengi út frá þjónustunni sem þessi spítali og önnur sjúkrahús á þéttbýlissvæðinu hér eiga að veita. Þannig þarf að leita til annarra stofnana einnig. Ég horfi t.d. til Landspítalans og möguleika á að samnýta þjónustu innan kerfisins almennt. Síðan er á hitt að líta að við þurfum að skoða gaumgæfilega hvernig við förum með fé úr okkar sameiginlegum sjóðum. Þegar horft er til heilbrigðisþjónustunnar eru 70% útgjaldanna launagreiðslur. Að sjálfsögðu mun ég fara í saumana og er að fara í saumana á því hvernig farið er með skattfé inni á þessari stofnun. Auðvitað þurfum við að skoða það. Ég hef sagt í þeim þrengingum sem við stöndum frammi fyrir að krafan á þjóðfélagið núna og stjórnvöld er að jafna kjörin. Það mun ég hafa að leiðarljósi þegar ég tek á þessu málum sem öðrum.

[10:47]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég fagna því að hæstv. heilbrigðisráðherra ætlar að hafa samráð um þessa ákvörðun. Það er þannig að sjúkrahúsið er staðsett í Hafnarfirði en þetta er ekki hafnfirsk þjónusta, þetta er þjónusta fyrir alla landsmenn, bæði á sviði meltingarfærasjúkdóma og eins og ég nefndi hér áðan grindarbotnsteymið er það eina sinnar tegundar í landinu. Þetta sjúkrahús þjónar öllum landsmönnum.

Ég skora á hæstv. heilbrigðisráðherra að hafa hraðar hendur. Þrátt fyrir að hann ætli að hafa samráð er alveg ljóst að það þarf að kveða upp úr um framtíð St. Jósefsspítala fljótt og vel, það er vont að hafa þessa óvissu hangandi yfir. Hæstv. ráðherra gat tekið ákvörðun á fyrsta degi í starfi varðandi það að leggja af innritunargjöldin þannig að ég skora á hæstv. ráðherra að taka þessa ákvörðun fljótt og vel að gefnu samráði, ekki liggja lengi yfir þessu, og eyða óvissunni sem fyrst.

[10:48]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég tek hjartanlega undir þessi sjónarmið, það þarf að eyða óvissunni sem fyrst. Ég mun hafa að leiðarljósi það sem ég nefndi í mínu fyrra svari, að leggja upp úr samráði, en ég legg áherslu á að ég hef að sjálfsögðu líka mína pólitísku sýn við lausn vandans og hún byggir á því að fara vel með skattpeninga, að jafna kjörin, en ofar öllu öðru ætlum við að sjálfsögðu að veita Hafnfirðingum þá þjónustu sem þeir óska eftir. Við munum hins vegar gera það á eins hagkvæman máta fyrir skattborgarann og nokkur kostur er.

Handfæraveiðar.

[10:49]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um hvað hann hyggist fyrir að því er það varðar að veita aukið frelsi til handfæraveiða.

Nú hagar málum þannig í okkar landi að á engu liggur meira en að reyna að auka atvinnu og ekki verður um það deilt að handfæraveiðar eru svokallaðar vistvænar veiðar. Þær hreyfa ekki við botninum og með þeim er eingöngu veiddur fiskur að því gefnu að fiskurinn sé sjálfur tilbúinn að fara á krók. Þeir sem hafa stundað sjó, m.a. sá sem hér stendur, og ég hygg að hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála hafi einnig farið á handfæri í Þistilfirðinum, út frá Gunnarsstöðum og víðar, hafa upplifað það að þó að menn setji króka í sjó bítur fiskurinn ekki suma daga. Þær tillögur sem við höfum gert í Frjálslynda flokknum, að hér verði leyfðar afar takmarkaðar handfæraveiðar en þó öllum heimilar sem hafa til þess rétt og báta, atvinnuréttindi til að sigla þeim, og með mikilli takmörkun á afkastagetu með takmarkaðan fjölda handfærarúlla og einnig þann mannskap sem megi vera á viðkomandi bát, geta létt á því ástandi í atvinnumálum víða á landsbyggðinni og í sjávarbyggðunum sem er að skapast. Við skulum ekki gleyma því að fjöldi manna sem starfaði á byggingarmarkaði í Reykjavík er menn sem voru áður á sjó, kunna til verka og hafa þessi réttindi.

Ég spyr því hvaða afstöðu ráðherrann hafi til þess að skoða þessi mál upp á nýtt og taka afstöðu til m.a. þeirrar tillögu okkar að heimila handfæraveiðar takmarkaðar (Forseti hringir.) frá apríl til október.

[10:51]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir spurninguna. Við höfum oft rætt þessi mál og þar á meðal og ekki síst þetta sem hann tekur hér upp, hvort möguleikar eru til að ýta undir og örva handfæraveiðar, svona neðsta lagið í útgerðinni ef svo má að orði komast. Það hefur margar kosti, það gagnast minni og minnstu sjávarbyggðunum, það eru vistvænar veiðar, orkukostnaður er lítill og því fylgir mikil atvinnusköpun þannig að það er að sjálfsögðu freistandi hugsun að reyna að stuðla að slíkri þróun.

Hvað hægt er að gera á innan við 80 dögum í þessum efnum er hins vegar erfitt að segja. Ég hef fyrst og fremst velt fyrir mér möguleikum á aðgerðum sem gætu strax komið að gagni innan gildandi fiskveiðiárs og tengjast hlutum eins og óunnum afla, að hann verði meira unninn innan lands, að hráefnið berist að landi sem ekki er aðgengilegt í dag og fleira í þeim dúr. Úthlutun byggðakvóta fyrir yfirstandandi fiskveiðiár er að vísu ólokið og ég þarf að fara yfir hvort þar eru einhverjir möguleikar sem tengjast þeim hlutum sem hv. þingmaður nefnir. Fram undan er að funda með greininni, bæði samtökum útgerðarmanna og smábáta, og þar ber þessa hluti eflaust á góma.

Varðandi stöðu þessara mála í heild er ástæða til að vekja athygli á því að fráfarandi ríkisstjórn hafði ætlað sér að skipa nefnd til að endurskoða löggjöfina og fiskveiðistefnuna en sú nefnd komst aldrei á koppinn þó að ríkisstjórnin lifði nú þetta. Þegar hana þraut örendið mun hafa verið í undirbúningi að koma þessari nefnd af stað, hraðinn á þeim málum var ekki meiri í tíð fráfarandi stjórnar. Hvað

gerist á þeim skamma tíma sem nú fer í hönd fram að kosningum verður að koma í ljós en augljóst mál er að það verður eitt af stórum viðfangsefnum nýrrar ríkisstjórnar og Alþingis á nýju kjörtímabili að fara yfir þessi mál í heild sinni.

[10:53]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fyrir þessi svör en vek hins vegar athygli á því að hafi einhvern tíma verið þörf á því að taka til hendinni við að búa til atvinnutækifæri fyrir landsmenn er það núna þegar 13.000 manns eru atvinnulaus. Ef við gætum búið til kannski 100–200 störf við takmarkaðar handfæraveiðar á tímabilinu frá apríl til október held ég að það mundi líka létta á stöðu mála í landinu. Ég skora á hæstv. sjávarútvegsráðherra að taka þessi mál til gaumgæfilegrar athugunar með það að markmiði að taka ákvörðun fyrir þetta tímabil sem fram undan er, sem ég hygg að verði erfiðasta tímabilið í sögu okkar við að fylgjast með því hvernig atvinnuleysi hefur þróast og reyna að koma í veg fyrir að það haldi áfram í sömu veru og það hefur verið að þróast.

[10:54]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Af því að hv. þingmaður nefndi útgerð mína og fiskveiðar á Lómafirði er rétt að taka fram til að forðast allan misskilning og hugmyndir um hagsmunaárekstur (Gripið fram í.) að hún er í ákaflega smáum stíl. Það er róið á litlu horni kannski nokkrum sinnum á sumri til að fá sér í soðið.

Ég tek áskorun hv. þingmanns vel og ég mun fara yfir þetta mál. Ég vil líka gjarnan eiga gott samstarf við sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd um það. Mér finnst sjálfsagt mál að hafa samráð við nefndina um t.d. það sem fram undan er og lýtur að úthlutun byggðakvótans á yfirstandandi fiskveiðiári. Slík úthlutun hefur verið mjög seint á ferðinni að undanförnu og það er bagalegt. Auðvitað væri miklu betra að skýrar reglur lægju fyrir í upphafi fiskveiðiárs um það m.a. hvernig með þennan hluta veiðiheimildanna er farið og talsverðar deilur hafa verið um þá framkvæmd þó að það hafi kannski færst í fastara form að undanförnu. Það svigrúm sem ég sé (Forseti hringir.) tengist þá fyrst og fremst þeim möguleikum sem þar gætu legið vegna þess að það er það eina sem er óákvarðað á yfirstandandi fiskveiðiári.

Greiðsluþátttaka almennings í heilbrigðisþjónustu.

[10:56]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að óska nýjum heilbrigðisráðherra, Ögmundi Jónassyni, til hamingju með nýtt og ábyrgðarmikið hlutverk og verkefni, og ríkisstjórninni allri óska ég farsældar í störfum sínum.

Fyrirspurn mín snýr að stöðu á þróun greiðsluþátttökukerfis almennings vegna heilbrigðisþjónustu en þar undir eru móttökugjöld, lyf, tannlæknakostnaður jafnvel og hjálpartæki. Það hefur verið unnið að þessu verkefni frá byrjun þessa kjörtímabils undir stjórn hv. þm. Péturs H. Blöndals og er óhætt að segja að hann hafi lagt nótt við dag í vinnu við þetta vandasama og mikilvæga verkefni. Með honum hefur starfað hópur karla og kvenna en varaformaður nefndarinnar er Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, nýr félags- og tryggingamálaráðherra.

Óhætt er að segja að miklar vonir og væntingar séu bundnar við þetta nýja kerfi og niðurstöðu þessarar vinnu en samkvæmt áætlunum fyrri ríkisstjórnar átti hið nýja greiðsluþátttökukerfi að geta tekið gildi 1. apríl nk. Í þessari vinnu hefur komið í ljós að greiðsluþátttaka almennings vegna heilbrigðisþjónustu er afar misjöfn. Dæmi eru um einstaklinga og fjölskyldur sem hafa þurft að bera óheyrilega mikinn kostnað vegna veikinda sem getur numið hundruðum þúsunda króna á ári. Samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar báru um 500 manns á árinu 2007 yfir 250.000 kr. í kostnað vegna heilbrigðisþjónustu. Aðrir einstaklingar og fjölskyldur, jafnvel með jafnþungbæran langvinnan sjúkdóm og þeir sem hafa þurft að bera mikinn kostnað, þurfa á hinn bóginn að bera lítinn kostnað þannig að það er mjög mikið ójafnræði í þessu kerfi.

Ég vil því spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra um áform hans til að ljúka þessari mikilvægu vinnu og hvort dagsetningar sem settar hafa verið fram geti staðist.

[10:58]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vísa til þeirrar reynslu um dagsetningar að þær hafa ekki staðist. Settar hafa verið fram fjölmargar dagsetningar um nýtt kerfi sem ekki hafa reynst á rökum reistar. Það þekkir hv. þingmaður væntanlega af starfi í nefndinni.

Hins vegar vil ég segja að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur unnið ágætt starf og margt sem fram hefur komið í þessari nefnd er mjög til góðs. Ég þekki starfið af eigin raun, hef setið í nefndinni sjálfur. Hins vegar hefur verið ágreiningur um ýmis grundvallaratriði sem starfið hefur verið reist á. Menn hafa verið að reyna að jafna kjörin innan sjúklingahópsins og finna jafnræði innan hópsins, að sjúklingur sem greiði lítið verði látinn greiða meira til að draga úr kostnaði sjúklings sem er með miklar byrðar.

Ég hef hins vegar verið á því máli, og við höfum verið það mörg hver, að það beri að setja þak á greiðslu sjúklinga almennt og horfa þá til allrar heilbrigðisþjónustunnar. Sá þáttur í þessu starfi hefur verið mjög að mínu skapi. Hins vegar verð ég að segja að umræðan hefur beinst í farveg sem ég hef verið mjög gagnrýninn á, þ.e. að búa til ákveðinn grunn en opna síðan á markaðsvætt kerfi. Þetta er nokkuð sem ég hef verið gagnrýninn á. Ég vil taka það besta úr þessu starfi og beina því í ásættanlegri farveg en þetta starf hefur verið að þróast í.

[11:00]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að svörin voru ekki mjög skýr og raunar með þeim hætti að ég óttast að þetta kerfi taki ekki gildi fyrr en mun seinna en áætlað var. Nú veit ég í sjálfu sér ekki stöðu verkefnisins akkúrat í dag, en

hefði talið að það væri komið nægilega langt til að hægt væri að hrinda því í framkvæmd.

Ég verð að benda á að verulegar miklar væntingar eru gerðar til kerfisins. Það veldur mér vonbrigðum ef hæstv. ráðherra ætlar að taka þá afstöðu að sjúkdómsgreining eigi að skipta máli í sambandi við kostnað sjúklinga. Að sjúklingar sem þjást af ólíkum sjúkdómum geti þurft að greiða mismikið, þótt sjúkdómarnir séu jafnþungbærir og langvinnir.

Mér finnst þetta vera röng nálgun hjá hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) og vona að hann hugleiði það og hafi kjark til að takast á við verkefnið þannig að það leiði til aukins jafnræðis í heilbrigðisþjónustu.

[11:01]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Þetta var ágæt sýnikennsla og til vitnis um þá umræðu sem fram hefur farið í nefndinni. Þ.e. sú hugmynd að jafna kjörin innbyrðis milli sjúklinga. Ég hef viljað horfa til samfélagsins alls. Til þeirra sem hafa enga sjúkdóma og eru aflögufærir og geta greitt inn í kerfið. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum verið talsmenn þess að greitt sé fyrir heilbrigðiskerfið í gegnum sameiginlega sjóði okkar sem skattgreiðenda. Það er okkar hugsun.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið á öðru máli og vill bíða með að rukka fólk þangað til eftir að það veikist. Þá er fólk hins vegar ekki jafnaflögufært eins og þegar það hefur fulla heilsu og stundar atvinnu. Í þessum orðum hv. þingmanns birtist kjarnlægt munurinn á þeirri (Forseti hringir.) frjálshyggjustefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur viljað innleiða í heilbrigðiskerfinu (Forseti hringir.) og þeim sjónarmiðum sem ég tala fyrir og byggja á samfélagslegum forsendum. (Forseti hringir.)

Varnarmálastofnun og loftrýmiseftirlit.

[11:03]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að færa nýrri ríkisstjórn árnaðaróskir. Ekki mun henni veita af í þeim erfiðu verkefnum sem fram undan eru. Ég verð þó að segja að fyrstu skrefin hræða, óeiningin sem er í hópnum um mikilvæg málefni er ekki mjög uppörvandi.

Það var í valdatíð Samfylkingarinnar í utanríkisráðuneytinu á síðasta ári sem ný stofnun var sett á laggirnar, Varnarmálastofnun. Til hennar er ætlað á fjárlögum þessa árs eitthvað á annan milljarð. Við lestur á mjög rýrri verkefnaskrá nýrrar ríkisstjórnar er ekkert minnst á þetta mál og hvert þar eigi að stefna. En þetta er klárlega eitt af þeim málum þar sem skoðanir stjórnarflokkanna hafa ekki farið saman, fram að þessu í það minnsta.

Ég vil því spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvort einhverjar breytingar séu fyrirhugaðar frá því sem áður er upp lagt með Varnarmálastofnun. Eins langar mig að spyrja hann hvernig staðan er gagnvart svokölluðu loftrýmiseftirliti, en í tíð síðustu ríkisstjórnar og í tíð Samfylkingar í utanríkisráðuneytinu var farið af stað með svokallað loftrýmiseftirlit í samvinnu við NATO og NATO-þjóðir. Seint á síðasta ári var tekin ákvörðun um að afþakka komu Breta hingað til að stunda æfingar í loftrýmiseftirliti í desember. Í síðustu viku kom fram að Danir eru væntanlegir hingað í næsta mánuði. Nú langar mig að spyrja hvort norrænt samstarf hafi einhver áhrif á þetta. Hvort Dönum verður sagt að sitja heima eða (Forseti hringir.) hver stefna núverandi ríkisstjórnar er í þessum málum?

[11:05]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni kærlega fyrir þær árnaðaróskir til nýrrar ríkisstjórnar sem ég veit að hann ber fram af einlægni og góðum hug.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hlær að þessu. Það kann að vera að hann viti eitthvað meira um innri gerð hugar hv. þm. Jóns Gunnarssonar en ég. (Gripið fram í.) Ég hef hins vegar ekki reynt hv. þingmann að öðru en því að vilja vel.

Í morgun voru hér umræður um sinnaskipti þingmanna. Ég veit ekki hvort spurningin ber í sér sinnaskipti hv. þm. Jóns Gunnarssonar vegna þess að ég man ekki betur en hann hafi stutt bæði Varnarmálastofnunina og loftrýmiseftirlitið með atkvæði í fjárlögum.

Ég dyl ekki að ég hef haft efasemdir um hvernig málum Varnarmálastofnunar er skipað. Ég hef verið þeirrar skoðunar að skoða eigi hvort hægt sé að koma þeim fyrir með öðrum hætti og spara þannig fé. Sérstök nefnd var starfandi í utanríkisráðuneytinu þegar ég tók þar við þar sem ýmsar stofnanir koma að málum. Ég tel ekki tímabært að gefa út af minni hálfu neinar yfirlýsingar um stefnubreytingu í þessum efnum. Ég er hins vegar að skoða þessa dagana hvort rétt sé að taka málið úr þeim farvegi sem það er nú í og velta upp öðrum möguleikum til að komast að niðurstöðu í málinu.

Að því er varðar loftrýmiseftirlitið, svo ég svari nú spurningunni sem snýr að Dönum, þá eru engar breytingar fyrirhugaðar á komu Dana hingað í næsta mánuði. Það hef ég sagt áður opinberlega. Ég vona að þetta svari spurningunni sem hv. þingmaður beindi til mín.

[11:07]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég er ekki í vondum málum eins og hv. þingmaður segir. Hæstv. utanríkisráðherra ætti að kynna sér betur ræður mínar á þingi um þessi mál. Það hefur nefnilega reglulega komið fram í ræðum mínum úr þessum ræðustól að ég tel að Varnarmálastofnun ætti að vera rekin með allt öðrum hætti og ég tel loftrýmiseftirlitið algjöran óþarfa. (Gripið fram í.) Ég hef setið hér undir húrrahrópum vinstri grænna fram að þessu og reyndar ekki liðið vel með það. [Hlátur í þingsal.]

En það hafa greinilega orðið sinnaskipti í þessari ríkisstjórn enn og aftur og þau sýnast mér vera hjá vinstri grænum. Enn og aftur gefa þeir eftir. Ég vil vitna í hæstv. fjármálaráðherra, með leyfi forseta:

„Hvað á það að þýða að setja á annan milljarð króna í Varnarmálastofnun suður við Keflavíkurflugvöll? Nýtt batterí sem snýst aðallega um að undirbúa og halda heræfingar.“

En þetta hefur hann nú selt sig undir og þeir hv. þingmenn Vinstri grænna (Forseti hringir.) og þau í ríkisstjórn. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Mikilvægt er að hér verði stöðugleiki í þeim ólgusjó en fyrstu spor ríkisstjórnarinnar í þeim efnum hræða.

[11:08]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég vil árétta ummælin sem ég lét falla áðan að málefni Varnarmálastofnunar eru til skoðunar. Ég sagði líka alveg hreinskilnislega að ég hef hallast áður að því í umræðum á Alþingi og reyndar í ríkisstjórn líka að hugsanlega ætti að skipa þeim málum með öðrum hætti.

Hv. þingmaður hefur fullan rétt til þess að koma hér og nefna þetta mál í tengslum við stefnu ríkisstjórnarinnar vegna þess að þó að kannski sé ekki hægt að segja að málefni Varnarmálastofnunar falli beinlínis undir björgunaraðgerðir vegna þeirrar stöðu sem uppi er í efnahagsmálum þá er það eigi að síður hárrétt hjá honum að þessi ríkisstjórn, eins og aðrar, þarf að leita allra ráða til að reyna að fara vel með fé og spara. Það er kórrétt hjá honum að þarna er um að ræða möguleika sem þarf verulega að skoða. Því hefur verið haldið fram í þessum sölum að með því að hafa annað fyrirkomulag mætti ná tilgangi stofnunarinnar en spara töluvert fé. Þetta verður skoðað (Forseti hringir.) en eins og ég sagði vil ég ekki á þessu stigi gefa nein loforð um (Forseti hringir.) stefnubreytingu. Sú skoðun er rétt að hefjast. (Forseti hringir.)

Afbrigði um dagskrármál.

[11:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Vert er að vekja athygli á því að hér er verið að taka mál á dagskrá sem hefur verið of skamman tíma inni í þinginu til að hægt sé að ræða það. En við sjálfstæðismenn höfum ákveðið að veita þessu máli brautargengi svo hægt verði að ræða það.

Það byggist á því að málið er samhljóða öðru sem við flytjum og var dreift strax þegar þingfundur kom saman í gær. Þess vegna höfum við vitneskju um innihald 281. máls sem hin nýja ríkisstjórn ákvað að flytja. (Forseti hringir.) Gamla ríkisstjórnin hafði reyndar afgreitt það úr sínum röðum (Forseti hringir.) þegar Samfylkingin ákvað að slíta samstarfinu. (Forseti hringir.) Málið er nákvæmlega sama eðlis en í anda þess að við viljum (Forseti hringir.) ná samkomulagi hratt fram [Háreysti í þingsal.] (Forseti hringir.) munum við greiða fyrir því að málið geti gengið fram í dag, hæstv. forseti.

[11:13]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Ég vil biðja hv. þingmenn að virða tímamörk. Það er aðeins ein mínúta til að gera grein fyrir atkvæði sínu.

[11:13]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Mjög mikilvægt er að Alþingi vinni hratt og vel að þeim ráðstöfunum sem gera þarf sem þessi ríkisstjórn — sem ég óska til hamingju með kjörið og vona að hún standi sig vel og treysti ekki bara á hamingjuna og heppnina. Ég tel brýnt að unnið sé hratt og vel að þeim ráðstöfunum sem þessi ríkisstjórn gerir sem eru nákvæmlega þær sömu og sú gamla ætlaði að gera. Þannig að þetta er ekki spurning um málefni, [Frammíköll í þingsal.] þetta er spurning um allt annað en málefni. [Frammíköll í þingsal.]

Ég vil stuðla að því — þótt mönnum þyki þetta óþægilegt í Samfylkingunni þá ætla ég samt að segja það. Þetta eru málefnalega ekki mismunandi ríkisstjórnir. En til þess að flýta málinu mun ég greiða atkvæði með þessu og segi já. (**Gripið fram í:** Gott, gott.) (Gripið fram í.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:15]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2. og 3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Gjaldþrotaskipti o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 281. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 507.

og

Gjaldþrotaskipti, 1. umr.

Frv. BBj o.fl., 278. mál (skuldaaðlögun). — Þskj. 497.

og

Greiðsluaðlögun, 1. umr.

Frv. SF o.fl., 275. mál (heildarlög). — Þskj. 494.

[11:15]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Með vísan til 4. mgr. 63. gr. þingskapa er óskað eftir að 2.–4. dagskrármálið verði rædd saman, þ.e. gjaldþrotaskipti o.fl., sem er stjórnarfrumvarp, gjaldþrotaskipti, sem er þingmannafrumvarp, og greiðsluaðlögun, sem er jafnframt þingmannafrumvarp. Ef enginn hreyfir mótmælum verða þessi mál rædd öll saman. Svo er ekki.

[11:16]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði sérstakt úrræði fyrir einstakling sem er ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð til að endurskipuleggja fjármál sín með aðstoð umsjónarmanns. Nánar tiltekið felst í þessu úrræði að skuldara sem er ógreiðslufær er gert auðveldara fyrir að leita nauðasamninga og er gert ráð fyrir ýmsum nýmælum því til stuðnings.

Einstaklingar hafa nú þegar heimild til að leita nauðasamninga að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þó hafa ekki verið mikil brögð að því hingað til að einstaklingar í veru-

legum greiðsluerfiðleikum hafi nýtt þetta úrræði. Til að greiða fyrir því voru árið 1996 sett lög um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga. Þrátt fyrir þetta hefur árangurinn ekki verið í samræmi við væntingar og færri einstaklingar leita eftir réttaraðstoð en ætla mætti og í framhaldinu fengið nauðasamning við kröfuhafa staðfestan.

Vegna þess ástands sem nú ríkir í efnahagsmálum með tilheyrandi greiðsluvanda hjá stórum hópi manna þykir nauðsynlegt að tryggja þessum hópi virkara úrræði við að endurskipuleggja fjármál sín og ná sátt við kröfuhafa um endanlegt uppgjör skulda í samræmi við greiðslugetu þeirra og forðast þannig gjaldþrot.

Ákvæði frumvarpsins standa í nánum tengslum við reglur III. þáttar gjaldþrotaskiptalaga um nauðasamninga. Gert er ráð fyrir að um greiðsluaðlögun gildi almennar reglur laganna um nauðasamninga að því marki sem ekki er vikið frá þeim með ákvæðum frumvarpsins. Þau frávik hafa það meginmarkmið að greiða sem best fyrir að raunhæft úrræði standi til boða fyrir þann hóp einstaklinga sem á því þarf að halda. Greiðsluaðlögun nær fyrst og fremst til einstaklinga sem ekki hafa stundað atvinnurekstur. Þó getur úrræðið einnig náð til einstaklinga sem stundað hafa atvinnustarfsemi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þá er það nýmæli að greiðsluaðlögun geti náð til veðskulda í afmörkuðum tilvikum og verður nánar vikið að því á eftir. Að öðru leyti eru frávik frá hefðbundnum reglum um nauðasamningsumleitan þessi:

Í fyrsta lagi verði vikið frá þeim reglum sem gilda um undirbúning af hálfu skuldara áður en hann getur sett fram beiðni um að leita nauðasamnings. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að skuldari þurfi að afla skriflegrar yfirlýsingar um meðmæli lánardrottna um nauðasamning. Með þessu er málsmeðferðin gerð mun auðveldari fyrir skuldara. Þá er lagt til að skuldari leggi fram greiðsluáætlun í stað frumvarps að nauðasamningi en með því móti er frekar unnt að taka mið af einstaklingsbundnum sjónarmiðum.

Í öðru lagi er ekki gert ráð fyrir því að það velti á afstöðu lánardrottna hvort greiðsluaðlögun komist á.

Í þriðja lagi er lagt til að kostnaður við að koma á greiðsluaðlögun greiðist úr ríkissjóði. Er þar fyrst og fremst um að ræða kostnað vegna vinnu umsjónarmanns með greiðsluaðlöguninni. Jafnframt hefur frumvarpið að geyma heimild fyrir dómsmálaráðherra til að ákveða með reglugerð að boðið verði upp á endurgjaldslausa aðstoð við að undirbúa beiðni um greiðsluaðlögun.

Þær meginreglur sem lagt er til að gildi fyrir greiðsluaðlögun eru eftirfarandi:

1. Greiðsluaðlögun er aðallega ætlað að vera úrræði fyrir almenna launþega og því er gerð sú krafa að viðkomandi skuldari hafi ekki undangengin þrjú ár borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi. Þó er sú undantekning að ef einstaklingur er hættur atvinnurekstri og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum sem hann stundaði eru tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans, þá kemur það eitt og sér ekki í veg fyrir það að hann leiti eftir greiðsluaðlögun.

2. Greiðsluaðlögun nær til svonefndra samningskrafna en með því er átt við allar kröfur á hendur skuldara aðrar en þær sem eru undanþegnar áhrifum af nauðasamningi eða falla niður við staðfestingu hans og gerð er grein fyrir í 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Á meðal þeirra krafna sem þar eru taldar eru kröfur sem njóta tryggingar í eignum skuldara, svo sem kröfur sem tryggðar eru með veði í fasteign skuldara.

Vegna hins sérstaka ástands sem nú ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar og snertir fjárhag fjölmargra einstaklinga og heimila í landinu er í frumvarpi þessu lagt til í ákvæði til bráðabirgða að þrátt fyrir þetta verði unnt að gera breytingar á skilmálum krafna sem eru í eigu Íbúðalánasjóðs eða fjármálafyrirtækja í ríkiseigu. Það er þó gert að skilyrði að umræddar kröfur séu tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði sem er ætlað til eigin nota skuldara. Þannig verði unnt að breyta skilmálum þess hluta skuldarinnar sem fellur innan verðmats fasteignarinnar en sá hluti sem út af stendur greiðist á sama hátt og samningskröfur. Þar sem um frávik frá meginreglu 28. gr. fyrrnefndra laga er að ræða og þess að einungis er um að ræða kröfur í eigu stofnana eða fyrirtækja í eigu ríkisins og að um tímabundið ástand í efnahagsmálum er vonandi að ræða, er eins og fram hefur komið lagt til að umrætt ákvæði sé til bráðabirgða sem ber að endurskoða fyrir 1. janúar 2011.

Til að skuldari geti leitað nauðasamnings um greiðsluaðlögun þarf hann að sýna fram á að hann sé ógreiðslufær. Því verður skuldari að gera beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar ásamt greiðsluáætlun og gögnum sem hún styðst við. Í greiðsluáætluninni eiga að koma fram sundurliðaðar upplýsingar um öll þau atriði sem hafa fjárhagslega þýðingu fyrir skuldarann og niðurstaða sem leidd er af þeim um hvaða fjárhæð hann hafi úr að spila við að greiða samningskröfur. Í 38. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er gerð grein fyrir atriðum sem komið geta í veg fyrir að skuldari fái heimild til að leita nauðasamnings. Þau atriði eiga einnig við um heimild til að leita greiðsluaðlögunar.

Til viðbótar þessum skilyrðum er í frumvarpinu gerð grein fyrir nokkrum atriðum er helst varða það hvernig skuldari hefur hagað sínum fjármálum og leitt geta til þess að dómari hafni beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Á það er þó lögð áhersla að nokkuð þarf að koma til svo skuldara verði synjað um heimild til greiðsluaðlögunar vegna þessara atriða.

Ef héraðsdómari fellst á beiðni skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar kveður hann upp úrskurð þess efnis og skipar umsjónarmann með greiðsluaðlöguninni. Hlutverk umsjónarmannsins er að halda utan um ferlið og aðstoða skuldara við að koma á sátt við kröfuhafa um uppgjör skulda hans. Hann tekur rökstudda afstöðu til þess hvort hann mælir með því að greiðsluaðlögun komist á og þarf því ekki að leita samþykkis kröfuhafa eins og í hefðbundnum nauðasamningsumleitunum. Mæli umsjónarmaður með greiðsluaðlögun leggur hann fyrir héraðsdóm kröfu um staðfestingu þar um. Verði sú krafa staðfest af dómara hefur það sömu réttaráhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans.

Virðulegi forseti. Kjarni þessa máls er sá að einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum verði gert kleift að endurskipuleggja fjármál sín og komast þannig hjá gjaldþrotaskiptum. Markmið eða úrræði nýtist þeim einstaklingum sem mjög illa eru staddir. Aðalatriðið er að auðvelda

þeim að sækja um greiðsluaðlögun og veltur því mikið á að framkvæmd laganna, ef samþykkt verða, verði með þeim hætti að skuldarar geti nýtt sér úrræði. Gert er ráð fyrir að Ráðgjafarstofa heimilanna komi að þessu þegar í byrjun þannig að einstaklingar í fjárhagsvanda leiti þangað og fái leiðbeiningar og aðstoð við að fylla út beiðni og fylgigögn. Af þessu hlýst viðbótarkostnaður fyrir ráðgjafarstofuna sem ræðst vitaskuld af þeim málafjölda sem upp kemur. Er nánar gerð grein fyrir þessum þætti málsins svo og öðrum kostnaðarauka ríkissjóðs í kostnaðarumsögn í fylgiskjali með frumvarpinu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði að lokinni umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[11:24]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. dómsmálaráðherra til hamingju með nýja embættið. Mig langar til að spyrja hana einnar spurningar. Spurningin er um það hver sé hinn efnislegi munur á því frumvarpi sem hæstv. dómsmálaráðherra mælti fyrir og því frumvarpi sem hv. þm. Björn Bjarnason flytur á þskj. 497. Þegar maður flettir þessum tveimur frumvörpum í gegn saman verður ekki betur séð en frumvarp hv. þm. Björns Bjarnasonar, fyrrum dómsmálaráðherra, hafi verið tekið af nýrri ríkisstjórn, ljósritað og orðinu skuldaaðlögun breytt í greiðsluaðlögun. (Gripið fram í.) Þetta er frumvarp sem samþykkt hafði verið út úr fyrri ríkisstjórn, samþykkt út úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins en var tekið í gíslingu í þingflokki Samfylkingarinnar í fyrra stjórnarsamstarfi. Nú er það lagt fram óbreytt með breyttri fyrirsögn og hæstv. ríkisstjórn lætur líta svo út að hér sé um nýtt mál að ræða. Í minni sveit var þetta kallað að skreyta sig með stolnum fjöðrum en látum það liggja á milli hluta. (Gripið fram í.) Ég vil fá að heyra það frá hæstv. dómsmálaráðherra hver er hinn efnislegi munur á því frumvarpi sem hún mælti fyrir og því frumvarpi sem hv. þm. Björn Bjarnason og þingflokkur Sjálfstæðisflokksins flytur á þskj. 497. Ég veit að hæstv. dómsmálaráðherra getur svarað þessari spurningu því á meðan þetta frumvarp var til meðferðar í dómsmálaráðuneytinu í ráðherratíð hv. þm. Björns Bjarnasonar var hæstv. dómsmálaráðherra settur ráðuneytisstjóri í því ráðuneyti. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki höfundareign?)

[11:27]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Víst er það að þessi tvö mál eru áþekk. Upphaflega voru frumvarpsdrögin samin af réttarfarsnefnd að tilhlutan þáverandi dómsmálaráðherra Björns Bjarnasonar eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið. Meginbreytingar frá fyrri frumvarpsdrögum eru þau að gildissvið laganna er víkkað að því leyti að áður átti það einungis að ná til einstaklinga sem ekki hafa stundað atvinnurekstur en opnað er á að það nái í afmörkuðum tilvikum til einstaklinga sem hafa stundað atvinnurekstur auk þess sem sú grundvallarbreyting er lögð til að þetta úrræði nái einnig til veðkrafna sem er óvenjulegt en það nær þá til veðkrafna vegna lána fyrir íbúðarhúsnæði hjá lánastofnunum í eigu ríkisins. (**Gripið fram í:** Og hafðu það.) (**Gripið fram í:** Þú átt að lesa áður en þú ferð í ræðustól.)

[11:28]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil biðja hæstv. forseta að reyna að setja bönd á hæstv. utanríkisráðherra (Gripið fram í.) sem lætur hér eins og bestía og hefur uppi þannig orðalag að það er hvorki honum, ríkisstjórninni né þinginu sæmandi þegar verið er að spyrja málefnalegra spurninga.

(**Forseti (GuðbH):** Ég vil biðja hv. þingmenn að veita hv. þingmanni tækifæri til að svara.)

Herra forseti. Það er lítið eftir af þeim tíma sem ég hef til þess að (Gripið fram í.) svara vegna frammíkalla og stóryrða hæstv. utanríkisráðherra en ég vil þakka hæstv. dómsmálaráðherra svörin svo langt sem þau náðu. Þeir sem fletta þessum tveimur málum í gegn sjá að þessi tvö mál eru ekki bara áþekk eins og hæstv. dómsmálaráðherra sagði, þau eru svo gott sem (Gripið fram í.) nákvæmlega eins, hæstv. utanríkisráðherra. Hæstv. utanríkisráðherra ætti að fara að lesa þessi mál sem hann sjálfur stendur fyrir. Það verður þá breyting frá því sem verið hefur á hans stjórnmálaferli. En ég hefði talið, hæstv. forseti, að það hefði verið skynsamlegra að frumvarp (Forseti hringir.) okkar sjálfstæðismanna hefði komið til efnislegrar umræðu og hæstv. dómsmálaráðherra hefði þá (Forseti hringir.) getað lagt til einfaldar breytingar á því frumvarpi sem þá lá fyrir en hv. þm. Lúðvík Bergvinsson stöðvaði sem þingflokksformaður Samfylkingarinnar.

[11:30]

Flm. (Eygló Harðardóttir) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég get ekki annað en tekið undir orð hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar um að þessi frumvörp eru mjög samhljóða. Ég hef þó rekist á einhvern smámun. Í A-hlutanum í 63. gr. er annars vegar talað um að lög nái til einstaklinga sem undangengin þrjú ár hafi borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem þeir hafi lagt stund á hana einir eða í félagi við aðra, og svo er bætt við: „nema [því aðeins að] atvinnurekstri hafi verið hætt og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans.“ Þetta er a.m.k. ekki í því frumvarpi sem mælt verður fyrir hér á eftir.

Mig langar bara til þess að vita: Hvað er það sem ríkisstjórnin og Sjálfstæðisflokkurinn hafa eiginlega gegn því fólki sem hefur staðið í atvinnurekstri? Á Íslandi hefur ríkt mjög jákvætt viðhorf gagnvart stofnun fyrirtækja og við erum með mikið stoðkerfi einmitt til þess að styðja við og hvetja fólk til þess að stofna fyrirtæki. Hins vegar þegar kemur að því að fyrirtæki lendi í þroti — sem er eiginlega sjálfkrafa afleiðing af því að stofna fyrirtæki, ákveðið hlutfall þeirra lendir í erfiðleikum og fer síðan í þrot — af hverju við viljum ekki hjálpa þeim einstaklingum sem leggja allt sitt undir til að byggja upp atvinnulífið?

Það komu fram tilmæli frá Evrópusambandinu 2002 — það eru komin ansi mörg ár síðan — þar sem þeir hvöttu aðildarlönd Evrópusambandsins til þess að aðstoða fólk við hinn endann að stofnun fyrirtækja. Ég hef upplýsingar um að bæði í Danmörku og í Svíþjóð eru frammi tillögur um

breytingar í lögum á greiðslu- og skuldaaðlögunum. Þar er lagt til að komið verði til móts við einstaklinga sem hafa staðið í fyrirtækjarekstri og þá sérstaklega sem hafa verið með lítil fyrirtæki því oft hefur fólk (Forseti hringir.) neyðst til að taka á sig persónulegar skuldbindingar.

[11:32]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U) *(andsvar)*:

Þetta úrræði, greiðsluaðlögun, er eins og ég sagði áðan aðallega hugsað fyrir almenna launþega. En vegna þess umhverfis sem atvinnurekstur er í hér á landi þykir rétt að víkka það út og það kemur fram í greinargerðinni að þetta sé í afmörkuðum tilvikum. Það er þá t.d. fyrst og fremst litið til þeirra sem einir eða í félagi taka að sér verk, annaðhvort samhliða fastri atvinnu eða tímabundið, einnig einstaklingar sem um lengri eða skemmri tíma vinna sem verktakar án þess að um eiginlegan eða viðamikinn rekstur hafi verið að ræða.

[11:33]

Flm. (Eygló Harðardóttir) (F) *(andsvar)*:

Þakka fyrir það að það sé þá greinilegt, virðulegur forseti, að þessir flokkar eru algjörlega farnir að snúast gegn atvinnurekstrinum í landinu og ég vona svo sannarlega að þetta verði eitt af því sem verði tekið á í meðförum þingsins, að hægt verði að koma til móts við þá einstaklinga sem hafa tekið á sig að byggja upp samfélagið og hafa þess vegna oft tekið á sig miklar persónulegar skuldbindingar og lent í örðugleikum og jafnvel í örðugleikum vegna þess að lögpersónur, hlutafélög, hafa jafnvel hlaupið frá hlutunum og skilið undirverktaka eftir með miklar skuldbindingar sem hefur síðan leitt til þess að viðkomandi einstaklingur hefur farið í þrot.

Ég vil líka spyrja hver sé ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin telur sérstaka ástæðu til þess að þetta fari í gegnum héraðsdómstólana og þeir skipi sérstaka umsjónarmenn. Ég hef miklar áhyggjur af þessu því þarna er hugsanlega verið að skipa einhverja lögfræðinga úti í bæ og ég sé ekki alveg hvaða tengsl þeir mundu hafa við önnur (Forseti hringir.) réttarúrræði í dómskerfinu, t.d. sýslumenn sem eru þeir sem (Forseti hringir.) oft taka fyrst við beiðnum um fjárnám og vita hverjir það eru sem lenda í örðugleikum.

[11:34]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti vill minna þingmenn á þau tímamörk sem gilda og jafnframt vill forseti minna á að það ber að fara að þingsköpum varðandi ávörp til forseta.

[11:35]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir hlutverki héraðsdómara í þessu ferli er sú, eins og ég sagði í framsögu minni, að greiðsluaðlögun tekur mjög mið af nauðasamningsferlinu. Um er að ræða einföldun á því ferli og þar hefur héraðsdómari þetta hlutverk með höndum.

[11:35]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil sérstaklega óska nýjum hæstv. dómsmálaráðherra, Rögnu Árnadóttur, til hamingju með jómfrúrræðuna. Það er gaman að hlusta á nýjan ráðherra koma hingað inn með mál af þessu tagi og það er líka svolítið sérstakt að fylgjast með Sjálfstæðisflokknum og ríkisstjórnarflokkunum í því efni af því að maður hefur á tilfinningunni að þetta sé einhver keppni um hver pissi lengst eða hver ljósriti hraðast. En það er alveg ljóst að í þeirri keppni hafa framsóknarmenn vinninginn þar sem við komum með okkar mál talsvert á undan bæði Sjálfstæðisflokknum og ríkisstjórninni og þessi mál eru rædd hér öll þrjú saman. [Kliður í þingsal.] Á þinginu hefur það komið fram að ríkisstjórnin hefur einungis u.þ.b. 80 daga til að taka á mikilvægum málum og í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að lögin öðlist þegar gildi. Þegar málið hefur farið í gegnum þingið og verið afgreitt, og það verður vonandi sem fyrst, þá öðlast lögin strax gildi. Ég vil gjarnan fá að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra Rögnu Árnadóttur út í þetta.

Segjum sem svo að lögin taki gildi eftir tvær vikur, við skulum gefa okkur að við þurfum þann tíma í málið. Getur þá fólk sem er í miklum greiðsluerfiðleikum farið strax daginn eftir á Ráðagjafarstofu heimilanna og fengið aðstoð eftir þeim reglum sem gilda í frumvarpinu? Verður kerfið alveg tilbúið til þess að taka við hópnum, af því að það kemur skýrt fram í frumvarpinu eða í greinargerð frumvarpsins og umsögn um fjárhagslegar afleiðingar þess að þetta gæti verið svolítið stór hópur?

[11:37]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í aðdraganda og undirbúningi máls þessa hefur verið haft samband við Ráðgjafarstofu heimilanna og mér skilst að þar séu mjög annasamir tímar en vonandi verður hægt að sinna þessum málum þar einnig eins fljótt og auðið er.

Það er líka sá möguleiki áfram fyrir einstaklinga sem vilja leita nauðasamninga að óska eftir réttaraðstoð, það er úrræði sem ég nefndi í byrjun, það er líka fyrir hendi, en vonandi kemst þetta allt í gang sem fyrst.

[11:38]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég heyri að hæstv. dómsmálaráðherra skynjar stöðuna, og veit að það er mikið álag á Ráðgjafarstofu heimilanna. Miðað við svör hæstv. ráðherra er ég nokkuð bjartsýn á að þetta muni ganga vel. Það kemur fram í fjárhagsumsögninni að ekki er gert ráð fyrir auknum útgjöldum í fjárlögum ársins 2009 núna en miðað við ágæt svör hæstv. dómsmálaráðherra á ég von á því að það verði ekki vandamál og það kemur líka fram að það á að opna heimild fyrir Ráðgjafarstofu heimilanna til að ráða a.m.k. einn starfsmann og jafnvel þrjá ef stór hluti landsmanna þarf á þessu úrræði að halda.

Ég vil undirstrika að við framsóknarmenn höfum haft miklar áhyggjur af þeirri stöðu sem er í samfélaginu og þess vegna lögðum við fram frumvarp okkar um greiðslu-

aðlögun. Ég fagna því að ríkisstjórnin er komin fram með svipað mál og vænti þess að það skapist mikil samstaða í þinginu um að klára þetta mál — hvernig sem það mun líta út að lokum — fljótt og vel (Forseti hringir.) og í mikilli samstöðu.

[11:39]

Flm. (Björn Bjarnason) (S):

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir ítreka óskir mínar til hæstv. dómsmálaráðherra og bjóða hana velkomna hingað í ræðustól og í þingsalinn. Ég veit að hún þekkir það mál sem hér er fjallað um mjög vel og ég dreg ekki í efa að vel hafi verið staðið að þeim litlu breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpi því sem hæstv. ráðherra flytur og frumvarpi því sem ég flyt.

Þannig er málum háttað að þetta viðfangsefni, greiðsluaðlögun, sem er kallað skuldaaðlögun í því frumvarpi sem ég flyt, hefur verið til meðferðar í stjórnkerfinu lengi. Það var þáverandi viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, sem setti á laggirnar nefnd til þess að semja frumvarp um þetta og síðan tók arftaki hans í viðskiptaráðuneytinu, Björgvin G. Sigurðsson, við málinu og nefndin skilaði áliti sem lá fyrir í ársbyrjun 2008, ef ég veit rétt. Málið var þá á vettvangi viðskiptaráðuneytisins og fjallað um það á þeim grundvelli.

Hins vegar kom það upp að leita þurfti álits eftir að frumvarpið hafði verið samið og fara með það fyrir fleiri en bara þá sem í nefndinni sátu eða störfuðu innan viðskiptaráðuneytisins. M.a. var leitað álits dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem beindi líka erindi til réttarfarsnefndar sem fór yfir málið. Það er skemmst frá því að segja að hinn 18. ágúst 2008 barst greinargerð frá réttarfarsnefnd um þetta mál og þar var því alfarið hafnað og talið algjörlega fráleitt í raun og veru að halda málinu eins og gert hafði verið undir forustu viðskiptaráðuneytisins. Það kemur fram í álitsgerð sem réttarfarsnefnd sendi dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 18. ágúst, þar sem réttarfarsnefnd fer yfir þau drög að frumvarpi sem þá lágu fyrir og höfðu borist frá viðskiptaráðuneytinu og rekur lið fyrir lið hvaða vankantar eru á frumvarpinu. Ég er með þessa greinargerð réttarfarsnefndar og sjálfsagt verður hún lögð fram í þingnefnd sem um þetta mál fjallar ef menn hafa áhuga á því.

Ég leyfi mér að lesa hér, með leyfi forseta, úr þessu bréfi:

„Réttarfarsnefnd telur sig verða að vara við þeirri leið sem frumvarpsdrögin miða að. Ef kveða ætti á um úrræði sem þetta í lögum mælir nefndin eindregið með því að tillögur um það fælu í sér að málsmeðferð yrði að þessu leyti eftir föngum hliðstæð þeirri sem gildir um nauðasamningaumleitanir án undangenginna gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum nr. 21/1991, þar á meðal að dómstólar kvæðu á um upphaf og lok aðgerða og tryggður yrði aðgangur að þeim til að fá leyst úr ágreiningsefnum.“

Þarna tekur því nefndin algjörlega skýra afstöðu í þessu máli og í raun og veru má segja að hún afgreiði þá fyrir sitt leyti það frumvarp sem hér er flutt af framsóknarmönnum og var til umræðu í andsvörum áðan.

Nefndin leggur síðan til og veltir því upp að eðlilegt sé að þetta mál verði ekki í höndum viðskiptaráðherra þar sem gjaldþrotaskiptalögin falli ekki undir hann samkvæmt reglugerð um Stjórnarráðið og það varð niðurstaðan eftir að umrætt bréf barst dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þann 18. ágúst. Það var sent til viðskiptaráðherra 25. ágúst sl. og 16. september 2008 kemur fram hjá viðskiptaráðuneytinu að ekki sé rétt að ganga gegn umsögn réttarfarsnefndar um að gera breytingar á gjaldþrotaskiptalögum sem falli undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið og setja inn í gjaldþrotaskiptalögin ákvæði um greiðsluaðlögun. Þar með fluttist málið úr höndum viðskiptaráðuneytis til dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Þetta gerðist 16. september á síðasta ári.

Þann 17. september sendi ráðuneytið réttarfarsnefnd umsagnir um frumvarp viðskiptaráðherra með ósk um tillögu um hvernig best væri að vinna að málinu. Þann 9. október 2008 var fundur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með réttarfarsnefnd um breytingar á gjaldþrotaskiptalögum. Var þess óskað að nefndin semdi tillögur að breytingum á gjaldþrotaskiptalögum og var óskað eftir þeim tillögum fyrir jól. Þann 28. október var fundur með réttarfarsnefnd um nánari útfærslu á lagabreytingum og síðan fundaði dómsmálaráðuneytið daginn eftir með fulltrúum viðskiptaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og Íbúðalánasjóðs þar sem kynntar voru hugmyndir réttarfarsnefndar og útfærsla málsins.

Þann 24. nóvember fékk dóms- og kirkjumálaráðuneytið drög að frumvarpi frá réttarfarsnefnd og 27. nóvember var fundur fulltrúa viðskiptaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis með réttarfarsnefnd þar sem rædd voru drög að frumvarpi til breytinga á gjaldþrotaskiptalögum, skuldaaðlögun og þess óskað í framhaldinu að viðskiptaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti sendu dóms- og kirkjumálaráðuneytinu athugasemdir við frumvarpsdrögin.

Þann 1. desember 2008 bárust dóms- og kirkjumálaráðuneyti athugasemdir frá viðskiptaráðuneytinu og 8. desember 2008 barst tilkynning frá félagsmálaráðuneyti um að viðskiptaráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra væru sammála um að viðskiptaráðuneytið sendi inn athugasemdir fyrir þeirra hönd í málinu. Þann 16. desember 2008 bárust dóms- og kirkjumálaráðuneyti athugasemdir fjármálaráðuneytis, þ.e. tollstjóra, við frumvarpsdrögin og hinn 17. desember 2008 efndu fulltrúar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til fundar með Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og rætt var um að ráðgjafarstofan tæki að sér aðstoð við skuldara og gerð beiðna og fylgigagna um skuldaaðlögun.

Réttarfarsnefnd óskaði eftir því hinn 17. desember að hún fengi frest til mánaðamóta desember/janúar til að ljúka gerð frumvarpsins. Nefndin segist ekki hafa haft tækifæri til að fara yfir athugasemdir fjármálaráðuneytisins sem bárust daginn áður. Hún taldi auk þess aðkallandi að athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins yrðu nokkuð ítarlegar til þess að fyrir lægi hvernig ætlast yrði til að verkum skyldi hagað við beitingu þessa nýja úrræðis í frumvarpinu yrði það að lögum. Vegna jólahátíðar og annarra frídaga á þessum tíma fram að áramótum óskaði nefndin eftir því að hún þyrfti ekki að skila þessu fyrr en um áramótin. Þann 2. janúar 2009 var frumvarpinu skilað. Það var afgreitt úr ríkisstjórn 20. janúar og daginn eftir úr þingflokki sjálfstæðismanna en þingflokkur Samfylkingarinnar treysti sér ekki til að afgreiða það.

Síðan er mynduð ný ríkisstjórn, eins og vitað er, og þá var sagt að ég hefði verið svifaseinn við afgreiðslu málsins. Ég hef mótmælt því og tel engin rök fyrir því. Eins og ég hef rakið hefur verið unnið skipulega að því að koma þessu máli í þann búning sem hér liggur fyrir. Á málefnalegan hátt og með vönduðum vinnubrögðum hefur þetta ítarlega frumvarp verið samið, sem segja má að liggi fyrir í tveimur útgáfum. Eins og ég sagði hér í gærkvöldi tel ég að breytingarnar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu — og það er flutt af hæstv. dómsmálaráðherra — séu breytingar sem eðlilegt hefði verið að koma fram með í nefnd. Engar efnisbreytingar eru á milli þessara frumvarpa sem eru þess eðlis að ekki hefði verið eðlilegt að víkja að þeim í nefndarstarfinu.

Bráðabirgðaákvæðið sem sett er inn í frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra var vissulega rætt. Menn veltu fyrir sér hvort ástæða væri til að hafa í frumvarpi af þessu tagi slíkt ákvæði. Niðurstaðan varð einfaldlega sú að ekki væri þörf á því af því að þarna væri verið að fjalla um skilmála sem væru í raun og veru í höndum ríkisvaldsins því að verið er að fjalla um skilmála sem settir eru af Íbúðalánasjóði eða fjármálafyrirtækjum í eigu ríkisins sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði. Án þess að þetta bráðabirgðaákvæði sé sett í lög hefur ríkisvaldið það í hendi sér að haga lánaskilmálum með þeim hætti hjá þeim fyrirtækjum sem eru starfandi — hvort sem það er Íbúðalánasjóður eða fjármálafyrirtæki á vegum ríkisins — getur ríkið beitt sér fyrir því án þess að þetta sé sett fram með þessum hætti. Þannig að ég tel að þetta ákvæði sé í raun og veru hluti af því leikriti sem sett var á svið til þess að flytja hér fram fyrir þingheim eitthvert nýtt frumvarp sem efnislega er engin breyting frá því frumvarpi sem ég flyt og við þingmenn sjálfstæðismanna.

Ég vek athygli á því sem segir í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins í hinu nýja frumvarpi hæstv. dómsmálaráðherra. Á bls. 27 segir, með leyfi forseta:

„Ekki liggur fyrir hvaða áhrif frumvarp þetta, verði það að lögum, hefur á Íbúðalánasjóð eða fjármálastofnanir í eigu ríkisins umfram þær afskriftir lána sem eru fyrirsjáanlegar eftir að þrengdi að í efnahagskerfinu. Verið er að skoða hvaða áhrif skuldbreytingar og frystingar lána hafa haft á sjóðstreymi Íbúðalánasjóðs en niðurstöður liggja ekki fyrir. Hvort þetta frumvarp íþyngi sjóðnum verulega er óvíst, en þó er það talið ólíklegt þar sem hámark er á lánum og hefur það hámark miðast við heildarveðsetningu lána.“

Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins er því ekki gert ráð fyrir að þessi breyting hafi nokkur áhrif og þegar litið er á þau mál sem talið er að kunni að koma upp vegna þessa frumvarps, og kostnað sem Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna og aðrir þurfa að bera vegna samþykktar þess, kemur í ljós að engin breyting er á milli frumvarpa. Það undirstrikar að þetta ákvæði til bráðabirgða sé frekar liður í pólitísku leikriti en raunveruleg breyting sem skipti einhverju máli.

Hitt atriðið sem hæstv. dómsmálaráðherra vék að varðar breytingu á 1. gr. frumvarpsins þar sem bætt er við skilgreininguna á því hverjir eigi rétt samkvæmt frumvarpinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„… nema því aðeins að atvinnurekstri hafi verið hætt og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans.“ — Þetta er skilgreiningin sem þarna er bætt við til þess að stækka þann hóp manna sem hugsanlega getur fallið undir lögin.

Í greinargerð segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er annars vegar ráð fyrir að úrræðið um greiðsluaðlögun geti bæði átt við um einstaklinga sem ekki hafa stundað atvinnurekstur, svo og einstaklinga sem stundað hafa atvinnustarfsemi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hins vegar verði gert ráð fyrir að greiðsluaðlögun geti í afmörkuðum tilvikum náð til veðskulda.“ — Það eru íbúðalánaskuldirnar. Hitt eru þessir menn sem hafa stundað einhvern atvinnurekstur og það er nánar skýrt á bls. 11 í frumvarpinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Því er það skilyrði sett að skuldari hafi ekki undangengin þrjú ár borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem hann hefur lagt stund á hana einn síns liðs eða í félagi við aðra, nema atvinnurekstri hafi verið hætt og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans. Er hér fyrst og fremst litið til t.d. iðnaðarmanna og sölumanna sem einir eða í félagi við aðra taka að sér verk, annaðhvort samhliða fastri atvinnu eða tímabundið. Jafnframt falli hér undir aðrir einstaklingar sem um lengri eða skemmri tíma vinna sem verktakar án þess um eiginlegan eða viðamikinn rekstur hafi verið að ræða.“

Ég tel að þessi skilgreining sé harla óljós og þarna sé verið að búa til grátt svæði sem geti verið mjög erfitt í framkvæmd að líta til og taka á — og úr greinargerð frumvarpsins, frá því að ég stóð að samningu þess og eins og við sjálfstæðismenn leggjum það fram hér hefur verið felld klausa sem ég vil lesa. Þar er fjallað um hvernig draga eigi skilin á milli þeirra sem falla undir frumvarpið og þeirra sem eru utan þess. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hér er litið til þeirrar ríku lagaábyrgðar sem hvílir á þeim sem stunda atvinnurekstur, meðal annars varðandi skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda af launum starfsmanna, en ekki þykir koma til álita að draga úr henni með reglum um skuldaaðlögun, þar sem lánardrottnum er ekki ætlað að eiga atkvæði um hvort veitt verði eftirgjöf skulda. Auk þessara þriggja meginskilyrða fyrir heimild til að leita skuldaaðlögunar er að finna frekari skilyrði fyrir henni í 1. mgr. 63. gr. d, sem fjallað er nánar um í athugasemdum við d-lið 1. gr. frumvarpsins.“

Hæstv. dómsmálaráðherra þarf að skýra það út fyrir okkur hvort, með því að fella þetta úr greinargerð með frumvarpinu, sé verið að gera því skóna að menn geti komist undan að standa skil á virðisauka og staðgreiðslu opinberra gjalda. Hvort það sé sú breyting sem menn eru að leita eftir með því að breyta orðalaginu á þennan hátt í frumvarpinu, þ.e. að létta mönnum að komast undan því að greiða virðisaukaskatt eða staðgreiða opinber gjöld. Því þegar frumvörpin eru borin saman, og menn fara yfir þetta, og líta á þetta sem breytingu, ef það er þá lagt fram hér sem einhver meiri háttar breyting — við lögskýringu geta menn notað þessi skjöl og velt því fyrir sér hvað löggjafinn sé að fara og hvað framkvæmdarvaldið sé að boða með því að fella þessa klausu úr greinargerðinni. Þetta undirstrikar það sem ég segi, að með því að víkka þetta svona út — enda kemur fram í frumvarpinu, að það er ekki gert að tillögu

réttarfarsnefndar — er verið að búa til grátt svæði sem ég tel að sé óskynsamlegt í málum af þessu tagi.

Þetta þarf að skýra og liggja þarf ljóst fyrir hvað í þessari breytingu felst og orðalagið eins og ég sagði um sölumenn og iðnaðarmenn, hvernig sem það er nú orðað, er mjög óljóst. Það getur ekki verið til hagsbóta fyrir neinn að skapa þarna grátt svæði og að síðan sé þráttað um það sérstaklega hvort menn falla undir ákvæðið eða ekki. Ég tel skynsamlegra að hafa lagaákvæði um þetta skýrt og ótvírætt en ekki að teygja það eins og gert hefur verið.

Það er líka sérstakt athugunarefni hvers vegna allt í einu er tekin sú afstaða að breyta orðinu skuldaaðlögun í greiðsluaðlögun. Réttarfarsnefnd færir skýr rök fyrir því í frumvarpinu sem við sjálfstæðismenn flytjum hvers vegna hún velur orðið skuldaaðlögun frekar en greiðsluaðlögun. Ég sé ekki betur en að þær skýringar hafi verið felldar brott úr greinargerðinni eins og eðlilegt er. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Með því heiti er vísað til þess að skuldir eru lagaðar með ákveðnu móti að greiðslugetu viðkomandi manns. Á þetta sér hliðstæðu í löggjöf allra norrænu ríkjanna þar sem heiti á úrræðinu vísar til skulda.“

Mér finnst þessi breyting á orðinu ekki styðjast við málefnaleg rök þegar tekið er mið af þeim sjónarmiðum sem lágu til grundvallar hjá höfundum frumvarpsins. Hún er líka liður í því leikriti sem sett er á svið til að reyna að láta líta út eins og hér sé í grundvallaratriðum um einhver ólík sjónarmið að ræða en svo er ekki.

Þetta minnir mig helst á skáldsöguna *1984* þegar nýir stjórnarherrar tóku við völdum. Til þess að árétta að þeir væru öðruvísi en þeir sem áður voru föru þeir að búa til nýtt tungumál, fóru að færa hugmyndir sínar í nýjan búning með því að búa til ný orð um hluti sem allir skynsamir menn höfðu áður komið sér saman um að lýsa á ákveðinn hátt. Þessi leikaraskapur skiptir auðvitað engu máli en sýnir hugarfar ríkisstjórnarinnar þegar hún reynir að skreyta sig með fjöðrum annarra eins og hér var orðað.

Frumvarpið sem hæstv. dómsmálaráðherra flytur er góðra gjalda vert eins og ég hef farið hér orðum um. Það er algerlega samhljóða frumvarpinu sem við sjálfstæðismenn flytjum en bætt er við þessu gráa svæði sem veldur því að menn velta fyrir sér hvort verið sé að gera því skóna að menn geti komist undan því að greiða skatta. Síðan er bætt við ákvæði um Íbúðalánasjóð og fjármálafyrirtækin, sem er í höndum ríkisins að ákveða þó að umrætt bráðabirgðaákvæði yrði aldrei sett í lög — enda er gert ráð fyrir að það gildi um takmarkaðan tíma eins og allar ákvarðanir sem Íbúðalánasjóður eða fjármálafyrirtæki kynnu að taka um þá þætti sem hér er um að ræða.

Efnislega er ég sammála frumvarpinu sem hæstv. dómsmálaráðherra flytur með þeim athugasemdum sem ég hef gert. En ég legg til að þingheimur samþykki frumvarp okkar sjálfstæðismanna því að það er miklu skýrara, miklu skarpara og miklu betur unnið en frumvarpið sem hefur verið þynnt út með þessum hugmyndum ríkisstjórnarinnar.

Ég tel að ég þurfi ekki að eyða mörgum orðum í frumvarp framsóknarmanna. Ég sá það um leið og réttarfarsnefnd hafði skilað greinargerð sinni, 18. ágúst, sem ég rakti hér áðan, að því máli er ýtt til hliðar og viðskiptaráðuneytið féllst á það sjónarmið — tel ég líklegt að það frumvarp sé afrakstur nefndar viðskiptaráðherra. Ég setti mig aldrei inn í það hvernig menn hugsuðu það enda sá ég að ekki þyrfti að gera mikið með það eftir að réttarfarsnefnd dæmdi það í raun og veru úr leik. Ég hvet þingmenn til þess að dæma það líka úr leik þannig að málið standi og menn velti fyrir sér þeim orðalagsbreytingum og orðalagsmun sem er á frumvarpi hæstv. dómsmálaráðherra og því frumvarpi sem við sjálfstæðismenn flytjum.

Ég legg til að frumvarp okkar fari að lokinni umræðu til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

[12:02]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var nokkuð undarleg framsöguræða hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni og var honum tíðrætt um leikaraskap, leikrit og sýndarmennsku í tengslum við frumvarpið. Hv. þingmaður rakti þó ágætlega í máli sínu rökin fyrir því hvers vegna hér er lagt fram stjórnarfrumvarp um þetta efni. Hann rakti frumkvæði hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra Björgvins G. Sigurðssonar og hæstv. þáverandi félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur, hvernig þessi mál voru sett fram og lagðar fram tillögur og hvernig síðan hefur verið rekið á eftir því í dómsmálaráðuneytinu að fram komi frumvarp.

Ég hlýt að spyrja hv. þingmann hvort hann telji sig eiga einhvern höfundarrétt á því verki sem þannig er fram borið af hálfu margra ráðuneyta með aðkomu réttarfarsnefndar og bestu sérfræðinga. Það er stórkostlegt að hlusta á þann valdhroka sem felst í þeirri afstöðu hv. þingmanns að hann eigi með einhverjum hætti höfundarrétt á þeim stolnu fjöðrum sem hann reynir nú að skreyta sig með.

[12:03]

Flm. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég á engan höfundarrétt á frumvarpinu. Réttarfarsnefnd hefur alfarið samið frumvarpið en það hefði aldrei verið gert nema vegna þess að ég samþykkti það. Sú leið sem ég lýsti hefði aldrei verið farin nema af því að ég samþykkti það sem dóms- og kirkjumálaráðherra. Ef ég hefði lagst gegn því hefði málið ekki farið í þann farveg sem ég lýsti.

[12:03]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ljósi skýringanna hlýtur maður að spyrja hvaða undarlega afstaða lýsir sér í þeirri sýn sjálfstæðismanna á þetta úrræði að með einhverjum hætti eigi að girða fyrir möguleika þess mikla fjölda fólks í landinu sem hefur atvinnu sína og framfæri af rekstri einkahlutafélaga. Ég skil ekki þá mannfyrirlitningu sem fram kemur af hálfu sjálfstæðismanna með því að vilja girða fyrir að þeir sem hafa haft tekjur sínar af smáum atvinnurekstri geti nýtt sér þessi úrræði. Ég skil ekki heldur hvers vegna sjálfstæðismenn leggjast gegn því að skapa skýra lagaheimild fyrir ríkisbankana til að létta með nauðsynlegum hætti undir með skuldurum. Það kann að vera að gildandi lagaheimildir dugi fyrir Íbúðalánasjóð en þær duga ekki fyrir nýju ríkisbankana og því er mikilvægt að sett séu skýr ákvæði í lög sem

heimili ríkisbönkunum (Forseti hringir.) að taka þátt í greiðsluaðlögun af þessum toga.

[12:04]

Flm. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Engin mannfyrirlitning felst í því að hafa skoðun á því hvernig standa beri að réttarfari í landinu og engin mannfyrirlitning birtist í afstöðu réttarfarsnefndar þegar hún telur að nauðsynlegt sé að hafa þessi ákvæði skýr og ótvíræð og varar við því að búin séu til einhver grá svæði. Að kalla það mannfyrirlitningu sýnir hvað þingmaðurinn er langt leiddur í tali sínu á stjórnmálavettvangi og ruglar saman öllum hugtökum sem nota ber þegar talað er um mál af þessu tagi. Hér er um úrlausnarefni að ræða sem blasir við löggjafanum. Þingnefndir eiga eftir að fara yfir þetta og kalla fyrir sig sérfræðinga og fá þá rök fyrir því hvort skynsamlegt sé að fara þá leið sem hæstv. dómsmálaráðherra leggur til í frumvarpi sínu eða jafnvel einhverja enn aðra, þegar menn fara að skoða málið.

[12:05]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Þetta var nokkuð kostuleg ræða hjá hv. þingmanni, fyrrverandi dómsmálaráðherra, en niðurstaðan sýndist mér vera sú að hann er samþykkur frumvarpi hæstv. núverandi dómsmálaráðherra nema hann vill nota orðið skuldaaðlögun í staðinn fyrir orðið greiðsluaðlögun sem hefur verið notað um þetta fyrirbæri í 15 ár á Íslandi.

Sjálfstæðismenn tala um stolnar fjaðrir og einn um höfundarrétt. Hvað var á móti greiðsluaðlöguninni þegar fyrst var flutt tillaga um hana árið 1993? Hvað var á móti þegar fyrsta frumvarpið kom 1995? Hvað var á móti henni þegar Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri fluttu frumvörp sín 2001, 2002, 2003, 2004, 2005 og 2006? Sjálfstæðisflokkurinn, dómsmálaráðherrarnir Þorsteinn Pálsson og Björn Bjarnason og fjármálaráðherrarnir Friðrik Sophusson og Árni Mathiesen hafa staðið gegn heimildum um greiðsluaðlögun í 15 ár. Hverju reiddust goðin þessi 15 ár?

[12:06]

Flm. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál kom ekki inn á borð til mín fyrr en í sumar þannig að ég lagðist ekki gegn neinu máli. Alltaf var litið svo á að þetta væri málefni annarra ráðherra en dómsmálaráðherra. Allir töldu það og viðskiptaráðherra setti þetta af stað. Síðan þegar farið var að skoða málið og kanna það efnislega kom í ljós að Jóhanna Sigurðardóttir, eða hver annar sem hv. þingmaður nefndi, var bara á villigötum í þessu og það var ekki fyrr en málið kom í hendur okkar í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sem það var tekið þeim tökum að hægt var að búa það í þann búning að leggja það fyrir þingið.

[12:07]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Ég er hræddur um að hv. þm. Björn Bjarnason hafi misskilið mál mitt. Ég spurði ekki um tæknilega aðkomu hans sem ráðherra að málinu á sínum tíma heldur afstöðu Sjálfstæðisflokksins í því þegar hann í stjórnarsamvinnu, fyrst við Alþýðuflokkinn, síðan Framsóknarflokkinn og svo við Samfylkinguna, stóð í vegi fyrir þessu máli, hindraði það og tafði og það var ekki fyrr en þrýst var á nú alveg á síðustu mánuðum þeirrar stjórnar sem nú er farin frá að málið hafðist nokkurn veginn í gegn. Það er þetta sem ég spyr um. Hvað olli hinum skyndilegu sinnaskiptum Sjálfstæðisflokksins og dómsmálaráðherra hans? Hafi Björn Bjarnason ekki komið nálægt málinu gerði a.m.k. forveri hans Þorsteinn Pálsson það, báðir hv. þingmenn á sínum tíma, því að Þorsteinn Pálsson, dómsmálaráðuneytið, átti fulltrúa í nefndum sem skoðuðu þetta mál eins og kemur fram í ræðu sem ég ætla að flytja um sögu málsins á eftir, hv. þm. Birni Bjarnasyni og öðrum hans líkum til ánægju og yndisauka.

[12:08]

Flm. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður fróðlegt að hlusta á þann sögulestur og þær söguskýringar. Málið er það að í lok ráðherraferils síns ákvað Jón Sigurðsson, þáverandi viðskiptaráðherra, að setja þetta í nefnd sem síðan skilaði áliti og kom til umsagnar og þá kom í ljós að nefndarálitið var haldið þeim ágöllum að ekki var hægt að framkvæma það. Það var ekki fyrr en dóms- og kirkjumálaráðuneytið tók málið í sínar hendur að ábendingu réttarfarsnefndar að málið fékk þann framgang sem við sjáum nú. Að ásaka mig fyrir eitthvað í þessu efni er algerlega fráleitt hvað sem öllum söguskýringum hv. þingmanns líður.

[12:09]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eitt er þó ánægjulegt við þessa umræðu, að allir eru einhuga um að sett skuli lög um greiðsluaðlögun, þ.e. að rýmka til og auka rétt eða möguleika skuldara á því að aðlaga greiðsluhæfni sína þeim skuldum sem á þeim hvíla. Ljóst er að fjármála- og greiðslukerfið hrundi með tilheyrandi afleiðingum fyrir fjölda fólks.

Hins vegar, burt séð frá því hvernig þetta kom allt til, er grundvallarmunur á þessum tveimur málum. Annars vegar er um að ræða að fleiri einstaklingar geti leitað þessa úrræðis, miðað við frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra, og fleiri tegundir af kröfum, þar af veðkröfur, komi til skoðunar í þessu samhengi. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. Björn Bjarnason, þá væntanlega sem fulltrúa sjálfstæðismanna í umræðunni: Vilja þeir að færri eigi kost á þessari leið en fleiri? (Forseti hringir.) Því það er eini munurinn á þessum tveimur málum og (Forseti hringir.) í því felst ágreiningurinn.

[12:10]

Flm. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna talaði hv. þingmaður sem kom í veg fyrir að þetta mál kæmist út úr þingflokki Samfylkingarinnar og honum ferst ekki að tala um að menn standi ekki að afgreiðslu mála og fari yfir þau. Varðandi þann fjölda manna sem getur komið að málinu þá bendi ég hv. þingmanni á að lesa umsögn fjármálaráðuneytisins sem kemur að þessu máli sem umsagnaraðili um þann kostnað sem kann að hljótast af frumvarpinu. Þar kemur fram að fjár-

málaráðuneytið telur ekki að þeim fjölgi sem fara í þetta úrræði þrátt fyrir ákvæðin sem hv. þingmaður nefndi og telur að hafi skipt sköpum við stuðning sinn við frumvarpið.

[12:11]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að Samfylkingin vildi rýmka gildissvið þessa möguleika, það er rétt hjá honum. Hann vildi að fleiri ættu þess kost að fara þessa leið og Samfylkingin vill að fleiri kröfur falli þarna undir, þannig að þetta er rétt hjá hv. þingmanni og ég get tekið undir það sem fram kom í máli hans og það er þetta grundvallaratriði. En eftir stendur hvort það er tillaga sjálfstæðismanna og hv. þingmanna sem flytja sitt mál að þrengja þann möguleika miðað við það sem hæstv. dómsmálaráðherra hefur sagt og gert grein fyrir að gildissviðið verði víkkað verulega út. Vill Sjálfstæðisflokkurinn þrengja þetta úrræði miðað við færri einstaklinga og færri kröfur? Ég vil líka nefna það, af því að hv. þingmaður vísaði til umsagnar fjármálaráðuneytisins, að hefði hann lesið örlítið lengra í umsögninni, ekki valda kafla, þá kemur þar fram að ljóst er að þetta mun hafa veruleg áhrif eftir því hversu margir nýta þessa lausn.

[12:12]

Flm. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hef lesið þetta bæði fyrir og eftir þessa umsögn fjármálaráðuneytisins. Varðandi fjöldann breytast þær tölur ekkert í umsögninni við frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra þannig að allt tal um að við séum á móti því að einhverjir falli undir þetta er úr lausu lofti gripið. (Gripið fram í.) Ákvæðin sem koma til álita þarna eru svo óljós (Gripið fram í.) að þau munu bara skapa vandræði. Það verður ekki til að auðvelda neinum að vinna samkvæmt þessum lögum, verði frumvarpið að lögum, að hafa ákvæðin svona óljós. (Gripið fram í.) Það mun kalla á vandkvæði við framkvæmdina sem getur jafnvel dregið úr því að menn fái að nota þetta úrræði. (Gripið fram í.) Af hverju fæ ég ekki að ljúka máli mínu, hv. þingmaður? Það er ekkert sem kemur fram í þessu frumvarpi hæstv. dómsmálaráðherra sem segir okkur að fleiri falli undir það en áður. (**LB:** Það kom fram í máli dómsmálaráðherra.)

[12:13]

Flm. (Eygló Harðardóttir) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er brandari að hlusta á hv. þm. Björn Bjarnason tala um að hann hefði verið tilbúinn að leggja þetta mál fram mun fyrr. Þegar við horfum á staðreyndir málsins þá hafði Sjálfstæðisflokkurinn næg tækifæri á 18 árum, þeim tíma sem hann var í ríkisstjórn, til að leggja þetta mál fram. Það þurfti að sparka flokknum úr ríkisstjórn og landið var að verða gjaldþrota áður en flokkurinn var tilbúinn að samþykkja mál um greiðsluaðlögun. Ég vil þá ítreka spurninguna fyrst þetta eru nánast samhljóða mál hjá ríkisstjórninni og Sjálfstæðisflokknum og spyrja hv. þingmann: Hvað er það sem hinn svokallaði flokkur atvinnulífsins hefur gegn því að koma til móts við þá sem hafa lagt allt sitt undir til að byggja upp Ísland?

[12:14]

Flm. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég held að hv. þingmönnum Framsóknarflokksins farist ekki að tala um þetta mál. Þeir leggja fram frumvarp sem er gersamlega ónýtt í raun og veru og er blekkingarleikur frá upphafi til enda og hefur af færustu sérfræðingum verið dæmt úr leik. Svo telur hv. þingmaður sig vera í stöðu til að ráðast á okkur þingmenn Sjálfstæðisflokksins fyrir að flytja frumvarp sem stenst þó gagnrýni.

[12:15]

Flm. (Eygló Harðardóttir) (F) *(andsvar)***:**

Það er gott virðulegi forseti að hv. þingmaður telur sig geta fullyrt að mál okkar framsóknarmanna sé ekki pappírsins virði. Það verður ágætt að taka það fram í framsögunni á eftir.

En ég vil benda á varðandi atvinnurekendur að það ætti að vera tiltölulega auðvelt að setja inn ákvæði í lögin um að ef sá sem staðið hefur í atvinnurekstri hefur orðið uppvís að einhverju sviksamlegu eins og að halda eftir vörslusköttum geti hann ekki fengið greiðsluaðlögun. Það ætti nú bara að vera tiltölulega auðvelt að koma því fyrir í einni setningu. Ég mundi leggja til að það væri eitt af því sem allsherjarnefnd hefði til skoðunar ef ákveðið verður að afgreiða þessi tvö frumvörp nokkurn veginn samhljóða.

[12:16]

Flm. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tel alveg sjálfsagt fyrir þingmenn að koma þessum sjónarmiðum á framfæri í allsherjarnefnd. Til þess eru nefndirnar að fara yfir þetta og eins og ég sagði eru þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu og hæstv. dómsmálaráðherra leggur hér fram, með þeim hætti að eðlilegt hefði verið að fjalla um þær í nefnd og taka fyrir í allsherjarnefnd og klára málið þannig.

En ef hv. þingmaður telur að einhverjir muni fallast á að taka inn ákvæði úr frumvarpi framsóknarmanna um þetta mál held ég að það sé borin von því að það er svo illa samið.

[12:17]

Flm. (Eygló Harðardóttir) (F):

Virðulegi forseti. Neyðarástand hefur skapast á þúsundum heimila í landinu auk þess sem gjaldþrot blasir við mörgum þeirra. Það mun skapa margvísleg félagsleg vandamál, leggja auknar byrðar á félagsmálastofnanir, auka örvæntingu einstaklinga og fjölskyldna og skapa sár í þjóðfélaginu sem seint munu gróa.

Meginástæðan fyrir greiðsluerfiðleikum heimilanna er hrun íslenska fjármálakerfisins, óstöðugleiki íslensku krónunnar, okurvextir, óðaverðbólga, lækkandi fasteignamat og sívaxandi atvinnuleysi. Samhliða hafa skattar hækkað, álögur aukist í formi þjónustugjalda og kjör skert — allt í boði fyrrverandi ríkisstjórnar.

Til að koma í veg fyrir þá holskeflu gjaldþrota sem nú blasir við og gera mun þúsundir fjölskyldna heimilislausar þarf að grípa til björgunaraðgerða til að aðstoða fólk við að greiða úr skuldavandamálum heimilanna, vandamálum sem þegar eru orðin svo mikil að heimilin ráða ekki við þau.

Margt þarf að koma til, svo sem greiðsluaðlögun, lenging lána, félagsleg aðstoð og veiting greiðsluerfiðleikalána.

Lengi hefur verið beðið eftir frumvarpi um greiðsluaðlögun og hafa þingmenn Samfylkingar, Vinstri grænna og Framsóknarflokksins margoft lagt fram frumvörp þess efnis eða þingsályktunartillögur. Fyrrverandi ríkisstjórn hafði lofað lögum um greiðsluaðlögun nánast frá upphafi, nú síðast í janúar, en tókst ekki að leggja fram mál þess efnis áður en hún fór frá. Því er það mikið fagnaðarefni að allt stefnir í að greiðsluaðlögun verði að lögum hér á landi líkt og á hinum Norðurlöndunum.

Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun á þskj. 494 sem er 275. mál þingsins. Tilgangur þessa frumvarps er að gefa þeim einstaklingum sem eru í alvarlegum og viðvarandi greiðsluerfiðleikum möguleika á því að ná stjórn á fjármálum sínum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um greiðsluaðlögun þar sem skuldurum verði hjálpað til að komast út úr mesta svartnættinu. Markmiðið með greiðsluaðlögun er að skuldari fái lánskjörum breytt þannig að greiðslubyrðin verði léttari. Breyting á lánskjörum getur falið í sér að vöxtum og/eða lánstíma sé breytt eða skuld lækkuð eða fryst um tíma á meðan fólk leitar lausna á tímabundnum erfiðleikum t.d. vegna atvinnuleysis, veikinda og fleira. Greiðsluaðlögun kemur aðeins til greina hafi hún í för með sér ávinning fyrir skuldara, lánardrottna og samfélagið í heild.

Ávinningur fyrir skuldarana verði sá að þeir geti staðið í skilum með skuldina. Ávinningur fyrir lánardrottna verði sá að líkur á endurgreiðslu aukast og ávinningur samfélagsins verði sá að færri þurfa að leita á náðir félagsmálastofnana. Til að ná sem víðtækastri samstöðu um þau markmið sem frumvarp um greiðsluaðlögun snýst um er mikilvægt að greiðsluaðlögun nái jafnt til skulda við ríkið, innlánsstofnanir, lífeyrissjóði og verkalýðshreyfingu svo sem húsnæðisskulda.

Í lögum um gjaldþrotaskipti og fleira, nr. 21 frá 1991, er sérstaklega fjallað um nauðasamninga. Með lögunum virtist vera ætlunin að einstaklingar sem ekki eru í atvinnurekstri gætu í auknum mæli leitað eftir nauðasamningum við lánardrottna sína án tengsla við gjaldþrotaskipti. Raunin hefur hins vegar orðið eins og hæstv. dómsmálaráðherra Ragna Árnadóttir fór í gegnum fyrr í dag að lítil eða engin breyting hefur orðið í þessu efni frá því sem áður var. Mjög sjaldgæft er að einstaklingar fari í nauðasamningsumleitan nema í beinum tengslum við gjaldþrotaskipti. Ástæðan er líklega sú hversu þungt þetta úrræði hefur verið og auk þess sem töluverður kostnaður er fylgjandi. Að vísu hefur ríkið komið til móts við það með að taka þátt í þessu gagnvart einstaklingum.

Í þessu frumvarpi er lagt til að skapað verði visst úrræði fyrir stjórnvöld til að aðstoða þá einstaklinga og fjölskyldur í landinu sem lent hafa í alvarlegum fjárhagserfiðleikum við að ná fótfestu á ný í þjóðfélaginu. Samkvæmt þessu frumvarpi getur greiðsluaðlögun aðeins átt við einstaklinga en ekki aðrar lögpersónur. Gert er ráð fyrir að málsmeðferð í tengslum við umsókn um greiðsluaðlögun verði á einni hendi, þ.e. hjá sýslumanni. En heimilt er að kæra vissa ákvörðun sýslumanna til héraðsdóms, samanber VI. kafla. Kröfuhafi er bundinn af úrskurði um greiðsluaðlögun þegar hún hefur verið ákveðin. Hann getur þó í vissum tilvikum óskað eftir endurmati á ákvörðuninni, samanber VIII. kafla.

Við framsóknarmenn teljum einnig skipta miklu máli að skuldarinn geti sótt sér ráðgjöf um fjárhagslega erfiðleika til sýslumanns og að dómsmálaráðuneytið styðji við þessa þjónustu sýslumanns með ráðgjöf og leiðbeiningum og er það lagt til í 1. gr. frumvarpsins.

Álag á skuldara getur verið mjög mikið og hingað til hafa þeir átt í fá hús að venda. Sýslumenn eru líka í lykilaðstöðu til að koma að ráðgjöf til skuldara þar sem fjárnámsgerðir fara í gegnum þá og þeir eru í miklum tengslum við fólk í greiðsluerfiðleikum.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til að greiðsluaðlögun komi til greina. Skilyrðin eru að einstaklingurinn eigi í varanlegum greiðsluerfiðleikum og ekki fyrirsjáanlegt í náinni framtíð að hann geti staðið við greiðsluskuldbindingar sínar. Þarna er sérstaklega tekið fram að það er fyrirsjáanlegt í náinni framtíð og er í samræmi við þær breytingar sem verið er að leggja til á „skuldsaneringslagen“ í Svíþjóð og einnig í Danmörku.

Bú einstaklings má ekki vera undir gjaldþrotaskiptum og má hann ekki heldur hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga. Greiðsluaðlögun þarf að reikna út með tilliti til aðstæðna skuldara og lánardrottna.

Við framsóknarmenn töldum ekki ástæðu til að setja tímatakmörkun hvenær viðkomandi einstaklingur bar ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi líkt og gert er í frumvörpum ríkisstjórnarinnar og Sjálfstæðisflokksins. Við teljum að það eigi ekki að refsa fólki fyrir að hafa stundað atvinnustarfsemi á þennan máta. Ósanngjarnt er einnig að verðlauna þá sem hafa stofnað einkahlutafélög með takmarkaða ábyrgð umfram þá sem rekið hafa fyrirtæki á eigin kennitölu.

Við töldum einnig ástæðu til að opna fyrir það að skuldari sem ber mikla persónulega ábyrgð vegna fyrrum fyrirtækjarekstrar og mun ekki í fyrirsjáanlegri framtíð geta staðið við greiðsluskuldbindingar sínar geti sótt um greiðsluaðlögun þrátt fyrir að enn sé ekki búið að gera upp þrotabú fyrirtækisins að því gefnu að skiptastjóri sé tilbúinn að mæla með því.

Greiðsluaðlögun skal teljast sanngjörn með tilliti til aðstæðna skuldara og lánardrottna. Við mat á þessu skal taka tillit til hvar og hvenær til skuldanna hefur stofnast, til hvaða ráðstafana skuldarinn hefur gripið til til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum og hvort hann hafi sýnt skýran samstarfsvilja við umsóknarferlið. Almenna reglan skal vera að aðeins er hægt að sækja um greiðsluaðlögun einu sinni á ævinni nema mjög sérstakar aðstæður mæli með öðru.

Undir greiðsluaðlögun samkvæmt frumvarpi þessu munu allar fjárkröfur falla á hendur skuldara sem stofnast hafa fram að því að greiðsluaðlögun er ákveðin að því gefnu að þær séu löglegar og ekki sviksamlega staðið að þeim. Undanþága frá þessari reglu samkvæmt 4. gr. í III. kafla eru: Veðkröfur að því leyti sem eign stendur undir kröfu. Kröfur sem orðið hafa eftir að umsókn um greiðsluaðlögun er lögð fram. Kröfur sem er fullnægt með skulda-

jöfnun ef bú skuldara væri tekið til gjaldþrotaskipta og kröfur sem ágreiningur er um.

Einnig er lagt upp með að allar kröfur séu jafnréttháar nema kröfuhafi samþykki að krafa hans sé réttlægri eða upphæð kröfu er það lág að sérstök ástæða mælir með því að hún sé greidd að fullu áður en til greiðsluaðlögunar kemur. Er þetta mjög í samræmi við þau lög sem eru í gildi í Svíþjóð.

Umsögn skal skila inn til sýslumanns og sýslumaður skal afla upplýsinga um persónulegar og fjárhagslegar aðstæður skuldara eftir því sem tilefni er til. Fullnægir skuldari ekki skilyrðunum um greiðsluaðlögun, samanber 2. og 3. gr., skal sýslumaður hafna umsókn hans. Með höfnun þarf að fylgja rökstuðningur.

Ef skuldari uppfyllir skilyrði um greiðsluaðlögun á sýslumaður að leggja fram tillögu um greiðsluaðlögun og skal þar koma fram hvaða fjárkröfur falla undir greiðsluaðlögunina og hvort þær eru jafnréttháar, hver sú upphæð er sem kemur til skipta milli kröfuhafa, hversu há upphæð stendur eftir af kröfum sem ekki fást greiddar sem og greiðsluáætlun sem sýnir hvenær og hvernig eftirstöðvar skulda verða greiddar til kröfuhafa.

Við mat á greiðslugetu skuldara skal taka tillit til allra tekna skuldara að fráteknum framfærslukostnaði hans og fjölskyldu hans. Ef um hjón eða sambúðaraðila er að ræða skal einnig líta til tekna maka. Greiðsluáætlun skal vera til þriggja ára nema sérstakar ástæður mæli með lengri eða skemmri tíma. Er þetta þá í samræmi við þær tillögur sem er einnig verið að leggja fram um breytingar á „skuldsaneringslagen“ þar sem þeir voru áður með fimm ár en eru nú að stytta það í þrjú ár.

Tilkynna þarf ákvörðun um greiðsluaðlögun í *Lögbirtingarblaðinu* ásamt áskorun til allra kröfuhafa um að lýsa kröfum sínum í síðasta lagi einum mánuði frá birtingu. Eftir að innköllunarfrestur er liðinn skal sýslumaður birta tilkynningu í *Lögbirtingarblaðinu* um að greiðsluaðlögun sé komin til framkvæmda. Tekur hún svo gildi frá þeim tíma sem ákvörðunin er birt.

Í VI. kafla eru svo skýrar kæruheimildir til handa bæði skuldara og kröfuhafa til héraðsdómstóls.

Í 20. gr. í VII. kafla er fjallað um endurmat greiðsluaðlögunar en til endurmats skyldi koma ef skuldari hefur á fölskum forsendum sótt um greiðsluaðlögun, gefið rangar upplýsingar eða ekki fylgt greiðsluáætlun eða ef fjárhagsstaða skuldara hefur batnað verulega, t.d. ef hann hefur fengið arf eða ræður við að borga meira.

Ég vil í lok framsöguræðu minnar segja að núverandi ástand á Íslandi hvað þetta varðar er algerlega óásættanlegt og svartur blettur á íslensku samfélagi. Allt of lengi hefur allt gengið út á að vernda hagsmuni fjármagnseigenda á kostnað almennings. Afleiðingin blasir við okkur með hruni íslensks efnahagslífs, óstöðugleika íslensku krónunnar, okurvöxtum, óðaverðbólgu, lækkandi fasteignaverði eða í raun frosnum fasteignamarkaði og þeim ótrúlegu atvinnuleysistölum sem við horfum upp á.

Eins og ég nefndi áður er þetta fyrsta skrefið að mínu mati þar sem komið er til móts við þá sem verða harðast úti vegna þessara áfalla. Með samþykkt þessa frumvarps yrði stigið mikilvægt og jákvætt skref til að koma til móts við þá sem bera þyngstu byrðarnar og eru hvað verst staddir.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[12:27]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til að óska nýrri ríkisstjórn til hamingju og óska henni alls velfarnaðar í erfiðu verki sem hennar bíður — afar erfiðu verki — og veitir ekki af góðum óskum.

Ég verð enn fremur að óska fráfarandi ráðherrum í fyrri ríkisstjórn velfarnaðar með þeirri ósk að þeir taki höndum saman með núverandi stjórn til að vinna okkur sameiginlega út úr þeim mikla vanda sem við eigum við að glíma. Sérstakar hamingjuóskir eru til hæstv. dómsmálaráðherra fyrir afar skýra og skilmerkilega framsöguræðu og yfirvegun í andsvörum sem ég hygg að þingmenn gætu haft sér til fyrirmyndar.

Hér er mælt fyrir um afar mikilvægt úrræði sem er mjög brýnt að nái skjótt fram að ganga. Efnahagshrunið kallar á það og það kallar á samstöðu. Það kallar ekki á þá flokkadrætti og tog sem hér hefur átt sér stað. Það kallar á að menn sameinist um það markmið og þann augljósa tilgang sem ég held að allir þeir aðilar sem standa að þessum þremur frumvörpum hafi. Við skulum einbeita okkur að því. Við skulum einbeita okkur að því að leysa neyð heimilanna í landinu og forðast flokkadrætti. Skiljum hismið frá kjarnanum. Ræðum um aðalatriðið. Gleymum okkur ekki í atriðum sem hjálpa ekki fólkinu í landinu. Munum það.

Þjóðinni blæðir í dag og við ættum því fyrst og fremst að ná samstöðu um virk baráttutæki og úrræði til að koma á móts við hana á miklum erfiðleikatímum þar sem 13.000 manns eru atvinnulausir og margir standa frammi fyrir því að eiga jafnvel ekki fyrir nauðþurftum. Þar eigum við að einbeita hugsun okkar, ekki að því hver á hvað og hvað er hvurs í titlatogi. Það er býsna dapurlegt og nöturlegt að hlusta á ræður sem ganga í þá veru þegar eldar brenna á heimilunum. Þessir einstaklingar eiga í mjög verulegum fjárhagsvandræðum. Mér hefur stundum fundist skorta skilning, skorta veruleikahugsun í umræðum hér á þingi eftir að ný ríkisstjórn tók við og reyndar áður en hin gamla lét af völdum, að menn skynji ekki ástandið úti í þjóðfélaginu, að menn hugsa ef til vill meira um kosningar en þjóðina. Komum okkur út úr þessari hugsun. Tökum höndum saman og deilum ekki um atriði sem eru smávægileg heldur deilum þá um það sem mikilvægast er að ná fram að ganga þjóðinni til heilla.

Ég ítreka það að á bak við þessi þrjú frumvörp sem hér liggja frammi liggur sameiginlegur tilgangur, sameiginleg hugsun, sameiginlegur vilji til þess að aðstoða einstaklinga, almenning og heimilin í landinu. Mér er slétt sama hvaðan gott kemur ef það gagnast almenningi og einstaklingum. Og mér er slétt sama hver eignar sér heiðurinn af því. Mér er slétt sama bara ef við náum árangri. Um það snýst þetta mál.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir og flutt er af hálfu ríkisstjórnarinnar er faglega unnið. Það er faglega unnið eins og vænta mátti af hæstv. ráðherra. Það er skilmerkilega sett fram. Sé eitthvað gott að finna í hinum frumvörpunum sem megi sameina eða aðlaga er það auðvitað verkefni alls-

herjarnefndar. Ég hygg að hæstv. ráðherra sé líka slétt sama hvaðan gott kemur.

Ég treysti því og skora á nefndarmenn hv. í allsherjarnefnd að vinna hratt og örugglega að þessu máli og ýta til hliðar flokkadráttum, hugsanlega persónulegum metnaði og öllu öðru sem kann að leggja steina í götu þess að frumvarpið verði afgreitt eins hratt og hægt er. Það er beðið eftir þessu. Það er beðið eftir þessum úrræðum og þau munu virka.

Við verðum líka í þjóðfélaginu í dag að temja okkur nýja hugsun í þeim vanda sem við blasir. Við erum að takast á við gjörólík verkefni. Við erum að takast á við efnahagshrun sem þjóðin hefur ekki upplifað og við verðum að ýta burtu gamalli, hefðbundinni hugsun. Við verðum að taka upp öll þau tæki sem við getum sem gagnast geta einstaklingum og heimilum. Mér er nánast slétt sama um hver þau tæki eru svo fremi að þau virki til hagsbóta almenningi og svo fremi að þau gangi ekki gegn stjórnarskránni. Ég er jafnvel til í að fara inn á gráa svæðið þar ef það gagnast almenningi en ekki brjóta gegn henni.

Svo að lokum eitt í viðbót, herra forseti, til umhugsunar fyrir allsherjarnefnd og fyrir ríkisstjórnina og fyrir okkur þingmenn, að við skoðum til hlítar hvernig við getum hjálpað bændum og hvort hugsanlegt sé að aðlaga þetta frumvarp að hagsmunum bænda. Bændur eiga sín heimili til sveita og eru með atvinnurekstur samhliða því og þeir standa allt of margir afar illa. Ég hef sagt það og get sagt það aftur: Við megum ekki missa eitt einasta bú úr rekstri. Þangað sækjum við styrk endurreisnarinnar og í sjávarútveginn. Gerum okkur það ljóst. Það er einn fjórði kúabænda í alvarlegum erfiðleikum, aðrir í erfiðleikum, og sauðfjárbúskapurinn stendur eins og allir vita einkar illa. Ég hefði kosið það án þess þó að það mundi tefja þetta frumvarp, það gæti þá komið fram í nýju frumvarpi — ef menn sjá leiðir í allsherjarnefnd til að koma á móts við þarfir bænda sem margir eru að komast í greiðsluþrot, ekki bara út af skuldum heldur verulega hækkuðum aðföngum, áburður hefur hækkað um tugi prósenta — að allsherjarnefnd hugleiði hagsmuni þeirra og hagsmuni okkar að halda öllum býlum í búrekstri og jafnvel að stofna til fleiri.

[12:35]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir skýra framsögu og andsvör, ég tek undir það sem hv. þm. Atli Gíslason sagði hvað það varðaði. Ég tek líka undir efnisatriði í máli hans, og einmitt það að það skiptir máli að afgreiða sem allra fyrst lög um greiðsluaðlögun eða breytingar á gjaldþrotaskiptalögunum. Þá er í sjálfu sér fyrst fyrir að líta það frumvarp sem flutt er af ríkisstjórninni — og ég gef ósköp lítið fyrir það hver eigi höfundarréttinn að frumvarpinu, hvort það hafi komið fram eitthvað örlítið breytt miðað við það sem áður hafði verið talað um eða ekki. Höfuðatriðið er að við fjöllum hér um mjög mikilvæga breytingu sem verið er að leggja til að gerð verði á lögum, breytingu sem skiptir máli og er allt of seint komin fram.

Sá sem hér stendur fór að berjast fyrir því að tekin yrðu upp lög um greiðsluaðlögun fyrir u.þ.b. 20 árum. Það er með ólíkindum að það skuli hafa tekið allan þennan tíma, og þurft efnahagshrun til, að ráðamenn þjóðarinnar skynjuðu nauðsyn þess að gera breytingar á löggjöfinni til samræmis við þá löggjöf sem er í gildi á öðrum Norðurlöndum. Um árabil var það eitt helsta baráttumál Neytendasamtakanna að gerð yrði breyting á lögum um gjaldþrotaskipti og tekin upp ákvæði um greiðsluaðlögun. Það hefur ákveðna og mjög víðtæka þýðingu í samfélagi að taka slíka löggjöf upp, hvort heldur um er að ræða samfélag eins og það sem við höfum í dag eða það samfélag sem við höfðum fyrir einu eða tveim árum. Það er nú einu sinni þannig að þau eru rétt orðin úr Nýja testamentinu, fátæka hafið þér ávallt hjá yður. Fólk er í mismunandi stöðu sem getur komið til af mörgu, m.a. vegna veikinda og ýmissa erfiðleika.

Þá skiptir máli að sú hugsun sem á sínum tíma lá því til grundvallar að sett voru lög um gjaldþrotaskipti sé útfærð með þeim hætti sem hentar í nútímasamfélagi, þ.e. að þeir sem ekki geta greitt skuldir sínar eigi ákveðið úrræði — gjaldþrotaskiptin voru á sínum tíma þannig hugsuð — og möguleika á því að rísa á fætur aftur. Hér á landi hefur það iðulega verið talið jafngilt glæp að verða gjaldþrota, en því fer fjarri að um slíkt sé að ræða. Í því sambandi má t.d. benda á að ýmsir helstu athafnamenn þjóðarinnar máttu þola það að verða gjaldþrota en gátu, miðað við þá löggjöf sem þá var við lýði, risið upp aftur og byggt upp ný fyrirtæki. Sennilega er Thor Jensen frægastur þeirra en mig minnir að hann hafi orðið gjaldþrota þrívegis en ítrekað náð að byggja upp blómleg fyrirtæki landi og þjóð til hagsældar.

Hvað sem menn vilja segja um áhættusækna fjárfesta nú á dögum þá eru áhættusæknir fjárfestar forsenda þess að fjölbreytt atvinnulíf þrífist og framfarir í einu landi. (Gripið fram í.) Það er hins vegar mjög mikilvægt, hv. þm. Mörður Árnason, að við markaðshyggjumennirnir gerum okkur grein fyrir því að markaðshyggjuna á að reka á sínum eigin forsendum en ekki á þann veg að menn geti tekið áhættu á forsendum annarra eins og verið hefur. Það er eitthvað það fáránlegasta sem við höfum horfst í augu við undanfarin ár að markaðshyggjumennirnir, kapítalistarnir, hafa tekið áhættu á minn kostnað og þjóðarinnar. Það er það sem er það ruglaða í því kerfi sem við búum við í dag.

Þetta var útúrdúr af því að við erum að tala um það með hvaða hætti við komum að varðandi það að leysa vanda þeirra sem lenda í greiðsluerfiðleikum. Ég er þá að tala um hugsunina á bak við gjaldþrotaskiptalögin og því til viðbótar greiðsluaðlögun eða skuldaaðlögun — það skiptir mig ekki máli hvort orðið er notað — þ.e. að sett er víðari regla um að hægt sé að leita úrskurðar um að fella skuldir hreinlega niður. Þá er spurt: Er það vitrænt í samfélaginu að um þvingunarúrræði sé að ræða í lögum, þvingunarúrræði um að skuldir séu felldar niður? Því er hægt að svara játandi vegna þess að ekki er um það að ræða að hægt sé að kreista fram peninga sem ekki eru til. Það kann að vera þjóðfélagsleg hagkvæmni, og er þjóðfélagsleg hagkvæmni, að fá faglega skoðun á því hvað viðkomandi skuldari getur greitt, gefa honum kost á að losa sig undan skuldum að öðru leyti, að hann greiði það sem hann getur greitt en aðrar skuldir verði felldar niður og hann geti eftir sem áður starfað í þjóðfélaginu.

Vandamálið í sambandi við gjaldþrotalögin eins og þau hafa verið, án þeirra úrræða sem hér eru lögð til, hefur verið það að fjölmargir einstaklingar hafa verið neyddir til að stunda svarta atvinnustarfsemi. Það er aldrei gott í einu þjóðfélagi að knýja á um það með lögum að fólk geti ekki stundað eðlilega arðsköpun og verið sjálfbjarga. Það er því mjög mikilvægt að frumvarpið verði að lögum.

Ég er mjög ánægður með að sjá þá opnun sem kveðið er á um í lagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar hvað varðar fólk í atvinnurekstri. Þar er vikið að því að við ákveðnar aðstæður sé hægt að láta þetta taka til þeirra sem hafa verið í atvinnurekstri. Miðað við t.d. löggjöf Norðurlandanna um svipað efni er þetta kannski það atriði sem er ein mesta spurningin varðandi lög um greiðsluaðlögun, hversu víðtækt við eigum að hafa það og hversu langt við eigum að láta það ná varðandi aðila sem hafa verið í atvinnurekstri. Ég hefði talið að við ættum að hafa heimild til þess að leita greiðsluaðlögunar sem opnasta þannig að hún tæki til fólks sem hefði verið í atvinnurekstri. Ég tek þar af leiðandi undir þau sjónarmið sem hv. þm. Atli Gíslason setti fram, að hún nái til aðila í búrekstri og ég tel að hún eigi tvímælalaust og skilyrðislaust að ná til — þ.e. að möguleikinn sé fyrir hendi og eigi að vera opinn gagnvart öllum þeim sem hafa verið í atvinnurekstri. Þá er ég að tala um þá sem hafa rekið einstaklingsfyrirtæki eða smærri fyrirtæki og þá þarf það að liggja fyrir hvernig við skilgreinum einstaklingsfyrirtæki og smærri fyrirtæki í lögum eins og þessum. Hægt væri að hugsa sé að það gæti miðast við fyrirtæki þar sem eigandi og fjölskylda hans starfa og þá miðað við ákveðinn fjölda starfsmanna, starfsmenn væru t.d. færri en tíu, eða ákveðna heildarveltu. Það eru kannski þær helstu viðmiðanir sem ber að hafa í huga.

Ég tel mjög mikilvægt varðandi þessa löggjöf að ákvæði séu sem víðtækust um að heimila aðilum að leita eftir þessari úrlausn. Það er síðan spurning, sem er að öðru leyti meira lagatæknilegs eðlis, hvernig útfærslan er. En ég tek undir og legg sérstaka áherslu á það með hv. þm. Atla Gíslasyni að við eigum ekki að eyða tímanum í að agnúast í ræðustól á Alþingi um ákveðið orðalag eða um það hver eigi höfundarrétt. Sjálfur hefði ég talið heppilegast að fá sérstaka löggjöf um greiðsluaðlögun en það er annað mál og ég get alveg sætt mig við og mun styðja það að þetta mál fái skjóta afgreiðslu í allsherjarnefnd.

[12:45]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður sagði að mikilvægt væri að þetta ætti við fólk sem hefði verið í atvinnurekstri en ég hugsa að hann hafi ekki lesið ákvæðið nógu greinilega vegna þess að þar stendur, með leyfi herra forseta:

„Lögin ná ekki til einstaklinga sem undangengin þrjú ár hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem þeir hafa lagt stund á hana einir eða í félagi við aðra, nema því aðeins að atvinnurekstri hafi verið hætt og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans.“

Í mínum huga er þetta tómt mengi, eða nánast, því þeir sem hafa verið í atvinnurekstri skulda yfirleitt umtalsvert vegna hans og féllu því ekki undir þetta. Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort ekki sé eðlilegt að beina því til þeirrar nefndar sem fær málið til umfjöllunar að hún skoði þetta og víkki út þannig að ákvæðið eigi við um þá sem hafa verið í atvinnurekstri almennt þó að skuldirnar séu umtalsverðar því að þeir eru kannski ekki síður í vandræðum með skuldir sínar og kannski enn frekar.

Svo varðandi höfundarréttinn, herra forseti. Hv. þingmaður talar um að það sé lítið mál. Auðvitað er þetta lítið mál, hvort um er að ræða ritstuld, höfundarrétt eða hvað þetta nú er. En þetta var eitt af þeim atriðum sem sprengdi fyrrverandi ríkisstjórn. Það skiptir því verulega miklu máli hvernig ferillinn var. Hvernig var ferillinn hjá ríkisstjórninni? Það sýnir sig að það voru samfylkingarráðherrarnir sem stöðvuðu málið.

[12:47]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hefði hv. þm. Pétur H. Blöndal hlustað vel eftir því sem ég sagði þá talaði ég um að víkka þyrfti út ákvæði um þá sem hefðu stundað atvinnurekstur með sérstöku tilliti til þess sem kveðið er á um í frumvarpinu, þar sem það kemur fram. Ég tók einnig undir það sem hv. þm. Atli Gíslason sagði varðandi bændur, ég taldi að þetta þyrfti að ná til annarra starfsstétta. Ég talaði líka um að þetta væri eitt af þeim atriðum sem allsherjarnefnd, sem mun fá málið til meðferðar, þyrfti að taka til skoðunar, einmitt með tilliti til þeirra sjónarmiða sem ég benti á. Það atriði er því alveg skýrt og enginn ágreiningur á milli mín og hv. þm. Péturs H. Blöndals um það. Þeir sem hafa verið í atvinnurekstri og þurfa að leita þessara úrræða eru að sjálfsögðu skuldugir. Ef menn vilja fara þá leið sem ég var að leggja til þá verða menn að gera þær breytingar á frumvarpinu að það leiði til þess að þeir aðilar geti leitað umræddra úrræða. Það er hins vegar alltaf spurning og að mínu viti er þetta ákveðið úrvinnsluatriði sem verður að leita samkomulags um að leysa og ég tel að það muni takast.

Varðandi samskipti fólks í síðustu ríkisstjórn þá var ég í stjórnarandstöðu og ber enga ábyrgð á því og ætla mér ekki að svara fyrir Samfylkinguna eða ráðherra hennar eða taka þátt í þeim heraldíska vopnaburði sem hér fer fram á milli Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar.

[12:49]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að Alþingi á ekki að vera í einhverjum sandkassaslag. Þess vegna finnst mér undarlegt þegar fyrir liggur tilbúið frumvarp frá fyrrverandi ríkisstjórn að það skuli ekki vera tekið upp og samþykkt eins og það lá fyrir. Því hafði verið dreift á þinginu. Það var dálítið undarlegt. Það eru pínulitlar breytingar, tvær efnislegar breytingar, og síðan orðalagið, greiðsluaðlögun eða skuldaaðlögun. Að öðru leyti er þetta sama frumvarpið. Mér finnst þetta bera ákveðinn vott um sandkassaleik, að verið sé að flytja stjórnarfrumvarp þegar fyrir liggur annað frumvarp nákvæmlega eins.

Varðandi atvinnureksturinn þá skildi ég hv. þingmann þannig að hann vildi víkka út fyrir bændur. Ég vil víkka út fyrir alla. (**JM:** Ég vil …) Þá hef ég bara misskilið þetta og

þá erum við sammála í því að skora á hv. allsherjarnefnd sem mun fjalla um málið að hún skoði nákvæmlega hvort ekki er hægt að víkka þetta út fyrir fólk sem hefur verið í atvinnurekstri. Ég held enn fremur að við hv. þingmaður séum sammála um það að við viljum báðir stuðla að því að fólk taki áhættu í atvinnurekstri. Ef menn verða síðan undir þá er það ekki endilega þeirra sök, þeir urðu bara undir í samkeppni. Það er ekki endilega saknæmt. En mér finnst eðlilegt að tekið sé á þeim málum. Svo er annað mál ef menn eru að kaupa bíl eða eitthvað slíkt, það er allt annars eðlis.

[12:51]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég var einmitt að tala um að þetta ætti ekki einungis að ná til bænda heldur til allra, þetta væri spurning um hvernig við skilgreindum þann atvinnurekstur sem ætti að færa undir. Ég talaði meira að segja um að þetta væri spurning um hvort taka ætti tillit til stærðar viðkomandi fyrirtækis, t.d. hvað varðar starfsmannafjölda, veltu o.s.frv., sem eru þær viðmiðanir sem við getum haft. Ég talaði því ekki um að skilja á milli starfsgreina heldur væri miðað við að ákvæðið væri sem víðtækast og fleiri gætu leitað eftir þessu en t.d. því sem er í löggjöf hinna Norðurlandanna varðandi greiðsluaðlögun. Það vil ég leggja áherslu á. Hv. þm. Pétur H. Blöndal og ég erum því sammála um það með hvaða hætti og hvernig beri að vinna úr þessu.

Varðandi skjaldarmerkjafræði Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar, um það hvað er hvers og hvurs er hvað, þá skal ég ekki draga neitt í efa sem hv. þm. Pétur H. Blöndal segir í þeim efnum, að málið hafi legið fyrir eins og hann segir og hægt hefði verið að taka það upp með þeim hætti. Í mínum huga skiptir þetta sáralitlu máli, við erum fulltrúar löggjafarvalds til að vinna úr því sem fyrir okkur liggur og ber að gera það og eigum að sjálfsögðu ekki að vera í sandkassaleik. Það er dálítið sérstakt að þegar ég færi fram sjónarmið varðandi frumvörpin sem fyrir liggja þá skuli vera komið í andsvör við mig út af því hvað gerðist í síðustu ríkisstjórn, sem mér kemur ekkert við og hafði hina megnustu skömm á af því að hún kom ekki málum í framkvæmd og ég var í stjórnarandstöðu allan tímann. Eðlilegra hefði verið að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefði farið í andsvör varðandi þetta atriði við hæstv. dómsmálaráðherra en ekki við mig sem var stjórnarandstæðingur í síðustu ríkisstjórn.

[Fundarhlé. — 12:53]

[13:30]

Útbýting:

Afhendingaröryggi raforku og virkjun vatnsfalla á Vestfjörðum, 283. mál, fsp. StB, þskj. 509.

Útflutningur hvalafurða, 284. mál, fsp. MÁ, þskj. 510.

Virkjun sjávarfalla við Ísland, 282. mál, fsp. StB, þskj. 508.

[13:31]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Þótt hann sé ekki kominn í salinn vil ég hefja þessa ræðu á að þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir framsöguræðu sína sem er jafnframt jómfrúrræða hennar á þingi og þetta er líka fyrsta frumvarp hins nýja dómsmálaráðherra, Rögnu Árnadóttur. Um leið verð ég að átelja fyrrverandi dómsmálaráðherra, hv. þm. Björn Bjarnason, fyrir fremur óviðurkvæmilegar athugasemdir í garð hins nýja dómsmálaráðherra. Nýjasta framlag hans á þinginu var nokkurn veginn í þeirri mynd að hinn nýi dómsmálaráðherra hefði átt að elta uppi frumvörp einhverra manna sem þá voru komnir á þing í stað þess að taka það frumvarp úr starfi dómsmálaráðuneytisins sem lá í hirslum hennar og var vissulega unnið undir stjórn Björns Bjarnasonar sem tók við þeim drögum úr viðskiptaráðuneytinu eins og hann hefur rakið, í stað þess að taka það og setja á það sitt mark og þeirrar ríkisstjórnar sem dómsmálaráðherrann situr í og flytja á þinginu. Það er í raun og veru algerlega óskiljanleg röksemdafærsla sem býr að baki þessum undarlegu aðfinnslum hv. þm. Björns Bjarnasonar við atferli hæstv. dómsmálaráðherra.

Ég ætla hins vegar ekki að ræða það frekar. Ég ætla heldur ekki að bæta í þann ágæta sarp sem m.a. hv. þm. Jón Magnússon jók áðan um efnisatriði og efnislegan aðdraganda frumvarpsins. Því minnist ég á Jón Magnússon að ekki einungis flutti hann hér gott mál, heldur er hann að vissu leyti aðili að þeirri fáránlegu höfundarréttardeilu sem hér hefur uppi verið að því leyti að Jón Magnússon er ekki bara þingmaður á þinginu, heldur líka fyrrverandi forustumaður í Neytendasamtökunum og ef einhver á höfundarrétt á þessu máli eru það Neytendasamtökin hér innan lands vegna þess að þau hófu þetta mál til vegs fyrst á innlendum vettvangi og það er að vissu leyti samstarfi þeirra við systursamtök sín á Norðurlöndum að þakka að þetta mál er loksins komið til afgreiðslu á þinginu eða réttara sagt virðist eiga að afgreiða það nú á þinginu.

Ég tel nefnilega rétt, forseti, á þessum stað í umræðunni að gefa örlítið sögulegt yfirlit yfir málið. Ég þekki það sjálfur að einhverju leyti en þurfti þó að bæta við svolítilli leit, einkum í þingskjölum, sem ég bætti síðan með samtölum og vil fara aðeins yfir það vegna þess að það skiptir máli hvernig þetta mál bar að. Þá verðum við að hafa lengri tíma undir en þær vikur eða mánuði sem mönnum hefur hér orðið tíðrætt um.

Neytendasamtökin hófu málið sennilega árið 1992. Það var þá rætt á þeirra vettvangi og þau kynna það síðan meðal félaga og samtaka annarra og á pólitískum vettvangi. Þannig er það einu sinni. Þau samtök sem eðlilega taka fyrst undir eru auðvitað verkalýðshreyfingin, Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, og það er engin furða því að þetta er á þeim tíma, 1992–1993, sem hér er kreppa, efnahagslægð, skörp djúp efnahagslægð sem er núna kölluð litla kreppan og er dýpri en maður kannski hyggur núna. Ég var á fyrirlestri Guðmundar Jónssonar sagnfræðings hjá Sagnfræðingafélaginu í haust, frekar en í ársbyrjun, þar sem hann fjallaði um kreppur á Íslandi. Hann sagði m.a. um þessa kreppu, 1991, 1992–1994, sem var auðvitað framhald af þeirri kreppu sem m.a. orsakaðist af

efnahagsóstjórn Sjálfstæðisflokksins í stjórninni sem lauk góðu heilli 1988 og minnir svolítið á þessa stjórn sem nú er að fara frá, að hún hefði í raun og veru verið dýpri á Íslandi en sjálf kreppan mikla. Það sem hins vegar gerði hana bærilegri væri það að um 1990 hefðum við búið við velferðarþjónustu sem verkalýðshreyfingu og alþýðuflokkum hafði tekist að byggja upp og lært þar með af kreppunni miklu þar sem það var ekki fyrir hendi, enda hafði samfélaginu þá lengi verið stjórnað af borgaraflokkum og íhaldsmönnum.

Fyrsta sinn sem minnst er á þessa hugmynd á þingi, greiðsluaðlögunina, er í mars 1993 og það er í þingsályktunartillögu sem tveir þingmenn þáverandi Alþýðuflokks fluttu, Össur Skarphéðinsson, núverandi hæstv. utanríkis- og iðnaðarráðherra — ég held að ráðuneytin séu ekki fleiri í bili sem hann ræður — og Sigbjörn Gunnarsson sem þá var á þingi, gott ef hann var ekki formaður fjárlaganefndar. Kannski var það síðar, það skiptir ekki máli. Þetta voru stjórnarþingmenn á sínum tíma og þeir fluttu um það þingsályktunartillögu að félagsmálaráðherra skipaði nefnd til að kanna möguleikana á greiðsluaðlögun og þá var félagsmálaráðherra reyndar Jóhanna Sigurðardóttir sem við þekkjum núna sem hæstv. forsætisráðherra. Þá var merkilegt fylgiskjal með þessari þingsályktunartillögu sem var greinargerð Sólrúnar Halldórsdóttur, hagfræðings Neytendasamtakanna, þannig að höfundarrétturinn er strax í byrjun á þingi, ef við ætlum að ræða það; Neytendasamtakanna og verkalýðsflokka á þinginu.

Því má bæta við þetta að ágætur kunningi okkar sem hér sitjum og stöndum í salnum, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, flutti þetta mál raunar líka sem breytingartillögu við frumvarp um Húsnæðisstofnun um vorið þannig að hann kom hér við sögu. Jóhanna Sigurðardóttir brást við með því að láta þriggja manna nefnd sem hún hafði þá sem félagsmálaráðherra í störfum til að athuga greiðsluerfiðleika því að þetta var í litlu kreppunni, djúpu kreppunni þar sem var töluvert atvinnuleysi og mikið um gjaldþrot, þar sem menn voru píndir í gjaldþrot, kannski ekki af miklum ástæðum, kanna einmitt greiðsluaðlögun líka. Þessi nefnd skilaði svo af sér í maí 1994, var nokkuð lengi að en skilaði af sér með skýrslu þar sem mælt var með greiðsluaðlögun. Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra í samstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, fór hins vegar frá í júní 1994 — af ástæðum sem flestum eru kunnar og með orðum sem lifa í Íslandssögunni og hafa hljómað mjög sterkt nú síðustu daga — og náði því ekki að fylgja þessu máli eftir.

Sá sem við tók, Guðmundur Árni Stefánsson sem varð þá félagsmálaráðherra, gaf fyrirheit um að flytja þetta frumvarp haustið 1994 en þegar hann var spurður um það á þinginu brá hins vegar svo við að Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, sagði frá því að þetta væri í nefnd — sem hverjir áttu aðild að? Félagsmálaráðherra vissulega og fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins og dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, Þorsteinn Pálsson, forveri hv. þm. Björns Bjarnasonar sem talaði hér sem mest fyrir hádegi. Og niðurstaða þess starfs, sagði Friðrik Sophusson, með leyfi forseta, „ræður því hvort flutt verður frumvarp um málið“. Þetta var áhugi fjármálaráðherrans á þessu máli þá.

Þetta fór auðvitað svo að Sjálfstæðisflokkurinn settist fyrir málið, hindraði framgöngu greiðsluaðlögunarmálsins á fyrsta kjörtímabilinu þar sem það var rætt á þinginu. Framsóknarmenn sem þá voru í stjórnarandstöðu voru nokkuð snjallir. Í febrúar 1995, á kosningaþingi auðvitað, komu þeir með frumvarp um málið og eiga þar með höfundarrétt að fyrsta frumvarpinu. Þetta gerðist í febrúar 1995 eins og ég sagði og byggðist auðvitað á vinnu Neytendasamtakanna og annarra áhugamanna og félaga úti í bæ, í þjóðlífinu réttara sagt, á þessu máli og er ekki verra fyrir það. Síðan urðu kosningar og framsóknarmenn komust í stjórn og aðrir fluttu sama frumvarpið á sumarþinginu, og það er gaman að því af því að þar er líka fólk sem við þekkjum. Fyrsti flutningsmaður var Ólafur Ragnar Grímsson og annar flutningsmaður Jóhanna Sigurðardóttir áðurnefnd og sá þriðji Össur Skarphéðinsson, öll eru þau enn í störfum og reyndar sá fjórði líka í störfum á vegum ríkisvaldsins að góðum málum, Kristín Ástgeirsdóttir.

Það fór svo að framsóknarmenn urðu að setja sitt mál líka í nefnd sem Ísólfur Gylfi Pálmason stjórnaði og sú nefnd var skipuð stjórnarþingmönnum beggja þeirra flokka sem þá fóru með stjórnina, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Niðurstaðan varð sú að greiðsluaðlögunin, með leyfi forseta, en orðum Þorsteins Pálssonar, þáverandi dómsmálaráðherra, „þykir ekki henta“. Sú varð niðurstaða Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokkurinn komst ekki lengra með þetta mál í það skiptið.

Næst fréttum við af greiðsluaðlögun í frumvörpum Jóhönnu Sigurðardóttur og þá hófst mikil frumvarpasaga og mikil barátta Jóhönnu Sigurðardóttur og meðflutningsmanna hennar fyrir greiðsluaðlöguninni því að hún flutti frumvarp um greiðsluaðlögun sem ég hygg að sé að stofni til svipað — breyttist reyndar með tímanum, eftir athugasemdir sem komu fram um það — og frumvarp framsóknarmanna. Það var fyrst flutt haustið 2001, síðan haustið 2002, þá haustið 2003, síðan haustið 2004, síðan haustið 2005 og að lokum haustið 2006. Fyrst voru með Jóhönnu á þessu frumvarpi samfylkingarmenn en síðan á kjörtímabilinu sem hófst 2003 var líka á því fólk úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Frjálslynda flokknum. Framsókn var hætt að hreyfa sig á þessum tíma, var búin að gefast upp fyrir Sjálfstæðisflokknum í málinu þangað til í janúar 2007 þegar Jón Sigurðsson brást jákvætt við fyrirspurn frá téðri Jóhönnu Sigurðardóttur um þetta mál og skipaði þá nefnd í mars 2007 sem hv. þm. Björn Bjarnason rifjaði upp áðan og þá hefst sú saga sem við sjáum núna endann á því að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson tók við þessum nefndarstörfum og þessu starfi þegar hann varð viðskiptaráðherra eftir kosningar það vor.

Sagan nú er öllum kunn, Sjálfstæðisflokkurinn hefur frá því að síðasta stjórn hófst þvælst fyrir þessu máli, reynt að setjast ofan á það, reynt að finna því allt til foráttu, krafist þess að skipt yrði um flutningsmann, reynt að hafa efnisatriði þess eins þröng og mögulegt væri en nú eftir stjórnarslitin, þegar Sjálfstæðisflokkurinn liggur í þessu mikla áfalli og ætti að einbeita sér að kenningunum um sorg og sorgarviðbrögð, er þetta mál allt í einu orðið þannig að aðrir menn og aðrir flokkar eru sakaðir um að hafa stolið einhverjum fjöðrum sem standi upp úr höfðinu á hv. þm. Birni Bjarnasyni og virða ekki höfundarrétt sem eins og ég sagði

er sennilega í uppruna sínum norrænn en skiptist síðar í sögunni nokkuð jafnt milli Neytendasamtakanna, verkalýðshreyfingarinnar og alþýðuflokka og félagshyggjuflokka á þinginu.

Margir hafa fjallað um þetta mál í ræðustól Alþingis og mér endist ekki sá tími sem ég á eftir til að telja þá upp. Aðeins einn sjálfstæðismaður hefur mælt með því allan þennan tíma í 15 ár, aðeins einn sjálfstæðismaður hefur talið að þetta kæmi til greina sem jákvæð aðgerð. Það vill svo til að sá sjálfstæðismaður er ekki lengur í þingflokki Sjálfstæðisflokksins, var tekinn úr honum á sínum tíma en gegnir nú um stundir þjóðþrifastörfum á öðrum stað. Það er Vilhjálmur Egilsson. Þótt ég sé ekki sammála honum í stjórnmálum hlusta ég alltaf á það sem sá maður segir og hann hefur oft rétt fyrir sér. Hann leggur oft skynsamlega hluti til mála og það gerði hann í þetta sinn. Eini sjálfstæðismaðurinn frá árinu 1993 til ársins 2009 þegar sjálfstæðismenn loksins hafa skipt um skoðun.

Hvernig stendur á þessu? Ég veit það ekki. Það verða sjálfstæðismenn að skýra sjálfir. Það er ljóst að bankarnir voru mjög á móti þessu máli á sínum tíma og fleiri hagsmunaöfl, sennilega líka margir lögfræðingar sem þótti þetta ekki vera hagstætt fyrir sig, en lærdómurinn sem við fáum úr þessari sögu er sá að hér á Alþingi hefur sennilega verið meiri hluti fyrir þessu máli í öll þessi ár, frá 1993 og allt fram til dagsins í dag, meiri hluti allan þennan tíma, 15 eða 16 ár. Hann hefur hins vegar aldrei náð málinu fram vegna þeirrar ógæfu Íslendinga á þessari öld og hinni síðustu að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið allt of sterkur og getað notað minni hluta sinn á þinginu til að trufla mál af þessu tagi og koma í veg fyrir það að félagshyggjuflokkar og jafnaðarmenn stofni til framfara í samfélaginu.

Þetta fannst mér, forseti, eiga erindi inn í þessa umræðu, sérstaklega af því að (Forseti hringir.) hún hefur af hálfu Sjálfstæðisflokksins snúist um fjaðrir og höfundarrétt.

[13:46]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra minntist á það í gærkvöldi að mjög mikilvægt væri að menn ynnu hratt og vel að málum. Við ræðum hér eitt af þeim málum sem þarf að vinna hratt og vel og mig langar að spyrja hv. þm. Mörð Árnason til hvers þessi sögulega upprifjun hafi verið — það hefði mátt skrifa um þetta grein í sagnfræðirit — og hvort þetta flýti eitthvað málinu, hvort þessi ræða hjálpi fjölskyldum á Íslandi sem eru í miklum vanda og þurfa að fá bráða lausn mála.

Ég vil einnig spyrja hv. þingmann hvort hann meti ekki þau frumvörp sem samflokksmaður hans, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, hefur flutt trekk í trekk um ábyrgðarmenn sem er mjög ámóta frumvarp og ég hef verið flutningsmaður að.

[13:47]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Ég get svarað þessari spurningu á þann veg að ég held að vönduð umfjöllun um mál af þessu tagi, þó að mikið liggi á, hjálpi þingmönnum að gera upp hug sinn. Hún hjálpi starfinu í nefndinni áfram og komi í veg fyrir málalengingar og vitleysu sem menn hafa haft í frammi, m.a. hv. þm. Björn Bjarnason í ákaflega löngum ræðum sínum hér í dag.

Um frumvarp Lúðvíks Bergvinssonar um ábyrgðarmenn þá hef ég ekki lesið það frumvarp sem hér liggur fyrir. Ég kom inn sem varaþingmaður í gær. Ég veit hins vegar út á hvað frumvarpið gengur og ég veit líka að hv. þm. Pétur Blöndal hefur staðið fyrir ýmsum ágætum málum hér og oft þvert á flokksvilja og aga sem menn eru annars beittir í Sjálfstæðisflokknum. Ég þakka honum fyrir það.

[13:48]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður svaraði ekki spurningunni, hvort hann telji að þetta hjálpi fjölskyldum í landinu sem eru í neyð og þurfa bráða úrlausn mála sinna, hvort svona sögulegar vangaveltur, þar sem tíminn er nýttur til hins ýtrasta, þjóni hagsmunum íslenskra fjölskyldna sem eru í miklum vanda og það núna.

[13:48]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Jú, ég svaraði þessu af þeirri gæft sem ég yfirleitt viðhef þegar ég svara hv. þm. Pétri Blöndal. Ég tel að vönduð umfjöllun um málið, þar sem sagan á að eiga sinn þátt, hjálpi þingmönnum til þess að samþykkja frumvarpið, til þess að breyta því í það horf sem best er fyrir fjölskyldurnar í landinu.

Ég held að sú sögulega yfirsýn sem ég hef reynt að veita hjálpi málinu betur en sú punktsaga sem hv. þm Björn Bjarnason bauð upp á hér fyrr í dag vegna þess að niðurstöðurnar úr minni sögulegu smáathugun eru mjög skýrar. Þær eru þær að bráðavandi fólks frá 1993 til ársins 2009 — menn hafa ekki hér á þinginu getað brugðist við honum með þessum hætti vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn, sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur verið í alla sína tíð og er í enn, sem er fullkomlega stórkostlegt, hefur staðið á móti málinu. Og það er hans að skýra það. Það er ekki mitt. Ég get komið með skýringar eins og fræðimenn gera. Ég get komið með tilgátur, skýringartilgátur. En það er hans og þeirra sjálfstæðismanna að svara því hvers vegna þeir hafa gert það.

Hverju reiddust goðin árið 1993, 1995 og á þeim tíma fram að frumvörpum Jóhönnu Sigurðardóttur, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005, 2006? Af hverju hafa sjálfstæðismenn staðið á móti málinu í tíð síðustu ríkisstjórnar og af hverju leika þeir þetta fáránlega leikrit hér til þess að tefja málið og afgreiðslu þess og auka þann bráðavanda sem hv. þm. Pétur Blöndal og ég höfum jafnmiklar áhyggjur af?

[13:51]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þau þrjú frumvörp sem við ræðum hér miða öll að því að koma til móts við þá sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Söguskýring hv. þm. Marðar Árnasonar, sem má kalla frá fortíð til framtíðar, hafði í sjálfu sér ekkert hingað inn í þingsal að gera vegna þess að þingmenn hljóta að lesa og kynna sér mál án þess að um þau sé rætt á þann hátt sem hér var gert.

Mig langar að spyrja, með leyfi forseta, hv. þm. Mörð Árnason: Hver er skoðun hans á frumvarpi sem 25 manna þingflokkur sjálfstæðismanna leggur hér fram? Hvað er í því frumvarpi sem hann getur ekki sætt sig við? Og hvað er í því frumvarpi sem ekki kemur heimilunum í landinu til góða?

[13:52]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Það er afar fróðlegt að heyra hvað hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur finnst vera við hæfi hér í umræðum á þinginu og kannski er þingheimur almennt á því að ekki sé hollt fyrir mál að rifja upp sögu máls eða draga ályktanir af afstöðu einstakra flokka, samtaka eða þingmanna til mála. Ég tel nú samt að það sé svo og veit ekki betur en að það hafi verið stundað hér í þessum sal allt frá því hann varð til og á því þingi sem stóð hér uppi í brekkunni áður en þessi salur varð til. Ég veit ekki betur en það sé sá háttur sem þingmenn hafa lengi haft að virða fyrir sér sögu mála, draga af henni ályktanir á sama hátt og þeir skoða málið sjálft efnislega og bera það saman við samtíma sinn.

Um frumvarp sjálfstæðismanna er ósköp einfaldlega það að segja, sem hér hefur áður verið sagt — hæstv. dómsmálaráðherra hefur rakið í hverju það er frábrugðið því stjórnarfrumvarpi sem hér liggur fyrir frá þeim ráðherra sem á sinn hefðarrétt að flytja frumvarp af þessu tagi án þess að réttur sjálfstæðismanna eða annarra þingmanna sé að nokkru leyti vanvirtur.

Ég styð ósköp einfaldlega frumvarp dómsmálaráðherra og tel til bóta þann viðauka sem hún hefur gert á þeim drögum sem hv. þm. Björn Bjarnason afritaði í ráðuneytinu og afhenti síðan þingflokki Sjálfstæðisflokksins til flutnings hér. Ég tel að sú vinna sem hefur farið fram í ráðuneytinu eftir að Björn Bjarnason hvarf þaðan sé til stórra bóta. Ég þarf ekkert að rökstyðja það frekar, það hefur verið gert hér fyrr í dag.

Ég held að sagan hjálpi okkur og ég held kannski að þetta andsvar og önnur viðbrögð hér stafi af því að menn eiga svolítið erfitt með að sætta sig við að í 15–16 ár hafi Sjálfstæðisflokkurinn staðið gegn félagshyggjuflokkum, (Forseti hringir.) jafnaðarmönnum, verkalýðshreyfingu og neytendasamtökum, staðið gegn því að þetta mál kæmist í gagnið. (Forseti hringir.)

[13:54]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu skiptir sagan máli. Það var enginn að andmæla því. Ég er þó ekki viss um að sú saga sem hv. þm. Mörður Árnason flutti, bæði í ræðu sinni og eins í því andsvari sem hann veitti, stuðli að framgangi þess máls sem við ræðum hér.

Ég spurði hann um skoðun hans á frumvarpi sem 25 manna þingflokkur sjálfstæðismanna leggur fram. Hann gaf lítið fyrir það og eyðir orðum í hnútukast við þingmenn sem ekki hafa tekið til máls undir ræðu hans. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur engan sérstakan hefðarrétt á að flytja mál. Ég hefði talið að það ætti ekki að skipta máli hverjir það væru sem flyttu hér frumvörp ef þau væru til bóta. En það virðist einfaldlega skipta máli fyrir hv. þm. Mörð Árnason hverjir það eru sem flytja frumvarpið.

Nú þegar Sjálfstæðisflokkurinn flytur frumvarp um skuldaaðlögun þá rekur hann söguna frá 1991 og finnur Sjálfstæðisflokknum allt það til foráttu sem hann mögulega getur hvað það varðar að hann leggur nú fram frumvarp. Það er í hæsta máta óeðlilegt að mínu mati en afar skiljanlegt af hálfu hv. þm. Marðar Árnasonar sem sjaldan eða aldrei leggur eitthvað málefnalegt til umræðunnar.

[13:55]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Þetta er nú bara að verða skemmtilegt. Ég veit ekki hvort það hjálpar málinu mikið eða hvað hv. þm. Pétur Blöndal mundi segja um þessar umræður gagnvart bráðavanda heimilanna. Ég ætla í virðingarskyni við hv. þm. Pétur Blöndal ekki að framlengja mál mitt um umræður um málefnalegt framlag mitt til umræðna hér á þinginu eða annars staðar.

Ég vil hins vegar forða hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur frá þeim misskilningi að ég standi gegn frumvarpi þeirra sjálfstæðismanna. Það er ekki svo. Ég fagna því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi loksins, eftir þessi sextán ár, fimmtán og hálft ár, komist að þeirri niðurstöðu að Neytendasamtökin, verkalýðshreyfingin í landinu, Framsóknarflokkurinn, Alþýðuflokkurinn, Samfylkingin, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn hafi rétt fyrir sér í því að skynsamlegt sé að hafa hérna það kerfi greiðsluaðlögunar sem fyrir hendi er í öllum hinum norrænu ríkjunum þótt með mismunandi hætti sé.

Við stöndum ósköp einfaldlega frammi fyrir því, og það skiptir kannski litlu máli þegar til stykkisins kemur af hverju það er, að fyrir liggja þrjú frumvörp um sama málið. Eitt flytur Framsóknarflokkurinn og ég viðurkenni að ég hef ekki litið þannig á það þannig að ég viti hver munurinn er á því og t.d. frumvörpum Jóhönnu Sigurðardóttur sem ég nefndi áðan, sem hún flutti sex sinnum og breyttust reyndar í meðförum — eða hinu upprunalega frumvarpi Framsóknarflokksins.

Ég tek fullt mark á Birni Bjarnasyni með það að hin tvö frumvörpin kunni að vera betri en það frumvarp og held raunar að svo sé vegna þess að þau hafa verið betur unnin og frumvarp Framsóknarflokksins er nú fyrst og fremst sett til þrýstings á málið. En það frumvarp sem við erum auðvitað fyrst og fremst að ræða er frumvarp dómsmálaráðherra. Það er engin vanvirða við einstaka þingmenn að telja að svo sé, það er stjórnarfrumvarpið í málinu og ég styð það stjórnarfrumvarp sem hluti af stjórnarliðinu hér á þingi. (Forseti hringir.) Ég veit ekki hvort ég á að tala lengur hérna en þetta er það eina sem ég get um það sagt núna.

[13:58]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. dómsmálaráðherra alls góðs í störfum sínum á erfiðum vettvangi næstu vikur og mánuði og veit að hún mun vinna af mikilli samviskusemi.

Ég hef ekki hugsað mér að fara út í sérstakt hnútukast við aðra flokka um hvernig best hefði verið að halda á mál-

inu, hver fortíð þess er o.s.frv og tek undir það sem fram hefur komið að margt er brýnna að gera á þessari stundu en akkúrat það. Í upphafi verð ég þó að segja að frumvarp framsóknarmanna sem hér liggur fyrir um greiðsluaðlögun er kannski það sísta í málinu, því eftir að hafa komið nokkuð að málinu í vetur á vettvangi fyrri ríkisstjórnar lá fyrir að sú leið hentar ekki réttarkerfinu í landinu og nauðsynlegt var að koma málinu úr þeim farvegi sem það hafði verið í hjá viðskiptaráðuneytinu og töluvert þurfti til til að koma því í réttan farveg í dómsmálaráðuneytinu, svo fyllsta öryggis í réttarkerfinu væri gætt. Það var gert með því að leita atbeina réttarfarsnefndar. Slíkar athuganir taka alltaf ákveðinn tíma og stundum er vandinn þegar litið er til laga sem varða mikilvæg réttarfarsleg málefni sá að menn verða að gefa sér ákveðinn tíma.

Stundum finnst mönnum tíminn ekki vera fyrir hendi og halda að einhverjar patentlausnir á t.d. skiptaréttinum og öðrum mikilvægum lagabálkum sem varða öryggi íbúanna í landinu séu mögulegar. En við megum ekki, hvorki á þessari stundu né annarri, falla í þá gryfju að gefa eftir á þeim sviðum. Ekki var vilji til þess hjá fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra Birni Bjarnasyni og miklu skiptir að málið skuli hafa fengið þann framgang sem það fékk í lok síðustu ríkisstjórnar með því að ráðherrann hélt fast við það að gæta réttaröryggis í landinu. Þetta skiptir máli í umræðunni sem hér er. Þetta er ekki spurning um, eins og látið hefur verið liggja að, einhvers konar uppgjöf eða aumingjaskap af hálfu sjálfstæðismanna heldur miklu frekar virðingu fyrir kerfinu í landinu og akkúrat því að í kjölfar hrunsins eða aðdraganda þessara, að mörgu leyti merkilegu, stjórnarskipta var sem engin kerfi, engar reglur þyrfti að hafa í landinu lengur. Öllu mætti ýta til hliðar einungis til að þjóna einhverjum algerlega óskilgreindum hagsmunum og menn vissu ekki hvað ætti að koma í staðinn, litu bara í hina og þessa áttina og ákveðna festu þurfti til að gefa ekki eftir á þessari braut. Ef það varð til þess að Sjálfstæðisflokkurinn fór frá völdum þá skammast ég mín ekki fyrir það fyrir hönd flokksins.

Aðalatriðið í þessu máli er að flokkarnir á þinginu eru flestir sammála um að gera þurfi breytingu í þessa átt. Þessi tvö frumvörp sem helst eru til umræðu hjá mér, annars vegar frumvarp sjálfstæðismanna, sem ég er einn flutningsmaður að, og hins vegar frumvarp dómsmálaráðherra, eru faktískt á sama máli. Það má alveg ímynda sér að viðbæturnar í frumvarpi hæstv. dómsmálaráðherra hefðu orðið til í meðförum allsherjarnefndar vegna þess að mál af þessum toga, jafnvel þótt þau séu vel unnin af hálfu réttarfarsnefndar, þroskast í hinni pólitísku umræðu á þinginu og þannig hefur það verið á vettvangi allsherjarnefndar. Þar hafa menn reynt að fara faglega í málin þannig að ég ætla ekki að útiloka að frekari breytingar geti orðið á frumvarpsdrögunum sem fyrir liggja og jafnvel þótt frumvarp sjálfstæðismanna væri eitt hér hefði það getað tekið einhverjum breytingum í þá veru sem frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra felur í sér.

Ég hef ekki lagst sérstaklega yfir breytingarnar í frumvarpi hæstv. dómsmálaráðherra og ætla ekki að tjá mig neitt sérstaklega um það umfram það að allar útvíkkanir ber að nálgast af ákveðinni varúð. Gæta þarf að hagsmunum heimilanna í landinu en það þarf að gera af vissri varúð gagnvart réttaröryggi sem fylgir réttarfarslögum af þessum toga.

Undanfarið hef ég svolítið sett mig í samband við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna vegna þess að þar eru brýn verkefni og við vitum að ráðgjafarstofan kallar á einhvers konar úrræði í þá átt sem hér er verið að kynna. Vitað var, þótt ákveðinn tíma hafi tekið að gera sér grein fyrir því, að ákvæðin sem þó eru í gildandi gjaldþrotaskiptalögum henta ekki við þær aðstæður sem skapast þegar einstaklingar lenda í miklum vanda. Það á ekki bara við um þetta hrun, heldur er þetta almennt úrlausnarefni og þetta þarf að gera þannig að það dugi til framtíðar vegna þess að við gerum ekki ráð fyrir því að vera í hruni í framtíðinni og hljótum því að skapa almennar réttarreglur sem duga til lengri tíma.

Ef frumvarp í þessa veru verður að lögum, sem ég á von á að verði, kallar það á viðbótarstarfsmenn hjá ráðgjafarstofunni, eins og ég skil verkefni hennar, a.m.k. einn, jafnvel tvo eða þrjá. Starfsemi ráðgjafarstofunnar hefur verið misörugg og menn hafa ekki alveg áttað sig á því hvernig henni er best fyrir komið í kerfinu. Nú hefur henni verið varpað út í þennan óróa og reynt verður að tryggja starfsemi hennar út þetta ár, eftir því sem mér skilst. Ég held að þegar menn hafa komið sér niður á það hvernig þetta frumvarp verður að lögum, verði þeir líka að gera sér grein fyrir því hvernig eigi að halda utan um framhaldið og koma því fólki sem þetta úrræði á við í réttan farveg. Ég á frekar von á því að fleiri reyni að komast undir úrræði og átta sig á því fyrir hvern það gildir og mér skilst að hjá ráðgjafarstofunni renni menn, eins og við öll, algerlega blint í sjóinn og mér finnst raunar öll umsögn fjármálaráðuneytisins benda til þess að menn renni mjög blint í sjóinn með hvernig úr þessu mun spilast og hvort búist er við fjölgun.

Nú eru 68 manneskjur á biðlista hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og á stuttum tíma hefur fækkað um 30 á listanum. Ómögulegt er að segja hvernig þróunin verður. Auðvitað er þetta töluverður fjöldi en eins og ég segi, þá gerir maður sér enga grein fyrir því hvort þetta er mikið eða lítið miðað við þann vanda sem er. Ég býst við að vandi heimilanna vaxi næstu mánuði en hvort menn munu knýja mjög á um þetta kemur í ljós. Í allri umræðu um málið verður að passa upp á að þetta getur illa hjálpað þeim sem eru komnir í algert þrot. Þetta úrræði hentar ekki þeim sem eru komnir á heljarþröm, heldur fyrst og fremst þeim þar sem þrot er ekki alveg fyrirsjáanlegt og hægt er að hjálpa fólki út úr vanda sem það ræður við að borga. Gæta verður þess að væntingarnar verði ekki of miklar um að strikað verði yfir alvarlega erfiðleika sem ekki er hægt að komast frá.

Í þessum frumvörpum, og ég vitna í frumvarp sjálfstæðismanna, er grein um umsjónarmann og gengið býsna langt í að veita honum ákveðna möguleika eða heimildir og vald umfram það sem við þekkjum um hin gildandi gjaldþrotaskiptalög hvað varðar nauðasamninga. Réttindi skuldara eru verulega aukin með frumvarpinu og gæta verður þess að sjónarmið lánardrottna verði líka höfð í heiðri og kannski það hefur mér þótt erfiðast í þessari umræðu og allri gagnrýninni á gjaldþrotaskiptalögin, sem hefur verið töluverð í vetur, að um leið og þarf að lagfæra gagnvart

skuldurunum verður að vera einhvers konar jafnvægi á milli lánardrottna og skuldara í allri lagasetningu. Þannig er það bara. Ekki er hægt að hugsa sér þetta öðruvísi vegna þess að ákveðin eignarréttarsjónarmið koma til sögunnar þegar horft er á réttindi lánardrottna þannig að þetta hefur allt spilað saman með skynsamlegum hætti.

Mér finnst að í þessu frumvarpi hafi það tekist mjög vel og menn stigið skynsamlega til jarðar og mjög á vel við að setja þetta inn í gjaldþrotaskiptalögin með þessum hætti í stað þess að vera með eitthvert sérstakt frumvarp, algerlega út úr kú, þannig að mér finnst vel hafa til tekist.

Sjálfstæðisflokkurinn mun auðvitað styðja þau mál sem eru til þess fallin að bæta kjör þjóðarinnar á þessari erfiðu stundu. Við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd munum auðvitað gaumgæfa vel frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra um leið og við bendum á að frumvarp sjálfstæðismanna er ekki síður hentugt eins og staðan er í dag. En auðvitað mun Sjálfstæðisflokkurinn líta til breytinganna sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa lagt til og velta fyrir sér hvort þær dugi eða hvort gera þurfi eitthvað öðruvísi. Aðalatriðið er að þetta er verkefni sem allir flokkar eiga að koma saman að því að leysa og finna lausn sem hentar fólki til langs tíma.

Ég vil ítreka það að við höfum ekki haft tækifæri til að velta fyrir okkur þeirri útvíkkun sem orðið hefur í frumvarpi hæstv. dómsmálaráðherra nema að því leyti til og ég ítreka það sem ég sagði áðan, að við höfum ákveðnar áhyggjur af því að gengið sé örlítið lengra en brýn nauðsyn er til.

Hins vegar finnst mér fáránlegt að þetta mál eigi að hafa verið einhver sérstakur ásteytingarsteinn á milli ríkisstjórnarflokkanna vegna þess að ekkert sem fram kemur í breytingum í frumvarpi hæstv. dómsmálaráðherra er til þess fallið að reka fleyg í ríkisstjórnarsamstarf. Það er fáránlegt að þurfa að sitja undir slíku tali. Mjög skemmtilegt þótti að hlusta á alls konar upplýsingar um hvernig frumvarpið hefur verið lagt fram ár eftir ár og ég er viss um að ef við sjálfstæðismenn viljum geti t.d. hv. þm. Pétur H. Blöndal haldið langar ræður um ýmis mál sem hann hefur talið vera mjög til þjóðþrifa, en ég er ekki viss um að þessir réttlátu þingmenn annarra flokka hefðu áhuga á að hlusta á þær ræður allar saman. Mér finnst þetta ekki vera til þess að hjálpa neitt sérstaklega til í umræðunni. Ég vil miklu frekar að við höldum okkur við efnið sem hér er til skoðunar og reynum að vanda okkur við að gera þetta eins vel og hægt er og ég veit að fulltrúar sjálfstæðismanna í allsherjarnefnd munu reyna að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða.

[14:10]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að óska nýjum hæstv. dómsmálaráðherra til hamingju með jómfrúrræðuna á hinu háa Alþingi og ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með það að fyrsta mál nýrrar ríkisstjórnar skuli koma strax á öðrum degi þingsins inn með þeim hætti sem það gerir vegna þess að hér er vissulega um mjög brýnt mál að ræða.

Eins og fram kemur í verkefnaskrá nýrrar ríkisstjórnar þá er hún fyrst og fremst mynduð til að hrinda í framkvæmd brýnum og mikilvægum aðgerðum við erfiðar aðstæður, einkum í þágu heimila og atvinnulífs en einnig er í inngangi að verkefnaskránni fjallað um endurreisn bankakerfisins, endurbætur í stjórnsýslu og aðgerðir í þágu aukins lýðræðis, opins og heiðarlegs samfélags.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja mikla áherslu á aðstoð við heimili og fjölskyldur í landinu og IV. kafli verkefnaskrárinnar fjallar einmitt um það. Þar kemur fram að ríkisstjórnin muni grípa til markvissra aðgerða til að bregðast við fjárhagslegum vanda heimilanna í landinu í virku samráði við hagsmunaaðila. Þar kemur einnig fram að nú í febrúar muni ríkisstjórnin leggja fram frumvörp um greiðsluaðlögun, greiðslujöfnun gengistryggðra lána og frestun nauðungaruppboða vegna íbúðarhúsnæðis í allt að 6 mánuði á meðan reynt er að tryggja búsetuöryggi til frambúðar. Enn fremur að gjaldþrotalögum verði breytt með þeim hætti að staða skuldara verði bætt, húsnæðislán gömlu viðskiptabankanna færð til Íbúðalánasjóðs og að fyrir lok mars verði lögð fram langtímaáætlun um hvernig skuldavanda heimilanna verði frekar mætt. Þeirri langtímaáætlun mun fylgja mat á stöðu mismunandi tekju- og aldurshópa, tillögur um fjármögnun, mat á kostnaði ríkissjóðs og áhrifum á fjármálastöðugleika. Loks segir í kaflanum um aðgerðir í þágu heimilanna að sett verði lög um séreignarsparnað sem veita sjóðfélögum heimild til fyrirframgreiðslu úr séreignarsjóðum til að mæta brýnum fjárhagsvanda.

Eins og menn sjá af þessum lestri er töluvert verk fram undan og þess vegna mjög ánægjulegt að strax á öðrum degi þingsins skuli vera komið inn með þetta mikilvæga mál sem er mikil réttarbót og gerir almennum launamönnum, þeim sem ekki stunda atvinnurekstur eða hafa hætt því nýlega, mögulegt að endurskipuleggja fjármál sín á sama grunni og félög og fyrirtæki og menn í rekstri, þ.e. á grundvelli gjaldþrotalaganna með greiðslustöðvun og nauðasamningum. Ferlið sem er lýst í frumvarpinu er hins vegar nokkrum mun einfaldara og kostnaði haldið þar hóflegum, þó þannig að ríkið taki hann á sig en ekki skuldarinn.

Ég verð að segja, frú forseti, að bankahrunið hefur ekki aðeins bitnað á þeim sem eru í atvinnurekstri. Fjöldi heimila venjulegs launafólks glímir nú við óheyrilegar skuldir sem vaxa og vaxa og þrátt fyrir að heimilin legðu allar tekjur sínar í vexti og afborganir dygði það oft ekki til. Þetta er eins og að ausa bát með botnlausri fötu, eins og maður nokkur orðaði það við mig á dögunum. Þessi hópur vex og því er spáð í greinargerð með frumvarpinu að gjaldþrotum muni fjölga verulega umfram það sem sést í tölunum sem frumvarpinu fylgja og ná aðeins til loka septembermánaðar.

Með stjórnarfrumvarpinu eru sköpuð skilyrði til að þessir skuldarar geti óskað nauðasamninga til greiðsluaðlögunar og gert er ráð fyrir að það verði gert m.a. með því að efla Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem einnig krefst útgjalda úr ríkissjóði. Ég verð að taka undir það sem hv. þm. Atli Gíslason sagði fyrr í dag að innihaldið skiptir öllu máli en ekki umbúðirnar. Ég hefði talið að hv. þm. Björn Bjarnason hefði átt að fagna þessari framgöngu ríkisstjórnarinnar miðað við orð hans að öðru leyti en því miður bar lítið á því. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að þingið lögfesti sem fyrst þessi úrræði, sem flestir þeir sem hér hafa talað virðast sammála um að þurfi að lögfesta.

Þegar við skoðum þau þrjú frumvörp sem hér liggja fyr-

ir er greinilegt að frumvarp ríkisstjórnarinnar er víðtækast. Bæði er gildissviðið útvíkkað hvað varðar þá sem aðild eiga að úrræðinu, greiðsluaðlögun á fyrst og fremst að vera úrræði fyrir almenna launþega en auk þess er gert ráð fyrir því að skuldari geti fengið greiðsluaðlögun enda þótt hann hafi stundað atvinnurekstur og borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi síðustu þrjú ár, hvort sem hann hefur lagt stund á hana einn síns liðs eða í félagi við aðra. Skilyrði er að atvinnurekstri hafi verið hætt og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans. Þessi viðbót þýðir í rauninni að iðnaðarmenn, sölumenn og verktakar almennt, einhver nefndi leigubílstjóra, geta fallið undir þetta úrræði en svo er ekki í því frumvarpi sem þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur lagt fram þannig að frumvarp ríkisstjórnarinnar er víðtækara að þessu leyti.

Það er einnig víðtækara að því leytinu til að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði að unnt verði að gera breytingar á skilmálum krafna sem eru óbeint í eigu ríkissjóðs, þ.e. í eigu Íbúðalánasjóðs eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins, og tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi sem ætlað er til eigin nota skuldara.

Ég get ekki tekið undir það sem hv. þm. Björn Bjarnason sagði áðan að óþarfi væri að taka þetta fram vegna þess að hér er um að ræða skýrt frávik frá meginreglu í 28. gr. gjaldþrotalaganna og þótt Íbúðalánasjóður kunni að hafa heimild til að breyta reglum sem þessum virðist mér augljóst að bankarnir hafa það ekki. Þetta úrræði sem er að finna í stjórnarfrumvarpinu er því að mínu mati mjög nauðsynlegt og rennir stoðum undir það sem ég sagði áðan að af þessum þremur frumvörpum sem hér liggja fyrir er frumvarp ríkisstjórnarinnar víðtækast.

Öll munu frumvörpin þrjú væntanlega ganga til allsherjarnefndar og ég á ekki von á öðru en að hún vinni málið hratt og vel. Ég hef ekki heyrt mikla andstöðu í umræðum í dag og treysti því að í allsherjarnefnd muni menn sameinast um tilganginn sem er hinn sami í frumvörpunum öllum og er til þess ætlaður að leysa bráðan vanda heimila og fjölskyldna í landinu.

Ég tek undir það sem menn hafa sagt um að beðið hafi verið eftir úrræði sem þessu lengi og ég vil þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir þá sögulegu upprifjun sem hér fór fram og setur málið í rétt samhengi þegar endirinn er skoðaður og var mjög upplýsandi fyrir mig. Ég hef ekki fylgst með þessu á sama hátt og hv. þingmaður.

Hv. þm. Atli Gíslason spurði í ræðu sinni hvort hægt væri að taka inn í þetta úrræði ákvæði sem tækju sérstaklega til bænda en það er staðreynd að bændur í þessu landi eru afskaplega illa settir og fráfarandi ríkisstjórn skilur þar mjög illa við. Ég vil minna á að bændur eru nú að fara að borga virðisaukaskatt fyrir síðustu sex mánuði og mat margra sem til þekkja er að stór hluti bænda geti alls ekki staðið skil á honum.

Líka er ljóst að vegna svika á búvörusamningnum verður mjög erfitt fyrir bændur að kaupa áburð í vor og ég tek undir það sem hv. þm. Atli Gíslason sagði að mjög gott væri ef hægt væri að athuga hvort fella mætti bændur sérstaklega undir þessi úrræði vegna þess að nú þegar eru 13.000–14.000 manns á atvinnuleysisskrá og engum er greiði gerður með því að fjölga á henni með uppflosnuðum bændum í vor. Grípa þarf til sértækra aðgerða við vanda bænda og ég vænti þess að hv. allsherjarnefnd geti litið til þess að fá viðbætur við frumvarpið. Ef það tekst ekki án þess að tefja málið vonast ég til að hægt verði að grípa til þess að koma með annað frumvarp sem tekur á þessum sérstaka vanda. Því miður hefur orðræðan svolítið verið í fortíðinni en ekki framtíðinni og ég átta mig ekki alveg á afstöðu Sjálfstæðisflokksins til málsins. Ég vona að það sé ekki rétt sem ég heyrði í orðræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar um grátt svæði. Ég vona að það þýði ekki að Sjálfstæðisflokkurinn leggist gegn því að sjálfstæðir atvinnurekendur sem gefist hafa upp á rekstri sínum geti notið þeirra úrræða sem að öðru leyti virðist samstaða um að lögfesta.

Ég vil að lokum, frú forseti, ítreka að það er gott að þetta fyrsta frumvarp nýrrar ríkisstjórnar um greiðsluaðlögun er komið fram. Í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar sem dreift var við umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra í gærkvöldi kemur fram að á næstu dögum er von á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti til að efla réttarstöðu skuldara og einnig breyting á lögum um aðför, um að lengja aðfarartíma úr 15 dögum í 45, og frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungarsölu, þ.e. frestun á nauðungarsölu fasteigna um sex mánuði. Öll þessi frumvörp sem væntanleg munu innan tíðar frá hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra eru til þess fallin að framkvæma það sem er efst á verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar, að bæta stöðu heimilanna í landinu sem allra fyrst.

[14:23]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Hún byrjaði mjög almennt og talaði um fjárhagsvanda heimilanna o.s.frv. og þá vil ég spyrja hana hvort hún sé ekki hlynnt því að reist verði álver á Bakka til að minnka atvinnuleysið og bæta stöðu heimilanna. Eins spyr ég líka hvort ekki sé þá rétt að stunda hvalveiðar þar sem þær auka líka atvinnu.

Svo vil ég spyrja hana hvort það sé ekki alveg á tæru að hún muni standa með mér gegn samningum um Icesave sem veldur gífurlegum skuldaklafa á börnin okkar en mér sýnist að hennar flokkur sé genginn í björg með Samfylkingunni í því að þóknast Evrópusambandinu.

Eins og hún segir kom strax á öðrum degi fram frumvarp, en áður var komið fram frumvarp. Af hverju í ósköpunum samþykktu menn það bara ekki? Ég er meðflutningsmaður á því, 1. flutningsmaður er Björn Bjarnason. Af hverju í ósköpunum samþykktu menn það bara ekki og gerðu þessar smávægilegu breytingar í nefndinni? Ég bara spyr. Það hefði flýtt mjög fyrir málinu. Þá hefði verið hægt að lögfesta það sem fyrst.

Hún nefndi sérstaklega bændur sem eiga að falla undir þennan atvinnurekstur: Ákvæðið eins og það stendur núna er nánast tómt mengi. Þeir sem þekkja stöðu skuldara vita að þeir sem hafa verið í atvinnurekstri eru yfirleitt með miklar skuldir frá þeim atvinnurekstri ef þeir eru í vandræðum. Ég spyr hvort það sé ekki rétt, hvort hún taki ekki undir með hv. þm. Jóni Magnússyni og mér, að það þurfi að víkka þetta frekar en ella þannig að þetta nái til þeirra sem

skulda mikið vegna atvinnureksturs, t.d. bænda og þeirra sjálfstæðu atvinnurekenda sem hafa verið að baksa í atvinnurekstri. Þá vil ég kannski undanskilja útrásarvíkingana.

[14:25]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara hér í almennar málfundaumræður um stjórnmál við hv. þm. Pétur Blöndal. Ég leyfði mér að vitna til þess að þessi ríkisstjórn er mynduð við afskaplega erfiðar aðstæður sem Sjálfstæðisflokkurinn ber ábyrgð á eftir stjórnarsetu hér í hartnær 18 ár. Hún er mynduð við erfiðar aðstæður til þess fyrst og fremst að grípa til mjög brýnna aðgerða til að bjarga heimilum, einstaklingum og atvinnulífi frá frekari hörmungum. Það frumvarp sem við hér ræðum er liður í því, fyrsta skrefið.

Ég leyfði mér, hv. þingmaður, að vitna til annarra úrræða sem boðuð eru bæði í málaskrá ríkisstjórnarinnar og í verkefnaskránni. Ég mun ekki skorast undan því að ræða hér Bakka, hvalveiðar eða Icesave við hv. þm. Pétur Blöndal en tel að við þurfum að ræða hér brýnni mál og koma þessu frumvarpi til nefndar þannig að hægt sé að ljúka því.

Hv. þingmaður spurði af hverju ný ríkisstjórn hefði ekki lagt fram það frumvarp sem Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram. Því er til að svara, (Gripið fram í.) hv. þingmaður, að það frumvarp sem ríkisstjórnin hér leggur fram er víðtækara en það frumvarp sem Sjálfstæðisflokkurinn leggur fram. Það kann auðvitað líka að vera og þætti kannski sjálfsögð kurteisi einhvers staðar að menn hafi viljað virða höfundarrétt fráfarandi dómsmálaráðherra á því skjali sem hans þingflokkur hafði samþykkt en ekki þingflokkur hins stjórnarflokksins. Það kann að vera að menn hafi viljað virða þann (Forseti hringir.) höfundarrétt að því leyti að leggja það ekki óbreytt fram. (Forseti hringir.) Ég bara velti því fyrir mér.

[14:28]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér þykir miður þegar hv. þingmaður segir mig vera í einhverjum málfundaæfingum eða málfundaræðum. Ég tel mig vera hérna með málefnalegar spurningar, t.d. þá af hverju menn samþykktu ekki bara það frumvarp sem búið var að leggja fram og gerðu á því smávægilegar breytingar sem ég mun fara yfir í ræðu á eftir að eru í rauninni tóm mengi, báðar þær breytingar sem menn gerðu.

Svo spurði ég hana að því, sem hún svaraði ekki, hvort hún féllist á það sem hv. þm. Jón Magnússon ræddi og ég líka í andsvari við hann um að hugsanlega þyrfti að víkka þetta út þannig að bændur og fleiri féllu undir þetta. En allt þetta verður væntanlega rætt í nefndinni og ég held að það sé mjög brýnt að koma þessu fram.

Varðandi álver á Bakka og hvalveiðar og Icesave, þetta eru allt saman mál sem varða þjóðina mjög miklu og af því að hv. þingmaður byrjaði að tala um fjárhagsvanda heimilanna svona almennt leyfði ég mér að fara inn á það líka, en í aukasetningu.

[14:29]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ítreka að það stjórnarfrumvarp sem hér liggur fyrir er víðtækara en það frumvarp sem hv. þingflokkur Sjálfstæðisflokksins leggur hér fram. Það er óumdeilt að í því eru a.m.k. tvö atriði sem bæði víkka gildissviðið hvað tekur til einstaklinganna sem geta fallið undir þetta úrræði og eins til skuldanna sem geta fallið undir þetta ákvæði.

Mig langar til að svara hv. þingmanni því sem hann nefndi áðan um tvennt, annars vegar hvað varðar atvinnureksturinn og hins vegar hvað varðar bændur. Það er þannig að fasteignaveðskuldir, yfirdrættir og gengistryggð lán eru að sliga heimili, bæði þeirra sem stunda atvinnurekstur og hinna. Það þarf ekki endilega að vera, hv. þingmaður, að stærsti hluti skuldanna á heimilum atvinnurekenda eða fyrrverandi atvinnurekenda sem hafa þurft að gefast upp á rekstri sínum eða hafa hætt honum sé til kominn vegna atvinnurekstrarins. Það vita allir sem eru með gengistryggð lán á húsunum sínum, íbúðarhúsnæðinu sem telst ekki atvinnurekstur, og á verðbótaþættinum að það er engin leið að standa undir þessu eins og aðstæðum er núna háttað í þjóðfélaginu.

Mig langar aðeins til að nefna varðandi bændur að þeir eru líka með þessi erfiðu fasteignalán, bæði á íbúðarhúsnæðinu sínu, á atvinnuhúsnæðinu, og svo hafa þeir einnig þurft að taka lán til kaupa á búmarki. Vandinn þar er ærinn. Og já, ég er búin að lýsa mig samþykka því að það verði reynt að útvíkka þetta þannig að það taki sérstaklega á þeim vanda ef það er hægt án þess að málið tefjist, ella að þá komi fram nýtt mál sem taki sérstaklega á því.

[14:31]

Flm. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil bregðast við því sem spurt var um, hvort ég væri á móti því að þetta mál næði fram að ganga í einhverri breyttri mynd. Ég sagði hér í morgun að það væri alveg ljóst að það frumvarp sem við sjálfstæðismenn flytjum er grunnskjalið í þessu máli. Ég hefði talið eðlilegt að þær umræður sem hér fara fram færu fram í þingnefnd því að nú þegar hefur komið í ljós í umræðunni að þingmenn eru með yfirboð varðandi það hvernig þeir sjá að þetta eigi að vera í endanlegri mynd. Ég tel að menn eigi að líta til þess sem réttarfarsnefnd segir í gögnum sínum sem þingmenn geta fengið aðgang að. Engar rannsóknir hafa farið fram hér á þessum málum þannig að menn geti fullyrt nákvæmlega hvað skiptir máli við lagabreytingar til að ná fram þeim tilgangi sem ætlað er. Það er mjög varasamt og ég vara við því að menn teygi sig of langt inn á eitthvert grátt svæði og hefji svo yfirboð um það hvort þessi hópurinn eða hinn eigi að falla undir þessi lagaákvæði. Hér er verið að fjalla um grunnþátt í okkar viðskiptakerfi sem snertir ákveðið öryggi í viðskiptum. Og það að menn standi hér og segi að þessi hópur eigi að koma og það eigi að gera þetta eða hitt gefur bara ranga mynd nema menn hafi einhverjar rannsóknir og einhverjar athuganir á bak við sig. Það er það sem réttarfarsnefnd gengur út á þegar hún sendir okkur þetta álit, að slíkar rannsóknir hafi ekki farið fram. Það liggur ekki fyrir hér nákvæmlega hvernig menn geta

tekið á þessu til að bregðast sem best við fyrir einstaka hópa. Því er mjög varasamt fyrir þingmenn að standa hér og vera með yfirboð af þessu tagi og gagnrýna okkur fyrir að við viljum ekki opna eitthvað sem enginn veit í raun og veru hvað þýðir þegar upp er staðið að lokum.

[14:33]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Já, það er ágætt að hv. þm. Björn Bjarnason, fráfarandi dómsmálaráðherra, viðurkenni að það hafi engar rannsóknir farið fram á stöðu heimilanna og stöðu skuldara hér á landi. Það er kannski þess vegna sem þörf var á nýjum vöndum í Stjórnarráðinu. Vegna þess að það er ekki aðeins að það hafi ekki hafist formleg rannsókn á aðdraganda bankahrunsins fyrr en síðastliðinn sunnudag þegar til starfa tók loksins sérstakur saksóknari í þeim efnum heldur er líka til þess að líta að rannsóknarnefnd þingsins tók ekki til starfa fyrr en skömmu fyrir áramót. Og jafnvel þótt rannsóknir á stöðu skuldara hefðu farið fram einhvern tímann á síðasta ári þá er alveg ljóst að eftir bankahrunið hefur veruleikinn gjörbreyst. Við vitum hins vegar og öll þjóðin, held ég, að Sjálfstæðisflokkurinn er algerlega úr tengslum við það sem hefur verið að gerast í þjóðfélaginu undanfarna mánuði, hann hrærist bara í einhverjum allt öðrum veruleika. Það er ein af ástæðunum fyrir því að hann er ekki lengur í Stjórnarráðinu sem betur fer. Fjórði dagurinn. Til hamingju Ísland með það, til hamingju Ísland. (Gripið fram í.)

Ég mótmæli því að ég hafi verið með einhver yfirboð gagnvart bændum. Ég segi það einlæglega að vandi bænda í þessu landi er mikill og hann er töluvert annars eðlis en vandi annarra vegna þess að fráfarandi ríkisstjórn skerti búvörusamningana. Hún tók launaliðinn, vísitöluna og launalið bænda úr sambandi, (Gripið fram í.) þannig að það er komið upp misgengi milli launa og lána hjá bændum sem er ekki það (Forseti hringir.) sama og annars staðar í samfélaginu. En haldi menn í Sjálfstæðisflokknum eða annars staðar að fjármagnseigendur eigi (Forseti hringir.) alltaf einir að vera með belti og axlabönd þá vona ég að sá tími sé (Forseti hringir.) liðinn.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég bið hv. þingmenn um að virða ræðutíma.)

[14:35]

Flm. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér áðan var beint fyrirspurnum til hv. þingmanns og þá sagði hv. þingmaður að hann ætlaði ekki að fara út í almennar stjórnmálaumræður. Svo kem ég upp og ræði um þrönga þætti í þessu frumvarpi og bendi á að réttarfarsnefnd sé með ábendingar varðandi breytingar á ákvæðum gjaldþrotaskiptalaganna um að ekki hefði verið rannsakað nægilega vel við gerð þessara frumvarpa til þessa hvaða áhrif breytingarnar hefðu og þá fer hv. þingmaður að tala um einhverjar rannsóknarnefndir eða sérstakan saksóknara. Ég bara spyr: Hver er hér að drepa málum á dreif með einhverju tali sem skiptir engu máli í þessu sambandi?

Það sem við erum að ræða hér og hv. þingmaður spurði mig um var hvar ég teldi mörkin eiga að vera varðandi gildissvið frumvarpsins. Ég varaði við því að menn væru að fara inn á grátt svæði og væru síðan með yfirboð hvað þá heldur almennar órökstuddar yfirlýsingar og algerlega út í bláinn eins og hv. þingmaður flutti hér. Sem er náttúrlega til marks um þá vanstillingu sem einkennir þetta stjórnarsamstarf, að ekki sé hægt að ræða frumvörp eins og þessi og tæknileg atriði og bregðast við yfirlýsingum þingmanna án þess að þeir fari út um víðan völl eins og hv. þingmaður gerði og tapi sér alveg hreint og gleymi því um hvað málið snýst. Málið snýst um að hafa öryggi í viðskiptum og að ekki sé, með því að fara inn í gjaldþrotaskiptalögin, verið að raska nauðsynlegum grunni sem þarf að vera fyrir öllum viðskiptum hvað sem líður stundarvanda sem auðvitað kann að leysast fyrr með þessu frumvarpi en ella væri. En standa til frambúðar þær breytingar sem við erum að gera hér?

[14:37]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst af öllu óska hæstv. dómsmálaráðherra til hamingju með jómfrúrræðuna og það brýna mál sem hún mælti fyrir í dag. Þetta er stór dagur fyrir alla þá sem barist hafa fyrir löggjöf af þessum toga árum saman og vel á annan áratug.

Hv. þm. Mörður Árnason rakti ágætlega áðan hvernig þingmenn jafnaðarmanna, Neytendasamtökin og Alþýðusamband Íslands hafa haft forgöngu um að búið verði til frumvarp til laga um það efni sem hér er rætt, þ.e. greiðsluaðlögun.

Í þessari umræðu hefur hins vegar verið flögrað nokkuð úr einu í annað með þeim leikjum sem sjálfstæðismenn hafa kosið að leika hér með því að hæstv. þáverandi dómsmálaráðherra og núverandi hv. þm. Björn Bjarnason tók þetta frumvarp með sér út úr dómsmálaráðuneytinu og ákvað að demba því eins og það stóð þá inn í þingið sem þingmannafrumvarpi í því skyni að reyna að skreyta sig með stolnum fjöðrum.

Það liggur ljóst fyrir að það frumvarp sem hér er lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar er samstofna því frumvarpi sem sjálfstæðismenn leggja fram af einni ástæðu og hún er sú að þetta frumvarp byggir á langri vinnu á vettvangi ríkisstjórnarinnar á undanförnum mánuðum og missirum.

Sú ástæða sem liggur að baki því að hér er lagt fram frumvarp á vegum nýrrar ríkisstjórnar er einfaldlega sú að frumvarpið eins og það lá í höndum hv. þm. Björns Bjarnasonar var ekki nægilega víðtækt og eru gerðar tvær mikilvægar breytingar þar á. Önnur breytingin lýtur að því að skapa skýrar lagaheimildir fyrir því að veðskuldir geti fallið undir andlag þessarar löggjafar. Það er mikilvægt enda skortir lagaheimildir til þess í tilviki ríkisbankanna og jafnvel í tilviki Íbúðalánasjóðs. Það er engin ástæða til að undanskilja veðskuldir þessum úrræðum við þær aðstæður sem við búum við í íslensku samfélagi í dag þar sem við horfum á mjög verulegan samdrátt á fasteignamarkaði og verðfall þar.

Í annan stað er gert ráð fyrir því að úrræðin verði ekki bundin við þá sem hafa verið launþegar heldur líka þá sem kunna að hafa haft atvinnurekstur í eigin nafni eða á vegum einkahlutafélags. Og andstaða Sjálfstæðisflokksins við það er mér satt að segja algerlega óskiljanleg og hún skýrist

ekkert frekar við að hlusta á þann ósamstæða málflutning sem hér kemur fram, annars vegar frá hv. þm. Pétri Blöndal sem vill víkka þetta út til svo að segja allra sem hafa verið í atvinnurekstri, og hins vegar frá hv. þm. Birni Bjarnasyni sem vill engu breyta frá frumvarpi sjálfstæðismanna í þá veru að þetta eigi bara að taka til launþega.

Það er erfitt að átta sig á málflutningi sjálfstæðismanna í þessu efni því þar rekur sig hvað á annars horn. Við verðum einfaldlega í löggjöf af þessum toga að taka tillit til þeirra staðreyndar að þúsundir og jafnvel tugir þúsunda manna hafa framfæri sitt af sjálfstæðum rekstri ýmist í eigin nafni eða í nafni einkahlutafélags. Það fólk er í sjálfu sér launþegar í þeim skilningi að það hefur ekki með höndum umtalsverðan rekstur og er ekki með aðra á launaskrá en eiganda fyrirtækisins einan.

Einyrkjarekstur af þessum toga í einkahlutafélögum sérstaklega er bein afleiðing af breytingum sem þáverandi ríkisstjórn stóð fyrir á skattalögum og hlutafélagalögum upp úr aldamótum. Er algerlega óskiljanlegt að Sjálfstæðisflokkurinn vilji ekki axla ábyrgð af þeim breytingum sínum í dag og játa því fólki sem hefur verið með sinn rekstur í einkahlutafélögum eða á sinn eigin reikning sömu möguleika í þessum efnum og öðrum. Það er ekki þar með sagt að það eigi að fara að teygja þessa heimild út yfir almennar rekstrarskuldir heldur er þvert á móti tekið skýrt fram í frumvarpi ríkisstjórnarinnar að þetta eigi eftir sem áður að vera bundið við persónulegar skuldir viðkomandi aðila.

Hv. þm. Björn Bjarnason talaði af nokkrum belgingi hér fyrr í dag og sagði eitthvað á þá leið að aðkoma hans að þessu máli hefði verið nauðsynleg forsenda þess að þetta mál hefði komið fram því að það hefði verið á miklum villigötum vegna þess að það hefði fyrst komið inn í ríkisstjórn á vegum viðskiptaráðherra þar sem hann lagði fram frumvarp sem unnið var af nefnd sem fyrri viðskiptaráðherra hafði skipað. Það er ágætt að rifja upp hvers vegna málið var á þessum villigötum. Málið var á þessum villigötum, ef villigötur skyldi kalla, vegna þess að hv. þm. Björn Bjarnason sem dómsmálaráðherra hirti aldrei um að sinna þessu máli. Hann hafði engan áhuga á málinu þegar hv. þm. þáverandi og núverandi forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, lagði þetta mál fram í formi breytingartillögu á lögum um gjaldþrotaskipti haustið 2003, haustið 2004, haustið 2005 og haustið 2006, allan þann tíma sem hv. þm. Björn Bjarnason var dómsmálaráðherra. Alltaf var frumvarpið lagt fram í þeim búningi sem hann segir núna að sé nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að samþykkja það, þ.e. sem frumvarp til breytinga á lögum um gjaldþrotaskipti. Og aldrei hirti hann um að sinna því að það fengi framgang og aldrei kom það til afgreiðslu sem þingmannamál á hinu háa Alþingi.

Það var hins vegar nauðvörn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að leita eftir því hvort það gæti verið að finna bandamenn annars staðar í þáverandi ríkisstjórn í ljósi þess að hv. þm. Björn Bjarnason daufheyrðist við kröfum um að koma þessu þjóðþrifamáli áfram. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fékk þá ágætu hugmynd að beina fyrirspurn um það efni til hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra. (**BBj:** Hvað með hlut Alþingis að samþykkja frumvarp … fyrir þingið?) Þá beinir hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir … (**BBj:** Er það framkvæmdarvaldið sem …?) Hvar var áhugi hæstv. dómsmálaráðherra á þeim tíma? (**BBj:** Af hverju afgreiddi ekki þingið frumvarpið?) Hvar var áhuginn sem hv. þm. Björn Bjarnason segist hafa á þessu (Gripið fram í.) máli í dag? Hvar var áhuginn á þessum tíma?

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti óskar eftir því að þingmaðurinn fái að halda sína ræðu og það séu ekki frammíköll með þessum hætti.)

Ekkert skýrir betur en vanstilling hv. þm. Björns Bjarnasonar núna hversu mjög hér er um stolnar fjaðrir að ræða og hversu mikið sjálfstæðismenn reyna að eigna sér verk sem aðrir hafa unnið og lagt höfuðáherslu á.

Eins og ég var að rekja var það nauðvörn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur til að reyna að koma málinu áfram vegna þess að hv. þm. Björn Bjarnason, þáverandi dómsmálaráðherra, sinnti því í engu og hafði engan áhuga á því, að beina fyrirspurn til hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra Jóns Sigurðssonar, þáverandi formanns Framsóknarflokksins, og inna hann eftir því hvort hann gæti hugsað sér að hlutast til um að reyna að koma frumvarpi af þessum toga og lagaúrræðum af þessum toga í lög vegna þess að þáverandi þingmeirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sinnti því ekki eða hafði ekki áhuga á þessu máli. Eins og hv. þm. Björn Bjarnason benti á í frammíkalli sínu áðan hafði þingmeirihlutinn sem Sjálfstæðisflokkurinn var í forsvari fyrir ekki áhuga á að koma þessu máli í gegn og það var greinilega ekki forgangsverkefni forseta þingsins á þeim tíma að sjá til þess að þingmannamál af þessum toga yrðu rædd eða afgreidd.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beinir því þeirri fyrirspurn til Jóns Sigurðssonar, hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra, hvort hann geti séð ástæðu til að setja ákvæði af þessum toga í lög. Í svari hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra Jóns Sigurðssonar, þáverandi formanns Framsóknarflokksins, kemur fram að hann sé reiðubúinn til að beita sér fyrir því að skipuð verði nefnd sem meti reynsluna frá öðrum norrænum ríkjum af þeirri löggjöf sem þeir hafa um greiðsluaðlögun. Við slíkt starf beri að hafa í huga að mikilvægt kunni að vera að úrræði um greiðsluaðlögun séu fyrir hendi hér á landi sem unnt yrði að nota svo skuldari komist út úr skuldafeni og geti haldið áfram með líf sitt og fjölskyldu sinnar þegar sérstök og ströng skilyrði eru fyrir hendi, svo sem að samrýmast reglum um fullnusturéttarfar hér á landi.

Í framhaldi af þessu svari þáverandi hæstv. viðskiptaráðherra skipaði hann nefnd sem skilaði svo af sér því frumvarpi sem hv. þm. Björn Bjarnason gaf þá einkunn að hefði verið rangur farvegur og óeðlilegur framgangsmáti. Ég held að þessi söguskýring, þó að hún fari mjög í taugarnar á hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, sé afskaplega mikilvæg og algerlega nauðsynleg til að menn átti sig á samhengi málsins.

Það liggur sem sagt fyrir að dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, Björn Bjarnason, sem reynir núna að ríða fram á völlinn sem riddari réttlætisins í þessu máli, hafði engan áhuga á málinu, sinnti því í engu sem dómsmálaráðherra jafnvel þó að það væri lagt fram í nákvæmlega því formi sem hann taldi áðan að væri grundvallarforsenda til þess að hægt væri að ræða það. Þegar síðan aðrir hafa frum-

kvæði að því og verða við ákallinu — og vil ég þá sérstaklega hrósa hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra, þeim ágætismanni Jóni Sigurðssyni, þáverandi formanni Framsóknarflokksins, þegar hann bregst við því kalli og setur á fót nefnd og sú nefnd skilar af sér — þá þrengist auðvitað um útgönguleiðir hv. þm. Björns Bjarnasonar og hann þarf nauðbeygður að vinna að þessu máli, sem hann gerði í stjórnarsamstarfi við okkur, og niðurstaðan liggur fyrir í því þingmannafrumvarpi sem sjálfstæðismenn hafa lagt fram.

Virðulegi forseti. Málið fer nú og öll þessi þrjú mál til allsherjarnefndar. Það er mikilvægt að við förum vel yfir þetta mál þar en þó er málið orðið það þaulunnið og það hefur velkst svo lengi í kerfinu að mér er stórlega til efs að helstu sjónarmið hafi ekki komið fram í þeirri vinnu. Ég þykist þess fullviss og ég ætla ekki að gera ágreining um það að það var mjög gott að fá aðkomu réttarfarsnefndar að málinu og hún var mikilvæg. Ég tel einnig að sú mikla áhersla sem Alþýðusamband Íslands hefur lagt á þetta mál á undanförnum árum — og vil ég þá sérstaklega nefna þar aðallögfræðing þess, Magnús Norðdahl — hafi skilað sér í þessu verki öllu.

Ég tel mikilvægt að við vinnum þetta mál hratt á vettvangi allsherjarnefndar og vænti góðrar samstöðu um það við stjórnarandstöðuna, sérstaklega í ljósi þess að hún hefur nú loksins tileinkað sér þá orðræðu að mikilvægt sé að sett séu lög um greiðsluaðlögun á Íslandi. Það út af fyrir sig er fagnaðarefni.

[14:50]

Flm. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla þessum málflutningi, hann er algjörlega rakalaus. Það er alveg fráleitt að leggja mál þannig upp að ef þingmenn stjórnarandstöðunnar flytja frumvörp sem ekki ná fram að ganga í þinginu sé það á ábyrgð ráðherra í ríkisstjórn að sjá til þess að þau frumvörp nái fram að ganga — það sýnir í hvaða þröng þingmenn eru komnir þegar þeir standa frammi fyrir því að við sjálfstæðismenn tókum frumkvæðið í málinu.

Það vorum við sem komum þessu máli í þann búning að það er þinghæft. Þáverandi hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, nú hæstv. forsætisráðherra, hafði enga burði til að flytja frumvarpið þannig að það væri tækt hér í þinginu. Það komst aldrei í gegn af því að þingmenn sáu strax að frumvarpið var þannig úr garði gert að ef það yrði að lögum yrðu stórvandræði. Þá snúa menn sér til viðskiptaráðherra og hann beðinn um að flytja frumvarpið og fyrir misskilning tekur hann það að sér og ræður ekki heldur við það. Það er ekki fyrr en það er sent til okkar og við leitum til réttarfarsnefndar að málið kemst loksins í þær hendur að hægt er að taka á því.

Að kenna mér um þetta er alveg út í hött og sýnir þau rökþrot sem blasa við þegar menn standa hér og ræða þetta mál. Menn komast ekki undan því að það erum við sjálfstæðismenn sem flytjum þetta mál hér inni í þingið í þeim búningi að hægt sé að afgreiða það. Það hefur enginn haft getu til þess til þessa. (Gripið fram í.)

Við kunnum að setja það í þann farveg að efnisleg niðurstaða fékkst sem allir eru sáttir við. En þá eru settar á langar ræður um það að þetta sé allt mér að kenna af því að þetta hafi ekki orðið til miklu fyrr. (Gripið fram í.) Þetta er ótrúlegt. Ræða eftir ræðu — og svo segja þeir að málið verði að afgreiða strax. Svo standa þeir hér, stjórnarsinnar sjálfir, og flytja ræðu eftir ræðu til að tefja fyrir framgangi málsins.

[14:52]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í andsvarinu staðfesti hv. þm. Björn Bjarnason allt sem ég var að segja. Með öðrum orðum: Hjá honum var aldrei vilji sem dómsmálaráðherra að setja efnisreglur af þeim toga sem hér er um að ræða. Þáverandi hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði fram frumvarp með þeim úrræðum og í því formi sem hún sem stjórnarandstöðuþingmaður taldi eðlilegt. Ef hv. þm. Björn Bjarnason taldi á þeim tíma einhverja ástæðu til að fella þessi ákvæði í annan búning en koma þeim samt sem áður í gegn hefði hann haft um það forgöngu sem dómsmálaráðherra. Staðreyndirnar tala hins vegar sínu máli. Hann hreyfði þessu máli aldrei, hafði aldrei að því frumkvæði á nokkurn hátt og sýndi því engan áhuga, ekki fyrr en honum er þröngvað til þess þegar fram kemur fullbúið frumvarp af hendi viðskiptaráðherra sem verður til vegna þess að hann sýnir áhuga á þessu máli.

Virðulegi forseti. Að reyna síðan að halda því fram að frumvarp sem unnið er á vettvangi dómsmálaráðuneytisins í samvinnu ríkisstjórnarflokka með aðkomu tveggja annarra ráðuneyta hins stjórnarflokksins sé mál sem sé komið í búning af Sjálfstæðisflokknum er nú eitthvert svakalegasta dæmið um þann innantóma gorgeir sem einkennir þann mikla valdaflokk sem situr hér og engist á stjórnarandstöðubekkjum. Það er nú ósköp einfaldlega þannig að ef þetta mál er í betri búningi en það var áður er það vegna þess að það fór í ákveðinn farveg sem ég er alls ekki ósammála sem er ákveðinn lögbundinn farvegur með aðkomu réttarfarsnefndar vegna þess að hér er um (Gripið fram í.) breytingarferli að ræða á lögum um gjaldþrotaskipti. (Gripið fram í.) Það er mjög jákvæður farvegur. Ég hef tekið það skýrt fram að ég var aldrei ósammála þeirri ákvörðun þáverandi hæstv. dómsmálaráðherra að fella málið í þann farveg. En að eigna Sjálfstæðisflokknum réttarfarsnefnd þá er nú skörin farin að færast nokkuð upp í bekkinn.

[14:55]

Flm. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er ekki að eigna Sjálfstæðisflokknum réttarfarsnefnd. Ég er hins vegar að eigna mér sem sjálfstæðismanni það að ég tók þær ákvarðanir sem dómsmálaráðherra til þess að þetta mál kæmist í þann búning sem það er núna. Án minna afskipta hefði það ekki orðið, það er ekkert flóknara en það. Hvort ég geri það árinu fyrr eða síðar er ekki aðalatriðið heldur að málið sé komið í þennan búning og að búið sé að koma því hingað inn í þingið og að almenn samstaða virðist vera um það. Þá má ég standa hér upp hvað eftir annað til að verja mig fyrir gagnrýni út af því að þetta mál sé komið í þennan farveg. Ég er mjög stoltur af því að mér tókst að koma því úr því rugli öllu sem það var í þegar það kom í mínar hendur og ég er stoltur af því að mér tókst að koma í veg fyrir að frumvarpið sem viðskiptaráðuneytið var með í höndunum

yrði lagt hér fram á þingi. Ég er stoltur af því að hafa fengið réttarfarsnefnd til að koma með athugasemdir sínar og segja að það frumvarp væri algjörlega óboðlegt og ætti ekkert erindi inn í þingið. Þetta eru mín verk í þessu, að beina þessu í þennan farveg og sjá til þess að það kæmist í þann búning að hægt sé að taka það hér fyrir.

[14:56]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan: Ekki ætla ég að gagnrýna hv. þm. Björn Bjarnason fyrir að hafa beint málinu til réttarfarsnefndar. En sú spurning hlýtur auðvitað að vakna í þessari miklu réttlætingarræðu Sjálfstæðisflokksins: Hvað tafði Sjálfstæðisflokkinn þá, og hæstv. þáverandi dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, að gera eitthvað ef hann hafði áhuga á greiðsluaðlögun út af fyrir sig? Þetta mál var lagt fram árum saman án þess að hann sýndi því nokkurn áhuga. Ef hann hafði áhuga á því að þetta mál kæmi fram og hafði svo mikla brennandi réttlætiskennd, hvers vegna beindi hann því þá ekki fyrr til réttarfarsnefndar? Hvers vegna þurfti alla þessa eftirgangsmuni af hálfu þáverandi hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og annarra þingmanna Samfylkingarinnar? Hvers vegna þurfti að leita ásjár hjá þáverandi hæstv. viðskiptaráðherra, Jóni Sigurðssyni, og hvers vegna var það fyrst þegar hv. þm. Björn Bjarnason stóð frammi fyrir fullfrágengnu frumvarpi frá viðskiptaráðherra sem hann hreyfði sig í þessu máli og beindi því til réttarfarsnefndar? Það er hin stóra spurning sem staðfestir betur en nokkuð annað að Sjálfstæðisflokkurinn hefur aldrei haft áhuga á þessu máli, aldrei viljað framgang þess en hraktist út í það nauðbeygður og þykist núna ætla að reyna að skreyta sig með þessum stolnu fjöðrum. Í gegnum þann mikla blekkingarleik sjá allir sem vita um forsöguna og þekkja hana.

[14:58]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. dómsmálaráðherra til hamingju með embættið og sína jómfrúrræðu og sérstaklega vil ég óska henni til hamingju með það að hafa tekið mál sem þingflokkur Sjálfstæðisflokksins lagði hér fram og gera það að máli ríkisstjórnarinnar. Mér er til efs að það hafi áður verið gert, að flytja tvö mál nánast alveg nákvæmlega eins þar sem meginbreytingin er að annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um greiðsluaðlögun, sem er nýja heitið í staðinn fyrir skuldaaðlögun.

Ég tala hér í fyrsta sinn eftir að þessi nýja ríkisstjórn tók við og óska henni alls velfarnaðar. Það er auðvitað sama hvar í flokki við stöndum, í því ástandi sem við stöndum frammi fyrir núna er númer eitt, tvö og þrjú að hugsa um hag Íslendinga, hugsa um hag þjóðarinnar. Ég tek sérstaklega undir orð hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar um að Framsóknarflokkurinn, eins og hann sagði hér í ræðu í gærkvöldi, muni styðja framgang góðra mála hvaðan sem þau koma. Það er auðvitað sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að hér er um minnihlutastjórn að ræða sem er við völd í landinu í dag. Auðvitað geta aðrir þingflokkar komið fram með góð mál og komið þeim í gegnum þingið án þess að þessi minnihlutastjórn komi þar nokkuð að og flokkar hennar.

Ég hlakka þá til þess að Framsóknarflokkurinn leggi hér fram góð mál því að það er alveg ljóst að það er þingmeirihluti án minnihlutastjórnarinnar til að koma þeim í gegn.

Hv. þm. Árni Páll Árnason fór mikinn hér í ræðustól áðan varðandi skuldaaðlögunina þar sem hann sakaði Björn Bjarnason, fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra, fyrir að hafa dregið lappirnar í málinu. Það er svolítið sérstakt í ljósi þess að málið var fryst í þingflokki Samfylkingarinnar. Þetta mál var afgreitt úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins í síðustu ríkisstjórn en var fryst í þingflokki Samfylkingarinnar. Svo mikið var þeim í mun að koma þessu máli áfram og svo bera þeir fyrir sig einhverjar smávægilegar breytingar núna, breytingar sem alveg klárlega hefðu getað átt sér stað í allsherjarnefnd og í þeirri umræðu sem þar hefði farið fram og þeirri umræðu sem hefði farið fram í þinginu ef Samfylkingin hefði ekki dregið lappirnar. Þá hefði verið hægt að koma með þessar smávægilegu breytingar sem hafa komið fram í þessu frumvarpi, eins og t.d. að breyta nafninu úr „skuldaaðlögun“ í „greiðsluaðlögun“. Það hefði sennilega mátt breyta því í meðförum þingsins.

Hv. þm. Árni Páll Árnason sagði líka að honum væri til efs að nokkurt annað mál hefði verið skoðað jafn vel í kerfinu eins og þetta tiltekna mál. Samt sem áður þurfti Samfylkingin að tefja málið þrátt fyrir að þeir ágætu þingmenn Samfylkingarinnar hafi fylgst með málinu. Þótt þeir hafi ýtt á málið eins og hann segir og lýsti hér svo ótrúlega fjálglega sáu þeir sér ekki fært að samþykkja málið. Þetta er dæmigert fyrir það sem gerðist hér á síðustu dögum síðustu ríkisstjórnar, það var allt gert til að tefja málið.

Það sem bíður þessarar nýju ríkisstjórnar er að leysa mjög mörg viðamikil verkefni en hún lætur líka alltaf að því liggja að hér hafi ekkert verið gert. Það merkilega er að margt af því sem menn vildu gera var stoppað hjá Samfylkingunni og tafðist og svo þegar farið er að taka hlutina saman kemur í ljós að 100 mál, 100 atriði, voru afgreidd á 100 dögum. Það sér auðvitað hver maður að hendur voru látnar standa fram úr ermum þó að Samfylkingin hafi á margan hátt lagt stein í götu stjórnar Sjálfstæðisflokksins í því samstarfi sem þá var.

Ég verð að segja eins og er að auðvitað er engin spurning um að heimilin í landinu standa frammi fyrir miklum erfiðleikum. Það er líka rétt sem komið hefur fram, staða skuldara hefur að mörgu leyti verið þannig að réttur lánardrottna, svo maður noti nú það tækniorð, er mjög sterkur. Það sem við lærum af þessu bankahruni er að hér kom heilmikið fjármagn, allt of mikið fjármagn, inn í hagkerfið hjá okkur og var mjög hart gengið fram í því, svo ótrúlegt sem það kann að hljóma, að lána það fjármagn. Ég held að til lengri tíma litið muni þetta frumvarp sem hér liggur fyrir, ef og þegar það verður að lögum, einmitt koma í veg fyrir slíka hegðun, þ.e. að ef staða skuldarans er styrkt og staða þess sem lánar er ekki jafnskýr og rétturinn ekki eins mikill og hefur verið þurfi menn einfaldlega að hugsa sig betur um áður en þeir fara að lána fjármagn, áður en þeir fara að sprauta fjármagni út til almennings.

Að því leytinu til er þetta ekki bara eitt og sér gott mál afmarkað eins og það liggur hér fyrir heldur jafnframt í víðara samhengi. Þetta er líka mjög gott mál af því að það er eitt af því sem verður að liggja fyrir þegar við endurreisum

bankakerfið. Það sé ekki þannig að öll ábyrgðin liggi hjá þeim sem tekur lánið heldur hafi þeir líka ábyrgð sem veita lánið. Þetta er eitt af því sem við þurfum líka að skoða. Í þessari endurreisn er oft talað um að sá sem lánar hafi bæði belti og axlabönd og það hefur gjarnan verið svo og ekki bara í því að ábyrgðarhlutinn liggur nánast eingöngu hjá þeim sem tekur lánið heldur líka vegna þess að tryggingin í gegnum vísitöluna er gríðarlega mikil. Þess vegna er þá líka spurning í þessu samhengi varðandi beltið og axlaböndin hvort ábyrgðarhluti þess sem veitir lánin mundi ekki aukast, hvort hann þyrfti ekki að hafa meiri áhættu af því að lána. Ef við breyttum úr þessum hefðbundnu vísitölulánum í vaxtalán þar sem það er ekki með jafnskýrum hætti sem vaxtaprósentan breytist með vísitölu verður hagur allra þeirra, bæði lántakenda og lánveitenda, miklu meiri í því að halda hlutunum eða efnahagslífinu í föstum skorðum og koma í veg fyrir að verðbólgan fari á fulla ferð. Þrátt fyrir að við séum með breytilega vexti er ég alveg sannfærður um að það eitt að vaxtaprósentan hækkar dragi úr vilja fólks til að taka lán. Vextirnir sem við borgum af lánunum í dag, þessum vísitölutryggðu lánum, eru alltaf tiltölulega lág vaxtaprósenta en duldu vextirnir eru í gegnum vísitöluna. Þess vegna virkar vaxtaprósenta miklu lægri en hin raunverulega vaxtatala er þegar búið er að reikna vísitöluna inn í. Það er allt önnur tilfinning að taka lán þar sem um er að ræða 5% eða 15% vexti.

Eitt af því sem einnig var gert, sem ég fagna sérstaklega og er í tengslum við þetta að auka ábyrgð allra aðila sem eru í því að taka og veita lán, er að sérstakt átak hefur verið gert í því að fræða fólk og hjálpa því við að koma sér út úr vandræðum sínum með því að taka til í lánasafninu sínu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að bankarnir, hvort sem það eru hinir nýju ríkisreknu bankar eða sparisjóðirnir, horfi sérstaklega til þess að gefa fólki það tækifæri eða svigrúm sem nauðsynlegt er til að taka til í lánasafninu sínu og vissulega er þetta frumvarp hér ákveðinn þrýstingur á bankakerfið að gera það.

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta frumvarp hafi komið hér fram svo snemma eftir að hinn nýi minni hluti tók við — þá er ég náttúrlega að tala um frumvarp til laga sem snýr að skuldaaðlögun og var lagt hér fram af fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra Birni Bjarnasyni. Og í ljósi þess að minnihlutastjórnin gat ekki unað Sjálfstæðisflokknum að hafa lagt það fram eftir að Samfylkingin hafði legið á þessu frumvarpi, ekki komið því út úr þingflokknum hjá sér, held ég að ég fagni því þá bara að þeir skyldu leysa það með þessum hætti, þ.e. að taka frumvarp hv. þm. Björns Bjarnasonar og skrifa það nákvæmlega eins með tveimur eða kannski þremur breytingum.

[15:09]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég man ekki hvort ég var búinn að óska hæstv. ráðherra til hamingju með embættið og jómfrúrræðuna og þetta nýja frumvarp en geri það þá hér með.

Nú upplifir þjóðin það sem kannski var versti kosturinn af öllum, þ.e. að breytingar yrðu á ríkisstjórn og allt sem því fylgir og síðan kosningar í vor. Ég hefði talið að þetta hefði allt mátt bíða í hálft ár eða svo vegna þess að nú tefst allt saman. Það er allt búið að vera í biðstöðu núna í tvær vikur og verður örugglega eitthvað áfram og svo kemur kosningabaráttan og svo koma kosningar. Vonandi verður ekki stjórnarkreppa í kjölfarið en allt þetta tefur nauðsynlegar aðgerðir um fjórar til átta vikur, jafnvel þrjá mánuði, eitthvað svoleiðis. Það er ekki það sem íslensk heimili og íslensk atvinnufyrirtæki þurftu á að halda í núverandi stöðu þannig að þetta er eiginlega það versta sem gat komið upp, það sem við upplifum núna. Þeim mun mikilvægara er að vinna hratt þau mál sem koma fram og hér er eitt af þeim. Ég skil bara ekki af hverju menn tóku ekki það frumvarp sem var tilbúið og ræddu það að senda það í nefndina og gerðu á því þessar fjórar breytingar eða þrjár sem um er að ræða. Það eru í rauninni þrjár breytingar á frumvarpinu og ein breyting á greinargerðinni sem getur verið dálítið alvarleg sem ég ætla rétt aðeins að koma inn á.

Hér hefur nokkuð verið rætt um höfundarrétt og hvernig það mál stendur allt saman. Allt þetta ber nú dálítið mikið vott um það sem menn hafa kallað sandkassaleik og ég hef gagnrýnt mjög oft og er mikið á móti. Þau frumvörp sem við ræðum hér í dag taka öll á mjög erfiðri stöðu sem þarf að vinna hratt að. Fólk er að kikna undan því sem er að gerast. Öll þessi frestun á málum er mjög dapurleg og er nú bara afleiðingin af því ofbeldi sem Alþingi varð fyrir og leiddi til falls ríkisstjórnarinnar fyrri.

Frumvarpið gengur út á það sem ég hef margoft sagt, að það er mikilvægara að beygja fólk og brjóta það ekki, þ.e. að reyna að fá skuldarann til að greiða eins mikið og hann mögulega getur en ekki þannig að hann verði gjaldþrota og gefist upp. Þetta frumvarp er þar með tengt því frumvarpi sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur flutt um ábyrgðir sem er enn þá verra dæmi og hefur því miður tíðkast á íslenskum lánamarkaði, að fólk væri að skrifa upp á fyrir vini og vandamenn.

En ég ætla að fara í gegnum þessar þrjár eða fjórar breytingar sem eru á frumvarpinu. Það er í fyrsta lagi nafnið, „skuldaaðlögun“ og „greiðsluaðlögun“, það skiptir náttúrlega engu máli, ekki í mínum huga. Ég get ekki séð að það skipti nokkurs staðar máli en það hefði mátt fara í gegnum það í nefndinni ef það frumvarp hefði verið tekið fyrir og afgreitt. Síðan er spurningin um það sem bætist við frumvarpið, þar stendur, með leyfi forseta:

„Lögin ná ekki til einstaklinga sem undangengin þrjú ár hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem þeir hafa lagt stund á hana einir eða í félagi við aðra ...“

Svona stóð þetta í lögunum og svo er bætt við í frumvarpi ríkisstjórnarinnar:

„... nema því aðeins að atvinnurekstri hafi verið hætt og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans.“

Ég fullyrði af minni reynslu og þekkingu á þessum málum að þetta er nánast tómt mengi. Það fólk sem hefur verið í atvinnurekstri, hvort sem það eru trillukarlar, iðnaðarmenn eða bændur eða hverjir sem er og hafa hætt þeim atvinnurekstri og eru í vandræðum er yfirleitt út af atvinnurekstrinum. Það er þá oft um að ræða nokkuð stórar tölur.

Annaðhvort tekur nefndin sig til og reynir að víkka þetta út eða sleppir því. Ég er ekki viss um að það gangi vegna

þess að þetta er mjög erfitt viðureignar. En það sem þarf alla vega að undanskilja — og það er það sem ég vil benda á sem hættu við frumvarp ríkisstjórnarinnar en þar hefur dottið út þáttur, hvort sem það er með vilja eða óvart. Í greinargerð í frumvarpi hv. þm. Björns Bjarnasonar, fyrrverandi dómsmálaráðherra, á síðu 11 í því frumvarpi sem hv. sjálfstæðisþingmenn flytja. Þar segir með leyfi forseta:

„Hér er litið til þeirrar ríku lagaábyrgðar sem hvílir á þeim sem stunda atvinnurekstur, meðal annars varðandi skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda af launum starfsmanna, en ekki þykir koma til álita að draga úr henni með reglum um skuldaaðlögun, þar sem lánardrottnum er ekki ætlað að eiga atkvæði um hvort veitt verði eftirgjöf skulda.“

Hér er um að ræða það sem kallað er vörsluskattar eða rimlagjöld. Það er alveg fráleitt, finnst mér, að fella það niður. Þetta eru gjöld sem viðkomandi skuldar og hefur sjálfur tekið að láni hjá ríkinu. Hann innheimtir þetta fyrir hönd ríkisins og stingur í eigin vasa og mér finnst ekki koma til greina að slík gjöld verði einhvern veginn undanþegin gjaldþrotaskiptum.

Ef menn ætla að víkka þetta út, sem ég tel reyndar ástæðu til að skoða af því að það er mikilvægara að fyrirtækin starfi áfram, jafnvel með nýja eigendur eða að menn borgi eins og þeir geta af skuldunum í staðinn fyrir að fara í þrot, þurfa menn a.m.k. að undanskilja þetta. Það er vandi hvernig þetta er gert í hv. nefnd sem fær frumvarpið til meðhöndlunar en ég bendi á það að í stjórnarfrumvarpinu fellur þessi grein niður. Þar sem hún fellur niður gæti það sem lagatúlkun litið þannig á að þessi gjöld eigi að fara í þann farveg sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þetta er mjög alvarleg breyting á frumvarpinu í greinargerðinni. Menn gætu notað til lagatúlkunar að vilji löggjafans eða þess sem lagði frumvarpið fram hafi verið að rimlagjöldin svokölluðu verði meðhöndluð eins og venjulegar skuldir hjá fyrirtæki. Ég vil ekki fallast á það.

Þetta eru sem sagt breytingarnar sem vantar inn í stjórnarfrumvarpið. Það var nafnabreytingin „skuldaaðlögun“ í „greiðsluaðlögun“, síðan var það með atvinnureksturinn og svo var það fjórða breytingin, ákvæði til bráðabirgða. Ef menn lesa grannt, herra forseti, stendur þar, með leyfi forseta:

„Þegar um er að ræða kröfur í eigu Íbúðalánasjóðs eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins, sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi sem ætlað er til eigin nota skuldara, má í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar kveða á um að kröfurnar verði greiddar með breyttum skilmálum að því leyti sem andvirði eignarinnar dugir til að fullnægja þeim og tryggingarrétturinn fellur ekki niður vegna nauðasamningsins. Er þá m.a. heimilt að kveða á um fleiri gjalddaga, greiðslufrest um tiltekinn tíma, nýjan lánstíma og skuldbreytingu vanskila.“

Þetta er engin breyting frá því sem er í dag vegna þess að í lögum um húsnæðismál, 47. gr. laga nr. 44/1998, segir:

„Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að afskrifa útistandandi veðkröfur sjóðsins sem glatað hafa veðtryggingu við nauðungarsölu íbúðar.“

Þessar kröfur falla eiginlega niður og í reglugerð sem sett er á grundvelli þessara laga segir að það sem tapast, þegar veðkrafa tapast, skuli ekki bera vexti eða verðtryggingu frá þeim degi og að heimilt sé að borga inn á það og þá lækki skuldin um tvöfalda þá upphæð sem greidd er inn.

Það er í rauninni búið að taka þetta inn í núverandi lög fyrir nokkuð löngu síðan, þ.e. 1998. Þetta varðar Íbúðalánasjóð. Svo er ríkisstjórnin búin að senda tilmæli og ég árétta hér frétt frá 22. október á www.eyjan.is:

„Ríkisstjórnin áréttar tilmæli sín til banka um frystingu erlendra lána.“

Síðan hefur ríkisstjórnin líka áréttað að ríkisbankarnir skuli nota sömu reglur og Íbúðalánasjóður varðandi íbúðalán eða lán með veði í íbúðum. Í rauninni er þetta ákvæði bara nákvæmlega eins og er í dag, ég sé ekki stórkostlega breytingu með þessu ákvæði. Það þarf þá að sýna mér það.

Síðan stendur:

„Sá hluti skuldarinnar sem fellur utan andvirðis eignarinnar [þ.e. við nauðungarsölu eða mat á nauðungarsölu] telst til samningskrafna.“

Það eru þær kröfur sem menn mega þá fjalla um eins og aðrar skuldir viðkomandi. Þeir komast þá inn í greiðsluaðlögunina og greiðslujöfnunina. Ég sé ekki að þetta ákvæði breyti neitt voðalega miklu í núverandi stöðu. Það getur verið að einhver geti bent mér á að þetta breyti eitthvað voðalega miklu.

Bæði þessi ákvæði sem eru breyting frá frumvarpi hv. þm. Björns Bjarnasonar, fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra, eru í rauninni tómt mengi. Ég sé ekki betur.

Svo er eitt alveg ótrúlegt ákvæði í lok þessa ákvæðis til bráðabirgða sem ég hef oft gagnrýnt:

„Ákvæði þetta skal endurskoða fyrir 1. janúar 2011.“

Ætlar þetta þing að fara að setja næsta þingi fyrir hvaða lög á að setja? Og hvað gerist ef það gerir það ekki? Hvað gerist ef þingið árið 2011 gleymir þessu eða neitar að gera þetta eða gerir ekkert í málinu? Hver er réttarstaðan? Gildir þetta ákvæði áfram eða fellur það niður? Það stendur ekkert um það. Svona finnst mér að eigi ekki að standa í lögum, Alþingi á ekki að skuldbinda næsta þing til að gera eitt eða annað. Hver einasti þingmaður og ráðherra hafa rétt til þess að flytja frumvörp á Alþingi og þeir geta bara bundið band um puttann á sér til að minna sig á að fyrir janúar 2011 eigi að gera eitthvað í málunum. Þá geta þeir flutt um þetta frumvarp, hver einn og einasti þingmaður. Það dugar einn. Svona ákvæði finnst mér skrýtið.

Það eru sem sagt þrjú ákvæði um breytingar, þ.e. þetta er víkkað út á atvinnustarfsemi, fínt, það er víkkað út á lán Íbúðalánasjóðs og ríkisbankanna, ég færi rök fyrir að hvort tveggja er uppfyllt í dag, og svo er það nafnið „greiðsluaðlögun“ sem skiptir held ég engu máli þótt verði „skuldaaðlögun“. Það er gott að laga greiðslurnar að skuldinni eða greiðsluna að skuldunum. Ég held að þetta sé frekar skuldaaðlögun ef eitthvað er því að þá eru skuldirnar lagaðar að greiðslunum en ekki öfugt. Maður er með ákveðnar tekjur og það á sem sagt að laga skuldirnar að þeim tekjum sem maður hefur.

Svo er það alvarlegasta, þ.e. þessi fasti liður í greinargerðinni sem ég held að hafi verið mistök, að rimlagjöldin falli nú ekki undir eins í lög.

Þetta mál, herra forseti, er í rauninni mjög alvarlegt mál. Við skulum hugsa okkur tvo menn eða tvær konur, Jónu og

Gunnu. Önnur stendur alltaf í skilum og pínir sig alveg undir drep, vinnur dag og nótt, eyðir engu, fer aldrei í ferðalög og ekki neitt og stendur sína plikt og borgar sínar skuldir hvað sem það kostar. Hvort sem eignin lækkaði í verði eða gengið hækkaði — hvað gerist? Hún skal alltaf borga sínar skuldir. Hin konan, Gunna, tekur lífinu létt, hún borgar ekkert sérstakt, hún fer í ferðalög og kaupir sér flatskjá og kaupir sér bíl, hún gerir þetta og hitt, er sem sagt óábyrg í fjármálum. Og hvað gerist? Henni er hjálpað og hinni, sem píndi sig í að borga og standa í skilum, er í rauninni refsað. Þetta er vandinn við þessa greiðsluaðlögun; við þetta mál. Þess vegna þurfa menn að stíga mjög varlega til jarðar, herra forseti, þegar þeir fara inn á svona hluti þar sem fólk er mismunandi ráðdeildarsamt. Það er bara þannig.

[15:23]

Útbýting:

Tölvupóstur til breska fjármálaráðuneytisins, 285. mál, fsp. SF, þskj. 511.

[15:23]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Við ræðum hér frumvörp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti, tvö frumvörp, annað flutt af ríkisstjórn Íslands, um greiðsluaðlögun, hitt flutt af þingflokki Sjálfstæðisflokksins undir forustu hv. þm. Björns Bjarnasonar, fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra. Hér er reyndar einnig til umfjöllunar frumvarp sem flutt er af þingmönnum Framsóknarflokksins. Ég ætla nú ekki í ræðu minni að fjalla um það frumvarp af ástæðum sem komið hafa fram hér áður heldur víkja frekar að sjónarmiðum sem varða þessi frumvörp tvö.

Ég vil byrja á að segja að sem meðflutningsmaður þess frumvarps sem hv. þm. Björn Bjarnason er 1. flutningsmaður að hlýt ég að styðja þau meginsjónarmið sem fram koma í því stjórnarfrumvarpi sem hæstv. dómsmálaráðherra flytur hér. Annað væri óeðlilegt þar sem það frumvarp er nánast samhljóða frumvarpi okkar sjálfstæðismanna. Þegar frumvarpið er lesið má sjá að það byggist á þeirri vinnu sem hv. þm. Björn Bjarnason lét vinna í dómsmálaráðuneytinu og hjá réttarfarsnefnd sem nýr hæstv. dómsmálaráðherra hefur síðan gert að sínu og er komið í þann frumvarpsbúning sem við ræðum hér. Það væri því einkennilegt ef maður styddi ekki í meginatriðum efnisatriði í stjórnarfrumvarpinu sem hér er til umræðu af þeirri ástæðu að það er í rauninni ljósrit af frumvarpinu sem þingflokkur Sjálfstæðisflokksins flytur.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi þess að grípa til aðgerða gagnvart þeim sem eiga í greiðsluerfiðleikum eða sjá fram á slíka erfiðleika við þær aðstæður sem uppi eru í þjóðfélaginu. Þar undir eru flestir þjóðfélagshópar, en ekki síst tiltölulega ungt fólk, skuldsett, barnafólk sem hefur verið að koma sér þaki yfir höfuðið með tilheyrandi lántökum en horfir nú fram á verri tíma en reiknað var með þegar lánin voru tekin vegna aðstæðna sem uppi eru í efnahagslífinu.

Vextir á Íslandi eru himinháir eins og þekkt er, verðbólgan er það líka um þessar mundir, sem leiðir til þess að afborganir á verðtryggðum húsnæðislánum og öðrum lánum hækka til mikilla muna. Gengi krónunnar hefur hrunið. Þúsundir manna hafa misst vinnuna og aðrir hafa lækkað í launum. Af þessum ástæðum er fólkið í landinu og heimilin í afar erfiðri stöðu og margir eiga, eins og ég sagði áðan, í greiðsluerfiðleikum eða sjá fram á mjög erfiða tíma í sínum málum. Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að grípa til aðgerða eins og þeirra sem við ræðum hér, að reyna að breyta lögum á þann hátt að þeir erfiðleikar og þær þrautir sem fólkið gengur í gegnum verði léttbærari en annars væri.

Hæstv. ríkisstjórn hefur nú kynnt verkefnaskrá sína og í henni eru ákvæði sem mæla fyrir um að grípa til þessara aðgerða. Það eru aðgerðir sem kynntar höfðu verið í fyrri ríkisstjórn. Eins og frumvarp okkar sjálfstæðismanna sýnir höfðum við gripið til aðgerða til þess að koma til móts við þetta fólk og því finnst mér eðlilegt og sjálfsagt að lýsa yfir jákvæðum huga gagnvart því frumvarpi sem hér er rætt.

Ekki ber allt í yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar þess merki að þar fari fremstar í flokki miklar alþýðuhetjur sem vilji heimilunum og fólkinu í landinu gott. Hæstv. ráðherrar í núverandi ríkisstjórn hafa gefið yfirlýsingar um að þeir vilji gera breytingar á skattkerfinu og hækka skatta í landinu. Ég tel að slík áform séu afar óheppileg og alls ekki til þess fallin að bæta stöðu heimilanna og fólksins í landinu. Það væri áhugavert að heyra sjónarmið hæstv. dómsmálaráðherra gagnvart því, hvort hæstv. ráðherra, sem vill koma til móts við heimilin í landinu með frumvarpi sínu, telur að ofan í háa vexti, verðbólgu, gengishrun, atvinnuleysi og launalækkun sé það virkilega það sem heimilin í landinu þurfa að ríkið taki stærri hluta af launum fólks í skatta en nú er. Menn hljóta að líta til þessa þegar verið er að tala um að ríkisstjórnin vilji í einu orðinu slá skjaldborg um hagsmuni heimilanna en í hinu orðinu séu áform um að taka stærri hluta af launum þeirra í skatta.

Það er óljóst, og ekki hægt að lesa það af verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar, hver hin raunverulega stefna í skattamálum er enda er hún heldur rýr í roðinu og lítið á hana minnst þar. Það er ágætt að menn ræði þessi mál í samhengi. Það er ekki heppilegt og ekki trúverðugt að segjast í einu orðinu vilja slá skjaldborg um heimilin en lýsa því yfir í öðru orðinu að menn séu reiðubúnir að fara í aðför að þessum sömu heimilum.

Við sjálfstæðismenn höfum viljað og viljum slá skjaldborg um heimilin í landinu. Eins og ég sagði áðan glíma margar fjölskyldur og einstaklingar í landinu við fjárhagserfiðleika og munu gera það á komandi mánuðum og missirum. Vonandi verður það tímabil stutt en þrengingarnar eru miklar. Í núverandi kerfi, miðað við núgildandi lög, er fyrirkomulagið þannig að þeir sem lenda í skuldafeni fá á sig kröfur, gert er hjá þeim fjárnám og krafist gjaldþrotaskipta. Þeir sem lenda í slíkum ógöngum eiga afskaplega erfitt með að koma sér aftur upp á lappirnar. Eins og fyrirkomulagið er núna er mjög hætt við því að þeir sem lenda í þeirri aðstöðu séu dæmdir til fátæktar eða þess að eiga í erfiðleikum með að koma undir sig eignum og lifa eðlilegu lífi ef ekki verða gerðar breytingar á lögum, þar á meðal lögum um gjaldþrotaskipti.

Þetta hefur í för með sér ýmis vandamál, félagsleg vandamál, vandamál tengd atvinnulífinu og vinnumarkaðnum. Margir sem lenda í slíkum áföllum hafa neyðst til að

stunda svarta atvinnu í svörtu hagkerfi og það er þróun sem við viljum ekki að eigi sér stað. Ef tækifæri er til þess að breyta lögum til að sporna við þeirri þróun á að grípa til þeirra aðgerða, sérstaklega við þær aðstæður sem uppi eru í efnahagslífinu, þegar fyrirséð er að stór hópur manna og kvenna má búast við að lenda í fjárhagslegum skakkaföllum, erfiðleikum með fjármál sín, og það er það sem verið er að gera hér. Við eigum að hjálpa fólki upp á lappirnar. Við eigum að berjast fyrir því að lögum sé breytt á þann veg að auðveldara verði fyrir fólk að hefja nýtt líf eftir að áföll hafa dunið yfir.

Við sjálfstæðismenn lögðum á það áherslu í stjórnarsamstarfi okkar við Samfylkinguna að gengið yrði til þessara verka. Eins og fram kemur í frumvarpinu, þskj. 497, sem við flytjum undir forustu hv. þm. Björns Bjarnasonar, fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra, var farið í yfirgripsmikla vinnu við að semja það frumvarp. Réttarfarsnefnd vann að samningu þess frumvarps ásamt starfsmönnum dómsmálaráðuneytisins. Þetta er mikið og ítarlegt frumvarp upp á 26 blaðsíður. Ég held að hv. þm. Björn Bjarnason hafi gert býsna nákvæma grein fyrir aðdraganda þess máls.

Ég leyfi mér að mótmæla söguskýringum hv. þingmanna Árna Páls Árnasonar og Marðar Árnasonar á því hvernig til þessara mála var stofnað. Sá málflutningur er þess eðlis að ég tel ekki ástæðu til að eyða tíma í það sem þar kom fram. Hitt er ljóst að það frumvarp sem ég hef hér gert að umræðuefni, frumvarp sem við þingmenn Sjálfstæðisflokksins flytjum, var lagt fram í ríkisstjórn Íslands. Það var samþykkt af ráðherrum Sjálfstæðisflokksins. Það var samþykkt af ráðherrum Samfylkingarinnar. Það var lagt fram í þingflokki okkar sjálfstæðismanna og afgreitt þaðan. Þetta frumvarp var hins vegar tekið í gíslingu í þingflokki Samfylkingarinnar. Samfylkingin, sem núna er í forustu fyrir minnihlutastjórn með Vinstri grænum sem nýtur stuðnings Framsóknarflokksins, treysti sér ekki af einhverjum ástæðum til að fara fram með málið. Á því fengum við sjálfstæðismenn aldrei neinar skýringar. Það er þess vegna sem við leggjum frumvarp okkar fram, bæði vegna efnis málsins og einnig til þess að sýna fram á að málið var klárt og fullbúið í þingflokki okkar, hafði verið afgreitt þaðan út og afgreitt út úr ríkisstjórn, og þess vegna er það flutt hér.

Það eru eftiráskýringar sem ekki standast skoðun þegar hv. þingmenn á borð við Árna Pál Árnason og Mörð Árnason halda því fram að Sjálfstæðisflokkurinn og hv. þm. Björn Bjarnason, fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra, hafi dregið lappirnar og sýnt sleifarlag í vinnslu þessa máls. Allt tal um slíkt er í rauninni líka áfellisdómur þessara hv. þingmanna yfir þeim hæstv. dómsmálaráðherra sem flytur stjórnarfrumvarpið á þskj. 507. Sem háttsettur starfsmaður í dómsmálaráðuneytinu geri ég ráð fyrir að núverandi hæstv. dómsmálaráðherra hafi komið að þessari vinnu og þekki hvernig á málum hafi verið haldið. Ég er ekki viss um að sá hæstv. dómsmálaráðherra eigi það skilið að fá gagnrýni eins og hér hefur komið fram frá hv. þingmönnum.

Þingmenn Samfylkingarinnar verða að gefa skýringu á því hvers vegna þeir tóku þetta mál í gíslingu en það er athyglisvert, þegar menn fletta þessum málum tveimur saman, þessum frumvörpum, að langflestar greinar þeirra eru fullkomlega sambærilegar og orðréttar eins. Því má segja að Samfylkingin hafi í þessu máli tekið frumvarp hv. þm. Björns Bjarnasonar, fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra, ljósritað það, breytt yfirskriftinni á því og gert örlitlar breytingar á efnisatriðum sem vel hefði mátt gera í meðförum þingsins. Einhverra hluta vegna var það ekki gert en vinnubrögð af þessu tagi eru fyrir neðan allar hellur. Frumvarpið, eins langt og vandað og það er, sýnir að ekki var um að ræða neitt sleifarlag af hálfu hv. þm. Björns Bjarnasonar, þegar hann sat í dómsmálaráðuneytinu, nema síður sé. Það er fráleitt að halda því fram, jafnvel fráleitara en að koma síðan með sama mál undir merkjum Samfylkingarinnar og reyna að eigna sér heiðurinn af því undir þeim formerkjum að fulltrúar vinstri manna hafi unnið að því.

Þetta eru þau sjónarmið sem ég vildi koma á framfæri, hæstv. forseti. Þau verða ekki miklu fleiri enda tíminn liðinn. (Forseti hringir.) Það er ljóst að sem meðflutningsmaður frumvarpsins sem hv. þm. Björn Bjarnason er (Forseti hringir.) 1. flutningsmaður að þá hlýt ég að styðja öll meginsjónarmiðin í frumvarpi hæstv. ráðherra sem eru nákvæmlega hin sömu (Forseti hringir.) og eru hér.

[15:39]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp fyrst og fremst vegna þess að mér mislíkar nokkuð hvernig hv. þingmaður vék orðum að hæstv. dómsmálaráðherra og gerði því skóna að gagnrýni mín á áhugaleysi hv. þm. Björns Bjarnasonar á þessu máli, sem er algjörlega ljóst vegna þess að hann hefur aldrei haft frumkvæði að því að setja fram frumvarp í þessa veru, megi lesa sem gagnrýni á embættismenn í dómsmálaráðuneytinu. Það er fráleitt og ég vísa því algjörlega á bug. Ég tók þvert á móti fram áðan að það verklag, sem hv. þm. Björn Bjarnason viðhafði eftir að þessu frumvarpi var pínt upp á hann nauðugan viljugan og hann þvingaður til að vinna að því, er ágætt.

Ég held að það hafi verið til bóta að fá réttarfarsnefnd að frumvarpinu. Svo er náttúrlega með ólíkindum að hlusta á þingmenn Sjálfstæðisflokksins klifa á því að þetta frumvarp sé frumvarp Sjálfstæðisflokksins. Þetta frumvarp er unnið að frumkvæði tveggja ráðherra í síðustu ríkisstjórn sem voru ekki sjálfstæðismenn, þ.e. hæstv. félagsmálaráðherra og hæstv. viðskiptaráðherra. Eftir að þeir tóku þetta mál upp við hæstv. dómsmálaráðherra féllst hann á að hefja vinnu við málið á vettvangi dómsmálaráðuneytisins. Málið var síðan unnið í réttarfarsnefnd. Er réttarfarsnefnd nefnd í Sjálfstæðisflokknum? Þessi gorgeir sjálfstæðismanna hér og valdhroki er náttúrlega með ólíkindum.

Ef einhver á höfundarrétt á þessu frumvarpi er það dómsmálaráðuneytið sem stofnun og réttarfarsnefnd sem stofnun. Blessunarlega er subbuskapur Sjálfstæðisflokksins í mannaráðningum og meðferð opinbers valds ekki orðinn slíkur að hægt sé að ákveða að heilu stofnanirnar eða sérfræðinganefnd á borð við réttarfarsnefnd séu deildir í Sjálfstæðisflokknum, blessunarlega ekki enn þá.

[15:41]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég held að sá hv. þingmaður sem hér veitti andsvar, Árni Páll Árnason, ætti að fara varlega í að

saka aðra um gorgeir og valdhroka. Hann ætti frekar að líta í eigin barm og alls ekki gera mönnum hér upp skoðanir. Það voru ekki mín orð og ekkert í ræðu minni gaf tilefni til að álykta sem svo að réttarfarsnefnd eða þeir sem sitja í henni séu einhver partur eða undirdeild í Sjálfstæðisflokknum. Ég bið hv. þingmann að ræða málið frekar efnislega en að vera með sleggjudóma eins og þessa. En það eru kannski óskir sem hv. þingmaður getur ekki orðið við.

Búið er að fara yfir hver aðdragandi þessa máls var. Það var mat manna að þau efnisatriði sem fram koma í þessum lögum heyrðu undir annan ráðherra en dómsmálaráðherra. Og að halda því fram að málið hafi verið pínt upp á dómsmálaráðherrann er beinlínis rangt. Ég geri ráð fyrir að hæstv. dómsmálaráðherra sem nú situr geti vitnað til um það, en ég veit ekki betur en að þetta frumvarp upp á 26 blaðsíður sem er samhljóða því frumvarpi sem hv. þingmaður vill frekar styðja sé til vitnis um það að sú vinna sem lögð var í það hafi verið ákaflega metnaðarfull og mikil af hálfu fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra og starfsfólks dómsmálaráðuneytisins.

Þegar hv. þingmaður talar um að vinnubrögð fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra hafi verið eitthvað athugaverð felst auðvitað í því gagnrýni af hans hálfu (Forseti hringir.) á starfsmenn dómsmálaráðuneytisins og þá sem að samningu frumvarpsins komu. (Forseti hringir.) En mig langar til að spyrja, hæstv. forseti, hv. þingmann einnar spurningar: (Forseti hringir.) Getur hann upplýst mig um það hvers vegna þingmenn Samfylkingarinnar tóku málið …? (Forseti hringir.)

[15:43]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Það var athyglisvert að hv. þm. Árni Páll Árnason skyldi láta fram hjá sér fara tækifæri til að útskýra hvers vegna þingflokkur Samfylkingarinnar lá á þessu máli og samþykkti það ekki (**ÁPÁ:** Spurningin kom fram þegar ræðutíma var lokið.) af sinni hálfu, en ég ætla ekki að eyða fleiri orðum í þann þátt að sinni.

Ég held að aðalatriðið í þessu máli sé það að fyrir þinginu liggur vönduð vinna sem unnin hefur verið í dómsmálaráðuneytinu í ráðherratíð Björns Bjarnasonar og ber þess merki að réttarfarsnefnd og sérfræðingar dómsmálaráðuneytisins hafa lagt sig fram um að gera sitt besta, gera vel, gera frumvarpið þannig úr garði að það þjóni þeim tilgangi sem það á að þjóna, komi til móts við þá einstaklinga sem á því þurfa að halda og sé jafnframt þannig úr garði gert að það falli að réttarkerfinu, að réttarfarsreglum að öðru leyti og sé þannig framkvæmanlegt þegar á það mun reyna.

Það er eitt að slá fram góðum hugmyndum, lýsa góðum vilja, og annað að búa lagafrumvörp þannig úr garði að þau séu til þess fallin að ná tilgangi sínum og um leið að þau falli að öðrum réttarreglum þannig að ekki verði um árekstra að ræða. Það er akkúrat það sem hefur gerst í þessu máli. Það er rétt sem fram hefur komið hjá ýmsum ræðumönnum hér í dag að hugmyndin um greiðsluaðlögun eða skuldaaðlögun er ekki ný af nálinni. Hún hefur oft komið til umræðu hér á þingi og verið rædd í ýmsum myndum. Staðreyndin er að sú ríkisstjórn sem fór frá völdum um síðustu helgi lét vinna þetta mál fyrir sig, fékk til þess réttarfarsnefnd sem skipuð er helstu sérfræðingum landsins á sviði réttarfars, helstu sérfræðingum á því sviði sem hér er um að ræða. Það er það sem við höfum hér fyrir okkur. Þess vegna bind ég vonir við það að allsherjarnefnd geti unnið hratt í þessu máli, komi því sem fyrst frá sér. Ég held að um það hljóti að vera samstaða.

Auðvitað er áherslumunur annars vegar á því frumvarpi sem lagt er fram af hv. þm. Birni Bjarnasyni og öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins og því frumvarpi sem hér er lagt fram sem stjórnarfrumvarp. Fyrir utan heitið eru eins og hér hefur komið fram í umræðunni tvö atriði frábrugðin og rétt er að þau atriði verði rædd sérstaklega í nefndinni, farið yfir þau, skoðað hvort þau eru þess eðlis að gera þurfi einhverjar breytingar. Jafnframt þarf þá að huga að fleiri þáttum sem komið hafa fram hér við þessa umræðu til að gera þetta frumvarp sem best úr garði. Hins vegar ítreka ég að málið er að meginstofni til þess eðlis að um það á ekki að þurfa að vera sérstakur ágreiningur, og þau atriði sem allsherjarnefnd þarf að fara yfir og ræða eru tiltölulega fá.

Ég legg áherslu á að þótt allir hafi skilning á því að málið þurfi hraða meðferð verði engu að síður lagst vel yfir þessi tiltölulega fáu álitamál, leitað álits sérfræðinga á þeim og vegið og metið hvort þessi tiltölulega fáu álitamál séu þess eðlis að gera beri breytingar á lögunum í þeim anda. Þetta held ég að sé kjarni málsins og þar sem ég ætla ekki að fara nánar út í söguskýringar vil ég lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að um þetta mál eigi að geta náðst góð samstaða í allsherjarnefnd og vænti þess af samstarfsmönnum mínum þar, þar á meðal hv. þm. Árna Páli Árnasyni, að við getum átt um þetta góða og vandaða samvinnu.

[15:48]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Til umræðu hafa verið þessi þrjú mál sem snúa öll að því úrræði sem nefnt hefur verið greiðsluaðlögun í tveimur þeirra og skuldaaðlögun í einu. Umræða um efnislega þætti málsins hefur verið mjög gagnleg. Þótt sátt virðist ríkja um marga þætti málsins eru aðrir þættir sem mér virðist ástæða til að allsherjarnefnd skoði nánar. Einkum tel ég brýnt að nefndin ræði áhrif ákvæðis til bráðabirgða um veðskuldir sem var skoðað í dómsmálaráðuneytinu og talið nauðsynlegt að setja í frumvarpið þannig að greiðsluaðlögun gæti tekið til veðskulda en ekki einungis samningskrafna. Það var ein af meginbreytingunum sem gerðar voru á frumvarpinu frá fyrri drögum.

Einnig tel ég að skoða þurfi vel þessa víkkun sem lögð er til á gildissviði úrræðis um greiðsluaðlögun. Sú víkkun á gildissviði sem lögð er til í frumvarpinu, að þetta eigi ekki einungis við um einstaklinga sem ekki hafa stundað atvinnurekstur, getur líka átt við í fleiri tilvikum. Mér sýnist að skoða þurfi tvo þætti í því sambandi. Er það óljóst orðað eða hefur það óljós áhrif? Ég hefði talið að svo væri ekki en eftir að hafa heyrt umræðurnar finnst mér til bóta að allsherjarnefnd skoði það sérstaklega. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni í ræðu og riti að fastanefndir þingsins hafi mikið vald og ég tel að þetta sé eitt af þessum atriðum sem þarf að skoða.

Þá finnst mér einnig að allsherjarnefnd þurfi sérstaklega,

ef henni sýnist svo, að taka á því atriði að ummæli séu felld út úr greinargerð í drögum að frumvarpi. Ég er ekki viss um hvaða þýðingu það hefur nákvæmlega við lagatúlkun en til að eyða öllum vafa yrði þá tekið á því í nefndaráliti, þ.e. ef nefndinni sýnist svo. Rætt hefur verið um hvort þetta eigi að vera sérstök lög eða hluti af gjaldþrotalögum. Ég sé augljósan kost við það að hafa þetta hluta af gjaldþrotalögum því að þarna er skýr tenging við nauðasamningsferlið og úrræðið sett fram sem hluti af því. Síðan á eftir að koma í ljós hversu mörgum hentar þetta úrræði og hversu oft það verður notað en það er alveg ljóst að þetta gagnast ekki einstaklingum nema þeir séu komnir í verulega greiðsluerfiðleika, séu ógreiðslufærir.

Ég læt þetta nægja í bili. Áðan var óskað eftir afstöðu minni til mála sem ekki heyra undir mitt málefnasvið og tel ég ekki tilhlýðilegt að gera grein fyrir því hér enda er málefnaábyrgð mín í ríkisstjórninni skýr: Ég ber ábyrgð á málefnasviði dóms- og kirkjumála.

Umræðu lokið.

Frumvörpin ganga til 2. umræðu og allshn.

[Fundarhlé. — 15:53]

Út af dagskrá voru tekin 5.–6. mál.

Fundi slitið kl. 16:00.

76. FUNDUR

föstudaginn 6. febrúar,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 280. mál, þskj. 506. — 1. umr.
3. Seðlabanki Íslands, frv., 103. mál, þskj. 110. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, 8. þm. Suðvest.

Störf þingsins.

Heilbrigðismál – stefna í virkjunarmálum.

[10:31]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Í dag eru þau tímamót að í kjölfar ákvörðunar yfirstjórnar sjúkrahússins fyrir áramót um að loka deildinni í sparnaðarskyni verður dagdeild geðdeildar sjúkrahússins á Akureyri sem starfað hefur þar um langa hríð með mjög góðum árangri endanlega lokað. Áformaður rekstur deildarinnar kostar um 27 millj. kr. á ári og þarna hafa verið um átta starfsmenn sem öllum var sagt upp eða störf þeirra lögð niður. Nokkrir þeirra eiga biðlaunarétt í allt að eitt ár þannig að fjárhagslegur ávinningur er mjög óviss fyrsta árið ef hann verður nokkur. Áformað er að spara um 17 millj. kr. með þessari aðgerð.

Á þessu ári var áformað að taka þarna inn 60 sjúklinga. Hver þeirra dvelur um fjóra mánuði í senn og hefur starfsemin eins og áður segir gefið mjög góða raun. Með þessari lokun gerist það að í fyrsta lagi mun innlögnum á bráðadeild fjórðungssjúkrahússins fjölga í staðinn þannig að kostnaður mun aukast þar. Hver dagur kostar um 100 þús. kr. svo það er fljótt að koma á móti þeim sparnaði sem hugsanlega kann að verða. Í öðru lagi mun álag aukast á Félagsþjónustu sveitarfélaga og kostnaður þeirra aukast og í þriðja lagi, og það sem alvarlegast er, er að þjónustan við geðfatlaða mun versna mjög mikið vegna þess að ekkert kemur í staðinn fyrir það sem lagt er niður.

Virðulegi forseti. Um 40% þeirra sem eru á örorkulífeyri eru það vegna geðsjúkdóma. Þessir sjúkdómar eru ákaflega algengir og alvarlegir og það (Forseti hringir.) er mjög alvarlegt mál, virðulegur forseti, að ráðist skuli hafa verið í þessar aðgerðir. (Forseti hringir.) Ég skora á virðulegan formann nefndarinnar að beita sér fyrir því að þessi ákvörðun verði tekin aftur.

[10:34]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir að minnast á þennan atburð sem nú á að eiga sér stað, þ.e. verið er að loka dagdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri þessa dagana. Hvort það er í dag eða í næstu viku skiptir ekki máli, þessi ákvörðun hefur verið tekin. Ég verð að segja að forstöðumönnum á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri er nokkur vorkunn eins og öðrum opinberum stofnunum sem er gert að spara, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 250–300 millj. kr., en ég tel að þarna sé farin mjög vanhugsuð leið. Það er ráðist á garðinn þar sem hann er hvað lægstur, þar sem sjúklingarnir eru hvað viðkvæmastir, þar sem farið er alveg þvert á það sem landlæknir hefur leiðbeint um, þ.e. að í þeim niðurskurði sem heilbrigðisstofnanir standa frammi fyrir eigi að verja þá í lengstu lög og standa vörð um geðheilbrigðisþjónustuna. Það verður mikið álag á þessa þjónustu á næstunni og við þurfum frekar að efla hana, bæði á þessu sviði og hvað varðar unglingana og forvarnir, og dagdeildin eins og hún hefur verið rekin norður á Akureyri hefur verið til fyrirmyndar. Það þarf að leita samstarfs við fleiri aðila, það þarf að leita samstarfs við Akureyrarbæ og það verður að halda þessari dagdeild opinni. Það er ekkert verklag að loka henni um stuttan tíma

og missa þar með hæft starfsfólk og þá þjálfun (Forseti hringir.) og færni sem hefur skapast á þessari deild. Það er enginn sparnaður.

[10:36]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að óska hv. þm. Þuríði Backman til hamingju með það að vera orðin formaður í heilbrigðisnefnd. Ég vil aðeins blanda mér í þessa umræðu vegna þess að hér erum við með dæmigert mál sem er erfitt að verja en getur engu að síður verið nauðsynlegt að grípa til.

Við erum að tala um gríðarlega erfiðleika í rekstri ríkissjóðs og krafan á heilbrigðiskerfið er um milljarða í sparnað. Sjúkrahúsinu á Akureyri er gert eins og hér hefur komið fram að spara 250–300 millj. og með þessari aðgerð sparast ekki nema lítill hluti af því. Það er talað um 17–18 millj. En við skulum hafa í huga að það er verið að gera skipulagsbreytingar með þessari aðgerð. Það er verið að loka starfsemi sem hefur farið fram í gömlu einbýlishúsi sem uppfyllir alls ekki þau skilyrði sem gerð eru til starfsemi sem þessarar. Það er verið að loka því og það á selja það hús sem er við Skólastíg. Í haust verður þessi starfsemi sem nú er verið að leggja niður starfrækt í betra húsnæði, á Seli sem kallað er. Vissulega er erfitt tímabil núna fram undan í þessa örfáu mánuði en við verðum að hafa í huga að í haust verður opnað í nýju húsnæði þar sem uppfyllt eru skilyrði til starfsemi sem þessarar. Að mínu mati er það ekki þannig að þessir sjúklingar fari allir inn á bráðadeild vegna þess að starfsemin skiptist í bráðadeild, göngudeild og dagdeild. Það er bara verið að loka dagdeild geðdeildar FSA. Vissulega er það nógu slæmt en það er þó a.m.k. göngudeild til staðar og það skiptir máli.

Þetta vildi ég að kæmi fram (Forseti hringir.) án þess að ég sé að taka á mig meiri ábyrgð en þessi orð gefa tilefni til.

[10:39]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég vil héðan úr ræðustól Alþingis óska nýkjörnum formanni heilbrigðisnefndar, Þuríði Backman, til hamingju með kjörið. Við eigum nú í miklum erfiðleikum eins og öllum er kunnugt og því ákveðnar sem tekið er á með sparnaði og hagræðingu í opinberri þjónustu því fyrr munum við ná okkur upp úr þessari kreppu sem við stöndum núna frammi fyrir. Það eru eindregin ráð sérfræðinga sem vilja ráða okkur heilt.

Fyrstu yfirlýsingar ráðherra Vinstri grænna í ríkisstjórn benda til þess að þeir séu við sama heygarðshornið og leggja til aukin útgjöld ríkisins í stað þess að fylgja ákvörðun fjárlaga um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þar nefni ég m.a. niðurfellingu innritunargjalda á sjúkrahús sem nema um 100 millj. kr. og vilja nýs menntamálaráðherra varðandi breytta útborgun námslána sem munu kosta ríkissjóð marga milljarða kr. svo ekki séu nefndir 13 milljarðar kr. til að ljúka byggingu tónlistarhússins eins og vilji hennar stendur til.

Ekki er á það bætandi að hæstv. sjávarútvegsráðherra er tilbúinn að slá hendinni á móti 5 milljarða tekjum og hátt í 300 störfum með því að fella úr gildi reglugerð um hvalveiðar. Heilbrigðisþjónustan stendur núna frammi fyrir því að draga saman í 7 milljarða kr. samkvæmt ákvörðun meiri hluta á Alþingi í fjárlögum.

Ég spyr því hv. þingmann, nýkjörinn formann heilbrigðisnefndar Alþingis: Munu þingmenn og mun VG í ríkisstjórn fylgja eftir fjárlögum 2009 eða munu þeir fylgja eftir tillögum sínum um stóraukin útgjöld eins og kom fram í breytingartillögum þeirra í umræðum um frumvarp til fjárlaga árið 2009? Mun hæstv. heilbrigðisráðherra styðja tillögur stjórnenda sjúkrahússins á Akureyri um 300 millj. kr. hagræðingu í rekstri sem þegar liggur á borðinu eða mun VG halda sig við tillögur sínar um stóraukin útgjöld til opinberrar þjónustu sem mun geta lengt þrengingar þjóðarinnar um mörg ár? Ætla þingmenn Vinstri grænna ekki að læra það að þeir eru ekki lengur í stjórnarandstöðu? (Forseti hringir.) Þeir eru komnir í stjórn.

[10:41]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil eins og fleiri óska nýkjörnum formanni heilbrigðisnefndar til hamingju með viðfangsefnið og óska henni allra heilla í störfum. Ég átti þess kost að sitja borgarafund á Akureyri ásamt hv. þm. Þuríði Backman fyrir rúmum 10 dögum þar sem umræðan laut að niðurskurði í heilbrigðismálum á Akureyri. Þetta var fjölmennur og góður fundur. Á þeim tíma var þessi nýja minnihlutaríkisstjórn í burðarliðnum og hv. þingmaður flutti þar hjartnæma ræðu um þær breytingar sem væru yfirvofandi á því sviði sem þar var um rætt. Miklar væntingar voru gefnar af hálfu þingmanns um að nú mundi allt horfa til betri vegar og þessar vanhugsuðu aðgerðir eins og hún kallaði yrðu efalaust dregnar til baka. Við þessi orð hv. þingmanns kviknaði gleðin í ásjónum margra fundarmanna og lifnaði mjög yfir.

Því er ekkert óeðlilegt að hér sé spurt og krafist svara um efndir á þeim væntingum sem gefnar hafa verið til bæði notenda þessarar þjónustu og þeirra sem þeim tengjast. Það er mjög mikilvægt að eyða þeirri óvissu sem þarna er uppi, ekki síst í ljósi þess um hvaða málaflokk er að ræða. Ég vil þó undirstrika hér að á Akureyri er þjónusta við geðfatlaða mjög til fyrirmyndar og í því efni eru sóttar fyrirmyndir þangað til annarra staða á landinu.

Ég vil ítreka að krafist er svara og aðgerða af hálfu heilbrigðisyfirvalda í þessu máli og því er mjög eindregin ósk um það að hv. formaður heilbrigðisnefndar gangi í ræðustólinn og gefi skýr svör í þessum efnum. (Forseti hringir.)

[10:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að óska nýkjörnum formanni heilbrigðisnefndar til hamingju með starfið. Þar fer mætur þingmaður og einstaklingur sem ég veit að mun vinna af samviskusemi og elju að þessu mikilvæga starfi.

Hér erum við að ræða ákveðna hluti, í grófum dráttum það að þeir sem stýra þessari stofnun eins og þeir aðilar sem stýra sambærilegum stofnunum eru í því erfiða hlutverki að reyna að finna leiðir til að fá eins mikla þjónustu og unnt er fyrir þá fjármuni sem þeir hafa úr að spila. Sá aðili sem á að fylgjast með að allt sé faglega gert er land-

læknir og mér vitanlega hefur hann farið norður til Akureyrar til að skoða þessi mál sérstaklega. Þetta er vegna þess að menn eru að fylgja eftir fjárlögum. Nú liggja hins vegar fyrir yfirlýsingar frá hæstv. heilbrigðisráðherra sem eru mjög afdráttarlausar. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur sagt skýrt að hann fari ekki í neinar sparnaðaraðgerðir sem eru umdeildar, engar, þannig að þessu er sjálfhætt eðli málsins samkvæmt. Hann hefur slegið út af borðinu allar þær hugmyndir sem eru sannarlega umdeildar um skipulagsbreytingar í heilbrigðisþjónustunni, þær eru upp á 1,3 milljarða kr. og miða að því að fækka opinberum stofnunum, fækka forstjórum og stjórnendum til að halda uppi þjónustustiginu og til að halda störfum heilbrigðisstarfsfólksins. Sömuleiðis hefur hann í því samhengi slegið vörð um þann sérstaka hátt sem er t.d. á St. Jósefsspítala þegar kemur að sérfræðingum og launakjörum þar.

Þetta er nokkuð sem liggur hreint og klárt fyrir. Hér kom formaður heilbrigðisnefndar og lýsti því yfir að þetta væri mjög vanhugsuð leið og enginn sparnaður. Pólitískur vilji liggur fyrir (Forseti hringir.) og þá hlýtur núverandi ríkisstjórn og hæstv. heilbrigðisráðherra (Forseti hringir.) að leiðbeina þessum stjórnendum um hvernig þeir nái þessu með öðrum hætti.

[10:46]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir umræðuna og undirtektir formanns heilbrigðisnefndar við óskum mínum um að beita sér fyrir því að ákvörðun um 17,5 millj. kr. sparnað, sem felst í því að loka dagdeild geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, verði afturkölluð.

Ég vil taka fram, vegna þess sem kom fram fyrr í umræðunni, að samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá forstöðumanni dagdeildarinnar er ekki rétt að síðar á árinu verði sambærileg þjónusta opnuð á öðrum stað. Allt starfsfólkið sem vann við þetta er hætt og farið. Kannski er stærsti hlutinn af meðferðinni fólginn í starfsmönnum sem vinna verkin og hafa þjálfað sig til þeirra. Með því að leysa upp starfsmannaliðið hefur þjónustunni verið spillt verulega og forstöðumaðurinn segir einfaldlega að með þessu sé verið að færa þjónustu við geðsjúka á fjórðungssjúkrahúsinu mörg ár aftur í tímann.

Ég vil því ítreka áskoranir mína til núverandi ríkisstjórnar um að beita sér fyrir því að afturkalla ákvörðunina sem mér finnst, eftir að hafa kynnt mér málið, vera ákaflega vanhugsuð.

Virðulegi forseti. Vegna þess sem hér hefur verið minnst á vil ég segja að þörf er á því að sýna aðhald í heilbrigðisútgjöldum eins og öðrum útgjöldum. Menn komast ekkert hjá því í því ástandi sem er og mun verða á næstu árum.

Ég hef ekki gagnrýnt tillögur fyrrverandi heilbrigðisráðherra til sparnaðar. Ég hef ekki lýst yfir stuðningi við þær allar en mér er ljóst að grípa verður til skipulagsbreytinga í heilbrigðiskerfinu, á stofnanavirkinu, til að ná niður kostnaði án þess að skerða þjónustuna. Aðalatriðið er, virðulegi forseti, að kerfið veiti þjónustu. Þess vegna er þessi (Forseti hringir.) aðgerð sem ég gagnrýni svo slæm, því að þjónustan er skert svo mikið.

[10:48]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Forstöðumönnum hverrar stofnunar er vandi á höndum að fara að fyrirmælum um niðurskurð. Ég tel að við verðum að líta heildstætt á niðurskurðinn sem á að fara í, þ.e. ef sparað er á einum stað að kostnaðurinn lendi ekki á öðrum.

Við skipulagsbreytinguna á geðheilbrigðisþjónustunni, heildarþjónustunni, á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri tel ég að sú ákvörðun að loka dagdeildinni hafi verið fljótræðisleg og gerð án samráðs við Akureyrarbæ sem mun þurfa að taka á sig aukna félagsþjónustu vegna þessa. Það liggur í augum uppi. Eins var það að segja upp fólki með þetta stuttum fyrirvara ekki sá sparnaður sem áætlaður var, því margir hafa allt að því árs uppsagnarfrest og þar af leiðandi laun. Þess vegna tapast mestu verðmætin, starfsfólkið sem vinnur á dagdeildinni. Ekki er hægt að loka deild og ætla svo bara að halda áfram.

Starfsemi dagdeildarinnar, hvernig svo sem henni verður fyrirkomið, er mikilvægur þáttur í því að halda fólki gangandi og styðja það í því að taka þátt í atvinnulífinu og ganga í skóla. Að fólk þurfi ekki að liggja á sjúkrahúsi eða sækja göngudeild.

Þess vegna tel ég að líka eigi að skoða hvort ekki sé hægt að fá annað einbýlishús eða hús úti í bæ ef þetta hús gagnast ekki. Að hugmyndin um að samreka dagdeild og göngudeild á sama stað verði endurskoðuð. Hægt er að hafa sömu stjórn, (Forseti hringir.) en eigum við ekki að færa geðheilbrigðisþjónustuna sem mest (Forseti hringir.) út í samfélagið, út í þjóðfélagið og reka hana þar?

[10:50]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Við erum nú á fyrstu dögum nýrrar ríkisstjórnar hér í landinu og maður reynir auðvitað að átta sig á því hver stefna þeirrar stjórnar er í einstökum málum.

Ég veitti því athygli að í fyrrakvöld var viðtal við hæstv. iðnaðarráðherra í fréttum Stöðvar 2 þar sem hann lýsti yfir áhuga sínum á því að selja virkjanir til erlendra aðila og innlendra. Það var einkum nefnt í sambandi við Búðarhálsvirkjun og eins í sambandi við framkvæmdir fyrir norðan á Bakka.

Í frétt Stöðvar 2 kom fram að iðnaðarráðherra hefði um nokkurt skeið freistað þess að höggva á hnút sem kominn er í fjármögnun þessara verkefna með viðræðum við erlenda aðila. Ráðherrann hefur vísað til nýlegra lagabreytinga sem opna á eignarhald útlendinga á virkjunum án þess þó að þeir geti átt orkulindirnar sjálfar. Í samtali við Stöð 2 kvaðst ráðherrann tilbúinn til að skoða alla hluti ef það mætti verða til þess að skapa atvinnu og tekjur.

Nú leikur mér nokkur forvitni á að vita hvort þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er sömu skoðunar og hæstv. iðnaðarráðherra í þessum efnum. Hvort þessar þreifingar eða aðgerðir hæstv. iðnaðarráðherra eru í samræmi við stefnuna sem ríkisstjórnin hefur markað. Ég tek fram að ég fagna yfirlýsingu hæstv. iðnaðarráðherra og er sammála honum um það að við núverandi aðstæður verðum við að leita allra leiða sem geta skapað atvinnu og tekjur. En mér leikur hugur á að vita hvort þingflokkur

Vinstri grænna og formaður hans hv. þingmaður Jón Bjarnason eru sömu skoðunar.

[10:53]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. (**Gripið fram í:** Nú kemur það.) Stefna Vinstri grænna er alveg skýr. (Gripið fram í.) Við erum þeirrar skoðunar að bæði orkuauðlindir og allar stærri virkjanir eigi að vera í samfélagseigu. Það er grundvallarhugsjón okkar. Þetta er hluti af þeim samfélagslega auði sem við eigum og nýtum saman til að efla atvinnulífið í landinu.

Mjög dapurlegt er að verða vitni að þeirri ógnarstöðu sem 18 ára ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins hefur sett okkur í. Þær miklu skuldir (Gripið fram í.) sem þjóðarbúið stendur frammi fyrir og Sjálfstæðisflokkurinn hefur með einkavæðingarstefnu sinni látið þjóðina rata í. Að einstaka mönnum skuli þá detta í hug að selja virkjanir til þess að koma upp í þann — (Gripið fram í.) ég minni á af því að hér er gripið fram í að yfirleitt hefur mikið áhugamál sjálfstæðismanna verið að einkavæða og selja. Bankarnir voru einkavæddir og seldir með þeim glæsilega árangri (Gripið fram í.) sem raun ber vitni. (**Gripið fram í:** Starfar iðnaðarráðherra ekki með forustu Vinstri grænna?) En hins vegar er ljóst að auðvitað ræður vilji Alþingis í þessum efnum.

Stefna Vinstri grænna er alveg skýr. Orkuauðlindir og stærri virkjanir eiga að vera í samfélagseigu. Ég veit ekki betur en að á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar sé einmitt að leggja fram tillögu og reyna að tryggja að í stjórnarskrá verði staðfest óumdeilanlega að auðlindir séu þjóðareign. (Gripið fram í.) En það hefur staðið í sjálfstæðismönnum undanfarin ár því þeir vilja jú (Gripið fram í.) einkavæða allt. Virkjanir og auðlindir þjóðarinnar skulu (Forseti hringir.) vera í þjóðareign.

[10:55]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég vil tjá mig um skoðanir okkar framsóknarmanna, sem er kannski óvænt. Landsvirkjun og dótturfyrirtæki hennar eiga samkvæmt skoðun okkar að vera áfram í eigu ríkisins. Það er á hreinu. Þetta byggist m.a. á því að við höfum skoðað rannsóknir sem hafa verið unnar í öðrum löndum af einkavæðingu orkugeirans. M.a. sýnir reynsla Svía að þegar orkufyrirtæki hafa verið einkavædd hefur það leitt til lakari þjónustu, hærra verðs og síðast en ekki síst minni arðsemi fyrir samfélagið. Við erum því algerlega á móti sölu virkjana. Það er ágætt að koma því á framfæri við hæstv. iðnaðarráðherra hér með.

Við erum hins vegar tilbúin að skoða það að leigja þær. En grunnforsendan fyrir því yrði að vera að stjórnarskrárbreyting yrði gerð þar sem kæmi skýrt fram að auðlindir Íslands utan eignarlanda eru sameign íslensku þjóðarinnar. Þetta er grunnforsenda fyrir því að rætt sé um hvort leigja eigi virkjanir og þá þurfum við líka að horfa til annarra auðlinda. Ef þessi stjórnarskrárbreyting yrði gerð þyrfti í framhaldinu að stofna auðlindasjóð sem margir flokkar hér á þingi hafa rætt um.

Ég held að ég geti tekið undir orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar um það að orð hv. þm. Birgis Ármannssonar sýna að sjálfstæðismenn hafa lært nákvæmlega ekki neitt af reynslu okkar af því að einkavæða fyrirtæki. (**Gripið fram í:** Iðnaðarráðherra.)

[10:57]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Það er tilefni hér af hálfu iðnaðarráðherra að gera nokkrar athugasemdir við málflutning manna. Ég ætla að byrja á því að gera athugasemdir við málflutning hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Hann sagði áðan að sjálfstæðismenn væru á móti því að auðlindir yrðu varðveittar í þjóðareigu. Það er ekki rétt. Það er alls ekki rétt. Hv. þm. Bjarni Benediktsson var formaður starfshóps stjórnarskrárnefndar sem komst að þeirri rökstuddu niðurstöðu að breyta ætti stjórnarskránni með þeim hætti að auðlindir yrðu í þjóðareign. Þannig að þótt starfandi leiðtogi Sjálfstæðisflokksins kunni að vera á annarri skoðun þá er keppinautur hennar um formennskuna í Sjálfstæðisflokknum á þveröfugri skoðun.

Sömuleiðis vil ég upplýsa að hv. þm. Jón Bjarnason hefur nákvæmlega sömu skoðun á þessu máli og fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra Guðlaugur Þór Þórðarson hafði þegar hann var borgarfulltrúi í Reykjavík. Bæði Vinstri hreyfingin – grænt framboð og núverandi meiri hluti sjálfstæðismanna í borgarstjórn og líka allir síðustu meiri hlutar sjálfstæðismanna í borgarstjórn hafa verið þeirrar skoðunar að virkjanirnar sjálfar eigi að vera í samfélagslegri eigu. Það er yfirlýst stefna Sjálfstæðisflokksins á þessu svæði að þann hátt eigi að hafa á sem hv. þm. Jón Bjarnason hefur lýst hér.

Hins vegar liggur ljóst fyrir að lög eru í landinu sem banna að selja virkjanir. En þau heimila hins vegar að leigja vatns- og orkuréttindi til ákveðins árafjölda. Það liggur ljóst fyrir. Ég og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfandi leiðtogi Sjálfstæðisflokksins, samþykktum það í ríkisstjórn og síðan var það samþykkt hér á Alþingi Íslendinga. (Forseti hringir.) Við förum að lögum. Hins vegar segi ég það sem iðnaðarráðherra (Forseti hringir.) að Íslendingar eru í klípu og ég lít á það sem hlutverk mitt að leita allra leiða (Forseti hringir.) til að reyna að (Forseti hringir.) koma þjóðinni út úr þeirri klípu. Þar (Forseti hringir.) á ég við hv. þm. Jón Bjarnason og líka hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur.

[10:59]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Það er mjög athyglisvert að hlusta á stjórnarliða og þá sem styðja stjórnina tala hér. Það eina sem þeir geta talað um er Sjálfstæðisflokkurinn. (Gripið fram í.) Hv. þm. Jón Bjarnason kallar fram í að við höfum verið við völd í 18 ár (**JBjarn:** Og sett landið á hausinn.) og það gerir að verkum að hann á mjög erfitt með að tala út frá því hvað þessi ríkisstjórn vill. (**JBjarn:** Sett landið á hausinn.) Mjög athyglisvert er að ríkisstjórnin er nokkurra daga gömul og það er mjög erfitt fyrir okkur að vera í stjórnarandstöðu vegna þess að hún er ósammála um svo mörg mál. Mjög gott væri ef við gætum takmarkað þetta yfir vikuna þannig að við gætum tekið svona eitt, tvö mál á viku.

Hins vegar liggur alveg hreint og klárt fyrir (Gripið

fram í.) að hér er enn einn — (Gripið fram í.) virðulegi forseti, þeir eiga einhverra hluta vegna erfitt með að leyfa mér að halda ræðuna. Hér tala menn út og suður í hverju einasta máli. Virðulegi forseti. Þeir byrjuðu á mánudaginn. (Gripið fram í.) Í dag er föstudagur. Það liggur fyrir að hér er ekki verið að ræða neinar tillögur, virðulegi forseti. Ég held að það þurfi að hafa stjórn á þessum hópi hérna.

En það liggur fyrir að ríkisstjórnin er klofin þegar kemur að þessu máli. Ástæðan fyrir því að hv. þm. Birgir Ármannsson kom hér upp er að hann vísaði til viðtals við hæstv. iðnaðarráðherra. Í kjölfarið kom hv. þm. Jón Bjarnason (Gripið fram í.) sem talar þvert gegn ráðherra í eigin ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Þannig er það bara. Hann talar þvert gegn ráðherra í eigin ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Ljóst er að hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson vill selja útlendingum virkjanir, eins og kom fram í fréttinni, og hér kom hv. þm. Jón Bjarnason og talaði þvert gegn því.

Ég hef ekki hugmynd um hvaða skoðun Framsóknarflokkurinn hefur á þessu máli eftir að hafa hlustað á hv. þm. Eygló Harðardóttur en það sem er algerlega (Forseti hringir.) ljóst, virðulegi forseti, er að hér tala menn út og suður (Forseti hringir.) í öllum málum í ríkisstjórninni og þetta er dagur fimm. (Forseti hringir.)

[11:02]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Það gladdi hjarta mitt mjög að heyra viðtalið við hæstv. iðnaðarráðherra þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni að menn ættu að leita allra leiða til að koma þjóðinni út úr þeim kröggum sem uppi eru og í því efni að halda sig ekki við einhverjar kreddur eins og þær að enginn geti rekið virkjanir nema Íslendingar. Í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar, sem er mjög umtöluð hér, og í valdatíð Sjálfstæðisflokksins var ýmsum lögum á auðlindasviði breytt á þann veg að hægt er núna að leigja virkjanir til 65 ára. Þetta kemur auðlindinni sjálfri ekkert við vegna þess að í þeim lögum er jafnframt gert ráð fyrir að auðlindin sé í ríkiseigu. (Gripið fram í.) Þetta var samþykkt af hálfu þáverandi ríkisstjórnarflokka.

Ég hlustaði með athygli á hv. þm. Framsóknarflokksins, Eygló Harðardóttur, og botnaði hvorki upp né niður í því hver stefna Framsóknarflokksins er í þessu máli en ég á von á að það skýrist kannski frekar í umræðunni. Ég býst við því að þetta sé eins og venjulega, þ.e. tvö skref til hægri og tvö skref til vinstri eftir því hvað málinu hentar. (Gripið fram í.) Ég trúi ekki öðru en að hv. þingmenn Framsóknarflokksins muni leita allra leiða t.d. til að greiða fyrir orkunýtingu á Norðurlandi. Í því efni eiga menn að horfa til þess hvort hægt sé að nýta virkjanirnar þannig að aðrir komi að rekstri þeirra en endilega ríkið. Þetta á líka við um virkjanir á Suðurlandi, Búðarhálsvirkjun og fleiri.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi verða menn að leita allra leiða til að efla þjóðfélagið og mér finnst mjög áhugavert ef vinstri grænir sem nú eru komnir í þessa merku minnihlutastjórn ætli að þvælast fyrir í því að nýta auðlindir þjóðarinnar með skynsamlegum hætti, þvælast fyrir. Ég trúi því hreinlega ekki að hv. þm. Jón Bjarnason, komandi úr kjördæmi þar sem þörfin er (**Gripið fram í:** Ég trúi því vel.) mikil ætli ekki að leggjast á árarnar með þeim sem vilja veg Íslands sem mestan.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Ný starfsáætlun þingsins.

[11:04]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Sjálfstæðisflokkurinn vill greiða fyrir störfum þingsins, m.a. að hægt sé að ræða frumvarpið um Seðlabanka Íslands í dag á degi sem ekki var á starfsáætlun þingsins. Hæstv. forseti tilkynnti í gær af forsetastóli að starfsáætlunin hefði verið felld úr gildi með ákvörðun forsætisnefndar. Ég geri í sjálfu sér ekki athugasemd við það en hins vegar væri afskaplega gott fyrir framhald starfa í þinginu að það kæmi einhver lína um það hver starfsáætlunin á að vera fram undan. Hver er stefna forseta t.d. varðandi þinglok? Hvernig er hægt að skipuleggja starfið til að við getum klárað sem flest mál fram að kosningum? Eins og hér kom fram er mjög skammur tími fram að kosningum, við erum hugsanlega að tala um þinglok í lok febrúar. Það væri afskaplega gott fyrir störf okkar að við fengjum einhver svör frá forseta um þetta.

[11:05]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti mun taka þessa ósk til skoðunar og fjalla um það í forsætisnefnd.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 280. mál (skipulag yfirstjórnar og peningastefnunefnd). — Þskj. 506.

[11:06]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands. Breytingarnar hafa það að markmiði að tryggja að í bankanum sé starfandi fagleg yfirstjórn og þar með ávallt tryggt að faglega sé staðið að ákvarðanatöku við beitingu stjórntækja bankans í peningamálum.

Breytingar samkvæmt frumvarpinu eru í meginatriðum tvær. Annars vegar er lagt til að bankastjórn Seðlabanka Íslands verði aflögð og þar með embætti þeirra þriggja bankastjóra sem sæti eiga í stjórninni. Í stað bankastjórnar verði skipaður einn faglegur seðlabankastjóri sem stýri bankanum. Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að sett verði á fót innan bankans sérstök peningastefnunefnd sem hafi það hlutverk að taka ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum.

Ljóst er að traust manna á fjármálakerfi Íslendinga hefur beðið hnekki. Á það jafnt við um fjármálafyrirtækin sem starfað hafa á markaðnum og opinbera aðila sem hlutverk hafa haft við stjórnun og eftirlit með fjármálakerfinu og er Seðlabanki Íslands þar ekki undan skilinn. Gífurlega þjóðhagslegir hagsmunir eru fólgnir í því að það takist að end-

urvekja traust á fjármálakerfinu og ber Alþingi og ríkisstjórninni skylda til að gera það sem í hennar valdi stendur til að endurreisa traust og trúverðugleika kerfisins. Þau sjónarmið og sá háttur sem viðhöfð hafa verið við skipan í stöðu bankastjóra Seðlabanka Íslands hafa í gegnum tíðina oft valdið deilum í íslensku samfélagi og verið gagnrýnd harðlega. Hafa ýmsir kvatt sér hljóðs í þeirri umræðu. Hefur gagnrýnin fyrst og fremst beinst að vægi pólitískra sjónarmiða við skipan í embættin en svo virðist sem þau hafi oft og tíðum verið ráðandi með þeim afleiðingum að málefnaleg sjónarmið, svo sem um menntun og hæfni á því sviði sem Seðlabankinn starfar, hafa fengið að víkja.

Þá hefur sú staðreynd að ekki er skylt að auglýsa stöðu seðlabankastjóra oft verið gagnrýnd en sú regla hefur í raun gert mönnum kleift að víkja til hliðar þeim reglum og aðferðafræði sem almennt gilda um skipan embætta á vegum ríkisins.

Ákvarðanir í peningamálum eru fyrst og fremst fagleg viðfangsefni sem krefjast sérfræðiþekkingar í þjóðhags- og peningahagfræði. Um það ætti ekki að þurfa að deila enda er þetta sjónarmið viðurkennt í seðlabönkum um allan heim og kemur gleggst fram í því að í flestum löndum eru menntaðir hagfræðingar í embættum seðlabankastjóra.

Virðulegi forseti. Ég tel ljóst að þörf er á verulegri uppstokkun og endurnýjun í yfirstjórn Seðlabanka Íslands eftir þau áföll sem þjóðarbúið og um leið bankinn hefur orðið fyrir á undanförnum mánuðum. Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi eru að mati ríkisstjórnarinnar frumforsenda þess að Seðlabanki Íslands geti að nýju áunnið sér það traust sem nauðsynlegt er í því sambandi.

Í frumvarpinu er lagt til að forsætisráðherra skipi seðlabankastjóra til sjö ára í senn að undangenginni auglýsingu. Við skipan í starfið gilda almennar reglur um skipun í embætti hjá hinu opinbera. Þannig ber að skipa þann umsækjanda sem telst hæfastur til að gegna starfinu á grundvelli þeirra málefnalegu sjónarmiða sem lögð eru til grundvallar en auk þess er gerð krafa um að umsækjendur hafi lokið meistaraprófi í hagfræði og búi yfir víðtækri reynslu og þekkingu í peningamálum. Ber seðlabankastjóri ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Í frumvarpinu er það nýmæli að kveðið er á um að innan Seðlabanka Íslands skuli vera starfrækt sérstök peningastefnunefnd sem fari með ákvörðunarvald um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum en stjórntæki bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvarðanir hans, viðskipti við lánastofnanir, ákvarðanir um bindiskyldu og viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Er mælt fyrir um að þessar ákvarðanir peningastefnunefndar skuli grundvallast á markmiðum bankans og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum á hverjum tíma.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að í peningastefnunefnd sitji seðlabankastjóri sem jafnframt er formaður, tveir af yfirmönnum bankans á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu í peningamálum og tveir sérfræðingar á sviði peningamála sem seðlabankastjóri skipar til þriggja ára í senn að fenginni staðfestingu forsætisráðherra. Þýðingarmikið er talið að fleiri en einn komi að þeim ákvörðunum sem peningastefnunefnd er ætlað að taka, enda fela ákvarðanir í peningamálum oftast í sér ólík sjónarmið um stöðu og þróun mála í hagkerfinu. Eru peningastefnunefndir af þessu tagi því algengar í seðlabönkum annarra landa og hafa það að markmiði að auka gæði ákvarðanatöku við beitingu stjórntækja bankanna í peningamálum. Gert er ráð fyrir að seðlabankastjóri geti skipað sérfræðinga utan bankans, innlenda sem erlenda, til starfa í peningastefnunefnd en slíkt getur verið til þess fallið að auka á trúverðugleika þeirrar peningamálastefnu sem rekin er.

Með lögfestingu frumvarpsins er bankastjórn Seðlabanka Íslands lögð niður og þar með embætti þriggja bankastjóra sem sæti eiga í stjórninni og fer um starfslok þeirra sem nú gegna embætti samkvæmt 34. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Er í frumvarpinu þá mælt fyrir um að forsætisráðherra skuli í kjölfar gildistöku laganna svo fljótt sem við verður komið auglýsa nýtt embætti seðlabankastjóra laust til umsóknar samkvæmt ákvæðum laganna. Þar til skipað hefur verið í embætti seðlabankastjóra á grundvelli auglýsingar er jafnframt mælt fyrir um að forsætisráðherra skuli setja mann sem uppfylli skilyrði laganna til að gegna embætti seðlabankastjóra.

Loks er í frumvarpinu mælt fyrir um að Alþingi skuli eins fljótt og unnt er eftir gildistöku laganna kjósa nýtt bankaráð Seðlabanka Íslands og jafnframt til vara. Fellur þá niður frá sama tíma umboð þeirra sem þá sitja í bankaráðinu. Kosning bankaráðs að nýju er þáttur í þeirri viðleitni að endurreisa traust á Seðlabanka Íslands innan lands sem og erlendis.

Virðulegi forseti. Það er von mín að frumvarp þetta fái málefnalega en þó hraða umfjöllun og afgreiðslu í þinginu. Hver dagur er dýrmætur nú þegar svo mikið veltur á að okkur takist að endurreisa trúverðugleika og traust þeirrar mikilvægu stofnunar sem Seðlabanki Íslands er gagnvart alþjóðasamfélaginu sem og íslensku samfélagi öllu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til efnahags- og skattanefndar.

[11:13]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þegar maður lítur yfir ríkisstjórnina og reynslu hennar í þinginu sé ég að ég er rétt að byrja hér og er vart búin að slíta barnsskónum. Ég man þá tíð fyrir tæpum tíu árum er ég kom í þingið nýkomin úr fæðingarorlofi og hlustaði einmitt á rökræður hæstv. forsætisráðherra, þáverandi hv. þingmanns, við þáverandi hæstv. forsætisráðherra Davíð Oddsson, og það var greinilegt að þar var um nokkuð mikið vinarþel að ræða. Þau rökræddu eitt og annað en síðan fór maður niður í gömlu og góðu kaffistofuna í þinginu og sá að það var greinilega hlýr strengur á milli þeirra tveggja þó að hlýjan sé greinilega horfin og strengurinn eitthvað trosnaður.

Af hverju er ég að rifja þetta upp? Ég geri það vegna þess að ég fór yfir m.a. ræðu þáverandi hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um sjálfstæði Seðlabankans. Það kom margt merkilegt fram í þeirri ræðu, margt sem hægt er að taka undir en þó eitt og annað sem maður hnýtur um í dag og veltir fyrir sér hvort skoðanir hæstv. forsætisráðherra séu breyttar. Með leyfi forseta, segir Jóhanna Sigurðardóttir,

þáverandi hv. þingmaður, 2. desember 1999:

„Síðan ætti sjálfstæði Seðlabankans að vera með þeim hætti að það ætti ekki að vera ráðherra sem skipar bankastjóra. Ég held að það séu líka úreltir stjórnunarhættir að ráðherra geri það. Ég tel að það ætti að vera bankaráðið sem skipi bankastjóra og væri fróðlegt að fá álit hæstv. forsætisráðherra á því.“

Þetta sagði hæstv. forsætisráðherra fyrir tæpum tíu árum. Þá sagði hæstv. forsætisráðherra að það væru úreltir stjórnunarhættir að forsætisráðherra skipaði seðlabankastjóra, vildi að bankaráðið gerði það. Hvað hefur breyst tæpum tíu árum síðar? Nú er þetta frumvarp hæstv. forsætisráðherra. Hvaða álit hefur hæstv. forsætisráðherra á því? Telur forsætisráðherra það enn vera þannig að bankaráðið eigi að skipa seðlabankastjóra eða eru einhver önnur sjónarmið uppi hvað þetta varðar?

[11:15]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður hafi farið í gegnum það frumvarp sem hér hefur verið lagt fram, um breytingu á endurskipulagningu á Seðlabanka Íslands. Grundvallaratriði varðandi skipunina er — sem ekki hefur verið áður — að seðlabankastjóri er ráðinn að undangenginni auglýsingu. Það er grundvallaratriðið í þessu. Það er því forsætisráðherra sem velur á grundvelli auglýsinga í þetta starf sem er afar mikilvægt og er nýtt að sá háttur skuli vera hafður á.

Síðan er nákvæmlega tekið á því í frumvarpinu að sá sem er ráðinn skuli búa yfir ákveðnum hæfisskilyrðum sem eru talin upp í 3. gr. frumvarpsins og þar kemur fram að hann skuli hafa lokið meistaraprófi í hagfræði og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu í peningamálum. Og aðeins er heimilt að skipa sama mann seðlabankastjóra tvisvar sinnum. Seðlabankastjóri ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans, sem hér eru ekki falin öðrum með lögum þessum.

Þetta er auðvitað mikil breyting frá því sem verið hefur. Þarna er verið að innleiða nýjar aðferðir að því er varðar skipan seðlabankastjóra. Það sem ekki er síst mikilvægt er að hér er innleidd stefna í þeim málum sem er viðtekin í öðrum löndum, þ.e. að koma á peningastefnunefnd en í 4. gr. frumvarpsins kemur fram með hvaða hætti hún skuli skipuð. Í frumvarpinu er því allt gert til þess að skipanir séu faglega og að faglegir aðilar ráði í Seðlabankanum.

[11:17]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að upplýsa að fyrir árið 2001 var auglýst eftir stöðu í embætti seðlabankastjóra og það var þverpólitísk sátt um að afnema það á sínum tíma. Það voru því allir flokkar hér á þingi sammála þeirri breytingu á sínum tíma og skoðun hæstv. forsætisráðherra var sú að bankaráðið ætti eftir sem áður að skipa bankastjóra. Þetta er breytt og að mörgu leyti skil ég það því ég tel að forsætisráðherra eigi að skipa seðlabankastjóra.

Varðandi faglega atriðið, en það kom a.m.k. kosti sex eða sjö sinnum fram í ræðu hæstv. forsætisráðherra, þ.e. faglegt mat, þá get ég tek undir að við þurfum að fara mjög vel yfir það hvernig á að skipa seðlabankastjóra. Vegna þess að mjög mikið hefur verið kallað eftir áliti erlendra sérfræðinga þá vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort ekki sé rétt að við leitum eftir áliti erlendra sérfræðinga á þessu máli, til þess að skapa traust og til að fyrirbyggja alla tortryggni og til þess að fara vel yfir þetta mál.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra: Er ekki eðlilegt að erlendir sérfræðingar (Forseti hringir.) meti hvort þetta sé rétta leiðin?

[11:19]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég skil hv. þingmann rétt þá er hv. þingmaður að spyrja hvort leita eigi til erlendra sérfræðinga um umsögn um þetta frumvarp. Ég tel alls óþarft að gera það vegna þess að hér er raunverulega farið í málin með sama hætti og hefur viðgengist í öðrum löndum. Ég tel því að það sé óþarfi að leita út fyrir landsteinana um umsögn um þetta frumvarp.

Ég bið hv. þingmann að skoða hvernig skipan þessara mála er í öðrum löndum og ég hygg að hv. þingmaður komist þá að því að það er með svipuðum hætti og við leggjum þetta mál upp hér í dag, með því að endurskipuleggja Seðlabanka Íslands.

Að líta til fortíðarinnar í þessu máli er auðvitað gagnlegt en við eigum að líta fram á veginn. Það eru breyttir tímar í íslensku samfélagi sem kalla á gjörbreytta skipun þessara mála sem og ýmissa annarra í (Forseti hringir.) samfélaginu.

[11:20]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ræða hæstv. forsætisráðherra og greinargerð með frumvarpinu sem hér liggur fyrir vekur í mínum huga fleiri spurningar en hún svarar. Eitt atriði, sem má kannski segja að sé í framhaldi af þeirri umræðu sem hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir átti við hæstv. forsætisráðherra, fjallar um undirbúning málsins. Hvorki í frumvarpinu sjálfu né í ræðu hæstv. forsætisráðherra kom neitt fram um undirbúning málsins og því leikur mér veruleg forvitni á að vita hvernig faglegum undirbúningi að samningu frumvarpsins var háttað. Til hvaða sérfræðinga var leitað? Var um að ræða niðurstöður einhverrar faglegrar greiningar? Fór fram samanburður á löggjöf hér á landi og í nágrannalöndunum? Var leitað fyrirmynda í nágrannalöndunum með einhverjum skýrum og skilgreindum hætti? Og ef svo var hvers vegna er ekki getið um það í greinargerð með frumvarpinu og hvers vegna var ekki getið um það í ræðu hæstv. forsætisráðherra?

Ég verð að minna á að þegar við höfum verið að fjalla um löggjöf um Seðlabanka Íslands hér í þinginu á undanförnum árum þá hafa frumvörp jafnan byggst á faglegu mati og jafnan byggst á pólitískri samstöðu. En svo virðist ekki vera í þessu tilviki. Það væri því mikill ávinningur ef forsætisráðherra gæti upplýst okkur um það til hvaða fyrirmynda var litið þegar frumvarp þetta var samið og hvort fram fór samanburður á mismunandi leiðum sem eru farnar

í sambandi við stjórnsýslu seðlabanka í mismunandi löndum. Því að við vitum að þótt peningastefnunefndir séu víða eru þær útfærðar með mjög mismunandi hætti í mismunandi löndum. Sums staðar er seðlabankastjóri einn (Forseti hringir.) sums staðar eru þeir margir. Hvaða mat réð því að þessi leið var valin?

[11:22]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr hvort fram hafi farið fagleg greining sem undanfari þessa frumvarps sem hér liggur fyrir og svarið við því er já. Hv. þingmaður spyr hvort leitað hafi verið fyrirmynda erlendis og svarið við því er einnig já. Hv. þingmaður kallar eftir því hvaða lögfræðingar hafi komið að því máli. Ég ætla ekki að greina frá því hér en ég get fullvissað hv. þingmann um það og það er hægt að fara nánar yfir það í þeirri nefnd sem mun fjalla um málið að færustu lögfræðingar voru fengnir til þess að fara yfir þetta mál og leitað var til færustu lögfræðinga á þessu sviði. (Gripið fram í.) Enda held ég að þegar menn fara yfir þetta frumvarp og leita umsagna um það þá muni það verða staðfest að faglega var staðið að þessu máli og að því komu faglegir aðilar. (Gripið fram í.)

Auðvitað er það svo eins og hv. þingmaður nefnir að það er misjafnt hvernig peningastefnunefndir virka í seðlabanka sem þær nota, það er alveg rétt. En þetta er sú leið sem við töldum skynsamlegasta og undirbúningurinn að þessu máli var faglegur í alla staði.

[11:24]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hæstv. forsætisráðherra svaraði ekki miklu efnislega í því sem ég spurði um í fyrra andsvari mínu. Það kom ekkert fram um það hvaða faglegi undirbúningur hefði átt sér stað. Það var bara fullyrt að faglegur undirbúningur hefði átt sér stað.

Hvorki í greinargerðinni né í ræðu hæstv. forsætisráðherra bar neitt á því að greint væri frá því hvernig sá faglegi undirbúningur var eða hvernig honum var háttað. Við vitum að þegar stjórnarfrumvörp eru lögð fram þá er yfirleitt sá háttur hafður á að leitað er til einhverra sérfræðinga. Það er afar sjaldgæft í sambandi við stjórnarfrumvörp af þessu tagi að því sé haldið leyndu hverjir það eru, sérstaklega þegar um er að ræða jafnmikilvæga stofnun og Seðlabanka Íslands.

Staðreyndin er sú, og hæstv. forsætisráðherra getur auðvitað svarað því þegar hún kemur upp í öðru andsvari, að þetta frumvarp er ekki faglega unnið. Hér er eingöngu um að ræða lítið breytta breytingartillögu sem flutt var við meðferð málsins (Forseti hringir.) árið 2001. Hún er tekin næstum óbreytt (Forseti hringir.) upp, skellt hér inn í frumvarpsformi án þess að nokkur fagleg athugun hafi átt sér stað.

[11:25]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að andmæla því sem hv. þingmaður heldur fram. Það er náttúrlega ljóst að aðstæður í þjóðfélaginu eru mjög sérstakar. Hér þarf að vinna hratt og vel og skipulega. Við höfðum ekki langan tíma til þess að vinna þetta mál. En ég tel að undirbúningurinn að því, miðað við þann tíma sem við höfðum, hafi verið góður og það sé ekkert við hann að athuga. (**BÁ:** Copy/paste frá 2001.)

Eins og ég sagði áðan þá var skoðað og borið saman hvernig farið er með sambærileg mál í öðrum löndum og sú leið var auðvitað valin sem best þótti til þess fallin að hægt væri að fara fljótt og greiðlega í þetta mál. Eins og hv. þingmenn vita þá hefur líka verið uppi umræða um hvort skoða ætti Fjármálaeftirlitið í leiðinni og fella saman verkefni þess og Seðlabankans. Til þess gafst ekki tími. Það getur vel verið að (Forseti hringir.) síðar meir munum við skoða það (Forseti hringir.) en þetta er sú leið sem ég tel að sé best til þess fallin að fara fljótt og (Forseti hringir.) vel í þessa endurskipulagningu á Seðlabankanum.

[11:26]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. forsætisráðherra til hamingju með nýtt starf og vona að hún beiti kröftum sínum og afli í að bæta hag þjóðarinnar og treysti ekki eingöngu á heppni eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði í umræðu um stefnuræðuna. En mig langar til að spyrja hæstv. forsætisráðherra að einu. Hún sagði í ræðu 16. maí 2001, með leyfi herra forseta:

„Eins og hér hefur komið fram við þessa umræðu og 1. umr. málsins“ — þ.e. um Seðlabankann — „þá er vissulega verið að stíga veigamikið jákvætt skref í átt til sjálfstæðis Seðlabankans þó að okkar mati sé hvergi nægjanlega langt gengið í því efni.“

Ber það vott um sjálfstæði Seðlabankans að hæstv. forsætisráðherra skrifar bankastjórn bréf og biður þá að segja af sér? Er það sjálfstæði Seðlabankans? Því miður er hæstv. heilbrigðisráðherra, sem nú hefur tekið sér hvíld frá valdastóli sínum í BSRB, ekki viðstaddur umræðuna, en hvað segir hann um umræðuna um bréf hæstv. forsætisráðherra til bankastjóra Seðlabankans þar sem án þess að gefa upp nokkra ástæðu og engar ávirðingar eru nefndar heldur er þeim hótað með lagasetningu — að þeir skuli segja af sér ella verði sett lög?

Hvað segja menn um þetta? Getur einhver ráðherra sent einhverjum opinberum starfsmanni bréf og hótað honum með lögum? Ef þú segir ekki af þér vinurinn, skaltu fara af því mér líkar illa við þig. (**MÁ:** Illa farið með opinbera starfsmenn.) Geta menn vænst þess, t.d. forstöðumaður heilbrigðisstofnunar, að heilbrigðisráðherra sendi svona bréf viðstöðulaust sem formaður BSRB og segi: Segðu af þér eins og skot ella set ég á þig lög? (Gripið fram í.)

[11:28]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er mjög ánægð með að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins skuli eyða dýrmætum tíma við þær erfiðu aðstæður sem nú eru til að lesa yfir gamlar ræður mínar. Ég er mjög ánægð með það. En ég held að þetta

sé misskilningur hjá hv. þingmanni að það hafi bara verið hótanir í því bréfi sem ég sendi seðlabankastjórunum. Það liggur fyrir og var raunar eitt af meginatriðum sem ríkisstjórnin lagði áherslu á, það var að koma á endurskipulagningu á Seðlabankanum.

Þegar ég sendi þetta bréf var ég fyrst og fremst að kynna seðlabankastjórunum að ég óskaði eftir því að þeir mundu aðstoða okkur í því mikla verkefni sem fram undan er við að endurskipuleggja Seðlabankann. Þeim var boðið á fund með mér til þess að ég mundi heyra hvað þeir vildu í því sambandi að því er varðar starfslok þeirra. Vegna þess að ef þetta frumvarp verður að lögum, sem ég efast ekki um og tel að meiri hluti sé fyrir, (Gripið fram í.) þá verður skipt um seðlabankastjórn og þá kemur einn nýr seðlabankastjóri til starfa, eftir auglýsingu.

Það var því fyrst og fremst verið að gefa bankastjórunum tækifæri til þess að semja um starfslok sín sem geta verið önnur nú áður en þessi lög eru samþykkt en eftir á. Ég tel því að faglega hafi verið að þessu staðið, á allan hátt sem hægt var og því vísa ég á bug að ég hafi verið með einhverjar hótanir að því varðar það bréf sem ég sendi seðlabankastjórunum.

[11:30]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil byrja á að óska eftir því að hæstv. heilbrigðisráðherra verði viðstaddur umræðuna hér á eftir af því að hann er í hvíld frá störfum sínum sem formaður BSRB.

Ég vil lesa, með leyfi herra forseti, úr þessu makalausa bréfi sem mun fara inn í söguna:

„Verði framangreint frumvarp ríkisstjórnarinnar að lögum mun embætti sem þér gegnið verða lagt niður. Fer þá um starfslok yðar hjá Seðlabankanum í samræmi við 34. gr. ...“

Því er sem sagt lýst yfir að það eigi að kanna hvort ekki sé vilji til að biðjast lausnar. Þetta er hótun, herra forseti, ekkert annað en hótun. Svo er talað um faglega seðlabankastjóra. Það vill svo til að einn af þeim seðlabankastjórum sem verið er að hóta með þessu uppfyllsir þau skilyrði. Hann er með meistaragráðu í hagfræði (Gripið fram í.) og annar er líka hagfræðingur. Sá þriðji er lögfræðingur þannig að það eru (Gripið fram í.) allir með háskólagráðu.

[11:32]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég velti fyrir mér miðað við þá umræðu sem hér hefur farið fram af hálfu hv. sjálfstæðismanna hvort þeir séu á móti því að ráðist verði í endurskipulagningu á Seðlabankanum með þeim hætti sem hér er lagt til. (Gripið fram í.) Það hefur verið kallað eftir því, ef hv. þingmaður hefur fylgst með, hjá þjóðinni að þessi endurskipulagning fari fram og hv. þingmaður hefur líka væntanlega fylgst með því á alþjóðavettvangi hvernig eftir því er kallað að það verði á þessu breytingar. Þetta er að mínu mati grundvallarforsenda fyrir því að við getum farið í þá endurreisn sem við (Gripið fram í.) þurfum á íslensku samfélagi og íslensku efnahagslífi, grundvallarforsendan, og ég vona, þegar hv. þingmaður skoðar betur hug sinn, að hann sé sammála því.

[11:33]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Það frumvarp sem við höfum fyrir framan okkur ber með sér að það er fremur flaustурslega unnið. Eins og ég nefndi áðan í andsvari mínu er greinargerðin rýr í roðinu og það kemur ekkert fram um það hvers vegna þær breytingar eru lagðar til sem þar er að finna. Það er talað um þörf á breytingum. En það er enginn sérstakur rökstuðningur þar fyrir þeim tilteknu breytingum sem frumvarpið felur í sér. Þetta er auðvitað galli því að með þessu er allsendis óljóst hvort frumvarpið er yfir höfuð til þess fallið að ná markmiðum sínum auk þess sem það kemur ekkert fram um það hvort aðrar leiðir hafi verið skoðaðar, aðrir valkostir. Það kemur ekkert fram um það hvort leitað hafi verið til annarra landa um fyrirmyndir — og ummæli hæstv. forsætisráðherra áðan skýra það ekki — eða að það hafi yfir höfuð farið fram nokkur fagleg úttekt eða greining á því hvers konar breytingar yrðu gerðar til að efla og styrkja Seðlabankann, en ég held að það hljóti að vera markmið okkar allra.

Ég tel með öðrum orðum að hér sé um handarbakavinnubrögð að ræða af hálfu hæstv. forsætisráðherra og hæstv. ríkisstjórnar. Ég minni á að við erum hér að fjalla um Seðlabanka Íslands, stofnun sem gegnir lykilhlutverki í efnahags- og fjármálalífi þjóðarinnar. Þegar farið hefur verið út í breytingar á lögum um Seðlabankann á undanförnum árum og áratugum hefur jafnan verið vandað til verka. Það er alveg sama hvaða ríkisstjórn hefur verið við völd, tvennt einkennir undirbúning frumvarpa sem hafa orðið að lögum um Seðlabankann, annars vegar faglegur undirbúningur og hins vegar víðtækt pólitískt samráð. Þetta ætti til dæmis hæstv. fjármálaráðherra sem hér var staddur áðan að kannast við enda var hann fulltrúi stjórnarandstöðuflokksins Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í því nefndarstarfi sem skilaði seðlabankalögunum 2001. Þar voru stjórnmálamenn eða fulltrúar flokkanna skipaðir í nefnd sem vann mánuðum saman að því að undirbúa breytingar á lögum um Seðlabankann og naut faglegrar aðstoðar sem ekki þótti nein ástæða til að halda leyndri þegar það frumvarp var lagt fram. Sami háttur var hafður á þegar frumvarp var lagt fram um breytingar á lögum um Seðlabankann snemma á tíunda áratugnum sem reyndar varð ekki að lögum og raunar var sami háttur líka hafður á 1986 þegar veigamiklar breytingar voru gerðar á seðlabankalögunum. En engu slíku er fyrir að fara nú. Það er enginn faglegur undirbúningur og það er ekkert pólitískt samráð.

Það er enginn tilviljun að svona hefur verið vandað til verka við undirbúning frumvarpa um Seðlabankann á liðnum árum. Annars vegar er um að ræða mikilvægi Seðlabankans sem stofnunar í samfélaginu. Það hefur verið talið mikilvægt að starf hans og löggjöf um hann byggðist á stöðugleika, að það væri ekki undir því komið hvernig stjórnarskipti verða í landinu hvernig fyrirkomulagi Seðlabankans er háttað. En nú eru greinilega breyttir tímar.

Það hefur líka verið lögð á það mikil áhersla í allri umræðu um seðlabanka á liðnum árum að seðlabankar væru

sjálfstæðir. Það er viðtekin skoðun um allan hinn vestræna heim. Um það var enginn sérstakur ágreiningur þegar seðlabankalögin voru sett 2001. Bæði stjórnmálamenn, hagsmunaaðilar og faglegir ráðgjafar voru sammála um að efla sjálfstæði Seðlabankans, setja honum skýr markmið að lögum en láta honum eftir sjálfstæði til að ná þessum markmiðum. En aðdragandi þessa frumvarps sem hér liggur fyrir og raunar dæmalaus og óvönduð stjórnsýsla hæstv. forsætisráðherra í sambandi við málefni bankans að undanförnu ber ekki vott um að á þeim bæ sé mikið hugsað um sjálfstæði Seðlabankans. Í frumvarpinu er ekkert fjallað um þann þátt, engar vangaveltur eru um það hvernig breytingar sem boðaðar eru hafi áhrif á sjálfstæði bankans.

Ég vil taka það skýrt fram, sérstaklega vegna orða hæstv. forsætisráðherra hér áðan, að við sjálfstæðismenn höfum í kjölfar bankahrunsins í haust talið að rík ástæða væri til að endurskoða löggjöf um Seðlabanka og aðrar stofnanir sem hafa lykilhlutverki að gegna í eftirliti með fjármálakerfinu. Í nóvembermánuði lagði Geir H. Haarde fram tillögur sem fólust í því að skoða þá breytingu að sameina Seðlabanka og Fjármálaeftirlit í tengslum við slíka endurskoðun. Það var meðal annars byggt á ábendingum sem fram höfðu komið af hálfu sérfræðinga. Þessu var ekki illa tekið af hálfu samstarfsflokks okkar sjálfstæðismanna miðað við það sem fram hefur komið í fjölmiðlum. Hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra Björgvin G. Sigurðsson sagði reyndar opinberlega að á þessari leið væru bæði kostir og gallar. En hugmyndinni var alls ekki hafnað.

Í framhaldinu ræddi hæstv. þáverandi forsætisráðherra við sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að þeir færu yfir þessi mál og létu í ljósi álit sitt á þessu viðfangsefni. Það liggur líka fyrir að fenginn var til landsins finnskur sérfræðingur á sviði fjármálaeftirlits til að fara yfir þessi mál með tilliti til skipulagsbreytinga. Starfi hans er ekki lokið og álit sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins liggur ekki fyrir. Þessu frumvarpi er fleygt fram án þess að beðið sé eftir þessum niðurstöðum. Það er nefnilega eins og ég sagði áðan að við sjálfstæðismenn höfum verið reiðubúnir til að fara yfir þessa löggjöf með málefnalegum hætti, skoða stöðu eftirlitsstofnana, skoða hvernig eftirliti með fjármálamarkaðnum verði best fyrir komið. En við krefjumst þess að það sé gert með málefnalegum hætti, það verði gert faglega en ekki í neinu óðagoti.

Ég held að það sé nauðsynlegt að yfir alla þessa þætti verði farið í umfjöllun málsins í þinginu, bæði í umræðum og í störfum þingnefnda. Flaustursleg vinnubrögð sem þetta frumvarp ber með sér kalla auðvitað á að miklu meiri grunnvinnu þarf að vinna í þinginu, miklu meiri grunnvinnu en ef vandað hefði verið til verka þegar frumvarpið var lagt fram. Raunar er það svo að þetta frumvarp og allur aðdragandi þess kalla á miklu fleiri spurningar en það svarar. Þessar spurningar lúta að bæði að þeim þáttum sem fjallað er um í frumvarpinu sjálfu og þeim sem líka er þar að finna. Ég vænti þess að hér við umræðuna fáum við einhver svör við þessum spurningum og vona að hæstv. forsætisráðherra geti gert okkur grein fyrir því á eftir.

Meðal þessara spurninga var sú sem ég spurði áðan í andsvari um faglegan undirbúning og svör hæstv. forsætisráðherra voru fremur rýr við henni. Eins og ég sagði áðan þá var bara fullyrt að faglegur undirbúningur hefði átt sér stað. Þess sjást engin merki í frumvarpinu sjálfu. Þess sjást engin merki í ræðu hæstv. forsætisráðherra. Það er bara fullyrt. Það kemur ekki fram neinn samanburður á löggjöf um seðlabanka í mismunandi löndum. Það kemur ekki fram neinn samanburður á því hvaða leiðir eru farnar til dæmis við peningamálastefnunefndir sem er lykilatriði í þessu frumvarpi. Ekkert bendir til þess að kostir hafi verið vegnir og metnir og bornir saman. Ef forsætisráðherra getur ekki gert grein fyrir því betur hér á eftir þá hlýtur að verða kallað eftir þessu ítarlega í starfi þingnefndar.

Varðandi stjórnkerfi bankans að öðru leyti er nauðsynlegt að geta þess að nú er það þannig að þrír sjálfstæðir bankastjórar eru við bankann. Einn er aðalbankastjóri en hinir tveir eru sjálfstæðir bankastjórar sem eru skipaðir á eigin forsendum. Þessir þrír menn mynda bankastjórn sem tekur ákvörðun í peningastefnu bankans. Ég velti fyrir mér þeirri breytingu sem boðuð er í frumvarpinu að í stað þriggja sjálfstæðra bankastjóra sem koma sér saman um niðurstöðu varðandi peningastefnuna þá eigi að hafa einn bankastjóra. Síðan á að vera peningastefnunefnd þar sem eru tveir undirmenn þessa bankastjóra og síðan tveir sérfræðingar sem þessi bankastjóri skipa. Spurningin er: Er ekki þarna að í staðinn fyrir að hafa dreift vald þar sem þrír sjálfstæðir menn taka afstöðu til mála þá er valdið hjá einum manni og síðan fjórum sem eru annaðhvort undirmenn hans eða honum háðir? Ég velti fyrir mér hvort þetta sé til þess fallið að veita peningastefnunefnd sérstakan trúverðugleika. (Gripið fram í.) Mismunandi leiðir eru farnar í sambandi við skipun peningastefnunefnda í heiminum eins og áður hefur komið fram. Ég hlýt að spyrja af því að það er hæstv. forsætisráðherra sem leggur þetta frumvarp fram, leggur þessa tillögu fram. Þá hlýt ég að spyrja: Af hverju var þessi leið farin en ekki leiðir sem eru til í öðrum löndum varðandi mismunandi hátt á skipun, varðandi mismunandi hátt á því hverjir tilnefna í peningastefnunefnd, varðandi mismunandi leiðir um það hversu margir sitja í peningastefnunefnd og svo framvegis. Frumvarpið og ræða forsætisráðherra gefa okkur engar vísbendingar um að nokkur samanburður hafi verið gerður eða málefnalegt mat á því hvaða leiðir væru bestar í þessu efni, né hvers vegna sú leið var valin sem hér liggur fyrir.

Ég vil taka það fram að ég tel að það geti verið ágæt rök fyrir því að hafa peningastefnunefnd í einhverju formi. En mig skortir upplýsingar. Mig skortir fagleg rök fyrir því að þessi leið er valin en ekki einhver önnur. Ef hæstv. forsætisráðherra getur ekki svarað því hér á eftir þá hlýtur að verða spurt um það ítarlega í þeirri þingnefnd sem þetta fær til meðferðar.

Eins er ástæða til að velta því svolítið fyrir sér hvernig standi á því að þær tilteknu hæfniskröfur séu gerðar sem fram koma í frumvarpinu. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort í þeim efnum hafi verið leitað til annarra landa, hvort hún þekki eða hennar sérfræðingar, hinir leyndu sérfræðingar, geti gefið okkur einhverjar upplýsingar um það hvort hæfiskröfur af því tagi sem hér liggja fyrir í frumvarpinu um meistarapróf — það vekur reyndar athygli að það er meistarapróf en ekki doktorspróf og vekur spurningar um það hvort þetta sé sérsniðið fyrir einhvern einstakling

— en hvað sem því líður þá velti ég því fyrir mér hvort leitað hafi verið fyrirmynda í öðrum löndum varðandi lögbundnar hæfnisköfur um embætti seðlabankastjóra. Nú liggur fyrir að í seðlabönkum víða um heim eru menn hagfræðimenntaðir. Þar eru líka lögfræðimenntaðir menn. Mér dettur í hug Frakkland. Mér dettur í hug Lúxemborg. Mér dettur í hug Þýskaland þar sem þrír af fimm bankastjórum eru lögfræðimenntaðir. Ég velti þessu fyrir mér. Hvert var fyrirmyndanna leitað? Á hvað var horft?

Maður hlýtur að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort ekki hafi verið talin ástæða til að skoða aðra þætti en þá sem getið er um í frumvarpinu. Nú hafa komið fram gagnrýnisraddir á peningastefnu Seðlabankans á undanförnum árum. Er eitthvað í þessu frumvarpi sem fjallar um peningastefnuna að öðru leyti en stjórnsýsluna, um peningastefnuna sjálfa, um þau markmið sem Seðlabankanum eru sett með lögum um stöðugt verðlag? Þetta eru atriði sem öll hafa verið gagnrýnd mjög harðlega, meðal annars af ýmsum fræðimönnum í opinberri umræðu. Leiddi hæstv. ríkisstjórn ekkert hugann að því að það kynni að vera ástæða til að breyta fleiri þáttum þarna? Er þetta ekki atriði sem líka skiptir verulegu máli eða var það þannig að það var bara verið að hugsa um einstaklinga sem gegna bankastjórastöðum?

Ég velti líka fyrir mér hvort ekki hafi verið velt upp þeim möguleika að breyta með einhverjum hætti bankaráði. Hér kemur í frumvarpinu einungis fram að það eigi að setja núverandi bankaráð af og kjósa nýtt. Var engum hugmyndum velt upp um það hvert hlutverk bankaráðsins ætti að vera? Nú er það eitt af þeim atriðum sem hefur verið töluvert til umræðu í opinberri umræðu á síðustu árum hvert hlutverk bankaráð Seðlabankans er. Var því ekki velt upp? Þegar maður sér öll þessi göt í sambandi við frumvarpið og undirbúning þess þá hlýtur maður að velta fyrir sér hvað búi að baki. Er það málefnalegur, faglegur vilji til að efla Seðlabanka Íslands? Eru það málefnaleg fagleg sjónarmið? Og ef þetta eru málefnaleg og fagleg sjónarmið, af hverju er þá ekki hægt að gera okkur grein fyrir þeim? Eða er þetta eins og mann grunar fyrst og fremst spurningin um það hvaða einstaklingar gegna embætti seðlabankastjóra og þá einkum aðalbankastjóra bankans?

[11:47]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður lýsti stjórnsýslu forsætisráðherra í þessu máli sem dæmalausri í ræðu sinni og hv. þm. Pétur Blöndal rakti áðan að forsætisráðherra hefði sett fram hótun í bréfi því sem sent var bankastjórum Seðlabankans.

Þegar lýst er fyrirætlunum um að breyta stofnun eða leggja niður störf er verið að lýsa vilja ríkisstjórnar á hverjum tíma. Það má kalla það hótun. En þá hlýtur maður að spyrja á móti: Var þá hv. þingmaður, hæstv. þáverandi forsætisráðherra Geir H. Haarde, að hóta yfirstjórn Seðlabankans þegar hann lýsti meintum vilja sjálfstæðismanna til þess að breyta yfirstjórn Seðlabanka Íslands í tengslum við lagabreytingar?

Hér er gerð tillaga um lagabreytingu sem felur í sér að breytt verði yfirstjórn bankans. Sú tillaga er auðvitað viðbragð við þeirri stöðu að sú yfirstjórn bankans sem nú situr hefur ekki sýnt þá reisn og ekki risið undir því trausti sem eðlilegt hlýtur að vera að gera til bankastjórnar að hún virði hagsmuni þjóðarinnar meira en eigin stundarhagsmuni, sína prívathagsmuni. Og við þær aðstæður þegar yfirstjórn er bankans ófær um að taka hagsmuni þjóðarinnar fram yfir sína eigin þarf auðvitað að breyta lögum til þess að gera ákveðnar skipulagsbreytingar til þess að koma á yfirstjórn sem nýtur trausts í efnahagsumhverfinu.

[11:49]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst vil ég segja að í ræðu hv. þm. Árna Páls Árnasonar komu fram miklar ávirðingar um þá þrjá menn sem gegna nú störfum seðlabankastjóra í landinu, Davíð Oddsson, Ingimund Friðriksson og Eirík Guðnason. Ég ætla ekki að svara fyrir þeirra hönd. En hins vegar finnast mér þessar ávirðingar vera þess eðlis að þær hljóti að kalla á frekari umfjöllun. Þær hljóta að kalla á frekari rökstuðning. Menn geta ekki slengt svona fram. Þótt menn séu í pólitískum hráskinnaleik geta menn ekki slengt svona dylgjum fram án þess að rökstyðja þær ítarlega.

Varðandi hvernig að þessu máli er staðið vil ég hins vegar segja að það er töluvert ólíkt að gera eins og hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra Geir Haarde gerði, að reifa hugmyndir um skipulagsbreytingar eða að senda mönnum bréf af því tagi sem hæstv. forsætisráðherra gerði meira að segja áður en búið var að leggja fram frumvarp hér á Alþingi um þessar skipulagsbreytingar, áður en það frumvarp hafði verið efnislega kynnt. Þessu er bara slengt fram, augljóslega í hótunartilgangi.

[11:51]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Geir H. Haarde lýsti sem forsætisráðherra vilja síns flokks og ríkisstjórnar sinnar til þess að setja af núverandi yfirstjórn Seðlabanka Íslands. Það getur vel verið að hægt sé að túlka það sem ávirðingar í garð þeirra manna sem þar sitja. Einhverja ástæðu hafði hann alla vega til þess að bjóða upp á þá lausn. Einhverja ástæðu hafði hann greinilega til þess að telja að rétt væri að skipta um yfirstjórnina og koma á faglegri yfirstjórn bankans.

Hæstv. forsætisráðherra hefur ekki gert neitt annað en að tjá bréflega áhuga og fyrirætlan ríkisstjórnarinnar um að breyta lögum og leggja niður tiltekin störf. Það er almenn kurteisi. Í því felst engin hótun og í því felst engin misbeiting valds, hvað þá fráleit stjórnsýsla.

En viðbrögð sjálfstæðismanna hljóta auðvitað vekja upp efasemdir um hvort þeir hafi yfir höfuð nokkurn tíma meint nokkuð með því síðtilbúna orðagjálfri þeirra (Forseti hringir.) kom fram, að þeir væru tilbúnir til að gera breytingar í yfirstjórn Seðlabankans.

[11:52]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það þurfi enginn að velkjast í vafa um að sjálfstæðismönnum var full alvara með því að fara yfir eftirlitsstofnanir á sviði fjármálamarkaðar, meta

hvað þyrfti að bæta á því sviði, hverju þyrfti að breyta í lögum og hverju þyrfti að breyta í sambandi við stjórnsýslu þessara stofnana. Sett var af stað ákveðin athugun á því máli. Samfylkingin hafði einfaldlega ekki tíma til þess að bíða eftir niðurstöðu og núverandi ríkisstjórn og núverandi hæstv. forsætisráðherra (Gripið fram í.) hafa bara ekki haft tíma til þess.

Ég spyr vegna frammíkalls hæstv. iðnaðarráðherra: Eru ekki sérfræðingar að störfum í Fjármálaeftirlitinu sem búnir eru að fara yfir þau mál? Eru ekki sérfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að meta hvernig þessum málum verður best fyrir komið? Ég spyr: Hvers vegna telja menn ekki ástæðu til þess að bíða eftir þessum niðurstöðum? (Forseti hringir.)

[11:53]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var vingjarnlegt og virðingarvert af hæstv. forsætisráðherra á dögunum að kynna yfirstjórn Seðlabankans þá framkomnu hugmynd að breyta lögum um Seðlabanka Íslands. Lögin fela það í sér að ráðinn verði einn seðlabankastjóri á faglegum forsendum og því var það eðlileg og vönduð ráðstöfun af hæstv. forsætisráðherra að kynna það þeim sem málið snýr hjá Seðlabankanum áður en málið kom opinberlega fram.

En hitt er að segja að það er algjört grundvallaratriði til að vinna Ísland út úr þeim efnahagslegu neyðaraðstæðum sem við erum stödd í enn þá og sköpuðust hér í haust. Við settum þrenn neyðarlög. Við gerðum samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og breyttum fjárlögum 22. desember, allt til að skapa forsendur fyrir því að koma okkur út úr neyðaraðstæðunum.

Það sem við okkur blasir núna og er algjört lykilatriði til að koma okkur áfram og upp úr þeim dal sem við erum stödd í er að endurheimta traust á lykilstofnunum í samfélaginu, á Fjármálaeftirlitinu, Seðlabankanum og öðrum þeim stofnunum sem koma að eftirliti og utanumhaldi um efnahagslegan stöðugleika í landinu. Það mistókst okkur algerlega að gera í fyrra og það liggur í brunarústum eftir bankafallið í haust.

Hæstv. viðskiptaráðherra skipaði nýja yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins í gær og það liggur fyrir að við verðum að endurskoða fyrirkomulag þessara stofnana með öllum tiltækum ráðum af því að nú eru dýrir dagar. Það ræður úrslitum um lánskjör Íslendinga, aðgengi okkar að lánsfé í útlöndum og alla uppbyggingu á trausti innan lands og utan hvernig við finnum þessum málum stað. Þetta snýr ekki að persónum. Þetta snýr að því að endurreisa traust á lykilstofnunum í samfélaginu. Þess vegna spyr ég hv. þm. Birgi Ármannsson: Ef hann vill ekki fara þessa leið, hvaða leið leggur hann þá til?

[11:55]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að gera langa sögu stutta er ég þeirrar skoðunar eins og við sjálfstæðismenn höfum verið að fullt tilefni sé til þess að fara yfir löggjöf á sviði fjármálamarkaðar. Að full ástæða sé til þess að fara yfir stjórnsýslu eftirlitsstofnana og að full ástæða sé til þess að gera breytingar ef þær byggja á málefnalegu mati og rökum. Það hefur ekki staðið á okkur í þeim efnum.

Sú leið sem nefnd var varðandi hugsanlega sameiningu Seðlabanka og Fjármálaeftirlits styðst við ýmis rök. Ég þykist vita að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hafi í embætti viðskiptaráðherra nokkuð farið yfir það mál og velt því fyrir sér. Ég get sagt það að persónulega mér finnst sú leið koma vel til greina.

Hins vegar verður að gera þá kröfu til þeirra sem leggja fram frumvarp hér á þingi um tilteknar leiðir að þeir rökstyðji það, segi ekki bara: Við þurfum að gera eitthvað. Það er ekki málefnaleg meðferð mála. Það er bara fimbulfamb.

[11:57]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar fyrrverandi stjórn Fjármálaeftirlits sagði af sér á dögunum í kjölfar þess að ég sagði af mér embætti viðskiptaráðherra sneri það ekki að því að þar hefði verið á ferðinni óvandvirkt fólk sem hefði framið afglöp í starfi. Þar var fyrirtaks fólk, afbragðs fólk sem hafði unnið starf sitt af kostgæfni.

Það eru hins vegar uppi þær aðstæður í samfélaginu eftir bankafallið í haust að traust það sem fólkið í landinu bar til stjórnvalda og lykilstofnana í samfélaginu, rofnaði algerlega. Mesta og stærsta verkefni okkar alþingismanna í dag er að endurheimta það traust og það verður að gera þrátt fyrir einstakar persónur í lykilstöðum hvort sem það er í Seðlabanka, einstökum ráðuneytum eða annars staðar. Það verður að líta fram hjá því hvort um er að ræða fyrirferðarmiklar persónur á einstökum valdastólum. Við verðum að kosta til öllu því sem tækt er til að endurheimta þetta traust. Nú eru góð ráð dýr. Og þess vegna spyr ég hv. þingmann aftur: Hvað leggur hann til annað en að tafsa og tefja málið hér áfram? (Forseti hringir.)

[11:58]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að vekja athygli á því að við höfum aðeins rætt um þetta mál innan við klukkustund og þar af hefur hæstv. forsætisráðherra talað í meira en helming tímans þannig að ég verð seint ásakaður um að tafsa og tefja þetta mál. Ég hef ekki gert það.

Ég hef hins vegar vakið athygli á því að því frumvarpi sem hér liggur fyrir er verulega ábótavant. Það er ekkert sem kemur fram um að það sé til þess fallið frekar en aðrar leiðir að leiða til betri Seðlabanka eða betra eftirlitskerfis með fjármálakerfinu í landinu.

Ég er sammála hv. þingmanni og raunar sammála flestu því sem kom fram í síðara andsvari hans að við þurfum að byggja upp traust. Við þurfum að byggja upp nýtt fjármálakerfi. Það er í rúst og hefur verið í rúst og við þurfum að standa í miklu enduruppbyggingarstarfi. Við verðum hins vegar að byggja það starf á faglegri vinnu, málefnalegum sjónarmiðum (Forseti hringir.) en ekki einhverjum upphlaupum.

[11:59]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja að mér fannst ræða hv.

þm. Birgis Ármannssonar fyrr í dag býsna merkileg. Ég hugsaði með mér þar sem ég sat í sætinu mínu: Hefur hv. þingmaður ekki áttað sig á því að það hrundi hér heilt fjármálakerfi yfir hausinn á íslensku þjóðinni?

Síðan standa menn í ræðustóli á Alþingi og tala um að nú þurfi að skoða, skoða, spá og spekúlera, hugsa sig um og ég segi: Tími spekúlasjóna, hugmynda, hugsana er liðinn. Sjálfstæðismenn misstu af því tækifæri. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Þeir misstu af því tækifæri og ég vek athygli á því að það var Samfylkingin í ríkisstjórn sem bókaði ákveðna hluti sem lutu að Seðlabanka Íslands. Og það var Samfylkingin í ríkisstjórn sem hefur krafist um margra mánaða skeið að gerðar verði breytingar á yfirstjórn Seðlabankans.

Svo kemur Sjálfstæðisflokkurinn hér upp í dag og segir: Höldum áfram að spá og spekúlera og skoða hlutina. Tími ákvarðana er runninn upp og ég held að sjálfstæðismenn ættu að sjá að þeir mundu gera þjóðinni mikinn greiða og sjálfum sér líka með því að samþykkja þetta frumvarp.

[12:01]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er ánægður með að hv. þm. Steinunni V. Óskarsdóttur þykir ræða mín merkileg, ég tek það sem hrós.

Varðandi þetta mál er ég alveg sammála því að gera þarf breytingar og ég hef margtekið það fram í þessum umræðum. Það þarf að gera breytingar á skipulagi, stjórnsýslu og löggjöf um fjármálamarkaðinn. Það sem við höfum verið að leggja áherslu á og það sem var meginþráðurinn í ræðu minni var að það þarf að vanda til verka. Það er ekki þannig að menn geti slengt einhverju frumvarpi fram bara til þess að reyna að skora einhver stig í einhverjum skoðanakönnunum en hafa ekki fyrir sér nein sérstök rök, ekkert faglegt mat, engan faglegan samanburð til þess að byggja niðurstöðu sína á. Við í þinginu hljótum að kalla eftir því að slíkt sé gert áður en gerðar eru breytingar á grundvallarstofnunum samfélagsins.

[12:02]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Við hv. þm. Birgir Ármannsson erum sammála um gildi faglegra vinnubragða, það er gott. Hæstv. forsætisráðherra lýsti því í ræðu sinni, og það á örugglega eftir að koma fram hér í umræðum síðar í dag um þetta mál, að undirbúningur þessa máls var byggður á faglegum grunni. (**REÁ:** Hvaða faglegum grunni?) Hann var byggður á faglegum grunni sem ráðherra gerði grein fyrir áðan og ég á von á því að sá faglegi grunnur skýrist frekar í dag.

Aðalatriði málsins núna finnst mér vera að byggja upp traust og trúverðugleika á peningamálastefnunni og á því hvernig á málum er haldið í Seðlabanka Íslands. Því vilja sjálfstæðismenn ekki átta sig á dag. Þetta snýst ekki um persónur og leikendur og þetta snýst ekki um Davíð Oddsson seðlabankastjóra eins og ýmsir sjálfstæðismenn vilja vera láta. Þetta snýst um traust og trúverðugleika, ekki bara inn á við heldur ekki síður út á við. Ég minni á það og það er mín skoðun að hv. seðlabankastjóri Davíð Oddsson hafi skaðað orðspor og ímynd Íslendinga í (Forseti hringir.) peningamálum á erlendum vettvangi svo um munar.

[12:03]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það var athyglisvert að í andsvari hv. þm. Steinunnar V. Óskarsdóttur vísaði hún til einhvers rökstuðnings eða einhverrar lýsingar hæstv. forsætisráðherra á þeim faglegu vinnubrögðum sem átt hefðu sér stað við undirbúning þessa frumvarps. Ég var hér í salnum og hlustaði á ræðu hæstv. forsætisráðherra og þar kom bara fram fullyrðing um að faglega hefði verið staðið að málum en engin lýsing á því hvernig sú faglega vinna kom fram, ekki nokkur. Það var bara sagt: Þetta var allt faglega unnið og við leituðum til færustu sérfræðinga. Hvar liggur það fyrir? Hvar kemur það fram? Hvar stendur það í stjórnarfrumvarpinu, greinargerð með því eða lýsing á því hvernig að þessu máli var staðið?

Það er auðvitað ekkert þannig sem málum var háttað. Það er auðvitað þannig að tekin var breytingartillaga sem þingmenn Samfylkingarinnar lögðu fram við meðferð málsins árið 2001 og einu eða tveimur atriðum hnikað til og breytingartillögunni svo skellt fram. Það er ekkert faglegt mat þarna á bak við, þetta er bara pólitískur leikaraskapur.

[12:04]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir framsöguna með því frumvarpi sem hér er lagt fram, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands.

Ég hef hlustað á það sem af er umræðunni með nokkurri athygli og það vakti sérstaka athygli mína hvernig þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa kosið að fara í þetta mál. Til að mynda kemur varaformaður Sjálfstæðisflokksins í andsvari við hæstv. forsætisráðherra. Kemur þá í ljós að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa farið í söguskoðun og leitað í gömlum ræðum hæstv. ráðherra og hugsanlega annarra til þess að reyna að finna einhverjar „formúleringar“ um Seðlabankann sem hægt er að vísa til núna og segja: Þessir ágætu ráðherrar hafa skipt um skoðun: Þetta gerði varaformaður Sjálfstæðisflokksins og segir svo hér, eftir að hafa vísað í ummæli hæstv. forsætisráðherra frá því fyrir tíu árum síðan eða svo: Hvað hefur breyst?

Hvað hefur breyst? Hvar hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið ef hann hefur ekki orðið var við að bankakerfið er hrunið? Það er margt sem hefur breyst í íslensku samfélagi á undanförnum mánuðum. Við stöndum í allt öðrum sporum en við gerðum fyrir örfáum mánuðum síðan, að ekki sé talað um fyrir mörgum árum, þannig að tilvitnanir í gamlar ræður úr þingtíðindum í hæstv. forsætisráðherra eða aðra eru algjörlega marklausar við þær aðstæður sem við erum í núna. Við erum að taka á þessum málum (**REÁ:** Tala menn markleysu hér á þingi?) út frá allt öðrum forsendum en áður hafa verið þannig að ég bið nú menn að (**REÁ:** Er þá gamla breytingartillagan enn í gildi?) gera sér grein fyrir því að við stöndum í allt öðrum sporum. Þjóðin sjálf gerir kröfur um að tekið sé á málefnum bankakerfisins, eftirlitsstofnana, og það er þegar byrjað að gera það að vissu marki. Hér er

verið að leggja til breytingar á lögum um Seðlabankann, ekki síst til þess að endurvekja það traust og þann trúnað sem eru nauðsynleg og óhjákvæmileg í samskiptum Seðlabankans og við stjórn peningamála milli Seðlabankans og stjórnvalda og við þjóðina sjálfa.

Hér hafa sumir hverjir kosið að leggja út af þessu máli þannig að þessu sé sérstaklega beint gegn einhverjum tilteknum einstaklingum. Það er auðvitað ekki þannig að hér sé verið að leggja einhverja tiltekna einstaklinga í einelti eins og hefur mátt skilja á umræðunni. En vissulega eru einstaklingar á bak við þau störf og þær stöður sem verið er að tala um og hið sama átti auðvitað við um Fjármálaeftirlitið. (**KÞJ:** Hefur formaður starfsmannafélagsins rangt fyrir sér?) Það sama átti við um Fjármálaeftirlitið þar sem bæði forstjóri Fjármálaeftirlitsins og stjórnin kusu að víkja, ekki endilega vegna þess að þeim hafi orðið á í messunni, það kann vel að vera að eftirlitsstofnanirnar hafi brugðist að einhverju leyti, heldur ekki síst vegna þess sem ég nefndi að það væri mikilvægt að endurheimta traust. Það á við inn á við í okkar samfélagi, það á líka við út á við gagnvart umheiminum og alþjóðamálunum.

Mér segir svo hugur eftir að hafa hlustað á málflutning sjálfstæðismanna það sem af er þessari umræðu að þeirra lína verði sú að reyna að tefja þetta mál eins og kostur er. (**REÁ:** Við höfum ekki svoleiðis línu.) Mér segir svo hugur, sagði ég. (**REÁ:** Margur heldur mig sig.) Það kann vel að vera en mér segir svo hugur að það verði línan sem Sjálfstæðisflokkurinn rekur hér og þá segi ég bara: Það er ágætt að hafa það uppi á borði og það er ágætt að sú lína sé ljós þegar við göngum til kosninga eftir nokkrar vikur.

Allt um þetta, meginatriði í þessu máli er: Getum við hér á hv. Alþingi orðið sammála um meginefni þess frumvarps sem hér liggur fyrir, að breyta yfirstjórn Seðlabankans þannig að þar verði einn bankastjóri sem skipaður er af forsætisráðherra? Það hefur verið nokkuð nefnt hér hvort eðlilegt sé að hann sé skipaður af forsætisráðherra eða hvort bankaráðið ætti að gera það. Mér finnst t.d. koma til álita að skoða það á vettvangi þeirrar nefndar sem fær þetta mál til umfjöllunar hvort bankaráðið ætti að vera umsagnaraðili um þær umsóknir sem berast um embætti seðlabankastjóra, það kann vel að vera ein leið. Hér hefur verið vakið máls á því að gerð sé krafa um að seðlabankastjóri hafi lokið meistaraprófi í hagfræði og einhverjir hafa spurt: En hvað ef viðkomandi hefur doktorspróf, er hann þá ekki hæfur? Ég held að þetta sé efnisatriði sem þarf að skoða betur á vettvangi. (**ArnbS:** Það var ekki spurningin.) Þetta er efnisatriði sem ég tel að sé eðlilegt að sé skoðað á vettvangi nefndarinnar hvort gera á strangari kröfur en frumvarpið gerir ráð fyrir eða hvort skýra þarf betur hvað hér er nákvæmlega átt við. Ég hef skilið þetta þannig að hér sé gert ráð fyrir því að viðkomandi hafi lokið meistaraprófi í hagfræði eða sambærilegri menntun eða að sjálfsögðu ef hún er meiri þá ... (**Gripið fram í:** Þetta er ekki sambærileg ...) Nei, ég geri mér grein fyrir því, hv. þingmaður, og þess vegna sagði ég að ég teldi að þetta efnisatriði ætti að skoða á vettvangi nefndarinnar því að ég tel að hér þurfi að skýra betur hvað nákvæmlega er átt við. (**BÁ:** Spurningin var: Af hverju ekki doktorspróf?)

Herra forseti. Þeir eru eitthvað órólegir hér hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins undir þessari umræðu.

(**Forseti** (KÓ)**:** Forseti biður um að menn hafi hljóð.)

Annað efnisatriði sem mér finnst sjálfsagt að við skoðum örlítið er ákvæðið í 3. gr. um að seðlabankastjóri sé skipaður til sjö ára og það megi endurskipa hann einu sinni. Ég velti fyrir mér hvort þessi tími sé hugsanlega óþarflega langur. Sumir segja að nauðsynlegt sé að það sé talsverð festa í þessu starfi þannig að þetta sé eðlilegur tími. Ég ætla ekki að hafa neina sérstaka fyrirframskoðun á því efnisatriði en mér finnst sjálfsagt að það verði rætt á vettvangi nefndarinnar og kallað eftir upplýsingum um það hvernig þessum málum er háttað annars staðar.

Ég fagna sérstaklega ákvæði sem 4. gr. gerir ráð fyrir um skipan peningastefnunefndar sem tekur ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. Hér er lagt til að hún sé skipuð fimm manns. Þrír eða meiri hluti nefndarinnar komi innan úr bankanum sjálfum og tveir utanaðkomandi sérfræðingar þar til viðbótar.

Ég vil taka það fram að ég er sáttur við að meiri hluti nefndarinnar komi úr bankanum sjálfum. Við megum ekki gleyma því að í Seðlabankanum er mikil þekking og reynsla á efnahagsmálum og peningamálum og að sjálfsögðu á að nýta hana. Það má ekki gera lítið úr starfsfólkinu sem þar starfar og hefur mikla reynslu þannig að ég er sáttur við þetta ákvæði eins og það er lagt hér til í 4. gr. frumvarpsins.

Ég ætla ekki að blanda mér í umræðuna sem orðið hefur um bréfaskipti hæstv. forsætisráðherra við bankastjórn Seðlabankans. Ég tel þó að eðlilegt hafi verið að hæstv. forsætisráðherra stæði þannig að málum og gerði grein fyrir því að ríkisstjórnin fyrirhugaði að leggja fram frumvarp um þetta efni sem hefði í för með sér breytingar á yfirstjórn Seðlabankans þannig að þeim væri ljóst hvert stefndi í því efni. Að sjálfsögðu verða þeir að gera það upp við sig hvernig þeir bregðast við því en mér finnst að sjálfsögðu eðlilegt að erindi frá forsætisráðherra sé sinnt hver sem í hlut á.

Í heildina litið er afstaða mín sú að ekki sé eftir neinu að bíða að koma þessu máli til umfjöllunar á vettvangi nefndar. Nefndin mun að sjálfsögðu vanda vinnuna við það. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru ekki flóknar í sjálfu sér og ég held að þær liggi býsna vel fyrir. Auðvitað geta menn kallað eftir einhverjum frekari upplýsingum eða skýringum. En að mínu mati er mikilvægt að eyða þeirri óvissu sem hefur verið um yfirstjórn Seðlabankans um nokkuð langt skeið. Það var verulegur ágreiningur eins og kunnugt er í fyrri ríkisstjórn um málefni Seðlabankans og jafnvel eru bókanir á vettvangi ríkisstjórnarinnar sjálfrar um það efni eins og hér hefur verið upplýst. Ég held því að það sé mjög mikilvægt að eyða óvissunni og skapa ró um starfsemi Seðlabankans. Ég tel að það frumvarp sem hér er lagt fram sé liður í því að skapa þá einingu og ró sem þarf í Seðlabankanum sjálfum inn á við því að starfsfólki bankans er ekki gerður greiði með þeim óróleika sem ríkir um Seðlabankann. Það þarf að skapa ró um starfsemina og það þarf líka að endurvekja traustið á Seðlabankanum og yfirstjórn hans meðal þjóðarinnar.

[12:14]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að byrja á því að biðja herra forseta um að hlutast til um að ráðherrar í ríkisstjórn verði viðstaddir þessa umræðu. (Gripið fram í.) Ég sé að hæstv. iðnaðarráðherra er hérna á vappi en ég hef ekkert séð í hæstv. forsætisráðherra eða hæstv. fjármálaráðherra nú og hefur reyndar hæstv. fjármálaráðherra verið afar lítið viðstaddur þessa umræðu.

Það er alveg ljóst að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar felur í sér grundvallarbreytingu á uppbyggingu Seðlabanka Íslands. Þetta eru ekki smávægilegar breytingar sem tekur enga stund að ræða. Þetta eru grundvallarbreytingar á því hvernig uppbyggingu Seðlabankans er háttað, hvernig menn fara með peningamálastefnuna í landinu, þannig að þó að ekki sé um margar greinar að ræða eru þetta grundvallargreinar sem þarna eru á ferðinni.

Þess vegna er ég svolítið undrandi á því að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson telji það ekki heppilegt að meira samráð hefði verið haft við samningu þessa frumvarps vegna þess að Seðlabanki Íslands er ein af grundvallarstofnunum hér í landinu. Vægi hans í efnahagskerfi þjóðarinnar er gríðarlega mikið og þótt menn geri öðrum upp skoðanir á því að vilja ekki greiða fyrir framgangi þessa máls get ég ekki fallist á það fyrir minn hatt. Mér finnst að í svona máli eigi að vera um að ræða samráð milli allra flokka eins og alltaf hefur verið þegar frumvörp um Seðlabanka Íslands hafa verið lögð fram alveg frá því að Seðlabanki Íslands var settur á laggirnar árið 1961. Þetta er í fyrsta skipti í sögu Seðlabanka Íslands sem lagt er fram frumvarp af hálfu ríkisstjórnarflokka þar sem ekki er búið að tryggja að allir flokkar komi að málinu. (Gripið fram í.)

Hér er líka um að ræða minnihlutaríkisstjórn sem styðst við minni hluta Alþingis með stuðningi framsóknarmanna. Það er því verið að brjóta blað í því hvernig farið er að málum í Seðlabanka Íslands og það er ekkert óeðlilegt við að menn (Forseti hringir.) vilji ræða það þá betur hér í þingsal.

[12:17]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki eitt einasta orð um það að mér fyndist að ekki ætti að hafa samráð um þetta mál. Ég kannast ekki við að það hafi hrotið af vörum mínum í ræðu minni hér áðan.

Að sjálfsögðu er eðlilegt að haft sé samráð um þetta mál eins og öll önnur og hægt er að gera það. Nefndin sem fær málið til umfjöllunar mun t.d. ugglaust kalla eftir umsögnum, kalla fólk á sinn fund og heyra viðhorf og sjónarmið.

Varðandi það að hér sé brotið blað að flutt sé stjórnarfrumvarp um málefni Seðlabankans án þess að samið hafi verið um það fyrir fram milli allra stjórnmálaflokka þá kann vel að vera að hingað til hafi öll löggjöf Seðlabankans verið unnin með þeim hætti. Ég hef ekki farið í þá söguskoðun að ég geti tjáð mig um það en treysti því að hv. þm. Ólöf Nordal hafi gert það og trúi því.

Vel getur verið að það sé ekki tilviljun að svona sé staðið að málum núna. Brýna nauðsyn ber til að taka málefni Seðlabankans til endurskoðunar, yfirstjórnina og stefnumörkunina í peningamálum, og vel kann að vera að fram hefði komið andstaða við fyrirhugaðar breytingar af hálfu eins stjórnmálaflokks, sérstaklega Sjálfstæðisflokksins. Vel má vera að ekki hafi verið í boði að skapa um málið breiða pólitíska samstöðu, vera kann að málum sé nákvæmlega þannig háttað.

[12:18]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég andmæli því að það sé fyrirstaða af hálfu sjálfstæðismanna við það að endurskoða lög um Seðlabanka Íslands. Sú skoðun Sjálfstæðisflokksins kom skýrt fram í vetur að ástæða væri til að líta til endurskoðunar á eftirlitskerfinu öllu og litu menn þá sérstaklega til þess að Fjármálaeftirlitið yrði haft með í þeirri endurskoðun.

Margir eru á þeirri skoðun að það rof sem varð með því að bankaeftirlitið var fjarlægt úr Seðlabankanum hafi haft með það að gera að Fjármálaeftirlitið hafði ekki þau tök sem það hefði þurft að hafa jafnvel á bankakerfinu núna. Þannig að ég andmæli því mjög að Sjálfstæðisflokkurinn sé einhver flækjufótur í þessu.

Þegar um er að ræða löggjöf um Seðlabanka Íslands, og menn verða að gera sér grein fyrir mikilvægi bankans í öllu okkar efnahagslífi, hljóta menn að reyna að ná einhverju samkomulagi um það við aðra flokka, og þótt málið sé brýnt þá er ekkert mál svo brýnt að menn vandi sig ekki.

[12:20]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hv. þm. Ólafar Nordal að Sjálfstæðisflokkurinn muni ekki verða flækjufótur í þessu máli. Ég fagna því sérstaklega vegna þess að við getum þá væntanlega gert ráð fyrir því að málið fái góða og tiltölulega skjóta afgreiðslu (**ÓN:** Vandaða meðferð.) — og vandaða að sjálfsögðu — á vettvangi þeirrar nefndar sem fær málið til umræðu, en ekki verði nein ástæðulaus töf, ef svo má segja, á afgreiðslu þess. Mér finnst mikilvægt að það komi fram.

Varðandi Seðlabankann að öðru leyti þá tek ég undir það með hv. þingmanni að hér er um mjög mikilvæga stofnun að ræða í samfélagi okkar. Uppi hafa verið hugmyndir um að sameina Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann. Vel kann að vera að það verði niðurstaðan til lengri tíma litið en í augnablikinu er mikilvægt að endurvekja traustið á Seðlabankanum. Að mínu mati liggur á því eða hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins ekki heyrt og hlustað á raddir (Forseti hringir.) fólksins hér undanfarnar vikur og mánuði?

[12:21]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem fyrst og fremst hér upp í andsvar vegna ræðu hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar, mér þótti hún að mörgu leyti málefnalegt innlegg til umræðunnar. Ég fagna því að hann er sammála okkur sjálfstæðismönnum um að málið þurfi vandaða meðferð. Við gerum okkur grein fyrir því að tíminn er skammur. En við leggjum engu að síður áherslu á að málið fái vandaða meðferð.

Ég fagna því að hann er greinilega tilbúinn til þess að ræða ýmsar breytingar á frumvarpinu. Ég held að það sé gott. Ég held að það sé miklu betra að við nálgumst málin á

þann veg að við finnum út hvernig við getum komist að góðri niðurstöðu í sameiningu frekar en að hafa uppi málflutning eins og var hér áðan af hálfu hv. þingmanna Samfylkingarinnar. Þeir virtust fá ógnarhroll og mikinn taugaskjálfta vegna þess að kallað var eftir upplýsingum um faglega vinnu sem lægi að baki frumvarpinu.

[12:22]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson segir að raddir fólksins krefjist ýmislegs, t.d. gagnsæis og nýrra persóna í stjórn landsins. Nú vill svo til að sá sem flytur þetta frumvarp, hæstv. forsætisráðherra, er sá þingmaður sem er með langsamlega mestu starfsreynslu á þingi, 30 ár, og fékk verðlaun fyrir það um daginn, og gagnsæið er þannig að það er ekki einu sinni látið uppi hverjir sömdu frumvarpið. Það ber enginn ábyrgð á þessu, og í frumvarpinu er ekki orð um útlönd.

Mig langar að spyrja hv. þingmann um hið makalausa bréf sem hæstv. forsætisráðherra sendi áður en Alþingi kom saman. Hæstv. forsætisráðherra sendir bréf til bankastjórnar Seðlabankans og hv. þingmaður sagði að það væri eðlilegt. Er eðlilegt að senda opinberum starfsmönnum bréf og segja við þá að þeir eigi að segja af sér vegna þess að fyrirsjáanlegt sé frumvarp sem Alþingi er ekki einu sinni búið að samþykkja?Hvað er þetta annað en hótun, herra forseti?

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Er það virkilega þannig að þetta sé eðlilegt bréf? Geta ráðherrar farið að senda opinberum starfsmönnum bréf og segja að fyrirhugað sé að leggja fram frumvarp? Ef það verður samþykkt verður staða þín lögð niður, þú skalt semja við okkur og hætta strax. Eru þetta eðlileg vinnubrögð? Ég hygg að þetta bréf muni í Íslandssögunni verða dæmi um valdníðslu opinberra aðila.

[12:24]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að mótmæla því sem hv. þingmaður segir hér að enginn beri ábyrgð á frumvarpinu vegna þess að þess sé ekki getið í greinargerð hvaða einstaklingar eða sérfræðingar úr stjórnsýslunni hafa komið að samningu þess. Frumvarpið er flutt af hæstv. forsætisráðherra og er að sjálfsögðu á ábyrgð ráðherrans sem það flytur.

Það skiptir engu þó að hér stæði einhver listi af nöfnum einstaklinga sem komið hefðu að samningu málsins. Það er alltaf flutt á ábyrgð þess ráðherra sem leggur það fram en ekki þeirra embættismanna, sérfræðinga eða starfsmanna ráðuneyta, sem koma að samningu þess. (**REÁ:** Þetta er pólitískt frumvarp, ekki faglegt.)

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki alveg á þessu frammíkalli hv. þm. Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. Frumvarpið er að sjálfsögðu á pólitíska ábyrgð. Hefur það ekki verið þannig þegar Sjálfstæðisflokkurinn var við völd að frumvörp væru lögð fram á pólitíska ábyrgð hans? (**REÁ:** Við höfum ekki falið sérfræðingana.) Hvað er hv. þingmaður eiginlega að segja? Ég botna ekkert í þessu.

Hv. þm. Pétur Blöndal segir: Bréfið mun fara í Íslandssöguna. Hæstv. forseti. Bankahrunið mun fara í Íslandssöguna. Það er það sem mun fara í Íslandssöguna. Framganga útrásarvíkinganna, frammistaða bankanna, eftirlitsstofnana o.s.frv. og ríkisstjórnar undir forustu Sjálfstæðisflokksins í 18 ár sem setti landið á hausinn, það mun fara í Íslandssöguna.

[12:26]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað mun bankahrunið fara í Íslandssöguna. Auðvitað mun öll sú atburðarás fara í Íslandssöguna. En mælst er til þess af erlendum ráðgjöfum að menn troði ekki á mannréttindum á grundvelli þeirrar kreppu sem við höfum lent í. Að ekki sé troðið á mannréttindum og fordæmi gefið fyrir því að hægt sé að troða á mannréttindum vegna þeirrar stöðu sem er.

Í umræddu bréfi er ekki eitt einasta orð um það af hverju menn eiga að hætta, engar ávirðingar, engin ástæða og ekki neitt. Bankastjórum Seðlabankans er bara sagt að hætta af því fyrirséð séu lög sem menn treysta að Alþingi muni samþykkja. Ráðherrann segir það. Mig langar að spyrja hv. þingmann: Lítur hann á þetta sem eðlilegt bréf? Á þetta að vera gangurinn í framkvæmdarvaldinu á Íslandi gagnvart opinberum starfsmönnum?

[12:27]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nú alls ekki venjulegar eða eðlilegar aðstæður sem við búum við í íslensku samfélagi í dag eða höfum gert að undanförnu. Hæstv. forsætisráðherra hefur sent bankastjórn Seðlabankans bréf. Ég er að vísu ekki með það fyrir framan mig þannig að ég get ekki vitnað í það beint en eftir því sem ég veit um innihald þess þá er þar m.a. vísað til þeirra atburða sem hér hafa orðið á undanförnum vikum og mánuðum, þeirra atburða sem hér hafa orðið í efnahagslífinu og í bankamálum. Þar eru kynnt þau áform ríkisstjórnarinnar að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um Seðlabankann sem m.a. hefur það í för með sér að yfirstjórninni verði breytt. Þeim er gerð (**PHB:** Engar ávirðingar.) grein fyrir þessum breytingum og gefinn kostur á því að ræða við forsætisráðherra sem fer með málefni Seðlabankans að lögum um það með hvaða hætti málum þeirra verði háttað.

Ég tel að við þessar aðstæður sé ekkert óeðlilegt við að þetta bréf hafi verið sent til þessara (Forseti hringir.) embættismanna. Það þýðir ekki að það hafi eitthvert (Forseti hringir.) sérstakt fordæmisgildi hvenær sem er og hvar sem er, en við þær aðstæður sem nú ríkja tel ég bréfið hafa verið eðlilegt. (**PHB:** Þetta vildi ég fá fram.)

[12:28]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands sem er umtalað mál. Það er eðlilegt þegar við ræðum um stofnun eins og Seðlabanka Íslands að það krefjist mikillar umræðu jafnt innan þings sem utan. Seðlabanki Íslands er grundvallarstofnun, stofnun sem leikur lykilhlutverk við stjórn efnahagsmála og framfylgir peningamálastefnunni. Þessi mál hafa verið mikið til umræðu á undanförnum mánuðum og sitt sýnist hverjum.

Það er alveg ljóst í mínum huga að Seðlabanka Íslands skortir ákveðið traust á innlendum sem erlendum vettvangi. Ég held að þingmenn geti verið sammála um að við þurfum að auka traustið á Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu og öðrum stofnunum. Ég lít svo á að það frumvarp sem við ræðum hér sé til þess fallið að skapa þá umgjörð um starfsemi þessarar mikilvægu stofnunar að hún njóti aukins trausts jafnt á innlendum sem erlendum vettvangi. Það hlýtur að vera takmark okkar alþingismanna að styrkja Seðlabanka Íslands, í því eru fólgnir gríðarlegir hagsmunir fyrir íslenskan almenning að okkur takist vel til í þeirri uppbyggingu. Sú stofnun sem við ræðum hér um gegnir lykilhlutverki í endurreisn íslenska hagkerfisins og því hljótum við að vera öll sammála um að við þurfum að styrkja og efla hana.

Frumvarpið sem við ræðum hér er lagt fram af núverandi ríkisstjórn og verður í framhaldinu vísað til efnahags- og skattanefndar. Ég á von á að við munum í þeirri nefnd fara mjög ítarlega yfir þetta mál því að mikilvægt er að það sé faglega unnið að málefnum Seðlabankans á vettvangi þingsins. Ég á líka von á að þetta frumvarp fái þá þinglegu meðferð sem það á skilið á vettvangi nefndarinnar og munum við framsóknarmenn stuðla að því.

Markmið frumvarpsins er eins og ég sagði áðan að auka traust á Seðlabankanum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að fækka seðlabankastjórum úr þremur í einn og að við hverfum frá því áratugalanga viðhorfi stjórnmálamanna að þeir aðilar sem skipa bankastjórn Seðlabankans eigi að vera pólitískt skipaðir.

Það er sérstaklega kveðið á um það í gildandi lögum um Seðlabankann að forsætisráðherra skipi formann bankastjórnar Seðlabankans og aðra bankastjóra til sjö ára í senn og ekki sé skylt að auglýsa þessi embætti laus til umsóknar. Þeir tímar eru liðnir að stjórnmálaflokkarnir skipi sérstaka fulltrúa sína sem bankastjóra við Seðlabanka Íslands. Við framsóknarmenn tölum fyrir því að það sé skipað faglega í þessi embætti á grundvelli auglýsinga og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ég trúi því ekki að nokkur stjórnmálaflokkur á Alþingi sé því ósammála.

Við erum kannski ekki svo ósammála þegar við ræðum þetta mál en því miður hefur mér fundist einkenna þessa umræðu að hér séu dregnar fram ákveðnar persónur sem við verðum að taka út fyrir sviga í umræðunni því að við erum að ræða um grundvallarstofnun sem er Seðlabanki Íslands. Það er mikilvægt að sú umræða sem hér fer fram um málefni Seðlabankans sé yfirveguð og án hleypi- og sleggjudóma um einstaklinga sem geta ekki staðið hér fyrir máli sínu. Ég legg mikla áherslu á að við tölum af hógværð um þessi mál og að Alþingi sýni sóma sinn í því að fara mjög ítarlega og vel yfir það frumvarp sem við ræðum hér.

Í öðru lagi er rætt um að sett verði á fót svokölluð peningastefnunefnd. Ég held að nauðsynlegt sé að skipa slíka nefnd til að auka trúverðugleika Seðlabankans. Það er vel til þess fallið en hins vegar er ekki sama hvernig að slíku er staðið. Ég velti því fyrir mér hvort rétt sé að þessi nefnd sé skipuð, ef þetta frumvarp verður að lögum, sérstaklega af bankastjóranum sjálfum, beint eða óbeint, þannig að allir fulltrúar í þessu ráði séu upp á náð hans komnir. Ég velti því fyrir mér hvort einhverjir aðrir eigi mögulega að skipa fulltrúa í þessa peningastefnunefnd þannig að við fáum sem mesta breidd í nefndina. Það getur verið tilhneiging til þess að ríkjandi seðlabankastjóri tilnefni einungis menn sem eru sammála hugmyndafræði hans en eins og við vitum eru margar kenningar og stefnur til í hagfræði. Það getur því verið nauðsynlegt að hafa ákveðna breidd í þessu ráði til að ólík sjónarmið komi fram þegar menn ræða um stefnu í efnahagsmálum. Þetta er eitthvað sem nefndin þarf að fara yfir á sínum vettvangi og við þurfum að fá álit vísra manna úr samfélaginu til að við fáum sem gleggsta mynd af því hvernig peningastefnunefndin muni starfa.

Ég velti líka fyrir mér hæfniskröfunum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Á að banna að maður með mikla fjármálareynslu eða með menntun í fjármálalögfræði verði ráðinn til starfa? Að maður með menntun í rekstrarhagfræði eða í fjármálaverkfræði geti orðið seðlabankastjóri? Mér finnst skilyrðin er varða hæfniskröfur dálítið þröng og að við þurfum að skoða þau mál mun betur á vettvangi nefndarinnar.

Eins og ég segi, hæstv. forseti, þá höfum við framsóknarmenn ályktað ítrekað um það, bæði miðstjórn flokksins og flokksþing, að nauðsynlegt sé að breyta um yfirstjórn í Seðlabanka Íslands og við munum ekki hvika frá þeirri stefnu flokksins. Hins vegar er ekki sama hvernig að því verður staðið. Það skiptir líka miklu máli upp á trúverðugleika og traust á nýjum Seðlabanka, ef þetta frumvarp verður að lögum, að við stöndum sómasamlega að því á vettvangi Alþingis og afgreiðum það með myndarlegum hætti eftir yfirlegu og umsagnir utan úr þjóðfélaginu úr efnahags- og skattanefnd. Ég legg áherslu á að Alþingi Íslendinga fari yfir málið af mikilli yfirvegun og að vel ígrunduðu máli því að við erum að ræða hér um undirstöðustofnun í samfélaginu sem er sjálfur Seðlabanki Íslands og við þurfum að vanda þar vel til verka. Við framsóknarmenn leggjum mikla áherslu á það.

[12:36]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég flutti í október frumvarp um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Það er tekið fyrir sem næsta mál á dagskrá á eftir stjórnarfrumvarpinu, um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, sem hér er til umræðu. Í gær fóru fram töluverð átök um höfundarrétt á frumvarpi um breytingar á gjaldþrotaskiptalögum. Ég gæti í sjálfu sér varið tíma mínum hér í að fara með sama hætti í þessi mál vegna þess að það frumvarp sem ég lagði fram í október er í efnisatriðum samhljóða frumvarpinu sem ríkisstjórnin leggur nú fram. Um ákveðinn mismun er þó að ræða eins og reyndar kom fram varðandi gjaldþrotaskiptalögin í gær en í öllu eðli og uppbyggingu er um sams konar frumvarp að ræða.

Í sjálfu sér hefði ekki þurft að leggja fram það frumvarp sem við ræðum hér heldur eingöngu afgreiða frumvarp mitt til nefndar og gera þær ráðstafanir og breytingar sem þurft hefði varðandi það að ná fram þeim takmörkuðu breytingum sem liggja fyrir í því frumvarpi sem hér er um að ræða. En munurinn er þó ákveðinn. Hann er sá að ég lagði til að lögð yrði mun meiri áhersla á persónulega ábyrgð þess einstaklings sem gegndi starfi seðlabankastjóra þannig að sá

einstaklingur væri til svara en ekki væri um að ræða fjölskipaðan aðila eins og nú er. Ég taldi það skipta gríðarlega miklu máli að hlutirnir væru með svipuðum hætti og t.d. gerist varðandi seðlabankastjóra Bandaríkjanna. Ég notaði hans völd, áhrif og ábyrgð sem ákveðna fyrirmynd í þeirri frumvarpsgerð sem ég lagði fram í október — frumvarpssmiðir ríkisstjórnarinnar hafa síðan séð ástæðu til að taka það upp og koma í þennan búning að breyttu breytanda.

Í annan stað var frumvarp mitt algjörlega málefnalegt hvað það varðar að það hafði með breytingu á þessari ákveðnu peningastofnun að gera. Aðalatriðið var að þar yrði einn faglegur yfirstjórnandi, að ráðinn yrði maður sem hefði víðtæka reynslu og þekkingu án tillits til þess hverjir gegna þeirri stöðu núna. Það hefur ekkert með það að gera. Þetta er eingöngu spurning um að ganga frá ákveðinni stjórnkerfisbreytingu, ákveðnum lagfæringum sem mundu leiða til þess að stjórnin yrði betri og skilvirkari og ábyrgðin væri ljós. Frumvarp mitt hafði ekkert með núverandi seðlabankastjóra að gera. Það hafði í sjálfu sér ekkert með það að gera að hér hafði orðið bankahrun. Það felur eingöngu í sér nauðsynlega lagfæringu þannig að Seðlabankinn verði mun virkari og sjálfstæðari stofnun og yfirstjórnandi hans búi yfir víðtækri fagþekkingu.

Í annan stað var ekki verið að gera sérstakan greinarmun þannig að menn yrðu að hafa lokið einhverri ákveðinni prófgráðu heldur miðað við að menn hefðu það hæfi og þá menntun sem nauðsynleg væri.

Hvað aðra þætti málsins varðar vil ég gera grein fyrir nokkrum atriðum þar sem skilur á milli í þeim frumvörpum sem hér er um að ræða. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að vandræðast mikið með það eða höfundarréttinn. Eins og einu sinni var sagt þá verður maður að vera ánægður með allt það sem er gott hvaðan sem það kemur. En skoða má ræðu mína hér sem framsögu sem ella hefði farið fram um mál sem er á öðrum lið á dagskránni og tel ég eðlilegt að því verði vísað til nefndar án frekari umræðu.

Frumvarpssmiðir ríkisstjórnarinnar hafa ákveðið að breyta nokkrum atriðum sem ég vil hér greina frá. Í fyrsta lagi: Í 3. gr. frumvarpsins legg ég til að seðlabankastjóri sé skipaður til fimm ára í senn, og skipa megi hann tvívegis, en ekki til sjö ára eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ég tel eðlilegra að hafa ekki lengri skipunartíma en fimm ár og er það í samræmi við störf ýmissa annarra embættismanna. Ég tel heppilegra að hafa frumvarpið með þeim hætti að miðað yrði við fimm ára skipun.

Í annan stað segir í frumvarpi ríkisstjórnarinnar að seðlabankastjóri skuli hafa lokið meistaraprófi í hagfræði. Í frumvarpinu sem ég flutti í október, og hér liggur fyrir sem dagskrármál nr. 3, er kveðið á um að hann skuli hafa lokið námi á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu á fjármálum og efnahagsmálum sem nýtist í starfinu. Ég tel fráleitt að ætla að binda skipun seðlabankastjóra við ákveðna grein sem kennd er í háskóla. Nýtist ekki viðskiptafræðimenntun? Erum við ekki með alls kyns háskólanám á sviði viðskipta, á sviði stjórnunar í sambandi við fjármál og annað, sem fellur ekki undir hugtakið hagfræði? Af hverju eigum við að þrengja þessi hæfisskilyrði? Er ekki aðalatriðið að til starfa sem seðlabankastjóri veljist einstaklingur sem býr yfir víðtækri og nauðsynlegri þekkingu á fjármálum og efnahagsmálum? Að því leyti tel ég að sú útfærsla sem er frumvarpi mínu sé miklu heppilegri og betri en sú sem valin er af hálfu ríkisstjórnarinnar í frumvarpinu sem hér er til umræðu. Mér finnst nauðsynlegt að gera breytingar á hvað það varðar.

Síðan kemur fyrirbrigði sem heitir peningastefnunefnd sem er nýyrði og ný nefnd sem á að gegna ákveðnu hlutverki samkvæmt frumvarpinu. Mér finnst það veruleg spurning hvort verið sé að fara rétt að hlutunum með því að hafa sérstaka nefnd og búa til að mörgu leyti flókið ákvörðunarferli í málum þar sem eðlilegt er að hafa einfaldara ákvörðunarferli eins og kveðið er á um í frumvarpinu sem ég hef lagt fram um breytingar á lögum um Seðlabanka. Þetta er ein stærsta spurningin í þessu máli, þessi peningastefnunefnd. Ég tel að hún sé ekki nægilega vel hugsuð og mjög mikilvægt sé að setja meiri ábyrgð á yfirstjórnendur bankans en ekki vera að búa til aðila sem ég get ekki séð að nokkur þörf sé á að komi að ákvörðunum miðað við það ákvörðunarferli sem að öðru leyti er í lögum um Seðlabanka Íslands. Mér finnst misráðið að ætla að fara þá leið.

Að öðru leyti er að meginhluta til um að ræða atriði sem varða 6., 7., 8., 9., 10. og 11. gr. Þar er um sömu ákvæði að ræða að undanskildu ákvæði um peningastefnunefnd. Að öðru leyti eru frumvörpin nákvæmlega eins. Það eru nákvæmlega sömu tilvísanir í sömu lagagreinar og þess vegna er mér með öllu óskiljanlegt af hverju sá háttur var hafður á að leggja fram sérstakt stjórnarfrumvarp þegar fyrir lá órætt í þinginu frumvarp sem kvað á um þetta.

Blandast hefur inn í þessar umræður spurningin um núverandi seðlabankastjóra og þá sérstaklega einn seðlabankastjóra. Því hefur iðulega verið hent á lofti að þar fari maður sem ekki hafi nægilegt hæfi menntunarlega séð til þess að gegna því embætti. Það vill nú þannig til að seðlabankastjórarnir eru þrír og þá er spurningin: Af hverju velta menn ekki fyrir sér hæfi hinna tveggja? Hvaða þekkingu hafa þeir? Hvaða háskólagráðu hafa þeir? Eru þeir ekki einmitt með þá háskólagráðu sem kveðið er á um að sá skuli hafa sem hér á að ráða sem næsta seðlabankastjóra? Af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar í umræðunni hér í dag er alltaf vikið að þessum eina seðlabankastjóra sem er einn af þremur sem ekki hefur próf í hagfræði eða viðskiptafræði. Hvað veldur? Er það þannig að hann einn er í raun stjórnandi þessa banka og hinir hafi ekkert með það að gera? Er það þannig að hann einn hafi tekið ákvarðanir en hinir sérmenntuðu menn á sviði peninga og viðskiptamála hafi hvergi komið nærri?

Mér finnst þessi umræða í sjálfu sér mjög óeðlileg því eðlilegra hefði verið að menn hefðu þá fjallað um þetta í heild sinni. Mér finnst stjórnmálamenn gera lítið úr sjálfum sér þegar þeir fjalla um málið með þessum hætti. Að sjálfsögðu öðlast menn víðtæka reynslu og þekkingu í peninga-, efnahags- og fjármálum með því að gegna ábyrgðarstörfum í stjórnmálum, með því að gegna ráðherrastörfum í viðamiklum ráðuneytum. Ég horfi hér á hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur sem gegndi starfi viðskiptaráðherra um langa hríð. Ég efa ekki að hún hafi viðað að sér víðtækri þekkingu á sviði efnahagsmála og öðru sem því fylgir en er þó í sjálfu sér ekki að mæla með því að hún gefi kost á sér í stöðu seðlabankastjóra.

En þannig er það og þannig er litið á það í veröldinni að menn sem lengi hafa verið við stjórnunarstörf í stjórnmálum eru taldir mjög hæfir til að taka að sér ýmis önnur og áhrifamikil störf og stjórnunarstörf á öðrum vettvangi, á sviði einkafyrirtækja og opinberra fyrirtækja. Við megum því ekki gera of mikið úr því að menn hafi ekki aflað sér ákveðinnar háskólamenntunar ef þeir hafa þekkingu og reynslu sem svarar því kalli sem hér er um að ræða. Þetta vildi ég leggja áherslu á.

Mér finnst mjög slæmur hlutur að persónugera nauðsynlega umræðu um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Það á ekkert erindi inn í þessa umræðu. Hér er fyrst og fremst verið að tala um það hvort við viljum fara þá leið að velja einn seðlabankastjóra sem er þá ábyrgur eða hafa fjölskipað stjórnvald. Ég vil hafa einn seðlabankastjóra og þess vegna lagði ég fram það frumvarp sem er nr. 3 á dagskrá, sem stjórnarfrumvarpið fer í kjölfarið á, vegna þess að mér finnst nauðsynlegt að einn einstaklingur beri ábyrgð á ákvörðunum. Honum verður þá kennt um ef eitthvað bregst af því að hann bar ábyrgðina. Mér finnst nauðsynlegt að miða við það að það sé ekki einungis ein ákveðin prófgráða í háskóla sem geri það fært að skipa ákveðinn einstakling til þessa starfs heldur sé fyrst og fremst gengið út frá því að viðkomandi hafi sem víðtækasta hæfni og uppfylli menntunarskilyrði til þess að geta gegnt umræddu starfi.

Það er því fráleitt, eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins, að tala um að seðlabankastjóri skuli hafa lokið meistaraprófi í hagfræði. Við erum að þrengja þetta með fráleitum hætti, ég skil ekki hvernig hæstv. ríkisstjórn dettur í hug að leggja það til að engir aðrir komi til greina sem yfirstjórnendur Seðlabankans en þeir sem hafa lokið slíku meistaraprófi. Hvað með þá sem hafa lokið meistaraprófi í öðrum greinum sem snerta fjármál og bankamál og annað í þeim dúr? Af hverju koma þeir ekki til greina? Af hverju getum við ekki skoðað þekkingu og reynslu manna?

[12:51]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Mér þykir það furðu sæta að í þessari umræðu, um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, situr aðeins einn ráðherra, þ.e. hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir. Mér þætti eðlilegt að undir kringumstæðum sem þessum, þegar verið er að ræða viðamikið mál, breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, sem skiptir íslenska þjóð jafnmiklu máli og stjórnarliðar hafa viljað vera láta, að hér væru í það minnsta fulltrúar úr ríkisstjórninni og þá hæstv. fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, sem er annar oddviti ríkisstjórnarsamstarfsins, og hæstv. viðskiptaráðherra sem hefur látið mörg orð falla á síðustu vikum og mánuðum um bankahrunið og það sem veldur því að við sitjum hér og ræðum breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Ég óska eftir því að hæstv. forseti kalli þessa ágætu stjórnarliða og ráðherra í þingsal (Forseti hringir.) að loknu matarhléi.

[12:52]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti vill láta þess getið að Kristján L. Möller, hæstv. samgrh., er skráður í þinghúsið og er hér einhvers staðar á næstu grösum. Forseti mun biðja starfsmenn þingsins að gera öðrum ráðherrum viðvart um þessa ósk.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:53]

Um fundarstjórn.

Viðvera ráðherra.

[13:32]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég óskaði eftir því fyrir hádegishlé að kallað yrði eftir bæði fjármálaráðherra hæstv., Steingrími J. Sigfússyni, sem nú gengur í salinn, og viðskiptaráðherra. Ég spyr hæstv. forseta hvort hann viti hvort hæstv. viðskiptaráðherra muni verða í salnum við þessa umræðu, um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Ég veit að hæstv. forsætisráðherra er í húsinu en ég spyr hæstv. forseta um hæstv. viðskiptaráðherra.

[13:32]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Því er til að svara að hæstv. fjármálaráðherra er kominn. Hæstv. viðskiptaráðherra veit af óskinni og þess er vænst að hann komi innan stundar.

[13:33]

Útbýting:

Stjórnarskipunarlög, 286. mál, frv. SF o.fl., þskj. 512.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 280. mál (skipulag yfirstjórnar og peningastefnunefnd). — Þskj. 506.

[13:33]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Umræðan um þetta mál hefur verið nokkuð fróðleg í morgun. En fyrst skal það segja að það að ná að endurreisa traust á lykilstofnunum okkar, stjórnvöldum og lykilstofnunum samfélagsins, er algjört grundvallaratriði í því risavaxna verkefni sem íslensk stjórnvöld standa frammi fyrir nú og á næstu missirum, þ.e. að vinna landið út úr efnahagslegum neyðaraðstæðum.

Fyrstu skrefin og fyrstu verkin liggja fyrir. Þrenn neyðarlög eru að baki, samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og breytt fjárlög, samþykkt 22. desember. Allt þetta lá til grundvallar því að landinu væri komið í var fyrir frekari áföllum svo að við gætum byrjað að byggja upp að nýju, hafið endurreisnarstarfið og byrjað að byggja upp nýtt og betra samfélag á grunni þess sem féll með látum og hávaða í lok september í fyrra.

Þessar bráðaaðgerðir í efnahagsmálum lágu að mestu leyti fyrir rétt fyrir jól. Það var að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni að okkur tókst að útvega okkur þau lán sem við þurftum nauðsynlega að fá. Við höfðum lánalínur til draga á ef og þegar við þurfum á fjármununum að halda. Við vorum búin að koma okkur upp verkfærum til að freista þess

að styrkja aftur stöðu gjaldmiðilsins sem aftur skiptir langmestu máli til að bæta efnahagslegar forsendur í landinu. Djúp er bankakreppan en dýpri er gjaldmiðilskreppan. Takist okkur að styrkja krónuna áfram, okkur tókst að stöðva fallið og ná henni upp aftur, þá er vel að verki staðið.

En það sem við tók og blasti við okkur eftir áramótin var að þó að þessar neyðarráðstafanir stjórnvalda væru að baki, það var búið að grípa til neyðarúrræða á ýmsum sviðum, þá var algert rof á trausti milli þjóðar og stjórnvalda, milli þjóðarinnar í landinu að stórum hluta. Auðvitað er litróf mannlífsins breytt og ekki hægt að tala fyrir alla en stór hluti af þjóðinni upplifði mikla reiði og mikinn afkomuótta sem er alveg skiljanlegt eftir gríðarlegt vonbrigðahrun nokkrum mánuðum áður. Það blasti við okkur stjórnvöldum í landinu, Alþingi, ríkisstjórn og lykilstofnunum í þessu öllu saman, Seðlabanka, Fjármálaeftirliti og öðrum lykilgrundvallarstofnunum, að okkur hafði mistekist að viðhalda, endurheimta og skapa traust á störfum okkar. Fólk krafðist breytinga með táknrænum hætti, að stjórnvöld og stofnanir sýndu ábyrgð í verki, að endurskoðun færi fram á þeim ramma sem hrundi með efnahagsáfallinu. Sú vinna stendur að sjálfsögðu yfir á mörgum sviðum.

Strax á haustdögum voru fengnir erlendir sérfræðingar til vinna að þessum málum. Mats Josefsson fer hér fyrir sérstakri vinnu um enduruppbyggingu á bankakerfinu. Kaarlo Jännäri fer yfir endurskoðun laga um fjármálamarkaði og svo mætti lengi áfram telja. Margt er í ferlum. Mat á eignum gömlu og nýju bankanna stendur yfir og vinnst vonandi vel á næstu vikum.

En það sem okkur mistókst í algjörum grundvallaratriðum og þar er við okkur öll að sakast, engan einn eða enga tvo, var að halda úti samtali við þjóðina og endurvekja traust á störfum okkar. Traust er forsenda uppbyggingar og endurreisnar á íslensku efnahagslífi, íslensku samfélagi og íslensku þjóðlífi. Traust er forsenda þess að okkur takist að vinna okkur út úr þeim efnahagslegu þrengingum og ágjöfum sem við höfum orðið fyrir. Traust er algjört grundvallaratriði í þessu öllu saman.

Við getum líka tekið praktíkina þar inn. Traust á íslenskum stofnunum og stjórnvöldum skiptir öllu máli þegar kemur að því að útvega lánsfé til uppbyggingarstarfsins, aðgengis að lánskjörum. Þar skipta milljarðatugirnir í hverju prósenti upp og niður. Fagleg stjórnun lykilstofnana skiptir þarna öllu máli. Auðvitað er hún til staðar meira og minna og það er ekki spurning um hver brást og hverjum er um að kenna o.s.frv. Þetta spurning um að til að endurvekja traust þurfum við að endurskoða lagarammann og skipta um fólk í lykilstöðum frá því að áfallið gekk yfir og þar til endurreisnarstarfið hefst nú af fullum krafti eftir áramótin þegar neyðaraðgerðir haustsins eru að baki.

Þetta snýr sem sagt ekki að persónum og leikendum. Þetta snýr að faglegu trausti. Þetta snýr að því að endurskapa trúverðugleika í fjármálakerfinu og lykilstofnunum okkar og það þolir enga bið. Þar eru góð ráð dýr og þar verðum við að hafa snör handtök af því að traust er forsenda uppbyggingar. Svo einfalt er það mál að samkvæmt skoðanakönnunum og viðhorfum svo margra þá eru lykilstofnanir hvað varðar fjármálalegan stöðugleika og fjármálakerfi Íslendinga rúnar trausti. Því miður og það er mjög leitt. Gjaldmiðilskreppan, bankakreppan og þessi áföll hafa einfaldlega getið þetta af sér. Hrikaleg mistök í stefnumótun peninga- og efnahagsmála hér á landi á mörgum undangengnum árum, alveg frá því að bankarnir voru seldir. Á bak við stærð, útrás og umfang bankanna liggur pólitísk hvatning. Það var ekki Fjármálaeftirlitinu eða Seðlabanka að kenna eða það voru ekki þeir sem ákváðu að bankarnir ættu að vera svona stórir eða þeir ættu að tífalda þjóðarframleiðslu af stærð sinni og hér væri stærsta fjármálakerfi í heimi miðað við höfðatölu. Að sjálfsögðu ekki. Á bak við þetta stendur pólitísk stefnumörkun stjórnvalda og ríkisstjórna síðustu 15 ára.

Eftirlitstofnunum voru ekki falin nægileg tæki. Þær hefðu að sjálfsögðu getað haft meiri áhrif á ýmislegt hvað varðar bindiskyldu og ýmislegt annað sem hefði getað dregið úr þessu þannig að Seðlabanki Íslands hefði með trúverðugum hætti getað verið lánveitandi til þrautarvara sem hann var að sjálfsögðu ekki gagnvart þessum ofvöxnu bönkum, hinu hrikalega stóra bankakerfi. En til að auka traust á íslensku efnahagslífi verðum við að skipta um mannskap í mörgum lykilstofnunum og við verðum líka að skipta um ramma.

Þegar ég tók þá ákvörðun að segja af mér embætti viðskiptaráðherra var ég algjörlega sannfærður um að okkur hefði mistekist það sem ég lýsti áðan, að endurvekja traust á stjórnvöldum og stofnunum okkar og við sem þar vorum að vinna yrðum að víkja. Stjórn Fjármálaeftirlitsins og forstjórinn þar er mikið afbragðsfólk. Þeim er ekki um að kenna. En stofnanirnar hafa orðið fyrir þvílíkum álitshnekki út af þessu hrikalega áfalli að það verða einfaldlega að koma til mannaskipti á mörgum stöðum og það verður að koma til endurskoðun á lagarammanum utan um allar þessar stofnanir.

Þess vegna vék stjórn Fjármálaeftirlitsins um leið og ég vék af því við vildum rýma til fyrir öðru fólki sem fékk það verkefni að endurheimta traust á stofnuninni. Þetta er það sem sneri að mér á þeim tíma. Þetta hafði ég á minni hendi að gera. Það var nauðsynlegt að höggva á þann hnút sem myndast hafði og öllum var morgunljóst eftir átökin í samfélaginu á síðustu vikum að okkur hafði mistekist illilega að endurreisa traust á lykilstofnunum samfélagsins og stjórnvöldum sjálfum.

Þetta á við um allar þessar stofnanir. Það er því mikið fagnaðarefni að fram er komið frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands þar sem lagður er til grundvallar nýr rammi utan um starfsemi þeirrar stofnunar og fagleg stjórn ráðin að því. Eins og ég nefndi áðan snýr þetta ekki að persónum og leikendum heldur trausti á landinu öllu. Það snýr að brýnustu þjóðarhagsmunum Íslendinga allra.

Það má taka undir ýmsar málefnalegar ábendingar um innihald frumvarpsins enda er þetta 1. umr. Efnahags- og skattanefnd mun fjalla um frumvarpið og þar mun málið verða unnið áfram. Við munum kalla til leiks alla okkar færustu sérfræðinga til að gefa álit á frumvarpinu og að sjálfsögðu munum við betrumbæta og breyta ef þörf er á. Þess vegna er það mjög jákvætt ef fram koma málefnalegar ábendingar á innihald og einstaka þætti frumvarpsins nú og þótt reynt sé að snúa þessu einnig upp í umræðu um nornaveiðar, að þetta sé gjörningur til þess að fara að einum

manni, tveimur eða þremur er það að sjálfsögðu ekki þannig.

Ég sagði áðan að vegna ástands í þjóðfélaginu þyrftum við að endurreisa traust á lykilstofnunum okkar og þó að það kosti mannaskipti í brúnni, Fjármálaeftirliti, Seðlabanka og einstökum ráðuneytum þá verður það bara svo að vera. Það þýðir ekki að láta þjóðarhagsmuni gjalda fyrir ótta einstakra stjórnmálamanna við einstaka embættismenn. Það er bara ekki svoleiðis. Það verður að breyta þeim lögum sem þarf að breyta til að endurreisa traust á íslenskum lykilstofnunum. Þannig er þetta bara, þetta snýst ekki um persónur og leikendur heldur verða menn að ganga þar til verka eins og þarf að gera.

Ýmsar málefnalegar ábendingar hafa komið fram um þetta frumvarp til laga frá hæstv. forsætisráðherra um Seðlabanka Íslands og það er mjög jákvætt. Við höfum ágætan tíma í nefndinni af því þetta kemur fram strax í fyrstu viku þingsins eftir að stjórnarskiptin urðu, til að fara yfir þetta mál og við munum hefjast handa við það strax á þriðjudaginn þegar nefndin kemur saman.

En þetta mál og önnur endurskoðunarvinna sem snýr að stofnunum samfélagsins í fjármálamarkaði, lykilstofnanir í allri þessari uppbyggingu, slík mál verða að koma fram sem allra fyrst. Þetta snýst allt um traust og trúverðugleika. Meðan stofnanir okkar og stjórnvöld njóta ekki trausts og trúverðugleika, hvorki innan lands né utan lands mun okkur ganga illa að vinna okkur út úr þeim efnahagslegu neyðaraðstæðum, því efnahagslega hruni sem varð hér á haustdögum og varir enn og við erum rétt að byrja að vinna okkur út úr.

Ég efast reyndar ekkert um að okkur muni ganga ágætlega að vinna okkur út úr því. Ég held að bæði vextir, verðbólga og ýmsar aðrar lykilstærðir í þessu öllu saman muni ganga hratt til betri vegar strax á þessu ári eins og spár og áætlanir gera ráð fyrir. Það er t.d. gert ráð fyrir því að stýrivextir og verðbólga verði hvort tveggja um 6% í árslok, í mánaðarlegri mælingu. Ég held að okkur muni ganga þetta vel. Ég held að okkur muni ganga vel að vinna gegn atvinnuleysinu þótt það verði tímabundið mikið, erfitt og sársaukafullt, hörmuleg staða tímabundið, tel ég samt að okkur muni ganga ágætlega að vinna okkur út úr því. Það er verið að gera marga góða hluti, allt frá álversframkvæmdum í Helguvík til margra annarra jákvæðra uppbyggingaþátta í atvinnulífinu.

En til að allt þetta gangi eftir, til að hratt ferli stýrivaxtalækkana gangi eftir, til að allir þessar efnahagslegu breytur gangi til betri vegar verðum við að endurheimta traustið á milli þjóðar og stjórnvalda. Á milli umheims og Íslands með því að segja með afgerandi hætti að allar okkar lykilstofnanir lúti faglegri stjórn. Við verðum að endurreisa traust á lykilstofnanir. Ef það mistekst verða það dýr mistök. Gríðarlega dýr mistök. Það stendur upp á okkur, alþingismenn, að leiða þetta endurreisnarstarf með lagabótum þar sem það á við.

Lagabætur á lögum um Seðlabanka Íslands skipta þar að sjálfsögðu mjög miklu máli. Þar verður að ganga til verka með yfirveguðum, fumlausum og vandvirknislegum hætti, eins og hæstv. forsætisráðherra gerir hér í dag og okkar ágæta efnahags- og skattanefnd mun gera á næstu dögum. Við munum að sjálfsögðu hlusta þar á öll sjónarmið um þetta mál, með eða á móti og við einstakar breytingar þess. Við vitum alveg að mál taka breytingum og batna. Hér er vettvangur til að koma fram með málefnalegar ábendingar á öllum sviðum. Við munum að sjálfsögðu fara yfir þær. Hér er ekki um að ræða endanlega gerð frumvarpsins.

Nokkur grundvallaratriði hafa staðið mjög í nokkrum talsmönnum Sjálfstæðisflokks, t.d. ákvæði um að skipa fimm manna nefnd sem fer með peningamálastefnuna og útfærslu á henni. Það verður ráðinn einn seðlabankastjóri á faglegum forsendum. Þessar breytingar eru einfaldlega nauðsynlegar og áríðandi og hafa verið til umræðu í samfélaginu í mörg, mörg ár og skipta öllu máli til að okkur takist að endurreisa traustið á stofnanir og stjórnvöld í landinu. Þetta snýr ekki að persónum og leikendum. Þetta snýr að lagarammanum, snýr að trausti og trúverðugleika. Þess vegna hlýtur það að vera Alþingi fagnaðarefni að málið kemur strax fram þannig að okkur gefist rúmur tími og gott svigrúm til að vinna að þessu máli áður en þing fer heim síðar í vetur og við göngum til kosninga í vor.

[13:48]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýddi á ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar. Hann fór mörgum orðum um ráðherratíma sinn en ekki svo ýkja mörgum um frumvarpið sjálft. Ég er með örfáar spurningar en ætla fyrst að rekja umræðuna sem fram kom hjá hv. þingmanni.

Mjög skýrt kom fram að nauðsynlegt væri að skipta um fólk í lykilstöðum. Jafnframt kom fram hjá hv. þingmanni að skoðanakannanir sýndu að skipta þyrfti um. Það þyrfti að stjórna svona og svona.

Ég held að afskaplega hæpið sé að þeir sem veljast til Alþingis og jafnvel ráðherratignar sveiflist eftir skoðanakönnunum. Þær eru breytilegar og ýmislegt sem í þeim er rætt.

Hv. þingmaður nefndi að hann hefði sagt af sér sem viðskiptaráðherra þar sem hann hefði séð að breytinga þyrfti við. Athyglisvert var að sú afsögn var ekki tekin gild. Forsetinn tók hana ekki gilda þannig að hv. þingmaður sat sem ráðherra þar til ný ríkisstjórn var mynduð. Þá kom fram að þetta væri svolítið fljótfærnislegt frumvarp og í raun bara uppkast. Ég skildi það þannig.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann: Hvað með að fara út í þá vinnu að sameina Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann? Hv. þingmaður þekkir þessi mál og fyrsta spurning mín til hans er: Hvað með að breyta löggjöfinni með þeim hætti að Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn sameinist? Hv. þingmaður nefndi ráðgjafa sem hafa unnið að þessum málum og ég vil gjarnan fá að heyra svörin.

[13:50]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera þingheimi það að eltast við útúrsnúningana og skætinginn sem kom fram hjá þessum ágæta þingmanni. Ég sagði aldrei að þetta væri fljótfærnislegt. Ég sagði aldrei að hér væri uppkast. Ég frábið mér svo barnalega útúrsnúninga. Þeir eru leiðinlegir í svo alvarlegri umræðu. Ég nenni hvorki að svara þeim né eltast við þá.

Ég sagði aldrei að viðhorfskannanir eða skoðanakannanir hefðu sýnt að skipti ætti um einn eða neinn. Ég sagði að viðhorfskannanir sýndu eins og samtöl við fólkið í samfélaginu að algjört rof væri í trausti á lykilstofnunum. Ég sagði aldrei að skipta ætti um neinn. Ég bið manninn um að fara með rétt mál.

Hvað varðar hinn efnislega þátt, sem er sjálfsagt að svara, væri gaman að ræða hann hér í dag og í nefndinni á næstunni. Hugmyndir eru um sameiningu Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands. Þá nefndi ég, eins og hv. þm. Birgir Ármannsson kom inn á í ræðu sinni í morgun, að ég hefði sagt frá því í Morgunblaðinu á sínum tíma að á því væru bæði kostir og miklir gallar.

Þetta er ein þeirra leiða sem kemur til greina en ég hef alltaf haft á henni mikinn fyrirvara sjálfur og ekki séð kostina við hana. Þegar farið er yfir þróun fyrirkomulags á fjármálaeftirlitum og seðlabankastjórn, en Seðlabankinn er líka fjármálaeftirlit þar sem hann er með lausafjárstýringuna á bönkunum, kemur í ljós að það fyrirkomulag að hafa þetta tvennt í sömu stofnun tíðkast nánast aldrei. Til eru þrjú módel. Það módel sem er hér til staðar er algengt. Ég held að miklu farsælla og vænlegra sé að efla stofnanirnar hvora í sínu lagi, Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann.

Ef menn finna einhvern málefnalegan flöt á því að til bóta sé fyrir stofnanirnar báðar og fjármálalífið í landinu að steypa þeim saman þá er það í lagi, en ekki að gera það bara til að breyta án þess að fyrir því liggi málefnaleg rök sem liggja ekki fyrir núna. Rökin fyrir sameiningunni komu aldrei sérstaklega skýrt fram. Ég hef ákveðinn fyrirvara en sjálfsagt er að skoða það ef menn komast að þeirri niðurstöðu að það sé til bóta. En þau rök hafa að mínu mati ekki komið fram.

[13:53]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að eltast við orð þingmannsins. Hann misskildi mig greinilega í fyrra andsvari og ætti að hlusta á útsendinguna til að skilja betur það sem ég fór yfir í því. Mig langar til að spyrja hann um tvö tiltekin atriði í frumvarpinu. Í 3. gr. segi, með leyfi forseta:

„Forfallist seðlabankastjóri getur forsætisráðherra sett seðlabankastjóra tímabundið í stað hans.“

Fyrri spurningin er hvaða menntunarkröfur sá þarf að uppfylla. Hin síðari er hvað tímabundið þýðir í þessum lögum. Er það mánuður, hálfur mánuður eða eitthvað annað? Ég vil fá að heyra álit hans á þessum spurningum.

Jafnframt kemur fram í ákvæði til bráðabirgða nr. 2 að setja megi mann sem uppfylli skilyrði laga þessara til að gegna embætti seðlabankastjóra. Hvað má settur seðlabankastjóri vera lengi samkvæmt þessum lögum? Það er ekki tilgreint og ég vildi gjarnan fá að heyra um hvað menn eru að hugsa þar. Er verið að tala um einhverja tímalengd eins og með nýskipaðan skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu sem settur er fram yfir kosningar eða hvaða tímamörk er verið að ræða? Ég vildi gjarnan fá að heyra skoðun hv. þingmanns á þessu og vonandi verður þetta tekið upp að einhverju leyti í nefndinni.

[13:54]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru ágætar spurningar. En eins og felst í orðunum forföll og tímabundinn er ágætt að hafa svigrúm í því og niðurnegla ekki í lögum. Af því svo getur farið að seðlabankastjóri sé ráðinn sem vegna veikinda eða annarra hluta þarf að fara frá í einn, tvo eða þrjá mánuði. Þá þarf að vera svigrúm til að gefa honum færi á því að ná sér á strik og koma aftur til starfa áður en nýr er ráðinn. En í orðinu tímabundinn felst að um er að ræða ráðstöfun til afmarkaðs tíma. Ef forföllin eru varanleg ber að auglýsa starfið aftur.

Um menntunarkröfurnar gildir það sama og í auglýsingunni um seðlabankastjóra. Sömu menntunarkröfur gilda fyrir þann sem yrði skipaður seðlabankastjóri tímabundið á meðan á forföllum varir.

Eins og ég nefndi áðan er þetta vettvangurinn til að koma með málefnalegar ábendingar og fyrirspurnir um efni þessa ágæta máls af því það gefur augaleið og á að vera svo að í meðförum þings eiga mál annars vegar að breytast og hins vegar að verða betri. Til þess eru refarnir skornir. Til þess er leikurinn gerður og að sjálfsögðu verður það svo að finni nefndin í meðförum sínum leiðir til að gera ágætt mál enn þá betra fer hún að sjálfsögðu þær leiðir.

[13:56]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. þingmann af því að nú eru gerðar ákveðnar kröfur um menntun seðlabankastjóra — mér skilst að einn af þessum þremur í dag uppfylli þau skilyrði — og stjórnmálamaður, ráðherra, á að tilnefna hann eftir auglýsingu.

Nú er þekkt að hagfræðingar eru afskaplega pólitískir. Það er bara þannig. Ég held að Karl Marx hafi verið hagfræðingur, líka Friedman og fleiri þannig að hagfræðin er í eðli sínu mjög pólitískt fag öndvert við stærðfræði og heimspeki. Reyndar getur heimspeki líka verið mjög pólitísk en stærðfræði örugglega ekki. Verður þessi ráðning og uppbygging á stjórninni ekki mjög pólitísk? Vegna þess að seðlabankastjóri er með tvo undirmenn sína í stjórninni og þeir dingla nákvæmlega eins og hann vill því hann ræður launum þeirra og kjörum og hvort þeir fá uppheð eða ekki. Hann tilnefnir einnig tvo aðra utan úr bæ. Þannig að eins manns batterí mun stýra þessu. Er þetta mjög sniðugt?

Mikið er talað um ábyrgð og að svona stofnanir séu óháðar. Hvernig er hægt að búa til kerfi sem er þannig að menn sæti ábyrgð þótt þeir séu óháðir? Mér skilst að hv. þingmaður hafi sem hæstv. viðskiptaráðherra sagt upp stjórn óháðrar stofnunar, í einu lagi. Ég veit ekki hvort þeir aðilar hafi samþykkt það persónulega og vitað af því. Þannig að spurningin er hvort stofnanir eigi að vera þannig að framkvæmdarvaldið geti sagt stjórnendum þeirra upp ef þeir hlýða ekki og gera eins og það vill.

[13:58]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst svara því sem hv. þingmaður vísaði til um stjórn Fjármálaeftirlitsins. Ég sagði henni ekki upp. Ég tilkynnti formanni stjórnar það að

morgni sunnudagsins sem ég sagði af mér embætti viðskiptaráðherra að ég ætlaði að gera svo. Þá ákvað hann sjálfur í sama símtali að gera slíkt hið sama. Ég hafði skipað hann og þar með þótti honum tími sinn á enda runninn. Síðan óskaði ég eftir því við restina af stjórninni að hún færi frá. En ég rak hana ekki.

Að sjálfsögðu er þetta alltaf matsatriði. Pólitísk stjórnun og pólitík hagfræðinganna liggur fyrir. En Alþingi markar stefnuna. Alþingi samþykkti lög um Seðlabanka árið 2001 og Alþingi ber meginábyrgð á þeirri peningamálastefnu sem hér hefur goldið algjört afhroð. Það eru ekki einstaklingar í Seðlabankanum eða annars staðar sem bera meginábyrgðina á því. Það er Alþingi sjálft og ríkisstjórnir þess tíma, fyrri tíma og fram að þessum tímum öllum, sem yfir okkur gengu hér í haust, sem bera þar meginábyrgð. Alþingi ákvað rammann og ákvað með þessum lögum að hér yrði peningamálastefna með þeim hætti sem hún var. Fljótandi króna með verðbólgumarkmiðum. Tækin stýrivextir, bindiskylda og fleira. Alþingi skaffaði Seðlabankanum þessi tæki og skapaði rammann og meginábyrgðin liggur þar. Þannig verður það áfram.

Með einum seðlabankastjóra sem er ráðinn eftir þessum menntunarkröfum verða ábyrgðin og verkstjórnin vissulega skýrari. Ábyrgðin verður að sjálfsögðu áfram ríkisstjórnar og Alþingis og hagfræðingurinn sem fyrir bankanum fer vinnur alltaf út frá því sem Alþingi markar. Þannig að ég held að það verði ekki til óbóta í því máli.

[14:00]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður sagði að peningamálastefnan hefði goldið algjört afhroð og það er einmitt það sem ég hef verið að undirstrika á undanförnum fjórum, fimm árum, að hún væri meingölluð.

Nú langar mig til að spyrja hv. þingmann af því að hann segir að þannig verði það áfram: Er meiningin að hafa peningamálastefnuna óbreytta? Ég sé ekkert í þessu frumvarpi sem breytir peningamálastefnunni. Þetta frumvarp finnst mér ekki vera mjög vel unnið. Það er ekki minnst á samskipti við Fjármálaeftirlitið sem þó eru þannig að Seðlabankinn tilnefnir einn mann í stjórn Fjármálaeftirlitsins sem sagði af sér líka um daginn, þ.e. fulltrúi Seðlabankans. Það stendur ekki til að breyta því neitt. Það á að gera samstarfssamninga milli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins eftir sem áður. Því er ekki breytt. Fjármálaeftirlitið á einu sinni á ári að tilkynna viðskiptaráðherra um vinnslu mála. Því er ekki breytt heldur.

Mér finnst þetta frumvarp því ekki taka á þeim vanda sem menn tala um sem er nú kannski fyrst og fremst vandi Fjármálaeftirlitsins að hafa ekki haft eftirlit með þessum Icesave-reikningum nægilega vel og ekki unnið það nægilega hratt og fylgst með rekstri bankanna. Samskipti milli Seðlabanka og Fjármálaeftirlits voru auk þess orðin mjög fátækleg og ekki er minnst á Fjármálaeftirlitið í þessu frumvarpi eða neitt varðandi breytingar. Þar er ekki vísað í útlönd eða neitt. Það er eins og Ísland sé orðið aftengt við umheiminn þegar maður skoðar þetta frumvarp sem hæstv. ríkisstjórn leggur fram.

[14:02]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að bæta megi frumvarpið þannig að það taki enn frekar á vandanum og þeirri peningamálastefnu sem hér galt algjört afhroð og hefur svo verið um nokkra hríð. Við vissum það öll og það var hverju mannsbarni á Íslandi ljóst daginn fyrir skírdag í fyrra þegar krónan féll um tæp 30% að við stefndum inn í hrikalega erfiðleika. Hrikalega. Og áfram féll krónan og fjármálakerfið og efnahagslífið hrundi svo í haust.

Ef þetta mál tekur ekki að fullu á vandanum betrumbætir efnahags- og skattanefnd málið að sjálfsögðu í meðförum sínum og þingið sjálft einnig, það er ekki vandamálið. Hér við 1. umr. ræðum við málið eins og það liggur fyrir.

Stóra málið er nákvæmlega það sem þingmaðurinn nefndi áðan: Hvernig förum við að því að endurheimta fjármálalegan stöðugleika í landinu? Þar er talsvert í land og það er risastóra verkefnið okkar hér allra, að endurheimta fjármálalegan stöðugleika, styrkja stöðu gjaldmiðilsins og leita leiða inn í það.

Eins og sagt hefur verið frá í fjölmiðlum mun hæstv. fjármálaráðherra funda í dag eða á morgun með fjármálaráðherra Noregs um einhverjar vendingar í gjaldmiðilsmálum eða hugmyndir. Ég hef talað um það mörg ár að við getum ekki búið við hið stóra fjármálakerfi og hinn örlitla gjaldmiðil. Hv. þingmaður sem hér var í andsvörum tók ekki undir það svo ég muni. Hann vildi búa við óbreytt ástand. Ég man ekki eftir að hann hafi fært miklar mótbárur gegn því.

En það var banvæn og eitruð blanda sem að lokum felldi okkur, hið litla myntsvæði og hið risastóra fjármálakerfi. Það er bara svo. Ef við eigum að fara að ræða um það og deila um hver átti að hafa eftirlit með hverjum veit þingmaðurinn það mætavel að í lögum um Seðlabanka Íslands segir að honum beri að hafa eftirlit með lausafjárstöðu fjármálafyrirtækjanna í landinu. Það var lausafjárskortur sem að lokum felldi hið risastóra fjármálakerfi og það og sú staða að Seðlabanki Íslands gat ekki þrautarvaralánað bönkunum þegar þeir lentu í lausafjárvandanum. Nákvæmlega þetta og ekkert annað felldi kerfið að lokum. Svo getum rakið aðdragandann að því í löngu máli.

[14:04]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er enginn vafi á því í mínum huga að þetta frumvarp er ótvírætt framfaraskref. Ég held að með því komist loks á það stjórnskipulag og sú aðferðafræði sem á að viðhafa í nútímalegum seðlabanka, þ.e. að byggt sé á faglegu vali forustumanna og búið sé til ákvarðanatökuteymi sem hefur sterkan faglegan bakgrunn og taki hinar mikilsverðu ákvarðanir.

Mér finnst mikilvægast að menn ræði efnið sjálft, þ.e. það frumvarp sem hér er undir. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að þingmenn vilji ræða ýmislegt sem tengist stöðu efnahagsmála, hvernig peningamálastefnan hefur reynst eða ekki reynst að undanförnu. En það breytir auðvitað ekki því að það sem við erum hér að fjalla um er lagarammi um starfsemi og skipulag Seðlabankans. Verkefnin eru síðan ekki útfærð í lagatexta heldur eru þau í höndum þeirra sem

um véla, stjórnvalda og bankans að því leyti sem hlutir eru ákvarðaðir sameiginlega eins og hin sameiginlega yfirlýsing ríkisstjórnar og bankans frá því í mars 2001 er til marks um. Og síðan er bankinn að sjálfsögðu sjálfstæður í sínum ákvörðunum.

Það vill svo til að ég þekki nokkuð til forsögu gildandi laga um seðlabankana því að ég sat í þeirri nefnd sem undirbjó það frumvarp og samdi það. (**Gripið fram í:** Nefnd allra flokka.) Nefnd allra flokka. Alveg hárrétt. Þar var nú ýmislegt rætt og frumvarpið varð að lokum eins og oft vill verða tiltekin málamiðlun milli margra sjónarmiða sem þar voru uppi. Þar var í aðalatriðum ekki djúpstæður ágreiningur um að það var orðið löngu tímabært að breyta Seðlabankanum. En að lokum náðist ekki full samstaða um það hversu langt skyldi ganga og hvort það verkefni yrði klárað eða ekki. Það veit að því sem aðallega er undir í þessu frumvarpi. Þau sjónarmið voru flutt fram mjög sterkt í nefndinni, þar á meðal af þeim sem hér stendur, að þessu verki ætti að ljúka til fulls og að breyta ætti lögunum um Seðlabankann þannig að þar yrði einn faglega skipaður seðlabankastjóri.

Það var líka mikið rætt um peningastefnunefnd eða peningastefnuráð. Það stóð dálítið í mönnum að fordæmin frá nálægum löndum eru flest nokkuð viðamikil og fjölmenn slík ráð eða nefndir, allþung í vöfum og eru einfaldlega á mannamáli sagt sennilega líka alldýr vegna þess að í þeim situr allmikill fjöldi manna sem yfirleitt gefur ekki vinnu sína.

Niðurstaðan á sínum tíma í nefndinni varð sú að ekki var stuðningur eða meiri hluti við að fara alla leið. Í raun og veru var því, eins og ég lít á það, slegið á frest að klára breytingarnar á skipulagi Seðlabankans að þessu leyti. Flestir voru sammála um að þetta væri það sem þyrfti að stefna að, að straumlínulaga stjórnkerfi Seðlabankans eins og búið er að gera eða yfirleitt er gert í löndum í kringum okkur sem við berum okkur saman við. Eins væri heppilegra að einhver nefnd eða ráð hefði að hluta til annan bakgrunn en bankastjórn hefur núna eða yfirmenn á viðkomandi sviðum bankans einir bera með sér. Gjarnan sjá menn þá fyrir sér að sóttir séu sérfræðingar úr akademíunni eða úr viðskiptalífinu eða menn með mikla reynslu á því sviði sem látið hafa af störfum eða hvernig sem það nú er, sem kæmu inn í peningastefnuákvarðanirnar og bæru með sér sjónarmið t.d. úr viðskiptasamfélaginu eða háskólasamfélaginu.

Niðurstaðan varð sem sagt sú að menn lögðu ekki í að klára verkið. Menn lögðu ekki í að klára breytingarnar. Ég held að það eigi ekkert að ræða um þetta öðruvísi en þetta er. Við sitjum enn uppi með arf gamals tíma hvað það varðar að hér eru þrír bankastjórar og þeir voru um áratugaskeið í raun og veru tilnefndir inn í bankann af þremur mismunandi stjórnmálaflokkum. Það átti hver flokkur sinn mann. Það þarf ekkert annað en að fara yfir það hverjir hafa setið í bankastjórn Seðlabankans á umliðnum árum og áratugum til að sjá þessa staðreynd í björtu ljósi. Það er ósköp einfaldlega þannig. Oftast voru það þá þeir flokkar sem saman fóru með völd í ríkisstjórn á hverjum tíma sem sáu um að þeir ættu þarna sín sæti.

Sagan geymir meira að segja tímabil þar sem menn geymdu sæti, þar sem bankastjórn Seðlabankans var ekki fullskipuð í þó nokkurn tíma vegna þess að það var geymt sæti sem tilheyrði tilteknum flokki og hann var ekki klár með manninn í það. Þetta er bara svona, virðulegi forseti. Það á ekkert að vera að ræða þetta með einhverri tæpitungu. Spurningin er: Viljum við ekki fara í burt frá þessari arfleifð og segja nú endanlega skilið við hana? Ég hélt að það gæti ekki verið mikill ágreiningur um að á hinu nýja Íslandi ættum við ekki að hafa þetta svona. Ef það er nú eitthvað sem menn vilja virkilega skilja eftir sig er það óheppileg samblöndun stjórnmála og faglegra málefna eins og þessi arfleifð er auðvitað til marks um.

Þess vegna fagna ég því alveg sérstaklega að hér koma inn skilgreindar hæfniskröfur og það er algerlega í gadda slegið, eins og núverandi hæstv. utanríkis- og iðnaðarmálaráðherra mundi kannski orða það, að um faglega ráðningu er að ræða á grundvelli auglýsingar þar sem valinn er sá hæfasti, hann fær starfið. Ég held að það sé tvímælalaust framfaraspor.

Sem fjármálaráðherra líst mér líka ágætlega á að í þessu er auðvitað fólginn sparnaður. Samanber kostnaðarmat fjárlagaskrifstofunnar veldur þetta nánast engum viðbótarkostnaði innan árs sem í hönd fer og strax á næsta ári má ætla að af þessu verði kannski 25 millj. kr. sparnaður. Þetta er einfaldari yfirstjórn á bankanum og ódýrari. Mér líst bara ágætlega á það miðað við það sem ég hef í höndunum og horfi t.d. til ársins 2010. Það munar um allt. Margt smátt gerir eitt stórt.

Ef við náum því hvorutveggja í senn að gera Seðlabankann faglega skipaðan og að endurreisa á honum og öllu kerfinu meira traust og við trúum því að þessar breytingar gangi í rétta átt, held ég að við hljótum að vera ánægð með það.

Mér finnst mikilvægast að við ræðum efni frumvarpsins og spyrjum okkur að því — menn geta svo skemmt sér við að ræða svona ýmsa pólitík í kringum það: Er þetta ekki það skipulag sem við viljum hafa? Og ef það er niðurstaðan hljótum við að drífa í því að afgreiða þetta mál. Það er tiltölulega einfalt þótt að sjálfsögðu sé rétt alltaf að vanda til verka og skoða hlutina.

Ég er svo alveg sammála því sem hér var tilefni til orðaskipta áðan, að að sjálfsögðu þarf að fara í það verk sem er búið að standa til í eitt og hálft ár, ef ég man rétt, að fara í gagngert endurmat á peningastefnunni og virkni hennar og hvernig við ætlum að skipa þessum málum í framhaldinu. Í mínum huga er það alveg augljóst mál að það þarf að vega og meta mjög vel alla kosti sem snúa að stöðu gjaldeyrisins og Seðlabankanum og hinu miðlæga hlutverki hans í því að reyna að tryggja hér stöðugt verðlag og stöðugt gengi. Ég held að mistökin á sínum tíma í nálguninni frá 2001 hafi legið í því að menn trúðu of mikið á blindni á að nægjanlegt væri að Seðlabankinn horfði á bara eitt markmið, verðstöðugleikann, og annað hlyti að laga sig sjálfkrafa að því og væri í lagi ef Seðlabankinn með stýritækjum sínum, fyrst og fremst vaxtaákvörðunum, gæti haldið verðbólgunni lágri og rólegri.

Annað kom á daginn. Í fyrsta lagi náðist það markmið nánast aldrei. Það var í örstuttan tíma eftir gildistöku laganna sem verðbólgan var innan viðmiðunarmarkanna sem sett voru með hinni sameiginlegu yfirlýsingu 27. mars

2001, ef minni mitt svíkur ekki. Síðan var þetta eilífur barningur við verðbólgu sem var langt ofan við þau vikmörk. Af þeim barningi leiddu aðrir hluti sem juku á óstöðugleikann í kerfinu. Það var t.d. alveg ljóst að ein okkar meginmeinsemd var hinn mikli vaxtamunur milli Íslands og erlendra landa sem sogaði fé inn í landið og sem jók síðan á óstöðugleikann og er óleystur hausverkur að talsverðu leyti í dag. Það erlenda kvika fjármagn sem hér er enn í hagkerfinu og mundi sjálfsagt taka í einhverjum mæli til fótanna ef ekki væru þær takmarkanir á og þeir háu vextir sem hér eru þrátt fyrir allt í boði.

En það er oft þannig að um leið og menn reyna að leysa eitt vandamál verða til önnur og stundum jafnvel verri hinu fyrra. Auðvitað eru þetta alveg ótrúlega snúnar aðstæður fyrir Ísland að sitja fast í þessum himinháu vöxtum á sama tíma og vextir eru lækkaðir niður undir ekki neitt í öllum nálægum löndum sem viðleitni seðlabanka og stjórnvalda þar til að bregðast við samdrætti og vaxandi kreppu.

Það þarf auðvitað engin orð um það að hafa hversu ólánlegt það er fyrir okkur að sitja föst í þessum aðstæðum en fyrir því eru ástæður sem menn þekkja og er hægara sagt en gert að komast út úr. Þá er ég nú m.a. að tala um það fé sem er inni í hagkerfinu og ég er að tala um þörfina á því að styrkja gengi krónunnar og ná því stöðugu.

Um þetta mætti nú allt saman ræða en það er ekki beint tengt efni þessa máls nema sem afleiddur hlutur. Við erum hér að ræða einfalt frumvarp sem snýr að endurskipulagningu stjórnkerfis Seðlabankans og að færa það í þessa átt sem frumvarpið ber með sér. Ég er ekki í neinum minnsta vafa um að það er það skref sem við eigum að taka og þótt fyrr hefði verið. Ég held satt best að segja að það hafi verið mikil mistök að gera það ekki strax 2001 og ég get alveg játað á mig mína ábyrgð á því að hafa kannski verið of linur og gefið þau sjónarmið eftir ásamt fleirum inni í nefndinni sem vildum þá strax fara þessa leið. Hverju það hefði svo breytt fyrir Ísland og stöðu þess í dag er auðvitað ómögulegt að segja.

Herra forseti. Það mun hafa verið óskað eftir viðveru minni hérna við umræðuna sem ég er auðvitað hæstánægður með. Ég var hérna reyndar fram undir hádegi í dag og mætti af sjálfsdáðum hingað án þess að hafa fengið nein skilaboð um að mín væri óskað. Af því að mig langaði til að taka þátt í umræðunni og fylgjast með henni eins og ég get þá geri ég það með ánægju eins lengi og tíminn leyfir. En ég hef öðrum skyldum að gegna lítið eitt seinna í dag. Ég þarf að taka á móti góðum gesti, fjármálaráðherra Noregs, sem hingað er að koma. Ég vænti þess að hv. þingmenn hafi skilning á því og umberi að ég verð þá að hverfa frá umræðunni þegar eitthvað líður á, enda hæstv. forsætisráðherra kominn í salinn og því vel skipað þar sem hún er og flytjandi málsins.

[14:17]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Það er kannski ekki mjög hvasst andsvar sem ég ætla að veita hæstv. fjármálaráðherra og ég legg það bara í hans dóm hvort hann vill koma og svara því. En það stafar af þeim orðum sem mér þótti hann segja hér, að þrír af fjórum hefðbundnum flokkum, fyrir stofnun þeirra flokka sem við hæstv. fjármálaráðherra tilheyrum hefðu átt fulltrúa eða sendimenn eða einhvers konar menn í bankastjórn Seðlabankans. Það hljótum við að rifja upp við tveir sem vorum í þessum fjórða flokki sem hæstv. fjármálaráðherra á sennilega við með þessum orðum, nefnilega Alþýðubandalaginu, og ég sé að það færist bros á ýmsa í salnum sem þar voru einnig eða þekkja þar til.

Það var þannig að Guðmundur Hjartarson, hinn ágæti bankastjóri Seðlabankans og mikill áhugamaður og vitmaður um rekstur og þjóðmál, var skipaður bankastjóri, ég skal ekki segja, ég hygg að það hafi verið í vinstri stjórninni 1971–1974 sem hann var skipaður bankastjóri. Ég man skýrt að það var Lúðvík Jósefsson viðskiptaráðherra sem gerði það. Hann var í þessu kerfi sem þá tíðkaðist einhvers konar fulltrúi Lúðvíks og Alþýðubandalagsins í þessari bankastjórn. Það rýrir ekki gildi þess mæta manns eða Lúðvíks viðskiptaráðherra. En í mínu minni stendur það nokkuð glöggt að þetta þótti ákaflega undarleg skipun, að Alþýðubandalagið og ráðherrar þess skyldu leyfa sér að setja mann inn í þessa bankastjórn sem var nánast heilagt vé þeirra flokka þriggja sem höfðu myndað hreiður þarna í þessu stjórnarsetri og öðrum og Lúðvík þurfti svolítið að hvessa sig þegar hann tilkynnti þessa ákvörðun.

Þessir tímar eru vonandi liðnir og sá fjórði flokkur sem hér um ræðir tók (Forseti hringir.) minni þátt en aðrir í þessu en á þó þessa sök, ef sök skyldi kalla.

[14:19]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er allt hárrétt með farið hjá hv. þingmanni og ég játa það alveg fúslega að það munu þá hafa í þessum skilningi fjórir flokkar í sögunni — ég hygg að þeir séu örugglega ekki fleiri — átt á einhverjum tímum fulltrúa sem mátti segja að væru þeirra eða skipuðu þann stól sem þeir hefðu haft ráð á að skipa. En ég má þó segja um leið að þetta er væntanlega undantekningin sem sannar regluna. Ég hygg að þetta sé eini bankastjórinn sem skipaður var úr þessari átt og þeir voru sannanlega aldrei nema frá þremur flokkum í einu.

Svo er auðvitað líka nauðsynlegt að halda því til haga að að sjálfsögðu hafa inn á milli verið faglega ráðnir bankamenn, þ.e. bankamenn sem hafa haft framgang í starfi eins og núverandi bankastjórn ber með sér. Þessu hefur að sjálfsögðu ekki alltaf verið þannig háttað að um einhvers konar hreina flokkspólitíska fulltrúa væri að ræða en mjög oft, einkum á fyrri tíð þegar þetta mátti heita alveg föst regla. Það er því staðreynd að slík er arfleifðin sem við erum að tala um og átti að mínu mati þátt í því að hún var enn það föst í sessi eða enn það mikil seigja í hlutunum að menn lögðu ekki í að klára dæmið og fara alla leið 2001.

[14:21]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir ágæta og hófstillta ræðu. Það sem ég ætla að spyrja hann um er ráðning þessa eina seðlabankastjóra sem hann talar um að sé fagleg ráðning á grundvelli auglýsingar. Nú er það svo að forsætisráðherra, sem sagt mjög pólitískur aðili,

á að velja þennan mann og eins og ég gat um í andsvari áðan eru hagfræðingar oft og tíðum mjög pólitískir. Verður þetta þá ekki bara mjög pólitísk bankastjórn þrátt fyrir öll faglegheitin?

Ég vil líka minna á að próf úr háskóla er svo sem ágætt, ég tel að svona 5–10 ára gamalt próf sé svo sem í lagi en þegar það er orðið 30–40 ára gamalt fer reynslan og starfsreynslan að skipta miklu meira máli. Það er spurning hvort þessi ofurtrú á einhver próf eigi rétt á sér eða sérstök próf. Ég hef miklar efasemdir um það.

Það sem ég vildi nefna er að hæstv. fjármálaráðherra segir að við eigum að líta á þetta frumvarp eitt sér. En það tengist Fjármálaeftirlitinu, við getum ekki litið á þetta frumvarp eitt sér. Við verðum að taka með í þá stofnun í þjóðfélaginu sem hvaða mesta gagnrýni hefur hlotið og tengist þessari óneitanlega. Ég get því ekki séð hvernig við getum rætt þetta frumvarp án þess að taka inn í myndina hugsanlega að menn mundu vilja sameina Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann, eins og fyrrverandi hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér að gera og beið eftir tillögum frá finnskum sérfræðingi í þessum málum sem ekkert virðist hafa verið notaður við þessa frumvarpssmíð. Hans er alla vega ekki getið.

[14:23]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er þetta vel útlistað í umsögn um 3. gr. frumvarpsins. Það er auðvitað ljóst að við ráðningu í slíka stöðu eftir lögbundið auglýsingaferli þá gilda almennar reglur um skipan í embætti hjá hinu opinbera og sá hæfasti skal valinn. Menn eiga ákveðinn rétt ef fram hjá þeim er gengið eins og kunnugt er og þá geta komið við sögu önnur lög, t.d. jafnréttislög o.s.frv. Þá fer þetta inn í hið hefðbundna ferli og er varið af þeim lögum og vinnureglum sem um faglegar ráðningar og vandaðar ráðningar gilda.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að reynslan er líka mikilvæg enda er gert ráð fyrir henni. Þarna eru hvort tveggja í senn settar menntunarkröfur og reynslukröfur, að menn hafi víðtæka reynslu og þekkingu. Ég held að öllu því sem hv. þm. Pétur Blöndal er að biðja um sé mætt nákvæmlega í því orðalagi sem þarna er.

Það er auðvitað rétt að vel menntaður og reyndur hagfræðingur getur verið pólitískur, það er að sjálfsögðu ekki hægt að banna manninum að hafa skoðanir á pólitík. En það verður þá að minnsta kosti bara einn pólitískur maður þarna en ekki þrír og það má þá kannski nota röksemdafærslu Þórarins Nefjólfssonar sem forðum var, að þeim mun færri sem ljótu tærnar eru þeim mun betra. Þannig afgreiddi hann það mál með fæturna tvo.

Varðandi svo Fjármálaeftirlitið og skipulagið þá breytir þetta að sjálfsögðu engu um það. Það getur komið til skoðunar að sameina Fjármálaeftirlit og Seðlabanka en það verður þá sameinað svona Seðlabanka með svona yfirstjórn, með einum faglegum bankastjóra og peningastefnuráði og verður ein af einingum þess banka og heyrir undir hann. Þannig að þetta hefur ekki á nokkurn hátt truflandi áhrif á það ef menn vilja halda þeirri skoðun áfram og kunni að telja það ráðlegt á síðari stigum, (Forseti hringir.) sem ég get fúslega upplýst að ég hef ekki endanlega mótað mér skoðun um. Það eru sjónarmið bæði (Forseti hringir.) með því og móti.

[14:25]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki var þetta nú gott svar hjá hæstv. fjármálaráðherra, að einn pólitískur seðlabankastjóri sé betri en þrír. Ég er hræddur um að stefnan yrði þá enn skýrari þegar það er bara einn sem ræður og hefur ákveðna skoðun. Ef þeir eru þrír gætu þeir hugsanlega haft eitthvað mismunandi skoðanir í pólitík og/eða jafnvel engar. Þetta yrði þá bara hrein eins manns pólitísk stjórn sem þarna yrði og eins og ég gat um áðan þá er allt þetta peningaráð háð honum einum. Þeir verða undirmenn hans og hann hefur þá náttúrlega í vasanum eins og menn hafa undirmennina yfirleitt. Tvo þeirra tilnefnir hann og þeir verða þá allir með sömu pólitík. Þeir eru ráðnir til sjö ára og svo talar hæstv. ráðherra um að það mætti hugsanlega breyta þessu. En hvað á þá að gera með þann mann sem búið er að ráða til sjö ára og er pólitískur, segjum að hann sé kannski í sama flokki og hæstv. ráðherra og svo kemur ný ríkisstjórn sem er ekki ánægð með þá skoðun?

[14:26]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst nú hv. þingmaður ekki leggja rétt út af orðum mínum. Ég var ekki að tala um að þarna yrði einn pólitíkus. Ég var að segja að þó að um faglega ráðinn vel menntaðan og reyndan hagfræðing væri að ræða, þá væri auðvitað ekki hægt að útiloka það að hann hefði pólitískar skoðanir. Við getum ekki bannað honum það. Ég var ekki þar með að segja að ég gengi út frá því að þarna yrði einn pólitíkus í staðinn fyrir þrjá áður. Það er bara útúrsnúningur á orðum mínum. Ég vona svo sannarlega að við komumst í burtu frá þeim tíma og ég held að lögin muni líka gera sitt í þessum efnum og hjálpa okkur til að færa þetta inn í annan farveg þar sem fagleg sjónarmið verða fyrst og fremst ráðandi.

Ég velti því fyrir mér hvað vakir fyrir hv. þingmanni og öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem hafa viljað lesa inn í þetta alls konar hluti sem ég sé enga ástæðu til að gera. Frumvarpið talar bara fyrir sig sjálft. Það er skýrt, það kveður á um ákveðið skipulag. Síðan auðvitað veldur hver á heldur eins og alltaf hefur gerst. Kannski eiga sjálfstæðismenn svo erfitt með að hugsa (Forseti hringir.) að þarna verði ráðið á venjulegum forsendum án einhverrar pólitískrar afskiptasemi (Forseti hringir.) að þeir ná bara alls ekki utan um að það geti gerst.

[14:28]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst aðeins út af síðustu orðum hæstv. fjármálaráðherra. Þetta voru nú svona getgátur og dylgjur sem ég vísa á bug. Athugasemdir okkar sjálfstæðismanna hér í dag hafa fyrst og fremst lotið að efnisþáttum málsins og eins því sem okkur finnst óskýrt í sambandi við þetta mál.

Ég veitti því ekki athygli, hafi hæstv. fjármálaráðherra svarað því í ræðu sinni, hvers vegna sú leið var valin sem liggur fyrir í frumvarpinu en ekki ýmsar aðrar leiðir sem farnar hafa verið í nágrannalöndum okkar varðandi útfærslu á stjórnskipulagi seðlabanka og peningamálaráði. Því eins og fram hefur komið þekkir hæstv. fjármálaráðherra allvel til þessara mála og sat í þeirri nefnd sem átti heiðurinn af frumvarpinu 2001 og veit að það eru ýmis sjónarmið uppi í þessum efnum. Það eru mismunandi leiðir farnar í mismunandi löndum en hæstv. fjármálaráðherra hefur ekki greint okkur frá því frekar en hæstv. forsætisráðherra gerði hér áðan hvers vegna þessi útfærsla var valin en ekki einhver önnur.

Það hefur verið rauður þráður í málflutningi okkar sjálfstæðismanna í dag að við viljum fá fram hvaða sérstöku rök eru fyrir þessari niðurstöðu til að við getum áttað okkur betur á hvaða kostir eru í boði og hvaða leið er skynsamlegust. En eins og ég lýsti hér í ræðu fyrr í dag hef ég talsverðar áhyggjur af því að frumvarpið sem slíkt virðist ekki vera byggt á faglegri skoðun heldur virðist vera hugmynd sem er hent svona fram og látið nægja að halda sig við hana án þess að að baki búi einhver málefnaleg eða fagleg skoðun á þessu fyrirkomulagi.

[14:30]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það má taka það svo að sjálfstæðismenn séu kannski ekki svo ósáttir við málið sjálft og fyrirkomulagið sem þarna er lagt til en finnist undirbúningurinn ekki hafa verið réttur. Sem sagt frumvarpið er gott en undirbúningurinn var ekki réttur. Er þetta kannski hugsunin? Ég átta mig ekki alveg á þessu.

Ég held að það sé algerlega á hreinu að frumvarpið er faglega vel undirbyggt. Þetta er fyrirkomulag sem er mjög algengt. Ég held að það sé líka sniðið að okkar þörfum, t.d. í því tilviki að peningastefnuráðið er ekki stórt, það er ekki viðamikið bákn. Það var rætt á sínum tíma og mönnum fannst kannski dálítið mikið í ráðið að fara að hafa 11 eða 15 manna, eða hvað það nú er, sums staðar er til held ég upp í 18 manna ráð eða batterí af þessu tagi — að í tilviki Íslands í okkar litla seðlabanka og okkar litla hagkerfi mundu menn reyna að leita einfaldari leiða og hafa þetta hóflegt í sniðum, sníða sér stakk eftir vexti og það tel ég að sé gert hér.

Þetta er nákvæmlega sama fyrirmynd og algengast er að rekast á, þ.e. að ráðið eða nefndin sé blanda af sérfræðingum innan bankans sjálfs og einhverjum tilteknum utanaðkomandi aðilum Það er módelið. Ég fullvissa hv. þingmenn um að ef þeir skoða fyrirkomulagið í flestum nálægum löndum eða löndum með svipuðu hagkerfi, t.d. í OECD-löndunum, þá er þetta langalgengasta módelið.

Ég held að það hafi ótvíræða kosti að velja einn faglegan seðlabankastjóra. Það er augljóst mál að þar með er mikið lagt undir. Það ríður alveg gríðarlega á að sá maður sé vandanum vaxinn, sé starfi sínu vaxinn. Enda vita menn hversu mikið kastljós er á seðlabankastjórum, sérstaklega stórþjóðanna, og hversu gríðarlega ábyrgðarmikið hlutverk þeir hafa með höndum. Það er nákvæmlega eins og það er gríðarlega mikilvægt að forsætisráðherra lands eða forseti lands, eða hver það nú er sem fer með slíkt forustuhlutverk á einhverju sviði, sé vandanum vaxinn. Það hefur nú heldur betur alltaf komið í ljós.

[14:32]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við sjálfstæðismenn höfum ekki tekið afstöðu til einstakra efnisatriða í þessu frumvarpi. Við höfum hins vegar áhyggjur af því að þessu verði kastað hér fram án þess að að baki búi vönduð skoðun. Það hefur ekkert komið fram um það að hér sé á ferðinni niðurstaða faglegrar vinnu og ekki einu sinni þannig að samráðs hafi verið leitað á hinum pólitíska vettvangi um þessa niðurstöðu sem þó hefur verið venja eins og hæstv. fjármálaráðherra þekkir.

En svo maður snúi sér að einstökum efnisatriðum þá er það rétt að víða eru peningastefnuráð fyrir hendi og það er fyrirkomulag sem ég get persónulega, ég tala ekki fyrir aðra í mínum flokki, vel hugsað mér að geti komið til greina. Eins og hæstv. ráðherra bendir á þá eru slík ráð með mismunandi hætti.

Ég spyr: Er rétt að hafa peningastefnuráðið þannig að aðalbankastjóri bankans ráði því hverjir koma utanaðkomandi og hafi síðan líka undirmenn (Forseti hringir.) sína í ráðinu?

[14:33]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Seðlabankastjóri velur ekki af handahófi einhverja menn í bankanum inn í peningastefnuráðið. Þar eru yfirmenn viðkomandi sviða. (**BÁ:** Sem eru ráðnir af honum.) Já, en þeir gegna þeim ábyrgðarstöðum innan bankans þannig að sjálfsögðu er það skipulag sem þar kemur við sögu og síðan er það forsætisráðherra sem samþykkir þá sem koma utan að þannig að þetta er fjölskipað ráð, verður fjölskipað stjórnvald, sem greiðir atkvæði ef á þarf að halda og samanstendur með þessum hætti.

Varðandi undirbúning að málinu þá má lengi ræða um það, en yfirsést hv. þingmanni nokkuð sú staðreynd að mynduð var ný ríkisstjórn í landinu á sex dögum? Hún er á sínum fimmta starfsdegi. Þannig að hér hefur vissulega verið unnið hratt en ég tel að málið sé gott og ég tel að þetta sé rétta skipulagið. Ég tel að það sé auðvelt að rökstyðja það með sterkum faglegum rökum og þá sýnist mér það nú bara vera í lagi.

[14:34]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu mjög mikilvægt mál, breyting á lögum um Seðlabanka Íslands. Ég vil taka það fram sérstaklega hér í upphafi að ég tel mjög skiljanlegt að ný ríkisstjórn setji það í forgang, í ljósi aðstæðna, og eftir þau áföll sem yfir okkur hafa dunið, að taka til endurskoðunar lög um Seðlabanka Íslands. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að við þurfum að taka allt fjármálakerfið til endurskoðunar og læra af því sem úrskeiðis fór og marka trausta stefnu til framtíðar. Að sjálfsögðu styður Sjálfstæðisflokkurinn það að slíkt endurmat fari fram og við leggjum

á það áherslu að vandlega verði gætt að því að fara ekki í handahófskenndar breytingar eins og mér sýnist að þarna geti verið um að ræða.

En kannski aðeins út af þeirri umræðu sem var hér á undan á milli hv. þm. Péturs H. Blöndals og hæstv. fjármálaráðherra varðandi hagfræðinga, hæfisskilyrði og pólitík eða ekki pólitík — mér dettur nú strax í hug ágætur hagfræðingur sem uppfyllir þessi skilyrði mjög vel. Hann er með mastersgráðu í hagfræði og víðtæka reynslu af peninga- og efnahagsmálum og svo geta menn deilt um hvort hann sé pólitískur eða ekki. Það er hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, Geir Hilmar Haarde, sem uppfyllir þessi skilyrði. Ég nefni þetta nú sérstaklega hér til þess að vekja athygli á því að hagfræðingar geta verið pólitískir jafnvel þó að þeir séu óneitanlega faglegir. (**Gripið fram í:** Hann sækir bara um.) Ég hvet hann að sjálfsögðu eindregið til að gera það og það yrði erfitt að ganga fram hjá þeim öðlingi.

En eins og ég segi þá hefur það komið fram hér í umræðunni að Sjálfstæðisflokkurinn er ekki mótfallinn því að gerðar verði breytingar á starfsemi Seðlabankans og að stefna hans verði endurskoðuð. Enda hefur það margoft komið fram að slíkar breytingar voru í vinnslu í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það einskorðast ekki við Seðlabankann heldur var samspil hans og Fjármálaeftirlitsins og jafnvel sameining þeirra stofnana til skoðunar eins og kunnugt er og hefur verið fjallað ítarlega um það hér fyrr í dag. Erlendir sérfræðingar höfðu málið til umfjöllunar og einnig hafði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn verið kallaður að því borði og það var samkomulag, eftir því sem ég best veit, um það innan fyrrverandi ríkisstjórnar að þessu skyldi lokið í febrúarmánuði. En það fór eins og það fór og við ræðum það ekkert frekar hér.

Þess vegna vekur þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar talsverða furðu. Ég hafði nefnilega fyrir fram talið að með því boðaða frumvarpi — strax var gerð grein fyrir því að það yrði eitt af helstu áherslumálum ríkisstjórnarinnar — yrði tekið á verkefnum á ábyrgðarsviði bankans. Að skerpt yrði á stýritækjunum, leitað leiða til að bæta virkni þeirra til framtíðar eða á einhvern hátt lagðar til nýjar aðferðir við stjórn peningamála. En það er ekki gert og hæstv. fjármálaráðherra talaði nú um það á þann veg að þetta væri fyrst og fremst hreint og klárt skipulagsmál. Þá er það bara þannig og ríkisstjórnin hefur að sjálfsögðu leyfi til þess að fara í allar skipulagsbreytingar sem hún kýs að gera.

Ekki er verið að breyta um peningastefnu. Það er verið að breyta um mannskap, mannaskipan. Einn bankastjóri í stað þriggja. Peningastefnuráð sem ákveður vaxtastigið en ekki bankaráð. Ég ætla ekki að útiloka það fyrir fram að þetta geti ekki verið rétta leiðin. Ég skoða það með opnum huga og mun gera það í starfinu í efnahags- og skattanefnd. Ég hef hreinlega ekki nægar upplýsingar til þess að geta myndað mér um það skoðun á þessu stigi.

Ég hlýt samt að spyrja hæstv. forsætisráðherra, og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, hvort stefnan sjálf sem var mörkuð með seðlabankalögunum árið 2001, og var í meginatriðum studd þingmönnum allra flokka, hafi þá verið í lagi. Hefur hún ekki brugðist? Eru það bara mennirnir sem stýrt hafa bankanum sem hafa brugðist? Er það þess vegna sem breyta þarf og skipta um menn?

Er það ekki aðalatriðið, þegar talað er um traust og trúverðugleika og orðspor, að við þurfum að endurvekja traust á peningamálastefnunni? Mér finnst það nokkuð athyglisvert að núverandi stjórnarflokkar, sem að vísu hafa ekki talað í takt um stefnuna í peningamálum — hæstv. fjármálaráðherra talar um að hann sé að fara og spjalla við kollega sinn frá Noregi um norsku krónuna og ég hlakka til að sjá hvað kemur út úr því samtali. Forsætisráðherra og flokkur hennar er meira inni á evruleiðinni þannig að þeir eru ekki alveg samstiga, en allt í lagi með það.

Stjórnarflokkarnir eru, með því að gera engar breytingar og boða engar breytingar í frumvarpinu á peningamálastefnunni sjálfri, að gefa henni nokkurs konar heilbrigðisvottorð. Stefnan sem sagt virkar fínt ef stjórnendur eru færðir til og skipulaginu breytt. Ég mundi gjarnan vilja fá afstöðu hæstv. forsætisráðherra til þessa atriðis. Það virðist ekki, alla vega ekki í þessu frumvarpi, hvað svo sem síðar verður, vera ætlun ríkisstjórnarinnar að gera breytingar á peningamálastefnunni sjálfri. En hún er einmitt það sem helst hefur verið gagnrýnt, og harðlega gagnrýnt, m.a. af talsmönnum og flokksmönnum núverandi stjórnarflokka, og er af mörgum talin stór liður í því hversu illa fór hjá okkur. Margir hafa talað um að peningamálastefnan hafi hreinlega verið sú að halda uppi fölsku gengi krónunnar sem endaði svo með skelfingu eins og við þekkjum.

Ég spyr því: Er það ekki nákvæmlega það sem við eigum að vera að tala um hér í dag? Ekki hverjir sitja í sætum bankastjóra eða hversu margir þeir eru. Erum við ekki að byrja á öfugum enda? Og eins og hæstv. fjármálaráðherra benti á hér á að framan þá eru það ekki seðlabankastjórarnir sem bera ábyrgð á peningamálastefnunni heldur erum það við hér á Alþingi, stjórnvöld og ríkisstjórn, sem berum ábyrgð á henni. Þannig að við leysum engan vanda í því samhengi með því að skipta bara um menn.

Eins og hér hefur verið bent á virðist frumvarpið hafa verið unnið í talsverðum flýti, svo miklum flýti að bent hefur verið á að gamalt nefndarálit Samfylkingarinnar frá árinu 2001 hafi verið dregið upp úr skúffu og dubbað upp í frumvarpsform. Ég trúi ekki að menn hafi gert það og vil því kalla eftir svörum við spurningum, sem áður hafa verið lagðar fram, um það hvaða sérfræðingar voru kallaðir til við samningu frumvarpsins. Ég trúi því hreinlega ekki að núverandi stjórnarflokkar hafi gerst sekir um þau vinnubrögð að endurnýta gömul nefndarálit eins og staðan er í dag og í ljósi þess hve margt hefur breyst frá árinu 2001.

Ég vil aðeins ræða um erlenda sérfræðinga. Hæstv. forsætisráðherra þótti óþarfi að láta erlenda aðila fá frumvarpið til umsagnar. Ég tel nauðsynlegt að útvíkka umsagnarferli frumvarpsins til að það nái líka til erlendra aðila í ljósi þess að við lifum og hrærumst í alþjóðlegu umhverfi. Það er ekki síst vegna orðspors okkar á erlendum vettvangi og alþjóðlegum vettvangi sem það er svo mikilvægt að breyta um mannskap í brúnni, að sögn talsmanna ríkisstjórnarinnar. Ég tel því afar mikilvægt að við látum þýða frumvarpið í hvelli, senda það til umsagnar til erlendra aðila hvort sem það er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sem ég tel nú einsýnt að þurfi að fara vel yfir það, eða aðrir. Mér dettur í hug Seðlabanki Evrópu, virtir háskólaprófessorar hér og þar sem hafa mikla þekkingu á Íslandi og sérfræðingar í erlendum grein-

ingardeildum. Ég tel afar mikilvægt að við fáum álit sem víðast að til þess að tryggja að orðspor okkar bíði ekki frekari hnekki. Það væri t.d. afar óheppilegt að rjúka af stað með tilviljunarkenndar breytingar sem hugsanlega gætu gengið gegn framtíðarstefnumótun, það væri mjög slæmt fyrir orðsporið.

Þá vil ég næst spyrja um framtíðina — ég er reyndar að spyrja um öll þessi mál fyrir eyrum sjálfstæðismanna þar sem hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra virðast upptekin af eigin samtali. Ég endurtek þá spurningu sem borin var upp í andsvari hér áðan, um sameiningu Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins, og vil beina henni til hæstv. forsætisráðherra. Er hún algerlega út af borðinu? Hvað ætla menn þá að gera í mannahaldi þar? Hæstv. fjármálaráðherra svaraði fyrir sinn hatt að þeir ætluðu að sameina þær tvær stofnanir eins og Seðlabankinn væri eftir breytingar. En er það þá þannig að menn ætla að vera nýbúnir að skipa mann til sjö ára í stað seðlabankastjóra og fara þá í breytingarnar? Þá spyr ég aftur: Er þetta ekki öfug röð verkefna?

Mig langar að lokum að ræða um ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í frumvarpinu er talað um að þau ákvæði muni áfram gilda, eða svo segir í greinargerð. Í ljósi þess að manni sýnist að verið sé að brjóta þau lög á núverandi seðlabankastjórum með vafasömum bréfasendingum úr Stjórnarráðinu, spyr maður hvort ekki væri heiðarlegra að setja inn í þessi lög einhver ákvæði um það hvernig víkja skuli seðlabankastjóra úr starfi ef stjórnvöldum líkar ekki starfsmaðurinn. Starfsmannalögin bjóða nefnilega einungis upp á leiðir til þess að segja fólki upp brjóti það af sér í starfi. Eins og fram hefur komið hefur ekkert verið leitt í ljós þess efnis að núverandi bankastjórar hafi gert slíkt.

En mundi slíkt ákvæði kannski brjóta gegn sjálfstæði bankanna? Það skyldi þó ekki vera? Vegna þess að sjálfstæði Seðlabanka Íslands er náttúrlega lykilatriði í þessu sambandi. Megintilgangur laganna frá árinu 2001, sem allur þingheimur tók undir, eins og hér hefur komið fram, var einmitt að gera Seðlabankann sjálfstæðan. Það er í samræmi við það sem gerist annars staðar eins og svo mikilvægt er að við höldum á lofti.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í Hallgrím Ólafsson, formann starfsmannafélags Seðlabankans, sem skrifaði grein í *Morgunblaðið* miðvikudaginn 4. febrúar sl. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ég er viss um að allflestir starfsmenn Seðlabankans eru mér sammála um að bankastjórarnir allir njóta trausts og virðingar innan bankans. Ekki hefur verið bent á nein afglöp né brot í starfi.“

Þannig telur að minnsta kosti þessi starfsmaður, formaður starfsmannafélagsins, að ekki sé hægt að beita 34. gr. laga, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, við að losa embættin vegna þess að ekki hefur verið bent á nein afglöp eða brot í starfi.

Ég vil því næst vitna í hæstv. forsætisráðherra sjálfan sem hér í upphafi viku í skýrslu um stefnu ríkisstjórnarinnar sagði:

„Við skulum halda í heiðri þá grundvallarréttarreglu að enginn er sekur fyrr en það hefur verið leitt í ljós lögum og reglum samkvæmt. Höldum í heiðri mannréttindi allra og gætum þess að uppgjör okkar snúist ekki upp í nornaveiðar af neinu tagi. Við búum í réttarríki og það er hvorki vilji ríkisstjórnar né alþingismanna að ganga á svig við meginreglur réttarríkisins. Það vil ég undirstrika hér í kvöld.“

Ég er mjög sammála hæstv. forsætisráðherra í þessum orðum og vil því hvetja til vandvirkni í vinnubrögðum í þessu máli. Eins og nýskipaður forseti Alþingis sagði í fyrstu ræðu sinni mun þessi ríkisstjórn leggja áherslu á réttláta stjórnsýslu. Ég vil hvetja ríkisstjórnina til að huga að og fara vel eftir eigin orðum í þessu samhengi og leggja áherslu á vönduð vinnubrögð.

Frumvarpið fer núna til nefndar og ég tel afar mikilvægt að við leggjum mikla vinnu í að fara yfir öll atriði málsins. Ég er í efnahags- og skattanefnd og mun beita mér fyrir mjög vandaðri umfjöllun þar. Það var mjög jákvætt að heyra hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, formann nefndarinnar, boða það að farið yrði mjög vandlega yfir frumvarpið og öll atriði, ekki bara hvað varðar skipulagsmál, tekin og rædd ef þess verði óskað.

Ég tel það eins og ég segi vera mjög jákvætt og hlakka til að fara í þá vinnu. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan um erlendu umsagnaraðilana og hvetja hæstv. forsætisráðherra til að láta þýða frumvarpið hið snarasta og koma því út til umsagnar. Eins og við höfum orðið vitni að er það ekki lengur einkamál okkar Íslendinga hvernig við vinnum hér og fjármálakerfi okkar er tengt alþjóðlega þannig að við þurfum að gæta okkar í þessu sem öðru.

[14:49]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna frumvarpinu sem hér er lagt fram um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Það er löngu tímabært að koma á faglegri yfirstjórn í Seðlabanka Íslands. Það stjórnkerfi sem þar hefur verið undanfarin ár hefur fyrir löngu gengið sér til húðar og nýtur hvorki tiltrúar meðal almennings og markaðsaðila innan lands né meðal markaðsaðila úti í heimi.

Í þessari umræðu er mörgu blandað saman og látið að því liggja að annarlegar hvatir liggi að baki því að ríkisstjórnin leggur áherslu á að skipt sé um yfirstjórn í Seðlabankanum. Þess misskilnings hefur líka gætt að með setu í ríkisstjórn og samþykki við peningamálastefnu og grunnreglur hennar, sem í gildi hafa verið frá því að samkomulag tókst milli ríkisstjórnar og Seðlabanka árið 2001, felist jafnframt ábyrgð á framkvæmd peningamálastefnunnar og einstökum aðgerðum yfirstjórnar Seðlabanka Íslands. Algjörlega fráleitt er að halda því fram, eins og gert hefur verið í umræðunni, að hæstv. forsætisráðherra hafi með því að sitja í ríkisstjórn sem stóð að því að áfram yrði í gildi peningamálasamkomulag milli ríkisstjórnar og Seðlabanka frá árinu 2001 tekið einhvers konar ábyrgð á aðgerðum eða aðgerðaleysi bankastjórnar Seðlabanka Íslands.

Í því stjórnkerfi sem byggt hefur verið upp á sviði peningamála í nágrannaríkjum okkar og þeim ríkjum þar sem best hefur tekist til hefur mikil áhersla verið lögð á að seðlabankar, stjórnsýsla þeirra og stjórnskipan hafi tiltrú og þeir sem þeim störfum gegna axli ábyrgðina sem því fylgir. Í ábyrgðinni felst að eiga málefnalegar samræður um peningamálastefnu og framkvæmd hennar á faglegum grund-

velli jafnt við almenning, fyrirtæki og sérfræðinga og láta hag peningamálastefnunnar og framkvæmd hennar vera í forgrunni en ekki pólitísk eða annarleg sjónarmið, sem ekki eiga heima í rekstri seðlabanka.

Margt má segja um þá tilraun sem lagt var af stað með á Íslandi árið 2001 með fljótandi gjaldmiðil í minnsta mynt- og gjaldmiðilskerfi í heiminum. Eftir á að hyggja er ljóst að það var mikill misskilningur og vanmat á aðstæðum að halda að slíkt kerfi væri til þess fallið að skapa efnahagslegan stöðugleika eða leggja grunn að honum til lengri tíma. Það lá ekki ljóst fyrir árið 2001 og ég skal viðurkenna að ég var einn þeirra sem féll fyrir þeim rökum að á þeim tíma væri væntanlega betra að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil vegna þess að ég trúði því eins og margir aðrir að hefðbundnar kenningar um gjaldmiðilsþróun ættu enn þá við að því leyti að gjaldmiðill sem við hefðum sjálf endurspeglaði í ríkara mæli íslenskar efnahagsaðstæður en annar stærri gjaldmiðill. Reynslan hefur hins vegar sannarlega sýnt okkur að svo er ekki heldur hefur gjaldmiðillinn þvert á móti reynst óstöðugleikavaldur í sjálfu sér og frekar verið valdur að efnahagsvanda en hluti af lausn á efnahagsvanda og smæð hans hefur aukið á vandann.

Þegar horft er til aðgerða bankastjórnar Seðlabanka Íslands á undanförnum árum er ljóst að þar er um mikla hörmungarsögu að ræða í framkvæmd peningamálastefnu. Ég hefði kosið að bankastjórar Seðlabankans öxluðu ábyrgð á því ástandi sem upp er komið og hlustuðu á þær raddir sem fram hafa komið um að þeir séu örugglega ekki hluti af þeirri lausn sem við þurfum til að endurreisa íslenskt efnahagslíf heldur frekar hluti af þeirri fortíð sem þarf að ljúka og snúa baki við til að geta haldið áfram. Mér finnst mjög sérkennilegt að bankastjórarnir skuli kjósa að sitja sem fastast og skýla sér á bak við lagaþrætur og skæklatog þess efnis að þeim sé ekki skylt að víkja í ljósi laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, eins og formaður bankastjórnar Seðlabankans lét sér sæma að hafa í frammi á viðskiptanefndarfundi í desemberbyrjun, í stað þess að axla siðferðilega ábyrgð á ástandinu sem upp er komið og þeim skorti á trúnaðartrausti sem er víðtækur í garð bankastjórnarinnar.

Svo verður hver að fljúga sem hann er fjaðraður og bankastjórarnir verða að fá að haga málum með þeim hætti sem þeir sjálfir kjósa. Við þær aðstæður er óhjákvæmilegt að ræða þá ágalla sem hafa verið á framkvæmd þeirra á starfsskyldum sínum á undanförnum missirum og árum.

Ég ætla ekki að fara aftar en til ársins 2006. Þó er hægt að nefna árið 2004 þegar bindiskylda var afnumin í upphafi árs og þar með greitt fyrir því að íslensku bankarnir hefðu nægt fé til að standa að húsnæðislánabyltingunni miklu síðsumars 2004. Bankinn gerði ekkert til að draga úr fé á markaði í kjölfar innrásar bankanna á húsnæðismarkaðinn, sem sprengdi upp eignaverð í landinu með mjög erfiðum afleiðingum.

Ljóst var eftir erfiðleikana sem íslensku bankarnir gengu í gegnum árið 2006 að tvísýnir tímar væru fram undan og bankarnir væru mjög viðkvæmir fyrir því hvernig háttaði á erlendum lánsfjármörkuðum og væru skuldsettir og þar af leiðandi mjög viðkvæmir fyrir því ef lokaðist fyrir erlent lánsfé. Viðvaranir í þessa veru voru grunnstefið í efnahagsstefnu Samfylkingarinnar fyrir kosningarnar 2007 þar sem verulega var varað við nákvæmlega þessari hættu.

Á seinni hluta ársins 2007 var öllum ljóst að þessi blanda, stórt bankakerfi með miklar erlendar skuldbindingar og lítill gjaldmiðill, var banvæn en Seðlabankinn gerði á þessum tíma ekkert til að bregðast við því og hafði ekkert frumkvæði að því að efla gjaldeyrisvarasjóð bankans. Á þessum tíma var áhættuálagið á ríkissjóð Íslands á bilinu 11 til 20 punktar. Seðlabankinn hreyfði sig ekki á nokkurn hátt á seinni hluta ársins 2007 til þess að heyja í forða og safna gjaldeyrisforða, til að takast á við þá erfiðleika sem sannarlega og augljóslega voru fram undan. (Gripið fram í.) Nei, það sáu það allir, hv. þingmaður, strax á fyrri hluta ársins 2007 og bendi ég hv. þingmanni á að lesa ritið *Jafnvægi og framfarir,* efnahagsstefnu Samfylkingarinnar frá því í apríl 2007 (Gripið fram í.) þar sem nákvæmlega þessari hættu er lýst og varað við henni. Um leið og lokaðist fyrir erlenda lánamarkaði og lánsfjárkrísan byrjaði á seinni hluta árs 2007 mátti öllum vera þetta ljóst, sérstaklega hagfræðingum sem eiga að hafa til þess faglega burði. Ef Seðlabankinn sá þetta ekki fyrir, hv. þingmaður, er það enn frekari sönnun þess að yfirstjórn Seðlabankans hafði ekki faglega burði til að sinna starfi sínu.

Virðulegi forseti. 2008 gekk hörmungarsagan enn lengra. Einhvers konar meint viðvörun var gefin á fundi seðlabankastjóra með a.m.k. forsætisráðherra og utanríkisráðherra í marsmánuði 2008, eftir því sem hann sjálfur sagði síðar. Hann kvaðst hafa lesið úr handriti ýmiss konar varúðaryfirlýsingar um ástand bankakerfisins og varað í stórum orðum við hættunni. Hann las þessi meintu viðvörunarorð upp rúmu hálfu ári seinna, (Gripið fram í.) en nokkuð er á reiki hvort þeir sem á fundinum voru muna þessi orð með sama hætti og handritið finnst hvergi þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni. Fjölmiðlar hafa ítrekað gengið eftir því að fá upplýsingar um handritið og fá það afhent án árangurs og leikur nú á huldu um hvort þessar viðvaranir hafi nokkurn tíma verið gefnar með þeim orðum sem formaður bankastjórnar Seðlabankans þykist nú hafa viðhaft. Í öllu falli hlýtur það að vera undarleg stjórnsýsla af hálfu Seðlabankans að gefa viðvaranir af þessum toga munnlega og hafa ekki um það neitt einasta skjalfest gagn eða geta ekki á nokkurn hátt sýnt fram á með hvaða hætti viðvaranirnar um þessa miklu tímamótahættu voru hafðar í frammi.

Það sem ýtir frekar undir þann grun að um eftiráskýringar sé að ræða er sú staðreynd að strax í mánuðinum á eftir, aprílmánuði, afnam þessi sama bankastjórn Seðlabankans bindiskyldu á útibú bankanna í útlöndum og opnaði þar með fyrir enn frekari skuldsetningu þeirra í útlöndum. Það var því alla vega ekki meira samhengi á milli aðgerða og orða en þetta og sýnir það enn frekar faglega vanhæfni bankastjórnarinnar til að axla ábyrgð.

Í fjármálastöðugleikaskýrslu í maí 2008 er farið með yfirveguðum hætti yfir bæði hættur og styrkleika bankakerfisins. Sú greining er í nokkru ósamræmi við þær meintu dómsdagsspár sem formaður bankastjórnar Seðlabankans þykist hafa haft í frammi við tiltekna ráðherra í mars 2008. Hann sagði á fundi viðskiptanefndar Alþingis að hann hefði í júlímánuði sagt við forsætisráðherra að núll prósent líkur væru á því að bankarnir hefðu krísuna af, núll prósent líkur,

engar líkur væru á að íslensku bankarnir hefðu þetta af. Samt var engin viðbragðsáætlun gerð í Seðlabanka Íslands frá því í júlí og fram að bankahruni til að takast á við fyrirsjáanlegt og óhjákvæmilegt bankahrun, (Gripið fram í.) ef marka má orð formanns bankastjórnar Seðlabankans. Ef eitthvað er að marka hann og ef um eitthvað annað er að ræða en gaspur og blaður. Ef hann sagði sannanlega í júlí að engar líkur væru á að bankarnir lifðu þetta af, hvar eru þá viðbragðsáætlanirnar sem hann og bankastjórn Seðlabankans hefðu átt að grípa til?

Þetta er enn fremur í ósamræmi við yfirlýsingu Ingimundar Friðrikssonar bankastjóra í ræðu sem hann hugðist halda í dag en var aflýst og birt er á vefsíðu Seðlabankans. Þar segir hann að bankastjórnin hafi ákveðið að lána Kaupþingi tveimur dögum fyrir hrunið, því að með hliðsjón af horfum um lausafjárstöðu bankans hafi verið talið að hann gæti staðið af sér stórviðrin og því hafi Seðlabankinn veitt honum lán. Hvar er núllprósentgreiningin fræga þegar þar er komið sögu? Hvar er þessi djúpstæða faglega greining formanns bankastjórnar Seðlabankans frá því í júlí á því að engar líkur væru á að bankarnir hefðu þetta af þegar síðan var í lagi að lána þeim alla þessa peninga bara nokkrum dögum fyrir hrunið vegna þess að Kaupþing mundi örugglega komast í gegnum erfiðleikana? Hér rekur sig hvað á annars horn og augljóslega er um ófagleg vinnubrögð að ræða.

Ummælin um óreiðumenn sem margoft hefur verið vitnað til voru ekki til þess að auka traust á íslensku efnahagslífi á viðkvæmri stund og sáðu efasemdum um að Íslendingar ætluðu að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar erlendis. Það var ábyrgðarhluti af formanni bankastjórnar Seðlabankans. Í því ágæta Kastljósviðtali talaði hann einnig fyrir einföldu kennitöluflakki og því að Íslendingar ætluðu ekki að virða skuldbindingar sínar gagnvart öðrum þjóðum. Yfirlýsing formanns bankastjórnarinnar um Rússalán á mesta örlagadegi í sögu íslensks fjármálakerfis, yfirlýsing sem byggði á svefndrukknum misskilningi á símtali við sendiherra Rússlands, er einsdæmi í sögu seðlabanka í Vesturálfu. Slík afglöp hefðu verið afsagnarástæða ein og sér fyrir alla faglega ráðna bankastjóra í seðlabönkum í nágrannalöndunum.

Ákvörðun bankastjórnarinnar um fastgengisstefnu án þess að hafa til þess gjaldeyrisvaraforða og án þess að ræða þá ákvörðun við hagfræðinga bankans er annað dæmi um afdrifarík og fráleit afglöp sem ein og sér væru afsagnarsök í öðrum löndum. Þá er ekki nefnd barátta formanns bankastjórnarinnar gegn aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að lausn á málum þjóðarinnar í haust og þær skemmdarverkaaðgerðir sem hafðar voru í frammi af hans hálfu gagnvart þeirri áætlun.

[15:05]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeim fjölgar sem vissu allt saman fyrir fram, og löngu fyrir fram, og það áttu allir að vita það, m.a. sá sem keypti hlutabréf í Glitni fyrir milljarða daginn fyrir fallið, hann var bara ekki með þessa almennu þekkingu.

Hv. þingmaður segir að ekki hafi verið annarlegar hvatir að baki þessa frumvarps. Mig langar að spyrja hann: Hvað þýðir þá bréfið sem hæstv. forsætisráðherra sendi bankastjórn Seðlabankans áður en frumvarpið var lagt fram, þar sem hann biður þá um að segja af sér? Frumvarpið kemur síðan í kjölfarið.

Er frumvarpið eingöngu hugsað til þess að segja þeim upp? Eru það öll faglegheitin í þessu? Talandi um annarlegar hvatir: Hvernig tengir hv. þingmaður þetta bréf og frumvarpið sem getið er um í bréfinu — eru þetta ekki annarlega hvatir?

Hvorki í ræðu hæstv. forsætisráðherra né í greinargerð með frumvarpinu er ekki minnst orði á útlönd. Það er eins og við séum komin heim í heiðardalinn og séum búin að loka öllum landamærum við útlönd eins og margir segja að Vinstri grænir vilji. Er það í samræmi við stefnu hv. þingmanns sem hefur sagt að við eigum að horfa mikið til útlanda og taka mið af því sem þar er verið að gera? Er eitthvað í frumvarpinu sem tekur mið af því sem er að gerast í útlöndum? Mig langar að spyrja hv. þingmann að því.

[15:06]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í bréfi hæstv. forsætisráðherra var athygli bankastjóranna vakin á þeirri ætlan ríkisstjórnarinnar að breyta lögum um yfirstjórn Seðlabanka Íslands. Í því samhengi hvatti hæstv. forsætisráðherra bankastjórana til þess — ég man nú ekki orðalagið nákvæmlega — að segja af sér störfum.

Ég hef margsinnis hvatt til þess að þessir menn öxluðu ábyrgð sína og segðu af sér störfum og tel það algerlega með ólíkindum að þeir skuli ekki hafa gert það. Enginn seðlabankastjóri hefði komist upp með það í nágrannalöndum okkar að sitja yfir hruni efnahagslífsins, sitja áfram í starfi, ekki einn einasti.

Ekki búa annarlegar hvatir að baki þessu bréfi forsætisráðherra, ekki frekar en annarlegar hvatir bjuggu að baki yfirlýsingar hv. þm. Geirs H. Haarde. Hann lýsti því yfir þegar hann var enn forsætisráðherra að það væri ætlan og vilji þingflokks Sjálfstæðisflokksins að breyta lögum og skipta um yfirstjórn Seðlabankans í kjölfar þeirrar lagabreytingar. Ég skil ekki hvaða eðlismunur er á þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til, að skipta um yfirstjórnina einvörðungu, eða að skipta um yfirstjórnina í samhengi við sameiningu Seðlabanka og Fjármálaeftirlits eins og hv. þm. Geir H. Haarde lagði til. Það er enginn eðlismunur á því. Búa þá annarlegar hvatir að baki því að breyta um yfirstjórn einvörðungu í frumvarpi en engar annarlegar hvatir í því að ætla að breyta um yfirstjórn og sameina tvær stofnanir í öðru frumvarpi? Þarna rekur sig hvað á annars horn.

[15:08]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einn reginmunur á. Annars vegar er tilkynnt um það að menn ætli að gera kerfisbreytingar, hvort sem það er að breyta peningamálastefnu Seðlabankans, breyta um stjórn eða eitthvað slíkt eða sameina það Fjármálaeftirlitinu, og tilkynna lagabreytingu í því skyni. Hins vegar er bréf skrifað til opinberra starfsmanna og þeir beðnir um að segja upp áður en Alþingi er búið að taka ákvörðun um að breyta lögunum. Það liggur ekkert fyrir að

Alþingi samþykki þetta, Alþingi hefur sjálfstæðan vilja. Það er nú þannig.

Mig langar líka að spyrja hv. þingmann: Segjum að nýr seðlabankastjóri, sem er ráðinn til sjö ára, geri nú mistök líka. Hvað ætla menn þá að gera? Og hann vill ekki hætta. Á þá að setja ný lög?

[15:09]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Um er að ræða skipulagsbreytingu í því frumvarpi sem hér er lagt til. Lagt er til að stjórnskipulagi Seðlabankans verði breytt. Lagt er til að lögð verði af — aldrei var talað um að breyta peningamálastefnu, hv. þingmaður, (Gripið fram í.) í þeim frumvarpshugmyndum sem hv. þm. Geir H. Haarde þóttist hafa haft áhuga á að setja fram, hann talaði þar einungis um breytingu á Seðlabanka og Fjármálaeftirliti og ekkert annað.

Hér er verið að breyta stjórnskipulagi Seðlabankans til þess að losna við þriggja manna stjórn sem er sérískenskt fyrirbæri og hefur ekki gefist vel — um það vitnar fjármálastöðugleiki og árangurinn af peningamálastefnu undanfarinna ára alveg ljóslega — og setja á annars konar kerfi sem byggist á faglegum forsendum. (Gripið fram í.)

Við skulum vona, hv. þingmaður, að sá bankastjóri sem ráðinn verður sýni ekki af sér þá forakt gagnvart fólkinu í landinu sem þeir þrír bankastjórar sem nú sitja hafa gert.

[15:10]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Hv. þm. Árni Páll Árnason heldur því fram að þriggja manna stjórn Seðlabankans sé eitthvert sérískenskt fyrirbæri. Ég leyfi mér að draga í efa að svo sé. Ég veit ekki betur en að bankastjórar t.d. þýska seðlabankans séu fimm og þar af þrír lögfræðingar. En það er aukaatriði.

Mér fannst athyglisvert að hlýða á ræðu hv. þingmanns, sem fjallaði ekkert um efni frumvarpsins, það er algerlega óljóst hvaða sjónarmið hann hefur fram að færa um efnisatriði þess. Hann notaði tímann fyrst og fremst til þess að ausa úr skálum reiði sinnar yfir þá sem nú sitja í stjórn Seðlabankans og starfsfólk Seðlabankans, hvernig þeir hefðu haldið á málum og allt sem þeir hefðu gert hefði verið tóm vitleysa frá a til ö. Eflaust er það þannig að það hefði verið mikill búhnykkur fyrir Seðlabanka Íslands að hafa slíkan afburðamann sem hv. þm. Árni Páll Árnason er innan sinna raða meðan erfiðleikarnir dundu yfir íslenskt samfélag. Ég er nú ekki nema viss um að niðurstaðan hefði orðið önnur, enda heyri ég á hv. þingmanni að hann virðist vita allt og skilja allt miklu betur en allir aðrir.

En ég velti fyrir mér, af því að hv. þingmaður fjallaði mikið um peningamálastefnuna, og hversu illa hún hefði reynst okkur Íslendingum, af hverju í ósköpunum ekki er vikið að henni í frumvarpinu? Frumvarpið fjallar einungis um formbreytingu á skipulagi Seðlabanka Íslands en hefur ekkert með peningamálastefnuna að gera, ekki nokkurn hlut, hv. þm. Mörður Árnason, sem er nú mættur hér í salinn til þess að kalla fram í.

Ég hlýt (**MÁ:** Og yfirstjórn peningamála.) að spyrja hv. þingmann hvort hann telji ekki ástæðu til að fara vel yfir frumvarpið og skoða hvort ástæða sé til að kveða eitthvað á um þá breyttu peningamálastefnu sem hv. þingmaður telur ástæðu til að taka upp hér á landi?

[15:12]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rangt af hv. þingmanni að reyna að skjóta skildi fyrir yfirstjórn Seðlabankans með því að vísa í starfsmenn Seðlabankans. Ég vék aldrei að framgöngu starfsmanna Seðlabankans hér áðan. Ég var að ræða um aðgerðir bankastjórnarinnar, augljóslega rangar ákvarðanir sem teknar hafa verið. Ákvarðanir sem standast ekki efnisleg rök. Yfirlýsingar sem bankastjórnir gefa í ólíkar áttir um sömu atriði. Fara greinilega þar af leiðandi ekki með rétt mál báðir tveir. Annar segir ekki satt. Hvor?

Það er greinilegt að ósannfærandi skýringar eru settar fram fyrir málum. Málum er ekki haldið fram með eðlilegum hætti að því leyti að ekki eru til skjalfest gögn um meintar yfirlýsingar sem seðlabankastjórnin hefur haft í frammi. Við stöndum í miðjum ólgusjó. Við þurfum að endurreisa tiltrú á íslenskt efnahagslíf og íslenskan fjármálamarkað. Lykilatriði í því er að byggja faglega umgjörð utan um peningamálastefnu til framtíðar. Það verður ekki gert með yfirstjórn í seðlabanka sem er trausti rúin innan lands sem utan.

Þessi varðstaða Sjálfstæðisflokksins, um óbreytt ástand í Seðlabankanum, er með ólíkindum. Hún sýnir að Sjálfstæðisflokkurinn meinti aldrei neitt með því að þykjast ætla að reyna að breyta yfirstjórn Seðlabankans. Hér eru hagsmunirnir fyrst og fremst þeir að verja flokkinn og hagsmuni þeirra sem flokkurinn hefur komið fyrir. Ekki er verið að horfa til þess að byggja upp forsendur fyrir efnahagslegri endurreisn til lengri tíma litið. Við þurfum að auka tiltrú á íslensku samfélagi og það verður gert með nýjum aðferðum og nýju fólki.

[15:15]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þrátt fyrir að hv. þm. Árni Páll Árnason hafi útnefnt sjálfan sig sérstakan talsmann þessarar ríkisstjórnar ætla ég að biðja hann um að forðast að útlista afstöðu Sjálfstæðisflokksins til mála. Til þess eru aðrir fullfærir sem tilheyra þeim flokki og ekki er óskað að það verði gert hér.

Sagt er að ekkert sé skjalfest um þær viðvaranir sem bornar voru á borð fyrir ráðherra síðustu ríkisstjórnar. Það kann að vera rétt en ég minnist þess ekki að ráðherrar Samfylkingarinnar sem sátu fundina þar sem viðvörunarorðin voru viðhöfð hafi neitað því að það hafi verið gert.

En mig langar til að spyrja hv. þingmann, af því hann virðist vera mikill sérfræðingur á þessu sviði, hvort hann viti hvaða fyrirmyndir frumvarpshöfundar höfðu í huga við samningu frumvarpsins? Spurt var eftir þeim upplýsingum (Forseti hringir.) í andsvari við hæstv. forsætisráðherra og engin svör fengust. En (Forseti hringir.) við viljum gjarnan fá upplýsingar um það frá (Forseti hringir.) hv. þingmanni, við (Forseti hringir.) hvað var stuðst við samningu frumvarpsins?

[15:16]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin getur án vafa skýrt með hvaða hætti unnið var að gerð frumvarpsins. Um það hef ég ekki upplýsingar frekar en aðrir þingmenn sem hér fjalla um það mál, sem lagt hefur verið fram af ríkisstjórninni.

Hins vegar er mergur málsins sá að hér er lagt fram frumvarp sem vísar veginn fram á við og skapar þá faglegu umgjörð um stjórn peningamálastefnu sem hefur átakanlega skort á undanförnum árum og allir sem tjáð sig hafa um íslenskt efnahagslíf erlendis hafa kallað eftir að gilti hér. Allir hafa verið einhuga um að vara við því ástandi sem hefur ríkt í yfirstjórn peningamálastefnunnar og því samkrulli stjórnmála og efnahagsmála sem Sjálfstæðisflokkurinn bjó til á toppi Seðlabanka Íslands.

Þetta er rangt ástand og mér finnst ótrúlegt að sjá að Sjálfstæðisflokkurinn skuli halda að óbreytt yfirstjórn Seðlabankans sé hluti af þeirri lausn sem íslenskt (Forseti hringir.) samfélag þarf á að halda til að komast út úr efnahagsvandanum (Forseti hringir.) sem við er að glíma í dag.

[15:17]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Árna Páls Árnasonar vil ég hafna því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi staðið eða standi gegn því að gerðar séu breytingar á skipulagi Seðlabankans eða annarra þeirra eftirlitsstofnana sem fjalla um málefni fjármálamarkaðarins. Ég kom að því í ræðu minni fyrr í dag og get ítrekað það síðar þegar ég hef betri tíma í þessari umræðu að við höfum að sjálfsögðu verið reiðubúin að ræða hvernig breytt umhverfi og hrun bankakerfisins kallar á að við endurskoðum þær stofnanir sem hafa lykilhlutverki að gegna við eftirlit og framkvæmd stefnu að þessu leyti. Þannig að ég hafna þessum ummælum.

Hins vegar kom ég hér upp í andsvar fyrst og fremst til að vekja athygli á því að í málflutningi margra talsmanna ríkisstjórnarinnar í dag, einkum hæstv. forsætisráðherra og nú síðdegis í ræðu hæstv. fjármálaráðherra, var lögð þung áhersla á að um væri að ræða faglegar skipulagsbreytingar. En ræðu hv. þm. Árna Páls Árnasonar var ekki hægt að skilja með öðrum hætti en svo að frumvarpinu væri fyrst og fremst beint að þeim þremur sem sitja nú í bankastjórn Seðlabanka Íslands.

[15:19]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi fyrstu athugasemd þingmannsins fagna ég því ef Sjálfstæðisflokkurinn er sannarlega tilbúinn að ræða breytingar á yfirstjórn Seðlabankans og lítur svo á að það sé hluti af lausn á efnahagsvanda okkar. En mér finnst Sjálfstæðisflokkurinn vera einum of mikið bundinn í humm og ha og óljósan moðreyk um hvað taka skuli við. Það skortir að sagt sé með skýrum og afgerandi hætti hvað taki við og hvernig og þessi bið hefur tekið allt of langan tíma. (**REÁ:** Þetta frumvarp tekur ekki á því.)

Íslenskt efnahagslíf þarf á skýrri sýn um endurreisn peningamálastefnunnar að halda. Við búum við óásættanlega hörð gjaldeyrishöft og til að auka tiltrú á gjaldmiðilinn þurfum við sem fyrst að ná tiltrú á framkvæmd peningamálastefnu og stjórn peningamála í landinu. Það má ekki bíða. Við getum einfaldlega ekki beðið von úr viti eftir því. Hér er lögð fram mjög einföld og skynsamleg tillaga til lausnar á því máli. Ég tala ekkert fyrir ríkisstjórnina, hv. þingmaður. Ég tala fyrir sjálfan mig og tjái viðhorf mín. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherrum fyrr í dag að fagleg rök eru fyrir ákvörðuninni og frumvarpinu og þau eru ljós og skýr.

Í ræðu minni benti ég á verulega ágalla á framkvæmd starfsskyldna af hálfu þeirra sem sitja í bankastjórn Seðlabankans í dag. Ég tel að það sé einfaldlega nokkuð sem óhjákvæmilegt er að ræða í þessu samhengi, vegna þess að viðkomandi einstaklingar hafa kosið að sitja áfram þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um að víkja og vegna þess að ljóst er að óljós skilaboð og misvísandi skilaboð milli þeirra er hluti af þeim vandamálum sem við fáumst við í dag.

[15:21]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Miðað við hvað hv. þm. Árni Páll Árnason á auðvelt með að fella dóma um frammistöðu einstakra embættismanna og stofnana held ég að kannski hafi verið óþarfi að setja á fót rannsóknarnefnd hér fyrir jólin, sem á að skila niðurstöðu síðar á þessu ári, til að fjalla um orsakir og aðdraganda bankahrunsins. Við getum bara leitað til hv. þm. Árna Páls Árnasonar og fengið hann til að koma með skýringar einn, tveir og þrír. (Gripið fram í.)

Vegna þess sem hefur verið rætt í þessari umræðu finnst mér ástæða til að fá fram sjónarmið hv. þm. Árna Páls Árnasonar. Ég veit að hann situr ekki í ríkisstjórninni og er þar af leiðandi ekki flutningsmaður þessarar tillögu, nema óbeint. En ég velti hins vegar fyrir mér hvort honum sýnist að undirbúningur (Forseti hringir.) málsins hafi verið faglegur og byggður á (Forseti hringir.) faglegu mati. Sýnist honum að undirbúningurinn byggi á einhverri greiningu á (Forseti hringir.) því hvaða markmiðum á að ná og hvernig á að ná þeim?

[15:22]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Leitt er ef hv. þingmanni sárnar að ég skuli rekja augljósa ágalla í framgöngu seðlabankastjórnarinnar á undanförnum missirum. Ég tel mig hafa til þess fulla heimild óháð því hvort rannsóknarnefnd er í gangi eða ekki og finnst fullkomlega eðlilegt að þeir ágallar séu ræddir enda hluti af almennri umræðu í landinu og hljóta að vera til skoðunar þegar horft er til hvort núverandi stjórnkerfi Seðlabanka Íslands hefur leitt til góðs árangurs eða ekki.

Ég tel varðandi aðra spurningu hv. þingmanns að frumvarpið byggi á faglega sterkum grunni. Ég þekki engan hagfræðing í landinu sem kýs núverandi stjórnskipulag Seðlabankans fram yfir það stjórnskipulag sem lagt er til í frumvarpinu. Ég tel að það byggi á mjög traustum grunni og tryggi faglegt sjálfstæði Seðlabanka Íslands (Forseti hringir.) sem átakanlega hefur skort á (Forseti hringir.) á undanförnum missirum og (Forseti hringir.) árum.

[15:24]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Ég má eiginlega ekki vera að því að hlusta á þau gífuryrði sem falla af vörum hv. þm. Árna Páls Árnasonar vegna þess að ég hélt að við værum önnum kafin við að ræða frumvarpið sem liggur fyrir og stöðuna sem upp kemur þegar lögum um Seðlabanka Íslands er breytt. Ekki var mikið fyrir því haft af hálfu hv. þingmanns að ræða efni frumvarpsins en ég á þó von á því að það komi væntanlega fram á næstunni hvaða skoðun hann hefur á einstökum þáttum frumvarpsins og hvernig best er að haga lagasetningu um þá mikilvægu stofnun sem Seðlabanki Íslands er.

Í þessu mikla frumvarpi er nefnilega um að ræða grundvallarbreytingu á uppbyggingu Seðlabanka Íslands. Í grundvallaratriðum er verið að breyta því hvernig ákvarðanir eru teknar í bankanum og breytingar af þessum toga þurfa mjög nákvæma skoðun. Jafnvel þótt við séum í ákveðnu tímahraki við þessar aðstæður verðum við samt að gæta að því að við erum að breyta grundvallarstofnun í landinu sem gegnir mikilvægu hlutverki í efnahagsstjórnun þjóðarinnar og það verður að gerast af ákveðinni yfirvegun.

Hér er farin nokkuð önnur leið en þegar lögum um seðlabanka hefur áður verið breytt, en frá því bankinn var settur á laggirnar árið 1961 hefur aldrei gerst að lögum um Seðlabanka Íslands væri breytt án þess að atbeini allra flokka kæmi þar að og að baki lægi álit og vinna sérfræðinga og færustu manna á sviði starfsemi bankans.

Ég sakna þess að sú leið var ekki farin nú. Ég sakna þess að í almennum athugasemdum í frumvarpinu sé ekki yfirlit yfir þá hugsun sem menn ætla að ná fram með breytingunum. Ég sakna þess að ekki er um neinn samanburð að ræða við banka í öðrum löndum. Ég sakna þess að menn geri grein fyrir þeim breytingum sem þegar hafa verið gerðar á vettvangi Seðlabanka Íslands á undanförnum áratugum og af hverju fallið var frá vissum hlutum og aðrir teknir upp í staðinn. Hér er t.d. sú leið farin að taka aftur upp að auglýsa stöðu bankastjóra sem fallið var frá árið 2001 af einhverjum ástæðum sem ég átta mig ekki almennilega á. En þá virtist samdóma álit manna hafa verið að auglýsingar hafi ekki þjónað hlutverki sínu. Nú er sú leið tekin upp aftur. Fróðlegt væri að vita betur hvernig rökstuðningurinn er þannig að við getum betur gert okkur grein fyrir faglega tilganginum með breytingum á lögum um seðlabanka.

En að því sögðu á ég von á því að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, sem ég held að sé í forsvari fyrir efnahags- og skattanefnd, (Gripið fram í.) eða verði það væntanlega, muni gera það sem hann boðaði í ræðu áðan og taka málið til mjög gaumgæfilegrar skoðunar í nefndinni og gera þær breytingar sem menn komast síðan að samkomulagi um að séu til bóta fyrir frumvarpið.

Ég varð svolítið undrandi á því hversu fljótur hann var að hafna þeirri hugmynd sem hafði verið til umræðu í vetur að taka hina eftirlitsstofnunina, Fjármálaeftirlitið, með í þessa athugun. Ég vissi svo sem fyrir að hann teldi bæði kosti og galla á því að hafa Fjármálaeftirlitið undir Seðlabankanum en mér fannst hann fullfljótur núna að slá það út af borðinu. Ég get t.d. ekki sagt fyrir um það hvort það sé endilega svo slæmt og mér skilst að ef bankaeftirlit er innan raða Seðlabankans hafi hann að ákveðnu leyti betri aðgang að þeim bönkum sem hann á að hafa virkt eftirlit með. Þetta eru faglegir þættir sem ég viðurkenni að ég hef ekki fullkomið vit á en til eru aðrir, hagfræðingar og sérfræðingar, sem þekkja þetta betur.

Það gleður mig sérstaklega að sjá hæstv. viðskiptaráðherra ganga í salinn. Það er mjög áhugavert og nauðsynlegt fyrir hann að hlusta á þessar merku umræður sem eiga sér stað um skipulag Seðlabanka Íslands.

Að þessu sögðu langar mig að fara í nokkur atriði í frumvarpinu sjálfu og velta fyrir mér og spyrja nokkurra spurninga og ég vona að hæstv. forsætisráðherra geti svarað einhverjum þeirra í lokaræðu sinni.

Í 3. gr. kemur fram að forsætisráðherra skipar seðlabankastjóra til sjö ára og hann skuli hafa meistaragráðu í hagfræði. Mér finnst svolítið þröngt að nefna eina fræðigrein sérstaklega. Ég hygg að menn geti á öðrum fræðasviðum haft umfangsmikla þekkingu á sviði efnahagsmála. Ég get nefnt t.d. verkfræði, sérstaklega hagræna verkfræði, og fleiri greinar þar sem slíkir þættir geta skipt verulegu máli. Menn kunna einnig að hafa meistaragráðu í hagfræði án þess að hafa sinnt henni að neinu marki í marga áratugi. Þannig að þá spyr maður sig að því hversu miklu máli prófið skiptir. Hitt er annað mál að menn verða alltaf að gæta þess að þeir sem stýra Seðlabankanum hafi umfangsmikla þekkingu á sviði efnahagsmála. Frá því eigum við aldrei að líta.

Það kemur fram að seðlabankastjóri sé einn, en ekkert er sagt um hver eigi að vera staðgengill hans. Ég hefði viljað að hæstv. forsætisráðherra svaraði mér um það af hverju menn hafa ekki tilgreint í frumvarpinu hver eigi að vera staðgengill seðlabankastjóra. Í þeim löndum þar sem seðlabankastjóri er einn er eftir því sem mér skilst yfirleitt gert ráð fyrir því að einhver ákveðinn maður sé staðgengill hans. Hér kemur fram að ef seðlabankastjórinn forfallast geti forsætisráðherra sett annan tímabundið í hans stað. Svo er það líka í núgildandi lögum þar sem seðlabankastjórarnir eru þrír. Þar er hins vegar gert ráð fyrir því að einn af þremur seðlabankastjórum sé jafnframt staðgengill formanns bankastjórnar.

Ég tel að skilningurinn sé sá að forsætisráðherra setji ekki annan tímabundið í stað sitjandi bankastjórnarformanns nema um langvarandi forföll sé að ræða. Ég hallast þá að því að túlka 3. gr. þannig að forsætisráðherra mundi ekki grípa fram fyrir hendurnar á sitjandi bankastjóra nema hann fari frá til lengri tíma. En vegna starfa sinna er bankastjóri gjarnan eitthvað í burtu og þess vegna hefði ég haldið að til bóta væri að gengið yrði frá því strax hver eigi að vera staðgengill hans.

Hitt atriðið sem ég hefði viljað ræða við hæstv. forsætisráðherra og fá svör við og velti líka fyrir mér í tengslum við vinnuna sem fer fram í nefndinni. Það er peningastefnunefndin — mér finnst þetta orð dálítill tungubrjótur. Ég verð að segja það. Ég á erfitt með muna það. Peningastefnunefnd heitir hún.

Ég hefði viljað að menn íhuguðu aðeins betur í hverju þessi peningastefnunefnd felst. Nú er það þekkt víða um lönd að svona peningastefnunefnd starfi og það hefur á mörgum stöðum gefist afar vel. En ég hefði viljað sjá meiri upplýsingar í greinargerð um hvernig menn vilji sjá pen-

ingamálastefnunefndina og þá sem þar eiga að vera. Hvaða menn eiga að vera í þessari peningamálastefnunefnd? Þeir eiga náttúrlega að vera sérfræðingar á sviði efnahagsmála. Eiga þessir menn að geta sinnt þessu í fullu starfi? Gert er ráð fyrir því að í nefndinni séu bankastjórinn og tveir yfirmenn í bankanum. Ég hefði viljað að nákvæmlega kæmi fram hvaða yfirmenn þetta væru og þá hefði maður haldið að annars vegar væri staðgengill bankastjóra og svo kannski aðalhagfræðingur bankans eða eitthvað slíkt. Mér hefði fundist miklu betri bragur á því að klárt væri hvaða menn þetta eiga að vera.

Svo kemur atriði sem ég staldra svolítið við. Það eru þeir tveir sem koma til viðbótar og bankastjórinn á að velja. Ég geld varhuga við því. Ég hefði haldið að tilgangur þeirra tveggja sem koma utan raða bankans væri ekki síst sá að breikka sviðið sem peningastefnunefndin starfar á. Þeir gætu þá verið gagnrýnir og komið með ábendingar og verið framarlega á sínu sviði. Þá hefði maður haldið að einhver annar en bankastjórinn ætti að ákveða hverjir það væru. Ætti t.d. að auglýsa eftir þeim mönnum? Við gætum þess vegna gert það, hér heima, erlendis eða hvernig sem er. Eigum við bara að sjá hverjir það eru sem gætu verið tækir til slíks? Eigum við að velta því fyrir okkur hvort það sé leið?

Er ætlast til þess að þessir menn hafi rúman tíma? Er heppilegt að þeir séu í fullu starfi annars staðar? Er ekki betra að þetta séu menn sem hafa tækifæri til að helga sig þessum störfum? Hafa menn gert sér einhverja grein fyrir því hvert hlutverk slíkra starfa geti orðið? Hver er meiningin með þessu? Ég hefði viljað fá þetta miklu skýrar fram. Ef við viljum fá peningamálastefnunefnd sem á að skipta verulegu máli fyrir peningastefnuna í landinu væri mjög gott að við fengjum hina færustu menn sem hefðu tíma og möguleika til að setja sig verulega inn í málin. Ég hefði viljað að þar væri meira kjöt á beinunum í greinargerðinni. Ég vonast til þess að hæstv. forsætisráðherra geti aðstoðað mig eitthvað við að átta mig á því hvernig þetta er hugsað.

Svo veltir maður líka fyrir sér hversu gagnsæ vinnan hjá peningamálastefnunefndinni á að vera. Hversu miklar upplýsingar menn eiga að fá frá nefndinni í störfum hennar? Þarf að gera sérstaka grein fyrir starfi nefndarinnar? Eiga fundir hennar að vera bókaðir með þeim hætti að hægt sé að skýra frá þeim opinberlega? Eða telja menn að betra sé að hafa starfið lokaðra? Allt þetta finnst mér þurfa að skýra miklu betur vegna þess að ég get ekki betur séð en að peningastefnunefndin muni taka allar stórar ákvarðanir af hálfu bankans sem varða peningastefnuna og vinna að uppbyggingu og vera verulega mikilvægur hlekkur í uppbyggingu bankans. Þess vegna spyr maður sig að því hvort ekki þyrfti að ramma þennan þátt eitthvað betur inn.

Ég velti því töluvert fyrir mér hvort æskilegt væri að heimild væri til auglýsingar þegar horft er til þessara tveggja sem til viðbótar koma. Ég hefði líka haldið að heppilegt væri að þetta væru sérfræðingar eða prófessorar í háskólanum eða eitthvað slíkt án þess að hægt sé að tilkynna það svona. En maður hefði haldið að það mundi kannski hjálpa til við að auka tiltrú á því að alltaf sé verið að leita að bestu leiðunum hvað varðar peningastefnuna í landinu.

Ýmis atriði koma upp í hugann við lestur frumvarpsins og kannski fyrst og fremst að mér finnst rauði þráðurinn vera sá, herra forseti, að meiri upplýsingar vantar um hvert menn halda í þessu. Ég held að við verðum einhvern veginn að koma þessu þannig fyrir að þær ákvarðanir sem við tökum um uppbyggingu Seðlabankans séu þannig að við gerum okkur fullkomlega grein fyrir því hver tilgangurinn með þessu öllu saman er. Ég verð að segja að ég átta mig ekki almennilega á því hvernig þetta lítur út þegar breytingar af þessum toga hafa verið gerðar.

T.d. er gert ráð fyrir að þessi peningamálastefnunefnd eigi að halda fundi átta sinnum á ári. Þetta er ekki þægilegt orð. Ég legg til að hæstv. forsætisráðherra finni eitthvað betra orð heldur en peningamálastefnunefnd, sem þvælist svoleiðis í munninum á mér að ég er komin í stórvandræði.

Gott væri ef forsætisráðherra getur varpað ljósi á þetta. En að öðru leyti hefði ég viljað sjá miklu ítarlegri greinargerð. Ég vil endilega að forsætisráðherra upplýsi hverjir hafa komið að samningu frumvarpsins og hvort til þess voru bara fengnir lögfræðingar eða líka sérfræðingar á sviði efnahagsmála, hagfræðingar og fleiri. Vegna þess að það skal vanda sem lengi skal standa. Um það hljótum við hæstv. forsætisráðherra að vera sammála.

[15:37]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ólöfu Nordal fyrir þessa ágætu ræðu. Hún varði henni mestan part til að spyrja um ýmis smærri atriði og það er sjálfsagt (Gripið fram í.) að forsætisráðherra, flutningsmaður frumvarpsins geri grein fyrir því þó að vísu standi í þingsköpum í 38. gr. að við 1. umr. skuli ræða frumvarpið í heild sinni og í nefnd og 2. umr. einkum um hin smærri atriði málsins. Það sem skiptir máli í 1. umr. og einkum í henni er að í ljós komi sú stefna sem þingmenn og þingflokkar hafa til málsins í heild sinni þannig að almenningur og aðrir flokkar geti áttað sig á því svona nokkurn veginn hvernig landið liggur eins og maður segir, hvort þingmenn eða þingflokkar séu algerlega á móti og þá af hvaða ástæðum eða hvort þeir séu hlynntir málinu og þá á einhverjum tilteknum forsendum með ákveðnum skilyrðum og svo framvegis.

Ég sakna þess í dag — ég hef hlustað á sjálfstæðismenn tala hér fram og til baka — að hvergi hefur komið fram stefna Sjálfstæðisflokksins eða einstakra þingmanna í þessu máli. Þeir hafa talað mikið um greinargerðina og hvað vanti í hana og þeir hafa talað um einstök atriði sem sum eru þannig að um þau má spyrja. Auðvitað má spyrja um þessa tilteknu menntun sem þarna er nefnd og hvort ekki sé til önnur menntun, til dæmis þessi peningaverkfræði sem er nú einn tungubrjóturinn eða einhver önnur menntun sem hliðstæð er í nútímanum. Menn hafa spurt um ýmislegt en hvergi hefur komið fram stefna Sjálfstæðisflokksins í málinu. Styður hann meginatriðin í þessu frumvarpi, frumvarpið í heild sinni, með skilyrðum, á tilteknum forsendum, með einstökum breytingartillögum eða er hann á móti málinu og hvert vill hann þá fara? Eða er það bara status quo ante, allt eins og það var, sem Sjálfstæðisflokkurinn vill í málefnum Seðlabanka Íslands?

[15:39]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að hjálpa mér við þessa 1. umr. og hvað eigi að koma fram þar. En ég held nú að þessi smáatriði sem hann telur svo, hvernig eigi að standa að því að reka bankann séu nú ekkert lítil atriði satt að segja. Ég hefði haldið að þessi peningamálastefnunefnd væri einmitt grundvallaratriði í málinu, að það sé grundvallaratriði í málinu hvernig hún eigi að vera. Þess vegna hef ég töluverðan áhuga á því að vita betur hvernig hún er saman sett og hver hugsunin er. Þannig get ég til dæmis miklu betur gert mér grein fyrir því hvort þetta í nákvæmlega þessum búningi henti mínum sjónarmiðum þegar horft er til Seðlabanka Íslands.

En varðandi það að verið sé að kalla eftir stefnu Sjálfstæðisflokksins á þessum vettvangi þá held ég að menn hafi haldið hérna langar ræður í dag um það hvað þeir halda að sé rétt í þessu. Það hefur komið fram af hálfu sjálfstæðismanna að til hefur staðið að gera breytingar á lögum um Seðlabanka þannig að það liggur alveg fyrir að sjálfstæðismenn vilja gera breytingar á lögum um Seðlabanka.

Ég get náttúrlega ekkert úttalað mig um það hér nákvæmlega í hverju sú breyting væri best fólgin. Sannleikurinn er bara sá að við lentum hér í ákveðnum vandræðum með stefnu okkar í þessum málum og menn eru tilbúnir til að skoða það. En ég mun ekki svara þessu að öðru leyti, hv. þingmaður.

[15:40]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Það eru ákaflega mikilvægar upplýsingar sem hér hafa komið fram hjá hv. þm. Ólöfu Nordal að Sjálfstæðisflokkurinn hefur stefnu í málefnum Seðlabankans. Hann vill nefnilega breyta lögum um Seðlabanka Íslands, sagði hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Hv. þingmanni er að vísu ekki ljóst í hverju þær breytingar eigi að felast og öðrum (Gripið fram í.) hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem hér hafa talað er það heldur ekki ljóst því þeir hafa ekki komið fram með neinar slíkar breytingarhugmyndir heldur reynt að flækja og tefja það mál sem hér er uppi þó það njóti stuðnings sennilega meiri hluta landsmanna og felst í því ósköp einfaldlega — af því að hv. þingmaður spurði um það í sinni ræðu, þ.e. um tilgang frumvarpsins — felst í því ósköp einfaldlega að breyta yfirstjórn Seðlabankans á þann hátt í fyrsta lagi að spara þar tvö störf, að breyta þremur mönnum sem þar eru ráðnir til lítilla hluta í einn og í öðru lagi að koma þar á faglegri og ábyrgri og sjálfstæðri yfirstjórn með því að gera hæfniskröfur og gera faglegar kröfur til seðlabankastjórans í stað þess skipulags sem við höfum þekkt hér lengi þar sem einkum gamlir pólitíkusar hafa verið settir í þetta án nokkurs tillits til hæfni eða stefnu þeirra í peningamálum.

Síðan er þetta mál með hina frægu peningastefnunefnd. Það er hugmynd sem ég skal ekki tjá mig mikið um af því að ég hef ekki nein próf í þessari grein. (Gripið fram í.) En ég hef próf í íslensku og mér þykir bara allt í lagi með þetta orð. Það er þrísamsett. Það er sem sé peningastefna. Eftir nokkra áratugi komst ég að því hvað peningastefna væri og hefði kannski átt að gera það fyrr. En núna vita það allir Íslendingar hvað peningastefna er vegna þess að hún brást undir stjórn einmitt þeirra manna — einmitt þeirra þriggja manna og þó einkum formanns þess ráðs sem þeir sitja í — sem fara frá ef þetta frumvarp verður að lögum og helst fyrr.

[15:43]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nýta þetta andsvarsform til að taka undir með hv. þm. Ólöfu Nordal varðandi hæfniskröfurnar í frumvarpinu. Samkvæmt núgildandi lögum skipar hæstv. forsætisráðherra formann bankastjórnar Seðlabankans og aðra bankastjóra til sjö ára í senn. Ekki er skylt að auglýsa þessi embætti laus til umsóknar. Þarna eru ekki neinar hæfniskröfur, engar og það þarf ekki að auglýsa. Þannig er þetta í dag.

Framsóknarmenn hafa flutt hér mál. Hv. þm. Höskuldur Þórhallsson er 1. flutningsmaður þess máls. Í því máli segir að það eigi að auglýsa. Þar er kveðið á um að bankastjórar skuli hafa háskólamenntun, reynslu og þekkingu í peningamálum og öðrum efnahagsmálum. Þar eru gerðar kröfur. En í frumvarpinu sem við erum að fjalla um hér er gerð sú krafa að auglýsa. Það er jákvætt. En síðan segir, með leyfi forseta:

„Seðlabankastjóri skal hafa lokið meistaraprófi í hagfræði og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum.“

Það er því algerlega einskorðað við það að hann skuli hafa meistarapróf í hagfræði. Þetta finnst mér fullskraddarasaumað, fullþröngt varðandi hæfniskröfur. (**PHB:** Skraddarasaumað á hvern?) Já, ég einmitt spyr. Af hverju er þetta svona skraddarasaumað. (**PHB:** Á hvern?) Það er góð spurning. Ég tel að þetta sé of þröngt og vil benda á að engin löggjöf um seðlabanka í hinum vestræna heimi er svona þröng. Þar segir hvergi að seðlabankastjóri skuli vera hagfræðingur. Það er aðeins kveðið á um aðra hluti. Því spyr ég og það er ágætt ef hæstv. forsætisráðherra gæti svarað því hér að lokum hvort það sé ekki nóg og hvort það sé ekki miklu eðlilegra og réttara að segja að Seðlabankastjóri skuli vera íslenskur ríkisborgari og búa yfir mikilli þekkingu eða reynslu í banka- og peningamálum. Það er svo sem hægt að bæta svo við að hann skuli hafa til dæmis lokið meistaraprófi í hagfræði eða hafa víðtæka reynslu af bankastarfsemi. Þetta (Forseti hringir.) er fullþröngt, virðulegur forseti, eins og ákvæðið hljóðar í frumvarpinu.

[15:45]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála því sem fram kemur hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að hér er full þröng skilgreining á ferðinni og ég held að það sé miklu betra að kveða á um að viðkomandi hafi víðtæka reynslu og þekkingu á sviði efnahags- eða peningamála eða eitthvað slíkt.

Ég á von á því að í meðförum nefndarinnar muni efnahags- og skattanefnd velta þessu vel fyrir sér og hvaða röksemdir eru að baki þessu. Það mætti líka alveg hugsa sér, án þess að ég ætli að fara að leggja það til, að seðlabankastjóri hefði t.d. doktorspróf í hagfræði. Það eru dæmi um það í ýmsum bönkum að bankastjórar hafi verið með doktorspróf í hagfræði.

Það má velta ýmsu fyrir sér í þessu. En ég held að það

sé ekki heppilegt að hafa þetta of þröngt og í mínum huga á það líka við varðandi peningastefnunefndina og þá þekkingu sem þar á að vera innanborðs. Hún hlýtur náttúrlega fyrst og fremst að þurfa að vera til þess fallin að styrkja bankann, styrkja stefnu hans og gera honum betur kleift að standa vörð um þau sjónarmið sem hann á að standa vörð um. Ég fellst því alveg á þau rök og sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur.

[15:46]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég held að þetta sé mál sem efnahags- og skattanefnd verði að skoða. Ég er reyndar ekki í henni en Framsóknarflokkurinn er þar með fulltrúa, hv. þm. Birki J. Jónsson. Það er alveg ljóst ef við lítum til löggjafar annarra landa að við erum að feta einhverja leið sem aðrir hafa ekki farið. Þetta er full þröng skilgreining.

Ég vil líka benda á og sem stjórnmálamaður vil ég sérstaklega undirstrika að stjórnir bankanna, forustumenn þeirra hafa meira og minna farið með ósannindi gagnvart stjórnmálamönnum og samfélaginu öllu um stöðu peningamála. Mér skilst líka að allir forstöðumenn greiningardeilda bankanna hafi verið hagfræðingar og þeir sögðu að hér væri allt í himnalagi. Og maður bara trúði því, ég viðurkenni það að maður trúði því þangað til að hingað fóru að berast skýrslur sem vöruðu við ástandinu.

Ég spyr því hvort það sé svo merkilegt að vera hagfræðingur að það þurfi að naglfesta það í lög að það eigi ekki aðs ráða seðlabankastjóra nema að hann hafi meistarapróf í hagfræði. Ég hef miklar efasemdir um það, virðulegur forseti, eftir þá reynslu að hafa verið plötuð upp úr skónum af hagfræðingum.

Ég legg því til að efnahags- og viðskiptanefnd skoði þessa skilgreiningu og mér finnst að menn hljóti að líta til annarra landa. Ég tel að það verði að hafa þessar hæfniskröfur opnari og ég undirstrika að aðalatriðið varðandi viðkomandi aðila sem verður ráðinn eftir auglýsingu er að hann hafi víðtæka reynslu á sviði bankamála og peningamála. Hann getur haft háskólamenntun en ég tel að það sé ekki endilega rétt leið að fara að einskorða þetta við meistarapróf í hagfræði. Ég vona að efnahags- og skattanefnd (Forseti hringir.) skoði þetta ákvæði betur.

[15:48]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, frumvarp sem komið er fram vegna þess ástands sem ríkir í samfélaginu, frumvarp sem er tilraun til úrbóta. Það vekur furðu að frumvarpið tekur aðeins á V. kafla gildandi laga og þeim kafla er snýr að stjórnskipulagi bankans.

Það er alveg ljóst að að undanförnu hefur gagnrýni á Seðlabanka Íslands verið tvíþætt: Annars vegar hefur peningamálastefnan verið gagnrýnd, hún sögð rúin trausti innan lands sem utan og hins vegar að stjórn bankastjórnar Seðlabankans njóti hvorki trausts innan lands né utan. Þessi gagnrýni er væntanlega ástæða þess að hér liggur fyrir frumvarp til breytinga á lögum um Seðlabankann.

Ég get fyrir mitt leyti fallist á þá stjórnskipulagsbreytingu að seðlabankastjóri verði einn í stað þriggja, að það sé réttlætanleg breyting. Ég get hins vegar ekki fallist á þær þröngu skýringar sem gerðar eru til hæfniskrafna þess seðlabankastjóra sem kemur fram í 5. gr. Ég tel að hv. efnahags- og skattanefnd þurfi að fara ofan í saumana á þeim þætti.

Í 4. gr. er hins vegar grundvallarbreyting þar sem lagt er til að peningastefnunefnd verði sett á laggirnar. Þrátt fyrir það er engin tilraun gerð í frumvarpinu til þess að móta eða breyta þeirri peningastefnu sem fram kemur í lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Í ljósi þess ástands sem ríkir í samfélaginu, í ljósi bankahruns þriggja viðskiptabanka þá vekur það furðu, það vekur virkilega furðu að ekki skuli samhliða vera gerð tilraun í frumvarpinu til breytinga á peningastefnu Seðlabanka Íslands. Peningastefnu sem efnahagsstefna hverrar ríkisstjórnar leggur línur og ber því ábyrgð á sem og þá Alþingi Íslendinga sem samþykkir slíkt.

Það vekur furðu að III. kafli í þessum lögum skuli ekki endurskoðaður og ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Hvernig stendur á því í ljósi þeirrar stjórnskipulagsbreytingar sem verið er að gera á Seðlabankanum með peningastefnunefnd, að ekki sé gerð tilraun samhliða til breytinga á III. kafla? Í ljósi þess ástands sem ríkir í samfélaginu, í ljósi bankahrunsins, af hverju eru greinar nr. 11, 12 og 13 í III. kafla um innlend viðskipti ekki endurskoðaðar? Ef breyta á grunnstefnu um það hvernig peningamálastefnan er mörkuð, af hverju er þessu ekki breytt? Ég tel að það veki furðu að 11., 12. og 13. gr. III. kafla séu ekki inni í þeirri breytingu sem hér á að gera.

Það vekur líka furðu í stjórnskipulagsbreytingu frumvarpsins að enn þá virðist eiga að skipa bankaráð Seðlabankans á sama hátt og fyrr. Þar er ekki nein breyting. Þar virðist enn þá eiga að vera pólitísk skipan eins og nú hefur verið. Í það minnsta er ekki tekið á því í frumvarpinu að nokkurra annarra hæfniskrafna verði krafist en flokkspólitísks skírteinis í ráðningu bankaráðs. Ég spyr því hæstv. forsætisráðherra: Af hverju er ekki líka breyting í frumvarpinu á því með hvaða hætti kjósa á í bankaráð og þá að þau ríkulegu orð „fagleg hæfni“ ráði þar för eins og gera á hér í ráðningu seðlabankastjóra, miðað við 3. gr.?

Sérfræðingar innan lands og utan, hvort heldur eru úr atvinnulífi, vísindum eða fræðum innan fræðasamfélagsins eða bankakerfisins, hafa gagnrýnt Seðlabankann, peningamálastefnuna og yfirstjórn Seðlabankans. Þess vegna, enn og aftur, vekur það furðu að ný ríkisstjórn sem leggur fram frumvarp sem er tilraun til úrbóta, eftir því sem fram kom í ræðu hæstv. forsætisráðherra, skuli ekki undir nokkrum kringumstæðum taka á því máli sem hér hefur verið nefnt og er peningastefnan sjálf.

Það vekur líka furðu og mig langar að spyrja hæstv. forsætisráðherra á sama hátt og hv. þm. Ólöf Nordal spurði: Hverjar eiga að vera hæfniskröfur þeirra aðila sem koma til með að sitja í peningastefnunefnd? Eða verður það sérval, að seðlabankastjóri, ráðinn samkvæmt 3. gr., komi til með að ráða því hverjir sitji í þeirri nefnd? Í frumvarpinu er hvergi nefnt eitt einasta orð um hæfni þeirra sem þar eiga að sitja.

Í 4. gr. er hins vegar gerð grein fyrir að meiri hlutinn

muni ráða för. Það er ekki endilega gefið að þeir aðilar sem hér eru tilnefndir og sitja og starfa í Seðlabankanum, sem eru tveir af yfirmönnum bankans á sviði mótunar- og framkvæmdastefnu í peningamálum, séu endilega alltaf sammála sjálfum seðlabankastjóranum. Það gæti verið að þar væri einhver ágreiningur hugsanlegur og er það þá hugsanlegt að seðlabankastjóri yrði undir í atkvæðagreiðslu í peningastefnunefnd sem hæstv. forsætisráðherra boðar í 4. gr.?

Virðulegur forseti. Með þessu frumvarpi er gerð tilraun til breytinga á stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands, í fyrsta lagi með því að seðlabankastjóri verði einn. Kröfur sem eru gerðar til hans eru að mínu mati allt of þröngar og það verður að opna þá grein mun meir en hér er gert. Í 4. gr. er talað um peningamálastefnuna. Ég get fyrir mitt leyti, hæstv. forseti, fallist á að hér verði einn seðlabankastjóri eins og tíðkast í æðimörgum löndum í kringum okkur. Fyrir fram segi ég ekki nei við slíku.

En ég tel að vanda hefði mátt betur til þessa frumvarps. Það hefði þurft að taka á fleiri þáttum og í mínum huga er þetta frekar fljótfærnisleg leið til þess að koma til móts við það sem sumir hafa kallað raddir fólksins. Það hefði þurft að vanda betur til verka og taka á fleiri þáttum þegar grunnbreytingar eru gerðar á stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands.

[15:56]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég var búinn að biðja um það að hæstv. heilbrigðisráðherra, sem er nú í hvíld frá því að vera formaður BSRB, væri viðstaddur þessa umræðu en ég sé að hann er ekki kominn. Forseti ætti að hvetja hann til að koma.

(**Forseti** (EMS)**:** Forseti vill taka fram vegna orða hv. þingmanns að miðað við upplýsingar forseta er hæstv. heilbrigðisráðherra í húsi og er væntanlega að fylgjast með ræðu hv. þingmanns eða væntanlegur í sal.)

Ég ætla að byrja á því, af því að við ræðum núna um starfsmenn Seðlabankans, að þakka starfsmönnum Seðlabankans fyrir mjög gott starf í krísunni í haust. Ég kynntist því í hv. efnahags- og skattanefnd þar sem ég fékk til fundar við nefndina aðila vinnumarkaðarins og fleiri þegar ástandið var sem verst og við vorum í viðskiptastríði við Bretland, Holland og allt Evrópusambandið, að starfsmenn Seðlabankans gerðu, að ég held, nánast kraftaverk. Ég vil þakka þeim fyrir það.

Við ræðum frumvarpið frá hæstv. forsætisráðherra og mig langar til að spyrja hana fyrst hvort það komi til greina að sú nefnd sem fær þetta til skoðunar, efnahags- og skattanefnd, megi gera á þessu veigamiklar breytingar. Ég tel að það sé ansi brýnt. Þetta frumvarp ber með sér að það er samið á mjög stuttum tíma. Ég mundi nánast segja að það sé hroðvirknislega unnið. Það er enginn höfundur að þessu frumvarpi, ekki getið um neinn, það fæst ekki uppgefið. Það er ekki orð um Fjármálaeftirlitið í því og það er ekki orð um umheiminn, hvernig þetta sé í öðrum löndum o.s.frv. Maður vill að sjálfsögðu fá að vita ef maður á að fjalla um svona mál eins og þetta hvernig farið er með sambærileg mál í Evrópusambandinu, fá að vita eitthvað meira.

Hæstv. heilbrigðisráðherra er nú kominn og ég óska honum til hamingju með að vera kominn með nýtt valdasæti og hafa stigið niður af öðrum valdastóli sínum sem formaður BSRB. Hann ætlar reyndar ekki að stíga þar varanlega úr sæti heldur bara tímabundið. Mig langar til að spyrja hann um þetta makalausa bréf sem hæstv. forsætisráðherra sendi opinberum starfsmönnum.

Ég hef margoft gagnrýnt seðlabankalögin og ég hef margoft farið fram á breytingar á áminningarskyldu o.s.frv. þannig að ég er ekki að verja þetta kerfi, alls ekki. En það kemur dálítið ankannalega út þegar bankastjórn Seðlabankans fer allt í einu að njóta harðrar baráttu hæstv. ráðherra um árabil fyrir að viðhalda þessari áminningarskyldu o.s.frv. Hér er nefnilega bréf frá einum ráðherra í ríkisstjórn og meira að segja forsætisráðherra til opinberra starfsmanna þar sem hótað er með lagasetningu ef þeir ekki segi upp, það er sagt þannig hreint út.

Ég hygg að þetta bréf sé algert einsdæmi og það eru engar ástæður nefndar, engar ávirðingar, ekkert eins og í venjulegri áminningu heldur bara sagt: Við ætlum að flytja frumvarp sem gerir ykkur atvinnulausa ef þið viljið ekki segja upp. Þetta gefur það fordæmi að t.d. menntamálaráðherra sem er illa við einhvern mann, t.d. einhvern skólastjóra af því að hann er á annarri skoðun eða hefur sagt eitthvað ljótt um ráðherra eða eitthvað slíkt, tilkynni skólastjóranum með bréfi eftirfarandi: Ég ætla að flytja frumvarp sem breytir yfirstjórn skólans þíns og þú munt missa vinnuna. Viltu ekki segja upp? Hvað segir fyrrv. formaður BSRB, hæstv. heilbrigðisráðherra um þetta og réttarstöðuna? Það geta allir opinberir starfsmenn farið að skjálfa á beinunum. Er þetta til að auka agann í kerfinu? Hlýðið þið, elskurnar mínar, annars setjum við lög. Þetta er mjög merkilegt bréf og allt öðruvísi en ef mönnum er tilkynnt um að það eigi að flytja frumvarp og þeir verði látnir vita af því og það kunni að vera að þeir missi vinnuna en þar er ekki sagt: Viljið þið ekki segja upp?

Í frumvarpi því sem við ræðum hérna er verið að bregðast við ákveðnum vanda. Allt fjármálakerfið hrundi og það er eitthvað mikið að. Það er eitthvað mikið að lagasetningunni. Það er eitthvað mikið að störfum Alþingis o.s.frv. og það er eitthvað mikið að eftirlitsstofnunum. Það er ekki spurning, það efast enginn um það og menn hafa verið að vinna í því núna að gera á þessu breytingar. Það er komin fram hugmynd frá síðustu ríkisstjórn um að sameina Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann til að reyna að finna einhverja lausn sem gefur meiri samskipti milli þessara stofnana. Það kom t.d. fram að hæstv. fyrrv. viðskiptaráðherra hafði ekki samband við Seðlabankann í heilt ár, það var algert sambandsleysi. Hann hefur verið búinn að týna gemsanum sínum eða tölvunni sinni eða einhverju svoleiðis, ég veit ekki hverju. Það er greinilegt að það þarf að örva miklu meira samskiptin á milli aðila til að ráða sameiginlega við þetta vandamál. Þetta er okkar vandamál á Alþingi. Þess vegna vildum við setja um þetta lög, einhvern ramma.

Samkvæmt 35. gr. skal Seðlabankinn veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar og hann á að gera samning við Fjármálaeftirlitið um upplýsingaskipti þannig að gert er ráð fyrir því í lögum að þarna séu ákveðin samskipti. Fyrrverandi ríkisstjórn réð finnskan sérfræðing til að móta tillögur um þetta mál um sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Ég tel að það sé hugsanlega nauðsynlegt. En það er

alveg nauðsynlegt að breyta einhverju. Það er alveg á hreinu.

Seðlabankinn á mann í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Það er líka eitt atriði sem sýnir tengslin. Honum var reyndar sagt að segja upp af öðrum hæstv. ráðherra í fyrrverandi ríkisstjórn sem er líka dálítið merkilegt af því að Fjármálaeftirlitið á líka að vera óháð stofnun. Það er ekki orð um þetta í frumvarpinu, um erlenda reynslu eða fyrirmyndir eða eitthvað um útlönd. Ég held að það sé mjög brýnt að hv. nefnd sem fær málið til umsagnar skoði hvernig menn gera þetta í útlöndum. Hvernig er þetta gert, hvernig er þetta leyst? Það er mikill vandi. Vandinn er þessi: Við erum með ákveðna eftirlitsstofnun og þegar forstöðumaður eða sá sem þar er inni bregst, hvað getum við þá gert? Ef eftirlitsstofnunin á að vera óháð stjórnvaldinu getur stjórnvaldið ekki gripið inn í og sagt honum upp.

Hvað gerist ef viðkomandi aðili sér ekki að sér og viðurkennir ekki að hann hafi gert nein mistök, hvað þá? Þetta er ákveðinn vandi sem við þurfum að leysa. Við höfum t.d. séð að bankastjórnin hefur gert hluti sem menn hafa verið mjög gagnrýnir á, þar á meðal ég. Allt í einu er gengið sett fast á 175, bara einhverja tölu. Svo er tilkynnt um eitthvert rússneskt lán allt í einu og samskipti við Glitni voru svona og svona, kannski gagnrýnisverð. Svo féllu ummæli í sjónvarpsþáttum og fleira sem gera það að verkum að menn hafa verið mjög gagnrýnir á störf bankastjórnar Seðlabankans. Þá er það spurningin: Hvernig getur maður brugðist við? Ég held að það sé okkar verkefni á Alþingi að finna lausn á því hvernig menn geta brugðist við.

Það frumvarp sem við nú ræðum gengur enn lengra. Það er einn pólitískt ráðinn bankastjóri sem hefur með sér ráð, peningastefnunefnd, sem líka gæti verið pólitískt ráðin því að bankastjórinn er pólitískt ráðinn sem hagfræðingur og þeir eru oft mjög pólitískir eins og við sjáum. Hér er einn hæstv. ráðherra hagfræðingur þannig að margir hagfræðingar hafa mjög sterkar pólitískar skoðanir. Það er þannig, það fylgir faginu. (**Gripið fram í:** En stærðfræðingar?) Ekki stærðfræðingar, þeir eru minna pólitískir. Bara einn og einn. En þetta er sem sagt vandinn. Hvað gerum við þegar menn bregðast í trúnaði eða talið er almennt að menn hafi brugðist því og halda samt sjálfstæðinu. Þetta er vandi sem við þurfum að leysa.

Ég hef verið mjög gagnrýninn á peningamálastefnu Seðlabankans í gegnum tíðina. Efnahags- og skattanefnd fór í heimsókn til Seðlabankans til að ræða um jöklabréfin fyrir þremur árum vegna þess að við sáum að þau hrönnuðust upp og voru eins konar peningamaskína sem bjó til kaupmátt á Íslandi. Það er búin að vera heilmikil gagnrýni á þessa peningamálastefnu í gegnum tíðina. Hún bítur ekki vegna þess að það vantar inn hana t.d. verðtryggða vexti. Seðlabankinn hefði átt að hafa verðtryggða stýrivexti líka því að það eru tvær myntir í landinu, annars vegar króna og hins vegar verðtryggð króna. Þetta eru tvær óháðar myntir. Það er reyndar spurning hvort verðtryggða krónan fái yfirleitt staðist. Þetta heldur allt saman óbreytt áfram í þessu hroðvirknislega unna frumvarpi. Það er engin breyting á þessu sem er meginástæðan fyrir jöklabréfavandanum og verður að breyta að mínu mati. Það verður að breyta því.

Hér hefur nokkuð verið rætt um þær menntakröfur sem gerðar eru. Ég gef ekki mikið fyrir menntakröfur í prófi sem menn tóku fyrir 30 árum hafi þeir ekki gert neitt til að halda menntuninni við. Ég legg eiginlega meira upp úr reynslu manna og að menn hafi stundað akademískt nám yfirleitt því að það skiptir ekki voðalegu stóru máli í akademíunni hvort menn eru í verkfræði, stærðfræði eða viðskiptafræði. Menn eiga að hafa sýnt að þeir kunna að glíma við abstraktvandamál. Ég mundi vilja að hv. nefnd breytti þessum menntakröfum eitthvað.

Ég vil benda á að ég fyrir nokkrum árum sótti um að verða seðlabankastjóri í tvígang og varð einu sinni undir fyrir mjög menntuðum manni, Steingrími Hermannssyni, sem var stjórnmálamaður á sínum tíma. Þá var ég ekki kominn í pólitík. Svo sótti ég líka um og laut í lægra haldi gegn Jóni Sigurðssyni sem var þá í Alþýðuflokknum. Ég held að hann hafi ansi góða menntun í starfið. En ég fékk í hvorugt skipti starfið og hér stend ég.

Ég hef bent á það að þessi stjórn verður pólitískt ráðin og það sem verra er, tveir í þessari peningastefnunefnd heyra undir formanninn þannig að hann ræður með húsbóndavaldi yfir þeim. Svo eru tveir sem hann velur úti í bæ án þess að nokkuð sé talað um kröfur til hæfni þeirra. Þeir þurfa ekki að hafa neina menntun í þessari peningastefnunefnd.

Ég er búinn að ræða um þetta makalausa bréf og hlakka til að heyra í fyrrverandi formanni BSRB, sem núna er í hvíld sem formaður, hvernig hann metur það ef opinberir starfsmenn geta vænst þess að fá svona bréf í framtíðinni og hvort þetta muni ekki auka agann í kerfinu, herra forseti.

[16:09]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands og mér er ljúft að koma til þessarar umræðu sem hv. þm. Pétur H. Blöndal óskaði reyndar eftir fyrr í dag.

Samkvæmt frumvarpinu eru gerðar tillögur um breytingu á stjórnsýslu Seðlabankans en ég get tekið undir með hv. þingmanni að það er sitthvað í seðlabankalögunum sem við þurfum enn að huga að. Ég minnist þess að þegar núverandi lagabálkur var settur var ég með ákveðnar efasemdir um að menn væru að gera að öllu leyti rétt þegar stjórntæki Seðlabankans væru rýrð að því marki sem þá var gert. Ég hafði um það talsverðar efasemdir og menn geta skoðað það í ræðum sem þá voru fluttar. Ég hygg að sitthvað í þeim varnaðarorðum viðurkennum við nú að eigi við rök að styðjast. (**PHB:** Yfirleitt.) Þannig að ég tek undir með hv. þingmanni að það er frekara verk að vinna hvað þetta snertir.

Hér erum við fyrst og fremst að gera breytingar á stjórnsýslu Seðlabankans sem hefur það í för með sér að bankastjórum bankans er fækkað og önnur atriði koma einnig til sögunnar sem hér hafa verið gerð að umræðuefni.

Ég vil sérstaklega taka upp það atriði sem hv. Pétur H. Blöndal nefndi og varðar réttarstöðu þeirra sem nú gegna embættum bankastjóra Seðlabankans. Hann spyr hver mín viðhorf séu sem formanns BSRB, að vísu í hvíld, en hvort þetta sé í samræmi við þær áherslur sem ég hafi haft uppi á þeim vettvangi. Já, þetta er fullkomlega í samræmi við þær

áherslur. Hverjar eru þær? Allar götur frá því að ég fór að hafa afskipti af verkalýðsmálum fyrir um þremur áratugum hefur mér fundist það vera mikilvægt keppikefli að styrkja réttarstöðu þeirra sem ekki hafa völd eða fjármagn á hendi gagnvart þeim sem hafa hvoru tveggja á hendi, völdin og fjármunina. Það er að vissulega erfitt að alhæfa um alla launamenn hvað þetta snertir. Sumir eru á lágum launum, hafa lítil sem engin áhrif, aðrir launamenn búa við bærileg kjör og hafa mikil áhrif sem við getum ekki alhæft um hvað þetta snertir. En hitt get ég staðhæft við hv. þm. Pétur H. Blöndal að ég geri engan greinarmun á skúringar- og kaffikonunni annars vegar og seðlabankastjóra hins vegar hvað samninga áhrærir. Það á að sjálfsögðu að standa við samninga, það á að standa við lög en það er ekkert í lögum sem bannar að menn leiti eftir samningum við launafólk og það er verið að gera þessa dagana í mjög ríkum mæli. Verið er að segja upp ráðningarkjörum um kerfið allt. Það er verið að umbylta starfsemi hjá hinu opinbera, það er verið að leggja niður stöður í stórum stíl. Ég er að upplifa þetta á eigin skinni innan heilbrigðisþjónustunnar hvern einasta dag án þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal kveðji sér sérstaklega hljóðs á Alþingi til að fjalla um þau mál.

Þegar breytingar eru gerðar á yfirstjórn Seðlabankans sem hefur það í för með sér að seðlabankastjórum er fækkað úr þremur í einn gefur auga leið að það þarf að leggja stöðurnar niður, það er verið að breyta stjórnsýslunni. Þá er úr vöndu að ráða vegna þess að þeir sem ráðnir voru til starfans eru lögum samkvæmt ráðnir til lengri tíma eða inn í framtíðina, eru ráðnir til 7 ára eins og gert er ráð fyrir í þessum lögum nú. Hvað skal þá gera? Á að bíða eftir lagabreytingunni þar til þessi tími er á enda runninn eða á að ganga til samninga við viðkomandi einstaklinga? Út á það gekk bréfið sem hæstv. forsætisráðherra ritaði seðlabankastjóra. Ég segi að ef samningar ekki nást verður að sjálfsögðu farið að settum reglum og samningum og málið fer inn í þann farveg sem réttarríki býður upp á. Það hefur aldrei annað komið til tals. Þetta er í þeim anda sem ég tel að eigi að standa að málum að sjálfsögðu gagnvart seðlabankastjóranum jafnt sem skúringa- og verksmiðjukonunni því að við gerum engan greinarmun á réttarstöðu þeirra tveggja hvað þetta snertir. Samningar skulu standa.

Ég held að það séu ekki margir menn sem hafa gagnrýnt Davíð Oddsson eins ákaft og sá sem hér stendur frá því að hann varð verkstjóri í Stjórnarráðinu árið 1991, (**SKK:** Forsætisráðherra heitir það.) þá hæstv. forsætisráðherra. Ég hef gagnrýnt þá stefnu sem hann hefur borið uppi. En ég held að ég geti fullyrt að hvað varðar hans störf í Seðlabankanum hafi ég ekki hnjóðað í hann með ómálefnalegum hætti. Ég vísa til þess að það gladdi mig að fá lesendabréfin á heimasíðu mína í gærkvöldi þar sem lesandi vakti sérstaklega máls á þessu. Það sem við erum að ræða um hérna er fullkomlega málefnaleg aðkoma að þessu máli. Ég biðst undan því að menn séu að reyna að færa það í einhvern annarlegan farveg. Af minni hálfu er það ekki hugsað sem slíkt. Og það er engin mótsögn fólgin í aðkomu minni að þessu máli hvað þennan einstakling snertir annars vegar og aðra einstaklinga sem ég hef haft skipti af hins vegar því að ég vil að sjálfsögðu að lög og reglur standi í hvívetna.

[16:17]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það var gott að heyra að hæstv. heilbrigðisráðherra lítur svo á að allir opinberir starfsmenn hafi þann rétt sem lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna veita þeim, að ekki sé gerður greinarmunur á því hvort um sé að ræða skúringarkonur eða menn sem hafi, eins og hæstv. heilbrigðisráðherra orðar það, bæði völd og fjármagn sér til stuðnings — þrátt fyrir það að í gegnum tíðina hefur berlega komið fram það sjónarmið hjá hæstv. ráðherra að huga þurfi að þeim sem í lægri lögunum starfa og ég ber virðingu fyrir því.

Mig langar að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra að því, vegna þess að ég geri ráð fyrir því að einmitt þessi réttindi opinberra starfsmanna séu honum hugleikin, hvar sem þeir starfa, hvort komið hafi til álita þegar frumvarpið var kynnt í ríkisstjórninni að hafa ákvæði í því sem varða sérstaklega stöðu bankastjóra í Seðlabanka Íslands þegar litið er til ráðningar hans og starfsloka. Þótt hæstv. ráðherra hafi einkum nefnt einn starfandi núverandi bankastjóra vill svo til að þeir eru, eins og við vitum auðvitað öll, þrír og þeir munu þá væntanlega allir hljóta þau málalok að störf þeirra verði lögð niður. Það gildir það sama um þá að þessir menn, hinir tveir, hafa allan sinn aldur starfað í þágu íslenska ríkisins og gert það, eftir því sem ég vissi best, af mikilli samviskusemi eins og þeir hafa raunar allir gert. Mig langar að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann geti ekki ímyndað sér að sú staða komi upp einhvern tíma seinna að sá ágæti bankastjóri sem við taki sé svo ómögulegur að með einhverjum hætti þurfi að losa sig hann.

[16:19]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Nei, þetta kom ekki sérstaklega til umfjöllunar við afgreiðslu frumvarpsins en það er rétt að hér er alltaf úr vöndu að ráða. En varðandi réttarstöðu þessara einstaklinga — þeir eru þrír bankastjórarnir — er augljóst að ef störfunum er fækkað í samræmi við frumvarpið, eins og það liggur fyrir, verður að leggja stöðurnar niður. Þeim er síðan að sjálfsögðu öllum frjálst að sækja um að nýju og þá verða umsóknir þeirra teknar fyrir eins og annarra sem kunna að sækja um starfann.

[16:20]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hæstv. ráðherra kom ekkert inn á það sem ég spurði um, þ.e. þetta makalausa bréf. Ég skil alveg, og það kemur fram í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið, að ef stöðunum er breytt, ef Alþingi skyldi samþykkja frumvarp sem breytir stöðunum, þá fá seðlabankastjórarnir biðlaunarétt í samræmi við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það liggur fyrir. En það er þetta bréf.

Getur verið að bréfið breyti réttarstöðu seðlabankastjóra? Þetta er í rauninni uppsögn frá æðsta yfirmanni framkvæmdarvaldsins sem segir við þessa menn: Stjórnin hyggst flytja frumvarp, það er ekki búið að samþykkja það. Við förum fram á að þið segið upp. Með hótun, herra for-

seti. Getur verið að þá gildi ekki lengur lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, biðlaunarétturinn? Þeim er sagt upp og getur þá verið að þeir eigi laun í 7 ár eða það sem eftir er af þeim tíma vegna þess að þeim er sagt upp án þess að hafa fengið áminningu, engin ástæða er nefnd í bréfinu og engar ávirðingar. Það er bara sagt almennt að traust manna á fjármálakerfi Íslendinga hafi beðið gífurlegan hnekki. Og hvað svo?

Getur verið að þetta bréf — ég legg mikla áherslu á að það er mjög merkilegt, það er einsdæmi. Þar sendir framkvæmdarvaldið opinberum starfsmanni uppsögn og bara segir: Þú segir upp. Það er spurning hvort verja þurfi hinn almenna opinbera starfsmann fyrir slíkum gerræðislegum bréfum frá framkvæmdarvaldinu.

[16:22]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég læt hugann reika til ársins 1996. Þá stóðum við hér í nokkrar vikur og ræddum um breytingar á réttindum opinberra starfsmanna. Ég man alveg hver afstaða hv. þm. Péturs H. Blöndals var þegar við vorum að fjalla um biðlaunaréttinn. Það sem hann gerði þá var að samþykkja afnám biðlaunaréttar. Hv. þingmaður vísar sérstaklega í hann núna en hann var afnuminn með lögum frá 1. janúar árið 1997. Minnist hv. þingmaður þessa? (**MÁ:** Hann stóð með opinberum starfsmönnum.) Já. Þannig að þessi biðlaunaréttur er ekki lengur við lýði. Hins vegar voru þá sett í lög ákvæði er varða embættismenn sem voru skipaðir til tiltekins tíma, 5 ára og í þessu tilviki 7 ára.

Sá réttur sem lögin færa mönnum er ótvíræður, það er alveg rétt. En það er ekkert í lögum sem bannar það að gengið sé til samninga við fólk. Gerir hv. þingmaður sér grein fyrir því að í nánast öllum stofnunum landsins núna, þar á meðal heilbrigðisstofnunum, viðkvæmum heilbrigðisstofnunum, er verið að ganga til samninga við starfsfólk um skerðingu á kjörum? Það er unnvörpum verið að færa niður starfshlutfall hjá fólki og það er verið að gera þetta hjá fólki sem býr við lök launakjör, þetta sker í hjartað. En ég hef ekki orðið var við neinar slíkar áhyggjur hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Hvað finnst honum svona hræðilegt við það þegar óskað er eftir því við þá sem tróna hæst í launa- og valdapíramídanum á Íslandi að þeir komi til samninga um starfslok þegar fyrir liggur lagafrumvarp sem gerir ráð fyrir breytingu á stjórnsýslu þeirra stofnana þar sem þeir starfa? Er eitthvað óeðlilegt við það? (**PHB:** Það er hótun. Já.) Nú.

[16:25]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tek fram að mér finnst starfsmannalögin vera allt of ströng og áminningarskylduna ætti fyrir löngu að vera búið að afnema af því að vinnumarkaðurinn stefnir í rauninni í það að vera einn og að sjálfsögðu ætti að sameina öll réttindi og skyldur á þessum markaði. Ég tek ekki undir það með hæstv. ráðherra að þetta eigi að vera svona. En það sem er ankannalegast í þessu er að hæstv. ráðherra hefur staðið vörð um þetta kerfi og nú er það einmitt seðlabankastjóri sem nýtur þess.

[16:25]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Nú er ég farinn að kannast við hv. þm. Pétur H. Blöndal. Það á að skerða réttindin. Það á að draga úr réttindum og veikja réttarstöðu opinberra starfsmanna. Það er ósvinna að í lögum og í samningum skuli vera ákvæði þess efnis að þeim skuli veitt áminning áður en þeir eru reknir úr starfi. Það er hv. þingmaður að segja. Við erum ekki að tala um neitt slíkt hér í þessu tilviki. Það er verið að breyta stjórnsýslu í opinberri stofnun. (**PHB:** Það er ekki búið að því.) Það er verið að gera tillögur um að leggja niður tiltekin störf. Um það gilda þá ákveðnar reglur sem að sjálfsögðu verður farið eftir í hvívetna. Það á að virða réttindi, það á að virða samninga, það á að virða lög. Því er ég fylgjandi. (**REÁ:** Lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.) Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni sem kallar fram í, það er ekki búið að ákveða neitt í þessu en við erum að ræða lagafrumvarp sem gerir ráð fyrir þessu og við erum að ræða hvaða afleiðingar það hefur fyrir tiltekna einstaklinga.

Ég er að segja: Að sjálfsögðu á að virða samninga. Það á að virða lögin og það á að virða rétt (Forseti hringir.) þeirra í hvívetna. En það er ekkert sem bannar það að hið sama (Forseti hringir.) gildi um þá og aðra sem starfa innan ríkisstofnana þar sem slíkar breytingar eiga sér stað (Forseti hringir.) að gengið verði til samninga ef óskað er eftir því.

[16:27]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að hæstv. heilbrigðisráðherra fari ekki í manngreinarálit og geri ekki greinarmun á skúringarkonunni annars vegar og forstjóranum hins vegar. (**ÁI:** Ertu hissa á því?) Við eigum það þá sameiginlegt við tveir. En mig langar að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra út í gagnsæi og samráð.

Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur verið í fararbroddi allra þingmanna í því að fjalla um vinnubrögð í þinginu og við höfum oft tekist á um það, ég og hæstv. heilbrigðisráðherra, meðan hann var í stjórnarandstöðu. Hann hefur gengið hvað harðast fram í því að haft verði samráð við stjórnarandstöðu og í aðdraganda þess að sú ríkisstjórn sem nú er komin til valda varð til lýsti hann því að allar upplýsingar ættu að koma upp á borðið. Það ætti að upplýsa almenning um allt.

Við ræðum nú frumvarp til laga um breytingu á Seðlabanka Íslands og höfum óskað eftir því að fá upplýsingar um það, stjórnarandstaðan hér á þingi, hver kom að samningu þess frumvarps. Til hvaða sérfræðinga leitaði ríkisstjórnin við samningu þessa frumvarps, þessa mikilvæga frumvarps fyrir okkar efnahagslíf og fyrir fjármálamarkaðinn, og okkur hefur verið neitað um svör. Hæstv. forsætisráðherra hefur upplýst um að leitað hafi verið til sérfræðinga við samningu frumvarpsins en neitaði okkur um að upplýsa hverjir það eru. Okkur hefur líka verið neitað um að fá upplýsingar um það hvaða fyrirmyndum frumvarpið byggist á eða styðst við, fyrirmyndir um fyrirkomulag stjórnsýslu seðlabanka í öðrum löndum. (**JM:** Byggir á frumvarpi mínu.) Það gengur náttúrlega ekki í öðru orðinu

að krefjast þess að allar upplýsingar séu á borðinu (Forseti hringir.) en í hinu orðinu að neita þingmönnum um að fá að vita (Forseti hringir.) til hvaða sérfræðinga ríkisstjórnin leitaði. Ég spyr hæstv. heilbrigðisráðherra (Forseti hringir.) hvort hann sé stoltur (Forseti hringir.) af þessum vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar.

[16:29]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Fyrst varðandi greinarmuninn á fólki. Það er alveg rétt, ég geri ekki greinarmun á fólki þegar mannréttindi eru annars vegar og réttarstaða fólks. Ég minnti hins vegar á það í ræðu minni að löggjöf um slík efni verður til til varnar fólki sem hefur lítil völd og litla fjármuni á hendi og það sé ekki hægt að alhæfa um stöðu fólks hvað þetta snertir. Við erum hins vegar að tala núna um þá sem tróna efst í launum og völdum og áhrifum en hvað varðar réttarstöðu þeirra geri ég ekki greinarmun. Auðvitað á að virða réttarstöðu þeirra.

Varðandi gagnsæið og vinnubrögðin og hverjir hafi komið að þessu máli. Sannast sagna finnst mér þetta frumvarp vera mjög einfalt. Ég veit ekki hvort Sjálfstæðisflokknum þykir þetta vera óskaplega flókin lagasmíð. Mér finnst hún ekkert vera mjög flókin. Þetta er sáraeinfalt frumvarp. Ég eiginlega skil ekki hvað það er sem vakir fyrir mönnum að vilja fá upplýsingar um þetta efni. Ég þekki það ekki sjálfur. Ég veit ekki hvaða sérfræðingar komu að samningu frumvarpsins eða þingmálsins en ég skil ekki alveg hvaða máli það skiptir. Eða vilja menn persónugera þetta mál? (**PHB:** Fagleg vinnubrögð.) Af hverju getum við ekki rætt málefnalega um efni frumvarpsins og hversu heppilegt er að breyta stjórnsýslu Seðlabankans á þann veg sem frumvarpið gerir ráð fyrir? Hvers vegna ræðum við það ekki í stað þess að eltast við hver hafi sett niður punkt hér og kommu þar?

Ef um væri að ræða einhverja mjög flókna lagasmíð og það hefði einhverjar málefnalegar forsendur að spyrja um hitt, þá skildi ég það. En má ég bara forvitnast um það hvað það er sem vakir fyrir hv. þingmanni þegar honum finnst þetta skipta höfuðmáli varðandi frumvarpið en ekki sjálft efnisinntak þingmálsins?

[16:31]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég spyr hæstv. heilbrigðisráðherra þessarar spurningar vegna þess að ég treysti því að í honum sé heiðarleg taug. Mín samskipti við hæstv. ráðherra hafa verið þess eðlis að ég hef trú á því að hann sé heiðarlegur. Það skiptir auðvitað máli fyrir okkur að fá að vita hvaða sérfræðingar komu að samningu þessa frumvarps vegna þess að eftir þessa umræðu fer það til meðferðar í þingnefnd. Það er afar mikilvægt fyrir þingmenn á Alþingi að fá að eiga orðastað við þá sem sömdu frumvarpið. (**ÁI:** Setja þá út af sakramentinu.) Og ég skil ekki — ef ég get fengið að tala fyrir hv. þm. Álfheiði Ingadóttur — hvaða pukur og leynimakk er í kringum það að upplýsa alþingismenn um það til hvaða sérfræðinga ríkisstjórnin leitaði við samningu þessa frumvarps.

Ég spyr: Eru það boðleg vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar að mati hæstv. heilbrigðisráðherra að leyna upplýsingum (Forseti hringir.) um svona sjálfsögð atriði gagnvart þingmönnum sem eiga að fara (Forseti hringir.) að vinna með málið og vilja fá þá sérfræðinga sem sömdu málið til að (Forseti hringir.) svara fyrir verkið? (Gripið fram í.)

[16:33]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér er sagt að hæstv. forsætisráðherra sem leggur þetta frumvarp fram hafi gert grein fyrir því hverjir komu að samningu frumvarpsins (**Gripið fram í:** Nei.) (**Gripið fram í:** Nei.) en, hæstv. forseti, mér finnst mestu máli skipta hvað þetta snertir hverjir það eru sem eru ábyrgir fyrir þingmálinu. Það er ríkisstjórnin sem ber það fram og það er okkar þá að verja frumvarpið eða gera grein fyrir því á málefnalegan hátt. (Gripið fram í.) Mér (Gripið fram í.) verður að umhugsunarefni að sjá svona inn í sálarlíf Sjálfstæðisflokksins. (**Gripið fram í:** Oo.) Ísland er að komast í þrot. Við höfum búið undir leyndarhjúp (Gripið fram í.) í allt of langan tíma (Gripið fram í.) varðandi fjármálin og bankakerfið í landinu (Forseti hringir.) en Sjálfstæðisflokkurinn hefur bara áhuga á einu: (Forseti hringir.) Hver er ábyrgur fyrir (Forseti hringir.) kommusetningunni í þessu frumvarpi?

[16:34]

Útbýting:

Fjölþáttameðferð utan höfuðborgarsvæðisins, 288. mál, fsp. KÞJ, þskj. 514.

[16:34]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að skilja þetta frumvarp til fulls nema hafa í huga forsögu málsins. Þá á ég ekki bara við söguna í haust eða vandræðagang íslenska Seðlabankans undanfarin ár, heldur í raun alla síðustu áratugi vegna þess að staðreyndin er sú að þrátt fyrir að Íslendingum hafi um margt tekist að reka efnahagslíf sitt ágætlega hefur okkur aldrei tekist nema kannski í stuttan tíma í senn að reka hér almennilegan seðlabanka og halda uppi stöðugri mynt með stöðugu verðlagi og aldrei komist nálægt því að búa til innlenda mynt sem er gjaldgeng utan landsteinanna.

Það má eiginlega segja að Seðlabanki Íslands sé ekki nýtt vandamál. Hann er vandamál sem við höfum búið við áratugum saman. Við höfum búið við meiri verðbólgu en nokkurt annað land í Vestur-Evrópu. Við þurfum að fara til Tyrklands til að finna eitthvað sambærilegt. Gengið hefur verið óstöðugt. Við reyndum að vera með fastgengisstefnu og vorum hvað eftir annað hrakin úr henni yfir í sígandi gengi eða gengisfellingu. Öll saga eftirstríðsáranna sem er sá tími sem við höfum haft okkar eigin sjálfstæða gjaldmiðil í þeim skilningi að hann var ekki bundinn föstu gengi gagnvart dönsku krónunni var svona. Þetta er ein samfelld hrakfallasaga.

Það var auðvitað ekki þannig að inn í þann ágæta banka réðist eingöngu óhæft fólk og það sé skýringin á því að þessi saga sé svona slæm. Það má vel vera að einhvern tíma

hafi starfað óhæft fólk í bankanum eins og öðrum stofnunum, ég ætla svo sem ekkert að reyna að leggja mat á það. Ég veit fyrir víst að margir af forustumönnunum voru hæfir og vel menntaðir en voru kannski í því hlutverki að taka ekki sjálfstæðar ákvarðanir og lentu í því að framkvæma misvitrar ákvarðanir sem teknar voru annars staðar, kannski í þessu húsi og kannski við ríkisstjórnarborðið. Þessi hrakfallasaga er ekkert endilega einstökum starfsmönnum, eða í raun og veru alls ekki einstökum starfsmönnum, að kenna. Þetta er samt forsagan sem við búum við og þurfum að vinna úr.

Það hefur aldrei gengið verr að reka þennan banka en einmitt undanfarin ár. Það gekk að vísu kannski ágætlega rétt undir lok 20. aldar en síðan hefur bankinn ekki séð til sólar. Hann var hrakinn af gengismarkmiði sínu árið 2001 og það leiddi til allverulegra vandræða þá sem eru þó ekki mjög stórvægileg samanborið við það sem við horfum upp á núna. Þá skipti hann yfir í verðbólgumarkmið og hann hefur eiginlega aldrei náð því síðan — (**ÓN:** Á þá ekki bara að leggja hann niður?) Það er auðvitað hægt að gera það og ýmsir vilja tala fyrir því en þá þurfum við að taka upp aðra mynt í leiðinni og það er víst einhver andstaða við það.

Fyrir utan þessi vandræði með gjaldmiðilinn í þeim skilningi að verð hans hefur verið óstöðugt sem lýsir sér í verðbólgu og breytingum á gengi hefur bankinn átt í verulegum vandræðum með að uppfylla önnur hlutverk sín, eins og t.d. með að byggja upp trúverðugan og öflugan gjaldeyrisforða. Hann hefur jafnvel lent í vandræðum með tiltölulega hversdagsleg tæknileg vandamál eins og að útbúa trúverðugar hagtölur. Hann hefur, og það skiptir reyndar meira máli, lent í verulegum vandræðum með að starfa sem bakhjarl viðskiptabankakerfisins og það er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en að það hafi skipt verulegu máli í því að hér hrundi viðskiptabankakerfið.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal rakti nokkrar ótrúverðugar yfirlýsingar sem hafa ekki komið íslenska fjármálakerfinu vel. Ég held að það vegi ekkert sérstaklega þungt en það breytir því ekki að bankanum, hvort sem það var stjórnendunum eða kenna, umgjörð bankans eða, sem ég held að hafi ekki verið, einhverjum einstökum starfsmönnum sem stjórnuðu ekki bankanum, mistókst hrapallega í því sem er eitt af hans allra mikilvægustu verkefnum, að viðhalda fjármálastöðugleika. Hverjum svo sem það er um að kenna stendur bankinn eftir rúinn trausti og það gerir hann nánast óstarfhæfan. Í fjármálum, eins og raunar öllum viðskiptum en hvergi meira en í fjármálum, skiptir traust gífurlega miklu máli til að viðskipti geti gengið eðlilega fyrir sig. Án þess á bankinn sér raunverulega ekki viðreisnar von. Það er engin von til þess að hann nái markmiðum sínum, hvort sem það eru einhver hversdagsleg markmið um verðbólgu eða að verða trúverðugur bakhjarl viðskiptabankakerfisins þannig að endurreisn þess geti gengið eins og við öll vonumst eftir.

Án trúverðugs seðlabanka er lítil von til þess að við fáum nokkurn tíma trúverðugt viðskiptabankakerfi. Þegar erlendir aðilar horfa til Íslands og velta því fyrir sér hvort þeim sé óhætt að eiga viðskipti við íslenskar fjármálastofnanir staldra þeir óhjákvæmilega við og skoða Seðlabankann og ef hann virðist ekki ráða við hlutverk sitt vilja þeir ekki koma nálægt íslenskum fjármálastofnunum. (Gripið fram í.)

Auðvitað hefur margt fleira farið úrskeiðis en bara stjórnun Seðlabankans undanfarin ár. Það væri mjög barnalegt að halda því fram að sú staða sem við erum í núna sé einungis Seðlabankanum að kenna. Auðvitað hvarflar það ekki að neinum. Það fór mjög margt úrskeiðis og auðvitað bera þeir sem voru við stjórnvölinn í fyrirtækjum í einkageiranum og viðskiptabönkunum þunga ábyrgð líka. Ýmsar aðrar opinberar stofnanir og jafnvel stjórnmálamenn hljóta jafnframt að bera sinn skerf. Sumir hafa rætt um fjölmiðla í þessu samhengi og ég held að það sé að sumu leyti rétt. Hér var andrúmsloft þar sem eiginlega allir studdu við bankana og þetta andrúmsloft var að hluta til byggt upp með því að það var pólitískur vilji fyrir því að hefta ekki bankana heldur láta þá blómstra, búa til verðmæti og ráða fólk í hálaunuð störf eins og þeir gerðu um tíma. Fjölmiðlar endurspegluðu þennan tíðaranda og mögnuðu hann upp þannig að það er margt sem brást.

Kannski má segja að þjóðfélagið hafi brugðist. Auðvitað er ekki þar með sagt að allir einstaklingar í þjóðfélaginu hafi brugðist en einhvern veginn brugðumst við sem heild þótt sumir einstaklingar hafi borið meiri ábyrgð á því en aðrir. Þegar svo er komið er einfaldlega ekki hægt að segja: Þetta var nú neyðarlegt. Við vonum að það gangi betur næst og ætlum að halda áfram með meira eða minna sömu umgjörð og sama fólk, sama fólkið og er búið að vera að gefa út innstæðulaus heilbrigðisvottorð fyrir íslenska fjármálakerfið. Ætlast virkilega einhver til þess að það haldi áfram að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir nýja fjármálakerfið? Hvers virði verða slíkar yfirlýsingar í augum erlendra viðskiptavina bankanna? Þær verða ekki einu sinni teknar gjaldgengar hérna innan lands. Í útlöndum munu menn ekki einu sinni hafa fyrir því að lesa þær. Auðvitað hefur þetta líka bein áhrif innan lands þannig að banki sem enginn hefur trú á að nái markmiðum sínum, eins og t.d. um verðlag, mun ekki ná markmiðum sínum. Það er alveg sama hversu harkalega hann beitir stjórntækjum sínum, ef enginn trúir því að stjórntækin virki virka þau ekki. Það þýðir að við getum setið uppi með háa vexti en náum samt ekki tökum á genginu eða verðbólgunni.

Ég ætla ekki að ganga svo langt, og raunar fer því fjarri, að halda því fram að það að breyta umgjörð Seðlabankans og setja nýja menn við stjórnvölinn muni leysa öll vandamál. Því fer auðvitað fjarri. En það hlýtur að vera fyrsta skrefið í áttina að því að endurreisa traust á íslenska fjármálakerfinu. Við getum ekki hafið þá vegferð með óbreytt skipulag.

[16:45]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég óska hæstv. viðskiptaráðherra til hamingju með embættið og til hamingju með jómfrúrræðu sína hér í þinginu. Þetta var ágæt ræða, málefnaleg og má taka undir margt í henni. Hæstv. viðskiptaráðherra hefur reyndar í fyrri störfum sínum verið gagnrýninn á Seðlabankann fyrir ýmsa hluti og var það vissulega í þessari ræðu líka. Hann talaði mjög mikið um skipbrot peningastefnu og verðlagsmarkmið bankans og hvernig tækjum hans væri beitt.

Ég vil spyrja: Hefði hæstv. viðskiptaráðherra ekki talið að rétt væri að taka á þessum hlutum í þessu frumvarpi fyrst farin er sú leið að reyna að endurvekja traust á bankanum með því að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um bankana?

Eins vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort honum er kunnugt um hvernig faglegum undirbúningi frumvarpsins var háttað, hvernig að því var staðið, hvaða greiningar lágu þar til grundvallar og hvaða mat á mismunandi leiðum (Forseti hringir.) lá því til grundvallar að þessi leið var farin.

[16:46]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Birgis Ármannssonar vil ég taka fram að ég tel það mjög mikilvægt í allri umgjörð Seðlabankans að það sé alveg tryggt að peningastefnan sé ákvörðuð innan Seðlabankans. Hana má ekki ákvarða með lögum og enn síður með einhverjum ákvörðunum eða framlagi ríkisstjórnarinnar. Ég tel því að það væru mikil mistök að setja einhver slík fyrirmæli inn í lagafrumvarp um Seðlabanka Íslands.

Hvað varðar samningu frumvarpsins var hún ekki gerð á mínu borði en ég kom að frumvarpinu þegar það var langt komið og kom með ýmsar athugasemdir um breytingar sem flestar gengu eftir. Að öðru leyti get ég ekki svarað fyrir um það hvernig þetta frumvarp varð til.

[16:47]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég skil hæstv. viðskiptaráðherra svo að hann hafi ekki talið ástæðu til þess að breyta þáttum í lögum um Seðlabankann sem lúta að peningastefnu og verðlagsmarkmiðum, ég gat ekki skilið orð hans öðruvísi. Því velti ég fyrir mér hvort ráðherrann er þar með ósammála þeirri gagnrýni sem komið hefur fram á verðbólgumarkmið bankans og þau lagaákvæði sem setja honum vissulega þann ramma sem honum ber að starfa innan.

Ég vildi líka inna ráðherrann eftir því — það er út af fyrir sig gott að vita til þess að hæstv. viðskiptaráðherra hefur komið nálægt samningu þessa frumvarps — en ég bið hann að staðfesta þann skilning minn að hann hafi ekki upplýsingar um það hvernig frumvinnu við frumvarpið var háttað, hvernig mati á einstökum þáttum þess og einstökum tillögum sem þarna er að finna var háttað (Forseti hringir.) eða hvaða fyrirmynda var leitað þegar þessar (**ÁÞS:** … þráhyggju?) upplýsingar voru settar fram. Þetta skiptir máli, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson.

[16:48]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég tel reyndar að peningastefna Seðlabanka Íslands hafi um margt verið misráðin undanfarin ár og þess vegna hlýtur auðvitað að koma til greina að skoða hana og breyta. En það á að vera á forræði Seðlabankans og undir nýrri forustu munu menn vonandi taka betri ákvarðanir í þessum málum en teknar hafa verið undanfarin ár.

Ég veit ekki hvort ég á að elta ólar við endalausar spurningar um höfundarrétt að þessu frumvarpi. Ég sé satt að segja ekki að það þjóni neinum sérstökum tilgangi.

[16:49]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er dálítið sérstakt að hlusta á hæstv. viðskiptaráðherra sem leggur til í þessu frumvarpi að skipt verði um lið í Seðlabankanum þegar hann hefur sjálfur sagt í fjölmiðlum — og hægt er að fletta því upp — að vandamálið við Seðlabankann hafi verið að hugmyndafræðin hafi verið röng. Það hefur hæstv. viðskiptaráðherra margoft sagt í fjölmiðlum og það er hægt að fletta því upp.

Þá veltir maður því fyrir sér af hverju hann sem fulltrúi í ríkisstjórninni leggur ekki til þegar verið er að fjalla um málefni Seðlabankans að peningamálastefnan verði tekin til endurskoðunar. (**MÁ:** Það er verið að því.) Hvers vegna er það ekki gert? Það er ekkert í þessu frumvarpi sem mælir fyrir um endurskoðun peningamálastefnunnar. Af hverju leggur ríkisstjórnin ekki upp með að breyta hugmyndafræðinni eins og hæstv. viðskiptaráðherra hefur margoft lýst yfir að sé nauðsynlegt (Forseti hringir.) og sé kjarni þess vanda sem hann er að reyna að lýsa þegar hann er (Forseti hringir.) að fjalla um Seðlabanka Íslands?

[16:50]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er vitaskuld alveg rétt að ég hef ítrekað sagt og ég stend við það, enda hefur ekkert komið fram sem fær mig ofan af þeirri skoðun, að hugmyndafræðin á bak við það hvernig við héldum utan um fjármálakerfi okkar, og þá á ég auðvitað ekki bara við um Seðlabankann heldur í miklu víðara samhengi, var röng. Við byggðum upp fjármálakerfi þar sem viðskiptabankarnir gátu nánast óheft vaxið og safnað að sér skuldbindingum sem á endanum gátu fallið og féllu á íslenska skattborgara. Það var röng hugmyndafræði.

Sú staðreynd að peningastefnan var um margt misráðin er einungis lítill hluti af vandamálinu. En það breytir því ekki að með nýrri forustu Seðlabankans verður peningastefnunni væntanlega breytt. Það á hins vegar ekki að gefa nýrri forustu Seðlabankans einhver fyrirmæli um það í lagatexta hvernig hún á að breyta þessari peningastefnu. Við treystum því að með faglegum vinnubrögðum, nýrri umgjörð (Forseti hringir.) og nýju fólki verði það gert.

[16:51]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ágætt að hæstv. viðskiptaráðherra tali hér um fagleg vinnubrögð og þá langar mig til þess að spyrja hann út í hvernig að samningu þessa frumvarps var staðið, sérstaklega vegna þess að hæstv. viðskiptaráðherra er fenginn hingað, sunnan af melum, úr háskólanum, til þess að vera faglegur ráðherra í þessari minnihlutastjórn.

Hæstv. ráðherra sagðist ekki skilja hvaða tilgangi það þjónaði að upplýst væri til hvaða sérfræðinga hefði verið leitað við samningu þessa frumvarps. Það er nú einu sinni þannig hér í þinginu, og ég geri ráð fyrir að hæstv. viðskiptaráðherra viti það, að þegar þingið vinnur að frumvörpum kallar það til sérfræðinga, þar á meðal þá sem samið hafa frumvörp þau sem lögð eru til. (Gripið fram í.)

Ég hlýt að spyrja hinn faglega ráðherra hvort hann telji að þau vinnubrögð sem ríkisstjórn sú sem hann situr í teljist vera boðleg. Finnst honum eðlilegt að við þingmenn sem eigum að fjalla um þetta frumvarp (Forseti hringir.) séum ekki upplýstir um það (Forseti hringir.) hverjir sömdu það?

[16:53]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Nú þarf ég aðeins að fara í smásagnfræðikennslu aftur en ég þarf reyndar ekki að fara mjög langt aftur í tímann.

Á fimmtudaginn í síðustu viku var ég dósent við Háskóla Íslands og vissi ekki betur en að ég mundi verða það áfram. Þá þegar hefur sjálfsagt verið búið að vinna þetta frumvarp að verulegu leyti. Ég varð ráðherra síðastliðinn sunnudag og var því ekki í þeim hópi sem skipulagði og undirbjó þetta mál, kom raunar ekki inn í ríkisstjórnina fyrr en þennan sunnudag og skil því ekki hvernig í ósköpunum ég ætti að geta upplýst um vinnu sem unnin var af öðrum en mér áður en ég var svo mikið sem kallaður að borðinu.

Að öðru leyti endurtek ég að ég skil ekki að þetta þref þjóni neinum uppbyggilegum tilgangi þótt ég sé almennt hlynntur því að menn virði höfundarrétt og séu með gæsalappir og annað, sem stundum er vandamál.

[16:54]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir ræðuna og óska honum til hamingju með bæði embættið og jómfrúrræðuna, ræðan var mjög málefnaleg.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra um eftirfarandi: Nú er getið um það í 3. gr. frumvarpsins hvernig Seðlabankinn eigi að starfa, en stefnunni er ekki breytt neitt og spurning mín er sú, hvers lags maður velst í þetta bankastjóraembætti? Segjum að hann vilji bara halda núverandi stefnu áfram óbreyttri, hvernig getum við hindrað það? Það er ekki orð um það í lagatextanum. Hann verður væntanlega pólitískt ráðinn af því að það er forsætisráðherra sem ræður hann.

Svo vil ég spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort hann þekki hugmyndir erlendis frá um hvað gert er til þess að láta menn sem gera mistök sæta ábyrgð. Hvernig er það erlendis, t.d. ef einhver seðlabankastjóri gerir mistök þannig að kerfið hrynur, (Forseti hringir.) hvernig leysa menn það í raun?

[16:55]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Erlendis er auðvitað dálítið loðið hugtak þannig að það er kannski erfitt að svara þessu almennt fyrir það, (**REÁ:** Ekki á Íslandi.) já, það má kannski segja að það sé „ekki á Íslandi“, en það eru ansi mörg lönd utan Íslands og sinn er siður í landi hverju. Ég held hins vegar að það sé alveg óhætt að fullyrða að hvergi í þeim löndum sem við almennt berum okkur saman við mundi það koma einhverjum til hugar að þeir sem standa yfir brunarústunum fjármálakerfis viðkomandi lands sitji áfram. Ég get ekki ímyndað mér að þetta gerist í nokkru öðru landi.

[16:56]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hvað í þessu frumvarpi hindrar það? Hvað er breytt? Segjum að ráðinn verði þarna ágætur maður sem hefur ákveðna lífssýn og keyrir hana í gegn og trúir á mátt sinn og megin og sér ekki þær villur sem hann gerir? (**ÁI:** Gæti það orðið verra?) Hvað ætlar hæstv. ráðherra þá að gera? Ég spurði hvort hann þekkti einhver dæmi þess erlendis hvernig menn leysa svoleiðis vanda. En ég sé ekki að það breytist neitt og menn taka heldur ekki á peningamálastefnunni. Það er þessi einstaklingur sem á að ákveða það. Segjum að hann bara haldi núverandi stefnu eða jafnvel einhverju enn þá verra. Hann er pólitískt ráðinn og hann hefur kannski pólitíska sýn sem e.t.v. gengur þvert á alla skynsemi. Hvernig ætla menn að leysa það? Ég sé ekki að það sé neitt gert í því í þessu frumvarpi.

[16:57]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Það er auðvitað ekki hægt að girða fyrir það í lagatexta að opinberir starfsmenn geri mistök, það er auðvitað alveg fráleitt. En það er hægt að gera ákveðnar hæfniskröfur og það er hægt að setja upp ákveðið skipulag sem dregur úr líkunum á því.

Peningastefnunefndin verður fjölskipað stjórnvald og auðvitað dregur það úr líkunum á því að mistök einhvers eins manns ... (**Gripið fram í:** Það var ekki einn heldur voru þeir þrír.) Þeir eru þrír núna en þeir gefa ekki upp hvernig þeir kjósa, hvernig meiri hluti og minni hluti skiptist. Það getur vel komið upp sú staða að formaður bankastjórnar sé í minni hluta, við höfum ekki hugmynd um það. Það er eitt af því sem mætti sannarlega huga að og er reyndar gert í ýmsum öðrum löndum, að umræður peningastefnunefndar eða hliðstæðs stjórnvalds eru gerðar opinberar og menn gera t.d. opinbert um ágreining við meiri hluta. Það er eitt af því sem mætti skoða og væri kannski liður í opinberri stjórnsýslu sem virðist vera mörgum hér mjög ofarlega í huga og ég er reyndar almennt auðvitað hlynntur.

[16:58]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir óska hæstv. viðskiptaráðherra til hamingju með embættið og ræðuna áðan, sem var að mínu mati mikil sorgarsaga. Seðlabankanum hefur aldrei tekist að ná neinum af markmiðum sínum í allri sinni sögu, ef ég hef tekið rétt eftir. Ef enginn trúir því að stjórntæki virki þá virka þau ekki, enginn í útlöndum trúir okkur — og hvað?

Það er ekkert verið að breyta því, hæstv. forseti. Af hverju er bara verið að taka fyrsta skrefið ef hæstv. ráðherra telur að þetta sé fyrsta skrefið í því að skipta um menn í brunarústum? Af hverju er bara verið að taka eitt skref, af hverju stígum við ekki skrefið til fulls og breytum því sem skiptir máli, peningastefnunni sjálfri?

Önnur spurning sem ég vil gjarnan koma til hæstv. ráðherra: Hann segir að peningastefnan hafi verið misráðin og það verði að taka á henni innan Seðlabankans og koma með nýja stefnu með trúverðugum hætti. Ég spyr því: (Forseti hringir.) Á nýi seðlabankastjórinn sem sagt að búa til stefn-

una? Er (Forseti hringir.) hún ekki mótuð hér á hinu háa Alþingi?

[16:59]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get í sjálfu sér bara endurtekið það sem ég sagði áðan, að í öllum vestrænum löndum þar sem ég þekki til er skýr aðskilnaður þannig að peningastefnan er mótuð af Seðlabankanum. Auðvitað innan ákveðinnar umgjarðar sem löggjafinn setur og við munum halda okkur við það. Það þýðir auðvitað ekki að við verðum með sömu peningastefnuna og hingað til. Hvernig dettur einhverjum manni það í hug? Við verðum auðvitað með nýtt fólk og nýja umgjörð og það ætti að verða til þess að stefnunni verði breytt. En henni verður breytt af faglegum og sjálfstæðum Seðlabanka.

[17:00]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég spyr aftur: Burt séð frá mannabreytingunum — hæstv. ráðherra, ef ég hef skilið hann rétt, líkti þessu við brunarústir, að í engu öðru landi væri það liðið að sömu menn stæðu yfir brunarústunum og þeir sem hefðu kveikt í. Það breytir því ekki að brunarústirnar, eins og hann kallar það, eru þarna enn. Af hverju er ekki tekið til í þeim í staðinn fyrir að tala eingöngu um mannabreytingar. Engin breyting er lögð til á stefnunni sjálfri og það vekur furðu að hæstv. ráðherra virðist trúa því statt og stöðugt að peningamálastefnan verði búin til í Seðlabankanum. Ég hef staðið í þeirri meiningu að hún verði til hér á Alþingi með meiri hluta þingmanna í krafti ríkisstjórnar sem hæstv. ráðherra er (Forseti hringir.) nú meðlimur í, þó vonandi bara í stuttan tíma.

[17:01]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér finnst ég vera að endurtaka mig talsvert mikið og ég bið þá sem á hlusta velvirðingar á því. Ef skilja á hv. þingmann á þann veg að hún vilji að löggjafinn ákveði peningastefnuna, ákveði peningamagn í umferð, vexti eða eitthvað slíkt, þá er það alveg fráleit hugmynd. Ef hugmynd hennar er einhver önnur, sem ég held að hljóti að vera, þó að ég skilji ekki alveg hvað hún er að fara, er ég svo sem alveg til í að skoða það. En ég mun ekki hverfa frá því að það er skynsamlegt að vera með sjálfstæðan Seðlabanka með faglegri stjórn sem tekur sjálfstæðar og faglegar ákvarðanir. Það er grundvöllur þess að vera með heilbrigt peningalíf sem nýtur trausts utan lands sem innan. Án þess er engin von til þess að við fáum einhverja til þess að trúa á þennan gjaldmiðil okkar, hversu lengi svo sem við sitjum uppi með hann.

[17:02]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar segja að ég er efnislega sammála því sem fram kom í upphafi ræðu hæstv. fjármálaráðherra, Steingríms J. Sigfússonar, um mikilvægi þess að í þessari umræðu sé rætt um efni frumvarpsins. Það er nefnilega þannig að í umræðu um Seðlabankann, stjórnskipun hans og peningamálastefnu, hafa önnur atriði en efnisatriði frumvarpsins verið mest áberandi.

Menn hafa t.d. hér í dag rætt mikið um peningamálastefnu Seðlabankans en í frumvarpinu sem við fjöllum um hér í dag er ekkert vikið að peningamálastefnunni og hún hefur ekkert með frumvarpið að gera. Frumvarpið er fyrst og síðast formbreyting á skipulagi og uppbyggingu þessa banka. Það hefur líka staðið málefnalegri og efnislegri umræðu um málefni Seðlabankans fyrir þrifum með hvaða hætti stjórnmálamenn ákveðinna flokka hafa talað um þá sem þar hafa starfað. Rætt hefur verið um hreinsanir í stjórnkerfinu, ekki bara í Seðlabankanum heldur almennt í stjórnkerfinu, og ég verð að segja það fyrir mína parta að mér finnst miður að menn tali með þeim hætti um embættismenn, hvort sem það eru seðlabankastjórar eða aðrir.

Ég hélt satt best að segja að umræðu á þeim nótum væri lokið og við ættum einungis eftir að lesa um hana í sögubókum um stjórnmál sem tíðkuðust hér fyrr á öldum eða fyrr á árum eða í skáldsögum, í *Skáldatíma* Kiljans eða einhverju slíku. Það hefur því valdið mér miklum vonbrigðum með hvaða hætti sumir hæstv. ráðherrar hafa talað í þessu máli, þar á meðal hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, sem hefur átt ágætissamstarf á liðnum árum við þá menn sem hún hefur fjallað um upp á síðkastið með þeim hætti að nauðsynlegt sé að ráðast í hreinsanir líkt og gert var í löndum sem við kjósum að bera okkur ekki saman við. Ég vona að í komandi umræðu um þessi mál tileinki menn sér annað orðfæri og aðra framkomu gagnvart þeim sem í hlut eiga.

Það þarf svo sem ekki að fara mörgum orðum um það hversu mikið áfall hrun fjármálakerfisins var og þær alvarlegu afleiðingar sem það hafði í för með sér. Við höfum horft upp á það að að minnsta kosti 85% af bankakerfinu eru hrunin. Búið er að mynda nýja ríkisstjórn, bankamálaráðherrann sagði af sér og mikil uppstokkun hefur orðið í stjórnkerfinu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst því yfir að hann væri ekkert á móti því að farið yrði í breytingar á starfsemi Seðlabankans eða annarra stofnana. Það hefur komið fram að í vinnslu voru hugmyndir milli fyrrum stjórnarflokka, Samfylkingar og Sjálfstæðisflokksins, um að gera breytingar á starfsemi Seðlabankans. Við höfum lýst því yfir að við vildum skoða samspilið milli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og jafnvel sameiningu þessara stofnana eins og rætt hafði verið um. Við efnahagshrunið hljóta menn að vilja skoða eftirlitskerfið og bankakerfið í heild sinni en ekki bara einstaka þætti þess.

Ég tel mjög mikilvægt við þær aðstæður sem uppi eru að vandað sé til verka og fagleg vinnubrögð séu viðhöfð við vinnslu þessa máls. Þeir hv. þingmenn sem styðja ríkisstjórnina og jafnvel einstaka ráðherrar hafa haft hér uppi mörg orð í þinginu um fagleg vinnubrögð, faglega verkferla og annað slíkt. Einn þeirra er hæstv. heilbrigðisráðherra sem stundum hefur staðið á öndinni sem stjórnarandstæðingur og kvartað undan vinnubrögðum hér í þinginu. En það er því miður þannig í þessu máli að vinnubrögðin eru ekki til þess að hrópa húrra fyrir.

Þeir sem tala fyrir gagnsærri og opinni stjórnsýslu og hvetja til þess að allar upplýsingar séu uppi á borðinu geta ekki fagnað frumvarpinu og þeim vinnubrögðum sem liggja

því að baki, hv. þingmenn eins og Jón Bjarnason og Árni Þór Sigurðsson, svo að ég tali nú ekki um hæstv. forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur. (Gripið fram í.)

Í skýrslu forsætisráðherra sem flutt var hér fyrir tveimur dögum sagði hæstv. forsætisráðherra, með leyfi forseta:

„Sú ríkisstjórn sem nú er að hefja sína fyrstu vinnuviku er frjálslynd velferðarstjórn sem starfar á grundvelli víðtæks samráðs.“

Þessi ríkisstjórn starfar á grundvelli víðtæks samráðs. Ekki er hægt að segja að samráðið í tengslum við þetta frumvarp hafi verið mikið þannig að fyrstu skref ríkisstjórnarinnar og hæstv. forsætisráðherra eru ekki gæfuleg þegar kemur að samráði og upplýsingagjöf. Ég bara skil ekki hvers vegna hæstv. forsætisráðherra vill ekki upplýsa okkur þingmenn um það hverjir sömdu þetta frumvarp. Af hverju í ósköpunum er það leyndarmál hvaða sérfræðingar komu að vinnu málsins? Hvað hefur hæstv. forsætisráðherra að fela í því?

Ég hef verið hér á þingi síðan 2003 og fram til þessa verið partur af stjórnarmeirihluta og farið höndum um mörg stjórnarfrumvörp, bæði sem formaður nefnda og sem nefndarmaður í nefndum þingsins. Það er undantekningarlaust þannig að þegar stjórnin flytur frumvarp er þess getið hverjir standa að samningu þess. Af hverju er það gert — og nú beini ég orðum mínum sérstaklega til hæstv. viðskiptaráðherra? Það er vegna þess að í nefndarstörfum hér í þinginu köllum við fyrir gesti til þess að upplýsa þingið um mál, til þess að upplýsa það hvaða sjónarmið lágu að baki samningu frumvarpsins. Þetta er gert til þess að upplýsa þingið um það hvaða grundvallaratriði lágu að baki þeim texta sem menn ætla að færa í lög.

Við höfum óskað eftir því að hæstv. forsætisráðherra upplýsi okkur um það hverjir komu að samningu frumvarpsins. Því hefur verið hafnað og ég skil ekki hvers vegna. Það er eðlileg ósk frá okkur þingmönnum sem eigum að vinna með frumvarpið að við getum kallað þá sem unnu að því fyrir nefndina til þess að þeir geti svarað því hvaða sjónarmið bjuggu þar að baki. Ég hlýt að spyrja hæstv. forsætisráðherra, sem hefur talað fyrir opinni stjórnsýslu og gagnsæi, hverju þetta sæti og hvernig þetta rími við ofangreind orð sem hún lét falla fyrir tveimur dögum í skýrslu sinni hér fyrir þinginu, fyrir framan alþjóð í beinni útsendingu.

Þetta er nú allt samráðið. Við erum að tala um uppstokkun í Seðlabanka Íslands, frumvarp sem lagt er fram eftir að fjármálakerfið hefur hrunið. Þetta er viðleitni ríkisstjórnarinnar til þess að stokka upp fjármálakerfið og við sem erum í stjórnarandstöðunni og eigum að fjalla um þetta mál fáum ekki einu sinni að vita hverjir unnu að frumvarpinu eða hvaða sjónarmið þeir lögðu af mörkum. Ég hlýt að lýsa yfir gríðarlegum vonbrigðum með þessi vinnubrögð og það kemur mér verulega á óvart að hæstv. forsætisráðherra, sem setið hefur á þingi í 31 ár og hefur marga fjöruna sopið og farið yfir mörg frumvörp, skuli standa að vinnubrögðum eins og þessum.

Af hverju vill hæstv. forsætisráðherra heldur ekki upplýsa okkur um það hvaða fyrirmyndir hinir leyndu höfundar frumvarpsins, hulduherinn, lögðu til grundvallar við samningu þess? Af hverju er það líka leyndarmál? Það var óskað eftir þessum upplýsingum. Hefði ekki verið ástæða til þess að menn fengju að vita hvaða hliðstæður menn höfðu í huga þegar þeir voru að semja þetta frumvarp? Er ekki ástæða til þess við þessar aðstæður? Það er ekki eins og fyrirkomulag þessara mála, seðlabanka víðs vegar í heiminum, sé alls staðar það sama. Þegar þingið er að ákveða það hvernig þessum málum eigi að vera háttað í framtíðinni er eðlilegt að þingmenn fái að vita hvaða fyrirmynda var leitað, ég tala nú ekki um þegar menn vilja vinna hörðum höndum saman að því að endurreisa fjármálakerfið og stjórnsýslu þess. Öllum óskum um þetta er neitað. Gagnsæið og samráðið, sem rætt var um í skýrslu hæstv. forsætisráðherra fyrir tveimur dögum, er að engu orðið, við fáum ekkert að vita.

Hinn faglegi hæstv. viðskiptaráðherra, sem stóð hér úti á Austurvelli og mótmælti og hvatti til upplýsingagjafar og gagnsæis í stjórnsýslunni og breytinga, lýsir því hér yfir, nú sestur á ráðherrabekkinn, að hann skilji ekkert í því hvers vegna þetta skipti einhverju máli. Þetta skiptir máli fyrir okkur þingmenn sem berum ábyrgð á framgangi mála og vinnslu þeirra og berum virðingu fyrir störfum þingsins. Það skiptir máli að við fáum að vita hverjir hafa komið að samningu mála þannig að við getum tekið málefnalega á þeim. Ég hlýt að lýsa furðu minni á þessum viðbrögðum og vinnubrögðum og furðu minni á því að hér í þingsalnum séu þingmenn, þar á meðal frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, sem gera lítið úr athugasemdum eins og þessum — þingmenn sem hafa staðið hér og út úr þeim hefur staðið bunan um það á síðustu árum, jafnvel í 18 ár, að vinnubrögðin hér á þinginu séu ekki boðleg. Svo komast þeir í meiri hluta og þá er þetta niðurstaðan.

Ég vona bara að Framsóknarflokkurinn, af því að ég trúi nú að í honum sé heiðarleg taug, muni ekki sætta sig við þessi vinnubrögð þeirrar ríkisstjórnar sem hann styður. Ég treysti því að svo verði enda hefur orðið töluverð endurnýjun í Framsóknarflokknum, meiri endurnýjun en lýsir sér í þeirri ríkisstjórn sem nú hefur tekið við.

Frú forseti. Það vekur furðu, eins og komið hefur fram hér í umræðunni, að hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, skuli leggja það til í þessu frumvarpi að ráðherra skipi bankastjóra í ljósi hennar eigin orða sem féllu á Alþingi árið 1999. Þar andmælti hún því að ráðherra skipaði bankastjóra, bankaráðið ætti að gera það. Þetta eru sannarlega undarleg sinnaskipti. Það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. forsætisráðherra, sem hefur látið sig varða réttindi og skyldur á vinnumarkaði, hver hennar sjónarmið eru um það hvernig frumvarpið og það bréf sem hún sendi bankastjórn Seðlabankans samræmist þeim grundvallarreglum og grundvallarsjónarmiðum sem við viljum fylgja á vinnumarkaði óháð því hver í hlut á.

Ég minni á það að í skýrslu forsætisráðherra, sem flutt var fyrir tveimur dögum, sagði hæstv. forsætisráðherra, með leyfi forseta:

„Höldum í heiðri mannréttindi allra og gætum þess að uppgjör okkar snúist ekki upp í nornaveiðar af neinu tagi. Við búum í réttarríki og það er hvorki vilji ríkisstjórnarinnar né alþingismanna að ganga á svig við meginreglur réttarríkisins, það vil ég undirstrika hér í kvöld.“

Því má halda fram að þau vinnubrögð sem hér eru höfð

uppi gangi gegn þeim meginprinsippum sem menn hafa reynt að starfa eftir á þessu sviði.

Frú forseti. Frumvarpið er að mínu mati illa unnið og það vekur upp fleiri spurningar en það svarar. Fyrir utan það mikla leyndarmál sem hvílir yfir því hverjir sömdu frumvarpið er ekkert sagt um framtíð peningamálastefnunnar sem stuðningsmenn þess hafa helst gagnrýnt. Ekkert er heldur fjallað um það hvað gerist ef bankastjóri þarf að hverfa frá og hvað verður varðandi staðgengil seðlabankastjóra sem lendir í þeirri stöðu. Í rauninni má segja, eins og margir hv. þingmenn hafa nefnt hér, t.d. hv. þm. Ólöf Nordal, að frumvarpið veki upp fleiri spurningar en það svarar. Ég treysti því að hæstv. forsætisráðherra hafi tekið niður allar okkar spurningar, okkar sjálfstæðismanna, vegna þessa frumvarps sem enginn vill segja hver samdi. Það er ljóst að hver sem örlög frumvarpsins verða liggur fyrir að það þarf gríðarlega mikla yfirlegu og mikla vinnu (Forseti hringir.) í þeirri þingnefnd sem mun fá það til umfjöllunar.

[17:18]

Sigurður Pétursson (Sf):

Hæstv. forseti. Hér hefur verið til umræðu í dag frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Tilgangurinn með frumvarpinu er auðvitað öllum ljós, þ.e. að breyta skipulagi bankans og skipta um yfirstjórn hans. Markmiðið er líka nokkuð skýrt, þ.e. að endurreisa traust og trúnað yfirstjórnar fjármála á Íslandi, bæði innan lands gagnvart þjóðinni og ekki síður gagnvart umheiminum.

Segja má að þetta frumvarp komi nú fram seint og um síðir. Það eru fjórir mánuðir síðan að bankakerfið á Íslandi hrundi. Það eru fjórir mánuðir síðan allt fjármálakerfi landsins féll til grunna á nokkrum dögum. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með umræðunni í dag þar sem loksins er komið fram frumvarp sem tekur á því máli að skipta um yfirstjórn Seðlabanka Íslands sem talað hefur verið um í þessa fjóra mánuði sem algera nauðsyn og til þess að byrja upp á nýtt.

Mjög fróðlegt hefur verið að hlýða á þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál af mörgum ástæðum. Ekki fer hjá því að það hvarfli að manni að eitthvað sé til í þeirri umræðu sem farið hefur fram síðustu vikur og mánuði um gjá eða bil milli þings og þjóðar. Í fjóra mánuði hefur verið spurt hver beri ábyrgð á því sem gerðist í fjármálakerfi landsins og ekki síður hver ætli að axla ábyrgð á því hvernig fór. Svörin hafa ekki verið mörg hingað til, svörin sem þjóðin hefur fengið hafa yfirleitt verið þau sömu, þ.e. ekki benda á mig, það var einhver annar.

En nú hefur það gerst að almenningur í landinu hefur ekki látið bjóða sér slíka afgreiðslu og maður gæti jafnvel sagt: Aldrei slíku vant. Hingað til hefur þjóðin látið sér nægja að þusa og rausa í svolítinn tíma þegar minni háttar hneyksli hafa komið upp, t.d. við mannaráðningar vina og vandamanna, t.d. við óeðlilega fyrirgreiðslu eða söun á almannafé eða þegar mistök og vanhæfni hafa gerst berleg í stjórnsýslunni. Við þekkjum auðvitað öll mörg dæmi um þetta en sjaldan eða aldrei hafa stjórnmálamenn eða embættismenn verið dregnir til ábyrgðar í slíkum málum. Reglan hefur verið að samtrygging stjórnmálaflokkanna hefur séð um að þæfa málið, dreifa athyglinni, verja kerfið og verja kerfiskallana. Við höfum kannski svolítið orðið vör við það hér í dag að sú umræða stendur enn.

Já, kerfið sér um sína. Og hvaða kerfi er þetta sem mörgum er svo umhugað um að verja? Íslenskt stjórnmálakerfi sem tveir flokkar bera kannski mesta ábyrgð á frá því að við stofnuðum lýðveldi hér árið 1944. Tveir stjórnmálaflokkar hafa verið í forsvari fyrir næstum hverri einustu ríkisstjórn sem setið hefur í þessi rúmlega 60 ár sem liðin eru síðan lýðveldið var stofnað. Við þekkjum hvaða flokkar þetta eru, þeir hafa oftar en ekki verið saman tveir í ríkisstjórn en það hefur þó komið fyrir að þeir hafi tekið aðra flokka með sér í samstarf. Og þjóðin hlýtur að þekkja þessa flokka því að þeir hafa lengst af haft nokkuð mikið fylgi. Það eru einmitt sömu flokkarnir og byggðu upp, bjuggu til og treystu í sessi hið illræmda kvótakerfi í sjávarútvegi sem vaxið hefur hér eins og æxli á þjóðinni síðustu 20 árin og á líka sinn þátt í því hvernig komið er fyrir okkur sem þjóð nú um stundir.

En aftur að þeirri staðreynd að fjármálakerfi landsins hrundi á nokkrum örlagaríkum dögum í október. Talað hefur verið um að það hafi trúlega verið stærsta áfall sem þjóðin hefur orðið fyrir á seinni árum. Viðbrögðin voru þau að fyrst sló auðvitað óhug á fólk, spurningar risu en svörin voru engin. Stjórnvöld gátu ekki gefið svör og á hinu háa Alþingi var líka fátt um svör. En þeir sem báru ábyrgð á fjármálastjórn landsins í Seðlabanka Íslands höfðu svör, þeir komu fram í fjölmiðlum, þeir gáfu sjálfum sér hreint sakavottorð í öllu því stóra máli, þeir bentu í allar áttir og sögðu eins og sagt hefur verið hingað til: Það voru hinir.

Það hefur komið fram í umræðunni í dag að ferill seðlabankastjórnar Íslands á síðustu 10 árum er kannski ekki alveg flekklaus. Þarf ég ekki að endurtaka það. En þar eru mörg dæmi, trúi ég, um aðgerðir eða kannski öllu heldur aðgerðaleysi sem eru ekkert annað en afglöp eða vanræksla. Svo eru menn hissa á því að það séu uppi kröfur í samfélaginu um að einhverjir segi af sér. En það var einmitt það sem ekki gerðist. Enginn sagði af sér, enginn í Seðlabankanum, Fjármálaeftirlitinu eða ríkisstjórninni, allir sátu eins og límdir við sína stóla. Jafnvel í bönkunum, þar sem allir bankarnir höfðu farið í þrot, störfuðu sömu stjórnendurnir meira og minna fyrst á eftir, stundum reyndar undir nýjum nöfnum, þ.e. starfsheitum, voru kallaðir ráðgjafar eða eitthvað slíkt. Það var ekki fyrr en fjölmiðlar vöktu athygli á slíkum málum að byrjað var að breyta til, taka upp ný vinnubrögð og jafnvel hreinsa til eins og einhvern nefndi hér áðan að einhverjir hefðu verið svo ósvífnir að fara fram á. Þó var ein kona í bankaráði Seðlabankans sem axlaði sína ábyrgð, stóð upp og sagði af sér. En hvað gerðist þá? Það var lítið látið með það, það var nánast farið með það eins og mannsmorð að það hefði gerst, það var nánast þaggað niður. (**Gripið fram í:** … í Samfylkingunni.) Það varð ekki mikil umræða um það mál, hvorki í fjölmiðlum né annars staðar.

Eins og oft hefur komið fram er langlundargeð okkar Íslendinga mikið. Það þekkjum við. Við erum yfirleitt seinþreytt til vandræða. Það getur auðvitað verið mikill kostur, það getur stundum sýnt ákveðið umburðarlyndi en það eru líka takmörk fyrir öllu. Það er kannski einmitt þess vegna, hversu sjaldan við reiðumst, hversu sjaldan okkur er nóg

boðið, sem eitthvað lætur undan loksins þegar upp úr sýður. Og nú gerðist það að þjóðinni var nóg boðið. Krafan sem hafði kraumað í 100 daga og enginn hafði brugðist við varð háværari einn dag fyrir skömmu. Það var ekki að ástæðulausu, þá kom Alþingi saman, löggjafarsamkunda þjóðarinnar, eftir langt hlé um jól og áramót. Og í stað þess að ræða þau stórkostlegu vandamál sem voru uppi voru hér einhver allt önnur málefni til umræðu og á dagskrá. Sú ríkisstjórn sem þá sat hafði ekkert nýtt fram að færa fyrir Alþingi til að ræða og Alþingi sjálft hafði ekki manndóm til að taka málin upp sem brunnu á fólki hér fyrir utan.

Við þekkjum hvernig fór, það er nú talað um að það hafi orðið búsáhaldabylting. Búsáhaldabyltingin felldi ríkisstjórnina. Fyrst sagði viðskiptaráðherra af sér, þá vék yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins frá og nokkrum dögum síðar hrökklaðist ríkisstjórn Geirs H. Haardes frá völdum eins og við þekkjum. Þar með má segja að a.m.k. annar stjórnarflokkurinn hafi axlað sína ábyrgð. Hann sagði upp þessu samstarfi í ríkisstjórninni sem vonlaust var orðið. En hvað með hinn stjórnarflokkinn, hvað með þær umræður sem þar hafa orðið og þær umræður sem endurspeglast hér í dag frá fulltrúum þess flokks?

Það má nefnilega segja það sama um Samfylkinguna eins og þjóðina, hún er mjög seinþreytt til vandræða. Hún gaf Sjálfstæðisflokknum, samstarfsflokknum, ekki bara einn séns, tvo eða þrjá, heldur 20 eða 30 sénsa til að taka á málum. En Sjálfstæðisflokkurinn brást og það er kannski ekki að furða að Sjálfstæðisflokkurinn hafi brugðist. Sjálfstæðisflokkurinn er nefnilega kerfisflokkurinn með stórum staf, hann er þursinn sem ekki getur hreyft sig og á erfitt með að bregðast við. Hann heldur bara áfram að berja hausnum við steininn þegar allt er hrunið. Í því gjaldþroti hugmyndastefnu Sjálfstæðisflokksins sem nú er lokar hann sig inni í sínum eigin helli þar sem valdhroki, sjálfsréttlæting og uppgjöf eru staðreynd. Það er auðvitað stefna þess flokks sem lagði grunninn að fallinu og það hefur komið hér skýrt fram í dag. Það var hann sem lagði til loftið sem blásið var í blöðruna sem sprakk svo framan í okkur öll í október. Það var hann sem dældi út frjálshyggjufroðunni sem breiddist yfir þjóðfélagið, gegnsýrði atvinnuvegina og líf almennings í landinu. Og það er hann sem stendur eftir berstrípaður þegar harkalegir vindar komu og blésu froðunni í burtu. Þá stendur hann berskjaldaður og við getum sagt að aldrei hafi betur átt við þau orð sem komu fram í ævintýrinu fræga þegar barnið sagði: „Sjáðu mamma, hann er ekki í neinu.“

Já, það hefur sannarlega verið beðið lengi eftir þessu frumvarpi sem hér er komið fram um yfirstjórn Seðlabankans, að yfir Seðlabankann væri settur faglegur stjórnandi þar sem gerðar væru faglegar kröfur en ekki sendir þangað til stjórnar aldraðir stjórnmálamenn á leið í hinn helga stein. Og það er engin tilviljun, held ég, að það skuli vera ríkisstjórn undir forustu jafnaðarmanna sem kemur fram með þetta frumvarp og mun vonandi leiða það til lykta.

Tvennt hefur vakið nokkra athygli í dag, a.m.k. mína sem er nýliði hér. Í fyrsta lagi hefur tekið svolítið í hjartað að sjá að hér hafa fulltrúar Sjálfstæðisflokksins komið hver eftir annan og tekið mjög nærri sér hugsanleg brot eða hugsanlega skerðingu á réttindum og starfskjörum opinberra starfsmanna. Það urðu náttúrlega margir hissa og ekki síst þegar kallað var eftir fulltingi formanns BSRB til þess að aðstoða þá sjálfstæðismenn í þeirri réttindabaráttu sem hann að sjálfsögðu gerði. En þetta var mjög undarlegt, það þurfti sem sagt það til að seðlabankastjórarnir þrír fengu bréf þar sem þess var óskað að þeir segðu af sér og þá rankaði allt í einu við eitthvað í hjarta sjálfstæðismanna þar sem þeir fóru að rifja upp réttindi og kjör opinberra starfsmanna og bera þau fyrir brjósti.

Það er gott ef sinnaskiptin í minni hlutanum, í stjórnarandstöðunni, leiða til þess að þeir endurskoði grundvallarsjónarmið sín. Það er gott.

Hitt sem hefur vakið nokkra athygli í þessari umræðu er einmitt þetta sama bréf sem hæstv. forsætisráðherra sendi seðlabankastjórunum þremur. Ég verð að segja eins og er að mér fannst þetta virkilega huggulegt og sætt bréf þar sem þessir ágætu herrar voru beðnir kurteislega um að segja af sér. Ég vil rifja hér upp í lokin orð sem féllu árið 1998, fyrir rúmum tíu árum. Þá sögðu þrír bankastjórar Landsbanka Íslands af sér eftir miklar umræður sem höfðu orðið í þjóðfélaginu um störf þeirra líkt og umræður sem orðið hafa núna. Þá sagði þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, þegar þeir höfðu (Forseti hringir.) sagt af sér, að það hefði verið alger nauðsyn að þeir segðu af sér til að skapa traust og frið um bankann. (Forseti hringir.) Höfum þessi orð í huga núna þegar þetta frumvarp er til umræðu, vonandi mun það benda til nýrra tíma að forsætisráðherra jafnaðarmanna hefur lagt þetta frumvarp fram, (Forseti hringir.) því að það mun leiða til betri framtíðar.

[17:34]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Í tilefni af þeim umræðum sem hafa orðið hér um Seðlabanka Íslands og starfsmenn hans vil ég, með leyfi forseta, hefja ræðu mína á því að lesa úr grein sem Hallgrímur Ólafsson, starfsmaður Seðlabankans og formaður starfsmannafélags Seðlabankans, ritaði í *Morgunblaðið* 4. febrúar.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Okkur starfsmönnum Seðlabankans hefur sviðið umræðan að undanförnu og erum þó ýmsu vön gegnum tíðina. Gegndarlaus áróður og sleggjudómar eru þvílíkir, að helst minnir á aðferðir skipulagðra öfgahópa. Fréttaflutningur hefur verið á einn veg. Eineltið beinist fyrst og fremst gagnvart formanni bankastjórnar, Davíð Oddssyni. Davíð sagði þetta og Davíð sagði hitt. Ekki hefur verið rifjað upp hver benti fyrstur manna á gegndarlausa græðgi sjálftökumanna á ofurlaunum, hver benti á hættuna á samþjöppun valds og eignarhalds auðmanna og hringa eða hver benti einna fyrstur á falska viðskiptavild meðal eigna stórra skráðra fyrirtækja. Gjarnan tala menn um að það þurfi að losna við bankastjórann eins og hann sitji hér einn, efnahagsvandinn sé hans verk og að hann standi í vegi fyrir framförum. Lítilsvirðingin gagnvart hinum bankastjórunum tveimur, sem báðir eru hagfræðimenntaðir og eiga langan farsælan starfsferil að baki í Seðlabankanum, er algjör.

Það skyldi þó ekki vera að Davíð sé höfuðóvinur ákveðinna auðmanna á Íslandi sem í rauninni hafa knésett efnahag landsins?

Virtir hagfræðingar telja að bankastjóri eigi skilyrðislaust að vera sprenglærður hagfræðingur. Þetta heitir fagleg hagsmunagæsla og hefur verið þekkt m.a. hjá læknastéttinni um áratugaskeið.

Því hefur einnig verið haldið fram að peningamálastefnan hafi haldið uppi fölsku gengi á krónunni sem endaði með skelfingu.

Ég er viss um að allflestir starfsmenn Seðlabankans eru mér sammála um að bankastjórarnir allir njóta trausts og virðingar innan bankans. Ekki hefur verið bent á nein afglöp né brot í starfi.

Fullyrt er að Már Guðmundsson verði ráðinn í starf seðlabankastjóra eftir skipulags- og lagabreytingar. Már er flestum hnútum kunnugur innan bankans þar sem hann var aðalhagfræðingur um árabil. Hann er virtur, vinsæll og þótti góður verkstjórnandi og félagi. Hitt ber hins vegar að hafa í huga að Már var einn af aðalhöfundum fyrrnefndrar peningamálastefnu. Hún kom ekki í hús með Davíð eins og kjölturakki.

Eflaust tekst hinni nýju ríkisstjórn að koma verkum sínum í framkvæmd enda hafa áðurnefnd öfl unnið sitt áróðursstríð. Þrír mikilhæfir dáindismenn verða settir af, hvað sem það kostar. En ég vil óska að sannleikurinn komi í ljós og jafnvel réttlætið sigri að lokum.

Vonandi linnir nú skemmdarverkum á eigum almennings. Vonandi hættir lýðurinn að ata Alþingishúsið hlandi og saur.“

Þetta segir formaður starfsmannafélags Seðlabankans í grein sem birtist í *Morgunblaðinu* 4. febrúar. Ég tel rétt að lesa þetta hér vegna þeirra orða sem hér hafa komið fram og vegna þess hvernig menn hafa talað til Seðlabankans og starfsfólks hans.

Í dag var einnig birt greinargerð eftir Ingimund Friðriksson seðlabankastjóra sem ber yfirskriftina „Aðdragandi bankahrunsins í október 2008“, erindi sem hann ætlaði að flytja á fundi í Finnlandi en hér stendur að hann hafi forfallast frá því starfi sínu. Þetta er birt hér og er öllum aðgengilegt og það hefði verið mjög æskilegt að hæstv. viðskiptaráðherra hefði kynnt sér þessa skýrslu áður en hann flutti hina dæmalausu ræðu sem hann flutti hér áðan um störf Seðlabankans. Það að viðskiptaráðherra komi hér og tali um að Seðlabankanum hafi öll sín ár mistekist ætlunarverk sitt og hlutverk minnir mig bara á eitt. Það minnir mig á það sem gerðist árið 1930 þegar þáverandi hæstv. dómsmálaráðherra, Jónas Jónsson frá Hriflu, lagði fram frumvarp um fimmtardóm til að leggja af Hæstarétt af því að hann sætti sig ekki við það hvernig Hæstiréttur starfaði.

Ef hæstv. viðskiptaráðherra er þeirrar skoðunar, eins og virtist af ræðu hans, að Seðlabankinn sé gjörsamlega ónýt stofnun, af hverju leggur hann þá ekki hreinlega til að Seðlabankinn verði lagður af og kemur með frumvarp um það? Þá væri hægt að ræða hvað ætti að koma í staðinn. Ræða hæstv. viðskiptaráðherra var með þeim endemum að sjaldan hefur ráðherra talað með slíkum hætti um opinbera stofnun hér, hvað þá heldur hæstv. viðskiptaráðherra um Seðlabankann.

Það hefur einnig komið fram í fréttum í dag að hæstv. forsætisráðherra sætti sig ekki við það að Ásmundur Stefánsson hafi verið ráðinn bankastjóri í Landsbanka Íslands og hefur mótmælt því. Eigum við von á því að frumvarp komi inn í þingið frá hæstv. forsætisráðherra um að Ásmundur Stefánsson verði settur af? Hvernig endar sú stjórnsýsla sem boðuð er með þeim hætti og við höfum kynnst hér í dag ef menn byrja að senda bréf eða nótur í fjölmiðlum eins og hæstv. forsætisráðherra hefur gert með þessu bréfi og ummælum sínum um Ásmund Stefánsson í dag? Liggur þá ekki beinast við að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hún ætli að beita lagasetningarvaldi eða leggja hér fram frumvarp til að Ásmundi Stefánssyni verði komið úr því starfi sem hann hefur verið ráðinn til að gegna um nokkurt skeið? (**Gripið fram í:** Fulltrúi Samfylkingarinnar.)

Hv. þingmenn hafa réttilega spurt í þessum umræðum hver hafi staðið að gerð þessa frumvarps. Það er von að hæstv. viðskiptaráðherra, nýkominn inn í Stjórnarráðið, átti sig ekki á því hvaða reglur gilda þar um gerð lagafrumvarpa. Á undanförnum árum hefur verið unnið að því í samvinnu Alþingis og ráðuneyta undir forustu forsætisráðuneytisins með þátttöku dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og starfsmanna hér í þinginu að búa til handbók um gerð löggjafar. Í þeirri handbók er lagt á ráðin um það hvernig eigi að vinna að lagafrumvörpum þannig að þingmenn hafi gegnsæi þegar kemur að því að vinna þau mál hér í þinginu. Allar þessar reglur eru hafðar að engu í þessu frumvarpi. Hæstv. forsætisráðherra sem nýverið flutti hér skýrslu um störf ríkisstjórnarinnar og boðaði siðbót á öllum sviðum hefur þessar reglur að engu við gerð þessa frumvarps. Ákveðnir gátlistar eiga að fylgja frumvörpunum og ákveðnar grunnupplýsingar sem menn eiga að geta haft hliðsjón af við vinnu mála og vinnslu mála hér. Allt er þetta haft að engu þegar þetta frumvarp er unnið.

Menn þurfa ekki að leita langt til að átta sig á fyrirmynd frumvarpsins. Hún er breytingartillaga sem þrír þingmenn Samfylkingarinnar fluttu við frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands sem hér var til umræðu árið 2001. Þá fluttu þau Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson og Margrét Frímannsdóttir breytingartillögu við það frumvarp. Séu þess tvö frumvörp borin saman, breytingartillagan og frumvarpið sem liggur hér fyrir, segi ég: Breytingartillagan var mun betri en þetta núverandi frumvarp. Þetta núverandi frumvarp er mun verr úr garði gert en breytingartillagan. Það er furðulegt að hæstv. forsætisráðherra skuli vinna þau skemmdarverk á eigin breytingartillögum sem birtast í þessu frumvarpi, því að í breytingartillögunum var þó gert ráð fyrir því að það væri hægt að vinna þessi mál þannig að það yrði ákveðið öryggi og samfella í stjórn Seðlabankans og nú er þetta lagt upp við okkur að það þurfi að breyta lögunum um Seðlabanka til að skapa öryggi og traust. Öll öryggisákvæðin sem voru í breytingartillögunum eru hins vegar afnumin í þessu frumvarpi og það er skilið eftir í algjörri óvissu hvernig í raun og veru eigi að haga stjórn Seðlabankans á breytingaskeiðinu og einnig þau ákvæði sem voru í breytingartillögunum um að það ætti að vera einn bankastjóri og tveir varabankastjórar. Síðan átti að gefa þeim mönnum sem sátu í bankastjórninni tækifæri til að ljúka starfsferli sínum áður en hið nýja kerfi kæmi til sögunnar. Þetta kemur fram í breytingartillögunum og er þar ákvæði til bráðabirgða.

Allt þetta er afnumið, settur einn bankastjóri, enginn veit hver á að vera staðgengill þessa bankastjóra og stjórnkerfið í raun og veru látið vera í lausu lofti þegar þessi tvö frumvörp eru borin saman. Ég veit ekki hver samdi þessar breytingartillögur á þeim tíma fyrir þau hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímannsdóttur. En ég segi að höfundur breytingartillagnanna var skynsamari en höfundur þessa frumvarps og frumvarpið hefur tekið breytingum á verri veg í meðförum hæstv. forsætisráðherra. Það er raunar þannig fram sett, eins og fram hefur komið hjá öllum þeim sem hér hafa talað fyrir utan hv. þingmenn Samfylkingarinnar, að það þarf að grandskoða ákvæði frumvarpsins.

Ef þetta frumvarp verður að lögum eins og það er er Seðlabankinn mun verr settur stjórnunarlega en hann er í dag, enda kom það fram í umræðunum árið 2001 og þingnefndarmenn geta kynnt sér þær. Þær byggðust á framlögðum gögnum, greinargerðum, ábendingum og hugleiðingum sem voru vel rökstuddar. Það vantar allan rökstuðning í þetta frumvarp. Það kom m.a. fram í umræðunum að það væri spurning að hafa þrjá bankastjóra meðan Seðlabanka Íslands væri siglt inn í það umhverfi sem lögin frá 2001 skapa honum, aukið sjálfstæði gagnvart stjórnmálaöflunum og hinu pólitíska valdi. Það var samdóma álit nema þessara þriggja þingmanna að það væri eðlilegt að hafa þriggja manna bankastjórn meðan það væri verið að treysta sjálfstæði Seðlabankans í sessi innan ramma laganna frá 2001.

Með þessu frumvarpi hér er stigið skref til baka. Það er verið að auka hinn pólitíska íhlutunarrétt og skapa algjöra óvissu um málefni Seðlabankans þegar svona hroðvirknislega er staðið að málum. Eins og hér hefur komið fram hafa allar breytingar á lögum um Seðlabankann verið undirbúnar af nefndum með þátttöku allra stjórnmálaflokka til að skapa þá festu og það umhverfi um bankann að hann geti siglt áfram sem þessi sjálfstæða stofnun sem hann á að vera. Sjálfstæði hans var aukið árið 2001. Þau hroðvirknislegu vinnubrögð við þá hrákasmíð sem þetta frumvarp er verða til þess eins að veikja Seðlabankann. Það er furðulegt að nýr hæstv. viðskiptaráðherra, faglegur ráðherra, skuli telja sér trú um það og ætli að telja okkur trú um það að með svona hrákasmíð sé verið að styrkja Seðlabankann í sessi og efla hann sem stjórntæki í landinu. Ég segi: Það er nær fyrir hæstv. ráðherra að leggja til að bankinn verði lagður niður miðað við málflutning hans en að leggja til við okkur að þetta sé einhver búbót eða bragarbót á rekstri Seðlabankans.

Gerð lagafrumvarpsins er mikið mál fyrir okkur hér, þingmenn, til að átta okkur á. Hverjir eru sérfræðingarnir sem standa þarna að baki, hvaða rök eru fyrir því að breyta breytingartillögunum frá 2001 og koma með þær hingað? Hvað hefur gerst í millitíðinni? (Gripið fram í.) Þegar þetta mál var til umræðu hér í þinginu 2001 lýstu þingmenn, m.a. Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra sjálfur, Davíð Oddsson, því yfir að hann væri í sjálfu sér ekkert á móti því að það yrði einn aðalbankastjóri í Seðlabanka Íslands. Hann sagði: Við þurfum hins vegar að sigla þessu með þessum hætti á fyrstu árunum. Hann talaði um að fyrstu 10–20 árin ættu menn að hafa umhverfið svona og síðan mætti breyta því þegar fram liði, en það yrði að sjálfsögðu að gera með rökum, með rannsókn á því hvernig til hefði tekist og að menn hefðu uppi málefnaleg sjónarmið. Hæstv. viðskiptaráðherra kom ekki með nokkur málefnaleg sjónarmið, þetta voru sleggjudómar. Hann hefði alveg eins getað sagt þetta úti á Austurvelli á mótmælafundinum þar sem hann sagði að við hér í þinginu hefðum gefið fólki puttann í staðinn fyrir að rétta því höndina. Hann hefði alveg eins getað flutt þessa ræðu þar úti og lagt til að Seðlabankinn yrði lagður niður.

Ég er undrandi að menn skuli koma í þingsalinn og eiga að ávarpa okkur undir faglegum merkjum og tala með þessum hætti um mikilvægar stofnanir í ríkinu.

[17:47]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Efist einhver um að Íslendingum hafi tekist einstaklega illa upp við að halda úti Seðlabanka og sjálfstæðri mynt má benda á eina staðreynd: Þegar skilið var á milli íslensku krónunnar og þeirrar dönsku fyrir síðari heimsstyrjöld var það gert þannig að þær voru jafngildar. Nú þarf 2.000 íslenskar krónur til að kaupa eina danska krónu ef tekið er tillit til þess að við týndum tveimur núllum aftan af okkar á miðri leið. Ef einhverjum finnst það merki þess að okkur hafi tekist vel upp við að reka Seðlabanka held ég að sá hinn sami lesi ekki rétt í tölur.

Hvað það varðar að ég ætti allt eins að leggja til að Seðlabankinn verði lagður niður þá gætir þar nokkurs misskilnings. Það má vel vera að það þurfi að gera mjög róttækar breytingar á peningamálum á Íslandi og jafnvel þannig að við tökum upp nýja mynt. Það eru reyndar ýmsir valkostir til í þeirri stöðu sem ég hef rakið annars staðar í löngu máli og hef tímans vegna ekki tíma til að endurtaka hér. En ef við tökum upp nýja mynt verður hlutverk íslenska Seðlabankans allt öðruvísi en áður. Það má vel vera að við endum á því að gera það. Það eru bæði kostir og gallar á því að fara þá leið og ég ætla ekki sérstaklega mæla með því að við gerum það núna en þetta er augljóslega ein af þeim grundvallarspurningum í efnahagsmálum okkar sem við þurfum að svara á næstu árum og það munum við gera. En það verður auðvitað ekki lagt til á þeim 80 dögum eða svo sem þessi stjórn hefur til ráðstöfunar að við gerum svo róttækar breytingar þannig að Seðlabankinn mun lifa og sjálfsagt mun hann einnig lifa jafnvel þó að skipt verði um mynt en þá verður hlutverk hans auðvitað allt annað.

[17:49]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég sé ekki að þetta frumvarp sem hér er til umræðu breyti nokkru um þá afstöðu hæstv. viðskiptaráðherra um hvort Seðlabankanum mistekst eða tekst sín stjórn. Hann er greinilega í grundvallaratriðum á móti því sem Seðlabankinn hefur verið að gera frá því að hann kom til sögunnar og telur að bankanum hafi gersamlega mistekist. Það má segja að hann rétti bankanum fingurinn úr ræðustóli Alþingis með þessum málflutningi sínum en hann verður náttúrlega að rökstyðja það.

Ég er næstum því sannfærður um það að Seðlabanki Íslands skyldi geta setið undir slíkum ásökunum frá hæstv. viðskiptaráðherra og þess vegna segi ég: Ég held að það

hafi aldrei fyrr gerst í þingsögunni að nokkur viðskiptaráðherra hafi talað með þessum hætti við Seðlabanka Íslands. Síðan er okkur sagt í bréfi hæstv. forsætisráðherra, þessu fræga bréfi sem er einsdæmi — eitt er að skrifa bréf, annað að láta fjölmiðla hafa það — að öll þessi aðgerð af hálfu ríkisstjórnarinnar sé til þess að efla traust og trúnað á íslensku peningakerfi. Bréfið sjálft er náttúrlega slíkt að það eflir ekki traust og trúnað á neinum, hvorki forsætisráðherranum né öðrum né ríkisstjórninni í heild og málflutningur hæstv. viðskiptaráðherra í dag er þess eðlis að hann getur ekki eflt traust á neinu. Þetta frumvarp verður ekki til að breyta neinu varðandi þá grunnskoðun hæstv. ráðherra að Seðlabankinn sé gerónýt stofnun.

[17:51]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég held að það megi hafa það til marks um að okkur jafnaðarmönnum og félagshyggjumönnum gengur vel í okkar ætlunarverki þegar hv. þm. Björn Bjarnason er jafnpirraður og raun hefur borið vitni bæði í dag og í gær. Það eina sem þarf að leiðrétta í hans máli er að á þeim götum sem hann hefur aldrei komið út á er ekki talað um að rétta mönnum fingurinn heldur talað um að gefa mönnum puttann. Hann hefur verið að gefa puttann í ýmsar áttir bæði í dag og í gær án þess að koma fram í hvorugt skiptið með aðra stefnu en þá sem til umræðu er, hvorki í málinu um greiðsluaðlögun í gær né í málinu í dag um Seðlabankann og yfirstjórn hans. Hann lætur sér nægja að fjasa um ýmis formsatriði. Hann lætur sér nægja að ræða um handbók sína og kennslubók í því hvernig eigi að búa til lagafrumvörp. En hann segir okkur ekki hver sé stefna hans eða Sjálfstæðisflokksins í málefnum Seðlabanka Íslands, um yfirstjórn Seðlabanka Íslands.

Ég held að það sé rétt hjá hæstv. viðskiptaráðherra, Gylfa Magnússyni sem flutti góða ræðu, jómfrúrræðu sína á þingi, að umfram allt snúist starfsemi Seðlabanka Íslands um traust. Vegna óska um að ræður fari að styttast ætla ég að hætta við að draga lærdóma af sögu Ólafs Björnssonar prófessors um Íslandsbanka hf. og Útvegsbanka Íslands 1904–1980. Ég vona að mér gefist tækifæri til þess síðar en í þeirri sögu rekur Ólafur mjög stuttlega hvernig fór þegar menn 1929–1930 fóru að þeim ráðum sem Davíð Oddsson gaf í Kastljósþætti um það að borga ekki skuldir og gefa útlendingum puttann. Það endaði þannig að það var Íslandsbanki sem þá var settur á hausinn og stóð í stappi um hvort ríkisstjórnin ætti að ábyrgjast þau erlendu lán sem þar voru inni, þar á meðal hið fræga enska lán sem ríkisstjórnin hafði sjálf tekið, og hvort það ætti að greiða hlutafé sem erlendir menn höfðu í þessum banka. Þetta stríð varð til þess að veikja svo álit erlendra fjármálamanna og skoðenda á Íslandi og á íslenskum fjármálum að kreppan á Íslandi stóð mun lengur en nokkurs staðar annars staðar og lauk í raun og veru ekki fyrr en síðari heimsstyrjöldin skall á eins og menn muna, í maí 1940, þó að þá hefðu grannlöndin með ýmsum hætti haft sig upp úr verstu erfiðleikunum. Þessu ætla ég sem sagt að sleppa en vísa til þessarar ágætu bókar eftir Ólaf Björnsson prófessor sem kann að vera að sjálfstæðismenn sumir þekki enn þá. Hann er kannski einn af fremstu mönnum úr þeirra hópi hér á þinginu og væri betur að ýmislegt í hans málflutningi og kenningum lifði enn í Sjálfstæðisflokknum.

Ég get þó ekki stillt mig um að segja aðra sögu þó að það sé styttra síðan hún gerðist. Hún var þannig að friður og traust um Landsbanka Íslands þótti hafa rofnað mjög haustið 1998 þegar fréttir bárust af einkennilegum risnukostnaði í bankanum. Ég læt vera að dæma um það, ég hef ekki til þess neinar forsendur hvort þær voru á rökum reistar eða ekki eða eðlilegar eða ekki en um var að ræða tíðar og kostnaðarsamar laxveiðiferðir meðal annars. Menn spurðust fyrir um þetta mál ítrekað á þinginu, fremst þeirra þingmanna var Jóhanna Sigurðardóttir, núverandi hæstv. forsætisráðherra. Þetta mál endaði þannig að bankastjórar Landsbankans þáverandi, Björgvin Vilmundarson, Halldór Guðbjarnason og Sverrir Hermannsson, voru knúðir til afsagnar og sögðu af sér embættum. Um það sagði Davíð Oddsson, núverandi formaður bankastjórnar Seðlabankans þetta, með leyfi forseta:

„Þinginu og þjóðinni er núna mikilvægast að friður og traust [ég endurtek: Friður og traust] fái að ríkja um Landsbankann jafnt inn á við sem út á við. Landsbankinn er ein mikilvægasta fjármálastofnun landsins og orðspor okkar út á við og inn á við krefst þess að skapað sé traust og friður [ég endurtek: Traust og friður] um bankann.“

Davíð sagði enn fremur eftir afsagnirnar 15. september 1998 úr þessum stóli þetta, með leyfi forseta:

„Ekki er deilt um það í þinginu að þessar afsagnir voru eins og mál voru komin algerlega nauðsynleg forsenda þess að skapa mætti traust og frið um bankann á nýjan leik.“

[17:57]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær umræður sem hér hafa farið fram og reyna að svara ýmsum spurningum sem beint hefur verið til mín.

Mikið hefur verið spurt um hverjir hafi komið að vinnslu frumvarpsins og hvaða hugmyndir hafi þar legið að baki. Áður hefur verið flutt frumvarp um Seðlabankann og farið fram umræða um breytingar og að koma á peningastefnunefnd. Fólk á vegum stjórnvalda var í þessari vinnu og ekki var skipaður sérstakur hópur með föstum tilnefningum í, m.a. var byggt á þeirri vinnu sem var unnin árið 2001 og aftur í frumvarpi 2005. Við vinnslu frumvarpsins lá m.a. fyrir skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 2005 þar sem gerður var samanburður á stjórnskipulagi seðlabanka víða um heim. Samkvæmt þeirri úttekt er afar mismunandi hvernig stjórnskipulagi seðlabanka er háttað, þó er algengast að í seðlabönkum starfi peningastefnunefndir en hins vegar er afar mismunandi hvernig þær eru skipaðar og á skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verður ekki greind nein meginregla í því sambandi.

Frumvarpið var unnið á vegum stjórnvalda og leitað var óformlegra sjónarmiða ýmissa aðila, bæði virtra hagfræðinga og lögfræðinga. Af því að hér er kvartað undan að ekki sé nákvæmlega til tekið í frumvarpinu hverjir hafi haft sjónarmið eða skoðanir eða til hverra var leitað við vinnslu frumvarpsins þá er langt í frá að í frumvörpum séu listaðir upp allir þeir sem leitað hefur verið til um sjónarmið, en svona var í grundvallaratriðum staðið að þessu.

Einnig hefur mikið verið talað um hæfisskilyrðin sem sett eru í 3. gr. og sumir hafa bent á að þau þyrftu að vera víðtækari og það hverjir geta sótt um stöðu seðlabankastjóra geti ekki einskorðast við þá sem hafa lokið meistaraprófi í hagfræði verði frumvarpið að lögum. Ég er með lista yfir bakgrunn seðlabankastjóra 38 landa og af þeim eru bara tveir sem ekki hafa hagfræðimenntun, í Frakklandi og Lúxemborg, en hvorugt landið hefur sjálfstæða peningastefnu heldur eru þau undir hatti Seðlabanka Evrópu. Ég býst við að ég hafi þá svarað spurningunni um hæfisskilyrðið.

Ég vil líka benda á, þar sem spurt hefur verið um peningastefnunefndir og hvernig þær eru skipaðar, að hlutfall þeirra sem eru innan bankanna og þeirra sem eru utan er afar mismunandi. Kostir þess að peningastefnunefndarmenn séu innan bankans hafa einkum verið taldir að með þeim hætti sé unnt að ná fram meiri skilvirkni og samræmi í ákvarðanatöku auk þess sem því hefur verið haldið fram að áreiðanleiki þeirra ákvarðana sem teknar eru þykir meiri. Hefur þetta einkum þótt heppilegt á tímum mikilla breytinga og einnig í litlum löndum þar sem hæfir sérfræðingar sem geta tekið þessi störf að sér kunna að vera af skornum skammti, m.a. vegna hugsanlegra hagsmunaárekstra. Gildi þess að sérfræðingar utan Seðlabankans sitji í peningastefnunefndinni hefur verið að það hefur þótt kostur að þannig verði tryggt betur að menn með ólík sjónarmið komi að ákvarðanatöku sem getur aukið trúverðugleik þeirra ákvarðana sem teknar eru, sem er afar mikilvægt og markmið þeirrar tillögu sem sett er fram í frumvarpinu er að sameina þessi sjónarmið eins og unnt er.

Auðvitað má skoða það sem hér hefur líka verið rætt hvort rétt sé að seðlabankastjóri eigi að skipa peningastefnunefndina að fenginni umsögn forsætisráðherra eða hvort rétt væri að forsætisráðherra skipaði þá sem kæmu utan Seðlabankans, en lagt er til að þeir geti hvort sem er verið innlendir eða erlendir en þessu má auðvitað velta fyrir sér og skoða í nefndinni sem fær málið til umsagnar.

Kallað hefur verið eftir því af hverju hér eru ekki settar fram breytingar á peningastefnunni. Það vannst hreinlega ekki tími til að skoða það þótt vera megi að ástæða sé til þess og ekkert útilokar að skoðað verði í framhaldinu hvort rétt sé að skipa starfshóp sem athugi það. En ég vil benda á, af því að það eru aðallega sjálfstæðismenn sem kalla eftir breytingum á peningastefnunni, að ég hygg að hugmyndir um að skipa slíkan hóp hafi verið á borði fyrrverandi forsætisráðherra í eitt til eitt og hálft ár. Ekkert varð úr því en vera má að ástæða sé til þess í framhaldinu að skoða það.

Ég held að hv. þm. Ólöf Nordal hafi spurt um staðgengil seðlabankastjóra. Rétt er að ekki var kveðið á um það í þessu frumvarpi og vel getur verið að skoða þurfi hvort setja þurfi það inn í frumvarpið en ég tel eðlilegt að staðgengill seðlabankastjóra komi þá úr röðum peningastefnunefndar og sé einn af þeim fjórum fulltrúum sem þar eru, þ.e. tveir innan Seðlabankans og tveir utan, staðgengillinn komi úr þeirra hópi og ef staðgengil þyrfti til lengri tíma mætti nota það ákvæði sem er í Seðlabankanum núna um að heimilt sé að skipa slíkan staðgengil.

Ég tel mig hafa svarað því sem fram kom varðandi hæfiskröfurnar sem hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir benti á og reyndar fleiri. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi þetta líka og ég tel mig hafa svarað því. Síðan er spurt um bankaráðið. Ekki gert ráð fyrir breytingum á því hvernig það er skipað en gert er ráð fyrir því að verði frumvarpið að lögum verði skipað bankaráð en þá verður að horfa til þess að bankaráðið er með þeim hætti að það tekur ekki ákvarðanir um beitingu á stjórntækjunum heldur er það seðlabankastjóri og peningastefnunefndin.

Ég tel mig hafa svarað flestum þeim spurningum sem til mín hefur verið beint. Mikið hefur verið rætt um bréfið sem ég sendi seðlabankastjórunum. Ég tel að með eðlilegum hætti hafi verið staðið að því máli. Ég taldi brýnt að láta bankastjórana vita að til stæði, eins og þeir hefðu reyndar átt að vita, að leggja fram frumvarpið sem við ræðum en meginástæða þess er, eins og ég hef sagt, að mannabreytingar við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðfélaginu eru mjög mikilvægar einar og sér og skipta máli fyrir það traust og þann trúverðugleika sem við verðum að ná fram sem fyrst. Ég vísa því á bug sem hér hefur ítrekað verið haldið fram að ég hafi með þessu bréfi verið að hóta bankastjórunum, eins og það var orðað, með lagasetningu. Allir máttu vita að eitt af fyrstu verkefnum núverandi ríkisstjórnar yrði frumvarp um endurskipulagningu á Seðlabanka Íslands.

Af því að hér hefur verið gagnrýnt að ég hafi gert þetta bréf opinbert vil ég vitna til upplýsingalaganna. Þegar óskað er eftir slíkum bréfum, sem ég hafði ekki frumkvæði að, ber mér samkvæmt upplýsingalögum skylda til að afhenda þau.

Af því að hv. þm. Björn Bjarnason minntist á bankastjóra Landsbankans þar sem bankaráðið ákvað að í stað núverandi bankastjóra tæki Ásmundur Stefánsson við og staðan verði ekki auglýst fyrr en í haust, þá vita allir og líka bankaráð Landsbankans að stefna ríkisstjórnarinnar var sú að störf bankastjóra í ríkisbönkunum yrðu auglýst. Bankaráðið mátti því vita að með því að fara að með öðrum hætti væri gengið gegn stefnu ríkisstjórnarinnar og það er ástæða þess að ég tel mikilvægt að þessi ákvörðun verði endurskoðuð.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, tel ég mig hafa svarað flestum þeim spurningum sem fram hafa komið og ég vona að málið fái góða umfjöllun í þeirri nefnd sem um það fjallar en engu að síður legg ég áherslu á það og ríkisstjórnin í heild að þetta mál nái sem fyrst fram að ganga.

[18:09]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil til að byrja með þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin svo langt sem þau ná. Ég vil líka lýsa ánægju með það að hæstv. forsætisráðherra vék að nokkrum þáttum í frumvarpinu og taldi eðlilegt að þeir væru teknir til nánari skoðunar í nefndinni. Mér finnst það ánægjuleg opnun af hálfu hæstv. forsætisráðherra og benda til þess, eins og margt sem hefur komið fram í umræðum í dag, að fjölda álitamála sé enn ósvarað og þurfi að komast að niðurstöðu um þau í störfum nefndarinnar og ég tek undir orð forsætisráðherra um að mikilvægt sé að þar verði vandað til verka.

Mig langar til að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort það hafi verið rétt skilið hjá mér að frumvarp þetta sé ann-

ars vegar byggt á breytingartillögunum sem fluttar voru vegna seðlabankalaganna 2001 og hins vegar á greinargerð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 2005. Mér leikur nokkur forvitni á að vita þetta vegna þess að þetta eru nýjar upplýsingar í málinu.

[18:11]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega voru höfð til hliðsjónar í þessari vinnu þau frumvörp sem voru til umræðu í þinginu 2001 og 2005 og farið gaumgæfilega yfir þau sjónarmið sem þar lágu að baki og þau skoðuð og metin. Það er vissulega rétt sem fram kom í máli hv. þingmanns að við vinnslu frumvarpsins var farið yfir skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 2005, þar sem farið var yfir stjórnskipulag seðlabanka víða um heim, þannig að svarið við því er að þetta var allt lagt til grundvallar í þessu frumvarp auk þess sem leitað var, eins og ég sagði áðan, sjónarmiða á ýmsum þáttum í frumvarpinu (Forseti hringir.) í heild hjá virtum (Forseti hringir.) hagfræðingum og lögfræðingum.

[18:12]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er mikilvægt að þetta hafi komið fram og til bóta hefði verið ef það hefði komið fram í frumvarpinu sjálfu á hvaða fyrirmyndum og forsendum var byggt þegar þær tillögur voru gerðar sem finna má í frumvarpinu. Nú er þetta komið fram, eins og ég segi, svo langt sem það nær og mun verða tekið til skoðunar í þeirri nefnd sem um málið fjallar og þá gefst líka tækifæri til að vega og meta þessa mismunandi kosti vegna þess að í frumvarpi hæstv. forsætisráðherra er ekki að finna slíkan samanburð. Þrátt fyrir að hæstv. forsætisráðherra hafi komið inn á það í örfáum orðum, verðum við enn þá að segja að því er ósvarað hvers vegna sú leið er farin sem þarna er lögð til en ekki einhverjar aðrar.

Eins og hæstv. forsætisráðherra benti á er fyrirkomulag þessara mála mjög ólíkt eftir löndum. Auðvitað verður líka kallað eftir því í hv. nefnd (Forseti hringir.) hvaða sérfræðingar komu að málum því mikilvægt og nauðsynlegt er (Forseti hringir.) fyrir nefndina að fá tækifæri til að ræða við þá þegar farið verður í einstök efnisatriði málsins.

[18:13]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í máli hæstv. forsætisráðherra kom fram að mörg atriði í frumvarpinu þurfi að skoða nánar og væntanlega verður það gert í þingnefnd og menn gefi sér tíma til þess. Ég vil spyrja af því tilefni hvort hæstv. forsætisráðherra telji ekki eðlilegt að senda frumvarpið Seðlabanka Íslands til umsagnar og fá álit hans á málinu.

Í öðru lagi kom fram að hæstv. forsætisráðherra telur eðlilegt að ríkisstjórnin hafi afskipti af ákvörðunum bankaráðs Landsbankans um ráðningu á bankastjórum. Hefur ríkisstjórnin mótað sér stefnu um afskipti sín af ákvörðunum einstakra bankaráða í ríkiseign?

[18:14]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að ekki sé rétt, eins og mér fannst koma fram í orðum hv. þingmanns, að ég hafi talið að mörg atriði þyrfti að skoða í frumvarpinu. Ég nefndi aðeins hverjir mundu skipa þessa peningastefnunefnd. Það var eitt af því sem ég nefndi. Ég man ekki eftir að ég hafi nefnt fleiri atriði. Ég fór yfir rökin fyrir þeim hæfisskilyrðum sem kallað er eftir í 3. gr. en ég held að ég hafi ekki nefnt sérstaklega neitt annað sem ég teldi að þyrfti að skoða. En málið er auðvitað í höndum þingsins og nefndarinnar og hún ákveður fyrst og fremst hvaða atriði koma sérstaklega til skoðunar eða hvaða atriðum í frumvarpinu verður breytt.

Að því er varðar hvort kallað verði eftir sjónarmiðum Seðlabanka Íslands þá verður það ábyggilega gert þó að málið og til hvaða aðila er leitað sé í höndum nefndarinnar. (Forseti hringir.) Ég hef ekki tíma til að svara síðara atriðinu en ég mun gera það í seinna andsvari mínu.

[18:16]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðari spurningin var um það hvort ríkisstjórnin hefði mótað sér ákveðna stefnu í afskiptum sínum af ákvörðunum bankaráða í ríkiseign. Nú hefur hæstv. forsætisráðherra upplýst okkur um að hún ætlar að skipta sér af því að bankaráð Landsbankans hefur tekið ákvörðun um að ráða bankastjóra sem henni líkar ekki. Hefur ríkisstjórnin mótað sér stefnu um það hvernig hún ætlar að skipta sér af ákvörðunum bankaráða í ríkiseign?

[18:16]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svarið við þessari síðari spurningu er nei, en ríkisstjórnin hlýtur náttúrlega að gera kröfu til þess að endurskipulagning á bankakerfinu gangi eins hratt fyrir sig og hægt er. Við höfum núna upplýsingar um að uppgjör á bönkunum gangi hægar en talið var í fyrstu og að ýmsir þættir í endurskipulagningunni, sem ég ætla ekki að nefna hér sérstaklega, gangi hægar fyrir sig. Ríkisstjórnin hlýtur að gera kröfu til þess að unnið sé innan bankanna með þeim hraða sem ásættanlegur er og eftir þeirri stefnu sem við viljum setja fram til að ná fram þeirri endurskipulagningu sem þarf á bönkunum. Hvað varðar ákvörðun bankastjórnar Landsbankans um að skipa nýjan bankastjóra fram á haust þá er ljóst að bankastjórnin mátti vita að slíkt gekk gegn stefnu ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) og þess vegna hljótum við að koma skoðunum okkar á framfæri í því efni. (Forseti hringir.) Ég tel ekkert við það að athuga að við gerum það með þeim hætti sem við höfum gert.

[18:18]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill áminna þingmenn um að gæta tímans. Ein mínúta er fljót að líða.

[18:18]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í landinu eru lög um Seðlabankann sem gilda í dag. Samkvæmt þeim lögum starfa þrír seðlabankastjórar við Seðlabankann. Hvernig má það vera að hæstv. forsætisráðherra sendi þessum mönnum bréf um að semja við sig af því að væntanleg séu einhver lög frá Alþingi? Hvernig má það vera?

Í öðru lagi á að ráða þarna faglega stjórn sem kallað er. Einn skal hafa gráðu í hagfræði, þ.e. bankastjórinn sjálfur, en engin krafa er gerð um menntun sem allir hinir skuli hafa, hvorki þeir sem eru innan Seðlabankans né þeir tveir sem bankastjóri kallar til sín. Þeir geta allir verið, miðað við það sem þar stendur, ómenntaðir.

[18:19]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bið hv. þingmann að lesa 4. gr. þessa frumvarps en þar stendur:

„Í peningastefnunefnd situr seðlabankastjóri, tveir af yfirmönnum bankans á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu í peningamálum og tveir sérfræðingar á sviði peningamála sem seðlabankastjóri skipar til þriggja ára í senn að fenginni staðfestingu forsætisráðherra.“

Ég tel að þetta svari spurningu hv. þingmanns.

[18:19]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það vill svo til að seðlabankastjóri sjálfur ræður þessa tvo innan Seðlabankans og það getur vel verið að hann fari eftir faglegum sjónarmiðum þar en það er ekkert sagt hvaða menntun þeir þurfa að hafa. Og síðan þessir tveir utan úr bæ sem hann muna kalla til og eiga að vera sérfræðingar, en hvað þýðir það? Það eru margir sem kalla sig sérfræðinga í þjóðfélaginu.

[18:20]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta sé eins skýrt og hægt er að hafa það, tveir af yfirmönnum bankans á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu í peningamálum. Ég geri ráð fyrir því ef skoðað er starfsfólk sem þar vinnur að það sé allt færir sérfræðingar sem vinna á þessu sviði peningamála hjá bönkunum og hafa unnið mjög gott starf svo ég segi það hér. Það er talað um að seðlabankastjóri skipi tvo sérfræðinga á sviði peningamála. Það er ekki hægt að skipa hvern sem er í þessar stöður.

[18:21]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin sem hún gaf í síðari ræðu sinni. Ég spurði í ræðu minni hæstv. ráðherra m.a. um framtíðarsýn og mögulegar breytingar sem gerðar yrðu á peningastefnu til framtíðar. Í svari sínu útilokaði hæstv. ráðherra ekki slíkar breytingar á framtíðarskipan peningamála og talaði um mögulegan starfshóp í þeim efnum. Ég fagna því að það verði tekið til athugunar.

Í því ljósi vildi ég spyrja aftur, af því að ég held að hæstv. ráðherra hafi ekki svarað því, hvort ekki væri rétt að útvíkka umsagnarferlið þannig að það nái líka til erlendra aðila, þar á meðal til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, vegna þess að mikið er vísað til orðspors okkar á erlendum vettvangi og ég teldi afar óheppilegt að rjúka af stað með tilviljanakenndar breytingar sem gætu gengið gegn þeirri mögulegu framtíðarstefnumótun sem ráðherra útilokaði ekki. Ég vil því endurtaka spurningu mína: Væri ekki rétt, ekki síst orðsporsins vegna, að útvíkka umsagnarferlið og láta það ná til erlendra aðila?

[18:22]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mitt mat er að það sé ekki nauðsynlegt að gera það vegna þess að ég vitnaði til þess að við vinnslu frumvarpsins lá m.a. fyrir skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að vísu er hún tveggja ára gömul, þar sem gerður er samanburður á stjórnskipulagi í bankakerfum víða um heim. Ég tel að með þeirri leið sem við erum að feta núna með þessu frumvarpi munum við komast í hóp þeirra þjóða sem eru með svona skipulag þar sem víða hefur verið tekin upp þessi peningastefnunefnd sem ég tel að sé grundvallaratriði í efnahagsstjórn. Ég á ekki von á að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fari að gera einhverjar athugasemdir við það eða hafa skoðun á því nákvæmlega hvaða stefnu við tökum upp. Ég á ekki von á öðru en það teljist jákvætt af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þegar við erum að taka upp svipað stjórnskipulag og gildir víða um heim.

[18:23]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Margt getur gerst á tveimur árum. Ég held að við öll sem erum í þessum sal hefðum ekki getað vitað fyrir tveimur árum í hvaða sporum við erum í dag. Ég heyri að ráðherra deilir ekki skoðun minni um mikilvægi þess að umsagnarferlið verði útvíkkað og er þá kannski ekkert að hjakka í því fari. Þó vil ég bara upp á nefndarstarf í framtíðinni og umfjöllun sem fer fram í nefndinni spyrja ráðherra hvort hún útiloki þann möguleika, ef nefndin telur það æskilegt, að slíkt umsagnarferli verði skoðað og framkvæmt.

[18:24]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel mikilvægt að í nefndarstörfunum sé haldið þannig á málum að hægt sé að fá niðurstöðu sem fyrst í þetta mál. (Gripið fram í.) Málið er í höndum nefndarinnar og ég tel að því fyrr sem frumvarpið verður að lögum því fyrr getum við hafið nauðsynlega endurskipulagningu og það sem er kannski mikilvægast af öllu endurreist þann trúnað og traust sem við þurfum að hafa bæði á alþjóðavettvangi og innan lands.

[18:25]

Útbýting:

Skoðun á Icesave-ábyrgðum, 292. mál, fsp. SF, þskj. 518.

[18:25]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Í framhaldi af síðasta andsvari hæstv. forsætisráðherra þá held ég að það sé samdóma álit okkar sem erum í þessum sal að eftir þá atburði sem urðu í íslensku fjármálalífi í haust sé mikilvægt að endurreisa traust á íslensku fjármálakerfi. Þar höfum við sjálfstæðismenn lagt áherslu á ýmsa þætti og við höfum aldrei útilokað að það gæti komið til breyting á skipulagi Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og annarra stofnana sem þarna fara með völd. Það er auðvitað mikilvægt að horft sé á þessa þætti þegar þetta mál verður afgreitt úr nefnd og vel farið yfir þá þætti sem máli skipta í því sambandi. Ég held að fagleg vinnubrögð við setningu laga um Seðlabankann séu afar mikilvæg einmitt til að skapa það traust sem hæstv. forsætisráðherra minntist á í lok síðara andsvars síns.

Þar sem frumvarpið sjálft ber ekki með sér að um vandaðan undirbúning hafi verið að ræða held ég að nauðsynlegt sé að fram fari vönduð vinna í þeirri þingnefnd sem fær málið til meðferðar, að farið verði yfir þessa þætti, farið verði yfir þau gögn sem lágu til grundvallar þegar frumvarpið var samið og vegnir og metnir þeir mismunandi kostir sem eru í sambandi við skipan þessara mála. Ég held að það sé afar mikilvægt. Það skiptir t.d. máli að fara yfir þann samanburð sem hæstv. forsætisráðherra segir að skoðaður hafi verið í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá árinu 2005, það skiptir máli að farið verði yfir þau rök og sjónarmið sem bjuggu að baki þeim eldri frumvörpum sem hæstv. forsætisráðherra vísaði til og það skiptir líka máli að fram komi hvaða nýju sjónarmið eða nýju athugasemdir, ný sérfræðiráðgjöf var lögð til grundvallar þegar gengið var frá þessu frumvarpi. Það er mikilvægt að allt þetta verði leitt í ljós í nefndinni.

Fyrir mitt leyti er ég sammála hæstv. forsætisráðherra um að mikilvægt er að óvissu verði eytt í þessu sambandi og að frumvarpið fái eðlilega og góða meðferð í þinginu, greiða meðferð, en hins vegar má það ekki verða á kostnað gæða nefndarstarfsins. Ég verð að segja eins og ég sagði í fyrri ræðu minni að það sem upp á vantar í sambandi við frumvarpið sjálft og undirbúning þess verðum við að reyna að bæta upp í nefndarstörfum í þinginu.

Ég ítreka að lokum það sem ég nefndi í upphafi að það er mikilvægt fyrir okkur öll að standa þannig að málum að traust á íslenska fjármálakerfinu verði eflt. Það er mikilvægt að við vöndum okkur við það verk og það er ekki til bóta að vaða fram með vanhugsuð frumvörp uppfull af alls konar götum eins og mér finnst hér vera á ferðinni.

[18:28]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því sem fram kom í orðum hv. þingmanns þar sem hann heldur því fram að frumvarpið beri ekki með sér að það hafi verið vandlega unnið. Ég tel þvert á móti að þetta frumvarp sé mjög vel og faglega unnið. Eins og fram kom í máli mínu áðan hefur verið leitað sjónarmiða virtra hagfræðinga og lögfræðinga í þjóðfélaginu, óformlega að vísu eins og ég sagði. Ég held að það komi í ljós í meðförum nefndarinnar á málinu að umsagnaraðilar, þó að ég gefi mér ekkert fyrir fram þá er það skoðun mín að það verði niðurstaðan að þetta frumvarp sé vandlega og vel unnið. Það er ekki sanngjarnt af hálfu hv. þingmanns, finnst mér, að gefa sér það fyrir fram, án þess að málið hafi fengið umfjöllun í nefnd og aðilar fengið tækifæri til að segja sína skoðun á því, að málið sé ekki faglega unnið. Mér finnst það ekki eðlilegt og sanngjarnt að halda því fram eins og hv. þingmaður gerði.

[18:30]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Við höfum orð hæstv. forsætisráðherra fyrir því að hér hafi verið faglega að verki staðið. Það sem ég benti á var að frumvarpið gefur engar upplýsingar um hvernig sú faglega vinna fór fram. Frumvarpið gefur engar upplýsingar um hvaða kostir voru skoðaðar eða á hvaða gögnum, hvaða skýrslum eða hvaða sérfræðiniðurstöðum var byggt þegar það var samið. Þess vegna vakti ég athygli á því að frumvarpið, og greinargerðin með því, er alveg ótrúlega rýrt í roðinu þegar borið er saman við stjórnarfrumvörp um mikilvæg mál sem lögð eru fram á Alþingi. Það gefur mér, því miður, tilefni til að efast um þau orð hæstv. forsætisráðherra að faglega hafi verið staðið að verki. Það má vera að þau orð mín reynist röng þegar málið verður krufið til mergjar í þeirri þingnefnd sem fær málið til afgreiðslu, þegar upplýsingarnar sem hæstv. forsætisráðherra getur ekki gefið okkur hér í þingsal um það hvernig staðið var að samningu frumvarpsins liggja fyrir. Það kann að vera að ég hafi rangt fyrir mér, það verður að koma í ljós. En frumvarpið sjálft, framsaga forsætisráðherra og þær upplýsingar sem hún hefur gefið í þessari umræðu gefa mér ekki tilefni til að ætla að fagleg, vönduð og yfirveguð vinna hafi búið að baki þegar þetta frumvarp var samið. Ég endurtek að það kann vel að vera að nefndarstarfið sem við eigum fyrir höndum eigi eftir að leiða í ljós að ég hafi haft rangt fyrir mér, það kann vel að vera. En frumvarpið, framsöguræðan og sú umræða sem fram hefur farið í dag gefur mér ekki tilefni til að breyta þeirri afstöðu sem ég lýsti áðan um að flaustursleg væri að verki staðið.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Frv. JM o.fl., 103. mál (einn bankastjóri). — Þskj. 110.

Enginn tók til máls.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu

Fundi slitið kl. 18:34.

77. FUNDUR

mánudaginn 9. febrúar,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 280. mál, þskj. 506. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Seðlabanki Íslands, frv., 103. mál, þskj. 110. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Stjórn fiskveiða, frv., 63. mál, þskj. 63. — 1. umr.
5. Innköllun íslenskra aflaheimilda, þáltill., 98. mál, þskj. 105. — Fyrri umr.
6. Ábyrgðarmenn, frv., 125. mál, þskj. 135. — 1. umr.
7. Tímabundnar ráðstafanir í þágu einstaklinga, frv., 128. mál, þskj. 141. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Atli Gíslason, 7. þm. Suðurk.
Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
Guðfinna S. Bjarnadóttir, 3. þm. Reykv. n.

[15:02]

Útbýting:

Eftirlit með skipum, 291. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 517.

Lögskráning sjómanna, 290. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 516.

Virðisaukaskattur, 289. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 515.

Tilkynning um embættismenn fastanefnda.

[15:02]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Borist hafa tilkynningar um kosningu embættismanna eftirfarandi fastanefnda:

Allsherjarnefnd. Formaður: Árni Páll Árnason. Varaformaður: Álfheiður Ingadóttir.

Fjárlaganefnd. Formaður: Gunnar Svavarsson. Varaformaður: Jón Bjarnason.

Heilbrigðisnefnd. Formaður: Þuríður Backman. Varaformaður: Ágúst Ólafur Ágústsson.

Iðnaðarnefnd. Formaður: Katrín Júlíusdóttir. Varaformaður: Álfheiður Ingadóttir.

Menntamálanefnd. Formaður: Einar Már Sigurðarson. Varaformaður: Þuríður Backman.

Viðskiptanefnd. Formaður: Álfheiður Ingadóttir. Varaformaður: Gunnar Svavarsson.

Utanríkismálanefnd. Formaður: Árni Þór Sigurðsson. Varaformaður: Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Tilkynning um dagskrá.

[15:03]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Um kl. 3.30 í dag, að loknum óundirbúnum fyrirspurnatímum og atkvæðagreiðslum um 2. og 3. dagskrármálið, fer fram umræða utan dagskrár um hvalveiðar. Málshefjandi er hv. þm. Jón Gunnarsson. Hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Tilkynning frá þingmanni.

Úrsögn úr þingflokki.

[15:03]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég hef í dag tilkynnt þingflokki Frjálslynda flokksins að ég segi mig úr þingflokknum og hef sagt mig úr Frjálslynda flokknum. Jafnframt hef ég í framhaldi af því afhent hæstv. forseta Alþingis eftirfarandi bréf:

„Ég undirritaður þingmaður hef sagt mig úr þingflokki Frjálslynda flokksins og mun því starfa áfram á Alþingi sem þingmaður utan flokka.“

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Breytingar á bankaráðum viðskiptabankanna.

[15:04]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Ég tek til máls í fyrsta sinn sem leiðtogi stjórnarandstöðunnar á Alþingi og vil leyfa mér að óska hæstv. forsætisráðherra og ráðherrunum öllum heilla í mikilvægum störfum. Það er mjög mikilvægt að vel takist til um stjórn landsins og gott samstarf sé á Alþingi milli stjórnmálaflokkanna.

Ég hef tekið eftir því þar sem ég hef fylgst með úr fjarlægð að það er ögn breyttur svipur á þinginu frá því fyrir tveimur vikum þegar ég talaði hér síðast. Hæstv. núv. fjármálaráðherra er t.d. farinn að tala vel um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. [Hlátur í þingsal.] Hæstv. núv. heilbrigðisráðherra er stilltur og prúður í sínu sæti [Hlátur í þingsal.] og í ræðustól og hættur að hrópa og öskra á samþingsmenn sína hér í salnum. Vonandi veit þetta allt á gott.

Ég hef spurningu fram að færa við hæstv. forsætisráðherra sem lýtur að viðskiptabönkunum, sérstaklega að bankaráðunum. Eins og við munum náðist hér sátt milli allra stjórnmálaflokka fyrr í haust um skipan einstaklinga í bankaráðin. Sú sátt byggðist að vísu á því að stjórnarandstaðan páverandi, sérstaklega Vinstri hreyfingin – grænt framboð, fékk fleiri fulltrúa í bankaráðin en hún hafði þingstyrk til. Eigi að síður tel ég að það hafi tekist afar vel með skipan einstaklinga í bankaráðin og þeir hafi unnið störf sín af mikilli og stakri prýði frá því í haust við að koma málum bankanna á réttan kjöl og leysa úr vanda þeirra og þeirra viðskiptamanna. Því ber að fagna. Þess vegna olli mér vonbrigðum það sem kom frá hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra um afskipti þeirra og yfirlýsingar varðandi

bankaráð Landsbankans og tímabundna ráðningu Ásmundar Stefánssonar í starf bankastjóra Landsbankans.

Ég spyr: Stendur til að gera breytingar á bankaráðunum í viðskiptabönkunum þremur? Á að þola þessu fólki, eða eins og stjórnarliðarnir kalla það, að hreinsa út úr bankaráðum viðskiptabankanna þriggja á næstunni? Hvað stendur til að gera varðandi þennan ágæta hóp af fólki?

[15:07]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn frá fyrrv. forsætisráðherra. Það er auðvitað ekki óeðlilegt að það sé skoðað við breytt valdahlutfall hvort bankaráðunum verði breytt og hv. þingmanni á ekki að koma það á óvart að það sé yfirlýst stefna þessarar ríkisstjórnar að auglýsa eigi í stöður bankastjóra. Það hefur alltaf legið fyrir. Og þegar fyrir lá að út af því yrði brugðið með ákveðnum hætti var það auðvitað skoðað hjá ríkisstjórninni og ráðherrum hvort ekki væri rétt að láta vita í bankaráðinu að eðlilegt væri að þessi ákvörðun yrði endurskoðuð. Ég legg áherslu á að stjórnkerfið verði með þeim hætti að stöður eins og bankastjórastöður, t.d. staða seðlabankastjóra, verði auglýstar. Ég kann illa við þessa orðnotkun hjá hv. þingmanni að tala um að „bola út“ eða „hreinsa út“. Þetta er bara eðlileg stjórnsýsla.

[15:08]

Geir H. Haarde (S):

Virðulegi forseti. Ég var ekki að spyrja um bankastjórastöðuna. Ég lét í ljósi skoðun mína á því máli en ég var að spyrja um bankaráðin. Á að láta bankaráðin, sérstaklega formenn bankaráðanna, fara úr núverandi störfum? Á að bola þeim út eins og búið er að bola út tveimur ráðuneytisstjórum í Stjórnarráðinu, eins og búið er að reyna að gera gagnvart bankastjórum Seðlabankans, eins og búið er að gera gagnvart stjórn lánasjóðsins og greinilega gagnvart fleirum í kerfinu? Hvað er ætlunin að gerist varðandi það ágæta fólk sem hefur unnið þarna störf sín af mikilli samviskusemi, trúmennsku og prýði í bankaráðunum og er núna með fangið fullt af vandamálum til að leysa í umboði ríkisstjórnarinnar eins og allir þekkja?

[15:09]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Herra forseti. Ég hélt að það hefði komið skýrt fram af minni hálfu að það væri ekkert óeðlilegt þegar ný ríkisstjórn kemst til valda að skoðað sé hvort einhverjar breytingar verði í bankaráðunum og hlutföllum þar. Það er eitt af því sem við viljum skoða. En ég mótmæli því sem talað er um að hér sé um einhverjar hreinsanir að ræða, að verið sé að bola fólki út Við höfum haft ýmsar athugasemdir við hvernig staðið hefur verið að ýmsu máli í þessu samfélagi. Þá er ég að tala um skipan í embætti eins og í starf seðlabankastjóra, hvernig að því hefur verið staðið. Það er eðlilegt að þegar breytt er um ríkisstjórn sem hefur í forgang að hafa eðlilegan hátt á í stjórnsýslunni, að stöður séu auglýstar o.s.frv., að það verði gert. Varðandi bankaráðin hefur það vissulega komið til skoðunar en engin ákvörðun hefur verið tekin enn.

Sameining heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni.

[15:10]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Það var mikill skjálfti sem einkenndi mörg samfélög vítt og breitt um landið þegar fyrrv. heilbrigðisráðherra tilkynnti um samruna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Það má gagnrýna þá aðferðafræði sem hæstv. ráðherra viðhafði því að heimamenn á viðkomandi stöðum fréttu í fjölmiðlum um þessi áform. Ég var einn af þeim sem gagnrýndu þessa aðferðafræði hæstv. ráðherra og hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs gerðu það líka. Nú er það svo að hæstv. núverandi ráðherra Ögmundur Jónasson er orðinn heilbrigðisráðherra og þá finnst mér brýnt að við á Alþingi fáum svör við því hvað hæstv. ráðherra ætlar sér að gera í málefnum heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Við erum að ræða um undirstöðustofnanir í mörgum byggðarlögum og það er mikilvægt fyrir íbúa á þessum landsvæðum að fá hrein og klár svör um þær aðgerðir sem hæstv. ráðherra ætlar að grípa til. Á að fylgja eftir þeirri stefnu sem hæstv. þáverandi ráðherra Sjálfstæðisflokksins, Guðlaugur Þór Þórðarson, boðaði eða ætlar hæstv. núverandi heilbrigðisráðherra að koma með einhverjar nýjar tillögur í þessu brýna hagsmunamáli sem snertir hag landsbyggðarinnar allrar? Málið er mjög viðkvæmt og þess vegna er mjög mikilvægt að við eyðum allri óvissu í þessum stóra málaflokki.

[15:12]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Það er rétt að það ríkir óvissa varðandi þær skipulagsbreytingar sem boðaðar hafa verið innan heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Ég hef sagt og ítreka nú að sumar þessar breytingar eru til góðs og til þess fallnar að stuðla að auknu hagræði. Aðrir eru komnar í farveg sem erfitt er að stöðva. Í þriðja lagi er um að ræða kerfisbreytingar sem verður að taka til endurskoðunar. Ég hef ákveðið að gera það, ekki síst hvað varðar skipulagsbreytingar á Norðurlandi.

Það er rétt sem fram kom hjá fyrirspyrjanda, Birki Jóni Jónssyni, að ósætti er um þær tillögur sem liggja fyrir um skipulagsbreytingarnar og ég mun reyna að keyra málin inn í þann farveg að um þær geti skapast sátt og ég hef þegar lagt grunn að slíku samstarfi.

[15:13]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra þetta svar svo langt sem það náði og ég veit að hæstv. ráðherra veit það mætavel að það er mikil ólga í þessum málum, t.d. á Húsavík, Sauðárkróki, í Fjallabyggð og á fleiri stöðum gagnvart þessum fyrirhuguðu breytingum. Ég hefði viljað heyra það frá hæstv. ráðherra hvaða hugmyndir hann hefur í þá veru að eyða þeirri óvissu sem uppi er. Hann nefndi Norðurland sérstaklega í þessu tilliti og því hvet ég hæstv. ráðherra til þess að láta hendur standa fram úr ermum við að endurskoða þessi áform öll sömul þannig að við náum bærilegri sátt um málið. Hins vegar dreg ég ekki dul á að það er nauðsynlegt að grípa til hagræðingaraðgerða. Við höfum öll skilning á því en það er mikilvægt að fólkið á

þessum stöðum viti hvað núverandi ríkisstjórn ætlar sér í þessum efnum.

[15:14]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Vandinn er sá að reynt hefur verið að keyra fram breytingar samkvæmt valdboði að ofan. Þá mundi skjóta skökku við að ég kæmi með klæðskerasaumaðar lausnir. Vinnulagið verður einmitt þetta, að hlusta á óskir fólks á viðkomandi svæðum og þá þeirra sem starfa við þessa þjónustu og þeirra sem njóta þessarar þjónustu. Það er nokkuð sem ég hef gert t.d. á suðvesturhorninu. Eins og menn vita risu miklar deilur varðandi áform hæstv. heilbrigðisráðherra varðandi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Þar hef ég átt fundi með forsvarsmönnum á svæðinu, m.a. bæjarstjóranum í Hafnarfirði. Ég hef átt fundi með Vinum Hafnarfjarðar sem eru hollvinasamtök sjúkrahússins. Ég hef talað við forstöðumenn á sjúkrahúsinu og ekki aðeins þar heldur einnig á öðrum stofnunum á suðvesturhorninu til að leita sátta en ég hef gert grein fyrir því hver mín pólítísku markmið eru. Þau eru að tryggja starfsemi, tryggja að sjúkrahús verði rekið í Hafnarfirði og svara þannig kalli íbúanna á svæðinu og leita lausna sem eru til þess fallnar að fara sem allra best með skattinn.

Frumvarp um Seðlabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

[15:16]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Í svari við fyrirspurn sem kom fram áðan vék hæstv. forsætisráðherra örlítið að lagabreytingum sem lagðar hafa verið til varðandi Seðlabanka Íslands. Af því tilefni og vegna umræðu sem átti sér stað á föstudaginn vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort henni eða ríkisstjórninni hafi borist formlegt eða óformlegt erindi eða umsögn eða einhvers konar athugasemdir frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum vegna seðlabankafrumvarpsins og ef svo er, hvers efnis þær eru.

[15:17]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Vegna fyrirspurnar hv. þingmanns er mér ekki kunnugt um það. Vel má vera að það hafi borist en ég hef verið önnum kafin í ýmsum málum í ráðuneytinu. En mér er ekki kunnugt um að erindi hafi borist. Vel má vera að svo sé en mér er ekki kunnugt um það.

[15:17]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég tek orð hæstv. forsætisráðherra auðvitað gild en beini því hins vegar til hennar að ef slíkt erindi berst með formlegum eða óformlegum hætti verði sú þingnefnd sem fær málið til meðferðar upplýst um það og fái afrit af gögnunum sem þar kann að vera um að ræða.

[15:18]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég á ekki sérstaklega von á því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn geri athugasemdir við frumvarpið. En ef það gerist verður auðvitað vegið og metið með hvaða hætti þær koma í ráðuneytið og hvernig með þær verður farið. [Frammíköll úr sal.]

Vegaframkvæmdir á Vestfjörðum.

[15:18]

Sigurður Pétursson (Sf):

Hæstv. forseti. Öllum ætti að vera kunnugt um, að minnsta kosti þeim sem hér eru, að einn landshluti er þannig settur að helstu vegir, bæði innan hans sem og tengingar við aðalþjóðvegakerfi landsins, eru 50 ára gamlir og jafnvel enn eldri.

Þess vegna vil ég biðja hæstv. samgönguráðherra að upplýsa hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar á Vestfjörðum á þessu ári. Í fyrsta lagi: Hvaða framkvæmdum er áætlað að ljúka? Í öðru lagi: Hvaða nýframkvæmdir er áætlað að hefjist á árinu? Í þriðja lagi: Hvað líður undirbúningi jarðganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar? Þar sem þetta er allt saman mikilvægt, óska ég eftir svörum.

[15:19]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. þingmaður segir að í einum landshluta, þ.e. Vestfjörðum, eru margir vegir allt að 50 ára gamlir og erfiðir yfirferðar. Því er rétt að fara yfir það sem hv. þingmaður spyr um. Hverju á að ljúka og hvaða nýframkvæmdir standa til.

Áætlað er að ljúka framkvæmdum í Djúpinu, bæði þverun Mjóafjarðar og því sem er verið að gera þar og innar í Ísafirðinum. Arnkötludalnum lýkur væntanlega nú í sumar. Þessum tveimur verkum átti að vera lokið síðastliðið haust en þau hafa tafist.

Suður í Gufudalssveit er smákafli í Þorskafirði sem átti líka að klárast á síðasta ári en frestaðist og verður ekki lokið við fyrr en í sumar. Í Gufudalssveit er þverun Gufufjarðar og (**Gripið fram í:** Djúpafjarðar.) Djúpafjarðar og Gufufjarðar, svo ég hafi þetta nú rétt. Það mál var kært og liggur hjá Hæstarétti og bíður dómtöku sem getur verið að verði ekki fyrr en eftir þinghlé.

Hins vegar er nú verið að bjóða út stórt og mikið verk sem var eitt af fyrstu verkunum sem var boðið út eftir að útboðsbanni lauk. Það er 16 kílómetra kafli í Kjálkafirði og Vatnsfirði þar sem tilboð verða opnuð 24. febrúar og á verkinu að vera lokið 2010.

Ef við förum svo yfir í jarðgöngin þá standa framkvæmdir yfir við Bolungarvíkurgöng og ganga þær mjög vel. Undirbúningi að Dýrafjarðargöngum er haldið áfram. En ég hygg að við bíðum eftir að Bolungarvíkurgöngum ljúki áður en Dýrafjarðargöng verða boðin út.

Ég vil líka segja, virðulegi forseti, að nú er verið að velja mannaflsfrek verk til framkvæmda og þá getur verið að framkvæmdaverk eins og jarðgangagerð bíði vegna þess að slíkar framkvæmdir krefjast mikils útflæðis á gjaldeyri (Forseti hringir.) og eru ekki eins mannaflsfrekar og ýmsar aðrar. Ég vona, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) að ég hafi svarað flestu sem spurt var um.

[15:22]

Sigurður Pétursson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir svörin, en vil jafnframt vekja athygli á einu. Fyrir örfáum missirum síðan var samgönguframkvæmdum, vegaframkvæmdum, á Vestfjörðum frestað vegna þess að í landinu var svo mikið góðæri og þensla þó svo að Vestfirðingar hafi ekki orðið varir við það.

Nú er hins vegar samdráttarskeið, jafnvel kreppa, og þá er hætta á því að samgöngur verði dregnar saman bæði á Vestfjörðum og víðar. Hvenær er þá rétti tíminn til að gera úrbætur á samgöngumálum á Vestfjörðum ef ekki er hægt að gera það í góðæri og ekki í kreppu?

Ég fagna því að hér er alla vega verið að vinna að réttri leið og að einhvern tímann, innan ekki margra ára, verði komnar vegabætur á Vestfjörðum sambærilegar við aðra landshluta.

[15:23]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég held að nú sé akkúrat tími fyrir framkvæmdir. Miklar framkvæmdir eru í gangi og fram undan. Svo ég fari aftur yfir það sem er á Vestfjörðum þá ítreka ég það sem ég sagði áðan. Loks er komið að útboði Kjálkafjörður–Vatnsfjörður. Ég harma það að þverunin í Gufudalssveit frestast vegna kærumála, vegna deilna milli landeigenda og Vegagerðar. Það mál bíður þess að verða útkljáð hjá Hæstarétti.

Ég vil halda því fram, virðulegi forseti, að töluvert miklar framkvæmdir séu í gangi á þessu svæði, eins og ég fór yfir áðan. Arnkötludalur, framkvæmdir í Djúpinu, Bolungarvíkurgöng og ýmis önnur smærri verk eru í gangi á svæðinu og í farvatninu til útboðs eða vinnu. Ég minni á að ekki allt er boðið út, því auðvitað verður staðið við þjónustuliði og viðhald.

Áform um skattahækkanir.

[15:24]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ekki þarf að fara mörgum orðum um ástand efnahagsmála á þessum tímum og þá erfiðleika sem fjölskyldurnar í landinu eiga við að etja. En þó er ljóst að vextir á Íslandi eru þeir hæstu sem þekkjast í vestrænum heimi. Verðbólgan er himinhá. Krónan er hrunin. Þúsundir hafa misst vinnuna og aðrir þurft að taka á sig verulegar launalækkanir.

Ljóst er að mörg heimili og fjölskyldur í landinu eiga við greiðsluvanda að etja og aðrir sjá fram á að verða í verulegum vanda með lán sín í komandi framtíð. (Gripið fram í.) Já, ég hef áhyggjur af því, hv. þm. Grétar Mar Jónsson, og held að hæstv. ríkisstjórn ætti að hafa það líka. En einhvern veginn virðist mér sem hún ætli að loka augunum fyrir vandanum vegna þess að nú hafa komið fram yfirlýsingar frá hæstv. ráðherrum að við þessum aðstæðum ætli ríkisstjórnin að bregðast með því að hækka skatta í landinu.

Hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon hefur lýst því yfir að hann sé fylgjandi því að skattar verði hækkaðir og í sama streng hefur hæstv. forsætisráðherra tekið. Nú síðast hafa komið fram yfirlýsingar frá Indriða H. Þorlákssyni, nýjum ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, að honum þyki eðlilegt að skattar verði hækkaðir.

Ég tel að þetta séu skelfilegar fréttir fyrir fólkið í landinu að ofan á öll áföllin ætli ríkisstjórnin að ganga lengra í því að taka stærri hluta af launum fólks í sinn vasa. Því hlýt ég að spyrja hæstv. forsætisráðherra um skattahækkunaráform ríkisstjórnarinnar. Hversu mikið hyggst ríkisstjórnin hækka skattana og að hverjum munu skattahækkanirnar beinast? Verður lagður á hátekjuskattur? Við hvaða tekjur verður hann miðaður?

[15:26]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Athyglisvert er að hlusta á hvernig hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, 8. þm. Reykv. n., lýsir ástandinu í þjóðfélaginu eftir 17 ára valdasetu Sjálfstæðisflokksins. (**Gripið fram í:** En hvað með Samfylkinguna? Var hún ekki í ríkisstjórn?) Samfylkingin hefur verið í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum í eitt og hálft ár. (Gripið fram í.) En það má segja að eftir 17 ára valdaferil þá er þetta mjög sérkennileg lýsing af vörum hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar.

Nú er það svo að ríkisstjórnin hefur sett fram tillögur um hvernig hún ætlar að standa að málum næstu vikurnar. Ljóst er að við munum fylgja að fullu því plani sem hefur verið lagt með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í því felst að við munum hitta Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða fulltrúa hans um miðjan mánuðinn eða þar um bil. Þá verða áætlanir lagðar fyrir fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um hvernig staðið verður að málum fram til ársins 2012 til að standa við það plan. Við höfum farið yfir áætlunina miðað við ríkisútgjöld og það sem við höfum sagt um það mál mun ganga eftir.

En að halda því fram að nú eigi að hækka skatta, kannski á næstu mánuðum eða svo, er fjarstæða. Það er fjarstæða að halda því fram.

Vel má vera að í áætlununum sem við þurfum að gera til næstu fjögurra ára þurfi kannski að fara bæði í niðurskurð og skattahækkanir. En ég get fullvissað hv. þingmann um að við munum ekki fara þá leið sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert komi til þess að við þurfum að hækka skatta, sem verður ekki á þessu ári. Að standa þannig að málum að minnka skattbyrði þeirra sem hafa það best í þjóðfélaginu en (Forseti hringir.) auka skattbyrði þeirra sem hafa lágar og meðaltekjur. Þannig stóð Sjálfstæðisflokkurinn að verki (Forseti hringir.) í tíð sinni í ríkisstjórn.

[15:29]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að lýsa ástandinu eins og það er og ég tel að ég hafi varpað fram raunsærri lýsingu á ástandinu. Við búum við háa vexti og mikla verðbólgu. (Gripið fram í.) Við vitum að gengið hefur hrunið og mörg heimili eiga í vanda. Margir eru atvinnulausir eða hafa tekið á sig tekjuskerðingu. (Gripið fram í.) Það breytir engu hverjir hafa verið í ríkisstjórn. Svona er ástandið og það breytist ekkert með þessum orðum hæstv. forsætisráðherra.

Ekkert þýðir að klína ástandinu á Sjálfstæðisflokkinn.

Ég veit ekki betur en að hæstv. forsætisráðherra hafi verið stóran hluta tímabilsins í ráðuneyti og setið í ríkisstjórnum.

En það vekur athygli að á þessum tímum og við þessar aðstæður lýsi hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra því yfir að þau séu reiðubúin til að hækka skatta á fólkið í landinu. Það (Forseti hringir.) vekur furðu að ríkisstjórn sem segir í öðru (Forseti hringir.) orðinu að hún ætli að slá skjaldborg um heimilin í landinu vilji í hinu orðinu taka stærra hlutfall tekna þeirra í sína vörslu og eyða þeim. (Gripið fram í.)

[15:30]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir að þingheimur viti að hér þarf að fara í verulegan niðurskurð alveg eins og gert er á þessu ári og þarf að gera á næstu árum. Við erum í þeirri stöðu að kaupmátturinn mun lækka. En ásetningur ríkisstjórnarinnar er að verja kjör fólks með lágar og meðaltekjur og við það munum við standa.

Ég man ekki betur en að ráðherrar Sjálfstæðisflokksins í síðustu ríkisstjórn hafi alls ekki útilokað að til skattahækkunar gæti komið á miðju þessu ári þegar ríkisfjármálin yrðu endurskoðuð. Ég man ekki betur.

En ég get fullvissað fólkið í landinu um að við munum fyrst og fremst verja það að skattahækkanir bitni á fólki með lágar og meðaltekjur. Sjálfstæðisflokkurinn setti alla skattbyrðina á fólk með lágar og meðaltekjur en hlífði auðmönnunum í landinu. Það munum við ekki gera. Það skal ég fullvissa hv. þingmann um.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 280. mál (skipulag yfirstjórnar og peningastefnunefnd). — Þskj. 506.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:31]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Hér liggja fyrir tvær tillögur um vísan þessa máls í nefnd, annars vegar tillaga sem ég lagði fram um að málinu verði vísað til efnahags- og skattanefndar og hins vegar kom fram í lok umræðunnar tillaga um að málinu yrði vísað til viðskiptanefndar. Það eru rök fyrir því að vísa málinu til beggja þessara nefnda, bæði til efnahags- og skattanefndar, með vísan til þess að þar eru efnahagsmálin almennt, gjaldmiðilsmálin og peningamálin, og til viðskiptanefndar, með vísan til þess að þar eru bankamálin einnig. Ég tel engu meginmáli skipta í hvora nefnd þetta mál fer svo fremi að það fái skjóta og góða afgreiðslu í þeirri nefnd sem fær það til umfjöllunar.

Ég vil því draga tillögu mína um að málinu verði vísað til efnahags- og skattanefndar til baka og eftir stendur þá tillaga um að málinu verði vísað til viðskiptanefndar.

Frumvarpið gengur til 2. umr. og viðskn.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Frv. JM o.fl., 103. mál (einn bankastjóri). — Þskj. 110.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]

Frumvarpið gengur til 2. umr. og viðskn.

Umræður utan dagskrár.

Hvalveiðar.

[15:34]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það var árið 1999 sem mikill meiri hluti þingmanna, 37 gegn 7, studdi þingsályktunartillögu um að hefja hvalveiðar við Ísland aftur. Það má segja að það hafi ákveðið leiðina sem nú er fylgt eftir í þessu máli. Þessari ákvörðun Alþingis hefur ekki verið breytt og það hefur ekkert komið fram á þinginu þess efnis að draga þessa ákvörðun í efa.

Það var síðan við inngöngu Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðið að nýju árið 2002 sem hægt var að fara að fylgja þessari þingsályktunartillögu eftir þannig að öll lögformleg leið væri rétt. Þjóðir innan Alþjóðahvalveiðiráðsins reyndu með óviðeigandi vinnubrögðum að koma í veg fyrir inngöngu okkar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir löglegar veiðar í framtíðinni. Það var því ekki fyrr en árið 2003 sem við gátum hafið veiðar og þá hófust takmarkaðar vísindaveiðar því með inngöngu sinni gaf Ísland þá yfirlýsingu að atvinnuveiðar hæfust ekki fyrr en árið 2006. Það ár voru síðan gefin út atvinnuleyfi til atvinnuveiða á langreyði og hrefnu.

Ein rök andstæðinga hvalveiða sem margir lögðu trúnað á eru þau að ekki sé markaður fyrir þessar afurðir og því sé verið að fórna öðrum hagsmunum með fyrirhuguðum veiðum. Ég hef aldrei skilið þessi vitleysisrök. Hverjum dettur það yfirleitt í hug að einhverjir ætli að eyða hundruðum milljónum króna í viðhald og uppbyggingu atvinnurekstrar ef þeir telja sig ekki geta selt þær afurðir sem framleiðslan gefur þeim? Eftir að atvinnuveiðar fóru fram árið 2006 tók við langur tími heilbrigðisrannsókna á hvalafurðum sem farið hafa fram á mörgum mismunandi rannsóknarstofum. Niðurstaðan er skýr: Þessar afurðir standast allar kröfur sem gerðar eru um heilbrigði matvæla. Þetta ferli hefur tekið langan tíma en eftir að því lauk í haust komst hvalkjöt frá Íslandi á markað í Japan ásamt sendingu frá Noregi eftir fullkomlega löglegum leiðum. Það er því ekki fyrr en nú í vetur sem aðstæður og ástæður eru til að gefa út atvinnuleyfi sem gera ráð fyrir útflutningi afurða. Því má fullyrða að fyrrverandi sjávarútvegsráðherra hafi beitt öllum varúðarreglum í nálgun sinni á þetta mál. Hann lagði sig fram um að taka tillit til allra sjónarmiða sem upp hafa komið í ferlinu og stjórnvöld stóðu fyrir ítrekuðum rannsóknum á mögulegum áhrifum veiðanna á annað atvinnulíf á Íslandi. Þetta var gert vegna þeirrar óvissu sem skapast hefur, m.a. vegna skoðana aðila innan ferðaþjónustunnar.

Nokkrar skýrslur um möguleg áhrif hvalveiða á ímynd Íslands, íslenska ferðaþjónustu og útflutning á íslenskum afurðum hafa verið gerðar síðan hvalveiðar hófust að nýju árið 2003. Í skýrslu samgönguráðherra um áhrif hvalveiða á

ímynd Íslands sem ferðamannalands, sem unnin var árið 2004 samkvæmt beiðni hv. þm. Marðar Árnasonar o.fl., kemur m.a. fram að umræddar hvalveiðar hafi ekki skaðað ímynd landsins sem ferðamannalands á stærstu markaðssvæðum þess eða meðal helstu markhópa á þeim tíma sem liðinn er frá því að þær hófust árið 2003. Einnig kemur fram að Ísland náði hlutfallslega meiri árangri en flest önnur lönd í fjölgun ferðamanna á árinu 2004 eða ári eftir að umræddar hvalveiðar hófust. Í skýrslunni er vitnað í umsögn skrifstofu ferðamálaráðs í Bandaríkjunum þar sem segir að eins og málin standi í dag sé ekki hægt að sjá að hvalveiðar okkar hafi áhrif á markaðssetningu landsins. En viðamesta skýrslan sem unnin hefur verið fyrir opinbera aðila var unnin fyrir íslenska ferðaþjónustu og samgönguráðuneytið árið 2007. Hún tók til kannana í fimm af okkar helstu viðskiptalöndum og í heildina voru um 5 þúsund manns í þessum löndum spurðir. Niðurstaðan er í stuttu máli sú að hvalveiðar í vísinda- og atvinnuskyni hafi ekki haft merkjandi neikvæð áhrif á ímynd landsins og íslenska ferðaþjónustu. Í skýrslu nefndar forsætisráðherra um ímynd Íslands segir að hægt sé að draga þá ályktun að hvalveiðar Íslendinga í atvinnuskyni væru ólíklegar til að hafa mikil áhrif á íslenska ferðaþjónustu í bráð.

Eins og af þessu má sjá hafa íslensk stjórnvöld lagt sig fram um að skoða möguleg áhrif hvalveiða á aðra hagsmuni okkar. Niðurstaða þeirra skýrslna sem ég hef rakið og reynsla okkar af hvalveiðum er með sama hætti og annarra sem þær stunda, og á ég hér sérstaklega við Norðmenn, Færeyinga og Japani. Það er yfirgnæfandi meiri hluti fylgjandi hvalveiðum meðal íslensku þjóðarinnar. Það á einnig við um afstöðu meiri hluta þingmanna á Alþingi, ekki verður betur séð en þeir séu sammála niðurstöðu fyrrverandi sjávarútvegsráðherra.

Eins og fram hefur komið í auglýsingum undanfarið er mikil samstaða meðal aðila í sjávarútvegi og víðar um að hefja veiðar. Þær tafir sem nú eru orðnar á málinu vegna boðaðrar endurskoðunar hæstv. sjávarútvegsráðherra geta haft alvarlegar afleiðingar við undirbúninginn. Hann tekur tíma. Eftir alla umræðuna undanfarið um aukið lýðræði og nauðsyn þess að hlustað sé á þjóðina spyr ég hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort ekki sé tími til kominn að láta þann mikla meiri hluta sem fylgjandi er hvalveiðum njóta vafans ef einhver er.

[15:39]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að standa fyrir þessari umræðu. Það er sjálfsagt að fara yfir stöðu þessa máls og kærkomið að upplýsa um hvar það er nákvæmlega á vegi statt. Menn þekkja bakgrunninn eða aðdragandann, sem sagt þann að fráfarandi sjávarútvegsráðherra, svo gott sem á síðustu klukkutímum sínum í ráðuneyti, tók þessa stóru og umdeildu ákvörðun, hafandi þó haft ærinn tíma til að gera það fyrr ef hugur hans hefði staðið til slíks. Við þær aðstæður sem þar með komu upp var að sjálfsögðu ekki nema rétt og skylt að ný ríkisstjórn, og ég sem nýr ráðherra í ráðuneytinu, vildi fá tíma til að skoða þetta mál.

Það fyrsta sem var gert var að skapa slíkar aðstæður til að tóm gæfist til að fara yfir forsendur og stöðu málsins. Það var gert með því að senda út formlega viðvörun um að slík skoðun færi fram. Það tel ég vera vandaða og rétta stjórnsýslu þannig að þeim sem málið varðar væri það ljóst að stjórnvöld tækju sér einhvern tíma í að fara yfir það. Með því eru væntingar settar í það samhengi og um leið er mönnum gefin vissa um að þeirri skoðun verði hraðað og ekki tekinn í það mikill tími að fá niðurstöðu í málið.

Að sjálfsögðu var strax hafist handa um það að fara yfir stöðu málsins, fara yfir stöðu þessarar ákvörðunartöku og stjórnsýslulega þætti sem því tengjast að afla gagna og ræða við aðila. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég get ekki gefið þeirri stjórnsýslu sérstaklega háa einkunn, því að ráðherra í starfsstjórn taki slíka ákvörðun og bindi hendur þeirra sem við eiga að taka ef lesinn er rétturinn í þessum efnum. Þó að fátæklegur sé og byggist að sumu leyti á hefðum en ekki skýrum textum er alveg ljóst að hin almenna regla er sú að starfsstjórnir taka ekki annað en nauðsynlegar ákvarðanir til að daglegur rekstur og dagleg framvinda hins opinbera geti haft sinn gang. Sú er hefðin og menn gerðu rétt í að hafa hana í huga og halda sig við hana. Í þessu get ég ekki gefið sérstaklega háa einkunn þegar ég fór að biðja um að þau gögn yrðu dregin saman sem lágu til grundvallar ákvörðunartökunni og ekki fannst einu sinni minnisblað í ráðuneytinu sem hafði legið til grundvallar þessari ákvörðunartöku ráðherrans og fremur fátækleg gögn þó að ýmislegt liggi að sjálfsögðu fyrir um þetta mál frá liðinni tíð eins og kunnugt er, skýrslur og fleira sem hér hefur verið vitnað í.

Það sem nú er verið að gera er að afla óháðs lögfræðilegs álits á stöðu málsins. Það er verið að draga saman gögn frá ráðuneytum. Þannig munu utanríkisráðuneytið, iðnaðarráðuneytið, sem fer með ferðamál, og umhverfisráðuneytið, sem að sjálfsögðu tengist þessu einnig, skila gögnum til sjávarútvegsráðuneytisins um málið.

Í þessari viku verða fundir með helstu málsaðilum, þ.e. með samtökum ferðaþjónustuaðila, með hvalveiðimönnum, með hvalaskoðunarfyrirtækjum. Ég hef þegar átt fund með Landssambandi íslenskra útvegsmanna, mun hitta forustumenn smábátamanna í vikunni og fleiri aðila sem þessu tengjast. Þegar líður á vikuna geri ég ráð fyrir því að að mestu leyti verði komin í hús gögn og upplýsingar sem auðvelda niðurstöðuna og taka halla af henni. Að sjálfsögðu er mikilvægt að fá fram öll sjónarmið í mál af þessu tagi. Hér eru miklir hagsmunir í húfi, við getum sagt á báða bóga eða á alla enda og kanta, hagsmunir þeirra sem hyggja á veiðar og nýtingu og atvinnusköpun á þessu sviði en líka hagsmunir hinna sem óttast að þeir kunni að bíða skaða af fari hvalveiðar í atvinnuskyni í stórum stíl af stað. Þar vegur ferðaþjónustan þungt og hvalaskoðunin sem atvinnugrein sem skiptir miklu máli á ýmsum stöðum á landinu. Ferðaþjónustan hefur verið ein mesta vaxtargrein ef ekki sú allramesta vaxtargrein íslensks atvinnulífs um nokkuð langt árabil og þegar menn bera saman skýrslur og tölur frá umliðnum árum og að hvalveiðar hafi ekki haft þar teljandi áhrif er rétt að hafa í huga að þau voru uppgangsár í ferðaþjónustu ekki bara á Íslandi heldur um allan heim. Nú eru aðrar aðstæður því miður, jafnvel búist við umtalsverðum

samdrætti í ferðaþjónustu á heimsvísu þannig að staða Íslands kann að verða miklu viðkvæmari í þessum efnum en áður var. Að öllu þessu þarf að hyggja.

Að lokum er eitt sem vekur mikla athygli þegar þessi mál eru skoðuð. Það er hversu fátæklegur og ótraustur lagagrunnurinn er sem þarna er byggt á. Hér er um að ræða lög frá fimmta áratug síðustu aldar sem ekki hafa verið endurskoðuð og færð í nútímalegt horf, eru í raun og veru í engu samræmi við þær aðstæður (Forseti hringir.) sem nú eru og reglur sem gilda t.d. um meðferð veiðiréttinda og annað slíkt. (Forseti hringir.) Ég hlýt einnig að spyrja: Hverju sætir að forverar mínir í embætti og áhugamenn um hvalveiðar (Forseti hringir.) unnu þá ekki þá heimavinnu að endurskoða lög um hvalveiðar þannig að þar væri (Forseti hringir.) hægt að byggja á traustum lagalegum grunni?

[15:44]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, þáverandi hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ákvað að nýta síðustu stundirnar í ráðuneytinu sínu vel, að eigin viti líklega. Það má lýsa þeim gjörningi með ýmsum hætti að gefa út reglugerð í starfsstjórn daginn fyrir stjórnarslit. Líklega var tilgangurinn sá einn að koma nýrri ríkisstjórn í bobba. Líklega var tilgangurinn sá einn að sýna einhvers konar pólitísk klókindi og stilla hlutunum upp með þeim hætti að síðan væri hægt að nýta það í pólitískum tilgangi á þeim vikum sem fram undan eru. Ég hefði haldið að ekki væri mikil eftirspurn eftir slíkum klækjastjórnmálum þessa síðustu daga. Ég hefði haldið að menn vildu kannski standa með öðrum hætti að málum ef menn vilja taka málefnalega afstöðu til þess máls sem hér um ræðir, hvort veiða eigi hvali og skjóta hvali við Ísland eður ei.

Á því eru ýmsar hliðar. Á því er hin vísindalega, fiskifræðilega hlið, leyfi ég mér að segja, og efnahagslega hliðin sem áhangendur hvalveiða hafa lagt sig í líma við á undanförnum mánuðum að sýna fram á og síðan er það ósköp einfaldlega sú hlið er varðar stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna og hún er, ef hv. þingmenn hafa enn ekki gert sér grein fyrir því, ekkert sérstaklega sterk þessa dagana. Kannski var þessi gjörningur hæstv. fyrrverandi sjávarútvegsráðherra innlegg sjálfstæðismanna í erfiðar samningaviðræður um Icesave-kjörin. Líklega halda sjálfstæðismenn enn að hægt sé að fara sínu fram (Gripið fram í.) og það skipti engu (Forseti hringir.) máli að aðrir hafi annarra (Forseti hringir.) hagsmuna að gæta. Hafi það verið raunin lýsir það eðli Sjálfstæðisflokksins best.

[15:47]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Við framsóknarmenn viljum taka málefnalega afstöðu til þessa máls. Við viljum sjálfbæra nýtingu á náttúruauðlindunum. Í fyrsta lagi er hvalurinn hluti af okkar menningu. Veiðarnar eru hluti af okkar menningu. Við höfum veitt hval hér frá örófi alda. Það þýðir ekkert að líta á þetta mál af einhverri tilfinningasemi. Hvað er öðruvísi við það að veiða hval en að veiða eitthvert annað dýr? Maður sér ekki stóran mun á því.

Það þýðir heldur ekki að hlaupa eftir þeim sem alhæfa. Erlendir aðilar hafa alhæft að hvalir séu í útrýmingarhættu. Það er ekki rétt, ekki hér í kringum Ísland. Líklega eru 50–70 þús. hrefnur í Norður-Atlantshafinu í kringum Ísland og líklega um 50 þús. langreyðar þannig að það er hægt að nýta þessa stofna með sjálfbærum hætti.

Og staða Íslands á alþjóðlegum vettvangi. Eigum við bara að leggjast niður af því að hvalir eru í útrýmingarhættu annars staðar? Nei, virðulegur forseti.

Þorskurinn er í útrýmingarhættu í Eystrasaltinu. Hvað ef umhverfisverndarsamtökum dettur nú í hug að tala um þorskinn næst? Eigum við þá bara að segja: Já, þetta er nú svo erfitt á alþjóðavettvangi. Það er nú best að hætta þessum þorskveiðum.

Nei, virðulegur forseti. Við eigum auðvitað að nýta okkar auðlindir á sjálfbæran hátt. Og að hlusta hér á hæstv. sjávarútvegsráðherra halda ræðu og segja eitthvað á þessa leið: „Jaritý, jaritý, jarí.“ Hann fann ekki einhver minnisblöð í ráðuneytinu og skilur ekkert af hverju þarf að afgreiða þetta núna hratt og vel. „Prinsippmaðurinn“ vill nú velta þessu máli lengi fyrir sér. Það er ekkert sem bendir til þess að ferðaþjónustan tapi á hvalveiðunum. Því hlýt ég að spyrja, virðulegur forseti: Hvað ætlar hæstv. ráðherra að hafa málið lengi í óvissu? (Forseti hringir.) Hann hlýtur að upplýsa í lok umræðna hvað óvissan á að vera lengi (Forseti hringir.) af því ef hún á að vera lengi verður þingið að taka þetta mál í sínar hendur og segja ráðherranum hvað þingið vill.

[15:49]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Í þessu máli liggja allar helstu staðreyndir ljósar fyrir. Í fyrsta lagi liggur fyrir að við veiðar á þessum spendýrum verði farið að einu og öllu eftir ráðgjöf vísindamanna.

Í öðru lagi liggur fyrir að Alþingi hefur samþykkt ályktun um að hvalveiðar verði hafnar. Skýr meirihlutavilji Alþingis liggur fyrir, samþykkt með 37 atkvæðum gegn 7.

Í þriðja lagi liggja fyrir yfirlýsingar frá þingflokkum og þingmönnum núna þannig að ljóst er að eigi færri en 40 þingmenn úr öllum flokkum styðja hvalveiðar.

Í fimmta lagi liggur fyrir að hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra greiddi atkvæði gegn meginefni þingsályktunar Alþingis árið 1999. Hann var einn af átta þingmönnum sem skipaði sér á bekk gegn hvalveiðum.

Þá liggur líka fyrir að hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra er að reyna að bregða fæti fyrir málið. Hann er að reyna að eyðileggja málið með því að vefengja valdheimildir ráðherra og tefja framgang þess þannig að sem minnst verði úr efndum.

Niðurstaðan af þessu er að það sem hæstv. ráðherra gerir er að ganga gegn þingræðinu. Hann er að bjóða byrginn grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipan. Hann er ráðherra gegn þinginu. Það er mjög alvarlegt mál og það hljóta að íhuga þeir þingmenn sem hafa með yfirlýsingum sínum (Forseti hringir.) gert ráðherranum kleift að sitja í embætti.

[15:51]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Þeirri spurningu var velt upp hérna áð-

an hvers vegna ég hefði tekið þá ákvörðun að gefa út þá reglugerð sem hér er til umræðu. Ástæðan var mjög einfaldlega þessi: Að geta hafið hér hvalveiðar, haldið áfram hvalveiðum. Það var ekkert annað sem vakti fyrir mér með þessari reglugerð.

Hér hafa menn gagnrýnt að þessi ákvörðun hafi ekki verið tekin fyrr. Eru menn þá ekki að segja að forsendurnar til þess að taka ákvarðanirnar hafi allar legið fyrir? Jú, auðvitað. Það er alveg rétt. Þessar forsendur lágu fyrir. Þær lágu fyrir í haust. Í fyrsta lagi voru vísindalegar forsendur til staðar. Það liggur fyrir að þetta er í samræmi við íslensk lög og alþjóðlegar skuldbindingar. Í þriðja lagi lá það fyrir síðla hausts að öllum hindrunum varðandi að selja þessar afurðir úr landi hefur verið rutt úr vegi. Þess vegna hóf ég þá undirbúning að útgáfu reglugerðarinnar. Í janúar var það svo ljóst mál að ekki var eftir neinu að bíða og þá gaf ég að sjálfsögðu út þessa reglugerð.

Mér finnst að menn sem ræða þessi mál núna og vita að þau hafa verið mjög til umræðu hér á Alþingi, sem vita að þessi mál hafa verið rædd svo mikið í þjóðfélaginu og vita auðvitað að allar forsendur eru til staðar — og þrátt fyrir að hæstv. núverandi ráðherra hafi ekki fundið einhver minnisblöð í þessu sambandi þá liggja allar þessar forsendur fyrir. Allar upplýsingar liggja m.a. fyrir í ráðuneytinu eins og hann veit.

Menn verða að svara einni mjög einfaldri og efnislegri spurningu: Á að halda áfram hvalveiðum í samræmi við samþykkt Alþingis frá 1999, í samræmi við þá ákvörðun sem ég tók með fulltingi þáverandi ríkisstjórnar á haustdögum 2006 að hefja hér atvinnuveiðar bæði á hrefnu og langreyði? Þessar ákvarðanir liggja fyrir og það sem við erum núna að taka afstöðu til er hvort hverfa eigi frá þessari stefnumótun Alþingis, frá þeirri stefnumótun sem mörkuð var af framkvæmdarvaldinu haustið 2006 að hefja veiðar. Veiðar á hrefnu og langreyði hafa staðið yfir um árabil, á hrefnu frá árinu 2003 og langreyðarákvörðunin var tekin árið (Forseti hringir.) 2006. Það er þess vegna hlálegt þegar menn reyna að koma sér fram (Forseti hringir.) hjá einfaldri spurningu með því að þvæla málin þegar efnislegu forsendurnar eru allar til staðar: Á að halda áfram hvalveiðum eður ei?

[15:54]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Í þessari umræðu segja menn að allar forsendur liggi fyrir varðandi þá ákvörðun sem hæstv. fyrrverandi sjávarútvegsráðherra tók um breytingar á reglugerðinni. Ég vil leyfa mér að draga í efa að það sé rétt. Ég vil leyfa mér að halda því fram að hvað svo sem hafi legið að baki ákvörðun hv. þingmanns og þáverandi hæstv. ráðherra hafi það ekki verið vandað hagsmunamat.

Þegar ég tala um vandað hagsmunamat vil ég meina að horfa þurfi til allra hagsmuna, ekki bara þröngra hagsmuna þeirra sem eru þeirrar skoðunar, hvort sem það er af tilfinningalegum ástæðum eða ekki, að það eigi að halda áfram að veiða hvali og færa út kvíarnar í þeim efnum og fara að veiða stórhveli.

Hagsmunir annarra atvinnugreina eru gríðarlega miklir. Við þingmenn höfum fengið nú á síðustu dögum áskoranir t.d. frá samtökum ferðaþjónustunnar um að afturkalla þessa ákvörðun. Við fáum upplýsingar um ferðir séu afpantaðar hér jafnvel upp á hundruð þúsunda á dag hjá ferðaþjónustufyrirtækjum. (Forseti hringir.) Ég fékk upplýsingar um það á föstudaginn var að ferð var afpöntuð upp á 800 þús. kr. á fimmtudaginn í síðustu viku. (Gripið fram í.) Ég var að tala um krónur. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Ég hefði nú haft gaman af því að fá hljóð til þess að flytja ræðu mína. Ég hef mjög margt um málið að segja. Mér þætti gott ef ég gæti fengið að flytja ræðu mína í friði.

Ég vil minna á að við erum skuldbundin af alþjóðasamningum og þeir alþjóðasamningar eru t.d. CITES-samningurinn sem varðar verslun með dýr í útrýmingarhættu. Og hvort sem okkur líkar betur eða verr er langreyður á þeim lista sem hefur verið samþykktur sem útrýmingarhættulisti. Við erum líka samkvæmt 65. gr. hafréttarsáttmálans skuldbundin við að eiga (Forseti hringir.) samvinnu um nýtingu þessara tegunda. Það hefur engin slík samvinna farið fram. (Forseti hringir.) Það er gríðarlega margt sem á eftir að meta í þessu máli og ég hef þá bjargföstu (Forseti hringir.) trú að hv. þingmaður hafi farið (Forseti hringir.) fram úr sér þegar hann tók þá ákvörðun sem hann tók rétt áður en hann lét af embætti sjávarútvegsráðherra.

[15:56]

Sigurður Pétursson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé augljóst að langflestir telja að rétt sé að nýta allar auðlindir lands og sjávar sem þessi þjóð býr yfir. Ég tel að það sé líka nokkuð ljóst að það sjónarmið að nýta skuli auðlindirnar með sjálfbærum hætti eigi sér mjög víðtækan hljómgrunn.

Ég held að þessi sjónarmið eigi einnig við um hvalastofnana og það hefur ekkert komið fram sem sýnir fram á að hvalveiðar ógni þessum tveimur sjónarmiðum.

Fyrir okkur sem teljum rétt að nýta hvalastofnana við landið hefur fyrrverandi sjávarútvegsráðherra þó ekki gert okkur neinn greiða með þeirri reglugerðarbreytingu sem hann gerði á sínum síðasta degi í embætti. Með því að breyta reglugerðinni með þeim hætti sem hann gerði í máli sem allir vita að er umdeilt og umdeilanlegt gerði hann engan greiða þeim sem vilja nýta auðlindir landsins.

Ég trúi því að núverandi sjávarútvegsráðherra muni vega og meta öll sjónarmið í þessu máli og ég treysti því að hann muni gera breytingar á þessari reglugerð. Ég treysti því jafnframt að niðurstaða hans verði sú að halda áfram hvalveiðum, sérstaklega hrefnuveiðum. (Gripið fram í.) En hins vegar vil ég að það komi skýrt fram að sjónarmið okkar í Samfylkingunni sem aðhyllumst hvalveiðar eru ekki þau að koma á nýju kvótakerfi hvalveiðimanna ofan á annað kvótakerfi sem er fyrir hendi, heldur að reglugerðinni verði breytt og bætt þannig að allir fái að njóta þessarar auðlindar þó að þeir fái ekki að nýta aðrar auðlindir. (Gripið fram í.)

[15:58]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér gamlan kunningja, ef svo má segja, hvalveiðimálið. Það hefur oft verið til umræðu

hér á Alþingi. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar og lýsi því enn og aftur að ég er fylgjandi því að við nýtum okkar auðlindir í hafinu og þar með talið hvalastofnana með sjálfbærum hætti og á vísindalegum forsendum.

Hafrannsóknastofnun hefur um langan tíma rannsakað hvalastofnana og viðgang þeirra og það hefur legið fyrir veiðiráðgjöf frá Hafró varðandi hvalveiðar í alllangan tíma.

Ég er þeirrar skoðunar að núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra eigi að fylgja eftir þeirri reglugerð sem fyrrverandi ráðherra gaf út. Það er auðvitað nauðsynlegt fyrir þessa atvinnugrein að hafa fyrir sér einhverja framtíðarsýn um hvað verða megi varðandi hvalveiðarnar til nokkurra ára. Það gildir nákvæmlega sama um þessa grein eins og aðrar.

Komið hafa fram efasemdir um að sú reglugerð sem fyrrverandi ráðherra gaf út, hafi takmarkað gildi vegna þess að þá var um starfsstjórn að ræða. Ég vil beina því til hæstv. núverandi ráðherra að gefa þessa reglugerð út aftur í eigin nafni þannig að taka megi af allan vafa í því máli. Ég tel einnig að það liggi fyrir öll sjónarmið í þessu máli. Það er nú ekki lítið búið að fjalla um þessi mál mörg undanfarin ár. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að mínu viti að á Alþingi er mikill meiri hluti þingmanna hlynntur því að hér séu stundaðar hvalveiðar. Því vil ég skora á hæstv. ráðherra að leysa úr þessum hnút sem allra fyrst þannig að það liggi fyrir helst á morgun eða í dag hvað verður í þessu máli og að sjálfsögðu þannig að við förum af stað með hvalveiðarnar eins og lagt hefur verið upp með.

[16:00]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Við erum að tala um hugsanlegar tekjur af hvalveiðum upp á 4–5 milljarða á ári og hugsanlega 250–300 störf við hvalveiðar. Við erum að tala um veiðar á hrefnu og langreyði en ég hefði talið að við ættum að veiða hnúfubak líka sem er orðið allt of mikið af og er víða til mikils ama fyrir þá sem eru að veiða síld og sérstaklega loðnu.

Sala á hvalafurðum er ekkert vandamál. Það hefur verið notað sem rök í málinu að það væru vandræði með að selja hvalafurðir. Það er auðvitað ekki rétt, sem betur fer. Fiskifræðilega hliðin á þessu máli er sú að Hafrannsóknastofnun telur að það megi veiða mikið af þessum tegundum og það er ekkert að því.

En það sem snýr að þessu — það er allt í lagi að koma með þá umræðu inn í málið — það er alveg sjálfsagt að bjóða upp veiðileyfagjald eða þessar veiðar og tryggja að ríkið fái sinn hlut með því að bjóða aðgang að hvalveiðum og leyfa mönnum sem treysta sér til að fara í þessa atvinnugrein að bjóða í það.

Þetta á ekki að vera eins með og aðrar kvótabundnar tegundir, að það sé sjálfgefið að einhvern einn eigi þetta og fái að nýta af því arð. Þetta er sameign þjóðarinnar og við eigum að leyfa samkeppni um þessar veiðar eins og aðrar.

Hvað varðar hvalaskoðun þá er alveg hægt að búa til einhvern radíus í kringum þau svæði sem eru stunduð af hvalaskoðunarskipum og tryggja að þar fari ekki saman veiðar og hvalaskoðun. Það er lítið og létt verk að gera það. En ég óttast að vinstri grænir í sinni náttúruhugsjón og náttúruvernd ætli með þessu að verða einhver hundasúruríkisstjórn.

[16:03]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Hér er helst gagnrýnd tímasetning ákvörðunar ráðherra og að hann hafi ekki kynnt sér málið nægilega vel og ekki tekið tillit til og skoðað nægilega önnur sjónarmið í málinu. Þeir hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar sem þannig tala hér hafa einfaldlega ekki kynnt sér þau gögn sem liggja fyrir og ég rakti áðan að kostað hafi þjóðarbúið tugi milljóna á undanförnum árum, skýrslur hver á eftir annarri. Þið hafið bara ekki lesið þetta, af því að þessu hefur líka stundum verið stungið undir stól. Það er staðan í þessu máli.

Það er bara vönduð og góð stjórnsýsla sem hæstv. þáverandi sjávarútvegsráðherra byggði sína niðurstöðu og sína ákvörðun á. Hann byggði hana nákvæmlega á öllu því sem fyrir liggur. Skrefin hafa verið tekin hægt og rólega í þessu máli frá 2003 þegar fyrst var hægt að stíga skref til að uppfylla ákvörðun Alþingis um málið 2003, af því að við gengum í Alþjóðahvalveiðiráðið árið 2002 og þá fyrst var hægt að hefjast handa. Það hefur verið gengið eins hægt og varlega í þessar ákvarðanir og mögulegt er að gera. Og þrátt fyrir allar svartsýnisspárnar og þrátt fyrir allt sem átti að gerast hér og fara niður við þessar ákvarðanir og aðgerðir okkar hefur ekkert af því gengið eftir. Það er margsannað í öllum þeim skjölum og plöggum sem hafa verið búin til um þetta. Könnunin sem ég nefndi áðan var gerð meðal 5.000 manna í okkar helstu viðskiptalöndum. Hún kostaði 20 millj. kr. á þáverandi gengi, unnin af erlendum aðilum.

Virðulegi forseti. Með ákvörðun hæstv. sjávarútvegsráðherra í þessu máli núna er verið að setja málið í herkví. Það er verið að reyna að koma því þannig fyrir að við komumst ekki af stað á þessu ári vegna þess að undirbúningur krefst tíma og hann krefst þess tíma sem fram undan er. Þetta mál þolir ekki frekari tafir og m.a. þess vegna var þessi ákvörðun tekin af hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. (Forseti hringir.) Er allt þetta lýðræðistal sem við höfum þurft að hlusta á frá fulltrúum núverandi (Forseti hringir.) ríkisstjórnar bara lýðskrum?

[16:05]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég vil biðja hv. þm. Grétar Mar Jónsson að lasta ekki hundasúruna því að hundasúra með sykri og rjóma er hreinn herramannsmatur. (**Gripið fram í:** … hval.) Já, og getur sjálfsagt verið ágæt með súru rengi ef út í það er farið.

Ég taldi mig tala nokkuð skýrt í fyrri ræðu minni að undir lok þessarar viku yrðu öll gögn komin í hús og fundum lokið við málsaðila. Með öðrum orðum á mannamáli sagt, málið er þá orðið tækt til afgreiðslu á grundvelli vandaðrar og ábyrgrar stjórnsýslu.

Tillagan frá 1999 var að sjálfsögðu samþykkt hér eins og allir vita og hefur gilt síðan. En þá má spyrja: Hvernig stóð á því að veiðar hófust ekki fyrir en mörgum árum síð-

an? Var þá ekki brotinn þingviljinn? Hverju sætir að … ? (**Gripið fram í:** … Alþjóðahvalveiðiráðinu. Hlustaðu á það sem er verið að tala hérna.) Ég hélt að fyrirspyrjandi hefði lokið máli sínu og ég ætti að fá þessar tvær mínútur.

(**Forseti** (KÓ)**:** Hljóð í salnum.)

Hverju sætir að sú ríkisstjórn dró málið árum saman? Ætli það hafi ekki verið einhver ástæða fyrir því? Hverju sætir að engar veiðar á langreyði fóru fram síðastliðið sumar? Voru ekki einhverjar ástæður fyrir því? Var það brot á þingviljanum? Ég held að hv. þingmenn verði bara að hafa staðreyndir í huga og átta sig á að þetta mál hefur af hálfu framkvæmdarvaldsins á undanförnum árum ekki verið metið þannig að það væri bara einfalt og rakið mál að hefja atvinnuveiðar á hval, bæði stórum og smáum, í stórum stíl. Það gerðu ekki fyrri ríkisstjórnir. Og hér fara nú þingmenn mikinn sem ýmist sátu í þeim ríkisstjórnum eða studdu þær.

Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að af minni hálfu verður hér eftir stunduð ábyrg og vönduð stjórnsýsla í þessu máli. Það verður þannig. Tvennt vil ég nefna sérstaklega. Hið fyrra er að auðvitað er áfram mikil óvissa um markaðsmálin. Þau eru í sérstakri stöðu vegna séreðlis nýtingar á sjávarspendýrum sem eru sameiginleg auðlind og um gilda ýmsar takmarkanir í alþjóðlegum viðskiptum. Hið síðara er að umtalsverðir opinberir fjármunir hafa gengið til þessara rannsókna, á fjórða hundrað milljónir króna hafa runnið úr opinberum sjóðum til hrefnurannsókna á árunum 2003–2008. Þar af 128 millj. kr. til Samtaka hrefnuveiðimanna. Hér eru líka umtalsverðir (Forseti hringir.) opinberir fjármunir á ferð sem rétt er að hafa í huga. Niðurstöðu er að vænta, herra forseti, (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) í þessu máli innan skamms, innan tveggja vikna í öllu falli.

Um fundarstjórn.

Þingmannamál á dagskrá.

[16:08]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Á dagskránni í dag eru fjögur þingmannamál. Ég vek athygli á því að hæstv. forseti Guðbjartur Hannesson hafnaði að taka á dagskrá mál frá Sjálfstæðisflokknum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, um tímabundna útgreiðslu séreignarsparnaðar til niðurgreiðslu skulda viðkomandi rétthafa.

Hæstv. forseti Guðbjartur Hannesson hefur fullvissað mig um að málið verði á dagskrá á morgun. Vil ég þakka forseta fyrir það en vek jafnframt athygli á því að þetta er mál sem hefði þurft að koma til umræðu sem fyrst. Margar fjölskyldur bíða eftir því að fá úrlausn hvað þetta varðar. En í ljósi þess að málið kemst á dagskrá á morgun munum við ekki gera frekari athugasemdir við það núna.

[16:09]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Í upphafi hvers þings fá þingflokkarnir að leggja fram þau mál sem þeir leggja helst áherslu á að komist fljótt á dagskrá þingsins. Menn nefna þetta stundum tíu mála listann. Framsóknarmenn lögðu fram slíkan lista eins og aðrir þingflokkar og ég vek athygli á að ekki er enn búið að mæla fyrir þeim málum sem við settum þar í forgang. Ég nefni t.d. mál um að auðlindir verði sameign þjóðarinnar og það verði sett í stjórnarskrá. Ekki hefur verið mælt fyrir því. Boðið var upp á það á sínum tíma en við gátum ekki tekið það á dagskrá þá og ekki hefur verið boðið upp á að taka það á dagskrá aftur. Mér finnst því svolítið sérstakt ef Sjálfstæðisflokkurinn á að fá að mæla hér fyrir máli sem hann lagði fram fyrir svona korteri síðan. Þannig er nú svolítið gaman að því ef aðrir þingflokkar eiga þá væntanlega að bíða meðan Sjálfstæðisflokkurinn kemur sínum málum að því að þegar þeir voru í ríkisstjórn komu þeir auðvitað öllu sínu að hér (Forseti hringir.) sem ráðherrar. Ég vil bara benda á að það þarf að gæta einhvers jafnræðis í þinginu.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 63. mál (veiðiréttur). — Þskj. 63.

[16:11]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Þetta mál er flutt af þeim sem hér stendur og hv. þingmönnum Grétari Mar Jónssyni og Jóni Magnússyni og var lagt fram nokkuð snemma á haustdögum, en er nú að komast til umræðu og hefur málsnúmer 63.

Frumvarpið gengur út á að opna fyrir það hér á landi að menn geti stundað takmarkaðar handfæraveiðar á eigin bát. Ég fór fyrir nokkrum dögum upp í pontu, herra forseti, og ræddi þetta lauslega við sjávarútvegsráðherra, með örlítið öðrum blæ en hér er lagt upp með því að við leggjum hér til stefnubreytingu á stjórn fiskveiða til fimm ára alla vega að því er varðar þessa frumvarpstillögu okkar. En umræðan sem ég tók upp við hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir fáum dögum var um það hvort sérstaklega væri hægt að bregðast við, með þeirri hugsun sem hér er lögð til í frumvarpsformi, innan þessa fiskveiðiárs, m.a. með tilliti til þess atvinnustigs sem er í landinu, vaxandi atvinnuleysis, þeirrar stöðu sem komin er upp vítt og breitt — og því miður allar líkur á því að atvinnuleysi haldi áfram að vaxa hér á landi.

Tillagan er svo sem ekki mjög flókin, hæstv. forseti. Hún gerir ráð fyrir því að öllum íslenskum ríkisborgurum, sem hafa til þess tilskilin réttindi, þ.e. skipstjórnar- eða vélstjórnarréttindi ef þess þarf með, vegna stærðar vélar viðkomandi báts, sé heimilt að stunda takmarkaðar handfæraveiðar, þó aðeins þannig að það megi vera tvær sjálfvirkar handfærarúllur á hvern mann og eigi séu heimiluð meiri afköst á viðkomandi bát en tveggja manna áhöfn anni.

Hér er einnig lagt til að tímabilið sem gildi um þessar sérstöku veiðar á hverju ári sé frá 1. apríl til 1. október. Einnig er lagt til að menn sem fá þessa heimild megi ekki vera á stærri fleytum en 30 brúttólesta bátum. Verður að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að það er ágætlega rúmt um tvo menn á 30 rúmlesta bát. Það er ekki mjög þröngt á dekki á því skipi en samt er það svo að einn og tveir menn hafa stundað veiðar í áratugi einmitt á bátum undir 30 brúttólestum og er það vel þekkt vítt og breitt í sjávarbyggðum landsins.

Menn spyrja kannski: Er ekki hér verið að galopna slíka sóknaraukningu þannig að ekki verði við neitt ráðið? Ég vil byrja á því að lýsa þeirri skoðun minni, hæstv. forseti, sem ég veit að margir vita sem sett hafa krók í sjó, að eigi veiðist alltaf á krókinn þó niður fari. Menn þurfa þá alla vega að hitta á fisk sem vill taka krók til að fá afla, það er fyrsta skilyrðið.

Í öðru lagi er sjósókn með handfærum háð veðri, það ber lítinn árangur að reyna að stunda handfæraveiðar í miklum vindi eða miklu sjólagi. Það þekkja allir sem reynt hafa, meira að segja þeir sem bara hafa reynt að veiða með sjóstöng að gamni sínu, að ekki fer krókurinn og sakkan langt niður við slíkar aðstæður og lítið veiðist. Af náttúrulegum ástæðum hafa slíkar veiðar sem hér er verið að leggja til að heimila mjög takmarkaða sóknargetu og ráðast mikið af tíðarfarinu. Við segjum líka í þessum hugmyndum okkar að að sjálfsögðu þurfi þessir bátar, eins og aðrir bátar sem á sjó fara við Ísland, að vera búnir sjálfvirkum tilkynningarskyldubúnaði og hafa öll fullkomin öryggistæki, viðurkennt haffæri o.s.frv. Það er ekki eins og verið sé að heimila að hér sé allt galopið án neinnar kröfu, að menn þurfi að óttast að einhver sóknarbylting verði vegna þessa. Ég bendi einnig á það, hæstv. forseti, að á undanförnum vikum, mánuðum og jafnvel síðustu einu til tveimur árum, hefur mikill fjöldi smábáta verið seldur úr landinu, jafnvel svo mikill að fyrir þá sem eru að spá í að endurnýja báta sína eða stækka þá er ekki um auðugan garð að gresja í slíkum viðskiptum og er það nokkurt nýmæli á Íslandi miðað við það sem verið hefur á undanförnum árum.

Það er auðvitað hugsanlegt að takmarka sóknargetuna með fleiri þáttum og við nefnum það í 1. gr. frumvarpsins. Við nefnum að skilgreina megi veiðisvæði þeirra báta sem fá þetta takmarkaða veiðifrelsi. Það er ekkert launungarmál, hæstv. forseti, að við erum sérstaklega að horfa á sjósókn frá sjávarbyggðunum á ströndum þessa lands og með það í huga að gefa mönnum ákveðið frelsi til að sækja á sín heimamið. Við bendum einnig á, hæstv. forseti, að það megi að sjálfsögðu horfa til þess að takmarka fjölda veiðidaganna ef menn óttast að slík ráðstöfun sem hér er tekin upp væri að setja eitthvað verulega á hliðina að því er varðar nýtingu sjávarauðlindarinnar. Sá sem hér stendur hefur hins vegar engar áhyggjur af því að slíkt kerfi sem upp væri tekið með umræddum takmörkunum mundi leiða slíkt af sér en það gæti hins vegar leitt af sér tilfinningu manna fyrir því að þeir hefðu aftur eitthvert frelsi til að stunda fiskveiðar við Ísland. Á þann hátt væri kannski komið til móts við það sem m.a. birtist í niðurstöðum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, að opnað væri á frelsi, þó takmarkað sé, en reyndar er allt frelsi takmarkað. Við þurfum ekki annað en nefna vörubílstjórann sem vill keyra möl, hann þarf sérréttindi á þann bíl. Rútubílstjórinn þarf sérréttindi. Læknar, flugmenn og annað fólk þarf sérréttindi. Kennarar þurfa sérréttindi til að stunda atvinnu sína og við erum að benda á það að eðlilega þurfi menn að hafa skipstjórnarréttindi og jafnvel vélstjóraréttindi ef vélarstærð er þannig í viðkomandi bát. Það er því ekki eins og hér sé verið að leggja til opnun að öðru leyti en því að allir verða að uppfylla þau skilyrði sem sett eru sem eru talsvert takmörkuð eðli málsins samkvæmt. Menn þurfa að hafa, alla vega eins og við höfum hugsað þetta í upphafi, eignarhald á þeim fleytum sem þeir vildu stunda þetta á og strax þar kemur upp veruleg takmörkun.

Ég hef líka heyrt það frá mönnum sem ég hef rætt þessa tillögu við að margir sjómenn, sem áður fyrr hafa stundað vinnu til sjós og gætu hugsað sér að vera þátttakendur í svona regluverki eins og hér er — athafnaregluverki um það hvar þeir mættu veiða, á hve mörgum dögum, svæðum o.s.frv. — þeir hafa margir nefnt það við mig að það væri mjög eðlilegt að setja þá takmörkun á slíkar veiðar að ekki væri sótt á helgum, sunnudögum alla vega, til þessara veiða. Þá hafa menn líka verið að horfa til þess að tryggt sé að hráefnið sem menn koma með að landi komist í sölu á eðlilegum tíma og komist til fiskverkunarhúsa. En eins og menn vita hefur þróun í vinnu til lands einmitt verið á þann veg að það er takmörkun á vinnutímanum og takmörkun á því er snýr að frídögum fólks. Og þó áður hafi verið hér í gildi — og ég hef reyndar hvatt til þess að Íslendingar vinni mikið undir þeim kringumstæðum sem nú eru, og hef nefnt það úr þessum ræðustól að vinnan göfgi manninn og eftirvinna jafnvel enn þá meira, eins og sumir hafa sagt, tel ég eðlilegt að horfa til allra skynsamlegra takmarkana, bæði til að tryggja gæði þess hráefnis sem kemur á land og eins til þess að virk stýring sé á þessu takmarkaða frelsi, og það leggjum við til í þessu máli. Við leggjum einnig til að sá afli sem kæmi á þessa báta yrði ekki reiknaður inn í aflamarkskerfið og breyti því ekki þó að þessi aðferð verði tekin upp og hleypt í framkvæmd og hafi þar af leiðandi ekki áhrif á það heildaraflamark sem nú er úthlutað.

Það er svo annað mál, sem ég mæli væntanlega fyrir á eftir, hæstv. forseti, sem snýr að því hvernig við hugsum okkur að breyta íslenska kvótakerfinu og kalla aflaheimildir heim til íslensku þjóðarinnar sem á heimildirnar. Og útgerðarmönnum framtíðarinnar — ef tekst að fá vilja fyrir því í meiri hluta Alþingis að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu þá verði úthlutunin þannig að í framtíðinni hafi menn ekki eignarhlutdeildarleigu, sölu eða veðsetningarrétt á fisk í sjó heldur eingöngu nýtingarrétt. Sá nýtingarréttur sé fenginn frá eignarheimild þjóðarinnar sem eigi aflaheimildirnar og þeim sé svo framvísað eða þær leigðar út eftir ákveðnu kerfi sem enginn vandi er að setja upp í sjálfu sér en ég kem nánar að því síðar í dag, hæstv. forseti.

Við segjum í stuttri greinargerð með þessu máli að það hafi löngum verið réttur Íslendinga við sjávarsíðuna að fá að róa til fiskjar. Það er þekkt að útróðrarjarðir voru líklegri til þess að brauðfæða fólk og gefa tekjur en jarðir sem lágu illa að fiskislóð. Þetta er auðvitað þekkt og byggðir landsins eru þar sem þær eru vegna þess að þær þóttu góðar til sjósóknar, lágu annaðhvort vel að fiskimiðum eða landhættir voru þannig að gott var að sækja þaðan sjó. Þannig háttar til um allar sjávarbyggðirnar.

Útróðrarrétturinn var löngum metinn til verðmæta í jörðum og talinn til sérstakra hlunninda og taldist þar með til verðmæta viðkomandi jarða og menn borguðu af þessu skatta og skyldur. Í gömlum lögum okkar Íslendinga er einnig sagt að mönnum skuli tryggður veiðiréttur í fjörðum og flóum. Það er orðað eitthvað á þá leið að rétt ættu menn til fiskveiði sinnar innan flóa og fjarða nema síldveiði væri. Það lýsir því auðvitað að síldin er ólíkindatól, kemur í firði

og kemur í flóa og getur farið þaðan aftur innan örfárra ára. Þetta höfum við vissulega séð vera að gerast við Ísland undanfarin ár þegar svo til allur síldarstofninn kom sér fyrir í Grundarfirði og er núna inn um sker og sund á Breiðafirði og inni í höfnum, m.a. á Suðurnesjum og Vestmannaeyjum og kannski víðar. Síldveiðin þótti ekki það trygg að rétt væri að marka mönnum sem við flóana og firðina bjuggu sérstakan forgang nema botnfiskveiðina sem var skilgreind sem fjarðaveiði manna, vegna þess að ef síldin gaf sig áttu allir að geta tekið þátt í henni og veitt úr síldargöngunum. Þannig var þetta markað í gömlum lögum Íslendinga og má reyndar enn finna í lagasafninu þó að það sé túlkað svo í dag að til þess þurfi aflahlutdeild. Þegar þetta var svo orðað áttu landsmenn auðvitað allir tryggan rétt til forgangs um fiskveiði nærri byggðum sínum. Þannig eru þessi sjónarmið um þennan byggðatengda rétt sem er mjög ríkur í umræðunni um stjórn fiskveiða í dag, strandveiðiréttinn, forgang fólksins við sjávarsíðuna til að nýta strandbyggðina. Ég held að það væri mikið gæfuspor ef við mundum marka það skýrt að menn ættu rétt til strandveiði fyrir framtíðina.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir meginefni frumvarpsins. Ég hef vakið athygli á því að það tekur einnig á því máli sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna ályktaði um, þ.e. að hér væri óeðlilegt fyrirkomulag sem byggðist á því að ef sjómenn vildu sækja til fiskjar þá skyldu þeir leigja réttinn af einhverjum öðrum sem hefði fengið hann. Þessi tillaga okkar um breytingu á lögum tekur einnig til þess að opnaður yrði ákveðinn réttur og yrði viðurkenning á því að réttarstaða manna er ekki jöfn til fiskveiði eða með neinum hætti til að nýta frá ströndinni. Rétturinn sem búið er að úthluta í mörg ár situr fastur hjá þeim sem fengu hann á sínum tíma og aðrir verða að kaupa réttinn hjá þeim. Það er sem sagt gamla vistarbandshugsunin, að kaupa atvinnurétt sinn af öðrum og borga fyrir það, að hér skuli mönnum úthlutað gæðum og aðrir borgi þeim svo fyrir að fá að nýta þau gæði. Það teljum við í Frjálslynda flokknum að eigi að afleggja. Við gerum okkur grein fyrir því að til að gera það þarf að marka skynsamlega vegferð í þeim málum. Ég kem að því, hæstv. forseti, í næsta máli og ætla ekki að orðlengja það lengur undir þessum lið. Það er einfaldlega þannig að ef þetta frumvarp fengi að fara í gegnum þingið væri alla vega búið að viðurkenna lítinn rétt byggðanna, lítinn og takmarkaðan rétt byggðanna en þó frelsisrétt og einnig rétt þeirra sem eiga land að sjó, sjávarjarðanna, þaðan sem gott er að sækja fisk. Það mundi muna miklu, hæstv. forseti, víða í byggðum landsins ef fólk sem stundar landbúnaðarstörf og býr við flóa og firði — og þannig hagar til að það getur sótt sjó — fengi takmarkaðan rétt til að auka tekjur sínar með sjósókn. Það mundi víða skipta miklu máli varðandi byggðaþróun og atvinnutekjur þessa fólks.

[16:30]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég ætla aðeins að leggja nokkur orð í belg um það frumvarp eða þau mál sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson er með á dagskrá og tengjast sjávarútvegsmálum. Ég vil fyrst segja að hv. þingmaður er kunnur áhuga- og eljumaður um málefni sjávarútvegsins og hefur lagt mikið til þeirrar umræðu á undanförnum árum, þar á meðal þær hugmyndir sem hér eru í frumvarpi á þskj. 63 um að opna fyrir handfæraveiðar á minni fiskiskipum. Ég verð að játa að ég hef oft hugsað svipaðar hugsanir sjálfur og er að mörgu leyti skotinn í hugmyndum af því tagi að einhvern veginn yrði reynt að opna fyrir eitthvert uppeldi eða nýliðun neðan frá og eitthvert frelsi í þeim efnum. Oftast staðnæmist maður þá við einhverja möguleika sem tengjast sumarútgerð á minnstu fiskiskipunum.

Ég hef líka oft velt fyrir mér stöðu sjávarjarðanna í þessum efnum og hversu dapurlegt það er að jarðir við sjávarsíðuna sem hafa frá alda öðli byggt afkomu sína að hluta til á því að geta sótt á grunnmiðin við landið standi núna uppi réttlausar eins og raun ber vitni.

Þessir hlutir hafa skipast með tilteknum hætti eins og við öll þekkjum og er það mikil saga, 25 ára gömul, frá því að lög um stjórn fiskveiða voru afgreidd fyrir áramótin 1983. Það vill svo til að sú saga er jafngömul veru ræðumanns á Alþingi og ég minnist mjög þeirrar umræðu sem varð í desembermánuði og inn í jólaleyfi og tengdist ekki síst þá miklum átökum um tilurð kvótakerfisins í sinni upphaflegu mynd. Varðandi hins vegar það frumvarp sem hér er flutt af hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, Grétari Mar Jónssyni og Jóni Magnússyni, þingmönnum Frjálslynda flokksins eða a.m.k. þáverandi þingmönnum Frjálslynda flokksins, verð ég að segja að þegar ég staldra aðeins við útfærslur þær hlýt ég að hafa á því mikla fyrirvara sem hv. málshefjandi og framsögumaður kom svo sem inn á sjálfur. Spurningin er hversu umfangsmiklar veiðar mundu geta skapast ef málum yrði þannig fyrir komið að allir íslenskir ríkisborgarar með tiltekin réttindi gætu stundað veiðar á tímabilinu 1. apríl til 1. október ár hvert sem er stór hluti ársins og sá hluti þegar gæftir eru að jafnaði bestar á fiskiskipum allt að 30 tonnum eða 30 brúttórúmlestum. Þeir mættu hafa sínar tvær sjálfvirku handfærarúllurnar hvor þó að tveir menn væru í áhöfn. Fljótt á litið sýnist mér að það gæti orðið býsna umfangsmikil útgerð og drjúgur afli ef harðsnúnir fiskimenn á kraftmiklu skipi, tæpar 30 brúttórúmlestir, mundu sækja stíft allan þennan tíma. Það mundi geta haft umtalsverð áhrif á heildarmagnið sem tekið væri úr þeim stofnum sem yfirleitt gefa mest af sér á handfæraveiðum.

Ég hlýt að segja fyrir mitt leyti að jafnvel þótt menn vildu skoða í fullri alvöru möguleikana á því að opna þarna með einhverjum hætti glugga, sem mér finnst sjálfsagt mál að gera, mundi kannski vera óvarlegt að gera það nema á grundvelli allmiklu meiri takmarkana og stífari reglna en þarna er gert ráð fyrir. Sérstaklega ekki ef ætlunin væri að það yrði fyrst að fimm árum liðnum sem það yrði þá endurskoðað hvaða strik þetta setti í reikninginn eða hvaða magn kæmi þarna til sögunnar.

Ýmsar hugmyndir í þessa veru hafa verið á kreiki og maður rekst á þær oft á fundum við sjávarsíðuna allt niður í það að þetta eigi að vera bundið við allra minnstu skipin sem við mundum hafa kallað trillur og jafnvel að menn séu þá með í huga gömlu gerðina. Þetta eigi ekki að vera stórir hraðfrystibátar heldur séu hugmyndirnar kannski komnar út í svolitla rómantík, að reyna að endurvekja það sem í daglegu tali hefði verið kallaðar trillur eða minni mótorbátar.

En ég segi fyrir mitt leyti að sú afstaða mín hefur ekki breyst að mér finnst sjálfsagt mál að hafa þetta með í umræðunni og til skoðunar því að það er óumdeilanlega ágalli á núverandi kerfi og býsna háskalegur að ekki verður sú endurnýjun og það uppeldi og þróun sem alla tíð hefur alltaf verið í íslenskum sjávarútvegi fram á síðustu ár að smábátaútgerðin er undirstöðutengingin við auðlindina í sjávarbyggðunum. Þar öðlast menn gjarnan sína fyrstu reynslu og sumarveiðar á litlum skipum upp við landið eru náttúrlega ákaflega góð og holl aðferð til þess og flestir sammála um að það séu vistvænustu veiðar sem hægt er að stunda með minnstum orkukostnaði og minnstri áhættu fyrir lífríkið hvað varðar brottkast eða aðra slíka hluti. En útfærsluna yrði að ræða um og skoða ef menn vildu gera einhverjar tilraunir í þessa veru sem ég skil raunar frumvarpið sem ákveðna hugmynd um, að gera þarna tilteknar tilraunir.

Vegna þess að hér er á dagskrá annað mál frá hv. þingmanni sem ég veit ekki hvort ég næ að vera viðstaddur umræðuna um vil ég bara segja að þar er öllu meira færst í fang, þ.e. að taka kerfið í heild sinni undir og innkalla allar veiðiheimildir úr núverandi kerfi og færa þær yfir á leigumarkað. Það er að sjálfsögðu ein aðferð sem oft hefur verið rædd. Hún hefur vissulega sína kosti en hún hefur líka sína galla því að í henni eru fólgnar ýmsar áhættur. Ég verð að segja að ég hef verið talsmaður annarra sjónarmiða, ekki þeirra að ekki eigi að reyna að lagfæra núverandi kerfi og komast út úr því á ábyrgan og yfirvegaðan hátt heldur kannski ekki síður að menn hafi þá lagt sæmilega niður fyrir sér hvað við eigi að taka. Ég hef meiri efasemdir og áhyggjur af því að setja allar veiðiheimildir á einn opinn leigumarkað. Hvað yrði þá um stöðu minni aðila, minni sjávarbyggða? Hvert yrði þeirra öryggi í slíku kerfi ef afl fjármagnsins í gegnum það að geta boðið í útleigðar veiðiheimildir réði þá miklu um það hvert þær lentu?

Ég kemst yfirleitt að sömu niðurstöðu sem er kannski ekkert óskaplega frumleg. Mönnum finnst að það yrði að byggja inn í framtíðarkerfið og það eigi að byggja inn í það eitthvert öryggi byggðanna og fólksins sem þar býr í formi einhverrar byggðatengingar a.m.k. hluta afnotaréttarins. En mér finnst það mál hins vegar tengjast öðru sem rétt er að nefna og það er spurningin um það hvenær menn ætla að manna sig upp í að fara í einhvers konar heildarendurskoðun á fiskveiðistjórnarfyrirkomulaginu og þeim lögum sem um það gilda. Því hafa menn ýtt á undan sér. Nú liggur þessi langa reynsla fyrir. Menn geta lesið í hana, kannað og rannsakað hvaða afleiðingar og áhrif kerfið hefur haft í byggðalegu tilliti hvað varðar afkomu í greininni, skuldsetningu hennar en síðast en ekki síst það sem mestu máli skiptir: Hefur kerfið skilað okkur þeim árangri sem ætlast var til í sambandi við uppbyggingu fiskstofnanna? Þar er því miður svarið nei. Staðan þar er ansi dapurleg og fjarri því að þau markmið sem lög um stjórn fiskveiða byggja á muni nást eða hafi náðst.

Með því er að sjálfsögðu ekki hægt að segja eða fullyrða að þar sé við fiskveiðistjórnarkerfið eitt að sakast. Það er margflókið samspil sem þar er á ferðinni, veiðarnar og hvernig þær eru stundaðar er að sjálfsögðu þáttur þar í sem ekkert verður undan dreginn. Ég mundi segja að þar bæri allt að sama brunni að auðvitað þurfa Alþingi og stjórnvöld að búa sig undir það mikla verkefni að fara í heildstæða endurskoðun á þessu fyrirkomulagi og lagaumgerð. Núverandi ríkisstjórn hefur náttúrlega afar skamman tíma til starfa og mun þurfa að forgangsraða mjög grimmt þeim verkefnum sem hún ræðst í. Þau snúa þar fyrst og fremst að björgunaraðgerðum á stuttum tíma í þágu heimila og atvinnulífs og lýðræðisumbótum og öðru slíku. Fráfarandi ríkisstjórn hafði það í stjórnarsáttmála sínum eða samstarfsgrundvelli að skipa ætti nefnd til að hefja úttekt á kerfinu, ef ég man rétt, og skoða það eitthvað nánar. Sú nefnd komst aldrei á laggirnar, sat þó ríkisstjórnin í rúmlega eitt og hálft ár. En krafturinn og áhuginn voru ekki meiri á þessu viðfangsefni en svo að það eina sem þar var heitið, að setja nefnd á laggirnar til að takast eitthvað á við þessi fiskveiðistjórnarmál, komst aldrei í gang, sú nefnd var aldrei skipuð. Þannig er nú það.

Eigum við ekki að segja að það bíði sem eitt af stórum verkefnum framtíðarinnar, nýs Alþingis og nýrrar ríkisstjórnar sem tekur til starfa síðla vors eða á vormánuðum að bak kosningum, að hafa þetta stóra viðfangsefni á dagskrá?

[16:41]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Nú erum við að fjalla um skemmtilegt mál sem er þess virði að tala mikið og lengi um. Ég ætla að byrja á því að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra um álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem kvað á um að óeðlilegt væri að úthluta gjafakvóta til eins aðila sem mætti fénýta síðan kvótann á öðrum eða þriðja aðila og eins varðandi bæturnar handa sjómönnunum sem fóru alla leið fyrir mannréttindanefnd með þetta mál. Er það ekki forgangsmál hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra að fara í það mál að leiðrétta það sem brotið hefur verið á íslenskum sjómönnum, sérstaklega þessum tveimur sem fengið hafa úrskurð hjá mannréttindanefndinni? Það er mitt mat að það beri að gera. Og flokkur sem þykist vera mannréttindaflokkur — og kannski þykist það ekki, er það — sannar eiginlega í þessu máli hvort hann er alvörumannréttindaflokkur eða ekki, hvernig hann tekur á þessum mannréttindabrotum sem hafa verið gerð í íslenskum sjávarútvegi? Hann fær tækifæri til þess núna að sýna hver viljinn er í raun og það er ekki hægt að bera því við að of stuttur tími sé til að laga það. Það þarf einfaldlega að láta hæstv. fjármálaráðherra semja um bætur við þessa ágætu menn sem orðið hafa fyrir þessum skakkaföllum og hafa verið brotið mannréttindi á. Það eru tveir menn vestan af fjörðum og er sjálfsagt mál að semja við þá. Það væri þessari ríkisstjórn til mikils sóma að gera það, þótt stuttan tíma hafi. (Forseti hringir.) Ég skora á hæstv. ráðherra að gera það.

[16:43]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. Grétari Mar Jónssyni um að þetta er skemmtilegt mál og þetta er mál sem er hægt að tala mikið og lengi um og sjávarútvegsmálin almennt. En hv. þingmaður tekur í raun upp annað mál en það sem undir er þótt tengt sé frumvarpi um frjálsar handfæraveiðar, ef ég má kalla það svo. Það er álit mannrétt-

indanefndarinnar og sú niðurstaða sem þar varð. Ég sagði það á sínum tíma og við í okkar flokki að við vildum að það álit yrði tekið mjög alvarlega af íslenskum stjórnvöldum. Við lögðum mikla vinnu í að undirbúa það sem við töldum vera eðlileg viðbrögð og sendum frá okkar ítarlega greinargerð um það mál á vordögum þegar það mál var á ferðinni. Það voru að mínu mati miklum mun efnislegri og viðameiri viðbrögð af okkar hálfu en þau sem ríkisstjórnin síðan sendi frá sér.

Nú verð ég hreinskilnislega að viðurkenna að ég hef ekki haft tíma til að fara vel ofan í það hvar það mál er á vegi statt. Það hafa einhverjar bréfaskriftir verið í gangi, ef ég veit rétt, milli íslenskra stjórnvalda og mannréttindanefndarinnar og ég þarf að setja mig betur inn í það. Aðrir hlutir hafa haft svolítinn forgang að undanförnu varðandi sjávarútveg. Þá er afkoma greinarinnar því miður heldur bágborin og viðræður við LÍÚ og fleiri aðila um það mál. Það er loðnuvertíðin sem nú er í höndum okkar og örlög hennar að ráðast og svo kannski hvalamál og ýmsir slíkir hlutir þannig að ég þarf aðeins að fá þá betri tíma til að setja mig betur inn í það hvar þessi samskipti eru að öðru leyti á vegi stödd.

Varðandi bótaþátt málsins mundi ég reikna með að þau mál væru á mínum herðum en undir öðrum hatti. Ég geri þá ráð fyrir því að það snúi að fjármálaráðherra og ríkislögmanni þar sem venjan er þegar mál eru sótt gegn ríki eða málin snúast um bótagreiðslur af því tagi en það þarf ég sömuleiðis að kynna mér.

[16:45]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég neita því ekki að ég er bjartsýnni núna en ég hef kannski verið lengi og ég ber væntingar í brjósti til þess að hæstv. sjávarútvegsráðherra láti þessi mál til sín taka. Ég verð að viðurkenna enn og aftur að ég er bjartsýnni.

Hvað varðar þetta frumvarp sem við erum að tala um er auðvitað hægt að setja á það 10 þús. tonna þak í þorski, það er hægt að setja helgarfrí inn í þetta, minnka bátana úr 30 tonnum niður í 15 tonn eða 12 eða 10. Það er ýmislegt hægt að gera en opna engu að síður fyrir nýliðun og í rauninni hjálpa til við það að virða mannréttindi. Vandamálið í íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu í dag er að þar eru mannréttindabrot. Að opna þetta með einum eða öðrum hætti er hænufet í rétta átt til þess að gera mönnum mögulegt að komast inn í atvinnugreinina án þess að þurfa að borga fyrir aðgang að veiðiheimildum.

Ég treysti því að hæstv. sjávarútvegsráðherra leggi sig fram um að koma þessu í verk til þess að þetta geti orðið án þess að setja þjóðarskútuna á hausinn. Sjávarútvegur stendur mjög illa núna.

Ég veit ekki hvort sjávarútvegsráðherra getur verið með okkur hér áfram í dag en leigumarkaði á veiðiheimildum er hægt að skipta upp í landshluta, skipta eftir stærð á skipum og það er líka hægt að tryggja það þannig að þegar menn nýta veiðiheimildina, hvort sem það er sóknardagur, tonn eða kíló, borgi þeir (Forseti hringir.) eftir á.

[16:47]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir að koma í pontu og gera grein fyrir viðhorfum sínum í þessu máli. Ég skil út af fyrir sig vel að menn hafi ekki mjög langan tíma í þessari ríkisstjórn. Ég hefði hins vegar talið að það skipti okkur mjög miklu máli eins og nú árar að veita það frelsi sem hér er verið að leggja til þó að menn takmarki það frekar. Ég segi bara alveg eins og er, hæstv. forseti, að það er mjög auðvelt að finna upp takmarkanir. Ef menn halda að það skorti hugmyndir í því er ekki svo.

Hæstv. ráðherra vék að því áðan að tveir duglegir menn með tvær handfærarúllur á mann gætu fiskað vel. Það er alveg hárrétt, þeir geta það við vissar aðstæður. En það er líka mjög auðvelt að setja reglu um að fækka þessum handfærarúllum og hafa þær aðeins þrjár svo ég nefni eitthvað sem dæmi. Það er líka auðvelt að setja reglur um að þessir bátar hefðu ekki heimild til að róa um helgar. Það er hægt að setja hina viðurkenndu reglu sem við settum hér á fyrir mörgum árum, að ekki væri eðlilegt að dengja á land miklum fiski í kringum verslunarmannahelgi vegna þess að menn hefðu bara ekki tækifæri til að vinna úr honum. Þetta voru alþekktar reglur og sneru að því að tryggja gæði. Það má líka setja reglu um það að menn séu ekki að þvælast á sjó í kringum þjóðhátíðardaginn eða sjómannadaginn. Það er enginn skortur á hugmyndum í takmörkunum, á þetta takmarkaða frelsi sem við erum hér að leggja til, ef menn vilja hleypa þessu af stað.

Ég held hins vegar að það skipti ofboðslega miklu máli, hæstv. forseti, að bregðast við. Þetta getur gefið 100–200 mönnum tækifæri til atvinnusköpunar á þessu ári og (Forseti hringir.) eigi mun af veita. Til framtíðar þarf auðvitað að vanda sig við þetta mál þegar á að setja það inn í lagabálk til margra ára, ég geri mér grein fyrir því.

[16:50]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekkert sérstakt til að bregðast við annað en það að ég heyri að hv. þingmaður og flutningsmaður er sér vel meðvitaður um að menn mundu kannski vilja setja inn í þetta ýmsar takmarkanir ef menn færu út í að gera einhverja tilraun á þessu sviði. Ég held hreinlega raunsætt talað að það væri algjör forsenda þess að menn sæju sér fært að leggja í það, það væri að fara í þetta mjög varlega og yfirvegað í fyrstunni. Mundu sjálfsagt ýmsir verða lítt hrifnir samt, ónefndir vinir okkar sem við þekkjum.

Auðvitað væri hægt að ganga lengra og hafa líka áskilnað um þetta hvað varðar vinnslu í landi. Það væri að mínu mati æskilegt að það væri tryggð dreifing á slíkri tilraun á byggðirnar við sjávarsíðuna þannig að þetta kæmi þá ekki síst, og kannski fyrst og fremst, til góða því sem hefðbundið hafa verið smábátaútgerðarstaðir og eiga náttúrlega margir hverjir um mjög sárt að binda. Að sjálfsögðu væri hægt að hugsa sér að fara í þetta með ýmsum slíkum takmörkunum sem mundu gera það að verkum, held ég, að mönnum þætti það fýsilegra en ella að gera einhverja slíka tilraun.

Ég geri ráð fyrir því að hv. flutningsmaður og aðrir átti sig á því að líklega bíður það betri tíma að takast á við þetta enda verða búnar að vera hér kosningar og væntanlega ný ríkisstjórn eða ríkisstjórn með endurnýjað umboð sest að völdum á nýjan leik, eigum við ekki að segja bara strax fyrir mánaðamót apríl/maí, og hún getur sett þetta á verkefnalista sinn ef hugur hennar stendur til þess.

[16:52]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara vekja athygli á því að ég held að einhver slík opnun sem hér er verið að leggja til væri jákvætt skref í núverandi stöðu, mjög jákvætt skref, og gæti skipt talsverðu máli í að lyfta aðeins af stað atvinnustiginu vítt og breitt um landið. Við værum að senda jákvæð skilaboð.

Ég geri mér hins vegar alveg grein fyrir því, hæstv. sjávarútvegsráðherra, að ef ráðherrann beitti sér í því að taka slíka ákvörðun, þótt takmörkuð væri, mjög takmörkuð, yrðu það sennilega ekki miklir hamingjudagar hjá sumum. Ég hugsa að þeir mundi ekki flokkast undir hamingjudaga LÍÚ, þ.e. þessir 70 sem eftir eru. Ég er alveg klár á því að LÍÚ mundi ekki flokka það sem sérstaka hamingju ef þessi tillaga okkar í Frjálslynda flokknum hefði gengið einhvers staðar eftir.

[16:53]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Þetta frumvarp gengur út á það að opna fyrir frjálsar handfæraveiðar á bátum undir 30 tonnum. Það er ekki neglt niður nákvæmlega hvernig útfærslan á þessu yrði en skipin þurfa auðvitað að hafa haffærisskírteini og þau þurfa að hafa réttindamenn bæði í vél og brú til að uppfylla skilyrði. Þau þurfa að hafa haffærisskírteini og vera með sjálfvirka tilkynningarskyldu þannig að þau uppfylli það sem farið er fram á við skip almennt á Íslandsmiðum.

Ég sakna þess að sjá ekki hér fleiri nefndarmenn úr sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og ég sakna þess líka að sjá ekki nýkjörinn formann sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Þetta er auðvitað mál sem gæti orðið fyrsta skrefið til þess að virða mannréttindi og fara að tilmælum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Ég geri mér þær vonir enn þá og ég trúi ekki öðru en að vinstri grænir muni beita sér fyrir því og nýta þessa 70 daga sem þeir hafa til að virða þessi mannréttindi. Ég ætla ekki að trúa því fyrr en ég tek á því að vinstri grænir bregðist fólkinu í landinu og sjómönnum með þeim hætti að humma þetta fram af sér á meðan þeir eru í ríkisstjórn.

Við erum að tala um uppstokkun á gjafakvótakerfinu og eins og allir vita hef ég lengi talað gegn þessu gjafakvótakerfi. Það hefur ekki gert okkur íslensku þjóðinni nokkurn skapaðan hlut annan en allt til bölvunar. Ég hef stundum kallað þetta gjafakvótakerfi mesta ríkisstyrk til einnar atvinnugreinar og þá er ég að tala um að engin atvinnugrein sem ég veit um á byggðu bóli komst upp með það að veðsetja veiðiheimildir á Íslandsmiðum fyrir allt að þúsund milljarða. Verðmæti gjafakvótans voru þúsund milljarðar fyrir einu ári. Þeir gátu leigt, veðsett og selt veiðiheimildir og margir ágætir menn hafa bent á það að upphafið að aðalógæfu okkar á haustdögum þegar bankakerfið féll hafi verið þetta bannsetta kvótakerfi. Samt horfir maður upp á það að vissir menn treysta sér til að verja það með ýmsum hætti.

Að hleypa nokkrum trillum — eða ekki nokkrum, við skulum bara vona að þær verði sem flestar — inn í einhvern ákveðinn pott upp á kannski 10 þús. tonn sem mundi fríska töluvert upp á atvinnulífið í sjávarbyggðum hringinn í kringum landið, skapa gjaldeyristekjur og atvinnu er auðvitað það sem við þurfum á að halda núna. Við þurfum ekki bara á því að halda, við þurfum að bæta verulega við kvóta í flestum tegundum til þess að auka verðmæti og atvinnu og afla gjaldeyristekna.

Á haustdögum gerðum við að mínu mati mjög slæma hluti þegar Alþingi samþykkti að leyfa mönnum að geyma, ekki bara 20% af kvótum milli ára heldur 33%. Það þýðir að miðað við 160 þús. tonna úthlutun í þorski má núna geyma á milli ára 53 þús. tonn sem auðvitað mundi þýða að allt að þúsund störf töpuðust ef þetta væri allt saman geymt á milli ára. Talað er um að auka við kvótann en svo er hægt að geyma hann allan og þjóðin nýtur þá ekki góðs af honum. Það eru tegundir í kvóta eins og rækja sem enginn getur gert út á í dag af því að einhverjir sægreifar eiga rækjukvótann og vilja fá svo og svo margar krónur fyrir hvert kíló sem þeir leigja frá sér. Hann brennur inni ár eftir ár og hefur ekki verið nýttur en gæti skapað mörg störf í rækjuvinnslum sem enn eru til en eru lokaðar þar sem ekki er verið að vinna í nema sárafáum. Þess vegna segi ég að við þurfum að auka við kvótann og við þurfum að stokka upp sjávarútvegskerfið í heild sinni. Þetta yrði fyrsta skrefið til að opna á nýliðun og gefa fólki tækifæri til að eiga aðgang að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, fiskinum í sjónum.

Auðvitað má segja að það sé hægt að búa til þak í þetta í tonnum talið. Við erum að horfa upp á það á Suðurnesjum núna að flotinn er meira og minna stopp sem þarf að leigja til sín þorsk. Þeir eiga jafnvel ufsakvóta og þeir eiga ýsukvóta en þeir geta ekki róið vegna þess að þá vantar þorskkvóta. Leiguverðið á þorski í dag er 200 kr. hvert kíló en söluverð á fiskmörkuðum er ekki nema 210–215 kr., þ.e. þegar búið er að borga leiguna eru 10–15 krónur eftir og þær fara í uppboðskostnað á fiskmörkuðum hjá þeim sem landa á fiskmörkuðum.

Það var ánægjulegt að heyra hæstv. sjávarútvegsráðherra tala um það hér áðan að hann væri hlynntur veiðum smábáta. Auðvitað verður maður bjartsýnn þegar maður heyrir hæstv. ráðherra tala þannig en ég get ekki orða bundist með það að hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra tók þátt í því 1990 að greiða atkvæði með frjálsa framsalinu. Hæstv. sjávarútvegsráðherra innleiddi kvótabraskið í atkvæðagreiðslu á Alþingi 1990 og það tók gildi árið 1991. Hann ber pólitíska ábyrgð á því braskkerfi sem hefur verið hér við lýði og auðvitað óttast maður að hann, sá ágæti hæstv. ráðherra, sé kannski ekki eins mikið á móti þessu fiskveiðistjórnarkerfi og hann vill stundum vera láta. Ég minnist þess líka að frá 1991 til 1995 var hæstv. sjávarútvegsráðherra í minni hluta en leiddi nefnd, var þá formaður sjávarútvegsnefndar Alþingis.

Það er að mínu mati mjög nauðsynlegt að endurskoða allt fiskveiðistjórnarkerfið okkar og það á að vera verkefni

þessarar ríkisstjórnar að fara í það mál að byrja að opna á glufur fyrir nýliðun til þess að virða mannréttindi. Það er ekki til of mikils ætlast að það verði gert. Þrátt fyrir að ég bendi á að núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi tekið þátt í að koma frjálsa framsalinu á trúi ég ekki öðru en að hans liðsmenn, flokkssystkini hans, sjái um það að Vinstri grænir virði þetta og stígi ákveðin spor í rétta átt til að virða mannréttindi. Ég mun aldrei trúa öðru fyrr en ég tek á því að þau ætli að láta þetta afskiptalaust fram yfir kosningar.

Þegar verið er að ræða sjávarútvegsmál er auðvitað hægt að fara í gegnum þau á margan hátt. Varðandi leigu á veiðiheimildum er, eins og ég benti á í andsvörum við hæstv. sjávarútvegsráðherra, hægt að leigja út veiðiheimildir með því að skipta þeim á landshluta og á bátastærðir þannig að enginn verði afskiptur. Það er hægt að tryggja það með þeim hætti að þeir borgi aðgang að veiðiheimildum, borgi leiguna á veiðiheimildunum um leið og þeir nýta þær, hvort sem það eru dagar, tonn eða kíló.

Ef frumvarpið yrði að lögum væri líka hægt að setja það sem kvöð að þessi fiskur færi ekki í gáma, hann færi allur á íslenska fiskmarkaði, yrði seldur þar fyrir íslenska fiskvinnslu, íslensk fiskvinnsla hefði aðgang að þessu hráefni. Það er hægt að setja viku til 10 daga stopp í kringum verslunarmannahelgi, það er hægt að hafa 4–5 daga stopp í kringum sjómannasunnudag, jafnvel 17. júní og ýmislegt annað. Það er ýmislegt hægt að gera ef menn vilja en fyrst er að vilja gera einhverjar breytingar, stíga einhver hænufet í rétta átt hvað þessi mál varðar og þá er hægt að byrja á því að brjóta ísinn. Það er það sem við þurfum að gera. Hvort LÍÚ sé sátt við svona gjörðir hélt ég að íslenskir sósíalistar létu sig engu varða, hvort einhverjir sem hafa verið með auðlindina síðustu 20 ár eða meira (Gripið fram í.) og braskað með hana, leigt, selt og veðsett óttist virkilega að kalla yfir sig reiði frá íslenskum útgerðarmönnum, hvort sem þeir eru í LÍÚ eða Landssambandi smábátaeigenda. Það er ótrúlegt, en það getur vel verið að það ráði einhverju. Á hæstv. sjávarútvegsráðherra var að heyra sem hann væri eitthvað smeykur við LÍÚ.

Ég vona að hann komist út úr því og ég trúi því og vona að einhver skref verði stigin í rétta átt í þessu, enn og aftur segi ég það og trúi ekki öðru en að þetta frumvarp sem fer væntanlega til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar fái góðan framgang þar og við getum afgreitt frumvarpið á þessu þingi áður en við förum í kosningar.

[17:05]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Þetta frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem þrír hv. þingmenn Frjálslynda flokksins flytja og hafa mælt fyrir er um margt gott. Markmið þess finnst mér vera mjög gott en það er að finna leið til þess að hægt sé að opna fyrir fiskveiðar meðfram ströndum landsins á minni bátum, trillum eða bátum af þeirri stærð og kallaðir voru trillur, innan þess fiskveiðistjórnarkerfis sem við búum við. Ekki er hægt að breyta því alveg í hvellinum þó svo að við fegin vildum, það þarf lagabreytingar til. Ég býst við að það muni nú eitthvað flækjast um en það skal ekki að standa á mér í þeim efnum.

Það er alveg gríðarlega mikilvægt að finna leið sem opnar fyrir nýliðun, fyrir það að ungt fólk komi heim í sjávarbyggðirnar á sumrin og vantar atvinnu, vantar að rækta tengingu sína við þær auðlindir sem þær byggðir hafa byggst á. Að hægt verði að opna fyrir svigrúmið og að unnt sé að stunda þar fiskveiðar á litlum bátum undir skilgreindum afmörkunum og takmörkunum.

Ég tek þess vegna heils hugar undir þau sjónarmið og markmið sem sett eru fram í þessu frumvarpi um leiðir til þess að opna fyrir smábátaveiði. Menn leiti frekar leiða til þess að setja þeim þær takmarkanir, bæði í tíma og stærð á bátum og veiðum, fjarlægð frá heimahöfn og þess háttar, setji mörk sem geta þjónað þessum markmiðum en samt verið ásættanleg.

Mér fannst notalegt að heyra hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sem talaði alveg eins og ég er uppalinn við, að það sé alveg sjálfsagt að leyfa ekki veiðar um helgar. Ég er uppalinn við sjóróðra og man að faðir minn reri aldrei á sunnudögum, alveg sama hversu kappsamur hann var við sjósókn. Það er því hægt að setja þessu ýmis mörk. Hv. þm. Grétar Mar Jónsson minntist á að gera stopp um hátíðir, um verslunarmannahelgi og aðrar slíkar hátíðir. En það er mjög mikilvægt að finna einhverja leið ef nokkur kostur er til þess að opna þarna á.

Þó að í frumvarpinu sé lagt til að þetta gildi um alla íslenska ríkisborgara sem hafi vélstjóra- og skipstjórnarréttindi og að jafnframt sé vísað til mannréttindasjónarmiða, sem ég virði og tel mikilvægt að við fylgjum eftir, mætti líka hugsa sér að taka þetta í áföngum. Þetta tengdist þannig fyrst og fremst þeim sjávarbyggðum sem eiga atvinnulega og samfélagslega mest undir.

Ég vitna til orða hæstv. sjávarútvegsráðherra, Steingríms J. Sigfússonar, hér í umræðunni sem tók jákvætt í þetta. Hann er auðvitað ábyrgur fyrir því hvernig þetta megi ná fram að ganga. Mér fundust undirtektir hans vera fullar af skilningi eins og reyndar var von og vísa í þeim efnum.

En við getum gert fleira hvað þetta varðar. Ég minni á útflutning á óunnum fiski sem er fáránlegur. Þó að settar hafi verið einhverjar hömlur núna nýlega með breytingu á lögum um að hamla útflutningi á óunnum gámafiski er það samt opið og í rauninni í hendi ráðherra hvað gera skal. Sú staðreynd að á milli 50 þús. og 60 þús. tonn voru flutt út óunnin í gámum á fiskmarkaði til þess að vinna frekar erlendis segir okkur að þar er um að ræða afrakstur auðlindar okkar sem við gætum nýtt okkur miklu betur. Menn tala jafnvel um þúsundir starfa í íslenskum sjávarbyggðum sem mundu verða til ef þessi fiskur væri unninn innan lands eða að íslenskar fiskvinnslur ættu að minnsta kosti möguleika á því að kaupa hann og vinna.

Mér finnst að í þeirri stöðu sem við erum núna þegar við verðum að standa vörð um hvert starf, um verðmætaaukningu, verðmætasköpun og nýtingu auðlinda okkar í eigin þágu eins og sjávarauðlindarinnar eigum við að setja þau mörk að fiskur sem veiðist á Íslandsmiðum komi til vinnslu hér innan lands, auki verðmætasköpun og skapi störf. Mér fannst mjög dapurt að fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, skyldi þá ekki ganga skrefið til fulls og setja stopp á útfluttan gámafisk. Við munum hvetja sjávarútvegsráðherra okkar nú til að kanna með hvaða hætti hægt er að koma til móts við þau sjónarmið og kröfu um að

fiskur sem veiðist á Íslandsmiðum verði unninn hér innan lands.

Ég vil síðan minna á okkar ágæta frumvarp sem við fluttum á síðasta þingi, við hv. þm. Björn Valur Gíslason varaþingmaður, sá sem hér stendur og Atli Gíslason, um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða þar sem við lögðum til að farið væri í heildarendurskoðun á þeim. Sett væri sólarlagsákvæði á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi sem kæmi til framkvæmda eftir nokkur ár. Þá væri komið nýtt fiskveiðistjórnarkerfi sem tæki mið af þeim atriðum sem lúta að byggðatengingu, sjálfbærri nýtingu og að fiskurinn verði unninn hér innan lands o.s.frv. (Gripið fram í.)

Þingmaðurinn styður það meginmarkmiðið sem frumvarpið leggur í að kannaðar verði allar leiðir til að opna fyrir þessa smábátaveiði. Þau atriði sem þarna eru til um afmörkun og tillögur get ég ekkert sagt um en markmiðið, að leita skuli allra leiða til að nálgast þetta styð ég, svo að það sé alveg klárt.

Ég vil líka minna á að við, hv. þm. Björn Valur Gíslason, Atli Gíslason og ég, höfum einnig flutt tillögur um að við nálgumst fiskveiðarnar á grunni náttúrulega sjálfbærrar þróunar en jafnframt að þeir sem búa við sjávarsíðuna, stunda sjósókn og nýta þessar auðlindir fái ábyrgð í ræktun og verndun sjávarauðlindarinnar.

Það hefur gefist mjög vel í landgræðslunni við endurheimt landgæða bæði í byggð og í óbyggðum verkefnið *bændur græða landið* þar sem bændur eru hluti af „prógrammi“ þar sem verið er að rækta, vernda og nýta land. Nákvæmlega sama hugarfar finnst mér að við eigum að rækta og gefa möguleika meðal sjómanna og þeirra sem búa við sjávarsíðuna, að sjómenn græði hafið. Að sjálfsögðu á að færa til þeirra aftur auðlindina meðfram ströndum landsins sem tekin hefur verið frá þeim.

Ég sé fyrir mér að slíkt tilraunaverkefni fari í gang sem annars vegar tengist því að efla atvinnu í minni sjávarbyggðum og hins vegar því verkefni að sjómenn græði hafið. Ég sé að hér kemur vörpulegur þingmaður, hv. þm. Árni Johnsen, og sé ekki annað en að hann ljómi hreinlega undir ræðu minni. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Við höfum oft átt góða samleið, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, með þingmönnum Frjálslynda flokksins í mörgum málum sem lúta að sjávarútvegsmálum og mannréttindamálum í sjávarútvegi. Þau sjónarmið og hugmyndir sem þarna eru lögð fram um að finna leið til að smærri bátar í sjávarbyggðunum geti á einhvern hátt stundað sumarveiðar á fiski undan ströndinni finnst mér að eigi að skoða mjög vandlega og athuga hvort hægt sé að koma þeim að einhverju leyti í framkvæmd.

[17:17]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. Jón Bjarnason vilji styðja þetta frumvarp, kannski með einhverjum breytingum en það er ekki stóra málið. Ég vil benda hv. þingmanni á að það er hægt. Ráðherra getur tekið með reglugerð tegundir út úr kvóta. Það þarf ekki að koma inn í þingið til að flytja frumvarp um það að taka til dæmis þorsk út úr kvóta. Það er hægt að taka út úr kvóta tegundir sem ekki hafa verið nýttar á síðustu árum eins og til dæmis rækjuna. Það er hægt að taka hana beint úr kvóta. Það er hægt að taka ufsa, ýsu og skötusel út úr kvóta án þess að fara með það í gegnum þingið. Þetta er reglugerðarákvæði sem ráðherrann hefur og hann á að nýta sér þetta ef hann vill gera einhverjar breytingar. Það tekur ekki langan tíma að breyta einni reglugerð.

Það er ánægjulegt að heyra að hv. þm. Jón Bjarnason skuli vilja sólarlagsákvæði í fiskveiðistjórnarlögin (**JBjarn:** Og ný tækju við.) og ný tækju við þannig að það er hið besta mál. En ég óttast að Vinstri grænir ætli sér að gera allt of lítið í þessum málum. Ég óttast það. En ég vona svo sannarlega að þeir láti hendur standa fram úr ermum og geri eitthvað í þessum málum. Vinstri grænir tala um að græða landið, græða hafið en það er dálítið skondið þegar togaraskipstjórinn sem dregur fimm tonna hlera á eftir sér á hverjum degi alla daga ársins talar um að (Forseti hringir.) breyta fiskveiðistjórnarkerfinu.

[17:19]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég legg áherslu á að ég vil alls ekki gera lítið úr því að bændur græði landið og sjómenn græði hafið og ég vil ekki taka undir þau orð hv. þingmanns að það sé eitthvað til að tala niður til, alls ekki. Ég tel að það hafi náðst mikill árangur einmitt á landi með endurheimt og nýtingu landgæða í samvinnu við bændur og *bændur græða landið* . Sami hugsunarháttur og sama nálgun getur líka átt við á sjó.

Mér finnst gott að hv. þingmaður hvetji ráðherra til dáða í þessum efnum. Ég geri ráð fyrir því að ráðherra íhugi það mjög vandlega. Það er að vísu skammur tími sem við höfum núna. En eftir næstu kosningar og næstu ríkisstjórn kemur góður tími. Mér finnst gott hjá hv. þingmanni að vera með alla þessa hvatningu í þessum efnum og árétta að það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir minni byggðir og ekki síst í þeirri stöðu sem atvinnulífið nú stendur frammi fyrir á þessum stöðum að geta fundið allar leiðir til að skapa þar aukið líf og sérstaklega fyrir unga fólkið sem er að koma kannski heim úr skólum yfir sumartímann og getur þar átt aðgang að því að geta róið frá ströndinni til fiskjar. Þetta er auðlindin sem byggði upp þessi samfélög, sem byggði upp þessar byggðir og auðvitað finnst okkur að íbúarnir og fólkið þar eigi að hafa vissan forgang að því sem þar er næst ströndu.

[17:21]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef menn meina eitthvað með því að tala um græða hafið þá væri í sjálfu sér það fyrsta sem þeir ættu að gera að banna togveiðar á Íslandsmiðum. (Gripið fram í.) Við græðum á hafinu og höfum alltaf gert það og við höfum byggt okkar þjóðfélag upp á hafinu eða réttara sagt á því sem hefur komið upp úr hafinu, fiskinum í sjónum sem er sameign þjóðarinnar. Hv. þm. Árni Johnsen ætti að vita að á því höfum við byggt upp Ísland. (**ÁJ:** Og veit manna best.) En við höfum — nei, hv. þingmaður veit það ekki því hann telur að það sé best að láta einhverja fáeina útvalda sægreifa eiga veiðiheimildirnar (Gripið fram í.) og þeir hafa

farið með þær með þeim hætti að það er enginn sómi af því. Ef Vinstri grænir meina eitthvað með því að þeir vilji græða hafið þá bönnuðu þeir öll dregin veiðarfæri. Það er ekkert öðruvísi. Ég hef ekki heyrt eða séð þá flytja tillögur um það. Ef einhver meining væri í þeirra gjörðum og vinnubrögðum mundu þeir gera það. En þeir gera það ekki enda væri það ekki skynsamlegt. Við þurfum að nota togveiðarfæri til að nýta margar tegundir eins og rækju, humar, grálúðu og fleiri tegundir, alla karfastofnana. Við þurfum við togveiðarfæri til að nýta það. Að tala sýknt og heilagt um umhverfisvænar fiskveiðar en gera svo engar athugasemdir við togveiðar, það gengur ekki upp.

Ég vil líka minna á að í sjávarútvegsmálum lögðu Vinstri grænir til og samþykktu tillögu um að fella niður allt veiðileyfagjald í öllum sjávarútvegi. Hv. þm. Jón Bjarnason og félagar hans hafa ekki alltaf verið til fyrirmyndar í afgreiðslu mála hér er varða sjávarútveg.

[17:23]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. Grétar Mar Jónsson velja sér frekar atriði til að hafa á hornum sér heldur en hvetja til að við sameinuðumst um að finna greiða leið fyrir þetta mál sem við erum þó að tala saman og mjög vel um. Ég vil leggja áherslu á að það að geta opnað þó ekki sé nema litla glufu fyrir þessar smábátaveiðar meðfram ströndum landsins þá opnar það líka upp á nýliðun. Það opnar fyrir að það unga fólk sem býr á þessum stöðum geti alist upp og tengst og lært og náð í lífsreynslu í sjósókn þó í smáum stíl sé fyrst.

Ég býst við að við flestir þingmenn sem hér erum núna eigum það sameiginlegt að hafa sem ungir menn verið á svona trilluveiðum. Þannig kynntumst við sjósókn og lærðum á lífríki hafsins. Hvað er okkur mikilvægara á þessum tímum nú heldur en að styrkja þessi bönd, styrkja bönd á milli fólksins og náttúruauðlindanna, styrkja böndin á milli þess að sækja og nýta og vernda þessar auðlindir okkar til hagsbóta fyrir íbúana á strandsvæðunum? Það á að vera markmið okkar að gera það. Rétt fólksins í sjávarbyggðunum til að nýta auðlindirnar meðfram ströndum landsins verðum við að færa því til baka. Hvert skref í þeim efnum tel ég mjög mikilvægt og að eigi að reyna að vinna að, herra forseti.

[17:25]

Útbýting:

Atvinnuleysistryggingar, 287. mál, frv. KHG, þskj. 513.

[17:26]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir, þótt stutt sé, er í raun tekist á um ákveðin grundvallarsjónarmið. Ákveðin grundvallarspurning liggur hér undir sem snýr að stjórn fiskveiða.

Ég get í sjálfu sér tekið undir margt í þeim áhyggjum sem hér hafa verið reifaðar í dag hvað varðar stöðu sjávarbyggðanna og möguleika manna til að nýta hafið sem best sjálfum sér og þjóðinni til heilla. Margt af því var ágætlega sagt en margt einnig þannig vaxið að ég get ekki verið sammála því. Í grunninn er þetta spurning um það hvort við eigum að hafa stjórnkerfi fiskveiða þannig að aðgangur sé opinn eða ekki. Ég verð að segja eins og er að mjög erfitt er að sjá fyrir sér kerfi sem bæði er með lokuðum aðgangi og opnum.

Reynsla okkar Íslendinga af opnum kerfum, þ.e. opnum aðgangi að fiskveiðiauðlindinni, er mjög slæm. Mér finnst stundum eins og menn hafi gleymt því hvernig ástand mála var fyrir 1983–1984, þegar við settum kvótakerfið á, hvers vegna það stjórnkerfi var tekið upp. Vandinn var sá að við vorum í öngstræti. Flotinn var allt of stór, skipin voru allt of mörg og allt of mörg frystihús voru að vinna allt of fáa fiska, sá var vandinn. Við fórum úr skrapdagakerfinu, þar sem sóknardögunum fækkaði jafnt og þétt, yfir í kerfi sem byggðist á séreignarrétti.

Um það höfum við deilt árum saman hvort það kerfi var réttlátt eða ranglátt og sýnist sitt hverjum í því máli. Rök hafa verið færð fyrir báðum skoðunum og í sjálfu sér erum við ekki að ræða þann þátt málsins hér. Við erum einungis að ræða það hvort skynsamlegt sé að opna þetta kerfi upp á nýtt. Ég bendi á að það er ekki svo langt síðan við vorum með opið kerfi fyrir smábátana. Við vorum með einhvers konar glufu í kerfinu þar sem menn gátu komist fram hjá kvótakerfinu og inn í smábátaveiðarnar. Við munum alveg hver sú þróun var, gríðarleg fjölgun þeirra báta, meiri og meiri afli sem sá bátafloti tók af heildaraflanum. Menn eru þar með öðrum orðum að víkja frá þeirri grunnhugsun sem liggur að baki aflamarkskerfinu, sem er sú að hver og einn á sitt aflamark og sína prósentu í heildaraflanum. Einn af stærstu kostunum við það kerfi er að þegar skera þarf niður heildarafla, ef menn eru sannfærðir um að draga þurfi úr veiðum á Íslandsmiðum, þá er allt annað að sannfæra menn um að taka á sig tímabundna skerðingu vegna þess að menn hafa trú á því að þegar aflinn er aukinn síðar meir muni þeir njóta þess. Það er algjört grundvallaratriði í þessu máli öllu.

Þeir sem fylgjast með umræðum um fiskveiðar hjá Evrópusambandinu og í ríkjum Evrópusambandsins vita að eitt það erfiðasta er einmitt að tengja hagsmuni útgerðanna og hagsmuni fiskveiðibyggðanna við þær ákvarðanir sem teknar eru um að draga úr heildarafla. Menn hafa auðvitað áhyggjur af því að aflinn verði skertur og þeir muni aldrei njóta þess ef hann verður aukinn. Vandinn við þessa tillögu er sú hugmynd að við eigum að taka ákveðið magn af þeim aukaafla sem við höfum mögulega úr að spila og setja hann til annarra en þeirra sem eiga aflaheimildirnar. Þeir sem eru skornir niður eiga ekki möguleika á að taka upp þá aukningu sem greinilega er talin möguleg samkvæmt frumvarpinu.

Vissulega skipta möguleikar manna til að stunda sjóinn og staða sjávarbyggðanna máli í þessu öllu saman. Það hjálpaði til að leyfileg heildarveiði var aukin nú á dögunum þegar fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, ákvað að auka þorskveiðina. Það skipti máli og var heilmikið innlegg í möguleika okkar til að takast á við þá erfiðleika sem fram undan eru. Ef núverandi eigendur aflaheimildanna eru að auka veiði sína þá hefur það ekki bara áhrif fyrir þá heldur líka fyrir fiskvinnsluna o.s.frv., með öðrum orðum þá verða til ný störf, fleiri störf, við það að við aukum veiðina þó að veitt sé af þeim sem nú þegar hafa

heimildirnar. Ég get alveg tekið undir það að þó að veiðin væri aukin — við skulum segja um 10 þús. tonn eins og hv. þm. Grétar Mar Jónsson nefndi — þá mundi það leiða til þess að störfin yrðu fleiri, það liggur í augum uppi. En ég segi og fullyrði það sama að ef það væri aukið um þessi 10 þús. tonn umfram það sem aukið hefur verið nú þegar þá mundi það jafnframt hafa sömu áhrif.

Reyndar fannst mér það nokkuð athyglisvert, sem fram kom í máli hv. þm. Grétars Mars Jónssonar, hvað varðaði einmitt þessi 10 þús. tonn sem hann nefndi, þ.e. að setja þak á þessar veiðar. Það kemur fram í málflutningi flutningsmanna tillögunnar að þeir átta sig á því að verið er að opna þarna gat sem mjög erfitt getur verið að hafa nokkra stjórn á. Segjum svo að við færum þá leiðina að segja 10 þús. tonn og segjum að við leyfum ekki meiri veiðar en bara 10 þús. tonn með þessum hætti. Hver ætlar síðan þá að úthluta þeim og hvernig á að úthluta þeim ef fleiri bátar verða til að veiða? Og þeir geta veitt töluvert meira en þessi 10 þús. tonn af því að það er hægt að veiða ansi mikið á 30 tonna bátum, þetta eru öflug skip, harðduglegir veiðimenn. Ef við setjum t.d. þessi efri mörk sem hv. þingmaður nefndi og erum í þeirri stöðu að komnir eru það margir bátar að við erum farnir að fara fram úr, hvernig á þá að halda á þeim málum? Mundum við fara þá leiðina að segja að hver maður megi bara sækja svo og svo marga daga og halda svo áfram og þá fjölgar skipunum og þá þarf að fækka dögunum sem má nota þau? Eða mundum við segja: Ja, við ætlum bara að búa til nýtt kvótakerfi? Það eru 10 þús. tonn í pottinum fyrir þessa sjómenn. Við ætlum að úthluta hverjum og einum ákveðnum tonnafjölda í ljósi reynslu o.s.frv. Bara um leið og menn eru komnir inn í þetta eru þeir komnir í þann vanda sem við höfum verið að reyna að leysa vegna fiskveiða á Íslandsmiðum sem er að koma í veg fyrir offjárfestingu af því að við sem samfélag getum ekki haft það þannig að offjárfesting verði í íslenskum fiskveiðum, hvorki hvað varðar fiskvinnsluna né fiskiskipin.

Ég held að allir þeir sem hér eru inni, og reyndar margir sem ekki eru inni en ættu kannski að vera hér að fylgjast með þessum umræðum, hafi fulla samúð með sjávarbyggðunum hringinn í kringum landið, hvað stöðu þeirra varðar. En hver er vandi þeirra byggða? Hann er ekki síst sá að í staðinn fyrir að við séum að veiða kringum 300 þús. tonn á ári þá höfum við verið að fara niður í 130 þús. tonn. Það þýðir að í þeim byggðum sem byggja sitt á þorskveiðum er staðan erfið, það er hrun í öllum tekjum. Ég er í hópi þeirra sem hafa haft miklar efasemdir og áhyggjur af þeirri fiskveiðiráðgjöf sem við höfum búið við. Ég hef talið að við þyrftum að gera róttækar breytingar á því hvernig við ákveðum heildarveiði á Íslandsmiðum.

Ein af þeim tillögum sem ég hef talað fyrir er sú að við felum Háskóla Íslands að setja fram tillögu um heildarveiði samhliða tillögum Hafrannsóknastofnunar, veitum háskólanum fullan aðgang að öllum gögnum Hafrannsóknstofnunar þannig að fram komi tvær tillögur og umræða skapist, átök verði, vísindalegt debatt um mismunandi aðferðir, mismunandi niðurstöður. Þetta er auðvitað stóri vandinn. Margt annað má svo sem tína til en að sjálfsögðu geri ég, eins og allir aðrir, mér grein fyrir því að vandi er fólginn í því og heilmikil hætta fyrir sjávarbyggðirnar að menn fari burt með aflaheimildirnar úr þorpunum, þá standa menn illa eftir. Ég þekki það úr byggð sem er mér mjög nátengd að slík staða kom upp og hefur valdið heilmiklum vandræðum. Vandræðin verða minni ef menn hefðu meiri heildarafla, það væri einfaldlega meira til skiptanna. En eins og ég segi, það snýr fullkomlega að því hvernig við stýrum veiðinni og hvernig við vinnum ráðgjöf okkar.

Ég er jafnframt þeirrar skoðunar að því miður hafi umræðan um kvótakerfið, og það er spurning um hvort ríkið eigi að eiga allar aflaheimildirnar eða hvort einstaklingarnir eigi að eiga þær, tafið fyrir því að við þokuðum áfram vitrænni umræðu um það hvernig best sé að haga þessum fiskveiðum. Það hefur verið þannig að annaðhvort hafa menn bara verið kvótasinnar, og þar með staðið með Hafrannsóknastofnun, eða bara viljað ríkiseignina og ekkert var þar á milli. Ég hef oft velt því fyrir mér hvort það sé gefið mál að besta leiðin til að skilgreina séreignarréttinn, af því að ég er algerlega þeirrar skoðunar að við verðum að hafa séreignarrétt á veiðiheimildunum, á þann veg að mynda hann með kílóum, þ.e. að andlag eignarréttarins sé kíló, hvort það sé skynsamlegra eða hvort það væri þess virði að skoða nánar að við hefðum andlagið sóknareiningu eins og ég veit að margir hér í salnum hafa velt fyrir sér. Það hefur sína galla, það opnar á aukafjárfestingu í greininni sem gæti verið til mikillar bölvunar og mikilla vandræða en um leið hefur það stóra kosti sem felast m.a. í því að brottkast mundi minnka og það gæti verið í betra jafnvægi við náttúruna sjálfa. Það eru ýmsir þættir sem við eigum að ræða.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að við séum komin á einhvern endapunkt í því hvernig við eigum að stjórna fiskveiðum á Íslandi. En ég er þeirrar skoðunar að það verði að vera þannig að við höfum heildarkerfi og við verðum að vera klár á því hvort við viljum hafa séreignarréttarkerfi, hvort við viljum hafa lokað kerfi, þ.e. að það byggist á þessum eignarrétti, eða hvort það eigi að vera opið. Ég held að við getum ekki haft hvort tveggja. Ég held að það sé í það minnsta mjög erfitt. Og þegar menn velta fyrir sér nálægð byggðanna við fiskimiðin þá mundi séreignarréttarkerfi sem byggðist á sóknareiningum sennilega leiða til þess að slíkar byggðir hefðu meira forskot en þær sem liggja fjær miðunum.

Hitt er það reyndar í þessari umræðu að nokkuð oft hefur verið minnst á réttindi þeirra sem búa við hafið, búa við ströndina, en mikill meiri hluti Íslendinga býr þannig. Ég lít á Reykjavík, mitt kjördæmi, sem útgerðarbæ. Við búum við hafið og þá fara menn að velta fyrir sér þeim réttindum öllum. Ég geri mér grein fyrir því að í tillögunni sem hér liggur fyrir er miðað við að menn hafi skipstjórnarréttindi, væntanlega hið svokallaða gamla pungapróf. Sennilega eru fleiri með það en mann grunar. Ég held meira að segja að einhvern tímann hafi ég tekið þau réttindi þó að ég mundi ekki treysta sjálfum mér til að fara á sjóinn að veiða, ég held að ég sé of sjóveikur til að geta stundað slíkt af einhverju viti. En ég er sannfærður um að ef við opnum með þessum hætti yrði reynslan ekkert önnur en hún var á sínum tíma þegar við vorum með gatið sem, ef ég man rétt, var niður í 6 tonn, nákvæmlega sama reynsla. Öll þau vandamál sem komu þá upp mundu koma upp hvað varðar þessa tillögu.

Ég held að við ættum frekar — og auðvitað dettur ekki út sú deila sem er um það hvort við eigum að hafa kerfi sem byggist á séreignarrétti eða opinn aðgang. En ef við erum með séreignarkerfið, ef við erum með lokaðan aðgang, sem ég tel að við verðum að hafa, þá er nær að við ræðum einmitt þetta meira. Getum við nálgast þetta viðfangsefni með eitthvað öðrum hætti en það að miða við kílóin? Er hægt að prófa sig áfram með einhvers konar sóknarkerfi sem er þá byggt á séreignarrétti útgerðarmanna eða eitthvað annað slíkt? Ég held að það væri nær að horfa í þá áttina frekar en að fara þá leið sem hér er farin.

Að lokum það sem varðar mannréttindin. Ég hef skilið það sem svo að það mál standi þannig að íslenska ríkið hafi sent athugasemdir sínar við niðurstöðu mannréttindanefndarinnar og þær hafi síðan verið sendar til málsaðila og raunverulega sé því ekki komin endanleg niðurstaða í það mál allt. Ég tel því — svo að ég beri blak af Vinstri grænum og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem í fristundum er einnig fjármálaráðherra — að það mál hljóti allt að ganga sinn gang og ganga fram með eðlilegum hætti. Ég tel ekki að þetta frumvarp eigi að hreyfa neitt þeirri málsmeðferð.

[17:39]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er útúrsnúningur hjá hv. þingmanni að leggja út frá því að skipta þurfi þessu upp í kvóta eftir einhvern ákveðinn tíma, það er rangt. Það er verið að tala um að búa til pott, hvort sem hann er 10 þús. tonn, 15 þús. tonn eða hvað sem er, og þegar búið er að fiska hann þá er þessi pottur einfaldlega búinn. En þeir sem hafa tækifæri til að fara og sækja í hann hafa fengið að veiða og það er það sem þetta snýst um. Það yrði fyrsta skrefið í því að leiðrétta mannréttindabrotin og bregðast við því áliti mannréttindanefndar sem áður hefur verið talað um.

Þetta skapar nýliðun og það er ekki hugsunin með frumvarpinu að menn fari að braska með þessar veiðiheimildir, hvorki í dag né seinna, aldrei. Þetta á ekki að vera neitt braskkerfi eins og við höfum búið við síðan frjálsa framsalið var sett á 1990. Það eiga ekki að vera neinir sægreifar sem geta leigt þetta, veðsett eða selt. Þeir fá bara aðgang að ákveðnum potti og þegar hann er búinn þá stoppa allir sem eru á þessum báti. Það hefði átt að leigja út þessi 30 þús. tonn, sem voru viðbótarafli — og séreignarákvæði, hvort sem það er kvótakerfi, sóknarmark eða aflamarkskerfi, þá fagna ég því að hv. þingmaður er farinn að átta sig á því að það er betra að vera með sóknarmark en aflamark sem liggur einfaldlega í því að ekkert brottkast er í sóknarmarki en það er til í ómældu magni í aflamarkskerfinu, og kannski aldrei meira en í dag.

[17:42]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti biðst afsökunar á að það eru þrír hv. þingmenn sem hafa óskað eftir að veita andsvar og því er ræðutíminn styttur í seinna andsvari og seinna svari.

[17:42]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það var einmitt heila málið, þetta með 10 þús. tonnin, pottinn, að það yrði stöðvað um leið og sá pottur væri tæmdur. Ef sú aðferð væri tekin upp og ef það færi þannig að hv. þm. Grétar Mar Jónsson yrði t.d. sjávarútvegsráðherra og bæri ábyrgð á þessu máli — yrði hæstv. ráðherra Grétar Mar Jónsson — mundi ég ráðleggja verðandi ráðherra að kaupa sér fallbyssu af því að það er þá eina leiðin sem hann hefur til að leysa þetta mál. Það yrði þá þannig gert, eins og menn gerðu í lúðuveiði við Kanada, að hleypt yrði af fallbyssuskoti. Menn æða þá út á sjó, veiða í kappi vegna þess að ef kerfið leyfir það að menn veiði 10 þús. tonn og fjölga bátunum meira og meira þá fara af stað ólympískar kappveiðar. Það er ekkert öðruvísi vegna þess að ef þú sækir ekki fast, ef þú ert ekki með nægilega stóran bát, ef þú ert ekki með á fullu, ef þú kaupir ekki annan bát eða stofnar lítið útgerðarfyrirtæki — t.d. ég og hv. þingmaður sem vitum að ef einhverjir aðrir hv. þingmenn stofna sambærilegt fyrirtæki og fara að keppa við okkur þá borgar sig að kaupa annan bát og auka getuna af því að aðgangur er opinn. Ef við gerum það ekki þá gera það einhverjir aðrir og þannig gengur það fram að sóknargetan eykst, slagurinn harðnar og að lokum verður það þannig að menn hleypa af stað fallbyssunni og úr verða þessar ólympísku veiðar. Hvaða afleiðingar hafa þær? Þær hafa þær afleiðingar að allt skipulag vinnslunnar, allt skipulag þess að nýta auðlindina, hrynur. Ég man hvernig það var að vinna í frystihúsi meðan skrapdagakerfið var. Ég man hvernig það var þegar komið var á vörubílum og þorski var hellt á gólfið af því að frystihúsið hafði ekki undan og við vorum að spyrða fisk fyrir Ítalíu. Nákvæmlega það mundi gerast í þessu.

Ég er ekki að mæla með einhvers konar sóknarmarkskerfi, til að taka af öll tvímæli um það. Ég er að mæla með því að menn skoði þá möguleika sem geta fylgt því að skilgreina eignarréttinn, skilgreina sóknarréttinn, ekki bara með kílóum heldur líka með sóknargetunni. Það er flókið mál og tæki mörg ár að vinna úr því en ég held að við ættum að fara að skoða það.

[17:44]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég harma að snúið skuli út úr þessu máli með þessum hætti. Þetta er nú eiginlega grátbroslegt og koma svo með þá tuggu að hér á árum áður þegar skrapdagakerfi var við lýði hafi menn mokað aflanum upp og sturtað honum á frystihúsgólf og annað. Síðan 1985, þegar fiskmarkaðir byrjuðu á Íslandi, hefur aflameðferð batnað verulega og öll meðferð á afla, með karavæðingu í flotanum, sem varð líka eftir þann tíma, með krapaísun og ýmsu öðru. Gerbreyting hefur orðið á allri meðferð um borð í skipum, út af gámaútflutningi og öðru hefur miklu betur verið farið með afla. Það hefur ekki tengst fiskveiðistjórnarkerfinu. Það hefur verið með þeim hætti að menn hafa fengið meira verð fyrir fiskinn og þess vegna hefur þetta verið gert. Þetta er bara útúrsnúningur og sorglegt að hv. þingmaður skuli beita útúrsnúningum í þessari umræðu.

[17:45]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er ekki útúrsnúningur, hér er einungis gerð tilraun til að átta sig á hvernig það kerfi sem hér er um að ræða mundi virka væri því komið á.

Hvað varðar það sem hv. þingmaður nefndi, krapakerfin, fiskikörin o.s.frv., þ.e. bætta meðferð á afla um borð í fiskiskipum, þá má færa fyrir því mjög gild rök, tel ég, að einmitt sú staðreynd að við fórum út í kvótakerfið gerði það að verkum að menn vissu að þeir höfðu takmarkaðan afla, þeir voru að hámarka gæðin á þeim afla sem veiddist, lágmarka kostnaðinn sem til féll til að ná í þann afla. Með öðrum orðum, menn fóru úr því að keppa hver við annan um hver væri fljótari að veiða, hver gæti meira, hver gæti veitt hraðar og fóru í það að keppa um hver gæti gert mest úr aflanum, hver gæti farið best með aflann, hver gæti fjárfest í bestu tækni til að fara best með aflann og hver gæti sótt hann með sem minnstum tilkostnaði. Það var það sem breyttist við að taka upp séreignarkerfi og fara úr ólympískum kappveiðum, það er lykilatriði. Þetta frumvarp opnar, því miður, akkúrat inn á þá liðnu tíð sem við vorum að komast út úr.

[17:46]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Margt forvitnilegt kemur fram í þessu frumvarpi og er sjálfsagt að skoða það jákvætt. Hitt er annað að menn þurfa að gæta þess að búa ekki til enn eitt nýtt kerfi sem menn fara að spila með. Það hefur verið talsvert um það, sérstaklega í kringum smábátaflota landsins, og það er vandmeðfarið. Það hefur verið á kostnað t.d. vertíðarbátanna, einyrkjanna sem hafa að mörgu leyti verið burðarás í mörgum þáttum sjávarplássanna.

Árið 1991 var lögum breytt og þar var sérstaklega kveðið á um að taka ætti á þróun mála varðandi einyrkjana. Það hefur aldrei verið gert, það var sýndarmennska fyrir nokkrum árum þegar þetta mál var afgreitt á tveimur klukkutímum í sjávarútvegsráðuneytinu. En þetta þarf að gera. Einyrkjarnir í sjávarplássum landsins hafa verið hvað mestur burðarásinn í þeim byggðum og spornað gegn því að aflinn færi á fárra manna hendur og þess vegna þarf að huga að þessu.

Það var eitt sem hv. þm. Illugi Gunnarsson sagði sem ég er ekki sammála honum um, að of margir bátar hefðu verið að veiða og frystihúsin hefðu verið of mörg. Það má til sanns vegar færa en það er kannski önnur eðlilegri skýring því að aðstæður hafa breyst gífurlega og mætti fjalla margvíslega um það. Það er þannig að á sama tíma og ferskfiskútflutningur jókst dróst saman í einu frystihúsinu af öðru. Auðvitað má segja að heildarflotinn hafi verið of stór en eðli veiðanna samkvæmt hlýtur að vera talsvert svigrúm í þessum efnum og á að vera og það er borð fyrir báru (Forseti hringir.) að það sé frekar í stærri kantinum en minni. Það má því segja að þetta sé útfærsluatriði.

[17:49]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það má til sanns vegar færa að flotinn þarf að vera þannig upp byggður að hann geti tekið á móti aflatoppum og nýtt auðlindina. Þar komum við aftur að umræðunni um hvort við eigum að miða eignarréttinn við sóknareiningar eða kíló en vandinn við kílóanálgunina er auðvitað sá að þar miðum við bara sóknargetuna, við ákveðið heildarmagn og hreyfum það ekkert til eða frá.

Það sem ég átti við og var að vísa til hvað varðar heildarsóknargetuna og fjölda fiskvinnsluhúsanna, þá voru t.d. í því ágæta dagblaði *Morgunblaðinu* árum saman skrifaðir leiðarar þar sem farið var rækilega yfir það hve mikil sóun það væri fyrir íslenskt samfélag hversu mikil sóknargetan væri, að allt of mörg skip væru að elta of fáa fiska. Þetta þýddi að staða sjávarútvegsins var mjög veik. Eða erum við kannski búin að gleyma því þegar þáverandi ríkisstjórn undir forustu Steingríms Hermannssonar, þáverandi forsætisráðherra, þurfti að fara í bjargráðasjóðina, þegar dæla þurfti skattpeningum inn í greinina? (**GMJ:** Hver er staðan í dag?) Það er ekki verið að dæla skattpeningum inn í greinina, hv. þingmaður. (**GMJ:** Jú.) Nei. Árum saman var staðan slík að setja þurfti skattpeninga, sem frekar áttu að fara í skóla, heilbrigðisþjónustu, þjónustu við aldraða o.s.frv., inn í greinina. Það var vandamálið sem menn stóðu frammi fyrir, biðstofur ráðherranna voru gjarnan fullar, af hverjum? Útgerðarmönnum sem voru að leita eftir fyrirgreiðslu fyrir sig og fyrirtæki sín. Það var vandinn sem við var að fást hér á árum áður og menn láta stundum eins og að sá vandi hafi bara leyst sig sjálfur, að það hafi bara orðið eitthvert kraftaverk með það. Nei, svo var ekki, það sem við hins vegar breyttum í grundvallaratriðum var hvernig við umgengumst auðlindina.

Enn og aftur segi ég: Það er ekki þar með sagt að við Íslendingar höfum fundið upp besta fiskveiðistjórnarkerfi í heima eða hið endanlega, langt í frá. Það kerfi sem við búum við hefur ýmsa galla og ég hef rætt þá hérna og margir í þessum sal hafa gert það líka (Forseti hringir.) og það er það sem við eigum að reyna að sníða af því en við eigum ekki hverfa frá því grundvallarsjónarmiði sem hér er um að ræða.

[17:51]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að á árum áður var slegist um sóknargetuna. Það voru reyndar kenningar frá sérfræðingum í Háskóla Íslands og *Morgunblaðinu* en það voru aldrei færð rök fyrir því. Það er eins og hægt sé að ákveða hvað menn veiði mörg tonn á hverjum stað og hverjum klukkutíma. Þetta er náttúrlega galið í veiðimannasamfélagi. En þessi bókhaldsvinna lá fyrir og var skoðun sérfræðinga úr Háskóla Íslands og þáverandi ritstjóra *Morgunblaðsins,* en aldrei færð rök fyrir þessu og reynslan aldrei dregin fram.

Þó er ástæða til að minna á að það er margt sem þarfnast svona umræðu, það er margt sem þarf að laga í kerfinu, lagfæra þarf veiðihlutfallið og auka veiðiskylduna hjá þeim sem hafa kvótann með höndum. Það þarf að útrýma bílskúrsútgerðarmönnunum, sem eru líklega flestir á höfuðborgarsvæðinu og hafa aldrei migið í saltan sjó. (Forseti hringir.) Gera þarf úttekt á einyrkjunum, jafna aðstöðu landsbyggðarinnar varðandi flutningskostnað og þannig mætti lengi telja, virðulegi forseti.

[17:52]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var nefnilega þannig þegar við vorum með opinn aðgang að þá fengum við dæmi um hvernig nákvæmlega svona kerfi sem hér er lagt upp með virka, vegna þess að þá eykst sóknin, hún bara eykst og eykst og allur afraksturinn af auðlindinni fer í að borga fyrir meiri sókn. Það var sú þróun sem við horfðum á og sáum hvernig gekk fyrir sig á Íslandsmiðum eftir að við náðum sjálf ákvörðunarvaldi og fullu forræði yfir fiskimiðum okkar og það fór að geta borgað sig að nálgast fiskveiðarnar öðruvísi en gert var þegar útlendingar gátu veitt hér eins og þá lysti.

Hvað varðar afstöðu fræðimanna til þessa, þá er alveg rétt að ekki er skynsamlegt að taka það sem gefið að allt sé rétt sem komi þaðan. Þó held ég að útreikningar á sóknargetunni og hvernig hún þróaðist gefi okkur mjög góða mynd af þeim vanda sem við Íslendingar stóðum frammi fyrir á árum áður og höfum kannski ekki leyst endanlega, ég ítreka það. (Forseti hringir.) Ég tek undir með hv. þingmanni að þarna eru vandamál uppi, reyndar held ég að (Forseti hringir.) það virki þannig að ef við aukum veiðiskylduna muni kvótaleigan hækka, þar er vandinn er sá.

[17:54]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður fór í umfjöllun sinni um þetta frumvarp um takmarkaðar handfæraveiðar, í raun og veru inn í grunnumræðuna um stjórn fiskveiða, þ.e. hvaða aðferðir við ætlum að nota, aflamark, sóknarmark, sóknartíma, aflahlutdeild o.s.frv. Væntanlega fáum við að taka þá umræðu dýpra á eftir á næsta máli en ég ætla að gera hér. Ég vek hins vegar athygli á að í tengslum við þá hugsun sem verið hefur í íslenska kvótakerfinu, að útgerðarmenn eigi ákveðna hlutdeild og fái hana á hverju ári en geti síðan ákveðið að ráðstafa henni án þess að veiða hana, þ.e. að leigja hana, veðsetja hana, taka lán út á hana, selja hana jafnvel o.s.frv., þá hafa verið miklar spekúlasjónir um það allt saman í gegnum árin.

Ég ætla bara að lýsa skoðun minni á því, hæstv. forseti, eftir að hafa horft á þetta kerfi þróast í 25 ár, að ég tel að afnema eigi leigu- og sölurétt útgerðarmanna, að þeir eigi eingöngu að fá nýtingarrétt sem þýðir að þeir eiga að veiða það sem þeir hafa aðgang að og að sá nýtingarréttur eigi að standa þeim til boða með útfærðu leigukerfi og útfærðum leigumarkaði, sem þarf auðvitað að vera á skynsamlegum nótum. Ég mun taka þá umræðu á eftir en (Forseti hringir.) ég taldi rétt að gera þessa athugasemd af því að hv. þingmaður kom inn á þetta efni málsins.

[17:56]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sá ástæðu til að ræða þau grundvallarsjónarmið sem að baki frumvarpinu liggja einfaldlega vegna þess að ef menn gera það ekki þegar lagðar eru fram breytingar á því fyrirkomulagi sem við höfum bjóðum við hættunni heim, ef við höldum þannig á málum að við spyrjum okkur ekki þessara grundvallarspurninga, að við búum til kerfi sem verður bæði götótt og óskynsamlegt. Þó að ég hafi alla samúð, eins og ég sagði í upphafi máls míns áðan, með mörgum þeim sjónarmiðum sem hér komu fram, sérstaklega hvað varðar vanda byggðanna, er ég samt þeirrar skoðunar að sá vandi verði ekki leystur með því að taka upp það kerfi sem hér er lagt til. Ég tel að þar skipti miklu meira máli t.d. heildaraflinn, ég held að hann hafi miklu meira um það að segja hver staða sjávarbyggðanna er en akkúrat það sem hér er til umræðu eða sú aðferð.

Hvað varðar möguleika manna einmitt til að veðsetja, selja o.s.frv. þá er það svo að það er mjög erfitt fyrir mig alla vega að sjá fyrir mér hvernig það leigukerfi á að ganga upp sem ég reikna með að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson muni kynna eða ræða við okkur í umræðunni á eftir, af því að vandinn er þá þessi: Ef ríkisvaldið á að leigja út veiðiheimildirnar þá fénýtir ríkisvaldið þessar heimildir og það þýðir, og er engin leið fram hjá því, hv. þingmaður, að afraksturinn af fiskveiðunum við Ísland verður ekki eftir í sjávarþorpunum, hann verður ekki eftir í kaupstöðunum, hann verður ekki eftir í höndum þeirra sem eru að búa til eða reka sjávarútvegsfyrirtækin, hann fer í ríkissjóðinn, hann fer til Reykjavíkur inn í ríkissjóðinn og verður deilt þaðan út. Ég er ekki sannfærður um að það verði byggðunum við Ísland, dreifðu sjávarbyggðunum til heilla að fara þá leið. Ég held að til séu miklu betri og miklu skynsamlegri leiðir til að styrkja byggðirnar en sú leið að flytja afraksturinn af fiskveiðunum yfir í ríkissjóð.

[17:58]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er dálítið djúp umræða að fara í og verður ekki kláruð hér á 55 sekúndum að taka þetta efni fyrir en ég vænti þess að við getum gert það skilmerkilega á eftir.

Ég tel hins vegar að til að breyta núverandi kerfi og sníða af galla þess sem allra mest eigi menn að fara í heildarendurskoðun sem miði að því. Það hefur verið skoðun mín lengi að íslenskir útgerðarmenn hafi aldrei átt að fá neitt annað en nýtingarréttinn. Þeir áttu ekki að fá sölurétt-inn, ekki leiguréttinn, ekki veðsetningarréttinn á óveiddum fiski. Þeir þurftu hins vegar að hafa vissu fyrir því að geta gert út og haft aðgang að aflaheimildum eftir einhverjum ákveðnum leiðum. Hægt er að fara margar leiðir til að gera það, m.a. þá meðan menn eru að breyta þessu að horfa til þeirrar hlutdeildar sem menn töldu sig hafa haft og veita mönnum tímabundinn forgang (Gripið fram í.) — með leyfi.

[17:59]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér láðist að geta þess í fyrra svari mínu varðandi það að úthlutað sé á hverju ári til útgerðarmanna. Þannig er það auðvitað ekki og það veit hv. þingmaður fullvel. Það er úthlutað á grundvelli hlutdeildar þannig að með því að heildaraflinn er ákveðinn þar með ræðst síðan hversu mikið hver og einn útgerðarmaður hefur leyfi til að veiða. Með öðrum orðum, úthlutun er ekki endurtekin frá grunni þannig að úthlutað sé einhverjum sérstökum gæðum, einungis er tekin ákvörðun um heildaraflann.

Síðan um það hvort eðlilegt sé að menn geti keypt, selt og veðsett. Fyrir því hafa verið færð heilmikil rök að bann við veðsetningu geri það að verkum að nýliðun sem margir áhyggjur af — sem ég verð reyndar að segja að ég hef ekki sérstakar áhyggjur af, ég held að þeir sem eru í útgerð séu ágætlega til þess fallnir og kalla ekkert eftir einhverjum öðrum til þess — verði mun erfiðari ef menn geti ekki notað aflaheimildir sem veðsetningu. Verðmætin mundu reyndar færast yfir á skipin og áfram þyrfti að ákveða hvernig koma ætti í veg fyrir að skipunum fjölgaði og sóknargetan ykist jafnt og þétt þannig að voði standi af.

[18:01]

Útbýting:

Uppbygging álvers í Helguvík, 293. mál, fsp. BjörkG, þskj. 519.

[18:01]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ef til vill hefði verið heppilegra fyrir umræðuna að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefði fengið að flytja frumvarp sitt um innköllun íslenskra aflaheimilda áður en frumvarpið sem nú er rætt, um frjálsar handfæraveiðar — ef ég má tala glannalega — hefði verið tekið á dagskrá. (Gripið fram í.) Þótt málin séu væntanlega tekin fyrir eftir númerum — og þau eru að sjálfsögðu rétt og farið að öllum formsreglum — þá hefði hitt kannski verið efnislega skýrara og ég held að umræðan sem fór fram áðan hafi sýnt okkur það, ræða hv. þm. Illuga Gunnarssonar og andsvör við henni.

Sérstaka athygli mína vakti að Illugi hafði ekki náð að kynna sér tillöguna um innköllun aflaheimilda vegna þess að þar er tiltekið að ekki ríkissjóður heldur sérstakur auðlindasjóður, sem verði stofnaður, hafi það hlutverk að leigja allar aflaheimildir gegn eðlilegu gjaldi. Ég geri ráð fyrir að flutningsmaður þeirrar tillögu — sem ekki er til umræðu hér, þótt við hljótum að taka þetta hvort tveggja saman — reikni með sérstökum reglum fyrir auðlindasjóðinn um hvernig fara á með þann arð sem eigendur auðlindarinnar, almenningur á Íslandi, Íslendingar allir, bæði þeir sem nú lifa og þeir sem síðar koma, fá.

Menn hafa rætt um það fyrr og síðar, því þessi umræða hófst ekki í dag, að hægt sé að setja reglur með ýmsum hætti um að hluti arðsins renni beint til þess að styrkja byggðir og efla þann sjávarútveg sem á hallar hverju sinni. Þannig að sú röksemd er auðvitað út í hött að arður af sjávarútvegi renni sjálfkrafa í ríkissjóð og fari þar með í einhvern óþarfa, en það er mikið vantraust á ríkissjóð hjá manni í flokki sem er nýkominn úr sautján og hálfs árs samfelldri ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Og sjö daga.) Og sjö daga, bætir hv. þm. Árni Johnsen við, en hann þekkir þessa sögu vel og hefur stutt, held ég, nánast allar þessar ríkisstjórnir en þó með ákveðnu hléi, sem við skulum ekki ræða í dag.

Afstaða mín til frumvarpsins tengist afstöðu minni til þess sem síðar kemur um innköllun aflaheimilda, vegna þess að ég tel að ef einhver breyting yrði í þá veru sem það frumvarp boðar væri nauðsynin á því að gefa handfæraveiðar frjálsar ekki sú sem flutningsmaður hefur rakið ágætlega. Vegna þess að ef um væri að ræða almenna leigu veiðiheimilda til árs í senn eða svo og allar veiðiheimildir væru þar undir ætti að vera tiltölulega einfalt að skipa því þannig að allir sem vilja eigi möguleika á að stunda fiskveiðar með þeim hætti sem þeim fellur best, hvort sem það er með togaraflota eða handfæraveiðum.

Auðvitað er mikilvægt að fjölbreytni sé í fiskveiðum og að reglur sem settar eru um þær stuðli að slíkri fjölbreytni og hygli ekki einni grein á kostnað annarrar nema til þess séu sérstök rök. Ég tel að í raun og veru ættum við að stefna að því að gera frumvarp sem þetta óþarft með því að breyta kerfinu sem komst á 1983 og festist í sessi með framsalsviðbótinni árið 1990 og skerptist enn með því, sem er nú kannski verst af þessum þremur áföngum kvótakerfisins svokallaða, heimildinni til veðsetningar árið 1998, sem ógnar yfirlýsingu Alþingis frá 1990 um að fiskimiðin kringum Ísland skuli vera eign íslensku þjóðarinnar.

Kannski er við hæfi að rifja upp í þessu sambandi að þegar menn rekja orsakirnar fyrir því ástandi sem nú er á Íslandi liggja tvær digrustu ræturnar að mistökum í kringum einkavæðingu bankanna og upptöku kvótakerfisins 1983, viðbótinni við það árið 1990 og ekki síst veðsetningunni 1998.

Saga málsins er þyngri en tárum taki og auðvitað er engum einum um að kenna. Ég verð þó að fagna því að nú er sú ríkisstjórn afsett og sá fjármálaráðherra sem síðast átti að fjalla um málið, en kveðið var á um það í stjórnarsáttmála hennar, stefnuyfirlýsingu, með leyfi forseta:

„Gerð verður sérstök athugun á reynslunni af aflamarkskerfinu við stjórn fiskveiða og áhrifum þess á þróun byggða.“

Setninguna má að vísu túlka með ýmsum hætti en þó var bundin við hana sú von að málið gæti hreyfst eitthvað í tíð þessarar ríkisstjórnar og sjávarútvegsráðherrans sem þar gegndi störfum, hv. núverandi þm. Einars K. Guðfinnssonar.

Þessi setning í stefnuyfirlýsingunni fékk meiri þunga þegar mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna felldi sinn frægu úrskurð í október 2007, sem hér hefur verið rætt um. Við munum að það tók hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, þáverandi sjávarútvegsráðherra, hálft ár að svara þeirri yfirlýsingu og gera þær athugasemdir sem hann kaus að gera í nafni íslensku þjóðarinnar og stjórnvalda á Íslandi. Það gerðist 11. júní 2008. Eitt af svörunum var einmitt það að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar væri þessi klausa um að gera úttekt á reynslunni af aflamarkskerfinu og má skilja það svo að kvótakerfið sem slíkt sé þar undir. Hann vísar til klausunnar í svari við athugasemdum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um kvótakerfið á Íslandi og hvernig það bryti í bága við alþjóðareglur um mannréttindi.

Annar liður þess svars var sá — af því að hv. þm. Illugi Gunnarsson var að velta fyrir sér hvernig málið væri statt — að ráðherrann ætlaði sér að skipa nefnd stjórnarflokkanna — eða það sagði hann að minnsta kosti í íslenskum fjölmiðlum — til þess að hefja endurskoðunina. Sú nefnd hefur enn ekki verið skipuð og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson skipar hana varla úr þessu, að minnsta kosti ekki sem sjávarútvegsráðherra.

Sérkennilegt er að sjávarútvegsráðherra þessi var spurð-

ur nokkrum sinnum um nefndina og svaraði alltaf að hún yrði vonandi skipuð fljótlega, það væri alveg á næstunni eða nú þyrfti hann bara að ræða við einn mann eða tvo til að skipa nefndina, en það varð aldrei. Mann grunar að ástæðan sé sú að sjávarútvegsráðherrann og flokk hans hafi ekki langað til að skipa þessa nefnd og kannski hafi aldrei staðið til að neitt yrði úr þessari klausu annað en að láta undan kröfum Samfylkingarinnar um að eitthvað hreyfðist í málunum kringum stjórn fiskveiða á því kjörtímabili, sem menn héldu þá að yrði full fjögur ár. Það gerðist sem sé ekki og er ein af fjölmörgum ástæðum þess að menn hljóta að fagna því að dagar þessarar ríkisstjórnar eru liðnir.

Með þeim formála sem ég hef haft um frumvarpið þá styð ég það. Ég tel einfaldlega að löngu sé kominn tími til breytinga á því kerfi sem hér hefur verið sett niður. Kominn tími til þess að þeir sem minna mega sín í þessum efnum, sjómenn sem hvorki hafa það fjármagn né þau sambönd sem til virðist þurfa til að geta komist á sjó og veitt. Að nýliðar komist inn í greinina og kerfið sé sprengt upp með einhverjum hætti.

Ég er almennt ekki talsmaður þess að fullt frelsi sé gefið til veiða á Íslandi með rökum sem hv. þm. Illugi Gunnarsson taldi hér fram síðast og margoft hafa verið talin. Þeir tímar eru liðnir að við getum leyft okkur þann munað. Ég er heldur ekki neinn sérstakur talsmaður sóknarmarks umfram aflamark. Ég tel að bæði kerfin hafi sína kosti og aflamarkið henti betur í heildina. Ég geri mér fulla grein fyrir þeirri hættu sem Illugi Gunnarsson talaði um og vissulega er fræðilega rétt að þetta gæti gerst. Á móti því er það að segja að ef það gerist eru til aðrar takmarkanir en settar eru á í frumvarpinu. Ef eitthvað fer úr böndunum er rúllum fækkað, lestartalan lækkuð, tíminn styttur eða með einhverjum hætti brugðist við þeirri þróun sem verður.

Jafnvel við sem trúum á veiðileyfagjald á þjóðareign á sjávarútvegsauðlindinni og sjálfbæra nýtingu hennar gegn gjaldi vitum að eftir að því marki hefur verið náð heldur fiskveiðistjórnun áfram, sem og umræða um sjávarútvegsmál og við höldum auðvitað áfram að skoða auðlindina, virða hana fyrir okkur og athuga þær aðferðir sem við höfum til þess að stjórna sókninni í hana. Alveg eins er með þetta.

Mér finnast frumvarpið og hugmyndin nánast sjarmerandi, að þótt við höfum þetta kerfi og þessa skipan, jafnvel þótt hún breytist frá því sem nú er, sé sá möguleiki fyrir hendi að menn geti farið á handfæraveiðar án þess að þurfa sérstaka kvótaúthlutun til þess. Það má hugsa sér að það verði gegn lágu gjaldi til að friða okkur veiðigjaldsmenn. Ég held að þetta gæti styrkt smærri byggðir, tryggt nýliðun í greininni og séð til þess að menn öðlist mikilvæga reynslu af handfæraveiðum jafnvel þótt þeir endi í öðrum veiðum.

Ég held líka að rétt sé sem menn hafa sagt að af þeim veiðiskap sem til boða stendur sé þessi hvað umhverfisvænstur, þótt ég sé ekki viss um að hann sé endilega hagkvæmastur. En um það keppa menn einfaldlega og ég er reiðubúinn til að gefa greininni það forskot sem felst í tillögum af þeim toga sem í frumvarpinu eru. Síðan þarf auðvitað að ræða nákvæmlega hvaða tölur gilda og hvaða stærðir eru valdar. Ég veit að þegar menn semja frumvarp verða þeir að velja það sjálfir og ekki á að hanka þá á þeim tölum sem þeir hafa valið heldur hugsa um frumvarpið í heild og þá möguleika sem það gefur á breytingum til framfara í íslensku samfélagi.

[18:15]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fagna yfirlýsingu hv. þm. Marðar Árnasonar. Ég ætlaði einfaldlega að spyrja hvort hv. þingmaður styddi frumvarpið. Hann svaraði því þannig að ég er búinn að fá svar.

En það er sorglegt til þess að vita að ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks hafi hunsað þetta mál og álit mannréttindanefndarinnar í heilt ár og ekkert gert í málunum eða reynt að leiðrétta þetta með einum eða neinum hætti. Samfylkingarmenn í sjávarútvegsnefnd og þingmenn og ráðherrar hafa verið spurðir ítrekað um þetta og afstöðu þeirra til málsins en ekkert hefur komið út úr því, því er nú andskotans verr. Það má segja það.

Aflamark eða sóknarmark. Það er töluverður munur, hv. þingmaður, á því vegna þess að í aflamarki er hvatinn sá að koma með dýrmætustu fiskana að landi og skilja eftir smáfisk eða fisk sem er ódýrari einhverra hluta vegna, vegna þess að hann er tveggja nátta netafiskur eða smáfiskur eða annað, og koma ekki með hann í land. Þegar menn þurfa að leigja veiðiheimildir eins og er í dag á 200 kr. kílóið af þorskinum og fá svo bara fyrir hann 220–250 kr. þegar best lætur eins og er núna þessa dagana, freistast menn til þess að koma bara með dýrmætu fiskana í land. Til hvers að koma með fisk í land sem er undir 200 kr.? Það gefur augaleið að menn freistast til að kasta þeim fiski í sjóinn.

En þegar maður rær á sóknarmarki og hefur einn dag, tíu daga eða hundrað eða hvað sem þeir eru margir, til að veiða hefur maður ekki hag af því að henda fiski í sjóinn. Þá kemur maður með allan afla að landi. Það bara borgar sig.

[18:17]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Ég er reiðubúinn, bljúgur og auðmjúkur, að setjast í kennslustund hjá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni um þetta því að hann hefur oftar migið í saltan sjó en ég. Mér er það ekki heilagt hvort aflamark eða sóknarmark er valið í hverju tilviki og tel að menn eigi ekki að setja þau orð inn í trúarjátninguna sína.

Það sem skiptir máli er að það sé skýr eining sem þessi úthlutun byggist á og hún getur verið hvor sem er, báðar hafa kosti og galla. Hv. þingmaður rakti galla aflamarksins. Ég hef líka heyrt fyrirlestra um galla sóknarmarksins. Það er ekki það sem skiptir máli.

Já, ég styð frumvarpið, einkum ef ekki verður að lögum frumvarpið um innköllun aflaheimilda sem sömu flutningsmenn flytja hér á þinginu. Ég vil segja það um orð hv. þingmanns um fyrri ríkisstjórn að ég er þeim á margan hátt sammála. Það er ekki nein sérstök gleði í hjörtum okkar samfylkingarmanna yfir afdrifum þessa máls, að minnsta kosti fyrir mann sem stóð fyrir utan stjórnarmyndunarviðræður og er varaþingmaður hér á þinginu. Samfylkingin fékk inn þessa setningu í andrúmsloft þar sem ekki var mikill byr í seglum því sameiginlega áhugamáls okkar hv. þm.

Grétars Mars Jónssonar að breyta kerfinu til batnaðar. Síðan stóð Sjálfstæðisflokkurinn í vegi fyrir öllum breytingum á því.

Ef ekki hefði komið álitið frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefði nákvæmlega ekkert gerst í þessu máli. Ekkert hefði hreyfst í því, ekki einu sinni verið búnar til neinar greinargerðir eða nein vinna lögð í málið í sjávarútvegsráðuneytinu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki áhuga á að breyta þessu fiskveiðikerfi sem hann átti nú sjálfur mestan þátt í að búa til, að Framsóknarflokknum fullkomlega (Forseti hringir.) í heiðri höfðum í því efni.

[18:19]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það er rétt. Það var ekki neinn vilji í síðustu ríkisstjórn til að gera breytingar á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Meira að segja þegar verið var að skera niður veiðileyfagjaldið fyrir rúmu ári síðan átti það að vera 1.100 millj. en var fært niður í 400 millj. Þá fylgdu samfylkingarmenn Sjálfstæðisflokknum eftir í því. Það er svona þegar er verið að búa til ríkisstjórn þá er það dálítið sérkennilegt að annar flokkurinn skuli fá allt sitt fram en hinn ekki í ákveðnum málum.

Maður hélt að flokkar reyndu að mætast einhvers staðar á miðri leið í svona stórum málum eins og sjávarútvegsmál eru eða réttara sagt fiskveiðistjórnarkerfið, jafnumdeilt og það er. En ég veit að það er vilji innan Samfylkingar og það er vilji innan Vinstri grænna til að gera breytingar. Því er nú verr og miður að enginn vilji er innan Framsóknarflokksins og hefur ekki verið. Framsóknarflokkurinn hefur verið harðastur í því ásamt Sjálfstæðisflokknum að viðhalda óbreyttu fiskveiðistjórnarkerfi. (**BJJ:** Tali nú hver fyrir sig.) Það talar ekki hver fyrir sig í því efni. Höfundur kvótakerfisins heitir Halldór Ásgrímsson. (Gripið fram í.) Hann og hans fólk vörðu fiskveiðistjórnarkerfið, höfðu persónulega hagsmuni af því að verja það og urðu íslenskir auðmenn út á það. (**BJJ:** Ómálefnalegt.) Og fleiri aðilar hafa varið þetta kerfi út af eigin hagsmunum.

Við höfum líka horft upp á þingmenn í salnum sem eru strengjabrúður sægreifanna og hafa verið að þjónka þá, kannski af eðlilegum ástæðum vegna þess að þeir hafa borgað fyrir þá kosningabaráttu, prófkjörsbaráttu og kosningabaráttu. Við sjáum bæði þingmenn og ráðherra hjá Sjálfstæðisflokki (Forseti hringir.) og Framsóknarflokki sem hafa nánast verið strengjabrúður þessara manna út á peninga. (Forseti hringir.)

[18:21]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Margt er til í því sem hv. þm. Grétar Mar Jónsson sagði. En batnandi mönnum er best að lifa og hér ætlar að flytja ræðu á eftir hinn vörpulegi og djarfhuga forustumaður Framsóknarflokksins á Alþingi Íslendinga, hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Við bíðum eftir þeirri ræðu auðvitað með miklum spenningi að vita hvaða línu hinn nýi Framsóknarflokkur — það er ekki „New Labour“ heldur „New Progressive Party“, svo að maður fari nú í ensk stjórnmál — ætlar að hafa í þessu.

Já, það er alveg rétt sem síðasti ræðumaður sagði, þetta var ekki gott í síðustu ríkisstjórn og Samfylkingin stóð sig auðvitað ekki nógu vel í því. Það er rétt að biðjast afsökunar á þeirri frammistöðu í þessum stól. Hún hefur það sér til vorkunnar að staða hennar var ekki sterk við stjórnarmyndunarviðræðurnar. Ákvæðið í stjórnarsáttmálanum er ekki mjög kröftugt. Það er linlega orðað. Sjálfstæðisflokkurinn stóð afar harkalega gegn þessu máli og þegar ástæða var til þess að rífa þetta upp þegar álit mannréttindanefndarinnar kom og við ... (**GMJ:** Fyrir ári síðan.) — Fyrir meira en ári þegar það kom 24. október 2007 og því var ekki svarað fyrr en 11. júní 2008. Einar K. Guðfinnsson sem hóf hvalveiðar á síðustu klukkutímum í embætti, honum tókst ekki að skipa einfalda tveggja eða þriggja manna nefnd til þess að endurskoða lögin. Þetta voru afrek Sjálfstæðisflokksins í þessu máli og ekki von að hægt sé að hreyfa við þeim.

Þó vil ég minna á meðan síðustu sekúndurnar líða að innan Samfylkingarinnar var alltaf þrýstingur í þessu máli og ég þarf ekki annað en að nefna þar nafn 7. þm. Norðvest., Karls V. Matthíassonar, (Forseti hringir.) til sanninda.

[18:24]

Sigurður Pétursson (Sf):

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt fyrir mann vestan af fjörðum sem kominn er hér um nokkurra daga skeið að einmitt nú skuli vera hér uppi umræða um fiskveiðistjórnarmál. Á þeirri umræðu sem farið hefur fram í dag er alveg ljóst að mikill samhljómur er meðal þriggja flokka sem eiga sæti á Alþingi, þ.e. milli okkar jafnaðarmanna í Samfylkingunni, Vinstri grænna og Frjálslynda flokksins. Allir þessir flokkar ganga út frá því ákvæði 1. gr. laga um fiskveiðistjórn, þ.e. ákvæðinu um að fiskveiðiauðlindin og fiskstofnarnir kringum landið séu þjóðareign. Allir þessir flokkar hafa sameiginlegan skilning á þeirri grein.

Þó gætti í málflutningi eins þingmanns Sjálfstæðisflokksins einhvers konar efasemda um að Frjálslyndi flokkurinn gengi þar í takt við okkur jafnaðarmenn að öllu leyti. Hins vegar er það grundvallaratriði sem hér er um að ræða hvort menn gangi út frá því að auðlindin, fiskstofnarnir í sjónum, séu þjóðareign eða ekki vegna þess að kvótakerfið þegar það var sett á og eins og það þróaðist tók þann rétt frá þjóðinni og fiskveiiréttinn var einkavæddur.

Það er hins vegar mikil ósvífni að koma hérna fram eins og hv. þm. Illugi Gunnarsson gerði áðan en hann er nú eini fulltrúi kvótaflokkanna sem tekið hefur til máls í þessari umræðu. Orðanotkun hans var einmitt með þeim hætti að það vekur athygli og manni ofbauð jafnvel þegar hann talaði sífellt um séreignarrétt og eign og eigendarétt þegar hann talaði um réttinn til þess að nýta fiskimiðin kringum landið. Hvort sá skilningur sé orðinn svo inngróinn í Sjálfstæðisflokkinn að það þyki sjálfsagt að tala með slíkum hætti um það sem hingað til hefur verið talað um sem afnotarétt og nýtingarrétt, vekur ákveðinn ugg í brjósti.

Það er líka mikilvægt að fram komi hver skilningur Framsóknarflokksins í þessu máli er, þ.e. hins kvótaflokksins sem tekið hefur þátt í því að byggja upp og tryggja í sessi og nánast afsala auðlind þjóðarinnar til einstakra manna. En það kemur kannski í ljós við þessa umræðu.

Það frumvarp sem hér er lagt fram á sér hljómgrunn, held ég, langt inn í raðir Samfylkingarinnar. Umræða um

slíka breytingu hefur farið fram bæði á landsfundum og í flokksfélögum Samfylkingarinnar víða um land. Það er líka ánægjulegt að heyra að sá sem hér stendur og flokksfélagi þess sem talaði hér áðan, hv. þm. Mörður Árnason, eru algerlega sammála í þessu máli, styðja þá hugmynd sem kemur fram í þessu frumvarpi og eru tilbúnir til þess að fylgja því eftir.

Eins og komið hefur fram í þessari umræðu er þetta að hluta til mannréttindamál, þ.e. að reyna að vinna til baka eitthvað af þeim réttindum sem tekin voru frá fólkinu í landinu, sérstaklega frá þeim sem búa við sjávarsíðuna sem nýtt hafa sér þann rétt að sækja fisk í sjó. Það má segja að aldagamall fæðingarréttur landsmanna hafi verið tekinn í burtu með kvótakerfinu og hvernig það hefur þróast. En um leið var líka tekinn í burtu réttur sjávarbyggðanna til sjálfsbjargar og hefur það sýnt sig í því hvernig þróun mála hefur orðið víða í sjávarbyggðum landsins síðustu 10–20 árin.

Þetta er því ekki bara mannréttindamál þótt vissulega sé þetta mannréttindamál og komi hér inn á úrskurð mannréttindadómstóls Sameinuðu þjóðanna. Það er ekki ofsagt um þann hroka sem síðasta ríkisstjórn og þeir sem stjórnuðu þar og réðu ferðinni í sjávarútvegsmálum sýndu þjóðinni og alþjóðasamfélaginu með því hvernig þeir tóku á því máli og skirrðust við að bregðast við eins og þeir að sjálfsögðu áttu að gera. Þar dugði ekki til þótt ýmsir talsmenn Samfylkingarinnar — og hér hefur verið nefndur ágætur þingmaður Karl V. Matthíasson — berðust fyrir því að þessu yrði breytt eins og mörgu öðru í sambandi við stjórn fiskveiða.

Þetta er ekki bara mannréttindamál og ekki bara byggðamál heldur er hér líka á ferðinni umhverfismál því að eins og fram hefur komið eru krókaveiðar umhverfisvænar, umhverfisvænstar allra veiða úr hafinu.

En í þessu sambandi er auðvitað vert að athuga hvernig kvótakerfið hefur þróast og hvernig það hefur verið styrkt í sessi smám saman. Það hefur gerst með tvennum hætti: Annars vegar með því að sífellt fleiri tegundir hafa verið teknar inn í kvótann og bundnar við kvótaúthlutun. Nú eru nánast allar tegundir sem veiddar eru í kringum landið bundnar í kvóta. Að mörgu leyti hefur þetta verið óþarfi. Það eru engin fiskifræðileg sjónarmið sem hafa stjórnað þarna heldur fyrst og fremst sjónarmið kvótaeigenda, þeirra sem hafa viljað veðsetja kvótann, þeirra sem hafa viljað nýta auðlindina með þeim hætti sem gert hefur verið til þess að tryggja sér fjármagn í bólgnum bönkum.

Hins vegar hefur kerfið verið fest í sessi með því að láta það ná yfir sífellt fleiri tegundir veiða og báta. Og síðast, eins og við þekkjum, var smábátakerfinu, sem var dagakerfi, útrýmt og smábátar voru teknir inn í kvótakerfið og er ekkert mjög langt síðan það var. En þar með má kannski segja að síðustu glufunni hafi verið lokað.

Það frumvarp sem hér er til umræðu byggir á því að snúa til baka, að opna aftur glufu á þeim vegg sem kvótakerfið er orðið. Ég fagna því að það sé komið fram og vona að þetta frumvarp fái framgang þó svo að auðvitað megi deila um ýmis útfærsluatriði í því, t.d. um stærð báta. 30 rúmlestir þóttu nú ansi stórir bátar í mínu ungdæmi en þykja það kannski ekki lengur en það eru samt þokkalega haffærir bátar sem eru 30 brúttórúmlestir að stærð. En þetta og ýmsar takmarkanir sem hægt er að koma við svo að hér verði ekki eins og einhver talaði um, stjórnlausar ólympískar kapphlaupsveiðar er auðvitað útfærsluatriði. Meginhugsunin í frumvarpinu er sú að opna glufu á kvótakerfið og er það vel.

Hins vegar megum við auðvitað ekki gleyma því að þó svo að við sem höfum talað gegn kvótakerfinu í 20 ár viljum fá því breytt eru tvær aðferðir til þess: Að vinda ofan af því aftur með sömu aðferðum og því var komið á, þ.e. að taka í burtu ákveðnar veiðiaðferðir, ákveðnar stærðir af bátum og opna ákveðin fiskimið. Það er önnur leiðin. Hin leiðin er sú að taka út úr því ákveðnar tegundir eins og sá ágæti hv. þm. Grétar Mar Jónsson nefndi fyrr í umræðunni, að ýmsar fisktegundir mætti taka út úr kvótakerfinu án þess að ógna þeim stofnum að neinu leyti.

Auðvitað er stóra málið að umbylta öllu fiskveiðistjórnarkerfinu. Þar höfum við jafnaðarmenn lagt fram ítarlegar tillögur sem byggja á fyrningu, á nýju kerfi með auðlindagjaldi og réttlátri útdeilingu fiskveiðiheimildanna. Kannski er það byrjunin á breytingum að hér í dag hefur komið fram að fulltrúar þriggja flokka — við eigum eftir að heyra í þeim fjórða — virðast eiga sér sameiginlega skoðun og sameiginlega sýn á það að hægt sé að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu, gera það réttlátara og betra fyrir alla þjóðina. Vonandi sjáum við þann dag að þessir flokkar fái meiri hluta á Alþingi til þess að koma því í verk.

[18:34]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Ég ætlaði að vera með nokkrar athugasemdir og bæta við hlutum sem ég gleymdi, hæstv. forseti. (**MÁ:** Þú hættir þessu. Birkir er með í fimm mínútur. Svo fara ...) Ég hef fengið hérna góða leiðsögn um það hvernig við ætluðum að reyna að klára þennan dag hér í þinginu og ég held að ég leggi það á mig að tala þá stutt.

Varðandi það sem hv. þm. Sigurður Pétursson benti hér á þá er það alveg rétt sem hann talaði um að það er verið að braska með nýtingarréttinn. Það er ákvæði í lögum um stjórn fiskveiða um að fiskurinn í sjónum sé sameign þjóðarinnar og afnotaréttur og nýtingarréttur er það sem er verið að tala um. Ég vil þó koma inn á það að auðvitað má fækka tegundum sem er núna verið að setja inn í kvótann gagngert til þess að veðsetja þær.

[18:35]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Ræða hv. þm. Grétars Mar Jónssonar var bara með þeim betri sem ég hef heyrt um sjávarútvegsmál í lengri tíma hér á vettvangi þingsins enda talaði hv. þingmaður stutt og var nokkuð málefnalegur.

Hæstv. forseti. Af því að hv. þm. Samfylkingarinnar Sigurður Pétursson fór hér mörgum fögrum orðum um stefnu eigin flokks í sjávarútvegsmálum og hvað sá flokkur hefði verið einarður í því að koma fram breytingum í því vil ég benda hv. þingmanni á þann ríkisstjórnarsáttmála sem Samfylkingin gerði við Sjálfstæðisflokkinn.

Ég ætla að lesa upp úr þessum sáttmála, (**Gripið fram í:** ... fyrir okkar hönd þá.) með leyfi forseta:

„Gerð verður sérstök athugun á reynslunni af aflamarkskerfinu við stjórn fiskveiða og áhrifum þess á þróun byggða.“

Þetta var það sem Samfylkingin náði fram með Sjálfstæðisflokknum. En þess bera að geta að á tuttugu mánuðum var þessi nefnd ekki skipuð. Það er rétt sem hv. þm. Mörður Árnason benti hér á áðan í ágætri ræðu að auðvitað ber að afsaka þetta reyndar eins og svo margt annað hjá síðustu ríkisstjórn sem einkenndist af ákvarðanatökufælni í mörgum mikilvægum málum. Við erum að ræða um mjög stórt mál hér sem snertir sjávarútveginn og af því að hv. þm. Sigurður Pétursson talaði um kvótaflokkana tvo og átti þá við Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk þá vil ég benda hv. þingmanni á að A-flokkarnir, fyrirrennarar Samfylkingarinnar, komu nú aldeilis að stjórn sjávarútvegsmála í fyrri ríkisstjórnum. Ég veit ekki betur en að Samfylkingin sé nýkomin úr slíku stjórnarsamstarfi þar sem engar breytingar voru gerðar á kvótakerfinu. Ég held því að við þurfum að gæta sannmælis í þessari umræðu um það hverjir umræddir kvótaflokkar eru því að langflestir íslenskir stjórnmálaflokkar að Frjálslynda flokknum undanskildum — því að nú er Vinstri hreyfingin – grænt framboð komin í stjórn — hafa komið að kvótakerfinu með einum eða öðrum hætti.

Hæstv. forseti. Á þessum síðustu tímum hefur vægi sjávarútvegsins fyrir íslenskt samfélag aldrei verið meira. Ég ætla að segja það fyrir mína parta hér að ég mun ekki taka þátt í því að standa í einhverjum kollsteypum á íslenskum sjávarútvegi enda held ég að enginn stjórnmálaflokkur vilji það. (Gripið fram í.) Við framsóknarmenn höfum talað af ábyrgð í málefnum sjávarútvegsins og ég vil upplýsa hv. þingmenn um að á síðasta flokksþingi okkar var ákveðið að flokkurinn mundi fara í sérstaka skoðun á stefnu flokksins í sjávarútvegsmálum og reyndar held ég að allir flokkar þyrftu að gera það í ljósi þeirra aðstæðna og breytinga sem hafa átt sér stað á rekstrarumhverfi sjávarútvegsins á síðustu vikum og mánuðum.

Á síðasta kjörtímabili barðist Framsóknarflokkurinn fyrir því í samstarfi sínu við Sjálfstæðisflokkinn að koma auðlindaákvæði inn í stjórnarskrána og það skal alveg viðurkennt hér að Framsóknarflokkurinn náði því ekki fram í því stjórnarsamstarfi frekar en Samfylkingin gerði í sínu samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn að koma inn stjórnarskrárbundnu ákvæði um að auðlindir sjávar ættu að vera í þjóðareign. Ég hef hins vegar trú á því að við munum ná samstöðu á Alþingi, að minnsta kosti meiri hluti Alþingis, um að slíkt ákvæði komist inn í stjórnarskrána sem er mjög mikilvægt að mínu viti því að hér er náttúrlega um framtíðarauðlind að ræða, auðlind sem mun standa undir stórum hluta af verðmætasköpun í íslensku samfélagi því að á þeim tímum sem við lifum núna, á tímum samdráttar þurfum við tekjur til þess að standa undir öflugu velferðarkerfi auk þess sem sjávarútvegurinn skapar fjölmörg ný störf.

Ég vil benda á eitt hér í umræðunni um sjávarútvegsmál. Ég skal viðurkenna að ég var ekki viðstaddur fyrri hluta umræðunnar þar sem ég þurfti að vera á fundi. Ég veit ekki hvort mikið hefur verið rætt um málefni byggðakvótans í þessari umræðu, sem er um 10 þúsund tonn. Það er nú ekkert annað. Stjórn byggðakvótans hefur verið með þeim eindæmum að á velflestum stöðum þar sem honum hefur verið úthlutað er allt bandvitlaust, vil ég segja, út af því hvernig staðið hefur verið að því og síðast en ekki síst ef við horfum á þetta fiskveiðiár sem nú er hálfnað þá hefur sjávarútvegsráðherra ekki enn auglýst byggðakvótann þannig að sjómenn og smábátasjómenn gætu farið að veiða hann. Það er náttúrlega mjög slæmt og það segir okkur að það er eitthvað sem gengur ekki upp í því hvernig menn hafa haldið á málefnum byggðakvótans sem er um 10 þúsund tonn þannig að það er lag í fiskveiðistjórnarkerfinu eins og það er í dag að skoða ýmsa hluti. Eins og ég hef sagt þá er Framsóknarflokkurinn á leiðinni í mikla vinnu og ég bið hv. þingmenn um að sýna nýrri forustu Framsóknarflokksins og þeirri ákvörðun sem Framsóknarflokkurinn tók á flokksþinginu það umburðarlyndi gefa flokknum tækifæri að skýra sína sýn á stöðu sjávarútvegsmála.

Hvað varðar frumvarpið sem við ræðum hér þá þarf að skoða ýmislegt í því, til að mynda, þ.e. ef þetta frumvarp yrði að lögum, hve mörg þúsund tonn yrðu veidd samkvæmt þeim nýju reglum sem í gildi yrðu því að ég hef ekki verið talsmaður þess að við höfum algjört stjórnleysi í sókninni gagnvart auðlindinni og ég held að velflestir flokkar hér á þingi og allir flokkar vilji einhverjar takmarkanir á því sviði og við þyrftum að gera okkur grein fyrir því hvað slík opnun mundi þýða. (Gripið fram í.)

Ég vil segja það að lokum, hæstv. forseti, að hér er um að ræða ákveðna opnun sem hv. þingmenn Frjálslynda flokksins eru að mæla fyrir. Ég tel að það þyrfti að skoða mjög gaumgæfilega ef við færum í slíkt. En ég ætla ekki að gera lítið úr þeim rétti manna að eiga að fá að róa til fiskjar fyrir sig og sína. Hér er reyndar verið að opna á að menn hafi atvinnu af þessu og eins og ég hef sagt hér þá vil ég fyrir fram ekkert úttala mig um það hver stefna Framsóknarflokksins muni vera í þessu. En eins og ég hef sagt þá munum við ekki vilja innleiða neinar kollsteypur í íslenskan sjávarútveg, sérstaklega eins og ástand mála er í samfélaginu í dag. Sjávarútvegurinn er að skapa þúsundum manna atvinnu og ég held að við viljum öll viðhalda ákveðnum stöðugleika hvað varðar rekstrarumhverfi sjávarútvegsins. Það er mjög mikilvægt á tímum sem þessum. (**Gripið fram í:** En ef allir eru gjaldþrota?) Hvað breytingar varðar á lögum um stjórn fiskveiða þá er ekkert hafið upp yfir það að skoða slíka hluti. Ég tel að skilaboð síðasta flokksþings framsóknarmanna hafi verið þau að fara yfir sjávarútvegsmálin með opnum huga, sérstaklega með tilliti til þeirra aðstæðna sem hafa skapast í samfélaginu á síðustu vikum og mánuðum.

[18:43]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Bara örstutt. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Hér hafa margir tekið til máls og tjáð sínar skoðanir um að það væri eðlilegt að horfa til þeirra hugmynda sem hér eru lagðar til þó að vissulega hafi verið einhver varnaðarorð í því. En að jafnaði tel ég að það megi meta það svo að mönnum finnist eðlilegt að finna þeirri tillögu sem hér er lögð fram og talað fyrir í frumvarpsformi einhvern farveg. Það væri mjög æskilegt eins og nú hagar til í okkar þjóðfélagi með atvinnumál og annað slíkt að það verði gert.

Það hefur einnig verið bent á að byggðakvótarnir séu ekki þegar komnir út á þessu ári þannig að það er ekki eins og það séu ekki ýmsir möguleikar til fyrir hæstv. sjávarút-

vegsráðherra ef hann vill bregðast við með einhverjum hætti. Við höfum bent á það í þessari umræðu, fleiri en sá sem hér stendur, að það má setja á þessa útfærslu ýmsar takmarkanir þó að útfærslan opni fyrir það að slíkar veiðar geti farið af stað. Það væri mjög ánægjulegt eins og nú árar hér á landi að geta gefið þau merki út í þjóðfélagið að hér væru kannski að opnast möguleikar á eitt hundrað störfum eða einhverju slíku. Við getum nefnt það sem dæmi eða viðmiðun.

Hins vegar þurfa menn nú að hafa fyrir því að fara inn í svona kerfi. Þeir þurfa að hafa aðgang að bát. Hann þarf að vera haffær og menn þurfa að hafa réttindi og svo framvegis þannig að það er ýmislegt í því. Þó að menn hafi einhvern tíma tekið pungapróf þá er það nú ekki í gildi. Ég vil nú bara upplýsa vin minn hv. þm. Illuga Gunnarsson um það vegna þess að menn þurfa að endurnýja þessi réttindi á fimm ára fresti, viðhalda þeim, fara í Slysavarnaskóla sjómanna, kunna allar þær reglur og lög sem þar eru kennd og viðbrögð, fá útgefið sérstakt skírteini um að þeir hafi fengið þjálfun sem sjómenn í Slysavarnaskóla sjómanna og út á það geta menn svo ásamt því að fá heilbrigðisvottorð og sjónvottorð (Gripið fram í.) staðfest það að þeir séu hæfir. (**IllG:** Get ég lært hjá þér?) Þú getur lært ýmislegt hjá mér ef út í það er farið. (Gripið fram í.)

Þó að hér sé verið að leggja til ákveðna opnun þá er langur vegur frá því að þetta sé galopið, að það geti bara allir hoppað inn í þetta. Það er mikill misskilningur. Það eru margar takmarkanir sem snúa að atvinnugreininni sjálfri, réttindum manna og þjálfun og viðhaldi réttinda og svo framvegis sem gera það að verkum að þetta er ekki galopið. Við eigum vissulega einhverja sjómenn sem meðal annars hafa starfað á byggingarmarkaði og eru búnir að missa þar vinnuna sem hugsanlega gætu farið í þetta með einhverju lagi.

Ég held að það sé fyllilega áhættunnar virði að hleypa þessu af stað. Það væri mjög jákvætt merki í þjóðfélagið miðað við núverandi stöðu og ég held að það væri mjög jákvætt gagnvart byggðunum og viðhorfi fólks í sjávarútvegsbyggðunum að svona réttur væri opnaður. Ég hvet því eindregið til þess, hæstv. forseti, að það verði gert, þ.e. að stíga hér skref þó að það verði bara skref sem gildir eingöngu á núverandi fiskveiðiári. Það verður svo næsta ríkisstjórn sem tekur ákvörðun um það hvort menn vilja framhaldið. Ég held að það skipti öllu máli fyrir okkur í núverandi stöðu að horfa til allra þeirra tækifæra sem við getum mögulega átt til þess að bæta atvinnuástandið í landinu og afla okkur tekna og viðurværis. Ég hef orðað það svo stundum hér í þessum ræðustól að í því sambandi þyldi þjóðin ekki neitt tilfinningavæl. Menn eiga að horfa ískalt til þess að reyna að auka atvinnumöguleika, alveg ískalt til þess. Þegar við veltum fyrir okkur ástandinu sem við horfumst í augu við og því sem kannski bíður okkar næstu þrjú, fjögur árin þá segi ég bara að okkur muni ekki af tekjunum veita og af störfunum veita. Við munum aldrei fara í gegnum það ástand sem fram undan er á niðurskurðarreglunni einni og sér. Við munum þurfa að auka tekjur og auka atvinnu. Við getum vissulega þurft að skera niður og hækka jafnvel skatta og svo framvegis og útfæra það á þá sem þola aukna skattbyrði. En við munum aldrei fara í gegnum þetta ástand á niðurskurðarhnífnum einum. Það er útilokað mál. Það held ég að menn ættu að hafa sérstaklega í huga þegar við erum að tala hér um einhver viðbrögð til þess að auka atvinnu í landinu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sjútv.- og landbn.

Út af dagskrá voru tekin 5.–7. mál.

Fundi slitið kl. 18:49.

---

78. FUNDUR

þriðjudaginn 10. febrúar,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu, stjtill., 197. mál, þskj. 244. — Fyrri umr.
3. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 290. mál, þskj. 516. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Eftirlit með skipum, stjfrv., 291. mál, þskj. 517. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Virðisaukaskattur, stjfrv., 289. mál, þskj. 515. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
6. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frv., 279. mál, þskj. 498. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Atli Gíslason, 7. þm. Suðurk.
Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
Guðfinna S. Bjarnadóttir, 3. þm. Reykv. n.
Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Borist hefur bréf frá hv. 6. þm. Norðvest., Guðjóni A. Kristjánssyni, um að hann geti ekki af persónulegum ástæðum setið á Alþingi næstu tvær vikur. Annar varamaður Frjálslynda flokksins í kjördæminu, Ragnheiður Ólafsdóttir listamaður, tekur sæti á Alþingi í dag en 1. varamaður á lista flokksins í Norðvesturkjördæmi hefur boðað forföll.

Kjörbréf Ragnheiðar Ólafsdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Al-

þingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni samkvæmt 2. gr. þingskapa.

[Ragnheiður Ólafsdóttir, 6. þm. Norðvest., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:32]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Ragnheiður Ólafsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Störf þingsins.

Athugasemdir frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum – aðild að ESB.

[13:32]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Hér á þinginu í gær greindi hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, frá því að hún vissi ekki til þess að forsætisráðuneytinu eða ríkisstjórninni hefði borist umsögn eða athugasemdir frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um seðlabankafrumvarpið. Í viðskiptanefnd í morgun greindu embættismenn ráðuneytisins frá því að slíkar athugasemdir hefðu borist um helgina en þeir hefðu ekki upplýst forsætisráðherra um það fyrr en að loknum umræðum í þinginu í gær.

Í tilefni af þessum fundi viðskiptanefndar langar mig líka að nefna að embættismenn forsætisráðuneytisins fullyrtu þar að þessar athugasemdir væru bundnar trúnaði samkvæmt ósk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég verð reyndar að geta þess að mér finnst nær óskiljanlegt að einhver trúnaður þurfi að ríkja um þessar athugasemdir og að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi eitthvað á móti því að þingið fái aðgang að þessum upplýsingum, enda hefur málið verið í höndum þingsins frá því fyrir helgi en ekki ráðuneytisins. Athugasemdir um efnisleg atriði í frumvarpinu hljóta því að hafa átt erindi til þingsins en ekki til forsætisráðuneytisins.

Mig langar af þessu tilefni að spyrja formann viðskiptanefndar, hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, hvort hún sem formaður nefndarinnar muni beita sér fyrir því að nefndin fái þessar upplýsingar, hvort ekki sé rétt að kalla eftir öllum samskiptum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og forsætisráðuneytisins um þessi mál og hvort ekki sé tilvalið að sérfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem koma hingað til lands eftir nokkra daga, mæti á fund nefndarinnar til að upplýsa nánar um þessi atriði.

[13:34]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Hér er á ferð nokkuð skondið mál í ljósi þess að fráfarandi ríkisstjórn braut niður traust og tiltrú þjóðarinnar einmitt með því að halda grundvallarupplýsingum leyndum, þar á meðal upplýsingum um samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þarf ég að minna hv. þingmann og þingheim allan á að þingmenn kölluðu mjög ákaft eftir því vikum saman, og þar á meðal sú sem hér stendur, að fá á borð þingmanna prógramm Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra, Árni Mathiesen, og Davíð Oddsson, margnefndur seðlabankastjóri, höfðu skrifað undir. Það var ekki fyrr en *DV* birti það skjal að því var dreift á borð þingmanna. Í ljósi þessa er orðalagið sem hv. þm. Birgir Ármannsson notar um þetta — hann sagði að það væri óskiljanlegt að það væri trúnaður á skjali frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum — nokkuð skondið. (**BÁ:** Málið er í höndum þingsins.) Þetta er svipað, þetta snýst um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. En nú er það ekki *DV* heldur hv. þm. Birgir Ármannsson sem hefur upplýsingar um trúnaðarskjöl frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Á fundi viðskiptanefndar í morgun var upplýst að hæstv. forsætisráðherra hefur óskað eftir því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gefi formlega umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands. Slík umsögn mun vera væntanleg á allra næstu dögum og hún mun að sjálfsögðu lögð fyrir viðskiptanefnd þingsins sem mun taka sjálfstæða afstöðu til þeirra athugasemda því að það er rétt, málið er ekki lengur í höndum framkvæmdarvaldsins, málið er í höndum þingsins og þangað munu þessar athugasemdir berast fyrir tilverknað hæstv. forsætisráðherra.

[13:37]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. formanni viðskiptanefndar, Álfheiði Ingadóttur, fyrir að kveða upp úr um það að viðskiptanefnd þingsins muni fá aðgang að þeim athugasemdum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kom á framfæri við forsætisráðuneytið. Það er rétt sem hv. þingmaður benti á í máli sínu áðan að við alþingismenn höfum lesið um margt í tengslum við samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn á vettvangi *Dagblaðsins.* Það er gjörsamlega óásættanlegt, hæstv. forseti, að þingið sé meðhöndlað með þeim hætti af hálfu framkvæmdarvaldsins að við fáum ekki aðgengi að mikilvægum trúnaðarskjölum. Það eru fyrst og síðast alþingismenn sem bera ábyrgð á þeirri löggjöf sem héðan er afgreidd og ég tek því undir það með hv. formanni, og reyndar lagði ég fram þá beiðni á fundi nefndarinnar í morgun, að nefndin sjálf, ef við fengjum ekki upplýsingar frá forsætisráðuneytinu, mundi leita eftir þessum upplýsingum. Ég tel mjög mikilvægt að við fáum aðgang að þessum upplýsingum í ljósi þess að við erum að tala um löggjöf sem snertir grundvallarstofnun í þjóðfélagi okkar, Seðlabanka Íslands.

Við höfum talað fyrir því, framsóknarmenn, að við viljum vanda alla vinnu við frágang á þessu máli og þess vegna verðum við að fá allar upplýsingar upp á borðið hvað þessi mál áhrærir. Ég fagna því sérstaklega enn og aftur að hv. formaður nefndarinnar ætlar að beita sér fyrir því enda hef ég talað fyrir því á þingi, og hef haldið að almenn samstaða væri um það meðal þingmanna, að við eigum að hefja Alþingi Íslendinga á ný til vegs og virðingar. Það er þá frumskilyrði að þingið fái aðgengi að mikilvægum upplýsingum sem snerta afgreiðslu mikilvægra þingmála.

[13:39]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Á skömmum tíma hefur það gerst í íslensku samfélagi sem veldur því að ekkert er eins og áður. Það á líka við um ýmiss konar leynd eða trúnað og samskipti af því tagi sem hér hafa verið á milli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þeirrar ágætu stofnunar, og ríkisstjórnar og þings eða

stjórnvalda. Eitt af því sem átti hvað mestan þátt í þeirri óánægju, óþoli og nánast byltingarástandi sem hér ríkti frá því í haust og fram í janúar var einmitt sú leynd sem síðasta ríkisstjórn, og þó einkum forustumaður hennar, taldi sér skylt að hafa yfir þeim samningum og þeim skilyrðum sem fram komu í viðskiptum ríkisstjórnarinnar við þennan sama sjóð, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Ég fagna því að nú eigi að fá þetta upp á borðið því að það er mjög mikilvægt að segja Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og öðrum slíkum stofnunum að þeir séu hér ekki að ræða við einstaka menn, þeir eru ekki að ræða við einhvern aðal á Íslandi, heldur við alla þjóðina í gegnum fulltrúa hennar í ríkisstjórn og á Alþingi. Þess vegna eiga allar svona upplýsingar að vera opnar og þær eiga að berast út til allrar þjóðarinnar.

Það er leitt að þetta mál skuli valda töfum á þingstörfum þó að auðvitað sé hv. þm. Birgi Ármannssyni fyrir það að þakka að vekja athygli á þessu — sem hann gerði þó ekki í október, nóvember, desember og janúar sl. um aðrar upplýsingar sem svipað átti við um. Það mikilvægasta fyrir þing og þjóð er hins vegar að friður og traust fái að ríkja um bankann á ný jafnt inn á við sem út á við. Bankinn er ein mikilvægasta fjármálastofnun landsins og orðspor okkar út á við og inn á við krefst þess að skapað sé traust og friður um bankann, eins og Davíð Oddsson sagði um Landsbankann árið 1998.

[13:41]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég verð að lýsa því í upphafi að mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að hv. þm. Birgir Ármannsson spyrji hvort hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hyggist beita sér fyrir því að gögn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, vegna frumvarps ríkisstjórnarinnar um Seðlabanka Íslands, verði lögð fram í þinginu. Það er sjálfsagt og ekki síst í ljósi þess að hæstv. forsætisráðherra var spurður að því hvort formleg eða óformleg umsögn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefði borist forsætisráðuneytinu í gær. Hæstv. forsætisráðherra neitaði að svara og neitaði að svara spurningum þingmanna um það hvort þessi gögn yrðu lögð fram í þinginu þannig að það er ágætt að komið sé í ljós að þessi gögn verði lögð fram og hv. þingmaður muni beita sér fyrir því vegna þess að auðvitað er mjög margt óljóst í málinu.

Þegar þau gögn sem við höfum þegar í höndunum eru lesin virðist óljóst hvort það var Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sjálfur sem hafði frumkvæði að því að koma athugasemdum á framfæri við forsætisráðuneytið út af frumvarpinu eða hvort embættismenn í ráðuneytinu leituðu til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um athugasemdir við frumvarpið. Við verðum að fá að vita þetta, við sem eigum að fjalla um málið.

Ég er hins vegar ósammála hv. þm. Álfheiði Ingadóttur um það að málið sé eitthvað skondið, að það sé eitthvað fyndið við það að við þingmenn á Alþingi óskum eftir því að fá upplýsingar um sjálfsögð atriði eins og athugasemdir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Við höfum líka óskað eftir því að fá að vita til hvaða sérfræðinga ríkisstjórnin leitaði við samningu frumvarpsins sem á að vera þáttur í því að endurreisa fjármálakerfið. (Forseti hringir.) Þeim upplýsingum hefur einhverra hluta vegna verið neitað af hálfu hæstv. forsætisráðherra. Þetta er ekki sú opna og gagnsæja stjórnsýsla sem þeir flokkar sem mynda ríkisstjórn hafa talað fyrir, forseti góður.

[13:43]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt, sem hér hefur verið sagt, að það er mjög undarlegt að taka þurfi mál af þessu tagi upp í þinginu til að reyna að varpa ljósi á það hvort þetta bréf hafi í fyrsta lagi borist frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, það þurfti heilan dag í gær til að draga það fram. Í öðru lagi er svo það að þetta bréf sé lagt fram í viðeigandi þingnefnd eins og óskað hefur verið eftir. Það var athyglisvert að formaður nefndarinnar gat ekki svarað því afdráttarlaust hvort eftir því yrði leitað með formlegum hætti að þetta bréf yrði lagt fram sem hver önnur gögn í þessari nefnd.

Um það var talað, virðulegi forseti, af hálfu hv. þingmanns að leitað yrði eftir formlegri umsögn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ber þá að skilja það þannig að ekki eigi að leggja þetta bréf fram sem upplýst var í gærkvöldi að borist hefði frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Hvaða leynipukur er þetta eiginlega? Hvað er það í þessu bréfi sem menn telja hugsanlega að sé af þeim toga að sveipa þurfi það einhverjum leyndarhjúp?

Um er að ræða mál sem komið er fyrir Alþingi, frumvarp frá hæstv. forsætisráðherra, sem verið er að fjalla um. Það er mjög mikilvægt að það fái vandlega þinglega meðferð vegna þess að það skiptir miklu máli, m.a. fyrir trúverðugleika Alþingis og fyrir trúverðugleika þjóðarinnar, að vel takist til — þetta pukur í kringum málið er því til þess fallið að grafa undan þessum trúverðugleika, að það þurfi að elta uppi og krefja hv. formann nefndarinnar svara í þinginu til að geta varpað ljósi á það hvað í bréfinu stendur.

Ég tel út af fyrir sig eðlilegt, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagði áðan, að nefndin fari formlega fram á það við forsætisráðherra að umrætt bréf sé lagt fram þannig að það liggi þá fyrir hvað í því stendur. Við erum að fjalla um heilmikið mál, stórt mál, sem er skipulag peningamálastjórnunar í landinu. Þegar það liggur fyrir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur lagt fram skoðun sína í þessum efnum ber auðvitað að reyna (Forseti hringir.) að treysta á það að sú skoðun komi fram, enda er það í samræmi (Forseti hringir.) við það sem hæstv. fyrrv. forsætisráðherra lagði til, þ.e. að kalla eftir sérfræðilegu áliti (Forseti hringir.) Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

[13:46]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Nú hefur forsætisráðherra upplýst að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gefi formlega umsögn um þetta ágæta seðlabankafrumvarp sem við ræddum sl. föstudag. Ég er mjög ánægð með það og mér finnst þetta mjög athyglisvert vegna þess að í umræðunum á föstudaginn spurði ég hæstv. ráðherra ítrekað að því, fyrst í ræðu minni, sem var upp úr hádegi, og svo í andsvari, sem var held ég rétt fyrir kvöldmat eða kannski um hálfsjöleytið, hvort ekki væri góður bragur á því og góð stjórnsýsla að senda þetta

ágæta frumvarp til umsagnar erlendis. Vegna þess að frumvarpið fjallar um orðspor okkar og heiður út á við ekki síst, að sögn stjórnarliða, og því spurði ég hvort ekki væri góður bragur að því að senda þetta frumvarp til umsagnar til erlendra aðila og þar á meðal nefndi ég Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sérstaklega.

Þá fannst hæstv. ráðherra allsendis óþarfi að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fengi þetta frumvarp til skoðunar og þyrfti í rauninni ekki að hafa neina skoðun á því vegna þess að hún upplýsti það í síðari ræðu sinni að þetta væri allt saman byggt á fjögurra ára gamalli skýrslu frá árinu 2005 og því hlyti álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að hafa komið fram. Mér finnst þetta allt mjög athyglisvert því að á sama tíma og ráðherrann flytur þessa ræðu hér í þinginu eru embættismennirnir í ráðuneytinu að senda eða búnir að senda og láta þýða frumvarpið, sem ráðherranum fannst alveg óþarfi að gera, til sjóðsins og biðja þá um umsögn um frumvarpið og þar að auki upplýsti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn í þessu tölvuskeyti í gær að þetta hefði allt verið eftir áætlun og verklagi við áætlun, efnahagsáætlun sjóðsins.

Þá er spurningin: Vissi ráðherrann ekki af þessu eða fór hún með rangt mál í umræðunni? Það er ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra að þessu og ef formaður hv. viðskiptanefndar getur svarað mér þætti mér mjög vænt um að fá það svar.

[13:48]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég skal taka ómakið af hv. formanni viðskiptanefndar og svara þeirri spurningu sem hv. þingmaður sem hér talaði síðastur varpaði fram. Það hefur einfaldlega komið fram að hæstv. forsætisráðherra vissi ekki af því að þetta hafði borist, svo einfalt er það nú.

Mér finnst hins vegar örla á misskilningi hjá mörgum þingmönnum og ég verð að segja hjá mörgum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem ég taldi að væru nokkuð þingreynt fólk. Málið er komið inn í þingið, það er ekki lengur á forræði framkvæmdarvaldsins. Þingið ræður. Þingið getur gert hvað eina sem það vill. Ef það óskar eftir tiltekinni umsögn gerir þingið það. Ef þingið óskar eftir tilteknum upplýsingum frá hæstv. forsætisráðherra fer þingið fram á það, það er ekkert flóknara en það. Það sem við eigum að reyna að sameinast um að brjóta niður er það sem við illu heilli tókum mörg þátt í að byggja upp, sem var ráðherraræði síðustu áratuga. Það er það sem við eigum að reyna að gera til þess að hefja upp aftur vald og áhrif Alþingis. (Gripið fram í.)

Um þetta mál vil ég bara segja það: Það er að sjálfsögðu rétt að hafa til hliðsjónar og fá álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Við höfum skuldbundið okkur til þess að hafa sem nánast samstarf við hann í sem flestum efnum sem að þessu lúta. Það gerðum við í síðustu ríkisstjórn og það kemur skýrt fram í stefnuyfirlýsingu þessarar ríkisstjórnar að það hyggjumst við gera líka.

Ég vil líka fallast á það sem eini ráðherrann sem nú situr í ríkisstjórn sem tók þátt í að semja við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn af hálfu fyrri ríkisstjórnar að það var mjög óheppilegt gagnvart þjóðinni og gagnvart þinginu að ekki komu fram upplýsingar um innihald þess samnings. Af hverju var það? Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem hér talar á eftir, getur staðfest af hverju það var. Það var vegna þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lagði mjög ríka áherslu á fullkominn trúnað þangað til það mál væri komið inn í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Síðan, af einhverjum ástæðum sem ég get ekki skýrt, (Forseti hringir.) tók það meira en tvær vikur. Það var óheppilegt, (Forseti hringir.) öll svona mál eiga að vera uppi á borðinu.

[13:50]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að þessi umræða er afar undarleg. Í viðskiptanefnd í morgun var farið ágætlega yfir þetta og það var ákveðið að kalla eftir þessari umsögn úr því að forsætisráðuneytið væri að kalla eftir formlegri umsögn, og það er ákveðið að reyna að kalla það inn í nefndina. Í nefndinni fór hins vegar fram umræða um hvort það væri eðlilegt við vinnslu lagafrumvarpa að erlendir aðilar veittu umsögn um íslensk lög og það var ágætisumræða um það. Það þykir ekki — a.m.k. rámaði menn ekki í hefð eða að það hefði gerst áður en það var alla vega enginn sem mælti því í mót að það yrði gert. Þetta fór fram í umræðunni í morgun og engin ástæða til þess að reyna að draga það fram eða varpa því upp að hér sé einhver leynd.

Þetta verður enn undarlegra í því ljósi að í a.m.k. tíu ár ef ekki fimmtán, hefur Sjálfstæðisflokkurinn og ráðherrar hans — og þar gekk nú lengst á sínum tíma fyrrverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson — haldið því fram, allan þennan tíma að þingmenn hafi ekki meiri aðgang að upplýsingum en sem kveðið er á um í upplýsingalögum. Þannig er það. Ég hef alltaf mótmælt þessari túlkun. Hins vegar er mjög athyglisvert og að mörgu leyti gaman og skemmtilegt að sjá Sjálfstæðisflokkinn allt í einu nú snúast gjörsamlega á haus í öðru hlutverki og tala á allt annan hátt en hann hefur gert í einn og hálfan eða tvo áratugi. Það er kannski eitthvað sem væri ágætt að fá skýringar á.

Um þetta mál hvílir engin leynd og það verður tekið í gegn eins og vera ber og unnið á tiltekinn hátt en spurningin er þessi: Á meðan málið er til meðferðar í þingnefnd, af hverju er verið að eyða tíma þingsins í opinni umræðu til þess að klára þetta? Vegna þess að það er auðvelt (Forseti hringir.) að klára þetta í þingnefnd. Það er augljóst að hér er einhver mjög undarlegur ásetningur að baki enda (Forseti hringir.) kom það fram í nefndinni í morgun að langlíklegast (Forseti hringir.) er að Seðlabankinn sjálfur hafi (Forseti hringir.) óskað eftir þessum upplýsingum og það er athyglisvert að hv. þm. (Forseti hringir.) Birgir Ármannsson hafi fengið upplýsingar um það. (Gripið fram í.)

[13:53]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Þessi síðustu orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar eru athyglisverð vegna þess að þar er hann heyrist mér helst að vitna í sjálfan sig. Það sem hann segir að hafi komið fram á fundi nefndarinnar var eitthvað sem kom fram í samtali hans við formann nefndarinnar, Álfheiði Ingadóttur, og hvorugt vissi nokkuð um málið. Þetta eru því bara einhverjar getgátur.

Það er reyndar mjög athyglisvert hvað þetta mál virðist

koma við viðkvæman streng hjá stjórnarliðum í umræðunni. Það er alveg greinilegt að einhver taugaveiklun grípur um sig þegar þetta mál er til umræðu og þegar kallað er eftir þessum upplýsingum. Ég veit ekki hvað stendur í þessum gögnum (**ÁI:** Veistu það ekki?) en ég tel hins vegar að leyndin geri það að verkum að það sé full ástæða til þess að kalla eftir því að þær upplýsingar komi fram.

Hér var sagt og gerðar athugasemdir við þau orð mín að ég teldi óskiljanlegt að leynd hvíldi yfir þessum upplýsingum. Ég endurtek það. Ég tel það óskiljanlegt sérstaklega í ljósi tveggja hluta. Annars vegar þess að málið hefur verið í meðförum Alþingis frá því fyrir helgi. Forsætisráðherrann lagði það fram á þingi á fimmtudaginn. Athugasemdir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins koma til forsætisráðuneytisins um helgina og eiga þar af leiðandi auðvitað erindi til þingsins en ekki til ráðuneytisins. Því hefði auðvitað verið eðlilegast að forsætisráðuneytið sendi þetta þegar áfram til þingsins. (**LB:** Hvenær verður prófkjörið?)

[Hlátrasköll í þingsal.] Hins vegar, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sem greinilega er mjög viðkvæmur út af þessu máli, mjög viðkvæmur, (Gripið fram í.) þá er það þannig að í þeim svörum sem gefin hafa verið, m.a. í fréttatilkynningum frá forsætisráðuneytinu í gær, er látið í veðri vaka að hér sé aðeins um minni háttar tæknilegar athugasemdir að ræða. (**LB:** Veist þú meira?)

Ég spyr: Hvað í veröldinni kemur í veg fyrir að tæknilegar athugasemdir komi til þeirrar þingnefndar sem (Forseti hringir.) fjallar um málið? (Gripið fram í.)

[13:55]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Það er upplýst hér að það er stefna nýrrar ríkisstjórnar að segja satt og rétt frá í öllum atriðum. (Gripið fram í.) Við munum svo sannarlega beita okkur fyrir því að aflétta þeim leyndarhjúp sem hefur umlukið stjórnarathafnir Sjálfstæðisflokksins hér í 18 ár, innmúraðar og innvígðar. Við munum gera það. Og það er ánægjulegt að við höfum fengið liðsstyrk frá Sjálfstæðisflokknum, sem nú óskar eftir upplýsingum og vill fá allt upp á borðið. Þá skora ég á hv. þm. Birgi Ármannsson að upplýsa nú þingheim um það hvernig hann fékk vitneskju um tölvupóst til forsætisráðherra áður en hæstv. forsætisráðherra fékk að vita um hann sjálf. (Gripið fram í.) Það væri eðlilegt í ljósi þeirrar miklu sannleiksástar sem allt í einu hefur gripið Sjálfstæðisflokkinn og það er gott. Það er gott að það er búið að skipta um forrit í þessum flokki, það var kominn tími til. Kannski þeir hafi farið að heyra hér eitthvað utan af (Gripið fram í.) velli.

Ég vil endurtaka að ég tel að hæstv. forsætisráðherra hafi brugðist algerlega rétt við þessum tölvupósti frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Forsætisráðherra óskaði strax eftir því að trúnaði yrði aflétt af þessu skjali. Þegar því var neitað var óskað eftir því að það bærist formleg umsögn. Hún mun berast og hún mun að sjálfsögðu lögð fram í viðskiptanefnd þingsins.

Alþingi hefur löggjafarvaldið og þarf ekki, að mínu viti, að leita (Gripið fram í.) til hins nýja stiftamtmanns Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um það hvað hér er samþykkt og hvað ekki. (Gripið fram í.) Við munum fá öll gögn inn á borð hv. viðskiptanefndar og við munum taka sjálfstæða afstöðu til allra þeirra gagna, líka þeirra sem berast frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

[13:57]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Mér þykir leitt að slíta þessari merku umræðu og kennslustund í því hver fer með löggjafarvald í landinu en mig langar til að beina orðum mínum til formanns utanríkismálanefndar, hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar fór mikið fyrir skoðun Samfylkingarinnar um nauðsyn aðildar að Evrópusambandinu og oftlega var þess beinlínis krafist að forustumenn ríkisstjórnarinnar hefðu þegar forgöngu um það að sækja um aðild að þessu ríkjasambandi. Í hugum heitra ofsatrúarmanna úr röðum Samfylkingarinnar kom ekkert annað til greina en Evrópusambandið og ekki varð krafan minni eftir fall bankanna nú í haust. Í því skipti auðvitað engu máli að hinn stjórnarflokkurinn hafði allt aðra skoðun á málinu og flokkarnir hefðu komið sér saman um ákveðið verklag í sáttmála sínum. (Gripið fram í.) Sjálfstæðisflokkurinn gat bara lufsast til þess að breyta stefnu sinni, þessari vitlausu stefnu sinni, (Gripið fram í.) og halda af stað í trúboðið. (Forseti hringir.) Sú var virðing fyrir lýðræðislegri umræðu og samræðu af hálfu Samfylkingarinnar.

Við slit ríkisstjórnarinnar var Evrópusambandið vandamálið, það var m.a. tiltekið sem dæmi um að Sjálfstæðisflokkur drægi lappirnar í því að taka upp stefnu Samfylkingarinnar. Nú ber hins vegar svo við að samfylkingarmenn koma hver á eftir öðrum og segja að Evrópumálin séu í langtum betri farvegi í minnihlutaríkisstjórninni með Vinstri grænum, nú sé loksins farið að þokast í átt til Evrópusambandsins. (Gripið fram í.) Þetta hefur m.a. komið fram hjá hæstv. forsætisráðherra.

Það hefur reyndar alveg farið fram hjá mér að stefna Vinstri grænna í þessu máli hafi breyst. Þess vegna er mjög forvitnilegt fyrir mig að vita hvaða skoðun formaður utanríkismálanefndar, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, hefur á málinu um leið og ég vil óska honum góðs gengis í sínum störfum. Vill hv. þingmaður að við förum í aðildarviðræður að Evrópusambandinu eins og samstarfsflokkur hans telur óumflýjanlegt? (Gripið fram í.)

[14:00]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég er ekki frá því að hv. þm. Ólöf Nordal hafi sent þessa fyrirspurn á vitlaust heimilisfang því að hún var aðallega að tala um stefnu Samfylkingarinnar, fyrrum samstarfsflokks Sjálfstæðisflokksins, í ríkisstjórn (**ÓN:** Nei, ég hef ...) og gerði mikið úr því hvaða afstöðu sá flokkur hefði í Evrópusambandsmálum. Nú er það að sjálfsögðu ljóst að það eru ólíkar skoðanir á Evrópusambandsmálinu milli einstakra stjórnmálaflokka. Stjórnmálaflokkar hafa mótað afstöðu sína á landsfundum eða flokksþingum og það hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð gert. Sú afstaða er ljós. Í verkefnaskrá núverandi hæstv. ríkisstjórnar segir um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Evrópunefnd verður falið að ljúka störfum við úttekt á

viðhorfum hagsmunaaðila til Evrópusambandsins. Nefndin skili skýrslu 15. mars 2009 sem hafi að geyma mat á stöðu og horfum Íslands gagnvart samstarfi við Evrópuþjóðir og framtíðarhorfum í gjaldmiðlamálum. Stjórnarflokkarnir eru sammála um að aðild að Evrópusambandinu verði aldrei ákveðin nema í þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Um þetta eru stjórnarflokkarnir algerlega sammála. Afstaða okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er nokkuð ljós og kemur fram í landsfundarsamþykktum okkar. Við höfum þar komist að þeirri niðurstöðu að fleiri gallar séu við aðild að Evrópusambandinu en kostir, þó að við höfum alls ekki haldið því fram að ekki séu bæði kostir og gallar því það er það sannarlega.

Núverandi ríkisstjórn mun ekki stíga frekari skref í þessu máli enda er henni ekki ætlaður starfstími nema til kosninga í apríl. Geri ég fastlega ráð fyrir því að þetta viðfangsefni verði eitt af þeim fjölmörgu málum sem tekist verður á um í kosningabaráttunni á milli stjórnmálaflokkanna, hvort sem þeir heita Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Samfylking, Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur eða eitthvað annað. Ég geri líka fastlega ráð fyrir því að Evrópumálin verði viðfangsefni á næsta kjörtímabili og að sú ríkisstjórn sem tekur við völdum að loknum kosningum muni að sjálfsögðu takast á við þau.

[14:02]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Hv. formaður viðskiptanefndar sagði áðan að það væri ánægjulegt að fá liðsstyrk í þetta mál og talaði um að sá liðsstyrkur kæmi frá Sjálfstæðisflokknum. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að málum væri þannig komið á stjórnarheimilinu að sérstakan liðsöfnuð þyrfti til þess að fara fram á jafneinfaldan hlut og þann að fyrir þingnefnd sé lagt bréf sem liggur í forsætisráðuneytinu og varðar þingmál sem Alþingi er að fjalla um. Það eru þá nýir tímar ef safna þarf sérstöku liði til að fá upplýsingar sem greint hefur verið frá í fjölmiðlum af hálfu forsætisráðuneytisins að séu tæknilegs eðlis.

Það er óþolandi að vita til þess að verið sé að pukrast með þetta bréf með þessum hætti — sagt var frá því að það hefði komið í forsætisráðuneytið um helgina, væntanlega á laugardag eða sunnudag, og því var haldið leyndu fyrir hæstv. forsætisráðherra sjálfum fram á daginn í gær. Er formaður þingflokks Samfylkingarinnar að gefa til kynna að hæstv. forsætisráðherra hafi vitað um bréfið í gær? Auðvitað ekki. (Gripið fram í.) Það liggur fyrir að hæstv. forsætisráðherra hafði ekki fengið afrit af þessu bréfi og vissi ekki um efni þess.

Aðalatriðið er þó þetta, virðulegi forseti, ef ég fæ frið fyrir frammíkallaranum, hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni: Getur ekki fulltrúi Samfylkingarinnar og Vinstri grænna í umræðunni svarað einni ákaflega einfaldri spurningu? Hún er þessi: (Gripið fram í.) Er hugmyndin sú að þetta bréf verði lagt fyrir viðskiptanefnd Alþingis eður ei? Þetta mál er ekki flóknara en það. Þetta er hin einfalda spurning. Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað. Menn hafa tiplað í kringum hana. Hæstv. utanríkisráðherra talar drýgindalega um það að málið sé í höndum Alþingis en það er einfaldlega þannig að Alþingi hefur ekki fengið svar við því hvort það fái að skoða bréfið, þessar tæknilegu upplýsingar sem forsætisráðuneytið liggur á eins og ormur á gulli.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Svar við fyrirspurn.

[14:05]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Við höfum á undanförnum dögum getað lesið um það að hæstv. forseti ætli sér ekki að nýta þau bifreiðahlunnindi sem fylgja embættinu. Hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. utanríkisráðherra hafa upplýst að þeir eigi í ákveðnum vandræðum því að þeir séu allt í einu komnir með svo marga bíla og marga bílstjóra. (**Gripið fram í:** Ég hef ekki upplýst um það.) Ég lagði fram fyrirspurn 19. desember, um bifreiðahlunnindi ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, og mér reiknast til að það séu u.þ.b. 30 virkir dagar síðan svara átti þeirri fyrirspurn. Það væri óskandi að hæstv. forseti mundi kannski ýta á eftir þessari fyrirspurn um bifreiðahlunnindi almennt og hvort ekki sé orðið tímabært að við fáum að vita hvernig bifreiðahlunnindum annarra en þeirra sem sitja á þingi er háttað.

Þeir einu sem hafa svarað mér, skilanefnd Glitnis, sendu mér svarið beint. Þar kom fram að 1. desember 2008 var einn starfsmaður Glitnisbanka á bifreið í rekstrarleigu á kostnað bankans en 21 af fyrrum starfsmönnum bankans voru á bifreið á kostnað bankans.

[14:06]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Ég þakka hv. þingmanni fyrir að ganga eftir svörum varðandi þessa fyrirspurn og mun fylgja því eftir að svar við henni berist sem allra fyrst.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 3.–5. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu, fyrri umr.

Stjtill., 197. mál. — Þskj. 244.

[14:08]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um staðfestingu tveggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn sem varða aðild Albaníu og Króatíu. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað eftir heimild Alþingis til að fullgilda tvo viðbótarsamninga sem voru gerðir við Norður-Atlantshafssamninginn frá 1949 og varða aðild þessara tveggja lýðvelda að samningum.

Í 2. gr. þessara viðbótarsamninga er kveðið á um að þeir

öðlist því aðeins gildi að allir aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum hafi tilkynnt um staðfestingu sína á þeim. Mikil áhersla er lögð á það, herra forseti, að öll aðildarríki bandalagsins hafi lokið þessu staðfestingarferli í tíma þannig að aðild þessara vinaríkja okkar, Albaníu og Króatíu, geti orðið að veruleika á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins sem á að vera, eins og þeir sem sitja í utanríkismálanefnd hafa fylgst með og vita, hinn 3. apríl nk.

Ísland hefur ávallt verið í hópi þeirra ríkja sem hafa lagt áherslu á það að bandalagið sé opið öllum lýðræðisríkjum að því tilskildu að þau uppfylli þau pólitísku, efnahagslegu og hernaðarlegu skilyrði sem eru sett umsóknarríkjum vegna inngöngu.

Við höfum á umliðnum árum margsinnis staðfest fyrir Íslands og Alþingis hönd samninga sem hafa leitt til þess að á þessum tíma — frá því að Sovétríkin hrundu og kalda stríðinu lauk held ég að aðildarríkjafjöldinn hafi farið úr 12 í að verða 28. Hér á þessu háa Alþingi höfum við alltaf lagt áherslu á sjálfsákvörðunarrétt ríkja. Þó að ýmsir þingmenn hafi á stundum haft fyrirvara við stækkun Atlantshafsbandalagsins út frá því sem kalla má „geopólitískum“ sjónarmiðum þá hefur það alltaf verið niðurstaða þessa þings að menn virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Ef þjóðir kjósa að sækja sér skjól eða tryggja hagsmuni sína með því að ganga til liðs við bandalagið á þeim forsendum sem það hefur sett hefur Alþingi Íslendinga aldrei reynt að hafna slíkri viðleitni.

Segja má að sú stækkun sem nú er fyrirhuguð hjá Atlantshafsbandalaginu sé síðasta lotan af þremur stækkunarhrinum sem hafa orðið frá því að Þýskaland sameinaðist, Sovétríkin leystust upp, Varsjárbandalagið varð að engu og eftir að kalda stríðinu, sem við kölluðum svo á okkar tíma, lauk. Í kjölfar þeirra miklu breytinga hófst aðlögun bandalagsins að breyttum aðstæðum og margvíslegum fjölþættari viðfangsefnum sem lutu ekki einungis að því að stækka bandalagið — ég rifja það upp að bandalagið stofnaði m.a. Norður-Atlantshafssamráðið og það stofnaði friðarsamstarfið sem á ensku gengur undir nafninu og þingmenn þekkja sem Partnership for Peace. Þetta leiddi fljótlega til víðtæks samstarfs við ýmis Evrópuríki sem voru utan bandalagsins. Þessi þróun, sem hófst á þessum árum, eftir lok kalda stríðsins, leiddi til þess að stjórnvöld í tólf Mið- og Austur-Evrópuríkjum lýstu á árunum þar á eftir yfir miklum vilja til þess að fá aðild að bandalaginu.

Ég rifja það upp að á leiðtogafundi bandalagsins í Brussel 1994, sem á sínum tíma var mikið fjallað um, var áréttað að bandalagið stæði nýjum aðildarríkjum opið og í kjölfar þess réðst bandalagið í það að gera úttekt á forsendum og markmiðum hugsanlegrar fjölgunar aðildarríkja og var sú úttekt samþykkt sléttu ári síðar, 1995. Um svipað leyti hófu stjórnendur bandalagsins og fulltrúar þeirra viðræður við stjórnvöld í þeim ríkjum sem við höfum stundum kallað umsóknarríki á þessum árum til að meta pólitískar ástæður og aðrar ástæður í einstökum ríkjum á grundvelli úttektarinnar sem gerð var á árinu 1994–1995.

Af hálfu bandalagsins hefur alltaf verið lögð áhersla á að stækkunin eigi að hafa það að markmiði að leiða til aukins öryggis og aukins stöðugleika í Evrópu og styrkja um leið þá lýðræðisþróun sem hefur átt sér stað innan viðkomandi umsóknarríkis. Það var svo í Madrid, þremur árum eftir fundinn í Brussel, sem leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins steig í reynd það sem kalla má fyrsta skrefið til austurs. Þá var ákveðið að bjóða Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi aðild að bandalaginu. Öll þessi ríki höfðu æskt þess með mjög afdráttarlausum hætti. Á þessum fundi var því líka lýst ítarlega yfir og áréttað af hálfu bandalagsins að það yrði áfram opið lýðræðisríkjum í Evrópu sem gætu stuðlað að því að ná fram markmiðum Norður-Atlantshafssamningsins frá 1949 óháð landfræðilegri legu þeirra. Þessi þrjú ríki urðu síðan formlegir aðilar að bandalaginu tveimur árum síðar, 1999.

Þremur árum síðar, þ.e. árið 2002, á fundi leiðtoga Atlantshafsbandalagsins í Prag, var síðan ákveðið að stíga miklu umdeildara skref eins og þingmenn muna þegar ákveðið var að bjóða sjö ríkjum aðild að bandalaginu, Búlgaríu, Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu. Á þeim tíma urðu miklar umræður um þessa stækkunarviðleitni bandalagsins, m.a. á hinu háa Alþingi. Ég minnist þess að ég tók þátt í þeim umræðum og hélt hér mjög margar ræður til að verja rétt Eystrasaltsríkjanna þriggja til að taka þessa sjálfstæðu ákvörðun sem mörgum þótti raska stöðugleika í þeim hluta Evrópu.

Þarna er um grundvallarafstöðu að ræða. Þegar ríki óska sjálf eftir því að fá aðild að bandalagi eins og Atlantshafsbandalaginu tel ég að ekki séu nokkur föng til að bregða fæti fyrir það. Ríki og sérstaklega smáríki hljóta að hafa fullan skilning á þeirri nauðsyn að sérhvert ríki hafi sjálfsákvörðunarrétt í þessum efnum. En fyrst og síðast verður að miða — ég komst að raun um það í þeim umræðum að það var umdeild afstaða á hinu háa Alþingi, en ég er þessarar skoðunar að það sé gríðarlega mikilvægt að sérstaklega smáríki eins og Ísland geri sér fulla grein fyrir því að nauðsynlegt er að hafa skilning á því þegar önnur smáríki leita eftir því að treysta í sessi stöðugleika sinn sem þjóðar og öryggi með því að fá aðild t.d. að bandalagi eins og Atlantshafsbandalaginu eða þá Evrópusambandinu.

Menn undirrituðu þessa nauðsynlegu viðbótarsamninga ári síðar, 2003, og þessi ríki urðu síðan formlegir aðilar að bandalaginu árið 2004. Athyglisvert var að öll þessi ríki höfðu frá árinu 1999 tekið þátt í því sem bandalagið kallaði aðgerðaáætlun til undirbúningsaðildar ásamt öðrum ríkjum, Albaníu og Makedóníu. Vinaþjóð okkar, Króatar, bættist síðan í þennan hóp aðgerðaáætlunarinnar árið 2002. Þessi aðgerðaáætlun miðar að því að aðstoða ríki sem hafa í hyggju að sækja um aðild að Atlantshafsbandalaginu eða undirbúa aðildina en ríkin þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði, pólitísk, efnahagsleg, en líka skilyrði frá öryggisfræðilegu sjónarmiði áður en af aðild getur orðið.

Á leiðtogafundinum hinum síðasta, sem haldinn var í Búkarest í apríl á síðasta ári, var svo ákveðið að bjóða þeim tveimur ríkjum sem við erum hér að fjalla um, þ.e. Albaníu og Króatíu, aðild að bandalaginu enda var þá gengið úr skugga um að þessi ríki hefðu uppfyllt skilyrði aðgerðaáætlunarinnar sem ég nefndi áðan. Þessi tvö ríki munu sjálf greiða kostnað við aðlögun eigin varna að áætluninni og hinu samræmda varnarkerfi bandalagsins og ekki er gert ráð fyrir því að núverandi aðildarríki þurfi í einu eða neinu að breyta eigin varnaráætlunum eða auka útgjöld til varnar-

mála vegna fjölgunar aðildarríkjanna.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns er fyrir dyrum, innan tæplega tveggja mánaða, fundur þar sem gert er ráð fyrir því að hinu endanlega staðfestingarferli aðildarríkja að samningnum verði lokið. Það er eðlilega óskað eftir því af hálfu þessara ríkja og bandalagsins sjálfs að hægt verði að ganga frá fullri aðild Albaníu og Króatíu á leiðtogafundinum 3. apríl. Það er þess vegna sem þetta mál, sem að vísu er lagt fram fyrir jól, er flutt hér núna og verður vonandi tekið fyrir sem allra fyrst í utanríkismálanefnd þingsins því að ég tel að það sé full ástæða til að við hröðum staðfestingarferlinu af okkar hálfu. Það liggur fyrir að inntökuskilyrðin af hálfu Albaníu og Króatíu hafa verið uppfyllt og ég hef metið það svo og utanríkisráðuneytið að innganga þessara tveggja ríkja muni hafa jákvæð áhrif til að efla öryggi og stöðugleika á Balkanskaganum.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. utanríkismálanefndar að þessari umræðu lokinni.

[14:19]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Hér liggur fyrir þingsályktunartillaga, stjórnartillaga sem hæstv. utanríkisráðherra hefur mælt fyrir. Eins og kom fram í máli hans var þessi tillaga lögð fram á Alþingi fyrir jól, í desember sl., í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar. Hún var þá lögð fram sem stjórnartillaga. Ekki hafði samt sem áður gefist tækifæri eða tími til þess að mæla fyrir henni þá og kemur það þess vegna í hlut núverandi hæstv. utanríkisráðherra að mæla fyrir þessari tillögu. Eins og ráðherrann lagði til og gat um í máli sínu mun hún koma til umfjöllunar í hv. utanríkismálanefnd.

Það er bara tvennt sem ég mundi nefna stuttlega í tengslum við þetta mál. Annað er reyndar — og kannski hvort tveggja — mál sem hæstv. ráðherra kom aðeins inn á í framsögu sinni. Annars vegar er um að ræða hina almennu afstöðu til hernaðarbandalaga eins og Atlantshafsbandalagsins. Við í mínum flokki, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, höfum haldið uppi þeim málflutningi að hernaðarbandalög af þeim toga sem Atlantshafsbandalagið er séu ekki til þess fallin að auka frið og öryggi og stöðugleika í heiminum. Þeim sjónarmiðum höfum við haldið til haga þegar mál af þessum toga hafa verið til umfjöllunar á vettvangi Alþingis og á vettvangi hv. utanríkismálanefndar. Við munum að sjálfsögðu einnig gera það nú.

Hitt atriðið er að sjálfsögðu mjög þýðingarmikið í þessu efni og ég ætla ekki að gera lítið úr því en það er sjálfsákvörðunarréttur þjóða. Ég tel mjög mikilvægt að þjóðir geti sjálfar tekið ákvörðun um það hvernig þær haga sínum málum. Ef þær óska sérstaklega eftir því að taka þátt í samstarfi eins og Atlantshafsbandalaginu finnst mér að það eigi að vera þeirra ákvörðun burt séð frá því hvaða afstöðu við í einstökum aðildarríkjum kunnum að hafa til bandalagsins og aðildar okkar að því. Af þeim sökum vil ég leggja áherslu á þetta.

Varðandi sjálfsákvörðunarrétt þjóða er hann í mínum huga mjög dýrmætur, ég hef haldið því fram í mörgum tilfellum. Ég leyfi mér í þessari umræðu að benda á mál sem ég hef látið mig mikið varða og kynnt mér og þekki reyndar mjög vel til en það er landsvæðið í Kákasus. Þar hafa þjóðir barist fyrir sjálfsákvörðunarrétti en því miður hefur alþjóðasamfélagið ekki tekið á þeim málefnum af skilningi á mikilvægi þess að þjóðir ráði sínum málum sjálf. Hér er ég auðvitað sérstaklega að vísa til þjóða eins og Osseta sem hafa barist fyrir sjálfsákvörðunarrétti sínum við lítinn fögnuð og skilning alþjóðasamfélagsins sem hefur meðhöndlað þá með allt öðrum hætti en til að mynda þjóðabrot og þjóðir á Balkanskaga.

Þetta er efni sem er mér mjög hugleikið og ég hef skrifað um það. Það byggist m.a. á því að ég hef farið um þetta svæði og skoðað það sérstaklega og kynnt mér það. En það er annað mál og heyrir ekki undir þá tillögu sem hér er til umfjöllunar.

Ég vildi sem sagt, virðulegi forseti, aðeins geta þessara tveggja þátta, annars vegar afstöðu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði til Atlantshafsbandalagsins, hernaðarbandalags af þessum toga, og að við tölum meira fyrir annars konar samstarfi á þessu sviði. Við bundum vonir við það þegar múrinn féll að það yrði tilefni til þess að endurskoða varnarmálin m.a. með aukinni áherslu á starf á vettvangi öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og hugsanlega aukið samstarf norrænna þjóða á sviði varnar- og öryggismála. Það kann vel að vera að sá dagur komi að slíkt geti orðið að veruleika. Hitt atriðið er síðan sjálfsákvörðunarrétturinn sem er að sjálfsögðu í höndum þeirra þjóða sem hér um ræðir, þ.e. Albaníu og Króatíu sem hafa tekið ákvörðun um að óska eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu. Ég sé ekki ástæðu til annars en að þetta mál fái skjóta meðhöndlun á vettvangi hv. utanríkismálanefndar.

[14:24]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni og formanni utanríkismálanefndar fyrir að hafa hér góð orð um það að þetta mál muni hljóta skjóta afgreiðslu í hv. utanríkismálanefnd. Ég tek sömuleiðis mjög sterklega undir þau orð hans um að við þurfum að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir litla þjóð eins og okkur að hann sé að fullu virtur af umheiminum.

Það er svo, af því að hv. þingmaður nefndi Ossetíu — hann átti væntanlega við Suður-Ossetíu. Suður-Ossetía er innan landamæra Georgíu sem er eitt af þeim löndum sem ásamt tveimur öðrum, Makedóníu og Úkraínu, bíður afstöðu bandalagsins varðandi aðildarumsókn. Þegar við tölum um Króatíu og Albaníu er um að ræða fullvalda, sjálfstæðar þjóðir sem sjálfar hafa óskað eftir því að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Það er töluvert annað, tel ég, sem gildir um það en endilega spurningin sem hv. þingmaður vekur hér upp um sjálfsákvörðunarrétt Suður-Ossetíu til að vera þjóð. Abkasía vill hið sama og báðar eru innan sama ríkis í reynd.

Svolítið þekki ég til þessara þjóða líka frá því að ég fór þarna um á sínum tíma. Fyrir litla þjóð eins og Ísland skiptir miklu máli að ýta undir sanngjarnar kröfur sem geta stuðlað að friði og öryggi á svæðum eins og t.d. í Kákasus þar sem er mikill þjóðapottur og ekki munar miklu stundum að upp úr sjóði og hefur gert á umliðnum árum.

Það er hins vegar óskylt þessu máli. Hér erum við að

tala um að greiða för þessara tveggja sjálfstæðu fullvalda þjóða inn í Atlantshafsbandalagið. Það er gott að heyra það og ég ímynda mér að hér á hinu háa Alþingi efist enginn um rétt þessara þjóða til þess að taka sjálfar ákvörðun um þann hluta (Forseti hringir.) af sinni framtíð.

[14:27]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Nei, ég held að það eigi ekki að vera neinn ágreiningur um að þær þjóðir sem hér um ræðir eigi að geta tekið sína lýðræðislegu ákvörðun um það hvað þær kjósa að gera í þessu efni.

Varðandi hitt málið sem ég vakti máls á vegna þess að það er mér mjög hugleikið og varðar þessi „prinsipp“ um sjálfsákvörðunarrétt þjóða, get ég ekki látið hjá líða að nefna, af því að hæstv. ráðherra nefndi að þau væru héruð innan Georgíu sem væri líka sjálfstæð og fullvalda þjóð, að ákvörðunin um að innlima þessi héruð í Georgíu var mjög sérkennileg. Það var vegna þess að þessi héruð voru ekki hluti af lýðveldinu Georgíu þegar Georgía gerðist aðili að Sovétríkjunum á þriðja áratug síðustu aldar. Það kom til seinna að bæði Suður-Ossetía og Abkasía voru innlimuð í Georgíu með fyrirskipun frá Jósef Stalín sem var Georgíumaður, að vísu Osseti líka að hluta til.

Þess vegna hef ég alla tíð haldið því fram að það sé einkennilegt að lýðræðisþjóðir á Vesturlöndum skuli taka þá gjörð sem góða og gilda þegar þær þjóðir sem lifa í þessum héruðum hafa alla tíð mótmælt því að hafa verið limaðar inn í Georgíu. Ég vil ekki að menn feti í fótspor gamla Stalíns í þessu efni nema síður sé.

Það hefur keyrt mig áfram, hæstv. ráðherra, í þessu máli. Ég vil virða vilja þessara þjóða sjálfra og ég er þeirrar skoðunar og sagan sýnir okkur, ef menn fara í skoðun á því, að það var gegn þeirra vilja sem þær voru innlimaðar í Sovétríkin með sérstöku „dekret“ eins og það hét á tímum Sovétríkjanna, sérstöku „dekret“ frá Jósef Stalín. Og mér finnst ekki hæfilegt eða sæmandi að við fetum í fótspor (Forseti hringir.) hans og breiðum stalínismann út.

[14:29]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Herra forseti. Við ræðum hér um staðfestingu tveggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu. Ég kem hér fyrst og fremst til að lýsa afstöðu okkar sjálfstæðismanna sem styðjum þessa tillögu heils hugar og aldrei slíku vant get ég tekið undir nær hvert orð sem hæstv. utanríkisráðherra sagði í ræðu sinni. (Gripið fram í.) Það var á mörkunum.

En alla vega fögnum við því að þessi tvö ríki verði brátt fullgildir meðlimir í Atlantshafsbandalaginu. Eins og kemur fram í greinargerðinni hefur af hálfu Atlantshafsbandalagsins alltaf verið lögð áhersla á að fyrirhuguð stækkun leiði til aukins stöðugleika og öryggis í Evrópu og muni koma til með að styrkja enn frekar lýðræðisþróun í þessum hluta Evrópu og í viðkomandi ríkjum. Við styðjum þetta og munum greiða fyrir málinu í vinnu hv. utanríkismálanefndar.

Ég get samt ekki látið hjá líða, þetta er of gott tækifæri, en ég hef lúmskt gaman af því að sjá hvernig hv. formaður utanríkismálanefndar engist nokkuð með þetta mál. Hann lýsti hér afstöðu sinni og flokks síns til hernaðarbandalaga. Ég hef átt nokkur orðaskipti úr þessum stól við formann flokks hv. þingmanns um það sem hæstv. fjármálaráðherra hefur kallað mikið hernaðarbrölt og við höfum ekki alltaf verið sammála í þessu. Ég verð að viðurkenna að ég hlakka til að sitja fundi hv. utanríkismálanefndar undir forustu þingmanns Vinstri grænna þar sem fjallað er um stækkun Atlantshafsbandalagsins. Ég treysti því að þingmaðurinn muni styðja það mál heils hugar enda um stjórnartillögu þessarar ágætu minnihlutastjórnar.

En af því að Georgía var til umræðu ætla ég ekki að fara í sögukeppni við hv. þingmann en þar sem allir geta þess hér að þeir hafi komið til Georgíu verð ég að lýsa því að ég heimsótti það ágæta land fyrir tæpum tveimur árum. Ég tek undir það sem sagt hefur verið um sjálfsákvörðunarrétt þjóða og að við eigum ekki að standa í vegi fyrir því að fullvalda þjóðir taki sínar ákvarðanir. Þá vona ég að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson muni gera slíkt hið sama ef til þess kemur að flutt verði sams konar tillaga um aðild Georgíu að Atlantshafsbandalaginu sem ég vona að einhvern tímann verði. Það virðist vera vilji þjóðarinnar, að minnsta kosti georgísku þjóðarinnar — að minnsta kosti hafa yfir 70% þjóðarinnar lýst stuðningi við aðild landsins að Atlantshafsbandalaginu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt sem þingmaðurinn nefndi að við virðum sjálfsákvörðunarétt þjóða.

En nóg um það. Ég endurtek stuðning okkar sjálfstæðismanna við þessa þingsályktunartillögu og mun greiða fyrir henni í störfum hv. utanríkismálanefndar.

[14:33]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Umræðan um þetta mál er kannski farin snúast um annað efni líka sem ég ber reyndar ábyrgð á að hafa léð máls á sem varðar Kákasus og Suður-Ossetíu. Ég ætla bara að segja að mér fyndist áhugavert að við tækjum umræðu og fengjum kynningu á þeim málum öllum á vettvangi utanríkismálanefndar. Ég er þess fullviss að það sé allt of lítil þekking á málefnum þessa héraðs hér á landi og víðar á Vesturlöndum. Og varðandi það þegar hv. þingmaður talar um óskir þeirrar þjóðar þá gildir að sjálfsögðu í mínum huga alveg það sama um óskir eða sjálfsákvörðunarrétt þeirrar þjóðar. En ég vek hins vegar athygli á að ossetíska þjóðin er ekki georgíska þjóðin. Þær eru í raun ekki einu sinni skyldar. Þær tala allt annað tungumál, þær hafa allt aðra menningu og því er mikill munur á ossetísku þjóðinni annars vegar og georgísku þjóðinni hins vegar. Abkaska þjóðin er hins vegar skyldari þeirri georgísku ef við förum út í etýmólógíuna í tungumálum og sögu og menningu þessara þjóða. Væri fróðlegt fyrir þingmenn að kynna sér skrif hins virta fræðimanns Friðriks Þórðarsonar, prófessors við Háskólann í Ósló, sem var manna fróðastur í veröldinni allri um málefni Kákasusþjóða og hefur skrifað margar ritgerðir og greinar um sögu þeirra, menningu og hvers vegna þær eru sjálfstæðar. Til að mynda fyrir tveimur árum, post mortem, kom út fyrsta ritið um ossetíska málfræði skrifað af Friðriki Þórðarsyni. Við getum því leitað í smiðju til okkar virta fræðimanns sem fjallaði mikið um og

rannsakaði sögu og menningu þessara þjóða og bjó lengi á Kákasussvæðunum. Af minni hálfu væri áhugavert að fá umfjöllun um þetta mál þó að það (Forseti hringir.) sé ekki sérstakt þingmál á vettvangi hv. nefndar og ég mun kanna (Forseti hringir.) hvort flötur er á því.

[14:35]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð bara að upplýsa það að ég er hér margs vísari eftir ræðu hv. formanns utanríkismálanefndar og tek undir með honum að það væri fróðlegt að fá meiri umfjöllun um þetta svæði í heiminum sem við vitum ekki nógu mikið um, sum okkar alla vega. Ég tek undir það með þingmanninum að við ættum endilega að skoða þessi mál frekar.

[14:36]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir góða framsögu í þessu máli og styð það heils hugar og það gerum við framsóknarmenn. Ég tel að þetta sé einfalt mál og þurfi kannski ekki að taka mjög langan tíma að afgreiða það úr hv. nefnd. Við þekkjum þessi mál, þau hafa komið til þingsins áður og varða það að stækka Atlantshafsbandalagið. Það er gert að beiðni viðkomandi þjóða og þjóðríkja vegna þess að það er mikil ásókn í að gerast aðili að Atlantshafsbandalaginu. Það kom glögglega í ljós á þeim fundum sem ég sat á mínum stutta ferli sem utanríkisráðherra þegar haldnir voru leiðtogafundir að áhuginn af hálfu Austur-Evrópuþjóða á því að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu er mjög mikill og það er mikilvægt að geta orðið við þessum óskum en eins og hér hefur komið fram þurfa lönd að uppfylla ákveðin skilyrði til að teljast tæk inn í þetta ríkjasamband. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra hefur verið ákveðið ferli í gangi og nú eru það þessar tvær þjóðir, þ.e. Króatía og Albanía, sem um ræðir.

Mín stutta reynsla af því að gegna embætti utanríkisráðherra varð síður en svo til þess að minnka álit mitt á þessu ríkjasambandi og ég sannfærðist um að þetta samstarf lýðræðisþjóða skiptir gríðarlega miklu máli. Í rauninni er það ein af frumskyldum stjórnvalda hverju sinni að tryggja borgurum sínum öryggi að svo miklu leyti sem mögulegt er og þessa leið hafa þær þjóðir sem fengið hafa frelsi í Austur-Evrópu valið í stórum stíl og þannig mun það verða áfram. En eins og hér hefur komið fram í umræðunni eru þjóðir á biðlista og vonandi verður fljótlega hægt að bregðast við óskum þeirra.

Ég vil líka, hæstv. forseti, taka undir það sem kom fram hjá formanni nefndarinnar að það hefði verið áhugavert að fjalla um Kákasussvæðið í hv. nefnd og fá þangað sérfræðinga á sviði málefna Kákasus. Ég og forseti sem nú er að störfum upplifðum og fengum miklar upplýsingar um ástandið þarna í fyrra þegar við sóttum fund ÖSE í Torontó þar sem komu fulltrúar bæði frá Rússlandi og Georgíu, utanríkisráðherra annars vegar og sendiherra hins vegar, og voru með framsögu um sín sjónarmið sem varða það hræðilega ástand sem skapaðist í Suður-Ossetíu. Umræða fór fram daglangt um þetta málefni án þess að hún yrði svo heit að það skapaði erfiðleika. Þetta var vissulega mjög viðkvæm og erfið umræða og mjög tilfinningaþrungin hjá báðum aðilum. Engu að síður tókst að leiða umræðuna þannig að hún varð fyrst og fremst upplýsandi, vissulega varð engin niðurstaða en það var kannski ekki heldur til þess ætlast að svo yrði.

Hæstv. forseti. Þetta er mál sem við munum eflaust geta náð góðri samstöðu um í hv. utanríkismálanefnd. Ég hef þann heiður að sitja í nefndinni núna, að hafa verið kjörin til setu í utanríkismálanefnd eftir að hin nýja ríkisstjórn var mynduð.

[14:41]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég þakka þeim þingmönnum stjórnmálaflokkanna sem hafa talað við þessa umræðu. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er fullur hugur hjá þeim að greiða fyrir för þessa máls í gegnum þingið. Eins og fram kom í framsögu minni liggur nokkuð á því, af því að óskað er eftir því að á leiðtogafundi bandalagsins 3. apríl næstkomandi verði staðfestingarferlinu lokið og m.a. þarf hið íslenska Alþingi þá að hafa lokið samþykkt sinni á þeirri þingsályktunartillögu sem ég hef nú mælt fyrir í dag.

Ég sé á öllu og heyri að það eru spennandi tímar fram undan í hv. utanríkismálanefnd. Þar er kominn mikill sérfræðingur í málefnum ýmissa flókinna þjóðasamsetninga. Því miður geri ég ekki ráð fyrir að ég sem handhafi framkvæmdarvaldsins verði boðinn til þeirra funda en hugsanlega mundi hv. þingmaður og formaður utanríkismálanefndar upplýsa mig í góðu næði eða miðla af þeirri miklu þekkingu sem hann bersýnilega hefur á þessu. Sumt af því sem hann nefndi hér um málefni Abkasa og Osseta var mér ekki alveg ljóst. Ég hafði t.d. enga hugmynd um að við Íslendingar hefðum átt slíkan sérfræðing í málefnum þessara þjóða sérstaklega þá Osseta eins og kom fram í máli hv. þingmanns.

Ég held að það skipti máli líka að gera sér grein fyrir því að þær tvær þjóðir sem við erum hér að fjalla um eru vinaþjóðir Íslendinga sem við höfum bundist á síðustu árum sérstökum tengslum við og höfum áður reynt að greiða götu. Hvað Albaníu varðar er alveg ljóst að Albanar hafa sótt mikið til Íslands og sækja enn í dag varðandi þekkingu og hugsanlega aðstoð við að virkja vatnsföll í Albaníu sem mikið er af óbeisluðum.

Ég rifja það upp að hv. þm. Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fór sína síðustu opinberu för sem forsætisráðherra til Albaníu eigi alls fyrir löngu og þar kom í ljós mikill áhugi á að efla þessi tengsl við Ísland. Að því er Króatíu varðar er rétt að rifja það upp að á sínum tíma þegar Króatía varð að fullvalda ríki þá var Ísland fyrst þjóða til að veita hinni nýju þjóð opinberlega viðurkenningu sem fullvalda ríki. Ég held að við höfum orðið þar nokkrum klukkustundum á undan Þjóðverjum og síðan Evrópusambandinu sjálfu. Við höfum því á hinum síðustu tímum haft sérstök tengsl við Króata. Því miður hefur okkur ekki alltaf gengið nógu vel að vinna þá í handbolta en kannski ber nýrra við í framtíðinni. En tengslin eru fyrir hendi og við eigum að rækta þau og það erum við m.a. að gera með því að greiða götu þeirra hérna.

Ég tek svo algerlega undir það sem hv. þm. Valgerður

Sverrisdóttir sagði áðan um hver væri frumskylda ríkisstjórna. Frumskylda ríkisstjórna, sagði hv. þingmaður, er að tryggja öryggi þjóðar sinnar og finna leiðir í viðsjárverðum heimi til þess að koma málum svo fyrir að hún búi við mest hugsanlegt öryggi. Það er vandasamt í þeim hluta heimsins sem Balkanskaginn er. Sagan sýnir það einfaldlega að þar þurfa menn stundum að taka djarfar ákvarðanir til að skjóta sér og sínum í skjól. Það er djörf ákvörðun hjá þjóðum, sérstaklega hinum fyrstu sem ákveða að feta þessa leið að tryggja með þessum hætti, þ.e. með inngöngu í Atlantshafsbandalagið, öryggi borgara sinna. Eins og menn muna urðu þær þeirra sem fóru fyrstu skrefin á þeirri braut fyrir því að stórþjóðir, sem töldu að blakað væri við áhrifum þeirra í þessum heimshluta, skökuðu að þeim skellum. Það þurfti líka kjark hjá Atlantshafsbandalaginu og þjóðunum sem mynduðu það á þeim tíma fyrir stækkunarhrinuna að opna dyr bandalagsins og veita þeim skjól, oft undir miklum kárínum þeirra sem líka telja sig stórveldi í samfélagi þjóðanna og töldu að með þessu væri með einhverjum hætti verið að hreyfa við áhrifastöðu þeirra í þessum hluta heimsins.

Þannig er heimurinn. Honum vindur fram vegna þess að til er fólk sem tekur djarfar ákvarðanir, sem betur fer oftast réttar og sem betur fer miða að því að tryggja aukinn stöðugleika og frið. Ég held að við séum að gera það með samþykkt á þessari þingsályktunartillögu. Ég tel að með henni sé stigið skref til þess að auka stöðugleikann í þessum hluta heims og þá er það gleðiefni að Íslendingar geti með sínum hætti lagt lóð á vogarskál.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og utanrmn.

Lögskráning sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 290. mál (heildarlög). — Þskj. 516.

[14:46]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um lögskráningu sjómanna. Frumvarpið er afrakstur heildarendurskoðunar á gildandi lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987.

Lögskráning sjómanna eins og tíðkast hefur hér allt frá árinu 1930 er einsdæmi en tilgangur hennar er fjölþættur. Í fyrsta lagi er henni ætlað að tryggja sönnun fyrir því hverjir hafi verið um borð í skipi ef það ferst. Þá er lögskráningin liður í eftirliti með því að sjómenn um borð hafi lögboðin starfsréttindi, að tryggja að lögboðin slysatrygging sé í gildi og jafnframt að fyrir liggi gögn um haffæri skips. Þá felst einnig í henni skráning á siglingatíma sjómanna og hefur siglingatíminn verið nýttur til útreiknings á skattafslætti sjómanna.

Lögskráningu sjómanna má rekja aftur til ársins 1889 í lögskráningarbálk farmannalaga. Þá framkvæmd sem þekkist í dag við lögskráningu má hins vegar rekja til laga um lögskráningu sjómanna er tóku gildi árið 1930, eins og áður sagði. Má eiginlega dást að hvílík framsýni þar hefur verið hvað þetta varðar. Efnislega hafa litlar breytingar orðið á lögunum síðan að því undanskildu að nú er við framkvæmd lögskráningar gerð krafa um að sjómenn hafi hlotið öryggisfræðslu frá Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum aðila.

Megintilgangur þessa frumvarps er að gera framkvæmd lögskráningarinnar einfaldari en áður og minnka skrifinnsku með rafrænni skráningu og er þá mjög eðlilegt að þetta frumvarp sé flutt frá ráðuneyti fjarskiptamála.

Lagt er til að skipstjórar og/eða útgerðarmenn beri ábyrgð á lögskráningunni sjálfir í gegnum lögskráningarkerfið og að þeir annist framkvæmd hennar. Fyrir þá skipstjóra eða útgerðarmenn sem ekki vilja nýta sér þann möguleika verður engu síður hægt að lögskrá með svipuðu fyrirkomulagi og áður. Í þeim tilvikum geta skipstjórar sent tilskilin gögn eða upplýsingar til stofnunar eða embættis sem eftir nánari ákvörðun samgönguráðherra sér um framkvæmdina í stað sýslumanna og tollstjóra áður.

Með notkun rafrænna skilríkja verður hægt að tryggja að upplýsingarnar stafi frá réttum aðila hverju sinni. Við framkvæmd lögskráningar verða upplýsingar frá skipstjóra eða útgerðarmanni bornar saman við upplýsingar í gagnagrunni hjá Siglingastofnun þannig að ganga megi úr skugga um að þær séu réttar, m.a. varðandi gildi skírteina, tryggingar og haffæri skips.

Í frumvarpinu er lögð til sú meginbreyting frá gildandi lögum að lögskráningin tekur nú til allra sjómanna sem starfa um borð í skipum sem skráningarskyld eru hér á landi. Í gildandi löggjöf nær skráningin til allra sjómanna sem ráðnir eru til starfa á skipum sem skráð eru hér á landi og eru 20 brúttótonn eða stærri. Fallið er frá stærðartakmörkunum enda ekki lengur taldar forsendur fyrir því að gera greinarmun á eftirliti með kröfum um tilskilin réttindi og tryggingar eftir stærð skipa.

Virðulegi forseti. Við framkvæmd lögskráningar verður ekki lengur gerð krafa um yfirlýsingu tryggingafélags og að líf- og slysatrygging sé í gildi. Þess í stað er samfara þessu frumvarpi gert ráð fyrir breytingu á lögum um eftirlit með skipum. Þar er lagt til að skip fái ekki haffærisskírteini nema í gildi sé lögboðin líf- og slysatrygging. Er sú leið farin þar sem haffærisskírteinið er á rafrænu formi og tengt gagnagrunninum um lögskráningu sjómanna. Með því að tengja yfirlýsinguna við útgáfu haffærisskírteinis þarf að ráðast í færri breytingar á lögskráningarkerfinu en ella.

Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir því að frumvarp þetta hafi í för með sér verulegar breytingar á lögskráningunni sem slíkri þar sem tilgangur hennar og markmið verða svipuð og áður.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri heldur legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[14:50]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Breytingin með þessu frumvarpi er aðallega sú að í staðinn fyrir 12 brúttólestir er nú farið í 20 brúttólestir. Það þýðir að nú eru fleiri lítil skip en áður sem ekki þurfa lögskráningu. Slysatíðni um borð í skipum og skipstapar eru miklu meiri og fleiri á litlum skipum en stór-

um. Það er það sem ég rek augun í við fyrstu sýn.

Það er auðvitað margt sem þarf að skoða, eins og hvaða reglugerðarþættir það eru eins og í 7. gr. frumvarpsins um reglugerðarheimild. Það þyrfti nánari útlistun og síðast en ekki síst undanþágurnar frá því að vera með lögskráningu sem hugsanlegt er að gera eins og stendur í frumvarpinu, á hafsögubátum, dráttarbátum, björgunarskipum, frístundafiskiskipum og farþegaskipum til skoðunarferða.

Það er mjög sérkennilegt. Ég get fallist á það hvað varðar björgunarskipin sem þarf að manna einn, tveir og þrír ef eitthvert óhapp verður og þau þurfa að komast á sjó hvort sem það eru skráð á þau eða ekki. Og kannski hafnsögubáta þar sem menn koma og fara úr vinnunni og er kannski ekki hægt að vera með þá alla skráða. Þó ætti það nú að vera hægt. En t.d. er engin ástæða að undanskilja dráttarbáta og frístundaskip lögskráningu. Oft eru það útlendingar sem leigja frístundaskip. Ég held að það væri mjög þarft að vera þar með skráningu og vita hverjir eru um borð á hverjum tíma. Sama á við farþegaskip (Forseti hringir.) í skoðunarferðum.

[14:52]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta andsvar. Mér heyrðist hann vera sáttur við það sem hér er verið að gera enda er verið að einfalda kerfið í takt við einfaldara Ísland og taka upp nútímaskráningu með rafrænum hætti.

En varðandi það sem hv. þingmaður nefndi um 7. gr. um undanþágur vek ég sérstaka athygli á því að ráðherra er heimilt að veita undanþágu, honum er ekki skylt að verða við þessu. Það geta að sjálfsögðu verið sjónarmið eins og ég hef heyrt frá hv. þingmanni um að ekki sé ástæða til að hafa alla þá báta í lögskráningarkerfinu sem þarna eru taldir upp. Þess vegna er þetta inni sem heimildarákvæði.

[14:53]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vert að spyrja vegna þess að nú eru komin ný skírteini fyrir skipstjórnarmenn, þ.e. svokölluð frístundaskírteini: Hver er munurinn á frístundaskírteini og svokölluðu 30 tonna pungaprófi sem verið hefur í gildi hér til margra ára? Það væri mjög fróðlegt að heyra þó að það snerti ekki kannski þetta frumvarp beint.

Það má líka forvitnast um ábyrgðina sem er skipstjórans að skrá á skipið en hann má fela útgerðarmanninum að gera það. En ef útgerðarmaðurinn gleymir að skrá á skipið eftir að skipið er farið á sjó er ábyrgðin eftir sem áður hjá skipstjóranum og hann fær dóm eða refsingu ef skráning er ekki rétt á skipinu. Það á auðvitað við í fleiri tilfellum varðandi skipstjórnarmenn eins og t.d. um kvótatilfærslu á skip og af skipum sem koma inn á ábyrgð skipstjórans. Skipstjórar vilja náttúrlega bera mikla ábyrgð.

En í þessu tilfelli er staðan sú að þeim er falið að gera það og þeir geta falið útgerðarmanni að lögskrá á skipið. Ef það bregst einhverra hluta vegna, útgerðarmaðurinn gleymir að skrá eða vanrækir það viljandi út af því að viðkomandi aðila vantar kannski réttindi eða eitthvað þess háttar, er skipstjórinn orðinn ábyrgur fyrir því þó svo að útgerðarmaðurinn hafi átt að sjá um það.

Það eru þessar reglugerðir sem eru alltaf stóra spurningin í svona tilfellum. Þess vegna spyr ég sérstaklega um skipstjórnarréttindi, þessi venjulegu, þessi svokölluðu 30 tonna pungapróf, og frístundaskírteinin.

[14:55]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við ræddum fyrr í vetur um frístundafiskibátana en ekkert er orðið klárt með þá af því það er ekki orðið að lögum. Málið liggur hjá samgöngunefnd og er í vinnslu þar. Ég trúi því að (Gripið fram í.) þau sjónarmið sem hv. þingmaður nefnir séu til umræðu þar.

Varðandi reglugerðarþættina er það eins og gengur og gerist í lagasetningu okkar um heimildir til að útfæra suma hluti nánar. Þeir eru hafðir þarna inni eins og áður.

Hvað varðar samspil skipstjóra og útgerðarmanns vil ég trúa því og treysta að það verði gott þannig að það sé ekki þannig að skráningunni sé vísað yfir og svo gleymi útgerðarmaður eða skipstjóri að skrá á skipið. Þetta er eitthvert útfærsluatriði sem skipstjóri og viðkomandi útgerðarmaður verða að koma sér saman um.

[14:56]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Hér er til umræðu frumvarp frá hæstv. samgönguráðherra um lögskráningu skipa og rétt á eftir mun hann mæla fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um eftirlit með skipum. Þessi mál hanga töluvert saman. Mig langar í stuttu máli gera grein fyrir afstöðu sjálfstæðismanna í samgöngunefnd gagnvart því frumvarpi sem hér liggur fyrir.

Ég get ekki farið í nákvæmar útlistanir á skipstjórnarréttindum eins og hv. þm. Grétar Mar Jónsson getur gert í sínum ræðum. Það nú reyndar svo að í samgöngunefnd situr einnig annar mjög reyndur skipstjórnarmaður, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson. Það hefur satt að segja reynst mjög gagnlegt í störfum nefndarinnar, sérstaklega þegar til umræðu eru mál er varða réttindi skipstjórnarmanna, að hafa svo reyndan skipstjórnarmann eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson í nefndinni. Ég held að ég tali fyrir munn margra nefndarmanna að við hlustum vel þegar hann lýsir skoðunum sínum á þeim réttindum sem þarna þarf að líta til.

Það sem er verið að leggja til er einföldun á kerfinu. Verið er að gera breytingu í átt að rafrænni skráningu sem ég tel vera mjög til bóta. Það er líka verið að gera breytingar á því hvar tryggingayfirlýsing liggur fyrir og færa hana frá lögum um lögskráningu sjómanna yfir til laga sem varða eftirlit með skipum. Mér finnst það vera réttmæt og eðlileg breyting.

Síðan er það sem varðar stærð þeirra skipa sem þarf að lögskrá. Það getur vel verið að sitt sýnist hverjum í því efni og ég á þá von á því að nefndin taki það til skoðunar.

Við sjálfstæðismenn munum greiða fyrir framgangi þessara frumvarpa og leggja okkar af mörkum í samgöngunefnd til þess að þessi mál fái þar góða afgreiðslu.

[14:58]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Það sem er að í þessu frumvarpi er breytingin úr 12 brúttótonnum í 20 brúttótonn. Það er að mínu mati stóri gallinn við frumvarpið og ef einhvers staðar er þörf að vera með skráningu liggur hún í því að við hefðum þurft að vera með hana á smærri bátunum þar sem slysatíðnin er mest, eins og ég kom hér inn á áðan. Maður spyr sig: Af hverju er verið að leggja áherslu á að vera með skráningarskyldu á stærri skipum en ekki á smærri? Það er hlutur sem er rétt að athuga.

Á dagróðrabátum eru miklar breytingar. Ef maður veikist einn dag á að afskrá hann og það á að afskrá þann sem leysir hann af hvort sem róðurinn er 20 eða 30 tímar. Það er í rauninni mikil vinna fyrir skipstjóra að halda utan um þetta og gleyma þessu ekki því að ef hann gleymir þessu og Landhelgisgæslan kemur um borð í viðkomandi skip þar sem er einn ólögskráður eða fleiri er það auðvitað hið versta mál og lögbrot.

Ég kom líka inn á það áðan að skipstjóra er heimilt að fela útgerðarmanni að annast lögskráninguna. Það er alveg rétt. En það er oft þannig að það fer á milli skips og bryggju þannig lagað séð, skilaboðin komast ekki til skila og annað í þeim dúr og þetta gleymist. Á mörgum skipum er búin að vera rafræn lögskráning til margra ára og menn hafa sent í tölvutæku formi til skráningarstjóra upplýsingar um áhöfn sem er að fara í veiðiferð, sérstaklega á skipum sem eru lengur úti en sólarhringinn. Þá er það oftast gert þannig, hvort sem það er á togurum eða loðnuskipum eða stórum línuskipum og öðrum í þeim flokki skipa sem eru ekki í þessum svokölluðu dagróðrum.

Reglugerðarþátturinn er þáttur sem er dálítið óþolandi við alla lagagerð hérna á þinginu. Það er eins og stendur í 7. gr. um reglugerðarheimildir. Síðan vita menn ekkert hverjar þær eru eða hvernig þær verða. Ráðherra er heimilt í reglugerð að veita undanþágu frá ákvæðum laga þessara um lögskráningarskyldu áhafna tiltekinna skipa, svo sem hafnsögubáta, dráttarbáta, björgunarskipa, frístundaskipa og farþegaskipa til skoðunarferða.

Eins og ég hef sagt get ég alveg tekið undir þetta hvað varðar björgunarskip en önnur skip sé ég ekki ástæðu til að tala um í þessum flokki og alls ekki farþegaskip til skoðunarferða eða frístundaskip þar sem eru að hluta til eða jafnvel eingöngu útlendingar um borð í. Ég hef gert athugasemd við hvernig staðið er að útgerð þeirra skipa og kröfur um réttindi fyrir þá menn sem taka frístundaskip á leigu til að stunda fiskveiðar.

Síðan eru það skilríki skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna um borð í skipunum og eftirlitsþátturinn hvað þau varðar. Ef menn eru ekki með skírteini fá þeir sektir. Sektarákvæðin og refsiákvæðin eru allt of há. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema að þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Hvaða vitleysa er það að gera það að stórglæp þegar menn gleyma að skrá menn í skipshöfn? Þar er allt of langt gengið í því að refsa mönnum. Ég tala nú ekki um eins og ég benti á áðan, að skipstjóra er heimilt að fela útgerðarmanni að annast lögskráningu. Svo gerist eitthvað, það ferst fyrir að lögskrá hvort sem það er gert í tölvuskeyti eða jafnvel bara á blaðsnifsi sem breytingarnar eru skráðar á. Það þarf að vera nafn og númer á viðkomandi manni, kennitala og heimilisfang og næstu aðstandendur. Svona hlutir ganga of langt að mínu mati.

Síðast en ekki síst er skipstjórinn ábyrgur í þessu tilfelli. Varðandi öryggismálaþáttinn er verið að tala um að hafa lögskráningu á skipum til þess að vita hverjir eru á viðkomandi skipi. Þess vegna er mjög athyglisvert að hækka markið úr 12 tonnum í 20 tonn þar sem ljóst er að flest skip sem lenda í einhverjum uppákomum eru smærri bátar. Maður hefði haldið að ef einhvers staðar ætti að vera lögbundin skráningarskylda væri það á þessum litlu bátum.

Það er það sem ég geri hvað mestar athugasemdir við í þessu frumvarpi. En ég vil benda á að rafræn lögskráning hefur átt sér stað til margra ára í íslenska fiskiskipaflotanum og líka á fraktskipum.

[15:06]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Aðeins vegna þess að mér finnst hafa komið fram smámisskilningur hjá hv. þingmanni. Eins og stendur í 2. gr. gilda lög þessi um áhafnir allra skráningarskyldra skipa á Íslandi sem gerð eru út í atvinnuskyni. Að tala um 12 brúttótonn eða 20 brúttótonn — í gildandi lögum eru 20 brúttótonn og stærri og við erum að færa það niður þannig að við erum að koma til móts við það sem hv. þingmaður gerði að aðalatriði í ræðu sinni.

[15:06]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Vel getur verið að um einhvern misskilning sé hér að ræða en í gildandi löggjöf nær skráningin til allra sjómanna sem ráðnir eru til starfa á skipum sem skráð eru hér á landi og eru 20 brúttótonn eða stærri. En áður átti þetta við 12 tonn og stærri. Þannig voru lögin. Ég þekki það sjálfur og hef verið á skipum alveg niður í 12 tonn og þar hefur skráning verið skylda, en á skipum undir 12 tonnum hefur ekkert þurft að skrá þannig að — (**Samgrh.:** Það er gert núna.) það er ekki gert með þessu, 20 brúttótonn eða stærri. Við erum þá ekki að lesa sama texta. (**Samgrh.:** Lestu 2. gr.) Ég er að lesa hér 4. gr. (**Samgrh.:** Hvað stendur í 2. gr.?) Í 2. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Lög þessi gilda um áhafnir allra skráningarskyldra skipa á Íslandi.“

Í athugasemdum við frumvarpið segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er lögð til sú meginbreyting frá gildandi lögum að lögskráningin tekur nú til allra sjómanna sem starfa um borð í skipum sem skráningarskyld eru hér á landi. Í gildandi löggjöf nær skráningin til allra sjómanna sem ráðnir eru til starfa á skipum sem skráð eru hér á landi og eru 20 brúttótonn eða stærri.“

Það er verið að breyta lögunum. Ég held að hæstv. ráðherra verði að gera sér það ljóst en hann virðist ekki vera nægilega vel inni í þessum málum til að átta sig á því út á

hvað frumvarp hans gengur og betra væri að hann kynnti sér það betur og vissi um hvað hann væri að tala.

[15:08]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú frekar leiðinlegt að munnhöggvast við hv. þingmann um þetta og eins og hann las sjálfur upp úr 2. gr., með leyfi forseta:

„Lög þessi gilda um áhafnir allra skráningarskyldra skipa á Íslandi.“

Í flutningsræðu minni kom fram að þar eru m.a. smábátarnir teknir undir, eins og hv. þingmaður kallaði eftir í ræðu sinni. Verið er að ganga þessa göngu alla þannig að ég skil ekki um hvað hv. þingmaður er að tala og í gildandi lögum í dag er ekki talað um 12 brúttótonn, eins og hv. þingmaður talar um, heldur 20 brúttótonn.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og samgn.

Eftirlit með skipum, 1. umr.

Stjfrv., 291. mál (útgáfa haffærnisskírteina). — Þskj. 517.

[15:09]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 47/2003, um eftirlit með skipum.

Frumvarpið er afrakstur heildarendurskoðunar á gildandi lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, og samið í samgönguráðuneytinu í samvinnu við Siglingastofnun Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að útgáfa haffærisskírteina geti eingöngu farið fram liggi fyrir yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að slíkt fyrirkomulag gildi eingöngu um skip sem eru 20 brúttótonn og minni. Rökin sem liggja að baki eru að við framkvæmd lögskráningar skal lögskráningarstjóri ganga úr skugga um að slík yfirlýsing sé fyrir hendi, annars verði ekki lögskráð á skip. Lögskráningarskylda samkvæmt gildandi lögum nær eingöngu yfir skip sem eru 20 brúttótonn eða stærri. Í ljósi þess var farin sú leið að skip sem ekki féllu undir lögskráningarlögin þyrftu að sýna fram á þessa yfirlýsingu tryggingarfélags áður en þau fengju útgefið haffærisskírteini.

Til þess að lögskráning geti alfarið farið fram með rafrænum hætti, sem leiðir til einföldunar og minni skriffinnsku, er lagt til að yfirlýsing tryggingarfélags verði bundin við útgáfu haffærisskírteinis í staðinn fyrir framkvæmd lögskráningar. Breytingin mun eftir sem áður tryggja að skip hafi lögboðnar tryggingar hverju sinni, enda fær skip ekki lögskráningu nema fyrir liggi gilt haffærisskírteini. Hafi skip því gilt haffærisskírteini, leiðir það sjálfkrafa af sér að það hafi einnig yfirlýsingu tryggingarfélags um áhafnartryggingu samkvæmt 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð lengri heldur legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[15:11]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér ræðum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum. Þá kemur kannski framhald af því sem við ræddum áðan. Lögskráningarskylda samkvæmt gildandi lögum nær eingöngu yfir skip sem eru 20 brúttótonn eða stærri.

Þetta er staðreynd. Við megum ekki rugla saman lögskráningu annars vegar og tryggingum hins vegar. Öll skip og allur mannskapur þurfa að vera með tryggingar í lagi. Það þurfa að vera mannatryggingar, slysatryggingar og þess vegna eru tryggingar ekki það sama og lögskráning þannig að mér finnst nauðsynlegt að gera athugasemd við þetta. Ég tek það fram enn og aftur að lögskráning á skip er eitt, það þarf að tilkynna skráningarstjóra um leið og skip fer úr höfn og afskrá þegar viðkomandi maður hættir í áhöfn, en tryggingar eiga við allar stærðir báta alveg niður í tveggja tonna trillur og þar þurfa öll skip að vera með mannatryggingar í lagi og með haffærisskírteini og þar af leiðandi húftryggingu skipsins sjálfs í lagi og annað. Hér er verið að rugla saman hlutum og það stendur skýrt í frumvarpinu að lögskráningarskylda samkvæmt gildandi lögum nái eingöngu yfir skip sem eru 20 brúttótonn eða stærri.

Ég held að hæstv. ráðherra hljóti að átta á sig á því um hvað verið er að tala og auðvitað er grautfúlt að þurfa að rífast um þessa þætti en þetta er alveg skýrt hér og ég held að við getum alveg verið sammála um hvernig túlkunin á þessu er. Ruglum ekki saman lögskráningu og tryggingu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og samgn.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 289. mál (hækkuð endurgreiðsla vegna vinnu á byggingarstað). — Þskj. 515.

[15:14]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Með frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Samkvæmt núgildandi 1. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt fá byggjendur íbúðarhúsnæðis endurgreidd 60% af þeim virðisaukaskatti sem þeir greiða af vinnu manna á byggingarstað og vegna vinnu við endurbætur eða viðhald. Með frumvarpinu er lagt til að þetta endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts verði, á tímabilinu 1. mars nk. til 1. júlí 2010, hækkað úr 60% í 100%.

Heimild til að endurgreiða virðisaukaskatt af þessu tagi var fyrst lögfest árið 1989. Til ársins 1996 var virðisaukaskattur vegna vinnu manna á byggingarstað og vegna endurbóta og viðhalds endurgreiddur að fullu. Sú heimild var lækkuð niður í 60% árið 1996 til að mæta tekjutapi ríkisins

vegna breytinga á lögum um vörugjald.

Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í efnahagslífi þjóðarinnar er með frumvarpinu lagt til að hlutfall þessara endurgreiðslna verði tímabundið hækkað úr 60% í 100% vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald. Markmiðið með slíku ákvæði, sem er ákvæði til bráðabirgða, þar sem um tímabundna ráðstöfun er að ræða, er að koma til móts við húsbyggjendur sem eiga í erfiðleikum vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga, sporna gegn svartri atvinnustarfsemi og hvetja til aukinnar starfsemi á byggingamarkaði. Ekki síst þetta síðasttalda, að hvetja til þess með ívilnandi aðgerðum að fólk noti nú tækifærið og ráðist í framkvæmdir af þessu tagi, viðhald, endurbætur eða klári byggingar sem eru í smíðum og nýti sér þá um leið hagstæðar aðstæður á vinnumarkaði þar sem nú er auðvelt að fá starfsmenn til starfa við slík verkefni en hefur ekki endilega verið á undanförnum árum eins og kunnugt er.

Hækkað endurgreiðsluhlutfall hvetur til framkvæmda en það er mikilvægt þegar atvinnuástandið er jafnbágt og nú er og horfur eru á á næstunni, og ekki síst í byggingariðnaðinum. Það er ljóst að það er orðið mikið atvinnuleysi. Sá geiri atvinnulífsins hefur dregist harkalega saman. Hér ætti að mega ætla að hagsmunir færu vel saman, hagsmunir þeirra sem þarna fá hagstæðara umhverfi til að ráðast í þessar framkvæmdir, hagsmunir byggingariðnaðarins og þeirra starfsmanna sem þar hafa misst atvinnu, eða dregið úr atvinnu hjá, og ekki síst hins opinbera í þeim skilningi að þetta gæti þá slegið eitthvað á atvinnuleysi sem ella yrði meira, sem þessu næmi, með tilheyrandi mannlegum erfiðleikum og kostnaði. Auk þess er rétt að geta þess að almennt er litið svo á, og var meginröksemdin fyrir þessu fyrirkomulagi á sínum tíma, að aðgerð af þessu tagi stuðli að minni undanskotum frá skatti og dragi úr líkum á svartri atvinnustarfsemi og loks, eins og áður sagði, dregur þessi aðgerð vonandi nokkuð úr þörf fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta á móti.

Í annan stað er með frumvarpinu lagt til að auk verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa verði heimilt í reglugerð að kveða á um endurgreiðslu ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum húseiningum. Samkvæmt núgildandi lagaákvæði nær þessi reglugerðarheimild í lokamálslið 1. mgr. 42. gr. eingöngu til endurgreiðslu ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum. Ýmsar breytingar hafa átt sér stað í byggingarháttum frá þeim tíma sem þetta ákvæði í 1. mgr. 42. gr. var sett. Byggingaraðferðir og byggingartækni hafa breyst og sala t.d. á steinsteyptum húseiningum hefur aukist umtalsvert. Þannig fer þá bygging íbúðarhúsnæðis í auknum mæli fram annars staðar en á eiginlegum byggingarstað. Til að koma á jafnræði milli byggingaraðferða, þ.e. hvort bygging íbúðarhúsnæðis fer fram á byggingarstað eða með öðrum hætti, er með frumvarpinu lagt til að heimilt verði með reglugerð að kveða á um endurgreiðslu ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum húseiningum sem komið hafa til sögunnar í talsverðum mæli eftir að þetta ákvæði var sett.

Þar sem uppgjörstímabil virðisaukaskatts eru tveir mánuðir vegna nýbygginga er með frumvarpinu lagt til að gildistaka miðist við upphaf næsta reglulega uppgjörstímabils, þ.e. 1. mars 2009, og ég vonast til að virðulegt Alþingi geti haft það í huga við skoðun sína á málinu, að það væri ákaflega æskilegt að það væri orðið að lögum fyrir þennan tíma, helst svolítið fyrir þennan tíma, þannig að framkvæmdin verði undirbúin og við náum næsta tveggja mánaða uppgjörstímabili virðisaukaskatts á nýbyggingum.

Að þessu sögðu, virðulegi forseti, legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu. Ég vil svo bæta því við að það er að sjálfsögðu mikilvægt að þetta úrræði verði vel kynnt fyrir þeim sem geta nýtt sér það á næstunni þannig að menn geti lagt sín plön og sínar áætlanir fljótt. Þeim mun fyrr sem þetta mundi leiða til betra ástands í byggingariðnaði og skapa störf þeim mun betra er það augljóslega eins og atvinnuástandið hefur verið að þróast að undanförnu.

[15:21]

Björk Guðjónsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frumvarp sem er að mínu mati mjög góð leið til að sporna við svartri atvinnustarfsemi og undanskotum frá skatti eins og fram kom hjá hæstv. fjármálaráðherra. Það er mjög gott mál að aðstoða fólk sem er í erfiðleikum með að klára húsnæði sitt eða fara í endurbætur með því að endurgreiða 100% virðisaukaskattinn.

Spurning mín til hæstv. fjármálaráðherra lýtur að endurgreiðslu til einstaklinga sem hugsa sér að fara í endurbætur á húsnæði sínu. Er hér um það að ræða að fella niður allar girðingar, þ.e. að allir einstaklingar geti fengið þessar endurgreiðslur eða eru þarna einhverjar girðingar, t.d. að miðað sé við fjárhagslega stöðu fólks sem hefur hug á því að fara í endurbætur á íbúðarhúsnæði sínu og nýta sér þessi ákvæði?

[15:22]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég geti fullyrt að þetta er almenn aðgerð og hún er ekki háð neinum sérstökum takmörkunum. Það eiga allir að geta nýtt sér þetta. Ég veit ekki betur en þetta sé fortakslaus og almenn regla þannig að engar girðingar eða hindranir eru í vegi. Þetta er vissulega bundið við íbúðarhúsnæði og þetta er bundið við vinnuþáttinn á byggingarstað — í þeim tilvikum sem um framleiðslu er að ræða, annars staðar kemur vinnuþátturinn þannig inn eins og ég nefndi áðan með húseiningarnar. Ég get vissulega upplýst og það kemur, ef ég man rétt, fram í greinargerð með frumvarpinu að hugleitt var að opna á möguleikana á að sveitarfélög gætu, vegna framkvæmda sinna, komið inn í þessa mynd en horfið var frá því að betur athuguðu máli, einfaldlega vegna þess að samskipti sveitarfélaga og ríkisins í virðisaukaskattsmálum eru flókin og uppgjörsmál þar snúin. Menn töldu ekki ráðlegt að fara inn í það þannig að þetta er bundið við einstaklingana.

Eina hugmyndin sem fram hefur komið í mín eyru, sem ekki er þá hér inni og snýr að einstaklingum, spratt fram á fundi okkar forustumanna ríkisstjórnarinnar með aðilum vinnumarkaðarins í gær en þar var spurt hvort ekki ætti að leyfa fólki að ráðast í endurbætur eða framkvæmdir á sum-

arbústöðum og hafa það með þarna undir. Ég beini því til hv. nefndar að huga að því, ég hef enga afstöðu tekið til þess en fyrst og fremst hafa menn verið að horfa á framkvæmdir á vegum einstaklinga við íbúðarhús sín og við það er málið miðað.

[15:24]

Björk Guðjónsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir skýr svör. Ég tel þetta, eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu, mjög til bóta og hjálplegt að mörgu leyti og til þess fallið að ýta undir að fólk ráðist í þær endurbætur sem það hefur hugsað sér að fara í á þessu tímabili, frá 1. mars 2009 til 1. júlí 2010, ef það hefur möguleika á því í efnahagsástandinu sem nú ríkir. Ég held líka að koma þurfi þessum skilaboðum, því sem við erum að fjalla um í frumvarpinu, til fólks á skýran hátt þannig að almenningur viti um þessa leið. Þar sem atvinnuleysi er mjög mikið í þessari stétt iðnaðarmanna getur þetta liðkað til með svo margt og gert það að verkum að iðnaðarmönnum á atvinnuleysisskrá fækki, sem er auðvitað mjög af hinu góða.

[15:26]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Herra forseti. Við ræðum frumvarp hæstv. fjármálaráðherra, um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, þar sem lagt er til að endurgreiðslur á virðisaukaskatti verði 100% í stað 60% við viðhald og vinnu manna á byggingarstað við eigin íbúðarhúsnæði. Annars vegar er markmiðið, eins og fram hefur komið, að greiða fyrir framkvæmdum í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru í þjóðfélaginu á vinnumarkaðnum og hins vegar er þetta gert að sögn til að sporna við svartri atvinnustarfsemi.

Ég lýsi stuðningi mínum við þetta frumvarp og okkar sjálfstæðismanna. Ég tel að þetta sé góð viðleitni ríkisstjórnarinnar til að koma atvinnulífinu til aðstoðar á erfiðum tímum og margt smátt gerir eitt stórt. Allt hjálpar þetta til. Eins og rakið var í ræðu hæstv. fjármálaráðherra og í andsvari hv. þm. Bjarkar Guðjónsdóttur þá getur þetta skipt miklu máli.

Ég vona svo sannarlega að fólk nýti sér þetta vegna þess að það er rétt, sem fram hefur komið, og kom fram í ræðu hæstv. fjármálaráðherra, að á undanförnum árum hefur verið erfitt að fá iðnaðarmenn til starfa við viðhald íbúðarhúsnæðis. Það er því viðbúið að á þessu sviði sé eftirspurn eftir þjónustu iðnaðarmanna og þá er gott að hægt sé að koma til móts við það.

Ég vona svo sannarlega að þetta hjálpi líka til við að koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi. Án þess að ég vilja kasta rýrð á stétt iðnaðarmanna, þeir eru eins misjafnir og þeir eru margir, þá veit ég og þekki það af eigin reynslu að stundum hefur verið erfitt að fá iðnaðarmann til að taka að sér viðskipti þegar maður vill hafa það allt saman uppi á borði og fá tilskildar nótur. Það hefur stundum jafnvel verið til trafala og valdið manni ákveðnum erfiðleikum. Ég hvet hæstv. fjármálaráðherra því til að hafa fyrirkomulagið við þetta eins einfalt og hægt er til að menn nýti sér þetta þannig að flókin pappírsvinna, eins og skatturinn er kannski þekktur fyrir að hafa gaman af, verði ekki til að skemma fyrir annars ágætu máli.

Hæstv. fjármálaráðherra óskaði eftir góðu samstarfi við efnahags- og skattanefnd í þessu máli. Sem fulltrúi í þeirri nefnd get ég sagt að ég mun gera mitt til að greiða fyrir þessu máli í nefndinni og reyna að ná því út þannig að sá frestur sem hæstv. fjármálaráðherra tiltók hér áðan náist.

[15:29]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir undirtektirnar. Það er ánægjulegt að málið fær góðar móttökur. Að sjálfsögðu er mikilvægt að framkvæmdin sé einföld. Hún er það í sjálfu sér. Þetta er vinnulaunaþátturinn. Það er ósköp einfaldlega þannig að það er mikilvægt að fólk haldi saman öllum nótum og að vinnulaunaþátturinn sé skýrt tilgreindur á hverju fylgiskjali um sig. Þetta tekur ekki til efniskostnaðar og slíkra hluta þannig að það er vinnulaunaþátturinn sem þarf að koma skýrt fram á fylgiskjölum. Menn safna þessu saman og sækja um þetta í einu lagi til skattstjóra viðkomandi umdæmis og þá fær það, að því er ég best veit, yfirleitt fljóta og góða afgreiðslu og peningana í framhaldinu, endurgreiðslufjárhæðirnar í framhaldinu inn á reikning.

Það er auðvitað hárrétt að það er mikilvægt að kynna þetta svo að fólk viti nákvæmlega að það á þennan rétt, það er mikilvægt að fylgiskjöl séu til staðar fyrir öllum útgjöldum af því tagi sem þarna koma við sögu. Það er mikilvægt að þetta verði síðan kynnt rækilega í framhaldinu þannig að fólk geti gert áætlanir, farið að láta teikna eða panta eða hvað sem það nú er sem þarf að gera til undirbúnings framkvæmdum og ráða síðan iðnaðarmenn í störf, sem þarna njóta góðs af. Ég held að það eigi ekki að vefjast neitt fyrir mönnum enda er framkvæmdin í föstum skorðum og er í gangi. Hér er verið að hækka þetta hlutfall til að gera þetta meira ívilnandi eða hvetjandi og í raun og veru engin kerfisbreyting að neinu öðru leyti.

[15:31]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegi forseti. Ég tel þetta mál mjög mikilvægt í þeirri stöðu sem þjóðfélag okkar er nú í. Þetta getur hvatt þá sem eiga einhverja fjármuni handbæra en hafa á þenslutímum undanfarinna ára ekki þorað að fara í aðgerðir til að framkvæma. Þetta getur stuðlað að því að fólk með eldra húsnæði sjái sér fært að framkvæma núna og fá niðurfelldan vaskinn 100% og að því að minni verktakar fái atvinnu, vonandi sem flestir, og ætti að hindra svartar atvinnutekjur.

Í þessu máli þarf að hafa hraðar hendur, eins og í mörgum mikilvægum málum sem liggja nú fyrir Alþingi. Atvinnuleysi er, eins og flestir vita, bölvaldur og hefur mikil áhrif á þá sem fyrir því verða, að ég tali ekki um fjölskyldur þeirra, og oft er erfitt að bæta það vegna þess að þetta er keðjuverkun. Atvinnuleysi hefur heilsufarsleg áhrif sem hefur áhrif í heilsufarsþátt þjóðarinnar og við megum ekki gleyma því að það er mikill bölvaldur. Þess vegna þarf að koma hjólum atvinnulífsins sem hraðast af stað og þó að það sé í smáum stíl eins og þessum er það þó skref í rétta átt og ég er mjög ánægð með það.

[15:33]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir framsögu málsins og tek undir með öðrum þingmönnum sem hafa kvatt sér hljóðs í umræðunni og lýst ánægju með að þetta mál sé komið fram. Ég er sammála þeim röksemdum sem einnig hafa verið fluttar hvað mikilvægi málsins snertir, ekki síst í ljósi þess atvinnuástands sem við horfumst nú í augu við. Það er ástæða þess að hér er gerð tillaga um bráðabirgðaákvæði, tímabundið til 1. júlí árið 2010.

Fyrr á þinginu flutti ég ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni og Katrínu Jakobsdóttur, núverandi hæstv. menntamálaráðherra, frumvarp til laga á þskj. 483 um breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem fjallar efnislega um sama atriði, þ.e. að endurgreiddur virðisaukaskattur af vinnu manna á byggingarstað verði hækkaður úr 60% í 100% eins og lagt er til í þessu frumvarpi. En í frumvarpinu sem ég lagði fram var einnig að finna það efnisatriði sem hæstv. fjármálaráðherra gat um í ræðu sinni að hefði verið skoðað en fallið frá að leggja til og varðar sveitarfélögin og vinnu manna á byggingarstað vegna nýbygginga eða við endurbætur og viðhald húsnæðis í eigu sveitarfélaga.

Í máli hæstv. ráðherra kom fram að vegna samskipta og uppgjörs mála ríkis og sveitarfélaga sem væru flókin væri ekki talið heppilegt að leggja það til. Ég mundi vilja að það yrði skoðað á vettvangi hv. þingnefndar og fá þá betri skýringar eða rökstuðning fyrir afstöðu ráðuneytisins sem kann vel að vera að sé vel undirbyggð og eðlilegt að taka tillit til.

Ég vil nefna tvennt til viðbótar. Mér fannst athyglisvert það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra eftir fund með aðilum vinnumarkaðarins að hugsanlega ætti að víkka þetta gildissvið út þannig að það gæti til að mynda náð til sumarhúsa. Mér finnst það vera athyglisverð hugmynd og viðbót sem nefndin getur skoðað. En hitt atriðið, sem kom fram hjá hæstv. ráðherra, varðar gildistímann sem ég vil fá betri útskýringar á vegna þess að hér er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. mars og í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Þar sem uppgjörstímabil virðisaukaskatts er tveir mánuðir vegna nýbygginga er með frumvarpinu lagt til að gildistaka miðist við upphaf næsta reglulega uppgjörstímabils, þ.e. 1. mars 2009.“

Ef lögin taka gildi 1. mars 2009 munu þau þá gilda um endurgreiðslu? Uppgjörstímabilið er eftir á og uppgjörið sem fer fram í byrjun mars er fyrir janúar og febrúar og ákvæði frumvarpsins munu ná til vinnu sem hefur farið fram í janúar og febrúar af því að það er í raun og veru uppgjörstímabilið sem vísað er til í frumvarpinu. Ef ekki, hefði þá ekki þurft að hafa gildistökuna í raun um síðustu áramót? Í lagasetningu er snúið að fara aftur í tímann þannig að ég hefði talið mikilvægt að við fengjum þetta á hreint þannig að ljóst væri hvað væri nákvæmlega átt við. Ef það er ekki ljóst af greinargerðinni sjálfri og ef hæstv. ráðherra hefur ekki svör á reiðum höndum þá er þetta atriði sem ég tel að nefndin þyrfti að fá frekari upplýsingar um frá starfsmönnum ráðuneytisins þegar hún tekur það til umfjöllunar.

[15:37]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður leggur tæknilega spurningu fyrir mig en ég held að hugsunin sé ekki sú að frumvarpið sé afturvirkt. Ég les þetta þannig og held að það hljóti að vera að verið sé að tala um gildistöku við upphaf næsta reglulega uppgjörstímabils. Við erum að tala um að lögin öðlist gildi á fyrsta degi næsta reglulega uppgjörstímabils, þ.e. framkvæmdin, og gildið hefst 1. mars og fyrsta tímabilið sem verður undir er mars og apríl. Ég held að augljóst sé að þau eru ekki afturvirk í þeim skilningi að þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í í janúar og febrúar fái 100% endurgreiðslu í staðinn fyrir 60%. Þannig skil ég þetta nú en auðvitað getur nefndin athugað þetta eins og allt annað sem henni ber að gera og rannsaka. Þetta er skilningur minn. Ég hef satt best að segja ekki leitt hugann að því að það gæti verið einhvern veginn öðruvísi.

Ef komið er að lokum þessarar umræðu vil ég segja varðandi annan þáttinn með sveitarfélögin að ég vísa til þess sem áður sagði. Það var einfaldlega talið að flókið væri að fara inn í uppgjörssamskipti ríkis og sveitarfélaga hvað varðar virðisaukaskatt sérstaklega. Þau eru allflókin og niðurstaðan varð að sá þáttur málsins var ekki tekinn með.

Varðandi tekjuáhrif á ríkissjóð er ekki talið að þau verði umtalsverð, einfaldlega vegna þess að á móti þeirri skattaendurgreiðslu, sem þetta er í eðli sínu, koma veltuskattar, auknir tekjuskattar og útsvar og væntanlega minni atvinnuleysisbætur þannig að þegar upp er staðið verða nettóáhrif þess á ríkissjóð væntanlega ekki umtalsverð. Þá mælir það enn frekar með því að í þetta verði ráðist nákvæmlega við þær aðstæður sem við stöndum nú frammi fyrir. Ástæða þess að þetta er tiltekið tímabil er sú að menn vilja sjá og meta hvernig þetta gengur og hvernig aðstæður þróast hvað varðar atvinnuástand og fleira sem skiptir máli í sambandi við það. Ég er mjög ánægður með að þetta mál, sem er ofarlega á verkefnalista ríkisstjórnarinnar, fær góðar undirtektir.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1. umr.

Frv. ÁMM o.fl., 279. mál (tímabundin útgreiðsla séreignarsparnaðar). — Þskj. 498.

[15:40]

Flm. (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, sem ég flyt ásamt hv. þingmönnum úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði við lög nr. 129/1997 ákvæði til bráðabirgða sem heimilar útgreiðslu séreignarsparnaðar á tímabilinu 1. apríl 2009 til 31. desem-

ber 2010 til sérstakrar ráðstöfunar. Með vísan til hinna efnahagslegu áfalla sem dunið hafa yfir íslenskt samfélag á síðustu vikum og mánuðum er þeim sem eru með séreignarsparnað í skilningi II. kafla laganna með frumvarpinu tímabundið gert kleift að nota þá fjármuni sem öðrum kosti væru bundnir til 60 ára aldurs til að greiða niður lán sín eftir því sem kostur er.

Sem kunnugt er hafa húsnæðislán og önnur lán hækkað verulega á síðustu mánuðum vegna verðbólgu og gengisfalls krónunnar og er með þeirri tímabundnu aðgerð sem frumvarpið kveður á um verið að veita einstaklingum ákveðna möguleika til að bregðast við þeirri þróun og lækka greiðslubyrði lána sinna.

Með frumvarpinu er lagt til að þessi tímabundna útgreiðsla séreignarsparnaðar, samkvæmt II. kafla laganna, verði í höndum vörsluaðila viðkomandi séreignarsparnaðar. Ekki er því um beina útgreiðslu í hendur rétthafa að ræða heldur millifærslu á fjármunum og séreignarsparnaði til niðurgreiðslu skulda viðkomandi rétthafa til viðkomandi lánastofnunar eða lífeyrissjóðs. Er því í raun og veru um tilfærslu á sparnaðarformi að ræða.

Óski rétthafi eftir því að séreignarsparnaður hans sé að fullu eða hluta nýttur til að greiða niður skuldir gerir frumvarpið ráð fyrir því að hann leggi fram umsókn þess efnis hjá þeim vörsluaðila sem heldur utan um séreignarsparnaðinn. Með þeirri umsókn þurfi að fylgja öll gögn sem sýna skuldastöðu rétthafa, t.d. kvittanir fyrir afborgunum og lánum sem og veðbókarvottorð. Eru það sömu gögn og lánþegi þarf að leggja fram þegar óskað er eftir láni hjá lífeyrissjóði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að viðkomandi vörsluaðili fari yfir umsókn rétthafa og ráðstafi séreignarsparnaði hans til greiðslu lána beint til viðkomandi lánastofnunar eða lífeyrissjóðs.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við ráðstöfun vörsluaðila á séreignarsparnaðinum hafi húsnæðisveðskuldabréf forgang. Því næst lán tryggð með veði í öðru en íbúðarhúsnæði og að lokum aðrar skuldir við lánastofnanir eða lífeyrissjóði. Áréttað er í frumvarpinu að líta beri á hina tímabundnu útgreiðslu séreignarsparnaðar sem skattskyldar tekjur af hendi rétthafa og ber honum því að greiða tekjuskatt af útgreiðslunni sbr. lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fyrirséð er að í framkvæmd haldi vörsluaðilinn staðgreiðslu tekjuskatts eftir við útgreiðslu og standi skil á henni í ríkissjóð. Gera má ráð fyrir einhverjum umsýslukostnaði hjá vörsluaðila vegna þeirrar þjónustu við rétthafa sem frumvarpið kveður á um og er í frumvarpinu lagt til að vörsluaðili geti innheimt umsýslugjald vegna þess kostnaðar.

Að lokum gerir frumvarpið ráð fyrir að fjármálaráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd og fyrirkomulag þeirrar tímabundnu útgreiðslu séreignarsparnaðar sem frumvarpið kveður á um.

Þetta frumvarp er tilraun til að aðstoða þá sem skulda verulega og hafa jafnvel snögglega lent í mjög miklum skuldum vegna efnahagsáfallanna og nýta til þess þann sparnað sem þeir eiga í séreign. Auðvitað er ekki gallalaust að leggja til svona breytingu en það er, held ég, alveg ljóst að þeir sem illa eru staddir vegna skulda en eiga séreign annars staðar eru litlu bættari með því að eiga hana einhvern tíma í framtíðinni og því teljum við flutningsmenn rétt að fara þessa leið. Þetta hefur áhrif á lífeyrissjóðina upp að einhverju marki en ef þetta fer í niðurgreiðslu skulda eiga peningarnir að vera áfram inni í kerfinu en ekki að fara út og þar sem séreign kemur á móti skuld er ekki um breytingu á veltunni á þessum markaði að ræða.

Hugsanlegt er að minni sjóðir lendi í erfiðleikum vegna þess að þeim gengur verr að greiða út vegna lausafjárstöðu. Því er gert ráð fyrir að frumvarpið taki ekki gildi samstundis heldur hinn 1. apríl og ættu þá þeir sjóðir sem í þeirri stöðu geta lent að hafa vaðið fyrir neðan sig. Þeir ættu einnig að geta brugðist við þessu ef þeir eru í verulegum vandræðum og verulega smáir sjóðir ættu, til að forðast að ójafnræði verði meðal sjóðseigenda, að geta leyst upp sjóðina og eignir þeirra sem ekki vilja taka út séreign sína yrðu endurfjárfestar og þannig komið í veg fyrir ójafnræði. Kostnaður gæti orðið vegna þessa, endurgreiðsla á sölulaunum og slíkt, og hugsanlegt er að það komi niður á þeim sem eiga séreignarsparnað í formi kostnaðar en auðvitað er ekki hægt að sjá allt fyrir. En opnað er á möguleika til að leysa það ef menn vilja.

Ég legg til, herra forseti, að þetta fari til efnahags- og skattanefndar að lokinni 1. umr. og nefndin fari yfir málið og meti kosti þess og galla en samþykki það síðan að lokum svo við getum afgreitt það í þinginu sem allra fyrst.

[15:46]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég vil af tilefni þessa máls segja að það er ánægjulegt að það virðist vera tiltölulega breið þverpólitísk samstaða um það á þingi að það eigi að skoða þarna leiðir til að koma fólki til aðstoðar, að það fái aðgang að sínum bundna séreignarsparnaði fyrr en lög og reglur hafa gert ráð fyrir þar sem miðað er við tiltekin aldursmörk. Spurningin er þá bara um útfærslu í þeim efnum og hvernig það gagnist best þeim sem þurfa á þessu að halda.

Ég vil upplýsa að frumvarp er í vinnslu á vegum ríkisstjórnarinnar um þetta mál. Það er boðað í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að slíkt frumvarp muni koma fram og gerir það vonandi á næstunni.

Þar af leiðandi hefur mikil vinna verið lögð í það af hálfu fjármálaráðuneytisins undanfarna daga, og nætur liggur mér við að segja, að skoða hvaða leiðir væru vænlegastar í þessu og hverjar væru færar. Og í þeim efnum verð ég að taka undir margt af því sem hv. þm. Árni Mathiesen sagði hér varðandi þá erfiðleika sem menn kunna að rata í ef þarna er farið í aðgerð sem reynist sjóðunum um megn eða þeir ráða illa við. Þá vakna upp mörg álitamál og sum mjög snúin eins og þau hvernig eigi þá að gæta jafnræðis milli sjóðfélaga og tryggja að útgreiðslur til eins hóps verði ekki á kostnað annarra. Hvernig á að tryggja að sjóðirnir einfaldlega ráði við þær útgreiðslur miðað við það lausafé sem þeir hafa? Og þegar haft er í huga að staða þeirra hefur auðvitað verið að þyngjast á margan hátt vegna þess að eignasafnið er bundið í ýmsum ávöxtunarleiðum, bréfum og öðru sem í sumum tilvikum er um þessar mundir ekki seljanlegt en í öðrum tilvikum aðeins seljanlegt með miklum afföllum.

Það eina sem sjóðirnir hafa þá beinlínis auðveldlega laust til ráðstöfunar er það lausafé sem þeir eru með í sínum fórum. Það er takmarkað og þeim mun frekar sem álagið hefur aukist á sjóðina að undanförnu, sérstaklega vegna þeirra breytinga sem hér voru gerðar fyrir jólin og ég á býsna erfitt með að átta mig á hvernig voru hugsaðar, þ.e. að falla frá því fyrirkomulagi sem áður var að þegar menn hefðu náð 60 ára aldri ættu menn rétt á útgreiðslu séreignarsparnaðarins í jöfnum upphæðum á sjö árum en eiga nú þess í stað rétt á útgreiðslu á einni upphæð strax. Þetta hefur augljóslega strax valdið auknu álagi á sjóðina hvað varðar útgreiðslur við aðstæður sem eru mjög erfiðar af markaðsástæðum.

Yfir alla þessa hluti verður að fara mjög vandlega. Það þýðir ekki að leggja hér upp í vegferð sem siglir fljótlega í strand eða leiðir til þess að sjóðirnir verða að grípa til, mér liggur við að segja, óyndisúrræða eins og þeirra að skipta upp sjóðunum í það sem er bundið og það sem er laust eða, það sem væri enn verra, að einhverjir þeirra yrðu einfaldlega að sækja um heimild til Fjármálaeftirlitsins um að loka á útgreiðslur.

Ég hvet hv. flutningsmenn málsins undir forustu fyrrverandi fjármálaráðherra, kollega míns, að skoða mjög vandlega að þessi útfærsla sem hér er lögð til er býsna brött, svo ég taki ákaflega kurteislega til orða, a.m.k. miðað við þær upplýsingar sem ég hef undir höndum eftir rækilega skoðun þessara mála af hálfu ráðuneytisins að undanförnu og mikla fundi með vörsluaðilum lífeyrissjóða og eftir að hafa skoðað þetta mál allt á alla enda og kanta.

Það er líka spurning um ráðstöfunina, að binda hana með þeim hætti eingöngu eins og hér er gert. Það eru ýmis rök fyrir því en það eru líka önnur rök gegn því. Þetta gagnast þá ekki ýmsum sem eiga þarna bundna peninga en eru í miklum erfiðleikum af öðrum ástæðum en þeim sem leiða af skuldum með veði í íbúðarhúsnæði, öðrum veðskuldum sem þarna eru undir eða skuldum við lánastofnanir eða lífeyrissjóði. Fólk getur einfaldlega verið í miklum erfiðleikum sem stafa af öðrum ástæðum en þessum, t.d. vegna tekjufalls, að fólk hafi misst atvinnuna, afkoman sé að bresta og menn eigi einfaldlega ekki fyrir rekstri heimilanna. Spurningin er þá: Á slíkur hópur að vera þarna alveg utan við eða á að gera þetta með almennari ráðstöfun, a.m.k. að hluta til?

Ég geri ráð fyrir því að þessum spurningum hvað okkur varðar sem að ríkisstjórninni stöndum verði svarað þegar útfærsla þess frumvarps liggur fyrir og það birtist mönnum hér. Það er ríkur vilji til þess að skoða að opna þarna með yfirveguðum og ábyrgum hætti leiðir fyrir fólk til að bæta stöðu sína. Það gerir það enginn með sérstaklega glöðu geði því að helst hefðum við að sjálfsögðu viljað sjá þennan sparnað bara geymdan eins og upphaflega var hugsað.

En aðstæðurnar eru eins og þær eru. Við verðum að horfast í augu við það og það er skylt að skoða allar leiðir af þessu tagi sem komið geta fólki til góða í þeim erfiðleikum sem það er í. En þær verða að vera færar. Það þýðir ekkert að leggja hér upp með eitthvað sem mundi jafnvel sigla í strand strax á fyrstu mánuðum og gæti boðið heim þeirri alvarlegu hættu að í fyrsta lagi tækist ekki að gæta jafnræðis milli sjóðfélaga eða að þeir sem fyrstir kæmu og fengju útgreiðslur fengju þær en síðan réði kerfið ekki við að uppfylla kröfur þeirra sem kæmu aftar í röðinni. Þá væri á margan hátt verr af stað farið en heima setið. Ég vil því hafa mikla fyrirvara á því að sú leið sem hér er lögð fram tiltölulega mjög opin og án takmarkana sé fær við núverandi aðstæður í kerfinu.

Ég vildi hafa sagt þetta hér, herra forseti, þó að ég sjái að öðru leyti ekkert nema gott við það að þingmenn komi með hugmyndir um fyrirkomulag af þessu tagi. Það má allt saman skoða. Og það sem er mikilvægt í því sambandi er að það undirstrikar þverpólitískan vilja til að skoða leiðir í þessum efnum sem ég tel skylt að gera.

[15:53]

Flm. (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að það eru ákveðnir erfiðleikar í því að framkvæma þessa aðgerð. En ég held að fái lífeyrissjóðirnir tíma geti þeir leyst úr þeim sjálfir og sín á milli og hafi alla möguleika til þess.

Ég vona að hæstv. fjármálaráðherra sé ekki að boða það að settar verði einhverjar takmarkanir á það hvað aðilar geta losað um mikið af fjármunum sínum með þessu móti þannig að það raunverulega leysi ekki vanda þeirra, þeir komist ekki út úr skuldavandanum með því að nota séreignarsparnað sinn. Ég get að vissu leyti haft skilning á því að fólk vilji þá nota séreignarsparnaðinn vegna annarra erfiðleika sem það er í.

Vonandi er samfélag okkar þannig að við getum hjálpað þeim aðilum sem ekki hafa atvinnu og skulda ekki heldur og eru ekki með mikla greiðslubyrði þá á annan hátt en að þurfa að ganga á þennan sparnað. Það auðvitað gæti komið þeim í koll síðar en þeir aðilar sem væru í greiðsluvandræðum fengju ekki lausn mála sinna.

Ég ætla hins vegar að leyfa mér að vona, eins mikla áherslu og menn lögðu á að þetta gerðist hratt hér fyrir nokkrum vikum, að ekki verði farið að tefja þetta að óþörfu í nefndinni vegna þess að ríkisstjórnin sé ekki tilbúin þannig að það þurfi ekki að koma endilega með nýtt þingmál til að fara með í gegnum þingið. Ráðuneytið gæti komið með sínar hugmyndir inn í nefndina og ef meiri hlutinn telur það vera til bóta væri hægt að vinna málið (Forseti hringir.) þar þannig.

[15:55]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða hér við hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra um óframkomið stjórnarfrumvarp og í hverju það víkur þá frá þessu frumvarpi hér. Ég tók afar kurteislega til orða.

Það er út af fyrir sig rétt að af máli mínu mátti vel ráða að ég væri að segja það óumflýjanlegt að hafa þá aðferð sem þarna verður notuð ábyrga og þannig að kerfið ráði við hana og þannig að ekki skapist umsvifalaust hætta á að jafnræði milli sjóðfélaga verði fyrir borð borið og að jafnvel aðrir og verri hlutir gerist í kerfinu.

Ég vil segja það eitt við hv. flutningsmenn þessa frumvarps að þeir gerðu rétt í því að kalla strax til sín þá sem gerst þekkja til í þessum efnum, sérfræðinga sem hafa

skoðað þetta frá öllum hliðum. Ekki stendur á mér að lána til þess sérfræðinga úr fjármálaráðuneytinu. Ég held að það væri hollt fyrir hv. þingmenn að fá slíka yfirferð á málinu í ljósi þess hver staða sjóðanna og staða á markaði er raunverulega í dag. Það er sá veruleiki sem við verðum að taka mið af þegar við leitum hér leiða til þess að koma til móts við óskir fólks um að fá einhvern aðgang að þessum sparnaði sínum til að bæta stöðu sína.

Ég skal þá með gleði vera handhafi þess að vilja fara þarna ábyrgar leiðir. Ef Sjálfstæðisflokkurinn vill taka mikla áhættu stendur hann auðvitað pólitískt ábyrgur fyrir því en ég held að það sé rétt að fá þær upplýsingar upp á borðið. Fróðlegt væri fyrir menn að bera það undir þá sem núna þekkja stöðuna hvaða afleiðingar samþykkt þessa frumvarps Sjálfstæðisflokksins mundi hafa, svona galopins og óbreytts. Ég verð því miður að segja að ég er hræddur um að það yrði ekki gott sem út úr því kæmi, bara alls ekki gott.

[15:57]

Flm. (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Væntanlega verður málið í höndum hv. nefndar þegar umræðu þessari lýkur og hún mun þá leita ráðgjafar um það hvernig hún afgreiðir málið og hvernig hún vill vinna úr því. Og þá efast ég ekkert um að hún mun leita til hæstv. fjármálaráðherra og sérfræðinga hans í fjármálaráðuneytinu auk annarra til að fara yfir það og komast að góðri niðurstöðu að endingu.

[15:57]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér þykir gæta ákveðins misskilnings hjá hæstv. fjármálaráðherra. Það er nefnilega þannig að skuldir fólks sem það greiðir ekki eru fastar í kerfinu. Það vill svo til, herra forseti, að séreignarsparnaðurinn sem á að notast til að greiða þetta er líka fastur í kerfinu núna.

Það sem menn gera er að taka ákveðna fasta upphæð í kerfinu og flytja hana yfir í aðra fasta upphæð í kerfinu. Það verður engin breyting á sparnaði eða neitt slíkt. Ef lífeyrissjóðirnir eiga ekki peninga geta þeir að sjálfsögðu gert samning við viðkomandi aðila um að fá lán hjá honum til að flytja peningana yfir til viðkomandi banka eða lánastofnunar. Þetta breytir ekki miklu.

Ég hygg reyndar að ekkert óskaplega margir muni nota þetta vegna þess að, eins og ég kem inn á á eftir, hefur sparnaður aukist mikið í landinu. Hann hlýtur að hafa aukist, auk þess sem gengistryggðu lánin eru orðin miklu hugguleg núna eftir að gengið lagaðist um það leyti sem nýja stjórnin tók við. Það er örugglega ekki af þeim sökum, heldur vegna þess að menn voru búnir að undirbyggja það áður.

[15:59]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka fyrir fræðsluna. Ég held að það sé enginn misskilningur hér á ferðinni. Ég átta mig alveg á því að ef menn taka fjárhæðir af bundnu sparnaðarformi og færa yfir í niðurgreiðslu skulda er það tilfærsla af þessu tagi.

Það breytir ekki því að sá sem stendur fyrir útgreiðslunni þarf með einhverjum hætti að leysa það mál, mæta þeirri þörf og það er það sem snýr þá að vörsluaðilum sjóðanna. Þetta hefur auðvitað verið þaulrætt og skoðað með þeim. Ég bara endurtek orð mín frá því áðan, ég held að aðstandendur frumvarpsins gerðu rétt í því að fá sérfræðinga til sín og skoða hvernig þetta snýr að þeim.

[16:00]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Aftur gætir sama misskilnings. Það er engin útgreiðsla, þetta er millifærsla frá einum aðila sem er með fastar greiðslur, bundnar á reikningum, yfir til annars aðila sem fær millifært inn á greiðslur sem eru pikkfastar hjá honum. Það sem lífeyrissjóðurinn getur gert — hann á náttúrlega sínar eignir sem standa undir þessu — er að taka lán hjá viðkomandi lánastofnun. Það er ekkert einfaldara. Hann er með góðar eignir sem hann setur að veði — og ég reikna með því að með öllu sínu eignasafni sé hann stórkostlega góður skuldari — hann tekur lán til skamms tíma til að laga þessa stöðu og þarf ekki að ganga á peningalegar eignir sínar eða losa fé í hvelli.

[16:01]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð í belg um það frumvarp sem hér liggur frammi sem fjallar um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og snýr að viðbótarlífeyrissparnaði landsmanna.

Ég hef áður rætt það á Alþingi, allt frá því að bankarnir hrundu síðastliðið haust, að við þyrftum að skoða allar mögulegar leiðir og að óvenjulegar aðstæður kölluðu á óvenjulegar aðgerðir. Ég hef lengi talað fyrir því að skoðuð yrði vandlega sú leið að opna fólki möguleika á að nota séreignarlífeyrissparnað sinn til að koma sér út úr mestu kröggunum, m.a. til að greiða niður skuldir.

Þó að ég sé efnislega ekki sammála öllu sem stendur í frumvarpinu vil ég samt lýsa ánægju minni með að Sjálfstæðisflokkurinn skuli koma fram með málið núna. Ég kallaði nokkuð lengi eftir því á sínum tíma en, gott og vel, það er komið hér fram. Eins og hæstv. fjármálaráðherra gerði grein fyrir áðan þá lítur dagsins ljós á næstunni væntanlega frumvarp frá ríkisstjórninni sama efnis enda var þetta mál á verkefnalista nýrrar ríkisstjórnar.

Það sem ég vil hins vegar leggja áherslu á og skiptir afar miklu máli í þessu er í raun og veru tvennt. Í fyrsta lagi að við grípum ekki til neinna aðgerða sem setja muni sjóðina sjálfa á hliðina, þ.e. að gæta þess að inngripið verði ekki með þeim hætti að þeim verði stefnt í hættu. Í öðru lagi að sú leið sem farin verði gagnist sannanlega því fólki sem þarf raunverulega á þessu að halda. Í því sambandi vil ég nefna, og það er skoðun mín, að þær skuldir sem tilgreindar eru í frumvarpinu, lán með veði í íbúðarhúsnæði svo dæmi sé tekið, t.d. lán frá Íbúðalánasjóði eða lífeyrissjóðum eru yfirleitt það sem kalla mætti hagstæð lán á Íslandi í dag. Þetta eru yfirleitt lán með tiltölulega lágum vöxtum, en svo eru hins vegar önnur lán sem að mínu mati eru miklu meira vandamál fyrir fjölskyldurnar í landinu. Það eru dýru lánin — myntkörfulánin, yfirdráttarlánin og önnur lán sem oft og

tíðum eru á 20% vöxtum, bílalánin svo dæmi sé tekið.

Mér finnst felast í því nokkur forræðishyggja að skylda fólk til að nota peningana sína í að greiða niður tilteknar skuldir en ekki einhverjar aðrar skuldir. Það má jafnvel kalla það að hér sé verið að mismuna skuldum, þ.e. að lán frá Íbúðalánasjóði með veði í íbúðarhúsnæði séu rétthærri en önnur lán sem eru óhagstæðari.

Mér finnst líka að ekki sé hægt að sjá annað, eins og frumvarpið er lagt fram, en að það kalli á nokkuð mikla umsýslu vegna þess að hér stendur, með leyfi forseta:

„Vörsluaðili séreignarsparnaðar fer yfir umsókn rétthafa skv. 3. mgr. og hefur umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans. Við útgreiðslu séreignarsparnaðar skal vörsluaðili fylgja eftirfarandi forgangsröð við uppgreiðslu skulda rétthafa.“

Síðan er forgangsröðin talin upp. Þetta þýðir í raun og veru á mannamáli að sá sem vill leysa út séreignarsparnað sinn þarf að koma með öll sín gögn til vörsluaðila, til lífeyrissjóðsins sem fer þá yfir þau, metur og ákveður þá í samráði við skuldarann hvaða skuldir eigi að greiða.

Ég tel að við eigum að treysta almennri skynsemi fólks, ef það leysir út þessa fjármuni, til að ákveða sjálft hvort það vill nota þá til að greiða niður yfirdráttinn sinn, bílalánið eða eitthvað slíkt en ekki að vera að mismuna þarna eins og kemur fram í frumvarpinu.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa mörg fleiri orð um þetta að sinni. Ég geri ráð fyrir því að þegar frumvarp ríkisstjórnarinnar um sama mál kemur fram verði það rætt hér og síðan fari bæði málin til meðferðar í nefnd og komi síðan aftur inn í þingið. En ég legg áherslu á það sem ég sagði áðan að sú leið, hvaða leið sem farin verður, gagnist fólki raunverulega.

Það er kannski rétt að geta þess, virðulegi forseti, að upphaflega hugmyndin á bak við þetta mál kviknaði í október síðastliðnum eftir hrun bankanna. Þá var hugmyndin sú að reyna að koma til móts við þá sem skulda mest, þ.e. hugsunin var ekki sú að fólk gæti leyst þessa fjármuni út til að nota þá í neyslu eða eitthvað slíkt, heldur fyrst og fremst til að greiða niður skuldir og þá helst óhagstæðar skuldir. Það er í raun og veru ástæðan fyrir því að farið var að skoða málið á sínum tíma og sú sem hér stendur og hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra, hv. þm. Árni M. Mathiesen, við sátum m.a. í hópi sem skoðaði þetta þar sem útgangspunkturinn var skuldirnar. Ég legg áherslu á að mér finnst ekki rétt að mismuna skuldum með þessum hætti heldur eigum við að treysta á almenna skynsemi fólks til að meta hvernig það notar peninga sína, hvort þeirra fara í yfirdrátt, í bílalán eða eitthvað annað.

[16:07]

Útbýting:

Fjárhagsvandi heimila, 297. mál, fsp. HSH, þskj. 523.

Gjaldeyristekjur af sjávarafla, 296. mál, fsp. ÁKÓ, þskj. 522.

Skattamál, 294. mál, fsp. REÁ, þskj. 520.

Stjórnarskrárbreytingar og stjórnlagaþing, 295. mál, fsp. BÁ, þskj. 521.

[16:08]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil benda á varðandi skyldutryggingu lífeyrisréttinda að skattprósenta af útgreiðslu séreignarsparnaðarins verði lækkuð þegar viðkomandi þarf að taka út meira en helming af sparnaðinum til lækkunar skulda sem safnast hafa upp vegna aðstæðna í þjóðfélaginu, hárrar verðbólgu, atvinnumissis eða lækkandi tekna af öðrum orsökum sem fólk á enga sök á í þeirri þróun afkomu sinnar sem það hefur orðið að þola. Þess vegna legg ég til að skoðað verði sérstaklega í efnahags- og skattanefnd hvort ekki sé eðlilegt og rétt að fella niður verulegan hluta skattgreiðslna þegar einstaklingur hefur þurft að nota meira en helming af séreignarsparnaði sínum til niðurfellingar á skuldum sínum. Í slíkri aðgerð stjórnvalda fælist örlítill viðurkenningarvottur á því að einstaklingurinn á enga sök á stöðu mála sinna og það mundi hafa mjög jákvæð áhrif út í þjóðfélagið. Ekki veitir af.

[16:09]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Fyrrverandi ríkisstjórn greip til margra skammtímaráðstafana til að rétta af hag fjölskyldna og einstaklinga í þjóðfélaginu sem hafa orðið fyrir áfalli, sérstaklega þeirra sem hafa misst atvinnuna eða lækkað í launum, og svo sérstaklega þeirra sem voru með gengistryggð lán og hafa farið mjög illa út úr því mikla hruni á gengi krónunnar sem við sáum á síðasta ári.

Eins og ég gat um í andsvari áðan er sú ráðstöfun sem hér er farið út í í rauninni millifærsla úr einum föstum reikningi yfir í annan fastan reikning og á að vera auðvelt að leysa með lánveitingu á móti ef ekki er laust fé til staðar.

Svo vil ég geta um það að neysla almennings hefur minnkað mjög hratt og tekjurnar hafa reyndar lækkað. Könnun gaf til kynna fyrir nokkru síðan, ekki löngu, að 7% þjóðarinnar hefðu misst vinnuna, það var könnun ASÍ, og 14% hefðu lækkað í launum. Það þýðir að tæplega 80% eru með óbreytt laun sem þýðir að meginhluti þjóðarinnar hefur hvorki lækkað í launum né misst vinnuna. Og sá hluti þjóðarinnar gerir ekki nema tvennt við launin sín eins og aðrir, hann annaðhvort sparar eða eyðir peningunum. Eyðsla hefur stórminnkað, það sýna allar tölur. Það er óskaplega mikil minnkun í eyðslu og innflutningi. Það þýðir að sparnaður hlýtur að hafa aukist mjög mikið. Ég hef verið að kanna það og kannaði það síðast í morgun en hef ekki fengið nein svör við því hve mikið sparnaður hefur aukist en mér segir svo hugur. Er dálítið merkilegt, herra forseti, að ekki skuli liggja fyrir tölfræði um það hve mikið sparnaður hefur aukist í öllu kerfinu. Með sparnaði á ég við niðurgreiðslu skulda og aukningu innlána.

Mér segir svo hugur að mánuðirnir október og nóvember séu þeir mánuðir í Íslandssögunni þar sem Íslendingurinn hefur sparað mest yfirleitt. Síðan koma desember og janúar, desember kannski síður en ég hugsa að janúar sé mikill sparnaðarmánuður. Það hlýtur því að vera mikill sparnaður á ferðinni einhvers staðar í kerfinu.

Þetta eru bráðaaðgerðir sem við erum að gera hér og ég vil benda á eitt atriði sem þarf að koma fram og þyrfti kannski að skoða í hv. nefnd, að taki menn út svona sparn-

að og verða svo gjaldþrota, ef þetta dugar ekki til og menn verða gjaldþrota engu að síður glatast þessi sparnaður. En ef hins vegar menn eru gjaldþrota og sparnaðurinn er inni í lífeyrissjóði þá er hann utan gjaldþrotsins. Það þyrfti eiginlega að ganga úr skugga um að aðgerðin dugi hjá þeim sem fara í þessa aðgerð.

Ég hef bent á að víða í Evrópu er meginuppspretta sparnaðar frjáls lífeyrissparnaður, sérstaklega í Þýskalandi, og þar tíðkast og hefur tíðkast í áratugi eða árhundruð að veita lán út á sparnaðinn. Það væri í sjálfu sér að mörgu leyti skynsamleg leið að menn mættu taka lán, svona 50%, til að eiga fyrir skattinum af restinni, 50% lán út á sparnaðinn sinn með sambærilegum vöxtum eða eitthvað ívið hærri vöxtum en sparnaðurinn gefur, það þarf eitthvað fyrir umsýslu, og það lán gætu menn notað til þess að greiða upp skuldir annars staðar. Munurinn á þessu er sá að þá mundu menn væntanlega halda áfram að spara því að margir vilja halda áfram að spara þó að þeir séu að gera upp einhverjar skuldir sem eru afmarkaðar bæði í tíma og rúmi og menn vilja kannski ganga frá. Ég held að menn ættu að skoða þetta í hv. nefnd.

Varðandi það hversu margir muni nýta þetta. Það er ljóst að sá vandi sem var fyrir nokkrum vikum og mánuðum og varðaði gengistryggðu lánin er náttúrlega aðalvandinn sem við glímum við. Það eru ekki verðtryggðu lánin, langt í frá, aðalvandinn eru gengistryggðu lánin, bæði bílalánin og íbúðalánin sem menn tóku ákvörðun um að taka af einhverjum ástæðum, væntanlega vegna þess að vextirnir voru miklu lægri. Það er svona ákveðið sjónarmið þar en það var svo sem bent á gengisáhættuna, margoft bent á hana og líka bent á hve óskynsamlegt væri að taka lán í annarri mynt en menn hafa tekjur í. Það er náttúrlega grundvallaratriði sem menn eiga að fylgja. En menn tóku sem sagt ákvörðun um að taka gengistryggð lán og þau hafa hækkað alveg óskaplega.

Eins og ég gat um í andsvari rétt áðan hefur gengið lagast mjög mikið undanfarna daga af ýmsum ástæðum, lítilsháttar inngrip Seðlabankans að því er virðist en líka virðast vera að koma inn peningar. Auðvitað er vöruskiptajöfnuðurinn jákvæður og hann skilar inn reglulega afgangi sem á að valda meira framboði en eftirspurn á erlendri mynt. Gengið er því að lagast, það lagaðist um 12–14% bara í síðasta mánuði, 12–14% sem erlendar skuldir þeirra sem hafa gengistryggð lán hafa lagast. Þannig að sá sem skuldaði 20 millj. kr. skuldar núna 2,5 eða 3 millj. minna en fyrir einum eða einum og hálfum mánuði. Vandinn sem við erum að glíma við er að minnka af þessum ástæðum. Það má vel vera að margir geti leyst vandann núna sem ekki gátu það fyrir mánuði síðan. Þetta þarf að skoða.

Lækkandi gengi hefur náttúrlega miklu víðtækari áhrif, því að það gerir það líka að verkum að verðbólgan lækkar mjög hratt. Hún mun væntanlega lækka afskaplega hratt bara í þessum mánuði og næsta mánuði og fara miklu hraðar niður í það sem Seðlabankinn stefnir að vegna þess að aðaldriffjöðrin á bak við verðbólguna undanfarið hefur verið gífurleg hækkun á erlendri mynt sem er að lækka núna. Það ásamt lækkun á olíuverði á heimsmarkaði og öðru slíku ætti valda því að staða heimilanna ætti að lagast. Svo gefur þessi styrking á genginu líka færi á því að losa um þau höft sem hafa verið á gjaldeyrismarkaði. Það er ýmislegt mjög jákvætt að gerast og menn þurfa að horfa á það.

Herra forseti. Ég má til með að geta þess að við hér á þingi höfum ekki séð neitt frá ríkisstjórninni sem varðar stöðu heimilanna eða einstaklinga, bara ekki neitt. Menn hafa deilt hér. Þurfa að eyða einum degi í stefnuræðu, öðrum degi í að fá nýjan forseta þingsins fyrir einhverjar örfáar vikur og síðan kemur hér heilmikið mál varðandi Seðlabankann, þ.e. að koma einhverjum bankastjórum frá. Þetta er alltaf eitthvað persónulegt, þetta er ekki fyrir heimilin í landinu, alls ekki. Það breytir engu fyrir heimilin í landinu þó að skipt sé um seðlabankastjóra, akkúrat ekki neinu. Það breytir heldur engu fyrir heimilin í landinu þó að annar forseti sé hér á forsetastóli. Þetta er allt saman ekki gert fyrir heimilin í landinu.

Ég skora á hæstv. ríkisstjórn, sem er nú ekki viðstödd hér, að drífa í því að koma með einhver mál sem varða stöðu heimilanna í landinu, drífa í því og koma með eitthvað af viti fyrir stöðu einstaklinga til að minnka t.d. atvinnuleysið. Það hefur ekki verið gert. Stjórnarskiptin gera ekkert annað en að auka á sársauka heimilanna, auka á vandann, því að það gerist ekki neitt. Það hefur ekkert gerst núna í þrjár, fjórar vikur. Svo fara menn í kosningar og það mun enn auka á vanda og sársauka íslenskra heimila, því að í kosningabaráttu eru menn heldur ekki að auka atvinnu í landinu eða reyna að bæta stöðu heimilanna. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn, sem er fjarverandi, að gera nú eitthvað í því að koma með mál inn í þingið sem bæta stöðu heimilanna.

[16:19]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins til að bregðast við síðustu orðum hv. þm. Péturs H. Blöndal um meint aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar. Það er „kómískt“ að sitja úti í sal og heyra það úr munni sjálfstæðismanns að ekkert sé verið að gera. Ég bendi hv. þingmanni á að sú ríkisstjórn sem nú starfar hefur ekki starfað mjög lengi en hefur þó á þeim tíma komið fram með stórmál, svo að ég nefni eitt dæmi, sem er greiðsluaðlögunarfrumvarp. Boðað var af hálfu hæstv. fjármálaráðherra áðan að það væri að koma frumvarp varðandi séreignarsparnaðinn.

Í verkefnaskrá núverandi ríkisstjórnar eru „konkret“ verkefni sem væntanlega koma inn í þingið núna í þessari viku og næstu og ríkisstjórnin hefur uppi áform um að vinna hratt og örugglega í samvinnu við þingið og þingnefndir. Ég held því að það sé algjör óþarfi af hv. þingmanni að standa hér geðillur í ræðustól og skamma hæstv. núverandi ríkisstjórn fyrir aðgerðaleysi. Margur heldur mig sig í þeim efnum. Eigum við ekki bara og bíða og sjá hvernig málum vindur fram næstu daga? Ég er alveg viss um að þegar upp er staðið mun þessi ríkisstjórn sem nú situr státa af þó nokkuð lengri og meiri afrekaskrá en sú hæstv. ríkisstjórn sem sat hér það sem af er þessu kjörtímabili.

[16:20]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að við erum

búin að fá að sjá verkefnaskrá. Hún er svona nokkurn veginn sú sama og fyrrverandi ríkisstjórn var með þannig að það er nú ekki mikil breyting þar á. Eiginlega flestir í ríkisstjórninni hafa þurft að kyngja og taka U-beygju, 180° beygju. Samfylkingin er nú búin að gleyma Evrópusambandinu. Það er bara horfið og gleymt. Það er aldrei talað um það meir. Og Vinstri grænir eru búnir að gleyma bæði Icesave-reikningunum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Nú er bara hjalað við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eins og bestu vini sína. Þetta er því U-beygju stjórn. Það er greinilegt.

En hún er náttúrlega með ágætis verkefnalista sem er verkefnalisti fyrrverandi hæstv. ríkisstjórnar. Það er gott ef hún framkvæmir það. Fyrrverandi ríkisstjórn gerði hundrað breytingar á hundrað dögum. Nú eru sem sagt liðnir tíu dagar og það eru komin fram tvö frumvörp, þ.e. greiðsluaðlögunin og séreignarsparnaðurinn, hvort tveggja frá fyrrverandi ríkisstjórn.

Gerðar voru tvær minni háttar breytingar á greiðsluaðlöguninni sem hefði vel mátt gera í nefnd og spara sér umræður hér í þinginu fram og til baka um höfundarrétt og annað slíkt sem enginn skildi. Ég held því bara að ríkisstjórnin ætti að taka það frumvarp sem liggur fyrir og gera á því einhverjar breytingar í nefndinni ef menn telja að þess þurfi og vinna þetta af viti í staðinn fyrir að vinna einhverjar pínulitlar breytingar á þessu frumvarpi í ráðuneytinu eins og verið er að gera núna. Síðan á að leggja það fram og fara aftur í gegnum umræðu o.s.frv. í staðinn fyrir að vinna í nefndum og klára þessi mál þannig að fólk geti farið að sjá þessar niðurstöður en ekki bíða endalaust eftir því að sagt sé hver hefur höfundarréttinn að viðkomandi frumvarpi þegar það verður endanlega að lögum.

[16:22]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. þm. Pétri Blöndal á að fyrri ríkisstjórn sprakk m.a. vegna þess að þolinmæði Samfylkingarinnar þraut. Hana þraut m.a. vegna þess að við töldum að litlu væri komið í verk. Það væri lítil verkstjórn.

Það má svo sem vel til sanns vegar færa að þau mál sem núverandi hæstv. ríkisstjórn setur nú á dagskrá eru mjög í anda fyrrverandi hæstv. ríkisstjórnar. Munurinn er hins vegar sá að það gerðist ekkert. Það gerðist ekkert á síðustu vikum og mánuðum síðustu hæstv. ríkisstjórnar frá því að bankarnir hrundu. Nú liggur fyrir að þessi ríkisstjórn ætlar að láta hendur standa fram úr ermum og láta verkin tala. Ég efast ekki um að núna á næstunni muni þessi mál koma fram sem um var rætt áðan.

Síðan vil ég segja, hæstv. forseti, að ég er ekki viss um að þessi umræða sem hv. þm. Pétur Blöndal byrjaði á skili okkur einhverju. Það voru sjálfstæðismenn í þinginu sem hófu umræðu um form en ekki innihald. Það voru sjálfstæðismenn á þinginu sem hófu umræður um höfundarrétt á greiðsluaðlögunarfrumvarpi. Það skilar fólkinu í landinu hins vegar engu. Það eru aðgerðir, aðgerðir og aðgerðir en ekki japl, jaml og fuður, að skoða, spá og spekúlera, sem sjálfstæðismenn gerðu því miður allt of mikið af á síðustu vikum og mánuðum og er m.a. ástæðan fyrir því að við stöndum í þeim sporum sem við stöndum í í dag.

[16:24]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda á að frumvarpið um greiðsluaðlögun kom fyrst fram hjá Sjálfstæðisflokknum. Síðan kemur ríkisstjórnin með örlítið breytt frumvarp til þess að eiga einhvers konar höfundarrétt að málinu.

Og núna tilkynnti hæstv. fjármálaráðherra að í staðinn fyrir að taka þetta frumvarp sem hann ætlar að flytja hvort sem er með einhverjum breytingum ætli hann að koma með nýtt frumvarp. Í staðinn fyrir að ræða frumvarpið efnislega, vísa því til nefndar, koma svo með breytingartillögur fyrir nefndina — þannig vinna menn tíma — ætlar hæstv. fjármálaráðherra að koma með nýtt frumvarp. Það þarf að mæla fyrir nýju frumvarpi. Það þarf að fara aftur í gegnum málið, fara aftur í nefnd o.s.frv. Ég hlýt að gagnrýna það. (Gripið fram í.)

Ég gagnrýni að það liggja fyrir frumvörp sem menn ætla að flytja og hægt er að gera á þeim breytingar, smávægilegar breytingar. Það hefði mátt gera breytingar á frumvarpinu um greiðslumiðlun í nefndinni. (Gripið fram í.) Það má líka gera á frumvarpinu um séreignarsparnaðinn. Ef hæstv. fjármálaráðherra sér einhverja meinbugi á frumvarpinu, ef ráðuneyti hans uppgötvar eitthvað, er léttur leikur að breyta því í nefndinni.

Það mundi flýta málinu og væri til hagsbóta fyrir heimilin í landinu sem bíða eftir þessum ráðstöfunum. Og svo eru margar ráðstafanir fleiri sem eiga eftir að koma. Það er bara lofað einhverju. Jú, það kemur kannski einhvern tímann, ef til vill, líklega.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Fundi slitið kl. 16:26.

---

79. FUNDUR

miðvikudaginn 11. febrúar,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til umhverfisráðherra:

2. Uppbygging álvers í Helguvík, fsp. BjörkG, 293. mál, þskj. 519.

Til iðnaðarráðherra:

3. Virkjun sjávarfalla við Ísland, fsp. StB, 282. mál, þskj. 508.

4. Afhendingaröryggi raforku og virkjun vatnsfalla á Vestfjörðum, fsp. StB, 283. mál, þskj. 509.

Til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

5. Útflutningur hvalafurða, fsp. MÁ, 284. mál, þskj. 510.

Afturköllun þingmála.

[13:31]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti vill tilkynna að fyrirspurnir á þskj. 127, 327 og 334 frá Steingrími J. Sigfússyni, 4. þm. Norðaust., eru kallaðar aftur.

Þá vill forseti einnig tilkynna að fyrirspurnir á þskj. 250, 251 og 381 frá Katrínu Jakobsdóttur, 4. þm. Reykv. n., eru kallaðar aftur.

Tilkynning um embættismenn fastanefnda.

[13:31]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kosningu embættismanna fastanefnda:

Efnahags- og skattanefnd: Björgvin G. Sigurðsson formaður og Árni Þór Sigurðsson varaformaður.

Félags- og tryggingamálanefnd: Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður og Þuríður Backman varaformaður.

Samgöngunefnd: Steinunn Valdís Óskarsdóttir formaður og Árni Þór Sigurðsson varaformaður.

Umhverfisnefnd: Helgi Hjörvar formaður og Atli Gíslason varaformaður.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Um klukkan tvö í dag, strax að loknum dagskrárliðnum Störf þingsins, fer fram utandagskrárumræða um áform ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu á álveri á Bakka við Húsavík. Málshefjandi er hv. þm. Ólöf Nordal. Hæstv. umhverfisráðherra, Kolbrún Halldórsdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:32]

Útbýting:

Rannsóknarboranir á Þeistareykjum og álver á Bakka, 298. mál, þáltill. KÞJ o.fl., þskj. 524.

Um fundarstjórn.

Fyrirspurn á dagskrá.

[13:33]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins grennslast fyrir um það hjá forseta hvernig á því stendur að hér er á dagskrá fyrirspurn til umhverfisráðherra um uppbyggingu álvers í Helguvík og svo á sama þingfundi utandagskrárumræða til sama ráðherra um sama efni.

[13:33]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti upplýsir að hér er um tvö aðskilin mál að ræða, annars vegar álver á Bakka við Húsavík og hins vegar álver í Helguvík sem er í Suðurkjördæmi.

Störf þingsins.

Starfsemi viðskiptabankanna – Icesave-deilan.

[13:34]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Landsbankinn, stærsti banki landsins, er stjórnlaus og í raun hinir tveir minni líka, Kaupþing og Glitnir. Það sjá allir.

1. Núverandi bankastjóri Landsbankans, Elín Sigfúsdóttir, hættir eftir 2–3 vikur.

2. Bankaráðsformaðurinn Ásmundur Stefánsson ákveður að fara til Indlands í mánuð á sama tíma og bankastjórinn er að taka til á skrifborðinu sínu.

3. Bankaráðsformaðurinn bætir um betur og lætur bankaráðið ráða sig fram á haust.

4. Hæstv. forsætisráðherra vill hnekkja þeirri ákvörðun og auglýsa stöðuna.

5. Hæstv. viðskiptaráðherra tekur undir með forsætisráðherra.

6. Hæstv. fjármálaráðherra kemur fram á Stöð 2 og er spurður um málið. Hann lætur það vera að upplýsa þjóðina um að hann hafi viljað gamlan vin sinn og baráttufélaga úr Alþýðubandalaginu sáluga í bankastjórastólinn.

7. Það upplýsir hins vegar Haukur Halldórsson, núverandi bankaráðsformaður.

8. Hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, lýsir því yfir í vikunni að skipta þurfi út bankaráðinu.

9. Tveir formenn bankaráðanna segja af sér í kjölfar yfirlýsingar forsætisráðherra og veikir það þar með stöðu bankaráðanna við stjórn bankans.

10. Hæstv. fjármálaráðherra biður þá að vera áfram þrátt fyrir orð forsætisráðherra.

Ég spyr því hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sem formann þingflokks Samfylkingarinnar: Er þetta ástand í bönkunum virkilega samkvæmt áætlunum ríkisstjórnarflokkanna og Samfylkingarinnar um endurreisn atvinnulífsins og endurreisn heimilanna, að taka þrjár helstu stoðir íslensks fjármálalífs og gera þær stjórnlausar? Þurfum við ekki einmitt á styrkri stjórn að halda núna og fumlausum vinnubrögðum ofar öllu? Er þessi klíkuráðning dæmi um gegnsæi sem Samfylkingunni er svo annt um? Er þessi aðferð við að ýta þrautreyndum bankastarfsmanni úr starfi sem vill nú svo til að er kona samboðin (Forseti hringir.) tímamótarísisstjórn sem kennir sig við jafnréttismál? Kona sem síðasta ríkisstjórn óskaði sérstaklega eftir (Forseti hringir.) í ljósi reynslunnar að stýrði Landsbankanum í gegnum versta brimskaflinn.

[13:37]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Það var víða komið við í þessari fyrirspurn og ég vil upplýsa hv. þingmann um að bankarnir

heyra ekki undir mig sérstaklega heldur fer hæstv. fjármálaráðherra með hlutabréf ríkisins eins og hv. þingmaður veit — en til að rifja upp og hafa tímasetningar á hreinu þá man ég ekki betur en bankastjórastarf í Landsbankanum hafi verið auglýst í tíð fyrri ríkisstjórnar svo að öllu sé skikkanlega til haga haldið.

Ég veit ekki til þess að bankarnir séu stjórnlausir. Hins vegar kom það fram á ágætum fundi hjá Mats Josefsson í morgun að hann hvatti eindregið til þess að ríkið færi að koma fram eins og eigandi bankanna, móta stefnu um það hvernig þeir eiga að starfa o.s.frv. — það er liður í því að byggja upp bankana og móta stefnu til lengri tíma.

Ég vil líka segja það, virðulegi forseti, að mér finnst það ekki nægilega góður málflutningur hér í þingsal þegar því er haldið fram í hvert eitt sinn að ef sjálfstæðismenn ráða menn í störf sé um að ræða vandaða ráðningu og yfir alla gagnrýni hafna — ef ég man rétt þá held ég að hæstv. þáverandi fjármálaráðherra, Árni Mathiesen, hafi skipað öll bankaráðin sem nú sitja — þá væntanlega líka umræddan Ásmund Stefánsson, þrautreyndan bankamann — þannig að mér finnst þessi umræða ekki til þess fallin að upplýsa, styrkja eða byggja upp bankakerfið sem við þurfum virkilega á að halda.

[13:39]

Jón Magnússon (U):

Virðulegi forseti. Mér finnst ýmis ummæli ráðamanna að undanförnu ekki hafa verið til þess fallin að styrkja fjármála- eða bankakerfið heldur þvert á móti. Svo illa hefur farið að jafnvel tveir af okkar virtustu bankamönnum, sem hafa verið stjórnarformenn Nýja Glitnis og Kaupþings, sáu sig tilknúna að segja af sér í gær. Þeir voru beðnir að gegna störfum sínum áfram en það sýnir hvernig ástandið er. Á sama tíma má lesa það vítt og breitt um veröldina að forseti lýðveldisins sé að gefa yfirlýsingar með ákveðnum hætti sem er ekki í hans verkahring að gera. Allt er þetta til þess fallið að draga úr tiltrú annarra þjóða á því með hvaða hætti Íslendingar geti komist út úr vandanum og mótað eðlilega banka- og fjármálastarfsemi að nýju.

Mér finnst það mjög óviðeigandi hvernig ráðamenn, ríkisstjórn og forseti lýðveldisins, hafa komið fram hvað þetta varðar að undanförnu og það hefur að mínu viti orðið til mikils skaða. Ég ætlast ekki til þess að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, geti svarað fyrir það eða borið ábyrgð á því. En þetta er hins vegar grafalvarlegt mál sem nauðsynlegt er að vekja athygli á. Það er nauðsynlegt að bankarnir geti starfað með eðlilegum hætti, veitt þá fyrirgreiðslu sem þarf til að atvinnulífið í landinu stöðvist ekki, að við fáum stýrivexti sem séu sambærilegir því sem gerist í löndum þar sem ástand er svipað og hér eins og í Bretlandi þar sem stýrivextir eru 1% og við komum í veg fyrir að verðtryggingin æði áfram og éti upp eignir fólksins í landinu.

[13:41]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegur forseti. Því verður ekki á móti mælt að ýmislegt einkennilegt hefur komið fram síðustu daga sem varðar mannaráðningar af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. forsætisráðherra skrifar bréf til bankastjóra Seðlabankans og óskar eftir því að þeir hverfi á braut hið fyrsta, skrifar síðan annað bréf til tveggja þeirra og lýkur á þá miklu lofsorði og segir að ekkert sé athugavert við störf þeirra. Maður hlýtur þá að velta því fyrir sér hvers vegna verið var að biðja menn um að hætta.

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra upplýsir síðan að til umræðu sé að skipta um formenn bankaráða og þegar bankaráðsformennirnir verða við þeim óskum forsætisráðherrans kemur fjármálaráðherra og lýkur lofsorði á þá og biður þá endilega að vera áfram. Það fer að verða dálítið hættulegt fyrir menn sem hafa tekið að sér störf að undanförnu á vegum ríkisstjórnar að hæstv. ráðherra fari að minnast þeirra og tala hlýlega um störf þeirra og hæla þeim fyrir vel unnin störf, það fylgir greinilega í kjölfarið að menn eru beðnir um að víkja. Það sérkennilegasta í öllum þessum mannaráðningum er að við erum með ópólitískan ráðherra sem nýtir sér ákvæði laga til að ráða sér aðstoðarmann sem ætlað er að hjálpa ráðherranum að koma fram pólitískri stefnu sinni í ráðuneytinu gegn embættismannavaldinu þar. Virðulegi forseti. Þetta er orðið dálítið á haus, allt þetta leikverk sem hæstv. ríkisstjórn er búin að setja á fót.

Ég vil, virðulegi forseti, mótmæla aðdróttunum í garð formanns bankaráðs Landsbankans, Ásmundar Stefánssonar, sem komu fram í máli hv. málshefjanda. Það er alveg ljóst að hann hefur tekið að sér að brúa ákveðið bil, hann hefur ekki sóst eftir því, mér finnst ekki að menn eigi að bera í bakkafullan lækinn og veitast að formanni bankaráðs Landsbankans.

[13:43]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að varpa örlitlu ljósi á fyrirspurn hv. þm. Ármanns Kr. Ólafssonar vegna starfa bankaráða og bankastjóra Landsbankans og annarra íslenskra viðskiptabanka í dag. Þá var það svo að ég, sem þáverandi viðskiptaráðherra, og þáverandi fjármálaráðherra, hv. þm. Árni Mathiesen, áttum fundi með formönnum bankaráðanna og skýrðum þeim frá þeim vilja ríkisstjórnarinnar að auglýsa bæri störf bankastjóra ríkisbankanna þriggja. Það var vilji eigenda bankanna að svo yrði gert. Þeir voru ráðnir — ráðið var gott og grandvart fólk sem hefur staðið sig vel — en bráðabirgðastjórnir allra bankanna voru á sínum tíma skipaðar í miklum flýti og það var eðlilegt að þegar búið væri að skipa bankaráðunum varanlegar stjórnir að þau störf væru auglýst. Það skiptir öllu máli til að byggja upp traust á fjármálafyrirtækjunum aftur að þessi störf séu auglýst og fólki sé gefinn kostur á að sækja um þau.

Í dag var vinnan við endurreisn á bankakerfinu kynnt og hún virðist ganga prýðilega vel. Hvað varðar formann bankaráðs Landsbankans þá tek ég undir það með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að hann hefur staðið sig afskaplega vel og er að brúa þarna bil þannig að það gerist ekki sem hv. þingmaður lýsti hér áðan að eitthvert stjórnleysi skapist eða eitthvert millibil verði áður en búið er að ganga frá ráðningu á nýjum bankastjóra, hann er að brúa það bil og það er hið besta mál.

Hvað varðar forseta lýðveldisins og það sem var nefnt

hér áðan þá tel ég að út úr orðum hans hafi verið snúið mjög gróflega. Það var afflutt mjög alvarlega í erlendum fjölmiðlum og hann fór að mínu mati hvergi út fyrir sitt svið. Það var snúið mjög gróflega út úr því og hann hefur skýrt það mál mjög vel svo að því sé til haga haldið í þessum umræðum fyrst hans mál ber á góma í þingsal. Hann hefur staðið sig framúrskarandi vel og ekki í neinu farið út fyrir sitt valdsvið. Orð hans voru gróflega afflutt í þýskum fjölmiðlum.

[13:45]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði úr þessum stóli fyrir stuttu að það yrði að móta stefnu bankanna til lengri tíma. Og það er alveg hárrétt. Þess vegna skilur maður ekkert í því af hverju í ósköpunum er verið að hræra svona með stjórnina og með stjórnendur bankanna. Ég er ekki að gera lítið úr Ásmundi Stefánssyni. Ég er bara að segja að það hefði verið miklu eðlilegra að Elín hefði fengið stuðning til þess að vera í stöðu sinni áfram, fram á haustið og Ásmundur, sá ágæti fíni maður, hefði áfram verið formaður. Síðan hefði hæstv. forsætisráðherra lýst yfir trausti á þá leið að hún styddi bankaráðið, að hún bæri fullt traust til þeirra sem þar sitja.

Sú ríkisstjórn sem nú starfar, minnihlutastjórn, mun starfa í nokkra daga. Hefði ekki mátt bíða og eyða smákröftum í að móta stefnuna til lengri tíma, eins og talað var um, í stað þess að vera í rauninni að veikja alla stjórnendur bankanna sýknt og heilagt? (Gripið fram í.) Veikja bankana þegar það liggur fyrir að stærsta vandamálið og stærsta verkefnið, (Gripið fram í.) hæstv. ráðherra, stærsta verkefnið er einmitt að endurreisa bankana. Styrkja bankakerfið svo hægt sé að hjálpa heimilunum og fyrirtækjunum í landinu að koma undir sig fótunum. (Gripið fram í.)

Maður skiptir ekki um hest í miðri á, voru fræg ummæli formanns Samfylkingarinnar og það virðast ætla að verða eftirmæli hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Það er alltaf verið að skipta um hest í miðri á. Sýknt og heilagt. Þess vegna stöndum við frammi fyrir því upplausnarástandi sem hér er. (**MÁ:** … Sjálfstæðisflokkinn.)

Það hefði verið auðvelt að halda hérna smáfestu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið tilbúinn og er tilbúinn til þess að halda utan um þessi mál, ásamt ykkur og vinna að framgangi og uppgangi bankanna. Það er ekki gert með því að vera alltaf að hræra í stjórnendum bankanna og veikja þá og veikja stjórnir bankanna. Þannig endurreisum við ekki bankakerfið, hæstv. forseti.

[13:48]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Mér sýnist að upplausnarástandið ríki einungis innan Sjálfstæðisflokksins eða að minnsta kosti hluta Sjálfstæðisflokksins. (**GAK:** Æ, æ, æ, æ.) Ég vil koma hingað til þess að verja fyrrverandi kollega minn í ríkisstjórninni, fyrrverandi fjármálaráðherra, hv. þm. Árna M. Mathiesen, vegna þess að árás hv. þingmanns sem hér talaði áðan beinist að honum líka.

Það hefur komið fram í máli fyrrverandi viðskiptaráðherra að það voru teknar ákvarðanir (**Gripið fram í:** Hvað sagði forsætisráðherra?) við ríkisstjórnarborðið. Málið var rætt við ríkisstjórnarborðið að viðstöddum öllum ráðherrum Sjálfstæðisflokksins.

Síðar sama dag og að morgni dagsins eftir áttu þáverandi viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra Árni Mathiesen viðtölin sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson greindi frá áðan þar sem stefnu ríkisstjórnarinnar sem þá sat var komið á framfæri. Sú stefna sem hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson deilir á núna er stefna sem Sjálfstæðisflokkurinn mótaði. (**Gripið fram í:** Hvað með forsætisráðherrann?) Það var fyrrverandi fjármálaráðherra sem sjálfur (**Gripið fram í:** Hvað sagði forsætisráðherrann?) ræddi við formenn bankaráðanna um að auglýsa bæri stöður bankastjóranna. (**Gripið fram í:** Hvað er að gerast núna?)

Svo kemur hv. þingmaður núna og eys hér úr sér, fer með himinskautum, yfir hverju? Yfir því að það er verið að framkvæma ákvörðun sem fyrri ríkisstjórn tók. (**GMJ:** Það er að koma prófkjör.) Nákvæmlega. Hér kallar fram í einn af greindustu þingmönnum Frjálslynda flokksins og bendir á þá staðreynd að það sé að koma prófkjör. Og það er eina ástæðan fyrir því að hv. þingmaður kemur og eys úr skálum reiði sinnar yfir þá sem voru í forustu fyrir Sjálfstæðisflokkinn í (Forseti hringir.) ríkisstjórn. Því þetta var ákvörðun þeirra.

[13:50]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þingmanns þá liggur fyrir að sú staða sem hann gagnrýndi að hefði verið auglýst var auglýst af fyrrverandi hæstv. fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesen. Það var hann sem auglýsti starfið og því finnst mér ekki sanngjarnt að samflokksmaður hans skuli veitast að honum núna. (Gripið fram í.)

En meginatriðið er þetta: Bankarnir þurfa að fara að vinna í þágu heimilanna og í þágu fyrirtækjanna. Það er það sem skiptir máli að það sé festa og að þeir vinni samkvæmt þeim markmiðum sem ríkisstjórnin setur.

Það hefur tekið tíma að byggja þetta upp. Við vorum í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn en því miður treysti hann sér ekki til að taka ákvarðanir í þessu frekar en í nokkru öðru og því varð að leita á önnur mið. [Hlátrasköll og hávaði í þingsal.] Það varð að kalla til verka fólk sem treysti sér til þess að taka (Forseti hringir.) ákvarðanir.

(**Forseti** (KÓ)**:** Hljóð í salnum.)

Það varð að kalla til leiks nýtt fólk. Það er það sem er verið að gera núna. Í dag og í morgun verða kynntar hugmyndir um hvernig menn sjá bankana fyrir sér til lengri tíma. Ég trúi því og treysti að þær hugmyndir sem þar koma fram verði til þess fallnar að tryggja hér öflugt og sterkt bankakerfi sem kemur til með að vinna fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. Það er það sem við viljum gera en ekki, hv. þingmaður, skapa óþarfa upplausn í umræðum um þessi mál þegar verið er að vinna að þeim af festu og einurð. (Gripið fram í.)

[13:52]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til þess að bera upp við formann utanríkismálanefndar stöðu viðræðna

vegna samninga stjórnvalda um innstæður í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu. Eins og við vitum öll þá afgreiddi þingið fyrir skömmu þingsályktunartillögu um efnið og þingið hefur viljað fylgjast mjög vel með framgangi viðræðnanna. En hingað til hafa ekki komið miklar vísbendingar um að tekið yrði mikið tillit til þeirra aðstæðna sem risið hafa á Íslandi en voru af hálfu þingsins forsenda fyrir því að farið var í viðræður um þessi mál.

Við vitum öll að hér skipta mestu innstæðurnar í Landsbankanum vegna þess að það liggur fyrir að bæði hjá Kaupþingi og Glitni munu allar innstæður greiðast til baka. En hjá Landsbankanum er annað upp á teningnum og þar er um mjög stórar fjárhæðir að tefla.

Það sem gefur mér tilefni til að koma hér upp er að við höfum ekki fengið nýlega í þinginu upplýsingar um stöðu málsins. Það er í fyrsta lagi. Í öðru lagi er auðvitað komin ný ríkisstjórn með stuðningi Framsóknar, hverrar formaður er einn af forvígismönnum „Indefence"-hópsins sem sérstaklega var á móti því að gengið yrði til þessara samninga. En auðvitað líka með aðild Vinstri grænna sem hafa talað mjög sterkt gegn þessu máli og þessum viðræðum í heild sinni.

Í meðförum þingsins kom fram í nefndaráliti frá fulltrúa Vinstri grænna að hann taldi að hér væri um að ræða samninga sem væru ógildanlegir og jafnvel ólöglegir. Það var lagt til að þessi samningaleið yrði ekki farin. Maður hlýtur því að spyrja sig ef ríkisstjórnin starfar í skjóli bæði Framsóknar og Vinstri grænna hvort það standi til að taka upp viðræðurnar að nýju.

Formaður Vinstri grænna hefur skrifað lærða grein í *Morgunblaðið* þar sem hann lýsir því hvers konar hörmungarganga þetta allt saman hafi verið, að ganga til samninganna. Við hljótum því að vilja fá upplýsingar (Forseti hringir.) um hvernig málið stendur. Auk þess sem ég vil segja rétt í lokin að hin (Forseti hringir.) nýja staða hjá Landsbankanum í tilefni af gjaldþroti eins af stærstu skuldurum bankans hlýtur að gefa okkur tilefni til (Forseti hringir.) þess að meta að nýju efnahagsreikning gamla Landsbankans.

[13:54]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Það er engu líkara en að þessi liður á dagskrá þingsins, störf þingsins, sé orðinn eins konar frambjóðendaskóli fyrir Sjálfstæðisflokkinn. (Gripið fram í.) Þeir koma hér upp hver á fætur öðrum til þess að láta á sér bera og taka upp málefni sem þeir eru nýkomnir úr.

Varðandi þá fyrirspurn og það málefni sem hv. þm. Bjarni Benediktsson vakti máls á og beinir fyrirspurn til mín sem formanns utanríkismálanefndar þá get ég auðvitað bara fjallað um málið að því leyti hvernig það snýr að utanríkismálanefndinni sjálfri.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson er nýstiginn úr stóli formanns utanríkismálanefndar þar sem málið hefur að sjálfsögðu verið til umfjöllunar og í raun og veru ætti hann að hafa miklu meiri vitneskju um þær umræður, álitamál og sjónarmið sem hafa komið fram í málinu á þeim vettvangi en ég sem hef einungis setið í nefndinni örfáa daga.

Ég vil þó greina frá því og segja það kannski fyrst að þetta mál er að sjálfsögðu í ákveðnu viðræðuferli sem var sett á laggirnar eða sett af stað af fyrrverandi ríkisstjórn, m.a. á grundvelli þeirrar þingsályktunar sem var samþykkt á Alþingi og hún er auðvitað í gildi burt séð frá þeim sjónarmiðum sem komu upp í umræðu um það mál. Hún er staðreynd og þetta mál er þar af leiðandi í ákveðnu viðræðuferli og ekkert meira um það að segja í raun og veru.

Ég vil þó upplýsa að á fundi utanríkismálanefndar í morgun bar þetta örlítið á góma og var óskað eftir því að á fund nefndarinnar kæmi bæði utanríkisráðherra og fjármálaráðherra til þess að gera grein fyrir stöðu málsins, þeim viðræðum sem eru í gangi og hvernig núverandi ríkisstjórn hyggst standa að því máli og hvort hún geri ráð fyrir einhverjum breytingum á afstöðu íslenskra stjórnvalda (Forseti hringir.) hvað varðar málið. Það verður tekið fyrir á vettvangi nefndarinnar (Forseti hringir.) áður en langt um líður og málin gætu þá skýrst að einhverju leyti.

[13:57]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það er engin spurning að eitt mikilvægasta verkefni nútímans er að endurreisa bankana. Við vitum öll að atvinnulífið getur ekki án skilvirks bankakerfis verið og gangi endurreisn þeirra ekki hratt og vel fyrir sig mun það hafa gríðarlega alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulífið.

Ég óttast að þær breytingar sem nú hafa verið kynntar, uppsagnir formanna bankaráða Glitnis og Kaupþings og þær hrókeringar sem uppi hafa verið sem ríkisstjórnin stendur fyrir muni slá þeirri endurreisn á frest. Það segir sig auðvitað sjálft að þegar glænýtt fólk kemur inn í bankana til þess að reisa þá við mun það þurfa sinn tíma til þess að marka nýja stefnu. Það eru því alvarlegir tímar fram undan í þessu. Ég óttast að allar þessar aðgerðir slái endurreisn bankanna á frest og sá tími sem líða mun getur orðið dýrkeyptur fyrir fólkið í landinu og atvinnulífið.

Hins vegar varðandi Icesave verð ég að segja að það veldur miklum vonbrigðum að ríkisstjórnin hafi ekki kynnt nein áform varðandi það mál. Ég hefði talið að hæstv. nýr utanríkisráðherra þyrfti að endurskoða stefnumótun og aðgerðir vegna biðlunar til breskra stjórnvalda vegna uppgjörs á Icesave-reikningunum. Í því máli verður að verjast af fullri hörku, jafnvel með liðsinni erlendra sérfræðinga. Ég tel að það sé ekki valkostur að skuldbinda íslenska ríkið og kynslóðir framtíðarinnar um allt að 700 milljarða kr. Undir slíkri skuldsetningu munu kynslóðir framtíðarinnar ekki geta staðið og við verðum að koma í veg fyrir það.

Icesave-málið á eftir að koma aftur til umfjöllunar í þinginu þegar við ræðum heimildir ríkisstjórnarinnar til að skuldbinda ríkissjóð. En ég óttast mjög linkind ríkisstjórnarinnar gagnvart breskum stjórnvöldum. Linkind [Hlátrasköll og hávaði í þingsal.] Samfylkingarinnar (Forseti hringir.) sem ég hef fylgst með, vera í forræði (Forseti hringir.) um þetta mál vegna þess að í þeim samningaviðræðum hefur hún ekki viljað styggja vini sína í ESB (Forseti hringir.) af ótta við að það muni koma í veg fyrir (Forseti hringir.) að Ísland geti sótt um aðild að Evrópusambandinu, því miður.

[13:59]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er auðvitað fullkomið hneyksli að hlusta á sjálfstæðismenn í þessari umræðu. Hér kom inn mál, þingsályktunartillaga frá ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, um Icesave-ábyrgðirnar. Það mál fór inn í utanríkisnefnd Alþingis þar sem hv. þm. Bjarni Benediktsson barði það í gegn. Og hvað stóð í því máli? Það stóð að hagsmunum Íslands til lengri tíma litið væri betur borgið með því að borga þessar ábyrgðir (**SKS:** Kjaftæði) sem eru yfir 600 milljarðar kr. (Gripið fram í.) Það stóð í þessu máli. Og lesið þið bara þingsályktunartillöguna. (**Gripið fram í:** … á nefndarálitinu.) Það voru þrjú viðmið sem átti að fara eftir. Þetta var hamrað hér í gegn.

Það er hins vegar alveg rétt að þegar búið er að semja — og það er ekki búið og hefur tekið um þrjá mánuði og við verðum auðvitað að fá upplýsingar um það hvar þessir samningar standa. Ég hef beðið um að hæstv. utanríkisráðherra komi til utanríkisnefndar og upplýsi okkur. Ég hef líka beðið um skriflegt svar við hagsmunamati Íslands af því hvernig fari fyrir okkur ef við borgum þetta. Og hvernig fer fyrir okkur ef við borgum þetta ekki og segjum bara að við getum það ekki?

En það er svo fullkomlega óeðlilegt að Sjálfstæðisflokkurinn komi hér núna og spyrji: Á að taka þetta mál upp að nýju? Og spyrji svo hvort það eigi fara að endurskoða þetta. (**SKS:** Mér finnst þetta …) Sjálfstæðisflokkurinn stóð að því með Samfylkingunni að samþykkja að borga þessar ábyrgðir. (**Gripið fram í:** Nei.) Það var í þingsályktunartillögunni sem fór hér í gegn. Þar greidduð þið atkvæði með því og það var pólitískt mat Sjálfstæðisflokksins að það þyrfti að samþykkja að greiða þessar ábyrgðir, m.a. til þess að fá lánið hjá IMF. (Gripið fram í.) Þannig að ef sjálfstæðismenn eru búnir að gleyma þessu þá hafa þeir ekki einu sinni gullfiskaminni, (Forseti hringir.) hæstv. forseti.

[14:01]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Varðandi Icesave-reikningana og samskipti við Evrópusambandið sem kúgaði okkur til uppgjafar held ég að menn eigi að láta flokkadrætti vera. Þetta er það mikið mál að þingmenn eiga allir að standa saman. Ég ætla að vona að hæstv. utanríkis-, viðskipta- og fjármálaráðherrar standi í lappirnar gagnvart þessu máli og ef þeir neyðast til að semja verði ekki samið um meira en svo að íslenska þjóðin geti staðið við það. Við megum ekki missa aðalauðlind þjóðarinnar, sem er mannauðurinn, úr landi. Það verður miklu meiri skaði, líka fyrir þær þjóðir sem eru að gera á okkur kröfur. Þær verða að stilla kröfum sínum í hóf, þær fá langmest greitt ef íslenska þjóðin heldur þessari aðalauðlind sinni í landi og getur borgað.

[14:02]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegur forseti. Mig langar að ræða aðeins um störf þingsins. Þegar ég vissi að ég væri að koma inn á Alþingi fylgdist ég með umræðum í sjónvarpinu til að vita betur um störfin. Reyndar hef ég gert það oftar en ekki í gegnum árarraðirnar því að ég hef verið það pólitísk og verið mikið í stjórnmálum að ég hef fylgst mjög vel með þinginu almennt.

Þá bar það við miðvikudaginn 4. febrúar að mikið karp var um kosningu forseta Alþingis, ótrúlegt. Fimmtudaginn 5. febrúar, á fyrsta heila starfsdegi Alþingis með nýrri ríkisstjórn, var umræða um greiðsluaðlögun, rifrildi, framsköll og að mínu mati hálfgerð upplausn um hver samdi frumvarpið eins og það skipti fólk úti í þjóðfélaginu einhverju máli — eða hvað? Föstudaginn 6. febrúar var umræða um Seðlabankann, karp, framsköll, málþóf. Í gær, minn fyrsta dag á Alþingi, upplifði ég ekki mjög málefnalegar umræður, framsköll og ýmis upphrópunarefni. Mér fannst, ég verð að segja alveg eins og er, ég vera komin á framboðsfund vestur á fjörðum í gamla daga með Matta Bjarna, Sighvati Björgvins, Vilmundi Gylfa og Karvel Pálma.

Þá var ekkert sjónvarp svo allir íbúarnir voru að fara á skemmtifund og þeir höfðu gaman af. En mér finnst sorglegt að horfa upp á sjálfstæðismenn eiga mjög erfitt með að vera í stjórnarandstöðu og ekki geta fótað sig. Almenningur sem heima situr og horfir agndofa á slíkar umræður og bíður í ofvæni eftir að Alþingi segi eitthvað og geri eitthvað til að hjálpa heimilum og fyrirtækjum þessa lands bíður. Almenningur á þá augljóslega (Forseti hringir.) að bíða og bíta í skjaldarrendur. Ég bið ykkur, þingmenn, um að hafa aðgát í nærveru sálar og (Forseti hringir.) sýna þingi og þjóð þá virðingu að láta karpið bíða til kosningabaráttunnar.

Umræðu lokið.

Umræður utan dagskrár.

Áform ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu álvers á Bakka við Húsavík.

[14:06]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir að koma inn í umræðu um þetta mikilvæga mál, orkunýtingu á Norðurlandi og uppbyggingu atvinnutækifæra á Húsavík.

Í Norðurþingi búa rétt um 3.000 manns. Allt mannlíf þar hefur ávallt einkennst af dugnaði, þori og frumkvæði þeirra sem þar búa. Þingeyingar hafa alla tíð leitað allra tækifæra til að efla byggð og atvinnu á sínu heimasvæði þjóðinni allri til heilla. Til að ná þeim markmiðum hafa Þingeyingar haft nána samvinnu við íbúa Norðurlands alls og raunar farið heiminn á enda til að leita nýrra tækifæra. Því miður hefur fólksfækkun þó verið nokkur á liðnum árum og, það sem verst er, 25% fækkun hefur orðið í aldurshópnum 18–40 ára. Staðreyndin er sú að störfum hefur fækkað og þá sér í lagi í sjávarútvegi og landbúnaði. Við þessu verður að bregðast.

Í mörg ár hafa Norðlendingar barist fyrir því að nýta orkuauðlindir þjóðarinnar í þágu uppbyggingar atvinnulífs. Það hefur gengið á ýmsu. Um langan aldur voru uppi áform um stóriðju í Eyjafirði. Akureyringum tókst svo að koma upp álþynnuverksmiðju á Akureyri sem mun skapa störf og verðmæti fyrir allt þjóðarbúið. En því miður er mjög á brattann að sækja á Húsavík. Þrátt fyrir einbeittan vilja

sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi finnst mönnum skorta mjög á stuðning til að þetta svæði geti nýtt orku sína til atvinnusköpunar. Orkuveita Húsavíkur og Norðurorka hafa tekist á herðar gríðarlegar skuldbindingar ásamt Landsvirkjun til að greiða fyrir því að af orkunýtingu geti orðið. Menn héldu af stað, sameinaðir Norðlendingar, til þessa verks, náðu samkomulagi við orkukaupanda og ríkið og unnu af miklum heilindum að framgangi verksins.

Því miður gekk alls ekki nógu vel að koma málinu áfram í tíð fyrri ríkisstjórnar sem minn flokkur átti aðild að. Kom þar til vandræðaástand út af umhverfismati og svo skall á þessi vandræðakreppa sem engu eirir. Allt er einhvern veginn í biðstöðu. Menn verða að átta sig á því að hér er um að ræða orkurannsóknir og slík vinna sem er hrein þróunarvinna krefst þolinmóðs fjármagns. Veitufyrirtækin hafa ekki slíkt fé í handraðanum núna og ríkið verður sennilega að hjálpa þessum aðilum til að tryggja nauðsynlega peninga svo hægt sé að halda áfram. Ég vil vita hvort hæstv. umhverfisráðherra hyggst beita sér í því.

Það kreppir að um allt land en harmakveinin eru ekki minnst á höfuðborgarsvæðinu. Ég óttast það mjög að Norðlendingar muni sitja eftir með sín áform vegna þess að ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera fjárfestingarsamning vegna Helguvíkur. Þetta má alls ekki verða. Það verður hreinlega að tryggja að þessum verkefnum verði ekki stillt upp sem andstæðum pólum. Það er alveg skýrt í mínum huga, herra forseti, að við þær aðstæður sem í landinu eru þarf að leggja allt kapp á atvinnuuppbyggingu og gjaldeyristekjur. Það er þannig og einungis þannig sem við munum vinna okkur út úr vandanum. Við verðum að skapa meiri gjaldeyri fyrir þjóðarbúið, við verðum að nýta auðlindir okkar af skynsemi og þessi ríkisstjórn sem hefur stuttan tíma til að starfa verður að líta í þessar áttir þegar menn horfa framan í þann vanda sem við blasir. Þessi ríkisstjórn verður að setja þessi mál á dagskrá.

Ég vil að það komi skýrt fram að ég styð að allir möguleikar til uppbyggingar og orkunýtingar séu skoðaðir. Þess vegna gleðst ég yfir því að hæstv. fjármálaráðherra telur sig hafa fundið sóknarfæri í kísilmálmframleiðslu auk álframleiðslu. En ég staldra við það hvernig þessi áhugi hæstv. ráðherra spilar saman við stefnu Vinstri grænna í loftslagsmálum. Kísilmálmiðnaðurinn losar nefnilega 5 tonn af koltvísýringi fyrir hvert tonn af kísilmálmi, en það er tvisvar sinnum meiri losun en við álframleiðslu. Ef vinstri grænir eru á þeirri skoðun að framleiðsla af þessu tagi sé heppileg treysti ég því að þeir muni styðja það af alefli að Ísland fái nægilegar losunarheimildir til slíkra hluta. Ég fagna því sérstaklega að flokkurinn virðist vera farinn að gera sér grein fyrir því að flestum iðnferlum fylgir losun gróðurhúsalofttegunda.

Aðalatriðið er að Norðlendingar hafa í góðri trú unnið ásamt ríkinu að því að skapa grunn að atvinnu í landinu öllum til heilla. Það er grundvallaratriði að ríkisstjórnin komi að borðinu með ákveðnum hætti, annars vegar með því að treysta rannsóknir og þróunarvinnu og hins vegar með raunsærri stefnu í orkumálum. Lykillinn að þessu öllu saman er sá að til þess þarf að fá erlent fjármagn inn í landið (Forseti hringir.) og við þurfum að tryggja fjárfestingu eins og hinn skeleggi hæstv. iðnaðarráðherra sagði þegar hann gerði fjárfestingarsamning vegna Helguvíkur. Nákvæmlega það sama gildir um orkuuppbyggingu á Norðurlandi.

[14:11]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir þessa umræðu þó að það sé auðvitað ekki einungis í verkahring hæstv. umhverfisráðherra að annast atvinnuuppbyggingu og uppbyggingu atvinnutækifæra. Það er öll ríkisstjórnin sem tekur það verkefni að sér þann stutta tíma sem þessi ríkisstjórn kemur til með að sitja við völd, þ.e. fram að kosningum 25. apríl. Ég get lofað hv. þingmanni því að þessi ríkisstjórn er með atvinnuuppbyggingu úti um allt land í huga og er að skoða mjög marga og mjög fjölbreytta möguleika í þeim efnum. Ég segi fjölbreytta vegna þess að það hefur verið á stefnuskrá minni og míns flokks að horfa vítt yfir sviðið til allra atvinnuþátta, til allra mögulegra atvinnutækifæra frekar en að einbeita sér að einum geira í þeim efnum, álverunum.

Sjónarmið mín í þessum málaflokki eiga auðvitað ekki að koma hv. þingmanni eða öðrum þingmönnum hér í sal á óvart. Ég hefði sjálf kosið að komast í ríkisstjórn undir öðrum kringumstæðum en raun ber vitni en maður kýs ekki alltaf tímann eða stundina. Sú ríkisstjórn sem nú starfar er bundin af ákveðnum gjörðum fyrri ríkisstjórnar. Varðandi álver á Bakka er í gildi viljayfirlýsing sem rennur út í september. Álframleiðandinn Alcoa sem á aðild að þeirri yfirlýsingu hefur hins vegar ákveðið að hægja á öllum framkvæmdum. Þess vegna hafa orkufyrirtækin fengið heimildir til að leita á önnur mið eftir orkukaupendum. Þau hafa m.a. verið í einhverjum viðræðum við þá aðila sem hv. þingmaður nefndi, aðila sem hafa hug á að byggja kísilflöguverksmiðju.

Þessi ríkisstjórn kemur til með að afhenda umboð sitt nýrri ríkisstjórn eftir næstu kosningar. Það er löngu áður en viljayfirlýsingin rennur út. Ég er sjálf sem þingmaður bundin af þeim sjónarmiðum sem kjósendur mínir lögðu til grundvallar kjöri mínu. Þau sjónarmið eru hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og uppbygging fjölbreyttra atvinnutækifæra vítt og breitt um landið. Við þau mun ég standa því að það er hluti af minni framtíðarsýn. Ég vil segja það að umhverfisráðuneytið hefur ekki komið að gerð þessarar viljayfirlýsingar sem ég nefndi eða samninga sem lúta að verkefninu á Bakka og þar af leiðandi hef ég ekki kunnáttu til að svara tæknilegum atriðum sem varða þau mál. Þær upplýsingar liggja í iðnaðarráðuneytinu.

Eftir að Alcoa hægði á framkvæmdum sínum, eins og ég sagði áðan, hafa orkuframleiðendurnir róið á önnur mið. Nefnd var kísilflöguverksmiðja og hv. þingmaður nefndi losunarmálin. Þar erum við komin að virkilega stóru máli, þröskuldi, eflaust vegg í þessum efnum, og við getum ekki annað en horfst í augu við þær staðreyndir. Síðasta ríkisstjórn samþykkti og lagði áherslu á það í undirbúningsviðræðum að nýjum loftslagssamningi að það bæri að stefna að því að halda aukningu hlýnunar í lofthjúpi jarðar innan við 2°C frá því sem verið hefði fyrir iðnbyltingu og að öll iðnríkin og stærstu þróunarríkin yrðu að vera með í skuldbindingum fyrir nýjan loftslagssamning. Undir þessi markmið fyrri ríkisstjórnar hef ég tekið og ég lýsti stuðningi við

það markmið þeirrar ríkisstjórnar að við ættum að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda um 50–75% á tímabilinu til 2050.

Þetta er gríðarlegt verkefni sem við þurfum að takast á við. Það gerum við ekki með frekari uppbyggingu álvera. Það gerum við þvert á móti með því að fara í þann iðnað sem losar minna. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að reyna að standa við þau markmið sem loftslagssamningurinn setur okkur og við vitum að Kyoto-bókunin sem gaf okkur ákveðið svigrúm, 1.600 þús. tonna losun á ári að meðaltali á tímabilinu til 2012, er með þeim hætti að ekki verður hlaupið að því að endurnýja hana, þ.e. fá einhverja aukningu frá því sem við höfum fram til 2012. Við skulum vera algerlega raunsæ í þeim efnum. (**ÓN:** Stjórnvöld hafa ekki rætt um það.) Stjórnvöld eru núna við samningaborðið. Það hafa verið haldnir fundir um verkefni samningsins. Það eru fleiri fundir á döfinni og í lok árs 2009 komum við til með að standa frammi fyrir þeirri staðreynd í Kaupmannahöfn að mínu mati, hún liggur ekki á borðinu í dag en hins vegar tel ég að niðurstaðan verði sú að þessi ríku lönd sem við teljumst til þrátt fyrir allt þurfi að taka á sig (Forseti hringir.) verulegar skuldbindingar varðandi samdrátt. Og álverin okkar þurfa að gera það alveg eins og álverin í Evrópu.

[14:16]

Einar Már Sigurðarson (Sf):

Herra forseti. Það er auðvitað mikil þörf á því að ræða um atvinnumál í þessum sal, ekki síst um stóriðju og orkunýtingu. Ég verð þó að segja með fullri virðingu fyrir hv. þm. Ólöfu Nordal að ég átta mig ekki alveg á nálgun hv. þingmanns á málið. Ég hefði talið eðlilegt að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra sem málið heyrir undir, en að vísu hefði hugsanlega engin þörf verið á því heldur vegna þess að hæstv. ráðherra hefur talað afar skýrt í þessu máli í fjölmiðlum opinberlega.

Það liggur alveg ljóst fyrir, eins og kom fram í máli hæstv. umhverfisráðherra, að viljayfirlýsing varðandi þessar framkvæmdir liggur fyrir og gildir þar til í septembermánuði. Þar af leiðandi munu stjórnvöld að sjálfsögðu standa við þá viljayfirlýsingu. Það er hins vegar kunn staða að vandi hefur komið upp í þeim iðnaði sem hér um ræðir og víðar eins og við þekkjum og vandamálið er þess vegna það að fá fjármagn til verksins. Um það snýst þetta mál núna. Það er eðlilegt að hv. þm. Ólöf Nordal ræði um yfirlýsingu sem gerð var vegna fjárfestingarsamnings við álver í Helguvík sem er algjörlega sambærilegur við þann fjárfestingarsamning sem gerður var við álver á Reyðarfirði og ef álver á Bakka kemst á það stig sem álver í Helguvík er komið á verður að sjálfsögðu gerður sambærilegur samningur um það verk. Um þetta þurfa hv. þingmenn ekki að vera í neinum vafa.

Til þess að skýra málið fyllilega vil ég segja að við hv. þingmenn Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi höfum ætíð staðið þétt að baki þessu verkefni. Við höfum haft trú á því alla tíð og við höfum enn trú á því, en hins vegar ráðum við ekki ein för, því miður, í þessu máli. Fjárfestir verður að koma að málinu og um það snýst málið. Stjórnvöld munu að sjálfsögðu koma að því máli eins og öðrum slíkum og við vonum, ekki síst vegna þeirrar stöðu sem nú er í efnahagsmálum, (Forseti hringir.) að það geti orðið sem allra fyrst.

[14:18]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég fagna umræðunni og þakka hv. þm. Ólöfu Nordal fyrir að hefja hana. Það skýtur samt svolítið skökku við að sjálfstæðismenn standi fyrir henni, sérstaklega í ljósi þess að framkvæmdir við álverið á Bakka væru í fullum gangi ef sjálfstæðismenn hefðu staðið í lappirnar. (**Gripið fram í:** Er það?) Ég segi að það sé fyrst og fremst lýðskrum (**Gripið fram í:** Ekki …) að halda því fram að sjálfstæðismenn ætli að fylgja þessu verkefni eftir þegar þeir höfðu öll úrræði til að sjá til þess að framkvæmdir tefðust ekki.

Hvar voru sjálfstæðismenn þegar hæstv. fyrrverandi umhverfisráðherra kvað upp úrskurð sem ekki var bara augljóst (Gripið fram í.) að mundi leggja stein í götu verkefnisins heldur braut líka lög og reglur eins og umboðsmaður Alþingis hefur nú staðfest? (**Gripið fram í:** … umhverfisráðherrann?) Stjórnvöld verða að leggjast á eitt með heimamönnum til að atvinnuuppbyggingin þarna eigi sér stað. Ég tek það fram að verkefnið er sjálfbært samfélag á Húsavík þannig að ég er ósáttur við að heyra hæstv. umhverfisráðherra halda því fram að hér sé ekki um sjálfbæra þróun að ræða.

Auðvitað eigum við að skoða með opnum hug öll áform um kísilflöguverksmiðju, við eigum að skoða kosti og galla. En ef það er þannig að það mengi þrisvar sinnum meira á hvert framleitt tonn en hjá álveri þurfum við kannski aðeins að staldra við.

Verkefnið snýst fyrst og fremst um atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslu á svæði þar sem fólksfækkun hefur verið viðvarandi í mörg ár og ég held að það sé alveg ljóst að heimamenn (Forseti hringir.) eigi fullan rétt á því að nýta orkuna í heimahéraði til uppbyggingar (Forseti hringir.) þeim til hagsbóta.

[14:21]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegur forseti. Það er deginum ljósara að ætli íslensk þjóð að komast út úr þeirri kreppu sem hafin er og mun fyrirsjáanlega standa þó nokkurn tíma verðum við að nýta auðlindir lands og sjávar eins og kostur er. Við verðum að nýta öll tækifæri sem mögulegt er að hafa hendur á til að skapa atvinnu fyrir fólkið í landinu, til að skapa tekjur sem hægt er síðan að nota til að halda uppi lífskjörum hér á landi. Atvinnustefnan er lykillinn að því að komast úr þeim efnahagsþrengingum sem við erum í og munum verða í á komandi árum. Þess vegna er eðlilegt að hér sé tekið upp það mál og spurt um afstöðu ríkisstjórnarinnar til atvinnuuppbyggingar í Þingeyjarsýslum. Ég styð það heils hugar og tel eðlilegt og sjálfsagt að hið opinbera beiti sér fyrir sams konar fyrirgreiðslu þar eins og gert var annars staðar á landinu, bæði á Austurlandi og við Faxaflóa, fyrir atbeina hins opinbera með ívilnun á opinberum gjöldum. Það er bara sjálfsagt og eðlilegt, og það er eðlilegt að samið sé um sölu á raforku. Þótt e.t.v. sú um að ræða tap á sölunni í ein-

hvern skamman tíma skiptir öllu ef samningurinn í heild gefur af sér hagnað þannig að störfin séu trygg og þjóðfélagið njóti góðs af uppbyggingunni. Þannig eigum við að vinna, virðulegur forseti.

Ég hlýt að benda á það sem blasir við, að hv. fyrirspyrjandi beinir máli sínu til ríkisstjórnarinnar þar sem annar flokkurinn er á móti þessari atvinnuuppbyggingu. Það liggur alveg fyrir. Og hinn flokkurinn er hálfur á móti henni. Það var hinn flokkurinn sem kom í veg fyrir frekari framgang málsins en orðið er og það sem líka liggur fyrir, virðulegi forseti, er að þessir sömu flokkar ætla að starfa áfram eftir komandi alþingiskosningar (Forseti hringir.) með stuðningi þess flokks sem veitir stjórninni hlutleysi þannig að kjósendur hljóta að spyrja (Forseti hringir.) þessa flokka: Ætlið þið að styðja áfram nei-stefnuna í atvinnuuppbyggingu (Forseti hringir.) í Þingeyjarsýslum?

[14:23]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Menn verða að hafa til þess kjark og þor að taka þær ákvarðanir sem þarf. (**Gripið fram í:** Rétt.) (**Gripið fram í:** Já.) Það þarf að hafa kjark og þor til þess, (Gripið fram í.) undan því verður ekki vikist. Ábyrgðin er á höndum ríkisstjórnarinnar og undir henni verður ríkisstjórnin að standa. (Gripið fram í.) Hér verður hæstv. forseti að tala skýrar en verið hefur og eyða allri óvissu hvað þetta atriði varðar. (Gripið fram í.)

Þess utan má segja að líf stjórnarinnar sé að veði. Það hvor ráðherrann verður ofan á í málinu, ráðherra umhverfismála eða ráðherra iðnaðarmála, getur ráðið nokkru um langlífi stjórnarinnar, enda hefur varaformaður Framsóknarflokksins talað nokkuð skýrt hvað það varðar. Hann mun ekki verja ríkisstjórn sem reynir að koma í veg fyrir að álver á Bakka verði að veruleika, hann mun ekki verja þá ríkisstjórn vantrausti.

Hæstv. forseti. Nú standa yfir samningaviðræður um hvað tekur við eftir að Kyoto-bókuninni sleppir. Það er því afar brýnt að ráðherrann svari því hvert hennar upplegg varðandi þau mál verður. Ætlar hún að beita sér fyrir því að losunarkvóti fáist fyrir þessari framkvæmd? Ætlar ráðherrann að gera það eða ætlar hún að nýta þetta tækifæri sem hún hefur til að leggja stein í götu verkefnisins? Það er mjög mikilvægt að ráðherrann svari því og ég óska eftir að hún geri það.

Ég vil að lokum ítreka það sem fram kom áðan, að nú eru slíkir tímar að kjarkur og þor verður að duga til að ná fram þessu atvinnutækifæri sem er til þess að nýta náttúruauðlindir okkar og verður til þess að byggja upp (Forseti hringir.) efnahag þjóðarinnar til framtíðar.

[14:25]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Eftir 10 ára stjórnmálaþátttöku Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ætti flestum að vera ljós stefna okkar í orku- og stóriðjumálum. Ég ætla því ekki að fara yfir hana í stuttu innleggi um áform ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu álvers á Bakka, enda eru engin ný áform um álver á dagskrá þessarar ríkisstjórnar. Verkefni þessarar ríkisstjórnar eru fyrst og fremst brýnustu verkefni til að forða enn frekari álögum á þjóðina og þá fyrst og fremst til að verja heimilin og halda atvinnulífi gangandi með raunhæfum hætti.

Af fjölmörgum ástæðum eru öll áform um ný álver óraunhæf í dag. Í dag búum við og heimsbyggðin öll við efnahagskreppu sem knýr til nýrrar hugsunar í fjárfestingum og til atvinnusköpunar. Sjálfbærni verður að koma í stað óheftrar markaðsvæðingar. Meira að segja grannar okkar í vestrinu eru að átta sig á þessu og eru að líta til annarra átta.

Við þessar aðstæður hefur áliðnaðurinn lýst því yfir að dregið verði saman á næstunni, verksmiðjum lokað og nýjar ekki reistar í bráð. Alcoa er þar engin undantekning. Staða málsins er sú að áhugi Alcoa er dvínandi. Það birtist m.a. í þeirri staðreynd að fyrirtækið var ekki tilbúið til að leggja í frekari rannsóknarkostnað á Þeistareykjum í fyrrahaust og Norðurþing getur ekki beðið eftir svari og haldið frá öðrum hugsanlegum orkukaupendum um óákveðinn tíma.

Hæstv. forseti. Nú hafa borist fréttir af því að aðrir áhugasamir aðilar hafi óskað eftir viðræðum um orkukaup og staðsetningu minni og vistvænni verksmiðju á Húsavík. Uppbygging hágæðakísilverksmiðju hér á landi er ein af mörgum raunhæfum leiðum til atvinnusköpunar. Framleiðsla á sólarkísli er mun umhverfisvænni en á áli en þessi framleiðsla (Forseti hringir.) er þó ekki mengunarlaus frekar en annar iðnaður og, hæstv. forseti, ég þarf ekki að taka það fram að hugsanleg kísilflöguverksmiðja (Forseti hringir.) verður að standast umhverfis- og arðsemismat.

[14:28]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Mér þykir miður að þessi umræða skuli vera svona stutt vegna þess að það er sannarlega ekki vanþörf á að ræða atvinnuuppbyggingu um land allt, þá ekki síst í héruðum eins og á Norðausturlandi eins og hér er um rætt. Ég er þess vegna dálítið leið yfir því hvað þessi umræða fer út og suður. Ég skil ekki alveg eftir hverju menn eru hér að fiska, eins og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sem er hér meira komin í kosningaham og kallar slagorð inn í sitt kjördæmi þegar hún spyr hæstv. ráðherra hvort hún ætli að leggja stein í götu þessa verkefnis innan þessarar ríkisstjórnar sem nú situr og á að sitja fram að kosningum.

Það er alveg kristaltært að það er ekki hægt að leggja stein í götu þessa verkefnis. Í gildi er viljayfirlýsing (Gripið fram í.) á milli aðila um þetta verkefni, um uppbygginguna á Bakka, og sú viljayfirlýsing er í fullu gildi þangað til í haust þannig að það verður í verkahring annarrar ríkisstjórnar að fjalla um hana. (Gripið fram í.)

Það er miður, og mér þóttu það vondar fréttir sem bárust frá Alcoa, að vegna heimsmarkaðsverðs á áli og stöðunnar almennt á mörkuðum séu á að giska 12 mánuðir í að hægt verði að fara að undirbúa stórar ákvarðanir í þessum efnum svo vitnað sé nánast beint til forstjóra Alcoa Fjarðaáls vegna þess að núna ríður á að þarna verði byggt upp. Ég vona sannarlega að það verði farið að birta til á fjármagnsmörkuðum með haustinu þannig að uppbygging geti haldið þarna áfram af fullum krafti. Ég segi, virðulegi forseti, að

það er mjög mikilvægt að orkan á Norðausturlandi verði nýtt í heimabyggð. Hér er talað um að það skorti stuðning frá hinu opinbera. Virðulegi forseti. Það mun ekki standa á stuðningi míns flokks við það (Forseti hringir.) að byggt verði upp með myndarlegum hætti á Norðausturlandi í þessum efnum.

[14:30]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Þetta er ágætisumræða í sjálfu sér þó hún kannski þjóni ekki mjög miklum tilgangi vegna þess að sú ríkisstjórn sem nú situr situr í mjög skamman tíma og þó svo Vinstri grænir vildu (Gripið fram í.) stoppa þessa framkvæmd á Bakka þá eiga þeir ekki nokkra möguleika á því (Gripið fram í.) og það er í rauninni ágætismál að mínu mati.

En af því að búið er að tala hér um viljayfirlýsingu þá var sú upphaflega frá 16. maí 2006. Þá sagði formaður Vinstri grænna, núna hæstv. fjármálaráðherra, að það væri hneyksli aldarinnar þegar sú sem hér stendur skrifaði undir þá viljayfirlýsingu. Það var ekkert annað en það þannig að það er alveg óhætt að efast um að það náist árangur í þessum efnum með Vinstri græna í ríkisstjórn. Engu að síður lýsi ég ánægju með það að hæstv. umhverfisráðherra sagði alla vega ekki í ræðu sinni áðan að það ætti að reyna að stoppa þessa framkvæmd og ég trúi því að það verði ekki reynt. Nú er Samfylkingin orðin bara ekta stóriðjuflokkur og þá fer þetta allt að koma. Þetta er mikill árangur finnst mér sem framsóknarmanni. (Gripið fram í.)

Ég fór að skoða samþykktir Sjálfstæðisflokksins sem hefur þessa umræðu frá síðasta landsfundi og vita hvernig þær hefðu verið því mig minnti endilega að Sjálfstæðisflokkurinn hefði verið svolítið í feluleik fyrir kosningar og það er rétt. Þannig var það. Þar segir í fyrsta lagi:

„Landsfundurinn telur brýnt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda“, og svo segir í öðru lagi: „Þær stóriðjur sem risið hafa á síðustu árum hafa og munu skila miklu til þjóðarinnar“, en ekki er eitt orð um það hvort Sjálfstæðisflokkurinn vilji halda áfram að byggja upp stóriðju á (Gripið fram í.) Íslandi. Þeir þorðu ekki ... (Gripið fram í.) Ég las þetta allt í gegn. En Sjálfstæðisflokkurinn passaði sig fyrir kosningar (Forseti hringir.) að segja ekki of mikið. (Gripið fram í.) Framsóknarflokkurinn sagði hins vegar: „Árangur áfram. Ekkert stopp.“

[14:32]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Atvinnumál og atvinnuuppbygging er stóra málið og á það þurfum við að leggja áherslu á öllum sviðum hvort sem það er norður í landi eða annars staðar. Við eigum að sameinast um að búa til gjaldeyristekjur og skapa störf. Um það á þetta að snúast og við verðum að nýta þessa auðlind sem og aðrar auðlindir, þ.e. orkuna í iðrum jarðar þarna fyrir norðan og við verðum að halda áfram að virkja fallvötnin.

Við í Frjálslynda flokknum styðjum atvinnuuppbyggingu á Bakka, álversframkvæmdir þar og virkjanaframkvæmdir fyrir norðan og alls staðar annars staðar í landinu. Það er engin spurning um það. Ég vona að hæstv. iðnaðarráðherra og hans viska og (Gripið fram í.) skörungsháttur á alla kanta, hans gæði á öllum sviðum (Gripið fram í.) komi í ljós þegar fram líða stundir og hann muni standa vörð um að framkvæmdir verði í alvöru þarna fyrir norðan sem og annars staðar í landinu og hann láti ekki deigan síga og byggi upp. Hann hefur margsýnt að hann er (Gripið fram í.) góðviljaður maður og hugrakkur í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur (Gripið fram í.) og ég hvet hann enn og aftur til dáða og (Gripið fram í.) hef mikla trú á honum til að láta verkin tala bæði norður í landi sem og annars staðar. (Gripið fram í.) Vonandi á hann eftir að verða fyrsti olíumálaráðherra þjóðarinnar (Gripið fram í.) og ég dreg það ekki í efa að þessi ágæti hæstv. ráðherra mun beita sér af miklu kappi í þessu. Ég trúi því að hann geti gert það og komi í veg fyrir að þessi ríkisstjórn verði kölluð (Forseti hringir.) hundasúruríkisstjórn í framtíðinni. (Gripið fram í.)

[14:34]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Ég held að það hljóti bara að vera að hv. þm. Grétar Mar Jónsson sé að ganga í Samfylkinguna. Er það ekki svo að hann sé að taka að sér kosningastjórn fyrir hæstv. iðnaðarráðherra, svo hrósaði hann honum nú í þessum ræðuköflum áðan? En það er annað mál.

Ég hef bullandi áhyggjur af því að atvinnumálin í þessu landi séu að fara í verulegt óefni. Hæstv. umhverfisráðherra segir réttilega að þessi ríkisstjórn hafi skamman líftíma og að viljayfirlýsingin á milli aðila fyrir norðan gildi fram í september og eftir þann tíma sé óráðið, hún ráði ekkert yfir því hvað gerist í þessu millibilsástandi og það er akkúrat þarna sem áhyggjur mínar spretta. Það liggur alveg fyrir að Vinstri grænir hafa ekki nokkurn einasta áhuga á því að nýta orku til slíkra hluta sem hér er gert að umtalsefni. Það er talað um að fara þurfi í einhvern annan iðnað, einhvern iðnað sem losar minna. Sannleikurinn er sá að allur iðnaður losar koltvísýring og þessi nýi iðnaður Vinstri grænna losar margfalt fleira en sá iðnaður sem við höfum stólað á hér. Ég óttast að eftir kosningarnar í vor muni einhver slík stefna verða ofan á í þessu landi þannig að öll verkefni af þessum toga sem við erum að keppast núna fyrir á Norðurlandi muni stoppa. Það má bara ekki gerast. Það eina sem skiptir máli núna fyrir íslenska þjóð — og ég ætla ekki að elta ólar við kapp þingmanna hér — er að tryggja að við náum að skapa atvinnu fyrir fólk og skapa gjaldeyristekjur til að borga þær skuldir sem við okkur blasa, til að koma þjóðinni aftur upp á lappirnar. Það er verkefnið.

Ég ætla ekki að standa hérna í neinu rifrildi við fólk um það hver sé lýðskrumari og hver sé ekki lýðskrumari eins og hv. þm. og félagi framsóknarmaðurinn Höskuldur Þór Þórhallsson gerði áðan. (Gripið fram í.) En það þýðir ekki að tala með þessum hætti. (Gripið fram í.) Sannleikurinn er auðvitað sá að Framsóknarflokkurinn styður núverandi hæstv. umhverfisráðherra og þar með þvælist auðvitað fyrir þegar horft er til álversins á Bakka (**Gripið fram í:** Iðnaðarráðherra.) (**Gripið fram í:** ... uppbygginguna á Bakka.) Það er meginatriði (Forseti hringir.) fyrir þingmenn í þessum sal að hugsa um þetta, atvinnuuppbyggingu í landinu. Það er það sem við þurfum að gera, (Gripið fram í.) skapa gjaldeyristekjur. (**Gripið fram í:** Heyr! Heyr!)

[14:37]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ólöf Nordal er mjög mikill talsmaður stóriðju á Alþingi. Ég er hins vegar mjög sterkur talsmaður náttúruverndar og annarrar atvinnuuppbyggingar en stóriðju. Þetta veit alþjóð. Þetta vitum við hv. þingmaður. Við getum hins vegar algerlega sameinast í því að það þurfi að taka til hendinni í atvinnumálunum og að það þurfi að gera róttækar breytingar í atvinnuuppbyggingu og það þarf að gera strax. Ég trúi því að við hv. þingmenn getum staðið saman um góð verkefni til atvinnuuppbyggingar hvort sem það er í Þingeyjarsýslum eða annars staðar í landinu. Við erum hins vegar ósammála um leiðirnar. Það er algerlega ljóst.

Núna ári eftir að Kárahnjúkavirkjun tók til starfa á hún í fyrirsjáanlegri framtíð, kannski bara á næsta ári, eftir að skila tapi, kannski ekki bara tímabundið, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, kannski bara í langan tíma og efnahagslífið okkar (Gripið fram í.) er í þessum töluðu orðum eins og við öll vitum í rúst. Við vitum að fyrirtæki á Austurlandi standa mörg hver mjög veikt, (Gripið fram í.) sum þeirra jafnvel farin á hausinn. (Gripið fram í.) Við vitum að 300 tómar íbúðir í fjórðungnum eru til sölu. Hvað er það svo (Gripið fram í.) sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja í þessum efnum? Á hvað er kallað? (**Gripið fram í:** Virkja.) Tvær Kárahnjúkavirkjanir til viðbótar? (**Gripið fram í:** Virkja.) Ha? Tvær Kárahnjúkavirkjanir (Gripið fram í.) sem yrðu jafnilla staddar og sú sem við erum með núna eftir örfá ár, 300 milljarðar í auknar skuldir, (**Gripið fram í:** Hvað annað þá?) 300 milljarðar. (Gripið fram í.) Og álverðið ... (**Gripið fram í:** Hvalveiðar?) Hæstv. forseti. Það er ekki orðinn vinnufriður í þessum þingsal. (**Gripið fram í:** Ha!) Ég krefst þess (Gripið fram í.) að fá að hafa orðið þegar ég kem í ræðustól Alþingis og ég tek ... (Gripið fram í.)

(**Forseti** (KÓ)**:** Forseti fer fram á að það verði hljóð í salnum.)

Þessi hv. þingmaður fer fram á að fá að tala 30 sekúndum lengur en klukkan segir til um. Það er þannig að Kárahnjúkavirkjun og álverið á Reyðarfirði gerði ekki það kraftaverk sem sú ríkisstjórn eða þær ríkisstjórnir sem komu því á laggirnar vonuðust til. Þess vegna finnst mér (Gripið fram í.) liggja á borðinu að við eigum að fara aðrar leiðir í atvinnuuppbyggingu og bendi í því sambandi á allar þær (Forseti hringir.) hugmyndir sem við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – (Forseti hringir.) græns framboðs höfum lagt til málanna í þeim efnum. Ég minni líka á loftslagssamninginn og skuldbindingar okkar í þeim efnum. Við erum bundin (Forseti hringir.) af þeim samningi.

Útflutningur hvalafurða.

Fsp. MÁ, 284. mál. — Þskj. 510.

[14:40]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason) (Sf):

Forseti. Þegar Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, núverandi hv. þingmaður á þinginu, tilkynnti um ákvörðun sína korteri áður en hann gekk út úr sjávarútvegsráðuneytinu um að hefja á ný hvalveiðar, langreyðaveiðar miklar, fyrir fimm ár fram yfir tíma ekki bara þessarar ríkisstjórnar heldur líka næstu ríkisstjórnar þá var svo látið að þetta mundi geta skapað strax 200–300 störf á Íslandi og þar með slegið eitthvað á það atvinnuleysi sem hér er að rísa og er mikill skaðvaldur í samfélaginu.

Við þá athugun sem núverandi hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála hefur hafið á þessari ákvörðun og á hvalveiðum almennt og kostum þeirra og göllum er mikilvægt að byrja á þeim þætti málsins sem heitir sala afurða í útlöndum og finna út hverjar gætu verið sölutekjur af því hvalkjöti, af þeim hluta, sem reyndar er tiltölulega lítill, hvers hvals sem til markaðar berst. En það er aðeins einn markaður fyrir þetta í heiminum og það er Japansmarkaður, sé hann yfir höfuð opinn.

Nú er hægt að nýta þetta færi, það færi sem gefst til þessa með því að fréttir bárust um það í sumar leið að selst hefðu 63 tonn af langreyðarkjöti á vegum Hvals hf. og Kristjáns Loftssonar aðaleiganda þess fyrirtækis. Þess vegna er upplagt að byrja á því, af því að upplýsingar um hvalveiðar og sölu hvalafurða eru fremur tregfáanlegar, að athuga hverjar hafi verið gjaldeyristekjur Íslendinga af þessari sölu. Þegar við höfum það þarf síðan að draga frá kostnað og það er þá næsti liður í þessu máli, bæði kostnað við veiðarnar og við rekstur þess flota sem þarf til og ýmsan annan rekstrarkostnað en ekki síst kostnað við flutning þessa kjöts sem allt er flutt í flugi. Öll þessi tonn eru nefnilega flutt í flugi vegna þess að áhættan af því að láta skip sigla með þessar afurðir er of mikil til að taka hana vegna þess að þá þyrfti skipið að sigla beint frá Íslandi alþjóðaslóðir og til Japans vegna þess að ef það kemur við í höfn sem bundin er CITES-samkomulaginu er hætt við að þetta kjöt verði gert upptækt.

Þess vegna er hér borin fram sú fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hverjar hafi verið gjaldeyristekjur af útflutningi hvalafurða árið 2008, árið í fyrra þegar þessi 63 tonn, að minnsta kosti þau munu hafa verið seld á markaði í Japan.

[14:43]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Mér er ljúft og skylt að svara þessari fyrirspurn og það er tiltölulega einfalt. Það hefur verið aflað gagna frá Hagstofu Íslands og þar kemur fram að verðmæti útfluttra hvalafurða árið 2008 var samtals 95 millj. 149 þús. 140 kr. Þetta sundurliðast þannig að á árinu 2008 voru flutt út 909 kíló af hrefnukjöti til Færeyja að verðmæti 722.927 kr. Þá voru flutt út 81.774 kíló af frystum hvalafurðum, þ.e. langreyðarkjöti til Japans að verðmæti 94 millj. 38 þús. 488 kr. Loks voru flutt út heil 90 kíló af hvallýsi til Noregs að verðmæti 387.725 kr. Þetta eru að sjálfsögðu tölur sem taka mið af flutningskostnaði eins og hann var í þessum tilvikum og gengi eins og það var þegar þetta er gert upp hjá Hagstofunni.

[14:45]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Með þessari fyrirspurn er greinilega verið að reyna að draga í efa hagkvæmni veiðanna og verð-

mæti afurðanna. Þó liggur fyrir að um nokkuð hátt afurðaverð er að ræða. Það sást strax á tilraunaveiðunum sem voru stundaðar hér í atvinnuskyni 2006 og voru fyrst og fremst settar í gang til að reyna markaðinn sem fyrir hendi er, og sem þeir sem stunda veiðarnar halda fram að sé fyrir hendi, og hvert verðmæti afurðanna er.

Ljóst er að við þær hvalveiðar sem fyrirhugaðar eru samkvæmt gildandi reglugerð munu skapast á þriðja hundrað störf í sumar. Þegar núverandi sjávarútvegsráðherra leyfir að þær fari í gang skapast störf við uppbyggingu (Forseti hringir.) og viðhald þeirra tækja sem á að nota við veiðarnar þannig að um þetta þarf ekki að deila. Þetta liggur fyrir. (Forseti hringir.) Ekkert annað er að gera en að leyfa mönnum að fara í gang með þessa atvinnusköpun.

[14:46]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Japan, Færeyjar, Grænland og Noregur kaupa hvalafurðir af okkur, mismikið þó. Víða er hægt að koma hvalafurðum eða hluta þeirra annars staðar á markað þannig að í sjálfu sér er fáránlegt að vera á móti þessu. Við erum að tala um útflutningsverðmæti upp á hugsanlega 4 eða 5 milljarða og að 200—300 manns geti haft af þessu atvinnu. Við þær aðstæður sem við búum eftir að bankarnir fóru á hausinn og það að við horfum upp á að 20.000 verði atvinnulausir er fáránlegt að nýta ekki þetta tækifæri sem við höfum og byrja að veiða hval. Fyrir utan að það hefur veruleg áhrif á lífríkið að hafa þessar stóru skepnur í samkeppni við fiskstofnana um æti.

[14:47]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ljóst er að Norðmenn hafa stundað hvalveiðar í atvinnuskyni í þó nokkur ár og það hefur gengið vel hjá þeim. Ljóst er að mjög margir hvalir eru hér við land. Í kringum landið og í Norður-Atlantshafinu eru líklega um 50.000 langreyðar og 50.000—70.000 hrefnur, þannig að mjög mikið er af hvölum þar. Það er rosalegt í versnandi heimi að geta ekki nýtt hvalinn. Ég styð því að við hefjum hvalveiðar.

Ég sagði að við hefðum stundað hvalveiðar frá örófi alda. Það er ekki rétt. Hér var borðaður rekinn hvalur og hv. þm. Mörður Árnason leiðrétti mig í þessu. En sjálf stunduðum við ekki hvalveiðar í stórum stíl nema á milli 1914 og 1988, í rúm 70 ár, og stórhveli voru kannski veidd í um 50 ár, svo að því sé nú öllu haldið til haga. En ljóst er að við eigum að nýta okkur þessa dýrategund eins og aðrar svo framarlega sem það er gert á sjálfbæran hátt og það er sannarlega sjálfbært að taka (Forseti hringir.) þessi fáu dýr sem búið er að ákveða.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason) (Sf):

Forseti. Í þessum fyrirspurnatíma er ekki verið að deila um hvalveiðar eða hvalveiðiákvörðun Einars K. Guðfinnssonar út af fyrir sig, þótt ég þakki þátttöku ágætra hv. þingmanna í umræðunni, heldur er verið að reyna að hefja umræðu um og athugun á því hvernig þessi 200–300 störf, sem hv. þm. Jón Gunnarsson hefur lofað okkur, muni skapast hér strax á vordögum verða til. Upplýsingar sjávarútvegsráðherra um tekjur af langreyðarkjötinu eru þær að við höfum fengið 95 millj. kr. fyrir þessi 63 tonn. Ég hef upplýsingar sem byggja á útreikningum alþjóðadýraverndarsamtakanna IFAW um flutningskostnað við þessi 63 tonn. Þær eru á þá leið að flutningurinn með flugi yfir Norðurpólinn hafi kostað um 900 þús. bandaríkjadala sem jafngildir u.þ.b. 112 millj. ísl. kr. (Gripið fram í.)

Forseti. Jóni Gunnarssyni liggur mikið á að tala og ég vil gjarnan að hann taki þátt í umræðunni ef hægt er að koma því við samkvæmt þingsköpum. Því meira sem Jón Gunnarsson segir um þetta mál, þeim mun fróðari verður landslýður um eðli þess og grundvöll. Þessir útreikningar eru þannig að bara flutningurinn yfir Norðurpólinn með þessi tonn sem seldust í sumar hefur kostað meira en nemur öllum sölutekjum á Japansmarkaði. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Þá spyr ég: Hvernig má vera að 200–300 störf skapist af atvinnuvegi þar sem kostar 17 millj. kr. meira að flytja 63 tonn en nemur söluverði á markaði í Japan? Er þá eftir að reikna ýmsar aðrar tölur inn í. (Forseti hringir.) Forseti. Ég ítreka það að láta hv. þm. Jón Gunnarsson endilega tala hér sem mest.

[14:50]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég hef engu við svarið sem var flutt áðan að bæta og ætla ekki að blanda mér í efnisumræður um aðra hluti sem komu inn í umræðuna. Ég vil bara láta það koma fram að þess er að vænta, þegar niðurstaða verður komin í þá skoðun sem er í gangi í sjávarútvegsráðuneytinu varðandi hvalveiðimál, að talsvert ítarlegt talnaefni sem þessu tengist verði reitt fram, sem og um kostnaðinn sem hefur verið samfara rannsóknaveiðunum. Þá er sjálfsagt að taka með þær tölur sem liggja fyrir um tekjur af veiðunum.

Umræðu lokið.

Uppbygging álvers í Helguvík.

Fsp. BjörkG, 293. mál. — Þskj. 519.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Björk Guðjónsdóttir) (S):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að bera upp fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra hvort hún sé sammála hæstv. iðnaðarráðherra hvað varðar uppbyggingu álvers í Helguvík. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur talað skýrt í þessu máli en í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar er enginn leiðarvísir um verkefnin „Álver í Helguvík“ og „Álver á Bakka“ og þessir tveir hæstv. ráðherrar iðnaðar og umhverfismála tala vægast sagt hvort í sína áttina.

Tilefni fyrirspurnar minnar er bæði afstaða hæstv. umhverfisráðherra varðandi álversframkvæmdir í landinu og ekki síður viðtal við hana á vefmiðli einum þar sem hún sagði að vel gæti verið hagkvæmara að ljúka við byggingu tónlistarhúss í Reykjavík en að reisa álver í Helguvík. Ef einhver óvissa hefur komið upp sem varðar framkvæmdirnar væri gott að fá það strax upp á borðið svo að hægt sé að

bregðast við því. Það var gríðarlegt áfall fyrir Suðurnesin þegar varnarliðið ákvað að hverfa af landi brott fyrir rúmum tveimur árum. Varnarliðið hafði verið nokkurs konar kjölfestuatvinnurekandi á Suðurnesjum og við brotthvarf þess voru 900 störf í uppnámi og um 700 störf voru ekki endurheimt.

Álversframkvæmdir í Helguvík hafa veitt íbúum á Suðurnesjum von um vellaunuð framtíðarstörf og ýmis önnur tækifæri til atvinnusköpunar í þjónustu við álverið, bæði á byggingartímanum og þegar það hefur tekið til starfa. Miðað við 250 þús. tonna álver, eins og fyrstu hugmyndir voru um, var gert ráð fyrir að 400 ný störf yrðu til við álverið og 600 til 700 afleidd störf í samfélaginu. Samtals var talað um 1.000 ný störf tengd álverinu. Nú eru uppi hugmyndir um að 360 þús. tonna álver rísi í Helguvík sem þýðir eflaust eitthvað fleiri störf. Á byggingartímanum er talað um að allt að 1.800 störf skapist, sem er mjög gott í því atvinnuleysi sem nú er meðal iðnaðarmanna, verkfræðinga og arkítekta en búast má við að þær stéttir og eflaust miklu fleiri komi að verkefninu á byggingartímanum. Atvinnuleysi er hvað mest á Suðurnesjum um þessar mundir, eins og alkunna er.

Suðurnesjamenn hafa áhyggjur af afdrifum álversins. Við teljum það ekki algjörlega í höfn þrátt fyrir að hæstv. iðnaðarráðherra hafi kveðið skýrt upp úr með það að framkvæmdum verði haldið áfram. Þá hafa menn áhyggjur af afstöðu hæstv. umhverfisráðherra í ljósi ýmissa yfirlýsinga hennar. Þess vegna væri gott að fá á hreint hver afstaða hennar til málsins er. Því ber ég upp þessa fyrirspurn til að taka af allan vafa, virðulegi forseti.

[14:55]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Já, það er rétt. Okkur hæstv. iðnaðarráðherra greinir almennt á um ákveðna þætti um álversuppbyggingu á landinu. Ljóst er að enginn fer í grafgötur með það. Í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar er hins vegar sagt að engin áform séu um ný álver á starfstíma hennar. Ég hef kosið að líta svo á að innan þess starfstíma verði hvorki reist álver á Bakka né í Helguvík. Þetta hef ég sagt í viðtölum. Ég hef líka sagt í viðtölum — og við það vil ég standa þann tíma sem ég sit í ríkisstjórn — að taka þurfi á varðandi atvinnuuppbygginguna. Suðurnesin og Þingeyjarsýslur eru þar í sérstökum brennipunkti en líka höfuðborgarsvæðið.

Ég nefndi í viðtali 600 störf í byggingariðnaði sem tapast ef ekki verður hægt að ljúka byggingu tónlistarhússins. Ég tel mjög mikilvægt að vernda þau störf en það breytir því ekki að ég tel mjög mikilvægt að vernda störf, t.d. níu vísindakvenna sem starfa í rannsóknarstöðinni í Sandgerði við að rannsaka botndýr á Íslandsmiðum. Ég mun standa vörð um þau störf sem heyra undir ráðuneyti mitt og mun halda áfram að leggja mitt að mörkum varðandi nýja atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. Ég segi hins vegar að reynslan frá álversuppbyggingu í Fjarðabyggð hræðir, hún gerir það. Reynslan af stóriðjuframkvæmdum almennt hér á landi sýnir að þær hafa ekki haft þau miklu jákvæðu samfélagsáhrif sem gert hafði verið ráð fyrir og talsmenn þeirra vonuðu. Við getum t.d. talað um íbúaþróun á Austurlandi. Í landsfjórðungnum hefur fækkað ört síðan framkvæmdum við álverið lauk og íbúaspá sem gert var ráð fyrir í upphafi gekk ekki eftir. Síðan höfum við nýlega grein Indriða H. Þorlákssonar, sem mér finnst vera afar vel unnin og ég tek mark á, sem sýnir að þjóðhagslega hliðin á málinu sé mjög málum blandin og sáralítið verði eftir af arði stóriðjufyrirtækja við þessar aðstæður á Íslandi. Með öðrum orðum: Í mínum huga mælir allt með því að við förum í annars konar atvinnuuppbyggingu en álver. Í því sambandi bendi ég á fjöldann allan af tillögum sem ég hef vikið að, bæði í þingmálum og í ræðum.

Ég vil líka segja af því að ég lokaði máli mínu hér áðan í utandagskrárumræðum um álverið á Bakka á losunarmálunum og loftslagssamningnum og skuldbindingum okkar. Útlit er fyrir að losun koldíoxíðs frá stóriðju sem fellur undir hið svokallaða íslenska ákvæði muni verða um 1.320 þús. tonn á ári frá fjórum verksmiðjum. Þá er verið að tala um Járnblendiverksmiðjuna, álver Rio Tinto í Straumsvík, Norðurál á Grundartanga og Fjarðarál á Reyðarfirði. Miðað við að Fjarðarál sé komið í fulla framleiðslu samkvæmt starfsleyfi — það er sem sagt miðað við fulla framleiðslu í Fjarðaráli — og ef Straumsvík eykur framleiðslu sína um 40 þús. tonn sem áætlanir og áform eru um eykst losunin í 1.380 þús. tonn á ári.

Íslenska ákvæðið er með þak sem svarar til 1.600 þús. tonna á ári að meðaltali til 2012. Þetta þýðir að þegar verksmiðjurnar fjórar sem þegar eru starfandi eru komnar í fullan rekstur er eftir 280 þús. tonna kvóti af CO_2 en það þýðir að rúm er fyrir framleiðslu 187 þús. tonna af áli en ekki meira. Í Helguvík er verið að tala um 360 þús. tonna álver og 346 þús. tonna álver á Bakka. Með öðrum orðum: Skuldbindingar okkar samkvæmt loftslagssamningnum sem undirritaðar voru í Ríó 1992, Kyoto 1997 og Marrakesh 2002, tala allar einu máli. Við verðum komin upp undir þakið 2012.

Það er sem sagt á vettvangi loftslagssamningsins í dag að ef stóru iðnríkin eins og Bandaríkin koma með í samninginn, sem allir vona og eiga að leggja mjög mikla áherslu á, verður þeim mun meiri samdráttur að eiga sér stað í Evrópusambandsríkjunum. Við höfum ákveðið að vera með Evrópusambandinu í þessum samningaviðræðum. Við höfum samþykkt hér á Alþingi að við ætlum að fara inn í viðskiptakerfi þeirra með losunarheimildir og vitum að svigrúmið fyrir stóriðju í þeirri bólu sem rúmar stóriðju í Evrópusambandslöndunum og EES-löndunum — það verður krafa um samdrátt. Með öðrum orðum: Við verðum að fara að horfast í augu við að skuldbindingar okkar knýja okkur til að fara út í annars konar atvinnuuppbyggingu en stóriðju. Þetta eru meginsjónarmið mín í málinu, hæstv. forseti.

[15:00]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Fyrir utan almennar efasemdir um að það sé nýja Íslandi til heilla að halda áfram uppbyggingu stóriðjuvera á borð við þau álver sem hér hefur verið rætt um í dag þá hef ég áhyggjur af því, sem kjördæmisþingmaður í mínu kjördæmi suðvestanlands, að það álver sem hér er um að ræða muni gleypa alla þá orku sem tiltæk er á svæðinu, alla þá orku sem tiltæk er á Reykjanesskaga og í kringum

Reykjavík, á Hellisheiði og hvar annars staðar sem orku er að fá, þannig að ekkert verði eftir af orku til annarra hluta, til gagnavera, kísilflöguverksmiðja eða þeirrar stóriðju sem nú hefur opnast sýn til og er miklu þekkilegri á flesta kanta og skapar fleiri störf á hverja orkueiningu. Ég hef líka áhyggjur af því að sú orkuöflun sem hér stendur til muni ganga langt fram úr því sem við getum sætt (Forseti hringir.) okkur við í umhverfismálum, m.a. á Ölkelduhálsi (Forseti hringir.) og öðrum vinsælum útivistar- og náttúruperlum í nágrenni þeirra miklu byggða (Forseti hringir.) sem hér eru tilgreindar.

[15:01]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Við framsóknarmenn styðjum uppbyggingu stóriðju bæði á Bakka og í Helguvík. Það er ekki rétt sem hér kom fram að reynslan hræði. Það var alveg ljóst að fækkun yrði á starfsfólki fyrir austan þegar byggingu álvers væri lokið. Henni er lokið og ekkert óeðlilegt að starfsfólki fækki þar. En þar hafa skapast fjölmörg föst og afleidd störf. Auðvitað hefur þessi framkvæmd haft geysilega jákvæð áhrif og aukið útflutningstekjur þjóðarinnar um tugi prósentna.

Þegar við samþykktum Kyoto-bókunina og fengum íslenska ákvæðið vorum við ekki hluti af Evrópusambandinu. Við sömdum alveg sér og við börðumst fyrir því ákvæði. Það þarf að leggja sig fram til að ná árangri, það þarf að berjast fyrir málstað. Það gerðum við Íslendingar. Það var þess vegna sem umhverfisráðherrar allra þjóða samþykktu íslenska ákvæðið. Þeir vissu að það er vistvænt. Það er betra fyrir lofthjúpinn að hafa slíkt ákvæði en ekki. Er það ekki það sem er stærsta umhverfisógnun í dag, það er hækkun á hitastigi lofthjúpsins?

(Forseti hringir.) Ég skora á hæstv. umhverfisráðherra að endurskoða afstöðu sína (Forseti hringir.) og reyna að hjálpa til við að hitastig lofthjúpsins hækki ekki í framtíðinni.

[15:03]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur verið afdráttarlaus með það að halda áfram með framkvæmdir í Helguvík. Álver mun rísa í Helguvík, þær framkvæmdir eru komnar vel af stað. Það fer að verða ár frá því að við tókum þar fyrstu skóflustungurnar. Það var í maílok í fyrra og hefur gengið nokkuð vel. Þrátt fyrir efnahagsáföll og þá vinnu Norðuráls og Sviss Aluminium að leita nýrra fjármögnunaraðila að verkefnum hefur það samt gengið eftir og gengið vel. Fyrir utan hvað okkur finnst um einstakar greinar orkunýtingar þá er ljóst að það kemur eins og himnasending inn í íslenskt athafnalíf og þjóðlíf að þessar framkvæmdir fara af stað síðar á árinu. Talið er að um 3.000 manns muni vinna að þessum framkvæmdum með einum eða öðrum hætti þegar líður á árið. Það mun taka mikið af þeim slaka sem myndast í mannvirkjageiranum og því áfalli í þjónustu í mannvirkjageiranum sem þar er uppi núna. Það er mikið fagnaðarefni og það er afdráttarlaust að þau áform er ekki verið að stöðva.

[15:04]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Það voru orð hæstv. umhverfisráðherra sem fengu mig til að koma hingað upp. Hún sagði að reynslan í Fjarðabyggð hræddi. Það er að mínu mati ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að nálgast málið með þeim hætti vegna þess að reynslan í Fjarðabyggð er afar góð. Ég get ekki hugsað þá hugsun til enda hvernig ástandið væri þar ef ekki hefði verið farið út í þessar framkvæmdir þar sem störfum í landbúnaði og sjávarútvegi hefur fækkað um fleiri hundruð á örfáum árum. Álverið á Reyðarfirði er að gera gríðarlega góða hluti fyrir austan.

Hvað varðar atvinnumál almennt, af því að hæstv. ráðherra talaði um að huga þyrfti að annars konar atvinnuuppbyggingu, þá er það þannig að alltaf er verið að horfa til allra átta. Ég veit að það var alla vega þannig með þá ríkisstjórn sem ég sat í. Það var alltaf verið að horfa til allra átta þó svo að þetta yrði niðurstaðan. Það er hægt að byggja upp álver og hugsa líka um aðra atvinnuuppbyggingu.

[15:05]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Varðandi þá umræðu sem hér hefur átt sér stað, eftir hádegi á hinu háa Alþingi, er rétt að taka fram að uppi hafa verið tvö stórmál sem eru umdeild og hafa verið það alllengi, þ.e. veiðar á hval og uppbygging stóriðju. Hvernig svo sem á því stendur, í þeirri umræðu sem fer fram í íslensku þjóðfélagi um þessar mundir, þá er verið að þybbast við meirihlutavilja þjóðarinnar í báðum þessum málum. Það liggur fyrir að meiri hluti er fyrir því meðal þjóðarinnar að fara að veiða hval og á Alþingi er meiri hluti fyrir því að veiða þessar skepnur. Meiri hluti er fyrir því meðal þjóðarinnar að byggja upp í áliðnaði og á þingi er meiri hluti fyrir því. Maður hlýtur að spyrja sig að því, hvers vegna í ósköpunum ekki er hægt að vinna þessum málum hraðari framgang en raun ber vitni á þessum vettvangi.

Það er ekki þannig að þetta sé eina úrræðið, langur vegur frá. Og blessunarlega eru iðnaðarráðherra og aðrir hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn að vinna að öðrum lausnum, en þá er kallað eftir því að þær séu leiddar fram. Meðan það er ekki gert verður umræðan á þessu stigi miklu óeðlilegri en hún hefur verið meðan engin önnur svör fást.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill áminna þingmenn um að gæta tímamarka, sérstaklega þegar tíminn er svona stuttur.)

[15:07]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegi forseti. Mig langar að beina því til umhverfisráðherra að álverið á Grundartanga og járnblendiverksmiðjan hafa skapað Vestlendingum gífurlega uppbyggingu. Það er alltaf verið að tala um loftslagsáhrif. Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hún hafi gert sér nokkra einustu grein fyrir því hvað sólgos hafa haft mikil áhrif á jörðina. Það hefur alltaf gleymst í þessari umræðu, bæði sólgosin og eins skógareldarnir. Ég er ansi hrædd um að ef þetta yrði rannsakað væru áhrifin frá þessum tveim þáttum miklu alvarlegri en nokkurn tíma frá álverum og járnblendi. Og ef við ætlum að byggja þetta land í framtíðinni, miðað við þær

aðstæður sem við höfum, verðum við að gjöra svo vel að hugsa um alla þætti. Það er ekki hægt að lifa bara á grasi og káli.

[15:08]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins blanda mér í þessa umræðu. Við búum hér á Íslandi og erum í vandræðum með atvinnu. Þá segi ég: Hvernig ætlum við að bregðast við, hvernig ætlum við að komast út úr þeim erfiðleikum sem við eigum í?

Ég horfi bara til baka til áranna þegar járnblendiverksmiðjan á Grundartanga tók til starfa og álverið — hvers lags lyftistöng það var fyrir Vesturland, hvers lags lyftistöng það var fyrir Akranes. Ég mundi ekki vilja horfa í dag á alla þá sem væru atvinnulausir ef þetta hefði ekki komið til. Ég hef fengið það á mig, af hæstv. umhverfisráðherra, hvers konar barn ég væri að ég skyldi láta það út úr mér, að við á Akranesi skyldum þá ekki hafa fundið upp eitthvað annað en álver. En ég segi: Það er þvílík uppbygging fyrir samfélagið að álverið skuli hafa risið og járnblendifélagið.

[15:09]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Við ræðum fyrirspurn um áform um álver í Helguvík. Ég er þeirrar skoðunar, og hef unnið að því lengi, að við Íslendingar eigum, og aldrei frekar en nú, að virkja orkuauðlindir okkar, hvort heldur er vatnsafl eða gufuafl. Nú þegar hafa verið teknar ákvarðanir hvað það varðar og við þær á auðvitað að standa.

Álverið í Helguvík skiptir gríðarlega miklu máli fyrir þá atvinnuuppbyggingu sem þarf nauðsynlega að eiga sér stað á Suðurnesjum. Við verðum með öllum tiltækum ráðum að tryggja að sú framkvæmd megi halda áfram fólkinu þar og þjóðinni til hagsbóta inn í framtíðina.

[15:10]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þeirrar umræðu sem hér fer fram, og er fyrirspurn frá hv. þm. Björk Guðjónsdóttur, þá liggur fyrir að í verkáætlun ríkisstjórnarinnar er kveðið afar skýrt á um að þær ákvarðanir sem hafa verið teknar standa. Ein af þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið er að farið verður í uppbyggingu í Helguvík. Það liggur fyrir og því verður ekki breytt. (**Gripið fram í:** En Bakki?) Ekki hafa verið teknar ákvarðanir með sama hætti um Bakka en við þær ákvarðanir sem hafa verið teknar verður staðið og þá uppbyggingu sem hefur verið ákveðið að ráðast í. Það er afar mikilvægt að þetta sé skýrt og þetta hefði hv. þm. Björk Guðjónsdóttir átt að vita því að skýrt er kveðið á um þetta í verkáætlun ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er öllum þingmönnum frjálst að spyrja þeirra spurninga sem þeir hafa áhuga á að spyrja, ekki ætla ég að gera athugasemdir við það.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Björk Guðjónsdóttir) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir svörin en verð þó að segja að ég er engu nær um hvort hæstv. umhverfisráðherra muni greiða götu álvers í Helguvík eða ekki. En ég er auðvitað ánægð með að hæstv. umhverfisráðherra er mjög meðvituð um atvinnuástand á Suðurnesjum og mun ætla sér að verja ýmis störf sem hún taldi upp og ég tel það vissulega af hinu góða.

Ég vil benda hæstv. umhverfisráðherra á að stuðningur við álversframkvæmdir er mikill á Suðurnesjum og ekki síst núna þegar sverfur að í atvinnumálum. Það er ljóst að heimamenn binda auk þess miklar vonir við fjölþætt og vel launuð störf. Menn vilja styðja við þetta verkefni og nýta orkuauðlindirnar á Reykjanesi til atvinnusköpunar með þessum hætti. Það er því afar mikilvægt að hæstv. umhverfisráðherra standi með fólki og greiði götur álversframkvæmda alla leið.

Þrátt fyrir kreppu í heiminum í dag — verð á áli fer lækkandi, auk þess sem fréttir berast af lokun álvera — eru menn hér á landi bjartsýnir og horfa til þess að innan fárra ára birti til og álframleiðsla og verð á áli nái sér á strik. Það er gott að finna að engan bilbug er að finna á Norðurálsmönnum, þeir vilja halda verkinu áfram.

Hæstv. umhverfisráðherra minntist á grein Indriða H. Þorlákssonar og ég vil fá að minnast á grein sem er í *Morgunblaðinu* í dag skrifuð af Ágústi Hafberg, framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar hjá Norðuráli — mjög góð grein sem ég hvet hæstv. umhverfisráðherra til að kynna sér. Að lokum vil ég taka undir það með Ágústi, í greininni sem hann skrifar, að atvinnuleysi á landinu er núna rúmlega 10% og því er spáð að það fari jafnvel upp í 20% þegar líða fer á árið. Það má velta því fyrir sér hversu miklu hærri atvinnuleysistölurnar væru ef Íslendingar hefðu ákveðið að nýta ekki orkuauðlindirnar.

[15:14]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Varðandi nýtingu orkuauðlindanna byggist framtíðarsýn mín á meginreglum umhverfisréttar, ekki hvað síst varúðarreglunni. Hún gengur út á það að okkur beri að gæta að því að raska ekki lífkerfum jarðarinnar þó svo að við gerum kröfu um ákveðin lífsgæði. Ég held að við megum aldrei gleyma þessari hugmyndafræði um varúðarregluna og varúðarnálgunina. Við höfum ekki sýnt varúðarnálgun í þeim virkjunarframkvæmdum sem við höfum farið í á jarðhitasvæðunum okkar. Þessari fullyrðingu minni til staðfestingar nefni ég brennisteinsvetnismengun. Nú er svo komið að hún er orðin óviðunandi á svæðum nálægt Hellisheiðarvirkjun og hér á höfuðborgarsvæðinu er hún komin langt yfir heilsuverndarmörk.

Nú er það þannig að gamalt fólk, fólk sem á í erfiðleikum vegna öndunarsjúkdóma eða öndunarfæraörðugleika og lítil börn eru í stórri hættu vegna brennisteinsvetnismengunar frá þeim holum sem búið er að bora uppi í Hellisheiðarvirkjun. Þessi mengun kemur líka úr hveravirkjununum á Reykjanesi. Við getum ekki horft fram hjá þessum staðreyndum þegar við ákveðum að virkja. Við verðum að taka þetta með inn í vinkilinn okkar og ef við gerum það og ef við hugsum líka um loftslagsmálin þá stöndum við frammi fyrir því sem ég sagði áðan að okkur er nauðugur einn kostur að horfa til annarrar atvinnuuppbyggingar en þeirrar orkufreku stóriðju sem árátta hefur verið hjá ákveðnum

þingmönnum og stjórnmálaflokkum að byggja upp hingað til. Vilji hv. þm. Kristján Þór Júlíusson staðfesta þennan meirihlutavilja sem hann segir að sé til staðar varðandi stóriðjuuppbyggingu og hvalveiðar þá fer hann bara í kosningar með það, með þau mál. Ég fer í kosningar með önnur mál, aðra vinkla, aðra framtíðarsýn og við fáum mat kjósenda og þjóðarinnar á sjónarmiðum okkar í kosningum.

Varðandi Kyoto-ákvæðið vil ég segja við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur: Ég er ekki að tala um (Forseti hringir.) annað en að horfast í augu við að það var heimilað að við losuðum (Forseti hringir.) jafnmikið og ákvæðið segir til um. Ég er hins vegar vantrúuð á að við fáum frekari undanþágur frá losunarheimildunum. (Forseti hringir.) Þess vegna getum við ekki, að mínu mati, farið í frekari stóriðjuuppbyggingu.

Umræðu lokið.

[15:16]

Útbýting:

Tekjustofnar sveitarfélaga og gatnagerðargjald, 185. mál, nál. samgn., þskj. 527.

Veiðar á hrefnu og langreyði, 299. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 528.

Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu, 197. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 525; nál. minni hluta utanrmn., þskj. 526.

Virkjun sjávarfalla við Ísland.

Fsp. StB, 282. mál. — Þskj. 508.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson) (S):

Hæstv. forseti. Um veröldina alla er leitað með logandi ljósi að nýtanlegri orku til iðnaðar- og heimilisnota á sem lægstu verði. Þeir kostir sem við Íslendingar horfum einkum til og höfum gert okkur gildandi á er virkjun jarðvarma og virkjun vatnsafls eins og þekkt er. Gerðar hafa verið tilraunir hér með virkjun vindorkunnar án teljandi árangurs. Nú horfa menn til þess að nýta orku sem kann að finnast í olíujarðlögum á landgrunninu og að virkja sjávarföllin.

Virkjun sjávarfalla til raforkuframleiðslu hefur tekið stórstígum framförum og hafa stórþjóðirnar unnið að þróun búnaðar til slíkra virkjana. Er rík ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga að kanna alla kosti slíkra virkjana. Á orkuþingi árið 2006 var flutt erindi um sjávarorku og möguleika virkjana sjávarfalla við Ísland. Bar fyrirlesturinn yfirskriftina *Nýir tímar, aðrir kostir* . Virkjun sjávarorkunnar er á margan hátt heillandi viðfangsefni og gæti hugsanlega komið til móts við vaxandi kröfu á sviði umhverfismála. Virkjun sjávarorkunnar byggist á virkjun ölduhreyfingar, á virkjun sjávarfalla, á virkjun straumanna og virkjun hitastigsmunarins. Því miður liggja ekki fyrir teljandi rannsóknir á þessum kostum hér á Íslandi og stjórnvöld virðast ekki hafa markað sér stefnu um virkjun sjávarfalla enda má segja að virkjun jarðvarma og vatnsaflsins hafi verið nægjanlegt verkefni fyrir okkur hin síðari ár. Engu að síður þarf að horfa til framtíðar og kortleggja alla kosti okkar til að búa í haginn fyrir ókomnar kynslóðir, bæði með því að nýta kosti auðlindanna og með því að velja þá nýtingu sem raskar ekki möguleikum komandi kynslóða til að búa í landinu við sem mesta hagsæld og nýta auðlindir okkar í þágu þjóðarinnar.

Að mati þeirra sérfræðinga sem fjallað hafa um virkjun sjávarorkunnar við Ísland eru kostir mestir og bestir við virkjun í Breiðafirði þar sem munur flóðs og fjöru er mestur hér við land, yfir 5 metrar. Fyrirtækið Sjávarorka hefur í mörg ár unnið að skoðun kosta og hafa einstaklingar lagt ómælda vinnu í að hreyfa því að rannsóknir fari fram og metnir kostir málsins. Þess vegna hef ég borið svohljóðandi fyrirspurn undir hæstv. iðnaðarráðherra:

1. Hyggst ráðuneytið móta stefnu um virkjun sjávarfalla við Ísland?

2. Liggja fyrir einhverjar rannsóknir á vegum opinberra aðila um kosti og hagkvæmni sjávarfallavirkjana við Ísland?

3. Hyggst ráðuneytið beita sér fyrir stuðningi við þá sem metið hafa virkjunarkosti (Forseti hringir.) sjávarfalla í Breiðafirði?

[15:20]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þá framsýni sem birtist í fyrirspurn hans. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að töluverðir möguleikar liggja í virkjun sjávarfalla og líka virkjun ölduhreyfingar. Þessari tækni fleygir fram og ég hef sem iðnaðarráðherra reynt að fylgjast með henni. Ég hef reynt að nýta ferðalög til útlanda til að sækja líka ráðstefnur um málið og satt að segja varð ég undrandi þegar ég komst að því að það eru til meira en 100 mismunandi aðferðir til að beisla þessa orku.

Hv. þingmaður spyr hvort ég hyggist beita mér fyrir því að mótuð verði stefna um sjávarfallavirkjanir. Svarið er já, þ.e. ég hef þegar hrundið af stað vinnu við gerð framtíðarorkustefnu sem á að ná töluvert langt fram eftir þessari öld. Þar er m.a. lögð áhersla á það sem við getum leyft okkur að kalla óhefðbundna orkugjafa, þ.e. orkugjafa eins og djúpboranir, eins og nýtingu aukins afrennslis af jöklum í gegnum núverandi virkjanir. Þar er um að ræða möguleika sem gætu aukið orkuframleiðsluna síðar á öldinni allt að 60%, sömuleiðis er verið að skoða möguleika á notkun vindorku. Ég er ósammála hv. þingmanni um að það séu takmarkaðir möguleikar á því sviði. Þar hefur tæknin líka breytt útsýninu. Sömuleiðis er möguleiki að nota hveragufu til að framleiða metanól. Ég tel að miklir möguleikar séu í því, sérstaklega á svæðum eins og Þeistareykjum þar sem mikið vetni er að finna í jarðgufu. Sjávarfallavirkjanir verða líka teknar inn í stefnumótunina.

Svarið er sem sagt já við þessu.

Hv. þingmaður spyr hvort einhverjar rannsóknir liggi fyrir á vegum opinberra aðila um kosti og hagkvæmni sjávarfallavirkjana við Ísland. Svarið er að hálfu leyti játandi og hálfu leyti neitandi. Þær rannsóknir sem eru fyrir hendi sem beinlínis varða kosti miðast auðvitað við tækni síðustu ára en henni hefur fleygt svo gríðarlega fram núna á allra síðustu árum að segja má að þær rannsóknir hafi ekki haldið í við tækniþróunina. Ég verð hins vegar að geta þess að einn

af mínum allra eftirminnilegustu kennurum, Unnsteinn Stefánsson, prófessor í haffræði, var frumkvöðull á þessu stigi, þ.e. hann hóf fyrstu rannsóknirnar á Hvammsfirði. Það má segja að upp frá því hafi menn farið að velta fyrir sér þessum möguleikum. Hv. þingmaður gat hér um merkt erindi sem haldið var árið 2006. Það var í kjölfar þess að ráðist var í úttekt á möguleikum gegnumstreymishverfla til raforkuframleiðslu. Sú niðurstaða leiddi til þess að mjög áhugavert væri að kanna nýtingu sjávarfallastraumanna í Breiðafirði til orkuframleiðslu. Reynt var að meta stærðargráðu fjárfestingar út frá upplýsingum sem þá lágu fyrir frá því fyrirtæki sem var að þróa hverflana. Út frá þeim upplýsingum og ýmsum öðrum forsendum var reynt að áætla framleiðslukostnað raforkunnar fyrir mismunandi straumhraða.

Siglingastofnun, sem er afburðagóð stofnun á sviði sjávarmælinga, þróaði sjávarfalla- og straumalíkan í samvinnu við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen sem telur að með því sé hægt að áætla straumhraða við strendur landsins og gera sér grein fyrir því hvar er líklegast að bera niður.

Hv. þingmaður þekkir sjálfur fyrirtækið Sjávarorku sem með vissum hætti er opinbert fyrirtæki vegna þess að Rarik er stór hluthafi í Sjávarorku. Það hefur fengið stuðning úr Orkusjóði til að rannsaka og meta vinnanlegt orkumagn í Breiðafirði. Sjávarorka hefur núna uppi áform um að ráðast í sjö ára mælingar á rannsóknum á þeim stöðum sem eru í Hvammsfirði og sundunum við heimastað hv. þingmanns. Þetta fyrirtæki hefur óskað eftir rannsóknarleyfi vegna þessara rannsókna. Svo get ég þess að það eru mjög fróðlegar tvær lokaritgerðir við tæknifræðiskor Háskólans í Reykjavík sem fjalla einmitt um virkjun sjávarfalla.

Hv. þingmaður spyr hvort ráðuneytið hyggist beita sér fyrir stuðningi við þá sem metið hafa virkjanakosti sjávarfalla í Breiðafirði. Ráðuneytið hefur þegar gert það, að vísu ekki í miklum mæli en það hefur lagt fram sem svarar 10 millj. kr. til þess að kanna þá kosti. Það er sjálfsagt að skoða það en þá yrði fyrst og fremst um að ræða fjárhagslegan stuðning orkuráðs og það ber svo vel í veiði fyrir 1. þm. Norðvest. að hv. þm. Mörður Árnason stendur hér í gættinni en hann er einmitt formaður Orkusjóðs.

[15:25]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ég vil bara taka undir orð hæstv. iðnaðarráðherra og fagna þessari fyrirspurn hv. þm. Sturlu Böðvarssonar um virkjun sjávarfalla við Ísland. Ég held að það sé alveg ljóst að okkur ber að huga að og kanna virkjunarkosti sem geta verið svona rækilega sjálfbærir og ganga ekki á aðra umhverfisþætti. Einnig hefur öldustyrkurinn verið nefndur, ölduhæðin, ölduhreyfingarnar, straumarnir í Breiðafirði og víðar sem ég tek undir að sé sjálfsagt að kanna með mikilli virðingu fyrir lífríki Breiðafjarðar og því mikla umhverfisdýrmæti sem þar er. Einnig vindorkan eins og hæstv. ráðherra minntist á. Ég veit að við hv. þingmaður erum sammála um það. (Forseti hringir.) Mér finnst hið besta mál (Forseti hringir.) að þetta sé kannað.

[15:27]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn og tel við hæfi að hún sé sú fyrsta í meira en áratug á hans ágæta ferli. Ég held að það sé líka við hæfi að hún komi hér á eftir þessum snörpu umræðum um hið mikla deilumál í marga áratugi sem er ofvirkjun fallvatna og óheppileg notkun þeirrar orku sem þar af kemur.

Af því að ég var kynntur sem raun ber vitni vil ég segja að eitt af því sem þarf að gera til að efla hinar óhefðbundnu orkurannsóknir og leit að þeirri orku sé að breyta lögunum um orkuráð og Orkusjóð þannig að Orkusjóðurinn geti styrkt sveitarfélög til annarra orkuráðstafana en jarðhitaleitar og borana. Ég held að þetta gæti átt við í Breiðafjarðarbyggðum þeim sem þingmaðurinn ræðir um. (Forseti hringir.)

[15:28]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Hér er spurt um kosti og hagkvæmni sjávarfallavirkjana við Ísland. Orka sjávar er einkum falin í eftirfarandi þáttum: öldum, sjávarföllum, sjávarstraumum og hitastigsmun, á milli sjávar og andrúmslofts og milli mismunandi dýpa. Mig langar að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra sem er sérfræðingur í fiskeldi: Telur hann að sjávarfallavirkjanir gætu orðið til þess að fæla burt þorsk og annan fisk eða göngu fiska og er ekki hætta á að fiskurinn lendi í hverflunum og drepist eins og mörg dæmi eru um í Noregi? Þar hafa vindrafstöðvar drepið fugla, m.a. hafa margir ernir drepist við að lenda í vindspöðum rafstöðvanna.

[15:29]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir hans jákvæðu viðbrögð við fyrirspurnum og þeim ábendingum sem fram komu í fyrirspurninni og þeirri ræðu sem ég flutti vegna hennar. Aðeins vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni, það er rétt athugað hjá honum að ekki hafa verið margar fyrirspurnir hjá mér síðustu tíu árin af þeirri einföldu ástæðu að fyrstu átta ár þess tímabils var ég aðallega í því að svara fyrirspurnum og hin síðari ár að stjórna því að hv. þingmenn fengju gott tækifæri til að spyrja.

Að því slepptu tel ég afar mikilvægt að hæstv. iðnaðarráðherra fái gott tækifæri til þess að vinna í samræmi við það sem kom fram að er vilji hans. Hann nefndi hér í ræðunni að að auka þarf rannsóknir, ekki bara rannsóknir á nýtingu jarðhitans heldur einnig rannsóknir vegna nýtingar á sjávarfallakostunum og líka varðandi nýtingu vindorkunnar. Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að ég hafi afskrifað það. Hins vegar hefur ekki tekist vel upp í öllum tilfellum að nýta vindorkuna. Í mörgum nágrannalanda okkar er það gert og við þurfum að skoða það að sjálfsögðu.

Aðalatriðið í mínum huga er að horft verði til þess svæðis þar sem liggur fyrir að eru bestu kostirnir að nýta sjávarorkuna sem er Breiðafjörðurinn. Í því erindi sem ég nefndi og vitnaði til áðan er nefnt að í Breiðafirði virðist í framtíðinni hægt að framleiða mjög mikla raforku og með mjög lágum framleiðslukostnaði miðað við lauslegt mat

(Forseti hringir.) þannig að í Breiðafirðinum liggur framtíðin hvað þetta varðar.

[15:31]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að svara þeirri spurningu sem hv. þm. Herdís Þórðardóttir beindi til mín um möguleg áhrif sjávarfallavirkjana á fiskgengd. Eins og ég sagði í fyrra mínu svari eru meira en hundrað aðferðir til þess að virkja þá orku sem í sjávarföllum og bylgjum er að finna. Sumar þessara aðferða, sérstaklega þær sem menn pældu fyrst í hafa alveg örugglega áhrif á fiskgengd og geta tálmað henni. En ég held að þær aðferðir sem menn horfa mest til núna, þar sem ekki einu sinni eru mjög miklar festingar við botn heldur er orkan virkjuð með öðrum hætti með öðrum tækjum, hafi þá kosti að hafa mjög takmörkuð áhrif á lífríkið. Svo er hitt að það eru engar sjónrænar afleiðingar ef menn kjósa að fjarlægja þessar virkjanir. Það skilur ekkert eftir nema hugsanlega í augum fiskanna undir yfirborði.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að þeir eiga að njóta eldanna sem fyrstir kveiktu þá. Það var ekki að ástæðulausu að þeir voru einmitt kveiktir þarna, það er vegna þess að náttúrukostir eru bestir þar. Það er framsýni þeirra sem búa á þessum stöðum. Ég man ekki betur en að í aðalskipulagi fyrir Dalabyggð sé að finna skipulagt iðnaðarsvæði undir litla sjávarfallavirkjun.

Hitt er svo að í sjálfu sér hefur verið erfitt að finna leiðir líka til að nýta raforku sem fellur til með þessum hætti. Hún hentar ekki til þess endilega að knýja fyrirtæki sem þurfa á stöðugri orkuframleiðslu að halda en hún mundi henta ákaflega vel t.d. fyrir eitt af verkefnum framtíðarinnar sem er að framleiða vetni. Það er líka hægt að hugsa sér að orkuna mætti nota með óbeinum hætti við vatnsaflsorkuframleiðslu, þ.e. að nýta hana til að dæla vatni upp í lón og nýta síðan vatnið þegar það rennur úr lóninu með jöfnum hætti. Það er ein af þeim aðferðum sem (Forseti hringir.) menn hafa líka velt fyrir sér.

Umræðu lokið.

Afhendingaröryggi raforku og virkjun vatnsfalla á Vestfjörðum.

Fsp. StB, 283. mál. — Þskj. 509.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson) (S):

Hæstv. forseti. Í ályktunum Fjórðungssambands Vestfirðinga hafa komið fram óskir um hraðari endurnýjun og uppbyggingu á raforkukerfinu á Vestfjörðum í þeim tilgangi að auka öryggi og hagkvæmni kerfisins sem síðan ætti að leiða til lægra raforkuverðs og aukins afhendingaröryggis.

Bæði Orkubú Vestfjarða og Landsnet hafa látið vinna áætlanir sem miða að því að auka orkuöryggi á Vestfjörðum með því að styrkja línur og orkuflutningsbúnað bæði á norður- og suðurfjörðum Vestfjarða. Þær leiðir sem hafa verið skoðaðar eru annars vegar hringtenging og aukin flutningsgeta af landskerfinu eða frekari virkjun vatnsfalla á Vestfjörðum samhliða styrkingu flutningskerfisins.

Á undanförnum missirum hefur Vesturverk á Ísafirði unnið að því að skoða kosti virkjunar vatnasviðs Hvalár í Ófeigsfirði. Jafnframt unnu verkfræðingar forathugun á virkjun Hvalár árið 2007 og var sú athugun lögð fram í 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsorku og jarðvarma. Forathugun byggði m.a. á rennslismælingum í Hvalá sem hófust árið 1976. Forsvarsmenn Vesturverks á Ísafirði hafa látið vinna fyrir sig frekari athugun á hagkvæmni virkjunar Hvalár. Sömuleiðis hefur vatnamælingum og jarðfræðiathugunum verið fram haldið fyrir tilstuðlan félagsins. Virkjunarsvæðið er afskekkt og erfitt yfirferðar og Vesturverk hefur átt náið samstarf við landeigendur að finna leiðir til þess að lágmarka jarðrask vegna tækja sem eru nauðsynleg við rannsóknir uppi á heiðinni.

Í aðalskipulagi Árneshrepps, sem hefur verið í vinnslu, mun vera gert ráð fyrir Hvalárvirkjun. Þá hefur fyrirtækið sótt um rannsóknarleyfi til iðnaðarráðuneytisins. Það hefur komið fram af hálfu forsvarsmanna Landsnets að virkjun Hvalár mundi stórauka öryggi í orkusölu á Vestfjörðum og auk þess mundi slík virkjun skapa vinnu og skilyrði til enn frekari uppbyggingar á vegakerfinu á Ströndum sem kæmi bæði íbúum og ferðamönnum að miklu gagni, en vegurinn um Árneshrepp er eins og þekkt er lokaður mikinn hluta vetrar og vart fær öllum að sumri vegna þess að vegurinn er ekki byggður fyrir þunga umferð.

Í ljósi þess að orkuöryggi er ekki viðunandi á Vestfjörðum vegna aðstæðna á vinnumarkaði og efnahagsástandsins í landinu tel ég mikilvægt að allra leiða verði leitað til þess að hraða rannsóknum vegna virkjunar Hvalár. Með því mætti auðvelda þeim aðilum sem hug hafa á að fjárfesta í virkjunarkostum næstu skref í miklu framfaramáli. Við megum engan tíma missa. Þess vegna spyr ég hæstv. iðnaðarráðherra:

1. Hvaða áform eru uppi um aukið afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum?

2. Hvaða áform eru uppi af hálfu ráðuneytisins um virkjun vatnsfalla á Vestfjörðum?

3. Hvenær hyggst ráðherra gefa út rannsóknarleyfi vegna virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði á Ströndum?

[15:37]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég hef þegar lagt fram mjög ítarlegt yfirlit á Alþingi Íslendinga um það með hvaða hætti ég hef beitt mér fyrir því að hraða því að afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum verði aukið. Það gerði ég í svari við þremur fyrirspurnum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fleytti hér fram á síðasta ári.

Til þess að gefa hv. þingmanni yfirlit yfir það sem ég hef beitt mér fyrir og stofnanir ríkisins þá skipti ég þeim aðgerðum í tvennt. Annars vegar það sem ég gæti kallað aðgerðir til skamms tíma og hins vegar aðgerðir til lengri tíma. Fyrri aðgerðirnar eru þríþættar. Landsnet hefur á síðustu mánuðum unnið að endurnýjun á varnarbúnaði flutningskerfisins á Vestfjörðum sem hafa þegar að mati Landsnets skilað góðum árangri. Settur var upp nýr varnarbúnaður á allar 66 kílóvolta háspennulínur í desember. Hann mælir jafnframt fjarlægð að bilunarstað. Þetta tryggir miklu

afmarkaðri útleysingar lína, þ.e. straumleysi, en áður og styttir bilanaleit og það gerir mögulegt líka að hringtengja sambandið Breiðavík/Bolungarvík/Ísafjörður sem hefur ekki verið gert um margra ára skeið, því er lokið. Til að gera þetta mögulegt voru settar upp 66 kílóvolta straum- og spennuspennar í aðveitustöðinni við Bolungarvík og það hefur þegar reynt á þetta og endurbæturnar reyndust vel.

Í öðru lagi þá hefur Landsnet líka sett upp svokallaðar undirtíðnivarnir. Það eru varnir sem leysa út álag vegna afmarkaðs straumleysis til að koma á jafnvægi á milli framleiðslu og notkunar og þær bregðast við þegar vesturlínu leysir út en í kjölfarið verður þá aflskortur á svæðinu. Markmiðið er sem sagt að leysa út álag svo komast megi hjá því að Mjólkárvirkjun leysi út vegna yfirálags. Mér er kunnugt um að á þetta hefur reynt í tvígang með góðum árangri eftir að þessi búnaður var settur upp. Þessu til viðbótar er svo ráðgert að kaupa varnir sem á að setja upp til þess að leysa út afgangsorku í truflanatilvikum. Þegar þetta er komið allt saman ættu virkjanir í fjórðungnum að geta staðið undir forgangsorkunotkun. Sömuleiðis hefur líka verið tekin nýlega ákvörðun um að ræsa jafnan dísilvélar þegar ofsaveður eru í uppsiglingu þannig að minnka megi líkur á verulegu straumleysi í kjölfar útleysinga á vesturlínu.

Í þriðja lagi var vesturlína yfirfarin á síðastliðnu ári með tilliti til lagfæringa sem gætu aukið styrk hennar og minnkað líkur á útleysingum og straumleysi. Það hafa nú þegar verið gerðar lagfæringar á nokkrum stöðum og frekari rannsóknir á línunni eru í undirbúningi. Allar þessar aðgerðir eru á tímasetningum sem ég hef kynnt þinginu áður.

Hinar aðgerðirnar sem taka síðan lengri tíma eru í fyrsta lagi að Landsnet hefur tekið ákvörðun um að rífa 66 kílóvolta Bolungarvíkurlínu 2 og leggja hana í streng. Fyrsti áfanginn, kaup á jarðstreng, fer í útboð að ég hygg eftir tvær vikur og sú vinna tengist vitaskuld jarðgangagerðinni sem unnin er um þessar mundir undir sterkri forustu hæstv. samgönguráðherra. Síðari áfanginn verður svo boðinn út á næsta ári þegar endanleg lega nýrrar spennistöðvar á Ísafirði liggur fyrir. Að sjálfsögðu mun Landsnet nota tækifærið og leggja jarðstreng í önnur göng sem kunna að verða gerð í framtíðinni og hv. þingmaður hefur m.a. beitt sér fyrir á umliðnum árum. Í öðru lagi verður byggð ný spennistöð á Ísafirði þegar niðurstaða liggur fyrir um staðsetningu hennar. Það er unnið að því í samvinnu orkubúsins og bæjarstjórnar. Í þriðja lagi vinnur Landsnet núna að frekari greiningum á kostum sem eru líklegir til að tryggja Vestfirðingum sambærilegt rekstraröryggi og öðrum notendum. Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni og öðrum þingmönnum Vestfjarða um að það er ekki við það búandi að Vestfirðir séu með þriðja flokks kerfi miðað við aðra landsfjórðunga og ég hef sem iðnaðarráðherra beitt mér sterklega fyrir því að breyta því.

Þessir kostir eru ólíkir, t.d. er verið að skoða hverjir komi hagkvæmast út, Hvalárvirkjun er einn þessara kosta, ný lína vestur mundi líka leysa vanda Vesturlands. Svo eru líka aðrir kostir til skoðunar. Það er væntanleg, vonandi á allra næstu dögum, skýrsla um þessa greiningu. Hún verður send þingmönnum kjördæmisins og kynnt um leið og hún er til og stefnumarkandi ákvarðanir af minni hálfu munu þá fylgja í kjölfarið.

Að því er varðar áform af hálfu ráðuneytisins um virkjun vatnsfalla á Vestfjörðum þá hef ég engin áform um það frekar en um virkjanir einstakra vatnsfalla í öðrum landshlutum. Stofnanir á mínum vega hafa unnið skýrslur um Skúfnavatnavirkjun og líka Hvalárvirkjun og sömuleiðis minni ég á gamla skýrslu um Glámu.

Loks er spurt hvenær ég hyggst gefa út rannsóknarleyfi vegna virkjunar Hvalár. Ég hyggst ekki gefa það út, ég tel að það sé óþarft. Það liggur fyrir samningur allra eigenda vatnsréttinda (Forseti hringir.) vegna rannsókna og virkjunar við Vesturverk og ég tel þess vegna samkvæmt laganna hljóðan að ekki þurfi að gefa út rannsóknarleyfi og menn geti undið sér í þetta verk. (Forseti hringir.) Ég óska þeim alls góðs í því vegna þess að ég styð virkjun Hvalár.

[15:42]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ég vil taka undir hversu afhendingaröryggi rafmagns á Vestfjörðum og reyndar um vestanvert landið hefur verið slakt og hvernig þessir landshlutar hafa í raun-inni setið á hakanum í þessum efnum. Lögð hefur verið megináhersla á lagningu stórra flutningsmannvirkja, flest tengd stóriðju, en landsbyggðin hefur verið látin sitja á hakanum í þeim efnum.

Þrífösun rafmagns í sveitum gengur allt of hægt og það að tryggja rafmagnsöryggi, hvort sem er í Dölum, á Snæfellsnesi, norður um Vestfirði eins og hér hefur verið rakið, um Norðvesturland, um landið allt. Einmitt um hinar dreifðu byggðir sem við nú horfum til að geti og eigi mikla möguleika á að auka verðmætasköpun sína. Að auka og tryggja atvinnuöryggi út um land allt er það sem við eigum að hlúa að og þess vegna þarf forgangsröðunin núna að vera sú að tryggja afhendingaröryggi (Forseti hringir.) rafmagns út um hinar dreifðu byggðir og eins að koma á þrífösun rafmagns. Þetta eiga að vera (Forseti hringir.) forgangsatriði nú.

[15:44]

Sigurður Pétursson (Sf):

Hæstv. forseti. Hér er hreyft mikilsverðu máli og má þakka 1. þm. Norðvesturkjördæmis fyrir að bera það hér fram. Ljóst er að raforkuöryggi á Vestfjörðum er ekki eins og það ætti að vera og aðrir landshlutar búa við. Það sýndi sig ljóslega fyrir hálfum mánuði þegar rafmagnið fór af á norðanverðum Vestfjörðum og röð bilana varð til þess að heila helgi var rafmagn meira og minna úti í mörgum byggðum.

Þrátt fyrir það sem fram kom í máli iðnaðarráðherra þá er alveg ljóst að til þess að Vestfirðingar búi við sama öryggi og aðrir landsmenn þarf stórátak. Virkjun Hvalár er kannski eitthvert mesta og brýnasta framfaramál sem vestfirskar byggðir standa frammi fyrir. Ég hvet hæstv. iðnaðarráðherra til að vinna að þessu máli af einurð þannig að Vestfirðingar verði ekki lengur (Forseti hringir.) þriðja flokks þegnar í þessu tilliti eins og hann sagði sjálfur.

[15:45]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Sturlu Böðvarssyni

fyrir að hreyfa málinu með fyrirspurn á þinginu og hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Mér finnst það skipta miklu máli sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra um rannsóknarleyfi vegna virkjunar á Hvalá. Hann hefur kveðið upp úr með það með formlegum hætti að ekki þurfi leyfi og aðilarnir sem eru með málið í undirbúningi geti hafi rannsóknir sínar þegar í stað og án nokkurra leyfa eða afskipta hins opinbera. Ég held að það sé fagnaðarefni að þetta liggi hér fyrir eftir athugun málsins í ráðuneytinu þannig að ekki verði neinn frekari dráttur á því að rannsóknir hefjist á mögulegri virkjun í Hvalá í Ófeigsfirði.

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð manna um skort á bærilegu afhendingaröryggi orku (Forseti hringir.) á Vestfjörðum og fagna áhuga hæstv. ráðherra á því að bæta þar úr.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir svörin svo langt sem þau ná. Það sem hann nefndi hér voru allt mjög mikilvæg úrbótaatriði er varða afhendingaröryggi raforku. Hins vegar má segja að það séu neyðaraðgerðir öðrum þræði. Það er auðvitað ekki ásættanlegt að keyra þurfi dísilrafstöðvar á Íslandi um þessar mundir til að tryggja afhendingaröryggi orkunnar, hvort sem það er á Vestfjörðum eða annars staðar.

Hvað varðar greiningu á þessum kostum öllum sem þarf að fara yfir, þá þarf auðvitað að hraða henni svo allt liggi fyrir. Það sem er hins vegar aðalatriði málsins og eftir stendur í þessari umræðu þegar það liggur fyrir að ekki þarf að gefa út sérstakt rannsóknarleyfi vegna Hvalárvirkjunar — það er góðra gjalda vert og skapar skilyrði fyrir þetta fyrirtæki og þá ágætu áhugamenn sem þar eru til þess að fara í þær framkvæmdir við rannsóknir — grundvallaratriðið er að Landsnet tryggi að viðkomandi orkuver geti selt framleidda orku inn á kerfið. Það er þá næsta verkefni iðnaðarráðherra að tryggja að Landsnet geti staðið þannig að málum að hægt verði að selja inn á kerfið þá dýrmætu raforku sem hægt er að framleiða í Hvalárvirkjun. Enn stendur á að fá það ljóst og klárt hvort Landsnet er tilbúið til þess að standa með forsvarsmönnum þeirra sem vilja virkja.

[15:49]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég fór og talaði við Pétur í Ófeigsfirði í fyrra og ég sannfærðist um að virkjun Hvalár og Rjúkanda væri hið besta mál. Við Pétur bóndi erum sammála um að það sé nauðsynlegt að ráðast í það verk sem allra fyrst. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu eftir að hafa skoðað málið, eins og ég drap á undir lok máls míns áðan, að það þarf ekkert rannsóknarleyfi. Ástæðan er sú að lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu gera ekki ráð fyrir að rannsóknarleyfi þurfi ef málum er háttað eins og er á Vestfjörðum, þ.e. það liggur fyrir samningur allra eigenda vatnsréttinda vegna rannsóknar og virkjunar við Vesturverk sem hefur þessar rannsóknir í undirbúningi. Það liggur því alveg ljóst fyrir og er í gadda slegið, svo maður tali vestfirsku, að þeir geta ráðist í það.

Ég átta mig ekki alveg á því hvað hv. þingmaður átti við þegar hann sagði að nú væri það verkefni iðnaðarráðuneytisins að tryggja að menn gætu selt orku frá þessari virkjun. Ef hv. þingmaður á við það að einhver tvísýna sé um að Landsnet muni leggja streng frá Hvalá til að tengjast kerfinu þá get ég fullvissað hann um að það er mikill vilji til þess af hálfu stjórnvalda og mun ekkert á það skorta. Ég hefði í sporum þingmannsins verið svolítið frekari og gengið fastar eftir því að Landsnet kæmi með öflugri hætti en því einu að málum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé óæskilegt að flytja út af Vestfjörðum það orkumagn sem hugsanlega verður framleitt í Hvalá, 37 megavött. Ég tel að við eigum að taka höndum saman um að reyna að finna atvinnukost sem getur nýtt þessa orku í héraði. Það er almennt stefna mín að þegar frá eru grunnþarfir borgaranna eigi ekkert að þvælast með orku víðs fjarri þeim stöðum þar sem hún er framleidd. Það á að reyna að nota hana þar og skapa atvinnu þar.

Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þessa umræðu. Það munar um það þegar þingmenn koma og eru frekir við ráðherrann (Forseti hringir.) í þessum efnum. Ég get greint frá því að eftir að þingmenn gerðu hér harða hríð að byggðamálaráðherranum úr 101 í fyrra fóru þessi mál að snúast. (Forseti hringir.) Og ég get fullvissað frú forseta um það að ekki skortir atbeina ráðherrans til að kippa þessum málum í liðinn.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 15:51.

---

80. FUNDUR

fimmtudaginn 12. febrúar,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu, stjtill., 197. mál, þskj. 244, nál. 525 og 526. — Síðari umr.
3. Tekjustofnar sveitarfélaga og gatnagerðargjald, stjfrv., 185. mál, þskj. 228, nál. 527. — 2. umr.
4. Tímabundnar ráðstafanir í þágu einstaklinga, frv., 128. mál, þskj. 141. — 1. umr.
5. Fjármálafyrirtæki, frv., 90. mál, þskj. 96. — 1. umr.
6. Breytt skipan gjaldmiðilsmála, þáltill., 178. mál, þskj. 220. — Fyrri umr.
7. Vinnubrögð við gerð fjárlaga, þáltill., 241. mál, þskj.

355. — Fyrri umr.

8. Kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna, frv., 273. mál, þskj. 490. — 1. umr.

9. Stjórnarskipunarlög, frv., 286. mál, þskj. 512. — 1. umr.

10. Stjórnarskipunarlög, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.

11. Þríhnjúkahellir, þáltill., 68. mál, þskj. 68. — Fyrri umr.

12. Listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis, frv., 100. mál, þskj. 107. — 1. umr.

13. Virðisaukaskattur, frv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.

14. Framleiðsla köfnunarefnisáburðar, þáltill., 110. mál, þskj. 118. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðurk.

Guðfinna S. Bjarnadóttir, 3. þm. Reykv. n.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.

Tilkynning um stjórn þingflokks.

[10:32]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Borist hefur eftirfarandi tilkynning um breytingu á stjórn þingflokks Frjálslynda flokksins:

Grétar Mar Jónsson formaður og Guðjón A. Kristjánsson varaformaður.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Um klukkan 3 í dag fer fram utandagskrárumræða um efnahagsmál. Málshefjandi er hv. þm. Geir H. Haarde. Hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 3. gr. 50. gr. þingskapa og stendur í eina klukkustund.

Að auki vill forseti geta þess að reiknað er með atkvæðagreiðslu kl. hálftvö í dag.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Arðsemi álvera.

[10:33]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Í þeim hreinsunum sem eiga sér nú stað í stjórnkerfinu réði hæstv. fjármálaráðherra Indriða H. Þorláksson sem ráðuneytisstjóra. Sá maður hefur lýst skoðunum sínum á ýmsum málefnum og er það bara vel en það er ljóst að hann er mjög mikill skoðanabróðir hæstv. fjármálaráðherra í ýmsum efnum.

Ég kveð mér hljóðs til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé sammála þeirri skoðun ráðuneytisstjóra síns að það sé lítil efnahagslegur ávinningur af starfsemi álvera fyrir landsmenn. Ráðuneytisstjórinn fullyrti það á bloggi sínu. Þegar farið er yfir röksemdir ráðuneytisstjórans blasir að mínu mati við að hann hefur ekki skoðað heildarmyndina heldur eingöngu tekið einn stein úr stærri mósaíkmynd. Þetta er eins og að fela hagfræðingi að gera úttekt á efnahagslegum ávinningi sjávarútvegs og hagfræðingurinn fer beint í beitningaskúrinn og skoðar ekkert annað, skoðar ekki fiskvinnsluna, skoðar ekki skipin, skoðar í rauninni ekkert annað. Mig langar að draga fram nokkrar staðreyndir, herra forseti.

Alcan á Íslandi greiddi 1,4 milljarða í tekjuskatt árið 2007. Það eru um 3% af öllum tekjuskatti lögaðila til ríkisins. Öll verslun í landinu greiddi á sínum tíma 4,8 milljarða og greiddi því Straumsvík um fjórðung af öllum tekjuskatti allra verslunarfyrirtækja það ár. Við fáum um 80 milljarða í hreinar gjaldeyristekjur á ári hverju af álverum.

Ég spyr líka: Hvað þá með sérþekkingu? Hefur hún verið metin, sérþekking í orkuiðnaði, verkfræðinga og tæknifræðinga, sem byggist m.a. á reynslu og þekkingu sem hefur skapast í tengslum við stórvirkjana- og jarðboranaverkefni? Hvað með þekkingarfyrirtæki eins og HRV, Eflu, Stími, Al og fleiri sem hafa getið af sér gott alþjóðlegt orðspor?

Þegar farið er yfir allar þessar staðreyndir og það er meira hægt að draga fram eins og hvað Straumsvík hefur greitt varðandi verslun og þjónustu. Það eru 5,4 milljarðar fyrir utan orkukaup, þá er eðlilegt að maður spyrji (Forseti hringir.) hvort hæstv. fjármálaráðherra deili þeirri skoðun ráðuneytisstjóra síns að það sé lítill sem enginn efnahagslegur ávinningur af starfsemi álvera.

[10:35]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég féllst á ósk ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, Baldurs Guðlaugssonar, um að hann færi í leyfi og ég tel það happ að hafa fengið reyndan mann, fyrrverandi ríkisskattstjóra og skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu um langt árabil, til að hlaupa í skarðið. Indriði H. Þorláksson stendur ábyrgur fyrir sínum skrifum og sínum sjónarmiðum sem hann hefur lýst á heimasíðu sinni og svarar fyrir það sjálfur. Fjármálaráðherra svarar hins vegar fyrir ráðuneytið og ber ábyrgð á því sem þar gerist eins og ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður viti sem fyrrverandi ráðherra.

Um efni þess máls sem hv. þingmaður tekur hér upp liggur það hins vegar fyrir og er rækilega rökstutt af ýmsum sem það hafa skoðað, hagfræðingar og aðrir slíkir, og verður ekki um deilt að nettóarðsemi af veltu álfyrirtækja í eigu erlendra aðila sem eftir verður í hagkerfinu er lágt hlutfall. Það sést augljóslega t.d. þegar nettóarðurinn sem eftir verður í íslenska hagkerfinu í veltu álfyrirtækja er metinn af stærðargráðunni 30–35% eða þar um bil. Þetta hafa margir hagfræðingar staðfest með niðurstöðum sínum. Þetta leiðir af þeirri einföldu staðreynd að aðföng sem flutt eru inn í landið eru dýr og síðan rennur arðurinn af starfseminni út úr landinu aftur til erlends eiganda. Fjárfestingar vegna viðkomandi verkefna, t.d. virkjanir sem selja þeim raforku, eru yfirleitt fjármagnaðar með erlendum lánum þannig að á af-

skriftatíma virkjananna rennur stór hluti raforkuteknanna einnig úr landi í formi afborgana af þessum lánum. Dæmið lagast að sjálfsögðu þegar þær fjárfestingar hafa verið greiddar upp og þá verður meira af arðinum eftir í landinu. Um þetta á ekki að þurfa mikið að deila.

Þó er það þannig, því miður, að aldrei hefur farið fram vönduð arðsemisgreining á þessu eins og Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD, hefur þó ítrekað lagt til við íslensk stjórnvöld að gert verði. Það er aldrei að vita nema núverandi fjármálaráðherra komi því máli í farveg.

[10:37]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég mæli eindregið með því að þessi úttekt verði gerð og lögð fram því ég gat ekki ráðið öðruvísi í orð hæstv. ráðherra en svo að hann deili einfaldlega skoðun ráðuneytisstjórans í fjármálaráðuneytinu, þ.e. hann metur það þannig, ég gat ekki ráðið það öðruvísi, af því að ákveðnir hagfræðingar hafa sagt að það sé lítill efnahagslegur ávinningur af álverum. Ég er einfaldlega ekki sammála því og ég get líka dregið fram hagfræðinga máli mínu til stuðnings. Og ég spyr: Hvar er ætlunin að fá öll þau störf sem hljótast af starfsemi álvera? Hvað með alla orkuþekkinguna, mannvitið og mannauðinn sem er okkur svo mikilvægt í dag, varðandi sölu og útflutning á hugviti héðan? Þetta byggist m.a. á orkuþekkingu og orkureynslu. Ég tel því að skoða verði heildarmyndina, ekki taka bara eitt út sem er hentugt. Ég dreg þetta fram af því að ég er dauðhrædd um að áframhaldandi líf þessarar ríkisstjórnar á næstu fjórum árum af því að þau hafa sagt það, Vinstri græn og Samfylking, (Forseti hringir.) að þau ætli að halda áfram þessu starfi og vinna saman, að þau muni þá koma í veg fyrir (Forseti hringir.) áframhaldandi uppbyggingu stóriðju hvort sem það er á Norðurlandi eða Suðurlandi.

[10:38]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því í hvaða heimi Sjálfstæðisflokkurinn lifir þessa dagana. Það eru um það bil 10 dagar síðan Sjálfstæðisflokkurinn missti völdin í landinu, hafandi stjórnað í næstum 18 ár og viðskilnaðurinn er eins og raun ber vitni. (**Gripið fram í:** Ætlarðu að svara spurningunni?) Ég mun gera það ef ég fæ frið til þess.

Störf í álverum eru með þeim dýrustu sem finnast þegar er kostnaður á hvert starf er metinn. Hvert starf sem þar verður til kostar einhver hundruð milljóna í fjárfestingum á sama tíma og ný störf í ferðaþjónustu kosta kannski 3–4 milljónir í nýjum fjárfestingum. Álver á Vesturlöndum eru öll að draga saman framleiðslu sína og það er mat margra fræðiaðila að það muni sennilega ekki verða byggð ný álver á Vesturlöndum næstu 10 til 15 árin eins og markaðshorfur og verð og fleiri þættir eru nú að þróast. En ég held að Sjálfstæðisflokkurinn ætti örlítið að reyna að átta sig á því á hvaða tíma við lifum. Valdatími Sjálfstæðisflokksins er liðinn, a.m.k. í bili, (Forseti hringir.) og vonandi verður það um alllangt skeið. Ég held að Sjálfstæðisflokkurinn ætti bara að glíma sem mest við sjálfan sig til að komast yfir þessi tímamót í sögu sinni.

Olíuleit á Skjálfanda.

[10:40]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra. Ég ætla ekki að mæra hann í dag jafnmikið og ég gerði í gær þó að hann eigi það skilið í sjálfu sér, en það þarf ekki að kveða góða vísu dag eftir dag.

Ég er með spurningu til hæstv. iðnaðarráðherra um olíuleit á Skjálfanda, hvort eitthvað hafi verið hugað að því að rannsaka svæðið á Skjálfanda og í Flatey. Þar var á sínum tíma borað eftir olíu að ég best veit, en hvaða rannsóknargögn eru til um olíuleit og boranir á Skjálfanda eða í Flatey á Skjálfanda? Það væri fróðlegt að vita hvort menn væru að huga eitthvað að þessum málum í iðnaðarráðuneytinu því að þrátt fyrir að búið sé að bjóða út olíuleit á Drekasvæðinu svokallaða þá er það töluvert langt úti í hafi og verður væntanlega mjög dýrt að ná þar upp olíu á miklu dýpi. Ég hef þess vegna velt því fyrir mér hvort ekki væri full ástæða til að skoða það að láta rannsaka svæði sem er nær landi. Það væri fróðlegt að vita hvort einhver gögn væru til um það, rannsóknargögn frá fyrri tímum.

[10:41]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Grétari Mar Jónssyni fyrir þau hlýju orð sem hann lét falla, fullkomlega óverðskuldað, um mig í gær og satt best að segja verð ég að trúa hæstv. forseta fyrir því þegar mér voru borin þau lá við að ég tárfelldi.

Hins vegar á spurningin sem hv. þingmaður varpar til mín fullan rétt á sér. Þegar hin fyrsta olíunefnd var samþykkt af hinu háa Alþingi, ég held 1987, þá var það m.a. vegna vísbendinga um að á þessum svæðum, á Skjálfanda og reyndar á einum öðrum stað, kynnu að vera merki um gas. Það liggja fyrir gögn, sem eru auðvitað miklu minni en þau sem við höfum í dag um Drekasvæðið, sem benda til þess að gas kunni að vera að finna á þessu svæði.

Á sínum tíma ákvað iðnaðarráðuneytið og ríkisstjórnin að einbeita öllu sínu rannsóknaratgervi og fjármunum til olíurannsókna á Drekasvæðinu, jafnvel þó að á þeim tíma væri ekki til tækni sem gerði kleift að vinna það þar. Ég tel að hjá lítilli þjóð hafi það verið hugvitsamleg og framsýn niðurstaða að fara þessa leið. Það voru mjög sterkar óbeinar vísbendingar á þeim tíma um að þessi efni væri að finna á Drekasvæðinu og ég gæti farið í löngu máli yfir af hverju það er. Það er þess vegna sem menn einbeittu sér að því svæði. Hitt liggur fyrir að það eru vísbendingar sem hægt er að kalla marktækar og gögn sem liggja fyrir um það í fórum stjórnvalda sem benda til hins sem hv. þingmaður segir. Rétt er þá að geta þess líka að á síðasta ári fundust líka ákveðnar vísbendingar um það að djúpt undir Austurlandi væri að finna efni sem jafnan tengjast líka jarðefnum af þessum toga. Það er þess vegna vel hugsanlegt að í framtíðinni eigum við fleiri kosta völ en núna einbeitum við okkur að Drekasvæðinu.

[10:44]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir

þessu góðu svör. Bersýnilega er hann vel inni í þessum málum og með skýra og góða hugsun. Hann ætlar sér án efa að halda áfram á sömu braut og mun ekki láta sitt eftir liggja við að láta rannsaka svæði nær landi eða réttara sagt á Skjálfanda. Ég ber auðvitað þá von í brjósti að fyrsti olíumálaráðherra Íslands verði þessi ágæti hæstv. iðnaðarráðherra sem nú er.

[10:45]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Nú er þetta pólitíska ástarskjallbandalag milli mín og Frjálslynda flokksins að komast á það stig að ég veit ekki heldur hvort ég ætti að ganga í Frjálslynda flokkinn eða hv. þingflokksformaður Frjálslyndra að ganga í Samfylkinguna.. Hins vegar er það svo að ég hef fullan hug á því að þær vísbendingar sem þarna eru verði skoðaðar frekar í framtíðinni.

Nú vil ég benda hv. þingmanni á að ég hef nýlega undirritað reglugerð sem á sér stoð í lögum sem voru samþykkt fyrir jólin, um sérstakan rannsóknarsjóð. Þegar fram líða stundir munu fyrirtæki sem fá leyfi til rannsókna á Drekasvæðinu þurfa að greiða töluvert hátt gjald í rannsóknarsjóð á hverju einasta ári. Með þeim hætti erum við að reyna að byggja upp fjármagn til þess bæði að efla menntun í þessari tegund jarðfræði og verkfræði en líka til frekari rannsókna og hugsanlega ef einhvern tíma í lengri framtíð að þingferli okkar beggja sleppir, gætum við jafnvel einbeitt okkur að því að eyða ellinni í það að leita að olíu á Skjálfanda.

Búvörusamningurinn.

[10:46]

Eygló Harðardóttir (F):

Hæstv. forseti. Í kjölfar skipbrots efnahagsstefnu Sjálfstæðisflokksins í haust er ljóst að Íslendingar þurfa enn á ný að treysta á meginstoðir íslensks atvinnulífs, sjávarútveg, ferðaþjónustu, iðnað og landbúnað.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur kynnt til sögunnar metnaðarfullar og vonandi raunhæfar aðgerðir í iðnaði og nýsköpun og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, hefur talað fyrir umtalsverðri niðurfellingu á skuldum sjávarútvegs auk þess sem hann fann fyrir algjöra tilviljun 30.000 tonn af þorski milli þilja í sjávarútvegshúsinu á Skúlagötu.

Bændur hafa hins vegar litlar fréttir fengið nema þær helstar að á þeim eru einhliða brotnir samningar með afnámi verðtryggingar í búvörusamningum.

Á nýafstöðnu flokksþingi Framsóknarflokksins samþykktu framsóknarmenn ýmsar aðgerðir til aðstoðar landbúnaði í landinu, þar á meðal að auka heimavinnslu afurða, að tollar á aðföng landbúnaðar verði endurskoðaðar með lækkun framleiðslukostnaðar að markmiði og sett var á stofn nefnd um hvernig hægt væri að auka verðmætasköpun í landbúnaði á næstu 10 árum og samhliða verði Framleiðnisjóður landbúnaðarins efldur.

Öfugt við þær skuldir sjávarútvegsins sem fyrrum sjávarútvegsráðherra vildi fella niður eru skuldir landbúnaðarins að mestu leyti komnar til vegna fjárfestingar í greininni sjálfri. Þar er um að ræða annars vegar erlend lán sem nú er orðið nær ómögulegt að standa undir og verðtryggð innlend lán sem hækka stöðugt. Verðtryggingin fær að halda sér á skuldum bænda en var afnumin einhliða af stórum hluta tekna þeirra.

Því vil ég spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann hyggist treysta stöðu bænda og draga til baka samningsbrot fyrri ríkisstjórnar á bændum. Hyggst hæstv. ráðherra jafnframt grípa til markvissra aðgerða til hagsbóta fyrir landbúnað í landinu, og þá hvaða aðgerða?

[10:48]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka upp málefni landbúnaðarins. Það gleður mig að þau gleymist ekki í þeirri orrahríð sem gengur yfir að ýmsu öðru leyti í efnahagsmálum og öðru.

Ég hef þegar átt fund með forustumönnum Bændasamtakanna og reyndar einnig hitt garðyrkjubændur sem glíma við mikla erfiðleika vegna mikilla hækkana, sérstaklega á raforkuverði, og ég reikna með því að fara með ákveðin atriði tengd stöðu landbúnaðarins inn í ríkisstjórn á föstudag.

Það er alveg ljóst að landbúnaðurinn glímir við mikla erfiðleika og fram undan eru erfiðir hlutir eins og þeir að ráða fram úr áburðarkaupum á vori komanda þar sem því miður stefnir í umtalsverða hækkun, kannski 30% hækkun eða svo, á áburði ofan á þá 50–80% hækkun sem varð á síðasta ári. Þá þarf auðvitað ekki frekari vitna við um það hvílíkt áfall það er fyrir greinina að takast á við þetta. Jafnvel virðisaukaskattsuppgjör núna 1. mars kann að reynast ýmsum bændum býsna erfitt eins og um fjárhaginn er búið.

Það mun því reyna mikið á bæði vilja lánastofnana og fleiri aðila til að reyna að styðja landbúnaðinn í þessum erfiðleikum. Það verður skoðað með svipuðum hætti og var reyndar gert á síðasta ári, þá var tilmælum beint sérstaklega til lánastofnana um að aðstoða bændur í sambandi við áburðarkaup og fleira. En hér kann mjög líklega fleira að þurfa að koma til, t.d. einfaldlega að tryggja fjármögnun á áburðarkaupum í vor, og yfir þá möguleika sem eru stöðunni í þeim efnum verður farið.

Ég mun væntanlega leggja ákveðna hluti til í þessum efnum strax á fundi ríkisstjórnar á föstudag og eiga svo áframhaldandi viðræður við forustumenn bænda um aðstæður í greininni á næstu vikum.

[10:50]

Eygló Harðardóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég fagna því að núverandi hæstv. landbúnaðarráðherra sýni töluvert meiri áhuga á hagsmunum landbúnaðarins en fyrri ráðherra virtist gera. Ég hef miklar áhyggjur af stöðu bænda, sérstaklega í ljósi þess að þær aðstæður sem við erum að takast á við núna í efnahagslífinu sýna okkur hversu mikilvægt það er að við getum framleitt mat innan lands. Ég held að við höfum öll uppgötvað á síðustu vikum og mánuðum hvað orðið fæðuöryggi þýðir í raun og veru.

Ég mundi líka gjarnan vilja heyra hvort hæstv. ráðherra hafi hugmyndir um leiðir til að auka sjálfbærni í landbúnaði. Flokkur hans hefur talað mjög mikið fyrir sjálfbærni og

þá varðandi hugmyndir um nýja orkugjafa sem ættu að geta nýst bændum.

Ég hef líka mikinn áhuga á að heyra hvernig hæstv. ráðherra hyggst tækla nýja matvælalöggjöf og koma í veg fyrir að það verði opnað algjörlega fyrir frjálst flæði ótryggra matvæla til landsins. Ég hefði enn fremur mikinn áhuga að heyra hvort hæstv. ráðherra hyggst eitthvað eiga í samstarfi við iðnaðarráðherra (Forseti hringir.) um samtengingu matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu og þá náttúrlega nýrra orkugjafa.

[10:51]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Þetta voru ansi margar spurningar. Á einni mínútu er ég hræddur um að verði frekar fátæklegt um svör ef ég reyni að glíma við þær allar. Af því að hv. þingmaður spurði í fyrri ræðu sinni um skerðinguna á búvörusamningnum sem fyrri ríkisstjórn ákvað vil ég segja að hún er auðvitað inni í forsendum fjárlaga yfirstandandi árs og þar er 800 millj. kr. niðurskurður eða sparnaður áætlaður sem ekki verður svo auðveldlega tekinn til baka nema að tryggja þá einhvern veginn fjármuni fyrir því á móti.

Ég hef mikinn áhuga á að reyna að stuðla að því að landbúnaðurinn geti, þótt aðstæður séu erfiðar, aukið innlend aðföng, kornrækt verði sem mest í ár og gert fleiri slíka hluti sem vissulega hafa jákvæð áhrif, draga úr þörf landbúnaðarins fyrir innflutt aðföng og spara þar með gjaldeyri. Aukin heimaöflun af ýmsum toga og aðrir slíkir hlutir eru allt áhugaverðir þættir sem hv. þingmaður nefndi hér. Það verður allt gert sem mögulegt er til þess að reyna annars vegar að styðja greinina í gegnum erfiðleikana og hins vegar auka þar verðmætasköpun og skapa (Forseti hringir.) störf.

Aðild að ESB.

[10:52]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla að beina fyrirspurn til hæstv. utanríkisráðherra en ætla ekki að blanda mér í pólitískt tilhugalíf hv. þm. Grétars Mars Jónssonar, fyrrverandi varaþingmanns Alþýðuflokksins, og hæstv. ráðherra. Það er þó eitt mál sem ég vildi spyrjast fyrir um sem tengist kannski þessum flokkum. Eins og menn þekkja hefur helsta baráttumál Samfylkingarinnar frá stofnun og fram til þessa verið aðild að Evrópusambandinu. Eins og menn þekkja hefur þetta verið mál sem hún hefur lagt afskaplega mikla áherslu á og það gekk meira að segja svo langt, virðulegi forseti, að formaður Samfylkingarinnar sagði eitthvað í þá veru að ef Sjálfstæðisflokkurinn í síðustu ríkisstjórn mundi ekki sveigja af leið og fara nær Samfylkingunni hvað þá hluti varðaði væri stjórnarsamstarfinu sjálfhætt. Þó svo að formaðurinn hafi nú dregið þau orð eitthvað til baka segir það kannski svolítið um þungann í málinu þegar kemur að Samfylkingunni og Evrópusambandinu.

Það var því athyglisvert þegar hæstv. ráðherra Össur Skarphéðinsson lýsti því yfir í útvarpsviðtali að Samfylkingin hefði náð miklu lengra með þetta mál í samstarfi við Vinstri græna en Sjálfstæðisflokkinn og væri þar ólíku saman að jafna. Nú er ekki hægt að greina af verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar að þar hafi menn náð einhverjum árangri til að setja á blað hvað þetta varðaði. Ég held að það væri mjög fróðlegt fyrir þingheim að fá nánari útlistun hæstv. ráðherra á þessu þar sem þetta er ekki skjalfest og fá að vita um ætlanir þessara flokka, sem ætla að starfa saman áfram ef þeir fá umboð til, hvað varðar Evrópumálin og hverjir þessir stóru sigrar Samfylkingarinnar eru í þessu samstarfi á (Gripið fram í.) þeim vettvangi.

[10:54]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég las nú a.m.k. út úr orðum hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar engu minni ástarjátningu í minn garð og Samfylkingarinnar en frá Grétari Mar Jónssyni.

Ég veit að það er áhyggjuefni hjá hv. þingmanni hversu seint og illa gekk í samstarfinu með Sjálfstæðisflokknum varðandi Evrópumálin. Ég tók eftir því að í sjónvarpsþætti á dögunum, í kringum áramótin, virtist hv. þingmaður hafa skipt um skoðun og var skyndilega orðinn Evrópusinni. Nú finn ég það hins vegar á honum að hann er búinn að snúast aftur og þannig tekst Sjálfstæðisflokknum að fara hring eftir hring í Evrópumálunum.

Frá því er skemmst að segja að í samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn komst enginn hænufet með Evrópumálin. Það voru uppi tvær, eftir atvikum þrjár, skoðanir og Sjálfstæðisflokkurinn logaði í illdeilum vegna Evrópumálsins. (**Gripið fram í:** Og gerir það enn.) Fyrrverandi dómsmálaráðherra lýsti því jafnvel yfir á heimasíðu sinni að hætta væri á því að Sjálfstæðisflokkurinn klofnaði vegna málsins.

Núverandi stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem situr, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar með stuðningi Framsóknarflokksins, tekur svo á þessu máli með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er því lýst yfir að það eigi að breyta stjórnarskrá á þessu þingi með þeim hætti að auðlindirnar verði sameign þjóðarinnar. Eins og hv. þingmaður veit er það forsenda þess að hægt sé að ganga í Evrópusambandið með fullri reisn.

Í öðru lagi er líka lögð fram tillaga um að sérstakur háttur verði hafður á við að breyta stjórnarskrá í framtíðinni þannig að atkvæðagreiðsla á Alþingi dugi, síðan komi alþingiskosningar og breytingin staðfest með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það er að vísu þannig að þótt Sjálfstæðisflokkurinn hafi lýst fylgi við bæði þessi mál, m.a. staðið að gerð frumvarps um hið síðarnefnda, hefur hann líka hlaupist frá því. Alveg eins og með allt sem tengist Evrópu hefur hann enga fasta skoðun. (Forseti hringir.) Það var kannski fyrst og fremst það sem gerði það að verkum að vegna innri misklíðar er (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokkurinn ekki stjórntækur flokkur í dag. (**Gripið fram í:** Svaraðu nú …)

[10:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Þetta var mjög skýrt og gott svar um stefnu núverandi flokka í Evrópumálum, (Gripið fram í.) ég heyri, og vona að ég fái kannski örlítið lengri tíma, að það er mikill taugatitringur meðal þingmanna Samfylkingarinn-

ar þegar þetta ber á góma. Það er allt í lagi.

En höfum alveg á hreinu, virðulegi forseti, að ég hafna því algjörlega að hér sé eitthvað sambærilegt á ferðinni og pólitískt tilhugalíf hv. þm. Grétars Mars Jónssonar og hæstv. ráðherra. Það er ekki um neitt slíkt að ræða.

Hins vegar er ég enn þá, og ég er kannski einn um það, ekki alveg búinn að átta mig á því hverjir þessir stórsigrar Samfylkingarinnar eru varðandi Evrópumálin í þessu samstarfi. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Er enginn hér inni sem áttaði sig á því eftir svar hæstv. ráðherra? Ég varð ekki var við mikil viðbrögð.

En ég held að hæstv. ráðherra þurfi að útskýra þetta. Ég veit að það kom mörgum vinstri grænum mjög á óvart að það væri búið að taka þennan Evrópukúrs. Og ég hvet þá til að nota tækifærið og ræða ekki um Sjálfstæðisflokkinn, heldur svara því almennilega hvar þessir stóru (Forseti hringir.) sigrar liggja.

[10:58]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Varðandi sigrana sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur unnið í Evrópumálum mætti kannski nota orð skáldsins sem sagði að sigrarnir ynnust allir á undanhaldinu. (**Gripið fram í:** … svara spurningunni?) Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið á stöðugri hringferð og undanhaldi í Evrópumálum.

Ég hef aldrei sagt að Samfylkingin hafi unnið neina stórsigra í Evrópumálunum. (Gripið fram í.) Það sem ég hef hins vegar sagt er að frá sjónarhóli Samfylkingarinnar náðist með stefnuyfirlýsingunni það sem ég vil kalla tvö hænufet, ekki meira, en það náðist ekkert hænufet (Gripið fram í.) með Sjálfstæðisflokknum. Það eina sem náðist fram þar var að settur var á laggir tvíhöfða þurs, svokölluð Evrópunefnd. Það var það eina sem Sjálfstæðisflokkurinn treysti sér til að gera.

Staðreyndin er sú að Sjálfstæðisflokkurinn logar í illdeilum og fyrrverandi dómsmálaráðherra hefur sagt það tveimur sinnum opinberlega (Forseti hringir.) að það sé hætta á því að Sjálfstæðisflokkurinn klofnaði vegna ágreinings um Evrópumálin. (Forseti hringir.) Það er þess vegna sem Sjálfstæðisflokkurinn er ekki stjórntækur. Hann kann hins vegar að (Forseti hringir.) verða það.

Herra forseti. Hann þarf virkilega að taka sig á til að verða það aftur.

Icesave-deilan.

[10:59]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég beini fyrirspurn til nýs hæstv. fjármálaráðherra, Steingríms J. Sigfússonar, sem ég veit að mun af sama skörungsskap ganga fram í sínu nýja embætti og hann hefur til þessa gert í stjórnarandstöðunni. Eitt af þeim vandamestu verkefnum sem hann hefur fengið á sínar herðar eru Icesave-málin í Bretlandi. Í gær lýsti seðlabankastjóri Englands því yfir með meira afgerandi hætti en áður hversu djúp og erfið þeirra efnahagskreppa verður og í ljósi þess að eignir Landsbankans í Bretlandi eru auðvitað það sem við kunnum að hafa upp á móti 640 milljarða skuldbindingum vildi ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort ástæða sé til að hafa áhyggjur af því að rýrari eftirtekja verði af eignunum en við upphaflega gerðum ráð fyrir í ljósi þess að ástandið á Bretlandi virðist erfiðara og meira langvarandi en upphaflega var ráð fyrir gert.

Í öðru lagi, vegna þess að hér var nefndur Baldur Guðlaugsson, þá um forustu fyrir samningaviðræðunum um Icesave, og hvort hæstv. ráðherra telji það koma til álita að leita til færustu sérfræðinga á alþjóðavettvangi í samningaviðræðum af þessu tagi. Jafnvel þótt við eigum góða og gegna embættismenn sem hafa góða reynslu af viðræðum við aðrar þjóðir höfum við auðvitað aldrei samið um jafngríðarlega hagsmuni og hér er um að ræða. Samningar og samningaviðræður eru auðvitað sérstök grein og í henni eru sérfræðingar á alþjóðavettvangi.

Í þriðja lagi, á hverju megum við eiga von í þessum viðræðum á þeim 11 vikum sem fram undan eru? Eru einhver skref í þeim sem hæstv. ráðherra sér fyrir eða fram á?

[11:01]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Í aðalatriðum eru þessi mál á þeim stað stödd sem þau voru við stjórnarskipti. Ný ríkisstjórn hefur að sjálfsögðu rætt þetta mál og við höfum fjallað sérstaklega um það, ég, hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra. Ég hef átt einn fund með sendiherra Breta þar sem farið var yfir stöðuna í málinu og hann óskaði eftir að ná sambandi við nýja ríkisstjórn. Það er verið að huga að því hvernig aðkoma okkar að samningaviðræðum og framhaldi málsins verður skipulögð. Þar hefur vissulega komið við sögu, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi eða spurði um, að efla þá erlendu ráðgjöf eða þátttöku sem við styðjumst við í þessum efnum. Það er reyndar þannig að sérfróðir erlendir hafa komið að því að aðstoða íslensk stjórnvöld, bæði lögfræðiskrifstofa í Brussel og lögfræðiskrifstofa í London hafa verið íslenskum stjórnvöldum til ráðuneytis í þessum efnum.

Varðandi það hvað verður um eignirnar og kreppuna í Bretlandi er augljóst mál að það bætir ekki úr skák að þar skuli áframhaldandi og miklir erfiðleikar vera. Að sjálfsögðu er maður uggandi um það hvernig þeim eignum, sem vonandi verða þá að lokum til staðar í einhverjum mæli, upp í þennan hrikalega reikning reiðir af. Það kann líka að hafa áhrif á það hvernig og hvenær mögulega einhverjar slíkar eignir verða seljanlegar á einhverjum viðráðanlegum kjörum, þ.e. þetta kann líka að hafa áhrif á það hversu langt tímabil við þurfum að bíða áður en einhverjar eignir geta farið að seljast upp í þetta á einhverjum viðráðanlegum kjörum og ekki á hreinu brunaútsöluverði. Staðan er snúin eins og allir vita, þetta er að sjálfsögðu eitt af allra mikilvægustu og örlagaríkustu málum sem við Íslendingar stöndum einfaldlega frammi fyrir nú um stundir.

[11:03]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir greinargóð svör og fagna því sérstaklega að hugað sé að því að styrkja enn frekar aðkomu alþjóðlegra sérfræðinga að þessum viðræðum. Það eru sannast sagna býsna vá-

leg tíðindi ef enn versna horfur á breskum fjármálamarkaði og lengist í þeirri kreppu sem þar er. Það sem við töldum hér fyrir jólin var að með því að halda eignunum um nokkurra missira eða ára skeið mundu þær aftur hækka í verði og verða auðsóttara að sækja úr þeim verðmæti en var fyrr í vetur. Ef kreppan er hins vegar að dýpka og lengjast er býsna augljóst að þær horfur eru allar að versna og málið því að þyngjast og róður okkar þar með. Ég óska bara hæstv. ráðherra góðs gengis í þessu vandasama og erfiða verkefni.

Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu, síðari umr.

Stjtill., 197. mál. — Þskj. 244, nál. 525 og 526.

[11:05]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta utanríkismálanefndar um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu tveggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Jónsson og Grétu Gunnarsdóttur frá utanríkisráðuneytinu.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á tveimur viðbótarsamningum við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949, um aðild lýðveldisins Albaníu og lýðveldisins Króatíu, sem gerðir voru í Brussel 9. júlí 2008.

Samkvæmt ákvæðum samninganna öðlast þeir fyrst gildi þegar öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafa staðfest þá og tilkynnt vörsluaðila viðbótarsamninganna um staðfestinguna. Í kjölfarið mun framkvæmdastjóri NATO bjóða ríkisstjórnum nýju aðildarríkjanna að gerast aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum.

Albanía og Króatía hafa á síðustu árum tekið þátt í svokallaðri aðildaráætlun Atlantshafsbandalagsins sem miðar að því að aðstoða umsóknarríki við undirbúning aðildar, en umsóknarríki þurfa að uppfylla ýmis pólitísk, efnahagsleg og hernaðarleg skilyrði áður en af henni getur orðið. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Búkarest 2.–4. apríl 2008 var ákveðið að bjóða Albaníu og Króatíu aðild að bandalaginu, enda höfðu ríkin uppfyllt skilyrði áætlunarinnar. Ríkin tvö munu sjálf greiða kostnað við aðlögun eigin varna að samræmdu varnarkerfi bandalagsins og ekki er gert ráð fyrir að núverandi aðildarríki þurfi að breyta eigin varnaráætlunum eða auka útgjöld til varnarmála vegna fjölgunar aðildarríkja.

Við þetta fjölgar aðildarríkjum bandalagsins úr 26 í 28. Atlantshafsbandalagið hefur ávallt lagt áherslu á að stækkun þess leiði til aukins stöðugleika og öryggis í Evrópu ogýti enn frekar undir þá lýðræðisþróun sem orðið hefur í nýju aðildarríkjunum.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Undir þetta álit rita nafn sitt, auk þeirrar sem hér stendur, Björn Bjarnason, Ragnheiður E. Árnadóttir, Siv Friðleifsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

[11:08]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hlutans um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu tveggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu. Hæstv. utanríkisráðherra mælti fyrir þessari stjórnartillögu á þriðjudaginn en hún hafði verið lögð fram í byrjun desembermánaðar 2008. Utanríkismálanefnd tók málið til umfjöllunar á fundi sínum í gær og fékk, eins og fram kom í máli hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur, tvo embættismenn úr utanríkisráðuneytinu á sinn fund til að fylgja málinu eftir.

Í minnihlutaáliti því sem ég stend að kemur fram að að loknu kalda stríðinu og hinum miklu sögulegu viðburðum í Evrópu eftir 1989 hafi vaknað vonir um nýtt öryggisumhverfi í álfunni þar sem sameiginlegt öryggiskerfi allrar álfunnar leysti gömlu hernaðarbandalögin, bæði Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið, af hólmi. Í stað ógnarjafnvægis og vígbúnaðarkapphlaups yrði leitast við að þróa nýtt öryggiskerfi sem tryggði lýðræði, frið og stöðugleika í álfunni allri. Slíkt öryggiskerfi tæki til fleiri þátta en til stjórnmálaástands og hernaðarlegs styrks og endurspeglaði breytt inntak öryggishugtaksins sem vísar einnig og ekki síður til öryggis og stöðugleika hvað varðar umhverfismál, félagsmál og efnahagsmál.

Minni hlutinn telur að vænlegasta leiðin í öryggismálum Evrópu hefði verið, og sé, sú að efla stofnunina um öryggi og samvinnu í Evrópu (ÖSE) sem sameiginlega friðar- og öryggisgæslustofnun fyrir álfuna alla. Þar geta allar þjóðir setið við sama borð og tekið þátt í að móta nýja stefnu í öryggis- og friðarmálum álfunnar, stefnu sem byggist á nýrri hugsun, alþjóðasamvinnu, afvopnun og viðleitni til friðsamlegra lausna deilumála. Slík samvinna er líklegri til þess að auka frið og stöðugleika í heiminum en útþensla og stækkun hernaðarbandalaga.

Minni hlutinn telur skiljanlegt að þjóðir á Balkanskaga leiti eftir því að tengjast vestrænum bandalögum í ljósi sögunnar og átaka á tíunda áratug síðustu aldar. Að sjálfsögðu ber að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða og lýðræðislegan rétt þeirra til að ákveða hvernig varnar- og öryggismálum þeirra skuli háttað. Minni hlutinn telur þó ekki að stækkun Atlantshafsbandalagsins sé jákvætt skref í öryggismálum Evrópu og að vænlegra sé að gæta friðar, stöðugleika og öryggis í heiminum með því að efla stofnanir eins og ÖSE og með endurskipulögðu öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Með vísan í þessa afstöðu munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitja hjá við afgreiðslu málsins. Það er sama afstaða og þingmenn VG hafa tekið við sambærileg mál.

Ég vil jafnframt láta þess getið við þessa umræðu að utanríkisráðherra Albaníu er hér staddur í opinberri heimsókn á Íslandi um þessar mundir og mun eiga fund með forseta Alþingis og formanni utanríkismálanefndar síðar í dag þar sem ég mun m.a. gera honum grein fyrir því að málið hafi verið afgreitt af hálfu utanríkismálanefndar Alþingis og

verið afgreitt hér á Alþingi, væntanlega í dag, og mun að sjálfsögðu skýra honum frá þeim sjónarmiðum sem ég hef flutt fram í þessari umræðu einnig.

[11:11]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég stend að áliti meiri hluta utanríkismálanefndar og er samþykkur því sem fram kemur í álitinu. Það er niðurstaða mín að rétt sé að styðja stækkun NATO og það að þessar tvær þjóðir gangi í bandalagið. Þó eru uppi í þessu máli eins og flestum öðrum álitaefni sem ástæða er til að fara aðeins yfir og reifa í umræðunni þannig að menn hafi að minnsta kosti heyrt þau sjónarmið.

Það sem ég vildi nefna er í fyrsta lagi stækkunin sjálf. NATO var, eins og hv. þingmenn þekkja, bandalag þjóða sem voru miklu færri en þær 26 sem nú eru í bandalaginu. Það er gagnkvæmt bandalag þannig að kjarninn í því er að árás á eitt ríki bandalagsins jafngildir árás á þau öll þannig að þau ábyrgjast hvert fyrir sig öll hin ríkin þannig að það eru allir fyrir einn og einn fyrir alla. Þess vegna skiptir máli að það sé samhentur hópur þjóða sem stendur að því og virði, eins og fram kemur í nefndarálitinu, grundvallaratriði varðandi öryggi, lýðræðisþróun og stöðugleika. Að öðrum kosti gengur slíkt bandalag ekki upp ef einhver ríkin vinna eftir öðrum sjónarmiðum en almennt eru uppi og sett fram sem krafa fyrir þátttöku í því. Mér finnst skipta mestu máli í þessu núna, með ný ríki, að um sé að ræða sannanlega lýðræðisþróun í þá veru sem við þekkjum hér í Evrópu þannig að ný ríki virði þær leikreglur og þau grundvallarsjónarmið sem eru undirstaða lýðræðisríkis.

Mér finnst þess vegna skipta mestu máli að athuga þá þætti þegar velt er fyrir sér hvort eigi að taka ný ríki inn í bandalagið. Ég sé það á þeim gögnum sem fyrir liggja að þeir sem hafa athugað þessi mál hafa komist að þeirri niðurstöðu að í báðum þessum ríkjum séu þessi skilyrði uppfyllt. Ég hef engan efa um að það sé þá rétt að fallast á að ríkin gangi í bandalagið. Þetta vildi ég undirstrika, virðulegi forseti, en ég vil líka nefna að ég spurðist fyrir um það í meðförum utanríkismálanefndar hvað varðar Króatíu, hvort menn hefðu gengið úr skugga um að upplýst hefðu verið öll þau mál, sem alþjóðasamtök hefðu talið ástæðu til að kalla eftir upplýsingum um, sem tengjast stríðinu í Júgóslavíu á síðasta áratug. Vissulega væri ekki heppilegt að taka inn ríki þar sem væru óupplýst alvarleg mál, jafnvel stríðsglæpir sem átt hefðu sér stað. Þau svör fengust að svo væri að undanskildu einu máli sem væri ekki að öllu leyti upplýst.

Ég held að menn verði að vera alveg vissir um að þeir sem stýra Króatíu leggi sig fram um að upplýsa alla glæpi sem kunna að hafa verið framdir í stríðinu í Júgóslavíu á síðasta áratug.

Í öðru lagi spurðist ég fyrir um stöðu Albaníu. Það er kunnara en (**Utanrrh.:** Utanríkisráðherra mun …) þörf er á að segja frá að í Albaníu hafa lengi verið uppi hugmyndir um það og pólitískir draumar að búa til stærra ríki en nú er, svokallaða Stór-Albaníu, með sameiningu Albaníu við héruð annars vegar í Júgóslavíu, sem nú er Kosovo, og hins vegar við hérað í Makedóníu. Menn verða að velta því fyrir sér og spyrja hvað kunni að gerast ef þessi áform fá aukinn byr frá því sem nú er, en okkur er sagt að núverandi stjórnvöld Albaníu hafi lagt þessar hugmyndir á hilluna. Þær kunna að koma upp á nýjan leik með nýjum valdhöfum síðar, eftir nokkur ár, eftir lengri eða skemmri tíma. Menn þurfa að velta fyrir sér hvaða áhrif það kunni að hafa á stöðu Albaníu ef slíkt gerist. Ég held að það sé ekki alveg víst að slíkt yrði heillaspor. Svörin sem við fengum í nefndinni voru að engin áform væru uppi um slíkt þannig að það virðist ljóst að þeir sem eru forsvarsmenn málsins telja það ekki æskilega þróun að Albanía stækki. Ég er sammála því en vil samt vekja athygli á málinu vegna þess að ég held að það geti komið upp síðar og menn þurfa að vera viðbúnir því og hafa haft augun á málinu og leysa þá úr því áður en það verður að stóru vandamáli sem kunni að vera bandalaginu erfitt.

Ástæðan fyrir því að ég hef áhyggjur af því er einfaldlega sú að ef Kosovo og Albanía sameinast í eitt ríki óttast ég að settur verði neisti í púðurtunnu. Balkanskaginn hefur löngum verið púðurtunna í Evrópu eins og hv. þingmenn þekkja. Það væri að mínu viti mjög slæm þróun ef slík áform fengju byr undir báða vængi. Ég spurðist fyrir um það hvaða áhrif það hefði á stöðu NATO ef Albanía stækkaði og það var ekki hægt að svara þeirri spurningu. Það liggja ekki fyrir svör um hvaða áhrif það hefði. Getur eitt ríki bandalagsins einfaldlega stækkað, útvíkkað landamæri sín og allt landsvæði hinna nýju landamæra verið innan NATO, þar með talið allar skuldbindingar sem ríkin takast á hendur hvert gagnvart öðru? Mundu skuldbindingarnar ná yfir hið nýja útvíkkaða landsvæði? Það var ekki hægt að svara þeirri spurningu. Ég óskaði eftir því að utanríkisráðuneytið aflaði svara við því og vonandi berast þau svör fljótlega, augljóslega samt ekki í tíma fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég held engu að síður að við ættum að kanna það og þegar svörin liggja fyrir skoða þau og ræða málin.

Þetta vildi ég leggja áherslu á, virðulegi forseti, vegna þess að þarna held ég að geti leynst hætta ef illa fer. Auk þess verður krafan um stöðugleika og lýðræðisþróun þá að ná yfir Kosovo. Það verður að segja hverja sögu eins og hún er, þar hefur vantað mjög mikið upp á (**Utanrrh.:** … stöðugleiki …) að það hafi verið á því landsvæði. Vonandi hefur það breyst til batnaðar að einhverju leyti, að minnsta kosti hvað varðar stöðugleikann. Lýðræðisþróunin held ég að eigi töluvert í land á því landsvæði miðað við þær upplýsingar sem ég hef um stöðu mála þar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál, en ég vildi samt vekja athygli á þessum sjónarmiðum vegna þess að við þurfum að vera meðvituð um þessa stækkun og til hvers hún kunni að leiða. Á sínum tíma þegar fyrsta stækkun NATO var til meðferðar í þinginu greiddi ég atkvæði gegn þeirri stækkun vegna þess að ég óttaðist að hún mundi ekki auka stöðugleikann heldur minnka hann, að Rússa mundu taka stækkunin óstinnt upp, það mundi auka óstöðugleikann. Sem betur fer hef ég ekki reynst sannspár í þeim efnum, það hefur ekki gengið eftir. Þó er ekki alveg víst að svo verði því að Rússar eru kannski fyrst núna að ná einhverjum efnahagslegum og pólitískum styrk og við vitum ekki hvernig þróunin verður á næstu árum með auknu afli þeirra. Ég vænti þess að það haldi sem orðið er hvað varðar NATO, að það standi þá af sér aukinn styrk Rússa.

Það liggja t.d. fyrir óskir frá Georgíumönnum um að verða aðilar að NATO. Menn verða þá að spyrja sig hvar NATO eigi að enda. Hvað á það að teygja sig yfir mörg ríki? Ég hef mikla samúð með stöðu Georgíu í þeim heimshluta sem er kannski varla hægt að segja að sé í Evrópu því að það er dálítið sérstakt ríki og þjóð sem er … (**ÁÞS:** Hvað þá við Norður-Atlantshaf.) já, alls ekki við Norður-Atlantshaf. Georgía býr við mikla sérstöðu í þessum heimshluta og ég hef nokkra samúð með þeim, en það er dálítið erfitt að heimfæra stöðu ríkisins upp á Norður-Atlantshaf eða Evrópu. Menn hljóta þá að spyrja sig hvar við ætlum að enda í þessu sameiginlega varnarbandalagi. Ef við teygjum okkur yfir í Asíu getum við alveg eins farið yfir til Afríku eða eitthvert annað og það er út af fyrir sig bara mál til að ræða, hvort menn vilja breyta NATO yfir í slíkt bandalag. Mér finnst það út af fyrir sig vera hlutur sem menn geta rætt en menn þurfa þá að minnsta kosti að ræða það.

[11:21]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir að hafa með rökum skipt um skoðun frá því fyrir nokkrum árum og er það fagnaðarefni. Sömuleiðis vil ég þakka hv. utanríkismálanefnd fyrir hversu skjótt hún hefur brugðist við. Það var mælt fyrir málinu í fyrradag, í gær var fundur í nefndinni og málið er tekið til afgreiðslu kl. 13.30 í dag. Svo vill til að það gerist svo að segja undir vökulu auga utanríkisráðherra Albaníu sem stendur í galleríinu fyrir ofan okkur og fylgist með umræðunum.

Hv. þingmaður drap á mál sem sjálfsagt var að rannsaka við meðferð málsins. Það var gert af hálfu Atlantshafsbandalagsins og liggur ljóst fyrir að í Króatíu og Albaníu hefur orðið mjög sterk lýðræðisþróun.

Hv. þingmaður drap á sérstök mál sem tengdust Króatíu. Það sem út af stóð í því efni var að finna og draga fyrir dóm ákveðinn mann sem talinn var uppvís að stríðsglæpum. Króatar héldu því fram allan tímann að hann væri ekki að finna í Króatíu og það reyndist rétt vera. Hann fannst um síðir á Spáni og var dreginn fyrir lög og dóm. Þá var sá ásteytingarsteinn úr vegi sorfinn.

Það liggur fyrir að Albanía hefur á síðustu árum undirbúið sig mjög rækilega fyrir inngönguna og af því að hv. þingmaður talaði um lýðræðisþróunina þá eru kosningar í Albaníu eftir fjóra mánuði. Albanar eru líka að ráðast í ákveðnar lýðræðisumbætur og eru bæði að breyta kosningalögum sínum og stjórnarskrá til að uppfylla ákveðnar forsendur sem lágu fyrir og ljóst var að umsóknarþjóðir þyrftu að uppfylla. Sömuleiðis hefur orðið mikil breyting í Albaníu hvað varðar lög og reglur. T.d. hefur komið fram að búið er að uppræta alls konar glæpagengi sem voru ákaflega sterk þar um hríð. Mörg hundruð glæpagengi í Tírana og Albaníu eru ekki lengur til og nokkur þúsund einstaklingar sem þeim tengdust hafa verið færðir undir lög og rétt.

Sömuleiðis blasir við að Albanía er ríki í töluvert örri efnahagslegri þróun. Þar hefur miklum fjármunum verið varið til að styrkja innri gerð ríkisins. Eitt af því sem ég ræddi í morgun við utanríkisráðherra Albaníu er samstarf okkar og þeirra varðandi uppbyggingu vatnsaflsorkuvera. Fyrir liggur að fullur hugur er af hálfu okkar beggja að vinna saman að því. Þegar er fyrirtæki í Albaníu sem starfar að þessu.

Það sem skiptir líka máli fyrir okkur er að þetta eru tvær smáþjóðir. Ég er þeirrar skoðunar að þessi öld tilheyri smáþjóðunum. Síðustu aldir hafa meira og minna verið undirlagðar áhrifum stórþjóðanna en við sjáum hins vegar — bæði sýna rannsóknir það og við finnum það á eigin skinni — að smáþjóðum sem vinna saman tekst alltaf að verja hagsmuni sína og þess vegna er mjög skynsamlegt frá sjónarhóli íslenskrar utanríkisstefnu að leggja grunn að samstarfi við þjóðir sem eru okkur landfræðilega fjarlægar eins og Albaníu og Króatíu. Þetta eru litlar þjóðir sem við eigum að reyna að vera samferða, þrátt fyrir ólíka hagsmuni og ólíka landfræðilega legu, og stuðla að því að hagsmunir þeirra nái fram að ganga vegna þess að þær munu til endurgjalds stuðla að hagsmunum okkar þegar á þarf að halda. Ég tel því að með þeim gerningi okkar hér að flýta samþykkt ályktunartillögunnar til að greiða för þessara ríkja inn í Atlantshafsbandalagið virðum við í fyrsta lagi, eins og formaður utanríkismálanefndar lagði ríka áherslu á í fyrradag, sjálfsákvörðunarrétt þessara þjóða. Máli skiptir fyrir smáþjóðir að skýrt liggi fyrir að sá réttur sé virtur.

Í öðru lagi eflum við tengsl sem í framtíðinni geta orðið okkur mikilvæg. Smáþjóð eins og Ísland á að rækta slík tengsl miklu fremur en að dansa eftir hljóðpípu hinna stóru þjóða. Máli skiptir að við bindum trúss okkar við litlu þjóðirnar í þessum heimi.

Að öðru leyti vil ég þakka hv. utanríkismálanefnd aftur fyrir skjóta afgreiðslu og hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir málefnalega ræðu.

[11:26]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Ég vil stuttlega koma upp í ræðustól þingsins til að undirstrika það sem kom m.a. fram hjá ræðumönnum okkar strax við fyrri umræðu málsins. Við styðjum þetta mál af heilum hug og má segja að verið sé að undirstrika það góða samstarf sem við sjálfstæðismenn munum og viljum eiga við minnihlutastjórnina í góðum málum. Rétt er það sem hæstv. utanríkisráðherra drap á að mælt var fyrir málinu fyrir tveimur dögum, síðan fór það til hv. utanríkismálanefndar og var afgreitt þaðan skjótt, því málið er gott og brýnt og máli skiptir að við sýnum strax í vilja og verki að við viljum stuðla að því að auka stöðugleika í samvinnu NATO-ríkjanna, stuðla að stöðugleika og friði í álfunni og bjóða ríkin Albaníu og Króatíu velkomin í hóp lýðræðisríkja.

Auðvitað vekur eftirtekt að formaður utanríkismálanefndar, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, skuli ekki hafa treyst sér til að skrifa undir meirihlutaálit utanríkismálanefndar og kannski undirstrikar það hina sérstöku stöðu sem stjórnarsamstarfið er í. En um leið fagna ég því sérstaklega að menn í öðrum flokkum eru staðfastir í að ýta undir mikilvægi NATO og starfsemi NATO á sem breiðustum grunni og ég held að ljóst sé að í gegnum árin hafi NATO svo sannarlega sannað gildi sitt. Menn hafa líka lært af reynslunni, ég skal draga það fram, en um leið áttað sig á því að

það sem mestu máli skiptir fyrir öll aðildarríkin, sem munu verða 28 eftir að við og önnur ríki höfum staðfest þennan samning, er stöðugleiki, friður og öryggi í álfunni.

Þetta vildi ég sagt hafa, frú forseti. Það skiptir okkur máli að sýna vilja okkar og samstarf við vinaþjóðir okkar. Það er brýnt og mikilvægt að menn haldi vöku sinni til að við náum að halda viðvarandi friði í álfunni.

Ég vil eins og hæstv. ráðherra þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir um margt málefnalega ræðu og athyglisverða punkta. Hann koma aðeins inn á málefni Georgíu og það var líka komið inn á þau við fyrri umræðu málsins. Hvar á að draga mörkin? Vissulega er eðlilegt að menn leiti svars við þeirri spurningu en ég held að svarið sé ekki að ríghalda í nafn Norður-Atlantshafsbandalagsins og binda það eingöngu við Atlantshafið. Frumforsendan í þessu öllu er auðvitað sjálfsákvörðunarréttur þjóða og ef NATO-ríkin standa frammi fyrir því að meta þegar þar að kemur hversu mikilvægt er að Georgía fái inngöngu í NATO verður auðvitað farið yfir hvaða þýðingu það hefur fyrir frið á því svæði. Ef Georgía uppfyllir allar þær kröfur sem gerðar eru til aðildarríkjanna, líkt og Albanía og Króatía hafa gert, tel ég fullkomlega eðlilegt að við, löndin sem eigum aðild að NATO, skoðum mjög vel að heimila þeim að verða meðlimir svo lengi sem skilyrðin sem þeim ríkjum sem leita eftir inngöngu um lýðræði og fleira verða uppfyllt.

Ég fagna þessu og segi að við sjálfstæðismenn viljum undirstrika bæði hraða vinnu af okkar hálfu og líka það að við teljum mikilvægt að sýna lipurð og um leið stuðning okkar í verki með því að taka með vinsemd og virðingu á móti Albaníu og Króatíu inn í NATO. Góðum ríkjum sem eru að festa sig í sessi sem lýðræðisríki og hafa, eins og hæstv. utanríkisráðherra kom ágætlega inn á í ræðu sinni, markvisst verið að taka á málum sínum, hvort sem þau snerta stjórnskipunina eða aðra löggjöf sem mun stuðla að auknu lýðræði innan þeirra.

[11:31]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Rétt fyrst varðandi Georgíu. Það verður örugglega tilefni til þess að taka þau mál frekar til umræðu, m.a. á vettvangi utanríkismálanefndar, eins og ég greindi frá hér við fyrri umræðu um þetta mál. Ég vil þó benda á að skýrsla frá ÖSE um stríðsátökin í Kákasus er athyglisverð, þar sem bæði Georgía og Rússland eru sökuð um stríðsglæpi. Það er hlutur sem mun áreiðanlega koma inn í þá umræðu.

Varðandi ummæli hv. varaformanns Sjálfstæðisflokksins, um að minnihlutaálit mitt vekti sérstaka athygli, vil ég segja: Það þarf ekki að vekja neina sérstaka athygli því að það er algerlega í samræmi við þá afstöðu sem minn flokkur hefur tekið í málefnum af þessu tagi.

Talandi um það að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða og stuðla að lýðræðisþróun þá vekur það athygli að varaformaður Sjálfstæðisflokksins er þeirrar skoðunar að í lýðræðisríki eins og Íslandi eigi menn ekki að reifa skoðanir sínar og koma þeim á framfæri. Það er það sem ég er að gera hér. Ég held skoðunum okkar fram, skoðunum sem við höfum að sjálfsögðu fullan rétt til að hafa — vænti ég. Ég held þeim til haga og kem þeim á framfæri. En við afgreiðslu málsins hef ég líka lagt á það áherslu að við virðum sjálfsákvörðunarrétt albönsku og króatísku þjóðanna, að sjálfsögðu. Ég sem formaður nefndarinnar hef lagt mig fram um að málið fengi skjóta afgreiðslu á hennar vegum vegna þess að ég geri mér grein fyrir því að meirihlutavilji er fyrir því á Alþingi og hann virði ég.

[11:32]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er greinilegt að ég hef snert einhverja viðkvæma strengi, ég ætlaði mér nú ekki að gera það. Ég vildi hins vegar draga fram þá sérstöku aðstæður sem við búum við í stjórnmálum í dag, þ.e. að hér er minnihlutastjórn og hún birtist með þessu móti. En um leið birtist ríkur vilji okkar sjálfstæðismanna til að ljá góðum málum lið. Við undirstrikum það með þessu máli, m.a. af því að við virðum sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Við virðum líka meirihlutavilja Alþingis og það er sjálfsagt og eðlilegt að undirstrika það, og eins og með réttu var gripið fram í þá óska ég líka eftir því að vinstri grænir virði meirihlutavilja Alþingis, m.a. í hvalamálinu, ef við getum tekið þá umræðu síðar.

Mér finnst það leiðinlegt og miður ef ég hef vakið upp einhvern titring í hjarta og brjósti hv. þingmanns, ég ætlaði mér ekki að gera það. Það er lýðum ljóst að vinstri grænir eru og hafa alltaf verið á móti NATO. Þeir vilja fara aðrar leiðir. Það er engin nýlunda. En það er engu að síður kómískt og sérstakt að fyrsta mál sem utanríkismálanefnd afgreiðir undir forustu hv. þingmanns skuli vera með þessum hætti. En við sjálfstæðismenn styðjum þetta mál.

[11:34]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ekkert kómískt í þessu sambandi, hvort þetta mál er fyrsta, annað, þriðja, fjórða eða fimmta mál, það hefur ekkert með þetta mál að gera.

Það sem ég er hér að undirstrika er það að við höfum talað fyrir okkar sjónarmiðum. Þau eru ljós og ég vænti þess að hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir telji eðlilegt að í lýðræðissamfélagi séu ólíkar skoðanir og ólík nálgun á mál, m.a. þetta, og að það fái að heyrast. Það er ekki sjálfgefið að í utanríkismálanefnd séu allir alltaf sammála í öllum málum sem þar koma fram og eins hér í þinginu.

Við höfum talað mikið um það undanfarna mánuði að styrkja þurfi og efla þingræðið á kostnað framkvæmdarvaldsins. Ég tel því ekkert óeðlilegt við það að hér myndist alls konar, ef svo má segja, meiri hlutar í málum, ef við erum að hugsa um það að þingið eigi að vera sterkt og taka ekki endalaust við skipunum frá framkvæmdarvaldinu. Þá er það bara eðlilegasti hlutur í heimi. Ég tala nú ekki um við þær aðstæður sem við búum við í augnablikinu og við þekkjum öll en verður vonandi breytt eftir kosningar 25. apríl.

[11:35]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er náttúrlega erfitt að koma hingað upp

og vera ekki bara sammála öllu því eða mestu af því sem hv. þingmaður sagði. Að sjálfsögðu búum við í lýðræðisríki. Við búum við þingræði og við verðum að virða það.

Ég vil hins vegar draga það fram að m.a. Albanar, sem hafa staðið fyrir umfangsmiklum breytingum, m.a. á stjórnskipun sinni, hafa tekið sér dágóðan tíma í það. Þess vegna skiptir miklu máli, og ég tek undir með hv. þingmanni, að skoða hlutverk Alþingis. Við eigum að efla og styðja enn frekar við Alþingi og það höfum við gert, m.a. á síðustu missirum, undir forustu fyrrverandi forseta þingsins, Sturlu Böðvarssonar. Við höfum ýtt undir mikilvægi þingsins og hlut þingmanna hefur verið ýtt upp og hampað gegn hlut ráðherra. Við eigum að halda áfram á þeirri braut.

En við megum ekki flana að neinu þegar kemur að stjórnskipuninni. Við erum í megindráttum sammála ákveðnum breytingum á stjórnskipuninni en við verðum að vinna hlutina eins og við höfum gert fram til þessa. Við höfum breytt stjórnskipuninni nokkrum sinnum, þrisvar síðan 1991. Við höfum gert það í samkomulagi flokkanna og farið eftir þeim leikreglum (**JBjarn:** Ekki aldeilis.) sem stjórnskipunin hefur sett fram.

Við sjálfstæðismenn munum ekki láta okkar eftir liggja þegar kemur að því að ræða um breytingar á stjórnskipuninni, en við viljum að sömu reglur séu viðhafðar, þ.e. aðkoma allra flokka. Ekki þannig að við komum, einn flokkur, síðastur að málinu þegar búið er að afgreiða það af hálfu allra annarra flokka. Það er þá nýlunda í vinnubrögðum á þingi. Mér þykir miður ef allir stjórnmálaflokkar koma ekki að umræðum um stjórnskipunina alveg frá byrjun.

[11:37]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Aldrei þessu vant þá drjúpa orðin af vörum hv. þingmanns eins og hunang. Ég er um það bil sammála öllu sem hv. þingmaður sagði nema hinu síðasta. Ég tel að hv. þingmaður sé á fullkomlega réttri braut þegar hún segir að mikilvægt sé að breið samstaða sé um mál af þessu tagi. Ég tel að það sé mjög mikilvægt og mikils virði að á Alþingi sé að finna breiða samstöðu um grunnstefnuna í utanríkismálum. Hana hefur verið að finna á síðustu árum jafnt á millum stjórnar og stjórnarandstöðu. Á sínum tíma tók ég, sem einn af leiðtogum stjórnarandstöðunnar, ríkan þátt í utanríkismálastarfi Alþingis. Ég lagði mig í líma við, ef kostur var, að styðja þá utanríkisstefnu sem ríkisstjórnin hafði hverju sinni til þess að Ísland talaði einni og sannfærandi röddu á erlendum vettvangi.

Ég tel að það sé líka rétt hjá hv. þingmanni að í sjálfu sér beri að virða það hjá hv. formanni utanríkismálanefndar að hann stendur á sannfæringu sinni. Það ber líka að virða það við hann að sem formaður nefndarinnar lagði hann sig í líma við að láta þá afstöðu ekki hafa áhrif á gang málsins heldur stuðla að því að málið yrði afgreitt skjótt og vel. Ég vildi óska þess að sú staðfesta sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hefur sýnt í þessu máli flytjist yfir á hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur í öðru utanríkismáli, þ.e. Evrópusambandsmálinu. Ég vildi óska þess að hún hefði þá staðfestu til að bera að halda fram því sem er sannfæring hennar í því.

Hvað varðar síðan breytingar á stjórnarskrá, sem er kannski eðlis óskylt því sem við ræðum hér, var ekki rétt hjá hv. þingmanni að þær breytingar sem við höfum lýst, og ég m.a. á þessum morgni, séu Sjálfstæðisflokknum framandi. Hann hafði frumkvæðið að þeim breytingum og hann bjó þær sjálfur í frumvarpsform í stjórnarskrárnefnd. Þannig að það er ekki hægt að segja annað en að Sjálfstæðisflokkurinn hafi byrjað málið, hafi unnið málið, sannfært aðra flokka. (Forseti hringir.) Svo allt í einu kemur varaformaður Sjálfstæðisflokksins og segir eiginlega að ekki sé hægt að samþykkja málið núna af því það sé svo mikið flaustur, málið sem Sjálfstæðisflokkurinn (Forseti hringir.) bjó til og undirbjó.

[11:39]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nú erum við komin í athyglisverða söguskýringu. Minn góði vinur og hæstv. utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, hefur sagt margt rétt hér og ég er ánægð með að við erum samherjar í því máli sem hér er til umræðu, þ.e. að Albanía og Króatía verði meðlimir í NATO.

Þegar kemur að stjórnskipuninni sjálfri þá er það rétt að samkomulag varð um eitt atriði í síðustu vinnu stjórnarskrárnefndar. Það var um það hvernig breyta ætti stjórnarskránni. Við skulum ekki draga dul á að samkomulag varð um það atriði. Lagt var fram frumvarp fyrir þingið og hvað gerðist? Þingið afgreiddi ekki málið. Frumvarpið var komið til þingsins en þingið afgreiddi ekki málið. Við skulum hafa það á hreinu að enginn einn flokkur kom í veg fyrir það. Það var einfaldlega þannig að frumvarp var lagt fram og þingið afgreiddi ekki málið.

Önnur atriði, t.d. varðandi fullveldið, þjóðaratkvæðagreiðslur og önnur þau atriði sem við, stjórnmálamenn í hinum ýmsu flokkum, viljum ræða. Það er sjálfsagt að fara mjög djúpt í þá umræðu og við eigum að gera það. Við eigum að fara í grundvallarumræðu, djúpa umræðu, um það hvernig við viljum sjá stjórnarskrána okkar breytast. Hvernig hún eigi að svara kalli tímans en standa áfram vörð um þau grundvallargildi sem íslenskt samfélag hefur staðið vörð um á undanförnum árum. Ég held að við séum öll sammála um þetta.

Ekki má fara af stað í einhverja flaustrslega herferð til þess að breyta stjórnarskránni. Við eigum að hugsa þetta lengra og víðara en það hvort hér sé minnihlutastjórn eða meirihlutastjórn, hvort Sjálfstæðisflokkurinn sé í stjórnarandstöðu eða ekki. Þetta mál er miklu stærra en svo að við hugsum um það hvernig mál skipast hér á þingi, (Forseti hringir.) hvernig við breytum stjórnarskránni. Ég bið menn að hugsa þetta stærra og víðar en svo að fara í pólitíska leiki hér.

[11:41]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef aldrei heyrt svona rökflækjur áður á ævi minni, held ég. Hv. þingmaður talar um að það sé einhver flaustursgangur að ætla sér að breyta stjórnarskrá með hætti sem hennar eigin flokkur hefur samþykkt. Hennar

eigin flokkur samþykkti það bara ekki, hann hafði frumkvæði að því í stjórnarskrárnefnd þar sem ég sat með þremur fulltrúum Sjálfstæðisflokksins þegar málið kom á dagskrá. Hann hafði frumkvæði að endanlegri gerð málsins. Hann hafði frumkvæðið að því að málið var lagt í frumvarpsbúning. Hver var það svo sem lagði málið fram hér á þingi? Það var m.a. Sjálfstæðisflokkurinn. Varla er hægt að kalla það flaustursgang. Varla er hægt að kalla það að Sjálfstæðisflokkurinn komi að vinnu málsins þegar henni er lokið. Sjálfstæðisflokkurinn hafði það tiltekna mál algerlega á sinni hendi og í sinni kjöltu. Þannig að það er með engu móti hægt að tala með þessum hætti.

Annaðhvort er fólk samkvæmt sjálfu sér eða ekki. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins verður þá að vera samkvæm sjálfri sér, þegar hún lýsir því hér yfir tvisvar á tveimur vikum, að hún vilji styðja ríkisstjórnina eða Alþingi eftir atvikum til góðra verka, þá getum við reynt að grafast fyrir um það hver skilgreiningin á góðum verkum er. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins hlýtur að fallast á það að frumvarp sem er búið til með þessum hætti, og er að öllu leyti hugmyndalegt og ágætt afsprengi forustumanna Sjálfstæðisflokksins í stjórnarskrármálefnum, hlýtur að falla undir góð verk. Ef hún kemst að annarri niðurstöðu held ég að þau orð sem hún hafði um pólitískt flaustur og tækifærismennsku snúist beint að henni sjálfri.

Þetta er afstaða mín í þessu máli, frú forseti, þó að það sé alls ótengt því máli sem við ræddum áðan. Stundum tekur umræðan sérkennilega spretti. Þetta var góður sprettur hjá hv. varaformanni Sjálfstæðisflokksins, en hún komst ekki í mark. Hún nam staðar langt fyrir aftan þann stað sem flokkur hennar lagði upp frá.

[11:44]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við skulum hafa þessa hluti algerlega á hreinu. Það þýðir ekki bara að taka eitt málefni sem hv. þingmaður vill breyta og tala um það. Hv. þingmaður er að tala um mörg málefni sem hann vill breyta í stjórnarskránni. (Gripið fram í.)

Það var eitt atriði sem var samþykkt og það var hvernig við ætlum að breyta stjórnarskránni. Um það var samkomulag. Önnur atriði — og mér finnst merkilegt að átta sig á því hér í þingsalnum að Samfylkingin, með hæstv. utanríkisráðherra í broddi fylkingar, ætlar að lauma inn öðrum grundvallarbreytingum á stjórnarskránni í krafti þess að samkomulag varð um eitt atriði, um það hvernig breyta eigi stjórnarskránni. Samfylkingin ætlar að lauma öðrum grundvallarbreytingum á stjórnarskránni í gegn, þ.e. varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu og varðandi fullveldisákvæðin og varðandi það hvernig sameignin eigi að vera á auðlindum landsins. Þessu ætlar Samfylkingin að lauma í gegn á síðustu metrunum. Þess vegna segjum við: Skoðum stjórnarskrána betur. Vöndum til verka. Látum breiða fylkingu manna úr öllum flokkum koma að því að breyta stjórnarskránni. Flönum ekki að neinu.

Við erum í megindráttum sammála um þessi atriði. Það þýðir ekki að vera í einhverjum pólitískum leik, einhverju orðaskaki til þess ætluðu að snúa út úr fyrir fólki, fyrir þingmönnum. Við hæstv. utanríkisráðherra erum sammála um margt og við eigum að vera sammála um að það á að vanda til verka þegar kemur að stjórnarskránni. Svo einfalt er það.

[11:46]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið mjög athyglisverð umræða en ég hef þó hugsað mér að beina athyglinni aðeins til baka, að því umræðuefni sem við ræðum núna sem er síðari umræða um staðfestingu tveggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn, um aðild Albaníu og Króatíu.

Ásamt hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur stend ég að meirihlutaáliti utanríkismálanefndar og eins og komið hefur fram í umræðunni höfum við lagt okkur fram um að greiða sem mest fyrir þessu ágæta máli og koma því hratt og örugglega í gegnum utanríkismálanefnd. Nærvera utanríkisráðherra Albaníu fyrr í dag í þinghúsinu sýnir að þessi ríki leggja afar mikið kapp á að komast sem fullgildir meðlimir inn í Atlantshafsbandalagið og mér er það mikil ánægja sem þingmanns á hinu háa Alþingi að geta lagt þessum þjóðum lið. Þessi stækkun er fyrirhuguð og hefur verið lengi til umfjöllunar sem og aðrar mögulegar væntanlegar stækkanir sem líka hafa verið ræddar hér, t.d. Georgíu og einnig er Úkraína í biðröðinni eins og allir vita.

Sú áhersla sem þessi ríki leggja á umsókn um aðild að Atlantshafsbandalaginu sýnir þær væntingar sem þjóðirnar bera til aðildar að bandalaginu, væntingar sem fyrst og síðast snúast um lýðræði, stöðugleika og frelsi til framtíðar fyrir þeirra fólk. Mér finnst mjög skiljanlegt að leiðtogar þjóða hafi slíkar væntingar fyrir sitt fólk og vil þannig, eins og áður hefur komið fram, greiða fyrir því í alla staði.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði hvar NATO ætti að enda og það er mjög góð spurning hjá þingmanninum. Í mínum huga snýst þetta ekki eingöngu um landamæri, þó að heitið Norður-Atlantshafsbandalagið takmarki það vissulega landfræðilega ef menn horfa aðeins á nafnið. Í mínum huga snýst þetta fyrst og síðast um að þegar ríki sem sækjast eftir aðild og uppfylla þau ströngu skilyrði sem bandalagið setur þá keppast þær þjóðir við að uppfylla skilyrðin og verða betri. Þetta snýst um þá hvatningu sem bandalagið setur umsóknarlöndum við lýðræðisuppbyggingu og hvað varðar efnahagslífið og pólitíkina sem ég held að verði alltaf til bóta.

Aðeins vegna þeirrar umræðu sem farið hefur fram um minnihlutaálit formanns utanríkismálanefndar. Hann segir að það sé lýðræðislegt að virða rétt meiri hlutans og þess vegna hafi hann ekki gert ágreining við meiri hluta nefndarinnar og skilað minnihlutaáliti sínu. Ég tek eftir því að í lok álitsins reifar hann að minni hlutinn telji að stækkun Atlantshafsbandalagsins sé ekki mjög jákvæð og stuðli ekki endilega að friði í Evrópu. Hann telur vænlegra að gæta friðar með stofnunum eins og ÖSE og Sameinuðu þjóðunum. Þetta álit kemur svo sem ekki á óvart úr þessari átt en mig langar bara til að koma þeirri afstöðu minni á framfæri að mér finnst annað ekki þurfa að útiloka hitt. Við eigum að sjálfsögðu að beita okkur í þeim stofnunum sem hann nefnir og starfa þar eins og við höfum gert en annað þarf ekki að útiloka hitt.

Svo vekur það nokkra undrun en það er gott að það komi fram hér og nú þegar svo skammt er til kosninga, að Vinstri grænir í ríkisstjórn setja sig ekki upp á móti stækkun Atlantshafsbandalagsins heldur sitja hjá en Atlantshafsbandalagið hefur verið einn helsti óvinur þeirra og forvera þeirra í gegnum tíðina. Það er gaman að sjá að þeir munu í ríkisstjórn og utan stjórnar, ef maður skilur þetta rétt, virða rétt meiri hlutans og þar sem þeir hafa þó tilhneigingu í ýmsum málum til að vera fulltrúar minnihlutaskoðana þá geri ég ráð fyrir því að hvort sem þeir eru í ríkisstjórn eða ekki muni þeir virða rétt meiri hlutans í stað þess að beita sér fyrir minnihlutaskoðunum sínum í stefnumálum sem þeir trúa á. Það er því ágætt fyrir kjósendur Vinstri grænna að vita þetta núna fyrir kosningar og gott fyrir þjóðina að vita að svona fer kannski um sannfæringu þeirra í ýmsum málum.

En, virðulegi forseti, þetta er gott mál og ég er ánægð með að okkur hafi tekist að afgreiða það á svo skömmum tíma vegna þess að það skiptir þessar þjóðir máli að aðildarferlið verði ekki tafið og það verði ekki gert af okkar völdum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga og gatnagerðargjald, 2. umr.

Stjfrv., 185. mál (lögveðsréttur fasteignaskatts og endurgreiðsla gatnagerðargjalds). — Þskj. 228, nál. 527.

[11:52]

Frsm. samgn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.

Samgöngunefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Hermann Sæmundsson og Hjördísi Stefánsdóttur frá samgönguráðuneyti.

Umsagnir bárust frá þó nokkrum aðilum en frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að breyta tvennum lögum er varða sveitarfélögin, annars vegar lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, þar sem lagt er til að lögveðsréttur fasteignaskatts vegna áranna 2009 og 2010 gildi í fjögur ár í stað tveggja, og hins vegar lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, þar sem lagt er til að frestur sveitarfélaga til þess að endurgreiða gatnagerðargjald verður lengdur úr 30 dögum í 90 daga.

Nefndin ræddi á fundum sínum tillögur þær sem kynntar eru í frumvarpi þessu og á fundi kom fram að tillögurnar byggjast á samkomulagi milli ríkisvaldsins og sambands sveitarfélaga sem miðar að því að skapa betri rekstrarlegar forsendur fyrir sveitarfélög til að mæta þeim tímabundnu erfiðleikum sem ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar nú um stundir.

Nefndin fjallaði um þær athugasemdir sem fram hafa komið og lúta að því til hvaða ára heimild um lengingu lögveðs vegna fasteignaskatts skuli ná. Hafa þar komið upp þau sjónarmið að láta heimildina einnig ná til áranna 2007 og 2008. Sú heimild sem kveðið er á um í frumvarpinu er tímabundin lausn til að koma til móts við gjaldendur í ljósi efnahagsástandsins sem leiddi af bankahruninu síðastliðið haust. Vanskil fyrir efnahagshrun eru til komin vegna annarra þátta og ættu því ekki að falla undir þessa heimild.

Loks fjallaði nefndin um þau sjónarmið sem upp hafa komið um hvort heimild sú sem getið er í 1. gr. frumvarpsins ætti að ná til allra fasteignagjalda en ekki eingöngu fasteignaskatts. Þeir þættir sem mynda fasteignagjöldin aðrir en fasteignaskatturinn, svo sem holræsagjald, vatnsgjald, o.fl. eru ólíkir í grunninn og er lagastoð þeirra að finna í mörgum lögum. Því þótti ekki ástæða til að fara í heildarendurskoðun á fasteigngjöldunum að svo stöddu en taka heldur fasteignaskattinn einan þar sem hann er langstærsti hluti gjaldstofnsins. Með hliðsjón af þeim markmiðum frumvarpsins að koma til móts við sveitarfélögin vegna efnahagsástandsins telur nefndin það hagsmunamál fyrir gjaldendur að breyting verði gerð vegna aukinna vanskila í kjölfar kreppunnar.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið sem slíkt en vekur athygli á að fyrirvari sem lagður er til í 3. gr. frumvarpsins er orðinn nokkuð langur, á fundi nefndarinnar kom fram að hann á rætur að rekja aftur til ársins 1996.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins en að öðru leyti skrifa allir nefndarmenn í hv. samgöngunefnd undir þetta nefndarálit.

[11:55]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég er einn þeirra nefndarmanna sem skrifa undir nefndarálit vegna þessa frumvarps og er samþykkur þeim breytingum sem hér er verið að fjalla um og skýrt kemur fram í nefndarálitinu út á hvað þær ganga.

Ég vil af þessu tilefni minna á að þetta frumvarp er hluti af þeim aðgerðum sem fyrrverandi ríkisstjórn stóð fyrir að yrðu lögfestar til þess að koma til móts við heimilin í landinu og þá fasteignaeigendur sem um er að tefla. Það er algerlega nauðsynlegt að skapa þau skilyrði sem breytingarnar fela í sér til að auðvelda sveitarfélögunum að koma til móts við þá sem ekki geta staðið í skilum með gjöld af eignum sínum.

Hins vegar kom fram í nefndinni að ef til vill væri og ég tel að í rauninni sé mjög mikilvægt og nauðsynlegt að efna til heildarendurskoðunar um þessa gjaldtöku, fasteignagjöldin almennt. Fasteignagjöldin eru ekki bara fasteignaskatturinn heldur lóðaleiga og sorphreinsunargjald og fleira en um þessi gjöld gilda mismunandi reglur þegar kemur að lögveðsheimildum.

Til að lengja ekki þessa umræðu vil ég hvetja til þess að horft verði til endurskoðunar hvað þessa löggjöf varðar og vísa þá til yfirlýsingar sem Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkisstjórnin undirrituðu 10. október sl. þar sem fjallað var um samstarf vegna stöðu efnahagsmálanna, samstarf milli ríkisins og milli sveitarfélaganna. Ég tel mjög mikilvægt að litið verði rækilega yfir alla löggjöf sem varðar tekjur sveitarfélaganna og þjónustu þeirra og sem varðar

einstaklinga og félög sem eiga fasteignir, í þeim tilgangi að auðvelda sveitarfélögunum að rífa sig upp úr þeim erfiðleikum sem fylgja hruni bankakerfisins og varða atvinnulífið í landinu. Það kemur síðast en ekki síst niður á sveitarfélögunum þegar gjaldendur geta ekki staðið í skilum. Það er því af mörgu að taka en þetta frumvarp er mikilvægur þáttur í því að koma til móts við það ástand sem er.

[11:58]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Frú forseti. Ég tek undir með þeim sem hér hafa mælt og í ljósi efnahagsástandsins er nauðsynlegt að koma fram með það frumvarp sem hér um ræðir. Það er ljóst að efnahagshrunið kemur illilega niður á sveitarfélögunum en þó með öðrum hætti en hjá ríkinu. Tekjufallið verður í rauninni miklu minna þrátt fyrir allt. Hins vegar hafa mörg sveitarfélög farið mjög illa út úr hruninu, ekki bara vegna bankakreppunnar heldur vegna þess að tekjufallið hefur orðið talsvert. Þetta er í rauninni mjög erfið staða en þrátt fyrir allt hafa sveitarfélögin forgangskröfu í fasteignir þegar kemur að því að kröfur gjaldfalla, þá hafa sveitarfélögin forgangsrétt í kröfurnar. Engu að síður er nauðsynlegt að veita það svigrúm sem hér er veitt og þetta frumvarp kemur inn á og þess vegna held ég að allir hljóti að fagna því.

Ég held að þetta svigrúm geti í rauninni orðið til þess að miklu síður verði gengið að aðilum. Fólk fær meira svigrúm til að koma sínum málum fyrir vind sem er náttúrlega gríðarlega mikilvægt. Það er mjög slæmt þegar sveitarfélagið gengur fram í því að innheimta skuldir sínar mjög hart, kannski þegar bankakerfið er tilbúið til að veita svigrúm. Slíkt gæti orðið til þess að fasteignir færu á uppboð sem annars væri hægt að bjarga með því að gefa einstaklingum og fyrirtækjum lengri tíma til að afla fjármuna og rétta úr kútnum og komast fyrir vind.

[12:01]

Frsm. samgn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Frú forseti. Í sjálfu sér þarf ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta mál. Ég vil þó lýsa því yfir hér að ég er afskaplega ánægð með að það virðist ríkja þverpólitísk sátt um frumvarpið sem er afar mikilvægt því eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson kom inn á er málið byggt á samkomulagi og samstarfi ríkis og sveitarfélaga, samkomulagi sem var undirritað síðastliðið haust. Ég held að við ættum að sameinast um það á Alþingi þessa daga fram að kosningum að sýna samstöðu um mikilvæg mál sem skipta fólkið í landinu máli, samstöðu um mál sem skipta sveitarfélögin í landinu máli og samstöðu um mál sem skipta fyrirtækin í landinu máli. Hv. þm. Sturla Böðvarsson dró einnig fram að þetta mál hefði verið unnið í tíð fyrri ríkisstjórnar og það er auðvitað hárrétt hjá hv. þingmanni. En í sjálfu sér finnst mér það ekki skipta neinu máli. Þetta góða mál er í höfn með samstarfi allra þeirra flokka sem sitja á Alþingi og ég vil nota tækifærið, frú forseti, undir þessum lið til að brýna okkur á þessum síðustu dögum til að vinna mál eins og hér er gert. Hv. þm. Ragnheiður Ólafsdóttir sagði í ádrepu sinni á þingheim í gær að það lítur auðvitað afar sérkennilega út þessa dagana þegar ástandið í efnahagsmálum er eins og það er að Alþingi Íslendinga skuli eyða tímanum sínum dag eftir dag í að ræða um formsatriði, í að deila um höfundarrétt, í að deila um það hverjir eiga að stýra fundum og svo framvegis. Ég tel að Alþingi Íslendinga setji niður við svona umræður. Ég tel að við öll í þessum sal eigum að hafa þroska og þor til að hefja okkur yfir þessa flokkadrætti. Við eigum að nota þann tíma sem fram undan er. Mér telst svo til í dag að 71 dagur sé til kosninga. Við eigum að hafa pólitískan þroska til að ræða hér málin af skynsemi og yfirvegun því að oftast er það þannig eins og í því máli sem hér er til umræðu að menn eru sammála.

Ég vildi bara nefna þetta hér, frú forseti, í tengslum við þetta þó að það sé svolítill útúrdúr. En þetta frumvarp skiptir sveitarfélögin máli og það skiptir líka máli að hér sé samstaða og menn ræði saman af skynsemi og yfirvegun, afgreiði svona mál fljótt og vel frá þinginu því að fullt af sams konar málum bíða í þingnefndum, fullt af svona málum koma á næstunni frá hæstv. ríkisstjórn og Alþingi þarf að afgreiða þau fljótt og vel.

[12:05]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir með Steinunni Valdísi Óskarsdóttur um að nauðsynlegt sé að sýna samstöðu í góðum málum og þetta er eitt af þeim góðu málum sem fram hafa komið.

Ég get líka tekið undir það að ekki sé skynsamlegt að eyða of miklum tíma í smámál og formsatriði. Í góðum málum og almennt bara eigum við að hefja okkur yfir flokkadrætti. Ég get líka verið sammála um þetta. Ég er sammála þessu öllu saman. Ég held að við hljótum öll á þinginu að vera sammála um þetta. Þess vegna er mér algerlega óskiljanlegt af hverju í ósköpunum verið er að gera góð mál að fáránlegum málum. Til dæmis þegar búið er að koma bankakerfinu fyrir vind, þegar búið er að fá margt gott fólki til að vinna góð störf og allir flokkarnir stóðu að því, af hverju kemur þá ekki forsætisráðherra hér og segir: „Ég bakka upp þetta fólk. Ég er mjög sátt við þetta fólk. Ég vil eindregið leggja það til að þetta ágæta fólk fái frið til að vinna sína vinnu“? Það hefði verið skynsamlegt.

Stærsta málið sem við stöndum frammi fyrir núna er endurreisn bankakerfisins. Við erum öll sammála um það. Af hverju þá að vera að skipta um hesta í miðri á? Af hverju er verið að taka út fólk og lýsa vantrausti á fólk sem búið er að koma sér inn í málin? Þarna hefðum við öll getað verið sammála um stærsta málið. En þá kemur stjórnin og hleypir þessu í loft upp. Þetta skil ég ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tímabundnar ráðstafanir í þágu einstaklinga, 1. umr.

Frv. KHG, 128. mál (léttari greiðslubyrði lána). — Þskj. 141.

[12:07]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir frumvarpi sem ég lagði fram á Alþingi 10. nóvember á síðasta

ári eða fyrir rúmum þremur mánuðum. Frumvarpið fjallar um tímabundnar ráðstafanir í þágu einstaklinga vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Áður en ég vík að efni málsins vil ég vekja athygli á því að nú eru að nálgast 100 dagar síðan málið var lagt fram og það tekur þennan tíma að fá það tekið fyrir til að mæla fyrir því og koma því í þinglega meðferð. Kannski er það enn frekar áberandi í því ljósi að málið er lagt fram vegna erfiðrar stöðu sem skapaðist skyndilega hjá heimilum landsmanna eftir hrun bankanna í október og það þarf að bregðast hratt við til að gera fólki kleift að ráða við sínar skuldbindingar. Þessar ástæður kalla enn frekar á svör við því hvers vegna þingið getur ekki unnið hraðar en svo að það taki hart nær 100 daga að fá málið inn á dagskrá þingsins og tekið til umræðu. Ég er ekki að segja að óvenjuleg meðferð sé á þessu máli. Ég er frekar að segja að þetta sé venjulegur gangur á þingmannamálum. En mér finnst þetta ekki gott fyrirkomulag hjá þinginu og finnst ástæða til að breyta því. Ég hef svo sem talað fyrir því bæði hér úr þessum ræðustóli og eins á öðrum vettvangi innan þingsins að menn breyttu þingsköpunum þannig að hægt væri að koma málum miklu fyrr til 1. umr. og þaðan til meðferðar í þingnefndum þar sem meginvinnan við málið fer fram. Ég held að þingheimur verði að taka á þessu ekki bara vegna þessa tiltekna málefnis sem frumvarpið tekur á heldur vegna almennrar framlagningar þingmála þingmanna. Það er algerlega óásættanlegt að mál sem þingmenn hafa lagt vinnu í að semja eða fengið aðstoð við að semja skuli bíða mánuðum saman áður en þau komast til umræðu.

Ég vildi undirstrika þetta, virðulegi forseti, vekja athygli á þessu, kalla eftir því að þingheimur sameinist um að breyta þingsköpum þannig að unnt sé að mæla fyrir málum miklu fyrr en nú er. Það kann að þýða að þingmenn verði að vera tilbúnir til að sætta sig við minni tíma til að mæla fyrir málum og minni tíma til umræðu. En það er allt í lagi að mínu viti ef það verður til þess að málin komast til meðferðar í þinginu og verða tekin til umfjöllunar við úrlausn vanda sem þingið er að glíma við. Þetta vildi ég árétta, virðulegi forseti, áður en ég vík að frumvarpinu af því að mér finnst sláandi í þessu máli einmitt þessi skortur hjá þinginu að hafa greiða leið fyrir framlagningu mála í þinginu til 1. umr.

Frumvarpið er samið og lagt fram til að bregðast við vanda sem varð mjög ljós eftir hrun bankanna í október. Ég vil lesa úr greinargerðinni sem er best til þess fallin að skýra innihald málsins í sem fæstum orðum. En áður en ég hef lesturinn á greinargerð, með leyfi forseta, vil ég geta þess að segja má að fjögur efnisatriði séu í málinu.

Í fyrsta lagi er lagt til að innlendir lánveitendur létti greiðslubyrði lána sem einstaklingar hafa og geta ekki staðið lengur í skilum við vegna þeirrar stöðu sem komin er upp í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í öðru lagi tekur frumvarpið til allra skulda einstaklinga. Í þriðja lagi styrkir frumvarpið samningsstöðu lántakandans gagnvart lánastofnunum með því að takmarka heimild til nauðungarsölu á fasteign og til að takmarka heimild til gjaldþrotaskipta af búi skuldara. Í fjórða lagi er lánastofnunum gefinn kostur á að fjármagna greiðslufrestunina með útgáfu skuldabréfa sem ríkissjóður kaupir. Greinargerðin með frumvarpinu er svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Í frumvarpinu er lagt til að innlendir lánveitendur, sem flestir hinna stærstu eru á forræði ríkisins, létti greiðslubyrði lána einstaklinga sem ekki geta staðið í skilum vegna óvæntrar stöðu sem komin er upp í efnahagsmálum þjóðarinnar. Með sérstökum aðstæðum á fjármálamarkaði er átt við þær aðstæður sem leiddu til þess að íslenska ríkið tók yfir þrjá umsvifamestu banka landsins á grundvelli laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008. Í kjölfarið hafa skuldir einstaklinga hér á landi vaxið hratt, ekki síst þær sem eru í erlendri mynt, og eignir rýrnað mikið. Við það bætist að margir hafa orðið fyrir atvinnumissi sem gerir þeim, eins og sakir standa, erfitt með að efna skuldbindingar sínar. Brýna samfélagslega nauðsyn ber til þess að stemma stigu við yfirvofandi hættu á fjöldagjaldþrotum einstaklinga og hættu á að fólk missi samastað sinn vegna þessara sérstöku aðstæðna. Gert er ráð fyrir að lögin sæti endurskoðun enda um ráðstöfun að ræða sem í eðli sínu er tímabundin.

Frumvarpið tekur til allra skulda einstaklinga. Almennt má gera ráð fyrir að þær skuldir teljist til neytendalána, sbr. lög nr. 121/1994, en undir lögin falla m.a. fasteignalán og lán til heimilisrekstrar. Hins vegar þykir ekki ástæða til að einskorða gildissvið frumvarpsins við neytendalán enda hefur til sumra skulda verið stofnað í öðrum tilgangi eins og þegar einstaklingar hafa undirgengist persónulega ábyrgð fyrir þriðja aðila. Viðskiptaráðherra getur sett reglur um afmörkun á gildissviði laganna, verði frumvarpið að lögum. Ráðherranum er einnig veitt heimild til að setja reglur um verklag lánastofnana við að létta greiðslubyrði enda má ljóst vera að skuldasamsetning einstaklinga getur verið mismunandi. Nauðsynlegt er að hlutaðeigandi lánastofnanir eigi með sér samstarf um að koma málum lántaka í það horf að hann eigi raunhæfa möguleika á að standa við skuldbindingar sínar og að honum og fjölskyldu hans verði tryggð lágmarksframfærsla. Forsenda þessa er þó ætíð að skuldari leggi fram ítarlegar og trúverðugar upplýsingar um skulda- og eignastöðu og önnur atriði sem máli skipta.

Til greina kemur að ráðherra beiti sér fyrir því að settar séu forgangsreglur sem segja til um í hvaða röð frysta skuli greiðslur miðað við tegund lána. Ætla má að húsnæðislán leggi einna mestar byrðar á lántakendur og því getur verið eðlilegt að frysta greiðslur af þeim áður en hugað er að öðrum lánum. Gert er ráð fyrir að frestun greiðslna geti að hámarki staðið yfir í fimm ár og er þá höfð hliðsjón af tímalengd greiðsluaðlögunar í frumvarpi sem Jóhanna Sigurðardóttir, núverandi félagsmálaráðherra,“ — stendur hér í greinargerðinni og það var svo þegar frumvarpið var lagt fram en ráðherrann er núna hæstv. forsætisráðherra — „lagði fram ásamt fleirum á árunum 1998–2007.

Í frumvarpinu er lánastofnunum gefinn kostur á að fjármagna greiðslufrestun með útgáfu skuldabréfs sem ríkissjóður kaupir og einnig er lagt til að Íbúðalánasjóður beiti sér fyrir yfirtöku húsnæðislána. Þessi ákvæði eru í anda meðalhófsreglu að því leyti sem frysting lána skerðir eignarréttinn.

Loks miða ákvæði frumvarpsins að því að styrkja samningsstöðu lántaka gagnvart hlutaðeigandi lánastofnunum

með því að takmarka heimild til nauðungarsölu á fasteign þar sem lántaki á heimili sitt eða sá aðili sem lánað hefur honum veð og takmarka heimild til gjaldþrotaskipta á búi lántaka. Heimildir þessar verða bundnar því skilyrði að ógjaldfærni verði ekki rakin til sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði sem þýðir að þeim verður ekki viðkomið gagnvart lántaka sem flest bendir til að hefði haldið áfram að efna skuldbindingar sínar í eðlilegu árferði.

Frumvarp þetta er byggt á frumvarpi frá árinu 1992 (116. löggjafarþingi) sem flutningsmaður lagði fram ásamt Svavari Gestssyni, sbr. fylgiskjal. Fjallar það um greiðslufrest á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika.“

Þannig hljóðar greinargerðin, virðulegi forseti, og síðan fylgir með sem fylgiskjal þetta gamla frumvarp frá 1992 sem lagt var fram til að mæta sams konar vanda sem upp var kominn þó af öðrum ástæðum væri og auðvitað mun umfangsminni þá heldur en vandinn er nú. En eðli vandans er svipað og úrræðin sem þá voru lögð til af minni hálfu og fyrrverandi hv. þm. Svavars Gestssonar eru í raun þau sömu núna og við byggðum á fyrir 16 árum.

Virðulegi forseti. Ég vil segja að lokum að ríkisstjórnin lagði fram viku seinna en ég lagði mitt frumvarp fram frumvarp um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána sem var tekið til umræðu samdægurs og hefur verið afgreitt sem lög. Það var, má segja, svar ríkisstjórnarinnar við þeim vanda sem frumvarpið tekur á. Munurinn á frumvarpi ríkisstjórnarinnar þáverandi sem nú reyndar er orðið að lögum og frumvarpinu sem ég flyt er sá að það nær til allra skulda í mínu tilviki og það nær til þess að takmarka heimild til nauðungarsölu og heimild til gjaldþrotaskipta á búi þannig að einstaklingarnir eru betur varðir í því frumvarpi sem ég flyt en í því frumvarpi sem þáverandi ríkisstjórn flutti og hefur verið afgreitt sem lög frá Alþingi. Ég tel því að úrræðin sem er að finna í frumvarpinu eigi enn við, að enn sé þörf á því að breyta gildandi lögum í þá veru sem lagt er til í frumvarpinu og gera lántakendum mörgum hverjum sem eru mjög skuldsettir og hafa lent í vandræðum vegna falls bankanna kost á að fá það skjól sem frumvarpið veitir þeim til að komast í gegnum sína erfiðleika og greiða sínar skuldir á nokkrum árum. Allt að fimm ára skjól er veitt í þessu frumvarpi sem ég flyt. Þessi efnisatriði eiga því enn þá við og enn þá tel ég fulla þörf á því að Alþingi taki málið til umræðu og afgreiðslu og fallist á þá tillögu sem hér er lögð til. Ég vona að það komi ekki upp í þessu máli neinar deilur um höfundarrétt eða að það hafi áhrif á vilja þingmanna og ríkisstjórnar til að líta á þessa tillögu hver flutningsmaður er. Ég vænti þess að menn taki efnislega afstöðu til þess sem er lagt til í frumvarpinu.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að málið gangi til 2. umr. og líklega hv. félags- og tryggingamálanefndar. Forseti leiðréttir mig ef ég er ekki að hitta á rétta nefnd. En ég held að það sé þessi nefnd sem eigi að fá málið til umfjöllunar og legg það til, virðulegi forseti.

[12:22]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta frumvarp sé allrar athygli vert. Það er góðra gjalda vert að það sé lagt fram ekki síst á þessum tímum sem tillaga og efni til athugunar til þess að greiða fyrir vanda þeirra einstaklinga sem lent hafa í fjárhagslegum vandræðum.

Mig langar samt til þess að inna hv. þm. Kristin H. Gunnarsson eftir því hvort hann hafi farið í gegnum þær fjárhagslegu afleiðingar sem þetta frumvarp hefði. Ég veit að hann hefur takmarkaða möguleika á því en samt sem áður er hann býsna glúrinn og þekkir til lánastofnana. Það væri því áhugavert að vita hvort hann hefur farið í gegnum það hvaða fjárhagslegar afleiðingar þetta mundi hafa fyrir þær lánastofnanir sem hér er um að ræða og hvaða áhrif það mundi hafa á efnahag þeirra.

Ég tel ekki að rifist verði um höfundarrétt eins og hv. þingmaður nefndi. En hins vegar held ég að það sé mikilsvert að þetta sé skoðað í samhengi við þau frumvörp sem þegar liggja fyrir, bæði um skuldaaðlögun og greiðsluaðlögun. Þau frumvörp fóru til allsherjarnefndar en hv. þingmaður leggur til að þetta mál fari til félags- og tryggingananefndar. En ég held að það ætti að skoða þessi frumvörp öll saman og meta hvort þarna séu hugsanlega einhver úrræði sem (Forseti hringir.) taka þyrfti þá til athugunar í samhengi við frumvörpin.

[12:24]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir það sem fram kom í ræðu hennar. Varðandi nefndina sem ætti að fá málið til meðferðar gæti ég alveg fallist á það. Það eru rök fyrir því að málið fari til allsherjarnefndar í athugun með öðrum frumvörpum sem taka að nokkru leyti á sama viðfangsefni. Ég vil biðja virðulegan forseta að taka það til athugunar og það væri þá meinalaust af minni hálfu. Ef forseti telur það að athuguðu máli eðlilegast að málið fari til allsherjarnefndar mundi ég alveg fallast á það.

Hvað varðar kostnað af frumvarpinu legg ég ekki til að skuldir verði afskrifaðar. Ég hef ekki viljað stíga það skref að leggja til að skuldir verði afskrifaðar eða verðtrygging afnumin eða skert. Ég held að það sé óframkvæmanlegt mál. Ég tel að þeir sem tekið hafa fjárhæðir að láni eigi að borga þær til baka þannig að það væri verið að færa fjármagn í stórum stíl á milli einstaklinga í þjóðfélaginu og þjóðfélagshópa ef menn breyttu þessum skilmálum á lánsfé.

Ég vek athygli á því að heimili landsins eiga eignir þrisvar sinnum meiri en skuldirnar. Þegar upp væri staðið væri því verið að færa frá sumum heimilum skuldir yfir á herðar annarra heimila. Ég held því að menn eigi erfitt með að finna sanngirnina í því að taka skuldir af ákveðnum aðilum og færa þær yfir á herðar annarra. Ég er ekki að leggja til að afskrifa skuldir eða fikta í vísitölunni. Hins vegar legg ég til að hægt sé að fresta greiðslum í mörg ár. Til þess að lánastofnanir geti staðið undir því legg ég til að þær selji ríkissjóði skuldabréf þannig að ríkissjóður fjármagnar það tímabil sem kann að myndast (Forseti hringir.) vegna breytinga á greiðsluflæði.

[12:26]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessi svör. Hann kom þarna inn á hluta af vandanum, hvernig skuldir eru færðar á milli aðila. Vandinn er alltaf sá að gæta jafn-

ræðis á milli aðila sem lenda af einhverjum orsökum í slíkum vandræðum með afborganir sínar og hinna sem tekist hefur að standa í skilum með lán sín.

Ég tek eftir því að í 1. gr. frumvarpsins, í síðustu málsgreininni er gert ráð fyrir því að afborganir, vextir og verðbætur fari á sérstakan biðreikning og verði síðan bætt aftan við lánið, eins og ég skil það. Það væri kannski gott að fá frekari útskýringar á því hvernig hv. þingmaður hefur hugsað sér þetta atriði nákvæmlega og eins það hvernig þetta kemur inn á gjaldþrotaskiptalögin sem er vísað til. Vísað er m.a. til gjaldþrotaskipta í 4. gr. Það væri áhugavert að heyra það hvernig hv. þingmaður hugsar sér að það spili saman með gjaldþrotaskiptalögunum. Gert er ráð fyrir því í skuldaaðlöguninni að það mál snúi að gjaldþrotaskiptalögunum. (Forseti hringir.)

[12:28]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst hvað varðar gjaldþrotaskiptalögin. Lagt er til í frumvarpinu að nýtt lagaákvæði komi til sem geri það ókleift að taka bú lántaka til gjaldþrotaskipta ef ógjaldfærni hans eins og það heitir á lagamáli, þ.e. hann getur ekki lengur staðið undir skuldbindingum sínum, verður vegna þessara sérstöku aðstæðna á fjármálamarkaði. Það þarf því að vera rakið til þess.

Þær aðstæður hafa auðvitað leitt fram annars vegar töluverða verðbólgu, skyndilega verðbólgu, og hins vegar atvinnuleysi. Það sem getur snert einstaklinginn er að tekjur hans hafa minnkað og skuldir hans hafa vaxið töluvert mikið á skömmum tíma umfram það sem laun hafa breyst. Ef þessar aðstæður leiða til þess að hann hefur ekki lengur tök á að borga skuldir sem hann hafði tök á fyrir gjaldþrot bankanna á þetta ákvæði við.

Hins vegar vek ég athygli á því að það á ekki við ef menn voru búnir að steypa sér í vandræði fyrir gjaldþrot bankanna. Þá mundi þetta ákvæði 4. gr. frumvarpsins ekki eiga við. Því miður held að býsna margir hafi verið búnir að skuldsetja sig mikið og kannski umfram það sem þeir gátu borið til lengri tíma áður en það kom til sem gerðist í október.

Varðandi biðreikninginn mundi hann fara eftir almennum ákvæðum skuldabréfsins um vexti og dagsetningar á afborgunum eða slíkt. En greiðslurnar færðust bara aftur fyrir upphaflega lánstímann og lánstíminn lengdist um jafnlangan tíma og frestunin nær. (Forseti hringir.)

[12:31]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Síðan bankarnir hrundu í haust hafa á Alþingi verið ræddd mörg frumvörp til þess að milda greiðslubyrði almennings af skuldum sínum og til þess að milda áfallið sem sérstaklega þeir sem missa vinnuna verða fyrir, verða atvinnulausir. Þar bregðast að sjálfsögðu allar forsendur fyrir lántökunni.

Hér ræðum við enn eitt frumvarpið í þessa veru. Ég held að það sé mjög gott, frú forseti, að fá sem flestar hugmyndir inn til þess að átta sig á því hvað hægt er að gera þannig að fjölskyldum sé bjargað.

Ég hef alltaf sagt að það sé mjög mikilvægt að beygja fólk en brjóta það ekki þannig að menn borgi eins og hægt er en ekki umfram getu. Mér sýnist að þetta frumvarp gangi út á að gera það. Ég á reyndar eftir að bera það saman við það frumvarp sem við ræddum í fyrradag um gjaldþrotaskipti eða frestun á gjaldþrotaskiptum og mildari aðgerðir þar. En hér virðist vera gert ráð fyrir því að segja íslenskum lánastofnunum að haga starfsemi sinni í samræmi við hreina og klára skynsemi.

Ég geri ráð fyrir því að flestar lánastofnanir keyri ekki að óþörfu af hörku í einstaklinga, hvorki fyrir né eftir kreppu, vegna þess að það tapa allir á því þegar menn eru neyddir til sölu, neyddir til að flytja úr íbúðinni o.s.frv. Þeir sem þekkja til slíkrar nauðungarsölu vita að mjög margt fer úrskeiðis í eigninni þegar hún fer á nauðungarsölu og eigandinn á hana allt í einu ekki lengur. Ég ætla ekki að nefna það hvað viðhaldi eigna hrakar mikið í slíkri stöðu sem varir oft í eitt eða tvö ár. Þá er eignin oftast minna virði en áður.

Ég held nú að flestar lánastofnanir sem hafa til þess heimildir vinni þannig að þær reyni að lágmarka tjónið og reyni að láta fólk borga eins og hægt er, lengja í lánum og lengja í fresti o.s.frv. og lána til viðbótar, að það sé gert miklu víðar en mönnum er kunnugt um.

Það sem er kannski verra eru lánastofnanir eins og Íbúðalánasjóður sem vinnur samkvæmt mjög stífum reglum og verður að fara út í óskynsamlegar aðgerðir. Mér sýnist að þetta frumvarp sem við ræðum hér taki einmitt á þeim vanda þar sem eru óþarflega vélrænar aðferðir við uppgjör sem skaða í rauninni alla og kannski lánastofnunina sjálfa sérstaklega. Ég reikna því með því að einkabankarnir hafi haft miklu frjálsari hendur við að lengja í og semja við fólk og reyna að fá það til að borga þó að greiðslur dreifist á lengri tíma.

Það sem þyrfti alveg sérstaklega að undirstrika í þessu sambandi er að ráðgjöfin sé efld, þ.e. að skuldir séu kortlagðar. Ég hef kynnst því að fólk gefst upp. Það opnar ekki gluggaumslögin, þessi grænu. Þau hrúgast upp og fólk lokar á veruleikann og fer í algera afneitun. Afleiðingin er yfirleitt sú að menn mikla svo óskaplega fyrir sér vandann að hann verður óleysanlegur.

Ég hef líka kynnst því að þegar maður fer í gegnum slíkt og kortleggur skuldirnar eru þær oft miklu auðveldari og oft bara hlægilega auðveldar viðfangs miðað við það sem menn höfðu reiknað með. Ég mundi því vilja að sú nefnd sem skoðar þetta frumvarp ásamt mörgum öðrum skoði sérstaklega að fara út í kortlagningu skulda hjá einstaklingum. Ég veit að það er mjög dýr aðgerð og Ráðgjafarstofa heimilanna þyrfti kannski sérstaka fjárveitingu til þess. En kortlagning skuldanna er oft og tíðum lykillinn að því að leysa vandann. Þá þarf jafnvel ekki að fara út í svona aðgerðir sem við tölum um þegar búið er að kortleggja vandann og menn átta sig á því hvernig þeir geta staðið að málum.

Það er gömul lenska á Íslandi að líta á lán sem lán, þ.e. hamingju. Þannig var það einu sinni þegar verðbólgan át upp lánin og það var eiginlega heppni og hamingja að fá lán. Nú eru gjörbreyttir tímar með verðtryggðum lánum og markaðsvöxtum. Það sem þarf kannski að fara að kenna er að lán er í rauninni ólán. Menn ráðstafa tekjum framtíðarinnar með hverri einustu lántöku. Hvort sem menn kaupa

bíl, hús, innbú, flatskjá eða hvað það nú er á raðgreiðslum ráðstafa þeir tekjum framtíðarinnar. Þeir gera það ekki oft. Þeir gera það ekki nema einu sinni og þeir þurfa líka að lifa í framtíðinni. Það er eitthvað sem þyrfti að koma inn hjá þjóðinni fyrr en seinna, að menn geti ekki lifað um efni fram, menn geti ekki ráðstafað tekjum sínum oftar en einu sinni til neyslu og til framfærslu. Það gæti verið hluti af þessu verkefni, að breyta hugsun manna og afstöðu þeirra til lána.

Mér finnst þetta frumvarp vera gott innlegg í þá umræðu sem á sér stað um hvernig við förum að því að leysa vandamál margra einstaklinga. Ég vil nefna það í þessu sambandi að fjölmiðlar hafa gert mjög mikið úr vandanum. Mér finnst þeir hafi gert of mikið úr vandanum. Þeir sjá alltaf hálftóma flösku en ekki hálffulla. Til dæmis var gerð könnun um daginn frá ASÍ, mjög merk könnun, sem sagði að 14% Íslendinga hefðu lækkað í tekjum og þar á meðal hv. þingmenn. Svo hefðu 7% misst vinnu eða minnkað vinnuhlutfall, misst yfirvinnu eða eitthvað slíkt. Þetta þýðir 21% og var gert mikið úr þessu með réttu því að þeir sem lenda í þessu eru illa settir. En það eru 79% nærri 80% sem ekki höfðu lækkað í tekjum eða misst vinnuna.

Ef maður lítur þannig á það má segja að rjóminn af íslenskum heimilum, þessi tæp 80%, höfðu ekki orðið fyrir áfalli af þessum sökum. Að sjálfsögðu mæta menn verðbólgunni eða öðru slíku sem skerðir tekjurnar og ráðstöfunartekjurnar. En það er miklu minni vandi en sá sem menn verða að glíma við þegar þeir missa vinnuna eða hluta af henni. Ég held því að vandinn sé dálítið mikiðýktur því miður og kannski brýtur það fólk meira niður en ástæða er til. Ég held að menn þurfi aðeins að fara að líta á jákvæðu punktana líka.

Það kom líka könnun frá SA einhvern tímann í haust um að 30% fyrirtækja í landinu væru illa sett eða mjög illa sett fjárhagslega. En hvað segir það okkur? 70% af fyrirtækjum eru þá ekki illa sett. Ef maður lítur þannig á það, frá hinni hliðinni, er staðan kannski ekki alveg svona slæm en ég veit að hún hefur versnað síðan. En menn þurfa nú líka að líta á það sem er jákvætt í dæminu þannig að þeir fyllist ekki eintómu vonleysi. Það er alls ekkert vonleysi til staðar og ég held að til einhverra ára, sérstaklega ef vel tekst til á stjórnarheimilinu að semja um þessar gífurlegu greiðslukröfur vegna skuldar sem gerðar eru á okkur að ósekju, sé vandinn bara tímabundinn, kannski til tveggja, þriggja ára. En þetta frumvarp er einmitt mjög gott innlegg í lausn á þeim vanda.

[12:39]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir undirtektir við málið og tek undir það sem fram kom í máli hans að það er ákaflega mikilvægt að þeir sem komnir eru í vandræði fái aðstoð við að greina vanda sinn, átta sig á honum og finni leiðir til þess að vinna bug á honum. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. þingmanni að oft þarf ekki mikið meira til þess að koma málunum í það horf að þau verði viðráðanleg á tilteknum tíma.

Ég held að þetta frumvarp hjálpi til við að finna svona lausnir því að oft þarf að skapa ákveðið skjól og möguleika og frumvarpinu er ætlað að gera það. Það er náttúrlega hverjum manni mikilvægast að geta búið við sæmilegt öryggi um heimili sitt og fjölskyldu sinnar. Ef það skapast um einhverja fyrirsjáanlega framtíð held ég að mörgum líði mun betur en í dag þegar þeir horfa á skuldir sínar og reikninga koma og ráða ekki við það.

Ég tek líka undir það sem hv. þingmaður sagði um svartsýnina. Mér finnst, þó að ég vilji á engan hátt draga úr þeim mikla vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir, hafa verið gengið allt of langt, sérstaklega á fjölmiðlum landsins, í því að draga upp dökka mynd og fylla fólk svartsýni. Mér hefur stundum fundist að þeir sem eru á þessum fjölmiðlum sem eru allir hér í Reykjavík, hafi aldrei lent í neinum erfiðleikum á síðustu 15–20 árum hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er ólíkt því sem fólk á landsbyggðinni hefur mátt reyna. Það hefur lent í áföllum í atvinnumálum hvað eftir annað og er orðið vant því að takast á við þau og sjá fram úr þeim. Mér finnst að það þurfi kannski að hjálpa þjóðinni, hjálpa henni að sjá fram úr þeim vanda sem við erum í í dag og ég vil biðja fjölmiðla landsins að hjálpa til við (Forseti hringir.) það.

[12:41]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er mjög athyglisverður punktur sem hv. þingmaður kemur inn á og í rauninni er dálítið athyglisvert að fólk sem hefur haft velsæld og góðæri og allt gengið því haginn frá því það byrjaði að vinna lendir nú allt í einu í vandræðum. Allir sem eru undir þrítugu hafa í rauninni aldrei lent í neinum erfiðleikum sem heitir getur. Allt hefur gengið upp. Hlutabréfin þeirra hafa hækkað. Íbúðaverð hefur hækkað. Launin hafa hækkað umfram allt annað o.s.frv. Og nú lenda menn allt í einu í vandræðum.

Það getur vel verið, frú forseti, að við þurfum að kenna fólki að vera atvinnulaust. Hvað gerir maður þegar maður er atvinnulaus? Hvað gerir maður sem allt í einu á ekki að mæta neins staðar?

Ég hef eitt ráð fyrir þann mann: Sýna virkni, mæta einhvers staðar, byrja að skapa nýja framtíð og muna að yfirleitt er það svo að það er ekki honum að kenna að hann er atvinnulaus. Það er tilviljun að hann varð atvinnulaus en ekki einhver annar.

Það þarf líka að kenna fólki að lenda í vanskilum. Ég þekki fólk sem getur ekki ímyndað sér hvernig það er að lenda í vanskilum og líður svo illa þegar það lendir í vanskilum. Svo lendir það allt í einu vanskilum vegna þess að það er atvinnulaust eða ræður ekki við gengistryggðu lánin eða eitthvað slíkt og hefur gert einhver mistök. Það þarf að kenna fólki að vera í vanskilum.

Hafið samband við kröfuhafa. Númer eitt, tvö og þrjú: Hafið samband við kröfuhafa. Það á að kenna fólki að lenda í vanskilum og svo þarf að kenna því að verða gjaldþrota. Það þarf að segja við fólk að þótt menn verði gjaldþrota er ekki allt búið. Þeir þurfa að vinna úr gjaldþrotinu nákvæmlega eins og aðrir sem standa í kringum mann sem verður gjaldþrota þurfa að aðstoða hann og segja: Þetta eru nú bara eignir sem tapast og þú ríst aftur upp eftir einhver ár og munt standa þína plikt eins og allir aðrir. Oft og tíðum eru gjaldþrotin líka tilviljun, ekki endilega af eigin ástæð-

um en margir hafa náttúrlega gert mistök í fjármálum. Þetta eru þrír hópar. (Forseti hringir.) Það þarf að kenna fólki þetta.

[12:44]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins fá að leggja nokkur orð í þessa umræðu þegar fjallað er um tímabundnar ráðstafanir í þágu einstaklinga vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Ég vísa þar til umræðu sem fór fram í þinginu í síðustu viku þegar rætt var um skuldaaðlögun eða greiðsluaðlögun þar sem var fjallað um mál sem var af svipuðum toga og þetta. Þar liggja fyrir tillögur um að auðvelda skuli fólki að ná samkomulagi eða fá niðurstöðu án þess að fara í gjaldþrot. Þar var bætt inn bráðabirgðaákvæði í frumvarp ríkisstjórnarinnar um Íbúðalánasjóð og banka í ríkiseigu.

Hér er þetta frumvarp flutt þar sem segir, með leyfi forseta, í 1. gr.:

„Íslenskar lánastofnanir sem stunda útlánastarfsemi hér á landi, þ.m.t. viðskiptabankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, greiðslukortafyrirtæki, tryggingafélög, Íbúðalánasjóður og Lánasjóður íslenskra námsmanna, skulu að ósk lántaka létta greiðslubyrði lána ef skortur á greiðslugetu er kominn til vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

Með lántaka er átt við einstakling. Lánsbyrðinni skal létt þannig að lántaki eigi raunhæfa möguleika á að efna skuldbindingu sína, eftir atvikum með frestun afborgana af höfuðstól, vöxtum eða verðbótum láns að hluta til eða öllu leyti. Veittur frestur skal hafa afmarkaðan gildistíma, þó aldrei lengri en eitt ár í senn og ekki standa lengur en fimm ár.“

Þetta frumvarp er að vísu ekki um að menn séu komnir í þrot heldur er það um að menn skuldi mikið. Síðan er lagt á ráðin um að lánastofnanir geti breytt samkomulagi sínu við lántakendur á þann veg að létta þeim að standa undir greiðslubyrði lánanna.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að það sé spurning hvort sérstaka löggjöf þurfi um þetta þegar ríkið er orðinn eigandi að bönkunum og þegar ríkið rekur Íbúðalánasjóð eins og fram kom í umræðum á þingi í síðustu viku og hv. þm. Pétur H. Blöndal vakti sérstaka athygli á. Þá er það svo að Íbúðalánasjóður hefur heimildir í lögum til þess að koma til móts við þá sem honum skulda. Í neyðarlögunum er rætt um að flytja húsnæðislán frá bönkunum yfir í Íbúðalánasjóð.

Ég tel að það megi lögjafna frá lögunum um Íbúðalánasjóð yfir í ríkisbankana að þessu leyti ef menn hafa áhuga á því á annað borð að koma til móts við lántakendur innan þess lagaramma sem er núna. Þá tel ég að það séu margir kostir í því efni fyrir Íbúðalánasjóð og bankana einnig í ríkiseigin þó að ekki séu sérstök ákvæði í þeirra lögum. Með neyðarlögunum um flutning húsnæðislána úr bönkunum yfir í Íbúðalánasjóð, með ákvæðunum í lögunum um Íbúðalánasjóð, séu lagaheimildir fyrir hendi til þess að koma til móts við þá sem lögin eða frumvarpið ná til og ekki sé þörf á því að setja þetta bráðabirgðaákvæði.

Það hefur líka komið fram í umræðum síðar að menn telja að verið sé að mismuna með þessu bráðabirgðaákvæði. Ég hef heyrt að fulltrúar Alþýðusambandsins telji að þetta frumvarp og bráðabirgðaákvæðið í frumvarpi ríkisstjórnarinnar feli í sér ákveðna mismunun þar sem aðeins sé verið að tala um banka í ríkiseign og Íbúðalánasjóð. En vissulega geta fleiri skuldarar verið í erfiðri stöðu.

Þess vegna las ég hér upp úr 1. gr., virðulegi forseti, af því að þar telur flutningsmaður upp viðskiptabanka, sparisjóði, lífeyrissjóði, greiðslukortafyrirtæki, tryggingafélög, Íbúðalánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Frumvarpið miðar því að því láta eitt yfir alla ganga án tillits til þess hver er lánveitandinn á meðan frumvarp og bráðabirgðaákvæði í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um greiðsluaðlögun takmarkar þetta við Íbúðalánasjóð og banka í ríkiseign sem ég tel hins vegar, eins og ég sagði, ekki þurfa að setja sérstaklega í lög.

Þess vegna velti ég fyrir mér hvort frumvarpið eigi ekki að fara til meðferðar samhliða frumvarpinu um greiðsluaðlögun eða skuldaaðlögun. Að menn eigi að skoða þær hugmyndir sem koma fram í þessu frumvarpi í tengslum við afgreiðslu málanna sem við vorum að ræða í síðustu viku þannig að það sé öruggt að dregin sé upp heildarmynd af þessum atvikum og stöðu sem upp kann að koma og upp er komin varðandi stöðu einstakra skuldara. Ég mæli með því, virðulegi forseti, að litið verði til þessa máls sem hér liggur fyrir og tekur á viðfangsefnum sem eðlilegt er að Alþingi fjalli um við afgreiðslu á þeim frumvörpum sem voru til umræðu í síðustu viku.

Ég tek einnig undir það með hv. þm. Pétri H. Blöndal hér áðan að þær aðstæður sem nú hafa skapast eru ótrúlega erfiðar fyrir marga og nýmæli fyrir þá og nauðsynlegt að létta fólki sem mest leiðina út úr þeim vandræðum eins og kostur er án þess að hrófla við undirstöðum í fjármálakerfi okkar. Nóg hefur nú gengið á samt þótt ekki sé verið að raska sjálfum grundvellinum með skyndiaðgerðum. Skoða á þessar leiðir eins og kom fram í þessu frumvarpi og hafa verið kynntar. Við þurfum að velta fyrir okkur öllum leiðum sem færar eru til þess að auðvelda sem flestum að nálgast þessi erfiðu mál og leysa þau þannig að ekki sé íþyngt um of en án þess að við hróflum við grundvellinum sjálfum. Ég tel að þetta frumvarp geri það ekki og ég tel æskilegt að það sé skoðað í ljósi þeirra frumvarpa sem við ræddum í síðustu viku.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

[Fundarhlé. — 12:51]

Tilkynning um embættismenn fastanefndar.

[13:33]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Borist hefur eftirfarandi tilkynning um kosningu embættismanna fastanefndar: Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, Atli Gíslason formaður og Karl V. Matthíasson varaformaður.

[13:33]

Útbýting:

Gjaldfrjáls göng, 304. mál, fsp. RÓ, þskj. 533.

Hlutur kvenna í stjórnmálum, 301. mál, fsp. SF, þskj. 530.

Málefni aldraðra, 303. mál, fsp. RÓ, þskj. 532.

Sameiginleg sjúkraskrá fyrir landið allt, 302. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 531.

Þróun efnahagsmála, 300. mál, fsp. KÞJ, þskj. 529.

Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu, frh. síðari umr.

Stjtill., 197. mál. — Þskj. 244, nál. 525 og 526.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁPÁ, BÁ, BJJ, EKG, EMS, EBS, GuðbH, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, MS, MÁ, PHB, REÁ, RÓ, SKK, SigP, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.

5 þm. (AtlG, ÁI, JBjarn, KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EyH, GHH, GMJ, GSB, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KJak, LB, ÓN, RR, SF, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 537).

Tekjustofnar sveitarfélaga og gatnagerðargjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 185. mál (lögveðsréttur fasteignaskatts og endurgreiðsla gatnagerðargjalds). — Þskj. 228, nál. 527.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

2.–5. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Frv. JBjarn o.fl., 90. mál (sparisjóðir). — Þskj. 96.

[13:38]

Flm. (Jón Bjarnason) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161 frá 20. desember 2002, sem ég flyt ásamt fimm hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Ögmundi Jónassyni, Birni Vali Gíslasyni, Guðmundi Magnússyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Atla Gíslasyni.

Frumvarpið var flutt á síðasta löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu þá og var því lagt fram aftur í haust. Efni þess lýtur fyrst og fremst að stöðu sparisjóðanna í landinu, breyting á ákvæðum um fjármálafyrirtæki sem snúa að sparisjóðunum.

Ég renni fyrst yfir þær greinar sem eru aðalefni frumvarpsins. 1. grein hljóðar svo:

„Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Heitið „sparisjóður“ er þó óheimilt að nota með öðrum orðum eða skammstöfunum í firmaheiti.“

Þarna kristallast einmitt meginmarkmið þessa máls, þ.e. að þeir sparisjóðir sem starfa samkvæmt hugsjónum og gildum sparisjóðanna fái einir að kalla sig sparisjóði. Önnur fjármálafyrirtæki, þó svo að þau hafi einhvern tíma haft sparisjóðsheitið í nafni sínu en hafa breyst í hlutafélagsbanka eða annað form og vikið þar með frá þeim hugsjónagrunni sem sparisjóðirnir byggja á fá ekki að kalla sig sparisjóði heldur kalli þau sig banka. Því er lagt til að við 12. gr. bætist, eins og ég rakti áðan, herra forseti, að heitið „sparisjóður“ er óheimilt að nota með öðrum orðum eða skammstöfun í firmaheiti, það skal fá að standa sjálfstætt.

2. gr. þess frumvarps sem ég flyt er breyting við 4. mgr. 73. gr. laganna sem lýtur að því að heimilt hefur verið verið breyta sparisjóði í hlutafélag eins og sú málsgrein hljóðar nú í lögunum, með leyfi forseta:

„Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er auk orðsins „sparisjóður“ skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf.“

Við flutningsmenn þessa frumvarps leggjum til að þessi málsgrein hljóði svo:

„Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er óheimilt að nota orðið „sparisjóður“ í heiti sínu.“

Það þýðir, eins og liggur í orðanna hljóðan, að þeir sparisjóðir sem hafa breytt sér í hlutafélög eða breytt um form, vikið frá hugsjónum sparisjóðanna í annað form fyrir peningastofnun sína, fjármálastofnun, skipti þá eðli málsins samkvæmt um nafn. (**KÓ:** Er þetta forgangsmál ríkisstjórnarinnar?) Þetta mál er hér á dagskrá og gæti verið forgangsmál, ekki síst í sambandi við siðvæðingu fjármálakerfisins. Hins vegar held ég að hv. þm. Kjartan Ólafsson sé jafnvel bara hlynntur því að fjármálakerfið verði siðvætt, herra forseti.

Auk þess leggjum við til í 3. gr. frumvarpsins að felldur verði brott 22. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna. Það hljóðar upp á það að sparisjóðir sem hafa breytt sér í hlutafélög fái ekki heldur að bera orðið og hugtakið „sparisjóður“ í nafni sínu heldur velji þeir sér annað nafn sem lýtur að því rekstrarformi og því eignarformi sem þeim hefur verið breytt í.

Frumvarpinu fylgir svo greinargerð, herra forseti, og ég geri örstutta grein fyrir þessu henni:

Í frumvarpi þessu er lagt til að starfsemi þeirra sparisjóða sem áfram vilja bera nafn sparisjóða verði færð aftur til upphaflegs markmiðs við stofnun þeirra. Markmiðið var að stofnfjárhafar hefðu hvorki fjárhagslegan né persónulegan ávinning af stofnun sjóðanna heldur væri stuðningur

þeirra persónulegur og endurspeglast það markmið í ábyrgð þeirra á skuldbindingum sjóðanna sem takmarkast við stofnfjárhlut. Enn fremur er lagt til að heitið sparisjóður verði lögverndað, þ.e. að einungis verði heimilt að nota heitið sparisjóður ef um raunverulegan sparisjóð er að ræða en ekki ef sparisjóðnum er breytt í hlutafélag eða hann rekinn sem fjármálastofnun eða banki. Hugtakið sparisjóður er órjúfanlega tengt starfsgrunni og hugsjónum sem réðu við stofnun þeirra. Það er því verið að beita blekkingum ef fjármálastofnun er leyft að bera heitið sparisjóður í nafni sínu þótt hún hafi horfið frá flestum grunnþáttum sem samfélagið leggur í hugtakið sparisjóður. Samkvæmt frumvarpinu verður því óheimilt að nota það með öðrum orðum eða skammstöfunum í firmaheiti fjármálastofnunar.

Eins og áður sagði var frumvarpið áður flutt á síðasta löggjafarþingi og er endurflutt nú óbreytt. Vert er að huga að því í því ástandi sem nú ríkir í íslenskum fjármálaheimi að staðbundnir sparisjóðir sem leggja kapp á að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki í heimasveit sinni telja sig enn geta veitt þá þjónustu við þær aðstæður sem nú eru meðan óvíst er um stærri, hlutafjárvædda sparisjóði sem tóku þátt í kapphlaupi og útrás bankanna.

Sparisjóðir eru að grunni til félagslegar stofnanir og meginhluti eiginfjár þeirra er í sjálfseign en í reynd í eigu almennings þess nærsamfélags sem viðkomandi sparisjóður þjónar. Sparisjóðirnir voru stofnaðir á grunni hugsjóna félagshyggju og samvinnu til að byggja upp atvinnu- og menningarlíf á heimasvæði sínu. Litið var á stofnfjárhafa sem ábyrgðarmenn og markmiðið var ekki að hámarka arðgreiðslur heldur þjóna samfélaginu. Hlutverk sparisjóða er að veita almenna fjármálaþjónustu á grundvelli hugsjóna um eflingu og uppbyggingu atvinnulífs og menningarstarfs á heimasvæðum. Á þessum grunni hafa sparisjóðirnir gegnt lykilhlutverki í fjármálaþjónustu við einstaklinga og minni fyrirtæki, einkum á landsbyggðinni. Stofnfjárhafar sem lögum samkvæmt þurfa að standa að hverjum sparisjóði eru engan veginn eigendur sjóðanna heldur trúnaðarmenn samfélagsins á starfssvæði sjóðanna. Hlutverk stofnfjárhafanna er því að tryggja að sjóðurinn starfi á þessum hugsjónagrunni en ekki að hámarka eigin persónulegar arðgreiðslur. Í framantöldu felst ímynd og gildi heitisins „sparisjóður“. Hins vegar ber hlutafélagsbanki engar slíkar samfélagsskyldur heldur er meginmarkmið hans að hámarka ábata og arð eigenda hlutafjárins. Á því er grundvallarmunur.

Hér er ekki endilega verið að kasta rýrð á hlutafélagsbankana sem slíka. Þeir starfa á sínum forsendum og gera það fyrir opnum tjöldum. Sömuleiðis eiga sparisjóðirnir að fá vernd til þess að starfa á sínum forsendum án þess að þeir séu yfirteknir eða beittir bolabrögðum til þess að breyta og komast yfir eigur þeirra og breyta þannig formi þeirra.

Það er alveg rétt að allmiklar breytingar hafa orðið á rekstri sparisjóða hérlendis en aðdragandi þeirra hefur birst að undanförnu í fréttum um viðskipti með stofnbréf og sameiningu eða yfirtöku ákveðinna sjóða. Í rauninni má segja að á undanförnum árum hafi átt sér stað býsna hljóð einkavæðing á eigum sparisjóðanna. Hafa þeir átt í vök að verjast gegn aðilum sem reynt hafa — og tekist það í mörgum tilfellum — að brjótast inn í þá, komast yfir eigið fé þeirra og viðskiptavild, yfirtaka þá og leggja þar með hald á eigur samfélagsins. Bæði löggjafinn og eftirlitsstofnanir virðast meðvitað eða ómeðvitað hafa brugðist þeim skyldum sínum að standa vörð um hugsjónir sparisjóðanna og hagsmuni almennings og einstakra samfélaga sem hlut eiga að máli. Sú spurning hlýtur að verða áleitin hverjum þeim sem virðir hugsjónir sparisjóðanna eða ber rétt samfélagsins fyrir brjósti hvernig það mætti gerast á sínum tíma þegar hlutur almennings í SPRON hafði lækkað hlutfallslega á örfáum árum úr tæpum 90% í 15%, sem var hér nokkru fyrir hrunið þegar var verið að ræða um sölu á SPRON til Kaupþings á sínum tíma. Þeir sem sóst hafa hvað harðast eftir því að komast yfir samfélagseigur sparisjóðanna eða að breyta þeim í hlutafélag ættu að hugleiða hvaða lagalegan eða a.m.k. siðferðislegan rétt þeir hafi til að einkavæða samfélagsstofnanir eins og sparisjóðirnir eru og komast yfir samfélagslegar eigur þeirra. Þegar sparisjóði er breytt í hlutafélag er hann ekki lengur sparisjóður heldur einkavæddur banki á markaði.

Sem betur fer eru enn til sparisjóðir sem reknir eru á grundvelli þeirrar hugsunar sem lagt var upp með við stofnun þeirra og einbeita sér að því að þjóna fólki í sínu heimahéraði. Hafa þessir sjóðir hvorki tekið þátt í útrás bankanna sem hefur nú knésett hvern af öðrum né heldur í hlutabréfabraski og erlendri fjármögnun. Mikilvægt er því að slá skjaldborg um þessa sparisjóði og þá grundvallarhugsun sem býr að baki starfsemi þeirra.

Frumvarp þetta er fyrsta skrefið í þá átt en þó verður einnig að tryggja sparisjóðunum rekstrargrundvöll og starfsskilyrði með því að binda í lög að viðskipti með stofnfjárbréf verði ekki leyfð á yfirverði sem og að setja ákvæði sem tryggja að hluti stjórnarmanna sé ávallt frá almenningi og heimasamfélagi sparisjóðsins og styrkja með því yfirtökuvarnir. Þá þarf með samkeppnislögum að vera hægt að heimila nauðsynlegt samstarf milli sparisjóðanna þannig að hagsmunir hinna minni sjóða og hæfilegt sjálfstæði þeirra sé tryggt. Hinn félagslegi grunnur sparisjóðanna verður að vera tryggður við núverandi áform um endurskipulagningu fjármálakerfisins. En við þá endurskipulagningu gegna sparisjóðirnir lykilhlutverki enda starf þeirra alfarið á hinum forna félagslega grunni sem byggt var á við stofnun þeirra.

Segja má að með setningu laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, átti að treysta yfirtökuvarnir sparisjóðanna m.a. með því að kveða á um það við hvaða aðstæður sparisjóðsstjórn skuli heimilt framsal á virkum eignarhlut, að tengdir stofnfjáreigendur geti ekki farið með yfir 5% heildaratkvæðamagns í sparisjóði og að sparisjóður verði að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag áður en til samruna við aðrar tegundir fjármálafyrirtækja kemur. Það markmið laganna að treysta yfirtökuvarnir sjóðanna virðist ekki hafa náðst. Fjölmargir sparisjóðir hafa verið hlutafélagavæddir undanfarið þótt enn séu til örfáir sparisjóðir sem eru reknir á grundvelli þeirrar hugsjónar sem lagt var upp með við stofnun þeirra. Sem dæmi má nefna Sparisjóð Hólmavíkur, Sparisjóð Suður-Þingeyinga, Svalbarðseyrar, Þórshafnar og Bolungarvíkur, þegar þetta er skrifað.

Hlutafjárvæðingin hófst með breytingu á SPRON í hlutafélag og allmargir sparisjóðir hafa á undangengnum

árum — og reyndar á vafasömum viðskiptum með stofnfé sitt — sameinast í tvær eða fleiri einingar. Má þar nefna Byr, sem hefur nú hlutafjárvæðst og einnig hafa aðrir sparisjóðir sóst eftir því.

Þó að nú hafi komið stopp í þetta ferli í tengslum við bankahrunið er engu að síður ljóst að ýmsir sjóðir voru komnir á ferð með að undirbúa þetta og búnir að breyta umgjörð sinni til að undirbúa sig undir hlutafélagavæðingu. Hér er ekki, eins og ég segi, verið að gagnrýna það ef sparisjóðir ákveða á lögformlegan hátt að gera það og það er gert með lögum og án þess að gengið sé á rétt almennings sem á þarna þó mestra hagsmuna að gæta. En þegar viðkomandi hefur breytt sér í hlutafélagsbanka er eðlilegt að hann skipti um nafn og heiti ekki lengur hinu félagslega nafni „sparisjóður“. Það er það sem er fyrst og fremst verið að leggja áherslu á hér. Við leggjum áherslu á að sparisjóðirnir eigi áfram að gegna lykilhlutverki í fjármálaþjónustu hér á landi og því er einmitt svo mikilvægt að standa vörð um gildi þeirra og starfsgrundvöll. Því er að okkar mati sem stöndum að þessu frumvarpi nauðsynlegt að leggja þetta frumvarp fram.

Í athugasemdum við einstakar greinar hef ég rakið hér og legg áherslu á að heitið sparisjóður verði lögverndað, þ.e. að óheimilt verði að nota það með öðrum orðum eða skammstöfunum í firmaheiti. Hugtakið „sparisjóður“ er órjúfanlega bundið við þær hugsjónir og starfsgrundvöll sem réðu við stofnun þeirra. Þessi breyting tengist því að með frumvarpinu er lagt til að ekki verði lengur hægt að breyta sparisjóði í hlutafélag og halda sparisjóðsheitinu heldur verði að nefna hann „banka“ eða „fjármálastofnun“ í samræmi við þá breytingu sem gerð hefur verið á sjóðnum. Ef sparisjóði er breytt í hlutafélag er hann ekki lengur sparisjóður heldur er hann einkavæddur banki á markaði enda byggist starfsemi hlutafélaga og banka á allt öðrum sjónarmiðum en sparisjóður. Þannig verði t.d. ekki lengur unnt að nota heitið „sparisjóðabanki“ eða „sparisjóður hf.“ í heiti sparisjóðanna.

Það má svo sem fara ýmsum orðum um það sem gerst hefur á fjármálamarkaðnum á síðustu mánuðum þar sem hlutafélagabankarnir hafa hrunið. Ástæðan er sú að græðgin náði þar tökum. Því miður er staðreynd að sama græðgin var líka að læsa sig inn í ýmsa sparisjóði landsins og þeir ríða ekki feitum hesti frá þeim gjörningi við þær aðstæður sem núna eru uppi. Eftir standa samt sparisjóðirnir í miklum vanda sem lentu í þessu sama ferli, í þessu sama braski og hlutafélagabankarnir sem nú eru komnir í hendur ríkisins og hafa gefist upp.

Enn eru samt til sparisjóðir, eins og ég rakti hér áðan, sem starfa samkvæmt hugsjónagrunni sparisjóðanna og standa enn. Við endurskipulagningu á fjármálakerfi landsins á stöðu sparisjóðanna í landinu tel ég mjög mikilvægt að við gefum sparisjóðunum einnig rými í þeirri endurskipulagningu, sparisjóðum sem byggja á þessari hugsjón, félagshyggju og samvinnu, sem sparisjóðirnir voru byggðir á, á nánum tengslum og þjónustu við sitt nærumhverfi. En þá verða þeir líka að fá að njóta þess að fá að heita sparisjóðir og að aðrir gangi ekki inn á það heiti.

Herra forseti. Þetta ætti svo sem að vera mjög ljóst hvað hér er um að tefla. Það hefur komið fram bæði á Alþingi í svari við fyrirspurn sem ég lagði fram fyrir nokkru síðan um stöðu sparisjóðanna núna. Ég fékk skriflegt svar við þeirri fyrirspurn á þskj. 505 þar sem kemur fram að starfshópar eru að störfum núna, ekki aðeins til að sjá hvernig koma megi til móts við þá sparisjóði sem núna eru komnir í mikil vandræði heldur líka hvernig standa megi vörð um þá hagsmuni sem þar eru í húfi. Með neyðarlögunum frá því í haust var samþykkt að ríkissjóður gæti komið með allt að 20%, að mig minnir, inn í eigið fé sparisjóðanna og átt þannig hlutdeild í þeim. Einnig hefur í þessum viðræðum verið kannað með hvaða hætti sparisjóðirnir gætu átt með sér innra samstarf og rýmkað þannig á þeim samkeppnislögum sem gilda um þá. Þeir gætu þannig stutt hverjir aðra og átt samstarf en jafnframt starfað sem sjálfstæðar einingar vítt og breitt um landið eins og þeir hafa margir hverjir gert.

Ég vil þess vegna að þetta frumvarp fari inn í þá umræðu og endurskoðun sem verið er að gera á stöðu og hlut sparisjóðanna og ítreka þá afstöðu að það var ekki síst hugsjónagrunnurinn undan hlutafélagabönkunum sem brast, græðgin tók yfir. Sparisjóðirnir sem fengu að sleppa og sluppu við þessa græðgisvæðingu sem varð, héldu sig fast við sína félagshyggju, héldu sig fast við að meginmarkmiðið var ekki að skaffa arð til eigenda stofnbréfanna heldur að standa sterkan vörð um sjóð sinn og þjónustu við nærumhverfið. Það er þessi hugsjón sem við þurfum aftur að hefja til vegs á öllum sviðum, ekki síst innan fjármálageirans og fjármálaþjónustunnar og í uppbyggingu fjármálaþjónustu við landsmenn á næstu mánuðum og missirum. Sparisjóðirnir og hugsjónir þeirra gegna þar lykilhlutverki og við þurfum ekki aðeins að vernda þá heldur líka að styrkja þá til að hlutur þeirra geti orðið sem mestur í þeirri endurreisn sem við stöndum frammi fyrir á fjármálakerfi landsmanna. Látum þá sparisjóði sem eru raunverulega sparisjóðir fá að heita sparisjóðir en aðrir geta heitið eitthvað annað.

[14:00]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við búum við það, Íslendingar, að ný ríkisstjórn, minnihlutastjórn, er við völd á Íslandi í dag. Þessi minnihlutaríkisstjórn hefur komið með lista yfir mörg mikilvæg mál sem hún ætlar að nýta sér til að bregðast við þeim efnahagsvanda sem við búum við og þetta mál er eitt þeirra.

Það er skondið að hlusta á hv. framsögumann þessa máls í því brimróti sem við eigum við að etja núna. Við höfum orðið þess áskynja að nýja ríkisstjórnin hefur skipt út stjórnum, til að mynda í LÍN þar sem hæstv. menntamálaráðherra skipti um formann, Gunnar I. Birgisson, sem þar hefur átt giftusamleg störf og það má segja um þau skipti að þar hafi lítil þúfa velt stóru hlassi. Sama gildir með Seðlabankann, það er forgangsverkefni að skipta um bankastjórn í Seðlabankanum og það minnir mann óneitanlega á söguna um Davíð og Golíat.

Nú vil ég spyrja hv. þm. Jón Bjarnason: Er það eitt af brýnustu verkefnum ríkisstjórnarinnar að ná þessu frumvarpi fram? Við áttum aukafund á Alþingi á föstudaginn var og þar var kynnt frumvarp um Seðlabankann eins og við þekkjum. Núna erum við að eyða dýrmætum tíma frá þinginu í að velta því fyrir okkur hver nafngift sparisjóð-

anna megi vera. Er þetta einn af þeim liðum sem skipta hvað mestu máli í efnahagsmálum okkar? Ég minni á að hv. þm. Jón Bjarnason hefur verið foringi Vinstri grænna í fjárlaganefnd og þess vegna hlýtur þetta að vera þeim mjög brýnt mál.

[14:02]

Flm. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að hv. þm. Kjartan Ólafsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, væri að koma upp til að biðjast afsökunar á stefnu Sjálfstæðisflokksins varðandi einkavæðingu bankanna og bankamál í landinu. Ég hefði frekar viljað heyra hv. þingmann koma hér og lýsa því yfir að því miður hefði einkavæðing bankanna, Búnaðarbankans og Landsbankans, á sínum tíma mistekist hrapallega en hún var gerð einmitt í ríkisstjórnartíð Sjálfstæðisflokksins. Svo kveinkar hv. þingmaður sér yfir því þegar ég tala um að innleiða þurfi aukna siðvæðingu í fjármálakerfið. Mér finnst þetta vera býsna bratt af þingmanni Sjálfstæðisflokksins sem ætti frekar að koma hér og taka undir með mér, því að ég veit að hv. þm. Kjartan Ólafsson er maður sem, og þess vegna er líka ekkert langt á milli okkar, styður samvinnuhugsjónina. (**Gripið fram í:** Og ágætur maður.) (**Gripið fram í:** Hann er velkominn.) Já, framsóknarmenn styðja hann líka en samt einkavæddu þeir bankana. Þannig er það.

Það er alveg hárrétt að þetta mál er ekki á lista yfir forgangsmál ríkisstjórnarinnar. Þetta er ekki ríkisstjórnarmál, þetta er frumvarp sem við þingmenn Vinstri grænna flytjum og var lagt fram hér snemma í haust og er ekkert óeðlilegt við það þótt það fái framgang, enda held ég að allt sem lýtur að siðvæðingu í fjármálakerfinu eigi að vera af hinu góða. Er hv. þm. Kjartan Ólafsson eitthvað á móti sparisjóðunum? Ég átti ekki von á því að hv. þm. Kjartan Ólafsson væri á móti sparisjóðum. Ég get fullvissað þingheim um að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði stöndum með sparisjóðunum og stöðu þeirra og hugsjónum og þess vegna er þetta mál flutt.

[14:04]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var sérkennilegt svar við andsvari, ég get nú ekki annað sagt. Að sjálfsögðu er ég hlynntur öllu sem heitir siðvæðing og að frumkvæði forsætisnefndar er að störfum rannsóknarnefnd sem er m.a. að skoða siðferðisþátt þess bankahruns sem við höfum orðið vitni að. Ég get því tekið undir það með hv. þingmanni. Að ég sé á móti sparisjóðunum er náttúrlega alveg út í hött, enda nefndi ég það ekkert í fyrra andsvari mínu.

Ég var fyrst og fremst að benda á það og spyrja hv. þingmann hvort það væri aðalatriði máls, hvað sparisjóðirnir heita og með hvaða hætti nöfn þeirra eru í prókúru þeirra, með kennitölum og í auglýsingum o.s.frv. Það er allt annað en einkavæðing og hvort maður er með eða á móti sparisjóðum. Það er tvennt ólíkt.

Þess vegna spyr ég hv. þingmann: Er það virkilega svo að það hafi verið ástæðan fyrir því að svo illa fór fyrir einkabönkunum að það stóð ekki í auglýsingum ehf. eða eitthvað slíkt? Var það nafnið sem skipti máli? Hvernig í ósköpunum getur þingmaðurinn leitt að því líkur að það breyti einhverju hvort í heiti sparisjóðs standi ehf. eða ekki?

Og ég spyr enn og aftur: Er þetta eitt af þeim mikilvægu málum sem núverandi ríkisstjórn þarf og verður að koma í gegn þannig að bankakerfið rísi aftur og heimilin og fyrirtækin komist á hina beinu braut sem við öll óskum og viljum og verðum að vinna að?

[14:06]

Flm. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. Kjartan Ólafsson er þegar kominn á flótta undan þeim yfirlýsingum sem hann var með hér fyrst. En ég vil árétta það … (Gripið fram í.) Hann baðst ekki afsökunar, nei, á einkavæðingunni og hruni bankanna, heldur gagnrýnir þann sem hér stendur fyrir að halda fram hugsjónum sparisjóðanna. Þegar hv. þingmaður Sunnlendinga kemur svo hér brattur og gagnrýnir það að sé haldið fram kröfu um að staða og hugsjónir sparisjóðanna séu verndaðar og staðinn vörður um þær, þá ég verð fyrir nokkrum vonbrigðum með það. (**Gripið fram í:** Og félagsleg gildi.) Ég árétta það, alveg sama hvaða skoðun Sjálfstæðisflokkurinn og hv. þm. Kjartan Ólafsson hafa á sparisjóðum og finnist engu máli skipta hvað þeir heita og hvort þeir séu til eða ekki, að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vilja standa vörð um sparisjóðina og hugsjónir þeirra og að þeir fái sitt svigrúm í uppbyggingu fjármálakerfis landsins. Fyrir okkur er það ekkert smámál. (Gripið fram í.)

[14:07]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fylgiskjali I með frumvarpi hv. þingmanns sem hann las líka upp úr stendur eftirfarandi, með leyfi herra forseta:

„Að hirða eigur samfélagsins. Á síðustu missirum hafa sparisjóðirnir átt í vök að verjast gegn aðilum sem reyna að brjótast inn í þá og komast yfir eigið fé þeirra og viðskiptavild, yfirtaka þá og leggja þar með hald á eigur samfélagsins. Sú spurning hlýtur að verða áleitin hverjum þeim sem virðir hugsjónir sparisjóðanna eða ber rétt samfélagsins fyrir brjósti, hvernig það megi gerast að almenningshluti eins og í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) hafi lækkað hlutfallslega á örfáum árum úr tæpum 90% í 15% án þess að neinn hafi þar haldið vörnum fyrir. Horfi ég m.a. til Fjármálaeftirlitsins í þeim efnum.“

Ég vildi nú skora á hv. þingmann að beina fyrirspurn til Fjármálaeftirlitsins, lyfta símanum og spyrja hvernig þetta megi vera (**Gripið fram í:** Ætlarðu að … einkavæðingunni?) vegna þess að í lögum um hlutafjárvæðingu sparisjóða — sem ég greiddi reyndar atkvæði gegn en mig minnir að hv. þingmaður hafi greitt atkvæði með, ég man það ekki — (Gripið fram í.) þar segir að virt endurskoðunarskrifstofa skuli meta eignir sparisjóðsins og hve stór hluti af þeim sjóði, almenningshlutanum, sem myndast er af eignunum. Það sem hv. þingmaður er hér með að segja er að þarna hafi einhver brotið lög, þ.e. að endurskoðunarskrifstofan sem mat þetta hafi verið að brjóta lög, eða þá að hv. þingmaður skilur ekki um hvað er að ræða og ég skal útskýra það á eftir.

[14:09]

Flm. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er skoðun mín að ekki hafi verið staðinn vörður um almannaþátt sparisjóðanna í mörgum tilvikum. Hvort þar hafi verið brotin lög skal ég ekkert segja um. (Gripið fram í.) Það stendur ekki að það hafi verið brotin lög heldur að það hafi … (**PHB:** Brjótast inn í þá.) Já, já. Hvað vill hv. þingmaður kalla það annað þegar sparisjóðirnir, áður en fjármálakerfið hrundi, voru í rauninni yfirteknir að ákveðnum hópi fjármálamanna (Gripið fram í.) og síðan er staða þeirra eins og nú er? Sparisjóður Þingeyinga, sem ekki fór út í þetta hlutabréfabrask, stendur þetta af sér sem ein traustasta fjármálastofnun landsins.

Mér finnst það býsna bratt þegar þingmenn Sjálfstæðisflokksins koma hér, þeir sem leiddu einkavæðingu fjármálageirans, leiddu einkavæðingu og sölu bankanna, leiddu græðgisvæðingu fjármálageirans, (Gripið fram í.) leiddu þetta yfir okkur, þegar þessir þingmenn Sjálfstæðisflokksins koma hér og halda uppi gagnrýni á það að haldið sé á lofti hugsjónum sparisjóðanna þar sem menn líta á fjármálastofnanir sem þjónustustofnanir en ekki fyrst og fremst arðgefandi til eigenda sinna.

Ég hefði heldur viljað að hv. þingmaður hefði útskýrt hvaða árangri Sjálfstæðisflokkurinn hefur náð í einkavæðingu og hlutafélagavæðingu bankanna og hvenær Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að biðja þjóðina afsökunar. Það væri nær en að finna að því þegar haldið er á lofti hugsjónum sem fjármálaheimurinn hefði betur fylgt eftir á sínum tíma. (Gripið fram í.)

[14:11]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég spurði hv. þingmann að því hvort hann ætlaði ekki að hafa samband við Fjármálaeftirlitið og benti honum á það, því að hann segir hérna:

„… gegn aðilum sem reyna að brjótast inn í þá og komast yfir eigið fé þeirra og viðskiptavild, …“

Þetta er innbrot og mér finnst að hv. þingmaður eigi að kæra þetta hikstalaust. (**Gripið fram í:** Fyrir Sjálfstæðisflokknum?) Nei, nei, fyrir dómstólum. (Gripið fram í.)

Ég skal upplýsa hvað gerðist að mínu mati, ég þekki það reyndar ekki nákvæmlega. Þessi sjóður var metinn á einhverja 6 milljarða þegar ég vildi selja SPRON á sínum tíma. (**Gripið fram í:** Hver átti hann?) Það átti að breyta því í sjóð sem hefði núna getað gusað út sæmilegu … (**Gripið fram í:** Það var lítið eftir …)

Herra forseti. Gæti ég fengið frið til þess að tala fyrir gasprandi þingmönnum?

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti vill beina því til þingmanna að gefa ræðumanni hljóð.)

Það sem menn gerðu var að menn stórjuku stofnfé. Menn gáfu út milljarða á milljarða ofan, þannig að þessir 6 milljarðar sem voru 90% áður af eigin fé … (Gripið fram í.) Herra forseti. Ég kemst bara ekki að. Ég hlýt að fá lengri tíma, er það ekki, af því að hv. þingmaður tekur hluta af tíma mínum?

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti áréttar tilmæli sín.)

Menn juku stofnféð, væntanlega um allt að því 100 milljarða, og þá minnkaði hluturinn. En menn lögðu fram ábyrgðir eða peninga og þeir hafa sumir hverjir tapað þeim og ég held að þeir aðilar hafi ekkert voðalega gaman af að heyra í hv. þingmanni þegar hann talar hérna, því að þeir hafa tapað umtalsverðu á því að leggja fram þessa peninga og gera þennan sjóð svona lítinn. (Gripið fram í.)

[14:13]

Flm. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þó að ég sé sjálfsagt haldinn töluverðum sannfæringarkrafti geri ég mér engar vonir um að geta sannfært þingmenn Sjálfstæðisflokksins um að hugsjónir, samvinna og félagshyggja séu líka dyggð og að fjármálakerfið sem slíkt eigi líka að byggja upp á þessum dyggðum en ekki bara arðinum og gróðanum eins og þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa í rauninni haft að algjöru leiðarljósi á (Gripið fram í.) undanförnum árum.

Það er nú bara þannig, herra forseti, að þess vegna deilum við okkur í flokka, þess vegna er Sjálfstæðisflokkurinn flokkur fjármagnsins. Hann var flokkur einkavæðingar bankanna, hann var flokkur sölu bankanna, hann var flokkur útrásarinnar og ber ábyrgð á bankahruninu. (Gripið fram í.) Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur ítrekað flutt frumvarp um hvernig setja megi fjármálakerfinu takmörk, hvernig takmarka megi græðgisvæðingu innan fjármálageirans. Eitt af því sem hér er flutt líka er að standa vörð um sparisjóðina, hugsjónir þeirra og stöðu um allt land. Ég held að það sé ekki síst þörf á því nú á þessum tímum að einmitt hugsjónir sparisjóðanna séu lagðar til grundvallar við endurreisn á fjármálakerfinu.

Sjálfstæðisflokkurinn heldur sig við sitt, við græðgisvæðinguna sem hann hefur ekki enn beðist afsökunar á og hann verður bara að eiga það við sjálfan sig.

[14:15]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki. Ég mundi kalla það frumvarp til laga um rómantík, sveitarómantík, því mikið er talað um hugsjónir. (Gripið fram í.) Ég vildi gjarnan að 1. flutningsmaður væri viðstaddur umræðuna, mér finnst það nauðsynlegt.

(**Forseti (KHG):** Forseti mun koma þessum tilmælum til 1. flutningsmanns.)

Hann flúði af hólmi, herra forseti, um leið og ég steig í ræðustól — þar kemur hann.

Svo vill til að ég veit nokkuð um Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Ég þekki ekki aðra sparisjóði og ég þekki söguna heldur ekki nægilega vel, ég hefði kannski átt að kynna mér hana betur. Mér skilst að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hafi verið stofnaður 1932 í kjölfar þess að ríkisbankarnir, að tilmælum þáverandi ríkisstjórnar, neituðu að lána til íbúðabygginga í Reykjavík. Það var að mér skilst gert til að hindra flótta úr byggðum landsins til Reykjavíkur. Það átti sem sagt að kæfa það með því að stoppa byggingar í Reykjavík. Þá voru iðnaðarmenn svo uppfullir af hugsjónum að þeir ákváðu að stofna sparisjóð til að geta fengið lán hjá — (Gripið fram í.) það var hugsjónamennska að Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur stofnaði sparisjóð til að ná í sparifé Reykvíkinga til að geta byggt, (**Gripið fram í:** Fyrir almenning.) fyrir almenning, já. (**Gripið fram í:** Svo

komu einhverjir …) Þeir græddu eitthvað á þessu líka en það skiptir ekki máli. Þetta voru hugsjónir, herra forseti. Ég held — (Gripið fram í.) jú, jú, þetta er bisness eins og hvað annað, herra forseti. Auðvitað er þetta bisness og að sveipa þetta í einhverja sveitarómantík, heiðardalurinn o.s.frv. — (**Gripið fram í:** … þetta var í Reykjavík.) þetta var í Reykjavík. Já, það getur verið að þessi eini sparisjóður hafi verið illa settur að því leyti að ekki voru hugsjónir á bak við hann en ég held að oft hafi menn verið að leysa praktísk vandamál. Menn voru að skapa fé í viðkomandi sveitarfélagi til að geta framkvæmt og það er ósköp eðlilegt og mér finnst það allt í lagi. En fólk á ekki að blanda einhverjum hugsjónum, hugljómunum eða sveitarómantík í það. Þetta var um stofnun þessa sparisjóðs.

Mjög margir sparisjóðir hafa farið á hausinn. Stundum hafa stofnfjáreigendur tapað fé sínu en stundum hafa sjóðirnir verið hirtir, lengi vel aðallega af Búnaðarbankanum. Hann hirti marga sparisjóði, um allt land, sem fóru á hausinn og stofnfjáreigendur fengu lítið fyrir hlut sinn að mér skilst. (Gripið fram í.) Sumir stofnfjáreigendur voru bara með ábyrgðir sem seinna var breytt í peninga. Vegna spurningar hv. þingmanns kom til mín maður sem sagði að afi sinn hefði lagt umtalsverða peningaupphæð í SPRON. Ég held að það hafi verið hálf árslaun, — ég man ekki alveg hvað hann sagði en það var umtalsverð upphæð — sem rýrnaði eins og allt annað sparifé í landinu og varð að engu. (Gripið fram í.) Af hugsjón, já. Margir stofnfjáreigendur hafa tapað fé sínu, sérstaklega núna eftir að SPRON var hlutafélagavætt. Það þekkja menn, það lækkaði mjög mikið og margir hafa tapað umtalsverðu fé þar, því miður. Þetta var um það.

Varðandi það sem hv. þingmaður leggur til um að óheimilt verði að nota heitið sparisjóður í hlutafjárvæddum sparisjóðum. Nú er búið að hlutafélagavæða einhverja sparisjóði og þeir líta á heitið sem eign. Heitið Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis er ákveðin eign og hv. þingmaður leggur hreinlega til að afnema þá eign. Ég tel að þetta brjóti eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar að segja SPRON að hann megi ekki heita SPRON heldur PRON eða RON, Reykjavíkur og nágrennis. Bankinn má ekki heita Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis heldur Reykjavíkur og nágrennis þannig að hann ætti að heita RON. Ég veit ekki alveg hvernig menn fara að því.

Á heimasíðu SPRON stendur, með leyfi forseta:

„SPRON leggur ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð“ — hafið þið ekki heyrt það einhvern tíma áður? — „og hefur í gegnum tíðina lagt mikla rækt við nærsamfélagið.“ — Hef ég ekki heyrt það líka? Ég heyrði það rétt áðan. — „SPRON skilgreinir samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins út frá þremur meginþáttum, viðskiptavinum, starfsfólki og samfélaginu í heild.“

Þetta hljómar allt saman ljómandi vel. Þetta eru markmið SPRON eftir að það var hlutafélagavætt, eftir að það fór á markað, eftir að hlutafé þar féll úr 17 niður í 2 eða 3 eða eitthvað svoleiðis. (Gripið fram í.) Já, við getum farið í gegnum það. Á heimasíðunni eru nefnilega upplýsingar um að SPRON styrki Rauða kross Íslands, með leyfi forseta:

„SPRON er bakhjarl innanlandsátaks Rauða kross Íslands en RKÍ réðst í slíkt átak í fyrsta skipti í október 2007. Samningurinn er tímamótasamningur að því leyti að starfsmenn SPRON eru sjálfboðaliðar Rauða krossins og eru skilgreindir sem varalið ef til neyðarástands kemur.“ — Er þetta ekki ágætisverkefni? Svo er það Borgarleikhúsið. (Gripið fram í.) — „SPRON hefur átt farsælt samstarf við Borgarleikhúsið um árabil og í tilefni af 75 ára afmæli SPRON og 110 ára afmæli Leikfélags Reykjavíkur var undirritaður víðtækur samstarfssamningur sem nær til næstu þriggja ára.“ (Gripið fram í.)

Svo er það Hjálparstarf kirkjunnar. — „SPRON og Hjálparstarf kirkjunnar starfa saman að verkefni þar sem markmiðið er að tryggja aðgang fólks í Malaví að hreinu vatni.“ — Það er ekki nærsamfélag heldur frekar fjarsamfélag. — „Borað verður fyrir 75 brunnum og er verkefnið til þriggja ára.“ — Mér finnst það ekki slæmt, þótt það sé ekki nærsamfélag, heiðardalur eða sveitarómantík, þá finnst mér þetta bara ágætt. Ég er mjög sáttur við þetta.

„SPRON og Ferðafélag Íslands hafa starfað saman um margra ára skeið. Saman hafa SPRON og FÍ staðið að uppbyggingarstarfi við Esjuna þar sem göngustígar hafa verið lagðir og skilti reist.“ — Það vill svo til, herra forseti, að ég hef stundum gengið þarna upp og hlaupið niður og líka upp. Þar eru góðir stígar og vel merktir af SPRON. Þetta er eitt vinsælasta útivistarsvæði höfuðborgarbúa, en um 15 þúsund manns ganga á Esjuna á ári hverju. Er þetta ekki ágætt? Þetta er nærsamfélag. Það er hægt að horfa á Esjuna út um gluggana á SPRON.

„SPRON og Íþróttabandalag Reykjavíkur hafa um nokkurt skeið átt samstarf um Afrekssjóð íþróttamanna.“ — Ég er ekkert voðalega hrifinn af því en það eru kannski einhverjir. — „Auk þess að styrkja afrekssjóð ÍBR hefur SPRON gert samstarfssamninga við tvo framúrskarandi íþróttamenn, Rögnu B. Ingólfsdóttur og Þóreyju Eddu Elísdóttur,“ — sem stökk manna hæst í stangarstökki. Svo er hér eitt verkefni í viðbót. — „SPRON er meðlimur í Vinafélagi ABC barnahjálpar og styrkir einnig starfið með útgáfu á ABC-kortunum. Markmið starfsins er að veita yfirgefnum og umkomulausum börnum varanlega hjálp með því að byggja skóla og styrkja skólagöngu, veita læknishjálp, húsnæði, fæði og klæði eftir því sem þörf er á.“ — Þetta er reyndar ekki hér á landi, þetta er ekki nærsamfélag. Þetta er eitthvert fjarsamfélag, einhvers staðar í þróunarlöndum. En mér finnst það ekkert verra en að grafa brunna.

Herra forseti. Þetta gerist allt eftir hlutafélagavæðingu SPRON. Þetta er öll dirfskan og græðgisvæðingin þannig að ég vil að hv. þingmaður dragi pínulítið úr orðum sínum. Fyrir utan það að ef frumvarp hefði ekki verið samþykkt á hv. Alþingi á sínum tíma gegn samningi sem ég gerði við Kaupþing fyrir hönd SPRON um að selja SPRON til Kaupþings hefði myndast 6 milljarða kr. sjóður. Hann myndaðist aldrei. Þökk sé hv. þingmanni og öðrum hv. þingmönnum. Þeim sjóði var ætlað að dæla út peningum til geðfatlaðra og ýmissa verkefna á sviði mannúðarmála og til menningarmála. Hann gerði það aldrei vegna þess að Alþingi felldi samninginn og sjóðurinn myndaðist aldrei, því miður, herra forseti. Verk mannanna eru misjöfn.

Í þrígang samþykkti Alþingi lög gegn samningum sem ég gerði og þau höfðu þau hörmulegu áhrif að þessi sjóður myndaðist aldrei. Kaupþing hefði borgað í þennan sjóð. Til

stóð að Kaupþing setti peninga í sjóðinn í staðinn fyrir að eignast þennan svokallaða almenna sjóð í SPRON. (Gripið fram í.) Nei, það var Kaupþing í síðasta skiptið. Þá hafði Kaupþing keypt Búnaðarbankann, sem líka var ákveðið félagslegt fyrirbæri. Ég man sérstaklega eftir sáðmanninum. (**JBjarn:** Hvar er Kaupþing núna?) Ja, það er ágætisspurning og ég skal vissulega taka það á mig að bera ábyrgð á vissum göllum í lagasetningu. Ég benti reyndar á gagnkvæmt eignarhald fyrir löngu síðan. Það skildi enginn maður. Ég hélt fund í efnahags- og skattanefnd með Kauphöllinni, Fjármálaeftirlitinu og öllum þessum köppum um gagnkvæmt eignarhald. (**Gripið fram í:** … frumvarpið …) Það skildi það enginn, það gerðist ekki neitt. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt hjá þér.) Síðan átti ég fund með Seðlabankanum um krónubréfin sem ég gagnrýndi aftur og aftur og aftur sem og peningamálastefnu Seðlabankans. Hvergi var hlustað á það.

En ég skal bera ábyrgð á því t.d. með Icesave-reikningana, að reglurnar sem við tókum yfir frá Evrópusambandinu voru gallaðar og ég sá það því miður ekki frekar en aðrir þingmenn. Ég tek ábyrgð á því. (Gripið fram í.) En ég get varla borið ábyrgð á Lehman Brothers. Herra forseti, þótt ég sé voldugur og mikill get ég ekki borið ábyrgð á falli Lehman Brothers en það skot steypti íslensku fjármálakerfi um koll, en það fór um koll vegna þess hve valt það var. Það hefði ekki farið um koll ef það hefði ekki verið svona valt. Ef allir sem að málunum komu hefðu gætt að sér, bankastjórarnir, eigendur bankanna — þar á meðal ég — og þeir sem lánuðu þeim, erlendu bankarnir og matsfyrirtækin. Enginn sá hvað þetta fyrirbæri var orðið valt. Ég hélt erindi í nóvember um ástæður þess að fjármálakerfið fór á hausinn. Þær eru margar, ég taldi upp tólf. Ein þeirra er t.d. skortur á sparnaði hjá þjóðinni. Hún sparaði ekki nógu mikið og margir vildu eyða og menn hafa stofnað sparisjóði til að ná í sparifé af því að alls staðar vantar lánsfé. Það er kannski meginástæðan á bak við allar þær hugsjónir og rómantík sem hv. þingmaður talar sífellt um.

[14:27]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð upptalning hjá hv. þm. Pétri Blöndal þar sem hann lagði áherslu á að SPRON og þeir sparisjóðir sem hefðu hlutafélagavæðst hefðu staðið sérstaklega vel í því að standa við samfélagslega ábyrgð sína. Ég vil benda á að þeir bankar, sem við getum sagt að hafi raunverulega gert íslensku þjóðina gjaldþrota, virðast hafa staðið sig ágætlega í þessu líka. Ef litið er á heimasíður bankanna má sjá að Landsbanki Íslands, sem við höfum nú fengið 700 milljarða kr. bakreikning frá, var með sérstakan menningarsjóð. Bankinn styrkti líka Sjónarhól, Neistann, Vildarbörn og Kærleikssjóð Sogns. Kaupþing studdi sérstaklega Krabbameinsfélag Íslands, Listasafn Íslands og Íþróttasambandið. Við getum talið endalaust upp. En málið snýst ekkert um það heldur það að sparisjóðir voru hugsaðir til að starfa í ákveðnu samfélagi, á ákveðnum stað og áttu að styðja við fólkið á þeim stað. Með því að breyta sparisjóðaforminu tapa sparisjóðirnir grunninum og hugmyndafræðinni á bak við sig og tengslunum við þá sem þeir eiga einmitt að þjóna. Það er skref sem ég tel að hafi verið mjög skaðlegt fyrir sparisjóðina, enda á sú stofnun, sem var nefnd og við grínuðumst með nafnið á, í miklum erfiðleikum núna. Ég tel að það megi rekja það til þess að þeir sem störfuðu innan hennar töpuðu sýn á hvað þeir áttu raunverulega að gera. Þeir áttu að þjónusta samfélagið en ekki standa í milljarðaviðskiptum við útlönd.

[14:29]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta var kannski ekki alveg andsvar en ég get svarað ýmsu af því sem hv. þingmaður nefndi. T.d. veittu stóru bankarnir óhemjufé til alls konar menningar- og líknarmála. Nú er þar skarð fyrir skildi og menn verða illilega varir við að þessa peninga vantar og íþróttafélög og margir aðrir þurfa að grípa til harðra sparnaðarráðstafana, þannig að útrásin var ekki alfarið vond. Það sem ég held að hafi gerst, þegar þetta er greint, er að menn fóru út úr því kerfi að sinna sparifjáreigendum, sem Kaupþing gerði í upphafi, og yfir í það að sinna lántakendum, stórlántakendum en ekki smálántakendum. Þeir höfðu engan áhuga á því. Það var meinið í kerfinu.

En varðandi það að sparisjóðir eigi að sinna heiðardal sínum og nærumhverfi, þá gerði SPRON það lengi vel og lánaði til íbúðakaupa í Reykjavík. Svo færði hann út kvíarnar vegna þess að krafa almennings er að fá þjónustu og geta keypt hlutabréf í London og New York á sama stað og hann leggur inn peningana sína þannig að sparisjóðirnir neyddust vegna krafna markaðarins og viðskiptavina sinna til að veita sífellt aukna þjónustu í gjaldeyriskaupum og fleiru og færðust því út fyrir sveitarfélagið. Enda má segja að allur heimurinn sé nú orðinn eitt svæði og menn hættir að hugsa í smástöðum, eins og kannski var fyrir 50 eða 100 árum.

[14:31]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Þessar umræður um málefni sparisjóða og fjármálafyrirtækja almennt hafa farið nokkuð víða og ýmislegt komið fram sem ástæða er til að fjalla nánar um. Hins vegar tel ég rétt að minna á við upphaf ræðu minnar að frumvarp það sem hv. þm. Jón Bjarnason leggur hér fram snýst ekki um að vernda sparisjóðina, standa vörð um sparisjóðina, standa vörð um hugsjónir sparisjóðanna. Það snýst bara um einkarétt á því að nota orðið „sparisjóður“ í nafni bankans. Allar hinar hástemmdu lýsingar á hugsjónagrundvelli sparisjóðanna eru því dálítið út úr kú, ef ég má taka þannig til orða þegar við ræðum þetta þingmál

Hv. þm. Jón Bjarnason nefndi réttilega í ræðu sinni að það væru að störfum hópar sem hefðu það hlutverk að fjalla um ýmsa þætti fjármálalöggjafarinnar með tilliti til sparisjóðanna. Þetta er rétt og raunar er það þannig að við hér á þingi höfum lengi beðið eftir því að fá niðurstöður úr þessari vinnu en auðvitað hafa ýmsar ástæður orðið til þess að á því hafa orðið tafir. Nú er staðan frekar sú að ástæða er til þess að fara út í heildarendurskoðun laga um fjármálafyrirtæki frekar en að taka sparisjóðina eina út úr. Eins og við þekkjum hlýtur það að vera liður í enduruppbyggingarstarfi okkar eftir bankakreppuna að endurskoða löggjöf um fjár-

málafyrirtæki út frá ýmsum forsendum til þess að reyna að fyrirbyggja að svona atburðir gerist aftur.

Við þurfum auðvitað að fara yfir það hvað fór úrskeiðis, við þurfum að fá greiningu á því. Við þurfum að meta hvaða lagabætur eru nauðsynlegar til þess að bæta stöðuna. Ég tel raunar að inni í því hljóti að vera athugun á stöðu sparisjóðanna en ég tel hins vegar að í því sambandi verði að lagfæra lagareglur um sparisjóðina með þeim hætti að þeim verði auðveldað að laga sig að breyttu viðskiptaumhverfi. Ég held að ekki sé rétt sú stefna sem mér heyrist hv. þm. Jón Bjarnason tala hér fyrir að frysta eigi sparisjóðina í einhverju gömlu umhverfi. Ég held að lagareglur sem snúa að sparisjóðunum verði að vera þannig úr garði gerðar að þær passi inn í það fjármálaumhverfi sem almennt ríkir. Ég held að þó að það sé gaman að ákveðinni fortíðarrómantík eins og birtist í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar sé hún ekki til þess fallin að stuðla að því að sparisjóðirnir geti til framtíðar starfað sem öflugar fjármálastofnanir og þjónað sínu hlutverki.

Ég held að rétt sé að hafa í huga að áður en fjármálakreppan brast á var það vitað mál að mjög margir sparisjóðir vítt og breitt um landið áttu í verulegum erfiðleikum. Viðfangsefnið sem þá blasti við var raunverulega það að gera þeim auðveldara að sameinast, gera þeim auðveldara að bregðast við breyttum aðstæðum miklu frekar en að frysta þá með lögum í einhverju gömlu horfi. Þetta er staðreynd og það liggur fyrir í gögnum m.a. frá Fjármálaeftirlitinu sem hafa verið kynnt í viðskiptanefnd að staða mjög margra, ekki allra, en mjög margra sparisjóða vítt og breitt um landið var orðin afar bágborin áður en bankahrunið brast á og það verður að hafa í huga þegar við ræðum þessi mál.

Eins og ég segi tel ég að það sé aðalatriðið í þessu máli að við gætum þess að sparisjóðirnir hafi möguleika á því að starfa í því viðskiptaumhverfi sem ríkir í dag, ég held að það sé nauðsynlegt. Ef sparisjóðirnir eru frystir í gamla fyrirkomulaginu held ég að hætta sé á að þeir visni einfaldlega og deyi. Ég ber mikla umhyggju fyrir sparisjóðunum, ólíkt því sem hv. Jón Bjarnason hélt hér fram um mig og flokksmenn mína, að við værum á móti sparisjóðum. Ég hafna því algjörlega og frábið mér slíkar einkunnargjafir af hálfu annarra hv. þingmanna.

Ég legg áherslu á að sparisjóðirnir eru mikilvægir, sparisjóðirnir gegna mikilvægu hlutverki. Ég held að sparisjóðirnir hafi mikilvægt hlutverk til þess að tryggja fjölbreytni og samkeppni á fjármálamarkaði okkar. Ég held að sparisjóðirnir hafi mikilvægu hlutverki að gegna við enduruppbyggingu fjármálakerfisins og þar held ég að við hv. þm. Jón Bjarnason séum sammála. En ég held að það gerist ekki með því að ætla að hefta þá of mikið eða að láta þá standa í stað. Ég held að lagaumhverfið verði að vera sveigjanlegt þannig að þeir hafi möguleika á því að breyta sér og sameinast ef það er skynsamlegt út frá öllum forsendum. Ég held að það eigi að vera útgangspunktur okkar í þessu sambandi. Ég vil bara ítreka það sem ég sagði að ég tel að það sé mjög mikilvægt að sparisjóðirnir verði áfram virkir þátttakendur í fjármálamarkaðnum hérna vegna þess að þeir hafa ekki lent, alla vega ekki enn sem komið er, í sams konar hruni og stóru viðskiptabankarnir þrír. Ég tel að það sé mikilvægt að þeir verði til staðar og gegni áfram hlutverki í fjármálakerfinu.

Ég held að frumvarpið sjálft eins og það liggur hér fyrir gefi ekki tilefni til mikillar umræðu. Það eru að því er virðist fyrst og fremst tilfinningaleg sjónarmið sem búa að baki því hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að vilja að heitið „sparisjóður“ verði bara bundið við þær fjármálastofnanir sem eru reknar í sparisjóðaforminu. Ég held að fyrir því séu kannski engin sérstök praktísk rök. Það er alveg klárt miðað við núgildandi lög að ef sparisjóði er breytt í hlutafélag verður það að koma fram í nafni hans að hann sé hlutafélag þannig að ekki sé á neinn hátt verið að blekkja viðskiptavini eða neytendur. Ég tel að það sé alveg næg trygging fyrir því að menn ruglist ekki á hefðbundnum sparisjóði og hlutafélagasparisjóði eins og það er nefnt í dag. Í raun og veru finnst mér frumvarpið sem slíkt fyrst og fremst ákveðinn orðhengilsháttur, þar er verið að hengja sig í heitið án þess að með nokkrum hætti sé verið að fjalla um innihaldið. Ég sé ekki að fjármálastofnanir sem eiga rætur sínar í sparisjóði megi ekki nota það heiti í nafni sínu. Ég nefni t.d. Sparisjóðabankann sem hefur verið nátengdur sparisjóðunum, hann er hlutafélag og ég sé ekki neitt því til fyrirstöðu að hann heiti því nafni áfram. Mér finnst það vera orðhengilsháttur að hengja sig á þetta.

Ég skil hins vegar alveg hvað hv. þm. Jón Bjarnason er að fara. Auðvitað er hann að nota þetta tækifæri til að vekja athygli á þeim sjónarmiðum um sparisjóðina sem hann hefur lengi haldið á lofti og eru í sjálfu sér alveg virðingarverð sjónarmið. Þau eiga rétt á sér í umræðunni þó að ég sé ekki sammála þeim. Hann hefur lengi talið að öll viðleitni til þess að breyta lögum um sparisjóði og aðgerðir sem farið hafa fram á grundvelli þeirra laga hafi verið til mikillar óþurftar, það er hans skoðun. En ég tel engu að síður að það sé mikilvægt að halda því til haga að sparisjóðir, eins og önnur fjármálafyrirtæki og önnur fyrirtækjaform, þurfa auðvitað að hafa svigrúm til þess að starfa, breyta sér, taka breytingum eftir því sem aðstæður í umhverfinu krefjast. Ég held að það sé ekki til bóta í þessu máli frekar en öðrum að horfa einvörðungu til baka heldur tel ég að menn eigi að horfa á þá stöðu sem við erum í í dag og hvernig við viljum að þróunin verði, horfa fram á við en ekki til baka.

[14:42]

Flm. (Jón Bjarnason) (Vg):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Birgi Ármannssyni fyrir athugasemdir og ýmsar ábendingar í ræðu sinni. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að við erum ekki sammála í því hvaða hugmyndafræði á að liggja að baki í stofnun og rekstri fjármálafyrirtækja. Hv. þingmaður er jú fulltrúi þess tíma sem vildi að bankarnir væru einkaveddir og að haft væri sem mest frelsi á fjármálamarkaðnum. Hann er einnig fulltrúi þess að menn gætu þar kallað eftir arði af þeirri starfsemi eins og í öðrum fyrirtækjarekstri. Það er í sjálfu sér sjónarmið sem gengur í venjulegum hlutafélagarekstri að menn leggja þar hlutafé inn og reyna að fá fyrir það mestan arð.

Undir það gengust líka hlutafélagavæddu bankarnir þegar þeir voru einkavæddir. Ég minnist þess einmitt að þegar ákveðinn banki — hvort það var Landsbankinn — hafði

verið einkavæddur og seldur fór hann að kaupa og selja útgerðarfyrirtækin og hirða úr þeim peningana. Íbúar á Skagaströnd voru mjög áhyggjufullir yfir því að Skagstrendingur var kominn í eitthvert eignarhaldsfélag á vegum Landsbankans og voru að velta því fyrir sér hvernig væri með hagsmuni byggðanna, hvort sem það var á Skagaströnd eða Akranesi eða annars staðar. Þá sagði einn af yfirmönnum bankans: Við berum þá hagsmuni eina fyrir brjósti að hámarka arð hluthafanna. Hvort það komi síðan eitthvað illa niður á einhverri sérstakri byggð eða ekki er ekki okkar mál. Þannig hafa þessir hlutafélagavæddu bankar og fjármálafyrirtæki verið rekin á undanförnum árum til að hámarka arð eigenda sinna. Það er í sjálfu sér markmið þó að ég sé ekki sammála að það eigi að gerast með þeim hætti.

Hv. þm. Birgir Ármannsson talaði um að það að viðhalda og rækta heiðarleika og rækta hugsjónir sparisjóðanna væri eitthvað sem tilheyrði fortíðinni og að við ættum ekki að vera að endurvekja það hér. Ég er honum einfaldlega ekki sammála. Ég held að það sé einmitt brýnt nú að rækta aftur þær hugsjónir sem hv. þingmaður kallaði tilfinningasemi. Fyrir mér eru heiðarleiki, samvinnuhugsjón og félagshyggja ekki tilfinningasemi. Það er grunnur sem við byggjum samfélagið á og líka fjármálastofnanir. Að halda að fjármálastofnanir geti verið undanþegnar þessum grunngildum og það sé gamaldags að halda í þau, því er ég ekki sammála. Ég held einmitt að það sé mikils um vert að gera það.

Ég minni líka á í þessu sambandi að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs töldum að ekki hefði átt að fara í þessa hröðu einkavæðingu á bönkunum á sínum tíma. Við fluttum frumvarp um að aðskilja ætti fjárfestingarsjóði og almenna bankastarfsemi, það ætti ekki að vera inni í sama banka. Við fluttum um það frumvarp, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, eins og hv. þm. Birgir Ármannsson veit. Sömuleiðis fluttum við frumvarp um dreifða eignaraðild á bönkunum og fleiri slíkar takmarkanir sem við vildum gera sem þáverandi stjórnarflokkar undir forustu Sjálfstæðisflokksins létu ganga fram með þeim hætti sem raun bar vitni.

Þótt hv. þingmaður segi að nafnið „sparisjóður“ sé bara eitthvert tilfinningaheiti eða eitthvað svoleiðis þá er það gildismat fyrir mér. Í því er fólgið ákveðið merki um það hvernig viðkomandi stofnun og þjónustustofnun er rekin og hvert eignarhald hennar er.

Núna er verið að tala um að íslenskt grænmeti sé sérmerkt því að það sé íslensk framleiðsla svo að kaupandinn geti áttað sig á því hvort það íslensk eða innflutt vara. Gæði grænmetisins þurfa ekkert að vera mismunandi en þetta er ákveðin gæðavottun, stimpill til neytandans, samfélagsins um hvaða vöru er að ræða. Sama er með ýmsar aðrar vörur þar sem við leggjum áherslu á að merkin þeirra séu sönn. Það þýðir ekki að aðrar vörur undir öðru merki geti ekki þess vegna átt sér sinn rétt og þjónað sínu hlutverki. Ég er því ekki sammála hv. þingmanni um að hugsjónir sparisjóðanna sem þeir byggðu á, að menn geti stundað og verið aðili að fjármálastarfsemi án þess að hugsa fyrst og fremst um eigin arð, sé úrelt hugsjón. Ég tel einmitt að það sé hugsjón sem við eigum að byggja á áfram.

Það væri svo sem hægt að fara út í það ef menn vilja og rekja hvað gerðist með ýmsa sparisjóði sem urðu græðgisvæðingunni að bráð. Menn keyptu stofnfjárhluti þeirra á yfirverði og hleyptu þannig tilveru þeirra upp. Ég hef talið að stofnfé ætti aldrei að seljast á meira en nafnvirði, þetta ætti að vera þjónustustofnun á þeim grunni sem sparisjóðirnir voru byggðir á. Þegar menn eru komnir í hitt hugtakið, að stofnfjárhlutirnir seljist á einhverju framboðs- og eftirspurnarverði og trekkt upp eins og hlutabréfaverð í bönkunum, erum við komin inn í annað form. Þá eiga þeir ekki lengur að heita sparisjóðir, það er bara svo einfalt.

Það er alveg rétt að verið er að skoða þessi mál og ég er alveg sammála hv. þm. Birgi Ármannssyni í því að umgjörð fjármálafyrirtækjanna fari í einhverja heildarendurskoðun, ég er alveg hjartanlega sammála því, það er brýn nauðsyn. Ég sagði það hér í ræðu að varðandi nýju hlutafélagabankana að setja ætti um þá sérstök lög. Þeir væru í rauninni komnir út af því sviði sem almenn hlutafélagalög og lög um hlutafélagabanka giltu um þannig að það eru komnar allt aðrar aðstæður. Það væri jafnvel brýnt að finna þeim lagaramma í takt við þá breyttu tíma sem við stöndum nú frammi fyrir hvað varðar bankarekstur. Ég held að enginn vilji endurvekja þann tíma þegar einkavæðing bankanna varð og græðgisvæðing sem fylgdi í kjölfarið. Frekar á að byggja upp á klassískum gildum um heiðarleika, um félagshyggju og samhjálp. Við sem þekkjum og höfum alist upp í sparisjóðahugsjóninni og sparisjóðaheitinu vitum hvað það þýðir. Það þýðir ekki það sama og hlutafélagabanki. Það hefur ákveðin gildi og þess vegna legg ég áherslu á að þessu frumvarpi er fyrst og fremst ætlað að standa vörð um þau gildi sem sparisjóðirnir gera. Ég tel að það sé líka mikilvægt fyrir framtíðina að við endurvekjum aftur hin gömlu, góðu gildi sem byggja á heiðarleika, samhjálp og félagshyggju eins og sparisjóðirnir gerðu þegar þeir voru stofnaðir í upphafi og ýmsir þeirra hafa starfað enn þann dag í dag með þeim hætti.

Ég legg svo til, herra forseti, að þegar þessari umræðu er lokið verði þessu frumvarpi vísað til hv. viðskiptanefndar.

[14:51]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg rétt og við getum verið sammála um það hv. þm. Jón Bjarnason og ég að í íslensku fjármálakerfi hefur margt farið úrskeiðis og margt farið á annan veg en við væntum. Um það þarf ekki að vera í vafa. Fyrir því eru margar ástæður sem ekki er hægt að fara út í hér en verða auðvitað greindar, bæði formlega á næstu mánuðum og óformlega, og ábyggilega á næstu árum og áratugum. Ég held hins vegar að það tengist ekki með neinum sérstökum hætti því sem hér er verið ræða hér, þ.e. stöðu sparisjóðanna. Ég held að í raun og veru leiði það umræðuna á villigötur að tengja tiltekin rekstrarform við heiðarleika með einhverjum sérstökum hætti, eins og hv. þm. Jón Bjarnason gerði ítrekað í ræðu sinni og ég sé fulla ástæðu til að gera athugasemdir við. Rekstrarform eru auðvitað mismunandi, við höfum hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, sparisjóði, sjálfseignarstofnanir og ýmiss konar form á rekstri. Ég get því ekki séð og mér finnst afar hæpið þegar hv. þingmaður reynir að gera sum þessara fé-

lagsforma tortryggileg en önnur tengir hann sérstaklega við heiðarleika. Mér finnst það ekki heiðarlegur málflutningur.

[14:52]

Flm. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að halda í orðið heiðarleiki, ekki síst í þeirri umræðu sem nú fer fram og í því uppgjöri sem verður að fara fram á fortíðinni, því miður. Ég held að orðið „heiðarleiki“ sé þar mikilvægt og líka „félagshyggja“ og „samhjálp“ og hvernig megi drepa þessa græðgi sem hefur viðgengist á undanförnum missirum og árum í dróma og helst að ná henni niður. Fjármálakerfið hefur að mínu viti orðið fórnarlamb í því.

Varðandi sparisjóðina, því við tölum afmarkað um þá hér, þá er í mínum huga hugtakið og heitið „sparisjóður“ tákn fyrir ákveðin gildi, ákveðið form, eignarform og rekstrarform á þjónustustofnun í fjármálalífinu sem hefur um margt og víða gengið vel. Þar eru enn þá öflugar stofnanir á því sviði, sem betur fer, þótt kannski sé erfitt að tala um að þær séu öflugar núna en engu að síður hafa margar þeirra staðið af sér erfiðleikana. Aðrar hafa lent á skjön og hlið, ekki hvað síst þær sem hafa farið að leika hlutafélagabanka án þess að vera það, sem hefur ekki orðið þeim til bóta, ég legg áherslu á það. Sparisjóður heitir sparisjóður á sínum grunngildum. Hlutafélagabanki heitir hlutafélagabanki á sínum grunngildum sem þar eru, þau eru ekki eins. Hins vegar þarf að lagfæra og heldur betur að taka til og endurskoða alla lagaumgerðina hvað þetta varðar en sparisjóðirnir eiga rétt á sinni sérstöðu.

[14:55]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hægt að taka undir lokaorð hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Sparisjóðir eiga rétt á sinni sérstöðu. Sparisjóðir eiga rétt á því að vera til en ég tel að það sé mikilvægt að í rekstrarumhverfi þeirra og þeirri löggjöf sem um þá gildir sé svigrúm þannig að þeir hafi tækifæri til að laga sig að breyttum aðstæðum.

Til að við hv. þm. Jón Bjarnason ljúkum þessari umræðu í mestu vinsemd þá tek ég undir ákveðna þætti í orðum hans, sérstaklega sem snúa að ýmsum gildum sem mikilvægt er að menn hafi í huga í fjármálastarfsemi og í viðskiptum almennt og hefur kannski skort nokkuð á á allra síðustu árum. Það eru gildi eins og heiðarleiki, ábyrgð, varfærni, framsýni og fyrirhyggja. Þetta eru allt saman gildi sem við þurfum að reyna að stuðla að að verði aftur hafin til vegs og virðingar í fjármálakerfinu sem og annars staðar í viðskiptalífinu en ég held að þetta snúist ekkert um nafngiftir einstakra fyrirtækja.

[14:56]

Flm. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir orð hv. þingmanns, um heiðarleika og ábyrgð og ég vil reyndar halda á lofti félagshyggjunni og samhjálpinni og mun ítrekað gera það.

Ég tel mikilvægt við endurskipulagningu á fjármálakerfinu og stöðu sparisjóðanna og með aðkomu ríkisins að mörgum þeim sjóðum sem ekki fá starfað nema ríkið komi með beinum hætti að — og af því að hv. þingmaður nefndi Sparisjóðabankann þá held ég að líka mætti huga að því út á hvaða brautir hann fór upp á síðkastið — en engu að síður þarf, og þar er ég sammála hv. þingmanni, lagaumgjörð í kringum sparisjóðina að vera þannig að þeir fái bæði starfað sem sjálfstæðar einingar, sparisjóðir á grunni hugsjóna sinna og með tengsl við umhverfi og nærumhverfi eins og þeir eru byggðir upp en líka að þeir fái lagalegt svigrúm til eðlilegs samstarfs. Þeir þurfa að geta byggt upp nauðsynlegan bakhjarl sem þarf að vera að baki sparisjóðanna eins og annarra fjármálastofnana og það þarf að gera þeim það kleift en jafnframt verði haldið utan um þau grunngildi sem sparisjóðirnir standa fyrir og þeir eiga þá að heita sparisjóðir.

[14:58]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef fylgst með þessari umræðu og það er rétt sem hefur komið fram að víða hefur verið komið við. Í rauninni fór umræðan langt út fyrir það sem kveðið er á um í frumvarpinu sem slíku en það er svo sem ekkert nýtt að það gerist á hv. Alþingi.

Frumvarpið gengur í raun eingöngu út á að þeir sparisjóðir sem er breytt í hlutafélög geti ekki notað þetta heiti áfram, að vera sparisjóðir. Hv. þingmaður hefur fært rök fyrir því hvers vegna hann er þeirrar skoðunar að svo eigi að vera.

Nú vil ég taka það fram að það var í minni tíð sem viðskiptaráðherra sem þetta ákvæði var sett í lög að sparisjóðir gátu breytt starfsemi sinni í hlutafélagarekstur. Ástæða þess var náttúrlega sú að það voru miklar breytingar á fjármálamarkaði í framhaldi af aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og sölu bankanna. Lagabreytingin eða réttara sagt frumvarpið sem unnið var í viðskiptaráðuneytinu og síðan samþykkt á hv. Alþingi, var unnið í fullri samvinnu við sparisjóðina í landinu. Það þótti mikilvægt að gefa sparisjóðunum færi á því að breyta rekstrinum með þessum hætti vegna þess að það þótti mikilvægt að þeir gætu haldið áfram rekstri. Ég ítreka að ég tel það mikilvægt og ég tel reyndar eins og fór fyrir bönkunum að það hafi verið gríðarlega mikils virði að við vorum þó með þetta sparisjóðanet í landinu.

Ég ætla ekki að taka beint afstöðu til þessarar tillögu hv. þingmanns og hv. þingmanna Vinstri grænna. Mér finnst þetta í sjálfu sér ekkert stórmál út af fyrir sig en ég hef kannski athugasemdir við margt í sambandi við það sem hv. þingmaður hefur sagt í umræðunni og get komið að því síðar.

[15:00]

Flm. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held einmitt að þær breytingar sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir minntist á varðandi sparisjóðina, sem voru gerðar til að gera þeim kleift að elta meir hina einkavæddu og hlutafélagavæddu banka, hafi kannski verið misráðnar eða hafi farið fram með þeim hætti að það hafi ekki þegar til lengdar er litið verið þeim til hagsbóta á allan hátt. Ég er ekki sammála því að allir sparisjóðir hafi verið hrifnir af þessum breytingum, það er síður en svo.

Í ljósi hinnar döpru reynslu sem við höfum af því hvernig fjármálafyrirtækin, bankarnir og ýmsir þeir sparisjóðir sem fetuðu sömu braut og bankarnir, fóru að leika hlutafélagavædda banka þó að þeir væru það alls ekki — það hefur orðið þeim til óheilla og við stöndum nú frammi fyrir bankahruni sem varð vegna þess að allt of geyst var farið og án þess að þarna væri regluverk. Farið var fram á þeim hugsjónagrunni að menn skyldu græða það sem þeir gætu grætt og fá hámark arðsins af fjármagninu.

En það er rétt hjá hv. þingmanni, frumvarpið er fyrst og fremst um það að sparisjóðir fái einkarétt á því að heita sparisjóðir, þeir sem starfa samkvæmt þeim grunnhugsjónum. Aðrir sparisjóðir sem velja að breyta sér í hlutafélagabanka heiti þá ekki lengur sparisjóðir, hafi það orð ekki í heiti sínu. Menn skulu ekki sigla undir fölsku flaggi heldur skal sparisjóður vera sparisjóður og hlutafélagavæddur banki skal vera hlutafélagavæddur banki og starfa samkvæmt því.

[15:02]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að rifja það upp í lokin: Er það ekki rétt munað hjá mér að stjórnmálahreyfingin Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé í raun á móti hlutafélagaforminu í heild sinni? Mig minnir að það sé þannig og það er þá bara afstaða út af fyrir sig.

Hv. þingmaður talar mikið um græðgisvæðingu, og hægt er að taka undir það að hún hefur svo sannarlega verið við lýði hér. Ég hef líka heyrt hann segja að með hinni nýju ríkisstjórn sé nýfrjálshyggjan hrakin út úr Stjórnarráðinu, og það er gott og vel. En mig langar að spyrja hann, og bið hann þá að svara mér í lokasvari sínu, hvernig hann telji að þetta verði gert. Við erum væntanlega áfram á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem lögin sem við setjum á hv. Alþingi og varða fjármálamarkaðinn eru í raun evrópsk. Hvernig ætlar hann að koma í veg fyrir að þessi markaðsvæðing haldi áfram á fjármálamarkaði á Íslandi?

[15:04]

Flm. (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tek undir áhyggjur hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um það hvernig hægt sé að stöðva taumlausa markaðshyggju í fjármálageiranum eins og fengið hefur að viðgangast undanfarin ár. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að einhverjar ESB-reglur krefjist þess að hér skuli vera frjálst markaðskerfi á öllum hlutum eins og í bönkunum, að óhjákvæmilegt hafi verið að fylgja því vegna þess að við vorum farnir að uppfylla alla ESB-skilmála. Ég hef enga trú á því.

Þó að ég sé enginn aðdáandi ESB og telji að við eigum ekkert erindi þar inn, ekki neitt, þá trúi ég því ekki fyrr en ég tek á því að einhverjar ESB-reglur banni það að við fáum að halda þessa sparisjóði. (Gripið fram í.) Ég trúi því ekki og þess vegna held ég að við getum staðið vörð um sparisjóðina okkar, leyft þeim að vera sparisjóðir sem hafa reksturinn á þann veg. Aðrir bankar sem vilja ekki vera sparisjóðir heita þá bankar og reka sig á þeim grunni en auðvitað þarf enn þá sterkari lög líka um það en verið hefur.

Ég legg áherslu á það í lokin að nú er brýnt að endurvekja og rækta heiðarleika, félagshyggju, samhjálp, ábyrgð, samfélagslega ábyrgð og ekki síst í fjármálaheiminum, játast undir það að hryllileg mistök hafa orðið á undanförnum árum í einkavæðingu og sölu bankanna og síðan því sem fram kom. Ég held að endurvakning á hugsjónum sparisjóðanna eigi brýnt erindi til okkar í dag.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

[15:06]

Útbýting:

Náms- og starfsráðgjafar, 305. mál, frv. EMS o.fl., þskj. 534.

Umræður utan dagskrár.

Efnahagsmál.

[15:06]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Nú fer fram áður boðuð utandagskrárumræða um efnahagsmál. Málshefjandi er hv. þm. Geir H. Haarde. Forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 3. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í eina klukkustund. Samkomulag er um umræðuna. Málshefjandi og ráðherra hafa 10 mínútur hvor í byrjun og aðrir þingmenn hafa 4 mínútur hver. Málshefjandi og ráðherra hafa svo 4 mínútur hvor í lok umræðunnar.

[15:06]

Geir H. Haarde (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þetta tækifæri til að fá að skiptast á skoðunum við hæstv. forsætisráðherra og fleiri þingmenn um efnahagsmálin eins og þau standa núna. Það er vissulega mikilvægasta viðfangsefni stjórnmálanna um þessar mundir, eins og oft áður, að glíma við þau. Oft var þörf en nú er nauðsyn að taka þau mál réttum tökum.

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki haft langan tíma til að setja mark sitt á efnahagsmálin í landinu og ástæðulaust er að amast við öllu sem frá henni hefur komið í þeim efnum. En ég tel ástæðu til að draga fram nokkur atriði sem ég tel að skipti máli í sambandi við efnahagsframvinduna í landinu á næstunni.

Við vitum öll að horfurnar eru dökkar hvað varðar þjóðhagsstærðirnar eins og glöggt kemur fram í nýrri efnahagsspá Alþýðusambands Íslands sem er í stærstu atriðum í samræmi við nýjustu spá fjármálaráðuneytisins frá 20. janúar 2009.

Við blasir að yfirstandandi ár verður landsmönnum öllum erfitt. Mikið fall er í þjóðartekjum og kaupmætti, einkaneyslu og fjárfestingu. Atvinnuleysi verður meira en verið hefur í mörg ár. Þó er jákvætt að verðbólga mun á næstu mánuðum ganga hratt niður og stýrivextir jafnframt og enn fremur er ljóst að mikill vöruskiptahalli hefur snúist í góðan afgang og þar af leiðandi eru horfur á því að gengi krónunnar geti enn styrkst allnokkuð.

Ef haldið verður fast við efnahagsáætlun þá sem fyrri

ríkisstjórn samdi um við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, í mikilli óþökk hæstv. núverandi fjármálaráðherra og flokksfélaga hans, má gera ráð fyrir að spár um lækkandi verðbólgu og vexti gangi hratt og greiðlega eftir og að unnt verði að slaka á þeim gjaldeyrishöftum sem nauðsynlegt var að koma tímabundið á í nóvembermánuði.

Fyrsta spurningin sem vaknar í þessu sambandi er sú hvort ríkisstjórnin ætli sér ekki örugglega að fylgja þeirri stefnu sem fyrri ríkisstjórn markaði varðandi samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og tryggja eftir föngum framgang umræddrar efnahagsáætlunar eins og reyndar má ætla af lestri verkefnaskrár ríkisstjórnarinnar. Í því sambandi er nauðsynlegt að fá fram hvernig ríkisstjórnin stendur að undirbúningi þess mats sem fram undan er í þessum mánuði með sjóðnum á stöðu mála varðandi umrædda áætlun. Hver er staðan varðandi ríkisfjármálin fyrir næsta ár og hvaða áætlanir liggja fyrir varðandi tímabilið fram til 2012? Allir vita að brýnt er að þær áætlanir liggi fyrir sem fyrst. Standi ríkisstjórnin við fyrirætlanir fyrri stjórnar í þessum efnum er engu að kvíða en frekari lánafyrirgreiðsla frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er háð þessu endurmati nú í febrúar og sama er að segja um lánafyrirgreiðslu frá nágrannalöndum okkar. Hér er þess vegna afar mikið í húfi en það er auðvitað vandamál að það er vitað að stjórnarflokkarnir tveir hafa í grunninn mjög ólíka afstöðu og sýn til samstarfsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Á bak við hina stóru þjóðhagslegu mynd og þær þjóðhagsstærðir sem ég hef dregið upp er síðan atvinnulífið sjálft og staða einstakra fyrirtækja sem almenningur og heimilin í landinu eiga allt sitt undir hvað varðar sköpun verðmæta og tekjumyndun. Til þess að atvinnulífið geti starfað eðlilega þarf það að njóta hefðbundinnar þjónustu hjá bönkum landsins sem lent hafa í þeim miklu þrengingum sem við öll þekkjum. Þess vegna er lykilatriði að vel takist til um endurreisn þeirra og má segja að ásamt lækkun verðbólgu og vaxta sé þetta, þ.e. endurreisn bankanna, mikilvægasta atriðið á sviði efnahagsmála um þessar mundir. Komist nýju bankarnir á bærilega starfhæfan grundvöll mun það strax hafa jákvæð áhrif út um allt þjóðfélagið. Liður í því er að sjálfsögðu að tryggja yfirstjórn þeirra og starfsfólki vinnufrið við þau mörgu og erfiðu verkefni sem við er að fást. Þess vegna er mjög miður og raunar ótrúlegt að nýja ríkisstjórnin skyldi láta það verða eitt sitt fyrsta verk að stugga við formönnum bankaráða Nýja Kaupþings og Nýja Glitnis með þeim afleiðingum að þeir hafa nú sagt af sér. Þetta er þeim mun óskiljanlegra þegar þess er gætt að bankaráð allra ríkisbankanna þriggja voru skipuð í góðu samkomulagi allra flokka á Alþingi og þáverandi stjórnarandstöðu. Veittur var ríkari atbeini að ráðunum en þingstyrkur sagði til um og naut Vinstri hreyfingin – grænt framboð þess sérstaklega. Á því ástandi sem nú er upp komið í bankaráðum Kaupþings og Glitnis ber ríkisstjórnin alla ábyrgð, einmitt nú þegar fátt er mikilvægara en að afstýra öllu klúðri í tengslum við bankana.

Fyrri ríkisstjórn, herra forseti, hafði með samþykki Alþingis undirbúið endurfjármögnun bankanna með 385 milljarða kr. eiginfjárframlagi sem innt verður af hendi þegar efnahagsreikningur nýju bankanna liggur fyrir. Ég sem forsætisráðherra fékk einnig sænskan sérfræðing, Mats Josefsson, sem m.a. var starfsmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, til að vinna að endurreisn bankakerfisins og gera tillögur í því efni. Það er ánægjulegt að fyrstu tillögur hans voru kynntar í gær. Þar er margt athyglisvert að finna þótt fæst af því sé nýtt af nálinni. Hugmynd um eignaumsýslufélög á vegum bankanna var t.d. kynnt í yfirlýsingu síðustu ríkisstjórnar 2. desember sl. og til umræðu hefur verið frá því í haust að stofna einnig slíkt félag á vegum ríkisins.

Í svokallaðri verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar segir að ríkisstjórnin muni setja bönkunum útlánamarkmið fyrir árið 2009 til að örva hagkerfið. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. forsætisráðherra út í þetta og biðja hana að útskýra það nánar og hvernig hugmyndir af þessu tagi koma heim og saman við þau sjónarmið að ekki beri að hafa pólitísk afskipti af útlánum bankanna.

Nefndin sem hinn sænski sérfræðingur stýrir nú, um endurreisn fjármálakerfisins, hefur verið að störfum frá því síðasta haust þó að hann hafi ekki komið til fastra starfa fyrr en í desembermánuði. Þessi nefnd hefur gegnt lykilhlutverki í stjórnkerfinu varðandi samræmingu innan hins opinbera kerfis. Nefndin laut forustu ráðuneytisstjórans í forsætisráðuneytinu en annar lykilmaður í nefndinni var ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu. Þessir tveir menn höfðu fullkomna yfirsýn yfir alla þætti þeirra flóknu mála sem upp komu eftir hrun bankanna og lögðu nótt við dag í gríðarlega vandasömum störfum. Ég tel það hörmulegt og fullkomlega ómaklegt að þeim skuli nú hafa verið vikið til hliðar og óskiljanlegt hvað fyrir ríkisstjórninni vakir með slíkri ráðstöfun.

Herra forseti. Við núverandi aðstæður skiptir miklu máli að mönnum fatist ekki flugið í efnahagsstjórninni. Sjálfstæðisflokkurinn mun að sjálfsögðu styðja ríkisstjórnina þegar hún er á réttri braut, eins og t.d. hvað varðar öll þau mál sem undirbúin voru í fyrri ríkisstjórn og eru nú kynnt eins og þau væru glæný af teikniborði hinnar nýju ríkisstjórnar. Við höfum lagt fram okkar eigin frumvörp um tvö slík mál sem voru tilbúin fyrir stjórnarslitin, það eru breytingar á gjaldþrotalögunum og til að greiða fyrir útgreiðslu séreignarsparnaðar. Við munum styðja önnur þau mál sem ríkisstjórnin kann að flytja og til heilla horfa í efnahagsmálum. Ég verð að viðurkenna að ég óttast að mikilvægum atriðum á því sviði og á sviði atvinnu- og efnahagsmála almennt kunni að verða drepið á dreif með fyrirætlunum um að ráðstafa á næstu vikum miklu af tíma þingsins í stjórnarskrárbreytingar og breytingar á kosningalögum sem fyrirsjáanlega verða mjög tímafrekar.

Ég vil að endingu endurtaka það sem ég sagði í máli mínu á mánudaginn að ég óska ríkisstjórninni að sjálfsögðu heilla í störfum sínum. Ég vona að okkur gangi öllum vel við að stýra þjóðarskútunni í gegnum hinn mikla efnahagsvanda sem fram undan er. Sumt af því sem gert hefur verið á þeim fáu dögum sem ríkisstjórnin hefur starfað boðar ekki gott og hef ég drepið á nokkur atriði í því sambandi í máli mínu. En við munum sem ábyrgur stjórnarandstöðuflokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, leggja okkar af mörkum til að leysa þann mikla vanda sem við er að fást hér á Íslandi. Það mun ekki standa upp á okkur hvað það varðar og við munum vera fús til samstarfs við ríkisstjórnina þegar það á við, bæði í þessum sal en einnig fyrir utan hann, á fundum

og í samtölum eftir því sem eftir kann að verða falast.

[15:16]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að fá hér tækifæri til að gera Alþingi grein fyrir stöðu efnahagsmála og þeim verkefnum sem ríkisstjórnin hefur unnið að þá fáu daga sem hún hefur haft til þess að láta verkin tala.

Viðfangsefnið er geysilega umfangsmikið. Niðursveiflan virðist því miður ætla að verða enn meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Samdráttur í þjóðarframleiðslu verður meiri en spáð var og atvinnuleysi eykst því miður enn hraðar en spár höfðu gert ráð fyrir.

Ábyrgð okkar allra sem erum í ríkisstjórn og sitjum á Alþingi er mikil og við verðum að bregðast hratt við. Það er líka hlutverk okkar stjórnmálamanna að tala kjarkinn í þjóðina, bæði í fjölskyldurnar í landinu og ekki síður þá sem geta byggt upp atvinnulífið með okkur. Við megum ekki falla í þá gryfju stjórnmálanna að draga upp dekkri mynd en tilefni er til, ala á upplausn, sundurlyndi og ótta eins og borið hefur á síðustu daga, ekki síst hér á Alþingi.

Á tímum sem þessum eigum við ekki að nota dýrmætan tíma þingsins í karp, hártogun og útúrsnúninga. Almenningur vill ekki slíkt karp og veit að það skilar sér ekki í bættum hag. Viðfangsefnin og úrlausnarefnin þola enga bið. Heimilin og fyrirtækin geta einfaldlega ekki beðið í skugga pólitísks karps. Þau krefjast úrbóta og lausna.

Því miður einkenndi ákvarðanafælni efnahags- og fjármálaráðherra ríkisfjármálin og þvældist fyrir endurreisn bankakerfisins. Hræðsla manna kom í veg fyrir endurskipulagningu Seðlabankans og hefur tafið sameiningu við erlenda lánardrottna. Það er deginum ljósara að ekki var hægt að una við frekari tafir á þessum þáttum sem skipta sköpum varðandi það hvort við náum þeim árangri sem að er stefnt.

Samkvæmt áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þarf að taka til hendinni á mörgum vígstöðvum á fyrstu mánuðum áætlunarinnar og hraða vinnu sem því miður hefur gengið allt of hægt allt of lengi, svo hægt að ef ekki hefði nú verið gripið í taumana hefði illa getað farið. Stjórnvöld og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn settu sér metnaðarfull markmið. Þeim markmiðum var ekki fylgt af nægilegum krafti vegna of mikils seinagangs og ákvarðanafælni sem einkenndu störf þeirra sem báru ábyrgðina á málinu í síðustu ríkisstjórn. Þetta er staðan sem blasir við nýrri ríkisstjórn á hennar fyrstu dögum.

Ríkisstjórnin hafði skuldbundið sig til að birta fyrir áramót drög að áætlun um ríkisfjármál til millilangs tíma, þ.e. áætlun um hvernig hún ætlar að taka á miklum fjárlagahalla og síhækkandi skuldabyrði ríkissjóðs á næstu árum. Sú vinna fyrrverandi ríkisstjórnar var því miður skammt á veg komin og þetta er ekki síst alvarlegt þar sem slík áætlun sem unnin væri af raunsæi og festu gæti flýtt verulega til lækkunar vaxta Seðlabankans og þar með létt verulega undir með fyrirtækjum, heimilum og fjölskyldum þessa lands en við höfum þegar hraðað þessari vinnu.

Endurreisn bankakerfisins hafði einnig tafist fram úr hófi í höndum síðustu ríkisstjórnar. Endurfjármögnun bankanna átti að vera lokið í síðar í þessum mánuði. Nú er hins vegar ljóst að það gæti tafist fram í apríl sem er afar slæmt. Sterkt og endurfjármagnað bankakerfi er þó forsenda hagvaxtar.

Verið er að endurskipuleggja bankakerfið og mun það gefa nýjum og starfandi fyrirtækjum tækifæri til þess að vaxa og dafna. Það mun mynda kjölfestu fyrir atvinnu og þar með fjárhagslegt umhverfi heimilanna.

Ljóst er að ein af forsendum þess að markvisst verði unnið að vaxtalækkun í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er að festa komist á stjórn Seðlabanka Íslands og að yfirstjórnendur bankans leggi stjórnvöldum lið við endurreisn fjármálakerfisins. Hið sama á við um gerð tímasettrar áætlunar um rýmkun gjaldeyrishafta. Það er löngu hætt að snúast um einstakar persónur, hafi það einhvern tímann gert það. Þetta snýst um að menn spili saman og leggi sitt af mörkum. Það virðist vefjast fyrir sumum og ég nefni þar engin nöfn. Trúnaður á milli stjórnvalda og Seðlabankans er lykilatriði við stjórn efnahagsmála hér á landi sem annars staðar. Það traust og sá trúnaður hefur ekki ríkt í mjög langan tíma.

Ljóst er að mörgu hefur verið ábótavant á sviði efnahags- og fjármála á þeim dýrmæta tíma sem nú er liðinn frá því að fjármálakerfið hrundi hér á landi í haust. Ljóst er að fyrri ríkisstjórn beitti sér ekki af nauðsynlegu afli í samningum við erlenda lánardrottna eins og um lánakjör vegna Icesave-skuldbindinga né í viðræðum við Norðurlöndin, Pólland og Rússland um lánveitingar til okkar. Þessir aðilar hafa hreinlega beðið eftir viðræðum um þeirra aðkomu og furða sig á því að ekki skuli hafa verið rætt við þá um langa hríð en þau mál hafa fyrst og fremst verið á forræði fjármálaráðherra. Þessi mál verða nú tekin föstum tökum á vettvangi nýrrar ríkisstjórnar en miklir hagsmunir eru þar í húfi.

Ný ríkisstjórn hefur einsett sér að auka mjög upplýsingaflæði til almennings enda eru það sjálfsögð vinnubrögð í opnu og upplýstu nútímasamfélagi. Þeir sem við vinnum fyrir eiga fullan rétt á því að vita hvað við erum að gera og hvert við stefnum. Þess mun sjá stað með reglulegum upplýsingafundum um stöðu mála og verkefni ríkisstjórnarinnar. Almenningur krefst gagnsæis og slík vinnubrögð skila að mínu mati miklum árangri til lengri tíma litið. Við höfum þegar átt mjög góða fundi með aðilum vinnumarkaðarins og fulltrúum lífeyrissjóðanna. Þessir aðilar munu leika lykilhlutverk í því endurreisnarstarfi sem fram undan er og því er afar mikilvægt að stjórnvöld hafi reglulegt samráð við þessa aðila.

Ný ríkisstjórn hefur látið hendur standa fram úr ermum og komið mörgum mikilvægum verkefnum fram í samræmi við verkáætlun sína. Ég nefni hér frumvarp um greiðsluaðlögun og nýtingu séreignarsparnaðar. Ég nefni fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu manna á byggingarstað við viðhaldsverkefni og eflingu á útlánagetu Byggðastofnunar. Úrræði vegna gengistryggðra lána koma fram á næstu dögum.

Hið sama má segja um frestun nauðungaruppboða vegna íbúðarhúsnæðis í allt að sex mánuði á meðan reynt verður að tryggja búsetuöryggi til frambúðar. Gjaldþrotalögum verður breytt með þeim hætti að staða skuldara verður bætt. Öll þessi mál eru að komast til framkvæmda og í búning til þess að leggja hér fram á Alþingi þannig að þau

geti sem allra fyrst nýst fólkinu í landinu.

Hæstv. forseti. Ný ríkisstjórn vinnur nú að fullum krafti samkvæmt samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafa rætt ítarlega við fulltrúa sjóðsins frá stjórnarskiptum um mikilvægi efnahagsáætlunarinnar og mikilvægi þess að hafa hér hraðar hendur til að efla atvinnulífið á nýjan leik og standa vörð um hag heimilanna.

Í þessari viku voru samþykkt og kynntar aðgerðir í peningamálum. Stefna samræmingarnefndar um bankamál sem starfar á grundvelli efnahagsáætlunar var samþykkt. Einnig var samþykkt að stofna eignaumsýslufélag og verið er að skoða skipun erlends sérfræðings sem fara á í viðræður við skilanefndir og lánardrottna gömlu bankanna. Í því liggja umtalsverðir hagsmunir fyrir skattborgara og ríkissjóð. Við þetta starf njótum við ráðgjafar Mats Josefssons sem er einn fremsti sérfræðingur heims á þessu sviði. Hann hefur nú verið kynntur fyrir þjóðinni og hafði tækifæri til að greina frá verkefnum sínum og sinni sýn á stöðu mála. Það er sannarlega þakkarvert að fyrrverandi forsætisráðherra beitti sér fyrir því að Mats Josefsson færi í þau verk sem hann hefur verið að vinna.

En ég vil nefna út af orðum hv. þingmanns og fyrrverandi forsætisráðherra að það þarf að láta verkin tala miklu hraðar heldur en gert hefur verið í tíð síðustu ríkisstjórnar og vitna ég þá í Mats Josefsson en eftirfarandi var haft eftir honum á visir.is í gær, með leyfi forseta:

„Þá sagði Josefsson að ríkisstjórnin þyrfti líka að átta sig á nýju hlutverki sínu sem eiganda bankanna. Hún hefði ekki fyrr en nú sýnt að hún ætlaði að koma með meira stefnumarkandi hætti að rekstri og framtíðaruppbyggingu bankanna.“

Við yfirferð efnahagsáætlunar með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þarf að líta til breyttra aðstæðna í hagkerfinu enda virðist viðsnúningur hagkerfisins jafnvel hafa verið enn skarpari en búist var við í fyrstu. Verðbólgan virðist ekki ætla að verða jafnhá og búist var við fyrst eftir bankahrunið og allar líkur eru á að hún gæti jafnvel farið nokkuð hratt lækkandi á næstu mánuðum. Það eru jákvæðar vísbendingar.

Hins vegar er ljóst að atvinnuleysi verður mun meira en gert var ráð fyrir í upphafi og það er þegar orðið meira atvinnuleysi en spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gerði ráð fyrir að yrði mest. Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar sem stuðla að eflingu atvinnulífsins munu strax sporna við þessari þróun.

Til þess að raunverulegur viðsnúningur verði í atvinnulífinu skiptir hins vegar höfuðmáli að ljúka við enduruppbyggingu bankakerfisins og skapa aðstæður til lækkunar vaxta. Það hefur þegar verið stigið mikilvægt skref á fyrstu starfsdögum nýrrar ríkisstjórnar og ríkisstjórnin mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að skapa þessar aðstæður sem fyrst. Þá verður mjög ákveðið framfylgt áformum um að beina framkvæmdum í verkefni sem eru þjóðhagslega arðbær, mannaflsfrek og gjaldeyrisskapandi.

Ég vil undirstrika að sú ríkisstjórn sem nú situr mun ekki skorast undan þeim erfiðu ákvörðunum sem nauðsynlegt er að taka í ríkisfjármálum. Um allt land eru heimili og fyrirtæki að taka til í sínum ranni og aðlaga stöðu sína erfiðum aðstæðum í efnahagslífinu. Ríkissjóður getur ekki og má ekki vera þar undanskilinn. Við verðum að takast á við þetta verkefni og sýna verulega aukið aðhald en nú er unnið að áætlun um útgjalda- og tekjuhlið ríkissjóðs til næstu fjögurra ára sem liggja mun fyrir þegar fulltrúar gjaldeyrissjóðsins koma til viðræðna við stjórnvöld.

[15:26]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er ekki ofsögum sagt að íslenska þjóðin standi á örlagatímum nú eftir tæplega 18 ára valdatíma Sjálfstæðisflokksins. Það er ekki ósanngjarnt að segja að 99,5% af aðstæðum á Íslandi skrifist á ábyrgð fyrri ríkisstjórna fyrst og fremst undir forustu Sjálfstæðisflokksins, kannski svona 0,5% á ábyrgð þeirra ríkisstjórnar sem nú hefur starfað í tíu daga.

Samt virðist Sjálfstæðisflokkurinn fyrst og fremst vera upptekinn af þessum tíu dögum og hefur af þeim miklar áhyggjur en litlar áhyggjur af eigin viðskilnaði. Ég verð að segja að það er dálítið undarlegt að verða vitni að því að sjálfstæðismenn eyða aðallega tíma sínum hér í að reyna að auka óróa og búa til sögur um tilhæfulausa hluti eins og þeim að það standi yfir einhverjar hreinsanir eða að verið sé að bola mönnum út úr störfum. Eru þar t.d. nefndir fráfarandi formenn bankaráða Glitnis og Kaupþings.

Það rétta í því máli er að þeir menn höfðu samband við mig áður en ríkisstjórnarskipti urðu í ljósi þess sem þá var í vændum og lýstu áhuga sínum á því að hætta. Ég bað þá að bíða með allt slíkt og ræða við mig eftir að stjórnarskiptin hefðu orðið. Þeir komu aftur til mín og ég bað þá að hugsa sinn gang og ég áskildi mér rétt til þess að biðja þá um að sitja áfram. Þannig stóð málið þegar hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra sjálfur tók málið upp hér og ræddi það við núverandi hæstv. forsætisráðherra. Það voru nú allar hreinsanirnar. Og þegar þeir höfðu svo bréflega óskað eftir því að hætta bað ég þá að sitja að minnsta kosti fram yfir aðalfund í bankanum.

Ég verð að segja að ég er undrandi yfir því hvernig Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að leggja sitt af mörkum með alls konar flugeldasýningum og ólátum t.d. hér í þingsalnum. Það birtist manni einfaldlega þannig að Sjálfstæðisflokkurinn mígi í alla brunna sem hann sér og kveiki í öllu heyi sem hann finnur. Það er hans framlag til þess að leggja sitt af mörkum til stöðugleika í landinu.

Er það virkilega þannig að Sjálfstæðisflokkurinn hafi meiri áhyggjur af atvinnu tveggja til fjögurra flokksgæðinga en atvinnuleysi 13.000–14.000 manns? Það segir þá sína sögu um áherslu Sjálfstæðisflokksins. Aðaláherslan hjá þeim, aðalráðutími þeirra fer í slíka hluti en ekki hina grafalvarlegu stöðu sem þeir skilja eftir sig í íslenskum þjóðarbúskap.

Það er atvinnuleysið og hættan á landflótta sem eru mesta áhyggjuefnið. Ég tel að núverandi ríkisstjórn með aðgerðum sínum sem snúa að fjölskyldum, fyrirtækjum og endurskipulagningu fjármálakerfisins sé komin mjög vel á veg og hafi gert meira á tíu dögum en fyrri ríkisstjórn á mánuðum. Verið er að ná utan um það hvernig fjármálakerfið verður endurskipulagt. Unnið er kerfisbundið að því að koma því í farveg, að taka á málum nýju bankanna, að taka á málum sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtækja, sem ég

vona að leysist nú fyrir helgina, og að vinna að málefnum sparisjóðanna.

Varðandi vexti, gjaldeyrismál, verðbólgu, gengi krónunnar og aðra slíka hluti er forgangsverkefni að ná niður vöxtum. Það er forgangsverkefni. Og það skal vera alveg skýrt að þurfi fjármálaráðherrann að velja milli þess að draga úr gjaldeyrishömlum eða lækka vexti velur hann hið síðarnefnda. Það er tvímælalaust mikilvægasta forgangsverkefnið nú í þágu atvinnulífs og heimila, að ná niður vöxtum, og það verður áhersluatriði númer eitt í viðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Til þess þurfum við m.a. að ná utan um það erlenda fé, jöklabréf og aðra slíka hluti sem eru á fóðrum í hagkerfinu. Það er líka forgangsverkefni til þess að vaxtalækkunarferlið geti farið af stað án þess að óróleiki skapist með gengi krónunnar. Vinnan í sambandi við undirbúning fjárlaga sem og eftirfylgni og framfylgni áætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er á eins eðlilegu spori og hún getur verið miðað við hversu illa fráfarandi ríkisstjórn hafði unnið en þar höfðu hlutir dregist talsvert á annan mánuð. Hlutir sem átti að vera lokið í desemberlok eru loksins núna að komast á blað í fjármálaráðuneytinu. Ég veit ekki í hvað janúarmánuður fór hjá forvera mínum á þeim stað.

En nú er búið að spýta í lófana og nú verða þessir hlutir unnir hratt. Ef listaðir væru t.d. upp þeir fundir sem núverandi ríkisstjórn hefur þegar átt með kröfuhöfum, með erlendum sendiherrum, með aðilum vinnumarkaðarins, (Forseti hringir.) sveitarfélögum, lífeyrissjóðum og öðrum slíkum (Forseti hringir.) spái ég því að það nálgist að vera jafnlangur listi og ríkisstjórn (Forseti hringir.) Geirs H. Haardes komst yfir á starfstíma sínum frá því 6. október og þangað til að hún sprakk. (Forseti hringir.)

[15:31]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa yfir mikilli ánægju með að við ræðum efnahagsmálin hér í dag sem eru mál málanna. Ég vil þakka hv. þm. Geir H. Haarde fyrir að vekja máls á þessu. Það er nýr tónn hjá Sjálfstæðisflokknum hér á þingi að ræða um mál sem virkilega skipta máli og ég vil minna á að fyrsti dagur okkar hér á þingi eftir að ný ríkisstjórn tók við fór í að ræða hvort Sjálfstæðisflokkurinn ætti að hafa forseta Alþingis eða ekki, heill dagur.

Ég fagna því að komin sé ákveðin samhljómur í að við ætlum okkur að takast á við þá erfiðleika sem við okkur blasa. Og þar þurfum við að koma fram sem einn maður í viðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það er forgangsmál að lækka stýrivextina. Atvinnulífið brennur upp í 18% stýrivöxtum, skuldir heimilanna stórhækka í 18% stýrivöxtum. Við þurfum að standa saman í þessu brýna máli, að lækka stýrivexti Seðlabanka Íslands og þar þurfum við að koma fram með trúverðugum hætti sem einn maður. Við höfum að undanförnu hér á landi skipt um ríkisstjórn, við höfum skipt um yfirstjórn í Fjármálaeftirlitinu og nú liggur fyrir Alþingi Íslendinga frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands sem er grundvallarstofnun og það þarf að vanda vel til þeirrar meðhöndlunar í viðskiptanefnd.

Það hefur heyrst að við framsóknarmenn séum að leggja sérstaklega stein í götu þess að það frumvarp verði afgreitt frá Alþingi Íslendinga. Það er síður en svo. Við höfum lýst því yfir og það er stefna flokksins að við viljum breyta yfirstjórn Seðlabankans og við viljum breyta umgjörðinni. Það er bara ekki sama hvernig það er gert. Við þurfum að fá álit vísra manna til þess að fara yfir það. Ég hef nefnt að mér finnst álitamál hvernig eigi að skipa í peningastefnunefndina sem á að auka trúverðugleika Seðlabankans. Það er verið að skoða. Við framsóknarmenn höfum lagt mikla áherslu á að við gerum ríkar kröfur um hæfi og menntun seðlabankastjórans. Það er verið að skoða. Og við framsóknarmenn höfum líka lagt fram frumvarp hér á Alþingi um að gagnsæi í ákvarðanatöku, til að mynda um stýrivexti, sé algjört. Þar höfum við talað fyrir því að fundargerðir séu birtar og fleira í þeim efnum. Allt þetta er verið að skoða á vettvangi viðskiptanefndar og við munum leitast við að vinna hratt að því máli. Það þýðir ekki að afgreiða lög um grundvallarstofnun eins og Seðlabanka Íslands á einum eða tveimur dögum og ég held að allir þingmenn séu sammála okkur framsóknarmönnum um það.

Það bíður mikið verkefni við að endurreisa efnahagslífið og bankarnir munu gegna lykilhlutverki í því. Ríkið á fullt í fangi með að reka þrjá stóra ríkisbanka og við framsóknarmenn höfum að undanförnu talað fyrir því að við þurfum að styrkja sparisjóðakerfið í landinu. Ég velti því fyrir mér hvort við ættum að huga að þeirri leið að sparisjóðafjölskyldan í landinu taki yfir einn af þremur stóru ríkisbönkunum. Það gæti styrkt sparisjóðakerfið í landinu og mundi um leið létta á ríkinu, þann erfiða rekstur sem á því hvílir. Ég tel að þetta sé leið sem við þurfum að skoða því að ég vil gera allt sem í mínu valdi stendur til að styrkja og viðhalda sparisjóðunum í landinu sem hafa sannað gildi sitt að undanförnu.

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn buðum fram hlutleysi okkar gagnvart þeirri minnihlutastjórn sem nú er við störf. Ég legg ríka áherslu á að við þingmenn stöndum saman um að styðja þá stjórn til allra góðra verka. Við framsóknarmenn höfum sagt hér á Alþingi að við munum styðja mál hvort sem þau koma frá stjórn eða stjórnarandstöðu. Markmið okkar hlýtur að vera að skapa betra samfélag, að skapa betra Ísland og almenningur gerir kröfu um að við komum okkur upp úr MORFÍS-gírnum, (Forseti hringir.) upp úr stríðsgrafarhernaðinum sem hér hefur ríkt á undanförnum dögum og stöndum saman sem einn maður. Það er aðalatriðið fyrir íslenska þjóð.

[15:35]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Það er fagnaðarefni að hér sé rætt um efnahagsmál á víðum grundvelli í því ljósi sem staða þeirra er um þessar mundir. Ég vil segja að ríkisstjórnarskiptin töfðu mjög framgang mála hér á Alþingi, það voru ekki haldnir þingfundir á aðra viku vegna þess að menn voru að reyna að koma sér saman um málefnasáttmála ríkisstjórnar með stuðningi flokks sem ekki vildi vera aðili að ríkisstjórninni. Og svo eftir margra daga fundahöld þegar afraksturinn var loksins sýndur var ekkert á blaðinu, engar ákvarðanir lágu fyrir heldur aðeins „skoða og athuga“. Þar fóru þingmenn illa með tímann og á því bera þeir ábyrgð

sem hleyptu málunum í þá stöðu að eyða mörgum dögum í karp um einhverja hluti sem engu skilaði þegar upp var staðið.

Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. málshefjanda, hv. 1. þm. Reykv.s., að það er mikilvægast að koma bankakerfinu í gang. Menn hljóta eðlilega að beina öllum kröftum sínum að því til þess að koma þeirri starfsemi af stað og til þess að geta fjármagnað atvinnulífið því að atvinnuleysi er það mesta böl sem Íslendingar sjá framan í um þessar mundir og menn verða að leggja sig fram um að koma í veg fyrir að það verði eins mikið og útlit er fyrir og spáð er. Bankakerfið er grundvöllurinn til þess að ná árangri á því sviði.

Í öðru lagi þurfa menn að ná árangri í aðgerðum til þess að hjálpa skuldsettum heimilum að ná tökum á skuldum sínum í ljósi þess sem hefur orðið frá því að bankarnir féllu, bæði að kaupmáttur fólks hefur minnkað og verðbólga aukist sem hefur leitt til þess að greiðslugetan er ekki lengur í því samræmi sem ætlað var fyrir fall bankanna. Það er því augljóst að margar fjölskyldur þurfa að fá stuðning og aðstoð til að komast út úr skuldum sínum á þann hátt sem ætlað var í upphafi. Það er ákaflega mikilvægt að þingið afgreiði löggjöf um þetta og það eru komin fram frumvörp frá ríkisstjórninni. Það er fagnaðarefni og ég bendi á tvö frumvörp sem ég hef flutt um það efni sem ég held að leggi góðar hugmyndir inn í þær aðgerðir sem þarf að fara í, annars vegar um tímabundnar ráðstafanir í þágu einstaklinga og hins vegar um breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem opnað er fyrir þann möguleika að atvinnulausir geti stundað nám til að auka starfshæfni sína og verið í allt að tvö ár í námi. Það mun hjálpa verulega til við að draga úr atvinnuleysi en ekki hvað síst til að skapa vinnuafl sem getur tekist á við ný störf sem munu auðvitað verða til eftir þessar breytingar.

Í þriðja lagi þurfa stjórnvöld að nota tímann til þess að ráðast í atvinnuuppbyggingu og þar hefur ríkisstjórnin ekki lagt mikið að mörkum annað en að setja fótinn fyrir ný atvinnutækifæri í hvalveiðum, að standa á bremsunni í stóriðjuuppbyggingu, hvort sem það er álver eða eitthvað annað, og það verður ekki séð að ríkisstjórnin hafi náð saman um stefnu til þess að skapa ný atvinnutækifæri á Íslandi með því að nýta auðlindir landsins eða sjávarins, virðulegi forseti. Það er miður að ríkisstjórnin skuli vera svona ósamstæð í þessum efnum og þeir sem styðja hana til valda bera ábyrgð á því. Þeir munu þurfa að svara fyrir þá ábyrgð þegar þar að kemur að dregst úr hömlu (Forseti hringir.) að ráðast í nauðsynlegar aðgerðir í atvinnulífinu.

[15:39]

Jón Magnússon (U):

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að þakka hv. þm. Geir H. Haarde fyrir að vekja máls á þessum atriðum varðandi efnahagsmál. Ég tel líka í framhaldi af því ástæðu til að vekja athygli á því að í viðtalsþætti í BBC í morgun gerði hv. þm. Geir H. Haarde grein fyrir því að hann hafi ekki rætt við Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, eftir bankahrunið sem mér finnst þó vera forgangsatriði að forsætisráðherra geri.

Ég vil brýna það fyrir hæstv. forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, að hún gangi nú í það að eyða a.m.k. einu langlínusímtali á hæstv. forsætisráðherra Breta, Gordon Brown, til að fá úr því skorið hvernig á því stóð að Bretar beittu íslensku þjóðina hryðjuverkalögunum á sínum tíma. En það er eitt af því sem hlýtur að vera spurningin um hvernig við högum málum okkar og hvort við eigum möguleika á því að sækja hugsanlegar skaðabætur í hendur Breta vegna þeirrar fólskulegu aðfarar sem Bretar gerðu að hagsmunum Íslendinga hvað þetta varðar. Mér finnst þetta vera forgangsatriði.

Ég verð að segja það — ég hef að vísu stuttan tíma — en mér finnst ég vera staddur á sama leiksviði og áður, þess vegna í október, sömu leikarar en það eru hlutverkaskipti. En það vantar á að hlutirnir séu gerðir, það vantar á að stýrivextir séu lækkaðir, það vantar á að greitt sé úr vanda smáfyrirtækjanna, það vantar á að greitt sé úr vanda einstaklingsfyrirtækjanna. Í dag las ég að Félag fasteignasala, Hagsmunasamtök heimilanna og fleiri gera kröfur um að það beri að færa niður höfuðstól verðtryggðra lána og setja ný lög um íbúðalán eins og ég hef verið að flytja tillögur um á Alþingi frá því að ég settist hér inn. Þetta eru forgangsatriðin sem verður að taka á til að tryggja hagsmuni einstaklinganna og til að tryggja hagsmuni smáfyrirtækjanna. Það eru þau sem skipta máli og eru fyrst og fremst undirstaðan og forsenda þess að hér þrífist kröftugt athafnalíf. (Forseti hringir.) Stórfyrirtækjunum getum við ekki bjargað, það verða að koma nýir aðilar þar inn.

[15:42]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Það er á engan hátt nýmæli fyrir okkur Íslendinga að glíma við erfiðar efnahagsaðstæður þótt meðbyr hafi verið í efnahagslegu tilliti um langt árabil. Reynslan hefur sýnt okkur að með því að ganga hreint til verks, fresta ekki að óþörfu að takast á við erfið mál og með skýrri sýn á framtíðina er hægt á tiltölulega skömmum tíma að snúa vörn í sókn. Efnahagsstefnan sem mótuð var eftir hrun bankakerfisins og unnið er eftir í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn lagði ákveðinn grunn að þeirri vinnu sem fram undan er.

Í meginatriðum er ekki ágreiningur um þá stefnu þótt tekist hafi verið á um hana í upphafi en hún er að efni til þríþætt: Stöðugleiki á gjaldeyrismarkaði kemur þar fyrst. Þrátt fyrir þau gjaldeyrishöft sem nú búum við og að skiptar skoðanir hafi verið um leiðir í því efni verður ekki annað sagt en með því að stöðva fall krónunnar hafi náðst afar mikilvægur árangur. Afleiðingar frekara falls krónunnar hefðu verið skelfilegar fyrir fyrirtækin og heimilin í landinu. Nú bendir flest til þess að létta megi á þeim höftum áður en langt um líður en ég vil taka undir með hæstv. fjármálaráðherra að vaxtalækkun á að vera í forgangi.

Í annan stað byggir efnahagsstefnan á endurreisn fjármálakerfisins. Engum dylst hve mikilvægt það er að fjármálakerfið komist að nýju í starfhæft ástand en það eru mikil vonbrigði að okkur hafi ekki enn tekist að koma saman stofnefnahagsreikningi hinna nýju banka. Skýrt yfirlit yfir efnahag þeirra er ein meginforsenda þess að við getum leitt til lykta umræðuna um stuðning við atvinnulífið í landinu og aðstoð við skuldsett heimili. Þetta er því algjört

grundvallaratriði í allri okkar vinnu. Í gær kom fram skýrsla frá samræmingarnefnd ríkisstjórnarinnar og ég fagna því en ég vil um leið lýsa vissum vonbrigðum með efnisinnihald skýrslunnar. Þar er ekkert að finna um hvar þetta endurreisnarstarf fjármálakerfisins er statt, ekki eitt orð og maður spyr sig: Hvað er það sem hefur tafið ferlið jafnmikið og raun ber vitni? Í hverju lýsir vandinn sér? (**MÁ:** Seg þú okkur.) (**Fjmrh.:** Í hvað fóru fjórir mánuðir?) Er það verðmatið sjálft eða ágreiningur við kröfuhafa um uppgjörið á milli gömlu og nýju bankanna? Er mögulegt að kröfuhafarnir vilji koma að eignarhaldi á nýju bönkunum eins og mjög hefur verið í umræðunni og sumir virðast hafa áhuga á eða liggur fyrir ákvörðun um að ríkið muni fara að fullu með eignarhald á öllum bönkunum frá og með stofnun þeirra? Það hefði verið heppilegt að á þetta hefði verið drepið í skýrslu samræmingarnefndarinnar. Ég vil ekki segja annað en að þingið þarf að vera betur upplýst en nú er um þessi efnisatriði.

Í skýrslu nefndarinnar er teflt fram tillögu um stofnun eignasýslufélags til að styðja við endurreisn stærri félaga og endurskipulagningu og björgun verðmæta þeirra félaga sem rak í þrot. Margt bendir til að þetta kunni að vera skynsamleg leið í ákveðnum tilvikum en allt vekur þetta hjá manni ótta um að innan skamms verði ríkið að nýju alltumlykjandi, ekki bara í bankastarfseminni heldur jafnframt í stórum hluta atvinnustarfseminnar í landinu. Fyrir liggur að kröfuhafar gömlu bankanna hafa ekki eingöngu hagsmuni og áhuga heldur líka þekkingu og fjármagn til að leysa þessi verkefni að stórum hluta og þar með ríkið undan því að koma með eiginfjárframlag í bæði bankana og slíkt eignasýslufélag. Það er brýn nauðsyn að fá stefnuna í þessu efni og stöðuna eftir mánaðalangar viðræður við kröfuhafana upp á borðið.

Í þriðja lagi hefur efnahagsstefnan snúist um að koma saman stefnu í ríkisfjármálum fyrir komandi ár. Ný ríkisstjórn hefur ekki gefið skýrt til kynna hvaða áherslur verði lagðar í þessu efni að öðru leyti en því að umræða um hátekjuskatt og frekari beitingu skattkerfisins til tekjujöfnunar hefur komist á skrið að nýju og hagræðingaraðgerðum verið frestað. Það væri óábyrgt að útiloka allar skattahækkanir við þær erfiðu aðstæður sem við okkur blasa en hugmyndir um beitingu skattkerfisins til frekari tekjujöfnunar vekja ugg því að við þurfum að leggja allt kapp á að aðgerðir stjórnvalda í skattamálum sem og öðrum sem snerta ríkisfjármálin dragi ekki úr athafnavilja og þrótti í hagkerfinu almennt, heldur feli frekar í sér örvun og hvata. Og til að draga úr (Forseti hringir.) ríkisútgjöldum mun jafnframt þurfa að taka erfiðar ákvarðanir og það er engum greiði gerður með að láta (Forseti hringir.) þær bíða of lengi. Það er reyndar engin einföld aðferð (Forseti hringir.) sem bíður okkar í efnahagsmálum, allt mun orka tvímælis þá gert er.

[15:46]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og í sjálfu sér ætla ég ekki að staldra lengi við ýmsar hagstærðir. Hins vegar ætla ég rétt að draga það fram, sem kom fram í byrjun umræðunnar, að fyrir liggur samkvæmt þjóðhagsspá sem kom út um miðjan janúar og spánni sem ASÍ birti í morgun að við horfum bæði fram á aukið atvinnuleysi á árinu og það að stýrivextir munu lækka og verðbólgan fara niður. Það er auðvitað það leiðarljós sem allir hafa unnið að hér á þingi, óháð flokkum. Ég vil líka segja í þessari umræðu, út af því að margir horfa til baka, að við getum kannski horft á að grunngildin hafi staðið í umræðunni, þ.e. framboð, eftirspurn, magn og verð. Það liggur einfaldlega fyrir þegar sagan verður skoðuð að bæði fjármagnsflæðið og fjármagnsflutningarnir miðuðust við framboðs- og eftirspurnarkúrfur hverju sinni.

Þess vegna er afskaplega ánægjulegt að hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra situr undir umræðunni og ég vonast til að hann komi hér fram með skýrslu handa þinginu og lýsi því hvernig hann sjái endurreisn bankakerfisins fyrir sér í ljósi þess sem Mats Josefsson sagði í gær. Það skiptir okkur öll miklu máli að viðskiptaráðuneytið stígi fram, því á síðustu mánuðum höfum við svolítið horft til baka í þeim efnum. Fyrrverandi viðskiptaráðherra var alltaf að takast á við fortíðina í umræðunni þrátt fyrir að jafnágætur hv. þingmaður og Björgvin Sigurðsson hafi unnið fram á við.

Það sem er mikilvægt fyrir okkur er að koma fjármagninu á hreyfingu, atvinnulífið og heimilin haldast í hendur og bankakerfið í dag, ríkisbankarnir þrír, er varfærið. Bankarnir þurfa að stíga fram til að sýna framsýni en varfærnin er mjög mikil í kerfinu í dag. Hlutverk ríkisins er mjög mikilvægt og í sjálfu sér þarf engan að undra það. Þegar ríkið tók við bönkunum í byrjun október tók það við þremur E-hluta fyrirtækjum og um E-hluta fyrirtæki gilda ákveðnar reglur. Þess vegna skiptir máli, alveg óháð því hvort menn heiti Baldur eða Konni, Valur eða Fylkir, að stjórnir bankanna bera mikla ábyrgð á því sem þar fer fram. Það kemur alltaf maður í manns stað. Líkt og fjárlaganefnd minnti á í desember hefur stjórn sem skipuð er í E-hluta fyrirtækjum til að annast rekstur þær skyldur sem forstöðumenn hafa ella. Þetta liggur alveg skýrt fyrir. Þegar við tókum við bönkunum bættust þrjú E-hluta fyrirtæki við og þess vegna ber okkur að ganga fram með rekstur þeirra eins og annarra E-hluta fyrirtækja hjá ríkinu.

Ég vil segja, virðulegur forseti, að við skulum gera okkur grein fyrir því hvert hlutverk ríkisbankanna er á næstu dögum og mánuðum. Það skiptir miklu máli að koma þeim af stað því að atvinnulífið bíður eftir því að ríkisbankarnir fari að vinna á fullri ferð um leið og losnar um fjármagn á markaði. En auðvitað bíðum við öll eftir því, með hliðsjón af því sem ég sagði áðan, að grunngildin haldi, framboð, eftirspurn, magn og verð.

Ég þakka fyrir þessa umræðu og vona að hún verði öllum til góðs.

[15:50]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ekki er ofsagt að íslensk þjóð og íslenskt samfélag standi á miklum tímamótum um þessar mundir. Segja má að nú taki við tímabil þar sem þjóðin sjálf á mikilvægar ákvarðanir fyrir höndum. Þá er gott að hafa í huga hið fornkveðna: Að fortíð skal hyggja er framtíð skal byggja. Það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því hvað olli efnahagshruninu.

Vafalaust erum við ekki öll nákvæmlega sammála um hvaða orsakir liggja þar að baki. Sumir segja: Bankarnir fóru offari, það eru bankarnir sem bera ábyrgð á því hvernig komið er. Þess sér m.a. stað í viðtali sem tekið var, og sagt er frá í fjölmiðlum í dag, þar sem hv. málshefjandi, hv. þm. Geir H. Haarde, segir og viðurkennir að það hafi verið mistök að íslenska útrásin varð jafnmikil og raun bar vitni, en það séu hins vegar mistök bankanna.

Engu að síður var það nú svo að hv. málshefjandi fór sem forsætisráðherra í sérstakan leiðangur til að tala máli þessarar sömu útrásar og til að segja erlendum aðilum að hér stæði bankakerfið traustum fótum. Það er líka mikilvægt að mínu viti að hafa í huga að stefna og stefnuleysi stjórnvalda á mikinn þátt í því að stoðir íslensks efnahagslífs stóðust ekki þá atlögu sem varð með hruni bankanna. Nýfrjálshyggjan, einkavæðingin, afnám hvers konar regluverks, afskiptaleysi stjórnvalda, mistök í efnahagsstjórninni, þenslan, hin mikla neysla, viðskiptahallinn og skattalækkanir á tímum þegar þensla var mikil. Allt þetta hafði að sjálfsögðu áhrif á hvernig síðan fór í efnahagslífinu hjá okkur.

Afleiðingarnar eru hrun í tekjum einstaklinga, yfirvofandi fjöldagjaldþrot fjölskyldna, aukin skuldsetning bæði atvinnulífs og heimilanna, greiðsluerfiðleikar og mikið atvinnuleysi sem við horfumst í augu við og er kannski eitt stærsta og alvarlegasta vandamálið sem við þurfum að takast á við um þessar mundir.

Viðskilnaður Sjálfstæðisflokksins er þess vegna ekki sérstaklega björgulegur. Samfélagið er í raun brotið. Mér virðist, því miður, að í umræðum þessarar viku í þinginu hafi ekki komið fram miklar áhyggjur af þessari stöðu af hálfu Sjálfstæðisflokksins, ekki mikill skilningur á vanda heimilanna og atvinnulífsins, á atvinnuleysinu eða kaupmáttarskerðingu venjulegs fólks. En hvergi má hrófla við sendimönnum flokksins hér og þar um kerfið sem þó bera ríka ábyrgð á hruninu.

Nú ríður á að læra af reynslunni. Nú ríður á að við uppbyggingu samfélagsins séu önnur gildi látin ráða og ekki sé bara byggt upp nákvæmlega eins samfélag á sömu brauðfótum og var hér fyrir hrunið. Það ríður á að byggja hér upp samfélag á grundvelli jöfnuðar, réttlætis og samvinnu. Það hefur verið kvartað yfir því, m.a. af formannsframbjóðanda í Sjálfstæðisflokknum, að nú horfi til þess að ríkið verði alltumlykjandi í atvinnulífinu, eins og hann komst að orði. Það er hins vegar mikilvægt að við förum okkur varlega í uppbyggingunni og vitum nákvæmlega hvað við erum að gera, og hlutverk hins opinbera, samfélagsins alls, verður ákaflega þýðingarmikið í því. (Gripið fram í.) Nú er mikilvægt að örva atvinnulífið og atvinnustarfsemina, m.a. með mannaflsfrekum framkvæmdum og starfsemi, koma í veg fyrir að fjölskyldur þurfi að yfirgefa heimili sín og jafnvel landið og endurheimta traust í samfélaginu á stofnanir þess inn á við og út á við. (Forseti hringir.) Það verður ekki gert með gömlu áhöfninni sem Sjálfstæðisflokkurinn býður upp á. (Forseti hringir.) Hér þarf ný gildi, nýtt og endurmótað Ísland (Forseti hringir.) á félagslegum grunni. (Forseti hringir.)

[15:54]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Fyrir rétt þremur vikum ræddum við hér á Alþingi skýrslu fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra um stöðu efnahagsmála. Síðan þá hefur margt breyst. Samfylkingin hætti að verja hin efnahagslegu hryðjuverk sem unnin hafa verið á íslensku þjóðinni eftir að Framsóknarflokkurinn opnaði henni leið út úr myrkrinu. Núverandi ríkisstjórn með stuðningi Framsóknar vinnur hörðum höndum að því að hreinsa út skítinn eftir frjálshyggjudeild Sjálfstæðisflokksins sem náði næstum að leggja Ísland í rúst með 18 ára óstjórn á íslensku efnahagslífi. (**JM:** Með aðstoð Framsóknarflokksins.) Samfylkingin þarf að borga fyrir að hafa sofið á verðinum og verður að gera upp við fortíðina líkt og framsóknarmenn hafa þegar gert. Almenningur hefur því miður ekki enn orðið var við breytingarnar í bókhaldinu hjá sér. Fyrir þremur vikum voru um 12.000 manns á atvinnuleysisskrá, í dag eru þeir orðnir nærri 15.000. Á þessum þremur vikum hafa nær 3.000 manns misst vinnuna og þeim fjölgar enn.

Á meðan á þessu stendur snúast þingstörf sjálfstæðismanna aðallega um það að þyrla upp moldviðri í sölum Alþingis. Þeir gera sér grein fyrir því að ábyrgð þeirra á ástandinu er alger og reyna nú í örvæntingu að beina athygli almennings eitthvert annað. (Gripið fram í.) Smjörklípurnar hreinlega spýtast ofan úr Valhöll og innan úr Svörtuloftum og hingað inn á Alþingi. Sjálfstæðismenn fara hamförum við að verja það valdakerfi sem þeir hafa með mikilli eljusemi, pólitískum ráðningum og helberri spillingu byggt upp síðustu tvo áratugi og þeir ætla ekki að gefa það eftir. Skítt veri með íslenska þjóð og það sem á henni brennur.

Þetta gengur svo langt að heilu leikritin eru sett á svið til að reyna að gera störf ríkisstjórnarinnar tortryggileg og hindra framgang mikilvægra mála í þinginu. Þannig lagði hv. þm. Geir H. Haarde fram sérkennilega fyrirspurn á mánudag um pólitískar hreinsanir í bankaráðum og strax daginn eftir sögðu tveir formenn bankaráða af sér með mikilli viðhöfn. Það er ljóst að heragi Valhallar er slíkur að háttsettir liðsmenn láta sig umsvifalaust falla á sverðin berist þeim boð um það frá herforingjanum. Það væri óskandi að yfirhershöfðinginn í Svörtuloftum sæi sóma sinn í að gera slíkt hið sama.

En það er einmitt þessi hráskinnaleikur sem við höfum fengið nóg af. Því fyrr sem sjálfstæðismenn játa brot sín gagnvart íslensku þjóðinni, því fyrr getum við snúið okkur að því að byggja upp nýtt Ísland. Sjálfstæðismönnum er vorkunn því að eftir að hugmyndafræði þeirra hrundi til grunna vita þeir hreinlega ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga, en það vitum við framsóknarmenn hins vegar vel.

Við ætlum okkur að byggja upp nýtt (**GMJ:** Þú ert með geislabaug!) Ísland á grundvelli samvinnu, samstöðu, sanngirni og sjálfsábyrgðar. Til að reisa íslenskan efnahag við þarf að grípa til alvöruaðgerða. Við þurfum að hefja strax viðræður við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að lækka stýrivexti. Vaxtalækkun verður að koma til fljótt eigi einstaklingar og fyrirtæki að eiga einhvern möguleika á því að komast af. Við þurfum að losa um gjaldeyrishöftin en til þess þurfum við að semja um jöklabréfin. Við þurfum að

ráða erlenda sérfræðinga strax til að aðstoða okkur við að semja um Icesave-reikningana og þar má ekkert gefa eftir. Við þurfum að setja á stofn endurreisnarsjóð sem tekur lán hjá lífeyrissjóðunum og endurlánar fyrirtækjum og sveitarfélögum til atvinnusköpunar. Við þurfum að tryggja fjármögnun orkufyrirtækja á nýjum virkjunum og klára fjárfestingarsamning við Norðurál vegna Helguvíkur og sá samningur þarf að komast í gegnum þingið fyrir þinglok í vor. Við þurfum að tryggja fjármagn í markaðssetningu Íslands erlendis til að draga gjaldeyri til landsins með erlendum ferðamönnum.

Fyrir kosningarnar 1996 lofuðu framsóknarmenn 12.000 nýjum störfum og stóðu við það loforð. Við þurfum að taka höndum saman og hefja atvinnuuppbyggingu á ný. Þar höfum við framsóknarmenn ýmislegt til málanna að leggja. Það er það sem við þurfum, ekki innantómt karp um keisarans skegg.

[15:58]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegi forseti. Mig langar til að byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu um efnahagsmál en langar til að benda á að unga fólkið okkar er að missa vinnuna. Alls voru 4.848 á aldrinum 16–29 ára atvinnulausir í janúar, alls 39% þeirra sem eru skráðir. Af þeim höfðu 1.023 verið atvinnulausir í meira en sex mánuði og langtímaatvinnuleysi er fram undan.

Yfir 660 ungir aðilar eru á vanskilaskrá. Mér finnst þetta alvarlegt áhyggjuefni í þjóðfélaginu í dag, en langar til að benda á annað sem ég tel að mjög mikilvægt sé að komi inn í umræðuna: Hvað höfum við Íslendingar, rúmlega 300.000 hræður á þessu litla skeri, að gera með þrjá ríkisbanka? Mér finnst það fráleitt. Tveir ættu að duga og svo ætti að fá einn erlendan banka inn.

Í morgun kom fram í umræðu hjá sjálfstæðismönnum, eins og áðan hjá hv. þm. Geir H. Haarde, að þeir eru alveg miður sín yfir hreinsunum í stjórnkerfinu. Ég vil benda sjálfstæðismönnum á að almenningur í landinu kallar á hreinsun í öllu stjórnkerfinu, öðruvísi er ekki hægt að byggja upp traust hjá almenningi, þ.e. ekki nema með breytingum og að skipta út öllum toppum í stjórnkerfinu.

Aðrir þættir eru alvarlegir út af atvinnuleysi, andleg hlið fólks. Allt þetta atvinnuleysi hefur haft mjög mikil áhrif, heilsufarsleg, andleg og félagsleg. Þingmenn ættu að gera sér grein fyrir því að það hefur líka valdið sjálfsmorðum. Ég vil beina orðum mínum til ríkisstjórnarinnar að athuga það að innheimta skulda má ekki vera jafnharkaleg og nú er, beiðnir hafa farið frá ríkisstjórninni til banka og opinberra stofnana og sveitarfélaga um að milda aðgerðir gagnvart skuldurum. Í flestum tilvikum eiga þeir ekki sök á stöðunni eins og hún er núna. Samt er enn gengið mjög harkalega þar fram svo að ég vil beina því til ríkisstjórnarinnar að setja fastar reglur til banka og opinberra aðila um að hjálpa til, eins og mögulegt er, þannig að fólk tapi ekki trú á þjóðfélaginu, lífsmöguleikum sínum og afkomu.

Ríkisstjórnir síðustu 18 ára geta ekki sagt að þær hafi ekki brugðist fólkinu í landinu og atvinnulífinu með gjörðum sínum. Það hafa þær gert, þeirra er ábyrgðin. Allir flokkar á Alþingi verða að taka höndum saman og vinna að bættara samfélagi, pólitískar línur verða að víkja og það strax. Hugsa verður um heimilin og atvinnulífið til að byggja þjóðfélagið upp aftur og ekki seinna en í gær. Nota á umræðuna á Alþingi til að fjalla um mál sem skipta þjóðfélagið máli en ekki í pólitískt karp.

[16:02]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. forsætisráðherra sá ekki ástæðu til að svara einni einustu af þeim spurningum sem ég lagði fyrir hana. Hins vegar sá hún ástæðu til að nýta sér ummæli hins sænska sérfræðings, sem ég réði til starfa, frá því í gær, í pólitískum tilgangi og virtist ætlast til þess að fyrrverandi ríkisstjórn hefði verið búin að hrinda í framkvæmd tillögum sem fyrst sáu dagsins ljós af hálfu þessa manns í gær. Þetta er fáránlegur málflutningur eins og margt sem fram kom í ræðum stjórnarliðanna hér og ég verð að segja að hæstv. núverandi fjármálaráðherra er orðinn býsna hörundsár ef hann kallar umræðu af þessu tagi, eins og hér í dag, ólæti í þingsalnum.

Öðruvísi mér áður brá. Ef einhver flokkur hefur staðið fyrir ólátum hér innan húss og utan er það flokkur hæstv. núverandi fjármálaráðherra. Orðbragð það sem hann tók sér hér í munn um Sjálfstæðisflokkinn er ekki eftir hafandi. Mér þykir hins vegar miður að hann skuli nota tækifærið í þessum umræðum og kalla ráðuneytisstjórann í forsætisráðuneytinu, sem er einhver vandaðasti embættismaður í öllu kerfinu, og hefur helgað alla starfsævi sína opinberum störfum, flokksgæðing. Hann gerði það áðan, kallaði ráðuneytisstjórann og aðra þá sem ég hef nefnt til flokksgæðinga.

Ég hlýt að hafna því og það á líka við um aðra menn sem hafa unnið hér af trúmennsku á undanförnum mánuðum og hefur nú verið vikið til hliðar. (Gripið fram í.) Búið var að gefa það til kynna við þá tvo menn sem gegnt hafa bankaráðsformennsku að á aðalfundi bankanna í apríl yrði þar breyting á. Þeir höfðu ekki áhuga á því að starfa áfram við þær aðstæður. Ég gaf hæstv. forsætisráðherra tækifæri til þess á mánudaginn að bregða skildi fyrir þessa menn með því að segja að hún styddi að þeir héldu áfram. Hún ákvað að gera það ekki og því fór sem fór í því máli og er það mjög miður þegar bankarnir og allir starfsmenn þeirra og stjórnendur eru önnum kafnir við að vinna mjög erfið verk. Þetta var ekki það sem mest þurfti á að halda einmitt núna.

Hæstv. forseti. Flest af því sem fram kom í máli forsætisráðherrans var frásögn af þeim málum sem hafa verið í gangi frá því í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar. Endurreisn bankakerfisins hefur tafist, sagði hún. Skilaði ekki maðurinn sem fenginn var til þess fyrstu skýrslu sinni í gær? Af persónulegum ástæðum kom hann ekki til starfa fyrr en um miðjan janúar. En, alveg eins og hæstv. forsætisráðherra sagði, var talið ómetanlegt að fá hann í þetta verk og aðrir erlendir sérfræðingar, sem nú er talað um að fá hingað og bæta við þá sem verið hafa, höfðu líka verið ráðgerðir á vegum fyrri stjórnar.

Lánamálin, sem hæstv. ráðherra vék að, hafa tafist vegna þess að lánardrottnarnir vildu bíða eftir því að fyrstu endurskoðun á áætluninni með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum

lyki. Ég fagna því ef hægt er að fá botn í þau mál sem allra fyrst. Það er auðvitað mjög mikilvægt.

Hæstv. forsætisráðherra talaði töluvert um seinagang, ákvörðunarfælni o.s.frv. Ég get nefnt ágætt dæmi um ákvörðunarfælni og seinagang sem Samfylkingin ber ábyrgð á. Hinn 1. febrúar tók til starfa hinn sérstaki saksóknari varðandi brot sem kunna að hafa verið framin í aðdraganda bankahrunsins. Samfylkingin tafði það mál í tvo mánuði. Þessi tiltekni embættismaður hefði getað hafið störf 1. desember ef ekki hefði verið fyrir ákvörðunarfælni og seinagang Samfylkingarinnar.

[16:06]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að víkja að því sem hv. síðasti ræðumaður fullyrti, að orð mín hér í vikunni hafi haft einhver úrslitaáhrif hvað það varðar að þessir bankaráðsmenn í þessum tveimur bönkum hafi sagt af sér. Þetta er bara fyrirsláttur hjá hv. þingmanni og hæstv. fjármálaráðherra lýsti því ágætlega hvernig aðdragandi málsins var. (**GHH:** Þeir segja það í bréfi sínu.) Þannig að ég vísa því á bug sem hv. þingmaður sagði.

Ég tek eftir því að þeir sjálfstæðismenn sem hafa talað óttast mjög að hér verði ríkisforsjá allt um kring í samfélaginu eftir að þessi ríkisstjórn tók við. Ég vil minna hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins á hvernig þeir skildu við eftir að taumlaus frjálshyggja hafði verið hér við lýði í næstum tvo áratugi. Þeir ættu að minnast þess þegar þeir óttast að ný ríkisstjórn sé komin til valda. Út af ríkisforsjánni vil ég minna á að Mats Josefsson sagði einmitt að ríkið yrði að taka meiri ábyrgð á bönkunum. Það er bara þannig, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að ríkið er komið með bankana í fangið. Ég held að þessi ríkisstjórn hafi gert meira á þeim stutta tíma sem hún hefur verið við völd en ríkisstjórnin sem Geir H. Haarde og sjálfstæðismenn hafa setið í á umliðnum árum.

Við höfum lagt grunn að því að hér verði hægt að standa að því að lækka vexti sem fyrst. Áætlun okkar, sem við munum kynna Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, byggir einmitt á því. Því miður hefur uppgjörið við bankana dregist, við erum mánuði á eftir í því efni og það þurfti svo sannarlega að taka til hendinni í fjármálaráðuneytinu til þess að við hefðum tilbúna þá áætlun sem fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vilja sjá þegar þeir koma hingað og er forsenda þess að við getum lækkað stýrivexti, sem ég tek undir að er forgangsverkefni í íslensku samfélagi. Við verðum að standa þannig að málum að það sé hægt og við verðum að endurreisa það traust sem nauðsynlegt er á alþjóðavettvangi í því sambandi. Þannig höfum við unnið að því.

Varðandi það sem hv. þm. Geir H. Haarde nefndi áðan að ég hefði ekki svarað og hefur áhyggjur af því að við ætlum að setja bönkunum útlánamarkmið, það er bara eðlilegt við þessar kringumstæður. Það er það sem gert er í löndunum, bæði vestan hafs og austan, við slík skilyrði eins og nú eru og við slíkar aðstæður. Við höfum lagt til hliðar 385 milljarða til að setja inn í bankakerfið. Ekki er óeðlilegt að við setjum bönkunum útlánamarkmið og það er allt annað en að hafa afskipti inn í bankana, allt annað.

Ég vil nefna það, af því að ýmsir sem hér töluðu höfðu áhyggjur af því að við hefðum ekki sett neitt í gang varðandi atvinnulífið, að það er ósanngjarnt að halda því fram, vegna þess að við höfum sett ýmislegt af stað og erum með annað í undirbúningi til að ræsa gangverk atvinnulífsins. Kannski er forsendan sem við leggjum upp með þær breytingar sem við erum að gera á bankakerfinu, svo að efnahagsreikningur þeirra geti orðið með þeim hætti að það geti fyrst og fremst þjónað litlum og meðalstórum fyrirtækjum. En við tökum þau 10 eða 15 stóru fyrirtæki sem eru komin mjög tæpt inn í þetta eignaumsýslufélag til endurskipulagningar. Ég held að þetta sé forsenda þess að við getum ræst atvinnulífið í gang á ný og komið (Forseti hringir.) fram með skilvirkt (Forseti hringir.) bankakerfi sem þjónar almenningi (Forseti hringir.) og fólkinu í landinu.

[16:10]

Útbýting:

Framlög til framkvæmdar byggðaáætlunar, 307. mál, fsp. ArnbS, þskj. 536.

Undirbúningur að nýrri byggðaáætlun, 306. mál, fsp. ArnbS, þskj. 535.

Út af dagskrá voru tekin 6.–14. mál.

Fundi slitið kl. 16:11.

81. FUNDUR

mánudaginn 16. febrúar,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
3. Breytt skipan gjaldmiðilsmála, þáltill., 178. mál, þskj. 220. — Fyrri umr.
4. Vinnubrögð við gerð fjárlaga, þáltill., 241. mál, þskj. 355. — Fyrri umr.
5. Kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna, frv., 273. mál, þskj. 490. — 1. umr.
6. Stjórnarskipunarlög, frv., 286. mál, þskj. 512. — 1. umr.
7. Stjórnarskipunarlög, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
8. Þríhnjúkahellir, þáltill., 68. mál, þskj. 68. — Fyrri umr.
9. Listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis, frv., 100. mál, þskj. 107. — 1. umr.
10. Virðisaukaskattur, frv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.
11. Framleiðsla köfnunarefnisáburðar, þáltill., 110. mál, þskj. 118. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvest.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 10. þm. Reykv. n.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 8. þm. Suðvest.

Minning Sigbjörns Gunnarssonar.

[15:02]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Sigbjörn Gunnarsson, fyrrverandi sveitarstjóri og alþingismaður, andaðist í gær, 15. febrúar. Hann var 57 ára að aldri.

Sigbjörn Gunnarsson fæddist á Akureyri 2. maí 1951. Foreldrar hans voru hjónin Guðrún Sigbjörnsdóttir tryggingarfulltrúi og Gunnar Steindórsson kennari, sonur Steindórs Steindórssonar skólameistara og alþingismanns fyrir Alþýðuflokkinn.

Sigbjörn lauk stúdentsprófi við Menntaskólann á Akureyri 1972, nam síðan lögfræði við Háskóla Íslands 1974–1975. Hann var kennari við Gagnfræðaskóla Akureyrar um þriggja ára skeið en gerðist kaupmaður á Akureyri 1976. Eftir að þingmennsku lauk og Sigbjörn hafði sinnt ýmsum verkefnum á annað ár varð hann árið 1997 sveitarstjóri Skútustaðahrepps í Mývatnssveit og gegndi því starfi í 8 ár eða fram til 2005. Hann var sveitarstjóri Þingeyjarsveitar 2006 og gegndi því starfi uns hann veiktist á sl. sumri.

Sigbjörn Gunnarsson átti sterkar rætur í heimabæ sínum, Akureyri. Hann var þegar ungur maður félagslega sinnaður, hóf snemma afskipti af félagslífi á Akureyri og síðan stjórnmálum og skipaði sér í raðir Alþýðuflokksins. Á yngri árum var Sigbjörn knattspyrnumaður og þótti hafa gott keppnisskap. Hann var síðan forvígismaður í æskulýðs- og íþróttastarfi um áratugaskeið og lagði hvarvetna gott til, einkum innan knattspyrnuhreyfingarinnar og var kjörinn til forustustarfa í knattspyrnusambandinu.

Kjörtímabilið 1987–1991 var Sigbjörn varaþingmaður Norðurlandskjördæmis eystra og sat eitt þing, vorið 1988. Árið 1991 tók hann við forustusæti flokks síns í kjördæminu og var kjörinn á þing í aprílmánuði það ár. Hann sat á Alþingi í fjögur ár. Samtals sat hann á sex þingum. Sigbjörn hélt áfram afskiptum af stjórnmálum þótt hann ætti ekki afturkvæmt á Alþingi. Hann var formaður heilbrigðis- og trygginganefndar tvö ár á Alþingi en seinni hluta þess kjörtímabils var hann formaður fjárlaganefndar, 1993–1995. Hann sýndi mikinn dugnað í því starfi og réttsýni og sanngirni í erfiðu hlutverki sem honum var trúað fyrir. Loks varð Sigbjörn formaður þingflokks Alþýðuflokksins síðasta veturinn á þingi. Þingmennskuár sín var hann fulltrúi Alþingis á fundum Evrópuráðsþingsins.

Sigbjörn Gunnarsson kom á Alþingi reyndur í félags- og atvinnulífi og naut þeirrar reynslu í starfi alþingismanns. Hann var lipur í samskiptum, hreinn og beinn og fylgdi málum eftir af festu.

Ég bið þingheim að minnast Sigbjörns Gunnarssonar fyrrverandi alþingismanns með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Athugasemdir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um seðlabankafrumvarpið.

[15:05]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Fyrir viku birti forsætisráðuneytið yfirlýsingu þar sem fram kom að ekki væri unnt að birta umsögn eða athugasemdir frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um seðlabankafrumvarpið vegna þess að sjóðurinn krefðist þess að trúnaður væri haldinn um þetta mál þrátt fyrir vilja forsætisráðherra. Ég grennslaðist fyrir um málið hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og sendi þangað tölvupóst og fékk svar þar sem eftirfarandi kemur fram, með leyfi forseta:

„Í samræmi við fastar vinnureglur ganga athugasemdir okkar til stjórnvalda og það er stjórnvalda að ákveða hvort þeim er dreift til annarra.“

Hér er verið að vísa til þeirra bráðabirgðaathugasemda sem spurt var um. Með öðrum orðum, það sem kom fram í yfirlýsingu forsætisráðuneytisins um þetta efni var ekki rétt. Það var ekki farið rétt með, það var ósatt þannig að ríkisstjórn hinnar miklu siðbótar, sem ætlar að beita sér fyrir breytingum á lögum um ráðherraábyrgð og auka gegnsæi á öllum sviðum, hefur gert sig seka um að fara rangt með í þessu máli. Hvers vegna? Hvers vegna var þessu haldið fram þegar þetta var ekki rétt? Það verður að birta hinar upphaflegu athugasemdir. Voru þær öðruvísi en þær athugasemdir sem síðar bárust? Óskaði ráðuneytið kannski

eftir því að þeim væri breytt? Hvernig breyttist þessi umsögn?

Í leiðinni vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hún hafi leitað ráða hjá helstu trúnaðarmönnum forsætisráðuneytisins hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þannig er að Ísland á tvo trúnaðarmenn í sjóðráði sem kallað er, í æðstu stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, aðalfulltrúa og varafulltrúa Var leitað til þeirra og kannski vill ráðherrann upplýsa okkur hv. þingmenn um hverjir þeir fulltrúar eru?

[15:07]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því að forsætisráðuneytið hafi farið rangt með upplýsingar og trúnaðarupplýsingar sem okkur höfðu borist frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Ég veit ekki betur en að um helgina hafi borist beiðni frá einum þingmanni þar sem beðið er um öll gögn sem við höfum uppi í þessu máli og þau verða auðvitað öll send til viðkomandi þingmanns. Ég hygg að í þeim gögnum komi fram að í hinum upphaflegu athugasemdum eða tæknilegu ábendingum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sendi okkur kom fram að óskað væri eftir trúnaði um þær upplýsingar sem þar voru sendar. Ég mótmæli því að forsætisráðuneytið hafi með einhverjum hætti farið rangt með í þessu máli eða í því sem það hefur upplýst viðskiptanefnd um, í ráðuneytinu er allt opið sem hægt er að hafa opið. En þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn biður okkur um trúnað um þær upplýsingar sem þeir sendu fyrst um tæknilegar ábendingar, en eftir að við höfðum sent þeim frumvarpið þegar búið var að þýða það á ensku þá báðu þeir um trúnað um þær upplýsingar en sögðu aftur á móti að þeir mundu senda aðra umsögn sem við gætum birt opinberlega. Það hefur verið gert og því hefur engu verið leynt í þessu máli.

[15:09]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Það væri óskandi að þetta mál væri svona vaxið. En ég sendi sjóðnum fyrirspurn og fékk m.a. svar þar sem stendur eftirfarandi: „Hvað varðar seðlabankalögin höfum við einmitt sent stjórnvöldum athugasemdir til bráðabirgða sem við gerum ráð fyrir að komi í endanlegt horf fljótlega. Í samræmi við fastar vinnureglur ganga athugasemdir okkar til stjórnvalda og það er stjórnvalda að ákveða hvort þeim verði dreift til annarra.“

Með öðrum orðum, því er enn haldið fram hér að sjóðurinn hafi beðið um trúnað á þessu. Það stemmir ekki við það sem mér er sagt og sá sem sendi mér þetta er sá sem hefur með Íslandsmálin að gera. Hæstv. ráðherra verður að gera það upp við sig hvað og hvernig á þessu stendur en það verður að birta þessar upphaflegu athugasemdir. Það er lágmarkskrafa eins og málinu er háttað.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningunni um fulltrúa Íslands í sjóðráðinu. Það er kannski vegna þess að hún veit ekki hverjir þeir eru. En aðalfulltrúinn heitir Davíð Oddsson og er seðlabankastjóri og varafulltrúinn heitir Bolli Þór Bollason og er fyrrverandi ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu. Kannski er það einhver skýring á því að það er ekki leitað til þessara manna.

[15:10]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Herra forseti. Það er mjög sérkennilegt hvernig þessu er haldið fram af hv. þingmanni. Hv. þingmaður veit mætavel að við vorum beðin um trúnað við þessum fyrstu upplýsingum sem komu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að því er varðar tæknilegar ábendingar um frumvarpið. Hv. þingmaður veit mætavel að ég óskaði eftir því að trúnaði við þessar fyrri upplýsingar sem fram komu eða tæknilegu ábendingar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, yrði aflétt. Svar þeirra var, eins og ég sagði áðan, að þeir mundu senda aðra umsögn sem gæti verið gerð opinber.

Hv. þingmaður veit líka mætavel að upplýsingalögin eru með þeim hætti að þar er ýmislegt sem snertir alþjóðastofnanir, og þar með Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, undanþegið almennri upplýsingaskyldu. Efnahagsskrifstofa ráðuneytisins sem hv. þingmaður þekkir mætavel fór með öll þessi samskipti fyrir okkar hönd og ég ítreka að við erum ekki að leyna einu eða neinu í ráðuneytinu í þessu efni. Hv. þingmaður ætti bara að sanna þetta.

Íslenskt viðskiptaumhverfi.

[15:11]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegur forseti. Árið 2004 skipaði þáverandi hæstv. viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, nefnd sem hafði það hlutverk að fjalla um íslenskt viðskiptaumhverfi. Sú nefnd starfaði undir formennsku núverandi hæstv. viðskiptaráðherra og hafði m.a. það hlutverk að koma með tillögur að lagabreytingum, m.a. með hliðsjón af hneykslismálum sem höfðu komið upp erlendis. Ítarlega var fjallað um löggjöf sem fellur undir félagarétt ekki hvað síst er varðar stjórnir og stjórnendur fyrirtækja.

Ein af tillögum meiri hluta nefndarinnar var að koma í veg fyrir að stjórnarformenn fyrirtækja væru jafnframt forstjórar eða framkvæmdastjórar á þeim forsendum að það er m.a. hlutverk stjórnar að hafa eftirlit með stjórnendum og því hefðu starfandi stjórnarformenn þar með eftirlit með sjálfum sér. Í því samhengi var vísað til fordæma í dönskum rétti og í gagnrýni á þetta fyrirkomulag sem tíðkast að einhverju leyti í Bandaríkjunum.

Þegar skýrsla nefndarinnar kom út og tillögur hennar voru kynntar er óhætt að segja að miklar mótbárur hafi komið fram um ýmislegt í skýrslunni, m.a. frá samtökum iðnaðarins og samtökum atvinnulífsins, sérstaklega hvað varðar tillöguna um að bann verði lagt við því fyrirkomulagi að stjórnarformenn gegni samhliða stöðu forstjóra eða framkvæmdastjóra. Einn nefndarmaður skilaði séráliti og taldi að reynsla af þessu fyrirkomulagi hefði verið góð og félag sem hafi þessa leið hafi náð eftirtektarverðum árangri, ekki síst í sókn sinni á erlenda markaði. Aðrir hafa hins vegar bent á að reynsla af þessu fyrirkomulagi hérlendis sé slæm, sérstaklega undanfarin missiri og það sé í besta falli ógagnsætt en jafnframt geti það gefið tækifæri til að hygla stærstu hluthöfum á kostnað þeirra minni og jafnvel séu skýrar vísbendingar um það.

Ég vil fyrst biðja hæstv. viðskiptaráðherra um álit hans á því hvort hann sé sammála því að núverandi fyrirkomulag

um að starfandi stjórnarformenn hafi getað haft neikvæðar afleiðingar fyrir íslenskt viðskiptalíf á undanförnum árum og ef svo er hvort ráðherra muni beita sér fyrir breytingum hvað það varðar á hans stutta tíma í viðskiptaráðuneytinu.

[15:14]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Þessari fyrirspurn er í raun auðsvarað því að ég er sammála hv. þingmanni Helgu Sigrúnu Harðardóttur, bæði um forsöguna sem hún lýsti ágætlega og um nauðsyn þess að þessu verði breytt, þ.e. að tekið verði á því í hlutafélagalögunum að við getum ekki haft stjórnarformenn sem í reynd eru framkvæmdastjórar viðkomandi fyrirtækja jafnvel þótt annar maður beri formlega séð heiti framkvæmdastjóra.

Eins og hv. þingmaður nefndi mætti þetta verulegri andstöðu á sínum tíma, m.a. hjá þeim sem bentu á að mörg íslensk fyrirtæki þá voru með starfandi stjórnarformenn og töldu að það hefði gefist vel. Nú held ég að óhætt sé að fullyrða, því miður, að reynslan sýnir að þetta fyrirkomulag gafst ekki vel. Mörg þessara fyrirtækja eru nú í verulegum kröggum eða jafnvel orðin gjaldþrota. Á því eru auðvitað margar skýringar og ekki eingöngu þetta skipulag en ég held að sú niðurstaða hversu illa þessi rekstur gekk þegar upp var staðið renni stoðum undir að æskilegra sé að hafa skýrari skil á milli stjórna fyrirtækja sem hafa þá eftirlitshlutverk, auk þess að hafa stefnumótunarhlutverk og síðan framkvæmdastjórna fyrirtækja, eins og reyndar var hugmyndin með því að sett voru í lög ákvæði, sem er enn þá, um að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra sem stjórnarformann. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því að þessu verði breytt en væntanlega samhliða öðrum breytingum á hlutafélagalögum sem ástæða virðist til að koma í gegn í ljósi reynslu undanfarinna missira af framkvæmd laganna.

[15:16]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir svarið. Það gaf mér skýrt til kynna að þetta fyrirkomulag hefur ekki gefist vel í viðskiptalífinu.

Ég vil minna hv. þingmenn og hæstv. ráðherra á að þetta fyrirkomulag er það fyrirkomulag sem við höfum hér í þinginu líka. Þingið á að hafa eftirlit með ráðherrum sínum sem jafnframt eru hluti af þinginu þannig að ráðherrar eiga sjálfsagt að hafa eftirlit með sjálfum sér. Í því samhengi vil ég minna á mikilvægi frumvarps okkar framsóknarmanna um stjórnlagaþing sem hefur m.a. það hlutverk að endurskoða þrískiptingu ríkisvaldsins, tryggja jafnræði, auka gagnsæi o.s.frv.

Dómur í máli formanns nefndar um málefni fatlaðra gegn ríkinu.

[15:17]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. 11. desember sl. féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli Sigurjóns Arnar Þórssonar gegn íslenska ríkinu þar sem verulega var fundið að stjórnsýslu félagsmálaráðuneytisins. Niðurstaðan er sú að ríkissjóður þarf að greiða hátt í 1.200 þúsund kr. vegna axarskafta í stjórnsýslu félagsmálaráðuneytisins. Um er að ræða brottvikningu formanns nefndar fatlaðra úr starfi sínu án þess að hann hafi notið nokkurs andmælaréttar eða að hann hafi getað komið nokkrum rökstuðningi að gagnvart hinu háa ráðuneyti. Endaði það með því að Sigurjón Örn Þórsson varð að leita réttar síns fyrir dómstólum og liggur nú niðurstaðan fyrir.

Hv. þm. Árni Mathiesen hlaut miklar ákúrur frá umboðsmanni Alþingis vegna ráðningar dómara í Héraðsdóm Norðurlands eystra. Menn höfðu stór orð um hvernig þeirri embættisfærslu var háttað. Hér er um það að ræða að dómur fellur í Héraðsdómi Reykjavíkur og er mjög merkilegt að ekki skuli nokkur maður hafa tekið eftir því að þessi dómur hafi fallið.

Mig langar að vitna til bloggsíðu hv. þm. Eyglóar Harðardóttur þar sem hún vitnar í hæstv. félagsmálaráðherra á þann veg, með leyfi forseta:

„Ég held, herra forseti, að atburðir síðustu vikna og missira segi okkur ljóslega að það er brotalöm í stjórnsýslu okkar, þar er ekki allt sem vera skyldi. Ábyrgð virðist vera óljós í stjórnsýslunni og hana þarf að skilgreina miklu betur. Stjórnendur sem treyst hefur verið og trúað fyrir stjórnunarstöðum innan stofnana á vegum ríkisins hafa brugðist trausti og trúnaði ...“ Fyrir þau mistök þarf að borga, fyrir þau fjármálalegu axarsköft sem gerð hafa verið.

Mig langar að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra að því hvernig hún hyggst bregðast við þessum dómi og hvort hún hafi þegar gripið til aðgerða vegna hans.

[15:19]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Mér er mjög ljúft að svara hv. þingmanni og ég tek eftir því að hv. þingmaður nefnir ekki hver þessi maður er. Þetta er fyrrverandi aðstoðarmaður Árna Magnússonar, fyrrverandi félagsmálaráðherra, sem þremur mánuðum (Gripið fram í.) fyrir kosningar var skipaður formaður stjórnarnefndar um málefni fatlaðra til fjögurra ára.

Nú veit hv. þingmaður það mætavel að þegar um stjórnarskipti er að ræða er mjög algengt að trúnaðarmenn fyrri ríkisstjórnar — sem eru í stöðum eins og formennsku hjá stjórnarnefnd um málefni fatlaðra — að oft er óskað eftir því og beðið um að viðkomandi víki fyrir trúnaðarmanni ráðherra. Ég spyr: Finnst hv. þingmanni eðlilegt að ég hafi sem formann í þessari mikilvægu stefnumótandi nefnd aðstoðarmann fyrrverandi félagsmálaráðherra? Ég tók þetta upp í ríkisstjórn, ræddi þetta þar — af því að ég heyrði að fyrrverandi hæstv. menntamálaráðherra var að grípa fram í. Menn voru yfir sig hneykslaðir á því að þetta skyldi vera með þeim hætti. Sigurjón Örn Þórsson krafðist fjögurra ára launa sem stjórnarformaður í fjögur ár, tveggja milljóna.

Það er bara mjög sérkennilegt að þessi maður hafi ekki orðið við beiðninni. Það er algengt að fólk verði við slíkum beiðnum og meira að segja framsóknarmenn sem sátu í mikilvægum nefndum í félagsmálaráðuneytinu komu til mín og óskuðu eftir að fá að fara úr nefndum þar sem þeir voru formenn og töldu eðlilegt að skipt væri um formann. Ég mótmæli því að hann hafi ekki haft andmælarétt vegna þess að ég bauð honum að koma til mín. (Gripið fram í.) Ég

bauð Sigurjóni að koma á minn fund til að ræða þetta en hann þáði það ekki. (Gripið fram í.)

Það var líka hringt í þennan mann strax. Það lá fyrir að ég vildi þessi skipti og hann sagðist sýna því skilning. Það er því mjög sérkennilegt að hv. þingmaður skuli koma með þetta inn í þingsali vegna þess að ég held að það hafi verið eðlilega að málinu staðið. Dómurinn er fallinn (Forseti hringir.) og ég viðurkenni hann en að mörgu leyti var mjög sérkennilega staðið að þessu (Forseti hringir.) af aðstoðarmanni fyrrverandi félagsmálaráðherra.

[15:21]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Mér finnst þetta svar afskaplega sérkennilegt. Það er greinilegt að málið snýst um að viðkomandi maður er framsóknarmaður. Ég ætla ekki að gera ágreining um að ráðherrann hafi viljað fá aðra trúnaðarmenn í starfið. Ég er að tala um hvernig að þessu var staðið.

Maðurinn fékk ekkert að vita um þetta. Það kemur fram í dómnum að ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu taldi víst að formaðurinn yrði látinn vita áður en breytingar yrði gerðar. Ég er að varpa ljósi á stjórnsýsluna í ráðuneytinu, ég er ekki að tala um hvort viðkomandi ráðherra hafi viljað losna við manninn eða ekki. Það var bara ekki rétt gert, hæstv. forsætisráðherra. Forsætisráðherra verður að viðurkenna að þarna var ekki rétt að málum staðið.

Þegar menn hafa haft þann sið í gegnum tíðina, hafa haft stór orð um hvernig stjórnsýslu í landinu er háttað, þegar slík brotalöm er eins í þessu máli, hlýtur maður að mega spyrja hæstv. ráðherra að þessu og hún viðurkenni það þá. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort þetta mál muni t.d. verða innlegg í fyrirhugaða breytingu á ráðherralögunum.

[15:22]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Mér finnst lágmark að hv. þingmaður fari rétt með. Það var hringt í þennan fyrrverandi aðstoðarmann fyrrverandi félagsmálaráðherra þar sem hann var staddur erlendis. Hann fékk þær upplýsingar að ég vildi gjarnan skipta þarna um eins og í ýmsum öðrum nefndum. Hann sagðist sýna því skilning. (Gripið fram í.) Hann fékk líka andmælarétt vegna þess að hann var boðaður á fund minn en hann gat ekki mætt og mætti ekki þó að hann hefði fengið þennan andmælarétt.

Ég spyr aftur: Finnst mönnum eðlilegt að trúnaðarmaður fyrrv. félagsmálaráðherra úr öðrum flokki sé æðsti yfirmaður (Gripið fram í.) í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra sem fjallar um stefnumótandi mál? Ég ítreka, af því að sá þingmaður sem spyr kemur úr Sjálfstæðisflokknum, að þetta var rætt í ríkisstjórn einu sinni eða tvisvar. Menn vita að það er (Forseti hringir.) algengt að þessi háttur sé hafður á þegar um stjórnarskipti (Forseti hringir.) er að ræða. Ráðherrar úr fyrri ríkisstjórn hafa tjáð sig um þetta mál og fannst vera mjög sérkennilega að þessu máli staðið.

Loðnuveiðar.

[15:24]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég spyr hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hvort hann sjái ekki ástæðu til þess að gefa út agnarlítinn kvóta af loðnu handa skipunum sem nú eru verkefnalaus og loðnan syndir hjá. Ég tel fulla ástæðu til þess og þó að bætt væri við kvóta upp á 50 þús. tonn mundi það ekki breyta neinu sem skiptir máli fyrir stofnstærð. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að bæta við kvóta upp á 50 þús. tonn á meðan verið er að rannsaka og mæla loðnustofninn betur.

Við vitum að það getur skipt nokkrum milljörðum sem við fáum í tekjur fyrir 50 þús. tonn af loðnu því að á þessum árstíma fer aflinn allur í vinnslu og er unninn til útflutnings á Japan á hæsta verði. Ég hvet ráðherra til þess að skoða þessi mál meira og betur en hann hefur gert vegna þess að aðeins er búið að gefa út leyfi á 15 þús. tonn af loðnu sem er nánast bara dropi í hafið. Ég held að lágmark sé að gefa út 50 þús. tonn til viðbótar á meðan er verið að rannsaka þessi mál betur. Ég vil forvitnast um það hjá hæstv. ráðherra hvort hann sjái sér ekki fært að gera það.

[15:25]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Mér er vel kunnugt um áhuga manna á því að gefnar verði út einhverjar raunverulegar veiðiheimildir og það er blóðugt að sjá dýrmætustu sólarhringa ársins renna hjá án þess að við getum farið að taka loðnu til frystingar og síðan hrognavinnslu. Það sem gert var í þessum efnum var að gefa út rannsóknarkvóta upp á 15 þús. tonn í byrjun síðustu viku. Ég ákvað að gera það þá og gera það strax til þess að auka líkurnar á því að með mælingum og rannsóknum mætti reyna á það til fulls hvort veiðanlegt magn fyndist miðað við þær reglur sem fylgt hefur verið í þessum efnum á undanförnum árum og byggja á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um það magn að lágmarki sem reynt er að skilja eftir til að tryggja hrygningu og viðhald stofnsins.

Það verður að segjast eins og er, því miður, að slíkar mælingar hafa enn ekki gefið tilefni til bjartsýni á að stofninn reynist nægjanlega stór þannig að unnt sé að gefa út veiðikvóta. 15 þúsund tonnin eru í raun gefin út þó að mælingar hafi sýnt að enn vanti nokkuð upp á að stofninn nái þeirri 400 þús. tonna viðmiðun sem þarna er miðað við. Í raun koma þau því til frádráttar frá því magni sem búið var að mæla. Búið var að mæla stofninn upp á 385 þús. tonn eða þar um bil.

Það er því miður einfaldlega þannig að enn vantar algerlega forsendur fyrir því að gefa út meiri veiðiheimildir og þá eru menn komnir að því að velta öðrum hlutum fyrir sér. Ef það er engu að síður gert, hvaða trúverðugleiki verður þá í þeirri ráðgjöf og þeirri aðferðafræði sem við byggjum þessa hluti á? Svo sárlega sem okkur vantar meiri verðmæti í þjóðarbúið og svo ákaflega vel sem það kæmi sér fyrir sjávarútvegsfyrirtækin geta menn ekki horft fram hjá hinni hlið málsins sem er einfaldlega sú að við verðum að taka ábyrga afstöðu. Miklir hagsmunir eru í húfi, ekki bara núna og ekki bara fyrir þjóðarbúið og fyrirtækin í dag heldur fyrir framtíðina líka, að við tökum ekki óverjanlega áhættu gagnvart viðkomu mikilvægustu nytjastofna.

Svarið er því einfaldlega það (Forseti hringir.) að á

þessu stigi málsins get ég engu lofað um það og ekki gefið nein fyrirheit eða (Forseti hringir.) neinar væntingar um að hægt sé að gefa út meiri kvóta.

[15:28]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Það væri fróðlegt ef hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra upplýsti okkur um hvað Hafrannsóknastofnun hefur náð að mæla mikið magn af loðnu og hvort tekin sé einhver áhætta með 50 þús. tonnum, sem ég tel ekki vera áhætta að neinu marki. Ég held að það skipti óverulegu máli.

Auðvitað vilja menn fara varlega í sakirnar eins og í mörgu öðru en hér er fjöldi starfa og mikil verðmæti í húfi. Það er engin ástæða til þess að ætla að 50 þús. tonn til eða frá ríði baggamuninn varðandi það hvort loðnustofninn verður til í framtíðinni eða ekki. Það er miklu nær að leyfa flotanum að vera á svæðinu þar sem menn eru við veiðar þó að það sé svona lítið magn, og geta þá fylgst með. Þar að auki er hugsanlegt að það komi einhver loðna að vestanverðu sem oft hefur bjargað miklu.

[15:29]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Verið er að gera allt sem hægt er og hefur verið gert undanfarna daga til þess að mæla þær slóðir þar sem hugsanlega gæti komið loðna. Það lá skip inni fyrir vestan og beið eftir veðri til þess að mæla þar og hvert skip sem fer í veiðarnar þarf að skila tilteknum dagafjölda í mælingum og við rannsóknir áður en það getur tekið sinn skammt út úr þessum rannsóknarkvóta.

Væri gefinn út kvóti upp á 50 þús. tonn í viðbót miðað við núverandi stöðu mála gæti það þýtt að hrygningarstofninn sem eftir stæði væri kominn niður undir 300 þús. tonn. Sem sagt umtalsvert niður fyrir þau viðmiðunarmörk sem menn hafa sett sér þarna. Er þó deilt um hvort það sé nægjanlegt borð fyrir báru í þeim efnum að miða við 400 þús. tonna markið. Vitað er að þessi árgangur var veikur þannig að mælingarnar núna koma mönnum því miður ekki á óvart og ég held að það væri miklu hættulegri ákvörðun að taka hér óverjandi áhættu. Ég verð því að hryggja hv. þingmann með því að ég hyggst (Forseti hringir.) vera talsmaður ábyrgrar nálgunar í þessum efnum, (Forseti hringir.) svo bölvað — ef ég má segja það, hæstv. forseti — sem mér finnst að geta ekki gefið út veiðiheimildir og hafið frystingu og nýtingu.

Breyting á niðurgreiðslu lyfjakostnaðar.

[15:30]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég spyr hæstv. heilbrigðisráðherra um nýja sjúklingaskatta sem felast í hækkun hlutdeildar sjúklinga í lyfjaverði sem tilkynnt var í gær. Í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir nokkrum vikum var tekin ákvörðun um hækkun á komugjöldum í heilbrigðisþjónustu sem höfðu ekki hækkað um árabil og áttu að skila ríkissjóði um 260 millj. kr. og innritunargjald á sjúkrahús nam alls 100 millj. kr. Þingmenn Vinstri grænna fóru hamförum hér í þinginu í hneykslun sinni yfir þessari ósvífni.

Ég vek athygli á því að fyrrverandi ríkisstjórn ákvað að láta þar við sitja og hlífa sjúklingum við frekari hækkunum á kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Nú hefur hæstv. heilbrigðisráðherra, nýr í starfi, ákveðið að bæta um betur og auka enn frekar álögur á sjúklinga og hækka lyfjakostnað um 10%.

Í fréttatilkynningu hæstv. heilbrigðisráðherra frá í gær, um margvíslegar breytingar á reglum um niðurgreiðslu vegna lyfjakostnaðar almennings, kemur fram að færa á 400 millj. kr. úr vasa almennings í ríkissjóð með breytingum á reiknireglum um skiptingu lyfjaverðs milli sjúklings og almannatrygginga á þökum og gólfum eins og segir í texta ráðuneytisins. Röksemdir fyrir þeirri hækkun eru sambærilegar þeim sem þingmenn Vinstri grænna, m.a. núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, náðu ekki upp á nef sér í reiði sinni yfir í umræðu um fjárlögin í desember síðastliðnum. Þessi þök og gólf hafa verið óbreytt frá ársbyrjun 2001 en vísitalan hefur hækkað um 60% á sama tíma. Ja, sér er nú hver umskiptin í málflutningi.

Athygli vekur að þrátt fyrir ítarlega fréttatilkynningu kemur ekki fram hver hækkun á lyfjaverði er til almennings, það þurfti að bíða eftir *Morgunblaðinu* í morgun til að átta sig á að um 10% hækkun er að ræða.

Ég spyr því hæstv. heilbrigðisráðherra um hvort hér séu á ferðinni nýir sjúklingaskattar. Hvað finnst honum um að ríkisstjórnin hækki gjöld á sjúklinga við þær aðstæður sem heimilin nú standa frammi fyrir? Væri ekki ráð að ganga lengra í stýringu á lyfjaverði og lyfjavali til að lækka lyfjakostnað í landinu eins og áform voru uppi um hjá fyrri ríkisstjórn? Og hvers vegna upplýsti hæstv. ráðherra ekki í fréttatilkynningu (Forseti hringir.) um hvað lyfjakostnaður heimilanna væri að hækka?

[15:33]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Væri ekki nær að gera þetta eða hitt? Forveri minn í embætti skrifaði mikla grein í *Morgunblaðið* um helgina og sagði hvað hann hefði haft á prjónunum en ég spyr: Hvers vegna framkvæmdi maðurinn ekki?

Sjálfstæðisflokkurinn átti hlut að því að samþykkja fjárlög fyrir þetta ár. Þar er gert ráð fyrir að ríkið færi niður lyfjakostnað um 1.000 millj. kr. Forveri minn í starfi hafðist ekki að þannig að tveir mánuðir líða af árinu án þess að breyting verði hér gerð á. Við þurfum því í reynd að ná inn 1.300 millj. kr. til að þessar 1.000 millj. kr. komi inn á ársgrundvelli.

Það sem gert var var að hækka gólf og þök í kerfinu um 10% en eins og réttilega kom fram í máli hv. þm. Ástu Möller hefur neysluvísitalan hækkað um 60% frá því að síðast var um hækkun að ræða. Hér er því um brot af raunverulegri verðlagsþróun að ræða. Hins vegar er gripið til ráðstafana til að beina lyfjaneyslu í landinu inn í farveg ódýrari lyfja í ríkari mæli en gert hefur verið áður. Alls spörum við þarna um 650 millj. kr. en reglugerð sem var á

vinnsluborði og var reyndar undirrituð á síðasta degi sem hæstv. ráðherra sat í ráðuneytinu, þó að dagsetningin væri önnur, gerði ráð fyrir 100 millj. kr. sparnaði. Ég er einfaldlega að fara að fjárlögum sem hv. þm. Ásta Möller greiddi atkvæði í þinginu.

Við skulum bara biðja fólk um að vera sæmilega sjálfu sér samkvæmt. Ég er að framkvæma (Forseti hringir.) ákvörðun fjárveitingavaldsins. Ég geri það á eins réttlátan máta og hægt er, (Forseti hringir.) við tökum út fyrir sviga atvinnulausa, börnin, öryrkjana og hlífum þeim.

[15:35]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég hlýt að fagna því að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur tekið ákvörðun um að fylgja eftir vinnu fyrrverandi heilbrigðisráðherra með breytingum á greiðsluþátttöku sjúklinga við kaup á lyfjum. En ég spyr einnig: Hvernig hefði hæstv. ráðherra sem óbreyttur þingmaður í stjórnarandstöðu brugðist við ef þessu hefði verið snúið öfugt við?

Ég er með fyrir framan mig reglugerð þessa efnis, um greiðsluþátttöku sjúklinga, sem var undirrituð af þáverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, 20. janúar síðastliðinn og hafði verið í undirbúningi í ráðuneytinu um margra mánaða skeið. Þessarar staðreyndar lét hæstv. ráðherra ógetið í fréttatilkynningu sinni í gær og á blaðamannafundinum. Ég spyr því hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann hafi verið að skreyta sig með stolnum fjöðrum í þessum efnum. En í þessari reglugerð eru öll þau nýmæli sem hæstv. ráðherra kynnti í gær (Forseti hringir.) með örfáum undantekningum.

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Þetta er ósatt sem fram kemur hér í máli hv. þm. Ástu Möller. Hún ætti að kynna sér reglugerðina sem lá fyrir frá hæstv. forvera mínum, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, og hann undirritaði á síðasta degi þótt dagsetningin væri önnur. Hún gerði ráð fyrir 100 millj. kr. sparnaði. Sú reglugerð sem ég hef undirritað gerir ráð fyrir mun hærri upphæð, um 650 millj. kr.

Ráðherrann fyrrverandi hafði ætlað að afgreiða reglugerð sem var líkleg til að verða til vinsælda fallin en skilja eftir í skálinni nokkrar beiskar pillur handa mér. Við hefðum með hans reglugerð ekki náð … (Gripið fram í.) Við hefðum ekki náð þeim niðurskurði sem hv. þm. Ásta Möller greiddi atkvæði hér fyrir áramótin. (Gripið fram í.) Það sem við gerðum með þessari nýju reglugerð var að tryggja félagslega réttláta aðkomu. Við tökum atvinnulausa út fyrir sviga. (Gripið fram í.) Það var ekki gert ráð fyrir því í reglugerð sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson undirritaði á síðasta degi. Og það er umhugsunarefni og ætti að vera umræðuefni hvernig ráðherrar báru sig að eftir að hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, (Forseti hringir.) baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt. (Forseti hringir.) Þá fóru ráðherrar sínu fram í þinginu. Mér finnst það ósiðlegt og þetta er þáttur sem við ætlum að taka sérstaklega til könnunar og umræðu.

Um fundarstjórn.

Ummæli ráðherra og beiðnir um utandagskrárumræður.

[15:38]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég held að það sé nokkuð ljóst miðað við það svar sem hæstv. heilbrigðisráðherra gaf hér við fyrirspurn að full ástæða er til að hann fari að verða við þeim beiðnum um utandagskrárumræðu sem legið hafa fyrir um langa hríð í þinginu og hæstv. ráðherra hefur ekki treyst sér til að verða við. Annars vegar beiðni frá hv. þm. Eygló Harðardóttur, um heilbrigðisþjónustu, sem hefur legið hér fyrir síðan 20. janúar, og hins vegar frá hv. þm. Ástu Möller, um ráðstafanir heilbrigðisráðherra til að ná markmiðum fjárlaga 2009 um lækkun útgjalda í heilbrigðisþjónustunni.

Einhverra hluta vegna hefur hæstv. heilbrigðisráðherra ekki treyst sér til að verða við þessum beiðnum og ég hlýt að spyrja hæstv. forseta hvort hann fari ekki að óska eftir því við heilbrigðisráðherra að hann verði við skyldum sínum sem ráðherra og ræði þessi mál í þinginu. Mér (Forseti hringir.) heyrist vera full þörf á því eftir þau svör sem hér hafa verið gefin.

[15:40]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Það verður að segjast eins og er að það er nokkuð sérstakt að hlusta á hæstv. ráðherra ráðast á mig hér úti í sal. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að segja sannleikann um þetta mál. Það liggur fyrir að sú reglugerð sem hann var að kynna og aðgerðir er nokkuð sem hafði verið í undirbúningi í ráðuneytinu mjög lengi, eins og færsla úr dýrari lyfjum í ódýrari og varðandi börn 18 og yngri. Sömuleiðis kom lækkun á smásöluálagningu frá 1. janúar og 1. febrúar á heildsöluálagningu sem hæstv. ráðherra var að skreyta sig með að væri eitthvað sem hann væri búinn að gera. Fleira mætti nefna.

Hæstv. ráðherra fór hamförum yfir því í þinginu fyrir nokkrum vikum hvernig ríkisstjórnin gengi fram í niðurskurði varðandi sjúklingaskatta og annað slíkt. Af hverju í ósköpunum heldur hann því áfram, þegar hann er orðinn ráðherra, (Forseti hringir.) sem hann barðist svo svakalega gegn?

[15:41]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég tek því fagnandi að taka umræðu um heilbrigðismálin og hæstv. forseti hefur beint því til mín að við tökum slíka umræðu. Ég gef skýrslu í þinginu næstkomandi fimmtudag og það er mér ánægjuefni að gera það. Þar mun ég m.a. koma inn á þessi mál, t.d. þá reglugerð sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson undirritaði á síðasta starfsdegi sínum og var frábrugðin þeirri sem ég undirritaði núna í síðustu viku. Við skulum bara fara mjög rækilega yfir það og yfir vinnubrögðin líka, yfir þær beisku pillur sem hv. þingmaður ætlaði mér að framfylgja og síðan hvað var á prjónunum hjá honum.

Ég mun þá líka spyrjast fyrir um hvað hafi valdið þeirri ákvarðanafælni sem hlýtur að hafa verið til staðar í ráðuneytinu af hálfu hæstv. fyrrverandi ráðherra. Hvernig stóð á

því að ekki var gengið frá reglugerð í byrjun árs í stað þess að láta einn sjötta hluta ársins líða? Hvers vegna var ekki tekin ákvörðun? (Gripið fram í.) Reglugerðin sem samþykkt var gerir ráð fyrir sparnaði (Forseti hringir.) fyrir Tryggingastofnun upp á 650 millj. kr. en sú reglugerð sem hv. þingmaður (Forseti hringir.) hafði undirritað er með mun lægri upphæð, um 100 millj. kr. Þetta eru staðreyndir málsins.

[15:42]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti gaf leyfi til að hefja umræðu um fundarstjórn forseta. Ég vil biðja menn um að halda sig við þá umræðu. Það hefur komið fram að hér mun verða flutt skýrsla um heilbrigðismál síðar í vikunni og gefst þá tækifæri til að ræða þessi mál mun ítarlegar.

[15:42]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég mun halda mig við umræðu um fundarstjórn forseta. Af því að fram kom hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur athugasemd við að ekki hefði farið fram utandagskrárumræða um heilbrigðismál þá er rétt að Eygló Harðardóttir bað um það fyrir nokkru síðan. Ég veit að hv. þm. Eygló Harðardóttir hefur reynt að finna tíma með hæstv. heilbrigðisráðherra og mér skilst að flytja eigi skýrslu um heilbrigðismál á fimmtudaginn og ég fagna því. En í þessu sambandi vil ég benda á, af því að hér er verið að finna að fundarstjórn forseta, að ég er mjög ánægð með að á morgun skuli komast á dagskrá utandagskrárumræða sem sú er hér stendur að um og hefur beðið miklu, miklu lengur en beiðni Sjálfstæðisflokksins um umræðu um heilbrigðismál. Það er verið að reyna að fara eftir einhverri röð í þinginu og loksins kemst umræðan um hryðjuverkalöggjöfina á dagskrá á morgun.

[15:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Bara í tilefni af þessari umræðu þá er loksins búið að fá þessi svör frá hæstv. heilbrigðisráðherra. Það hefur gengið mjög illa að fá þau svör en það gerðist loksins hér, að hann er tilbúinn til að ræða heilbrigðismál á Alþingi. Við hljótum að fagna því að hæstv. heilbrigðisráðherra skuli sjá ástæðu til þess eftir langan tíma að ræða við þingið um stefnumál sín sem hann hefur birt með einhverjum hætti í fréttatilkynningum en hefur ekki treyst sér til að ræða innan þings.

Breytt skipan gjaldmiðilsmála, fyrri umr.

Þáltill. JM o.fl., 178. mál (tenging krónunnar við aðra mynt). — Þskj. 220.

[15:45]

Flm. (Jón Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég flyt ásamt þingmönnunum Guðjóni Arnari Kristjánssyni og Grétari Mar Jónssyni eftirfarandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á því að tengja íslensku krónuna við aðra mynt, t.d. norsku krónuna í samráði og samstarfi við norsk stjórnvöld. Reynist þess ekki kostur verði kannaðir möguleikar á að taka upp evru sem gjaldmiðil, með eða án samráðs við Evrópusambandið.“

Meginatriðið í sambandi við þessa þingsályktunartillögu er það að fyrir liggur, að okkar mati, að íslenska krónan hefur ekki dugað og það hefur ekki gengið að hafa þann gjaldmiðil þannig að nokkurt öryggi væri í. Það eru of miklar sveiflur og nú nýlega hefur komið í ljós að það versta sem menn höfðu spáð kom fram. Algert efnahagshrun varð og það varð jafnalvarlegt og raun ber vitni vegna þess að við bjuggum við gjaldmiðil eins og íslensku krónuna á minnsta myntsvæði heims þar sem engar varnir voru fyrir hendi til að taka á málum ef til alvarlegra atburða kæmi.

Þetta hefur legið fyrir og þessu áttu menn að geta gert sér grein fyrir. Sú vegferð sem farin var í sambandi við það að setja krónuna á flot, láta gengið fljóta, var óvarleg og varað var við henni af mörgum, m.a. af þeim sem hér stendur. Þrátt fyrir það, og þrátt fyrir margvísleg varnaðarorð, var haldið áfram þangað til það var ekki lengur hægt eða svo gott sem. Vegferðin endaði að sinni með því að víðtæk gjaldeyrishöft voru sett á laggirnar svipað og gerðist í lok stríðsáranna eftir síðari heimsstyrjöld. Frammi fyrir því stöndum við eftir það ólán að reyna að halda uppi gjaldmiðli með þeim hætti sem gert var, þ.e. fljótandi gengi sem réðist af markaðsgengi.

Það kemur mér verulega á óvart að fyrrverandi forsætisráðherra, hv. þm. Geir H. Haarde, skuli því segja, í viðtali í breska sjónvarpinu þann 12. febrúar sl., að hann telji að íslenska krónan dugi næstu ár, svo lengi sem umsvif bankakerfisins verði takmörkuð. Hann segir hins vegar að ef Íslendingar ætli að hasla sér völl á alþjóðafjármálamörkuðum að nýju verði þeir að taka upp nýjan gjaldmiðil. Hér talar einn helsti talsmaður þess að við færum þá vegferð sem við fórum með íslensku krónuna, að hafa hana á floti, óvarða eða svo gott sem, með sáralítinn gjaldeyrisvaraforða. Lagt var af stað í þá vegferð og nú er sagt að krónan dugi næstu árin svo lengi sem umsvif bankakerfisins verði takmörkuð, en eigi Íslendingar að hasla sér völl að nýju sem þjóð meðal þjóða þá dugi gjaldmiðillinn ekki. Í raun er hv. þm. Geir H. Haarde ekki að segja neitt annað en það að íslenska krónan dugi ekki nema lokur og gjaldeyrishömlur séu í landinu.

Sú er líka niðurstaða okkar, flutningsmanna þingsályktunartillögunnar, og því leggjum við hana fram og krefjumst þess að menn fari að skoða hlutina með hagsmuni íslensku þjóðarinnar til lengri tíma litið fyrir augum. Það liggur fyrir að erfitt verður fyrir Ísland, án stuðnings annarra þjóða, að ávinna sér traust eftir það efnahagshrun sem varð í byrjun október þegar þrír stærstu bankar landsins voru þjóðnýttir og gjaldmiðillinn fór í frjálst fall — var nú reyndar kominn í það nokkru áður. Seðlabanki Íslands er traustið rúinn og hætt er við, jafnvel þó að skipt verði þar um æðstu stjórnendur, að hann verði það áfram.

Ég tel að alvarlegasti hluturinn í þessu, og raunar stærsti glæpurinn sem framinn var — það sem olli því að við lentum í því efnahagshruni sem varð — hafi verið sú tilraun sem gerð var með fljótandi gengi. Ábyrgðarmennirnir eru

fyrst og fremst formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, sem markaði þessa stefnu í forsætisráðherratíð sinni, og sporgöngumenn hans, sem höfðu ekki undan að halda ráðstefnur og leiða hingað aðkeypta sérfræðinga til að mæra það kerfi sem við bjuggum við.

En þá er spurningin þessi: Var nokkurn tíma nokkur vitræn glóra í því að reyna að halda uppi þessum gjaldmiðli, þ.e. flotkrónu, á minnsta myntsvæðinu? Fyrrum fjármálaráðherra El Salvadors, einn helsti ráðgjafi Alþjóðabankans, Manuel Hinz, sem hingað hefur komið — og hefur víða komið að málum þar sem vandamál hafa komið upp í efnahagslífinu — hefur skrifað mjög góða bók sem heitir *Að leika matador við djöfulinn*. Það væri út af fyrir sig vert fyrir þingmenn á þjóðþingi Íslendinga að lesa þá bók (**SKK:** Nei, nei.) — þá vissi hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson að flokksmenn hans voru í ríkisstjórnartíð sinni, undir forustu núverandi formanns bankaráðs Seðlabankans, í raun með fljótandi gengi með þeim hætti að verið var að leika matador við djöfulinn, með þeirri gjaldmiðilsstefnu sem rekin var. Lýsingin sem Manuel Hinz setur fram í bók sinni er í raun lýsing á því með hvaða hætti hægt er að stefna í efnahagshrun eins og gert var hér á landi.

Eina stjórntækið sem Seðlabankinn hafði til að koma í veg fyrir fall krónunnar var að selja erlenda gjaldmiðla, þ.e. að fórna gjaldeyrisvarasjóðnum á markaði. Vandamálið við það að einhver þrýstingur komi á lítinn gjaldmiðil, eins og hér var um að ræða, er að þá þurrkast gjaldeyrisforðinn út á skömmum tíma. Seðlabankinn hafði þá engin önnur úrræði en þau að láta gjaldmiðilinn fara í frjálst fall og sú hætta var fyrir séð og við henni var ítrekað varað. Það var m.a. þetta sem gerðist.

Með hvaða hætti getum við komið í veg fyrir að slíkur þrýstingur skapist? Það er með því að hafa gríðarlega stóran og mikinn gjaldeyrisvaraforða. Það að hafa mikið af dauðum peningum kostar vexti, það kostar peninga, þannig að það er mjög dýr ráðstöfun að hafa gjaldmiðilsmálin með þeim hætti sem um er að ræða.

Kosturinn við að taka upp fjölþjóðlega mynt — og ég endurtek að þar er það fyrst og fremst spurning um að gera það sem er heppilegast fyrir íslensku þjóðina — við flutningsmenn þingsályktunartillögunnar viljum kanna möguleikana á því að tengja íslensku krónuna við aðra mynt, t.d. Norðurlandamynt eins og norsku krónuna. Fyrir því eru ákveðin rök, þ.e. við erum í EES-samstarfinu utan Evrópusambandsins og með því, ef vilji er fyrir hendi, er hægt að taka upp slíkt samstarf með tiltölulega skömmum fyrirvara. Við stöndum með þeim möguleika og hæstv. fjármálaráðherra hefur þegar lýst því yfir að hann hafi áhuga á að skoða hvort sú leið sé fær, hefur átt samstarf og samtal um það atriði við kollega sinn í Noregi sem tók í sjálfu sér þokkalega undir það. Við gerum það að tillögu okkar að þessi leið verði athuguð sem allra best.

Spurningin er líka þessi: Ef þessi leið reynist ekki fær, sem verður að kanna, verðum við að leita annarra leiða. Meðal annars er talað um að taka upp evru sem gjaldmiðil með eða án sambands við Evrópusambandið. Það liggur fyrir að við getum tekið upp evru. Það þýðir að við þurfum að hafa nægilega mynt til staðar til að evran geti verið okkar mynt en það mundi þá væntanlega verða í fullri andstöðu við Evrópusambandið, alla vega til að byrja með eins og Svartfellingar lentu raunar í þegar þeir tóku upp evru einhliða.

Kostirnir eru þeir að með því að hafa fjölþjóðlegan gjaldmiðil þá eru þeir sem eiga viðskipti við okkur — þá lægi það í fyrsta lagi fyrir hver skuldabyrði okkar væri miðað við landsframleiðslu og það lægi líka fyrir að þeir sem ættu inni eignir þyrftu ekki að óttast að verulegar breytingar yrðu þar á varðandi gjaldmiðilinn og margt fleira mætti taka til. Það hefur því verulega þýðingu upp á það að byggja upp trúverðugleika íslensku þjóðarinnar og íslenska efnahagskerfisins að við búum við gjaldmiðil sem hægt er að treysta. Það hefur líka þýðingu fyrir íslenskt atvinnulíf að búa við gjaldmiðil sem hoppar ekki og skoppar upp eða niður og aldrei er hægt að treysta með hvaða hætti verður.

Það lá fyrir fyrir um tveimur árum að íslenska krónan væri allt of hátt skráð. Miðað við allar kennitölur í umhverfinu mátti sjá að svo gæti ekki haldið áfram. Þessar kennitölur voru m.a. þær að viðskiptahalli var gríðarlegur og hafði verið um árabil. Það lá ljóst fyrir að erlendar vörur voru á óeðlilega lágu verði miðað við samkeppnisvörur innan lands sem gerði samkeppnisiðnaði gríðarlega erfitt fyrir. Þrátt fyrir að allar þessar kennitölur lægju fyrir um árabil var samt haldið áfram lengra og lengra út í fenið þangað til gjaldmiðillinn sökk endanlega af því að lengra varð ekki komist. Þetta þýddi það m.a. að hinir svokölluðu útrásarvíkingar gátu fjárfest með þeim hætti sem þeir gerðu erlendis, þ.e. keypt erlendan gjaldmiðil á þeirri útsölu sem var hér miðað við of hátt skráð gengi íslensku krónunnar. Ég verð að segja að mér finnst þeir sem hafa haldið um stjórn gjaldeyris- og gjaldmiðilsmála undanfarinn áratug hjá íslensku þjóðinni hafa sýnt af sér, svo maður taki ekki dýpra í árinni, vítavert eða stórkostlegt gáleysi þrátt fyrir ábendingar um það hvað skyldi gera og að hverju stefndi. Engin þjóð hefur búið við eins stórkostlegan viðskiptahalla um árabil eins og Íslendingar gerðu.

Bandarískir hagfræðingar vöruðu við því hvað viðskiptahallinn þar í landi væri gríðarlegur og bentu á að við því þyrfti að bregðast þó að hann væri ekki nema þriðjungur af því, miðað við þjóðarframleiðslu, sem við bjuggum við. Í nýjasta hefti ritsins *The Economist* er grein sem heitir „Reykjavík on Liffey“ en það mun vera áin sem Dublin stendur við. Þar er spurt: Hver er munurinn á Írlandi og Íslandi? Sagt er að það sé einn stafur og sex mánuðir en Peter Sunderland, sem er fulltrúi Írlands hjá Evrópusambandinu, heldur því fram að það sé annað, það séu í raun fjórir stafir, að um það sé að ræða að Írar hafi evruna sem gjaldmiðil en Íslendingar ekki. Þess vegna hafi Írar losnað við þau vandkvæði sem Íslendingar óhjákvæmilega hlutu að lenda í.

Með sama hætti er fjallað um það, í *Financial Times* frá 9. febrúar, að forgangsatriði varðandi íslensk efnahagsmál hljóti að vera umbætur í peningamálum þar sem Íslendingar verði, til að öðlast trúverðugleika, að hafa gjaldmiðil sem þjónar tilgangi sínu og sé viðskiptahæfur annars staðar en á Íslandi. Afleiðingarnar sem það hefur fyrir fólkið í landinu að búa við þessa stefnu — og það hefur verið dæmt til þess um árabil — eru vaxtaokur og verðtrygging. Vegna þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið varð efnahagshrun og bankakerfið hrundi og þar sem ekki var hægt að treysta á gjald-

miðilinn, sem var ónýtur, var búin til aukahækja fyrir ónýtan gjaldmiðil sem hét verðtrygging. Það eru verðtryggingin og síðan myntkörfulánin, sem boðið var upp á þegar allt var að fara hér niður, sem eru nú að sliga heimilin sem viðbótarálag svo að til ófarnaðar horfir. (Forseti hringir.) Ég skora því á þingheim að samþykkja þingsályktunartillögu okkar og vonast til að henni verði vísað til hv. viðskiptanefndar að lokinni umræðu.

[16:00]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir mjög góða ræðu, en vil gera athugasemdir við tvennt. Í fyrsta lagi bar hann saman viðskiptahalla Bandaríkjanna og Íslands. Ljóst er að eftir því sem lönd stækka þeim mun minni verður viðskiptahalli þeirra hlutfallslega, rökfræðilega, vegna þess að ef allur heimurinn væri eitt ríki væri enginn viðskiptahalli. Þess vegna er eðlilegt að miklu meiri sveiflur séu í viðskiptahalla Íslands og að viðskiptahalli Bandaríkjanna sé miklu minni, þannig að í raun er það sem er að gerast í Bandaríkjunum miklu ógnvænlegra en á Íslandi.

Hins vegar það að útrásarvíkingarnir hafi notað sér lágt gengi. Það þýðir að þeir hafa þurft að eiga krónur sem gáfu mjög góða vexti. (**Gripið fram í:** Hátt gengi krónunnar.) Ja, hátt gengi krónunnar, já eða lágt gengi á erlendri mynt. Það þýðir að þeir hafa þurft að eiga sparifé á Íslandi. Ég held að þeir hafi yfirleitt ekki átt sparifé. Hafi þeir þurft að taka lán sagði hv. þingmaður einmitt að mjög háir vextir hafi verið á Íslandi, þannig að ég held að ástæðan fyrir útrásinni hafi alls ekki verið þessi, heldur sú að menn nýttu sér gott lánsmat íslenskra banka til að taka erlend lán í útlöndum og fjárfesta í útlöndum með mjög lágum vöxtum enda var mikið framboð af peningum í heiminum og mjög lágir vextir á tímabili.

[16:02]

Flm. (Jón Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki sömu háskólagráðu í peningafræðum og hv. þm. Pétur Blöndal því að ég er bara lögfræðingur, en það hefur gefist vel eða misjafnlega vel, en sums staðar mjög vel — þó kannski ekki endilega hér á landi — við stjórnun peningamála.

Varðandi það sem hann sagði um viðskiptahalla í Bandaríkjunum og á Íslandi þá gilda að sjálfsögðu sömu hagfræðilögmál. Ég gat ómögulega skilið hvaða erindi þessar hugleiðingar þingmannsins eiga í þessu sambandi. Hagfræðingar í Bandaríkjunum bentu ítrekað á hvaða hættuspil Bush-stjórnin stundaði með þeim viðskiptahalla sem um var að ræða. Í dag eru allir sammála um að svo hafi verið. Nákvæmlega sömu lögmál voru stimpluð inn sem afleiðing af þeirri ólánsstefnu sem Bush-stjórnin fylgdi í Bandaríkjunum og Davíðsstjórnin fylgdi hér á Íslandi. Það var einfaldlega staðreyndin í málinu.

Varðandi það með hvaða hætti menn gátu leikið á gjaldmiðilinn. Að sjálfsögðu gátu menn gert það. Hv. þm. Pétur Blöndal veit jafn vel og ég að stóru aðilarnir á íslenska gjaldmiðilsmarkaðnum gátu ráðið gengi innan dagsins með stórum viðskiptum fram og til baka. Þeir gátu tekið til sín óeðlilegan og að mínu viti ólögmætan hagnað.

[16:03]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Varðandi samanburð á háskólamenntun er ég bara stærðfræðingur, reyndar með doktorspróf í þeirri grein, en hef ekkert lært um peningamál nema af reynslunni.

Varðandi Bandaríkin, ég sagði ekki að viðskiptahalli Íslands hafi ekki verið geigvænlegur. Hann var vissulega geigvænlegur og alveg skelfilegur og ég benti margoft á það í ræðustól Alþingis. En viðskiptahalli Bandaríkjanna er öllu skelfilegri nema að þeir hafa í 100 ár getað flutt út dollara til að standa undir honum. Það er munurinn. Allur heimurinn hefur sankað að sér dollurum en við höfum ekki getað flutt út krónur, því miður. (**Gripið fram í:** Það hefði mátt reyna.)

Ég held að útrásin og kaup útrásarvíkinganna svokölluðu á fyrirtækjum um alla Evrópu hafi að mestu eða eiginlega öllu leyti verið fjármögnuð með erlendum lánum á lágum vöxtum. Við sjáum örlög banka eins og Royal Bank of Scotland sem var mikið með útrásarvíkingunum okkar í bræðralagi, þannig að ég held að það sé aðalástæðan en ekki það að menn hafi notað sér lágt gengi gjaldmiðla á Íslandi.

Hins vegar ef í ljós kemur við rannsókn rannsóknarnefndar Alþingis og sérstaks saksóknara á þessum málum öllum að menn hafi gert einhverja óheiðarlega hluti í sambandi við gengið finnst mér sjálfsagt að þeim verði refsað fyrir það. Ég ætla ekki að bera í nokkurn bætifláka fyrir slíkar aðgerðir.

[16:05]

Flm. (Jón Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér finnst sérkennilegt þegar komið er í andsvar með þeim hætti sem hv. þm. Pétur Blöndal gerir hér, sérstaklega vegna þess að hann hvorki spyr um né talar um það sem er mergur málsins, spurninguna um hvaða afleiðingar það hafði fyrir íslensku þjóðina að hafa um árabil þá gengisstefnu sem við höfðum. (Gripið fram í.) Hvaða afleiðingar hafði það? Jú, ég hef haldið því fram að það hafi haft ákveðnar afleiðingar og sé aðalorsök efnahagshrunsins sem við urðum fyrir. Ég hef haldið því fram sem aðalatriði að gríðarlega mörg íslensk heimili horfi fram á að lenda í greiðsluþroti, vegna þess að við búum við lánakerfi sem er afleiðing af ónýtum gjaldmiðli, þar sem búin er til sérstök hækja, aukakerfi, sem heitir verðtrygging. Þetta gerir það að verkum að vitlaust er gefið og ekkert réttlæti er í þjóðfélaginu. Síðan talar hv. þm. Pétur Blöndal um eintóm aukaatriði.

Mér finnst mjög mikilvægt að þeir sem bera ábyrgð á þeirri efnahagsstefnu og þeim ónýta gjaldmiðli sem haldið var uppi um árabil viðurkenni ábyrgð sína og geri sér grein fyrir því að nauðsynlegt er að fara þá leið sem við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu höfum bent á. Að þegar verði lagt í þá vegferð að leita bestu leiða til að við getum búið við alvöru gjaldmiðil og alvöru lánakerfi, þar sem íslenskur framleiðsluiðnaður og allur almenningur í landinu getur búið við gengisöryggi. Það er mergurinn

málsins í sambandi við þetta.

[16:07]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka 1. flutningsmanni, hv. þingmanni Jóni Magnússyni, fyrir framsöguræðuna með þessu máli og tel að hér sé að mörgu leyti athyglisverð tillaga á ferðinni. Hún lætur lítið yfir sér og í henni er einungis gert ráð fyrir því að Alþingi feli ríkisstjórninni að kanna möguleika á því að tengja íslensku krónuna við aðra mynt, t.d. norsku krónuna í samráði og samstarfi við norsk stjórnvöld, eins og hér segir.

Ég held að okkur sé öllum ljóst að í kjölfar efnahagshrunsins, bankahrunsins og hruns efnahagslífsins í haust, hafi aðstæður í gjaldmiðilsmálum okkar breyst gríðarlega mikið og hratt og ég hygg að ekki sé ofmælt að við flest lítum gjaldmiðilsmálin og umræðuna um þau öðrum augum en fyrir fáum mánuðum síðan. Mér finnst óhjákvæmilegt að við sem störfum í stjórnmálum ræðum kosti og galla þess fyrirkomulags sem við höfum búið við í gjaldmiðilsmálum undanfarin ár með íslensku krónuna og peningamálastefnu sem hefur verið mótuð og verðbólgumarkmið sem sett hafa verið og Seðlabankinn hefur haft umsjón með. Þau markmið hafa ekki náðst um langt skeið svo ekki sé meira sagt. Þannig má vel halda því fram að gengisstefnan hafi ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt og þó ekki væri nema þess vegna væri eðlilegt að taka gjaldmiðilsmál, gengisstefnu og peningamálastefnu til endurmats, án þess að þar með sé endilega sagt að menn komist að niðurstöðu og það eigi að breyta einhverju. En sjálfsagt er að þessi mál séu tekin til endurskoðunar.

Mér finnst því eðlilegt að þessi tillaga fái umfjöllun á vettvangi viðskiptanefndar, eins og hér er lagt til, og menn kalli til þá sérfræðinga sem gerst þekkja í þessum málum. Ekki er langt síðan að í *Morgunblaðinu* birtist ítarleg grein eftir mjög marga hagfræðinga sem skrifuðu saman um þá hugmynd að taka einhliða upp annan gjaldmiðil og mæltu mjög gegn slíkri leið. En það eru aðrir hagspekingar, hagfræðingar, sem hafa þvert á móti mælt með því að Íslendingar tækju einhliða upp aðra mynt og hafa bent á ýmsar aðrar þjóðir sem fyrirmyndir í því og það gerði hv. framsögumaður líka og nefndi Svartfjallaland í því samhengi. Þar er ólíku saman að jafna vegna þess að Svartfjallaland var á sínum tíma með þýska markið og tók upp evru þegar það var lagt niður, þannig að það var ekki sambærileg staða og á Íslandi.

Ég vil stuttlega segja að þessi mál hafa verið talsvert til umræðu á vettvangi flokks míns. Á vettvangi flokksráðs Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum við talsvert rætt efnahags- og atvinnumál í víðu samhengi, en þeim tengjast að sjálfsögðu umræður um gjaldmiðilsmál. Það sem við höfum sagt í því efni er að við teljum mikilvægt að reyna að komast að niðurstöðu um framtíðargjaldmiðil Íslands, sem er væntanlega verkefni næstu mánaða og missira. Ég tel að á fyrri hluta næsta kjörtímabils, sem hefst í vor, sé mikilvægt að við komumst að einhvers konar niðurstöðu um framtíðargjaldmiðil Íslands. Aðdragandinn að því er þá væntanlega að allir raunhæfir kostir í því samhengi verði skoðaðir sem og líkleg framtíðarþróun gjaldmiðla og gjaldeyrismála í heiminum, en þau mál eru í mikilli deiglu um þessar mundir. Ekki er sjálfgefið að allir þeir gjaldmiðlar sem eru nothæfir í dag verði það um alla framtíð, jafnvel ekki þeir sem standa okkur nálægt. Mikil gerjun er í þessum málum og deigla og þess vegna eðlilegt að þau séu skoðuð.

Ég held að kannski megi segja að fjórar meginleiðir séu hugsanlegar fyrir framtíðargjaldmiðilsmál okkar og ég nefni þær hér. Í fyrsta lagi breytt fyrirkomulag íslensks gjaldmiðils, þ.e. krónan á grunni nýrrar peningamálastefnu þar sem Seðlabankanum yrðu sett a.m.k. tvö samhliða og jafngild markmið, annars vegar um gengisstöðugleika og hins vegar um verðstöðugleika.

Önnur leið væri einhliða upptaka á erlendum gjaldmiðli, t.d. evru eða norskri krónu eða bandaríkjadal, sumir hafa nefnt svissneska franka og einhverjir japanskt jen. En þetta er, má segja, fræðilega mögulegt með kostum og göllum.

Í þriðja lagi vil ég nefna efnahags- og gjaldmiðlasamstarf við eitt eða fleiri ríki, eitt eða fleiri Norðurlandanna. Í máli framsögumanns var norska krónan nefnd og samstarf við Noreg. Það er rétt sem fram kom í máli framsögumanns að hæstv. núverandi fjármálaráðherra hefur rætt þessi mál við starfsfélaga sinn í Noregi. Auðvitað eru bæði kostir og gallar við þá leið og hún getur verið flókin en hún er engu að síður einn þeirra möguleika sem við eigum hiklaust að horfa til og skoða kosti og galla á.

Í fjórða lagi væri upptaka evru sem væri augljóslega að undangengnum breyttum tengslum Íslands við Evrópusambandið því að forsenda þess, held ég að megi segja, að við getum tekið upp evru, a.m.k. í góðu, er að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu og þátttakandi í evrópska myntbandalaginu eða myntsamstarfinu.

Þetta eru í grófum dráttum fjórar leiðir sem ég tel mögulegar í stöðunni og án þess að ætla að taka neina sérstaka afstöðu til þeirra á þessu stigi málsins held ég að þetta eigi einmitt að verða verkefni næstu ríkisstjórnar. Úr því að kosningar verða í apríl á það að verða eitt af viðfangsefnum næstu ríkisstjórnar á fyrri hluta næsta kjörtímabils að skoða með opnum hug allar þessar leiðir, fara yfir kosti þeirra og galla og efna síðan til opinnar, gagnsærrar og lýðræðislegrar umræðu í samfélaginu, því að þetta er mikið samfélagsmál sem varðar okkur öll. Íslendingar hafa almennt áreiðanlega skoðanir á því hvernig þeir vilja koma gjaldmiðilsmálum sínum fyrir til framtíðar þannig að ég held að fyrsta stigið sé að vinna ítarlega greiningu á kostum og göllum, fara síðan með þá vinnu út í almenna samfélagsumræðu og að stjórnvöld geti í framhaldinu mótað sér stefnu til framtíðar og vonandi tekst um það góð samstaða.

Ég vil sem sagt á þessu stigi ekki tjá mig neitt sérstaklega um hvaða leiðir mér hugnast best af þessu vegna þess að ég tel einfaldlega að rannsóknarvinnu, undirbúningsvinnu, skorti til þess að hægt sé að taka afstöðu. Ég held að tillagan sé í sjálfu sér góðra gjalda verð og vona að hún fái málefnalega umfjöllun á vettvangi viðskiptanefndar.

[16:16]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Nú eru liðnir meira en fjórir mánuðir frá því að bankarnir fóru í þrot. Við höfum ekkert látið reyna á

í samningum við erlendar þjóðir varðandi breytingar á gjaldmiðlinum, að taka upp nýjan gjaldmiðil hvort sem það er norsk króna, dollari eða evra.

Það er ljóst að ef við ætlum að taka upp evru þá verðum við að gera það einhliða. Við náum því ekki í sátt við Evrópusambandið. Það er spurning með dollara, hvort hægt væri að gera það einhliða í einhvers konar samstarfi við Bandaríkjamenn og það er auðvitað fáránlegt að hafa ekki látið reyna á það strax eftir bankahrunið hjá okkur hvort það væri flötur á því að ná einhverju samstarfi við Norðmenn um gjaldmiðilsmál.

Við sitjum uppi í dag með gjaldeyrishöft sem eru þess eðlis að ekki er við þau unandi og á meðan við erum með þau þurfum við ekki að reikna með því að hafa eðlileg viðskipti við önnur lönd. Við gerðum tilraun með fljótandi gengi í sjö ár sem gafst okkur illa og nánast setti okkur í þann farveg sem við erum í núna með Ísland nánast gjaldþrota og þess vegna er ekkert óeðlilegt að segja að ýmislegt eigum við sameiginlegt með Norðmönnum. Bæði er það fiskurinn og hugsanlega olía í framtíðinni. Gengi norsku krónunnar hefur því ákveðna samsvörun við það sem við búum við. Við erum með álíka stóran sjávarútveg, Íslendingar og Norðmenn, þó hann vegi minna hjá Norðmönnum en okkur og hugsanlega erum við nú að komast inn í einhvers konar olíuleit að minnsta kosti til að byrja með. Því er líklegast að það land sem stendur okkur næst sé Noregur hvað varðar afkomu og gengisbreytingar með tilliti til þess sem þjóðin er að framleiða.

Það er reyndar sorglegt til þess að vita að eftir fjóra mánuði erum við að tala hér fyrir frumvarpi sem hefði átt að flytja strax í byrjun október eða ekki seinna en um miðjan október þar sem menn könnuðu og létu reyna á þessa hluti, hvort hægt væri að taka upp norska krónu í samstarfi við Norðmenn eða dollara eða hugsanlega evru.

Við erum skólabókardæmi og sennilega verður íslensk hagstjórn kennd út um allan heim í framtíðinni í þeim tilgangi að vara menn við að stýra sínum málum með sama hætti og íslenska þjóðin gerði á árunum 2000–2008 því það hafi verið vitlausasta efnahagsstjórn sem þekktist á byggðu bóli kannski fyrir utan stjórnina hjá Mugabe í Afríku.

En við stöndum frammi fyrir því að allir okkar ágætu hagfræðingar og stjórnmálamenn sem hafa komið að stjórn efnahagsmála, svo maður segi það nú bara á íslensku, hafa skitið upp á bak á sér. En það má nú víst ekki segja svona.

(**Forseti** (KÓ)**:** Forseti vill biðja þingmanninn um að gæta orða sinna.)

Ég biðst afsökunar á því að hafa sagt þetta en þetta er það sem mér fannst nauðsynlegt að segja.

Afkoma heimilanna í landinu er með þeim hætti að 40% af heimilum landsins verða væntanlega gjaldþrota á næstu dögum og mánuðum, vikum eða mánuðum, jafnvel 70% af fyrirtækjum í landinu. Það er svo sorglegt að menn sem þykjast vera menntaðir og hafa einhverja menntun skuli hafa tekið þátt í þessu vitandi vits og horfa upp á þetta, fengið aðvaranir frá mönnum alls staðar að úr heiminum um að þetta gengi ekki upp það sem við værum að gera og við sitjum uppi með að þjóðin er nánast gjaldþrota. Húsmæður sem hafa tekið þátt í því að ala upp börnin sín og haft það gildi að eyða ekki umfram efni, þær hefðu stjórnað þessu miklu betur en hagfræðingastóðið okkar sem hefur leitt okkur í þessa ógæfu ásamt pólitíkusunum.

Við hefðum átt að snúa okkur strax til Rússa, Kínverja og annarra aðila, annarra landa, jafnvel Indlands um fyrirgreiðslu og samstarf til dæmis til að tryggja okkur eldsneyti, olíu og bensín og gera við þá samninga inn í framtíðina og til að tryggja það að borga þetta eldsneyti sem við hefðum sérstaklega þurft að fá frá Rússum, þ.e. olíu og bensín hefðum við átt að borga með fiski.

En allt frá því að bankarnir fóru á hausinn þá hefur þetta verið á snigilshraða eða hægar heldur en sniglar fara, öll vinnubrögð í sambandi við endurreisnina og uppbygginguna sem átti að koma og allt það sem er verið að gera til að bjarga heimilunum í landinu, til að bjarga fyrirtækjunum, það er ekkert farið að virka eitt eða neitt. Og bankarnir nýju eru ekki farnir að virka eitt eða neitt heldur. Það er engar fyrirgreiðslu fyrir fyrirtæki eða einstaklinga að fá í bankakerfinu. Hún er í algeru lágmarki. Þess vegna segi ég enn og aftur að þetta frumvarp sem gekk út á að kanna möguleika á að ná samstarfi við aðrar þjóðir um að taka upp annan gjaldmiðil er mjög tímabært og við hefðum þurft að fara miklu fyrr í könnunarviðræður strax eftir bankahrunið. En við bárum ekki gæfu til að gera það enda var fyrrverandi ríkisstjórn ótrúlega ömurleg í þessum vinnubrögðum sínum við þessar aðstæður.

En það má segja að aldrei sé of seint að koma með svona frumvarp og ef það næðist að fara í samstarf við aðra aðila um nýjan gjaldmiðil þá væri það skref í rétta átt og vonandi munum við gera það því við getum ekki búið við íslensku krónuna og verðum að taka upp nýjan gjaldmiðil.

Ég legg til að þetta frumvarp fái jákvæð viðbrögð frá þingmönnum og að eitthvað verði gert með það þannig að við getum nýtt okkur þá möguleika að semja við aðrar þjóðir um annan gjaldmiðil.

[16:24]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. (**Gripið fram í:** Er þetta andsvar?) Nei, þetta er ekki andsvar. Þetta er ræða. (Gripið fram í.) Við ræðum hér frumvarp um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan gjaldmiðilsmála þar sem lagt er til að tekin verði upp ný mynt. Mér finnst þetta afskaplega merkt mál og ég vil endilega að hv. viðskiptanefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar taki það til alvarlegrar umfjöllunar. Reyndar þyrfti að laga textann dálítið vegna þess að hann gefur of mikil skilaboð um að að taka eigi upp norska krónu eða evru. En ég sé miklu fleiri kosti eins og nefnt hefur verið hér í umræðunni. Hv. nefnd þarf því að sjálfsögðu að breyta þessu.

Þó eru ýmsir kostir við krónuna sem ekki eru nefndir í tillögunni. Í fyrsta lagi sá að með því að láta krónuna breytast þá erum við að lækka laun í landinu og mætum þannig miklu betur þeim áföllum sem við höfum orðið fyrir. Þannig lagast staða útflutnings mjög mikið þannig að flest útflutningsfyrirtæki ættu að blómstra núna, herra forseti, þau ættu að blómstra þó að reikningarnir segi kannski eitthvað annað vegna þess ef maður lítur á starfsemi þeirra með erlendum augum þá er það eina sem hefur breyst — skuldirnar hafa ekki breyst ef þær eru erlendar, tekjurnar

hafa ekki breyst ef þær eru erlendar — það sem hefur breyst er innlendi kostnaðurinn sem hefur lækkað mjög verulega. (**Gripið fram í:** Það er bara allt í þessu fína lagi.) Gagnvart útflutningsfyrirtækjunum er nefnilega allt í fína lagi þó að bókhaldið kannski sýni annað vegna þess að bókhaldið færir auðvitað erlendu skuldirnar upp á einu ári svo mikið að tekjurnar sem koma á næstu árum og eiga að standa undir skuldunum eru ekki sýndar. Bókhaldið er sýnt óþarflega svartsýnt og þess vegna hefur nú verið lagt til, hér á Alþingi meðal annars, að fyrirtæki geti fært bókhald sitt í erlendri mynt og það er búið að samþykkja það sem lög hjá hæstv. fyrri ríkisstjórn.

Ef við hefðum verið með erlenda mynt undanfarin fjögur, fimm ár með þeim lágu vöxtum sem þar voru hvað halda menn að hefði gerst? Þá er ég ansi hræddur um að menn væru ekki að glíma við skuldir vegna tveggja jeppa á heimili heldur þriggja. Og skuldsetningin væri enn þá meiri. Það sem er að er ákveðinn skortur á vilja til að spara og ákveðinn mikill vilji til að eyða, eyðslugleði segja sumir, eyðslugræðgi segja aðrir. Ég hugsa að fáar þjóðir í Evrópu mundu kaupa jeppa með 90% láni og borga 25 eða 30% vexti. Ég hugsa að það sé bara óhugsandi. Það þarf að breyta viðhorfinu ef við ætlum að taka upp erlenda mynt vegna þess að þá verður ekki lengur hægt að laga stöðuna með því að fella gengið. Þetta vantar líka inn í frumvarpið að ræða, þ.e. að til dæmis Írar eru núna í miklum vanda af því þeir eru með evru. Þeir geta ekki lækkað gengið til þess að laga stöðuna hjá sér sem er mjög alvarleg. Það hefur verið bent á að þetta kunni hugsanlega að valda þeim miklum vandræðum á meðan að hjá Bretum lækkar gengið á pundinu til þess að mæta stöðunni.

Ókostir við krónuna eru sveiflur og agaleysi, herra forseti, einmitt það sem ég var að nefna. Fólk hefur alltaf sagt. „Það reddast. Þetta reddast einhvern veginn. Tökum bara lán, meiri lán, enn þá meiri lán.“ Og menn átta sig ekki á því að í hvert skipti sem þeir taka lán þá eru þeir í rauninni að ráðstafa framtíðartekjum sínum og þær eru takmarkaðar. Það eru ekki nema ákveðnar tekjur sem menn hafa út ævina og hver lántaka tekur af þeim tekjum. Það geta menn ekki gert allt of lengi eða allt of oft.

Peningamálastefna Seðlabankans. Ég hef margoft gagnrýnt hana í gegnum tíðina. Við hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson heitinn bentum aftur og aftur á að það væri eitthvað mikið að þegar jöklabréfin byrjuðu að streyma til landsins, gengið styrktist og erlendar vörur lækkuðu í verði. Aðgerðir sem voru ætlaðar til þess að minnka neyslu juku í rauninni neysluna. Það var eitthvað mikið að peningamálastefnunni. Þetta áttum við að sjálfsögðu að sjá strax. Ég benti á það í hv. efnahags- og skattanefnd — þó ég vilji kannski ekki endilega fara í hóp þeirra sem hafa rétt fyrir sér eftir á því þeir eru nú æðimargir — að þá hélt ég sérstakan fund með Seðlabankanum einmitt um jöklabréfin til þess að átta okkur á því hvað væri að gerast. Það var ekki reiknað með þeim inni í dæminu hjá þeim. Þau eru aðalvandinn núna. Þau er sá vandi sem gerir að verkum að við getum ekki tekið upp erlenda mynt nema eitthvað annað gerist vegna þess að ef við tækjum upp erlenda mynt núna bara í dag og við værum búin að leysa vandamál varðandi verðtrygginguna og annað slíkt sem eru geysileg þá mundu allir eigendur jöklabréfanna — sem eru útlendingar, einhverjir tannlæknar eða arkitektar á Ítalíu eða Spáni sem hafa í rauninni engin tengsl við Ísland nema þeir tóku lán í Japan til þess að fjárfesta á Íslandi, tóku lán með lágum vöxtum, 4%, og fjárfestu á Íslandi með 12% vöxtum með innlánum eða bankabréfum — þeir mundu að sjálfsögðu taka dollarana sína eða evruna eða hvaða mynt sem við tækjum upp, taka hana strax til baka og flytja hana út. Þá þyrftum við að eiga fyrir þessum 200–300 milljörðum sem eru í þessum jöklabréfum. Þetta er vandinn. Þess vegna getum við þetta ekki nema það sé búið að leysa þennan vanda fyrst. (Gripið fram í.) Það væri hugsanlega hægt að gera og það er, skilst mér, verið að reyna að ná samningum við þessa aðila. En ætli það séu ekki tugir þúsunda sem eiga þessi bréf og þeir hafa engin tengsl við Ísland í sjálfu sér. Þeir eiga enga reikninga hérna eða neitt slíkt. Þeir bara eiga hérna eign í krónum (**Gripið fram í:** ... eru fjórtán.) sem þeir vilja ná út. (Gripið fram í.) Ha! (**EyH:** Eru fjórtán sem eiga jöklabréf?) Það eru fjórtán aðilar sem gáfu út jöklabréf, það er meira að segja austurríska ríkið. En þeir seldu þau svo áfram til fjölda smærri aðila sem fjárfestu og fjárfestarnir taka áhættu af gengisfallinu en hinir taka áhættuna ef bréfin tapast eins og til dæmis þeir sem fjárfestu í bankabréfum sem hreinlega töpuðust í hruninu, sem eitthvað var um.

Verðtrygginguna þarf líka að leysa ef við tökum upp nýja mynt. Það er ekki hægt að vera með samninga um verðtryggðar evrur. Það er ekki hægt. Þá er það orðið mjög undarlegt vegna þess að verðtryggingin er í rauninni önnur mynt í landinu. En það er ekki hægt að leysa verðtrygginguna svona allt í einu vegna þess að þetta eru einkasamningar. Það verður þá að gera það þannig að nýir samningar megi ekki vera verðtryggðir. Ég hef nú lagt það til að um leið og verðbólgan hefur lækkað sem verður væntanlega í haust, þ.e. að verðbólgan verði komin í skikkanlegt horf, eins og 3–4%, að þá geta menn afnumið verðtrygginguna á nýjum samningum. Og svo þarf að bíða eftir því að það deyi út eða þeir samningar verði keyptir upp eða eitthvað slíkt.

Ég tel að menn þurfi að skoða þessi mál mjög nákvæmlega en þeir þurfa líka á átta sig á þeim hömlum og þeim aga sem þeir eru að leggja á sig. Mér líst eiginlega best á að taka upp norska krónu (Gripið fram í.) vegna þess að bæði Norðmenn og Íslendingar eru fiskframleiðendur, þ.e. matvælaframleiðendur og orkuframleiðendur, Íslendingar með raforkuna sína og hugsanlega olíu — ég veit það ekki — og Norðmenn með olíuna sína og eitthvað af raforku. Að mörgu leyti fellur þetta því saman. Nú veit maður ekki hvort hægt sé að gera samning við norska seðlabankann um að hann dekki nítjánfalt það sem Íslendingar dekka á móti einum eða eitthvað svoleiðis og við fengjum kannski einn mann í stjórn seðlabanka Noregs sem hefði mjög lítið atkvæðavægi. En þetta eru allt saman hlutir sem þarf að semja um.

Svo getum við líka tekið upp nýja mynt einhliða. (Gripið fram í.) Það á líka við um dollara og fleiri myntir sem við gætum hugsanlega tekið upp. En ég held að það sé mjög mikilvægt að ríkisstjórnin, væntanlega eftir kosningar því þetta gerist ekki allt einn, tveir og þrír — ég er á móti því að gera svona ráðstafanir einn, tveir og þrír, því það

þarf að liggja vel yfir þessu og það er líka ekki hægt vegna jöklabréfanna og verðtryggingarinnar. Ég held því að við þurfum að stefna á eitthvað slíkt.

Eins og ég gat um í upphafi þá legg ég til að tillögunni verði breytt í hv. viðskiptanefnd og hún samþykkt.

[16:34]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og taka undir með flokksbróður mínum sem talaði hérna á undan, Pétri H. Blöndal, og þakka flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu, hv. þingmönnum Jóni Magnússyni, Guðjóni A. Kristjánssyni og Grétari Mar Jónssyni, fyrir að leggja þetta mál fram og mæla fyrir því. Ég tel að málið sé afar athyglisvert, ekki síst í ljósi þess að eitt af því mikilvægasta sem við ræðum þessa dagana er framtíðarskipan peningamálastefnu á Íslandi. Ég tel að við þær aðstæður sem uppi eru núna eftir hrun fjármálakerfisins verði ekkert hjá því komist að við Íslendingar og við sem störfum í stjórnmálunum setjumst niður og reynum að snúa saman bökum og kortleggja þá valkosti sem við höfum í gjaldmiðilsmálum til framtíðar. Ég tel að þetta þingmál sé innlegg í þá umræðu.

Ég er sammála hv. þm. Pétri Blöndal um að kannski væri ástæða til þess að breyta örlítið textanum í þingsályktunartillögunni. Það sem ég vil gera er að kanna möguleika á því að tekinn verði upp alþjóðlega viðurkenndur gjaldmiðill á Íslandi með einhverjum hætti, annaðhvort einhliða eða í gegnum myntráð eða einhverja þá kosti sem í boði eru. Þá komi aðrir gjaldmiðlar til greina til viðbótar við norsku krónuna eins og bandaríkjadollar, evra, jafnvel breska sterlingspundið, eins og Daniel Hannan, þingmaður á Evrópuþinginu, benti á á vef *Morgunblaðsins* í gær.

Ég tók eftir því að hv. þm. Jón Magnússon fór yfir það í framsögu sinni þar sem hann mælti fyrir þessari tillögu til þingsályktunar að það væri allt Sjálfstæðisflokknum að kenna hvernig komið væri fyrir íslensku efnahagslífi. Auðvitað ber Sjálfstæðisflokkurinn ábyrgð á því ástandi sem uppi er og gengst fúslega við því. Ég held hins vegar að ef við erum að tala um gengismálin beri allir ábyrgð, (**EyH:** Ertu að koma með afsökunarbeiðni?) Sjálfstæðisflokkurinn, Samfylkingin, Framsóknarflokkurinn — sem var nú í ríkisstjórn í tólf ár — bankamenn, hagfræðingar og aðrir þeir sem að þessum málum hafa komið.

Eins og menn hafa kannski tekið eftir er ekki langt síðan hagfræðingarnir dr. Gylfi Zoëga og Jón Daníelsson birtu mikla skýrslu þar sem þeir fóru yfir hvað mistekist hefði í hagstjórn á Íslandi.

Í skýrslunni segir á bls. 2, með leyfi forseta:

„Allt frá vordögum árið 2001 hefur verðbólgumarkmiði verið fylgt við stjórn peningamála. Sú aðferðafræði hefur ekki staðist væntingar við að ná niður verðbólgu en hátt vaxtastig hefur hvort tveggja hvatt innlend heimili og fyrirtæki til skuldsetningar í erlendri mynt og laðað fjármagn spákaupmanna sem vildu stunda vaxtamunarviðskipti hér. Mikið innflæði fjármagns fylgdi í kjölfarið og þótt heildarupphæðin sé ekki þekkt virðist sem hún hafi numið meiru en 50% af vergri landsframleiðslu. Það verður ekki séð hvers vegna þetta vakti ekki áhyggjur yfirvalda.“

Ég vil benda á að Gylfi Zoëga, sem er höfundur þessara tilvitnuðu orða, skrifaði grein í *Vísbendingu* árið 2006 ásamt öðrum hagfræðingi, Tryggva Þór Herbertssyni.

Árið 2006 sögðu þessir tveir hagfræðingar, með leyfi forseta:

„Með núverandi gengisfyrirkomulagi, þ.e. fljótandi gengi, hefur hagkerfið sýnt mikinn sveigjanleika. Verðbólga hefur aukist en ekki farið úr böndunum. Fyrirtæki hafa eflst vegna eignauppstokkunar og umsvif þeirra erlendis aukist til muna og aukið framboð lánsfjár til heimila hefur gert þeim kleift að kaupa ýmsar varanlegar neysluvörur sem ættu að auka velferð almennings. Niðurstaða okkar er að Íslendingum sé betur borgið með núverandi fyrirkomulagi í gengismálum en með því að taka upp fastgengisstefnu og ganga í evrópska myntsamstarfið.“

Þarna kvað við annað tón en í skýrslunni sem Gylfi Zoëga og Jón Daníelsson sendu frá sér nýverið. Ég vitna til skrifa þessara tveggja hagfræðinga til þess að benda á að í hagfræðiheiminum hafa ýmsir spekingar lagt það sama til umræðunnar og það sem hv. flutningsmaður tillögunnar bar Sjálfstæðisflokknum á brýn í ræðu sinni.

Það er auðvitað ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er: Hvernig eigum við að stíga næstu skref í gjaldmiðilsmálum okkar? Eins og ég sagði áðan, herra forseti, er mjög mikilvægt að menn og íslensk stjórnvöld marki einhverja framtíðarstefnu í gjaldmiðilsmálum, skilgreini og skoði hvaða valkostir eru í boði í gjaldmiðilsmálum.

Ég skrifaði grein í *Morgunblaðið* þann 4. febrúar 2009 undir yfirskriftinni „Þetta eru verkefnin“. Þar taldi ég upp átta atriði sem ég tel að séu mikilvægustu viðfangsefni stjórnvalda nú um stundir og hvatti nýja ríkisstjórn til þess að beita sér fyrir þeim verkefnum fram að kosningum. Eitt þessara atriða sem ég nefndi var gjaldmiðillinn og framtíðarskipan gjaldeyrismála.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Marka þarf skýra framtíðarstefnu í gjaldmiðilsmálum á Íslandi. Fólkið og fyrirtækin eiga heimtingu á því að vita hvert stefnir í gjaldmiðilsmálum. Í dag ríkir mikil óvissa um það. Íslenska krónan hefur reynst okkur fjötur um fót og á það höfum við verið óþyrmilega minnt á síðustu mánuðum. Forðast ber í lengstu lög að draga á lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til þess að verja gengi krónunnar. Með því er hætt við að lánsféð brenni á heitu báli en eftir sitji komandi kynslóðir með óbærilegan skuldaklafa á bakinu til langrar framtíðar. Mikilvægt er að stjórnvöld fái færustu sérfræðinga sem völ er á til þess að skoða með markvissum hætti þá valkosti sem bjóðast í gjaldmiðilsmálum, einkum einhliða upptöku alþjóðlegs gjaldmiðils á Íslandi samhliða öðrum kostum. Að þeirri skoðun lokinni ættum við að vera í stakk búin til þess að taka ákvörðun um framtíðarskipan gjaldmiðilsmála á Íslandi.“

Ég tel að sú þingsályktunartillaga sem er til umfjöllunar sé innlegg í þessa umræðu, innlegg í að útbúin og mynduð verði framtíðarstefna í gjaldmiðilsmálum. Reynsla okkar hefur sýnt að krónan hefur reynst okkur fjötur um fót. Við þurfum að skoða alla þá valkosti sem í boði eru í gjaldmiðilsmálunum. Samfylkingin og hv. þm. Helgi Hjörvar, sem er hérna í salnum, hafa talið að sú lausn sem sé handan við hornið fyrir okkur Íslendinga sé innganga í Evrópusambandið með upptöku evru. Ég hef hins vegar talið að sú leið

sé ekki góð fyrir okkur Íslendinga vegna þess að með því þyrftum við að afsala okkur réttindum yfir auðlindum. Það eru ýmsir aðrir ókostir sem fylgja Evrópusambandsaðild. Ég viðurkenni hins vegar að það fylgir henni líka kostur sem er gjaldmiðillinn.

Gallinn við Evrópusambandsleiðina og upptöku evru á grundvelli aðildar er sá, eins og Olli Rehn, stækkunarstjóri Evrópusambandsins, lýsti í viðtali við ríkissjónvarpið í nóvember sl., að Íslendingar fengju inngöngu í Evrópusambandið eftir fjögur ár. Til þess að ríki geti tekið upp evru á grundvelli Evrópusambandsaðildar þurfa þeir að hafa verið aðilar að Evrópusambandinu í tvö ár, sem þýðir að Íslendingar gætu ekki tekið upp evru fyrr en í fyrsta lagi eftir sex ár. Þó er það mjög ólíklegt vegna þess að eins og staðan er núna í íslenskum efnahagsmálum mundum við eiga mjög erfitt með að geta uppfyllt Maastricht-skilyrðin sem Evrópusambandið setur fyrir því að evran verði tekin upp. Ég er því ekki viss um að að liðnum þessum sex til átta, níu árum verði mikið eftir af hagkerfinu hér á landi ef ekkert verður að gert. Ég hef því efasemdir um að fólkið og fyrirtækin í landinu hafi tíma til þess að bíða svo lengi eftir því að einhver varanleg lausn komi á gjaldmiðilsmálum okkar.

Ég hef sjálfur lagt mikla vinnu í að skoða möguleika í samráði við innlenda og erlenda sérfræðinga á því að tekinn verði upp alþjóðlegur gjaldmiðill einhliða, annaðhvort til skamms tíma með aðra heildarlausn í boði til framtíðar, eða hugsanlega að komið verði á myntráði líkt og gert var í Hong Kong og komið var á árið 1983. En aðalatriðið er að menn nálgist þessi mál með opnum huga, (Forseti hringir.) útiloki ekki neina möguleika og reyni að koma sér saman um skýra framtíðarstefnu í peningamálum á Íslandi.

[16:44]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Já, þetta er vissulega þörf umræða en hún hefur farið fram oft áður og við Íslendingar hjökkum alltaf í sama farinu. Það er eins og það sé ekki nokkur leið að þróa þessa umræðu eitthvað fram á veginn. Menn eru bara fastir í því að láta skoða þetta og skoða hitt og helst kannski það, eins og staðan er núna, að taka upp einhvern annan gjaldmiðil, gjaldmiðil einhvers annars þjóðríkis.

Mér fannst alveg ótrúlega skemmtilegt að hlusta á síðasta ræðumann, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, (**SKK:** Þakka þér fyrir.) sem segir núna að ekki megi útiloka neina möguleika. Það verði að marka framtíðarstefnu og skoða alla þá valkosti sem geti verið í stöðunni. (**SKK:** Nema inngöngu í Evrópusambandið ...) Hv. þingmaður bætir því við núna að skoða eigi allt nema að ganga í Evrópusambandið en það kom eiginlega ekki fram í ræðunni.

Mér er mjög minnisstætt þegar sú sem hér stendur kom fram með ýmsa valkosti í þessum efnum fyrir u.þ.b. þremur árum og taldi að ekki væri framtíð í því að vera með íslenska krónu og sjálfstæðan gjaldmiðil í okkar litla hagkerfi. Þá sagði hv. þingmaður fyrir utan Alþingishúsið, og var nokkuð drjúgur með sig, að enginn gæti komið með svona vitlausa tillögu nema Valgerður Sverrisdóttir. Þá kom ekki til greina að skoða alla kosti eins og ég lagði til.

Ég held því fram að ef Sjálfstæðisflokkurinn væri ekki búinn að þumbast við í öll þessi ár og neita að taka á því mikilvæga máli, sem er þessi sjálfstæði gjaldmiðill í okkar litla hagkerfi, stæðum við í öðrum sporum í dag. Valdaseta Sjálfstæðisflokksins í íslensku samfélagi á svona mörgum síðustu árum er því búin að kosta þetta samfélag mjög mikið og ekki verður séð fyrir endann á því alveg strax. Vissulega verður forvitnilegt að heyra hvaða niðurstaða verður á landsfundi þeirra sem haldinn verður fljótlega og varðar Evrópumál en ég tel ekki miklar líkur á að tekin verði stór skref.

Þegar hv. þingmenn tala um það, eins og það sé bara spurning um vilja okkar, hvort hægt sé að taka upp norska krónu eða ekki finnst mér þeir vera nokkuð bjartsýnir, ef það má orða það þannig. Það er ekki eins og Norðmenn mundu stökkva til og láta okkur hafa norska krónu til þess að leika okkur að á Íslandi í allri þeirri eyðslusemi sem tíðkast hefur hér og hv. þm. Pétur Blöndal fór nokkuð yfir. Auðvitað mundu þeir þá vilja taka hér við stjórn efnahagsmála, alla vega ríkisfjármála, að verulegu leyti.

Ég tók eftir því þegar fjármálaráðherra Noregs, sem var hér nýlega í heimsókn, var spurð að því hvernig Norðmönnum litist á að við tækjum upp norska krónu sagði hún: Ef við fengjum formlegt erindi þar að lútandi yrði það tekið til athugunar. Hún hafði allan fyrirvara á. Ég skil mjög vel að hún hafi ekki verið tilbúin að svara þessari spurningu. Hún líka gerir sér alveg grein fyrir því að norsk stjórnvöld munu aldrei fá þessa fyrirspurn formlega. Það mun engin ríkisstjórn vera hér við völd sem mun leggjast svo lágt að óska eftir því að taka upp gjaldmiðil annars þjóðríkis, það leyfi ég mér að fullyrða.

Við framsóknarmenn höfum unnið mikið í þessu máli. Við erum ekki að byrja að hugsa um það í dag, við erum búin skoða gjaldmiðilsmálin vel og reyna að átta okkur á því hvaða kosti við eigum. Sú nefnd sem var að störfum innan flokksins skilaði skýrslu á haustdögum. Niðurstaðan var sú að í rauninni væri ekki nema um tvennt að ræða, að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru eða að styrkja gjaldeyrisvaraforða okkar stórlega þannig að hann yrði margfaldur á við það sem hann er í dag og það kostar náttúrlega gríðarlega peninga. Þetta var niðurstaða nefndarinnar og síðan höfum við haldið flokksþing okkar eins og hv. þingmenn þekkja. Þar komumst við að þeirri niðurstöðu að réttast væri að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Þegar hv. þingmenn tala um að það taki líklega sex ár eða svo að taka upp evruna í gengum Evrópusambandið eru menn bara að skjóta út í loftið. Það hefur ekkert verið farið á fjörur við Evrópusambandið um að sækja um aðild og reyna að gera stöðugleikasamning við sambandið sem mundi þá vera eitthvað í líkingu við að fá aðild að því fordyri sem þar hefur verið.

Mér finnst bara sorglegt, hæstv. forseti, hvað þessi umræða þróast lítið og hvað menn eru fastir í einhverjum lausnum. Þær eru ekki lausnir í raun og veru heldur eru eingöngu settar fram til þess að þykjast hafa eitthvað til málanna að leggja og tefja að verði farið í viðræður við Evrópusambandið.

Þetta er það sem ég hef að segja þó að ég vilji taka það fram, hæstv. forseti, að ég hef alls ekki neitt á móti þessari tillögu. Hún er þó alla vega viðleitni í þá átt að hreyfa þessu máli og reyna að koma því í einhvern farveg því að það

hefur engin ríkisstjórn sem setið hefur getað komið þessu máli í almennilegan farveg. Fyrst og fremst hefur það verið vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn sérstaklega hefur ekki viljað ræða aðild að Evrópusambandinu. Hann hefur lagt sig fram um að senda slæm skilaboð til Evrópusambandsins og gera kröfur á það en sýna engan samstarfsvilja. Það hefur, eins og ég segi, kostað okkur mikið og ekki verður séð fram úr því á þessari stundu. Ég er kannski óþolinmóð, það mætti kannski kalla óþolinmæði að ætlast til þess að mál þróist eitthvað í umræðu, en ég endurtek að ég tel að þetta mál hafi ekki þróast mikið á síðustu árum.

[16:52]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér þingsályktunartillögu um breytta skipan gjaldmiðilsmála. Þingmenn Frjálslynda flokksins hafa áhuga á að tengja íslensku krónuna við aðra mynt og nefna þar sérstaklega þá norsku í samstarfi við norsk stjórnvöld. Ef sá kostur er ekki mögulegur mundu þeir vilja kanna möguleikana á að taka upp evru, annaðhvort einhliða eða í samráði við Evrópusambandið. Ég held að það sé ljóst að við öll sem höfum talað hér í dag höfum miklar áhyggjur af íslensku krónunni og það er því þakkarvert að þetta mál sé til umræðu.

Það er ljóst í mínum huga að vantraust á íslenska efnahagslífið endurspeglast í algjöru vantrausti okkar á íslensku krónunni. Það er þannig að raunverulegt gengi krónunnar er ekki til og sem dæmi getum við nefnt að bæði disneydollarar og jafnvel myntin í tölvuleiknum Eve Online virðast njóta meira trausts en krónan. Ríkið hefur steypt sér í stórkostlegar skuldir til að styðja við krónuna og við sitjum hér öll með krosslagða putta og vonum að það virki. En þótt okkur takist að rétta okkur við núna verðum við að horfast í augu við það að við erum með minnstu sjálfstæðu mynt í heimi í opnu hagkerfi, alla vega um leið og við losum um gjaldeyrishöftin.

Flutningsmenn benda á að þrátt fyrir gríðarstóran gjaldeyrisvarasjóð, sem við erum að koma okkur upp, eru miklar líkur á að sveiflur á gengi krónunnar verði ekki minni á næstu árum en verið hefur. Þeir benda líka á að íslensku krónunni er ekki treyst í langtímaviðskiptum með því að við gerum kröfur um að vera með verðtryggingu á langtímalánum, auk þess sem vantraustið er algjört bæði á íslenska fjármálalífið og Seðlabankann og það mun taka mörg ár, ef ekki áratugi, að endurvinna það traust. Það er algjörlega ljóst í mínum huga að sveiflur á gengi krónunnar eru því ekki að fara neitt.

Ég hlýt því að spyrja: Hvenær er kominn tími til að grípa til aðgerða? Hvenær er kominn tími til þess að við gefumst hreinlega upp á myntinni okkar? Stór hluti íslenskra heimila og fyrirtækja valdi að taka frekar lán í erlendri mynt en þeirri íslensku. Útflutningsfyrirtækin okkar neita að skipta gjaldeyrinum sínum yfir í íslenskar krónur og geyma peninginn frekar inni á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum og eru á fullu að velta fyrir sér hvort þau geti hugsanlega greitt starfsfólki sínu í erlendri mynt — sum eru jafnvel þegar farin að gera það.

Mig minnir að ég hafi lesið viðtal við forstjóra tölvufyrirtækis sem býður upp á Eve Online og hann hafi verið spurður hvernig væri með þessar sveiflur. Hann lýsti því yfir að hann væri algjörlega búinn að losa sig við þetta því hann væri farinn að borga starfsfólki sínu í þeirri mynt sem hann fengi tekjurnar í. Afleiðingin er sú að það eru að verða til tveir þjóðfélagshópar í samfélaginu, þeir sem fá greitt í erlendri mynt, og hafa það bara ansi gott, og þeir sem þiggja laun í íslenskum krónum, sem er sífellt að verða minna virði, og hafa það bara ansi skítt.

Ég er því sammála flytjendum málsins um að leita verður leiða til þess að leysa gjaldeyriskreppu okkar Íslendinga en ég er hins vegar ekki sannfærð um að norska krónan sé rétta lausnin. Áhugi Norðmanna virðist ekki vera mikill þrátt fyrir fullyrðingar hæstv. fjármálaráðherra um annað. Má t.d. nefna að Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, hafnaði hugmyndinni strax í nóvember og taldi betra að lána íslenskum stjórnvöldum í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og styðja þannig við íslensku krónuna. Kristín Halvorsen, skoðanabróðir hæstv. fjármálaráðherra og fjármálaráðherra Noregs, hefur svo sem tekið vel í hugsanlegar viðræður við íslensk stjórnvöld um gjaldeyrissamstarf ef eftir því yrði leitað, en mig minnir nú að samt hafi verið ákveðið hik á henni þegar hún nefndi það.

Við getum svo sem líka hugsað okkur að hægt væri að beita Norðmenn þrýstingi þar sem þeir hafa töluverðar áhyggjur af því að við sækjum um aðild að Evrópusambandinu ef aðrir valkostir bjóðast ekki í sambandi við myntina. En þá hljótum við að spyrja: Hentar norska krónan? Myntin er ekki stór. Landið er ekki stórt og hagfræðingar hafa bent á að hagsveiflur í Noregi tengjast fyrst og fremst olíuverði en ekki matvælaframleiðslu eins og áður og hagkerfi þessara ríkja eru þar með töluvert ólík. Við eigum einnig fyrst og fremst í utanríkisviðskiptum í evrum og dollurum og ef við göngum einhvern tímann í framtíðinni í Evrópusambandið þyrftum við væntanlega enn á ný að skipta og þá yfir í evrur.

Ríkisstjórnin virðist heldur ekki vera sérstaklega samstiga í þessu máli. Hæstv. fjármálaráðherra vill að sjálfsögðu alls ekki koma nálægt Evrópusambandinu og hefur kastað fram hugmyndinni um norsku krónuna sem lausn sem hugnast honum, að því er ég fæ heyrt, og öðrum andstæðingum Evrópusambandsins betur.

Hæstv. forsætisráðherra sagði að hún sæi það ekki í stöðunni að taka í bráð upp aðra mynt en krónuna og sagði að fram þyrftu að koma sérstök rök fyrir því. Hún sagði að málið hefði ekki verið rætt sérstaklega í ríkisstjórn heldur aðallega í fjölmiðlum að því er virtist.

Þriðja skoðunin kom síðan frá hæstv. viðskiptaráðherra, Gylfa Magnússyni, sem taldi að við gætum haft eitthvert gagn af einhverju samstarfi við Norðmenn í gjaldmiðilsmálum en taldi að norska krónan væri ekki æskilegur framtíðargjaldmiðill fyrir Ísland. Það má líka minna á það að hæstv. viðskiptaráðherra var einn 32 hagfræðinga sem blés hugmyndina um einhliða upptöku evru út af borðinu. Að mati þeirra er eina framtíðarlausnin að endurheimta traust á íslenskt efnahagslíf og tryggja drjúgan afgang af viðskiptum við útlönd — sem sagt einfaldlega að lifa á því sem við öflum.

Ég verð að viðurkenna að þetta er svolítið nýtt hugtak fyrir okkur Íslendinga. En það er kannski málið. Við verð-

um kannski að fara að horfast í augu við að það verða engar töfralausnir á því hvernig við ætlum að tækla þau vandamál sem við erum að fást við, þessi stórkostlegu og erfiðu vandamál. Þetta verður erfitt og allar leiðir sem við munum velja fela í sér ákveðna áhættu. Það að halda sig við íslensku krónuna, semja við Norðmenn um myntsamstarf, taka upp einhliða evru eða dollara eða sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka í framhaldinu upp evru.

Ég tel mikilvægt að Alþingi álykti að ríkisstjórninni verði falið að kanna möguleika á að tengja íslensku krónuna við aðra mynt. Ekki vegna þess að ég sé sannfærð um að einhver ein leið sé betri en önnur heldur vegna þess að við verðum að hætta að tala um alla möguleikana, við verðum að fara að grípa til aðgerða og þær aðgerðir verða að byggjast á bestu mögulegu upplýsingum, og ég tel að þingsályktunartillagan fjalli í raun og veru um það.

Ef eina leiðin er að fara í viðræður við viðkomandi lönd til að fá ákveðna niðurstöðu þá verður svo að vera. Tíma aðgerðarleysis er lokið. Kominn er tími til þess að grípa til aðgerða.

[16:59]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa ágætu umræðu og tillögu þingmanna Frjálslynda flokksins um þetta efni. Umræðuefnið er brýnt en þó get ég tekið undir það með hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að umræðan hefur ekki þokast ýkja mikið, og sérstaklega ekki þegar horft er til þess að sú gjaldeyriskreppa sem hér varð varð til þess að gera fjármálakreppu okkar miklu dýpri og erfiðari og fækka þeim tækjum og bjargráðum sem við höfum til þess að vinna okkur út úr kreppunni. Vegna þess að við búum við, eins og hver maður segir nú á eftir öðrum, illa laskaðan ef ekki ónýtan gjaldmiðil sem verja þarf með mjög þröngum reglum, sem settar eru hér í þinginu, um gjaldeyrisviðskipti. Það er því mikilvægt að hreyfa öllum þeim möguleikum sem menn telja sig sjá.

Það hefur svo sem ekki farið fram hjá neinum, hygg ég, að allt frá stofnun Samfylkingarinnar höfum við lagt á það áherslu að Ísland eigi að taka virkari þátt í Evrópusamstarfinu. Við eigum að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið, gerast aðili að því og að stofnunum þess og þar á meðal að myntbandalaginu og evrunni — það sé í rauninni eina framtíðarlausn sem við eigum í þessum efnum.

Það er býsna mikilvæg framtíðarlausn vegna þess að í dag erum við í raun og veru í tvöfaldri kreppu. Við erum annars vegar í efnahagslægð, sem leikur samfélagið á hverjum einasta degi ákaflega grátt, en á sama tíma keyrum við á þetta sama samfélag, sem er í miklum samdrætti, ofurháa vexti — nærri 20% vexti, m.a. vegna þeirrar gjaldeyriskreppu sem hér er — og gerum þannig atvinnufyrirtækjunum, sem þó standa illa fyrir, erfiðara um vik að halda úti starfsemi sinni og atvinnu í landinu.

Gríðarlegur ávinningur hefði því verið af því að búa að sterkri mynt, að öflugum seðlabanka sem bakhjarli, að vaxtastigi og stöðugleika eins og tíðkast hjá siðmenntuðum þjóðum, sem við hefðum fengið með því að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið og taka upp evruna. Ég held að flestir séu orðnir á því að aðrar leiðir eru ekki nema um hálfan veg. Við getum ekki fest krónuna okkar við einhverja aðra mynt vegna þess að við eigum einfaldlega ekki fjármuni til þess að standa á bak við það.

Ég held að hugmyndir um að önnur ríki taki að sér að ábyrgjast íslenskt efnahagslíf, eftir það hvernig við höfum hegðað okkur á undanförnum missirum, verði að teljast býsna óraunhæfar. Ekki síst þegar við horfum til þess að sú fyrirgreiðsla sem Íslendingar geta vænst hjá öðrum þjóðum er takmarkað lánsfé sem veitt er fyrir milligöngu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem á mannamáli þýðir að aðrar þjóðir vilja ekki snerta við efnahagnum nema fyrir milligöngu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hvað þá að fara að ábyrgjast hagkerfið eða veita baktryggingu fyrir því sem við ætlum að gera hér á næstu missirum.

Ég held að menn muni nú horfa til þess hvernig við bregðumst við eftir hrunið og bíða og sjá hvort við ætlum að læra af því sem við höfum farið í gegnum, auk þess sem á stundum getur beinlínis verið óskynsamlegt að tengja okkur við aðra mynt, til að mynda norsku krónuna. Því eins og fram hefur komið hjá Norðmönnunum þá stjórnast hún að yfirgnæfandi leyti af olíunni sem vegur svo gríðarlega þungt í efnahag þeirra.

Þó það sé út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal, eins og margt annað, að um orkuframleiðslu sé að ræða blandast engum hugur um það sem annars vegar hefur skoðað þróun raforkuverðs á heimsmarkaði og hins vegar þróun olíuverðs að þar er himinn og haf á milli. Þegar olíuverð margfaldaðist á síðasta ári var það rétt svo að raforkuverð, bæði austan hafs og vestan, hafi hækkað um 5, 10 eða 15% — á sama tíma og sveiflur í olíuverði voru í mörg hundruð prósentum. Það er því ólíku saman að jafna. Ef menn ætla að leita í einhverjar hagsveiflur sem nálgast efnahaginn hér þá taka menn ekki upp norsku krónuna jafnvel þó að svo ólíklega vildi til að það stæði til boða.

Nei. Ég held að allar þessar vangaveltur okkar — sem ég álít málefnalegar og sjálfsagt að menn fari í gegnum, og hef sjálfur oft farið í gegnum — lýsi að mörgu leyti því einkenni á okkur að við erum alltaf að leita að skemmri skírn. Við Íslendingar erum einhvern veginn alltaf að leita að styttri leið, hvort ekki sé hægt að fara yfir móann í staðinn fyrir að fara lengri leiðina um veginn. Það er hluti af þeirri ógæfu sem við höfum ratað í, að fara ekki einfaldlega lengri leiðina, axla þá ábyrgð sem þarf að axla og taka þann tíma í hlutina sem þarf að taka.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði hér áðan að sex eða átta ár væru langur tími í því að taka upp evruna. Ég tók til gamans með mér forsíðu *Fréttablaðsins* eftir að við höfðum verið á fundi hjá Heimssýn, ég, hv. þm. Geir Hilmar Haarde og hæstv. ráðherra Steingrímur J. Sigfússon, og rætt um evruna. Samfylkingin vill ein taka upp evruna, segir þar. Og hvert er ártalið? Ártalið er 2003. Það eru liðin sex ár frá því þetta var. Sex ár eru ekki langur tími auk þess sem ýmsir sem þekkja vel til þeirra kosta sem bjóðast í Evrópusambandsviðræðum telja að jafnvel mætti komast hraðar inn í EMR2 þó að ég telji það ekki aðalatriðið.

Við Íslendingar verðum að horfast í augu við það að við erum ekkert á leið út úr þessari fjárhagskreppu eftir eitt ár eða tvö ár. Staðreyndin er einfaldlega sú að hér eru mörg erfið ár fram undan. Við eigum að horfast í augu við það og

stefna að raunverulegum framtíðarlausnum. Þar eru auðvitað pólitískt séð tveir kostir. Það er sá kostur að verða hluti af hinu evrópska samstarfi, taka fullan þátt í skrifræðinu þar sem skiptir máli þegar markaðir bresta, skrifræðinu sem vantaði þegar á bjátaði hjá okkur, og tökum þátt í myntsamstarfinu til þess að fá gjaldmiðil sem við getum notað og okkur hefur skort þó að það taki langan tíma.

Hinn kosturinn er sá að verða bara dollaravætt smáríki. Ýmsar smáþjóðir í heiminum hafa tekið þann kostinn að taka upp stóran gjaldmiðil frá öðru ríki, oft og einatt frá Bandaríkjunum, dollara. En menn skulu ekki láta sér detta í hug að það þýði að þeir fái vaxtastig eða lánsfjárframboðið sem í gildi er á Bandaríkjamarkaði. Því það Mið-Ameríkuríki sem áður var nefnt býr við 12% vaxtastig. Það eru ekki vextirnir í Bandaríkjunum. Nei. Menn krefjast auðvitað miklu hærri vaxta á dollara sem lánaður er í dollaravæddum smáríkjum en krafist er á mörkuðunum í Bandaríkjunum.

Í sjálfu sér er því ósköp takmarkaður ávinningur af því að fara í slíka upptöku á gjaldmiðli, við þurfum ekki slíkt vaxtastig sem dollaravæddu smáríkin, mörg hver, búa við. Við þurfum að komast inn í virkt alþjóðlegt samstarf. Við þurfum að hafa aðgang að sterkum og öflugum seðlabanka. Við þurfum að hafa mynt og framboð af fjármagni sem er á skynsamlegum kjörum til langs tíma til þess að geta byggt hér upp öflugt atvinnulíf og unnið okkur út úr þeim miklu erfiðleikum sem skammsýni okkar, og tilhneiging til þess að reyna alltaf að fara styttri leiðina, eða komast undan skrifræðinu, hefur leitt okkur í.

[17:08]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður segir að við eigum að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Það er bara ekki svo einfalt. Eftir þær kúganir sem Evrópusambandið beitti íslenska þjóð sl. haust sameiginlega — íslenska þjóðin lá svo vel við höggi, hún var búin að tapa bönkunum sínum — þá beitti Evrópusambandið okkur kúgun til þess að taka ábyrgð á Icesave-reikningunum. Það er þvílík skuldbinding að Íslendingar munu ekki uppfylla Maastricht-skilyrðin fyrr en eftir áratug. Það þýðir að ef við göngum í Evrópusambandið getum við síst af öllu tekið upp evru, af því að við þurfum að uppfylla Maastricht-skilyrðin til þess að geta tekið upp evru. Það er allt að þakka vinum okkar svokölluðu í Evrópusambandinu, sem hv. þingmaður vill endilega taka upp félagsskap við.

[17:09]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég get að ýmsu leyti tekið undir málflutning Péturs H. Blöndals varðandi Icesave-reikningana og þau varnaðarorð sem hann hefur haft uppi um þær skuldbindingar sem við þyrftum að gangast undir í því sambandi og held að það sé mikilvægt að þær skuldbindingar séu meðal þess sem við ræðum við Evrópusambandið. Ég er þó hræddur um að við þurfum, hv. þingmaður, að líta örlítið meira í eigin barm þegar söfnun þessara innlánsreikninga í nálægum ríkjum á undanförnum missirum og árum er annars vegar en bara að kenna þar um vondum útlendingum. Ég held að það verði ekki fram hjá því litið að við sem vorum við stjórnvölinn, bæði ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal, berum býsna mikla ábyrgð á þeirri starfsemi og því sem þar fór fram og getum ekki bara sakast þar við vonda útlendinga.

Ég held hins vegar að leiðin til lausnar á þeim málum og svo mörgum öðrum, ekki einfaldrar lausnar, ekki töfralausnar, heldur leiðin til þess að vinna sig út úr því skref fyrir skref á lengri tíma sé einmitt að fara í viðræður við Evrópusambandið. Eins og hv. þingmaður veit er auðvitað fordyri evrunnar EMR2, þ.e. þar sem myntir eru tengdar við evruna með bakstuðningi evrópska seðlabankans, því að það er algjörlega marklaust að tengja mynt annarri mynt ef ekki stendur á bak við það stór og öflugur seðlabanki. Ég held að hv. þingmaður viti býsna vel að það er auðvitað einn af þeim málefnalegu kostum sem til skoðunar hljóta að koma í peningamálastefnu þjóðarinnar til framtíðar.

[17:11]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Einmitt með því að ganga í Evrópusambandið erum við að fórna því að geta tekið upp evru, hugsanlega einhliða eða þá í sérstöku samkomulagi við Evrópusambandið án þess að ganga inn, það væri líka möguleiki. Við erum með Schengen-samkomulag og það er hægt að gera alls konar samkomulag og Evrópusambandið gæti örugglega, ef það vildi okkur vel, gert undantekningu á því að við gætum tekið upp evru án þess að ganga í Evrópusambandið.

Hv. þingmaður sagði að við værum búin að skuldsetja okkur mikið. Ég vil taka það fram að Icesave-reikningarnir og innlánstryggingarsjóður á Íslandi eru reglur Evrópusambandsins, regluverk Evrópusambandsins sem við tókum upp að fullu og fullkomlega, þeirra reglur, og það reyndist vera galli í þeim. (**JM:** Íslensk lög.) Það er galli í þeim reglum sem felst í því að það er sama í hvaða Evrópusambandslandi það væri, ef Holland missti 80% af sínum bönkum á einni viku gætu þeir ekki staðið við innlánsreikninga sína. (Gripið fram í.)

Það sem var galli í reglunum, herra forseti, — ef ég fæ frið — er að Evrópusambandið átti að sjálfsögðu að hafa einn innlánstryggingarsjóð fyrir allt Evrópusambandið sem bankarnir borguðu inn í. Þá hefði þetta ekki riðið Íslendingum að fullu. Það var galli í Evrópusambandsreglunum sem við tókum upp, það má kannski segja að Alþingi Íslendinga hefði átt að sjá við þessu — sem allar hinar þjóðirnar sáu ekki — það getur vel verið. En þarna var galli í Evrópusambandsreglunum sem við erum að blæða fyrir með þrýstingi frá þeim því að sjálfsögðu áttum við ekki að borga þetta umfram það sem er í innlánstryggingarsjóðnum, sem eru 18 milljarðar.

[17:13]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni að það eru málefnaleg sjónarmið um ágalla á löggjöfinni sem sjálfsagt er að ræða við Evrópusambandið um leið og aðild við sambandið er rædd og önnur hagsmunamál þjóðarinnar enda eru það auðvitað gagnkvæmir hagsmunir að þau mál

og aðild okkar að bandalaginu geti fengið farsælar málalyktir fyrir báða.

Hitt verð ég svo að segja að það er einfaldlega sannfæring mín að ef við mögulega getum eigum við Íslendingar að hætta að keppast sífellt eftir því að hafa undanþágur. Ég held að það sé kominn tími til að við verðum stór og öxlum þá ábyrgð og þær skyldur sem alþjóðlegu samstarfi fylgja. Það er auðvitað algjörlega marklaust að ætla að taka evru upp einhliða vegna þess að við getum tilkynnt það hér en við höfum ekkert vald til þess að prenta þá mynt og við höfum ekkert afl til þess að standa undir þeirri yfirlýsingu og við gætum aldrei borgað út innstæður úr fjármálastofnunum á Íslandi í evrum vegna þess að við eigum ekki þær evrur og vegna þess að við höfum komið okkur í þá stöðu að það er enginn í heiminum sem hefur áhuga á því að lána okkur þær evrur. Yfirlýsing okkar um einhliða upptöku á evru væri því bara marklaus yfirlýsing, við gætum allt eins lýst því yfir að við ætluðum að taka upp matadorpeninga vegna þess að sú einhliða upptaka mundi eftir sem áður lúta fullkomlega íslenskum reglum. Hér yrðu fullkomlega íslenskir vextir á þessum svokölluðu evrum og það yrði að vera sérstök íslensk löggjöf um gjaldeyrishöft á þessari miklu alþjóðlegu mynt sem héti þá íslenska evran.

Ég held þess vegna að það sé einfaldlega til þess að tefja fyrir okkur í því vandasama verkefni sem við eigum fyrir höndum að vera að reyna að hlaupa þetta út undan okkur hvort sem það er í norska krónu eða einhliða upptöku á dollar, heldur eigum við einfaldlega að sýna þá forustu fyrir þjóðinni að ganga til samninga við Evrópusambandið og sjá hvaða kostir bjóðast þar og leggja slíkan samning síðan auðvitað (Forseti hringir.) í dóm þjóðarinnar sem úrslitum ræður um það stóra mál eins og vera ber.

[17:15]

Útbýting:

Rekstur skurðstofu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, 312. mál, fsp. BjörkG, þskj. 542.

Starfsemi vistunarmatsnefnda, 309. mál, fsp. RÓ, þskj. 539.

Störf nefndar um eflingu háskólastarfs á Vestfjörðum, 311. mál, fsp. SigP, þskj. 541.

Sýklalyfjanotkun, 310. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 540.

[17:16]

Björn Bjarnason (S):

Herra forseti. Fyrir tveimur árum lauk störfum nefnd sem ég leiddi, Evrópunefnd, sem fjallaði frá miðju ári 2004 til ársbyrjunar 2007 um Evrópumálefnin og gaf síðan út skýrslu. Í þeirri skýrslu er tekið á öllum þáttum samstarfs okkar við Evrópusambandið og m.a. fjallað um evruna.

Það verður að segja þá sögu eins og hún er að í störfum nefndarinnar beindist athygli nefndarmanna ekkert sérstaklega að þessu viðfangsefni og það var ekki það sem við töldum brýnast að ræða á þeim tíma í tengslum okkar við Evrópusambandið. Í skýrslu nefndarinnar eru rakin sjónarmið og m.a. bent á að hingað hafi komið fulltrúi frá Seðlabanka Evrópu sem flutti erindi í Háskólanum í Reykjavík þar sem hann fullyrti að það stæðist ekki samninginn um Evrópska efnahagssvæðið að Íslendingar tækju einhliða upp evru. Segja má að þetta sé það sjónarmið sem kemur fram í skýrslu nefndarinnar. En ég tel að sú tillaga sem flutt er til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni að rannsaka þetta mál sérstaklega eigi fullan rétt á sér. Það yrði náttúrlega ekki tekin ákvörðun um að tengja íslensku krónuna við aðra mynt, hvorki norska krónu né aðra nema það yrði rannsakað og fyrir lægju hagfræðilegar niðurstöður og athuganir sem væru því til stuðnings að taka þessa ákvörðun. Það hefur komið fram t.d. í þeim umræðum sem orðið hafa núna og kom líka fram þegar við kölluðum sérfræðinga fyrir okkur í Evrópunefndinni á sínum tíma, þeir gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum, að það var ógerningur fyrir nefndarmenn að fóta sig á neinu einu atriði varðandi íslensku krónuna, evruna og þróun gjaldmiðilsmála.

Það má segja að þegar litið er til baka geti menn spurt: Hvers vegna kom það ekki fram í hinni ítarlegu skýrslu nefndarinnar að sá galli væri á gjöf Njarðar, þ.e. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, að það gæti leitt til þess að við stæðum í þeirri stöðu sem við stöndum núna vegna þess að við gerðumst aðilar að samningnum og tókum upp regluverk hans án þess að það kerfi væri innbyggt sem hefði komið í veg fyrir eða gefið mönnum vísbendingu um að hætta væri á ferðum við hrun bankakerfis? Ég tek alfarið undir orð hv. þm. Péturs H. Blöndals hér áðan um að hvort sem við værum í Evrópusambandinu eða hefðum þann samning sem við höfum núna stæðum við í sömu sporum og hefðum orðið fyrir því áfalli sem við urðum fyrir. Það er ekkert sameiginlegt kerfi innan Evrópusambandsins sem leiðir til þess að þjóðir séu varðar fyrir hruni á bankakerfi eins og varð hjá okkur.

Það er ekki hægt að ræða um evruna eins og gert hefur verið án þess að vekja máls á því að innan evrusvæðisins, meðal þeirra 16 ríkja sem eru með evru, ríkir gífurleg togstreita og vandræði. Það liggur alls ekki ljóst fyrir í þeirri stöðu sem þessar þjóðir eru núna í að lausn verði fundin á þeirra málum, að evran standi eftir óhögguð eða efnahagssamstarf þeirra.

Tökum t.d. Íra, hlustum á hvað írskir þingmenn segja. Þeir segja alveg það gagnstæða við það sem menn segja hér þegar þeir standa upp og fullyrða að evran hefði bjargað okkur. Á sama tíma og við hlustum á umræðuna hér flytja þingmenn ræður á írska þinginu um að það sé einn helsti bölvaldur Íra við núverandi aðstæður að þeir hafi tekið upp evruna. Það er sjónarmið sem á hljómgrunn meðal Íra. Í umræðum á Írlandi heyrist að Írar væru betur settir án evrunnar. Í þessum málum eru menn því að leita að leiðum og skýringum og velta fyrir sér úrræðum hvort sem þeir eru innan evrusvæðisins eða utan. Evran er ekki svar við öllum vanda að því er þetta varðar. Það er ekki hægt að fullyrða eins og gert hefur verið á afdráttarlausan hátt að við værum betur sett ef við hefðum verið á evrusvæðinu en utan þess.

Eftir að ég lauk formennskuhlutverki mínu í nefndinni hef ég fylgst með umræðum um gjaldmiðilsmálin. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að ef litið er á þetta mál lögfræðilega og samskipti okkar við Evrópusambandið sé ekki hægt að líta á það sem einhverja ögrun við Evrópusambandið að við veltum fyrir okkur að taka upp evru án þess að vera aðilar að Evrópusambandinu. Evrópusambandið hefur heimild til þess að semja við þriðju ríki um samstarf í

gjaldmiðilsmálum. Sá lögfræðingur sem hvað best er að sér um samskipti okkar við Evrópusambandið, Stefán Már Stefánsson prófessor, hefur bent á að lögfræðilega sé unnt að tengjast þessu. Hann hefur bent á það ásamt hagfræðiprófessornum Guðmundi Magnússyni. Þeir hafa bent á ákveðna leið og ekki er hægt að fullyrða að það sé afdráttarlaust brot á samskiptum okkar við Evrópusambandið að taka upp evru.

Ég tel að auðvitað ætti að reyna það fyrst í samningum við Evrópusambandið ef menn hefðu áhuga á því og á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Það væri auðveldasta leiðin fyrir okkur og stysta leiðin fyrir okkur að gera það og fá þannig þriðju stoðina í samskiptum okkar við Evrópusambandið en fyrir höfum við Schengensamkomulagið og EES-samkomulagið. (Gripið fram í.) Það hefur ekki reynt á það pólitískt, það hefur engin stefna verið mótuð um þetta efni af yfirvöldum hér á landi. Ríkisstjórnin hefur ekki mótað neina stefnu í þessu. Ríkisstjórnin hefur aldrei farið með það sem fullmótaða stefnu af sinni hálfu og lagt það fyrir Evrópusambandið. Það er á þessum rökum og með skírskotun til þessara ákvæða í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem unnt er að taka þetta mál upp. Bæði í inngangi hans og í ákveðnum greinum hans eru ákvæði sem hægt er að vísa til ef menn hafa hug á að gera þetta.

Ég tel að vandinn sem orðinn er núna sé sá að menn hafa viljað skauta fram hjá öllum svona rökum af því að þeir vilja nota evruna til þess að troða okkur inn í Evrópusambandið og koma okkur þar á bás með öðrum ríkjum og afsala okkur þar með yfirráðunum yfir auðlindum Íslands í hafinu og kippa grundvellinum undan landbúnaði á Íslandi. Það á að gera og nota á evruna sem gulrót til þess að vinna þessum málflutningi fylgis meðal þjóðarinnar.

Í ljós hefur komið í þessum umræðum sem orðið hafa að það er minnkandi stuðningur við það sjónarmið. Eftir því sem málin eru rædd betur átta menn sig á því að þetta eru tvö aðskilin mál, annars vegar spurningin um hvaða gjaldmiðil við viljum hafa og hvort við göngum í Evrópusambandið eða ekki. Þannig á að halda á málinu. Ég tel að tillagan gangi í þá átt að greina þar á milli, að þetta sé kannað á einhliða hátt án þess að það sé tengt aðild að Evrópusambandinu. Að því leyti er þetta tillaga sem byggist á því sjónarmiði sem ég hef haldið fram, að þarna sé hægt að skilja á milli annars vegar spurningarinnar um aðild að Evrópusambandinu og hins vegar spurningarinnar um hvaða gjaldmiðill eigi að vera hér í landi.

Það vantar hina skýru hagfræðilegu niðurstöðu sem segir okkur að nú sé skynsamlegasta úrræðið fyrir okkur að leggja af krónuna og tengja okkur við annan gjaldmiðil eða taka upp annan gjaldmiðil. Ég tel að ríkisstjórnin ætti að fara að því sem hér segir, að rannsaka það og leggja fyrir þingið ákveðna tillögu um það efni sem yrði rökstudd og rannsökuð af hálfu sérfróðra manna. Slík heildarathugun hefur því miður ekki farið fram.

[17:25]

Flm. (Jón Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni fyrir hvernig þeir hafa tekið undir þá þingsályktunartillögu sem hér liggur frammi og ég mælti fyrir.

Ég sammála greiningu hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar í ummælum hans um málið. Ég tel að þar hafi það verið rétt greint.

Hv. þm. Grétar Mar Jónsson vakti sérstaklega athygli á þeim gríðarlega vanda sem heimilin standa frammi fyrir vegna þess að við höfum ekki mótað þá peningastefnu sem væri í raun hentug fyrir íslenska þjóð, fyrir atvinnuvegi eða fjölskyldur í landinu.

Það kom mér nokkuð á óvart miðað við það sem hv. þm. Pétur Blöndal hafði látið koma fram í andsvörum við mig vegna framsöguræðu minnar að hann skyldi mæla eindregið með því að tillagan næði fram að ganga, að vísu með breyttu orðalagi. Ég get fallist á að breyta orðalagi, ég reikna ekki með að það verði vandamál fyrir okkur Pétur Blöndal að ná samkomulagi um eðlilegt orðalag. Hér er fyrst og fremst verið að hreyfa hugmynd sem skiptir gríðarlega miklu máli og er lykillinn að lausn til að við komumst út úr því öngþveiti sem við erum í.

Hv. þm. Pétur Blöndal benti á kosti við að hafa krónuna, þ.e. launalækkun, það hefði lagað stöðu útflutningsgreina. Ef það eru kostir hefur verið samið með óeðlilegum hætti, þ.e. ef það þarf að lækka launin. Það á ekki að þurfa að grípa til sérstakra aðgerða til að hindra flökt á gjaldmiðlinum svo hægt sé að fría óábyrga samningamenn ábyrgð. (Gripið fram í.) Síðan segir hv. þm. Pétur Blöndal að ef hér hefði verið annar gjaldmiðill, eins og t.d. evra, hefði heldur betur verið eyðslufyllirí ef vextirnir hefðu verið lægri. Það er ekki endilega svo. Spurningin er alltaf um ábyrga útlánastefnu. Þar stöndum við frammi fyrir því að meginhluti íslenskra fjármálastofnana stundaði ekki ábyrga útlánastefnu og því er komið sem komið er.

Þá gerði hv. þm. Pétur Blöndal réttilega grein fyrir því að verðtryggingin væri í raun önnur mynt. Af hverju þurfum við að hafa aðra mynt í gangi hér á landi? Það er einfaldlega vegna þess að við treystum ekki krónunni. Krónan gengur ekki nema hafa þessa hækju sér við hlið sem er verðtryggingin, sem er núna ein helsta ógn við öryggi heimilanna í landinu.

Með sama hætti talaði hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og taldi þetta athyglisvert mál. Hann sagði hins vegar að menn kenndu Sjálfstæðisflokknum um hvernig komið væri að öllu leyti í íslensku efnahagslífi en það geri ég ekki. Ég sagði að það væru ákveðnir aðilar sem hefðu þráast við að halda í þessa mynt. Ég teldi að það hefði verið óráðlegt og hefði verið vitlaus peningastefna. En það voru aðrir hlutir sem stjórnmálamenn gátu ekki gert sér grein fyrir, þ.e. hversu mikið eitur var í íslensku efnahagslífi, sérstaklega í bankakerfinu og víða annars staðar. Það væri hins vegar öðruvísi komið ef Sjálfstæðisflokkurinn hefði haldið sig við sín gömlu gildi og treyst meira á að menn ræktuðu með sér hagsýni og ráðdeild og treystu á einkaframtakið og smáfyrirtækin umfram það að fara á flug með milljarðamæringunum sem síðar reyndust ekki vera slíkir.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hefur iðulega blandað sér í umræðu af þessu tagi og gerði það með mjög góðum hætti áðan. Ég gat ekki greint annað en að hún tæki undir þau meginsjónarmið sem hér er um að ræða og ég þakka

henni fyrir það. Í sama streng tók flokkssystir hennar, Eygló Harðardóttir, og benti á það vantraust sem íslenska ríkið býr við og Seðlabanki Íslands einnig miðað við óbreyttar aðstæður.

Þá kom að uppáhaldsmálinu, þ.e. spurningunni um evruna, sem hv. þm. Helgi Hjörvar, Pétur Blöndal og loks Björn Bjarnason komu inn á. Ég var mjög ánægður með þegar hv. þm., þáverandi dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason vakti athygli á þeirri leið og benti á það sem ákveðinn kost að kanna hvort hægt væri að taka upp evruna án þess að gengið væri í Evrópusambandið. Ég taldi að sjálfsagt væri að reyna að gera það og tel að það hefði þurft að láta reyna á það til fullnustu og þá fyrst og fremst með því að taka upp viðræður við Evrópusambandið um það mál. Ég tel það mál hafa verið kannað nokkuð en ekki fullkannað og hefði verið betra að gera það á öðrum vettvangi en gert var á grundvelli Evrópunefndarinnar þar sem svörin voru öll mjög einhliða.

Varðandi þær umræður sem hafa orðið um regluverk Evrópusambandsins, ábyrgð á Icesave-reikningum og að menn hafi ekki gert sér grein fyrir því hvað um var að ræða — ég minnist ekki nákvæmlega hvernig menn greiddu atkvæði en ég hygg að hv. þm. Pétur Blöndal hafi greitt atkvæði með því að það regluverk sem tekið var upp varðandi fjármál og bankamál þegar það mál var til umfjöllunar hér á Alþingi Íslendinga. Hvað er þar um að ræða og hvað er það sem hv. þm. Pétur Blöndal gerði athugasemdir við áðan? Hann talaði um þann skuldaklafa sem íslensku þjóðinni væri búinn miðað við að farið yrði í samningaumleitanir um svokallaða Icesave-reikninga.

Þetta eru í raun reglur um neytendavernd, um lágmarksinnstæðutryggingu á bankareikningum til þess að tryggja hagsmuni neytenda. Með því á að skapa meira öryggi í fjármálakerfinu til þess að menn vilji nota þessar stofnanir. Það er sem sagt miðað við ákveðna lágmarksneytendavernd, ákveðna lágmarksfjárhæð sem ber að greiða út af ábyrgðaraðila hvers ríkis og það eru þær reglur sem um er að ræða.

Við hljótum að vera sammála því að slík lágmarksneytendavernd sé höfð. Vandamálið liggur ekki í því regluverki, það er rangt. Vandamálið liggur í því að heimila að bankakerfið yxi gjörsamlega öllu yfir höfuð og færi í þá útrás sem heimiluð var án þess að nokkrar athugasemdir væru gerðar eða aðhalds væri gætt hvað það varðar. Þar liggur vandinn en ekki í sjálfu regluverkinu. Það gat hins vegar enginn séð eða spáð fyrir um það eða áttað sig á því hversu helsjúkt fjármálakerfi heimsins var, einnig fjármálakerfið hér. Ég tel reyndar að það sé rangt ályktað að segja að það hefði engu máli skipt hvaða mynt við höfum. Ég tel og leyfi mér að fullyrða að við hefðum verið betur sett ef við hefðum haft evru eða þess vegna norska krónu eða dollar í októbermánuði árið 2008 vegna þess að það sem felldi íslensku bankana var að þeir fengu ekki erlendan gjaldeyri. Það kann vel að vera að þeir hefðu fallið en það var það sem felldi þá. Það var síðan í framhaldi af því sem efnahagshrun varð hér vegna þess að við vorum með ónýta mynt. Það er því hægt að fullyrða að það hefði skipt máli að við hefðum haft hér alvörugjaldmiðil hvort sem það var norsk króna, dollar eða evra, þegar þessir hlutir áttu sér stað.

Varðandi hvort aðild að Evrópusambandinu ógni landbúnaði eða náttúruauðlindum hygg ég að íslenskum landbúnaði sé meiri hætta búin þegar samningalota Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar nær fram að ganga sem mun gerast einhvern tíma innan skamms. Þá lýkur þeirri tolla- og aðstoðarvernd sem við búum við í dag varðandi landbúnaðinn. Það er svo annað mál.

Mergurinn málsins er sá eftir þá umræðu sem farið hefur fram að þeir þingmenn sem hafa kvatt sér hljóðs eru sammála um að brýna nauðsyn beri til að kanna hvaða kostir eru til þess að taka upp alvörugjaldmiðil á Íslandi.

[17:35]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Tilskipun Evrópusambandsins varðandi innstæðutryggingar er þess eðlis að hvert land myndar sinn sjóð og það er engin tenging þar á milli. Það er vandinn, frú forseti.

Holland, Bretland og Írland eru með geysilega mikið bankakerfi sem starfar erlendis, Lúxemborg sömuleiðis. Ef þessi lönd lentu í því, t.d. Holland, að 80% af bönkunum lentu í vandræðum á einni viku gætu þeir ekki borgað innstæður, hvorki í Hollandi né um alla Evrópu því að hollenskir bankar eru með mikið af innstæðum í Bretlandi, þannig að innstæðutryggingarkerfið dygði bara ekkert þar frekar en hér.

Ef Bretar lentu í því, sem ég vona að gerist nú ekki því að það yrði skelfilegt að þeirra bankar féllu, þó að það væri ekki nema helmingurinn af þeim, ég ætla ekki að gefa fyrir það hvernig þeir ætluðu að standa við sínar innstæður í Bretlandi og um alla Evrópu. Það gæti orðið hart á dalnum.

Að þessi innstæðutrygging skuli hafa klikkað er ekkert séríslenskt fyrirbæri, alls ekki, það er galli í innstæðutryggingunni. Þar átti að sjálfsögðu að geta þess sem ég hef nefnt áður að það átti að vera einn sjóður fyrir alla Evrópu, ef ekki allan heiminn, og sá sjóður ætti að fá iðgjöld frá öllum bönkum í heiminum og hann ætti að hafa eftirlit með innstæðum þannig að ef menn bjóða of háa innlánsvexti geti sjóðurinn stöðvað innlánin. Þá hefði hann stöðvað Icesave í Hollandi. Auk þess þarf að setja reglur um að innstæðutryggingar hafi forgang í þrotabú eins og Íslendingar gerðu í neyðarlögunum. Það þarf að setja í reglugerð Evrópusambandsins. Þessar viðbætur þarf að gera í Evrópusambandinu.

[17:37]

Flm. (Jón Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég sá ekki að það væri í sjálfu sér neinn ágreiningur eða að þetta væri beinlínis andsvar við því sem ég hafði fram að færa áðan, en ég vil taka undir þá framtíðarhugsun hv. þm. Péturs H. Blöndals að gott væri ef einn tryggingarsjóður gæti verið fyrir allan heiminn og þá væntanlega líka sameiginleg mynt fyrir allan heiminn. Að sjálfsögðu væri mjög gott ef um það gæti verið að ræða en það líður sennilega á löngu þar til svo verður.

Innstæðutryggingin var sjálfsögð og regluverkið var eðlilegt. Þess var hins vegar ekki gætt að tryggja hinn endann, þ.e. að kostnaðurinn lenti ekki á skattgreiðendum. Með sama hætti erum við með alls kyns tryggingastarfsemi, við tryggjum t.d. ferðaskrifstofur þannig að ef ferðaskrifstofur

geta ekki staðið undir kostnaði við það að flytja farþega heim eða að fólk hefur keypt ferðir eða hóteldvöl þá ber ríkinu að greiða af því, það er ákveðin leyfisveiting. Framan af gætti ríkið ekki að sér að hafa þá tryggingu nægjanlega háa.

Við erum að ganga í gegnum nákvæmlega sömu hluti varðandi bankana núna, að menn gættu ekki að sér. Það er í sjálfu sér ekki endilega dómur yfir regluverkinu heldur yfir því að þeir sem halda um stjórnvölinn hafi ekki passað upp á að hlutir sem eiga ekki að lenda á skattgreiðendum geri það samt.

Mér hefði fundist eðlilegra að það hefðu verið sett stífari mörk á bankana varðandi tryggingar til þess að það væri þá nægjanlegt í sjóðum þannig að kostnaðurinn lenti ekki á skattgreiðendum og það hefði vel verið hægt. Það regluverk sem var sett af Evrópusambandinu eru lágmarksreglur það mátti setja stífari reglur og varðandi löggjöfina á þeim tíma þá hefði (Forseti hringir.) hv. þm. Pétur H. Blöndal getað mælt fyrir breytingartillögu (Forseti hringir.) til þess að tryggja betur hagsmuni íslenska ríkisins og skattgreiðenda.

[17:40]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er svo yndislegt að vera gáfaður eftir á, ég ætla ekki að lýsa því. Já, já, auðvitað átti ég að sjá þetta allt saman sem formaður efnahags- og skattanefndar. (Gripið fram í.) Auðvitað átti ég að sjá þetta sem þingmaður. Auðvitað áttu allir að sjá þetta, það auðvitað liggur í augum uppi eftir að það hafði gerst. Það sá það bara ekki einn einasti maður fyrir að íslenska bankakerfið félli. Meira að segja eftir að tveir bankar voru fallnir sáu menn ekki einu sinni fyrir að Kaupþing mundi falla. Framsýnin var ekki meiri en það. Óvarleg orð bresks forsætisráðherra í sjónvarpi felldu Kaupþing, punktur.

Hv. þingmaður sá það nú örugglega fyrir að breski ráðherrann mundi missa þetta út úr sér. Það eru svo margir núna sem eru gáfaðir eftir á að það er eiginlega óþolandi. Menn hljóta alltaf að meta stöðuna eins og hún var á hverjum tíma.

Ég minni bara á matsfyrirtækin, ég minni á ársreikninga fyrirtækjanna, ég minni á endurskoðendur og ég minni á lánveitendur sem lánuðu íslensku bönkunum alveg heilmikla peninga. Þeir bera líka ábyrgð, það bera allir einhverja ábyrgð á þessu öllu saman.

Að segja það að ég einn beri ábyrgð á þessu öllu saman, það er kannski fullmikið, en ég skal axla mína ábyrgð. Ég átti að sjálfsögðu að sjá þetta. Ég hef svo sem bent á ýmis atriði en kannski stóð ég ekki nógu fastur á þeim. Ég átti kannski að segja af mér þingmennsku til þess að undirstrika að ég væri á móti því að gagnkvæmt eignarhald væri á milli Kaupþings og Exista. Ég hélt sérstakan fund um það í efnahags- og skattanefnd fyrir þremur árum. Ég benti líka á jöklabréfin fyrir löngu síðan í mörgum ræðum og ég hitti þá í Seðlabankanum. En ég átti kannski að segja af mér fyrst þeir fóru ekki að ráðum mínum.

Ég vildi gjarnan vera gáfaður eftir á en ég var bara svona vitlaus, nákvæmlega eins og einhver sem keypti fyrir milljarða hlutabréf í Glitni kvöldið áður en hann féll.

[17:42]

Flm. (Jón Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er röng aðferðafræði hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Menn eru ekki gáfaðir fyrir fram eða eftir á, annaðhvort eru menn gáfaðir eða menn eru það ekki, (**PHB:** Ókei, þá er ég vitlaus.) og það er bara einfaldlega þannig.

Ég er kannski þeim annmarka haldinn, ég veit það ekki, en mér finnst hv. þm. Pétur H. Blöndal vera mjög gáfaður maður, en hann sá það ekkert fyrir frekar en ég að íslensku bankarnir væru jafnskelfilega staddir og þeir voru. Ég hygg að enginn hafi gert sér grein fyrir því og það gat eiginlega enginn gert sér grein fyrir því fyrir fram. Þegar lánalínurnar lokuðust kom það verulega á óvart hvernig eignasafnið var og með hvaða hætti eiginfjármyndunin hafði verið og hafði verið sett fram undanfarin ár. Það eru bara hlutir sem þarf að vinna úr og menn þurfa að læra af og passa að gera ekki sömu vitleysuna aftur. Það hefur ekkert með það að gera að vera gáfaður fyrir fram eða eftir á.

Ég benti iðulega á ýmis vandamál í íslensku efnahagslífi en ég gat ómögulega séð fyrir að þau yrðu jafnhrikaleg og raun bar vitni og ég gat ómögulega séð það fyrir að íslenska bankakerfið mundi hrynja eins og spilaborg. Mér datt heldur aldrei í hug að íslensku bankarnir væru jafneitraðir og raun ber vitni, aldrei nokkurn tíma, og ég gat ekki ímyndað mér að bankakerfi heimsins væri jafneitrað og raun ber vitni. Það breytir hins vegar ekki því að til þess að það sé eðlilegt og nauðsynlegt traust á bankakerfi verður að vera til lágmarksneytendavernd og við verðum að gæta hennar eins og aðrir. (**PHB:** Miskunnarlaust.) Ég er sammála lausn hv. þm. Péturs H. Blöndals.

[17:44]

Útbýting:

Ljósleiðarastrengirnir Farice og Danice, 314. mál, fsp. ÁKÓ, þskj. 544.

[17:44]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Þingsályktunartillaga sú sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því að ríkisstjórninni verði falið að kanna möguleika á að tengja íslensku krónuna við aðra mynt, t.d. norsku krónuna og þá í samstarfi og samráði við norsk stjórnvöld. Fyrst er það að segja að þegar kemur að því að tengja íslensku krónuna við aðra mynt þá þarf að taka tillit til margra sjónarmiða og eitt er það hvernig slíkri tengingu er háttað. Aðalatriðið er að ef um er að ræða tengingu verður hún að vera það trúverðug og það sterk að hún haldi. Því miður er veraldarsagan og saga myntkerfa heimsins full af sögum um það þegar menn hafa reynt að tengja gjaldmiðil sinn við annan gjaldmiðil og síðan hefur sú tenging einfaldlega ekki staðist og niðurstaðan orðið sú að vandinn sem menn ætluðu sér að leysa hafi jafnvel magnast og orðið enn verri en sá vandi sem í upphafi var og menn reyndu að komust út úr, því miður.

Þingsályktunartillagan eða greinargerðin með henni fjallar ekki ítarlega um það hvernig slík tenging ætti nákvæmlega að eiga sér stað en það er lykilatriði í þessu máli og verður þá eitt af því sem íslensk stjórnvöld yrðu að

skoða. Ég verð að segja eins og er að væri slík leið farin yrði það sennilega aldrei gert öðruvísi en að við tækjum einfaldlega upp norska krónu. Ég sé ekki fyrir mér að menn geti búið til það umhverfi sem mundi henta annars vegar íslenskum stjórnvöldum og hins vegar norskum stjórnvöldum eða að það stæðist yfir höfuð nokkra skoðun að menn tengdu þetta saman öðruvísi en að taka upp norska krónu.

Það hefur síðan sína galla og sína kosti. Hluti af styrk norsku krónunnar felst í olíuverðinu eða með öðrum orðum mætti kannski segja að norska krónan og gengi hennar eigi mikið undir verði á olíu. Sama gildir raunar um íslenskt efnahagslíf að olían hefur töluverð áhrif hér. Hún hefur m.a. þau áhrif að þegar verðið fer upp eykst útgerðarkostnaður og annar kostnaður í hagkerfinu þannig að það gengur þvert á, annars vegar græða Norðmenn á því að olían verði dýrari en við hins vegar töpum raunverulega á því.

Á móti kemur hitt reyndar, sem hjálpar hugmyndinni, að hækkandi olíuverð er merki um batnandi efnahag í heiminum, aukna eftirspurn og um leið og eftirspurnin er meiri þá verður líka aukin eftirspurn eftir bæði fiskafurðum okkar og áli. Það stendur a.m.k. með hugmyndinni. En ég verð að segja eins og er að ég mundi hafa alla fyrirvara á því að fara þessa leið, að menn færu a.m.k. ekki í þetta nema að mjög vel athuguðu máli og auðvitað gengur tillagan út á að menn skoði það vel. Því þótt margt sé ágætt hjá frændum okkar Norðmönnum bendir ýmislegt til þess að erfitt geti verið að láta íslenska efnahagslífið sveiflast eða haga sér með sama hætti og hið norska.

Vandinn við að taka upp aðra mynt en sína eigin felst auðvitað í því að eitt af meginhlutverkum myntarinnar er að endurspegla viðkomandi hagkerfi. Það er mjög erfitt ef menn eru í þeirri stöðu að myntin er algerlega úr tengslum við hagkerfi viðkomandi lands. Menn sjá þennan vanda núna, t.d. á Írlandi, á Spáni og víðar í Evrópu þar sem öll hagþróun gengur gegn því sem raunverulega er að gerast með evrópsku myntina og veldur þar af leiðandi gríðarlegum vandamálum í þeim hagkerfum. Sérstaklega á þetta við á Írlandi.

Það verður að segjast og viðurkennast að stjórn peningamála á undanförnum árum hefur verið með þeim hætti að ástæða er fyrir okkur að velta þessum málum upp. Ég hef lengi verið í hópi þeirra sem hafa gagnrýnt þá peningamálastefnu sem rekin hefur verið hér. Ég hef talið að ekki væri hægt að búa til þann mikla vaxtamun sem var á milli Íslands og umheimsins án þess að af því yrði stórkostlegur skaði fyrir íslenskt efnahagslíf. Seðlabankanum til vorkunnar má benda á og segja, sem ég held að gild rök séu fyrir, að á sama tíma og draga hefði þurft úr ríkisútgjöldum þá jukum við þau alveg gríðarlega og þar með varð vandi Seðlabankans mun meiri en ella hefði orðið. Það breytir ekki því að ég held að þeir dagar séu liðnir og muni ekki koma aftur að möguleikar séu á því að reka sjálfstæða peningamálastefnu í þeirri mynd að menn geti stillt vaxtastigið hér af án þess að hafa það í einhverju samhengi við vaxtastigið í löndunum í kringum okkur. Það er þá eðlilegt að við spyrjum okkur að því: Hvernig ætlum við að leysa þetta í framhaldinu?

Mér finnst svolítið merkilegt að við séum að ræða þessa þingsályktunartillögu á sama tíma og til meðferðar er í einni af nefndum þingsins frumvarp um breytingar á stjórnkerfi Seðlabankans. Hér er leitast við að reyna að koma fram með hugmyndir um breytta skipan peningamálastjórnar og ég tel að það skipti miklu máli að við ræðum það en að því er varðar hugmyndir um breytt stjórnskipulag bankans, þá hef ég ekki séð nokkra hugmynd um að það tengist einhverjum breytingum á skipan peningamála né neinu slíku. Ég sakna þess og það hefði verið gott að þessir hlutir færu saman, þeir ættu að gera það. Því miður virðist einhverra hluta vegna liggja meira á að ná niðurstöðu varðandi stjórnskipun eða skipulag Seðlabankans án þess að maður sjái til botns í því hverju menn eru nákvæmlega að reyna að breyta þar til að styrkja peningamálastefnu sem þar á að stunda.

Aðalatriðið er að mínu mati að fram undan er tími þar sem við munum búa við íslenska krónu. Það er engin undankoma frá því og raunverulega er eina vonin sem við höfum til að ná að rétta hagkerfið nægilega hratt af að við búum við gjaldmiðil sem endurspeglar stöðu okkar. Ekki er langt síðan að það gerðist á Íslandi að dregið var úr fiskafla um nærri þriðjung og sama daginn og það var tilkynnt hækkaði gengi íslensku krónunnar sem sýndi manni að peningamálastefnan, eins og hún var rekin, var komin úr öllum takti við hagkerfið sjálft. Núna er það auðvitað svo að hið lága gengi íslensku krónunnar veitir gríðarlega viðspyrnu fyrir sjávarútveginn og aðrar útflutningsgreinar sem gerir það að verkum að sjávarútvegurinn stendur það af sér að verð á afurðum á okkar helstu mörkuðum hefur farið mjög lækkandi á undanförnum mánuðum, svo mjög að ef við værum t.d. með evru eða einhverja aðra mynt þá væri einfaldlega allur útflutningsvegurinn okkar farinn á hausinn. Það er ekki flókið. Ég tel því að það sé heilmikill möguleiki í því fólginn fyrir okkur að hafa okkar mynt við þessar aðstæður.

Það er svo annað þegar horft er til lengri tíma. Við þurfum auðvitað að velta fyrir okkur hvernig við ætlum að halda á málum þegar til lengri tíma er horft og þess vegna fagna ég framlagningu þessarar þingsályktunartillögu og ég lít á hana sem part af þeirri vinnu. Ég tel reyndar að hugmyndir um einhliða upptöku evrunnar sem gjaldmiðils án samráðs við Evrópusambandið séu pólitískt nokkuð varhugaverðar vegna þess að ég tel að vera okkar í EES-samstarfinu geri það að verkum að það yrði mjög erfitt að klára það að taka upp evruna án þess að það væri í samráði við ESB. Ég tel reyndar að til þess séu efnisleg rök að Evrópusambandið ætti að heimila það og hef skýrt frá þeirri skoðun minni annars staðar. En það var alveg augljóst t.d. í ferð Evrópunefndar til Brussel fyrir nokkrum mánuðum að í það minnsta í hópi embættismanna var lítið fylgi við slíka hugmynd.

Ég sé að í greinargerðinni er nefnd reynsla Svartfellinga. Ég var í hópi embættismanna og stjórnmálamanna sem fylgdu forsætisráðherra til Svartfjallalands fyrir ekki svo löngu síðan þar sem við ræddum einmitt við þarlenda embættismenn og stjórnmálamenn um forsögu þess hvernig á því stóð að Svartfjallaland tók upp evruna. Að mínu mati er ekki hægt að leita til þeirrar sögu um nein fordæmi eða eitthvað sem gæti stutt málstað okkar Íslendinga hvað það varðar. Þar voru aðstæður þess eðlis að Svartfellingar höfðu

tekið upp þýska markið og þegar þýska markið hvarf og evran var tekin upp þá var það eðlileg ráðstöfun af hálfu Svartfellinga. Þeir höfðu raunverulega ekki annan kost, mynt þeirra var horfin.

Síðan fylgir því auðvitað, sem ég tel mjög áhugavert og væri alveg efni í sérstaka umræðu í þinginu, sú spurning hvernig evrunni muni reiða af á næstu mánuðum, missirum og árum. Það er ekki sjálfgefið hvernig sú þróun verður. Við sjáum, eins og ég nefndi reyndar í upphafi máls míns, þróunina sem á sér stað á Írlandi, Spáni og í Portúgal og víðar þar sem þjóðríkin eiga í miklum vandamálum vegna þess að hagkerfi þeirra hafa verið að þróast með öðrum hætti en stærstu hagkerfin, þ.e. hið franska og þýska sem ráða auðvitað mestu um gengi evrunnar. Á sama tíma er fjármálakerfi Evrópu, rétt eins og fjármálakerfi Vesturlanda almennt, í miklum vanda og það er ekki útséð um það hvernig menn munu leysa það eða hvenær það muni takast. Ég tel að þetta séu hlutir sem menn verða líka að hafa fyrir framan sig áður en tekin eru stærri skref í átt að því annaðhvort að tengja íslensku myntina við aðra mynt eða taka aðra mynt upp einhliða eða í samstarfi með öðrum. Með öðrum orðum, næstu missirin og jafnvel árin munum við nota íslensku krónuna og þá þurfum við líka að svara því í þinginu og annars staðar nákvæmlega á hvaða grundvelli sú peningamálastefna á að standa. Ég tel að það verði ekki gert með þeirri peningamálastefnu og þeim viðmiðum sem voru hér áður, menn verða að hugsa þessa hluti upp á nýtt.

[17:54]

Flm. (Jón Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Illuga Gunnarssyni fyrir sérstaklega góða ræðu um þetta mál og góðar greiningar og ég er honum algerlega sammála í því sem hann hafði fram að færa. Hann benti á ákveðna hluti sem er vel þess virði að huga að og velta fyrir sér.

Eitt af því sem hv. þingmaður kom inn á var hvernig evrunni muni reiða af. Við erum að tala um gjaldmiðil sem átti nýlega 10 ára afmæli og að sjálfsögðu á evran nokkuð langt í land með að hafa endanlega sannað sig eða slitið barnskónum. Það liggur fyrir. En menn geta líka velt fyrir sér hvernig enska pundinu muni reiða af, jafnvel hvernig norsku krónunni muni reiða af eða hvernig dollaranum muni reiða af. Það liggur til að mynda fyrir að Bandaríkjamenn hafa um langa tíð stundað þá iðju að prenta dollara og flytja þess vegna iðulega vandamál í eigin hagkerfi til annarra. Þannig liggja margir með gríðarlegt magn dollara, talað er um að Asíuríkin, m.a. Kína, Indland og Indónesía, liggi með það miklar birgðir að ef þau færu að leysa út dollarana sína yrði gríðarlegt fall á dollaranum. Aðrir tala um að evran sé nú þegar allt of hátt skráð miðað við framleiðslugetu hagkerfa í Evrópu og hafi verið um nokkurt skeið. Þannig er hægt að velta þessu fyrir sér. Samt sem áður liggur fyrir að það er styrkur — alveg eins og þegar menn eru til sjós, þá er betra að vera á stóru skipi þegar vandamálin koma upp en á lekri kænu eins og við vorum á í okkar peningamálastefnu með okkar gjaldmiðil. Það er það sem reynir á núna, þ.e. styrkur myntkerfa eins og evrunnar og dollarans, þó að margs konar vandamál séu fyrir hendi innan þeirra gjaldmiðilssvæða.

Eitt sem fólk hefur staldrað við og talað um er að hlutirnir þróist á mismunandi hátt innan sama myntkerfis og þannig er það. Margir halda t.d. að sama verðbólga sé alls staðar innan sama myntsvæðis en svo er ekki. Þannig mældist t.d. á einum tíma verðbólgan í Dallas í Texas í kringum 6% meðan hún var um 0% í New York. Við getum velt því fyrir okkur: Hvað mældist verðbólgan í Reykjavík árið 2007? Var sama verðbólga t.d. á Ísafirði? Svarið er klárlega nei vegna þess að það sem dreif áfram verðbólguna í Reykjavík var hækkun húsnæðisverðs og hækkun vísitölunnar þar með en ekki var um það að ræða á Ísafirði. Þannig að jafnvel innan lítilla myntkerfa komumst við inn í þessi atriði.

Hv. þm. Illugi Gunnarsson benti hins vegar á eitt sem er lykilatriði í þessu sambandi og það er að myntin endurspegli viðkomandi hagkerfi. Það skiptir máli. Í þeirri þingsályktunartillögu sem hér er lögð fram er í sjálfu ekki verið að taka afstöðu heldur fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlega greiningu á því með hvaða hætti og hvað væri hagfelldast fyrir íslenska þjóð að gera í þessu sambandi. Það skiptir mestu máli.

Gagnrýni á peningamálastefnuna eins og hún var og það sem ég tók fram í framsöguræðu minni um það hve vaxtamunurinn var orðinn gríðarlegur — og ég tek undir með hv. þm. Illuga Gunnarssyni sem benti reyndar á það ásamt hv. þm. Bjarna Benediktssyni í blaðagreinum — að það gæti ekki staðist, það væri gersamlega útilokað að sú stefna gæti staðist að vera með þennan gríðarlega vaxtamun, að við værum stöðugt að flytja inn peninga, flytja inn erlenda mynt og út vexti. Við fluttum að vísu ekki út vexti af því að við tókum alltaf hærri og hærri lán. Við stöndum síðan frammi fyrir því vegna þessarar helstefnu að vera með þá verstu timburmenn sem menn geta nokkurn tíma fengið í einu efnahagslífi og sem nokkur þjóð í hinum iðnvædda hluta heimsins hefur nokkurn tíma fengið. Þess vegna er verið að tala um það vítt og breitt um heiminn þegar þjóðir lenda í vandræðum, hvort þær séu að verða eins og Reykjavík, því miður. Það er sú staða sem við stöndum frammi fyrir og það sem skiptir okkur máli er að öðlast trúverðugleika á nýjan leik. Lykillinn að því er að hafa mynt sem hægt er að treysta.

[17:59]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir hlý orð í minn garð. Ég vil þó nefna, af því að hv. þingmaður greip til líkingar um skip, að það er alveg rétt að betra er að vera á stóru og sterku skipi þegar gefur á bátinn en stundum þarf líka skipið að fara í gegnum skerjagarð og sigla fram hjá boðum og þá þarf það a.m.k. að vera þannig að hægt sé að stýra því fram hjá erfiðustu skerjum. Og ef skipið er of stórt og of svifaseint og ef það jafnvel stýrir eftir allt öðrum kompási og allt öðru sjókorti en af því svæði sem siglt er um, kann að fara illa jafnvel þó að menn séu á stóru skipi. Það kann að fara þannig að það steyti á slíkum skerjum að mönnum sé vart líft. Það er einmitt það sem menn hafa verið að horfa á t.d. með Írland, með Spán og yrði alveg örugglega vandamál hjá okkur, ég held að það sé engin leið fram hjá því að svo gæti farið að hagkerfi okkar

þróaðist algerlega úr takti við þau hagkerfi sem stýra því á hvaða verði evrópska myntin, evran, er. Það er staðreynd en það breytir ekki því að ef við förum þá leið að búa við okkar eigin mynt — sem við munum þurfa að gera á næstu missirum, ég held að það sé engin leið fram hjá því og ég reikna með að hv. þingmaður sé sammála mér í því — þurfum við auðvitað að ná einhverjum grunni á það hvernig við ætlum að stýra henni hérna næstu missirin. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé hægt og það megi ekki fara þá leið að mynda meiri vaxtamun en kannski 3–4 prósentustig á milli Íslands og annarra landa í kringum okkar af því að annars fara menn aftur í sama gamla farið.

Hitt er líka að það getur náttúrlega ekkert atvinnulíf og engin heimili búið við það vaxtastig sem við höfum búið til hérna. Það var ekki þörf á að gera það með þessum hætti, ég hef þá sannfæringu. Ég tel að Seðlabankinn hefði ekki átt að fara svona hátt með það. Hann hefði átt að segja við ríkisstjórnina og ríkisvaldið: Nú verðið þið að taka upp slakann, það gengur ekki að við förum hærra með vextina. (Forseti hringir.) Við verðum að draga úr ríkisútgjöldunum og þetta verður líka að fara í gegnum vinnumarkaðinn. Það hefði þurft að gera.

[18:02]

Flm. (Jón Magnússon) (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þm. Illuga Gunnarssyni að öðru leyti en því sem varðar stóra skipið og litla skipið, sem hann gerði að umræðuefni fyrst í andsvari sínu. Að menn geri nú ekki ráð fyrir því að skipstjórar og þeir sem annast siglingatækni á stórum skipum séu gjörsamlega hringlandi vitlausir. Ekkert frekar en maður gerir ráð fyrir því að þeir sem stýra minni skipum séu það, heldur reyni að sigla með sem eðlilegustum hætti og sigla ekki á fullri ferð upp í harðaland heldur miða við það að hafa leiðina sem eðlilegasta.

Þessi myndlíking var ekki um annað en að þegar bjátar á er betra að um stærri heild sé að ræða en minni og ég hefði getað tekið annað sem viðmiðun.

Annað atriði sem hv. þingmaður kom inn á skiptir öllu og er grundvallaratriði. Það er sá vaxtamunur sem var. Hann talaði um að hann teldi að munurinn ætti ekki að vera meira en 3 til 4 prósentustig miðað við það sem gerist í nágrannalöndum okkar. Ég tel að vaxtamunurinn eigi enginn að vera.

Nú hefur t.d. Englandsbanki, ef ég man rétt, fært stýrivexti sína niður í 1%. Ég tel það grundvallaratriði til að hér þróist eðlilegur lánamarkaður í landinu, ekki lottómarkaður heldur eðlilegur lánamarkaður þar sem við sækjumst ekki eftir því að flytja inn peninga og flytja út vexti, heldur miðum við lánamarkað sem styður við fyrirtækin í landinu og þá sérstaklega litlu fyrirtækin. Smáfyrirtækin eru burðarás hagkerfis hvers einasta ríkis. Mönnum sást því miður yfir það allt of lengi að smáfyrirtæki og einstaklingar eru burðarás hagkerfisins. Þeim þarf að tryggja það vítamín sem nauðsynlegt er með því að hafa vaxtastigið eðlilegt í landinu.

[18:04]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Án þess að ég ætli að flækja málið meira með skipalíkingu okkar hv. þingmanns er vandinn kannski fólginn í því að þeir sem um véla og ákveða vaxtastigið sem evran byggir síðan á hljóta að horfa til heildarhagsmunanna sem um ræðir. Þeir horfa á stærstu hagkerfin og aflvél hagkerfanna.

Ég man eftir því að seðlabankastjóri Evrópska seðlabankans sagði, þegar hann ræddi um ríki sem var í vandræðum vegna evrunnar, að þeir tækju jafnmikið tillit til þess og Bandaríkjamenn tækju tillit til ákvarðanamála í Texas þegar vaxtastigið þar er ákveðið. Með öðrum orðum þá verður auðvitað ekki tekið tillit til íslenskra aðstæðna þegar ákvarðað er hvaða vextir eiga að gilda um evruna. Enda væri það út í hött.

Hvað vaxtamuninn varðar get ég verið sammála þingmanninum að því minni vaxtamunur sem er því betra. Ég minni á að á árunum 1995 til 2001 var vaxtamunur á milli Íslands og evrusvæðisins rétt rúmt prósentustig. Þá voru hagkerfin í sæmilegu jafnvægi og ekki mjög mikill vaxtamunur. Ég held að það verði aldrei þannig að það verði enginn vaxtamunur. Það verður alltaf ákveðið álag vegna þess að við erum með lítið hagkerfi og því fylgir ákveðin áhætta sem fylgir ekki öðrum hagkerfum o.s.frv.

Aðalatriðið er að við einhendum okkur í það verk, innan þingsins, á vettvangi framkvæmdarvaldsins og í Seðlabankanum, að finna út hvernig við ætlum að fara inn í næstu missiri og ár með íslensku krónuna. Á hvaða grundvelli. Hvaða hagfræðihugsun á að stýra för þegar kemur að því að við lyftum vonandi smám saman þeim höftum sem eru á gjaldeyrisflutningum til og frá landinu, því það verðum við að gera. Hvernig við náum að lækka vextina, því það verðum við að gera, og halda þeim niðri án þess að missa þetta í einhverja verðbólgu — sem ég reyndar hef engar áhyggjur af að gerist því engin eftirspurn er eftir þessu hagkerfi. Það er alveg furðulegt (Forseti hringir.) að vextirnir skuli haldast þetta háir svona ótrúlega lengi. Það (Forseti hringir.) gengur ekki fyrir okkur.

[18:06]

Flm. (Jón Magnússon) (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi spurninguna um það hvort menn í bandarískra hagkerfinu hefðu miklar áhyggjur af Texas eða það breytti miklu, þá reikna ég með því að það sama sé uppi á teningnum hjá okkur að Neskaupstaður hafi ekki úrslitaáhrif um það með hvaða hætti stýrivaxtaákvörðunum Seðlabankans verði háttað.

Ég og hv. þm. Illugi Gunnarsson erum sammála um að stýrivaxtaákvarðanirnar og hvernig hagkerfið var keyrt hafi verið röng stefna og við bentum báðir á það löngu áður en til efnahagshrunsins kom að breyta þyrfti um stefnu. Það hefði betur verið gert.

Að sjálfsögðu er meginatriðið að menn átti sig á því að það verður að finna þann grundvöll sem peningastefna þjóðarinnar á að byggja á. Ég varaði við því og benti á í framsöguræðu minni að við færum aftur í þá vegferð sem reyndist okkur svo illa með því að hafa krónuna á floti og að það réðist af framboði og eftirspurn hvernig gengið þró-

aðist og hvort krónan yrði í frjálsu falli eða ekki.

Við yrðum að hafa meira öryggi varðandi íslenska hagkerfið fyrir fyrirtæki og fjölskyldur. Ekkert annað kemur til greina og það er jú meginatriðið og meginhugsunin á bak við flutning tillögunnar — sem ég er mjög þakklátur fyrir að þingmenn hafa almennt tekið undir og eru sammála, þótt menn greini á um einhver minni háttar atriði eða hvort við eigum að gera þetta eða fara einhverja aðra leið. En þá hefur komið fram að samstaða er meðal þingmanna um að ekki gengur að fylgja sömu peningamálastefnu og fylgt var. Við verðum að búa við meira öryggi og tengjast alþjóðlegu myntsamstarfi.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og efh.- og skattn.

Vinnubrögð við gerð fjárlaga, fyrri umr.

Þáltill. ÁKÓ, 241. mál. — Þskj. 355.

[18:09]

Flm. (Ármann Kr. Ólafsson) (S):

Hæstv. forseti. Ný vinnubrögð við gerð fjárlaga er yfirskrift þingsályktunartillögunnar. En sama dag og síðari umræða fjárlaga fyrir árið 2009 fór fram lagði ég fram svohljóðandi þingsályktunartillögu:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða vinnubrögð við gerð fjárlaga þar sem kannaðir verða kostir þess að tekin verði upp núllgrunnsfjárlög.

Í kjölfar bankahrunsins hefur ríkissjóður orðið fyrir miklu áfalli. Í stað þess að fjárlögum sé lokað með rekstrarafgangi eins og undanfarin ár er ljóst að mikill halli verður á þeim á næstu árum. Þessi staðreynd kallar á alveg ný vinnubrögð. Það getur ekki gengið lengur að horfa eingöngu til þess hversu miklu hefur verið eytt í einstaka liði á undanförnum árum og bæta við þá eða í undantekningartilvikum lækka þá lítillega á milli ára eftir því hvernig árferðið er hverju sinni. Þá er nýjum liðum gjarnan bætt við reglulega án þess að mikill eða öflugur rökstuðningur sé þar að baki.

Breyttir tímar kalla á ný vinnubrögð og hefðarréttur í fjárveitingum gengur ekki við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir. Hann brenglar markmið fjárlagagerðarinnar þar sem hækkun fjárveitinga frá einu ári til annars er mælikvarði á árangur.

Hæstv. forseti. Þetta þýðir að sá sem nær mestri hækkun á einstaka liði milli ára er í raun sigurvegarinn hverju sinni. Þetta er alveg ótrúlegur hvati.

Fjárlagagerð sem byggir á núllgrunni er vinnuaðferð þar sem markmiðið er að draga úr sjálfvirku hækkunarferli eins og hér var lýst. Gildi aðferðarinnar felst fyrst og fremst í því að fjárveitingavaldið samþykkir ekki fjárveitingar án þess að ítarlegur rökstuðningur liggi að baki einstökum verkefnum. Ríkisstofnanir og ráðuneyti, sem eru stærstu notendur fjár úr opinberum sjóðum, eru því neydd til að endurmeta og rökstyðja öll útgjöld sín frá grunni. Verkefni ríkisins eru lögð til grundvallar en ekki einstaka fjárlagaliðir eins og nú er

Núllgrunnurinn ýtir sem sagt undir það að hugsað sé frá hreinu borði og horft til ákveðinna verkefna í stað einstakra fjárlagaliða, stofnana eða ráðuneyta. Nálgunin er tilvalin um leið og sett eru fram markmið um fækkun stofnana. Dæmi um verkefnanálgun er að skilgreina verkefni sem gæti t.d. heitið Húsnæðisumsýsla ríkisins, en í dag heyrir það undir fjölda ráðuneyta og stundum undir fjölda liða í hverju ráðuneyti þrátt fyrir — og ég undirstrika það — að til sé sérstök stofnun sem ber heitið Fasteignir ríkisins. Húsnæðismálunum er sem sagt dreift um allt fjárlagafrumvarpið þótt til sé sérstök stofnun sem heitir Fasteignir ríkisins. Að vísu er langmest þar undir en engu að síður er þetta staðreynd.

Verkefnanálgunin gengi þvert á ráðuneytin, stofnanir og einstaka liði og ýtti undir heildarsýn og stærðarhagkvæmni. Þá mætti taka hugsunina enn lengra og færa allan húsnæðispakkann undir Framkvæmdasýslu ríkisins og til kæmi þá verkefnaliður sem gæti heitið Framkvæmdir og húsnæði. Annað verkefni gæti heitið Náttúra og umhverfi og næði yfir alla heildina í stað þess að vera skipt eins og nú er niður í Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins o.s.frv.

Margir hafa talað um nauðsyn þess að fækka ráðuneytum og í árferði eins og nú er held ég að grundvallaratriði til að ná fram sparnaði í ríkisútgjöldum sé að fækka ráðuneytunum. Ljóst er að sú hugsun sem fylgir núllgrunnsfjárlagagerðinni mundi sjálfkrafa ýta málinu í þann farveg að fækka ráðuneytum. Ef menn hugsa í verkefnum hljóta menn að sjá að ekki þarf allan þann fjölda ráðuneyta sem við höfum núna. Ríkur þörf er á róttækum aðgerðum til að bæta vinnslu og framkvæmd fjárlaga. Ríkisútgjöldin eru allt of há eftir fall bankanna.

Hæstv. forseti. Eftir að ég hafði lagt þessa þingsályktunartillögu fram var mér bent á það af starfsmanni þingsins að svipuð þingsályktunartillaga hefði verið lögð fram árið 1980. Mín ber yfirskriftina Ný vinnubrögð við gerð fjárlaga, en sú sem þá var lögð fram — og ég hefði betur verið búinn að fletta upp og finna hana því hún er mjög vel unnin, ekki síður en mín — ber yfirskriftina Um nýja aðferð við áætlanagerð. Þannig að ljóst er bara á yfirskriftinni að hugmyndafræðin á bak við báðar þingsályktunartillögurnar er mjög svipuð.

Flutningsmenn þess tíma voru Friðrik Sophusson, Lárus Jónsson, Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson. Í greinargerð með þeirri þingsályktunartillögu kemur einnig fram að verið sé að flytja hana í annað sinn. Auk þeirra — því eins og hv. alþingismenn vita voru þetta allt saman sjálfstæðisþingmenn sem þarna voru á ferðinni — hafði áður verið enn einn sjálfstæðismaðurinn, Ellert B. Schram. Þannig að ég reikna með að stuðningur hans við þingsályktunartillögu mína hljóti að vera nokkuð gefinn.

Í greinargerðinni kemur ýmislegt fram sem svipar til þeirrar sem ég fór yfir. En þar stendur, með leyfi forseta:

„Núllgrunnsáætlanagerð er tækni við gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana sem gerir þær kröfur til stjórnanda að hann réttlæti fjárhagsáætlanabeiðnir sínar frá núllgrunni. Tækni þessi flytur yfir á stjórnanda sem sækir um fjárveitingu sönnunarábyrgð fyrir því að hann eigi yfirleitt að fá nokkurt fjármagn til ráðstöfunar.“

Það er ekki er nóg fyrir aðilann sem sækir um að segja:

„Þetta var svona í fyrra og við reiknum með svona mikilli verðbólgu og svo langar okkur að gera örlítið meira og þess vegna eigum við að hækka svona mikið.“ Því auðvitað getur margt sem er á bak við einstaka liði breyst á milli ára og ekki sjálfgefið að liðirnir eigi bara að hækka, eins og gerist núna.

Þá segir í einum kafla þingsályktunartillögunnar frá 1980, sem ber yfirskriftina Verkefnisstaða stofnana, með leyfi forseta:

„Eins og bent hefur verið á í þessari greinargerð eru til nýjar aðferðir við fjárlagagerð sem hægt er að beita til að koma fjárhagsáætlunum á verkefnagrundvöll í stað stofnanagrundvallar og auðvelda stjórnmálamönnum að raða verkefnum hins opinbera í forgangsröð.“ — Svo segir: „Þurfa þeir síðan að beita hnífnum, gerist slíkt með því að velja eða hafna skilgreindum verkefnum en ekki með því að beita almennum flötum niðurskurði eða fresta ætíð nýjum verkefnum eins og hingað til hefur verið gert í langflestum tilvikum.“

Hæstv. forseti. Þetta er kjarni málsins. Alltaf þegar á að spara hættir mönnum til að fara í flatan niðurskurð eða ráðast á verkefni sem búið er að ákveða af því það er svo einfalt og þægilegt. Ekki að kafa ofan í verkefnið. Við ættum jafnvel að ganga svo langt núna og skrifa stofnunum bréf — eins og hefur verið gert skilst mér þegar einstök ríki fara í mikla naflaskoðun. Skrifa forsvarsmönnum og stofnunum og segja þeim að útskýra á einu A4 blaði af hverju í ósköpunum stofnunin eigi að vera til. Réttlæta það á einu A4 blaði sem skilist innan viku, takk fyrir. Ég held að það gæti verið, hæstv. forseti, fróðlegt að gera það núna. Því við erum í raun að upplifa nýtt umhverfi og nýja tíma. Ég er á því að mjög víða í kerfinu megi taka vinnubrögð í gegn.

Í danska þinginu er það t.d. þannig — ef við tölum um vinnubrögð fjárlaganefnda þar — að engir gestir fá að koma og hitta fjárlaganefnd danska þingsins. Engir gestir. Fjárlaganefnd þingsins hér er fyrst og fremst í því að taka á móti gestum. Það er hennar vinna og að útbýta einstaka smáupphæðum, í flestum tilvikum á svokallaða safnliði. Þegar fjárlögum danska þingsins er dreift til fjárlaganefndar fær hver og einn fjárlaganefndarmaður það hlutverk að fara yfir einstakt ráðuneyti. Þeir sérhæfa sig í einstökum ráðuneytum og taka þau fyrir. Síðan kemur ráðherrann fyrir fjárlaganefndina og fer yfir fjárlagafrumvarpið.

Þetta þótti mér athyglisvert því ég man ekki eftir að nokkur einasti ráðherra hafi heimsótt fjárlaganefnd og útskýrt fjárlagafrumvarpið fyrir okkur þingmönnum fjárlaganefndar.

Þegar kemur að fjáraukaheimildum er óheimilt fyrir framkvæmdarvaldið að eyða fjármunum og vísa til fjárauka nema búið sé að fara með það fyrir fjármálaráðherra og hann hafi samþykkt það. Síðan kemur þetta fyrir fjárlaganefndina og fjáraukaheimildin þarf að vera samþykkt þar áður en eytt er úr ríkiskassanum. Í flestum tilvikum er það millifærsla á fjármagni en ekki að bætt sé við fjárlagafrumvarpið eins og hér hefur tíðkast. Ástæðan fyrir því að þetta hefur tíðkast hér er sú að hér hefur verið það mikið góðæri, dulið góðæri, að ríkissjóður hefur skilað afgangi þrátt fyrir þessar vinnuaðferðir.

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa kallað á samstöðu þingsins við þær aðstæður sem nú eru uppi. Að Alþingi standi saman um þau verk sem þarf að vinna. Einstakir þingmenn hafa líka kallað eftir því og sagt að við ættum ekki að eyða tíma okkar hér í óþarfa karp. Kvartað er yfir því að of miklum tíma sé eytt í smávægileg formsatriði og að nú sé tíminn til að hefja sig yfir flokkadrætti. Að nú sé tíminn til þess að allir standi saman og taki til hendinni.

Frú forseti. Núllgrunnsfjárlögin eru í mínum huga tæki sem boðið er til þess að stokka upp í ríkisrekstrinum og gera stjórnvöldum kleift að taka til í rekstri ríkisins. Verið er að bjóða upp á tæki sem er annars eðlis en það sem við höfum notað sem grundvöll fyrir hverri fjárlagagerðinni á fætur annarri. Þá mundum við leggja þetta plagg til hliðar og fara í gegnum einstök verkefni, hugsa þau frá grunni. Þar með gætum við skorið fituna í burtu. Fituna sem safnast hefur fyrir á undanförnum árum. Í því góðæri sem hefur ríkt er augljóst mál að það safnast fyrir mikil fita hjá einstökum stofnunum, ráðuneytum og embættismönnum. Eins og ég sagði áður, af því að samkeppni hefur verið um það að fá sem mest fjármagn og einkunnagjöfin legið í því að sá sem fær mesta peninga, mestu aukningu á milli ára, er sigurvegarinn.

Ég legg því til og tek undir með öllum þeim sem hér hafa talað og sagt að við eigum að hefja okkur yfir flokkadrætti og láta verkin vinna. Þeir flokkar sem eru á þinginu og ekki síst stjórnarflokkar minnihlutastjórnarinnar ættu þá að sjá kosti þess að horfa til þessarar nýju nálgunar við fjárlagagerð. Það er ný nálgun ef við horfum út frá fjárlagavinnunni sem hefur farið fram. Þetta er auðvitað ekki ný nálgun í þeim skilningi að þetta var sennilega fyrst lagt fram 1979, eins og ég sagði áður.

Menn hefðu kannski betur horft til þess á þeim tíma. Heilmikið hefur auðvitað verið gert á leiðinni. Ný gerð vinnubragða við gerð fjárlaga hefur verið tekin upp og þá vísa ég t.d. til þess þegar rammafjárlögin voru tekin upp. Nú dugar þetta ekki til. Þess vegna skulum við þingmenn Alþingis krefjast þess, eins og segir í þingsályktunartillögunni, að Alþingi feli ríkisstjórninni að endurskoða vinnubrögð við gerð fjárlaga þar sem kannaðir verði kostir þess að tekin verði upp núllgrunnsfjárlög.

Ég vil undirstrika það, frú forseti, að þetta er ekki þess eðlis að það þurfi endilega að taka öll fjárlögin í heild sinni og nálgast þau þannig. Því það er ofboðslega mikið verk og tíminn er skammur. Því legg ég til að þetta verði skoðað með jákvæðu hugarfari og hægt er að byrja að nota þessi vinnubrögð á hluta fjárlaganna.

[18:24]

Útbýting:

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 313. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 543.

[18:24]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu þingsályktunartillaga frá hv. þm. Ármanni Kr. Ólafssyni en við eigum bæði sæti í fjárlaganefnd og höfum t.d. velt fyrir okkur þeim þáttum sem hann leggur til í þingsályktunartillögu sinni. Þar leggur hann til að tekin verði upp ný vinnubrögð við

fjárlagagerð og að kannaðir verði kostir þess að taka upp svokölluð núllgrunnsfjárlög.

Á síðustu árum hefur meginreglan í fjárlagagerð verið sú að horft er til fjárlaga síðasta árs og síðan er gerð tillaga um hækkun í samræmi við verðlagsbreytingar frá fyrra ári. Þetta þekkjum við mjög vel. Þá er einnig horft til afkomu viðkomandi stofnunar eða fjárlagaliðar og hvort bætt hafi verið í fjármagni frá síðustu fjárlögum, t.d. á fjáraukalögum. Jafnframt er höfð hliðsjón af árferði og þegar hart er í ári er klipið af en ef afkoma ríkissjóðs er góð er tilhneiging til þess að bæta í. Þetta þekkjum við mjög vel. Þar fyrir utan er náttúrlega líka horft til afkomu stofnunarinnar, hafi afkoma stofnunarinnar verið slæm þá er ákveðin tilhneiging til að bæta meiru í. Aðhaldið í fjárlögum er því í rauninni afskaplega lítið og það sem er líka alvarlegt í þessu er að forstöðumenn stofnana virðast í allt of mörgum tilvikum alls ekki virða þann ramma sem fjárlögin gefa þeim og setja þeim ákveðnar skorður.

Hv. flutningsmaður skilgreindi þá nálgun sem hann vill fara, eða núllgrunnsfjárlagagerð, með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„Núllgrunnsfjárlagagerð, eða „zero-base budgeting“, er þekkt vinnuaðferð sem ýmsir horfa til í þeim tilgangi að draga úr sjálfvirku hækkunarferli sem núverandi fyrirkomulag hefur leitt af sér. Núllgrunnsfjárlög eru ekki lausn allra vandamála fjárlagagerðarinnar. Gildi þeirra felst fyrst og fremst í því að vald er fært til. Ríkisstofnanir og ráðuneyti sem eru stærstu notendur fjár úr opinberum sjóðum verða að endurmeta og rökstyðja öll sín útgjöld frá grunni. Alla liði útgjalda þarf að skýra út frá þörf og nauðsyn stöðunnar á hverjum tíma.“

Hv. flutningsmaður telur að við þær aðstæður sem við búum eftir bankahrunið sé rík þörf á róttækum aðgerðum til að bæta vinnslu og framkvæmd fjárlaga. Ríkisútgjöld hafa vaxið úr hófi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Nú blasir við nýr veruleiki, fram undan eru miklar þrengingar í efnahagsmálum þjóðarinnar og í stað þess að ríkissjóður skili afgangi eins og verið hefur undanfarin ár er stórkostlegur halli á ríkissjóði af ástæðum sem við öll þekkjum.

Ég verð að segja það fyrir mína parta að það verkefni sem við stöndum frammi fyrir við niðurskurð fjárlaga er í raun og veru gríðarlegt. Það er gríðarlegt verkefni sem við finnum öll til ábyrgðar yfir og ég sé það t.d. innan þess geira sem ég þekki best til, heilbrigðisgeirans. Hann stendur frammi fyrir sjö milljarða kr. niðurskurði frá því sem fjárlagafrumvarpið fyrir þetta ár lagði upp með, þ.e. um 7% af þeim fjármunum sem hefðu annars farið til rekstursins og því sjáum við að þetta er gríðarlega mikið verkefni. Maður sér ekki alveg fyrir sér hvernig það gengur eftir miðað við það sem við í fjárlaganefndinni höfum séð og heilbrigðisnefndin reyndar líka, að þessar stofnanir hafa miklu fremur farið fram úr fjárlögum en að þær hafi verið undir. Þetta er því stórt verkefni sem við þurfum að halda vel á og gæta þess á sama máta að það sníði ekki af þjónustunni í of miklum mæli.

Ég tek undir með hv. þingmanni að það er mikil þörf á að endurskoða allan rekstur ríkisins frá grunni og sú aðferð sem hann leggur til er allrar athygli verð, ekki síst í þeim verkefnum sem ég nefndi áðan innan heilbrigðisþjónustunnar. Ríkiskerfið hefur þanist út á síðustu árum og mörgum finnst það hafa vaxið stjórnlaust og því er haldið fram að það sem einna helst skýri útgjaldaaukningu og útþenslu í starfsemi ríkisins síðustu ára hafi verið aukin hagsæld í samfélaginu. Ríkissjóður fékk auknar skatttekjur, m.a. í formi lækkaðra tekjuskatta á fyrirtæki, sem stórjuku skattskil fyrirtækja til ríkisins, en einnig í formi tekjuskatta vegna aukins kaupmáttar í samfélaginu og aukinnar veltu þannig að bæði tekjuskattar og veltuskattar jukust. Til marks um þetta, þó að það sé reyndar á öðru sviði stjórnkerfisins, má benda á að á árinu 1997 skiluðu fasteignagjöld og útsvar 35 milljörðum kr. til sveitarfélaganna en átta árum seinna eða á árinu 2005 skiluðu þessir tekjustofnar sveitarfélögunum 107 milljörðum kr., sem var þreföldun á einungis átta árum.

Á sama tíma hafa kröfur aukist, t.d. um velferðarþjónustu eins og heilbrigðisþjónustuna en kostnaður við hana hefur aukist verulega á síðustu árum og áratugum, sem hefur vissulega skilað sér í bættri heilbrigðisþjónustu og vonandi einnig í bættu heilbrigði, sem er kannski ekki á sama máta eins augsýnilegt. Raunaukning til heilbrigðismála hefur á síðustu tíu árum verið u.þ.b. 5% á ári sem er töluvert umfram það sem er í mörgum öðrum geirum hins opinbera.

Í nýju vefriti fjármálaráðuneytisins sem var dreift í síðustu viku kemur fram að útgjöld til velferðarmála og almannatrygginga hafi aukist um 79% að raungildi milli áranna 1999 og 2009, á tíu ára tímabili. Þar af hafa mæðra-, sjúkra- og örorkubætur aukist um 190%, elli-, örorku- og ekkjulífeyrir um 67% og atvinnuleysisbætur um 400%, sem er afleiðing af því ástandi sem við stöndum frammi fyrir. Þetta snýr reyndar ekki að rekstri ríkisins eða rekstri ríkisstofnana en það sýnir okkur hvaða flokkar hafa staðið að hinni raunverulegu velferð á síðustu árum en á þessum tíma hafa Sjálfstæðisflokkur ásamt Framsóknarflokki verið við völd, stærstan hluta þessa tíma.

Ég hef áður bent á í öðru samhengi að á síðustu tveimur áratugum hafi ríkisstofnunum fjölgað verulega, m.a. til að sinna stjórnsýsluverkefnum og öðrum samfélagslegum verkefnum sem er talið eðlilegt að séu fjármögnuð af ríkinu. Verkefni þessara stofnana snúa oft upp á sig, starfsfólki fjölgar og umfang starfseminnar eykst með tilheyrandi auknum kostnaði. Ég er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé á hverjum tíma að horfa gagnrýnum augum á starfsemi ríkisstofnana og meta hvort þær hafi aukið starfssvið sitt umfram það sem lög og reglur setja þeim ramma um varðandi starfsemina. Ég tek því undir með hv. þingmanni að veruleg þörf er á að endurmeta verkefni ríkisins. Það hefur margþættan tilgang, m.a. þann að afmarka þau verkefni sem ríkið óumdeilanlega á að hafa með hendi og um leið að ná betri tökum á fjárlagagerð. Þar getur aðferðafræðin sem hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson leggur til með þingsályktunartillögu sinni, sem er hér til umræðu, komið að gagni.

Með grúski á alþingisvefnum komst ég að því, eins og hv. flutningsmaður, að sambærileg tillaga var hér til umræðu í kringum 1980 og 1. flutningsmaður var Friðrik Sophusson. Á þeirri þingsályktunartillögu var jafnframt ungur þáverandi varaþingmaður, Ellert B. Schram, en eins og flestir vita á hann uppruna sinn sem stjórnmálamaður í Sjálfstæðisflokknum, eins og reyndar margir góðir þing-

menn í öðrum flokkum.

Í ræðu þáverandi þingmanns, Friðriks Sophussonar, bendir hann m.a. á þá velþekktu staðreynd sem við núverandi þingmenn þekkjum vel, að fjárlög byggi fremur á hefð en þörf og eins og hann segir í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„… að jafnvel er erfitt að detta út af fjárlögum hafi verkefni einhvern tíma komist inn á þau. Fjárlagagerðin er öll heldur íhaldssöm enda eru fjárlögin þannig byggð upp að mjög erfitt er að ná fram verulegum breytingum á þeim.“

Ég bendi á að þetta er á árinu 1980, það eru 30 ár síðan þetta var sett fram og maður veltir fyrir sér hvernig stendur á því að ekki hafi verið tekið mið af þessum ágætu tillögum þeirra.

Þá bendir hann jafnframt á að með þeirri breytingu sem hann lagði til og er í samræmi við þá tillögu sem hér er til umfjöllunar gangi fjárveitingar til verkefna en ekki til stofnana. Þannig eru verkefnin og umfang þeirra skilgreind, fjármagnsþörf til að sinna þessum verkefnum er metin og veitt á fjárlögum til viðkomandi starfsemi til framkvæmda í samræmi við þann ramma sem þeim er settur. Þessari aðferð er m.a. beitt í rekstri fyrirtækja á almennum markaði og þykir nauðsynlegt tæki í áætlanagerð og árangursmati á starfsemi stofnunar eða fyrirtækis.

Það er því full ástæða fyrir okkur að skoða þær starfsaðferðir sem eru notaðar í rekstri fyrirtækja á almennum markaði og því vil ég að lokum fagna þessari þingsályktunartillögu. Ég tel hana vera mjög mikilvægt innlegg í umræðu um endurskoðun á fjárlagagerð, sem er löngu, löngu, löngu tímabær.

[18:34]

Flm. (Ármann Kr. Ólafsson) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að fara yfir málin með þeim hætti sem hún gerði en hún tók heilbrigðismálin sérstaklega fyrir í þessum efnum. Ég kom inn á það í ræðu minni áðan að ekki þyrfti að leggja allt fjárlagafrumvarpið undir, hægt væri að byrja á einstökum liðum eða þáttum þess. Hægt væri að búta þetta niður með einhverjum hætti til að hefja slík vinnubrögð, það getur verið gott að stíga eitt skref í einu í þeim efnum. Heilbrigðiskerfið sem slíkt er, ef ég man rétt, um 120 milljarðar að umfangi og ég held að tilvalið væri að færa heilbrigðismálin undir þessa núllgrunnsaðferð og fékk ekki betur skilið en hv. þingmaður legði það líka til.

[18:35]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta andsvar við mig. Ég vil benda honum á að í raun og veru hafa verið stigin ákveðin skref í þessa veru. Við samþykktum á haustþingi nýtt frumvarp, ný lög um sjúkratryggingar, sem hefur að meginmarkmiði að skilgreina verkefni innan heilbrigðiskerfisins og skilgreina þau þannig að hægt sé að átta sig á markmiðum hverrar stofnunar fyrir sig — hver verkefnin eru, hvernig þau eru verðlögð og hvernig verðmyndunin er. Þar er raunverulega verið að skoða aðskilnað kaupenda og seljenda þar sem kaupandi er ríkið en veitendur geta þess vegna verið opinberar stofnanir.

Með samþykkt þess frumvarps, og með því að aðskilja sjúkratryggingar frá öðrum almannatryggingum, er stigið stórt skref í þessa veru. Það mun hins vegar taka mjög langan tíma að koma því kerfi inn alls staðar. Við höfum ákveðna fyrirmynd í samningum sem Tryggingastofnun gerði við sjálfstætt starfandi sérfræðinga, bæði lækna og aðra, en þó að í því sé ákveðin fyrirmynd erum við, með þessari nýju stofnun, að bæta aðstöðu, tæki og afl ríkisins í því að semja um slík verkefni. Aðalatriðið er að heil stofnun er komin í kringum þetta verkefni, og get ég tekið undir það með hv. þingmanni að þarna er möguleiki á að hefja þessa vinnu.

[18:37]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum þarfa þingsályktunartillögu um endurskoðun vinnubragða við gerð fjárlaga. Ég tel ástæðu til að fagna tillögunni eins og hún er fram sett. Eins og fram kom í máli flutningsmanns, hv. þm. Ármanns Kr. Ólafssonar, þá lá fyrir í kringum 1980 tillaga um nýja aðferðafræði við gerð fjárlaga og er löngu tímabært að það sé skoðað.

Mig langar að gera sérstaklega að umtalsefni það sem stendur í greinargerð, að ríkisstofnanir og ráðuneyti, sem eru stærstu notendur fjár úr opinberum sjóðum, verði að endurmeta og rökstyðja öll sín útgjöld frá grunni. Ég held að þar séum við komin að grunnþætti í fjárlögunum öllum, að ekki bara þessar stofnanir, ráðuneytin og ríkisstofnanir, þurfi að endurskoða frá grunni heldur verður líka að fylgja ábyrgð og eftirfylgni. Ráðherrar í ráðuneytum bera hina pólitísku ábyrgð. Þeir bera líka fjárhagslega og rekstrarlega ábyrgð á ráðuneyti sínu og stofnunum. Þeirra er að fylgja eftir með einum eða öðrum hætti á hvern hátt stofnanir sem falla undir ráðuneyti þeirra vinna og fara með opinbert fé. Ef það þýðir að ágætir ráðherrar þurfa að vera í meiri og betri tengslum við undirmenn sína, við forstöðumenn stofnana, og vinna með þeim með öðrum hætti en gert er í dag, til að tryggja að fjárhagsleg ábyrgð stofnananna og þeirra sjálfra sé virt, þá verða menn að koma á slíku kerfi innan ráðuneytanna.

Það tíðkast víða í sveitarfélögum að framkvæmdastjórar, bæjarstjórar eða sveitarstjórar, fylgjast á þann hátt með stofnunum sem eru í þeirra sveitarfélagi, hvernig haldið er á fjármunum. Forstöðumenn og framkvæmdastjórar ræða það af hverju þessi stofnunin eða hin virðist vera að sigla fram úr þeim ramma sem settur hefur verið. Og það er gert strax, ekki er beðið í hálft ár eða fram til ársloka. Fjárlög eru afgreidd úr þinginu í desembermánuði, nýtt fjárlagaár tekur við á hverri stofnun 1. janúar og virðist sem ekkert eftirlit sé á öllu árinu fyrr en í lok árs að stofnanir fara að kalla eftir fjáraukalögum og meiri fjármunum. Það er líka lenska hjá ríkisstofnunum vegna þess að þær veita allar, forstöðumenn þeirra og starfsmenn, þjónustu — það er alltaf fyrsta val að fá meira fjármagn. Sjaldnar eða aldrei virðist það vera fyrsta val að skoða hvort og hvernig sérhver stofnun getur breytt hlutum innan frá til að hún rýmist innan þeirra fjárlaga sem henni eru sett.

Fjárlög eru lög, ekki áætlanir eða viðmiðanir. Um er að

ræða lög og það ber að fara eftir þeim. Samkvæmt 41. gr. stjórnarskrárinnar er ljóst, með leyfi hæstv. forseta, að ekkert gjald má reiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða í fjáraukalögum. Við virðum þetta ekki og stofnanir ríkisins virða þetta ekki. Ég tel því, samhliða því að þingsályktunartillögunni verður vísað til nefndar, að í þeirri nefnd verði það skoðað og því velt upp með hvaða hætti við getum fylgt enn frekar eftir ábyrgð og eftirfylgni bæði ráðherra, með þeim stofnunum sem falla undir ráðuneyti þeirra, og forstöðumanna.

Hvert er ferli forstöðumanna ef þeir sjá að þeir fjármunir sem stofnun þeirra hefur fengið duga ekki? Hvernig eiga þeir þá að vinna? Hvert eiga þeir að snúa sér? Þeir eiga ekki fyrst að fara í fjölmiðla. Það er algerlega klárt þegar um viðkvæmar stofnanir er að ræða eða viðkvæma þjónustu að þá byrja menn ekki á því að fara í fjölmiðla og kvarta yfir því að ekki séu til nægir fjármunir til að reka stofnunina. Stofnuninni ber að fara að lögum og þeirri hugsun þarf að koma að hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Það er dapurt að okkur skuli ekki hafa tekist, í öllu því góðæri sem var, að draga úr ríkisútgjöldum, að við skulum hafa keyrt upp allan þann ramma og sitjum þar af leiðandi í enn verri súpu nú þegar harðnar á dalnum en við hefðum þurft af því að ábyrgð og eftirfylgni skorti. Það skortir að við virðum fjárlögin sem lög en ekki tilmæli. Mörgum er hegnt fyrir að brjóta lög. Við sjáum sjaldnast að ráðherrum eða ríkisstofnunum sé hegnt fyrir að brjóta fjárlögin. Það tíðkast ekki. Menn þurfa að velta því fyrir sér: Af hverju finnst okkur sjálfsagt að brjóta sum lög en önnur ekki? Þessari hugsun verður að snúa við.

Ég fagna þessari þingsályktunartillögu. Ég fagna þessari tilraun til að breyta um vinnubrögð í þeirri von að fjárlaganefnd, sem og þeir sem fara með opinbert fé, virði lögin.

[18:44]

Flm. (Ármann Kr. Ólafsson) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur fyrir gott innlegg í þessa umræðu og það hversu afgerandi hún undirstrikar það í ræðu sinni að fjárlög eru lög sem fara verði eftir. Ég vil líka taka undir það með henni að það er dapurlegt að við höfum ekki getað dregið úr ríkisútgjöldum á þeim útþenslutímum sem við höfum lifað og ég held að það sé m.a. tengt því að alltaf er verið að miða fjárlagagerðina við landsframleiðsluna, sem einhvers konar hlutfall. Ég held að þegar hagvöxtur fer yfir ákveðið hámark, t.d. 3%, verði að sleppa öllum slíkum viðmiðunum og horfa til krónutöluhækkana á milli ára. Þegar við höfum mjög mikinn hagvöxt á milli ára og látum fjárlögin elta þá prósentuhækkun lendum við í slíku útgjaldafylliríi ef svo má segja. Það er eðli þess þegar fjárlög eru unnin með þeim hætti sem við höfum farið yfir, þ.e. þessar sjálfvirku hækkanir.

Hv. þingmaður kom líka inn á fjáraukann og gat þess að stofnanir væru að redda sér fyrir horn þegar líða færi á fjárlagaárið með því að leggja fram beiðni við fjáraukalagagerðina. Ég held þó að hv. þingmaður hljóti að taka undir það með mér að danska módelið sé miklu betra þar sem ekki er heimilt að fara inn á fjáraukann nema fá fyrst heimild og leyfi fjármálaráðherra og síðan fjárlaganefndar, að fjáraukalagabeiðnin komi inn til fjárlaganefndar áður en fjármunum er eytt, og ef það er ekki gert þannig er vonlaust að koma seinna meir og biðja um auknar fjárlagaheimildir.

[18:46]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt, sem hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson sagði, við erum komin út í hálfgert fúafen við gerð fjárlaga. Í góðæri hækkuðu þau ósjálfrátt vegna þess að ekki er í grunninn verið að hugsa hlutina rétt, en það er að mínu mati gert í þingsályktunartillögunni.

Ég tek heils hugar undir með hv. þingmanni að danska leiðin sem valin er — þ.e. að ef í það stefnir að forstöðumenn fari fram úr þeim ramma sem markaður er þurfi að fara fram á beiðnina fyrir fram en ekki eftir á — ætti að vera grundvallaratriði vegna þess að annars erum við einfaldlega að brjóta 41. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands eins og kom fram í máli mínu áðan. Með því að vinna eins og við vinnum gerum við það. Ég held að við ættum að breyta því og fara þá leið sem hv. þingmaður nefnir, og ég tek undir það að hún er skynsamlegri, hún er réttari og hún kæmi í veg fyrir þetta brot á 41. gr., en þá grein brjótum við næstum árlega í æðimörgum stofnunum í okkar ágæta landi.

[18:48]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegi forseti. Það er gaman að koma í ræðupúlt núna þegar sjálfstæðismenn, sem hafa setið við stjórnvölinn síðustu 18 ár, koma hingað upp hver á fætur öðrum og mæra hver annan fyrir tillögur um endurbætur á vinnubrögðum við gerð fjárlaga. Hvar í veröldinni hafa þeir verið síðustu 18 ár? spyr ég nú bara.

Ég er alveg sammála því að þetta er mjög þörf og góð umræða og mjög mikilvæg og nauðsynleg. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson sagði áðan, það hefur safnast fyrir fita í fjárlögunum. Það má víða skera niður.

Ný nálgun? Þessi umræða kom upp, eins og hv. þingmaður sagði réttilega, fyrir þó nokkrum árum frá sjálfstæðismönnum sem lögðu þá fram þingsályktunartillögu en slík vinnubrögð hafa þó ekki verið viðhöfð þau ár sem síðan eru liðin. En það er svo sem gott að fletta ofan af gömlum þingsályktunartillögum og koma með nýjar.

Ég vil benda á að hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson talaði um fækkun ráðuneyta. Ég er algjörlega sammála því, það má fækka ráðuneytum. Ég tel samt sem áður að tvö ráðuneyti þurfi að hefja aftur til vegs og virðingar, en það eru sjávarútvegsráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið. Þetta eru grunnatvinnustofnanir okkar og það þarf að hefja þau aftur til vegs og virðingar.

Ég tel líka að það yrði Alþingi til sóma að byrja að skera niður hjá sjálfu sér. Það má t.d. taka dagpeninga þingmanna og dagpeninga maka og eftirlaunin af. Það má skera niður í utanríkisráðuneytinu, það má bæta skipulagningu Alþingis, það má örugglega spara eitthvað þar.

Menn hafa hælt sér af því að mikil breyting hafi orðið hér í Alþingi og það hafi gerst vegna framlags fyrrverandi forseta Alþingis. Ég spyr þá: Hvernig í veröldinni var hér

áður en sú breyting kom til? Sú breyting hefði í mínum huga gjarnan mátt vera meiri og skilvirkari en hún er.

[18:51]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ragnheiður Ólafsdóttir gerir þá athugasemd í ræðu sinni að Sjálfstæðisflokkurinn hafi setið í stjórn í 18 ár og við séum hér, tveir eða þrír þingmenn, að mæra hver annan. Ég lít ekki svo á að við séum að mæra hver annan. Sem þingmaður Sjálfstæðisflokksins ber ég fulla ábyrgð á því sem flokkur minn hefur staðið fyrir frá þeim tíma sem ég kom inn á þing, 13. maí 2007, og ég axla hana. Ég tel að flokkurinn minn þurfi virkilega að skoða það sem miður fór og læra af mistökum sem gerð voru í því umhverfi sem við skópum.

En frá því að ég kom hér inn og tók sæti í menntamálanefnd og í heilbrigðisnefnd hefur mér þótt vinnulag hv. fjárlaganefndar við fjárlagagerðina sérkennilegt. Ég hef margoft nefnt það í starfi mínu í umræddum nefndum og ég hef nefnt það við ágætan fyrrverandi fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesen, í þingflokki okkar. En það þarf kannski meira en tvo til þrjá þingmenn til að velta þungu hlassi. Hvort heldur sem er er nauðsynlegt að laga það vinnulag sem er við fjárlögin. Ég tek á mig mína ábyrgð sem þingmaður Sjálfstæðisflokksins og axla hana en ég tel mig hafa allan rétt til þess að reyna að breyta vinnubrögðum á þann veg sem ég tel að geti orðið til hins betra.

[18:52]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir vill bera ábyrgð á gjörðum síns flokks síðustu 18 ár, ekki veitir af. Þjóðfélagið stendur það illa að vígi núna að það þarf að bera niður hvar sem er til þess að gæta hagræðis, til þess að spara og endurskipuleggja. Ég vil taka fram að ég er mjög sátt við að menn fari í endurskipulagningu fjárlagagerðar og ég mundi þá, ef ég væri hér til staðar, leggja allt mitt af mörkum til þess að svo mætti verða.

Ég fagna því að hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir er tilbúin að axla ábyrgð síns flokks.

[18:53]

Flm. (Ármann Kr. Ólafsson) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. þm. Ragnheiði Ólafsdóttur fyrir að taka undir margt af því sem hér hefur komið fram. Hv. þingmaður hefur talað fyrir því að hér eigi að fara fram málefnaleg umræða og leggja beri karp til hliðar en um leið spyr hún hvar við sjálfstæðismenn höfum verið undanfarin 18 ár.

Ég hef alla vega ekki verið hér í þessum sal í 18 ár, það er alveg ljóst, hef líklega verið 18 mánuði hér á þingi. Ég hef því ekki getað lagt þetta mál mikið fyrr fram en ég tek það samt sem áður fram að þingsályktunartillagan var lögð fram þegar Sjálfstæðisflokkurinn var enn í ríkisstjórn. Hún er ekki til komin vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn lendi í minni hluta eins og kannski hefði mátt skilja á orðum hv. þingmanns. Ef hv. þingmaður læsi ræður sem ég hef haldið í kringum fjárlagagerðina sæi hún að ég hef einmitt fjallað um það hversu mikið ríkissjóður hefur verið að bólgna út. Ég hef fjallað um það sérstaklega, sem ég kom inn á í ræðunni hér áðan, að þetta gerist með þessum sjálfvirka hætti, að fjárlögin hækka í raun í takt við það sem landsframleiðslan eykst — þá eru til auknir peningar og þá eru liðirnir bara hækkaðir sjálfkrafa.

Mér fannst því að ég þyrfti að leggja eitthvað til málanna og þess vegna legg ég þessa þingsályktunartillögu fram og vona að hv. þingmaður virði það við mig jafnvel þótt Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið í stjórn í mörg ár áður en ég kom inn í þennan þingsal.

[18:55]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, það er fagnaðarefni að hv. þingmaður leggur þetta til. Ég fagna því vegna þess að ég geri mér fyllilega grein fyrir því að í fjárlögum er alltaf verið að bæta við, það er síður skorið af. Við þurfum svo sannarlega á því að halda núna, og það hefði verið betra að Sjálfstæðisflokkurinn hefði tekið sér tak og skorið niður fyrr, þannig að við hefðum ekki lent í þeirri stöðu sem við erum í. En það er fagnaðarefni að góð mál koma fram, ég fagna því mjög.

[18:56]

Flm. (Ármann Kr. Ólafsson) (S) *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta. Við hefðum betur skorið niður fyrr, það er rétt hjá hv. þingmanni. Ég get þó ekki látið hjá líða að geta þess að Sjálfstæðisflokkurinn — hann var nú í ríkisstjórn með ýmsum öðrum flokkum, en fór yfirleitt fyrir forsætisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu. Þrátt fyrir að aukningin væri með þessum hætti fór flokkurinn — ef gera á hann ábyrgan fyrir þessu öllu — fyrir því að skuldir ríkisins yrðu greiddar niður, og það var gert þrátt fyrir þetta. Meira var gert en það, búið var að safna upp talsverðum sjóðum áður en þetta blessaða bankahrun kom til. Að því leytinu til sýndi Sjálfstæðisflokkurinn mikla ábyrgð hvað skuldsetninguna varðaði.

Menn voru að borga hátt hlutfall af landsframleiðslu í vaxtakostnað þegar Sjálfstæðisflokkurinn komst til valda. Það var búið, sá liður var orðinn að vaxtatekjum þegar ósköpin dundu yfir okkur. En jafnvel þó að þau ósköp hefðu ekki dunið yfir hefði verið eðlilegt að ganga enn lengra í þeim sparnaði. Sjálfstæðisflokkurinn hafði líka bent á að kannski hefði verið tilvalið fyrir fleiri aðila, eins og t.d. bankana, að draga saman seglin. Það hefði verið mjög gott.

Það breytir því ekki að það er mjög mikilvægt, og ekki síst þegar vel gengur, að passa ríkisútgjöldin. Í blárestina var það hins vegar meðvituð stefna að eyða umfram það sem fjárlögin buðu upp á, þ.e. að skila fjárlögum með halla, til þess að halda framkvæmdastiginu uppi, það var hugmyndin. Til þess að viðhalda atvinnustiginu, til þess að allir héldu vinnu sinni, en svo kom hrunið.

[18:58]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, það má segja að safnað hafi verið í sjóði og skuldir ríkissjóðs hafi á sínum tíma verið greiddar

niður. Ég veit það og hef fylgst með því, það var gott og þarft verk og það er það sem bjargar því litla sem bjargað verður í stöðunni eins og hún er. Það breytir samt ekki því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið við völd öll þessi ár, verið í ríkisstjórnum. Hann hefur borið meginábyrgð á öllu því sem er að gerast og við skulum bara horfa á það að þetta með bankahrunið og annað því um líkt — gerð var lagaumgjörð til þess að þetta gæti allt saman komist í þann farveg sem það fór í með útrásinni.

Við getum rakið það aftar í tímann, það var þegar veitt var leyfi frá yfirvöldum til að veðsetja óveiddan fisk í sjó. Þar byrjar allt vandamálið og það vindur upp á sig og heldur áfram að rúlla þegar bankarnir leyfa þessa veðsetningu og taka við. Þar fer öll skriðan af stað. Guði sé lof fyrir það að innan Sjálfstæðisflokksins eru enn þann dag menn sem vilja breytingar og lagfæringar og fyrir það þakkar maður.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og fjárln.

Út af dagskrá voru tekin 5.–11. mál.

Fundi slitið kl. 19:00.

---

82. FUNDUR

þriðjudaginn 17. febrúar,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Stjórnarskipunarlög, frv., 286. mál, þskj. 512. — 1. umr.
3. Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, stjfrv., 313. mál, þskj. 543. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Tekjustofnar sveitarfélaga og gatnagerðargjald, stjfrv., 185. mál, þskj. 228. — 3. umr.
5. Kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna, frv., 273. mál, þskj. 490. — 1. umr.
6. Stjórnarskipunarlög, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
7. Þríhnjúkahellir, þáltill., 68. mál, þskj. 68. — Fyrri umr.
8. Listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis, frv., 100. mál, þskj. 107. — 1. umr.
9. Eignarhald og varðveisla listaverka ríkisbankanna, þáltill., 102. mál, þskj. 109. — Fyrri umr.
10. Virðisaukaskattur, frv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.
11. Framleiðsla köfnunarefnisáburðar, þáltill., 110. mál, þskj. 118. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Jóhanna Sigurðardóttir forsrh., 5. þm. Reykv. n.
Jón Bjarnason, 4. þm. Norðvest.
Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 8. þm. Suðvest.
Þuríður Backman, 8. þm. Norðaust.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Um klukkan tvö í dag, að loknum liðnum Störf þingsins, fer fram umræða utan dagskrár um ástæðu Breta fyrir að beita hryðjuverkalögum á Íslendinga. Málshefjandi er hv. þm. Siv Friðleifsdóttir. Hæstv. utanríkisráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:32]

Útbýting:

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 308. mál, frv. PHB, þskj. 538.

Þingsköp Alþingis, 315. mál, frv. StB o.fl., þskj. 545.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Störf þingsins.

Málefni Hólaskóla – efnahagsmál og ESB.

[13:34]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp til að spyrja hv. þm. Guðbjart Hannesson um málefni Hólaskóla en á sínum tíma í fyrri ríkisstjórn varð samkomulag á milli þáverandi stjórnarflokka að færa málefni landbúnaðarháskólanna á Hvanneyri og Hólum undir ráðuneyti menntamála. Ríkisstjórnin samþykkti á sínum tíma tillögu mína um að skipa starfshóp sem hefði það að meginmarkmiði að stuðla að eflingu og uppbyggingu Hólaskóla til framtíðar og brýnt er að svo verði. Einnig átti starfshópurinn að endurskipuleggja starfsemina á Hólum með tilliti til þess breytta umhverfis sem háskólasamfélagið hefur staðið frammi fyrir. Jafnframt átti sérstaklega að tryggja að haldið væri um málefni Hólastaðar og Hólar héldu reisn sinni og stöðu sem miðstöð mennta, menningar og ekki síst kirkjulegra málefna. Að þessu átti starfshópurinn að vinna og hann vann mikla og góða vinnu. Í hópnum var hv. þm. Guðbjartur Hannesson ásamt þingmönnunum Sigurði Kára Kristjánssyni, Guðfinnu Bjarnadóttur og Önnu Kristínu Gunnarsdóttur auk Guðmundar Árnasonar, ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu, sem

var formaður hópsins.

Markmið hópsins var að huga að því hvernig Hólar væru í breyttu umhverfi en ekki síður hvernig hægt væri að koma fram með raunhæfar tillögur til að byggja upp starfsemi Hóla.

Ein af niðurstöðum hópsins var að skoða fjárhagsstöðu Hóla, en hún hefur verið mjög erfið í áraraðir og á henni var sérstaklega tekið, m.a. á grundvelli skýrslunnar, við síðustu fjárlagagerð. Ein af tillögunum var að Hólaskóli yrði rekinn sem sjálfseignarstofnun með stuðningi heildarsamtaka í atvinnulífi, félagasamtaka og sveitarfélaga til að efla bakhjarla skólans og tryggja það að skólinn gæti fengið svigrúm og tækifæri til að byggjast upp til lengri tíma. Ég er sammála því en nú vill svo til að hæstv. menntamálaráðherra hefur dregið þessar tillögu til baka og því spyr ég hv. þm. Guðbjart Hannesson, sem var nefndarmaður í þessum hópi, hver afstaða hans er til þeirrar ákvörðunar ráðherra.

[13:37]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrrverandi hæstv. menntamálaráðherra fyrir að taka þetta mál upp þó að mér finnist býsna mikil dirfska að draga þetta fram með þessum hætti og ætla mér svolitla ábyrgð á því hvað verður um Hólastað.

Ef við lítum til baka þá áttaði ég mig á því þegar ég kom inn á hv. Alþingi á sínum tíma sem þingmaður Norðvesturkjördæmis að Hólaskóli hefði um margt verið rekinn á aukafjárveitingum eða fjáraukalögum og ekki fengið fjárveitingar í samræmi við nýjar samþykktir um háskólann. Að auki hafði skólinn dregið með sér býsna miklar skuldir frá ári til árs. Allt þetta var svo sett í þennan farveg. Rétt er hjá hv. þingmanni að samkomulag var um að skólinn færi frá landbúnaðarráðuneytinu til menntamálaráðuneytisins og ég var mikill stuðningsmaður þess að menntastofnun eins og háskóli væri undir menntamálaráðuneytinu og tek undir að gott var að við fengum það verkefni að efla skólahald og náðum þar niðurstöðu.

Það sem út af stendur og hefur valdið verulegum erfiðleikum er fjárhagsstaðan. Í tillögunum, sem nefndin skilaði og um var spurt, var gert ráð fyrir að skólanum yrði ekki breytt í sjálfseignarstofnun fyrr en árið 2010. Það átti að taka tíma í að skoða lagabreytingar, bæði búnaðarfræðslulögin og lög um Hólastað, en ég taldi að vísu mikilvægt og hef barist fyrir því að þessi breyting yrði gerð strax, einmitt vegna þeirrar stöðu sem kom fram varðandi skólann.

Það var mikill vansi — ég ætla að segja það hér og hef sagt það við fyrrverandi hæstv. menntamálaráðherra — að þegar skólinn var fluttur frá landbúnaðarráðuneytinu til menntamálaráðuneytisins átti auðvitað að gera upp gamlar skuldir skólans. Þá voru fjárlög með 80 milljarða í afgang en tækifærið var ekki nýtt og þess vegna erum við enn að kljást við þennan vanda. Mikilvægt er að tryggja að skólinn verði rekinn áfram í óbreyttri mynd á hausti komanda. (Forseti hringir.) Ég treysti því að svo verði þrátt fyrir að það sé seinkun núna (Forseti hringir.) vegna þess að breyta þarf bæði búnaðarfræðslulögum og lögum um Hólastað (Forseti hringir.) áður en breyting í sjálfseignarstofnun getur átt sér stað.

[13:39]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég vil í upphafi segja að ég varð fyrir töluverðum vonbrigðum með svör hv. þingmanns, hæstv. forseta Alþingis, Guðbjarts Hannessonar við þeim spurningum sem fram komu hjá hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur um afstöðu hans til ákvörðunar hæstv. menntamálaráðherra um að leggja til hliðar allar þær tillögur sem starfshópur ráðherrans um framtíð Háskólans á Hólum skilaði frá sér á síðasta ári. Ég átti sjálfur sæti í þessum starfshópi ásamt hv. þm. Guðbjarti Hannessyni. Við vorum í öllum grundvallaratriðum sammála um að fara í þær aðgerðir og tillögur sem starfshópurinn skilaði af sér. En nú virðist vera komið annað hljóð í strokkinn hjá hv. þingmanni.

Ljóst er að Háskólinn á Hólum hefur verið í fjárhagserfiðleikum, eiginlega í fjárhagslegri spennitreyju, og honum hefur verið skipaður fjárhaldsmaður. Verkefni okkar var að leggja fram tillögu til að styrkja og efla Háskólann á Hólum til framtíðar og um það var mikil samstaða í hópnum sem ég og hv. þm. Guðbjartur Hannesson sátum í. Þar á meðal voru tillögur um að breyta Hólaskóla í sjálfseignarstofnun, aðskilja ýmsar eignir sem falla undir Hólastað frá skólanum og gefa honum tækifæri til nýrrar sóknar á nýjum sviðum. Nú hefur það hins vegar gerst að hæstv. menntamálaráðherra hefur ýtt öllum tillögunum til hliðar og ég óttast mjög að með því verði málinu og framtíðaruppbyggingu Hólaskóla slegið á frest og ég fæ ekki betur séð en að framtíð skólans sé í mikilli óvissu. Það er auðvitað miður. (Forseti hringir.) Vonandi fer þetta allt saman vel en ég óska eftir efnislegum athugasemdum (Forseti hringir.) hv. þingmanns við þessum aðgerðum hæstv. ráðherra.

[13:42]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Aðeins frá þessu ágæta máli að efnahagsvanda og bráðavanda heimila og fyrirtækja í landinu. Ljóst er að eldar loga í íslenskum efnahagsmálum og gjaldeyriskreppan sem við stöndum frammi fyrir er mjög djúp. Það má fullyrða að hún sé einhver alvarlegasta ógn við efnahagslegt fullveldi íslensku þjóðarinnar sem við höfum nokkurn tíma staðið frammi fyrir. Ég tel að umsóknaraðild að Evrópusambandinu sé eina færa og rétta leiðin út úr þessum bráðavanda. Þá náum við samningsstöðu gagnvart Evrópusambandinu um neyðaraðstoð til að koma verði aftur á gjaldmiðilinn. Þannig náum við að endurheimta efnahagslega stöðu þjóðarinnar sem er eina leiðin, að mínu mati, að nýjum stöðugleika í efnahags- og gjaldmiðilsmálum. Það að taka upp evruna er eina leiðin að lágum vöxtum, stöðugu gengi og afnámi verðtryggingar. Tal um afnám verðtryggingar án evruupptöku er einfaldlega ekki trúverðugt.

Því vil ég spyrja hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, varaformann Sjálfstæðisflokksins, — sem hefur í vetur tekið undir mikilvægi þess að setja Evrópumálin á dagskrá og leita raunhæfra leiða til að taka upp annan gjaldmiðil á Íslandi í stað þess að ræða með einhverju loðnu orðalagi um villuljós eins og einhliða upptöku á öðrum gjaldmiðli — hvaða leiðir hún sjái fyrir sér, nú þegar tveir mánuðir eru til kosninga, að við höfum út úr þeim bráða vanda sem ís-

lensk heimili og íslensk fyrirtæki standa nú frammi fyrir út af gengisstöðu íslensku krónunnar, verðbólgu, vöxtum og verðtryggingu. Telur hv. þingmaður að flokkur hennar afgreiði þetta mál á landsfundi sínum í mars, eins og fyrirhugað var í janúar, og leiði þannig fyrir sitt leyti til lykta langstærsta einstaka hagsmunamál íslenskra heimila og fyrirtækja í landinu? Fjölskyldur og fyrirtæki í landinu standa frammi fyrir bráðavanda og mikilli ógn og fólk verður að fá skýr svör við þessu langstærsta einstaka álitamáli (Forseti hringir.) íslenskra stjórnmála, framtíð gjaldmiðilsmála í landinu. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[13:44]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég skal með glöðu geði svara hv. þm. Björgvin G. Sigurðssyni síðar þegar tími gefst til og þess vegna á morgun en við ræðum nú málefni Hólaskóla. [Frammíköll í þingsal.]

Ég hafði boðað það hér, eins og er venja núna varðandi störf þingsins, að ræða málefni Hólaskóla. Ef forseti gefur mér leyfi til skal ég koma hingað aftur og svara þá um Evrópusambandið.

Ég vil klára að tala um málefni Hólaskóla. Við erum sammála um að við viljum byggja upp á Hólum. Við erum sammála um að efla á háskólastarf, hvort sem er á Hólum, Ísafirði eða Hvanneyri, en þá verður engu að síður að taka á málefnum þessara stofnana með raunhæfum hætti og það var gert í þessari skýrslu. Hv. þm. Guðbjartur Hannesson tók þátt í því að móta tillögur sem stuðla að því að byggja upp á Hólum. Þess vegna kemur mér það spánskt fyrir sjónir ef síðan á að slátra þessum tillögum því lífsnauðsynlegt er að tekið verði á málefnum og fjárhagsmálefnum Hóla. Það er lífsnauðsynlegt, enda er rétt að minna á að 90 millj. voru samþykktar á fjáraukalögum og 75 millj. voru líka samþykktar til að fylgja eftir tillögunum sem síðan er búið að slátra. Ég held að þetta sé vont fyrir Hólaskóla. Verið er að slá á frest erfiðum en mikilvægum ákvörðunum sem tengjast uppbyggingu skólanna og skólakerfisins alls. Ég held að þetta sé einmitt boðberi þess sem koma skal, erfiðum ákvörðunum sem tengjast fjárlagagerðinni er slegið á frest. Þannig verður þetta næstu 60–70 daga í tíð þessarar ríkisstjórnar.

[13:46]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Hv. þingmaður hefur þegar talað tvisvar í þessari umræðu og tæmt rétt sinn (Gripið fram í.) en þingmanninum er heimilt að taka til máls á morgun undir sama dagskrárlið.

[13:46]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég held að það hafi komið ágætlega fram í umræðunni að við erum sammála um meginatriðið um markmiðið varðandi Hólaskóla. Efling skólans skiptir mjög miklu máli, háskólauppbyggingin þar og allt sem henni tilheyrir.

Mér finnst engu að síður mikilvægt að vekja athygli á því af hverju við erum í þeim vanda sem skólinn er í og það verður hver að eiga sitt í þeim efnum. (Gripið fram í.) Ég mun klára svarið. Ég stóð fullkomlega á bak við þær tillögur sem nefndin skilaði og átti þátt í því að stinga upp á því að skólinn yrði sjálfseignarstofnun. Ég tel það mjög mikilvægt. Ég treysti á að þær ákvarðanir sem núverandi hæstv. menntamálaráðherra tekur nú um að fresta ákvörðun um sjálfseignarstofnun feli eingöngu í sér þá ástæðu sem tilgreind hefur verið, þ.e. að of skammur tími sé til þess að breyta bæði búnaðarfræðslulögunum og lögunum um Hólastað á þeim stutta tíma sem eftir er enda voru þau mál ekki tilbúin hjá fyrrverandi ríkisstjórn.

Ég sagði í fyrri ræðu minni að það sé gríðarlega mikilvægt að skuldir verði gerðar upp og skólinn núllstilltur. Hann fái heimild til þess að vinna samkvæmt þeirri áætlun sem hann hefur lagt fram, á komandi hausti. Það þarf að veita það svar strax vegna þess að fólk sem fer í skóla í haust lætur innrita sig núna. Svar mitt er því algjörlega skýrt, ég vil að áfram verði unnið eftir þessari áætlun.

Ég vakti líka athygli á því að þegar við skiluðum nefndaráliti var ekki gert ráð fyrir að sjálfseignarstofnunin yrði stofnuð svona hratt. Ég tel engu að síður og var talsmaður þess að það yrði gert einfaldlega vegna þess að það liggur á að koma römmum utan um þennan skóla. Það er gleðilegt að heyra að þingmenn bera hag Hólaskóla fyrir brjósti og ég mun gera allt sem ég get til þess að stuðla að því að þar verði öflugt skólastarf áfram. Þetta er mikilvæg stofnun í heimahéraði og mikilvæg stofnun í háskólaflórunni í þessu landi.

[13:48]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að koma inn í umræðuna um Háskólann á Hólum. Mér hefur fundist til skammar hvernig þessi háskóli hefur verið sveltur í langan tíma. Ekki bætti úr skák þegar hann fór úr landbúnaðarráðuneytinu yfir í menntamálaráðuneytið. Það menntastarf sem verið er að byggja upp í öllum þessum háskólum var unnið í tíð fyrrv. menntamálaráðherra og hún hefði átt að hafa nægan tíma til þess að vinna að þeim málum miklu hraðar og af miklu meiri krafti. Það er Sjálfstæðisflokknum til skammar hvernig staðið hefur verið bæði að Háskólanum á Hólum, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, hann er líka sveltur, að ég tali nú ekki um Stýrimannaskólann. Hann hefur algjörlega gleymst í allri þessari umræðu um háskólasetur því að það er næstum því búið að leggja hann niður.

Hvað er það sem við þurfum á að halda núna í þessu þjóðfélagi? Við þurfum á grunnundirstöðunum að halda, landbúnaði og sjávarútvegi. Til þess að styrkja það starf þarf að leggja sig fram um að bæta hag þessara menntastofnana.

[13:50]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að taka upp mjög brýnt mál hér á þingi. Staðan er þannig að það eru 15.199 manns á atvinnuleysisskrá núna.

Um síðustu mánaðamót var 18,7% verðbólga á ársgrundvelli og það þýðir að u.þ.b. 310 þús. kr. lögðust á 20

millj. kr. húsnæðislán — 300 þúsund, ein mánaðarlaun. Þetta er dæmi um það sem heimilin í landinu búa við við þessar aðstæður fyrir utan að við erum hér í bullandi gjaldeyriskreppu enn þá. Þess vegna er afar sorglegt hver umræðan í þinginu hefur verið á undanförnum dögum og vikum þegar sjálfstæðismenn aðallega hafa komið hér upp í röðum til þess að verja strákana sína í kerfinu.

Þetta eru stóru málin sem við þurfum að ræða hér. Umræða um Evrópusambandsaðild er þar lykilatriði. Við getum fundið ýmsa plástra og reynt að laga með smálausnum og smáskammtalækningum ýmis vandamál úti í samfélaginu en stóra spurningin er: Hvernig ætlum við að leysa þessi brýnu mál til framtíðar? (Gripið fram í.) Þetta eru ekki ný vandamál því að áður en bankahrunið varð voru hér einhverjir hæstu vextir í heimi og hæsta verðbólga í Evrópu. Vandamálið er því ekki nýtt.

Staða heimilanna, staða fyrirtækjanna í dag og sú gjaldeyriskreppa sem við erum í er til komin út af vanrækslu hv. stjórnmálaflokks, Sjálfstæðisflokksins, í þessum efnum. Þessi umræða og þetta brýna hagsmunamál hefur verið vanrækt og það er kominn tími til, virðulegi forseti, að við ræðum það hér. Þar sem varaformaðurinn, hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, er búin að tæma (Forseti hringir.) ræðutíma sinn óska ég eftir því að formannsframbjóðendur eða fyrrverandi hæstv. ráðherrar Sjálfstæðisflokksins komi hér (Forseti hringir.) upp og svari þeirri spurningu hvernig taka eigi á þessu brýna máli, virðulegi forseti. (Gripið fram í.)

[13:52]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það er nú skrýtið að sitja undir þessum umvöndunum hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur sem fram komu í ræðu hennar. Ég hef tekið til máls nokkuð oft eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum og fjallað um endurreisn bankanna, Icesave, atvinnusköpun og menntamál. Ég held að þetta séu þau málefni sem við þurfum að ræða við þessar aðstæður og skuldastöðu ríkisins.

Ég minni á að það voru umræður um gjaldmiðilsmál í gær en þá var hv. þm. Katrín Júlíusdóttir víðs fjarri og sakar okkur sjálfstæðismenn núna um að vilja ekki ræða um gjaldmiðilsmál, efnahagsmál eða Evrópumál. Við vorum gerðum það í gær en því miður var hv. þingmaður ekki viðstödd frekar en svo margir þingmenn Samfylkingarinnar við þá umræðu.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni að það þarf að ræða hér um stöðugleika í efnahagsmálum og það höfum við gert. Við höfum verið að ræða um framtíðarskipan gjaldmiðilsmála og framtíðarstefnu í peningamálum. (**KaJúl:** Hver er hún?) Þetta eru meginspurningarnar sem við þurfum að svara. Ég hef sagt það sem mína skoðun að auðvitað eigum við að skoða alla möguleika í þeirri stöðu. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að innganga í Evrópusambandið leysi öll okkar vandamál, síður en svo. Stækkunarstjóri Evrópusambandsins sagði í viðtali við Ríkisútvarpið í nóvember að Ísland fengi aðild að Evrópusambandinu eftir fjögur ár í fyrsta lagi, ef við sæktum um, sem ég vona að við gerum ekki. (Gripið fram í.)

Við munum ekki geta tekið upp evru á grundvelli aðildar að Evrópusambandinu fyrr en tveimur árum eftir aðild, þ.e. eftir sex ár, líklega eftir lengri tíma. Ætlar hv. þingmaður að láta hagkerfið brenna á meðan hann bíður eftir að komast inn í Evrópusambandið? Ég er ekki viss um að fyrirtækin og fólkið í landinu geti beðið jafnlengi og hv. þingmaður. En maður veltir fyrir sér: Af hverju spyr hv. þingmaður ekki ráðherra Vinstri (Forseti hringir.) hreyfingarinnar – græns framboðs að því hver þeirra (Forseti hringir.) stefna er í Evrópumálum? (Forseti hringir.) Þeir eru í ríkisstjórn, ekki Sjálfstæðisflokkurinn. (Forseti hringir.)

Ég hlýt að spyrja hv. þingmann: Er þessu ríkisstjórnarsamstarfi Samfylkingar (Forseti hringir.) og Vinstri grænna sjálfhætt ef (Forseti hringir.) ef Vinstri grænir breyta ekki um stefnu í Evrópumálum?

[13:55]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að virða ræðutíma. (Gripið fram í.)

[13:55]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að sjá hversu mjög hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kveinkar sér undan því að innt sé eftir afstöðu Sjálfstæðisflokksins til aðildar að Evrópusambandinu. (Gripið fram í.) Það er einfaldlega staðreynd að íslenskt efnahagslíf þarf á engu öðru meira að halda núna en aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Hún yrði til þess fallin að greiða fyrir efnahagslegum stöðugleika. (Gripið fram í.)

Atvinnugreinar eiga í miklum vanda vegna þess að óstöðugleiki gjaldmiðilsins setur þeim miklar skorður. (Gripið fram í.) Við heyrðum síðast í gær um þá aðstöðu sem íslenskir stórkaupmenn eru komnir í sem geta ekki efnt skuldbindingar sínar með fullnægjandi hætti erlendis vegna gjaldeyrisskömmtunar. Við vitum líka að ferðaþjónustan getur ekki verðlagt sig fram í tímann vegna óvissu um gengisþróun. Sú hávaxtastefna sem leiðir af íslensku krónunni fer mjög illa með fyrirtækin í landinu.

Sjálfstæðisflokkurinn, þessi mikli marghöfða þurs, getur enga lausn boðið upp á í þessum málum. Þegar innt er eftir afstöðu flokksins (Gripið fram í.) er slegið úr og í og hv. þingmaður kveinkar sér mjög.

Ég held að það hljóti að vera áhyggjuefni fyrir Sjálfstæðisflokkinn þegar ekki er hægt að komast að niðurstöðu í þessu máli. Hv. þingmaður, sem er því miður búinn að tala sig kalda í þessari umræðu, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur sýnt meiri framsýni en flestir aðrir sjálfstæðismenn í þessu máli. Mér leikur því forvitni á að vita hvort afstaða hennar er einangruð í flokknum eða hvort fleiri sjálfstæðismenn átta sig á mikilvægi þess að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. (Gripið fram í.) Þetta er ein mikilvægasta aðgerð sem hægt er að ráðast í til þess að endurheimta stöðugleika.

Að koma síðan enn og aftur með það japl, jaml og fuður að frestur sé á illu bestur í þessu máli eins og öllum öðrum undirstrikar bara það vörumerki Sjálfstæðisflokksins að hann kann það eitt að tefja, bíða, drolla og hangsa. (Gripið fram í.)

[13:57]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson segir að við eigum að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Það er bara ekki svo einfalt. Eftir þær kúganir sem Evrópusambandið beitti íslenska þjóð síðasta haust — íslenska þjóðin lá svo vel við höggi, hún var búin að tapa bönkunum sínum — beitti það okkur kúgun til þess að taka ábyrgð á Icesave-reikningunum, sem þáverandi hæstv. viðskiptaráðherra samþykkti.

Það er þvílík skuldbinding að Íslendingar munu ekki uppfylla Maastricht-skilyrðin í Evrópusambandinu fyrr en eftir áratug. (Gripið fram í.) Þannig að það er tómt mál að taka upp evru þó að við göngum í Evrópusambandið, (Gripið fram í.) það er tómt mál. Það er allt að þakka vinum okkar svokölluðum í Evrópusambandinu sem hv. þingmaður vill endilega ganga í klúbb með. Ég tala náttúrlega bara fyrir sjálfan mig, ég hef yfirleitt ekki talað fyrir heilan flokk, herra forseti, ég segi já við fullveldi Íslands en ég segi nei við samvinnu við Evrópusambandið.

[13:58]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson notaði orðið „villuljós“ í ræðu sinni. Ég held að málflutningur hans í dag og flokksfélaga hans úr Samfylkingunni sé einmitt villuljós. Íslendingar eiga við alvarleg vandamál að stríða, það er nauðsynlegt að grípa til margvíslegra aðgerða til þess að koma efnahagslífinu á réttan kjöl. Þess í stað talar Samfylkingin um Evrópusambandið og evruna sem er, eins og bent hefur verið á hérna — jafnvel þó að allir væru sammála um að fara þá leið — langt undan og leysir á engan hátt þau vandamál sem við eigum við að stríða í dag.

Hins vegar er það óneitanlega mjög hlálegt að heyra hv. þingmenn Samfylkingarinnar koma hér upp og ræða Evrópumálin sem mikilvægasta og brýnasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar þegar þeir eru nýsestir í ríkisstjórn sem hefur ekki á stefnuskrá sinni að gera neitt í þessum málum, ekki neitt. Þeir fara í samstarf við Vinstri græna til að gera ekki neitt í þessu máli sem þeir telja vera brýnasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar. Hvers konar samkvæmni er það? Eru menn samkvæmir sjálfum sér?

Eins og við vitum hafa þessir flokkar líka í hyggju að starfa saman eftir kosningar. Er líklegt að eitthvað þokist meira áfram í Evrópumálunum við þær aðstæður? Ég held að þetta séu allt saman sjónhverfingar samfylkingarmanna vegna þess að þeir vita ekki hvað þeir eiga að segja um efnahagsmál.

[14:00]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Brýnasta úrlausnarefni í íslenskum stjórnmálum er að tryggja hag heimilanna (Gripið fram í.) og tryggja að atvinnurekstur haldist í landinu. Að því er ríkisstjórnin að vinna og sá þingmeirihluti sem ver hana falli eða styður hana.

Það er hins vegar svo að ef ekki fæst lausn á gjaldmiðilsmálum Íslendinga á næstu mánuðum og missirum þá verður ástandið í landinu þannig að við þurfum að búa við gjaldeyrishöft og taka upp að nýju einhvers konar haftastefnu eins og þá sem stjórnmálaflokkar á Íslandi og stjórnvöld ráku hér mjög lengi eftir stríð og í raun og veru allt fram á viðreisnarárin, sem sumir muna kannski eftir.

Ef það er það sem Sjálfstæðisflokkurinn vill þá er rétt að hann komi fram fyrir kjósendur og segi okkur það. Ef hann hefur enga aðra lausn á gjaldmiðilsmálum Íslendinga og efnahagsmálum þeirra en þá að taka upp höft, að láta skammta gjaldeyrinn úr ríkisbönkum og reka hér væntanlega pólitíska útdeilingarstefnu á gæðum og verðmætum, þá væri rétt að Sjálfstæðisflokkurinn segði okkur það.

Ef hann vill eitthvað annað, ef hann hefur gert upp við sig eftir öll sín 18 ár í ríkisstjórn, öll sín 18 ár við hagstjórnarvöl í samfélaginu — hér situr hv. þm. Geir H. Haarde sem í gær varð uppvís að því að halda fram óhróðri um forsætisráðherra og var afsannað með nokkrum tölvugögnum beint í fangið á honum, því miður, það var ömurlegt að sjá fyrrverandi forsætisráðherra standa í þeim sporum, hv. þingmann, en undir hagstjórn hans og annarra hefur Sjálfstæðisflokkurinn ekki hugmynd um hvernig á að leysa þessi gjaldmiðilsmál. Og landsfundurinn sem átti að halda fyrir lok janúar sem átti að gera upp Evrópumálin, sjálfstæðismenn eru ekki hænufeti, ekki tálengd (Gripið fram í.) nær einhvers konar niðurstöðu í Evrópumálunum en þá var. Þessu þurfa sjálfstæðismenn að svara, kæri og ágæti (Forseti hringir.) hv. varaformaður Sjálfstæðisflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

[14:02]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétri Blöndal er náttúrlega töluverð vorkunn. Hann hefur meðal annarra staðið vörð um þá þjóðarlygi síðustu 15 árin að okkar málum væri vel fyrir komið með Evrópska efnahagssvæðinu þar sem við stæðum fyrir utan sambandið með peningamálastefnu okkar og gætum búið við þann háska sem alltaf blasti við okkur um óheft flæði fjármagns inn á 500 milljón manna markað og sérstakt kerfi trygginga og seðlabanka. Hann var örugglega einn þeirra þingmanna sem samþykktu í október 1999 t.d. innleiðingu á þeirri frægu tilskipun. (Gripið fram í.)

En við skulum ekki láta það villa okkur sýn. Brýnasta úrlausnarefni íslensku þjóðarinnar í dag er að vinna okkur út úr gjaldmiðilskreppunni og að koma með framtíðarlausnir í þeim málum sem tryggja þjóðinni til frambúðar lága vexti, stöðugt gengi, afnám verðtryggingar og almennilegan stöðugleika í bráð og lengd.

Við getum deilt um leiðirnar að því. Ég hef hlustað grannt á hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson tala um einhliða upptöku evru síðustu mánuði. Gott og vel. Aðrir hafa bent á annað og aðrir á hið þriðja. Ég tel sjálfur að við höfum tvo kosti: Núverandi kerfi, þ.e. gera aðra tilraun með fljótandi krónu eða sækja um aðild að Evrópusambandinu og nota þá samningsaðstöðu sem strax skapast til þess að fá Evrópusambandið til að koma að því með sérstakri aðstoð að koma verði aftur á krónuna á meðan við göngum inn í sambandið. Það mun taka nokkur ár. Við þurfum ekki að deila um það.

En við getum ekki beðið lengur. Kosningarnar í vor eiga að mínu mati og verða að snúast um þetta framtíðarland. Þetta framtíðarfyrirkomulag okkar peningamála. Það væri

glapræði að mínu mati að mynda ríkisstjórn eftir kosningar sem ekki hefði náð samstöðu og samkomulagi um þau mál. Íslenska þjóðin þolir það ekki að þeim málum verði aftur og enn skotið á frest eftir kosningarnar í vor, kosningar sem eiga að snúast um framtíðarfyrirkomulag peninga- og gjaldmiðilsmála okkar og hvernig við vinnum okkur út úr þeirri alvarlegu (Forseti hringir.) gjaldmiðilskreppu sem við erum stödd í. (Gripið fram í.)

[14:05]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, tók hér upp umræðu um gjaldmiðilsmál og Evrópusambandsaðild gagnvart Sjálfstæðisflokknum. En við hljótum að spyrja hann og aðra þingmenn Samfylkingarinnar: Hver er stefna þeirra, hver er stefna ríkisstjórnarinnar og hver er stefna þeirra gagnvart samstarfinu við Vinstri græna? Og hver er stefna Vinstri grænna í þeim málum sem hér voru tekin upp?

Ég held að það hljóti að vera meginspurningarnar og það hljóti að vera þær spurningar sem fólkið í landinu vill fá að heyra svör við. Hvernig ætlar þessi ríkisstjórn að vinna saman að þeim málum sem skipta máli við þessar aðstæður, þ.e. hag heimilanna og hag fyrirtækjanna í landinu til þess að berjast gegn atvinnuleysi? Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þeim málum?

Sú umræða sem beinist hér að Sjálfstæðisflokknum er einhver undarleg Albaníu-umræða gagnvart Vinstri grænum. Maður hlýtur að taka þessa umræðu þannig þegar hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, tekur upp slíka umræðu hér og beinir henni að varaformanni Sjálfstæðisflokksins, þegar hann veit að hún hefur ekki tækifæri til þess að svara þá held ég að full ástæða sé til þess að ræða þessa stöðu undir liðnum störf þingsins á morgun. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar? Hver er afstaða Vinstri grænna (Gripið fram í.) og í samstarfi við Samfylkinguna í þeirri ríkisstjórn sem nú situr? Eigum við að ræða það á morgun, hæstv. forseti, þegar tími gefst til og það sé þá boðað með eðlilegum fyrirvara?

[14:07]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hér hljóðs til að tala um Hólaskóla og mikilvægi hans. En ég held að ég hafi bara eina setningu um hann og fari yfir í hina umræðuna sem er líka mjög mikilvæg. En hún klárast ekki í því stutta formi sem við höfum hér í upphafi fundar. Ég held að stóra spurningin sé sú hvernig meta menn hinn kostinn. Annar kosturinn er að ganga í Evrópusambandið og hann er gallaður segja menn og örugglega er hann það. En hinn kosturinn er bara óstöðugleiki, óðaverðbólga og okurvextir. Þetta þarf fólk að hafa í huga þegar það metur þessa hluti. En svo eru hv. þingmenn líka alltaf að svara sér sjálfir. Væri ekki skynsamlegt að fá frekar svörin frá Brussel sem við þurfum á að halda, til þess að geta tekið afstöðu?

Það var niðurstaða framsóknarmanna á flokksþingi sem haldið var í janúar, að sækja um aðild að Evrópusambandinu með ákveðnum skilyrðum og finna það út hvað fæst út úr slíkum viðræðum. Ég held að það sé einfaldlega það sem þarf að gera og auðvitað vonast maður til þess að sá mikli fundur sem haldinn verður í Sjálfstæðisflokknum innan tíðar komist að slíkri niðurstöðu. En það er voðalega erfitt að segja þeim þingmönnum fyrir verkum sem þar eiga sæti.

Það var umræða um þetta í gær eins og hér hefur komið fram og hún var vissulega ágæt. Þar kom m.a. hv. þm. Björn Bjarnason sem sagði að það hefði ekki verið neinn áhugi á því þegar nefndin starfaði sem hann veitti forustu um Evrópumál að fjalla um gjaldmiðilsmálin. Nú sat ég ekki í þeirri nefnd en ég reikna bara með að hann hafi stýrt því starfi öllu og ekki gefið mikið færi á því að fjalla um gjaldmiðilsmál. Það kæmi mér að minnsta kosti ekki á óvart að þannig hefði það verið.

Um fundarstjórn.

Þingsályktunartillaga um hvalveiðar.

[14:09]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Aðeins að því máli sem hér hefur verið til umræðu. (Gripið fram í.) Það er eðlilegt að Samfylkingin beini spjótum sínum og fyrirspurnum að Sjálfstæðisflokknum í þessu Evrópumáli þegar þeir eru búnir að átta sig á því að það verður ekki án aðkomu Sjálfstæðisflokksins að þetta mál fari í gegn. En það voru þeir sem hlupust undan merkjum og verkum í síðustu ríkisstjórn og þeir sitja uppi með það.

Virðulegi forseti. Í síðustu viku var lögð hér fram þingsályktunartillaga sem á sér ekki fordæmi. Hún á sér ekki fordæmi vegna þess að á henni eru 36 þingmenn, stór meiri hluti þingsins. Hún fjallar um að hefja hvalveiðar eða að halda áfram hvalveiðum. Það er vitað að auk þeirra 36 þingmanna sem lögðu fram og standa að þessari þingsályktunartillögu er fjöldi annarra þingmanna til viðbótar tilbúinn að ljá málinu lið sitt.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur sett þetta mál í óvissu og á grundvelli þess hversu mikilvægt er að hraða umræðu um málið, vegna þeirrar óvissu sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur skapað í málinu og vegna þeirra tafa sem það veldur á undirbúningi þess að efna til á þriðja hundrað starfa og allrar þeirrar vinnu og verðmætasköpunar sem fæst með því að hefja hér hvalveiðar, (Gripið fram í.) þá vil ég spyrja hæstv. forseta (Forseti hringir.) hvort ekki megi reikna með því að þetta þingmál fái forgangshraða (Forseti hringir.) í þinginu og komi á dagskrá þingsins á næstu klukkutímum.

[14:11]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill upplýsa varðandi fyrirspurn hv. þm. Jóns Gunnarssonar að fjallað verður um málið í þinginu með svipuðum hætti og gert hefur verið, þ.e. í samráði við þingflokksformenn og forsætisnefnd þingsins og málið mun að sjálfsögðu fá þar umfjöllun með sama hætti og önnur mál. Það eru engin áform um að tefja þetta mál umfram önnur. Ég vona að þetta svari fyrirspurninni. (Gripið fram í.)

Um fundarstjórn.

Umræða um frumvörp um eftirlaun.

[14:11]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Í byrjun fundar greiddum við atkvæði um afbrigði fyrir þriðja mál á dagskrá sem er frumvarp frá ríkisstjórn Íslands, 313. mál, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra og alþingismanna og hæstaréttardómara. Því miður láðist mér þá, herra forseti, að geta þess að ég er með þingmál, nr. 308, með lægra númer sem var ekki dreift fyrr en nú í byrjun fundar.

Ég vildi gjarnan að þessi mál yrðu rædd saman. Þau eru algjörlega sambærileg og ættu að ræðast saman. Ég vil því beina því til hæstv. forseta hvort hann geti fundið einhverja leið, t.d. með því að boða nýjan fund, til þess að hægt verði að ræða bæði málin saman og þetta er beiðni mín til hans.

[14:12]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Sem svar við þessu vill forseti segja að það er ekki venja að taka inn ný mál eftir að búið er að leita afbrigða varðandi dagskrá og því mun þetta mál koma á dagskrá síðar. Ég vil þó segja að það var einmitt ætlun mín á sínum tíma að reyna að leiða mál saman inn í þingið og það verður reynt að gæta þess að málið fái umfjöllun í nefnd samhliða hinu málinu eða að minnsta kosti þá liggur málið frammi og fær þá væntanlega umfjöllun. Ég mun reyna að hlutast til um að málið komi inn í nefnd jafnframt þó að það náist ekki á dagskrá í dag.

[14:13]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Af reynslu minni þá hef ég oft orðið var við að fundi hefur verið slitið, mál tekin út af dagskrá og fundur boðaður í kjölfarið strax, einmitt til þess að leysa svona vandamál.

Ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta að hann geri það í þetta skiptið. Þetta eru tvö mál en vegna anna í nefndasviði Alþingis þá var mínu máli ekki dreift fyrr en núna rétt fyrir byrjun fundar. Ég hefði átt að geta þess í byrjun fundar að fara fram á að það yrði tekið á dagskrá en því miður láðist mér það en þetta mætti sem sagt leysa með því að boða til nýs fundar.

[14:14]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil bara árétta það sem kom fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals að það er möguleiki fyrir forseta að leysa málið með þeim hætti sem hann nefnir, þ.e. að fundi verði slitið núna og boðað til nýs fundar þannig að hægt verði að taka málið á dagskrá og ræða þessi tvö mál saman.

[14:14]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti hefur greint frá því að hann muni ekki taka þetta mál á dagskrá í dag eða óska eftir því að fundi verði slitið, nýr settur og leitað afbrigða varðandi þetta mál. Ég tel ekkert tilefni til þess en hef komið með yfirlýsingu um að ég mun greiða fyrir því að það komist inn í nefnd engu að síður samhliða hinu málinu.

[14:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég hlýt að benda á að þetta er þvert gegn því sem hæstv. forseti hefur boðað fram að þessu um það hvernig hann vilji að þingstörfin gangi fram. Hann er með þessu móti að ganga gegn eigin stefnumörkun í því hvernig hann hefur viljað haga þinghaldinu. Ég vil bara árétta að þetta er mjög vel fær möguleiki eins og fram hefur komið.

[14:15]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Í þeim önnum sem við stöndum frammi fyrir bendi ég á að í gegnum tíðina hefur það iðulega verið gert að boða til nýs fundar til að taka málin aftur fyrir. Ef það verður ekki gert núna og ef það verður gert seinna á kjörtímabilinu sem eftir lifir þings, þá mun ég gera alvarlega athugasemd við það. Ég vil ekki að þingmönnum sé mismunað bara af því að þeir eru almennir þingmenn en ekki ráðherrar.

[14:16]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Að gefnu tilefni vill forseti taka fram að það er rétt hjá hv. þm Arnbjörgu Sveinsdóttur að ég hafi talað um að taka tvö mál samhliða. Það var brotið að ósk Sjálfstæðisflokksins með því að krefjast þess að ég tæki inn greiðsluaðlögunarmálið á undan og biði ekki eftir stjórnarfrumvarpi sem ég var búinn að boða. Ég ætla að leyfa mér að taka það hlutverk alvarlega að stjórna þinginu en eltast ekki við óskir einstakra þingmanna eða flokka beint úr fundarsal en ég óska eftir góðu samstarfi við undirbúning funda áfram sem hingað til. Við munum svo ræða í framhaldinu við þingflokksformenn um forgangsmálin sem óskað er eftir að tekin verði til afgreiðslu. Fjölmörg þingmál bíða sem þingmenn hafa óskað eftir að koma á dagskrá og ég hef óskað eftir því við þingflokksformenn og þá sem sitja í forsætisnefnd að fulltrúar flokkanna forgangsraði málum til mín og þetta er ekki eitt af þeim málum.

Umræður utan dagskrár.

Ástæða Breta fyrir að beita hryðjuverkalögum á Ísland.

[14:18]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég vil gjarnan inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig þetta mál stendur en aðdragandinn er sá að þann 8. október síðastliðinn ákváðu Bretar að kyrrsetja eigur Landsbankans og beittu svokölluðum hryðjuverkalögum. Aðdragandinn var nokkuð sérstakur og það komu geysilega misvísandi skilaboð frá ráðamönnum þjóðarinnar. Þar vil ég nefna sérstaklega fyrrverandi ráðherra, hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson, Árna M. Mathiesen og Geir H. Haarde. Þessir hv. þingmenn sem voru þá ráðherrar áttu bæði símtöl og fundi með ráðamönnum í Bretlandi og létu hafa ýmislegt eftir sér á opinberum vettvangi sem varð til

þess að Bretar ákváðu að beita þessum hryðjuverkalögum. Það er skýring Bretanna.

Það kom fram í neðri deild breska þingsins, og ég vil vitna beint í þetta, virðulegi forseti, hjá Ian Pearson, aðstoðarráðherra efnahagsmála í breska fjármálaráðuneytinu. Hann sagði í þinginu, með leyfi forseta:

„Ýmsar yfirlýsingar voru gefnar af forsætisráðherra Íslands um að íslenskir innstæðueigendur yrðu verndaðir sem merkir að réttindi breskra kröfuhafa hefðu getað raskast í samanburði við réttindi annarra. Þrátt fyrir endurteknar tilraunir til að leita fullvissu gat ríkisstjórn Bretlands ekki fengið skýringar frá Íslandi um stöðu breskra kröfuhafa við upplausn Landsbankans. Í ljósi þessarar stöðu var fyrirskipun um kyrrsetningu eigna Landsbankans 2008 gefin út 8. október.“

Það er því alveg ljóst að að einhverju leyti komum við okkur sjálf í þessi vandræði.

Það kom líka fram á opinberum vettvangi, virðulegi forseti, hjá seðlabankastjóra á morgunfundi Viðskiptaráðs 18. nóvember að seðlabankastjóri býr yfir upplýsingum og ég ætla að vitna í ræðu seðlabankastjóra, með leyfi forseta:

„Ég hef engar áhyggjur af þessu vegna þess að þegar málin verða rannsökuð hljóta fleiri samtöl að verða birt. Mér er kunnugt um efni þeirra og mér er kunnugt um hvað í raun réði afstöðu breskra stjórnvalda.“

Af þessum sökum og miðað við hvernig málið er vaxið tel ég að við verðum að fá upplýsingar í þinginu um hvernig málið stendur í dag. Í fyrsta lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvert er mat hans á því, af hverju beittu Bretar okkur hryðjuverkalögum? Urðu þessi misvísandi skilaboð ráðamanna okkar til þess? Er einhverjum upplýsingum haldið frá opinberri umræðu á vegum stjórnvalda eða opinberra stofnana vegna þessa máls? Og þar vil ég sérstaklega tilgreina orð seðlabankastjóra. Af hverju er ekki búið að aflétta hryðjuverkalögunum, þ.e. þessari frystingu? Íslensk stjórnvöld báðu um það sérstaklega með bréfi og þetta er hægt að lesa í tilkynningu frá íslenskum stjórnvöldum 6. janúar. Er hægt að fara fram á það við Breta að þeir taki ábyrgð á Icesave-skuldbindingunum í ljósi þess að þeir beittu okkur þessum hryðjuverkalögum? Eiríkur Bergmann hélt þessu fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 í fyrrakvöld. Og hvernig gengur yfirleitt að semja um þessar Icesave-skuldir? Hvernig er staðan á þeim viðræðum?

Ég veit að hæstv. ráðherra hlýtur að þekkja það vel af því að viðræðurnar við Breta fara fram á vegum utanríkisráðuneytisins. Einnig vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því í ljósi þess sem hv. þm. Geir H. Haarde sagði í viðtali hjá BBC í þættinum „Hardtalk“ aðspurður um hvort hann hefði talað við Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, eftir að Bretarnir beittu okkur hryðjuverkalögum, en þá sagði hv. þm. Geir H. Haarde: „Ég hefði kannski átt að gera það.“ Er hæstv. utanríkisráðherra kunnugt um hvort núverandi forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, hafi átt samtöl við breska ráðamenn og þá við forsætisráðherra Breta, Gordon Brown, í ljósi alvarleika þessa máls? Getur hæstv. ráðherra upplýst þingið og þjóðina um stöðuna á hryðjuverkalögunum, af hverju er ekki búið að aflétta frystingunni? Hvernig standa samningarnir vegna Icesave? Getum við tengt þessi mál saman í ljósi þess að Bretar fóru fram af mikilli hörku? Og því hefur verið mótmælt hér af talsverðum myndarskap, m.a. af hæstv. utanríkisráðherra. Er hægt að fara fram á það við Bretana að þeir taki meira á sig af Icesave-skuldbindingunum? Af því að eins og ég skil málið samþykkti síðasta ríkisstjórn, bæði sjálfstæðismenn og samfylkingarmenn að borga þessar skuldbindingar. Er hægt að koma sér einhvern veginn undan því, hæstv. ráðherra?

[14:23]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta mikilvæga mál upp. Það var mikið spurningaflóð sem dembt var yfir hæstv. vesalings utanríkisráðherra og ég mun reyna að svara þeim öllum. Ég vil samt segja eins og ég hef margoft sagt áður að ekki er hægt að finna nokkurt hjá íslenskum ráðamönnum, þ.e. fyrri ríkisstjórn eða núverandi ríkisstjórn, sem gefur nokkurt tilefni til þessarar framkomu bresku ríkisstjórnarinnar. Það er ekkert sem réttlætir það eða afsakar það að þeir hafi með þessum hætti beitt hermdarverkalögunum gegn fornri vinaþjóð. Og ég verð að segja að mér finnst sem hið sögulega minni Breta hafi ekki verið sterkt þegar þeir gerðu það. Við erum gömul vinaþjóð sem á sínum tíma opnuðum okkar land fyrir þeim á stund þeirra stærstu neyðar, þ.e. í baráttunni um Bretland árið 1940. Það var líka kynslóð afa okkar hv. þingmanns sem á sínum tíma hætti lífi sínu til að færa þeim mat þegar þá skorti fisk. Það er rétt að það komi hér fram að Íslendingar misstu að tiltölu í seinni heimsstyrjöldinni jafnmarga og Bandaríkjamenn í stríðinu. Þetta finnst mér þurfa að koma fram vegna þess að þeir hafa farið með svo óafsakanlegum og óverjandi hætti gagnvart okkur.

Hv. þingmaður spyr hvort það hafi verið misvísandi skilaboð frá íslenskum ráðamönnum sem kunni að hafa leitt til þeirrar staðreyndar að þeir beittu hermdarverkalögunum gegn okkur. Ég tel að svo sé ekki. Ég tel ekki að það hafi verið neinar yfirlýsingar af hálfu íslenskra ráðherra sem leiddu til þessa. Og ég tel ekki að það hafi verið misvísandi yfirlýsingar millum íslenskra ráðherra á þeim tíma.

Ég vísa til þess að fyrrverandi fjármálaráðherra Árni Mathiesen átti vel þekkt samtal við Alistair Darling á sínum tíma. Það samtal hefur verið birt og í því samtali kemur ekkert fram sem gefur tilefni til þess sem Alistair Darling sagði í frægu viðtali að morgni 8. október þegar hann sagði að íslenska ríkisstjórnin hefði sagt bresku ríkisstjórninni að hún hygðist ekki standa við skuldbindingar sínar. Þvert á móti kom það ítrekað fram í samtali þáverandi fjármálaráðherra að hann vísaði til bréfs frá 5. október þar sem íslenska ríkisstjórnin sagði það alveg svart á hvítu að hún mundi standa við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem hún hefði veitt. Á þessum tíma var því ekkert sem gaf tilefni til þessa.

Hins vegar er rétt að rifja það upp að annar íslenskur ráðamaður sem ekki situr í ríkisstjórninni, þ.e. seðlabankastjóri, var líka í margfrægu viðtali við sjónvarpsþáttinn Kastljós kvöldið áður þar sem hann í reynd sagði að Ísland hygðist skipta um kennitölu og ekki standa við skuldbindingar sínar. Það er hugsanlegt að hér sé um að ræða þá misvísun sem hv. þingmaður vísar til. Sömuleiðis, þegar hv. þingmaður spyr um það hvort íslensk stjórnvöld sitji á upplýsingum eða hafi ekki látið allar upplýsingar koma fram,

þá segi ég það að eftir því sem ég veit best er engar slíkar upplýsingar að finna í neinu ráðuneytanna. Hins vegar er það svo, eins og hv. þingmaður sagði áðan, að seðlabankastjóri flutti líka ræðu á þingi Viðskiptaráðs 18. október þar sem hann sagðist búa yfir upplýsingum úr samtölum sem hefðu átt sér stað sem mundu skýra málið. Þetta tel ég að hafi verið ákaflega gáleysisleg ummæli og þau hafi verið til þess fallin að skaða verulega málstað Íslendinga t.d. varðandi málsóknir.

Ég vek líka eftirtekt hv. þingmanns á því að í *Financial Times* á sínum tíma voru þessi ummæli seðlabankastjóra túlkuð með nákvæmlega sama hætti og ég er að túlka, þ.e. í *Financial Times* voru þessi ummæli lögð út með þeim hætti að í þeim fælist viðurkenning og eins og þeir sögðu, fyrsta viðurkenningin á því af hálfu íslensks stjórnvalds að Íslendingar bæru með einhverjum hætti ábyrgð á þessu.

Á ríkisstjórnarfundi í morgun var Icesave-málið rætt og meðal annars framvinda þess og á næstu dögum verður kynnt formleg samninganefnd Icesave-málsins af okkar hálfu og hver mun leiða hana, vonandi fyrir vikulokin. Það hafa ekki farið fram miklar viðræður í þessu máli síðustu vikur, hvorki af hálfu síðustu ríkisstjórnar á þessu ári né heldur þeirrar sem núna situr. Við í núverandi ríkisstjórn hyggjumst hins vegar gera gangskör að því að ná þessu máli saman með þeim hætti sem viðunandi er

Hv. þingmaður spyr mig jafnframt um það hvort mér sé kunnugt um það að núverandi forsætisráðherra hafi átt samtöl við breska forsætisráðherrann. Ég held að svo sé ekki, mér er ekki kunnugt um það. Við íslenskir ráðherrar höfum hins vegar á síðustu vikum átt viðræður við sendiherra þessara þjóða og lagt drög að viðræðum um þetta mál.

[14:28]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Vissulega var aðgerð Breta, að beita Íslendinga hryðjuverkalöggjöf, fullkomlega ófyrirgefanleg eins og ég reyndar sagði í því BBC-viðtali sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til. Það á ekki að leita sökudólga á Íslandi í því máli eins og mér heyrðist tilhneiging til í máli hv. málshefjanda. En hún gat þess að fram hefði komið í breska þinginu að fólk vildi kenna því um í Bretlandi að Íslendingar og sérstaklega páverandi forsætisráðherra sem hér stendur hefði lýst því yfir og öll ríkisstjórnin að við mundum tryggja allar innstæður í bönkunum á Íslandi. Ég vissi ekki betur en um slíka yfirlýsingu hefði verið alger samstaða á Alþingi og hún var auðvitað lykilatriði til að koma í veg fyrir það að íslenska innlenda bankakerfið mundi hrynja. Það var algert lykilatriði að lýsa því yfir. Og ef menn halda að það hafi haft einhver áhrif á stöðu erlendu kröfuhafanna í Landsbankanum eða hinum bönkunum þá er það bara misskilningur og enn meiri misskilningur ef menn hafa nýtt það sem ástæðu fyrir því að grípa til þessarar löggjafar. Þetta er alger fjarstæða. Menn verða að setja sig inn í stöðu mála á Íslandi á þessum tíma til að skilja hversu mikilvægar þær yfirlýsingar okkar voru að við mundum verja innstæður í íslenskum bönkum og jafnvel þó að það væru prófessorar uppi í háskóla sem stóðu þar og æptu hástöfum: Bankarnir eru að hrynja, bankarnir eru að hrynja. Með þeim afleiðingum að fólk rauk í bankana til að taka þar út peninga. Þetta verður allt saman rannsakað og þetta mun allt saman koma í ljós.

Varðandi samtöl mín við forsætisráðherra Bretlands þá er auðvitað því til að svara að ég gerði tilraun til að ná í hann 9. október en talaði í staðinn við fjármálaráðherrann. Ég hafði talað við hann 5. október fyrir hrunið en reyndi auðvitað að ná í hann daginn eftir að hrunið varð en úr því gat ekki orðið og því orðaði ég það þannig sem ég gerði í þessu viðtali. Ég hefði kannski átt að fylgja því eitthvað meira eftir en ég taldi nægilegt að tala um þetta við fjármálaráðherrann úr því sem komið var.

[14:31]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar er ekki í fyrsta skiptið á dagskrá Alþingis í vetur. Það er stórt í sniðum og varðar íslensku þjóðina miklu. Það má segja að að mörgu leyti hafi lítið hreyfst eða þokast í þessu máli undanfarna tvo mánuði og ég ætla að leyfa mér að gagnrýna forustu fráfarandi ríkisstjórnar fyrir það hvernig á þessu máli var haldið.

Hér hefur m.a. verið vakið máls á því að hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra hafi aldrei rætt við breskan starfsbróður sinn eftir að hryðjuverkalögunum var beitt og það var m.a. staðfest í viðtali við hv. þm. Geir H. Haarde í breska sjónvarpinu nýverið. Þar sagði hann jafnframt að hann hefði ef til vill átt að gera það og ég tel að það hafi verið mikil mistök af hálfu íslenskra stjórnvalda að leggjast ekki í diplómatískan víking, ef svo má segja, strax og þetta mál kom upp til að reyna að forða því sem unnt væri að forða á þeim tímapunkti til að reyna að koma samskiptum Íslands og Bretlands í eðlilegan farveg. En því miður var það ekki gert.

Þessu til viðbótar koma síðan ummæli seðlabankastjóra um að hann einn hafi vitneskju um það hvað rak Breta til þess að beita hryðjuverkalögunum gegn Íslendingum. Þær upplýsingar fást hins vegar ekki. Það er auðvitað algerlega óviðunandi að við svo sé búið.

Ég hef látið það koma fram að þetta mál hefur verið á vettvangi utanríkismálanefndar hér í þinginu og verður það áfram. Ég mun gera ráðstafanir samkvæmt ósk þingmanna til að fá ráðherra, bæði hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, á fund (Forseti hringir.) utanríkismálanefndar til að gera grein fyrir því máli. Ég vonast til þess að það geti orðið fyrr en síðar.

[14:33]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegur forseti. Mér finnst það kannski liggja fyrir sem aðalatriði í þessu máli að starfsemi atvinnufyrirtækja á fjármálamarkaði er á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra. Þetta eru einkafyrirtæki og það sem þau taka sér fyrir hendur innan ramma laganna er á þeirra ábyrgð en ekki ríkisvaldsins í þeim löndum þar sem þau starfa.

Sú ákvörðun íslensku ríkisstjórnarinnar og Alþingis að grípa inn í starfsemina með því að yfirtaka hinn innlenda þátt íslensku bankanna var ekki gerð af þeim ástæðum að íslenska ríkisstjórnin teldi sig þurfa að taka ábyrgð á starfsemi bankanna, heldur til þess að geta haft hér innan lands

starfandi greiðslumiðlunarkerfi og bankastarfsemi. Án þess væri íslenska þjóðfélagið óstarfhæft. Það var neyðarráðstöfun fyrir íslenska hagsmuni að grípa inn í það ferli.

Það verður síðan samkomulagsatriði milli eigenda nýju íslensku bankanna og erlendu kröfuhafanna á gömlu bankana um skilin á milli nýju og gömlu bankanna. Þar er ekki um að ræða að íslensk stjórnvöld séu að grípa inn í til þess að hlunnfara erlenda kröfuhafa. Það verður unnið að málinu með því markmiði að ná samkomulagi um þessi skil. Það gengur ekki upp öðruvísi. Við getum ekki lokið málinu án samkomulags.

Það sem mér finnst kannski vera óvarlegt eru ummæli hv. frummælanda sem spurði ráðherrann hvort hægt væri að koma sér undan því að borga. Okkur hefur verið borið á brýn að við ætluðum ekki að borga og það hefur verið borið til baka. Við megum ekki, að mínu viti, taka þannig til orða að það sé hægt að skilja ummæli okkar hér á Alþingi á þann veg að við ætlum að koma okkur undan því að borga það sem okkur ber. Það ætlum við okkur ekki að gera, (Forseti hringir.) virðulegur forseti.

[14:35]

Jón Magnússon (U):

Virðulegi forseti. Hér hafa talað bæði hæstv. utanríkisráðherra og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, en lítið kemur fram hjá þeim um það hvað olli því að Bretar beittu hryðjuverkalögunum þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi ekki verið mynduð í gær, heldur sé nú þó nokkur tími liðinn, a.m.k. sá tími að ríkisstjórnin hefði átt að getað aflað sér upplýsinga hefði verið vilji til þess.

Það var upplýst á viðskiptanefndarfundi í morgun að Landsbanki Íslands er enn undir hryðjuverkalögum. Það var talað um að það hamlaði mjög starfsemi bankans sem er ríkiseign og það skiptir því máli að ríkið gæti að hagsmunum eignar sinnar og reyni að koma í veg fyrir að þessari löggjöf verði beitt áfram gagnvart þessari ríkisstofnun þannig að hún geti með eðlilegri hætti stundað starfsemi sína. Það er grundvallaratriði.

En það virðist ekki hafa valdið ráðamönnum í núverandi ríkisstjórn neinum vandkvæðum að þannig skuli þetta vera. Hæstv. utanríkisráðherra kemur hér upp og talar um það hvernig hlutirnir hafi verið á sögulegum forsendum sem vissulega var allt saman rétt, og satt sagt frá.

En Bretar beittu hryðjuverkalögunum og það hefur ekki fengist skýring á því á hvaða lagalega grundvelli þeir gerðu það. Miðað við það lagaákvæði enska sem um er að ræða get ég ekki séð að um þau tilvik hafi verið um að ræða sem réttlæti beitingu hryðjuverkalaganna. Þess vegna skiptir gríðarlegu máli að sækja málið af öllum þeim þunga sem mögulegt er af hálfu íslenskra stjórnvalda til þess að við verðum ekki fyrir meira tjóni en við höfum orðið og við firrum okkur tjóni sem við annars yrðum fyrir með því að þessi hryðjuverkalög voru sett og hafa verið í gildi.

[14:37]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Íslenska þjóðin situr uppi með risastóran reikning í kjölfar þess að græðgi og fjárhagsleg gredda ungra bankamanna reið þeim að fullu. Vandinn er hins vegar sá að menn vita ekki hversu stór þessi reikningur er því að ekki hefur enn fengist upplýst um lagalegan grundvöll þess að íslenska ríkið, þ.e. íslenska þjóðin, sé hinn rétti skuldari, hvað þá um réttarstöðu okkar vegna beitingar hryðjuverkalaganna í kjölfarið.

Framganga íslenskra ráðamanna í málinu var mjög misvísandi þótt hæstv. utanríkisráðherra haldi öðru fram, að ekki sé minnst á pólitískt tvist algjörlega ópólitísks seðlabankastjóra í beinni útsendingu.

Ég minni á að Íslendingar eru ekki eina þjóðin sem stendur frammi fyrir gölluðu regluverki sem nær ekki yfir svo víðtækt hrun eins og raunin varð á um og það hlýtur að vera hagur allra þessara þjóða að dómstólar skeri úr um ágreining og ábyrgðir. Íslendingar munu ekki láta kúga sig til að verða öðrum víti til varnaðar og stjaksetja sig í samfélagi þjóðanna þó að ráðamenn hennar hafi verið máttlausir og ráðalausir framan af.

En ef ekki á að leita sökudólgsins hér á landi vil ég gjarnan vita hvort hæstv. utanríkisráðherra hefur svör við eftirfarandi spurningum.

1. Fyrrverandi ríkisstjórn hafði látið gera úttekt á því hvort dómstólaleiðin vegna þessarar framgöngu Breta væri tæk í Bretlandi. Ráðgjöfin sem ríkisstjórnin fékk var sú að það þjónaði ekki hagsmunum íslenska ríkisins en íslenska þjóðin vill vita hvers vegna. Hvaða hagsmunir eru það sem ekki er hægt að uppfylla? Og hvers vegna er ekki hægt að uppfylla þá?

2. Bent hefur verið á að hugsanlega megi skjóta málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu en þá þarf að vera búið að reyna aðrar tiltækar kæruleiðir. Spurt er: Stendur til að láta reyna á það?

3. Að hve miklu leyti hangir leit að rétti okkar vegna beitingar hryðjuverkalaganna saman við samninga um Icesave-skuldbindingar Landsbanka þarlendis? Með öðrum orðum, voru Íslendingar fórnarlömb í þessu máli og létu þvinga sig, m.a. með þessum aðgerðum, til að setjast að (Forseti hringir.) samningaborði án þess að láta reyna á dómstólaleiðina? Eða getur hæstv. utanríkisráðherra upplýst þingheim og þjóðina alla um það hvað er eiginlega í gangi?

[14:39]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Hér í þessari umræðu er grautað saman tvennu af hálfu talsmanna Framsóknarflokksins, annars vegar skuldbindingum sem stafa af Icesave-skuldbindingum og hins vegar beitingu hryðjuverkalaganna.

Hér býja talsmenn Framsóknarflokksins að því að það sé valkostur fyrir okkur að borga ekki. Það er mjög varhugavert. Við höfum að sjálfsögðu undirgengist þær skuldbindingar vegna Icesave-skuldbindinganna sem leiða af þjóðréttarlegum skuldbindingum okkar og eru í samræmi við þá stefnumörkun og þær yfirlýsingar sem gefnar voru af hálfu stjórnvalda missirum saman í aðdraganda hrunsins.

Hryðjuverkamálið er allt annað. En það er ábyrgðarhluti ef Framsóknarflokkurinn ætlar að leggjast í þann lýðskrumsleiðangur nú í aðdraganda kosninga að reyna að gefa fyrirheit um það að Ísland geti sagt sig úr samfélagi þjóðanna og þurfi ekki að bera ábyrgð á skuldbindingum sínum.

Að því er varðar beitingu hryðjuverkalaganna er það auðvitað aðgerð sem kom mjög illa við íslenska hagsmuni og skaðaði okkur. Það er aðgerð sem vissulega er brýnt að fá upplýsingar um af hverju stafaði. Áðan kom fram hjá hæstv. utanríkisráðherra að ekki hafa komið fram fullnægjandi skýringar um það. Og við leitum auðvitað enn skýringa á því. Það er mjög mikilvægt að af hálfu ráðuneyta verði greitt fyrir því sem kostur er að við fáum heildarmynd af atburðarásinni í aðdraganda hrunsins. Ég held að það skipti miklu máli fyrir opna og heiðarlega þjóðmálaumræðu hér á næstu mánuðum og missirum.

Auðvitað stendur eftir sú fáránlega og fráleita yfirlýsing af hálfu seðlabankastjóra í Kastljósi að Íslendingar ætluðu ekki að efna skuldbindingar sínar sem gat gefið mönnum erlendis til kynna að við ætluðum að hlaupast frá ábyrgðum okkar. Það var mikill ábyrgðarhluti að gefa þá yfirlýsingu.

[14:42]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Ég held að það sé löngu orðið ljóst af þeirri umræðu sem fram hefur farið um þetta mál bæði hér og erlendis að beiting hryðjuverkalaganna var fyrst og fremst til heimabrúks. Hún var fyrst og fremst til þess að leita eftir skammtímavinsældum á heimavelli. Það var hins vegar með bakgrunni í því að breskir fjármunir höfðu glatast nóttina áður en Lehman Brothers bankinn féll um miðjan september sem höfðu þá verið fluttir frá London til New York og með bakgrunni í því að bresk stjórnvöld höfðu grunsemdir um að Kaupthing Singer & Friedlander hefði flutt fjármuni frá London til Íslands og kannski eitthvað víðar út í heim. Ég veit ekki um það.

Hins vegar er ljóst að beiting hryðjuverkalaganna var langt umfram það sem var nauðsynlegt, langt umfram það samhengi sem samskiptin voru í um þessi mál á þeim tíma og, eins og kom fram hjá hæstv. utanríkisráðherra, langt umfram það samhengi sem samskipti Íslands og Bretlands hafa verið í í gegnum tíðina. (Gripið fram í.)

Þessi aðgerð hefur líka verið mjög gagnrýnd í Bretlandi, sérstaklega af fjármálakerfinu, og mun líklega hafa veruleg áhrif í framtíðinni ásamt öðru á það hvernig fjármálamarkaðir í Bretlandi munu þróast.

Yfirlýsingar íslenskra ráðamanna, eða sérstaklega íslenskra ráðherra, höfðu því ekkert með þetta að gera eins og hæstv. utanríkisráðherra fór skilmerkilega yfir í máli sínu.

[14:44]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Efnahagsstefna Sjálfstæðisflokksins, nýfrjálshyggjan, hin óhefta einka- og markaðsvæðing þar sem frelsi var einkavætt en ábyrgðin ekki til síðustu 18 ára er gjaldþrota og þjóðinni blæðir. Maður bíður eftir því að forustumenn Sjálfstæðisflokksins, þingmenn og aðrir, biðji þjóðina afsökunar. Atvinnulausir eru 15.244 manns. Heilbrigðiskerfið hefur verið stórskaðað. Og ein grafalvarleg afleiðing er hér til umræðu í dag.

Hver er ástæða þess að Bretar beittu okkur hryðjuverkalögum? Frá mínum bæjardyrum blasir það við að í raun og veru voru stórfelldir og sviksamlegir fjármagnsflutningar íslenskra auðmanna úr bönkunum, bresku bönkunum sínum eða íslensku bönkunum í Bretlandi, ástæðan fyrir þessari beitingu hryðjuverkalaganna, þ.e. þjófnaður á sparifé bresks almennings, líknarstofnana, sveitarfélaga og fleiri. Og það í kringum reikninga sem hafa verið nefndir glæpsamlegir, Icesave-reikningarnir og fleiri.

Mér er spurn, herra forseti: Af hverju var málið ekki rannsakað strax í kjölfarið sem glæpamál? Af hverju voru viðkomandi ekki yfirheyrðir þá þegar vegna gruns um meint landráð? Það flokkast undir landráð þegar svona aðgerð beinist gegn þjóðinni, aðgerð sem er jafnósanngjörn og hafði jafnafdrifaríkar afleiðingar og raun ber vitni. Af hverju voru þeir ekki yfirheyrðir þegar í stað sem sakborningar vegna hugsanlegra landráða, vegna auðgunarbrota og annarra brota á íslenskri löggjöf og erlendri? Og af hverju var ekkert aðhafst annað í gegnum NATO? Árás á eitt NATO-ríki er árás á þau öll og Bretar beittu ekki sömu aðgerðum gegn Bandaríkjamönnum. Af hverju var ekki farið í gegnum stjórnmálasambandið, í viðræður, í gegnum viðskipti (Forseti hringir.) og í gegnum málsóknir? Af (Forseti hringir.) hverju var ekki aðhafst strax? Auðmennirnir hafa komið (Forseti hringir.) þjóð okkar í koll.

[14:46]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegi forseti. Síðan þetta mál kom upp hef ég furðað mig á því hvað fór á milli Gordons Browns, Alistairs Darlings, Geirs H. Haarde og Árna Mathiesens. Mér finnst þrátt fyrir allt, þrátt fyrir það sem búið er að segja, að ekki sé allt nákvæmlega komið fram sem þeim fór á milli. Mér finnst að þegar bankahrunið varð hafi fyrrverandi ríkisstjórn hreinlega farið á límingunum og misst allt niður um sig.

Af hverju var sendiherra Íslands ekki kallaður heim? Af hverju var sendiherra Breta ekki sendur heim með frímerki á rassinum? Af hverju — og þá langar mig að vitna í orð virðulegs þingmanns Atla Gíslasonar — var þetta ekki rannsakað sem sakamál? Það er óruggt í þessu dæmi öllu að það er saknæmt í gangi eða hefur verið.

Hvað er það sem við vitum ekki og þjóðin er ekki uppfrædd um í þessu máli? Voru miklir fjárflutningar á milli landa? Ég tel það fullvíst, ég get ekki sannað það úr þessum ræðustól en tel það fullvíst. Hvaða upplýsingar eru það sem Seðlabankinn situr á og neitar okkur um? Við skulum ekki gleyma því að hagur fólksins í landinu er í húfi. Þingheimur verður að vera í jarðsambandi við almenning og skilja og hlusta á í hverju þjóðin krefst svara í þessu máli, sem og öðrum.

Ég fullvissa þingheim um að íslenskur almenningur hefur ekki kallað þessar skuldir yfir sig, svo mikið er víst.

[14:48]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svörin. Þau voru á þá leið að hann hvítþvoði fyrrum samráðherra sína og sagði svo að þetta væri bara allt saman Davíð Oddssyni seðlabankastjóra að kenna. Þetta er ekki svona einfalt, virðulegur forseti.

Fyrrum samráðherrar hæstv. utanríkisráðherra tjáðu sig að mínu mati mjög óvarlega og voru með mjög misvísandi skilaboð. Bresk stjórnvöld sáu þetta, eins og allir sem skoða

yfirlýsingarnar og líka útskrift af samtalinu sem hv. þm. Árni M. Mathiesen átti við Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta. Það þarf ekki annað en að lesa það til að sjá hvað það er allt byggt á veikum grunni, og algjörlega ljóst að þessi misvísandi skilaboð hljóta að hafa geysileg áhrif á Breta á þeirri ögurstundu sem þarna var. Íslensk stjórnvöld létu skoða hvort þessi aðgerð væri ólögleg, bresk lögmannastofa kvað svo ekki vera og ríkislögmaður tók undir það álit og þjóðréttarfræðingurinn í utanríkisráðuneytinu líka. Íslensk stjórnvöld ákváðu að fara ekki í mál á grunni þessara hryðjuverkalaga í Bretlandi.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Árna Páli Árnasyni áðan að við erum að blanda saman Icesave-reikningunum og hryðjuverkalögunum. Það er alveg rétt og það var viljandi gert. Það er vegna þeirra sjónarmiða sem hafa komið fram, m.a. á opinberum vettvangi nýlega, hvort við getum með einhverjum hætti reynt að ná fram betri samningum við Breta út af Icesave-reikningunum vegna beitingar hryðjuverkalaganna.

Hér samþykktu Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin svokölluð viðmið, þ.e. að borga Icesave-reikningana — það var samþykkt hérna fyrir stuttu síðan — og fara í viðræður um þau mál. Okkur þingmönnum er svolítill vandi á höndum. Sumir segja: Við getum ráðið við að borga þetta, það er alveg hægt. Tryggvi Þór Herbertsson sagði það í Kastljósinu í gær. Aðrir segja: Við getum ekki borgað þetta, þetta er allt of erfitt. Svo segja sumir: Við getum borgað þetta ef það er vaxtalaust.

Við verðum auðvitað að fá úr því skorið með einhverjum hætti hvort við getum (Forseti hringir.) borgað þessa reikninga eða ekki. Ég tók eftir því, virðulegur forseti, að hæstv. utanríkisráðherra sagðist vilja ná viðunandi (Forseti hringir.) niðurstöðu. Ég ætla að nýta tækifærið hér og spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er viðunandi í þessu sambandi?

[14:51]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að segja að ég er algjörlega sammála hv. þm. Ragnheiði Ólafsdóttur um að það þarf að koma fram með allar þær upplýsingar sem eru til í þessu máli. Ég tel að stjórnvöld hafi gert það, a.m.k. er mér ekki kunnugt um neitt sem ráðuneyti liggja á í þessum efnum.

Þegar hv. þingmenn, eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, tala um að misvísandi yfirlýsingar millum íslenskra ráðherra hafi gert það að verkum að Bretar gripu til þess verknaðar sem fólst í að beita hryðjuverkalögunum verður hún að benda á hver þessi ummæli eru sem stangast á. Það hefur ekki verið gert. Ég las á sínum tíma, þrautlas, útskriftina af samtali Alistairs Darlings og fyrrverandi fjármálaráðherra. Ég sá ekki að þar kæmi neitt fram sem stangaðist á við fyrri yfirlýsingar, m.a. yfirlýsingu fyrrverandi viðskiptaráðherra á forsíðu Morgunblaðsins né heldur þá yfirlýsingu sem kom frá viðskiptaráðuneytinu og íslenskum stjórnvöldum 5. október.

Ég hjó eftir því að eina skýringin sem Alistair Darling gaf á þessum verknaði í viðtali við BBC morguninn sem þetta gerðist var það samtal. Það var ekkert annað samtal sem mér er kunnugt um að hafi átt sér stað á þeim degi millum nokkurs íslensks ráðherra og bresks kollega nema það. Fjármálaráðherra Bretlands sagði bókstaflega að íslenska ríkisstjórnin — hann orðaði það þannig — hefði beinlínis sagt að hún hygðist ekki standa við skuldbindingar sínar. Það var rangt hjá honum. Íslenska ríkisstjórnin sagði það aldrei. Hún hefur þvert á móti sagt að hún muni leitast við, ef þörf er á, að styðja við tryggingarsjóðinn til að hann gæti staðið við þær lágmarksskuldbindingar sem honum ber. Um það verðum við hins vegar að vera sammála og við þurfum að semja um það. Hvað er það sem hægt er að semja um? Það eru auðvitað kjör sem við teljum viðunandi, ásættanleg miðað við málsaðstæður og að við getum risið undir þeim.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. SF o.fl., 286. mál (stjórnlagaþing). — Þskj. 512.

[14:53]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Þetta frumvarp er lagt fram af öllum þingmönnum Framsóknarflokksins og ég tek það fram sérstaklega í upphafi að þetta mál er eitt af þeim málum sem Framsóknarflokkurinn lagði áherslu á þegar gengið var til viðræðna um að verja vantrausti þá minnihlutastjórn sem nú situr að völdum á Íslandi. Þá lögðum við áherslu á nokkur mál, m.a. um aðgerðir til að taka á erfiðleikum í atvinnulífinu og gagnvart heimilunum í landinu. Annað mál var að ná fram nýjum kosningum hið fyrsta, 25. apríl, og svo að fá stjórnlagaþing til að breyta stjórnarskrá Íslands. Það er einmitt það mál sem ég er að mæla fyrir hér núna. Þetta mál er okkur framsóknarmönnum afar mikilvægt og við teljum bráðnauðsynlegt að það fái afgreiðslu á þinginu fyrir næstu kosningar og helst sem fyrst.

Frumvarpið var að verulegu leyti unnið í svokallaðri lýðræðisnefnd Framsóknarflokksins sem Jón Kristjánsson, fyrrum alþingismaður og ráðherra, veitti forustu. Sú nefnd vann að ýmsum hugmyndum varðandi meira íbúalýðræði og hvernig íbúar gætu meira komið að því að taka ákvarðanir hér í landinu með þjóðaratkvæðagreiðslum og öðrum hætti. Sú nefnd kom með hugmyndir um stjórnlagaþing og útfærði þær að einhverju leyti. Síðan fór tillaga frá þessari nefnd inn á síðasta flokksþing Framsóknarflokksins sem haldið var 16.–18. janúar sl. og þar fékk þetta mál vinnslu. Síðan var það samþykkt á því þingi og upp úr þeirri ályktun var þetta frumvarp unnið, virðulegur forseti.

Frumvarpið var kynnt á blaðamannafundi 29. janúar og því dreift hér 6. febrúar. Þetta er forsagan að þessu frumvarpi.

Af hverju erum við yfirleitt að velta því fyrir okkur að setja hér af stað svokallað stjórnlagaþing? Jú, virðulegur forseti, þjóðin upplifir að hún standi á krossgötum og hún vill sjálf marka sér leið til betri framtíðar. Það er alveg ljóst að efnahagshrunið sem við höfum upplifað á síðustu mán-

uðum er hvati að því að stór hluti þjóðarinnar vill sjá breytingar á stjórnarháttum hér á Íslandi. Við framsóknarmenn höfum skynjað þennan þunga hjá þjóðinni og höfum viljað bregðast við með því að vinna í stofnunum flokksins og síðan með því að leggja fram þetta frumvarp í þinginu og leggja svona mikla áherslu á það við þá flokka sem hér fara með völd í augnablikinu, Samfylkinguna og Vinstri græna.

Það er alveg ljóst að það eru samtök hér í landinu sem horfa mjög til þessa máls, ég nefni hér sérstaklega samtökin Lýðveldisbyltinguna sem hafa nú þegar sent þingmönnum bréf og flokkunum spurningar sem flokkarnir eru að svara. Þær spurningar ganga meira og minna út á stjórnlagaþing, hvort flokkarnir hafi í hyggju að veita brautargengi þessu máli, því að hér verði sett upp stjórnlagaþing, hvort það megi treysta því að flokkarnir komi því í gegn áður en þingi lýkur og hvernig flokkarnir líti á þetta mál bara yfirleitt. Það má segja að málið tengist svokölluðu Nýja Íslandi og við sem erum í Framsóknarflokknum og upplifum miklar breytingar þar líka innan dyra — sumir kalla flokkinn núna Nýju Framsókn — erum stolt af því að geta verið í forustu við að leggja fram þetta mál á þinginu við þessar aðstæður.

Tvisvar sinnum áður hefur verið lögð fram tillaga um stjórnlagaþing á Alþingi. Hún var fyrst lögð fram af Páli Zóphóníassyni, þingmanni Framsóknarflokksins, árið 1948 og svo aftur af Jóhönnu Sigurðardóttur, núverandi forsætisráðherra, árið 1995.

Ef við lítum til baka sjáum við að stjórnarskrá Íslands hefur breyst alveg ótrúlega lítið í tímans rás. Stjórnarskráin okkar var gjöf frá Danakóngi 1874, fyrsta stjórnarskráin, og sú stjórnarskrá sem Kristján IX. færði okkur Íslendingum var sniðin eftir þeirri dönsku frá 1849. Í þeirri stjórnarskrá var framkvæmdarvaldið í reynd hjá konungi og ráðgjöfum hans en ráðherrarnir voru skipaðir af konungi án samráðs við þingið.

Þegar Ísland varð fullvalda 1918 og síðar lýðveldi 1944 voru ekki gerðar veigamiklar breytingar á stjórnarskránni frá 1874. Þær breytingar sem voru gerðar voru að skipta konungi út fyrir þjóðkjörinn forseta.

Ég vil grípa hér niður, virðulegur forseti, í grein sem Eiríkur Tómasson lagaprófessor skrifaði og ber nafnið „Nú er lag“ og birtist í *Fréttablaðinu* 14. febrúar sl., afar góð grein og ég skora á þá sem telja mikilvægt að koma hér upp stjórnlagaþingi til að breyta stjórnarskrá Íslands að lesa þessa grein. Í þeirri grein segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Á meðan Danir breyttu stjórnarskrá sinni á síðustu öld til samræmis við tilkomu þingræðis og aukna áherslu á lýðræðislega stjórnarhætti, þá höfum við Íslendingar ekki gert neinar umtalsverðar breytingar á stjórnarskrá okkar ef frá eru taldar gagngerar breytingar á mannréttindaákvæðum hennar og örfáar aðrar breytingar sem fyrst og fremst lúta að skipun og starfsemi Alþingis. Megindrættirnir í skiptingu valds milli forseta (í reynd ráðherra), þingsins og dómstólanna eru óbreyttir frá 1874 eða öllu heldur 1849. Því er stjórnskipuleg staða íslenskra ráðherra nánast sú sama og Danakonungs (og ráðgjafa hans) á miðri 19. öld, þó þannig að ráðherrarnir verða að njóta stuðnings eða a.m.k. hlutleysis meiri hluta Alþingis á grundvelli þingræðisreglunnar.“

Virðulegur forseti. Það liggur við að maður segi að það sé nú bara skondið að þurfa að viðurkenna að við erum með stjórnarskrá sem er allt of mikið í takt við það sem tíðkaðist 1849. Hún hefur breyst alveg ótrúlega lítið, virðulegur forseti. Síðan við fengum stjórnarskrána hafa stjórnvöld við og við reynt að breyta henni. Nokkrar nefndir hafa starfað. Þær hafa yfirleitt gefist upp og það hefur lítið komið út úr þeim með örfáum undantekningum. Það sem er næst okkur í tíma og rúmi er að í ársbyrjun 2005 skipaði þáverandi forsætisráðherra níu manna nefnd til að endurskoða stjórnarskrána og henni var ætlað að skila tillögum um breytingar á stjórnarskránni þannig að hægt væri að leggja fram frumvarp í árslok 2006. Í greinargerðinni í okkar frumvarpi, virðulegi forseti, er dregið fram að erfiðlega hafi gengið að ná samkomulagi í nefndinni um breytingar og má segja að það eina sem hún hafi komist að samkomulagi um hafi verið að breyta þeirri aðferð sem notuð skuli við breytingar á stjórnarskrá.

Jón Kristjánsson, fyrrum þingmaður og ráðherra, var formaður þessarar nefndar og við þingmenn sem mörg hver erum hér og fylgdumst með málum í þessari nefnd vitum auðvitað að þetta starf gekk mjög brösuglega. Það voru miklar deilur á milli flokkanna og ég vil tilgreina sérstaklega á milli Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks — þau geta reynt að skýra það nánar í sínum ræðum á eftir — þar sem mjög erfitt var að ná einhverjum samhljómi um breytingar á stjórnarskránni og koma með tillögur um þær. Það var bara ein breyting sem menn gátu fallist á og það var hvernig ætti að breyta stjórnarskránni yfirleitt sem er þó betra en ekki neitt. Nánast ekkert kom út úr þessari nefnd.

Það er vegna þess að þingmenn — það verður að viðurkennast — eru svo hagsmunatengdir og flokkarnir verja svo mikið gildandi fyrirkomulag sem okkur hefur ekki tekist að breyta stjórnarskránni. Hún er úrelt, hún er allt of gömul, hún endurspeglar ekki raunveruleikann eins og hann er í dag og hún endurspeglar ekki vilja þjóðarinnar að mínu mati þannig að við framsóknarmenn leggjum mikla áherslu á að þetta mál nái fram að ganga.

Víkjum að stjórnlagaþinginu sjálfu. Eins og við setjum það upp bætist bráðabirgðaákvæði við stjórnarskrána og í því er útfærsla á stjórnlagaþingi. Það er gert ráð fyrir því að á því þingi sitji 63 fulltrúar sem eru kjörnir í almennum kosningum og að þær skuli halda innan fjögurra mánaða frá gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara. Það má deila um þessa tölu, hún mætti vera hærri, hún mætti vera lægri og það eru skiptar skoðanir á því hve margir eiga að sitja á svona stjórnlagaþingi. Af þessum sökum vil ég skjóta inn, virðulegur forseti, að sumir hafa talað um að það sé dýrt að setja upp stjórnlagaþing. Það er ljóst að ef fulltrúarnir yrðu 63 yrði kostnaðurinn, miðað við að þeir fengju þingfararkaup, 197 millj. kr. á ári. Kostnaðurinn yrði líklega eitthvað hærri af því að menn þyrftu að fá sérfræðiálit, býst ég við. Hins vegar er örugglega hægt að fækka fulltrúunum á stjórnlagaþinginu, þó ekki þannig að þeir verði svo fáir að þeir endurspegli ekki sæmilega vilja þjóðarinnar, segjum að þeim yrði fækkað ofan í 41 sem er tala sem gæti gengið upp að mati okkar framsóknarmanna til sparnaðar og þá yrði þingfararkaup 41 fulltrúa á stjórnlagaþingi 128 millj. kr., virðulegur forseti.

Þessir stjórnlagaþingsfulltrúar yrðu kjörnir ásamt einum

varafulltrúa í svokölluðu persónukjöri. Í frumvarpinu er sagt að þessir frambjóðendur skuli hafa meðmæli 300 kjósenda til að fá að vera í boði. Þetta er líka álitamál sem væri hægt að skoða. Það væri hægt að fækka mjög mikið þessum meðmælendum, hugsanlega ofan í 10, og jafnvel tilgreina að meðmælendurnir ættu þá að vera opinberir, þ.e. það ætti að birta opinberlega nöfn þeirra til að sporna við því að einhverjir færu í framboð og mundu láta listann liggja á bensínstöð eða einhvers staðar þar sem hver sem er mundi skrifa og væri kannski ekkert mikið að hugsa um undir hvað hann væri að skrifa. Meðmælendur þyrfti með frambjóðendum til að einhver mundi vilja bera ábyrgð á frambjóðandanum.

Við leggjum líka til, virðulegur forseti, að í stjórnlagaþingskosningunum væri landið eitt kjördæmi, það væri ekki sex kjördæmi eins og er til Alþingis. Landið væri eitt kjördæmi og hver kjósandi gæti greitt allt að sjö frambjóðendum atkvæði. Hann mætti velja sjö af þeim lista sem er í boði. Allir sem eiga kosningarrétt í dag samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar mundu eiga kosningarrétt og vera kjörgengir til stjórnlagaþings yrðu allir sem uppfylla kjörgengisskilyrði 34. gr. stjórnarskrárinnar eins og gildir um kosningar í dag að frátöldum forseta Íslands, ráðherrum, alþingismönnum og varaþingmönnum. Hér eru, virðulegur forseti, ráðamenn þjóðarinnar í dag algerlega teknir út fyrir sviga, þeir gætu ekki verið í framboði til stjórnlagaþings enda er hugmyndafræðin sú að færa valdið, tillöguréttinn á því að breyta stjórnarskránni frá þinginu, til stjórnlagaþings, í hendurnar á öðrum, og síðan yrði að sjálfsögðu þjóðaratkvæðagreiðsla um tillöguna sem kæmi frá stjórnlagaþinginu.

Í frumvarpinu er líka gert ráð fyrir því að forsætisnefnd stjórnlagaþings mundi skipa 31 fulltrúa samkvæmt tilnefningum almannasamtaka, hagsmunasamtaka og stjórnmálasamtaka til setu í hlutaðeigandi starfsnefndum stjórnlagaþings með tillögurétti og málfrelsi. Þetta er gert, virðulegur forseti, til að fá breiða aðkomu afla úr samfélaginu að þeirri vinnu sem fram fer á stjórnlagaþinginu við að koma með tillögu um breytta stjórnarskrá.

Í frumvarpinu er líka gert ráð fyrir því að stjórnlagaþing skuli starfa í allt að sex mánuði. Þingið mætti framlengja starfstíma sinn um allt að tvo mánuði með einföldum meiri hluta ef hægt gengi en við gerum ráð fyrir því að það gæti tekið um sex mánuði fyrir stjórnlagaþingið að semja tillögu að góðri, nýrri stjórnarskrá fyrir Ísland. Einfaldur meiri hluti mundi ráða úrslitum. Varðandi einstök ákvæði í tillögu að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland og til samþykktar að heildartillögu að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland á þinginu þarf samþykki tveggja þriðju kjörinna þingfulltrúa. Ef þessi tilskildi aukni meiri hluti fyrir tillögu að nýrri stjórnarskrá næst á stjórnlagaþinginu skal tillagan innan tveggja mánaða frá samþykkt hennar á þinginu borin undir alla sem eiga kosningarrétt samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar í leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar með einföldum meiri hluta greiddra atkvæða. Þá mundi öll þjóðin mæta í þjóðaratkvæðagreiðslu og greiða atkvæði um tillögu stjórnlagaþings að nýrri stjórnarskrá og væntanlega samþykkja, maður gerir frekar ráð fyrir því að þjóðin mundi samþykkja tillöguna með einföldum meiri hluta. Ef svo fer hins vegar að hún geri það ekki sem skal ekki útilokast mundu varafulltrúar á stjórnlagaþingi taka sæti aðalfulltrúa sem yrðu þá varafulltrúar, það yrði sem sagt alveg nýtt þing, varafulltrúar yrðu aðalmennirnir, og þetta nýja stjórnlagaþing fengi þrjá mánuði til að vinna aðra tillögu. Síðan færi sama ferlið í gang, mætti framlengja um einn mánuð og svo ætti að bera aftur niðurstöðu stjórnlagaþings undir þjóðina með sama hætti og fyrr í þjóðaratkvæðagreiðslu til að ná fram samþykkt.

Síðan eru praktísk atriði, virðulegur forseti, í 1. gr. sem lýsa því betur hvaða kjara og réttinda stjórnlagaþingsfulltrúar skuli njóta og það sem skiptir kannski mestu máli er að þeir mundu njóta þingfararkaups. Fólk þyrfti auðvitað að taka sér frí frá þeirri vinnu sem það gegnir í dag verði það kosið á stjórnlagaþing en það mundi ekki stofnast réttur til eftirlauna samkvæmt lögum um eftirlaun í dag. Það er svo sem verið að leggja til að breyta þeim hér, eins og menn vita.

Meðan á stjórnlagaþingi stendur mundi Alþingi vinna eins og áður þannig að við yrðum með tvö þing í landinu, eitt hefðbundið Alþingi sem vinnur á sama hátt og áður samhliða því að stjórnlagaþing starfar.

Virðulegur forseti. Hvað mundi stjórnlagaþingið ræða? Ég vil nefna nokkur atriði en ekki ber að líta á þennan lista sem ég nefni hér sem einhverja skipun til stjórnlagaþings heldur lista að tillögum sem stjórnlagaþing gæti rætt ef það vill, það fær frjálsar hendur varðandi það hvað það vill taka upp í nýja stjórnarskrá. Á stjórnlagaþinginu gætu komið til álita hugmyndir á borð við afnám þingræðis og beina kosningu handhafa framkvæmdarvalds, t.d. forseta eða forsætisráðherra. Styrking þingsins gæti verið rædd, t.d. að einn þriðji hluti þingmanna gæti vísað málum í þjóðaratkvæðagreiðslu og ráðherrar gætu ekki setið á þingi. Hér vil ég, virðulegur forseti, staldra aðeins við af því að sú er hér stendur hefur flutt það mál nokkrum sinnum í þinginu (**Iðnrh.:** Með stuðningi margra.) með stuðningi margra, rétt, að ráðherrar eigi ekki á sama tíma og þeir gegna ráðherradómi að hafa líka atkvæðisrétt í þinginu sem almennir þingmenn. Með því er ekki skilið nógu mikið á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Framkvæmdarvaldið seilist inn á svið löggjafarvaldsins. Menn sitja, má segja, beggja vegna borðs og í erlendum ríkjum, ég nefni sérstaklega Norðurlöndin, bæði t.d. í Noregi og Danmörku, sitja ráðherrar ekki sem þingmenn á sama tíma og þeir gegna ráðherradómi. Norðmenn eru, ég segi nú ekki furðu lostnir en þeir eru mjög hissa þegar maður segir þeim frá því að hér geti ráðherrar greitt atkvæði í þinginu. Þeir eru svo óvanir því.

Þetta mál hefur verið flutt af þeirri sem hér stendur. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur líka flutt mál á þessum nótum og fleiri þingmenn sem hér eru hafa verið aðilar að þessum málum. Þau hafa komist til nefndar en svo hefur þau dagað uppi þar.

Ég nefni líka að stjórnlagaþingið gæti skoðað hugmyndir á borð við betra aðhald mismunandi valdaþátta innbyrðis, þ.e. gagnvart löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi og dómsvaldi, virkari ráðherraábyrgð, óháðara vald dómara, t.d. með staðfestingu af hálfu aukins meiri hluta þings. Það verður að segjast eins og er og ég held að enginn í þessu samfélagi geti komist undan þeirri umræðu að val á dómurum hefur sætt talsverðri gagnrýni upp á síðkastið þar sem

menn hafa ekki talið — og þar vísa ég sérstaklega til m.a. niðurstöðu umboðsmanns Alþingis — að réttrar stjórnsýslu hafi verið gætt við val á dómara.

Hérna vil ég líka nefna aukið valfrelsi kjósenda um fulltrúa á framboðslistum stjórnmálaflokka, þ.e. svokallað persónukjör sem hefur einmitt komið til umræðu í aðdraganda þessara kosninga núna. Einnig nefni ég takmörkun kjörtímabils þingmanna og seturéttar ráðherra, aukinn möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu og jafnvel frumkvæði að löggjöf frá almenningi, gegnsærra stjórnkerfi, hvort þörf sé á sérstökum þjóðhöfðingja og hvert sé hlutverk hans, hlutverk umhverfisnefndar og auðlindaréttar í stjórnarskránni, samband trúfélaga og ríkis og tímabundið framsal hluta ríkisvalds til yfirþjóðlegra stofnana. Hér hafa menn m.a. í huga nánari tengsl okkar við Evrópusambandið, breytta kjördæmaskipan og síðast en ekki síst skýrt og ótvírætt sjálfstæði þriggja meginþátta ríkisvaldsins, löggjafarvaldsins, dómsvaldsins og framkvæmdarvaldsins.

Þetta eru líklega þau atriði sem stjórnlagaþing mundi sérstaklega skoða og hugsanlega fleiri.

Það er mjög spennandi hvaða tímasetningar þingmenn sjá fyrir sér fyrir stjórnlagaþing. Við framsóknarmenn teljum þar tvennt koma til greina, annaðhvort að drífa í þessu máli og treysta á að meiri hluti alþingismanna sé það hrifinn af stjórnlagaþingi að þeir séu tilbúnir til að samþykkja það frumvarp sem hér liggur fyrir með einhverjum breytingum, drífa í að koma því í gegn sem fyrst þannig að við getum kosið til stjórnlagaþings samhliða næstu alþingiskosningum, þ.e. 25. apríl. Þetta mun mörgum þykja mjög bratt. Þetta er hægt að okkar mati og við erum tilbúin til þess að tala fyrir því en gerum okkur grein fyrir því að upp geta komið andstæð sjónarmið hér inni og þá kannski sérstaklega hjá Sjálfstæðisflokknum, a.m.k. miðað við það sem maður hefur séð á opinberum vettvangi haft eftir einum fulltrúa sem hefur tjáð sig um mál stjórnlagaþings, hv. þm. Jóni Gunnarssyni. Það var þungur tónn í honum gagnvart því að fara í þessar breytingar núna og hann talaði um að það þyrfti aldeilis að ná samstöðu um allt sem ætti að gera í sambandi við stjórnarskrána, það mætti ekki rasa um ráð fram o.s.frv. Þar voru notuð öll þau hefðbundnu rök sem notuð eru þegar menn vilja ekki gera neitt.

Það er annaðhvort að drífa í þessu strax og það eru ákveðin rök með því og líka rök á móti. Þetta er ansi bratt, þetta þarf að gerast hratt. Svo er líka hægt að gera þetta hægar, þ.e. að samþykkja stjórnlagaþing fyrir kosningar og þá væntanlega nákvæmlega hvernig það ætti að líta út, staðfesta það eftir kosningar og drífa í að kjósa á stjórnlagaþingið í haust. Svo væri þá væntanleg afurð, drög að nýrri stjórnarskrá, til sex mánuðum síðar, segjum það, og þá væri hægt að kjósa í þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá samhliða sveitarstjórnarkosningum 2010. Það væri líka hægt. Framsóknarmenn telja báðar aðferðirnar koma til greina og vilja ekki lenda í þeirri stöðu — þess vegna hefur sú hugmynd kviknað að drífa í þessu strax — að næsta ríkisstjórn og næsta þing mundu humma þetta allt fram af sér, tefja og tafsa og það yrði ekkert úr þessu. Það væri mjög slæm niðurstaða og að því leyti er svolítið lokkandi að gera þetta bara strax.

Rökin með því að gera þetta strax eru þau að samkvæmt stefnuskrá ríkisstjórnarinnar sem nú situr á að samþykkja lög um skipan og verkefni stjórnlagaþings. Það er vilji fyrir hendi að einhverju leyti, vonandi að miklu leyti. Tíminn er nægur ef viljinn er á annað borð fyrir hendi hjá meiri hluta Alþingis. Ég held að maður verði bara að viðurkenna það að hér þarf maður að fara að meiri hluta Alþingis, það þýðir ekki að tala um allt Alþingi. Öfl hér inni munu draga lappirnar þannig að sú er hér stendur er komin á þá skoðun að það að ná meiri hluta væri eðlilegt af því að annars gerist ekki neitt.

Ef kosið yrði 25. apríl gæti t.d. framboðsfrestur runnið út 8. apríl og þá hefðu frambjóðendur rúman hálfan mánuð til að kynna sig. Það væri hægt að hafa þá kynningu látlausa og þess vegna á vegum hins opinbera og þyrfti ekki að vera almennt hasarprófkjör eins og vill því miður oft brenna við. Það er að vissu leyti kostur að gera þetta hratt.

Það er líka hægt að segja að ef þetta er gert núna mundu stjórnmálaflokkarnir líklega ekki hafa mjög mikil áhrif á val fulltrúa á stjórnlagaþingi. Þeir eru bara uppteknir í eigin kosningabaráttu til alþingiskosninga þannig að þeir mundu ekki hafa mjög mikil áhrif á hverjir veldust til stjórnlagaþings. Þetta yrði átakaminna, býst ég við, þannig að það eru líka rök. Ef þetta yrði gert svona gæti stjórnlagaþingið komið saman í fyrsta sinn — og þetta er hugmynd frá Eiríki Tómassyni lagaprófessor sem ég gat um áðan — 17. júní næstkomandi, á 65 ára afmæli lýðveldisins. Það gæfist alveg tími til að undirbúa slíkt og þingið mundi svo starfa í 6–8 mánuði og þá væri hægt að bera nýja stjórnarskrá undir þjóðaratkvæði samhliða sveitarstjórnarkosningum vorið 2010 eins og er hægt líka ef stjórnlagaþingið verður kosið næsta haust og tekur þá til starfa. Það er margt sem mælir með því að gera þetta strax. Það sem mælir því á móti er að tíminn er naumur og það þyrfti að vera talsverður vilji innan dyra, meirihlutavilji, til að ná því í gegn að hægt sé að fara þessa leið.

Virðulegur forseti. Ég sé að tími minn er á þrotum. Þetta mál, stjórnlagaþing, er mjög stórt og það er reyndar svo mikilvægt í augum margra að Lýðveldisbyltingin svokallaða er jafnvel að íhuga framboð til alþingiskosninga vegna þessa máls, þ.e. ef héðan koma mjög neikvæð skilaboð sem ég vona að verði ekki muni það hvetja Lýðveldisbyltinguna í framboð. Af því tilefni vil ég segja að framsóknarmenn eru stoltir af því að hafa frumkvæði í þessu máli, vera komnir með frumvarp hérna inn. Ég er mjög ánægð með, og undirstrika það, viðtökur bæði Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gagnvart þessu máli. Það er nefnd að störfum við að undirbúa þetta mál og það er hægt að nýta þá vinnu ásamt þeirri vinnu sem við framsóknarmenn höfum nú þegar lagt í með þessu frumvarpi og þeim flutningi að vera með það í þinginu núna. Það fer væntanlega strax til nefndar og vinnst þar áfram. Ég vil koma því skýrt á framfæri að ég er mjög ánægð með Samfylkinguna og Vinstri græna, að þeir skuli sýna þennan vilja og ég vona að sá vilji endist út í gegn. Frjálslyndir eru aðeins óskrifaða blað en taka væntanlega til máls á eftir. Svo er auðvitað ekki alveg skýrt hvað Sjálfstæðisflokkurinn vill í þessu en ég vona að hann falli ekki í þá gryfju að tala neikvætt um stjórnlagaþing, finna því allt til foráttu og tala um að ekki sé hægt að gera neinar breytingar nema í 100% samkomulagi af því að

hér sé um stjórnarskrána að ræða. Ég er ekki lengur sammála því. Ég leit þannig á málið einu sinni, ég viðurkenni það, en ég er ekki á því máli lengur. Ef það á að bíða eftir því að allir þingmenn verði sammála um eitthvað í sambandi við stjórnarskrána bíðum við til eilífðarnóns. Nú verðum við að taka þetta mál úr höndum þingsins og flytja það til þjóðarinnar. Stjórnlagaþing er fulltrúar þjóðarinnar, er kosið í almennum kosningum þar sem landið er eitt kjördæmi og þar verða fulltrúar sem þjóðin treystir til að koma með drög að nýrri stjórnarskrá. Síðan á þjóðin að blessa þá tillögu eða hafna henni þegar þar að kemur.

Ég vona að sjálfstæðismenn taki vel í þessa hugmyndafræði og vil alveg gefa þeim möguleika á að einhenda sér í þessa vinnu með okkur sem teljum mikilvægt að koma hér sem fyrst á stjórnlagaþingi svo (Forseti hringir.) við fáum nýja stjórnarskrá og breytum um stjórnarhætti af því að gömlu stjórnarhættirnir leiddu ekki til góðs.

[15:24]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir segir að hún sé stolt af Framsóknarflokknum fyrir að hafa lagt frumvarpið fram. Ég tel að Framsóknarflokkurinn geti verið stoltur af þessu frumvarpi og ég kem hingað einungis til að lýsa yfir stuðningi við meginhugmyndir í því.

Sömuleiðis er ég algjörlega sammála hv. þingmanni um að það sé hárrétt að taka þetta mál úr höndum þingsins, þ.e. breytingar á stjórnarskránni og láta í hendur stjórnlagaþings sem er kosið með þeim hætti sem lýst er í frumvarpinu.

Einnig er ég þeirrar skoðunar að það séu full tækifæri til að ljúka þessu máli áður en þing lýkur störfum fyrir kosningarnar í vor. Ég held að nú sé ákveðið tækifæri til að taka á í þessum efnum og ég lýsi því alla vega fyrir mína hönd og vonandi minna vandamanna að við erum reiðubúin til að taka þátt í því starfi.

Það kann að vera að við höfum einhverjar sérstakar skoðanir á ýmsu sem fram kemur í frumvarpinu, svo sem fjölda þeirra sem eiga að sitja á þinginu, en ég er til umræðu um hvaðeina í þeim efnum. Sjálfur tel ég að það sé kannski fullmikið að ætla slíku þingi sex mánuði til að ljúka störfum og eiga síðan kost á framlengingu um tvo mánuði til viðbótar. Það segi ég með vísan til þess sem kemur fram í greinargerðinni að stjórnarskrárnefndin sem sat á sínum tíma og skilaði einu frumvarpi af sér hefur bæði dregið saman miklar upplýsingar sem varða þau atriði sem hv. þingmaður nefndi sem hugsanleg umræðu- og ákvörðunarefni á stjórnlagaþingi og sömuleiðis óskaði sú nefnd eftir mjög ítarlegum útdráttum frá einmitt sumum þeirra fræðimanna sem hv. þingmaður nefndi hér um þessi efni.

Ég vildi kannski leggja inn eitt efni til viðbótar sem ég tel óhjákvæmilegt að ræða á slíku (Forseti hringir.) stjórnlagaþingi og það er auðvitað framsalsákvæðið í stjórnarskránni sem gerir okkur kleift, Íslendingum, að samþykkja aðild að yfirþjóðlegum stofnunum.

[15:26]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir mjög jákvæð skilaboð gagnvart þessu máli, að hæstv. ráðherra er tilbúinn til að fara þessa leið. Það sem mér fannst eftirtektarverðast var sú yfirlýsing hæstv. utanríkisráðherra að hann væri tilbúinn til að láta kjörið á fulltrúum til stjórnlagaþingsins fara fram við næstu alþingiskosningar 25. apríl. Mér finnst það afar sterk yfirlýsing komandi frá leiðandi ráðherra í ríkisstjórninni.

Ég verð að segja eins og er að Eiríkur Tómasson lagaprófessor, sem er varfærinn maður, hefur fært svo sterk rök fyrir þessu máli að ég tel að þingið eigi að skoða þetta mjög vel núna. Það er alveg ljóst að þetta er hægt, það þarf bara viljann. Við deilum því áhuga okkar, við framsóknarmenn (Forseti hringir.) og forustumaður Samfylkingarinnar, á því að skoða það virkilega að klára þetta mál strax.

[15:27]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta er athyglisvert mál sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hefur kynnt hér. Það kallar auðvitað á mikla umræðu vegna þess að þarna er ekki beinlínis verið að boða neinar lagfæringar eða umbætur á stjórnarfari hér á landi, á stjórnskipan Íslands, heldur heyrist mér að verið sé að boða einhvers konar byltingu, þannig að eitthvað þurfa menn að ræða þetta út frá mismunandi hliðum. Ég ætla að koma efnislega að athugasemdum á eftir en ég vildi spyrja, af því að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vék nokkuð að því sem kalla má samspil ríkisstjórnarflokkanna og Framsóknarflokksins varðandi þetta mál, hvort um sé að ræða samstarf milli Framsóknarflokksins og ríkisstjórnarflokkanna um vinnu við málið og hvort vænta megi að það samstarf skili einhverri niðurstöðu innan skamms.

[15:28]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er algjörlega fráleitt að halda því fram að þetta frumvarp boði byltingu, það er fráleitur málflutningur. Ég ætla að vona að sjálfstæðismenn og hv. þm. Birgir Ármannsson séu ekki með þessum orðum að reyna á einhvern hátt að segja að frumvarpið sé eitthvað annað en það er. Kallað er eftir breytingum á stjórnarháttum á Íslandi og kallað hefur verið eftir þeim í langan tíma. Það hafa margir þingmenn gert en við höfum ekki borið gæfu til þess, þingmenn, að ná samstöðu um breytingar. Þess vegna verðum við að setja valdið í hendur þjóðarinnar og breyta stjórnarskránni þannig. Þetta er alls ekki bylting, þetta er bara nauðsynleg breyting. Það er verið að taka gamla og úrelta stjórnarskrá og gera hana lýðræðislegri.

Varðandi samstarfið við stjórnarflokkana (Forseti hringir.) þá er ákveði um þetta atriði í verkáætlun, við viljum gjarnan ná því fram og ég heyri hérna að Samfylkingin er mjög jákvæð.

[15:30]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla að fylgja eftir spurningu minni um samstarf. Mér er kunnugt um það sem stendur í verkefnaáætlun ríkisstjórnarinnar þar sem talað er um að sett verði lög um stjórnlagaþing. Mér er líka kunnugt um að ríkisstjórnin hefur sett á fót starfshóp til að vinna að stjórnar-

skrárbreytingum, þar á meðal tillögum sem varða stjórnlagaþing.

En ég velti fyrir mér hvernig samspil Framsóknarflokksins og ríkisstjórnarflokkanna er í þessu. Hvort ríkisstjórnarflokkarnir muni styðja frumvarp framsóknarmanna eða hvort framsóknarmenn muni leggja fram frumvarp sitt og bíða síðan eftir frumvarpi ríkisstjórnarflokkanna.

Ég velti líka fyrir mér hvort hv. þingmaður geti svarað því til hvort Framsóknarflokkurinn telji ástæðu til að gera aðrar breytingar á stjórnarskránni fyrir vorið, eins og ríkisstjórnarflokkarnir hafa lagt til, eða hvort allar stjórnarskrárbreytingar eiga að bíða þessa nýja stjórnlagaþings.

[15:31]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við erum opin fyrir því að gera aðrar breytingar á stjórnarskránni heldur en þær að koma á stjórnlagaþingi. Við erum opin fyrir því svo framarlega sem þær breytingar eru jákvæðar og góðar. Þrátt fyrir að einhverjar breytingar verði gerðar á stjórnarskránni er ekki þar með sagt að stjórnlagaþingið hefði ekkert að gera. Það er alls ekki þannig. Ég nefndi hér mjög mörg atriði sem stjórnlagaþing þarf að taka á. Mjög mörg atriði. Þannig að þó að eitt eða tvennt þessara mála yrði afgreitt hér áður en stjórnlagaþing tekur til starfa skiptir það ekki öllu máli.

Framsóknarmenn hafa sagt báðar leiðir færar. Hægt er að kjósa stjórnlagaþingið samhliða alþingiskosningum og spara pening. En það er líka hægt að gera það í haust.

Ríkisstjórnin kemur hugsanlega með tillögur sem yrðu ræddar. Þær eru væntanlega í vinnslu samhliða vinnslu (Forseti hringir.) málsins sem ég mæli hér fyrir. Á þessari stundu veit ég ekki hver niðurstaðan úr þeirri vinnslu verður.

[15:32]

Jón Magnússon (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur þar sem hún talaði m.a. um að stjórnarskrá lýðveldisins væri úrelt. Er það svo? Standast grundvallaratriði stjórnarskrárinnar ekki í meginatriðum? Þegar órói og upplausn er í þjóðfélagi er þá brýnt að grípa til og breyta grundvallarreglum og lögum þess? Eru einhverjar líkur til þess, miðað við það að stjórnlagaþing sem þarf tvo þriðju meiri hluta til að hlutir nái samþykki, að almenn viðhorf til stjórnlaga verði tekin úr sambandi þegar slíkt stjórnlagaþing kemur að?

Er ekki meginatriðið að sinna þarf ákveðnum atriðum varðandi það að auka lýðræði í samfélaginu, koma á þjóðaratkvæðagreiðslu og skilja betur á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, en ekki sérstaklega önnur ákvæði í stjórnarskránni?

[15:33]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Svarið er já. Algjörlega ljóst er að stjórnarskráin er úrelt. Megindrættir skiptingu valds í stjórnarskránni milli forseta, sem eru í reynd ráðherrar, þingsins og dómstóla hafa verið óbreyttir frá 1874 eða öllu heldur frá 1849 eins og lagaprófessorinn Eiríkur Tómasson bendir á. Þetta vitum við öll.

Stjórnarskráin er úrelt. Oft hefur verið reynt að breyta henni og okkur hefur mistekist. T.d. er ekki minnst á orðið lýðræði í stjórnarskránni enda var það orð ekki svo tamt í munni þegar hún var samin.

Ákvæði um vald og hlutverk forseta Íslands. Allir sjá að það er alveg hrópandi hversu óljóst það er. Nú er einmitt lag að gera þessar breytingar, vegna þess að almenningur er farinn að sjá þetta, skilja og finna (Forseti hringir.) eins og við flestir stjórnmálamenn. Nú er einmitt lag.

[15:35]

Jón Magnússon (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Er það ekki þannig að stjórnarskráin stenst í meginatriðum? Er ekki verið að tala um að breyta einungis ákveðnum litlum hlutum — ég er ekki að tala um annað en að þeir skipti verulegu máli? En er ekki talað um að mannréttindaákvæði eigi að standa svo sem þau eru? Er ekki talað um að í meginatriðum megi skipan dómsmála standa svo sem verið hefur? Er verið að tala um að breyta kirkjuskipun í landinu? Er ekki fyrst og fremst verið að tala um stjórnskipunarþátt stjórnarskrárinnar en að hún standist að öðru leyti?

Miðað við hvernig stjórnlögum er háttað í nágrannaríkjum okkar, t.d. á Norðurlöndunum, er íslenska stjórnarskráin að einhverju leyti úreltari eða með öðrum hætti þannig að hún krefjist slíkrar gagngerrar endurskoðunar? Er ekki svo að í grunninn er íslenska stjórnarskráin með svipuðum hætti og á hinum Norðurlöndunum, þó með þeim frávikum sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gat um í framsöguræðu sinni?

[15:36]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef svolítið á tilfinningunni að hv. þm. Jón Magnússon sé að verja úrelta stjórnarskrá hér. (**Gripið fram í:** Nei, ...) Það er ljóst að hún er úrelt eins og ég færði rök fyrir áðan. Það er ekki verið að tala um að breyta litlum sætum hlutum. Það er ekki svoleiðis. Það er verið að tala um að breyta mjög mikilvægum hlutum. Ég tilgreindi fimmtán atriði sem hægt er að skoða á blaðsíðu 6 í frumvarpinu.

Mörg þeirra atriða eru grundvallaratriði um þrígreiningu valdsins. Ljóst er að á Norðurlöndunum hafa menn breytt stjórnarskrám sínum. Danir sem gáfu okkur stjórnarskrána sem við búum við, meira eða minna óbreytta, — henni hefur verið ótrúlega lítið breytt — hafa breytt sinni stjórnarskrá og hún endurspeglar lýðræðislegri stjórnarhætti heldur en eru hér.

Virðulegi forseti. Við verðum að fara í gegnum þessa vinnu. Ég ítreka að þetta væri langbesta leiðin. Stjórnlagaþing sem tæki alla stjórnarskrána til endurskoðunar frá grunni þannig (Forseti hringir.) að við gætum fengið nýja og betri stjórnarhætti sem fyrst.

[15:37]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum hér afskaplega merkilegt mál sem er frumvarp til breytinga á stjórnskipun og það að setja nýtt stjórnlagaþing. Ég er því mjög hlynntur. Ég er sömu

skoðunar og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir að núgildandi stjórnarskrá er úrelt. Það er skoðun mín. Ég er ekki að segja að hún sé það. Ég hef ekki fundið sannleikann. En ég tel að hún sé úrelt að mörgu leyti og það þurfi að endurskoða hana alveg frá byrjun og sníða hana að íslenskum veruleika en ekki dönsku kóngaveldi.

Ég ætlaði að spyrja hv. þingmann hvernig eigi að standa að þessu kjöri. Þurfa þeir sem eru í framboði að samþykkja það? Geta 300 manns kosið hver annan eða skrifað upp á hver hjá öðrum í einum hóp? Gæti t.d. þing Framsóknarflokksins samþykkt 300 manna þing þar sem allir skrifa hjá öllum og þá eru komnir 300 manns í framboð? Hvernig sjá menn þetta fyrir sér? Þarf ekki að setja einhverjar takmarkanir á þetta? Ég hugsa bara svona þröngt, (Forseti hringir.) svona praktískt?

[15:38]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég fagna því að heyra að hv. þm. Pétur Blöndal er jákvæður gagnvart málinu. Að það þurfi að breyta stjórnarskránni og ekki pikka út einhver einföld atriði, heldur endurskoða hana frá grunni. Það er meginmálið. Ég fagna því að hann mun væntanlega aðstoða við að ná málinu í höfn.

Ég verð að viðurkenna að mér hefur ekki dottið í hug sú leið að menn skrifuðu hver upp á hjá öðrum, einhver 300 manna hópur, og færu allir saman í framboð. Mér hefur bara ekki dottið það í hug.

Eins og ég nefndi áðan eru ýmsar leiðir færar. Hægt er að hafa 300 manns sem meðmælendur. Það er hægt að hafa þá færri og hafa þá opinbera svo hægt sé að sjá hverjir það eru. En þetta er praktískt útfærsluatriði. Aðalatriðið er að þeir sem fara í framboð verða auðvitað að fá flest atkvæði í samfélaginu. Þannig að ég á von á því að við munum kjósa hér mjög (Forseti hringir.) glæsilega fulltrúa inn á stjórnlagaþingið. Fólk sem sýnir að það hefur þekkingu og getu og vill breyta stjórnarskránni.

[15:39]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þá langar mig til að koma með eina grundvallarspurningu. Samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar, sem við erum að fara að eyða, á að bera tillögur, hvort sem er til breytinga eða viðauka stjórnarskrár, upp á reglulegu Alþingi og aukaalþingi. Þannig að við komumst ekki hjá þessu nema brjóta stjórnarskrána.

Við komumst ekki hjá 79. gr. nema að ætla okkur að brjóta stjórnarskrána. Það sem stendur hér í 2. gr. um að ný stjórnarskrá taki gildi. Sú gamla er ekki farin úr gildi. Fyrst verður að breyta 79. gr. og ég bendi á að í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að breyta stjórnarskránni við stjórnarathöfn forseta Íslands samkvæmt stjórnskipunarlögum og þess vegna gildir 1. mgr. 13. gr. stjórnarskrárinnar ekki. Með þessu frumvarpi frá Alþingi, lögum frá Alþingi, er verið að breyta stjórnarskránni. 79. gr. stjórnarskrárinnar, sem virðist eiga að eyða, hv. þingmenn, leyfir það ekki.

[15:40]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ljóst er að þetta frumvarp er breyting á stjórnarskrá. Það stendur skýrt í 1. gr. (**Gripið fram í:** Hver gerði þetta?) Við stjórnarskrána bætist um stundarsakir nýtt ákvæði svohljóðandi o.s.frv. (**Gripið fram í:** Hvað segir 79. gr.?) Þannig að ef þetta verður samþykkt óbreytt þyrfti að samþykkja þetta núna, kjósa og samþykkja aftur.

Ef menn vilja fara þessa — (**Gripið fram í:** Hvað segir 79. gr.?) já, þetta er breyting á stjórnarskránni. (Gripið fram í.) Þetta frumvarp stenst alveg allar laga — (Gripið fram í.) það er nú lögfræðingur sem samdi þetta frumvarp og fleiri lögfræðingar hafa lesið það yfir og meira að segja hefur þingið lesið það yfir. Þannig að ég óttast ekki að við séum að brjóta stjórnarskrána með frumvarpinu.

En það er alla vega ljóst að þetta er breyting á stjórnarskrá. Þannig að ef frumvarpið fær samþykki núna þarf líka að samþykkja það á nýju þingi til að það öðlist gildi.

[15:42]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Eins og ég sagði í andsvari mínu áðan kallar það mál sem hér liggur fyrir á töluvert miklar og ítarlegar umræður. Við getum bara rétt hafið þær umræður hér í dag vegna þess að verið er að leggja til það sem ég kallaði byltingu en hv. þm. Siv Friðleifsdóttir mótmælti. Þetta er líkingamál en byltingin er fólgin í því að verið er að fara allt aðra leið við gerð stjórnarskrár en gert hefur verið áður og það er verið að gera ráð fyrir umbyltingu kerfisins. Hv. þingmaður gat þess í ræðu sinni að ætlunin væri að fara í heildarendurskoðun og breyta stjórnarskránni í ýmsum grundvallaratriðum og því tel ég það ekki ofmælt að boðuð sé ákveðin bylting varðandi stjórnskipun landsins miðað við það sem verið hefur. En það er ekki aðalatriði málsins.

Hugmynd um stjórnlagaþing er í sjálfu sér áhugaverð. Á þessu stigi vil ég ekki hafna henni þó að ég hafi ákveðna fyrirvara. Ég hef fyrirvara vegna þess að ég velti því fyrir mér hvernig og hvers vegna þjóðkjörið stjórnlagaþing ætti að vera betur til þess fallið að fjalla um stjórnarskrármál en þjóðkjörið Alþingi. Við kjósum til Alþingis í vor. Vilji menn gera breytingar á stjórnarskránni geta menn boðið sig fram undir þeim merkjum og tekist síðan á um málið á Alþingi. Ég held að menn vanmeti það að stjórnarskrármál eru í eðli sínu pólitísk mál og menn skipast í mismunandi hópa, kannski ekki í flokka, vegna afstöðu sinnar til stjórnarskrárinnar og við getum ekki tekið stjórnarskrána og stjórnarskrárumræðu úr pólitísku samhengi. Stjórnarskrármál eru sennilega einhver pólitískustu mál sem um getur. Mér finnst ekkert óeðlilegt að þeir sem gefa kost á sér til Alþingis takist á um stjórnarskrármál eins og önnur mál og af þeirri ástæðu hef ég ákveðnar efasemdir um að þörf sé á stjórnlagaþingi.

Nú hefur verið bent á að stjórnarskráin hafi lítið breyst í áranna rás og er það að hluta til rétt. Ég bendi þó á að ýmsir mikilvægir kaflar stjórnarskrárinnar hafa verið endurskoðaðir, aðrir ekki. Vilji hefur verið til þess að breyta ýmsum öðrum atriðum en ekki hefur náðst um það pólitísk samstaða vegna þess, eins og við vitum, að leitast hefur verið við að gera ekki stjórnarskrárbreytingar nema um það sé

víðtæk pólitísk sátt. Það er ekki tilviljun, það er vegna þess að það er mikilvægt að grundvallarlög landsins séu í ákveðinni sátt en ekki í sundurlyndi. Það er mikilvægt að grundvallarlög landsins, stjórnarskráin, séu stöðug en séu ekki sífelldum breytingum háð. Það væri t.d. mjög óheppilegt ef ný ríkisstjórn, sem kæmi að völdum hverju sinni, teldi sig þurfa að gera einhverjar breytingar á stjórnarskrá til þess að koma stefnumálum sínum í framkvæmd. Stjórnarskráin á að vera stöðug og lifa lengur en ríkisstjórnir, lifa lengur en sveiflur sem eiga sér stað í hinu pólitíska lífi.

Það er því að mínu mati ekki galli heldur kostur að stjórnarskráin breytist hægt. Með því er ég ekki að segja að ekki sé ástæða til að breyta ýmsu í núverandi stjórnarskrá. Ýmsir af þeim þáttum sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi í ræðu sinni eru vissulega þess virði að þeir séu ræddir og þar séu gerðar breytingar. Ég held að mörg þau efnisatriði sem hún getur um og koma fram í þingmáli Framsóknarflokksins séu þess eðlis að rétt sé að skoða breytingar á þeim. Ég held hins vegar að hægt sé að gera það án þess að fara í þá umbyltingu sem mér heyrist hv. þingmaður og Framsóknarflokkurinn boða í þessum efnum.

Ég vildi geta hér um nokkur atriði sem ég tel að þurfi að íhuga þegar við fjöllum um þessi mál. Í fyrsta lagi þurfum við að velta því fyrir okkur — og ég tel að ekki sé ástæða til að gera lítið úr þeim þætti — að við erum stödd á þeim stað að tveir mánuðir eru til kosninga. Það eru tveir mánuðir til kosninga, við vitum ekki hversu mikið er eftir af þinginu en það er mjög skammur tími, það eru fáar vikur. Þegar við tökum ákvarðanir um grundvallarmál þurfum við að vanda okkur og við erum að fást við fjölmörg stór mál á þessum vikum. Þess vegna held ég að þegar af þeirri ástæðu sé erfitt að fara í róttækar breytingar af því tagi sem boðaðar eru í frumvarpinu á þeim stutta tíma sem nú er til stefnu. Þetta segi ég alveg óháð efni málsins og alveg óháð öðrum hugmyndum um stjórnarskrárbreytingar. Ég held bara að þegar við tökum afdrifaríkar ákvarðanir í þessum efnum eigum við að vanda til verka, við eigum að ræða hlutina vel, við eigum ekki að ana að neinu, við eigum ekki að gera neitt í fljótfærni.

Annað atriði sem ég vildi nefna er það að — sem tengist auðvitað þessum tíma — það er í rauninni mjög óljóst hver áform ríkisstjórnarinnar og Framsóknarflokksins eru í þessum efnum. Það er búið að gefa almenna yfirlýsingu um að koma eigi á fót stjórnlagaþingi. Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram sína útfærslu, ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki kynnt sína útfærslu, við vitum ekki hvenær hún kemur. Við vitum ekki hvað þingið fær langan tíma til að fjalla um þau mál. Við vitum ekki hvort einhverjir fletir eru á því að ná samkomulagi um þau mál. Við vitum ekki hvaða tillögur um stjórnarskrárbreytingar verða þar aðrar en hugmynd um stjórnlagaþing.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan í því sambandi að það er eitthvað óskaplega órökrétt við það að ætla að fara að breyta einhverjum atriðum í stjórnarskránni, kannski þremur atriðum, núna í vor eins og ríkisstjórnin boðar, gera þrjár efnislegar breytingar á stjórnarskránni fyrir vorið og ætla svo á sama tíma að setja á fót stjórnlagaþing sem á að taka við völdum eftir kosningar og á að fara í heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, sem þýðir að þau atriði sem verða þá ákveðin í vor með hefðbundnum hætti, breytingar á stjórnarskránni, koma til endurskoðunar örfáum mánuðum síðar. Hvers virði eru þá þær breytingar sem gerðar yrðu fyrir kosningar í vor á stjórnarskránni? Hvers vegna ættum við að samþykkja slíkar breytingar þegar við erum hvort sem er að fara út í það að halda stjórnlagaþing, ef það verður ofan á?

Er ekki rétt, sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði, að það yrði hlutverk stjórnlagaþings að fara í heildarendurskoðun, það væri allt undir og Alþingi gæti ekki bundið hendur stjórnlagaþingsins? Það gæti tekið fyrir þau atriði stjórnarskrárinnar sem það vildi og gert þær breytingar sem það vildi. Það er eitthvert ósamræmi í þessu sem ég held að þeir sem tala fyrir þessum hugmyndum verði aðeins að átta sig á — þeir verða að gera okkur grein fyrir því hvernig þeir sjá samspil annars vegar efnislegra breytinga á stjórnarskránni í vor og hins vegar stjórnlagaþings sem á að taka til starfa annaðhvort 17. júní, eins og nefnt var hér áðan, eða þá síðar í sumar ef skilja má tillögu Framsóknarflokksins á þann veg. Þetta þarf einhvern veginn að komast á hreint.

Þar sem ég sé hv. þingflokksformann Samfylkingarinnar væri mjög fróðlegt ef hann gæti aðeins upplýst okkur um þetta vegna þess að við vitum að hann átti þátt í að semja verkefnaskrána þar sem þessa mótsögn er að finna, mótsögnina um það að annars vegar eigi að gera efnislegar breytingar, nefndar eru þrjár tilteknar efnislegar breytingar á stjórnarskránni sem eiga að samþykkjast fyrir vorið, og hins vegar séu áform um stjórnlagaþing sem taka eigi til starfa sem fyrst eftir kosningar og á að hafa heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar að markmiði. Ég vona að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, geti gert okkur grein fyrir því hér í umræðunni á eftir hvernig þetta er hugsað af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég ætla að lokum, herra forseti, að nefna nokkur efnisleg atriði sem ég tel að við þurfum að huga að ef niðurstaðan verður sú að þetta þing hefjist handa við að reyna að koma á fót stjórnlagaþingi. Í fyrsta lagi eru það lagatæknileg sjónarmið. Mér finnst það galli á þingmáli Framsóknarflokksins að gert er ráð fyrir alveg gríðarlega löngu stjórnarskrárákvæði. Ég tel að betur færi á því að hafa stutt og skýrt stjórnarskrárákvæði sem veitti heimild fyrir stjórnlagaþingi og útfærslan yrði síðan í almennum lögum.

Í öðru lagi vildi ég nefna að það þyrfti að skoða útfærsluna, t.d. varðandi fjölda þingfulltrúa. Ég tek undir þau sjónarmið sem komið hafa fram, mér fyndist eðlilegt að þeir yrðu færri. Ég mundi líka leggja til að áhugamenn um málið skoðuðu fjölda meðmælenda með frambjóðendum til stjórnlagaþings en mér finnst talan 300 afar lág í því sambandi og skapa hættu á að óskaplega margir bjóði sig fram til stjórnlagaþings, sem mundi gera kosninguna miklu erfiðari, dreifingu atkvæða meiri og skapa meiri hættu á að þeir sem verða kosnir til stjórnlagaþings hafi í rauninni frekar lítið umboð kjósenda á bak við sig vegna þess að atkvæðadreifingin er svo mikil.

Varðandi þann tíma sem þingið á að starfa verð ég að segja að mér finnst tillaga Framsóknarflokksins gera ráð fyrir allt of skömmum tíma til þess. Ef raunverulega er ætlunin að fara í grundvallarendurskoðun á stjórnarskránni

þarf lengri tíma. Ég held að það þyrfti tíma fyrir fulltrúa á stjórnlagaþingi að fóta sig aðeins í því verkefni sem þeir hafa tekist á hendur. Ég held að það tæki þá tíma að fara yfir þau álitamál sem um er að ræða og ég held að það geti tekið töluverðan tíma fyrir 63 einstaklinga að koma sér saman um niðurstöðu í einhverju máli. Ég þekki það úr stjórnarskrárnefnd frá síðasta kjörtímabili að það var mjög erfitt fyrir 9 menn að ná saman um einhverja niðurstöðu, hvað þá 63. Ég bið menn að vanmeta það ekki að tilvist flokka á þingi er mjög oft til þess fallin að hjálpa mönnum að komast að niðurstöðu, einfalda samkomulag og þess háttar frekar en ef hver kemur fyrir sig með sínar hugmyndir og vill halda þeim fram. Ég bendi því á að verði þetta að veruleika tel ég að tíminn þyrfti að vera rýmri og kannski ætti ekki að setja nein skilyrði um tíma, kannski ætti bara að gefa stjórnlagaþinginu svigrúm, ef á annað borð er ákveðið að fara út í þetta ætti kannski bara að gefa stjórnlagaþinginu sjálfu svigrúm til að meta það hversu langan tíma það þyrfti til sinna starfa.

Ég vil að síðustu nefna það að mér finnst hugmyndin sem fram kemur í frumvarpinu, um það að verði tillögu stjórnlagaþings um breytingar á stjórnarskrá hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu verði varafulltrúar kallaðir til til að taka við, mjög skrýtin. Þessi hugmyndafræði gengur út á það að það er þjóðin sem kýs fulltrúa sína og þeir sem ná kjöri eru þeir sem flest atkvæði fá og ég sé ekki að rök séu fyrir því að hinir sem fá miklu færri atkvæði eigi að taka við keflinu þegar þeir sem hafa miklu fleiri atkvæði og miklu meira lýðræðislegt umboð hafa sett fram tillögu sem ekki hlýtur náð fyrir augum þjóðarinnar.

Ég spyr líka: Hvað gerist ef þjóðaratkvæðagreiðsla fellir mál í annað sinn? Hvað gerist þá? (Gripið fram í.) Þá sitjum við uppi með óbreytta stjórnarskrá, stjórnlagaþing hefur lokið störfum og mál þess er þar með ónýtt. Ég varpa því til háttvirtra fulltrúa Framsóknarflokksins að þeir skýri aðeins hvernig þeir hafa hugsað þetta.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja að ég tel að góð rök geti verið til þess að gera tilteknar breytingar á stjórnarskránni og margt er þar sem mætti skýra og endurskoða. Ýmis ákvæði gætu átt þar heima sem ekki eru þar í dag. Ég held hins vegar að menn eigi að fara varlega í breytingar af þessu tagi og ég held að menn verði að hugsa sig vel um áður en menn fara út í gersamlega nýja aðferðafræði í miklum önnum hér á vorþingi þegar skammt er til kosninga.

[15:57]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson velti ýmsum hlutum fyrir sér í framsögu sinni, sérstaklega þar sem talað var um það að þetta væri í raun bylting. Þegar stjórnlagaþing hafa almennt verið haldin hafa þau verið haldin í kjölfar byltingar. Það má segja að við höfum verið að horfa upp á byltingu á Íslandi, sem er kölluð búsáhaldabyltingin, og því sé mjög eðlilegt að sinna þeim kröfum sem komu fram þar. Meðal þeirra krafna sem þar voru settar fram var sú að haldið yrði stjórnlagaþing og stjórnarskráin yrði endurskoðuð og erum við framsóknarmenn að svara því kalli.

Við vorum að vísu byrjuð að vinna að þessu löngu áður. Eftir áralangt samstarf við Sjálfstæðisflokkinn komumst við að þeirri niðurstöðu að það eina sem mundi kannski virka væri að koma á stjórnlagaþingi og taka valdið af þinginu varðandi endurskoðun stjórnarskrárinnar, því að við sjáum mjög skýrt hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt allt upp úr því að halda valdinu á hendi sem fæstra, þjappa saman valdinu. Hugmyndin um stjórnlagaþing kemur einmitt úr hópi innan Framsóknarflokksins sem fjallar um íbúalýðræði og hvernig hægt sé að auka lýðræðið á Íslandi.

Við höfum 65 ára reynslu af því að reyna að breyta stjórnskipan landsins og það hefur ekki gengið. Það er búið að breyta nánast öllum öðrum köflum stjórnarskrárinnar en stjórnarskipunarkaflanum. Hv. þingmaður hefur miklar áhyggjur af því að stjórnlagaþingið fái of skamman tíma en í því sambandi má geta þess að nokkrar nefndir hafa starfað undir forsæti ráðherra Sjálfstæðisflokksins, þar á meðal Gunnars Thoroddsens og Bjarna Benediktssonar, og sumar mjög lengi og hafa ekki skilað neinu af sér. Ég held því að það sé mjög eðlilegt að gerðar séu ákveðnar kröfur um að stjórnlagaþingið starfi og skili ákveðnu verki af sér sem þjóðin geti síðan kosið um.

Ég spyr hv. þingmann, mér fannst skorta á upplýsingar um það í ræðu hans: Hvað er það nákvæmlega (Forseti hringir.) sem hann mundi vilja breyta varðandi stjórnarskrána?

[15:59]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér hefur ekki heyrst að eftirspurn væri eftir því af hálfu Framsóknarflokksins að stjórnmálamenn hefðu skoðanir á efnisatriðum stjórnarskrárinnar, en ég hef auðvitað tekið þátt í stjórnarskrárvinnu undanfarin ár og ýmsar hugmyndir hafa verið þar á lofti og verið ræddar og ég tel að full ástæða sé til þess að halda þeirri vinnu áfram.

Í stjórnarskrárnefndinni sem var undir forustu Jóns Kristjánssonar var verið að velta upp mjög mörgum þáttum og sú nefnd setti sér það markmið að fara í heildarendurskoðun. Ég held að kannski væri nær að taka það starf upp aftur og halda því áfram, fylgja því eftir. Ég tek þó fram að mér finnst hugmyndin um stjórnlagaþing ekkert fráleit, ég vara menn bara við að fara út í breytingar af þessu tagi í einhverju óðagoti núna þegar við höfum mjög skamman tíma til að ræða þessi mál, þegar við höfum skamman tíma til umhugsunar, skamman tíma til þess að sjá fyrir okkur hvernig hlutirnir eiga að virka.

Ég bendi á að við erum að fást við fjölmörg önnur mál hér á þinginu sem meira liggur á. Ég leyfi mér að segja það vegna þess að ég held að breytingar á stjórnarskrá Íslands muni ekki hjálpa Íslendingum út úr þeim efnahagsógöngum sem við eigum við að stríða í dag.

[16:01]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það getur vel verið að hv. þm. Birgir Ármannsson telji að verið sé að vinna þetta í ákveðnu óðagoti þar sem þetta hefur væntanlega ekki verið mjög mikið uppi á borðinu innan hans flokks. Hins vegar hefur náttúrlega mikil vinna farið fram innan Framsóknarflokksins. Við nutum góðs af þeirri vinnu sem Jón Kristjánsson leiddi í síðustu stjórnarskrárnefnd og erum að nýta hans reynslu og

fleiri sem komu nálægt vinnslu á þessu frumvarpi til þess einmitt að leggja þessa tillögu fram því að niðurstaða þeirra var sú að svo lengi sem þær hugmyndir sem væru uppi á borðinu ógnuðu valdi Sjálfstæðisflokksins þá kæmust engar breytingar hérna í gegnum þingið þannig að þess vegna þyrfti að taka þetta frá Alþingi og fela stjórnlagaþingi í hendur eða fela breytingar á stjórnarskránni í hendur þjóðarinnar.

Það komu líka fram ýmsar vangaveltur hjá hv. þingmanni varðandi útfærsluna og þá sérstaklega um fjölda þingfulltrúa. Við höfum svo sem alveg sagt það að við séum alveg tilbúin (Forseti hringir.) að skoða fulltrúatalið. Ég hef hins vegar miklar áhyggjur af hugmyndum þingmannsins um fjölda meðmælenda og hvort hann sé þá að hugsa það að takmarka þá (Forseti hringir.) lýðræðið og þá sem geta boðið sig fram.

[16:02]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég efa það ekki að framsóknarmenn hafa rætt þessi mál mikið í sínum röðum. Það hins vegar er kannski fremur ófullnægjandi undirbúningur undir það að Alþingi allt taki afstöðu til þessara mála, með fullri virðingu fyrir því hópastarfi sem á sér stað innan Framsóknarflokksins. (**Gripið fram í:** Þakka þér fyrir.) Ég er alveg sannfærður um að ýmsar gagnlegar ábendingar hafi komið fram í þessu hópastarfi frá Jóni Kristjánssyni sem þekkir vel til þessara mála og tel, eins og ég sagði áðan, að það komi vel til greina og sé í rauninni sjálfsagt að fara í endurskoðun á ýmsum efnisatriðum stjórnarskrárinnar.

Það er bara ekki það sem við erum að tala um í þessu frumvarpi. Frumvarpið snýst ekki um efnisatriðin af því að það á að gera stjórnlagaþingið sjálfráða um hvaða efnisatriði það tekur fyrir. (Gripið fram í.) Við getum því talað hér fram og til baka um einstök efnisatriði en það snertir ekki þetta þingmál (Forseti hringir.) af því að það snýst um aðferð en ekki efni.

[16:04]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er nú einmitt það sem við höfum verið að gera hérna síðustu 50 ár. Við höfum verið að tala fram og til baka um stjórnarskrána en nánast ekkert hefur gerst og það veit hv. þingmaður mætavel.

Ég verð að segja að hv. þm. Birgir Ármannsson finnur þessu máli allt til foráttu jafnvel þó að hann segi að hann telji hugmyndina ekki fráleita. Hann varar samt menn við. (**BÁ:** Vara við hraðanum.) Hvernig er staðan á Íslandi í dag? (**BÁ:** Vara við hraðanum.) Stjórnkerfi landsins er í molum. Það er staðreynd. Það er líka staðreynd að það er ekki bara Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn eða þær eftirlitsstofnanir, það er líka eftirlit eins hluta ríkisvaldsins með öðru sem hefur algjörlega brugðist. Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann: Vill þingmaðurinn hafa óbreytt ástand þar sem Alþingi er nánast algjörlega valdalaust gagnvart framkvæmdarvaldinu? Er Sjálfstæðisflokkurinn að boða það í dag þegar hann finnur þessu máli allt til foráttu, ekki bara úr ræðustól Alþingis heldur líka í blaðagreinum?

Ég verð að segja alveg eins og er að auðvitað höfum við eins og aðrir þingmenn skoðanir á efnisatriðum stjórnarskrárinnar, að sjálfsögðu. En það er líka óeðlilegt að þingmenn séu sjálfir að setja sér starfsreglur og það er bara miklu eðlilegra, sanngjarnara og lýðræðislegra að við kjósum hóp manna, hóp sérfræðinga til þess að fara yfir þetta mál. Við getum svo rætt það að sjálfsögðu hvort þeir eigi að vera fleiri eða færri en 63 eða hvort þeir eigi að starfa lengur eða skemur en í sex mánuði. Það er ekki aðalatriðið.

Aðalatriðið er að stjórnlagaþingið verður að verða að veruleika.

[16:06]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér heyrist hv. þingmaður ganga út frá því að þjóðin kjósi í alþingiskosningum tóma kjána til að sitja á Alþingi en tóma snillinga ef það er kosið til stjórnlagaþings, tóma sérfræðinga. Hvernig ætlar hv. þingmaður að tryggja að sérfræðingar verði kosnir á stjórnlagaþing? Hvernig ætlar hann að koma í veg fyrir að sömu element búi þar að baki, að sömu þættir ráði því hverjir verði kosnir og hverjir ekki kosnir og gildir varðandi kjör til Alþingis? (Gripið fram í.)

Varðandi það að stjórnmálamenn eigi ekki að fara með breytingar á stjórnarskránni þá verð ég að benda á að stjórnarskrármál, eins og ég sagði í ræðu minni, eru einhver pólitískustu mál sem um getur. Þau snúast oft og tíðum um kjarna stjórnmálastefna. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að þeir sem vilja breyta stjórnarskránni að einhverju leyti bjóði sig fram til Alþingis og skýri það fyrir kjósendum hvað þeir ætli að gera varðandi stjórnarskrána, reyni síðan að fá sínu framgengt með þeim hætti. Ég sé ekkert að því að sú leið sé farin.

Hér verða kosningar 25. apríl, að manni skilst. Það liggur reyndar ekki ljóst fyrir hvenær á að kjósa. Það hefur ekki verið tekin formleg ákvörðun um það en það er stefnt að því 25. apríl. Þá er kosið til Alþingis. Þá geta landsmenn allir, þjóðin, þá getur þjóðin kosið þá menn sem hafa þær hugmyndir um stjórnarskrárbreytingar sem hún vill. Ekkert hindrar það. Ég held að menn megi ekki gleyma þessum þætti í þessu sambandi.

Varðandi það hvort ég sé sáttur við hlutina eins og þeir eru þá vil ég segja: Nei, ég er það ekki að öllu leyti. Ég tel að breytingar séu ágætar og góðar, sumar nauðsynlegar. Ég vara hins vegar við að menn fari út í svona breytingar í óðagoti.

[16:08]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Það er ekkert óðagot hér á ferðinni. Það er einfaldlega brýn nauðsyn. Ég fagna því að þingmaðurinn komi hér fram og viðurkenni að það þurfi að breyta hlutunum. En af hverju hefur þeim þá ekki verið breytt í valdatíma Sjálfstæðisflokksins? Af hverju stöndum við núna frammi fyrir því að allt kerfið er einfaldlega í molum? Hvenær á að breyta ef ekki núna?

Þetta snýst ekkert um það að við treystum ekki alþingismönnum. Við segjum bara: Það er miklu betra og miklu líklegra að það verði breyting á ef við búum til stjórnlagaþing þar sem koma óháðir menn og eru ekki að búa til

starfsreglur fyrir sjálfa sig. Þjóðin hlýtur að sjálfsögðu að velta því fyrir sér þegar við stöndum hérna og þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa komið og staðið í þessari pontu og sagt að þeim líði eins og afgreiðsludömum á kassa. Það voru orð þingmanna Sjálfstæðisflokksins, ekki annarra.

[16:09]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ekki ætla ég að amast við þeirri yfirlýsingu frá núverandi hæstv. forseta sem vísað var til í andsvari hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar. Ég er bara ekki sammála því. Ég held að þingið hafi samkvæmt stjórnlögum, samkvæmt íslenskum stjórnlögum mjög mikið vald ef það vill beita því — ef það vill beita því. Völdin liggja hjá þinginu ef þingið vill beita þeim. Það er auðvitað undir okkur þingmönnum komið á hverjum tíma hvernig við beitum því valdi sem stjórnarskráin færir okkur.

Ég bendi á að þingið samkvæmt stjórnarskránni er langsterkasti aðili stjórnarfarsins, stjórnskipunarinnar, og ef þingið beitir valdi sínu getur það stýrt öðrum þáttum ríkisvaldsins. Það er alveg ljóst og um það á ekki að vera neinn ágreiningur. Hins vegar hefur það þróast þannig að (Forseti hringir.) þingið hefur ekki beitt því valdi sínu. Ég held að við getum breytt því með vinnubrögðum, (Forseti hringir.) breytt því með áherslum. Við þurfum ekki að snúa stjórnarskránni á hvolf til þess að gera það.

[16:10]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér þótti ræða hv. þm. Birgis Ármannssonar einkennast af óþarflega miklum áhyggjum. Hann var mjög áhyggjufullur yfir þessu frumvarpi og þær áhyggjur birtust mjög í ræðu hv. þingmanns. Hann kom einnig við í verkefnaáætlun núverandi ríkisstjórnar og spurði tíðinda, hvernig á því stæði að þar væru viðraðar hugmyndir um stjórnlagaþing og hins vegar breytingar á þremur ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Ég held að hv. þingmaður hafi svarað eiginlega spurningum sínum sjálfur vegna þess að staðreyndin er sú að stjórnlagaþing má útfæra á ýmsan hátt. Hér hafa framsóknarmenn sýnt ákveðið frumkvæði með því að setja fram sínar hugmyndir og margt ágætt er í þeim. En eins og hv. þingmaður sagði þá er ekkert áhlaupaverk og ekkert hlaupið að því að breyta stjórnarskránni og ég get tekið undir með hv. þingmanni þegar hann segir að sex til átta mánuðir séu svona skemmri skírn.

Það má kannski segja sem svo að þær hugmyndir sem ríkisstjórnin hefur um breytingar á stjórnarskránni og koma fram í verkefnaáætlun séu allt hugmyndir sem eru löngu útræddar. Hugmyndir um auðlindir í þjóðareign hafa verið ræddar í yfir tíu ár og nánast samþykktar af öllum þingflokkum. Það er svona efnisbreyting sem við höfum lagt til og hins vegar tvær breytingar sem eru annars vegar um að auðvelda almenningi að setja fram kröfu um að mál gangi til þjóðaratkvæðis og hins vegar um það hvernig samþykkja skuli stjórnarskrárbreytingar. Það er eðlilegt að ráðist sé í þetta strax. En það að breyta stjórnarskránni í heild sinni kann að taka miklu lengri tíma. Því er eðlilegt að ráðast í þetta strax enda er þverpólitísk samstaða um þetta og síðan að ganga til þess leiks að endurskoða stjórnarskrána sem ég (Forseti hringir.) tek undir að full ástæða sé til. En það segir sig sjálft að það liggur mikið á að gera þessar breytingar.

[16:13]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér fannst andsvar hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar vekja fleiri spurningar en það svaraði. (Gripið fram í.) Í fyrsta lagi velti ég því fyrir mér hvort skilja megi orð hans svo að hann sé ósammála hugmyndum framsóknarmanna um að láta stjórnlagaþingið starfa aðeins í sex til átta mánuði sem hefur komið skýrt fram af hálfu flutningsmanna málsins að þeir telja mjög mikilvægt til þess að setja stjórnlagaþinginu þröngar tímaskorður.

Ég spyr vegna þess að mér finnst enn þá mjög torskilið hvers vegna ráðast eigi í tilteknar efnislegar breytingar á stjórnarskránni nú fyrir vorið — nefndar eru þrjár tilteknar efnislegar breytingar á stjórnarskránni — en síðan að setja á fót stjórnlagaþing sem á að hafa það að hlutverki og á að hafa frjálsar hendur um heildarendurskoðun stjórnarskrár. Ég fæ þetta bara ekki til að ganga upp.

[16:14]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Auðvitað geta sjálfstæðismenn hér á þingi leikið sér að því að hártoga aukaatriði, hvort stjórnlagaþing starfar í sex mánuði eða tólf eða að hugsanlega þurfi lengri tíma. Það er ekki kjarninn í þessari umræðu. (Gripið fram í.)

Hitt er hins vegar mjög athyglisvert, þ.e. að hv. þingmaður virðist vera annars vegar andvígur því að gerðar verði eðlilegar breytingar á stjórnarskránni, sem þegar hafa verið ræddar jafnvel í áratug þar sem allir flokkar hafa verið samstiga. Hv. þingmaður virðist vera á móti því og hv. þingmaður virðist einnig vera á móti því að sett verði á laggirnar stjórnlagaþing. Því er eðlilegt að maður spyrji: Hvernig sér hv. þingmaður hlutina geta breyst því eins og hér hefur komið fram þá hefur gengið mjög erfiðlega að ná fram stórum breytingum á stjórnarskránni á Alþingi? Það er ákveðin krafa um breytingar og ég held að það sé eðlilegt að við látum á það reyna hvort samstaða náist um að gera stórar breytingar á stjórnskipuninni (Forseti hringir.) núna í kjölfar þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram.

[16:15]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér fannst hv. þingmaður ekki útskýra nægilega vel fyrir mér hvernig á því stendur að fara eigi í efnislegar breytingar nú fyrir vorið á sama tíma og sett er á fót stjórnlagaþing sem á að framkvæma heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Mér finnst það óskiljanlegt viðhorf nema hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafi enga trú á því að stjórnlagaþingið muni ná því markmiði að endurskoða stjórnarskrána. Honum væri ekki svona mikið í mun að gera þessar tilteknu breytingar fyrir vorið ef hann hefði raunverulega trú á stjórnlagaþingi og teldi að stjórnlagaþingsfulltrúar ættu sjálfir að ákveða öll atriði stjórnarskrárinnar. Þá mundi hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sjá að engin þörf er á að gera tilteknar breytingar fyrir stjórnarskrána

fyrir kannski nokkurra mánaða gildistíma ef stjórnlagaþingið tæki síðan einhverja aðra afstöðu þegar það kemur saman.

[16:16]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Það er fagnaðarefni að það skuli vera rætt um grundvallarlöggjöf lýðveldisins í þingsölum og settar fram hugmyndir um þau atriði. Ég hef ekkert út á það að setja að menn setji slík mál í forgang, jafnvel af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég set út á eitt í aðdraganda málsins sem er að málið skuli sett fram með gamalkunnum aðferðum stjórnmálanna, með hrossakaupum. Einn flokkur með 12% atkvæða selur stuðning sinn við ríkisstjórn því verði að hinir flokkarnir, minnihlutaflokkarnir, kaupi stuðninginn með því að styðja stjórnlagaþing.

Það er afar ógeðfellt og eitt af því sem hefur kannski komið óorði á stjórnmál almennt í gegnum tíðina. Kjósendur hafa séð mörg dæmi um svona hrossakaup þar sem farið hafa í gegnum þingið mál sem í raun hafa ekki notið meirihlutastuðnings en hafa fengið meiri hluta atkvæða vegna hrossakaupanna.

Það er hrossakaupalykt af þessu máli. Við sjáum það á því hvað mikill hugur fylgir máli hjá ríkisstjórnarflokkunum að annar ríkisstjórnarflokkurinn, Vinstri grænir, er fjarverandi í umræðunni. Ekki einn einasti þingmaður Vinstri grænna hefur sést í þingsalnum síðan umræður hófust. Þeir eru allir komnir í kosningabaráttuna, komnir út á land og halda fundi og láta Samfylkingunni eftir að sitja í þingsölum og reyna að tala fyrir hönd þessarar aumu ríkisstjórnar, virðulegi forseti.

Einn ráðherra Samfylkingarinnar kemur hér upp til þess að reyna að hafa framsóknarmennina góða með því að flytja í andsvari á einni mínútu loðna yfirlýsingu um almennan stuðning um grundvallaratriði málsins og er svo hlaupinn út. Það er vegna þess að þeir keyptu ríkisstjórnarstól sinn þessu verði. Það er ekki alveg ljóst hvernig málið endar. Það er ekki alveg ljóst hvernig minnihlutaríkisstjórnin mun að lokum semja við Framsóknarflokkinn um þetta mál en það er ljóst að það er hluti af verðinu fyrir ráðherrastólana. Þess vegna er þingmannamál á dagskrá á undan stjórnarfrumvarpi sem er næsta mál á dagskrá.

Þetta er ógeðfellt og mælir kannski ekki með málinu. (Gripið fram í.) Það er miklu heiðarlegra — úr því að hér er kallað fram í — fyrir flokk að þora að vera í ríkisstjórn. Ég er ekki viss um að það sé endilega besta leiðin að kaupa sig inn í ríkisstjórnaráhrifin en þora ekki að sýna sig. (Gripið fram í.) Ég náði ekki þessu frammíkalli, virðulegi forseti, en það er sjálfsagt að svara því ef hv. þingmaður kemur því til mín á eftir.

Varðandi innihaldið sýnist mér málið byggjast á algerri vantrú á því sem fyrir er. Stjórnarskráin er afskrifuð sem ónýtt plagg og framsögumaður sagði um stjórnarskrána að hún væri úrelt. Annar þingmaður Framsóknarflokksins, hv. þm. Höskuldur Þórhallsson, sagði: Allt kerfið er í molum. Hvaða kerfi er í molum, virðulegi forseti? Allt kerfið? Er það Alþingi sem er í molum? Er það ríkisstjórnin sem er í molum? Eru það dómstólarnir sem eru í molum? Hvað er það sem er í molum, virðulegi forseti, og kallar á að kastað sé upp í loft því sem við höfum án þess að vita hvað kemur niður? Og það sem einkennilegra er, án þess að það séu neinar hugmyndir eða tillögur um hvað það er sem þarf að breyta. Það er bara sagt: Stjórnarskráin er úrelt.

Ég segi: Nei. Stjórnarskráin er ekki úrelt. Mannréttindakafli stjórnarskrárinnar var samþykktur á Alþingi 1995 og hann er ekki úreltur, virðulegi forseti. Hann er mjög góður. Ýmislegt fleira í stjórnarskránni hefur verið endurskoðað síðan hún var sett árið 1944 og ég fellst ekki á að þeir kaflar séu úreltir.

Ýmislegt hefur verið í stjórnarskránni óbreytt frá upphafi en það er ekki endilega úrelt fyrir það. En það er vissulega með stjórnarskrána eins og annað að hún hlýtur að taka breytingum í tímans rás og það eru á henni ágallar sem menn kunna að sjá og vilja gera breytingar á.

Í desember 2005 kom út mikið rit sem unnið var á vegum stjórnarskrárnefndar um stjórnarskrána. Meðal annars var þar ágrip af þróun stjórnarskrárinnar sem unnið var af sérfræðinganefnd sem Eiríkur Tómasson, Björg Thorarensen, Gunnar Helgi Kristinsson og Kristján Andri Stefánsson skipuðu. Niðurstaða þeirra um stjórnarskrána var dregin saman í nokkrum töluliðum sem mér finnst fróðlegt að fara yfir í ljósi fullyrðinganna um stöðu stjórnarskrárinnar og kerfisins um þessar mundir.

Þessir sérfræðingar segja að fram að því þegar þetta ágrip var tekið saman hafi verið lögð áhersla á að þróa stjórnarskrána í samstöðu helstu stjórnmálaaflanna. Þetta mál er ekki í samstöðu við einn eða neinn. Það er bara hrossakaupamál. Ekki er leitað eftir samstöðu við aðra flokka svo mér sé kunnugt um. Það er bara heimtað að fá það afgreitt í staðinn fyrir stuðning við ríkisstjórnina. Vikið er frá grundvallaratriðum sem menn hafa unnið eftir frá því að lýðveldið var stofnað, að reyna að ná samkomulagi um breytingar.

Í öðru lagi segir, með leyfi forseta, að lítið sé hægt að ályktа af þeim gögnum sem hér eru skoðunar í hvaða mæli ágreiningur ríkir um I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar. Deilur um þingræðið hafa ekki verið fyrirferðarmiklar frá því um miðjan níunda áratuginn. Tillöguflutningur síðustu 15 ár sem lýtur að þessum gögnum hefur einkum snúist um þjóðaratkvæðagreiðslur og þingsetu ráðherra.

Það er það sem þingmenn hafa verið að bera inn á borð síðustu 15 árin og kannski má segja að það séu atriðin sem menn telja að þurfi breytinga við. Ég hef sjálfur nokkrum sinnum flutt frumvarp um að breytingar á stjórnarskrá séu aðeins gerðar með samþykki þjóðarinnar sem í upphafi setti stjórnarskrána og auðvitað á enginn annar að geta breytt henni en þjóðin sjálf. Í öðru lagi að ráðherrar sitji ekki á þingi og í þriðja lagi að ráðherrar hafi ekki löggjafarvald eins og þeir hafa með bráðabirgðalagavaldinu og hafa misbeitt, síðast á síðasta ári með bráðabirgðalögum vegna Suðurlandsskjálftans. Það var algjör misbeiting. Þetta eru atriði sem ég tel að þurfi að breyta en ég er ekki þar með að segja að stjórnarskráin sé úrelt. Ég er ekki að segja að kerfið sé ónýtt.

Mér finnst líka athyglisvert að flutningsmenn ganga út frá því að stjórnmálaflokkarnir séu ónýtt gagn. Þeir hafna stjórnmálaflokkunum sjálfum. Þeir hafna kjördæmaskipan-

inni í landinu vegna þess að stjórnlagaþingið sem á að vera súperþingið sem á að geta gert betur en Alþingi sjálft á að vera kosið persónukjöri. Sem sé, stjórnmálaflokkarnir eiga ekki að koma að því.

Hvernig stendur á því ef það er sjónarmið flutningsmanna að stjórnmálaflokkarnir séu hin óhreinu börn Evu? Af hverju á þá ekki að leiða þá alveg til lykta, banna þá líka í alþingiskosningum? Það hlýtur þá að koma út úr því miklu betra Alþingi, miklu snjallari alþingismenn en stjórnmálaflokkarnir hafa hingað til teflt fram og kjósendur sjálfir valið. Þarf kannski líka að skipta um kjósendur, virðulegi forseti?

Síðan er kjördæmaskipaninni hafnað og atkvæðisréttur hvers og eins er þrengdur. Í dag getur hver kjósandi valið um jafnmarga þingmenn og eru þingsæti í því kjördæmi sem hann tilheyrir. Í Norðvesturkjördæmi eru átta og svo jöfnunarsæti, 11 og upp í 12 í Suðvesturkjördæmi.

Hér á kjósandinn bara að geta valið sjö. En það má vera í einu kjördæmi og það á ekki að hafa áhrif á alla þá sem kjósa á úr þessu eina kjördæmi heldur bara sjö af þessum 63. Hvernig halda menn að muni ræðast inn á stjórnlagaþingið úr þessu eina kjördæmi þar sem 70% atkvæða eru hér á höfuðborgarsvæðinu? 95% af fulltrúum stjórnlagaþingsins verða af höfuðborgarsvæðinu. Það er það sem gerist. Einstaka maður utan af landi slysast inn á stjórnlagaþing ef hann er þjóðþekktur og hefur ekki allt of slæmt orð á sér fyrir afskipti af stjórnmálum eða einhverju slíku. Þá gæti hann hugsanlega verið kosinn. Hugsanlega, en það er ekki mikið meira.

Það er langur vegur frá því að þingmaður Framsóknarflokksins, Ólafur Þ. Þórðarson, lagði fram frumvarp til nýrrar stjórnarskrár árið 1986. Þá lagði hann það fram í anda Samtaka um jafnrétti á milli landshluta, sjónarmiða sem hafa nú kannski verið grundvöllur Framsóknarflokksins, að standa vörð um landsbyggðina og koma upp fylkjaskipan þar sem landshlutarnir hafa völd í eigin málum. Þar sem er ekki allt sogað suður til Reykjavíkur af landsins gæðum og sjávarins nytjum til þeirra sem spila alla rúllettuna á höfuðborgarsvæðinu. Nei. Nú eru menn komnir á þá skoðun að hafa eitt hið nýja Ísland, höfuðborgarsvæðið og áhrifalausa landsbyggð.

Virðulegi forseti. Mér finnst það ekki framför og mér finnst einkennilegt að halda því fram að á stjórnlagaþing muni veljast fólk sem geti miklu frekar náð samkomulagi um mál en fólk sem þjóðin hefur kosið í alþingiskosningum. Hvaða rök standa til þess að 63 einstaklingar, valdir í persónukjöri, geti frekar náð samkomulagi um mál en 63 einstaklingar, valdir af listakjöri? Má ég biðja um útskýringar á því? Eru það flokkshagsmunir líka?

Ef það eru flokkshagsmunirnir sem koma í veg fyrir að menn nái samkomulagi, eigum við þá ekki að afnema stjórnmálaflokkana? Líka í alþingiskosningum? Eða hvað? Á vinstri höndin ekki að vita hvað sú hægri gjörir? Eiga menn að hafa tvö Alþingi eftir ólíkum reglum? (**HSH:** Við erum enn að tala um að afnema flokksræði.) Já ég tek undir að það megi afnema flokksræði. Ég hef lagt mitt af mörkum til þess að takast á við það. Ég verð þó að viðurkenna að það er ekki með allt of góðum árangri. (**StB:** Og gekk verst í Framsókn.)

Ég er jafnákveðinn í því að flokkshagsmunirnir geta verið mjög slæmir. En flokkshagsmunirnir eru kannski þegar að er gáð í höndum þingmannanna sem hér sitja. Þeir hafa valdið í sínum höndum. Teknar hafa verið margar slæmar ákvarðanir á undanförnum árum vegna þess að þingmenn ákváðu að nota vald sitt í þágu forustunnar sem krafðist þess að þeir færu að þeirra vilja en ekki til þess sem þeir vissu að væri rétt að gera.

Þar hefur verið hinn stóri galli í íslenskri stjórnskipan á undanförnum árum. Leysa menn þann galla upp með stjórnlagaþingi og halda svo áfram að kjósa til Alþingis eftir listakjöri? Það er það sem verið er að segja okkur. Ef stjórnmálaflokkarnir sjálfir eru vandamálið skulum við taka á því. Þá skulu menn setjast niður og velta því fyrir sér hvernig breyta á stjórnarskránni þannig að það verði ekki vandamál.

En við skulum ekki tala um stjórnlagaþing þar sem má ræða allt og ekkert og enginn veit hvað kemur út úr því vegna þess að það verður bara óskipulagt, ómarkvisst og tekur langan tíma og mun litlu skila. Það er þá rétt að menn hafi kjark til að segja það sem þarf að segja, taka á því sem á þarf að taka. Þá ná menn árangri, virðulegi forseti, ef menn hika ekki við að stinga á þeim kýlum sem þeir sjá.

[16:31]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talar um hrossakaup. Ég verð að segja að það er í fínu lagi að hann tali um hrossakaup í sambandi við þetta. Ég tel að það hross sem við vorum að kaupa hafi verið aukið lýðræði og valddreifing í landinu. Ég tel að stór hluti af baráttu okkar framsóknarmanna sé fyrir betra Íslandi og því að Alþingi hafi raunverulegt vald. Ég verð líka að viðurkenna að mér finnst það koma úr allra hörðustu átt frá hv. þingmanni sem hefur verið baráttumaður fyrir því að draga úr flokksræði og hefur talað um skort á lýðræði innan flokkanna. Hann nefndi sérstaklega að hrossið sem við hefðum frekar átt að kaupa væru einhverjir stólar í ríkisstjórninni. Þjóðin virðist hins vegar vera frekar sammála okkur um að skiptin hafi verið betri, aukið lýðræði og valddreifing og það að leggja upp með þetta mál. Við töldum líka mikilvægt að þjóðin fengi að tjá sig í almennum kosningum og settum því fram kröfu um að kosningar yrðu haldnar sem fyrst, í síðasta lagi 25. apríl.

Við töluðum líka um mikilvægi þess að gripið yrði til aðgerða til að aðstoða heimilin og atvinnulífið.

Aðrar helstu athugasemdir sem komu fram í ræðu hv. þingmanns virtust snúast um tilkomu málsins frekar en innihald þess, hvort við ættum að halda stjórnlagaþing, og hugmyndir hans um hvernig við gætum tryggt aukið lýðræði á Íslandi. Ég tel að hlutverk stjórnmálaflokka sé að koma á framfæri ákveðnum hugmyndum og hugsjónum og það álít ég Framsóknarflokkinn gera með þessu máli. Við erum að framfylgja ályktunum flokksmanna okkar og þeir lögðu mikla áherslu á að þetta mál yrði flutt og þess vegna lögðu þeir líka mikla áherslu á þetta þegar óskað var eftir að við verðum núverandi ríkisstjórn vantrausti.

[16:33]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að hlutverk stjórnmálaflokka er að koma fram með hugmyndir. Til þess eru þeir stofnaðir. Hlutverk þeirra er að vera hópur fólks sem vinnur saman að því að móta hugmyndir, setja þær fram og bjóða sig fram til að tala fyrir þeim. Það er hlutverk stjórnmálaflokkanna. Þess vegna finnst mér einkennilegt að málið skuli grundvallast á því að endurbæturnar séu fólgnar í því að setja stjórnmálaflokkana til hliðar. Það er þá verið að segja að kerfið allt sé hrunið eða ónýtt, eins og hv. þm. Höskuldur Þórhallsson sagði.

Ég er ekki sammála því að stjórnarskráin sé úrelt en það eru gallar í kerfinu, því er ég sammála og hef látið koma fram hér í gegnum árin með frumvarpsflutningi og því að tala fyrir sjónarmiðum sem ganga jafnvel gegn vilja forustu stjórnmálaflokkanna. Mér finnst að þingmenn eigi að hafa þá staðfestu að taka það sem þeir telja rétt fram yfir það sem forustan vill, ef í odda skerst. Það er nákvæmlega það sem stjórnarskráin gerir, svo ég taki nú þann þátt málsins sem málið fjallar um, og mikill kostur er í gildandi stjórnarskrá að þingmaðurinn hefur allan rétt í málinu, flokkurinn getur ekki sett honum neinar skorður, hvorki til eða frá. Þannig á það að vera að þingmaðurinn sé einungis bundinn sjálfum sér ef í odda skerst, það er besta tryggingin sem við höfum og við eigum ekki að breyta því, (Gripið fram í.) virðulegi forseti.

[16:35]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við sem störfum á Alþingi höfum reynt í 65 ár — að vísu ekki sú sem hér stendur — að koma fram ákveðnum breytingum. Það var lagt upp með það strax þegar núverandi stjórnarskrá var samþykkt, 1944, að fara ætti í breytingar á stjórnskipun landsins. Síðan þá hafa verið skipaðar endalausar nefndir, sem hafa starfað mislengi. Niðurstaðan hefur verið sú að ekki hefur enn komist í gegnum þingið breyting á þeim kafla sem varðar stjórnskipun Íslands. Ég mundi því segja að við höfum verið í ákveðinni tilraunastarfsemi í 65 ár við að reyna að breyta stjórnskipuninni og lagfæra hana og höfum enga niðurstöðu fengið. Stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar virðast ekki geta aðskilið eigin hagsmuni frá hagsmunum þjóðarinnar og hvernig unnt er að tryggja aukið lýðræði í landinu. Sú samþjöppun sem hefur orðið á valdi — og við höfum upplifað það aftur og aftur að þingmenn hafa gefið eftir vald sitt til framkvæmdarvaldsins, þess ægivalds, jafnvel tveggja eða þriggja manna sem hafa verið oddvitar viðkomandi ríkisstjórnarflokka — gerir það að verkum að við framsóknarmenn teljum ástæðu til að taka einmitt þetta mál um endurskoðun á stjórnarskránni og færa það aftur yfir í hendur þjóðarinnar, þaðan sem valdið raunverulega kemur.

Við höfum líka talað um, þó að það komi ekki fram í greinargerð með frumvarpi okkar, að ef til vill sé ástæða til að flýta enn frekar kosningum til stjórnlagaþings og jafnvel hafa þær samhliða alþingiskosningum. Við yrðum væntanlega allt of önnum kafin við að berjast fyrir okkar eigin sætum til að skipta okkur of mikið af því hverjir yrðu kosnir á stjórnlagaþingið.

[16:37]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það geta út af fyrir sig verið rök í málinu að þingmenn eigi ekki að taka þátt í því að semja leikreglurnar sem þeir eiga að vinna eftir. Það finnast mér kannski vera bestu rökin fyrir stjórnlagaþingi. En með þeirri breytingu að þjóðin ein geti breytt stjórnarskránni höfum við náð því fram að þingmenn ráða ekki sjálfir leikreglum sínum. Jafnvel þótt málið sé tekið upp á Alþingi og breytingar lagðar þar fram og afgreiddar gerist ekkert nema það hljóti stuðning þjóðarinnar í sjálfstæðri atkvæðagreiðslu. Með þeirri tillögu, sem ég hef reyndar flutt nokkrum sinnum hér á Alþingi, er málið tekið úr höndum þeirra.

Ég átta mig ekki alveg á þeirri fullyrðingu að ekki hafi tekist að breyta stjórnskipaninni á þeim 64 árum sem lýðveldið hefur verið. Hvað eiga menn við? Hverju þarf að breyta? Þarf að breyta þrígreiningu ríkisvaldsins? Ég er ekki viss um að því þurfi að breyta. Það sem þarf að breyta er að ráðherrar hafi ekki atkvæðisrétt í þingsalnum og séu ekki áhrifamenn á þinginu sjálfu. Því finnst mér að þurfi að breyta. Ef það væri gert, jafnvel þótt ekki væri gengið svo langt heldur verulega í áttina til þess sjónarmiðs, yrði það mikill áfangi.

Að öðru leyti er ég ekki sammála því að stjórnarskráin sé skjal sem þurfi að kollvarpa og sé svo gallað að himnarnir séu að hrynja yfir okkur um þessar mundir af þeim sökum. Það er ekki svo, virðulegi forseti.

[16:39]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég hef örlitlar áhyggjur af hræðslu tiltekinna hv. þingmanna sem hafa talað hér í dag. Mér finnast þeir kannski óttalegar smásálir, fyrir að skilja ekki um hvað málið snýst og hafa svona miklar áhyggjur. Ég held að ég sé þó farin að skilja að hér er um að ræða pólitískt yfirklór.

Hér er til umræðu ein háværasta krafa samfélagsins, um að leiðréttur verði sá kúrs sem núverandi stjórnkerfi hefur sett okkur á, þar sem vald hefur safnast á fárra hendur, svo Alþingi er orðið óstarfhæft.

Þetta má leiðrétta með því að stofna til sérstaks stjórnlagaþings sem ætlað er það hlutverk að skrifa nýja stjórnarskrá. Við höfum öll — eitt, tvö, þrjú, fjögur, fimm, sex, með virðulegum forseta, svo ég veki athygli á hversu fjölmennt er í salnum — undirritað eiðstaf um að fylgja stjórnarskránni í störfum okkar. Stjórnarskráin er að stofni til frá lýðveldisárinu 1944, þó að margar greinar eigi uppruna sinn í stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands sem gefin var út af danska konunginum 1874. (**GMJ:** Læra að telja.)

Læra að telja, er kallað hér fram í, þú varst frammi, hv. þm. Grétar Mar Jónsson. Til stóð að endurskoða stjórnarskrána strax eftir setningu hennar. Árið 1945 var ákveðið að skipa 12 manna nefnd til þess verkefnis. Skemmst er frá því að segja að átta árum síðar, eða 1953, kom fram fyrirspurn í þinginu um hvað störfum nefndarinnar liði. Í máli þáverandi forsætisráðherra kom fram að lengi hafi verið leitað samkomulags um málið en ein tillaga hafi komið

fram í nefndinni, um stjórnlagaþing. Hugmyndir um það þing, sem við ræðum hér árið 2009, eru fjarri því að vera nýjar af nálinni. Tillögur um stjórnlagaþingið 1953 voru útfærðar með tillögum af málaskrá og voru þar nefnd atriði sem enn er verið að ræða í dag. Þar má nefna völd forseta, reglur um stjórnarmyndun, kosningaaðferðir, Hæstarétt og aðferðir við að breyta stjórnarskrá.

Um störf nefndarinnar er það þó helst að segja að hún lognaðist út af og ekki er að finna í Þjóðskjalasafni gerðabækur nefndarinnar en helstu heimildir um stjórnlagaþingshugmyndina er að finna í ræðu formanns nefndarinnar, Bjarna Benediktssonar, þáverandi utanríkisráðherra, sem birt var í *Morgunblaðinu* í janúar 1953. Málið er því 56 ára gamalt. Árið 1972 var aftur skipuð stjórnarskrárnefnd, sem vann til ársins 1983, eða í 11 ár, skilaði skýrslum en náði ekki samstöðu um endanlegar tillögur. Til að gera langa sögu stutta hafa nokkrar fleiri stjórnarskrárnefndir starfað, mislengi. Sú síðasta var skipuð 2005 og enn er engin heildstæð lausn fundin og enn hefur ekki farið fram sú heildstæða skoðun sem átti að fara fram á stjórnarskránni 1945, ári eftir að hún var sett.

Stjórnarskráin hefur að vísu tekið einstaka breytingum á þessum tíma, aðallega hvað varðar kosningafyrirkomulag, breytingar í þinginu og auðvitað mannréttindakaflann, sem hefur verið til umræðu hér í dag. Til að varpa ljósi á alvarleika málsins hafa komið fram hér í þinginu 80 tillögur að breytingum á stjórnarskránni, sjö þeirra hafa verið samþykktar, fjórum hefur verið vísað til ríkisstjórnar og aðrar hafa ekki verið útræddar og þess vegna lognast út af. Með hliðsjón af því hvað þingið hefur átt erfitt með að ná samstöðu um málin og ekki hefur náðst samstaða um breytingar í þeim stjórnarskrárnefndum sem þó hafa verið skipaðar á síðustu 65 árum hlýtur að teljast fullreynt að kjörnir fulltrúar, sem væntanlega hafa borið hagsmuni flokka sinna fyrir brjósti að mestu, nái samstöðu um þetta stóra mál.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson vill ekki ana að neinu um þessi mál, eins og hann sagði í ræðu áðan, en gott væri að vita hvað hann vill langan tíma. Eru 65 ár að ana að málum? Eðlilegt næsta skref í málinu er að vísa málinu til stjórnarskrárgjafans, þjóðarinnar sjálfrar, og skipa ópólitíska fulltrúa til að útkljá þau mörgu deiluefni sem uppi eru um stjórnarskrána og skrifa nýja í ljósi forsögunnar. Rétt er að kjörnir fulltrúar komi þar hvergi nærri. Þá kunna menn að spyrja um tilganginn. Meginmarkmið stjórnlagaþings er að tryggja að vilji þjóðarinnar verði aldrei settur að veði, ekki undir neinum kringumstæðum. Með því að skrifa nýja stjórnarskrá er byggður traustur grunnur undir stjórnskipulag landsins. Eins og allir vita hefur vald þjappast á fárra hendur og það hefur kristallast mjög í ástandi undanfarinna mánaða þar sem oddvitar stjórnarflokkanna hafa setið með risastórt verkefni í fanginu án þess að ráða við það og komust of lengi upp með að hleypa engum að borðinu. Slíkt vald er beinlínis hættulegt íslenskri þjóð.

Í frumvarpinu er ekki kveðið ákveðið á um þau verkefni og efni þeirra mála sem til kasta stjórnlagaþings gætu komið. Þó er lagt upp með ákveðnar hugmyndir sem byggja á þeim álitaefnum sem til umræðu hafa verið hér á landi síðastliðin 65 ár, án þess að sá listi sé bindandi eða tæmandi.

Ég ætla að nefna nokkur brýn mál sem taka þarf til skoðunar. Í fyrsta lagi má ekki stefna réttaröryggi borgaranna í hættu með því fyrirkomulagi sem verið hefur að dómsmálaráðherrar eins stjórnmálaflokks hafa skipað alla hæstaréttardómara landsins undanfarin 18 ár. Það eitt að einn fulltrúi framkvæmdarvaldsins skuli hafa svo stóru hlutverki að gegna við mannaval mikilvægustu stoðar réttarkerfisins, án þess að um það gildi lýðræðislegar reglur, er hrein og klár aðför að lýðræðinu og veikir sjálfstæði dómstólanna. Með þessum orðum er ekki vegið að heiðri dómara, né mat lagt á störf þeirra, en það að einn ráðherra skuli hafa svona mikið vald við val á fólki í jafnmikilvæg störf er óásættanlegt, enda bera ófá deilumál milli ráðherra og hæfisnefnda glöggan vitnisburð um það.

Í öðru lagi hefur spurningunni um það hvort og hvenær beri að vísa ákvörðunum um mikilvæg mál til þjóðarinnar með þjóðaratkvæðagreiðslu ekki verið svarað. Þessu tengt eru hlutverk og völd forseta Íslands, því í stjórnarskránni er kveðið á um að forsetinn geti synjað lagafrumvarpi staðfestingar og þá skuli efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ekki voru allir sammála um virkni neitunarvalds forseta Íslands árið 2004 og sumir töldu það hreinlega ekki til staðar. Annað kom á daginn þótt ekki hafi fyllilega reynt á það því málið gekk aldrei alla leið og var dregið til baka. Undanfarnar vikur hafa menn tekist á um völd forsetans, hvaða hlutverki hann eigi að gegna við stjórnarmyndunarviðræður og hver hafi í raun og veru þingrofsréttinn. Sú umræða sem hefur farið fram undanfarið er af pólitískum toga runnin. Þá fara persónur og leikendur að skipta máli. Slík umræða er íslensku þjóðinni ekki samboðin og allra síst við þær aðstæður sem nú eru uppi og óskýr stjórnarskrárákvæði sem hægt er að túlka í allar áttir og út um allar koppagrundir mega ekki verða til þess að grundvallarspurningar um persónulegan vinskap eða heift vakna, vegna þess hvaða persóna situr í stólnum þá stundina.

Til viðbótar má nefna deilur um eignarhald á auðlindum og nauðsyn þess að festa beri sameign þjóðarinnar á slíkum auðlindum í stjórnarskrá. Það má nefna spurninguna um framsal valds til yfirþjóðlegra stofnana sem komið hafa fram nokkrum sinnum og sem mest var rætt um í sambandi við EES-samninginn. Töluvert hefur verið rætt um rétt ráðherra til setningar bráðabirgðalaga, ekki síst eftir að starfstími þingsins er nú skilgreindur allt árið og greiðari samgöngur gera það auðvelt að kalla þingið saman með skömmum fyrirvara. Eftirlitshlutverk þingsins mætti einnig nefna, persónukjör til Alþingis, þingræðisregluna, og þingsetu ráðherra, sem verið hefur til umræðu í dag. Það mat sem hæstv. viðskiptaráðherra gaf í þinginu í gær var allrar athygli vert, þar sem hann telur það fyrirkomulag hafa valdið miklum vandræðum í viðskiptalífinu að stjórnarformenn geti á sama tíma verið starfandi framkvæmdastjórar eða forstjórar fyrirtækja, þar sem þeir fara þá með eftirlitshlutverk með sjálfum sér. Þetta er nákvæmlega sama fyrirkomulag og við höfum á Alþingi, virðulegi forseti, nema að það er heldur svæsnara hér. Hér fara ráðherrar ríkisstjórnarinnar ekki bara með framkvæmdarvaldið, þeir fara með stærstan hluta löggjafarvaldsins og hafa síðan, a.m.k. 8 af þeim 10 sem nú sitja, eftirlitshlutverk með sjálfum sér.

Öll þessi mál eru þess eðlis að þau varða grundvallar-

skipulag stjórnkerfisins, þrískiptingu ríkisvaldsins og lýðræðið. Engum má blandast hugur um að leikreglurnar séu í anda lýðræðis og það hlýtur alltaf að þurfa að njóta vafans.

Í ljósi þess sem áður hefur verið rakið, um vilja til breytinga á stjórnarskrá, sem birtist í á níunda tug tillagna þess efnis undanfarin 65 ár, um ósætti sem hefur verið um þær breytingar án þess að tillögur hafi náð fram að ganga og þær deilur sem uppi hafa verið um fjölmörg stjórnarskrárákvæði á undanförnum áratugum, hlýtur að vera komið að því að stjórnarskrárgjafanum sjálfum verði gefið tækifæri til að skipa sveit vaskra Íslendinga með þekkingu og áhuga að leiðarljósi við skrif nýrrar stjórnarskrár.

Einhverjir hafa haft á orði að tíminn sé of skammur til undirbúnings. Ég minni hins vegar á að aðdragandinn er 65 ár. Það liggur fyrir í dómsmálum og deilum hvaða mál þarf að taka til skoðunar. Efnislega er það því ekki vandamál. Eina sjáanlega fyrirstaðan í málinu er að val þessara fulltrúa liggur ekki fyrir og þar þarf að tryggja að einn hagsmunahópur í samfélaginu nái ekki yfirhöndinni umfram aðra, svo það sé sagt beint út.

Þingmenn stjórnlagaþings verða að endurspegla alla hópa samfélagsins og þeim þarf að tryggja sjálfstæði í störfum sínum. Verði þetta frumvarp ekki samþykkt núna eru mestar líkur á að það verði sett til hliðar eftir kosningarnar og farið með það eins og allar stjórnarskrárnefndirnar og þingmálin áttatíu og eitthvað, að það verði svæft af þeim öflum sem með valdið fara og hér verði ekki þær grunnbreytingar á stjórnskipaninni sem þjóðin knýr á um um þessar mundir. Þá er alls óvíst hvort og hvenær það verður næst á dagskrá og við sitjum áfram í þeirri miklu óvissu sem kristallast hefur í deilum um einstaka þætti þess.

Íslenska þjóðin á betra skilið og störf þingsins þurfa að snúast um annað en flokkapólitík, embætti og titla og það sem snýr að þingmönnum og ráðherrum sjálfum og persónulegum aðstæðum þeirra, sem er auðvitað afleiðing þess að vald hefur safnast á mjög fárra hendur. Löggjafarvaldið er ekki virkt, framkvæmdarvaldið hefur tekið allt of stór skref inn í þetta hús og ákvarðanir sem varða líf og heilsu þjóðarinnar eru ekki teknar á lýðræðislegum grunni. Sú birtingarmynd af Alþingi sem fólk hefur horft upp á undanfarna mánuði og ár er til komin vegna þess að sá meiri hluti sem hér situr er nánast undir öllum kringumstæðum að verja hið mikla framkvæmdarvald. Þingmenn sitja hér og verja ráðherra sína og störf þeirra, enda fátt annað að gera, málin sem koma til kasta þingsins eru yfirleitt alltaf á forsendum framkvæmdarvaldsins og send hingað inn af því. Þingstörfin munu ekki taka breytingum og hætta að snúast um flokkapólitík fyrr en skilið verður á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og þingmenn fara að hafa öðrum hnöppum að hneppa en að verja sitt fólk sem fer með framkvæmdarvaldið.

Athyglisvert er að fregnir herma að kostnaðurinn við að koma á virku lýðræði í landinu vefjist fyrir mönnum. Hér voru nefnd hrossakaup fyrr í dag og vil ég í því samhengi minna á að u.þ.b. 900 millj. kr. voru afgreiddar til ýmissa verkefna á svokölluðum safnliðum fjárlaga hér skömmu eftir bankahrun og mjög skömmu fyrir jól. Þá veltu þingmenn ekki fyrir sér sparnaði og ég vil nota þetta tækifæri, virðulegur forseti, og gagnrýna það fyrirkomulag að þingmenn skuli hafa það verkefni með höndum að deila út fjármunum í þessum mæli til einstaklinga og félagasamtaka. Safnliðirnir kostuðu fimm til sex sinnum meira en gert er ráð fyrir að stjórnlagaþingið kunni að kosta og rétt er að benda á að ef mönnum er umhugað um sparnað þá sparast 180 til 200 millj. kr. við það að kjósa til stjórnlagaþings samhliða alþingiskosningum í apríl.

Ég hef áður rætt um það hér á þinginu að formaður Samfylkingarinnar hefur ítrekað rætt um beinna lýðræði og að auka þurfi atbeina borgaranna við ákvarðanatöku. Ég á því von á því að samfylkingarþingmenn veiti málinu brautargengi og hef svo sem fengið staðfestingu á því hér í dag. Ég á ekki von á því að hin lýðræðiselskandi vinstri græn leggi stein í götu málsins enda segir í stefnuyfirlýsingu þeirra að Vinstri hreyfingin – grænt framboð vilji byggja upp lýðræðislegt og réttlátt þjóðskipulag grundvallað á virkri þátttöku almennings. Ég sakna þeirra hins vegar í umræðunni í dag, virðulegi forseti.

Ég vil halda mig við málefnalegar staðreyndir í stað þess að elta órökstuddar dylgjur en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, var hér með órökstuddar dylgjur um hrossakaup og ýmislegt fleira sem ég ætla ekki að svara. Ég minni á að í málefnaskrá frjálslyndra segir að styrkja beri réttaröryggi borgaranna gegn löggjafarvaldinu og hinu opinbera eftir því sem framast er kostur og þetta er leiðin til þess.

Ég verð hins vegar að viðurkenna að fram hefur komið í umræðum hér í dag að sjálfstæðismenn virðast ekki vera mjög áfram um þessar breytingar. Velta má vöngum yfir því hvort sú andstaða sem sjálfstæðismenn hafa sýnt málinu sé til komin vegna þess að þeir hafa sjálfir farið með mikil völd í samfélaginu undanfarna áratugi, það gæti verið sárt að tapa þeim völdum. Þeir hafa t.d. verið andsnúnir því að Íslendingar skoðuðu hvað möguleg aðild okkar að Evrópusambandinu gæti falið í sér og athyglisvert er að velta því fyrir sér hvort það tengist áðurnefndum völdum þeirra í samfélaginu, sem sárt væri að tapa.

Ég ætla ekki að kveða upp dóm um það hér í dag hvort Íslendingum er betur borgið undir miðstýrðu valdi frá Evrópusambandinu í Brussel eða miðstýrðu valdi úr Valhöll. Ég held þó að það mundi vekja sérstaka athygli ef sjálfstæðismenn leggjast þverir gegn tillögum þáverandi utanríkisráðherra Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssonar, sem hafði forgöngu um að kynna þessar hugmyndir um stjórnlagaþing árið 1953, þar sem hann lagði áherslu á að málið væri alþjóðamál sem ekki mætti eingöngu líta á sem flokksmál og mikilsvert að vel yrði til vandað og skaplegt samkomulag tækist um. Það eina sem samkomulag þarf að nást um hér í dag, virðulegi forseti, er að viðurkenna að 65 ára þrautagöngu, sem litlu hefur skilað, sé lokið. Að öðrum kosti eru þeir að segja að bíllinn verði ekki mokaður upp úr snjóskaflinum af því að þeir nenni ekki að leita að skóflu.

Einangrunarstefna og löng valdaseta Sjálfstæðisflokksins má ekki koma í veg fyrir að þjóðin fái að taka afstöðu til málsins. Ég vil þó árétta að með þessu er ég ekki að kasta rýrð á einstaka þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þeir eru eins og við hin hið besta fólk og ég verð að viðurkenna að þar er að finna hreinustu perlur innan um, virðulegi forseti. En þeir eru mannlegir og breyskir og hafa að mínu

mati að nokkru leyti orðið, eins og við hin, fórnarlömb þeirrar þróunar sem orðið hefur á þingræðinu. En nú er mál að linni og þjóðin á næsta leik.

[16:54]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu hv. þm. Helgu Sigrúnar Harðardóttur komu fram ýmis sjónarmið og má taka undir sum þeirra, sérstaklega hvað varðar ýmsar efnisbreytingar á stjórnarskránni sem vissulega þarf að veita athygli. Ég minni samt hv. þm. Helgu Sigrúnu Harðardóttur, sem sér miklum ofsjónum yfir ofurvaldi Sjálfstæðisflokksins, að við erum ekki lengur í ríkisstjórn, sjálfstæðismenn, og höfum því ekki þau völd hér sem við vildum. Ég minni líka á að það verða kosningar 25. apríl, að öllum líkindum, þar sem þjóðin fær tækifæri til að velja menn og flokka til að sitja á Alþingi og í því kjöri mun þá endurspeglast hvaða áherslur þjóðin vill. Þess vegna held ég að ástæðulaust sé fyrir hv. þm. Helgu Sigrúnu Harðardóttur að ímynda sér, ef raunverulegur víðtækur áhugi er hjá þjóðinni á því að sett verði á fót stjórnlagaþing, að sú hugmynd deyi ef málið frestast fram yfir alþingiskosningar. Þá er hún að ímynda sér að þeir sem kjörnir verða á þing 25. apríl muni ekki endurspegla vilja þjóðarinnar og þá spyr ég: Hvers vegna? Hvað kemur hv. þingmanni til að ætla að þeir sem kosnir verða á þing 25. apríl muni ekki endurspegla vilja þjóðarinnar á því hvort menn vilji hafa stjórnlagaþing eða ekki?

Að lokum vil ég spyrja hv. þm. Helgu Sigrúnu Harðardóttur hvort hún telji að ástæða sé til að gera efnislegar breytingar á stjórnarskránni fyrir vorið ef efnt verður til stjórnlagaþings þegar að kosningum loknum.

[16:56]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Birgir Ármannsson hafi setið í þingsal allan tímann sem ég talaði þannig að mér finnst leitt ef það hefur ekki komist til skila að 65 ára þrautaganga sem ekki hefur skilað miklum breytingum á stjórnarskránni gerir það að verkum að ég tel að taka þurfi þennan kaleik frá stjórnmálamönnum. Málið snýst fyrst og fremst um það og ég held að hv. þm. Birgir Ármannsson sé vísvitandi að reyna að snúa út úr hér. Pólitíkin hefur ekki svör við þessum spurningum og við skulum bara hætta að spyrja þeirra og vísa málinu til stjórnarskrárgjafans sjálfs, þjóðarinnar.

Varðandi seinni spurninguna þá er hann væntanlega að spyrja um álit mitt á þremur breytingartillögum sem liggja fyrir í málaskrá ríkisstjórnarinnar. Ég verð að viðurkenna að sjálf hefði ég kosið að um þessar breytingar yrði fjallað á stjórnlagaþinginu. Hins vegar tilheyri ég þeim flokki sem ver núverandi ríkisstjórn vantrausti og um þau mál sem hún kann að leggja fram á þeim tíma sem þingið starfar fram að kosningum hef ég efnislega ekkert um að segja en mun taka afstöðu til þeirra þegar þau koma inn og þá ef.

[16:58]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mundi vilja umorða spurningu mína. Ég geri mér grein fyrir að hv. þm. Helga Sigrún Harðardóttir mun taka afstöðu til einstakra mála frá ríkisstjórninni eftir því sem þau koma fram og eftir því sem hún metur rétt en þá vil ég spyrja almennt: Telur hv. þingmaður einhvern tilgang í því að samþykkja þrjár efnislegar breytingar á stjórnarskránni nú fyrir vorið ef ætlunin er að efna til stjórnlagaþings þegar í sumar?

[16:59]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að svara spurningunni með sama hætti og áður. Ég tek afstöðu til þessara mála ef og þegar þau koma fram. Um einstök mál þessa efnis, þ.e. einstakar tillögur sem liggja fyrir á málaskrá ríkisstjórnarinnar, ætla ég ekki að úttala mig um hér og nú. Í prinsippinu hefði ég talið að um slík mál ætti að fjalla á stjórnlagaþinginu, þ.e. ef það verður að veruleika sem ég sannarlega vona því að ég held að þjóðin kalli eftir því og þeir flokkar sem ekki munu styðja þetta mál munu eiga erfitt uppdráttar í komandi kosningum.

[17:00]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var alveg gáttaður á ræðu hv. þingmanns og þeim sleggjudómum sem þar komu fram, sjálfstæðismenn þetta og sjálfstæðismenn hitt, valdastólum stýrt frá Valhöll o.s.frv. Ég vil taka fram, frú forseti, að ég hef talið mig vera nokkuð sjálfstæðan og óháðan þingmann þannig að ég mótmæli þessu harðlega — og er ég samt sjálfstæðismaður.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann um eitt vandkvæði. Hann hefur nefnilega svarið eið að stjórnarskránni og þar á meðal 79. gr.

Þar segir, með leyfi frú forseta:

„Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.“

Það er ekki hægt að breyta stjórnarskránni nema með þessum hætti. (Gripið fram í.) Allir þingmenn hafa svarið eið að stjórnarskránni og ef þeir samþykkja lög sem ganga á svig við þetta verða þeir bara að afsverja sig. Ég sé ekki neina lausn á þessum vanda aðra en þá að þessu ákvæði verði breytt í vor, þing rofið, kosið upp á nýtt og þá öðlast þau ákvæði gildi, fyrr ekki.

Ef menn ætla hins vegar að búa til nýtt stjórnlagaþing og að það semji nýja stjórnarskrá og hún tekur þá gildi eru menn í rauninni að segja að það sé bara ekkert að marka stjórnarskrár yfirleitt því að einhver aðili, einhver hópur eða einhver annar geti afnumið þær hvenær sem er.

Ég sé ekki eina einustu leið aðra en að menn breyti þessu ákvæði fyrst. Við verðum því miður að bera þessa virðingu fyrir löggjafanum og fyrir lýðræðinu, þetta er jú einu sinni stjórnarskrá okkar.

[17:02]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal viðurkenna að hv. þm. Pétur

Blöndal er ein af þessum perlum sem ég talaði um áðan sem tilheyra þó Sjálfstæðisflokknum. Hann átti nú einn og sjálfur kannski ekki alveg skilið allt það sem ég sagði því að hann hefur skorið sig dálítið úr þeim hópi svo maður sé sanngjarn í umfjöllun um sjálfstæðismenn eins og aðra. (Gripið fram í.) Pétur minn, þú ert dásamlegur.

Varðandi 79. gr. verð ég að viðurkenna að ég næ því ekki alveg hvað hv. þingmaður er að fara, það væri gott að fá hann til að útskýra það pínulítið betur. Ef ég skil hann rétt telur hann að ekki sé hægt að samþykkja þetta frumvarp núna, svo yrði náttúrlega að boða til kosninga og við kjósum 25. apríl og svo þarf nýtt þing að samþykkja þetta frumvarp á nýjan leik til að það verði að veruleika og taki gildi. Um hvað snýst þá málið? (**KHG:** Það … kjósa samhliða … stjórnlagaþing.) Ég verð að fá hv. þingmann til að útskýra það aðeins betur.

(**Forseti** (RR)**:** Forseti beinir þeim tilmælum til hv. þingmanna að þeir virði ávörp sem tíðkast hér í þinginu.)

[17:03]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér þykir mjög ánægjulegt að vera perla — meðan ég er ekki perlufesti.

Þessi 79. gr. segir fyrir um það hvernig eigi að breyta stjórnarskrá. Ef við ætlum að bera virðingu fyrir stjórnarskrám yfirleitt verðum við að virða ákvæðið, fara í gegnum það ferli og setja nýtt ákvæði í stjórnarskrána um það að þjóðaratkvæðagreiðsla breyti stjórnarskrá. Þá þarf að vera ákvæði um það hvernig sú þjóðaratkvæðagreiðsla eigi sér stað, hversu stór meiri hluti þurfi að vera o.s.frv. þannig að í vor þurfum við að samþykkja breytingu á stjórnarskránni í þessa veru.

Ég er mjög hlynntur stjórnlagaþingi, ég er mjög hlynntur nýrri stjórnarskrá svo það sé alveg á tæru. En við verðum að bera þá virðingu fyrir stjórnarskránni að fara þessa leið. Við getum samþykkt í vor þá breytingu á 79. gr. að þjóðaratkvæðagreiðsla breyti stjórnarskrá. Jafnframt getum við samþykkt lög um stjórnlagaþing, það er allt í lagi. En það má ekki taka gildi fyrr en nýtt Alþingi er búið að samþykkja þetta ákvæði, þessa breytingu á 79. gr., og búið að rjúfa þing aftur. Lýðræðið bara kostar þetta og menn þurfa að horfast í augu við það. Ef þeir ætla ekki að gera það, ef þeir ætla að gera eins og frumvarp framsóknarmanna gerir ráð fyrir, að hafa nýtt stjórnlagaþing og það bara setji nýja stjórnarskrá sisona er verið að segja fólki, mér og öllum öðrum, að það sé bara ekkert að marka stjórnarskrár, það sé hægt að taka þær úr gildi eins og ekkert sé og að það ákvæði sem stendur þarna í 79. gr. sé ekkert að marka, bara allt í plati.

Ég hef svarið eið að stjórnarskránni sem og aðrir þingmenn. Ég get ekki annað en farið eftir ákvæðum hennar.

[17:05]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér finnst dálítið athyglivert að hv. þm. Pétur Blöndal skuli standa hérna í dag og tala um að það þurfi að bera virðingu fyrir stjórnarskránni vegna þess að ég veit ekki betur en að í tvígang í vetur hafi verið sett lög sem ganga þvert gegn stjórnarskrá. Og ég veit ekki betur en að hv. þm. Pétur Blöndal hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu um þau mál. (**PHB:** Neyðarástand.)

Með því er ég ekki að segja að það sé í lagi, (**PHB:** Neyðarástand.) því fer fjarri. Af því að hv. þingmaður kallar hér fram í neyðarástand mundi ég halda að það neyðarástand stæði enn þá yfir og það væri mjög brýnt að leysa úr því. Þingið er óstarfhæft, hér á bekkjunum sitja 10 manns sem hafa allt framkvæmdarvaldið í höndum sér, meira og minna allt löggjafarvaldið og svo hafa 8 af þeim 10 sem sitja hér líka eftirlit með sjálfum sér.

Ég er ekki viss um það, hv. þm. Pétur Blöndal, að þessi málflutningur þinn hafi nokkra samúð en ég er sammála þér að við eigum að bera virðingu fyrir stjórnarskránni og ég efa það ekki að þeir lögfræðingar sem hafa bæði aðstoðað okkur framsóknarmenn við að skrifa þetta frumvarp, lesið það yfir hér í þinginu og víðar, hafi svör við þessum spurningum þó að ég hafi þau ekki hér í dag enda er ég bara búin að taka stjórnskipun 101, ef svo má segja.

[17:07]

Útbýting:

Aðför, nauðungarsala og gjaldþrotaskipti, 322. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 554.

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 317. mál, frv. iðnn., þskj. 549.

Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda á Reykjanesi, 316. mál, þáltill. BjörkG o.fl., þskj. 546.

[17:07]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég hef reynt að fylgjast með umræðunni hér í dag um þetta frumvarp um stjórnlagaþing og vil leggja orð í belg vegna þessa mikilvæga máls sem snýst í grunninn um breytingar á stjórnarskránni og þörfina fyrir þær.

Í mínum huga fjallar þetta mál fyrst og fremst um form, um það hvernig við eigum að standa að því að breyta stjórnarskrá. Það er út frá því gengið í þessu máli að það fyrirkomulag sem við höfum hingað til haft og höfum starfað eftir, til að mynda á síðasta kjörtímabili, sé úr sér gengið og gangi ekki lengur. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér finnst menn hafa verið býsna snöggir að komast að niðurstöðu og ekki nóg með það heldur líka að lausn á því hvernig höggva ætti á þennan hnút.

Það liggur fyrir að stjórnarskrárnefndin sem starfaði undir forustu framsóknarmanna á síðasta kjörtímabili, Jóns Kristjánssonar, hafði opnað þetta mál upp á gátt. Allir stjórnmálaflokkar voru sammála um að það þyrfti að nálgast endurskoðun á stjórnarskránni með hana meira eða minna alla undir þó að auðvitað væru nýjustu kaflarnir, til að mynda mannréttindakafli stjórnarskrárinnar, að sínu leyti undanskildir og þörfin fyrir breytingar á þeim ekki eins áríðandi og tiltektin sem menn hafa svo lengi talað um og vísað hefur verið til í umræðunni í dag. Það er auðvitað ýmislegt sem má betur fara í stjórnarskránni, margt þarf að skýra og það þarf að eiga sér stað ákveðin tiltekt, en ég er þeirrar skoðunar að menn hafi gert allt of mikið með það í umræðunni undanfarna daga og vikur og í umræðunum um þetta tiltekna mál að hér sé þörf fyrir nýja stjórnarskrá frá

grunni, allt of mikið úr þessu gert. Þrátt fyrir að innbyrðissamhengi í stjórnarskránni sé að sumu leyti óskýrt og það megi segja að sumt nánast stangist á og það komi af og til upp óheppileg tilvik þar sem menn greinir á um það nákvæmlega hvernig eigi að túlka stjórnarskrána eigum við í grundvallaratriðum ekki í neinum ágreiningi um það fyrir hvað stjórnarskráin stendur eða á hvaða stjórnskipan við byggjum hér á þessu landi.

Ég kannast heldur ekki við umræðu um það að það þurfi í grundvallaratriðum að kollvarpa því stjórnarfari eða þeim stjórnarskipunarreglum sem við hyggjumst beita hér í framtíðinni. Þess vegna segi ég að þetta frumvarp fjalli fyrst og fremst bara um formið. Við skulum skoða aðeins hvað hefur verið að gerast varðandi þær breytingar sem hafa verið í umræðunni.

Á síðasta kjörtímabili, eins og ég vék að, starfaði stjórnarskrárnefndin mjög opið, opnaði vefsíðu og fékk til sín fjölmargar hugmyndir og tillögur að breytingum á einstökum köflum stjórnarskrárinnar. Ég verð að segja að heilt yfir gekk það starf ágætlega. Það hefði mátt vera meiri kraftur í því á köflum en heilt yfir og sérstaklega þegar horft er til þess hversu mikið var undir gekk það starf ágætlega. Það starf hefur ekki verið virkt á þessu kjörtímabili en eins og fram hefur komið, m.a. frá Geir Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, stóð til að endurvekja þetta starf á síðari hluta þess kjörtímabils sem við erum núna að fara að ljúka. Þannig hefði nefndin farið af fullum krafti í þetta starf að nýju, byggt á þeirri vinnu sem þegar hafði verið unnin og þeim ábendingum sem nefndinni hefðu borist. Ég segi bara fullum fetum að það er engin ástæða til að ætla annað en að stjórnmálaflokkarnir í landinu hefðu getað komið sér saman um veigamiklar breytingar á stjórnarskránni sem koma til móts við þær kröfur um tiltekt og skýringar sem hér hafa helst verið í umræðunni, það er engin ástæða til að ætla annað.

Enda hefur það líka verið tilfellið hingað til. Þannig var það 1984 þegar kosningafyrirkomulaginu var breytt, þannig var það 1991 þegar deildaskipting Alþingis var afnumin, þannig var það 1995 þegar mannréttindakafli stjórnarskrárinnar var endurskrifaður og þannig var það þegar við breyttum kjördæmaskipaninni árið 1999. Þá komu allir stjórnmálaflokkarnir sameiginlega að því máli og leiddu þessi viðfangsefni. Þeir gerðu það og þetta eru veigamiklar breytingar. Ég hygg að það hafi komið fram í umræðunni í dag að við höfum breytt okkar stjórnarskrá til að mynda miklu meira og örar en Danir hafa gert síðustu 50–60 árin. Með vísan í þetta er auðvitað rangt sem er látið liggja að hér í umræðunni að stjórnmálaflokkarnir á Íslandi geti ekki komið sér saman um nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni. Dæmin eru til vitnis um annað.

Þess utan vil ég gera við það alvarlegar athugasemdir að þegar við förum í svona stórt mál eins og við ræðum hér, að endurskrifa stjórnarskrána frá grunni, skuli ekki einu sinni vera gerð tilraun til að koma stjórnmálaflokkunum saman um aðferðafræðina í því efni. Það er ekki einu sinni gerð tilraun til þess. Ég hygg að við vitum öll og það blasir við sérhverjum sem hefur fylgst með þessum málum, og það kom reyndar fram í framsögu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur hér fyrr í dag, að þetta mál á uppruna sinn hjá Framsóknarflokknum. (**BJJ:** Gott mál.) (Gripið fram í.) Þetta mál ratar inn á þingið núna vegna þess að Framsóknarflokkurinn gat sett það sem skilyrði fyrir stuðningi sínum við ríkisstjórnarflokkana tvo. (Gripið fram í.) Það er þannig sem þetta mál er til komið og það er þess vegna sem við erum að ræða það hérna í dag.

Þetta mál er ekki borið upp af ríkisstjórninni, þetta mál er ekki borið upp af þeim flokkum sem skipa bekkinn hérna, ráðherrasætin. (**Gripið fram í:** Besti flokkurinn.) (**Gripið fram í:** Og?) Þetta mál stafar frá einum stjórnmálaflokki og er að þessu leytinu til í grundvallaratriðum frábrugðið þegar við horfum til þess hvaða nálgun menn hafa hingað til haft við breytingar á stjórnarskránni. (Gripið fram í.) Við hljótum að gera athugasemdir við það. (**Gripið fram í:** Af hverju?) Við hljótum að gera athugasemdir við það að nú skuli horfið frá þeirri áratugagömlu venju að menn leiti samráðs allra stjórnmálaflokka við breytingar á stjórnarskránni eða aðferðir við breytingar á henni. (Gripið fram í.)

Við vitum t.d. ekki í þessari umræðu hérna hvort þessi ríkisstjórn, með stuðningi Framsóknar væntanlega, hyggst tefla fram hugmynd sem þó hafði tekist samkomulag um í stjórnarskrárnefndinni um aðferðafræðina við að breyta stjórnarskránni. Ég held að þegar við skoðum málið ofan í kjölinn og ræðum það sem þetta mál snýst um í raun, sem er sem sagt formið, sé það vegna þess hvaða reglur gilda um breytingar á stjórnarskránni, að formið og aðdragandinn að slíkum breytingum sé svo gallað að við séum föst í einhverjum hjólförum. Ég held að menn hafi sitthvað til síns máls í því efni. Það hefur sýnt sig að á fyrri hluta kjörtímabila hefur enginn kraftur verið í endurskoðun stjórnarskrárákvæða. Menn vita að slíkar breytingar munu alltaf þurfa að bíða þar til undir lok kjörtímabilsins og þá fyrst ríður á að þær verði afgreiddar. Kannski er dæmið sem ég vísaði til hérna áðan, að forsætisráðherrann fyrrverandi hugðist nota síðari hluta þessa kjörtímabils, besta dæmið um að þetta hefur farið í þennan farveg.

Þess vegna held ég að það hafi verið skynsamlegt og ég held að í því máli sem við erum hérna að ræða sé það reyndar skynsamlegasta leiðin, að miklu frekar en að efna til stjórnlagaþings — maður hlýtur að spyrja sig hvort það sé líklegra til að komast að einhverri niðurstöðu um þetta efni en þeir 63 sem eru kosnir til þessa þings hér vegna þess að ágreiningsefnin verða auðvitað nákvæmlega þau sömu og álitaefnin sömuleiðis. Hvers vegna ætti að vera eitthvað líklegra að þeir 63 einstaklingar ættu að komast að niðurstöðu um stór álitamál, eins og til að mynda hvort breyta ætti 26. gr., hvort hlutverk forseta Íslands eigi að taka til einhverrar endurskoðunar, með hvaða hætti ætti að fjalla um Hæstarétt í stjórnarskránni eða hvort við ættum að taka þingræðisregluna til endurskoðunar eða orða hana með öðrum hætti í stjórnarskránni? Hvar eru rökin fyrir því að nýtt stjórnlagaþing sé eitthvað líklegra en við hér, löggjafarsamkundan, til að komast að niðurstöðu um þessi atriði? (**BJJ:** Vertu jákvæður.)

Þess vegna held ég að við ættum miklu frekar en að ræða þörf — sem ég sé ekki að sé til staðar — til þess að endurskrifa stjórnarskrána frá grunni að ræða tillögu stjórnarskrárnefndarinnar um það hvernig við berum okkur að. Ef

við mundum afgreiða þá tillögu og opna sem sagt fyrir möguleika fyrir þingið til að gera breytingar á stjórnarskránni án þess að boða þyrfti til kosninga í kjölfarið tökum við þetta meginatriði sem hefur kannski staðið í vegi fyrir breytingum hingað til og kraftmikilli umræðu fyrri hluta kjörtímabils um breytingar á stjórnarskránni úr sambandi. Ég held að það færi betur á því að menn mundu setja þetta mál dálítið í samhengi við þá tillögu. Hún nefnilega stafar frá fulltrúum allra flokka sem eiga sæti á þinginu. Hún er ekki beint gömul, þessi tillaga.

Hvenær fæddist þessi tillaga? Hún fæddist í aðdraganda kosninganna þegar menn horfðu fram á það að þrátt fyrir þá vinnu sem var búið að leggja í og allar þær ábendingar sem borist höfðu stjórnarskrárnefndinni náðu menn ekki að klára verkefnið. Þó að í sjálfu sér megi gera við það athugasemdir og harma það — ég tók sæti í þessari nefnd eftir að breytingar urðu á mannaskipan þar — var það fyrir mitt leyti ekki neitt stórtjón. Breytingar á stjórnarskránni eru í mínum huga ekki jafnáríðandi og sumir vilja meina sem tekið hafa þátt í umræðunni hér. Við eigum samt að halda okkar striki og það verður að halda þessari vinnu áfram. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að það eru ákveðin vonbrigði að við skyldum láta málið falla í þann farveg að starfið hefur ekki verið virkt síðustu u.þ.b. tvö árin.

Þegar menn sem sagt áttuðu sig á því fyrir síðustu kosningar að ekki mundi takast samkomulag um veigamiklar breytingar á stjórnarskránni tefldu menn fram þeirri hugmynd að við skyldum breyta fyrirkomulaginu við breytingar á stjórnarskránni. Ég held að það hafi verið skynsamlegt og við ættum miklu frekar að ræða hana hér en við vitum ekki einu sinni hvort þær breytingar sem ríkisstjórnin hefur kynnt að verði gerðar á stjórnarskránni muni byggja á þeirri tillögu eða ekki. Við erum hér með fréttatilkynningu frá forsætisráðuneytinu þar sem fram kemur að ráðgjafarhópur ríkisstjórnarinnar sé að vinna að tillögum um breytingar á stjórnarskránni og það er hálfeinkennilegt að þeim ráðgjafarhópi er m.a. ætlað að móta tillögur um bráðabirgðaákvæði í stjórnarskránni vegna stjórnlagaþings. Þetta er nú öll samstaðan og samráðið sem er á milli Framsóknar og ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Við eigum sem sagt von á öðru frumvarpi um nákvæmlega sama málið frá ráðgjafarhópi ríkisstjórnarinnar, nákvæmlega þetta mál sem við erum að ræða hérna í dag. Það verður ekki annað skilið af fréttatilkynningu forsætisráðuneytisins en að við eigum von á nákvæmlega sama málinu frá þeim og við erum að ræða hér.

Þegar maður horfir á málið í heildarsamhengi hlutanna hefur maður enga tilfinningu fyrir því að þessi ríkisstjórn sé með einhverja sannfæringu fyrir þessu máli Framsóknar. Það er stórmerkilegt. Þó að hæstv. utanríkisráðherra hafi lýst hrifningu sinni hef ég enga sannfæringu fyrir því að þingmenn stjórnarflokkanna tveggja séu með á þessu máli, ég hef enga sannfæringu fyrir því. (Gripið fram í.) Ekki hef ég séð marga vinstri græna í ræðustólnum í dag að mæla fyrir þessu máli eða lýsa ánægju sinni með það. Ég kannast ekki við það.

Ég spyr mig líka: Hvers vegna eru þeir ekki bara einfaldlega á málinu, hvers vegna eru þeir ekki á þessu máli? Hvers vegna er þetta ekki bara stjórnarfrumvarp ef það er svona gott samkomulag um þetta á milli stjórnarflokkanna og Framsóknar? (**EyH:** Af hverju þurfa öll frumvörp að vera stjórnarfrumvörp?)

Þar fyrir utan hlýtur að vera dálítið merkilegt að þeir sem aðhyllast þessa leið við að breyta stjórnarskránni og vilja koma hér á stjórnlagaþingi í þeim tilgangi skuli á sama tíma ætla að standa að breytingartillögum á stjórnarskránni sem varða grundvallaratriði, atriði eins og það hvernig við stöndum að þjóðaratkvæðagreiðslu, hvernig verður farið með auðlindaákvæði stjórnarskrárinnar og annað þess háttar. Á sama tíma og menn hafa sannfæringu fyrir því að stjórnlagaþing sé besti vettvangurinn eru menn nefnilega með ákveðnar hugmyndir sem þeir treysta sér sjálfir til þess að klára áður en stjórnlagaþingið kemur saman. Auðvitað er í þessu falin augljós mótsögn og algjör þversögn í raun og veru við grunnástæður fyrir frumvarpinu sem er hérna til umfjöllunar og menn hafa afskaplega lítið gert til þess að reyna að bregðast við athugasemdum um þetta atriði. Það er ósannfærandi málflutningur að koma á sama tíma með breytingartillögur að stjórnarskránni og menn segja í hinu orðinu að stjórnlagaþing sé rétti vettvangurinn til að breyta stjórnarskrá. Hvað halda menn annars að þessi nýju ákvæði sem menn ætla að mæla fyrir fái að lifa lengi þegar heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar á síðan að fara fram beint í kjölfarið?

Ég held að ég hafi gert grein fyrir helstu athugasemdum mínum við þetta frumvarp en það gengur síðan væntanlega til nefndar og við (Forseti hringir.) höldum áfram að ræða það við 2. umr.

[17:23]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég varð fyrir töluverðum vonbrigðum með ræðu hv. þm. Bjarna Benediktssonar. Ég var þeirrar skoðunar eða vonaði að Sjálfstæðisflokkurinn mundi nú, þegar þjóðin kallar á breytingar, koma fram og viðurkenna að stjórnarfyrirkomulag síðustu ára gengur einfaldlega ekki upp. Það er ekki bara eftirlitshlutverk Seðlabankans eða Fjármálaeftirlitsins sem hefur brugðist. Þrígreining ríkisvaldsins að vald verði aðeins temprað með valdi hefur líka brugðist og það sem hv. þingmaður boðaði hér er óbreytt ástand og að ægisvaldi framkvæmdarvaldsins yfir þinginu verði fram haldið. Þannig skildi ég hv. þingmann. Eða með öðrum orðum að hinn þungi hrammur flokksræðisins á Alþingi er það sem Sjálfstæðisflokkurinn boðar. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með að ungur þingmaður skyldi koma fram og boða óbreytt ástand. Ég held að þjóðin þurfi fyrst og fremst á því að halda að við boðum til stjórnlagaþings, þingmennirnir sjálfir eiga ekki að vinna í því að breyta og móta eigin starfsreglur og ég óttast ekki, eins og hv. þingmaðurýjaði að, að þarna verði ekki unnið af fagmennsku. Ég veit að svo verður. Auðvitað munu einhverjar breytingar verða gerðar sem munu ekki hugnast Sjálfstæðisflokknum eða einhverjum öðrum flokkum. En þetta á líka (Forseti hringir.) að vera stjórnlagaþing óháð flokkapólitík. Þjóðin (Forseti hringir.) á að fá að klára þessa hluti, (Forseti hringir.) ekki þingmenn. (Gripið fram í.)

[17:25]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem ég gerði athugasemdir við í máli mínu var fyrst og fremst að nú hafa menn fundið upp einhverja nýja leið til að nálgast breytingar á stjórnarskránni. Ég gerði athugasemdir við að menn hafa horfið frá því að leita samráðs stjórnmálaflokka við breytingar á stjórnarskrá. Þetta er grundvallaratriði. Vel getur verið að Framsóknarflokknum þyki sú hugmynd að búa til stjórnlagaþing fín. (Gripið fram í.) Ekkert samráð hefur verið haft við aðra flokka um þá aðferðafræði, (Gripið fram í.) heldur var það einungis skilyrði fyrir því að verja ríkisstjórnina vantrausti að samþykkt var að þetta kæmist á dagskrá á þinginu. Það er undir þeim formerkjum sem við ræðum þetta hér. Ég geri athugasemdir við það að við skulum undir þessum kringumstæðum ræða jafnstórt mál og það sem er til umfjöllunar vegna þess, eins og ég sagði áðan, að ég hef enga sannfæringu fyrir því að stjórnarflokkarnir tveir ætli að styðja þetta mál. Þeir gera það ekki í orði kveðnu í þingsalnum. Þeir koma ekki hingað upp og fagna fram komnu máli eða gefa til kynna með nokkrum hætti að þeir styðji það. Þetta er vandamál sem Framsóknarflokkurinn hlýtur að horfast í augu við. Það er engin breið samstaða um málið. Þannig er það.

Ég tala ekki fyrir því að við stöndum í vegi fyrir öllum breytingum á stjórnarskránni. Ég held að það hafi komist ágætlega til skila hjá mér að ég tel að þörf sé á slíkum breytingum. En við erum að ræða um formið í dag og ég verð að lýsa mig ósammála þeim sem treysta ekki löggjafarsamkundunni til að leysa þann vanda sem við blasir, þ. e. að það þurfi að taka til og skýra ýmis ákvæði í stjórnarskránni. Ég treysti löggjafarsamkundunni ágætlega til þess. Ég nefndi dæmi um breytingu á stjórnarskránni sem ætti að vera til þess fallin að liðka fyrir að slíkar breytingar nái fram að ganga.

[17:27]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við framsóknarmenn viljum að sjálfsögðu hafa samráð þegar um er að ræða breytingar á stjórnarskránni. En þegar við tölum um að við ætlum að láta þjóðina ráða þá þýðir það að við ætlum að láta þjóðina ráða. Það þýðir ekki að koma hér fram og fullyrða að ekki sé breið samstaða um þetta á þingi. Þetta er í stjórnarsáttmála Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Þetta er reyndar eitt af skilyrðum okkar, það er alveg rétt. Skilyrði eru skilyrði og við ætlumst til að þetta fari í gegn. Það er í sjálfu sér ótrúlegt að standa í þessum ræðustól eftir allt sem hefur á undan gengið, eftir óeirðirnar hér úti á Austurvelli þar sem þjóðin krafðist þess að hér yrðu viðhöfð vönduð vinnubrögð. Það þarf að breyta þessum vinnubrögðum. Eru menn ekki sammála um það? Hvað hefur verið gert á undanförnum (Forseti hringir.) áratugum til að breyta þessum vinnubrögðum? Akkúrat ekki neitt og þar hafa sjálfstæðismenn (Forseti hringir.) fyrst og fremst verið við stjórnvölinn. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (RR)**:** Forseti biður þingmenn að virða þá tímalengd (Gripið fram í.) sem þeir hafa í ræðustól í andsvörum.)

[17:29]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Sjálfstæðisflokknum er kennt um allt þessa dagana. Framsókn fór úr ríkisstjórn fyrir tæpum tveimur árum eftir að hafa setið þar í 12 ár en nú koma þingmenn Framsóknar hingað upp og tala eins og Sjálfstæðisflokkurinn hafi einn ráðið í áratugi. (Gripið fram í.) Gefið er í skyn í umræðunni að Sjálfstæðisflokkurinn hafi staðið í vegi fyrir öllum breytingum á stjórnarskránni.

Ég rakti í máli mínu áðan margar breytingar á stjórnarskránni sem flokkarnir hafa komið sér saman um og við höfum tiltölulega nýlega innleitt í stjórnarskrána eftir samráð allra flokka. Það er eins og menn vilji ekki heyra það sem ég vek athygli á hér. Það sem er óvanalegt við þetta mál er að fullkominn skortur er á samráði milli stjórnmálaflokkanna um hvernig breyta á grundvallarlögum í landinu, hvernig breyta á stjórnarskránni. Vegna víðtækra mótmæla fyrir utan er ætlast til að Sjálfstæðisflokkurinn fallist á það að vera ekki hafður með í ráðum þegar hugmyndum í þessu efni er teflt fram. (Gripið fram í.) Sérstaklega líka að vegna þess hve lengi hann var við völd skuli hann bara halda sig til hlés. Menn verða að geta rætt þessi mál efnislega.

[17:30]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef einhvern tíma minnst á að þegar Framsóknarflokkurinn fór úr ríkisstjórnarsamstarfinu með Sjálfstæðisflokknum hafi þótt ansi mikill hjónasvipur með okkur. Það var hjónasvipur sem við vorum kannski ekkert sérstaklega sátt við en það kenndi okkur samt að við vorum margbúin að reyna að koma einhverjum breytingum í gegn og ekkert gekk þannig að við sáum svo sem ekki mikla ástæðu til að tala við þennan fyrrverandi maka okkar varðandi breytingar. Í fyrrverandi stjórnarskrárnefnd voru ýmis þungavigtarmál rædd. Hv. þm. Bjarni Benediktsson segir að hann sjái ekki neina nauðsyn á nýrri stjórnarskrá þó að sumt sé óljóst í stjórnarskránni. En það er ekki bara sumt sem er óljóst í stjórnarskránni, það eru þungavigtarmál sem eru mjög óljós. Til dæmis er ekki minnst einu orði á hina svokölluðu þingræðisreglu í stjórnarskránni þó að við séum öll að vinna samkvæmt henni. Það er einnig ýmislegt óljóst varðandi það hvert hlutverk forseta er og ég veit ekki betur en Sjálfstæðisflokkurinn hafi gert miklar athugasemdir við það hvernig núverandi forseti hefur sinnt hlutverki sínu. Margt varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur er mjög óljóst og um það urðu heilmikil átök. Það var kannski eitt af fáum málum sem Sjálfstæðisflokkurinn var tilbúinn til að taka á og sérstaklega hvað varðaði það að takmarka vald forseta og möguleika hans á því að synja málum og vísa þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það kemur hvergi fram í stjórnarskránni hvernig eigi að tryggja eftirlit einstakra hluta ríkisvaldsins og það má minna á að það hefur verið reynt í 65 ár að breyta stjórnarskránni, ekki bara á því 12 ára tímabili sem við vorum í ríkisstjórnarsamstarfi með Sjálfstæðisflokknum eða á þeim 6 árum sem hann var síðan í viðbót, það eru … mál og hefur ekki gengið neitt og sérstaklega má minna á hvernig meiri hluti hefur troðið á minni hluta á Alþingi.

[17:32]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er alveg tilbúinn til að ræða þörfina fyrir einstakar efnisbreytingar á stjórnarskránni og það væri ágætt ef við værum að ræða það hér, að einhverjar tilteknar efnislegar tillögur væru til breytinga á stjórnarskránni, í einstökum köflum hennar eða greinum, sem væru undir. En við erum ekki að ræða það í dag. Ég hef aldrei gert lítið úr þörfinni fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar, þvert á móti. Ég sat í nefndinni sem ríkisstjórnin skipaði á sínum tíma til að vinna það verk og held að ég sé því ágætlega að mér um þörfina fyrir ýmsar breytingar og ég hef þá skoðun að það þurfi margt að skýra í stjórnarskránni og taka til endurskoðunar. En við erum ekki að ræða um það hér. Við erum að ræða hvernig skuli staðið að breytingum á stjórnarskránni í framtíðinni og ekkert síður hvort þörf sé á því að endurskrifa stjórnarskrána frá grunni. Ef menn eru þeirrar skoðunar þá hljóta að vera einhver veigamikil stór atriði í stjórnskipuninni í dag sem menn telja að hafi brugðist, að hafi brostið. Mér finnst menn vera að gefa það til kynna að einhverjir slíkir brestir liggi nærri rót þess vanda sem við erum að fást við í dag í efnahagslegu tilliti. Þessu er ég einfaldlega ósammála. Ég held að það sé ekkert í grundvelli stjórnarskrárinnar eða því með hvaða hætti við flytjum valdið á milli einstakra þátta ríkisvaldsins sem hafi með það að gera hvernig fyrir er komið í efnahagsmálunum. Ég er ósammála því. Þess vegna finnst mér að menn geri of mikið úr þörfinni fyrir að endurskoða stjórnarskrána frá grunni, mér finnst það sjálfum. Ég hef setið stjórnskipunarkúrs í Háskóla Íslands og ég þykist vita að menn eru nokkurn veginn með það á hreinu hvað stendur í stjórnarskránni og hvernig eigi að túlka hana, þó að þar þurfi að taka ýmislegt til endurskoðunar.

[17:34]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það hvernig sjálfstæðismenn hafa háttað ræðum sínum í þessu máli sýnir bara — (Gripið fram í.) þetta á við um þá alla — algert áhugaleysi þeirra á lýðræðinu og að hlusta á almenning. Mér finnst líka mjög einkennilegt hve sjálfstæðismenn virðast eiga í miklum erfiðleikum með hin nýju vinnubrögð sem verið er að reyna að innleiða á þinginu. Að það sé þannig að í staðinn fyrir að mál séu lögð fram á vegum ríkisstjórnarinnar þá geti einstakir þingmenn nú loksins farið að beita sér og lagt fram mál og — (**Gripið fram í:** Er það eitthvað nýtt?) já, það er eitthvað nýtt. (**Gripið fram í:** Nei.) Sjálfstæðismenn virðast eiga mjög erfitt með að ná utan um slík vinnubrögð. Það má minna á að þó að það sé ekki þannig að það séu ákveðnir þingmenn sem eru á málinu þá þýðir það ekki að það sé ákveðið samkomulag um það mál.

[17:36]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Nýju vinnubrögðin sem ég hef verið að gera athugasemdir við snúa að því að nú er verið að nálgast þetta viðfangsefni með nýjum hætti, þ.e. að ekki er lengur þörf fyrir samráð allra stjórnmálaflokka þegar verið er að huga að breytingum á stjórnarskránni. Ég leyfi mér að gera athugasemdir við það. Það hefur þótt farsælast hingað til til breytinga á grundvallarlögum að leita samráðs allra stjórnmálaflokkanna og ég tel enn að það sé langheppilegast. Það er ástæðan fyrir því að ég hef frammi þessar athugasemdir og ég vék að því í fyrstu ræðu minni að langheppilegast hefði verið að fara þá leið sem stjórnarskrárnefndin lagði til varðandi breytingar á stjórnarskránni. Það hefði gefið nýju Alþingi tækifæri til að fara í vinnu við breytingar á stjórnarskránni án þess að það mundi í kjölfarið leiða til þess að boðað yrði til kosninga.

[17:37]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það var athyglisvert að heyra málflutning hins unga þingmanns hv. Bjarna Benediktssonar sem er þó örlítið eldri en ég. Hann hefur gefið kost á sér til forustustarfa í Sjálfstæðisflokknum og ég hef trú á því að honum verði vel ágengt á því sviði. Þess vegna voru það gríðarleg vonbrigði að hlusta á málflutning þingmannsins þar sem hann talar um hefðir og að það megi engu breyta. Hann finnur að því að þingflokkur framsóknarmanna skuli hafa vogað sér að leggja fram frumvarp á Alþingi um stjórnlagaþing. Hvað felur það í sér? Frumvarp um stjórnlagaþing felur það í sér að við ætlum að koma okkur upp úr því hjólfari sem við höfum verið í á undanförnum árum og við viljum breytingar og við treystum almenningi, við treystum háskólaprófessorum. Það er einfaldlega ekki þannig að það þing sem er hér starfandi sé miklu vitrara en einhverjir aðrir 63 einstaklingar. Mér fannst hv. þingmaður tala á þeim nótum að þessi mál ættu einungis að vera til endurskoðunar á vettvangi Alþingis.

Af því að hv. þingmaður var að stæra sig af því að hafa setið stjórnskipulagskúrs í Háskóla Íslands þá býst ég við að lærifaðir hans á þeim stað hafi verið Eiríkur Tómasson lagaprófessor, að hann hafi einhvern tíma komið að því að kenna hv. þingmanni þessi fræði. Ég vil benda á það að sá virti fræðimaður hefur mælt mjög fyrir því að menn klári þetta mál á vettvangi þingsins þannig að samhliða næstu alþingiskosningum verði hægt að kjósa til stjórnlagaþings. Ég skammast mín ekkert fyrir það, hæstv. forseti, að hafa þá trú á mörgum hæfileikaríkum Íslendingum að þeir geti komið að því að endurskoða stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Ég skammast mín ekkert fyrir það og það er slæmur tónn hjá sjálfstæðismönnum að koma inn í umræðuna og lýsa því yfir að Framsóknarflokkurinn hafi rofið einhverja hefð á þinginu sem geti orðið til þess að þetta mál nái ekki fram að ganga. Mér heyrist sjálfstæðismenn hér á þingi ætla að leggja stein í götu þess að stjórnlagaþing verði að veruleika á næstu mánuðum.

[17:39]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í hvert einasta sinn sem menn hafa komið fram með breytingartillögur til breytinga á stjórnarskránni þá hefur farið af stað umræða í þinginu um mikilvægi þess að menn hafi samráð um slíkar tillögur. Það er engin ástæða til að furða sig á því. Það er rangt sem sagt er hér og hv. þingmaður vék að í andsvari sínu, að ég sé að tala fyrir því að engu megi breyta. Ég skal segja það í

fjórða eða fimmta sinn: Ég er þeirrar skoðunar að margt þurfi að laga í stjórnarskránni og að henni þurfi að breyta. Það þurfi að taka til í ýmsum ákvæðum hennar og skýra ýmislegt. Við erum að fjalla um það — (**BJJ:** En ekki stjórnlagaþing?) við erum ekki að fjalla um þessi efnisatriði, við erum að fjalla um formið. (**RR:** Við vorum að tala um form.) Hér var vikið að sjónarmiðum Eiríks Tómassonar prófessors við háskólann. Ég ætla að taka það fyrst fram: Ég treysti líka sérfræðingum. Ég treysti háskólaprófessorum og ég treysti öðrum sérfræðingum. Ég starfaði með þessum aðilum öllum saman í stjórnarskrárnefndinni og það er látið að því liggja að með því að hafa í frammi athugasemdir við þetta frumvarp vilji maður ekki treysta sérfræðingum til ráðgjafar við breytingar á stjórnarskránni. Hvers konar þvættingur er þetta? (**BJJ:** Það er bara þingið sem má það.) Þetta er bara alger þvættingur. Það er þingið sem stýrir umræðum um breytingar á stjórnarskránni, teflir þeim fram, að sjálfsögðu í samræmi við færustu sérfræðinga á því sviði. Að sjálfsögðu eftir slíkt samráð.

Við erum að tala um formið. Eiríkur Tómasson styður þetta frumvarp. Það er fínt. Hann hefur sínar skýringar á því. Hverjar eru helstu röksemdir hans fyrir að styðja þetta mál? Jú, hann hefur vakið athygli á því að þinginu hefur gengið illa að koma í gegn breytingartillögum. Þinginu hefur ekki gengið nægilega vel að sammælast um einstakar breytingartillögur og ég vék að því áðan. Það er leið út úr þeirri stöðu og hún felst í því að taka til umfjöllunar tillögur stjórnarskrárnefndarinnar eins og þær komu fram fyrir tveimur árum síðan.

[17:41]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er mjög erfitt að átta sig á málflutningi þingmanna Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu fyrir utan hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hefur ólíkt félögum sínum tekið nokkuð vel í þessar hugmyndir. Ég ætla héðan úr ræðustól Alþingis að skora á hv. þingmann að bjóða sig fram til forustu í Sjálfstæðisflokknum. Ég held að það væri nær lagi að þessi tónn kæmi frá forustu Sjálfstæðisflokksins. Það væri nær lagi.

Þegar hv. þm. Bjarni Benediktsson talar um að það hafi verið erfitt að koma fram breytingum á vettvangi þingsins þá er það alveg rétt. Þarsíðasta ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks sprakk nærri því á því að við framsóknarmenn náðum ekki í gegn að sett yrði ákvæði í stjórnarskrá um að auðlindir sjávar væru sameign þjóðarinnar. Það var Sjálfstæðisflokkurinn sem lagðist gegn því og ég held að Sjálfstæðisflokkurinn sé hér í grímulausu hagsmunapoti fyrir óbreytt ástand. Það má engu breyta og það mega engir aðrir koma að því en sérstaklega kjörnir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, svei mér þá.

[17:43]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að allar ábendingar um efnislegar breytingar á stjórnarskránni sem verið er að vísa til í umræðunni eru utan efnissviðs þessa frumvarps. Við erum bara að tala um formið. Umræðan í dag og um þetta tiltekna (**BJJ:** Þú ert á móti forminu.) frumvarp snýst um formbreytingar á stjórnarskránni, þ.e. hvernig berum við okkur að. Það er látið að því liggja að vegna þess að maður fellst ekki umyrðalaust á tillögu Framsóknar í því efni þá sé maður á móti öllum efnisbreytingum á stjórnarskránni. Þetta er rangt. Ég mótmæli því að Sjálfstæðisflokkurinn standi í vegi fyrir tiltektum, lagfæringum og skýringum á stjórnarskránni. Við höfum ávallt sagt að þörf væri á slíku. Við höfum tekið þátt í slíku starfi í samstarfi við aðra flokka og ég vil bara nota þetta tækifæri til að harma það einu sinni enn að menn ætli að æða fram með breytingar af þessum toga án þess einu sinni að leita samráðs við (Forseti hringir.) aðra stjórnmálaflokka um það hvernig við eigum að bera okkur að við jafnmikilvæg mál.

[17:44]

Útbýting:

Bráðabirgðalög, 318. mál, fsp. KHG, þskj. 550.

Eystrasaltsrússar á Íslandi, 323. mál, fsp. MÁ, þskj. 555.

Markaður fyrir hvalkjöt, 319. mál, fsp. HHj, þskj. 551.

Tillögur nefndar um endurreisn bankakerfisins, 320. mál, fsp. GSB, þskj. 552.

[17:44]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum afskaplega merkilegt mál og mér þykir mjög vænt um að það sé komið fram. Það er mjög gott að fá umræðu um stjórnlagaþing, stjórnarskrána og allt slíkt og ég tel að menn eigi að taka þetta mjög alvarlega. Þetta er gott mál.

Ég hef svo sem nokkrum sinnum lagt til breytingar á stjórnarskránni. Ég hef lagt fram frumvarp um að afnema forsetaembættið vegna þess að það er mjög undarlegt fyrirbæri í stjórnskipuninni. Það er bæði framkvæmdarvald og löggjafarvald. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar stendur að forseti sé bæði löggjafarvald og fari líka með framkvæmdarvald. Þannig að það er mjög undarlegt.

Svo hef ég lagt til líka að ráðherrar séu ekki þingmenn — eða verið með á því frumvarpi með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Ég hef reyndar einnig lagt til að þingmönnum verði fækkað niður í 41. Það mundi ekki breyta neinu nema kannski valdahlutföllum. Fleiri varaþingmenn kæmu inn fyrir þá flokka sem færu í ríkisstjórn. Í sjálfu sér mundi það ekki breyta neinu að hafa 41 þingmann. Þeir eru 41 núna sem eru starfandi í þinginu, í nefndum og utanlandsstarfinu og öllu slíku. Ráðherrar eru ekkert í því þannig að það mundi engu breyta og við spöruðum helling af pening.

Breyting á stjórnarskrá er heimspeki. Eftir gerð frönsku stjórnarskrárinnar komust menn að því að ekki væri gott að einn maður setti lög, framkvæmdi þau og dæmdi samkvæmt þeim. Það er ekki gott. Einstaklingurinn er gjörsamlega ofurseldur slíkum manni hvort sem hann heitir keisari, kóngur, fursti eða eitthvað annað. Þannig að heimspekingarnir í frönsku byltingunni, Rousseau og fleiri, bentu á að skipta þyrfti þessu valdi í þrennt, framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald. Þannig að stjórnlagaþing og stjórnarskrá eru heimspeki, en ekki lögfræði. Svipað og boðorðin tíu, sem eru mjög klár, mjög einföld og segja helling og eru eiginlega grundvöllur siðfræði okkar.

Ég tel að hafa ætti stjórnarskrána í þremur flokkum

hvað varðar mannréttindi. 1. gr. stjórnarskrárinnar segði að engan mann mætti drepa. Það er svo einfalt. Vegna þess að ef drepa má mann er allt hitt ónýtt. Málfrelsið og eignarrétturinn og allt það er ónýtt. Þannig að þetta er grundvallaratriði.

Síðan kemur annar kafli mannréttinda sem verndar einstaklinga fyrir öðrum einstaklingum og ríkisvaldinu, það er málfrelsi, eignarréttur o.s.frv., mörg ákvæði sem vernda einstaklinga fyrir öðrum einstaklingum, rétturinn á lífi og limum o.s.frv. Þessi tvö atriði eru algjörlega óháð landamærum og gilda um allan heim. Við megum ekki hvika frá þessum mannréttindum.

Svo eru það mannréttindi þar sem einstaklingar eiga kröfu á annað fólk eða samfélagið. Framfærslukrafa barna til foreldra sinna, framfærsluskylda sveitarfélaga og ríkisins til öryrkja og aldraða. Þetta eru kröfur einstaklingsins á annað fólk og þær kröfur og þau mannréttindi eru háð landamærum. Það er bara þannig. Það er fólk sem sveltur í Sómalíu. Þar getur verið að réttur móðurinnar til lífs sé meiri, sbr. 1. gr., en réttur barnsins til umönnunar. Veruleikinn er bara svoleiðis. Hann er oft mjög dapurlegur. Þannig að þessi mannréttindi eru háð umhverfinu, efnahagskerfinu og öllu því.

Þetta á að koma fyrst í stjórnarskránni. Síðan kemur stjórnskipunin. Af hverju þarf að koma stjórnskipun? Til að tryggja hin þrjú atriðin, réttinn á lífið, löggæslu, réttinn á vörn gegn öðrum og rétt eða kröfu á annað fólk og samfélagið. Til þess þarf stjórnskipun, ríki. Ríkið þarf að skiptast í þrennt og þessi kafli stjórnarskrárinnar á að vera í þremur pörtum. Þar á að standa: Ríkisvaldið skiptist í þrennt, og svo á að telja þessi atriði. T.d. er ekki orð um Hæstarétt í núgildandi stjórnarskrá. Hann er ekki til. Þannig að lýsingu á dómskerfinu vantar. Það vantar lýsingu á framkvæmdarvaldinu og enn betri lýsingu á löggjafarvaldinu. Þetta þarf að vera algjörlega aðskilið. Þess vegna sé ég ekki að forseti Íslands geti komið inn í þessa mynd nema sem dómsvald, löggjafarvald eða framkvæmdarvald.

Stjórnarskráin á að vera stutt og hnitmiðuð og vera segjandi. Hún á að segja eitthvað og það sem hún segir á að vera rétt. Í 25. gr. núgildandi stjórnarskrár stendur, með leyfi herra forseta:

„Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta.“ — Bíddu. Er þetta eitthvað í gildi? Í 20. gr. stendur: — „Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.“ — Og hann veitir lausn.

Svo er það 21. gr. Hún er merkileg, með leyfi forseta:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki.“

Mjög merkilegt. Með því að lesa stjórnarskrána gæti maður haldið að forseti Íslands væri rosalega valdamikill. En það er allt saman villa vegna þess að svo er ákvæði um að forseti láti ráðherra framkvæma vald sitt. Þá er allt hitt tekið í burtu. Ekkert er að marka það sem þar stendur. Einhver sem les stjórnarskrána heldur að þetta sé svona. En það er ekki rétt, það þarf aldeilis að laga þessi atriði þannig að stjórnarskráin sé segjandi.

Ég held að það sem hafi gerst sé það að kóngurinn í Danmörku hafi þurft að afsala sér völdum af því að frelsisbylgja var komin um Evrópu. Völdin voru tekin af honum. Ég þekki söguna ekki nákvæmlega en þingið hefur örugglega tekið af honum völdin eftir eitthvert stríðið sem hann tapaði. En til að hafa þetta í lagi var hann látinn halda völdunum nokkurn veginn. Svo var bætt við fyrir aftan að ráðherra framkvæmi vald kóngsins. Síðan gaf kóngurinn okkur þessa stjórnarskrá og hún er nákvæmlega eins. Ég sé enga ástæðu til að menn hafi breytt því. Svo við lýðveldisstofnunina tóku menn hana svona „copy-paste“ og þýddu og settu forseta í staðinn fyrir kóng. Þess vegna var ekki bara kóngurinn heldur forsetinn líka skattfrjáls lengi vel. Svo var samþykkt frumvarp, sem ég flutti reyndar, um það að hann skyldi borga skatt eins og annað fólk. Þá kom í ljós að tvöfalda þurfti launin hans því skattfrelsið var svo mikið þegar hann var skattfrjáls af öllu. Virðisaukaskatt og vörugjöld og tekjuskatt og ég veit ekki hvað. Eignarskatt og alls konar. Makinn var líka skattfrjáls um allan heim.

Frumvarpið sem við ræðum um stjórnarskrána er mjög merkilegt og ég tek gjarnan undir það og vil sjá eitthvað gerast. Þar eru ákveðin praktísk vandamál sem hv. nefnd, sem fær þetta til umsagnar og umfjöllunar, þarf að laga. Í fyrsta lagi meðmæli 300 kjósenda. Það er dálítið þungur þröskuldur að komast yfir að ná í 300 meðmæli. En 300 manna hópur gæti gert þetta fyrir allan hópinn, að láta blöðin ganga. Þá væru allt í einu komnir 300 frambjóðendur til stjórnlagaþingsins. Þetta gengur náttúrlega ekki. Þannig að setja þarf hámark á hvað hver maður má mæla með mörgum. Það er praktískt vandamál. Svo þarf að vera alveg klárt að sá sem býður sig fram vilji það sjálfur. Samþykki þess sem býður sig fram þarf að koma til, svo ekki sé boðið fram alls konar fólk sem segir: Heyrðu mig, ég vil þetta ekki.

Svo það að undanskilja ráðherra, þingmenn og varaþingmenn. Vel getur verið að einhver hætti við að bjóða sig fram til Alþingis af því hann vill frekar fara á stjórnlagaþingið.

Svo er það sem ég skildi ekki alveg að takmarkanir eru settar við hagsmunagæslu utanaðkomandi gagnvart þinginu. Ég næ því ekki alveg, en allt í lagi. Svo er það tíminn. Ég tel að vel sé hægt að vinna þetta á sex mánuðum. Ekki vandamál. Þetta fólk á jú ekki að gera neitt annað allan daginn. Ég mundi segja að stjórnlagaþingið byrjaði á því að kynna sér heimspekina á bak við stjórnarskrár og kynna sér stjórnarskrár helstu landa og fara í gegnum þær. Þetta fólk gerir ekkert annað allan daginn. Síðan fer það að mynda sér skoðun á því hvernig þetta eigi að líta út, t.d. getur vel verið að menn fallist á þessa skoðun mína. Síðan mundu menn væntanlega geta afgreitt þetta. Þá komum við að öðru vandamáli. Í þessu frumvarpi segir í 16. mgr. 1. gr., með leyfi herra forseta.

„Við stjórnarathafnir forseta Íslands samkvæmt stjórnarskipunarlögum þessum gildir 1. mgr. 13. gr. stjórnarskrárinnar ekki.“ — Hún á bara ekkert að gilda. Er ekkert að marka þessa stjórnarskrá? Getur löggjafarþingið bara tekið hana úr sambandi? Samkvæmt 79. gr. er það ekki hægt. Þannig að þessi grein stenst ekki. Ég mundi nú vilja að forseti Alþingis færi í þetta. Það er auðvelt að laga þetta. — „Þá skal undirritun forseta Alþingis koma í stað undirritunar ráðherra skv. 19. gr. stjórnarskrárinnar.“ — Það sama gildir um þetta og má líka laga það.

Við breytum ekki stjórnarskránni. Við skulum bera virð-

ingu fyrir henni. Líka þeirri sem er í gildi núna þrátt fyrir alla þá annmarka sem ég nefndi hér áðan. Við þurfum að bera virðingu fyrir henni. Við höfum jú svarið eið að henni og hann á að gilda. Það á að hafa í gildi þegar þingmenn sverja eið að einhverju.

Svo er það 79. gr. Ég hef farið ítarlega yfir hana og bent á að rökfræðilega gangi dæmið ekki upp svona. Þótt menn vilji og það sé neyðarástand eða eitthvað svoleiðis. Ekki er þvílík neyð eins og var í haust þegar við samþykktum neyðarlögin. Þá var virkileg neyð, því ef þau hefðu ekki verið samþykkt hefðu bankarnir farið beint á hausinn allt í einu og ekkert greiðslukerfi verið í gangi í landinu. Menn hefðu ekki getað keypt sér neitt í tvær, þrjár, fjórar vikur. Ég veit ekki hversu lengi við hefðum ekki getað keypt neitt. Engar vörur, ekki brauð, smjör, mjólk eða neitt. Ég veit ekki hvernig menn sjá svoleiðis fyrir sér. Ég sé það ekki. Þannig að ég held að það hafi verið virkilega mikil neyð sem rak menn til að ganga á svig við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, þ.e. mismuna kröfuhöfum að einhverju leyti. En það er aftur eitthvað sem þarf að skoða.

En að brjóta stjórnarskrána með breytingu á henni þegar ekki er endilega þörf á því. Við gætum — og ég hef lagt það til hér áður í umræðunni og það sýnir hvað ég tek þetta alvarlega — gert það þannig að við samþykktum breytingu á 79. gr. stjórnarskrárinnar. Sú breyting færi með kosningum til Alþingis í breytingu þannig að næsta þing sem yrði þá boðað fljótlega í maí mundi strax samþykkja þá breytingu og fara aftur í kosningar, því miður verður að gera það. Þá er búið að breyta stjórnarskránni. Þá gætum við breytt stjórnarskránni með þjóðaratkvæðagreiðslu, sem við mundum gera eftir að stjórnlagaþingið hefði samþykkt hana. Að sjálfsögðu þarf að setja einhver ákvæði um það að í þjóðaratkvæðagreiðslunni sé ekki 21% kjósenda sem kjósa og 11% með stjórnarskránni. Það gengur náttúrlega ekki. Það þurfa að vera lágmarksþátttökumörk og líka það að t.d. meiri hluti þjóðarinnar standi á bak við stjórnarskrárbreytinguna. Það verður að vera eitthvað svoleiðis. Þetta eru praktískir hlutir sem þarf að laga.

Ég hef nefnt hér með tímann og ég ætla að sex mánuðir mundu duga og ég væri mjög ánægður með að sjá það dæmi. Ég tek undir með Eiríki Tómassyni prófessor að ákveðinn vilji er nú til að breyta. Mikil gerjun er í þjóðfélaginu. Hættan er sú að þegar fer að ganga betur, sem gerist væntanlega í haust, muni þessi vilji dofna og löngunin til að breyta stjórnarskránni líka. Þannig að þetta er eiginlega spurning um að nýta núverandi stöðu til að ná fram þessum vilja til að breyta stjórnarskránni og gera það tiltölulega hratt. En það þarf að gerast með þessum hætti.

Svo væri æskilegt að hér væru t.d. líka fulltrúar Vinstri grænna, að eitthvað meira sé á bak við þetta heldur en bara einn flokkur. Ég teldi það æskilegra. Ég sé ekkert að því að menn vinni þetta hratt og nái samstöðu um þetta á þinginu. Það er tími til þess þótt mörg önnur úrlausnarefni bíði reyndar þingsins og spurning hvað lögð er áhersla á. En ég tel þetta vera mjög mikilvægt mál og mjög merkilegt.

[18:00]

Eygló Harðardóttir (F):

Herra forseti. Dag eftir dag stóðu fulltrúar íslensku þjóðarinnar á Austurvelli og börðu potta og pönnur. Aðeins með hávaða og mótmælum tókst að koma þáverandi ríkisstjórn í skilning um ástandið í samfélaginu. Það er nefnilega runnin upp ögurstund. Við þurfum að hefja endurreisn íslensks efnahagslífs eftir að þrír stærstu bankar landsins urðu gjaldþrota. Ekki er aðeins verið að krefjast róttækra aðgerða við efnahagsvandanum heldur einnig breyttrar stjórnskipunar landsins og nýrra áherslna í grundvallarréttindum borgaranna. Menn eru að krefjast raunverulegs lýðræðis. En hvað er lýðræði? Lýðræði er skilgreint annars vegar sem aðferð til að taka bindandi ákvarðanir og hins vegar sem tiltekin stjórnskipun. Engin ein skilgreining er til á lýðræði. Hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á að í raun mætti segja að lýðræði og stjórnarskrá okkar byggist á ákveðinni heimspeki. En undirliggjandi er einmitt sú heimspeki í fyrsta lagi að allir borgarar landsins eigi að hafa jafnan aðgang að valdinu og í öðru lagi að allir borgarar eigi að njóta ákveðins frelsis og réttinda.

Í mannréttindayfirlýsingu frönsku byltingarinnar frá 1778 er lýst yfir að þar sem réttindi og valddreifing séu ekki tryggð sé í raun engin stjórnskipun. Ýmsir hafa jafnvel fullyrt, þar á meðal sú sem hér stendur, að ein af lykilástæðunum fyrir efnahagsörðugleikum landsins sé að óhófleg völd hafi safnast á fárra manna hendur. Páll Vilhjálmsson segir á vefsíðu sinni stuttu eftir bankahrunið, með leyfi forseta:

„Bankahrunið varð vegna þess að óhófleg völd söfnuðust á fárra manna hendur. Valdakjarninn hafði í fullu tré við ríkisvaldið og notaði fjölmiðla sína til að drepa gagnrýni á dreif ef hún var ekki beinlínis kæfð. Auðsáhrifin voru meðal annars þau að eftirlitsstofnanir skirrtust við að framfylgja hlutverki sínu.

Á rústum bankagjaldþrotsins þarf að verða til samfélagssátt. Liður í þeirri sátt er uppgjör við óreiðu síðustu ára. Sáttin horfir þó fyrst og fremst til framtíðar. Lykilatriði í henni er valddreifing.“

Það er ástæðan fyrir því að við framsóknarmenn settum fram sem eitt af þremur skilyrðum fyrir að verja minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna vantrausti að komið yrði á stjórnlagaþingi. Hlutverk stjórnlagaþingsins skyldi vera að skrifa nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland og hefja þannig endurreisn íslensks samfélags, endurreisn sem skyldi byggjast á nýjum vinnubrögðum, nýrri samfélagssátt og raunverulegri valddreifingu. Samhliða því kynntum við frumvarp okkar sem hér er lagt fram af þingflokki Framsóknarflokksins.

Við byggjum lýðræði okkar á stjórnarskrá landsins, æðstu lögum Íslands. Núverandi stjórnarskrá var samþykkt sem lög nr. 33/1944 á Alþingi við stofnun lýðveldisins á Þingvöllum þann 17. júní 1944. Árið 1944 samþykkti Alþingi að fella niður sambandslögin við Danmörku, samþykkja nýja stjórnarskrá og boða til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort tveggja. Í maí 1944 gekk íslenska þjóðin til kosninga og greiddu um 97% atkvæði með sambandsslitum og 95% samþykktu nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið.

Í stjórnarskrám lýðræðisríkja er að finna ákvæði um stjórnarform ríkisins og grundvallarreglur lýðræðisins. Þar er einnig að finna ákvæði um grundvallarréttindi borgaranna og hafa þau jafnan færst framar í nýrri stjórnarskrám

en þeim eldri. Í þriðja lagi er að finna ákvæði um æðstu handhafa ríkisvaldsins, þ.e. þjóðhöfðingja, ríkisstjórn, þing og dómstóla og samspil þeirra á milli.

Algjör lykilþáttur í að viðhalda lýðræðinu er að koma í veg fyrir að vald safnist á of fárra manna hendur. Vald meiri hluta er eitt af einkennum lýðræðis en alltaf með þeim mikla fyrirvara að meiri hlutinn geti ekki mismunað eða misbeitt valdi sínu gagnvart minni hlutanum. Annar lykilþáttur í uppbyggingu lýðræðis er hvernig við veljum fulltrúa á sanngjarnan máta. Val á fulltrúum tengist síðan upplýsingagjöf til borgaranna, þ.e. tjáningarfrelsinu, þannig að hver og einn hafi rétt til að tjá sig og koma á framfæri skoðunum sínum.

Umræða hefur verið um að stjórnlagaþing sé of dýrt og birtist frétt þess efnis í *Fréttablaðinu* að ýmsir stjórnarliðar hefðu áhyggjur af kostnaði og gætu þess vegna hugsanlega ekki stutt málið. Ekki var vitnað í neina stjórnarliða í þessari frétt og ég á erfitt með að trúa því að þetta sé rétt. Menn hljóta að vera tilbúnir að kosta ýmsu til að tryggja lýðræði í landinu. Eitthvað hlýtur lýðræðið að mega kosta þegar samsöfnun valds og jafnvel misbeiting þess hefur kostað okkur svona gífurlega mikið. Hljótum við ekki að vera tilbúin til að leggja talsvert á okkur til að tryggja raunverulegt lýðræði hér á landi?

Í frumvarpi okkar, sem við ræðum hér, sjáum við fyrir okkur að kosnir verði á landsvísu 63 fulltrúar á stjórnlagaþing, hver og einn kjósandi hafi allt að sjö atkvæði og geti þannig valið allt að sjö fulltrúa á þingið. Þetta er hugsað til að ná sem mestri dreifingu á fulltrúunum. Ráðherrar, þingmenn og varaþingmenn ásamt forseta Íslands verða ekki kjörgengir. Kosningin sjálf gæti jafnvel hugsanlega farið fram samhliða alþingiskosningum til að spara peninga eða í haust ef tími reynist ekki nægur. Hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir svaraði því játandi að lýðræðið mætti kosta þegar hún lagði fram frumvarp sitt 1995–1996, um stjórnlagaþing þar sem kjósa ætti 41 fulltrúa, í sambærilegum kosningum og við leggjum hér til. Því er það eitt af því sem taka þarf afstöðu til í þinglegri meðferð hver sé besta fulltrúatalan hvað varðar ásættanlegan fjölda lýðræðiskjörinna fulltrúa versus kostnað við stjórnlagaþingið miðað við það efnahagsástand sem við fáumst nú við. Við teljum einnig geysilega mikilvægt að stjórnlagaþingið muni ekki byggjast á venjulegum lögum heldur verði hluti af stjórnarskránni. Hugsunin með því er að þannig verði tryggt sjálfstæði stjórnlagaþingsins gagnvart Alþingi og að við stjórnmálamenn munum ekki geta skipt um skoðun ef okkur allt í einu ekki hugnast ekki niðurstaða stjórnlagaþingsins. Í þessu máli höfum við alþingismenn ítrekað sýnt að hagsmunir okkar virðast vera of miklir til að við getum farið af alvöru í raunverulegar breytingar á stjórnarskránni og þá sérstaklega hvað varðar stjórnskipun landsins.

Í 65 ár hefur staðið til að endurskoða stjórnarskrána, sérstaklega einmitt þá þætti sem varða stjórnskipun landsins, en árangurinn er nákvæmlega enginn. Þegar ákveðið var að slíta sambandinu við Danmörku var skipuð sérstök stjórnarskrárnefnd. Hún lagði til að núverandi stjórnarskrá yrði að stórum hluta samhljóða stjórnarskránni frá 1920 fyrir utan það að felld voru út ákvæði um konung og sett inn í staðinn ákvæði um forseta. Einnig voru gerðar minni háttar breytingar hér og þar, meðal annars breytingar sem sneru að takmörkun á synjunarvaldi forseta. Mikilvæg forsenda þeirrar samstöðu sem ríkti við þá afgreiðslu stjórnarskrárinnar árið 1944 var að hún náði einmitt til þessara mjög afmörkuðu þátta. Eftir að stjórnarskráin hafði verið samþykkt starfaði stjórnarskrárnefndin áfram að heildrænni skoðun hennar og þegar starfsemi hennar lognaðist út af árið 1947 var ný nefnd skipuð. Sú nefnd skilaði síðan engu áliti. Í dag hefur verið farið yfir það hvernig vinna sem tengst hefur þessum umfangsmiklu breytingum á stjórnarskránni gegnum hverja nefndina á fætur annarri hafi ekki skilað neinum árangri.

Í ársbyrjun 2005 skipaði þáverandi forsætisráðherra níu manna nefnd til að endurskoða stjórnarskrána. Henni var ætlað að skila tillögum um breytingar á stjórnarskránni þannig að hægt yrði að leggja fram frumvarp í árslok 2006. Það gekk hins vegar mjög erfiðlega að ná samkomulagi í nefndinni um breytingar og er það eitt sorglegasta dæmið um það hversu erfitt stjórnmálamenn hafa átt með að breyta stjórnarskránni. Það eina sem menn urðu þarna sammála um var hvernig ætti að standa að þessari breytingu, en öllu sem tengdist efnislegum breytingum á stjórnarskránni var ýtt til hliðar. Menn voru sem sagt ósammála um allt annað og voru samt sem áður — alla vega miðað við þær upplýsingar sem ég hef — lítið að ræða umfangsmiklar breytingar á stjórnskipun landsins. Hins vegar var mun frekar verið að ræða atriði sem varða auðlindir þjóðarinnar og þjóðaratkvæðagreiðslur. Mig minnir að eflaust hafi einhverjir sjálfstæðismenn jafnvel getað hugsað sér að takmarka vald forseta, sérstaklega hvað varðar það að geta synjað málum og vísað í þjóðaratkvæðagreiðslur, hafandi í huga synjun hans á fjölmiðlafrumvarpinu.

Það er hins vegar ekki þannig að þingmenn hafi ekki haft áhuga á að breyta stjórnarskránni. Í gegnum tíðina hafa þingmenn borið upp bæði þingsályktunartillögur og frumvörp um einstakar breytingar og heildarendurskoðun á stjórnarskránni og nokkrar þeirra, sjö minnir mig af um 80, hafa farið í gegn. Flestar breytingar hafa verið gerðar á kafla III um þingkosningar — það segir kannski hvar áhugasvið þingmanna hefur legið — kafla IV um störf Alþingis og kafla VII um mannréttindi. Eini kaflinn sem hefur verið látinn ósnertur er kafli I um stjórnskipun og kafla V um dómsvaldið hefur aðeins verið breytt lítillega.

Síðan var árið 1991 kafla II um forsetakosningar, forseta og ríkisstjórn breytt til að endurspegla afnám deildaskiptingar Alþingis og kafli VI um kirkju og trúfrelsi var endurskoðaður árið 1995. Tvisvar áður hefur tillaga um stjórnlagaþing verið borin fram á Alþingi, fyrst af Páli Zóphóníassyni, þingmanni Framsóknarflokksins, árið 1948 og svo aftur af hæstv. forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur árið 1995–1996.

Það hefur aldrei náðst sátt á Alþingi Íslendinga um að fara í þessa viðamiklu vinnu og því teljum við nauðsynlegt að taka þetta úr höndum Alþingis og færa í hendur þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Hvernig verður síðan staðið að því að semja nýja stjórnarskrá og hvaða áherslur verða ofan á er ekki okkar að ákveða. Við höfum þó nefnt nokkra punkta í greinargerð með frumvarpinu sem að okkar mati þyrftu eða ættu hugsanlega að koma til álita. Þar á meðal eru jafnrót-

tækar hugmyndir og afnám þingræðis og bein kosning handhafa framkvæmdarvalds, þ.e. annaðhvort forseta eða forsætisráðherra eða sameinuð þessi tvö hlutverk, eða að menn haldi sig við þingræðisregluna en styrki þingræðið til dæmis með því að einn þriðji hluti þingmanna geti vísað málum í þjóðaratkvæðagreiðslu og að ráðherrar geti ekki setið á þingi. Auk þess tel ég að skýra þyrfti mun betur takmörkun mismunandi valdþátta og eftirlit þeirra hver með öðrum. Þáttur í því gæti verið takmörkun kjörtímabils þingmanna og seturéttar ráðherra. Mér finnst hugmyndir um aukinn möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu og frumkvæði að löggjöf frá almenningi einnig mjög áhugaverðar.

Annað atriði sem við framsóknarmenn höfum talað fyrir er ákvæði um sameign þjóðarinnar á auðlindum sem og framsal valds til alþjóðastofnana.

Allar þessar hugmyndir og þær hugmyndir, sem við sjáum fyrir okkur að stjórnlagaþingið mundi fjalla um og taka afstöðu til og síðan í framhaldi þjóðin, verða að byggja á þessum tveimur grunngildum sem ég minntist á áðan um það hvað lýðræði er, þ.e. að allir borgarar landsins eigi að hafa jafnan aðgang að valdinu og að allir borgarar eigi að njóta ákveðins frelsis og réttinda. Það gerum við ekki nema við tryggjum valddreifingu og skýrt og ótvírætt sjálfstæði hinna þriggja meginþátta ríkisvaldsins, löggjafarvaldsins, dómsvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Aðeins þannig tel ég að nýtt Ísland muni geta reist sig eins og fuglinn Fönix á grunni hugmyndafræði um raunverulega samvinnu, sanngirni og valddreifingu.

[18:11]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Það hvílir mikil ábyrgð á okkur alþingismönnum þegar kemur að umfjöllun um stjórnarskrá lýðveldisins. Til þeirra verka má ekki kasta höndum eða semja um breytingar á stjórnarskránni í fullkomnum ófriði undir leiðsögn og forustu minnihlutastjórnar sem situr um stundarsakir í skjóli flokks sem er fjarstýrt utan Alþingis.

Það hefði verið góður bragur yfir nýrri forustu Framsóknarflokksins að koma með öflugt umboð þjóðarinnar inn í þingið, hafa forustu um málið hér í þinginu með því að ná sátt um breytingar á stjórnarskránni eftir að hafa lagt hugmyndir sínar fyrir þjóðina og standa síðan að breytingum og efna til kosninga svo sem lög gera ráð fyrir. Þau vinnubrögð sem hér er lagt upp með af hálfu Framsóknarflokksins eru ekki vænleg til árangurs.

Í fræðiritinu Stjórnskipunarréttur eftir Gunnar Schram er vitnað til hugmynda Ólafs Jóhannessonar, lagaprófessors og fyrrum formanns Framsóknarflokksins, en þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er grundvöllur stjórnskipunar landsins og öðrum lögum æðri. Af þeim sökum er hún sett með öðrum og vandaðri hætti en venjuleg lög. Því er ekki rökrétt að stjórnarskránni sé breytt á sama hátt og venjulegum lögum. Hyggja þarf vel að fyrirhuguðum breytingum og ráðrúm að gefast bæði innan þings og utan til þess að gaumgæfa þær breytingar sem á henni eru gerðar.“

Hér vitnaði ég í ritið Stjórnskipunarréttur eftir Gunnar G. Schram svo að hv. þingmaður Framsóknarflokksins, sem hér var að koma í sal, átti sig á því í hvað ég var að vitna, en þar vitnaði hann í hugmyndafræði Ólafs Jóhannessonar fyrrum formanns Framsóknarflokksins.

Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar hefur ekki hlotið þá skoðun eða verið unnið með þeim hætti sem við verðum að gera kröfur til þegar kemur að grundvallarbreytingum á stjórnskipun okkar. Flytjendur eru allir þingmenn Framsóknarflokksins. Ég hef ekki orðið þess var áður að þeir hafi beint sjónum sínum mjög vel að slíkum og þvílíkum breytingum á stjórnarskránni sem þeir gera núna með því frumvarpi sem hér er til meðferðar, þ.e. breytingar sem hv. 10. þm. Suðvesturkjördæmis hefur lagt til og varða setu ráðherra á Alþingi og er annars eðlis og ég hef fullan skilning á þeirri hugmyndafræði sem þingmaðurinn hefur mælt fyrir hvað það varðar. Framsóknarflokkurinn hefur hins vegar haft betri tækifæri til þess að láta verkin tala við vandaða endurskoðun á stjórnskipun okkar hafandi haft formann úr sínum röðum í stjórnarskrárnefnd árum saman. Því miður náði stjórnarskrárnefndin ekki samstöðu á þeim tíma um teljandi breytingar og formaður hennar kom ekki fram breytingum sem sátt náðist um.

Það ber að harma að þessi mál beri að með þeim hætti sem hér hefur orðið í kjölfar umróts í samfélaginu. Að óreyndu hefði ég ekki gert ráð fyrir því að Framsóknarflokkurinn minntist verka fyrrum formanns flokksins, Ólafs Jóhannessonar lagaprófessors, sem er og hefur verið höfundur meginfræðirits um stjórnskipun landsins, með því að leggja fram frumvarp sem kollvarpar stöðu Alþingis og setur stjórnskipun okkar í mikla óvissu, verði þetta frumvarp að lögum. Með þessu frumvarpi er verið að svipta Alþingi því hlutverki að vera stjórnarskrárgjafi og viðhafa vinnubrögð á Alþingi sem forðast ber við svo viðamikla breytingu á stjórnskipun okkar. Við verðum að gæta þess að láta ekki óróleika á vettvangi viðskiptalífs leiða okkur út í ófæru á sviði stjórnskipunar landsins. Næg eru þau vandræði sem við höfum ratað í og þurfum að glíma við í kjölfar bankahrunsins.

Þegar litið er á frumvarpið má segja að tólfunum sé kastað strax í 1. gr. frumvarpsins þegar segir að við stjórnarskrána bætist nýtt ákvæði um stundarsakir. Það er vissulega rétt að samfélag okkar hefur þróast þannig að þær aðstæður hafa skapast að margs konar breytinga er þörf, þar á meðal á stjórnarskránni. Þær verðum við að gera af fyrirhyggju og yfirvegun með svipuðum hætti og við gerðum með bærilegri sátt þegar við breyttum þingsköpum og komum á nýjum, breyttum og betri vinnubrögðum hér í þinginu. Þær breytingar voru gerðar í góðu samstarfi við Framsóknarflokkinn og þær báru árangur og við sjáum breytingarnar strax í þingstörfum hér á þessum vetri.

Það blasir auðvitað við að ýmislegt í stjórnarskránni er þannig að gera þarf breytingar á ekki síst hvað varðar vald forseta Íslands og það er vissulega þörf á skýrari skilum milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Mér virðist sem krafan um breytingar hafi einkum vaknað þegar mönnum varð ljóst að forseti Íslands getur blandað sér með afgerandi hætti inn í verksvið Alþingis vilji hann túlka valdsvið sitt á þann veg sem hann hefur gert.

Í annan stað er rót umræðu og kröfu um breytingar á stjórnarskránni runnin undan rifjum þeirra sem fljóta með þeim straumi sem umræður í fjölmiðlum hafa sett af stað og

er beint gegn Alþingi sem stofnun og þeim sem þangað eru kjörnir. Sífelldur og stöðugur áróður gegn löggjafarsamkomunni virðist runninn undan rótum þeirra sem ekki hafa náð þeim trúnaði að vera kjörnir til setu á Alþingi og hins vegar frá þeim sem sætta sig ekki við þá löggjöf sem við höfum sett hér á Alþingi. Aðferð þeirra við breytingar er að grafa undan þinginu.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að gera breytingar á stjórnarskránni að afloknum næstu kosningum þegar þingið hefur fjallað um stjórnskipun okkar og breytt og ganga aftur til kosninga þegar því vandasama verki er lokið. Við eigum ekki að taka stjórnarskrárgjafann frá Alþingi. Áköfustu fylgismenn mikilla breytinga á stjórnarskránni tala um að litlar sem engar breytingar hafi verið gerðar. Það er ekki rétt, enda vita þeir sem hafa kynnt sér það hvaða breytingar hafa verið gerðar og þær hafa vissulega haft afgerandi áhrif, svo sem breytingar á kjördæmaskipan og þegar deildaskipan Alþingis var aflögð. En það er þörf á að ná sátt um breytingar sem gæti orðið til þess að efla Alþingi og setja framkvæmdarvaldinu þær skorður sem þarf að setja. Það getum við gert án þess að ganga til þeirra umfangsmiklu breytinga sem þetta frumvarp sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir. Þær breytingar sem hafa verið gerðar á Alþingi síðustu árin eru liður í þeirri vegferð. Það blasir við að með því að auka eftirlitshlutverk þingsins og styrkja störf þingmanna er staða löggjafarsamkomunnar bætt og er vissulega mikil þörf á því.

Alþingi verður að bera þá virðingu fyrir stjórnarskránni að henni verði ekki breytt með þeim hætti sem frumvarpið sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir ella gæti komið til þess að forseti Íslands teldi sig knúinn til þess að stöðva málið með því að synja lagafrumvarpinu staðfestingar. Við þær aðstæður gæti komið upp áhugaverð staða sem vert er að hugleiða í ljósi þess hvernig til þessa frumvarps er stofnað.

Ég hvet til þess að þetta frumvarp verði skoðað betur og stuðningsmenn minnihlutastjórnarinnar sem situr við völd gefi nýju þingi tækifæri til þess að vinna málið frá grunni í kjölfar þeirra kosninga sem fram undan eru.

[18:20]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vildi fá að koma í ræðustól og taka fram að hvað þennan þingmann varðar alla vega hefur hann haft mikinn áhuga á þrískiptingu valdsins og því sem varðar stöðu löggjafarvaldsins, sérstaklega gagnvart framkvæmdarvaldinu og einnig stöðu dómsvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Hann hefur skrifað ýmsar greinar og fjallað um það í fjölmiðlum nánast frá því að ég byrjaði í pólitík.

Það sem ég hef haft miklar áhyggjur af er hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið gegn breytingum, sérstaklega á þeim þáttum sem varða valddreifingu og stjórnskipunina. Það er mín skoðun. Vegna þess að búið var að safna valdi á hendur svo fárra gat ríkisvaldið varla brugðist öðruvísi við en bara með því að sitja og horfa á það hrun sem varð í október. Valdið hefur safnast á hendur mjög fárra manna og þegar hv. þm. Sturla Böðvarsson talar um að við þurfum að sýna meiri fyrirhyggju í sambandi við þetta mál, spyr ég: Hvernig getum við sýnt meiri fyrirhyggju en við erum höfum gert með því að berjast við að koma einhverjum breytingum í gegn í 65 ár?

Þegar við ræðum sérstaklega um vald forseta tel ég að forsetinn hafi þurft að grípa til aðgerða vegna þess hversu mikill yfirgangur framkvæmdarvaldsins hefur verið. Ef við minnumst t.d. á fjölmiðlafrumvarpið var ekki hlustað á athugasemdir sem fram komu innan þingsins og framkvæmdarvaldið tróð gjörsamlega á löggjafarvaldinu. Það gaf því ekki færi til þess að gera þær breytingar sem nauðsynlegar hefðu verið til þess að sátt væri um það mál.

Síðan var raunar enn á ný stigið á stjórnarskrána með því að synja því að málið færi í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og segir í stjórnarskránni þó að það sé mun óskýrara en ég hefði kosið. (Forseti hringir.) En ég tel að hræðsla sjálfstæðismanna sem fram hefur komið hér sé (Forseti hringir.) nákvæmlega sama hræðslan og við sjáum gagnvart ESB. (Forseti hringir.) Þetta snýst um að halda völdum.

[18:22]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er satt að segja mjög erfitt að ræða við þennan hv. þingmann og rökræða við hana hér vegna þess að þingmaðurinn veður alltaf þennan sama reyk um að stjórnarskránni hafi ekki verið breytt í 65 ár. Það er margbúið að fara yfir það í dag í þessari umræðu hvaða breytingar hafa verið gerðar á stjórnarskránni á þessum 65 árum sem liðin eru frá því að stjórnarskráin varð til.

Þó að þær breytingar sem hv. þingmaður óskar eftir að verði hafi ekki orðið, þýðir það ekki að Sjálfstæðisflokkurinn hafi komið í veg fyrir breytingar í 65 ár. Þessi málflutningur er svo dæmalaus og ómálefnalegur að hann dæmir sig sjálfur.

Það er fjarri lagi að kenna stjórnarskránni um bankahrunið eða þann vanda á fjármálamarkaði í veröldinni sem við glímum nú við. Það er nú mjög langsótt satt að segja. Framsóknarflokkurinn finnur þetta hálmstrá í vandræðum sínum þegar hann er að skipta um kennitölu í íslenskri pólitík og reynir þá að kalla til þjóðina með því að velja 63, væntanlega prófessora frá háskólanum, til þess að setja nýja stjórnarskrá. Það er mjög ótrúverðugt.

Ég held að þjóðin sjái í gegnum þetta hjá framsóknarmönnum og muni átta sig á því að þarna eru nýju fötin keisarans hjá Framsóknarflokknum í öllu sínu veldi. Að minnast á fjölmiðlafrumvarpið í þessu samhengi — auðvitað væri hægt að halda langa ræðu um það. Auðvitað áttum við að setja (Forseti hringir.) löggjöf um fjölmiðla eins og að var stefnt. (Forseti hringir.) En því miður fór sem fór. (Forseti hringir.)

[18:24]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Forseti. Ég mótmæli því harðlega að ég geri mér ekki grein fyrir hvaða breytingar hafa verið gerðar á stjórnarskránni. Ég held að ég hafi einmitt farið nákvæmlega í gegnum það í framsögu minni hvaða breytingar hafa verið gerðar. Ég tiltók þær einmitt sérstaklega af því að þeim kafla í stjórnarskránni sem varðar stjórnskipun landsins, hvernig við dreifum valdinu, hefur aldrei verið breytt. Aldrei.

Ég tel að það sýni hvar áhugi okkar þingmanna hefur

legið varðandi breytingar á stjórnarskránni. Við höfum oftast gert breytingar hvað varðar kjördæmaskipan og kosningar á okkur sjálfum. En menn virðast telja að best sé að breyta stjórnarskipuninni sem allra minnst, enda vildum við varla sjá að valdinu væri dreift, sérstaklega ekki sá flokkur sem haldið hefur einna fastast um valdasprotann á Íslandi.

Eins og ég kom að í fyrra andsvari mínu finnst mér sú hræðsla sem við höfum orðið vör við í tali sjálfstæðismanna í dag, fyrir utan hv. þm. Pétur Blöndal, vera nákvæmlega sama hræðslan og við sjáum hjá Sjálfstæðisflokknum gagnvart Evrópusambandinu. Þetta snýst um að menn eru hræddir við að tapa völdum. Það er einmitt það sem góð stjórnarskrá á að gera. Hún á að tryggja raunverulegt lýðræði. Hún á að tryggja að það sé dreifing á valdinu og hún á líka að tryggja að fylgst sé með öllum valdhöfunum, að það sé raunverulegt eftirlit þannig að þegar við höfum þrjá arma hafi þeir eftirlit hver með öðrum og fylgist með því hvað gert er. Að öðru leyti held ég að ég hafi ekki neinar fleiri athugasemdir varðandi ræðu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar.

[18:26]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Dreifing valdsins í samfélaginu hefur í aðalatriðum verið ein af kennisetningum og hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins, valddreifing og það að tryggja framgang og afl einstaklingsins. Það kemur því úr hörðustu átt að Framsóknarflokkurinn, sem hefur viljað rata í allt aðrar áttir, skuli nú gagnrýna Sjálfstæðisflokkinn.

En hvað um það. Ég vil bara undirstrika og endurtaka að það er mikill misskilningur hjá framsóknarmönnum, hv. þingmanni, að halda því fram að Sjálfstæðisflokkurinn hafi staðið gegn breytingum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í forustu fyrir þeirri miklu uppbyggingarbyltingu sem orðið hefur á Íslandi, m.a. með framsóknarmönnum, þó að nú syrti í álinn um sinn. Framsóknarmenn hafa til skamms tíma viljað gera mjög mikið úr því að þeir hafi haft býsna mikið til málanna að leggja í gegnum tíðina.

En hin nýja forusta Framsóknarflokksins virðist reyna að afneita öllu sem Framsóknarflokkurinn hefur staðið fyrir á undangengnum árum og áratugum í íslensku samfélagi í þeirri von að þjóðin upplifi það sem svo að upp sé risinn nýr Framsóknarflokkur sem geti hent öllu aftur fyrir sig sem gamli Framsóknarflokkurinn hefur gert.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur mikla áherslu á að við vinnum vel að þessu máli og við vinnum þannig að breytingum á stjórnarskránni að það sé gert af yfirvegun og að vel athuguðu máli.

[18:28]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil fá að þakka virðulegum þingmönnum Framsóknarflokksins fyrir það ágæta mál sem hér er til umfjöllunar og fyrir frumkvæði sitt í málinu almennt. Ég hygg að það hafi verið undir forustu þess grandvara fyrrverandi alþingismanns og ráðherra, Jóns Kristjánssonar, sem málefnahópur starfaði á vegum flokksins að því að fara yfir tillögur um stjórnlagaþing og gera um það tillögu. Ég hef raunar sjálfur verið nokkur áhugamaður um þetta efni og lét í samvinnu við nefndasvið í janúarmánuði vinna frumvarpsdrög um stjórnlagaþing sem aðallega var byggt á málum sem þingmenn jafnaðarmanna fluttu hér áður, bæði á níunda og tíunda áratug síðustu aldar.

Annað málið hefur þegar verið nefnt en það var mál sem flutt var af hæstv. núverandi forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, og varðaði stjórnlagaþing en annað hygg ég að hafi ekki komið fram í umræðunni. Það var þingsályktunartillaga en ekki frumvarp til laga sem flutt var undir forustu Stefáns Benediktssonar, þingmanns Bandalags jafnaðarmanna, árið 1986 og er í því að finna margt góðra tillagna og skeleggra, eins og háttur var Bandalags jafnaðarmanna. Er raunar ástæða til að mæla sérstaklega með greinargerð þess ágæta frumvarps þar sem er að finna býsna góðan greinaflokk um efnið.

Frumvarpsdrögin birti ég fyrir nokkru á heimasíðu minni, helgi.is. Fyrir áhugamenn um efnið má kynna sér þar þær tillögur sem eru í aðalatriðum auðvitað keimlíkar þeim sem hér er verið að ræða. Þó að margir deili áhuga á stjórnlagaþingi er formið auðvitað óútrætt, hvernig því sé best háttað, hvort það eigi að vera fleiri eða færri sem sitji það þing, hvort það þing eigi að starfa lengur eða skemur, hvort það eigi að kjósa um leið og kosið er til Alþingis eða eftir að alþingiskosningar eru yfirstaðnar, hvort niðurstöður þess eigi að leggja í þjóðaratkvæðagreiðslu eða hvort þær þurfi að koma fyrir þingið aftur o.s.frv.

Ég held að það sé þó ótvírætt að það fari langbest á því að niðurstaða stjórnlagaþings fari beint og milliliðalaust til þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu án viðkomu hér þannig að þjóðin kjósi sér sjálf sitt stjórnlagaþing beint sem leggi síðan niðurstöðu sína í dóm þjóðarinnar og án milligöngu Alþingis. Hér hefur nokkuð verið rætt í umræðunni hvers vegna eitthvert annað þing en Alþingi ætti að taka til umfjöllunar stjórnarskrána og hvort Alþingi sé ekki fullgott til þess.

Ég held að út af fyrir sig sé hægt að tilfæra margar ástæður fyrir því og ein er einfaldlega sú að samfélagskerfi okkar hefur hrunið. Það hefur hrunið til grunna og sú einfalda staðreynd gefur auðvitað sjálfstætt tilefni til þess, algerlega óháð forsögunni og umræðum áður um stjórnarskrá og endurskoðun hennar, að fara ítarlega og vel yfir það með hvaða hætti við í grundvallaratriðum skipum málum í samfélaginu. Jafnvel þó að við höfum aldrei átt í neinum erfiðleikum með að gera breytingar á stjórnarskrá og hér hafi verið almenn sátt um árabil og áratugaskeið um stjórnarskrána og allir verið ánægðir með skiptingu valdsins o.s.frv., gefur það eitt að kerfið hrundi algerlega sérstakt tilefni til að gera þetta.

Ég held að það sé býsna augljóst hvers vegna að kjósa á til þess sjálfstætt þing. Það er einfaldlega þannig, eins og við finnum á hverjum degi, að Alþingi er sannarlega störfum hlaðið. Hér eru sannarlega fjölmörg brýn úrlausnarefni herðum þingmanna, brýn stjórnarfrumvörp sem vinna þarf og betrumbæta og tryggja framgang, brýn úrlausnarefni fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. Sú umfjöllun tekur auðvitað verulegan tíma og á að taka verulegan tíma. Sú stofnun sem hér starfar hefur enga aðstöðu til þess að leggja hér undir hálft eða eitt eða tvö ár til að ræða í þaula og einbeita sér algjörlega að því verkefni sem grunngerð samfélagsins

er. Ég held þess vegna að þingmenn eigi ekki að taka það til sín eða finnast það vera sér til minnkunar að kjósa ætti sérstakt þing til að fara yfir þessi efni vegna þess að hér er um heildarendurskoðun að ræða, umræðu algerlega frá grunni. Það eru einfaldlega málefnalegar og skynsamlegar ástæður fyrir því að ástæða er til að kalla sérstakt þing að því.

Það eru líka mjög sterkar málefnalegar ástæður fyrir því að við sem hér sitjum í umboði stjórnmálaflokkanna eigum sem minnst áhrif að hafa á störf þess þings og líka stjórnmálaflokkar okkar. Það er því eðlilegt að ekki sé gert ráð fyrir að þingmenn eða ráðherrar séu kjörnir til þess þings eða fyrrverandi þingmenn. Það er sjálfsagt að leita ráða til þess að kjörnir verði einstaklingar í umboði þjóðarinnar með sem allra minnstum áhrifum stjórnmálaflokkanna vegna þess að stjórnmálaflokkarnir okkar eru hluti af valdakerfinu í landinu. Stjórnmálaflokkarnir eru valdastofnanir rétt eins og dómstólarnir, framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið. Stjórnlagaþing sem á að fara yfir og endurskoða alla grunngerð samfélagsins, valdþættina og mörk þeirra og setja þeim leikreglur, á augljóslega að vera sem allra mest laust undan beinum eða óbeinum áhrifum valdastofnananna sjálfra á þinginu. Þannig tryggjum við best að almannahagsmunir séu sem allra mest hafðir að leiðarljósi í þeirri mikilvægu vinnu sem þarf að fara fram á stjórnlagaþingi. Þar eru auðvitað fjölmörg atriði sem hér hafa verið í umræðu árum og jafnvel áratugum saman og er óþarfi að fjölyrða mikið um. Þar er það t.d. grundvallaratriði að fara vel yfir mörkin á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins og kannski ekki síst að efla eftirlitshlutverk Alþingis. Ég vil segja það, eftir reynslu mína að sitja í fjárlaganefnd Alþingis á síðasta kjörtímabili, að þótt stigin hafi verið ýmis skref í þá átt að efla og styrkja eftirlitshlutverkið, einkanlega með embætti umboðsmanns Alþingis og eflingu Ríkisendurskoðunar á umliðnum árum, eigum við býsna langt í land með að efla eftirlitshlutverk Alþingis svo fullnægjandi sé.

Við höfum vonir um að geta byrjað að þróa á þessu kjörtímabili, fyrir forgöngu fyrrverandi forseta Alþingis, opna nefndarfundi sem ég held að væru sannarlega mikilvægt skref í því að beita þinginu í eftirliti fyrir opnum tjöldum og í fullu gagnsæi. Það eru líka þau atriði sem varða beint lýðræði og rétt fólks til beinna áhrifa á stærstu ákvarðanir sem er löngu tímabært að ræða í þaula og tryggja almenningi aðkomu að stærstu ákvörðunum sem varða heill og hagsmuni flestra heimila og fyrirtækja í landinu, stórra deilumála sem á stundum hafa sundrað þjóðinni eftir endilöngu en almenningur hefur aldrei átt kost á að koma að.

Við þurfum sömuleiðis að fjalla um fjölmörg önnur grundvallaratriði í samfélagsgerð okkar. Þess vegna er fagnaðarefni frumkvæði Framsóknarflokksins í þessu efni. Ég hygg að það muni eiga mjög marga stuðningsmenn í þinginu sem vilji ljá málinu lið sitt í vinnslu þess þó að ýmislegt í útfærslunni sé, eins og ég sagði áður, auðvitað ekki að fullu rætt.

[18:39]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á þessu. Ég var staddur á fundi viðskiptanefndar í hliðarherbergi, það eru mörg verkefni sem snúa að okkur þingmönnum. Ég fagna því að málið er komið á dagskrá og held að afar brýnt sé að við förum yfir það á faglegan og málefnalegan hátt hvort þingið sé reiðubúið til að taka það skref að vera með stjórnlagaþing. Þetta er stórt skref í sögu lýðveldisins vegna þess að stjórnarskrá okkar, sem hefur reynst vel, er frá árinu 1944. Engu að síður verðum við að horfast í augu við það að erfitt er að breyta henni og þingmenn og þingflokkar hafa ekki alltaf verið reiðubúnir til að stíga þau skref. Sérstaklega í ljósi þess að til þess að breyta stjórnarskránni þarf þingið að samþykkja breytingarnar, svo þarf að rjúfa þing og boða til kosninga og kjósa svo aftur um stjórnarskrárbreytingarnar. Þannig að breytingarnar vilja oft deyja í kosningaslagnum og má segja að önnur mál séu kannski kosningavænni.

Alltaf stóð til að breyta stjórnarskránni frá 1944, sérstaklega í ljósi þess að stjórnarskrárnar frá 1874 og 1920 voru undirstaða hennar. Heildarendurskoðun átti að fara fram strax eftir stofnun lýðveldisins en það gerðist ekki og endurspeglar kannski þann vanda sem blasir við í dag.

Mig langar til að benda á eitt atvik, hinn svokallaða aðskilnaðardóm. Jón Kristinsson lenti í árekstri á Akureyri og sætti sig ekki við að sami maður — bæjarfógetar og sýslumenn fóru þá með þau mál — skyldi bæði rannsaka málið og dæma í því. Það var ekki fyrr en niðurstaða kom frá mannréttindanefnd Evrópu um að þetta mál væri tekt fyrir Mannréttindadómstólnum sem ríkið sá sig knúið til að breyta þessu og skilja algerlega á milli framkvæmdarvalds og dómsvalds. Ég fékk tækifæri til að ræða þetta mál á hátíðarmálþingi Orators sem var haldið í gær í Háskóla Íslands og spurði þar nemendur og þá sem viðstaddir voru hvort einhverjir væru reiðubúnir að stíga skref til baka. Enginn var reiðubúinn til þess, enda held ég að menn séu algerlega sammála um að fyrirkomulagið sem var við lýði gekk ekki upp, jafnvel þó að góð og gild rök, hagkvæmnis- og kostnaðarrök, hafi verið fyrir því.

Það sem ég er að reyna að segja er að þó að menn telji að þetta hafi verið fullkomlega eðlileg breyting fór hún ekki í gegnum þingið. Frumkvæði þingmanna varð ekki til þess að þessi eðlilega og sjálfsagða breyting yrði að veruleika. Þetta er staðan í dag. Íslenska þjóðin lenti líka í árekstri og stendur nú frammi fyrir því að ekki einungis hefur eftirlitskerfi Fjármálaeftirlits og Seðlabanka brugðist heldur einnig það eftirlitskerfi sem þrígreining ríkisvaldsins boðar að vald hafi eftirlit með öðru valdi, það hefur einnig brugðist. Þegar mótmælin áttu sér stað var sagt að menn vissu ekki hverju þeir væru að mótmæla. Ég segi einfaldlega að menn hafi mótmælt því að í svona krísu skyldi löggjafarvaldið, kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, hafa jafnlítið um málin að segja og raun bar vitni. Við skulum líka muna að hinn mikli meiri hluti síðustu ríkisstjórnar, 43 af 63 þingmönnum, opinberaði hversu valdalausir óbreyttir þingmenn voru. Ég held að það hafi ekki verið tilviljun þegar þingkonur stjórnarliðanna komu fram og létu falla hin frægu orð um að þeim liði hálfpartinn eins og afgreiðslukonum á

kassa. Þær sögðu með öðrum orðum að þær upplifðu valdaleysi sitt og liði eins og Alþingi væri í raun afgreiðslustofnun stjórnarfrumvarpa frá ríkisstjórninni.

Það er fáránlegt til þess að hugsa að þingmannafrumvörp skuli ekki fá jafngott brautargengi, eins og þau mál eru mörg hver mikilvæg og góð. Mörg þeirra hafa kveðið á um breytingar á stjórnarskránni.

Frumvarpið sem við framsóknarmenn höfum lagt fram er ekki heilagt að því leyti að við teljum að þetta sé sú leið og það form sem við viljum sjá að verði. Það sem er brýnast í málinu er að stjórnlagaþing verði að veruleika, og þjóðin fái að kjósa sér fulltrúa sem eru hvorki þingmenn né ráðherrar og þessir kjörnu fulltrúar hafi fullt umboð til að fara yfir stjórnarskrána og breyta því sem þarf að breyta. Vel getur verið að stjórnlagaþingið komist að þeirri niðurstöðu að ekki þurfi að breyta svo miklu. En þá hafa þingmenn, hagsmunir flokkanna og hinn þungi hrammur flokksræðisins, sem hefur stöðvað breytingar í gegnum tíðina, ekki komið í veg fyrir nauðsynlegar breytingar og tafið málin.

Ekki þarf að breyta svo miklu. Við fórum t.d. í gegnum VII. kafla stjórnarskrárinnar um mannréttindi og breyttum með góðu samráði á þinginu árið 1995 og er sá kafli grundvöllur að mannréttindum og réttindum borgara í dag. Við eigum að sjálfsögðu að skoða hvort ekki megi laga þar, breyta og bæta en ég held að við þurfum ekki að fara í einhverjar róttækar breytingar á þeim kafla. Hins vegar verðum við að fara í róttækar breytingar á því að virkja þingið og láta það fá sömu stöðu í huga fólks og það á að hafa. Þingið hefur sett niður að undanförnu og þegar við horfum upp á það að formenn stjórnarflokkanna hafa í raun algert alræðisvald er sú hugmynd athyglisverð hvort við eigum að kjósa yfirmenn framkvæmdarvaldsins í beinum kosningum. Þetta er ein af mörgum hugmyndum sem þarf að skoða og fara yfir á málefnalegan hátt.

Við leggjum til að á stjórnlagaþinginu verði 63 fulltrúar. Ég held að það sé eðlileg tala. Þær raddir hafa komið fram að þeir eigi hugsanlega að vera tvöfalt fleiri og jafnvel að hægt verði að kasta upp á hverjir það væru, 63 fulltrúar verði kosnir og kastað upp á hverjir hinir væru. Ég held að betra sé að hér séu 63 fulltrúar. Ég held að betra sé að hafa þennan fjölda en færri. Einnig hefur verið rætt um að fulltrúarnir eigi að vera einhvers staðar á bilinu 20 til 30 manns en sú tala verður að endurspegla þjóðfélagið þannig að sem breiðastur hluti alþýðunnar eigi fulltrúa.

Sagt er að eingöngu eigi að kjósa sjö. Þannig reynum við að tryggja að þeir hæfustu verði kjörnir. Líka hefur verið gagnrýnt að þetta eigi að vera eitt kjördæmi og menn óttast þá hugsanlega, eins og hefur komið fram þegar menn kjósa til Alþingis, að hagsmunir landsbyggðarinnar muni einfaldlega vera skildir eftir. Ég óttast það ekki í þessu máli vegna þess að í því verður hvorki rætt um landsbyggðarhagsmuni né höfuðborgarhagsmuni. Við tölum einfaldlega um að við ætlum að búa til ramma til margra ára um hvernig skipun mála á Alþingi og hjá þjóðinni verður hagað. Ekki er ætlast til þess að stjórnlagaþingið komi aftur saman, bara lagt til að farið verði út í nauðsynlegar breytingar sem átti að fara í fyrir löngu en hefur ekki gefist tækifæri til.

Þetta mál hefur oft verið til umfjöllunar innan Framsóknarflokksins og 1954 lagði þingmaður flokksins, Páll Zóphóníasson, fram frumvarp um stjórnlagaþing. Jóhanna Sigurðardóttir lagði einnig fram frumvarp um stjórnlagaþing árið 1995 og það að hún er nú sitjandi forsætisráðherra styrkir mig í þeirri trú að þetta mál nái fram að ganga í vor.

Hugmyndir hafa komið fram um að kjósa eigi til stjórnlagaþings strax í vor. Ég held að það sé vel skoðandi og mundi spara peninga. Það mundi líka tryggja að þeir sem yrðu kosnir á stjórnlagaþingið hefðu skýrt umboð þjóðarinnar til að breyta stjórnarskránni, vegna þess að ég held að hægt sé að fullyrða að kosningaþátttaka er alla jafnan mjög góð í alþingiskosningum en ef við ætlum að tefja málið fram á haust, horfum við kannski upp á minni þátttöku og það að menn fari í nokkurs konar kosningabaráttu. Ég held að við ættum að forðast í lengstu lög að þeir sem vilja sitja á þessu stjórnlagaþingi fari í harða kosningabaráttu. Það skiptir öllu máli. Ég ítreka að stjórnlagaþingið verður að verða að veruleika.

Við framsóknarmenn fögnum því að þetta mál sé komið til umræðu. Við vonum að það fái brautargengi og hraða meðferð í gegnum þingið. Ég þakka þeim sem hafa komið í ræðustól og fagnað frumvarpinu, sérstaklega hv. þm. Pétri Blöndal sem talar á skjön við Sjálfstæðisflokkinn, sem hefur fundið þessu máli allt til foráttu. Ég verð að segja að það eru aum rök að halda því fram að þeir geti ekki samþykkt málið vegna þess að samráðs hafi ekki verið gætt. Þetta er mál sem fer í gegnum þingið á eðlilegum hraða og þeir geta komið að því bæði í riti og í nefndum og ef þeir vilja breyta einhverju gera þeir það á sama hátt og þeir sem hafa verið í stjórnarandstöðunni undanfarin ár hafa þurft ef þeir hafa viljað leggja eitthvað til málanna.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sérn.

[Fundarhlé. — 18:54]

[19:15]

Útbýting:

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl., 321. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 553.

[Fundarhlé. — 19:16]

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 1. umr.

Stjfrv., 313. mál (afnám laganna). — Þskj. 543.

[19:30]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við verkefnaskrá

ríkisstjórnarinnar, frá 1. febrúar 2009, en þar kemur fram að lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, verði afnumin og að eftirleiðis skuli gilda um alþingismenn, ráðherra, hæstaréttardómara og forseta Íslands almennar reglur um lífeyriskjör opinberra starfsmanna.

Með lögum þessum, nr. 141/2003, sem leystu af hólmi enn eldri ákvæði í nokkrum sérlögum, voru æðstu embættismönnum þjóðarinnar veitt betri eftirlaunaréttindi en almennt tíðkast og þeim tryggð ákveðin lágmarksréttindi til eftirlauna umfram þau réttindi sem opinberir starfsmenn njóta samkvæmt lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Reyndar höfðu umtalsverð sérkjör verið til staðar í eldri lögum eins og áður sagði. Yfirlýstur tilgangur þeirra laga var m.a. að gera alþingismönnum og ráðherrum sem verið hafa lengi í störfum á opinberum vettvangi betur kleift að draga sig í hlé og stuðla þannig að meiri endurnýjun í þjóðmálum að því leyti. En það er skemmst frá því að segja og er vel kunnugt að lögin hafa hins vegar sætt margs konar og harðri gagnrýni frá byrjun. Til að mæta henni var lögunum loks breytt á nýliðnu haustþingi og dregið nokkuð úr réttindum án þess að þau væru þó afnumin að fullu. Þrátt fyrir þær breytingar er engu að síður ljóst að ýmsir þættir í eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar víkja eftir sem áður frá almennum lífeyrisréttindum og segja má að eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar mæti ekki almennum skilningi eða stuðningi í þjóðfélaginu heldur þvert á móti. Við því þarf að bregðast, m.a. til að varðveita nauðsynlegt traust milli almennings og ráðamanna. Í þessu frumvarpi er því lagt til að gengið sé hreint til verks og að lög nr. 141/2003, verði afnumin og þannig komið á fullu samræmi í lífeyrismálum ráðamanna og almennings.

Í fyrsta kafla frumvarps þess sem ég mæli hér fyrir er lagt til að frá og með 1. apríl nk., auðnist Alþingi að ljúka afgreiðslu málsins vel fyrir þann tíma, falli úr gildi lög nr. 141/2003, en þau haldi þó gildi sínu gagnvart hæstaréttardómurum sem skipaðir hafa verið fyrir gildistöku laganna sem og gagnvart núverandi forseta Íslands á yfirstandandi kjörtímabili. Er því um sólarlagsákvæði að ræða fyrir viðkomandi einstaklinga á meðan þeir gegna þeim embættum sem þeir gera í dag.

Verði frumvarpið að lögum hefur afnám laga nr. 141/2003 ekki í för með sér að þau réttindi sem einstaklingar hafa áunnið sér á gildistíma laganna skerðist afturvirkt, heldur haldast þau óbreytt sem geymd réttindi.

Með vísan til 19. gr. laga nr. 141/2003 er með frumvarpinu jafnframt kveðið á um að ef sá sem fær greidd eftirlaun samkvæmt lögum nr. 141/2003 eða samkvæmt eldri lögum er giltu um eftirlaun alþingismanna og ráðherra fyrir 30. desember 2003, og gegni starfi á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess, komi launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar eftirlaunum. Regla þessi er til samræmis við þá umræðu sem farið hefur fram í þjóðfélaginu, allt frá gildistöku laga nr. 141/2003, að ekki þyki forsvaranlegt að greiða óskert eftirlaun samhliða störfum á vegum ríkisins.

Í öðrum kafla frumvarpsins er lagt til að gerð verði nauðsynleg breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, til að tryggja að þeir aðilar sem lög nr. 141/2003 ná til, eigi við brottfall laganna aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þar sem umræddir einstaklingar eru, að frátöldum hæstaréttardómurum, ekki starfsmenn ríkisins í skilningi laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er lagt til að viðkomandi aðilar verði sérstaklega tilgreindir í aðildargrein 3. gr. laga nr. 1/1997, við hlið annarra starfsmanna ríkisins. Um starfsmenn ríkisins og þá aðila sem tilgreindir eru í lögum nr. 141/2003, gilda þá sömu reglur samkvæmt lögum nr. 1/1997, verði frumvarp þetta að lögum.

Lög nr. 141/2003 ná að jafnaði til innvinnslu eftirlaunaréttinda 77 starfandi einstaklinga, auk geymdra réttinda þeirra sem áður hafa gegnt þessum störfum. Alls áttu 633 einstaklingar réttindi samkvæmt lögunum í árslok 2007 og nam áfallin eftirlaunaskuldbinding ríkissjóðs vegna þeirra rúmlega 12 milljörðum kr. Samkvæmt frumvarpinu eru áunnin réttindi varðveitt og því munu áhrif þess á skuldbindingar ríkissjóðs koma fram smám saman eftir því sem árin líða. Þó að frumvarpið verði að lögum er ekki gert ráð fyrir að það leiði til mikillar lækkunar á eftirlaunagreiðslum ríkissjóðs næstu árin, heldur munu áhrif þess fyrst og fremst koma fram í lækkun á gjaldfærðri eftirlaunaskuldbindingu ríkissjóðs í ríkisreikningi. Megináhrif frumvarpsins á útgjöld ríkissjóðs felast í því að réttindaávinnsla samkvæmt lögum nr. 141/2003 hættir og bindur ríkissjóði ekki þyngri bagga en orðið er.

Unnið hefur verið tryggingafræðilegt mat fyrir fjármálaráðuneytið á áhrifum frumvarpsins. Þar er gengið út frá hópnum sem átti réttindi samkvæmt gildandi lögum í árslok 2007 og skuldbindingar vegna hópsins reiknaðar fram í tímann að öðru óbreyttu. Til langs tíma litið mun afnám laganna leiða til þess að þessi sérstaka skuldbinding vegna alþingismanna og ráðherra mun fjara alveg út. Samkvæmt þessu mati er áætlað að verði frumvarpið að lögum megi að öðru óbreyttu gera ráð fyrir að strax við gildistöku laganna lækki heildarskuldbinding ríkissjóðs vegna alls hópsins sem lögin ná til og verði 356 millj. kr. lægri en í árslok 2007 og að eftir fjögur ár hafi skuldbindingin lækkað um 1.689 millj. kr., eða sem svarar til 14% af skuldbindingunni í árslok 2007. Ef eingöngu er litið á hóp starfandi alþingismanna og ráðherra þá námu þessar sérstöku skuldbindingar vegna þeirra um 1,8 milljörðum kr. í árslok 2007 en eru taldar lækka um tæp 4% við gildistöku, verði frumvarpið að lögum, og um nálægt 40% eða hátt í 700 millj. kr. að fjórum árum liðnum.

Frú forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu. Ég segi að lokum að mér er sérstök ánægja að mæla fyrir þessu frumvarpi og vona að með því og afgreiðslu þess hér á Alþingi ljúki tiltekinni sögu sem lítil eftirsjá er að og að betri sátt komist á milli þings og þjóðar, að minnsta kosti hvað þennan þátt varðar.

[19:39]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við ræðum hér eins og oft áður kjör þingmanna um nætur en það hefur oft verið áður. Hér er hins vegar um að ræða jákvæða breytingu og ég vil undirstrika það, svo að fjölmiðlar fari ekki að misskilja það eins og

annað sem ég segi, að ég er mjög hlynntur þessu frumvarpi, mér finnst það jákvætt. Hins vegar er lagasetningin, og þá er ég bara að fara í gegnum tæknina, ljót. Einhver lög eru felld úr gildi en samt gilda þau fyrir ákveðinn hóp, það er spurning hvernig menn fletta upp í lagasafninu í framtíðinni til þess að fá að vita þetta.

En það sem ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra um eru í fyrsta lagi útreikningar fjármálaráðuneytisins, ráðuneytis hans, þ.e. að sparnaðurinn verði 1,6 milljarðar á fjórum árum. Ef maður deilir í það með fjórum og síðan með 63 eru þetta um 6 millj. kr. á mann. Þetta er sem sagt svipað og laun þingmanna. Ég spyr: Hvernig í ósköpunum getur þetta staðist? Eru réttindin þá jafnmikils virði og launin.

Svo ætla ég að spyrja að öðru sem er kannski öllu alvarlegra. Nú hafa almennu lífeyrissjóðirnir orðið fyrir miklum áföllum. Ég flyt einmitt frumvarp hér á Alþingi um að þingmenn skuli njóta sams konar réttinda og almennir launþegar í landinu, ekki eins og forréttindahópurinn sem er hjá ríkinu. Og almennir launþegar þurfa að fara að skerða lífeyrinn, mjög líklega jafnvel í apríl, og sumir í haust. Lífeyrissjóður bænda ríður sennilega á vaðið.

Hvernig lítur það út frá sjónarhorni hæstv. ráðherra þegar þessi réttindi eru pikkföst og iðgjaldið til ríkisins þarf að hækka vegna þess hvernig stjórnin fór með fjármunina? Á sama tíma þarf að skerða hjá almenningi sem borgar hækkunina til þingmanna og annarra opinberra starfsmanna með sköttum sínum. Hvernig gengur svona réttlæti upp? En ég vil taka það fram að ég er hlynntur frumvarpinu.

[19:41]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í fyrsta lagi um að það sé ekki góður svipur á þessari lagasetningu held ég að það sé kannski helst nafngiftin sem mönnum finnst sérkennileg, þ.e. að það koma til með að standa eftir í lagasafninu lög sem heita „lög um afnám laga“, en þau hafa sjálfstætt gildi því að í fyrsta lagi afnámu þau annars vegar tiltekin lög og í öðru lagi varðveita þau tiltekin ákvæði sem hafa gildi og þurfa að vera í lögum til þess að ljóst sé t.d. að menn geti ekki verið á tvöföldum launum. Þau geyma líka sólarlagsákvæðin gagnvart hæstaréttardómurum og forseta Íslands, þess vegna er þetta svona úr garði gert.

Varðandi kostnaðarútreikninga skal það fúslega viðurkennt að ég hef ekki lagst ofan í þá sjálfur að neinu ráði, enda hef ég takmarkaða þekkingu til þess. Hér er byggt á tryggingarfræðilegu mati sem fjármálaráðuneytið hefur unnið eða aflað og ég get lítið annað en vísað til þess, að þar eru sérfræðingar á ferð sem hafa gert þessa útreikninga og komast að þeim niðurstöðum sem hér eru reiddar fram. Ég veit að hv. þingmaður er alkunnur áhugamaður um þessi fræði enda vel að sér á því sviði og sjálfsagt mál að fara ofan í það í hv. þingnefnd ef mönnum sýnist þess þurfa.

En um það sem efnislega er þarna á ferðinni þarf ekkert að deila, þetta léttir að sjálfsögðu skuldbindingum og umtalsverðum greiðslum af ríkissjóði í framtíðinni og tryggir að þessi kjör verði algerlega stillt saman við aðra starfsmenn sem taka lífeyri samkvæmt lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Það fyrirkomulag sem er til staðar, eins og við þekkjum, á sér langa sögu.

Vegna þess sem hv. þingmaður nefndi um stöðu lífeyrissjóðanna almennt eða almennu lífeyrissjóðanna er ég mér vel meðvitaður um að þeir hafa orðið fyrir áföllum og töpum og eru að skoða stöðu sína. Það er m.a. rætt í samráði við ráðuneytið sem fer með þau mál. En ég vonast til þess að til skerðinga þurfi ekki að koma, a.m.k. að svo stöddu, alla vega ekki fyrr en á síðari hluta ársins og helst ekki fyrr en um áramót og þá vonandi sem allra minnst.

[19:43]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Jafnvel þó að Alþingi hafi rýmkað mörkin á milli eigna og skulda lífeyrissjóða upp í 15%, sem er mjög óvarlegt í reynd, þá held ég að flestir búist við því að það þurfi að skerða almenn réttindi í sjóðunum. Það er bara því miður, það er ekki eitthvað sem ég vil. Og þá kemur í ljós að við erum að fara með þingmenn úr einu forréttindakerfi í annað. Forréttindakerfi sem er þannig að réttindin eru föst en iðgjaldið, þ.e. iðgjald ríkisins, er breytilegt. Skatturinn — því að þetta er ekki borgað með neinu öðru en sköttum — á þjóðina verður hækkaður til að standa undir óbreyttum réttindum opinberra starfsmanna og þingmanna þar með á sama tíma og almennu sjóðirnir neyðast til að skerða lífeyrisrétt sinn.

Hv. þingmaður lagði til á fundi í gær að verðtryggingin yrði afnumin en það er einmitt það sem mundi verða enn meira högg fyrir almennu lífeyrissjóðina, til viðbótar við höggið sem þeir fengu af bankahruninu. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra finnist þetta allt í lagi. Mér finnst það ekki allt í lagi. Ég hef reyndar flutt frumvarp sem ekki var sett á dagskrá í dag þó að það hafi lægra númer en frumvarp hæstv. ráðherra, það var sem sagt á undan, en ég fékk ekki að mæla fyrir því í dag. Það frestast þá í einhvern tíma því að ég er að fara til útlanda. Það gekk út á það að þingmenn gætu valið sér sjóði eins og almenningur. 80% þjóðarinnar er í almennum lífeyrissjóðum sem þurfa að sæta skerðingu og búa ekki við það öryggi sem opinberir starfsmenn búa við og sem þingmenn eiga að fara inn í samkvæmt lögum. Ég flutti frumvarpið um áramótin um að það væri heimilt fyrir þingmenn að fara út úr þessu forréttindakerfi og það var kolfellt.

[19:45]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er auðvitað margt sem hefur áhrif á stöðu lífeyrissjóðanna og lífeyrissjóðakerfisins og því miður er auðvitað ekki að öllu leyti ljóst enn þá hve mikil töp þess kerfis verða tengd bankahruninu og þeim hörmungum sem gengið hafa yfir Íslendinga í efnahagsmálum, að verulegu leyti manngerðum hörmungum sem hv. þingmaður veit mætavel um og stendur nærri ásamt sínum flokki. Það er t.d. ekki alveg ljóst hvernig lífeyrissjóðirnir eiga eftir að koma út úr ýmsum uppgjörsmálum sem tengjast í raun bæði gamla og nýja bankakerfinu og fleira í þeim dúr. Það er verið að skoða hluti eins og það hvernig lífeyrissjóðirnir skuli virða örorkubyrðar sínar, hvort það sé rétt að gera með þeim hætti sem reiknað er í dag, núvirkt eða framvirkt,

og fleiri hlutir geta átt eftir að hafa áhrif á það hversu mikil eða vonandi verður hægt að segja hversu lítil raunveruleg skerðingarþörf þeirra verður. Auðvitað óttast maður að það verði eitthvað en þá er líka rétt að hafa í huga að lífeyrissjóðirnir nutu mjög góðrar ávöxtunar á löngu árabili á fé sínu þannig að sú skerðing kemur frá mjög hárri viðmiðun, ef svo má að orði komast, sem myndaðist á árabili mjög góðrar ávöxtunar þar sem sjóðirnir gátu látið eftir sér að auka réttindi jafnvel umfram það sem áætlanir höfðu áður gert ráð fyrir. En skoðað í heildarsamhengi verður náttúrlega að hafa myndina alla í huga.

Varðandi verðtryggingu þarf hv. þingmaður ekkert að óttast að það standi til af minni hálfu að fara að beita mér fyrir einhverri kollsteypu í þeim efnum. Ég lýsti á borgarafundi í gær almennum viðhorfum mínum til þessa máls sem hafa heldur styrkst af lífsreynslu minni og trúlega fleiri undanfarna mánuði, að um leið og aðstæður leyfa eigi það að vera markmið okkar til framtíðar litið að fara að reyna að vinda eitthvað ofan af þessari víðtæku verðtryggingu í samfélaginu. Það þýðir ekki að fótunum verði kippt undan því sem fyrir er á nokkurn hátt og þeim mun betur sem okkur tekst að ná niður verðbólgu og innleiða stöðugleika þeim mun minni áhrif hefur það í sjálfu sér hvort fjárskuldbindingar eru verðtryggðar eða óverðtryggðar.

[19:48]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Mótmælin undanfarið í kjölfar hruns bankanna og viðskiptalífsins hafa beinst að því að koma með kröfu um gagnsæi, að ljóst sé hvernig hlutirnir eru og hvað þeir kosta. Frá því að ég kom inn á þing hefur iðulega verið ógagnsæi, frú forseti, og ég nefni sem dæmi starfskostnaðargreiðslur þingmanna. Ég hef aldrei getað vitað hvort þetta eru laun eða gjöld. Ég veit það ekki. Þetta eru bæði laun og gjöld. Ef ég hef gjöld þá er það í lagi, ef ég hef ekki gjöld, þá eru það tekjur. Ég hef aldrei viljað þessar greiðslur. Þegar ég kom inn á þing á sínum tíma bað ég um að ég mætti falla frá því. Ég hef ekki þegið þær öll þau ár sem ég hef verið á þingi, í 14 ár. Ætli það séu ekki u.þ.b. 7 millj. kr. sem ég hef tapað, frú forseti? Þarna er verið að dylja hluti og þetta er í gangi enn þá og það á ekki að breyta þessu neitt. Nei, nei, nei. Og ekki dagpeningum heldur sem er alveg út í hött. Ég er margbúinn að gagnrýna það. 80% af dagpeningum eru greiddir og hótelið líka. Maður kemur með helling af peningum aftur til baka. Ég hef reyndar lengi vel borgað inn í Hjálparstofnun kirkjunnar það sem ég græddi á þessu. En óhreinleikinn er of mikill. Hér er verið að láta undan þrýstingi frá mótmælunum, undan þrýstingi af hræðslu eru menn að fara úr einu forréttindakerfi í annað og segja að þingmenn eigi að vera eins og opinberir starfsmenn. Þingmenn eru ekki opinberir starfsmenn, frú forseti. Þingmenn eru fulltrúar, þeir eru kosnir fulltrúar þjóðarinnar og eru ekki opinberir starfsmenn. Og ég neita því að ég heyri einhvern veginn undir framkvæmdarvaldið í þeim skilningi, að ég sé starfsmaður þess.

Hér er enn ein tilraunin til að víkja undan og segja: Við erum eins og opinberir starfsmenn og þá er allt í lagi. En opinberir starfsmenn eru með forréttindakerfi, frú forseti, sem felst í því að réttindin eru föst og meira að segja mjög myndarleg, miklu hærri en hjá almenningssjóðunum, miklu hærri, sennilega 30–40% hærri vegna þess að iðgjaldið er 15,5% og þarf sennilega að hækka upp í 17,5% fljótlega sem þýðir bara meiri skatta í staðinn fyrir 12% hjá almenningssjóðunum. Er ekki 17,5% hærra en 12%? Ég hélt það. Það þýðir að réttindin eru meiri og þau eru meira að segja pikkföst þannig að þegar sjóðirnir verða fyrir áföllum eða ná ekki ávöxtun eins og líka er hugsanlegt, ef þeir ná ekki 3,5% ávöxtum til að halda uppi verðtryggingunni, þá þurfa þeir að skerða líka. Almenningur í landinu, 80% af þjóðinni, býr því við óörugg lífeyrisréttindi. Á meðan opinberir starfsmenn, 20%, eru með örugg lífeyrisréttindi á kostnað hinna og þangað eru þingmenn að sigla og þykjast vera voðalega góðir. Það er bara þannig. Ég hef miklar efasemdir um þetta.

Svo sagði hæstv. ráðherra að sumir sjóðirnir hafi notið góðrar ávöxtunar. Það er rétt, einstaka sjóður en alls ekki allir. Ég er ansi hræddur um að Lífeyrissjóður bænda muni ekki taka undir það eða margir aðrir sjóðir. Það er nefnilega ekki ávöxtunin sem gerir út um það hvort lífeyrissjóðir geti borgað lífeyri á Íslandi heldur aldursdreifing sjóðfélaga. Ef hún er neikvæð er alveg sama hvað ávöxtunin er góð, þeir geta ekki borgað góðan lífeyri. Það er galli í kerfinu, vissulega.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar er á margan hátt sérstakt. Eins og ég nefndi áðan í andsvari, þetta skrýtna að lögin eru tekin úr gildi en hér stendur að þessi tilteknu lög falli úr gildi. Þá hélt maður að þau féllu úr gildi. Nei, þau eiga að gilda áfram. Ákveðin ákvæði eiga að gilda áfram þannig að þau eru ekki fallin úr gildi. Þetta er lygi. Þetta er ekki rétt. Þau gilda áfram. Í staðinn fyrir að segja að ákveðin ákvæði falli niður sem hefði verið hreinlegra en lögin gilda áfram með þessum eftirmálum, þá eru lögin felld úr gildi, en þau gilda samt.

Svo er það sem kemur fram í 2. mgr. 3. gr., með leyfi frú forseta:

„Nú gegnir sá, sem fær greidd eftirlaun samkvæmt lögum nr. 141/2003 eða samkvæmt eldri lögum er giltu um eftirlaun alþingismanna og ráðherra fyrir 30. desember 2003, starfi á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess, og koma þá launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar eftirlaunum.“

Þetta gildir um alla starfsmenn ríkisins og yfirleitt í lífeyrissjóðunum almennt, að maður sem er orðinn sjötugur má fá lífeyri sinn úr lífeyrissjóði. Hann er búinn að vinna fyrir þessu, hann er búinn að borga þetta og hann má vinna ef hann vill og það er ekkert verið að draga af honum. Þetta er mjög sérkennilegt ákvæði og það væri gaman ef hæstv. heilbrigðisráðherra gæti orðið viðstaddur umræðuna vegna þess að hann er formaður BSRB eða var það, hann er reyndar í hvíld frá þeim valdastóli núna. Er hægt að taka þessi réttindi af opinberum starfsmönnum líka? Er það svo einfalt? Ég er ansi hræddur um að margir sem eiga þennan rétt og telja sig eiga hann muni fara í mál út af því. Það er ekki hægt að taka afstöðu gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þarna held ég að menn skauti dálítið létt yfir þetta og það útskýrir kannski af hverju skuldbindingin lækkar meira eða svipað sem nemur launum þingmanna. Það er það sem hún lækkar um á hverjum mánuði.

Þetta var um frumvarp ríkisstjórnarinnar og ég er eins og ég segi hlynntur því vegna þess að það minnkar það sem er verið að fela og leyndina en það er alls ekki gagnsætt, frú forseti. Þetta er ógagnsætt. Það er verið að flytja forréttindahópinn úr einni forréttindastöðu í aðra.

Ég ætla að leyfa mér, frú forseti, þótt það hafi ekki fengist heimild forseta þingsins til þess að mæla fyrir mínu máli í dag. Það vill svo til að ég er að fara til útlanda á morgun og get ekki mælt fyrir því en það er nákvæmlega samstiga og samstofna þessu máli og hefði átt að ræðast með. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að geta þessa máls líka af því að ráðherrafrumvarpið gekk fyrir í dag. Það er öll virðingin fyrir alþingismönnum en þingmannafrumvarpið sem hafði lægra númer og var fyrr á ferðinni en tafðist á nefndasviðinu vegna anna fékkst ekki rætt. Þess vegna ætla ég að ræða það mál.

Ég hef flutt þetta frumvarp áður, 1995, um það að þingmenn geti valið sér lífeyrissjóð, t.d. Lífeyrissjóð verslunarmanna, einhvern lífeyrissjóð úti í bæ eða Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þannig að þeir njóti þeirra lífeyrisréttinda sem þar eru eins og kjósendur þeirra. Að þeir deili kjörum með umbjóðendum sínum og fái að kynnast því hvernig er t.d. að upplifa varanlega skerðingu á lífeyrisréttindum um alla framtíð. Þegar einhver er kannski með 50 þúsund kall á mánuði í lífeyri og það á að skerða þann lífeyri um 10%, 5 þúsund kall, þá er það ekki bara í 1–2 mánuði, það er um alla framtíð, svo menn hafi það á hreinu. Hvernig upplifun er það? Það upplifa þingmenn aldrei eða opinberir starfsmenn. Mér finnst að þingmenn eigi að deila kjörum með umbjóðendum sínum til að vita hvernig tilfinning þetta er því annars eru þeir í einhverjum fílabeinsturni og vita ekkert hvað þeir eru að tala um, í einhverjum gerviheimi. En þannig hefur það löngum verið, því miður.

Ég skora á forsætisnefnd að taka í gegn alla þessa hluti sem eru ósýnilegir og ógagnsæir í þinginu, t.d. dagpeningana eða vildarpunkta flugfélaganna þar sem þingið borgar, og það gildir fyrir alla opinbera starfsmenn, hæstv. fjármálaráðherra borgar flugfarmiða fyrir sína menn út um allan heim en starfsmaðurinn fær vildarpunktana, ekki ríkið. Hvernig stendur á því? Þetta eyðileggur alla samkeppni. (**Fjmrh.:** Þeir eru að skoða það.) Það er verið að skoða það já, fínt, gott, ég vona að hæstv. forsætisnefnd skoði þetta líka gagnvart þinginu og sérstaklega dagpeningana, þannig að þetta sé á hreinu.

Ég sem sagt legg til að þingmenn geti valið sér lífeyrissjóð eins og umbjóðendur þeirra og sæti þeirri skerðingu sem þar um ræðir en laun þeirra verði hækkuð þannig að það komi í ljós hvers virði þessi réttindi eru, ekki alltaf þessi feluleikur. Hafa þetta gagnsætt, sjá hversu mikils virði er að vera með lífeyrisréttindi þingmanna, sjá hversu mikils virði er að vera með lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og sjá hversu mikils virði það er að vera í Lífeyrissjóði verslunarmanna o.s.frv., þar sem menn þurfa hugsanlega að sæta í framtíðinni að lífeyrisrétturinn verði skertur. Þá loksins eru þingmenn farnir að deila kjörum með umbjóðendum sínum og þá loksins er lífeyrisrétturinn orðinn gagnsær og kjörin almennt og sérstaklega þegar menn eru farnir að laga þessa hluti, þ.e. dagpeningana og vildarpunktana og sitthvað fleira. Ég hef aldrei tekið þátt í þessu vildarpunktakerfi en því miður er það þannig að það eru flugfélögin sem græða á því en ekki ég og ekki þingið.

Það er svo önnur saga, frú forseti, að nú liggja fyrir framboð til þings og mitt frumvarp átti að taka gildi frá og með næstu kosningum þannig að þeim sem finnst lífeyrisrétturinn batna eða álagið gott geta þá boðið sig fram. En það er nefnilega þannig, og sumir hafa sagt það, að kannski eru lífeyriskjör þingmanna eða alla vega launakjör þingmanna orðin of léleg. Það getur vel verið að fólk vilji ekki bjóða sig fram til þings af því að kjörin séu svo léleg. Það getur líka verið að ummæli um þingmenn sem lenda á bloggsíðum út og suður, ummæli sem þeim þykir ekki gaman að láta börnin sín lesa, ég tek þetta til dæmis, fæli menn frá að sækja um þetta starf. Það er búið að skerða launin, það er búið að skerða lífeyrisréttindin og svo allt hitt sem menn taka í kaupbæti, t.d. mistúlkanir á ummælum o.s.frv. Fjölmiðlar gera mönnum upp skoðanir og ég veit ekki hvað og hvað, eins og ég upplifði í dag að ég átti að vera á móti frumvarpi sem ég var innilega sammála. Það var bara þannig. Ég er ekki viss um að þjóðin fái sæmilegan mannskap á skútuna og hún ætti að fara að huga að því. Fáum við nógu góðan mannskap á skútuna þegar bæði er búið að skerða launin þannig að þau eru lægri en hjá millistjórnendum hjá ríkinu og ráðuneytisstjórar allir með hærri laun heldur en þingmenn svo maður tali ekki um forstjóra ríkisfyrirtækja?

Ég held að menn þurfi að skoða þetta líka í alvöru og ræða þetta heiðarlega. Ég hef lagt það til og gert það nokkrum sinnum að fráfarandi þing ákveði tímanlega laun næsta þings, þ.e. hálfu ári eða einu ári fyrir kosningar ákveði þing laun næsta þings. Ákveði þingið að hafa launin mjög há þá munu væntanlega margir sækja um og þingmenn missa starfið. En ákveði þingið að hafa þau mjög lág þá halda þeir starfinu. Stundum læðist að manni sá grunur að menn séu að lækka launin og skerða lífeyrisréttindin til þess að fá enga samkeppni í prófkjörum og í kosningum, í komandi prófkjörum og kosningum. Það skyldi nú ekki vera?

[20:01]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Skammt er á milli umræðna um eftirlaun og launakjör alþingismanna þessa mánuðina. Er engu líkara en að sé stærsti vandi þjóðarinnar sé fólginn í þeim kjörum sem alþingismenn hafa haft á undanförnum árum. Ef miðað er við hávaðann í forustumönnum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja virðist hámark alls óréttlætis á Íslandi vera fólgið í þeim kjörum sem þingmönnum hafa verið ákvörðuð, hvort sem það eru launakjör eða eftirlaunakjör.

Gagnrýna má ýmislegt sem er að finna í þeim ákvörðunum og eftirlaunalögin frá 2003 voru auðvitað mjög mikið gagnrýnd en það fer kannski minna fyrir þeirri staðreynd — ég heyrði ekki að hæstv. ráðherra hefði nokkurt orð á henni í framsöguræðu sinni — að frumvarpið í desembermánuði 2003 var samkomulagsmál allra þingflokka, lagt fram með stuðningi formanna allra stjórnmálaflokkanna og að sögn handsalað m.a. við formann Vinstri grænna, þann sem nú situr í stóli hæstv. fjármálaráðherra. Í því voru ákvæði sem

urðu umdeild og þá hrukku sumir frá borði eins og fúaspýtur og sáust ekki í þingsölum það sem eftir lifði umfjöllunar um málið og framsögu- og flutningsmenn úr ýmsum flokkum drógu sig af málinu og þóttust hafa verið blekktir.

Það er eðlilegt að menn taki sér svigrúm til að skipta um skoðun á einhverju máli komi fram nýjar upplýsingar sem ekki lágu fyrir þegar þeir tóku sína upphaflegu ákvörðun. Í þessu máli var því ekki að heilsa. Það var einfaldlega samkomulag um efnisatriði málsins sem menn guggnuðu undan þegar hávaðamaskínurnar í Alþýðusambandi Íslands og BSRB fóru af stað. Sú gagnrýni sem þá kom fram var ekki öll að ástæðulausu því að það voru auðvitað atriði sem voru gagnrýniverð, fyrst og fremst þau atriði sem lutu að eftirlaunakjörum forsætisráðherra.

Engu að síður var kjarni málsins sá í eftirlaunafrumvarpinu 2003, sem varð síðan að lögum sem núverandi hæstv. fjármálaráðherra leggur hér til að verði afnumin, að það urðu engar stórvægilegar breytingar á kjörum alþingismanna og ráðherra, forseta Íslands eða hæstaréttardómara, engar. Stærstu réttindaákvæðin hvað varðar ráðherra voru þau að þeir áunnu sér 6% réttindi á hverju ári í starfi, sem er auðvitað mun meira en almennt gerist. Í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna er réttindaávinnslan um 2% á ári og heldur minni hjá almennu lífeyrissjóðunum. Það verður því mun hraðari ávinnsla hjá ráðherrum en gengur og gerist.

Þetta voru ekki ný ákvæði, virðulegi forseti, þau ákvæði komu í lög árið 1965. Hæstv. fjármálaráðherra sat í ríkisstjórn á árunum 1988–1991 undir þessari réttindaávinnslu og fann ekkert að því þá og hefur ekki beðist undan því að þiggja þá réttindaávinnslu svo mér sé kunnugt um. Hann stóð upp úr ráðherrastólnum vorið 1991 án þess að hafa nokkur orð um það mikla óréttlæti sem þessi réttindaávinnsla hafði verið þjóð og þingi. (**Gripið fram í:** 30 ár.) Hann fann ekki upp þetta mikla óréttlæti fyrr en árið 2003 eða 2004.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég kann ekki að meta svona tvöfeldni eða heigulshátt í umfjöllun um mál þar sem verið er að vega að þinginu sjálfu, ég kann ekki að meta það. Það er eðlilegt að ræða kjör þingmanna og gagnrýna það sem er gagnrýnivert en það er ekki eðlilegt að forustumenn stjórnmálaflokka vegi að þinginu sjálfu.

Skoðum nú hver staðan er ef við berum saman þingið við einhverja aðra sambærilega hópa. Hvað gerir hæstv. fjármálaráðherra þegar hann þarf að ráða sér skrifstofustjóra? Hann borgar honum kaup ásamt fastri yfirtíð þannig að skrifstofustjórinn fái 680–750 þús. kr. í laun á mánuði. Hæstv. fjármálaráðherra leggur hér til að kjör þingmanna verði að öllu leyti eins og hjá þessum skrifstofustjóra að öðru leyti en því að þeir fá 520 þús. kr. Hækka þarf laun alþingismanna um 40% til að þau verði hin sömu og laun skrifstofustjórans sem hæstv. ráðherra mun ráða, komi til þess á komandi mánuðum. (**Gripið fram í:** Það er svo merkilegt starf.) Það má vel vera að það sé merkilegt starf, ég dreg það ekkert í efa. En ætla menn að þingið verði mannað fólki sem hefur kunnáttu, færni og kjark til að standa uppi í hárinu á embættismönnum ríkisins og ráðherrum ríkisstjórnarinnar þegar því er borgað 40% lægri laun?

Hvað eru forustumenn stjórnmálaflokkanna að gera? (**Gripið fram í:** Og BSRB.) Eða forustumenn BSRB eða forustumenn ASÍ? Þeir eru að vinna að því að veikja Alþingi vegna þess að þeir vilja hafa veikt Alþingi því að það veitir þeim meiri völd. Það snýst um það, virðulegi forseti, að mínu viti.

Hvað segir forseti Alþýðusambands Íslands, sem oft er búinn að hrópa í fjölmiðlum og gera hróp að alþingismönnum, þegar hann var spurður um eigin kaup og kjör? Það eru ekki 520 þús. kr., virðulegi forseti, nei, það eru rúmar 900 þús. kr. Þá var hann spurður um réttlætið í því að vera svona miklu, miklu hærri en alþingismenn og þá var svarið: „Ja, svona gerast nú kaupin á eyrinni.“ Þetta er ekki hægt, virðulegi forseti.

Lítum aðeins á þetta, kjör alþingismanna eða hvers annars samanstendur af þeim launum sem menn fá og þeim réttindum sem menn vinna sér inn. Vissulega hafa eftirlaunaréttindi alþingismanna og ráðherra verið betri en annarra, það er alveg rétt. En laun þeirra hafa líka verið lægri en sambærilegra stétta sem menn hafa borið sig saman við, m.a. vegna þess að eftirlaunaréttindin hafa verið betri. Þau hafa þó ekki verið ákvörðuð neitt öðruvísi en gengur og gerist í erlendum ríkjum. Með eftirlaunafrumvarpinu 2003 fylgdu upplýsingar um hvernig þetta væri í ýmsum erlendum ríkjum. Þar kemur margt fróðlegt fram, aðallega þó það að eftirlaunaréttindi þingmanna og ráðherra eru ríflega í þessum löndum, hvort sem það er í Finnlandi, Danmörku, Noregi, Þýskalandi eða Svíþjóð. Í Svíþjóð og Noregi var þetta þannig, og ég býst við að það sé svo enn, að þingmenn áunnu sér full eftirlaunaréttindi eftir tólf ára þingsetu. Það veldur ekki hneykslan í þeim löndum. Hvers vegna skyldi það vera? Eru Norðmenn og Svíar með annað siðferðismat en við Íslendingar? Nei, auðvitað ekki. Það er vegna þess að menn horfa á málið í heild sinni. Ef kjörin í heild sinni eru sanngjörn og eðlileg amast fólk ekki við því. Þannig er staðan á Íslandi að kjör alþingismanna og ráðherra í heild sinni hafa verið sanngjörn að flestu leyti og engin ástæða til að vera með hávaða. Lýðskrum og upphrópanir sem gengið hefur á á undanförnum árum og sú framganga öll hefur algjörlega gengið fram af mér, virðulegi forseti. Það segir meira að segja í frumvarpinu enn einu sinni, þó að margbúið sé að hrekja það, í greinargerð á bls. 5, með leyfi forseta:

„Með lögum nr. 141/2003 voru gerðar gagngerar breytingar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar og þeim veitt betri eftirlaunaréttindi en almennt tíðkast.“

Þetta er ósatt, virðulegi forseti, og það veit hæstv. fjármálaráðherra. Það var ekki með lögunum 2003, það var með lögunum 1965. Hvað á það að þýða, virðulegi forseti, að bera ósannindi á borð hér í þingsal? Af hverju getur hæstv. fjármálaráðherra ekki bara farið fram með málið með sannleikann að vopni, (Gripið fram í.) eins mikla áherslu og hann hefur lagt á það í öðrum málum að leita sannleikans? Honum hefur eitthvað mistekist að finna hann í þessu máli. Auðvitað á sannleikurinn að koma fram í þessu máli sem öðrum, það á ekki að fela hann.

Ég er löngu hættur að gera mér rellu út af því hvort eftirlaunakerfið eigi að vera svona eða hinsegin, þessi sjóður eða hinn. Það sem ég segi bara, virðulegi forseti, er: Menn eiga að hafa launakjör alþingismanna og ráðherra þannig að þau séu góð en þau séu hófleg. Þá er þetta í lagi. Það er

ekki hægt að halda því fram að launakjör alþingismanna séu óhófleg í samanburði við þau launakjör sem ráðherrar hafa samþykkt hjá starfsmönnum sínum, hvort sem þeir heita skrifstofustjórar, sendiherrar eða eitthvað annað. Eða forstjórar ríkisfyrirtækjanna, því að samkvæmt úrskurði kjararáðs eru laun embættismanna ríkisins allt upp í 1.638.885 kr. miðað við töflu í maí 2008, sem er u.þ.b. þrisvar sinnum hærri fjárhæð en þingfararkaupið var þá. Getur nokkur maður haldið öðru fram en að laun alþingismanna séu hófleg í þessum samanburði? Þau eru það.

Ef rýra á kjörin eins og menn hafa verið að gera með því að fara með eftirlaunakjörin mjög langt niður eins og er verið að gera, verða menn að hækka launin til þess að halda samsvarandi kjörum. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: Er það ekki meiningin? Er það meining hans að þeir sem kosnir eru af þjóðinni til að sitja á þingi eigi að vera á hluta þeirra launa sem honum finnst rétt að borga starfsfólki sínu í fjármálaráðuneytinu? Er það svo, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin hafi ákveðið að þingmenn skuli bara vera hlutastarfsmenn samanborið við venjulega skrifstofustjóra í ráðuneytunum? Það gengur ekki, virðulegi forseti, það bara gengur ekki. Menn fá ekki öflugt þing sem getur sinnt hlutverki sínu að vera löggjafarvald — athugið, virðulegi forseti, löggjafarvald, ekki löggjafarþjónn ráðherranna, heldur löggjafarvald — sem getur boðið framkvæmdarvaldinu birginn og staðið á sínu.

Það má ekki fara svo með starf þingmannsins að það hætti að vera eftirsóknarvert og við hættum að fá fólk til að vilja koma hingað og sem kjósendur vilja kannski allra helst að leggi sig fram um að vinna á þingi. Við megum ekki ganga þannig frá málum að löggjafarvaldið verði hornreka í þessu samhengi. Mér finnst að gengið hafi verið allt of langt í að rýra stöðu þingsins í kjörum miðað við það sem mönnum stendur til boða annars staðar, hærri laun, öruggara starf og annað slíkt. (Gripið fram í.) — Svo ég tali ekki um umtalið. Það er búið að rýra kjörin og það sem hæstv. ráðherra nefndi nú ekki, eftirlaunakjör alþingismanna voru skert með lögunum árið 2003 og þau voru skert aftur með lögunum í desember síðastliðnum. Skerðingin nemur mjög háum prósentum ef út í það er farið.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, gera alvarlegar athugasemdir við útreikningana í greinargerð um kostnað. Ég held að þeir séu mjög ótrúverðugir í ljósi þeirra gagna sem hér hafa verið lögð fram áður um kostnaðarbreytinguna árið 2003.

[20:16]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hafna því að bornar séu á borð einhverjar rangfærslur eða einhver ósannindi í greinargerð með þessu frumvarpi eða í framsöguræðu minni. Þar tók ég reyndar skýrt fram að þessi lög væru að stofni til eldri, úr mismunandi sérlögum sem næðu langt aftur í tímann og voru í gildi þegar ég tók sæti og hóf hér störf fyrir margt löngu. Þetta er arfur frá gömlum tíma sem við erum vonandi að leggja til grafar.

Laun þingmanna og ráðherra eru núna ákvörðuð af sérlögum sem sett voru, ef ég man rétt, rétt fyrir áramótin og festa þau. Kjararáð hefur á grundvelli þeirra laga þegar lækkað laun þingmanna og ráðherra og er, ef ég veit rétt, að undirbúa úrskurð eða vinna að því að lækka aðra embættismenn sem undir það heyra. Það er rétt að hafa það í huga þegar menn bera hér saman launatölur við skrifstofustjóra í ráðuneytum sem ég hef ekki samið um kaup við á þeim rúma hálfa mánuði sem ég hef verið þar við störf þótt ætla mætti það kannski af ræðu hv. þingmanns hér áðan.

Það má sjálfsagt segja að að einhverju leyti geti virðing Alþingis birst þjóðinni eða átt að vera fólgin í því að menn meti starfið svo mikilvægt að þingmönnum séu greidd mjög rífleg laun eins og ráða mátti af ræðu síðasta ræðumanns. Ég er ekki viss um að það sé vænlegasta leiðin til að auka traust á Alþingi og ná betri sáttum milli þings og þjóðar að hækka bara launin hjá þingmönnum eða hafa þau mjög rífleg. Ég held að vænlegra sé að þingið starfi í góðri sátt við þjóðina, sé í takt við hana og tíðarandann og aðstæður eins og þær breytast á hverjum tíma. Fyrst og síðast þarf þó þingið að afla sér virðingar með verkum sínum, með vönduðum vinnubrögðum og heiðarlegum og uppbyggilegum málflutningi.

[20:18]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Laun skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu eru ákveðin af kjararáði líkt og laun alþingismanna þannig að fyrst að ríkisstjórnin telur sér skylt að flytja ítrekað lagafrumvarp til að breyta launakjörum alþingismanna eru hæg heimatökin að taka aðrar stéttir með. Það er tímanna tákn að það sem þykir óhóflegt þegar þingmenn eiga í hlut er talið of lítið þegar aðrir eiga í hlut.

Það er það sem mér finnst vera gagnrýnivert, virðulegi forseti, tvískinnungurinn sem fram kemur hjá ráðherrum í afstöðu sinni gagnvart stöðu og kjörum alþingismanna.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að með því að afnema þessi sérstöku lög frá 2003 muni frumvarpið leiða til þess að skuldbindingar lækki hjá alþingismönnum og ráðherrum um 700 millj. kr. að fjórum árum liðnum, þ.e. um 40%.

Á sínum tíma, í desember 2003, voru lagðir fram útreikningar á áætluðum kostnaði vegna breytinganna og kostnaðurinn var í versta falli talinn auka útgjöld hjá alþingismönnum, ráðherrum, hæstaréttardómurum og embætti forseta Íslands um 400 millj. kr. en í besta falli lækka útgjöldin um 7 millj. kr. Það var óverulegur kostnaðarauki á skuldbindingum ríkissjóðs hjá öllum þessum hópum samtals að mati Talnakönnunar. Og Ríkisendurskoðun mat þetta 650 millj. kr.

Hér kemur ráðherrann og segir að þetta geti þurrkað út 700 millj. kr. á stuttum tíma og 1.700 millj. kr. hjá hópnum í heild. Ég undrast það og mér finnst ótrúverðugt að þessar tölur geti verið réttar miðað við hinar áætlanirnar sem fram hafa verið lagðar.

[20:20]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Annars vegar ítreka ég það sem ég sagði áðan, kjararáði var falin með lögum sem hér voru samþykkt

fyrir jól sú leiðsögn að gera þær breytingar á launum þeirra sem undir það heyra. Það er væntanlega í vændum að kjararáðið ljúki störfum á grundvelli þeirra laga og þess skammt að bíða að sú launalækkun sem þar var settur rammi um gangi yfir þann hóp allan sem undir þau lög heyra.

Ég held að rétt sé að hafa það í huga að útreikningarnir sem hér er um að ræða eru framreiknaðar skuldbindingar ríkisins eins og þær eru metnar með tilliti til framtíðar á hverjum tíma út frá þeim réttindum sem gilda. Á þeim grunni eru þessar tölur byggðar. Að öðru leyti vísa ég í það sem ég áður sagði hér í andsvari við hv. þm. Pétur Blöndal, þetta er unnið af fagaðilum undir handarjaðri fjármálaráðuneytisins, tryggingastærðfræðileg úttekt liggur þarna til grundvallar og ef menn hafa fagþekkingu til þess að vefengja hana er að sjálfsögðu rétt og skylt að taka slíka hluti til skoðunar. Ég legg þá til að hv. efnahags- og skattanefnd geri það og fari yfir þessa útreikninga.

Ég bendi á að það er þá fyrst og fremst óvissa um það hve mikið og hve hratt þessar skuldbindingar lækka. Um hitt verður tæpast deilt að hér er um að ræða verulega léttingu á skuldbindingum ríkissjóðs til framtíðar litið.

[20:22]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra sé reiðubúinn að láta af hendi þessa útreikninga þannig að þingmenn geti kynnt sér þá. Þá er rétt að bíða og sjá þar til það liggur fyrir og menn hafa farið yfir þá útreikninga.

Af gamalli og langri reynslu af viðskiptum við fjármálaráðuneytið veit ég að embættismönnum þar hefur verið uppálagt í gegnum tíðina af sínum ráðherra að reikna eftir þeirri forskrift sem ráðherrann telur að henti best sínum málstað. Maður hefur lært að taka með varúð þá útreikninga sem þaðan koma vegna þeirra forsendna sem menn gjarnan smíða sér til að fá hentugar niðurstöður.

Ég vil, virðulegi forseti, aðeins víkja að einu sem fram kom í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals. Ég er alveg sammála að það er ekki sannleikur og réttlæti fólgið í því að vera í því kerfi sem opinberir starfsmenn eru í. Í því kerfi fá 20% ævinlega réttindi sín tryggð, sama hvað á dynur, og kostnaðurinn við að standa undir því er lagður á hin 80%. Ég er alveg undrandi á formanni BSRB að kalla ekki eftir því réttlæti að þessir launþegahópar séu á sambærilegum kjörum. Til dæmis kom fram í grein í Morgunblaðinu fyrir nokkrum árum að 220 milljarða vantaði inn í sjóðina hjá opinberum starfsmönnum til að standa undir réttindunum. Í annarri frétt kemur fram að eigið fé sjóðsins yrði uppurið árið 2025 þrátt fyrir að á árunum þar áður hafi verið greiddir rúmlega 100 milljarðar kr. inn í ríkissjóð umfram skuldbindingar. Við erum í kerfi sem á eftir að leggja þungar byrðar á aðra skattgreiðendur en þá sem eru í þessu kerfi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

[20:25]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hér skuli hafa verið lagt fram frumvarp til laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Þetta er mál sem hefur verið lengi í umræðunni á hv. Alþingi og sitt hefur hverjum sýnst í þeim efnum eins og við höfum heyrt hér á ágætum ræðum sem hafa verið fluttar í kvöld. Hér er verið að færa lífeyrisréttindi alþingismanna til þess sem gengur og gerist hjá öðrum opinberum starfsmönnum. Það er verið að færa þingmenn inn í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, þ.e. réttindaávinnslan verður sú sama. (**Gripið fram í:** … opinberra starfsmanna.)

Hæstv. forseti. Ég tel og almennt er það stefna okkar framsóknarmanna að við eigum að gæta jafnræðis á milli fólks, hvort sem það vinnur á almennum vinnumarkaði eða hjá hinu opinbera eða vinnur hér á hv. Alþingi. Hér er stigið skref í þá átt að samræma þessi réttindi. Það er alveg ljóst að það þarf að ganga lengra í þeim efnum eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur í mörg ár bent á og ég tel að við séum að stíga hér skref í þeirri vegferð.

Hins vegar er það svo, eins og ég sagði hér áðan, að þetta mál hefur mikið verið til umræðu. Ég man að síðast þegar við ræddum þessa breytingu á eftirlaunum æðstu embættismanna ríkisins var sérstaklega einn flokkur sem barði sér á brjóst í umræðunni og sagðist hafa skilað því máli þar sem það væri komið. Það var Samfylkingin.

Formaður Samfylkingarinnar sagði á fyrri hluta síðasta árs að þáverandi ríkisstjórn mundi afgreiða þau lög þá um vorið. Það stóðst ekki. Síðan var mikill vandræðagangur á ríkisstjórnarheimilinu þar sem hver samfylkingarkappinn, hver þingmaður Samfylkingarinnar, kom fram á eftir öðrum og talaði um að það þyrfti að afnema þessi sérréttindi alþingismanna.

Það er hægt að vitna til þess í umræðunni á þingi og ég vil vitna til nokkurra ummæla. Ég vitna til hv. þm. Árna Páls Árnasonar sem sagði hér, með leyfi forseta:

„Ég trúi því og treysti að við náum á þessu þingi samstöðu um það á hinu háa Alþingi að færa okkur aftur í rétta átt, fara í þá átt að búa til eitt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem hlýtur að vera hið eðlilega ástand. Það er fullkomlega óásættanlegt að löggjafinn hafi um það forgöngu að skerast úr leik í þessu efni. Ég held að það væru líka gríðarlega góð og jákvæð skilaboð til aðila vinnumarkaðarins nú þegar kjarasamningar fara í hönd að við sendum út þau skilaboð að við ætlum ekki að slíta í sundur friðinn á íslenskum vinnumarkaði til lengri tíma litið.“

Jafnframt sagði hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, með leyfi forseta:

„Lykilatriðið er að allir séu jafnir og það sé eitt lífeyrissjóðakerfi fyrir alla landsmenn. Um það snýst þetta mál.“

Hæstv. forseti. Hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa á undangengnum mánuðum og árum talað mikið fyrir því að þessi réttindi séu jöfnuð. Þess vegna komu okkur, hv. þingmönnum í Framsóknarflokknum og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, viðbrögðin verulega á óvart þegar við fluttum um það breytingartillögu fyrir örfáum mánuðum á Alþingi að við mundum jafna þessi réttindi því sem gengur og gerist hjá opinberum starfsmönnum. Við bárum fram breytingartillögu á Alþingi og þrátt fyrir hin digru loforð Samfylkingarinnar í umræðu um lífeyrismál almennt var sú breytingartillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Framsóknarflokks felld af þingmönnum Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks.

Það er því gleðiefni þegar ný ríkisstjórn hefur tekið til

starfa með fulltingi Framsóknarflokksins sem ætlar að verja hana vantrausti með hlutleysi hér á Alþingi að þetta mál skuli líta hér dagsins ljós. Ég sagði í umræðum um stefnuræðu nýs forsætisráðherra á Alþingi fyrir skömmu að við framsóknarmenn mundum styðja öll mál, sama hvort þau kæmu frá stjórn eða stjórnarandstöðu, sem væru landi og þjóð til heilla. Og ég tel að það frumvarp sem við ræðum hér sé landi og þjóð til heilla því að mjög erfiðir tímar blasa við íslenskum heimilum, okkur öllum, almenningi, og það er alveg ljóst að allir, hvar sem þeir eru í samfélaginu, munu því miður þurfa að taka á sig kjaraskerðingu, lífskjaraskerðingu jafnvel, og við þurfum því að stuðla að því hér á Alþingi Íslendinga að allir taki þátt í því.

Ég lít svo á, hæstv. forseti, að það frumvarp sem við afgreiddum fyrir jól um breytingu á lögum um kjararáð sem leiddi það af sér að laun æðstu embættismanna ríkisins hafa lækkað um 5–15% hafi verið rétt skilaboð frá stjórnvöldum út á vinnumarkaðinn í ljósi þeirra hrikalegu aðstæðna sem við okkur blasa í íslensku efnahagslífi. Eins og hæstv. fjármálaráðherra benti á hér áðan ganga þær breytingar nú líka yfir til að mynda embættismenn í ráðuneytum.

Það hefur sannað sig á undanförnum vikum og mánuðum að ef þing og þjóð ganga ekki í takt verður vík milli vina. Þá verður ákveðið rof þar á milli. Við þurfum hér í störfum okkar á Alþingi að koma til móts við þau sjónarmið úti í samfélaginu að allir standi saman og að allir séu jafnréttháir þegar kemur að því að jafna kjörin í samfélaginu. Eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, þurfa allir að taka á sig ákveðna kjaraskerðingu. Þess vegna teljum við framsóknarmenn rétt að byrja ofan frá því að ekkert réttlæti er í því að byrja á því að skerða kjör öryrkja, aldraðra og námsmanna.

Við þurfum að fara á undan með góðu fordæmi vegna þess að margir hópar í samfélaginu glíma við gríðarlega mikla erfiðleika. Ef alþingismenn ætla, hvort sem það er varðandi starfskjör eða eftirlaun, að skera sig eitthvað úr er alveg ljóst að þing og þjóð ganga ekki í takt.

Hæstv. forseti. Í ljósi bágborins efnahags ríkissjóðs og almennt í landinu er fagnaðarefni að með þessu frumvarpi erum við að lækka skuldbindingar ríkissjóðs og það um verulegar upphæðir. Samkvæmt umsögn frá fjármálaráðuneyti er talað um að eftir fjögur ár hafi skuldbindingin lækkað um 1,7 milljarða kr. sem svara til 14% af skuldbindingum í árslok 2007. Það skiptir máli að búa í haginn fyrir ríkissjóð, sérstaklega á þeim tímum sem nú ganga yfir, og þess vegna fagna ég þessu frumvarpi til laga um breytingar á eftirlaunum æðstu embættismanna ríkisins.

Ég vek athygli á því, af því að hér í salnum er sérstakur áhugamaður, hv. þm. Pétur H. Blöndal, um það að lífeyrisréttindi verði almennt jöfnuð, að síðasta ríkisstjórn, ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, treysti sér ekki til að jafna lífeyrisréttindi æðstu embættismanna ríkisins við það sem gengur og gerist hjá hinu opinbera. Það er einfaldlega staðreyndin. Ég trúi ekki öðru en að hv. þm. Pétur H. Blöndal fagni því sérstaklega að menn séu — og hann gerði það í ágætri ræðu sinni áðan en ég tek eftir því að hv. þingmaður hefur beðið um fá að veita andsvar við ræðu minni og ég ætla að gefa hv. þingmanni kost á því í sínu stutta andsvari að fagna þessu sérstaklega. Sjaldan verður sú vísa of oft kveðin.

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir mikilli ánægju með það að sú minnihlutaríkisstjórn sem starfar á Íslandi í dag skuli hafa lagt fram þetta frumvarp vitandi það að þingflokkur framsóknarmanna mun styðja það eindregið. Það verður mjög fróðlegt að sjá hver afstaða Sjálfstæðisflokksins er í þessu máli. Ég veit ekki hvað olli því að síðasta ríkisstjórn treysti sér ekki til þess að jafna eftirlaun alþingismanna og annarra opinberra starfsmanna sem þingflokkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Framsóknarflokksins gerðu breytingartillögu við og mæltu fyrir hér á Alþingi fyrir einungis nokkrum vikum.

Maður veltir fyrir sér, og ég gerði það í máli mínu hér áðan, sinnaskiptum Samfylkingarinnar í þessu efni en við hljótum að vilja fá upp á borðið hvað olli því að þáverandi ríkisstjórn lagði fram frumvarp til laga um breytingu á þessum réttindum sem gekk ekki eins langt og það frumvarp sem hér um ræðir. Við framsóknarmenn styðjum þetta frumvarp eindregið. Við munum fara yfir þetta mál á vettvangi efnahags- og skattanefndar og ég tek undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að það er mikilvægt að við förum ofan í alla þá útreikninga sem m.a. liggja í kostnaðarmatinu og tökum þetta vandlega til meðhöndlunar á vettvangi nefndarinnar.

Að mati okkar framsóknarmanna er mjög brýnt að við samþykkjum þetta mál. Hér er um að ræða skref í þá átt að jafna kjörin almennt í samfélaginu sem við hljótum öll að vera fylgjandi. Þingflokkur framsóknarmanna styður það og hvetur þessa ríkisstjórn og reyndar aðra stjórnarandstöðuflokka eins og Sjálfstæðisflokkinn til þess að leggja fram góð mál hér á Alþingi á þeim örstutta tíma sem við höfum fram að kosningum. Hér eru mörg brýn mál sem við þurfum að ræða út í hörgul, mörg mál sem við þurfum að vísa til nefnda og afgreiða þaðan því að það er brýnt að þetta þing starfi vel og það sé kraftur í störfum þingsins á þeim vikum sem fram undan eru.

[20:36]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að lýsa því aftur yfir að ég er hlynntur frumvarpinu, þetta er hænuskref í átt til réttlætis, en bara hænuskref.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann: Nú er það svo að iðgjald í almennu lífeyrissjóðina sem flestir kjósendur hans eru í, sjómenn á Raufarhöfn og bændur í Bárðardal o.s.frv., er 4% plús 8% atvinnurekandans. Í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, A-deild, er iðgjaldið hins vegar enn þá 15,5%, 4% plús 11,5%. Það er sem sagt 30% hærra iðgjald, frú forseti, og 30% meiri réttindi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins — ég er að byrja, já.

Það er sem sagt 30% hærra iðgjald sem hv. þingmaður ætlar ríkinu að borga fyrir sig í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, samanlagt 30% hærra iðgjald, en bóndinn og sjómaðurinn, eða atvinnurekandi hans, greiða í lífeyrissjóð og þar af leiðandi 30–40% meiri réttindi.

Hvernig ætlar hv. þingmaður, eftir þessa ræðu um forréttindi og að ekki eigi að skerða kjör aldraðra og allt svoleiðis, að horfast í augu við þá sem fá svona miklu lægri réttindi en hann á hverju ári, 1,4% í staðinn fyrir 1,95%?

Svo er það að ekki eigi að skerða kjör aldraðra og öryrkja. Ég er ansi hræddur um að það gerist í haust, (Gripið fram í.) alveg sama hvað hv. þingmaður segir. Sjóðirnir lentu í miklu áfalli og hv. þingmaður mun þurfa að horfa á kjósendur sína skerta — en hann er ekki skertur af því að hann er í forréttindasjóði og þar verður iðgjaldið hækkað, iðgjald ríkisins, þ.e. skattar á hina. Hvað segir hv. þingmaður um þetta þegar hann horfir framan í fólk sitt og segir að ekki megi skerða kjör aldraðra og öryrkja?

[20:38]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta var merkilegt andsvar að því leyti til að ég held að ég og hv. þingmaður séum efnislega sammála um að jafna eigi réttindin og draga úr forréttindunum. Það var inntak ræðu minnar hér áðan ef hv. þingmaður hefði lagt betur við hlustir. (Gripið fram í.)

Hv. þingmaður segir að ég hafi sagt áðan að kjör aldraðra og öryrkja mættu ekki skerðast. Það er ekki til vinsælda fallið að segja það, en ég tel — og tók það mjög skýrt fram í ræðu minni áðan — að allir verði fyrir kjaraskerðingu. Allir verða fyrir lífskjaraskerðingu á næstu mánuðum og það er rangt af stjórnmálamönnum að segja annað.

Hins vegar sagði ég áðan að ég teldi forgangsmál að byrja á þeim sem hafa hæstar tekjur og mest réttindi. Ég trúi ekki öðru en að hv. þm. Pétur H. Blöndal sé mér sammála um að frumvarpið sem ég hældi hér áðan sé óneitanlega skref í þá átt að jafna þau réttindi.

Þegar við framsóknarmenn horfðum upp á það í fjárlagaumræðunni að síðasta ríkisstjórn var að skerða kjör aldraðra og öryrkja sögðum við hér á þingi að byrja ætti á því að skerða laun þeirra ríkisstarfsmanna og æðstu embættismanna sem hafa hæstu launin og mestu réttindin. Þess vegna studdum við breytingar á lögum um kjararáð fyrir áramótin og þess vegna stöndum við heils hugar að því að jafna réttindi á milli opinberra starfsmanna og alþingismanna. Hins vegar þurfum við í framhaldinu að skoða leiðir til að jafna kjörin á almennum vinnumarkaði og hjá opinberum starfsmönnum, það er á hreinu.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvers vegna hann hafi ekki staðið að því með okkur í (Forseti hringir.) stjórnarandstöðunni að samþykkja þá breytingartillögu sem við, framsóknarmenn og vinstri grænir, lögðum fram við frumvarp ríkisstjórnarinnar um óréttmætið. Hvers vegna?

[20:40]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég flutti breytingartillögu í vetur um að þingmenn mættu velja sér lífeyrissjóði á almennum markaði. Hún var kolfelld. Ég man ekki alveg en miðað við hvað taflan var rauð hef ég grun um að hv. þingmaður hafi líka greitt atkvæði gegn því að þingmenn mættu velja sér lífeyrissjóð eins og umbjóðendum þeirra er gert að greiða til, sjómanninum á Raufarhöfn, bóndanum í Bárðardal o.s.frv. Þeim er gert að borga í Lífeyrissjóð bænda og Lífeyrissjóð sjómanna, sama hvort þeir vilja eða ekki, og þeir sjóðir munu því miður líklega verða skertir — en ekki sá sjóður sem við göngum nú í og hv. þingmaður spurði hvort ég hefði samþykkt í vetur.

Ég er yfirleitt á móti því að fara úr einu forréttindakerfi í annað. (Gripið fram í.) Ég vil gera þetta gagnsætt, ég vil sýna hvers virði réttindin eru og ég vil að einhverjir þingmenn fari í almennu sjóðina þar sem 80% kjósenda eru. 80% landsmanna eru í almennu lífeyrissjóðunum og þar eru réttindin ekki föst heldur breytileg. Þau falla þegar staða þjóðarinnar versnar og mjög erfitt verður fyrir fólk að horfast í augu við það og enn erfiðara fyrir þingmenn að horfa framan í kjósendur sína í þeirri stöðu og vera sjálfir pikkfastir með pikkföst réttindi og forréttindi og hækkandi iðgjald ríkisins, ekki sjálfs sín.

Ég held að hv. þingmaður og Framsóknarflokkurinn, og þingmenn yfirleitt, ættu að styðja það ef ég flyt breytingartillögu við frumvarpið í sömu veru og í vetur um að menn geti alla vega valið sér lífeyrissjóð annars staðar og deilt kjörum með kjósendum sínum.

[20:43]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir, að mjög erfitt er að horfast í augu við það að einstaklingar, fólk á vinnumarkaði, búi við mjög ólík lífeyrisréttindi, eins og hv. þingmaður fór réttilega yfir. Það er rétt sem hv. þingmaður sagði að bóndinn í Bárðardal er ekki hálaunamaður (**Gripið fram í:** En sjómaðurinn?) og er ekki ofsæll af kjörum sínum. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður talar hér um sjómanninn og við getum þá talað líka um sjómannaafslátt og fleira í þeim efnum. Við þurfum að horfa heildstætt á þessi mál.

Ég trúi ekki að hv. þingmaður vilji kollvarpa öllum launakerfum og lífeyrisréttindum sem ólíkir hópar hafa áunnið sér án þess að við reynum að gera það í sæmilegri sátt hér á Alþingi Íslendinga. Til þess að svo megi verða er lágmarkið að menn byrji á því að ræða saman.

Hv. þingmaður getur haldið margar ágætar ræður fullar af heilagri réttlætiskennd hér á Alþingi en ég vil minna hann á að flokkur hans og líka Framsóknarflokkurinn og Samfylkingin hafa ekki á undangengnum hátt í 20 árum náð að leiðrétta þennan mismun. Til þess að menn fari í þá vinnu að reyna að jafna kjörin þarf að setja af stað eitthvert samráðsferli. Það var ekki stæll síðustu ríkisstjórnar að leita samráðs við aðila vinnumarkaðarins eða opinbera starfsmenn. Þegar við framsóknarmenn lögðum fram tillögur um að menn mundu stofna slíkan samráðsvettvang við upphaf efnahagshrunsins var ekkert á það hlustað af þáverandi ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. Ef við hefðum náð að koma slíkum samráðsvettvangi á fót væri ástandið hugsanlega ekki með þeim hætti sem það er í dag, en því miður er það þannig.

[20:45]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér gamalkunnugt mál sem hefur verið mikið í umræðu á þinginu, ekki bara í tengslum við setningu laganna 2003 heldur ætíð síðan og síðast í vetur þegar við gerðum breytingar á eftirlaunaréttindum þeirra sem frumvarpið tekur til.

Mig langar til þess að koma að örfáum athugasemdum við 1. umr. málsins. Ég vil byrja á því að segja, áður en ég

fer nánar inn í efnisatriðin, að mér finnst að þingið hljóti að þurfa að horfa til þess hvort heiti laganna taki ekki breytingum. Hæstv. fjármálaráðherra vék að því í framsöguræðu sinni að það væri dálítið ankannalegt að þessi lög mundu standa sem lög um afnám laganna frá 2003 og ég vil taka undir það. Ég tel að þingið eigi að taka það til skoðunar vegna þess að fyrst og fremst eru þetta lög til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og að mínu áliti eiga þau að bera það heiti.

Varðandi efnisatriði málsins vil ég fyrst og fremst segja að verið er að gera mikla grundvallarbreytingu, breytingu sem ekki einungis lýtur að því að afnema lögin frá 2003 heldur ganga þau miklu lengra. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur í máli sínu aðeins rakið aðdragandann að lagasetningunni frá því ári og hvað bjó þar að baki. Aðeins er komið inn á það í athugasemdum við þetta frumvarp. Til að hnykkja á því var því frumvarpi ætlað að jafna kjör alþingismanna en þó sérstaklega ráðherranna við lífeyrisréttindi annarra æðstu embættismanna, þ.e. hæstaréttardómara og forseta. Breytingarnar í því frumvarpi fólust fyrst og fremst í því að auka við réttindi ráðherra, þar með talið forsætisráðherra, þannig að þau voru eftir lagasetninguna sambærileg þeim sem giltu um aðra æðstu embættismenn og þá sérstaklega hæstaréttardómara og forseta.

Áður höfðu gilt mun ríkari réttindi í þessu tilliti fyrir bæði ráðherra og þingmenn en almennt um opinbera starfsmenn og þess vegna er ekki hægt að segja að með lögunum frá 2003 hafi verið komið á einhverju forréttindakerfi heldur var áherslan öll á að jafna réttindi æðstu embættismannanna.

Hér er hins vegar stigið það skref að afnema með öllu ríkari lífeyrisréttindi þessara hópa, þingmanna, ráðherra, hæstaréttardómara og forseta, en almennt gildir um opinbera starfsmenn.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að tilteknar hliðar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar mæta ekki almennum skilningi í þjóðfélaginu. Við því þarf að bregðast, meðal annars til að varðveita nauðsynlegt traust milli almennings og ráðamanna.“

Ég sýni því sjónarmiði sem þarna er teflt fram skilning og hægt er að fallast á að það hafi verið mjög mikill ágreiningur um þessi réttindi og að við því þurfi að bregðast með einhverjum hætti. Það gerði ríkisstjórnin, sem nú er nýfarin frá, vissulega með því að lækka réttindaávinnsluna. Við þurfum að hafa í huga í því sambandi að þingmenn og ráðherrar hafa greitt hærra hlutfall launa sinna í lífeyrissjóð en almennt gildir um opinbera starfsmenn. Það var gengið svo langt að hlutfallið á milli réttindaávinnslunnar og innborgunar lífeyrisréttindanna var sambærilegt við það sem gildir hjá opinberum starfsmönnum. Í því tilliti var réttindaávinnslan ekki hraðari þegar tekið hefur verið tillit til þess að þingmenn og ráðherrar greiddu hærra hlutfall launa sinna í lífeyrissjóð.

Ég vil leyfa mér að mótmæla því sem segir í athugasemdum við frumvarpið að með lögunum frá 2003 hafi alþingismönnum verið færð betri réttindi vegna þess að við alþingismenn þurftum eftir þá lagasetningu að greiða hærra hlutfall af launum okkar í lífeyrissjóð. Var það mjög háð atvikum hvort réttindin að loknum þingmannsferlinum voru eitthvað betri en hefði gilt eftir eldri lögunum. Ég vil leyfa mér að koma þessu að, það er að mínu áliti rangt að halda því fram að með lögunum frá 2003 hafi þingmönnum verið færð ríkari lífeyrisréttindi.

Hvernig hafa þjóðirnar í kringum okkur hagað þessum málum? Þær þjóðir sem við horfum helst til í lagasetningartilliti hafa almennt hagað lífeyrisréttindum þeirra hópa sem við erum að fjalla um með sambærilegum hætti og gilt hefur hér á landi um langa hríð, þ.e. að réttindaávinnslan er nokkuð hröð. Þetta er samkvæmt þeim upplýsingum sem við vorum með og lágu til grundvallar umfjöllun um eftirlaunafrumvarpið frá 2003. Ég er þó með þann fyrirvara að ekki hafi orðið miklar breytingar á eftirlaunaréttindum þingmanna í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi, en við tókum það til skoðunar á þeim tíma. (Gripið fram í.) Í Danmörku eru full eftirlaunaréttindi áunnin eftir 20 ár, í Noregi eftir 12 ár, Í Svíþjóð eftir 12 ár, í Þýskalandi eftir 23 ár. Í Þýskalandi yrði hv. þm. Birkir J. Jónsson, sem stóð hér upp áðan og flutti fína ræðu, búinn að ávinna sér full eftirlaunaréttindi 46 ára gamall. (**MÁ:** Hvernig vilt þú hafa það?) Það þykir mér nú fulllangt gengið.

Þegar við fjöllum um þessi mál er ákveðin hætta á því — við skulum bara orða það þannig — að hér verði ákveðið kapphlaup niður á botninn. Sá sem biður um lægstu réttindin fyrir þingmennina er líklegastur til þess að njóta mestrar hylli hjá kjósendum vegna þess að krafan er öll um það að menn gangi á sín kjör. Það er mín skoðun. Það hefur ekki verið gert neitt í því frá því að ég sem formaður allsherjarnefndar mælti fyrir nefndaráliti eftir að frumvarpið frá 2003 kom til umfjöllunar í þinginu þar sem stóð að við ættum að færa ákvörðunarvaldið um þessi efni yfir til kjararáðs. Það er auðvitað ekkert vit í því að við séum stanslaust að hringla í kjörum þingmanna almennt, hvort sem það varðar þingfararkaupið sjálft eða lífeyrisréttindin.

Ég verð að segja að ég lít á þau réttindi sem við fjöllum um hér sem hluta af heildarkjörum þingmannanna. Ég held að það geri allir. Ég held að það eigi við um alla opinbera starfsmenn, alveg eins um þingmenn sem kjörnir eru beint af þjóðinni og aðra þá hópa sem eru að byggja upp lífeyrisréttindi sín, að þeir horfa til þeirra sem hluta af heildarkjörum sínum og hvers vegna skyldum við ekki gera það líka? Hvers vegna skyldi það ekki eiga við um þingmenn að lífeyrisréttindi þeirra séu skoðuð sem hluti heildarkjara þeirra?

Eigum við ekki þess vegna, fyrst við ætlum á annað borð að blanda okkur í þau mál og gera breytingar á heildarkjörum þingmanna með því að hreyfa við lífeyrisréttindunum, að leyfa okkur að fjalla um það í leiðinni hvort við teljum rétt að kjararáð horfi til þeirra skerðinga sem hér verða? Eða ætla menn að vera svo feimnir við þá umræðu að sleppa henni alveg? Það er ekki langt síðan ríkisstjórnin beindi þeim tilmælum til kjararáðs að skerða réttindi þingmanna og ég held að það hafi verið skynsöm ráðstöfun að ýmsu leyti þó að ég telji reyndar að lögin um kjararáð veiti kjararáði fullt svigrúm til þess að lækka launin vegna þess að þeir eiga auðvitað m.a. að horfa til þróunar á almennum vinnumarkaði. Ég vil meina sem sagt að sú þróun hefði gef-

ið kjararáði tilefni til þess að lækka þingfararkaupið þegar fram í sækti, þegar gögnin voru farin að sýna þá þróun sem ég vísa hér til. En það var eflaust skynsamlegt og ég studdi þá ráðstöfun ríkisstjórnarinnar að stíga þetta skref og ég held að það hafi verið mjög til sátta fallið í samfélaginu að sýna þá viðleitni.

Spurningin er hins vegar sú, þegar þróunin verður á hinn veginn þegar fram í sækir, þ.e. að laun fara almennt að hækka, hvort þingið ætlar þá að senda kjararáði skilaboð um að leiðrétta þann mun sem þá er orðinn á kjörum þingmanna og annarra viðmiðunarstétta. Ég held að það væri óheillavænlegt að gera það. Ég held að það sé kominn tími til þess að við hættum að fjalla um okkar eigin kjör og, þrátt fyrir það sem ég sagði hérna áðan, mér fannst afar óheppilegt að þessum tilmælum hafi verið beint til kjararáðs. Ég vil gjarnan að við skoðum það í þinginu. Það verði þá gert á vettvangi nefndarinnar sem fær þetta mál til skoðunar, hvort ekki sé hægt að koma þessum málum til frambúðar til kjararáðs sem taki ákvarðanir um kjörin.

Aðeins nánar um efnisatriði frumvarpsins.

Hér segir í 3. gr.:

„Nú gegnir sá sem fær greidd eftirlaun samkvæmt lögum nr. 141/2003 eða samkvæmt eldri lögum er giltu um eftirlaun alþingismanna og ráðherra fyrir 30. desember 2003, starfi á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess, og koma þá launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar eftirlaunum.“

Síðan segir í greinargerð með þessu ákvæði að regla sé til samræmis við þá umræðu sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu, allt frá gildistöku laganna frá 2003, að ekki þyki forsvaranlegt að greiða óskert eftirlaun samhliða störfum á vegum ríkisins.

Það er nefnilega það. Er það reglan sem er verið að innleiða með þessu frumvarpi, að menn geti ekki sótt lífeyrisréttindi og stundað starf á vegum opinberra aðila? Nei, aldeilis ekki, það er aldeilis ekki verið að gera það með þessu frumvarpi. Eftir að þetta frumvarp verður samþykkt mun sú regla gilda áfram, að þingmenn sem hefja töku lífeyris á grundvelli réttindaávinnslunnar í A-deildinni, munu, eins og allir opinberir starfsmenn sem hafa áunnið sér réttindi samkvæmt þeim lögum, geta stundað vinnu og þegið eftirlaunaréttindi í samræmi við þá ávinnslu sem átt hefur sér stað. Það er verið að festa þá reglu í sessi með þessu frumvarpi.

Það er hins vegar verið að segja að þeir, sem falla í þann flokk að hafa áunnið sér réttindi samkvæmt lögunum frá 2003 eða samkvæmt eldri lögum sem giltu um eftirlaun alþingismanna og ráðherra fyrir þann tíma, megi alls ekki sinna opinberu starfi og þiggja eftirlaun á sama tíma. Hvaða samræmi er í þessu? Ég held að þetta geri ekkert annað en að slá ryki í augu fólks. Þetta opinberar bara þann misskilning sem alltaf hefur verið um lögin frá 2003, að þar hafi með einhverjum hætti verið sett ný regla um að þingmenn og ráðherrar gætu gert hvort tveggja í senn, þegið eftirlaun og starfað hjá hinu opinbera. Það var ekki reglan sem sett var með lögunum frá 2003. Sú regla hefur hins vegar gilt um opinbera starfsmenn um langa hríð og hefur verið komið aðeins inn á það hér í umræðunni um þetta frumvarp fyrr í kvöld. Það er reglan sem verið er að setja með þessum lögum að eigi að gilda áfram og ef menn telja í greinargerð með frumvarpinu að um það standi svo mikill styr, spyr ég hvers vegna menn innleiði þá þessa reglu sérstaklega.

Það er hins vegar tilfellið að í mjög afmörkuðum tilvikum gátu menn, á grundvelli laganna frá 2003, hafið töku lífeyris áður en þeir urðu sextugir enda hefðu þeir þá gegnt æðstu embættisstöðum um langa hríð. Að því leytinu til má segja að frumvarpið gegni því hlutverki að koma í veg fyrir að þeir sem geta á grundvelli laganna hafið töku lífeyris fyrir sextugt, geti á sama tíma farið í stöðu hjá hinu opinbera.

Hvað með það þegar þeir eru orðnir sextugir? Hvað með það þegar þeir eru orðnir 63 ára? Mega þeir þá ekki vera í opinberu starfi? Mega þingmennirnir sem starfa samkvæmt nýju reglunni einir gera það? Hvað með þegar þeir eru orðnir 64 ára? Þá mega þeir ekki enn þá fara í opinbert starf en það mega allir opinberir starfsmenn gera, aðrir en þeir sem áunnu sér réttindi á grundvelli gildra laga, laga sem við samþykktum á þinginu. Mér finnst þetta vera mikill ágalli á frumvarpinu og það virðist, eins og ég sagði áðan, byggja á þeim almenna misskilningi að við höfum sett einhverjar sérreglur í þessu efni á árinu 2003.

Að öðru leyti, þannig að það sé skýrt, vil ég taka það fram að mér þykir það sanngjarnt og eðlilegt að réttindaávinnsla þingmanna og þeirra sem gegna æðstu embættisstörfum fyrir þingið sé í hlutfalli við framlag þeirra og mér finnst ágætt að miða við það sem gildir um opinbera starfsmenn. En þá verður, um leið og menn gera breytingar eins og þessa, að taka til skoðunar heildarkjör þeirra sem verið er að fjalla um. Þess vegna þurfum við að svara spurningunni: (Forseti hringir.) Á að leiðrétta kjör hæstaréttardómara, forseta, þingmanna og ráðherra samhliða þeim breytingum sem verið er að gera á heildarkjörum þeirra í þessum málum?

[21:00]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Ég átti þess ekki kost að hlusta á fyrri hluta ræðu hv. þingmanns en af síðari hlutanum dró ég þá ályktun að hann vildi líta öðruvísi á málin en gert er í þessu frumvarpi og senda í raun og veru þetta frumvarp til kjararáðs til þess að ákvarða um heildarkjör þingmanna. Nú er þetta sjónarmið, eins og kurteis vinur minn segir um þá hluti sem honum geðjast lítt að, ákveðið viðhorf. En það sem þarf að svara hér er auðvitað það hvort þingmaðurinn styður þessar breytingar í sjálfu sér. Styður hann það að þingmenn og ráðherrar — ég ætla ekki að fara út í aðra þá sem þarna er um fjallað eða sem upphaflegu lögin fjölluðu um — taki lífeyri á sama hátt og opinberir starfsmenn, sem þeir eru auðvitað ekki, en þeir þiggja laun hjá ríkinu?

Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að hv. þingmaður var einn af þeim 30 sem á sínum tíma, árið 2003, greiddi atkvæði með þessu frumvarpi. Þeir eru ekki orðnir margir eftir hér á þinginu af einhverjum ástæðum, hafa tínst út, en hv. þm. Bjarni Benediktsson er í þeim göfuga hópi þingmanna sem greiddi þessu frumvarpi frá 2003 atkvæði á sínum tíma. Ef hann hefur skipt um skoðun væri í fyrsta lagi gott að heyra það og í öðru lagi að vita af hverju hann skipti um skoðun. Var það af sannfæringu sem breyttist eða voru það

aðstæður sem urðu öðruvísi eða getur verið að formannsframbjóðandinn, hv. þingmaður, sé að fara að pólitískum hentugleikum?

[21:02]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég man eftir því á haustdögum rétt fyrir jól árið 2003 þegar þingflokkur hv. þingmanns sem kom hér síðastur upp og greiddi atkvæði í öllum jólalitunum, gulur, rauður, grænn, vegna þess að þeir voru algjörlega splundraðir eins og höfuðlaus her í afstöðu sinni til málsins. (Gripið fram í.)

Mín afstaða hefur alltaf legið fyrir, sem hv. þingmaður kallar hér eftir. Það á ekki að gera breytingar á heildarkjörum þingmanna, hvort sem varðar þingfararkaup þeirra eða eftirlaunaréttindi, án þess að málið sé skoðað í einhverju samhengi. Það er mín skoðun og hefur alltaf verið.

Ég mælti fyrir því hér sem formaður allsherjarnefndar á sínum tíma að ákvörðun í þessu efni yrði send til kjararáðs og ég er enn þá þeirrar skoðunar að það sé afar óheppilegt að þingið sé að fjalla um þetta vegna þess að þetta verður kapphlaup niður á botninn, alltaf endalaust. Sá sem býður lægra en sá sem mælti síðast í ræðustól nýtur meiri vinsælda hjá þjóðinni. Það hefur sýnt sig að við höfum verið að keppast við að draga úr kjörum þingmanna undanfarin ár. Eftir því sem þau hafa verið meira í umræðunni hjá almenningi höfum við brugðist við með því að ganga stanslaust á réttindi þeirra hvort sem er með því að lækka þingfararkaupið eða að draga úr eftirlaunaréttindunum.

Ég er þeirrar skoðunar að réttindaávinnsla — það eru gild rök til þess að réttindaávinnsla þeirra sé hraðari en almennt tíðkast en þá verður að horfa til þess í öðrum kjörum þingmanna, t.d. í þingfararkaupinu. Sé tryggt að það sé gert hef ég ekki athugasemdir við að menn horfi til þess að það starf sem menn taka að sér hér sé fyrir margra hluta sakir sérstakt og það geti réttlætt aðra réttindaávinnslu í lífeyrisréttindum en almennt gildir.

Vilji menn fara hina leiðina, sem hér er verið að mæla fyrir, þ.e. að hún sé sambærileg því sem almennt gildir, vil ég bara gera þá kröfu að menn ræði það samhliða hvort þannig sé litið á að ástæða sé til þess að skerða heildarkjör þingmanna eða hvort menn eru alveg sérstaklega að leggja sig fram við að draga úr, ekki bara réttindum heldur líka (Forseti hringir.) þingfararkaupinu. Það er sem sagt alveg sérstakt kappsmál að draga úr kjörum þeirra (Forseti hringir.) sem málið fjallar um.

[21:05]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Þetta var nokkuð löng ræða en ég held að meiningin sé skýr ef maður dregur hana saman og reynir að beita bókmenntalegum skýringaraðferðum á ræðuna. Þingmaðurinn stendur gegn þessu frumvarpi vegna þess að hann telur að réttindaávinnsla þingmanna, og ráðherra fyrst og fremst auðvitað — því málið fjallar í rauninni fyrst og fremst um ráðherra, sem það gerði 2003, þann rétt sem fram kom áðan í máli þingmannsins að þingmenn sjálfir, þ.e. þeir sem ekki voru ráðherrar högnuðust sáralítið á þessu og mismunandi hvað mikið — eigi að vera mun og miklu hraðari en réttindaávinnsla almennra opinberra starfsmanna, sem aftur hafa mun hraðari réttindaávinnslu og betri lífeyriskjör en fólk á almennum markaði.

Það er ágætt að vita það þá klárlega að hv. þm. Bjarni Benediktsson, sá sem talaði áðan, ætlar að greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi á þeim forsendum. Að viti hv. þingmanns má því aðeins skerða þessi réttindi að þau verði bætt upp í kjörum hans þannig að hann geti í séreignarsjóði eða einhverjum almennum og frjálsum lífeyrissjóðum, sem vonandi fjárfesta ekki fé sitt í Sjóð 9 hjá félögum hans í Sjálfstæðisflokknum, varðveitt það og eflt með þeim hætti.

Spurningin er auðvitað sú, ef Bjarni Benediktsson er einhverrar annarrar skoðunar: Af hverju greiddi hann atkvæði á þann hátt sem hann gerði árið 2003? Því hefur þingmaðurinn eiginlega ekki svarað enn þá.

[21:07]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikið gagn að þingmönnum eins og þeim sem kom hér síðast upp til þess að túlka ræður þingmanna og sérstaklega út frá bókmenntafræðilegri nálgun eins og hann beitir að eigin sögn.

Ég held að þetta sé alveg skýrt og ætti að vera hv. þingmanni skýrt hvert ég er að fara. Ég er að vekja athygli á því að okkar fyrirkomulag hefur verið hið sama og hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndunum og til að mynda í Þýskalandi þar sem réttindaávinnslan er hraðari. Það eru gild rök til þess. Þau voru rakin með því máli og ég studdi það sjónarmið sem frumvarpið frá 2003 fjallaði um, þ.e. að jafna kjör þeirra sem málið tók til. Þá var ekki verið að breyta eftirlaunaréttindum hæstaréttardómara eða forseta svo neinu skipti, það var verið að aðlaga aðra sambærilega aðila að þeirra kjörum.

Með þessu frumvarpi er t.d. verið að breyta kjörum forsetans verulega. Hann mun ekki geta farið á eftirlaun eins og gilt hefur samkvæmt íslenskum lögum, óháð aldri eftir að hafa setið tiltekinn tíma sem forseti. Hann mun þurfa að bíða þangað til hann hefur náð rúmlega 60 ára aldri til þess að byrja töku lífeyris. Við erum að gera slíka grundvallarbreytingu með þessu frumvarpi.

Það kann vel að vera að það sé skynsamlegt en ég vil þá bara fá það skýrt frá þeim sem tefla fram þessu máli hér hvort þeir eru að horfa til heildarkjaranna, hvort þeir ætlast til þess að það verði gert í framhaldi af setningu þessara laga, í framhaldi af því að kjörin eru skert. Á að horfa til þess með því að færa upp launin, á að hækka þingfararkaupið? Ég vil að það sé gert.

Ég er ekki í neinu kapphlaupi við aðra þingmenn eins og þann sem hér kemur upp í andsvar til þess að lækka kjör þingmanna. Ég ætla ekki að taka þátt í því kapphlaupi en ég sé að hv. þingmaður skammast sín fyrir þau kjör sem hann nýtur og vill endilega draga úr þeim eins og mest má verða. (Gripið fram í.)

[21:09]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Bjarna Benediktssyni fyrir málefnalega ræðu þar sem hann fór ágætlega yfir málið. Ég ætla að játa að ég eins og hv. þingmaður var á þingi árið

2003 þar sem umdeild lagasetning var samþykkt og ég tel í ljósi reynslunnar að þar hafi verið gerð mistök og það er enginn minni maður af því að játa slíkt, en ég mundi gjarnan vilja heyra frá öðrum þingmönnum sem að þessu stóðu á þeim tíma hvaða hug þeir bera til þess gjörnings sem þá var gerður.

Ég tek undir með hv. þm. Bjarna Benediktssyni að mér finnst hallærislegt að ræða starfskjör mín hér á þingi. Mér finnst hallærislegt að ræða um hver eftirlaun mín eigi að vera og ég tel að aðrir séu betur til þess fallnir að ræða um mín kjör en ég sjálfur. Þess vegna er það dálítið asnalegt að standa hér í púlti Alþingis og tala um sjálfan sig og því tek ég undir með hv. þm. Bjarna Benediktssyni, það á að færa þetta úr höndum þingmanna.

Hv. þingmaður segir að hann vilji skoða þessi eftirlaun, þetta frumvarp sem hluta af starfskjörum. Í ljósi þess að það er verið að draga úr réttindum fólks á almennum launamarkaði og það er verið að lækka laun þeirra, og það er vissulega verið að lækka hér laun og réttindi þingmanna, þá langar mig að spyrja hv. þingmann: Á tímum sem þessum á þá ekki það sama að gilda um okkur þingmenn og aðra launamenn, þegar réttindi þeirra eru að minnka og laun þeirra eru að lækka? Eiga sömu hlutir ekki að ganga yfir okkur? Það er líka verið að skerða kjör opinberra starfsmanna með því að draga úr yfirvinnu.

Mér finnst að við þingmenn getum ekki verið eitthvert eyland í þessu og því get ekki tekið undir með hv. þingmanni að ég vilji á þessum tímum blanda kjararáði (Forseti hringir.) inn í eftirlaunin sem slík með það að markmiði að hækka laun þingmanna eins og nú árar í samfélaginu.

[21:11]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tók það skýrt fram í máli mínu áðan að ég taldi það hafa verið skynsamlegt skref hjá fyrri ríkisstjórn að mælast til þess við kjararáð, þrátt fyrir prinsippið um að kjararáð eigi að fara með þessi málefni en ekki þingið sjálft, að mælast til þess við kjararáð að það lækkaði laun þingmanna, þ.e. þingfararkaupið, strax. Ástæðan er sú að það er algjörlega fyrirsjáanlegt að fram undan eru verulegar launalækkanir á almennum markaði. Þess vegna var það skynsamlegt hjá ríkisstjórninni að mælast til þess strax til þess að liðka fyrir samningum sem fram undan eru, m.a. hjá opinberum starfsmönnum og auðvitað á almennum vinnumarkaði að launin yrðu lækkuð, þ.e. þingfararkaupið.

Þetta er hárrétt hjá hv. þingmanni að það er auðvitað alveg ómögulegt að við skulum vera sett í þá stöðu aftur og aftur að vera að fjalla um okkar eigin kjör. Ég ítreka það sem ég sagði áðan, ég tel að þetta vald að fjalla um lífeyrisréttindi og þingfararkaup þingmanna eigi að fara héðan út úr þingsalnum og það eigi að færa þetta almennt yfir til kjararáðs.

Síðan er hitt meginatriðið varðandi þetta mál, þeir sem standa að því skulda okkur skýringu á því hvort þeir líti á þetta sem mál þar sem verið er að skerða heildarkjör þingmanna, ráðherra, hæstaréttardómara og forseta Íslands vegna þess að það sé einhver brýn þörf á því eða hvort þetta mál sé einungis til þess hugsað að jafna lífeyrisréttindi þessara hópa við lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Þá situr eftir spurningin um hvort taka eigi tillit til þessa við ákvörðun á öðrum kjörum viðkomandi hópa. Ef svo er ekki gengur þetta frumvarp út á það — án þess að segja það — að skera verulega niður réttindi forsetans, hæstaréttardómara, ráðherra, þar með talið forsætisráðherra og þingmanna. Þá skulu menn bara segja það hér vegna þess að það þarf að koma fram.

[21:13]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig langar að minnast aðeins á löggjöfina sem var samþykkt árið 2003 og taka undir málflutning hv. þingmanns að sá útbreiddi misskilningur virðist vera í samfélaginu að almennir þingmenn hafi með samþykki sínu á því frumvarpi sem þá lá fyrir verið að bæta kjör sín sérstaklega. Þvert á móti, við almennir þingmenn vorum, ef eitthvað er, að skerða kjör okkar því að iðgjaldið hækkaði en réttindaávinnslan jafnvel skertist á móti, þannig að við skulum halda því til haga í þessari umræðu.

Ég ætla heldur ekki að vera einn af þeim sem tala kjör og réttindi alþingismanna niður á botninn, eins og hv. þingmaður orðaði það. Ég tel hins vegar í ljósi einstakra aðstæðna í samfélaginu að þjóð og þing þurfi að ganga í takt, við þurfum að samræma með einhverjum hætti þessa réttindaávinnslu og ég lít þannig á, fyrst hv. þingmaður varpar fram þeirri spurningu, að við séum fyrst og fremst að jafna réttindin eins og mál standa.

Annars vil ég nefna þær ábendingar sem hv. þingmaður kom með varðandi það að eftirlaunaþegar geti stundað vinnu hjá ríkinu eða þeir sem hafa tekjur úr lífeyrissjóðum, opinberir starfsmenn, mér finnst að það þurfi að skoða þetta sérstaklega í nefndinni, þ.e. þetta misvægi á milli þeirra sem undir lögin frá árinu 2003 voru settir og gagnvart þessum lögum. Ég tel að margar ábendingar hafi komið fram í máli hv. þingmanns sem við þurfum að skoða á vettvangi efnahags- og skattanefndar, hér er náttúrlega um ákveðið prinsippmál að ræða.

En ég er sammála hv. þm. Bjarna Benediktssyni um að það er hallærislegt að þingmenn standi hér í ræðupúlti Alþingis og þurfi að ræða um kjör sín og réttindi. Mér finnst slíkt ekki eiga heima í þingsölum Alþingis heldur sé annarra um það að dæma. Ég fer ekkert ofan af því og styð því viðleitni hv. þingmanns í þeim efnum að koma þessari umræðu í eitt skipti fyrir öll út úr sölum Alþingis.

[21:16]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ábendingar hans, við virðumst vera sammála um ýmis atriði í þessu máli. Mér finnst grundvallaratriði að menn átti sig á því að verði þetta frumvarp samþykkt munu þingmenn, ráðherrar, forsetinn og hæstaréttardómarar geta unnið hjá hinu opinbera á sama tíma og þeir þiggja eftirlaun, þannig að það sé alveg á hreinu. Það er reglan sem gilti fyrir 2003 og það er reglan sem verið er að leggja til að gildi framvegis. Það var eitthvað aukið við réttindi manna til að taka lífeyri fyrr með lögunum frá 2003 og það var komið til móts við það með breytingum á lögunum í vetur. En nú er tekin alveg skýr af-

staða til þess að það sé ekkert athugavert við að þeir aðilar sem frumvarpið tekur til þiggi lífeyri á sama tíma og þeir eru í opinberu starfi frekar en gildir um opinbera starfsmenn. Þá er það á hreinu. Þetta frumvarp segir hins vegar að þeir sem hafa áunnið sér rétt samkvæmt lögunum frá 2003 eða hafa áunnið sér lífeyrisréttindi samkvæmt þeim lögum sem giltu um ráðherra og þingmenn frá því fyrir 2003 megi það ekki. Þeir einir mega alls ekki vinna hjá hinu opinbera og þiggja á sama tíma lífeyri. Allir opinberir starfsmenn mega það, þeir sem ávinna sér lífeyrisréttindi samkvæmt þessu frumvarpi mega gera það, en bara ekki þeir sem þiggja lífeyri á grundvelli laganna frá 2003 eða fyrir þann tíma. Mig skortir skýringar á þessu.

[21:18]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu af því að hún er komin inn í nóttina eins og iðulega þegar rætt er um starfskjör þingmanna. Það virðist vera einkenni á þeim að þau ræðist að næturlagi.

Ég ætlaði að grípa upp þetta atriði sem rætt var rétt áðan, um niðurlag 3. gr., um að menn sem falla undir lögin 2003 megi ekki starfa á vegum ríkisstofnana og félaga. Hvað gerist ef einhver er í þeirri stöðu og svo eru allt í einu sett lög á Alþingi um að eignarréttur hans sé skertur? Hvað segir 72. gr. stjórnarskrárinnar og hvað segja þeir menn sem stöðugt eru að tala og mala um stjórnarskrárbrot? Ég er ansi hræddur um að þetta sé hreinlega stjórnarskrárbrot og ég skora á hv. nefnd að skoða það mjög nákvæmlega þó að ég sé ekkert hrifinn af þessu fyrirkomulagi. En við þurfum samt að gæta þess að vera innan ramma stjórnarskrárinnar sem við höfum svarið eið að.

Ég ætla rétt aðeins að koma inn á alls konar forréttindalífeyri. Einu sinni var í tísku hjá ríkisbönkunum mjög góður lífeyrir fyrir bankaforstjóra eða bankastjórana, mjög hár, réttindaávinnsla var 6% á ári o.s.frv. og þessir menn njóta þess enn þann dag í dag með ríkisábyrgð. Við erum með alls konar réttindi í B-deildinni sem er nú þekkt. Skuldbindingin vegna B-deildarinnar, herra forseti, er 372 milljarðar óuppgert, áfallin skuldbinding samkvæmt reikningum lífeyrissjóðsins. Bíðum við, er þetta ekki tala sem minnir á eitthvað? Er þetta ekki nokkurn veginn framlagið í nýju bankana úr ríkissjóði? Eru þetta ekki nokkurn veginn heildarskuldbindingarnar við Icesave eða eitthvað svoleiðis? Þetta er ógreitt vegna ofurlífeyrisréttinda í B-deild. Þar eru ráðuneytisstjórarnir, þar eru fyrrverandi þingmenn o.s.frv. og bæjarstjórar og fleiri eins og þekkt er. Þessi skuldbinding er svakaleg. Hún er þess eðlis að það má segja að opinberir starfsmenn í B-deildinni hafi hirt allt sem selt hefur verið af eigum ríkisins og miklu meira en það, Símann, bankana o.s.frv. Samt er ríkið búið að borga 137 milljarða inn í þetta dæmi, þ.e. þetta eru um 500 milljarðar samtals sem iðgjaldið dugði ekki til.

Ég ætlaði líka að tala um forréttindalífeyri víða um heim. Það er uppi umræða í Bretlandi núna um forréttindalífeyri. Það er nefnilega að koma í ljós að sumar stéttir hafa tryggt sér mjög góðan lífeyrisrétt, sérstaklega í opinbera geiranum, og það er komin ákveðinn uppreisn gegn þessu kerfi hjá þeim sem eru að borga. Þess vegna er það áhugavert sem verið er að gera í 3. gr., að skerða þarna réttindi, er þá ekki komið fordæmi fyrir því að skerða réttindin í B-deildinni líka fyrst hægt er að skauta svona yfir eignarréttinn á grundvelli neyðarlaga o.s.frv? Það er spurning.

Mig langar til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra í lokin. Ég flutti breytingartillögu — ef hæstv. fjármálaráðherra gæti nú hlýtt á mál mitt, við erum að ræða hans mál. Ég bíð eftir því að hæstv. fjármálaráðherra geti hlýtt á mál mitt af því við erum að ræða hans mál í þinginu. — Ég flutti breytingartillögu í vetur við frumvarpið þá í þá veru að þingmenn mættu góðfúslega velja sér lífeyrissjóð á almennum markaði til þess að upplifa sömu tilfinningu og umbjóðendur þeirra flestir, sjómenn, verkamenn, verslunarmenn o.s.frv., að sjá skertan lífeyri, gegn hækkun launa. Og nú ætla ég að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort ekki komi til greina — auðvitað á ég ekki að spyrja hann því að það er Alþingi sem fjallar um þetta — og líka framsóknarmenn sem styðja góð mál, hvort menn séu þá ekki sammála því að heimila þeim þingmönnum sem það vilja að hoppa út úr þessu forréttindakerfi og inn í eitthvað sem umbjóðendur þeirra þurfa að sæta. Hvort menn mundu ekki styðja svona breytingartillögu sem felst í því að þingmenn geti valið lífeyrissjóð að eigin vali úti í þjóðfélaginu og fái launahækkun sem því nemur miðað við það að vera í forréttindakerfi opinberra starfsmanna.

[21:23]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held í sannleika sagt að við þurfum náttúrlega miklu meiri tíma en andsvör hér á þingi ef við viljum fara út í að ræða lífeyrissjóðamálin almennt og sambúð almenna kerfisins og hins opinbera. Ég verð segja alveg eins og er að mér finnst menn fjalla dálítið léttúðugt um þá staðreynd að lífeyrissjóðakerfi okkar hefur byggst upp með þessum tvískipta hætti á löngum tíma og fyrir því eru ýmsar sögulegar ástæður. Menn skulu hafa í huga að opinberir starfsmenn eru líka hluti þjóðarinnar. (**PHB:** 20%.) Já, það munar nú kannski um minna en fimmtung vinnumarkaðarins. Við skulum líka hafa í huga að lífeyrisréttindi þessa hóps hafa verið hluti af umsömdum kjörum þeirra um áratugaskeið og menn eiga að sýna þeirri sögu sanngirni. Það var almennt viðurkennt á löngu árabili að opinberir starfsmenn sættu sig við lakari launakjör en ella væri og fengu í staðinn kannski meira starfsöryggi og meiri ávinnslu lífeyrisréttinda. Þetta er veruleiki. Þetta eru sögulegar staðreyndir sem við þurrkum ekki út þó að menn fari hér mikinn í því að tala um samræmi eða að jafna kjör. Að sjálfsögðu er það þáttur sem líka er eðlilegt að horfa til en við þurrkum ekki út forsögu málsins með því og verðum að sýna því virðingu að svona hefur þessi staða orðið til. Og mér finnst að hv. þingmaður eigi að gera það eins og allir aðrir af því að hann er vel að sér um þessi mál.

Svo er það líka alltaf spurningin í hvaða aðstæðum við erum og hvernig við ætlum þá að jafna réttindin. Verða þau jöfnuð alfarið niður á við eða að einhverju leyti upp á við hjá öðrum? Staðan er auðvitað ekki beysin til að horfa til þeirrar leiðar í augnablikinu. Það er alveg augljóst eins og lífeyrissjóðakerfið er að verða fyrir skakkaföllum þessa

dagana. En þetta er forsaga málsins sem mér finnst að hafa eigi í huga og (Forseti hringir.) hafa í heiðri þegar við ræðum um þessi mál.

[21:25]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég var nú eiginlega ekki að tala um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Ég var ekkert að segja að þau væru of góð eða slæm eða neitt. Ég var bara að tala um lífeyrisréttindi þingmanna. Og það er spurningin um það, fyrst menn eru að tala um að hafa lífeyrisréttindi eins og almennt gerist, af hverju í ósköpunum skyldi ég þá ekki mega velja Lífeyrissjóð verslunarmanna þar sem ég á mest af mínum réttindum? Ég hef nefnilega ekki verið á þingi í 30 ár eða 25 ár. Ég á helling af réttindum annars staðar og þar eru mínir kjósendur eins og flestra þingmanna, 80% kjósenda eru í almennu lífeyrissjóðunum.

Það sem ég er að fara fram á er að ég fái að velja mér lífeyrissjóð eins og aðrir og fái hækkun á launum í staðinn og sæti þá hugsanlega þeirri skerðingu sem menn þurfa að mæta, kjósendur mínir. Aðrir þingmenn geta þá bara verið í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og með gulltryggð réttindi, forréttindaréttindi, og ég fæ þá launahækkun í staðinn. Það kemur þá í ljós hvers virði þessi forréttindi eru. Ég er bara að fara fram á þetta val. Ég ætla ekkert að breyta lífeyriskerfi opinberra starfsmanna, alls ekki. Ég veit að þetta er sögulegt og að menn fengu á vissu árabili lægri laun af því að þeir voru með góðan lífeyrisrétt. Það er alveg hárrétt og það er mjög löng saga á bak við allt lífeyriskerfið. En vandinn er sá að þingmenn eru ekki í takt við kjósendur sína. Þetta er ekki gagnsætt. Það er krafa þjóðfélagsins að menn sýni gagnsæi, sýni hvers virði réttindin eru hjá þingmönnum og hækki bara launin sem því nemur. Þá kemur það í ljós.

[21:27]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við sem hlustuðum hér til hliðar á hv. þingmann vorum farin að velta því fyrir okkur hvort eina lausnin á þessu máli væri ekki að setja bara sérlög um lífeyrisaðgang hv. þm. Péturs H. Blöndals þannig að hann gæti fengið það sem hann vill ótruflaður af öðrum.

Almenna reglan er sú, sem hv. þingmaður þekkir auðvitað, að menn skipast þar í lífeyrissjóði sem starfsstétt þeirra og/eða vinnuveitandi segir til um. Það er hin almenna skipan á lífeyrismarkaðnum eins og kunnugt er, með því svigrúmi eða þeim frávikum sem val býður upp á í þeim tilvikum sem það er mögulegt.

Með breytingunni hér verður þetta allt algerlega gagnsætt að minnsta kosti hvað þennan þátt málsins varðar, að sá hópur sem hér á undir, forsetinn, hæstaréttardómarar, ráðherrar og alþingismenn verða eins og hverjir aðrir félagsmenn í A-deild Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Og vel að merkja, þegar menn ræða þessi mál hér tala menn alltaf eins og Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna sé bara B-deildin, sé bara gamli tíminn, sem enn lifir að sjálfsögðu. Við erum að tala hér um að þeir gangi inn í nýja fyrirkomulagið, inn í A-deildina sem er reiknuð út og tryggingafræðilega uppbyggð eins og aðrir lífeyrissjóðir og þannig lagað séð tel ég að menn séu að færa þetta til rétts vegar. Hluti þessa hóps, hæstaréttardómarar ef ég veit rétt, eru opinberir embættismenn, þeir eru skilgreindir opinberir embættismenn. Það eru vissulega þingmenn, ráðherrar og forseti Íslands ekki í sama skilningi því að þeir eru kjörnir og um þá gegnir öðru máli. Þannig er það en ég held að það sé að mörgu leyti eðlilegast og liggi næst að sá hópur fylgi þá embættismönnunum inn í Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Mér finnst þetta vera tiltölulega hrein skipan sem kemst á með (Forseti hringir.) þessu frumvarpi.

[21:29]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er bara ekki rétt. Þingmenn eru kjörnir á þing af ákveðnum hópum kjósenda, þeir eru ekki opinberir starfsmenn. Þingmenn eru ekki starfsmenn framkvæmdarvaldsins. Ég harðneita því. (**Fjmrh.:** Það var enginn að segja það.) Nei. Og þess vegna er ekkert eðlilegt að þeir borgi inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, starfsmanna framkvæmdarvaldsins. Það er ekki eðlilegt, það er ekkert eðlilegra en að menn borgi bara í almenna lífeyrissjóði, Lífeyrissjóð verslunarmanna. Það er ekkert eðlilegra en það.

Það sem ég er að fara fram á er að menn samþykki þá breytingartillögu sem ég flutti fyrir jól, sem var kolfelld. Tveir greiddu atkvæði með henni, 45 á móti og átta sátu hjá. Atkvæðataflan er sjaldan rauðari. Ég er að fara fram á það, ekki fyrir mig prívat og persónulega þó að ég væri alveg til í að fallast á það, að þingmenn hafi heimild til að velja sér lífeyrissjóð eins og umbjóðendur þeirra, eins og kjósendur þeirra, til þess að þeir deili kjörum með kjósendum sínum. Kjósendur hv. þingmanns eru sjómenn og bændur, verkamenn og skrifstofumenn á Húsavík o.s.frv. (**MÁ:** Líka opinberir starfsmenn.) Já, líka þau 20%, þeir eru væntanlega færri úti á landi. Ætli það séu ekki svona 10% sem eru opinberir starfsmenn. Hinir eru allir í lífeyrissjóðum sem þeir eru skyldaðir til að borga í með lögum og þurfa núna hugsanlega að skerða réttindin. Þeir eru ekkert spurðir um hvort þeir vilji vera í þessum lífeyrissjóðum, þeir skulu borga í ákveðinn lífeyrissjóð eftir starfi.

Þetta er spurningin um þingmenn af því að þeir eru ekki starfsmenn ríkisins, mér finnst að þeir eigi að borga í almenna lífeyrissjóði, eigi a.m.k. að geta valið um það og fengið launahækkun. Ég bið hæstv. fjármálaráðherra að skoða það alla vega hvort þetta væri ekki heimilt.

[21:32]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég verð að viðurkenna það í byrjun að ástæða þess að ég tek til máls er kannski ekki sú að ég telji að ræða mín muni skipta sköpum í þessu þingmáli heldur er ég miklu fremur að gæla við minn eigin hégóma. Hégóma varaþingmanns á þessu kjörtímabili en þingmanns á því síðasta, sem lenti í því fyrsta veturinn að verða fyrir þessu máli, þ.e. frumvarpinu frá 2003, um gríðarleg lífeyrisréttindi, einkum ráðherra. Þetta var erfitt mál fyrir nýjan þingmann og ekki síst vegna þess, eins og Bjarni Benediktsson reyndi að nota sem einhvers konar mótrök í hefðbundnum

karpstíl, að flokkur minn fór ekki rétt að í þessum efnum og gerði mistök sem hann sjálfur hefur nú gert upp. Að lokum fór svo að aðeins einn þingmaður flokksins, flutningsmaðurinn, (Gripið fram í.) greiddi atkvæði með frumvarpinu en verulegur hluti flokksins greiddi atkvæði á móti. Ég var í þeim hópi og er stoltur af því, virðulegi forseti, og rifja það upp sjálfum mér til vegsemdar og aukins hégóma.

Hins vegar hefur verið sérkennilegt að hlusta á þá þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem ég heyrði í, hv. þingmenn Pétur H. Blöndal og Bjarna Benediktsson, ræða um málið eins og málfundur standi yfir í MR eða Versló og fara í tæknilega hluti. Fyrirspurnir til ráðherrans sem flytur frumvarpið eru eðlilegar en ósköp var mál þeirra fjarri kjarnanum og langt frá því að vera umræða um frumvarpið í heild sinni, eins og þingsköp leiðbeina um 1. umr. um frumvörp. Þetta er sérkennilegt vegna þess samhengis sem frumvarpið er flutt í, að hér er í raun og veru verið að endurbæta frumvarp sem flutt var fyrir jól. Því frumvarpi verður að segja til hróss að það bætti þó nokkuð úr því rugli og þeim ruddahætti sem fólst í frumvarpinu frá 2003, en þó ekki nóg og skapaði engan frið í samfélaginu eins og því var þó ætlað, eða var veikburða tilraun til, vegna þess að það kom of seint og gekk of stutt og var ekki í takt við óskir almennings, eins og þær voru þá og höfðu í raun lengi verið ljósar. Sjálfstæðisflokkurinn vildi þá ekki fara lengra. Samfylkingin, hinn stjórnarflokkurinn, reyndi að toga hann í þessa átt en það var eins og í öðrum málum frá því að hrunið mikla skall á að Sjálfstæðisflokkurinn sat með hendur í vösum, „haardaði“ eins og sagt var á götunum — ný sögn var búin til í því skyni eftir formanni Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Geir H. Haarde. Þetta var eitt þeirra mála sem var „haardað“ þannig að í því samhengi sem það er nú flutt er verið að taka til.

Nú er farið með sópinn á verk ekki bara síðustu ríkisstjórnar heldur ríkisstjórnarinnar þar áður. Ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og Geirs H. Haardes, eftir atvikum. Ríkisstjórnar græðgisvæðingarinnar, einkavæðingarinnar, góðærisins og misréttisins. Ríkisstjórnarinnar sem horfði upp á það að tiltölulegt jafnræði í kjörum, sem hafði einkennt íslenskt samfélag í marga áratugi, var skyndilega horfið og þeir fátæku voru orðnir fátækari en hinir ríku miklu ríkari og þegar þessi ríkisstjórn og fylgismenn hennar horfðu upp á þetta kom þeim helst til hugar til ráðs úr þeim vanda að hækka og bæta kjörin hjá sjálfum sér. Það var gert með hinu víðfræga frumvarpi frá 2003 sem í raun og veru var sjálftaka lífeyris af hálfu þeirra sem það fluttu og auðvitað er rétt hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni sem hér talaði áðan, að það voru fyrst og fremst ráðherrarnir sem þess nutu, einkum forsætisráðherrarnir, einkum tveir, þeir Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson, oddvitar þeirrar ríkisstjórnar.

Þetta var í raun og veru svo gróft að almenningur reis strax upp á móti þessu með miklum mótmælum hér á Austurvelli, þó að þau kæmust ekki í hálfkvisti við (Gripið fram í.) þau mótmæli sem við horfðum upp á í haust og þó einkum eftir áramótin og hv. þm. Pétur H. Blöndal og fleiri pirruðu sig mikið á og eru enn að jafna sig á. Þetta er samhengið, sem við fjöllum nú um þetta frumvarp í. Það er liður í ákveðinni dagskrá á þinginu til þess annars vegar að leggja grunn að nýju samfélagi í efnahagslegum skilningi og hins vegar til að skapa sættir, skapa samhengi í siðrænum skilningi og reyna að brúa þá gjá sem hefur myndast á síðustu 10, 15, 20 árum milli þeirra sem nutu góðærisins helst og þeirra sem nutu þess síður. Þó ekki síst til að skapa ákveðinn nýjan grunn undir það samfélag sem við búum í og þarf ekki einungis að huga að stjórnskipan sinni, lýðræðisreglum, sem m.a. koma fram í tillögum um stjórnlagaþing og kynntu frumvarpi um persónukjör í alþingiskosningum, heldur líka hugmyndalegum grunni, þeim gildum sem við ætlum okkur að starfa eftir og lifa eftir næstu áratugina eftir þann trylling og það mikla fyllirí sem hér hefur staðið yfir lengi.

Eðlilegt er að grípa til gamalla gilda í þeim efnum og ekki þarf að fara lengra á Alþingi Íslendinga en aftur til gamla sjómanna- og bændasamfélagsins í leit að gildum eins og vinnusemi, nægjusemi, samtökum, samhjálp, að kapp sé best með forsjá og að við eigum að huga að því sem lengi stendur en ekki því sem endist skamma hríð. Sem og þeim gildum fornra tíma sem voru túlkuð með orðum eins og guðsgjafir og skyldu okkar til að nýta þær gjafir með hæfilegum hætti, sem í nútíma mætti líka umorða með því að tala af virðingu um náttúruna og gæði hennar og það samfélag sem áar okkar, afar og ömmur hafa fært okkur í hendurnar og er í grunninn gott samfélag, þó að við höfum villst af leið að undanförnu.

Í þessu samhengi er frumvarpið flutt. Þetta er gott frumvarp og væri við hæfi að ræða það með öðrum hætti en að halda sig við tækniumræðu. Hins vegar er eðlilegt að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins geri það vegna þess að það er ekki feimnislaust sem þeir taka við þessu frumvarpi. Af þeim þrjátíu sem greiddu þessu atkvæði eru t.d. enn á þingi hv. þingmenn Árni Mathiesen, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Björn Bjarnason, Geir H. Haarde, Kjartan Ólafsson, Pétur Blöndal, Sturla Böðvarsson og reyndar nokkrir framsóknarmenn að auki sem vegna sérstakrar afsökunarbeiðni hv. þm. Birkis J. Jónssonar og þingflokksleiðtoga Framsóknarflokksins verður sleppt að geta hér og einn frá Samfylkingunni eins og áðan var rakið og ekki dregin nein fjöður yfir. (Gripið fram í.) Þetta mál var Samfylkingunni erfitt vegna þess að einhverjir forustumanna höfðu glapist til að standa að þessu frumvarpi í skammsýni vegna einhvers konar vinarþels eða jafnvel samtryggingar og að ég held, af því að það er orðið seint um kvöld hér, vegna þess áhuga sumra samfylkingarmanna — forseti, þeir eru ekki að hlusta þegar ég ræði um sögu Samfylkingarinnar, það er sérkennilegt — sem þeir héldu að væri raunverulegur en reyndist auðvitað tálsýn, að með því að taka með einhverjum hætti þátt í samvinnu við Davíð Oddsson og fleiri slíka kújóna og hæstv. ráðherra á þeim tíma, mundi það með einhverjum hætti geta riðlað því stjórnarsamstarfi sem þá var uppi. Sá draumur nokkurra manna innan Samfylkingarinnar að samstarf við Sjálfstæðisflokkinn gæti orðið Samfylkingunni eða þjóðinni til heilla bæði var og reyndist tálsýn. Út af fyrir sig gott og þarft að það skuli hafa verið reynt og menn skuli hafa komist að því núna að það var ómögulegt.

Það sýndi m.a. frumvarpið sem var flutt fyrir nokkrum

— ja, hvað var það, einum og hálfum mánuði, þar sem ekki tókst að toga Sjálfstæðisflokkinn út í annað en ofurlitlar lagfæringar og viðbætur, í stað þess að hér er gengið hreint til verks og lífeyriskjör þingmanna og þá einkum ráðherra eru færð til þess sem háttar um opinbera starfsmenn og ég er alveg viss um, virðulegi forseti, að er í samræmi við vilja þjóðarinnar allt frá árinu 2003 þegar lögin voru samþykkt.

[21:44]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður gerir eins og venjulega, talar niður til fólks og segir að við séum í málfundaæfingum og ekki sé rætt um frumvarpið í heild sinni o.s.frv. Hann hefur náttúrlega afskaplega mikið vit á þessu og veit hvernig menn eiga að vinna.

Hann skrifar söguna og segir að Samfylkingin hafi neyðst til að gera þetta og hitt og hafi gert mistök 2003. Það var reyndar gert samkomulag skilst mér, handsalað, en svo hlupu menn eins og kjúklingar út og suður. Einn var ekki kjúklingur og stóð eftir, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson. Svo var gert frumvarp í vetur og aumingja Samfylkingin, þessi stóri flokkur, beygði sig aftur undir Sjálfstæðisflokkinn. Ingibjörg Sólrún greiddi atkvæði með frumvarpinu sem og allir. (**MÁ:** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.) Einn þingmaður, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson greiddi atkvæði gegn frumvarpinu. Nokkrir sátu hjá, aðallega Vinstri grænir, en Samfylkingin var beygð í duftið, aumingjarnir. Þetta er nú vesallegt. Svona er sagan skrifuð. Þeir gátu ekkert að þessu gert, algerlega meðvitundarlausir.

Árið 2003 var ekki verið að bæta kjör hins almenna þingmanns, það veit hv. þingmaður, (Gripið fram í.) kjörin voru ekki bætt. Ekki var verið að bæta kjör almennra þingmanna. Það voru flokksformennirnir og ráðherrarnir sem bættu kjör sín. Lífeyrisfrumvarpið frá því í vetur var heldur ekki til að bæta kjör þingmanna, það er heldur ekki rétt söguskýring. Ég held að hv. þingmaður ætti að skrifa söguna pínulítið öðruvísi og dálítið hlutlausari.

[21:45]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Ég geri mér ljóst að hv. þingmaður hefur skilið orð mín þannig að ég væri að setja mig á háan hest gagnvart þeim umræðum sem farið hafa fram um frumvarpið. Það var ekki ætlun mín og ég biðst afsökunar á því úr því að það hefur verið svo. Það sem ég átti við var að ræður þingmannanna tveggja sem ég heyrði á fjölluðu fyrst og fremst um tæknilegar hliðar frumvarpsins, vil ég segja, en ekki um það samhengi sem það var sett í. Ég vakti athygli á því að það væri ákaflega eðlilegt miðað við þá sögu sem ég rakti af málinu og hefur ekki verið mótmælt hér.

Um það hvort þingmenn hafi haft hag af frumvarpinu 2003 hélt ég að ég hefði sagt það bæði í andsvari við hv. þm. Bjarna Benediktsson og síðan í ræðu minni að ekki var um það að ræða en það hefur sennilega ekki verið nógu skýrt. Það voru fyrst og fremst ráðherrarnir sem höfðu hag af þessu frumvarpi og þessum lögum því að eins og Pétur Blöndal veit betur en ég var fyrst og fremst verið að leiðrétta ákveðinn réttindamun gagnvart þingmönnunum sem hafði komið út úr hinum fyrri lögum. Ég hef aldrei gefið annað í skyn.

Hins vegar þykir mér miklu eðlilegra — eins og kom fram áðan þykir hv. þm. Bjarna Benediktssyni það ekki — að þingmenn búi einfaldlega við svipuð kjör og almenningur í landinu. Ég get rætt það lengi dags og nætur við Pétur Blöndal við hvað ætti þá að miða en nærtækasta og eðlilegasta viðmiðunin eru auðvitað sjóðir opinberra starfsmanna.

[21:47]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég taldi mig vera að ræða um frumvarpið í heild sinni og hvernig það lítur út. Ég gat um frumvarp sem ég flutti um að þingmenn gætu valið sér lífeyriskjör eins og almennt gerist í þjóðfélaginu. Ég tel að þau kjör sem 80% þjóðarinnar búa við séu hin almennu kjör. Þau kjör sem 20% þjóðarinnar búa við eru ekki hin almennu kjör. Það eru sérkjör og það eru forréttindakjör eins og ég hef margoft getið um hérna. Ég ætla að vona að ræða mín sé ekki neitt annað en almennt um frumvarpið.

Ég spurði að því áðan og ég spyr nú hv. þingmann hvort hann muni þá ekki greiða atkvæði með breytingartillögu frá mér um að þingmenn geti valið sér hin almennu kjör í þjóðfélaginu hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna, hjá Lífeyrissjóði sjómanna, Lífeyrissjóði bænda o.s.frv. þar sem þeir eru velkomnir. Þeir deila þá kjörum með umbjóðendum sínum, kjósendum sínum og búa ekki í neinum fílabeinsturni.

Nú veit ég ekki með hv. þingmann, hvort hann á bara réttindi í opinberum sjóðum. En ég á heilmikil réttindi hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna og víðar úti í atvinnulífinu. Ég vil deila kjörum með umbjóðendum mínum, ég vil ekki búa í einhverjum fílabeinsturni og vita ekki hvað er að gerast niðri á dekki eða niðri í lest. Ég skora á hv. þingmann að styðja breytingartillögu mína um það og deila hinum almennum kjörum með almenningi í landinu eða að leyfa mér alla vega að gera það.

[21:49]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Þetta er svolítið erfið umræða því að þeim hefur tekist, flokksfélögunum hv. þm. Bjarna Benediktssyni og Pétri Blöndal, að vera gjörsamlega ósammála í þessu efni. (Gripið fram í.) Annar vill hraða réttindaávinnslu þingmanna og ráðherra sérstaklega en hinn vill borga í Lífeyrissjóð bænda. (Gripið fram í.) En báðir standa þeir á blaði sem ég prentaði út úr tölvunni áðan um þá 30 sem sögðu já árið 2003. Ég sé ekki betur en að þar séu nöfnin Bjarni Benediktsson og Pétur H. Blöndal, og ég held að þetta séu sömu mennirnir og sitja á þingi núna. Ég veit það beinlínis vegna þess að ég var viðstaddur þessa atkvæðagreiðslu eins og sjá má á nöfnum þeirra 14 sem sögðu nei.

Ég tel að það sé minni háttar mál hvort lífeyriskjör þingmanna fara að reglum sem gilda um opinbera starfsmenn eða hvort þau fara að reglum sem gilda um ... (Gripið fram í.) — minni háttar mál, já. Ég tel að aðalmálið sé að þau forréttindi þingmanna og ráðherra, þó einkum ráðherra, eftir hin frægu lög frá 2003 sem báðir hv. þingmenn Pétur Blöndal og Bjarni Benediktsson samþykktu, séu afnumin. Ég get vel ímyndað mér í framtíðinni að styðja Pétur Blöndal til þess að hann fái að borga í Lífeyrissjóð bænda eða

hvaða lífeyrissjóð sem hann vill, (Gripið fram í.) ég held að það væri vel við hæfi. Ég held að framtíðin verði sú, þó að ég geri mér grein fyrir tregðulögmálinu í því og ýmsum aðstæðum sem m.a. hæstv. fjármálaráðherra rakti áðan, að lífeyriskjör allra landsmanna verði jöfnuð og þeim mun eytt sem nú er á opinberum starfsmönnum og almennum markaði í þessu efni. (Forseti hringir.) En það hefur auðvitað afleiðingar fyrir kjör opinberra starfsmanna að öðru leyti.

[21:51]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það var á vissan hátt fróðlegt að fylgjast með hv. þingmanni gæla við hégóma sinn, eins og hann sagðist sjálfur vilja gera, og fjalla um þetta mál og afstöðu annarra þingmanna að vana án yfirlætis, sérstaklega þeirra sem eru á öndverðum meiði við hann. Honum tókst að sýna mikinn drengskap, ekki síst þeim sem eru með honum í flokki, og felldi sína dóma yfir afstöðu þeirra í þessu máli eins og honum er tamt að gera.

Ég ætla að spyrja hv. þingmann að tvennu. Í fyrsta lagi: Hvað er það sem kallar sérstaklega á það að mati hv. þingmanns að þær reglur sem gilt hafa um eftirlaunaréttindi forseta Íslands verði afnumdar? Þær hafa verið þannig að eftir eitt kjörtímabil hefur forsetinn átt rétt á því að taka eftirlaun að liðnum sex mánuðum sem hann nýtir til biðlauna. Hann getur tekið 60% eftirlaun eftir eitt kjörtímabil, 70% eftir tvö en eftir það hefur hann getað notið 80% eftirlauna algjörlega óháð aldri. Hvað er það sem kallar sérstaklega á að þessi regla sé afnumin og um hann gildi sömu reglur og þá sem þiggja lífeyrisréttindi úr A-deildinni?

Ég vil líka gjarnan fá afstöðu þingmannsins til þeirrar reglu sem verið er að festa í sessi og viðhalda, að þingmenn geti gegnt opinberum störfum og þegið eftirlaun á sama tíma.

[21:53]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Um kjör forseta Íslands er það að segja af minni hálfu að mér eru þau ókunn. Ég hef ekki sett mig inn í kjör forseta Íslands, hvorki launakjör hans sérstaklega né önnur kjör. (**BjarnB:** Frumvarpið fjallar um hann.) Þó að ég hafi talað hér um frumvarpið í heild sinni var ég hvorki sérstaklega að mæla með né á móti þessum breytingum ef um breytingar er að ræða.

Ég tel hins vegar ósköp eðlilegt að ef forseti Íslands lætur af störfum löngu fyrir aldur fram — sem ekki hefur verið venjan um forseta Íslands — bíði hann hefðbundins tíma í samfélaginu með að fara á lífeyri. Það er hægt að kjósa forseta Íslands 35 ára gamlan, ef ég man rétt, og hann gæti þess vegna setið til 39 ára aldurs. Mér þætti óeðlilegt ef t.d. hv. þm. Bjarni Benediktsson væri í þeirri stöðu að hann nyti síðan lífeyriskjara frá 39 ára aldri til sjötugs eða hvað það væri.

Hvað hitt efnið varðar geri ég ráð fyrir að menn fjalli um það í nefnd. Mér þykir ekki eðlilegt að menn njóti lífeyris áður en þeir eru komnir á aldur, það er ósköp einfalt.

Um yfirlæti þingmanns, þess sem hér stendur, og dómhörku hans og dómgirni er það að segja að í þessu máli er hún fullkomlega viðurkennd og ég tel að hún eigi á sér fullan rétt gagnvart þeim 30 sem sögðu já í þessu máli og gagnvart þeim sem féllust á það óréttlæti og beittu sér fyrir því sem þarna var haft í frammi. Ég er stoltur af því annars vegar að hafa sagt nei við því frumvarpi sem þá var í afgreiðslu (Forseti hringir.) og hins vegar því að mæla með frumvarpi til afnáms þessara laga sem hér er flutt.

[21:56]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara í föt hv. þingmanns og leyfa mér að túlka orð hans í ræðustóli eins og hann er vanur að gera eftir að aðrir hafa tekið til máls. Ég skil þá hv. þingmann þannig að hann telji brýna nauðsyn bera til þess að afnema þær eftirlaunareglur sem gilt hafa um forsetann. Ég geng út frá því að hið sama eigi þá við um þær eftirlaunareglur sem gilt hafa um hæstaréttardómara og aðra þá sem þetta mál fjallar um.

Ég hallast nú frekar að hinu sjónarmiðinu, að það séu alveg fullgild rök til þess að forseti Íslands, sem til að mynda gæti hafa verið tvö ef ekki þrjú full kjörtímabil, geti farið á eftirlaun en þurfi ekki að vera því háður að sækja sér starf á almennum vinnumarkaði eða eftir atvikum annars staðar í stjórnkerfinu. Ég held að það séu fullgild rök fyrir þeirri reglu en hana er verið að afnema hér og það er ágætt að hv. þingmaður hefur nú gert sér grein fyrir því. Hann styður það.

Hann styður, að því er mér heyrist, líka breytingar á frumvarpinu þess efnis að girt verði fyrir það að þingmenn taki á sama tíma eftirlaun og þeir eru í opinberu starfi, þ.e. í starfi á vegum ríkisins eða stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess. Ef hann er þeirrar skoðunar hlýtur hann jafnframt að ætla að beita sér fyrir því að sama reglan gildi um alla opinbera starfsmenn, þ.e. fyrir almennri breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem girðir fyrir að opinberir starfsmenn njóti þessara réttinda sem þeir hafa sannarlega gert í áratugi.

[21:58]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Ræða mín var nú ekki flutt til þess að fara nákvæmlega ofan í þessi atriði. Flutningsmenn gera það og svara fyrirspurnum um þau. Ég er varaþingmaður á þessu þingi og treysti félögum mínum, stjórnarliðum og stuðningsmönnum stjórnarinnar og öðrum góðum þingmönnum fullkomlega til þess að fara í gegnum frumvarpið í þeirri háu nefnd sem það fær til umfjöllunar. Það er væntanlega allsherjarnefnd, eins og hv. þingmaður þekkir af tvöfaldri umfjöllun um frumvörp af þessum toga þar.

Meginmálið fyrir mér er að hér eru afnumin forréttindi sem sérstaklega voru á sett árið 2003 í því andrúmslofti græðgi og eignagleði sem Davíð Oddsson hvatti til í kosningum — gott ef það voru ekki einmitt kosningarnar 2003 eða kosningarnar áður — og þeirri óráðsíu og rugli sem að lokum leiddi okkur á þær brautir sem við nú erum á. Ég held að ekkert frumvarp sem ég man eftir á síðari tímum hafi valdið jafnmikilli ólgu í samfélaginu og þetta frumvarp. Ekkert frumvarp hefur skapað dýpri gjá — og þá get ég jafnvel talið fjölmiðlafrumvarpið fræga með — á milli stjórnmálastéttarinnar, sem svo er stundum kölluð, og al-

mennings í landinu og einmitt þetta frumvarp þar sem sjálfir ráðamennirnir, sjálfir flutningsmenn frumvarpsins, sem píndu þingmeirihluta sinn áfram með þeim hætti að jafnvel hv. þingmenn Bjarni Benediktsson og Pétur Blöndal urðu að segja já við því. Ég tel að ekkert frumvarp hafi valdið slíkum óróa og slíkri ósátt hjá þjóðinni sem frumvarpið frá árinu 2003. Ég endurtek með yfirlæti og stolti að ég er ákaflega ánægður með að ný ríkisstjórn, sem ég styð, skuli flytja nú (Forseti hringir.) frumvarp um afnám þessara sérréttinda.

[22:00]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en þvert á móti þakka fyrir hana. Það er ekki hægt að saka hv. þingmenn um að sýna þessu máli ekki áhuga því það hefur verið rætt hér drjúgt inn í kvöldið. Enda er þetta auðvitað stórt og sögufrægt mál að segja má en vonandi sér nú fyrir endann á því um sinn að Alþingi þurfi að eyða miklum tíma í umræður um þessa hluti. Ég bind vonir við að nú komist á sú skipan mála sem sæmilegur friður getur orðið um í samfélaginu og sáttum við þjóðina.

Það er aðeins eitt atriði sem ég vil gera að umtalsefni af því að það hefur borið nokkuð á góma, þar á meðal hefur hv. þm. Bjarni Benediktsson rætt það nokkuð ítarlega. Það er sú staðreynd að í þessu frumvarpi eins og hinu fyrra sem sú ríkisstjórn sem hv. þingmaður studdi hér fyrir jólin flutti, er gert ráð fyrir því að tekið sé af það fyrirkomulag sem í raun og veru er gamalt að stofni til en fór ekki að reyna á að neinu ráði fyrr en eftir breytinguna 2003, þ.e. að þingmenn, fyrrverandi þingmenn eða ráðherrar geti jafnframt verið í vel launuðum opinberum störfum og tekið eftirlaun.

Þetta ákvæði sætti auðvitað mikilli gagnrýni þegar það rann upp fyrir mönnum að með þeim breytingum sem urðu 2003 og flýttu í allmiklum mæli fyrir því að menn gætu farið á eftirlaun á yngri en áður var en jafnframt farið í vel launaðar opinberar stöður. Menn fengu því greitt úr ríkissjóði eins og átti við eftir 2003 þegar hægt var að reikna út lífeyrisskuldbindingar ríkisins að þessu leyti sérstaklega og þær greiddust beint úr ríkissjóði, þeir fengu ríflega eftirlaun, og þeir gátu jafnframt verið í vel launuðum störfum eins og sendiherrar, bankastjórar eða hvað það nú var. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að með þessu frumvarpi og þeirri skipan mála að alþingismenn og ráðherrar og síðan hæstaréttardómarar og aðrir slíkir hverfi inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og verði þar félagar í A-deild þá ganga þeir inn í þær almennu reglur sem þar gilda og eru almennar á vinnumarkaðnum, þ.e. að menn geta með tilteknum hætti þegar þeir hafa öðlast aldur til að hefja töku eftirlauna gert það, en jafnframt sinnt launuðum störfum.

En það sem hv. þingmaður ræddi lítið er að þá er tökukerfið með allt, allt öðrum hætti en átt hefur við á þessu tímabili, þ.e. frá 2003, eftirlaunagreiðslurnar skerðast að sjálfsögðu og þær skerðast til frambúðar. Kerfið frá 2003 er að því leyti sérstakt að í fyrsta lagi er nú um miklu ríflegri lífeyrisgreiðslur að ræða, menn hafa miklu ríkulegri réttindi í því kerfi og þeir geta hafið töku lífeyris fyrr, eða gátu, en aðrir áttu yfirleitt kost á. Þá var að vísu um nokkuð skertar útgreiðslur að ræða sem hækkuðu í þrepum og þegar á fullan lífeyristökualdur kom var rétturinn orðinn óskertur og hélst svo til æviloka.

Þarna er um gjörsamlega ósambærilega hluti að ræða. Um mikla sérreglu var að ræða í lögunum um eftirlaun forseta, hæstaréttardómara, alþingismanna og ráðherra sem eru í raun og veru ósambærileg við hinar almennu reglur um töku lífeyris samhliða launuðum störfum, bæði hjá opinberum starfsmönnum og á almenna vinnumarkaðnum. Það er eingöngu sá sérréttur sem er tekinn af með þessum lögum og síðan hverfur það fyrirkomulag smátt og smátt úr myndinni eftir því sem sá hópur sem tilheyrir hinum gamla tíma hverfur af vinnumarkaði og fer þá eingöngu á þau eftirlaun sem honum ber samkvæmt eldri ákvæðum. (**PHB:** Forréttindahópur.) (**MÁ:** Forréttindahópur, já.) Þessu kerfi er sem sagt lokað og sagan mun afgreiða það smátt og smátt út úr heiminum og eftir standa alþingismenn og ráðherrar og aðrir á grundvelli almennra reglna í þessum efnum eins og þær almennt eru á vinnumarkaði en í allt öðru samhengi en átt er við hér.

Talandi um forréttindi þá voru þarna nefnilega vissulega veruleg forréttindi á ferðinni sem voru hin miklu ríkulegri ákvæði sem áttu við um þennan hóp og mikið ósætti varð um eins og kunnugt er. Ég tel því að það sé enginn ágalli á þessu frumvarpi, nema síður sé, að svona er frá þessu gengið, það er verið að loka hinu gamla fyrirkomulagi og leggja það af. Það deyr út í fyllingu tímans og almennar reglur gilda að þessu leyti eins og öðru um hópinn sem hér á við.

[22:05]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir framsögu hans og þær skýringar sem hann hefur komið með á þessu máli. En mig langar til þess að koma tveimur athugasemdum.

Í fyrsta lagi fannst mér hæstv. fjármálaráðherra gera fullmikið úr þeim mun sem er á gildandi lögum í þessu efni og lögunum um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Staðreyndin er sú að samkvæmt gildandi lögum þurftu þingmenn að hafa verið með mjög langa þingsetu til þess að ávinna sér rétt til þess að hefja töku lífeyris áður en þeir urðu sextugir, til þess að sá réttur yrði virkur. Að hámarki gátu þeir áunnið sér rétt til að hefja töku lífeyris fimm árum fyrir sextugt, þ.e. 55 ára, en til þess að sá réttur yrði virkur þá þurftu þeir að hafa setið á þingi í 26 ár. Sama gilti fyrir ráðherrana, það var einungis þegar þeir höfðu verið í ráðherrastöðu í verulega langan tíma. Og ef frumvarpið átti að beinast sérstaklega að því að gera einfaldar breytingar á þessum ákvæðum laganna þá var það í sjálfu sér ekkert vandamál, til að mynda með því að afnema 3. tölulið 8. gr. laganna frá 2003.

En hitt er að mestu leyti algjörlega óskýrt hvers vegna áralöng regla um að forseti Íslands, sem er þjóðkjörinn, eigi ekki lengur — í tilefni af umræðunni um frumvarpið frá 2003 — að njóta réttar til töku lífeyris með þeim hætti sem gilt hefur heldur sé alveg sérstakt tilefni núna til þess að gera líka breytingar á hans stöðu.

[22:07]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Frumvarpið 2003 og sérstaklega sú regla sem birtist þegar frumvarpið kom og hafði þá verið sett inn í frumvarpið, síðbúið áður en því var dreift á Alþingi, þ.e. að forsætisráðherra væri togaður jafnhressilega upp í eftirlaunaávinnslu og raun bar vitni var einmitt rökstudd með þessu. Að það væri nauðsynlegt að jafna hann upp á við í átt að forseta Íslands. Það var þá sú hugsun að jafna menn upp á við í áttina að auknum sérréttindum eða auknum sérreglum í þessum efnum.

Auðvitað má segja sem svo að menn mundu kannski sýna því skilning að um þjóðhöfðingja giltu sérstakar reglur. Nú er það svo að samkvæmt gildandi stjórnarskrá getur enginn boðið sig fram til embættis forseta Íslands fyrr en hann er orðinn 35 ára, og algengast er að þeir sem gegna embætti forseta eru komnir yfir miðjan aldur þegar þeir eru kosnir, og sitji menn lengi í því embætti þá eru þeir komnir á þó nokkurn aldur þannig að á þetta reynir kannski ekki í þeim skilningi að líklegt sé að forseti láti af embætti svo ungur að árum að hann eigi langt eftir í venjulegan lífeyristökurétt og venjuleg aldursmörk í þeim efnum.

Eitt vil ég líka leggja áherslu á í þessum efnum. Þetta frumvarp dregur lagaskilin þannig að allir eiga að mínu mati að geta vel við unað. Það er að sjálfsögðu ekki hróflað við réttindunum, enda varin af stjórnarskrá, á yfirstandandi kjörtímabili forsetans og það er ekki hróflað við réttindunum hvað varðar þá hæstaréttardómara sem búið er að skipa inn í réttinn.

Alþingismenn sem bjóða sig fram til alþingiskosninga nú, verði þetta nú að lögum 1. apríl eins og gert er ráð fyrir, vita að hverju þeir ganga. Það mun líka gilda um forseta Íslands, hæstaréttardómara og aðra sem taka að sér embætti og eiga hér undir. Það finnst mér vera aðalatriðið. Þá vita menn að hverju þeir ganga í þessum efnum. Ég hef ekki trú á að því verði hreyft frá því horfi sem hér er lagt til verði það lögfest um langan aldur.

Og ég er alveg sannfærður um að við munum fá gott fólk til að bjóða sig fram til þings, til að gegna ráðherrastörfum (Forseti hringir.) eða til að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands þótt það deili hvað lífeyrisréttindaávinnslu (Forseti hringir.) varðar kjörum með almenningi í landinu.

[22:10]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt varðandi lagaskilin. Það er einn hópur sem þetta frumvarp fjallar um sem ég held að hafi ekkert sérstakt tilefni til þess að vera ánægður með lagaskilareglurnar sem er að finna í frumvarpinu. Það er sá hópur sem hefur áunnið sér réttindin samkvæmt lögunum frá 2003 eða þeim lögum sem giltu fyrir þann tíma eins og fjallað er um í frumvarpinu, vegna þess að sá hópur mun héðan í frá vera einn í þeirri stöðu að geta ekki neytt lífeyrisréttinda sinna og á sama tíma þegið laun í opinberu starfi eða á vegum stofnana og félaga sem ríkið á meiri hluta í.

Það er verið að setja alveg nýjar reglur um þessa hluti með þessu frumvarpi. Þeir sem eru opinberir starfsmenn geta tekið út lífeyrisréttindi sín og á sama tíma gegnt slíku starfi. Þeir sem munu þiggja réttindi sín á grundvelli laganna sem hér er verið að setja munu geta gert slíkt hið sama en ekki þeir sem hafa áunnið sér réttindi samkvæmt lögunum frá 2003 eða lögunum sem giltu þar á undan. Það er verið að setja algera sérreglu um þá.

Það er ekki einu sinni sett sú sérregla að miða við sextíu árin sem ég held að þingnefndin hljóti að skoða, þ.e. að draga markið við sextíu ára aldurinn og segja að svo miklu leyti sem eldri lög tryggðu mönnum rétt til þess taka út lífeyrisréttindi sín á sama tíma og þeir voru í opinberu starfi yngri en sextugir, þá sé sú regla felld niður en frá sextugu eigi það sama að gilda eftirleiðis og um opinbera starfsmenn almennt. Það hlýtur að koma til skoðunar í nefndinni.

[22:12]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta síðasta atriði sem hv. þingmaður nefndi er sjálfsagt mál að skoða í þingnefnd. En það er tekið á því í greinargerð eða umsögn með frumvarpinu og það var skoðað af hálfu þeirra sérfræðinga sem það unnu. Það var ekki talin ástæða til að taka þetta fram, að það væri nægjanlegt að geta þess í lögskýringargögnum að allur áunninn réttur myndar biðrétt sem er til staðar þegar þau mörk koma til sögunnar sem menn gátu nýtt sér hann á liðnum tíma. Þannig er þetta úr garði gert og ég hvet hv. þingmann til að skoða það í greinargerð með frumvarpinu.

En komist þingnefndin að þeirri skoðun að ástæða sé til að kveða skýrar á um þetta og jafnvel færa það inn í frumvarpið sjálft þá er sjálfsagt mál að það verði athugað. En það var mat þeirra sérfræðinga sem þetta unnu að sú lögskýring sem þarna er sett fram væri nægjanleg.

Ég vil svo bara vegna þess hvernig hv. þingmaður nefnir hér aftur og aftur þetta að þeir sem tilheyra gamla hópnum verði einum meinað að gera hvort tveggja í senn að þiggja eftirlaun eða vera í launuðum störfum hjá hinu opinbera þá veit ég ekki til þess að þetta sé breyting frá gildandi lögum. Er það ekki rétt munað hjá mér að þetta hafi verið inni í stjórnarfrumvarpinu sem flutt var fyrir jólin og samþykkt með nánast hliðstæðum hætti?

Og ef svo er og ef hv. þingmaður og þáverandi stuðningsmaður ríkisstjórnar hefur greitt því atkvæði sitt þá hittir hann nú sjálfan sig fyrir þegar hann heldur sínar ræður hér. Ef ég er hér að fara með eitthvað — eða að einhverju leyti minni mitt er að bregðast mér þá biðst ég velvirðingar á því. En ég hef skilið að þetta væri svona, að þetta hefði verið aftengt í því frumvarpi sem hv. þingmaður var aðili að fyrir jólin.

[22:14]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjármálaráðherra talar fagurlega um að allir geti vel við unað. Allir geti vel unað við þetta frumvarp og svo talar hann fagurlega um að þingmenn deili kjörum með almenningi í landinu.

Ég er margbúinn að benda á að þingmenn deila ekki kjörum með almenningi í landinu. Hvað á ég að þurfa að segja það oft? 80% af þjóðinni borgar í almenna lífeyris-

sjóði. Þeim er gert samkvæmt lögum frá Alþingi að borga í sinn lífeyrissjóð, bændum í Lífeyrissjóð bænda, sjómönnum í Lífeyrissjóð sjómanna, verslunarmönnum í Lífeyrissjóð verslunarmanna o.s.frv. Þeim er gert að gera þetta.

Svo eru þessir sjóðir skertir og réttindaávinnslan er 1,3–1,5% á meðan hún er 1,9% hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þetta er bara ekki sambærilegt. Réttindi hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eru pikkföst á meðan hin eru breytileg og munu lækka. Þingmenn deila því alls ekki kjörum með almenningi í landinu. Þeir deila kjörum með opinberum starfsmönnum í landinu. Það er bara allt annar handleggur. Það eru ekki nema 20% kjósenda, 20% almennings. Ég bara bið því hæstv. ráðherra að gæta þess að fara a.m.k. með rétt mál.

Svo er hér lagt til að þeir sem eru með þessi ofurlaun megi ekki vinna jafnframt. Er meiningin að beita þessu á B-deildina líka? B-deildin er nefnilega líka með ofurlaun, ofurlífeyrisrétt, og þar geta menn unnið jafnframt því að taka ellilífeyri. Spurningin er því: Hvað segir hæstv. heilbrigðisráðherra sem er formaður BSRB við því? Hvað mundi hann segja við því ef hæstv. fjármálaráðherra færi nú að skerða þessi réttindi öllsömul, ef menn vinna áfram eftir þeir hefja töku ellilífeyris?

[22:16]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi bara að þessi orðaskipti okkar væru orðin svo rækileg nú þegar að ég þyrfti í sjálfu sér ekki að reyna að endurtaka og útskýra það sem ég hef sagt, þ.e. að sjónarmið hv. þingmanns liggi mjög skýr fyrir. Hann er búinn að margendurtaka þau hér í kvöld. Ég held að þau hafi komist skýrt til skila, ég er nú orðinn nokkuð vel upplýstur um það hvaða viðhorf hv. þingmaður hefur í þessum efnum.

Ég hef á hinn bóginn reynt að útskýra það af hverju sú leið er valin sem hér er farin og að nærtækast sé að þessi hópur fari inn í lífeyrissjóðakerfi hins opinbera, það sé nærtækast og skyldast. Að hluta til er um að ræða opinbera embættismenn — (Gripið fram í.) að sjálfsögðu, hæstaréttardómarar eru opinberir embættismenn. Í öðrum tilvikum er um að ræða kjörna fulltrúa eða skipaða, t.d. í því tilviki að ráðherrar sem ekki eiga sæti á þingi gegni ráðherrastörfum. En að öðru leyti kjörna fulltrúa, þar sem eru forsetinn og þingmenn — þó að þeir séu að sjálfsögðu ekki embættismenn í hefðbundnum skilningi og starfi ekki á vegum framkvæmdarvaldsins, ef hv. þingmaður vill endurtaka það, þá er það nú samt þannig að ríkið greiðir þeim laun og það er margt skylt með þeirra stöðu að því leyti til og annarra opinberra starfsmanna.

Ég er þeirrar skoðunar og bakka ekkert með það að eðlilegasta fyrirkomulagið sé á þann veg að þessi hópur tilheyri þá þeim hluta lífeyrissjóðakerfisins sem þar á undir. Ég hef hlustað á sjónarmið hv. þingmanns sem vill að þingmenn geti valið hvort þeir gera. Það má fara í orðaleiki af því tagi að þeir deili ekki kjörum með þjóðinni af því þeir séu hluti af opinbera lífeyriskerfinu en ekki hinu almenna. Það sé ekki nóg að vera að því leyti til með nákvæmlega sömu réttarstöðu og 20% vinnumarkaðarins eða þjóðarinnar. Þessu hefur hv. þingmaður öllu komið til skila og hann talar fyrir sínum sjónarmiðum. Ég hef reynt að útskýra af hverju við nálgumst málið með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, ég tel að það sé vel ígrundað, vel undirbyggt og vel rökstutt.

[22:18]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá legg ég til að hæstv. fjármálaráðherra segi að þingmenn deili kjörum sínum með opinberum starfsmönnum í landinu en ekki að þingmenn deili kjörum með almenningi í landinu. Það er bara sá munur á. Orðaleikur? Jú, það getur vel verið að það sé orðaleikur. En ég vildi bara koma því á tært að menn eru að fara úr einu forréttindakerfi yfir í annað. Það er bara ekkert einfaldara.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningu minni um 3. gr. þar sem á að skerða lífeyrisrétt þeirra sem vinna jafnframt lífeyristökunni, sem er leyfilegt í B-deildinni, sem er líka forréttindakerfi. Hvort þeir aðilar geti þá vænst þess að fjármálaráðuneytið eða fjármálaráðherra setji lög um að þetta sama gildi hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins? Hvort menn ætli að fara að skerða þann lífeyrisrétt. Þannig að ef menn vinna með ellilífeyristöku þá skuli skerða ellilífeyrinn.

[22:19]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei. Það eru að sjálfsögðu engin áform um það enda hreyfir frumvarpið ekki á nokkurn hátt við því fyrirkomulagi sem er innan opinbera lífeyrissjóðakerfisins eða hins almenna. Þetta snýst bara um það að færa þennan hóp inn í A-deild Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna.

Þriðja greinin er til þess að taka af það mikla sérréttindafyrirkomulag sem komst á með lögunum 2003 — í þeim skilningi urðu þessi ákvæði virk miklu fyrr og ríkar en áður hafði verið mögulegt þegar opnaðist fyrir það að menn gátu hafið töku lífeyris miklu fyrr og sumir jafnvel eftir alllanga þingsetu eða ráðherradóm átt umtalsverð lífeyrisréttindi og jafnframt gegnt sendiherrastöðum eða bankastjórastöðum eða forstjórastöðum hjá hinu opinbera á fullum launum. Menn voru þá á svimandi háum kjörum borguðum úr ríkissjóði í báðum tilvikum.

Þetta ávinnslukerfi þarna, tökukerfi þarna, er gjörólíkt því sem gildir bæði í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og í almenna kerfinu. (**PHB:** Eins og í B-deildinni.) Að verulegu leyti ólíkt og miklu ríkara, (Gripið fram í.) hv. þingmaður. Það er ekki verið að hrófla við því. Enda á það sér allt sínar sögulegu rætur og sögulegu skýringar sem við höfum rætt hér í kvöld. Þó að hv. þingmaður tönnlist endalaust á orðinu forréttindakerfi minni ég hann á það sem ég rifjaði hér upp, og hv. þingmaður mótmælti ekki, að uppbygging lífeyrissjóðakerfis landsmanna á sér sögulegar rætur og sögulegar skýringar. Þetta hefur verið hluti af kjaraumhverfi fjölmennra stétta um áratugaskeið og það gengur ekki að hv. þingmaður tönnlist endalaust svona á þessu og sýni því fullkomna lítilsvirðingu að á þessu eru skýringar og (Forseti hringir.) sögulegur bakgrunnur í málinu. Ég verð að segja eins og er að það (Forseti hringir.) kann að

vera að hv. þingmaður ætli ekki að bjóða sig fram aftur til Alþingis en hann ætlar alla vega ekki að sækja mikið fylgi til opinberra starfsmanna.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Út af dagskrá voru tekin 4.–11. mál.

Fundi slitið kl. 22:22.

---

83. FUNDUR

miðvikudaginn 18. febrúar,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til félags- og tryggingamálaráðherra:

2. Fjárhagsvandi heimila, fsp. HSH, 297. mál, þskj. 523.
3. Hlutur kvenna í stjórnmálum, fsp. SF, 301. mál, þskj. 530.
4. Málefni aldraðra, fsp. RÓ, 303. mál, þskj. 532.

Til iðnaðarráðherra:

5. Undirbúningur að nýrri byggðaáætlun, fsp. ArnbS, 306. mál, þskj. 535.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Um klukkan tvö í dag, að loknum störfum þingsins, fer fram umræða utan dagskrár um undirbúning loftslagsráðstefnu í Kaupmannahöfn. Málshefjandi er hv. þm. Illugi Gunnarsson. Hæstv. umhverfisráðherra, Kolbrún Halldórsdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Störf þingsins.

Afstaða til Evrópusambandsaðildar – ummæli þingmanns.

[13:30]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Í umræðum í gær um störf þingsins kallaði hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson eftir afstöðu Sjálfstæðisflokksins til aðildar að Evrópusambandinu. Þingmaðurinn og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar ítrekuðu afstöðu flokks síns um tafarlausa aðild að sambandinu og upptöku evru og boðuðu að það yrði stóra kosningamálið í vor.

Stefna Sjálfstæðisflokksins er skýr og hefur alltaf verið. Hún hefur legið fyrir þótt það sé afstaða sem fyrrverandi samstarfsflokki okkar í ríkisstjórn líkaði ekki. Við höfum ekki verið hlynnt aðild Íslands að Evrópusambandinu og innan flokks okkar hefur farið fram ítarleg umræða um þessi mál, ekki síst að undanförnu. Ég á ekki von á öðru en að þau verði mikið rædd á komandi landsfundi okkar þar sem stefna flokks okkar er mörkuð. Verði henni breytt gerist það þar.

En það er ekki það sem ég vildi ræða hér. Mér leikur hugur á að vita hver stefna Vinstri grænna er í þessum málum. Hingað til hef ég talið flokkinn vera andsnúinn Evrópusambandsaðild eins og fram kom m.a. á heimasíðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar 27. janúar sl. En formaður Samfylkingarinnar sendi okkur sjálfstæðismönnum pillu í útvarpsþætti fyrr í vetur og taldi ríkisstjórnin samstarfinu sjálfhætt ef við skiptum ekki um stefnu í Evrópumálum. Það gengi ekki að hafa tvær stefnur í peningamálum í sömu ríkisstjórninni.

Nú virðist staðan hins vegar enn þá vera þannig ef eitthvað er að marka orð þingmanna Vinstri grænna nema þeir hafi skipt um stefnu. Þessir flokkar virðast ekki ganga í takt, hvorki í Evrópumálum né gjaldmiðilsmálum. Nú er mikið rætt um mögulegt framhald samstarf þessara tveggja flokka eftir kosningar fái þeir þingstyrk til og því er eðlilegt að kjósendur fái skýr svör varðandi þessa grundvallarkröfu Samfylkingarinnar sem var áréttuð í gær.

Því vil ég spyrja formann þingflokks Vinstri grænna, hv. þm. Jón Bjarnason, um afstöðu hans og flokks hans í Evrópumálum. Er Vinstri hreyfingin – grænt framboð búin að breyta um skoðun í takt við Samfylkinguna? Er Vinstri hreyfingin – grænt framboð (Forseti hringir.) orðin hlynnt aðild Íslands að Evrópusambandinu?

[13:33]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur fyrir þessa ágætu spurningu um hvort ég persónulega eða þingflokkur Vinstri grænna hafi skipt um skoðun í Evrópusambandsmálum. Nei, svo sannarlega ekki. Stefna Vinstri grænna er skýr og afdráttarlaus. Við teljum að okkur sé betur borgið utan Evrópusambandsins og teljum að hag okkar best borgið á grundvelli sjálfstæðrar stefnu hvað það varðar.

Það er ánægjulegt að heyra að þessi stefna virðist, samkvæmt nýlegum skoðanakönnunum meðal þjóðarinnar, eiga þar yfirgnæfandi hljómgrunn. Í síðustu skoðanakönnun *Fréttablaðsins* sem birtist 26. janúar sl., varðandi afstöðu til Evrópusambandsins kom fram að tæp 60% þjóðarinnar voru andvíg aðild að Evrópusambandinu. Þegar litið er á hvaða flokkar voru andvígir aðild voru það flestir úr flokki hv. þingmanns, Sjálfstæðisflokknum, Frjálslynda flokknum og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Þar var yfirgnæfandi meiri hluta fólks sammála í þeim efnum.

Varðandi hvort tekið sé á málefnum þessarar ríkisstjórnar starfar hún fyrst og fremst sem aðgerðaríkisstjórn til að

taka á þeim bráða vanda sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins skildi eftir sig í efnahagsmálum. Hann er ærinn þannig að unnið er að þeim verkefnum (Forseti hringir.) þessa mánuðina en Evrópusambandið bíður um sinn.

[13:35]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason er — að minnsta kosti enn þá — andvígur aðild Íslands að Evrópusambandinu. Það sem gerst hefur hins vegar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að undanförnu er merkilegt í þessum efnum því að þar hefur verið alvöruumræða á ferð með tillögum, í félaginu í Reykjavík og væntanlega víðar, sem við höfum fylgst með af áhuga. Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerði það í haust, sem var kannski forleikur að því að hún tæki ábyrgð í landsmálunum, að hún opnaði fyrir að þessum málum yrði ráðið meðal þjóðarinnar.

Hún opnaði fyrir að atkvæðagreiðsla yrði um ákveðinn þátt málsins sem skipti miklu máli, þ.e. um aðildarumsókn. Hvað sem um það má segja, forseti, er það ákaflega mikilvægt skref af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það sem þessi flokkur gerði síðan í stjórnarmyndunarviðræðunum var að hann opnaði fyrir að stjórnarskránni yrði breytt á þann hátt að ef meirihlutavilji væri fyrir því meðal þjóðarinnar eða samningar tækjust við Evrópusambandið um aðild, væri hægt að bera það undir þjóðina óháð því hvernig málum er skipað á Alþingi.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð, íhaldsflokkurinn mikli og þjóðernisbrjálæðingarnir sem standa í vegi fyrir öllum framförum, er mörgum skrefum, góður forseti, á undan Sjálfstæðisflokknum í þessu efni, sem hefur verið að velta vöngum, klóra sér í kollinum og rymja fram og aftur hver við annan í þessu máli í mörg ár meðan Róm brennur.

[13:37]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Flokksþing Framsóknarflokksins í janúar markaði mikil tímamót. Hann var annar íslenskra stjórnmálaflokka til að taka upp þá afdráttarlausu stefnu að hann vildi sækja um aðild að Evrópusambandinu að uppfylltum vissum skilyrðum. Samfylkingin markaði sér þessa stefnu fyrir sjö árum síðan í almennri kosningu innan flokksins. Við viljum sem sagt tafarlausa aðildarumsókn. Það er það sem við viljum. (**Gripið fram í:** Með skilyrðum.) Já, að sjálfsögðu eru skilyrði fyrir því, samningsmarkmið og augljós skilyrði um yfirráð yfir auðlindum og margt annað.

Það sem mestu skiptir er að flokkarnir hafi áræði til þess, þrátt fyrir átakaótta sinn innan flokks, að koma fram með nýjar, skýrar og hreinar línur eftir landsfundi sína í mars þannig að kjósendur í apríl eða maí hafi afdráttarlausa kosti fyrir framan sig.

Næsta ríkisstjórn verður að hafa það á stefnuskrá sinni hverjar framtíðarúrlausnirnar eru í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Það voru stærstu mistök síðustu ríkisstjórnar að fresta framtíðarmarkmiðum í Evrópu- og gjaldmiðilsmálum. Það blasir við okkur öllum. Næsta ríkisstjórn, hver sem hún verður, má ekki gera sömu mistökin aftur. Flokkarnir hafa núna gott svigrúm til að endurnýja og skerpa á Evrópuáætlunum sínum eins og Framsóknarflokkurinn gerði með mjög merkilegum hætti núna í janúar. Samfylkingin afgreiddi þetta á sínum tíma. Núna bíða íslenskir kjósendur eftir því hvaða valkosti flokkarnir ætla að bjóða upp á í Evrópu- og gjaldmiðilsmálum af því að við vitum að forsendan fyrir því að við búum við afnám verðtryggingar, lága vexti og gjaldmiðilsstöðugleika er upptaka evru eftir aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Það skiptir mestu máli. Það eru langstærstu hagsmunamál heimila og fyrirtækja á Íslandi og þess vegna spyrja menn: Hvað ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að gera í Evrópumálum í vor? (Gripið fram í.)

[13:39]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Mér finnst það verðugt verkefni að ræða um afstöðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, þingflokksformanns Vinstri grænna, í Evrópumálum og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og ekki síður áherslur ríkisstjórnarinnar í Evrópumálum. Það er algerlega óljóst hver stefna þessarar ríkisstjórnar er í Evrópumálum, að minnsta kosti af verkefnaskránni að dæma sem hún hefur skilað af sér, að öðru leyti en því að skila á einni skýrslu fyrir 15. apríl. Það er allt sem segir í þeirri verkefnaskrá um stefnu þessarar ríkisstjórnar í Evrópumálum.

Það væri áhugavert að heyra formann þingflokks Vinstri grænna tjá sig aðeins um þær yfirlýsingar sem fram hafa komið frá forsvarsmönnum Samfylkingarinnar varðandi Evrópumálin og samstarfið við Vinstri græna vegna þess að þeir hafa verið býsna yfirlýsingaglaðir um að í þessari ríkisstjórn hafi Ísland færst nær Evrópu en í ríkisstjórn með okkur sjálfstæðismönnum. Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. forsætisráðherra, lýsti þessu yfir. Hv. þingmenn Árni Páll Árnason, Helgi Hjörvar, Björgvin G. Sigurðsson og fleiri hafa lýst þessu sama og lagt ofuráherslu á að Ísland gangi í Evrópusambandið og lýst aðild að Evrópusambandinu sem eina bjargráðinu sem er út úr þeim vanda sem á okkur dynur.

Ég heyri að hv. þm. Mörður Árnason lifir í voninni um að Jón Bjarnason, skoðanabróðir minn hvað Evrópusambandið varðar, skipti um skoðun en það er alla vega ljóst að hv. þingmaður hefur skýrar meiningar í þessu.

Ég hlýt að spyrja hv. þingmann, formann þingflokks Vinstri grænna: Telur hann að ríkisstjórnarsamstarfinu sé sjálfhætt ef Samfylkingin breytir ekki stefnu sinni í Evrópumálum og hættir tilraunum sínum til að reyna að breyta stefnu Vinstri grænna í þeim málaflokki? Hvað finnst hv. þingmanni, formanni þingflokks Vinstri grænna (Forseti hringir.) um það þegar hv. þm. Mörður Árnason kallar skoðanabræður hv. þm. Jóns Bjarnasonar þjóðernisbrjálæðinga? (Forseti hringir.) Það er ekki mikil virðing fyrir skoðunum flokksmanna í samstarfsflokknum (Forseti hringir.) frá hv. þm. Merði Árnasyni.

[13:41]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Þetta er annar dagurinn í röð þar sem umræða um störf þingsins fer fram um Evrópumál. Ég veit ekki hvort sumir stjórnmálaflokkar á Alþingi þurfa að

skerpa eitthvað á áherslum og stefnumálum sínum í þeim málaflokki. Það höfum við framsóknarmenn gert á nýafstöðnu flokksþingi okkar og það er alveg á hreinu að Framsóknarflokkurinn hefur sett mjög ákveðin og metnaðarfull skilyrði fyrir því ef við ætlum að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Í þeim viðræðum munum við standa vörð um íslenskan landbúnað, íslenskan sjávarútveg og aðrar íslenskar auðlindir. Ég held reyndar að Framsóknarflokkurinn hafi gengið mun lengra í sínum skilyrðum en Samfylkingin, enda er það svo með okkur framsóknarmenn að við erum fyrir fram ekki orðin aðilar að Evrópusambandinu ólíkt mörgum ágætum félögum mínum í Samfylkingunni.

Hæstv. forseti. Þessi umræða er nokkuð fyrirsjáanleg og eins og ég sagði áðan er þetta annar dagurinn í röð þar sem stjórnmálaflokkarnir eyða dagskrárliðnum Störf þingsins í að karpa um Evrópumál. Ég held aftur á móti, herra forseti, að almenningur á Íslandi vilji líka heyra um hver stefna stjórnmálaflokkanna er gagnvart þeim bráða vanda sem blasir við heimilunum í dag. Hvernig ætlum við að takast á við það gríðarlega atvinnuleysi sem blasir við íslenskri þjóð? Hvernig ætla stjórnmálamenn að koma til móts við mjög skuldsett íslensk heimili? Hvernig ætlum við að koma til móts við alla þá námsmenn sem koma úr skóla á sumarmánuðum og við blasir atvinnuleysi hjá þúsundum manna? Ég held að fólk vilji heyra meira um þann bráða vanda sem við okkur blasir.

Ekki ætla ég að banna Evrópuumræðu hér en þessi umræða er svo fyrirsjáanleg vegna þess að stjórnmálaflokkarnir á Alþingi eru með stefnu í þessu og henni verður ekki breytt úr ræðustól Alþingis. Ég hvet því hv. þingmenn til að koma sér upp úr þessari kreppupólitík og fara að ræða um raunveruleg vandamál heimilanna og fyrirtækjanna í landinu.

[13:44]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Hv. framsögumaður, hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir, sagði: Stefna Sjálfstæðisflokksins er skýr. Það rifjar upp að fyrir rúmum 20 árum voru sjálfstæðismenn á Vestfjörðum með þetta slagorð sem yfirskrift á stefnu sinni og settu á forsíðu kosningablaðs sín. En eitthvað skolaðist til í prentuninni þannig að þegar blaðið kom út stóð þar skýrum stöfum: „Stefna Sjálfstæðisflokksins er skyr“.

Ef við athugum málið er það kannski ekki svo slæm stefna vegna þess að skyrið þýðir að menn vilja íslenskan landbúnað. Menn vilja hafa landbúnaðinn í landinu sem veitir mörgum störf. (Gripið fram í.) Það tryggir okkur að vissu leyti sjálfstæði að geta brauðfætt þjóðina og útvegað henni mat eftir því sem þörf er á á hverjum tíma og verið ekki að öllu leyti háður erlendum þjóðum í þeim efnum sem er afar hættulegt mál, eins og menn þekkja bæði hér og víðar að. Má þá hafa í huga að um það bil helmingur af hitaeiningaþörf landsmanna er uppfylltur með innflutningi sem er hærra hlutfall en í flestum ef ekki öllum öðrum löndum Evrópusambandsins. Við höfum gengið lengra í þeim efnum en margar ef ekki allar þjóðir þess. Ég tel því enga þörf á að ganga lengra í þeim efnum og stofna í hættu störfum hundruða Íslendinga um allt land.

En flokkarnir sem hér takast á búa báðir við trúverðugleikavandamál í Evrópusambandsmálum. Vinstri grænir eru á móti aðild að Evrópusambandinu en gáfu eftir þegar valdastóllinn var í boði, eins og hæstv. forsætisráðherra hefur sagt. Sjálfstæðisflokkurinn er á móti aðild að Evrópusambandinu en þegar Samfylkingin hótaði að henda þeim út úr ríkisstjórninni fóru þeir að bakka og gefa því undir fótinn að þeir væru tilbúnir að sækja um. (Gripið fram í.) Nú er búið að ýta þeim út úr stjórninni (Forseti hringir.) og andstaða þeirra styrkist aftur á nýjan leik en kjósendur beggja þessara flokka hljóta að spyrja: Hversu trúverðugir eru þeir í andstöðu sinni, virðulegi forseti?

[13:46]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt að við ræðum Evrópusambandsmálin hér á þinginu. En eins og umræðan hefur verið upp á síðkastið sér maður ekki að hún þjóni nokkrum tilgangi.

Við getum sett flokkana í fjóra hópa hvað varðar afstöðu til Evrópusambandsins. Vinstri grænir og frjálslyndir eru, ef maður má orða það þannig, neikvæðastir gagnvart Evrópusambandsaðild. Næstneikvæðastir eru sjálfstæðismenn en þó eru þar inni öfl sem eru jákvæð gagnvart Evrópusambandsaðild. Framsóknarmenn eru næstjákvæðastir af því að við höfum gert upp stefnu okkar og teljum að við eigum að skoða Evrópusambandsaðild, þ.e. ef við fáum ákveðin skilyrði uppfyllt. Svo er það fjórða grúppan sem eru samfylkingarmenn, þeir eru jákvæðastir gagnvart Evrópusambandsaðild og hafa talað af einurð fyrir aðild í langan tíma. Grúppurnar eru fjórar, það hefur ekkert breyst og breytist ekki í augnablikinu þannig að þessi umræða skilar svo litlum tilgangi.

Þessi umræða mun ekki breytast að neinu viti, virðulegur forseti, fyrr en eftir landsfundina hjá bæði Vinstri grænum og Sjálfstæðisflokknum. Ef ég ætti að spá þá væri það kannski helst Sjálfstæðisflokkurinn sem eitthvað mun hreyfa sig á landsfundi sínum. Ég ber ekki mikla von í brjósti um að Vinstri grænir geri það miðað við hvernig maður skynjar pólitíkina á þeim bæ í augnablikinu. (**Utanrrh.:** Þeir eru í þerapíu.) Þannig að það er rétt að þessi umræða er mikilvæg. Þetta er stórpólitískt mál. En að ræða þetta undir þessum formerkjum hér í þinginu dag eftir dag þjónar engum tilgangi. Við verðum að bíða eftir því að landsfundirnir klárist og þá sjáum við betur hvort flokkarnir ætla eitthvað að hreyfa (Forseti hringir.) sig úr þessu.

[13:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Það er hægt að deila um það hversu mikilvægt er að ræða hin ýmsu mál á þinginu. En ég held að allir séu sammála um að mikilvægustu málin snúi að heimilunum og fyrirtækjum í landinu. Þó eru raddir hér innan þingsalarins sem telja að lykilatriðið til að taka á þeim málum sé að ganga í Evrópusambandið og þær raddir hafa verið mjög háværar. Hafa þær sérstaklega komið og kannski eingöngu frá Samfylkingunni.

Ég vil nota tækifærið og óska hv. þm. Jóni Bjarnasyni til hamingju. Hann er mun öflugri þingmaður en menn átta sig

kannski á. Hann kom hér með mjög skýra og afdráttarlausa stefnu Vinstri grænna og það er augljóst, og það hefur komið fram hjá ágætum hæstv. utanríkisráðherra, að Samfylkingin hefur í engu náð að þoka Vinstri grænum í þessu stjórnarsamstarfi. Hefur hann lýst því yfir að einungis var um hænuskref að ræða, sem að vísu voru tvö hænuskref, virðulegi forseti, sem að vísu voru líka í gamla stjórnarsáttmálanum. Það er augljóst að þessi öflugi þingflokksformaður, hv. þm. Jón Bjarnason, hefur tekið Samfylkinguna niður og ekkert um það mál að segja.

Hitt er nokkuð athyglisvert og ég man ekki eftir því — ætla samt ekki að útiloka það — að menn hafi talað um samstarfsmenn í ríkisstjórn eins og gert var hér áðan. Hv. þm. Mörður Árnason sagði, og ég skrifaði það niður, virðulegi forseti, þegar hann talaði um þingmenn Vinstri grænna, og flokk Vinstri grænna, að þar væru þjóðernisbrjálæðingar sem stæðu í vegi fyrir öllum framförum. Þetta er orðrétt það sem hann sagði. Ég man ekki eftir því að menn hafi talað svona um samstarfsmenn í ríkisstjórn áður.

Það er augljóst að hv. þm. Jón Bjarnason er öflugur þingmaður og þingflokkur Vinstri grænna hefur náð því markmiði sínu að toga Samfylkinguna niður í þessu máli og deila má um hvort (Forseti hringir.) mikilvægt sé að ræða það eða ekki, en það er bara staðan.

[13:50]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna mjög þessari umræðu. Ég er ósammála þeim sem segja að þetta sé ekki eitt af brýnustu hagsmunamálum okkar í dag. Evrópuumræðan er eitt af okkar brýnustu málum, og við afsölum okkur ekki því verkefni sem við í þessum sal eigum að hafa, sem er það að leita bestu mögulegu lausna fyrir íslenskt samfélag og þann vanda sem við er að etja. Það á að fara fram hér í þingsalnum, við eigum ekki að afsala okkur því til landsfunda flokkanna.

Hér erum við, virðulegi forseti, í bullandi gjaldeyriskreppu. Við erum ekki með verðmiða á íslensku krónunni. Við erum hér í bullandi verðbólgu og við erum í bullandi vandræðum, íslenskt samfélag. Það er skylda okkar að ræða lausnir á þeim vanda. Það vita það allir að Evrópusambandsaðild og upptaka evru er raunhæf lausn út úr þeim vanda sem við erum í. Í staðinn hafa menn ákveðið að fara í skógarferðir og ræða um hugsanlega upptöku norsku krónunnar — mér finnst það afar undarleg umræða, þar sem við eigum í mjög litlum viðskiptum við Noreg, um 4% af okkar útflutningi fara þangað, en helmingur af útflutningi okkar er til Evrópusambandsríkjanna. (**GÞÞ:** Hvar er fjármálaráðherra?) Þar er hagsmunum okkar best borgið.

Ég er ekki undrandi að menn hér inni séu órólegir í frammíköllum. Sjálfstæðisflokkurinn þorir ekki að gera upp við fortíð sína, fortíð sem byggist á vanrækslu í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, sá vandi hefur varað miklu lengur en sú bankakreppa sem við erum í núna. Við höfum verið í gjaldeyriskreppu miklu lengur og það vandamál (Forseti hringir.) hefur Sjálfstæðisflokkurinn vanrækt. Það er þess vegna sem menn eru órólegir hér. Þeir þora ekki að gera upp fortíðina og þann vanda sem þeir hafa skilið okkur (Forseti hringir.) eftir í.

[13:53]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Þessi umræða er mjög athyglisverð þótt ég sé sammála hv. þm. Birki Jóni Jónssyni að mikilvægustu verkefni þessa þings hljóti auðvitað að vera þau mál sem snúa að hagsmunum heimilanna og hagsmunum atvinnulífsins. (**KaJúl:** Eru gjaldeyrismál ekki hagsmunir heimilanna?) Og öllum er ljóst að upptaka evru einhvern tímann í framtíðinni, eftir 6–8 ár eða þar um bil, hjálpar okkur ekki út úr þeim vanda sem við erum í í dag. Við erum með stutt þing á þessu vori og við eigum að einbeita okkur að þessum brýnu málum. Evrópuumræðan á að sjálfsögðu rétt á sér en hún snýst ekki um þann bráðavanda sem við eigum við að glíma í dag.

Það eru hins vegar ýmsir áhugaverðir fletir sem hafa komið upp í þessari umræðu. Það var ánægjulegt að heyra að hv. þm. Jón Bjarnason, formaður þingflokks Vinstri grænna, er skýr í máli. Hann talar skýrt fyrir þeirri stefnu sem Vinstri grænir hafa í þessum málum. Það er hins vegar athyglisvert að hv. þm. Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, taldi nauðsynlegt að koma hingað upp og túlka stefnu Vinstri grænna með einhverjum allt öðrum hætti en þeir gera sjálfir. Það vekur furðu og kallar á það að þingflokksformaður Vinstri grænna, hv. þm. Jón Bjarnason, taki af skarið um það hvort sú skýring sem hv. þm. Mörður Árnason setti fram hér áðan er í einhverju samræmi við raunveruleikann eða er bara einhver óskhyggja.

Í annan stað er það athyglisvert, bæði í dag og í gær, að það mál sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar telja brýnasta málið í íslenskum stjórnmálum, það allra brýnasta, er ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar sem Samfylkingin styður. Það verður ekki á dagskrá næstu ríkisstjórnar ef áframhald verður á samstarfi Samfylkingar og Vinstri grænna. Það held ég að sé nokkuð ljóst og enginn getur velkst í vafa um það (Forseti hringir.) eftir að hafa hlustað á hv. þm. Jón Bjarnason.

[13:55]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert eftir umræðurnar í gær þegar gengið var á sjálfstæðismenn um svör hvað varðar stefnu þeirra í Evrópumálum að þá koma þeir núna fram og reyna að velta boltanum áfram. Flokkurinn treystir sér með öðrum orðum ekki til að setja fram jákvæða stefnu í Evrópumálum heldur fyrst og fremst bið- og tafastefnu af þeirri sort sem hann hefur gert aftur og aftur.

Það verður að segjast eins og er að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur tekið mjög jákvæða og uppbyggilega stefnu til Evrópumála alveg frá því í haust á miðstjórnarfundi flokksins þar sem þeir mörkuðu þá stefnu að þeir ætluðu sér að taka afstöðu til þess máls á grundvelli málefnalegrar afstöðu og þeir teldu eðlilegast að þjóðin tæki afstöðu til þess máls. Það væri grundvallarviðhorf Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Þar er öðruvísi á málum haldið en af hálfu Sjálfstæðisflokksins sem virðist staðráðinn í því að leggjast flatur í veg þessa framfaramáls eins og í veg annarra framfaramála eins og við höfum séð hér í þinginu undanfarna daga og vikur. Við sjáum að ofurvextirnir eru að ríða atvinnulífinu á slig,

við sjáum hvernig efnahagslegur óstöðugleiki er að fara með fyrirtækin í landinu og hver eru þá skilaboðin frá Sjálfstæðisflokknum til atvinnulífsins? Jú, það er hin sama kalda klakabrynja sem enn og aftur einkennir flokkinn — aðgerðaleysið, verkleysið og hugleysið sem hefur einkennt þennan flokk í Evrópumálum undanfarin missiri.

Ferðaþjónustufyrirtækin sjá fram á mikinn vanda, iðnfyrirtækin sjá fram á mikinn vanda, og hverju svarar Sjálfstæðisflokkurinn atvinnulífinu? Engu. Við ætlum að halda áfram að skella skollaeyrum við þörfum atvinnulífsins, það eru skilaboð Sjálfstæðisflokksins. Við ætlum að halda áfram (Forseti hringir.) að humma fram af okkur mesta þjóðþrifamálið sem við stöndum frammi fyrir í stefnumörkun (Forseti hringir.) til lengri tíma litið.

[13:57]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið mjög skemmtileg umræða. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni, þingflokksformanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem tók af allan vafa og lýsti stefnu flokks síns mjög skýrt og klárt og var með skoðanakannanir máli sínu til stuðnings, lýsti vilja þjóðarinnar í þeim efnum. Svo ég hafi nú orðrétt eftir honum þá hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð svo sannarlega ekki skipt um skoðun í Evrópumálum.

Eins og hér hefur komið fram er einnig mjög athyglisvert að sjá túlkanir þingmanna Samfylkingarinnar. Hv. þm. Mörður Árnason gerðist allt í einu talsmaður Vinstri grænna og fór að túlka þetta sem svo að um væri að ræða stórt framfaraskref. Hv. þm. Árni Páll Árnason gerði slíkt hið sama og reyndi eina ferðina enn að klína þessu öllu á okkur sjálfstæðismenn.

Ég segi það enn og aftur að stefna Sjálfstæðisflokksins, bæði fyrir og eftir ríkisstjórn með Samfylkingunni, hefur verið algjörlega sú sama og legið hefur fyrir. Ef hún á að breytast þá gerist það á landsfundi Sjálfstæðisflokksins ekki annars staðar, þar verður umræðan tekin.

En það hríslast niður eftir bakinu á mér hrollur og ég vorkenni þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að vera komnir í þá stöðu sem við sjálfstæðismenn vorum í í ríkisstjórn með Samfylkingunni. Það er ekki nóg að Samfylkingin þurfi að predika stefnu sína — allt í lagi, það eigum við að gera í stjórnmálunum — en ef þú ætlar að breyta stefnu annars flokks þá skaltu ganga í þann flokk og tala fyrir þeirri stefnu. Mér sýnist að aumingja Vinstri grænir hafi verið leiddir inn í ríkisstjórn og gabbaðir, nú á að fara að plata þá inn í Evrópusambandið þvert gegn vilja þeirra. Nei, svo sannarlega ekki, segir þingflokksformaður Vinstri grænna. Við höfum ekki breytt um stefnu í Evrópusambandsmálum. Þá hlýtur þessu samstarfi að vera sjálfhætt. (Forseti hringir.) Þá hlýtur það að liggja fyrir, þá hlýtur kjósendum að vera ljóst, að ekki verður gengið í Evrópusambandið ef þessir (Forseti hringir.) flokkar ná saman eftir kosningar.

[13:59]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Mér finnst veruleikaskyn sumra þingmanna vera með ólíkindum. Þessari ríkisstjórn sem situr til 25. apríl, ef hún verður ekki endurkjörin þá, (**REÁ:** En eftir kosningar?) er fyrst og fremst ætlað að taka á brýnum bráðavanda sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins hefur skilið eftir sig, hálfgert gjaldþrot þjóðarinnar.

Aðild að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar sem situr fram í apríllok, fjarri því. Ég tel að brýnni mál þurfi að ræða á þingi en það. Hins vegar er stefna flokkanna í Evrópusambandsmálum öllum ljós. Stefna Samfylkingarinnar hefur verið skýr, hún vill beina umsókn að Evrópusambandinu. Samfylkingunni er jafnframt ljóst hver stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er. Við teljum að það sé ekki leiðin. Framsóknarflokkurinn hefur lýst því yfir að hann vilji taka upp aðildarviðræður við Evrópusambandið. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki gert það upp við sig og bíður eftir landsfundi, og vonandi tekst honum að gera það upp.

En hvað sem stefnu hvers flokks líður í þessum efnum þá er það meiri hluti þjóðarinnar sem ræður og fari málið í þann farveg að nauðsynlegt sé að þjóðin taki til þess afstöðu þá gerir hún það. Hver flokkur sækir fram og tekst á um málið á grundvelli stefnu sinnar og sjónarmiða en það er þjóðin sem ræður.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun berjast fyrir skoðun sinni í þessum efnum. Hún mun kanna málefnalega allar hliðar þess, standa fast á stefnu sinni hvað þetta varðar en er í sjálfu sér reiðubúin að leggja það í dóm þjóðarinnar sem á að ráða þessum málum til lykta (Forseti hringir.) ef þau ganga þangað.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Ummæli þingmanns.

[14:02]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég þakka fyrir góða fundarstjórn en tel að það verði að koma hér fram að með þeim orðum sem ég viðhafði áðan og vitnað var í í máli tveggja þingmanna Sjálfstæðisflokksins var mín meining að tína fram orðaleppa sem tíðhafðir eru um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, ekki síst í hópi sjálfstæðismanna, til að sýna að (**ÁKÓ:** Þú vandar þig meira núna.) flokkur sem hefur það rykti stendur þó þeim skrefum nær raunveruleikanum sem ég rakti en Sjálfstæðisflokkurinn sem þó þykist nokkru meiri en Vinstri hreyfingin – grænt framboð.

Umræður utan dagskrár.

Undirbúningur loftslagsráðstefnu í Kaupmannahöfn.

[14:03]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Í umræðu um efnahagsmál á Íslandi skiptir miklu máli hvernig við sjáum fram á að geta nýtt auðlindir okkar. Einkum og sér í lagi eru það orkuauðlindirnar sem eru til umræðu því að þær gefa okkur heilmikla von um að hér megi byggja upp öflugt nútímasamfélag sem getur veitt borgurum þessa lands mikil og góð lífskjör.

Þess vegna skiptir máli hvaða afstöðu íslensk stjórnvöld taka í umræðum á alþjóðavettvangi þegar kemur að loftslagsmálum og þeim skuldbindingum sem ríki gangast undir á þeim vettvangi. Fram undan er fundur í Kaupmannahöfn í haust þar sem teknar verða lykilákvarðanir sem varða það hvernig verður unnið úr framhaldinu af Kyotosamkomulaginu sem Íslendingar skrifuðu undir á sínum tíma.

Þetta er lykilatriði fyrir okkur Íslendinga. Í Kyotosamningnum náðum við fram hinu svokallaða íslenska ákvæði sem gerði okkur kleift að nýta betur okkar endurnýjanlegu og hreinu orkuauðlindir. Íslenska ákvæðið var í raun og veru viðurkenning alþjóðasamfélagsins á þeim árangri sem við Íslendingar höfum náð í umhverfismálum og sérstaklega í orkumálum. Raunverulega er hér ekki um að ræða neitt séríslenskt ákvæði, þetta ákvæði nær til miklu fleiri landa en Íslands, þetta nær til smárra hagkerfa, hagkerfa sem losa undir 0,05% af heildarútblæstri í heiminum. Í ákvæðinu er gerð krafa um endurnýjanlega orku, það er gerð krafa um að notkun þessarar orku leiði til samdráttar í losun á heimsvísu, það er gerð krafa um að notuð sé besta fáanlega tækni og það er gerð krafa til þess að bestu umhverfisvenjur séu notaðar við framleiðsluna. Með öðrum orðum er þessi nálgun í hinu svokallaða íslenska ákvæði, sem í eðli sínu er alþjóðleg, þannig hugsuð að það eigi að leiða til betri niðurstöðu fyrir ekki bara Ísland, heldur fyrir allan heiminn.

Vissulega er víða hægt að nýta vatnsauðlindir og gufu til þess að knýja t.d. álver, það er ekki bara hér á Íslandi. Staðreyndin er samt sú að stór hluti af iðnframleiðslu heimsins, stór hluti af álframleiðslu, stór hluti af þessum þungaiðnaði fer fram með kolum og öðrum jarðefnum sem menga mjög mikið. Það er umhverfisleg ástæða fyrir okkur Íslendinga að sækja áfram þetta ákvæði.

Aðalatriðið er að þetta skiptir mjög miklu máli fyrir efnahagslíf okkar í dag. Það skiptir alveg gríðarlega miklu máli að íslensk stjórnvöld sendi þau skilaboð, ekki bara til annarra ríkja heldur líka til viðskiptalífsins alls, að við ætlum okkur að sækjast eftir því að hafa þá möguleika sem felast í hinu svokallaða íslenska ákvæði. Þetta er alveg gríðarlega mikilvægt fyrir þjóð sem stendur frammi fyrir þessu mikla atvinnuleysi, um 15.000 manns nú þegar og fer vaxandi, að við sendum mjög skýr skilaboð út, bæði hér innan lands og til alþjóðasamfélagsins. Þess vegna skiptir miklu máli að íslenskir ráðamenn sæki af festu hið svokallaða íslenska ákvæði.

Ég geri mér grein fyrir því að ýmsar breytingar eru að verða á því hvernig menn halda á loftslagsmálum og hvernig er t.d. farið með viðskipti um loftslagsheimildir. Við vitum að Evrópusambandið hefur komið upp sínu viðskiptakerfi sem ég held að sé um margt skynsamlegt af því að það felur það í sér að menn geti keypt og selt losunarheimildir og þar með kemur verð á slíka mengun sem er gott fyrir hagkerfið og gott fyrir umhverfisverndina. Það er líka mikilvægt að horfa til þess að þessi sérstaða okkar Íslendinga sé viðurkennd, hversu langt við höfum náð fram úr öðrum þjóðum þegar kemur að endurnýjanlegri orku, hversu langt við höfum náð fram yfir t.d. Evrópuþjóðirnar og að við höldum áfram að eiga þann möguleika að nýta orkuauðlindir okkar, að við þrengjum ekki að okkur sjálfum.

Það kostaði mikla vinnu sem m.a. hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, vann fyrir hönd Íslands, að sækja þetta ákvæði. Við megum síðan ekki glata því með því að sækja það ekki fast áfram. Hér er um að ræða, virðulegi forseti, spurninguna um það hvaða forræði við höfum í raun og veru á náttúruauðlindunum. Það er eitt að gera þá kröfu að við eigum að fá að stjórna okkar eigin auðlindum og að þannig þurfi það að standa í lögum. Ef við síðan afsölum okkur raunverulega nýtingarmöguleikum, ef við afsölum okkur möguleikum á því að nýta orkuna í fallvötnunum og iðrum jarðar með því að gangast undir skilyrði sem eru of ströng fyrir okkur Íslendinga, ef við afsölum okkur þessu erum við um leið að afsala okkur forræði yfir þessum mikilvægu auðlindum. Þar með erum við að draga úr möguleikum íslensku þjóðarinnar til að vinna sig úr þeim miklu efnahagsvandamálum sem nú eru fram undan.

Ég skora því á hæstv. umhverfisráðherra að sinna þessu máli af miklum krafti. Ég veit að hún hefur þann kraft (Forseti hringir.) til að bera og þennan kraft á hún að nýta þjóðinni allri til heilla, bæði í bráð og lengd.

[14:09]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Samningaviðræður um framhald Kyotobókunarinnar hafa staðið yfir frá 2006. Í Balí árið 2007 náðist samkomulag um að útvíkka þær viðræður með þátttöku Bandaríkjanna sem hafa staðið utan Kyotosamkomulagsins hingað til. Viðræðurnar eiga að leiða til nýs bindandi samkomulags um framtíðaraðgerðir í loftslagsmálum á fundi í Kaupmannahöfn í desember nk.

Í Kaupmannahafnarsamkomulaginu er gert ráð fyrir að það verði nýtt markmið um niðurskurð í losun gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2012, en eins og allir vita er markmið loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í samningnum sem að öllum líkindum verður gerður í Kaupmannahöfn verða líka ákvæði um að auka alþjóðlega samvinnu um að draga úr losun, m.a. með aukinni aðkomu stærstu iðnvæddu þróunarríkjanna sem hafa ekki tölulegar skuldbindingar samkvæmt Kyotobókuninni.

Stefna íslenskra stjórnvalda hefur verið í þróun samhliða þessu samningaferli. Samkvæmt núgildandi stefnu, sem samþykkt var af þáverandi ríkisstjórn í ársbyrjun 2007, er stefnt að því að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda um 50–75% fram til ársins 2050 miðað við árið 1990. Það var einnig samþykkt í þeirri ríkisstjórn að það ætti að stefna að því að draga úr hækkun meðalhita í lofthjúpi jarðar þannig að hann aukist ekki meira en um 2°C frá því sem hann var fyrir iðnbyltingu. Til að ná því marki þarf tvennt, virðulegi forseti, það þarf að tryggja það að þróuð ríki dragi úr losun um 25–40%, miðað við 1990, fyrir 2020 og það þarf að tryggja að þróunarríkin byrji að takmarka aukningu losunar hjá sér. Þetta eru tvö meginmarkmið. Með þessa stefnu að leiðarljósi hafa Íslendingar skipað sér í flokk með öðrum ríkjum sem vilja taka af festu á loftslagsvandanum, þar með talið Evrópusambandsríkjunum.

Í lok síðasta árs var skipuð samninganefnd með þátttöku

sjö ráðuneyta. Þá var umhverfisráðherra falið að fara með fyrirsvar Íslands í samningaferlinu og koma fram fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands á alþjóðavettvangi, en nefndin er undir forustu sendiherra aðalsamningamanns í utanríkisráðuneytinu. Markmið íslenskra stjórnvalda, sem ég var að lýsa, er leiðarljós þessarar samninganefndar, einnig það að íslenskt atvinnulíf eigi að fá að búa við sambærilegt umhverfi hvað loftslagsmál varðar og atvinnulíf í Evrópusambandinu. Til viðbótar hefur Ísland lagt fram tillögu um að endurheimt votlendis verði viðurkennd aðferð til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda.

Allt þetta sem ég hef nú talið upp var ákveðið í tíð fyrri ríkisstjórnar, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Ég styð þessi markmið enda fara þau saman við markmið mín og míns flokks í loftslagsmálum og náttúruvernd. Þetta eru almenn markmið stjórnvalda en hv. þm. Illugi Gunnarsson vill vita sérstaklega hvernig fari með hið svokallaða íslenska ákvæði, ákvörðun 14/CP.7 eins og það heitir á lagamáli. Íslenska ákvæðið, sem ég hef reyndar alltaf talað um sem undanþáguákvæði því að það er undanþága frá almennum heimildum og frá almennu markmiði loftslagssamningsins, heimilar eins og kunnugt er að bókfæra losun frá nýrri stóriðju á Íslandi síðan 1990 utan almennra skuldbindinga Íslands upp að ákveðnu marki sem nemur losun 1,6 milljóna tonna af koldíoxíði á ári.

Þegar framtíðin er skoðuð er algjörlega ljóst, virðulegi forseti, að umhverfi stóriðjunnar hefur breyst og er að breytast mjög hratt núna frá því sem var 2002 þegar Marrakesh-ákvæðið fór í gegn, þ.e. undanþáguákvæði Íslands sem var samþykkt í Marrakesh 2002. Stóriðjan kemur til með að falla undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir eftir árið 2012 og Alþingi hefur samþykkt að við verðum aðilar að því viðskiptakerfi. Það sem mun breytast er að árið 2012 verður flugrekstur tekinn inn undir þetta viðskiptakerfi og samkvæmt nýsamþykktum ákvörðunum ESB mun framleiðsla áls og járnblendis falla undir þetta viðskiptakerfi árið 2013.

Nú ber að hafa það í huga að samningar ganga eftir tveimur brautum í þessum efnum, annars vegar eftir braut loftslagssamningsins og hins vegar eftir braut Evrópusambandsins. Þetta er sem sagt tvöfalt kerfi og það er erfitt fyrir okkur að ætla að búa við bæði kerfin. Núna er hjá samninganefndinni verið að skoða hvort kerfið við eigum að velja, hvort við eigum að fara einhliða undir kerfi loftslagssamningsins eða hvort við eigum að taka þátt í kerfi Evrópusambandsins.

Ég sé að það sneyðist um tíma minn, hæstv. forseti. Ég hef meira að segja, mín hugmynd og samninganefndarinnar er sú að það verði látið reyna á það að Íslendingar fari undir hatt Evrópusambandsins (Forseti hringir.) sem þýðir að við tökum á okkur sambærilegar skuldbindingar um losun og Evrópusambandið er að taka á sig. Það gildir líka frá stóriðju og þá erum við að tala um 15–20% samdrátt á næstu 10 árum.

[14:14]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Það er kannski fyrst um þessi mál að segja að það er mikil ástæða til þess að fagna þeim forustuskiptum sem orðið hafa í Bandaríkjunum nýverið með tilkomu nýs Bandaríkjaforseta, en sá sem sat þar í átta ár á undan var kannski einhver helsti þrándur í götu þess að okkur tækist á hinum alþjóðlega vettvangi að ná þeim árangri sem verður að nást í baráttunni við loftslagsvandann. Það eru miklar vonir sem hafa vaknað um heim allan með Barack Obama og áherslum hans í þessu efni.

Það er hins vegar dálítið erfitt að tala sig upp í hita yfir því gamla þrætuepli sem hv. þm. Illugi Gunnarsson tekur hér upp og varðar íslenska ákvæðið og undanþágur fyrir stóriðju í framtíðinni á Íslandi. Það er einfaldlega þannig að hér er skollin á heimskreppa og við höfum þegar tryggt heimildir fyrir þau verkefni sem hér eru í gangi og sett hafa verið af stað. Líkur eru á því að í fyrirsjáanlegri framtíð fari hér af stað stór verkefni sem kalli á heimildir, satt að segja því miður fremur takmarkaðar, og úr því öllu hægt að leysa, hygg ég, innan skynsamlegra marka jafnvel þó að af því yrði. Það er þess vegna í einhverjum skilningi, held ég, deila um keisarans skegg að slást um íslenska ákvæðið í þessari umræðu.

Það er þó rétt sem hv. þingmaður vekur athygli á að með því að gerast aðilar að viðskiptakerfi Evrópusambandsins, sem ég veit að hv. þingmaður og flokksfélagar hans eru auðvitað sérstakir áhugamenn um, gæfust — og einkanlega þó með fullri aðild að Evrópusambandinu — sannarlega færi á sveigjanlegri þáttum í loftslagsmálunum en við búum við við núverandi aðstæður. Ég held hins vegar að ótvírætt eigi að vera að við leggjum höfuðáherslu (Forseti hringir.) á það að axla okkar hlut í þessum stóru verkefnum því að við megum ekki láta skammtímasjónarmið (Forseti hringir.) ráða í þessu. Nóg er að efnahagskerfi okkar hafi hrunið þó að náttúrukerfi okkar hrynji ekki vegna skammtímasjónarmiða.

[14:17]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Loftslagsbreytingar eru mál málanna í dag gagnvart umhverfismálunum og það er svo grátlegt að hlusta á þessa umræðu vegna þess að þetta svokallaða íslenska ákvæði er gott fyrir lofthjúpinn. Þess vegna fengum við það samþykkt. Hvernig halda menn að við hefðum náð þeim árangri ef það væri vont fyrir lofthjúpinn? Hér er öllu snúið á hvolf, virðulegur forseti.

Það kostaði geysilega mikla vinnu að ná ákvæðinu í gegn, geysilega mikla. Það þurfti að tala við hvern einasta umhverfisráðherra sem maður komst í tæri við á þeim tíma til að útskýra stöðu okkar. Umhverfisráðherrar annarra ríkja skildu málið, þeir skildu að Ísland var með sérstöðu af því að hér er endurnýjanleg orka. Þess vegna er miklu betra að framleiða t.d. ál hér en annars staðar þar sem ekki er endurnýjanleg orka. Það er reyndar átta sinnum betra fyrir lofthjúpinn þannig að íslenska ákvæðið er gott fyrir lofthjúpinn. Þess vegna er það svo grátlegt að vinstri grænir skuli vinna gegn þessu ákvæði. Af hverju eru ekki vinstri grænir uppteknir af því að hugsa um það sem er gott fyrir lofthjúpinn?

Síðasta ríkisstjórn var klofin í málinu. Fyrrverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, sagði: Við skulum vinna að því að halda íslenska ákvæðinu. Þórunn Sveinbjarnardóttir,

hv. þingmaður og fyrrverandi umhverfisráðherra, sagði á umhverfisþingi: Engar undanþágur fyrir Ísland, ekkert íslenskt ákvæði. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem var og er hæstv. ráðherra sagði, þegar fundurinn var í Balí: Við skulum ekki vera að sækjast eftir þessu á þessu stigi af því að það er ekki verið að ræða áherslumál ríkja þar. Hann sagði pass, sá hæstv. ráðherra.

Við erum orðin of sein að mínu mati. Síðasta ríkisstjórn klúðraði þessu, sjálfstæðismenn vildu fara þá leið sem við höfum farið, halda í íslenska ákvæðið. Það vildi Samfylkingin ekki þannig að sjálfstæðismenn brunnu inni með þetta mál. Samfylkingin réði ferðinni. Núna er fundur í lok ársins í Kaupmannahöfn og að mínu mati er orðið of seint að fara af stað til að reyna að ná íslenska ákvæðinu. (Forseti hringir.) Það þarf svo mikla vinnu til að viðhalda því og það er mitt mat að við séum orðin of sein, því miður, virðulegur forseti.

[14:19]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegi forseti. Ég tel mjög mikilvægt að við fylgjum eftir og ýtum áfram á framlenginguna á undanþáguákvæðinu um losun á heimsvísu, ákvæði 14/CP.7. Það er verið að tala um hækkun meðalhita í lofthjúpnum og eitt af því sem fólk virðist einfaldlega ekki alltaf gera sér grein fyrir er hvað veldur þessari hækkun hita í lofthjúpnum. Það eru eldgos, skógareldar, hlýnun jarðar og einnig tel ég mjög mikilvægt að fólk átti sig á því að sólgosin hafa aukist mjög mikið undanfarin ár. Ég hef upplýsingar frá geimvísindastofnuninni NASA um að það var meira að segja svo að það urðu pólskipti á sólinni og það mynduðust tveir norðurpólar. Í framhaldi af því varð enn þá meiri aukning á sólgosum og alvarlegum sólgosum. Það eru ýmsir þættir sem koma til við hlýnun jarðar sem við ráðum ekkert við. Auðvitað eigum við alltaf að hugsa um það að reyna að koma eins vel fram við jörðina og lofthjúpinn og frekast má vera. En við megum alls ekki gleyma þessum þáttum því að þeir eru gífurlega mikilvægir. Það er eitt af því sem ég mundi benda fulltrúum okkar á að fara með inn á þessa ráðstefnu, að láta kanna hvað þarna er í húfi vegna þess að þetta er svo stór partur af öllu því sem við þurfum að passa upp á.

Við erum í erfiðleikum á Íslandi og við þurfum að hafa atvinnu og við þurfum að skapa hana með þeim ákvæðum innan vissra marka sem skipta máli. En við megum heldur ekki hlaupa frá því að átta okkur á að hlýnun jarðar er ekki bara af manna völdum. Hún er af ýmsum öðrum orsökum og það er eitthvað sem við (Forseti hringir.) þurfum auðvitað að passa upp á.

[14:21]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Það er brýnt að við ræðum þessi mikilvægu mál og sérstaklega undirbúning fyrir loftslagsráðstefnuna í Kaupmannahöfn því að við erum um leið að varða ákveðna valmöguleika okkar Íslendinga til framtíðar þegar kemur að efnahags- og atvinnusköpun hér á landi.

Það má, og við vitum það, engin þjóð skerast úr leik á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn. Við eigum að setja okkur háleit markmið. Þess vegna verður að gera ríkar kröfur til þeirra efnahagskerfa heims sem stærst eru og setja mest af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið. Í því sambandi ber að nefna Bandaríkin, Evrópusambandið, Kína og stóru þróunarlöndin í Suður-Ameríku og Asíu. Hlutur Íslands í þeim efnum er vissulega agnarsmár en auðvitað verðum við Íslendingar og eigum að leggja okkar lóð á vogarskálarnar, annað væri firra.

Hins vegar er einnig brýnt að við verjum hagsmuni okkar á þessu sviði gagnvart öðrum en það vill svo til að þeir fara saman við hagsmuni annarra sem vilja draga úr útblæstri. Okkar takmörkuðu en mikilvægu sérhagsmunir fara saman við heildarhagsmuni þjóðanna á sviði umhverfismála. Það er hins vegar lítill skilningur á þessu innan vinstri stjórnarinnar og ég er smeyk um að það skilningsleysi í þessum málum muni síðan skaða hagsmuni okkar til lengri tíma litið.

Á Íslandi má og er möguleiki á að framleiða nauðsynlega vöru á margfalt hreinni og hagkvæmari hátt en víða annars staðar með því að nota þær endurnýjanlegu orkulindir sem við búum að. Það væri mikil skammsýni og má ekki gerast að við semjum frá okkur það takmarkaða svigrúm sem felst í Kyoto-bókuninni. Miklu nær væri að sækjast eftir frekari heimildum af sama toga og annað, t.d. á grundvelli svokallaðrar geiranálgunar, og ég segi: Það er ekki of seint.

Ég treysti því, herra forseti, að allir ábyrgir aðilar á vettvangi stjórnmálanna sjái til þess að svo verði gert.

[14:23]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Hæstv. umhverfisráðherra lagði áherslu á það í máli sínu að Ísland tæki fullan þátt í að axla ábyrgð með öðrum þjóðum á því að verja og vernda líf á jörðinni. Það verður ekki horft fram hjá því að þær miklu loftslagsbreytingar sem hafa nú átt sér stað á undanförnum árum og áratugum stefna lífríki víða á hnettinum í óvissu, tvísýnu og jafnvel hættu.

Okkur ber því skylda til að taka þar saman höndum og snúa vörn í sókn. Ísland er ekki vanþróað land og þó að okkur finnist hart í ári nú á Íslandi er íslensk þjóð og íslenskt samfélag engu að síður eitt þróaðasta og sterkasta samfélag í heimi. Við getum þess vegna ekki farið að krefjast einhverrar sértækrar meðferðar vegna þess að hér sé svo hryllilegt ástand. Nei, við eigum að axla alþjóðlega ábyrgð í þessum efnum. En vandinn er stór, ég vitna hér í frétt sem birtist nýlega, þann 13. febrúar sl., þar sem sagt er, með leyfi forseta:

„Gríðarlegar breytingar eru að verða á fiskstofnum í höfunum vegna loftslagsbreytinga. Spáð er allt að helmingsfækkun í þorskstofnum undan Atlantshafsströnd Norður-Ameríku fyrir árið 2050.“

Skiptir þetta okkur ekki líka máli, breytingar á samsetningu og stöðu fiskstofna hér í norðurhöfunum (Forseti hringir.) eða í kringum Ísland? Jú, þetta hefur líka áhrif á atvinnu hjá okkur. Ábyrgð okkar í loftslagsbreytingum og að standa vörð um lofthjúpinn hvað þetta varðar skiptir okkur öll máli og þar eigum við að axla ábyrgð.

[14:26]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn ræða sér í kringum þetta fræga ákvæði, hvað sem maður á að kalla það, kannski er best að kalla það Marrakesh-ákvæðið eins og hæstv. umhverfisráðherra gerði áðan og nota það sem fána í tali til þjóðarinnar. Að sumu leyti er það auðvitað ósköp eðlilegt. Nú eru hins vegar þeir tímar að það er ákaflega ólíklegt að uppröðun stjórnmálamanna og -flokka í kringum þetta hafi nokkuð að segja því að það er ákaflega ósennilegt að þetta ákvæði verði með nokkrum hætti endurnýjað. Og þótt ég sé ekki sammála þeim rökum sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir taldi hér fram áðan held ég að ég sé sammála um niðurstöðuna, að það sé best að gleyma þessu máli. Enda er mjög umdeilanlegt hversu endurnýjanleg sú orka er sem þarna var lögð til grundvallar þótt vissulega sé hún mestöll betri en sú orka sem ýmsir grannar okkar nota.

Það er, held ég, kominn tími til þess fyrir Íslendinga almennt, hvað sem einstökum málum líður, að gleyma undanþágu- og undantekningartilveru sinni. Ég harma það að menn skuli einmitt nú þegar tækifæri gefst til að reisa nýtt Ísland, kannski í stíl við það sem við þekktum hér áður, meira en að undanförnu, skuli menn taka upp á þessu, annars vegar umræðu um þetta, hins vegar umræðu um hvalveiðar og annan útúrboruhátt af okkar hálfu.

Mig furðar hins vegar ekki að upp á þessu skuli taka hv. þm. Illugi Gunnarsson sem hefur nú fundið maka sinn hér á þinginu í efasemdum um vísindalegan grunn kenninganna um loftslagsvá og -breytingar þar sem er hv. þm. Ragnheiður Ólafsdóttir. Illugi hélt fram (Forseti hringir.) alveg þangað til hann varð þingmaður að þetta (Forseti hringir.) væri allt saman vitleysa og stafaði af gosum í sólinni og ekki er enn alveg ljóst hvort hann hefur breytt um skoðun.

[14:28]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Þetta er stórt mál, eitt af stóru málunum sem við fjöllum um hér á hv. Alþingi. Við Íslendingar tökum að sjálfsögðu þátt í þeirri umræðu að minnka gróðurhúsaáhrifin og erum sannfærð um að þau séu að verulegu leyti af manna völdum. Það eru a.m.k. allflestir. Vissulega var Sjálfstæðisflokkurinn lengi vel þeirrar skoðunar að þessi áhrif væru ekki af manna völdum en ég held að það sé liðin tíð.

Vissulega er dálítið athyglisvert að einn af hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins kemur hér upp hálfum mánuði eftir að Sjálfstæðisflokkurinn gengur út úr ríkisstjórn þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hafði forustu og spyr spurninga. Það kom mér ekki á óvart að hæstv. núverandi umhverfisráðherra sagði að hún styddi það sem fyrrverandi ríkisstjórn gerði í þessu máli vegna þess að forusta Sjálfstæðisflokksins virtist alls ekki vera til staðar. Þó að fyrrverandi forsætisráðherra segði að hann vildi halda í íslenska ákvæðið virtist hann ekkert hafa beitt sér í því. Það var ekki heldur hægt að sjá að fyrrverandi ríkisstjórn hafi beitt sér eitthvað í alvöru fyrir því að ná fram sérákvæðum sem varða flugið. Það voru ekki sendir ráðherrar til að taka á því máli gagnvart öðrum þjóðum. Það var eitthvað reynt en ekki í neinni alvöru. Það var ekki verið að berjast fyrir hagsmunum Íslands.

Það kom líka mjög glögglega fram í viðtali sem ég minnist við fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra, Þórunni Sveinbjarnardóttur, hún sagði bara beint út að hún teldi ekki rétt að berjast fyrir hagsmunum Íslands. Og Sjálfstæðisflokkurinn gerði það ekkert frekar. (**MÁ:** Það var nú ekki nákvæmt orðalag.)

Þetta var stefna síðustu ríkisstjórnar og núverandi hæstv. ráðherra segir einfaldlega að hún styðji þessa stefnu þannig að í raun hefur stefna Vinstri grænna verið ríkjandi hér á síðustu árum — og er enn.

[14:30]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég tek undir sjónarmið þeirra sem hér hafa talað og bent á að hið svokallaða íslenska ákvæði er almennt ákvæði í þágu lofthjúpsins en ekki í þágu Íslendinga. Hins vegar geta Íslendingar á grundvelli ákvæðisins lagt sitt af mörkum til að mengun í lofthjúpnum verði minni en ella og haft af því þann ávinning að geta verið með meiri stóriðju en ella. Það er ekkert slæmt og ekki þarf að afsaka það eða að berjast fyrir að kasta því frá sér.

Mér er algjörlega óskiljanlegt að íslenskir stjórnmálaflokkar skuli vera til sem hafa þá stefnu að rýra möguleika Íslendinga til atvinnuuppbyggingar, jafnvel þótt þeir möguleikar séu heiminum í heild til góða. Mér er algjörlega fyrirmunað að skilja þau viðhorf, nema með því að skýra þau á þann veg að hjá þeim sem þannig hugsa ráði för svo mikil andúð þeirra á stóriðju að þeir vilja skaða hagsmuni lands og þjóðar til að ná fram árangri í þeirri andúð sinni.

Virðulegur forseti. Ég get ekki verið sammála því að vinna á þann veg. Ég get alveg skilið sjónarmið þeirra sem eru þeirrar skoðunar að ekki eigi að vera með álversframleiðslu og annað slíkt, ég er ekki sammála þeim, en það eru málefnaleg sjónarmið. En mér finnst ekki málefnalegt að láta þá afstöðu skaða hagsmuni Íslendinga og heimsins.

Ég vil svo segja að lokum, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra verður að gera betur grein fyrir en hún gerði í ræðu sinni hversu mikils samdráttar hún krefst af íslensku efnahagskerfi á næstu tíu árum ef sjónarmið hennar ná fram að ganga.

[14:32]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir þessa umræðu. Ég tel hana hafa verið gagnlega og leitt fram helstu rök í málinu.

Það sem eftir stendur og mestu máli skiptir er að þegar metin eru sjónarmið þeirra flokka sem skipa þingsalinn er augljóst að ríkur meiri hluti er fyrir því að ríkisstjórn Íslands beiti sér af hörku fyrir því að varðveita hið svokallaða íslenska ákvæði. Beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að tryggja það að hagsmunum þjóðarinnar verði borgið og við eigum áfram möguleika á að byggja upp atvinnustarfsemi á grundvelli þeirra auðlinda sem við eigum. Með öðrum orðum að forræði okkar Íslendinga yfir þeim auðlindum sem skipta okkur svo miklu máli verði ekki bara í orði heldur á borði.

Ég tel nauðsynlegt að ráðherrann og ríkisstjórnin virði

þennan þingvilja og allt kapp verði lagt á að sækja þetta sjónarmið. Enn er tími til þess, þó að ég taki undir með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að skammur tími sé til stefnu, en það á að láta á þetta reyna. Minnihlutastjórnin sem hér situr veit að þegar þingvilji kemur fram með jafnskýrum hætti og hér hefur gerst er ástæða til að hlusta á það og sækja ákvæðið.

Ég get lýst því yfir fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins að hann mun veita ríkisstjórninni alla þá aðstoð sem hún þarf á að halda til að beita sér í þessu. Hagsmunir eru ríkir og ekki bara hagsmunir Íslendinga og atvinnuuppbyggingar okkar til framtíðar — af því að ákvæðið kemur hvort eð er ekki til framkvæmda fyrr en eftir 2012 — heldur er þetta líka spurningin um hvernig við nálgumst umræður um umhverfismál. Eins og hér hefur ítrekað komið fram hjá mörgum hv. þingmönnum, er þetta ákvæði, hið svokallaða íslenska ákvæði, skynsamlegt út frá umhverfissjónarmiðum. Enda hefði það aldrei verið samþykkt nema vegna þess að þjóðir heims sáu að þetta var skynsamlegt og í þágu umhverfisins, ekki bara hér heldur alls staðar.

[14:35]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa umræðu sem þó er á örlitlum villigötum. Nú tala menn um að varðveita Kyotoákvæðið, íslenska undanþáguákvæðið, eða viðhalda því. Nú er það svo að árið 2012 munum við hafa nýtt það ákvæði nokkurn veginn upp í topp. Enginn þarf að láta sér detta í hug að öll sú stóriðja sem hefur fengið undanþágu samkvæmt því ákvæði hætti 2012. Sú stóriðja heldur að sjálfsögðu áfram þannig að þær losanir sem við höfðum heimildir fyrir samkvæmt undanþáguákvæðinu halda áfram.

Hins vegar eru engar líkur á því að við fáum auknar heimildir til losunar fyrir stóriðju. Frá og með samkomulaginu sem gert verður í Kaupmannahöfn verður öllum gert að draga saman. Stóriðju verður gert að draga saman í ríku löndunum, þróuðu ríkjunum, og almennum heimildum verður líka þröngur stakkur skorinn.

Svíar taka við formennsku í Evrópusambandinu í júlí. Þeir koma til með að setja á oddinn að fram til 2020 sýni Evrópusambandsþjóðirnar — og Íslendingar þar meðtaldir, ef við ætlum að vera aðilar að viðskiptakerfinu — niðurskurð sem nemur 15–20% á næstu tíu árum. Í ráðuneytinu er nú unnið að aðgerðaáætlun sem kemur til með að byggja á grundvelli svokallaðrar Brynhildarskýrslu, sem er væntanleg alveg á næstunni, og segir okkur hvaða möguleika við höfum til að draga úr losun, en þeir eru fjölmargir. Möguleikarnir eru í samgöngum, fiskiskipaflotanum okkar, almennum iðnaði, þeir eru mjög víða, en ekki í nýrri stóriðju. Ergó: Við komum til með að þurfa áfram að losa þessi 1.600 þús. tonn sem ákvæðinu nemur en við fáum ekki aukningar. Það er mergurinn málsins.

Að öðru leyti vil ég bara segja að við Íslendingar þurfum að nýta orkukosti okkar með ábyrgum hætti og það gerum við ekki með aukinni mengandi stóriðju heldur annars konar atvinnuuppbyggingu sem stenst kröfur sjálfbærrar þróunar.

Fjárhagsvandi heimila.

Fsp. HSH, 297. mál. — Þskj. 523.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Helga Sigrún Harðardóttir) (F):

Virðulegi forseti. Í stefnuræðu nýs hæstv. forsætisráðherra kom fram sú fyrirætlun að grípa ætti til markvissra aðgerða til að bregðast við fjárhagsvanda heimilanna í landinu í virku samráði við hagsmunaaðila. Ein þeirra aðgerða er að setja á fót svokallaða velferðarvakt margra aðila sem hafi það hlutverk að fylgjast með afleiðingum bankahrunsins og gera tillögur um aðgerðir. Kom fram í viðtölum við ráðherrann að um væri að ræða vöktun á félagslegum afleiðingum hrunsins og nú þegar hæstv. félagsmálaráðherra hefur fengið verkið inn á borð til sín hefur hún lýst því þannig að möskva öryggisnets velferðarkerfisins þurfi að þétta þannig að fólk falli ekki á milli.

Ljóst hlýtur að vera að ýmsir hópar samfélagsins eru varnarlausari en aðrir í þeim erfiðleikum sem þjóðin stendur frammi fyrir og mætti þar t.d. nefna ungt fólk en líka foreldra, börn, öryrkja, aldraða, innflytjendur, sjúklinga og fleiri.

Ég vil því spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvernig velferð er skilgreind í ráðuneytinu því að við vitum að samhengi hlutanna breytir þeim. Það sem þótti sjálfsagt í september þykir það kannski ekki lengur. Matvandur maður étur það sem að kjafti kemur ef hann er svangur.

Því væri gott að vita hvaða viðmið verða lögð til grundvallar, hvaða hópar samfélagsins verða undir sérstöku eftirliti, í hverju eftirlitið er fólgið, hvaða upplýsingum á að safna og hvernig þær verða nýttar.

[14:39]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Helga Sigrún Harðardóttir spyr hér mjög mikilvægra spurninga um aðgerðir til að bregðast við vanda heimilanna og um velferðarvaktina.

Öllum er ljóst að við sem stjórnmálamenn, og þá ekki síst þeir sem sitja í ríkisstjórn, stöndum frammi fyrir mjög stóru og krefjandi verkefni sem m.a. felst í því að finna raunhæfar leiðir til að bregðast við fjárhagsvanda heimilanna í landinu. Við getum orðað það svo að unnið sé í öllum hornum Stjórnarráðsins þessa dagana og hefur margt af þeirri vinnu þegar verið kynnt í formi frumvarpa.

Eitt þeirra verkefna sem tilgreind eru í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar til að bæta hag heimilanna er að koma á velferðarvakt, eins og hv. þingmaður nefndi hér. Henni er ætlað að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins á fjölskyldur og þar með heimilin í landinu. Ég hef þegar skipað vinnuhóp sem ætlað er að stýra verkefninu en þar eiga sæti fjölmargir aðilar, þar á meðal fulltrúar ráðuneyta, kennara, kirkjunnar, Samtaka aðila vinnumarkaðarins og Rauða kross Íslands. Ég hef skipað Láru Björnsdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs í félags- og tryggingamálaráðuneytinu, formann hópsins og verður fyrsti fundur haldinn í þessari viku.

Mikilvægt er að einum aðila verði falið það hlutverk að fylgjast með öllum þeim fjölmörgu aðgerðum sem eru í

gangi, hann fái heildarsýn yfir allar aðgerðirnar þar sem ljóst er að víða er unnið að mörgum góðum hlutum, bæði innan stjórnkerfisins og hjá öðrum. Þess vegna er stýrihópi velferðarvaktar ætlað að afla upplýsinga um það sem þegar hefur verið gert til að bregðast við og kortleggja allar viðbragðsáætlanir ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Samsetning stýrihópsins endurspeglar að nokkru leyti hvers konar upplýsinga verður aflað og ég geri ráð fyrir að hver fulltrúi í stýrihópnum nýti bakland sitt til að afla upplýsinga um afleiðingar efnahagsástandsins á mismunandi hópa. Þá gefst kostur til að meta hvar við þurfum að gera betur, hvort þurfi að samhæfa aðgerðir svo að sem bestur árangur náist. Áhersla verður á sveigjanleika og gagnkvæma miðlun upplýsinga þannig að samfélagið allt verði vaktað svo vel sem kostur er. Ég hef því lagt ofuráherslu á það að stýrihópurinn hafi sem mest samráð við alla þá sem hafa þekkingu eða sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur og kalli eftir tillögum um aðgerðir. Einnig að haldnir verði reglulegir samráðsfundir með þeim til að heyra hugmyndir þeirra og hvað þeir telji að betur megi fara og hvernig best verði tekið á vandanum.

Ljóst er að einstaka hópar í samfélaginu verða harðar fyrir barðinu á afleiðingum efnahagsástandsins en aðrir. Verkefni velferðarvaktarinnar er því m.a. að fara yfir hvaða hópar það eru og að koma með tillögur að aðgerðum til að mæta aðstæðum þeirra ef þess er nokkur kostur. Við getum svo sem sagt okkur sjálf að þar á meðal eru þeir sem hafa misst vinnuna og fjölskyldur þeirra. Það eru því miður fjölmargir þessa dagana, eins og tölur Vinnumálastofnunar bera merki um. Líklegt er að fjárhagserfiðleikar leiði í einhverjum tilvikum til þess að fólk missi húsnæði sitt samhliða aukinni fátækt. Slíkir erfiðleikar geta leitt til einangrunar og andlegrar vanlíðanar svo sem kvíða, depurðar og þunglyndis, versnandi heilsufars og hættu á misnotkun áfengis og vímuefna.

Þá hafa rannsóknir sýnt að heimilisofbeldi getur aukist svo og vanræksla á börnum. Þeir hópar sem eru í sérstakri áhættu eru m.a. börn, unglingar, fólk án atvinnu, fátækir, aldraðir, fatlaðir og einstæðingar. Þá þarf að huga sérstaklega að ungum fjölskyldum með börn og fjölskyldum af erlendum uppruna sem hafa ekki sterkt stuðningsnet, eins og hv. þingmaður nefndi í ræðu sinni.

Virðulegi forseti. Nauðsynlegt er að forgangsraða opinberum fjármunum og því er mikilvægt að ákvarðanir verði teknar af þekkingu, m.a. á afleiðingum þessa til langs tíma. Þess vegna er jafnframt mikilvægt að líta til reynslu annarra þjóða sem hafa lent í sambærilegum efnahagsþrengingum, svo sem Finna, Svía og Færeyinga, svo komast megi hjá hugsanlegum mistökum.

Verkefnið sem bíður stýrihópsins er því ærið en tíminn er naumur. Hef ég óskað eftir því við hópinn að hann afhendi mér áfangaskýrslu um miðjan marsmánuð en gert er ráð fyrir að stýrihópurinn haldi verkefninu áfram eftir þann tíma. Þetta verkefni verður ekki leyst vel af hendi nema allir leggi sitt af mörkum. Til að opinberir fjármunir velferðarþjónustu nýtist sem best verðum við að virkja alla, félagasamtök, sjálfboðaliða og nærsamfélagið allt.

[14:44]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Helgu Sigrúnu Harðardóttur fyrir að vekja máls hér á þingi á vanda heimilanna. Það er náttúrlega fyrst og síðast hlutverk okkar hér á þessum síðustu dögum þingsins fram að kosningum að ræða þau mál og koma með lausnir á þeim.

Þúsundir heimila glíma við gríðarlega miklar skuldir og eru í miklum greiðsluerfiðleikum. Ég hef heyrt að ríkisbankarnir séu mjög stirðbusalegir gagnvart skjólstæðingum sínum sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Á sama tíma grípur hin opinbera stofnun, Íbúðalánasjóður, til fjölmargra aðgerða til að hjálpa skjólstæðingum sínum. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún hyggist beita sér fyrir því að ríkisbankarnir muni í sama mæli og Íbúðalánasjóður koma til móts við þarfir skjólstæðinga sinna eða ætla menn að vera í einhverri hörku á næstu vikum og mánuðum gagnvart fólki sem hefur misst vinnuna og er með lán sem hafa hækkað gríðarlega? (Forseti hringir.) Þetta er mjög mikilvægt og við framsóknarmenn teljum að (Forseti hringir.) það þurfi að koma til móts við vanda þessara heimila.

[14:45]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa komið með þessa fyrirspurn og vakið athygli á þessu brýna máli vegna þess að allt of lengi hefur þessa yfirsýn skort og það var líka svo fyrir hið svokallaða bankahrun og þá gjaldeyriskreppu og erfiðleika sem skullu á okkur í haust. Allt of lengi hefur okkur skort yfirsýn yfir stöðu t.d. fjölskyldnanna í landinu og einstakra hópa þar sem skoðað er heildrænt hver staða þeirra raunverulega er í samfélaginu. Þessir hópar eru t.d. ungu barnafjölskyldurnar, þær eru t.d. með gríðarlegar álögur í formi ýmissa gjalda, leikskólagjalda, matargjalda í skólum o.s.frv. og síðan skerða mögulega tekjur þeirra barnabætur og vaxtabætur. Það vantar algjörlega að skoða þetta heildarsamhengi íslensku barnafjölskyldnanna og ég ber miklar væntingar til velferðarvaktarinnar í þessu sambandi sem og auðvitað að skoða heildarhagsmuni annarra hópa. Ég fagna því mjög að þetta sé komið á laggirnar og (Forseti hringir.) hversu ötullega hæstv. ráðherra hefur unnið að því að fylgja þessu framtaki eftir.

[14:47]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég fagna þessari fyrirspurn og þakka hæstv. ráðherra fyrir ágæt svör. Ég tel að þetta sé eitt af hinum brýnu verkefnum þessarar ríkisstjórnar og stjórnvalda nú á tímum. Nokkur verkefni í þessu eru auðvitað alveg augljós en eitt af því sem velferðarvaktin, hygg ég, hljóti að skoða eru hin sálrænu áhrif og félagslegu áhrif á þá hópa sem ekki eru virkir í samfélaginu og ekki er yfirleitt talað um þegar við ræðum um atvinnu- og bankamál. Ég nefni aldraða. Ég hef sjálfur fundið að að þeim mörgum, öldruðum, sest kvíði og jafnvel sú tilfinning að þeirra líf eða okkar verk sé unnið fyrir gýg. Ég nefni börnin, sérstaklega af því að það liggja hér pappírshjörtu frá börnum frá síðustu helgi á borðum í kaffistofunni, en við verðum að gæta þess í þeim þrenging-

um sem við göngum nú í gegnum að börn verði ekki fórnarlömb, (Forseti hringir.) að þau fái ekki þau sár sem seint gróa í barnssálinni.

[14:48]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegi forseti. Ég fagna virkilega þessari umræðu um stöðu fjölskyldna og heimila í landinu í dag. Mér hefur fundist skorta ansi mikið á að sú umræða færi fram á Alþingi en hún er komin á blað og ég þakka félagsmálaráðherra fyrir hennar skeleggu svör.

Ég vil minna á og biðja um að það sé tekið sérstaklega inn hjá velferðarvaktinni, hvernig ríkisbankarnir ganga harkalega að fólki enn þann dag í dag. Þeir senda út rukkanir, sumir hverjir kannski með 10 daga millibili og krefja fólk um miklar skuldahækkanir. Það þarf að grípa þarna einhvers staðar inn í gagnvart unga fólkinu, virkilega að grípa inn í. Margt eldra fólk á náttúrlega líka í erfiðleikum. Ég tek undir orð hv. þm. Marðar Árnasonar um að gæta þarf að sálræna þættinum hjá fjölskyldunum, ekki síst í dag.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Helga Sigrún Harðardóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir skýr og skelegg svör og verð að taka undir hól til hennar eins og aðrir þátttakendur í þessari umræðu í dag, ég sé að hún er með hausinn á réttum stað. Ég vil samt hvetja til þess að leitað verði fanga víðar því að þó að tilteknir hópar samfélagsins geti verið varnarlausari en aðrir er full ástæða til að hafa augun opin fyrir því sem kalla má venjulegt fólk sem alla tíð hefur verið ágætlega sett, hefur ekki þurft að njóta neinnar minnihlutaverndar, ég hugsa að flest okkar þekki slíkar fjölskyldur sem hafa alla tíð unnið fyrir sínu og komist af í kyrrþey með dugnaði og eljusemi. Upplýsingaöflun þarf að fara fram í öllu samfélaginu því að efnahagsástandið gerir ekki mannamun. Það eru líka stórir hópar í samfélaginu sem aldrei hafa leitað sér aðstoðar, kunna það ekki og gæti þótt það tiltökumál. Það tengist sjálfsmynd fólks og venjum og hefðum í fjölskyldum. Ég vil því hvetja hæstv. ráðherra til þess að hafa þennan hóp í huga vegna þess að leiði upplýsingaöflun það í ljós að þessi hópur leynist einhvers staðar í samfélaginu og gæti flokkast sem nýr, þ.e. hópur sem hefur ekki verið skjólstæðingar félagslega kerfisins, þá tel ég fulla ástæðu til að minna á að möskvastærð öryggisnetsins þarf að henta öllum sem á þurfa að halda og hana gæti þurft að sérsmíða í einhverjum tilvikum.

[14:51]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka öllum þeim þingmönnum sem hafa lagt hér inn góð orð og ábendingar. Ég get sannfært þingmenn um að það verður tekið tillit til allra ábendinga hvaðan sem þær koma. Lögð var rík áhersla á það þegar velferðarvaktin var sett á laggirnar að hún hefði strengi sem víðast út í samfélagið og það er reynt að ná til sem flestra. Þau atriði sem menn hafa nefnt hér eru öll mjög mikilvæg og þættir sem við höfum einmitt rætt í ráðuneytinu við undirbúning skipunar velferðarvaktarinnar sem funda mun fyrst í þessari viku.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson talaði um heimilin og skjaldborgina um þau. Það er geysilega mikilvægt verkefni sem er þar fram undan. Ég hef einmitt rætt við hæstv. viðskiptaráðherra um að við þurfum að tryggja það að ríkisbankarnir veiti sömu þjónustu og Íbúðalánasjóður gagnvart þeim sem þar skulda. Sú vinna er svo sannarlega í gangi og því verður fylgt eftir.

Varðandi sálrænu áhrifin þá er það rétt að kvíði sækir að fólki við þessar aðstæður og að því þarf að huga. Það þarf að styðja við og vernda börnin og aldraða og það þarf líka að huga að því með börnin að áhrifa þessa ástands gæti ekki til framtíðar, hafi ekki áhrif á komandi kynslóðir jafnvel þegar þessi kynslóð vex úr grasi.

Hv. þm. Ragnheiður Ólafsdóttir talaði líka um bankana og ég geri ráð fyrir að ég sé búin að svara því sem þar kom fram. Svo vil ég þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Helgu Sigrúnu Harðardóttur, kærlega fyrir. Við munum leita víða, við erum opin fyrir öllum ábendingum og hópurinn er þakklátur fyrir að sinna þeim. Það er alveg rétt að það eru hópar sem aldrei hafa þurft að sækja sér aðstoð en þurfa núna að brjóta odd af oflæti sínu og stíga þau erfiðu spor sem þeir hafa aldrei stigið áður. Það er mjög erfitt fyrir marga og það þekkjum við vel.

Umræðu lokið.

Hlutur kvenna í stjórnmálum.

Fsp. SF, 301. mál. — Þskj. 530.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegi forseti. Sú er hér stendur fékk samþykkta þingsályktun á sínum tíma um verkefni til að auka hlut kvenna í stjórnmálum og það verkefni var samþykkt hérna og fór í gang. Afraksturinn var mjög góður og konur náðu þeim árangri að ná um 35% hlut í þingkosningunum sem fóru fram eftir að þetta verkefni hófst. Því lauk síðan og hlutur kvenna hrapaði mjög mikið í kosningunum þar á eftir og fór niður í rúmlega 30%. Í síðustu kosningum náðum við ekki upp þessum stóra sigri, ef svo má kalla, þegar við náðum 35% hlut kvenna í þinginu, í kosningunum fyrir tveimur árum var hlutur kvenna tæplega 32%. Það voru sem sagt kjörnar 20 konur en rúmlega helmingi fleiri karlar, þ.e. 43 karlar.

Nú horfum við fram á prófkjör og þess vegna langar mig að heyra hvað hæstv. félagsmálaráðherra vill segja um þessa stöðu, af því að ég hef mjög miklar áhyggjur af stöðu kvenna í stjórnmálum í augnablikinu. Í síðustu kosningum, og ég vil taka það sérstaklega fram, voru sjö konur oddvitar lista og ég ætla að nefna þær, virðulegi forseti. Það voru hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sú er hér stendur og Jónína Bjartmarz fyrir hönd Framsóknarflokksins, fyrir hönd sjálfstæðismanna var hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrir Samfylkinguna hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og fyrir vinstri græna voru það hæstv. ráðherrar Kolbrún Halldórsdóttir og Katrín Jakobsdóttir.

Núna er staðan sú að það er alveg greinilegt að ekki ætla allar konur að sækjast eftir sínum sætum, hvorki í þinginu né í oddvitastöðum. Ég vil nefna sérstaklega að vinstri grænir ætla greinilega að reyna að standa sig þar. Ég skil það alla vega svo að hæstv. ráðherra Katrín Jakobsdóttir muni sækjast eftir sínu oddvitasæti áfram og hæstv. ráðherra Kolbrún Halldórsdóttir líka. Hæstv. ráðherra Ögmundur Jónasson ætlar að víkja fyrir Guðfríði Lilju Grétarsdóttur vegna kynjasjónarmiða, a.m.k. opinberlega þó að ekki hafi farið fram kjör, þannig að vinstri græn stíla greinilega upp á þrjá oddvita af báðum kynjum, þrjá og þrjá.

Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sem er eini oddviti sjálfstæðismanna, fær samkeppni í prófkjöri frá hv. þm. Bjarna Benediktssyni, en undir leiðtogahæfileikum hennar í síðasta kjöri náði listi sjálfstæðismanna mjög góðum árangri í Suðvesturkjördæmi. Það gæti því farið að svo að sjálfstæðismenn væru ekki með neina konu í oddvitasæti. Auðvitað vitum við það ekki en þetta lítur illa út, virðulegi forseti.

Ég veit ekki hvernig þetta verður í mínum eigin flokki og ég veit heldur ekki með Samfylkinguna. Ég býst við að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sækist eftir oddvitasæti sínu áfram en hún var eini oddviti þeirra af kvenkyni í síðustu kosningum.

Mér þykir mjög brýnt að heyra hvað hæstv. jafnréttisráðherra hefur að segja um þessa stöðu af því að nú fara prófkjörin að dynja yfir.

[14:57]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir þessa fyrirspurn um hvort ég hyggist grípa til átaksverkefna eða annarra úrræða til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Það kom mér ekki á óvart að hv. þingmaður mundi spyrja þessarar spurningar því að hún hefur látið sig þessi mál verulega varða hér á þingi.

Ég deili svo sannarlega áhyggjum hennar um stöðu kvenna á næstunni. Á þeim stutta tíma sem ég hef verið í embætti ráðherra og ég hef til verka fram að kosningum er ljóst að mér gefst hvorki tími né tækifæri til að efna til umfangsmikilla aðgerða eða sérstakra átaksverkefna til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, hvað þá áður en flokkarnir ákveða framboðslista sína. Þó vil ég upplýsa hér að ég hef þegar sent formönnum allra stjórnmálaflokkanna bréf með sérstakri hvatningu um að þeir leggi sig fram um það við uppröðun á framboðslista fyrir alþingiskosningar að hlutur kynjanna sé sem jafnastur. Þar er ábyrgð þeirra mjög mikil. Ég tel það hafið yfir allan vafa að í efnahagsumrótinu síðustu mánuði hafi komið fram hávær krafa um að jafna beri hlut kynjanna á öllum sviðum samfélagsins, ekki síst í lýðræðislega kjörnum stofnunum þjóðarinnar eins og á Alþingi.

Margir telja ójafnræðið sem birtist í skertum hlut kvenna við stjórnvölinn hér á landi geti beinlínis hafa átt þátt í þeim þrengingum sem að okkur steðja nú. Allir stjórnmálaflokkar þurfa að hlusta á og bregðast við þeirri gagnrýni sem hefur verið færð fram af fjölda fólks í samfélagi okkar. Krafan um endurnýjun í stjórnmálum er ekki síst krafa um að konur fái þann hlut á Alþingi sem þeim ber.

Á sama tíma og konur hvaðanæva að úr litrófi stjórnmálanna hafa fagnað því að nú leiðir kona í fyrsta skipti ríkisstjórn á Íslandi og að hlutur kynja í ríkisstjórn er einnig í fyrsta skipti jafn, er það samt enn svo að það hallar mjög á konur í stjórnmálalífi þjóðarinnar og á Alþingi. Ég tel það því tvímælalaust eitt af verkefnum stjórnvalda á sviði jafnréttismála að efna reglulega til aðgerða og verkefna til að stuðla að því að jafna hlut kynjanna í stjórnmálum allt þangað til við teljum að málið sé í öruggri höfn. Ég tel reyndar að stjórnvöld hafi skuldbundið sig til þess.

Fyrirspyrjandi, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, er eins og flestum er kunnugt ötull baráttumaður fyrir þessu verkefni, að auka hlut kvenna á þingi. Hún nefndi í ræðu sinni þingmál sitt sem gerði það að verkum að skipuð var nefnd sem vann mjög gott verk og stóð að auglýsingaherferð sem vakti athygli um allan heim, verð ég að segja. Verkefni þessarar nefndar hafa komist í sögubækur í Bandaríkjunum sem kennsluefni í markaðssetningu og auglýsingagerð í virtum bandarískum háskólum. Það hef ég frétt.

Ég vil rifja upp þessa vinnu fyrir alþingiskosningarnar 1999 vegna þess að þá jókst hlutur kvenna á Alþingi úr 25 í 35%, eins og hv. þingmaður nefndi áðan. Aldrei áður hafði hlutur kvenna á þingi aukist jafnmikið eða úr 16 konum í 22. Mesta stökkið milli kosninga áður var í kosningunum 1983 þegar Kvennalistinn bauð fyrst fram en þá fjölgaði konum á Alþingi úr þremur í níu.

Aðgerðir þessarar nefndar, um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum, hafði því örugglega mikil áhrif á það að hlutur kvenna varð jafnstór 1999. Þessi árangur var því miður ekki viðvarandi að öllu leyti. Í næstu kosningum þar á eftir eða 2003 var hryggilegt bakslag en þá fór hlutur kvenna úr 35% í 30%. Eftir síðustu kosningar, 2007, jókst hann lítillega aftur eða fór upp í 31,7%.

Í þessu sambandi er jafnframt umhugsunarefni hvernig hlutur kvenna eykst jafnan þegar líða tekur á kjörtímabilin. Sem dæmi má nefna að þegar þing kom saman haustið fyrir þingkosningarnar 2007 áttu 23 konur sæti á Alþingi sem nam 37% þingsæta. Athyglisvert er jafnframt að í lok desember sl. var staðan aftur orðin sú sama og hún var haustið 2006, þ.e. 37% þingsæta voru skipuð af konum.

Virðulegi forseti. Þetta sýnir svo ekki verður um villst að við verðum stöðugt að halda uppi kröfunni um jafnan hlut kynjanna. Þetta sýnir líka að sá árangur sem getur náðst á einum tímapunkti getur tapast aftur ef við erum ekki á varðbergi. Þess vegna vil ég skírskota til ábyrgðar stjórnmálaflokkanna nú þegar í hönd fer hjá þeim að raða á framboðslista. Þeir verða að svara kalli tímans, þeir verða að svara ákalli almennings um virkara lýðræði, (Forseti hringir.) þeir verða að tryggja jafnan hlut kvenna og karla á framboðslistum sínum og þá einnig í örugg sæti.

[15:02]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Mig langar til að þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir þessa fyrirspurn og jafnframt ráðherranum fyrir svörin. Ég held að full ástæða sé til að hafa áhyggjur af því sem fram undan er í prófkjörum þeirra

flokka sem bjóða fram. Mig langar aðeins, hæstv. forseti, til að fara yfir stöðuna í mínum eigin flokki, Samfylkingunni. Í kosningunum 1999 voru kjördæmin átta og konur oddvitar í fjórum þeirra. Í 17 manna þingflokki voru konur fleiri en karlar, þ.e. 9 á móti 8.

Í kosningunum 2003 voru kjördæmin orðin 6 og konur oddvitar í þremur þeirra. Í 20 manna þingflokki voru 9 konur og 11 karlar. Í kosningunum 2007 var aðeins ein kona oddviti lista en hún er einnig formaður flokksins. Í 18 manna þingflokki okkar í dag eru 6 konur eða aðeins þriðjungur og ég hygg að þetta sé svona í öllum flokkum. Ég held að konur og karlar í öllum stjórnmálaflokkum landsins eigi að setja sér það takmark í þeim prófkjörum og kosningunum sem fram undan eru að leiðrétta þennan hlut vegna þess að það er spurning um lýðræðishalla í íslensku samfélagi þegar listar flokkanna eru skipaðir með þessum hætti.

Ég sé að tími minn er liðinn, hæstv. forseti, en ég vildi eingöngu (Forseti hringir.) koma inn á þessa tölfræði vegna þess að ég tel að staðan sé sú sama í öðrum flokkum — nema kannski hjá (Forseti hringir.) Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem (Forseti hringir.) hefur sett sér metnaðarfullt markmið í komandi prófkjörum.

[15:04]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir að taka þetta mál til umræðu á Alþingi þó að í raun ætti það að vera óþarft. Það ætti að vera óþarft á Íslandi árið 2007 að taka þetta fyrir og ræða stöðu kvenna í stjórnmálum. 2009, [Hlátur í þingsal.] þess heldur, árið 2009.

Hér ræddi í morgun ágætur þingmaður um aldraða og börn og nú ræðum við um konur. Svo eru það hinir. Ég skora á þá sem taka þátt í prófkjörum að hugsa til þess að breyta viðhorfi sínu og skipa konum jafnan sess á við karla vegna þess að þeir eru ekkert hæfari en konurnar. Við erum jafnhæf, við erum einstaklingar. Það á að ríkja jafnræði. Í því felst jafnrétti.

[15:05]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegur forseti. Ég fagnaði mjög þegar ég sá í blöðunum í morgun áskorun félagsmálaráðherra til formanna flokkanna um að jafnræðis yrði gætt á milli kynjanna á framboðslistum í komandi kosningum. Ég tel að ákaflega mikilvægt sé að bæði kynin — sem hafa mjög ólík viðhorf, eru ólíkt byggð upp og með ólíkar skoðanir en nauðsynleg, hvort heldur sem er konur og karlar. Það þarf að gæta jafnræðis lífsins og tilverunnar og þess vegna er mjög mikilvægt að öll sjónarmið geti komið fram.

Ég er á móti kynjaskiptingu. Ég tel að einstaklingurinn eigi að fá að njóta sín sama hvort hann er kona eða karl. En í því þjóðfélagi sem við búum við í dag verðum við að gera svo vel að horfa til beggja kynja ef gæta á jafnræðis. Ég vona (Forseti hringir.) að menn og konur átti sig á því að konur (Forseti hringir.) eru jafnmargar ef ekki fleiri í þjóðfélaginu og hafa atkvæðisrétt.

[15:06]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir fyrirspurnina og viðbrögðin við henni. Það er auðvitað sorgleg staðreynd að þegar konum fjölgaði, eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir fór yfir, var það hluti af átaksverkefni og það er eiginlega það ömurlega við þetta allt saman. Þegar okkur tekst að fjölga konum þannig að rétt slái í 35% glerþakið, sem virðist vera orðin lenska hér á landi, þá er það í tengslum við átaksverkefni. Lýðræðið og það að ná því að verða fullburða lýðræðisríki þar sem kynjahlutföll eru jöfn á ekki að vera átaksverkefni. Við náum því ekki að verða fullburða fyrr en kynjahlutföllin eru jöfn. Það á ekki að gerast með átaki. Það á að vera venja í samfélagi okkar.

Virðulegi forseti. Við þurfum svo sannarlega að taka á. Það er sorglegt hversu konum hefur fækkað á þingi og ég vil líka beina því til hæstv. félagsmálaráðherra að hún skoði það að konur virðast einhverra hluta vegna staldra skemur við í stjórnmálum en karlar,. Ég held að vert væri að taka saman hversu lengi konur staldra við í stjórnmálum (Forseti hringir.) annars vegar og karlar hins vegar.

[15:08]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir fyrirspurnina og mér finnst hún sýna hversu gríðarlegt langtímaverkefni það er að hagga valdahlutföllunum í samfélaginu og einmitt í gegnum átaksverkefni næst árangur sem síðan hopar. Það er auðvitað áhyggjuefni sem við þurfum að velta fyrir okkur.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum farið þá leið að vera með fléttulistafyrirkomulag innbyggt í forval okkar til að reyna að tryggja hlutfall kynjanna. Mér finnst að flokkar eigi að velta fyrir sér hvernig þeir geta stýrt þessu fyrirkomulagi vilji þeir fara prófkjöraleiðina, sem líka er umdeild af mörgum fyrir að vera ekki eins lýðræðisleg og virðist á yfirborðinu, og hygla sumum einstaklingum umfram aðra, t.d. út frá kyni. Konur virðast gjarnan koma verr út úr prófkjörum en karlar.

Mér finnst þetta vera mál sem stjórnmálaflokkarnir þurfa að velta fyrir sér en líka þarf að íhuga hvort ekki sé ástæða til að ráðast í annað eins átaksverkefni og ráðist var í 1999 og var nefnt áðan og skilaði árangri, (Forseti hringir.) þótt tímabundinn væri.

[15:09]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Það er áhugavert að þessi umræða tekst upp rétt fyrir prófkjör og aðallega konur hafa tekið þátt í henni þangað til ég kem. Ég er pólitískt kona þannig að það má telja mig í þeim hópi. [Hlátur í þingsal.] Umræðan er í stuttu máli sú að einhverju fé úr ríkissjóði verði varið til að minna kjósendur á að kjósa eigi konur í prófkjörinu. Ég held að það væri hið besta mál.

Ef við værum í lengri og dýpri umræðu væri vert að minna á það úr erindi Ólafs Þ. Harðarsonar fyrir tveimur árum að þetta mál er tvískipt. Þetta er miklu skárra í kjördæmunum þremur á höfuðborgarsvæðinu en í landsbyggðarkjördæmunum. Það er mjög áberandi og ég hvet menn til

að kynna sér þennan fyrirlestur.

Hvað varðar okkur í Samfylkingunni þá eru 12 þingmenn okkar úr kjördæmum á höfuðborgarsvæðinu, þar af 6 karlar og 6 konur, en úr landsbyggðarkjördæmunum eru hins vegar 6 karlar, eins og nú stendur. Þetta verður auðvitað ekki leiðrétt í neinum fljótheitum en það þarf að vinna þetta upp smám saman og ekki (Forseti hringir.) kvarta ég þó að fé sé veitt (Forseti hringir.) til að kynna konur en þá verður líka að muna (Forseti hringir.) að það verða að vera eftir karlar á þinginu sem hafa áhuga og skilning (Forseti hringir.) á jafnréttismálum. [Hlátur í þingsal.]

[15:10]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Þetta er áhugaverð umræða sem hér fer fram og ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir að hefja hana. Það er auðvitað sorgleg staðreynd að allt of fáar konur taka þátt í pólitísku starfi og þess vegna held ég að þessi umræða þurfi sífellt að fara fram.

Ég er þeirrar skoðunar að kynjakvótaleiðin sé kannski það síðasta sem ég mundi vilja sjá, frekar mundi ég vilja breyta viðhorfum innan flokkanna gagnvart því hvernig valið er á lista. Það þurfi sem sagt að byrja vinnuna þar, gera þá viðhorfsbreytingu að valið sé jafnt á milli karla og kvenna og karlmenn hugsi sem svo að jafnmargar konur þurfi að vera (Forseti hringir.) og karlar á framboðslistum.

[15:11]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að fagna því að í dag eru í ríkisstjórn jafnmargar konur og karlar. Mér finnst það áfangi og er stolt af því að í ríkisstjórn okkar, sem nýtekin er við, séu jafnmargar konur og karlar. Þannig vil ég sjá þetta.

Ég tala af svolítilli reynslu um jafnréttismál. Undanfarin 30 ár hef ég látið mig þessi mál miklu varða. Ég veit að við konur erum svolítið öðruvísi en karlar, sem betur fer, en við erum 50% af samfélagi okkar og ég tel mjög mikilvægt að við höldum því til streitu og berjumst fyrir því að fjöldi karla og kvenna verði sem jafnastur í þingmannaliðinu. Þegar ég lít yfir salinn sé ég aðallega konur. Ég þakka Merði fyrir að hafa blandað sér í umræðuna og hvet karla og Kristján eða ykkur, ég hvet ykkur til að koma með okkur í þetta vegna (Forseti hringir.) þess að núna þegar við breytum (Forseti hringir.) lýðræðissamfélagi okkar þurfa konur að koma þar að (Forseti hringir.) í miklu meira mæli en hingað til.

[15:13]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill mælast til að þingmenn ávarpi aðra þingmenn samkvæmt þingsköpum.

[15:13]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Hér hefur einungis einn karlmaður sem er kjörinn þingmaður tekið til máls. Það var karlmaður sem er varamaður konu þannig að eðlilegt er að hann blandi sér inn í. Ég ætla hins vegar að gera örstutta athugasemd við þau ummæli sem hv. þm. Mörður Árnason hafði uppi áðan að kynjahlutföllin væru miklu verri í landsbyggðarkjördæmunum en í kjördæmunum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er ekki rétt. Ég bið hann að kynna sér sérstaklega kynjaskiptinguna í Norðausturkjördæmi. Ég hef langa reynslu af því að vinna í pólitík og jafna kynjum á listum, jafnt fléttulistum sem opnum prófkjörum, og hef áhyggjur af í þessari umræðu og því sem stendur yfir núna hvernig menn ætla að reyna að tryggja með einhverjum ákveðnari hætti en gert er í dag í reglum um kjör í því sem kallað er persónukjör. Ég hvet hv. þingmenn til að leiða hugann að því í samræmi við þá umræðu sem hér (Forseti hringir.) hefur átt sér stað að gaumgæfa hvernig tekið verður á þessum þáttum í hugmyndum varðandi persónukjör til Alþingis.

[15:14]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég vil stuttlega fagna umræðunni sem fram fer um þetta mikilvæga mál og segja að ég hef áður tekið þátt í umræðu um þetta mál á þingi fyrir ekki löngu síðan. Sjálfur hóf ég afskipti af stjórnmálum með setu í borgarstjórn 1994 og var þá í hópi 8 borgarfulltrúa sem voru kjörnir fyrir Reykjavíkurlistann sem var sameiginlegt framboð. Við vorum þar þrír karlar og fimm konur og ég hef átt því að venjast í því pólitíska starfi sem ég hef tekið þátt í að gott jafnræði sé á milli kynja. Augljóslega er mjög þýðingarmikið að svo sé og við leitum leiða til að tryggja að það verði gert.

Í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum við undanfarið reynt að tryggja það að á framboðslistum sé jafnt hlutfall og svokallaðir fléttulistar. Mér finnst mikilvægt að við hugleiðum hvaða leiðir við getum farið til að tryggja í löggjöf að svo verði. Nú eru hugmyndir um, eins og minnst var á, persónukjör sem væntanlega getur sett öll áform um slíkt í uppnám nema bundið sé í löggjöfina að tekið sé til einhvers konar fléttu, hvort sem listar eru raðaðir eða óraðaðir. (Forseti hringir.) Þessu þurfum við að huga mjög sérstaklega að því ella getum við lent í því (Forseti hringir.) að hlutur kvenna minnki enn.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegi forseti. Það er rétt að fagna ber því að kona er í fyrsta skipti forsætisráðherra hér á landi og konur og karlar eru til jafns í ríkisstjórninni en það breytir ekki því að staðan er grafalvarleg. Hér var fullyrt að konum á landsbyggðinni vegnaði ekkert verr en körlum en það er alls ekki rétt. Í síðustu kosningum voru 24 karlar kjörnir úr landsbyggðarkjördæmum en einungis fimm konur miðað við þær upplýsingar sem ég hef.

Eftir kosningar til Alþingis árið 2007 var þingið þannig saman sett að þar sátu 43 karlar og aðeins 20 konur. Það er eitthvað mikið að, þessu þarf að breyta. Ég geri mér grein fyrir að hæstv. félagsmálaráðherra er í þröngri stöðu af því að kosningar ber svo brátt að núna, við erum skyndilega komin í kosningabaráttu, við erum skyndilega komin í prófkjör, þannig að erfitt er að setja í gang mikil átaksverkefni. Ég vil samt beina því til hæstv. félagsmálaráðherra að athuga hvort Jafnréttisstofa geti beitt sér eitthvað í þessu

máli, af því að það er svo mikilvægt að fá meiri umræðu í samfélagið almennt um stöðu kvenna í stjórnmálum. Við megum ekki missa þær konur út af þingi sem þar eru nú. Auðvitað munu einhverjar hætta en við þurfum að fá fleiri konur inn, við þurfum líka að fá fleiri konur sem leiða lista og eru fyrirmynd annarra kvenna sem geta hugsað sér að fara í pólitík.

Það er ekki alvörulýðræði fyrr en konur eru til jafns við karla á Alþingi eins og á þingum annars staðar í heiminum. (Gripið fram í.) Því miður er staðan mjög slæm víða annars staðar en samt sættum við okkur ekki við stöðuna eins og hún er núna. Það hefur orðið mikið bakslag, við hrundum úr 35% niður í 32%, við höfum ekki náð til baka þeim árangri sem við náðum mestum. Það er alveg ljóst að sú er hér stendur mun bíta í skjaldarrendur fyrir allar konur í pólitík til að reyna (Forseti hringir.) að efla hlut þeirra af því að það er ekki lýðræðislegt að hafa svona mikinn halla, virðulegur forseti.

[15:18]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa mikilvægu umræðu. Þetta er langtímaverkefni, það þarf greinilega átaksverkefni og það þarf greinilega að bíta í skjaldarrendur. (Gripið fram í.) Ég hvet menn til að gera það.

Hv. þm. og fyrirspyrjandi Siv Friðleifsdóttir kallaði eftir því að Jafnréttisstofa mundi beita sér í þessum efnum. Ég hef þegar rætt við jafnréttisstýru, Kristínu Ástgeirsdóttur, um þetta mál og ég efast ekki um að þar verður okkur lagt lið í þessari baráttu.

Mig langar aðeins að nefna það vegna þess að við höfum verið að fara yfir stöðuna, að það er ekki skýring á því að bakslag varð í síðustu tvennum kosningum að ekki hafi nægilega margar konur gefið kost á sér, því að fyrir alþingiskosningarnar 2003 voru 43% frambjóðenda konur og fjórum árum síðar fjölgaði þeim upp í 47%. En á milli þessara tvennra kosninga höfðu líkurnar á að kona sem væri í framboði og næði kjöri til Alþingis minnkað.

Það er líka rétt sem kom fram í umræðunni að það virðist sem konur af landsbyggðinni eigi erfiðara uppdráttar en konur á höfuðborgarsvæðinu, það sýna niðurstöður kosninga. Stjórnmálaflokkarnir þurfa að huga alvarlega að þessu. Við síðustu alþingiskosningar komu flestar konur úr Suðvesturkjördæmi, þar voru jafnmargir karlar og konur. Engin kona náði kjöri úr Norðvesturkjördæmi og ein kona náði kjöri í Suðurkjördæmi. Mér er þó ánægja að upplýsa að eins og allir vita hér hefur konum í þessum síðastnefndu tveimur kjördæmum fjölgað um þrjár á yfirstandandi kjörtímabili.

Þarna er svo sannarlega verk að vinna, við þurfum öll, bæði karlar og konur, (Forseti hringir.) að leggjast á eitt til að rétta af kúrsinn (Forseti hringir.) í þessum málum því að við verðum að leiðrétta þennan lýðræðishalla sem við búum við. Þetta er ekki boðlegt.

Umræðu lokið.

Málefni aldraða.

Fsp. RÓ, 303. mál. — Þskj. 532.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Ragnheiður Ólafsdóttir) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil beina spurningu minni til hæstv. félagsmálaráðherra og spyrja hvað hún og ríkisstjórnin hyggist gera í málefnum aldraða. Þá á ég við vistunarúrræði því að augljóst er að það verður að bregðast við þeim mikla vanda sem snýr að langtíma- og skammtímavistun aldraðra strax. Málin eru í algjörum ólestri hvað varðar þennan hóp einstaklinga sem búa einir og geta ekki lengur séð um sjálfir. Víða er algjört neyðarástand hjá þessum einstaklingum og fjölskyldum þeirra og það er þjóðinni til skammar hvernig búið er að öldruðum í dag.

Eftir gjaldþrot Heilsuverndarstöðvarinnar ehf., sem ég held að sú stofnun hafi heitið, er ekki lengur um hvíldarinnlögn þar að ræða en þjónustan þar var til fyrirmyndar fyrir þá sem nutu hennar. Það eru mjög takmörkuð rými á Landakoti og Grund á Reykjavíkursvæðinu sem anna engan veginn eftirspurn að því er öldrunarlæknir segir mér. Langtímavistunarrými eru allt of fá og einstaklingum sem beðið hafa eftir varanlegri vistun í mörg ár og búsettir eru á suðvesturhorninu er jafnvel bent á að þeir geti fengið pláss á dvalarheimili á Ísafirði, í Vík í Mýrdal eða jafnvel á Austfjörðum sem dæmi eru um. Fyrir einstaklinga og aðstandendur sem ekkert þekkja til á þessum stöðum er dónaskapur að bjóða fólki upp á slíkt að mínu mati. Ég er ekki að lasta nein dvalarheimili, langt í frá, þau eru örugglega til fyrirmyndar. En það er ekki mannsæmandi í dag fyrir aldraðan einstakling að vera vistaður langt frá sinni heimabyggð og þar sem hann þekkir ekkert til.

Þá má skoða mannlega þáttinn, þar sem aðstandendur eiga litla eða jafnvel enga möguleika á að heimsækja jafnvel móður eða föður við aðstæður sem fólk á suðvesturhorninu þekkir ekki til, veður, ófærð, mjög langar vegalengdir, jafnvel löng bið eftir flugi, ef um enn lengri vegalengd er að ræða. Bara að geta ekki heimsótt einstaklinginn sem oftast, er að mínu mati mannréttindabrot.

Ég spyr: Ætlar núverandi ríkisstjórn að beita sér fyrir varanlegri lausn þessara mála eða fylgja stefnu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar, sem hafa setið meira og minna við stjórnvölinn síðastliðin 18 ár, og gera sem minnst, helst ekkert eða ekki neitt fyrir gamla fólkið okkar? Ef ekki, hvaða stefnu hefur heilbrigðisráðherra og ríkisstjórnin í þessum málum?

Þingmenn allra flokka á Alþingi ættu að muna og muna það vel að þeir eldast líka, það er lögmálið, svo það kemur sennilega að þeim að njóta slíkrar þjónustu í framtíðinni. Brettum upp ermar og sameinumst um að byggja mannsæmandi aðstöðu fyrir aldraða eins fljótt og auðið er og (Forseti hringir.) ekki seinna en strax. Ég vil minna ykkur á að þið öll sem sitjið hér (Forseti hringir.) eruð á framfærslu hins opinbera eins og öryrkjar og margir eldri borgarar.

[15:24]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Mér er það ljúft og skylt að svara fyr-

irspurn hv. þm. Ragnheiðar Ólafsdóttur um vistunarúrræði aldraðra enda hafa málefni þeirra lengi verið mér hugleikin og eiginlega alla tíð sem ég hef setið á þingi og ég hef tekið þau upp hér ítrekað.

Ég tel það hafa verið framfaraspor þegar málefni aldraðra voru flutt frá heilbrigðisráðuneyti yfir til félags- og tryggingamálaráðuneytisins vegna þess að málefni aldraðra eru ekki heilbrigðismál, og þeirrar skoðunar hef ég verið lengi. Eftir að málaflokkurinn var fluttur yfir vorið 2007 fór mikil vinna af stað í kjölfarið innan félags- og tryggingamálaráðuneytisins í samráði við ýmsa aðila sem að málaflokknum koma við að kortleggja nákvæmlega fjölda dvalar- og hjúkrunarrýma um allt land, þar með talið hversu margir byggju í fjölbýli enda gjörsamlega óviðunandi að tveir og jafnvel fleiri séu í herbergjum á heimilum aldraðra. Það hef ég gagnrýnt ítrekað. Og ég get tekið undir gagnrýni hv. þingmanns á því að það sé alls ekki boðlegt að flytja fólk langar leiðir frá sínum nánustu til hjúkrunarvistar.

Á grundvelli þeirrar vinnu sem ég nefndi áðan var í fyrsta skipti mögulegt að gera ítarlega greiningu á þörfum aldraðra fyrir hjúkrunarrýmí á landsvísu. Náin samvinna var höfð við öll sveitarfélögin í landinu sem ég tel mjög mikilvægt enda stefnt að því að málaflokkurinn fari yfir til þeirra innan fárra ára. Þörfin var metin í hverju sveitarfélagi fyrir sig og á öllum landsvæðum miðað við fjölda íbúa og aldurssamsetningu þeirra.

Eins og þingmönnum er flestum kunnugt kynnti forveri minn í starfi, núverandi hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, metnaðarfulla framkvæmdaáætlun síðasta sumar um byggingu 400 nýrra hjúkrunarrýma og 380 rýma til að mæta fækkun fjölbýla. Áætlunin ber með sér að þörfin fyrir ný hjúkrunarrýmí er fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu en jafnframt er gert ráð fyrir að 10–15% rýmanna verði fyrir hvíldarinnlagnir og skammtímavist, sem er náttúrlega mjög mikilvægt til að fólk geti dvalið sem lengst heima sem margir óska sérstaklega eftir.

Þegar hefur verið hafist handa við byggingar á höfuðborgarsvæðinu, bæði í Reykjavík og Kópavogi, en þegar þeim byggingum verður lokið í byrjun árs 2010 verður unnt að taka rúmlega 150 hjúkrunarrýmí í notkun. Þá er hafin bygging hjúkrunarheimilis í Snæfellsbæ og fyrirhugaðar frekari byggingar hjúkrunarheimila í Kópavogi og Fjarðabyggð. Framkvæmdaáætluninni var ætlað að gilda til ársins 2012 og vona ég svo sannarlega að við getum fundið leiðir til að fylgja henni eftir þrátt fyrir þær efnahagsþrengingar sem við stöndum frammi fyrir. Ráðuneytið hefur m.a. þegar hafið viðræður við sveitarfélögin um að þau komi að borðinu við framkvæmd áætlunarinnar. Hlutverk þeirra væri að sjá um byggingarframkvæmdir en aðkoma ríkisins verði að greiða leigu fyrir húsnæðið í 25 ár frá og með þeim tíma að framkvæmd lýkur. Mörg sveitarfélög hafa lýst sig reiðubúin til þessa samstarfs enda mikið í húfi fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra.

Virðulegi forseti. Ég tel það til fyrirmyndar að ráðist hafi verið í vandaða greiningarvinnu áður en hafist var handa við framkvæmdir. Standa vonir mínar til þess að með þeirri vinnu sem stendur yfir og er fyrirhuguð varðandi uppbyggingu vistunarúrræða á landsvísu í samræmi við þessa áætlun sé verið að bæta úr þeirri brýnu þörf sem er fyrir hendi í vistunarmálum aldraðra. Því er þó ekki að neita að mér er jafnframt kunnugt um vanda hjá einstökum sveitarfélögum, þau standa frammi fyrir því á landsbyggðinni víða að skortur er á hjúkrunarrýmum. Ég hef átt samtöl við fulltrúa sveitarfélaga um þetta efni sem hafa upplýst mig, fyrst sem þingmann og nú sem ráðherra, um þessa stöðu þó svo að ég hafi ekki verið lengi í embætti, en þetta er vandi sem þau hafa lýst yfir við mig. Í því sambandi vil ég þó leggja áherslu á að öll uppbygging tekur því miður tíma og við þurfum að temja okkur þolinmæði. Á hinn bóginn verðum við jafnframt að vera vakandi fyrir hugsanlegum breytingum sem kunna að geta leitt til þess að breyta þurfi forgangsröðun hlutanna þegar svo ber undir.

Hv. þingmaður spurði um þjónustu Heilsuverndarstöðvarinnar. Nú er það svo að hún hefur heyrt undir heilbrigðisráðuneytið en ég tel að allur þessi málaflokkur eigi að fara undir félagsmálaráðuneytið og eigi að vera á einni hendi og færast síðan yfir til sveitarfélaganna. Varðandi þjónustuna sem veitt var þar þá hætti sú þjónusta þegar Heilsuverndarstöðin fór í þrot en hins vegar mun heilbrigðisráðuneytið nýlega hafa gert samning við Hrafnistu (Forseti hringir.) um þá þjónustu sem hv. þingmaður nefndi (Forseti hringir.) í ræðu sinni.

[15:29]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Ólafsdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Ég held að sú umræða sé eins og áður alltaf nauðsynleg. Ég vil líka þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir þau orð hennar að hún telji að þjónustan eigi að færast á hendur sveitarfélaga. Ég held að það sé grundvallaratriði í allri öldrunarþjónustu að hún færist til sveitarfélaganna með þeim tekjustofnum sem á þarf að halda vegna þess að þar þekkir fólk til og það skiptir máli.

Ég bið samt fólk um að athuga að aldraðir eru ekki allir sjúkir. Við þurfum við að hlúa að þeim en jafnframt þurfum við að gera fólki sem vill búa heima hjá sér kleift að geta það eins lengi og unnt er og veita því öfluga heimaþjónustu samhliða félagsþjónustu og treysta þannig bönd í heimabyggð. Það er skiptir eldra fólk máli, jafnt sjúkt sem heilbrigt.

[15:31]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspurnina sem hér er til umræðu og þau svör sem komu frá hæstv. ráðherra. Ég tek undir það sem hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir sagði um hlut sveitarfélaga. Ég tel að það sé farsælast til framtíðar að sveitarfélögin sjái sem mest um öldrunarþjónustuna, alla þætti hennar, einnig heimahjúkrun og heimilishjálp.

Ég vildi nota tækifærið — vegna þess að hæstv. ráðherra er væntanlega að líta yfir verkefnin á þessu sviði í ráðuneytinu, þó að stuttur tími sé til ráðstöfunar — og nefna málefni sem allt of lengi hefur verið látið sitja á hakanum en það er endurbætt þjónusta Dvalarheimilisins í Borgarnesi. Þar er aðstaða algerlega ófullnægjandi og sveitarfélögin hafa boðist til að leggja verulega fjármuni til þess verks. Ég hvet ráðherrann til að taka það mál sérstaklega upp.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Ragnheiður Ólafsdóttir) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka félagsmálaráðherra fyrir góð svör. Ég ætla að leyfa mér að vona að bót og betrun verði fram undan því að það er svo sannarlega það sem þarf. Ég get tekið undir það að mjög gott og æskilegt væri að hægt yrði að koma öllum málefnum aldraðra yfir til sveitarfélaga. Í dag hafa sveitarfélögin ekki fjárhagslegt bolmagn til að taka við þeim málaflokki en við skulum vona að það geti orðið í framtíðinni. En ég yrði þakklát ef málefni aldraðra færu frá heilbrigðisráðuneytinu til félagsmálaráðuneytisins. Þar eiga þau heima, alla vega í bili.

Mér finnst skipta miklu máli, og hvet ráðherra til að ræða þessi mál í ríkisstjórninni og fá varanlegar lausnir, að samskipti séu milli vistunarmatsnefnda ríkis og sveitarfélaga, að þar komist á raunveruleg samskipti þannig að fólk standi ekki í lausu lofti og viti ekki í hvorn fótinn það á að stíga eða hvert það á að snúa sér, það gengur ekki í dag. Okkur ber skylda til að sjá um að kynslóðin sem byggði þetta land fái að lifa við mannsæmandi aðstæður síðustu árin sín, það er sú kynslóð ásamt öðrum sem hefur borgað okkur launin okkar. Aldraðir eiga ekki að þurfa að vera fluttir hreppaflutningum eins og fólk þurfti að gera á öldum áður. Það sæmir ekki Íslendingum í nútímaþjóðfélagi að koma ekki vel fram við aldraða.

[15:34]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum, sem tóku þátt í þessari umræðu, fyrir gott innlegg. Ég tek heils hugar undir þau öll. Það er rétt, aldraðir eru fjölbreyttur hópur. Ég tek undir það með hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur að öllum tiltækum ráðum ber að beita til að gera fólki kleift að vera heima eins lengi og það getur og fá þjónustu heim. Það á að vera stefnan og öldrunarþjónusta er nærþjónusta. Hún á að vera hjá sveitarfélaginu og vonandi tekst okkur að koma þeim málaflokki yfir til þeirra og þá auðvitað með þeim tekjustofnum sem eiga að fylgja.

Þegar lögin um málefni aldraðra voru til umræðu í þinginu þá var, af því að hv. þm. Ragnheiður Ólafsdóttir nefnir vistunarmatið, fyrirkomulagi sem snýr að vistunarmatinu breytt. En ég tel að sú breyting hafi ekki verið nógu góð, ég tel að taka þurfi á þeim þætti. Reynslan af því fyrirkomulagi sem þá var samþykkt hefur ekki verið sem skyldi. Það er kostnaðarsamara, gerir kerfið flóknara fyrir notendur, og var það þó nægilega flókið fyrir, og það sem verra er, það hefur hent að aldraðir, sem hafa þurft á þjónustu að halda, hafa lent á milli kerfanna af því að þetta hefur verið í tvennu lagi og þeir hafa ekki fengið þjónustu við hæfi. Ég tel mjög mikilvægt að þetta verði leiðrétt.

Ég get nefnt það hér að ég hef tekið upp umræðu um málefni aldraðra í ríkisstjórninni vegna þess að ég tel að ganga verði frá því að málaflokkurinn verði allur undir félagsmálaráðuneytinu en svo er ekki enn þá. En ég tel að hægt verði að leysa það í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ég ber alla vega mjög ríka von til þess og ég þakka fyrir þessa umræðu.

Umræðu lokið.

Undirbúningur að nýrri byggðaáætlun.

Fsp. ArnbS, 306. mál. — Þskj. 535.

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Nú þegar við horfum fram á mikið atvinnuleysi um allt land er mikilvægt að horfa til möguleika varðandi atvinnusköpun sem víðast. Öflugt tæki stjórnvalda ætti að vera vel upp sett og markviss byggðaáætlun. Nú líður að því að leggja þarf fram nýja byggðaáætlun fyrir Alþingi en sú sem nú er í gildi rennur út í ár. Ég spyr því hæstv. iðnaðarráðherra hvernig undirbúningi fyrir nýja byggðaáætlun sé háttað.

Hvaða málaflokka hefur hæstv. ráðherra til að mynda hugsað sér að taka upp í hinni nýju áætlun? Verður þar tekið á málum þvert á ráðuneyti og málaflokka eða er það hugsunin að staldra aðeins við þá málaflokka sem rúmast innan ráðuneytis hæstv. ráðherra? Er það ekki öruggt að þættir á borð við menntamál, menningarmál, samgöngumál og atvinnuuppbyggingu í sem víðustum skilningi verði tekin inn í umræðuna og vinnuna þannig að heildstæð og stefnumótandi áætlun um byggðamál megi koma fyrir þingið?

Spyrja má að því hvort byggðaáætlun ætti ekki að vera í líkingu við samgönguáætlun þar sem hægt væri að ganga að áformum stjórnvalda varðandi fjárframlög og skipulag byggðamála í stórum dráttum. Gildandi byggðaáætlun virðist hafa týnst einhvers staðar í kerfinu. Alla vega er ekki mikið um hana rætt sem tæki til að hafa áhrif á atvinnuuppbyggingu á einstökum svæðum.

Það er ekki síst mikilvægt nú eftir hrun bankakerfisins að líta til þessara mála. Lánasvið Byggðastofnunar hefur verið mjög mikilvægt fyrir hinar dreifðu byggðir og ekki síst nú þegar hrun bankakerfisins er staðreynd og lánasviðið þarf að hafa fullan styrk til að bregðast við aðsteðjandi vanda.

Hæstv. forseti. Nú er ögurstund hvað það varðar að halda vel á málum hinna dreifðu byggða. Þar getur byggðaáætlun skipt sköpum sé rétt að henni staðið og hún nýtt með réttum hætti. Í ljósi þeirra aðstæðna sem nú ríkja í samfélaginu er ákaflega brýnt að vanda til þessarar vinnu og takast á við viðfangsefnin með markvissum hætti. Því hlýtur það að vera spurning hvort ekki sé rétt að efna til samráðs og freista þess að ná þverpólitískri sátt um gerð byggðaáætlunar.

Vegna mikilvægis byggðaáætlunar fyrir landsbyggðina hlýt ég að kalla eftir slíku samráði við þá vinnu sem nú þarf að fara fram. Hugmynd gæti verið að nefnd sem í sætu fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþingi, landshlutasamtök sveitarfélaga, þróunarfélög og fleiri aðilar freistaði þess að ná samstöðu um slíka heildstæða byggðaáætlun þar sem dregnir yrðu inn þeir málaflokkar sem þarf til að móta stefnu til að sem mestum og bestum árangri verði náð. Það er engin þörf á karpi og pólitískum vígaferlum þegar kemur að gerð byggðaáætlunar. Það þarf að ræða hana út frá hinum fjölbreytilegustu hliðum og komast að niðurstöðu sem við getum lagt fyrir Alþingi.

[15:39]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þann mikla áhuga sem hún hefur á byggðamálum. Ég er henni sammála um mikilvægi þess málaflokks. Hv. þingmaður talaði um nauðsyn þess að ná þverpólitískri samstöðu. Ég get trúað hv. þingmanni fyrir því að ég held að hún ætti að freista þess að ná þverpólitískri samstöðu um að byggðamálaráðherra komi alltaf úr 101. Staðreyndin er einfaldlega sú að það er ekki fyrr en byggðamálaráðherra kemur úr 101 sem maður sér það í tölum að þróunin hefur snúist við.

Í fyrsta skipti á síðasta ári gerist það, samkvæmt tölum frá Hagstofu og Byggðastofnun, að fleiri flytjast út á landsbyggðina en af landsbyggðinni. Þetta var fyrir kreppu. Ég tel því ákaflega mikilvægt að sá sem fer með byggðamálin sé ekkert hagsmunatengdur. Þetta er það sem ég mundi kalla fyrsta vers.

Í öðru lagi vil ég segja það að byggðaáætlun er samþykkt af hinu háa Alþingi. Þar fer fram pólitískt samráð og það er sjálfsagt að hlusta eftir öllum tillögum um samráð. Hv. þingmaður spyr hvernig undirbúningi hinnar nýju byggðaáætlunar sé hagað. Við höfum þá vinnu síðasta haust eftir að við byrjuðum á því að hafa fund með þeim stofnunum sem heyra undir ráðuneytið. Í nóvember hélt Byggðastofnun síðan heilsdagsráðstefnu með fyrirlestrum og vinnustofum þar sem þátttakendur lýstu skoðunum sínum á þeim áherslum sem leggja ætti til grundvallar nýrri byggðaáætlun. Þangað var, eins og ég veit að hv. þingmanni, formanni þingflokks sjálfstæðismanna, er vel kunnugt um, m.a. boðið fulltrúum þingflokka til að koma fram með sínar áherslur, líka fulltrúum sveitarstjórna, ráðuneyta, atvinnuþróunarfélaga, Vísinda- og tækniráðs og fleirum. Ég held að fast að 100 manns hafi sótt þessa ágætu ráðstefnu. Síðan hefur Byggðastofnun mótað, í samráði við þennan undirbúning og að tillögu minni, fjórar megináherslur nýrrar byggðaáætlunar. Það er, til að ég fari aðeins yfir það — ég held að það svari flestu því sem hv. þingmaður lagði áherslu á en þó ekki öllu.

1. Nýsköpun og atvinnuþróun með áherslu á að þróa áfram þekkingarsetur á landsbyggðinni og vaxtasamningana.

2. Ferðaþjónusta með áherslu á langtímastefnumótun, áherslu á að byggja upp innviðina og efla þekkingu.

3. Hagnýting innlendra orkugjafa með þróun nýrra aðferða til að lækka húshitunarkostnað á köldum svæðum og til að styrkja dreifikerfi raforku.

4. Menning og samfélag með áherslu á tengsl menningarinnar við skapandi greinar, við nýsköpun, við atvinnuþróun og að sjálfsögðu þáttur menningarinnar í að efla samstöðu um almenn framfaramál samfélagsins.

Staða þessarar undirbúningsvinnu er þannig nú, herra forseti, að í þessari viku, að ég hygg, kynnir Byggðastofnun fyrstu drög sín fyrir ráðuneytinu. Í framhaldinu mun Byggðastofnun hafa samráð við fulltrúa sveitarfélaga, fulltrúa atvinnuþróunarfélaga og annarra hagsmunaaðila á öllum atvinnuþróunarsvæðunum. Að því loknu er gert ráð fyrir að Byggðastofnun skili drögum til ráðuneytisins en í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um frekari vinnu við gerð byggðaáætlunarinnar.

Hv. þingmaður spyr hvort leitað hafi verið þverpólitískrar samstöðu um gerð hennar. Gerir hv. þingmaður ráð fyrir því, af fyrri kynnum sínum við byggðamálaráðherra, að það verði ekki gert? Að sjálfsögðu verður það gert. Málið verður lagt fyrir þingið þar sem fulltrúar allra flokka hafa tækifæri til að véla um þetta og ég mun gera allt sem ég get til að reyna að ná sem mestri pólitískri sátt um það. Ég rifja svo upp það sem ég sagði áðan að til þessarar upphafsráðstefnu, þar sem stóru línurnar voru lagðar, var m.a. boðið fulltrúum þingflokka og sveitarfélaga og úr þeim hópi eru auðvitað margir sem hafa sterka þekkingu og mótaðar skoðanir á málaflokknum og létu svo sannarlega gamminn geysa. Frumdrög þessarar áætlunar voru sem sagt lögð fyrir stjórn Byggðastofnunar í janúar og auðvitað verður það gert aftur áður en þeim verður skilað til ráðuneytisins af hálfu stofnunarinnar. En það sem skiptir kannski mestu er að Byggðastofnun mun setja drögin að áætlun á heimasíðu sína og gefa þannig hverjum sem er, hv. þingmönnum sem öðrum, tækifæri til að koma með ábendingar áður en þeim verður komið til ráðuneytisins.

Þegar Byggðastofnun hefur skilað drögunum til mín mun ég meta með hvaða hætti sé rétt að vinna málið frekar og hvernig standa eigi að því. Hv. þingmaður kom með ágæta tillögu um það áðan. Það er í gadda slegið að iðnaðarráðherra, sem hér stendur, hefur fullan hug á því að ná sem mestri pólitískri sátt um byggðaáætlun.

[15:45]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér er um byggðamál. Ég get þó ekki látið hjá líða að gera athugasemd við orð hæstv. iðnaðarráðherra. Hann ræðir með þeim hætti um byggðamál að hann ýjar að gömlum frösum um að þau séu ekkert sérstakt hugðarefni landsbyggðarmanna og það sé fyrst þegar ráðherrann sé úr 101 Reykjavík að mál fari að horfa til betri vegar. Þetta er ósanngjörn fullyrðing og á allan hátt röng.

Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvað snertir byggðamálaþáttinn til hvaða ráða hann ætli að grípa varðandi Byggðastofnun. Nú liggur fyrir sú niðurstaða að eiginfjárhlutfall stofnunarinnar er með þeim hætti að ekki er um neinar frekari lánveitingar að ræða þaðan nema ríkissjóður leggi þar inn verulega aukið fé. Ég bíð spenntur að heyra svar hæstv. ráðherra varðandi þau áform sem ríkisstjórnin hefur uppi um að bæta úr þessum þáttum.

Virðulegi forseti. Ég vil taka þátt í þeirri umræðu sem hér fer fram um byggðamál. Þó get ég ekki látið hjá líða að gera athugasemd við orð hæstv. iðnaðarráðherra þegar hann ræðir um byggðamál með því að ýja að gömlum frösum um að þetta sé ekkert sérstakt hugðarefni landsbyggðarmanna og að fyrst þegar við fáum ráðherra úr 101 Reykjavík þá horfi mál til betri vegar. Þetta er ósanngjörn fullyrðing og á allan hátt röng.

Ég spyr hæstv. ráðherra að því varðandi byggðamálaþáttinn til hvaða ráða hann ætli að grípa varðandi Byggðastofnun. Nú liggur fyrir sú niðurstaða að eiginfjárhlutfall stofnunarinnar er með þeim hætti að það er ekki um neinar frekari lánveitingar að ræða þar út að öðrum kosti en að ríkissjóður leggi þar inn verulega aukið fé. Ég bíð spenntur

eftir að heyra svar hæstv. ráðherra um þau áform sem ríkisstjórnin hefur uppi varðandi það að bæta úr þessum galla.

[15:46]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Þetta er athyglisverð umræða. Fyrst vil ég vekja athygli á því að lengi vel voru byggðamálin í forsætisráðuneytinu og ég minnist þess ekki að í því ráðuneyti hafi verið þingmaður sem hafi kennt sig við kjördæmi utan 101. En að því slepptu vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og vænti þess að út úr þeirri vinnu sem hann kynnti komi góð áætlun.

Áætlun um byggðamál er geysilega mikilvæg. En ég vil jafnframt vekja athygli á því að ef til vill eru mikilvægustu byggðaáætlanirnar áætlanir sem tengjast samgöngumálum þ.e. samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, ferðamálaáætlun, áætlun um öryggismál sjófarenda og áætlun um öryggi á þjóðvegum landsins. Þetta eru allt saman áætlanir sem gera ráð fyrir framkvæmdum við uppbyggingu innviða og hafa ekki komið hingað til þingsins (Forseti hringir.) svo heitið geti á þessu kjörtímabili. (Forseti hringir.) Ég er út af fyrir sig ánægður með það því þá standa þær (Forseti hringir.) áætlanir sem ég lét vinna og voru samþykktar hér og hafa mikið gildi. (Forseti hringir.) En ég hef átt von á því að þær kæmust til skoðunar.

[15:47]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að hér skuli vera tvö holl. En það skiptir mestu máli að það sé ekki umræðupólitík heldur athafnapólitík og að menn leggi fram ákveðnar hugmyndir og sýni það sem þarf til að styrkja landsbyggðina. Það er ekki bara ósmekklegt af hæstv. iðnaðarráðherra að tala niður til landsbyggðarmanna með því að telja að það sé hagsmunamál þeirra einna að landsbyggðinni sé sinnt því það eru hagsmunir allra landsmanna og 101 kemur ekkert þar við sögu nema síður sé.

Það verður að horfast í augu við staðreyndir. Þetta er baráttumál þar sem landsbyggðin hefur verið skilin eftir um árabil og hefur tekið mörg áföll á sig. Þess vegna eru vandamál í dag kannski minni þar en á höfuðborgarsvæðinu en það réttlætir (Forseti hringir.) samt ekki afskiptaleysi stjórnvalda til landsbyggðarinnar.

[15:49]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ég vil taka undir orð þeirra sem hafa lagt áherslu á Byggðastofnun og að unnar séu byggðaáætlanir og staðið við þær. Í góðærinu undanfarin ár, í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar, hefur verið of mikið um að menn hafi lagt fram byggðaáætlanir en ekki staðið við nema lítinn hluta af þeim. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Það er því miður ekki rangt.

Það að við skyldum horfa upp á það að heilu landshlutarnir bjuggu við neikvæðan hagvöxt meðan þenslan í öðrum landshlutum fór upp úr öllu valdi var því miður stjórnarstefna Sjálfstæðisflokksins. (**ArnbS:** Byggðamálin voru nú ekki hjá Sjálfstæðisflokknum.) Það var stjórnarstefnan samt.

Því finnst mér mjög mikilvægt núna þegar horft er til aðgerða til að tryggja atvinnu í byggðum landsins að horft sé til þeirra svæða sem báru skarðan hlut frá (Forseti hringir.) borði í þenslunni, að þau séu þá ekki hin fyrstu sem taka á sig líka skerðinguna í (Forseti hringir.) kreppunni. Og ég treysti hæstv. iðnaðarráðherra til að beita sér af alefli í þeim efnum.

[15:50]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka ráðherra fyrir svörin svo langt sem þau náðu. En það verður auðvitað að lýsa ákveðnum vonbrigðum með að ekki eigi að leita samráðs við undirbúning að byggðaáætlun sem verður lögð fyrir þingið. Ég held að með þeim hætti verði hægt að ná mun heildstæðari vinnu við það efni sem við þurfum virkilega að takast á við.

Við verðum að taka upp nýtt verklag við gerð byggðaáætlunarinnar, ég held að það sé algjörlega augljóst. Hún verður að vera unnin með þeim hætti að menn viti nákvæmlega að hverju þeir ganga. Hvar hægt sé að sækja styrki til ákveðinna verkefna til að mynda og hver stefna stjórnvalda og þingsins nákvæmlega sé í þessum málaflokki.

Byggðaáætlun á að veita yfirsýn yfir allan málaflokkinn og það er okkar verkefni að tryggja að svo sé. Hér verður að tryggja gegnsæi og að menn viti nákvæmlega um hvað byggðamálin fjalla og hvernig menn ætli að standa að þeim. Hver stefna stjórnmála er nákvæmlega upp á punkt og prik og hvernig þeim peningum er varið sem eiga að ganga til málaflokksins. Við verðum að vinna þetta allt saman vel og það skiptir máli hvernig farið er með fé og krafan um að það sé gegnsætt er mjög rík.

Óskilgreindir pottar og sjóðir eru ekki vel til þess fallnir. Skilgreiningar þurfa að vera skýrar. Markmiðin þurfa að vera skýr og framlögin skýr. Þess vegna hef ég kallað eftir því í skriflegri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvernig framlögum undanfarinna ára hefur verið varið, þeim framlögum sem menn hafa ætlað til þess að efla og styrkja byggð, hvort þau framlög hafi skilað sér til málaflokksins. Ég held að það skipti mjög miklu máli að við sjáum það.

[15:52]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Það getur vel verið að einhverjum hv. þingmönnum, eins og hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni og fleirum, þyki á einhvern hátt vegið að landsbyggðinni með því að vekja eftirtekt á því hér að byggðamálaráðherra úr 101 hefur bara ekkert staðið sig verr en fyrri byggðamálaráðherrar. Og hann hefur ekki látið landsbyggðina sitja á hakanum. Hví segi ég þetta? Vegna þess að hv. þingmenn, að vísu ekki úr þessum ágæta flokki, rifu sig niður í rass hér á sínum tíma (Gripið fram í.) þegar í ljós kom að byggðamálaráðherra var skipaður úr 101 og töldu að með því væri verið að fórna hagsmunum landsbyggðarinnar.

Eitt get ég fullvissað hv. þingmann um og það er að sá byggðamálaráðherra sem hér stendur lætur landsbyggðina ekki sitja á hakanum nema síður væri. Það er enginn málaflokkur sem ég ver jafnmiklum tíma í og sem ég hef haft jafngaman af og uppskorið jafnmikið vanþakklæti fyrir að

sinna og einmitt byggðamálin. Mér þykir einfaldlega vænt um landsbyggðina og ég hef haft ómælt gaman af að kljást við þau erfiðu viðfangsefni sem þar er að mæta.

Þegar hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir talar um óskilgreinda potta og sjóði. Eru það hinir óskilgreindu pottar og sjóðir sem ég og fyrrverandi landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra börðumst fyrir, t.d. til þess að styrkja og efla vaxtarsamninga á landsbyggðinni? Til þess að búa til nefndir? Til þess að framkvæma ákvarðanir Vestfjarðanefndarinnar og setja upp Norðausturnefndina og Norðvesturnefndina? Það getur vel verið að það sé það sem hv. þingmaður á við.

En ég segi bara að sú ríkisstjórn sem ég var í nú undir síðustu mánaðamót stóð sig mjög vel í byggðamálum og þar lögðust allir menn á þá sveif.

Hitt er bara ljóst sem ég vil ítreka hér að það hefur verið pólitískt samráð. Það má auðvitað segja að það sé ekki síður ávinningur þeirra ríkisstjórna sem áður sátu en það gerðist alla vega í tíð byggðamálaráðherra úr 101 (Forseti hringir.) að það var í fyrra í fyrsta skipti í áratugi sem þróunin snerist við og það er bara í gadda slegið í tölum. (**Gripið fram í:** Í stjórnarforustu hverra?)

Umræðu lokið.

[15:55]

Útbýting:

Fjárframlög til ferðamála á árunum 1998–2009, 324. mál, fsp. StB, þskj. 560.

Uppbygging og rekstur fráveitna, 187. mál, nál. umhvn., þskj. 558; brtt. umhvn., þskj. 559.

Upplýsingar seðlabankastjóra um aðgerðir breskra stjórnvalda, 326. mál, fsp. RÓ, þskj. 562.

Þróun raforkuverðs í dreifbýli og þéttbýli, 325. mál, fsp. JBjarn, þskj. 561.

Fundi slitið kl. 15:56.

---

84. FUNDUR

fimmtudaginn 19. febrúar,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Heilbrigðismál, munnleg skýrsla heilbrigðisráðherra.
3. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl., stjfrv., 321. mál, þskj. 553. — 1. umr.
4. Aðför, nauðungarsala og gjaldþrotaskipti, stjfrv., 322. mál, þskj. 554. — 1. umr.
5. Uppbygging og rekstur fráveitna, stjfrv., 187. mál, þskj. 230, nál. 558, brtt. 559. — 2. umr.
6. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, frv., 317. mál, þskj. 549. — 1. umr.
7. Kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna, frv., 273. mál, þskj. 490. — 1. umr.
8. Stjórnarskipunarlög, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
9. Þríhnjúkahellir, þáltill., 68. mál, þskj. 68. — Fyrri umr.
10. Listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis, frv., 100. mál, þskj. 107. — 1. umr.
11. Eignarhald og varðveisla listaverka ríkisbankanna, þáltill., 102. mál, þskj. 109. — Fyrri umr.
12. Virðisaukaskattur, frv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.
13. Framleiðsla köfnunarefnisáburðar, þáltill., 110. mál, þskj. 118. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest. (19.2.)

Fjarvistarleyfi:

Björgvin G. Sigurðsson, 2. þm. Suðurk.
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
Pétur H. Blöndal, 6. þm. Reykv. n.

Tilkynning um inngöngu í þingflokk.

[10:32]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Borist hefur bréf frá Jóni Magnússyni, 10. þm. Reykv. s., um að hann hafi gengið í þingflokk Sjálfstæðisflokksins.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Tónlistar- og ráðstefnuhús.

[10:32]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég kem upp til að beina ákveðnum spurningum til hæstv. menntamálaráðherra en um leið vil ég hrósa ríkisstjórninni sérstaklega fyrir að halda áfram því mikilvæga og brýna verkefni sem eru framkvæmdir við tónlistar- og ráðstefnuhúsið. Mér finnst ríkisstjórnin hafa haldið vel á málum hvað þetta mál varðar. Undirbúningur hefur staðið yfir um nokkurn tíma og það var alveg ljóst að það var markmið bæði síðustu ríkisstjórnar og núverandi, sem er vonandi í dag að klára verkið ásamt borginni, að halda áfram þessum mikilvægu framkvæmdum.

Við skulum átta okkur á því að ef verkið yrði stöðvað mundi það kosta marga milljarða að koma því af stað að nýju fyrir utan það að í því mikla atvinnuleysi sem nú er gætu 600 manns fengið störf að nýju við þessa framkvæmd, 200 hjá aðalverktakanum og um 400 manns hjá undirverktaka. Það munar um minna einmitt á þessum tímum þegar mikið atvinnuleysi ríkir í landinu. Auk þess er þetta auðvitað mikilvæg fjárfesting til framtíðar, ekki bara glæsileg og

góð umgjörð fyrir okkar góðu sinfóníuhljómsveit sem hefur unnið glæsta og mikla sigra á erlendri grundu, heldur ekki síður fyrir ferðamálaráðherrann. Ég man að við vorum sammála um það í síðustu ríkisstjórn að halda áfram þessu mikilvæga verki því að vaxtarbroddurinn er m.a. í ferðaþjónustunni. Þess vegna er mikilvægt að ríkisstjórnin ætli að halda áfram því verki að koma tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í gang að nýju. Markmiðið með því að halda áfram með verkið var auðvitað að koma í gang þeirri starfsemi sem ætluð er í húsinu án þess þó að breyta framlagi ríkis og borgar. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn viti að það er ekki verið að breyta fyrirætlunum sem lágu fyrir um framlag ríkis og borgar heldur er ætlunin að fara inn í sama fyrirkomulag og hefur ávallt legið fyrir. Ég vil sérstaklega nýta þetta tækifæri og hrósa hæstv. menntamálaráðherra fyrir þetta (Forseti hringir.) framlag hennar í þágu atvinnumála en ekki síður í þágu menningarmála og ferðaþjónustu.

[10:35]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hlý orð í minn garð í þessari fyrirspurn. Ég held að þó að þessi framkvæmd sé auðvitað stór og mikill biti þá stöndum við líka frammi fyrir því að það er dýrara að klára ekki húsið en að geyma það fyrir utan það að hálfklárað hús í miðborg Reykjavíkur yrði ekki fýsilegur minnisvarði, að mínu mati, um þá tíma sem við göngum nú í gegnum eins og stundum hefur verið nefnt.

Það er rétt að hér hanga 600 störf á spýtunni. Það fer auðvitað mikið fé í húsið en því má ekki gleyma, eins og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir nefndi áðan, að ekki er verið að auka skuldbindingar ríkis eða borgar, þær haldast óbreyttar í framlagi á ári til hússins. Það er líka mikilvægt að muna að þetta er gamall draumur og við þessa byggingu var farið í það að reisa mjög glæsilegt hús en það verður líka reynt að spara sem mest má í útfærslum. Ég vil líka minna á að það verður reynt, gangi þetta eftir, að vísa verkinu að eins miklu leyti og unnt er til innlendra starfskrafta sem er mjög mikilvægt á þeim tímum sem við nú lifum.

Reykjavíkurborg fjallar um málið á þessari stundu, að því er mér skilst, og vonandi mun það geta gengið eftir á þennan hátt. Það verður líka hægt á framkvæmdum ef þetta gengur eftir, unnið verður á dagvöktum, og þannig nýtist þetta tækifæri líka til að viðhalda störfum auk þess að efla menningarstarf í landinu.

[10:36]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Það er ekki eins og þetta hús og þessi hugmynd sé einhver nýlunda, fólk hefur víða í þjóðfélaginu unnið að þessu verki í áratugi og er því fagnaðarefni að haldið skuli áfram með verkið.

Mig langar til að spyrja hæstv. menntamálaráðherra að því hvenær hún sjái fram á verklok í húsinu. Upphaflega var áætlað að húsið yrði opnað á þessu ári, í lok þessa árs, í síðasta lagi í mars 2010. Það er eðlilegt að framkvæmdum seinki, að menn reyni bæði að nýta fjárskuldbindingar sem best og sýna hagkvæmni í rekstri og í verki, en hvenær sér hæstv. menntamálaráðherra fram á að við getum opnað þessa höll tónlistarinnar og um leið hús fólksins? Hvenær getum við opnað dyr þessa húss fyrir fólkinu í landinu?

[10:37]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Miðað við að hægt verði á vinnuferlinu og verkið unnið á dagvaktatíma og þannig nýtt sem best til atvinnusköpunar þá er unnt að klára húsið á árinu 2011. Framkvæmdinni seinkar þannig um a.m.k. ár en ég held að það sé til þess vinnandi líka til að nýta hana sem mest í atvinnusköpun. Ég vona að þetta hús verði stolt íslensks almennings og ég veit að listamenn binda miklar vonir við húsið, þetta er draumur sem er að rætast fyrir marga listamenn.

Setning neyðarlaganna.

[10:38]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Í dag hef ég áhyggjur eins og svo marga aðra daga en á skömmum tíma hafa verið sett tvenn lög á Alþingi sem virðast brjóta gegn stjórnarskrá. Er þar um að ræða lög nr. 125/2008, svokölluð neyðarlög, og breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki.

Nú geta orðið slys og þau eiga sér stað hér hjá okkur en þau lög sem ég vitna til voru sett og afgreidd í þinginu þó að menn vissu að líklega stönguðust þau á við stjórnarskrá og það finnst mér alvarlegt mál, virðulegi forseti.

Nú þegar hefur fallið dómur í héraðsdómi um að breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki stangist á við 70. gr. stjórnarskrárinnar. Í þeim dómi kemur fram að aðstæður í efnahagsmálum geti ekki réttlætt frávik frá stjórnarskrá með því að vísa í stjórnskipulegan neyðarrétt. Neyðarlögin voru sett í skjóli stjórnskipulegs neyðarréttar sem fræðimenn eru ekki sammála um að sé raunverulega fyrir hendi, enda er slíkum rétti yfirleitt beitt í tengslum við stríð. Hér á landi hefur slíkum rétti verið beitt í þrígang, í öllum tilvikum á stríðsárunum og við aðstæður tengdar hernaðaraðgerðum.

Talið er að neyðarlögin kunni að brjóta gegn fleiri en einu stjórnarskrárákvæði og hafa verið nefnd í því samhengi jafnræðisregla, meðalhófsregla, atvinnufrelsisákvæði og eignarréttarákvæði. Mig langar því að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvert mat hennar er á setningu þessara laga, hvort Alþingi hafi með setningu neyðarlaganna bakað sér hugsanlega skaðabótaábyrgð eða hvort hún telji að stjórnskipulegur neyðarréttur sé til og honum sé hægt að beita í þessu tilviki.

[10:40]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegur forseti. Stórt er spurt. Ég hef ekki álitið það vera hlutverk mitt að skoða einmitt þessi atriði hvað setningu laga varðar sem sett voru fyrir áramót. Vissulega veit ég að það eru álitaefni sem tengjast setningu þessara laga en ég held að það verði að koma í ljós hvort einhver tiltekin ákvæði brjóta gegn stjórnarskrá eða ekki. Það verði að koma í ljós í einstökum málum og þá verði að skoða það sérstaklega en ég held að ekki sé hægt að segja það hér og

nú í óundirbúnum fyrirspurnum að þessi lög brjóti í bága við stjórnarskrá. En ég held í rauninni að það sé mjög mikilvægt að virða stjórnarskrána á tímum sem þessum. Það hefur komið upp í umræðum að nú eigi að gera ýmsa hluti, nú eigi ekki að virða stjórnarskrána, nú eigi að taka til hendinni og gera ýmislegt. Ég held að akkúrat á svona tímum hafi stjórnarskráin gildi, hún skýtur stoðum undir okkar samfélag sem ég held að við verðum að treysta á.

[10:41]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég skil mætavel að hæstv. dómsmálaráðherra vilji ekki fella dóma í þessum sal enda er það ekki hlutverk hennar. En ég vil halda aðeins áfram með þetta mál vegna þess að í 6. gr. neyðarlaganna var rétthæð krafna riðlað þar sem innstæðueigendur voru teknir fram fyrir aðra kröfuhafa í röðinni og þar er m.a. um að ræða erlenda kröfuhafa sem áttu mikilla hagsmuna að gæta. 6. gr. varð þannig afturvirk og stórkostlega íþyngjandi án þess að minnst væri á stjórnskipulegan neyðarrétt eða þessi grein skýrð að neinu leyti í lögskýringargögnum.

Almennt er talið að þegar úrlausnir vegna afturvirkra laga koma til skoðunar sé um annað tveggja að ræða, að þeim er vikið til hliðar eða þau teljast standast gegn því að bætur séu greiddar. Þá verður ekki séð að málefnaleg rök liggi að baki þessari riðlun rétthæðar krafna og ekki verður séð að eðlilegt samræmi sé á milli þess markmiðs sem stefnt er að og þeirra aðferða sem notaðar voru. Því langar mig til að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra aftur annarrar spurningar sem varðar það hvort hún telji ekki eðlilegt að við setjum eitthvert ákvæði um stjórnskipulegan neyðarrétt í nýja stjórnarskrá þegar við skrifum hana á komandi mánuðum.

[10:43]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég tel að það geti allt verið til skoðunar í þessum efnum en ég vil samt minna á að það er ekki hlutverk framkvæmdarvaldsins að ákveða það að ákvörðun löggjafans sé andstæð stjórnarskrá. Þetta verða dómstólar að skera úr um.

Umferðaröryggismál.

[10:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vildi nota tækifærið og spyrja hæstv. samgönguráðherra út í mál sem ég veit að allir eru sammála um að er vandmeðfarið en hefur verið nokkuð í umræðunni núna og því skiptir máli að heyra hvernig hæstv. samgönguráðherra heldur á því. Þar er ég fyrst og fremst að vísa í umferðaröryggismálin. Við þekkjum að það eru breyttar aðstæður í íslensku samfélagi. Við þurfum að endurskoða áætlanir sem voru uppi og það er auðvitað mjög vandratað og snúið og ég öfunda í sjálfu sér hæstv. ráðherra ekki af því að þurfa að taka á þeim málum. Það eru hins vegar uppi miklar yfirlýsingar um að hætt verði við alla kynningu og áróður þegar kemur að umferðaröryggismálum. Það eru margar hliðar á því máli. Tjónið sem umferðin veldur er alveg gríðarlegt en við höfum verið að þoka okkur í rétta átt hvað þessi mál varðar. Fyrrverandi hæstv. samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, beitti sér fyrir því, eftir að ég hafði frumkvæði að því í þinginu, að farið var af stað með verkefni um öryggisúttekt á umhverfi vega, og væri kannski ágætt að hæstv. ráðherra færi yfir í leiðinni hvernig þau mál standa. Það var mjög gott og þarft framtak. Það liggur fyrir að í þessum málum eru mörg verkefni fram undan ef við ætlum að ná þeim árangri sem við erum öll sammála um. Ég ætla ekki að fara úr í afleiðingar umferðarslysa, þau eru skelfileg, bæði tilfinningalega og líka sem kostnaður fyrir samfélagið. Ég veit að allir þingmenn hér inni og þjóðin öll fylgist með þessu máli af áhuga og ég vildi því heyra fyrirætlanir hæstv. samgönguráðherra hvað þessi mál varðar í tengslum við fjárlögin.

[10:45]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta mál hér upp en til að bæta því við sem ekki kom fram í ræðu hans, þá var það við gerð fjárlaga í tíð síðustu ríkisstjórnar sem þurfti að skera niður í samgönguráðuneytinu, eins og öðrum ráðuneytum. Þar var skorið niður framlag til Umferðarstofu og ýmissa annarra stofnana á vegum samgönguráðuneytisins. Hins vegar var það frá fjármálaráðuneyti gert að svokallað umferðaröryggisgjald eða ígildi þess, 70 millj. kr., var fært til og tekið út. Með það höfum við unnið síðan.

Ég vil taka skýrt fram, virðulegi forseti, að engin ákvörðun hefur verið tekin um að skera niður fjárveitingar til áróðursmála, ef ég má nota það orð, auglýsinga og annars slíks. Svokallað umferðaröryggisráð, sem í eru ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytisins, vegamálastjóri, ríkislögreglustjóri og forstjóri Umferðarstofu, hefur fundað um málið og þar náðist ekki samkomulag um leiðir. Allir pössuðu sitt og enginn vildi láta neitt frá sér. Tökum sem dæmi umferðareftirlitsmál, sem eru inni með 76 millj. kr., ákveðinn aðili vildi ekki hreyfa það. Til að útrýma svartblettum voru 250 milljónir inni, ákveðinn aðili vildi ekki hreyfa það. Málinu er því ekki lokið.

Þess vegna finnst mér mjög alvarlegt hvernig forustumenn Umferðarstofu geystust fram með málið til að skapa umræðu og óþarfa ótta. Virðulegi forseti, þess vegna segi ég að málinu sé ekki lokið og sennilega stendur nákvæmlega núna yfir fundur í umferðaröryggisráðinu til að fara yfir þetta og vega það og meta.

Það er rétt sem hefur komið fram að á síðasta ári og síðustu ár hefur í (Forseti hringir.) kringum 70 millj. kr. verið eytt í áróðursmál í fjölmiðlum. (Forseti hringir.) Ég kem kannski betur að því í seinna svari mínu.

[10:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið og held að líka sé mikilvægt að skýrt komi fram að hér hafa ekki verið teknar ákvarðanir um að hætta við allan umferðaráróður eða áróður gegn umferðarslysum. Það er mjög mikilvægt og ég treysti hæstv. ráðherra til að vinna vel úr

þessum málum.

Það er líka rétt sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra að máli skiptir hvernig forstöðumenn stofnana ræða um þessa hluti því að engin ástæða er til að búa til óþarfa áhyggjur. Hins vegar er þetta mál þess eðlis að mjög mikilvægt er að við ræðum það hér því að umræðan er þörf. Umferðarslys eru afskaplega mikill skaðvaldur í íslensku samfélagi, ljóst er að við þurfum að standa okkur betur þegar kemur að umferðaröryggismálum varðandi hönnun mannvirkja og hvernig við byggjum okkur upp á samgöngusviðinu. Ég treysti því að hæstv. ráðherra fylgi því eftir.

[10:49]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Bara til að halda því til haga, þá er við allar nýframkvæmdir við hönnun auðvitað horft til þess að gæta að umferðaröryggismálum og fjölmargar framkvæmdir í hinni stóru samgönguáætlun eru framkvæmdir þar sem verið er að taka á öryggismálum.

Svo ég klári það sem ég ætlaði að segja hér áðan, virðulegi forseti, þá hefur þetta snúist um þær 70 milljónir sem eytt var í áróðursmál, auglýsingar og annað slíkt. Þær hafa skipst þannig, ef ég man rétt, á síðasta ári og undanfarin kannski tvö ár, að einum 25–30 milljónum hefur verið varið í hönnun og gerð auglýsinga á hönnunarstofum o.s.frv. Hitt hefur svo verið sett í fjölmiðla í auglýsingakostnað, skipt niður á blöð og ljósvakamiðla.

Athyglisvert er, virðulegi forseti, að á fundi í gær kom fram í ráðuneytinu frá einum aðila frá Umferðarstofu að það sem gert var fyrir 70 milljónir árið (Forseti hringir.) 2008 væri kannski hægt að fá gert fyrir 25–30 milljónir í ár. (Forseti hringir.) Það voru athyglisverðar upphæðir ef allt í einu er hægt að spara einar 40 millj. kr.

Listaverk í eigu ríkisbankanna.

[10:50]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um afstöðu hans til listaverka sem í dag eru í eigu nýju ríkisbankanna þriggja. Þau munu vera um fjögur þúsund talsins. Um 1.700 verk voru í eigu Landsbankans gamla, um 1.200 í eigu Kaupþings og tæplega 1.100 í eigu Glitnis og eftir því sem ég best veit eru öll þessi listaverk nú í eigu nýju bankanna þriggja og þar með í ríkiseigu.

Fyrir þinginu liggja tvö þingmál sem varða þetta eignarhald, annars vegar frumvarp sem er á dagskrá í dag, þar sem kveðið er á um það að listaverkin verði eign ríkisins, og hins vegar tillaga til þingsályktunar, efnislega um það sama. Samtals eru fimm þingmenn flutningsmenn að þessum tveimur þingmálum. Af þeim eru tveir nú orðnir ráðherrar, hæstv. félagsmálaráðherra og hæstv. umhverfisráðherra, og ljóst að innan þingsins er töluverður stuðningur við það sjónarmið að listaverk verði í eigu þjóðarinnar og ekki verði tekin frekari áhætta en orðið er á að hafa þau í eigu bankanna, sem munu þegar fram líða stundir verða seldir úr höndum ríkissjóðs.

Ég vil því spyrja hæstv. menntamálaráðherra, fyrst hann hefur nú stöðu til að breyta frá orðum til athafna hvort hann muni beita sér fyrir því að þessi listaverk verði gerð að eigu þjóðarinnar.

[10:52]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir þessa fyrirspurn. Í raun má segja að þegar bankarnir voru einkavæddir á sínum tíma hafi listaverkaeign þeirra komið tiltölulega seint upp í þeirri umræðu og kom kannski sumum á óvart að listaverkin hefðu fylgt bönkunum. Nú þegar bankarnir eru komnir í ríkiseigu liggur hins vegar fyrir að færi er á því að endurskoða þetta mál og ég legg mikla áherslu á það að þegar gengið verður frá skilum gömlu og nýju bankanna og eiginfjárreikningar nýju bankanna verða tilbúnir liggi fyrir í því samkomulagi viðauki um að listaverkin færist í eigu ríkisins. Það er afstaða mín í þessu máli enda geyma bankarnir hluta af listasögu þjóðarinnar og hafa reyndar séð mjög vel um listaverkin og geymt þau vel, haldið vel utan um þau og ítarlegar skrár hafa verið gerðar, a.m.k. í sumum bankanna.

Ég tel hins vegar eðlilegt þar sem þessi verk eru hluti af listasögu þjóðarinnar að við gerum tilraun til að reyna að fá þau aftur í þjóðareigu.

[10:54]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það hjá hæstv. menntamálaráðherra að fyrri eigendur gömlu bankanna stóðu sig vel í því að geyma listaverkasöfn sín og efla þau. Ég tel það vel koma til greina að verði það að ráði sem lagt er til, að þessi söfn verði í eigu þjóðarinnar og ríkisins, verði bönkunum falið að varðveita þau og sýna. Þeir hafa sýnt að þeim er vel treystandi til þess. Jafnvel þó að síðar verði aðrir eigendur má semja við þá um það.

Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin. Ljóst er að hjá honum er vilji til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Það er líka ljóst að hann hefur stuðning a.m.k. tveggja annarra ráðherra í málinu og að innan þingsins er verulegur stuðningur við þetta mál þannig að ég vænti þess að það takist að leiða það til lykta á þessu þingi, fyrir kosningar.

[10:55]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að vel kemur til greina að bankarnir sýni verkin áfram og reyndar eru mörg listaverk orðin órjúfanlegur hluti af sumum útibúum bankanna, verði þau áfram starfandi. Ég nefni bara gamla Búnaðarbankann í Austurstræti og listskreytingarnar í þeim sal og það sama mætti segja um Landsbankann og Glitni.

Ég held að mjög mikilvægt sé að við reynum að ná þessu máli í gegn um leið og gengið verður frá nýjum eiginfjárreikningi nýju bankanna og þetta fylgi með í samningunum.

Starfsemi Byggðastofnunar.

[10:56]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Mikið er rætt um að það beri að leggja áherslu á tillögur til bóta fyrir fjölskyldur og atvinnulíf í landinu og ég vil eiga orðastað við hæstv. iðnaðarráðherra um þátttöku Byggðastofnunar í þeim málum. Hér var í gær á hinu háa Alþingi ágæt umræða um byggðaáætlun en ekki auðnaðist að ljúka svörum við öllum þeim atriðum sem þar voru til umræðu. Eitt af því sem þar var nefnt er að undanfarið hafa staðið yfir viðræður á milli iðnaðarráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins um hvort unnt sé að Byggðastofnun verði undanþegin skilmálum varðandi regluverk fjármálastofnana. Nú hefur niðurstaða orðið um að svo er ekki þannig að í ljósi eiginfjárstöðu stofnunarinnar er hún í miklu uppnámi. Að öllu óbreyttu mun Byggðastofnun ekki vera fær um að stunda lánastarfsemi, sem mörg smærri fyrirtæki og atvinnurekstur um allt land hafa reitt sig á í því árferði sem verið hefur undanfarin ár og eru í raun háð stofnuninni um fjárhagslega fyrirgreiðslu til að ná að stunda atvinnurekstur sinn.

Ég óska eftir því að hæstv. iðnaðarráðherra, sem upplýsti það hér í gær í umræðum að hann hefði átt mjög gott samstarf og náð miklum árangri í fyrra ríkisstjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn — og ég þakka sérstaklega fyrir þau hrósyrði sem þar komu fram. Þetta er sennilega í fyrsta skipti eftir að hin nýja ríkisstjórn tók við völdum að fyrri samstarfsflokki Samfylkingarinnar er hrósað fyrir samstarf í ríkisstjórn og það ber að virða og kærar þakkir fyrir það — svari þessari spurningu:

Hvernig verður lánastarfsemi Byggðastofnunar háttað á næstu mánuðum í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin?

[10:58]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að ég hef ekkert skorið við nögl hrósyrði um þá sem ég starfaði með í fyrri ríkisstjórn og átti gott samstarf við í sambandi við byggðamál. Ég átti ákaflega gott samstarf t.d. við ráðherra Sjálfstæðisflokksins, ekki síst hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, þegar ég tók við því embætti. Þá var staðan sú að Byggðastofnun var lens. Heldur betur þurfti að slá undir hana nýju fjármagni til að hún gæti tekist á við þann mikla vanda sem þá blasti við.

Frá því er skemmst að segja að það tókst og Byggðastofnun tókst með atfylgi sínu að koma í veg fyrir að fjöldagjaldþrotin, sem spáð var í þessum sölum að yrðu meðal sérstaklega smárra útgerðarfyrirtækja á landsbyggðinni í kjölfar þorsklægðarinnar, yrði að veruleika. Til þess verkefnis fór hin nýja umsvifageta stofnunarinnar, sem samtals nam fast að 10 milljörðum kr. eftir að búið var að slá undir eigið fé hennar sem svaraði 1.200 millj. kr.

Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir að stofnunin er lent í ákveðnum vanda núna, þ.e. eigið fé hennar er komið undir það lögbundna hlutfall sem á að gilda um slík fjármálafyrirtæki. Sömuleiðis er rétt hjá hv. þingmanni að uppi voru hugmyndir, sem reyndar komu fyrst fram frá einum hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins í umræðu hér í fyrra, um að breyta þeim lögum og láta nema við 5%. Það er rétt hjá hv. þingmanni að það er ekki gerlegt, það stenst einfaldlega ekki lög og viðskiptaráðuneytið hefur sent frá sér álit sem mælir gegn því.

Þessi mál eru nú til skoðunar. Ég t.d. hef ekki fengið nákvæma útlistun á því frá endurskoðendum stofnunarinnar hve mikill vandinn er. Við höfum beðið eftir því þessa dagana og þá kemur í ljós til hvaða ráða verður gripið. En ég dreg enga dul á að staðan er mjög erfið. (Forseti hringir.) Þannig er einfaldlega ástandið í þjóðarbúskapnum um þessar mundir, en (Forseti hringir.) við munum grípa til þeirra ráða sem hægt er að grípa til.

[11:00]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka þau svör sem hæstv. ráðherra gaf hér svo langt sem þau ná. Ég ætla það hins vegar að þau dugi ekki þeim forsvarsmönnum fyrirtækja sem bíða eftir svörum frá þeirri stofnun sem hér um ræðir.

Hæstv. ráðherra hafði hér uppi þau orð, þegar hann talaði um ágætt samstarf, m.a. við hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, að stofnunin hefði verið lens. Þá ætla ég að hæstv. iðnaðarráðherra geti í samstarfi við þingmenn og hæstv. ráðherra Vinstri grænna, sem hafa haft uppi mjög stór orð um gildi og mikilvægi þessarar stofnunar — að það liggi þá fyrir einhver vilyrði og samkomulag ríkisstjórnarflokkanna um það með hvaða hætti tekið verði á málefnum þessarar stofnunar. Ég óska eftir því að hæstv. iðnaðarráðherra upplýsi um þau áform sem þar eru á döfinni.

[11:01]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Það hafa fleiri en Byggðastofnun verið lens. Hv. þm. Kristján Þór Júlíusson er búinn að vera lens í þessu máli alveg frá því um mitt síðasta ár. Eins og hv. þingmaður veit, af því hann situr í stjórn stofnunarinnar, þá hefur stofnunin ekki getað sinnt hlutverki sínu við það að lána til fyrirtækja á landsbyggðinni um margra mánaða skeið. Ástæðan var ósköp einföld og hv. þingmanni er fullkunnugt um það.

Það var mjög erfitt fyrir þá stofnun, eins og aðrar stofnanir sem sýsla með fjármál hér á landi, að verða sér úti um fjármagn til þess að geta lánað áfram. Það veit hv. þingmaður. Aldrei opnaði hann munninn um það á meðan hann var í stjórn — (Gripið fram í.) ég man ekki eftir því að hv. þingmaður hafi haft áhyggjur af því.

Nú hefur hann áhyggjur af því og það er alveg hárrétt að þetta er þess virði að hafa áhyggjur. Hv. þingmaður spyr mig hvað við ætlum að gera. Ég segi það bara hreinskilnislega við hv. þingmann að þegar stjórn Byggðastofnunar er búin að láta ráðherrann fá nákvæmar upplýsingar þá grípur hann til ráða. En við bíðum eftir því. Hv. þingmaður situr í stjórn stofnunarinnar (Forseti hringir.) og hann á að vita að við vinnum ekki (Forseti hringir.) nema á grundvelli upplýsinga og ég bíð (Forseti hringir.) eftir því að hv. þm. Kristján Þór Júlíusson (Forseti hringir.) og stjórnin láti mig fá þessar upplýsingar. (Forseti hringir.) Ég vil fá úttekt endurskoðanda míns. Mér dugar ekki svona gaspur (Forseti hringir.) í hv. þingmanni.

(**Forseti** (GuðbH)**:** Ég vil biðja hæstv. ráðherra að virða tímamörk.)

Heilbrigðismál, munnleg skýrsla heilbrigðisráðherra.

[11:03]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Þau þverstæðukenndu tímamót sem við lifum taka á sig einkennilegar myndir og það sem nú þykir sjálfsagt var óhugsandi fyrir jól. Eða eins og sagt var við mig á dögunum: Allt sem sagt var fyrir sex mánuðum er marklaust í dag og hefur glatað merkingu sinni.

Þetta er ein hlið kreppunnar. Önnur hlið hennar er sú að hér stendur nýr heilbrigðisráðherra sem á að gera grein fyrir stöðu heilbrigðismála eftir rúmlega hálfan mánuð í embætti. Einn kostur við þær aðstæður er að fara nokkrum orðum um búið sem hann tekur við. Sem betur fer er það ekki þrotabú. Heilbrigðiskerfið á Íslandi er það ekki eins og við blasir á öðrum sviðum, ýmsum, í bönkunum, í útrásinni og varðandi gjaldþrot frjálshyggjunnar. Heilbrigðiskerfið á Íslandi stendur sem betur fer styrkum stoðum á arfleifð sem menn skópu á 20. öldinni og var byggð á samstöðu og samstarfi. En það eru einmitt þessir þættir sem þarf að virkja að nýju til þess að verja kerfið við þær erfiðu aðstæður sem við búum við.

Þegar talað er um þrotabú frjálshyggjunnar og hvernig það snýr að heilbrigðiskerfinu á Íslandi þá er birtingarmyndin sú á þessu ári að okkur er gert að skera niður um 6.700 millj. kr. Sá hrikalegi efnahagsvandi sem þjóðin stendur frammi fyrir kallar á lausnir. Mér finnst brýnna að taka til hendinni og stuðla að lausn en að horfa til pólitísks uppgjörs. Það munu menn gera í komandi alþingiskosningum.

Hinn 7. janúar sl., stuttu eftir að Alþingi hafði ákveðið að skera niður fjárveitingar til heilbrigðisþjónustunnar, kynnti þáverandi heilbrigðisráðherra ýmsar fyrirætlanir sínar. Hann ætlaði t.d. að gera St. Jósefsspítala, Sólvang, að öldrunarlækninga- og hvíldarinnlagnarstofnun. Sérfræðingum og fagfólki sem þar starfaði og hafði framkvæmt skurðaðgerðir skyldi boðið að byggja upp skurðstofurekstur á Suðurnesjum en sem kunnugt er, og ítrekað kom fram í fréttum, renndu ýmsir fjárfestar hýru auga til þeirra áforma. Síðan átti Landspítalinn að yfirtaka skurðstofurekstur á Selfossi og aðrar breytingar voru fyrirhugaðar á þessu svæði.

Ef við síðan færum okkur út fyrir Elliðaárnar þá var fyrirhugað að sameina Norðurland allt í einni sameinaðri stofnun undir forustu sjúkrahússins á Akureyri, heilbrigðisstofnun Norðurlands. Samsvarandi sameining átti að eiga sér stað á Vesturlandi og hefur þegar verið framkvæmd á Austurlandi. Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja átti að sameina Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem jafnframt tæki við umsjón með samningi sem er í gildi milli heilbrigðisstofnunarinnar á Höfn í Hornafirði og heilbrigðisráðuneytisins. Aðrar breytingar voru fyrirhugaðar, ýmsar, en þær áttu samtals að skila 1.300 millj. kr., 750 millj. kr. á suðvesturhorninu og 550 millj. kr. á landsbyggðinni allri.

Ég hef verið að fara í saumana á þessum útreikningum með sérfræðingum heilbrigðisráðuneytisins og á eftir að skoða þetta enn betur en verð að segja að mér finnst gögnin ekki í öllum tilvikum ýkja sannfærandi. Hitt er ljóst að það verður ráðist í þann niðurskurð og þann sparnað sem Alþingi ákvað með fjárlögum fyrir jólin.

Sumar þessara breytinga eru heppilegar og fullkomlega eðlilegar og ég hef sagt að ég styðji þær. Aðrar er ósætti um og ég hef ákveðið að endurskoða þær ýmsar. Ég vek athygli á því að þessar breytingar byggjast margar hverjar á stefnumótunarvinnu í heilbrigðisráðuneytinu sem fram hefur farið um langt skeið og eru óháðar öllum ráðherrum. Ráðherrar koma og fara en þessi vinna er unnin — og margt í henni er mjög gott — m.a. undir forustu Hallgríms Guðmundssonar sem stýrir stefnumótunarvinnu í ráðuneytinu.

Þessi stefna byggist á því að horfa heildstætt á landið í stað þess að horfa á það í eins konar bútasaumi. Þá er ekki nóg að horfa til samhæfingar og samræmingar á milli stofnana. Menn þurfa einnig að horfa til sjúklinganna, þeirra sem eiga að njóta þjónustunnar. Og menn hafa vakið athygli á því, t.d. Þorvaldur Ingvarsson, lækningaforstjóri á Akureyrarsjúkrahúsinu, á fundi okkar í gær — hann sagði að menn yrðu að horfa til þess þegar sjúklingar þyrftu að ferðast um langan veg og hefðu ekki aðstöðu á þeim stað sem aðgerðir færu fram til að dveljast dögum og hugsanlega vikum saman. Þetta yrði allt að horfa á í samræmi.

Í anda þessarar hugsunar hafa menn verið að skoða ástandið, t.d. hér á suðvesturhorninu. Menn komust að raun um það að framboð á skurðstofuhúsnæði er of mikið miðað við eftirspurn. Ég er sammála því að taka slíka hluti til endurskoðunar. Menn horfa líka til ýmissa ósanninda og leikaraskapar sem er einkennandi í þessu kerfi. Eða skyldu menn gera sér grein fyrir því að vanskil gagnvart Landspítalanum, hrygglengjunni í heilbrigðiskerfinu á Íslandi, nema 550 millj. kr. Vanskil sem iðulega standa á dráttarvöxtum. Það er alls kyns slíkur leikaraskapur og feluleikur í kerfinu sem kallar á uppstokkun.

Ein þeirra stofnana sem skuldar Landspítalanum er St. Jósefsspítali í Hafnarfirði, Sólvangur. Skuldin nemur 60 millj. kr. Það er opinbert leyndarmál og hefur verið fjallað um það á síðum blaðanna undanfarið, m.a. í *Morgunblaðinu* , að sérstakir samningar séu í gildi fyrir læknisverk unnin á St. Jósefsspítala. Aðrir heilbrigðisstarfsmenn sem þar starfa eru á venjulegum kjörum.

Í grófum dráttum er það svo að sérfræðilæknar fá greiðslur fyrir unnin verk á grundvelli samninga sem gerðir eru á milli spítalans og viðkomandi sérfræðilæknis og eru að sjálfsögðu á ábyrgð stjórnar spítalans. Annars vegar eru þetta samningar frá 1997, sem hafa verið í gildi síðan þá, um aðkeypt læknisverk af hálfu spítalans, en einnig eru samningar frá öðrum tíma. En athugun leiðir í ljós að samtals fengu 27 sérfræðingar greitt samkvæmt báðum samningunum árið 2008 og 13 sérfræðingar fengu greiðslur sem eingöngu byggjast á samningi um ferliverk. Aðeins tveir fá greitt fyrir unnin verk sem einstaklingar en aðrir frá greiðslur í gegnum eignarhaldsfélög, sameignarfélög og svokölluð samlagsfélög.

Dæmi eru um að sameignarfélag læknis hafi á árinu 2008 fengið greiddar rúmar 24 millj. kr. Þetta er nettógreiðsla. Viðkomandi læknir eða félag er búið að greiða fyrir aðstöðuna og starfshlutfallið er rúmlega 60%

með þeim fyrirvörum sem verður að hafa á um það þegar litið er til starfshlutfallsins en þetta eru stærðargráðurnar. Dæmi eru um að einkahlutafélag læknis hafi fengið greiddar 3 millj. kr. á árinu 2008 fyrir 10% starfshlutfall. Ég finn til mikillar samstöðu með þeim sem vilja halda uppi þjónustunni í Hafnarfirði en fyrirkomulag af þessu tagi gengur ekki og mér er óskiljanlegt að svona kerfi skuli hafa fengið að blómstra án þess að forverar mínir skuli hafa tekið á þessu. Ekki nóg með það. St. Jósefsspítali safnar vanskilaskuldum við Landspítalann sem ræður fólk á allt öðrum kjörum en hér er um að ræða. Halló, kallar fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég er hérna með þessar tölur og hann hefur ekki tekið á þessum vanda.

Ég hef í dag sent út erindi þar sem nefnd er skipuð fulltrúum Hafnarfjarðarkaupstaðar, hollvinasamtaka St. Jósefsspítala, og síðan sérfræðingum til þess að leggja fram tillögur sem eiga að vera tilbúnar eigi síðar en 12. mars nk. þar sem starfsemin á St. Jósefsspítala og starfsemi Landspítalans verði samhæfð með það í huga að tryggja framtíð St. Jósefsspítala. En ýmsar forsendur eru þar lagðar til grundvallar. Starfsfólki á ekki að segja upp störfum við þær breytingar sem hugsanlega verður ráðist í og læknum verður boðið upp á sambærileg kjör og tíðkast hjá starfssystkinum á Landspítalanum. Þetta er grundvallaratriði. Samhliða þessu hef ég ákveðið að ganga til samningaviðræðna við Hafnarfjarðarbæ um að færa heilsugæsluna og færa heilbrigðisþjónustuna í ríkari mæli til bæjarins eins og bæjaryfirvöld hafa margítrekað óskað eftir.

Varðandi breytingar á Norðurlandi þá fór ég í gær og í fyrradag um Norðurland og ræddi við sveitarstjórnarmenn, ræddi við forsvarsmenn heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra og á Norðurlandi eystra. Niðurstaðan úr þeirri ferð er ákvörðun sem er eftirfarandi: Ekki verður hreyft við fyrirkomulaginu á Norðurlandi vestra hvað varðar Hvammstanga, hvað varðar Blönduós og hvað varðar Sauðárkrók. Á Eyjafjarðarsvæðinu verður hins vegar keyrt á sameiningu. Þá er verið að horfa til Siglufjarðar, Ólafsfjarðar, Dalvíkur og Akureyrar. Húsavík verður ekki þvinguð inn í slíka sameiningu enda er byggt á vilja fólksins á hverjum stað. Það er hlustað á sveitarstjórnarmenn og það er hlustað á forsvarsmenn þessara stofnana. Varðandi breytingar á Vesturlandi og Suðurlandi þá hyggst ég heimsækja þær byggðir á komandi dögum og endanlegar ákvarðanir verða ekki teknar fyrr en að þeim heimsóknum loknum.

Hæstv. forseti. Þá eru það lyfjamálin. Forveri minn í starfi lýsti því yfir í *Morgunblaðinu* nýlega að ég skreytti mig með stolnum fjöðrum. Stór hluti aðgerða núverandi heilbrigðisráðherra hafi þegar verið kominn í framkvæmd. Þetta er haft eftir fyrrum heilbrigðisráðherra, hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni. Við skulum fara aðeins í saumana á þessu.

Ég vil segja það við hv. þingmann að það er fjarri mér að bregða mér í þann búning sem hann ætlar. Það er fjarri mér að reyna að líma á mig einhverjar fjaðrir enda færi þá væntanlega fyrir mér eins og Buster Keaton í frægri gamanmynd. Hann hló og baðaði út vængjunum en komst aldrei á loft. Forveri minn hugðist, eins og hann segir í Morgunblaðsgrein, setja heildstæða reglugerð um lyfjamálin. Það gerði hann ekki. Hann ætlaði að sameina heilbrigðisstofnanir víða og breitt um landið. Það gerði hann ekki. Hann ætlaði að taka til í heilbrigðiskerfinu á suðvesturhorninu. Það gerði hann ekki. Hann segir orðrétt í *Morgunblaðinu* um lyfjareglugerðina sem gefin var út 30. janúar sl., með leyfi forseta:

„Þetta var nokkuð sem var búið að vera í undirbúningi lengi og var allt komið inn í reglugerð nema sjúklingaskatturinn og lækkun lyfjakostnaður fyrir atvinnulausa.“

Virðulegi forseti. Annaðhvort hefur hæstv. fyrrverandi heilbrigðisráðherra ekki lesið reglugerðina sem hann gaf út eða þá að hann hefur ekki kynnt sér til hlítar reglugerðina sem ég undirritaði. Af þessu tilefni finn ég mig tilneyddan til að upplýsa fyrrverandi heilbrigðisráðherra eða útskýra fyrir honum muninn á því sem hann sendi til birtingar 30. janúar og reglugerðinni sem ég kynnti tólf dögum eftir að ég tók við embætti.

Reglugerðin sem hv. þingmaður byggði á var ákvörðun Alþingis um að spara Tryggingastofnun 1.000 millj. kr. Reglugerðin sem hv. þingmaður gaf út, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, kvað á um sparnað upp á 100 millj. kr. Sú reglugerð sem ég gaf út tólf dögum eftir að ég tók við embætti fól í sér sparnað upp á 650 millj. kr. Þetta er munurinn. Þetta er einn munurinn í krónum talið.

Síðan er á það að líta að þar er ekki að finna ýmsa veigamikla félagslega þætti sem áhersla var lögð á í mínum breytingum. Þar horfði ég sérstaklega til atvinnulausra. Það er mikill harmleikur að missa atvinnuna og nú hafa 15.000 Íslendingar misst vinnuna. Og reglugerðin sem ég gaf út byggist á ábyrgri velferðarpólitík hvað þennan hóp snertir því að þeir eru teknir út fyrir sviga.

Þetta eru þær áherslur sem við í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur leggjum, við leggjum áherslu á félagslegt réttlæti. (Forseti hringir.) Ég mun, hæstv. forseti, fara nánar í (Forseti hringir.) þessa brotlendingu hæstv. fyrrverandi heilbrigðisráðherra og þær rangtúlkanir og falsanir sem hann hefur (Forseti hringir.) haft uppi um reglugerð í lyfjamálum, bæði hér í þingsalnum og síðan í makalausum yfirlýsingum (Forseti hringir.) sem hann hefur gefið í *Morgunblaðinu*. Ég mun taka þetta mjög nákvæmlega fyrir hér á eftir.

[11:19]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir skýrslu hans um stöðu mála innan heilbrigðisþjónustunnar. Það var vonum seinna því að fyrir rúmum hálfum mánuði óskaði ég eftir utandagskrárumræðu um ráðstöfun heilbrigðisráðherra til að ná markmiðum fjárlaga árið 2009 um lækkun útgjalda í heilbrigðisþjónustunni. Ég fagna því að þessi skýrsla skuli nú flutt. Kannski er ósanngjarnt að fara fram á það við nýjan heilbrigðisráðherra að hann skýri stefnu sína og mótaðar hugmyndir á svo stuttum tíma en ég verð að segja að mér fannst skýrslan frekar rýr í roðinu og beinast með ómaklegum hætti að fyrrverandi heilbrigðisráðherra.

Virðulegi forseti. Töluverð óvissa ríkir á heilbrigðisstofnunum landsins og veldur óþægindum og óróleika meðal starfsfólks. Skilaboð frá hæstv. nýjum heilbrigðisráðherra um hvert skuli stefna eru afar óljós og misvísandi.

Við sem höfum starfað innan heilbrigðisþjónustunnar, og ekki síður þeir sem hafa notið þjónustu hennar, vitum hve mikil verðmæti felast í þjónustunni og hve mikill mannauður er falinn í heilbrigðisstarfsfólki okkar. Með vísan í orðaval sem við þekkjum ef til vill of vel á síðari tímum má fullyrða að fjárfesting í heilsu er arðvænlegasta fjárfesting sem nokkurt samfélag getur gert.

Við viljum öll standa vörð um íslenska heilbrigðisþjónustu og viljum henni vel. Við leitum þangað á viðkvæmustu stundunum í lífi okkar og viljum geta gengið að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu þar sem mannvirðing er höfð í fyrirrúmi. Því er sú staða sem við stöndum frammi fyrir þyngri en tárum taki. Af ástæðum sem við þekkjum vel stöndum við frammi fyrir niðurskurði á fjármagni til heilbrigðisþjónustu sem ekki verður undan skorast. Sá niðurskurður mun reyna á starfsmenn með ýmsum hætti.

Í þeirri vinnu sem fram undan er verðum við að hafa það að leiðarljósi að nauðsynleg þjónusta við sjúklinga standi þeim ávallt til boða og ekki verði dregið úr gæðum hennar. Allar breytingar sem gerðar eru á heilbrigðisþjónustunni þurfa að taka mið af þessum mikilvægu gildum og því að sjúklingurinn sé í fyrirrúmi. Það þarf að gæta þess að þarfir hans stjórni starfi innan heilbrigðisstofnana í stað þess að þjónusta við sjúklinga taki mið af starfsskipulagi og þörfum starfsmanna. Á þessu er ákveðin brotalöm og ég tel að bæði starfsmenn og sjúklingar geti borið vitni um það. Þess vegna verðum við að sjá tækifæri í breytingum því að þær fela í sér möguleika á að hugsa skipulag og starfsemi upp á nýtt þannig að til bóta verði. Mér er kunnugt um að leiðarljós breytinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi til að ná markmiðum fjárlaga er að skoða alla verkferla með hliðsjón af þörfum sjúklinga og það er verðugt verkefni.

Virðulegi forseti. Skömmu fyrir jól voru samþykkt fjárlög fyrir árið 2009. Fjárlagafrumvarpið sem lagt var fram á haustdögum fól í sér að allt að 120 milljörðum kr. yrði varið til reksturs heilbrigðisþjónustunnar á yfirstandandi ári að teknu tilliti til sértekna. Við afgreiðslu fjárlaga var heilbrigðisyfirvöldum á hinn bóginn gert að skera niður um 7 milljarða kr. sem eru mikil viðbrigði fyrir heilbrigðisþjónustuna sem, samkvæmt tölum frá tímabilinu 1995–2005, óx um 5% umfram vísitölu á ári hverju.

Með samþykkt fjárlaga fengu heilbrigðisyfirvöld það verkefni að gera tillögur um nauðsynlegar aðgerðir og breytingar til að ná þessum markmiðum fjárlaga. Meginhugsunin var að standa vörð um grunnþjónustu heilbrigðisþjónustunnar og tryggja að allir hefðu aðgang að sérhæfðri þjónustu og leitast við að veita þjónustu á sem hagkvæmastan máta og nýta fjárfestingar í húsnæði, tækjum og mannafla sem best. Vinna þurfti hratt til að geta hrint aðgerðum í framkvæmd. Þegar í fyrstu viku nýs árs lágu fyrir tillögur fyrrverandi heilbrigðisráðherra til að mæta kröfum fjárlaga og voru þær kynntar starfsfólki og almenningi. Mikilvægt er að benda á að tillögurnar voru unnar í nánu samstarfi við stjórnendur viðkomandi stofnana, þvert á það sem núverandi heilbrigðisráðherra hefur haldið fram. Í kjölfarið fór fram yfirgripsmikil vinna á heilbrigðisstofnunum um allt land í því skyni að útfæra tillögurnar. Þessar tillögur voru tilbúnar til framkvæmda við stjórnarskiptin. Að sönnu voru ekki allir sáttir við tillögurnar, en ekki var heldur við öðru að búast. Breytingar hafa tilhneigingu til að mæta andstöðu, ekki síst ef þær þýða breytingu á starfsskipulagi og starfsmannahaldi, svo ekki sé minnst á breytingu á kjörum.

Virðulegi forseti. Nú er komið fram í miðjan febrúar og starfsfólk heilbrigðisstofnana sem hefur unnið hörðum höndum að boðuðum skipulagsbreytingum er í óvissu. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur þegar tilkynnt að hann ætli að snúa við ákvörðunum fyrrverandi heilbrigðisráðherra, þar á meðal skipulagsbreytingum á kragasjúkrahúsunum svokölluðu. Ég hlýt að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort afturköllun hans á fyrirhuguðum skipulagsbreytingum á kragasjúkrahúsunum þýði að allur þungi niðurskurðar í sjúkrahúsþjónustu eigi að lenda á Landspítalanum. Af því hefur starfsfólk spítalans áhyggjur og krefst svara hæstv. ráðherra. Það væri eins og blaut tuska framan í starfsfólkið sem náði undraverðum árangri í rekstri spítalans á síðasta ári.

Ég spyr einnig hvort hæstv. heilbrigðisráðherra ætli með þessum ákvörðunum sínum að hætta að nota fullkomnustu skurðstofu landsins, sem er á Suðurnesjum, og láta hana vera ónotaða til framtíðar. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur þegar fellt niður innritunargjöld á sjúkrahús, sem Alþingi samþykkti með lagabreytingu fyrir jól og átti að nema um 100 millj. kr. Rök ráðherrans voru einkum þau að ekki ætti að rukka fólk þegar það er orðið veikt. Sjúkrahús eigi að vera gjaldfrí svæði, eins og haft var eftir hæstv. heilbrigðisráðherra á fundi á Landspítala fyrr í vikunni. Hvað segir þá hæstv. heilbrigðisráðherra um sértekjur sjúkrahússins upp á 2,7 milljarða kr., en stór hluti þeirra eru komugjöld sjúklinga vegna þjónustu sem þeir fá á spítalanum án innlagnar. Er hæstv. heilbrigðisráðherra að leggja til að fella þessi gjöld niður? Hvernig fellur það saman við markmið fjárlaga um 7 milljarða kr. niðurskurð í heilbrigðisþjónustunni? Ég bendi á í því samhengi að komugjöld eða hlutur sjúklinga í kostnaði við heilbrigðisþjónustu er einna lægstur hér á landi innan OECD. Fyndist ekki hæstv. ráðherra réttara að taka upp nýtt greiðsluþátttökukerfi sem var í þróun undir forustu Péturs H. Blöndals og fyrirhugað var að tæki gildi 1. apríl nk.? Mér er sagt að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi blásið það verkefni endanlega af á fundi á Landspítalanum í vikunni. Ég tel að hæstv. ráðherra sé að gera stór mistök með þessu. Nýtt kerfi átti að tryggja aukið jafnræði í heilbrigðisútgjöldum heimila í landinu og koma í veg fyrir að meira en 500 fjölskyldur beri yfir 250 þús. kr. álögur vegna heilbrigðisþjónustu, eins og tölur frá árinu 2007 bera með sér. Þá er tannlæknakostnaður heimilanna undanskilinn.

Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur tilkynnt að hann ætli að snúa við ákvörðun fyrrverandi heilbrigðisráðherra um breytingar á starfsemi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Mjög eftirtektarverðar upplýsingar liggja fyrir um ofurlaun lækna á sjúkrahúsum, eins og hæstv. heilbrigðisráðherra fór í gegnum, þar sem læknar sem skila ríflega hálfri vinnu geta þegið greiðslur sem verktakar að nettóupphæð um 24 millj. kr. á ári. Ég spyr hæstv. heilbrigðisráðherra hvað hann ætli að gera með athugun Ríkisendurskoðunar frá desember 2007 en þar er m.a. bent á verulega umframkeyrslu spítalans í rekstrarkostnaði, sem m.a. má rekja til vinnu lækna umfram heimiladar ferliverka- og læknisverkaeiningar. Eftirtektarverðar upplýsingar koma einnig fram í athugasemd-

um Ríkisendurskoðunar um samninga við lækna sjúkrahússins þar sem svo virðist að ruglað sé saman einkarekstri og opinberum rekstri með hætti sem ekki er hægt að verja. Þannig segir orðrétt í skýrslu Ríkisendurskoðunar, þar sem gerð er athugasemd við það að spítalinn tryggi læknum full laun í veikindum og greiði í námssjóð þeirra, með leyfi forseta:

„Sérfræðilæknar spítalans eru allir verktakar við stofnunina og starfa flestir hjá eigin einkahlutafélögum. Ákvæði um laun í veikindum verður því að teljast mjög óeðlilegt og ekki í neinu samræmi við þau kjör sem almennt gilda í samskiptum verktaka og verkkaupa.“

Viðmiðunarlauna læknanna í veikindaleyfi er reyndar látið ógetið en fróðlegt væri að komast að þeim. Svona fyrirkomulag þar sem skipulag á vinnu hyglar einni fagstétt umfram aðra og jafnvel á kostnað annarra er gamaldags og úrelt. Ég hlýt að fagna því að hæstv. ráðherra, með yfirlýsingu sinni hér í dag, ætli að taka á því. Í mínum huga skiptir rekstrarform í heilbrigðisþjónustu ekki máli. Stjórnvöld eiga að geta valið það sem henta þykir á hverjum stað og hverjum tíma með hliðsjón af gæðum þjónustunnar og hagkvæmni í rekstri. Hins vegar verð ég að segja að vitlausasta rekstrarform í heilbrigðisþjónustu er þegar blandað er saman einkarekstri og opinberum rekstri, eins og gert hefur verið á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Með slíkri samsuðu geta skattborgarar ekki annað en tapað, eins og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Jafnvel þótt þjónustan á spítalanum sé góð er hún allt of dýru verði keypt.

Virðulegi forseti. Svo ég snúi mér aftur að skipulagsbreytingum í heilbrigðisþjónustu, þá hefur hæstv. heilbrigðisráðherra sett starf heilbrigðisstofnana í landinu í uppnám með yfirlýsingum sínum um að hann ætli ekki að fylgja eftir tillögum forvera síns um sameiningu stofnana í heilbrigðisumdæmum. Það skapar mikla óvissu. Ég vil benda á að þessar skipulagsbreytingar eru í fullu samræmi við markmið nýju heilbrigðisþjónustulaganna sem samþykkt voru fyrir tæpum tveimur árum. Þeim er fyrst og fremst ætlað að bæta og samhæfa heilbrigðisþjónustuna í landinu, m.a. með breyttri verkaskiptingu innan heilbrigðiskerfisins. Einnig átti að draga úr yfirbyggingu, fækka yfirmönnum og standa vörð um þjónustuna. Ég hef þá bjargföstu trú að gengju þessar breytingar eftir yrðu þær til þess að bæta þjónustuna í héraði.

En ég verð að segja að lokum, hæstv. ráðherra og virðulegi forseti, að ég gat ekki ráðið af skýrslu hæstv. ráðherra að hann hefði haldbær rök fyrir því að halda ekki áfram á þeirri braut sem fyrrverandi heilbrigðisráðherra lagði upp með til að ná markmiðum fjárlaga. (Forseti hringir.) Ég get ekki skilið hvernig hann ætlar að ná þessum markmiðum fram með hugmyndum sínum. Það er jafnóljóst sem fyrr.

[11:29]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Í því efnahagsástandi sem nú er þurfa allir að taka á sig auknar byrðar. Þeir tímar velmegunar sem við höfum búið við síðustu áratugina eru liðnir og fram undan er stórfelldur niðurskurður. Heilbrigðiskerfið verður þar að sjálfsögðu ekki undanskilið, en það er ekki sama hvernig farið er að. Þær aðgerðir sem fyrrv. heilbrigðisráðherra hugðist grípa til voru flausturslegar og virtust ekki byggðar á góðri stjórnsýslu. Blind sameining heilsugæslu fyrir heilu landsfjórðungana án tillits til landfræðilegrar sérstöðu, sérþekkingar starfsfólks eða annarra þátta er ekki til þess fallin að hagræða í rekstri. Það eitt að sameina er ekki sjálfkrafa ávísun á hagræðingu.

Fjármálaráðuneytið og Ríkisendurskoðun hafa gagnrýnt sameiningar ríkisstofnana og þar hefur komið fram að slíkar sameiningar séu í flestum tilfellum illa undirbúnar og skili litlum sem engum ávinningi. Í nýlegu leiðbeiningarriti fjármálaráðuneytisins segir, með leyfi forseta:

„Hlutaðeigandi ráðuneyti þarf að gæta þess að sameining sé vel undirbúin og veita henni öflugan stuðning þar til sameiningarferlinu er lokið. Fyrsta skrefið er að fela hópi manna að gera frumathugun áður en ákvörðun um sameiningu er tekin. Vinnan felst einkum í því að fjalla um stöðuna, móta framtíðarsýn, setja skýr markmið með sameiningu, velja viðmiðanir, skoða valkosti, greina hindranir og fjalla um álitamál. Mælt er með því að setja niðurstöður í skýrslu sem lögð er til grundvallar vandaðri kynningu og ákvörðun.“

Þar segir einnig, með leyfi forseta:

„Sameiningu stofnana fylgja yfirleitt bæði kostir og gallar sem ætti að vega og meta með tilliti til annarra valkosta. Sameining er ekki sjálfstætt markmið, heldur leið til að ná öðrum markmiðum. Það er mikilvægt að ráðuneyti hrindi ákvörðun um sameiningu strax í framkvæmd til að eyða óvissu. Gera þarf vandaða samrunaáætlun á grundvelli frumathugunar um sérhvert skref í ferlinu. Áætlunin auðveldar hraða og örugga sameiningu. Jafnframt ætti að ráða forstöðumann sameinaðrar stofnunar mörgum mánuðum áður en sameining fer fram svo hann geti undirbúið hana og veitt forustu. Ráðuneytið þarf að taka virkan þátt í undirbúningsvinnunni enda verður mörgu ekki lokið án stuðnings og beinnar aðkomu þess. Þar á meðal er gerð samnings um árangursstjórnun sem skilgreinir áherslur, gagnkvæmar skyldur og samskiptaferli milli ráðuneytis og stofnunar.“

Grundvallaratriði hér er að menn þurfa að fara af stað með vel skilgreind markmið. Hverju ætla menn að ná fram með sameiningu? Ef markmiðið er það eitt að spara þarf líka að vera á hreinu að hægt sé að ná fram sparnaði með sameiningunni. Leggja þarf til grundvallar ítarlegar úttektir á starfseminni og traustan rökstuðning fyrir því að hagræðing náist með aðgerðunum.

Það er ekki nóg að setja bara markmið um að hagræða. Það eitt að fara af stað með það markmið að hagræða getur hæglega snúist upp í andhverfu sína ef ekki er nein heildarsýn þar að baki. Þannig sýna tölur að fjárframlög til stofnana sem farið hafa í gegnum svokallað sameiningar- og hagræðingarferli hafa oftar en ekki aukist mun meira en til þeirra sem ekki hafa sameinast.

Ég er hér með samanburðartölur t.d. á fjárframlögum til Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja þar sem borið er saman við vísitölu launa og er launakostnaðurinn um 70–75% af heildarkostnaðinum við heilbrigðisstofnunina. Þar kemur fram að á stofnuninni, sem hefur staðið algjörlega sjálfstæð á tímabilinu 2000–2009, hækkaði vísitala launa um tæplega 93% og á sama tíma jukust framlög til Vestmannaeyja um 96%. Til samanburðar er hægt að horfa á tölur varðandi

heilbrigðisstofnanir á Austurlandi sem voru sameinaðar, þar jukust framlög um tæplega 160% og á Suðurnesjunum um 183% og eru þetta dæmi um svæði þar sem farið var í miklar sameiningar.

Þannig hefur Ríkisendurskoðun líka bent á að sameining St. Jósefsspítala, sem hefur verið mikið í umræðunni, og Sólvangs í Hafnarfirði hafi tæplega átt rétt á sér með tilliti til raunverulegrar hagræðingar. Þar var einkum um að kenna að engar formlegar framkvæmda- eða kostnaðaráætlanir voru gerðar eða fjárhagsleg og fagleg markmið sett um sameinaða stofnun. Allt of oft er farið af stað með háleit markmið um hagræðingu og sparnað án þess að nein ákveðin stefna liggi þar til grundvallar.

Þar liggur hundurinn grafinn. Við höfum ekki enn mótað neina heildarsýn um hvernig heilbrigðisþjónustu við viljum veita hér á landi í ljósi þeirra aðstæðna sem fram undan eru. Hvernig heilbrigðisþjónustu viljum við veita og hvernig heilbrigðisþjónustu höfum við efni á að veita?

Síðast í morgun bárust fréttir af því að frá og með 1. júní nk. verði heilsugæsla í Grindavík, nærri þrjú þúsund manna byggðarlagi, aðeins opin hálfan daginn og starfshlutfall starfsmanna skorið niður um 50%. Þá stefnir í að þrátt fyrir 20 millj. kr. fjárfestingu í húsnæði verður engin heilsugæsla í Sandgerði á næstunni. Hvar er rökstuðningur með þessum aðgerðum og hvar eru tillögur um hvernig þörf Suðurnesjamanna fyrir heilsugæslu verður mætt?

Þessi frétt dregur samt athyglina að meginvandanum, framtíðarsýnina skortir. Það er nú einu sinni svo að greiður aðgangur að heilsugæslu í nærsamfélaginu getur verið mjög hagkvæmur þegar á heildina er litið. Að veita góða grunnþjónustu í heimabyggð dregur úr þörf íbúa til að leita annað, sem aftur dregur úr kostnaði heimilanna og álagi á sérfræðinga. Þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir eru vissulega ógnun við íslenskt velferðarkerfi en þær eru líka tækifæri, tækifæri til að taka kerfið til heildarendurskoðunar og þar þarf allt að vera undir.

Stærsti kostnaðurinn við heilbrigðiskerfið er launakostnaður og þar vegur launakostnaður lækna þyngst. Læknar eru langsamlega dýrasta starfsfólk heilbrigðiskerfisins enda hafa þeir lengstu menntunina og mestu sérhæfinguna að baki. Eitt af því sem skoða þarf við heildarendurskoðun á heilbrigðiskerfinu er einmitt hlutverk lækna. Eins og staðan er í dag hefur fólk frjálst val um það hvert það sækir sér þjónustu. Þannig geta sjúklingar leitað beint til sérfræðinga án milligöngu heilsugæslulækna. Þá þurfa allir þeir sem leita til heilsugæslunnar að hitta lækni hversu stór eða smá sem vandamál þeirra eru.

Í fjölmörgum löndum hefur farið fram umræða um stefnumótun um hlutverk annarra heilbrigðisstarfsmanna en lækna í heilsugæslu og nærþjónustu. Þannig hafa hjúkrunarfræðingar í Bandaríkjunum um langt skeið haft leyfi til að greina sjúklinga og jafnvel ávísa lyfjum eftir ákveðnum reglum. Hjúkrunarfræðingar með tilskilda menntun og reynslu hafa getað sett upp litlar heilsugæslustöðvar sem létta þannig álaginu af sérfræðimenntuðum læknum að hluta. Heimsóknir á slíkar stöðvar eru að jafnaði um helmingi ódýrari en heimsóknir til lækna og ljóst að umtalsverðir fjármunir geta sparast ef svipuð tilhögun næðist hér á landi.

Þá er mikilvægt að hafa í huga að taka upp á ný tilvísunarkerfi þar sem sjúklingar þurfa að hitta heilsugæslulækni sem tæki í kjölfarið ákvörðun um hvort vísa eigi þeim áfram til sérfræðings sem kostar umtalsvert meira fyrir heilbrigðiskerfið. Rekstrarform heilsugæslunnar og annarra þátta heilbrigðiskerfisins má einnig skoða. Þar hefur t.d. samvinnurekstur augljósa kosti sem ekki hafa verið kannaðir til hlítar.

Staðan er einfaldlega sú að við höfum ekki efni á að niðurgreiða skilyrðislaust alla þá heilbrigðisþjónustu sem fólk velur að sækja sér og því þurfa stjórnvöld að setja ramma um hvað telst grunnþjónusta og hvað ekki. Við þurfum líka að setja ramma um hvernig menntun við viljum fjárfesta í fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Við stærum okkur oft af því að vera með eitt best menntaða heilbrigðisstarfsfólk sem völ er á en við þurfum einnig að gæta þess að offjárfesta ekki í menntun. Þegar fjármagnið er takmarkað þurfum við að forgangsraða og fjárfesta á þeim sviðum sem skila okkur sem bestri þjónustu þegar á heildina er litið. Slík stefnumótunarvinna í samstarfi stjórnvalda, heilbrigðisstarfsmanna, menntastofnana og almennings er grunnforsenda þess að við getum byggt upp öfluga heilbrigðisþjónustu í því efnahagsumhverfi sem við stöndum frammi fyrir.

Það er hlutverk stjórnvalda að setja rammann. Svo er það hlutverk stjórnenda og starfsfólks stofnana að starfa innan þessa ramma. Þannig er yfirstjórn Landspítala að vinna að metnaðarfullri áætlun um hvernig mæta má þeim niðurskurði sem boðaður er. Verð ég sérstaklega að hrósa fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir val á yfirmanni Landspítalans, hún hefur komið inn með mjög nýjar og áhugaverðar hugmyndir um rekstur á sjúkrahúsum. Ætlunin þar er m.a. að bera sig saman við erlend sjúkrahús og byrja á norskum sjúkrahúsum, setja mælanleg markmið í öllum helstu þáttum spítalans, skoða fyrst framleiðni, gæði, starfsmenn og fjárhaginn og setja sér ákveðin viðmið, nýtt skipurit þar sem hugsanlega á að fækka stjórnendum og minnka yfirbyggingu og skilgreina mjög skýra stefnumótun til næstu 3 til 5 ára.

Stærsta vandamálið er hins vegar skortur á samvinnu. Engin samvinna er t.d. við hin kragasjúkrahúsin að neinu ráði þrátt fyrir skýrslur og undirbúning þess efnis og nánast engin samvinna er við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Stjórnvöld þurfa að styðja við vinnu sem þessa þar sem fagfólki er falið að útfæra stefnu stjórnvalda um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu.

Eða eins og segir í riti fjármálaráðuneytisins, með leyfi forseta:

„Þótt vönduð frumathugun og samrunaáætlun skipti máli eru mannlegu þættirnir þó enn mikilvægari. Alltaf má búast við að skoðanir verði skiptar um sameiningu og breytingar sem henni fylgja og fólk sjái bæði ógnir og tækifæri í breytingum. Til þess að auka samstöðu starfsfólks er því afar mikilvægt að vekja sem mestan áhuga á framtíðarsýninni og markmiðunum sem stefnt er að með sameiningu.“ — Allir aðilar þurfa að sjá einhvern ávinning að sameiningunni. Því er ljóst að skýr framtíðarsýn er nauðsynleg til að árangur náist í skipulagsbreytingum heilbrigðiskerfisins.

Það er ljóst að draga þarf úr kostnaði en hvernig það er

gert skiptir máli. Það er hlutverk okkar alþingismanna að marka framtíðarsýnina. Hana þurfum við svo að kynna vel því fólki sem á að framfylgja henni, starfsfólki og stjórnendum heilbrigðisstofnana, og það er fólkið sem hefur fagþekkinguna til að hrinda stefnu stjórnvalda í framkvæmd, og við verðum að treysta því til þess.

[11:39]

Ellert B. Schram (Sf):

Herra forseti. Hvar í þjóðfélagsstiganum sem við stöndum og hvar í flokk sem við skipum okkur eru Íslendingar almennt talað þeirrar skoðunar að undirstaða þjóðfélagsins sé menntun og heilbrigði. Við viljum öfluga heilbrigðisþjónustu sem snýr að aðhlynningu, hjúkrun, lækningum og endurhæfingu. Við viljum skjóta skjólshúsi yfir þá sem eru andlega eða líkamlega veikir enda eigum við góða heilsugæslu, sjúkrahús, stofnanir og fagfólk sem jafnan er talið með því fremsta og besta í heiminum.

Sú staðreynd að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála eru þau mestu og hæstu í ríkisfjármálum og í fjárlögum í langan tíma er staðfesting á því að þessari stefnu hefur verið framfylgt. Hitt er svo annað mál að til margra ára hefur þróunin verið sú að við höfum farið fram úr okkur í kostnaði í heilbrigðisgeiranum og hallarekstur í þessum stóra málaflokki hefur verið árlegt viðfangsefni Alþingis og heilbrigðisstofnana.

Í kjölfar efnahags- og fjármálahrunsins var ljóst að enn þurfti að höggva í þennan sama knérunn og lækka útgjöldin um allt að 7 milljarða við afgreiðslu fjárlaga nú í desember. Þáverandi hæstv. heilbrigðisráðherra leitaðist við að koma til móts við þessar kröfur og Samfylkingin stóð með honum í þeim leiðangri. Nú blasir við að ráðast verður í enn frekari niðurskurð, það er hverjum og einum fullkomlega ljóst. Ríkisstjórn og hæstv. heilbrigðisráðherra er sá vandi á höndum.

Sá sem hér stendur er þeirrar skoðunar að efnahagserfiðleikar Íslendinga séu tímabundnir, erfiðir, afar erfiðir, en tímabundnir. Þá sé best og skynsamlegt að taka þennan slag með því að setja hausinn undir sig og láta reyna á þolrifin, skerða laun, skerpa á kostnaðarvitund og skera það niður sem helst má missa sig án þess að þjónustan dragist saman í þeirri viðleitni að allir fái þá aðhlynningu sem nauðsyn krefst.

Grundvallarskilyrði og forsenda allra sparnaðaraðgerða felst í því að grunnþjónustan haldi velli og um hana verðum við að standa vörð hvað sem það kostar. Leitast er við og raunar tekist á um þær leiðir sem farnar eru til niðurskurðar og hagræðingar í heilbrigðiskerfinu sjálfu, eins og í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við. En þarna eru þolmörk og þegar að þeim er komið er ljóst að sparnaður í ríkisrekstri á öðrum sviðum getur verið nauðsynlegur til að verja heilbrigðisþjónustuna. Hún á að hafa forgang umfram flest ef ekki öll verkefni hins opinbera.

Ég leyfi mér að halda því fram að í heilbrigðisgeiranum, eins og víðar í starfsemi ríkisins, hafi safnast spik og það spik verður nú að skera í burt. Einnig þarf að breyta verkaskiptingu, breyta rekstri og hagræða í yfirstjórn og vinnufyrirkomulagi hvers konar, það er óhjákvæmilegt. Viðleitni fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra var í þessa áttina og ég tek ekki og tók ekki undir gagnrýni á þær tillögur sem hann lagði fram og ætlaði á sínum tíma að hrinda í framkvæmd.

Sjúklingaskattur var það kallað þegar lagt var til að sjúklingar greiddu innritunargjald rétt eins og þar væri um að ræða nýmæli. Við megum ekki gleyma því að fólk sem lagst hefur inn á spítala hefur greitt slíkt innritunargjald um langan tíma ef það er ekki lagt inn strax og það greinist með sjúkdóma. Á þessu hefur verið munur en þessi gjaldtaka hefur verið viðurkennd og framkvæmd.

Það hét líka einkavæðing í munni þáverandi stjórnarandstöðu þegar ákveðið var að stofna til Sjúkratryggingastofnunar sem hefur það umboð að kalla eftir tilboðum um þjónustu þeirra sem kunna til verka og geta sinnt hlutverki sínu með ódýrari hætti en ella. Við höfðum ekkert við það að athuga.

Það var líka hávaði út af fyrirhuguðum breytingum á rekstri St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Sá hávaði var skiljanlegur og mótmæli gegn ákvörðunum um niðurskurð eru eðlileg eftir atvikum en í þessu tilfelli er þó rétt að minna á, eins og gert hefur verið í þessari umræðu, að sumir starfsmenn sem höfðu og hafa aðstöðu á þessum spítala kostuðu ríkissjóð allt upp í 24 millj. kr. í laun á ársgrundvelli og það ofan á önnur laun, og er ég þá ekki að gera lítið úr þessum nefnda spítala. Fleiri dæmi af þessu tagi má nefna og spurt er: Er það þetta sem við viljum? Er það svona sem við viljum verja þeim peningum sem fara í heilbrigðismálin?

Herra forseti. Við megum ekki blekkja okkur sjálf og drekkja okkur í misskildri notkun á orðaleppum sem notaðir eru um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar, hvort heldur sú þjónusta er innt af hendi á opinberri stofnun eða á einkastofnun. Aðalatriðið er að þjónustan sé veitt óháð stöðu, aldri eða efnahag og að kostnaðurinn sé viðráðanlegur. Við þurfum að leita allra leiða til að draga úr kostnaði á heilbrigðissviðinu, skoða kjör lækna og stjórnenda, hagræða og sameina, draga úr yfirbyggingunni og gæta hófs í rekstri spítala og stofnana. Þar er margt sem hægt er að gera, enginn er heilagur í þeim efnum. Hver og einn verður að axla ábyrgð og finna til samfélagslegrar ábyrgðar, forréttindin eru nefnilega fyrir bí.

Eftir stendur að heilbrigðisþjónustan er hornsteinn í nýju samfélagi sem við verðum að varðveita hvað sem það kostar. Nauðsynlegar breytingar, tilfærslur og jöfnuður í kjörum og aðbúnaði, eru nauðsyn dagsins og sá dagur er runninn upp að taka verður til í hverju horni. Veislunni er sem sagt lokið. Við verðum að skera spikið í burtu en halda grundvallarþjónustunni gangandi. Hversu aum sem við erum, hversu miklar sem byrðarnar verða í þessari efnahagskreppu skulum við aldrei gefast upp gagnvart því háleita og göfuga markmiði að líf og heilsa, að umönnun þeirra sem eiga um sárt að binda og þurfa að leita á náðir heilbrigðiskerfisins verði slík að þar fái fólk fullkominn aðbúnað og lækningu eins og þekking og tækni bjóða upp á.

Hæstv. núverandi heilbrigðisráðherra hefur ýmis áform á prjónunum og hefur nú þegar tekið til hendinni. Við getum deilt um sérhverja slíka ákvörðun en sameiginlega berum við ábyrgð á því að þessi grunnstoð þjóðfélagsins, heilbrigðiskerfið, komist klakklaust út úr hruninu. Við verðum öll að horfast í augu við óvinsælar og umdeildar ákvarðanir

á næstu dögum, vikum og mánuðum og taka afstöðu til þeirra með heildarmyndina að leiðarljósi.

Bærði fyrrverandi og núverandi heilbrigðisráðherrar hafa gert sitt til að bregðast við aðstæðum og Samfylkingin hefur stutt og mun styðja breytingar sem stuðla að hagræðingu og sparnaði án þess að undirstaðan hrynji. Þetta snýst ekki um flokkapólitík, þetta snýst um reisn okkar og sjálfsmynd. Þjónusta án tillits til efnahags, þjónusta fyrir þá sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda má aldrei skerðast.

Ég treysti núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra til góðra verka í þessum anda. Hans pólitíska sýn er sú sama og mín, að verja þjónustuna, verja sjúkrahúsin og starfsfólk þeirra en síðast en ekki síst að standa vörð um þau algildu og óumdeildu viðhorf hinnar íslensku þjóðar að heilbrigðisþjónustan haldi velli hvað sem öðru líður. Sú krafa er íslensku þjóðarinnar og það er í þágu starfsmanna í þessari þjónustugrein og okkar allra sem hér búum.

[11:48]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Á skammri stundu skipast veður í lofti og hinn háværi stjórnarandstöðuþingmaður, hv. þm. Ögmundur Jónasson, situr nú prúður sem fermingardrengur undir faðirvorinu á ráðherrabekknum og dettur hvorki af honum né drýpur. Hæstv. ráðherra, sem greiddi atkvæði gegn öllum tillögum við afgreiðslu fjárlaga um samdrátt í ríkisútgjöldum, þar á meðal í heilbrigðismálum, greiddi atkvæði gegn öllum tillögum um að auka tekjur ríkissjóðs og greiddi atkvæði gegn öllum tillögum um að fresta framkvæmdum hjá ríkissjóði, hefur nú lýst því yfir að hann muni hlíta niðurstöðum fjárlaga og skera verði niður útgjöld í heilbrigðiskerfinu um 6.700 millj. kr. á þessu ári. Hann beygir sig undir veruleikann sem blasir við þingheimi og hann hefur nú áttað sig á að er til staðar og jafnvel í verri mæli en þessar tölur gefa til kynna. Ég býð hann velkominn til veruleikans, virðulegi forseti.

Við erum að reka ríkissjóð með 150 milljarða kr. halla. Við höfum þrjú ár til að vinna bug á honum. Við vonumst til þess að fljótlega takist að koma atvinnulífinu aftur í gang og auka kaupmáttinn þannig að tekjur ríkissjóðs muni fara vaxandi — að við getum eytt fjárlagahallanum að einhverju leyti, og vonandi að verulegu leyti, með því að auka tekjur með þeim hætti og jafnvægi verði náð árið 2012. En við vitum að við þurfum meira til. Við þurfum að skera niður ríkisútgjöld árið 2010, árið 2011 og árið 2012. Hæstv. heilbrigðisráðherra veit að hann mun, ef hann situr í þessum stól, þegar fjárlög verða lögð fram í haust, þurfa að leggja fram fjárlagafrumvarp með niðurskurði frá því sem nú er. Hann veit það. Mér finnst, virðulegi forseti, af því að hann hefur áttað sig á þessum staðreyndum, að hann mætti gjarnan segja okkur frá því hverjar hans línur eru í komandi tillögum. Hans er ábyrgðin um þessar mundir að halda á heilbrigðismálunum og ég kalla eftir stefnu heilbrigðisráðherra um heilbrigðisútgjöld á komandi árum. Hvað ætlar hann að skera niður? Hvar ætlar hann að draga úr þessum útgjöldum?

Til þessarar umræðu er stofnað til að ráðherra geri grein fyrir 6.700 millj. kr. niðurskurði á þessu ári. Í 15 mínútna langri ræðu sinni sagði hæstv. ráðherra aðeins eitt. Hann ætlar að lækka lyfjaútgjöld um 650 millj. kr. með einni reglugerð. Annað sagði hann ekkert um. Hann sagði ekkert um það hvernig hann ætlar að ná þessum niðurskurði, sagði ekki orð um það. Það var upplýst í heilbrigðisnefnd í morgun af forsvarsmönnum Landspítalans að þeir munu draga úr útgjöldum sínum um 2.600 millj. kr. á þessu ári. Ef við leggjum það saman eru komnar tillögur, eða ákvarðanir skulum við segja, um 3.250 millj. kr. en eftir standa 3.450 millj. kr. Og hæstv. ráðherra hefur ekki sagt okkur hvernig hann ætlar að ná þeim sparnaði fram. Hann lýsti hugmyndum sínum um sameiningu eða ekki sameiningu heilbrigðisstofnana, hann sagði okkur ekki hvað hann ætlar að spara mikið með tillögum sínum.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hverjar eru aðgerðirnar sem eiga að draga útgjöldin sama um 3.450 millj. kr. á þessu ári? Því lengur sem dregst að tilkynna um ákvarðanir þeim mun meiri sparnaði verður að ná fram á skemmri tíma. Hæstv. ráðherra hefur bara sjö mánuði til þess að ná þessum sparnaði vegna almennra fyrirvara sem gera verður á því að hrinda þeim í framkvæmd eins og með sameiningu stofnana og annað slíkt. Hvernig ætlar ráðherrann að ná þessum sparnaði? Ég kalla eftir þessum svörum sem áttu auðvitað að vera í skýrslu ráðherra, sem kinkar kolli algerlega hljóður, virðulegi forseti. Ég er svo kátur að sjá hæstv. ráðherra í þessari stellingu. Ég kann mjög vel við hann svona, (**Heilbrrh.:** Það er gaman að hlusta á þingmanninn.) virðulegi forseti.

En mig langar að leggja af mörkum hugmyndir um það hvernig við getum tekið á heilbrigðismálum á komandi árum og hvar við eigum helst að reyna að bera niður til að ná árangri í því sem við þurfum að gera án þess að það komi niður á þeim sem í hlut eiga meira en þörf er. Ég vil vísa til skýrslu OECD frá því í febrúar á síðasta ári. Meginniðurstaða hennar er sú að gæði heilbrigðisþjónustu á Íslandi séu öfundsverð. Við búum við kerfi sem er með þeim bestu í heiminum og við skulum halda því þannig, virðulegi forseti, og muna að það kerfi er svo gott sem raun ber vitni vegna þess að við höfum svo gott heilbrigðisstarfsfólk. Við skulum því í fyrsta lagi gæta þess í öllum aðgerðum stjórnvalda í þessum geira að vinna þær þannig að heilbrigðisstarfsfólkið sé meira og minna sátt við aðgerðirnar og með í ráðum, og það heyrðist mér á hæstv. heilbrigðisráðherra að hann vilji hafa að leiðarljósi og ég tel að það sé fagnaðarefni.

OECD bendir á ákveðnar stærðir sem við þurfum að hafa til umhugsunar:

1. Að útgjöld á mann til heilbrigðismála á Íslandi séu 40% hærri en meðaltal OECD en þjóðartekjur á Íslandi séu ekki nema 25% hærri en meðaltal OECD. — Við erum með heilbrigðisútgjöld sem eru mjög há og það bendir til þess að við getum lækkað þau án þess að það komi niður á gæðunum.

2. Að mönnun á ákveðnum dýrum heilbrigðisstofnunum sé meiri en er í alþjóðlegum samanburði.

3. Að of mikið af þjónustu sé veitt í of dýrum úrræðum eins og spítölum.

4. Að of mikið af langtímaumönnun fari fram á dýrum stofnunum.

Þetta eru ábendingar sem geta vísað okkur hvert við eig-

um að horfa þegar við leitum leiða til að draga saman útgjöldin á þann veg að það komi sem minnst niður á gæðum heilbrigðiskerfisins.

Ábendingar sem OECD er með eru:

1. Að skilgreina þarf vel magn og gæði þjónustunnar sem veitt er. Ég vil minna á öldrunarþjónustuna sem er líklega um 30 milljarða kr. útgjöld ríkissjóðs. Það er aðeins ein stofnun sem vinnur þá þjónustu í samningi við ríkið, samningurinn við Sóltún. Þar er þetta nákvæmlega skilgreint og ríkið fær þá þjónustu sem það er að kaupa. Í öllum öðrum stofnunum er enginn samningur, engin fyrirmæli og engar kvaðir á stofnanirnar þannig að það er algerlega óvíst hvort ríkið fær þá þjónustu sem það kaupir af þessum stofnunum. Við þurfum að gera það sama á þessum stofnunum og á Sóltúni og menn verða að fikra sig áfram víðar, með Sjúkratryggingastofnuninni, að samningsbinda þjónustukaupin.

2. OECD bendir á að hæfni stjórnenda heilbrigðisstofnana skipti mjög miklu máli um árangur í rekstri og að ábyrgð þeirra og valdsvið sé skýrt afmarkað. Þetta held ég að við þurfum að hafa í huga og ég held að hugmyndir hæstv. fyrrverandi heilbrigðisráðherra, sem lutu að því að fækka dálítið yfirmönnum heilbrigðisstofnana, hafi að mörgu leyti verið skynsamlegar til að geta náð fram úrbótum á þessu sviði.

3. OECD er með þá ábendingu að færa eigi, eftir því sem hægt er, þjónustu frá spítölum yfir til heimilis, að spara peninga þarf ekki að vera verri þjónusta.

4. OECD bendir á að draga úr kostnaði við lyfjakaup með aukinni samkeppni og það er atriði sem ég heyri að hefur verið á borðum hjá fyrrverandi heilbrigðisráðherra og núverandi.

Þarna höfum við ábendingar sem við getum unnið nokkuð eftir til að komast í gegnum þetta tímabil og við megum ekki gleyma því að heilbrigðisútgjöld voru árið 1990 7,8% af vergri landsframleiðslu en voru árið 2005 komin upp í 9,5%. Aukningin á 15 árum varð 20%. OECD spáir því að aukningin fram til 2050 verði um 60% og ef sú spá gengur eftir verða heilbrigðisútgjöld 15,2% af vergri landsframleiðslu. Kerfið er dýrt. Það er innbyggður í því kostnaðarauki og það þarf stöðugt aðhald og eftirlit og athugun til að bæta það, ná árangri, halda kostnaði niðri eftir því sem kostur er sem mun takast, virðulegi forseti, ef mönnum ber gæfa til að hafa gott samráð og samstarf við fólkið sem vinnur í þessu kerfi.

[11:59]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég verð nú bara að gangast við því að ég held ég hafi sjaldan tekið þátt í eða fylgst með jafnmálefnalegri og góðri umræðu og hér hefur verið um heilbrigðismálin. Mér finnst ræður hv. þingmanna sem hér hafa talað, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, hafa verið til mikillar fyrirmyndar. Hér hafa menn farið málefnalega yfir hlutina og ég get tekið undir flestallt sem hér hefur komið fram og það er varhugavert að fara að taka það allt saman út vegna þess að þetta voru, held ég megi segja, alveg frábærar ræður. Menn fóru yfir það hvað það er mikilvægt fyrir okkur að halda þessari grunnþjónustu, því fjöreggi sem heilbrigðisþjónustan er, og það er auðvitað þannig þegar menn fara að ræða þetta að við erum öll sammála um þessi markmið. Íslendingar eru sammála þessu og það er miklu betra að fara yfir þetta með málefnalegum hætti og reyna að finna flöt á hlutunum í stað þess að vera í hnútukasti og vera að ásaka menn hér inni eða annars staðar um einhverja hluti sem standast ekki.

Þetta var svolítið merkilegt vegna þess að vanalega er það þannig að svona tala menn sérstaklega þegar þeir eru ráðherrar en þingmenn leyfa sér kannski að ganga lengra í ásökunum og jafnvel dylgjum og slíkum hlutum. En í þessu tilfelli var þessu öfugt farið. Hér kom hæstv. ráðherra, sem á að leggja fram fyrir okkur skýrslu um hvað hann hyggst fyrir, og eyddi öllum tíma sínum í heift og hatur út í þann sem hér stendur. Auðvitað er það hans val, algerlega hans val. En nú er hv. þm. Ögmundur Jónasson hæstv. heilbrigðisráðherra og þegar hann varð heilbrigðisráðherra fannst mér færast yfir hann ákveðin innri ró og mér fannst hann tala af mun meiri ábyrgð en oft áður. Hann nefndi alveg réttilega að hann tekur ekki við neinu þrotabúi, því fer víðs fjarri. Í þessu eru mörg tækifæri og þetta er þjónusta sem við viljum halda utan um.

En mér finnst steininn taka úr þegar hann sagði í fullri alvöru að sá sem hér stæði hefði ekki tekið á launakjörum sérfræðinga á St. Jósefsspítala. Virðulegur forseti, missti ég af einhverju? Sá sem hér stendur hefur verið skammaður í margar vikur fyrir að hafa tekið á þeim málum og það var alveg ljóst þegar ég fór í þá vegferð að ég mundi fá á mig árásir frá tveim aðilum, annars vegar frá sérfræðingum, af því að ég væri þarna að taka á miklum hagsmunum, og hins vegar er ljóst að það er mjög viðkvæmt mál á landsbyggðinni að sameina stofnanir. En eins og hv. þm. Ellert B. Schram fór yfir og fleiri þingmenn þá lagði ég af stað í þá vegferð til að vernda grunnþjónustuna. En við tókum erfiðar ákvarðanir, mjög erfiðar ákvarðanir.

Spurningin er þessi og henni verður hæstv. ráðherra að svara: Ef hann ætlar ekki að fara þessa leið, hvaða leið á þá að fara? Með hverjum deginum sem þessari ákvörðun er frestað þá eru menn að senda reikning annað. Það liggur fyrir að menn eru að fara í miklar skipulagsbreytingar á Landspítalanum, mjög erfiðar aðgerðir, svo að dæmi sé tekið. Ef menn fresta öllu þessu þá spyr starfsfólk þar: Því skyldum við gera þetta ef aðrir sleppa? Það er stóra spurningin. Hæstv. ráðherra verður að svara því hvaðan hann ætlar að taka þessa fjármuni.

[12:03]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir tiltölulega málefnalega umræðu um heilbrigðismálin. Auðvitað er það svo með málaflokk eins og heilbrigðisþjónustuna að henni verða illa gerð góð skil í þó þetta langri umræðu á hinu háa Alþingi. Ég hygg að allir hér, hvort sem þeir eru stjórnarliðar eða í stjórnarandstöðu, geri sér grein fyrir því hver hin erfiðu verkefni eru í heilbrigðisþjónustunni eins og í annarri almannaþjónustu hér á landi við þær aðstæður sem við búum við í efnahagsmálum og jafnframt þann niðurskurð sem við höfum gengið í gegnum og er fyrirsjáanlegur í ríkisútgjöldunum. Skiptir þá engu hvort um er að ræða hv. stjórnar-

þingmenn eða stjórnarandstæðinga.

Ég hygg að allir skynsamir þingmenn geri sér grein fyrir því að fram undan eru margar erfiðar ákvarðanir en um leið mörg tækifæri í íslenskri heilbrigðisþjónustu. Tækifæri til þess að losa sig við gamla ósiði, hreinsa út ákveðin vinnubrögð og vitleysisgang, vil ég segja, sem viðgengist hafa milli stofnana, innan stofnana og hvar sem er. Jafnframt þarf að forgangsraða í heilbrigðisþjónustunni.

Vissulega er Landspítalinn – háskólasjúkrahús hryggleggjan í heilbrigðisþjónustu okkar Íslendinga. En heilbrigðisþjónustan er svo miklu meira en það. Hún er heilsugæsla í hverju einasta sveitarfélagi á Íslandi. Hún er í raun lýðheilsuæfing, hvort sem það er innan skólanna, fyrirtækjanna eða inni á heimilunum. Hún er spurning um heilbrigt líferni, um að hreyfa sig og allt það sem einstaklingur og fjölskyldur geta gert. Þess vegna má ekki smætta umræðu um heilbrigðismálin niður í umræðu um eina stofnun þó að hún sé mikilvæg.

Ég tel að nýr forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss leggi nú upp í góða vegferð og taki réttar ákvarðanir þar um uppbyggingu og stjórnum. Ég óska henni góðs gengis í því sem fram undan er því að það verður ekki létt verk að breyta því þunga kerfi.

En það sem þarf líka að gera er að hætta að tala um heilbrigðisþjónustu út frá hagsmunum starfsstéttanna sem þar starfa. Auðvitað eru það mikilvægir hagsmunir en látum vera þó að fyrrverandi formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hv. þm. Ásta Möller, fari tiltölulega beint í það í ræðu sinni að tala um hagsmuni starfsfólks og óþægindi og óróa inni á heilbrigðisstofnunum. Heilbrigðisþjónustan er fyrir notendurna. Hún er fyrir sjúklingana og fólkið í landinu. Mér finnst íslensk heilbrigðisþjónusta og umræða um hana hafa goldið fyrir það hversu lituð hún er af hagsmunum einstakra stétta sem oft fara ekki saman.

Ég hef séð valdabaráttu milli þeirra stétta sem starfa innan heilbrigðisþjónustunnar. Það er eitt af því sem þarf að breyta. Heilbrigðisþjónustan er fyrir fólkið í landinu. Hún er fyrir notendurna og auðvitað á hún að vera eins nálægt fólki og hægt er að hafa hana. Þess vegna skiptir máli að hafa sterka og vel uppbyggða heilsugæslu um allt land. Það er fyrsta stoppið. Þangað fara flestir þegar eitthvað bjátar á. Þess vegna skiptir miklu máli að hún sé vel skipulögð og að skrefin áður en fólk leggst inn á sjúkrahús séu sem flest af því að sjúkrahús eins og Landspítalinn er bráðasjúkrahús, dýrasta tegund af heilbrigðisþjónustu sem fyrir finnst. Við þurfum að horfast í augu við það líka. Þetta er líka spurning um viðhorf notendanna, stéttanna og ekki síst stjórnvalda um að móta þá stefnu í rétta átt.

Ég ætla að leyfa mér að segja við þessa umræðu, talandi um notendurna, að mér finnst íslenskt heilbrigðiskerfi t.d. ekki hafa mætt þörfum kvenna, fæðandi kvenna ekki síst, sem skyldi. Mönnum þykir sómi að því að aka með konur yfir fjallvegi til að koma þeim á sjúkrahús eða annað í stað þess að veita þá þjónustu sem hægt er að veita í heimabyggð, hvort sem það er með heimafæðingum eða með fæðingarheimilum eða öðru slíku. Þarna hafa aðrir hagsmunir ráðið en hagsmunir fæðandi kvenna. Það er líka spurning um viðhorf og stefnu (Forseti hringir.) og hvernig breyta má því.

[12:08]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir að gefa þinginu munnlega skýrslu um heilbrigðismál, um þá stöðu sem við blasir í heilbrigðisþjónustunni eins og annarri opinberri þjónustu eftir efnahagshrunið í október.

Fjárlagafrumvarpið var í raun úrelt um leið og það var lagt fram. Vinnan við afgreiðslu frumvarpsins var í nokkurs konar herkví vegna óvissuástands sem skapaðist eftir að neyðarlögin voru sett á. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tókum ekki þátt í afgreiðslu þess máls. Við mótmæltum þeim niðurskurði sem hér hefur átt sér stað, sérstaklega í heilbrigðisþjónustunni, og bentum á leiðir til þess að spara á öðrum sviðum.

Við búum við þau fjárlög sem samþykkt voru. Eftir þeim verðum við að fara og á þeim stutta tíma sem þessi ríkisstjórn hefur til þess að sinna því mikilvæga hlutverki að koma okkur í gegnum þetta erfiða tímabil, fram að kosningum. Það fylgir því mikil ábyrgð að stýra aðgerðum sem farið verður í til þess að verja heimilin, til þess að verja velferðarkerfið, til þess að koma bankastarfseminni í gang þannig að atvinnulífið geti farið í gang. Þetta er í raun og veru sá verkefnalisti sem þessi ríkisstjórn hefur.

Það sem hæstv. ráðherra skýrði frá í skýrslu sinni voru þær aðgerðir sem hægt var að grípa strax til. Það sem við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, mótmæltum í fyrsta lagi mjög harkalega við gerð fjárlaga var nýr sjúklingaskattur sem átti að leggja á við innlögn á sjúkrahús. Ef það hefði orðið að veruleika hefðum við brotið blað í íslenskri heilbrigðissögu með því taka upp skatt við innlögn á sjúkrahús. Við höfum náð samstöðu um það í gegnum tíðina að við förum ekki yfir ákveðin mörk í gjaldtöku. Að reka góða heilbrigðisþjónustu er að reka sjúkrahúsþjónustu sem er gjaldfrjáls fyrir þá sem veikjast og um það viljum við standa vörð. Það var eitt af því fyrsta sem hæstv. ráðherra gerði.

Það er hægt að ná sparnaði á ýmsum sviðum og hæstv. ráðherra fór yfir breytingar á lyfjaafgreiðslu. Það er hægt að ná enn frekari sparnaði hvað varðar lyfin. Við höfum ekki lengur efni á því að leyfa okkur þann lúxus að nota dýrustu lyfin ef ódýrari lyf eru til á markaðnum sem eru jafnörugg og hafa sömu virkni.

Við höfum heldur ekki efni á því að gera margítrekaðar rannsóknir vegna sama sjúkdóms á stuttum tíma eingöngu vegna þess að kerfið býður ekki upp á aðgang að fyrri rannsóknum. Við þurfum að koma á rafrænni sjúkraskrá til að spara þann kostnað.

Við gætum náð niður kostnaði í heilbrigðisþjónustunni með því að auka samvinnu milli stofnana og sveitarfélaga. Við gætum stuðlað að því að út úr þessari kreppu komi ný hugsun þannig að þeir sem koma að velferðarþjónustu í sveitarfélögunum eða svæðisbundið opni hugann og hugsi alveg upp á nýtt: Hvað getum við gert til að efla heilbrigðisþjónustuna? Hvernig getum við unnið betur saman? Getum við gert það með samvinnu eða þurfum við samning eða hvernig förum við að því? Við getum nýtt fjármunina miklu betur og við vitum það öll.

Í öllum þessum hugmyndum um sameiningar á stórum

svæðum verðum við að gæta þess að horfa ekki eingöngu út frá stofnununum. Við þurfum að horfa út frá íbúunum sem búa á svæðunum þannig að kostnaðurinn flytjist ekki yfir á þá. Það þarf að jafna aðstöðu fólk í þessu landi.

Það er líka hægt að taka upp mikinn sparnað í heilbrigðisþjónustu með því að koma á tilvísanakerfi. Við getum ekki leyft okkur þann lúxus að fara með minni háttar veikindi til sérfræðinga og valið okkur sérfræðinga sjálf. Við þurfum að efla heilsugæsluna og við þurfum á koma á tilvísanakerfi.

[12:13]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir skýrsluna en heilbrigðismál eru eitt stærsta og mikilvægasta mál samfélagsins og snertir allar fjölskyldur í landinu.

Ljóst var við síðustu fjárlagagerð að skera þyrfti verulega niður í heilbrigðiskerfinu. Fyrrverandi heilbrigðisráðherra hugðist ná þessum niðurskurði fram m.a. með markvissum skipulagsbreytingum. Nú hyggst hæstv. heilbrigðisráðherra afturkalla breytingar á St. Jósefsspítala. Sú ákvörðun hæstv. heilbrigðisráðherra hefur bein áhrif á starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. En í tillögum fyrrverandi heilbrigðisráðherra var gert ráð fyrir að starfsemi skurðstofu HSS yrði styrkt með því að færa hluta þeirra skurðaðgerða sem framkvæmdar eru á St. Jósefsspítala til Keflavíkur þar sem til staðar eru nýjar skurðstofur.

Með þessum viðsnúningi hefur hæstv. heilbrigðisráðherra sett þessi mál í uppnám á Suðurnesjum og enn aukið á óvissu sjúklinga og starfsmanna Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Stjórnendur standa frammi fyrir miklum niðurskurði sem hefði ekki þurft að vera ef fyrri ákvörðun hefði staðið. Með fyrri ákvörðun hefði Heilbrigðisstofnun Suðurnesja haft tekjur vegna aukinna umsvifa, m.a. á skurðstofum, rannsóknarstofum og vegna inniliggjandi sjúklinga.

Óvissa hefur einkennt starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í mörg ár. Með skipulagsbreytingunum var að nást niðurstaða í málefnum stofnunarinnar þar sem augljóst var að með breytingunum var verið að styrkja stofnunina án þess að skerða þjónustuna eða segja upp starfsfólki. Nú er málefnum HSS enn einu sinni hleypt í uppnám og uppsagnir starfsmanna eru yfirvofandi á landsvæði þar sem atvinnuleysi er mest á landinu. Allt bendir til að nýju skurðstofurnar standi lítið notaðar áfram. Vinstri grænir létu stór orð falla um ráðstafanir og sparnaðaraðgerðir fyrri ríkisstjórnar í heilbrigðismálum. Því er ekki nema von að spurt sé um stefnu hæstv. heilbrigðisráðherra nú.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur nú þegar sagt upp starfsfólki til að mæta niðurskurði og bæjarstjórn Vestmannaeyja hugðist taka tilboði fyrrum heilbrigðisráðherra um að gera samning um rekstur Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja. Bæjarstjórnin hefur áhuga á því að láta reyna á þann möguleika að reka Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja með annarri sambærilegri þjónustu í Vestmannaeyjum. Vonandi nást samningar um þetta mikilvæga hagsmunamál þeirra.

Sérstakt rekstrarform hefur verið um heilbrigðisþjónustu á Höfn. Sveitarfélagið hefur með samningi við ríkið annast reksturinn þar. Sá samningur hefur ekki verið endurnýjaður en gert var ráð fyrir því í skipulagsbreytingum að Heilbrigðisstofnun Suðurlands yrði aðili að nýjum samningi sem gerður yrði og hefði slíkt fyrirkomulag styrkt heilbrigðisþjónustuna á Höfn að mati fagaðila. Samningurinn þarf að komast á.

Ljóst er að sparnaður í heilbrigðiskerfinu er nauðsynlegur. Ekki er margt sem bendir til að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi nýjar tillögur fram að færa varðandi rekstur þessara heilbrigðisstofnana nema að afturkalla það sem áður var ákveðið. Þeirri óvissu sem skapast hefur við stjórnarskiptin verður að eyða sem allra fyrst.

Í rekstri heilbrigðiskerfisins í rúmlega 300.000 manna samfélagi þar sem takmarkaðar tekjur eru til skiptanna eru í raun aðeins tvær leiðir til sparnaðar: Að auka tekjur og hækka skatta eða skera niður. Verkefnið er ekki öfundsvert því að heilbrigðisþjónusta er okkur ákaflega mikilvæg. Nú reynir á þá sem gagnrýnt hafa á (Forseti hringir.) undanförnum árum en þurfa nú að takast á við stjórnun og þá ábyrgð sem henni fylgir.

[12:18]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég vil fyrst bjóða velkominn nýjan heilbrigðisráðherra og þakka honum fyrir fyrstu skýrsluna sem hann flytur um heilbrigðismál í þinginu. Það er rétt sem síðasti ræðumaður sagði, við stjórnarskiptin beinist athyglin að hæstv. heilbrigðisráðherra, ekki síst vegna þess að hann hefur verið iðinn við að ræða þau mál og opinberan rekstur ýmsan að öðru leyti, þekkir þau vel og hefur langa reynslu í almennum stjórnmálum og þekkir stjórnsýsluna og ríkisreksturinn betur en margir aðrir sem hér sitja.

Það eru miklar vonir bundnar við hæstv. heilbrigðisráðherra, ekki síst í ljósi afreka þeirra sem þar sátu áður, t.d. hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar sem nú kemur út eftir eitt og hálft ár í heilbrigðisráðuneytinu. Það voru líka bundnar vonir við hann vegna þess að samstarf Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í ríkisstjórn snerist m.a. um ákveðnar úrbætur í heilbrigðismálum sem menn vonuðust eftir að yrðu að veruleika. En það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur, þetta eina og hálfa ár entist ekki hv. þingmanni og fyrrverandi ráðherra til mikilla afreka og það liggur ekki mikið eftir heilbrigðisráðherrann í síðara ráðuneyti Geirs Haardes.

Það var auðvitað stefna þeirrar ríkisstjórnar að komast úr ákveðinni pattstöðu í heilbrigðismálum, m.a. með því að líta á reksturinn á heilbrigðisstofnunum og athuga hvort hægt væri að hagræða honum með einhverjum hætti og athuga hvar væri hentugra að taka upp einkarekstur fremur en opinberan rekstur og ég legg áherslu á einkarekstur en ekki einkavæðingu. Það voru sameiginlegir punktar í stefnu þessara flokka sem hefðu getað þrýst málum áfram, menn vonuðust til þess að það gerðist, en því miður varð lítið úr. Það kann að vera, við skulum hafa það þannig, að tíminn hafi ekki nægt heilbrigðisráðherranum þó að honum hafi legið nokkuð á og túlkaði þessa sameiginlegu stefnu, hina varfærnislegu stefnu Samfylkingarinnar í þessum efnum, með þeim hætti sem mörgum mislíkaði vegna þess að hér er um viðkvæm mál að ræða. Þó að einkarekstur eigi vissu-

lega við og hafi lengi viðgengist á ákveðnum stöðum á hann ekki við alls staðar. Það var t.d. ákaflega klaufalegt hjá fyrrverandi heilbrigðisráðherra þegar hann efndi til einkareksturs á einni hæð á heilum spítala, tók eina deild út úr heilu húsi og skapaði þar önnur rekstrarskilyrði en á öðrum stöðum í húsinu. Þetta gengur ekki og það er kannski ekki nema von að síðustu aðgerðir ráðherrans hafi farið eins og þær fóru því að það virðist ekki hafa verið hugsun á bak við þær ráðstafanir sem ráðherrann stóð að.

Við nýjum heilbrigðisráðherra blasir hins vegar miklu erfiðara verkefni eftir efnahagshrunið, annars vegar að svara þeim kröfum sem augljósar eru til þess að við reynum að láta ekki þessar hörmungar bitna á þeim sem minnst mega sín, á sjúklingum, á öldruðum, á börnum, og hins vegar það að heilbrigðisráðherrann er sá ráðherra sem stærsta sneið hefur af kökunni, það er mest fé sem fer í hans málaflokk og þess vegna liggja á honum kvaðir um að verja því sem allra best — það er auðvitað hið eilífa verkefni heilbrigðisráðherra — og reyna að gera hlutina öðruvísi og ódýrar en áður vegna þess að við komumst ekki hjá því að spara líka í heilbrigðisráðuneytinu á næstu árum vegna þeirrar óstjórnar og vegna þeirra hagstjórnarmistaka sem hér hafa verið unnin á umliðnum árum.

Ég vonast til þess að geta farið nánar í heilbrigðismálin síðar í þessari umræðu en hætti hér með mínum góðu óskum til hæstv. heilbrigðisráðherra.

[12:23]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og þakka hæstv. heilbrigðisráðherra um leið og ég óska honum til hamingju með embættið. Ég þakka honum fyrir skýrsluna en vil þó láta það koma fram, hæstv. forseti, að mér finnst að hæstv. ráðherra hefði kannski getað nýtt tíma sinn betur til að segja okkur hvað hann ætlast fyrir og hvernig hann sér þetta fyrir sér til framtíðar. En hann fær tækifæri síðar í þessari umræðu til að fara frekar ofan í það.

Staðreyndin er sú að við eigum í miklum erfiðleikum, Íslendingar, það vita allir. Við erum svartsýn og smeyk við ástandið og hvernig okkur tekst að vinna okkur út úr því. En við megum ekki gleyma því í allri þeirri neikvæðu umræðu sem fram fer að við erum búin að byggja upp glæsilegt heilbrigðiskerfi sem þjónar þegnunum býsna vel og kannski má segja mjög vel (Gripið fram í.) miðað við þau orð sem höfð voru uppi áðan, t.d. af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, að staðan sé öfundsverð. Það eru stór orð og af því að hann situr í salnum vil ég aðeins minna hann á þann tíma þegar hann var í Framsóknarflokknum og við fórum með heilbrigðismálin, þá fannst mér kannski ekki alltaf að hann væri alveg sannfærður um að mál væru í réttum farvegi. Engu að síður hefur hann þessi orð uppi nú og er ég ánægð að heyra það.

Það sem ég er að fara, hæstv. forseti, er það að við erum með gott kerfi og fullkomið þegar það er borið saman við kerfi annarra þjóða en engu að síður komumst við ekki hjá því núna að taka þannig á málum að það verði sparað í kerfinu. Það er aldrei auðvelt að spara í heilbrigðismálum og það verður heldur ekki núna.

Vegna þess hvernig pólitíkin liggur og vegna þess að það má segja að fjórir stærstu flokkarnir á Alþingi hafi allir komið að heilbrigðismálum á síðustu tæpum tveimur árum eru kannski meiri líkur á því núna en oft áður að náðst geti nokkuð góð samstaða um það hvernig fara eigi í þessi mál. Það er enginn alveg saklaus af ástandinu eins og það er og það eru allir að einhverju leyti ábyrgir fyrir því sem er fram undan. Ég bið um meiri samvinnu við að leysa þau mál sem þarf að taka á og vil meina og trúi því að hæstv. heilbrigðisráðherra vilji slíkt samstarf og óski eftir því.

Af því að það kom fram áðan hjá hv. þm. Ellerti Schram að þetta mál snúist ekki um flokkspólitík, heilbrigðismálin, þá gera þau það vissulega að nokkru leyti. Það er t.d. pólitískt mál hversu langt við viljum ganga í sambandi við einkarekstur í heilbrigðiskerfinu, það er mál sem við erum búin að takast mjög mikið á um á hv. Alþingi. Ég heyrði að hv. þm. Ásta Möller sagði að rekstrarform skipti ekki máli. Ég upplifði umræðu um sjúkratryggingar í þessum sal þannig að rekstrarformið skipti heilmiklu máli og þar greinir okkur svolítið á, þ.e. hversu langt eigi að ganga í sambandi við einkareksturinn.

Hæstv. forseti. Það sem ég vil að hæstv. ráðherra komi aðeins meira inn á í síðari ræðu sinni er um Lýðheilsustöð, ég veit að það eru umræður um ákveðna sameiningu þar. Í hvaða farvegi er það? Ég vil fá að heyra hver áformin eru um Landspítalann, það er hægt að spara 10–15% á ári með því að fara í þá framkvæmd. Ég veit að það er ekki einfalt miðað við aðstæðurnar. Ég vil spyrja um tilvísanakerfi. Hv. formaður heilbrigðisnefndar nefndi það fyrirkomulag. (Forseti hringir.) Er eitthvað slíkt á döfinni? Ég er jákvæð gagnvart því. Svo vil ég spyrja um greiðsluþátttökukerfið sem ég tel að við hefðum átt að halda áfram með þó að skipt hafi verið um ríkisstjórn.

[12:27]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Við ræðum hér skýrslu hæstv. heilbrigðisráðherra og mig langar af því tilefni að nefna nokkur atriði sem unnið var að innan heilbrigðiskerfisins frá því í maí 2007 og þar til núverandi heilbrigðisráðherra tók við og spyr hann hvort áfram verði haldið með verkefnin.

Í fyrsta lagi var eitt af verkefnunum að leysa bráðavanda á BUGL til að stórauka þjónustu fyrir börn og ungmenni með hegðunar- og geðraskanir. Það skiptir miklu máli í árferði eins og nú er að haldið verði áfram með það verkefni. Verður það gert?

Í öðru lagi var gripið til ýmissa aðgerða til að halda aftur af kostnaðarhækkunum vegna lyfja og áætlað að lyfjaverð hefði lækkað vegna þessara aðgerða að vegnu meðaltali um 7% ef gengi krónunnar hefði haldist stöðugt á milli ára. Það samsvarar 1,5 milljörðum. Mér skilst að hæstv. heilbrigðisráðherra ætli að halda áfram á þeirri braut.

Í þriðja lagi lögðu stjórnvöld og stjórnendur LSH áherslu á að eyða biðlistum á öldrunardeildum. Sú aðgerð styrkti LSH sem bráðasjúkrahús Íslendinga og við getum nefnt klár dæmi þar að lútandi, ef neyðarástand hefði skapast í Suðurlandsskjálftanum 29. maí hefði LSH getað tekið á móti 50 sjúklingum á svæðinu. Ef atburðurinn hefði átt sér stað í maí 2007 hefðu það verið 10. Verður áfram haldið á þessari braut og sjúkrahúsið styrkt?

Í fjórða lagi var verulegur viðsnúningur á rekstri LSH og áætlaður rekstrarhalli ársins 2008 var 0,6%. Verða stjórnendur LSH styrktir í því að halda áfram á sömu braut og þar var byrjað á?

Í fimmta lagi voru sett lög um Sjúkratryggingastofnun, stofnun sem á að skipuleggja kaup, greiðslur og samninga um heilbrigðisþjónustu. Til hvers? Jú, til að tryggja gæði, öryggi, árangur og hagkvæmni. Sjúkratryggingastofnun ber einnig að greina kostnað og hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustunni. Þessari stofnun fann hæstv. heilbrigðisráðherra allt til foráttu í umræðu á þingi þegar þau lög urðu að veruleika. Ég spyr: Verður breyting hér á? Hyggst hæstv. ráðherra standa við þau stóru orð sem hann lét falla um Sjúkratryggingastofnun þá og verður því breytt?

Í sjötta lagi lá fyrir í heilbrigðisráðuneytinu stefnumótun um markvissar aðgerðir til að styðja við búsetu aldraða og langveikra í heimahúsum, efling heimahjúkrunar og heimaþjónustu, fjölgun hvíldar- og endurhæfingarrýma, efling geðheilbrigðisþjónustu fyrir aldraða, aukið aðgengi að greiningu og sérhæfðri meðferð í öldrunarlækningum, fjölgun úrræða í dagþjálfun, fjölgun skammtímarýma fyrir heilabilaða. Hyggst hæstv. heilbrigðisráðherra halda áfram á þessari braut? Er að vænta breytinga?

Virðulegur forseti. Þegar fjárlög ársins voru samþykkt 2009 var ljóst að draga þurfti úr rekstrarkostnaði í heilbrigðiskerfinu um 6,7 milljarða. Því hafnaði núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra. Það er verkefni sem blasir við á árinu 2009 og það er algerlega ljóst að því er ekki hægt að ná nema með verulegum skipulagsbreytingum, breytingum sem alltaf eru sársaukafullar og verkefnið er erfitt og verkefnið þarf að vinna í samvinnu með það að leiðarljósi að nýta sem best fjármuni, verja grunnþætti þjónustunnar, verja störf eins og mögulegt er, draga úr yfirbyggingu og auka skilvirkni til þess að við getum, eins og stendur í lögunum um heilbrigðisþjónustu, veitt þá þjónustu sem sjúklingar þurfa á að halda, óháð efnahag eins og við erum öll sammála um.

Virðulegur forseti. Hér er verk að vinna. Verkefnið er brýnna en svo að menn togist hér á um pólitíska hagsmuni og skammi hvern annan fyrir það sem gert var eða ekki gert. Og það er heilladrýgst fyrir þjóðina að við tökum höndum saman og látum verkin tala.

[12:32]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég sagði áðan að þess hæstv. heilbrigðisráðherra sem nú er tekinn við biðu erfiðari verkefni en margra þeirra sem hann hefur á myndum uppi á vegg hjá sér í ráðuneytinu, nefnilega að tryggja annars vegar fulla hagkvæmni í hinni viðamiklu þjónustu sem hann stjórnar og reyna að draga eins og hægt er úr útgjöldum þar, og hins vegar að tryggja að búið sé eins vel og hægt er að þeim sem minni máttar eru í samfélaginu og verst verða úti við aðstæður eins og þær sem við búum við, þ.e. að sjúklingum auðvitað, en þó sérstaklega notendum heilbrigðisþjónustu úr hópi aldraðra og úr hópi barna. Ég get auðvitað nefnt ýmsa aðra hópa.

Það er ljóst að á næstu mánuðum og missirum — við skulum reikna með að heilbrigðisráðherra eigi sér lengri tíma í starfi en bara næstu tvo mánuði — verða það ekki hinir stórkostlegu minnisvarðar sem heilbrigðisráðherra fæst við að reisa. Það verður ekki fé til að bæta við húsnæði, tæknibúnað eða rekstur og þess vegna hljóta störf heilbrigðisráðherra að beinast að því að gera hlutina öðruvísi, gera þá betur, að nýta féð eins vel og mögulegt er og að virða fyrir sér þá forgangsröð sem heppilegust er í heilbrigðisþjónustunni. Það er verkefni sem menn hafa haft á orði í þessum ræðustól og annars staðar þar sem fjallað er um heilbrigðismál síðan ég man fyrst eftir umræðu um þau efni. Það hafa verið settar af stað nefndir og samdar skýrslur en því miður virðist það verkefni, að eiga við þessa forgangsröð, of erfitt til þess að stjórnmálamenn og heilbrigðisstarfsmenn hafi hingað til getað fengist við það að neinu ráði. Þarna liggja auðvitað mikil tækifæri þó að það geti verið sársaukafullt að setja upp slíka röð og núna er meiri þörf á því en nokkurn tíma áður.

En það eru auðvitað ákveðin tækifæri líka á krepputímum, á þeim tímum þegar á bjátar, vegna þess að þeir krepputímar hvetja menn til að hugsa upp á nýtt til að finna nýjar leiðir og það eru til ódýrari lausnir en steinsteypa og mikið mannahald og ný tæki sem bjóðast til framfara á þessu sviði. Það er auðvitað tækifæri til að hvetja Íslendinga eða að taka þátt í þeirri fyrirætlan Íslendinga, réttara sagt, að temja sér heilbrigðari lífshætti sem spara beinlínis í heilbrigðiskerfinu á hverjum degi og eru veruleg fjárfesting fyrir framtíðina af þeim augljósu ástæðum að maður sem lifir þokkalega heilbrigðu lífi þegar hann er ungur eða á miðjum aldri kostar heilbrigðisþjónustuna sennilega minna þegar hann eldist.

Það eru tækifæri til þess að efla á tiltölulega ódýran hátt forvarnir á mörgum sviðum, bæði í beinum heilbrigðismálum en einnig í fikniefnamálum og geðheilsumálum. Það eru tækifæri í samstarfi við önnur ráðuneyti til þess að búa betur að íþróttum, bæði afreksíþróttum en ekki síður almannaíþróttum með ýmsum hætti og það eru líka tækifæri til þess að huga að skipulagi heilbrigðisþjónustunnar og einkum tengslanna á milli heilsugæslunnar annars vegar og sjúkrahúsanna hins vegar, á milli heimilislækninganna annars vegar og sérfræðinganna hins vegar. Og spurning síðasta ræðumanns um hugmyndir heilbrigðisráðherra í því efni, um tilvísanakerfi sem við höfum rætt líka, þingmenn í salnum, í 10, 15, 20 ár og hægt er að hafa með ýmsum hætti — ég tek undir spurningu síðasta ræðumanns til heilbrigðisráðherra um hugmyndir hans í þeim efnum og öðrum tiltölulega einfaldari hlutum sem hægt er að ráðast í á næstu mánuðum og missirum.

[12:37]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari umræðu um heilbrigðismál í dag. Það fara miklir fjármunir í heilbrigðismálin á fjárlögum, tæpir 116 milljarðar. Þetta eru miklir fjármunir. En það þarf að skera niður eins og staðan er í dag, meðaltalsniðurskurður er u.þ.b. 4% á fjárlögum og það kemur þannig út að það eru allt upp í 8% sem heilbrigðisstofnanir þurfa að skera niður, 4% í ár og skuldahali frá fyrri árum önnur 4%, þannig að það eru um það bil 8% sem heilbrigðisstofnanir þurfa að skera niður. Hvar geta þær

gert það? Jú, 7–15% mun þurfa að skera niður í launum. Síðan kemur skerðing þjónustu og hún kemur að öllum líkindum niður á valaðgerðum eða biðlistaaðgerðum og það verður mjög erfitt fyrir marga að þurfa að taka við því.

Í góðærinu voru aldrei settir nægir fjármunir til heilbrigðisstofnana, þannig að við sitjum uppi með að hluti af niðurskurðinum er vegna skuldahala. Stofnanir eru verr nýttar með einkavæðingu, það er staðreynd. Ég efast um að sameining heilbrigðisstofnana leysi einhvern vanda, það skerðir aðeins nærþjónustuna. Við þá stöðu sem er í þjóðfélaginu mun fólk fara minna til lækna vegna peningaskorts og ég hugsa með hryllingi til þess að fólk sem þarf að fara t.d. í liðskiptaaðgerðir og er undir miklu líkamlegu og andlegu álagi vegna verkja og vegna atvinnumissis. Er það þjóðhagslega hagkvæmt? Nei, ég lít svo á að svo sé ekki. Heilsugæslustöðvar þarf að efla og þær þurfa meira eða a.m.k. óskert fjármagn frá fjárlögum núna. Ég spyr: Er ekki tímabært að koma aftur á tilvísanakerfinu? Það mundi spara almenningi og ríkinu mikla fjármuni. Loks þarf að efla nærþjónustu heilsugæslustöðvanna, efla heimahjúkrun og eftirfylgni við sjúklingana. Við höfum mjög gott heilbrigðisstarfsfólk, það er engin efi á því, en ég ætla að leyfa mér að fullyrða að heilbrigðiskerfið okkar er ekki það besta í heimi og úr því þarf að bæta.

[12:40]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi fagna því að hér skuli gefast tækifæri til umræðna um heilbrigðismál og ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir skýrslu hans. Heilbrigðismál eru mikilvægur málaflokkur sem tekur til sín stóran hluta útgjalda þjóðarinnar og því er mikilvægt að menn hafi sífellt vakandi auga með kostnaðinum. Jafnframt er heilbrigðisþjónustan þess eðlis að hún snertir hverja einustu fjölskyldu í landinu og hvern einasta einstakling þó að í mismiklum mæli sé. Það er einmitt þessi viðkvæmi þáttur málsins sem gerir þá kröfu að vel sé á málum haldið, ekki bara í verki heldur líka í orði.

Öll viljum við njóta þeirrar bestu þjónustu sem völ er á og það brennur á heilbrigðisyfirvöldum á hverjum tíma að skipa málum þannig að sem mest fáist fyrir það fjármagn sem lagt er til heilbrigðisþjónustunnar. Ég tel að í fyrri ríkisstjórn, undir forustu fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, hafi verið tekin mörg mikilvæg skref í þá átt að skipuleggja þjónustuna þannig að sem mest fengist fyrir peningana. Gerðar voru ýmsar mikilvægar skipulagsbreytingar í þá veru. Ég vil nefna tvennt í þessu sambandi. Í fyrsta lagi hefur orðið gerbreyting á biðlistum á öldrunardeildum. Á síðasta ári náðist mikill árangur, t.d. voru 139 sjúklingar á Landspítalanum í upphafi árs með vistunarmat og biðu varanlegrar vistunar. Þessum biðlista var næstum eytt. Þetta leiðir aftur til þess að bráðasjúkrahús allra landsmanna getur betur sinnt hlutverki sínu og tekið við bráðveiku fólki. Í öðru lagi hefur náðst mikill árangur í lyfjamálum. Fyrrverandi heilbrigðisráðherra beitti sér fyrir því að opna lyfjamarkaðinn bæði gagnvart Norðurlöndum og með rökstuddri gagnrýni á regluverk Evrópusambandsins sem hefur valdið okkur Íslendingum miklum kostnaði. Nú er verið að byrja á breytingum í samræmi við gagnrýni fyrrverandi heilbrigðisráðherra.

Á síðasta ári var gripið til aðgerða til að halda aftur af kostnaðarhækkunum og náðist að lækka lyfjakostnaðinn sem samsvarar 1,5 milljörðum kr. Þarna er um verulega háar upphæðir að ræða. Fleira mætti nefna, virðulegur forseti, og vil ég draga athygli að tvennu í viðbót. Biðlistar eftir augnsteinaaðgerðum hafa verið styttir verulega með skipulagsbreytingum og aðgerðum á síðasta ári. Þær fóru úr 1.800 í 2.600. Sömuleiðis hefur mikill árangur náðst í að stytta biðlista barna sem bíða þjónustu á barna- og unglingageðdeildinni. Í byrjun kjörtímabilsins voru 165 börn á biðlista en nú eru þau 70.

Virðulegur forseti. Mig langar að gera sérstaklega að umtalsefni hlutverk annarra sjúkrahúsa en Landspítala – háskólasjúkrahúss. Við eigum afskaplega vel búin sjúkrahús bæði hvað varðar búnað og ekki síður sérhæft og reynslumikið starfsfólk. Þessi sjúkrahús gegna veigamiklu hlutverki í heildarþjónustu landsmanna og að mínu viti geta þau gegnt miklu stærra hlutverki en þau gegna í dag. Oft og tíðum þarf ekki að bæta miklu við kostnað til að auka þjónustuna verulega heldur er þörf á skýrari verkaskiptingu, samráði og samstarfi milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og annarra sjúkrahúsa.

Sjúkrahúsið á Akranesi er dæmigert í þessu sambandi. Þar er rekin fæðingar- og kvensjúkdómadeild sem er með því besta sem gerist á landinu og konur á höfuðborgarsvæðinu koma þangað í vaxandi mæli til að fæða börn sín. Ekkert er því til fyrirstöðu að bæta þá aðstöðu. Á annað hundrað liðskiptaaðgerðir eru gerðar á sjúkrahúsinu og þar er rekið öflugt sjúkrahús með móttöku allan sólarhringinn fyrir bráðveikt fólk. Ég tel mjög brýnt að yfirstjórn heilbrigðismála hafi þessa stóru mynd í huga við ákvarðanir sínar. Að sumu leyti er kannski þörf á viðhorfsbreytingum og þá má t.d. nefna tilhneigingu til að allir fari suður og fái þjónustu. Þess vegna segi ég að við getum nýtt miklu betur þau sjúkrahús sem við eigum úti á landsbyggðinni og ég vona að hæstv. heilbrigðisráðherra geri það.

[12:45]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundi Jónassyni fyrir góða skýrslu. Við heyrum að nýr tónn er sleginn í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Við heyrum nú talað um þjónustu, jöfnuð, félagshyggju og að við ætlum að standa saman um að vernda heilbrigðisþjónustuna, grunnþjónustu samfélagsins.

Fyrrverandi ráðherra og fyrrverandi ríkisstjórn lögðu einmitt áherslu á einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og hvernig hægt væri að reka það sem atvinnurekstur. Gjörólíkur hugsunarháttur. Sjálfstæðisflokkurinn fagnaði því sérstaklega að í þeirri ríkisstjórn sem stofnuð var væri hægt að fara í miklu meiri einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu en áður.

Ég fagna líka yfirlýsingu hæstv. heilbrigðisráðherra um þær vanhugsuðu hugmyndir og áform fyrrverandi ráðherra að leggja niður sjálfstæðar stofnanir og sameina. Ég nefni Heilbrigðisstofnunina á Hvammstanga, Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi og Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki, sem átti annars vegar að sameina undir Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og hins vegar í vesturátt. Við fórum um þessi svæði fyrir tveimur dögum og heimsóttum þessar

stofnanir og sérstaklega ánægjulegt var og mikil hvatning að fá að kynnast þeim mikla metnaði sem starfsfólk og íbúar bera gagnvart heilbrigðisstofnunum sínum. Þannig er það um allt land. Í því er líka fólginn auður, í því er fólgin auðlegð sem ekki er alltaf dregin upp þegar verið er að setja upp reiknimælikvarða á hvað er hagkvæmt og hvað ekki.

Tökum Hvammstanga sem dæmi. Síðustu tvö árin höfðu hollvinasamtök og félög á svæðinu gefið tæki til sjúkrahússins upp á tæpar 20 millj. kr. Nánast öll tæki og búnaður í sjúkrahúsum úti um land eru gjafir frá samfélaginu sem undirstrikar að þessar heilbrigðisstofnanir eru hornsteinar samfélagsins. Meira að segja fallega kapellan í Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga var byggð upp og búin af kaupfélaginu á staðnum. Þess vegna er stórhættulegt þegar farið er út í vanhugsaðar skipulagsbreytingar með boðvaldi að ofan eins og fyrrverandi heilbrigðisráðherra gerði og starfsfólk og íbúar urðu agndofa yfir. Einn stærsti fundur í Skagafirði sem ég hef verið á var mótmælafundur gegn ákvörðun heilbrigðisráðherra um að leggja sjúkrahúsið á Sauðárkróki undir sjúkrahúsið á Akureyri.

Allir forstöðumenn og starfsfólk á þessum stofnunum lýstu sig reiðubúin til að spara og axla þá ábyrgð, líkt og verið er að gera um allt samfélagið, að nú verði að horfa til allra þátta. En þau sögðust vilja fá að gera það sjálf, á eigin forsendum, í góðri samvinnu við stjórnvöld en ekki í formi boðvalds. Það er þessi nálgun, þessi hugmyndafræði (Forseti hringir.) sem nú ræður ríkjum í heilbrigðisráðuneytinu og því fagna ég, herra forseti.

[12:49]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason heldur áfram að klifa á því að setja eigi stofnanir á Norðurlandi undir FSA þó að hann viti mætavel að það er ekki rétt. Hann sagði hér að nú væri kominn nýr tónn vegna þess að menn tala um þjónustu. Hver þingmaðurinn á fætur öðrum hefur farið yfir hvað þjónustan hefur aukist á þessum 18 mánuðum. Af hverju segir hv. þingmaður ekki frá því? Hann veit það, hann veit að það er ekki lengur umræða um BUGL. Allir sem hér eru inni vissu alveg hvernig sú umræða var. Ég hef sem betur fer náð frábærum árangri þar. Menn vita að við höfum fjölgað augnsteinaaðgerðum um 800 á ári, það eru 800 einstaklingar sem geta fengið bót meina sinna.

Við vitum að gangainnlagnir eru ekki lengur fréttaefni, þær heyra sögunni til, sem betur fer. Þetta heitir aukin þjónusta. Við vitum að í sumar var engin frétt nema þegar við kynntum sumarstarfsemina, um sumarlokanir á spítölum. Bara engin önnur frétt. Þetta heitir aukin og betri þjónusta.

Við vitum að við höfum náð gríðarlega góðum árangri í að stytta biðlista eftir hjartaaðgerð. Það var mjög gaman að vera í heilbrigðisnefnd í morgun þar sem forstjórar Landspítalans fóru yfir árangurinn 2008, aldrei fleiri fengið þjónustu. Aldrei. Og aldrei náðst betri árangur í rekstri spítalans. Stórkostlegur árangur.

Það er fyrir neðan virðingu hv. þingmanns að fara ekki rétt með. Sem betur fer náði síðasta ríkisstjórn gríðarlega góðum árangri þegar kom að því að auka þjónustu fyrir fólk.

Ég ætla, virðulegi forseti, aðeins að fara yfir það sem ég komst ekki yfir áðan varðandi það sem hæstv. ráðherra vændi mig um.

Í fyrsta lagi varðandi lyfin, við náðum árangri í að lækka lyfjakostnaðinn um 1,5 milljarða á síðasta ári. Þá liggur fyrir að það að fara úr dýrari lyfjum í ódýr er ekki gert á nokkrum dögum. Hæstv. ráðherra veit að við höfum unnið að því mjög lengi, það var komið inn í reglugerð og við höfðum gert ráðstafanir áður en sá sem hér stendur hætti.

Það sama gildir um það að 18 ára og yngri fengju lægra verð, minni smásöluálagning kom til framkvæmda 1. janúar og minni heildsöluálagning 1. febrúar. Það voru ekki verk hæstv. ráðherra. Það sama gildir um þunglyndis-, veiru- og mígrenilyfin. Hins vegar í nýrri reglugerð, sem hann afnam, kom sjúklingaskatturinn og lægri kostnaður fyrir atvinnulausa. Það er hárrétt og ég hef alltaf tekið það fram.

Ef við förum síðan yfir það var ég mjög ánægður með byrjun ræðu hæstv. ráðherra þar sem hann fór yfir að arfleifðin sem menn hefðu skapað á 20. öldinni væri góð og menn hefðu unnið að þessu saman. Ég hef litið svo á að samstaða hefði verið í íslensku samfélagi um að við mundum efla heilbrigðisþjónustuna og vildum líta á hana sem fjöregg okkar.

Hins vegar er ekki rétt að stefnumótun hafi alltaf verið í gangi óháð ráðherrum. Hér nefndi hann ákveðinn góðan einstakling sem var fyrir nokkrum mánuðum ráðinn í ráðuneytið til að stýra stefnumótunarsíðu sem var sett á laggirnar eftir að sá sem hér stendur tók við. Fyrirkomulaginu var gjörbreytt í ráðuneytinu. Að vísu hefur alls kyns stefnumótun verið í gangi, sem betur fer, og margt af því sem er í gangi er afrakstur af löngu ferli.

Varðandi breytingarnar á St. Jósefsspítala — ég hef sagt að á dauða mínum hafi ég átt von en ekki því að vera skammaður fyrir að hafa ekki tekið á málum þar. Ég hef aðallega verið skammaður fyrir að hafa gert það, þó að ég hafi ekki farið nákvæmlega með tölurnar varðandi þessa sérfræðinga hef ég alltaf tekið fram að ekkert samræmi væri milli kjara sérfræðinga á St. Jósefsspítala og annars staðar. Það liggur alveg fyrir að þegar ég samdi við Landspítalann um að yfirtaka meltingardeildina, þó að það væri undir forustu sérfræðinga St. Jósefsspítala, er það 200 millj. kr. ódýrara en að gera það eins og það er núna. Síðan var alltaf lagt upp með að segja ekki upp starfsfólki og alveg ljóst að læknarnir væru þá á sömu kjörum og á Landspítalanum með því að fara þá leið. Á sama hátt bauð ég öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu að yfirtaka heilbrigðisþjónustuna í byrjun desember, þar með talið í Hafnarfirði. Það lá allt saman fyrir.

Stóra spurningin er þessi: Þegar menn hætta við sameiningar eru þeir í raun og veru — það er ekkert leyndarmál að þegar við förum í þessa sameiningu úti á landi spöruðum við í stjórnunarkostnaði. Við spöruðum sem samsvarar forstjórunum og öðrum stjórnendum. Það er það sem við vorum að gera til að vernda störf heilbrigðisstarfsfólksins. Það lá alveg fyrir.

Nú ætla menn ekki að fara þá leið. Hvert ætla menn að senda reikninginn? Það á að vernda forstjórann og stjórnendurna. Gott og vel, það er stefna núverandi hæstv. ráðherra, en hvert ætlar hann að senda reikninginn? Hann

verður að svara því.

Margt annað sem vinnst með sameiningu, m.a. rafræn sjúkraskrá, (Forseti hringir.) er mjög mikilvægt og ein af ástæðunum fyrir því að hún hefur gengið allt of hægt er að við erum með litlar, vanburðugar stofnanir og ýmislegt annað sem snýr að faglegum þætti, sem næðist með því að hafa stærri og öflugari stofnanir. (Forseti hringir.) Þetta er nokkuð sem menn þurfa að svara fyrir, hvernig eigi að ná fram með breyttum ákvörðunum.

[12:55]

Ellert B. Schram (Sf):

Herra forseti. Á þremur mínútum tekst mér sennilega ekki að gera neina alvarlega úttekt á umræðunni, annað en að segja að hún hefur verið málefnaleg. Hún hefur snúist um stöðu heilbrigðismála í ljósi ástandsins, vegna kreppunnar sem veldur því að við þurfum að grípa til niðurskurðar á þessu mikilvæga sviði sem heilbrigðismálin eru. Ég minni líka á að þrátt fyrir allt hefur Alþingi með afgreiðslu fjárlaga í desember ákveðið að leggja til heilbrigðismálanna tæpa 120 milljarða. Þrátt fyrir allt erum við ekki nema 300.000 svo þetta er sæmilega vel í lagt. Ég hef ekki trú á öðru en að niðurskurður, þó að hann verði erfiður, ætti samt að vera framkvæmanlegur undir svona kringumstæðum.

Ég sat fund heilbrigðisnefndar í morgun þar sem við fengum í heimsókn fulltrúa Landspítala – háskólasjúkrahúss og þar var okkur sagt frá þeirri viðleitni og þeim ákvörðunum yfirstjórnar spítalans að hagræða og laga til í rekstrinum með ýmsum hætti, sem ég hef ekki tíma til að rekja, en tel aðdáunarvert og þakkarvert hvernig hefur verið tekið á málum þar. Ég held að slíkur niðurskurður sem þar er fyrirhugaður þurfi jafnframt að ganga yfir aðra vegna þess að eins og getið var um fyrr í umræðunni er ekki gott ef einhver tekur til heima hjá sér en aðrir ekki.

Ég hjó eftir því að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er kannski ekki alveg sammála mér um að þetta sé ekki flokkspólitískt viðfangsefni. Vissulega greinir okkur á um margt í framkvæmd og starfsemi heilbrigðisþjónustunnar að því er varðar gjöld og einkarekstur og einkavæðingu og samstarf spítala og stofnana o.s.frv. En þegar ég tala um að þetta sé ekki flokkspólitík, held ég að hægt sé að taka umræðuna saman með því að segja — og þau sem hér hafa talað eru öll á einu máli um það — að varðveita þarf og standa vörð um grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins og gefa ekkert eftir í þeim efnum. Ég skil það svo að þótt ágreiningur sé á milli manna stefnum við öll að því marki (Forseti hringir.) að heilbrigðisþjónustan standi kreppuna af sér.

[12:58]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Það hefur ekki komið á óvart að í umræðunni hér í dag eru menn sammála um að standa vörð um grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins. Enginn getur velkst í vafa um að það er sameiginleg hugsjón flestra, ef ekki allra, þingmanna. Það sem okkur greinir hins vegar á um eru leiðirnar að þessu markmiði, sérstaklega í því ástandi sem nú ríkir.

Vissulega er mikilvægt að stöðug stefnumótunarvinna sé í gangi í ráðuneytinu og að þar starfi mjög færir sérfræðingar sem búa yfir gríðarlegri reynslu og þekkingu á sínu sviði. Hins vegar er ljóst að stefnan sjálf og ramminn sem þessari vinnu er settur á að koma frá Alþingi. Við þurfum sjálf að taka erfiðustu ákvarðanirnar og þurfum að ákveða hvers konar heilbrigðisþjónustu við viljum bjóða upp á og hverju við höfum ekki efni á.

Svo er það embættismanna og sérfræðinga í ráðuneyti og stofnunum að útfæra þá stefnu. Það er gott að heyra að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur tekið upp skipulagsbreytingar hæstv. fyrrverandi ráðherra. Þá er sérstaklega ánægjulegt að heyra að endurskoðun þeirra breytinga verður unnin í nánu samstarfi við stjórnendur og starfsfólk stofnananna sem um ræðir. Bent hefur verið á að heilbrigðisþjónustan sé fyrir almenning en ekki fyrir starfsfólk en við verðum að treysta því að starfsfólk þessara stofnana vinni að skipulagsbreytingum með hagsmuni almennings að leiðarljósi, enda er það í stöðugum samskiptum við notendur þjónustunnar og ber mest skynbragð á þarfir þeirra.

Þó er ánægjulegast að heyra að hæstv. ráðherra ýtir ekki einhliða öllum tillögum forvera síns út af borðinu. Í þeim tillögum er margt gott, enda hafa margir okkar færustu sérfræðinga komið að undirbúningi þeirra. Við lokavinnslu þeirra hefur því miður skort samstarf og samvinnu sem leiðir til þess að um þær hefur ekki verið samstaða. Slík handarbakavinna í jafnmikilvægum málaflokki er aldrei til góðs. Mikilvægt er að um jafnerfiðar aðgerðir og hér um ræðir náist almenn sátt í samfélaginu. Leggja þarf megináherslu á hlutverk nærþjónustu á borð við heilsugæslu. Hæstv. heilbrigðisráðherra ræddi sérstaklega hugmyndir sveitarfélaga um að yfirtaka hluta heilsugæslunnar. Vissulega eru margir kostir við að nærþjónustan færist í meira mæli til sveitarfélaganna en þar eru einnig margar hættur. Til að svo megi verða þarf að tryggja fjárhagslegan grundvöll heilsugæslunnar betur en gert var t.d. þegar grunnskólarnir voru færðir til sveitarfélaganna. Það þarf að tryggja að ekki komi upp sú staða að þegar skórinn kreppir bendi sveitarstjórnarmenn og ráðherrar hver á annan og almenningur sitji uppi með verri þjónustu á hærra verði. Þá væri verr af stað farið en heima setið.

Allar slíkar hugmyndir verður að vinna faglega og ekki má ana út í slík verkefni án þess að fjárhagslegur grunnur þeirra sé tryggður. Hitt er hins vegar alveg ljóst að heildarendurskoðun og forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu er brýn og allt verður að vera undir.

[13:01]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur verið með ágætum hér í dag og komið víða við. Ég get hins vegar ekki tekið undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni þegar hann þakkaði hæstv. ráðherra fyrir góða skýrslu. Hún var óttalegt þunnildi og hana skorti algjörlega svör við þeirri spurningu sem lagt var upp með, hvernig hæstv. ráðherra ætlaði að ná markmiðum fjárlaga um niðurskurð upp á tæpa 7 milljarða í heilbrigðisþjónustunni.

Það eina sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra var að hann hrósaði sér af því að hafa náð meiri árangri en fyrrverandi heilbrigðisráðherra með því að setja 650 millj. kr. álögur á sjúklinga meðan sá fyrri, Guðlaugur Þór Þórðarson, hafði einungis sett á 100 millj. Það hafa aldeilis orðið hlutverkaskipti hér þegar hæstv. ráðherra og hv. þm. Ög-

mundur Jónasson er farinn að hrósa sér af því að setja á sjúklingaskatta. Öðruvísi mér áður brá.

Af því að ég er síðust á undan hv. þingmanni og hæstv. ráðherra Ögmundi Jónassyni í ræðustól vil ég nota þetta tækifæri til að ítreka spurningar sem ég kom fram með í fyrri ræðu minni. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að ná 7 milljarða kr. sparnaði í heilbrigðisþjónustunni? Hann hefur þegar nefnt hvernig hann hefur náð 650 millj. kr. Hann hefur hafnað skipulagsbreytingum um sameiningu stofnana á landsbyggðinni. Hann hefur tilkynnt að starfsemi St. Jósefsspítala muni halda áfram en undir handarjaðri Landspítala – háskólasjúkrahúss og hann hefur hafnað tillögu um samstarf kragasjúkrahúsanna og Landspítala – háskólasjúkrahúss sem átti að fela í sér um 1.300 millj. kr. sparnað.

Ég verð að segja að það er þunnur þrettándi. Ég er engu nær eftir skýrslu hæstv. ráðherra hér fyrr í dag um hvernig hann ætlar að ná þessum sparnaði. Hann kynnti engar grunnhugmyndir, engar nálganir, hann kynnti með engu móti hvers er að vænta. Óvissan í heilbrigðisþjónustunni er hin sama og áður.

Starfsfólkið sem hefur hlustað á okkur hér í dag veit ekkert hvað er fram undan. Mun t.d. starfsfólkið á Landspítalanum þurfa að una því að allur sparnaðurinn sem átti að nást í kragasjúkrahúsunum verði gerður að aðhaldi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Er það eingöngu Landspítalinn sem á að taka á sig byrðarnar? Það er margt sem þarf að svara og ég segi það bara að hæstv. ráðherra hefði betur notað tíma sinn hér fyrr í dag til að útskýra stefnu sína en að vera með svívirðingar í garð fyrrverandi ráðherra.

Hann nefndi sérstaklega ákvarðanir sínar varðandi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og hefur sagt að hann ætli að tryggja áframhaldandi starfsemi þar en ég fæ ekki séð hvernig það gengur upp. Ef hann ætlar að setja kröfu á Landspítalann um hagræðingu um leið og þeir eiga að yfirtaka St. Jósefsspítala er náttúrlega það fyrsta sem þeir gera að leggja niður þessa starfsemi og færa hana undir Landspítalann. Það er bara þannig. Þarna eru gamlar skurðstofur, þær hafa þjónað sínu en eru gamlar. Kostnaðurinn við aðgerðirnar er meiri en þörf er á, þær kosta það sama og á Landspítalanum en ættu að vera 25% ódýrari. Ég átta mig ekki á því hver breytingin er. Mér finnst hæstv. ráðherra vera að gefa Hafnfirðingum falsvonir með þessum yfirlýsingum sínum. Ef svo er ekki verður hann að útskýra tillögur sínar nánar hér á eftir.

Hæstv. ráðherra stendur frammi fyrir ákveðnum ákvörðunum frá fyrri heilbrigðisráðherra. Hann ætlar að snúa þeim öllum við. Þær ákvarðanir voru mjög erfiðar en skipulagsbreytingar í heilbrigðisþjónustu eru einfaldlega ekki alltaf til vinsælda fallnar. Þær eru nauðsynlegar. Í þeirri stöðu sem við erum núna í eru þær nauðsynlegar og yfirstjórn heilbrigðismála, með hæstv. ráðherra í fararbroddi, verður að sýna kjark til að takast á við þetta verkefni. Hann getur ekki bara setið með hendur í skauti, hrist hausinn og sagt: Þetta eru ekki tillögur sem ég ætla að fara að ef hann hefur engar aðrar í staðinn.

Hann er búinn að gera tillögur um 650 millj. kr. en verkefnið er 10 sinnum meira. Ætlar hæstv. ráðherra að útskýra þetta fyrir okkur?

[13:06]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem um margt er ágæt. Til mín hefur verið beint ýmsum spurningum. Ég hef verið spurður um tilvísanakerfi innan heilbrigðisþjónustunnar. Sjálfur er ég því hlynntur. Okkur nægir hins vegar ekki tíminn sem við höfum til stefnu núna fram á vorið til að koma slíku kerfi á en verði ég áfram í þessu ráðuneyti verður það tvímælalaust tekið til skoðunar.

Það hefur verið spurt um greiðsluþátttökunefnd sem hefur starfað undir forsæti hv. þm. Péturs H. Blöndals. Ég sat í þeirri nefnd. Þar var margt sagt og margt ágætt reiknað. Staðreyndin er hins vegar sú að áætlanir nefndarinnar stóðust ekki og starfið var í of ríkum mæli út og suður. Ég hef ákveðið að taka tiltekinn þátt út úr þessu starfi, sem lýtur að lyfjunum, til þess að fá fram markvissa niðurstöðu. Það er nefnilega alveg hárrétt sem fram kom í máli hv. þm. Ragnheiðar Ríkharðsdóttur, það sem máli skiptir er að láta verkin tala. Hún taldi upp langan vinnulista sem hefur verið á borðum hæstv. heilbrigðisráðherra. Það er alveg rétt, þar var margt að finna en það var bara minna um ákvarðanir. Það er líka rétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að það getur verið dýrt að hika, dýrt að bíða. Ég verð að segja að sú ákvarðanafælni sem hefur einkennt störf fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra (Gripið fram í.) hefur verið okkur mjög dýrkeypt, t.d. í lyfjamálunum. Hann hikaði í tvo mánuði, einn sjötta af þessu ári, með að koma fram með nýja lyfjareglugerð sem færði okkur sparnað upp á 100 millj. kr. Staðreyndin er sú að sú reglugerð var ekki bara lítil í sniðum, hún var líka ranglát. Ég hef velt því fyrir mér hversu vel hæstv. fyrrverandi ráðherra setti sig inn í þessi mál, þar sem hann situr hérna. Hvað olli því t.d. að hann tók þunglyndislyf úr svokölluðum B-flokki og færði yfir í E-flokk? Er þetta tæknilegt mál? Nei, þetta er ekki tæknilegt mál. Þetta þýða 1.750 kr. fyrir þann sem tekur þessi lyf. Ég nefni þetta sem dæmi.

Hvað olli því að hann ákvað að taka greiðsluskyldu sem hvíldi á magalyfjum, afnema þessa greiðsluskyldu trygginganna? Ég sneri þessu til baka, setti á greiðsluskylduna en lét greiðsluskylduna taka til ódýrustu lyfjanna.

Nú tala þau um sjúklingaskattinn. Það er alveg rétt að lyfjakostnaðurinn var færður upp um 10%. En það var gert með þeim hætti að þeim hópum sem erfiðast hafa var hlíft. Ég ætla að taka sem dæmi að reglugerðin þýðir að aflögulyfjakostnaður sjúklings sem er á magalyfi lækkar úr 59 þús. kr. í 22 þús. kr. með því að skipta úr dýru lyfi í ódýrt. Atvinnulausir sem nota þetta lyf þurfa eftir breytingu að greiða 6 þús. kr. á ári fyrir ódýrasta lyfið en greiddu áður 59 þús. kr. fyrir dýra lyfið sem á þá var ávísað. Ég get tekið fleiri dæmi um þetta sem sýna að þrátt fyrir 10% hækkun á þessari reiknireglu koma tilteknir hópar og þeir sem erfiðast eiga betur út.

Þegar við tölum hins vegar um sjúklingaskatta erum við að tala um sjóðsvélarnar sem hæstv. ráðherra lét setja upp á sjúkrahúsum landsins og rukka fyrir þegar menn lögðust inn á spítala. Þessum ákvörðunum var breytt og þær teknar til baka.

Síðan er hitt, ég hef setið í rúman hálfan mánuð í heilbrigðisráðuneytinu. Þessir dagar hafa einkennst af ákvörð-

unum. Við erum búin að setja St. Jósefsspítala inn í markvissan farveg. Starfsemin þar verður tryggð áfram í sátt við nærumhverfið, í sátt við Hafnfirðinga. Það er pólitík, hæstvirtur ráðherra, það er pólitík sem er fólgin í því að taka skurðstofurekstur frá St. Jósefsspítala, færa hann til Reykjanesbæjar þar sem Róbert Wessman og aðrir fjárfestar biðu með opinn faðminn. Þetta eru þau pólitísku umskipti sem hafa orðið á Íslandi, gerólíkar áherslur.

Til að svara hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um hvar ég ætli að taka peningana: Þessi áform og þessar áætlanir liggja á sjúkrastofnunum. Ég hef farið inn á Landspítalann. Ég hef skoðað áform stjórnenda þar um 2,6 milljarða kr. niðurskurð. Ég var á sjúkrahúsinu á Akureyri. Þar er krafan um 300 millj. kr., (Gripið fram í.) 370 millj. kr. í heilsugæslunni í Reykjavík. Ég hef kynnt mér þessi mál. Það er ekki ég sem er að útfæra þetta í einstökum atriðum. Heilbrigðiskerfið allt hefur fengið þetta verkefni og það nýtur stuðnings míns í því að gera þetta á félagslega réttlátan máta með því að jafna kjörin innan heilbrigðisþjónustunnar, (**GÞÞ:** Hvernig ætlarðu að ná þessum niðurskurði?) með því að standa vörð um þjónustuna, (**GÞÞ:** Svaraðu spurningunni.) með því að standa vörð um störfin. (Forseti hringir.) Í þessu er fólgin grundvallarbreyting á stefnu ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur annars vegar og (Forseti hringir.) þeirrar ríkisstjórnar þar sem Sjálfstæðisflokkurinn réð heilbrigðismálunum (**GÞÞ:** Þú hefur engu svarað.) Hver talar? Sá sem talaði en framkvæmdi aldrei.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 13:11]

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 321. mál (útgreiðsla séreignarsparnaðar). — Þskj. 553.

[13:47]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar með síðari breytingum.

Með vísan til hinna efnahagslegu áfalla sem hér hafa dunið yfir á síðustu vikum og mánuðum og í samræmi við verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar er með frumvarpi þessu þeim einstaklingum sem greitt hafa viðbótariðgjald í séreignarsjóði gert kleift að nota þá fjármuni tímabundið að ákveðnu marki, sem að öðrum kosti væru bundnir til 60 ára aldurs. Lagt er til að bætt verði við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ákvæðum til bráðabirgða sem heimila útgreiðslu séreignarsparnaðar að hámarki 1 milljón kr. Auk þess eru með frumvarpinu lagðar til fáeinar minni háttar lagfæringar á þeim lögum.

Samkvæmt frumvarpinu geta allir sem eiga frjálsan séreignarsparnað leyst út allt að eina milljón kr. frá 1. mars 2009, nái frumvarpið lögfestingu fyrir þann tíma, til október 2010. Fjárhæðin greiðist út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu opinberra gjalda, í níu mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttist þó hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 1 milljón kr. er að ræða. Þessi leið er fyrst og fremst hugsuð til að koma til móts við þá sem eiga í tímabundnum fjárhagserfiðleikum, t.d. vegna atvinnumissis eða af öðrum ástæðum. Ekki er það þó gert að skilyrði að viðkomandi eigi í skilgreindum tilteknum fjárhagserfiðleikum heldur eiga allir kost á þessari fyrirgreiðslu enda er um eign hvers og eins að ræða. Hins vegar má gera ráð fyrir því að þessi kostur höfði fyrst og fremst til þeirra sem eiga í einhverjum fjárhagsvandræðum, í ljósi þess hversu verðmætt sparnaðarform séreignarsparnaðurinn er fyrir flesta.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að skuldheimtumönnum sé óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn. Í lífeyrissjóðalögunum er kveðið á um að séreignarsparnaður sé ekki aðfararhæfur. Markmiðið með þessu ákvæði er þannig að vernda þennan rétt sem menn hafa gegn aðför. Eftir að útgreiðsla séreignarsparnaðar er hafin getur rétthafi afturkallað beiðni um útgreiðslur hvenær sem er og skal þá hætt þeim útgreiðslum sem eftir eru til rétthafa og njóta þær þá áfram fyrrnefndrar verndar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessar útgreiðslur séreignarsparnaðar komi ekki til skerðingar á barnabótum, vaxtabótum eða atvinnuleysisbótum. Er þetta gert til að gæta samræmis í aðgerðum ríkisstjórnarinnar og til þess að aðgerðin sem slík nái markmiði sínu. Á þessu er tekið í þeim köflum frumvarpsins sem lúta að ákvæðum um breytingar á lögum nr. 90 frá 2003, um tekjuskatt, og breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, sem sagt í 5. og 6. gr. frumvarpsins.

Þá er í frumvarpinu lagt til að vörsluaðilum séreignarsparnaðar verði heimilt að fresta útgreiðslu séreignarsparnaðar sem frumvarp þetta fjallar um að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skilyrði fyrir frestun er að hún sé almenn og einungis beitt ef sérstakar ástæður mæli með því og hagsmunir eigenda sparifjár séreignarsparnaðar krefjist. Jafnframt er skylt að frestun á útgreiðslum skuli þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og að hún sé háð samþykki þess. Reynt gæti t.d. á þetta ákvæði ef vörsluaðili stendur frammi fyrir svo miklum kröfum um útgreiðslur að ekki sé unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem tekið getur einhvern tíma.

Áætlað er að um 200 milljarðar kr. séu í frjálsum séreignarsparnaði í skilningi þessara laga í dag og að um 40% af því sé í fjárhæðum að 1 milljón kr., eða um 90 milljarðar kr. samtals. Erfitt er hins vegar að meta af einhverri nákvæmni hversu margir muni nýta sér framangreinda heimild til útgreiðslu á séreignarsparnaði verði frumvarpið að lögum.

Þess ber að geta að við vinnslu frumvarpsins var sú leið einnig skoðuð að opna á að rétthafar séreignarsparnaðar fengju að nýta t.d. helming þess sem þeir eiga umfram 1 millj. kr. í séreignarsparnaði upp að tilteknum mörkum til þess að greiða niður veðlán. Sem kunnugt er hafa húsnæðislán, sem og önnur lán, hækkað verulega á síðustu mánuðum vegna verðbólgu og gengisfalls krónunnar og með þess-

ari leið væri því verið að veita einstaklingum ákveðna möguleika á að bregðast við þeirri þróun og lækka greiðslubyrði veðlána sinna. En horfið var frá því að svo stöddu þar sem talið var að slík opnun gæti til viðbótar því sem hér er fyrir mælt skapað raunverulega hættu á greiðsluvandræðum hjá sjóðunum. Flestir vörsluaðilar séreignarsparnaðar ávaxta lífeyrissparnað viðskiptavina sinna í safni verðbréfa, en slíkt safn er að sjálfsögðu ekki alltaf mögulegt að innleysa að fullu á skömmum tíma án tjóns fyrir þá sem sparnaðinn eiga enda er lífeyrissparnaður að meginstefnu til langtímafjárfesting. Því til viðbótar kemur að viðbúið er að vörsluaðilar eigi í söfnum sínum verðbréf sem hafa mun lægra markaðsvirði nú en ef þau yrðu innleyst síðar vegna þess sérstaka efnahagsástands sem ríkir og jafnvel að slík bréf gætu verið óseljanleg með öllu. Rétt er að undirstrika að óraunsæjar tillögur um útgreiðslu séreignarsparnaðar nú gæti leitt til mikils ójafnræðis milli rétthafa. Þannig yrðu auðseljanlegustu eignirnar, t.d. ríkisskuldabréf, seldar fyrst, en lakari eignir sætu eftir með tilheyrandi skaða fyrir þá rétthafa sem ekki kjósa að nýta sér hina tímabundnu heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar. Varð því að ráði að stíga ekki stærra skref en hér er lagt til að svo stöddu en að sjálfsögðu er rétt og skylt að skoða áfram hvort mögulegt verði að opna fyrir slíkar leiðir síðar og í ljósi þess hvernig gengur eftir að útgreiðslan er hafin á grundvelli ákvæða frumvarpsins.

Til að leggja áherslu á og undirstrika að með þessum aðgerðum er alls ekki ætlunin að raska í grundvallaratriðum fyrirkomulagi séreignarsparnaðar og þaðan af síður lífeyrissjóðakerfinu í heild sinni þá er lagt til í 5. gr. frumvarpsins, A-lið, að á tímabili þessarar aðgerðar sé heimilt að greiða hærri fjárhæð en við lýði er í dag skattfrjálst inn á séreignarsparnað eða 6% í stað þeirra 4% sem almennt gilda. Vonandi leiðir það til þess að þeir sem eru í aðstöðu til og það vilja nýti sér auknar inngreiðslur á þessu tímabili, sem að sjálfsögðu kemur kerfinu til góða og gerir því auðveldara að ráða við það álag sem útgreiðslurnar fela í sér.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, tel ég að frumvarpið skýri sig sjálft og um þjóðhagsleg áhrif þess og tekjuáhrif fyrir ríkissjóð vísa ég í fylgiskjal frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins þar sem fram kemur m.a. að þjóðhagsleg áhrif þessarar aðgerðar eru jákvæð og ætla má að þetta komi efnahagslífinu til góða og dragi úr þeirri miklu niðursveiflu sem við höfum nú lent í frekar en hitt. En þau áhrif snúast að sjálfsögðu við eðli málsins samkvæmt á síðari stigum og geta leitt til heldur hægari hagvaxtar síðar. Áhrifin á tekjur ríkis og sveitarfélaga eru augljóslega nokkur þar sem staðgreiðsla er dregin af útgreiðslunum eins og reglur kveða á um. En það fer að sjálfsögðu alfarið eftir því hve margir nýta sér þennan möguleika hver hin raunverulegu tekjuáhrif eða tekjuauki fyrir ríki og sveitarfélög verða.

Það er einnig rétt að geta þess að í frumvarpinu er komið nokkuð til móts við vörsluaðilana í 4. gr. þar sem lögð er til breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og vörsluaðilanum heimilað að hafa nokkurt svigrúm um skil á staðgreiðslunni eða allt að tveimur mánuðum umfram það sem almennar reglur kveða á um.

Einnig er rétt að árétta að aðrar ráðstafanir sem þessu tengjast eins og þær að tekjur sem menn fá með þessu skerði ekki atvinnuleysisbætur, barnabætur og vaxtabætur eru að sjálfsögðu bundnar við tímabil þessarar aðgerðar og í því skyni gerðar að hún nái markmiðum sínum og komi því fólki að fullu til góða sem kýs að fara þessa leið til að bæta aðstæður sínar á erfiðum tímum.

Að þessu sögðu frú forseti, legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[13:58]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil ekki víkja að aðalatriði frumvarpsins í þessu andsvari sem er auðvitað heimildin til að taka út séreignarlífeyrissparnað. Heldur vil ég spyrjast fyrir um þær sérreglur sem lagðar eru til varðandi 5. og 6. gr. Að tekjurnar sem viðkomandi aflar sér með því að taka út séreignarlífeyrissparnaðinn verði taldar fram og borgaður skattur af þeim, en leiði ekki til skerðingar á barnabótum, vaxtabótum eða atvinnuleysisbótum.

Þar með er þetta orðin sérregla hjá þeim sem í raun og veru afla sér tekna með því að taka út séreignarlífeyrissparnaðinn og brýtur jafnræðið gagnvart hinum sem afla sér tekna með venjulegum aðferðum. Þá eru mönnum greiddar hærri barnabætur og hærri vaxtabætur ef hluti tekna er kominn til vegna útgreiðslu á séreignarlífeyrissparnaði en þeim sem hafa jafnháar tekjur en afla þeirra með vinnu.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hann kannað hvort þessi framkvæmd frumvarpsins standist ákvæði jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar?

[13:59]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er mat allra lögfróðra aðila sem að þessu hafa unnið að það standist fyllilega gagnvart því sem hv. þingmaður nefndi. Þetta er mjög sérstök aðgerð framkvæmd við mjög sérstakar aðstæður. Undantekningin er fyrst og fremst fólgin í því að þessar útgreiðslur eru opnaðar fyrir fólk á allt öðrum aldri en lögin hafa almennt gert ráð fyrir. Menn höfðu ekki gert ráð fyrir því að fólk nýtti sér séreignarsparnað sinn t.d. við þær aðstæður að það ætti börn og væri að fá barnabætur, af ósköp eðlilegum ástæðum þar sem hin almennu aldursmörk eru 60 ár.

Annað sem þessu tengist tekur að sjálfsögðu mið af hinum sérstöku aðstæðum eins og því að líklegt er í talsverðum mæli að fólk sem hefur misst atvinnuna grípi til þessa ráðs. Þá mundi aðgerðin missa marks að verulegu leyti ef á móti skertust atvinnuleysisbætur, barnabætur eða annað slíkt.

Þannig að með vísan til þeirra sérstöku aðstæðna og án þess að dulið sé að félagslegur grunnur er lagður undir þessa aðgerð er reynt að horfa til þess við hvaða aðstæður það fólk gæti almennt verið sem þessi aðgerð á að gagnast. Ég get ekki ímyndað mér að nein hætta sé á því að þetta teljist brjóta jafnræðisreglur í því samhengi sem aðgerðin er sett í og sjálfsögðu með þá félagslegu hugsun sem lögð er til grundvallar.

Að sjálfsögðu gerir enginn þetta að gamni sínu, vegna þess að ekki hefur verið ætlunin að þessi bundni sparnaður

sem hvatt er til með sérstöku skattalegu hagræði yrði opnaður með þessum hætti. En aðstæðurnar eru eins og þær eru og þess vegna leitar núverandi ríkisstjórn allra leiða um þessar mundir, eins og hv. þingmaður veit, til að aðstoða fólk í erfiðleikum og þetta er einfaldlega liður í því. Ég hef ekki áhyggjur af því að það standist ekki allar góðar stjórnsýslureglur (Forseti hringir.) og jafnræðissjónarmið.

[14:01]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það verður svo sem hver að meta hvort hann tekur út séreignarlífeyrissparnað sinn að gamni sínu eða ekki. Það eru engin skilyrði í frumvarpinu um af hvaða ástæðum hann er tekinn út. Það eru einfaldlega opnar heimildir og ótengd aðstaða viðkomandi þannig að ég held að rétt sé að undirstrika að frumvarpið sjálft reisir ekki skorður í þeim efnum. Mér sýnist að það búi til mismunun vegna þess að sá sem á séreignarlífeyrissparnað getur náð sér í tekjur, allt að 1 millj. kr., án þess að þær skerði barnabætur eða vaxtabætur. Eigi hann kost á því að vera á vinnumarkaði og afla sér 1 millj. kr. með auknu vinnuframlagi mun sú milljón skerða vaxtabætur og barnabætur. Það er augljóslega fólgin mismunun í þessu, virðulegur forseti, sem ég sé ekki að sé á neinum málefnalegum forsendum vegna þess að það eru engin skilyrði fyrir því að taka út séreignarlífeyrissparnaðinn, t.d. að menn séu í einhverjum fjárhagslegum vandræðum. Eða eru skilyrði í frumvarpinu fyrir að menn þurfi að sýna fram á slíka stöðu? Það hélt ég ekki. Ég hélt að það væri bara almenn opin heimild og viðkomandi gæti tekið út sparnaðinn til þeirrar ráðstöfunar sem hann kýs.

Ég vildi leggja áherslu á þetta sjónarmið, virðulegi forseti, og að það verði skoðað í meðförum þingsins og jafnvel að hæstv. fjármálaráðherra leggi þá fram þær álitsgerðir sem hann hefur undir höndum sem reifa þetta álitamál sem ég gat um. Hann sagði að allir lögfræðingar væru sammála um hans sjónarmið. Það hljóta þá að liggja fyrir einhverjir athuganir og greinargerðir sem hann getur lagt fram.

[14:03]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að það sé einfaldast að þeir lögfræðingar og sérfræðingar sem unnu að gerð þessa frumvarps í fjármálaráðuneytinu komi fyrir hv. þingnefnd og útskýri hvernig það er grundvallað í lögfræðilegu tilliti. Haft var samráð við fjölmarga aðila, þar á meðal sérfróða aðila á vegum lífeyrissjóða í undirbúningi þessa máls. Þá var reynt að vinna það eins náið með þeim og mögulegt var. Ég verð að segja að mér finnst hv. þingmaður seilast nokkuð langt til að reyna að finna einhverja ímyndaða meinbugi á þessari aðgerð, að fara út í æfingar af því tagi sem uppi voru hafðar um að þetta sé eitthvert stórkostlegt mismununarmál.

Ég minni hv. þingmann á að þetta er bundin eign þessa fólks. Hún var sett inn á þessa reikninga miðað við tilteknar aðstæður og með tilteknar reglur í huga sem voru fyrst og fremst þær að fólk fengi hana um það bil sem það færi á eftirlaun, hyrfi af vinnumarkaði, hefði ekki börn á framfæri sínu og þyrfti almennt ekki að hafa áhyggjur af atvinnuleysi. Við erum því að tala um allt aðrar aðstæður (Gripið fram í.) og ég ætla ekki að rífast við hv. þingmann í einhverjum frammíköllum. Ég tel að það sé sjálfsagt mál að skoða þetta og engin vandamál að leiða fram lögfræðilegar greinargerðir handa hv. þingmanni til að japla á. Það er alveg sjálfsagt mál en það væri fróðlegt að heyra viðhorf hv. þingmanns. Telur hann ekki réttlætanlegt að grípa til aðgerða af þessu tagi? Við getum svo rætt um útfærsluna, hvernig hún á að vera.

Ég vil líka spyrja: (Gripið fram í.) Telja menn það auðvelt eða einfalt mál fyrir Alþingi að fara að skilgreina sérstakar félagslegar aðstæður eða sérstaka fjárhagserfiðleika sem eigi að draga þá út úr hópnum sem fá aðgang að þessari eign sinni ef opnað er fyrir hana á annað borð? Ég hefði gaman af að sjá þær skilgreiningar og þau landamæri sem þannig yrðu dregin upp og hafa í huga að þetta er eign viðkomandi sem hann reynir að bjarga sér á. Hafi hv. þingmaður látið að því að liggja að líklegt sé að fólk hætti að vinna, (Forseti hringir.) afla sér tekna og fari að lifa á því að draga út séreignarsparnað sinn, held ég að það sé mikill misskilningur.

[14:06]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð að segja að í megindráttum er ég sammála hæstv. fjármálaráðherra og fagna því sérstaklega að við fáum tækifæri til að ræða þetta frumvarp. En ég verð líka að segja að það eru ákveðnar spurningar sem vakna í tengslum við frumvarpið. Ég er sammála því sem kemur m.a. fram í greinargerð með frumvarpinu að við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja, megi réttlæta aðgerðina frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Ég er sammála því að kostir aðgerðanna sem fylgja frumvarpinu séu fleiri en gallar þess.

Hins vegar verð ég að spyrja, sérstaklega í ljósi þess sem hæstv. ráðherra kom inn á, að um sé að ræða eign viðkomandi í séreignarsjóðum. Ég spyr: Af hverju er verið að miða við 1 millj. kr.? Ég átta mig á því að það þarf að finna einhver viðmið en af hverju er verið að setja hámarkið við 1 millj. kr.?

Ég velti líka fyrir mér í ljósi þeirra þrenginga sem eru mismunandi hjá fjölskyldum og einstaklingum hvort ekki hefði verið hægt að hafa viðmiðið hærra, t.d. helming af eignum viðkomandi í séreignarsparnaði, þó aldrei meira en 5 eða 10 milljónir, af því að það eru ekki mjög margir sem eiga meiri eignir. Með þessu veitum við fólki val um það hvernig það leiðréttir fjárhag sinn sem hjá mörgum hverjum er bágborinn. Ég spyr því: Af hverju er viðmiðið ekki hærra? Af hverju er svigrúm fólksins ekki aukið meira? Þá kemur auðvitað: Hættan er hjá lífeyrissjóðunum. Þá segi ég á móti: Gefum okkur að teknir séu út 100 milljarðar. Þá verður ríkið að fá 30 milljarða. Hefði ríkið ekki getað skuldbundið sig samhliða þessum aðgerðum að kaupa þau skuldabréf sem væntanlega verður settur þrýstingur á að gert verði á markaði? Hefði ríkisvaldið ekki getað sagt: Gott og vel. Við ætlum að leyfa fólkinu, einstaklingunum, að velja um þessa leið, fara út í að það geti leyst út hærri fjárhæðir. En um leið ætlum við að tryggja öryggi á markaði með því að eyrnamerkja skattpeninginn (Forseti hringir.) sem hlýst af þessum aðgerðum.

[14:08]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Svarið við þessu öllu er í raun og veru einfalt: Hér er reynt að fara ábyrga leið sem á að geta heppnast. Það er engum til góðs að leggja upp í aðgerð af þessu tagi ef ekki eru góðar líkur á að hún gangi upp og nái tilgangi sínum. Ef menn opnuðu á það með einhverjum þeim hætti sem væri óviðráðanlegur fyrir kerfið og aðgerðin mundi hrynja, allt færi í strand, kæmi upp sú staða að um mismunun gæti orðið að ræða milli þeirra sem fyrstir kæmu og fengju og hinna sem ekki fengju. Eftir sætu inni í sjóðunum þeir sem ekki ætluðu að taka fé sitt út og jafnræði væri brotið gagnvart þeim. Hér er því reynt að fara ábyrga leið, teygja sig eins langt og hægt er og metið er að viðráðanlegt sé og gangi upp. Það er gríðarlega mikilvægt að þetta takist vel. Nú eru þær afar sérstæðu og erfiðu aðstæður á markaði að eignir sjóðanna eru mjög bundnar. Það er erfitt að losa þær og margar hverjar aðeins seljanlegar á mjög lágu verði eða jafnvel óseljanlegar með öllu.

Það er einnig óumflýjanlegt að horfa til þess hvaða áhrif aðgerðin hefur á ávöxtunarkröfur á markaði. Það verður líka að huga að þessari stærð í efnahagslegu tilliti í ljósi þess hver fjáröflunarþörf ríkisins og fleiri aðila er og verður á næstu mánuðum og missirum. Hún er umtalsverð. Við erum að tala um tugi og aftur tugi milljarða kr. sem er þó nokkur stærð á markaði með bréf. Þegar þetta allt saman er vegið og metið er niðurstaðan sú að þetta er ábyrgt upphaf aðgerða af þessu tagi. Því er haldið opnu að stíga frekari skref, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, en engu slegið föstu um það að svo stöddu.

[14:10]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er ljúft að taka undir orð hæstv. fjármálaráðherra. Við verðum að sýna ábyrgð í þessu og mér finnst eins og fjármálaráðherra sé að reyna að taka skref í þá átt með mikilli ábyrgð og festu. En við megum ekki missa sjónar á því af hverju við leggjum í þennan leiðangur. Við erum að reyna að veita fólkinu aðstoð sem á í fjárhagslegum erfiðleikum og um það má m.a. lesa í greinargerðinni. Það er tilgangurinn, að hjálpa fólki við að leysa úr sínum erfiðu fjárhagslegu skuldbindingum, þeim erfiðleikum sem það á í núna.

Þess vegna velti ég enn og aftur fyrir mér hvort menn hafi ekki leitað leiða til að tryggja öryggi lífeyrissjóðanna þegar þetta frumvarp var samið, þ.e. hvaða möguleika ríkið hefði til að koma til móts við söluþrýsting á skuldabréfamarkaði. Gat ríkið ekki gert það? Við ætlum að eyrnamerkja þær skatttekjur sem eru töluverðar. Við verðum að átta okkur á því að skatttekjur ríkisins vegna þessara fjármagnsflutninga verða mjög miklar. Hugsanlega er fjármálaráðherra með þessu að stoppa upp í stóra gatið sem hann þarf að gera núna á næstunni. En af hverju hefði ekki verið hægt að taka þessar skatttekjur til að veita fólki aukið svigrúm til þess að hjálpa sér sjálft í þessum fjárhagserfiðleikum? Það eru ekki margir sem eru með hærri séreignarsparnað en 2–3 millj. Spurningin er því hvort ríkið hefði getað farið þá leið til að auka svigrúm fólksins í landinu sem á eignir í séreignarsparnaðinum, m.a. til að skapa ákveðinn hvata á fjármagnsmarkaði.

Ég vil ítreka ég er í megindráttum sammála frumvarpinu en ég set fyrirvara varðandi fjárhæðina og fagna því sérstaklega að fjármálaráðherra er meira en reiðubúinn að taka ákveðin skref til að koma til móts við fólkið og heimilin í landinu í þeim erfiðleikum sem það stendur frammi fyrir.

[14:12]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil leggja áherslu á að ríkið teygir sig langt til móts við sjóðina líka og auðveldar þeim aðgerðina. Það gerir það með því að veita meiri greiðslufresti á staðgreiðsluskilin og það gerir það með því að lyfta þakinu eða mörkunum fyrir skattfrjálsar inngreiðslur inn á séreignarsparnað úr 4% í 6%. Þeim mun fleiri sem nýta sér það, þeim mun meiri tekjur fara frá ríkinu á móti. Ella kæmu þær launatekjur til skattlagningar í núinu í staðinn fyrir að verða að skattfrjálsum inngreiðslum inn á séreignarsparnað. Ríkið leggur því umtalsvert á móti í aðgerðina og reynir að auðvelda hana.

Kæmi til þess, sem vel má vera að skoðað verði, að ganga lengra á þessa leið, t.d. með því að opna að einhverju leyti fyrir útgreiðslur af séreignarsparnaði inn á veðlán, mundu líklega koma til skoðunar hlutir af því tagi sem hv. þingmaður nefndi. En það er mat manna að aðgerðin eins og hún er lögð upp hér eigi að geta gengið snurðulaust fyrir sig og eigi allir að ráða við hana svo fremi sem hlutirnir eru í aðalatriðum í lagi, sem við skulum vona að þeir séu. Þá sjáum við hvernig það gengur og ég legg áherslu á að það væri ákaflega æskilegt að Alþingi gæti hraðað vinnu að þessu máli þannig að aðgerðin gæti hafist strax 1. mars næstkomandi. Það er beðið eftir þessu máli, það er vakað yfir því dag frá degi hvenær þessi aðgerð fari af stað.

Mér er vel ljóst að einhverjir verða fyrir vonbrigðum og hefðu búist við meiru, að unnt yrði að taka út hærri upphæðir jafnvel í formi eingreiðslna strax í byrjun. En niðurstaðan af rækilegri skoðun og miklu samráði við aðila og mati á markaðnum og öllu þessu er einfaldlega sú að þetta sé um það bil eins langt og við getum teygt okkur miðað við ástand og horfur eins og þær blasa við okkur í dag. Lagist þær er auðveldara að ganga lengra og það er alveg ljóst að kerfið hefði ráðið við hluti fyrir einum til tveimur árum síðan sem það ræður alls ekki við í dag, einfaldlega (Forseti hringir.) vegna þess hvernig aðstæðurnar eru.

[14:15]

Árni M. Mathiesen (S):

Frú forseti. Ég vil fagna þessu frumvarpi frá hæstv. fjármálaráðherra en verð hins vegar að viðurkenna að ég er nokkuð hissa á því hve seint það kemur fram miðað við þá áherslu sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar lögðu á málið um það bil sem ríkisstjórnarskiptin fóru fram og hve hart þeir gagnrýndu það þá að ég hefði dregið lappirnar, að því er þeir töldu, í því að afgreiða sams konar mál í þá tíð sem ég var fjármálaráðherra.

Það er hins vegar greinilegt að af hálfu hæstv. fjármálaráðherra hefur það orðið ofan á að fara varlega í þessar sak-

ir og út af fyrir sig vil ég ekki gagnrýna það. Hvað meginaðferðafræðina varðar er lagt upp með það að fara varlega og þegar lífeyrissjóðirnir eiga í hlut ber okkur vissulega að fara varlega. Við verðum hins vegar að huga að því hver vandinn er sem við erum að reyna að bregðast við og þá hvort aðgerðin dugi til þess að veita þar einhverja úrlausn sem skiptir máli. Þegar um svona sérstaka aðgerð er að ræða þurfum við líka að leyfa okkur að vera svolítið hugmyndarík og gefa lífeyrissjóðunum svigrúm til að finna leiðir til að leysa úr þeim vandamálum sem upp kunna að koma hvað þetta efni varðar.

Það á sérstaklega við um það ójafnræði sem upp kynni að koma þegar bréf væru seld úr söfnum þessara sjóða vegna þess hversu miklar breytingar hafa orðið á skuldabréfamörkuðum á undanförnum mánuðum og missirum. Ég held að þetta sé ekki eins mikið vandamál og hæstv. fjármálaráðherra vill vera láta í þessari umræðu. Ef við erum raunverulega að tala um ójafnræði á milli þeirra sem fá útgreiðslu og þeirra sem ekki óska eftir útgreiðslu væri einfaldlega hægt að leysa þessa sjóði upp og greiða þeim út sem vilja fá greitt út en endurfjárfesta fyrir hina sem ekki vilja útgreiðslu. Þeir ættu þá að geta endurfjárfest í verðbréfum á sams konar verðlagi og var þegar sjóðurinn var leystur upp. Þá er ekki um neitt ójafnræði að ræða á milli þess sem fær greitt út og þess sem endurfjárfestir, þannig ætti það vandamál að leysast.

Það er stærra vandamál ef bréfin eru óseljanleg, ef ekki er markaður fyrir bréfin sem fjárfest hefur verið í. Þá snýr það frekar að lausafjárvanda viðkomandi sjóðs en að um ójafnræði sé að ræða. Mér finnst það skynsamleg leið, sem valin hefur verið, að vörsluaðili geti frestað útgreiðslu séreignarsparnaðarins ef um slíka stöðu er að ræða. Ef það er hins vegar stórt vandamál í kerfinu, ef mikið af bréfum eru einfaldlega óseljanleg, er ástæða til að fara varlega í þetta. Ef það er hins vegar einskorðað við tiltekna sjóði en ekki aðra veltir maður fyrir sér hvernig fjárfestingarstefnu þeirra sjóða hefur verið fyrir komið miðað við aðra sjóði.

Þetta eru sennilegast tvö stærstu vandamálin sem snúa að sjóðunum eins og staðan er núna. Það er ljóst að sá séreignarsparnaður sem greiddur verður út núna verður ekki greiddur út síðar og þetta dregur auðvitað úr þeim fjármunum sem lífeyrissjóðirnir hafa til ráðstöfunar í aðra hluti. Vel má vera að hæstv. ríkisstjórn hafi talið rétt að taka tillit til þeirra þátta líka þó að það hafi ekki beinlínis komið fram í framsöguræðu hæstv. fjármálaráðherra.

Það er hins vegar annar þáttur sem hæstv. fjármálaráðherra fjallaði aðeins um, alla vega er fjallað um það hér í greinargerðinni, en það eru hagrænu áhrifin af þessu. Þetta frumvarp er að því leytinu frábrugðið því frumvarpi sem ég flutti ásamt hv. þingmönnum, félögum mínum í þingflokki Sjálfstæðisflokksins, að hér er gert ráð fyrir því að þetta sé opin heimild, þ.e. að allir sem þess æskja og eiga séreignarsparnað geti leyst hann út án þess að ætlunin sé að greiða niður skuldir. Þetta hefur það í för með sér að útgreiðslur úr sjóðunum geta haft áhrif á fjármálakerfið og á stöðu þess, hversu mikið fjármagn er þar í umferð — tillaga okkar hefði ekki haft áhrif á það því að þá væri verið að færa frá einu sparnaðarforminu til annars. Í gegnum þetta væri því hægt að draga fjármuni út úr sparnaði landsmanna og út úr fjármálakerfinu. Út af fyrir sig má færa rök fyrir því, ef fólk er í vandræðum, að það ætti að vera hægt, en það er þá annað vandamál en að um sé að ræða skuldavanda sem verið sé að reyna að leysa.

Þetta gerir það að verkum að menn geta verið að leysa þetta út af öðrum hvötum en þeim að þeir séu í erfiðleikum vegna þess efnahagsástands sem nú er. Þegar það er síðan skoðað í ljósi þeirra hluta sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lagði hér áherslu á, að tekjur á þennan hátt hafa ekki áhrif til skerðingar á bótagreiðslum, er beinlínis kominn hvati, annar hvati en efnahagsástandið, til þess að taka þessa peninga út og draga peninga út úr fjármálakerfinu og þannig minnka það fé sem þar er til ráðstöfunar hjá lífeyrissjóðunum og öðrum. Það getur þá vissulega haft jákvæð hagræn áhrif í þá átt að auka veltu í þjóðfélaginu og auka tekjur ríkissjóðs eins og grein er gerð fyrir í kostnaðarmati ráðuneytisins.

Þá erum við raunverulega að tala um allt aðra hluti en uppi voru þegar umræðan um að leyfa það að taka út séreignarsparnaðinn hófst. Upphaflega snerist umræðan um það að bregðast við vanda fólks sem upp væri kominn vegna erfiðrar skuldastöðu í þessu efnahagsumhverfi. Nú er þetta orðið allt annað mál en áður var talað um og er orðið einhvers konar tæki til að auka umsvifin í þjóðfélaginu og umsvifin í hagkerfinu, og það er annað en upphaflega var talað um. Þá er ekki verið að mæta þeim vanda sem upphaflega var reynt að mæta.

Mér sýnist hins vegar að hér sé mjög varlega gengið um og takmarkanirnar séu það miklar að þetta muni hafa tiltölulega lítil áhrif til þess að hjálpa þeim sem eru í vanda — þ.e. af þeim ástæðum sem upphaflega urðu til þess að umræðan um þetta hófst — þeim sem eru í skuldavanda vegna efnahagsástandsins, og muni því að mjög litlu leyti svara þeirra vanda á næstu mánuðum miðað við það sem hér er lagt upp með. Ég ætla ekki að segja að þetta skipti ekki neinu máli en þetta skiptir miklu minna máli en margir hafa vænst og alveg örugglega, og það fullyrði ég, skiptir þetta miklu minna máli en hv. þingmenn Samfylkingarinnar lögðu upp með og reyndu að rökstyðja fyrir mér þegar við vorum í samstarfi um þessa hluti í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Ég legg áherslu á það, frú forseti, að það verði skoðað vandlega í nefndinni hvort ekki sé hægt að reyna að gera þetta þannig að það nálgist betur og leysi betur úr vanda þeirra sem miðað var við þegar umræðan hófst — að nefndin geri það án þess þó að á því verði ónauðsynlegar tafir. Ég tek undir það með hæstv. fjármálaráðherra að afgreiða þarf frumvarpið eins fljótt og auðið er til þess að leysa úr þeim vanda sem það gæti þó leyst úr en ekki þó þannig að við flýtum okkur svo mikið að við tökum ekki einn til þrjá daga til þess að sjá hvort hægt sé að ganga lengra til þess að leysa vandann.

[14:25]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í núning milli flokka í fyrri ríkisstjórn um þetta mál eða önnur, ég ber ekki ábyrgð á öðru en vinnunni að því eftir að ég tók yfir ábyrgð á henni. Ástæðan fyrir því að vinna við frum-

varpið hefur tekið þessa daga sem liðnir eru frá stjórnarskiptum er einfaldlega sú að óumflýjanlegt var að skoða málið mjög vel og leggjast mjög rækilega yfir það hvað væri fært í þessum efnum og hvernig aðgerðin gæti verið úr garði gerð þannig að sæmilega tryggt væri að hún heppnaðist, og ég legg aftur áherslu á það.

Varðandi þjóðhagslegu áhrifin skiptir að sjálfsögðu máli hvort um er að ræða útgreiðslur án þess að það sé bundið við að borga niður lán þannig að fé geti farið í umferð, en ég vek athygli á að hér er um að ræða lágar fjárhæðir. Ég vek athygli á að þeir sem eiga þarna háar fjárhæðir inni og eru vel settir eru ekki líklegir til þess að fara að nýta sér þetta í stórum stíl, að því er ég tel. Þetta kemur til skattlagningar, ávöxtun á þessu fé er góð, þetta er góð sparnaðarleið, trygg og varin, þannig að þetta er gert í trausti þess að kerfið haldi áfram á sínu róli og ekki verði nein truflun á því, þannig að fólk sem t.d. er í vellaunuðum störfum, gagnvart því gilda þá þegar skerðingarmörk og tekjutengingar gagnvart hlutum eins og vaxta- og barnabótum þannig að þessar tekjur, væntanlega lagðar þá ofan á það, mundu ekki hafa áhrif o.s.frv.

Að aðgerðin komi ekki að umtalsverðu gagni — ég held að það hljóti nú að muna umtalsvert um 70 þús. kr. á mánuði í 9 mánuði hjá mörgum einstaklingum eða 140 þús. kr. á mánuði hjá mörgum hjónum á þessu tímabili, en það hefur auðvitað aldrei verið þannig lagt upp, að minnsta kosti ekki af minni hálfu, að þessi aðgerð ein og sér ætti að leysa allan vanda hvorki þessa hóps né annarra þaðan af síður auðvitað. Hún er liður í viðamiklum og fjölþættum aðgerðum sem verið er að reyna að grípa til um þessar (Forseti hringir.) mundir til að aðstoða heimilin.

[14:27]

Árni M. Mathiesen (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil alls ekki halda því fram að hæstv. fjármálaráðherra hafi verið að draga lappirnar í þessu máli og síst að halda því fram að starfsfólk hans hafi verið að gera það, það er fjarri mér. Þetta er hins vegar með talsvert öðrum blæ en ég veit að hv. þingmenn Samfylkingarinnar hefðu viljað og kannski hefur sá tími sem liðinn er farið í eitthvert tog þar á milli. Ég ætla ekki frekar en hæstv. fjármálaráðherra að blanda mér í núning á milli núverandi stjórnarflokka í þessum efnum, en vil hins vegar leggja áherslu á að hér er að hluta til um aðra hluti að ræða en upphaflega var lagt upp með.

Ef fjármunir eru teknir út úr kerfinu og þeir settir í þessi hagrænu áhrif sérstaklega fara þeir ekki í það að leysa skuldavandann, en þeir hafa þá sömu áhrif á fjárhagsstöðu kerfisins og fjárhagsstöðu lífeyrissjóðanna sem ég veit að hæstv. fjármálaráðherra er annt um, ég virði það. En þá fara þessir hlutir í annað en þeir gætu farið í og stærri hluti gæti farið í að leysa skuldavanda þeirra sem eru í erfiðleikum.

[14:29]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir málefnaleg skoðanaskipti um þetta mál, bæði af hálfu fyrrverandi hæstv. fjármálaráðherra og hv. þm. Árna Mathiesens og eins þeirra sem ég ræddi hér við í andsvari áðan. Það er að sjálfsögðu ýmislegt sem er eðlilegt að menn vilji skoða í kringum þetta mál og ég geri ekkert lítið úr því. Þetta er nokkuð sérstök aðgerð og hún er auðvitað sértæk og tekur mið af mjög sérstökum aðstæðum.

Það var rækilega skoðað hvort halda ætti sig við kannski fyrri eða upprunalegar hugmyndir sem fram komu og voru fólgnar í því að binda ætti þetta við að færa fjármuni úr séreignarsparnaði yfir í að borga niður veðlán eða lán. Vandinn er þá sá að við vitum að það er fullt af fólki í alls konar vandræðum sem ekki er fyrst og fremst í þeim vegna þess að það sé í vanskilum eða skuldi mikið, t.d. fólk sem ekki á húsnæði, og er ekki með veðlán af þeim sökum, en hefur misst vinnuna og er bara einfaldlega í hengjandi vandræðum við að brauðfæða sig og sína og komast af í vetur. Ef menn hefðu bundið ráðstöfunina algerlega við það að greiða niður t.d. fasteignaveðlán eða jafnvel þó að það hefðu verið hvers kyns veðlán var slíkur hópur skilinn algerlega út undan. Þá hefðu komið upp önnur landamæri sem gat verið félagslega mjög erfitt að verja og útskýra, hafandi aftur í huga að þetta er þrátt fyrir allt eign viðkomandi fólks. Með sama hætti og það tók sjálft ákvörðun um að greiða þetta inn finnst mér að ef opnað er fyrir þetta eigi það að vera í grunninn ákvörðun viðkomandi einstaklings hvort hann vill, við þær aðstæður sem hann glímir við, grípa til þessa samkvæmt þessum reglum og með þessum takmörkunum til að reyna að bjarga sér. Það er verið að reyna að virða þær grundvallarreglur með þessari aðferð. Ef farið yrði út í stórtækari hluti hlyti að sjálfsögðu að koma til skoðunar að binda það með einhverjum hætti við fasteignaveðlán eða veðlán.

[14:31]

Árni M. Mathiesen (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er sjálfsagt að vera málefnalegur í þessari umræðu. Þetta er allt of mikilvægt mál til þess að vera að nota það í eitthvað annað.

Varðandi það sem hæstv. fjármálaráðherra nefndi, að fólk gæti verið í öðrum erfiðleikum en þeim sem sneru að skuldunum, er það vissulega rétt. En ég er sannfærður um að það er hægt að finna leiðir til þess að leyfa þeim aðilum sem væru í einhvers konar slíkum aðstæðum að taka út lífeyrissparnað sinn án þess að opnað væri á þetta sérstaklega til að fá fram hagræn áhrif og jafnvel þá hvetja til þess með því að útgreiðslan hafi ekki áhrif á bætur sem greiddar eru frá hinu opinbera. Örugglega er hæstv. fjármálaráðherra sammála mér um að þetta sé efni sem sé eðlilegt að nefndin skoði.

[14:33]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir framsögu hans um þetta mál. Ég hef áður staðið hér í þessum ræðustól og talað fyrir þessu máli og ég fagna því að þetta sé komið fram í þeirri mynd sem það birtist okkur hér. Reyndar á vinnan við þetta frumvarp sér allnokkurn aðdraganda, allt aftur til október á síðasta ári þegar ég tók sæti í vinnuhópi á vegum þáverandi hæstv. félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, ásamt tveimur

þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í síðustu ríkisstjórn þar sem skoðaðar voru tilteknar leiðir til bjargar heimilum í þeim fjárhagsvanda sem blasti við mörgum þeirra í kjölfar bankahrunsins.

Þar kom fyrst fram sú hugmynd að í vissum tilfellum væri hægt að heimila fólki að taka út séreignarlífeyrissparnaðinn ef það stæði illa. Þegar málið er síðan frekar skoðað sést að tæplega 300 milljarðar kr. liggja í séreignarlífeyrissparnaði í dag. Auðvitað eru sparnaðarleiðirnar sem í boði eru mjög mismunandi. Þar sem þetta sparnaðarform hefur ekki verið til mjög lengi, ég hygg að það hafi verið til í um 10 ár, er staðreyndin sú að flestir þeir einstaklingar sem þarna hafa greitt inn og eiga fjármuni eiga ekki háar upphæðir. Að meðaltali eru þetta 2–2,5 millj. kr. sem einstaklingar eiga þarna þó að auðvitað séu dæmi um að menn eigi hærri upphæðir, allt upp í 10–15 millj. kr.

Ég verð að segja að ég fagna þeirri samstöðu sem hefur birst hér í umræðunni um þetta meðal þingheims alls, ekkert síður af hálfu þeirra þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem hér hafa talað þó að menn greini kannski aðeins á um útfærsluna. Sú sem hér stendur getur fúslega játað að hún hefði að sjálfsögðu kosið að það hefði verið hægt að ganga lengra en hér er gert.

Eins og hæstv. fjármálaráðherra gerði ágætlega grein fyrir hér í ræðu sinni er auðvitað að mörgu að hyggja og það þarf að huga að því hvernig sjóðirnir standa eftir að þessi heimild er veitt. Það þarf að taka ábyrgt á þessu. Við ætlum okkur ekki að setja þetta kerfi á hliðina og við ætlum okkur líka að gæta þess að jafnræði gildi milli sjóðfélaga. Ég held að það sé óhætt að segja að hér sé farin mjög varfærin og ábyrg leið en um leið komið til móts við þá einstaklinga og þær fjölskyldur sem þurfa á þessum fjármunum að halda.

Það ber auðvitað að ítreka hér í umræðunni að þetta sparnaðarform er mjög hagstætt. Á undanförnum árum hafa þeir fjármunir sem fólk hefur sett þarna inn ávaxtað sig vel. Ég hygg að í sumum tilfellum hafi ávöxtunin verið allt upp í 20 eða jafnvel 30%. Það er því engin ástæða fyrir fólk sem ekki þarf á þessum fjármunum að halda að innleysa þá. Ég held að það skipti afar miklu máli að þau skilaboð komist skýrt til skila að það er ekki undir neinum kringumstæðum hagstætt fyrir fólk að innleysa fjármunina nema það þurfi á þeim að halda.

Það skiptir máli fyrir okkur sem hér störfum að sýna þá ábyrgð að um leið og við hugum að hagsmunum fjölskyldnanna í landinu hugum við líka að hagsmunum lífeyrissjóðakerfisins. Við ætlum okkur ekki að fara út í neinar þær aðgerðir sem geta sett það kerfi á hliðina eða stefnt því í nokkra hættu. Lífeyrissjóðirnir hafa vissulega bent á það að hér sé verið að teygja sig í raun og veru til hins ýtrasta.

Um helgina birtist grein í Morgunblaðinu frá fjórum framkvæmdastjórum lífeyrissjóða þar sem þeir bentu á að það yrði að fara varfærna leið til að standa vörð um þetta jafnræði og gæta þess að kerfið færi ekki á hliðina. Það er í raun og veru, hæstv. forseti, megininntakið í því sem hér er verið að gera.

Í 4. og 5. gr. frumvarpsins er lagt til að útgreiðslur séreignarsparnaðar komi ekki til skerðingar á barnabótum og vaxtabótum sem ég held að sé afar mikilvægt og síðan í 6. gr. er talað um atvinnuleysisbætur. Ég tek undir það með hæstv. fjármálaráðherra sem sagði áðan að við sérstakar aðstæður þyrfti að beita sérstökum úrræðum. Ég held að þetta sé afar mikilvægt.

Ég vil nefna í þessari umræðu að ég heyrði nýlega dæmi um að eftir að Alþingi breytti lögunum um síðustu áramót þar sem heimild var gefin fyrir þá sem eru orðnir 60 ára og eldri til að taka út séreignarlífeyrissparnað hafi einstaklingur lent í því að atvinnuleysisbætur skertust. Þær skertust við það að hann tók út séreignarsparnaðinn við 60 ára aldur, nokkuð sem viðkomandi hafði ekki gert ráð fyrir. Ég held að það sé afar mikilvægt að þetta ákvæði sé þarna inni vegna þess að það má alveg reikna með því að þeir sem helst mundu taka út þessa milljón núna á níu mánaða tímabili séu fólk sem er það illa statt að það sé hugsanlega orðið atvinnulaust og þess vegna er algjört glapræði að þessir fjármunir skerði atvinnuleysisbætur.

Ég lýsi líka yfir ánægju minni með þá heimild sem lífeyrissjóðunum er gefin í þessu frumvarpi til að fresta skattgreiðslum til ríkisins. Ég held að það muni líka koma til móts við sjóðina. Þarna er á ferðinni varúðarráðstöfun og allt miðar þetta að sama markinu, að tryggja bæði hagsmuni sjóðfélaganna og sjóðanna sjálfra.

Ég veit í sjálfu sér ekki, hæstv. forseti, hvort það er ástæða til að setja á miklu lengri ræðu, ég hef oft rætt um þetta mál hér áður. Ég ítreka að ég er mjög ánægð með að þetta mál skuli vera komið fram og ég er viss um að sú nefnd sem málið fer í mun vinna það mjög hratt og örugglega, ekki síst í ljósi þess stuðnings sem það hefur hlotið hér af hálfu flestra þeirra þingmanna sem til máls hafa tekið.

Ég ítreka líka að það er beðið eftir þessu máli þarna úti. Það er fullt af fólki sem bíður eftir því að Alþingi Íslendinga klári þetta mál hratt og örugglega, það komi til framkvæmda þannig að fólk geti farið að innleysa séreignarsparnaðinn sinn frá 1. mars nk.

Að því sögðu vil ég hvetja þá sem ekki þurfa á þessum fjármunum að halda að láta þá vera vegna þess að þarna er um afar gott sparnaðarform að ræða. Við þurfum auðvitað líka að standa hér vörð um og tryggja að séreignarlífeyrissparnaðarkerfi Íslendinga haldi áfram. Þetta skiptir máli þegar fólk hættir að vinna vegna þess að lífeyriskerfið almenna eins og við þekkjum það í dag tryggir um 50% af lokalaunum manneskju þegar hún hættir að vinna. Þetta er þá viðbót við það. Ef fólk fólk byrjar að greiða um fertugt og geymir sparnaðinn inni í 20 ár er þetta varasjóður fyrir fólk í ellinni, eins og verið hefur hefur þetta ávaxtað sig afskaplega vel.

Fólk á alls ekki að taka út þessa fjármuni nema það þurfi nauðsynlega á þeim að halda. Ég veit að mjög margir þurfa á þessu halda og bíða eftir að málið verði afgreitt hér. Ég held að við ættum því að hraða þessu í gegnum nefnd hér á Alþingi og taka þetta síðan inn þannig að þetta gæti orðið að lögum mjög fljótlega og komið til útgreiðslu 1. mars nk.

[14:42]

Útbýting:

Kosningar til Alþingis, 328. mál, frv. allshn., þskj. 564.

Nýting sjávarfalla í Breiðafirði til raforkuframleiðslu, 327. mál, þáltill. StB, þskj. 563.

[14:42]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Það er svo í þessu máli eins og flestum öðrum að í þeim leynast álitaefni sem ástæða er til að fara yfir og ræða bæði í þingsal og í þingnefnd, þ.e. allt orkar tvímælis þá gert er. Og eins líka hitt að það er hyggilegra í þessu máli eins og öllum öðrum að gefa sér meiri tíma en minni til lagasetninga.

Mér finnst það einkenni á þingstörfunum í vetur, bæði hjá þeirri ríkisstjórn sem farin er frá og þeirri sem tekin er við, að gerð er mjög rík krafa af hálfu ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar til óvandaðra vinnubragða á Alþingi. Ég vil minna á það vegna þess að mér finnst slæmt að þingmenn venji sig á að mál eigi að taka mjög stuttan tíma í meðförum þingsins. Með því móti er verið að grafa undan störfum þingsins og stuðla að óvandaðri lagasetningu en ella væri. Og að leggja fram mál svo seint að það er rætt í dag, 19. febrúar, og gera kröfu til þess að það verði afgreitt það tímanlega að hægt sé að fara að vinna eftir lögunum 1. mars — sem þýðir að þau verða að hafa verið samþykkt nokkrum dögum áður — þýðir einfaldlega að það er verið að kasta til höndunum. Það er verið að gera kröfu til þingsins um að afgreiða mál frá ríkisstjórninni umræðu- og athugasemdalítið, taka því sem að er rétt þegar ríkisstjórninni sýnist ástæða til að bera fram mál sem reyndar hafa ekki komið fram mörg frá núverandi ríkisstjórn. Þingið hefur meira og minna verið verklaust vegna þess að ekki hafa komið fram mál frá ríkisstjórninni. Hér hafa verið rædd þingmannamál, sem út af fyrir sig eru mörg hver góð og gild mál og ástæða til að vinna í, en það hefur ekkert breyst hjá þessari ríkisstjórn frekar en fyrri að það er ekki ætlast til að þingmannamál nái fram að ganga og ekki er greidd gata þeirra hvorki til að koma til umræðu né til að vera tekin til meðferðar í þingnefndum.

Ég lagði fram frumvarp 17. nóvember um aðstoð við skuldugt fólk, um hugmyndir mínar í þeim efnum. Það fékkst rætt fyrir nokkrum dögum, rúmum 90 dögum eftir að það var lagt fram. Það var auðvitað vegna þess að yfirstjórn þingsins, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, raðaði þessu þannig að málið komst ekki að fyrr. Það er ekki gert ráð fyrir því og ekki greitt fyrir því að þingmenn geti fengið mál sín tekin fyrir skjótt og komið þeim til umfjöllunar í þingnefnd og að þingnefndir taki þau þar til alvarlegrar athugunar. Því miður hefur ekkert breyst í þeim efnum í vetur þrátt fyrir alvarlegt ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar sem kannski hefði frekar átt að ýta undir að þingheimur og ríkisstjórn væru tilbúin til að ræða allar góðar hugmyndir frá þingmönnum sama hvaða flokki þeir tilheyrðu. Ég vildi að þetta kæmi fram, virðulegi forseti, vegna þess sem komið hefur fram í umræðunni um skyndimeðferð í þinginu.

Í þessu máli eru auðvitað atriði sem geta nýst fólki, það er eðlilegt að á það sé bent, en þar eru líka atriði sem geta virkað á verri veginn og mér finnst af máli hæstv. fjármálaráðherra að hann sé lítið tilbúinn til að líta á það. Það sem blasir við, fyrst og fremst, er að það er verið að koma með mál sem er ætlað til úrbóta í miklum vanda fjölda fólks en þegar að er gáð er þetta bara smáplástur á sárið. Og ég spyr: Hvað svo þegar áhrifum málsins lýkur? Gert er ráð fyrir því samkvæmt greinargerð frumvarpsins að um 40–50 milljarðar verði teknir út af séreignarlífeyrissparnaði. Af þeim er greiddur skattur, u.þ.b. þriðjungurinn af þeirri fjárhæð, þannig að það eru kannski 25–30 milljarðar sem fólkið sem tekur út þessa peninga getur notað til að lækka skuldir sínar ef það svo kýs, en það er enginn áskilnaður um það.

Segjum svo að allir leggi þessa peninga til þess að lækka skuldir sínar, 25–30 milljarða kr. Í blöðunum í dag eru upplýsingar um að skuldir heimilanna séu 2.000 milljarðar kr. Það er því 1% af skuldunum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að heimilin geti haft undir höndum. Út af fyrir sig getur þetta verið einhver hjálp í þá níu mánuði sem útgreiðslutíminn stendur en það er augljóst hverjum manni að þetta er bara plástur á sárið. Því spyr ég: Hvað svo? Ég skal svara því, virðulegi forseti. Svarið er að þá eru kosningarnar um garð gengnar. Þetta er bara plástur til að róa fólk fram yfir kosningar. Það er ekkert annað í þessu máli. Þarna eru í raun og veru engin svör af hálfu ríkisstjórnarinnar til fólks með miklar skuldir um það hvernig leysa eigi þau mál, fólks sem á í alvarlegum vanda, það alvarlegum vanda að ríkisstjórnin ræðst í það að brjóta upp séreignarlífeyrissparnaðarkerfið. Svo stór vandi verður ekki leystur með þessu, það er algerlega augljóst mál. Ríkisstjórnin hefur bara ekki svör. Það er verið að reyna að slá ryki í augu fólks með því að setja þetta fram hér.

Sjálfstæðisflokkurinn gengur reyndar lengra. Hv. 1. þm. Suðvesturkjördæmis, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, fer í lýðskrumið, fer í yfirboð og orðar það hér í ræðustól að þeir sem taka út séreignarlífeyrissparnað ættu kannski að sleppa við að borga skatta af þessum tekjum sínum. Hversu langt eru menn komnir í aðdraganda þingkosninga til að fara í yfirboð, til að ganga í augun á kjósendum? Mér sýnist það vera að gerast, að Sjálfstæðisflokkurinn vilji ganga lengra. Hann vill, ekki var hægt að skilja orð hv. þingmanns öðruvísi en svo að hann vilji leyfa fólki að hafa skattgreiðslurnar af séreignarlífeyrissparnaðinum til ráðstöfunar, væntanlega þá kannski til að borga skuldir.

Ég held að menn séu komnir á afar hættulegar brautir og kannski endurspeglar þetta mál það að afar óheppilegt er að fela stjórnmálamönnum, í aðdraganda kosninga þegar þeir eiga allt undir kjósendum, að finna lausnir á svona miklum vanda. Þá er nefnilega hætta á að menn fari út í ódýru lausnirnar, yfirboðin. Hæstv. fjármálaráðherra sagði á fundi þar sem hann stóð andspænis kjósendum að hann vildi afnema verðtrygginguna. Hann veit alveg eins og ég að það er tómt mál að tala um að gera slíkt. Enda sagði hann, að afnema ætti verðtrygginguna þegar búið verður að ná verðbólgunni niður. Hann veit eins vel og ég og allir aðrir sem hafa kynnt sér efnahagsmál að verðbólgan mun falla eins og steinn til jarðar á næstu mánuðum og verða að engu og þar með talin verðtryggingin. Enginn mun spyrja um verðtrygginguna á næstu mánuðum á meðan það tímabil gengur yfir sem nú þegar er komið víða um heim með verðhjöðnun. Það mun standa töluverðan tíma. Menn verða, virðulegi forseti, að gæta sín aðeins í þessari umræðu.

Hæstv. forsætisráðherra sagði í upphafi þegar byrjað var að reifa þessar hugmyndir — ég hygg að ráðherra hafi þá

verið félags- og tryggingamálaráðherra í fyrri ríkisstjórn — að þetta yrði bara leyst við mjög þröngar aðstæður og aðeins til þeirra sem skulduðu mikið og aðeins þannig að þeir sem tækju út séreignarlífeyrissparnað notuðu hann algerlega til að borga upp skuldir af húsnæði sínu. Nú er þetta allt orðið galopið. Það segir meira að segja í greinargerð með frumvarpinu að tilgangurinn sé ekki bara sá að gera fólki kleift að taka út lífeyrissparnaðinn til að borga skuldir heldur til að auka almenna eftirspurn í hagkerfinu — auka almenna eftirspurn í hagkerfinu. Og þá spyr ég, ef það er tilgangurinn: Af hverju er þá staldrað við eina milljón? Er ekki hægt að auka eftirspurn í hagkerfinu með því að leyfa fólki að taka allt út og ekki bara í níu mánuði heldur 18 mánuði?

Ég held, virðulegi forseti, að verið sé að vinna mikið skemmdarverk á öllum sparnaðarkerfum sem menn hafa verið að koma upp vegna þess að íslenskt þjóðfélag gengur ekki nema almenningur spari peninga. Verið er að grafa undan trúnni á sparnaði og trúnni á kerfum til að byggja hann upp með því að rjúfa það sem ákveðið hefur verið, að fólk geti lagt peninga til hliðar í langan tíma og notað þá í ellinni. Það er verið að grafa undan þeirri trú, virðulegi forseti, og það er meira að segja verið að hvetja til þess með því að meðhöndla þá sem taka út séreignarlífeyrissparnaðinn sinn núna öðruvísi en gert væri ef þeir tækju út séreignarlífeyrissparnaðinn sinn á réttum tíma. Það er verið að hvetja til þess með því að undanþiggja menn skerðingu á barnabótum og vaxtabótum. Það geta verið töluverðir peningar. Vaxtabætur skerðast um 6% af tekjuskattsstofni, þannig að 6% af milljón sem tekin er út eru 60 þús. Barnabætur skerðast með ákveðnum hætti ef tekjuskattsstofn er yfir 3,6 millj. hjá hjónum. Þannig að milljón sem fólk, sem hefur yfir 3,6 millj. í tekjur, fær að taka út leiðir til skerðingar á barnabótum en gerir það ekki í þessu sérstaka tilviki. Það er verið að hvetja fólk til að taka út frekar núna en seinna.

Taki fólk út séreignarlífeyrissparnað sinn eftir sextugt lendir það í skerðingum á barnabótum og vaxtabótum. (**Gripið fram í:** Menn eiga kannski ekki börn á þeim aldri.) Það er allt til í því, virðulegi forseti, og heldur vaxandi sá fjöldi sem er í þeirri stöðu að fá barnabætur en býsna margir eiga rétt á vaxtabótum þó að þeir séu orðnir sextugir. Ég held að menn ættu bara að skoða það. Það hlýtur að vera til statistik yfir þau mál þannig að menn geti lagt mat á það atriði.

Ég er að mörgu leyti sammála sjónarmiðum lífeyrissjóðanna, að þetta sé óskynsamleg aðgerð vegna þess að hún grefur undan sparnaði. Við þurfum á flestu öðru að halda en því að draga úr sparnaði hér á landi. Við þurfum meiri sparnað. Það hefur verið vandi í íslensku þjóðfélagi á undanförnum áratugum hve sparnaður hefur verið lítill og hve vilji fólks til að eyða tekjum sínum hefur verið mikill (Gripið fram í.) sem hefur í vaxandi mæli leitt til vaxandi skulda eftir því sem möguleikarnir á að taka peninga að láni hafa vaxið. Það er ógæfa margra að þeir hafa nýtt sér alla möguleika til að skuldsetja sig og sitja síðan uppi með vanda sem er erfiður viðureignar þegar dregur úr tekjum. Til þess að vinna bug á því, til þess að vinna okkur út úr þeirri stöðu að skuldir heimilanna séu 2.000 milljarðar kr., þá eigum við frekar að hvetja fólk til að spara en eyða. Að mínu viti gerum við það ekki með svona hringlanda varðandi sparnaðinn sem að lokum auðvitað þýðir að fólkið sem ætlaði að nota séreignarlífeyrissparnaðinn sinn eftir sextugt til að bæta lífskjör sín, það mun auðvitað ekkert sætta sig við lífskjaraskerðinguna. Það mun gera kröfur á ríkissjóð á þeim tíma um hærri almannatryggingabætur og annað slíkt til að hafa þau lífskjör sem það bjóst við að það mundi hafa með séreignarlífeyrissparnaði sínum. Það er því verið að vísa þessu yfir á skattgreiðendur framtíðarinnar að nokkru leyti, virðulegi forseti.

[14:58]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ætla mætti af ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að bankahrunið í október síðastliðnum hafi farið fram hjá hv. þingmanni og að það eru fjölskyldur í landinu sem eru illa staddar. Það er auðvitað ekki þannig, eins og hv. þingmaður gaf í skyn, að menn séu að kynna hér mál sem ætti að leysa vanda allra. Það er alls ekki þannig, þetta er bara lítill angi af því, lítið mál til að koma til móts við fólk sem er illa statt. Að undanförnu hafa verið kynnt mál frá ríkisstjórninni sem er hluti af þessum pakka fyrir heimilin eins og greiðsluaðlögun og fleira. Hv. þingmaður kallaði þetta plástur. Ég vil alls ekki taka undir það. Þetta er leið til að koma til móts við fólk sem er illa statt núna, 70 þús. kr. fyrir einstakling og 140 þús. kr. á mánuði fyrir hjón geta munað mjög miklu, ég tala ekki um þegar fólk er atvinnulaust.

Hv. þingmaður spurði:. Hvað svo eftir þetta? Svarið við því er, eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði í ræðu sinni, að það þarf að athuga hvernig þetta gengur og menn þurfa síðan að endurskoða það og sjá svo til í framhaldinu hvort hægt er að ganga eitthvað lengra.

Í lokin vil ég síðan vísa því á bug sem hv. þingmaður sagði um vinnubrögð í þessu máli. Þetta mál hefur fengið mjög vandaðan og góðan undirbúning, hefur margoft verið rætt í þingsölum, m.a. af þeirri sem hér stendur. Ég lagði hins vegar áherslu á að það er mjög mikilvægt að þingmenn sameinist um að koma málinu í nefnd eftir faglega umræðu á Alþingi, að koma því í nefnd og út úr nefnd aftur til þingsins, þannig að þetta geti raunverulega komið að notum fyrir fólk 1. mars næstkomandi.

[15:00]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil árétta að þær tölur sem hv. þingmaður nefndi — að fólk gæti fengið allt að 140 þús. kr. út á mánuði — eru þá fyrir skatta og af þeirri fjárhæð á að greiða skatta. (Gripið fram í.) Já, milljón er tekin út sem deilist á níu mánuði. Það eru rétt rúmar 100 þús. kr. á mánuði sem má taka út og af þeirri fjárhæð á að greiða skatta, um 37%, og þá sýnist mér að eftir gætu staðið 70 þús. (**Gripið fram í:** Já.) Já, 70 þús. kr., þá er það skýrt. (**SVÓ:** Það var það sem ég sagði.) Gott og vel þá bara misskildi ég hv. þingmann og biðst velvirðingar á því.

Staðreyndir eru þessar: Þetta þýðir 25–30 milljarðar sem fólk getur tekið út á næstu níu mánuðum upp í skuldir sem eru 2.000 milljarðar. Þetta er 1%. Hvað ætlar hv. þingmað-

ur að segja við kjósendur sína á næstu vikum. Er þetta „Ráðið“ með stórum staf og greini? Þarf ekkert annað að gera? Er þetta svar ríkisstjórnarinnar við fjárhagsvanda fólksins? Ég segi nei, þetta er plástur á sárið. Það sem á að gera er að taka á vandanum. Ríkisstjórnin á að koma með tillögur til þess telji hún að það sem komið er dugi ekki til. Það er það sem ég er fyrst og fremst að gagnrýna, ríkisstjórnin er með sjónhverfingar. Hún segir: Þetta er málið til að leysa vanda ykkar og við þurfum að hraða þessu í gegnum þingið en það er það ekki. Það er bara plástur á sárið, virðulegi forseti, og það er kannski kjarni málsins.

[15:02]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er þetta ekki „Ráðið“ með stórum staf og greini eins og þingmaðurinn orðaði það. Þetta er hins vegar eitt af þeim ráðum sem ríkisstjórnin grípur til til að koma til móts við heimilin og fjölskyldurnar í landinu. Það hafa verið kynntar hugmyndir um greiðsluaðlögun. Það eru í vinnslu núna hugmyndir sem lúta að verðtryggingu og myntkörfulánum og ég stend alls ekki hér í dag í þessum ræðustól, eins og hv. þingmaður gaf í skyn, og reyni að telja fólki trú um að þetta sé „Ráðið“. Það er það auðvitað alls ekki enda er hér um tiltölulega lágar upphæðir að ræða. Þetta getur hins vegar gagnast fólki mjög vel og mér finnst satt best að segja gert ansi lítið úr því að 70 þús. kr. á mánuði fyrir manneskju sem er atvinnulaus, 140 þús. kr. fyrir fjölskyldu, þar sem kannski annar aðilinn er atvinnulaus og hinn hefur lent í því að laun hafa verið lækkuð og starfshlutfall skert — fólk getur svo sannarlega munað um þessa fjármuni og það á alls ekki að gera lítið úr því, hæstv. forseti.

Það má líka hafa í huga að þessir fjármunir geta nýst fólki, t.d. til að greiða niður yfirdráttarskuldir og VISA-skuldir sem bankar segja mér að séu vaxandi í samfélagi okkar. Vonandi sjáum við það á næstu mánuðum að þessu ástandi fari að linna þannig að fólk geti notað þessa peninga til að fleyta sér núna yfir erfiðasta hjallann og sé það atvinnulaust sjái það fram á það að geta hugsanlega fengið atvinnu á haustmánuðum. Auðvitað er þetta ekki „Ráðið“, hv. þingmaður, en þetta er eitt skref af mörgum í rétta átt til að létta byrðum af heimilunum og fjölskyldunum í landinu.

[15:04]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður sagði að fólk gæti notað þessa peninga til að borga skuldir sínar. Já, það getur gert það en er ekki skuldbundið til þess. Það segir meira að segja í skýringum við frumvarpið, með leyfi forseta:

„Miðað er við að andvirðinu verði ráðstafað annars vegar til skuldalækkunar og hins vegar til aukinnar eftirspurnar í hagkerfinu.“

Það er verið að opna séreignarlífeyrissparnaðinn til að reyna að auka einkaneyslu. Það segir beinlínis í frumvarpinu sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. Það þýðir ekkert að afneita því sem hér stendur. Annað af tvennu sem talið er upp sem tilgangur frumvarpsins er að auka einkaneyslu, ekki til að borga skuldir heldur til að eyða peningum. Það er það sem er tilgangur, annar af tveimur.

Annað mál er, það er nefnilega alveg rétt sem hv. þingmaður sagði, að þetta er til að fleyta fólki fram yfir — hvað? Fram yfir kosningar. Fá fólk til að halda að þetta sé nóg til að fleyta því fram yfir kosningar og vonandi getur það fyrir marga orðið sú hjálp að það geri það. En það leysir ekki vandann og það er það sem ég er að gagnrýna. Vandi skuldugra fjölskyldna, sem skulda 20, 30, 40 eða 50 millj. kr., verður ekki leystur með þessum hókuspókus-fræðum. Ríkisstjórnin verður að svara kjósendum því núna: Hver eru úrræðin fyrir fólk sem er í vandræðum? Hvað er það sem ríkisstjórnin ætlar að leggja til til að fólk geti staðið undir skuldbindingum sínum? Þau svör vantar, virðulegi forseti, og það er það sem ég held að menn þurfi að átta sig á.

[15:06]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nei, þetta frumvarp leysir svo sannarlega ekki vandann. Ef hér er einhver í salnum sem kann lausnina með stórum staf þá bið ég hann um að gefa sig fram. Kannski er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson eini maðurinn á Íslandi sem veit hvernig á að leysa vandann. En það er undarlegt að heyra þennan málflutning hér, hv. þingmaður hefur allt á hornum sér gagnvart þessari aðgerð sem er liður í viðamiklum aðgerðum. Hvar hefur hv. þingmaður verið undanfarna daga? Hér hefur komið hvert frumvarpið inn á fætur öðru frá þessari starfsömu ríkisstjórn og önnur eru á leiðinni. Næsta frumvarp á dagskrá þessa fundar er mikilvæg réttarbót fyrir fólk, breytingar á lögum um nauðungarsölu og gjaldþrotaskipti sem hæstv. dómsmálaráðherra mun mæla fyrir og önnur eru á leiðinni. Þetta er hluti af stórum aðgerðapakka sem þessi ríkisstjórn er mynduð um og ætlar að gera sitt besta á 80 dögum til að koma hér fram.

Ég hafna því algerlega málflutningi af því tagi að þetta sé einhver sýndarmennska eða eitthvað til að kaupa sér eitthvert skjól fyrir kosningar. Eða hvað vill hv. þingmaður gera? Ekki neitt fyrir kosningar? Er hann að mæla með því? Það hefur enginn haldið því fram að þetta frumvarp leysti hinn stóra efnahags- og skuldavanda íslensks þjóðarbús. Það dettur engum manni í hug. Hann er risavaxinn, snýr að heimilunum, snýr að atvinnulífinu, snýr að þjóðarbúinu í heild út á við þannig að þetta er málflutningur algerlega út úr korti, að koma hér með gagnrýni á þarft og gott innlegg í það mál að auðvelda heimilum að komast af við núverandi þrengingar.

Hv. þingmaður hefur áhyggjur af því að þetta dragi úr sparnaði. Í frumvarpinu er boðið upp á aukinn sparnað á móti. Það er opnað fyrir það að menn auki inngreiðslur, skattfrjálsar inngreiðslur inn í kerfið einmitt til að undirstrika að það er ekki ætlun okkar að kollvarpa þessu kerfi eða draga úr hvatningu til sparnaðar. Það er að sjálfsögðu áfram mikilvægt að fólki reyni að borga niður skuldir og laga til í sínum fjárhag og þetta er liður í því eins og hv. þingmaður, sem hér talaði áðan, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, benti á. Að sjálfsögðu munar um það fyrir einstakling að fá 70 þús. kr. á mánuði til að ná niður yfirdrætti eða VISA-skuldum eða 140 þús. kr. fyrir hjón sem bæði eiga séreignarsparnað.

[15:08]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef það munar mjög um það, af hverju er þá ekki áskilið í frumvarpinu að peningunum sé ráðstafað til þess. Af hverju er það sagt að tilgangur frumvarpsins sé hins vegar að stuðla að aukinni eftirspurn í hagkerfinu? Það er beinlínis gert ráð fyrir því að ótilgreint hlutfall af þeirri fjárhæð sem verður tekin út renni ekki til að greiða úr fjárhagsvanda heldur til að auka eftirspurn í hagkerfinu.

Það gengur í berhögg við það sem núverandi hæstv. forsætisráðherra sagði í upphafi máls síns að þetta ætti bara að vera lítil glufa á séreignarsparnaði í lífeyriskerfinu til afmarkaðra nota til að borga skuldir og ekkert annað. Af hverju hefur þessi ríkisstjórn ákveðið að galopna þessa útgreiðsluheimild? Af hverju, virðulegi forseti? Ef það er meginmarkmiðið, en ekki bara annað af tveimur, að stuðla að því að fólk ráði við skuldir sínar hvers vegna er þá verið að hafa heimildina þannig að fólki sé það algerlega í sjálfsvald sett að nota peningana til annarra hluta en til þess að greiða úr skuldum sínum? Það er vegna þess, virðulegi forseti, sem hér segir, það er til að auka eftirspurn í hagkerfinu. Þetta er eftirspurnarmál. Það út af fyrir sig getur verið markmið við ákveðnar aðstæður en þá eiga menn ekki að vera að halda því fram að þetta mál sé fyrst og fremst til að leysa fjárhagsvanda heimilanna, enda er það ekki. Þetta er í mesta lagi, miðað við mat frumvarpsins sjálfs, 1% lausn og það er auðvitað engin lausn.

[15:10]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta frumvarp gengur einfaldlega út á það að fólk sem á þennan séreignarsparnað fær takmarkaðan aðgang að honum og það er fólkið sjálft sem síðan ákveður hvernig þessir fjármunir gagnast því best, hvernig það getur nýtt þá best til að laga aðstæður sínar. Það er að sjálfsögðu fráleitt að halda því fram að það sé annar megintilgangur þessa frumvarps að auka eftirspurn í hagkerfinu. Eykur það sérstaklega eftirspurn að menn ráði við þá óumflýjanlegu einkaneyslu sem þeir þurfa auðvitað að geta klofið ef þeir ætla að komast af? Ef einstæða atvinnulausa móður vantar peninga til að fæða börnin sín í vetur, er þá sanngjarnt að tala um það sem aðgerð til að auka eftirspurn að hún eigi fyrir þeim mat? Ég hreinlega átta mig ekki á því, frú forseti, hvar hv. þingmaður er á vegi staddur í þessari umræðu.

[15:11]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg gilt sjónarmið að segja sem svo, eins og hæstv. fjármálaráðherra gerir, að fólkið eigi þessa peninga og það ráði því sjálft hvernig það ver honum og taki ákvörðun um það hvernig peningarnir gagnist því best. Auðvitað er það gott og gilt sjónarmið. En ef við tökum það sjónarmið þá erum við búin að kollvarpa séreignarlífeyrissparnaðarkerfinu sem slíku. Til hvers að vera að fá fólk til að leggja peninga inn á séreignarlífeyrissparnað ef það getur sjálft ráðið því hvernig það ver peningunum sem best í upphafi? Til hvers er verið að búa til slíkt kerfi með þeim takmörkum sem það er að hafa langtímainnstæður og fjárfestingu og fólkið er hvatt til þess með boði um að þurfa ekki að borga skatta af þessum tekjum fyrr en þeir eru teknir út o.s.frv.?

Ef við eigum bara að fallast á þau sjónarmið að fólkið sjálft ráðstafi sínu fé þarf ekki svona kerfi. Það er kannski það sem mér finnst það versta við þetta mál að það grefur undan séreignarlífeyrissparnaðarkerfinu og hugsanlega lífeyrissparnaðarkerfinu sjálfu þegar verið er að fikta í þessu máli með tiltölulega óljósan ávinning einstaklinga í huga og sérstaklega með það rökstudda markmið að auka eftirspurn í hagkerfinu. Mér finnst það ekki vera markmið sem taka eigi gott og gilt til að bora göt á séreignarlífeyrissparnaðarkerfið. Ég viðurkenni það, virðulegi forseti, að ég er ekki sammála því. Mér finnst að af því verði meiri skaði en ávinningur.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

[15:13]

Útbýting:

Greiðsluaðlögun fasteignaveðlána og staða á íbúðamarkaði, 329. mál, þáltill. GÞÞ o.fl., þskj. 565.

Aðför, nauðungarsala og gjaldþrotaskipti, 1. umr.

Stjfrv., 322. mál (bætt staða skuldara). — Þskj. 554.

[15:14]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um aðför, lögum um nauðungarsölu og lögum um gjaldþrotaskipti og fleira.

Á verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar eru áætlanir um að bæta stöðu skuldara við gjaldþrotaskipti og að fresta nauðungarsölu um sex mánuði til að skuldarar fái betra tækifæri til að endurskipuleggja fjármál sín.

Með frumvarpinu eru lagðar til lagabreytingar til að ná því markmiði en vegna hins sérstaka ástands sem nú ríkir í efnahagsmálum með tilheyrandi greiðsluvanda hjá stórum hópi manna þykir nauðsynlegt að tryggja honum virkari úrræði til að endurskipuleggja fjármál sín með varanlegum hætti. Er frumvarpið því liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að koma enn frekar til móts við fjárhagsvanda einstaklinga og heimila í landinu.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar efnisbreytingar sem ýmist er ætlað að vera varanlegar eða gilda til bráðabirgða. Í fyrsta lagi er lagt til í 1. gr. frumvarpsins að aðfararfrestur verði lengdur úr 15 dögum í 40 daga. Á þessi aukni frestur að nýtast skuldurum til að bregðast við framkominni innheimtu og til að endurskipuleggja fjármál sín en lagt er til að úrræðið sé tímabundið og falli niður 1. janúar 2010.

Í öðru lagi er lögð til í 3. gr. frumvarpsins sérstök tímabundin heimild til frestunar á nauðungarsölu fasteigna. Nánar tiltekið verði nauðungarsölu íbúðarhúsnæðis frestað tímabundið til 31. ágúst 2009. Verður gerðarþoli þá að óska

eftir slíkri frestun auk þess sem frestunin nær einungis til þeirra eigna þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skrásett lögheimili enda sé um að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga.

Þannig er gert ráð fyrir því að sýslumaður taki ekki ákvörðun um að hefja nauðungarsölu slíkra fasteigna fyrr en eftir 31. ágúst 2009. Auk þess sem sýslumaður getur frestað þeim nauðungarsölubeiðnum sem fram eru komnar til sama tíma. Að auki er mælt fyrir um að þær kröfur sem eru í eigu íslenska ríkisins eða fjármálafyrirtækja í eigu þess beri einungis almenna vexti, hafi um þá verið samið, frá frestun nauðungarsölu og til 1. september 2009.

Tengt þessu úrræði er svo ný regla í 2. gr. frumvarpsins þar sem sýslumönnum verður hér eftir gert skylt að leiðbeina gerðarþola sérstaklega um þann kost að fasteign sé ráðstafað með nauðungarsölu á almennum markaði. Er það gert til að tryggja að ávallt verði leitað leiða til að fá sem hæst verð fyrir eignina.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti og fleira. Með þeim er leitast við að ná því markmiði að treysta enn frekar stöðu skuldara við gjaldþrotaskipti. Felur frumvarpið í sér nokkur nýmæli.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að þegar krafa hefur komið fram um að bú einstaklings verði tekið til gjaldþrotaskipta eigi dómari að leiðbeina skuldara um þau úrræði sem hann hefur til að leita eftir nauðasamningi eða greiðsluaðlögun. Með þessu er reynt að tryggja að enginn skuldari verði af því að leita eftir greiðsluaðlögun sé þess nokkur kostur. Getur dómari m.a. frestað því að taka afstöðu til gjaldþrotaskiptabeiðninnar í allt að þrjá mánuði í stað eins ef skuldari og lánardrottinn óska þess sameiginlega og um er að ræða einstakling sem ekki stundar atvinnurekstur.

Í 5. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um nýjan almennan fyrningarfrest við gjaldþrotaskipti og er lagt til að sá frestur verði tvö ár. Ef um samþykkta kröfu er að ræða við gjaldþrotaskipti reiknast fresturinn frá lokum gjaldþrotaskipta en annars frá þeim degi þegar kröfunni var lýst við búskiptin.

Í frumvarpinu er enn fremur gert ráð fyrir að fyrningunni geti verið slitið innan þessa nýja tveggja ára frests og þá færi um fyrninguna eftir almennum reglum. Það á þó aðeins við um þær kröfur sem þannig er haldið fram gagnvart skuldara en ekki aðrar kröfur sem þá falla niður að tveimur árum liðnum.

Í þessu ákvæði felst mikil réttarbót fyrir skuldara. Í því hefur verið tekið tillit til grundvallarreglunnar um skuldbindingargildi samninga annars vegar og svo hins vegar sjónarmiða um að skuldari geti á einhverjum tíma losnað undan skuldbindingum sínum þegar bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Um stuttan tíma er að ræða auk þess sem skuldara stendur alltaf til boða að leita greiðsluaðlögunar eins og fyrirhugað er í frumvarpi til greiðsluaðlögunar. Að auki er rétt að vekja athygli á því að í frumvarpi um greiðsluaðlögun sem nú er til meðferðar í allsherjarnefnd er lagt til að skuldara standi ætíð til boða að ljúka gjaldþrotaskiptum með greiðsluaðlögun en í þeirri reglu er tekið sérstakt tillit til skuldara.

Í 6. gr er að lokum lagt til sérstakt bráðabirgðaákvæði vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í íslensku efnahagslífi. Er með ákvæðinu reynt að koma til móts við ósk skuldara sem vill búa áfram í því húsnæði sem hefur verið heimili hans þar til hann hefur fundið lausn á húsnæðisvandamálum sínum.

Í ákvæðinu er lagt til að skuldari geti búið áfram í eign sinni í allt að tólf mánuði þrátt fyrir að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Þegar svo er komið fyrir skuldara á hann að leita eftir samþykki skiptastjóra um leigu húsnæðisins en úrræði eru að auki háð samþykki veðhafa. Fyrir afnotin á skuldari að greiða leigu sem er að lágmarki sá kostnaður sem er af eigninni. En það sem er umfram rennur þá til greiðslu þeirra krafna sem hvíla á fasteigninni.

Eins og áður er greint er ákvæðið tímabundið og gert ráð fyrir að heimildin falli brott 1. mars 2010. Til að taka af allan vafa kemur fram í ákvæðinu að hafi skiptastjóri tekið ákvörðun um leigu fyrir 1. mars 2010 haldi slík ákvörðun gildi sínu jafnvel þótt í henni felist að skuldari búi í fasteign með heimild skiptastjóra umfram þann tíma.

Virðulegi forseti. Þessar reglur eru settar fram vegna þess sérstaka ástands sem nú ríkir í efnahagsmálum og er þeim ætlað að auka svigrúm skuldara sem lenda í greiðsluerfiðleikum til að leita úrræða og endurskipuleggja fjármál sín og hugsanlega komast þannig hjá því að aðför og fjárnám sé gert í eignum þeirra og komast hjá hugsanlegri nauðungarsölu og gjaldþrotaskiptameðferð í kjölfarið.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[15:20]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég er nokkuð hugsi yfir frumvarpinu sem hér er lagt fram og hvaða vanda því er í raun ætlað að leysa. Ég hefði haldið að ef ríkisstjórnin og ríkisvaldið vildu í raun koma til móts við skuldara væri virkasta leiðin til þess að fella niður réttargjöld eða a.m.k. að draga verulega úr kostnaði hvað þau varðar, því sú gjaldtaka fellur á endanum á skuldara og er verulega íþyngjandi fyrir þá.

Það hefði verið til bóta fyrir alla sem lenda í því að leita að fullnustu með einum eða öðrum hætti, hvort sem um aðför eða nauðungarsölu er að ræða. Það hefði verið virkara úrræði en það er alltaf spurningin þegar gripið er til ráðstafana eins og hér eru lagðar til hvort um eðlileg viðbrögð sé að ræða og hvort þær þjóni einhverjum meiri háttar eða mikilvægum tilgangi. Það er það sem ég leyfi mér að efast um.

Tilgreint er að aðfararfrestur í ákveðnum tilvikum skuli frá gildistöku laga þessara vera 40 dagar í stað 15. Í eina tíð velti maður fyrir sér hvort eðlilegt væri að hafa aðfararfrest yfir höfuð. Eðlilegt var talið að ákveðinn aðfararfrestur væri til að skuldari gæti gert sér grein fyrir að þar væri um aðfararhæfa kröfu að ræða og gæti brugðist við áður en til þess þyrfti að koma.

Sú leið var valin að hafa ákveðinn 15 daga aðfararfrest sem átti að vera fullnægjandi í þeim tilvikum. Það verður að hafa í huga að þær fullnustugerðir sem eru aðfarargerðir eru fyrst og fremst gerðar til þess að tryggja efndir á skyldu, hvort sem um er að ræða peningaupphæðir eða aðrar athafnir eða athafnaleysi. Þær sem sagt tryggja efndir. Í raun er ekki um fullnustuaðgerð að ræða heldur er verið að

tryggja efndir.

Þetta er ákveðinn tryggingaréttur sem stofnast og þar af leiðandi hlýtur að vera spurning hvort eðlilegt sé að lengja aðfararfrestinn og takmarka þá möguleika kröfuhafa til að ná fram tryggingu fyrir kröfum sínum. Við skulum gera okkur grein fyrir að það eru ekki bara einhverjar stórar lánastofnanir sem kunna að vera í þeirri stöðu heldur getur verið um að ræða aðila sem eiga ógreidd vinnulaun eða eitthvað annað.

Í 1. gr. er kveðið á um að þessi lengri aðfararfrestur skuli eingöngu taka til þeirra þátta sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. og 1. málslið 8. gr. aðfararlaganna. Þá fjöllum við í raun um hluti sem skipta tiltölulega litlu máli, þ.e. mikinn minni hluti þeirra krafna sem aðfarar er beiðst fyrir. Þannig er ekki verið að gera breytingar hvað varðar dóma eða úrskurði sem eru uppkveðnir af íslenskum dómstólum. Ekki er verið að gera breytingar hvað varðar kröfur samkvæmt áskorunarstefnum sem eru aðfararhæfar með áritun dómara. Ekki er verið að taka til sátta eða nauðasamninga eða sátta sem gerðar hafa verið af yfirvöldum.

Ákvæðið tekur eingöngu til úrskurða yfirvalda, sem eru aðfararhæfir samkvæmt fyrirmælum laga. Ákvarðanir yfirvalda um fésektir, dagsektir og févíti eru mjög fágætar. Skuldabréf fyrir ákveðinni peningaupphæð samkvæmt nánari ákvæðum og víxlum og tékkum þar sem gerð er krafa á þeim víxilrétti og tékkarétti sem þetta gildir um, en ekki án undanfarandi dóms. Í raun væri fljótlegra að fá aðfararhæfan dóm fyrir kröfunni og þar með mundi aðfararfresturinn vera mun styttri en samkvæmt frumvarpinu. En ákvæðið varðandi víxlana og tékkana var sett á sínum tíma til að einfalda meðferð þeirra og draga úr álagi á dómstóla.

Eftir því sem ég fæ best séð þjónar þetta ákvæði í 1. gr. frumvarpsins sáralitlum tilgangi. Það er eingöngu gert og til þess fallið að rugla með það sem ég mundi kalla eðlilega aðfararfresti, þar sem skuldari hefur öll tækifæri til að gera sér grein fyrir því að viðkomandi krafa liggur fyrir og gera ráðstafanir til að bregðast við þeirri skyldu sem óhjákvæmilega hvílir á honum.

Þegar hlutir eru eins og þeir eru í þjóðfélagi okkar í dag skiptir miklu að menn grípi ekki til aðgerða sem eru til þess fallnar að rugla kerfið og draga úr eðlilegri skilvirkni þess, sér í lagi þegar þær þjóna mjög takmörkuðum tilgangi eins og ákvæði 1. gr. gerir í yfirgnæfandi meiri hluta tilvika. Ég hef enga faglega úttekt á því, en geri ráð fyrir að yfir 90% af þeim aðförum sem eru framkvæmdar hér á landi, þ.e. vegna almennra krafna annarra en ríkisins, séu á grundvelli annarra ákvæða 1. gr. laga um aðför en þeirra sem eiga að hafa þennan lengri aðfararfrest. Þá spyr ég hæstv. dómsmálaráðherra: Hvað er unnið með því að setja þetta ákvæði? Ég satt að segja átta mig ekki alveg á tilgangi þess.

Varðandi 2. gr. frumvarpsins, og reyndar kemur það líka fram í 4. gr., þar sem talað er um almenna leiðbeiningarskyldu. Það er góðra gjalda vert, en í raun hefur verið talið að embættismenn eigi að inna hana af hendi. Þannig í sjálfu sér er engin breyting á því sem verið hefur í gildi í praxís.

Síðan er spurning um það sem kveðið er á um í 3. gr., að fresta aðgerðum þ.e. nauðungaruppboði fram yfir 31. ágúst 2009. Ég get vel skilið að þar sé reynt að bregðast við þeim aðstæðum sem nú eru fyrir hendi. En hvað með ákvæðið? Hvað á að gerast 31. ágúst 2009? Verður þá öllu sleppt lausu? Fáum við gríðarlega hrinu nauðungaruppboða sem mundu þá væntanlega fela það í sér að verðmæti eigna á nauðungaruppboðum yrði mun lægra en miðað við óbreytta réttarframkvæmd?

Þá er spurning hvort við þjónum hagsmunum veðhafa eða hagsmunum skuldara með því að leiða út í slíka hugsanlega óvissu. Ég get satt að segja ekki svarað því. En ég velti því fyrir mér hvort að það sé í raun til bóta að fara þá leið sem gert er í frumvarpinu, þ.e. að miða við þessa ákveðnu dagsetningu, 31. ágúst 2009.

Hvað með þá sem eru að sækja t.d. vinnulaun sín og hafa fengið tryggingarrétt í fasteign? Hvað með þá? Þurfa þeir að sætta sig við að eiga ekki nokkra möguleika í réttarkerfinu til þess að ná fram greiðslunni vegna þess að hugsanlega nýtur atvinnuveitandinn sem greiddi þeim ekki launin þessara ákvæða sem hér um ræðir? Vegna þess að þetta snertir ekki bara fólk eða fjölskyldur í sérstökum greiðsluvanda heldur ýmsa fleiri. Þess verður alltaf að gæta að setja ekki ákvæði eins og þessi sem menn hreinlega sjá ekki fyrir endann á. Ég hef verulegar áhyggjur af því að setja ákvæði eins og það sem er í 3. gr. þar sem bara er miðað við ákveðna dagsetningu þar sem eftir þá dagsetningu gilda ekki ákvæði og öll nauðungaruppboð fara af stað.

Ég hefði talið eðlilegra — ég get út af fyrir sig skilið þá hugsun sem er á bak við þetta í frumvarpinu og ég get verið henni sammála — að æskilegt sé að fara varlega hvað varðar nauðungaruppboð eins og nú háttar til. Það beri að gefa þann slaka og það tímarúm sem mögulegt er og viðhlítandi er. Af því að við verðum líka að átta okkur á því að við getum ekki tekið innheimtuúrræði gjörsamlega úr sambandi. Þá er spurning hvort ekki væri eðlilegra að setja ákvæði um það að fresta ákvæði varðandi nauðungaruppboð, að þau skuli ekki taka fyrir, eða hve langur tími megi líða á milli fyrirtöku og uppboðs. Að sá frestur sé t.d. lengdur verulega. Þannig að það markmið næðist að draga tímann svo skuldarar sem eiga það á hættu að missa eignir sínar eigi meiri möguleika á því að gera ráðstafanir í málum sínum. Mér finnst verulega mikið atriði að gera ráðstafanir í þá átt en ekki að fara þá leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir að bara sé miðað við ákveðna dagsetningu og á þeim tíma byrji einhver leikur sem ekki verður séð fyrir endann á.

Þá spyr ég einmitt í því sambandi spurningar sem ég hygg að væri vert að velta fyrir sér. Hvað ef um mikla rýrnun á veði eignar er að ræða á því tímabili sem hér um ræðir? Ef veðsett eign rýrnar sannarlega í verði svo verulegum fjárhæðum nemur frá gildistöku laganna til þess tíma sem uppboðsmeðferð fer af stað. Getur verið að einhver kalli yfir sig ábyrgð vegna þess? Á veðhafinn sem átti tryggt veð að sætta sig við að tapa hugsanlega verulegum hluta kröfu sinnar vegna þess að ríkisvaldið setti þessi ákvæði í lög? Hver er þá hugsanleg bótaskylda ríkisvaldsins þegar um slíkt er að ræða?

Ég skil þá hugsun sem hér um ræðir og sett er fram í þessu lagafrumvarpi og get virt þau sjónarmið og tekið undir það, sem ég skildi af framsögu hæstv. dómsmálaráðherra að væri vilji hennar, að gera skuldurum kleift að draga úr og auka fresti. Hvort ekki væri betri og heppilegri aðferð að lengja þá fresti í uppboðsmeðferðinni? Þess

vegna mætti setja ákvæði til bráðabirgða varðandi ákvæði um nauðungaruppboð. Sem sagt að frá því að yfirvald tekur við nauðungaruppboðsbeiðni sé um lengri frest að ræða en nú er og líka sé aukinn frestur frá byrjun uppboðs og til þess að raunveruleg nauðungarsala á sér stað. Ég hefði haldið að það væri heppilegri leið og mundi ná betur tilgangi sínum en sú aðferðafræði sem er í frumvarpinu.

Ég styð því þær hugmyndir sem að baki þessu liggja en bendi á að ég tel að verið sé að fara af stað með lagasetningu sem geti haft hættur í för með sér.

[15:35]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Hér er verið að ræða bandorm sem grípur inn í þrenn lög til að koma til móts við heimilin í landinu. Að því leyti er þetta jákvætt mál en ég tel að við þurfum eigi að síður að skoða það vel í allsherjarnefnd.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið eigi að bæta stöðu skuldara við gjaldþrotaskipti, að fresta eigi nauðungarsölu um sex mánuði svo að skuldarar fái tækifæri til að endurskipuleggja fjármál sín, og það er allt jákvætt. Frumvarpið er því flutt til að koma til móts við heimilin í landinu og taka á þeim erfiðleikum sem við stöndum frammi fyrir í augnablikinu.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að lengja á aðfararfrest úr 15 dögum í 40 til þess að auka svigrúm skuldara sem lenda í greiðsluerfiðleikum þannig að þeir geti þá leitað úrræða og endurskipulagt fjármál sín og þannig hugsanlega komist hjá því að aðför og fjárnám sé gert í eignum þeirra, og þá hugsanlega líka komist hjá nauðungarsölu og gjaldþrotaskiptameðferð. Lagt er til að lenging aðfararfrests verði tímabundin vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í samfélaginu. Ef ekki verður gripið til úrræða í ætt við þetta, og reyndar fleiri úrræða sem stjórnvöld og þingið hafa á prjónunum, er meiri hætta á greiðsluerfiðleikum.

Lagt er til að unnt verði að fresta, fram yfir 31. ágúst 2009, nauðungarsölu á fasteign eða ráðstöfun hennar á frjálsum markaði ef gerðarþoli óskar eftir því. Hér er um tímabundna heimild að ræða vegna efnahagsástandsins og skuldarinn fær þannig meiri tíma til þess að koma nýrri skipan á fjármál sín. Ég vil sérstaklega koma því á framfæri varðandi þetta, og það höfum við verið að skoða svolítið í allsherjarnefnd, að ekki er hlaupið að því að selja fasteignir. Fasteignamarkaðurinn er algjörlega frosinn. Það fara nánast engar sölur fram. Þær sölur sem fara fram eru hálfgerðar gervisölur af því að þar er bara um makaskipti að ræða á húsnæði sem er svipað — ef tvær fjölskyldur eru hvor í sínu húsnæðinu er bara skipt á húsnæði sem er á svipuðu verði. Varla er því um eðlilega sölu að ræða. Svo hreyfast líka, skilst mér, minni íbúðir í fjölbýli og nokkrar meðalstórar. Annað er bara algjörlega frosið fast. Almennt sérbýli, ekki fjölbýli, bara selst ekki neitt. Þannig að það er erfitt að fara í nauðungarsölu á fasteign og ráðstafa fasteignum á frjálsum markaði þegar markaðurinn er frosinn.

Það kemur líka fram hér að dómari skuli leiðbeina skuldara um þau úrræði sem felast í greiðsluaðlögun og nauðasamningum til að tryggja að skuldarar geti nýtt sér þessi úrræði, að þau fari ekki fram hjá þeim. Lögð er til stytting á fyrningarfresti krafna, að hann verði tvö ár án tillits til þess um hvers konar kröfu er að ræða, sbr. 5. gr. frumvarpsins, en þeir frestir eru mjög misjafnir í dag. Einnig er lagt til að skiptastjóri þrotabús geti, ef veðhafar búsins samþykkja, heimilað skuldara að búa áfram í íbúðarhúsnæði í eigu búsins í allt að 12 mánuði, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Fólk fær þá að vera í eitt ár í húsum sínum — sem eru þá ekki lengur þeirra hús, en í húsi sem það hefur búið í — allt að 12 mánuði ef veðhafar búsins samþykkja.

Þegar við höfum verið að ræða greiðsluaðlögunarfrumvarpið í allsherjarnefnd hefur komið fram að bankarnir vilja að sjálfsögðu helst ekki lenda með mikið af eignum undir sínum yfirráðum. Þeir hafa ekki getu eða þekkingu til þess að reka íbúðarhúsnæði í landinu. Bankarnir hafa því lítinn áhuga á að sitja uppi með mikið af íbúðarhúsnæði almennt séð. Þetta leiðir hugann að því sem forsetafrú vor, Dorrit Moussaieff, sagði að það væru svo margar íbúðir hér í landinu að hún tryði því ekki að fólki yrði hent úr þeim. Það er alla vega ljóst að bankarnir hafa lítinn áhuga á að sitja uppi með mikið af íbúðum af því að það er ekki þeirra sérgrein að reka íbúðir.

Mig langaði að vekja athygli á einu atriði í lokin, virðulegi forseti, sem kemur fram í umsögninni frá fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Í lok greinargerðar þeirra eru ákveðin varnaðarorð höfð uppi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er kveðið á um að ef nauðungarsölu er frestað skulu kröfur, sem trygging er fyrir í viðkomandi eign og tilheyra ríkinu eða stofnun eða fjármálafyrirtæki í eigu þess, ekki bera dráttarvexti til 1. september 2009. Ekki verður með neinni nákvæmni lagt mat á hvaða áhrif þetta ákvæði hefur á innheimtukostnað. Á það skal þó bent að skattakröfur bera ekki aðra vexti en dráttarvexti og með frumvarpinu er verið að gefa þá eftir að hluta til ákveðins hóps en ekki annarra. Vakin er athygli á því að þetta ákvæði frumvarpsins getur falið í sér flókna framkvæmd og það virðist mismuna skuldurum eftir því hversu langt mál þeirra eru komin í innheimtu.“

Þetta er væntanlega atriði sem við í allsherjarnefnd verðum að liggja svolítið yfir, þarna er alla vega verið að koma því sérstaklega á framfæri að þetta ákvæði virðist mismuna skuldurum eftir því hve langt mál þeirra eru komin í innheimtu.

Virðulegi forseti. Almennt er jákvætt að reyna að koma til móts við skuldara og heimilin í landinu í því árferði sem nú ríkir. Það er ekki gott fyrir neinn, hvorki þá sem skulda né þá sem eiga innstæður hjá þeim sem skulda, ef mjög illa fer fyrir stórum hópi fólks hér í landinu. Enginn græðir á því þannig að það er um að gera að koma til móts við fólk. En þó vil ég segja það, og það verða kannski mín varnaðarorð hér, að það má heldur ekki koma málum þannig fyrir að þau séu með einhverjum hætti óeðlileg, þ.e. að þau hvetji fólk til að borga ekki. Þarna þarf að finna milliveginn og hjálpa þeim sem geta ekki staðið í skilum. En þetta má ekki verða til þess að frumvarpið, eða þau lög sem Alþingi setur, hvetji fólk til þess að greiða ekki skuldir sínar. Það má alls ekki verða.

Framsóknarmenn eru jákvæðir gagnvart þeim málum sem almennt koma til móts við heimilin í landinu en ég áskil mér allan rétt til þess að skoða málið betur í nefnd.

[15:42]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Ég fagna þessu frumvarpi mjög eindregið. Hér er verið að bregðast við efnahagshruni sem 18 ára nýfrjálshyggjustefna Sjálfstæðisflokksins hefur leitt yfir þjóðina þar sem frelsið var einkavætt en ekki ábyrgðin. Við búum, frú forseti, við þá stöðu í dag í efnahagsmálum — heimilin eru í þeirri stöðu, atvinnulífið er í þeirri stöðu — að við verðum að víkja af braut hefðbundinnar hugsunar í innheimtu, nauðungarsölum og öllu sem því fylgir. Við erum í nýjum raunveruleika, algjörlega nýjum raunveruleika, og það er verið að bregðast við því.

Eftir eitt til þrjú ár getum við vonandi snúið aftur inn á þá braut lagareglna sem við erum að fást við í því neyðarástandi sem nú er. Menn verða að skilja hlutina, menn verða að vera tengdir þeim raunveruleika sem blasir við heimilunum — 15.000 manns atvinnulausir, heimilunum blæðir. Við getum ekki hugsað hlutina eftir hefðbundnum lögfræðilegum leiðum og öðru slíku, leiðum sem ég lærði í lagadeild og víðar. Við verðum að fara inn á óvenjulegar brautir og ég get hugsað mér að gera allt í þeim efnum nema að fara á skjön við stjórnarskrána.

Ég hefði kosið að hv. þm. Jón Magnússon, nýr þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefði veitt jákvæðum straumum reynslu sinnar yfir þingsalinn í stað þess að ausa neikvæðni úr einhverjum skotgröfum en styðja þó frumvarpið. Auðvitað á jafnreynslumikill þingmaður og hv. þm. Jón Magnússon að rétta fram hjálparhönd og vera jákvæður gagnvart þessu vegna þess að gríðarlega þýðingarmiklar réttarbætur eru í húfi. Við erum að tala um frumvarp sem skiptir fólkið í landinu verulegu máli. Ekki er verið að rella um einhver aukaatriði eða hluti sem skipta engu máli eins og við þingmenn höfum gert allt of mikið af undanfarna daga. Hér er verið að ræða hluti sem skipta verulegu máli.

Það sem fyrst og fremst er verið að gera er að gefa fólki aukið ráðrúm. Það er verið að gefa því kost á lengri fresti. Það er verið að gefa því kost á sérstökum leiðbeiningum. Það er verið að gefa því kost á að fresta uppboðum fram til 31. ágúst. Hver er tilgangurinn? Ekki bara að hjálpa heimilum heldur líka til að gefa ríkisstjórninni ráðrúm til að koma fram með varanlegri lausnir, til þess er leikurinn gerður. Það er líka verið að gefa fólki ráðrúm til þess að sækja um greiðslustöðvun, fara í nauðasamninga og leita annarra þeirra úrræða sem tæk eru.

Hér er verið að gera það með lagafyrirmælum. Það er líka hægt að gera það með fjölmörgum stjórnvaldsaðgerðum og ég beini því sérstaklega til ríkisstjórnarinnar og ráðherra hennar að huga að slíkum aðgerðum. Það hefur verið gert með ýmsum hætti. Því hefur verið beint til bankanna að lina innheimtur og þeir hafa, að mér skilst, í meginatriðum farið eftir því. En ótrúlega mörgum stjórnvaldsaðgerðum er hægt að beita í því tilviki þar sem ríkið er skuldareigandi. Fram kom gagnrýni frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, þar sem vakin er athygli á því að skattakröfur beri dráttarvexti, og vil ég því nefna að ég hygg að fjármálaráðherra geti gefið ívilnandi stjórnvaldsfyrirmæli um aðra vexti án lagaheimildar. Þar er um ívilnandi stjórnarathöfn að ræða. Auðvitað þarf allsherjarnefnd að ræða þetta og huga að þessum þætti en þarna hygg ég að einföld stjórnvaldsfyrirmæli mundu duga til.

Ég fagna því sérstaklega að tekin sé upp jákvæð leiðbeiningarskylda, virk leiðbeiningarskylda. Ég fagna því sérstaklega að einstaklingur, sem lendir í fjárhagskröggum, sem hann ber ekki ábyrgð á, heldur má rekja til efnahagshrunsins og atvinnuleysisins, geti búið í íbúð sinni 12 mánuði eftir uppboð gegn því að greiða þann kostnað sem af þeirri búsetu hlýst. Þetta eru afar þarfar breytingar — ég ítreka það, frú forseti — og ég minni aftur á og hvet ríkisstjórnina og hæstv. dómsmálaráðherra til að huga að öðrum breytingum, fara nánast í lúsarleit að öllum úrræðum sem kunna að nýtast almenningi í þeirri erfiðu stöðu sem þjóðin er í.

Ég ætla að hrósa ríkisstjórninni fyrir það að hafa á jafnstuttum starfstíma komið því í verk sem komið hefur verið í verk með þeim lagafrumvörpum sem hafa séð dagsins ljós. Það er greinilegt að unnið hefur verið hratt, örugglega og fagmannlega í þeim efnum. Fyrir það á ríkisstjórnin að fá þakkir þingmanna og fær það hér með frá mér.

Ég minni enn og aftur á að ríkið er í mörgum tilvikum skuldareigandi og getur með fyrirmælum til innheimtumanna sinna hvatt þá til að haga innheimtuaðgerðum með sem allra mildilegustum hætti. Ég beini því líka til lífeyrissjóða landsins, sparisjóða og annarra, að taka upp mildar innheimtureglur, að milda allan innheimtupakkann í þeim anda sem hér er og í þeim anda sem felst í frumvarpi um greiðsluaðlögun. Lífeyrissjóðirnir ættu að taka það upp hjá sjálfum sér því að þeir eru jú eign sjóðfélaga og sjóðfélagarnir eru launamenn í þessu landi. Fjöldinn allur af sjóðfélögum lífeyrissjóða stendur mjög illa og lífeyrissjóðirnir hafa ekkert gagn af því að standa uppi með auðar íbúðir. Ekki verða þær greiddar út í lífeyri til ellilífeyrisþega. Menn skyldu skoða þetta vandlega og ég treysti lífeyrissjóðum og öðrum skuldareigendum til þess að gefa út fyrirmæli um mildandi aðgerðir þegar í stað og íhuga það. Ég veit til þess að stjórn VR hefur beint slíkum tilmælum til stjórnar Lífeyrissjóðs VR og fleiri lífeyrissjóða sem félagsmenn þess stéttarfélags eiga aðild að sem sjóðfélagar.

[15:50]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég veit satt að segja ekki hvað hv. þm. Atla Gíslasyni gengur til að halda því fram að ég hafi komið upp áðan til að fjalla um þetta frumvarp af neikvæðni. Það var einmitt ekki það sem ég var að gera. Ég var að benda á ákveðna hluti sem skiptu máli og það er eins og að í hv. þm. Atla Gíslasyni yfirtaki stjórnmálamaðurinn í ræðustól Alþingis og fræðimaðurinn Atli Gíslason verði að lúta í lægra haldi. Ég get ekki séð að það skipti sköpum í því árferði sem hér er hvort aðfararfrestir séu lengdir samkvæmt 5.–8. tölul. 1. gr. eða 10. tölul. 1. gr. þar sem yfir 90% af þeim aðförum sem um er að ræða fara fram samkvæmt öðrum liðum. Þess vegna er þetta bara einhver fegrunaraðgerð og ég benti á það sem skiptir ekki máli varðandi 1. gr. Það er mergurinn málsins.

Ég var að tala um raunhæf úrræði í sambandi við nauðungaruppboð. Ég varaði við því að búa til eina dagsetningu sem um væri að ræða, þ.e. 31. ágúst 2009. Ég benti á aðrar leiðir sem mundu hafa betri og jákvæðari áhrif fyrir skuld-

ara í þessu neyðarástandi en þá sem talað er um í þessu frumvarpi. Þetta frumvarp var ekki nálgast á neikvæðan hátt heldur með jákvæðum hætti. Það er verið að benda hæstv. dómsmálaráðherra á það hvernig mætti gera þetta frumvarp þannig úr garði að það skipti verulegu máli fyrir skuldugasta fólkið í landinu.

Í þriðja lagi benti ég á eitt atriði til viðbótar sem ekki er fjallað um í þessu frumvarpi en sem ríkisstjórnin mætti koma með, það að fella niður réttargjöldin meðan svo háttar til sem nú gerir í þessu þjóðfélagi. Ég neita því að minn ágæti kollega, hv. þm. Atli Gíslason, komi í svona ræðu með svo ófaglegum hætti (Forseti hringir.) að halda því fram að ég hafi komið fram með neikvæðum hætti gagnvart því frumvarpi sem hér er um að ræða.

[15:52]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fagna því að hv. þm. Jón Magnússon var ekki neikvæður. Ég skildi tóninn (**JM:** Aldrei neikvæður.) í því — ég nefndi aldrei það orð að hann hefði verið ófaglegur í ræðu sinni, það kom aldrei upp úr mér. Neikvæðnin sveif hins vegar yfir vötnum og ef maður hefði verið í Bandaríkjunum hefði verið spennandi að geta fengið hlustendamælingu á hv. þingmann og spurt þjóðina hvort hv. þm. Jón Magnússon hefði verið neikvæður eða jákvæður. En ég beini því enn og aftur til hv. þingmanns að koma með jákvæða strauma inn í umræðuna og jákvæðar tillögur og fagna því sem hér er gert. Ég verð að segja alveg eins og er að fræðimaður minn lýtur í lægra haldi fyrir þeirri neyð sem þjóðin býr við. Það er ekkert öðruvísi. Ef ég þarf að víkja af hefðbundnum kennisetningum lögfræðinnar og því sem ég hef lært geri ég það vegna þess að þjóðinni blæðir. Hún býr við neyðarástand og því fyrr sem menn skilja það, því betra.

Og það er hin besta tillaga að skoða réttargjöldin og ég þykist vita að hv. þm. Jón Magnússon muni beita sér í þeim efnum.

[15:53]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Já, ég er tilbúinn til þess að beita mér varðandi réttargjöldin. Ég beindi þessu til hæstv. dómsmálaráðherra vegna þess að eins og hv. þm. Atli Gíslason veit eru líkurnar á því að mál komist í gegnum þing þegar sá tími er kominn sem hér ræðir um fólgnar í því að borið sé fram stjórnarfrumvarp og keyrt fram með þeim hætti sem ríkisstjórninni er lagið miðað við þær reglur sem við búum við til þess að hlutirnir nái fram að ganga. Þess vegna kom ég þessum tilmælum á framfæri.

Þetta væri ein jákvæðasta úrbót sem mundi snerta alla skuldara sem lentu í aðför eða nauðungaruppboði. Eins og hv. þm. Atli Gíslason veit er þarna um að ræða verulegar fjárhæðir sem lenda alltaf á skuldurunum. Miðað við það neyðarástand sem hér er um að ræða finnst mér þetta vera aðgerð sem mundi nýtast öllum mjög vel.

Í annan stað tel ég það faglegri og betri leið og til hagsbóta fyrir skuldarana að hafa það þannig að það sé lengt í frestum varðandi nauðungaruppboðin í stað þess að búa til þá dagsetningu eina sem hér er um að ræða. Ég er ekkert að velta fyrir mér Perry Mason hugmyndafræði hv. þm. Atla Gíslasonar um það að fram fari einhver úttekt um jákvæðni eða neikvæðni. Ég hygg að við getum báðir gert okkur grein fyrir því, við höfum þá menntun að við eigum að gera okkur grein fyrir því, hvenær talað er með jákvæðum hætti og hvenær neikvæðum. Þegar hv. þm. Atli Gíslason heldur því fram að ég hafi fjallað með neikvæðum hætti um þau úrræði sem hér er um að ræða er hann einfaldlega að tala gegn betri vitund og mér gremst það að maður sem ég ber faglega virðingu fyrir skuli gera það.

[15:55]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér þykir afar leitt að hafa komið hv. þm. Jóni Magnússyni í tilfinningalegt uppnám með þessu. (**JM:** Þú gerðir það ekki.) Allt sem við getum gert fyrir heimili og atvinnulíf í landinu eigum við að gera svo fremi að við förum ekki á svig við stjórnarskrá, allt, líka stjórnvaldsfyrirmæli þar að lútandi, innheimtufyrirmæli líka, lina allan innheimtukostnað eins og við getum og koma því á framfæri, hvað sem er sem við getum gert. Forðumst að fara finnsku leiðina, þá sem reyndist finnsku þjóðinni afar dýr. Hún fólst í því að bjarga bönkunum fyrst en ekki fólki og atvinnulífi og það hafði það í för með sér að kynslóð Finna í dag, frá 16–17 ára upp í þrítugt, er í miklum vandræðum. Það er mikið um félagsleg vandamál hjá heilli kynslóð ungra Finna sem ólst upp á krepputímunum í Finnlandi. Ég ítreka að við eigum að bjarga heimilunum og atvinnulífinu. Það er frumskyldan að fólk hafi þak yfir höfuðið, fæði, húsnæði, hita og rafmagn. Förum í það, og förum í það af jákvæðni, (**JM:** Við erum sammála um það.) hv. þm. Jón Magnússon.

[15:57]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Ég vil í ljósi þeirrar umræðu sem hér átti sér stað taka fram í upphafi að ég er alls ekki neikvæður gagnvart þeim sjónarmiðum og meginatriðum sem fram koma í þessu frumvarpi. Ég hef verið sammála því meginstefi sem fram hefur komið hjá öllum stjórnmálaflokkum, held ég, að við þær aðstæður sem uppi eru í efnahagslífinu sé nauðsynlegt að slá skjaldborg um heimilin í landinu. Ég hef m.a. ritað grein í Morgunblaðið um það þar sem ég hef lýst þeim sjónarmiðum mínum að við þessar aðstæður þurfi einmitt að gera það.

Fjöldi fólks óttast um framtíð sína og heimili sín og þess vegna er mikilvægt að leita allra þeirra leiða sem til eru til að slá á þann ótta í samfélaginu meðan mestu ósköpin ganga yfir. Mín skoðun hefur verið sú að við ættum að leita allra leiða til að ná þeim markmiðum að koma til móts við það fólk sem nú á í greiðsluvanda og sér fram á fyrirsjáanlegan greiðsluvanda og hugsanlega þau örlög að missa húsnæði sitt.

Það má vel vera að sú leið sem þetta frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra fetar sé til þess fallið að ná þeim árangri. Við yfirlestur málsins tel ég þó að velta megi fyrir sér ýmsum öðrum leiðum sem hljóta að koma til skoðunar þegar málið kemur til umræðu í hv. allsherjarnefnd. Ég held nefnilega að fleiri leiðir séu til sem nýst geta heimilunum í

landinu og þeim sem eiga í greiðsluerfiðleikum en þær sem fram koma í þessu frumvarpi.

Það eru líka atriði sem nauðsynlegt er að varast í tengslum við þessi mál. Við verðum að passa okkur á því að fara ekki fram úr sjálfum okkur þó svo að hugurinn sé góður. Að sama skapi má velta fyrir sér hvort gengið sé nægilega langt í þessu frumvarpi til að koma til móts við þau sjónarmið sem því er ætlað að ná fram og hvort það nái að leysa þann vanda sem því er ætlað að gera. Frumvarpið lýtur að því að fresta aðför að tilteknum kröfum, þ.e. að tilteknar aðfararheimildir sem getið er um í lögum verði ekki aðfararhæfar fyrr en að lengri tíma liðnum en núgildandi lög kveða á um. Ýmsar aðfararheimildir eru undanskildar miðað við núgildandi lög, eins og t.d. dómar um kröfur sem fallið hafa. Maður veltir fyrir sér hvort til greina komi að aðrir þeir þættir sem taldir eru upp í núgildandi 1. gr. aðfararlaganna eigi að falla undir ákvæði þessa frumvarps og þá nefni ég sérstaklega dómana og áskorunarstefnur sem eru aðfararhæfar. Ég ætla ekki að gera upp hug minn í þessari ræðu til þeirra álitamála en ég velti þeim upp.

Við verðum líka að velta því fyrir okkur að í þessu felast hættur. Það felast hættur í því að fullnusturéttarfarið sé tekið úr sambandi. Við þurfum að kanna það og leggja töluverða vinnu í það í nefndinni að vega það og meta hvort sú leið sem hér er farin kunni að leiða til þess að þeir hópar sem frumvarpið fjallar um muni þegar frumvarpið hefur verið lögfest hætta að greiða af lánum sínum. Það væri afar slæmt fyrir allt fjármálakerfið, fólkið sjálft, bankana og greiðsluflæðið inn í kerfin. Þessi aðgerð má ekki verða til þess að fólk hætti að greiða af lánum sínum vegna þess að það veit að það verður ekki að þeim gengið geri það það.

Að sama skapi þurfum við að velta fyrir okkur hvort sú leið sem hér er farin muni leiða til þeirrar niðurstöðu að aðgangur að lánsfé sem er ekki mikill í dag — það má segja að lánamarkaðurinn sé frosinn en það getur verið að afleiðingar þessa frumvarps verði þær að lánamarkaðurinn verði botnfrosinn, að ástandið verði verra en það er nú. Ég varpa þessu fram vegna þess að þeir sem lána fjármuni ætlast til þess að þeir geti með einhverjum hætti innheimt þau lán sem þeir veita. Það væri býsna óheppilegt ef afleiðingar frumvarpsins yrðu þær að aðgangur að lánsfé mundi minnka af þessum ástæðum.

Það þarf líka að fara nákvæmlega yfir það til hvaða krafna við erum að líta við meðferð þessa máls, til hvaða krafna frumvarpið nær. Hér er fyrst og fremst verið að hugsa um heimilin í landinu og þau lán sem hvíla á íbúðum fólks. En getur verið að ákvæði þessa frumvarps leiði til þess að t.d. þeir sem eiga inni vangoldin vinnulaun muni lenda í þeirri stöðu að þeir sem skulda laun komist upp með að greiða þau ekki? Ég átta mig ekki alveg á því við lestur frumvarpsins og þyrfti að fara betur yfir þann þátt málsins. Ég held að við hljótum að taka þessi atriði til skoðunar. Það væri ófært ef niðurstaða málsins yrði sú að frumvarpið leiddi til þess að fólk ætti eftir samþykkt þess erfiðara en áður með að gera kröfu til þess að laun þess yrðu greidd.

Fleiri dæmi má nefna. Ég nefni þau ekki af því að, eins og ég sagði í upphafi, ég líti þetta frumvarp neikvæðum augum, alls ekki. Ég bendi bara á að í því kunna að vera þættir sem þarfnast nánari athugunar.

Ég held líka að við ættum að velta fyrir okkur öðrum leiðum til að ná sömu markmiðum og frumvarpinu er ætlað að ná. Ég hef tekið eftir því að ýmsir aðilar sem hafa tekið til máls í umræðunni um greiðsluvanda heimilanna hafa bent á þá leið að hugsanlega væri skynsamlegt að taka upp það kerfi gagnvart því fólki sem á í greiðsluvanda eða sér fram á fyrirsjáanlegan greiðsluvanda að komið verði upp fyrirkomulagi sem mundi þá virka þannig að kröfueigandinn, t.d. Íbúðalánasjóður, mundi eignast hluta af þeirri eign sem hann hefur lánað til, yrði þá að hluta til eigandi þess húsnæðis sem skuldarinn gæti ekki greitt af. Til að gefa vísbendingu eða loforð um það að þegar um hægist og hagurinn batnar væri hægt að kveða á um það í slíkum lögum að skuldarinn ætti þá einhvers konar forkaupsrétt að þeim hlut sem lánastofnunin leysir til sín tímabundið. Slík leið kynni að vera fær til að koma í veg fyrir þann vanda sem ég nefndi áðan, mundi girða fyrir það að fólk hætti að greiða af lánum sínum og kynni að koma í veg fyrir að aðgangur að lánsfé mundi minnka. Niðurstaðan kynni að vera sú sama, hún kynni að koma heimilunum í landinu jafn vel.

Ég vildi koma þessum sjónarmiðum mínum á framfæri í þessari ræðu minni sem innleggi í umræðuna. Ég vil aftur taka það fram sem ég gerði í upphafi að ég er alls ekki neikvæður gagnvart þessu frumvarpi, síður en svo. Þau meginsjónarmið sem byggja að baki því eru þau sömu og ég hef áður reifað og ritað um í greinum sem ég hef birt í dagblöðum. Hér er um það mikilvægt mál að ræða, og hliðarafleiðingar þess sem að er stefnt kunna að vera einhverjar aðrar en menn hafa séð fyrir, afleiðingar sem við hljótum að skoða í nefndinni þegar málið kemur til hennar og við fáum það til efnislegrar umfjöllunar.

[16:08]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka öllum þeim hv. þingmönnum sem tekið hafa til máls og komið með gagnlegar ábendingar. Ég ætla aðeins að fara yfir nokkur atriði.

Hv. þm. Jón Magnússon beindi til mín tveimur spurningum og velti fyrir sér tveimur atriðum sérstaklega. Hann velti fyrir sér 1. gr. frumvarpsins og að lenging frestsins tæki til afmarkaðs hluta krafna. Ég tel að meginþýðing þessa ákvæðis felist í lengingu aðfararfrests hvað varðar það sem er í athugasemdum um einstaka greinar, þ.e. í 3. tölulið, skuldabréf fyrir ákveðinni peningaupphæð, og síðan kröfur um skatta og önnur samsvarandi gjöld. Ef allsherjarnefnd telur að fleiri kröfur geti komið þarna undir er gott og gilt að það verði skoðað.

Þingmaðurinn nefndi einnig að þetta gæti orðið til þess að rugla fresti í aðfararbeiðnum og, eins og ég skildi hann, að það gæti komið kerfinu í ákveðið uppnám. Ég bendi á í því sambandi að ákvæðið er til bráðabirgða og þetta er tímabundið úrræði sem á að gilda í þessum sérstöku aðstæðum. Það gefur þeim sem lenda nú í fyrsta sinn í vanskilum ráðrúm eða tækifæri til þess að endurskipuleggja fjármál sín. Ég tel að þarna sé ekki gengið lengra en þörf krefur. Vextir halda t.d. áfram að falla á meðan þessi frestur líður. Ég held því að þarna sé tekið réttmætt tillit til beggja aðila, skuldara og kröfuhafa, sem ég held að sé nauðsynlegt við aðstæður sem þessar.

Þingmaðurinn Jón Magnússon velti einnig fyrir sér aðferðinni sem notuð er til að setja sérstaka dagsetningu, að fresta nauðungarsölum fram til 31. ágúst. Hann velti fyrir sér hvort aðrar aðferðir gengju til þess að ná betur markmiðinu sem að er stefnt. Ég tel að það verði þá rætt frekar í allsherjarnefnd. Hvað varðar áhyggjur hans af því að verð fasteigna geti rýrnað á þessum tíma bendi ég á að þetta er ekki fortakslaust ákvæði um frestun nauðungarsalna. Það verður að vera að ósk gerðarþola. Það er líka hagur hans að sem best verð fáist fyrir fasteignina.

Síðan var nefnt að fella niður réttargjöld. Ég tel að það sé gott og gilt sem hægt er að skoða í nefndinni og ætla ekkert að koma inn á það frekar.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir talaði um að það séu erfiðar aðstæður á húsnæðismarkaði og það er vitaskuld ein af ástæðum þess að þetta ákvæði er sett fram.

Varðandi varnaðarorð fjármálaráðuneytis í kostnaðarumsögn um að hugsanlega sé skuldurum mismunað má skilja þessi orð sem svo að dráttarvextir á skattkröfum falli niður þessa sex mánuði hjá þeim sem eru í hættu að missa húsnæði sitt en ekki hjá þeim sem eru svo lánsamir að vera ekki í þeim vanda staddir. Þarna er náttúrlega mikill aðstöðumunur á högum fólks en ég geri ráð fyrir því að allsherjarnefnd skoði það einnig. Þó að ég leyfi mér að efast um að mikil ástæða sé fyrir þessum ótta tel ég sjálfsagt að það verði skoðað út í hörgul.

Hvað varðar orð hv. þm. Atla Gíslasonar um að ríkið sem skuldareigandi verði að huga að innheimtuaðferðum sínum heyrir það reyndar undir málefnasvið fjármálaráðuneytis. En ég er sammála því að allir kröfuhafar verði að huga að innheimtuaðferðum sínum þannig að þeim aðgerðum gegn skuldara sem hér er verið að tala um verði beitt í eins litlum mæli og hægt er. Ég held að það hljóti að vera öllum í hag.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson nefndi ýmis gagnleg atriði sem ég tel að nefndin þurfi að skoða og muni skoða, ef ég þekki þetta rétt, þær leiðir sem ná því markmiði sem að er stefnt. Ég tel að það megi ræða það. Eru einhverjar aðrar heppilegri leiðir til? Þingnefndin verður að vera óhrædd við að skoða það. Hvað varðar hætturnar sem þessu fylgja, þ.e. að fullnusturéttarfarið sé hugsanlega lagt í hættu, vil ég segja að ákvæði frumvarpsins eru mörg hver tímabundin og taka mið af þeim sérstöku aðstæðum sem nú eru og kalla á sérstakar aðgerðir. En ég tel sjálfsagt að skoða allar auka- og hliðarverkanir af þessum ákvæðum.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Uppbygging og rekstur fráveitna, 2. umr.

Stjfrv., 187. mál (heildarlög). — Þskj. 230, nál. 558, brtt. 559.

[16:15]

Frsm. umhvn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Umhverfisnefnd hefur haft þetta frumvarp til umfjöllunar en löngu er orðið tímabært að setja vandaðan lagaramma utan um fráveitustarfsemina í landinu. Fráveitustarfsemi hefur auðvitað farið mjög vaxandi hjá sveitarfélögunum enda hefur verið unnið að mjög metnaðarfullu hreinsunarátaki og umhverfisátaki á vegum sveitarfélaganna á undanförnum 15 árum eða svo með gríðarlega miklum árangri víða í því að hreinsa fjörur í sveitarfélögum og draga úr mengun. Það hefur, eins og fram kom við 1. umr. um frumvarpið, verið unnið að þessu máli á vegum umhverfisráðuneytisins um allnokkurt skeið í góðu samstarfi við sveitarfélögin, eðli málsins samkvæmt, sem að málinu koma sem rekstraraðilar, og fjölmarga aðra aðila.

Milli umræðna hefur umhverfisnefnd fengið á fund sinn fjölmarga gesti eins og fram kemur á áliti nefndarinnar, á þskj. 558. Ég ætla ekki að fara yfir nefndarálitið en ég held að almennt megi segja að ánægja hafi verið með efni frumvarpsins þótt fram hafi komið hjá einstaka umsagnaraðilum áhyggjur af því að það kynni að fela í sér umtalsverðan aukinn kostnað fyrir notendur kerfisins. Til þess að forða slíkum óþarfa áhyggjum undirstrikar nefndin það í áliti sínu að frumvarpið er fyrst og fremst útfærsla á þeirri starfsemi sem fyrir er í landinu og á ekki að leiða til verulegs kostnaðarauka. Það eru engar gjaldtökuheimildir umfram það sem finna má almennt í lögum um t.d. vatnsveitur og til að mynda er ekki gert ráð fyrir neinni sérstakri arðsemiskröfu á eigin fé sveitarfélaganna í þessari starfsemi.

Það voru ýmis álitamál sem lutu að stærðarafmörkun þeirrar byggðar sem félli undir tiltekin ákvæði laganna og beitti nefndin sér fyrir því að rýmka þau nokkuð og gera þau háð mati hverju sinni þannig að ekki væri verið að skipuleggja byggð sem væri ákveðinn fjöldi húsa einmitt rétt undir tölunni sem getið væri í lögunum heldur þyrftu menn hverju sinni að meta aðstæður og hvort tilefni væri til þess að hlutaðeigandi byggð félli undir lögin.

Breytingartillögur nefndarinnar, á þskj. 559, fela ekki í sér neinar verulegar efnisbreytingar en nefndin telur þó að þær séu almennt til bóta og að þeim stendur umhverfisnefnd öll.

[16:18]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Við ræðum nefndarálit um byggingu og rekstur fráveitna og hv. þm. og formaður umhverfisnefndar, Helgi Hjörvar, hefur farið yfir nefndarálitið og þær breytingartillögur sem um er að ræða. Það sem ég vil koma á framfæri í stuttri ræðu minni við þetta nefndarálit og þær breytingartillögur sem hér eru er þáttur sem hv. þingmaður kom einmitt inn á, þ.e. þau stærðarmörk sem um er að ræða í frumvarpinu. Annars vegar er um að ræða sumar- og frístundabyggðir, og svo dreifðari byggðir sem fyrst og fremst eru á landsbyggðinni en sá þáttur sem ég vil að komi fram í máli mínu, sem ég óttast að þurfi að fara betur yfir, eru stærðirnar þegar um er að ræða mjög dreifða byggð og sá kostnaður sem fylgir.

Það kemur fram, frú forseti, að sveitarfélögin gera ekki miklar athugasemdir við frumvarpið, og ekki heldur landshlutabundin samtök eða Samband íslenskra sveitarfélaga. Hins vegar óttast ég um hag gjaldendanna, þ.e. íbúa, hvort heldur er um að ræða íbúa sem eru með fasta búsetu eða þá þeirra sem eiga viðkomandi frístunda- og sumarhús, vegna þess að í lögunum er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin geti

sett upp gjaldskrá. Það kom einmitt fram í ræðu hv. frummælanda, Helga Hjörvars, að það hefur nokkuð komið til tals einmitt um gjaldskrána hvað þetta varðar og hvað má vera inni í gjaldskrá og tengigjöldum er varða þessar fráveitur. Að þeim þætti þarf að huga, þ.e. að hagsmunum notendanna og okkar ágætu íbúa í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 1. umr.

Frv. iðnn., 317. mál (umsagnarréttur sveitarfélaga). — Þskj. 549.

[16:20]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum, frá iðnaðarnefnd.

Á haustþingi þegar við vorum að fjalla um breytingar á þessum lögum þá vorum við með bandorm, það voru samþykkt lög um breytingar á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi, og við meðferð frumvarpsins á þingi lagði meiri hluti iðnaðarnefndar fram á annan tug breytingartillagna við frumvarpið. Þá lögðum við m.a. til þá breytingu að leitað yrði umsagna viðeigandi sveitarfélaga ef sótt væri um leyfi til rannsókna og vinnslu á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum. Þá var samþykkt breytingartillaga um að bæta nýjum málslið um umsagnarrétt sveitarfélaga við 4. mgr. 10. gr. laganna, nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Virðulegi forseti. Þarna var um flóknar lagabreytingar að ræða og við nánari athugun kom í ljós að ákvæðið um umsagnarrétt sveitarfélaga á ekki heima í þeirri grein heldur í 4. mgr. 7. gr. Þess vegna leggur nefndin til, virðulegi forseti, þetta frumvarp hér, til lagfæringar á þessu máli þannig að rétt megi vera og sem best í löggjöfinni.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu

Kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna, 1. umr.

Frv. HHj o.fl., 273. mál (beiðni um nýjar kosningar). — Þskj. 490.

[16:22]

Flm. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingar á kosningalögum, sem flutt er auk mín af níu öðrum þingmönnum úr þingflokki Samfylkingarinnar og á sumpart rót sína að rekja til þess ástands sem skapaðist í Reykjavíkurborg fyrir nokkru eða þeirrar stjórnarkreppu sem skapaðist í Ráðhúsi Reykjavíkur og þeirra miklu erfiðleika og í raun upplausnar sem skapaðist í kringum stjórn borgarinnar á þeim tíma, og síðan aftur til svipaðs ástands sem skapast hefur í ýmsum öðrum sveitarfélögum og síðan auðvitað þeirra atburða sem hafa orðið í vetur og þeirra mótmæla sem voru uppi höfð við landsstjórnina fyrr á þessum vetri.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að í kosningalögum sé settur sá öryggisventill eða neyðarhemill eða leið fyrir kjósendur til þess að fara að með lýðræðislegum hætti ef þeim misbýður algjörlega hvernig staðið er að stjórn mála í sveitarfélagi þeirra eða í landsstjórninni eða ef þar er stjórnarkreppa eða algjör upplausn þá geti kjósendur, séu þeir til þess nægilega margir, knúið fram kosningar með undirskriftasöfnun hvort heldur er í sínu sveitarfélagi þegar um sveitarstjórnina er að ræða, eða þá á landsvísu. Slíkt fyrirkomulag þekkist í ýmsum löndum. Í Bandaríkjunum er það tiltölulega algengt, þar tala menn um „recall“ og þá þarf oftlega tiltölulega lítinn hluta kjósenda til þess að knýja fram „endurkjör“, eins og það mundi útleggjast á íslensku, iðulega u.þ.b. 15% kjósenda. Slíkt fyrirkomulag er kannski að mörgu leyti auðveldara í meðförum í löndum þar sem einmenningskjördæmi eru tíð og sömuleiðis í löndum eins og Bandaríkjunum þar sem iðulega eru kosnir einstakir embættismenn eins og lögreglustjórar eða saksóknarar eða slíkir, þá hafa þeir það aðhald og agavald frá kjósendum sínum að víða er hægt að kalla fram kosningar um þá með undirskriftasöfnunum.

Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að þröskuldurinn í þessu efni sé býsna hár. Við í Samfylkingunni höfum iðulega talað fyrir og flutt ýmis mál um þjóðaratkvæðagreiðslur og nauðsyn þeirra og talið þá hæfilegt að kannski 15, 20 eða jafnvel 25% kjósenda gætu kallað fram kosningar um einstök stórmál, segjum t.d. Kárahnjúkavirkjun eða samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða önnur slík stór deilumál í samfélaginu, eða Reykjavíkurflugvöll, til að nefna dæmi úr sveitarfélagi, eða skipulagið í miðbænum á Selfossi eða hvað það nú getur verið.

Hér er hins vegar auðvitað um miklu stærri ákvörðun að ræða. Hér er um það að ræða að knýja fram almennar kosningar og þess vegna er gerð krafa til þess að það sé meiri hluti þess fjölda sem þátt tók í síðustu kosningum á undan sem til þurfi til þess að knýja fram kosningar. Það er því algjörlega ljóst að það þarf að vera gríðarlega mikil óánægja meðal almennings, meðal kjósenda með ástand mála til þess að meiri hluti þeirra krefjist þess að fram fari kosningar. Við höfum svona á landsvísu sennilega varla önnur dæmi um svo almennar undirskriftasafnanir nema kannski Varið land frá áttunda áratugnum, og varla önnur dæmi, en þannig á það á auðvitað líka að vera. Þetta er neyðarréttur, þetta á ekki að skapa óstöðugleika í stjórnarfari en það má auðvitað gríðarlega mikið vera úr lagi farið til þess að meiri hluti kjósenda krefjist þess að kosið verði á ný.

Um leið er gríðarlega mikilvægt að kjósendur hafi þetta val og þessa leið til þess að fara vegna þess að, eins og við höfum sennilega áttað okkur vel á í vetur, er algerlega nauðsynlegt í lýðræðissamfélagi að kjósendur hafi skýrar lýðræðislegar aðferðir til þess að lýsa eindregnum vilja sínum. Það getur auðvitað leitt til þess að kjósendum finnist þeir vera sviptir valdi, hunsaðir eða að vilji þeirri skipti engu og jafnvel orðið til þess að einstaka maður grípi til óhefðbundinna aðferða og jafnvel óæskilegra aðferð móti landsstjórninni, að fólk hafi ekki skýrar leiðir til þess að setja fram málstað sinn um að ástandið sé orðið þannig að

nauðsynlegt sé að kjósa, hvort sem það er í Reykjavík eða á landinu eða í einhverju sveitarfélagi öðru en höfuðborginni, þá er mikilvægt að kjósendur geti sett fram slíka skoðun sína, talað fyrir henni með lýðræðislegum hætti, barist fyrir henni og safnað við hana fylgi og ef þeir ná nægilega miklu fylgi til þess að meiri hluti kjósenda hafi skriflega lýst yfir vantrausti á fulltrúa sína á fulltrúasamkomunni, hvort sem það er Alþingi eða sveitarstjórn, á það auðvitað að ná fram að ganga. Því auðvitað vill engin fulltrúasamkoma í raun og veru og þegar menn skoða málið, hvort sem það er Alþingi eða sveitarstjórnir, sitja í óþökk meiri hluta umbjóðenda sinna. Það getur auðvitað bara einfaldlega illa gengið að halda uppi nokkru stjórnarfari við slíkar aðstæður.

Það væri hins vegar varhugavert að hafa þessa kröfu lægri en helming kjósenda vegna þess að staðreyndin er sú að ég hygg að fast að 25% kjósenda — af því að það er oft tekið til dæmis um einstakar atkvæðagreiðslur — sé félagsbundin í einum stjórnmálaflokki í landinu. Því væri auðvitað óvarlegt ef í lögum væri ákvæði sem gerði það að verkum að það nægði út af fyrir sig að félagsmenn í einum stjórnmálaflokki gætu alltaf kallað fram þingrof og almennar kosningar eða nýjar kosningar í sveitarfélagi ef þeir bara svona innan flokksins næðu saman um það. Þess vegna er nauðsynlegt að þetta mark sé býsna hátt enda er það auðvitað ekki hugsað sem virkur hluti af kosningalöggjöfinni heldur fyrst og fremst sem aðhald að okkur sem störfum í umboði kjósenda. Að við vitum það á hverjum degi að völdum okkar séu þó þau takmörk sett að ef við ekki förum vel og vandlega með þau geti kjósendur sett okkur af. Ég held að það hvetji stjórnmálamenn, hvar í flokki sem þeir eru og hvar í landinu sem þeir starfa, til þess að leggja enn ríkari áherslu á vandaða ákvarðanatöku, á lýðræðisleg vinnubrögð og á það að kynna fyrir umbjóðendum sínum og samfélaginu öllu þær ákvarðanir sem verið er að taka og hvers vegna er verið að taka þær og verði þess vegna til þess — jafnvel þó að ákvæðinu yrði aldrei beitt — að lýðræði okkar verði virkara og afleiðingar frumvarpsins fyrir þróun stjórnarhátta í landinu verði þar af leiðandi jákvæðar.

Þá er líka gert ráð fyrir því í frumvarpinu að meiri hluti sveitarstjórnar geti kallað fram kosningar. Það þarf að vísu aukinn meiri hluta, þrjá fjórðu hluta, mætti út af fyrir sig hugsa sér að það væru tveir þriðju hlutar eða eitthvað slíkt, en svo einkennilega vill til — eða sumum kann að finnast það einkennilegt — að sveitarstjórn getur ekki efnt til kosninga jafnvel þó að hún hafi sjálf misst trú á sér. Jafnvel þó að hún sé sjálf orðin sannfærð um að hún geti með engu móti stjórnað sveitarfélagi sínu er henni skylt að sitja frá þeim sveitarstjórnarkosningum sem hún var kosin á til næstu sveitarstjórnarkosninga. Þetta er gert til þess að tryggja stjórnfestu í sveitarfélögunum eða það eru röksemdirnar á bak við það, til þess að knýja menn til að ná saman um að stjórna sveitarfélagi.

Þó að þau rök séu vissulega gild held ég að það blandist engum hugur um að ef t.d. aukinn meiri hluti borgarfulltrúa í Reykjavík hefur misst trúna á borgarstjórnina í Reykjavík og ályktar um að hún eigi að víkja og þeir sjálfir eigi að víkja og að nauðsynlegt sé að efna til kosninga, þá hlýtur auðvitað að vera komið upp algerlega sérstakt ástand og aðstæður sem ómögulegt er fyrir íbúa viðkomandi sveitarfélags að búa við, að í sveitarstjórninni sitji bæjarfulltrúar sem séu búnir að missa trúna á sjálfum sér, nái ekki saman um meiri hluta í einu eða neinu og vilji helst af öllu fara frá og efna til kosninga en megi það ekki af því að landslög banni það. Þess vegna gerum við ráð fyrir því að aukinn meiri hluti sveitarstjórnarmanna geti á miðju kjörtímabili kallað fram kosningar rétt eins og íbúarnir geta kallað fram kosningar hvenær sem er. En hvað sveitarstjórnarkosningunum viðvíkur gerum við ráð fyrir því að sú sveitarstjórn sem þá yrði kjörin sæti bara út það viðkomandi kjörtímabil þannig að eftir sem áður færu alltaf fram í landinu almennar sveitarstjórnarkosningar á fjögurra ára fresti á sama degi, þannig að þetta ákvæði yrði ekki til þess að raska því þannig að kjördagar til sveitarstjórnarkosninga færu að verða mismunandi og kjörtímabil frá einu sveitarfélagi til annars.

Öðru máli gegnir hins vegar um það ef knúin er fram atkvæðagreiðsla til Alþingis. Þar er gert ráð fyrir því að það þing sem þá er kjörið hafi fullt kjörtímabil til setu, fjögur ár, enda kveðið á um það í stjórnarskrá lýðveldisins að kjörtímabil Alþingis og alþingismanna sé fjögur ár og þess vegna auðvitað sjálfsagt og eðlilegt og nauðsynlegt að frumvarpið sé í samræmi við þau ákvæði.

Ég held að það frumvarp sem við erum hér að mæla fyrir svari ákveðnum missmíðum sem ég tel að við höfum séð vera á löggjöf okkar um kosningar og lýðræðið í landinu. Ég held að engum blandist hugur um að það ástand sem hér skapaðist í vetur utan við þinghúsið, það ástand sem skapaðist á sínum tíma í Ráðhúsi Reykjavíkur og það ástand sem hefur skapast í sveitarfélögum hér og þar í áranna rás sé algjörlega óviðunandi og að það sé nauðsynlegt að við hugum að því að í kosningalögum okkar séu aðferðir og leiðir fyrir kjósendur til þess að bregðast við slíku ástandi. Það er auðvitað skelfilega dýrt fyrir hvert samfélag ef stjórnarkreppa skellur á, hvort heldur er í landsstjórninni eða til að mynda höfuðborginni, því að afleiðingar slíkrar stjórnarkreppu geta auðvitað verið býsna dýrkeyptar fyrir kjósendur sem við sitjum í umboði fyrir. Það er auðvitað megintilgangur málsins, þ.e. að undirstrika að við sem hér sitjum og þeir sem sitja sem fulltrúar í sveitarstjórnunum, við sitjum í umboði kjósenda og að kjósendur hafi það umboð að geta afturkallað kjör okkar ef þeir telja að við höfum farið svo langt út fyrir það sem upp var lagt með að ekki verði lengur við unað.

[16:36]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég skal tala stutt. Ég stend upp fyrst og fremst til þess að lýsa yfir ánægju með frumvarp Helga Hjörvars og níu annarra þingmanna Samfylkingarinnar. Ég held að það gæti bætt lýðræðið í landinu og ég held að það mundi ekki síst, eins og stendur í greinargerðinni, hafa óbein áhrif með því að stuðla að lýðræðislegri stjórnarháttum án þess að ákvæðum þess væri beinlínis beitt þegar það yrði orðinn hluti af lögum um alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar.

Nú má deila um það og verður fróðlegt að sjá álit í umsögnum um frumvarpið, hversu hátt hlutfall þeirra kjósenda eigi að vera sem krefjast nýrra kosninga til Alþingis eða

sveitarstjórnar. Ég hef ákveðnar efasemdir um að krefjast eigi þess að helming kjósenda úr síðustu kosningum þurfi til. Það yrði alltaf mjög erfitt að ná þeim helmingi, jafnvel við sérstakar aðstæður, ósköp einfaldlega vegna þess að undirskriftasöfnun er sem betur fer ábyrgðarhlutur og flestir þeir sem taka þátt í slíku eða hyggja á slíkt skrifa ekki nafn sitt undir hvað sem er. Þess vegna er ég hræddur um að það yrði nánast óvinnandi vegur að fá helming kjósenda til þess að skrifa undir svona nokkuð.

Á hinn bóginn er sú röksemd vissulega gild að ekki megi hafa þetta hlutfall of lágt í alþingiskosningum og sveitarstjórnarkosningum m.a. vegna þess að ekki er ástæða til þess að gera þetta að neinni venju. Þetta er spurning um undantekningu en ekki hefðbundna stjórnarandstöðu á Alþingi eða í sveitarstjórn.

Dæmi þau sem 1. flutningsmaður, hv. þm. Helgi Hjörvar, nefndi áðan, voru góð. Það skýrasta er búsáhaldabyltingin á Austurvelli hér fyrir aftan okkur, forseti. Enginn veit hvernig sá ferill hefði orðið ef í gildi hefðu verið lög af því tagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Reikna má með að þá hefði farið af stað slík undirskriftasöfnun. Sú hreyfing sem barðist fyrir breytingum, fyrir kosningum og ýmsum öðrum breytingum sem eru reyndar ýmsar að nást fram, hefði þá að einhverju leyti fallið í þann farveg og átt þá útleið sem þessi lög gera ráð fyrir. Það hefði hins vegar ekki komið í staðinn fyrir þær umræður og þau mótmæli sem fram fóru en það hefði getað styrkt hreyfinguna og hún hefði þannig getað samsamað sig þjóðinni með skýrari hætti. Reyndar kom í ljós, þvert á það sem ýmsir hv. þingmenn hafa nánast grátið og kveinað yfir vikum saman, að þessi hreyfing studdist við meiri hluta landsmanna. Það kom í ljós í skoðanakönnunum sem um það voru haldnar.

Ég vil að lokum þakka fyrir að þetta frumvarp skuli komið fram og tel það mikilsvert. Ég spái því að það verði að lögum innan skamms þó að það verði e.t.v. ekki á þessu þingi sem á eftir að sitja aðeins skamma stund.

[16:40]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Lýðræðismálin eru gríðarlega mikilvæg í samfélagi okkar og líka í heimshluta okkar. Lýðræðismálin eru nokkuð sem á að vera í stöðugri umræðu og stöðugri þróun enda ekki í föstu formi sem hægt er að pakka inn í kassa heldur kemur lýðræðið í fljótandi formi og fjölbreytileikinn er endalaus.

Hv. þm. Helgi Hjörvar er 1. flutningsmaður þessa máls og ég er meðflutningsmaður og styð málið heils hugar. Hv. þingmaður leggur hér fram mjög athyglisverða leið til þess að þróa lýðræðið á Íslandi áfram. Ég fagna því mjög. Samfylkingin hefur frá stofnun flokksins sett lýðræðismálin mjög á oddinn. Ég minnist þess að á stofnfundi flokksins árið 2000 gerðum við lýðræðismálunum mjög hátt undir höfði og var þar t.d. sérstök málstofa um lýðræðismál og héldum við, sællar minningar, mjög merkilega og góða fundaröð um lýðræðismálin þar sem við fengum fræðimenn til að koma og ræða við okkur um lýðræðið og framtíðina.

Umræðan hér minnti mig á að árið 2003 lagði hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson fram tillögu til þingsályktunar fyrir þingið um milliliðalaust lýðræði, sem var afar athyglisverð tillaga. Ég held, virðulegi forseti, að sú tillaga eigi mjög mikið erindi við okkur núna. Ég ætla að nota tækifærið að skora á hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson að leggja þetta mál aftur fram til umræðu þannig að við getum horft á lýðræðismálin í stóru samhengi og rætt þau hér.

Það mál var og er afar athyglisvert vegna þess að það sneri að því að Alþingi setti á stofn nefnd sem kannaði möguleika á að þróa milliliðalaust lýðræði og kosti rafrænna aðferða við framkvæmd þess. Nefndin átti einnig að kanna hvernig hægt væri að nota netið til þess að þróa milliliðalaust lýðræði og hafa þar að leiðarljósi öfluga persónuvernd við framkvæmd kosninga og þjóðaratkvæðagreiðslna á netinu. Nefndinni var jafnframt ætlað að kanna hvaða áhrif milliliðalaust lýðræði hefði á samfélagið efnahagslega, félagslega og stjórnmálalega, sérstaklega með tilliti til sveitarstjórnarstigsins og sveitarfélaganna þar sem auðvelt er að nota milliliðalaust lýðræði í miklum mæli.

Markmiðið með þessari þingsályktunartillögu var að þróa lýðræðið áfram í ljósi aukinnar menntunar og bætts aðgangs að upplýsingum og að gera Ísland að fánabera í framþróun lýðræðislegra stjórnarhátta þar sem hinn almenni borgari kemur í sem mestum mæli að meginákvörðunum samfélagsins. Það er einmitt krafa dagsins í dag. Fólk vill hafa bein áhrif á ákvarðanir sem teknar eru um kjör þeirra og stöðu og það sem hefur beint áhrif á líf þess.

Þegar við ræðum stefnumörkun um beint lýðræði er mikilvægt að hafa að leiðarljósi að hlutverk sveitarfélaganna verður sífellt mikilvægara og er þungamiðjan í allri nærþjónustu á Íslandi. Valddreifingu frá ríki til sveitarfélaga ætti því auðvitað að fylgja aukið milliliðalaust lýðræði þar sem valdið er fært frá Alþingi til nærþjónustunnar í sveitarfélögunum. Einnig yrði komið á samræðu borgaranna við stjórnvöld með innleiðingu netsins í lýðræðisþjóðfélagi okkar þar sem borgarar landsins gætu lagt inn hugmyndir og verið virkir þátttakendur við stjórn landsins.

Ég vil nefna það hér þegar við ræðum sveitarstjórnarstigið og lýðræðismálin að krafa er um að þjóðin, fólkið, bæjarbúar, komi í auknum mæli að málum þegar teknar eru stórar ákvarðanir í sveitarfélögum og á landsvísu. Það var t.d. til mikillar fyrirmyndar og gott dæmi um það hvernig lýðræðið virkar í sveitarfélögum þegar Hafnarfjarðarbær boðaði til kosninga um stækkun álversins í Straumsvík. Ég tel að sú kosning hafi verið til fyrirmyndar þar sem fólkið var spurt að því hvernig það vildi sjá bæinn sinn þróast.

Breytt hlutverk sveitarstjórna kallar á nýjar reglur þar sem veigamiklar ákvarðanir eru teknar innan þeirra og íbúalýðræði felur í sér lausn á því. Fjölmörg sveitarfélög hafa tekið mjög merkileg skref í þeim efnum. Ég held að við verðum nú að horfa á lýðræðismálin í stóru samhengi, ræða þau og spyrja okkur spurninga, þingmenn og þjóðin, hvernig við sjáum þeim málum best borgið og við eigum auðvitað að þróa það áfram. Ég held að það sem gerst hefur á undanförnum mánuðum og árum hafi sýnt okkur svo að ekki verður um villst að við þurfum að taka skref fram á við í þessum efnum. Ég held því að frumvarp hv. þm. Helga Hjörvars sé ekki bara eðlilegt heldur sjálfsagt. Auðvitað á það að vera sjálfsagt í samfélagi okkar að ef meiri hluti íbúa í sveitarfélagi eða meiri hluti kjósenda eða kjörgengra manna til alþingiskosninga vill að kosið verði aftur vegna

ákveðinna aðstæðna sem skapast hafa í samfélaginu, að fyrir sé farvegur fyrir slíka kröfu. Þess vegna tel ég að þingið eigi að afgreiða þessu tillögu og samþykkja hana sem allra fyrst. Á sama tíma kalla ég eftir því að við ræðum lýðræðismálin í stóra samhenginu.

[16:47]

Útbýting:

Húsnæðismál, 330. mál, frv. ÁKÓ o.fl., þskj. 568.

[16:47]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna, þarft mál og vel þess virði að það sé rætt og skoðað. Það eru hins vegar nokkur atriði sem mér þykja umhugsunarvirði og vert að benda á og fá þá umræðu um, hvort heldur er í þingsal eða meðförum nefndarinnar.

Ég get tekið undir að það þurfi að skoða meiri hluta kjósenda í síðustu alþingiskosningum eða síðustu sveitarstjórnarkosningum. Meiri hluti kjósenda í síðustu alþingiskosningum er æðistór hluti til þess að kalla eftir kosningum ef því er að skipta, en engu að síður á þetta að vera slíkt tæki í höndum kjósenda að aldrei geti undir nokkrum kringumstæðum verið hægt að misnota það. Þess vegna þarf verulega að íhuga akkúrat það sem menn eru að ræða um: Hver á fjöldinn að vera sem kallar eftir kosningum?

Ég velti fyrir mér af hverju það er nægjanlegt að hafa 45 daga í alþingiskosningum. Við ræðum það að kosningar skuli fara fram áður en 45 dagar eru liðnir frá því að beiðni hefur komið fram þegar um er að ræða Alþingi sem er erfiðara í raun og veru að kalla eftir, kosningum til Alþingis, miðað við þann fjölda sem við óskum eftir, en það þarf 60 daga ef breyta á og kalla eftir kosningum í sveitarfélögum. Ég held að þarna þurfi í það minnsta að vera eitthvert samræmi á milli.

Þetta þarf að ræða vegna þess að eins og hv. flutningsmaður Helgi Hjörvar sagði í ræðu sinni er þetta frumvarp m.a. komið til vegna ástandsins sem skapaðist í borgarmálunum hér á kjörtímabili þeirra. Við þurfum kannski líka að velta fyrir okkur að Reykjavík er afar stórt og mikið sveitarfélag. Við erum svo með smærri sveitarfélög víðs vegar um landið. Það er lítið mál að kalla eftir helmingi kjósenda í bæjarstjórn eða sveitarstjórn á Tálknafirði. Þá verður líka að geta þess hér í II. kafla, 2. gr. hvort oft sé hægt að efna til kosninga. Er hægt að gera það árlega ef helmingur bæjarbúa óskar eftir því, verður þá samkvæmt lögunum hægt að krefjast þess að kosningar til sveitarstjórna séu árlega ef óánægja er? Það er umhugsunarefni fyrir þá sem flytja þetta frumvarp hvernig þeir ætli að bregðast við slíku.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég get vart fallist á það að sveitarstjórnarmennirnir sjálfir eigi að geta ráðið því hvort efnt er til kosninga eða ekki. Þeir axla þá ábyrgð í upphafi, þeir gefa kost á sér þegar þeir eru kjörnir. Þá ábyrgð verða þeir að axla þar til kjósendur þeirra ákveða að þeir eigi að víkja. En að sveitarstjórnarmenn sjálfir eigi að geta ákveðið að þeir geti boðað til kosninga þegar þeim þykir henta ef út í það er farið held ég að sé varhugavert. Það eru kjósendur sem eiga að ráða slíku.

Ef sveitarstjórnarmenn geta ekki komið sér saman um nýjan meiri hluta springi sá meiri hluti sem fyrir er verða þeir að fara aðra leið og leita til kjósenda sinna og fara fram á að kjósendur óski eftir því að sveitarstjórnin verði leyst frá störfum en ekki sveitarstjórnarmennirnir sjálfir. Það hugnast mér ekki.

Hins vegar hugnast mér ágætlega, vegna þess að stjórnmálamenn eru bara venjulegt fólk sem getur orðið á í messunni eins og öðrum, aðhaldið sem þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum til alþingis- og sveitarstjórnarkosninga getur veitt stjórnmálamönnum þannig að þeir vandi sig ívið betur við ákvarðanatöku og meðferð mála. Þeir vita þá að ekki bara á fjögurra ára fresti geta kjósendur sagt þeim upp heldur geta kjósendur sagt þeim upp oftar ef þetta frumvarp verður að lögum.

Mér þykir vert að skoða, eins og ég benti á, af hverju 45 dagar dugi til Alþingis en 60 daga þurfi til sveitarstjórna. Mér þykir vert að skoða hversu oft á kjörtímabili sveitarstjórnarinnar sé hægt að krefjast kosninga og hversu langt eigi að vera liðið á kjörtímabilið til að hægt sé að óska eftir kosningum. Það verður að skoða muninn á stórum sveitarfélögum og litlum hvað þetta varðar þannig að þetta er umhugsunarvert. Við vitum mætavel að mannlegt eðli er misjafnt og til eru kverúlantar af öllum tegundum og gerðum sem gætu nýtt sér slíkt ef þá einfaldlega langaði til, ef þeim hugnaðist.

Mér finnst frumvarpið áhugavert, mér finnst vert að það verði skoðað frekar og ég vænti þess að nefndin taki það sem hefur komið fram í þessari umræðu til skoðunar, velti þessum möguleikum fyrir sér og þá hvernig megi betrumbæta það ef það verður ofan á.

[16:54]

Katrín Júlíusdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni kærlega fyrir ræðuna vegna þess að hún vakti raunverulegar og góðar spurningar varðandi þetta mál. Ég hef líka aðeins verið hugsi í því og bíð í raun og veru eftir því að við förum að fá umsagnir um þetta mál til þess að sjá viðbrögðin við ákveðnum þáttum þess.

Það sem ég hef verið hugsi yfir er þessi munur á stærð sveitarfélaga, t.d. þeim fjölda sem þarf að safna á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og í minni sveitarfélögunum hins vegar og hvort hægt sé að gera einhvers konar greinarmun þarna á milli. Mér finnst þetta afar áhugaverð vangavelta og sömuleiðis hvað þetta er ofboðslegur fjöldi sem þyrfti þá að skrifa undir vegna alþingiskosninga.

Hv. þingmaður reisti þessar spurningar sem mér finnast mikilvægar og skipta gríðarlega miklu máli. Mig langaði kannski að heyra frá hv. þingmanni hversu hátt hlutfall hún teldi eðlilegt eins og t.d. til alþingiskosninga og líka í stóru sveitarfélagi eins og höfuðborginni. Hversu mikið eigum við hugsanlega að taka það niður? Eigum við þá að segja 30%, eigum við að segja 40% eða hvaða hugmyndir hefur hv. þingmaður í því efni?

[16:55]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar nefndi að það

væri til stór stjórnmálaflokkur í landinu sem hugsanlega gæti, ef farið væri niður með prósentuna, kallað fram kosningar ef hægt væri að kalla saman alla þá aðila sem í þeim stóra flokki eru til að boða til kosninga. Mér segir svo hugur um að þeir sem eru flokksbundnir í þeim ágæta flokki, Sjálfstæðisflokki, séu á milli 50 og 60 þúsund Íslendingar. Án efa munu allir aðrir stjórnmálaflokkar telja það ótækt og þá prósentu of lága þannig að við erum að tala um einhvers staðar á bilinu 40–50% ef sá flokkur á ekki að vera fær um að kalla fram kosningar ef hann er óánægður með það sem fram fer í landinu.

Ég held að menn verði að skoða þetta mjög vel. Ég vil frekar hafa prósentuna hærri en lægri vegna þess að þetta er aðhald en þetta er tæki sem aldrei má undir nokkrum kringumstæðum misnota. Þess vegna vil ég heldur hærri prósentu en hún verður að vera raunhæf ef á að vera möguleiki að nýta tækið.

[16:57]

Katrín Júlíusdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta. Ég er sammála henni, auðvitað verður þetta að vera raunhæft og eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er markmiðið með þessu ekki að gera þetta að virkum hluta kosningakerfisins heldur að hafa þarna neyðarhemil og aðhald sem hv. þingmaður nefnir.

Ég held að í nefnd verði gríðarlega áhugaverð umræða um lýðræðismál og um aðkomu borgaranna. Ég fagna því enn og aftur að þetta mál hafi komið fram og ég fagna því líka að í þingsalnum er góð umræða um þetta og ég held að það sé upphafið að góðri samræðu millum okkar alþingismanna um lýðræðismál. Lýðræðismálin eru auðvitað grundvallarmál og ég held að við getum flest verið sammála um það að núna þurfum við að fara að taka skref fram á við og ný skref í þeim efnum.

[16:58]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég kom ekki inn á einn þátt sem hv. þm. Katrín Júlíusdóttir spurði um og velti líka fyrir sér vegna ræðu minnar um lítil og stór sveitarfélög. Hins vegar erum við að tala hér um íbúa, við erum að tala um kosningabæra menn og við getum vart gert greinarmun á því fyrir kosningabæra menn hvort við búum á Tálknafirði eða í Reykjavík. Ef við ætlum að setja í lög að það þurfi 50% eða 40% hljótum við að horfa til jafnræðis og jafnréttis kjósandans hverju sinni, að hann sé jafngildur í stórum sveitarfélögum sem litlum. Það þarf að gæta þess í II. kafla, 2. gr. Það þarf hins vegar að taka frekar á því hversu oft hægt sé að kalla eftir kosningum samkvæmt þessum lögum en að ætla að mismuna fólki með kosningarrétt sinn eftir því hvort það býr í stóru eða litlu sveitarfélagi.

[16:59]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Vegna þessa máls, frumvarps til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna, sem er hér flutt af nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar, vil ég árétta að markmið þessa frumvarps er að finna lagalegan grundvöll til beinnar aðkomu almennings, hins almenna kjósanda, að því að geta krafist kosninga til Alþingis eða sveitarstjórnar þó að það sé innan kjörtímabilsins. Eins og nú er á almenningur engan möguleika á slíkri aðkomu.

Ef við lítum á hvernig mál hafa þróast á undanförnum árum og missirum, ekki hvað síst síðustu missirin, hversu mjög lýðræðið hefur látið undan fyrir framkvæmdarvaldinu og í rauninni alræði þeirra sem hafa komist að eða verið í skjóli laganna hefur lýðræðið orðið að láta undan síga á svo mörgum sviðum. Margir hafa talað um lýðræðisbyltinguna þegar fjöldi fólks hefur komið út á Austurvöll, út á torg og í samkomuhús vítt og breitt um landið á undanförnum vikum og mánuðum til að láta í ljós og koma á framfæri kröfu sinni um breytingar á stjórnarháttum og því hverjir sitja við stjórnvölinn. Fjöldinn vildi eiga aðkomu að því að geta breytt þar.

Þessi tillaga sem gengur út á það að ef helmingur þess fjölda kjósenda sem kaus í síðustu almennu alþingiskosningum óskar eftir því að kosið verði að nýju áður en yfirstandandi kjörtímabili lýkur skuli kosningar fara fram. Hvort það er helmingur, 40% eða 35% er í sjálfu sér prósentutala sem má vega og meta en verum samt minnug þess að okkur ber að treysta almenningi. Aðkoma almennings að áhrifum á þessi mál á að vera heldur sterkari en veikari að mínu mati. Í mínum huga er þetta eitt af mörgum brýnum málum í stjórnlagaumhverfi okkar sem þarf að breyta, um beina aðkomu almennings að því að hafa áhrif á það að kjósa á ný fulltrúa sína á löggjafarsamkomuna. Þau markmið sem koma þarna fram styð ég alveg eindregið.

Hitt lýtur svo sem einnig að sveitarstjórnarkosningum þar sem gert er ráð fyrir og lagt til að tilsvarandi fjöldi kjósenda sem kaus í síðustu almennu sveitarstjórnarkosningum geti óskað eftir því skriflega að kosið verði að nýju áður en yfirstandandi kjörtímabili lýkur og skulu þá kosningar fara fram. Mér finnst þetta líka eðlileg og sjálfsögð lýðræðiskrafa. Hvort það eru 35, 40 eða 45% finnst mér ekki skipta miklu en það mega ekki vera meira en 50%, alls ekki. Um leið og almenningur er meðvitaður um lýðræðislega möguleika sína til að hafa áhrif munu kjörnir fulltrúar að sjálfsögðu líka fara með það vald og þá möguleika af gaumgæfni. Er þá mesta hættan sem að þjóðinni steðjar að gengið verði til kosninga? Nei, það er það ekki. Það er hin lýðræðislega aðkoma almennings, fólksins í landinu, til að geta ráðið hverjir sitja við stjórnvölinn, hverjir eru fulltrúar fólksins, hvort heldur er í sveitarstjórnum eða á Alþingi.

Mér finnst ekki rétt, eins og þarna er kveðið á um, að sveitarstjórn þurfi síðan að samþykkja tillögu sem kemur fram frá almennum kjósendum um að kosning fari fram. Það má vel vera að síðan megi finna tvo möguleika í þessu, annars vegar ef þeir eru færri sem skrifa undir slíkt skjal og sveitarstjórn tæki afstöðu til þess, en þegar við erum komin með upp undir 40–50% af kjósendum sem óska eftir endurtekningu á kosningum finnst mér að milliliðlaus aðgerð eigi að fara í gang.

Þetta er bara mín persónulega skoðun á þessu máli, frú forseti. Ég tel að okkur beri skylda til að grípa til aðgerða, grípa til lagasetninga sem tryggja og hvetja til beinnar lýðræðislegrar aðkomu almennings, kjósenda í landinu, til að

kjósa sér fulltrúa, hvort sem er til sveitarstjórnar eða Alþingis, og skipta þeim út og kjósa nýja ef tiltekinn hópur krefst þess. Það eru bara sjálfsögð og eðlileg lýðræðisréttindi í lýðræðislandi. Hvar þau mörk liggja tölulega í prósentum má sjálfsagt velta fyrir sér en þetta er eins um réttinn til að setja mál í þjóðaratkvæðagreiðslu, það er líka brýnt að setja lög um að tiltekinn fjöldi kjósenda, almennings í landinu, geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál og að sú krafa sé bein, þ.e. að maður þurfi ekki að bera hana undir þing eða forseta heldur sé beinn réttur fólksins að svo verði gert. Ég tel líka sjálfsagt að almenningur, þjóðin í landinu, hafi beinan rétt til þjóðaratkvæðagreiðslna um stór mál sem hann hefur skýra skoðun á.

[17:07]

Flm. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka þessar góðu umræður og finnst til fyrirmyndar hvernig alþingismenn úr ólíkum stjórnmálaflokkum draga hver sinn lærdóm af sögunni og líka því sem gerst hefur í samtíma okkar og reyna að ræða málefnalega til hvaða bóta við getum gripið á lagaumhverfi okkar til að mæta þeim ágöllum sem við teljum vera eða því sem betur megi fara.

Það er orðið allnokkuð síðan ég kom fyrst að því að skoða þessi mál, þá sem forseti borgarstjórnar Reykjavíkur og formaður stjórnkerfisnefndar, og ég held að það sé alveg óhætt að segja að reynslan af allsherjaratkvæðagreiðslum að því marki sem þær hafa verið reyndar sýni okkur að þar sé mjög vandmeðfarið. Það hefur einatt gerst að um slíkar atkvæðagreiðslur hafa risið deilur um aðferðafræðina, fjöldann, hvort þær eigi að vera bindandi, valkostina o.s.frv. Það er mikilvægt að fram fari efnisleg umræða um útfærslu á þeim grundvallarsjónarmiðum sem þetta frumvarp fjallar um.

Ég hygg að allir þeir 63 einstaklingar sem eru þjóðkjörnir fulltrúar á Alþingi Íslendinga séu sammála um að þing eða sveitarstjórn eigi ekki að sitja í andstöðu við skýran vilja meiri hluta kjósenda. En það er spurning um með hvaða hætti það yrði útfært. Eins og kom fram hjá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur er þetta auðvitað hluti af hinni stóru lýðræðisumræðu, af borgarabyltingunni sem hv. þm. Mörður Árnason nefndi, og ég er sammála hv. þm. Jóni Bjarnasyni um að það er líka mikilvægt að setja inn ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur um einstök mál.

Þar er hins vegar helst það álitamál uppi í tengslum við þetta mál hvaða fjölda þurfi til að knýja fram atkvæðagreiðslu. Þar ættum við að horfa á miklu lægra hlutfall kjósenda, kannski 20%, til að knýja fram kosningar um stærri mál en hér er hins vegar gert ráð fyrir 50%. Það er kannski það atriði sem allir ræðumenn nefndu og er auðvitað það sem þarf að fara yfir. Ég er sammála hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur — sérlega gaman að innleggi hennar í umræðuna sem verið hefur bæjarstjóri í sveitarfélagi og þannig með allnokkra reynslu af því sem lýtur að sveitarstjórnunum — að það er ómögulegt að hafa reglu um að í Reykjavík eigi að gilda eitthvert annað hlutfall en í öðrum sveitarfélögum í landinu þótt það sé mjög stórt sveitarfélag. Mér fannst ekki boðlegt við samningu frumvarpsins að hafa eitthvert slíkt ákvæði vegna þess að hér ættu auðvitað bara að gilda sömu reglur og annars staðar.

Hvað varðar athugasemd hennar um 45 og 60 daga hygg ég að það sé bara dregið af almenna boðunarfrestinum í hvorum kosningum um sig. Ég er sammála henni um að það færi betur á því að samræma þetta atriði og hafa jafnlangan frest til kosninga í báðum málum.

Þess misskilnings hefur aðeins gætt í umræðu um málið að það ákvæði sem lýtur að því að aukinn meiri hluti sveitarstjórnar, þrír fjórðu hlutar, geti knúið fram kosningar tengist því ákvæði að kjósendur í sveitarfélagi geti knúið fram kosningar. Það hefur verið mislesið sums staðar þannig að þegar kjósendur í sveitarfélagi hafi krafist kosninga þurfi aukinn meiri hluta sveitarstjórnar til að staðfesta það. Svo er ekki. Hér er um það að ræða að annaðhvort meiri hluti kjósenda eða aukinn meiri hluti fulltrúa í sveitarstjórn getur knúið fram kosningar. Í sjálfu sér er sá þáttur málsins af öðrum rótum runninn og ef hann er umdeildur, eins og ætla mátti kannski af máli hv. þm. Ragnheiðar Ríkharðsdóttur, held ég að út af fyrir sig gæti sá þáttur málsins fallið út í meðhöndlun nefndar. Þó hafa verið sjónarmið um það að það sé of langt gengið að krefjast aukins meiri hluta til að sveitarstjórn geti sagt af sér og kallað fram kosningar en hins vegar neyðist ég til að taka undir sjónarmið hv. þm. Ragnheiðar Ríkharðsdóttur um að það sé eðlilegt í meginatriðum að kjósendur hafi þá kröfu á sveitarstjórnarmenn sína að þeir ljúki því kjörtímabili sem þeir buðu sig fram til. Ég held þó að þarna verði einhver varnagli að vera, hver svo sem hann er, og þá a.m.k. ættu menn að geta verið því sammála að ef öll sveitarstjórnin er einhuga um að henni sé ekki sætt lengur og nauðsynlegt sé að efna til kosninga í sveitarfélaginu ætti a.m.k. sveitarstjórnin öll að vera nægilegt tilefni til að efnt væri til kosninga.

Hv. þingmaður nefndi líka hvort setja ætti inn ákvæði um það hversu oft væri hægt að knýja fram slíkar kosningar. Ég hugleiddi það við samningu málsins og held að í því efni hljóti að koma sterklega til greina í sveitarstjórnunum að hafa á því einhverjar takmarkanir, einu sinni eða tvisvar á kjörtímabili, af því að hér er um neyðarhemil að ræða, en ég eftirlæt það út af fyrir sig sveitarstjórnunum.

Hvað varðar þá fjöldakröfu sem gerð er til að knýja fram kosningar er það rétt, um það mál er enginn endanlegur sannleikur til. Klárlega hlýtur að vera nauðsynlegt að efna til kosninga ef meiri hluti þeirra sem þátt tóku í síðustu kosningum krefst þess. Ég hygg að í alþingiskosningum væru það um 85 þúsund undirskriftir. Það þýddi í Reykjavík, stærsta sveitarfélaginu, kannski 33 þúsund undirskriftir. Það er auðvitað mikið af undirskriftum, en engu að síður mark sem sannarlega er hægt að ná og hefur verið náð hlutfallslega áður ef mikil, víðtæk og almenn óánægja er með sveitarstjórnina eða landstjórnina.

Það má líka hugsa sér, eins og sumir þingmanna hafa hér nefnt, að lækka þessa tölu. Því hefur verið haldið til haga að um 30% kosningabærra manna í landinu eru í einum og sama stjórnmálaflokknum þannig að það væri kannski óvarlegt að fara niður fyrir þá hlutfallstölu. 40% þýddi þá 65–70 þúsund undirskriftir og 30% niður undir 50 þúsund. Ég held að það sé verðugt umfjöllunarefni fyrir þá nefnd sem fær málið til umfjöllunar, allsherjarnefnd, og þá umsagnaraðila sem að málinu koma að gaumgæfa þetta at-

riði. Það er auðvitað mjög mikilvægt að annars vegar sé hægt að ná því marki en sömuleiðis að ekki sé gripið í þennan hemil í tíma og ótíma, heldur sé hann fyrst og fremst eins og fram kom, hygg ég hjá öllum þingmönnum, aðhaldstæki kjósenda með okkur, kjörnum fulltrúum, vitundin og vissan um það að hægt sé að binda endi á kjörtímabil og kalla fram kosningar hvenær sem er og þau áhrif sem það muni hafa á bætt vinnubrögð hjá okkur, á hina lýðræðislegu umræðu og kannski ekki síst á það mikilvæga atriði sem stundum vill gleymast, bæði hér í sölum Alþingis og sveitarstjórnanna, að miðla síðan upplýsingum til almennings um það sem verið er að gera og hvers vegna verið er að því.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. GÁ o.fl., 15. mál (þjóðareign á náttúruauðlindum). — Þskj. 15.

[17:17]

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir) (F):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Flutningsmenn eru Guðni Ágústsson, fyrrverandi þingmaður, Birkir J. Jónsson, Bjarni Harðarson, fyrrverandi þingmaður, Höskuldur Þórhallsson, Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir.

Eins og kom fram hjá hæstv. forseta er þetta 15. mál þingsins þannig að það gefur til kynna að það var lagt fram í upphafi þings.

Hæstv. forseti. Frumvarp þetta var áður flutt á 135. löggjafarþingi. Í júnímánuði 1998 var í kjölfar samþykktar þingsályktunar kjörin á Alþingi níu manna nefnd sem fékk það hlutverk, með leyfi forseta, ég vitna orðrétt:

„... að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita.“

Nefndinni var enn fremur falið að skilgreina, ég vitna orðrétt, með leyfi forseta:

„... þessar auðlindir á skýran hátt og hvernig skuli með þær farið.“

Í þessari auðlindanefnd áttu sæti Jóhannes Nordal formaður, Eiríkur Tómasson varaformaður, Ari Edwald, Guðjón Hjörleifsson, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Árnason, Styrmir Gunnarsson og Svanfríður Jónasdóttir.

Á vegum auðlindanefndar var unnið umfangsmikið starf. Þar á meðal var aflað álitsgerða lögfróðra manna á þeim réttarreglum sem talið var að giltu um eignarrétt að mismunandi tegundum náttúruauðlinda. Hafa þær reglur ekki breyst síðan í neinum meginatriðum.

Auðlindanefnd skilaði áfangaskýrslu í marsmánuði 1999 og síðan lokaskýrslu sinni í septembermánuði 2000. Í þeirri skýrslu gerði nefndin m.a. tillögu um að tekið yrði upp í VII. kafla stjórnarskrárinnar nýtt ákvæði þar sem náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti, yrðu lýstar þjóðareign. Er tillaga nefndarinnar tekin svo til orðrétt upp í þetta frumvarp.

Þess má geta að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Geirs Haardes, þeirrar sem ríkti til kosninga 2007, var að finna svofellt ákvæði með leyfi forseta:

„Ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá. Sérstaklega skal tekið fram að ekki var gert ráð fyrir í lokaskýrslu auðlindanefndar að samþykkt tillögu nefndarinnar til breytingar á stjórnarskránni mundi sjálfkrafa leiða til grundvallarbreytinga á núverandi aflahlutdeildarkerfi („kvótakerfi“) samkvæmt þágildandi lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. nú lög nr. 116/2006. Þvert á móti var eitt af markmiðum tillögunnar að gera réttarstöðu þeirra, sem njóta veiðiheimilda á grundvelli 7. gr. þeirra laga, skýrari en hún er samkvæmt núgildandi lögum, auk þess sem stefnt var að því að tekið yrði upp gjald fyrir þær heimildir, eins og gert hefur verið með V. kafla laganna um veiðigjald, sbr. lög nr. 85/2002.“

Í 1. gr. laga nr. 116/2006 segir nú orðrétt, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Í álitsgerð tveggja lagaprófessora, þeirra Sigurðar Líndals og Þorgeirs Örlygssonar, sem tekin var á sínum tíma saman fyrir auðlindanefnd, er þessi lagagrein skýrð svo að þar sé ekki kveðið á um einkaeignarrétt heldur sé nærtækast að telja að greinin feli í sér almenna markmiðsyfirlýsingu. Sá fyrirvari sem gerður sé í niðurlagi greinarinnar hafi þau áhrif að lögin verði miklu síður skilin á þann veg að með þeim hafi verið stofnað til stjórnarskrárvarins eignarréttar einstakra manna yfir veiðiheimildum. Í fyrirvaranum felist jafnframt vísbending um að sú stjórnarskrárvernd sem fyrir hendi sé sæti ákveðinni takmörkun. Að áliti þeirra Sigurðar og Þorgeirs væri þannig ekkert því til fyrirstöðu að innkalla úthlutaðar veiðiheimildir í áföngum á lengra tímabili og endurúthluta þeim að því tilskildu að þeir sem fengið hafa úthlutað slíkum heimildum í núverandi kerfi og öðlast hafa á þeim grundvelli stjórnarskrárvarin atvinnuréttindi, fái sanngjarnan og hæfilegan frest til að laga rekstur sinn að breyttu laga- og rekstrarumhverfi.

Í samræmi við framangreinda tillögu um breytingu á stjórnarskránni og miðað við að svonefnd veiðigjaldsleið yrði fyrir valinu, svo sem síðar varð, setti auðlindanefnd fram í lokaskýrslu sinni svohljóðandi hugmynd að breyttri 1. gr. laga um stjórn fiskveiða og ég vitna beint í textann, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru þjóðareign. Markmið laganna er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofnanna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthluta má veiðiheimildum til einstaklinga og lögaðila gegn gjaldi að því tilskildu að þeim verði ekki

breytt nema með minnst fimm ára fyrirvara svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.“

Fyrir utan að mæla svo fyrir um að gjald skuli tekið fyrir veiðiheimildir má segja að frumvarp þetta að nýju stjórnarskrárákvæði, sem er eins og áður segir samhljóða tillögu auðlindanefndar á sínum tíma, mundi hafa tvenns konar réttaráhrif á núgildandi stjórnkerfi fiskveiða:

Í fyrsta lagi yrði því slegið föstu, eins og gert var á sínum tíma með lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur, að þjóðin eða ríkið væri eigandi nytjastofna á Íslandsmiðum. Þar með yrði komið í veg fyrir að einstaklingar eða lögaðilar gætu eignast beinan eignarrétt að þessum auðlindum, t.d. fyrir hefð. Jafnframt mundi þetta styrkja stöðu Íslands í samningaviðræðum við aðra aðila, t.d. Evrópusambandið, um yfirráð yfir þessum auðlindum.

Í öðru lagi yrði kveðið á um það, svo að ekki færi lengur á milli mála, hvers eðlis réttur þeirra er sem þegar hefur verið úthlutað veiðiheimildum á grundvelli laga um stjórn fiskveiða. Um yrði að ræða óbeinan eignarrétt á borð við hefðbundin leigu-, afnota- og ítaksréttindi. Þar með yrði eytt þeirri réttaróvissu sem nú ríkir, ekki síst í ljósi niðurlagsákvæðisins í 1. gr. laganna. Samkvæmt álitsgerð þeirra Sigurðar Líndals og Þorgeirs Örlygssonar er ekkert því til fyrirstöðu, samkvæmt gildandi lögum, að núverandi veiðiheimildir yrðu innkallaðar. Það atriði í tillögu auðlindanefndar, að heimild til afnota eða hagnýtingar verði annaðhvort að vera tímabundin eða uppsegjanleg með hæfilegum fyrirvara, er því ekkert nýnæmi frá lögfræðilegu sjónarmiði heldur staðfesting á gildandi rétti.

Rétt er að leggja áherslu á það til þess að fyrirbyggja misskilning að með samþykkt þessa frumvarps yrði ekki hróflað við stjórnarskrárvörðum eignarrétti eða atvinnuréttindum þeirra sem öðlast hafa slík réttindi nú þegar á grundvelli 1. mgr. 72. gr. og 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Þvert á móti yrði því slegið föstu, svo sem fram kemur í 3. málsl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, að þegar fengin heimild til afnota eða nýtingar á náttúruauðlindum og landsréttindum í þjóðareign teldist til óbeinna eignarréttinda sem njóta verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar eins og hver önnur eignarréttindi.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er því lýst yfir að þær náttúruauðlindir og réttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti séu þjóðareign sem ríkið, þ.e. handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds, fari með forsjá fyrir, varðveiti og geti jafnframt ráðstafað í umboði þjóðarinnar samkvæmt 2. mgr.

Vegna þess að aðstæður og viðhorf geta breyst í tímans rás er ekki gert ráð fyrir að náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign verði skilgreind í sjálfri stjórnarskránni heldur verði það gert í almennum lögum. Þó er gengið út frá því að land, landsréttindi, auðlindir og hlunnindi í þjóðlendum sem ekki hafa verið háð einkaeignarrétti verði þjóðareignir, sbr. lög nr. 58/1998, um þjóðlendur, og lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Sömuleiðis nytjastofnar á Íslandsmiðum, sbr. lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og auðlindir sem eru á, í eða undir hafsbotninum, utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær, sbr. lög nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Ákvæði þessara laga þyrfti að laga að hinu nýja stjórnarskrárákvæði.

Samkvæmt framansögðu væri ekkert því til fyrirstöðu að löggjafinn felldi fleiri eignir en þær sem að framan greinir undir þjóðareignarhugtakið. Segja má að það hafi þegar verið gert með lögum nr. 59/1928, um friðun Þingvalla. Á sama hátt væri með einfaldri lagabreytingu unnt að gera einhverjar af umræddum eignum háðar einkaeignarrétti í stað þjóðareignarréttar.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er því lýst yfir að náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi til annarra aðila. Þó er gert ráð fyrir að stjórnvöld geti veitt öðrum aðilum heimild til afnota eða hagnýtingar á slíkum eigum með tilteknum skilyrðum og að teknu tilliti til þeirra markmiða sem greinir í 3. mgr. Með heimild til afnota eða hagnýtingar í 2. mgr. er átt við heimild til afnota eða hagnýtingar sem sérstakt leyfi þarf til þannig að aðrir en leyfishafar geti ekki haft þau sömu not. Þar með fellur almannaréttur, svo sem réttur til umferðar um land, ekki undir þetta hugtak. Kveðið er á um það í niðurlagi 2. mgr., til þess að taka af allan vafa, að heimild til afnota eða hagnýtingar njóti verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar sem óbein eignarréttindi á borð við hefðbundin leigu-, afnota- og ítaksréttindi.

Lagt er til í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins að náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign skuli nýtt í þágu þeirra markmiða sem þar eru greind, og arði af þessum eignum skuli varið í ákveðnum tilgangi eftir því sem tekið er fram í niðurlagi málsgreinarinnar og kveðið yrði nánar á um í lögum.

Um enn frekari röksemdir fyrir frumvarpinu vísast til lokaskýrslu auðlindanefndar sem er að finna á heimasíðu forsætisráðuneytisins.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessu frumvarpi verði að lokinni umræðu vísað til sérnefndar um stjórnarskrá Íslands og 2. umr.

[17:30]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Örstutt. Ég fagna þessu frumvarpi framsóknarmanna og þakka flutningsmanni þess hér, hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, fyrir góða greinargerð fyrir málinu. Um þetta mætti hafa langt mál og einhver mundi nú tala lengi um sögu þess og fornar væringar sem ég ætla ekki að gera.

Það er ljóst að a.m.k. meiri hluti stjórnmálaflokkanna og glöggur meiri hluti á Alþingi vill setja ákvæði í stjórnarskrána um að helstu auðlindir Íslands séu í þjóðareign og er þeirrar skoðunar að þar sé ekki um neitt skrautákvæði að ræða heldur raunverulegt efnisákvæði eftir miklar deilur sem hafa verið eitt af leiðarstefjunum í íslenskum stjórnmálum í tvo, þrjá áratugi, þó að ekki sé nú farið lengra aftur í tímann.

Þetta er í sjálfu sér mikilvægt og engin leið að leggja of mikla áherslu á það en það er líka mikilvægt í því ljósi að flokkur minn og flokkur hv. flutningsmanns hér áðan hafa lýst yfir þeirri afstöðu að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið og aðrir flokkar eru á hægri leið, sumir mjög hægri en aðrir aðeins hraðari leið, að sömu afstöðu. Eitt af því sem verður að gerast áður en það getur orðið að veruleika er að þjóðareign á auðlind sjávar sé algjörlega skýr vegna þess að ef hún er það ekki er varla hægt að ganga til sam-

starfs við þjóðir og ríki Evrópusambandsins vegna þess að aðilar innan sambandsins mundu þá geta átt aðgang að auðlind sjávar og keypt sig inn í þann kvóta sem sumir útgerðarmenn hér telja nánast sína eign og einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Illugi Gunnarsson, kallaði hér séreignarrétt þeirra í umræðu fyrir nokkrum dögum. Það er ákaflega mikilvægt að þetta verði gert því að þetta stendur í vegi fyrir því að við getum virt fyrir okkur aðild að Evrópusambandinu.

Í öðru lagi lít ég svo á að fyrst Framsóknarflokkurinn hefur nú sagt A, það hefur hann reyndar gert, þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann gerir það með einhverjum hætti, þá hljóti hann líka að segja B og standi með okkur að því, samfylkingarmönnum og öðrum, að virkja þjóðareign auðlinda sjávar með því að afnema, í áföngum væntanlega, gamla gjafakvótakerfið — það er að vísu þannig að fáir þeirra sem fengu þær gjafir njóta þeirra enn — afnema það fyrirkomulag sem nú er við lýði með því t.d. að innkalla heimildirnar á segjum 20 árum. Að fara þá leið sem kölluð var fyrningarleið í áliti auðlindanefndarinnar sem talað var um áðan og má þá ræða hvernig það yrði nákvæmlega útfært, því að það er ekkert heilagt í þeim efnum.

Þetta vildi ég segja hér af minni hálfu og míns flokks, þó að ég hafi svo sem ekki beðið formlega um leyfi til þess en þetta mál er of augljóst baráttumál míns flokks til að þess leyfis þurfi að biðja. Þakka ég enn fyrir þetta frumvarp og flutningsmanni fyrir gott mál hér í sinni ræðu.

[17:35]

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir góðar undirtektir. Ég vil taka fram, svo það sé enginn misskilningur, að kannski sagði hv. þingmaður aðeins of mikið þegar hann talaði um afstöðu Framsóknarflokksins til Evrópusambandsins, við komumst ekki að þeirri niðurstöðu að við eigum að ganga í Evrópusambandið heldur að við eigum að sækja um aðild. Það er ekki alveg það sama. Ég vildi að þetta kæmi fram. Að öðru leyti er ég sammála hv. þingmanni um það að ef til þess kæmi að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu þá er mjög mikilvægt að stjórnarskránni hafi verið breytt með þeim hætti sem hér er lagt til.

Í þriðja lagi vil ég taka fram að samþykkt þessarar breytingar á stjórnarskrá Íslands þýðir ekki sjálfkrafa að aflamarkskerfinu, lögum um stjórn fiskveiða, sé breytt. Það er í raun önnur ákvörðun. Til þess að það fari ekkert á milli mála þá er Framsóknarflokkurinn ekki með framlagningu á þessu máli að taka afstöðu gegn því fyrirkomulagi sem hefur verið við lýði á Íslandi á síðustu árum og hefur verið kennt við kvótakerfið. Það er önnur ákvörðun sem þyrfti þá að taka og ég er ekki tilbúin að taka hana í þessari stuttu ræðu minni.

[17:36]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Já, það er auðvitað rétt hjá hv. þingmanni að það er ekki stefna Framsóknarflokksins að ganga í Evrópusambandið. Það er ekki heldur stefna Samfylkingarinnar heldur að sækja um aðild að Evrópusambandinu og ganga inn ef nógu góðir samningar nást til þess að hagsmunir Íslands séu í heiðri hafðir við þá inngöngu. Eitt af því sem skiptir mestu máli þar eru einmitt samningarnir um sjávarútveginn og ég tek undir það að forsenda þess að við getum náð slíkum samningum, samningum sem eru viðunandi, er að við höfum sett þetta ákvæði í stjórnarskrá okkar.

Ég ætla ekki að deila um kvótakerfið sem svo er kallað og er auðvitað í tvennu lagi. Annars vegar aflamarksprinsippið og hins vegar hvernig það fór af stað og deilurnar um eignarréttinn á kvótanum og sú þróun sem hér varð fyrst 1983, svo 1990 og loks 1998 með veðsetningarreglunum.

Ég lýsi því bara yfir og þá sem minni skoðun að þegar menn segja A með þessum hætti þá hljóta menn einhvern tímann síðar, þegar tíminn er fullnaður og málið þroskað, að segja líka B og klára svo stafrófið að lokum í sátt og samlyndi með öðrum stjórnmálaflokkum og alþýðu manna hvernig svo sem vopnaviðskipti hafa verið í fortíðinni.

[17:38]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Að gefnu tilefni sé ég ástæðu til að ræða aðeins um sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar og er rétt að benda á að það gengur auðvitað ekki að horfa fram hjá því þegar fólk talar um Evrópusambandið, eins og hv. þm. Mörður Árnason gerði, að auðvitað skipta sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar miklu máli og hvernig samningur er gerður hlýtur að taka mið af því hvort við ráðum yfir auðlindum okkar eða ekki.

Lagabreytingar til þess að liðka til fyrir hugsanlegri inngöngu eða aðild að Evrópusambandinu eru með þeim hætti að fara verður varlega og fara fetið í því og gera ekki neinar vitleysur. Við þurfum auðvitað að vanda lagagerð eins og lagt er til. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta en ég vara þó við því að við gerum einhver mistök í lagasetningu hvað þetta varðar. Við verðum náttúrlega að taka mið af einu við lagagerð og það er að virða álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, við þurfum að tryggja að það verði gert gagnvart auðlindunum og fiskinum í sjónum sérstaklega, en það virðist blasa við að núverandi ríkisstjórn ætli ekki að taka á mannréttindabrotum á íslenskum sjómönnum. Þess vegna er maður mjög efins um á hvaða vegferð við erum, á hvaða leið við erum. En ég vara við, við skulum passa okkur og gæta okkar hvað þessi mál varðar.

[17:41]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Það er rétt að þessi ríkisstjórn hefur ekki mikil áform um endurbætur í sjávarútvegsmálum. Þessi ríkisstjórn situr í 80 daga ef henni endist líf til þess sem ég held að gerist nú og það er ekki við því að búast að hún geti látið til sín taka með þeim hætti, verkefni hennar eru ærin fyrir. Hins vegar er það svo, sem ég gleymdi nú að geta um, að í verkefnaskrá hennar er stigið skref í átt að þessu, nefnilega að sjá svo til eða fara fram á það við þingið að það samþykki stjórnarskipunarlög þar sem kveðið verði á um auðlindir í þjóðareign. Ég geri ráð fyrir að þau lög verði með svipuðum hætti og það frumvarp sem hér er til umræðu. Það er fyrsta skrefið til þess að ráða bót á þeim mannréttindabrotum sem þingmaðurinn talar réttilega um og til þess

að koma bæði skynsemi og réttlæti í sjávarútvegsskipan okkar.

Ég vonast til þess að næsta ríkisstjórn geti síðan stigið fleiri skref í þessu og ég var að bjóða hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur upp í þann dans hér áðan og mig munar ekkert um að bjóða hv. þm. Grétari Mar Jónssyni að dansa hann með okkur eftir kosningar.

[17:42]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er dálítið sérkennilegt að ræða þessi mál út frá þessu vegna þess að í lögum um stjórn fiskveiða stendur t.d. að allur fiskur í sjónum sé þjóðareign. En það er ekki verið að tala um það, það er verið að tala um að útgerðarmenn eigi nýtingarréttinn, geti leigt hann, selt hann og veðsett. Í þessu tilfelli er lítið gagn að því að fá það inn í stjórnarskrána að fiskurinn í sjónum sé þjóðareign, af því að það er í lögum um stjórn fiskveiða og það er líka í lögum um stjórn fiskveiða að hann myndi aldrei eignarrétt. En málið snýst ekkert um það. Útgerðarmenn segja: Við höfum nýtingarréttinn, við megum leigja, veðsetja og selja nýtingarréttinn. Það er það sem koma þarf í veg fyrir. Menn tala hér eiginlega um sitt hvort málið. Enginn útgerðarmaður þrætir fyrir það að þjóðin eigi ekki fiskinn í sjónum og megi eiga fiskinn í sjónum. Gjafakvótakerfið byggir á nýtingarréttinum, eignarhaldinu á nýtingarréttinum og þeim möguleika að geta leigt og selt, á þeirri forsendu að þeim var úthlutað þessu ókeypis í upphafi sem þeir geta svo braskað með. Við megum ekki gleyma því að bankahrunið og þær hörmungar sem yfir þjóðina hafa dunið upp á síðkastið, síðustu fimm mánuði frá því að bankarnir fóru í þrot, liggur í því að við leyfðum mönnum að braska með veiðiheimildir, leigja, selja og veðsetja.

[17:44]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Það var ekki ætlan mín að ræða þessa hluti svona lengi en ég tel mig samt verða að svara þessu andsvari. Fyrst með því að ég er efnislega algjörlega sammála Grétari Mar Jónssyni eins og hann veit reyndar manna best. Ég held að ég hafi byrjað á undan honum að tala um þessi efni og taka upp þá baráttu sem við höfum sameiginlega verið í í þessu máli. Ég þarf ekkert að endurtaka rök hans um mannréttindin og ég þarf ekki að endurtaka það heldur sem ég hef m.a. bent á og auðvitað margir fleiri að ein af rótum þess vanda sem við eigum nú við að glíma liggur einmitt aftur í kvótakerfið og þær gervieignir sem það bjó til á Íslandi og þá skrýtnu pappírspeninga sem þaðan fóru út í ýmsar skýjaborgir sem nú eru hrundar.

Ég verð hins vegar að segja að ég er ekki sammála honum um að það sé einskis virði að setja ákvæði um þjóðareign auðlinda í stjórnarskrá. Ég tel að það muni mjög styrkja hið fræga ákvæði í lögunum um stjórn fiskveiða og verða til þess að næsta skref sé það að virkja þjóðareignarákvæði stjórnarskrárinnar með því að fara t.d. einhverja útgáfu af hinni svokölluðu fyrningarleið sem minnst er á í starfi auðlindanefndarinnar sem rakið var hér áðan og Samfylkingin hefur gert að sínu, þó að hún sé reiðubúin til ýmiss konar samvinnu um það með ýmsum hætti.

[17:46]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í fyrsta lagi er til bóta að fá inn í stjórnarskrána að þetta sé sameign þjóðarinnar, ég þræti ekkert fyrir það, það er ekki verra. Við megum samt ekki gleyma því að þetta er alveg eins í rafmagninu, þetta er alveg eins í auðlindum í jörðu, þ.e. gufunni. Þar eiga ríki eða sveitarfélög borholurnar og eiga gufuna í jörðu, en iðjuverið sem nýtir það og býr til úr því rafmagn eða leiðir heitt vatn í hús er fyrirtækið sem hefur nýtingarréttinn. (**MÁ:** Það á að borga fyrir það.) Já, já, til 65 ára hafa þessi iðjuver nýtingarrétt, t.d. í Svartsengi og annars staðar. Auðvitað er rétt að borga fyrir það en hagnaðurinn af gjörningnum er ekki í holunni eða landinu sem verið er að nýta heldur í orkuverinu sem selur orkuna.

Það er allt í lagi ef það er gert með þeim hætti að allir standi jafnir að nýtingu. Þegar við gefum nýtingarrétt á holu eða fiski í sjónum erum við farnir að mismuna. Það er sú hætta sem við stöndum frammi fyrir, að við mismunum fyrirtækjum eða einstaklingum með þeim hætti eins og hefur verið gert í sjávarútvegi og ég óttast að verði að stórum hluta líka gert í nýtingarrétti hvað varðar orku í iðrum jarðar og jafnvel annars staðar, m.a. líka í köldu vatni. Þetta eru hlutir sem við þurfum að vara okkur á, að lenda ekki með orkunýtingu með svipuðum hætti og í sjávarútvegi. Við þurfum (Forseti hringir.) auðvitað að passa okkur og við verðum að varðveita auðlindir okkar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sérn.

Þríhnjúkahellir, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 68. mál. — Þskj. 68.

[17:48]

Flm. (Árni Johnsen) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um áskorun til hæstv. iðnaðarráðherra um að hefja nú þegar skipulagða vinnu til þess að fylgja eftir hugmyndum um að gera Þríhnjúkahelli í Bláfjöllum, stærsta hraunhelli í heimi, aðgengilegan fyrir ferðamenn.

Þríhnjúkahellir var ókannaður þar til á Jónsmessu 1974 þegar Árni B. Stefánsson, augnlæknir og hellakönnuður, seig niður á botn gígsins. Það var hins vegar ekki gert opinskátt fyrr en eftir að Daði Garðarsson úr Hjálparsveit skáta í Vestmannaeyjum seig niður á botn hellisins þremur árum seinna í leiðangri Eyjaskáta 17. júní 1977 en frá því var greint í Morgunblaðinu. Þá upplýstist að fyrr hefði verið sigið í hellinn. Hellirinn er einstakur að gerð, tröllaukið gímald, um 175 metrar á dýpt og á við fótboltavöll að flatarmáli í botni, stærsta þekkta hraunhvelfing í heimi og eitt merkasta náttúruundur á Íslandi, falinn neðan jarðar við bæjardyr höfuðborgarinnar í landi Kópavogs, nánar tiltekið á leiðinni upp í Bláfjöll, skíðasvæðið þar.

Þríhnjúkahellir er einstakt náttúruundur á heimsmælikvarða en víða um heim er gert út á heimsóknir í sérstæða hella og þeir skipta miklu máli í ferðaþjónustu og landkynningu. Stóru íbúðablokkirnar þrjár efst á Laugarásnum í

Reykjavík eru þekkt stærð fyrir marga. Ef þær væru settar, þrjár blokkir, hlið við hlið á botn hellisins og Hallgrímskirkja ofan á blokkirnar mundi vanta 15 metra upp á að krossinn á kirkjunni stæði upp úr gígnum. Þetta er gímaldið sem um er að ræða.

Þríhnjúkar ehf. heitir félag áhugamanna undir forustu Árna B. Stefánssonar og hefur félagið hafið undirbúning að því að gera Þríhnjúkahelli aðgengilegan. VSÓ-ráðgjöf hefur m.a. unnið að verkefninu og er að vænta upplýsinga um næstu skref innan þriggja mánaða, en þær hugmyndir sem nú er unnið að byggjast á því að gera 200 metra löng göng inn í Þríhnjúkahellinn sem mundu opnast inn í hellishvelfinguna á 64 metra dýpi að stórum svölum, sem þar yrðu byggðar, og síðan yrði jafnvel hringstigi niður á botn hellisins. Ef ráðist verður í verkið á annað borð verður auðvitað ekki hjá því komist að opna leið fyrir ferðamenn niður á botn hellisins. Það er hreinlega ekki hægt að gera fólki það að geta ekki stigið fæti á botn stærsta hellis í heimi, það er ekki mannlegt.

Þríhnjúkar ehf. hafa gert samning við Kópavogsbæ um framgang verkefnisins á undirbúningsstigi, en Þríhnjúkar í Bláfjöllum eru í landi Kópavogs. Verkefnið er firnamikið og reikna má með að allur pakkinn kosti hátt í milljarð króna, svalir, hringstigar, lýsing og annað sem þarf til þess að fulls metnaðar sé gætt og nærgætni við náttúruundrið sjálft. Aðgengi að Þríhnjúkahelli er einn af mörgum möguleikum í markaðssetningu Íslands á alþjóðavettvangi, enn ein fjólan í íslenska náttúruvöndinn.

Það er engin spurning að a.m.k. tugþúsundir ferðamanna mundu heimsækja þetta náttúruundur á hverju ári þannig að með því að hrundið sé í framkvæmd því verkefni að gera það aðgengilegt fyrir ferðamenn er tryggt að það muni líka skapa tekjur.

Þríhnjúkar eru í hálendisbrúninni ofan við Heiðmörk, 5 km vestur af skíðasvæðinu í Bláfjöllum og 20 km suðaustan Reykjavíkur. Hnjúkarnir eru nánast beint fram undan sé ekið eftir Langholtsvegi eða meðfram Rauðavatni. Undir norðaustasta gígnum er þessi firnadjúpi gígur, ótrúlega stór flöskulaga gíghvelfing. Botn gígketilsins er 120 metra undir yfirborði jarðar og gímaldið sjálft er um 150 þúsund rúmmetrar. Botninn sjálfur er 75–48 metra söðullaga hraunbingur, eins og fyrr getur á stærð við fótboltavöll.

Á Íslandi er enginn aðgengilegur sýningarhellir með göngustígum og raflýsingu. Tveir fegurstu hellar landsins, Jörundur og Árnahellir, hafa verið friðlýstir sérstaklega og eru lokaðir fyrir nánast allri umferð.

Þríhnjúkahellir er ein merkilegasta náttúrumyndun Íslands og gígurinn er eins og sagt er með afbrigðum óaðgengilegur og hrollvekjandi, en hann er stærsti hellir í heimi og túlkar með sjálfum sér þau reginöfl sem búa í iðrum jarðar. Í ógn sinni er Þríhnjúkahellir aðlaðandi, en til þess að hann verði hluti af daglegum möguleikum innlendra sem erlendra ferðamanna þurfa margir að leggja hönd á plóginn, Alþingi, ráðuneyti, sveitarfélög og margir fleiri. Hér er um svo einstæðan og metnaðarfullan möguleika að ræða að ekkert má til spara að opna þennan helli eins smekklega og kostur er.

Þríhnjúkahellirinn opnast efst í einum af Þríhnjúkunum og þar er aðgengi stórhættulegt en hefur verið girt af til að stemma stigu við hættu fyrir ferðamenn og náttúruskoðendur. Þar er leiðin niður eins og nú stendur. Hugmyndin að göngum byggist á því að um 200 metra göng verði frá austri, þriggja metra há með 10 gráðu halla og mundu þá opnast niðri í gígnum, eins og fyrr getur á 64 metra dýpi. Þetta er möguleiki sem nú er unnið að því að útfæra og skoða.

Það eru ákaflega fallegar litasamsetningar víða í hellinum og hann er djásn undir yfirborði jarðar. Það má og nefna að enginn aðgengilegur sýningarhellir er til, eins og ég gat um rétt áðan, og svona sýningarhelli skortir sérstaklega. Íslenskir hraunhellar eru margir hverjir stórmerkilegir en iðulega óaðgengilegir fyrir almenning. Til viðbótar við Þríhnjúkagíg má t.d. hugsa sér að raflýsa og bæta aðgengi Víðgelmis eða Surtshellis.

Það er engin spurning að Þríhnjúkagígur er ein merkilegasta náttúrumyndun landsins. Það eru reyndar ekki til margar góðar myndir úr gíghvelfingunni sjálfri því að hún er náttúrlega óstjórnlega dimm og þarf mikla lýsingu til að ná góðum myndum. Engar góðar myndir eru til úr gíghálsinum vegna tæknilegra örðugleika við myndatöku. Erfitt er því að gera fólki grein fyrir því undri sem hann er. Gíghvelfingin er svo stór að í leiðangrinum 1991 dugði ekki 2,5 kílóvatta lýsing til að hægt væri að taka myndir fyrir næmustu myndbandstökuvél þess tíma. Það dugði líkt og kertaljós í Surtshelli fyrir þá sem þangað hafa komið. Myndir sem náðust á ljósmyndavél Árna B. Stefánssonar 1991 eru einu góðu myndirnar sem eru til af gíghvelfingunni.

Það er ljóst að það kostar talsvert mikið að gera þetta náttúruundur á heimsmælikvarða aðgengilegt og margir þyrftu að koma að því. Þetta er metnaðarfullt verkefni til að opna dyrnar að mjög sérstæðri náttúruperlu. Hún blasir ekki við sól og sumri eins og fossar landsins, hún er í jarðskorpunni sjálfri en slíkur ketill, slíkur tankur að með ólíkindum er, 150 þúsund rúmmetrar. Þessi framkvæmd, þó að hún kosti um einn milljarð króna, mun standa undir sér þegar upp er staðið. Það er mjög eðlilegt að opinberir aðilar sem einkaaðilar freisti þess að ná saman og hugsanlega með söfnunarátaki, jafnvel á alþjóðavettvangi, en það fer ekkert á milli mála að framkvæmd sem hér um ræðir er auglýsing, hún er kynning á Íslandi, hún er kynning á því afli sem býr í iðrum landsins, lands elds og íss, og mun skipta miklu máli í þeirri flóru sem Íslendingar eiga möguleika á að kynna og vekja athygli á í náttúru Íslands þar sem eru til svo ótrúlega miklar andstæður í stóru og smáu.

Það segir svolítið mikið þegar Árni B. Stefánsson augnlæknir lýsir ferð sinni niður í gíginn í fyrsta sinn.

Hann segir, með leyfi forseta:

„Það var alveg ólýsanleg tilfinning að síga þarna niður. Einkennileg tómleikakennd fyllti mig neðarlega í gíghálsinum, tilfinning blönduð sérkennilegri gleði og eftirvæntingu þegar risavaxin gíghvelfingin opnaðist fyrir augum mér. Ef til vill ekki ósvipað þeirri himnesku sælu sem þeir sem vaktir eru úr dái lýsa. Sálin svífur þá yfir eigin líkama, horfir á skrokkinn ofan frá og er í þann mund að hverfa á vit eilífðarinnar og ljóssins. Ég varð bergnuminn í orðsins fyllstu merkinu. Dinglaði eins og dordingull úr hlöðulofti, á leið niður í þetta ótrúlega stóra gímald.

Án segulnaglans hefði ég spunnist í ómegin. Með honum gat ég ekki aðeins stöðvað snúninginn, heldur líka stillt mig inn á hentugt sjónarhorn til þess að gaumgæfa veggina, finna hugsanlegar hellarásir eða annað sem skipti máli. Mikið óskaplega var ég lítill og mikið feiknarlega var gímaldið stórt.“

Þetta er dramatísk lýsing hjá þeim sem fyrstur seig í hellinn og hefur síðan fylgt eftir þeirri hugmynd að opna hann augum almennings, aðgengi almennings innan lands sem utan.

Virðulegur forseti. Ég sé að nú er komin í salinn hv. þm. Álfheiður Ingadóttir. Formaður þingflokks Vinstri grænna bað mig að tala það lengi að hún væri komin í salinn, hún hefði þurft að ná í okkur gögn, og svo segja menn svo að við vinnum ekki saman hér. (**ÁI:** Takk fyrir það.)

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, verði þessari þingsályktunartillögu vísað til iðnaðarnefndar.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og iðnn.

Listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis, 1. umr.

Frv. KHG o.fl., 100. mál. — Þskj. 107.

og

Eignarhald og varðveisla listaverka ríkisbankanna, fyrri umr.

Þáltill. ÁI og KolH, 102. mál. — Þskj. 109.

[18:02]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir stuttu frumvarpi til laga um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis, sem ég flyt ásamt tveimur öðrum hv. þingmönnum sem þá voru, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur og Bjarna Harðarsyni. Eins og kunnugt er hefur Bjarni Harðarson vikið af þingi síðan málið var lagt fram og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir er nú hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra, en er engu að síður flutningsmaður málsins.

Í frumvarpinu, sem eru aðeins þrjár greinar, er mælt fyrir um að öll þau listaverk verði eign ríkisins sem voru í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis við gildistöku laga nr. 125 frá 7. október 2008, svonefndra neyðarlaga, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Sama gildir um þau listaverk sem nú kunna að vera eign þeirra nýju bankastofnana sem stofnaðar hafa verið um hluta af starfsemi bankanna þriggja.

Í 2. gr. er kveðið á um að listaverkin skulu vera áfram almenningi til sýnis innan lands í viðskiptabönkunum eftir því sem unnt er. Listasafn ríkisins fari með yfirumsjón verkanna í samráði við bankana, annist skráningu þeirra og efni til kynningar á verkunum.

Í 3. gr. er kveðið á um að lög þessi öðlast þegar gildi.

Tilefni þessa máls er að bankarnir þrír sem nefndir eru, komust í þrot og ríkið yfirtók innlenda starfsemi þeirra og færði í ný hlutafélög sem bera sambærileg heiti og gömlu bankarnir þrír. Með í flutningnum eru listaverkin sem voru í eigu þessara þriggja banka og munu þau nú öll vera í eigu nýju bankanna og þar með í eigu ríkissjóðs.

Á sínum tíma þegar bankarnir voru einkavæddir í upphafi aldarinnar varð umræða um listaverkin og söfnin sem voru í eigu bankanna. Upp komu þau sjónarmið, m.a. hér á Alþingi, að þau yrðu ekki með í sölunni eða einkavæðingunni. Niðurstaðan varð hins vegar sú að svo varð þannig að öll þessi merku söfn hurfu úr opinberri eigu á þeim tíma. Eigendur bankanna, frá einkavæðingu og fram til haustdaga sl., stóðu sig vel í því að varðveita söfnin og auka við þau. Talið er, samkvæmt fréttum í fjölmiðlum í október sl., að listaverkin séu alls um 4.000 í bönkunum þremur, um 1.700 verk í eigu Landsbankans, í safni Kaupþings voru um 1.200 verk og tæplega 1.100 í eigu Glitnis.

Flutningsmenn frumvarpsins leggja áherslu á að nýta tækifærið sem gefst meðan bankarnir nýju eru allir í opinberri eigu því að það er viðbúið að svo verði ekki til framtíðar litið. Það er nokkuð ljóst að bankastarfsemin verður seld eða einkavædd á nýjan leik þó að vonandi læri menn eitthvað af því sem gerst hefur og standi þannig að málum þegar fram líða stundir að vel takist til. Þá þykir flutningsmönnum rétt að sjá til þess að listaverkin verði áfram eign ríkisins eða eign þjóðarinnar. Um það er frumvarpið flutt og það er tilgangur þess.

Þó að við leggjum mikla áherslu á opinbera eigu á þessum miklu listaverkum er rétt að taka skýrt fram að eigendur bankanna þriggja, meðan þeir voru í einkaeigu, stóðu sig vel í þessum efnum og það er alls ekkert sjálfgefið að framtíðareigendur bankanna muni standa sig illa, það getur vel gerst að þeir standi sig. Hitt er rétt að benda á að það þarf ekki nema einn gikk í hverri veiðistöð og það þarf ekki nema einn eiganda sem hefur lítinn áhuga á þessum verkum eða eiganda sem hefur mikinn áhuga á þeim. Hann er kannski erlendur aðili og flytur þau úr landi sem hann hefði þá fullt leyfi til væri hann eigandi bankanna því að ég geri ráð fyrir því að erlent eignarhald á bönkum komi til. Það er leyfilegt og búið að vera allar götur síðan samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið kom í fullt gildi. Af hálfu okkar flutningsmanna er þetta varúðarráðstöfun til að tryggja hagsmuni þjóðarinnar í þessum efnum og tryggja varðveislu á þeim menningararfi sem verkin eru.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að orðlengja frekar innihald og tilgang málsins. Ég legg til að málið gangi til 2. umr. þegar þessari umræðu er lokið og til hv. viðskiptanefndar, sem ég hygg að sé rétt af því að þetta eru eigur bankanna. Ég hlíti leiðsögn hæstv. forseta ef hann hefur skynsamlegri tillögu en ég legg til.

[18:09]

Flm. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu um sama efni og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson en skjalið sem liggur fyrir er tillaga til þingsályktunar ólíkt því sem hann mælti fyrir,

sem er frumvarp til laga.

Það vekur væntanlega athygli að tvö þingmál skuli koma fram með þessum hætti og má sjá á númerunum að þau hafa nánast komið inn á sama klukkutímanum. Á þeim eru, eins og hv. þingmaður nefndi áðan, nokkuð margir þingmenn sem öllum hefur á þessum sama tíma í haust, í nóvember ef ég man rétt, verið umhugað um að koma máli inn í þingið til þess að tryggja að hvað sem yrði um bankana, sem þá voru komnir í ríkiseigu, mundu þessi menningarverðmæti sem listaverk bankanna eru, ekki vera færð úr eigu almennings á nýjan leik.

Tillaga sú til þingsályktunar sem ég mæli fyrir er um breytingu á eignarhaldi og varðveislu listaverka ríkisbankanna. Flutningsmaður auk mín er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, nú umhverfisráðherra.

Tillögugreinin er einföld og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afhenda Listasafni Íslands til eignar og varðveislu listaverk í eigu hinna nýju ríkisbanka.“

Þessi tvö mál sem eru eðlilega tekin saman til umræðu eru efnislega samhljóða. Það má þó segja að í þessari tillögu sé gert ráð fyrir því að Listasafn Íslands fái til eignar og varðveislu þann mikla menningararf sem um er að ræða og hv. þingmaður nefndi áðan. Listasafn Íslands er auðvitað meginsafn íslenskrar myndlistar í eigu íslenska ríkisins og það er líka miðstöð rannsókna í myndlistarefnum, heimildasöfnunar og kynningar á íslenskri myndlist. Það er ljóst að hvort heldur það er hæstv. viðskiptaráðherra eða hæstv. fjármálaráðherra sem nú um stundir fer formlega með eignarhald á listaverkasöfnum bankanna — það fer eftir því hvort þau eru vistuð í hinum gömlu bönkum eða nýju, og ég kem kannski að því á eftir — en það er vandséð hvernig þeir, þessir hæstv. ráðherrar, hafi þá sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er til þess að tryggja faglega varðveislu þessa menningararfs.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði áðan að bankarnir hafa hlúð verulega vel að þessari listaverkaeign á þeim tíma sem þeir voru í einkaeigu. Þessi listaverkaeign kom eiginlega til þeirra fyrir hvað — gleymsku eða glópsku? Um það var spurt á Alþingi í nóvembermánuði árið 2002 þegar uppvíst varð að öll listaverk í eigu Búnaðarbanka og Landsbanka yrðu flutt með eignarhaldi í hinni miklu og umdeildu einkavinavæðingu sem þá fór fram á bönkunum og verður væntanlega til skoðunar í þeirri rannsókn sem sérstakur saksóknari hefur nú nýhafið.

Ég ítreka það sem ég sagði að það er alls ekki ljóst hvar þessi listaverk eru vistuð í stjórnkerfinu í dag. Fullyrt er að þau hafi verið flutt inn í gömlu bankana, inn í þrotabú eða rekstrarfélög gömlu bankanna sem nú eru í greiðslustöðvun. Ef það er rétt, frú forseti, tel ég að það sé algerlega rangt að farið vegna þess að við skilin á milli nýju bankanna og gömlu bankanna átti að taka tillit til kröfu eigendanna og kröfuhafanna og eignanna og reyna að deila þessu upp í innlendar og erlendar eignir og skuldir. Ég fæ ómögulega séð að þessi menningararfur, þessi hundruð listaverka sem er að finna í bönkunum þremur sem nú eru komnir í ríkiseigu, skuli flokkast með erlendum eignum eða skuldum. Það er alveg ljóst að þau eigi heima í nýju bönkunum og reyndar er eðlilegt, eins og mælt er fyrir um í þessari þingsályktunartillögu, að Listasafnið fái þau til eignar og varðveislu í samræmi við lög um Listasafn Íslands, nr. 58/1988, og reglugerð um sama efni.

Ég minni á það að þegar bankarnir voru einkavæddir, einkavinavæddir, voru listaverkin flutt yfir en ekkert verðmat var gert á þeim. Þau voru ekki skráð til eignar í ársreikningum bankanna þá. Segja má að þau hafi flotið ókeypis inn með einkavæðingunni á sínum tíma. Nú er ljóst að töluverðu hefur verið bætt við þessi listaverkasöfn. Glitnissafnið bætist þarna við. Það hefur verið hlúð að söfnunum, eins og ég sagði áðan, og það er mjög mikilvægt núna á þeim umbrotatímum sem eru í bankastarfsemi á landinu, þegar á að fara að endurskipuleggja allt bankakerfið, að menn láti þennan menningararf aftur úr höndum þjóðarinnar.

Ég fagna því sérstaklega sem fram kom í fyrirspurnatíma í morgun þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði hæstv. menntamálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, um afstöðu hennar til þessa máls. Þar kom skýrt fram að hæstv. ráðherra vill að listaverkin færist formlega í eigu ríkisins. Hún nefndi einnig að þó að þau flyttust til Listasafnsins eða ríkisins formlega, væru skilin frá bönkunum, kæmi vel til greina að viðkomandi bankar hefðu listaverkin áfram til sýnis því að þau eru, eins og hæstv. ráðherra sagði, sum hver nánast samofin afgreiðslustöðum og útibúum bankanna.

Ég vek athygli á því að í greinargerð með þingsályktunartillögu okkar er einmitt ítrekað þetta atriði vegna þess að samkvæmt 12. gr. laga um Listasafn Íslands og 8.–10. gr. reglugerðarinnar nr. 703/2007, er heimilt að lána listaverk safnsins til stofnana að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Samþykkt þessara tveggja mála sem hér eru á ferð útilokar ekki að listaverk geti verið áfram uppi í bönkunum en undir faglegu eftirliti og umsjón þar til bærra aðila sem ég tel að séu í Listasafni Íslands.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Þetta mál var lagt fram þegar fráfarandi vanhæf ríkisstjórn fór að horfa til þess að einkavæða bankana á nýjan leik. Því var lýst yfir að þeir yrðu ekki deginum lengur í eigu ríkisins ef hægt væri að koma þeim þaðan aftur í hendur einkaaðila og enn fremur var leitað eftir erlendu eignarhaldi kröfuhafa á bönkunum. Ég hygg að bæði þessi mál séu til komin vegna þeirra yfirlýsinga. Það er ekki útséð um það enn þá hvað verður um bankana en við megum ekki láta þennan menningararf týnast í sjóðbókum þeirra, hvað þá að hann flytjist úr landi.

Ég tek undir það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði um vísan þessa máls til hv. viðskiptanefndar, sem ég er formaður fyrir nú um þessar mundir. Ég tel að nefndin muni leita eftir umsögn frá hv. menntamálanefnd í þessum efnum og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu og að höfðu samráði við nefndina um afgreiðslu málsins fyrir þinglok.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Tillagan gengur til síðari umræðu og viðskn.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. MÁ og HHj, 48. mál (vef- og rafbækur). — Þskj. 48.

[18:19]

Flm. (Mörður Árnason) (Sf):

Forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi, sem við flytjum, ég og hv. þm. Helgi Hjörvar, um virðisaukaskatt, þ.e. um að setja vefbækur, rafbækur og landakort sem nú eru í efra þrepi virðisaukaskatts í neðra þrepið, 7%, þar sem hliðstæðar vörur eru. Þetta frumvarp var flutt á síðasta þingi en komst þá ekki til umræðu, var lagt fram nokkuð seint á þinginu, og er nú endurflutt óbreytt og mér þykir sýnt að það muni nú komast til nefndar og fá umsagnir, sem er fyrsta skrefið í ferli sem ég efast ekki um að endi með því að málið fari í gegn.

Lagt er til að vefbækur, rafbækur, bækur á geisladiskum og landakort færist á neðra þrep virðisaukaskatts, 7%, þar sem hefðbundnar bækur og hljóðbækur eru nú. Í a-lið 1. gr. er gerð tillaga um vef- og rafbækur en í b-lið bækur á geisladiskum sem eru keyptar og settar í drif eða hlaðið í tölvur í eitt skipti fyrir öll og ég held að menn þekki nokkuð vel kaup á slíkum bókum í bókabúðum eða annars staðar.

Vefbók er hins vegar bókartexti sem lesendur kaupa sér aðgang að á vefnum eða hlaða niður af öðru vefsetri gegn gjaldi. Eðli málsins samkvæmt eru slíkar bækur einkum handbækur eða orðabækur og má nefna ýmsar orðabækur sem hægt er að fá á vefsetrinu ordabok.is og ýmsar bækur á vefsetri sem heitir snara.is og þarf reyndar ekki að greiða fyrir nú en stendur til að selja aðgang að þegar búið er að fullbúa þann vef.

Rafbækur þekkja menn kannski síður en þá er bókartexta hlaðið í tölvur, síma eða sérstök tæki af netinu og er þar um að ræða alls kyns bækur, orðabækur og handbækur, skáldsögur eða skemmtirit af ýmsu tagi. Rafbókunum er hlaðið í grip af þessu tagi hér, sem við höfum leyft okkur að kalla bókhlöðu, sem er kannski ekki heppilegt nafn en tekið upp vegna þess að reynt hefur verið að þýða i-Pod sem tónhlöðu og þetta gæti þá verið bókhlaða. Menn fara þá á vefinn og kaupa sér bók í tækið og geta svo lesið hana í því. Þetta er létt tæki og þægilegt að þurfa ekki að dragnast með þunga bók í eftirdragi. Ég er með á þessu — reyndar á ensku því að íslenskar bækur eru ekki komnar í þetta — rit Sir Arthurs Conans Doyles um Sherlock Holmes og hinn kæra Watson.

Til að taka af öll tvímæli nefnum við í frumvarpstextanum hliðstæða gagnagrunna vegna þess að ekki er allt útgáfuefni á vefnum eða í stafrænu formi til sem prentbækur þannig að hér er reynt að ná utan um nýjungar í bóksölu eða sölu á texta.

Hitt efnisatriði frumvarpsins varðar landakort, sem okkur flutningsmönnum þykir ósanngjarnt og ótilhlýðilegt að séu höfð í öðrum virðisaukaskattsflokki en bækur. Ég er hér með landakort sem gefið er út af Máli og menningu og er, eins og menn sjá, venjulegt landakort. Á kortinu sem ég sýni hér til vitnis eru Vestfirðir og Norðvesturland, sem t.d. hv. þm. Jón Bjarnason þekkir einkar vel. Á bakhlið kortsins er fjallað um fræga staði og ferðamannapláss í landshlutanum með texta og myndum. Þetta kort er með 24,5% virðisaukaskatti.

Hér er ég svo aftur með kortabók sem gefin er út af sama forlagi og í henni er í raun og veru sama kortið, þ.e. af Íslandi öllu, og hér þetta sem forseti hlýtur að kannast við á kortinu og þingmenn sjá hér í salnum. Hér er miklu minni texti en á kortinu, þetta er hins vegar prýðileg bók að nota, sérstaklega á ferðalagi í bíl, og hefur þann mikla kost fyrir notandann að hún ber aðeins 7% virðisaukaskatt. Þegar þetta er borið saman, kortið annars vegar — en ef vel ætti að vera þyrftu þau að vera fjögur til að samsvara þessari bók — þá sjá menn hversu fáránlegt er að gera upp á milli prentgripanna og þar með torvelda með tæknilegum hætti það sem ætti að vera viðskiptaleg og menningarleg ákvörðun bæði útgefanda og kaupanda hverju sinni.

Um breytingarnar sem felast í frumvarpinu eiga við öll sömu rök og um lægri virðisaukaskatt af sölu prentaðra bóka, hljóðbóka og hljómdiska, bæði menningarleg rök og rök af samkeppnistoga um svokallaðar staðkvæmar vörur, þ.e. vörur sem geta komið hver í annarrar stað og í fræðunum er talið mikilvægt að ríkisvaldið og skattayfirvöld standi þannig að verki að ákvörðun um viðskipti með staðkvæmar vörur sé ekki trufluð af mismunandi skatti eða mismunandi tæknilegum útfærslum yfirvalda. Þetta var reyndar það sem Árni M. Mathiesen, þáverandi fjármálaráðherra, núverandi hv. þingmaður, nefndi sérstaklega í nóvember 2006 þegar virðisaukaskattur á geisladiskum, hljómplötum og segulböndum var færður úr 24,5% í 7%.

Í frumvarpi þáverandi fjármálaráðherra segir, með leyfi forseta:

„Er það gert til að jafna samkeppnisstöðu tónlistarútgefenda við bóka- og tímaritaútgefendur en bent hefur verið á að geisladiskar með tónlist séu staðkvæmdarvara við bækur og tímarit og því óeðlilegt að önnur varan beri 24,5% virðisaukaskatt en hin 7%.“

Þetta á að breyttu breytanda með nákvæmlega sama hætti við þessar vörur hér, kortin á móti kortabókinni og vefbækur og rafbækur og geisladiska á móti hinni prentuðu bók.

Það er skemmtileg tilviljun og fróðlegt að Steingrímur J. Sigfússon, núverandi hæstv. fjármálaráðherra, sem tók við af Árna M. Mathiesen, tók þátt í umræðunni í nóvember 2006 og sagði þá, með leyfi forseta:

„Það er sömuleiðis ánægjulegt að menningarstarfsemi, bækur, blöð, tímarit og einnig geisladiskar og hljómplötur fá þarna sterkari stöðu með lækkun almenna þrepsins úr 14% niður í 7, og það að geisladiskar, hljómplötur og segulbönd með tónlist og annað því um líkt kemur þarna inn einnig.“

Hér hafa því tveir fjármálaráðherrar verið leiddir fram til að bera vitni um réttmæti þeirrar óskar sem fram er borin í frumvarpsforminu.

Steingrímur J. Sigfússon, hæstv. núverandi fjármálaráðherra, minntist á menningarleg rök og þau eru auðvitað fyrir hendi, bæði menningarleg og kannski menningartæknileg, ef svo má segja. Hljómplötur og bækur eru sama listræna afurðin og má segja að vefbækur og rafbækur séu sama listræna eða fræðilega afurðin. Nú á tímum skiptir verkið máli en ekki miðillinn. Menn þekkja það ágætlega í

fjölmiðlun nútímans þar sem efninu er veitt um texta með mynd eða hljóði og þar skiptir kannski ekki öllu máli hver miðillinn er. Miðlarnir eru margir en efnið að einhverju leyti eitt og hið sama og þetta þekkja menn úr langri umræðu um fjölmiðlafrumvarpið hér um árið.

Um þetta er það sérstaklega að segja að Íslendingar hafa — við erum nú ekki að öllu leyti misheppnuð þjóð og höfum gert ýmislegt gott þó að við strjúkum okkur nú um ennið yfir glópsku og kjánahætti okkar allra og þó sérstaklega ýmissa forustumanna okkar — líka gert ýmislegt gott í gegnum tíðina og hafa m.a. haft vit á því að fylgjast nokkuð náið með tækniþróun, ekki síst tölvutækninni síðan hún kom, með góðum árangri. Eitt af því sem var styrkur okkar í þeirri þróun þegar Íslendingar hófu tölvunám var að — og sem þeir luku eða temja sér enn með þeim árangri að hér er mikið tölvulæsi miðað við aðrar þjóðir, útbreidd netnotkun og allur almenningur þekkir vel til þessara hluta og er fljótur að tileinka sér nýjungar. Farsímar og þriðja kynslóð farsíma — eða hvað sem má nú kalla nýjustu farsímana — eru orðnir mjög útbreiddir og ég geri ráð fyrir að tæki eins og þetta verði á hvers manns borði eftir nokkur ár, bókhlaðan sem við leggjum til að þetta verði kallað, a.m.k. þangað til við finnum betra nafn.

Eitt af því sem gerði þetta mögulegt var að stjórnvöld sýndu í upphafi frumkvæði í skattamálum og þing og framkvæmdarvald sýndu skilning á sérstöðu fámenns málsamfélags í menningarmálum og þörfinni á því að Íslendingar gætu tileinkað sér nýjungar af þessu tagi fljótt og vel. Ég held ég fari ekki með staðlausa stafi þegar ég nefni nafn Ragnars Arnalds, fyrrverandi þingmanns, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra, sem mig minnir fastlega að hafi beitt sér fyrir því að fella niður söluskatt af tölvum þegar þær voru að komast hér í almenna notkun, sem var sennilega um og upp úr 1980 þegar hann var ráðherra. Þetta skipti feikilega miklu máli fyrir útbreiðslu tölvunnar og þar með fyrir atvinnu- og menningarlíf á Íslandi. Á þessum vegi eigum við að halda áfram og ég bendi á það í þessu sambandi, því hér er í báðum tilvikum um að ræða nýjungar; aðra tæknilega með vef-, raf- og geisladiskabókum, og hina kannski ekki alveg eins nýja, að setja kort í bók, en þó með þeim hætti að kortaútgáfa hefur margfaldast hér á síðustu árum og eflst, m.a. vegna þess að útgáfa korta komst á hendur venjulegra forlaga og var ekki bara bundin við Landmælingar Íslands eins og áður var.

Ég held ég hafi þessi orð ekki fleiri og legg að lokum til að frumvarpið gangi til efnahags- og skattanefndar. Mér þætti vænt um að fulltrúar í menntamálanefnd skoðuðu málið og jafnvel að fyrrnefnd nefnd fæli menntamálanefnd að gefa á því álit en vænti þess að um málið verði fjallað a.m.k. í efnahags- og skattanefnd, beðið um umsagnir og það tekið í fullri alvöru sem bæði tæknilegt framfaramál og menningarmál fyrir okkur á þeim tímum sem við nú lifum. Við megum heldur ekki gleyma því að lífið heldur áfram og við eigum að tileinka okkur ný vinnubrögð á þessum nýju tímum, gera hlutina vel þó að við þurfum að gera þá ódýrar og öðruvísi en við hugðum lengi.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

[18:34]

Útbýting:

Seðlabanki Íslands, 280. mál, nál. meiri hluta viðskn., þskj. 566; brtt. meiri hluta viðskn., þskj. 567.

Framleiðsla köfnunarefnisáburðar, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn o.fl., 110. mál. — Þskj. 118.

[18:34]

Flm. (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um framleiðslu köfnunarefnisáburðar hér á landi. Flutningsmenn þessarar tillögu eru auki mín þeir hv. þingmenn Vinstri grænna Álfheiður Ingadóttir, Atli Gíslason, Björn Valur Gíslason varaþingmaður, Ögmundur Jónasson, hv. þingmaður og nú ráðherra, og Árni Þór Sigurðsson.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar könnun á hagkvæmni og möguleikum á að hefja að nýju framleiðslu á köfnunarefnisáburði hérlendis, með það að markmiði að tryggja öryggi og hagkvæmni í íslenskum landbúnaði og nýta innlenda orkugjafa og starfskrafta til innlendrar framleiðslu á áburði.

Reynist áburðarframleiðslan hagkvæm verði jafnframt kannaðar leiðir til fjármögnunar verkefnisins og að ríkið geti komið beint að henni ef þess er þörf til að tryggja málinu öruggan framgang.

Ríkisstjórnin ljúki athugun sinni og skili greinargerð ásamt tillögum til Alþingis eigi síðar en 1. mars 2009.“

Þetta stendur í tillögugreininni. Það er að vísu farið að styttast í 1. mars en tillagan var lögð fram á fyrstu dögum þings í október. Þó að það verði eilítið síðar en 1. mars er samt alveg ljóst að brýnt er að þeirri könnun sem hér er lagt til að verði farið í verði hraðað.

Með þessari tillögu fylgir greinargerð, frú forseti:

Innlend framleiðsla á áburði hófst árið 1954 þegar Áburðarverksmiðjan í Gufunesi, síðar Áburðarverksmiðja ríkisins, hóf starfsemi sína, en hún var stofnuð árið 1952 og fjármögnuð með Marshallaðstoðinni. Áburðarverksmiðjan framleiddi köfnunarefnisáburð sem gekk undir nafninu Kjarni.

Áburðarverksmiðju ríkisins var breytt í hlutafélag samkvæmt lögum nr. 89/1994, um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins. Eftir hlutafélagavæðinguna var Áburðarverksmiðjan þó enn að fullu í eigu ríkisins sem hafði einkarétt til framleiðslu og sölu á áburði fram til 1. janúar 1995 þegar innflutningur áburðar varð frjáls í framhaldi af aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Allt hlutafé í Áburðarverksmiðjunni var síðan selt til einkaaðila árið 1999 og frá árinu 2001 var áburður ekki lengur framleiddur hér á landi heldur eingöngu fluttur inn.

Það er í sjálfu sér sorgarsaga, frú forseti, hvernig mikilvæg fyrirtæki fyrir framleiðslu landsmanna voru einkavædd, svo seld og síðan í kjölfarið lögð niður og varan eftirleiðis flutt inn. Sala á Áburðarverksmiðju ríkisins á sínum tíma var nánast gjöf og markar að sönnu sorglegan enda á öflugri og góðri framleiðslu sem var í Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Þó svo að tímarnir krefðust þess að hún

yrði flutt frá þeim stað sem hún var var þörfin engu að síður fyrir hendi og hefði verið nær að flytja hana á hentugri stað en að selja hana og loka síðan.

Áburðarverksmiðjan í Gufunesi framleiddi um 24 þús. tonn árlega fyrst um sinn en framleiðslan fór vaxandi og var árið 1999 orðin 65 þús. tonn. Áburður var þá seldur nær eingöngu í heildsölu til kaupfélaga og verslunarfyrirtækja. Áburðarverksmiðjan notaði að meðaltali um 140 GWh af orku á ársgrundvelli meðan hún starfaði.

Köfnunarefnisáburður eða ammóníumnítratáburður er framleiddur með rafgreiningu vatns í vetni og með hreinsun köfnunarefnis úr andrúmsloftinu í sérstöku ferli. Þessum tveimur frumefnum er síðan blandað saman við háan þrýsting til þess að mynda ammóníak og framleidd saltpéturssýra úr ammóníakinu. Áburðurinn sjálfur (ammóníumnítrat) er síðan framleiddur úr blöndu af saltpéturssýru og ammóníaki.

Frá því að efnaframleiðslu á köfnunarefnisáburði var hætt árið 2001 hefur áburður fyrir íslenskan markað verið innfluttur og heimsmarkaðsverð farið hratt vaxandi síðustu missiri. Mikil spenna hefur verið á áburðarmarkaði og stafar hún m.a. af aukinni eftirspurn eftir matvælum og aukinni áherslu á lífrænt eldsneyti sem m.a. er framleitt úr repju og maís. Þannig hafa milljónir hektara akurlendis í Evrópu verið teknar til ræktunar auk þess sem Kína og Indland hafa stóraukið matvælaframleiðslu og áburðarnotkun sína. Því hefur eftirspurn eftir áburði aukist verulega en framboð ekki fylgt eftir og verð áburðar stórhækkað. Auk þess hafa gengissveiflur íslensku krónunnar haft áhrif á verðlag til bænda. Sem dæmi má nefna að áburðarverð hérlendis hefur hækkað um allt að 70–80% milli áranna 2006 og 2008 og vægi áburðar í útreikningum á verðlagsgrundvelli kúabús hefur t.d. aukist verulega, samanber nánari skilgreiningar sem fylgja hér. Því er ljóst að verðhækkanir á áburði koma íslenskum bændum og íslenskri matvælaframleiðslu verulega illa og þykir rétt að skoða hagkvæmni þess að hefja aftur innlenda framleiðslu á áburði.

Hér er gert að tillögu að ríkisstjórnin kanni möguleika og hagkvæmni þess að hefja framleiðslu köfnunarefnisáburðar hér á landi. Með innlendri framleiðslu á köfnunarefnisáburði er hægt að tryggja betur sjálfsforræði Íslands í landbúnaði og tryggja bændum hagstæðari kjör, nú þegar innfluttur áburður hefur hækkað verulega í verði. Þá er innlend framleiðsla eftirsóknarverð þar sem hún getur leitt til aukinnar samkeppnishæfni og lægri framleiðslukostnaðar innlendrar matvælaframleiðslu og þannig m.a. stuðlað að lægra matvælaverði til neytenda. Auk þess er ljóst að flutningur á áburði milli landa og heimshluta eyðir verulegri orku og veldur mikilli losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Því er ekki síður mikilvægt af umhverfisástæðum að flutningsleiðir séu sem stystar en innlend áburðarframleiðsla mundi einmitt tryggja það.

Reynist íslensk áburðarframleiðsla hagkvæm, m.a. með tilliti til kostnaðar, orkuöflunar, umhverfisþátta og eflingar matvælaöryggis, er eðlilegt að ríkið komi beint að fjármögnun verkefnisins í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki og félög bænda og einstaklinga ef það er nauðsynlegt til að tryggja framgang málsins.

Frú forseti. Með þessari þingsályktunartillögu eru fylgiskjöl sem sýna bæði áburðarnotkun á Íslandi og hversu mikil áhrif hækkun verðs á áburði hefur á framleiðslukostnað og sjálfbæra stöðu íslensks landbúnaðar.

Til viðbótar þessu, frú forseti, varð mikil hækkun á áburði á milli áranna 2006 og 2008, 70–80% hækkun. Fyrir árið í ár virðist þessi hækkun enn hafa haldið áfram og samkvæmt þeim tölum sem nú liggja fyrir um hugsanlegt verð á áburði erum við að tala um allt að 30% hækkun á milli áranna 2008 og 2009. Fyrir landbúnað á Íslandi getur þetta þýtt, ef notkun er svipuð og verið hefur, um 800 millj. kr., bara hækkunin sem kemur til framkvæmda á þessu ári ef svo fer.

Í þeirri stöðu sem íslenskur landbúnaður er nú, íslenskir bændur, í þeirri erfiðu fjárhagsstöðu sem þeir eru í eins og önnur fyrirtæki og önnur starfsemi hér á landi er þessi áburðarverðshækkun þeim mjög þung í skauti. Þeir hafa kallað eftir aðgerðum af hálfu ríkisins og spurt: Hvað eigum við að gera? Við höfum ekki fjármagn, við fáum ekki lánsfé á viðunandi kjörum til að kaupa áburð í ár og stöndum frammi fyrir geigvænlegum erfiðleikum hvað það varðar.

Það verður að koma til móts við þessa stöðu íslensks landbúnaðar í ár og næsta ár til að tryggja hér landbúnaðarframleiðslu, matvælaframleiðslu, atvinnustarfsemi sem tengist landbúnaðinum því að fátt er okkur mikilvægara á þessum tímum en að tryggja stöðu íslensks landbúnaðar. Þegar til framtíðar er litið er brýnt að við verðum hér sem mest sjálfbær um þær vörur sem við þurfum í matvælaframleiðslu okkar eins og framleiðslu áburðar og tryggja stöðu íslensks landbúnaðar hvað það varðar. Landbúnaðarframleiðsla á nú mikla möguleika hér á landi og hefur sjaldan eða aldrei verið mikilvægari þannig að við þurfum að tryggja, ekki aðeins góðan framgang hefðbundins landbúnaðar heldur einnig að styrkja og efla lífræna og vistvæna framleiðsluferla í landbúnaði. Á þetta allt eigum við nú að leggja höfuðáherslu.

Við eigum líka orku sem væri vel nýtt í því að reisa áburðarverksmiðju. Ég vil minnast hér á t.d. Blönduvirkjun þar sem raforkan fer burt úr héraði í fjarlæga landshluta til álframleiðslu. Væri ekki nær að rafmagnið sem framleitt er í Blönduvirkjun, eða hluti þess, færi í áburðarverksmiðju í nágrenni Blönduóss, á því svæði? Þetta er nefnt hér án þess að staðarvalið í sjálfu sér fyrir áburðarverksmiðju sé neitt meginmál í þessu, aðalatriðið er að þessi könnun fari fram með það að markmiði að það verði stefnt að því, reynist þess nokkur kostur, að hér verði reist áburðarverksmiðja og þá verði jafnframt fundið út hvort það yrði hagkvæmt að hafa eina eða fleiri um landið. Tækni hefur fleygt fram á þessum sviðum og möguleikum og þess vegna getur einmitt verið rétt að reisa minni áburðarverksmiðjur á fleiri stöðum á landinu til að auka hagkvæmnina í þeirri framleiðslu.

Frú forseti. Ég tel að þessi tillaga um að við hefjum aftur áburðarframleiðslu hér á landi sé gríðarlega mikilvæg. Þess vegna legg ég áherslu á að þetta þingmál fái sem skjótastan og bestan framgang og góðar undirtektir af hálfu þingsins. Ég legg til að þessu máli verði vísað til hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og vænti þess að nefndin og þingið muni afgreiða málið hratt og vel þannig að hægt sé að koma að þeim athugunum sem þarf til að hægt sé að

hefja framleiðslu á áburði hér á landi. Mér er kunnugt um að á fleiri en einum stað séu nú þegar slíkar kannanir í gangi, menn eru að kanna möguleika á áburðarframleiðslu og því er mikilvægt að hið opinbera komi strax að, styðji aðföng og styðji við þær kannanir og athuganir sem í gangi eru ef það mætti verða til þess að flýta því að við getum hafið köfnunarefnisframleiðslu hér á landi á ný. Það yrði mikill stuðningur við íslenskan landbúnað, innlenda matvælaframleiðslu og líka íslenskt þjóðarbú. Möguleikarnir í íslenskum landbúnaði eru aldrei meiri en nú og þess vegna er brýnt að við styðjum hann á allan hátt. Þessi þingsályktunartillaga miðar einmitt að því, frú forseti.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og sjútv.- og landbn.

Fundi slitið kl. 18:50.

---

85. FUNDUR

föstudaginn 20. febrúar,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Seðlabanki Íslands, stjfrv., 280. mál, þskj. 506, nál. 566 og 570, brtt. 567. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
Pétur H. Blöndal, 6. þm. Reykv. n.
Össur Skarphéðinsson utanrrh., 2. þm. Reykv. n.

[Fundarhlé. — 10:31]

[10:46]

Útbýting:

Seðlabanki Íslands, 280. mál, nál. minni hluta viðskn., þskj. 570.

Um fundarstjórn.

Svar við fyrirspurn.

[10:46]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Þann 19. desember sl. lagði ég fram fyrirspurn til fjármálaráðherra um bifreiðahlunnindi starfsmanna hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Hve margir bankastarfsmenn voru á bifreiðum í eigu nýju og gömlu ríkisbankanna 1. desember sl., sundurliðað eftir bönkum?

2. Hve margir fyrrverandi starfsmenn ríkisbankanna voru á slíkum bílum 1. desember sl., sundurliðað eftir bönkum?

3. Hvert er skattalegt hlunnindamat á hverja bifreið á mánuði?

4. Hver tekur ákvörðun um hver fái slík bifreiðahlunnindi?

5. Tíðkast slík hlunnindi almennt í öðrum ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum?

Nú tveimur mánuðum síðar hafa engin svör fengist nema frá Glitni. Þar kemur fram að á þriðja tug starfsmanna keyrir á bílum á kostnað bankans. Ég ítrekaði beiðni mína um svör í síðustu viku og þá lofaði hæstv. forseti að beita sér í málinu. Enn hafa hins vegar engin svör borist. Bifreiðahlunnindi virðast vera alveg óskaplegt leyndarmál hjá þessum fyrirtækjum og stofnunum.

Því verð ég að segja að mér svelgdist töluvert á morgunkaffinu í morgun þegar ég las frétt um bílaeign ríkisbankanna í *Morgunblaðinu*. Af einhverjum ástæðum virðist blaðamaður *Morgunblaðsins* eiga auðveldara með að nálgast upplýsingar um bílaeign (Forseti hringir.) bankanna en Alþingi Íslendinga. Því spyr ég: Hvað hyggst hæstv. forseti gera í sambandi við þetta?

[10:48]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Eins og fram kom í orðum hv. þm. Eyglóar Harðardóttur óskaði hún eftir að málum yrði fylgt eftir og krafist svara við fyrirspurn hv. þingmanns. Forseti hefur gengið eftir því með formlegum hætti og mun fylgja því áfram. Svör hafa borist um að þetta hafi tafist vegna stjórnarskipta en það mun verða gengið mjög fastlega eftir að þetta komi sem allra fyrst.

[10:48]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég vil taka fram að í þessari frétt í *Morgunblaðinu* kom fram að Kaupþing var með 62 bíla í sinni eigu og þar af voru 47 vegna bifreiðahlunninda starfsmanna. Bankinn hefur hins vegar verið á fullu að undanförnu að reyna að losa sig við bílana og hefur nú selt 27 þeirra með 30% afslætti. Hins vegar var ekki sótt um leyfi fyrir sölunni og bílarnir voru ekki auglýstir til sölu og allra síst var haft samband við Ríkiskaup sem selur ríkiseignir og hefur ætíð þá reglu að selja ríkiseignir að undangenginni auglýsingu. Landsbankinn þverskallast enn við að svara, bæði blaðamanni og hv. Alþingi. Það eru algerlega óásættanleg vinnubrögð af hendi stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins að sýna Alþingi þessa óvirðingu. Ég verð að spyrja: Hvað eru menn að fela? Hvað er svona hræðilegt í þessu máli?

Ég þakka fyrir að forseti ætli að fara að beita sér enda get ég ekki trúað því að nýr hæstv. forseti Alþingis, sem hefur einmitt lagt sig fram um það að hafna sínum eigin bifreiðahlunnindum, ætli að sitja undir þessum ótrúlegu

vinnubrögðum og sætta sig við að Alþingi sé sýnd slík óvirðing.

[10:50]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Eyglóar Harðardóttur og lýsa því yfir að viðskiptanefnd þingsins mun láta þetta mál til sín taka og óska eftir upplýsingum beint um það í næstu viku.

Seðlabanki Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 280. mál (skipulag yfirstjórnar og peningastefnunefnd). — Þskj. 506, nál. 566 og 570, brtt. 567.

[10:51]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Í kjölfar dýpstu efnahagskreppu síðan 1930 er um allan heim rætt um ástæður hrunsins á fjármálamörkuðum heimsins. Það er rætt um hver voru viðbrögð stjórnvalda og eftirlitsaðila við blikkandi viðvörunarljósum en einnig um nauðsyn þess að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir eða reyna að afstýra öðrum slíkum áföllum í bráð og lengd.

Það er ljóst að eftirlitskerfi og stjórntæki í hinu kapítalíska og alþjóðlega hagkerfi frjálshyggjunnar ýmist brugðust eða voru misnotuð í þágu fjármálaspekúlanta og auðjöfra en opinberar stofnanir og eftirlitsaðilar víða um lönd aðhöfðust lítt eða helltu jafnvel olíu á eld. Menn ræða um allan heim í kjölfar þessa hvernig endurskipuleggja þurfi stjórnkerfi í peningamálum þjóða til þess fyrst og fremst að tryggja að sparnaði fólks verði ekki stolið á nýjan leik og hann selfluttur yfir landamæri jafnvel í skattaskjól út og suður.

Menn ræða nauðsyn þess að aflétta bankaleynd, sem er hið heilaga vígi auðmagnsins, og menn ræða nauðsyn þess að breyta lagarammanum um peningamarkaðinn og að endurskipuleggja allt regluverk og eftirlit í heimi frjáls flæðis peninga og yfirþjóðlegra fjármálafyrirtækja. Þetta eru og verða verkefni og viðfangsefni næstu mánaða og missira hér á landi sem og víða um heim. Það er eðlilegt að við hugum að þessum málum og fylgjumst vel með því sem grannar okkar eru að gera austan hafs og vestan vegna þess að hrunið á Íslandi var margfalt stærra, bæði miðað við hina frægu höfðatölu og miðað við stærð efnahagskerfis okkar.

Það er hins vegar svo að með því frumvarpi um Seðlabanka Íslands sem hér er til umræðu er ekki verið að fara í umfangsmikla endurskipulagningu á þeim nótum sem ég hef rakið að nauðsynlegt sé. Það er enda ekki gott að fara í umfangsmikla endurskipulagningu á sama tíma og nýta þarf alla krafta manna til að bjarga því sem bjargað verður. Það á jafnt við um Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið, því að eins og fulltrúi Fjármálaeftirlitsins, sem kom á fund hv. viðskiptanefndar, sagði um mögulega sameiningu þessara tveggja stofnana á nýjan leik: „Það er kannski það síðasta sem við þurfum að fara að gera akkúrat núna þegar við erum með fangið fullt.“

Því nefni ég þetta hér, herra forseti, að frumvarpið sem hér liggur frammi til umræðu eftir meðferð í hv. viðskiptanefnd er í rauninni einfalt og skýrt. Það tekur aðeins til yfirstjórnar bankans og ákvarðana um beitingu stjórntækja hans í peningamálum. Þetta eru tvö meginatriði, annars vegar í upphaflegu frumvarpi hæstv. forsætisráðherra, að skipa einn seðlabankastjóra í stað þriggja og leggja niður hið fjölskipaða stjórnvald sem er bankastjórn Seðlabanka Íslands. Í öðru lagi að festa í sessi peningastefnunefnd bankans þannig að í henni eigi sæti tveir sérfræðingar utan bankans. Í þriðja lagi að tryggja gagnsæi við ákvarðanir um þessi tvö atriði eins og nánar verður vikið að síðar.

Markmið þeirra breytinga sem frumvarp hæstv. forsætisráðherra kveður á um er að tryggja að í bankanum starfi fagleg yfirstjórn og þar með að tryggt verði að faglega sé staðið að ákvarðanatöku við beitingu stjórntækja bankans í peningamálum og áhersla lögð á gagnsæi allra ákvarðana sem þar eru teknar.

Hvað varðar skipan seðlabankastjóra þá var í frumvarpi hæstv. forsætisráðherra ákveði um að auglýsa skuli þá stöðu á opinberum vettvangi eins og önnur embætti á vegum íslenska ríkisins og gera skyldi tilteknar hæfniskröfur til umsækjanda. Hvað varðar ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum var í frumvarpi hæstv. forsætisráðherra tryggt að að slíkum ákvörðunum skyldu koma tveir aðilar utan bankans og fengju þeir sæti í peningastefnunefnd hans. Enn fremur var í frumvarpi hæstv. forsætisráðherra gert ráð fyrir því að opinberlega skyldi gerð grein fyrir ákvörðunum peningastefnunefndar og forsendum þeirra, þar með talið við vaxtaákvarðanir.

Þetta voru meginefni frumvarpsins eins og það var kynnt í framsögu hæstv. forsætisráðherra og þau eru til þess ætluð að endurvekja traust á þeirri mikilvægu stofnun sem Seðlabanki Íslands er og mikilvægt er í þeirri stöðu sem íslensk þjóð nú er í.

Frumvarpið tók í raun einni efnislegri breytingu í meðförum nefndarinnar með því að gerð er tillaga af hálfu meiri hluta nefndarinnar um að setja á stofn embætti aðstoðarseðlabankastjóra við Seðlabanka Íslands og skuli hann vera staðgengill seðlabankastjóra. Aðrar breytingar sem meiri hlutinn leggur til eru einkum til áréttingar þeim markmiðum frumvarpsins sem ég áður nefndi um að faglega sé staðið að öllum málum og gagnsæi verði sem mest.

Ég mun nú, herra forseti, fara aðeins yfir nefndarálit meiri hluta hv. viðskiptanefndar og breytingartillögur sem er að finna á þskj. 567. En áður en ég vík að því vil ég þakka sérstaklega öllum þeim sem gáfu sér tíma, oft með mjög litlum fyrirvara, til að leggja hv. viðskiptanefnd lið við vinnslu þessa máls. Ég nefni alla þá fjölmörgu sem sendu inn umsagnir. Það komu að ég held um 15 skriflegar umsagnir, margar mjög ítarlegar. Ég vil þakka sérstaklega þeim sem sendu þær inn og líka öllum þeim sem höfðu samband beint við nefndarmenn með ábendingar og tillögur og á það jafnt við um þingmenn sem aðila utan þings. Ég vil líka þakka sérstaklega þeim fjölmörgu sem komu á fund nefndarinnar. Það komu um 23 gestir á sjö fundi nefndarinnar og sumir oftar en einu sinni. Síðast en ekki síst vil ég þakka starfsmönnum á nefndasviði og í forsætisráðuneytinu

sem mikið mæddi á, einkum á síðustu metrunum.

Þá á ég, herra forseti, aðeins eftir að þakka hv. nefndarmönnum gott samstarf en eins og ég nefndi áðan hélt nefndin sjö fundi um málið og ég veit og þakka fyrir það að allir nefndarmenn gerðu þetta mál að forgangsverkefni sínu þá 14 daga sem frumvarpið hefur verið í meðförum þingsins.

Ýmsar góðar tillögur nefndarmanna, umsagnaraðila og gesta hafa ratað inn í breytingartillögur meiri hlutans og umsögn hans. Það er skoðun mín að með frumvarpi hæstv. forsætisráðherra og þeirri miklu vinnu sem hv. viðskiptanefnd lagði í málið hafi verið lagður grunnur að betri og öflugri seðlabanka sem notið getur trausts og trúnaðar innan lands sem utan, því að á því þurfum við að halda og það er takmarkið.

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta viðskiptanefndar en það er að finna á þskj. 566, en meiri hlutann skipa auk þeirrar sem hér stendur, og er formaður viðskiptanefndar, hv. þingmenn Gunnar Svavarsson, Lúðvík Bergvinsson, Höskuldur Þórhallsson og Birkir J. Jónsson.

Ég ætla að reyna að fara stuttlega yfir þessar breytingartillögur. Ítarlega er gerð grein fyrir þeim og forsendum þeirra í nefndarálitinu. Vil ég þá fyrst víkja að 1. breytingartillögunni á þskj. 567. Samkvæmt frumvarpi hæstv. forsætisráðherra var gert ráð fyrir því að bankaráð fengi það hlutverk að setja starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins að fengnum tillögum seðlabankastjóra. Með því væri bankaráðinu í reynd falið nýtt hlutverk, að mati hv. viðskiptanefndar, og þar sem ekki eru í frumvarpinu gerðar aðrar breytingar á hlutverki bankaráðs að nokkru leyti þá þykir ekki rétt að hrófla við því að svo stöddu. Við leggjum því til að seðlabankastjóri setji starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins.

Í öðru lagi, eins og menn þekkja, hefur verið rætt mikið um hæfniskröfur — eða ég ætla að víkja fyrst, herra forseti, að þessari meginbreytingu sem er tillaga um að skipaður verði aðstoðarseðlabankastjóri auk seðlabankastjóra sem greindi í frumvarpi hæstv. forsætisráðherra. Við gerum sem sagt tillögu um breytingu við 3. gr., og er það í 2. tölulið á þskj. 567, um að auk þess að skipa seðlabankastjóra skuli forsætisráðherra skipa aðstoðarseðlabankastjóra sem skuli vera staðgengill bankastjóra og er lagt til að um skipun, skipunartíma og hæfniskröfur gildi sömu reglur og um seðlabankastjóra. Aðstoðarbankastjóri leysir þannig seðlabankastjóra af í styttri fjarvistum og forföllum og fer hann þá með sömu valdheimildir og seðlabankastjóri samkvæmt lögum, samanber almennar reglur um innra valdframsal innan stofnana ríkisins, samanber einnig nánari reglur sem seðlabankastjóri setur um umboð starfsmanna bankans, þar með talið aðstoðarbankastjóra, til að skuldbinda bankann með undirskrift sinni og skulu reglurnar staðfestar af bankaráði. Þessar tillögur er að finna í 2. tölulið á þskj. 567. En í upphaflegu frumvarpi var tiltekið, og stendur óbreytt, að komi til lengri forfalla, hvort heldur er seðlabankastjóra eða aðstoðarseðlabankastjóra, geti forsætisráðherra, skv. 2. efnismgr. 3. gr. frumvarps, sett seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra tímabundið í embættið.

Ég ætla þá að víkja aðeins að menntunarkröfunum sem nokkuð hafa verið til umræðu. Líkt og menn vita komu fram ábendingar strax við 1. umr. málsins, um að þær kröfur um menntun, sem kveðið er á um í frumvarpinu, væru of þröngt skilgreindar. Þessi orð nokkurra þingmanna við 1. umr. fengu mikinn stuðning í umsögnum og ummælum gesta, og töldu menn að of þröngur stakkur væri skorinn að gera kröfu um meistarapróf í hagfræði. Í stað þessa leggur meiri hluti nefndarinnar til að umsækjendur um starf seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra skuli hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Þetta teljum við býsna víða skilgreiningu og hún ætti að vera til þess fallin að hæfustu menn með góða reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum og með háskólamenntun á mjög breiðum grunni væru hæfir sem umsækjendur um starf þessara embættismanna ríkisins. Í nefndaráliti á bls. 2 er tekið sem dæmi um slík fagsvið viðkomandi umsækjenda sem til greina kæmu að mati meiri hlutans, viðskiptafræði, rekstrarhagfræði, fjármálaverkfræði eða fjármálastærðfræði, tölfræði við hagrannsóknir, fjármálalögfræði, viðskiptalögfræði og fleira, og ég legg áherslu á þetta „og fleira“ vegna þess að aldrei getur verið um tæmandi upptalningu á hæfniskröfum sem þessum að ræða enda er það lagatextinn sem blífur, þ.e. „í hagfræði og tengdum greinum“.

Einnig er lagt til á þskj. 567 að skipunartími seðlabankastjóra sem og skipunartími aðstoðarseðlabankastjóra skuli vera 5 ár en ekki 7 eins og tilgreint var í frumvarpi hæstv. forsætisráðherra. Er það til samræmis við skipunartíma annarra embættismanna íslenska ríkisins.

Ég nefndi áðan þá kröfu sem hæstv. forsætisráðherra lagði áherslu á í framsögu sinni um þetta mál, um gegnsæi. Það á við um ráðningarferlið eða skipunarferlið því að þar var í upphaflega frumvarpinu gerð tillaga um að það yrði auglýst og gerðar yrðu kröfur um menntun seðlabankastjóra en til þessa hefur seðlabankastjóri verið skipaður beint án nokkurra tilnefninga eða formlegs aðdraganda og hefur það sætt ámæli og menn talið að þar væri mikil hætta á pólitískum ráðningum sem girða þyrfti fyrir. Hvernig er það gert almennt í lögum? Það er gert með kröfu um auglýsingu, það er gert með kröfu um hæfni, menntun og reynslu. En meiri hluti viðskiptanefndar hefur fallist á, og gert að tillögu sinni, tillögur ýmissa umsagnaraðila um að auk þessa skuli forsætisráðherra skipa sérstaka nefnd sem hafi það hlutverk að leggja mat á hæfi umsækjenda um þessar stöður. Tillagan miðar þá að því að styrkja enn frekar faglegan grundvöll við skipun í embætti. Gert er ráð fyrir því að bankaráð Seðlabanka Íslands skipi einn fulltrúa í þessa matsnefnd, einn fulltrúi verði skipaður af samstarfsnefnd háskólastigsins en í henni eiga sæti rektorar allra háskóla á landinu sem fengið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytisins og loks skipi forsætisráðherra þriðja manninn og skal hann vera án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Þá er ég kannski, herra forseti, komin að peningastefnunefndinni en ákvæði um hana er að finna í 4. gr. frumvarpsins. Eins og ég sagði áðan er annar af tveimur meginþáttum þessa máls sá að formgera peningastefnunefnd bankans þannig að í henni eigi sæti utanaðkomandi aðilar. Að sjálf-

sögðu er peningastefnunefnd starfandi í Seðlabanka Íslands í dag. Mönnum til upplýsingar er hún skipuð sjö mönnum. Þar af eru þrír sem hafa atkvæðisrétt, það er hin fjölskipaða bankastjórn bankans. Í frumvarpi hæstv. forsætisráðherra er gerð tillaga um formlega skipan í peningastefnunefnd og ef tekið er mið af þeim breytingartillögum sem ég mæli hér fyrir munu áfram sitja í henni fimm manns en í stað þess að seðlabankastjóri skipi tvo nefndarmenn að fenginni staðfestingu ráðherra, eins og upphaflega var gerð tillaga um í frumvarpinu, þá skipi forsætisráðherra þessa tvo utanaðkomandi aðila beint. Breytingin miðar að því að takmarka áhrifavald seðlabankastjóra að þessu leyti. Það er eftirtektarvert að í mörgum þeirra umsagna sem nefndinni bárust var lögð mikil áhersla á það að takmarka sem mest áhrifavald seðlabankastjóra.

Við höfum hins vegar í hv. viðskiptanefnd, og ég hygg að það eigi við um bæði meiri hluta og minni hluta, lagt áherslu á að styrkja sjálfstæði Seðlabankans sem slíks og seðlabankastjórans innan skipurits bankans. Þannig féllumst við ekki á hugmyndir eða tillögur um það að peningastefnunefnd skyldi skipuð einvörðungu fulltrúum utan bankans eða að í peningastefnunefnd skyldu sitja að minnsta kosti að meiri hluta til aðilar utan bankans. Þeir tveir sérfræðingar, sem við gerum þá tillögu um að forsætisráðherra skipi beint, skulu vera sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála og er það til ítrekunar á því sem sagði í upphaflegum texta frumvarpsins og í nefndaráliti kemur fram að meiri hlutinn telur að til álita komi að leita eftir erlendum einstaklingum eða einstaklingi til að taka sæti í þessari nefnd. Það er lagt til að skipunartími utanaðkomandi nefndarmanna verði fimm ár í stað þriggja sem var í upphaflegu tillögunum en ábendingar bárust um að eðlilegt væri að hafa þetta ekki svo stuttan tíma miðað við það sem þá var hugsað um varðandi seðlabankastjóra.

Varðandi peningastefnunefndina sjálfa að öðru leyti er lagt til að auk seðlabankastjóra eigi sæti í nefndinni aðstoðarseðlabankastjóri, sem hér er gerð tillaga um að verði skipaður, og síðan einn af yfirmönnum bankans sem seðlabankastjóri skipar í hana.

Það er ein áherslubreyting í textanum hvað varðar verkefni peningastefnunefndar þar sem lagt er til að áréttað verði, og það er í 3. breytingartillögu á þskj. 567 sem fjallað er um þessar breytingar á peningastefnunefndinni, að peningastefnunefnd skuli við ákvarðanatöku um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum taka mið af ástandi og horfum í fjármálastöðugleika með sama hætti og tekið er mið af ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum. En það kom fram í umræðum í nefndinni, umsögnum og ábendingum að þess hefði kannski ekki gætt nægilega vel í störfum nefndarinnar eða bankans.

Ég nefndi áðan hversu mikilvægt það er í frumvarpi hæstv. forsætisráðherra að styrkja gegnsæi bæði við ákvörðunartökur nefndarinnar og við ráðningu seðlabankastjóra. Því til áréttingar leggur meiri hluti nefndarinnar til að fundargerðir peningastefnunefndar verði gerðar opinberar. Auk þess sem segir í frumvarpi hæstv. forsætisráðherra — að opinberlega skuli gerð grein fyrir ákvörðunum peningastefnunefndar og forsendum þeirra, þar með talið í vaxtamálum — gerum við tillögu um að fundargerðirnar sem slíkar verði gerðar opinberar og nefndin setji sér sérstakar reglur þar um. Þetta tíðkast m.a. í Bretlandi, þar sem opna skal fundargerðir nefndarinnar innan sex vikna, og í Svíþjóð, þar sem birta skal fundargerðir peningastefnunefndar innan tveggja vikna. Er það talið til þess fallið að auka trúverðugleika ákvarðana nefndarinnar auk þess sem það felur í sér aukið gagnsæi sem ég nefndi áðan. Telja verður nauðsynlegt fyrir fjármálalífið að það fái upplýsingar um það á hvaða grunni þessar ákvarðanir peningastefnunefndar séu teknar. Gagnrýnt hefur verið af hálfu fjármálafyrirtækja að forsendur og markmið stýrivaxtaákvarðana til að mynda séu ekki uppi á borðinu. Sú breyting sem hér er lögð til er fyrst og fremst sett fram til að auka tiltrú á Seðlabankanum og auka gagnsæi stýrivaxtaákvarðana. Um leið fengi bankinn, með birtingu fundargerða, nauðsynlegt aðhald og málefnaleg umræða um ákvarðanirnar, forsendurnar og afleiðingarnar mundi aukast. Það er til að mynda talið þýðingarmikið, og kom fram í umsögnum og umræðum á fundum nefndarinnar, að upplýst sé hvernig atkvæði falla við töku ákvarðana í peningastefnunefnd. Eins og ég nefndi áðan er gert ráð fyrir því að peningastefnunefnd setji nánari reglur um birtingu fundargerða, þar með talið um tímamörk birtingar.

Eitt nýmæli er að finna í tillögum meiri hluta hv. viðskiptanefndar og það er að peningastefnunefnd skuli gefa Alþingi skýrslu tvisvar á ári um störf sín og er þá gengið út frá því að þrjár nefndir þingsins, efnahags- og skattanefnd, sem Seðlabankinn heyrir með réttu til, fjárlaganefnd og viðskiptanefnd fundi sameiginlega um efni skýrslnanna ásamt nefndarmönnum úr peningastefnunefnd.

Þá vil ég, herra forseti, vekja athygli á því sem segir í breytingartillögum við 5. gr. frumvarpsins, um að nefndarmönnum í peningastefnunefnd sé óheimilt að sinna störfum utan bankans sem geta verið til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í efa. Þetta er viðbót sem meiri hlutinn leggur til að verði sett inn til áréttingar til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Komi upp ágreiningur um beitingu þessa ákvæðis sker forsætisráðherra úr samkvæmt tillögu meiri hlutans og þá er jafnframt gerð tillaga um að forsætisráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um hæfisskilyrði, þar með talin neikvæð hæfisskilyrði, þeirra sem eiga sæti í peningastefnunefnd. Með neikvæðum hæfisskilyrðum er m.a. átt við að menn séu taldir fruminnherjar og þurfi þá að tilkynna um aðgerðir sínar ef þeir eru þátttakendur á markaði.

Nokkrar breytingartillögur taka til þessa nýja embættis aðstoðarbankastjóra og ætla ég ekki að fara nánar út í þær, þær eru til samræmis við það sem segir um seðlabankastjóra, svo sem hvernig eigi að ákveða starfskjör hans. En ég vek athygli á því varðandi peningastefnunefndina og þetta nýja embætti aðstoðarbankastjóra að gert er ráð fyrir því að um þessa nefndarmenn gildi sömu ákvæði um þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga og gilda um seðlabankastjóra og aðra starfsmenn bankans og bankaráðsmenn, skv. 35. gr. laga um Seðlabankann.

Herra forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu. Ég vil vekja athygli á því að lagðar eru til nokkrar breytingar á bráðabirgðaákvæðunum en einnig að bætt verði við nýju ákvæði til bráðabirgða. Þar er verið að tala um svokallaða veltiskip-

an til að tryggja að skipunartími til að mynda seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra renni ekki út á sama tíma. Því er gerð tillaga um það að seðlabankastjórinn verði skipaður til fimm ára, eins og segir í lögunum, en þrátt fyrir ákvæði um fimm ára skipan aðstoðarbankastjóra skuli hann hið fyrsta sinn vera skipaður til fjögurra ára. Á sama hátt er gert ráð fyrir því að fulltrúarnir tveir í peningastefnunefnd, sem á að skipa til fimm ára, verði í fyrsta sinn skipaðir annars vegar til þriggja ára og hins vegar til fjögurra ára.

Í ákvæði II til bráðabirgða, herra forseti, er ítrekað hvernig standa skuli að setningu seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra til bráðabirgða þann tíma sem tekur að uppfylla önnur ákvæði laganna eftir gildistöku þeirra, þ.e. ákvæði um auglýsingu, skipan matsnefndar og í framhaldinu skipun í embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra. En eins og bráðabirgðaákvæðið ber með sér í frumvarpinu fellur niður við gildistöku laganna — eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Við gildistöku laga þessara er bankastjórn Seðlabanka Íslands lögð niður og þar með embætti þriggja bankastjóra sem sæti eiga í stjórninni, þ.m.t. embætti formanns bankastjórnar.“

Síðan er tekið á því hvernig forsætisráðherra setur til bráðabirgða í slík embætti meðan auglýsingaferlið fer fram og þær breytingar sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði á því ákvæði eru til áréttingar þessu.

Ég hef lokið, herra forseti, við að fara yfir lauslega þær breytingartillögur sem meiri hluti viðskiptanefndar gerir. Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar til starfsmanna þingsins og til nefndarmanna allra og gesta fyrir að hafa lagt mjög mikið af mörkum við vinnslu þessa máls.

[11:19]

Frsm. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta viðskiptanefndar, en minni hlutann skipa hv. þingmenn Árni M. Mathiesen, Jón Magnússon, Guðfinna S. Bjarnadóttir og sá sem hér stendur, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni.

Í byrjun vil ég taka undir ýmislegt í ræðu hv. formanns nefndarinnar, Álfheiðar Ingadóttur. Ég vísa þá ekki síst til upphafskafla ræðu hennar þar sem hún fjallaði um þau áföll sem dunið hafa yfir hér á landi og erlendis á sviði fjármálamarkaðar og þörfina á því að taka til endurskoðunar löggjöf og skipulag stofnana sem starfa á því sviði. Þetta er endurskoðun sem fer fram eða er hafin víða um heim og það liggur fyrir að slík endurskoðun þarf að eiga sér stað hér á landi líka.

Í starfi nefndarinnar lögðum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins áherslu á að þessi mál, löggjöf um Seðlabanka Íslands, yrði skoðuð meira út frá þessum forsendum, út frá þessum víðtækari forsendum, að það væri ekki bara horft á efsta endann á skipuriti Seðlabankans í þessu sambandi heldur að það væri víðtækari skoðun. Ég vil árétta í tilefni af ræðu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur að sú skoðun, víðtækari skoðun á skipulagi eftirlitsstofnana á fjármálamarkaði og víðtækari skoðun á löggjöf um Seðlabanka Íslands hefði verið sú nálgun sem við sjálfstæðismenn hefðum viljað í þessu máli. Þau sjónarmið komu hér fram af okkar hálfu við 1. umr. um málið og við ítrekuðum þau á fundum nefndarinnar.

Varðandi starf nefndarinnar tek ég undir þakkir formanns nefndarinnar til allra aðila sem komu að þessu máli. Ég tek undir þakkir til umsagnaraðila og þeirra sem komu sem gestir á fundi nefndarinnar. En það liggur fyrir að málið var unnið með miklum hraði í nefndinni. Það var gefinn afskaplega skammur frestur til umsagna og gestir urðu að koma oft á fundi nefndarinnar með mjög skömmum fyrirvara. Það er miður vegna þess að ég tel að mörg af þeim atriðum sem fjallað er um í frumvarpinu og raunar atriði í sambandi við löggjöf um Seðlabankann sem ekki er fjallað um í frumvarpinu hafi verið vel þess virði að fá greinargóða og upplýsta umræðu um það á grundvelli athugasemda sem ekki voru soðnar saman á einhverjum einum, tveimur, þremur sólarhringum. Ég hefði því talið til bóta ef gefinn hefði verið aðeins rýmri tími í þessu efni. Engu að síður eiga þeir þakkir skildar sem sendu umsagnir sem margar hverjar voru ítarlegar og höfðu að geyma fjölmargar gagnlegar athugasemdir og eins höfðu þeir gestir sem komu á fundi nefndarinnar margt til mála að leggja.

Ég tek undir það að starfsmenn nefndasviðs eiga þakkir skildar í þessu máli eins og svo oft áður og nefndarmenn lögðu sig fram, bæði meiri hluti og minni hluti. Ég vil hins vegar geta þess strax að við sjálfstæðismenn í nefndinni töldum að málið væri ekki orðið það þroskað í gær að ástæða væri að taka það út úr nefndinni heldur hefði verið rétt að taka sér þar meiri tíma og þess vegna áskiljum við okkur rétt til þess að óska eftir því að málið gangi til nefndar aftur milli 2. og 3. umr. þegar þessari umræðu lýkur. Við teljum að það séu með öðrum orðum ákveðnir þættir þarna sem þurfi að ræða nánar og teljum að það verði eingöngu til þess fallið að bæta málið.

Herra forseti. Ef ég vísa til nefndarálits minni hluta viðskiptanefndar þá getum við þess að frumvarp þetta á sér mjög sérstakan aðdraganda. Við myndun ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna var því lýst yfir að meðal forgangsmála hennar væri að skipta um yfirstjórn Seðlabanka Íslands og breyta lögum þannig að aðeins yrði um einn bankastjóra að ræða og að skipuð yrði sérstök peningastefnunefnd til fara með stjórntæki bankans í peningamálum. Það var raunar aðeins þremur dögum eftir myndun ríkisstjórnarinnar að frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi og eins og við bentum á hér við 1. umr. bar það öll merki þess að vera unnið í miklum flýti og, að okkar mati, án eðlilegs undirbúnings.

Við undirbúning málsins var ekki um að ræða samráð af hálfu ríkisstjórnarflokkanna við aðra flokka á þingi, en slíkt samráð hefur undantekningarlaust átt sér stað í aðdraganda fyrri breytinga á lögum um Seðlabankann. Það var einnig augljóst að ekki hafði átt sér stað nægileg fagleg vinna við undirbúning frumvarpsins heldur var að mestu leyti um að ræða endurunnar breytingartillögur þingmanna Samfylkingarinnar frá því að seðlabankalögunum var breytt árið 2001. Við höfum ítrekað spurt um faglegan undirbúning málsins og hugsanlega aðkomu sérfræðinga að því, bæði í 1. umr. og á fundum viðskiptanefndar, en fátt hefur verið um svör. Þess vegna sögðum við og stöndum við það að ekki hafi komið á óvart að útkoman, sem birtist í frumvarpi forsætis-

ráðherra hafi verið meingölluð, bæði í ljósi þess hvað frumvarpið tekur til afmarkaðra eða fárra þátta laga um Seðlabankann og einnig í sambandi við útfærslu einstakra greina þess. Ég met það svo að þetta síðarnefnda atriði hafi komið fram með mjög skýrum hætti í umfjöllun nefndarinnar þar sem langflestir umsagnaraðilar og gestir sem komu á fund nefndarinnar gerðu verulegar athugasemdir við útfærslu einstakra ákvæða. Það voru mjög umtalsverðar athugasemdir við eiginlega öll atriði sem í frumvarpinu var að finna. Ég segi að hinar fjölmörgu breytingartillögur sem meiri hluti nefndarinnar leggur hér fram feli í raun í sér viðurkenningu á þessu, viðurkenningu á því að málið hafi verið flutt hér í þinginu ófullburða og óþroskað. Ég vil geta þess hins vegar eins og við getum um í nefndarálitinu að við teljum að flestar breytingartillögurnar sem meiri hlutinn flytur séu til bóta, verði til þess að bæta það frumvarp sem hér liggur fyrir. Hins vegar bendum við líka á að lengra hefði þurft að ganga í breytingum að ýmsu leyti.

Eins og ég hef getið um og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu tekur það aðeins til breytinga á stjórnskipulagi bankans og raunar bara æðsta stjórnskipulagi bankans. Það er, eins og við höfum ítrekað sagt, galli að mati okkar í minni hlutanum enda hafa fjölmargir bent á að endurskoðunar væri þörf á mun fleiri þáttum laganna en stjórnskipulaginu. Þannig hafa margir bent á að markmiðum bankans væru settar of þröngar skorður í núgildandi lögum þar sem í 3. gr. laganna segir að meginmarkmið bankans sé að stuðla að stöðugu verðlagi. Á það hefur verið bent í starfi nefndarinnar að eðlilegt væri að skoða þetta ákvæði en ekki reyndist áhugi hjá meiri hlutanum að fara í gegnum þá umræðu við afgreiðslu þessa máls. Á sama hátt hefur sjálf peningamálastefna bankans sætt gagnrýni úr ýmsum áttum en umfjöllun um hana var einnig vísað inn í framtíðina því að frumvarp þetta tengist ekki peningamálastefnunni sjálfri á neinn hátt. Það er bara verið að fjalla um þá formlegu ákvarðanatöku sem á sér stað um hana en ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á peningamálastefnunni.

Ekki var heldur áhugi hjá meiri hluta nefndarinnar að fara í umræður um víðtækari skipulagsbreytingar hjá þeim stofnunum sem eftirlit hafa með fjármálamörkuðum hér á landi. Minni hluti nefndarinnar vakti athygli á hugmyndum sem fram hafa komið um hugsanlega sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins eða einhvers konar breytingum á verkaskiptingu þessara stofnana en ekki var vilji til að taka slíkar hugmyndir til umfjöllunar hjá nefndinni. Við spurðum gesti um það og þeir svöruðu misjafnlega eins og gengur. En við töldum að það væri eðlilegt í ljósi þess að við þurfum að skoða eftirlit með fjármálamörkuðum heildstætt að það væri litið á þennan þátt.

Það er okkar mat að viljaleysi ríkisstjórnarinnar og meiri hluta nefndarinnar til að skoða þessa og fleiri þætti seðlabankalaganna veki spurningar um tilgang þessa frumvarps. Yfirlýst markmið með flutningi þess er samkvæmt greinargerð að bregðast við þeim áföllum sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir á undanförnum mánuðum, ekki síst áföllum í sambandi við breytingar á fjármálamörkuðum, hérlendis sem erlendis. En í stað þess að skoða öll þau atriði sem til athugunar hljóta að koma sem raunveruleg viðbrögð við fjármálakreppunni er látið við það sitja að leggja til lagabreytingar varðandi stjórn Seðlabankans. Tilgangur þeirra breytinga er augljóslega eingöngu að ná því markmiði, sem líka kemur fram í greinargerð, að stuðla að verulegri uppstokkun og endurnýjun í yfirstjórn bankans. Það er ekki verið að skoða viðbrögð við fjármálavandanum, áföllunum. Það er bara verið að skoða toppinn á skipuritinu og stuðla að, eins og kemur fram í greinargerðinni, verulegri uppstokkun og endurnýjun í yfirstjórn bankans. Þetta setur frumvarpinu miklar takmarkanir og gerir það að verkum að það er ekki, að mínu mati, til þess fallið að ná þeim markmiðum sem við hljótum öll að vera sameinuð um, að við þurfum að bregðast við þeim áföllum sem dunið hafa á okkur með raunverulegri skoðun á lagaumgjörð og stofnanaskipan á fjármálamarkaði.

Í upphaflegu frumvarpi, svo ég fari í einstök efnisatriði og geti þeirra að nokkru, var gert ráð fyrir einum bankastjóra og ekkert fjallað um staðgengil hans. Þetta var eitt af þeim atriðum sem töluvert voru rædd í nefndinni, eins og kom fram í máli hv. formanns nefndarinnar, og er óhætt að segja að þetta atriði sætti töluverðri gagnrýni umsagnaraðila. Viðbrögð meiri hlutans eru þau að gera tillögu um aðstoðarbankastjóra sem skipaður verði með sama hætti og sömu skilyrðum og bankastjórinn. Vil ég taka fram að minni hlutinn telur þetta ótvírætt til bóta. Það er til bóta að það sé skýrt í lögunum hver er staðgengill bankastjórans og okkur finnst eðlilegt að hann beri titilinn aðstoðarbankastjóri þannig að staða hans sé skýr og mikilvægt er að skipun hans komi til með sama hætti og skipun bankastjórans sjálfs.

Það hefur verið rætt og kom fram við 1. umr. hvort til bóta væri að hafa einn bankastjóra en ekki þrjá. Það atriði er umhugsunarvert. Ýmsir hafa talið að það gæti verið til bóta að hafa þrjá bankastjóra sem allir hefðu sjálfstæða skipan, væru ekki hver öðrum háðir, og mynduðu þannig bankastjórn sem gæti tekið ákvarðanir á meirihlutagrundvelli, það væri ekki allt vald hjá einum manni. Á þessu stigi málsins og í umfjöllun nefndarinnar gerðum við ekki sérstakar athugasemdir við þetta. Hins vegar finnst mér rétt að geta þess að auðvitað eru ákveðin rök fyrir því að hafa bankastjórana fleiri en einn, að hafa þrjá bankastjóra sem eru jafnsettir hvað varðar skipun og skipunartíma og annað þess háttar, eru þar af leiðandi sjálfstæðir í sínum embættum þó að einn þeirra hafi stöðu formanns bankastjórnar og talsmanns bankans út á við. Við teljum að það geti verið rök fyrir þessu.

Í sambandi við þessa breytingu varðandi bankastjórann og aðstoðarbankastjórann tel ég ástæðu til að vekja athygli á að að nái breytingartillaga meiri hlutans fram að ganga verður í raun og veru minni breyting á skipulagi yfirstjórnar bankans en yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar gerði ráð fyrir. Í stað eins bankastjóra sem gegnir hlutverki formanns bankastjórnar og tveggja annarra bankastjóra koma einn bankastjóri og einn aðstoðarbankastjóri. Um er að ræða fækkun um einn í yfirstjórninni og breytingu á titlum. Breytingin er því ekki svo stór og gefur kannski ekki tilefni til að lýsa henni sem einhverri byltingu á þessu fyrirkomulagi.

Við gerum að umfjöllunarefni í nefndaráliti okkar skilyrði um menntun og hæfni bankastjóra. Við 1. umr. og í

starfi nefndarinnar, bæði af hálfu nefndarmanna, gesta og umsagnaraðila, var gagnrýnt að í frumvarpinu væri lagt til að seðlabankastjóri skyldi hafa lokið meistaraprófi í hagfræði og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum. Skilyrðið um meistarapróf í hagfræði var umdeilt og niðurstaða meiri hlutans var að koma til móts við þessi sjónarmið með því að víkka aðeins út skilgreininguna, menntunarkröfuna. Breytingartillaga meiri hlutans gerir, eins og komið hefur fram, ráð fyrir að seðlabankastjóri skuli hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi, efnahags- og peningamálum. Þarna er búið að bæta við „eða tengdum greinum“ og síðan „þekkingu á fjármálastarfsemi“. Vissulega er þetta hvort tveggja til bóta og felur í sér útvíkkun á skilyrðum.

Við í minni hlutanum teljum þessa breytingu samt ganga of skammt og sérstaklega (Gripið fram í.) vegna þess að orðalagið „hagfræði eða tengdum greinum“ getur kallað á verulegan túlkunarvanda og spyrja má spurninga um tengsl einstakra háskólagreina við hagfræði. Almennt finnst okkur líka ástæða til að vekja athygli á því að margvíslegt háskólanám getur verið góður grunnur fyrir seðlabankastjóra, einkum, eins og gert er skilyrði um, að hann hafi víðtæka þekkingu og reynslu á þeim sviðum sem getið er um. Við teljum því eðlilegra að hafa ákvæðið enn opnara og vísa til háskólaprófs og víðtækrar þekkingar og reynslu á fjármálastarfsemi, efnahags- og peningamálum til að útiloka ekki hæfa einstaklinga sem ekki hafa menntun á háskólastigi sem fellur nákvæmlega undir skilgreininguna á hagfræði eða tengdum greinum, auk þess sem ég vísa til þess sem við sögðum um ákveðinn túlkunarvanda sem getur kallað á deilur einhvern tíma í framtíðinni. Við teljum að slík opin skilgreining væri í meira samræmi við löggjöf erlendis, enda hefur okkur ekki tekist að finna þess dæmi í lögum annarra ríkja að gerðar skuli sérstakar kröfur um tiltekna háskólamenntun. Breyting í þessa átt væri líka í samræmi við ábendingar margra umsagnaraðila, t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem í formlegri umsögn frá 12. febrúar sl. segir að venjulega séu ekki í lögum gerðar sérstakar menntunarkröfur til seðlabankastjóra heldur vísað til viðurkenndrar þekkingar og reynslu. Eins og komið hefur fram í umræðum í þinginu á síðustu dögum liggur það auðvitað fyrir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hlýtur að hafa talsvert vægi í sambandi við þessa umræðu vegna þess að þar er saman komin mikil þekking, mikil alþjóðleg þekking á löggjöf um seðlabanka vítt og breytt um heiminn.

Reyndar má geta þess að í umsögn Seðlabanka Íslands kemur fram að í upphaflegum athugasemdum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við frumvarpið hafi sérstaklega verið tiltekið að embættispróf í lögfræði ásamt víðtækri reynslu væri fullnægjandi skilyrði. Þessar upphaflegu athugasemdir sem Seðlabankinn vísar hér til hafa hvorki fengist birtar opinberlega né verið unnt að fá þær afhentar viðskiptanefnd meðan á nefndarstarfinu hefur staðið. En þarna er um að ræða, eins og Seðlabankinn bendir raunar á, ákveðinn mismun milli þeirra upphaflegu athugasemda sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sendi forsætisráðuneytinu og þeirrar formlegu umsagnar sem fram kom í störfum nefndarinnar.

Annar meginþáttur frumvarpsins er peningastefnunefndin. Það er hárrétt sem kom fram í máli formanns nefndarinnar, hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur, að í dag er auðvitað starfandi peningastefnunefnd hjá bankanum þó að ekki sé getið um hana í lögum. Það er fjölskipað stjórnvald, þriggja manna bankastjórn, sem hefur atkvæðisrétt um ákvarðanir á sviði peningamála, en í aðdraganda þeirra ákvarðana eiga sér stað fundir í peningastefnunefnd þar sem fleiri sérfræðingar og yfirmenn bankans koma að eins og lýst er í gögnum sem lögð eru fram sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti. Þar kemur fram að um er að ræða mjög skýrar verklagsreglur og málsmeðferð í sambandi við ákvarðanir á sviði peningamála. Þar er um að ræða ákvörðun sem tekin er á grundvelli umræðna í raunverulegri peningastefnunefnd og ákvörðunin síðan tekin af fjölskipuðu stjórnvaldi. Þannig að líka að þessu leyti er kannski ekki um þá grundvallarbreytingu að ræða með frumvarpinu sem gefið hefur verið til kynna. Það er ekki eins og um hafi verið að ræða ákvarðanir eins manns sem hafi haft gildi á vettvangi peningamála og nú eigi allt í einu að taka upp peningastefnunefnd. Hin raunverulega breyting er fólgin í því ákvæði að taka inn utanaðkomandi aðila í þessa peningastefnunefnd og gefa nefndinni sérstakt rými í lögunum.

Það hefur komið fram í umsögnum og athugasemdum og kom fram við 1. umr. málsins að seðlabankastjóri væri of einráður um skipanir í peningastefnunefnd, af því að gert var ráð fyrir því í upphaflegu frumvarpi að bankastjórinn sæti í nefndinni sjálfur ásamt tveimur af yfirmönnum bankans, sem auðvitað eru ráðnir af honum, og hins vegar tveimur utanaðkomandi sérfræðingum sem bankastjórinn veldi sjálfur. Gagnrýnt var að völdin lægju of mikið hjá bankastjóranum sjálfum og ýmsir umsagnaraðilar vöruðu við því að of mikið vald væri fært til eins manns í því sambandi.

Breytingartillaga meiri hluta nefndarinnar gerir ráð fyrir að flytja nær allt skipunarvaldið til forsætisráðherra vegna þess að samkvæmt breytingartillögunni er gert ráð fyrir að forsætisráðherra skipi seðlabankastjórann sem situr í peningastefnunefndinni, aðstoðarseðlabankastjórann sem situr í nefndinni og tvo utanaðkomandi fulltrúa. Fimmti maðurinn er síðan í rauninni á áhrifavaldi bankastjórans sjálfs. Það má því segja að með breytingartillögunni sé verið að fara svolítið úr einum öfgum í aðrar. Í stað þess að reyna að finna jafnvægi þarna er sveiflan frá því að allt vald liggi hjá bankastjóranum í það að nær allt valdið, 80% af því, liggi hjá forsætisráðherranum.

Við vekjum athygli á því að þetta hljóti að vekja ákveðnar spurningar um sjálfstæði bankans, ekki síst þegar litið er til þess hve margir sem munu eiga sæti í nefndinni verða skipaðir af einum og sama forsætisráðherranum við gildistöku laganna. Þetta kemur kannski ekki eins mikið að sök vegna þess að gert er ráð fyrir því að í framtíðinni verði menn skipaðir á mismunandi tímum og þá hugsanlega af mismunandi forsætisráðherrum en á upphafspunktinum verður vald þess forsætisráðherra sem þá situr mjög mikið og hann getur haft mjög mikil og mótandi áhrif á þetta. Við reynum að nálgast þetta vandamál með því að leggja til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði, sem væri ákvæði til bráðabirgða, til að gera ráð fyrir því að í upphafi skipi bankaráðið annan tveggja sérfræðinga á sviði efnahags- og

peningamála, þ.e. bankaráðið en ekki forsætisráðherra, þetta yrði einskiptisákvörðun og sú ákvörðun ætti að gilda til fjögurra ára.

Í nefndaráliti minni hlutans er líka vakin athygli á atriði sem við höfum rætt nokkuð í nefndinni og við í minni hlutanum höfum ekki komið með skýra lausn á en teljum að rétt að reyna að finna lausn á og það er varðandi skipti á yfirmönnum í bankanum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að muni eiga sér stað þegar lögin taka gildi. Breytingartillögur meiri hlutans gera ráð fyrir að núverandi bankastjórar láti af störfum þegar við gildistöku laganna og þá muni forsætisráðherra setja tímabundið bankastjóra og aðstoðarbankastjóra í störfin án auglýsingar. Þeir skuli gegna embætti þar til skipað hefur verið í stöðurnar á grundvelli auglýsingar og einnig að undangengnu mati þriggja manna hæfisnefndar sem hv. formaður nefndarinnar gerði vel grein fyrir.

Við höfum áhyggjur af því að þetta fyrirkomulag geti skapað langvarandi óvissu um stjórnun bankans því að við teljum ljóst að allt þetta ferli geti tekið langan tíma, frá nokkrum vikum og jafnvel upp í nokkra mánuði, og engin tímatakmörk eru í ákvæðinu á því hve bráðabirgðaskipunin á að gilda lengi. Við teljum mikilvægt að fara vel yfir möguleika í þessu sambandi til að unnt verði að tryggja sem kostur er stöðugleika í stjórn bankans. Þetta er með öðrum orðum vandamál sem við teljum að enn sé óleyst í sambandi við frumvarpið og nauðsynlegt sé að taka á þessu í starfi nefndarinnar áður en málið verður klárað á þinginu.

Eins og ég gat um leggjum við fram við 2. umr. tvær breytingartillögur sem lúta að þáttum sem ég hef þegar rakið. Til að gera langa sögu stutta gerir fyrri breytingartillaga okkar ráð fyrir að menntunarskilyrðin í ákvæðinu um seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra séu þau að þeir skuli hafa lokið háskólaprófi og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Við gerum ekki tillögur um aðrar breytingar á því ákvæði en þarna komum við til móts við það sjónarmið að menntunarskilyrðin eigi að vera nokkuð rúm. Hins vegar er það tillagan sem ég gat um áðan, að við fyrstu skipun peningastefnunefndar samkvæmt frumvarpinu skipi bankaráð annan tveggja utanaðkomandi sérfræðinga á sviði efnahags- og peningamála til fjögurra ára.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginþáttum í því nefndaráliti sem við ritum undir, ég og hv. þingmenn Jón Magnússon, Árni M. Mathiesen og Guðfinna S. Bjarnadóttir. Að lokum vil ég segja að þótt frumvarpið virðist taka ákveðnum breytingum til bóta í starfi nefndarinnar, teljum við ekki nægilega langt gengið í þeim efnum og skoða þurfi fleiri þætti í því sambandi. Ég ítreka líka það sem ég sagði áðan að við teljum að til að bregðast við þeim efnahagslegu áföllum og áföllum á fjármálamarkaði sem við höfum upplifað á undanförnum mánuðum væri nær að skoða málin í víðtækara samhengi, skoða fleiri þætti, fara yfir lögin að öðru leyti líka, bæði hvað varðar markmið bankans og hugsanlegt samspil við aðrar stofnanir á fjármálamarkaði. Ég vil geta þess að við teljum að slík athugun og slíkar breytingar gætu orðið til þess að gera stjórnkerfi peningamála og fjármála og eftirlitskerfi skilvirkara og betur til þess fallið að bregðast við þeim verkefnum sem það þarf að takast á við. Við teljum að sú afar takmarkaða nálgun sem gengið er út frá í frumvarpinu sé ekki nægileg og ekki endilega til þess fallin að ná þeim háleitu markmiðum sem sett eru með frumvarpinu og þess vegna gagnrýnum við þetta. Að síðustu tek ég aftur fram að hvað þau efnisatriði varðar sem tekið er á í frumvarpinu þá fara þau batnandi eftir því sem nefndin starfar lengur að málinu og er til þess fallið að leiða okkur a.m.k. fram hjá helstu pyttunum sem við blöstu að okkar mati þegar frumvarpið var lagt fram.

[11:49]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Nú er komið til 2. umr. mál sem hefur verið ofarlega á baugi hjá þjóðinni. Í rauninni má segja að strax við bankahrunið sem hófst við yfirtökuna á Glitni hafi verið ljóst að Seðlabankinn naut einfaldlega ekki þess trausts sem hann verður að njóta. Hart hefur verið deilt á Seðlabankann og var gert strax í haust en síðasta ríkisstjórn gat því miður ekki komið sér saman um það hvernig ætti að fara að því að endurvekja þetta traust.

Við í Framsóknarflokknum brugðumst hins vegar skjótt við og lögðum fram frumvarp sem allir þingmenn Framsóknarflokksins skrifa undir og ég er 1. flutningsmaður að. Þar segjum við að engum megi blandast hugur um að þeir sem eru skipaðir í embætti séu ekki aðeins hæfir til að gegna því heldur séu þeir hæfastir í hópi þeirra sem völ er á. Trúverðugleiki hvers seðlabanka er honum afar mikilvægur og því má enginn vafi leika á því að Seðlabankinn sé sjálfstæður og starfi á faglegum forsendum.

Okkar frumvarp var í rauninni einfalt og til þess fallið að það væri hægt að styrkja ímynd Seðlabankans með nauðsynlegum mannabreytingum, með fullri virðingu fyrir þeim mönnum sem starfa þar núna. Þetta snýst ekki um þá.

Auk þess lögðum við áherslu á það að fundargerðir seðlabankastjóranna yrðu birtar sérstaklega við töku stýrivaxtaákvarðana þannig að það væri algjörlega uppi á borðinu hvaða markmiði ætti að ná með aðgerðinni.

Ný ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna lagði fram frumvarp um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Það er margt jákvætt í því frumvarpi en samt var fljótt ljóst að það þyrfti að bregðast við og laga það. Ég ætla að leyfa mér að fara yfir athugasemdir sem hafa borist frá fjölmörgum umsagnaraðilum.

Ég tek undir með þeim sem hafa mælt hér á undan mér og þakka sérstaklega formanni nefndarinnar sem mér finnst hafa haldið mjög faglega á þessu máli. Það hefur ekki verið keyrt fram í neinu offorsi. Við höfum gefið okkur tíma til þess að fara yfir umsagnir aðila þótt alltaf megi svo deila um það hvort einhverjir hefðu átt að fá að koma þar með athugasemdir.

Hv. þm. Birgir Ármannsson benti á fjölmörg önnur dæmi sem þarf að skoða en ég held að það sé í verkahring nýrrar ríkisstjórnar sem verður kosin í vor að fara yfir heildarlögin og það hvernig við ætlum að haga peningastefnu þjóðarinnar í framtíðinni. Það er ekki tími til að fara yfir það hér og nú. Þó verð ég að taka fram að kannski gerði þetta sérstaka ákvæði um peningastefnunefnd, sem var nýmæli og hefur kannski ekki farið hátt í umræðunni, það að verkum að það varð að vinna þetta mál aðeins ítarlegar. Það var ekki fullbúið þegar það var lagt fram.

Í fyrsta lagi kom athugasemd um 1. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að bankaráð eigi að setja, að fengnum tillögum seðlabankastjóra, starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins. Það var bent á að ekki væri skýr ástæða til að færa þetta frumkvæði um starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðs frá bankastjóranum og/eða peningastefnunefnd til bankaráðsins.

Í öðru lagi var í mörgum athugasemdum bent á að kröfur um menntun og menntunarskilyrðin væru einfaldlega of þröngar. Ég vil lesa hér úr umsögn Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi seðlabankastjóra og lektors í Háskólanum í Reykjavík, þar sem hann segir:

„Um hæfisforsendur seðlabankastjóra er skynsamlegt og málefnalegt að leggja þyngstu áherslu á reynslu og reynsluþekkingu og hafa þá þætti framar en kröfur um formlega menntun. Það styðst ekki við reynslu þjóðanna að hæfi miðist einvörðungu við hagfræði enda þótt miðlæg staða hagfræðinnar sé ótvíræð í þessu viðfangsefni. Til greina koma önnur fagsvið peningamála og fjármálafræða, svo sem fjármála- og viðskiptalögfræði, fjármálaverkfræði, fjármálastærðfræði, tölfræði við hagrannsóknir, rekstrarhagfræði, viðskiptafræði, og fleiri sambærileg svið má nefna. Ýmislegt í starfi seðlabankastjóra vísar til annarra fagsviða félagsvísinda, einkum margþætt samskipti og opinbert málsvar.“

Undir þetta tóku margir aðrir umsagnaraðilar, eins og Seðlabankinn sem taldi ákvæðið of óljóst og þröngt til þess að geta þjónað markmiðum um að tryggja farsæla yfirstjórn bankans. Einnig Samtök fjárfesta og Samtök atvinnulífsins sem bentu á aðra hæfileika en menntun, reynslu og þekkingu í peningamálum, sem sagt reynslu af fjármálamarkaði, stjórnunar- og leiðtogahæfileika og aðra persónulega eiginleika. Ég held að þessum sjónarmiðum hafi verið mætt á faglegum forsendum eins og ég ætla að koma að seinna í máli mínu.

Einnig var gagnrýnt hvernig ferlið væri við val á seðlabankastjóra. Við framsóknarmenn lögðum mikla áherslu á að nefnd hefði það hlutverk að meta hæfni umsækjenda. Ég vil kannski segja það í ljósi orða hv. þm. Birgis Ármannssonar hér á undan mér, þar sem hann sagði að hér væri algerlega verið að færa vald frá einum póli yfir á annan, að þarna er í rauninni verið að takmarka vald forsætisráðherra þannig að hann geti ekki skipað seðlabankastjóra með sama hætti og hann gerði áður. Þarna eru settar skorður við þessu valdi sem sjálfstæðismenn líta á að sé nú of mikið hjá forsætisráðherra. Fleiri atriði eins og hæfniskröfurnar ættu að girða fyrir að í stöðuna væri ráðið á pólitískum forsendum. Það er lykilatriði og mér finnst það vera kannski stærsta atriðið í öllu þessu þótt það komi ekki beint fram í frumvarpinu að við ráðum ekki umdeilda menn í starf seðlabankastjóra. Þetta eru menn sem verða að vera hafnir yfir allan vafa og má kannski segja að þær kröfur séu gerðar til þessara manna að þeir séu nánast óumdeildir í samfélaginu þó að það sé ekki hægt að festa slík skilyrði í lög. Ég vil samt taka það fram hér.

Það voru nokkrir sem bentu á þessa ráðningarnefnd, m.a. Samtök atvinnulífsins. Þau vildu reyndar taka fram að ráðningarnefndin vildi ráða í stöðu bankastjóra sem varð ekki niðurstaðan í nefndinni.

Það var líka umræða meðal umsagnaraðila um hvort sjö ára skipunartími væri of langur. Sumir bentu reyndar á að hann gæti verið of stuttur. Niðurstaðan varð að færa hann niður í fimm ár og líta þá fyrst og fremst á athugasemd frá BSRB, að þar væri einfaldlega farið eftir reglum starfsmannalaga og þeim reglum sem gilda um aðra embættismenn þjóðarinnar.

Fjölmargar athugasemdir fjölluðu um hvort það þyrfti ekki og væri ekki nauðsynlegt að það væri algerlega skýrt í lögunum hver væri staðgengill bankastjóra. Af hálfu forsætisráðuneytisins var bent á að það væru reglur í starfsmannalögum sem í rauninni segðu til um hvernig ætti að fara að því að skipa staðgengil. Þær eru í stuttu máli þannig að ef seðlabankastjóri hefur forfallast hefði hann sjálfur þurft að finna einhvern mann innan Seðlabankans til að leysa sig af til styttri tíma. Ef hann þyrfti hins vegar að fara frá til lengri tíma út af veikindum eða einhvers konar slysi eða af öðrum ástæðum hefði forsætisráðherra algerlega óbundnar hendur við að koma þarna inn.

Umsagnaraðilar gagnrýndu að það væri ekki á hreinu hver þessi staðgengill væri og það væri hætta á því að allar þær reglur sem settum mundu ekki gilda um þann mann og hann væri ekki tengdur inn í starf Seðlabankans. Það er mjög mikilvægt að það sé eftirfylgni í störfum og menn séu mjög vel inni í því sem þar fer fram. Menn sögðu að það teldist ákaflega óheppilegt að gera ekki ráð fyrir fullstarfandi aðstoðarseðlabankastjóra. Sumir gengu svo langt að segja að þetta hlytu að vera mistök í undirbúningi frumvarpsins. Seðlabankinn benti á þetta, BSRB taldi eðlilegra að kveðið væri á með lögum um að skipa skyldi staðgengil, varamann bankastjórans, Samtök atvinnulífsins lögðu til að bæta við þessu ákvæði um staðgengil eða aðstoðarbankastjóra sem uppfyllti svo sömu hæfisskilyrði og bankastjóri sjálfur. Það má segja að þessum kröfum hafi öllum verið mætt.

Ég ætla að fara yfir tillögur meiri hlutans í stuttu máli. Formaður nefndarinnar, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, fór yfir nefndarálitið. Það er reyndar miður að nefndarálit minni hlutans og þær lagabreytingar sem hann leggur til skuli ekki hafa komið fram fyrr en núna rétt fyrir þessa umræðu en okkur mun væntanlega gefast tími milli 2. og 3. umr. til að fara yfir þær tillögur.

Eins og ég kom að áðan lögðum við framsóknarmenn mikla áherslu á að fundargerðir peningastefnunefndar yrðu birtar opinberlega, eins og við lögðum áherslu á að fundargerðir seðlabankastjóra við fyrra skipulag yrðu birtar. Það væri til þess fallið að auka trúverðugleika ákvarðana nefndarinnar auk þess sem það ætti að fela í sér aukið gagnsæi. Það er nauðsynlegt fyrir fjármálalífið að það fái upplýsingar um á hvaða grunni ákvarðanirnar eru teknar, en fjármálafyrirtæki og fleiri hafa gagnrýnt að forsendur og markmið stýrivaxtaákvarðana séu ekki uppi á borðinu og segja að það sé í rauninni ekki nægilegt að seðlabankastjórar haldi blaðamannafundi og útskýri svo ákvarðanir sínar í riti sínu. Þetta er sem sagt fyrst og fremst gert til að auka tiltrú á Seðlabankanum og auka gagnsæi stýrivaxtaákvarðana hans en eins og þjóð veit getur skipt öllu máli fyrir atvinnulífið að vita hver stefnan verður næstu mánuði. Þetta mundi líka leiða til þess að bankinn fengi nauðsynlegt aðhald og mál-

efnaleg umræða mundi aukast. Þá vildum við líka taka fram í álitinu að það væri mikilvægt að það yrði upplýst hvernig atkvæði féllu við töku ákvarðana í nefndinni.

Eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir kom inn á áðan var álitið að kröfur um menntun væru of þröngt skilgreindar þannig að lagt er til og við framsóknarmenn styðjum það að menntunarkröfur verði rýmkaðar með þeim hætti að í stað meistaraprófs í hagfræði verði áskilið að viðkomandi hafi lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búi yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi í efnahags- og peningamálum. Ég held að þetta sé eins skýrt og það getur verið. Það komu reyndar fjölmargar tillögur um orðalag en það verður líka að túlka orðalag lagagreinarinnar í ljósi þess nefndarálits sem ég er að fjalla um. Með þessum tengdu greinum er kannski verið að tala um viðskiptafræði, rekstrarhagfræði, fjármálaverkfræði eða fjármálastærðfræði, tölfræði við hagrannsóknir, fjármála- og viðskiptalögfræði og hugsanlega þá eitthvað fleira sem þessi upptalning nær ekki til.

Það eru í rauninni ekki mörg ákvæði sem ég ætla að fjalla ítarlega um, eins og það að hér sé nú búið að skipa sérstaka nefnd sem á að fjalla um hæfi þeirra einstaklinga sem sækja um embættin tvö. Meiri hluti nefndarinnar hefur lagt til nokkrar breytingar á 4. gr. að því er varðar peningastefnunefndina. Við áréttum að peningastefnunefnd skuli við ákvarðanatöku um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum taka mið af ástandi og horfum í fjármálastöðugleika með sama hætti og mið er tekið af ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum. Það er mjög mikilvægt að aðstoðarseðlabankastjórinn eigi sæti í peningastefnunefndinni ásamt einum yfirmanni bankans á sviði mótunar- eða framkvæmdastefnu í peningamálum vegna þess að aðstoðarbankastjóri á að vera með puttann á púlsi málefna Seðlabankans. Það er líka þess vegna sem við setjum inn ákvæði um að til að byrja með verði veltiákvæði um aðstoðarbankastjórann og seðlabankastjórann þannig að þeir séu ekki ráðnir báðir á sama tíma í framtíðinni.

Hér er lagt til að í stað þess að seðlabankastjóri skipi tvo nefndarmenn að fenginni staðfestingu ráðherra skipi forsætisráðherra beint hina tvo utanaðkomandi nefndarmenn. Nú miðar breytingin að því að takmarka áhrifavald seðlabankastjóra að þessu leyti. Þessir tveir menn eiga að vera sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála og við töldum mjög vel koma til greina að fá erlendan einstakling til að taka sæti í nefndinni til að auka tiltrú á þá einstaklinga sem verða svo skipaðir á endanum.

Svo ég endi mál mitt á að fjalla aðeins um þessa hæfisnefnd er gert ráð fyrir því að bankaráð Seðlabanka Íslands skipi einn fulltrúa í nefndina, einn fulltrúi verði skipaður af samstarfsnefnd háskólastigsins, en í henni eiga sæti rektorar háskóla sem fengið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis, og einn sem forsætisráðherra skipar án tilnefningar. Þarna tel ég að við mætum kröfum úr samfélaginu um að sem flest sjónarmið séu uppi þegar seðlabankastjórar eru skipaðir.

Að lokum vil ég taka fram að ég tel að mjög faglegar og góðar breytingar hafi verið gerðar á þessu frumvarpi. Ég tel að afar faglega hafi verið unnið og á yfirvegaðan hátt í nefndinni og menn hafi ekki látið umræðuna úti í þjóðfélaginu hafa áhrif á hvort flýta þyrfti þessu máli eða lengja í því. Þetta snýst ekki um persónur manna á nokkurn hátt. Þetta snýst fyrst og fremst um það að við sem þjóð fáum seðlabanka sem muni á ný njóta trausts og ákvarðanir hans verði hafðar yfir allan vafa og að við búum til seðlabanka sem þjóðin öll geti verið stolt af. Á þessum síðustu og erfiðustu tímum í sögu þjóðarinnar, ætla ég að leyfa mér að fullyrða, þarf þjóðin á góðum seðlabanka að halda.

[12:09]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara jafnítarlega yfir þær efnislegu breytingar sem verið er að fjalla um á umræddu frumvarpi sem er stjórnarfrumvarp og hæstv. forsætisráðherra flutti í liðinni viku heldur vísa til þess sem formaður viðskiptanefndar, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, fór yfir. Formaður viðskiptanefndar fór ítarlega yfir frumvarpið aftur og síðan nefndarálit meiri hluta nefndarinnar og breytingartillögur, auk þess sem hv. þm. Birgir Ármannsson gerði grein fyrir sjónarmiðum minni hluta á ítarlegan hátt. Jafnframt fjallaði hv. þm. Höskuldur Þórhallsson um nefndarálit meiri hlutans og þær tillögubreytingar sem fluttar eru við 2. umr.

Ég ætla hins vegar að staldra við 4. gr. frumvarpsins en í þeirri grein er sérstaklega fjallað um peningastefnunefndina sem er nýmæli og afleiðing af þeirri breytingu sem frumvarpið leggur upp með, þ.e. hin eiginlega bankastjórn þriggja bankastjóra er aflögð og í stað umræddrar nefndar, sem nú hefur fjallað um peningastefnumál, byggð á samþykkt bankastjórnarinnar nr. 1111 frá 8. september 2006. Peningastefnunefnd skal vera skipuð þannig, eins og segir í breytingartillögum meiri hlutans, með leyfi forseta:

„Í peningastefnunefnd situr seðlabankastjóri, aðstoðarseðlabankastjóri, einn af yfirmönnum bankans á sviði mótunar eða stefnu í peningamálum og tveir sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem forsætisráðherra skipar til fimm ára í senn. Seðlabankastjóri er jafnframt formaður peningastefnunefndar.“

Síðan er fjallað ítarlega um hlutverk peningastefnunefndar og segir hér síðan:

„Peningastefnunefnd setur starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal birta fundargerð peningastefnunefndar ...“

Með hliðsjón af því sem ég las upp um að peningastefnunefndin mundi setja sér starfsreglur sem bankaráðið staðfestir — en bankaráðið er, eins og menn vita, skipað af Alþingi og í því sitja sjö aðilar — liggur það fyrir að peningastefnunefndin hin nýja, sem tekur til starfa lögum samkvæmt þegar þau fá brautargengi frá Alþingi, tekur væntanlega upp umræddu bankastjórnarsamþykkt nr. 1111 frá 8. september 2006. Þær starfsreglur eru settar með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr. 24. gr. laga, nr. 2001, um Seðlabanka Íslands, og eru samhljóða. Textinn í lagabreytingunni er samhljóða núverandi lögum.

Það sem ég vil draga fram, virðulegur forseti, er einfaldlega að hin nýja peningastefnunefnd mun væntanlega hafa til viðmiðunar umræddu bankastjórnarsamþykkt enda þótt þær starfsreglur verði eitthvað endurrýndar í ljósi um-

ræddra breytinga. Starfsreglurnar eru að nokkru leyti skýrar. Hin nýja peningastefnunefnd mun taka ákvarðanir í peningamálum og þær verða í samræmi við markmið bankans, að bestu faglegu vinnubrögð séu viðhöfð við ákvarðanir í peningamálum. Þær séu vel grundaðar og skuli tryggja eftir föngum að upplýsingar sem máli skipta og þekking starfsmanna bankans nýtist við ákvarðanir í peningamálum, að ákvörðunarferlið auk gegnsæi peningastefnunnar auðveldi kynningu á henni og að fyrir liggi eftir á hvernig einstakar ákvarðanir voru teknar og hvaða ráð og rök lágu að baki.

Það leiðarljós sem er í umræddri bankastjórnarsamþykkt á að vera gegnumgangandi í allri ákvarðanatöku peningastefnunefndarinnar. Síðan segir í starfsreglunum, samkvæmt 3. gr. laganna, að meginmarkmiðið sé að stuðla að stöðugu verðlagi og yfirlýsingu ríkisstjórnar þess tíma. Frá 27. mars 2001 var bankanum sett tölulegt markmið um verðbólgu sem að jafnaði er um 2,5% hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum. Síðan er umrætt leiðarljós eða ákvarðanir í þessum starfsreglum hlutaðar niður. Fjallað er um vinnuferli við ákvarðanir í peningamálum, um að bankinn geri verðbólguspá og verðbólguspáin byggist á þjóðhagsspá og öðrum spálíkönum sem hagfræðisvið bankans ræður yfir og þróar.

Ég hef áður vikið að umræddum spálíkönum í fjölmörgum ræðum, virðulegi forseti, og hinni eiginlegu spáfræði. Við höfum verið um nokkurn tíma með mismunandi spálíkön á markaði. Er þekkt að greiningardeildir hinna mismunandi viðskiptabanka, eins og þeir voru saman settir á umliðnum árum, spáðu jafnvel á ólíkan hátt fyrir Seðlabankann og efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Hins vegar höfðu menn sýnt fram á að að meðaltali hafi verið spá fjármálaráðuneytisins verið raunsönn en ég held að ef menn mundu rýna í þá spáfræði sem við höfum stuðst við — og kannski má segja að spáfræðin styðjist við mælingar á markaði og upplýsingar sem til eru — ættu þeir kannski erfitt með að sjá það sem gerðist, með hliðsjón af lögum nr. 125/2008.

Það sem ég reyni draga fram í þessari umræðu, virðulegur forseti, er hlutverk peningastefnunefndar með hliðsjón af þessum starfsreglum sem til staðar eru og verða væntanlega endurrýndar, enda þarf hin nýja peningastefnunefnd að setja sér fundi og starfsreglur. Hér er til að mynda fjallað um að á ákvörðunarfundi bankastjórnar gerir formaður tillögu um vexti þannig að sett er niður ákveðið ferli. Haldinn er annar fundur um peningastefnuna og framvindu efnahags- og peningamála og síðan á útgáfudögum peningamála eru ákvarðanir bankastjórnar um vexti rökstuddar og koll af kolli.

Í yfirlýsingu frá Seðlabankanum segir um ákvarðanir í peningamálum með hliðsjón af þessum starfsreglum að þegar bankastjórn Seðlabanka taki ákvarðanir í peningamálum, t.d. um breytingu á vöxtum Seðlabanka eða í viðskiptum við bindiskyldar innlánsstofnanir, fái hún að fylgja tilteknum vinnureglum sem samþykktar hafa verið og sem lagt er til í lögum um Seðlabanka Íslands sem samþykktar voru í maí árið 2001. Síðan er vísað til umræddra starfsreglna og svo koll af kolli. Ég vil draga það fram þannig að það liggi alveg ljóst fyrir að þessar starfsreglur eru til og ég hvet til þess að þær verði endurrýndar og endurskoðaðar á sama hátt og hér er verið að gera.

Þá vil ég fara inn í ákveðið tímabil sem byggir á því sem ég hef sagt áður. Þann 11. september sl. sendi bankastjórn Seðlabankans frá sér stefnuyfirlýsingu með hliðsjón af stýrivaxtaákvörðun. Þar segir að bankastjórn Seðlabankans hafi ákveðið að stýrivextir bankans skuli vera óbreyttir, þ.e. 15,5%. Síðan er sú ákvörðun rökstudd og skýrð á grundvelli þjóðhagsreikninga sem birtir voru þá um morguninn. Þar segir að vísbendingar hafi verið misvísandi þann 11. september sl., verðbólga hafi aukist verulega í kjölfar gengislækkunar á fyrstu mánuðum ársins. Hún hafi verið nokkru meiri en fólst í síðustu spá Seðlabankans og líkur standi til þess að verðbólgan yrði nærri hámarki í september og mundi taka að hjaðna á árinu 2009.

Fjallað er um gengi krónunnar, það sé lægra en spár áætluðu og raungengið væri sögulega lágt í byrjun september. Síðan segir í lokin í tilkynningu bankans 11. september sem byggir á þessari ákvörðun um peningamál og hliðsjón af þessum starfsreglum, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að stýrivextir verði háir uns verðbólga er örugglega tekin að minnka og verðbólguvæntingar að hjaðna í átt að markmiði.“

Hér segir áfram, með leyfi forseta:

„Afsláttur á þeirri stefnu yrði öllum til bölvunar, bæði í bráð og lengd.“

Hér er sérkennilega til orða tekið en ég ætla ekki að leggja neitt út af því. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Karl V. Matthíasson mundi alla vega ekki taka svona til orða. En hér er haldið áfram, með leyfi forseta:

„Peningastefnan verður að veita það aðhald sem nauðsynlegt er til þess að draga úr verðbólgu og verðbólguvæntingum. Víxláhrif launa, verðlags og gengis eru þekktur drifkraftur verðbólgu hér á landi. Samstaða aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera um að styðja Seðlabankann í að vinna bug á verðbólgu mun flýta fyrir lækkun stýrivaxta og traustum efnahagsbata og þar með treysta kaupmátt til lengri tíma litið.“

Undir margt get ég tekið sem sagt er óháð orðalagi að því leyti að við höfum alla tíð talið að verðbólgan væri sá bölvaldur, með vísan til þess sem þar segir, sem yrði að ráðast á. Eitt af þeim tækjum sem Seðlabankinn hefur notfært sér er í raun stýrivaxtaaðhaldið.

Ég ítreka að í umræðum um verðtryggingu og stýrivexti verða menn að gera greinarmun á stýrivaxtaákvörðunum sem tengjast skammtímamarkmiðum eða skammtímafjármagni um leið og við verðum að þekkja mun á raunvöxtum og nafnvöxtum í þessari umræðu. Ég hef sagt að vissulega getur komið upp sá tími að verðtryggingin víki og það má vel vera að þjóðin geti náð því markmiði sameiginlega. Verðbólgan er hins vegar vandamálið og það er að nokkru leyti neyslumarkaður og fjárfestingarmarkaður og annað sem geta stýrt því með hliðsjón af þeim gjaldmiðli sem við höfum.

Síðan heldur þetta áfram, virðulegi forseti, og ég er að reyna að skýra ákvarðanir eins og þær hefðu getað orðið hjá peningastefnunefnd eða ekki. Þann 7. október var tekin ákvörðun um að festa gengi krónunnar og segir hér, með leyfi forseta:

„Í samvinnu við ríkisstjórn vinnur bankinn að mótun að-

gerða til að skapa stöðugleika og raunhæft gengi sem tryggir um leið hraða hjöðnun verðbólgu og liður í því að efla gjaldeyrisforðann. Seðlabankinn hefur að fengnu samþykki forsætisráðherra ákveðið að eiga viðskiptin á millibankamarkaði 7. október sem tekur mið af gengisvísitölunni 175.“

Þann 8. október er tilkynnt að verslað muni hafa verið með 6 millj. evra daginn áður og í því fælist ekki að gengið hafi verið fastsett, aðeins það að Seðlabankinn telji að hið lága gengi krónunnar sem myndast hafi að undanförnu sé óraunhæft. Mælist bankinn því til þess að viðskiptavakar á millilbankamarkaði styðji við þá viðleitni bankans að styrkja gengið. Síðar sama dag er yfirlýsing um að stuðningur á markaði sé ekki nægilegur við gengið og bankinn muni því ekki gera frekari tilraun í þessa veru. Við þekkjum síðan niðurstöðuna. Krónan hélt áfram að veikjast og lækkaði um 30–40% þar á milli.

Nú vil ég vísa til umræddra starfsreglna um ákvörðunartöku og menn geta velt því fyrir sér við þennan lestur hvort styrkja þurfi þennan þátt og þann sem lýtur að peningastefnunefndinni. Jafnframt þann þátt sem lýtur að því að kalla til ytri aðila til að fá önnur sjónarmið en bankans inn í þá umræðu.

Þann 15. október samþykkti bankinn að lækka stýrivexti um 3,5% og það er örstutt tilkynning um að bankastjórnin hafi átt óformlegar viðræður við aðila vinnumarkaðarins. Bráðabirgðaspár litist af framangreindu áliti sem er það að margvísleg störf hafi horfið á augabragði og síðan hafi orðið mikil umskipti í íslenskum þjóðarbúskap.

Mér fannst þegar þessi ákvörðun birtist að þarna hefði peningastefnunefndin þurft að skýra ákvarðanir sínar mun betur en hún gerði á þessum tíma með hliðsjón af bankastjórnarsamþykktum nr. 11/11, og í raun af 24. gr. laganna eins og hún er í núverandi lögum. Hún tekur breytingum eftir þessa umræðu hér. 28. október sl. sendi bankastjórnin aftur frá sér yfirlýsingu um að með hliðsjón af lækkun stýrivaxta þann 15. október í 12% hafi sú ákvörðun verið rökstudd með breyttum aðstæðum í íslenskum efnahagsbúskap. Ég les hér, með leyfi forseta, upp úr tilkynningu bankans: „Samdráttur væri þegar orðinn nokkur og meiri fram undan og eftirspurn og væntingar hefðu hríðfallið.“

Hér er verið að vísa til hins eðlilega framgangs varðandi framboð, eftirspurn, magn, verð og ýmislegt annað. Síðan segir að með hliðsjón af umræddu samkomulagi sem var tekið fyrir á þingi vegna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafi verið ákveðið að hækka stýrivexti í 18% og vísað er til hruns bankakerfisins og harkalegra ytri aðstæðna sem í kjölfarið fylgdu, gjaldeyrismarkaður lamaðist og svo koll af kolli.

Það sem ég reyni að draga fram í umræðunni, virðulegi forseti, er einfaldlega að umræddar lagagreinar sem eru í núverandi lögum taka örlítið breytingum með þeim breytingartillögum sem gerðar hafa verið með hliðsjón af því að stjórnskipulag bankans breytist — við fáum nýja peningastefnunefnd. Hvort þær starfsreglur sem settar voru á sínum tíma, sem ég sagði að augljóslega þyrfti að endurrýna og endurskoða — hvort við getum farið fram með þá rökfestu algerlega óháð orðalagi og öðru slíku þegar við skoðum þessar ákvarðanir í ljósi sögunnar. Nú ætla ég ekki að setjast í það dómarasæti, virðulegi forseti, að gagnrýna ákvörðunina. Ég er fyrst og fremst að hugsa um vinnulagið og vinnuferlið líkt eins og við gerum jafnan þegar við erum að regla kerfið, við verkfræðingarnir. Við viljum sjá fyrir okkur hvernig hlutirnir gerast, (Forseti hringir.) bæði í framtíð og fortíð.

[12:29]

Árni M. Mathiesen (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef mikinn skilning á því að hv. þm. Gunnar Svavarsson sem verkfræðingur vilji regla kerfið. En ég sé ekki alveg samhengið á milli starfsreglna nr. 1111 og þeirra atburða sem hann nefndi frá því fyrr í vetur og þessa frumvarps, hvort þeir atburðir sem hann vill svo ekki gagnrýna sérstaklega hafi verið í samræmi við starfsreglurnar og það að lögunum yrði breytt á þann hátt sem meiri hlutinn leggur til núna mundi endilega leiða til þess að starfsreglum nr. 1111 yrði breytt. Mér finnst ekki vera augljóst samhengi þar á milli. Það væri gott ef hv. þingmaður gæti upplýst mig aðeins betur um það þannig að ég félli betur að regluverkinu hjá honum.

[12:30]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú veit ég ekki hvort hv. þm. Árni M. Mathiesen hafi náð allri tuttugu mínútna ræðu minni en eins og jafnan hjá okkur verkfræðingunum var hún byggð upp í ákveðnum kössum, þegar einum kassa var lokað var annar opnaður.

Ég fjallaði um peningastefnunefndina og með hliðsjón af störfum bankastjórnarinnar með þeim ráðgjöfum sem þar eru. Síðan fjallaði ég um starfsreglurnar sem í raun og veru yrðu mjög sambærilegar þeim starfsreglum sem hin nýja peningastefnunefnd ætti að setja sér. Þar af leiðandi, í ljósi þeirra starfsreglna, fór ég inn í ákvörðunarferli sem var gert á sínum tíma og þar voru ákvarðanir teknar og ég var að reyna að spegla þær ákvarðanir í reglunum til baka. Þetta er kannski flókið en þó ekki. Fyrst og fremst er það þetta: Hin nýja peningastefnunefnd ætti í sjálfu sér að skoða það sem hefur gerst áður í rásinni og tímaröðinni til þess að fara í það að endurrýna umræddar starfsreglur.

Ég vil meina að sú ákvörðun þegar stýrivextirnir voru lækkaðir í 12% eins og ég tilgreindi var ekki rökstudd á sambærilegan hátt og þegar ákvörðun var tekin 11. september um að halda stýrivöxtunum í 15,5%. Mér finnst það yfirlit sem var birt með þeirri ákvörðun, án þess að ég sé að setja mig í dómarasæti í þessum efnum og ætla ekki að gera það, ég er einfaldlega að segja að við þurfum að fylla út í rammann þegar við höfum tekið ákvörðunina (Forseti hringir.) og mér finnst það eiga að vera leiðarljós breytingartillagnanna við 4. gr.

[12:33]

Árni M. Mathiesen (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sá hv. þingmann opna alla kassana þannig að það vantar ekkert inn í það. Það var bara rétt þarna í lokin sem mér fannst samhengið ekki alveg vera eins og það virtist í upphafi en hv. þingmaður leysti ágætlega úr því. Það er þá raunverulega ekkert samhengi á milli þeirra breytinga sem hér er verið að leggja til af hálfu meiri

hlutans og umræddrar ákvörðunar frá því í vetur því að þessar breytingar munu ekki endilega, og þingmaðurinn staðfesti það, leiða til þess að starfsreglur nr. 1111 breytist. Þetta á auðvitað sérstaklega við ef maður horfir á þetta í því ljósi að upphaflega frumvarpið sem við höfum verið að fjalla um er allt öðruvísi en það frumvarp sem mun liggja fyrir eftir 2. umr. ef breytingartillögur meiri hlutans verða samþykktar. Þær byggjast á breytingartillögum frá því 2001. Það væri því raunverulega engin leið að setja hvorki frumvarpið né breytingartillögur meiri hlutans í samhengi við þessar ákvarðanir frá því í vetur. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að leysa úr þessu fyrir mig.

[12:34]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er nú alltaf skemmtilegt þegar tveir Hafnfirðingar mætast í andsvörum og misskilja kannski hvor annan. Það sem ég var að leiða fram má kannski segja að hafi í raun og veru verið hið augljósa, þ.e. að umræddar starfsreglur, sem væru nú til staðar, bankastjórnarsamþykktin nr. 1111, yrði endurrýnd og endurskoðuð af nýrri peningastefnunefnd en hins vegar yrði grunnstofninn í umræddri bankastjórnarsamþykkt sem leiðir af sér þær ákvarðanir sem birtust frá 11. september þar til í lok október, eins og ég fór yfir, hin eiginlega beinagrind í bankastjórnarsamþykktinni yrði væntanlega til staðar.

En það sem ég var hins vegar að kalla eftir var einfaldlega það að þegar hin nýja peningastefnunefnd mundi endurrýna starfsreglurnar, eins og henni ber væntanlega að gera þegar lögin hafa tekið gildi, þá þurfi ákvörðun á hverjum tíma að fylla út í ákveðinn ramma. Mér finnst eins og það sé verið að draga það fram í lögunum núna og hv. þm. Höskuldur Þórhallsson fór vel yfir það, að birting ákvarðana sé mjög skýr og greinargóð.

Ég og hv. þm. Árni M. Mathiesen þekkjum þetta, við höfum farið yfir þessi mál í góðu samstarfi. Til að mynda þegar menn vinna saman að fjárlagagerðinni eins og við gerðum jafnan í góðu samstarfi þá er kallað alltaf eftir því hverjar eru forsendur, t.d. við framlagningu fjárlagafrumvarpsins sem hv. þm. Árni M. Mathiesen hefur tekið að sér á umliðnum árum fylgir mjög greinargott leiðarljós í formi rits sem mig minnir að heiti (Forseti hringir.) *Efnahagshorfur og staða.*

[12:37]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. nefndarformanni, hv. nefndarmönnum og starfsmönnum nefndarinnar fyrir ágætt samstarf. Talsverðum tíma hefur verið eytt í málið og í engu til sparað en það er hins vegar umfangsmikið og mikilvægt, þó að fleiri þætti hefði mátt skoða. Sérstaklega vil ég þó þakka öllum þeim fjölda sem mætti á fundi nefndarinnar og skilaði álitum til hennar. Talsverður bunki liggur fyrir um þetta frá ýmsum aðilum þar sem greinilegt er að menn hafa lagt sig mjög fram um að rýna í frumvarpið og reyna að finna leiðir til að bæta það og auðvitað sýnist sitt hverjum um það. Þess vegna held ég að þrátt fyrir allt hefði verið kostur ef við hefðum haft meiri tíma til að fara yfir málið og jafnvel gera á því fleiri breytingar en lagðar eru til við umræðuna, þó að auðvitað séu þær breytingar sem hér eru lagðar til mjög viðamiklar. Þótt ég segi að þetta sé mikilvægt mál og skipti máli og sé jafnvel umfangsmikið í efnahagslegu samhengi og í efnahagskerfinu er frumvarpið sem slíkt ekki mjög umfangsmikið. Það er ekki nema 14 greinar en meiri hluti nefndarinnar hefur hins vegar gert einar 17 breytingartillögur, 17 efnislegar breytingar, sem ég held að í öllu samhengi hljóti að teljast talsvert miklar breytingar á ekki stærra frumvarpi, sem hefur þó ekki verið lengur í meðförum þingsins en raun ber vitni.

Hins vegar vantar líka ýmislegt í umfjöllunina sem hefði mátt vera með og skiptir kannski meira máli í dag gagnvart þeim málum sem við stöndum frammi fyrir heldur en akkúrat þær greinar sem ákveðið var að taka nú til endurskoðunar.

Ég vil aðeins víkja að upphafsorðum hv. nefndarformanns og framsögumanns meiri hlutans, Álfheiðar Ingadóttur, þar sem hún talar sérstaklega um að tilgangurinn með frumvarpinu sé að verja sparifé landsmanna. Auðvitað má segja að peningastefna og tök Seðlabankans á peningamálum og ákvarðanirnar sem bankinn tekur í þeim efnum hafi áhrif á sparifé landsmanna og hvernig það ávaxtast. En á tímum eins og við höfum upplifað eru miklu fremur aðrir þættir í starfsemi Seðlabankans sem ráða því hvernig það varðveitist og eru það verkefni Seðlabankans sem snúa að fjármálastöðugleikanum og eru ekki til umfjöllunar í frumvarpinu og ekki hefur verið vilji til að ræða í nefndinni að þessu sinni. Auðvitað er það í samhengi við peningamálastefnuna, en í þessu frumvarpi er í raun ekki verið að fjalla um peningamálastefnuna sem slíka heldur er fjallað um hverjir taka ákvarðanir um hana og hvernig þeim stjórntækjum sem þar eru fyrir hendi er beitt. Upphafsorð hv. þingmanns voru kannski ekki alveg í samhengi við efnið sem um ræðir.

Hv. framsögumaður meiri hlutans nefndi einnig að við ættum að horfa á það hvað grannar okkar væru að gera í þessum efnum. Ekki er hægt að sjá að samræmi sé í því sem verið er að gera hér, hvorki í frumvarpinu né í tillögum meiri hluta nefndarinnar, við það sem gerist í nágrannalöndunum og jafnvel hægt að segja að þvert á móti sé verið að gera hluti sem eru í andstöðu við það sem gert er annars staðar. Peningastefnunefndir eru t.d. skipaðar á ýmsa vegu og samkvæmt frumvarpinu eða tillögum meiri hlutans er ekkert samræmi í því hvernig nefndin verður skipuð hér, miðað við einhverjar almennar reglur annars staðar. Ekki er heldur hægt að segja að í nágrannalöndum okkar sé almenn stefna um peningastefnunefndir eða að þeim sé almennt beitt, þá með utanaðkomandi aðilum í nefndinni.

Þegar fjallað er um hæfniskröfur fyrir seðlabankastjóra má segja að þær kröfur sem gerðar eru í frumvarpinu og breytingartillögum meiri hlutans séu beinlínis í andstöðu við það sem er í nágrannalöndunum. Við höfum hvergi fundið tilfelli eða dæmi þess að gerðar séu hæfnis- eða menntunakröfur á þann hátt sem lagt er til í frumvarpinu og breytingartillögum meiri hlutans þannig að beinlínis má segja að rangt er að farið sé eftir því sem grannar okkar eru að gera í þeim efnum.

Í frumvarpinu er í meginatriðum um fjórar efnislegar breytingar að ræða. Í fyrsta lagi breytingar á hlutverki

bankaráðsins samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, þar sem bankaráðinu er fært nýtt verkefni sem það hafði ekki áður. Í öðru lagi eru það hæfniskröfur sem gerðar eru til seðlabankastjórans, í þriðja lagi er lögð til fækkun í yfirstjórn bankans og í fjórða lagi er verið að leggja til að tekin sé upp sérstök peningastefnunefnd sem sé ekki bara skipuð starfsmönnum bankans. Það má segja að peningastefnunefnd hafi verið starfandi í Seðlabankanum og hægt að líta á hana annars vegar sem sjö manna nefnd og hins vegar þriggja manna en í raun höfðu bankastjórarnir þrír atkvæðisrétt og með þeim í stærri nefnd voru fjórir starfsmenn bankans, sem höfðu hvorki ákvörðunarvald né atkvæðisrétt.

Eins og ég nefndi áðan er ekki fjallað um fjármálastöðugleikahluta starfsemi Seðlabankans sem maður hefði talið að væri eðlilegt að gera á tímum sem þessum og eðlilegra og kannski nauðsynlegra og meira knýjandi en að leggja mikla vinnu í peningastefnuhlutann, þar sem færa má rök fyrir því — og það gerðu þó nokkrir af þeim umsagnaraðilum og gestum sem komu á fund nefndarinnar — að í nánustu framtíð yrði meiri áhersla lögð á og stærri hluti af tíma og starfi Seðlabankans færi í fjármálastöðugleikastarfið. Þá er sérstaklega um að ræða samskipti og samstarf við Fjármálaeftirlitið. En þá er ósvarað þeirri spurningu hvort skynsamlegt væri að sameina Fjármálaeftirlitið Seðlabankanum. Að mínu mati benda rök frekar til þess en að þær stofnanir eigi áfram að vera aðskildar. Ég hefði að mörgu leyti talið að það sem við höfum gengið í gegnum hefði verið einfaldara ef þetta hefði verið á einni hendi, þó að auðvitað séu rök fyrir því að hafa þetta áfram eins og það hefur verið. Ég held að við komumst ekki hjá því fyrr eða síðar að fara yfir hvernig þessi samskipti og samstarf eigi að vera og hvort rétt væri að sameina eða færa einhvern hluta frá Fjármálaeftirlitinu yfir til Seðlabankans. Í öllu falli teldi ég skynsamlegt að Seðlabankinn fengi frekari möguleika og færi á því skoða stöðu bankanna sjálfur og sjálfstætt án atbeina eða milligöngu Fjármálaeftirlitsins þegar Seðlabankinn leggur mat á stöðugleika fjármálakerfisins.

Síðan vantar, eins og ég nefndi áðan, umfjöllun um peningastefnuna sjálfa, hvaða viðmið á að nota og hvaða markmið á að setja. Það hefur auðvitað áhrif á hvernig ákvarðanir um stýrivexti eru teknar og hvaða ákvarðanir eru teknar. Þessi þáttur hefur áhrif hvort sem um er að ræða peningastefnunefnd eins og frumvarpið eða tillögur meiri hlutans gera ráð fyrir eða peningastefnunefnd eins og hún hefur verið samsett í Seðlabankanum á undanförnum árum. Það er út af fyrir sig sjálfstætt mál.

Ef við komum aftur að þessum fjórum efnislegu breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og lítum á hvernig þeim vegnar í höndum meiri hluta nefndarinnar, þá er skemmst frá því að segja að þeirri útvíkkun á hlutverki bankaráðsins sem gert var ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins er einfaldlega hafnað af hálfu meiri hlutans og lagt til að fallið verði frá því að fara þá leið og þess vegna er þetta verkefni og þetta vald aftur falið seðlabankastjóranum. Sennilegast er skynsamlegt að gera það. Í öllu falli er það í samhengi við annað sem verið er að gera í frumvarpinu. Ekki er verið að gera stórkostlegar breytingar á Seðlabankanum og lítið verið að blanda bankaráðinu inn í þá hluti sem í frumvarpinu eru.

Í öðru lagi eru það hæfniskröfurnar. Talsvert miklar breytingar eru gerðar á þeim. Nú leggur meiri hlutinn til að seðlabankastjórinn skuli hafa lokið háskólaprófi í hagfræði. Ekki er lengur gert ráð fyrir að hann þurfi að hafa lokið meistaraprófi í hagfræði eða tengdum greinum og það er síðan skilgreint nánar í nefndarálitinu á frekar óljósan hátt þar sem taldar eru upp ýmsar greinar og síðan bætt við: „og fleira“. Ég held að þetta verði til þess að um það verði deilt í framtíðinni ef einhver verður ráðinn seðlabankastjóri sem ekki er hagfræðingur eða ekki með menntun sem kemur fram í upptalningunni hvort hann sé hæfur eða ekki til starfans. Það held ég að sé augljóst að muni valda deilum.

Þessar kröfur eru eins og ég sagði áðan í ósamræmi við það sem gerð er krafa um annars staðar í heiminum og við höfum ekki fundið dæmi um að svona kröfur séu gerðar annars staðar. Þetta er líka í ósamræmi við það hvernig við höfum staðið að málum á hv. Alþingi á undanförnum árum þegar við höfum sett hæfniskröfur fyrir aðrar stofnanir. Við skulum hafa það í huga að seðlabankastjórinn er embættismaður sem lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna munu eiga við samkvæmt því sem frumvarpið og breytingartillögurnar gera ráð fyrir. Í nýjustu dæmum um stofnanir, eins og Sjúkratryggingastofnun og Varnarmálastofnun er einungis gert ráð fyrir að forstjórar hafi háskólamenntun og síðan reynslu á því sviði sem um ræðir, eins og reyndar er gert ráð fyrir bæði í frumvarpinu og tillögum meiri hluta nefndarinnar. En ekki er gert ráð fyrir eða gerð krafa um að viðkomandi forstjóri eða forstöðumaður hafi einhverja tiltekna háskólamenntun. Kannski þá sérstaklega í ljósi þess að meiri hlutinn hefur líka lagt til að sérstök nefnd verði sett upp til að meta hæfni þeirra sem sækja um seðlabankastjórastöðuna og reyndar aðstoðarseðlabankastjórastöðuna, ætti að vera óhætt, ef hægt er að orða það þannig, að hafa þetta í samræmi við það sem gerist annars staðar, bæði innan lands og utan og ekki þyrfti að gera kröfu um hagfræði eða eitthvað sem tengist hagfræði. Það er einfaldlega betra og skýrara og mundi ekki í framtíðinni leiða til augljósra deilna, eins og ég nefndi áðan að gætu komið upp. Í öllu falli hafa miklar breytingar verið gerðar á þessari grein frá því sem var í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsætisráðherra, sem lagt var fram fyrir um það bil tveimur vikum síðan.

Þriðja meginefnisatriðið í frumvarpinu var um fækkun í yfirstjórninni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að seðlabankastjórar fari úr því að vera þrír, einn aðalbankastjóri eða formaður bankastjórnar og tveir seðlabankastjórar, í það að vera einn seðlabankastjóri. Nú er það komið í að vera einn seðlabankastjóri og einn aðstoðarbankastjóri eða aðstoðarseðlabankastjóri, eða hvernig sem menn vilja orða það. Þá fer kannski lítið fyrir fækkuninni, einn maður, og titlabreytingar. Ef við horfum á þetta í samhengi peningastefnunefndarinnar þar sem verið er að bæta við utanaðkomandi mönnum væri hægt að draga þá ályktun, herra forseti, að um væri að ræða fjölgun í yfirstjórninni en ekki fækkun og þá frekar dreifingu á ábyrgð heldur en verið væri að auka ábyrgð þessa eina seðlabankastjóra. Einhver innri togstreita virðist vera í þessu hjá ríkisstjórninni og ríkisstjórnarmeirihlutanum ef svo má að orði komast þar sem meiri hluti nefndarinnar sem leggur fram þessar tillögur er

annars vegar samþykktur af ríkisstjórnarflokkunum en hins vegar af Framsóknarflokknum, sem einungis hefur lofað því að verja stjórnina vantrausti.

Fjórða efnisatriðið er síðan peningastefnunefndin sem verið var að leggja til og í tillögu ríkisstjórnarinnar var um það að ræða að hún væri einungis skipuð innan húss og öll skipuð af seðlabankastjóranum en nú er forsætisráðherranum ætlað að skipa tvo nefndarmenn. Þegar við horfum síðan á það í ljósi þess að seðlabankastjórinn og aðstoðarseðlabankastjórinn eiga báðir að vera skipaðir af forsætisráðherra held ég að við höfum fært verulega mikið vald frá Seðlabankanum til forsætisráðuneytisins og rýrt verulega sjálfstæði bankans. Við höfum fært þyngdarpunktinn verulega frá Seðlabankanum og til forsætisráðuneytisins og þá sérstaklega í upphafi, ef frumvarpið verður að lögum með þessum breytingum, því þá á sitjandi forsætisráðherra, væntanlega núverandi hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, að skipa seðlabankastjóra, aðstoðarseðlabankastjóra og tvo aðila í peningastefnunefndina í einu. Ég efast um að forsætisráðherra hafi nokkurn tíma haft svo mikið vald yfir Seðlabankanum eins og hér um ræðir og færa mætti rök fyrir því að sá seðlabanki sem við stæðum uppi með að loknum þessum skipunum væri seðlabanki Jóhönnu Sigurðardóttur.

[Fundarhlé. — 12:57]

[13:32]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Við ræðum nú við 2. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands sem hæstv. forsætisráðherra mælti fyrir á dögunum. Í þeirri umræðu kom það mjög skýrt fram í málflutningi okkar framsóknarmanna að við teldum að huga þyrfti að ýmsum þáttum þess frumvarps sem ríkisstjórnin lagði fram. Við gerðum helst athugasemdir við skipan í peningastefnunefnd sem kveðið er á um í frumvarpinu og þær kröfur sem gera ætti til umsækjenda um starf seðlabankastjóra. Við bentum einnig á að við lögðum fram frumvarp á vettvangi þingsins, fyrstir flokka á þessu þingi, um breytingar á lögum um Seðlabankann þar sem við vildum ná fram því markmiði að gera þær ákvarðanir sem seðlabankastjórn tekur um stýrivexti gegnsærri. Miklu máli skiptir að gegnsæið sé algert í þeim efnum og í miklu nefndarstarfi á vettvangi viðskiptanefndar hefur verið tekið tillit til þeirra sjónarmiða. Reyndar var því þannig varið að flestir þeir gestir og umsagnaraðilar sem komu á fund nefndarinnar mæltu fyrir því að í slíkar breytingar yrði ráðist.

Hæstv. forseti. Búið er að fara ágætlega yfir þær breytingartillögur sem meiri hluti nefndarinnar leggur til hér við 2. umr. og eins og fram hefur komið höfum við farið mjög ítarlega yfir þetta mál. Við leggjum til miklar breytingar á frumvarpinu enda er það allt gert að vel íhuguðu máli. Þegar lögum um grundvallarstofnun eins og Seðlabanka Íslands er breytt er mikilvægt að menn kasti ekki til höndum og vandi sig verulega, og það hefur verið gert.

Ég ætla, hæstv. forseti, að fara í örfáum orðum yfir þær breytingartillögur sem meiri hluti nefndarinnar leggur til. Það er í fyrsta lagi varðandi 1. gr. frumvarpsins. Þar kom fram sá skýri vilji hjá okkur í meiri hlutanum að við töldum mjög varhugavert að blanda bankaráði Seðlabankans inn í þær breytingar sem við erum að gera á stjórn bankans. Við vildum einskorða okkur við þá meginþætti sem mælt var um í frumvarpinu, þ.e. um stofnun peningastefnunefndar og breytingar sem gerðar eru er varða bankastjóra bankans. Við lögðum til breytingar á 1. gr. þar sem við tókum bankaráðið út úr því hlutverki sem því var falið sem varðaði varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins þannig að við því verður ekki hróflað. Eðli bankaráðsins verður því hið sama fyrir og eftir þessa lagabreytingu sem snýr að öðrum þáttum.

Varðandi skipan seðlabankastjóra og fækkun þeirra úr þremur í einn, sem hæstv. forsætisráðherra gerði ráð fyrir, þá höfum við gert þær breytingar að forsætisráðherra muni skipa seðlabankastjóra en jafnframt aðstoðarseðlabankastjóra til fimm ára í senn. Í frumvarpinu, eins og það var lagt fram, var gert ráð fyrir að skipunartíminn yrði sjö ár en nefndin hefur breytt því í fimm ár jafnframt því að ráðinn verði sérstakur aðstoðarseðlabankastjóri.

Við framsóknarmenn höfum talið það mjög mikilvægt að í þessu ákvörðunartökuferli, þegar kemur að því að skipa seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra, sé það hafið yfir allan vafa hver einstaklinganna sé hæfastur. Meiri hluti nefndarinnar leggur það því til að sérstök hæfnisnefnd verði skipuð sem muni leggja mat á umsækjendur og mæla með ákveðnum aðilum eða leggja mat á hæfi þeirra, en forsætisráðherra taki svo endanlega ákvörðun. Þetta er í takt við tíðarandann. Við þurfum að standa faglega að ráðningum í opinber embætti og töldum við því brýnt að þessi nefnd kæmi að slíku ferli og mun hún þar af leiðandi segja álit sitt á þeim umsækjendum sem munu sækja um þessi störf verði frumvarpið að lögum.

Við gagnrýndum jafnframt, og vildum breytingar á því, hvernig peningastefnunefndin, sem gegnir mjög mikilvægu hlutverki á því sviði að móta peningastefnuna — og veitir ekki af því að sú nefnd sé þannig mönnuð að hún njóti mikillar viðurkenningar. Við þurfum að vanda vel valið á þeim sem skipa þá nefnd. Samkvæmt þeim breytingartillögum sem við höfum lagt fram munu seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri vera í nefndinni ásamt einum öðrum aðila innan úr bankanum. Eins og frumvarpið var þegar það var lagt fram var gert ráð fyrir að seðlabankastjórinn skipaði alla þá nefnd. Við töldum það varhugavert og vildum að fleiri aðilar kæmu að því að skipa nefndina og nú hefur verið lagt til að forsætisráðherra skipi tvo aðila í peningastefnunefndina. Mér finnst rétt að það komi fram í þessari umræðu að ég tel eðlilegt að þeir aðilar sem kæmu þangað inn fyrir hönd forsætisráðherra kæmu jafnvel frá útlöndum, t.d. virtir sérfræðingar sem hefðu jafnvel reynslu af krísum sem aðrar þjóðir hafa lent í hliðstæðum þeirri sem við stöndum nú frammi fyrir.

Þó að þeir erfiðleikar sem við stöndum frammi fyrir séu margfalt verri en margar aðrar þjóðir hafa lent í finnst mér mikilvægt upp á trúverðugleika nefndarinnar að við fáum erlenda aðila í þessa nefnd, nefnd sem mun hittast að minnsta kosti átta sinnum á ári til að móta stefnu í peningamálum. Svo að það hafi verið sagt hér í þessari umræðu þá finnst okkur framsóknarmönnum mikilvægt að í þessari peningastefnunefnd komi fólk víða að, fólk með víðtæka

þekkingu og reynslu, kannski ólíka þekkingu og ólíka reynslu, til þess að víddin í nefndinni sé með þeim hætti að hún verði okkur öllum til gagns.

Hæstv. forseti. Síðasta haust lögðum við framsóknarmenn fram hér á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Það frumvarp laut m.a. að því að stuðla að því að auka gagnsæi við stýrivaxtaákvarðanir Seðlabankans og gerði það frumvarp ráð fyrir því að bankastjórnin birti fundargerðir sínar eins og tíðkast í mörgum öðrum löndum. Við ræddum þetta mikið á vettvangi nefndarinnar, við þingmenn sem sitjum í nefndinni, og ræddum við þá aðila sem veittu umsagnir um frumvarpið og komu á fund nefndarinnar. Voru flestir sammála því að það væri eðlilegt og mundi auka trúverðugleikann ef peningastefnunefndin, sem mun taka yfir þetta hlutverk verði frumvarpið að lögum, birti fundargerðir sínar. Í þessum breytingartillögum meiri hlutans er því lagt til að gagnsæið verði aukið á þann veg að fundargerðir peningastefnunefndar verði birtar.

Í annan stað ræddum við mikið um hlutverk Alþingis þegar kemur að stjórn efnahagsmála. Hér er fjárveitingarvaldið og það er mikilvægt að Alþingi auki stöðu sína og vigt, sérstaklega á þeim tímum sem við horfumst nú í augu við. Við leggjum því til þá breytingu að peningastefnunefnd gefi Alþingi skýrslu tvisvar á ári og þá þeim nefndum sem málið varðar, þ.e. fjárlaganefnd, viðskiptanefnd og efnahags- og skattanefnd — að peningastefnunefnd gefi Alþingi tvisvar á ári skýrslu um málefni nefndarinnar, um stöðu gjaldmiðilsins og fleiri þætti.

Við höfum hugsað þetta þannig að lokaðir fundir yrðu með nefndunum þremur og fulltrúum úr peningastefnunefnd og að jafnvel yrðu fengnir fleiri sérfræðingar, jafnt innlendir sem erlendir, til að fara yfir stöðu efnahagsmála því að peningastefnunefnd mun náttúrlega gegna lykilhlutverki á því sviði. Við höfum rætt það hér á vettvangi þingsins að Alþingi sé oft og tíðum afskipt þegar kemur að þessum málum því að framkvæmdarvaldið hefur á undangengnum árum leikið lykilhlutverk. Ef við þingmenn viljum auka vægi þingsins og vigt í þessu málum tel ég það af hinu góða að við komum þessu ferli á, þ.e. að þingnefndir hitti peningastefnunefnd og fari yfir stöðu efnahagsmála tvisvar á ári.

Í frumvarpinu sem hæstv. forsætisráðherra lagði hér fram á vettvangi þingsins var ekki getið um hæfisskilyrði nefndarmanna í peningastefnunefnd. Það segir sig sjálft að þegar um slíka nefnd er að ræða, sem getur tekið mjög stórar og afdrifaríkar ákvarðanir, til að mynda á gjaldeyrismarkaði, þarf hæfi nefndarmanna að vera skýrt. Það segir sig sjálft að einstaklingur sem er umsvifamikill í viðskiptum á gjaldeyrismarkaði getur ekki setið í peningastefnunefnd. Það segir sig líka sjálft að bankastjórinn eða aðstoðarseðlabankastjórinn munu heldur ekki getað verið í slíku samhliða störfum sínum. Það er mjög mikilvægt að hnykkja á því í áliti okkar og tillögum hér við 2. umr. að hæfisskilyrðin fari ekki á milli mála. Við kveðum jafnframt á um ákvæði um þagnarskyldu þessara nefndarmanna og bankastjóranna þannig að því verði þannig háttað, eins og með aðra starfsmenn í bankakerfinu, að mönnum beri að gæta fyllsta trúnaðar í störfum á vettvangi bankans.

Hæstv. forseti. Þetta mál er hluti af stærra samhengi, hluti af því að við höfum horft upp á mesta efnahagshrun í lýðveldissögunni hér á landi. Víðtækar kröfur hafa verið í samfélaginu um breytingar og við framsóknarmenn teljum að við höfum stuðlað að ákveðnum breytingum, fyrst með því að bjóðast til að verja minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna með hlutleysi ef vantrauststillaga kæmi hér fram á vettvangi Alþingis. Við þá breytingu, eftir að sú ríkisstjórn tók til starfa, urðu ákveðnar breytingar á ríkisstjórn sem viðamikil krafa var um. Búið er að skipta um yfirstjórn í Fjármálaeftirlitinu, þar hafa ákveðnar breytingar átt sér stað. Með þessari löggjöf, verði hún að lögum, erum við að breyta umgjörð Seðlabanka Íslands.

Ekki er þar með sagt að við höfum lokið því að koma til móts við þær óskir sem uppi eru í samfélaginu um breytingar og við höfum verið að ræða hér mörg mál í þeim efnum, m.a. um stjórnlagaþing þar sem almenningur kæmi að því að endursemja stjórnarskrá lýðveldisins. Það er margt sem við þurfum að huga að á næstunni þannig að þetta mál er hluti af mjög stórri heildarmynd. Við skulum hafa í huga að með breytingum á lögum um Seðlabankann — ef við hefðum viljað gera enn fleiri breytingar tel ég að við hefðum þurft að taka í það meiri tíma.

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu er nauðsynlegt að við hefjum heildarendurskoðun á öllu regluverki utan um íslenskt fjármálalíf. Ég tel að allir stjórnmálaflokkar þurfi að koma að því ásamt færustu sérfræðingum. Sú endurskoðun þarf að fara af stað, hvernig við ætlum að endurreisa íslenskt fjármálakerfi og íslenskt efnahagslíf. Vanda þarf til verka og því væri ekki úr vegi, hæstv. forseti, að við færum að hefja þá vinnu. Við þingmenn ættum að sýna frumkvæði í því að hefja slíka heildarendurskoðun sem mun taka langan tíma, að mörgu er að hyggja því að við erum hluti af innri markaði Evrópu í þessu samhengi.

Ég tel að við hér á vettvangi þingsins ættum að einhenda okkur í þá vinnu að endurskoða í heild sinni allt regluverk um íslenskt fjármálakerfi og sérstaklega hvernig við viljum sjá framtíðina í þeim efnum. Ég hef nefnt það úr ræðustóli þingsins að ég vilji sérstaklega horfa til sparisjóðanna í þeim efnum, hvernig við ætlum að endurreisa fjármálakerfið. Ég held að þær hugsjónir og þau gildi sem sparisjóðirnir hafa verið reistir á síðustu áratugina séu í takt við þann anda sem er í þjóðfélaginu í dag. Ríkar kröfur eru gerðar um samfélagslegar skyldur þeirra stofnana ólíkt því sem var hjá stóru viðskiptabönkunum þremur á árunum 2006 og 2007 þar sem mér fannst að mörg samfélagsleg viðhorf væru látin víkja til hliðar.

Að mörgu er að hyggja, hæstv. forseti. Það er rétt að við erum með aukadag hér á þingi til þess að fjalla um þetta mál. Ég hef trú á því að á næstu vikum, á síðustu dögum þingsins, munum við þurfa að funda mikið. Við þurfum að komast í gegnum öll þau mál sem liggja fyrir þinginu. Mikið álag er á nefndir þingsins um þessar mundir. Við skulum búa okkur undir að funda hér einhver kvöld því að þjóðarhagur liggur við. Við framsóknarmenn leggjum mikla áherslu á að klára fyrir kosningar þau góðu mál sem fyrir liggja, þau mál sem koma til móts við bráðavanda heimila og fyrirtækja. Með þessum breytingum teljum við að við séum að auka á trúverðugleika íslenskrar efnahagsstjórnun-

ar. Það er markmiðið með frumvarpinu.

Ég vil að lokum þakka formanni nefndarinnar og hv. nefndarmönnum á vettvangi viðskiptanefndar Alþingis fyrir gott samstarf. Það hefur verið vandasamt að fara yfir þetta mál og við erum að fjalla um mjög viðkvæm mál en ég tel að við höfum náð mjög góðu samkomulagi á vettvangi nefndarinnar um hvernig við munum ljúka þessu starfi. Þó að sitt sýnist hverjum um efnisinnihald þeirra breytingartillagna sem hér liggja fyrir held ég að við getum þó verið sammála um að viðskiptanefnd hefur gert fjölmargar breytingar á frumvarpinu, breytingar sem eru til góðs og munu vonandi skila sér í öflugum Seðlabanka Íslands til lengri tíma litið og í auknu trausti á íslensku efnahags- og fjármálalífi. Með hagsmuni þjóðarinnar og fyrirtækjanna í landinu í huga verðum við að endurreisa það traust jafnt innan lands sem erlendis. Það hlýtur að vera stefna okkar allra sem sitjum á Alþingi Íslendinga.

[13:49]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp um Seðlabanka Íslands. Ég hef hlýtt á þessa umræðu í allan morgun og það kemur berlega í ljós hjá þeim þingmönnum sem hér hafa tjáð sig að eitt af mikilvægari málum í þessari lagasmíð er að breyta yfirstjórn Seðlabankans og skipta um þá bankastjóra sem þar hafa verið við völd. Gott og vel með það. Núverandi ríkisstjórn hefur meiri hluta til að gera þessa hluti.

Það kemur hins vegar fram í ræðu hv. þingmanns að hann leggur mikið upp úr trúverðugleika landsins varðandi peningamál og peningamálastefnu, varðandi fjármál. Hann talar jafnframt um að við þurfum að skoða heildarregluverkið, eins og hv. þingmaður orðaði það. Nú langar mig að spyrja hann og fara aðeins frá því frumvarpi sem við erum að ræða: Hvernig telur hv. þingmaður að trúverðugleiki Íslands sé gagnvart orkunýtingu, orkuuppbyggingu og nýtingu á þeim auðlindum til að þessi þjóð geti aflað sér gjaldeyris í framtíðinni? Mig langar að spyrja hv. þingmann að því vegna þess að framsóknarmenn hafa lagt mikið upp úr því að hér mætti auka störf og afla tekna fyrir þetta samfélag: Hefur þingmaðurinn áhyggjur af því að núverandi minnihlutastjórn sem Framsóknarflokkurinn styður hafi þann trúverðugleika að við náum til landsins erlendum fjárfestum sem vilja hér fjárfesta og vera eins og var á þeim tímum þegar uppbygging var hvað mest á þessu sviði?

[13:51]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Áður en ég svara hv. þingmanni efnislega mundi ég kannski vilja fá viðbrögð frá honum í seinna andsvari hans um það hvort ekki sé nauðsynlegt að við förum í heildarendurskoðun á öllu efnahags- og fjármálalífinu og hvort það sé ekki mikilvægt að við á vettvangi þingsins förum að starta slíkri vinnu því að við klárum ekkert slíka vinnu á einum mánuði eða nokkrum vikum. Það er langtímaverkefni að skoða málin í heild sinni, hvað fór úrskeiðis, hvað má bæta og ég spyr hvort Sjálfstæðisflokkurinn væri til í þá vegferð með okkur framsóknarmönnum og stjórnarliðum og Frjálslynda flokknum hér á þingi að fara í slíka endurskoðun því þá endurskoðun þarf að hefja sem fyrst.

Varðandi erlenda fjárfestingu hér á landi og þá væntanlega í atvinnuuppbyggingu á sviði stóriðju og hátæknifyrirtækja og fleira mætti nefna í þeim efnum þá tel ég afar brýnt að við séum trúverðug í þeim efnum og við löðum erlenda fjárfestingu til landsins. Það þarf að koma hjólum atvinnulífsins af stað að nýju. Ég tel þess vegna brýnt að við leggjum ekki stein í götu þeirra verkefna sem margir hafa verið að undirbúa á síðustu mánuðum og jafnvel árum.

Ég hef hins vegar enga trú á því, og það hefur komið fram í málflutningi hæstv. forsætisráðherra og iðnaðarráðherra, að þessi ríkisstjórn sem einungis á eftir að sitja í rúma 60 daga ætli sér að taka einhverjar drastískar ákvarðanir í þeim efnum. Það er búið að gera marga samninga við erlenda aðila um uppbyggingu á erlendri fjárfestingu hér á landi og þegar við stöndum frammi fyrir því að 20 þúsund Íslendingar verða brátt orðnir atvinnulausir þá þurfum við að fara í atvinnuskapandi aðgerðir og að sjálfsögðu hljótum við að vera sammála um það sama hvort fjármagnið kemur erlendis frá, frá lífeyrissjóðum, frá hinu opinbera að allar aðgerðir sem stuðla að háu (Forseti hringir.) atvinnustigi hér á landi verða vel þegnar á næstu mánuðum.

[13:53]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er ánægður með það svar sem hv. þingmaður gaf mér áðan að Framsóknarflokkurinn ætlaði hér eftir sem hingað til að standa að atvinnuuppbyggingu og standa að því að náttúruauðlindir landsins verði nýttar. En mig langar að spyrja aftur: Hefur hv. þingmaður engar áhyggjur af því að núverandi stjórnarflokkar, minnihlutaflokkar, verði með í því skipi sem Framsókn leggur þarna upp með? Það var punkturinn í spurningu minni. Treystir hv. þingmaður því að þeir flokkar standi með Framsóknarflokknum í þessari meðferð og þessari nauðsynlegu uppbyggingu?

Mig langar jafnframt, frú forseti, að koma aðeins inn á annað. Ég fór í andsvar við ræðu hv. þingmanns en hann í rauninni notaði andsvarið til að spyrja þann sem hér stendur og spurði hvort Sjálfstæðisflokkurinn vildi ekki fara í þá vegferð til að endurskoða okkar heildarkerfi. Ég vil bara minna hv. þingmann á að vegna forustu fyrrverandi forseta Alþingis, Sturlu Böðvarssonar, var ráðist í það verk að gera heildarúttekt á því sem gerst hefði í okkar efnahagskerfi og okkar bankahruni og sérstök rannsóknarnefnd vinnur að því fyrir hönd þingsins. Þar sem ég á sæti í forsætisnefnd þá hef ég fylgst með og kynnt mér hvernig það verk gengur og hvað er ætlast til varðandi þá skýrslu sem kemur út 1. nóvember. Það er mjög mikilvægt að við fylgjumst með því og tökum mark á þeirri skýrslu sem fram kemur. Það er grunnurinn að því að við lærum af því sem misfórst í því hruni sem við höfum upplifað. Ég held að við eigum ekki að fara fram úr okkur hvað það varðar.

[13:55]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt sem hv. þingmaður sagði að það er búið að setja á fót sérstaka rannsóknarnefnd

á vegum þingsins. Ég hef hins vegar ekki trú á því að sú nefnd muni taka til allra þátta efnahagsmála eins og ég rakti í ræðu minni áðan. Ég tel brýnt að við förum ekki að fresta þeim verkefnum sem við okkur blasa og ég tel að við þurfum að skoða hvort eitthvað standi út af borðinu í þeim efnum við það að skoða hvernig við ætlum að haga þessum málum okkar til framtíðar.

En af því að hv. þingmaður virðist gefa sér það hér að núverandi ríkisstjórnarflokkar, sem eru minnihlutastjórn, ætli sér ekkert í atvinnumálum þá ætla ég ekki að trúa slíku upp á þá ríkisstjórn sem starfar á Alþingi. Við framsóknarmenn höfum sagt hér á þingi að við munum styðja öll góð mál sem frá þessari minnihlutastjórn kemur. Við munum líka styðja öll þau góðu mál sem koma frá öðrum stjórnarandstöðuflokkum og við munum sjálf leggja fram góð mál hér með það að markmiði að bæta samfélagið sem við búum í og ég held að það veiti ekkert af því. Við þingmenn á Alþingi þurfum því að standa saman til þess að koma mikilvægum málum í gegnum þingið. Af því að hv. þingmaður kemur upp og gagnrýnir þá minnihlutastjórn sem hér er að störfum — og hún er svo sannarlega ekki yfir gagnrýni hafin — þá vil ég minna hv. þingmann á að síðasta ríkisstjórn var svo máttlaus, svo vonlaus að hana greindi á í öllum grundvallaratriðum. Við kölluðum eftir raunverulegu aðgerðum síðustu ríkisstjórnar. Það var allt of lítið um verk á þeim bæ. Þess vegna varð að leysa Sjálfstæðisflokkinn úr ríkisstjórninni. Ég held að hann muni gegna lykilhlutverki í stjórnarandstöðu. Það er mikilvægt hlutverk. En ég hvet hv. þingmann og ég hvet Sjálfstæðisflokkinn til þess að standa með öðrum þingflokkum á vettvangi þingsins og þeirri (Forseti hringir.) minnihlutastjórn sem hér starfar til að koma góðum málum áfram. Það er vilji okkar framsóknarmanna.

[13:57]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar orðræðu sem hér hefur farið fram, síðast milli hv. þm. Birkis J. Jónssonar og hv. þm. Kjartans Ólafssonar, er rétt að koma því að sem virðist hafa farið fram hjá einhverjum, m.a. hv. þm. Birki J. Jónssyni, að fyrrverandi forsætisráðherra, hv. þm. Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lýst því yfir og ekki einu sinni heldur margoft að rétt væri að gera skipulagsbreytingar á yfirstjórn peningamála. Ég hygg að miðað við það sem hv. þm. Birkir Jón sagði þá ætti ekki að vera neinn meiri háttar málefnaágreiningur um það. En það er einmitt með þeim formerkjum og á því sviði sem m.a. hv. þm. Birkir J. Jónsson talaði varðandi það frumvarp sem hér liggur fyrir, um breytingar á lögum um Seðlabankann, og í framsögu sinni lagði hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar, mikla áherslu á og talaði um að nauðsynlegt væri að endurskipuleggja peningakerfi þjóðarinnar. Hún talaði um að það væri nauðsynlegt að aflétta bankaleynd og að breyta þyrfti lagarammanum um regluverk fjármálafyrirtækja. Allt er þetta satt og rétt hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur en það frumvarp sem hér liggur fyrir fjallar ekki að einu einasta leyti um þau atriði sem hv. formaður viðskiptanefndar gerði að upphafsorðum og að hluta til að meginmáli í upphafi ræðu sinnar. Það víkur ekki að einu eða neinu leyti að þessum þáttum.

Þá talaði hv. þm. Álfheiður Ingadóttir um að nauðsynlegt væri að tryggja að í Seðlabankanum starfi fagleg yfirstjórn og síðar í ræðu sinni nefndi hún að með frumvarpinu væri lagður grunnur að betri og öflugri seðlabanka sem áfram gæti notið trausts innan lands sem utan. Vegna þessara orða er eðlilegt að spurt sé hvort það sé mat formanns viðskiptanefndar að ekki hafi verið fagleg yfirstjórn í Seðlabankanum til þessa og ef það er skoðun hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur að ekki hafi verið fagleg yfirstjórn í Seðlabankanum, hvað var þá að varðandi þá faglegu yfirstjórn? Í hverju voru brestirnir fólgnir?

Ég get ekki betur séð en það hafi verið fagleg yfirstjórn í Seðlabanka Íslands og ég hygg að ekki ætti að vera ágreiningur um það og miðað við það sem þingmaðurinn sagði síðan í framhaldi, að lagður yrði grunnur að betri og öflugri Seðlabanka sem áfram gæti notið trausts innan lands sem erlendis, sem getur þá ekki skilist með öðrum hætti en að Seðlabankinn hafi þá notið trausts. (**Forsrh.:** Hvaða frumvarp var það?) Ja, það er hægt að fletta því upp svo ekki þurfi að vandræðast með það. Ég hlustaði og skrifaði niður og bíðst þá velvirðingar ef það hefur verið en ég gat ekki heyrt annað en svo hafi verið. En alla vega gat ég ekki betur séð en að við hefðum haft faglegt starf í Seðlabankanum. Fólk getur greint á um hvort þar hafi verið teknar réttar eða rangar ákvarðanir og ég hef iðulega, um árabil gagnrýnt peningamálastjórn þjóðarinnar. Ég hef gagnrýnt það með hvaða hætti Seðlabankinn hefur beitt því ákvæði sem kveður á um í 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands, því meginmarkmiði Seðlabankans að halda stöðugu verðlagi. Ég hef gagnrýnt mjög hvernig vaxtaákvörðunum hefur verið beitt og ég hef talið að það ynni gegn þeim grundvelli sem bankastjórnin hygðist ná. Það stendur nefnilega í 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands að „meginmarkmið seðlabanka er að stuðla að stöðugu verðlagi.“

Varðandi peningamálastefnuna er það spurning hvort eðlilegt hefði verið þegar flutt er frumvarp um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands að markmiðssetningin væri tekin til skoðunar. Því ef þetta á áfram að vera meginmarkmið þá vantar ef til vill fleiri vopn í það vopnabúr sem Seðlabankanum er fengið til að geta staðið í því að móta peningamálastefnu ásamt ríkisstjórninni sem geti tryggt með virkari hætti stöðugra verðlag en verið hefur.

Hæstv. viðskiptaráðherra benti réttilega á í ræðu sem hann flutti fyrir nokkrum dögum á Alþingi að stjórntæki Seðlabankans hefði — ég hef þetta ekki orðrétt eftir — í raun aldrei virkað. Þar hafa komið ýmsir menn að stjórnum, þar hefur stjórnkerfi verið breytt en þetta varð niðurstaða hæstv. viðskiptaráðherra sem hefur sérþekkingu á þeim málum sem hér er fjallað um samkvæmt námsgráðu sinni, að úrræði og aðgerðir Seðlabankans hefðu aldrei virkað. Það hlýtur þá að vera einhver kerfislægur vandi sem við er að glíma en ekki sú yfirstjórn eða hvort einn eða fleiri seðlabankastjórar haldi um málið. Á þeim grunni hefði verið æskilegt að fara í umræður um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands á þeim grunni og á þeim forsendum og á þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir byrjaði ræðu sína á og fjallaði um að nauðsynlegt væri að breyta og ég er henni fullkomlega sammála. Ég er henni al-

gerlega sammála um að það er nauðsynlegt núna að koma á gjörbreyttu umhverfi varðandi fjármálafyrirtækin, m.a. að skoða það að bankaleynd geti ekki verið áfram eins konar skálkaskjól fyrir glæpastarfsemi, að bankaleynd geti ekki verið skálkaskjól fyrir skattsvik, að bankaleynd geti ekki verið skálkaskjól til að fela peninga. Það eru þessi grundvallaratriði vegna þess að bankaleyndin hefur verið túlkuð svo þröngt og með þeim hætti að hún hefur í raun vegið að rótum réttarríkja ekki bara hér á landi heldur í því fjármálakerfi veraldarinnar sem við erum örlítill hluti af. Þetta er því eitt af þeim meginverkefnum sem við er að glíma og að sjálfsögðu komum við ekki að því regluverki með hvaða hætti því er breytt nema þá sem aðili sem getur látið rödd sína hljóma um að það sé grundvallaratriði að breyta þessu regluverki.

Það kemur m.a. fram í umsögn sem viðskiptanefnd barst frá Jóni Sigurðssyni fyrrverandi seðlabankastjóra, fyrrverandi bankastjóra Nordiske investeringsbanken og fyrrverandi viðskiptaráðherra ásamt mörgu öðru, þar fjallar hann um það öryggisnet fjármálastarfseminnar sem hefur verið bundið við þjóðríkin að nauðsynlegt sé að menn geri sér grein fyrir því að um einn samfelldan fjármálamarkað sé að ræða og þess vegna þurfi að móta gerbreytta stefnu hvað það varðar. Það þurfi að koma á samræmdu öryggisneti, sérstaklega þar sem um er að ræða fjármálastarfsemi sem er mjög samstæð eins og á Evrópska efnahagssvæðinu og hann segir, með leyfi forseta:

„Hér er ekki síst um að ræða hvernig taka skuli á fjárhagsvanda sem upp kann að koma hjá útibúi banka í öðru landi en í heimalandi bankans. Til dæmis mætti hugsa sér að sú almenna regla gilti innan Evrópska efnahagssvæðisins að innstæðutryggingar fylgdu jafnan reglum lands þess sem innstæðunni er veitt viðtaka.“

Þá segir hann — ég fer ekki með orðrétt — varðandi peningamálastefnu að hana þurfi að laga betur að þeirri staðreynd að fjármálaþjónustan fari yfir landamærin og ekki bara á evrópska efnahagssvæðinu heldur í raun um allan heim. Þetta er mergurinn málsins og þess vegna hefðis þurft að skoða og grandskoða með hvaða hætti við teljum nauðsynlegt að breyta peningamálastefnunni í samræmi við það og í raun stefnu varðandi og heildarlög um Seðlabanka Íslands sem taki á þeim kerfislæga vanda sem hæstv. viðskiptaráðherra lýsti svo vel í ræðu sinni og ég vitnaði í áðan, þ.e. að aðgerðir Seðlabankans, óháð því hver hefur verið þar bankastjóri eða hvaða bankaráð hefur setið, hafa ekki virkað. En það sem á skortir hér og það sem er útilokað annað en saka ríkisstjórnina um er það að hvorki í þessu frumvarpi né á annan hátt er mótuð stefna í peningamálum og það er ekki mótuð stefna í gjaldmiðilsmálum. Hvað á að gera? Á að halda í krónuna sem lögeyri eða á að breyta til? Og það vill til að fyrir nokkrum dögum voru virkar umræður um það atriði og af þeim umræðum var ljóst að það virtist sem þingmenn væru almennt sammála um að það gengi ekki lengur að halda í krónuna sem lögeyri nema hún næði þá tengingu við fjölþjóðlegan gjaldmiðil.

Það sem við þurfum að hafa í huga og sem fjölmiðlar og ýmsir upphlaupsmenn sem hafa fjallað um vanda þjóðfélagsins hafa látið hjá líða að gera grein fyrir til að hafa eðlilega atvikaröð á því sem gerðist á Íslandi er það að krónan hrundi, gjaldmiðillinn hrundi og það virðist þurfa að rifja það upp stöðugt að það var krónan sem hrundi og hún byrjaði að hrynja og hrundi langt á undan bönkunum. Það sem gerðist var að vegna þess að krónan hrundi þá magnaði það upp fall bankakerfisins og þess efnahagskerfis sem við búum við.

Það kom síðar í ljós hversu illa statt bankakerfið var og það gat enginn gert sér grein fyrir því að það væri jafnmikið af eitruðum útlánum í íslenska bankakerfinu og raun bar vitni þegar upp er staðið og sjálfsagt eru ekki öll kurl komi til grafar hvað það varðar. Þá er spurningin: Hverjum var þar um að kenna? Var þar um að kenna peningamálastefnunni? Svarið er nei. Var þar um að kenna þeim eftirlitsstofnunum eða yfirstjórnunarstofnunum sem ríkið hefur sett á laggirnar, hvort sem heitir fjármálaeftirlit eða Seðlabanki? Svarið er nei. Sökin liggur einfaldlega hjá þeim sem stjórnuðu bönkunum. Að halda öðru fram eða kenna eftirlitsstofnun eða Seðlabanka um er líkt og að kenna slökkviliðsstjóranum í Reykjavík um að brennuvargur gangi laus í Reykjavík og kveiki í húsum. Það má saka slökkviliðið um að hafa ekki haft nægilegan viðbúnað eða koma nægilega snemma á staðinn eða annað í þeim dúr. En það er alltaf sá sem veldur hlutnum sem ber ábyrgðina og það verðum við að hafa í huga. Í þessu frumvarpi er eingöngu verið að taka á ákveðnum stjórnunarlegum þætti Seðlabankans.

Ég skal taka undir það sem menn hafa sagt í þessari umræðu og sem m.a. hv. þm. Birgir Ármannsson minntist á þegar hann mælti fyrir nefndaráliti minni hluta viðskiptanefndar að það frumvarp sem lagt var fram upphaflega af hálfu ríkisstjórnarinnar var í sjálfu sér ákaflega illa grundað. Ég vil ekki nota orðið hrákasmíð, ég vil ekki segja það en það nálgaðist að vera varla boðlegt að leggja það fram en ég skal láta hv. formann viðskiptanefndar njóta þess sannmælis að hún hefur unnið mjög ötullega og mjög vel sem formaður viðskiptanefndar og komið að mjög góðum breytingum varðandi frumvarpið sem lýsa sér í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar. Ég vil þakka henni kærlega fyrir það að hafa unnið með þeim hætti að því að gera vont frumvarp mun skaplegra.

Það eru þó nokkur atriði sem þurfa að koma til skoðunar, ég vil taka það fram, en verð að fara dálítið hratt yfir. Ég tel hugmyndafræðina á bak við peningastefnunefnd sem fjallað er um vera líklega til að verða ákveðið flækjustig í starfsemi Seðlabankans og eðlilegra að miða við það kerfi eða svipað kerfi og við höfum í dag hvað það varðar. En það er annað atriði sem ég vil gera að sérstöku umtalsefni.

Við lagasmíð á Alþingi er það grundvallarregla að við erum að búa til lög sem eiga að standast til einhvers tíma. Það geta verið mismunandi hlutir sem valda því og knýja á um að lög eru samin, oft er það vegna aðsteðjandi vanda í þjóðfélaginu og á öðrum tímum vegna þess að menn vilja koma á réttarbótum. Í þessu tilviki er verið að gera réttmætar breytingar hvað það varðar að auka ábyrgð eins seðlabankastjóra sem ég er mjög fylgjandi að verði gert og lagði fram frumvarp um það atriði í október sl. Þar er í meginatriðum fylgt sömu viðmiðunum og í því frumvarpi sem hér liggur fyrir varðandi það að það komi einn seðlabankastjóri og síðan komi sérstakur aðstoðarmaður hans. Frumvarpið hefur tekið þeim breytingum að það hefur nálgast mjög það

frumvarp sem ég ásamt hv. þm. Grétari Mar Jónssyni og Guðjóni Arnari Kristjánssyni lögðum fram í október. Í frumvarpi okkar er í ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

„I. Alþingi kýs sjö fulltrúa í bankaráð Seðlabanka Íslands og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.

II. Forsætisráðherra skipar nýjan seðlabankastjóra og skulu þá bankastjórar Seðlabanka Íslands hætta störfum.“

Sú aðferðafræði sem er í frumvarpi mínu og hv. þingmanna Grétars Mars Jónssonar og Guðjóns Arnars Kristjánssonar er eðlileg stjórnsýsla og eðlileg lagasetning frá Alþingi Íslendinga. Það ákvæði sem hér er til bráðabirgða I. og II., þ.e. í því frumvarpi ríkisstjórnarinnar, er miðað við að eins fljótt og unnt er eftir gildistöku laga þessara að kjósa bankaráð Seðlabanka Íslands ásamt varamönnum en frá saman tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu og síðan að fella niður frá og með gildistöku laganna, stöðu seðlabankastjóra og síðan á að skipa seðlabankastjóra til bráðabirgða og svo auglýsa stöðuna. Þessi aðferðafræði er röng. Hún er vond stjórnsýsla og þetta er vond lagasetning. Sú aðferðafræði sem er í frumvarpi mínu og hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar og Grétars Mars Jónssonar er eðlileg, réttmæt aðferðafræði með það hvernig fara skal að varðandi lagasetningu og breytingar á yfirstjórn varðandi bankaráð og varðandi bankastjóra Seðlabanka. Það er ekki hlutverk Alþingis Íslendinga með lagasetningu að standa fyrir óeðlilegum hlutum eins og t.d. — ég vil segja — að reka einstaklinga eða stuðla að slíku heldur verðum við alltaf að gæta þess að hafa öfluga, góða og vandaða stjórnsýslu. Ég hefði kosið að í staðinn fyrir þau ákvæði til bráðabirgða sem eru í stjórnarfrumvarpinu hefðu verið tekin til bráðabirgða þau ákvæði sem eru í frumvarpi mínu og hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar og Grétars Mars Jónssonar. Það hefði verið mjög skaplegt vegna þess að það er í sjálfu sér ekki langur tími sem þarf að líða frá því að frumvarpið er samþykkt þangað til hægt er að ráða nýjan bankastjóra og skipa nýtt bankaráð samkvæmt lögunum miðað við það sem hér um ræðir vegna þess að það eru heimildir fyrir því í lögum að stytta þá fresti sem þarf til að auglýsa stöðu, skila hæfismati o.s.frv.

Þetta er atriði sem mér finnst ámælisvert í frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Hv. formaður viðskiptanefndar veit vel og gerir sér grein fyrir því og ég gerði henni ítrekað grein fyrir sjónarmiði mínu og ég geri það nú úr ræðustól, að varðandi nefndarálit frá minni hlutanum þá er það nokkuð misvísandi sem kemur þar fram að það er ekki hnykkt á því sem kemur fram á bls. 3 um ákvæði til bráðabirgða. Ég mun koma að því í síðari ræðu minni í dag en í raun eru það þessi atriði sem við teljum sem skrifum undir þetta nefndarálit að þurfi til að koma varðandi breytingu á ákvæðum til bráðabirgða.

[14:18]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Magnússon er greinilega kominn í Sjálfstæðisflokkinn með fálkann í barmi sér og talar um að hv. þm. Geir H. Haarde hafi talað um endurskoðun á peningamálastefnunni. Flott mál ef þeir hefðu gert eitthvað. En samt kom fram í ræðu hv. þingmanns að hann er ekki búinn að slíta naflastrenginn við Frjálslynda flokkinn enn þá og það er gleðiefni þannig að hann kemur kannski heim aftur. En þetta er nú svona aukainnskot.

Ég fagna þessu frumvarpi. Þetta er mál sem brennur á þjóðinni að það sé tekið á yfirstjórn Seðlabankans og komið á nýrri stefnumörkun í peningamálum. Ég tek undir það sem hefur komið fram að það þarf að aflétta bankaleynd og það er mjög mikilvægt að það sé einnig gegnsæi í peningamálastefnunni. Það þarf að byggja upp traust gagnvart almenningi og alþjóðasamfélaginu. Það gerist ekki nema með breyttri stefnu. Atvinnulífið og heimili þessa lands þurfa þess með og það strax.

Vandinn sem skapaðist við bankahrunið var ekki bara alþjóðlegur vandi eins og menn reyna að túlka það heldur ekki síður heimatilbúinn vandi og það má engum blandast hugur um það að Seðlabankinn brást. Fyrri ríkisstjórn brást algjörlega vegna ákvörðunarfælni.

Sjálfstæðismenn tala um að það þurfi að vera þrír bankastjórar áfram í Seðlabankanum. Ég vil minna menn á að það kann aldrei góðri lukku að stýra að þrír skipstjórar séu á sama skipi. Það getur einfaldlega ekki gengið upp. Það yrði uppreisn innan skamms. En aðstoðarbankastjórinn sem yrði þarna til eða staðgengill seðlabankastjóra, við getum kallað hann stýrimann á skútunni og stýrimaðurinn er kallaður til að taka við skipi í stórsjó eða við brimboða eða hverju sem er ef skipstjóri forfallast. Þess vegna er mjög mikilvægt að það sé bara einn skipstjóri á skútunni, einn bankastjóri.

En ég spyr: Hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn krafist þess að seðlabankastjórarnir og stjórn Seðlabankans víki? Þetta er spurning sem brennur á þjóðinni og þarfnast svara í stöðunni í dag.

Þá tel ég mjög mikilvægt að þetta mál gangi í gegn eins fljótt og hægt er til þess að þjóðin geti farið að njóta trausts alþjóðasamfélagsins aftur og hægt verði byggja upp samfélagið á ný.

Ég þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur formanni viðskiptanefndar mjög mikið fyrir að hafa komið til okkar í þingflokki Frjálslynda flokksins og svarað okkar spurningum skilmerkilega og skýrt fyrir okkur stöðuna. Þess vegna er það mitt mat eftir þær viðræður að ég stuðla að því að þetta frumvarp nái fram að ganga.

[14:21]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Segja má að mikið vatn hafi runnið til sjávar síðan við ræddum upphaflegt frumvarp ríkisstjórnarinnar, frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands vegna þess að nú liggja fyrir breytingartillögur frá meiri hluta hv. viðskiptanefndar sem eru í átta liðum. Ætli ég megi ekki leyfa mér að segja að frumvarpið hafi tekið slíkum breytingum í meðförum nefndarinnar að það hafi nánast verið endurskrifað. Það eru alla vega mjög miklar breytingar á því frumvarpi sem lagt var upp með í upphafi.

Ég gagnrýndi það á sínum tíma þegar mælt var fyrir þessu frumvarpi að ríkisstjórnin sem lagt hefur mikla áherslu á gagnsæi og fagleg vinnubrögð hér í þinginu eftir að hún tók við völdum skyldi hafa neitað okkur þingmönnum, sem ætlað er að fjalla um lagafrumvörp hér og viljum

nú reyna að gera það eftir bestu getu og samviskusemi, um upplýsingar um það hvernig staðið var að samningu þessa frumvarps. Hæstv. forsætisráðherra upplýsti þingið um það á þeim tíma að ráðuneytið hefði leitað til sérfræðinga við samningu frumvarpsins og að fyrirmyndir hefðu verið hafðar til hliðsjónar við samningu þess.

Þegar eftir því var leitað að fá upplýsingar um það hverjir þessir sérfræðingar væru og hvaða fyrirmyndir höfðu legið að baki kom stjórnarandstaðan sem lagði þessa frómu ósk fram að luktum dyrum vegna þess að hæstv. forsætisráðherra neitaði að upplýsa þingið um það hverjir þessir sérfræðingar væru og hvaða fyrirmyndir lægju til grundvallar.

Ég átti þess kost að sitja nokkra fundi í viðskiptanefnd þar sem fjallað var um málið og ítrekaði þessar spurningar mínar við fulltrúa forsætisráðuneytisins og óskaði eftir upplýsingum um þetta enda er það nauðsynlegt fyrir okkur þingmenn sem eigum að fjalla um þessi mál að við getum kallað til skrafs og ráðagerða þá sérfræðinga sem koma að samningu frumvarpa til þess að fá upplýst um hvaða sjónarmið lágu að baki þeim ákvörðunum sem þeir tóku í sinni vinnu. En það var eins og við manninn mælt að upplýsingum um þessi sjálfsögðu atriði var neitað og ég hygg að það sé algjört einsdæmi á Alþingi að framkvæmdarvaldið sýni þinginu og þingmönnum svo mikla lítilsvirðingu að upplýsa ekki um það hverjir hafi komið að vinnslu mála. Það er afar mikilvægt við aðstæður eins og þær sem hér eru uppi þegar megnið af íslenska fjármálakerfinu er hrunið og til stendur að hefja endurreisn þess að ekki sé hulið einhverjum leyndarhjúpi hverjir stóðu að samningu mála.

Þegar grennslast er fyrir um það hvaða mál hafa verið flutt til breytinga á lögum um Seðlabankann þá kemst maður raunar fljótt að niðurstöðu um að fyrirmynd þess frumvarps sem við ræðum nú er þingmál sem meðal annars hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson, núverandi hæstv. utanríkisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, núverandi hæstv. forsætisráðherra og Margrét Frímannsdóttir, fyrrverandi þingflokksformaður Samfylkingarinnar, sem starfar ekki lengur á þingi, fluttu.

Með fullri virðingu fyrir þessu ágæta fólki þá hefði ég haldið að vildu menn efla traust á íslensku fjármálakerfi og þar á meðal íslenska Seðlabankanum þá hefði verið skynsamlegra að leita til færustu sérfræðinga til þess að móta þær lagareglur sem um bankann eiga að gilda í komandi framtíð.

Eins og ég lýsti hérna áðan varð sú auðvitað raunin að til sérfræðinga var leitað en því miður höfum við sem sæti eigum á þingi en styðjum ekki þá minnihlutastjórn sem hér er við völd ekki fengið upplýsingar og fengum ekki tækifæri til þess að ræða við þá sem að samningu frumvarpsins komu. Ég held að þeir sem fylgjast með þessum umræðum hljóti nú að sjá hvers konar vinnubrögð þetta eru. Þau samrýmast ekki þeim áherslum sem ýmsir hv. þingmenn eins og hv. þm. Atli Gíslason sem situr hér í salnum og hlustar á þessa ræðu hefur lagt mikla áherslu á í sínum störfum á þinginu. Hann hefur oft nefnt faglega verkferla við vinnslu mála og lagt mikla áherslu á gagnsæi og fagmennsku við vinnslu allra mála. Mér finnst ótrúlegt að hv. þingmenn eins og Atli Gíslason treysti sér til þess að verja þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í þessu máli, ekki síst í ljósi þeirra orða sem hann lét falla um vinnulag fyrri ríkisstjórnar meðan hann var stjórnarandstöðuþingmaður. Þetta er mjög miður og það er miður þegar við Íslendingar í þessari stöðu erum að gera tilraunir til þess að endurreisa bankakerfið og endurskipuleggja fyrirkomulag íslenska fjármálakerfisins að unnið sé með þessum hætti.

Þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir eru að mínu mati margar hverjar til nokkurra bóta. Ég taldi þegar frumvarpið kom fram að það væri háð gríðarlega miklum annmörkum. Ég var þeirrar skoðunar að þær menntunar- og hæfniskröfur sem fram komu varðandi seðlabankastjórann væru of þröngar. Ég tel að þær breytingar sem hér birtast okkur í breytingartillögum meiri hlutans séu til bóta. Engu að síður þá er það mín skoðun að það þurfi að taka það mál aftur upp til umræðu og umfjöllunar þegar málið fer til viðskiptanefndar milli 2. og 3. umr. Ég hygg að þær menntunarkröfur sem hér koma fram séu eftir atvikum of þröngar og við megum ekki hleypa í gegn hér máli sem er til þess fallið að útiloka tiltekna hópa frá því að geta sinnt starfi seðlabankastjóra.

Ég er líka þeirrar skoðunar að það sé til bóta í málinu að mæla svo fyrir um að aðstoðarseðlabankastjóri skuli skipaður. Það hefði verið ófremdarástand í bankanum ef seðlabankastjóri hefði forfallast frá sínum störfum og enginn hefði verið til þess að leysa hann af við slíkar aðstæður.

Varðandi peningastefnunefndina var ég þeirrar skoðunar í upphafi að fyrirkomulag hennar og skipan væri miklum annmörkum háð. Ákvæðin, eins og þau birtust okkur í því frumvarpi sem lagt var fram hér á Alþingi — þar var gert ráð fyrir því að peningastefnunefnd starfaði í rauninni algjörlega undir hæl seðlabankastjórans en því hefur nú verið breytt á þann veg að forsætisráðherra Íslands skipi aðila í nefndina. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í viðskiptanefnd hafa réttilega bent á að með þessum breytingum megi halda því fram að vaðið sé úr öskunni í eldinn, þ.e. að farið sé úr einum öfgunum yfir í aðrar. Verði þetta niðurstaðan má segja að vegið sé að sjálfstæði Seðlabanka Íslands og ákvarðanir um peningastefnu séu þá fyrst og fremst á höndum forsætisráðherra. Þetta er auðvitað atriði sem þarf að taka til nákvæmari skoðunar.

Ég hefði talið, og sagði það þegar ég sat fundi í viðskiptanefnd, að eðlilegt hefði verið við þessar aðstæður að fá erlenda fagaðila til að fjalla um þessi mál, annars vegar peningastefnunefndina, skipan hennar og hlutverk, og hins vegar þær hæfiskröfur sem gerðar eru til framtíðarseðlabankastjóra. Það lá fyrir að Seðlabanki Evrópu hafði lýst sig reiðubúinn til að veita umsögn, „legal opinion“, um það frumvarp sem við fjöllum um hér, en formaður nefndarinnar, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, benti á það í umræðunni í nefndinni að ekki væri til siðs, og ekki væri hefð fyrir því, að leitað væri til erlendra aðila varðandi umsagnir um frumvörp sem þessi. Á þeim tíma lá þó fyrir umsögn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í möppum þingmanna þannig að þegar af þeirri ástæðu hélt sú röksemd ekki og því var jafnframt haldið fram að ekki væri eðlilegt að leita til Seðlabanka Evrópu, eins seðlabanka í heiminum, varðandi umsögn um þessi atriði, það væri allt eins nær — og sú röksemd var borin á borð fyrir okkur þingmenn — að leita til

Seðlabanka Bandaríkjanna og jafnvel til seðlabankans í Rússlandi eða seðlabankans í Kína.

Ég verð nú að segja fyrir mína parta að þetta eru röksemdir sem halda ekki af þeim ástæðum tveimur að Seðlabanki Evrópu var sjálfur að eigin frumkvæði reiðubúinn, og hafði lýst því yfir í tölvupósti til forsætisráðuneytisins, til að gefa álit sitt á frumvarpinu. Það verður líka að hafa í huga að frá upptöku og lögfestingu laganna um EES-samninginn hafa gilt hér á Íslandi reglur á fjármálamarkaði sem eiga uppruna sinn innan Evrópusambandsins. Þetta eru reglur sem eru að mörgu leyti samræmdar á Evrópska efnahagssvæðinu og gilda hér líkt og í Evrópu. Það er af þeirri ástæðu sem eðlilegt hefði verið, og eðlilegra hefði verið, að leita umsagnar hjá Seðlabanka Evrópu frekar en hjá seðlabanka í fjarlægum álfum.

Því miður var það svo að það var ekki gert og því haldið fram að óeðlilegt væri að leita umsagnar hjá erlendum stofnunum þrátt fyrir að fyrir framan nefndarmenn lægi umsögn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem er auðvitað einnig alþjóðleg stofnun þannig að þær röksemdir héldu ekki og allur málatilbúnaðurinn að þessu leyti var fyrirsláttur.

Það er eins og áður þannig að þó svo að núverandi ríkisstjórnarflokkar leggi hér til breytingar á stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands munu þær einar og sér ekki leiða til neinna úrlausna á þeim vanda sem við Íslendingar eigum við að etja. Það er ekki úrslitaatriði um afkomu þessarar þjóðar og endurreisn íslenska fjármálakerfisins hvort bankastjórar í Seðlabankanum séu einn eða þrír — og ég er svo sem ekkert að lýsa mig andsnúinn því — eða hvort bankaráð Seðlabankans sé skipað með þessum hættinum eða öðrum eða hvort í bankanum starfi peningastefnunefnd. Stjórnskipulag bankans mun ekki leysa okkar vanda.

Það sem vantar auðvitað í frumvarpið er það lykilatriði að fjallað sé um framtíðarpeningamálastefnu á Íslandi, það er lykilspurningin sem við þurfum að spyrja. Ég hef tekið eftir því að í ræðum hafa hv. þingmenn Samfylkingarinnar lýst því yfir hér á síðustu dögum að mikilvægasta verkefnið í íslenskum stjórnmálum sé að marka framtíðarstefnu í peninga- og gjaldmiðilsmálum á Íslandi. Þetta frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands sem ríkisstjórnin telur að sé svo mikilvægt við þær aðstæður sem uppi eru tekur ekki á þessum meginatriðum, atriðum sem þingmenn sem styðja við bakið á ríkisstjórninni hafa sjálfir lýst við annað tækifæri og annað tilefni að séu meginverkefnin við þær aðstæður sem hér eru uppi. Það er ekkert í þessu frumvarpi eða breytingartillögum eða öðru því sem komið hefur frá ríkisstjórninni, hvort sem er frá hæstv. ráðherrum eða hv. þingmönnum, sem varpar einhverju ljósi á framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar í peninga- og gjaldmiðilsmálum. Þetta eru auðvitað þau verkefni sem menn ættu að vera að vinna, en því miður er það þannig að hvorki er hægt að sjá það af þessu frumvarpi né af verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar að slík verkefni séu þar á dagskrá.

Frú forseti. Það er vonandi þannig að við meðferð þessa máls, bæði hér í umræðunni á þingi og sömuleiðis í nefnd, fari málið til nefndar milli 2. og 3. umr., verði fjallað um þessi veigamiklu atriði. Það er misskilningur að ætla að kenna stjórnskipulagi Seðlabankans um það hvernig komið er. Við þurfum að einbeita okkur, númer eitt, tvö og þrjú, að þeim úrlausnum sem við viljum vinna að til framtíðar við skipan peningamála á Íslandi. Það gerir þetta frumvarp ekki og ég heiti á og skora á ríkisstjórnina og þá hv. þingmenn sem styðja hana að taka það mál til umfjöllunar. Fólkið í landinu og fyrirtækin í landinu þola ekki að um þessi atriði sé einhver óvissa. Það þarf framtíðarstefnu í þessum málaflokki.

Ég get lýst því yfir hér að við þingmenn Sjálfstæðisflokksins erum og höfum alltaf verið reiðubúnir til að ræða það með hvaða hætti við eigum að haga peningamálastefnu okkar í framtíðinni. Ríkisstjórnin getur því treyst á það að Sjálfstæðisflokkurinn mun taka þátt í þeirri umræðu á málefnalegan og uppbyggilegan hátt en við óskum eftir því að stjórnarflokkarnir og Framsóknarflokkurinn komi að þeim viðræðum — og Frjálslyndi flokkurinn svo að ég gleymi honum nú ekki — með opnum huga þar sem engar leiðir eru útilokaðar. Ég tel að við þær aðstæður sem uppi eru höfum við einfaldlega ekki efni á því að slá neina möguleika út af borðinu en því miður hefur það verið þannig að ríkisstjórnin hefur ekki sýnt neina tilburði í þá átt að ræða þessi lykilatriði, þessi lykilmál sem brenna á fólkinu í landinu í dag. Það frumvarp sem við fjöllum um hér, um Seðlabanka Íslands, hefur ekkert með þessi atriði að gera en vonandi verður gerð á því bragarbót milli 2. og 3. umr. um þetta mál.

[14:40]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hlý orð hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar í minn garð og sérstaklega líka þann samstarfsvilja sem hann lýsir hér yfir að hann vilji hafa. Ég tel að í þessu máli hafi þingið verulega sýnt styrk sinn og ég vil sérstaklega hrósa viðskiptanefnd fyrir góð störf; sjö fundir, 23 gestir, hratt og örugglega unnið og af mikilli fagmennsku og það er almenn ánægja með frumvarpið. Það eru minni háttar athugasemdir en ég sé ekki betur en að Sjálfstæðisflokkurinn styðji meginhugsun þess þó að þeir séu með minni háttar breytingartillögur.

Ég vildi gjarnan spyrja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson: Samningur ríkisstjórnarinnar við Seðlabankann sem gerður var 2001 hafði einber verðbólgumarkmið 2,25% en ekkert annað í peningamálastefnunni sem stóðst aldrei. Við upplifðum bæði gengishrun eða gengissig mjög hratt og við upplifðum hratt vaxandi verðbólgu, aldrei var brugðist við að endurskoða þennan samning frá árinu 2001, í átta ár þrátt fyrir að það hefði margsýnt sig að hann stæðist ekki. Af hverju var ekki leitað eftir endurskoðun, af hverju leitaði hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, ekki eftir viðræðum við Seðlabankann um breytingu á peningamálastefnu sem aldrei virkaði?

Nú hefur tekið við völdum ný ríkisstjórn sem lætur verða sitt fyrsta verk að breyta peningamálastefnu, sem hefur verið vanrækt í átta ár frá því að samningurinn var gerður, samningur sem var löngu brostinn. Hv. þingmaður, af hverju var engu breytt í peningamálastefnu þegar ljóst var að hún var gjaldþrota í síðasta lagi árið 2004?

[14:42]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég á dálítið erfitt með að svara spurningum fyrir aðra. Það var svo sem ekki á mínu verksviði að breyta samningi ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands um peningamálastefnuna frá 2001, sem hv. þingmaður vék að. Þar hafa vegist á sjónarmið, annars vegar um sjálfstæði Seðlabankans og hins vegar afskipti ríkisstjórnarinnar af peningamálastefnunni. Ég hefði sjálfur verið reiðubúinn til að taka upp slíkar viðræður hefði ég verið í þeirri stöðu að geta gert það enda hef ég margoft lýst yfir efasemdum um þá peningamálastefnu sem starfað hefur verið eftir frá árinu 2001 og talið að ýmislegt í henni væri ekki skynsamlegt eða heppilegt fyrir stjórn efnahagsmála hér í landinu. Vel má vera að menn hefðu átt að bregðast öðruvísi við frá árinu 2001 en í þeirri stöðu sem við erum í núna leysir það engan vanda til framtíðar að horfa í baksýnisspegilinn og velta því fyrir sér hvað hefði átt að gera betur.

Verkefni okkar núna er að búa til einhvers konar framtíðarstefnu peningamála á Íslandi og ég hefði viljað, þegar menn eru á annað borð með frumvarp í höndunum um Seðlabanka Íslands, að það segði eitthvað um þá framtíðarsýn sem ríkisstjórnin hefur varðandi peninga- og gjaldmiðilsmálin. Því miður er svo ekki en ég mundi vilja heyra viðhorf hv. þm. Atla Gíslasonar til þeirra atriða sem ég nefndi í ræðu minni hér. Finnst hv. þingmanni boðlegt að við (Forseti hringir.) þingmenn höfum verið leyndir upplýsingum um það hvaða sérfræðingar unnu að þessu máli?

[14:45]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson getur þess að það sé erfitt að svara fyrir aðra. Ég hef enga trú á öðru en að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hljóti að hafa tekið þessi mál upp á fundum sínum og í ranni Sjálfstæðisflokksins sjálfs því að þetta var gagnrýnt samfellt frá árinu 2004. Það var jafnvel talað um að hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra Geir H. Haarde ætti ekki talsamband við seðlabankastjórann Davíð Oddsson. Auðvitað verður Sjálfstæðisflokkurinn að svara því hvernig á því stendur að peningamálastefnan, sem var orðin gjaldþrota fyrir löngu, var ekki tekin upp. Gagnrýni hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar verður að þessu leyti innantóm á peningamálastefnu sem ríkisstjórnin er að reyna að vinna upp og hefur haft til þess hálfan mánuð og ætlar að bretta upp ermarnar á næstu vikum og hefur einlægan ásetning til þess og vilja og fylgir því vel og fast eftir.

Ef maður ætlar að byggja almennilega framtíð verður maður að læra af reynslu fortíðarinnar. Þess vegna spyr maður: Hvað var að gerast í samskiptum fyrrverandi forsætisráðherra og seðlabankastjórans, bráðum fyrrverandi? Hvað gerðist þar sem við getum lært af? Og fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde var yfirmaður seðlabankastjórans.

Ég get síðan upplýst hv. þingmann um að ég hef í engu breytt skoðunum mínum um meðferð og samningu lagafrumvarpa og fylgi þar í einu og öllu þeirri handbók sem þingið hefur gefið út og er sammála henni. Þetta frumvarp var unnið á stuttum tíma en þingið sýndi styrk sinn, viðskiptanefnd og þingmenn sýndu styrk sinn, og kom fram með breytingar við frumvarp sem gerðu betra en það var. Er það ekki tilgangur okkar?

[14:47]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott að heyra að hv. þingmaður hefur ekki breytt skoðun sinni varðandi vinnubrögð í þinginu. Þeim vinnubrögðum sem hv. þingmaður hefur talað fyrir um gagnsæi og upplýsingagjöf var samt ekki fylgt í þessu máli. Ég fæ ekki séð að þeim reglum í handbókinni sem hv. þingmaður nefndi sem okkur er gert að fylgja hafi verið fylgt og þótt hann sé þeirrar skoðunar að þingið hafi sýnt styrk sinn með því að gera breytingar á nánast öllum ákvæðum frumvarpsins við meðferð þess í nefndinni má segja að ríkisstjórnin hafi ekki sýnt þinginu neina sérstaka virðingu. Þegar þingmenn óska eftir því að fá upplýsingar um það hverjir stóðu að samningu frumvarpsins er þeim haldið í algeru myrkri um það.

Auðvitað hefur verið rætt um peningamálastefnuna í röðum okkar sjálfstæðismanna, bæði milli okkar og hér í þingsalnum. Ég veit ekki betur en að hv. þm. Atli Gíslason og fleiri í hans röðum og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafi gert það líka og einmitt gagnrýnt peningamálastefnu Seðlabankans frá 2001. Ég minnist innblásinna og mjög innihaldsríkra og góðra ræðna hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, vinar míns heitins, sem hélt hér ræður á hverju einasta ári um peningamálastefnu Seðlabankans. (Gripið fram í.) Auðvitað komu fram skilaboð frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins um þessa peningamálastefnu. Hitt er annað mál að núna þegar hv. þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingar fá tækifæri til að setja mark sitt á peningamálastefnu Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar skila þeir auðu vegna þess að ekkert í þessu frumvarpi hefur með peningamálastefnu ríkisins að gera.

Ég vil síðan benda hv. þingmanni á að það verður ekki bæði sleppt (Forseti hringir.) og haldið í þessu. Það þýðir ekki að tala um sjálfstæði Seðlabankans í öðru orðinu en (Forseti hringir.) afskipti ríkisins í hinu.

[14:49]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hér er til umræðu snýr að einum af lykilþáttum stjórnar efnahagsmála á Íslandi. Það skiptir miklu máli í undirbúningi fyrir slíkt frumvarp að sá undirbúningur sé vandaður, það séu fengnir færustu og hæfustu sérfræðingar að verkinu og um leið sé líka nokkuð góð pólitísk sátt um þá niðurstöðu sem lögð er fyrir þingið.

Ég hjó eftir því í orðum hv. þingmanns í ræðu áðan — eða hvort það var í frammíkalli — að talað var um peningamálastefnu ríkisstjórnarinnar. Við erum ekki að tala um peningamálastefnu ríkisstjórnarinnar í þessari umræðu, það er rangnefni. Peningamálastjórnin hvílir á lögum sem sett voru árið 2001 um Seðlabankann þar sem bankanum voru samkvæmt lögum sett ákveðin markmið, þ.e. verðbólgumarkmið. Það var breyting frá ástandi sem áður var þar sem bankanum voru sett mörg markmið. Menn höfðu af því áhyggjur þá að þau markmið rækjust hvert á annars horn,

menn lentu í vandræðum með þau, sagt að margt af því væri ósamrýmanlegt og því væri eðlilegra að menn miðuðu við eitt ákveðið markmið, þ.e. stöðugleika í verðlagi, svokallað verðbólgumarkmið, og horfðu þá til reynslu ýmissa annarra þjóða sem höfðu tekið slíkt markmið upp á undanförnum árum og áratug. Menn töldu sýnt að góð reynsla væri af slíkum vinnubrögðum.

Það er á grundvelli slíkra laga frá Alþingi sem peningamálastefnan er grundvölluð og því rétt að ræða hana þannig en ekki sem sérstaka peningamálastefnu ríkisstjórnarinnar, enda tilgangurinn með sjálfstæði Seðlabankans einmitt sá að færa það vald frá ríkisvaldinu, frá ríkisstjórninni, og inn í Seðlabankann. Hugmyndafræðin er öll einmitt sú að það sé betra að sérfræðingar á sviði peningamálastjórnunar komi þar að sem ekki eru háðir pólitískum duttlungum, sveiflum, pólitískum átökum hversdagsins þegar kemur að því að móta peningamálastefnuna. Af hverju? Vegna þess að menn telja að hér sé um að ræða þvílíkt grundvallaratriði í allri hagstjórn að menn vilja ná því frá dægurþrasinu, ná því frá skammtímahugsun í efnahagsstjórnun og einmitt í áttina að langtímahugsun. Og það getur oft verið erfitt fyrir stjórnmálamennina að standa vörð um slíkt. Það getur gengið þannig á að menn, hvað skal segja, horfa frekar til skemmri tíma en lengri, til skammtímavinsælda frekar en árangurs til langs tíma. Stundum er það þannig með stjórnmálamennina að þeir meta það svo að það verði ekki þeir sem njóti ávinningsins þó að þeir hafi kannski gert réttu verkin ef þeir síðan tapa kosningum, hrökklast frá og aðrir komast að. Öll þessi hugsun, allt þetta hefur snúið að því að menn hafa sagt: Við viljum frekar hafa sjálfstæðan seðlabanka, hann á að hafa skýrt markmið og menn hafa viljað fara verðbólgumarkmiðsleiðina.

Ég hef verið í hópi þeirra sem á undanförnum árum hafa bæði í ræðu og riti haft uppi miklar efasemdir um hið hreina verðbólgumarkmið. Það skal þó tekið fram að árið 2001 var ég í hópi þeirra sem voru ánægðir með þessa niðurstöðu, ég taldi hana til bóta frá því kerfi sem við bjuggum áður við. Ég tel hins vegar að reynslan hafi sýnt að þessi aðferð við stjórn peningamála, þ.e. hreint verðbólgumarkmið, sé of þröng nálgun á það viðfangsefni sem Seðlabankinn hefur með höndum og getur leitt til mikilla vandræða.

Þau vandræði sem ég tel að hafi komið upp á Íslandi vegna stjórnar peningamálanna hafa fólgist í því að Seðlabankinn hefur fyrst og síðast eitt stýritæki sem eru stýrivextirnir og til að berjast gegn verðbólgu hefur bankinn hækkað stýrivexti sína jafnt og þétt á undanförnum árum, en um leið vegna þess að við búum í breyttum heimi þar sem fjármagn flæðir auðveldlega milli landa kallað fram þá stöðu að fjármagn hefur pumpast inn í hagkerfi okkar til að nýta vaxtamuninn og þar með haft áhrif á gengi íslensku krónunnar til styrkingar á sínum tíma, of mikillar styrkingar og þannig sett hagkerfið að vissu leyti úr jafnvægi. Þetta kallaði t.d. fram aukna neyslu vegna þess að innfluttur varningur varð of ódýr og útflutningurinn þjáðist, útflutningur á fiski eða annarri framleiðslu mátti gjalda fyrir það að gengið var of sterkt en innflutningurinn hagnaðist. Af þessu hef ég lengi haft miklar áhyggjur en Seðlabankanum var líka ákveðin vorkunn vegna þess að í fyrsta lagi var honum settur þessi rammi með lögum, þetta er eina stjórntækið, og það verður að segjast eins og er að hið opinbera gerði Seðlabankanum ekki verkið auðveldara með fjármálastjórn sinni. Aukning ríkisútgjalda og útgjalda sveitarfélaga hefur verið með þeim ósköpum að það hefur gengið þvert gegn allri hugsun um það að vernda stöðugt verðlag í landinu. Og ég hef stundum haft það á tilfinningunni að við stjórnmálamennirnir höfum einhvern veginn litið svo á að verðbólgan hlyti að vera bara vandi Seðlabankans úr því að það væri svo orðað í lögunum að hann ætti að hafa verðbólgumarkmið en hið opinbera hefði raunverulega allt það svigrúm sem því dytti í hug til að eyða öllum þeim peningum sem það kæmi höndunum yfir.

Með öðrum orðum er alveg lykilatriði fyrir íslenskt efnahagslíf að við endurskoðum peningamálastefnuna, að við endurskoðum það hvernig við ætlum að búa við íslensku krónuna á næstu missirum og árum því að undan því verður ekki vikið. Hver verður mynt okkar á næstu missirum og árum? Það er sama hvað mönnum finnst um upptöku evru eða eitthvað þess háttar, þetta er sú mynt sem við munum búa við og þess vegna verður að vera einhver skynsamleg hugsun um peningamálastefnuna. Þetta frumvarp hreyfir því miður hvergi við neinu og það hefur komið mjög skýrt fram hjá talsmönnum ríkisstjórnarinnar að því er ekki ætlað að gera það. Þá spyr maður sig: Hver nákvæmlega er þá tilgangurinn með því sem við erum að gera hér? Jú, tilgangurinn er að breyta stjórnunarkerfi bankans. Gott og vel, það hlýtur að vera einhver ástæða fyrir því að við ætlum að breyta honum, eitthvað sem við ætlum að ná fram, eitthvað sem við ætlum að breyta.

Nú kunna menn að vera þeirrar skoðunar að mannabreytingar einar saman í bankanum kalli á breytta stefnu. Ég ætla ekki að fullyrða um það. En ef það er tilgangurinn, ef menn hafa þá skoðun að það sé nauðsynleg breyting að breyta yfirstjórn bankans með þessum hætti, breyta skipulagi yfirstjórnarinnar til að kalla fram breytingar á peningamálastefnunni, er náttúrlega alveg furðulegt að menn skuli ekki breyta 3. gr. laganna um hlutverk bankans, hvert markmið hans eigi að vera. Ef 3. gr. stendur óbreytt í lögum um Seðlabankann verður engin breyting. Þar er áfram kveðið á um að bankinn hafi þetta stífa verðbólgumarkmið, engin breyting er þar á, þannig að breytingin á yfirstjórn bankans mun ekki hafa nein áhrif á það hvernig bankinn rekur sína stefnu.

Við erum að verja mjög mikilvægum og verðmætum tíma á Alþingi í að ræða þetta mál. Þetta er stórt mál, þetta skiptir máli, það skiptir máli fyrir efnahagslífið, fyrir fyrirtækin og heimilin í landinu hvernig að þessum málum er staðið. Mér finnst satt best að segja alveg merkilegt að ekki skuli þá fylgja þessari breytingu möguleiki fyrir þá nýju yfirstjórn sem hér er kallað eftir í bankanum að breyta stjórn peningamála í kjölfarið. Hvernig stendur á því? Það væri mjög áhugavert að fá það fram hjá talsmönnum stjórnarinnar sem því miður eru mjög fáir í salnum. Þrátt fyrir alls konar yfirlýsingar á undanförnum mánuðum um mikilvægi peningamálastefnunnar í umræðunni um endurreisn íslenska hagkerfisins tek ég eftir því að í salnum situr bara einn stjórnarliði. Aðrir hafa þá öðrum hnöppum að hneppa.

Það væri áhugavert að fá fram hvers vegna ekki er gerð breyting á 3. gr. laganna þannig að sú breyting sem hér

verður, ef þetta frumvarp verður að lögum, á yfirstjórn bankans geti haft einhver áhrif á það hvernig menn vinna peningamálastefnuna. Ég mundi telja að breyta þyrfti 3. gr. þannig að hún hljóðaði eitthvað á þá leið að meginmarkmið Seðlabanka Íslands væri að stuðla að stöðugu verðlagi að teknu tilliti til annarra lykilstærða í íslensku efnahagslífi. Ég held að við höfum þrengt þetta of mikið árið 2001. Það er algjörlega óþarft og rangt að hafa kerfið þannig að talin séu upp atriði eins og full atvinna, jafnvægi í byggð landsins og hvað það nú var. Það held ég að sé ekki skynsamlegt. (Gripið fram í.) En það er eðlilegt ef við horfum til annarra landa — ég tel það ekki bara eðlilegt heldur alveg nauðsynlegt að víkka þetta markmið út með þeim hætti sem ég lýsti. Úr því að við erum að fara í gegnum alla þessa vinnu, fara í gegnum það að skoða breytingar á yfirstjórn bankans, ættu menn í það minnsta að telja að það hafi einhvern tilgang að þess sjáist merki að menn hafi svigrúm til að breyta þeirri stefnu sem hefur verið í stjórn peningamála á Íslandi hingað til. Þetta er alveg lykilatriði. Hættan við það að við höldum áfram með bara skýr verðbólgumarkmið er sú að við förum aftur inn í þá stöðu að við séum að reyna að ná tökum á verðlagsþróuninni með vöxtunum einum saman, þ.e. að við keyrum aftur upp vaxtamun til þess að ná í erlent fjármagn sem ég held að verði erfitt á næstu mánuðum og missirum, satt best að segja, en nálgunin þarf að vera önnur en akkúrat sú. Nálgunin á peningamálastjórninni verður að vera önnur.

Ég vona, virðulegi forseti, að milli 2. og 3. umr. þegar þetta frumvarp fer aftur til hv. viðskiptanefndar verði þetta skoðað og ég treysti á þá sem þar sitja að setjast yfir þetta af vandvirkni og skoða þessa möguleika. Ef eitthvað gott á að leiða af þessu einhvers staðar, ef þetta á að hafa eitthvert gildi þarf það að koma fram með þeim hætti. Því miður virðist vera mikil óþolinmæði í þessu máli öllu saman en menn þurfa að setjast yfir það og vanda sig mjög vel, kalla til sín til þess bæra sérfræðinga í þessum málum, gefa sér tíma til að orða slíkt markmið skynsamlega, fara í gegnum alla þá umræðu, leggja mat á þessa hluti þannig að við fáum lög um Seðlabankann sem hjálpa okkur í þeirri viðreisn sem fram undan er. Þessi breyting hér skiptir voða litlu í því máli.

Það er þó þannig að það er ekki allt alslæmt í þessu frumvarpi, langt því frá. Ég tel t.d. æskilegt að það sé meira gagnsæi í vaxtaákvörðunum Seðlabankans líkt og er víða þar sem umræður um vaxtaákvarðanirnar — afstaða einstakra aðila sem að því máli koma — séu gerðar opinberar þannig að menn geti lesið nákvæmlega hvaða forsendur hafa legið að baki afstöðu einstakra manna. Ég tel ágætt að fara þá leiðina og við eigum að skoða það. Eins og ég sagði þarf einhver svona breyting að fylgja frumvarpinu.

Annað sem ég vil gera að umræðuefni, og hefur verið nefnt fyrr í dag, er spurningin um þau skilyrði sem menn setja til að menn geti setið sem seðlabankastjórar. Ég hef smááhyggjur af því sem bent er á í áliti minni hluta viðskiptanefndar sem snýr að skilgreiningunni á menntun seðlabankastjóra. Í frumvarpinu er orðalagið „hagfræði eða tengdum greinum“. Nú geta menn endalaust velt fyrir sér hvað eru tengdar greinar við hagfræði. Ég er þeirrar skoðunar að í opinberri umræðu hafi oft borið á því að menn misskilji fyrirbærið hagfræði, þ.e. skilgreini hugmyndina um hagfræði og hvað hagfræðingar gera allt of þröngt. Menn sjá helst fyrir sér hagfræðinga sitja fyrst og fremst á daginn við það að setja upp einhver líkön til að spá fyrir um þróun í efnahagslífinu, eitthvað þess háttar. Það er auðvitað miklu flóknara, miklu margbreytilegra og í eðli sínu allt öðruvísi starfsemi sem hagfræðin snýst um. Hagfræðin er í eðli sínu fyrst og fremst félagsfræði, sálfræði, mannfræði og allir þeir þættir. Þeir snúast um það hvernig við, manneskjurnar, getum búið saman í veröldinni að gefnu því að það sé skortur á ýmsum þeim gæðum sem við teljum æskileg í lífi okkar.

Spurningin um það þjóðskipulag sem við teljum að henti okkur best, ekki bara til að nýta auðlindir jarðarinnar og hugvit hvert annars sem best, heldur líka hvernig við getum yfir höfuð búið til samfélag þar sem við eigum mesta möguleika á því að lifa hamingjusömu lífi. Um þetta snýst hagfræðin. Það að láta sér detta í hug að þekking og skilningur á t.d. mannfræði ásamt síðan langri reynslu af efnahagsmálum og fjármálum geti ekki undirbúið menn mjög vel fyrir það að sitja í stóli seðlabankastjóra er fráleitt. Mikil og djúp þekking á menningarsögu eða slíkum þáttum getur verið mjög verðmæt og skipt miklu máli þegar kemur að því að hafa skilning á því samfélagi sem menn búa í til að sinna slíku starfi. Ég má ekki gleyma því að í svona seðlabanka eru síðan tugir og aftur tugir fólks með doktorspróf í hagfræði sem kann alla tölfræði veraldarinnar og hvað það nú er sem þarf til. Aðalatriðið er að þarna sé einstaklingur sem hafi til að bera vit og gáfur, þekkingu og reynslu til að sinna slíku starfi. Ég held að háskólapróf sé mjög góður bakgrunnur, og jafnvel nauðsynlegur, en um leið og menn segja „hagfræði eða tengdum greinum“ er þetta orðið svo vítt að það er eins gott að segja bara háskólapróf. Lögfræði er grein tengd hagfræðinni, sálfræði er grein tengd hagfræðinni að vissu leyti o.s.frv. Ég held að svona ákvæði muni alltaf valda ákveðnum vanda þegar kemur að því að við ráðum seðlabankastjóra.

Þetta voru helstu atriðin sem ég vildi gera grein fyrir. Ég á allt eins von á því að við 3. umr. þurfum við að ræða allnokkuð þær breytingartillögur sem ég vona að komi í meðförum nefndarinnar milli 2. og 3. umr. Enn á ný ítreka ég að það að gefa ekki möguleika á annarri nálgun á peningamálastefnunni en er í núgildandi lögum gerir það verkum að þetta frumvarp sem hér liggur fyrir hefur ósköp lítið gildi í sjálfu sér til að hjálpa þjóðinni til að vinna sig áfram úr þeim vandamálum sem við erum að fást við. Þess vegna skiptir þetta máli. Það skiptir máli að við nálgumst þetta líka á réttum forsendum, að við nálgumst þessa umræðu um Seðlabankann án þess að gleyma okkur í þeirri spurningu hvort þær breytingar sem hér er um að ræða séu keyrðar áfram til að ná fram breytingum strax á Seðlabankanum eða seinna eða hvað það nú er. Við verðum að nálgast þessa umræðu faglega með hagsmuni þjóðarinnar í bráð og lengd að leiðarljósi. Það er skylda okkar sem þingmanna og við hljótum öll að vilja gera þessa hluti þannig vel úr garði að það nýtist þjóðinni þegar upp verður staðið.

[15:06]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér við 2. umr. frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Farið hefur verið ítarlega yfir málið af hálfu félaga minna í Sjálfstæðisflokknum og nefndarmanna í viðskiptanefnd og ætla ég ekki að fara að endurtaka ræður þeirra. Afstaða okkar sjálfstæðismanna er vel rakin í áliti minni hlutans í nefndinni og er ég sammála því sem framsögumaður nefndarálitsins sagði fyrr í dag að þær breytingartillögur sem meiri hlutinn gerir á frumvarpinu í nefndaráliti sínu eru flestar til bóta en hefðu mátt ganga lengra eins og við bendum á í minnihlutaálitinu. Nefndarálit minni hlutans endurspeglar að mínu mati mjög vel þau sjónarmið sem fram komu hjá gestum nefndarinnar. Ég átti þess kost að sitja einn fund nefndarinnar þar sem tekið var á móti fjölmörgum gestum og mér fannst mjög mikill samhljómur í orðum þeirra. Þegar rennt er yfir umsagnirnar sem eru fylgiskjal með minnihlutaálitinu þá er það svona rauður þráður í gegnum þær.

Mjög fínar umsagnir hafa komið fram um þetta mál og má þar nefna mjög ítarlegt álit frá Seðlabanka Íslands, frá ASÍ og BSRB, Jóni Sigurðssyni, fyrrverandi seðlabankastjóra og lektor við Háskólann í Reykjavík, sem kom með mjög gagnlegar athugasemdir að mínu mati, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum fjárfesta, Vilhjálmi Bjarnasyni, formanni minni fjárfesta — ég veit ekki alveg hvort ég fer rétt með titil hans — Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og svo mætti lengi telja.

Ég vil aðeins fara yfir umsagnirnar vegna þess að mér finnst fjölmargir umsagnaraðilar gera mjög alvarlegar athugasemdir við tilurð frumvarpsins og aðdraganda og vinnubrögðin sem hafa verið viðhöfð og við höfum bent á í þessari umræðu og líka við 1. umr. um málið að það skorti talsvert á að frumvarpið sé það faglega frumvarp sem stjórnarflokkarnir vilja láta að liggja.

Mig langar, með leyfi forseta, að fá að grípa niður í nokkrar umsagnir og ég byrja á umsögn frá Félagi íslenskra stórkaupmanna þar sem segir:

„Umrætt frumvarp er mjög sérstakt í sniðum og er tilkoma þess og meðferð hápólitísk. Ber frumvarpið það með sér að ekki hafi verið vandað til verks.“

Á öðrum stað í álitinu segir, með leyfi forseta:

„Almennt telur FÍS að umrætt frumvarp sé verulega gallað hvað varðar þá peningastefnunefnd sem lagt er til að starfrækt verði innan Seðlabankans. Leggur félagið til að frumvarpinu verði breytt í veigamiklum atriðum.“

Ég held áfram að grípa niður í álit stórkaupmanna. Þar segir á öðrum stað:

„Að mati FÍS mun fyrirhuguð skipan peningamála þjóðarinnar ekki ná markmiðum um fagmennsku, sjálfstæði og gagnsæi. Hér er augljóslega verið að lögleiða kerfisbundinn galla í stjórnsýslu peningamála. Galla sem er sorglega líkur þeim sem átti þátt í því að leiða þjóðina í þær ógöngur sem hún er í.“

Í lokin segir í áliti Félags íslenskra stórkaupmanna:

„Vönduð og vel ígrunduð peningamálastefna er hornsteinn þeirrar endurreisnar sem fyrir stafni er. Að baki þeim stjórntækjum sem Seðlabankinn hefur þarf að vera sjálfstæður aðili sem atvinnulífið ber traust til og stjórnast aðeins af faglegum sjónarmiðum. Með fyrirhuguðu frumvarpi er ljóst að þessum markmiðum verður ekki náð.“

Mér finnst þetta mjög alvarlegar athugasemdir hjá þessu félagi.

Ég vil einnig fá að grípa niður í upphaf álits frá Vilhjálmi Bjarnasyni, sem mikið hefur verið leitað til núna eftir þær ófarir sem við lentum í og er talinn vera ákveðinn áttaviti í þessum málum með stefnuna í rétta átt. Hann segir, með leyfi forseta:

„Undirritaður telur að embætti bankastjóra í Seðlabanka sé eitthvert ólýðræðislegasta embætti í allri stjórnsýslu. Þess vegna er það vandasamt hvernig því valdi er fyrir komið í stjórnsýslunni. Þegar af þeirri ástæðu tel ég að það sé beinlínis hættulegt að vald bankastjórnar sé í höndum eins manns og lítið jafnræði milli bankastjórans, framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins, sér í lagi þar sem í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að hægt sé að víkja bankastjóra úr starfi vegna verulegs ágreinings.“

Vilhjálmur telur að þarna geti verið um að ræða beinlínis hættulegt frumvarp. Þó ber að geta þess að í breytingartillögum meiri hlutans er lagt til að það verði staðgengill þannig að það dregur aðeins úr hættunni sem Vilhjálmur nefnir hér.

Að lokum vil ég grípa niður í umsögn Samtaka atvinnulífsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarfrumvarp þetta er gagngert sett fram til þess að skipta um yfirstjórn í Seðlabankanum. Frumvarpið er lagt fram á Alþingi án þess að farið hafi fram sá vandaði undirbúningur og það samráð sem mælt er fyrir um í leiðbeiningum um undirbúning og gerð stjórnarfrumvarpa sem forsætisráðuneytið hefur gefið út. Þá er aðilum gefinn skammur umsagnarfrestur, eins og allt of algengt er, og mikill þrýstingur á hraðferð frumvarpsins í gegnum þingið.“

Þetta eru nokkrar athugasemdanna sem borist hafa en allar eru þær út af sama atriðinu sem við höfum gert athugasemdir við, að þegar lögum um Seðlabanka er breytt er mjög mikilvægt að það sé gert þannig að það taki af allan vafa um að unnið sé faglega, í samráði og samkomulagi við aðila bæði í stjórnkerfinu og á Alþingi og að leitað sé til bestu sérfræðinga sem völ er á um aðkomu að málinu. Við höfum gagnrýnt þetta atriði, sjálfstæðismenn, í þessari umræðu og við 1. umr. og ég ítreka það. Okkur er hins vegar morgunljóst að ríkisstjórnin ætlar sér að klára þetta mál og fyrir því virðist vera meiri hluti í þinginu og við því er ekkert að gera, við ítrekum bara varnaðarorð okkar. Við höfum þess vegna lagt fram breytingartillögur til að reyna að draga úr skaðanum, ef svo mætti segja, og þær liggja fyrir í þingskjali. Þær hafa verið raktar hér ágætlega og ég ætla ekki að endurtaka það, en þær lúta sérstaklega að því hvort vera eigi einn eða fleiri bankastjórar eins og ég nefndi áðan, að hæfniskröfum og menntun og hefur verið farið ítarlega í það og gerir minni hlutinn ákveðnar breytingar sem eru í sjálfu sér ágætar. En athyglisvert er hve langt er gengið í nefndaráliti meiri hlutans í að passa upp á að menntun lögfræðinga passi ekki í þetta starf en viðskiptalögfræðingur er af einhverjum ástæðum sérstaklega nefndur. Ég veit ekki alveg hver munurinn er þarna á en ég vek athygli á því að viðskiptalögfræðingar virðast vera hæfari en lögfræðingar.

Lýsi ég furðu minni á að það sé einhver stór greinarmunur á því, sérstaklega þar sem í áliti Seðlabankans kemur fram að í upprunalega álitinu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem við höfum ekki séð, er tekið sérstaklega fram að lögfræðimenntun sé talin fullkomlega nægileg sem hæfniskrafa fyrir seðlabankastjóra hér sem annars staðar.

Mig langaði aðeins að taka eitt atriði varðandi peningastefnunefndina sem vakti athygli mína á þeim fundi sem ég sat í viðskiptanefnd. Það kom fram hjá Jóni Sigurðssyni, fyrrverandi bankastjóra, lektor við Háskólann í Reykjavík — til að aðgreina þá tvo Jóna Sigurðssyni sem hafa gegnt þessu embætti — að hann gerði athugasemd við þá óvissu sem væri um stöðu fulltrúanna í peningastefnunefndinni innan stjórnskipulags bankans, í rauninni praktísk atriði um launakostnað og status þeirra og tilvist innan bankans eða eins og hann segir í umsögn sinni, sem er best að ég lesi svo ég sé ekki að umorða það sem hann segir, með leyfi forseta:

„Einn meginvandinn sem fylgir peningastefnunefnd er sá að störfin virðast vaxa og áður en varir sitja menn uppi með fjóra viðbótarstarfsmenn með fullan vinnutíma eða því sem næst og þeir munu reynast hafa tök á að tryggja sér þokkaleg laun, en enginn hefur boðvald til að nýta þá fyrir stofnunina umfram það sem þeim sjálfum þóknast. Því er skynsamlegt að kveða á um umfang starfs hvers og eins þegar við skipun í nefndina og æskilegt að hafa um þetta ákvæði í lögunum.“

Ég tek undir þetta hjá Jóni Sigurðssyni vegna þess að auðveldlega er hægt að ímynda sér að þessir utanaðkomandi peningastefnunefndarmenn verði með tímanum starfsmenn bankans vegna þess að þeir geta ekki unnið hvaða störf sem er til að gætt sé sjálfstæðis þeirra og óhæðis. (**Gripið fram í:** Óhæðis?) Óhæðis — bíðum við, þetta orð var í endurskoðendafrumvarpinu og við gerðum athugasemd við það en nú er ég farin að nota þetta orð sjálf.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ræða aðeins frekar um umsagnir frá útlöndum vegna þess að eins og menn vita var það töluvert rætt við 1. umr. og hefur verið talsvert til umfjöllunar í þjóðfélaginu og í nefndinni. Það var dálítið ankannalegt við 1. umr. þegar ég spurði hæstv. forsætisráðherra út í það hvort til stæði að senda frumvarpið til umsagnar til útlanda, til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem ég tók sérstaklega fram, Seðlabanka Evrópu og fleiri, þá talaði hún sérstaklega um að það væri óþarfi. En á sama tíma og við áttum orðastað hér virðast embættismenn í forsætisráðuneytinu einmitt hafa verið að láta þýða frumvarpið og senda það til umsagnar eða jafnvel verið búnir að því. Það var nú ágætt. Ég fagna því bara að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hafi verið gefinn kostur á að gera athugasemdir við frumvarpið. Ég held að athugasemdir þeirra — a.m.k. þær athugasemdir sem ég hef fengið að sjá, ég hef ekki enn fengið að sjá fyrri athugasemdirnar sem komu — séu allar til bóta og þetta hafi verið mjög gott.

En í nefndinni kom fram, einmitt á fyrrnefndum fundi sem ég sat, og ég er hér með afrit af tölvupósti sem barst frá Seðlabanka Evrópu, frá einhverjum sem titlar sig „Director General“, ég veit að þetta er ekki bankastjóri seðlabankans en þetta er einhver háttsettur stjórnandi í bankanum. Þar er hann að koma skilaboðum til íslenskra stjórnvalda í gegnum utanríkisþjónustuna að Seðlabanki Evrópu hafi verið tilbúinn til þess að gefa umsögn um þetta frumvarp og tekur sérstaklega fram í skeyti sínu að þetta hafi verið gert fyrir önnur lönd.

Ég óskaði eftir því á fundinum að þessu góða boði yrði tekið og síðan voru greidd um það atkvæði innan nefndarinnar og það þótti óþarft. Rökin fyrir því, eftir því sem mér skilst, voru þau að þá þyrfti að fá umsagnir frá seðlabönkum vítt og breitt um heiminn sem mér finnst vera fráleit ástæða. Að mínu viti hefði það einungis bætt framkvæmd og verklag þessa frumvarps að fá álit Seðlabanka Evrópu, þó ekki væri nema bara til staðfestingar á því fyrir íslensk stjórnvöld, ef þau telja allt þarna vera gert á sem bestan hátt, að þarna væri komin viðurkenning á því frá Seðlabanka Evrópu að rétt væri staðið að verki. Ég tel að það hefði aukið trúverðugleika alls þessa starfs. Þessu var hafnað og mér þykir það mjög slæmt og ég vil ítreka það sjónarmið mitt í þessari umræðu. En þar sem málinu verður, eftir því sem mér best skilst, vísað aftur til nefndar á milli 2. og 3. umr. þá vil ég gera það að tillögu minni að sá tími verði nýttur til þess einmitt að fá þetta ágæta álit sem er í boði frá Seðlabanka Evrópu vegna þess að ég tel það mjög mikilvægt og einungis til þess fallið að auka traust okkar og trúverðugleika sem er og á að vera markmiðið með frumvarpinu, ef ég skil stjórnvöld rétt í þessu máli. Ég hvet því til þess, herra forseti, að óskað verði eftir umsögn frá Seðlabanka Evrópu og þeirra góða boði tekið hvað þetta atriði varðar.

[15:21]

Útbýting:

Gengistryggð húsnæðislán, 201. mál, svar fél.- og trmrh., þskj. 557.

Kennsla í fjármálum á unglingastigi, 331. mál, þáltill. HerdÞ o.fl., þskj. 569.

Meðferð fyrirtækja á vegum ríkisbankanna, 333. mál, fsp. EyH, þskj. 572.

Vinnsla hvalafurða, 334. mál, fsp. MÁ, þskj. 573.

[15:22]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Þetta hefur verið gagnleg umræða hér um frumvarp til laga um breytingu á Seðlabanka Íslands í dag og fróðlegt að fylgjast með henni. Það eru nokkur atriði sem mig langar til að nefna við þessa umræðu, sérstaklega í ljósi ræðunnar sem ég hélt við 1. umr. og þeirra álitamála sem ég lagði til grundvallar varðandi frumvarpið og þann ágalla sem ég taldi vera á því hvað vissa þætti varðar.

Viðskiptanefnd hefur haft málið til meðferðar síðustu tvær vikur og ég verð að segja að þær breytingar sem nefndin hefur gert eru til bóta þótt ég hefði viljað sjá að menn hefðu farið töluvert í aðra átt gagnvart einstökum þáttum. Ég ætla að fara stuttlega yfir það í ræðu minni hér.

Þetta frumvarp snýst í meginatriðum um þrennt:

Í fyrsta lagi að bankastjórum Seðlabanka Íslands er fækkað úr þremur í einn.

Í öðru lagi að upp er tekin svokölluð peningastefnunefnd sem hefur með höndum það verkefni sem bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur núna.

Í þriðja lagi er ekki fjallað um 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands þar sem tekið er á peningastefnunni.

Það má svo sem segja að það skipti máli að bankastjórar Seðlabankans séu þrír en ekki hverjir þeir eru. Þeir eru í sjálfu sér peningastefnunefnd. Hugsunin með því að hafa þrjá bankastjóra er ekki síst sú að þar skapist umræða um hvernig peningastefnunni í landinu er háttað. Með þessu frumvarpi er ákveðið að gera breytingu þarna á og velja einn bankastjóra og hafa sérstaka peningastefnunefnd.

Eins og ég lýsti við 1. umr. er þessi leið mjög fær. Hún er farin víða erlendis og hefur gjarnan gefist vel. En það ber að vanda sérstaklega til verka þegar um slíkar skipulagsbreytingar er að ræða. Ég tek fram að þetta eru ekki bara skipulagsbreytingar. Verið er að gera grundvallarbreytingar á eðli Seðlabankans með því að færa ákveðin verkefni frá þessum þremur seðlabankastjórum til peningastefnunefndar.

Ég gagnrýndi harðlega við 1. umr. að einungis væri um einn bankastjóra að ræða en ekki neinn aðstoðarbankastjóra. Ég gleðst yfir því að hv. viðskiptanefnd hefur ákveðið að leggja til að aðstoðarbankastjóri verði skipaður. Ég tel það mjög til bóta. Jafnframt tel ég til bóta að hann skuli setjast í peningastefnunefndina.

Engu að síður er ég ekki alveg sátt við hvaða leið menn fara varðandi peningastefnunefnd eins og hún er hugsuð af hálfu viðskiptanefndar. Gagnrýnin sem ég hafði á peningastefnunefndina í 1. umr. var ekki síst sú að seðlabankastjóranum væri falið mikið vald til þess að skipa þá tvo aðila sem í nefndina skyldu setjast og gæti þar með valið menn eftir því hvaða skoðanir þeir hefðu á peningamálum og myndað meiri hluta í nefndinni út frá þeim sjónarmiðum sem hann hefði uppi.

Viðskiptanefnd hefur að einhverju leyti fallist á að þetta geti skapað vandamál og í öllum umsögnum við frumvarpið hefur þetta atriði verið gagnrýnt. Ég hlýt að gagnrýna að þetta vald sé fært til forsætisráðherra. Ég held að við bætum ekkert með því. Ég held að við færum þetta mál of mikið inn í pólitíkina og það vil ég ekki.

Ég treysti því að þetta mál fari aftur í nefnd á milli umræðna og vil miklu frekar að við skoðum þá leið að auglýst verði sérstaklega eftir þeim tveimur aðilum sem eiga að fara í peningastefnunefnd. Þeir geti komið úr háskólasamfélaginu, þeir geti komið hvaðanæva að. Þeir geta þess vegna komið frá útlöndum. Þeir geta í því tilliti haft mikið vægi í nefnd eins og peningastefnunefnd, skipt verulegu máli og verið mikill stuðningur fyrir bankastjórann sem í bankanum situr. Ég beini þessum tilmælum til hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur, formanns viðskiptanefndar, sem situr hér undir umræðunni og það er gott að hún er í salnum. Mér þykir heldur þunnskipaður hópur stjórnarliða hér en ég er ánægð með það að sjá formann nefndarinnar. Ég veit að hún er að hlusta á mig og ég vona að hún skoði þetta á milli umræðna.

Það þriðja sem mig langar til að snerta örlítið á í þessu er 3. gr. laganna um Seðlabanka Íslands þar sem fjallað er um markmið laganna. Menn virðast vera sammála um það að peningastefnan í landinu hafi beðið slíkan hnekki að nauðsynlegt sé að gera breytingar á Seðlabankanum til að skerpa þar á og laga. Þá finnst mér dálítið ankannalegt að löggjafinn treysti sér ekki til að fjalla um 3. gr. laganna um Seðlabanka Íslands. Það segir mér að meiri blæbrigði séu á sjónarmiðunum en ég hefði kosið. Það er meira litið til stjórnskipulegra þátta og einstakra manna en þess verkefnis sem á Seðlabankanum hvílir, hins mikla verkefnis, að stýra peningastefnunni í landinu, sem við skulum ekki heldur gleyma að er líka á ábyrgð ríkisstjórnar Íslands. Undan því skulu menn aldrei víkjast.

Ég hefði kosið í þessu að viðskiptanefnd hefði líka skoðað 3. gr. og velt fyrir sér hvert verkefni Seðlabankans eigi að vera í bráð og lengd. Jafnvel þótt peningastefnunefnd sé komin í bankann er ekki þar með sagt að einhverjar breytingar verði á peningamálastefnunni í landinu. Við vitum ekkert hvaða menn setjast í þessa nefnd. Það getur vel verið að þeir verði með sömu áherslur og hafa verið hérna frá 2001. Og við skulum ekki gleyma því að að fyrri stefnumótun hefur komið fjöldi hagfræðinga, bæði þeirra sem starfa innan lands og eins menn sem starfa hjá virtum stofnunum erlendis. Það á ekki að koma okkur neitt á óvart þótt margir hagfræðingar muni hafa miklar skoðanir á því hvernig peningastefnunni er háttað. Ég hefði talið það vera til bóta ef Alþingi hefði snert á þessari 3. gr. með einhverjum hætti.

En hér er um að ræða frumvarp og stofnun í landinu sem er gríðarlega mikilvægt að sátt ríki um. Þess vegna verð ég að ítreka það sem ég sagði áðan að mér þykir mjög miður að ekki skuli meira samráð og samtal hafa verið á milli flokkanna um þetta mál. Að sérfræðingar hafi ekki komið meira að málinu við samningu þess. Að hv. viðskiptanefnd sitji með málið í fanginu og þurfi að gera veigamiklar breytingar á því á skömmum tíma. Mér finnst það ekki vera til bóta við þær aðstæður sem nú ríkja í landinu. Ég hefði viljað sjá meiri ró og festu yfir því sem á að gerast í Seðlabanka Íslands sem er og mun verða lykilstofnun í endurreisn þessa lands.

Hér búum við við íslenska krónu. Það er verkefni þessa banka að halda gjaldmiðlinum uppi, styrkja hann og leita leiða til þess að skapa efnahagsjafnvægi í landinu. Það á að vera sjónarmiðið. Það á að vera verkefnið en ekki að rífast um einstaka menn. Þarna hefur veikleiki stjórnmálamanna komið berlega í ljós.

Þess vegna óska ég þess að við þær breytingar sem nú verða í landinu í kosningum með nýrri ríkisstjórn að menn hafi það að leiðarljósi að skapa ró um stofnanir samfélagsins og meðhöndla og umgangast þær af tilhlýðilegri virðingu.

[15:30]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Við ræðum hér við 2. umr. frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Það er ljóst að frumvarpið hefur tekið töluverðum breytingum í meðförum hv. viðskiptanefndar og því ber að fagna.

Mig langar að nefna nokkur atriði í frumvarpinu sem ég nefndi reyndar í fyrri ræðu minni, þegar frumvarpið var lagt fram, og geri enn að umtalsefni. Í fyrsta lagi held ég að það sé til bóta að fækka árunum, að þau séu fimm í stað í sjö, það er til samræmis við stjórnunarstöður hjá ríkinu að öðru leyti — sú tillaga að stytta skipunartímann úr sjö árum í

fimm er til bóta. Ég vil hins vegar taka undir með minni hluta viðskiptanefndar hvað varðar hæfniskröfu seðlabankastjóra, að sá þáttur verði víkkaður út. Hver ætlar að meta hvað þessi orð „í tengdum greinum“ þýða í breytingartillögu hv. meiri hluta nefndarinnar? Hvaða greinar eru tengdar hagfræði? Hver metur hvað það er og hvað ekki? Ég tel að breytingartillagan við 3. gr. frá minni hluta viðskiptanefndar, um að seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri skuli hafa lokið háskólaprófi og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum, opni dyr fyrir fleiri hæfa einstaklinga til að sækja um það mikilvæga embætti sem seðlabankastjóraembættið og aðstoðarseðlabankastjóraembættið verða.

Ég fagna því líka að komin sé fram sú breytingartillaga að hér skuli vera aðstoðarseðlabankastjóri. Það er jafnframt fagnaðarefni að fram komi breytingartillaga um hvernig staðið skuli að umsókninni, að hér sé lagt til að skipuð verði hæfnisnefnd sem fari yfir og meti einstaklinga og leggi til við hæstv. forsætisráðherra hver verði skipaður í hvort embætti fyrir sig. Það er til bóta og maður verður að treysta því að við ráðningu ráði hæfni einstaklingsins fyrst og síðast en ekkert annað. Hæfni einstaklingsins fyrst og síðast, hún á og verður að skipta meginmáli.

Í öðru lagi vil ég nefna að ég sakna þess enn — þrátt fyrir þær veigamiklu breytingar sem gerðar eru á þessu frumvarpi, og ég tel flestar þeirra ef ekki allar til bóta — að hv. viðskiptanefnd skuli ekki, eins og fram hefur komið í ræðum fleiri þingmanna, hafa tekið á peningastefnunni samhliða því að verið er að skipa peningastefnunefnd. Peningastefnan skiptir meira máli en nefndin sjálf, hún skiptir meginmáli — hvaða peningastefnu við ætlum að hafa og hvernig við ætlum að vinna okkur út úr þeim vanda sem við blasir, og þar skiptir peningastefna Seðlabankans miklu máli.

Ég gagnrýni að vald sé flutt frá seðlabankastjóra til forsætisráðherra í ráðningu þeirra sem sitja eiga í peningastefnunefnd, og ég tek undir það með hv. þm. Ólöfu Nordal, sem hér talaði á undan mér, að sett verði á laggirnar hæfisnefnd, störfin verði auglýst og þannig verði ráðið í þá nefnd. Það skiptir okkur miklu máli að í hana fáist hæfir einstaklingar sem eru hafnir yfir alla hlutdrægni og allan efa. Samhliða því — ef við horfum á breytingartillögur við 5. gr., um að nefndarmönnum í peningastefnunefnd, sem forsætisráðherra skipar, sé óheimilt að sinna störfum sem til þess eru fallin að draga hlutdrægni þeirra í efa — veltir maður því fyrir sér að á undanförnum mánuðum hafa prófessorar við háskólana verið manna virkastir í að tjá hug sinn um það hvað fór miður og hvernig bregðast hefði átt við í þeim málum sem við var að glíma.

Eru þeir hæfir í peningastefnunefndina? Ef þeir eru hæfir mega þeir þá ekki tjá sig sem prófessorar í sínum greinum við háskólana í landinu vegna þess að þá gæti hlutdrægni þeirra eða hlutleysi þeirra verið dregið í efa? Þetta þarf að skoða vendilega. Ég held því að hæfisnefnd þurfi að vera til og hún þarf að setja sér markmið um það með hvaða hætti hún ætlar að velja aðila inn í þessa nefnd. Þetta verður „Nefndin“, með stórum staf og greini, sem kemur til með að skipta íslenska þjóð meginmáli á næstu árum.

Því segi ég enn og aftur að ég hefði kosið að í þessu ágæta frumvarpi hefði verið skoðað með hvaða hætti við ætlum að haga peningamálastefnu þjóðarinnar. Ég vænti þess að á milli umræðna taki hv. viðskiptanefnd í það minnsta til skoðunar þær athugasemdir sem settar hafa verið fram af okkur þingmönnum Sjálfstæðisflokksins.

Að lokum, virðulegur forseti, verð ég að spyrja, vegna þess að mér þykir ákvæði I til bráðabirgða ekki vera ljóst, og það þarf að vera ljóst – það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. laganna skal Alþingi eins fljótt og unnt er eftir gildistöku laga þessara kjósa bankaráð Seðlabanka Íslands ásamt varamönnum. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.“

Hvað er átt við með orðunum: „Frá sama tíma …“ — er þá átt við frá gildistöku laganna eða mun núverandi bankaráð sitja þar til nýtt bankaráð hefur verið skipað? Ég tel að orðalagið hér geti valdið misskilningi og væri gott að fá svar við því.

Ég óska þess að hv. viðskiptanefnd og hæstv. ríkisstjórn, sem situr hér sem minnihlutaríkisstjórn, muni ekki skipa bankaráð Seðlabankans á næstu dögum, hún muni bíða með það fram yfir kosningar þannig að það verði þeir sem hljóta meiri hluta á þingi sem skipi bankaráðin en ekki minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. Mér þykir hins vegar jafnmiður að á sama hátt og áður eigi að skipa í bankaráð Seðlabanka Íslands, að pólitísk flokksskírteini ráði þar mestu. Ég hefði kosið að önnur færari leið hefði verið sett fram til þess að skipa í bankaráð en með þeim hætti.

Að lokum tel ég breytingartillögu í nefndaráliti frá minni hluta viðskiptanefndar á þskj. 570 skynsamlega, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Við gildistöku þessa ákvæðis skal bankaráð, þrátt fyrir 2. mgr. 24. gr. laganna, skipa annan tveggja sérfræðinga á sviði efnahags- og peningamála til fjögurra ára.“

Samhliða tel ég breytingartillögu frá meiri hluta viðskiptanefndar, á þskj. 567, skynsamlega en þar kemur fram að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna skuli aðstoðarseðlabankastjóri að undangenginni auglýsingu vera skipaður til fjögurra ára í stað fimm. Það er skynsamlegt með tilliti til þess að skipunartími seðlabankastjórans og aðstoðarseðlabankastjóra renni út á sama tíma.

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að að lokinni 2. umr. verði frumvarpinu vísað til 3. umr. þar sem nefndarmönnum gefst þá tækifæri til þess að fara yfir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram. Ég ítreka að breytingartillögur við frumvarpið eru til bóta.

[15:40]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir beindi til mín fyrirspurn sem varðar 12. gr. frumvarpsins sem er ákvæði I til bráðabirgða við frumvarpið og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. laganna skal Alþingi eins fljótt og unnt er eftir gildistöku laga þessara kjósa bankaráð Seðlabanka Íslands ásamt varamönnum. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.“

Ég vil, herra forseti, taka af allan vafa um það að núverandi bankaráð skal sitja þar til skipað hefur verið nýtt bankaráð. Það er skilningur frumvarpsins, það er skilningur viðskiptanefndar og skilningur meiri hlutans sem hér skilaði inn. Það má enginn vafi leika á þessu, þetta er sá skilningur sem við leggjum í þessa grein.

[15:41]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. formanni viðskiptanefndar fyrir þessa túlkun. Hún er þá sú sama og maður vonaðist eftir og er þar af leiðandi ekki meira um hana að segja.

[15:42]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum nú er nokkuð sem ég held að þingmenn hafi almennt verið sammála um að fara þyrfti yfir. Hér er náttúrlega um afskaplega mikilvægt mál að ræða, hvorki meira né minna en lög um Seðlabanka Íslands. Við erum eftir því sem ég best veit — og það leiðréttir mig þá einhver sem þekkir betur til — að ræða í fyrsta skipti frumvarp án þess að nokkur viti hver samdi það. Reglan hefur verið sú að allir þingflokkar hafa komið sér saman og unnið saman að máli sem þessu, því að ég held að allir séu sammála um að hér sé um grundvallarmál að ræða og afskaplega mikilvægt.

Ég ætla ekki að fara að vitna beint í orð aðila sem áður voru í stjórnarandstöðu, hvort sem það eru samfylkingarmenn eða vinstri grænir, en vil þó minna á að hér hafa verið haldnar ræður ekki svo mínútum, ekki svo klukkustundum heldur svo sólarhringum skiptir, sem hafa varað í heila sólarhringa ef það væri tekið saman, bara frá því ég kom inn á þing, þar sem menn hafa farið yfir mikilvægi þess að hafa samráð, vinna saman að hinum ýmsu málum og ég tala nú ekki um þegar menn telja að málin séu stór og mikilvæg eins og ég held að allir séu sammála um að þetta mál sé.

Það vekur athygli að ríkisstjórn sem átti að vera sameinuð um það eða sett á eða hvernig menn leggja það upp, til þess að fara í björgunaraðgerðir, vinna fyrir heimilin og fyrirtækin, að orka hennar virðist fara í allt annað. Vinnulagið er með þeim hætti að það heyrir til algjörra undantekninga ef menn láta aðra koma að en þá sem eru í minnihlutastjórninni. Ég vek athygli á því að eftir því sem ég best veit þá eru menn hér að brjóta í blað í sögu þingsins þegar kemur að lagasetningu um Seðlabanka Íslands. Það hlýtur að vera svolítið sérstakt að við séum að fjalla um mál, og það hefur verið rætt talsvert í þinginu og á opinberum vettvangi, og það hefur ekki enn komið fram hver samdi frumvarpið. Það hefur enginn hugmynd um það. Og það kemur vægast sagt á óvart að ríkisstjórn og stjórnmálamenn sem tala út í eitt um gagnsæi, opna stjórnsýslu og slíka hluti, ef einhver hefur trúað því sem þessir aðilar hafa talað um og talað fyrir — reyndar er, ef ég man rétt, talað sérstaklega um gagnsæi í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar — að menn séu að ræða frumvarp, virðulegi forseti, sem enginn veit hver samdi. En það er algerlega ljóst að frumvarpið var samið af litlum hópi einstaklinga, og þvert á þær hefðir sem eru í þinginu þá komu ekki fulltrúar allra flokka að málinu.

Málið er svo vanbúið, virðulegi forseti, að við horfum á það að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sem við erum í samstarfi við, sá sig tilknúinn til að gera athugasemdir. Ég man í fljótu bragði ekki eftir því að við höfum verið í þeirri niðurlægjandi stöðu að ríkisstjórn leggi fram frumvarp og alþjóðastofnanir sjái sig tilknúnar til að gera athugasemdir og segja við löggjafann: Þið verðið aðeins að hugsa ykkar gang.

Þetta er sérstaklega merkilegt í ljósi þess að þeir ágætu þingmenn sem eru í þessari minnihlutastjórn og þeim flokkum sem styðja minnihlutastjórnina hafa lagt gríðarlega mikla áherslu á það í þessum stól, í fjölmiðlum og alls staðar að það sé lykilatriði að menn vinni saman þvert á flokkslínur og þeir sem eru í minni hluta komi að málum, og það sé lykilatriði, þegar maður hlustar á þessar ræður og les þær — það er hægt að fletta þeim upp svo hundruðum skiptir — að gagnsæið sé til staðar. Og við erum hér að ræða hvorki meira né minna en um Seðlabanka Íslands og það hefur ekki enn komið fram hver samdi frumvarpið. Hver samdi frumvarpið?

Virðulegi forseti. Lögð er sérstök áhersla á að erlendir bankar eins og Evrópski seðlabankinn fái málið ekki til umsagnar. Ég vek athygli á því að þeir sem vinna með þessum hætti eru aðilar sem hafa lagt sérstaka áherslu á það, a.m.k. í orði, að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð. Ég held að mest ofnotuðu orð hv. þingmanna Vinstri grænna og Samfylkingarinnar séu orðin „fagleg vinnubrögð“. En þá er það bara komið í ljós hvað hv. þingmenn eiga við þegar þeir tala um fagleg vinnubrögð. (Gripið fram í.) Það er að fara þvert á allar hefðir, vinna þetta mál með litlum hópi einstaklinga sem enginn veit hverjir eru, koma hér með frumvarp sem enginn veit hver samdi og leggja sérstaka áherslu á að enginn fái að veita umsögn sem hugsanlega gæti komið með betrumbætur í málinu.

Það skal tekið fram, virðulegi forseti, að sem betur fer hefur viðskiptanefnd tekið þetta mál og nokkurn veginn skrifað það upp á nýtt. Það er líka áhyggjuefni þó að það sé auðvitað gott að þingnefnd gangi í að reyna að bjarga því sem bjargað verður, en það segir líka mikið um málið að viðskiptanefnd hafi þurft að gera það. Og eftir því sem ég best veit var samstaða um það innan viðskiptanefndar að fara í þessar miklu breytingar. Með öðrum orðum, samstaða innan viðskiptanefndar um að málið væri algerlega vanbúið.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að það er meiri hluti fyrir því í þinginu að vinna þetta mál með þessum hætti. Það er bara þannig, það liggur alveg fyrir. Það segir okkur að þetta er það sem menn meina þegar þeir tala um fagleg vinnubrögð. Það er algerlega ljóst. Það er alveg ljóst að á bak við orðin „fagleg vinnubrögð“ og „gagnsæi“ eru þessi vinnubrögð. Það er þá gott að það sé alveg kýrskýrt þegar um er að ræða hv. þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar og menn nota þessi hugtök að þá eiga þeir við vinnubrögð eins og þessi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt mikið en mér fannst hins vegar að ég gæti ekki annað en tekið til máls undir þessum lið og komið þessum sjónarmiðum áleiðis. Ég vil svo að lokum leyfa mér að vitna í leiðara í Fréttablaðinu í dag. Þar segir, með leyfi forseta:

„Tvíþætt aðferð ríkisstjórnarinnar við að skjóta nýjum

stoðum undir peningamálastjórn landsins hefur ekki verið traustvekjandi. (**MÁ:** Hver er höfundur leiðarans?) Fyrri þátturinn byggðist á farsakenndum bréfasendingum forsætisráðherra til bankastjórnar Seðlabankans. Þær dugðu til að flæma einn bankastjóra úr starfi. Að öðru leyti voru þær Spaugstofufóður.

Seinni þátturinn fól í sér brottrekstur bankastjóra með flutningi frumvarps um breytingar á seðlabankalögunum. Svo var kastað höndum til lagaundirbúningsins að jafnvel Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þurfti að gera við það athugasemdir. Þannig voru fyrstu skrefin að nýju markmiði um aukið traust á erlendum vettvangi stigin aftur á bak.

Þær breytingar sem meiri hluti viðskiptanefndar Alþingis leggur nú til að gerðar verði á frumvarpinu eru hins vegar til bóta. Líklega þarf þó fyrr en síðar að búa betur um lagalega umgjörð æðstu stjórnar peningamála í landinu. Fram hjá því verður þó ekki litið að barið hefur verið í alvarlegustu bresti lélegs undirbúnings af hálfu forsætisráðherrans.“

Virðulegi forseti. Miðað við umræðuna og tímann sem hefur verið tekinn í þingsal mundi maður ætla að hér væri um að ræða mál sem ekki sé kannski ýkjastórt. Við þekkjum það sem hér störfum að oft renna mál í gegnum þingið, ef þannig má að orði komast, vegna þess að um þau er góð samstaða og vel hefur verið unnið að undirbúningi þeirra og menn sjá enga sérstaka ástæðu til að lengja umræðuna mikið. En hér, virðulegi forseti, erum við að fjalla um mál sem enginn veit hver samdi og lögð er sérstök áhersla á að fagstofnanir annars staðar fái ekki að koma með umsögn. Það vekur líka athygli að viðskiptaráðherrann, sem hafði stór orð um Seðlabankann hér við upphaf þessa máls, sér enga ástæðu til að vera hér og ræða það. En eftirmælin eru þau að þeir aðilar sem talað hafa um gagnsæi, fagleg vinnubrögð, og hér er ég fyrst og fremst að vísa til hv. þingmanna Vinstri grænna og Samfylkingarinnar sem hafa talað með þessum hætti nokkurn veginn í hverju einasta máli, að nú liggur alveg fyrir hvað þessir hv. þingmenn áttu við. Í þeirra huga eru þetta fagleg vinnubrögð. (**Gripið fram í:** Alla vega ekki stjórnarskrárbrot.) Það er bara þannig. Þetta eru faglegu vinnubrögðin, að koma með mál sem er svo gallað að viðskiptanefnd þarf að taka það og endurskrifa það. Frumvarpið er samið af einhverjum aðilum sem enginn veit hverjir eru, það hefur ekki komið fram í umræðunni hver samdi það, og það er passað sérstaklega upp á að þeir sem hafa mest vit á þessum málum, sambærilegir bankar, seðlabankar annars staðar í Evrópu fái ekki að koma með umsögn. Þetta eru faglegu vinnubrögðin, þetta er gagnsæið, virðulegi forseti. Og það eina góða kannski við þetta allt saman er að þá liggur það alveg hreint og klárt fyrir að þetta er gagnsæi og fagleg vinnubrögð að áliti vinstri flokkanna. Þetta er væntanlega það samráð og samvinna sem vinstri flokkarnir vilja sjá þegar þeir eru í ríkisstjórn. Það er þá a.m.k. öllum ljóst hvað átt er við þegar þessi hugtök eru notuð og við þurfum ekki að fara í neinar grafgötur með það í framtíðinni.

[15:55]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hver samdi frumvarpið er spurt aftur og aftur. Spurning um gegnsæi. Mig langar að minna hv. sjálfstæðismenn á hver voru vinnubrögðin hjá þeim á árum áður á meðan þeir stjórnuðu landinu í 18 ár. Var það gegnsæi? Hver samdi lagadrög þeirra? Skiptir þetta einhverju máli? Ég hef sagt það fyrr í þessum ræðustól að mér finnst þetta vera orðin hallærisleg vinnubrögð. Hér er haldið uppi málþófi. Hver sjálfstæðismaðurinn á fætur öðrum kemur og heldur sömu ræðuna með sama innihaldi sem skilar engum árangri í raun og veru öðrum en að vekja á sér pólitíska athygli.

Þeir koma hér með nefndarálit frá minni hlutanum. Það hefur legið frammi og það er búið að fara í gegnum það. Það er búið að skýra það og ræða það og þarna er ýmislegt gott og lagt til af góðum hug en mér finnst orðið tímabært að sjálfstæðismenn átti sig á að þeir eru í stjórnarandstöðu og þurfa ekki að vera með endalaust málþóf. Það er þeim ekki til sóma. Og allt þetta karp sem er búið að vera í gangi núna um það hver samdi lagafrumvarpið. Mér er skítt sama — fyrirgefið orðbragðið — hver gerði það, aðalatriðið er að það er verið að taka á málum. Það er verið að vinna að málum sem eru þjóðinni til heilla, vonandi til langrar framtíðar, og það er það sem skiptir máli. Ekki hver samdi.

[15:57]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill biðja hv. þingmenn að gæta hófs í orðavali.

[15:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við þekkjum það sem hér erum inni og höfum starfað á þessum vettvangi hvað málþóf er. Það er örugglega ekki málþóf þegar sárafáir, úr þingflokki sjálfstæðismanna í þessu tilfelli, taka til máls og alveg örugglega ekki málþóf þegar þeir klára ekki ræðutíma sinn. Við höfum margoft upplifað slíkt hér á undanförnum árum.

Nú getur vel verið að hv. þingmanni finnist það ekki skipta neinu máli hver samdi frumvarpið og það er þá bara allt í lagi. Það getur vel verið að hv. þingmanni finnist það ekki skipta neinu máli að um lög um Seðlabankann sé ekki samvinna á milli flokka eins og hefur verið fram til þessa. Það er alveg sjónarmið en hv. þingmaður skal þá ekki halda því fram að þar sé um gagnsæi að ræða. Það er alveg útilokað, en hins vegar er það þetta sem menn meina þegar þeir nota hugtakið gagnsæi.

Ég hef einhvern veginn alltaf staðið í þeirri meiningu að það sé partur af þeim faglegu vinnubrögðum sem við notum hér, stundum þurfum við að flýta okkur mjög mikið en við höfum þó alltaf reynt, a.m.k. í störfum þeirra nefnda sem ég hef verið í, að senda mál til umsagnar sem víðast til að fá sem besta mynd af málinu. Það liggur fyrir að slíkt var ekki gert í þessu tilfelli og ég held að það geti ekki flokkast undir fagleg vinnubrögð.

Virðulegi forseti. Ef þetta er málþóf þá er það algerlega ný skilgreining á því hugtaki, því að svo sannarlega hefðu sjálfstæðismenn, ef þeir hefðu viljað, getað talað hér og allir fyllt sinn kvóta — við erum með stóran þingflokk — en það var ekki gert. Þannig að menn skulu bara fara rétt með þau mál.

[15:59]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málþóf, hv. þingmaður, það má vera að þér finnist það ekki en ég upplifi það sem slíkt. Ég upplifi það svo að hér á Alþingi sé verið að misnota tímann. Hægt væri að hafa ræður miklu styttri, miklu markvissari og með miklu meira innihaldi en verið hefur hér. Það er skoðun mín. Ég upplifi það einfaldlega þannig að hér sé verið að misbjóða almenningi í landinu með orðræðu þar sem farið er aftur og aftur með, mér liggur við að segja, sömu hlutina. Það kallast ekki gott eins og þjóðfélagið er í dag. Við þurfum á markvissri umræðu að halda og almenningur kallar á hana. Það er ákall frá almenningi að fá að vita hvað er að gerast. Gegnsæi, flott mál, ég samþykki gegnsæi, ég samþykki líka samvinnu. En ég veit ekki betur en þeir sem eru í viðskiptanefnd hafi getað komið öllum sínum málum á framfæri og þau hafi legið frammi í þinginu í nefndaráliti, reyndar minnihlutaáliti. Ég veit ekki betur en að þeir hafi fengið öll tækifæri til að koma málum á framfæri og ég veit heldur ekki betur en til hafi verið kallaðir ótal aðilar fyrir viðskiptanefnd til að skýra skoðanir sínar.

[16:00]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við séum að nálgast mjög, ég og hv. þingmaður, og ég get ekki heyrt annað en hv. þingmaður sé sammála mér um að hér sé ekki mikið gagnsæi. Sömuleiðis erum við sammála um að vinnubrögðin mættu vera faglegri, það væri æskilegra af því að ég held að þeir aðilar sem ættu að veita umsögn eru þeir aðilar sem þekkja þessi mál best og ég veit ekki hverjir eru betur til þess fallnir en þeir seðlabankar sem eru í Evrópu. Varðandi samvinnuna er það þannig að fram til þessa hafa allir flokkar komið að málum eins og þessu. Nú er breyting á, þannig er það bara. Ef hv. þingmanni finnst það vera hið besta mál þá er það bara svo. Ég get alveg verið sammála hv. þingmanni um að það skipti máli að menn séu markvissir í málflutningi sínum en ég held að það sé hins vegar hæpið að fara að gefa þingmönnum einkunn hvað þetta varðar en allir sem hafa fylgst með störfum þingsins vita þó alveg hreint og klárt að hér er víðs fjarri um eitthvert málþóf að ræða. Ef svo væri mundi þessi umræða standa svo dögum skiptir.

[16:02]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Með þínu leyfi las hv. ræðumaður áðan upp úr ritstjórnargrein í *Fréttablaðinu* sem er um margt merkileg og hefði kannski átt að lesa hana í heild sinni frekar en lesa úr henni valda kafla. Það vantaði samt í mál ræðumanns og nú er minnið farið að bregðast mér hver höfundur þessarar ritstjórnargreinar gæti hafa verið og hvort um geti verið að ræða að tengsl hans og reynsla í störfum áður en hann komst í þá stöðu að skrifa ritstjórnargreinar í *Fréttablaðið* kunni að auðvelda honum að marka stefnu í landsmálum eins og þessu fyrir hönd *Fréttablaðsins*. Spurningin er sem sé: Hver er aftur höfundur þessarar ritstjórnargreinar í *Fréttablaðinu?*

[16:03]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft og skylt að upplýsa að það er Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, sem var formaður Sjálfstæðisflokksins árið 1991 þegar hann laut í lægra haldi á landsfundi Sjálfstæðisflokksins fyrir Davíð Oddssyni núverandi seðlabankastjóra. Ég lít svo á að hv. þingmaður hafi verið að gagnrýna þann sem hér stendur fyrir að halda ekki nógu langar ræður og hafa bara lesið stuttan kafla úr leiðaranum í staðinn fyrir að lesa hann allan og er þetta nokkuð á skjön við andsvar fyrri hv. þingmanns sem talaði á undan.

Ég veit ekki hvort ég tek þetta til mín og reyni að lengja ræðurnar en ég hef metið það þannig að það sé ekki markmið í sjálfu sér að halda langar ræður ef maður getur komið sjónarmiðum sínum áleiðis á tiltölulega skömmum tíma, ég held að það sé ágætisleið. Það er hins vegar rétt, virðulegi forseti, að ég notaði bara hluta af ræðutíma mínum eins og flestir þeir þingmenn ef ekki allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hér hafa talað. Hv. þm. Mörður Árnason gerir athugasemd við það og telur að sá sem hér stendur hefði átt að nota ræðutíma sinn betur og lesa meira upp úr þessum góða leiðara sem ég hefði að sjálfsögðu getað gert því hann er mjög góður og á hann allur erindi við þjóðina og inn í þingsalinn. Ég tek þetta til athugunar og met það hvort það geti verið að ég tali allt of stutt. Í það minnsta held ég að ef við berum saman stjórnarandstöðuna núna og þá sem hefur verið áður, þá megi til sanns vegar færa að núverandi stjórnarandstaða talar almennt mun styttra og markvissara en þær stjórnarandstöður sem hafa verið á undanförnum árum. Kannski eigum við að taka þá okkur til fyrirmyndar og breyta háttum okkar. Við skulum skoða það.

[16:04]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Hv. þingmaður biðst afsökunar á því inni í þingflokki Sjálfstæðisflokksins að hafa ekki notað allan ræðutíma sinn sem honum gafst kostur á og ég held að þingflokkurinn hljóti að íhuga það mál.

Um leiðarann er það að segja að hann er merkilegur, meðal annars fyrir það að leiðarahöfundurinn er Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins og ráðherra lengi í stjórn sjálfstæðismanna, forsætisráðherra fyrst og síðan gegndi hann öðrum ráðuneytum ásamt Davíð Oddssyni þeim sem hér var nefndur og öðrum ráðherrum, og í leiðaranum kemur m.a. fram að breytingar meiri hluta hinnar háu viðskiptanefndar séu mjög til bóta á þessu frumvarpi og ég út af fyrir sig fagna þeirri yfirlýsingu sem þingmaður sem á að greiða atkvæði um það á eftir.

[16:05]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt og ég las upp úr leiðaranum að ritstjórinn fór yfir þá augljósu staðreynd að viðskiptanefnd neyddist til þess að endurskrifa þetta vanbúna frumvarp. Slík er niðurlægingin að þetta mikilvæga mál er þess eðlis að allir þingmenn viðskiptanefndar neyddust til þess að fara í þá vinnu að endurskrifa þetta jafnhratt og mögulegt er til þess að bjarga því sem bjargað varð.

Virðulegi forseti. Það vakti athygli mína að hv. þm. Mörður Árnason sagði að ég væri að tala í þingflokki sjálfstæðismanna. Nú hef ég verið hér lítið í dag en okkur fer nokkuð fjölgandi sem betur fer. Við vorum að fá góðan liðsmann, hv. þm. Jón Magnússon, en hér eru fleiri inni sem hafa ekki verið í þingflokki sjálfstæðismanna og því má vera að hér hafi eitthvað gerst í dag sem ég veit ekki af. Ég skil það vel að menn séu að fara úr öðrum þingflokkum yfir í þingflokk okkar sjálfstæðismanna en ég hafði ekki hugmynd um að hv. þm. Atli Gíslason væri á leiðinni og hv. þm. Mörður Árnason eða hv. þm. Ellert B. Schram. Ef svo er þá hljótum við að fagna því og það er gott að fá góðan liðsstyrk.

Virðulegi forseti. Þessar upplýsingar hafa ekki borist á borð til mín. Ég hélt að ég væri að ræða við þingmenn allra flokka á þingi en það er auðvitað mikill misskilningur ef marka má orð hv. þm. Marðar Árnasonar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:07]

Útbýting:
Umhverfismat, 204. mál, svar umhvrh., þskj. 556.

[Fundarhlé. — 16:07]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:28]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að frumvarp þetta til laga um Seðlabanka Íslands er komið til atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka viðskiptanefnd fyrir mjög góð störf og örugga verkstjórn í þessu máli. Ég tel að breytingartillögur sem meiri hlutinn hér flytur styrki mjög meginmarkmið frumvarpsins um faglega endurskipulagningu á stjórnskipulagi bankans um einn aðalbankastjóra og skipan peningastefnunefndar, m.a. með tillögu um matsnefnd vegna ráðningar bankastjóra.

Ég ítreka þakklæti mitt til viðskiptanefndar um leið og ég undirstrika að sú breyting sem hér er verið að gera á lögum um Seðlabankann mun gegna lykilhlutverki í að endurreisa hér trúverðugleika gagnvart íslensku efnahagslífi.

[16:28]

Birgir Ármannsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það frumvarp sem hér er nú komið til atkvæðagreiðslu við 2. umr. er að breytast til bóta miðað við það sem upphaflega var lagt fram á þingi. Við sjálfstæðismenn gagnrýndum þetta frumvarp mjög harðlega við 1. umr., bæði á þeim grundvelli að það tæki til allt of þröngs sviðs þar sem aðeins væri skoðuð yfirstjórn bankans eða æðsta stjórnsýsla þegar þörfin væri miklu ríkari á því að skoða málin í víðara samhengi og heildstætt.

Vegna orða hæstv. forsætisráðherra áðan held ég að því miður sé þetta afskaplega lítið skref í sambandi við þær nauðsynlegu lagabreytingar sem þurfa að eiga sér stað á fjármálamarkaði á Íslandi varðandi þær eftirlitsstofnanir sem þar starfa og ég legg mikla áherslu á að það verði unnið í því máli.

Ég ætla að geta þess að við sjálfstæðismenn ætlum að biðja um að málið gangi til nefndar aftur á milli 2. og 3. umr. (Forseti hringir.) þar sem það eru ákveðnir þættir í frumvarpinu sem við teljum nauðsynlegt að verði skoðaðir nánar.

[16:30]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Birgi Ármannssyni. Hér hefur verið staðið ákaflega faglega að málum í mjög brýnu frumvarpi og er full ástæða til að þakka nefndarmönnum hversu faglega var unnið.

Frumvarpið er á margan hátt í samræmi við það frumvarp sem við framsóknarmenn lögðum fram um breytingar á stjórn Seðlabankans. Við styðjum að sjálfsögðu að það fari aftur í nefnd fyrir 3. umr. enda er okkur mjög í mun að að málinu verði staðið á faglegan hátt frá a til ö.

[16:31]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég fagna því að nú er komið til atkvæða frumvarp um Seðlabanka Íslands sem hefur verið í vinnslu í þinginu í hálfan mánuð. Eina raunverulega efnisbreytingin sem meiri hluti viðskiptanefndar leggur til er að skipa skuli í stöðu aðstoðarseðlabankastjóra. Aðrar tillögur eru til áréttingar og ítrekunar á þeim markmiðum frumvarpsins sem upphaflega var kynnt um að gerðar skyldu faglegar kröfur til menntunar og reynslu við skipan í embætti seðlabankastjóra. Jafnframt því er settur lagarammi um peningastefnunefnd og tryggð aðkoma utanaðkomandi sérfræðinga að henni. Ég vænti þess að hér verði lagður grunnur að betri og öflugri seðlabanka sem notið getur trausts og trúnaðar innan lands sem utan.

Brtt. 567,1 (ný 1. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 570,1 felld með 30:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, GSB, IllG, JónG, JM, KÓ, ÓN, REÁ, RR, SKK, StB, ÞKG.

nei: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, HSH, HHj, HöskÞ, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, RÓ, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, GHH, GÞÞ, GSv, HerdÞ, KJak, KolH, KÞJ, PHB, SF, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:33]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Í þeirri breytingartillögu sem við í minni hluta viðskiptanefndar leggjum fram er gert ráð fyrir rýmri menntunarkröfum en gert er ráð fyrir í breytingartillögum stjórnarmeirihlutans. Við leggjum áherslu á að orðalagið í ákvæðinu sé sambærilegt við löggjöf í seðlabönkum í öllum þeim löndum sem við höfum upplýsingar um þannig að ekki verði gerð krafa um tiltekna háskólamenntun heldur

aðeins gerð krafa um háskólamenntun, víðtæka reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum.

Við teljum mikilvægt að þetta ákvæði sé opið og sé í samræmi við það sem gerist í löndunum í kringum okkur þótt víðar væri leitað. Ég bendi einnig á að þessi breyting okkar er í góðu samræmi við þær ábendingar sem komið hafa frá umsagnaraðilum, m.a. Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

[16:34]

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Athugun hv. viðskiptanefndar á því hvaða menntun þeir hafa formlega sem eru seðlabankastjórar í nálægum löndum leiddi í ljós að þeir eru langflestir hagfræðimenntaðir. Í einum þremur löndum í norðanverðri Evrópu voru bankastjórar með aðra menntun.

Það verður að viðurkennast að vegna landlægrar spillingar og brota á góðum stjórnsýsluvenjum á Íslandi kallar fólk eftir því að gerðar séu kröfur um tiltekna menntun. Við höfum útvíkkað þær hæfniskröfur verulega sem þarna eru settar. Eins og lesa má í áliti meiri hluta nefndarinnar er þetta mjög víðtækt svið sem tekur m.a. til þess sem rætt var í dag og þeirra þriggja seðlabankastjóra sem ég nefndi sem eru lögfræðimenntaðir. Ég segi nei.

Brtt. 567,2 (ný 3. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, HSH, HHj, HöskÞ, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, RÓ, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

19 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, GSB, IllG, JónG, JM, KÓ, ÓN, REÁ, RR, SKK, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, GHH, GÞÞ, GSv, HerdÞ, KJak, KolH, KÞJ, PHB, SF, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:36]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Hér greiðum við atkvæði um breytingartillögu meiri hluta viðskiptanefndar sem er vissulega til bóta frá því sem var í upphaflegu frumvarpi. Gert er ráð fyrir að seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri skuli hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum þannig að um útvíkkun er að ræða frá því sem var í frumvarpinu.

Hins vegar höfum við sjálfstæðismenn lagt fram aðra tillögu sem gengur lengra og hefur nú verið felld. Þess vegna munum við ekki styðja þessa breytingu en sitjum hjá við atkvæðagreiðsluna.

Ég vil geta þess að í ljósi þeirrar deilu sem er um menntunarkröfurnar að í tveimur nýlegum tilvikum hefur Alþingi samþykkt lög um forstöðumenn ríkisstofnana, Varnarmálastofnunar og Sjúkratryggingastofnunar, þar sem kröfurnar eru með nákvæmlega sama hætti og við gerðum ráð fyrir í tillögu okkar, að um sé að ræða háskólamenntun og víðtæka reynslu (Forseti hringir.) en ekki tiltekna háskólamenntun.

Brtt. 567,3 samþ. með 49 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 567,4 samþ. með 49 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 567,5 samþ. með 50 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 567,6 (ný 9. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
10.–12. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. I samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 567,7 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, HSH, HHj, HöskÞ, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, RÓ, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

19 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, GSB, GÞÞ, IllG, JónG, JM, KÓ, ÓN, REÁ, SKK, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, GHH, GSv, HerdÞ, KJak, KolH, KÞJ, PHB, RR, SF, VS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:41]

Jón Magnússon:

Virðulegi forseti. Í þeim ákvæðum til bráðabirgða sem mælt er fyrir er um mjög óljós skil að ræða varðandi stjórnsýsluna sem er mínu mati mjög vond stjórnsýsla. En þar sem við munum fara fram á að málið verði tekið til umræðu og endurskoðunar í nefnd á milli 2. og 3. umr., og það hefur gengið vel að koma málum til vitlegra horfs hvað þetta frumvarp ræðir, munum við ekki greiða atkvæði um málið. Við munum sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Ákvæði til brb. II, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, HSH, HHj, HöskÞ, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KHG, KLM, MS, MÁ, RÓ, RR, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

19 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, GSB, GÞÞ, IllG, JónG, JM, KÓ, ÓN, REÁ, SKK, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, GHH, GSv, HerdÞ, KJak, KolH, KÞJ, LB, PHB, SF, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 570,2 felld með 30:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, GSB, GÞÞ, IllG, JónG, JM, KÓ, ÓN, REÁ, RR, SKK, StB, ÞKG.

nei: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, HSH, HHj, HöskÞ, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, RÓ, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, GHH, GSv, HerdÞ, KJak, KolH, KÞJ, PHB, SF, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 567,8 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. III) samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til viðskn.

Fundi slitið kl. 16:44.

---

86. FUNDUR

mánudaginn 23. febrúar,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Kosning aðalmanns í landskjörstjórn í stað Gísla Baldurs Garðarssonar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
3. Uppbygging og rekstur fráveitna, stjfrv., 187. mál, þskj. 230, nál. 558, brtt. 559. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 280. mál, þskj. 574. — 3. umr.
5. Skattaívilnanir vegna rannsókna- og þróunarverkefna, þáltill., 69. mál, þskj. 69. — Fyrri umr.
6. Ábyrgðarmenn, frv., 125. mál, þskj. 135. — 1. umr.
7. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frv., 61. mál, þskj. 61. — 1. umr.
8. Innlend fóðurframleiðsla, þáltill., 195. mál, þskj. 242. — Fyrri umr.
9. Þingsköp Alþingis, frv., 315. mál, þskj. 545. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 6. þm. Reykv. s.
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv. n.
Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest.
Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðaust.
Össur Skarphéðinsson utanrrh., 2. þm. Reykv. n.

[Fundarhlé. — 15:02]

Um fundarstjórn.

Mál á dagskrá.

[17:30]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég ætla ekki að koma hingað upp í púlt og undrast yfir öllum þessum breytingum sem hafa orðið á dagskrá þingsins. Allir í samfélaginu átta sig á þessum vandræðagangi sem er á stjórnarheimilinu varðandi framgang og viðgang frumvarpa úr nefndum, en gott og vel með það. Það er hins vegar eðlilegt að við sem þingmenn fáum að vita hvaða dagskrá bíður okkar á morgun. Má búast við því að það verði svipað umhorfs í þinginu á morgun eins og var í dag? Langt er liðið á dag og við erum ekki enn þá byrjuð að ræða ýmis mál. Það er þetta sem við höfum varað við lengi. Það þarf að nýta tíma þingsins í að ræða brýnustu málin. Og brýnustu málin eru efnahagsmálin, brýnustu málin eru atvinnumálin og þau komast ekki á dagskrá þingsins.

Þess vegna hljótum við að spyrja og krefja forseta upplýsinga: Hvers má vænta á morgun? Við hverju má búast á morgun? Við ætlumst til þess að hægt sé að ganga að ákveðnum málum gefnum, þ.e. brýnustu hagsmunamálum þjóðarinnar sem eru efnahags- og atvinnumál.

[17:31]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Þjóðin bíður í ofvæni eftir einhverjum aðgerðum. Það er mikill vandi sem steðjar að heimilunum. Fólk er að missa vinnuna, fyrirtæki eru að fara á hausinn. Skuldastaða heimilanna er geigvænleg, bankarnir eru óstarfhæfir og það er beðið eftir málum frá hæstv. ríkisstjórn. Og það gerist ekkert. Við erum að ræða þingmannamál daginn út og daginn inn vegna þess að það er ekkert annað sem liggur fyrir. Ég spyr hæstv. forseta: Er meiningin að stjórna þinginu svona áfram, að það sé frestun og frestun á fundum aftur og aftur og það gerist ekki neitt? Þjóðin bíður eftir því að mál verði leyst og mál komi fram á þinginu sem við getum leyst.

[17:32]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Þingfundur átti að byrja kl. 3 síðdegis og það voru níu mál á dagskrá. Ekkert þeirra var þess eðlis að það réttlætti að fundi yrði frestað án nokkurra skýringa og ég hlýt að spyrja virðulegan forseta: Hvað veldur því að þingfundi er ekki haldið áfram svo sem dagskrá þingsins kveður á um? Hvað veldur því að þingfundi er ítrekað frestað án nokkurra skýringa? Ég spyr: Hvenær er meiningin að einhver breyting verði á þessum ítrekuðu frestunum og hvað var meiningin að þingfundur stæði lengi? Við hljótum að krefjast svara varðandi þessi atriði.

Það hefur verið talað um að það skipti höfuðmáli — talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa talað um að það eigi fyrst og fremst að einhenda sér í þau mál sem máli skipti til bjargar heimilunum í landinu. Ég spyr: Hvar eru þau mál? Er það vegna þess að ríkisstjórnin (Forseti hringir.) er ekki tilbúin með eitt eða neitt sem þingfundi er frestað hér? Það er engin samstaða innan ríkisstjórnarinnar um það að taka þau mál sem máli skipta á dagskrá fundarins.

[17:34]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að harma það að við séum ekki enn þá gengin til dagskrár í dag en ekki síður stíg ég hér upp til að gera við það alvarlegar athugasemdir að milli þess sem forseti þingsins frestar hér fundi kemur for-

sætisráðherra fram í fjölmiðlum og lýsir því yfir að vegna þess að viðskiptanefnd hafi ekki tekist að afgreiða það sem kalla má „skipulagsbreytingar“ í Seðlabankanum séu brýnar efnahagslegar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í uppnámi.

Maður hlýtur að spyrja: Hvaða efnahagsaðgerðir eru það? Hvar eru þær á dagskrá þingsins og hvernig má það vera að menn haldi því fram í fullri alvöru að einhverjar slíkar aðgerðir séu í uppnámi vegna þess að viðskiptanefnd ætlar að taka sér fáeina daga í að fara nánar ofan í mál sem hún er með til umfjöllunar og varða, eins og ég sagði áðan, skipulagsbreytingar og skipurit Seðlabankans? Það er auðvitað stóralvarlegur hlutur að forsætisráðherra (Forseti hringir.) segi við þjóðina að það einfalda mál (Forseti hringir.) komi í veg fyrir efnahagslegar aðgerðir sem eru ekki á dagskrá þingsins.

[17:35]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Það er auðvitað skemmtan að því að sjá þingmenn Sjálfstæðisflokksins koma upp og ræða fundarstjórn forseta. Það er á hinn bóginn eðlilegt að þeir geri það því að þetta er óvenjulegur dagur á þinginu. Ástæðan er auðvitað, eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson veit af því að hann hefur fylgst með fréttum, sú að það þarf að ná hér tökum á hagstjórn í landinu og það verður ekki gert með öðrum hætti en þeim að skipulagsbreytingar (Gripið fram í.) takist í Seðlabanka Íslands.

Hitt er svo annað hvaða mál eru hér komin fram. Ég hygg að það sé nóg að gera í nefndum hjá hv. þm. Jóni Magnússyni og öðrum þeim sem hér kvarta því að ríkisstjórnin hafi komið fram ýmsum þörfum málum og önnur séu á leiðinni samkvæmt tilkynningum sem um það hafa verið fluttar. Við skulum taka saman höndum um að afgreiða þau mál, en mikilvægast núna í dag er að þær breytingar sem meiri hluti þings og meiri hluti þjóðar er sammála um að þurfi að gera á Seðlabanka Íslands gangi í gegn.

[17:36]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég hefði kosið að fá frekari upplýsingar frá þér en ekki hv. þm. Merði Árnasyni sem hefur tekið sér ákveðið forsetavald og komið með útskýringar hingað upp í pontu. Ég tel rétt og eðlilegt að við þingmenn fáum upplýsingar frá þér, herra forseti.

Það er hins vegar alveg með ólíkindum að mál sem Samfylkingin til að mynda hefur haft á heilanum svo vikum skiptir skuli ekki vera fullbúnara en svo að þingmenn þurfi að skoða það betur. Málið stendur ekki og fellur með tveimur dögum sem menn vilja taka sér í þingnefndinni, í viðskiptanefnd. Að sjálfsögðu ekki. Þess vegna krefjumst við þess að fá tækifæri í þingsal til að ræða þessi brýnu efnahags- og atvinnumál sem Samfylkingin og fleiri eru að tala um, stjórnarflokkarnir. Hvar eru málin? Við viljum fá að ræða þau.

[17:37]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Hæstv. forseti á alla mína samúð í þessu máli. Hann hefur fengið það erfiða hlutskipti að stjórna þinginu þegar það er þannig að ríkisstjórnin kemur fram með vanbúin mál án þess að geta lagt þau fram með neinum sómasamlegum hætti. Ótal breytingartillögur við þetta frumvarp um Seðlabankann liggja fyrir og þegar þær hafa verið afgreiddar í þinginu liggur aftur fyrir að málið er svo illa undirbúið og illa úr garði gert að það þarf frekari skoðunar við. Það er undarlegt að ríkisstjórnarmeirihlutinn skuli ekki fallast á að gera það og taka í það þessa fáeinu daga.

Aðalatriðið er að hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir spurði hæstv. forseta mjög einfaldra spurninga og ég held að það mundi greiða mjög fyrir þingstörfum, eins og oft var hér sagt áður og fyrr, ef reynt yrði að upplýsa með hvaða hætti hugmyndin væri að halda áfram þingstörfum. Og þótt ég meti mikils orð hv. þm. Marðar Árnasonar hefði ég satt að segja kosið að hæstv. forseti mundi svara því fyrir hönd þingsins (Forseti hringir.) hvernig yrði haldið áfram og hvernig yrði háttað þessari vinnu sem þingið vill vinna að mikilvægum málum til að rétta (Forseti hringir.) efnahag þjóðarinnar.

[17:38]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vakti athygli á því í upphafi þegar fundi var frestað fyrr í dag að ástæðan væri sú að þingflokkar stjórnarmeirihlutans óskuðu eftir því að fá tíma til að vinna að málum og — (**ÞKG:** Meiri hluta? Minni hluta.) já, stjórnarminnihlutans, stjórnarflokkanna. Þær upplýsingar lágu fyrir. Það kom svo fram í upphafi þessa fundar að ætlunin er að ljúka málum og taka þau fyrir með hefðbundnum hætti á morgun þannig að þessu tvennu sé svarað. Ég tek undir þær fyrirætlanir og það er auðvitað ágætisáminning til okkar allra í þinginu að við ætlum að reyna að nýta tímann vel og koma málum vel áfram. Hver og einn þingmaður verður að hjálpa okkur við það eftir bestu getu.

[17:39]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka þér fyrir að koma fram með þessar upplýsingar. En það er alveg ótrúleg leiksýning í gangi í þinginu. Maður skilur þetta ekki, það er komið hingað aftur og aftur og þingfundi frestað. Af hverju var ekki þingfundi bara frestað í dag svo almennir þingmenn gætu snúið sér að sínum verkum? Ég bara skil ekki hvað mönnum gengur til með þessu því að ríkisstjórnin er einfaldlega að koma sér í sjálfheldu. Til hvers er verið að dramatísera þetta með þessum hætti? Af hverju er núna ekki hægt að bíða í 2–3 daga eins og Framsóknarflokkurinn hefur óskað eftir, fá niðurstöðu í það mál og vinna eðlileg verk á meðan? Af hverju getum við ekki verið að vinna hérna önnur verk á meðan? Ég skil það ekki.

Ég er tilbúinn til að ganga til allra góðra verka með hæstv. ríkisstjórn, allra góðra verka, og þess vegna er alveg fáránlegt að vera hér heilan dag, gera ekki neitt og geta ekki einu sinni fengið upplýsingar um það að hér eigi ekki að þinga. (**Gripið fram í:** Jæja.)

[17:40]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég kalla eftir upplýsingum um dagskrá þingfundar á morgun, þ.e. hvort fyrirhugað sé að óundirbúinn fyrirspurnatími færist til morgundagsins. Ég skil hæstv. forseta þannig að ekki verði boðað til fundar í dag heldur flytjist hann til morgundagsins.

Að öðru leyti ítreka ég að við þingmenn sem erum hér mætt til fundar erum reiðubúin til að ræða mál sem snerta hag heimilanna og atvinnulífsins í landinu. Það er ekkert að okkar mati sem kemur í veg fyrir að þau mál séu rædd og tekin til afgreiðslu í þinginu og send til nefnda í vinnu en það er greinilegt af fjölmiðlum að forsætisráðherra telur eitthvað því til fyrirstöðu. Hæstv. forsætisráðherra skuldar þjóðinni og þinginu skýringar á því hvað það er í seðlabankamálinu sem er til eðlilegrar meðferðar í viðskiptanefnd sem kemur í veg fyrir að slík mál séu rædd á þinginu. Það er fullkomlega óljóst.

[17:41]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Það er mjög dapurlegt að við skulum vera að eyða tíma þingsins í svona mál þegar mörg brýn mál liggja fyrir. Mér sýnist að hæstv. forsætisráðherra hafi sett málin í ákveðna pattstöðu með því að skrifa bréf til seðlabankastjóra og biðja hann um að segja upp. Með því bréfi varð Seðlabankinn óstarfhæfur. Nú er einn seðlabankastjóri búinn að segja upp þannig að í rauninni ætti samkvæmt gildandi lögum að auglýsa þá stöðu. Nú eru fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að koma til landsins í vikunni — við hvaða Seðlabanka eiga þeir að tala?

Það er von að það sé mikið bráðræði hjá ríkisstjórninni að keyra málið í gegn og það er þannig að allt annað er stopp, allt sem varðar hag heimilanna, hag fyrirtækjanna, starfsemi bankanna, allt er stopp vegna þess að þetta bréf var sent út sem býr til svona pattstöðu. Ég verð að lýsa yfir miklum áhyggjum af þessu, herra forseti.

[17:43]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Það eru alvarlegir hlutir að gerast í þjóðfélaginu. Eðlileg lánastarfsemi liggur niðri, fyrirtækjunum og heimilunum er að blæða út og það er ekkert sem liggur fyrir frá ríkisstjórninni sem skiptir máli sem aðgerðapakki til hjálpar heimilunum í landinu eða fyrirtækjunum. Á sama tíma er fundum Alþingis frestað aftur og aftur án þess að gefnar séu skýringar fyrr en rétt undir það að þingfundi á að ljúka. Miðað við það sem virðulegur forseti sagði áðan í svari við fyrirspurn hv. þm. Bjarna Benediktssonar gat ég ekki skilið annað en að ekki yrðu frekari þingfundir í dag þar sem hann sagði að þau mál sem væru á dagskrá nú yrðu tekin fyrir á þingfundi á morgun. Ég hlýt að ítreka spurninguna um hvort það hafi verið réttur skilningur minn að þá væri verið að fresta fundum Alþingis í dag og að þessi dagur væri þá til ónýtis.

[17:44]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með þeim þingmönnum sem hafa sagt að það er óvenjulegt að þingfundi sé frestað eins og gert var í dag. Um leið verð ég að lýsa undrun minni á því að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hér hafa stigið upp og lýst yfir áhuga sínum á því að ræða efnahagsmál eru hinir sömu þingmenn og lögðu til á fundi viðskiptanefndar í morgun að málefni Seðlabanka Íslands yrði frestað, með öðrum orðum kæmi ekki til umræðu. Þegar maður fer yfir dagskrána er hér um að ræða lykilmál. Eitt lykilmálið sem lýtur að efnahagsmálum er mál er lýtur að Seðlabanka Íslands. Þessir hinir sömu þingmenn og hafa nú komið í pontu og lýst þeirri skoðun sinni að hér sé engin umræða um efnahagsmál lögðu til á fundi viðskiptanefndar í morgun að málinu yrði frestað, það kæmi ekki á dagskrá, það yrði ekki rætt.

Virðulegi forseti. Það er (Forseti hringir.) afar mikilvægt að það sé einhver samfella í málflutningi hv. þingmanna.

[17:45]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Það er afar slæmt ef hæstv. forseti hefur fengið ranga mynd af því sem gerðist í hv. viðskiptanefnd í morgun. Það var ekkert um það að ræða að fresta málefni Seðlabankans. Það var einfaldlega um það að ræða að nefndin vildi vinna málið frekar og var að bíða eftir upplýsingum sem von er á um tillögur frá Evrópska seðlabankanum um það hvernig menn þar hugsa sér að haga starfsemi seðlabanka varðandi fjármálastöðugleika á næstunni. Við erum að vinna með frumvarp um Seðlabankann hér í þinginu og ef við látum renna okkur úr greipum slíkt tækifæri til að skoða þær tillögur sem þarna eru og sjá hvort þær geta passað inn í þá vinnu sem við erum að vinna erum við að vanrækja skyldu okkar. Það var einmitt ekki verið að fresta málinu. Nefndin vildi vinna málið frekar.

Út af dagskrá voru tekin öll dagskrármálin.

Fundi slitið kl. 17:46.

---

87. FUNDUR

þriðjudaginn 24. febrúar,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Kosning aðalmanns í landskjörstjórn í stað Gísla Baldurs Garðarssonar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um

kosningar til Alþingis.

3. Uppbygging og rekstur fráveitna, stjfrv., 187. mál, þskj. 230, nál. 558, brtt. 559. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 280. mál, þskj. 574. — 3. umr.

5. Skattaívilnanir vegna rannsókna- og þróunarverkefna, þáltill., 69. mál, þskj. 69. — Fyrri umr.

6. Ábyrgðarmenn, frv., 125. mál, þskj. 135. — 1. umr.

7. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frv., 61. mál, þskj. 61. — 1. umr.

8. Innlend fóðurframleiðsla, þáltill., 195. mál, þskj. 242. — Fyrri umr.

9. Þingsköp Alþingis, frv., 315. mál, þskj. 545. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.

Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv. n.

Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Um klukkan tvö í dag, að loknum óundirbúnum fyrirspurnatíma, fer fram umræða utan dagskrár um stöðu og starfsumhverfi íslenskrar verslunar. Málshefjandi er hv. þm. Ásta Möller og til andsvara er hæstv. viðskiptaráðherra, Gylfi Magnússon. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

Útbýting:

Bein kosning framkvæmdarvaldsins, 336. mál, þáltill. BjörgvS o.fl., þskj. 576.

Seðlabanki Íslands, 280. mál, þskj. 574.

Þingsköp Alþingis, 337. mál, frv. KHG, þskj. 577.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Staða ríkisbankanna.

[13:32]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Mig langar að beina orðum mínum til hæstv. viðskiptaráðherra og ræða við hann um stöðu ríkisbankanna og þau verkefni sem blasa við á þeim vettvangi. Eins og við vitum er endurreisn bankanna eitt mikilvægasta málið sem fram undan er í íslensku atvinnulífi og gagnvart heimilunum í landinu.

Mig langar að forvitnast um það hjá hæstv. viðskiptaráðherra hvenær sé von á nýjum efnahagsreikningum fyrir bankana. Þegar þeir liggja fyrir er betra að gera sér grein fyrir hvernig best er að skipuleggja ríkisbankana til lengri tíma.

Mig langar líka að inna ráðherrann eftir áformum um sameiningu ríkisbankanna. Ég tók eftir því, eins og fleiri, að fyrir helgina var nafni Glitnis breytt til baka í Íslandsbanka. Menn hafa farið í markaðsherferð til að kynna þetta nýja nafn, Íslandsbanki. Mig langar af því tilefni að heyra hvort það hafi verið ráðgert að reyna að sameina þessa banka með einhverjum hætti í stað þess að fara í slíka vinnu núna vegna þess að það liggur fyrir að það er ærið verkefni fyrir okkur að reka þrjá ríkisbanka og raunar engin sérstök rök fyrir því að þeir eigi að vera þrír. (Gripið fram í.)

Eins langar mig til að vita hvort menn hafi hugsað frekar um aðkomu erlendra kröfuhafa að íslensku bönkunum. Við vitum að það hefur verið rætt sérstaklega hvað varðar Kaupþing. Eru einhver áform uppi af hálfu ráðherra að þessu leyti? Jafnframt vildi ég spyrja ráðherrann um sameiningarmálin. Hefur verið tekin einhver ákvörðun um það? Hefur verið einhver vinna í gangi varðandi erlenda kröfuhafa og hvenær er hægt að vænta þess að einhver niðurstaða eða áform um það muni liggja fyrir af hálfu hæstv. viðskiptaráðherra?

[13:34]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Því er til að svara að ekki liggur fyrir nákvæm tímasetning um það hvenær nýir efnahagsreikningar fyrir nýju bankana liggja fyrir. Það hefur tafist aðeins þannig að ég vona að það gerist sem fyrst og jafnframt verði þá hægt að ganga frá öðrum málum, m.a. uppgjörinu á milli gömlu og nýju bankanna og framlagi ríkisins eða Seðlabankans á eigin fé inn í nýju bankana en ég get því miður ekki lofað neinni sérstakri dagsetningu hvað það varðar.

Hvað varðar sameiningu bankanna hefur engin ákvörðun verið tekin um það en hins vegar blasir við að umsvif í bankakerfinu hafa minnkað það mikið frá því sem var allt fram á síðasta haust að bankarnir eru eiginlega of margir eða of stórir þannig að það verður með einhverjum hætti að taka á því máli. Það verður reyndar að skoða það í samhengi, ekki bara við bankana þrjá heldur einnig aðrar fjármálastofnanir, sparisjóði og aðrar minni fjármálastofnanir. Ég sé fyrir mér að þegar framtíðarskipulag íslenska fjármálakerfisins verður dregið upp muni felast í því einhver fækkun bankastofnana frá því sem nú er en það hefur hins vegar engin ákvörðun verið tekin um það nákvæmlega hvernig hún yrði.

Hvað varðar það að hér séu þrír ríkisbankar, eða jafnvel fleiri ef við teljum með sjóði í eigu ríkisins, get ég alveg sagt að ég sé það ekki fyrir mér sem framtíðarfyrirkomulag þannig að það hlýtur að koma að því að við reynum að draga úr umsvifum ríkisins á þeim markaði.

Aðkoma erlendra kröfuhafa er ein af þeim hugmyndum sem verið er að skoða. Ég tel að það væri mjög jákvætt ef hægt væri að koma því við að erlendir kröfuhafar eignuðust einhverja hlutdeild, að minnsta kosti í einhverjum bankanna (Forseti hringir.) en það er ekki frágengið.

[13:36]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og jafnframt vil ég að það komi fram að af hálfu sjálfstæðismanna er mikill stuðningur fyrir því að menn leiti leiða til að efla bankakerfið sem nú hefur lent í miklum vanda eins

og við þekkjum. Við sjálfstæðismenn teljum að þetta sé mjög brýnt og munum leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að svo megi verða. Ég held að það sé mjög mikilvægt að hæstv. viðskiptaráðherra leiti allra leiða til að sameina fjármálastofnanir. Það er alveg rétt að það eru fleiri stofnanir en þessir þrír ríkisbankar sem hægt er að horfa til. Ég held að við þyrftum að fá svör við því eins fljótt og auðið er hvernig menn sjá fyrir sér framtíðarfyrirkomulag á bankastarfsemi í landinu. Enn fremur finnst mér við þær aðstæður sem nú eru mjög brýnt að menn líti með mjög opnum huga til þess að erlendir kröfuhafar komi inn í bankana og við fáum erlent eignarhald inn í bankana. Ég held að það muni styrkja íslenskt fjármálakerfi til muna. Ég vil því hvetja hæstv. viðskiptaráðherra til að koma þeirri vinnu af stað eins fljótt og auðið er.

[13:38]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég held að ég þurfi ekki að hafa þetta mjög langt því að ég var í grundvallaratriðum sammála þingmanninum. Það er alveg augljóst að til að greiða úr þeim flækjum sem mynduðust við hrun bankanna þarf auðvitað að gera margt og eitt af því er að teikna upp framtíðarskipulag á þessum markaði. Við getum í rauninni ekki lokið vinnu við uppgjör gömlu bankanna og stofnsetningu þeirrar nýju nema við séum með einhverja framtíðarsýn um það hvernig þessi markaður þróast þegar ríkið skilar smám saman þessum stofnunum að mestu eða jafnvel öllu leyti til einkageirans. Þetta er því eitt af þeim verkefnum sem ég og ráðuneytið munu augljóslega horfa til þó að það geti verið einhver ágreiningur um það nákvæmlega hvernig að þeim málum verður staðið og hversu mikil hlutdeild ríkisins verður á þessum markaði næstu missirin.

Skuldbreyting húsnæðislána.

[13:39]

Eygló Harðardóttir (F):

Hæstv. forseti. Skuldir eru að sliga íbúa landsins. Daglega berast fréttir af erfiðleikum fólks við að halda íbúðarhúsnæði sínu og greiningarfyrirtæki áætla að tíu fyrirtæki verði gjaldþrota dag hvern.

Morgunblaðið fjallar um vanda húseigenda í morgun í framhaldi af skýrslu ASÍ um skuldir heimilanna. Þar kemur fram að eigið fé margra húseigenda er upp uppurið eða neikvætt og greiðslubyrði hafi þar að auki þyngst gífurlega. Því er ekkert skrýtið að manni bregði við þegar hæstv. félagsmálaráðherra, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, lýsir því yfir í svari sínu við fyrirspurn hv. þm. Helgu Sigrúnar Harðardóttur um gengistryggð lán að ekki sé tímabært að bregðast við með skuldbreytingu lána eða afskriftum þó að gengistryggð lán heimilanna hafi hækkað ákaflega mikið sem og verðtryggð lán.

Ég spyr: Hvenær er tímabært að bregðast við með skuldbreytingu lánanna eða hreinum afskriftum þegar fjöldi Íslendinga hefur misst húsnæði sitt eða þegar enn fleiri hafa misst atvinnuna?

Í gær kynnti forusta Framsóknarflokksins tillögur um niðurfellingu húsnæðislána. Í henni leggjum við til að öll húsnæðislán verði færð frá bönkunum til Íbúðalánasjóðs miðað við þá afskrift sem varðar lánasöfnun við flutninginn frá gömlu bönkunum til nýju bankanna. Skylda okkar er umtalsverð. Íbúðalánasjóður veitir síðan flata 20% niðurfellingu skulda vegna allra húsnæðislána hjá sjóðnum og þannig verður tryggt jafnræði milli þeirra sem áttu húsnæðislán hjá bönkunum og Íbúðalánasjóði. Það byggist á því að gömlu bankarnir fengu lánasöfn gömlu bankanna með verulegum afslætti og erlendir kröfuhafar eru í langflestum tilvikum búnir að afskrifa nánast allar sínar eignir í gömlu íslensku bönkunum. Við teljum að ef þeir skuldsettu mundu ná sér aftur á strik væri von til að fá jafnvel eitthvað upp í þessar skuldir. Jafnframt er mikilvægt fyrir óskuldsett eða lítið skuldsett heimili að vandamálið færist ekki yfir á þau með lækkandi fasteignaverði og almennri verðhjöðnun.

Því ítreka ég spurningu mína til hæstv. félagsmálaráðherra: Hvenær verður tímabært að bregðast við með skuldbreytingu lánanna eða hreinum afskriftum? Hver ætlar að setjast í dómarasæti um hver eigi rétt á að fá niðurfellingu og hver ekki?

[13:41]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Eygló Harðardóttur fyrir þessa fyrirspurn. Hún vitnar í svar sem ég gaf hv. þm. Helgu Sigrúnu Harðardóttur skriflega á dögunum og fréttir hafa borist af þar sem segir og tekið er út úr svarinu að ekki sé tímabært að bregðast við skuldbreytingu gengistryggðra lána í afskriftum. Í fyrirsögn á þessari frétt er svolítið snúið út úr svari mínu þannig að hv. þingmaður sér það nú þegar hann les í gegnum svarið að í fyrirsögn kemur ekki alveg afstaða þeirrar sem hér stendur til þessa málaflokks. Þegar við metum hvaða leiðir skuli farnir til að bregðast við þessum skuldum þarf að gæta að jafnréttissjónarmiðum og hafa þau að leiðarljósi.

Það eru tvenns konar flokkar af lánum sem þarna eru til umræðu og þetta eru margþætt vandamál sem við stöndum frammi fyrir. Það eru annars vegar gengisbundnu lánin og síðan verðtryggðu lánin. Það þarf að gæta fulls jafnræðis milli lántakenda þannig að einum hópi sé ekki hyglt umfram annan. En þessi mál eru á verksviði annars ráðuneytis heldur en míns, þ.e. viðskiptaráðuneytisins, en ég veit að þar er unnið hörðum höndum að því að leysa þau. Það er mjög mikilvægt að vanda til verka og stíga varlega til jarðar þegar þessi mál eru afgreidd en ég verð að vísa frekari útfærslum til hæstv. viðskiptaráðherra sem þessi málaflokkur heyrir undir.

[13:43]

Eygló Harðardóttir (F):

Hæstv. forseti. Við hefðum kannski átt að skipta á ráðherrum strax í upphafi eins og tilkynnt var í byrjun. En ég vil hvetja hæstv. viðskiptaráðherra til að skoða tillögur okkar framsóknarmanna varðandi niðurfellingu á skuldum og sérstaklega af því að það tengist stofnun sem er undir félagsmálaráðuneytinu, þ.e. Íbúðalánasjóði. Ef ég fer aðeins nánar út í hugmyndir okkar þá sjáum við ekki fyrir okkur að þetta feli í sér umtalsverð útgjöld fyrir ríkið en með

þessu er verið að gera upp tap erlendra kröfuhafa í bönkunum. Hins vegar viðurkennum við að ríkið gæti þurft að kaupa fasteignalán með afslætti af lífeyrissjóðum og sparisjóðum til að setja inn í Íbúðalánasjóð til að tryggja jafnræði fasteignalánanna og lántakanna.

Sparisjóðirnir eru hins vegar þegar í samstarfi við Íbúðalánasjóð og hafa sumir selt sjóðnum fasteignalán sín. Kostnaður við þetta, að okkar mati, nemur um 10% af því sem ætlunin er að eyða í endurfjármögnun bankanna. Væri áhugavert að heyra frá hæstv. félagsmálaráðherra hvernig henni líst á þessar hugmyndir.

[13:45]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan heyrir málaflokkurinn undir hæstv. viðskiptaráðherra. Aftur á móti heyra málefni Íbúðalánasjóðs undir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Ég hef svo sem skoðað þann þátt sem varðar lán heimilanna sem snúa að Íbúðalánasjóði en mér hefur ekki gefist tóm til að skoða tillögur Framsóknarflokksins. Þær komu fram í gær og ég vil aftur vísa til hæstv. viðskiptaráðherra sem er að vinna að þessum málum. Ég efast ekki um að hann muni skoða allar þær leiðir sem komið hafa fram og snúa að því hvernig hægt er að bregðast við til að verja heimilin. Það er mjög mikilvægt og ég veit að hæstv. viðskiptaráðherra er með slíka vinnu í gangi og hefur verið í samráði við bankana, Íbúðalánasjóð og félags- og tryggingamálaráðuneytið í þeirri vinnu. Ég geri ráð fyrir að tillögur komi þaðan á næstunni.

Fullgilding Árósasamningsins.

[13:46]

Mörður Árnason (Sf):

(**Utanrrh.:** Má ég spyrja hæstv. ráðherra?) Forseti. Það væri ágætt að ráðherrarnir spyrðu hver annan, því það hefði mikið skemmtigildi hér í þinginu ef sá liður væri tekinn upp.

Úr því að færi gefst langar mig til að spyrja hæstv. umhverfisráðherra um ákaflega gleðilega yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um gildistöku Árósasamningsins, hvernig hann hefur verið undirbúinn og hvort, sem ég geri mér ekki grein fyrir, (**Utanrrh.:** Málið er ...) hægt er að — já, þá kemur bara hæstv. utanríkisráðherra hér á eftir, forseti, og bætir við. Ég tel nú að þótt báðir ráðherrar hafi mikið vit á þessu máli beri umhverfisráðherra ábyrgð á málaflokknum sem slíkum þó að utanríkisráðherra geri vissulega samninganna í nafni forseta Íslands, ég minni á það að utanríkisráðherra (Gripið fram í.) gerir þá í nafni forseta Íslands og íslensku þjóðarinnar.

Það sem ég ætlaði að ræða hér — ef ég kemst að, hæstv. forseti, fyrir málgleði hæstv. utanríkisráðherra — var það að Árósasamningarnir eru ekki einfalt mál. Er rétta leiðin að samþykkja þá hér á þinginu eða þarf áður að renna í gegn þeim lagabreytingum sem nauðsynlegar eru og komu fram í mikilli skýrslu sem unnin var á vegum ýmissa ráðuneyta, undir forustu embættismanns úr umhverfisráðuneytinu, á síðasta kjörtímabili? Í hvaða röð er þetta gert og hvernig má vænta þess að gangurinn verði við þessa — og ég endurtek — ánægjulegu ákvörðun hinnar nýju ríkisstjórnar?

[13:48]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég hélt að við hæstv. utanríkisráðherra ætluðum að fara hér saman í ræðustólinn en hann guggnaði greinilega á síðustu metrunum.

Ég vil þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir fyrirspurnina. Ég er jafnglöð og hann yfir því að ríkisstjórnin skuli nú hafa tekið þá ákvörðun að Árósasamningurinn verði fullgiltur á Íslandi. Fullgilding þýðir að hann verði að fullu leiddur í lög og það er ekki fyrr en við höfum gert þær lagabreytingar sem samningurinn krefst að við getum fullgilt hann. Við undirrituðum samninginn 1998 þegar hann var alveg glænýr, ég held að ég muni það rétt að hæstv. þáv. umhverfisráðherra Siv Friðleifsdóttir hafi undirritað hann. Einu sinni hefur verið komið með þingsályktunartillögu hingað í þingsali og þá af hæstv. þáverandi utanríkisráðherra Halldóri Ásgrímssyni, sem lagði til að þingið staðfesti þá undirritun. Nú er svo komið að í sjálfu sér þarf ekki neina slíka þingsályktunartillögu lengur, það þarf bara að leiða í lög þá þriðju stoð sem enn hefur ekki verið leidd í lög á Íslandi og varðar aðkomu eða möguleika einstaklinga og félagasamtaka á réttlátri málsmeðferð í málum er varða umhverfið. Tvær leiðir eru færar í þeim efnum, annars vegar stjórnsýsluleið svokölluð, þ.e. í gegnum úrskurðarnefndir eða stjórnsýslunefndir, og hins vegar í gegnum dómstóla, þ.e. að opna fólki og félagasamtökum greiða leið að dómstólunum.

Í skýrslu sem gefin var út í september 2006 er nákvæmlega lýst á hvern hátt þessar lagabreytingar sem eftir er að gera þurfa að vera. Nú höfum við komið okkur saman um það, ég og hæstv. ráðherrar utanríkismála og dómsmála, að þrír lögfræðingar, einn úr hverju þessara þriggja ráðuneyta, verði settir í að gera frumvörpin klár. Þau verði að öllum líkindum blanda af þessum tveimur leiðum. Að einhverju marki getum við farið stjórnsýsluleiðina en síðan er ljóst að við þurfum að (Forseti hringir.) opna dómstólana og það verður gert með sjálfstæðum frumvörpum.

[13:50]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég vil þakka hæstv. umhverfisráðherra skýr svör við þessari óundirbúnu fyrirspurn og ég hygg að kannski sé ekki hægt að ætlast til að við þingmenn fáum fleiri svör þar til frumvörpin koma fram. Það er ekki um það að ræða að hér komi þingsályktunartillaga um staðfestingu heldur einstök mál.

Þetta er ákaflega gleðilegt og sýnir hver árangurinn er af því að koma Sjálfstæðisflokknum út úr Stjórnarráðinu, því hann hefur í öll þessi 18 ár sem hann hefur setið þar, fram til þessa dags eða fram til þessa mánaðar, staðið á móti staðfestingu þessa sáttmála af einhverjum dularfullum ástæðum. Nánast allir flokkar aðrir hafa reynt að koma þessu á og má minna á að fyrsta staðfestingartillagan kom frá Halldóri Ásgrímssyni, fyrrverandi formanni Framsóknarflokksins. Það verður ánægjulegt fyrir þá þingmenn sem

eru hér í salnum að koma þessu máli í gegn, sem er mikið framfaramál í umhverfismálum og almennum stjórnmálum og félagsmálum á Íslandi.

[13:51]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir orð þingmannsins. Nú leggjum við allt kapp á það að klára að vinna þessi frumvörp í ráðuneytunum. Ég mun standa vaktina í þeim efnum og vona og treysta því að þess verði ekki langt að bíða að þau verði lögð hér fram.

Af því að Sjálfstæðisflokkurinn og þvermóðska hans gagnvart þessu máli sérstaklega er nefnd langar mig til að nefna hér eitt mál sem við munum eftir, þegar ákvæðum í lögum um gjafsókn var breytt fyrir örfáum árum þannig að möguleikar fólks á því að komast að dómskerfinu í gegnum gjafsókn voru þrengdir. Ég man númerið á greininni sem felld var niður, 126. gr., b-liður, og það var kappsmál sjálfstæðismanna á sínum tíma að gera það og það fór í gegn sem lög frá Alþingi. Ég lagði hins vegar fram breytingartillögu við það mál og kem til með að vinna að því áfram að gjafsóknarákvæðin verði rýmkuð og tel að innleiðing Árósasamningsins hafi í för með sér að þau verði að rýmka. Sömuleiðis hef ég heyrt að þingmenn hugleiði jafnvel möguleikann á að flytja tillögur um þessa rýmkun nú þegar á þessu þingi, jafnvel einhvern tíma á næstu dögum þannig að ég lít svo á að á næsta leyti sé líka að rýmka gjafsóknarákvæðin sem ég tel að verði til mikilla bóta.

Skuldir heimilanna.

[13:53]

Eygló Harðardóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka kærlega fyrir þetta tækifæri til að fá að koma tvisvar upp á þessum þingfundi með óundirbúna fyrirspurn. Kannski þakka ég bara öllum hv. þingmönnum fyrir að ana ekki allt of mikið með fyrirspurnir á ráðherrana, enda eins og við vitum er valdið komið inn í þingið og við þurfum kannski ekki að spyrja ráðherrana allt of mikið.

Hins vegar vil ég ítreka fyrri spurningu þar sem ég spurðist fyrir um hvenær væri tímabært að bregðast við þeim skuldum sem eru að sliga heimili landsins og hvort ríkisstjórnin væri að velta fyrir sér að fara út í skuldbreytingu lána í enn frekara mæli eða jafnvel hreinar afskriftir.

Í gær kynnti forusta Framsóknarflokksins einmitt tillögur okkar um hvernig ætti að standa að niðurfellingu húsnæðislánanna og ég vona að hæstv. viðskiptaráðherra hafi haft tækifæri til að kynna sér þær, því að þessi málaflokkur fellur töluvert undir ráðuneyti hans, þegar horft er til þess að þau húsnæðislán sem voru flutt frá gömlu bönkunum yfir í nýju bankana verði síðan færð yfir til Íbúðalánasjóðs. Við sjáum alveg fyrir okkur að þar yrði heilmikið samstarf á milli viðskiptaráðuneytisins og síðan félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Ég vona að hæstv. ráðherra hafi verið að hlusta á það sem við töluðum um hér áðan en hugmyndin er sem sagt sú að færa húsnæðislánin fyrst frá gömlu bönkunum yfir til nýju bankanna og síðan þaðan yfir til Íbúðalánasjóðs og í framhaldinu mundi Íbúðalánasjóður veita flata 20% niðurfellingu skulda vegna allra húsnæðislána hjá sjóðnum. Þetta höfum við hugsað okkur að gera til að tryggja jafnræði á milli þeirra sem áttu húsnæðislán hjá bönkunum og Íbúðalánasjóði og byggist fyrst og fremst á þeirri staðreynd að nýju bankarnir hafa fengið lánasöfn gömlu bankanna með verulegum afslætti og erlendu kröfuhafarnir hafa nánast alveg afskrifað eignir sínar hér á Íslandi og sumir jafnvel haldið því fram að þeir geti hreinlega ekki lengur verið með neitt bókað í efnahagsreikningum sínum sem tengist Íslandi. (Forseti hringir.) Því væri áhugavert að heyra hvað hæstv. viðskiptaráðherra finnst.

[13:55]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Verið er að skoða ýmsar leiðir í þessum málum öllum saman, sumar reyndar ekki hjá ráðuneyti mínu heldur hjá dómsmálaráðuneytinu og reyndar er líka talsverð vinna í bönkunum og væntanlega sparisjóðunum.

Það er alveg rétt að þegar reynt hefur verið eftir hrun bankanna að leggja mat á þessar eignir, þ.e. lánasöfn sem tengjast íbúðalánum, hefur verið gert ráð fyrir því að þau innheimtist ekki að fullu þannig að í þeim skilningi er búið að afskrifa þau nú þegar. Þau voru eign bankanna sem hrundu en hafa nú verið færð, a.m.k. um tíma, yfir í nýju bankana og voru þau þá færð þar á milli með afskriftum.

Ég get hins vegar ekki fallist á að þess vegna sé svigrúm til að afskrifa sama hlutfall af þessum lánum gagnvart lántakendunum. Það byggir einfaldlega á því að þegar metið er hversu mikils virði svona lánasöfn eru er auðvitað gert ráð fyrir því að margir greiði lán sín að fullu til baka með vöxtum en einhverjir greiði þau ekki nema að hluta og að í sumum tilfellum innheimtist mjög lítið. Sem betur fer er það þannig að þótt margir eigi nú í erfiðleikum eiga það alls ekkert allir þannig að stór hluti þjóðarinnar getur staðið í skilum þótt stór hluti eigi líka í vandræðum með það. Ef lán væru afskrifuð, t.d. um 20%, væri þar með verið að rýra mjög eignir bankanna eða Íbúðalánasjóðs, ef búið væri að færa lánin þangað, og kostnaðurinn við það væri miklu meiri en hægt væri að réttlæta vegna þess að verið væri að fella líka niður lán þeirra sem geta og eiga ekki í neinum erfiðleikum með að greiða þau.

Ég verð því miður að lýsa (Forseti hringir.) því yfir að einhverjum öðrum leiðum verður að beita en þessari til að leysa vanda þeirra verst stöddu.

[13:57]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Það væri þá áhugavert að heyra hvaða hugmyndir ríkisstjórnin hefur um það að koma til móts við heimilin sem eru að sligast undan skuldunum. Það er sláandi að lesa þær tölur sem birtust á forsíðu Morgunblaðsins í morgun um hversu mikið lánin og afborgunarbyrðin hafa hækkað hjá fólki. Ekki er langt síðan umræða var í Silfri Egils þar sem talað var um að engin sanngirni væri í því að bara annar aðilinn gæti breytt öllum forsendum í samningi og hinn verði síðan að standa skil á sínu þó að allar forsendur hafi brugðist. Ég mundi gjarnan vilja heyra frá hæstv. viðskiptaráðherra hvernig hann sjái fyrir sér að hægt

verði að koma til móts við þennan hóp og ekki sé bara rætt um að einhverjar hugmyndir þurfi að vera um þetta og stór hluti muni geta staðið í skilum. Því ef fara á í það að meta hvern og einn er náttúrlega (Forseti hringir.) alltaf hætta á því að kannski komi enn á ný (Forseti hringir.) upp þau mál sem varða spillingu og vinargreiða í okkar litla samfélagi.

[13:58]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Ég get tekið undir að óhjákvæmilegt er að taka á þessu máli. Ég sé fyrir mér að það verði gert með allmörgum úrræðum sem taka tillit til stöðu nánast hvers og eins en þó með almennum reglum þannig að í einhverjum tilfellum neyðumst við væntanlega til að horfast í augu við það að kröfur eru tapaðar og það þurfi að afskrifa þær. Í öðrum tilfellum nægi kannski eitthvað mildara, t.d. að lengja í lánum, hugsanlega er hægt að beita vaxtabótakerfinu þótt auðvitað sé ekki mikið svigrúm í ríkisfjárlögunum. Svo eru enn aðrir, eins og ég sagði áðan, sem þurfa kannski ekki mikla aðstoð og þá á auðvitað að beina kröftum ríkisins til þeirra sem í raun og veru þurfa mest á aðstoð að halda.

Byggðastofnun.

[14:00]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég varð vör við það áðan að hæstv. ráðherra langar óskaplega mikið til að fá að svara hérna fyrirspurnum. Hann kom mér eiginlega á sporið sjálfur með því að kalla fram í og tala um Byggðastofnun. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. iðnaðarráðherra sem fer með málefni Byggðastofnunar hvernig staðan sé hjá þeirri stofnun og hvort það sé rétt sem heyrst hefur að uppi séu áform um að gera þar ákveðnar breytingar og jafnvel að taka þróunarsviðið út úr stofnuninni. Ég tel að það mundi þýða að þessi stofnun væri eftir það ekki nema svipur hjá sjón.

En við skulum ekki ákveða fyrir fram að það sé ekki ástæða til að gera einhverjar breytingar. Ég setti sjálf fram tillögu um það á sínum tíma að Byggðastofnun væri hluti af Nýsköpunarmiðstöðinni af því að auðvitað fjallar Byggðastofnun að verulegu leyti um nýsköpunarmál og hugsanlegar nýjungar sem geti átt framtíð fyrir sér í atvinnusköpun á landsbyggðinni. Ég vil bara gefa hæstv. ráðherra tækifæri til að fræða þingheim svolítið um það hvaða áform eru uppi í sambandi við þessa mikilvægu stofnun og hversu langt hugmyndir eru komnar á veg í sambandi við það að gera þarna breytingar. Er kannski engin þörf á því eða hvar standa mál?

[14:01]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Hv. þingmaður orðaði það svo að ég hefði komið sér á sporið. Ég verð að viðurkenna að það er mér alltaf sannkallað gleðiefni ef ég get komið Framsóknarflokknum í réttan farveg. Það hefur mér stundum tekist, stundum ekki. En það er sjálfsagt að svara spurningu hv. þingmanns.

Á sínum tíma beitti hún sér fyrir ákveðnum breytingum sem ekki náðu að öllu leyti í gegn. Ég var í hópi fárra þingmanna, a.m.k. í mínum flokki á þeim tíma, sem töldu þær breytingar jákvæðar. Hluti af þeim breytingum sem ég hef einmitt verið að skoða tengist því að færa aukið verk yfir til Nýsköpunarmiðstöðvar. Ég hef sömuleiðis velt fyrir mér að beita ákveðnum parti af starfsliði stofnunarinnar og flytja það yfir til Hólaskóla, stofna þar rannsóknarsetur í ferðamálum, skjóta þar með enn einni sterkri stoð undir Hólaskóla og sömuleiðis að taka ákveðinn hluta af sviði stofnunarinnar og mynda ásamt Hagstofunni sérstakt útibú Hagstofunnar sem mundi sinna ákveðnum tölfræðilegum og hagfræðilegum rannsóknum á landsbyggðinni sem ég tel þörf á. (**Gripið fram í:** … kjördæmi?) Engin áform eru um það, hv. þingmaður.

Ég var kominn það langt með þessar hugmyndir að þær voru komnar í frumvarpsdrög og ég hugðist leggja frumvarpið fram á þessu þingi. Síðan hafa orðið þær breytingar á stjórn ríkisins að það er komin ný ríkisstjórn og það er skammt til kosninga þannig að ég svara bara hv. þingmanni ærlega að það frumvarp verður ekki lagt fram af þessari ríkisstjórn.

[14:03]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég tel mikilvægt að vita um þau áform sem þarna eru uppi vegna þess að við erum að tala um mjög mikilvæga stofnun, Byggðastofnun. Ég neita því ekki að mér finnst núna á seinni missirum sem Byggðastofnun hafi verið minna í umræðunni í sambandi við byggðamál en oft áður og velti fyrir mér hvers vegna það sé, hvort það sé vegna þess að stofnunin er þess ekki megnug að taka á þeim málum sem upp koma á viðkomandi stöðum sem oft eru erfið út frá atvinnu.

Ég spyr því aftur; ef hæstv. ráðherra gæti svarað því: Hvernig er fjárhagsstaða stofnunarinnar? Sinnir hún landsbyggðinni með þeim hætti sem hann telur mikilvægt?

[14:04]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Fyrst vil ég segja aðeins til að ljúka umræðunni um þær hugmyndir sem ég hafði um stofnunina að þær gengu út á það að fjölga störfum í sveitarfélaginu og í reynd að viðhalda hlutverki Byggðastofnunar, þ.e. lánahlutverki, algerlega að óbreyttu.

Af því að hv. þingmaður innir mig eftir fjárhagslegri stöðu stofnunarinnar og hvort hún sinni hlutverki sínu nægilega vel vil ég svara því að staða stofnunarinnar er auðvitað bágborin nú um mundir. Eins og kom fram í síðustu viku á þinginu er eiginfjárstaða hennar komin niður fyrir það hlutfall sem heimilt er lögum samkvæmt og það er ljóst að það þarf að grípa til ráðstafana vegna þess. Þótt ég hafi ekki fengið endurskoðað uppgjör held ég að eiginfjárstaðan vegna gengisþróunarinnar sé komin nálægt 4%.

Að því er varðar síðan möguleika hennar til að sinna hlutverki sínu hefur hún gert það ákaflega vel miðað við takmarkað svigrúm. Ég bendi t.d. á að henni var falið sérstakt hlutverk þegar þorskaflaskerðingin var og hún hefur sinnt því með alveg sérstökum (Forseti hringir.) fádæmum miðað við þrönga stöðu.

Uppbygging og rekstur fráveitna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 187. mál (heildarlög). — Þskj. 230, nál. 558, brtt. 559.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 559,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt samþ. með 41 shlj. atkv.
10.–13. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 559,2–7 samþ. með 41 shlj. atkv.
14.–23. gr., svo breyttar, og ákv. til brb. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Kosning aðalmanns í landskjörstjórn í stað Gísla Baldurs Garðarssonar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur.

Þar sem varamaður hafði verið kjörinn aðalmaður lagði forseti til að nýr varamaður yrði kjörinn í hans stað. Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Gunnar Sturluson lögfræðingur.

Umræður utan dagskrár.

Staða og starfsumhverfi íslenskrar verslunar. [14:11]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir að ræða stöðu og starfsumhverfi íslenskrar verslunar í utandagskrárumræðu hér í dag. Staðan er mjög alvarleg nú um stundir.

Verslunarfyrirtækin veita um 25.000–30.000 manns atvinnu á hverjum tíma og eru þá ótalin störf sem tengjast henni, m.a. í banka- og flutningastarfsemi. Atvinnuleysið er nú um 10% og fer vaxandi. Þetta eru aðstæður sem við eigum ekki að venjast og við viljum snúa þeim við. Áhrif þess á heimilin, fyrirtækin og samfélagið allt eru gríðarleg. Okkur er öllum ljóst að hagsmunir fyrirtækjanna og heimilanna eru samofnir og því þarf að bregðast við.

Ástæðan fyrir því að ég tek upp þessa umræðu á hinu háa Alþingi er að hætta er á frekara niðurbroti í verslun með þeim afleiðingum að enn fleiri missa atvinnu sína. Þótt ég hafi kosið að ræða sérstaklega um stöðu verslunarfyrirtækja er staðan í öðrum atvinnugreinum mjög svipuð.

Við núverandi aðstæður er sérhvert atvinnufyrirtæki og sérhvert starf dýrmætt. Um þau þurfum við að standa vörð. Bankarnir hafa metið það svo að um 70% fyrirtækja í landinu séu það sem kallað er tæknilega gjaldþrota. Það á ekki síst við um verslunarfyrirtæki sem í uppsveiflu í bankaheiminum skiptu mörg um eigendur með skuldsettri yfirtöku.

Því hefur verið spáð að um 3.500 fyrirtæki í landinu verði gjaldþrota á þessu ári. Ef þær spár rætast munu fimmfalt fleiri fyrirtæki fara á hausinn í ár en á síðasta ári með tilheyrandi tapi á störfum. Mörg verslunarfyrirtæki hafa dregið saman seglin og leita allra leiða til hagræðingar, hafa m.a. sagt upp fólki, minnkað vörubirgðir og leitað nýrri og betri samninga við birgja. Þannig hefur t.d. stórt verslunarfyrirtæki sagt upp þriðjungi starfsmanna sinna á síðustu mánuðum, um 300 manns, en á sama tíma hefur vöruveltan í magni dregist saman um 50%.

Reyndar er vert að benda á hina hliðina sem vegur að einhverju leyti á móti, verslun Íslendinga í útlöndum hefur dregist verulega saman og má því segja að hún hafi flust heim og að á sama tíma hafi lágt gengi krónunnar laðað ferðamenn til landsins og sala til ferðamanna aukist að umfangi.

Það breytir því hins vegar ekki að opinberar tölur benda til þess að verslunin hafi dregist mikið saman á síðustu vikum. Þannig hefur komið fram í athugunum Rannsóknarseturs verslunarinnar að dagvöruverslun dróst saman um 7% á milli ára frá janúar 2008 til janúar 2009 á föstu verðlagi. Á sama tíma var um 11% samdráttur í fataverslun, 18% samdráttur í skóverslun og velta í húsgagnaverslunum er um 22% minni en á sama tíma í janúar í fyrra á föstu verðlagi. Hún var reyndar um 50% minni í desembermánuði samanborið við árið á undan.

Bílamarkaður með nýjar bifreiðar hefur algerlega hrunið. Það sem af er á árinu eru nýskráningar bifreiða um 15% af því sem var á sama tíma í fyrra. Þær höfðu ekki verið jafnfáar í desember sl. frá því í september 1970, þ.e. fyrir tæplega 40 árum. Það er í sjálfu sér ekki óvænt þar sem veik króna hefur hækkað verð á nýjum bílum upp úr öllu valdi. Aðrar verðhækkanir eru umtalsverðar. Dagvara og fatnaður hefur hækkað um 32–33% á 12 mánaða tímabili og kaupmáttarrýrnun nálgast 10%.

Það er ljóst að atvinnuleysi innan verslunarinnar fer vaxandi. Á föstudaginn voru tæplega 16.000 manns skráðir atvinnulausir. Það lætur nærri að af þeim hafi um 3.000 manns misst störf innan verslunarinnar. Einungis í byggingariðnaðinum eru fleiri atvinnulausir. Rekstrarumhverfi íslenskra verslunarfyrirtækja einkennist af háum vöxtum, háu gengi og erfiðleikum í aðgengi að lánafyrirgreiðslu í bönkunum. Verð á vörum hefur hækkað um leið og heimilin draga saman í neyslu. Leiguverð er víða hátt og mörg fyrirtæki eru með bundna leigusamninga til margra ára í húsnæði sem þeir hafa tekið úr notkun vegna samdráttar. Hátt vaxtastig er að ganga af fyrirtækjunum dauðum. Vaxtakostnaður gengur hratt á eigið fé skuldsettra fyrirtækja og getur aukið á gjaldþrot fyrirtækja sem óhjákvæmilega stefnir í.

Ég spyr því hæstv. viðskiptaráðherra:

1. Hvernig munu stjórnvöld bregðast við erfiðri stöðu verslunarinnar í landinu og forða henni frá frekara hruni

með þeim afleiðingum að atvinnuleysi í greininni aukist enn frekar?

2. Á verkefnalista nýrrar ríkisstjórnar kemur fram að leitað verði leiða til að lækka vexti eins fljótt og kostur er og að tímasett verði áætlun um rýmkun hafta. Hvenær verður lögð fram verkefnaáætlun ríkisstjórnarinnar til að standa undir þessari yfirlýsingu?

3. Gengi gjaldmiðilsins hefur afgerandi áhrif á verðlag vöru og þar með afkomu greinarinnar. Fyrirtækin kalla eftir því að komið verði á jafnvægisgengi sem bæði innflutningur og útflutningur geti starfað við. Mun ríkisstjórnin beita sér í þessum efnum?

4. Íslensku bankarnir hafa reynst þess vanmegnugir að veita atvinnulífinu þá þjónustu sem það þarf á að halda og spurt er eftir aðgerðum stjórnvalda til að bæta þetta ástand. Gjaldeyrisþurrð hamlar og gjaldeyrishöftin hafa gert fyrirtækjunum erfitt fyrir. Munu stjórnvöld beita sér til að bæta þetta ástand?

5. Greiðslutryggingafélög í Evrópu hafa neitað að tryggja greiðslur krafna á íslensk fyrirtæki. Hyggjast stjórnvöld gera eitthvað til að liðka þar til?

Forsenda þess að hægt sé að endurreisa heimilin í (Forseti hringir.) landinu er að endurreisa atvinnulífið. Þess vegna spyr ég um aðgerðir stjórnvalda til að koma í veg fyrir frekara hrun verslunar í þessu landi.

[14:16]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Staða íslenskrar verslunar er því miður óneitanlega afar erfið. Við verðum að hafa bakgrunninn í huga. Mikil uppbygging og fjárfesting hefur verið í verslun undanfarin ár, sérstaklega í verslunarhúsnæði, og fór þá saman við mikinn vöxt neyslu og innflutnings. Þessi mynd hefur síðan breyst algjörlega á nokkrum mánuðum og nú blasir við mikill samdráttur einkaneyslu og innflutnings sem kemur því miður sjálfkrafa beint niður á veltu í verslunum. Því er spáð að neysla dragist saman um u.þ.b. 30% á árunum 2007–2009 og það kemur óhjákvæmilega beint fram í því að umsvif í verslun dragist saman um væntanlega eitthvað svipað þótt hugsanlega færist einhver verslun inn í landið sem áður var utan þess.

Við vandamál vegna þessa bætast vandræði vegna gengisþróunar, innkaupsverð innfluttra vara hækkar, erlend lán hækka og tengingar fyrirtækja eru þannig að erfiðleikar smásala koma sjálfkrafa niður á heildsölum og raunar einnig innlendum framleiðslufyrirtækjum. Þetta er óneitanlega talsvert fjall að klífa, en við skulum samt hafa í huga að þótt þessir tímabundnu erfiðleikar séu kannski ekki illleysanlegir, þótt þeir séu erfiðir, er langtímastaða íslenskrar verslunar auðvitað ekkert miklu verri en hún var fyrir þessar hremmingar allar saman. Það verður þörf fyrir blómlega verslun hérlendis eftir sem áður þannig að verslunin mun rísa. Óneitanlega verður ekki hátt á henni risið frekar en ýmsum öðrum atvinnugreinum á allra næstu mánuðum og missirum. Því miður er óhjákvæmilegt að þetta ástand valdi því að afskrifa verði talsvert af bæði eigin fé og skuldum í þessari grein hérlendis eins og raunar ýmsum öðrum. Það stendur kannski fyrst og fremst upp á bankakerfið að hafa milligöngu um það og það verður að gera kröfu til bankakerfisins um að það standi vel að þeirri vinnu allri saman, mismuni ekki fyrirtækjum eða eigendum og reyni að veita svigrúm þeim fyrirtækjum sem geta bjargast með lítilli hjálp án þess að allir þurfi að grípa til einhverra ráða eins og að eigendur hverfi frá rekstrinum.

Einnig þarf að huga að samkeppnissjónarmiðum. Það verður að koma í veg fyrir að þessar hræringar allar saman valdi aukinni samþjöppun í verslunarrekstri. Raunar má segja að hérna sé, ef eitthvað er, jafnvel komið tækifæri til að draga úr samþjöppun í verslunarrekstri. Vonandi gengur það eftir. Því miður er í grundvallaratriðum ekkert svigrúm til sértækra aðgerða hins opinbera til aðstoðar verslun, en það verður að hafa í huga að verslunin nýtur í raun góðs af öllum almennum efnahagsaðgerðum, t.d. öllu því sem gert er til að koma á vel starfhæfu bankakerfi, öllu því sem gert er til að ná stöðugleika í gengis- og verðlagsmálum sem getur síðan orðið til þess að lækka nafnvexti og gert okkur kleift að afnema höft á fjármagnsflutningum. Allt sem gert er til að verja stöðu heimilanna og berjast gegn atvinnuleysi kemur verslun vel og allt sem gert er til að bæta samskipti við erlenda aðila, tryggja greiðslumiðlun og aðgang að fjármagni og almennt endurvekja traust á íslenska hagkerfinu utan lands kemur versluninni vel.

Hv. þm. Ásta Möller spyr sérstaklega um vaxtalækkun og rýmkun hafta. Því er til að svara að tímasett áætlun um þessa þætti liggur ekki enn fyrir en það er mjög brýnt að ná sem hraðast niður verðbólgu og vöxtum og skapa skilyrði til rýmkunar og helst afnáms hafta. Þessi mál eru sérstaklega á borði Seðlabankans og verða unnin í samvinnu eða samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn en ríkisstjórnin mun gera hvað hún getur til að flýta framgangi þeirra. Það er þó rétt að hafa í huga sem skiptir verslun miklu máli að nú eru engin höft á viðskiptum með gjaldeyri vegna innflutnings á vörum og þjónustu.

Það má líka hafa í huga að gengi krónunnar var óeðlilega hátt á liðnum árum og þurfti óhjákvæmilega að falla talsvert til að draga úr innflutningi og skapa betri skilyrði fyrir útflutning. Það hefur hins vegar væntanlega fallið meira en góðu hófi gegnir þannig að það er eitthvert svigrúm til styrkingar krónunnar þótt það sé ekki augljóst hvenær krónan nær að styrkjast.

Ég vil einnig vekja athygli á því að þótt margt megi án efa bæta í rekstri nýju bankanna má ekki gleyma því að ýmislegt er þar nú þegar vel gert, jafnvel meira en hægt var með góðu móti að vonast til svo skömmu eftir hrun bankakerfisins. Þeir hafa nú þegar burði til að sinna öllu því sem kalla má eðlileg viðskipti við einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki þótt ýmis uppgjörsmál og vandamál stærstu fyrirtækjanna séu enn að einhverju leyti óleyst og muni taka lengri tíma. Það snýr í mörgum tilfellum (Forseti hringir.) frekar að gömlu bönkunum og uppgjöri þeirra en þeim nýju.

[14:21]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og frummælendum tveimur sem hér hafa hafið þessa umræðu. Auðvitað er hún víðtæk en vissulega tímabær í ljósi þess hvernig verslun og viðskipti hafa breyst á umliðnum mánuðum. Ég tek undir það sem hæstv. viðskiptaráðherra sagði, verslun nýtur auðvitað góðs af öllum almennum efnahagsað-

gerðum. Og það er það sem hefur verið boðað á umliðnum mánuðum.

Markmið okkar hefur verið það að ná fram vaxtalækkun, að ná því fram að rýmka gjaldeyrishöftin og ná niður verðbólgu. Við höfum haft það markmið hér ansi lengi. Að sama skapi skiptir auðvitað máli að þær aðgerðir sem við förum í, líkt og kynntar voru af Mats Josefsson í liðinni viku, leiði ekki af sér fákeppni. Fákeppni í verslun er það sem við viljum ekki horfa fram á. Samkeppnisskilyrðin þurfa að vera til staðar og forstjóri Samkeppniseftirlitsins hefur einmitt vikið að því í umræðunni á liðnum mánuðum að sú kreppa sem við fórum í gæti leitt af sér erfiðari markaðsstöðu margra aðila sem þegar eru fyrir á markaði vegna ýmiss konar aðgerða sem ríkið grípur til.

Ég vil líka segja það, virðulegur forseti, að ég tel þingið standa frammi fyrir einstöku tækifæri nú með frumvarpi um endurgreiðslu á virðisaukaskatti sem er í efnahags- og skattanefnd. Nefndin á að horfa til þess að víkka það frumvarp og gera það enn betra en nú er til þess einmitt að örva verslun hér á landi og um leið iðnaðarstarfsemi sem á undir högg að sækja eins og aðrar atvinnugreinar á landinu (Forseti hringir.) í kjölfar þeirra hremminga sem við höfum staðið frammi fyrir, virðulegi forseti.

[14:23]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Það má líta á stöðu og starfsumhverfi íslenskrar verslunar út frá ýmsum sjónarhornum. Það er af mörgu að taka en þar sem tíminn sem ætlaður er til umræðunnar í dag er af skornum skammti vil ég beina athyglinni sérstaklega að þeim þáttum sem snúa að neytendum.

Nú er það staðreynd eftir mikið uppgangsskeið á undanförnum árum í smásöluverslun á Íslandi að hún dregst hratt saman með hratt minnkandi neyslu, óhóflegum vaxtakjörum og veikri stöðu krónunnar. Verslun ræðst auðvitað að miklu leyti af markaðslögmálunum um framboð og eftirspurn eins og sjálfstæðismönnum ætti að vera kunnugt. Neytendur höfðu flestir meira á milli handanna á árunum 2003–2007 og verslun jókst um 46%. Nú hefur komið fram að hún mun dragast saman um 30% á árunum 2007–2009, ef ég hef tekið rétt eftir, en þar sem fyrirsjánlegt er að sú mikla verslun sem byggst hafði upp muni ekki lifa af þann samdrátt sem fram undan er og einhver hluti hennar muni leggjast af væri gott að fá sýn hæstv. viðskiptaráðherra á það hvernig hann sjái fyrir sér þróun á þessum vettvangi atvinnulífsins. Þar eru stærstu aðilarnir sem versla með dagvöru og nauðsynjar líklegastir til að halda mestu viðskiptunum. Að einhverju leyti hlýtur að mega gera ráð fyrir samþjöppun og það hefur svo sem komið fram í máli ráðherrans að gert er ráð fyrir samþjöppun á þessum markaði þar sem augljóslega er auðveldara að reka stóra samhangandi samsteypu en litla sem háð er mörgum öðrum aðilum, ekki síst með hliðsjón af því að íslenski markaðurinn er frekar smár í samanburði við flest annað. Slík samþjöppun getur verið neytendum í óhag ef samkeppnin er orðin lítil sem engin, en ef svo er telur ráðherrann þá að hægt sé að grípa til samkeppnisaukandi aðgerða á komandi missirum? Í hverju geta þær verið fólgnar og ef til þeirra verður gripið verður þá hægt að tryggja arðbærar rekstrareiningar sem skila neytendum hagstæðu verði vegna þess smáa markaðar sem við búum við hérlendis?

Með öðrum orðum hef ég áhyggjur af því að hér verði mikil samþjöppun í verslun og hún geti haft neikvæðar afleiðingar fyrir neytendur með því að hér verði til fáar en stórar markaðsráðandi samsteypur. (Forseti hringir.) Ég hef áhyggjur af því að ef gripið verður til samkeppnisaukandi aðgerða geti það líka haft neikvæðar afleiðingar (Forseti hringir.) fyrir neytendur vegna þess smáa markaðar sem við búum við.

[14:26]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Af fjármálakreppu, gjaldþrotum heimila og fyrirtækja vegna hruns heils bankakerfis leiðir auðvitað samdráttur í kaupmætti. Breyttar áherslur í innkaupum, sparnaður og peningaleysi eru fylgifiskar atvinnuleysis. Samdráttur í verslun er auðvitað hluti af því umhverfi sem við erum í. Atvinnuleysið er ekki orsökin, heldur afleiðingin.

Þetta er erfitt fyrir verslunareigendur og það er rétt að mörg fyrirtæki munu fara í þrot á næstu vikum og mánuðum. Það eru líka mörg störfin sem hafa tapast og munu tapast. Ég tek undir þær áhyggjur sem hér hefur verið lýst yfir því að um 20% af þeim sem nú eru á atvinnuleysisskrá, um 3.000 manns af 15.000, hafa misst störf sín í verslun og þjónustu. Tíföldun á atvinnuleysi á einu ári í þessari grein er mikil blóðtaka. Það er fyrst og fremst verkefni þessarar ríkisstjórnar og okkar sem störfum á Alþingi að reyna að sporna gegn því og standa vörð um störfin. Ég er hins vegar ansi hrædd um að það verði ekki gert með því að skapa ný störf í verslun alveg strax. Störfin verða að koma annars staðar vegna þess að neyslan dregst einfaldlega saman, eins og hér hefur verið bent á, um 30% á tveimur árum, 2007–2009. Höggið í þessum geira er væntanlega þyngra vegna þeirrar gífurlegu offjárfestingar sem hefur verið í byggingu verslunarhúsnæðis og þeirrar miklu kaupgleði sem hefur endurspeglast í miklum viðskiptahalla og (Forseti hringir.) hefur verið fjármagnaður með erlendum lánum. Við þurfum að horfa á (Forseti hringir.) þessa heildarmynd þegar við ræðum stöðu verslunarinnar.

[14:28]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég veld ábyggilega mörgum vonbrigðum með því að tala ekki um kvóta í dag. Ég tala hér um mál sem skiptir okkur örugglega öll miklu máli, verslanir í landinu og verslunarfyrirtæki. 16.000 manns hafa tapað atvinnu og stór hluti af því fólki er í verslunargeiranum. Hald manna er að 70 fyrirtæki séu tæknilega gjaldþrota í dag og mörg þeirra munu fara í gjaldþrot. Þegar 40% heimila lenda í gjaldþroti eða fara illa er alveg augljóst að verslun mun minnka, það dregur úr þörf fyrir verslanir og það verður samdráttur í verslun og viðskiptum. Það er ekki verið að tala um 3.800 fyrirtæki, það er jafnvel talað um 4.300 fyrirtæki sem munu lenda í erfiðleikum eða fara í þrot. Bankakerfið þarf að aðstoða í þessu en sá grunur læðist að mér að bankakerfið standi sig kannski ekki gagnvart verslunarfyrirtækjum og sérstaklega smærri verslunum og smáfyrirtækj-

um og þar vanti mikið upp á. Það þarf að taka til hendinni og hjálpa þar til og bankakerfið þarf að gera það. Það þarf að skuldbreyta fyrir þessi litlu fyrirtæki og sýna umburðarlyndi og annað í þeim dúr varðandi greiðslur.

Markmið ríkisstjórnarinnar með að lækka vexti er ekki farið að ganga eftir enn þá þó að það sé komið á sjötta mánuð síðan bankarnir féllu. Fyrrverandi ríkisstjórn og núverandi ríkisstjórn hafa ekki staðið sig í því að mæta bæði verslunarfyrirtækjum sem og öðrum fyrirtækjum í landinu. Þrátt fyrir það þurfum við að tryggja að (Forseti hringir.) samkeppni verði eðlileg í verslun eftir sem áður.

[14:30]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Því miður var ekki mikið að græða á ræðu hæstv. viðskiptaráðherra. Greinilegt er að hin nýja ríkisstjórn sem ætlaði að láta verkin tala er í þagnarbindindi. Alla vega var það raunin hvað verslunina varðar.

Ég vil hins vegar freista þess að fá upplýsingar hjá hæstv. viðskiptaráðherra um þau mál sem voru í vinnslu í tíð fyrri ríkisstjórnar. Á seinni hluta síðasta árs skilaði nefnd á vegum þáverandi hæstv. viðskiptaráðherra Björgvins G. Sigurðssonar af sér skýrslu um flutningsjöfnun á landsbyggðinni. Dreifingin er stærsti höfuðverkur landsbyggðarverslunarinnar og sá liður sem hefur hvað mest áhrif á stöðu hennar. En það sama á auðvitað við um verslun á landsbyggðinni eins og hér á höfuðborgarsvæðinu hvað þróunina varðar.

Ég vil því spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvað hann hyggist gera með þessa skýrslu. Hyggst hann vinna frekar úr þeim tillögum sem þar eru og hvenær við megum vænta þess að sjá eitthvað af þeim verkum?

Á síðasta ári, árinu 2008, voru einnig á fjárlögum fjárframlög til flutningsjöfnunar sem ekki voru nýtt. Ég vil því spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort ríkisstjórnin hyggist nýta fjárveitingarnar á þessu ári og þá kannski í samhengi við þann vanda sem dreifbýlisverslunin er í um þessar mundir.

[14:32]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka svör hæstv. viðskiptaráðherra sem mér þóttu góð í alla staði. Eins og fram kom í máli hans erum við fyrst og fremst að tala um almennar aðgerðir sem geta bætt hag verslunarinnar eins og allra annarra atvinnufyrirtækja í landinu og lúta að því að ná niður verðbólgu og vöxtum og skapa hér umhverfi sem gerir atvinnurekstri kleift að starfa við bestu skilyrði. Því erum við að vinna að í kjölfar hrunsins þar sem ljóst er að atvinnureksturinn starfar í allt öðru umhverfi en áður. Þannig að ég vil ítreka það að ég var ánægður með svör hæstv. ráðherra.

Hins vegar er greiðslujöfnunin, sem síðasti hv. ræðumaður talaði um, sérstakt mál sem varðar að tryggja jafnræði verslunar á landsbyggðinni. Það er hins vegar sértæk aðgerð sem ég gat ekki skilið að hv. þm. Ásta Möller fjallaði um hér í inngangserindi sínu heldur fyrst og fremst almennar aðgerðir.

Ég vil líka segja, virðulegi forseti, að eins og fram hefur komið í umræðunni er ljóst að verslun mun dragast saman eðli málsins samkvæmt. En afar mikilvægt er að lánveitendur reyni að tryggja það að sem flest fyrirtæki lifi, því eins og hæstv. ráðherra vakti athygli á mun verslun til lengri tíma án efa búa vel og koma vel út úr þessu. Eins að við reynum að tryggja að þeir sem verða undir eigi möguleika á að komast sem fyrst á fætur aftur og nýta þá reynslu og þekkingu sem er til staðar. Það er kannski stærsta hlutverk stjórnvalda nú að tryggja að þau fyrirtæki sem verða undir — (Forseti hringir.) að þeir einstaklingar sem þar eiga í hlut geti nýtt þekkingu sína og styrk til þess að endurbyggja fyrirtæki.

[14:34]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að vekja athygli á málefnum verslunarinnar á vettvangi þingsins sem og hæstv. ráðherra Gylfa Magnússyni fyrir innlegg hans í þessa mikilvægu umræðu.

Við framsóknarmenn kynntum í gær efnahagstillögur okkar til að bregðast við miklum erfiðleikum í atvinnulífinu og vanda heimilanna. Við lögðum fram fjölmargar tillögur og það segir sig sjálft að þegar stýrivextir eru 18% í mikilli verðbólgu brennur eigið fé fyrirtækja og heimila upp á björtu báli.

Þess vegna teljum við mikilvægt og höfum lagt það til að stýrivextir Seðlabanka Íslands verði lækkaðir hið fyrsta í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum mun koma hingað til lands í þessari viku og vonandi mun formaður Framsóknarflokksins hitta þá nefnd og fara yfir rökstuðning okkar framsóknarmanna um hvers vegna á að fara hið fyrsta í það að lækka stýrivextina. Það bitnar mjög hart á atvinnulífinu og versluninni að búa við þessa himinháu vexti og þess vegna þarf að ná árangri sem allra fyrst í því að lækka stýrivextina.

Í öðru lagi er ljóst, eins og hv. frummælandi benti á, að mörg fyrirtæki hér á landi eru tæknilega gjaldþrota og búa við mikla erfiðleika. Það þarf að takast á við vanda fyrirtækja. Þó þurfum við fyrst og fremst að bjarga þeim fyrirtækjum sem eru lífvænleg og eiga raunverulega framtíð. En þau þurfa hjálp og stjórnvöld þurfa að koma með aðgerðir til að bæta stöðu verslunar og atvinnulífs.

Þess vegna höfum við framsóknarmenn á vettvangi þingsins beðið um tvöfalda utandagskrárumræðu um endurreisn atvinnulífsins. Það þarf lengri tíma til að ræða þessi grundvallarmál og (Forseti hringir.) þær lausnir sem við höfum m.a. (Forseti hringir.) lagt til og vonandi aðrir stjórnmálaflokkar á Alþingi.

[14:37]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Í þeirri stöðu sem við Íslendingar erum nú í þurfum við að átta okkur á því á hvaða grunni við ætlum að byggja nýtt Ísland. Það á auðvitað líka við um það efnahagslega umhverfi verslunar sem við ræðum hér. Við skulum ekki loka augunum fyrir því að í góðærinu var ábatasamt að stunda verslun hér á Íslandi og það má ráða af þeim miklu verslunarhöllum sem risu á undanförnum árum. Ekki síður þeim stórhýsum sem voru í byggingu og bígerð þegar allt fraus hér í haust.

Gífurleg offjárfesting hefur verið í verslunarhúsnæði og nálægt fimmfalt meira verslunarrými er hér á landi en í nágrannalöndunum miðað við fólksfjölda. Fjöldi verslana er sem sagt eins og hér búi yfir milljón manns.

Þetta er auðvitað ein ástæða þess að höggið er þyngra. Ég vil vitna til árbókar verslunarinnar sem gefin var út síðasta haust þar sem kemur fram að á tíu árum, 1997–2007, jókst fermetrafjöldi í verslunum um 52% á landinu öllu. Um miðjan júlí í fyrra var enn í byggingu og búið að veita byggingarleyfi fyrir um 220 þús. fermetrum af verslunarhúsnæði, sem samsvarar fjórtánfaldri Kringlunni. Þannig að sú leið sem við vorum á þegar bankahrunið varð kemur auðvitað niður á þessum geira núna, ekki síst þeim sem unnu þarna.

Ég vil benda á að þegar að Bauhaus ætlaði að opna síðastliðið haust sóttu 1.200 manns um 150 störf þar. Í októberlok á síðasta ári var búið að segja öllum upp sem ráðnir höfðu verið (Forseti hringir.) og búið að fresta opnun verslunarinnar (Forseti hringir.) sem átti að vera stærsta byggingarvöruverslun á öllum Norðurlöndum. (Forseti hringir.) Þannig höguðum við okkur (Forseti hringir.) í þessu gróðæri og það megum við (Forseti hringir.) ekki gera aftur.

[14:39]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegi forseti. Ég fagna umræðunni sem hér hefur farið fram og vil benda á að sama hvar í atvinnugreinum við stöndum þá er atvinnuleysið skelfilegt. Það er skelfilegt fyrir einstaklinga og fjölskyldur og við þurfum að gæta þess að reyna að skapa sem flest atvinnutækifæri ef nokkur kostur er.

Á Íslandi eru vextir allt of háir og það er staðreynd sem við getum ekki horft fram hjá. Þeir eru allt of háir og það þarf að taka á þeim strax. En það gerist ekki fyrr en búið er að koma bankakerfinu á rétt ról aftur. Seðlabankanum og bankastarfsemi almennt í landinu.

Mikill samdráttur er í verslun sem og öðrum greinum. Bæði vegna gengisþróunar og ýmissa annarra þátta. Afkoma fólks hefur versnað mikið og það bitnar auðvitað á versluninni eins og alls staðar annars staðar.

Ef bankakerfið styrkist þá styrkist afkoma fólks. Verðbólga og vextir verða að lækka og um leið og það gerist batnar staða fólks og fyrirtækja.

Fákeppni er mjög slæm, bæði fyrir fjölskyldur og verslun, og á móti henni verður að berjast með öllum tiltækum ráðum og það verður að gerast strax.

Það er alveg sama hvert við lítum. Alls staðar hefur verið samdráttur og hann bitnar fyrst og fremst á fjölskyldunum og sálarlífi þeirra og það er þáttur sem þarf líka að taka inn í dæmið.

[14:41]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og góða umræðu hér í dag. En ég verð að segja að mér hafa fundist svör ráðherrans frekar í þynnri kantinum. Hann ræddi m.a. um almennar aðgerðir en eftir þeim hefur verið beðið með eftirvæntingu um nokkurt skeið. Það verður að segjast eins og er að þær hafa látið á sér standa og í raun inni lítið gerst frá því að hin nýja ríkisstjórn tók við fyrir þremur vikum síðan.

Ég spyr hér um eina af stóru atvinnugreinunum í landinu, verslun, sem veitir hátt í 30.000 manns atvinnu. Ég spurði m.a. þeirra lykilspurninga hvernig stjórnvöld ætli að bregðast við erfiðri stöðu verslunar og forða henni frá frekara hruni og um leið koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi í landinu.

Það er á valdi stjórnvalda að bregðast við og gefa svör við mörgum þeirra þátta, sem ég spurði hæstv. ráðherra sérstaklega um. En hins vegar varð fátt um greinargóð og skýr svör.

Ég spurði m.a. um erfiðan aðgang að lánsfé. Eins og hæstv. ráðherra veit kvarta fyrirtækin og heimilin í landinu mjög undan stífni í samskiptum sínum við bankana. Mjög mikilvægt er að bankarnir sýni sveigjanleika í samskiptum við viðskiptavini sína og þvingi fólk og fyrirtæki ekki í þrot að nauðsynjalausu. Það verður að hlúa að lífvænlegum fyrirtækjum og vaxtarsprotum.

Sé gengið að fyrirtækjum í stórum stíl þýðir það að fjöldi fólks, þar á meðal fólk í skilum, missir atvinnu sína og lendir í vanskilum. Ég gat ekki heyrt nein svör frá ráðherranum í þá veru. Þannig að ég hlýt að lýsa vonbrigðum mínum með svör hans. Hin nýja ríkisstjórn var með miklar yfirlýsingar um að hún væri starfsstjórn sem mundi einbeita sér að því að taka á vanda fyrirtækja og heimila í landinu. Í raun hefur ekkert komið fram á síðustu þremur vikum annað en það sem hafði verið lagt upp með af fyrri ríkisstjórn.

Þess í stað hefur ríkisstjórnin eytt stórum hluta af tíma sínum í að vinna að málum eins og strúktúrbreytingum á Seðlabankanum og finna út úr hvernig breyta eigi stjórnarskránni. Það er ekki (Forseti hringir.) mest aðkallandi vandamálið (Forseti hringir.) í samfélaginu.

[14:43]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Árna M. Mathiesens um flutningsjöfnun skal ég í anda hreinskilinnar og opinnar ríkisstjórnar viðurkenna að mér hefur ekki unnist tími til á þeim undanförnum 23 dögum sem ég hef verið í þessu embætti að lesa skýrsluna eða setja mig inn í hugmyndir um flutningsjöfnun. En ég mun að sjálfsögðu gera það fyrst þessi ábending hefur komið fram og þakka ég hana.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. Helgu Sigrúnar Harðardóttur um sýn mína á samkeppni í verslun í framtíðinni vil ég taka fram að ég tel að við höfum um margt búið við mjög óeðlilega skipan mála hvað varðar samkeppni í verslun og reyndar fleiri greinum á undanförnum árum. Þannig að oft hafa mjög mörg fyrirtæki eða verslanakeðjur starfað undir hatti fárra eignarhaldsfélaga sem nú standa mörg hver mjög illa.

Ég tel að þetta skapi ákveðin sóknarfæri í samkeppnismálum þannig að þegar kemur að því að greiða úr málum þessara eignarhaldsfélaga verði þau ekki endurreist í fyrri mynd heldur frekar seld í smærri einingum sem vonandi eru þá rekstrarhæfar þannig að upp rísi verslun sem verði með fleiri og smærri fyrirtækjum og þar af leiðandi verði meira svigrúm fyrir samkeppni. Það held ég að verði neyt-

endum til góðs og auk þess sé það sennilega besta leiðin fyrir kröfuhafana til að koma eignunum í verð. Enda sennilega erfitt að fá kaupendur að mjög stórum einingum um þessar mundir.

Ábyrgðarmenn, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 125. mál (heildarlög). — Þskj. 135.

[14:46]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um ábyrgðarmenn eða svokallaðar þriðja manns ábyrgðir sem lúta að því að hingað til hafa ekki verið til reglur hér á landi um ábyrgðarmenn og skuldbindingar þeirra þrátt fyrir að við á Íslandi höfum haft afar sérstakt fyrirkomulag eða kerfi ábyrgðarmanna sem á sér enga hliðstæðu á Vesturlöndum.

Það mál sem hér er flutt hefur verið flutt sjö til átta sinnum með mismunandi mörgum flutningsmönnum og tel ég að hafi einhvern tíma verið þörf á að setja almennar reglur um ábyrgðarmenn sé það einmitt núna. Það má kannski orða það þannig að Íslendingar hafi verið mjög umburðarlyndir gagnvart kröfuhöfum almennt. Lagaumgjörðin hefur jafnan haft hagsmuni kröfuhafa að leiðarljósi og jafnvel þannig að kröfuhafar hafa getað elt skuldara nánast ofan í gröfina. Það er ekki í samræmi við það sem verið hefur í öðrum löndum og m.a. er ein hugmynd í frumvarpinu sótt til Bandaríkjanna þar sem gildir sú regla í sumum ríkjum að ef einstaklingur verður gjaldþrota er heimili hans undanþegið uppgjöri á þrotabúinu.

Það er mjög athyglisvert að land sem kennir sig við einstaklingsfrelsi og samkeppni skuli byggja á reglu sem þessari, þ.e. ef einstaklingar verða gjaldþrota er viðhorfið einfaldlega þetta: Hagsmunir samfélagsins felast frekar í því að einstaklingar og fjölskyldur geti búið áfram á heimilum sínum en að kröfuhafar fái gerðar upp kröfur sínar. Þetta viðhorf er mjög athyglisvert í því ljósi að á Íslandi höfum við verið með mjög strangar og harðar reglur, ef svo má segja, sem tryggja vernd kröfuhafa. Við höfum verið með aðfararreglur og gjaldþrotareglur. Við höfum verið með reglur um fyrningu og annað slíkt sem gera það að verkum að réttur og vernd kröfuhafa eru geysilega mikil.

Við höfum, virðulegi forseti, komið okkur upp afar sérstöku kerfi sem er hið svokallaða ábyrgðarmannakerfi og hið íslenska kerfi á sér, að ég best veit og leyfi mér að fullyrða, enga hliðstæðu á Vesturlöndum. Það hefur ekki talist eðlilegt annars staðar en á Íslandi þar sem það var lengi vel meginregla frekar en undantekning að þeir sem eiga viðskipti innbyrðis, þ.e. lántakandi og lánveitandi, bera ekki ábyrgð á efndum heldur er kölluð til ábyrgð þriðja manns til þess að tryggja efndir gagnvart kröfuhöfum. Þetta kerfi hefur þróast hér án þess að um það hafi gilt nokkrar lagareglur. Sá er hér stendur er sannfærður um að það er þörf á því að setja lagareglur um þetta. Undir það taka fleiri þingmenn og leyfi ég mér að nefna hv. þm. Pétur Blöndal sérstaklega sem ég held að hafi flutt með mér málið hvert einasta sinn sem það hefur verið flutt þrátt fyrir að um málið sé örlítill ágreiningur okkar í milli sem ég geri ráð fyrir að hann geri grein fyrir í umræðunni. En báðir erum við alveg sannfærðir um mikilvægi þess að setja lagareglur um þetta fyrirkomulag.

Margs konar hremmingar og hörmungar hafa riðið yfir heimili og fjölskyldur þessa lands vegna þessa kerfis. Einstaklingar sem gengist hafa í ábyrgð hafa oft og tíðum ekki átt neinn möguleika á því að átta sig á því hversu mikla áhættu þeir taka því að oft á tíðum hafa ekki legið fyrir upplýsingar um hver er raunveruleg fjárhagsstaða skuldarans. Viðkomandi ábyrgðarmenn hafa ekki átt möguleika á því að afla sér þessara upplýsinga. Það hefur oft komið fyrir. Ég man eftir því að einn hæstv. fyrrverandi ráðherra og fyrrverandi bankastjóri, sem eitt sinn var meðflutningsmaður minn á þessu máli, fullyrti að bankarnir hefðu oft og tíðum fengið fyrirtæki eða einstakling til að gangast í ábyrgð í tilvikum þar sem vitað var að þeir voru ekki borgunarmenn fyrir sínum skuldum. Þetta fyrirkomulag hefur því án efa valdið miklum skaða í íslensku samfélagi.

Ég er ekki að leggja til að þetta verði bannað. Á hinn bóginn legg ég til að um þetta gildi afar strangar reglur og að tryggt verði að réttur ábyrgðarmanns þegar hann gengst í ábyrgð fyrir fjárkröfur á hendur þriðja manni sé skýr, Hann geti borið hann fyrir sig og ekki sé hægt að hafa rangt við gagnvart ábyrgðarmanni. Það er markmiðið með þessu frumvarpi. Þar er auk þess sérregla sem ég vísaði að nokkru leyti til áðan. Hún kveður á um að í tilvikum þar sem gengið er að ábyrgðarmanni — réttur kröfuhafa er til kominn vegna þess að einstaklingur hefur gengist í ábyrgð fyrir þriðja mann — er heimilið undanþegið, þ.e. ekki verður gert fjárnám í heimili viðkomandi.

Ég leyfi mér að fullyrða að í tilvikum þar sem það liggur fyrir áður en gengið er til samninga sé ekki á nokkurn hátt verið að ganga á rétt kröfuhafa vegna þess að hann veit af því þegar samningurinn er gerður að heimilið, þar sem viðkomandi einstaklingur eða fjölskylda býr, er undanþegið aðför. Það byggir einfaldlega á þeirri grundvallarhugsun að hagsmunir samfélagsins, heildarinnar, eru meiri af því að fjölskyldur og einstaklingar hafi húsaskjól en að einstaka kröfuhafar fái greitt. Það getur vel verið að mönnum þyki þetta harðvítugt gagnvart kröfuhöfum en ég tel að þetta sé skynsamleg regla. Eins og ég nefndi áðan er fyrirmyndar hennar að leita t.d. í Bandaríkjunum og má nefna fylki eins og Flórída. Þetta vildi ég segja, virðulegi forseti, í upphafi þessarar umræðu.

Frumvarp þetta hefur áður verið flutt, eins og ég rakti áðan, og er nú lagt fram í nokkuð breyttri mynd. Í því er lögð áhersla á vernd ábyrgðarmanna og formfestu og fagleg vinnubrögð við gerð lánasamninga þar sem krafist er ábyrgðarmanna. Finna má þess mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi að forsenda þess að samningar hafi tekist með lánveitendum og lántökum er að þriðji aðili, einstaklingur, hefur tekist á hendur ábyrgð endurgjaldslaust. Afleiðingar slíkra gjörninga hafa oft verið mjög íþyngjandi fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild. Á þetta sérstaklega við í tilvikum þar sem ábyrgðarmenn hafa ekki getað tekið upplýsta ákvörðun um þá áhættu sem þeir takast á hendur með því að gangast í persónulega ábyrgð vegna fjárskuldbindinga þriðja manns.

Það er undirliggjandi sjónarmið í samningarétti að aðilar samnings hafi báðir hag af því að samningur sé efndur eftir efni sínu. Þetta sjónarmið byggist á þeirri forsendu að staða aðila sé jafnsterk við samningsgerð. Ef staða annars er sterkari getur hinn aðilinn haft þörf fyrir aukna vernd til að fyrirbyggja að hann undirgangist ósanngjarna samningsskilmála. Mætti í því samhengi nefna þá aðstöðu þegar einstaklingar kaupa vöru eða þjónustu til persónulegra nota og viðskiptin eru liður í atvinnustarfsemi seljanda. Eru slík viðskipti að jafnaði nefnd neytendaviðskipti og eru í lögum ýmis ákvæði sem ætlað er að treysta réttarstöðu neytandans gagnvart seljanda þegar svo ber undir. Má í því samhengi nefna neytendalán, lög um þjónustukaup, húsgöngu- og fjarsölusamninga, lög um neytendakaup, að ógleymdu sérákvæði 36. gr. samningalaga.

Frumvarp þetta byggist öðrum þræði á sjónarmiðum um neytendavernd, auk kröfunnar um vönduð vinnubrögð fjármálafyrirtækja. Nauðsyn reglna frumvarpsins birtist m.a. í aðstöðumun sem jafnan er á stöðu ábyrgðarmanns annars vegar og lánveitenda hins vegar. Í flestum tilvikum er öll sérfræðiþekking í lánsviðskiptum hjá lánveitanda og má í því sambandi benda á að nýverið hefur Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna greint frá því að um 16% þeirra sem þangað leituðu á árinu 2006 vegna fjárhagsvandræða kenni um vankunnáttu í fjármálum. Þar að auki hafa ábyrgðarmenn yfirleitt engan fjárhagslegan hag af því að gangast í ábyrgð. Ástæður þess að þeir gera það er oftar en ekki krafa lánveitenda um auknar tryggingar eða þrýstingur frá fjölskyldumeðlimum, vinum og kunningjum sem erfitt getur verið að standast þar sem afkoma og afdrif lántaka geta verið undir því komin að umbeðin fyrirgreiðsla fáist.

Aðrar röksemdir fyrir framlagningu frumvarpsins eru þær að ofnotkun ábyrgða er ekki í takti við hugmyndir sem búa að baki hlutafélagaforminu um takmarkaða ábyrgð hluthafa né heldur sjónarmið um að aðili samnings beri eðlilega áhættu af viðsemjanda sínum. Einnig má halda því fram að ábyrgðarfyrirkomulagið samræmist ekki nægilega vel einni af meginreglum veðréttarins um sérgreiningu verðmæta sem leggur bann við allsherjarveðsetningu. Loks má benda á að ekki nýtur við nákvæmra upplýsinga um hvort umfang vanskila sé það mikið að það geti réttlætt það sérstaka fyrirkomulag um ábyrgðir sem Íslendingar búa við í dag og sem ekki á sér hliðstæðu í þeim löndum sem Ísland ber sig saman við.

Íslensk lög hafa ekki að geyma almennar reglur um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga eða hvernig staðið skuli að slíkri samningsgerð. Bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa því að mestu mótað eigin reglur um samskipti sín og ábyrgðarmanna. Í skýrslu nefndar frá því í nóvember 1996, sem viðskiptaráðherra skipaði til að fara yfir framkvæmd ábyrgðarveitinga, kemur fram að gera megi ráð fyrir að um 90.000 einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Það voru á þeim tíma u.þ.b. 47% allra Íslendinga á þessum aldri. Í áliti nefndar um réttindi og skyldur í viðskiptum neytenda við fjármálafyrirtæki frá maí 2004 kemur fram að ábyrgðarmönnum í landinu hafi fækkað síðan og séu um 75.000. Ekki nýtur við nýrri upplýsinga um fjölda ábyrgðarmanna.

Í lok síðustu aldar tíðkuðust ábyrgðir hér á landi í mun meira mæli en þekktist meðal nágrannaþjóða okkar. Til að stemma stigu við ástandinu var fyrir atbeina stjórnvalda gert sérstakt samkomulag milli tiltekinna lánveitenda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða. Samkomulagið var undirritað á árinu 1998 og var yfirlýst markmið þess að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og að lánveitingar yrðu miðaðar við greiðslugetu greiðanda og hans eigin tryggingar. Samkomulagið var endurskoðað árið 2001. Í áliti fyrrgreindrar nefndar frá 2004 kemur fram að samkomulagið hafi öðlast viðurkenningu sem almennar leikreglur á lánamarkaði.

Samkomulagið um notkun ábyrgða hefur eflaust átt sinn þátt í að ábyrgðum hefur fækkað frá árinu 1996 en aðrir þættir, eins og breytt viðhorf almennings, starfsemi Neytendasamtakanna og tilkoma úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, hafa einnig skipt máli. Þá hefur umræða á Alþingi haft talsvert um það að segja að lánastofnanir hafa viljað skoða þessi mál frekar. Eftir sem áður benda tölur um fjölda ábyrgðarmanna frá árinu 2004 til þess að mikið verk sé enn óunnið. Flutningsmenn telja að verulegum árangri verði ekki náð nema með setningu lagareglna um notkun ábyrgða.

Rauði þráðurinn í frumvarpinu er sá að ábyrgðarmaður skuli vera upplýstur um þá áhættu sem í ábyrgð felst áður en hann gengst undir hana. Slík vinnubrögð eru til þess fallin að styrkja virði þeirra lánasamninga sem lánveitendur gera. Í frumvarpinu er það gert með því að skylda lánveitanda til að viðhafa vissa formfestu við undirbúning, stofnun og framkvæmd samninga um ábyrgðir. Nægir í því sambandi að nefna ákvæði frumvarpsins sem snerta greiðslumat lántaka, skriflegan ábyrgðarsamning, tilkynningarskyldu og breytingar á skilmálum ábyrgðar. Þá hefur við samningu frumvarpsins verið tekið tillit til ýmissa dómsúrlausna á sviði íslensks réttar sem gengið hafa um ábyrgðir.

Gildissviði frumvarpsins er ætlað að taka jafnt til þess þegar einstaklingar gangast persónulega í ábyrgðir og þegar þeir veita veð í tilgreindum eignum sínum til tryggingar á efndum lántaka. Helstu nýmæli frumvarpsins eru að fasteign ábyrgðarmanns, þar sem hann heldur heimili, skuli undanþegið aðför og að gjaldþrotaskipta verði ekki krafist á búi ábyrgðarmanns að greindum skilyrðum. Þess háttar vernd á sér fyrirmynd í rétti annarra þjóða og hefur verið rökstudd með vísan til þeirrar samfélagslegu upplausnar sem fylgir því þegar fjölskylda ábyrgðarmanns á sér ekki lengur samastað. Þessi nýmæli eru einskorðuð við persónulegar ábyrgðir en eiga ekki við þegar ábyrgðarmaður veitir veð í nánar tilgreindri eign.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið almennt yfir þau sjónarmið sem búa að baki því frumvarpi sem lagt er fram. Hér er verið að leggja fram frumvarp um heildarlög um ábyrgðir. Þetta eða sambærilegt frumvarp hefur verið lagt fram í ein sjö eða átta skipti og því hefur frumvarpið fengið afar mikla umfjöllun og margar umsagnir og við þær hefur verið stuðst við samningu þess í þetta skiptið.

Ég held að það sé afar brýnt að frumvarp af þessum toga verði afgreitt á þessu þingi. Ég vil líka leyfa mér að segja að ef einhvern tíma hefur verið þörf á frumvarpi af þessum toga tel ég að svo sé nú. Ég tel að skoða eigi í hv. viðskiptanefnd hvort setja eigi í frumvarp af þessum toga sérreglu

sem tengist því ástandi sem nú er uppi í íslensku atvinnulífi og íslensku fjármálakerfi um að í tilvikum þar sem ábyrgðir eru að falla á ábyrgðarmenn vegna þess að heilt hagkerfi féll yfir hausinn á þjóðinni, ef svo má að orði komst, hvort í slíkum tilvikum megi fullyrða að nánast sé um forsendubrest að ræða. Það sem gerst hefur í íslensku fjármálalífi og íslensku samfélagi er nær því að vera náttúruhamfarir en eitthvað sem hægt er að rekja til eðlilegra ástæðna fyrir því að gengið sé að ábyrgðarmönnum.

Hér hefur verðfall á eignum orðið geysilegt. Verðbólga hefur verið um eða yfir 20%, sem hefur þýtt að vextir hafa verið á bilinu 25–30% á íslenskum krónum. Síðan hefur krónan sjálf fallið um 100% eða svo gagnvart flestum myntum, stundum meira og í öðrum tilvikum minna. Ég held því að það sé mikilvægt að í nefndinni verði skoðað hvort setja eigi upp sérreglur eða tryggja þar einhverja fyrirvara. Vegna þess að eðli málsins samkvæmt gátu ábyrgðarmenn ekki séð fyrir þau ósköp sem dunið hafa yfir íslensku þjóðina þannig að skoða megi hvort takmarka megi þessa ábyrgð á einhvern hátt eða jafnvel fella hana niður vegna forsendubrests. En það verður að skoða og að sjálfsögðu koma þá til skoðunar ákvæði stjórnarskrár um eignarrétt.

Ég held að það sé mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að við göngum í það núna að lögfesta reglur um ábyrgðarmenn. Ég leyfi mér að fullyrða að í gegnum tíðina hafa þingmenn með yfirgnæfandi meiri hluta stutt þetta mál, margir hafa flutt einnig það. Ég held að nú sé meiri nauðsyn en nokkru sinni á því að setja um þetta almennar leikreglur sem fyrst og fremst lúta að því að ábyrgðarmenn séu upplýstir áður en þeir taka ákvörðun um að gangast í ábyrgð, að réttur þeirra sé tryggður. Við reynum jafnframt að tryggja að við völdum ekki upplausn í samfélaginu, í fjölskyldum og hjá einstaklingum, þegar slíkar ábyrgðir falla. Ég tel að í tilvikum sem þessum sé mjög auðvelt að færa rök fyrir sérreglu um það hvað ábyrgðarmenn varðar.

Að umræðunni lokinni, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til viðskiptanefndar.

[15:07]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir þá staðfestu sem hann og meðflutningsmenn hans hafa sýnt á undangengnum árum með flutningi þessa frumvarps. Það er margt sem kemur í ljós í bankahruninu núna, margur ósiðurinn sem við Íslendingar höfum komið okkur upp í efnahags- og fjármálakerfinu og þessar persónulegu ábyrgðir eru eitt af því.

Ég vil taka undir það sem þingmaðurinn sagði að það hefur áreiðanlega aldrei verið brýnna en nú að lögfesta reglur um slíkar persónulegu ábyrgðir enda þótt þeim hafi fækkað eitthvað með því að á undangengnum árum hefur mönnum orðið ljóst að þeir verða að standa skil á þeim ábyrgðum sem þeir skrifa undir og gangast í ábyrgð fyrir aðra menn ef greiðslufall verður hjá þeim. Þessar reglur sem hér eru færðar í frumvarpsform eru mjög áhugaverðar og ég tek undir að þetta mál hefur fengið ítarlega skoðun í nefnd undanfarin þing og þess vegna ætti að vera hægt að nýta þann skamma tíma sem nú er til vors til að reyna að afgreiða þetta mál út úr þinginu og ég mun leggja mig fram um það í hv. viðskiptanefnd. Enn fremur að nefndin muni skoða sérreglur vegna bankahrunsins eins og hv. þingmaður nefndi.

Ég get ekki farið úr þessum ræðustól, herra forseti, án þess að taka undir það sem hv. þingmaður sagði að við í þessu landi höfum hagsmuni kröfuhafa ofar öllu öðru. Það er að koma í ljós núna, sérstaklega varðandi verðtryggingguna, að það er eins og eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar nái aðeins til hagsmuna og þeirra eigna sem kröfuhafar telja sig eiga til að mynda í húsnæði fólks meðan enginn slær skjaldborg um þann eignarhluta og þá eign sem húseigandinn hefur verið að nurla saman í og borga af kannski árum saman og minnkar og minnkar þegar verðtryggingin eykst, þegar verðbótaþátturinn eykst vegna vaxandi verðbólgu. Þetta ábyrgðarkerfi er sérískenskt fyrirbæri eins og svo margt annað og það var orðað í hv. viðskiptanefnd ekki alls fyrir löngu hvernig menn settu svona tryggingar undir hlutina. Það var ekki nóg með að menn væru með belti og axlabönd var sagt heldur hefðu menn til öryggis fallhlíf í kjallaranum og það er það sem þessi persónulega ábyrgð oft er. Menn borga vexti, menn setja veð fyrir lánum sínum og eru jafnvel með verðtryggingu og svo kemur einhver krafa um ábyrgðarmann og kannski fleiri en einn og fleiri en tvo.

Það er mjög mikilvægt að þessum ábyrgðum fækki, um þær gildi stífar reglur og það miðast sem sagt allt að því að lántakandi sjálfur og veð sem hann veitir standi undir lánveitingum. Í þessum reglum líkar mér vel að ábyrgð lánveitenda gagnvart ábyrgðarmönnum og gagnvart því að lána fé er sérstaklega skýrð. Ég tek því undir það og heiti liðsinni til þess að hægt verði að ræða málið í hv. viðskiptanefnd og reyna helst að afgreiða það fyrir vorið ef tími vinnst til.

[15:11]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég hygg að það séu að verða 14 ár síðan hv. þm. Lúðvík Bergvinsson tók sæti á Alþingi og í 13 ár eða frá 1996 hafa ábyrgðarmenn og málefni þeirra verið hér til umfjöllunar og ég held að nóg hafi verið um það fjallað og rætt og tími til kominn að afgreiða málið og það helst á þessu þingi þó að skammur tími sé til stefnu. Í fyrsta lagi vegna þess að hv. flutningsmaður er að kveðja sali Alþingis en þó fyrst og fremst vegna þess að eftir bankahrunið þurfum við að taka til endurskoðunar alla þá þætti sem aðgreina okkur frá öðrum þjóðum og hið sérískenska ábyrgðarmannakerfi hefur auðvitað verið slíkur hlutur. Í öðru lagi vegna þess að allar forsendur í fjármálum fólksins í landinu eru að verulegu leyti hrundar. Og í þriðja lagi vegna þess að ábyrgðarmannakerfið hefur haft svo víðtæk áhrif í samfélagi okkar á þúsundir ef ekki tugþúsundir manna, á heimili fólks, á fyrirtæki fólks, á atvinnu þeirra að í raun og veru er ótrúlegt að löggjafinn hafi meira og minna látið vera að setja um það skýrar lagareglur. Það er því full ástæða til að þakka hv. þingmanni og ég vil líka nota tækifærið og þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, og það er sannarlega jákvætt að sjá tvo þingmenn úr okkar röðum af sitt hvorum endanum á litrófi stjórnmálanna taka höndum saman um grundvallarfram-

faramál eins og hér er á ferðinni.

Ég hygg að margir þekki vel til ágalla ábyrgðarmannakerfisins. Sjálfur geri ég það býsna vel bæði af eigin reynslu sem kornungur maður og þó ekki síður sem formaður félagsmálaráðs Reykjavíkur um fjögurra ára skeið á árabilinu 1998–2002. Þegar ég var forseti borgarstjórnar þá leituðu í viku hverri í viðtalstímum í Ráðhúsi Reykjavíkur þeir sem áttu við erfiðleika að stríða bæði í fjármálum, atvinnumálum og öðru slíku. Það er satt að segja með hreinum ólíkindum að kynnast því úr þeirri áttinni í gegnum starfsemi félagsþjónustunnar hversu grátt ábyrgðarmannakerfið hefur leikið marga, bæði einstaklinga og fjölskyldur. Hvernig það hefur rúið fólk heilsu sinni því að sannarlega er fátækt félagslegur vandi og veldur oft heilbrigðisvandamálum en þó ekki síst fátækt sem tengist því að sá sem er að glíma við fjárhagslega erfiðleika er líka með undir sitt félagslega öryggisnet, hefur þurft að taka veð hjá bróður sínum eða móður sinni og er þess vegna ekki einungis að glíma við að lifa sjálfur af fjárhagslega heldur líka að reyna að halda félagslegu sambandi við sína nánustu og lifir í stöðugri örvæntingu um að geta ekki staðið undir þeim fjárskuldbindingum sem hann hefur tekist á hendur og muni þá glata félagslegum samskiptum við sína nánustu, bestu vini sína, systkini sín, mága eða mágkonur, foreldra. Hreint ömurleg dæmi um það, vil ég segja á stundum, eru dæmi um að lánardrottnar með tapaðar kröfur hafa sótt á einstaklinga um að fá fullorðið fólk í venslum við sig, fjölskyldu eða vini til að gangast í ábyrgðir fyrir þegar töpuðum kröfum og þær deilur og sú sundrung sem komið hefur upp í fjölskyldum þegar aðrir ættingjar átta sig á því að í raun og veru hefur arfurinn verið frá þeim tekinn með því að setja hann í ábyrgðir fyrir löngu tapaðar skuldbindingar.

Það er auðvitað ábyrgðarhluti að taka á sig ábyrgð fyrir fjárskuldbindingu og slíkri ábyrgð verður hver og einn að geta risið undir. Því miður, eins og flutningsmenn hafa vísað til, eru dæmi um það í samfélaginu að menn hafa notað þetta kerfi þegar þeir eru búnir að tapa kröfunum, þegar fyrirtæki eru orðin gjaldþrota, þegar þeir vita að skuldarinn getur ekki greitt, þá hafa þeir hengt þessar töpuðu kröfur, vitandi vits utan um hálsinn á alsaklausu fólki sem hvergi hafði nærri viðskiptunum komið með því að kalla eftir ábyrgðum eftir að kröfurnar eru tapaðar. Þess vegna er það mjög mikilvægt sem flutningsmenn leggja áherslu á að skýra ábyrgð lánveitendanna í þessu og ég held að það sé líka tilefni til þess fyrir okkur á Alþingi að huga að því að nú eru bankarnir auðvitað aftur orðnir ríkiseign og þeir eru auðvitað stærstu kröfuhafarnir í landinu. Það er algert lágmarksatriði að það séu mjög skýrar reglur um meðferð allra og ábyrgð að þessu leyti.

Ég held líka að það sé óhemjumikilvæg framför sem hér er kynnt að heimili fólks sé undanþegið aðförum af þessu tagi vegna þess að auðvitað á í viðskiptum manna á meðal fyrst og fremst að byggja á trausti lánveitandans á lántakanum. Það á að vera matið á þeim sem lánað er sem ræður og ekki á þeim sem gangast í bakábyrgðir vegna þess að þá er miklu eðlilegra að ef systirin eða bróðirinn eða foreldrarnir eru betur hæfir greiðendur að láninu að lánveitendur þurfi við þær aðstæður að fara fram á að viðkomandi verði þá sjálfir lántakendurnir og greiðendurnir en að þeir séu í einhvers konar bakábyrgðum af því tagi sem allt of algengt hefur verið á Íslandi og er sannarlega ástæða til þess að velta því gaumgæfilega fyrir sér hvort einmitt sú hefð sem hv. flutningsmenn eru að fjalla um, þessi sérískenska hefð, gríðarlega algengu ábyrgðarskuldbindingar, hvort hún geti með öðru hafa orðið til að draga óhæfilega úr ábyrgðartilfinningu lánastofnana í ákvörðun um lánveitingar á undanförnum árum. Ég held að það sé engum blöðum um það að fletta að það er ein höfuðorsökin fyrir því hversu illa er fyrir okkur komið nú að í lánveitingum og lánastarfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálastofnana á undanförnum árum hefur ekki verið gætt nægilega mikillar varfærni, ekki farið fram nægilega gott mat á greiðsluhæfni þeirra sem lán hafa fengið og hugsanlega hefur þessi menning okkar um að nóg sé að kalla eftir ábyrgðunum orðið til að draga úr vandvirkni í því mikilvæga samfélagi sem fjármálastarfsemi er og lánastarfsemi sem er nauðsynleg og einmitt nauðsynlegt að þar ríki traust.

Ég vil að lokum ítreka þá hvatningu mína, virðulegi forseti, að þetta mál sem hér er fram komið hefur verið til umfjöllunar og umræðu um langt árabil, það hafa verið gerðar skýrslur um efnið af hálfu viðskiptaráðuneytisins, verið kallað eftir umsögnum ítrekað, og að eftir þennan 13 ára feril séu við orðnir nægilega þroskaðir til þess að við megum á Alþingi hætta að tala um málið og fara að aðhafast þannig að fólk sem nú glímir við fjárskuldbindingar sínar sjái að hér í sölum Alþingis sé ekki bara talað heldur líka aðhafst. Ég fagna orðum hv. formanns viðskiptanefndar þess efnis að hún vilji fyrir sitt leyti greiða fyrir framgangi málsins og hvet enn til þess að við ljúkum afgreiðslu þessa máls meðan 1. flutningsmaður þess er enn á meðal vor í sölum Alþingis.

[15:21]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir þá hörku og ósérhlífni að halda þessu máli gangandi, hann hefur gert það í 13 ár að því er mér skilst. Ég vona að frumvarp hans verði að lögum vegna þess að þetta er af því góða og hjálpar til.

Forsendur í íslensku þjóðfélagi hafa breyst gríðarlega mikið upp á síðkastið með bankahruninu og þeim hörmungum sem því fylgja. Margir munu eflaust lenda í því að vera ábyrgir fyrir skuldum sem þeir áttu engan þátt í að stofna til og trúðu að væru minni háttar mál, skuldirnar hafa jafnvel tvöfaldast og vandamálin eru gríðarleg og margir munu eiga um sárt að binda. Við þekkjum öll hörmungar í fjölskyldum, og hreinlega fjölskylduharmleiki, sem hafa átt sér stað eftir að fólk hefur lent í að missa húsin sín og annað út af því að hafa skrifað upp á. Ég ætla því ekki að hafa mörg orð um frumvarpið en það er mjög af því góða og er til þess fallið að hjálpa til. Þetta leggur mikla ábyrgð á herðar lánveitendum og gerir ákveðnar kröfur til þeirra um að vanda sig við að lána peninga.

Er til eitthvert fasteignaveð? Menn hafa oft lent í því þegar þeir fara í bankann að það er það eina sem spurt er um, ekkert er spurt út í það hvað gera eigi við peningana og hvernig eigi að verja þeim. Það þekkja allir sem einhvern tíma hafa þurft að fara í banka og fá lán að einungis er spurt

um veð, hvort ábyrgðarmaðurinn sé góður og annað í þeim dúr.

Ég hvet alþingismenn til að styðja frumvarpið og vona svo sannarlega að það verði að lögum áður en þing klárast í vor.

[15:24]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um ábyrgðarmenn en 1. flutningsmaður er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sem hefur sýnt ótrúlega elju í því að flytja þetta mál aftur og aftur. Ég verð að geta þess að á dagskrá í dag eru eingöngu þingmannamál, sem er í sjálfu sér ágætt, en við bíðum náttúrlega eftir málum frá ríkisstjórninni, bara til að geta þess, gærdagurinn fór líka fyrir lítið. (Gripið fram í.)

Þetta mál passar vel inn í stefnu ríkisstjórnarinnar, það þarf að gera ráðstafanir til að bjarga heimilum og þetta er ein af þeim ráðstöfunum. Í bankakerfinu og miklu víðar hefur nefnilega viðgengist mikill ósiður, í stað þess að leggja á sig þá vinnu að skoða í hvað peningarnir fara — eru menn að gera eitthvað skynsamlegt við peningana o.s.frv.? — nota menn letihöndina og láta eitthvert fólk skrifa upp á. Þá eru þeir búnir að dreifa áhættunni, búnir að fá einhverja fasteignaeigendur og þeir skrifa upp á og þar með er lánið veitt. Mér hefur alltaf fundist það vera agaleysi og mikill ósiður og ákveðið sjúkdómseinkenni á lánamarkaðnum, á bankakerfinu, að geta ekki kannað rekstur fyrirtækja, geta ekki kannað hvort skynsamlegt er fyrir lántakann að kaupa íbúð, geta ekki kannað hvort skynsamlegt sé fyrir unglinginn að kaupa jeppa o.s.frv., hvort hann geti yfirleitt borgað, hvort hann hafi yfirleitt einhverjar tekjur.

Það vill nú svo til að fyrir 30 árum, eða þar um bil, skrifaði ég bækling, en þá var ég framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna, þar sem ég varaði einmitt við ábyrgðinni — lífeyrissjóðurinn var að bjóða upp hús fólks sem var algjörlega grandalaust, hafði skrifað undir eitthvert plagg einhvern tíma og var sem sagt að missa íbúðina. Unglingurinn sem fékk lánað fyrir bílnum var skilinn við dótturdótturina og hló að öllu saman, þótti þetta voðalega sniðugt.

Það eru ekki bara bankarnir heldur er LÍN líka með ábyrgðir á námslánum sem er í rauninni fjárfesting — og er dálítið undarlegt að ríkið skuli styðja menn til fjárfestinga, sem það vill gjarnan að þeir fari í, og draga svo að ættingja og vini. Í skólastofum í háskólunum skiptast menn oft á undirskriftum undir pappíra og vita ekkert hvað í því felst. Tengdapabbinn skrifar upp á fyrir tengdasoninn og svo skilur það fólk, tengdasonurinn fer til útlanda og tengdapabbinn þarf að borga. Þetta er náttúrlega með ólíkindum. Það er óskaplega mikið af slíkum dæmum, harmsögur, og alls konar hlutir sem gerast. Fólk talast ekki við í fjölskyldum, börn tala ekki við foreldra sína eða öfugt vegna þess að þeir hafa skrifað upp á og neyðst til að borga fyrir viðkomandi.

Það getur verið erfitt að borga af láni sem maður hefur eytt sjálfur en ég get ímyndað mér að það sé miklu erfiðara að borga af láni sem maður hefur ekki eytt og það er einmitt það sem felst í þessu kerfi. Það eru margir hér á Íslandi að borga af lánum sem einhver annar tók, kreistandi peninga undan nöglunum. Agaleysið er meira að segja þannig að fyrst er gengið á ábyrgðarmanninn, ekki er einu sinni haft fyrir því að hafa samband við lántakandann, fyrst er gengið á ábyrgðarmanninn og hann er krafinn um borgun af því að hann á fasteign eða er skilvís. Þetta gerir auðvitað ekkert annað en að ala á ábyrgðarleysi hjá lántakendum. Mörg lánveitingin hefði aldrei nokkurn tíma átt sér stað, herra forseti, nema vegna þess að amma gamla skrifaði upp á með fasteignina sína, afi gamli, frændi eða tengdapabbi. Menn átta sig ekki alltaf á ábyrgð þeirra sem skrifa upp á.

Krafa dagsins í dag er gagnsæi, að hlutirnir séu á tæru, og þetta er eitt af því. Það er ekkert gagnsætt að einhver maður skrifar upp á lán og svo löngu seinna, kannski þrem til fjórum árum seinna, þegar allt er komið í hönk og vanskil o.s.frv., fær hann allt í einu tilkynningu um að hann eigi að fara að borga dráttarvexti og ég veit ekki hvað. Þetta er ekki hægt. Ég styð frumvarpið mjög eindregið. Ég hef haft dálitlar efasemdir um fasteignirnar en að sjálfsögðu gætu menn þá fengið veð í fasteigninni og þá er það orðið greinilegra að bankinn er þá að veita lán út á ábyrgð með veði í fasteigninni en ekki svona opna heimild gagnvart öllum eignum hvar sem þær liggja.

Ég sé ekki betur en að fallið hafi úr frumvarpinu atriði sem var þar áður, og mér fannst vera mjög til bóta, þ.e. að bankarnir verði skyldugir til að senda árlega yfirlit um þær ábyrgðir sem einstaklingar standa fyrir hjá þeim, upphæðir og fyrir hvað, og ef þessi yfirlit eru ekki send þá gildi ábyrgðin ekki, þannig að menn viti nákvæmlega hvaða ábyrgðir þeir hafi gengist undir. Ég legg því til að hv. nefnd sem fær málið til umfjöllunar skoði það að bæta þessu inn í frumvarpið. Ég vil líka gjarnan að menn skoði frumvarpið í hörgul og geri það, ef hægt er, enn betra. Ég legg til að nefndin samþykki frumvarpið, taki sér tak, nú er lag. Við höfum orðið fyrir þessu mikla bankahruni og mikla áfalli og við þurfum að laga þennan þátt alveg sérstaklega. Það er mjög margt sem við þurfum að laga en þetta er eitt af því sem við þurfum að laga sérstaklega. Ég legg til að hv. nefnd vinni nokkuð hratt, það er ekki það mikið af ríkisstjórnarfrumvörpum fyrirliggjandi, það er það góður tími. Nú geta menn unnið vel í frumvarpi sem þessu og ættu að samþykkja það sem allra fyrst. Ekki er hægt að bera við tímaskorti vegna þess að ekkert annað liggur fyrir.

[15:31]

Ragnheiður Ólafsdóttir (Fl):

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frumvarpi mjög og tel mikilvægt að það nái í gegn á þeim skamma tíma sem er til vors á meðan þetta þing situr.

Ég hafði ekki séð frumvarpið áður og þess vegna er það sem kemur fram í því mjög mikilvægt fyrir mig, eins og t.d. að undanskilja heimili vegna gjaldþrota, þ.e. að heimilið sjálft sé friðhelgt, að fólk hafi stað til að búa á. Það skiptir mjög miklu máli.

Ábyrgðarmannakerfið er einsdæmi á Íslandi. Það verður að segjast eins og er. Það hefur valdið þvílíkum skaða og sársauka í þjóðfélaginu að það er með eindæmum. Enginn í nútímanum hefði getað búist við því hruni sem varð í fyrrahaust og þeir sem höfðu axlað ábyrgð á lánum sínum eða

uppáskriftum fyrir lán annarra hefðu ekki getað ímyndað sér að staðan yrði eins og hún er í dag. Hagsmunir kröfuhafa eru ótrúlega sterkir og í raun alveg óskiljanlegir eins og hefur komið fram hérna. Og það er ekki bara belti, það eru axlabönd og jafnvel fallhlífar sem eru settar til að vernda kröfuhafana.

Fjölskylduharmleikirnir eru gífurlega miklir, mikil upplausn og slit hafa orðið á fjölskylduböndum sem ævarandi sársauki hefur fylgt og elt fólk og fjölskyldur svo árum skiptir. Núverandi ábyrgðarmannakerfi eða ábyrgðakerfi er ómanneskjulegt og þess vegna fagna ég þessu frumvarpi og vona að það nái í gegn á þessu þingi, að verkin verði látin tala og frumvarpið verði að lögum sem allra fyrst.

[15:33]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær undirtektir sem hafa verið við málið. Eins og hér hefur komið fram hefur þetta mál þroskast lengi, það hefur fengið margar umsagnir, umfjöllun og smám saman komist í þann búning sem það er í í dag.

Ég tel, virðulegi forseti, að málið sé orðið það gott að það geti farið í gegn og ég leyfi mér að segja að ýmis frumvörp hafa farið í gegn sem ekki hafa hlotið jafnvandaða yfirferð og mikla vinnu og það sem hér er um að ræða — frumvarp sem varðar hagsmuni jafnmargra, einstaklinga og fjölskyldna, og hugmynd sem er ætluð til þess að skapa meiri sátt og meira öryggi í íslensku samfélagi. Því eins og hv. þm. Helgi Hjörvar benti á áðan í ágætri ræðu sem hann flutti þá er hið félagslega öryggi og fjárhagslega öryggi tengt órofaböndum.

Þeim sem lenda í því að á þá falla lán sem þeir hafa skrifað upp á fyrir vini og vandamenn hefur mörgum reynst það erfitt. Mörg vinaböndin hafa slitnað vegna slíkra hluta og oft og tíðum hefur því fylgt mikil sorg sem kannski hefði mátt koma í veg fyrir. Ef vinnan og aðgerðirnar og reglurnar væru skýrari, hlutirnir væru gagnsæir og allt væri upp á borðum þá held ég að koma hefði mátt í veg fyrir margan harmleikinn. Ég tel þess vegna að málið sem hér er til umræðu sé eitt af þeim sem mikilvægt er að ljúka áður en þingið fer heim.

Ég vil líka taka undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal sem orðaði það á þann hátt að það er nánast andhverfa orðsins „ábyrgðarmenn“ sem hefur orðið afleiðing þessa kerfis, þ.e. að lántakendur og lánveitendur hafa kannski báðir orðið dálítið ábyrgðarlausir í gerðum sínum, aginn og krafan um fagleg og vönduð vinnubrögð er frá þeim tekið vegna þess að þeir vita að það er nefnilega einhver þriðji maður sem á endanum þarf kannski að standa skil á þeim skuldbindingum sem þeir tveir gera samning um og skrifa upp á. Það er mjög sorglegt því að í mörgum tilvikum, sem er ástæðulaust að rekja hér, hafa einstaklingar verið fengnir til að skrifa upp á á allt að því fölskum forsendum því að oft og tíðum hafa lánastofnanir verið með það algerlega á hreinu að fyrirtæki eða einstaklingar munu ekki geta staðið við skuldbindingar sínar þegar þeir kalla til þriðja aðila til að gerast ábyrgðarmenn á þessum fjárskuldbindingum.

Það er einmitt slíkt agaleysi sem gerir það svo að verkum að fjármálakerfið skaðast kannski mest sjálft til lengri tíma litið. Þar verða fagleg vinnubrögð að vera til staðar og kerfi af þessu tagi tryggir ekki fagleg vinnubrögð. Það er langur vegur frá því. Það er verið að búa til öryggi fyrir útvalda sem gerir það að verkum að viðkomandi starfa ekki og vinna ekki eins vel í sínum málum, að undirbúningi að sínum gjörningum og ella hefði orðið. Það er mitt mat að þetta sé ekki bara áskrift að ábyrgðarleysi heldur sé þetta stórskaðlegt kerfi nema að það sé gagnsætt og skýrt og réttur manna skýr.

Ég vil líka taka undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal, að lengi vel var í þessu frumvarpi krafa um að um hver áramót væri sent yfirlit yfir ábyrgðir. Ég held að bankarnir hafi núna, margir hverjir, tekið það upp og sendi það. En ég held að það sé full ástæða til að hnykkja á því í þessu frumvarpi og einkanlega ef samstaða næst í hv. viðskiptanefnd um að senda málið áfram og láta það ganga til atkvæða í þinginu og láta á það reyna hvort stuðningur er meðal þingmanna fyrir því að klára málið. Ég tel mikilvægt að það verði gert.

En svona rétt í lokin, af því að hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi í framsögu sinni að það væri gott að hafa mál af þessum toga á dagskránni, þetta væri mikilvægt mál og kannski eitt það mikilvægasta sem við ræddum hér af því að ríkisstjórnin væri með svo fá mál, þá er annað mál í viðskiptanefnd sem er mál Seðlabanka Íslands sem samflokksmenn hv. þingmanns Péturs H. Blöndals lögðu eindregið til að kæmi ekki til umræðu á hinu háa Alþingi. Það felst því dálítil andhverfa í því sem hv. þingmaður sagði. En um leið vil ég líka lýsa ánægju minni yfir því að hv. þingmaður hefur líka sýnt einurð og festu í því að reyna að koma þessu máli áfram sem við flytjum hér í áttunda sinn.

Ég held að þetta mál sé fullþroskað og fullþróað og eigi því fullt erindi inn í þingið aftur. Þeir einu sem hafa í raun og veru mælt þessu máli í mót í gegnum tíðina hafa verið fjármálastofnanir sem smám saman hafa reyndar reynt að feta þá slóð að minnka ábyrgðarmannakerfið, en í dag er þetta orðið þannig að fjármálakerfið er að einhverju leyti sýkt vegna ábyrgðarmannakerfisins. Fjármálastofnanir eru meira eða minna allar komnar í hendur ríkisins og ef nú er ekki rétti tíminn til að stokka upp, setja gagnsæjar reglur og tryggja fagleg vinnubrögð, þá veit ég ekki, virðulegi forseti, hvenær rétti tíminn er til þess.

Ég ítreka þakkir fyrir þá góðu umræðu sem hér hefur farið fram og þær frómu óskir sem þingmenn hafa sett fram um að málið verði að lögum fyrir vorið.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Innlend fóðurframleiðsla, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 195. mál. — Þskj. 242.

[15:41]

Flm. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég flyt tillögu til þingsályktunar um innlenda fóðurframleiðslu. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Atli Gíslason, Jón Bjarnason og Ögmundur Jónasson. Þingsályktunartillagan er stutt en svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að láta kanna hagkvæmni þess að auka og styrkja innlenda fóðurframleiðslu til notkunar í landbúnaði og möguleika á því.

Hæstv. forseti. Okkur er öllum ljóst að staða íslenskra bænda er mjög erfið um þessar mundir. Þótt staðan sé misjöfn eftir búgreinum má í heildina segja að staða bænda sé jafnerfið og heimilanna í landinu. Í sumum greinum hafa verið miklar fjárfestingar og allar greinar hafa meira og minna fundið fyrir hækkunum á afurðaverði og flutningskostnaði og erfiðleikum vegna bankahrunsins, sem bitnar á þeim eins og öðrum.

Það sem vakti okkur flutningsmenn til umhugsunar í þessu mikla bankahruni var ekki síður sú staða sem kom upp í októberbyrjun að við búum í reynd ekki við matvælaöryggi ef allar leiðir til og frá landinu lokast. Hvort heldur sem er vegna stöðvunar á fjármagnsflæði og þar af leiðandi stöðvun á flutningi á vörum til landsins, sem við sem betur fer höfum ekki upplifað nú, eða ef til kæmu styrjaldir eða heimsfaraldrar í sjúkdómum og pestum. Matvælaframleiðsla er ekki nægileg hér á landi til að tryggja okkur um einhvern tíma, því að til að búa við matvælaöryggi þurfa bændur að fá til sín vöru til að geta framleitt og það á þá ekki síst við um kjarnfóður, sem þeir eru mjög háðir. Í byrjun október var ljóst að ekki væru til nema rúmlega mánaðarbirgðir af kjarnfóðri í landinu og leit ekki vel út um tíma. Það var kveikjan að þessari hugmynd sem ég hef alið með mér lengi að það hafi í raun verið afturför hjá okkur Íslendingum að verða svo markaðssinnuð að treysta því og trúa að hagkvæmt væri fyrir okkur að flytja inn allar vörur, þar á meðal kjarnfóðurvörur og vörur til matvælaframleiðslu. Vörur sem við getum hæglega framleitt hér og framleiddum á árum áður, en voru lagðar af vegna þess að þær þóttu ekki nægilega samkeppnishæfar í verði eða af einhverjum öðrum ástæðum.

Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa greinargerðina. Hún er ekki mjög löng en svohljóðandi:

Í ljósi þess að verð á innfluttu kjarnfóðri hefur hækkað mikið að undanförnu vegna vaxandi framleiðslu- og flutningskostnaðar er nú brýnt að styrkja innlenda fóðurframleiðslu. Vandamál í gjaldeyrisviðskiptum og gengi íslensku krónunnar munu á næstunni hafa veruleg áhrif á verð á kjarnfóðri til bænda. Mikilvægt er að leita allra leiða til að halda niðri kostnaði og auka þjóðhagslegan ábata af innlendri landbúnaðarframleiðslu til hagsbóta bæði fyrir neytendur og framleiðendur.

Bændur nota í vaxandi mæli kjarnfóður við eldi á búfé sínu í stað fóðurs sem unnið er úr innlendu gróffóðri. Kjarnfóður er samsett úr hinum ýmsu korntegundum, eins og byggi, hveiti og maís, prótínfóðri á borð við sojabaunir, repjumjöl og fiskimjöl, ásamt ýmsum öðrum efnum, svo sem melassa, sem unninn er úr sykurreyr. Mest allt hráefni í þessar blöndur er flutt inn til landsins. Heildarfóðurnotkun hér á landi er um 300 milljón fóðureiningar í gróffóðri og um 70 milljón fóðureiningar í kjarnfóðri á ári og er fóður handa öllum tegundum búfjár þá þar með talið. Það er umhugsunarvert að af allri notkun kjarnfóðurs í landbúnaði, um 60 þúsund tonnum á ári, skuli einungis um 10–12% af efnisinnihaldi vera framleitt hér á landi.

Í þeim þrengingum sem nú eru á mörkuðum er nauðsynlegt að á Íslandi sé starfræktur sjálfbær landbúnaður. Mikilvægur þáttur í því er að tryggja fóðuröryggi fyrir búfé. Tæknilegir örðugleikar í bankakreppunni gætu leitt til þess að kjarnfóður berist ekki í tíma þeim búum sem eru mest háð aðkeyptu fóðri en það eru svínabændur og hænsnabændur. Af þeim sökum er mikilvægt að leggja aukna áherslu á innlenda framleiðslu fóðurs til þess að tryggja öryggi íslensks landbúnaðar. Ræktun korns, einkum byggs, er vaxandi búgrein hér á landi og miklar vonir eru bundnar við áframhaldandi þróun á því sviði. Tilraunir hafa verið gerðar á svokölluðum heykögglum sem nota má í stað kjarnfóðurs og hafa þær gefið góða raun. Nokkrar heykögglaverksmiðjur voru starfandi á tímabili á Íslandi en einnig framleiddu grasköggla verksmiðjur þúsundir tonna af fóðri á áttunda og níunda áratugnum og fram á þann tíunda. Með aukinni innlendri framleiðslu mun draga úr flutningi á hrávöru og efnum á milli heimsálfa með tilheyrandi mengun og kostnaði.

Aukinheldur eru dæmi þess að fullnægjandi upplýsingar liggi ekki fyrir um efnainnihald innfluttra efna sem notuð eru í kjarnfóðurblöndur. Það ætti að skapa sóknarfæri fyrir innlenda framleiðslu með áherslu á lífræna ræktun og upprunalýsingu fóðurinnihalds. Ástand á mörkuðum ætti enn frekar að hvetja til innlendrar, hreinnar framleiðslu sem tryggir bæði framleiðsluöryggi innlends landbúnaðar og fóður sem er ómengað af erfðabreyttum efnum. Við höfum næga hreina orku fyrir minni framleiðslueiningar sem nýtast til enn frekari verðmætasköpunar og virðisauka hér innan lands. Því er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra láti kanna kosti þess að styrkja innlenda framleiðslu fóðurs. Með innlendri framleiðslu er unnt að tryggja betur sjálfsforræði Íslands í landbúnaði og skapa lífvænlegri kjör fyrir bændur nú þegar innflutt kjarnfóður hefur hækkað verulega í verði. Innlend framleiðsla er einnig eftirsóknarverð þar sem hún bætir samkeppnishæfni og lækkar framleiðslukostnað innlendra matvæla og stuðlar þannig m.a. að lægra matvælaverði til neytenda.

Verði niðurstaðan sú að aukin framleiðsla fóðurs hér á landi sé hagkvæm er mögulegt að ríkið styðji á einhvern hátt við verkefnið í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki, bændur og einstaklinga ef það er nauðsynlegt til að tryggja framgang þess.

Hæstv. forseti. Við hv. flutningsmenn þessarar tillögu erum ekki að leggja til að farið verði í rekstrarform Áburðarverksmiðju ríkisins, sem var á sínum tíma algerlega í eigu ríkisins. Við hvetjum til þess að hagkvæmni á íslenskri fóðurframleiðslu verði könnuð og þá þarf að setja þetta í ákveðinn farveg, það þarf hvatningu og að öllum líkindum einhverja styrki til að koma tilraunum í gang. Það verður að horfa á þetta bæði út frá hagkvæmni hvað varðar framleiðslukostnað og með tilliti til þess að við spörum gjaldeyri, það skiptir máli núna. Ekki síður er mikilvægt fyrir okkur varðandi markaðssetningu á lokaafurð framleiðslunnar að hægt sé að kynna hana sem hreina afurð, að við séum ekki með erfðabreytt kjarnfóður, eins og mikið af því kjarnfóðri sem flutt er inn í dag er, sérstaklega það sem er framleitt úr maís og korni. Við þurfum að horfa heildstætt á þetta og nota sem tækifæri og í markaðssetningu.

Ég veit til þess að tilraunir hafa verið gerðar í tvígang

með notkun fóðurs með heykögglum fyrir sláturlömb og rannsóknirnar styðja það að framleiðsla á heykögglum, jafnvel á nokkuð rýrum túnum, hafi bætt mjög fóðrun dýranna og aukið gæði kjötsins en það er samt ekki nóg. Líka verður að horfa á framleiðsluferlið. Þó svo að afurðin heykögglar sé góð vara og kjötvaran verði betri verður líka að horfa á tækin sem framleiða og orkunotkun þeirra, rafmagn eða olíu. Það verður að horfa á þetta í heild.

Eins veit ég að það eru að fara í gang tilraunir með færanlega kjarnfóðurvél sem hugmyndin er að fari á milli býla og framleiði kjarnfóður hjá bændum heima á túnum og vissulega verður forvitnilegt að fylgjast með og fá betri upplýsingar um þessar tilraunir og aðrar álíka. Eins tel ég mikilvægt að við leitum allra leiða til að styrkja og nýta betur framleiðslu eins og á fiskimjöli, eins og á hugsanlega — hvað á að segja, ef hægt væri að nýta úrgang betur, eins og fiskimjöl er gert úr fiski, heldur en gert er í dag Við höfum undanþágur og megum því nota fiskimjöl sem kjarnfóður því hér er sú afurð hrein og engin hætta á erfðasmiti eða annarri mengun í fiskimjölinu. Við búum mjög vel af því að við getum notað fiskimjölið og aðrar náttúruafurðir á Íslandi og við þurfum að leggjast yfir og skoða hvað hægt er að nýta betur sem kjarnfóður ef vilji er til þess að nýta það betur sem við höfum og spara gjaldeyri, efla og styrkja atvinnu. Þetta er vissulega atvinnuskapandi og ef allt gengi vel þá framleiddum við kjarnfóður og fóður sem væri ódýrara en það sem við höfum keypt nú á allra síðustu missirum.

Eins verður að horfa til framtíðar, því miðað við það ástand sem blasir við í heiminum verður ekki aðgengi að þeim vörum sem við höfum haft og talið okkur geta notað og flutt inn án þess að hafa af því nokkrar áhyggjur. Það fer að verða þröngt um landgæði og hvert land fer að hugsa meira um að tryggja eigin framleiðslu. Það gengur meira að segja svo langt núna að ríkustu þjóðir heims eru farnar að leita að landi til ræktunar til eigin nota í þróunarlöndunum. Þetta er ný nýlendustefna, löndin sjálf eru ekki yfirtekin heldur eru landsvæði keypt til ræktunar. Við verðum að búa okkur undir þessa nýju heimsmynd og horfa til þess að landbúnaður hér á landi verði sjálfbærari en er í dag. Við getum líka nýtt þetta tímabil sem við erum að fara inn í og farið meira í lífræna ræktun, en fyrst og fremst er þetta spurning um matvælaöryggi og matvælaframleiðslu.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þingsályktunartillögunni verði vísað til hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og vona okkar allra vegna að við höfum tíma til að afgreiða hana fyrir vorið.

[15:56]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þingsályktunartillöguna. Að mínu mati er þetta bara af því góða og mun spara gjaldeyri, sem við eigum ekki of mikið af þessa dagana, og skapa atvinnu. Ég veit auðvitað ekki hve mörg störf þetta gæti skapað en eflaust erum við að tala um einhverja tugi eða jafnvel hundruð starfa. Þetta er bara af því góða og ég vona að þingsályktunartillagan nái fram að ganga.

Ég get samt ekki annað en minnst á það þegar talað er um fæðuskort í landinu að það vill svo til að við eigum töluvert af fiski í frystigeymslum landsins og saltfiskbirgðum. Það eru náttúrlega ekki allir eins og ég sem borða mjög lítið af fiski en finnst landbúnaðarafurðir betri en fiskur en ekki má gleyma því að við eigum töluverðar fiskbirgðir í landinu.

Þetta er liður í því að aðstoða bændur og hjálpa þeim og við þurfum að leggja okkur fram á fleiri sviðum og taka tillit til bænda og þess sem þeir gera, m.a. í sambandi við áburðarverksmiðju. Síðast en ekki síst þurfum við að skoða raforkuverð til garðyrkjubænda og erum skyldug til að gera það á næstu dögum og missirum.

[15:58]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Við ræðum þingsályktunartillögu um innlenda fóðurframleiðslu og í upphafi ræðu minnar vil ég þakka fyrir þessa þingsályktunartillögu. Það er gagnlegt fyrir samfélagið að ræða hana og ég held að það sé gott að við hugum að þeim málum sem reifuð eru í greinargerð með tillögunni. Þess vegna fagna ég henni og þakka hv. frummælanda Þuríði Backman fyrir að hafa flutt hana.

Mig langar að fara nokkrum orðum um þingsályktunartillöguna og þá greinargerð sem henni fylgir og byrja á því að nefna það, herra forseti, að fyrir nokkrum árum voru umræður um matvælaverð á Alþingi þar sem okkur var birt skýrsla frá Evrópusambandinu um matarverð á Íslandi og í öðrum Evrópusambandslöndum. Ef ég man rétt þá fór þáverandi hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir yfir þau mál, þingmaður Samfylkingarinnar. Þar var mikið lagt upp úr því að matarverð væri hátt á Íslandi og miklu lægra í Evrópusambandslöndum og þess vegna ættum við að ganga í Evrópusambandið til að lækka matarreikning heimilanna á Íslandi.

Þetta vil ég nefna vegna þess að á þeim tíma var ýmislegt sem sýndi fram á að slík úttekt og slíkur samjöfnuður var ekki alveg með réttu, bæði vegna þess hvernig gengið var skráð á þeim tíma þar sem allt var ódýrt í innflutningi til landsins og mjög auðvelt og á þeim tíma þekktust ekki þeir sjúkdómar sem við höfum kynnst síðar meir í Evrópu og víðar í heiminum, t.d. fuglaflensa o.fl. Það hefur því gríðarlega margt breyst og síðast en ekki síst hefur dunið á efnahagshrun, ekki bara á Íslandi heldur um allan heim og því þurfum við að skoða hlutina upp á nýtt. En einmitt í þeirri umræðu sem ég vitnaði til áðan, um matarverð á Íslandi, flutti ég ræðu. Þetta var þegar innflutningurinn var ódýr og allir höfðu mestan hag af því og áhuga á að flytja allt inn og því væri óþarfi að stunda landbúnað þótt annað hafi komið í ljós. Þetta var um haust og það var sláturtíð og ég sagði í ræðu minni að nú væri sláturtíð og það væri skynsamlegt og ódýrt að taka slátur og það ætti fólk að gera. Það var hlegið og það var gert grín að þessu og skemmtiþættir í fjölmiðlunum, hvort það hétu ekki-fréttir eða hvað það nú var, hentu mikið grín að þessu að það skyldi vera hugsað til þess að við þyrftum að sýna hagkvæmni og útsjónarsemi varðandi matarkaup og matarvenjur okkar Íslendinga.

Ég ritaði nýverið grein sem ég nefndi „Hlátur, grátur, slátur“ og þar fer ég inn á þessi mál. Og kannski var ég að

hluta til á undan bankahruninu að átta mig á því að það væri ekki bara hægt að hafa gaman í góðærinu. Menn þyrftu að horfa til gömlu gildanna hlutast til þess að við nýttum okkar gömlu matarvenjur og gömlu hefðir og þannig gætum við hugsað til framtíðar fyrir þessa þjóð hvað varðar matarinnkaupin.

Í tillögunni sjálfri kemur fram í greinargerð að gera þurfi rannsóknir varðandi innlenda kornframleiðslu. Undangengin ár hafa verið gerðar miklar rannsóknir og það hefur verið gríðarleg framþróun á Íslandi í framleiðslu á byggi og korni til eldis á dýrum. Mjólkurframleiðendur eru farnir að stunda kornrækt í síauknum mæli. Það er farið að framleiða kornafurðir til baksturs hér á landi, til neytenda beint til manneldis. Aðilar sem stunda loðdýrarækt eru farnir að framleiða bygg og meðhöndla og það er verið að þróa aðferðir til að byggið nýtist betur fyrir yngri dýr sem hafa ófullkomnari meltingu, t.d. loðdýr, svín og fugla. Slíkar rannsóknir hafa verið í gangi og heilfóðurframleiðsla fyrir mjólkurkýr er til og þarna er í rauninni heilmikil vinna í gangi.

Hv. frummælandi þessarar þingsályktunartillögu, Þuríður Backman, nefnir í greinargerð heyköggla og það er rétt eins og kemur fram í greinargerðinni að heykögglaverksmiðjur voru hér á landi fyrir nokkuð mörgum árum. Þær byggðust hins vegar á því að nota gríðarlega mikla olíu við að afla hráefnisins, þurrka það og köggla. Það þarf því að fara vel yfir hvernig sú sjálfbærni er sem talað er um í greinargerðinni, hvort við eigum ekki að stefna að því að nota frekar okkar orku sem er hitaorkan, gufan, vatnsorkan sem framleidd er úr fallvötnunum. Ég held að það færi betur hjá Vinstri grænum að tala meira um að nota einmitt þá orku en innflutta olíuorku til að framleiða fóður úr okkar moldu á Íslandi. Þetta eru þær athugasemdir sem ég vil að komi fram gagnvart greinargerðinni, herra forseti.

Ég hóf ræðu mína á því að nefna vilja Samfylkingarinnar til aðildar að Evrópusambandinu og að flytja inn matvörur. Hv. flutningsmaður situr á bekk með Samfylkingunni í minnihlutastjórn en mér finnst þessi þingsályktunartillaga í rauninni ganga þvert á samstarfsflokkinn og því vil ég spyrja hv. frummælanda hvort þetta hafi verið rætt innan stjórnarflokkanna, einmitt þessi þingsályktunartillaga og sá góði andi sem í henni er, þó að ég hafi nokkrar athugasemdir við einstaka þætti. Það væri mjög athyglisvert að heyra hvort Samfylkingin er sammála inntaki þingsályktunartillögunnar sem ég óttast að sé kannski ekki með þeim hætti sem ég hefði viljað sjá.

Raforkuverð var rætt fyrr í umræðunni og nú mun vera ljóst, og kannski því miður, já, því miður eftir síðustu fjárlagagerð hefur verið verulega dregið úr aðstoð við íslenska garðyrkjubændur varðandi flutningskostnað á orku. Það kostar nefnilega heilmikið að flytja orkuna. Eitt er að framleiða hana og hitt er að flytja hana frá virkjun til þess notanda og ég hygg að það sé engin stóriðja grænni og vænni en einmitt garðyrkjan sem framleiðir allt árið, bæði blóm og ekki síst matvæli eins og tómata, gúrkur og paprikur o.fl. Ég spyr hvort hv. frummælandi telji ekki rétt að endurskoða þennan þátt þegar fjárlögin verða opnuð á þessu ári með tilliti til þess að við erum að framleiða matvöru sem er klárlega holl og góð. Það eru engin aukaefni, það er ekki erfðabreytt, þetta er eins góð vara og hugsast getur og náttúrlega algerlega gjaldeyrissparandi og — að ég tali nú ekki um að orkan kemur úr fallvötnunum sem fellur okkur svo vel, hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur sem hlýðir á mál mitt.

[16:08]

Útbýting:

Aðgerðir fyrir þá sem hafa orðið sérlega illa úti í hruni fjármálakerfisins, 340. mál, fsp. EyH, þskj. 580.

Einföldun á almannatryggingakerfinu, 338. mál, fsp. EBS, þskj. 578.

Íslenskt merki fyrir ábyrgar fiskveiðar, 341. mál, fsp. MÁ, þskj. 582.

Loftferðir, 196. mál, nál. samgn., þskj. 581.

Verktakavinna fyrir heilbrigðisráðuneytið, 339. mál, fsp. EyH, þskj. 579.

Visthönnun vöru sem notar orku, 335. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 575.

[16:09]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vildi leggja nokkur orð í belg í þá umræðu sem hér fer fram um tillögu til þingsályktunar um innlenda fóðurframleiðslu. Flutningsmenn eru hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Mér finnst tillagan eiga fullan rétt á sér og að ástæða sé til að huga að þessum málum og reyna að leggja sig fram um að auka íslenska fóðurframleiðslu. Það er bæði gjaldeyrissparandi eins og komið hefur fram og í alla staði jákvætt fyrir Ísland ef þetta gæti skapað einhver fleiri störf en eru í dag. Þetta er í samræmi við það sem er mjög ofarlega á baugi í allri umræðu hér á landi. Það er mikið talað um að hlúa að innlendri framleiðslu og nýta íslenska vöru eins og mögulegt er og það er mjög af hinu góða. En það er kannski umhugsunarefni að það hafi þurft þetta mikla hrun til að fólk færi virkilega að hugsa um hvað það skipti miklu máli að hafa það í huga, þótt sé ekki sagt meira eða tekið dýpra í árinni, þegar verslað er. En sannleikurinn er sá að nú hefur þessi umræða komið mjög öflug upp og ég er mjög ánægð með það.

Sá ræðumaður sem talaði næstur á undan mér vitnaði til ræðu sem hann flutti fyrir nokkrum árum þar sem hann hvatti fólk til að taka slátur og vakti athygli fyrir þau orð sín. Mér er mjög vel minnisstætt þegar hann lét þessi orð falla og eitthvað var brosað að þeim en nú má alveg segja að hann hafi þarna verið á undan sinni samtíð því í haust var mjög vinsælt að taka slátur og fólk sparaði þannig eitthvað í matarkaupum og er hið besta mál.

Mér finnst þó vera svolítill ráðstjórnarbragur á tillögunni. Sem dæmi má nefna að þegar tillagan er lesin eða tillögugreinin, það að láta kanna hagkvæmni þess að auka og styrkja innlenda fóðurframleiðslu til möguleika í landbúnaði og möguleika á því en hugmyndin er sú að ráðherra beiti sér fyrir einhvers konar úttekt á því hvaða möguleikar séu þarna fyrir hendi og ef þeir eru fyrir hendi þá komi ríkið hugsanlega að því að styðja á einhvern hátt við að farið sé út í frekari innlenda framleiðslu á fóðri fyrir fóðrun dýra. Það er mjög ánægjulegt að það hefur tekist núna fyrst í sambandi við kornræktina og það eru áreiðanlega frekari

möguleikar í þeim efnum hér á landi.

Ég vil líka nefna í tengslum við tillöguna að auðvitað eigum við Íslendingar mikla möguleika þegar til framtíðar er litið í þessum heimi þar sem skortur á matvælum er jafnmikill og raun ber vitni. Hér eigum við mikið land og ég er alveg sannfærð um að til lengri tíma litið á það eftir að skipta máli í breyttum heimi þegar viðskipti aukast með fóður og matvæli frá því sem nú er. Þannig mun þróunin verða, það er enginn vafi á því og verður ekki komið í veg fyrir það í tengslum við samninga sem gerðir eru á alþjóðamarkaði um slíkt.

Ég vil hins vegar ekki taka undir með síðasta ræðumanni að það hafi eitthvað sérstaklega með það að gera hvort þeir sem styðja tillöguna eru hlynntir aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Mér finnst það vera allt önnur umræða. Ég veit ekki betur en þær þjóðir sem eiga aðild að Evrópusambandinu í dag séu allar meira og minna að velta því fyrir sér hvernig þær geti aukið matvælaframleiðslu og fæðuöryggi í löndum sínum þannig að það er allt önnur ella.

Hæstv. forseti. Ég vildi bara leggja nokkur orð inn í umræðuna og óska þess og vona það að þetta mál fái framgang á hv. Alþingi.

[16:13]

Flm. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu fyrir innlegg þeirra og góðan stuðning við þingsályktunartillöguna. Ég vil bregðast aðeins við nokkrum atriðum sem fram komu í máli þeirra.

Hvað varðar þessa þingsályktunartillögu, hvort hún stangist á við skoðanir samstarfsflokks okkar í þeirri minnihlutaríkisstjórn sem nú starfar í stuttan tíma, sé ég ekki að það þurfi að vera. En hitt er annað mál að það er stefna minnar hreyfingar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að við eigum að horfa til eflingar íslensks landbúnaðar út frá mjög mörgum sjónarmiðum, út frá því að tryggja matvælaöryggi, tryggja byggð um land allt, efla landgæði, landræktun og í raun og veru að vera sjálfum okkur nóg á sem flestum sviðum.

Það eru breyttir tímar og við megum ekki gleyma því að það sem alþjóðavæðingin bar fram sem trúarbrögð, að það væri heimsbyggðinni allri til hagsbóta að leita að ódýrustum mörkuðunum og flytja matvörur fram og til baka um allan heiminn, hefur ekki gefið góða raun. Það er enn verið að gera það í dag eftir því sem markaðir leyfa en olíuverð hefur hækkað, flutningskostnaðurinn hefur hækkað. Flutningar á láði og legi hafa orðið erfiðari þannig að þetta er ekki jafnsjálfgefið í dag fyrir utan þá mengun sem af því stafar að byggja fæðuöryggi heimsbyggðarinnar á þessum flutningum um hnöttinn. Það er nokkuð sem við sáum að mundi ekki vara til lengdar. Flokkur minn byggir hugmyndafræði sína á sjálfbærri þróun. Hann hefur reynt að berjast gegn þessari hugmyndafræði og því að það sé alltaf hagkvæmast að horfa á lægsta verðið þegar þegar við berum saman innlenda vöru og innflutta vöru. Þá er virðisaukanum sleppt sem verður til við framleiðslu á vörunni hér á landi. Ég vísa til þeirrar könnunar sem hv. þm. Kjartan Ólafsson fjallaði um, þ.e. um matvælaverð á Íslandi og í Evrópusambandslöndum. Þar kom verð á íslenskri framleiðslu ekkert allt of vel út en það voru líka margar ástæður fyrir því að svo var ekki. Þar var t.d. ekki skoðaður virðisaukinn af því að framleiða matvæli hér á landi.

En að taka slátur. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum vakið kátínu í tíu ár hjá mörgum og sögð vera alltaf uppi á fjöllum að tína fjallagrös og rækta heimahagana. Við höfum talað og munum áfram tala fyrir því að nýta vel þær afurðir sem við getum framleitt hér heima til útflutnings undir vörumerkjum vistvænnar framleiðslu eða lífrænnar framleiðslu með gæðastimpil. Það eigum við að geta gert. Við höfum hámenntað fólk á öllum sviðum og við eigum að notfæra okkur að hafa land til ræktunar sem við getum ræktað enn betur og haft öflugri landbúnaðarframleiðslu sem við ættum að geta flutt út frekar en að flytja inn landbúnaðarvörur.

Það kom jafnframt fram í máli hv. þm. Kjartans Ólafssonar að mikil framþróun er í ræktun á byggi og öðrum korntegundum. Því megum við að hluta til þakka hlýnandi loftslagi en ekki síður áhuga bænda sjálfra á því að feta í fótspor frumkvöðlanna og reyna, þegar vel hefur tekist til, að halda áfram ræktun. Í raun og veru hafa bændur varla val nú þegar tekið er tillit til verðs á kjarnfóðri. Þá er það mikil búbót fyrir bændur að fara sjálfir að rækta korn o.fl.

Nei, hæstv. forseti. Við höfum ekki rætt við Samfylkinguna um þessa þingsályktunartillögu. Þetta er ekki ríkisstjórnarfrumvarp en ég tel að þetta sé þingsályktunartillaga sem við eigum öll að skoða, sama hvar í flokki við erum og sama hvar á landinu við erum. Þetta er sú framtíð sem blasir við okkur, við þurfum að huga betur að eigin garði en við höfum gert fram til þessa. Sannarlega höfum við barist fyrir því í mínum flokki að verð á raforku til garðyrkju væri lækkað og haft á sambærilegu verði og því sem stóriðjan greiðir fyrir raforku þannig að við getum gert garðyrkjuna að okkar stóriðnaði. Margar tegundir nytjajurta eigum við að geta framleitt til eigin nota og hreint og beint sleppt því að flytja inn og sparað þannig gjaldeyri. Við fáum örugglega betri, öruggari og hreinni framleiðslu. Við sköpum atvinnu og spörum gjaldeyri þannig að við aukum matvælaöryggið. Við þurfum að auka framleiðsluöryggið og við eigum að efla sýkingarvarnirnar.

Hvað varðar framleiðsluna á heykögglunum eða öðru kjarnfóðri er sannarlega rétt að það þarf að gæta að framleiðsluferlinu, að þar sé notuð tækni sem er vistvæn og ekki mengandi. Auðvitað verður líka að horfa til þess að reksturinn standi undir sér, að ekki sé óheyrilegur kostnaður við hann, enda segir í niðurstöðum þingsályktunartillögunnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði niðurstaðan sú [af þessum könnunum] að aukin framleiðsla fóðurs hér á landi sé hagkvæm er mögulegt að ríkið styðji á einhvern hátt við verkefnið í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki, bændur og einstaklinga ef það er nauðsynlegt til að tryggja framgang þess.“

Það þarf fyrst og fremst að koma þessari vinnu af stað og kanna málið. Ég hef fulla trú á því að ástæða sé til að einhenda sér út í framhald þeirra hugmynda sem liggja hér að baki.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og sjútv.- og landbn.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. KHG, 61. mál (flutningur verkefna til umhverfisráðuneytis). — Þskj. 61.

Enginn tók til máls.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og umhvn.

Út af dagskrá voru tekin 4.–5. og 9. mál.

Fundi slitið kl. 16:23.

---

88. FUNDUR

miðvikudaginn 25. febrúar,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til fjármálaráðherra:

2. Skattamál, fsp. REÁ, 294. mál, þskj. 520.

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra:

3. Gjaldfrjáls göng, fsp. RÓ, 304. mál, þskj. 533.
4. Ljósleiðarastrengirnir Farice og Danice, fsp. ÁKÓ, 314. mál, þskj. 544.

Til heilbrigðisráðherra:

5. Starfsemi vistunarmatsnefnda, fsp. RÓ, 309. mál, þskj. 539.
6. Sýklalyfjanotkun, fsp. ÁMöl, 310. mál, þskj. 540.
7. Rekstur skurðstofu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, fsp. BjörkG, 312. mál, þskj. 542.

[13:32]

Útbýting:

Samkeppnisstaða framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni, 332. mál, þáltill. KÞJ, þskj. 571.

Störf þingsins.

Greiðsluþátttaka almennings í heilbrigðiskerfinu o.fl.

[13:33]

Forseti (Guðfinna S. Bjarnadóttir):

Forseti vill taka fram að þar sem fimm hv. þingmenn hafa óskað eftir því að taka til máls um störf þingsins þá sér forseti sér þann kost vænstan að gefa þeim orðið í þeirri röð sem þeir tilkynntu skrifstofunni um fyrirspurnir sínar og jafnframt þeim þingmönnum sem þeir beina máli sínu til. Að öðru leyti gildir mælendaskrá.

[13:33]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Skattkerfið og bótakerfið mynda rammann sem fjölskyldur og einstaklingar lifa í og mikilvægt er eftir þau áföll sem þjóðin hefur orðið fyrir að þetta sé skynsamlega og réttlátlega hannað.

Ég hef verið í forustu fyrir nefnd sem hæstv. fyrrverandi heilbrigðisráðherra skipaði fyrir rúmu ári í því skyni að bæta greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu, sem í dag er afskaplega flókið og mjög óréttlátt. Í umræðu sem fór fram 5. febrúar 2009 sagði hæstv. heilbrigðisráðherra, með leyfi frú forseta:

„Hins vegar verð ég að segja að umræðan [þ.e. í nefndinni] hefur beinst í farveg sem ég hef verið mjög gagnrýninn á, þ.e. að búa til ákveðinn grunn en opna síðan á markaðsvætt kerfi.“

Hann segir sem sagt að það sé gagnrýni vert að þarna sé verið að búa til ákveðinn grunn að markaðsvæddu kerfi. Vegna þeirra orða langar mig að spyrja hv. þm. Árna Pál Árnason, sem einnig átti sæti í nefndinni, hvort hann sé sammála þessu og hvort hann telji ekki að mikilvægt sé að nefndin ljúki störfum sínum þannig að greiðsluþátttaka almennings í heilbrigðiskerfinu sé takmörkuð eins og tilefni stóð til. En í dag borga margir langt yfir 100 þús. kr., jafnvel 200 þús. kr., á ári í heilbrigðiskerfinu og meiningin er að reyna að takmarka það og einfalda kerfið verulega.

[13:35]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegur forseti. Sú nefnd, sem við hv. þm. Pétur H. Blöndal og hæstv. núverandi heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson sátum í, hafði með höndum að koma á nýju heildarkerfi um greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu. Markmiðið var að koma á einu heildstæðu kerfi fyrir greiðsluþátttöku jafnt vegna lyfja og læknisþjónustu. Í dag er þessi greiðsluþátttaka mjög misjöfn eftir því hvaða sjúkdóma fólk er svo „óheppið“ eða „heppið“ að fá. Sum lyf eru ókeypis við sumum sjúkdómum og við öðrum ekki. Þetta getur leitt til alls konar niðurstaðna sem eru mjög óheppilegar fyrir fólk. Þess vegna skiptir miklu að reyna að finna réttlátt kerfi sem jafnar kostnaðinn út með það grunnmarkmið að leiðarljósi að þeir sem eru mikið veikir og oft, borgi minna en hinir sem sjaldan eru veikir borgi meira. Það væri hin réttláta leið.

Eftir því sem ég skil hæstv. heilbrigðisráðherra stendur til að taka tillit til niðurstöðu nefndarinnar hvað varðar lyfjaþáttinn í heilbrigðisráðuneytinu. Hann hefur í hyggju að koma því áfram, því það sé í sjálfu sér eini þátturinn í starfi nefndarinnar sem er nokkurn veginn tilbúinn. Við komumst að öðru leyti ekki mjög áfram með málið og þar vil ég líka kenna um endurteknum tilraunum hv. þm. Péturs H. Blöndals til að reyna að fella greiðsluþátttöku á spítölum undir þetta verkefni. Ég lagðist mjög eindregið gegn því í nefndarstarfinu og taldi ekki að til nefndarstarfsins hefði verið stofnað með það að leiðarljósi að reyna að finna nýjar

leiðir til að leggja álögur á sjúklinga á sjúkrahúsum. Þvert á móti átti að finna heildstætt kerfi til að taka á þeirri greiðsluþátttöku sem nú þegar (Forseti hringir.) er fyrir hendi, (Forseti hringir.) annars vegar vegna sérfræðiþjónustu og hins vegar vegna lyfja.

[13:38]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Steingrímur J. Sigfússon, hæstv. fjármálaráðherra, sagði í ræðu á Alþingi þann 20. desember, með leyfi forseta:

„Nokkrum mínútum á Alþingi hefur verið eytt fyrir minna en það sem hér er undir þannig að ég er ekki feiminn við að tefja hv. þingmenn í örfáar mínútur í viðbót þegar þvílíkir þjóðarhagsmunir eru í húfi.“

Þá ræddum við þingmenn frumvarp mitt, sem varð að lögum, um fjárhagslega fyrirgreiðslu ríkisins til að styðja við bakið á málsóknum gegn breskum stjórnvöldum vegna beitingu hryðjuverkalaga gegn Íslendingum og íslenskum hagsmunum.

Frá því að Bretar beittu hryðjuverkalögum á okkur Íslendinga hef ég alltaf verið þeirrar skoðunar að draga bæri bresk stjórnvöld fyrir dómstóla til að svara fyrir gerðir sínar en einnig til að Íslendingar sýndu með afgerandi og táknrænum hætti að þeir sættu sig ekki við að vera meðhöndlaðir sem hryðjuverkamenn. Undir þá skoðun mína tóku þingmenn þegar þeir samþykktu frumvarp mitt sem lög frá Alþingi og ég hef ekki orðið var við annað en að þjóðin sé sama sinnis.

Nú ber hins vegar svo við að í breska blaðinu *Financial Times* er haft eftir hæstv. viðskiptaráðherra Gylfa Magnússyni að engin áform séu uppi af hálfu íslenskra stjórnvalda að leita réttar síns fyrir dómstólum vegna málsins. Breska fjármálaráðuneytið hefur auðvitað fagnað þessum ummælum og því er lýst í blaðinu að nú sé lokið einni hörðustu deilu Íslands og Bretlands frá því í þorskastríðunum. Það kemur mér verulega á óvart og veldur miklum vonbrigðum, svo ekki sé meira sagt, að ákvarðanir um að Íslendingar ætli ekki — þrátt fyrir þá gríðarlegu hagsmuni sem í húfi eru fyrir þjóðina, almenning, bankakerfið, stolt íslensku þjóðarinnar og sjálfsmynd hennar — að höfða mál gegn breskum stjórnvöldum og að sú ákvörðun skyldi vera kynnt af hæstv. viðskiptaráðherra í erlendu blaði. Samkvæmt upplýsingum mínum liggur ríkisstjórnarsamþykkt ekki að baki þessarar yfirlýsingar hæstv. viðskiptaráðherra. Ákvörðunin hefur hvorki verið rædd á vettvangi utanríkismálanefndar né á Alþingi og ég hlýt að spyrja hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, varaformann utanríkisnefndar, (Forseti hringir.) hvort hún telji eðlileg vinnubrögð að málefni sem varða ríka þjóðarhagsmuni Íslendinga, um það að við ætlum ekki að leita réttar okkar, séu ekki rædd á Alþingi.

[13:40]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Frú forseti. Mér er ljúft og skylt að reyna að svara spurningu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar vegna ívitnaðra ummæla hæstv. viðskiptaráðherra í *Financial Times* í dag. Því er til að svara að ákvörðun ríkisstjórnar Geirs H. Haardes frá því í ársbyrjun 2009, um það að leita allra leiða til að sækja málið fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu, stendur. Frá því hefur ekki verið fallið. Hins vegar er rétt að það mál hefur hvorki verið leitt til lykta né kannað til þrautar, eins og samþykkt var að gera í ríkisstjórn Geirs H. Haardes. Að því er ég best veit er sú vinna í gangi og ekki útilokað að henni ljúki með þeim hætti að farið verði í mál fyrir Mannréttindadómstólnum. Ekkert er útilokað í þeim efnum en hins vegar er það svo að ekkert hefur breyst í málinu. Staðan er í raun sú sama og hún var í fyrri ríkisstjórn og sú ríkisstjórn sem nú tók við er að vinna það áfram sem hófst í haust. Ný samninganefnd hefur verið skipuð og það liggur fyrir hvernig fara eigi í þau mál. Það þarf að semja um Icesave-skuldbindingarnar og um þær verður samið. Í sjálfu sér er ekkert nýtt í þessu nema (**SKK:** Hvað um …?) það að hæstv. viðskiptaráðherra lét þessi ummæli falla í *Financial Times* í dag. En ég vil minna hv. þingmenn á að menn hafa hingað til haft ýmis ummæli uppi opinberlega, ráðherrar og aðrir, í útlöndum og í viðtölum án þess að þau hafi sérstaklega verið rædd á Alþingi Íslendinga fyrir fram.

[13:42]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Ég er með fyrirspurn til hv. þm. Gunnars Svavarssonar, formanns fjárlaganefndar, um hvar í fjárlögum gert var ráð fyrir fjárveitingu til tónlistarhúss við Reykjavíkurhöfn. Ég spyr út af því að hæstv. menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík hafa skrifað undir samning um að þeir ætli að halda áfram byggingu tónlistarhússins. Það kemur dálítið á óvart ef hæstv. menntamálaráðherra og borgarstjóri geti gert svona hluti og skrifað undir skuldbindingar fyrir hönd Alþingis án þess að það sé samþykkt af Alþingi. Ég hefði talið að þeir 14 milljarðar sem fara í þessa ágætu byggingu væru betur komnir annars staðar í atvinnuuppbyggingu, til að skapa útflutningsverðmæti, gjaldeyristekjur og varanlega atvinnu. Ég held að þegar þetta ágæta hús verður upp komið verði mikill kostnaður af rekstri þess og á svona krepputímum eins og nú eru er peningum illa varið með þessum hætti. Ég tel að við þurfum að fá upplýsingar um það með hvaða hætti og hvar þetta er í fjárlögum og hvernig við erum að vinna á Alþingi í dag.

[13:44]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vissi ekki að enn væri eftirspurn eftir mér í störfum þingsins, gott er til þess að vita að Grétar Mar hefur áhuga á mér. (**Gripið fram í:** Háttvirtur.)

En um þetta mál, virðulegur forseti og hv. þingmaður, fjárlaganefnd hefur sett niður fund á mánudaginn þar sem fulltrúar menntamálaráðuneytisins munu m.a. koma og gera grein fyrir málinu, sem á sér forsögu.

Á sínum tíma var gerður samningur á milli Reykjavíkurborgar og ríkisins um þetta hús og um leið var stofnað enn eitt E-hluta fyrirtækið, Austurhöfn-TR ehf. sem er í E-hluta ríkisreiknings og tengist þessu heildarverkefni. Ég geri ráð fyrir því að í samræmi við fjárreiðulögin hafi aðilar í sjálfu sér vitað að hverju þeir gengu en um leið tel ég fullljóst, miðað við þá umræðu sem húsið hefur fengið á umliðnum

árum, — ekki bara síðustu mánuði heldur á umliðnum árum — að þinginu sé gerð grein fyrir þessu og við getum þá rætt það í þingsölum ef menn telja svo.

Ég vil hins vegar ítreka það sem ég tilkynnti í síðustu viku að þingið þarf alla jafnan að vera á tánum varðandi eftirlitið sem það á að halda úti gagnvart fjárreiðum ríkisins og ekki hvað síst gagnvart E-hluta fyrirtækjum ríkisins. E-hluta fyrirtækin falla einnig undir fjárreiðulögin og ég tók þess vegna ákvörðun um að kalla eftir minnisblaðinu og fá fulltrúa menntamálaráðuneytisins á fund fjárlaganefndar og ég geri ekki ráð fyrir öðru en að það verði góður fundur eins og alla jafna í fjárlaganefndinni.

[13:47]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég beini orðum mínum til formanns efnahags- og skattanefndar, hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, og spyr um afstöðu hans og Samfylkingarinnar til þess að hefja vaxtalækkunarferli sem allra fyrst. Háir stýrivextir eru að sliga íslensk heimili og fyrirtæki. Hið háa vaxtastig í landinu er langt komið með að þurrka upp allt lausafé íslenskra fyrirtækja og stefna fjölda heimila í greiðsluþrot.

Sem dæmi má nefna að Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, lýsti því yfir í fréttum útvarpsins í dag að það væri lífsspursmál fyrir þjóðina að keyra vextina niður og það eins og skot. Á sama tíma og helstu viðskiptalönd okkar eru að bregðast við minnkandi eftirspurn með því að lækka stýrivexti sína, í sumum tilvikum í allt að 0%, býr íslenskur almenningur við okurvexti. Stýrivextir Seðlabankans eru 18% og algengt er að fólk sé að borga 25–26% vexti af yfirdráttarlánum.

Stýrivextir Seðlabankans hafa verið þetta háir frá því að gengið var frá samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um neyðarlán til íslenska ríkisins. Öll rök hníga að því að hefja lækkunarferlið strax, og þau eru einna helst, eins og við höfum áþreifanlega orðið vör við, mikill samdráttur í íslensku efnahagslífi, verðbólgan er farin að lækka, vöruskiptajöfnuður er jákvæður, atvinnuleysi hefur ekki mælst í þvílíkum hæðum lengi og minnkandi eftirspurn er í samfélaginu. Vaxtalækkunin var því ein af aðaltillögum okkar framsóknarmanna um aðgerðir til hjálpar efnahagslífinu.

Í stöðuskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá því í desember kom fram að Seðlabankinn hefði óskað eftir því við sjóðinn að hefja vaxtalækkunarferlið þá þegar en engin svör hafa borist frá sjóðnum. Lítið hefur heyrst frá ríkisstjórnarflokkunum sjálfum, bæði þeim sem sátu í síðustu ríkisstjórn og nú þeirri sem Samfylkingin leiðir. Einna helst virðist sem þetta sé tengt væntanlegu brotthvarfi núverandi aðalbankastjóra þrátt fyrir að fram komi í stöðuskýrslunni að Seðlabankinn hefur þegar óskað eftir því að byrja að lækka vexti.

Ég spyr: Hefur erindi verið sent til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða (Forseti hringir.) hafa menn fyrst og fremst verið að treysta á hugsanalestur?

[13:49]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Stödd er á landinu nefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem er að taka út stöðuna. Það lá alltaf fyrir, frá því að samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var gert í nóvember, að eftir þá úttekt yrði tekin ákvörðun um vaxtastigið. Ákvörðun um vaxtastig á þeim tíma var tekin í samkomulagi við þá til að forða algjöru gjaldmiðilshruni, koma í veg fyrir það, og freista þess að koma aftur verði á krónuna bæði með því að hækka vextina og setja miklar hömlur á gjaldeyrisviðskiptin.

Samfylkingin og ríkisstjórnarflokkarnir styðja það báðir eindregið að vaxtalækkunarferli hefjist hið allra fyrsta. Við erum bjartsýn á að strax í kjölfar úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á stöðunni, á samkomulaginu og íslenska efnahagslífinu, hefjist vaxtalækkunarferli, jafnvel innan einhverra fárra daga.

Spálíkön sem unnið er eftir, bæði af fyrri ríkisstjórn og þeirri sem nú situr, eru þau að stýrivextir verði komnir niður í 5–6% í árslok, að vaxtalækkunarferlið sem hefst í febrúar/mars gangi það hratt fram að stýrivextir verði við árslok um 6% og skiptir gríðarlega miklu máli að það gangi eftir. Sama á við um verðbólguna. Þegar verðbólguskotið hefur komið að fullu fram þá mun hún ganga mjög hratt niður.

Ekkert skiptir meira máli til að örva efnahagslífið en að lækka stýrivextina svo að hér verði skaplegt og boðlegt vaxtastig. Það vita það auðvitað allir sem fylgjast með að bölvaldar íslensks efnahagslífs eru aðallega vaxtastigið, gengisflöktið, gengissveiflurnar og verðbólgan sem hér hefur staðið allt of lengi. Þetta er að sliga bæði fyrirtækin og heimilin.

Ég er mjög bjartsýnn á að þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur lokið úttekt sinni verði tekin ákvörðun um að lækka vextina. Það tengist því ekkert hver fer fyrir Seðlabanka Íslands. Það er ákvörðun sem verður tekin af bankanum, stjórnvöldum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í samræmi við samkomulagið sem gert var í október síðastliðnum.

[13:51]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég hyggst spyrja hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson, sem eina fyrrverandi ráðherra Sjálfstæðisflokksins hér í salnum, um ummæli Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands, í gærkvöldi. Þar tjáði Davíð þjóðinni að hann hefði varað við því á fundi 30. september að bankarnir væru allir á leiðinni í þrot. Sá ríkisstjórnarfundur mun nú hafa verið daginn eftir, ef ég skil þetta rétt, að Glitnir var fallinn.

Davíð sagði líka að þá hefðu að vísu ekki verið nein ráð sem hægt hefði verið að færa fram en hann hefði ítrekað varað ríkisstjórnina við eða einstaka ráðherra. Þetta virðast ráðherrar ekki kannast við og ég spyr nú, vegna þess að það kynni að vera að Davíð Oddsson hefði rætt það sérstaklega við einhverja af ráðherrum Sjálfstæðisflokksins að þetta væri svo — hann hefur þá gert það í einhverjum einkasamtölum því eins og menn vita var allt í lagi í lok mars, á ársfundi Seðlabankans, og allt var líka í lagi í ræðu sem Davíð flutti 10. apríl. Í maí kom út skýrsla um fjárhagslegan stöðugleika hjá Seðlabankanum þar sem allt var í góðu lagi og Seðlabankinn veitti viðskiptabönkunum há lán rétt fyrir þá atburði sem við tölum um þrátt fyrir hinar meintu aðvaranir

Davíðs Oddssonar á þeim tíma. Ég spyr hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson hvort hann viti eitthvað um þetta, hvort hann hafi verið með í þeim hópi ráðherra sem Davíð aðvaraði eða hvort Davíð Oddsson fer með staðlausa stafi.

[13:53]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég var ekki á títtnefndum ríkisstjórnarfundi 30. september sem hv. þingmaður vísar í og fór ekki yfir þessi mál með seðlabankastjóra. Ef ég skil seðlabankastjóra rétt þá fór hann yfir þetta með oddvitum ríkisstjórnarflokkanna og þeirra ráðherrum sem tengdust þessum málum beint — það voru ekki bara ráðherrar Sjálfstæðisflokksins eins og allir vita. Það hefði kannski verið eðlilegra að hv. þingmaður hefði beint spurningum sínum til þeirra, hann gerir það kannski á þingflokksfundi Samfylkingarinnar.

Hvað sem því líður vil ég nota tækifærið og hvetja hv. þm. Árna Pál Árnason til dáða þegar kemur að greiðsluþátttökukerfinu í heilbrigðiskerfinu. Það eru mjög slæmar fréttir ef menn ætla að leggja af þær áætlanir og þá vinnu sem var til staðar með því að jafna kostnað, þ.e. færa kostnað frá þeim sem þurfa að nota kerfið mjög mikið yfir til þeirra eða okkar sem notum það endrum og eins.

Það er engin afsökun að vera að vísa í spítalana. Eins og allir vita sem hafa komið inn á spítala greiða menn fyrir þjónustu þar. Ég var sjálfur að greiða ákveðna þjónustu eftir að ég lagðist inn á spítala um daginn, 25 þús. kr. reikning sem ég gat svo sem alveg þolað. Það var ekkert vandamál. En það er brýnt að þetta mál komist í gegn og mjög slæmt ef ný ríkisstjórn ætlar að tefja það. Ég hvet hv. þm. Árna Pál Árnason til þess að ýta eftir þessu máli því að ég veit að hann hefur góðar skoðanir í því.

Ég vil líka nota tækifærið og hvetja forsvarsmenn stjórnarflokkanna til að upplýsa hæstv. viðskiptaráðherra um stefnu ríkisstjórnarinnar ef hún er í samræmi við það sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir nefndi hér áðan. Það er ekki gott ef hæstv. viðskiptaráðherra er mikið í útlöndum að tala fyrir einhverju öðru. (Forseti hringir.)

[13:56]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Rætt hefur verið um málsókn af hálfu Íslendinga á hendur breskum stjórnvöldum. Það er grundvallaratriði að Íslendingar sæki mál gegn Bretum. Það er grundvallaratriði fyrir hönd metnaðar Íslendinga og sjálfstæðis Íslendinga. Bretar sýndu okkur ófyrirleitinn dónaskap með því að setja hryðjuverkalög á Íslendinga og reyndar fylgdu Evrópuþjóðirnar í Evrópusambandinu því allar eftir og sýndu okkur dónaskap og faðmlag sem við eigum ekki að þola.

En við eigum að beina þessu gegn Bretum af fullri einurð. Það er sannfæring mín að það er krafa fólks á Íslandi, almennings á Íslandi, að það verði gert. Gert af fullum þunga. Þó að leikfléttur réttarkerfisins kynnu að veikja stöðu okkar í því máli þá eigum við ekki að láta slíkt yfir okkur ganga en sýna einurð og festu og gefa hvergi eftir. Annaðhvort erum við sjálfstæð þjóð í þessu landi með eðli okkar þjóðar að leiðarljósi (Gripið fram í.) eða að við eigum hreinlega að taka julluna og sigla til suðurs.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Mörður Árnason segir, í svona málum eigum við ekki að víkja. Við eigum að sækja og sækja fast. Við eigum að verja okkur og verja okkur út á við og nýta það tækifæri til þess að vekja athygli á öðrum þáttum sem eru jákvæðir og sterkir í okkar samfélagi. Og þess vegna er það krafa að slíkt sér gert.

Það var sorglegt hvernig hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sló úr og í þegar hún fjallaði um málflutning hæstv. (Forseti hringir.) viðskiptaráðherra, Gylfa Magnússonar.

[13:58]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil fylgja hér eftir fyrirspurn hv. þm. Péturs H. Blöndals til Árna Páls Árnasonar þar sem hann nefndi það réttilega að við byggjum við tryggingakerfi sem væri óréttlátt og að greiðsluþátttaka almannatryggingakerfisins væri flókin. Þannig er það. Því var þessi nefnd, sem hv. þingmaður hefur veitt forstöðu, sett á laggirnar og ég tel að sú nefnd hafi unnið vel. Henni var falið að hefja vinnu við að skoða hvernig hægt væri að einfalda greiðsluþátttöku sjúklinga í lyfjum og gera kerfið réttlátara.

Vinna nefndarinnar varð viðameiri eftir því sem leið á. Fleiri þættir voru teknir inn og ég tel að undir lokin hafi í rauninni verið orðið of mikið undir til þess að við gætum við núverandi aðstæður farið í það mikla skipulagsvinnu og tel miklu heppilegra, eins og hæstv. heilbrigðisráðherra hefur gert, að einfalda þessa vinnu, nýta þessa vinnu og skoða þann þátt sem átti að gera í upphafi, þ.e. lyfjamálin og endurgreiðslur til sjúklinga vegna lyfjakaupa. Sjá hvernig það reynist og yfirfæra þá það kerfi yfir á fleiri þætti og taka þetta svona í skrefum. Ég tel að það sé líklegra til að gefa okkur mynd af því breytta kerfi sem farið var að vinna að. Ég tel að sú mikla undirbúningsvinna sem nefndin hefur unnið muni nýtast inn í margþætta vinnu sem við þurfum og verðum að fara í í framtíðinni til þess að einfalda kerfið, ég tala nú ekki um að gera bótakerfið réttlátara (Forseti hringir.) en það er í dag.

[14:00]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að undirstrika mikilvægi þess máls sem Eygló Harðardóttir tók hér upp áðan um vaxtalækkunina. Ég vil líka bregðast við því sem sagt var um að sækja Breta til saka vegna hryðjuverkalaganna og orða hv. þm. Árna Johnsens hér áðan. Síðasta ríkisstjórn, sem var ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, skoðaði þetta einmitt, hvort við ættum ekki bara að fara í mál við Bretana vegna hryðjuverkalaganna. Og hver varð niðurstaða Sjálfstæðisflokksins í því, og Samfylkingarinnar? Niðurstaðan varð að gera það ekki og sú niðurstaða var ekki gripin úr lausu lofti. Þetta var sérstaklega skoðað og bresk lögfræðistofa fengin til að fara yfir málið. Niðurstaða þeirrar lögfræðistofu var að afar litlar líkur væru á að slíkt mál ynnist, mjög litlar líkur á að ná fram skaðabótum og bresk stjórnvöld hefðu ríkar heimildir til að beita hryðjuverkalöggjöfinni. Það var sameiginleg niðurstaða ríkisstjórnarinnar að fara ekki í mál gagnvart Bretunum. Sjálfstæðisflokkurinn sat þar við borðið og ríkislögmaður var

sammála þessu mati og það var líka þjóðréttarfræðingurinn í utanríkisráðuneytinu.

Það er ekki eins og menn séu eitthvað að finna upp hjólið hér allt í einu núna í þessu máli. En það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur að það er enn opið gagnvart Mannréttindadómstólnum sem er allt annað mál. Sjálfstæðisflokkurinn ákvað að fara ekki í mál við Breta vegna hryðjuverkalaganna, rétt skal vera rétt.

Ég kom hingað upp, virðulegur forseti, til að tala um heilbrigðismálin af því að ég ásamt fleiri þingmönnum fékk kynningu á því kerfi sem var til skoðunar undir forustu hv. þm. Péturs H. Blöndals og ég verð að segja að mér leist frekar vel á þær hugmyndir. Það er mjög skrýtið ef vinstri grænir ætla ekki að vinna áfram með þetta mál, þarna átti að jafna út. Það er svolítið sósíalísk hugsun í því kerfi en núna vilja sjálfstæðismenn, sem oft hafa talað um raunkostnað, (Forseti hringir.) setja þetta kerfi á en vinstri grænir eru óvissir þannig að það er búið að snúa öllu á haus. Ég vona að haldið verði áfram með (Forseti hringir.) þessa vinnu sem ég held að hafi verið í góðum farvegi.

[14:03]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég ætla að taka hér örlitla umræðu um greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu, þá nefnd sem hv. þm. Pétur H. Blöndal veitti forstöðu og varaformaður nefndarinnar var núverandi félags- og tryggingamálaráðherra, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Þessi nefnd var sett á laggirnar til að betrumbæta gatslitið kerfi og reyna að jafna þátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu öllu, ekki bara, hv. þm. Árni Páll Árnason, lyfjamálum heldur öllu heilbrigðiskerfinu eins og það leggur sig.

Vandamálið við þetta kerfi í dag er að það er gatslitið og því miður mismunar það fólki eftir sjúkdómum og meðferðum. Það er einfalt, það mismunar fólki eftir sjúkdómum og meðferðum. Heilbrigðiskerfið íslenska gerir það og þessi nefnd átti að lagfæra þann mismun, koma með tillögur um að breyta. Það hlýtur, hæstv. forseti, að skjóta verulega skökku við að nú, þegar við höfum í ríkisstjórn heilbrigðisráðherra frá Vinstri grænum, hæstv. Ögmund Jónasson, sem margoft og oftar en kannski flestir talar um að bæta þurfi kjör þeirra sem höllum fæti standa, skuli hann sem heilbrigðisráðherra, þegar honum virkilega gefst tækifæri til að vinna þessa vinnu, að jafna greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu, ætla að fara einhverja aðra leið, taka einn þátt undan en ekki kerfið í heild sinni, halda áfram að halda inni „forréttindahópum“ og halda áfram að mismuna sjúklingum með þátttöku í heilbrigðiskerfinu.

Þetta er með ólíkindum, hæstv. forseti, og ég skora á hæstv. heilbrigðisráðherra og ríkisstjórnina (Forseti hringir.) alla að halda til streitu þessari nefnd og klára þetta verkefni.

[14:05]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Það er mér mikið ánægjuefni að vera kallaður, eða allt að því, sósíalisti. Málið snýst um það í þessari nefnd um greiðsluþátttöku að þeir sem eru sjaldan veikir, kannski einu sinni á þriggja ára fresti, borgi mikið en hinum sem eru stöðugt veikir, gigtarsjúklingar, sykursjúklingar og aðrir sem eru kannski veikir í áratugi, sé hlíft við miklum kostnaði. Þeir borga mjög mikið í dag, sumt fólk borgar 250.000 á ári í heilbrigðiskerfinu. Það borgar hingað og þangað, það er með ólíkindum hvað fólk er að borga í kerfinu. Það eru ferliverk, rannsóknir, myndatökur, læknisheimsóknir og sjúkrabílar o.s.frv. Ég gleymdi lyfjum, stundum mikil, stundum ekki nein.

Nefndin ætlaði að líta á allt heilbrigðiskerfið frá sjónarhorni einstaklinga og það munaði eiginlega bara nokkrum dögum, þá féll ríkisstjórnin. Eins og með margt annað í þjóðfélaginu þýða þessi miklu skipti að þjóðin bíður sennilega í sex mánuði, það verður sex mánaða bið þar sem ekkert er gert. Við sjáum það með ríkisstjórnina, það kemur eiginlega ekkert frá henni. Þessi nefnd er núna í biðstöðu. Ég lít þannig á að hún sé enn þá starfandi og ég reikna með því að hún skili nefndaráliti. En það er spurning um vilja ríkisstjórnarinnar til að taka upp þær hugmyndir sem nefndin var búin að vinna og hún komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki skynsamlegt að taka lyfin fyrst. Þá mundu sumir þurfa að borga sem borga ekki neitt í dag og þeir borga jafnframt annars staðar. Það mundi búa til meira ójafnrétti þannig að það yrði að taka allt kerfið upp í einu. Það var búið að gera áætlanir um það, bæði tæknilega og framkvæmdalega og allt slíkt, þannig að ég skora á hæstv. ríkisstjórn að taka sér tak og keyra þetta mál áfram.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Mælendaskrá í umræðu um störf þingsins.

[14:08]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil gera athugasemd við þá fundarstjórn forseta að hér raðast inn á mælendaskrá þingmenn Sjálfstæðisflokks, hafa uppi ýmsar lýsingar á nefndarstarfi sem ekki standast skoðun. Upphafsmaðurinn sem beindi til mín spurningu, hv. þm. Pétur Blöndal, fær að ljúka máli sínu og ég fæ ekki að svara. Ég hlýt a.m.k. að fá að svara þegar spurningu er beint til mín og hér er komið fram með ýmsar rangtúlkanir um það hvernig starf nefndarinnar lá. Ég vil gera athugasemd við þetta og óska eftir því að mér verði veittar tvær mínútur til að svara þeirri fyrirspurn sem fram kom.

[14:08]

Forseti (Guðfinna S. Bjarnadóttir):

Forseti vill taka fram að tíminn er liðinn sem ætlaður var undir dagskrárliðinn um störf þingsins. Margir eru á mælendaskrá, eins og ég tók fram áðan, og því miður komast ekki fleiri að.

[14:09]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Upprðun verður þá að vera með þeim hætti, þegar svona háttar, að mönnum gefist tækifæri á að svara. Hér er staðhæft af hálfu þingmanna Sjálfstæðis-

flokksins að tilbúnar hafi verið tillögur sem séu núna vegna stjórnarskipta í uppnámi. Það er bara hreinlega rangt. Ástæðan fyrir því að ekki var hægt að ganga frá tillögum fyrir stjórnarslit var sú að hv. þm. Pétur H. Blöndal vildi blanda þar inn í aukinni kostnaðarþátttöku fólks á sjúkrahúsum. Þess vegna komum við því máli ekki í höfn.

Ég hlýt að gera um það kröfu — þegar sett er fram fyrirspurn, henni beint til ákveðins þingmanns sem svarar, síðan kemur fyrirspyrjandinn aftur í lokin — að þá fái sá sem fyrirspurninni er beint að að svara. Það hlýtur að vera grundvallaratriði í upprðun þessa dagskrárliðar af hálfu forseta. Ég geri athugasemd við þetta og tel hér ekki rétt með farið í fundarstjórn af hálfu forseta.

Skattamál.

Fsp. REÁ, 294. mál. — Þskj. 520.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. fjármálaráðherra. Ég bíð eins og aðrir í ofvæni eftir því að sjá aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þágu heimilanna og fyrirtækjanna í landinu sem lítið bólar á. Meðan ekkert liggur fyrir lifir almenningur í óvissu og á erfitt með að gera áætlanir sínar til lengri eða skemmri tíma. Ein óvissan sem uppi er að mínu mati varðar áform ríkisstjórnarinnar um skattheimtu. Við núverandi efnahagsaðstæður er eðlilegt að leitað sé allra leiða við að draga úr útgjöldum ríkisins og endurskoða tekjupósta þar. Það er eðlilegt, en það skiptir ákaflega miklu máli við þessar aðstæður hvernig það er gert.

Þegar áætlanir venjulegs fólks eru í uppnámi vegna hækkandi lána og lækkandi launa er mikilvægt að stjórnvöld auki ekki á óvissuna. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra aðeins um fyrirætlanir hans í skattamálum. Ég beini sjónum mínum sérstaklega að hinum svokallaða, reyndar oft ranglega nefndur svo, hátekjuskatti. Ég tek strax fram hér í upphafi til að forðast allan misskilning að áhyggjur mínar beinast fyrst og síðast að venjulegu vinnandi fólki, venjulegum skattgreiðendum. Fólk hefur gert skuldbindingar, m.a. í húsnæðismálum, miðað við þær tekjur sem það hefur og því slæmt að hafa yfirvofandi skattheimtu í óvissu. Þegar hinn svokallaði hátekjuskattur var afnuminn hér á landi árið 2006 var hann allt annað en hátekjuskattur og lagðist á tekjur fólks yfir 350.000 kr. Þetta var vondur skattur og vinnuletjandi og bitnaði ekki síst á ungu fólki, barnafjölskyldum, fólki sem vann mikið, oft tímabundið, við að koma sér þaki yfir höfuðið. Framkvæmdin var líka með þeim hætti að skatturinn var greiddur eftir á þannig að sveiflur í launum milli ára eða tímabundnar launabreytingar gátu komið illa við fólk. Fólk greiddi skattinn ári síðar þegar launin höfðu kannski lækkað mikið og þetta kom sér oft illa.

Hæstv. fjármálaráðherra var fyrr í vetur einn flutningsmanna frumvarps sem hafði það að marki að leggja þrepaskipt álag á hærri tekjur, sem sagt var markmiðið að koma hér aftur á hátekjuskatti í gegnum fjölþrepaskattkerfi. Þannig liggur það fyrir að ráðherranum hugnast þessi leið afar vel.

Hæstv. forsætisráðherra sagði í *Morgunblaðinu* þann 4. febrúar sl. að við skattahækkanir sem hugsanlega gætu orðið af hálfu þessarar ríkisstjórnar þyrfti fólk með meðaltekjur ekki að óttast að settur yrði á hátekjuskattur sem miðaðist við einhverjar lágar tekjur. Þetta var allt reyndar mjög óljóst. Forsætisráðherrann skilgreindi ekki frekar hvað fælist í meðaltekjum, reyndar ekki heldur hvað fælist í lágum tekjum eða háum ef því er að skipta. Formaður Samfylkingarinnar sagði á hinn bóginn fyrir jól að hátekjuskattur væri fyrst og síðast táknrænn skattur sem gæfi ekki mikið í aðra hönd, væntanlega vegna þess að tekjumörkin þurfa að vera það lág til að skatturinn fari að gefa af sér þær tekjur sem um munar. Þetta stangast allt saman á og þess vegna spyr ég hæstv. fjármálaráðherra hvort hann geti útskýrt þetta betur fyrir mér og greint mér frá fyrirætlunum sínum og flokks hans í þessum efnum.

Fyrirspurn mín til fjármálaráðherra er:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að lagður verði á svokallaður „hátekjuskattur“? Ef svo er, hver verða tekjumörkin og hvað er áætlað (Forseti hringir.) að slíkur skattur skili ríkissjóði miklum tekjum?

[14:13]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er athyglisvert að hv. þm. Ragnheiður E. Árnadóttir spyr hér fjármálaráðherra og virðist hafa mestar áhyggjur af því hvort til standi að leggja á svokallaðan hátekjuskatt. Hv. þingmaður gerir sér væntanlega ljóst að áralöng óstjórn í efnahagsmálum og fjármálum þjóðarinnar, undir forustu Sjálfstæðisflokksins, hefur leitt yfir þjóðina miklar efnahagslegar hörmungar og niðursveiflu í efnahagsmálum sem á sér vart fordæmi, a.m.k. ekki á Norðurlöndum. (Gripið fram í.) Hluti af þessu hruni efnahagslífsins er auðvitað þess eðlis að hann kemur niður á sameiginlegum sjóðum landsmanna með hundruð milljarða króna skuldaaukningu ríkissjóðs, gríðarlegum útgjöldum og vaxtakostnaði sem getur orðið af stærðargráðunni 100 milljarðar króna á einhverra ára bili. Þessi reikningur er áfallinn, það er búið að leggja á þessa skatta og það er efnahagsóstjórn og efnahagshrun sem umfram alla aðra flokka er ábyrgð Sjálfstæðisflokksins sem leggur á þennan skatt.

Hann er staðreynd vegna þess að þessa hluti mun þurfa að borga. Og hvernig á að gera það? Þessir skattar eru sannarlega arfleifð frá fyrri ríkisstjórn, það er verkefni þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr að reyna að greiða úr þessum málum og bjarga samfélaginu í gegnum veturinn. Að sjálfsögðu tekur hún ekki ákvarðanir í skattamálum á öndverðu fjárlaga- og skattaári, hún situr í 80 daga eða hvað það nákvæmlega verður. Það bíður hins vegar ríkisstjórna á komandi árum að leysa úr þessum gríðarlega vanda og afla ríkinu tekna til að standa undir samneyslunni, velferðarþjónustunni — og borga skuldirnar sem Sjálfstæðisflokkurinn skilur eftir sig. Ef einhver kann betri ráð til þess en m.a. þau að reyna að afla einhverra tekna með sanngjörnum og réttlátum hætti þannig að þeir borgi sem eitthvað hafa til að borga með lýsi ég eftir því.

Það er alveg á hreinu að áherslur þessarar ríkisstjórnar í skattamálum verða ekki þær sem Sjálfstæðisflokkurinn beitti sér fyrir á veltiárunum, að dekra sérstaklega við best setta fólkið, tekjuhæsta fólkið. Er það virkilega þannig að

þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi hér ekkert annað til að hafa áhyggjur af en tekjuhæsta fólkið í landinu? (Gripið fram í.) Það liggur í þessari fyrirspurn að þar liggi áhyggjur Sjálfstæðisflokksins, ekki af lágtekjufólki, ekki af atvinnulausum, nei, af þeim sem eru svo vel settir að hafa fulla atvinnu og góðar tekjur.

Málið stendur einfaldlega þannig að breytingar á skattamálum eru ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar af augljósum ástæðum. Það verður verkefni nýrrar ríkisstjórnar. Hins vegar er undirbúningur undir fjárlög næsta árs og ríkisfjármálaramma til meðallangs tíma í verkefni núverandi ríkisstjórnar vegna þess að það þarf að undirbúa. Hefðbundinn fjárlagaundirbúningur er að sjálfsögðu í gangi.

Þá þarf að leita leiða til þess að brúa gríðarlegt bil milli tekna og gjalda ríkissjóðs sem við stöndum frammi fyrir. Skildi ekki ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins eftir fjárlög fyrir þjóðina með 150 milljarða króna halla? Jú, ef ég man rétt. Ætla menn að reka þetta lengi þannig? Hvernig endar það? Það endar þannig að vaxtakostnaður drekkir samfélaginu, drekkir ríkinu, ef það rekur sig með halla af þessari stærðargráðu endalaust. Það væri sama útkoma og kom út úr því að reka viðskipti Íslands við útlönd með dúndrandi viðskiptahalla á löngu árabili. Það þarf nefnilega alltaf að borga slíka reikninga að lokum, það verða einhverjir að gera það.

Það skal vera algerlega á hreinu að ef ég fer höndum um það á næsta kjörtímabili hvernig þessum byrðum verður dreift verður reynt að gera það á félagslegan og sanngjarnan og réttlátan hátt. Ég tek undir þau orð forsætisráðherra að að sjálfsögðu er markmið að hlífa fólki með lágar tekjur og meðaltekjur eins og kostur er. Hvað þýðir það? Væntanlega þá að þeir sem eru best settir leggja meira af mörkum. Það er félagslega réttlátt, sanngjarnt, samábyrgt fyrirkomulag í anda þess besta sem þekkist á norræna vísu. Og að slíku munum við vinna.

Vonandi hefur þetta svarað spurningunni. Á 80 daga starfstíma þessarar ríkisstjórnar verða ekki lagðir á nýir skattar en það er augljóst mál að það verkefni bíður nýrrar ríkisstjórnar (Forseti hringir.) að takast á við þessa hluti og með vorinu verða þeir hlutir orðnir útfærðir og sá sem hér stendur í sporum (Forseti hringir.) fjármálaráðherra, hver sem það verður þá, getur þá gefið fyllri svör.

[14:19]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir snarpa og góða ræðu. Nú er það svo, þó að menn tali öðruvísi, að íslenska tekjuskattskerfið er í mörgum þrepum. Það er í raun og veru síþrepakerfi vegna þess að persónuafslátturinn sér til þess að hin raunverulega prósenta af heildartekjum er lægst hjá þeim sem hafa lægstar tekjur, en þó yfir skattleysismörkum, og hæst á þá sem hafa hærri tekjur og fer stigvaxandi. Það sem skiptir miklu máli í þessu er þess vegna upphæð persónuafsláttarins. Ef persónuafslátturinn er lágur verður skattinnheimtan þannig að hinir hæstu borga lægri prósentu en ella væri ef hann er hár. Það sem Sjálfstæðisflokkurinn gerði á sínum 18 árum í fjármálaráðuneytinu var að lækka alltaf persónuafsláttinn þannig að ekki var eingöngu um það að ræða að hinn svonefndi hátekjuskattur væri afnuminn heldur var skatturinn lækkaður á hátekjumönnum með þeim hætti. Ég tel að hátekjuskattur komi til (Forseti hringir.) greina sem ein ráðstöfunin í okkar efnum en þá verður það að vera í heiðri að það sé raunverulegur hátekjuskattur (Forseti hringir.) og ekki skattur á meðaltekjur eins og hv. fyrirspyrjandi tók reyndar fram hér.

[14:20]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir hreinskilið svar. Það fór ekki fram hjá neinum sem á þetta hlustaði að hann lofaði hátekjuskatti og skattahækkunum, bæði fyrir hönd Vinstri grænna og Samfylkingarinnar, ef þeir fengju tækifæri til þess eftir kosningar og það ber að þakka slíka hreinskilni.

Það er líka rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni, að skattkerfið sem við höfum núna er stighækkandi. Það þýðir að eftir því sem menn hafa hærri tekjur greiða þeir hærra hlutfall. Það er þetta samspil prósentunnar og persónuafsláttarins sem gerir það að verkum. Vandinn við það, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að setja fleiri þrep, eins og hátekjuskattinn, er sá að það eykur mjög hættuna á jaðaráhrifum. Menn töluðu áður um jaðarskatta og það var mjög áberandi í kosningabaráttunni, t.d. 1995, vegna þess að menn töpuðu hreinlega á því að hækka í tekjum og kom það mjög illa niður á ungu fólki, sérstaklega ungu fólki með miklar skuldir. Það er alveg ljóst að ef menn (Forseti hringir.) ætla að fjölga skattþrepum þá er sú hætta fyrir hendi, en það er búið að lofa þessum skatti eins og hér hefur komið fram.

[14:21]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Það er greinilegt að það er tungunni tamast sem er hjartanu kærast hjá hæstv. fjármálaráðherra sem lýsti því hér yfir að framtíðarstefna hans og flokks hans og þessarar ríkisstjórnar inn í næsta kjörtímabil sé að hækka skatta. Því var þó lýst yfir að þetta væri slíkt stórmál að ríkisstjórn sem ætlar að sitja í 80 daga mundi ekki ráðast í skattahækkanir fyrir kosningar þó svo að hún ætli að ráðast í miklar breytingar á stjórnarskránni og í rauninni að endurskrifa stjórnskipulagið sem er auðvitað ekki minna mál.

Ég hef áhyggjur af því að heimilin í landinu ráði ekki við skattahækkanir. Það er rétt að hér hefur orðið efnahagshrun en þegar við horfum upp á háa vexti, háa verðbólgu, lækkun launa, atvinnuleysi, hrun krónunnar og fleira slíkt þá held ég að stjórnvöld ættu að forðast að stíga það skref að hækka (Forseti hringir.) skatta á fólkinu í landinu og taka enn hærra hlutfall launa þeirra í sína vörslu en þau gera nú þegar.

[14:23]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Ég verð að segja eins og er að mér finnst það býsna vogað af hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, sérstaklega frjálshyggjumönnunum tveimur, sem töluðu á undan mér, hv. þingmönnum Guðlaugi Þór Þórðarsyni og Sigurði Kára Kristjánssyni, að tala um skattamál í þessu umhverfi. Það er eins og þeir hafi ekki áttað sig á að það er

gjaldþrot efnahagsstefnu Sjálfstæðisflokksins að kenna að við stöndum í þessum sporum. Eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði hér í afarsnarpri ræðu hefur sú efnahagsstefna og sú skattastefna gert það að verkum að við stöndum í þessum sporum núna. Vaxandi ójöfnuður hefur átt sér stað í íslensku samfélagi undir stjórn Sjálfstæðisflokksins á síðustu 18 árum og einhver þarf að borga, við vitum það. Við vitum að einhver þarf að borga. Það er ekki hægt að koma upp í ræðustól Alþingis og ætla núna í aðdraganda prófkjöra að gera allt fyrir alla. Það er einfaldlega ekki hægt. (Gripið fram í.) Þetta snýst um að breyta þarf skattkerfinu, taka upp þrepaskipt skattkerfi og hækka persónuafsláttinn. (Forseti hringir.) Það er eina leiðin til að jafna skatta á milli þeirra sem meira hafa milli handanna og hinna sem hafa minna.

[14:24]

Birkir Jón Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Ég fagna því að við ræðum skattamál og ég er sammála hæstv. fjármálaráðherra í því að það er verk næstu ríkisstjórnar að móta langtímastefnu í skattamálum. Ég vil hins vegar minna ágæta sjálfstæðismenn á það, sem koma hér upp sem boðberar skattalækkunar, að í valdatíð þeirra hefur samneyslan aukist ár frá ári. Skattar á fólk og fyrirtæki hafa þannig almennt verið að hækka. Ríkið hefur verið að taka til sín meira í samneysluna en ekki öfugt. (Gripið fram í.) Sjálfstæðismenn geta ekki komið hér upp sem boðberar skattalækkana ef við horfum á þau verk sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið fyrir á umliðnum 18 árum. (Gripið fram í.) Samneyslan hefur verið að aukast ár frá ári og um það verður ekki deilt. Framsóknarflokkurinn er ekki Sjálfstæðisflokkurinn. Framsóknarflokkurinn er ekki endilega á móti lítilli samneyslu en hins vegar verða sjálfstæðismenn að átta sig á því að þeir hafa verið að auka samneysluna (Forseti hringir.) á undangengnum árum. Þeir hafa verið að auka við báknið en ekki minnka það þvert á stefnu Sjálfstæðisflokksins.

[14:25]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég held að það sér algjör óþarfi fyrir stjórnarliða að vera viðkvæmir fyrir því þó að spurt sé um skattamál á hinu háa Alþingi. Við skulum minnast þess að það kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þeirrar sem nú situr, að hún ætli sér að fara í skattahækkanir. Það er fullkomlega eðlilegt að spyrja hver meiningin sé með því en það væri jafnframt gott fyrir þingmenn og aðra þjóðfélagsþegna að fá upplýsingar og skilgreiningar á því hvað eru háar tekjur og hvað eru millitekjur. Ég held að hæstv. fjármálaráðherra hafi skautað býsna létt í gegnum svörin við þessu þegar einfaldlega var verið að spyrja um hvað ríkisstjórnin eigi við þegar hún talar um að hún ætli að hækka skatta. (**MÁ:** Hún hefur ekkert talað um það.) Það kom að vísu loksins fram (Forseti hringir.) núna að hún ætli ekki að gera það á þessu kjörtímabili heldur strax eftir kosningar.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir svörin svo langt sem þau ná. Ég fékk frekar gamla góða ræðu frá hæstv. ráðherra sem ég hef heyrt áður og svaraði kannski ekki spurningunni beint. Ég tók það sérstaklega fram í fyrirspurn minni til að forðast allan misskilning, og kannski til að forðast að fá þá ræðu frá hæstv. ráðherra sem ég svo fékk, að ég er að hugsa um hag venjulegs vinnandi fólks, fólks sem vinnur baki brotnu við að koma sér upp þaki yfir höfuðið og hefur, hvort sem það er varanlega eða tímabundið, tekjur yfir einhverjum ákveðnum mörkum. Það kemur sér mjög bagalega fyrir þetta fólk, sem lendir kannski í því núna að missa vinnu, missa tekjur og lækka í launum að nú sé líka yfirvofandi skattahækkun.

Hæstv. fjármálaráðherra tók af allan vafa um það að sú ríkisstjórn, sem nú á eftir 60 daga í starfi, ætli að beita sér fyrir skattahækkunum og ég fagna því. En það liggur líka fyrir og hv. þm. Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, staðfesti það að Samfylkingin væri tilbúin til að beita sér fyrir hátekjuskatti, fá hún umboð til, og hæstv. fjármálaráðherra gerði það líka. Það er ágætt, það liggur þá fyrir að þetta er sú leið sem þessir flokkar mundu beita sér fyrir eftir kosningar.

Mig langar til að ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra af því að mér fannst henni ekki svarað: Hverjar telur ráðherra að séu lágar eða meðaltekjur? Það er mjög mikilvægt að kjósendur viti þetta vegna þess að það sem ég hafði eftir hæstv. forsætisráðherra í fyrri ræðu minni: „Við munum vissulega standa þannig að málum að fólk með meðaltekjur þurfi ekki að óttast að settur verði á hátekjuskattur sem miðast við einhverjar lágar tekjur.“ Þetta er allt mjög óljóst og ég mundi gjarnan vilja að hæstv. ráðherra svaraði þessu fyrir sinn hatt.

[14:29]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég get m.a. svarað þannig að 70 milljónir kr. á mánuði eru háar tekjur þegar Ísland átti tekjuhæsta mann Norðurlanda (**REÁ:** En er það táknrænt? Ég var að spyrja um stefnu þína.) en bjó um hann í sérstakri skattabómull sem Sjálfstæðisflokkurinn bauð upp á. Hvað gerði ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins (Gripið fram í.) fyrir áramótin? Hún hækkaði tekjuskatt og útsvar samtals flatt um 1,5%. (**REÁ:** Til að koma í veg fyrir jaðaráhrif.) Var það ekki vegna erfiðleikanna? Var það ekki vegna hallans á ríkissjóði? Var það ekki til þess að reyna að minnka gatið? Skattkerfið flattist hér út í tíð Sjálfstæðisflokksins þótt reyndar væri hátekjuskattur þar við lýði sennilega fyrstu 10, 12 árin af tæplega 18 ára valdatíma Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfstæðisflokkurinn kvartaði undan því að viðmiðunarmörkin væru of lág, þetta væru ekkert háar tekjur. Hann hækkaði ekki viðmiðunarmörkin. Nei, hann afnam skattinn. (Gripið fram í.) Á tímum þegar ofurlaun stefndu til himins á Íslandi skar Ísland sig úr hvað varðar skattkerfi t.d. Norðurlandanna og margra nálægra ríkja, það var ekkert sérstakt álag á hæstu tekjur, ekki einu sinni á ofurlaunin. (**REÁ:** Hverjar eru lágar tekjur?) Tekjujöfnunargildi íslenska skattkerfisins hefur minnkað, við höfum þokast upp Ginistuðulinn svonefnda vegna þess að stefna Sjálfstæðisflokksins var að fletja skattinn út og auka skattbyrðina á lágtekjufólki. Það gerðist með því að skattleysismörkin fylgdu ekki

verðlagsþróun, hvað þá launaþróun. Ofan af þessu þarf að vinda. Hitt er rétt sem hér var sagt, að það er mikilvægt að skoða vandlega stöðu venjulegra heimila og þau eru ekki aflögufær um auknar byrðar. Það verður því mjög erfitt að útfæra þetta þannig að við höfum tekjur til að reka samneysluna, til að borga óráðsíuskuldir Sjálfstæðisflokksins og að við getum aflað þeirra án þess að byrðarnar leggist of þungt á fólk sem á í miklum erfiðleikum fyrir. Þetta verður gríðarlega snúið verkefni sem verður vonandi í höndum einhverra manna sem hafa bæði pólitíska sýn og bein til að ráða við það.

Umræðu lokið.

Gjaldfrjáls göng.

Fsp. RÓ, 304. mál. — Þskj. 533.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Ragnheiður Ólafsdóttir) (Fl):

Virðulegi forseti. Mig langar til að fá svar við spurningu minni hvort hæstv. samgönguráðherra hyggist beita sér fyrir gjaldfrjálsri umferð um Hvalfjarðargöng líkt og flokkur hans lagði til fyrir síðustu kosningar. Í síðustu kosningum lofuðu samfylkingarmenn gjaldfrjálsum göngum, afhentu fólki frímiða í göngin og sögðu að ef þeir kæmist til valda yrði gangagjaldið afnumið. Þar á meðal stóð núverandi forseti Alþingis — ekki þó sá sem situr í stól forseta í augnablikinu — við göngin með sínu fólki og lofaði gjaldfrjálsum göngum. Einnig var þetta loforð Samfylkingarinnar í kosningabæklingum og í öllum ræðum manna þar á bæ, alla vega á Vesturlandi.

Samfylkingin talaði um Sturlaðar samgöngur með stórum staf og var þar vitnað til fyrrverandi samgönguráðherra. En samgöngurnar eru enn þá sturlaðar með litlum staf. Þar sem samgönguráðherra Samfylkingarinnar er ekki enn búinn að afnema gjaldið af göngunum samkvæmt loforðum samfylkingarmanna spyr ég: Er jafnræðisreglunnar samkvæmt stjórnarskránni gætt þó að göngin hafi verið byggð í einkaframkvæmd?

Þessi gjaldtaka var barn síns tíma en er til háborinnar skammar á tímum mikilla erfiðleika í þjóðfélaginu. Við íbúar Norðvesturlands eigum ekki að þurfa að vera 2. flokks þjóðfélagsþegnar með aukna skattlagningu á við aðra landsmenn þar sem engin önnur göng í landinu eru gjaldskyld. Stöðugt er verið að safna gögnum og rannsóknum fyrir öðrum samhliða göngum og hvað skyldi það hafa kostað? Og hvað skyldi rúmlega 300 þúsund manna þjóð hafa að gera með önnur göng þegar milljónaþjóðir munu láta sér nægja ein göng? Álagið sem stundum er við göngin er vegna þess að gjaldskýlið stoppar umferð og með afnámi gjaldtökunnar mundi umferðin ganga mun betur fyrir sig. Ég ræddi við Gylfa Þórðarson, forstjóra Spalar, í morgun og hann sagði mér að skuldir Spalar væru um það bil 4 milljarðar í dag vegna misgengis vísitölu og gengis. Gróðinn sem talinn var koma fram í fjölmiðlum á sínum tíma var vegna gengishagnaðar.

Ef farið yrði í framkvæmdir samhliða núverandi göngum undir Hvalfjörð mundi Vegagerðin sennilega standa að þeim, eða það taldi Gylfi líklegast. Ég spyr: Telur ráðherra að farið verði í slíkar framkvæmdir og ef svo er, hvers vegna? Hvað höfum við við önnur göng að gera í því ástandi sem nú er? Ég spyr líka: Væri ekki viturlegra að laga veginn á Kjalarnesinu og að göngunum?

[14:34]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Veggjald um Hvalfjarðargöng hefur lækkað heil ósköp frá því að göngin voru opnuð sumarið 1998. Umferðin var mun meiri en ráð var fyrir gert og auknar tekjur gera mögulegt að láta viðskiptavinina njóta þess með lægra gjaldi en ella. Miðað var við í upphafi að veggjaldið fylgdi vísitölu neysluverðs en reyndin er sú að það hefur lækkað, bæði í krónum talið og miðað við verðlag.

Sem dæmi um það má nefna að gjald fyrir einstaka ferð venjulegs fólksbíls í 1. flokki árið 1998 var 1.000 kr. Það ætti að vera 1.560 kr., miðað við mars 2008 — ég er með það gamlar tölur — en var, miðað við sömu vísitölu, 800 kr. Lægsta mögulega áskriftargjald fyrir venjulegan fólksbíl sem var í upphafi 600 kr. 1. júlí 2008, ætti sennilega að vera 935 kr. 1. mars 2008 og töluvert hærra nú. En nú er það 230 kr. þannig að við sjáum hvað áunnist hefur hvað þetta varðar.

Skömmu eftir síðustu kosningar hófst umræða af hálfu rekstraraðila ganganna, Spalar ehf., um að tvöfalda ætti Hvalfjarðargöng á allra næstu árum, enda væri umferðarþunginn orðinn slíkur. Vegagerðin og Spölur ehf. gerðu í því skyni með sér samkomulag árið 2007 m.a. um að hefja frumundirbúning að tvöföldun Hvalfjarðarganga. Í því sambandi þurfti að horfa til margra þátta eins og aukinnar afkastagetu, aukins umferðaröryggis, gerðar umhverfisskýrslu vegna framkvæmdanna og laga og reglna um sérleyfi og útboð. Það var því ljóst að forsendur gjaldfrjálsra ganga væru brostnar. Í mínum huga kom ekki til greina að afnema gjaldtöku á sama tíma og í umræðunni voru hugmyndir um meiri háttar framkvæmdir gerð annarra ganga við hlið þeirra sem nú eru. Sjónarmið mitt var að tvöfalda ætti göngin þegar umferðarþunginn væri orðinn slíkur að það réttlæti slíka framkvæmd.

Á síðasta ári var mun minni umferð en verið hefur undanfarin ár. Má segja að við höfum færst aftur í svipaðan umferðarþunga og var árið 2002. Gjaldfrjáls Hvalfjarðargöng mundu hafa í för með sér mikinn kostnað fyrir ríkið eða ríflega 4 milljarða kr. sem menn sáu fyrir sér að væri kannski raunhæft í kosningunum árið 2007 en það var bragur þess ágæta árs. Það var svona dálítið 2007.

Nú er öldin önnur. Gjaldfrjáls Hvalfjarðargöng voru ekki á stefnuskrá síðustu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar og eru heldur ekki á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en eitt er að yfirtaka skuldirnar, 4 milljarða og ýmsar aðrar skuldbindingar eru þarna líka. Við getum tekið dæmi af rekstrarkostnaði ganganna sem er um 100–120 millj. kr. á ári og vextir af lánum eru nú í kringum 170 millj. kr. þannig að skuldbinding ríkisins, ef af þessu yrði, væri miklu hærri en 4 milljarðar kr.

Ég vildi láta þetta koma fram, virðulegi forseti, í umræðunni en ef við getum ímyndað okkur að skuldbinding ríkisins væri kannski upp undir 6 milljarðar kr. sem væri kostnaðurinn við framkvæmdina, er það sama upphæð og við höfum núna til nýrra útboða á vegum Vegagerðarinnar á þessu ári — 6 milljarðar, ný útboð. Það er sama upphæð og samgönguáætlun var skorin niður um vegna erfiðleika í þjóðarbúskapnum við síðustu fjárlagagerð. En á móti kemur, virðulegi forseti, að á þessu ári, 2009, verður annað mesta framkvæmdasöguár í samgönguframkvæmdum á Íslandi. Við munum vera í samgönguframkvæmdum fyrir allt að 21–23 milljarða kr. á þessu ári sem er erfiðleikaár, eins og við ræðum oft um.

Því segi ég, virðulegi forseti, að þetta ber líka að hafa í huga þegar talað er um að gera Hvalfjarðargöng gjaldfrjáls, þá verður að taka það einhvers staðar frá. Mig langar í lok fyrri ræðu minnar að spyrja hv. þingmann: Hvað mundi hún vilja láta skera niður í samgönguframkvæmdum ef skuldir Spalar yrðu yfirteknar fyrir allt að 6 milljarða kr., hvar ætti að skera niður í samgönguframkvæmdum í staðinn?

[14:39]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég fagna því að rætt skuli um gjaldfrjáls Hvalfjarðargöng og þakka framsögumanni, hv. þm. Ragnheiði Ólafsdóttur, að vekja athygli á baráttu Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi fyrir gjaldfrjálsum göngum. Ég fagna því líka að hv. þingmaður skuli hafa þá óþolinmæði að ætlast til að það yrði klárað á fyrsta eina og hálfu árinu sem ríkisstjórnin sat. Hún náði ekki lengri tíma áður en bankakerfi og fjármálakerfi landsins hrundi.

Verkefnið er enn óleyst og það hefur margt breyst síðan þær kröfur komu fram sem mæla með því að gjaldfrjáls göng verði tekin upp sem fyrst en jafnframt, eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra, erfiðleikana við að fjármagna þá 4–6 milljarða sem það mundi kosta á næstu árum. Málið er einfaldlega það að þetta er mikið réttlætismál og gjaldið er á hluta þjóðvegar 1 en hvergi annars staðar. Ég held að það sé klárt mál að við þurfum að stefna að því að afnema þetta gjald og þurfum (Forseti hringir.) að finna því leið í sambandi við endurskoðun á gjaldtökum á vegum almennt, því fyrr því betra.

[14:41]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Gjaldtaka eða veggjöld koma auðvitað vel til greina og væri fráleitt að hrinda þeirri aðferð frá með öllu en eins og hér háttar til tel ég að tími sé kominn til að endurskoða þetta. Hér er veggjald sem á að standa áratugum saman á einhverri mestu þjóðleið á Íslandi og það er auðvitað fráleitt að halda því fram að menn komist í raun og veru aðra leið þó að enn þá sé hægt að fara fyrir Hvalfjörð.

Það er stundum uppi sá misskilningur að þessi göng, Hvalfjarðargöngin, séu í Norðvesturkjördæmi. Það er ekki, þau tengja saman tvö kjördæmi, þau tengja saman Vesturland og síðan Reykjavík. Þau áttu mikinn hlut að því að stækka höfuðborgarsvæðið og hafa þannig nýst ekki bara höfuðborginni heldur landinu öllu því að um þessi göng þarf líka að fara til Norðurlands. Ég tel að hæstv. samgönguráðherra eigi að taka því vinsamlegar (Forseti hringir.) þegar spurt er um þessa hluti.

[14:42]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Það er mín afdráttarlausa skoðun að sérstök gjaldtaka á þjóðvegum landsins eigi ekki að eiga sér stað. Þjóðvegirnir eru lífæð allra landsmanna og hluti af því grunnneti sem byggir upp samfélag okkar og starfsemina sem við höldum úti og öllu sem gerist. Þeir eru hluti af grunnnetum samfélagsins. Og þó að menn hafi fundið rök fyrir gjaldtöku á sínum tíma þegar Hvalfjarðargöngin voru gerð við þær aðstæður sem þá voru, eru þau ekki lengur fyrir hendi.

Hvalfjarðargöngin eru hluti af almenna þjóðvegakerfi landsins og ég tel að sá kostnaður sem fólginn er í því, hvort sem það er fjármagnskostnaður eða viðhaldskostnaður, sem er reyndar minni þar en á vegum annars staðar sem eru ofan jarðar, (Forseti hringir.) eigi að vera hluti af samfélagskostnaðinum og þarna eigi allir að sitja við sama borð. En þarna er hreinlega verið að mismuna (Forseti hringir.) fólki eftir búsetu með því að taka sérstakt gjald á þessum vegi.

[14:43]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Aðeins út af umræðu um gjaldtöku í vegakerfinu verð ég að lýsa þeirri skoðun og vera aðeins ósammála þeim hv. þingmönnum sem hafa talað hér fyrr. Ég tel að við séum á þeim stað í samgönguuppbyggingu landsins að við verðum að vera tilbúin til að skoða gjaldtöku, ekki bara í Hvalfjarðargöngum heldur líka víðar. Efnahagsástand þjóðar okkar býður einfaldlega ekki upp á það við þessar aðstæður að þetta gjald sé lagt niður. Það er mín sannfæring. Það er líka mín sannfæring að við eigum að vera opin fyrir því í framtíðinni að skoða gjaldtöku víðar, sérstaklega á stórum umferðarmannvirkjum sem verið er að gera kröfu til. Það er verið að gera kröfu til jarðganga hér og þar og við erum einfaldlega þannig stödd í efnahagslífi samfélags okkar að við höfum ekki efni á að gera allt fyrir alla. Þá er ég ekki að tala um að það eigi að eiga sér stað einhver óhófleg gjaldtaka en ég vil hins vegar vera opin fyrir því að það sé skoðað frá öllum hliðum.

[14:44]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Það kristallast mjög vel í þessu máli að stjórnarflokkarnir eru ósammála um gjaldtöku í Hvalfjarðargöngin og gjaldtöku almennt og það kristallast líka í þessari umræðu að Samfylkingin er líka ósammála innbyrðis.

En ég verð hins vegar að taka undir með hæstv. samgönguráðherra þegar hann segir í ljósi þess að fjárlagagatið er um 160 milljarðar: Hvar á að fá peningana? Það er auðvitað mjög eðlileg spurning hjá honum. Ég ætla að leggja aðeins í púkkið. Ég held að það væri mjög sniðugt t.d. að fara núna með Vaðlaheiðargöng í einkaframkvæmd, byggja þau göng, taka gjald þar og bjóða síðan jöklabréfaeigendum að verða eigendur þeirra ganga og fá þannig borguð jöklabréfin sín til baka. Þannig gætum við tekið þátt í uppbygg-

ingu innviðanna á Íslandi um leið og þeir eru öruggir um að fá peningana sína (Forseti hringir.) til baka og ríkið gæti síðan ábyrgst ákveðna ávöxtunarkröfu.

[14:46]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Það eru tvær hliðar á þessu máli eins og öllum öðrum. Í fyrsta lagi voru göngin mikið framfaraspor fyrir Vesturland. Þau tengdu það við höfuðborgarsvæðið í eitt atvinnusvæði, ferðatími styttist og ferðakostnaður lækkaði. Þannig að jafnvel þótt greitt væri gjaldið í göngin þá sparaði fólk með því að nota þessa samgöngubót. Það er ávinningurinn miðað við það sem var.

Hin hliðin er sú að þetta er frávik frá því sem er að öðru leyti, t.d. á þjóðvegi 1. Það er hvergi greitt gjald fyrir að fara um þann þjóðveg þó að þar hafi verið ráðist í mjög dýrar vegabætur. Það er ljóst af athugunum sem Vífill Karlsson hagfræðingur hefur gert að gjaldið hefur áhrif til þess að draga úr ávinningnum af göngunum á Vesturlandi og það skekkir samkeppnisstöðu Vesturlands gagnvart öðrum nágrannasvæðum höfuðborgarsvæðisins, (Forseti hringir.) t.d. Suðurnesjum og Suðurlandi.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Ragnheiður Ólafsdóttir) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég þakka samgönguráðherra fyrir svörin og ég ætla að svara honum til baka þeim spurningum sem hann beindi að mér, þ.e. hvar eigi að taka fjármunina til þess að koma á móts við eða ríkið yfirtaki.

Eigum við ekki bara að byrja á því að taka það sem nú er á áætlun, tónlistarhúsið, af? Væri það ekki nær? Og að taka utanríkisráðuneytið meira og minna í nefið og skera þar niður? Þar mætti skera ansi mikla fjármuni niður til hjálpar við vegauppbyggingu á landinu.

En ef gjaldtaka á að vera á landinu, af hverju setjum við þá ekki bara toll á alla vegi landsins? (**Samgrh.:** Viltu það?) Ég vil það ekki en það virðist vera að ráðherra vilji það.

Ég vil benda ráðherra á að til þess að fá lægsta gjald í gegnum göngin þá kostar það einstakling 23–27 þús. kr., sem hann verður að reiða fram fyrir fram. Getur ráðherra séð það fyrir sér í því árferði sem er í dag hvernig fátækir einstaklingar, einstaklingar sem eru í þrotum eiga að reiða þetta fram? Það eru ýmsar hliðar á þessum málum.

Og ef samfylkingarfólk ætlar að gefa slíkt loforð í næstu kosningabaráttu, sem nú er að hefjast, að göngin skuli verða gjaldfrjáls skuluð þið vara ykkur á því að hafa kjósendur að fíflum. Það borgar sig ekki.

[14:49]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu, bæði fyrirspyrjanda og þingmönnum. Hér er rætt um veigamikið atriði sem er gjaldtaka í Hvalfjarðargöngum, í því mikla og góða verki sem varð tíu ára á síðasta ári. Við vitum hvernig var stofnað til þess verks, það var áætlað að veggjöldin mundu borga niður lánin eins og er að gerast núna.

En, eins og ég sagði hér áðan, sitt sýnist hverjum. Ég vil taka undir það sem komið hefur fram, m.a. frá formanni samgöngunefndar Steinunni Valdísi Óskarsdóttur sem fjallaði á ákaflega faglegan hátt um þætti sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir að ræða um, þ.e. að við hugum að því hvernig við ætlum að afla fjár til vegaframkvæmda á komandi árum.

Það er nokkuð ljóst, virðulegi forseti, að bensíngjaldið, olíugjaldið og þungaskattur munu ekki og eru ekki að gefa okkur jafnmikið í tekjur til vegaframkvæmda og var áður fyrr. Þau gjöld höfðu ekki hækkað í mörg, mörg ár þegar þau hækkuðu síðast.

Umhverfisvænir bílar sem nú streyma til landsins og munu gera það á næstu árum munu ekki borga slík gjöld til ríkissjóðs. Og hvernig ætlum við þá að haga skattheimtunni? Virðulegi forseti. Ég held að langeðlilegast væri að allir stjórnmálaflokkar settu það á dagskrá hjá sér að ræða þau mál. Það má alveg segja að það sé sanngirnismál, við höfum rætt það ég og hv. þm. Guðbjartur Hannesson, á upphafsárum þessa kjörtímabils, að eigi jafnræði að gilda um þetta þá þurfi gjaldheimta að vera á fleiri stöðum.

Virðulegi forseti. Þetta er veigamikið atriði í þessari umræðu vegna þess að við verðum að skoða hvernig við ætlum að fjármagna vegaframkvæmdir næstu ára, það mikla verk sem þarf að vinna, vegna þess að þeir sérstöku tekjustofnar sem eru til munu aldrei standa undir (Forseti hringir.) öllu því mikla átaki sem við þurfum að fara í á komandi árum.

Umræðu lokið.

Ljósleiðarastrengirnir Farice og Danice.

Fsp. ÁKÓ, 314. mál. — Þskj. 544.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Ármann Kr. Ólafsson) (S):

Hæstv. forseti. Við Íslendingar höfum lagt á það ríka áherslu að byggja upp öflugt fjarskiptanet við umheiminn og var ljósleiðari Farice mjög mikilvægt framlag í þeim efnum. Það var líka merki um mikinn stórhug í upplýsingatæknimálum að ráðist var í gerð Danice-ljósleiðarans eða lagningu sem hefur margfalda burðargetu í samanburði við Farice-strenginn sem þó er öflugur. En lagning Danice-strengsins er langt á veg komin.

Öflug alþjóðleg fyrirtæki hafa beðið í röðum eftir því að fá að byggja gagnaver á Íslandi. Ástæðan liggur í þeim miklu möguleikum sem fyrrgreindir ljósleiðarar gefa á slíkri starfsemi. Fjöldi menntaðra Íslendinga á þessu sviði er mikill. Hitastig landsins gerir það líka að verkum að mjög gott er að vera með gagnaver hér vegna þess að þá er auðvelt að kæla þann búnað sem þarf til þess að reka slíkt gagnaver. Þá er vatnsmagnið hér náttúrlega einstakt í heiminum en það þarf mikið vatnsmagn til að kæla þennan búnað. Því má segja að allar aðstæður á Íslandi séu mjög ákjósanlegar fyrir slík gagnaver.

Ég vil taka það fram að ég lagði fram fyrirspurn fyrir hæstv. iðnaðarráðherra þar sem ég spurði um þann fjölda starfa sem einstaka atvinnustarfsemi gæfi af sér. Í svari

hans kemur fram, með leyfi forseta:

„Gagnaver á Suðvesturlandi sem nýtti allt að 25 MW rafafl í byrjun gæti þurft 30–60 fasta starfsmenn. Af þeim mundi helmingurinn eða allt að tveir þriðju starfsmanna þurfa að hafa háskóla- og fagskólamenntun. Reiknað er með að jafnmörg störf skapist við alls kyns þjónustustörf utan veggja gagnaversins. Um 60–120 störf mundu því tengjast þessum rekstri beint og óbeint.“

60–120 störf beint og óbeint, með einu gagnaveri upp á 25 megavött. Við sjáum af þessu að þarna eru gríðarleg tækifæri. En það er nú ekki það eina, frú forseti, heldur er tiltölulega fljótlegt að taka ákvörðun um þetta og ráðast í byggingu gagnaversins. Þetta eru störfin sem yrðu eftir þegar búið væri að byggja gagnaverið.

Hins vegar þarf 150–200 manns til að byggja eitt svona gagnaver. Það tekur um það bil eitt og hálft ár. Það væri hægt að byrja á því mjög fljótlega. Í ljósi þess að nokkur fyrirtæki vilja koma hingað spyr ég hæstv. samgönguráðherra:

Hversu mikil er flutningsgeta ljósleiðarastrengjanna Farice annars vegar (Forseti hringir.) og Danice hins vegar og hversu mikið er búið að selja af flutningsgetunni nú þegar?

[14:54]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson spyr mig um ljósleiðaratengingar Farice og Danice. Spurningin er svohljóðandi:

„Hversu mikil er flutningsgeta ljósleiðarastrengjanna Farice annars vegar og Danice hins vegar og hversu mikið er búið að selja af flutningsgetunni nú þegar?“

Uppsett flutningsgeta Farice-1 strengsins eru 100 gígabæti á sekúndu. Mesta mögulega flutningsgeta strengsins eru 720 gígabæti á sekúndu. Af uppsettri flutningsgetu Farice eru um 80% seld eða samningsbundin.

Hvað varðar Danice-strenginn sem ákveðið var í tíð síðustu ríkisstjórnar að leggja og verið er að vinna við núna, þótt vinna hafi legið aðeins niðri í vetur út af veðrum, þá miða áætlanir við að í júní á þessu ári verði sett upp 100 gígabæti á sekúndu af þeim 5.120 sem strengurinn býður upp á í flutningsgetu. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins hafa samningar náðst um sölu á um 80% þeirrar flutningsgetu sem fyrirhugað er að setja upp í júní næstkomandi.

Virðulegi forseti. Þetta er svarið við þeirri spurningu sem hv. þingmaður setur fram. En ég get heils hugar tekið undir allt sem hann talaði um, þ.e. um öflugt fjarskiptanet og allt það. Það var auðvitað ástæðan fyrir því að strax í upphafi þessa kjörtímabils í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar og eftir að ég kom í samgönguráðuneytið var unnið mjög hörðum höndum að því að koma því í gang að leggja hinn nýja streng sem hefur fengið nafnið Danice, frá Landeyjasandi til Danmerkur. Það var m.a. gert vegna þess að þau fjölmörgu netþjónabú sem voru í viðræðum við okkur á þeim tíma, sem m.a. hefur leitt til samnings við eitt þeirra, fyrirtækið Verne sem er búið að kaupa sér húseignir á Keflavíkurflugvelli og ætlar sér að byggja upp gagnaver þar, settu það sem skilyrði að við yrðum að vera með fullkomna hringtengingu, þ.e. Farice og Danice. Við gátum ekki treyst á gamla Cantat-strenginn sem var orðinn gamall og lúinn og flutti lítið.

Þetta var m.a. það sem lá á bak við lögnina á Danice. Það voru þau áform um gagnaver sem ég gat um áðan, hin grænu stóriðja sem er að koma og sem var forsenda fyrir því að við fórum út í þessa framkvæmd með Danice. Þ.e. samninginn sem gerður var við Verne. Hins vegar hefur ástand efnahagsmála í heiminum gert það að verkum að þeim áformum hefur verið seinkað örlítið. Það hefur svo sem komið ágætlega út fyrir Farice vegna þess að vegna slæmra veðra í vetur gekk erfiðlega að leggja og því seinkaði verkinu aðeins.

Virðulegi forseti. Ég hef bara gert að umtalsefni eitt gagnaverið sem þegar er í höfn. Ég get sagt að bæði hjá hæstv. iðnaðarráðherra Össurar Skarphéðinssonar og í samgönguráðuneytinu hjá okkur hefur verið mikil vinna og við höfum tekið á móti fjölmörgum aðilum sem hafa komið til fundar við okkur, kynnt áform sín og áhuga sinn á að byggja fleiri netþjónabú á Íslandi. Við höfum tekið þeim öllum vel og ég er mjög bjartsýnn á það að þegar fer að batna í efnahagslífi heimsins fari þetta aftur á fulla ferð.

Við þetta má bæta einu í viðbót sem er líka í umræðunni en það er að talað er nauðsyn á nýjum sæstreng frá Íslandi til Bandaríkjanna. Það eru ekki nema u.þ.b. tvær til þrjár vikur síðan mikill hópur fjárfesta var í samgönguráðuneytinu til að ræða um það verkefni, m.a. Þar er um að ræða hugmyndir sem falla vel að þeirri uppbyggingu sem við höfum verið með hér, þ.e. varðandi gagnaverin og að efla fjarskiptanetið bæði til Evrópu og til Bandaríkjanna og ég er mjög bjartsýnn á það, virðulegi forseti, að þegar efnahagsástandið skánar fari þetta aftur á fulla ferð.

[14:59]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjandanum hv. þm. Ármanni Kr. Ólafssyni fyrir þessa fyrirspurn. Ég tel gríðarlega mikilvægt að þessir strengir verði lagðir vegna þeirra netþjónabúa sem áhugi er fyrir að reisa á Íslandi.

Ég veit að Verne Holding hefur sýnt áhuga á að byggja netþjónabú á Keflavíkurflugvelli sem er þegar komið af stað en hefur seinkað og því mun fylgja fjöldinn allur af atvinnutækifærum. Þess vegna tel ég, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, það vera mjög mikilvægt að byggja netþjónabú um landið, og það eru nokkrir aðilar sem hafa sýnt áhuga á því (Forseti hringir.) og við það mun nýjum störfum í landinu fjölga verulega.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Ármann Kr. Ólafsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svör hans. Eins og fram kom hjá honum er flutningsgeta Farice-strengsins 720 GB á sekúndu, það er búið að setja upp 100 GB og selja 80% af þessum 100 GB. Það þýðir að verið er að slíta smáhluta af strengnum. Sama má segja um þennan Danice-streng, menn hyggja að setja upp 100 GB á sekúndu og telja sig vera búna að selja inn á það. En hann flytur, ef ég kann þetta rétt, 5.000

GB, þannig að það er varla byrjað að selja nema bara brotabrotabrot inn á þá flutningsgetu. Samt bíða fyrirtæki hér í röðum og vilja koma, hæstv. samgönguráðherra. Ég held að ég geti fullyrt að þau séu þrjú, fjögur sem væru nánast alveg klár í að koma hingað ef verðlagið sem verið er að bjóða þeim inn á þessa strengi væri ekki svona hátt. Það er mjög hátt og ég veit það að þeim er þröngur stakkur sniðinn, forráðamönnum þessara fyrirtækja, Danice og Farice. En þetta er hins vegar spurningin um pólitískan vilja.

Ég vil að aðgerðaríkisstjórnin grípi til aðgerða í þessum málum í stað þess að setja málin á ís. Það þýðir ekki bara að funda og funda og bjóða fólki í heimsókn. Það þarf að klára málin. Við erum í samkeppni við umheiminn og þess vegna þarf að leiðrétta verðið á þessu. Ástæðan fyrir því að ég segi að þetta sé spurning um pólitískan vilja er sú að eignarhaldið er þannig að Landsvirkjun, ríkið og Orkuveita Reykjavíkur hafa langmest með þetta að gera. Svo er þetta líka spurningin um hvernig innheimta opinberra gjalda fer fram. Ég fullyrði að það er ekkert mál að koma tveimur gagnaverum hér af stað á næstu vikum sem skapa 400 störf á meðan er verið að byggja þau næsta eina og hálfa árið og í framhaldinu erum við að tala um 200–300 störf miðað við þau svör sem ég hef fengið frá hæstv. iðnaðarráðherra.

Þetta skapar atvinnu og þetta skapar gjaldeyristekjur (Forseti hringir.) og nú þarf bara að ganga til verka í aðgerðaríkisstjórninni. Það væri nú gaman að sjá þau ganga til verka einu sinni.

[15:03]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Það virðist vera að tveir þingmenn hafi komið upp og borið fram þessa fyrirspurn, annar er Ármann Kr. Ólafsson í þeirri fyrri og í seinni einhver allt annar hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson. Það er rétt að margir tala um að koma til Íslands og byggja gagnaver. Það er rétt að segja við hv. þingmann að það er ekkert hér sem tefur það að gagnaver verði byggð upp á Íslandi, það er ekkert sem tefur það. Það er alheimskreppan, efnahagskreppan, sem tefur það. Nýlegar fréttir úr blöðum um Verne, fyrirtæki sem búið er að gera samning um. Ég sé það að hv. þingmaður hristir höfuðið. Ég las það í blöðum og hann hlýtur að hafa getað lesið það líka og séð það. Þannig að það er ekkert hér heima fyrir sem gerir það að verkum nema kannski efnahagshrunið.

Ég ætla nú bara af virðingu við síðustu ríkisstjórn að fara ekkert að rifja þau mál upp. Það er alveg hárrétt að eignarhaldið er eins og það er. Orkufyrirtækin koma inn í það, það var nauðsynlegt til þess að geta fjármagnað Danice-strenginn, auka hlutafé í Farice. Ég veit alveg hvaða barátta var fyrir því. Það var enginn vilji fyrir því í síðustu ríkisstjórn að leggja beinan pening fram hjá ríkissjóði inn í það heldur var sjálfsagt að peningur kæmi frá orkufyrirtækjunum inn í það enda munu þau líka hagnast vel á því að selja raforku til gagnaveranna.

Ég verð því, virðulegi forseti, að vísa seinni fyrirspurninni og seinni ræðunni frá hv. þm. Ármanni Kr. Ólafssyni til föðurhúsanna. En það er sannarlega rétt að allt það sem hér hefur verið gert, Farice, uppfærsla á Farice sem ég gat ekki um áðan, lagning á Danice, allt eru þetta liðir í því að bjóða og hafa tilbúið fyrir gagnaverin sem geta komið hvenær sem þau vilja, þau eru velkomin þess vegna í dag, en það eru aðrar ástæður sem hindra það en að ríkisstjórnin berjist gegn því. Þessi ríkisstjórn tekur fegins hendi á móti öllum (Forseti hringir.) hvað það varðar en það er efnahagsástandið í heiminum.

Umræðu lokið.

Starfsemi vistunarmatsnefnda.

Fsp. RÓ, 309. mál. — Þskj. 539.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Ragnheiður Ólafsdóttir) (Fl):

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra um starfsemi vistunarmatsnefnda. Ég ræddi þetta við félagsmálaráðherra hér fyrir stuttu og fékk mjög góð og jákvæð svör frá henni. Ég skynja það svo að ekkert samráð sé milli vistunarmats ríkis og sveitarfélaga eða þeirra svæða sem vistunarmatsnefndir eru fyrir. Einnig langar mig að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort einstaklingur sem fær synjun á vistun þar sem úrræði hafa ekki verið fullreynd, hvort hann eigi þá rétt á einhverjum öðrum úrræðum.

Vandinn er sá að það virðist vera einhver brotalöm í kerfinu þar sem aldraður einstaklingur sem er kannski líkamlega ótrúlega heilbrigður en andlega mjög skertur eða öfugt fær ekki svör, eða fjölskylda einstaklingsins, þannig að þessi brotalöm virðist vera mjög slæm. Eftir því sem öldrunarlæknir segir mér stangast allt á í kerfinu vegna reglna um ríki og sveitarfélög. Einhvers staðar þar er brotalömin. Það er mjög mikilvægt — vegna þess að þetta er orðið það stórt vandamál um allt land, og það er jafnvel enn þann dag í dag verið að flytja fólk hreppaflutningum, liggur mér við að segja, til þess að koma því inn einhvers staðar í heilbrigðisgeiranum — að þetta verði ekki látið líðast lengur.

Ég ætla ekki að vera með langa tölu um þetta en ég vonast eftir skýrum svörum frá ráðherra og þá um það sem ég tel mjög mikilvægt, hvort ekki sé tímabært að þessi öldrunarmál öll sem slík fari undir félagsmálaráðuneytið úr heilbrigðisráðuneytinu. Ég veit að krafa er um að þau fari til sveitarfélaganna, sem væri mjög gott og jákvætt að mörgu leyti, en sveitarfélögin í dag eru ekki í stakk búin til þess að taka við þessum málaflokki. Þar af leiðandi held ég að það væri mjög gott ef ríkisstjórnin gæti fundið farsæla lausn á því að setja þetta yfir í félagsmálaráðuneytið. Ég vænti skýrra svara.

[15:08]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Ólafsdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Það er brýnt að vekja máls á þessum málaflokki, hvernig honum er skipað og hvernig framkvæmd laganna er. Samkvæmt reglugerð sem sett var 1. janúar 2008 var kveðið á um að í hverju heilbrigðisumdæmi skuli starfa vistunarmatsnefnd og eru þær sjö talsins. En í 4. gr. þessarar reglugerðar um vistunarmat er kveðið á

um að landlæknir skuli hafa með höndum framkvæmd þessa mats á landsvísu. Umsjónin felur í sér leiðbeiningar til nefndanna um upplýsingaöflun og gerð vistunarmats samkvæmt skilgreiningum þess en einnig fer landlæknir með faglegt eftirlit með störfum nefndanna og hefur umsjón með rekstri, viðhaldi og þróun rafrænnar vistunarskrár. Samkvæmt þessari grein skal halda reglulega samráðs- og fræðslufundi. Voru tveir slíkir fundir haldnir á síðasta ári með öllum vistunarmatsnefndunum sjö auk fulltrúa landlæknisembættisins og ráðuneytisins. Svarið við fyrri spurningunni er þetta: Það eru starfandi sjö vistunarmatsnefndir í landinu. Á þeim hvílir ekki lögboðin skylda um samráð sín í milli. Hins vegar segir í reglugerð að landlæknisembættið skuli hafa yfirumsjón með þessu mati og reyna að fylgja því eftir að þær viti hver af annarri. Það er sem sagt ekki lögbundin skylda um samráð en landlæknisembættið hefur þetta með höndum.

Síðan er spurt um réttindin sem fólk hafi um forgang í kerfinu og þá einnig um eftirfylgni með úrræðum sem kveðið er á um í reglugerðinni og tilgreind eru í 10. gr. hennar. Þessu er til að svara að þessi reglugerð byggist á þeirri stefnumótun að styðja fólk til sjálfstæðrar búsetu á eigin heimili sem lengst. Þessi stefnumótun felur í sér að fólk hafi fengið viðeigandi greiningu, meðferð og endurhæfingu en einnig að það hafi reynt hvers konar stuðning annan sem til þess er fallinn, svo sem heimaþjónustu og heimahjúkrun, dagvistun, skammtímainnlagnir og annað það sem við getur átt. Það er verkefni vistunarmatsnefndanna að skoða hvert mál fyrir sig með hliðsjón af þessum sjónarmiðum.

Viðkomandi nefnd tekur fyrst og síðast afstöðu til þess hvort viðkomandi einstaklingur sé í varanlegri þörf fyrir hjúkrunarrými. Vistunarmatsnefnd höfuðborgarsvæðisins leggur sig fram um að benda á þá þætti sem komið gætu umsækjendum til góða ef varanleg vistun í hjúkrunarrými á ekki við. Þannig getur fólki verið vísað á að leita eftir endurhæfingu eða greiningarvinnu eða sérstökum stuðningi, svo sem dagvistun. Þá er fólki einnig bent á bæði heilsugæslu og félagsþjónustu til að fylgja slíkum hugmyndum eftir og afrit send til þeirra aðila sem voru upplýsingagjafar í viðkomandi máli.

Það er þessara aðila í samfélagsþjónustu að styðja umsækjandann til áframhaldandi búsetu heima eins lengi og unnt er. Þeir umsækjendur sem fá synjun eiga ekki formlegan rétt á forgangi að slíkri þjónustu, hver sem hún er, umfram aðra. Þetta er kjarninn í svari við spurningu hv. þingmanns. Það eru þeir aðilar sem formlega sjá um viðkomandi þjónustu sem forgangsraða eftir þeim upplýsingum sem þeim berast um bráðleika hvers máls um sig.

Svarið er að samkvæmt þeim upplýsingum sem hér eru reiddar fram af sérfræðingum heilbrigðisráðuneytisins kemur fram hverjar eru megináherslurnar. Það veiti ekki viðkomandi einstaklingi forgang að hafa gengið í gegnum þetta mat heldur er skoðað hversu brýn þörfin er fyrir hvern og einn.

[15:13]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Mig langar að taka aðeins til máls undir þessari umræðu og benda á að þær breytingar sem gerðar voru á vistunarmati, sennilega haustið 2006 eða vorið 2007, hafa verið til verulegra bóta í þjónustunni. Ég tala nú ekki um þegar reglugerð um vistunarmat tók gildi í byrjun síðasta árs sem breytti algjörlega forgangsröðun í vistun á öldrunarstofnunum í þá veru að í stað þess að öldrunarstofnanir gætu valið um tugi manna til að fara inn var fólk sett á forgangslista. Það þýddi að t.d. á Landspítalanum hafa biðlistar fyrir aldraða inn á öldrunarheimili algjörlega dottið niður, gangainnlagnir hafa algjörlega dottið niður. Þetta var því til mikilla bóta.

En mér þætti fróðlegt að heyra svar frá hæstv. heilbrigðisráðherra við spurningu hv. þingmanns í þá veru hvort hann hafi hug á að færa heilbrigðisþjónustu við aldraða á öldrunarstofnunum undir félagsmálaráðuneytið og láta þannig (Forseti hringir.) heilbrigðisþjónustu við aldraða falla undir önnur viðmið en við aðra aldurshópa.

[15:14]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Þessi fyrirspurn og efni hennar brennur á mörgum. Það hefur verið mikið til bóta að reglur um vistunarmat voru settar á. Það er sem sagt samræmt mat sem allir ganga út frá. Það hjálpar sjúkrastofnunum, sjúkrahúsum, sem þurfa að útskrifa, að þessir einstaklingar hafi ákveðinn forgang inn á hjúkrunarstofnanir. En ekki síður að í ljós komi að þeir einstaklingar sem ganga í gegnum vistunarmatið eða óska eftir því fái ekki þá þjónustu sem vistunarmatið gefur tilefni til, að komast inn á hjúkrunarheimili, þ.e. eru í þeirri stöðu að þeir þurfi meiri þjónustu. Það er ljóst að sveitarfélögin þurfa að fá öruggari og betri tekjustofna til að geta staðið (Forseti hringir.) undir þeirri þjónustu sem við erum stöðugt að vísa í. Við viljum öruggari heimaþjónustu, hvort sem það er félagsþjónusta eða hjúkrun, (Forseti hringir.) en sveitarfélögin verða þá að geta staðið undir henni.

[15:16]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að fara yfir þetta mál en ég held að við getum verið sammála um það að sú reglugerð, sem var sett 1. janúar 2008, var afskaplega mikið gæfuspor og til bóta. Hugmyndin var alveg hrein og klár, að samræma vistunarmatið á milli landshluta, þannig að menn verði að fara eftir sömu reglum og sömu viðmiðunum. Þetta ásamt því að menn náðu samningum við Grund eftir útboð á Landspítalanum, aukinn fjöldi hvíldarrýma, fyrst á Barónsstíg og núna á Hrafnistu, og sömuleiðis aukin áhersla á heimahjúkrun hefur gert það að verkum að við höfum náð afskaplega góðum árangri hvað þessa hluti varðar. Við sjáum það t.d. núna á Landspítalanum að svokallaðar gangainnlagnir eru að mestu leyti horfnar. Það fólk sem beið á spítalanum eftir þjónustu, eftir að vera í rauninni útskrifað, þarf ekki að bíða þar lengur. Ég hvet hæstv. ráðherra, ef hann hefur hug á að breyta þessum hlutum, að fara varlega í það.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Ragnheiður Ólafsdóttir) (Fl):

Virðulegi forseti. Ég þakka heilbrigðisráðherra fyrir hans svör. Miðað við þau svör sem ég fæ í þessari umræðu

ætla ég að taka það skýrt fram að vistunarmatið hefur verið til mikilla bóta. Ég er ekki að kvarta yfir vistunarmatinu sem slíku. Ég er ekki að kvarta yfir þeim úrræðum sem eru til staðar nú þegar. Ég er að tala um þá brotalöm sem er þá á milli, ef mér skilst rétt, landlæknisembættisins og heilbrigðisumdæmanna. Einstaklingar á biðlistum fá ekki svör eða þjónustu samkvæmt reglugerðinni, þeir eru ekki upplýstir um stöðu sinna mála, hvorki hvort þeir eru að detta út af biðlista eða aðstandendum gert viðvart og annað því um líkt. Með þessum allt of stóru heilbrigðisumdæmum er kannski verið að vista fólk innan sama svæðis en í hinum endanum þannig að það kemur niður á einstaklingnum, hann þekkir ekki umhverfi sitt. Nærþjónustan er þar af leiðandi ekki í lagi að mínu mati og mér finnst að viss afturför hafi orðið þrátt fyrir ýmislegt gott sem hefur komið fram.

Lögboðin skylda á milli svæða er hjá, eftir því sem ég skildi, hjá landlæknisembættinu en þá virðist bregða svo við að það á milli nefndanna og landlæknisembættisins og einstaklinganna sem hlut eiga að máli eða fjölskyldna þeirra virðist vera mikil brotalöm.

Ég talaði sjálf við öldrunarlækni sem hæstv. heilbrigðisráðherra ætti að eiga góðan og greiðan aðgang að, Ólaf Þór. Hann tjáði mér á sínum tíma að mjög mikil brotalöm væri þarna í kerfinu og þess vegna er ég að ítreka þetta. Ég er ekki að kvarta yfir allri þeirri þjónustu (Forseti hringir.) sem er veitt þegar búið er að reyna öll úrræði þá er aðeins þetta sem stendur út af borðinu.

[15:19]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi fram í þessari umræðu að þó svo einstaklingur sem þarf á hjúkrunarheimili að halda og uppfyllir kröfu um vistunarmat en það er ekki hægt að leggja hann inn, það er ekki pláss — þá verður að horfa til þess að einstaklingur sem býr til sveita, og ætti þar af leiðandi hugsanlega að vera í þjónustu sveitarfélagsins, í heimahjúkrun frá heilsugæslustöð, þarf oft að fá vistun inni á dvalarheimili (Forseti hringir.) þann tíma sem kemur af vistun af hjúkrunarheimili vegna þeirra aðstæðna (Forseti hringir.) sem einstaklingar búa við sem búa langt inn til sveita.

[15:21]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Hér varð forseta á í messunni því að í slíkum fyrirspurnum getur þingmaður aðeins tekið til máls einu sinni og gert stutta athugasemd.

[15:21]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá heilbrigðisráðuneytinu þá er reynt að stuðla að upplýsingamiðlun á milli vistunarmatsnefndanna og vísað til þess að þær hafi upplýsingar í gagnagrunni sem þær hafi aðgang að. Hins vegar eru fram komnar ábendingar sem nauðsynlegt er að taka til skoðunar. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir það og því verður vísað áfram til landlæknisembættisins sem hefur þessi mál með höndum.

Varðandi samþættingu félagslegra úrræða og heilsufarslegra tek ég undir með hv. þm. Ástu Möller að það er mikilvægt að þar séu náin og þess vegna stofnanaleg tengsl í milli. Ég held að þróunin verði sú á komandi árum að heilbrigðisþjónustan og félagsþjónusta almennt muni færast til sveitarfélagsstigsins. Það eru óskir um það frá sveitarfélögunum almennt. Spurningin er um fjárhagslega burði til að sinna slíkum verkefnum en um þetta fara fram viðræður í ráðuneytum.

Annað í þessari þróun er að aukin rækt hefur verið lögð við aðstoð við fólk á eigin heimilum. Það er stefna sem ég held að þverpólitísk samstaða sé um á þingi að beri að styrkja og ýta undir. Sú þjónusta hefur verið að batna á undanförnum árum og er það mjög vel þó að það verði ætíð þannig að svo geti farið í mörgum tilvikum, þegar fólk er orðið mjög aldrað og ósjálfbjarga, að það eigi ekki annarra kosta völ en að leita inn á hjúkrunarrými. Þetta þarf að sjálfsögðu að verða blanda hvað þetta snertir þegar úrræðin eru annars vegar.

Umræðu lokið.

Sýklalyfjanotkun.

Fsp. ÁMöl, 310. mál. — Þskj. 540.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller) (S):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. heilbrigðisráðherra snýr að því hvernig heilbrigðisyfirvöld hafi hugsað sér að bregðast við upplýsingum um að sýklalyfjanotkun hér á landi sé allt að 40% meiri en annars staðar á Norðurlöndunum. Jafnframt spyr ég hæstv. heilbrigðisráðherra um afleiðingar þessarar miklu lyfjanotkunar á heilsufar landsmanna sem er aukið sýklalyfjaónæmi.

Ég er þeirrar skoðunar að stefnumótun í heilbrigðisþjónustu eigi að taka mið af rannsóknum í heilbrigðisvísindum og ekki síst í þeim tilvikum þar sem rannsóknir benda á vankanta í skipulagsþjónustu og benda á leiðir til bætts heilbrigðis og ekki síst ef breytt vinnulag leiðir til betri nýtingar opinbers fjármagns og það á við í þessu tilviki sem mín fyrirspurn snýr að. Tilefni hennar eru skrif dr. Vilhjálms Ara Arasonar heilsugæslulæknis sem hefur með rannsóknum sínum athugað tengsl sýklalyfjanotkunar og lyfjaónæmis hér á landi og unnið ötullega að því að kynna niðurstöður sínar. Niðurstöður hans benda til þess að í allt of mörgum tilvikum sé verið að meðhöndla sýkingar með lyfjum að óþörfu þar sem vitað er að þau virka ekki. Langtímaafleiðingar af slíkri ofnotkun eru vaxandi sýklalyfjaónæmi sem þýðir að bakteríur verða ónæmar fyrir lækningaáhrifum lyfsins í sumum tilfellum til verulegs tjóns. Það mun færa okkur marga áratugi aftur í tímann ef það ástand verður útbreitt, hvort heldur hér á landi eða erlendis.

Vilhjálmur bendir á að allt að 80% af allri sýklalyfjanotkun í þjóðfélaginu séu vegna notkunar þeirra utan sjúkrahúsa og þar af er meiri hluti vegna öndunarfærasýkinga þar sem meðferð með sýklalyfjum er oftast óþörf. Sýklalyfjanotkun hér á landi er um 40% meiri en á öðrum Norðurlöndum eins og ég hef getið um hér á undan. Hún fer vaxandi sem samsvarar 16% aukningu á milli áranna

2003 og 2007. Þannig hefur t.d. sýklalyfjanotkun aukist um 35% hjá börnum undir 5 ára aldri á síðustu 10 árum. Jafnframt er sýnt fram á að mikill munur er á sýklalyfjanotkun milli landshluta. Hún er t.d. helmingi minni á Akureyri en í Reykjavík og er mjög athyglisvert að sjá það. Hún getur verið þrefalt minni í einum landshluta en í öðrum. Á sama tíma hefur verið dregið verulega úr sýklalyfjanotkun í nágrannalöndum okkar. Sýklalyfjakostnaðurinn er mikill í þjóðfélaginu og hann skipar 5. sætið í heildarkostnaði vegna lyfjamála þannig að það er töluvert tilvinnandi til að ná þessum báðum markmiðum, að bæta heilsu og minnka kostnað.

Mikil notkun sýklalyfja hefur þannig í för með sér óþarfa kostnað fyrir samfélagið og getur þar að auki valdið miklum heilsufarslegum skaða fyrir einstaklinga og samfélagið allt. Það á ekki síst við um börn en svo virðist sem mikill þrýstingur sé á að lækna jafnvel smávægilega sýkingu hjá þeim með sýklalyfjum með alvarlegum hliðarverkunum eins og ég benti á. Stjórnvöld geta beitt sér fyrir því að snúa þessari þróun við og náð árangri. Til þess hafa m.a. rannsóknir dr. Vilhjálms Ara Arasonar bent.

Ég mun í seinni ræðu minni ræða frekar hvaða aðferðum hægt er að beita en ég hlakka til að heyra svör hæstv. ráðherra.

[15:27]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Svör mín byggjast á upplýsingum sem heilbrigðisráðuneytið og sérfræðingar þar hafa reitt fram. Margt athyglisvert kom fram í máli hv. þingmanns eins og um mismikla notkun á sýklalyfjum eftir landshlutum. En það er rétt sem fram kemur í spurningunni að sýklalyfjanotkun er allt að 40% meiri hér á landi en gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Heildarsala sýklalyfja hér á landi hefur stöðugt verið í nákvæmri skoðun og vel er fylgst með sölu þessara lyfja. Á árunum 1990–2000 var um að ræða 14% minnkun í heildarsölu sýklalyfja hér á landi en hún jókst um um það bil 13% á árunum 2000–2005 og hélst óbreytt fram til ársins 2007 en á milli áranna 2007 og 2008 minnkaði hún um 5%. Hvað varðar samanburð á milli Norðurlandanna var heildarsala sýklalyfja árið 2006 um 10–40% hærri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum — þannig að 40% virðast vera í efri kantinum þarna — en á árinu 2007 var þessi munur heldur minni, eða frá 8–30% hér á landi. Þetta fer eftir því við hvert Norðurlandanna við miðum okkur. Þannig hefur sala sýklalyfja farið vaxandi á Norðurlöndunum almennt en Ísland og Svíþjóð verið undantekning, og eins og fram kom í þeim tölum sem ég vísaði til þá hefur hún heldur verið að dragast saman hér eða staðið í stað á síðustu árum.

Öllum er ljóst að notkun þessara mikilvægu lyfja leiddi til byltingar á sínum tíma þegar þau komu fram. Hins vegar lærðist mönnum fljótt að ofnotkun þeirra gat leitt af sér ónæmi sýklanna sem sáu við lyfjunum og mynduðu þol. Þetta hefur leitt af sér að margar bakteríur eru nú orðnar vel þolnar gagnvart sýklalyfjum þannig að um færri lyf er þá að velja fyrir einstaklinginn. Nú er svo komið að til eru bakteríustofnar sem engin sýklalyf duga við og má í því sambandi t.d. nefna suma stofna berklabakteríunnar. Skynsamleg notkun er því mjög nauðsynleg. Að mati sérfræðinga heilbrigðisráðuneytisins er fræðsla og þekking lykillinn að því að rétt sé staðið að málum, og tek ég hjartanlega undir það sjónarmið.

Í öðru lagi spyr hv. þm. Ásta Möller hvernig heilbrigðisyfirvöld hyggist bregðast við afleiðingum þessarar miklu sýklalyfjanotkunar. Því er til að svara að eins og áður er getið getur notkun sýklalyfja leitt til alvarlegs lyfjaónæmis en hafa ber í huga að fleira hefur áhrif á útbreiðslu slíks ónæmis en notkun sýklalyfjanna einna og sér. Þau eru engu að síður afar mikilvæg við meðferð smitsjúkdóma og skynsamleg notkun því mjög nauðsynleg. Öll fræðsla, upplýsingar og hvatning um skynsamlega notkun sýklalyfja til lækna og annarra er nauðsynleg en forðast skyldi að beita hræðsluáróðri.

Hér á landi er það hlutverk sóttvarnalæknis að fylgjast með notkun sýklalyfjaónæmis. Sýklalyfjagrunnur er nýlega kominn í gagnið og gefur hann áreiðanlegar upplýsingar um lyfjaávísanir á sýklalyf og auknar upplýsingar um heildarnotkun sýklalyfja. Einnig er fylgst með notkun sýklalyfja á stofnunum. Til ráðgjafar um þessi mál hafa heilbrigðisyfirvöld nefnd um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi en hlutverk nefndarinnar er að vakta ónæmi fyrir sýklalyfjum, m.a. sýkla í mönnum, dýrum og umhverfi, og er hún til ráðgjafar um aðgerðir til að hindra myndun ónæmis.

Fljótlega er von á skýrslu um sölu og ávísanir á sýklalyf fyrir árin 2007 og 2008 og mun nefndin fara vel yfir þær niðurstöður. En eins og fram kemur í þessum upplýsingum, sem komnar eru frá sérfræðingum heilbrigðisráðuneytisins, er vel fylgst með þessum málum og von á ítarlegri skýrslu von bráðar.

[15:32]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Eins og sýklalyf eru nauðsynleg við alvarlegum sýkingum eru þau einnig ónauðsynleg við mörgum kvillum og gera í raun ekkert annað en valda skaða hjá sumum ef ónæmi myndast gegn algengustu sýklalyfjum eins og borið hefur á. Ávísun sýklalyfja er í höndum lækna. Þeirra er ábyrgðin að ávísa lyfjunum. En við vitum líka að það er mjög mikill þrýstingur á lækna að ávísa lyfjum, sérstaklega þegar börn eiga í hlut, eyrnabólga eða öndunarvegssjúklingar. Því eru læknar oft undir pressu og eiga í erfiðleikum með að neita foreldrum.

Þeir þurfa því tíma til að geta sinnt því hlutverki og leiðbeiningum. Fleiri geta komið þar að, hjúkrunarfræðingar geta líka tekið þátt í því að leiðbeina foreldrum en eftirlitið þarf að vera gott svo ekki sé teflt á tvær hættur með eyrnabólgu, að hún þróist á verri veg. En (Forseti hringir.) tímaleysi foreldra er oft um að kenna og erfiðleikar við að fá að fara úr vinnu þannig að það er að mörgu að huga. Ábyrgðin er fyrst og fremst hjá læknum, og fræðsla hjá læknum er það sem við þurfum.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans ágætu svör. Þó hefði ég kannski kosið að hann væri ögn róttækari í þeim ráðstöfunum sem hann mundi vilja láta

stjórnvöld grípa til. Stjórnvöld hafa raunverulega yfir að ráða ýmsum tækjum í þessum efnum.

Það kom fram í rannsókn dr. Vilhjálms Ara Arasonar að með vitundarvakningu sem beinist m.a. að foreldrum barna er hægt að stýra í meira mæli óskum þeirra um hvort börn þeirra eigi að fara á sýklalyf eða ekki. Foreldrarnir eru lykilaðilar þar og það eru einmitt mjög oft óskir þeirra sem verða til þess að læknar ávísa sýklalyfjum. Það er vettvangur sem hægt er að snúa sér að.

Það er líka hægt að hafa áhrif á ávísanavenjur lækna og veita þeim upplýsingar, m.a. í gegnum lyfjagagnagrunninn sem er gott tæki og núna komið í fulla starfsemi. Hann gefur læknum ákveðnar upplýsingar um það hvernig þeir ávísa lyfjum, þar á meðal sýklalyfjum. Síðan hefur landlæknir gefið út klínískar leiðbeiningar um meðferð við miðeyrnabólgum, hann gerði það núna í desember. Það er mjög gagnlegt að hafa þær leiðbeiningar til hliðsjónar en það þarf að ganga eftir því að þeim sé fylgt. Við þurfum að höfða þarna til bæði ábyrgðar foreldra og einstaklinga og ekki síður til ábyrgðar lækna í þessum efnum. Við megum ekki gleyma því að þótt ríkið beri ákveðinn kostnað af sýklalyfjum kemur stærsti hlutinn af kostnaði úr buddu einstaklinganna.

Síðan er það atriðið sem hv. þm. Þuríður Backman benti á, það er hægt að skapa aðstæður á heilsugæslustöðvum sem leyfa ákveðið vinnulag sem gerir það að verkum að hægt er að upplýsa fólk mun betur. Þá er ég ekki síst að horfa til þess að auka samstarf lækna og hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum til þess að veita upplýsingar.

Síðast en ekki síst langar mig til að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra um afstöðu hans til lyfjakynningar til heilbrigðisstarfsmanna. Telur hann ástæðu til að takmarka þær í einhverjum mæli? Lyfjakynningar hafa (Forseti hringir.) að mati margra hvetjandi (Forseti hringir.) áhrif til aukinnar notkunar á lyfjum.

[15:36]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég held að það eigi við um lyfjakynningar eins og margt annað, spurningin snýst um vitundarvakningu kannski frekar en beina löggjöf. Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Ástu Möller og máli hv. þm. Þuríðar Backman, þetta snýst að verulegu leyti um að efla vitund samfélagsins um hvað hér er á ferðinni, bæði foreldra og lækna.

Í þessu sambandi má geta þess að það er náið samstarf á milli heilbrigðisyfirvalda á Íslandi og sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins um skynsamlega notkun sýklalyfja og baráttu við að halda sýklalyfjaónæmi í skefjum. Sú stofnun hefur ákveðið að helga þessari baráttu sérstakan dag á ári hverju og var fyrsti slíki dagurinn haldinn 17. nóvember sl. Þá stóð sóttvarnalæknir fyrir fræðsluaðgerðum, m.a. í fjölmiðlum. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur einnig látið lyfjaónæmi sig miklu varða og fylgjast heilbrigðisyfirvöld hér á landi vel með upplýsingum og ráðleggingum sem þaðan berast.

Mér sýnist vera mikil vitund um þetta mál hjá heilbrigðisyfirvöldum á Íslandi. (**ÁMöl:** Ekki nóg.) Ekki nóg, segir hv. þingmaður. Það má vel vera að svo sé. Menn hafa sett upp gagnagrunn, sýklalyfjagrunn, og það er verið að efla vitund þjóðarinnar, læknanna og foreldranna um mikilvægi þess að horfa gagnrýnið á þessi mál og það er vel.

Umræðu lokið.

[15:38]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 342. mál, frv. AtlG o.fl., þskj. 583.

Gjaldþrot einstaklinga að kröfu hins opinbera, 271. mál, svar fjmrh., þskj. 548.

Gjaldþrot fyrirtækja að kröfu hins opinbera, 270. mál, svar fjmrh., þskj. 547.

Kortlagning vega og slóða á hálendinu, 344. mál, fsp. SF, þskj. 587.

Tekjustofnar sveitarfélaga og gatnagerðargjald, 185. mál, frhnál. samgn., þskj. 586.

Rekstur skurðstofu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Fsp. BjörkG, 312. mál. — Þskj. 542.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Björk Guðjónsdóttir) (S):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. heilbrigðisráðherra lýtur að því hvaða hugmyndir hann hefur um nýtingu á nýjum skurðstofum á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sem hafa ekki haft næg verkefni til að tryggja rekstur þeirra.

Fyrrverandi heilbrigðisráðherra hugðist gera skipulagsbreytingar á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði sem fólu það m.a. í sér að hluti af þeim skurðaðgerðum sem framkvæmdar eru á St. Jósefsspítala áttu að flytjast á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Nú hefur hæstv. heilbrigðisráðherra ákveðið að hætta við breytingarnar á St. Jósefsspítala. Sú ákvörðun hefur mikil áhrif á áform Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sem bjó sig undir að umsvif mundu frekar aukast en minnka þar sem fyrirhugaðar breytingar voru hugsaðar til að efla starfsemina á nýjum fullkomnum skurðstofum og þar með efla stofnunina í heild til að taka við verkefnum frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem eitt af kragasjúkrahúsunum svokölluðu. Samningur var undirritaður á síðasta ári vegna þeirrar samvinnu og veit ég ekki betur en að það samstarf gangi mjög vel.

Nú háttar þannig til á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja að þar standa tvær nýjar og fullkomnar skurðstofur nánast ónotaðar. Nýtingin er nú þannig að önnur skurðstofan er notuð fjóra daga vikunnar en hin stendur enn ónotuð. Í þessum nýju skurðstofum liggur um það bil 150 milljarða kr. fjárfesting og þær nýttar jafnlítið og raun ber vitni. Þær hlýtur að vera hægt að nýta töluvert betur, skurðstofurnar eru einungis í 50 km fjarlægð frá höfuðborginni og samgöngur á Suðurnesjum eru mjög góðar.

Nú hefur viðsnúningur hæstv. heilbrigðisráðherra varðandi St. Jósefsspítala sett starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja enn einu sinni í uppnám. Nú standa stjórnendur

frammi fyrir því að þurfa að skera niður, m.a. með því að segja upp bakvöktum á skurðstofum sem þýðir enn frekari samdrátt í nýtingu þeirra.

Eins og hæstv. heilbrigðisráðherra veit hefur mikil óvissa einkennt starfsemi heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í mörg ár. Með skipulagsbreytingu fyrrverandi heilbrigðisráðherra var að nást ágæt niðurstaða varðandi reksturinn á skurðstofunum og hefði þessi breyting náð fram að ganga hefði niðurskurður ekki þurft að vera eins mikill þar sem stofnunin hefði getað haft tekjur vegna aukinna umsvifa á skurðstofum.

Þess vegna spyr ég hæstv. heilbrigðisráðherra: Hvaða úrræði eru í stöðunni fyrir stofnunina? Eða er kannski ætlunin að láta skurðstofurnar standa ónotaðar til framtíðar?

[15:42]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Björk Guðjónsdóttur fyrir þessa fyrirspurn sem varðar rekstur skurðstofu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Spurt er um fyrirætlanir varðandi rekstur skurðstofu þar.

Eins og Alþingi er kunnugt hafa orðið talsverðar umræður um fyrirhugaða starfsemi á skurðstofum á höfuðborgarsvæðinu almennt og hafði fyrirrennari minn í embætti, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, uppi hugmyndir um ýmsar breytingar í þeim efnum, m.a. að loka skurðstofunni á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og færa stóran hluta þeirrar starfsemi inn á skurðstofurnar á Suðurnesjum sem ekki eru að fullu nýttar eins og hér hefur komið fram.

Ég hef ákveðið að fara betur yfir allar upplýsingar sem að þessu máli snúa og hef í dag skipað nefnd sem hefur það verkefni með höndum að samhæfa starfsemi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi annars vegar og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja hins vegar. Í þessari nefnd sitja forstjórar þessara stofnana tveggja auk fulltrúa lækningasviðs og hjúkrunarsviðs. Að nefndinni eiga einnig aðild fulltrúar almannasamtaka á svæðinu, hollvinasamtaka sjúkrahússins og félags eldri borgara auk fulltrúa frá sambandi sveitarfélaga á svæðinu. Þarna er reynt að kalla saman að máli fulltrúa þeirra stofnana sem tengjast þessari samhæfingu og þá er ég að horfa til Landspítalans og sjúkrahúss Suðurnesja auk þessara almannasamtaka.

Samkvæmt erindisbréfi er þessari nefnd gert að skila frá sér áliti 16. mars nk. Ég vil taka það fram að einnig er að störfum nefnd sem er að skoða svipað og samsvarandi verkefni varðandi St. Jósefsspítala. Sú nefnd á að skila af sér 12. mars, þ.e. nokkrum dögum áður, enda var hún skipuð fyrir fáeinum dögum. Það er verið að hraða þessu starfi því að ég tek undir með hv. þingmanni að óvissan er slæm og mikilvægt að greiða úr þessum málum hið allra fyrsta. Mikilvægast af öllu er þó náttúrlega að fá lausn sem sátt er um í umhverfinu og er jafnframt hagkvæm fyrir skattborgarana.

[15:45]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Staða Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja hefur lengi verið erfið og sýnt hefur verið fram á að ekki hafi verið rétt gefið við reiknilíkön heilbrigðisstofnana. Fjárveitingar hafa ekki verið í nokkru samræmi við íbúafjölda. Í sumar lofaði hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra leiðréttingu og allir fóru glaðir af þeim fundi, en það var svikið. Fyrri ríkisstjórnir hafa vanrækt Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og stuðningur Reykjanesbæjar, meiri hluti sjálfstæðismanna, hefur því miður verið í skötulíki við stofnunina. Það má allt að því ætla að svelta hafi átt þessa heilbrigðisstofnun til einkavæðingar.

Nú heyri ég að Reykjanesbær, meiri hluti sjálfstæðismanna, hafi uppi fyrirætlanir um heilbrigðisstofnunina, þ.e. um einkavæðingu skurðstofunnar. Ég spyr hv. þm. Björk Guðjónsdóttur: Hverjar eru fyrirætlanir Reykjanesbæjar í þessum efnum? Hvað hyggjast þeir fyrir? Hvað vokir bak við þar? Hvernig stendur á þessu stuðningsleysi meiri hluta sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ við heilbrigðisstofnunina?

[15:46]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Björk Guðjónsdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Hún á rétt á sér og ég vil taka undir það sem í henni kemur fram. Vandamálin þarf leysa varðandi heilbrigðisstofnunina á Suðurnesjum. Það hafa lengi verið tiltekin vandamál en þetta er stór og myndarleg stofnun sem hefur burði og húsnæði og aðstöðu til að gera vel fyrir þá íbúa sem þarna búa og horft hefur verið til þess að stofnunin geti þjónað víðar á þessu svæði.

Ég fagna því að nefnd skuli vera sett á stofn af hæstv. heilbrigðisráðherra til að skoða þessi mál. Það kemur kannski eitthvað út úr slíku. En mig langar að skjóta inn lítilli spurningu vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi og Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja: Er fyrirhugað að einhverjar slíkar nefndir komi þar að málum líkt og nefnt var áðan þannig að fara megi yfir þá starfsemi sem þar er?

[15:47]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Björk Guðjónsdóttur fyrir fyrirspurnina og hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svörin. Ég held að mikilvægt sé að menn fari rétt með mál og tali málefnalega um þetta. Hv. þm. Atli Gíslason veit að hann hefur ekki farið rétt með með því að tala um að verið sé að svelta einhverja stofnun, hvort sem það er þessi eða einhver önnur, til einkavæðingar.

Vandinn er sá eins og hæstv. ráðherra er meðvitaður um að margar skurðstofur eru á þessu svæði. Fyrir liggur að við þurfum að spara um 7.000 millj. kr. og liggur mjög á að komast að niðurstöðu. Ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða líka þá vinnu sem farið hefur fram í ráðuneytinu á undanförnum mánuðum áður en hann kemst að niðurstöðu, því að þrátt fyrir allt verða menn líka að hafa í huga að mikil tækifæri eru í þessu. Það er ekki rétt að bæjarstjórn Reykjanesbæjar hafi verið áhugalítil. Þvert á móti hafa ýmsir aðilar verið mjög áhugasamir um að nýta þá aðstöðu þar sem atvinnuleysi er hvað mest til að koma atvinnustarfsemi af stað og eru þar mjög miklir möguleikar. Við Íslendingar verðum að nýta þá nú þegar í að veita öðrum þjóðum heilbrigðisþjónustu. Þar eru mikil sóknarfæri fyrir landsmenn og sérstaklega heilbrigðisstarfsfólk.

[15:49]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins blanda mér í þetta og ég fagna fyrirspurn hv. þm. Bjarkar Guðjónsdóttur.

Ég vil aðeins koma því að að á Sjúkrahúsinu á Akranesi er rekin mjög góð skurðstofa sem hefur nýst Norðvesturlandi mjög vel, Snæfellsnesi alveg vestur í Dali, Vestfjörðum, Norðurlandi og Húnavatnssýslu. Þar hefur farið fram mjög góð vinna. Fólk af Stór-Reykjavíkursvæðinu og Mosfellsbæ hefur komið og lagst inn á sjúkrahúsið, farið þar í liðskiptaaðgerðir, æðahnútaaðgerðir og ýmiss konar aðgerðir sem hinir færustu læknar og sérfræðingar sem starfa við Sjúkrahúsið á Akranesi framkvæma, og það er mjög ánægjulegt. Ég styð það heils hugar að skurðstofur verði nýttar sem best á Suðurnesjum því ekki veitir af að nýta þau góðu sjúkrahús sem við eigum um landið og þá sérstaklega til að létta undir með Landspítala.

[15:50]

Fyrirspyrjandi (Björk Guðjónsdóttir) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svörin. Auðvitað fagna ég því að eitthvað er að gerast í þessum málum og hann hafi skipað nefnd, sem ég held að sé mjög gott, til að fara yfir þessi mál. Ég tel það alveg nauðsynlegt og ekki gott að láta fullkomnar og nýjar skurðstofur standa lengi ónotaðar.

Ég vildi með fyrirspurn minni fyrst og fremst vekja athygli á að á Suðurnesjum eru tvær nýjar og fullkomnar skurðstofur sem standa nánast ónotaðar eins og fram hefur komið. Í því geta falist fjölmörg tækifæri ef þeir sem eru við stjórnvölinn eru opnir fyrir slíku. Tækifærin gætu t.d. verið þau að létta á skurðstofum Landspítala með einhvers konar samvinnu á milli þessara stofnana um að nýta skurðstofurnar og sjúkrahúsið fyrir aðgerðir sem þarf ekki að framkvæma á hátæknisjúkrahúsi. Ein af þeim hugmyndum sem unnið var með í tíð fyrrverandi heilbrigðisráðherra var að skurðteymi frá Landspítala störfuðu nokkra daga vikunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, nýttu þannig fullkomnar skurðstofur og léttu á skurðstofum Landspítalans. Ég vil jafnframt segja að tækifæri gætu einnig verið í einkarekstri. Ég tel að skynsamlegt væri að skoða allar leiðir í þessum efnum ef það leiðir til þess að fjölga atvinnutækifærum á svæðinu þar sem atvinnuleysi er mjög mikið.

Ég vil að lokum fullvissa hv. þm. Atla Gíslason um að stuðningur meiri hluta sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Reykjanesbæjar við starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja hefur alla tíð verið mjög mikill. Fyrirrætlanir bæjarstjórnar Reykjanesbæjar um einkarekstur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eru með þeim hætti að það þarf að gera allt þarna upp í samráði við ríkið sem rekur þessa stofnun.

[15:52]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Hvað varðar þá spurningu sem fram kom um hvort svipaður háttur verði hafður á varðandi heilbrigðisstofnanir á Selfossi og Vestmannaeyjum, eins og ég hef verið að skýra frá gagnvart St. Jósefsspítala annars vegar og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hins vegar, þá er svarið játandi. Það verður reynt að gera. Það er rétt sem fram kom hjá forvera mínum í embætti að staðreynd er að offramboð er á skurðstofurými á höfuðborgarsvæðinu og spurningin er hvernig við nýtum þetta rými á sem hagkvæmastan hátt.

Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir að í þessu felast ýmis tækifæri. Spurningin er fyrir hverja tækifærin eru. Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins við þessa umræðu, þykir mönnum rétt að horfa líka til einkareksturs. Í skýrslum forvera míns í embætti var líka að finna hugmyndir um slíkt, að gera sjúkrahúsið á Suðurnesjum að hluta til að einkareknum spítala. Menn mega fyrir mér búa til allan þann einkarekstur sem þeir vilja, alla þá einkaspítala og allan þann einkarekstur sem þeir vilja. Ef menn ætlast hins vegar til þess að ég borgi fyrir það sem skattgreiðandi þá vil ég hafa hönd í bagga. Það er það sem við erum að reyna að gera núna, það er að sjá til þess að fjármunirnir séu nýttir á sem allra hagkvæmastan hátt frá sjónarhóli skattborgarans og með hliðsjón af þörfum og óskum íbúanna á svæðinu og eftir þeirri reglu er nú unnið.

Umræðu lokið.

[15:54]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, 345. mál, frv. BBj o.fl., þskj. 588.

Meðferð einkamála, 343. mál, frv. ÁÓÁ o.fl., þskj. 585.

Fundi slitið kl. 15:55.

---

89. FUNDUR

fimmtudaginn 26. febrúar,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.

2. Kosning varamanns í landskjörstjórn í stað Eysteins Eyjólfssonar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

3. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 280. mál, þskj. 574, brtt. 591. — 3. umr.

4. Tekjustofnar sveitarfélaga og gatnagerðargjald, stjfrv., 185. mál, þskj. 228, frhnál. 586. — 3. umr.

5. Uppbygging og rekstur fráveitna, stjfrv., 187. mál, þskj. 590. — 3. umr.

6. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, frv., 317. mál, þskj. 549. — 2. umr.

7. Loftferðir, stjfrv., 196. mál, þskj. 243, nál. 581. — 2. umr.
8. Kosningar til Alþingis, frv., 328. mál, þskj. 564. — 1. umr.
9. Þingsköp Alþingis, frv., 315. mál, þskj. 545. — 1. umr.
10. Skattaívilnanir vegna rannsókna- og þróunarverkefna, þáltill., 69. mál, þskj. 69. — Fyrri umr.
11. Innköllun íslenskra aflaheimilda, þáltill., 98. mál, þskj. 105. — Fyrri umr.
12. Fjármálafyrirtæki, frv., 111. mál, þskj. 120. — 1. umr.
13. Almenn hegningarlög, frv., 127. mál, þskj. 138. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðjón A. Kristjánsson, 6. þm. Norðvest. (26.2.)

Fjarvistarleyfi:

Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
Jóhanna Sigurðardóttir forsrh., 5. þm. Reykv. n.
Ögmundur Jónasson heilbrrh., 6. þm. Suðvest.

Tilkynning um úrsögn úr þingflokki.

[10:34]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseta Alþingis hefur borist svohljóðandi bréf frá Kristni H. Gunnarssyni, 9. þm. Norðvest., dagsett 25. febrúar 2009:

„Ég tilkynni forseta Alþingis hér með að ég hef með bréfi í dag sagt mig úr þingflokki Frjálslynda flokksins.

Virðingarfyllst,
Kristinn H. Gunnarsson.“

[10:35]

Útbýting:

Seðlabanki Íslands, 280. mál, brtt. meiri hluta viðskn., þskj. 591.

Uppbygging og rekstur fráveitna, 187. mál, þskj. 590.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Icesave-nefndin.

[10:36]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Þann 5. desember 2008, í umræðu um samninga um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna á útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu, sagði hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon, með leyfi frú forseta:

„Það er alveg hárrétt hjá formanni utanríkismálanefndar að hér er farið fram á pólitískan stuðning við uppgjöfina í Icesave-deilunni.“ Síðan segir hæstv. ráðherra: „Ég vil hins vegar hér fyrir hönd okkar þingmanna Vinstri grænna lýsa því yfir að við lítum á þetta sem riftanlegan eða ógildanlegan nauðungarsamning og áskiljum okkur allan rétt í framhaldinu hvað það varðar.“

Nú hefur hæstv. ráðherra skipað samninganefnd og hún fær væntanlega það verkefni að rifta þessum samningum. Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort það sé ekki alveg á tæru að svo verði og ég vil ekki heyra 10 ára sögu um þátttöku Sjálfstæðisflokksins í þessu máli. Ég vil líta á stöðuna eins og hún er núna, þjóðin lítur á stöðuna eins og hún er núna og vill fá úrræði núna.

Hæstv. ráðherra hefur einnig skipað formann nefndarinnar pólitíkus, fyrrverandi ráðherra og á sama tíma er verið að gagnrýna að pólitíkus sé í öðru starfi. Ég hefði talið að í þessa nefnd ættu að fara mestu mannvitsbrekkur íslensku þjóðarinnar, endurskoðendur þrælvanir tölum og slíku, og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi haft það að leiðarljósi.

[10:38]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég veit ekki hvort hv. fyrirspyrjandi er að bjóða sig fram í nefndina, ég skal taka það til góðlátlegrar skoðunar ef hv. þingmaður vill leggja okkur lið í þessu ákaflega erfiða verkefni.

Staðan er einfaldlega sú að við tökum við þessu verkefni nú í febrúarmánuði eins og fráfarandi ríkisstjórn skildi við það. Hlutverk okkar er að reyna að greiða úr þeim miklu ógöngum sem þetta mál hefur leitt yfir okkur og í það hefur núna verið skipuð samninganefnd, að mínu mati mjög vel mönnuð, undir forustu sendiherra okkar í Kaupmannahöfn og með þeim fulltrúum úr ráðuneytum og seðlabanka sem hafa með þessi mál að gera á sínu sviði. Henni til aðstoðar mun síðan verða fengið lið, væntanlega bæði innlendra og erlendra sérfræðinga, til að styrkja framgöngu okkar að þessu leyti eins og nokkur kostur er.

Það hefur ekki verið samið um neitt í þessum efnum, það liggur enginn samningur fyrir. Hitt er öllum ljóst, mikilvægi þess að viðræður geti haldið áfram og mönnum eru líka ljósar væntanlegar afleiðingar þess ef það yrði ekki. Ég hygg að hv. þingmaður þekki þetta nokkuð vel og hefur væntanlega í sínum flokki heyrt röksemdir fyrri ríkisstjórnar fyrir því að staðið yrði að málum eins og þar var ákveðið að gera.

Afstaða mín til þess hefur ekki breyst að það er harkalegt og ósanngjarnt að Ísland skuli ekki eiga þess kost að fá úrskurð mála sinna fyrir gerðardómi eða dómstólum, eins og við höfum átt fram að þessu, en sú er staðan. Fyrri ríkisstjórn ákvað að reyna ekki málshöfðun í Bretlandi og féll á tíma með það mál 7. janúar sl. Þannig tökum við við málinu og ætlum að gera okkar besta til að greiða úr því. Það er öllum ljóst að það er mikið í húfi og kannski hafa sjaldan verið sett í hendurnar á nokkurri samninganefnd á vegum íslenska ríkisins (Forseti hringir.) jafnafdrifarík mál og hér er verið að gera.

[10:40]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Það vill svo skemmtilega til að ég þarf eiginlega ekki að segja neitt sjálfur því ég ætla að lesa það sem hæstv. ráðherra sagði þann 15. desember, með leyfi frú forseta:

„Það hefur alltaf slegið mig illa, burt séð frá viðhorfum

mínum til innihalds mála, þegar menn grípa til nauðhyggjuröksemda og telja sig þar með ekki þurfa frekari vitna við, þetta sé bara svona og það verði bara að gera þetta svona. Þess vegna fór maður að spyrja sig strax í októbermánuði og nóvembermánuði: Verðum við ekki að reyna að átta okkur á því hvað þetta þýðir í heild sinni?“

Það er einmitt þetta sem hæstv. ráðherra segir: Þetta er bara svona og þess vegna verður að gera þetta svona. Ég skora á hæstv. ráðherra að standa með mér í því að vernda hagsmuni þjóðarinnar í þessu máli og fela samninganefnd sinni í besta falli að rifta þessu, í versta falli að semja um að þetta sé vaxtalaust.

[10:41]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég held að það hljóti allir að eiga sér eitt markmið í þessu máli og það er að gæta hagsmuna íslenska þjóðarbúsins sem best. Ég veit að hv. þingmaður er mikill áhugamaður um það og hv. þingmaður deilir með mér og væntanlega öllum hér inni áhyggjum af því að byrðarnar af þessu ólánsmáli gætu orðið okkur mjög þungbærar og erfiðar. Hendur okkar sem tókum við völdum í landinu 1. febrúar sl. eru ákaflega bundnar af því hvernig fráfarandi ríkisstjórn skildi við þetta mál, ítem að við erum með samþykkt Alþingis til að vinna eftir, þessa sama þings sem enn situr sem samþykkti þingsályktunartillögu. Það gerðu ekki allir, það studdu hana ekki allir, sennilega ekki hv. þingmaður ef ég man rétt. Þingsályktunartillagan setti málið í farveg og meðan Alþingi hefur ekki breytt afstöðu sinni hljótum við að vinna með hliðsjón af því. Markmiðið er að sjálfsögðu að ná einhverri niðurstöðu í þetta mál, niðurstöðu sem við getum búið við og að ekki verði út úr þessu skuldbindingar eða greiðslubyrði (Forseti hringir.) sem verði okkur algerlega ofviða. Að sjálfsögðu stendur ekki til að skrifa undir eða standa að neinu slíku.

Staða námsmanna.

[10:42]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Það er brýnt og við framsóknarmenn hér á þingi höfum haldið því fram að við notum þá örfáu daga sem eftir eru fram að kosningum til að koma héðan góðum málum til að mæta því bráða ástandi sem við okkur blasir, þeim miklu vandamálum. Reyndar höfum við framsóknarmenn lagt fram tillögur í þeim efnum um hvernig við viljum að vanda fyrirtækja og heimila verði mætt sem mér heyrist að hæstv. forsætisráðherra hafi misskilið herfilega og við þurfum að ræða betur á vettvangi þingsins.

En mig langar að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvernig hún ætli sér að bregðast því að næstkomandi vor munu 40 þúsund námsmenn koma út á vinnumarkaðinn úr skólum landsins, og þá er ég að tala um háskóla og framhaldsskóla. Hefur hæstv. ráðherra hugleitt hvaða staða muni koma upp í íslensku samfélagi og íslenskum vinnumarkaði þegar 40 þúsund námsmenn munu koma út á vinnumarkaðinn í ofanálag þar sem mögulega 20 þúsund atvinnulausir eru fyrir? Til hvaða úrræða vill hæstv. ráðherra grípa? Vill hæstv. ráðherra bregðast við með þeim hætti að auka námsframboð innan háskóla og framhaldsskóla þannig að í stað þess að ungt fólk gangi um göturnar atvinnulaust geti það snúið sér að einhverjum verkefnum, haldið áfram að mennta sig? Ég tel það mjög brýnt í þessu ástandi að þessir 40 þúsund einstaklingar hafi eitthvað fyrir stafni. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvernig ríkisstjórnin ætli að beita sér í þeim efnum að koma til móts við þarfir þessa fjölmenna hóps.

[10:44]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birki J. Jónssyni þessa fyrirspurn. Þetta eru eðlilegar áhyggjur sem hann lýsir og nú síðast í gær voru fulltrúar framhaldsskóla í heimsókn hjá mér að viðra áhyggjur sínar af sumarstörfum fyrir framhaldsskólanema. Það er margt sem hangir á þeirri spýtu, til að mynda miðast framfærslugrunnur Lánasjóðs ísl. námsmanna við það að námsmenn hafi eina milljón í sjálfsaflafé sem þeir afla sér væntanlega með sumartekjum og síðan vinnu með námi. Það er því mjög margt sem hangir á þeirri spýtu ef lítið verður um vinnuframboð handa námsmönnum.

Það er farinn af stað vinnuhópur undir stjórn iðnaðarráðuneytisins sem snýst um þetta, sumarstarfamál námsmanna, hvað hægt sé að gera í þeim efnum. Framhaldsskólanemar, svo dæmi sé tekið, hafa mikið leitað til sveitarfélaga sinna um vinnu en sveitarfélög stefna flest að því að skera þar niður líka. Vinnuhópurinn er nýlega farinn af stað, var skipaður í gær, menntamálaráðuneytið skipaði sinn fulltrúa í gær og hann á að vinna hratt að því að koma fram með tillögur til lausnar. Enn fremur vil ég nefna að annar vinnuhópur er í gangi sem snýr sérstaklega að samspili lánasjóðsins og vinnumarkaðarins þar sem í sitja fulltrúar Lánasjóðs ísl. námsmanna, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Vinnumálastofnunar. Þar er verið að finna út úr þessu atvinnuástandi og hvernig hægt verði að koma til móts við námsmenn á háskólastigi. Hér er verið að horfa á allar lausnir og sá möguleiki sem hv. þingmaður nefndi, að hugsanlega yrði aukið námsframboð í sumar til að námsmenn gætu nýtt tíma sinn og unnið sér í haginn með þeim hætti er að sjálfsögðu líka til skoðunar í þessum hópi.

[10:46]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þessi svör jafnframt sem ég hvet hana til að vinna hratt að þessum málum. Það er lítill tími til stefnu og við þurfum líka í þessu samhengi að hugsa um það hvernig námsmenn eiga að geta framfleytt sjálfum sér. Námsmenn hér á landi hafa hingað til unnið mikið með námi sínu og þar af leiðandi getað staðið allsæmilega undir sinni framfærslu. Nú er ljóst að sú atvinna er ekki lengur í boði sem íslenskir námsmenn hafa getað sótt í — hvernig sér hæstv. ráðherra stöðuna næsta sumar? Eiga námsmenn að framfleyta sér á tímabundnum atvinnuleysisbótum eða ætlum við að auka námsframboðið innan háskólanna, jafnvel framhaldsskólanna, þannig að við eyðum ekki og sóum dýrmætum tíma hjá þessum 40.000 einstaklingum sem ég ræði hér um? (**Gripið fram í:** Senda þá …)

Ég tel mjög brýnt að hæstv. ráðherra haldi þinginu upplýstu um þessa stöðu því að við verðum að gera okkur grein fyrir því að þetta snertir ekki einungis þá 40.000 námsmenn sem eru að (Forseti hringir.) ljúka námi í sumar heldur fjölskyldur þeirra og þar af leiðandi alla þjóðina.

[10:48]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að vinna þarf hratt og við leggjum áherslu á að þessir hópar skili af sér sem fyrst, helst innan tveggja vikna eða svo. Eins og ég segi eru allir möguleikar undir, m.a. þeir að framboð á námi verði aukið. Þá þarf auðvitað líka að huga að stöðu lánasjóðsins sem hingað til hefur reiknað framfærslugrunn sinn út frá því að námsmenn hafi sjálfsaflafé. Þá þarf væntanlega að fara sérstaklega ofan í það mál því að eins og við vitum sem hér sitjum er staða hans ekki sterk eftir að gengið var á eigið fé hans um heilan milljarð í síðustu fjárlögum. Það er alveg ljóst að þessi úrlausnarefni eru mjög brýn og það verða engar auðveldar lausnir á þeim.

Sala Morgunblaðsins.

[10:48]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Frú forseti. Okkur hafa borist þær fréttir að það sé búið að selja *Morgunblaðið* valinkunnum hópi auðmanna, nánar tiltekið öflugum mönnum í íslenskri útgerð. Þá vakna ýmsar spurningar í sambandi við þessa sölu, t.d. hversu mikið var afskrifað af skuldum *Morgunblaðsins* og ýmsar slíkar spurningar, eins og t.d. hvernig stóð á því að þetta blað var svo lengi rekið áfram með bullandi tapi og algjörlega án nokkurs fjárhagslegs ávinnings fyrir bankann. Í þessu sambandi má glöggt sjá að þegar slíkur hópur kaupir *Morgunblaðið*, eins og þetta útgerðarfólk gerir, vakna spurningar um það, því að það eru miklar deilur í samfélaginu um kvótakerfið, þjóðinni finnst kvótakerfið ranglátt, ömurlegt og hafa skapað spillingu í þessu landi — þá vakna spurningar um það hvort þetta sé ekki til þess að vekja upp enn frekari hugsanir um meiri og meiri spillingu þegar slíkur hópur manna sem ég vil annars ekki segja neitt ljótt um eignast slíkan fjölmiðil (Gripið fram í.) og getur haldið til streitu eða komið sínum sjónarmiðum og viðhorfum fram með þessum fjölmiðli án þess að aðrir hafi aðgang að.

[10:50]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Þetta mál hefur alfarið verið í höndum viðkomandi banka og væntanlega bankaráðs þess banka eins og stærstu mál eru. Ég hef ekki komið nálægt því, það hefur ekki komið inn á mitt borð og ekki verið rætt við mig, enda er það ekki þannig sem kaupin eiga að gerast á eyrinni að eigandinn í þessu tilviki eða sá sem fer með eignarhaldið fyrir hönd þjóðarinnar sé að ráðskast með það hvernig bankinn leysir úr einstökum málum. Þá fyrst held ég að ástæða væri til að hafa áhyggjur og gera athugasemdir ef það hefði verið þannig að ég hefði eitthvað verið með puttana í því eða reynt að stýra því hvernig bankinn færi með málefni þessa fyrirtækis. Það hefur ekki verið, það er algerlega á hreinu að þetta hefur alfarið verið unnið af bankanum sjálfum (Gripið fram í.) og þangað verður þá að beina fyrirspurnum um það hvernig með þetta mál hefur verið farið. (**GMJ:** Gjafakvótaþegar.)

[10:51]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Auðvitað getur ráðherrann ekki skipt sér af hverju einstöku máli þar sem banki þarf að gera upp fyrirtæki, en það eru gríðarlega mörg viðfangsefni sem bankarnir standa frammi fyrir, eins og t.d. banki sem situr uppi með útgerð sem er með allt niður um sig, kannski vegna þess að hún keypti hlutabréf í banka sem fór á hausinn en var ekki að sinna útgerð o.s.frv. Bankinn þarf að svara því hvernig vinna eigi úr slíkum málum. Þetta mál vekur hins vegar sérstaka athygli vegna þess að talað er um fjölmiðla sem fjórða valdið í landinu. Þegar fjórða valdið — *Morgunblaðið* er hluti af því — fer svona algjörlega í hendur lítils hagsmunahóps og talsmanns ákveðins, hvað eigum við að segja, atvinnuvegar hlýtur að vakna upp sú spurning hvort þetta sé eðlilegt. Sú spurning hlýtur líka að vakna upp hvort við þyrftum ekki (Forseti hringir.) að dusta rykið af fjölmiðlalögunum og bæta þau og koma með fjölmiðlalög (Forseti hringir.) sem hægt er að sætta sig við.

[10:53]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni, bankarnir eru með mörg og afar vandasöm verkefni í sínum höndum í þeim tilvikum sem mikilvæg fyrirtæki hafa komist í þá erfiðleika að bankarnir eru í raun og veru komnir með þau í gjörgæslu eða í sínar hendur. Að sjálfsögðu skiptir miklu máli að þar sé þá faglega og vel að endurskipulagningu slíkra fyrirtækja staðið, endurfjármögnun eða sölu þeirra. Ég held að við verðum bara að treysta því og vona að svo sé gert. Það er líka mikilvægt að slík ferli séu sem gagnsæjust, veittar séu hlutlægar upplýsingar bæði um hvernig er unnið og á hvaða forsendum ákvarðanir eru teknar. Í þeim tilvikum að bankarnir leysa úr þessum málum sjálfir eru þau alfarið hjá þeim og það væri þá ekki nema horfið væri að því ráði, sem reyndar er í skoðun og undirbúningi, að einhver slík tilvik færðust yfir í hendur eignaumsýslufélags sem meðferð þeirra yrði önnur.

Um aðra þætti mála sem lúta að fjölmiðlalöggjöf eða samkeppnismálum og hættunni á hringamyndun og öðru slíku má að sjálfsögðu margt ræða og ég geri ekki lítið úr því að það er þörf á því að (Forseti hringir.) endurskoða allt það umhverfi eins og hlutirnir hafa gengið fyrir sig á Íslandi.

Stjórn bankakerfisins.

[10:54]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Allar aðgerðir ríkisstjórnarinnar virðast vera til bráðabirgða og fæstar þeirra snúa að endurreisn íslenska efnahagslífsins, því miður. Enn eru ríkisbankarnir stjórnlausir og það sem verra er, sparisjóðunum er að blæða

út fyrir framan augun á ríkisstjórninni, fyrir framan augun á hæstv. fjármálaráðherra. Ég hélt að við sem sitjum á Alþingi værum sammála því að það væri grundvallaratriði að endurreisa íslenska hagkerfið á sem stystum tíma. Ég veit ekki betur en að við séum líka öll sammála því að forsenda þess að koma bönkunum, sparisjóðunum og öðrum fjármálastofnunum fyrir vind á ný sé að við náum að reisa við íslensku heimilin, íslensku fyrirtækin.

Þann 11. febrúar, fyrir hálfum mánuði, fjallaði ég um stjórnleysi bankanna. Síðan þá hefur ekkert gerst. Þetta var í kjölfar þess að hæstv. forsætisráðherra hafði lýst yfir vantrausti út frá pólitískum forsendum á sitjandi bankaráðsformenn Kaupþings banka og Íslandsbanka sem nú heitir. Þeir eru báðir þekktir að heiðarleika, þessir menn, og mikilli þekkingu á íslensku viðskiptalífi. Þá var einnig skipt út bankaráðsformanni þriðja bankans, Landsbankans, en á öðrum forsendum þar sem hann langaði í bankastjórastólinn.

Eins og ég segi hefur síðan þá ekkert gerst að frátöldu klúðri hæstv. fjármálaráðherra (Gripið fram í.) á tilraun til skipunar bankaráðsformanns Kaupþings banka — haf þú þig rólegan, hæstv. ráðherra — (Gripið fram í.) fjármálaráðherra afsakar sig með því að hann hafi ekki ráðið í verkefnið vegna tímaskorts, réð ekki við að skipa bankaráðsformann á rúmum hálfum mánuði. Nú liggur það fyrir að bráðabirgðastjórn á að taka við stjórn Seðlabankans, það er virkilegt umhugsunarefni hvort ríkisstjórnin ræður við það verkefni, ríkisstjórn sem ekki réði við að skipa einn bankaráðsformann á rúmum hálfum mánuði en átti með réttu að skipa tvo.

Ég spyr því hæstv. fjármálaráðherra í fullri einlægni í ljósi alvarlegrar stöðu (Forseti hringir.) fjármálakerfisins og hagkerfisins í heild: Hvað ræður för hjá hæstv. ríkisstjórn þegar kemur að stjórn bankakerfisins? Snýst (Forseti hringir.) endurreisnin eingöngu um pólitískar bráðabirgðaráðningar? Er mönnum einhver alvara (Forseti hringir.) í því að ganga til raunverulegra aðgerða, hæstv. ráðherra?

[10:57]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti biður þingmenn um að gæta hófs í málflutningi.

[10:57]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er út af fyrir sig rétt ef túlka má ræðu hv. þingmanns sem sjálfsgagnrýni að það er risavaxið verkefni að greiða úr þeim viðskilnaði sem Sjálfstæðisflokkurinn skilur eftir sig. Það er hverju orði sannara. Það lýtur að mörgu í efnahagslífi okkar, fjármálakerfi og þjóðarbúskap. Það er hins vegar mikill misskilningur hjá hv. þingmanni að þessi ríkisstjórn sé eingöngu að grípa til bráðabirgðaráðstafana og það er enn meiri misskilningur ef hann heldur að þessi ríkisstjórn sé ekki að gera neitt. Þar held ég að hv. þingmaður hitti sjálfan sig og sinn eigin flokk fyrir. Ætli það sé ekki frekar þannig að lítið hafi orðið úr tímanum frá októberbyrjun og til loka janúar ef það er borið saman við þá 25 daga sem þessi ríkisstjórn hefur haft til starfa og er búin að koma miklu í verk og vinnur hörðum höndum að margvíslegu endurreisnarstarfi.

Af því að hv. þingmaður nefndi sparisjóðina get ég upplýst að ég átti fundi með tveimur stærstu sparisjóðunum í gær. Þeirra mál eru í skoðun, að sjálfsögðu. Okkur er öllum ljóst hversu mikilvægt er að reyna að verjast því að frekari áföll verði og fleiri fjármálastofnanir komist í þrot. Það er búið að grípa til ýmissa björgunaraðgerða, t.d. í samstarfi fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans, sem hafa tryggt að bankar og fjármálastofnanir eru starfandi í dag en væru það ekki ef menn hefðu ekki haft kjark til að taka stórar ákvarðanir, í sumum tilvikum milljarðaákvarðanir, til að tryggja að ekki færi á versta veg.

Það er fráleitt tal og hv. þingmanni ekki samboðið að tala um að bankarnir séu stjórnlausir, það er algjör lítilsvirðing við það góða fólk sem þar vinnur núna hörðum höndum við ákaflega erfiðar aðstæður við að reyna að gera allt í senn, koma skipulagi nýju bankanna í form, koma þar saman ársreikningum og standa í stanslausum aðgerðum til að reyna að aðstoða fyrirtæki og heimili í þeim erfiðleikum sem viðskilnaður Sjálfstæðisflokksins (Forseti hringir.) skilur eftir.

[10:59]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka fyrir svör hæstv. fjármálaráðherra. Auðvitað er ég ekki að vega að því fólki sem starfar í bönkunum. Ég er að tala um að bankarnir séu stjórnlausir að því leytinu til að hæstv. fjármálaráðherra hefur ekki tekist að skipa bankaráðsformenn. Það er það sem umræða mín gekk út á og algjör útúrsnúningur, hæstv. forseti, að segja að ég hafi sagt að fólkið í bönkunum ynni ekki vinnuna sína.

Það sem gerist alltaf hjá öllum fyrirtækjum, hvort sem það eru bankar, fyrirtæki á einkamarkaði, opinber fyrirtæki eða hvað sem er, er að þegar ekki er ljóst hver skipstjórinn er í brúnni verður ákveðin óvissa innan fyrirtækjanna og það verður alltaf erfiðara fyrir þá sem eru í fyrirtækjunum að ganga til verka. Það þarf alltaf skipstjóra um borð. (**Gripið fram í:** … Seðlabankanum.) Hv. þm. Grétar Mar Jónsson grípur alltaf fram í þegar ég kem í þennan stól, alveg ótrúlegur dónaskapur.

Það sem ég er að undirstrika er að hæstv. fjármálaráðherra hefur ekki tekist að skipa bankaráðsformenn og nú á að fara að skipa bráðabirgðastjórn yfir Seðlabankann. Hvað skyldi það taka langan tíma?

[11:00]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég bið bara hv. þingmann að hafa ekki af þessu stórar áhyggjur. Í augnablikinu, kannski einn til tvo daga, er eitt sæti laust í einu bankaráði, það er nú allur vandinn. Að sjálfsögðu eru bankaráðin starfandi og ef á þarf að halda stjórna varaformenn bankaráðanna fundum meðan svo stendur á. Það ástand mun ekki vara lengi. Ég get fullvissað hv. þingmann um það.

Það voru mér vonbrigði að þeir ágætu menn sem tóku að sér formennsku í bankaráðum Kaupþings og Glitnis skyldu óska eftir því að hætta. Mér leiddist líka hvernig Sjálfstæðisflokkurinn fór að reyna að gera út á það mál, ákaflega ómerkilega satt best að segja. Það var hvorki gott

fyrir mig né þá ágætu menn sem þar áttu í hlut. Ég hef fulla trú á að við hefðum leyst farsællega úr því máli ef við hefðum fengið frið til þess en það fengum við ekki vegna Sjálfstæðisflokksins. Sú varð þess vegna niðurstaðan í því tilviki sem allir þekkja. Hv. þingmaður þarf ekki að hafa af þessu minnstu áhyggjur, ég legg til að hann sofi bara rólega í Kópavoginum.

Sementsverksmiðjan á Akranesi.

[11:02]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Við ræddum hér fyrr í fyrirspurnatímanum um atvinnumál og nauðsyn þess að standa vörð um og tryggja sem mesta atvinnu í landinu. Mér varð í því sambandi hugsað til ágæts fyrirtækis, Sementsverksmiðjunnar á Akranesi. Starfsmenn Sementsverksmiðjunnar hafa sent þingmönnum bréf þar sem minnt er á þá góðu framleiðslu sem þar er. Þetta er vel rekið fyrirtæki og hefur starfað í líklega meira en 50 ár og framleitt sement fyrir landsmenn.

Maður veltir því fyrir sér hvort ráðherrann sé á vaktinni varðandi það að standa vörð um innlend fyrirtæki sem framleiða innlenda vöru með innlendu vinnuafli. Þess er skemmst að minnast að við misstum skipaiðnaðinn úr landi vegna þess að honum var ekki sinnt. Hann var látinn drabbast niður og í þenslu misstum við hann að stórum hluta úr landi.

Í kreppuástandi getum við líka verið í sömu hættu ef ekki er staðinn vörður. Við verðum að efla og standa vörð um allt sem íslenskt er. Vel má vera að samkeppnissjónarmið séu mikilvæg, að samkeppni við innflutt sement sé mikilvæg, en enn mikilvægara er að standa vörð um innlend störf og innlenda framleiðslu.

Ég vil spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort hann hafi leitt hugann að þessum fyrirtækjum, hvort hann hafi leitt hugann að stöðu Sementsverksmiðjunnar t.d. varðandi forgang að opinberum framkvæmdum við sölu sements. Við verðum að gera (Forseti hringir.) allt núna til að tryggja innlenda atvinnu.

[11:04]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Hv. þingmaður spurði hvort ég hefði leitt hugann að málefnum Sementsverksmiðjunnar og öðrum innlendum fyrirtækjum í samkeppnisiðnaði sem hugsanlega væri hægt að beita til þess að skapa fleiri störf hér á Íslandi. Því er til að svara að iðnaðarráðherrann hefur leitt hugann að því mörgum sinnum og hefur átt samtöl um þau efni.

Ekki vil ég lofa því að hægt sé að ganga svo frá málum að beinlínis sé hægt að tryggja einu tilteknu fyrirtæki forgang í viðskiptum. Ég get hins vegar fullvissað hv. þingmann um það að eins og sakir standa vænkast hagur samkeppnisiðnaðar vegna þess að gengisbreytingar hafa orðið til þess að styrkja stoðir þeirra fyrirtækja. Það er alveg ljóst að við munum gera það sem hægt er til að efla innlenda sementsframleiðslu. Sú framleiðsla sem hv. þingmaður vísar til hefur mjög góðan orðstír. Verksmiðjan sem um ræðir og hefur mörgum sinnum komið til tals hér á Íslandi skapar mjög mikilvæg störf og ekki mun þurfa á neinum eftirrekstri að halda til þess að reyna að ýta undir þá framleiðslu.

Iðnaðarráðherrann hefur líka leitt hugann að margvíslegum öðrum hlutum sem geta orðið til þess að ýta undir sköpun íslenskra starfa. Til að mynda veit hv. þingmaður að ég hef beitt mér fyrir því að sköpuð verði 2.000 störf á Suðurnesjum til þess að reyna að vinna bug á atvinnuleysinu. Ég á hér við Helguvík sem ég veit að hv. þingmaður og ég erum svolítið ósammála um. Sömuleiðis á ég í viðræðum við Elkem um möguleikana á því að setja upp 350 manna sólarkísilverksmiðju í næsta nágrenni við Sementsverksmiðjuna. Í kjördæmi hv. þingmanns eru líka í gangi hugmyndir og vinna við að koma af stað koltrefjaverksmiðju sem gæti skapað 70 störf á Sauðárkróki og svo mætti lengi telja. Um þetta erum við hv. þingmaður meira og minna (Forseti hringir.) sammála ef frá er talið það smáatriði sem lýtur hugsanlega að stóriðju.

[11:06]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Það er gott og blessað að huga að nýjum fyrirtækjum og nýjum iðnaði. En menn mega ekki horfa fram hjá því sem fyrir er og standa vörð um það, þess vegna vek ég sérstaka athygli á þessu.

Við höfum hér áður, þingmenn Vinstri grænna, vakið athygli á útflutningi á ósunnum gámafiski sem jafnvel gæti skapað nokkur hundruð eða þúsund störf ef hann væri unninn hér á landi, ef honum væri landað hér. Sama gildir um það sem ég var hér að nefna.

Ég legg áherslu á að við verðum að huga að þeim atvinnugreinum, þeim fyrirtækjum, þeim iðnaði, þeim störfum sem eru nú þegar fyrir í landinu. Það getur kreppt að þeim. Það getur kreppt að í byggingariðnaðinum og gerir það. Þá getur fólk líka hugað að því hvað sú kreppa getur haft í för með sér.

Okkur ber ekki aðeins að horfa til nýrra stórra verkefna, sem sum eru (Forseti hringir.) kannski ekki raunsæ, heldur ber okkur líka að standa vörð um þau störf sem fyrir eru og skipta miklu máli. Hundruð og þúsund (Forseti hringir.) störf eru líka í húfi þar, frú forseti. (Gripið fram í.)

[11:08]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Hv. þingmaður gengur héðan úr stólnum formælandi hinum góða EES-samningi sem ég er sammála hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur um að skapaði mjög sterk tækifæri fyrir Íslendinga sem Íslendingar nýttu.

Hitt er hárrétt hjá hv. þingmanni að okkur ber sem stjórnvaldi að gera allt sem hægt er til að ýta undir innlenda framleiðslu og svo sannarlega mun ekki standa á mér að gera það sem hægt er til þess að draga úr því að Íslendingar noti innfluttan varning og noti í staðinn innlenda framleiðslu.

Ég held að þeir möguleikar sem fram undan eru á næstu missirum til þess að skapa störf innan lands felist einmitt í vexti íslenskra fyrirtækja, stórfyrirtækja eins og Sementsverksmiðjunnar og líka stórra íslenskra alþjóðlegra fyrirtækja eins og Marels og Össurar. Innri vöxtur þeirra á að geta orðið allur hér á Íslandi ef hægt er að skapa stöðug-

leika og stefnu inn í framtíðina. Hvað vilja þessi fyrirtæki? Jú, þau vilja stöðugt gengi, þau vilja nýjan gjaldmiðil, þau vilja stefna á Evrópusambandið, og ég vil stefna þangað (Forseti hringir.) með þeim. Ég held að það sé það sem skiptir verulega miklu máli fyrir sköpun starfa í þeim fyrirtækjum sem fyrir eru.

[11:09]

Útbýting:

Seðlabanki Íslands, 280. mál, brtt. minni hluta viðskn., þskj. 592.

Skoðun á Icesave-ábyrgðum, 292. mál, svar utanrrh., þskj. 584.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:11]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 592. — Afbrigði samþ. með 46:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JBjarn, JM, KVM, KJak, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, MÁ, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS.

nei: ÞSveinb.

1 þm. (AtlG) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, ÁMM, BjarnB, BBj, EMS, EyH, GHH, GÞÞ, JóhS, JónG, KaJúl, KolH, MS, ÓN, ÖJ) fjarstaddir.

Kosning varamanns í landskjörstjórn í stað Eysteins Eyjólfssonar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Sigurjón Sveinsson laganemi.

Seðlabanki Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 280. mál (skipulag yfirstjórnar og peningastefnunefnd). — Þskj. 574, brtt. 591 og 592.

[11:13]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Þá er komið til 3. umr. í þinginu frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Þetta mál hefur verið í þrjár vikur í þinginu. Því var dreift 4. febrúar sl., mælt var fyrir því 6. sama mánaðar og þann 9. hóf viðskiptanefnd umfjöllun um málið, hélt eina níu fundi og gerði á frumvarpinu nokkrar breytingar sem voru kynntar og allar samþykktar við 2. umr. Í rauninni er um að ræða tiltölulega einfalt mál. Það er skýrt afmarkað og í rauninni tvíþætt. Í fyrsta lagi er verið að formgera lagaramma í kringum peningastefnunefnd bankans og tryggja að í störfum hennar ríki gegnsæi og að henni komi tveir utanaðkomandi aðilar.

Í öðru lagi er verið að leggja af hina fjölskipuðu bankastjórn Seðlabankans, þriggja manna bankastjórn, og setja einn seðlabankastjóra í stað hinna þriggja. Meginefnisbreytingin sem nefndin gerði, og Alþingi samþykkti við 2. umr., var að einnig skyldi skipa aðstoðarseðlabankastjóra.

Ég ætla ekki að fara ítarlega yfir þær breytingar sem voru gerðar við 2. umr. en þær lutu í rauninni að því að styrkja meginstefnu frumvarpsins, sem ég hef hér lýst, sem var til þess fallið að auka enn á gegnsæi og upplýsingaskyldu, m.a. með því að peningastefnunefnd skuli birta fundargerðir sínar og hún skyldi taka tillit til fjármálastöðugleika í störfum sínum. Það voru afmarkaðar hæfiskröfur í þessu máli, sett á ákvæði um að matsnefnd skyldi skipa áður en skipað yrði í stöðuna og loks voru sett inn í frumvarpið ákvæði um svokallaða veltiskipan sem þýðir að ekki falla allir út úr stjórnum og nefndum á sama tíma.

Ég vil þakka fyrir þær góðu viðtökur og þá víðtæku samstöðu sem ríkti um afgreiðslu þessa máls við 2. umr. á föstudaginn þegar frumvarpið var samþykkt til 3. umr. með 50 samhljóða atkvæðum. Reyndar kom upp ágreiningur við Sjálfstæðisflokkinn sem flutti tvær tillögur sem ekki hlutu brautargengi við 2. umr., annars vegar hvað varðaði menntunarkröfurnar og hins vegar um það hver skyldi skipa í fyrsta sinn annan utanaðkomandi manninn sem sæti á að taka í peningastefnunefnd bankans. Þessar tillögur sjálfstæðismanna voru felldar og eins sátu þeir hjá við ákvæði til bráðabirgða, eitt af tveimur eða þremur.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir þann góða stuðning og þá miklu samstöðu sem hefur ríkt í þessu máli. Málinu var að beiðni Sjálfstæðisflokksins vísað aftur til nefndar á milli 2. og 3. umr. Nefndin hittist og hélt tvo fundi. Fyrst hittist nefndin á mánudaginn og á þann fund komu Jón Sigurgeirsson frá Seðlabanka Íslands og Stefan Loesch frá JP Morgan í Lundúnum. Á þeim fundi var upplýst og rætt um að væntanleg væri skýrsla sem unnin væri á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og í henni mundi vera að finna tillögur um hert eftirlit með fjármálamörkuðum. Á fundinum kom fram að í skýrslunni væru ef til vill atriði sem eðlilegt væri að taka til skoðunar vegna reglusetningar um eftirlit með fjármálamörkuðum hér á landi. Það varð niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að bíða þess að skýrslan kæmi út og væri gerð opinber, sem var í gær.

Á öðrum fundi viðskiptanefndar á milli umræðna var þessari skýrslu dreift. Í hádeginu í gær var haldinn stuttur fundur. Á þann fund komu Ágúst Geir Ágústsson, frá forsætisráðuneyti, og Áslaug Árnadóttir, frá viðskiptaráðuneyti. Þau tvö ásamt Stefáni Hauki Jóhannessyni, sendiherra Íslands í Brussel, og Martin Eyjólfssyni, sem er sviðsstjóri viðskiptasviðs utanríkisráðuneytisins, höfðu farið yfir skýrsluna sem er nokkuð efnismikil. Hún er einar 84 síður með viðaukum. Þessir embættismenn höfðu farið yfir skýrsluna og lögðu fram minnisblað, hálft þriðja blað, um helstu atriði hennar. Þessi skýrsla fjallar um orsakir fjármálakreppunnar, um úrbætur sem nauðsynlegar eru, að mati nefndarinnar, á regluverki á fjármálamarkaði í Evrópu,

um breytingar á eftirliti með fjármálamarkaði og um breytingar sem að mati nefndarinnar þarf að gera á alþjóðavísu.

Í skýrslunni eru settar fram 30 tillögur til úrbóta sem eflaust munu í fyllingu tímans rata inn í löggjöf Evrópusambandsins. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja er stefnt að því að það muni verða á árinu 2013. Löggjafarferli Evrópusambandsins tekur venjulega sinn tíma og er ljóst að þessi tími fram til 2013 er óvenjustuttur miðað við Evrópusambandið. Ég vil þakka þeim embættismönnum sem tóku saman þetta yfirlit yfir þessa skýrslu. Ég ætla að hlaupa aðeins á helstu niðurstöðum þeirra.

Skýrslan skiptist í fjóra kafla. Í I. kafla er fjallað um orsakir fjármálakreppunnar, eins og ég nefndi áðan, í II. kafla um úrbætur á regluverki á fjármálamarkaði, í III. kafla um breytingar á eftirliti á fjármálamarkaði og loks er í IV. kafla fjallað um breytingar sem gera þarf á alþjóðavettvangi. Helstu tillögur skýrsluhöfunda — og nú vitna ég, með leyfi forseta, í minnisblað það sem lagt var fram á fundi nefndarinnar í hádeginu í gær — lúta að því að mótaðar verði nýjar reglur sem miði að því að draga úr áhættu, bæta áhættumat og kerfislegar leiðir til að bregðast við áföllum, draga úr sveiflum og bæta gegnsæi. Þá er lagt til að eftirlit með fjármálamarkaði verði samræmt og bætt og gert er ráð fyrir meiri samvinnu eftirlitsaðila með öllum greinum fjármálaþjónustu innan Evrópusambandsins. Loks er lögð áhersla á að minnka verði sveigjanleika einstakra aðildarlanda við innleiðingu reglna á fjármálamarkaði til að tryggja samkeppni á innri markaðnum.

Síðan er farið yfir þessar tillögur, sem eins og ég sagði áðan eru í 30 liðum í skýrslunni, og í lok minnisblaðsins segir að ljóst sé að í skýrslunni séu mörg atriði sem skoða þurfi betur út frá íslenskum hagsmunum og hvernig einstakar tillögur og hugmyndir sem settar eru fram geta varðað Ísland og EES-samninginn. Lykilatriði á næstu vikum og missirum er að hve miklu leyti framkvæmdastjórn ESB kýs að gera tillögur nefndarinnar að sínum og hversu mikinn stuðning þær fá meðal aðildarríkjanna og í Evrópuþinginu í frekari úrvinnslu og í því löggjafarferli sem fram undan er. Hér er rétt að taka fram að þýsk stórfyrirtæki hafa nú þegar tjáð sig um tillögur nefndarinnar um eina yfirþjóðlega evrópska eftirlitsstofnun og eru lítt hrifin af því. En tilgangur skýrsluhöfunda er alveg ljós. Þeir telja að það megi engan tíma missa og þó að þessi skýrsla dugi væntanlega skammt til að leysa þann brýna kerfislega vanda sem nú steðjar að þá er öll áhersla nefndarinnar á það að sömu mistökin endurtaki sig ekki og að settar verði nýjar reglur á grundvelli fenginnar reynslu. Það er niðurstaða höfunda minnisblaðsins, sem eru sendiherra Íslands í Brussel og embættismenn í þremur ráðuneytum, með leyfi forseta:

„Skýrslan snýr ekki með beinum hætti að því frumvarpi um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands sem nú eru til umfjöllunar í viðskiptanefnd og verður ekki séð að hún eigi að hafa áhrif á afgreiðslu þess.“

Ég er nokkuð sammála þessari niðurstöðu, frú forseti. Ég vek þó athygli á því að í skýrslunni er að finna mikilvæga staðfestingu á því að regluverk Evrópusambandsins, hvað varðar innlánatryggingarnar, brást gersamlega í hruninu og það er tekið sérstaklega fram. Íslands er getið, „íslenska tilfellið“ er nefnt í skýrslunni, á einum þremur stöðum. Í 121. efnislið á bls. 34 í skýrslunni segir að hrunið hafi sýnt að í núverandi skipan innlánstryggingarkerfisins hafi verið afdrifaríkur veikleiki, eins og hér segir: „a major weakness“. Þetta er staðfesting á því sem við höfum áður fjallað um og varðar ábyrgðirnar á Icesave-reikningunum. Þess vegna er ljóst að það er margt í þessari skýrslu sem á eftir að koma til frekari umræðu í þinginu. Ég tel að það hafi verið mjög gott og mjög mikilvægt að fá þessa skýrslu svona glóðvolga inn í kastljós umræðunnar. Það er ekki alltaf sem Alþingi Íslendinga, þingmenn eða ráðuneytin eru með puttann á púlsinum um leið og hlutirnir gerast úti í Evrópu. Oft finnst okkur þingmönnum a.m.k. að við sitjum hér þangað til búið er að innleiða eitthvert regluverk í Evrópu, sem í þessu tilfelli verður kannski 2013 og verður síðan sent hingað inn til okkar.

Ég tel að þessi skýrsla muni nýtast mjög vel í framhaldinu við endurskipulagningu fjármálakerfisins og bankakerfisins hér. Okkur veitir svo sannarlega ekki af því að fylgjast með því sem er að gerast þar ytra.

Eftir að nefndarmenn höfðu haft gærdaginn til að kynna sér og fara yfir þessa skýrslu og minnisblaðið — og þeir embættismenn sem ég nefndi voru reiðubúnir til að aðstoða við frekari efnisöflun eða upplýsingar ef menn þyrftu á að halda — var haldinn annar fundur í hv. viðskiptanefnd eftir þingflokksfundi í gær. Telst mér svo til að það hafi verið níundi fundurinn sem nefndin fjallaði um málið.

Á þeim fundi var lögð fram af hálfu meiri hlutans breytingartillaga sem ég mun gera grein fyrir og hana er að finna á þskj. 591. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 8. málsl. 2. efnismgr. 4. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ef peningastefnunefnd metur það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógna fjármálakerfinu skal hún opinberlega gefa út viðvaranir þegar tilefni er til.“

Hér er um það að ræða, frú forseti, að árétta það hlutverk peningastefnunefndar sem ég lýsti áðan, sem er að fylgjast með og taka ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans, svo sem eins og vaxtaákvarðana. Nefndinni ber að taka slíkar ákvarðanir og grundvalla þær á markmiðum bankans og á vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum og fjármálastöðugleika. Ég hef einnig nefnt það hér að nefndinni er ætlað að birta opinberlega niðurstöður sínar og gera grein fyrir þeim rökum sem að baki standa. Enn fremur er nefndinni ætlað að birta fundargerðir sínar opinberlega innan tiltekins tíma þannig að þessi tillaga, sem bætist inn á eftir setningunni „opinberlega skal birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“, er algerlega í samræmi við þann tón sem er að finna í þessari Evrópuskýrslu, og var höfð til hliðsjónar m.a. þegar þetta ákvæði var skrifað og sett inn.

Ég vil líka minnast á að það kom fram hjá öllum gestum nefndarinnar, og í mörgum þeim fjölmörgu álitum sem við fengum, að einhvern veginn hefðum við Íslendingar flotið algerlega sofandi að þeim feigðarósi sem bankahrunið var. Ýmist segja menn að engar viðvörunarbjöllur hafi hringt eða að ekki hafi verið á þær hlustað.

Í Evrópuskýrslunni er sérstaklega fjallað um viðvörunarkerfi, að setja upp ákveðið viðvörunarkerfi til þess einmitt að bjöllum verði hringt og á þær verði hlustað. Því

er það að við teljum nauðsynlegt að taka þessa þekkingu inn til að styrkja enn frekar það grundvallarmarkmið frumvarpsins að peningastefnunefnd, á grunni vandaðrar athugunar á stöðu í efnahags- og peningamálum og fjármálastöðugleika, gefi út opinberlega viðvaranir meti hún það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógni fjármálakerfinu.

Ég vil taka skýrt fram að við erum hér ekki að tala um að vara eigi við einhverju þegar komið er fram á bjargbrúnina í hruni, heldur einmitt að ef einhverjir þeir áhættuþættir eða einstök hættumerki séu til staðar þá beri nefndinni að gera viðvart um það. Ég vil líka vekja athygli á því að það mun vera hægt á þeim tveimur árlegum fundum sem nefndinni er ætlað að eiga með þremur nefndum þingsins að gera ráð fyrir því að þar og í kjölfarið á slíkum fundum væri leitað eftir því hvort einhver hættumerki steðji að og hvort ástæða sé til að gefa út sérstakar viðvaranir þar um.

Herra forseti. Ég hef reynt að hlaupa yfir vinnu nefndarinnar núna á milli umræðna. Ég vil þakka nefndarmönnum gott samstarf. Ég vil sérstaklega geta þess að sú ríka áhersla sem lögð var á það, einkum af hálfu Höskuldar Þórhallssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, að þessi skýrsla yrði könnuð og hún fengi formlega meðferð í viðskiptanefnd þegar hún kæmi út — ég tel að það hafi verið mjög mikilvægt skref og ég tel að það muni nýtast okkur mjög vel, ekki bara hvað varðar uppbyggingu í bankakerfinu og í eftirlitsstofnunum heldur, eins og ég nefndi áðan, jafnvel strax gagnvart Icesave-málinu. Það skiptir máli, eins og ég sagði áðan, að vera með puttann á púlsinum og ég er ekki viss um að þessi skýrsla hefði ratað jafnfljótt inn í þingið og á borð þingmanna ef ekki hefði verið fyrir það að meiri hluti nefndarinnar ákvað að bíða þar til hún væri komin út. Ég vil þakka fyrir það.

Frú forseti. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins í viðskiptanefnd, hv. þingmenn Birgir Ármannsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Árni Mathiesen og Jón Magnússon, hafa kynnt breytingartillögu sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna skal forsætisráðherra er hann skipar seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra í fyrsta sinn eftir gildistöku laga þessara leita staðfestingar Alþingis á skipan þeirra.“

Ég verð að segja, frú forseti, að ég tel þessa tillögu afskaplega ómálefnalega. Í meðförum nefndarinnar er búið að búa til mjög vandað regluverk um það hvernig skipa skuli í þessar stöður. Við vitum alveg hvernig hefur verið skipað í þær hingað til. Forsætisráðherra hefur skipað í þær einhendis og landlæg spilling og vantrú á skipan í embættismannakerfinu íslenska hefur orðið til þess að í því frumvarpi sem hér liggur fyrir þinginu er gerð tillaga um allt annað verklag. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um að auglýsa, það er gert skylt að auglýsa eftir þessum háttsettu embættismönnum, sem eru seðlabankastjóri og aðstoðarbankastjóri.

Í öðru lagi er áskilið að viðkomandi skuli hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og hann skuli búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu af fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Enn fremur hafa verið sett inn í frumvarpið ákvæði sem fjalla um hæfi þeirra manna sem gegna þessari stöðu og miðað við að þeir verði skilgreindir sem fruminnherjar.

Í þriðja lagi, frú forseti, liggur fyrir, og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á föstudaginn var, að forsætisráðherra skuli skipa sérstaka nefnd sem hafi það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda um stöðu seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra. Sú tillaga miðar að því að styrkja enn frekar faglegan grundvöll við skipan í þessi embætti. Gert er ráð fyrir því að bankaráð Seðlabankans skipi einn fulltrúa í nefndina, einn verði skipaður af samstarfsnefnd háskólastigsins, en í þeirri nefnd eiga sæti rektorar háskólanna, sem hafa fengið staðfestingu eða viðurkenningu menntamálaráðuneytis, og loks skipi forsætisráðherra einn. Hér er, frú forseti, búið að búa til afskaplega vandað regluverk sem á að tryggja að aflagt verði það kerfi sem hingað til hefur gilt að skipa seðlabankastjóra einhendis án auglýsingar, pólitískt, án þess að nokkrar tilteknar hæfis- eða hæfniskröfur liggi því til grundvallar.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpið, með þeirri breytingu sem við í meiri hluta hv. viðskiptanefndar leggjum til, verði samþykkt svo breytt. Ég tel að það muni auka trúverðugleika efnahagsstefnunnar núna á þessum umbrotatímum. Ég tel að það leggi grunn að nýjum, betri og öflugri seðlabanka sem getur notið trausts og trúnaðar innan lands sem utan. Ég tel nauðsynlegt að það takist núna.

[11:35]

Frsm. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S):

Hæstv. forseti. Við fjöllum nú um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands við 3. umr. Í upphafi máls míns vil ég víkja örlítið að því að hlutverk þeirra umræðna sem fara fram í þinginu og þeirra nefndastarfa sem eiga sér stað á milli umræðna hlýtur að vera að reyna að upplýsa mál eins vel og hægt er, reyna að vinna mál þannig að þingið komist að sem skynsamlegastri niðurstöðu. Mjög oft gerist þetta með þeim hætti að verulegar breytingar verða á þeim frumvörpum sem hingað koma og oftast nær til bóta, skulum við vona, en stöku sinnum kemur það fyrir að inn í frumvörp slæðast villur eða mistök á síðustu stigum og er það hlutur sem þingmenn og þingnefndir hljóta að reyna að varast.

Við erum í þeirri stöðu frá því að mál koma inn í þingið og þangað til að þeim er lokið með síðustu atkvæðagreiðslu eftir 3. umr. að reyna að bæta málin, reyna að tryggja vandaða umfjöllun um þau og komast að sem faglegastri og málefnalegastri niðurstöðu.

Þetta nefni ég vegna þess að auðvitað er svolítið önnur staða uppi í dag en var við lok 2. umr. (Gripið fram í.) Hún er sú að bæði hafa komið fram ný gögn í málinu og eins hafa komið fram breytingartillögur og er tilefni til þess að ræða þær sérstaklega. Ég vil samt áður en ég fer út í að ræða þessi einstöku atriði sem hljóta að koma til sérstakrar skoðunar við 3. umr. víkja í örstuttu máli að málsmeðferð í þessu máli og vil til að byrja með, án þess að eyða í það mörgum orðum, ítreka það sjónarmið sem kom fram við 1. umr. af hálfu okkar sjálfstæðismanna að frumvarpið sem hæstv. forsætisráðherra lagði fram var fullkomin hrákasmíð, unnin í fljótræði og ekki á vetur setjandi, hvorki hvað varðar undirbúning né efni.

Viðskiptanefnd tók málið eftir 1. umr. og vann að mörgu leyti vel í málinu. Ég þakka hv. formanni nefndarinnar, Álfheiði Ingadóttur, fyrir margt gott sem gerðist í því

starfi. Það var auðvitað um það að ræða að mjög stuttir frestir voru gefnir fyrir umsagnaraðila, tveir sólarhringar og síðan var aðeins framlengt í tilviki þeirra sem eftir því óskuðu, en tímafrestirnir voru samt skammir og náttúrlega mikið frávik frá því sem venja er í þinginu. Hins vegar er líka gagnrýnisvert að meiri hluti nefndarinnar skyldi á þeim tíma hafna þeirri ósk sem kom fram hjá okkur sjálfstæðismönnum um að leitað yrði umsagnar Evrópska seðlabankans um frumvarpið því að nefndinni höfðu borist skilaboð frá bankanum um að hann væri reiðubúinn að veita umsögn. Við töldum að það væri verulega mikill ávinningur af því að heyra þessi sjónarmið, en ekki var á það hlustað á því stigi málsins. Við teljum að það sé galli.

Að öðru leyti vil ég segja að fjölmargar athugasemdir komu fram af hálfu umsagnaraðila og þeirra gesta sem komu á fundi nefndarinnar. Þetta voru athugasemdir sem lutu að flestum efnisatriðum upphaflega frumvarpsins og það verður að segja viðskiptanefnd til hróss, og það á við um alla sem þar sitja, að nefndin tók mið af mjög mörgum þessara ábendinga og stóð saman að breytingartillögum sem urðu til þess að gera frumvarpið mun betra. Ég tel þann þátt málsins og málsmeðferðarinnar hafa verið afar góðan og til fyrirmyndar.

Málið var áfram rætt við 2. umr. og þar sem við sjálfstæðismenn töldum það ekki fullrætt og það væru fleiri fletir sem þyrfti að skoða á því, óskuðum við eftir að það gengi til nefndar milli 2. og 3. umr. eins og orðið er algengt, sérstaklega eftir breytingu á þingsköpum í fyrravetur. Þar komu m.a. inn upplýsingar, eins og hv. formaður nefndarinnar gerði grein fyrir áðan, um þá skýrslu sérfræðinganefndar Evrópusambandsins sem hún vísaði til og fjallaði ágætlega um. Það var ósk okkar og reyndar annars fulltrúa Framsóknarflokksins líka að beðið yrði eftir niðurstöðum þeirrar skýrslu áður en haldið yrði áfram með málið.

Eins og formaður gerði grein fyrir var skýrslan lögð fyrir í hádeginu í gær, þá var hún kynnt opinberlega og nefndin fékk hana í hendur á sama tíma og hún var kynnt opinberlega suður í Evrópu. Allt er það gott. Á hinn bóginn gagnrýndum við það að nefndarmönnum skyldi einungis gefast hálfur dagur til að kynna sér efni þessarar skýrslu vegna þess að hún er viðamikil og með mörgum efnisatriðum. Það var augljóst að sá tími sem formaður gerði tillögu um, milli kl. hálfeitt og sex, mundi ekki duga til að kynna sér efni skýrslunnar, sérstaklega í ljósi þess að þingstörf voru hér á fullu, bæði þingfundir, þingflokksfundir og aðrir fundir sem þingmenn þurfa að sitja. Við mótmæltum því að funda skyldi jafnfljótt um málið aftur og raun bar vitni og gerðum við það ítrekaðar athugasemdir. Á þær var ekki hlustað.

Þegar við mættum til fundar í gærkvöldi, kl. sex, töldum við að þá gæfist kostur á því að fara yfir og ræða efni skýrslunnar sem hafði verið lögð fyrir í hádeginu. Það var auðvitað misjafnt hvort nefndarmenn höfðu haft tök á að kynna sér efni hennar en menn voru aðeins komnir af stað. Í stað þess að fara í umræður um efni þessarar skýrslu sem beðið hafði verið eftir, og er merkileg skýrsla eins og hv. formaður nefndarinnar gat um, var af hálfu fulltrúa Framsóknarflokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna skellt á borðið þegar í upphafi fundar breytingartillögu við frumvarpið sem sögð var byggja á einhverjum atriðum úr skýrslunni, sem reyndar voru mjög ótilgreind, og eftir það var ekki gefinn kostur á annarri umræðu en í rauninni ítrekuðum mótmælum af hálfu okkar sjálfstæðismanna við því að málsmeðferð væri með þessum hætti.

Þetta atriði vorum við afar ósáttir við og þess vegna verð ég að segja að málsmeðferðin í þessu máli byrjaði afar illa, byrjaði í klúðri af hálfu hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar og að mínu mati endaði hún í klúðri af hálfu viðskiptanefndar þó að hún stæði sig vel milli 1. og 2. umr. Var í rauninni sorglegt að málið skyldi enda með þeim hætti í nefndinni vegna þess að lengst af var vinnan þar málefnaleg og góð. Nóg um það.

Það er ljóst, og mér finnst rétt að árétta það við þessa umræðu, að við sjálfstæðismenn höfum frá upphafi lagt á það áherslu að við værum tilbúnir til að taka þátt í breytingum á löggjöf um Seðlabankann. Við höfum reyndar lýst því yfir opinberlega í langan tíma, en lítið hafði þokast í þeim efnum. Við töldum mikilvægt að skoða löggjöf um Seðlabankann og raunar aðrar þær stofnanir sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna á fjármálamarkaði í ljósi þess fjármálahruns sem hér varð í haust. Við töldum eðlilegt að þegar farið yrði út í breytingar á seðlabankalögunum væru málin skoðuð með það í huga hvernig efla mætti og styrkja stöðu þessarar stofnunar og annarra stofnana sem hafa skyldu eða hliðstæðu hlutverki að gegna, það þyrfti að skoða verkaskiptingu milli þeirra, hugsanlega sameiningu eða a.m.k. sameiningu verkþátta. Það þyrfti líka að huga að því hvaða tæki þessar stofnanir hefðu til að framfylgja þeim markmiðum sem þeim eru falin með lögum.

Þetta er (Gripið fram í.) nálgun sem er mjög í anda þeirrar skýrslu Evrópusambandsins sem hér hefur verið vitnað til og er mjög mikilvæg skýrsla. Af okkar hálfu hefur nálgun við málið verið með sama hætti og þessi sama sérfræðinganefnd gerði. Það hafa verið okkur vonbrigði að við höfum ekki komist áleiðis með þá umræðu innan nefndarinnar. Þó að vissulega hafi gestir verið spurðir út í slíka þætti og það verið lítillega rætt teljum við að sjónarhornið í starfi nefndarinnar, sérstaklega af hálfu ríkisstjórnarflokkanna, hafi frá upphafi verið allt of þröngt. Sjónarhornið hjá þeim hefur frá upphafi beinst að einhverjum breytingum á skipuriti í yfirstjórn Seðlabankans en aðrir þættir sem vissulega þurfa á breytingum og úrbótum að halda hafa ekki verið teknir inn í. Það höfum við gagnrýnt við allar umræður þessa máls og ég vil halda þeirri gagnrýni til haga við þessa umræðu líka.

Ég held að það hefði verið til mikils gagns ef nefndin hefði getað fyrir 3. umr. gefið sér tíma til þess að fara betur yfir skýrsluna frá sérfræðinganefnd Evrópusambandsins. Ég hefði talið til bóta að við gætum tekið efnislega umræðu um þau atriði sem þar koma fram, en ekki væri hlaupið til þess að afgreiða málið út úr nefndinni svo að segja í beinu framhaldi af því að skýrslan kom á borð nefndarmanna. Ég hefði talið að það væri mun betri málsmeðferð.

Hið sama vil ég segja um þá breytingartillögu sem formaður nefndarinnar, hv. þingmaður, gerði grein fyrir áðan. Sú breytingartillaga snýr að verulegum breytingum í mínum huga á stöðu og hlutverki peningastefnunefndar. Að svona tillaga komi fram í nefndinni kallar auðvitað á að

fengið sé álit einhverra sérfræðinga, ekki endilega — við erum ekki að biðja um skýrslur, við báðum ekki um langan tíma, við báðum bara um að við fengjum fyrir nefndina einhverja sérfræðinga sem gætu tjáð sig um efni þessarar breytingartillögu, hvernig hún félli að lögunum um Seðlabankann og hvernig hún mundi virka í framkvæmd. Ég hygg að það sé okkur sameiginlegt, nefndarmönnum, þó að nefndarmenn í viðskiptanefnd séu einstaklega góður hópur manna, að við erum að sjálfsögðu ekki sérfræðingar í málefnum seðlabanka, við erum ekki sérfræðingar í seðlabankalöggjöf. Þess vegna hefði verið mikið gagn fyrir okkur þegar efnisleg breyting er lögð til á þessu stigi málsins að heyra þótt ekki væri nema í einum eða tveimur sérfræðingum til að fá álit á þessu máli.

Ég held að það hefði orðið miklu gagnlegri og málefnalegri málsmeðferð og ég held að því hefði verið hægt að koma við án þess að verulegar tafir yrðu á starfi nefndarinnar. Það var auðvitað það atriði sem meiri hluti nefndarinnar hafði áhyggjur af, um var að ræða heimatilbúið tímahrak sem flokkarnir, einkum ríkisstjórnarflokkarnir, hafa búið sér til í þessu máli frá upphafi sem í þessu tilviki er að mínu mati algjörlega á kostnað vandaðrar málsmeðferðar.

Varðandi þessa breytingartillögu efnislega vil ég segja að hún felur það í sér að peningastefnunefnd skuli meta það svo að ef alvarleg hættumerki eru til staðar sem ógni fjármálakerfinu skuli hún gefa út viðvaranir opinberlega þegar tilefni er til. Ég tel að í þessu felist veruleg breyting, eins og ég sagði áðan. Peningastefnunefnd hefur eðli málsins samkvæmt það hlutverk að ákveða peningastefnu, framfylgja peningastefnu, fyrst og fremst með ákvörðunum um vexti. Þarna er verið að fela henni hlutverk sem snýr að eftirliti og aðgerðum í kjölfar mats á fjármálastöðugleika sem er annað verkefni, verkefni sem er vissulega mikilvægur þáttur í starfi seðlabanka en er annað verkefni en að marka peningastefnuna. Þarna strax er um að ræða ákveðna eðlisbreytingu á stöðu og hlutverki peningastefnunefndar og það vekur spurningar. Það eru spurningar sem ég get ekki svarað á þessu stigi og hefði verið gagnlegt að heyra sjónarmið sérfræðinga um hvernig eigi að forma og móta þær opinberu viðvaranir sem vísað er til í greininni.

Það er auðvitað um það að ræða að seðlabankar, og Seðlabanki Íslands þar á meðal, hafa ákveðnar skyldur varðandi umsagnir um fjármálastöðugleika og gefur út skýrslur í þeim tilgangi. Í ýmsum ritum og tilkynningum frá bankanum er getið um slíka þætti. Það hefði verið gott að fá mat á því hvort þarna væri einvörðungu verið að árétta þá skyldu sem vissulega hvílir á Seðlabankanum nú þegar, ekki peningastefnunefnd heldur Seðlabankanum sem slíkum, hvort bara væri um að ræða áréttingu á þeim hlut sem hefði gert þetta tiltekna atriði óþarft eða hvort þarna er um einhverja eðlis- og stefnubreytingu að ræða.

Ég held að það hefði verið hollt fyrir þessa ágætu nefnd, viðskiptanefnd, að gefa þessu meiri gaum og gefa sér betri tíma til að fara yfir þetta, skoða að hvaða leyti þetta fellur inn í löggjöfina og hver áhrif þetta hefur.

Ég lýsti eftir því í nefndinni í gær hvort menn vissu til þess að sambærilegt ákvæði um hlutverk peningastefnunefndar væri til í löggjöf einhvers seðlabanka í heiminum. Enginn gat svarað því. Ég spurði hvort þetta væri byggt á einhverri fyrirmynd. Ef einhver hv. þingmanna veit um dæmi þess að sambærilegt ákvæði um hlutverk peningastefnunefndar varðandi fjármálastöðugleika sé í löggjöf seðlabanka einhvers annars ríkis bið ég viðkomandi að gefa sig fram og veita mér þær upplýsingar. Það hefði verið gagnlegt að fá þær upplýsingar í nefndinni, en ef þær koma fram við þessa umræðu skal ég taka mark á því.

Ég sagði að það hefði verið gagnlegt fyrir okkur að fá álit sérfræðinga. Nú áðan birtist á vef *Viðskiptablaðsins* stutt viðtal við Jón Daníelsson, prófessor við London School of Economics, um þetta atriði, mann sem hefði verið gagnlegt að heyra í eða einhverjum sambærilegum fræðimanni á þessu sviði. (**ÁI:** Hver á Viðskiptablaðið?) Það veit ég ekki (Gripið fram í.) en Jón Daníelsson er fræðimaður sem víða er vitnað til. Orð hans hafa gildi á þessu sviði, hvort sem menn eru sammála þeim eða ósammála. Þess vegna, hæstv. forseti, ætla ég að vitna í það sem Jón Daníelsson segir. Hann segir í þessu samtali við *Viðskiptablaðið*, með leyfi forseta:

„„Til að geta sinnt þessu hlutverki [þ.e. því hlutverki sem breytingartillagan gerir ráð fyrir] þarf nefndin að hafa aðgang að upplýsingum sem hún öllu jöfnu hefur ekki og þannig hefði [hún] ekki allar forsendur til að meta hættumerki,“ segir Jón í samtali við *Viðskiptablaðið*.

Hann segir að mögulega sé nefndin að stíga inn á svið sem Seðlabankinn, eða öllu heldur sérfræðingar bankans eigi öllu jafna að sinna, þ.e. að meta hættuna í fjármálakerfinu og fylgjast með því dag frá degi.

„Við þetta breytist hlutverk nefndarinnar til muna,“ segir Jón og bætir því við að í framhaldinu muni þeir einstaklingar sem sæti eiga í nefndinni öðlast persónulega ábyrgð á hlutverki sem embættismenn Seðlabankans ættu öllu jafna að bera.

„Ákvarðanataka um peningamálastefnu er mikilvægt hlutverk,“ segir Jón.

„Það að íþyngja þeim aðilum sem sitja í henni með óskyldu upplýsinga- og viðvörunarhlutverki verður bara til að draga úr skilvirkni nefndarinnar.““

Ég ætla ekki að leggja mat á þessi orð Jóns Daníelssonar en mér finnast hins vegar þessi ummæli og hugsanlega svipuð sjónarmið frá einhverjum mönnum sem nefndin hefði kallað fyrir sig vera þess virði að um þau sé hugsað, að ekki sé bara vaðið áfram, málið afgreitt út umræðulítið og hugsunarlaust án þess að leiða hugann að því hvað menn samþykkja. Það hefði verið mikilvægt að fá álit sérfræðinga, hugsanlega mismunandi álit sérfræðinga, til að komast að einhverri niðurstöðu í þessu máli. En það var enginn tími til þess vegna þess að ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir hafa sjálfir búið sér til tímahrak í þessu máli, tímahrak sem gerir það að verkum að það er ekki hægt að viðhafa vönduð vinnubrögð.

Ég ætla ekki að ræða þennan þátt frekar. Ég árétta bara að þarna held ég að hv. viðskiptanefnd, þ.e. meiri hluti hennar, hafi farið verulega út af sporinu í málinu og það hafi leitt til þess að vinnan við frumvarpið verður ekki eins vönduð og málefnaleg og hefði getað orðið. Ég óttast að allt þetta mál, aðdragandi þess og hugsanlega sú niðurstaða sem þingið mun komast að í dag, verði ekki til þess fallið að auka trúverðugleika Seðlabankans eins og þó er stefnt að

með frumvarpinu. Ég held að það sé a.m.k. verulegt umhugsunarefni hvort það óðagot og taugaveiklun sem hefur einkennt meðferð þessa máls í upphafi og nú í lokin séu til þess fallin að auka trúverðugleika Seðlabankans. Ég held ekki.

Mig langar í þessu sambandi til að vitna í bréf sem Jóhannes Nordal, fyrrverandi seðlabankastjóri, skrifaði til viðskiptanefndar þegar málið var þar til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. Ég held að í orðum hans felist mjög málefnalegar ábendingar og athugasemdir og svo ég drepi nú niður í ummælum hans segir hann framarlega í bréfi sínu, með leyfi forseta:

„Fyrst vil ég þá minna á að upphafleg lagasetning um Seðlabankann og allar veigamiklar breytingar á lögunum síðan hafa verið rækilega undirbúnar og um þær hefur því ætíð náðst þverpólitísk samstaða á þingi. Ekki má vanmeta mikilvægi þess að sátt sé um skipulag sjálfstæðrar stofnunar eins og Seðlabankans sem taka þarf vandasamar og misvinsælar ákvarðanir í efnahagsmálum. Ég hvet því nefndina [þ.e. viðskiptanefnd] til að vanda sem best til verksins og byggja niðurstöður sínar á sem bestum upplýsingum um reynslu annarra þjóða á þessu sviði.“

Þetta eru orð þess manns sem mesta reynslu hefur á Íslandi á starfsemi seðlabanka. Engin af þessum ábendingum hans er í samræmi við meðferð málsins af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og mér finnst að þeir hv. þingmenn sem að þessu hafa staðið hljóti að hugsa sig um og spyrja sig hvort þeir hefðu hugsanlega getað staðið betur að verki.

Jóhannes segir síðan — hann vísar reyndar til þess að sér hefði þótt sérlega mikilvægt að fá umsögn Seðlabanka Evrópu, bæði vegna mikilla tengsla Íslands við ESB og lykilstöðu hans í peningamálum í okkar heimshluta. Svo segir hann, með leyfi forseta:

„Meginmarkmið endurskoðunar á lögum Seðlabankans nú hlýtur að vera að auka traust á íslenskum efnahagsmálum. Með því að vanda til verka og leita ráðgjafar þeirra sem best geta metið áhrif lagasetningarinnar á trúverðugleika bankans verður helst tryggt að þessu markmiði verði náð, ella gætu áhrifin orðið gagnstæð því sem að er stefnt.“

Þetta finnst mér að hljóti líka að vera verulegt umhugsunarefni fyrir þá hv. þingmenn sem virðast ætla að ganga frá frumvarpinu með þeim hætti sem hv. formaður viðskiptanefndar gerði grein fyrir áðan.

Jóhannes sér þó jákvæðan flöt á málinu og er rétt að geta þess líka. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ekki fer á milli mála að frumvarpið er í upphafi mjög af vanefnum gert og er þakkarvert að meiri hlutinn hefur þegar lagt fram breytingartillögur sem bæta nokkuð úr alvarlegustu vanköntum þess. Enn virðist mér þó þörf á mun rækilegri umfjöllun um meginatriði þess, þótt ég hafi á þessari kvöldstund hvorki tíma né aðstöðu til að leggja þar mikið til mála.“

Þá nefnir hann sjónarmið varðandi hugsanlega tvo aðstoðarbankastjóra og síðan nefnir hann vangaveltur um peningastefnunefndina og í niðurlagi þess kafla segir hann, með leyfi forseta:

„Skilgreining á valdsviði peningastefnunefndar virðist mér einnig þurfa að vera skýrari en felst í frumvarpinu og breytingartillögum meiri hluta viðskiptanefndar, ella getur skapast óvissa um gildi einstakra ákvarðana bankans.“

Allt eru þetta umhugsunaratriði.

Til að lengja þessa ræðu ekki frekar vil ég í örstuttu máli gera grein fyrir þeirri breytingartillögu sem minni hluti viðskiptanefndar leggur hér fram við 3. umr. Hún hljóðar svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna skal forsætisráðherra, er hann skipar seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra í fyrsta sinn eftir gildistöku laga þessara, leita staðfestingar Alþingis á skipan þeirra.“

Meginreglan verður eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að forsætisráðherra skipi seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra að lokinni auglýsingu og meðferð hæfisnefndar eða matsnefndar og þannig gildi það framvegis. Eins og fram kom í nefndaráliti okkar í minni hlutanum við 2. umr. og eins og hv. þm. Árni M. Mathiesen fór ítarlega yfir við 2. umr. teljum við að það sé varasamt hve mikið vald forsætisráðherra verður falið við upphaf þessa máls vegna þess að í framtíðinni er gert ráð fyrir að menn séu skipaðir á mismunandi tímum, fulltrúar í peningastefnunefnd og bankastjórar. Þannig verður ekki um það að ræða að allir hljóti skipan á sama tíma eða frá sama forsætisráðherra ef út í það er farið. Völd þess forsætisráðherra sem skipar í fyrsta sinn eru, miðað við frumvarpið, afar mikil. Til þess að dempa það vald forsætisráðherra leggjum við til að forsætisráðherra þurfi að bera ákvörðun sína undir þingið og teljum að það geti verið til þess fallið að skapa meiri sátt og traust við upphaf málsins.

Að öðru leyti vísa ég til þeirra sjónarmiða sem komu fram við 1. og 2. umr. Við teljum að málið sé skilgreint of þröngt og það hefði þurft að skoða það í víðari skilningi. Við gagnrýnum ákveðna þætti í málsmeðferðinni og lok málsins í viðskiptanefnd harðlega og teljum að frumvarpið sé í rauninni að enda sinn feril hér í þinginu með afar dapurlegum hætti því að um tíma leit út fyrir það í nefndarstarfinu að það mundi færast að einhverju leyti til betri vegar.

[12:04]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að hæla hv. þm. Birgi Ármannssyni fyrir ræðu sína. Hann hefur verið samkvæmur sjálfum sér svo til allan tímann við meðferð þessa máls. Hann hefur haft þá skoðun að frumvarp um Seðlabankann ætti að geyma annað efni en raun ber vitni. Hv. þingmaður hefur talað um það frá upphafi að í stað þess að fara í breytingar á lögum um Seðlabankann hefði átt að skrifa ný allsherjarlög um Seðlabankann, jafnvel sameina Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann og fleiri atriði.

Staðreyndin er hins vegar sú að það frumvarp sem hér liggur fyrir er einfalt, það fjallar um tvö meginatriði. Annars vegar breytingu á yfirstjórn Seðlabankans og hins vegar stofnun peningastefnunefndar og reynt er að tryggja að ákvarðanir þeirrar nefndar verði opinberar og gagnsæjar. Það er lykilatriði.

Þetta eru þau tvö meginatriði sem hv. þingmaður hefur allan tímann verið á móti eða svo til allan tímann, því að eftir afgreiðslu í 2. umr. samþykkti hv. þingmaður þær tillögur. En hann er aftur kominn á sömu braut og hann var í

upphafi og er orðinn nokkuð samkvæmur sjálfum sér.

Það sem ég vildi spyrja hv. þingmann út í er sú breytingartillaga sem hér liggur fyrir. Í gegnum tíðina hefur sá er hér stendur lagt til að Alþingi hefði hönd í bagga með skipun hæstaréttardómara og staðfesti skipun hæstaréttardómara. Hv. þingmaður hefur alla jafna talað gegn því, því að hann hefur talið að þar gætu orðið of mikil pólitísk afskipti. Hv. þingmaður leggur hins vegar fram tillögu um að Alþingi staðfesti skipun seðlabankastjóra. Mér þætti vænt um að heyra útskýringar hv. þingmanns á því hvernig á því stendur að ekki væri um pólitísk afskipti ræða við skipun seðlabankastjóra (Forseti hringir.) ef Alþingi staðfesti það en önnur sjónarmið ættu við um skipun hæstaréttardómara.

[12:06]

Frsm. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Svarið við þessari spurningu er einfalt. Breytingartillagan felur ekki í sér að það verði viðvarandi eða framtíðarfyrirkomulag að Alþingi komi að þessari skipun. Tillagan gerir eingöngu ráð fyrir að þetta gildi í þetta eina sinn þegar skipa þarf alla helstu stjórnendur bankans í fyrsta sinn. Sami forsætisráðherrann hefur allt það vald í höndum sér. Ef við stæðum í þeim sporum að skipa þyrfti alla hæstaréttardómara á sama tíma mundi ég hafa efasemdir um að sami ráðherrann gerði það. Ég teldi að við þær aðstæður gætu verið fullkomlega málefnaleg rök fyrir því að leita eftir samþykki Alþingis í þeim efnum.

Varðandi málið að öðru leyti þá gat hv. þingmaður þess að frá sínum bæjardyrum séð hefði þetta alltaf verið einfalt mál sem snerist um frekar fá atriði. Það er rétt, þetta er ekki ítarlegt frumvarp. Þetta eru ef ég man rétt 12, 13 greinar eða eitthvað svoleiðis. Nú er það svo að meiri hlutinn hefur staðið að breytingartillögum sem ég held að séu við 13 eða 14 atriði í frumvarpinu, þannig að frumvarpið er auðvitað verulega breytt frá því sem var þegar það var lagt hér fram sem drög af hálfu hæstv. forsætisráðherra, eiginlega voru það drög. Raunar er frumvarpið algerlega óþekkjanlegt í dag frá því sem það var þegar það kom frá hæstv. forsætisráðherra. Að því slepptu finnst mér rétt að geta þess, bara af því að hv. þingmaður vísaði til þess einmitt í framhaldi af þessu, að þær breytingartillögur sem við studdum vissulega við 2. umr. voru til þess fallnar að bæta frumvarpið og ég tel að það sé að mörgu leyti í betra horfi í dag en það var þegar það var lagt fram. Þess vegna studdum við þær breytingartillögur sem komu fram. Við vörum hins vegar (Forseti hringir.) við þeim snúningi sem verið er að taka á málinu á lokastigi og teljum að það (Forseti hringir.) sé för sem ekki hefði átt að fara.

[12:09]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram sem mín skoðun að ég tel það ekki sambærilegt að skipa forstjóra eða forstöðumenn í undirstofnun framkvæmdarvaldsins og dómara við Hæstarétt Íslands, þ.e. æðsta dómsvaldið í landinu, lykilstofnun í þrígreiningu ríkisvaldsins að því er varðar dómsvaldið. Ég tel það ekki samanburðarhæft og því kom sú tillaga mér á óvart, að í þessu tilviki væri ástæða til þess að Alþingi staðfesti skipun en ekki þegar kemur að Hæstarétti sem er náttúrlega miklu stærra og viðameira mál að mínu mati.

Mig langar einnig að spyrja hv. þingmann að því af því hann hafði miklar áhyggjur af valdi forsætisráðherra við skipun seðlabankastjóra. Hv. þingmaður leiðréttir mig þá en hvernig hefur skipulagið verið? Hver hefur skipað seðlabankastjóra í gegnum tíðina? Hver skipaði síðasta seðlabankastjóra? Var það ekki forsætisráðherra? (**ÁI:** Var það auglýst?) Var starfið auglýst? Gengur tillagan út á að gagnrýna þau vinnubrögð og þær reglur sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur unnið eftir undanfarin 18 ár? Er verið að tala um það? Af hverju þarf að breyta reglunum núna þegar nýr forsætisráðherra er tekinn við stjórn en þess þurfti ekki undanfarin 18 ár?

Mér finnst ekkert ósanngjarnt og ekkert óeðlilegt við að kalla eftir skýringum á því af hverju þetta er svona ofboðslega mikið vald núna að kalla þarf eftir atbeina þingsins þar sem verið er að breyta fyrirkomulagi eða leggja til breytingar á fyrirkomulagi sem hv. þingmaður hefur stutt í langan tíma.

Ég sagði í ræðu minni áðan að hv. þingmaður hefði mestan part verið samkvæmur sjálfum sér í þessari orðræðu en í þessum tillöguflutningi rekst hvað á annars horn. Ég hefði gaman af að heyra hv. þingmann útskýra það hvers vegna þurfi skyndilega að gera þessar breytingar núna þegar (Forseti hringir.) nýr forsætisráðherra er kominn í Stjórnarráðið.

[12:11]

Frsm. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Sá er munurinn á mér og hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að ég var ekki á þingi árið 2001 þegar núgildandi lög um Seðlabanka voru samþykkt. (**Gripið fram í:** Það hefði mátt leggja fram tillögu til breytinga.) Ég veit ekki til þess að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafi greitt atkvæði gegn því frumvarpi. (**LB:** Hvenær var síðasti seðlabankastjóri ráðinn? Hv. þingmaður sat þá á þingi.) (Forseti hringir.) Já, já, en ég hef ekki, eins og hv. þingmaður veit, tekið þátt í neinum breytingum á lögum um Seðlabankann, ólíkt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni sem stóð að þeirri breytingu eins og reyndar þingmenn úr öllum flokkum gerðu árið 2001 þegar núgildandi lög um Seðlabankann og þar á meðal um skipun seðlabankastjóra voru ákveðin. Þá t.d. var ákveðið að hætta að auglýsa stöðurnar því að þær höfðu verið auglýstar áður. Það voru færð fyrir því rök í þeirri skýrslu sem lá til grundvallar lagabreytingunni 2001 hvers vegna það var gert. Nú er verið að fara til baka, við höfum að þessu leyti gild rök fyrir því. Ég styð þau, ég styð það ferli sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, um auglýsingu, um að hæfisnefnd fari yfir umsækjendur. Það eru nýmæli og það eru nýmæli sem ég styð.

Ég bendi einfaldlega á þá stöðu sem er hér í fyrsta sinn, að sami forsætisráðherra skipar seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra, sem báðir eiga sæti í peningastefnunefnd, síðan aðra tvo í peningastefnunefnd og … (**LB:** Hver skipaði þessa þrjá?) Það voru, hv. þingmaður fyrst þú kallar fram í, mismunandi menn á mismunandi tímum sem

skipuðu þá menn sem nú sitja í Seðlabankanum. Alltaf forsætisráðherra (**LB:** En alltaf forsætisráðherra. Rétt.) en það er ekki lögmál að forsætisráðherra sé alltaf sami maðurinn eða úr sama flokki eins og dæmi eru um.

[12:13]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Hér er tekið til 3. umr. frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Áður en ég kem að meginefni ræðu minnar vil ég þakka fyrir gott samstarf í nefndinni, hrósa formanni nefndarinnar sérstaklega fyrir vönduð og fagleg vinnubrögð og öllum þeim stjórnmálaflokkum sem áttu sæti í nefndinni. Ég held að við höfum gætt þeirra sjónarmiða að vinna þetta frumvarp eins vel og kostur var á en um leið reynt að hraða því í gegnum þingið. Þó hefur það ekki verið á kostnað skynseminnar og faglegra vinnubragða.

Á mánudaginn var að ákveðið var að fá sérfræðing frá J.P. Morgan. Ég held að allir séu sammála um að ef sérfræðingar eða umsagnaraðilar eru fengnir á fund nefndarinnar beri að hlusta á það sem þeir hafa að segja. Ég mat það þannig að umsögn hans um þá skýrslu sem við höfum núna undir höndum sé einfaldlega það merkileg að við gætum vel setið á okkur í tvo daga og beðið eftir skýrslunni og farið yfir þær tillögur sem í henni felast.

Eftir að það var ákveðið má segja að þjóðin hafi farið á hvolf og málinu einhvern veginn verið snúið á haus og gefið í skyn að það snerist um eitthvað allt annað. Það er alveg rétt, þjóðin hefur mátt þola illdeilur tveggja fylkinga sem hafa verið að berjast um völdin í landinu. Þessar illdeilur hafa birst þjóðinni áður, t.d. í fjölmiðlafrumvarpinu sem við sjáum í dag að við hefðum átt að vanda okkur betur við og láta ekki umræðuna í þjóðfélaginu stöðva okkur, í Baugsmálinu svokallaða sem hefur kostað þjóðfélagið yfir milljarð, leyfi ég mér að fullyrða, í málefnum RÚV ohf. og nú þessu máli. Kannski eiga þessar illdeilur stóran þátt í þeim vanda sem þjóðin glímir við í dag. Þær eiga eflaust sinn þátt í því hruni sem varð í íslensku efnahagslífi og bankakerfinu nánast í heild sinni.

Ég held að almenningur sé algjörlega búinn að fá nóg af þessum illdeilum og ég segi: Hingað og ekki lengra. Ég tek ekki þátt í þessum skrípaleik. Við sem erum á Alþingi eigum að hefja okkur yfir illdeilur sem eru úti í samfélaginu og við eigum að berjast fyrir því að mál séu unnin faglega frá upphafi til enda.

Ég hef alltaf sagt að það þurfi að fara í gegnum vinnubrögðin á Alþingi frá því að ég tók hér sæti fyrir tæplega tveimur árum. Ég hef barist fyrir því að skilin milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds verði skýrari. Þó að við breytum hér eftirlitsstofnunum samfélagsins, Seðlabankanum og þá væntanlega Fjármálaeftirlitinu seinna meir, hefur þrígreining ríkisvaldsins brugðist. Eftirlit eins hluta þess með öðrum hefur einfaldlega ekki verið til staðar og við horfum upp á að framkvæmdarvaldið hefur algjöra yfirburði yfir löggjafarvaldinu þangað til kannski núna. Við erum með minnihlutastjórn þar sem þingmenn eru bundnir af sannfæringu sinni og láta núverandi stjórnvöld ekki komast upp með að leggja fram frumvörp sem eru illa unnin og keyrð í gegnum þingið með ofbeldi. Ég verð að taka það sérstaklega fram að þingið beið mikinn hnekki þegar forseti þess ákvað að stöðva lýðræðislega umræðu á mánudaginn. Það er einhver grófasta misbeiting á valdi í sögu íslenska lýðveldisins. (Gripið fram í.) Það er nokkuð sem þurfum að ræða á næstu dögum og ég legg til að hæstv. forseti komi fram og gefi fullnægjandi skýringar á því að þetta var haft með þessum hætti.

Ég hef sagt frá upphafi að þjóðinni sé fyrir bestu að reglum um yfirstjórn Seðlabankans sé breytt. Ég var fyrsti flutningsmaður að frumvarpi sem við framsóknarmenn lögðum fram sem kvað á um að stöður seðlabankastjóra yrðu auglýstar og að faglega yrði staðið að ráðningu þeirra. Ég sagði strax í kjölfar bankahrunsins þegar umræðan snerist strax öll á hvolf og fór að snúast um þessar illdeilur, sem ég benti á í upphafi máls míns, að engum ætti að blandast hugur um að faglega væri unnið í Seðlabanka Íslands. Hvort sem menn hafa gert mistök eða ekki er hagsmunum þjóðarinnar stundum betur borgið með því að þeir víki.

Hvort sem við sættum okkur við það eða ekki tel ég rétt að yfirmönnum Fjármálaeftirlitsins hafi verið sagt upp en þeir verða samt að viðurkenna að það væri ósanngjarnt að mennirnir sem tóku til starfa eftir að bankahrunið varð, þyrftu að víkja líka. Við verðum í þessu sambandi að hugsa um hagsmuni þjóðarinnar og ekki leyfa öðrum sjónarmiðum að eyðileggja þá umræðu.

Ég sagði líka eftir að hæstv. forsætisráðherra sendi seðlabankastjórum bréf að ég hefði orðið fyrir vonbrigðum með að þeir skyldu ekki ákveða sjálfir að víkja. Ég sagði strax í umræðunni — menn geta lesið það á visir.is — að þeir ættu að taka það upp hjá sjálfum sér að stíga niður. Ég sagði einnig að þannig væri hagsmunum allra betur borgið. Þrátt fyrir þetta hefur ítrekað verið reynt að gera allt þetta mál tortryggilegt, fjölmiðlamenn hafa ítrekað spurt mig hvort ekki séu einhverjir annarlegir hagsmunir í húfi og reynt að sverta þessa umræðu frá öllum hliðum hennar. Ég tek fram að ég hef enga aðra hagsmuni í þessu máli en þá að við Íslendingar fáum betri seðlabanka sem nýtur trausts, ekki bara innan lands heldur líka erlendis.

Eftir að við hlustuðum á sérfræðinginn frá J.P. Morgan ákvað meiri hluti nefndarinnar að bíða eftir skýrslunni sem von var á innan tveggja daga. Þessi skýrsla hafði verið mikið í umræðunni, í fjölmiðlum úti um allan heim, sérstaklega hjá þeim fjölmiðlum sem fjalla um fjármálakerfið, Bloomberg hafði tekið viðtal við seðlabankastjóra Evrópu sem sagði að þarna væri mjög merkileg skýrsla á ferðinni. Reuters hefur ítrekað vitnað til þeirra sem hafa unnið að skýrslunni. Ég hef sagt áður í þessu máli að það þurfi að flýta því, ég hef aldrei hvarflað frá þeirri stefnu. Þess vegna gat ég ekki séð að tveir til þrír dagar gætu skipt höfuðmáli í jafnmikilvægu máli og við glímum við hérna.

Þegar skýrslan kom voru allir sammála um að hún er afar mikilvæg. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ætlar að taka sér stuttan tíma til að fara yfir hana. Hún ætlar að breyta regluverki Evrópusambandsins, regluverki sem á að ná til allra seðlabanka, allra fjármálaeftirlita. Framkvæmdastjórnin ætlar að taka sér styttri tíma en áður hefur þekkst í annars mjög þunglamalegu kerfi.

Þegar ég fór yfir þessa skýrslu rak ég strax augun í kafla þar sem fjallað er um hvernig endurbæta megi evrópska

kerfið um yfirstjórn á fjármálakerfum, sérstaklega í krísuástandi eins og við horfum upp á í dag.

Á blaðsíðu 104, í lið 171 er ein af tillögum þessarar nefndar sem hún telur afar brýnt að verði sett inn í löggjöf um seðlabanka víðs vegar í Evrópu. Ég les lauslega þýðingu á lið 170 þar sem segir:

Sá grundvallarlærdómur sem dreginn er af krísunni sem er talað um fyrr í skýrslunni um mjög svo aðkallandi þörf á því að endurbæta eftirlit fjármálakerfis í heild innan ESB vegna allra fjármálalegra athafna.

Svo kemur í 171:

Seðlabankar stjórna lykilhlutverki í heilbrigðu fjármálakerfi. Til að þeir, sérstaklega Seðlabanki Evrópu, geti sinnt hlutverki sínu við að vernda fjármálalegan stöðugleika ættu þeir að fá skýra og formlega heimild til að meta heildaráhættu í fjármálakerfinu og gefa út viðvaranir þegar þörf er á.

Það er akkúrat þessi breyting sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt til að komi inn í frumvarpið. Hún hljóðar því svona:

„Ef peningastefnunefnd [sem á einmitt að fjalla um fjármálastöðugleikann] metur það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógna fjármálakerfinu skal hún opinberlega gefa út viðvaranir þegar tilefni er til.“

Eins og allir landsmenn vita hefur verið mikil umræða um það í fjölmiðlum að undanförnu hver átti að aðvara hvern, hverjir vissu af aðsteðjandi vanda og hverjir hlustuðu ekki.

Við erum ekki að tala um einhverjar einstakar ákvarðanir, við erum einfaldlega að tala um það að ef peningastefnunefndin metur það svo að hætta stafi að öllu fjármálakerfinu, ekki bara einstökum fjármálastofnunum eða einhverjum tilteknum atriðum, heldur öllu fjármálakerfinu, eigi að gefa út opinberar viðvaranir. Hún eigi ekki að hvísla því í eyru einhverra einstakra ráðamanna sem gera svo alls ekki neitt með þær tillögur.

Ég held að þetta sé afar mikilvægt ákvæði til að auka sjálfstæði Seðlabankans sem við verðum að halda óbreyttu og kannski auka. Þess vegna höfum við aukið hæfniskröfur, skipað hæfisnefnd til að tryggja að þeir sem stjórna bankanum séu þeir hæfustu sem völ er á. Við erum búin að setja belti og axlabönd á viðkomandi. Tillaga Sjálfstæðisflokksins er alveg þess virði að skoða hana. Auðvitað hefði hún átt að koma fram áður en við fórum í 2. umr. en við getum ekki gengið svo langt að við ætlum líka að setja fallhlíf á manninn í kjallaranum. Einhvers staðar verðum við að nema staðar og ég held að þarna sé sjálfstæði Seðlabankans nægilega tryggt í þessu efni.

Að lokum vil ég ítreka að þrátt fyrir taugaveiklun í sölum Alþingis, þrátt fyrir að miklu ryki hafi verið þyrlað upp í málinu hefur það fengið faglega meðferð í þinginu. Ég vil jafnframt að ítreka þakkir mínar til annarra nefndarmanna og starfsmanna þingsins sem fóru yfir þessar skýrslur, fyrir vönduð og fagleg vinnubrögð. Það er niðurstaðan í þessu máli, við þurfum svo að sjálfsögðu að endurskoða lögin í heild sinni. (Forseti hringir.) Það er verkefni næstu vikna og mánaða og þá skulum við hafa þessa svo mjög mikilvægu skýrslu til hliðsjónar.

[12:28]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni fyrir málefnalega ræðu. Ég tek undir þau sjónarmið sem komu fram í ræðu hv. þingmanns varðandi afskipti af þingfundum. Ég spyr hv. þingmann um afstöðu hans sjálfs í viðskiptanefnd vegna þess að hann gagnrýndi að þingfundir féllu niður á mánudaginn. Hann vísaði til þess þegar forsætisráðherra þjóðarinnar taldi sér sæma að mælast til þess við forseta Alþingis að þingfundir féllu niður. Hvað vill hann segja um það frekar?

Að öðru leyti vísar þingmaðurinn til þeirrar skýrslu sem kom fram í viðskiptanefnd, svokallaðrar Larosiere-skýrslu. (Gripið fram í.) Þar vísar hann í töluliði 170 og 171 í skýrslunni og gerir að umtalsefni í ræðu sinni. Af því tilefni vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann telji að þessir tveir töluliðir séu í samræmi við þá breytingartillögu sem meiri hlutinn flytur við frumvarpið og hvort þeir séu að hans mati eðlilegt tilefni til að flytja þá breytingartillögu. Er hún í samræmi við það sem kemur fram í B-kafla þar sem fjallað er um „Macro-prudential supervision, the case for reform“? Ég spyr hv. þingmann að gefnu tilefni hvort hann telji að breytingartillaga meiri hluta viðskiptanefndar sé í samræmi við niðurstöðu þessa kafla.

[12:31]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Magnússon spurði mig út í afstöðu mína til þess að hæstv. forsætisráðherra hefði beint því til þingforseta að stöðva hér þing á mánudaginn. Nú skal ég ekkert fullyrða um hvort hún hafi beint þeim tilmælum. Ég veit bara akkúrat ekkert um það svo ég segi alveg eins og er.

En það að stöðva þingið — og ef það er af þessum ástæðum er það bara algerlega fáránlegt, ætla ég að leyfa mér að segja, og ein grófasta misbeiting á valdi sem sést hefur í sölum Alþingis og akkúrat dæmi um — ef þetta er rétt sem hv. þm. Jón Magnússon fullyrti — grófustu mismunun á því hvernig framkvæmdarvaldið leyfir sér að koma inn í störf Alþingis.

Svo að seinni spurningunni: Já, ég tel breytingartillöguna vera í fullu samræmi við einmitt þær tillögur sem nefndin leggur til að komi hér fram, í lið 171, að til þess að seðlabankarnir geti sinnt hlutverki sínu verði þeir að fá skýra og formlega heimild til að meta heildaráhættu í fjármálakerfinu og gefa út viðvaranir þegar þörf er á.

Tillaga meiri hlutans segir:

„Ef peningastefnunefnd metur það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógna fjármálakerfinu skal hún opinberlega gefa út viðvaranir þegar tilefni er til.“ Það hefði alveg mátt orða þetta: eða þegar þörf er á.

[12:32]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði að gefnu tilefni um misbeitingu framkvæmdarvaldsins vegna þess sem fram kom í ræðu hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar þar sem ekki var annað hægt að skilja af ræðu hans en að hann teldi að framkvæmdarvaldið hefði með óeðlilegum hætti blandað sér í

starfsemi þingsins. Það var þess vegna sem ég spurði um það atriði.

En það er kannski ekki höfuðatriði þess sem ég vil hér ræða, heldur það að lögð er fram breytingartillaga sem hv. þingmaður mælir með og er til komin vegna afstöðu hans þar sem hann vísar í töluliði 170 og 171 í þeirri skýrslu sem þar er um að ræða og talar um að einmitt þar sé talað um að það eigi að gefa út opinberar viðvaranir. Í þessum tveimur töluliðum kemur hins vegar hvergi fram neitt um að það beri að gefa út opinberar viðvaranir af hálfu seðlabanka, viðvörun opinberlega sem almennt þá viðgengst. Það er hvergi vikið að því.

Í skýrslunni er hins vegar vikið að því með hvaða hætti skuli brugðist við. Það er gert á ákveðnum stigum, með ákveðnum fyrirvörum og ákveðnum formlegum hætti. Þess vegna spyr ég hv. þm. Höskuld Þórhallsson hvort hann hafi ekki kynnt sér það áður en hann gekkst fyrir og samþykkti þá tillögu sem hér er lögð fram sem breytingartillaga hvaða raunverulegu tillögur koma fram í þessari skýrslu sem hann vísaði til, um hvaða aðferðafræði skuli viðhöfð hvað það varðar. Til að auðvelda þingmanninum ætla ég að benda honum á að það er fjallað um það í tölulið 180 í skýrslunni.

[12:34]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Magnússon fullyrðir að töluliður 171 fjalli um eitthvað annað en hann fjallar um. Hann fullyrðir hér að það komi hvergi fram að seðlabankar eigi að aðvara. Mig langar bara til að lesa hérna töluliðinn:

„Central banks have a key role to play in a sound macro-prudential system. However, in order for them and in particular the ECB or the ESCB to be able to fully play the role of preserving financial stability, they should receive an explicit formal mandate to affect high-level macro-financial risk to resist them and to issue warnings when required.“

(**Forseti** (ÞBack)**:** Hv. þingmaður og aðrir hv. þingmenn eru minntir á að tala hér íslensku og lesa ekki beint upp úr erlendum ritum, hvort sem það eru fræðirit eða önnur. Þingmenn eru beðnir að snara því þá yfir á íslensku og mæla hér á máli sem allir skilja.)

Ég biðst afsökunar, frú forseti. Ég hefði að sjálfsögðu átt að óska leyfis forseta áður en ég las beint upp úr skýrslunni. Ég snara þessu þá yfir á íslensku, kannski ekki alveg öllu.

Þetta þýðir með öðrum orðum: Seðlabankar gegna lykilhlutverki í heilbrigðu fjármálakerfi. Til að þá sérstaklega Seðlabanki Evrópu geti sinnt hlutverki sínu í því að vernda fjármálalegan stöðugleika ættu þeir að fá skýra og formlega heimild til að meta heildaráhættu í fjármálakerfinu og gefa út viðvaranir þegar þörf er á.

Þetta verður bara ekki miklu skýrara. Og um hvað fjallar þessi skýrsla? Hún fjallar um það — (Forseti hringir.) ég óska eftir að fá …

(**Forseti** (ÞBack)**:** Í einni setningu.)

Einni setningu. Hún fjallar einmitt um það að þessi nefnd háttsettra manna leggur fram tillögur um það hvernig við bætum eftirlitskerfi þjóðarinnar, bæði þeirra sem eru með yfirsýnina, þá Seðlabankans, og líka þeirra sem eru í einstökum (Forseti hringir.) fyrirtækjum og þá Fjármálaeftirliti. Þetta á mjög vel við í þessu tilviki.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Setningu lokið.)

[12:37]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmanni varð tíðrætt um ráðherraræði. Undanfarna daga hefur hæstv. forsætisráðherra aftur og aftur talað eins og það sé búið að samþykkja frumvarpið sem hv. nefnd er að fjalla um, síðast í Morgunblaðinu í gær þar sem hún talaði um að þegar fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins komi sé æskilegt og eðlilegt að það sé ekki fráfarandi stjórn — sem er á förum úr bankanum — sem ræði við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, heldur aðalbankastjóri og varabankastjóri sem verði þá skipaðir í einhvern tíma.

Það er búið að samþykkja lögin í huga hæstv. ráðherra, og Alþingi algerlega óþarft. Ég spyr hv. þingmann hvort honum finnist eðlilegt að hann sé í rauninni bara að stimpla eitthvað frá hæstv. ráðherranum?

Svo vil ég spyrja um þessa breytingartillögu sem er að finna í þskj. 591. Þar er einmitt talað um að það eigi að gefa opinberlega út viðvaranir þegar tilefni gefst til. Og ég spyr hv. þingmann hvort hún sé frá honum komin. Stendur hann ekki alveg einhuga á bak við þessa tillögu og kemur hún fram að hans frumkvæði?

[12:39]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki skilið hv. þingmann öðruvísi en svo að hann sé sammála mér um að það ráðherraræði sem hefur verið við lýði á undanförnum árum sé nokkuð sem við þurfum að breyta. Ef hæstv. forsætisráðherra hefur talað þannig að það sé þegar búið að samþykkja þetta frumvarp er það algjörlega ólíðandi að mínu mati. Það er einmitt hlutverk okkar þingmanna að standa í lappirnar og láta ekki framkvæmdarvaldið komast upp með það að stjórna þessu þingi.

Ég veit að hv. þm. Pétur Blöndal hefur gert það í gegnum tíðina, hann hefur fylgt eigin sannfæringu. Það ætla ég mér líka að gera og hef gert hingað til.

Varðandi þessa tillögu fór ég yfir hana eins og aðrir nefndarmenn eftir að við fengum skýrsluna. Ég rakst fljótlega á hana vegna þess að ég skoðaði efnisyfirlitið og sá þar kafla sem í voru tillögur um hvernig mætti styrkja kerfið og kom með þá tillögu að við mundum kannski skoða þetta og bar það undir meiri hluta nefndarinnar, að sjálfsögðu.

Þannig er þessi breytingartillaga til komin og þetta á að koma í veg fyrir það að þegar við lendum í krísu eins og við erum í núna, íslenska þjóðin, geti menn komið fram eftir á og sagt: Ja, við aðvöruðum ykkur. Á móti geta stjórnvöld heldur ekki komið fram og sagt: Ja, við vissum ekki neitt, okkur var ekkert tilkynnt. Það er verið að efla sjálfstæði Seðlabankans þannig að þegar hann sér hættumerkin koma sem snerta allt fjármálakerfið í heild sinni (Forseti hringir.) beri honum skylda til að bregðast við.

[12:41]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér þykir vænt um að heyra að hv. þing-

maður stendur með mér gegn ráðherraræðinu og flokksræðinu sem ég hef lengi barist gegn. Ég vil minna hann á að þessi ríkisstjórn er minnihlutastjórn sem nýtur stuðnings Framsóknarflokksins, flokks hv. þingmanns. Hann þarf þá að láta í sér heyra þegar hæstv. forsætisráðherra er aftur og aftur undanfarna daga og vikur búin að tala eins og það sé búið að samþykkja þetta frumvarp sem lög. (Gripið fram í.)

Svo varðandi þessa breytingartillögu, hún er eins og maður sé á ferðalagi með handfarangur og síðan er sett í handfarangurinn sprengja sem springur við minnsta rask. Í erlendu tillögunum sem ég les hérna er sagt að það eigi að senda hana þangað sem þörf er á en ekki út um allt, ekki opinberlega.

Það þýðir að ef minnsta rask verður einhvers staðar í fjármálakerfinu á að tilkynna það — og hvað gerist þá? Fjármálakerfið springur. Minnsti sparisjóður lendir í vandræðum og það á að segja: Þessi sparisjóður er í vandræðum. Opinberlega. Og hvað gerist? Það verða meiri vandræði hjá honum, það verður keðjuverkun í öllu kerfinu og það springur. Kerfið mundi springa reglulega með þessari aðferð og ég vara menn eindregið við því að þessar tilkynningar fari þangað sem þeirra er ekki þörf. Þær eiga ekki að birtast opinberlega. Það er bara verið að setja sprengju í handfarangurinn.

[12:43]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður benti mér á að hér væri minnihlutastjórn. Það er kannski ágætt að það komi fram í umræðunni að ég hef talið, og skynjað af umræðunni síðustu vikur, að kannski átti fólk sig almennt ekki á því að hér er einmitt minnihlutastjórn. Minnihlutastjórn á að vera þannig að hún hafi ekki meiri hluta í þinginu til að gera það sem hana lystir eða beita ofbeldi til þess, eins og síðasta ríkisstjórn var mjög gjörn á að gera. Hér voru keyrð í gegn sjö frumvörp í kjölfar bankahrunsins án þess að leita umsagna eða athugasemda en hér hefur þó a.m.k. verið beðið í þrjár vikur með að fara í gegn með þetta frumvarp.

Ég er bara algerlega ósammála hv. þingmanni og tel útúrsnúning af hans hálfu að segja að minnsta rask muni valda því að peningastefnunefnd eigi að gefa út þessa aðvörun. Hér stendur:

„Ef peningastefnunefnd metur það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógna fjármálakerfinu …“

Þá erum við ekki að tala um að hún eigi að meta hvert einstaka tilvik eða þá hvort einhver einstakur banki standi hallari fæti en einhver annar.

Ef þetta ákvæði hefði þegar verið í lögum hefðum við ekki kannski getað sparað hundruð milljarða (**PHB:** Nei.) sem munu leggjast á börnin okkar í framtíðinni. Hefði ekki verið hægt að koma í veg fyrir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn væri hérna, að við þyrftum að borga Icesave-reikningana?

Hingað hafa komið menn sem hafa gegnt lykilstöðum í þjóðfélaginu og sagt: Við vissum þetta allt. Við sáum þetta allt fyrir. Sá hv. þingmaður þetta kannski fyrir (Forseti hringir.) en ákvað að segja ekki neitt? Það er bara verið að koma í veg fyrir að svona vitleysa komi fyrir aftur. Það er þessi nefnd sem leggur til að þetta verði sett inn í löggjöf (Forseti hringir.) Evrópusambandsins.

[12:45]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Líkt og við 2. umr. frumvarpsins vil ég ítreka að framsögumenn nefndarálita hafa farið efnislega yfir þær breytingar sem á því hafa verið gerðar, annars vegar við 2. umr. og síðan við 3. umr. Nú liggja fyrir þinginu tvær breytingartillögur, önnur frá meiri hluta viðskiptanefndar og hin frá minni hluta viðskiptanefndar. Framsögumenn, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir og Höskuldur Þórhallsson, hafa gert grein fyrir breytingartillögu meiri hlutans og hv. þm. Birgir Ármannsson hefur grein fyrir breytingartillögu minni hluta viðskiptanefndar. Um þær verður væntanlega kosið síðar í dag.

Frumvarpið fjallar um tvo meginþætti, annars vegar þann þátt að breyta stjórnskipulagi bankans, fækka seðlabankastjórum úr þremur í einn, og hins vegar að hlutverki hinnar eiginlegu bankastjórnar sem starfar núna yrði breytt, inn kæmi peningastefnunefnd sem mundi fara yfir peningamál og taka ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. Peningastefnunefndin yrði hluti af stjórntækjum bankans varðandi vaxtaákvarðanir hans, viðskipti við lánastofnanir, ákvörðun um bindiskyldu, viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Um þetta var fjallað í 2. umr. og þegar breytingartillögur meiri hluta viðskiptanefndar komu til afgreiðslu hlutu þær ríkt brautargengi í þinginu og ég vil meina að frumvarpið hafi styrkst eftir 2. umr. og spurningin er hvort það muni ekki gera það líka með hliðsjón af þeirri breytingartillögu sem nú er fjallað um.

Ég fór yfir það á fundi þingsins sl. föstudag hvernig ég sæi fyrir mér að peningastefnunefndin sem skal setja sér starfsreglur gæti horft til bankastjórnarsamþykktar nr. 1111, eða „11–11“ eins og hún er kölluð, en í þeirri samþykkt eru nokkuð greinargóðar leiðarlínur um hvernig bankastjórnin á að vinna varðandi ákvarðanatöku. Með hliðsjón af því regluverki rakti ég mjög ítarlega ákvarðanir bankans varðandi stýrivaxtaákvarðanir á haustmánuðum allt frá því að bankinn tók ákvörðun í september og síðan í tvígang í októbermánuði. En líkt og menn muna þá var rökstudd ákvörðun um óbreytta stýrivexti í byrjun september, 15,5%, þeir voru síðan lækkaðir niður í 12% og loks hækkaðir upp í 18% þegar var búið að fullnusta samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ég vék að því í ræðu minni sl. föstudag að mér hefði þótt þessi ákvörðun um 12% stýrivexti mátt vera betur rökstudd. Í ljósi þess vonast ég til að hin nýja peningastefnunefnd sem tekur til starfa, og ég held að sé ekki ágreiningur um í sjálfu sér, muni fljótlega birta starfsreglur sínar sem munu byggjast á umræddri ákvörðun bankastjórnar nr. 1111.

Ég vil einnig tiltaka það, virðulegi forseti, að eftir að afgreiðslan fór fram í þinginu síðastliðinn föstudag, jafnvíðtæk og hún var, hefur viðskiptanefndin haldið tvo eða þrjá fundi og eins og greint hefur verið frá fengum við á fund nefndarinnar erlenda aðila, m.a. til þess að fjalla um sjónarmið varðandi peningamál og fjármálamarkaðinn í heild sinni. Einnig var tekin sú ákvörðun að bíða eftir umræddri Larosiere-skýrslu en með henni fylgdi nokkuð ítarlegt

minnisblað af hálfu utanríkisráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og forsætisráðuneytis þar sem mjög greinargott yfirlit er yfir helstu atriði skýrslunnar.

Ég vil segja svona eftir á að þrátt fyrir að ég hafi ekki greitt þessari tillögu atkvæði í nefndinni sl. mánudag, þ.e. að bíða eftir skýrslunni, þá er gott að skýrslan er komin fram, líkt og kom fram í máli frummælenda, bæði hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur og Birgis Ármannssonar, því það er ekki víst að við hefðum haft tækifæri til þess á þinginu, í viðskiptanefndinni eða annars staðar að geta dregið þessa skýrslu inn í umræðuna og að nota hana síðan jafnvel til hliðsjónar varðandi þær breytingar sem hugsanlega verða gerðar á frumvarpinu. Því má segja, eins og oft var sagt í sveitinni, illu heilli, þá er mjög gott að þessi viðamikla skýrsla er komin til umræðu. Ég hvet áhugamenn um peningamál, um fjármálamarkaði og fjármálakerfi í heild sinni að kynna sér efni hennar því það eiga allir, hvort sem um er að ræða áhugamenn eða fagmenn um þessi mál, að skoða umrædda skýrslu og jafnvel að fá umrætt minnisblað sem lagt var fram í nefndinni varðandi yfirferð á skýrslunni.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega um breytingartillöguna þar sem hv. þingmenn í meiri hluta viðskiptanefndar hafa gert grein fyrir henni. Það má vel vera að tillagan sé umdeild, sérstaklega hvað varðar að peningastefnunefndinni skuli skylt að gefa út viðvaranir opinberlega, en ég vil þó benda á að tillagan styrktist í meðförum nefndarinnar í gærkvöldi, að mínu mati. Ég vil þakka þeim sem komu með ábendingar í nefndinni varðandi það atriði að við bættist, með hliðsjón af umræddri skýrslu orðin „þegar tilefni er til“ sem gefur peningastefnunefndinni dálítið frjálsar hendur um hvenær beri að gefa út hinar opinberu viðvaranir. Þá vísa ég aftur til þess sem ég sagði áðan varðandi þann áskilnað í lögunum, að peningastefnunefndin skuli setja sér starfsreglur og ég álít að með hliðsjón af þessari breytingartillögu þurfi peningastefnunefndin í starfsreglum sínum að fjalla sérstaklega um mál, eins og dregið er fram í tillögunni.

Ég vil líka ítreka varðandi þá sem munu setjast í peningastefnunefndina, miðað við lögin eins og þau líta út núna, að það verður að gæta þess að þeir séu hafnir yfir allan vafa í hinu faglega umhverfi sem þeir starfa í, bæði hvað varðar hæfni þeirra og hæfi til að sitja í peningastefnunefndinni. Þá er ég ekki að gagnrýna hina fyrri bankastjórn, virðulegi forseti, heldur einfaldlega að segja að við erum að horfa fram á nýtt skipulag og í hinu nýja skipulagi er búið að formfesta miklu frekar alla umgjörð varðandi peningastefnunefndina og hlutverk hennar.

Að lokum, virðulegur forseti, vil ég taka undir þá umræðu sem spannst áðan varðandi hlutverk þingsins, annars vegar eftirlitshlutverk þingsins og hins vegar framkvæmdarvaldsins og um leið sjálfstæði Seðlabanka. Ég tel að sjálfstæði Seðlabankans sé enn frekar tryggt með þeim breytingum sem koma fram í þessum lögum. Um leið hef ég verið talsmaður þess að þau mál sem á stundum eru ákvörðuð af framkvæmdarvaldinu eigi miklu frekar að koma til umræðu í þinginu þrátt fyrir að ég sé ekki sammála umræddri breytingartillögu minni hluta nefndarinnar eins og hún er borin fram á elleftu stundu. En öll sú umræða sem getur orðið í þinginu og fyrir utan þingið, virðulegi forseti, sem hefur það í för með sér að styrkja þingræðið og kannski um leið að veikja örlítið framkvæmdarvaldið — og þá er ég ekki að gera lítið úr þeim hæstv. ráðherrum sem fara með framkvæmdarvaldið, hið eiginlega framkvæmdarvald, eins og við túlkum það — er af hinu góða.

Ég álít að sú umræða og aðdragandi að umræðunni, þótt hann hafi verið langur, síðustu vikur og mánuði, varðandi Alþingi og varðandi þingræðið sé af hinu góða því við eigum að taka mun fleiri mál til efnislegrar umræðu á þinginu áður en þau eru ákvörðuð á öðrum stöðum. Það á að vera hlutverk þingsins og þingmanna að geta jafnan í góðu samstarfi þó að við séum ólíkir stjórnmálamenn og ólíkir stjórnmálaflokkar, náð fram fjölmörgum málum og leitt þau sameiginlega til lykta. Það eiga að vera hinir nýju tímar að við getum gert það með þeim hætti en ekki eins og oft hefur verið, kannski ekki endilega síðustu daga heldur jafnvel síðustu ár og áratugi, að við erum að kljást um aukaatriði en tökum í raun og veru ekki aðalatriðin til efnislegrar umfjöllunar og reynum að leiða þau til lykta. Ég vil, með fullri virðingu fyrir sjálfum mér, virðulegi forseti, meina að í hverju rúmi sé snillingur, hvort sem er innan þings eða utan, og við eigum að nota allan þann kraft sem býr í fólki og nýta þær leiðbeiningar sem koma fram því ef samræðan er tekin upp á efnislegan hátt þá náum við oftar en ekki fram bestu lausnunum.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:31]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst nokkuð óviðurkvæmilegt að hér skuli ekki vera viðstaddur einn einasti ráðherra og ekki formaður viðskiptanefndar þegar verið er að fjalla um þetta mál. Ég mælist til þess að hæstv. forseti hlutist til um það að formaður viðskiptanefndar komi í salinn áður en ég held áfram máli mínu og klukkan verði stöðvuð á meðan.

(**Forseti** (GuðbH)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að kalla formann viðskiptanefndar í þingsalinn.) (Gripið fram í.)

Ég sé ekki ástæðu til að fara fram (Gripið fram í.) á það, sérstaklega þar sem hinn vaski formaður þingflokks Samfylkingarinnar, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, er nú kominn í salinn. En við ræðum hér við 3. umr. um það frumvarp sem liggur fyrir um Seðlabanka Íslands og þær breytingartillögur sem komu fram við meðferð nefndarinnar á milli 2. og 3. umr. Vegna þeirra breytingartillagna vil ég örlítið vísa til þess með hvaða hætti Alþingi starfar og hvernig það á að starfa og hvaða viðmiðanir eigi að vera varðandi vandaða lagasetningu. Mér finnst full ástæða til að skoða það vegna þess að í ákvæðum laga um þingsköp er kveðið á um það með hvaða hætti og í hvaða formi þingmál skulu lögð fyrir þegar um tillögur til lagabreytinga eða heildarlög er að ræða. Þar er m.a. gert ráð fyrir að um þau sé rætt við þrjár umræður og málið gangi til nefnda á milli en frumvarpinu fylgi greinargerð sem skýri út og geri betur grein fyrir þeim spurningum sem upp kunna að koma varðandi túlkun og skýringar á viðkomandi lagaákvæðum.

Í gær vildi svo til við meðferð þessa máls hjá viðskipta-

nefnd að lögð var fram breytingartillaga frá meiri hluta viðskiptanefndar sem samþykkt var að yrði flutt og liggur hér fyrir. Hún fjallar um það að ef peningastefnunefnd meti það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógni fjármálakerfinu skuli hún opinberlega gefa út viðvaranir þegar tilefni er til.

Hér er um að ræða mjög varhugaverða tillögu að mínu viti, tillögu sem getur verið mjög skaðleg. Í tillögunni er ekki í nein skýring á því hvað átt er við með orðunum alvarleg hættumerki. Það er engin skilgreining á því. Það er ekkert sagt um „viðvaranir þegar tilefni er til“. Það fylgir engin skýring á þeim ákvæðum sem verið er að fjalla um með einum eða neinum hætti. Og í málflutningi hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur, formanns viðskiptanefndar, komu ekki fram neinar skýringar sem gætu fyllt út í þær eyður sem eru í tillögunni hvað þetta varðar.

Þessi tillaga er að mínu viti stórhættuleg. Það kom fram í máli hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar að hann hefði misskilið þá skýrslu sem fjallað var um og nefndin fékk í hendur í gær frá Larosiere Group og þar vísaði hann til ákveðinna töluliða og taldi að breytingartillagan sem ég var hér að vísa til væri í samræmi við það sem kveðið væri á um í tölulið 170 og 171 í umræddri skýrslu. Ef til vill er það vegna þess að hv. þingmaður hefur ekki haft tóm til þess að lesa skýrsluna í gegn og jafnvel ekki aðrir í meiri hluta nefndarinnar. En þetta er einhver meiri háttar misskilningur hjá hv. þingmanni vegna þess að fjallað er um það með hvaða hætti skuli koma tilkynningum að í tölulið 180, sem hv. þm. Höskuldur Þórhallsson og væntanlega formaður viðskiptanefndar, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, hafa ekki komist yfir að ná svo langt að lesa í skýrslunni. Þar er fjallað um það með hvaða hætti og hvernig skuli bregðast við hættumerkjum í fjármálakerfinu, hvað skuli gera og hverjum skuli tilkynna á hvaða stigi hvað. Og þar er um að ræða í raun sjö stig. Það eru sex stig tilkynninga sem skulu fara fram í fjármálakerfinu áður en kemur að því stigi sem fjallað er um í þessari breytingartillögu, að gefa skuli út opinberar viðvaranir. Það liggur fyrir og kemur einmitt mjög glögglega fram í þeirri skýrslu sem ég er að vísa í frá Evrópusambandinu að það er hættulegt, það getur beinlínis orðið til þess að fella fjármálakerfi að hafa ákvæði sem þetta sem er fortakslaust ákvæði um að gefa skuli út opinberar tilkynningar ef um hættumerki geti verið að ræða.

Ég vek athygli á því sem breytingartillagan felur í sér þegar talað er um alvarleg hættumerki, Það er ekki talað um hættu, það er talað um hættumerki og þá er það ekki valkvætt heldur skal hún tilkynna. Henni ber og ef hún gerir það ekki bregst hún embættisskyldum sínum. Mér er gersamlega hulin ráðgáta að meiri hluti viðskiptanefndar skuli ekki hafa áttað sig á um hve hættulega tillögu hér er að ræða og hve varhugaverð hún getur verið þegar til framtíðar er litið. Þess vegna vara ég eindregið við samþykkt þessarar tillögu og hef farið ítrekað fram á það við hv. formann viðskiptanefndar að draga tillöguna til baka af því að í fyrsta lagi er hún algerlega nýlunda inn í frumvarpið og í öðru lagi ekki í neinu samræmi við það sem kemur fram í frumvarpinu að öðru leyti, eins og hv. þm. Birgir Ármannsson gerði rækilega grein fyrir í ræðu sinni.

Þetta gerir það að verkum að maður veltir því fyrir sér hvort það sé þingleg aðferð að afgreiða mál með þessum hætti. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, nota tíma minn hér til þess að velta aðeins upp þeim spurningum hvort það sé þingleg meðferð og hvort það beri vott um vandaða lagasmíð að koma með tillögur sem þessar sem fela í sér verulega breytingu á frumvarpi fyrir 3. umr. Engin greinargerð fylgir tillögunni, engar skýringar og tillagan fæst ekki rædd nema við eina umræðu og gengur ekki til nefndar á milli. Þar með er í raun brotin sú hefð að vanda til lagasetninga.

Um þetta atriði er lítillega fjallað af nokkrum fræðimönnum þó að á síðari tímum hafi það lítið verið gert. Einar Arnórsson veltir þessu fyrir sér í ritinu *Réttarsaga Alþingis* frá 1941, sérstaklega á blaðsíðu 562, þar sem hann fjallar um hvort — og þá var um að ræða annars konar form, þá var um efri deild og neðri deild að ræða og málum síðan vísað til sameinaðs þings — þar veltir hann upp spurningunni um það hvort hægt sé að koma fram breytingum eftir að mál er komið í sameinað þing og kemst að þeirri niðurstöðu að það geti ekki verið annað en nánast lagfæringar á málfarsvillum. Og að breyttu breytanda sýnist manni að svipaðir skýringarmöguleikar gætu átt við hér þó að ákvæðin hefð hafi skapast fyrir öðru. Ég vek athygli á þessu af því að mér finnst ástæða til að skoða hvort það sé eðlilegt að halda áfram löggjafarstarfi í þessa veru. Þá er ég að tala um nauðsyn þess að borin sé virðing fyrir Alþingi og við viljum vafalaust öll sem þar sitjum að Alþingi njóti sem mestrar virðingar en okkur ber þá að hafa umgjörðina sem um Alþingi er með þeim hætti að þar sé um vandaða löggjafarstarfsemi að ræða.

Bjarni Benediktsson fjallar um þetta með svipuðum hætti og Einar Arnórsson í riti sínu *Deildir Alþingis* sem útgefið var í Reykjavík árið 1939 en Ólafur Jóhannesson, sem var lengi þingmaður og ráðherra og forsætisráðherra, fjallar um þetta með ákveðnum hætti í *Stjórnskipun Íslands* frá 1960 þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Eigi er berum orðum að því vikið hversu róttækar breytingartillögur megi vera til þess að þær geti komist að en þar sem tiltekinn umræðufjöldi er áskilinn um mál og tilætlunin hlýtur að vera sú að um sama mál sé að ræða, þá virðist ótvírætt að ekki megi gerbreyta frumvarpi og tillögu svo að í raun og veru verði um annað mál að ræða en í fyrstu var flutt. Forseta, þar sem slík breytingartillaga er borin fram, ber því skylda til að vísa henni frá. En ef það ferst fyrir og breytingartillaga er samþykkt er réttast að fara með þetta sem nýtt mál og miða umræðufjölda við það.“

Þetta er niðurstaða hins virta lagaprófessors Ólafs Jóhannessonar heitins um þetta atriði.

Hér er um það að ræða að sú breytingartillaga sem borin var fram í viðskiptanefnd í gær fjallar í raun um nýtt mál og með tilliti til þess sem hér segir er alveg ljóst að hér erum við komin á ystu brún eðlilegrar meðferðar löggjafarvaldsins á því með hvaða hætti löggjafarvaldsstarfsemi fer fram.

Ég vakti máls á þessu í viðskiptanefnd í gær og taldi að það væri óeðlilega að málum staðið og nauðsynlegt væri að vanda mjög til verka, það væri alveg lágmark að farið væri yfir þá tillögu sem hér um ræðir og það gæfist kostur á að skoða og kanna viðhorf þeirra sem gerst þekkja til í fjármálalífinu. Ég nefndi þar til nokkra aðila og taldi að nefndin gæti haldið fund nú í morgun og það þyrfti ekki að tefja

umræður að fá fram álit þeirra sem gerst þekkja til bankamála og fjármála þjóðarinnar, að fá alla vega álit þeirra á ákvæði eins og því sem fjallað er um í þessari breytingartillögu.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að þetta er algerlega á skjön við allt sem peningastefnunefnd á að gera að öðru leyti. Það er það merkilega í málinu. Þannig að hér er í raun um nýja tillögu að ræða hvað þetta varðar og þar sýnist mér að orð fræðimannsins Ólafs Jóhannessonar sem ég gat um, á blaðsíðu 269 í *Stjórnskipun Íslands* frá 1960, eigi við.

Þar fyrir utan, eins og ég hef áður getið, vantar alla vitræna glóru í þessa tillögu. Ég hrósaði hv. þm. Álfheiði Ingadóttur sérstaklega fyrir það með hvaða hætti hún hefði komið að formennsku í nefndinni og tekið tillit til ákveðinna sjónarmiða og komið að breytingum á því frumvarpi sem við ræðum hér. Því miður virðist mér að hér á lokasprettinum sé henni að bregðast töluvert bogalistin með því að standa að málum með þessum hætti og ég ímynda mér ekki annað eða ég á bágt með að trúa því að það sé gegn betri vitund sem meiri hluti viðskiptanefndar leggur til að þessi breyting verði gerð eða telji að með henni verði frumvarpið betra og að um betri lög verði að ræða.

Virðulegi forseti. Ég tel, miðað við þá tillögu sem hér liggur fyrir, að breytingartillaga minni hluta viðskiptanefndar, um að leitað sé staðfestingar Alþingis á skipun seðlabankastjóra, sé nauðsynleg við þær aðstæður sem nú er um að ræða. Það er verið að tala um að reyna að treysta stöðu þingræðisins í landinu, að framkvæmdarvaldið fari ekki sínu fram með þeim ofurþunga sem lýst hefur verið og var m.a. lýst af hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni áðan, og hvað er þá líklegra til að geta komið í veg fyrir það eða setja ákveðin bönd á framkvæmdarvaldið en einmitt breytingartillaga okkar í minni hluta viðskiptanefndar, að Alþingi þurfi að staðfesta skipun forsætisráðherra í jafnmikilvægt embætti og hér um ræðir. Mér finnst satt að segja með öllu fráleitt hvernig ákvæði til bráðabirgða er í frumvarpi ríkisstjórnarinnar og held mig við það að ákvæði til bráðabirgða sem er í því frumvarpi sem ég flutti um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands sé eðlileg stjórnsýsla. Eins og ákvæði til bráðabirgða er í stjórnarfrumvarpinu verður Seðlabankinn stjórnlaus undir valdi forsætisráðherra þar sem bráðabirgðabankastjóri verður skipaður þangað til auglýsing fer fram og annar verður ráðinn. Svo mikið virðist liggja við að ná fram einhvers konar aðgerðum gagnvart núverandi bankastjórn Seðlabankans að farið er í vonda stjórnsýslu varðandi það sem þarna er um að ræða og óvandaða lagasetningu.

[13:46]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. Jóni Magnússyni að það er ekki góður siður að kollvarpa lagafrumvörpum milli 1. og 2. umr., hvað þá 2. og 3. Ég hef upplifað það sem þingmaður oftar en einu sinni, því miður, og það hefur ekki reynst góð lagasmíð sem þannig hefur farið í gegn. Meðal annars hefur Héraðsdómur Reykjavíkur dæmt slíka lagasetningu sem kollvarpað var á milli umræðna sem brot á stjórnarskrá lýðveldisins. Ég vil taka undir það með hv. þingmanni, þegar um það er að ræða að kollvarpa málum. Hér er ekkert slíkt á ferð, ekki neitt. Eins og ég sagði áðan er verið að árétta þá grunnreglu sem frumvarpið byggir á að störf Seðlabanka Íslands og sérstaklega peningastefnunefndar og ákvarðanir þeirrar nefndar skuli allar vera uppi á borðum í dagsljósinu, þar á meðal allar þær viðvaranir og varúðarbjöllur sem menn ýmist segjast hafa hringt eða hafi ekki haft hljóð.

[13:48]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir að taka undir þau sjónarmið sem ég rakti varðandi vandaða lagasmíð. Ég hlýt að skilja það þannig að þingmaðurinn sé sammála þeim sjónarmiðum og röksemdum sem ég setti fram í tilvitnuðum ummælum í rit Ólafs Jóhannessonar. Ég gat ekki skilið mál hennar með öðrum hætti en þeim. Sé svo er spurningin um gildi þeirrar breytingartillögu sem við erum að fjalla um, hvort þarna sé í raun verið að breyta frumvarpinu með þeim hætti að það stangist á við eðlilega lagasetningu og það tel ég raunar vera.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir gat réttilega um að það hefði verið ákveðinn flaustursgangur í sambandi við málsmeðferð á Alþingi og óvandaða lagasetningu. Ég er hv. þingmanni algerlega sammála um að á þeim tíma höfðum við algerlega samstöðu um að vara við því með hvaða hætti það væri gert. Ég vara við þessu því að hér er í raun verið að kveða á um algerlega nýtt hlutverk peningastefnunnar sem hvergi er gert ráð fyrir í því frumvarpi sem lá fyrir, heldur ekki eftir þær breytingar sem samþykktar voru eftir 2. umr. á þinginu. Hér er því í raun um nýja tillögu að ræða, nýtt verklag og ný sjónarmið.

Ég vil að gefnu tilefni, virðulegi forseti, spyrja hv. þm. Álfheiði Ingadóttur hvort hún sé sammála mér, þar sem ég vísaði í tölulið 180 í skýrslu Evrópunefndarinnar, að þar sé um að ræða ákvæði sem er sambærilegt varðandi með hvaða hætti skuli gera viðvaranir og gera hluti opinbera þegar hætta stafar af fjármálakerfinu.

[13:50]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins hvað varðar 180. gr. og þær tvær tillögur nefndarinnar sem eru númeraðar 16 og 17 sem koma í framhaldi þeirrar greinar, vil ég taka fram að þar er um að ræða skipun sérstakrar nýrrar stofnunar, eins konar kerfisáhætturáðs sem á að hafa yfirumsjón með því m.a. að koma upp varúðarkerfi. Allt er þetta á „bírókratískum“ nótum Evrópusambandsins og ef þessar tvær tillögur eru lesnar sést greinilega að þetta gengur út á það að einbjörn togi í tvíbjörn og tvíbjörn síðan í þríbjörn og þríbjörn í fjórbjörn o.s.frv.

Við búum svo vel í samfélagi okkar að við eigum að geta haft gagnsæjar reglur og allt uppi á borðum. Ég mótmæli því sérstaklega að með þessari tillögu, ólíkt tillögu þeirri sem hv. þingmaður flytur og lögð var fram á fundi nefndarinnar fyrir þessa umræðu — hún fékk þar umræðu í

rúmlega klukkutíma í gær — sé á ferðinni einhver grundvallarbreyting á verkefnum peningastefnunefndar.

Ég les eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu grundvallast á markmiðum bankans og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum og fjármálastöðugleika.“

Þetta er það sem segir um verkefnið. Það var útvíkkað með stuðningi allra nefndarmanna þannig að það tæki ekki aðeins til efnahags- og peningamála heldur einnig til fjármálalegs stöðugleika. Áhættan sem hér er verið að tala um, að menn skuli vara við, gengur einfaldlega út á þetta. Þetta er bara krafa um að menn tali skýrt. Menn geta ekki falið sig á bak við það að hafa sagt eitthvað í lokuðum herbergjum eða hvíslað einhvers staðar á prívatfundum.

[13:52]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég átta mig á því, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, að töluliður 180 gerir ráð fyrir ákveðinni aðferðafræði. En ég var ekki að spyrja hv. þingmann að því. Ég var að spyrja hv. þingmann hvort hægt væri að líta svo á að þessi ákveðni töluliður ætti við þegar verið væri að meta með hvaða hætti ætti að koma með opinberar tilkynningar. Ég var að vísa til þess að sennilega hefði meiri hluti nefndarinnar ekki lesið nægilega langt í skýrslunni til að átta sig á því að það væri þessi töluliður sem ætti við en ekki töluliður 170 eða 171 sem hv. þm. Höskuldur Þórhallsson vísaði til í ræðu sinni. Ég tel raunar að þetta sé með þessum hætti.

Ég tel að það sé með þessum hætti og með þessu svari sínu hafi hv. þm. Álfheiður Ingadóttir undirstrikað að meiri hluti viðskiptanefndar hefur greinilega kastað til höndunum og ekki skoðað inntakið sem þarna er um að ræða varðandi með hvaða hætti skuli staðið að opinberum tilkynningum. Að hún skuli flytja hér breytingartillögu eins og þá sem hér er um að ræða um að peningastefnunefnd skuli gefa út viðvaranir án þess að það séu neitt fyllri ákvæði um það sem greinilega er í þeirri skýrslu sem hér er vísað til og var forsenda þess að breytingartillagan var flutt. Hér er því um óvandaða lagasmíð að ræða sem er meiri hluta viðskiptanefndar til mikillar minnkunar að standa að. Ég tel áhöld um hvort þetta standist stjórnskipulega, og hvort skýringar hv. formanns viðskiptanefndar séu fullnægjandi. Hér er um verulega breytingu á hlutverki og eðli peningastefnunefndar að ræða, hvort sem okkur líkar betur eða verr.

[13:54]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Það er nú kannski til merkis um það hversu mikla virðingu ráðherrar ríkisstjórnarinnar sýna Seðlabanka Íslands, frumvarpinu um hann, og því umræðuefni sem hér er til umfjöllunar að ekki er einn ráðherra í ríkisstjórninni viðstaddur.

Hér í þingsalnum, þegar við ræðum þetta mál við 3. umr., er staddur einn þingmaður frá stjórnarmeirihlutanum. Það er hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar, sem er hér af skyldurækni. (**ÁI:** Tali nú hver fyrir sig.) Það er sorglegt, svo að ég fái nú að halda orðinu fyrir frammíköllum frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, sem virðist aldrei geta leyft þingmönnum, sem hafa orðið, að tala í friði — ef ég get beðið hæstv. forseta um að biðja hv. þingmann um að hafa sig hægan meðan ég fjalla hér um þetta mál þá væri það vel þegið.

(**Forseti** (RR)**:** Hv. 8. þm. Reykv. n. Sigurður Kári Kristjánsson hefur orðið.)

Það væri óskandi að forustumenn ríkisstjórnarinnar væru viðstaddir umræðu um þetta mikilvæga mál. Við höfum horft fram á það að fjármálakerfið okkar hefur hrunið og til stendur að reyna að endurreisa það, bæði bankakerfið og alla umgjörð fjármálakerfisins. En því miður sýna hæstv. ráðherrar málinu ekki meiri áhuga en svo að þeir eru ekki viðstaddir umræðuna.

Ég hef viljað ræða þetta mál um Seðlabankann efnislega. Því miður hefur það verið þannig, bæði hér innan þingsins og utan, að menn hafa nálgast umræðu um framtíð Seðlabankans á persónulegum og pólitískum nótum frekar en að reyna að vanda sig við að ræða málið málefnalega. Öll vinnubrögð í tengslum við þetta mál hafa borið þess merki. Það hefur komið niður á vinnslu málsins. Við verðum að sýna þann þroska og þá ábyrgð, þeir sem sitja hér á þingi, að reyna að ræða málið efnislega og reyna að gera það sem best úr garði þannig að þau ákvæði og þær reglur sem þar koma fram gangi upp.

Ég sagði hér við upphaf 1. umr. um frumvarpið að málið væri óvandað og illa unnið. Við 3. umr. þessa máls hefur meiri hlutinn í hv. viðskiptanefnd lagt fram breytingartillögu við frumvarpið sem kemur í kjölfar fjölmargra breytingartillagna við frumvarpið sem meiri hlutinn lagði til við 2. umr. Þá var frumvarpið í rauninni endurskrifað. Það var í sjálfu sér staðfesting á því sem við höfðum haldið fram, hvað svo sem menn segja um yfirstjórn bankans eins og hún er núna, eða þá framtíðarsýn sem þeir hafa, þá var sú vinna sem lögð var í þetta mál algerlega ófullnægjandi.

Nú hefur verið lögð fram breytingartillaga sem gerir þetta mál því miður verra. Mér finnst mjög miður að hæstv. ráðherrar séu ekki viðstaddir þá umræðu til þess að hlusta á athugasemdir mínar við breytingartillöguna. Ég tel að breytingartillagan hafi gríðarlega mikla þýðingu fyrir framtíðina, ekki bara fyrir Seðlabanka Íslands heldur líka fyrir fjármálakerfið. Okkur ber skylda til að fjalla um það efnislega, og með vönduðum og faglegum hætti, og það er lágmarkskrafa að þeir menn sem bera ábyrgð á málinu séu viðstaddir umræðuna. En þeir sem sitja hér uppi á áhorfendabekkjunum og líta yfir ráðherrabekkina sjá að þar er ekki einn ráðherra viðstaddur, sem er ótrúlegt.

Það er ótrúlegt og algjört einsdæmi, hygg ég, og hef ég nú vikið að því áður, að við þingmenn höfum ekki fengið tækifæri til að tala við höfunda frumvarpsins til að spyrja þá út í það hvaða sjónarmið hafi legið að baki við samningu þess. Við óskuðum eftir því að fá upplýst hverjir hefðu samið frumvarpið. Þau svör voru ekki veitt. Hæstv. forsætisráðherra játaði hér í ræðustólnum að leitað hefði verið til sérfræðinga en vildi ekki upplýsa okkur, sem var ætlað að fjalla um þetta mál, hverjir þeir sérfræðingar hefðu verið. Við fengum því ekki að kalla inn á fundi viðskiptanefndar þá aðila sem stóðu að samningu frumvarpsins.

Ég fullyrði, og hef ég nú setið hér í sex ár, að aldrei áður hafa menn sýnt af sér önnur eins vinnubrögð. Ég skil ekki

hvers vegna ríkisstjórnin, sem hefur lagt mikla áherslu á fagleg vinnubrögð, að öll mál séu uppi á borðum og allt sé upplýst, hylur það einhverjum leyndarhjúp til hvaða manna var leitað við samningu frumvarpsins.

Við óskuðum líka eftir því að fá að vita hvaða fyrirmyndir voru hafðar til grundvallar við samningu frumvarpsins. Hæstv. forsætisráðherra lýsti því yfir að þær fyrirmyndir hefðu legið frammi. En hún vildi heldur ekki upplýsa okkur í stjórnarandstöðunni um það hvaða fyrirmyndir þetta væru, svo að við hefðum getað vegið þær og metið í samræmi við það frumvarp sem við vorum að fjalla um.

Þetta er með miklum ólíkindum, frú forseti. Það er með algjörum ólíkindum að svona sé haldið á málum. Það er líka með miklum ólíkindum að þegar Seðlabanki Evrópu býðst til að veita lagalega umsögn um frumvarpið neiti meiri hlutinn í viðskiptanefnd því góða boði. Því var haldið fram í umræðum í nefndinni að við gætum allt eins leitað til Seðlabankans í Kína um umsögn. Það er ótrúlegt að hlusta á menn þegar þeir hafa sett sér einhver markmið og vilja keyra mál í gegn að þeir skuli geta lagst svo lágt að tala með þessum hætti.

Við erum að tala um Seðlabanka Evrópu sem er lykilseðlabankinn innan Evrópusambandsins. Íslenska fjármálakerfið byggist að miklum hluta til á regluverki Evrópusambandsins. Stjórnendur Seðlabanka Evrópu vita hvert stefnir í bankakerfinu og fjármálakerfinu í Evrópu eftir fjármálaþrengingarnar. Mikill fengur hefði verið í því að fá sjónarmið þeirra varðandi frumvarpið. Eftir því var óskað, það var boðið en því var neitað af hálfu fulltrúa Framsóknarflokksins, af hálfu fulltrúa Samfylkingarinnar og af hálfu fulltrúa Vinstri grænna. Ég verð bara að segja að ég skil ekki þessi vinnubrögð.

En nóg um það. Sú breytingartillaga sem hér liggur fyrir, á þingskjali 591, er flutt af meiri hluta viðskiptanefndar, hv. þingmönnum Álfheiði Ingadóttur, Gunnari Svavarssyni, Lúðvíki Bergvinssyni, Höskuldi Þórhallssyni og Birki Jóni Jónssyni sem situr hér í salnum. Í breytingartillögunni segir:

„Ef peningastefnunefnd metur það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógna fjármálakerfinu skal hún opinberlega gefa út viðvaranir þegar tilefni er til.“

Þessi setning hljómar nú kannski ekki svo hættulega þegar hún er lesin ein og sér en ef menn setja hana í samhengi er um hættulegt skref að ræða fyrir íslenska fjármálakerfið í framtíðinni, það getur valdið geysilegum skaða verði þetta fært í lög. Ég ætla að skýra það aðeins út og setja það í samhengi við umræðu sem að undanförnu hefur átt sér stað í þjóðfélaginu.

Fyrir tveimur dögum var frægt viðtal við núverandi seðlabankastjóra í Kastljósi Sjónvarpsins, Davíð Oddsson. Þar lýsti seðlabankastjórinn því yfir að hann hefði allt frá árinu 2006 og jafnvel lengur varað ríkisstjórnina við því að blikur væru á lofti í fjármálakerfinu og hætta væri á að bankakerfið mundi hrynja ef menn gripu ekki til ráðstafana. Nú ætla ég ekki að halda því fram að viðbrögðin við þessum viðvörunarorðum hafi verið rétt eða að þau hafi verið röng. Seðlabankastjórinn lýsti þessu a.m.k. yfir og vísaði til gagna þar um, skýrslna sem hann hafði lagt fyrir ríkisstjórnina og fundargerða sem hann hafði í höndum.

Nú fylgjumst við með því í fjölmiðlum að þessi sami seðlabankastjóri er gagnrýndur fyrir að hafa ekki komið sömu viðvörunarorðum á framfæri í opinberri umræðu. Hann hafi sagt annað í viðtölum við fjölmiðla um stöðu bankakerfisins og styrk bankanna en hann sagði á fundum ríkisstjórnarinnar, á lokuðum fundum þar sem ummælin voru bundin þagnarskyldu.

Hvers vegna er þetta svo? Það er vegna þess að ef seðlabankastjórar, hvort sem þeir eru hér á Íslandi eða í öðrum löndum, gefa út yfirlýsingar um að bankakerfið muni hrynja verði ekki brugðist við þá munu bankakerfin hrynja daginn eftir. Ef seðlabankastjóri lýsir slíku yfir opinberlega leiðir það til þess að bankakerfið hrynur. Þess vegna geta seðlabankastjórar, stöðu sinnar vegna, ekki verið með sambærilegar yfirlýsingar í fjölmiðlum og þeir geta gert á lokuðum fundum með ríkisstjórninni. Þeim ber að koma slíkum skilaboðum á framfæri gagnvart stjórnvöldum en þeir mega ekki gera það opinberlega vegna þess að vægi slíkra yfirlýsinga fyrir fjármálakerfið, fyrir bankana og alla þá sem starfa á þessum markaði, er svo mikið að þær geta haft skelfilegar afleiðingar. Þess vegna þarf að fara öðruvísi í málin. Þetta skýrir það misræmi sem er á milli yfirlýsinga sem gefnar hafa verið annars vegar í fjölmiðlum og hins vegar á lokuðum fundum með stjórnarherrum.

Í breytingartillögunni er lagt til að nýju peningastefnunefndinni sé skylt — meti hún það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógni fjármálakerfinu — að gefa opinberlega út viðvaranir þegar tilefni er til. Ef þrengingar og hættumerki eru uppi í íslenska fjármálakerfinu eiga þeir sem eru í peningastefnunefnd að koma opinberlega fram og lýsa því yfir að á Íslandi sé allt í kalda koli.

Segjum nú, og setjum þetta í samhengi við breytingartillöguna, að bankarnir, sem nú eru allir í ríkiseigu, fari í eigu einhverra annarra í framtíðinni. Þeir verði gerðir að hlutafélögum og skráðir á opinberum markaði. Gefum okkur líka að bankarnir geti aftur fengið lán erlendis, sem þeir eiga í erfiðleikum með í dag. Þá er spurningin sú hvernig það lítur út ef peningastefnunefnd Seðlabankans er skylt að opinbera skoðun sína um það að hún telji að bankakerfið geti hrunið.

Það sem örugglega gerist er að hlutabréf bankanna hríðfalla við slíkar yfirlýsingar, erlendar lánalínur þorna upp og veðköll verða gerð og hugsanlega verða útistandandi lán til þeirra kölluð inn til greiðslu strax. Skyldan um yfirlýsingu um væntanlegt hrun er eins og sagt er „self fulfilling“. Þessi nýja grein getur falið í sér innbyggt banagen kerfisins. Ef í ljós kemur að peningastefnunefndin, sem ber skylda til þess að gefa slíkar yfirlýsingar, hefur síðan rangt fyrir sér þá er skaðinn samt sem áður skeður. Maður getur vel ímyndað sér að erlendir aðilar, sem hugsanlega vilja fjárfesta í bönkunum í framtíðinni, hljóti að hnjóta um þetta atriði þegar þeir fara að kynna sér málið.

Frú forseti. Ég fullyrði að þeir hv. þingmenn sem flytja þá breytingartillögu sem hér liggur fyrir átta sig ekki á því hvað þeir eru að gera ef þeir ætlast til þess að hún verði samþykkt hér á þinginu. Þetta er stórhættuleg grein. Ef peningastefnunefnd verður skylt að gera það opinbert að hætta sé uppi á íslenskum fjármálamarkaði kann það að leiða til þess að hér verði annað bankahrun. Ég bið hv. þingmenn í meiri hluta viðskiptanefndar að endurskoða hug sinn.

Frumvarpið var ekki burðugt þegar það var fyrst lagt fram, hvaða skoðanir sem menn hafa á yfirstjórn Seðlabankans, hvaða leiðir sem menn vilja fara við uppbyggingu fjármálakerfisins (Forseti hringir.) og stjórnskipulags Seðlabanka Íslands, en það frumvarp sem þá var gallað er nú orðið meingallað.

[14:09]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill upplýsa að hæstv. forsætisráðherra er fjarverandi vegna opinberra starfa á öðrum vettvangi. Um aðra ráðherra er forseta ekki kunnugt.

[14:10]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Komið er hér til lokaumræðu frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands sem hefur verið til umfjöllunar á vettvangi Alþingis undanfarnar vikur og tekið nokkrum breytingum í meðförum þingsins, ekki síst við 2. umr., en þá voru gerðar allmargar breytingartillögur sem viðskiptanefnd lagði til að yrðu gerðar á frumvarpinu. Voru flestar þeirra samþykktar með nokkuð miklum meiri hluta eða um 50 atkvæðum.

Ég vil í upphafi máls míns segja að ég tel að vinnan að frumvarpinu í meðförum viðskiptanefndar hafi verið vönduð og ítarleg. Ég tel ástæðu til að þakka viðskiptanefndinni, formanni hennar, hv. þm. Álfheiði Ingadóttur og öðrum nefndarmönnum, fyrir samviskusamlega og vel unnin störf við yfirferð á frumvarpinu. Ég tel að þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar og eru einnig til umfjöllunar núna, breytingartillaga frá meiri hluta nefndarinnar, séu til þess að gera frumvarpið enn betra.

Það hefur verið gagnrýnt einkum og sér í lagi af hálfu þingmanna Sjálfstæðisflokksins að frumvarpið hafi verið meingallað og óvandað þegar það kom hingað inn í þingið frá hæstv. forsætisráðherra. Ég er þeirrar skoðunar að frumvarpið sé ekki flókið í sjálfu sér. Það tekur ekki á öllum grundvallarþáttum í starfsemi Seðlabankans heldur tilteknum afmörkuðum atriðum og er þess vegna ekki flókið frumvarp. Það að Alþingi leyfi sér að gera allnokkrar breytingar og jafnvel þó að þær séu margar á frumvarpi þýðir ekki endilega að það hafi verið illa úr garði gert. Það getur einfaldlega þýtt það að önnur sjónarmið séu hjá alþingismönnum en komu fram við framlagningu málsins, þ.e. af hálfu hæstv. ráðherra sem flytur málið. Það er að sjálfsögðu ekkert óeðlilegt við það.

Við höfum oftlega á Alþingi einmitt talað um það að þingið sé valdalítið og máttlaust og taki við málum frá framkvæmdarvaldinu og afgreiði þau nánast eins og á færibandi. Það hefur verið gagnrýnt. Síðan gerist það að fram koma mál frá ríkisstjórn sem taka allnokkrum eða jafnvel verulegum breytingum í þingnefndum og þá er það gagnrýnt líka með þeim rökum að málin séu illa undirbúin. Hér rekst auðvitað hvað á annars horn í þessu efni.

Það er sjálfsagt mál að vanda vel til samningar lagafrumvarpa sem koma frá ríkisstjórninni og leggja í þau mikla vinnu og gera ítarlega grein fyrir því hvað þar býr að baki. En það er jafnsjálfsagt að Alþingi taki málin til ítarlegrar umfjöllunar og hafi sjálfstæða skoðun á því ef þau sjónarmið eru uppi á vettvangi þingsins eða viðkomandi þingnefndar að gera þurfi ákveðnar breytingar, m.a. í ljósi athugasemda og umsagna sem berast um þingmálið, þá er líka jafnsjálfsagt að gera það og um það þarf ekki að deila að mínu viti.

Ég ætla ekki að tala mikið meira um breytingartillögurnar sem voru gerðar við 2. umr., þær voru ræddar ítarlega þegar sú umræða fór fram, en ég ætla aðeins að minnast á þá breytingartillögu sem núna er lögð til af hálfu meiri hluta nefndarinnar. Hún byggir á því að nefndin fékk skýrslu sem unnin var á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins undir forustu fyrrverandi framkvæmdastjóra Þróunarbanka Evrópu, Jacques de Larosiere, sem gerð var opinber í gær. Sú breytingartillaga sem meiri hlutinn leggur nú til byggir að einhverju leyti á afmörkuðum þætti úr þeirri skýrslu og gerir ráð fyrir því að, eins og segir, með leyfi forseta:

„Ef peningastefnunefnd metur það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógna fjármálakerfinu skal hún opinberlega gefa út viðvaranir þegar tilefni er til.“

Mér finnst vera dregin upp mjög svört mynd af hálfu þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Ég hjó eftir því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson orðaði það svo að með þessu væri verið að skylda peningastefnunefndina til að lýsa því yfir að hér sé allt í kaldakoli. Ég er ósammála því viðhorfi vegna þess að hér er fyrst og fremst verið að tala um að peningastefnunefndin eigi að gefa út viðvaranir ef hún metur það svo. Ef hún telur tilefni til að vara við tilteknum þáttum sem ógni fjármálakerfinu eigi að láta vita af því. Þetta finnst mér vera í anda góðrar og gagnsærrar stjórnsýslu en vitaskuld mun peningastefnunefndin ekki gefa út yfirlýsingar sem munu síðan ógna fjármálastöðugleikanum. Það mun peningastefnunefndin ekki gera. Ef hún metur það svo að yfirlýsing eða viðvaranir muni í sjálfu sér leiða til þess að fjármálakerfið hrynji væri hún með slíkri yfirlýsingu að ógna fjármálastöðugleikanum sem hún á einmitt ekki að gera samkvæmt því sem segir í þessari grein. Mér finnst því hlutunum vera snúið nokkuð á haus.

Hvað varðar skýrslu Evrópusambandsins — menn kvarta yfir því í þessari umræðu að ekki hafi gefist mikill tími til að fara yfir hana — verðum við aðeins að gera okkur grein fyrir því hvers konar skjal og vinna þar er á ferðinni. Sú skýrsla fjallar ekki sérstaklega um starfsemi Seðlabankans og alls ekki Seðlabanka Íslands. Einhver sagði það, kannski í hálfkæringi, að í 80 blaðsíðna skýrslu væri hvergi að finna nafnið Davíð Oddsson til að mynda. En að öllu gamni slepptu fjallar sú skýrsla ekki sérstaklega um starfsemi eða lagaumgjörðina um Seðlabankann. Hún fjallar um miklu víðfeðmara svið og fjallar um það hvernig á að taka á afleiðingum fjármálakreppunnar og hvernig á að búa almenna umgjörð um fjármálamarkaðinn innan Evrópu og hvernig á að beita þjóðhagslegum tækjum í þessu samhengi, hvernig eftirlitsstofnanir eiga að virka og hvernig á að taka á málinu í hnattrænu samhengi. Þetta eru gríðarlega stór mál sem mjög eðlilegt er að rædd séu ítarlega í alþjóðlegu samhengi og á vettvangi þeirra alþjóðastofnana og alþjóðasamninga sem að þessum málum lúta en gefur ekki tilefni til þess að taka einstaka þætti og heimfæra yfir á lögin um Seðlabanka Íslands, sérstaklega ekki út frá því sem

seðlabankafrumvarpið sem hér er til umfjöllunar gengur út frá, nema að frátöldu því atriði sem meiri hluti viðskiptanefndar leggur til um að víkka út eða hnykkja á öllu heldur verkefnum peningastefnunefndarinnar sem er svo fjallað um í seðlabankafrumvarpinu.

Þessi vinna nefndar Larosieres fer núna til mjög ítarlegrar umfjöllunar á vettvangi Evrópusambandsins. Ekki var gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri Evrópusambandsins mundi bregðast við henni um leið og hún væri lögð fram, gert var ráð fyrir því að úr henni yrðu unnar einhverjar tillögur fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ráðherraráð og leiðtogaráð Evrópusambandsins. Verður það til umfjöllunar á fundum sem verða haldnir 19. og 20. mars og síðan 2. apríl. Það er mjög óvíst að á þeim tímapunkti verði einhverjar tilteknar aðgerðir tilbúnar til að fylgja því eftir sem skýrslan fjallar um. Ekki er óhugsandi að á grundvelli hennar muni framkvæmdastjórn Evrópusambandsins koma með tillögur um löggjöf sem mundi þá gilda um fjármálamarkaðinn í Evrópusambandinu og á Evrópska efnahagssvæðinu sem kæmi til umfjöllunar hér á næstu mánuðum og missirum og ólíklegt að það verði að einhverri sérstakri löggjöf fyrr en að alllöngum tíma liðnum. Þá hefði maður viljað spyrja: Eru þeir sem telja að enn þá lengri tíma þurfi til að fara yfir efni þessarar skýrslu sérstaklega og heimfæra hana eða innleiða efni úr henni inn í íslenska löggjöf þá þeirrar skoðunar að bíða eigi með þetta seðlabankafrumvarp þar til þeirri vinnu lýkur? Við verðum að gera okkur grein fyrir því að þá værum við komin með þetta mál í allt annað samhengi og allt annan tímaramma og værum ekkert að tala um það á þessu þingi eða jafnvel ekki því næsta heldur inn í miklu lengri framtíð.

Ég tel því að málin séu slitin úr samhengi og fyrst og fremst eigi að einbeita sér að því að afgreiða þær breytingar á lögunum um Seðlabankann sem lagðar eru til í frumvarpinu vegna þess að við erum að fjalla um þetta í því íslenska samhengi að mikilvægt er að endurreisa og endurvekja traust á íslenskri fjármálastarfsemi, bankastarfsemi, peningamálastjórn og eftirlitsstarfseminni á þessu sviði. Það er ekki síst það sem þessu seðlabankafrumvarpi er ætlað að gera, að endurheimta traust í samfélaginu á þeirri mikilvægu stofnun sem Seðlabankinn er. Menn geta auðvitað endalaust velt því fyrir sér hvort verið sé að leggja í leiðangur til þess að skipta út einum seðlabankastjóra, tveimur eða þremur. Þetta snýst ekki um einstaklinga eða kennitölur einstaklinga sem hafa verið við störf í Seðlabankanum. Þetta snýst um að endurheimta og endurvekja það traust sem þarf að vera til staðar á þeirri mikilvægu stofnun. Ég held að það sé ekki nokkur maður sem heldur því fram að það traust sé til staðar eða hafi a.m.k. ekki beðið nokkra hnekki í kjölfar efnahagshrunsins. Það er því mjög mikilvægt skref sem við erum að taka með því að afgreiða frumvarpið í því efni.

Ég vil ekki lengja umræðuna, frú forseti, heldur einungis undirstrika að ég tel að viðskiptanefnd hafi unnið mjög gott starf. Hún hefur haft þetta mál til meðferðar núna í rúmar tvær vikur og farið ítarlega yfir efni frumvarpsins, fengið umsagnir og fengið fjölda gesta á sinn fund og tekið tillit til margra sjónarmiða, athugasemda og tillagna sem hafa komið fram í þeirri málsmeðferð. Sumar hefur Alþingi nú þegar samþykkt við 2. umr. og hér kemur ein tillaga til viðbótar til að hnykkja á verkefnum peningastefnunefndar sem ég tel að séu til bóta.

Ég verð að segja vegna þeirrar gagnrýni sem komið hefur fram úr herbúðum Sjálfstæðisflokksins og með hliðsjón af þeirri breytingartillögu sem Sjálfstæðisflokkurinn gerir við 3. umr. að í raun finnst mér að ágreiningurinn við þetta frumvarp eða við meiri hlutann á Alþingi risti ekki mjög djúpt, vegna þess að eina breytingartillagan sem Sjálfstæðisflokkurinn gerði við 2. umr. málsins laut að því hvaða menntunarkröfur ætti að gera til seðlabankastjórans, ekki um það hvort seðlabankastjórarnir ættu að vera einn eða þrír, ekki um hlutverk peningastefnunefndar eða tilurð hennar, heldur einungis að því hvaða menntunarkröfur ætti að gera til seðlabankastjóra. Aðrar breytingartillögur meiri hlutans í meginatriðum samþykktu þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

Hér kemur núna breytingartillaga sem fjallar um það eitt að við skipan seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra í fyrsta sinn eftir gildistöku þessara laga þá eigi forsætisráðherra að leita staðfestingar Alþingis á skipan þeirra. Þetta er nú allur ágreiningurinn. Ég verð því að segja að mér finnst að verið sé að gera úlfalda úr mýflugu. Varðandi þessa breytingartillögu sérstaklega er kannski rétt að hafa það í huga að meiri hluti nefndarinnar lagði til breytingu við 2. umr. sem var samþykkt og felur það í sér að í 23. gr. seðlabankalaganna kemur nú ákvæði sem segir að við skipun í embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra skuli skipa sérstaka þriggja manna hæfnisnefnd til að fjalla um hæfi þeirra umsækjenda um þessar stöður þar sem samstarfsnefnd háskólastigsins, bankaráð Seðlabankans og síðan forsætisráðherra skipa hver sinn fulltrúa í hæfnisnefnd sem fjallar um umsækjendur og metur þá. Má því segja að þar sé komið inn faglegt ferli við ráðningu seðlabankastjóra, búið að setja það inn í frumvarpið, inn í lögin, sem ég tel mjög til bóta og þess vegna er þetta ákvæði sem hér er lagt til að komi inn til bráðabirgða algjörlega óþarft að mínu viti og mundi ekki bæta frumvarpið ef það yrði samþykkt.

Að öðru leyti, frú forseti, þakka ég fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mikilvæga mál og vonast til þess að það verði afgreitt í góðri sátt að lokinni umræðu.

[14:25]

Frsm. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir ágæta ræðu þó að ég sé ekki sammála öllum þeim sjónarmiðum sem þar komu fram.

Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann í tilefni af orðum hans um þá breytingartillögu sem meiri hluti viðskiptanefndar hefur flutt, hvort hann sé ósammála því mati Jóns Daníelssonar, prófessors við London School of Economics, sem koma fram í Viðskiptablaðinu í morgun að um væri að ræða verulega breytingu á hlutverki peningastefnunefndar og að með þessari breytingu væri verið að íþyngja þeim aðilum sem sitja í nefndinni með óskyldu upplýsinga- og viðvörunarhlutverki sem muni draga úr skilvirkni hennar.

Ég er að velta fyrir mér, vegna þess að það hefur ekki verið alveg ljóst af hálfu talsmanna meiri hlutans, stjórnarflokkanna og Framsóknarflokksins, hvort um er að ræða mjög mikilvæga breytingartillögu eða breytingartillögu sem sé bara til áréttingar því sem þegar er fyrir hendi í lögum.

[14:26]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hnykkja á þessu atriði. Ég lét það koma fram í máli mínu áðan að ég teldi að hér væri verið að árétta og hnykkja á verkefni peningastefnunefndar. Ég er ekki sammála því sjónarmiði að um sé einhverja grundvallarbreytingu á frumvarpinu að ræða verði þetta ákvæði samþykkt. Ég tel að skynsamlegt sé að peningastefnunefndin gefi út viðvaranir ef hún metur tilefni til og ef hún metur að slík hættumerki séu til staðar sem ógni fjármálakerfinu.

Ég sagði líka í máli mínu, og ég undirstrika það, að þarna verður peningastefnunefndin að sjálfsögðu að meta þetta eins og lagatextinn gerir ráð fyrir hver þessi hættumerki eru. Hún á að sjálfsögðu ekki að framkvæma neitt það sem muni síðan ógna fjármálastöðugleikanum, af því að það fannst mér hafa komið fram í máli hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar og það var það sem ég var að bregðast við með orðum mínum áðan. Ég er þeirrar skoðunar að þetta ákvæði sem hér er sé fyrst og fremst til áréttingar og ekki sé verið að kollvarpa efni frumvarpsins með því að samþykkja þessa breytingartillögu.

[14:28]

Frsm. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta áhugaverð sjónarmið hjá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni. Sérstaklega finnst mér áhugavert að heyra að einungis sé verið að árétta hlutverk peningastefnunefndar vegna þess að hvergi svo vitað sé hafa peningastefnunefndir það hlutverk að fylgjast með fjármálastöðugleika eða grípa til aðgerða af þeim sökum. Peningastefnunefndir hafa það hlutverk að móta peningastefnu. Það eru aðrir aðilar innan seðlabanka sem hafa það hlutverk að fylgjast með fjármálastöðugleika og grípa til aðgerða af þeim sökum.

Þess vegna held ég að sú breytingartillaga sem meiri hlutinn flytur sé einn allsherjarmisskilningur.

[14:29]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Peningastefnan er auðvitað eitt af þeim stjórntækjum sem við höfum í hagstjórninni almennt séð og peningastefnan getur ekki verið tekin í einhverju tómarúmi eða úr samhengi við aðra hluti. Ég tel því að það sé sjálfgefið að ákvarðanir sem peningastefnunefnd tekur séu í samhengi við hagkerfið, við ástand efnahagsmála að öðru leyti. Að sjálfsögðu hlýtur peningastefnunefndin að fylgjast grannt með því sem er að gerast í efnahagsmálum og fjármálum þjóðarinnar, það liggur í augum uppi.

Ég get því ekki tekið undir þá athugasemd sem hv. þm. Birgir Ármannsson kom með áðan.

[14:30]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. viðskiptanefnd og formanni hennar fyrir ágæta umfjöllun sína og að skila málinu hér inn til 3. umr. Ég hef ekki tekið til máls í hinum tveimur fyrri og ætla út af fyrir sig ekki að hafa hér langt mál enda verið þeirrar skoðunar að málefni Seðlabankans væru í sjálfu sér löngu útrædd, það væri ekki neitt annað sem ætti fyrir okkur að liggja en að taka ákvarðanir í þeim efnum. Ef eitthvað er þurfum við alþingismenn, held ég, í öllum flokkum aðeins að hugsa um það hversu langan tíma það hefur tekið okkur að afgreiða þetta mál sem þó var þaulrætt löngu áður en það kom hingað inn vegna þess að það er ábyrgðarhluti að taka jafnlangan tíma og í það hefur farið af störfum þingsins á þeim tímum sem nú eru uppi.

Um málið sjálft er það einfaldlega að segja að það var ekki hægt að „haarda“ þetta lengur, en sögnin að „haarda“ er sem kunnugt er nýyrði í íslensku yfir það að hafast ekki að, taka ekki ákvarðanir. Öllum er ljóst að eftir algjört hrun á gjaldeyrismarkaði og síðan algjört hrun á fjármálamarkaði var einfaldlega óhjákvæmilegt að gera þær nauðsynlegu faglegu breytingar sem allir menn á Íslandi í öllum flokkum vissu löngu áður en að þessu kom að nauðsynlegt var að gera. Allir Íslendingar hafa um langt árabil vitað að það færi ekki vel á því að stjórnmálamenn stýrðu efnahagsmálum úr stóli aðalbankastjóra Seðlabankans. Stöku menn geta þrætt fyrir það að þeir hafi um árabil verið þessarar skoðunar en ég ætla bara að leyfa mér að fullyrða að það hafi allir vitað það lengi að þetta fyrirkomulag var einfaldlega rangt. Ég held líka að það hafi sýnt sig að vera skaðlegt og það hefur ekkert að gera með þá persónu sem því gegnir. Það hefur bara með að gera það úr sér gengna fyrirkomulag sem við á Alþingi leyfðum að væri við lýði í Seðlabankanum allt of lengi og hefur reynst okkur því miður allt of dýrkeypt. Fyrir utan hrunið á gjaldeyrismarkaði og fyrir utan hrunið í fjármálakerfinu er staðreyndin sú að Seðlabanki Íslands varð gjaldþrota bara alveg eins og viðskiptabankarnir.

Í orðaskiptum mínum við hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, Geir Hilmar Haarde, á síðasta ári kom í ljós að tjón bankans var að minnsta kosti 150 milljarðar, jafnvel allt að 300 milljarðar í kaupum á mjög vafasömum pappírum af bönkunum. Það þýðir 0,5–1 milljón á hvert mannsbarn í landinu. Ef Seðlabankinn hefði verið viðskiptabanki hefði einfaldlega þurft að setja honum skilanefnd og búa til fyrirbærið gamli Seðlabanki Íslands og síðan aftur nýi Seðlabanki Íslands og við hefðum sett hinum nýja Seðlabanka Íslands nýja yfirstjórn og nýtt skipulag eins og við gerðum í Landsbankanum, eins og við gerðum í Kaupþingi og eins og við gerðum í Glitni, vegna þess að fyrir því voru málefnalegar ástæður alveg eins og í viðskiptabönkunum og þær aðgerðir hafa ekkert með einstaklinga eða persónur að gera. Það er einfaldlega nokkuð sem verður að ganga í þegar stofnun hrynur, þ.e. að endurskoða yfirstjórn hennar og að einhverju leyti að gera á henni breytingar vegna þess að það verður einfaldlega að vera menning okkar.

Þó að mönnum kunni að hafa orðið mistök á þýðir það ekki að þó að þeir geti ekki lengur gegnt þeim störfum sem þeir áður gegndu að þeir séu verri menn fyrir það eða með nokkrum hætti óalandi og óferjandi eða hafi ekki hæfileika

til að taka að sér ný störf og ný stjórnunarstörf, þvert á móti. Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur Íslendinga þegar við reynum að innleiða hér þá menningu að axla ábyrgð, að gera það eins og gert er í kringum okkur þannig að menn séu fyllilega jafngóðir eftir sem áður og eigi sama kost til þess að koma aftur inn á vettvang og taka að sér störf og verkefni annars staðar í samfélaginu þó að þeir hafi af einhverjum ástæðum þurft að stíga til hliðar eftir gríðarlega atburði eins og hér hafa orðið. Það er undarlegt í raun að það skuli hafa tekið stjórnmálaforustuna í landinu sem við öll sem erum hér berum ábyrgð á — það er undarlegt að það skuli hafa tekið okkur svona gríðarlega langan tíma að ljúka þessu sjálfsagða verkefni.

Ég hygg að út af fyrir sig séu þær breytingar sem hér hafa orðið í meðhöndlun málsins ekki til annars en góðs. Ég held að það sé út af fyrir sig sem hér hefur komið fram hjá einstaka þingmönnum kannski hægt að hafa ólíkar skoðanir á því hvort peningastefnunefndin eigi að fá þetta hlutverk sem henni er ætlað með breytingartillögum á milli umræðna. Ég held þó að enginn geti sagt að það spilli málinu þó að það séu fleiri sem eigi að vera á vaktinni í viðbrögðum við fyrirsjáanlegu neyðarástandi og hljóti að vera öllum að meinalausu þó að það hlutverk sé falið fleiri en einum aðila.

Að svo mæltu, virðulegur forseti, vil ég fagna því að við séum loks komin að leiðarlokum í þessu máli sem hefur tekið okkur allt of langan tíma hér í þinginu.

[14:37]

Frsm. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil drepa á nokkra þætti í tilefni af ræðu hv. þm. Helga Hjörvars.

Í fyrsta lagi vildi ég nefna það að hv. þingmaður tók þannig til orða að það mátti skilja með þeim hætti að meðferð þessa máls, seðlabankafrumvarpsins, í þinginu væri að tefja fyrir öðrum þingmálum. Ég undrast þessi ummæli vegna þess að við höfum haft þetta inni í nefnd og þingið hefur haft full tök á að taka hvaða mál sem er til meðferðar meðan þetta hefur verið til meðferðar í nefndinni sem það hefur verið í tíu daga, tólf daga eða hvað það er. Þingið hefur haft öll tök á að taka hvaða mál á dagskrá sem er. Ef hv. þm. Helgi Hjörvar er að vísa til þess að einhver mikilvæg mál frá ríkisstjórninni bíði afgreiðslu hér í þinginu þá hygg ég að svo sé ekki. Ég hygg að það sé eitt frumvarp frá ríkisstjórninni sem bíður þess að komast á dagskrá og ég verð að segja að miðað við heiti þess máls bendir það ekki til þess að það snúist um að bjarga heimilum og fyrirtækjum í landinu, sem er grundvallarverkefni bæði Alþingis og ríkisstjórnar um þessar mundir.

Það er nefnilega þannig að eins og staðan er í dag þá hefur ríkisstjórnin ekki skilað inn í þingið öllum þeim frumvörpum sem hún talar um á blaðamannafundum. Á blaðamannafundum er talað um að það séu 24 eða 25 frumvörp afgreidd frá ríkisstjórn en bara níu þeirra hafa sést hér í þinginu, aðeins níu, og meiri hluti þeirra var reyndar unninn í tíð fyrri ríkisstjórnar. Ég hef því á tilfinningunni að núverandi ríkisstjórn sé fyrst og fremst ríkisstjórn yfirlýsinganna en ekki aðgerðanna.

[14:39]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson kvaddi sér hér hljóðs og ég þakka honum fyrir andsvarið. Ég held að það segi út af fyrir sig talsvert mikið um málefnalega stöðu framsögumanns Sjálfstæðisflokksins í málinu að hann kýs að tala um allt annað en um Seðlabankann og tala einvörðungu um þau frumvörp stjórnarinnar sem hafi komið fram. Ég verð þó að segja af reynslu minni af að mörgu leyti góðu samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn í ríkisstjórn sem þó reyndist ekki fær um að ljúka ákvörðunum og skila inn málum þegar nauðsyn krafði á síðari hluta síðasta árs, að það að skila hér inn níu málum á þeim tíma sem liðinn er frá því að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hóf störf verð ég að segja að er mikill gangur og ég held að þar séu mjög mikilvæg mál, meðal annars um greiðsluaðlögunina, um séreignarsjóðina. Þá má hv. þingmaður ekki gleyma því að hér eru líka til umfjöllunar fjölmörg góð og gegn þingmannamál sem snúast um þann vanda sem við er að glíma og full ástæða er til þess að einbeita sér að hér.

Ég er út af fyrir sig ekki að gagnrýna kannski þessa tólf daga sem málið var í viðskiptanefnd. Ég er aðallega bara að gagnrýna að það skuli hafa tekið okkur tímann frá 6. október síðastliðnum og alla leið til dagsins í dag, 26. febrúar, að klára þessa mikilvægu forsendu fyrir endurskipulagningu á fjármálalífinu í landinu sem er endurskipulagning á yfirstjórn Seðlabankans, banka bankanna vegna þess að það er ekki fyrr en henni er lokið sem hægt er að fara að þjóna viðskiptabönkunum nægilega vel þannig að þeir geti aftur farið að þjóna atvinnulífinu nægilega vel og það getur haldið hér uppi atvinnunni sem er það mikilvægasta verkefni sem við höfum við að glíma. (Forseti hringir.) Það er þess vegna sá langi tími sem liðinn er frá hruninu sem ég er fyrst og fremst að vísa til.

[14:41]

Frsm. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gerði athugasemd við ræðu Helga Hjörvars að gefnu tilefni vegna þess að hann vék þannig að málinu að seðlabankafrumvarpið væri með einhverjum hætti að þvælast fyrir öðrum málum. Þá velti ég fyrir mér í ljósi þess sem fram kom í svari hans við andsvari mínu hvort hann telji að frumvarpið og þau efnisatriði sem þar er að finna, þær lagabreytingar sem þar er að finna séu til þess fallnar að gera þær efnahagsráðstafanir sem hann vísaði til í sínu máli mögulegar. Þá velti ég fyrir mér hvað það er í þessu frumvarpi efnislega sem skiptir máli eða snýst þetta kannski bara um persónur og kennitölur þó að hv. þingmaður vildi neita því í sínu máli?

[14:42]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson er með gleggri starfsbræðrum mínum á Alþingi og ég hélt satt að segja að ég hefði lýst því alveg skýrt hvers vegna ég teldi þetta mál vera mikilvæga forsendu fyrir öllu því sem við annars gerum. Það er einfaldlega þannig að þegar gjaldmiðill hrynur og þegar fjármálakerfi hrynur í kjölfarið þá ætti

maður í endurreisnarstarfinu að byrja á að endurskipuleggja yfirstjórn Seðlabankans sem stýrir gjaldmiðilsmálunum og er banki bankanna, þ.e. kjarni fjármálalífsins og síðan auðvitað líka að endurskipuleggja fjármálafyrirtækin sem hrynja, eins og við höfum gert. Það er þess vegna hin málefnalega ástæða og ein mesta vanræksla ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Ástæðan fyrir því að ég vísaði til þess að það hefði ekki verið hægt að „haarda“ þetta mál lengur er að sú ríkisstjórn reyndist ekki fær um að ljúka þessu máli vegna andstöðu Sjálfstæðisflokksins. Ég held að það sé miklu frekar andstaða Sjálfstæðisflokksins við málið sem hafi snúist um persónur en um málefni vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn var tilbúinn til þess að endurskipuleggja yfirstjórn og skipta út fólki í öllum viðskiptabönkunum. Þegar Seðlabankinn hafði misst gjaldmiðilinn niður, fjármálastöðugleikann og var í þokkabót tæknilega gjaldþrota líka er erfitt að skilja hvers vegna menn féllust ekki á þær málefnalegu ástæður sem fyrir því voru að gera þar breytingar. Maður getur í raun ekki dregið neina ályktun aðra en að Sjálfstæðisflokkurinn hafi látið þær persónur sem þar áttu í hlut ganga framar þjóðarhagsmunum. Ég held að það sé mikið umhugsunarefni fyrir okkur.

[14:44]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er bara eitt atriði í ræðu hv. þingmanns sem ég var eiginlega gáttaður á. Hann sagði að menn sem hefðu verið í stjórnmálum gætu illa stundað starf sitt áfram, þ.e. menn sem til dæmis eru lögfræðingar og hafa háskólapróf í því og verða svo seðlabankastjórar eftir að þeir ljúka stjórnmálaferli, að það skaði þá. Getur það virkilega verið að háskólamenn standi frammi fyrir því vali að fara í pólitík og eiginlega missa menntunina í einhverjum skilningi?

Nú er ég doktor í stærðfræði og ég ætla að vona að ég hafi ekki tapað allri menntuninni við það að fara á þing.

[14:45]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé og verði mikil eftirspurn eftir þekkingu hv. þm. Péturs H. Blöndals í atvinnulífinu þó að hann hafi tekið þátt í stjórnmálum. Auðvitað á þetta ekki almennt við um stjórnmálamenn á vinnumarkaði. Hv. þingmaður veit hins vegar að með þjóðum sem eru eldri en við og reyndari en við, eru sem kallað er prinsippfastari, hafa menn komið sér upp þeirri menningu að einum manni er falin meiri ábyrgð en öllum öðrum á efnahagslegri velferð landsins og það er seðlabankastjórinn í því landi. Það sem skiptir öllu máli um þann mann er að á honum hafi allir traust, að hann taki sjaldan til máls og að hann sé grandvarastur allra manna.

Með fullri virðingu fyrir okkur stjórnmálamönnum er það einfaldlega staðreynd lífsins að ýmislegt getum við sagt gott um okkur sjálf en við erum auðvitað umdeild. Við erum í stjórnmálum vegna þess að við höfum skoðanir á hlutunum og látum þær koma fram. Ýmsir slíkir hlutir geta orðið mönnum til trafala í störfum sem seðlabankastjórar. Þess vegna hefur það einfaldlega ekki tíðkast í þeim löndum sem við berum okkur saman við að menn sem gegnt hafa okkar starfi fari í starf eins og starf seðlabankastjóra sem þarf að njóta trausts allra. Það er erfitt fyrir okkur sem höfum skipað okkur í einn ákveðinn flokk að gera síðan tilkall til þess að fólk úr öllum flokkum eigi að treysta okkur fullkomlega og það fyrir undirstöðum velferðarinnar í samfélaginu, sjálfum efnahagsmálunum.

[14:47]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil bara minna á forseta Íslands sem var í pólitík og er forseti Íslands, allrar þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Ja, ég veit ekki betur en að hann eigi að vera sameiningartákn þjóðarinnar.

Mér finnst það afskaplega slæm niðurstaða hjá hv. þingmanni ef það er virkilega þannig að fólk sem er með góða menntun í þjóðfélaginu og ætti kannski erindi inn á þing þurfi að óttast að geta ekki notað menntunina eftir að það hefur lokið þingstörfum eftir fimm eða tíu ár.

[14:48]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort ástæða er til að vera að elta ólar við þetta. Ég held út af fyrir sig að staðreyndirnar tali sínu máli. Við getum litið til allra þeirra landa sem við kjósum að bera okkur saman við og hvergi hafa menn haft þennan háttinn á. Fyrir því eru efnislegar ástæður.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal þarf ekki að hafa áhyggjur af því að í þeim löndum hafi valist lakari einstaklingar eða verr menntað fólk til stjórnmálastarfa en hér á Íslandi. Ekkert bendir sérstaklega til þess að við hér á Alþingi séum betur menntuð og hæfari en þingmenn í öðrum þjóðþingum vegna þess að við eigum von á því að geta orðið aðalbankastjórar Seðlabankans að loknum störfum hér, það er a.m.k. ákaflega langsótt röksemdafærsla.

Ég held að við sem ung þjóð eigum núna fyrst og fremst að reyna, kannski í svolítilli auðmýkt, að horfast í augu við það sem við höfum ekki tekist á við á undanförnum árum og horfa á það hvernig aðrar þjóðir, okkur eldri og reyndari, hafa vegna reynslu sinnar af áföllum í gegnum aldirnar kosið að skipa málum. Við ættum að skoða þá menningu sem þær hafa þróað, m.a. um það að menn axli ábyrgð og um að seðlabankastjóri þurfi fyrst og síðast að vera faglegur og njóta trausts og trúnaðar fólks alls staðar í samfélaginu.

[14:50]

Útbýting:

Greiðsluaðlögun fasteignaveðlána og staða á íbúðamarkaði, 349. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 597.

Hólaskóli –- Háskólinn á Hólum, 347. mál, fsp. MS, þskj. 595.

Íslensk málstefna, 198. mál, nál. menntmn., þskj. 594.

Útboð vegaframkvæmda, 348. mál, fsp. EKG, þskj. 596.

[14:51]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Við erum komin að 3. umr. um þetta mikilvæga mál, Seðlabanka Íslands, og ég held satt best að segja að flest sjónarmið hafi verið reifuð hérna í umræðunni, bæði í 1. og 2. og nú í 3. umr. Í 2. umr. lagði ég

áherslu á að hv. viðskiptanefnd fjallaði sérstaklega um 3. gr. laga um Seðlabankann vegna þess að þar er kveðið á um markmið bankans, svokallað verðbólgumarkmið, sem hefur verið mjög umdeilanlegt og umdeilt þegar menn ræða um efnahagsmál á Íslandi og hefur verið það til nokkurra ára. Í þeirri umræðu rakti ég þær áhyggjur sem ég hef haft af þeirri nálgun sem hið stranga verðbólgumarkmið hefur í för með sér og til hvers það leiddi að þessi mikli vaxtamunur myndaðist á milli Íslands og landanna í kringum okkur við aðstæður þar sem fjármagn gat auðveldlega flotið á milli og menn nýtt sér þann vaxtamun.

Einhver helsta útflutningsgrein Íslands urðu þá vextir, gengi íslensku krónunnar varð of sterkt, innflutningur varð of mikill, neyslan varð of mikil, útflutningsgreinarnar máttu líða fyrir þetta en innflutningurinn græddi og ójafnvægi myndaðist í hagkerfinu. Af þessu hafði ég og margir aðrir, bæði þingmenn og hagfræðingar, sem um þetta fjölluðu á opinberum vettvangi, heilmiklar áhyggjur. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði þurft, úr því að menn fóru í þetta frumvarp og í þessar breytingar á yfirstjórn bankans, að taka þetta til skoðunar og að menn hefðu þurft að gefa sér tíma til að gera það. Menn hefðu þurft að gefa sér tíma til að fara í þá umræðu. Það er til lítils að fara að breyta Seðlabankanum og yfirstjórn hans ef ekki er um leið svigrúm til að gera þær breytingar sem ég tel nauðsynlegar á framkvæmd peningamálastefnunnar, þ.e. að við hverfum frá þessu stranga verðbólgumarkmiði og aðlögum okkur nýjum veruleika. Það er ljóst í mínum huga að við munum búa við íslensku krónuna næstu missiri og jafnvel næstu árin og við þurfum að hafa peningamálastefnu sem getur tekist á við þann veruleika.

Því miður hefur það ekki verið gert og nokkur flýtir virðist hafa verið í þessu máli. Menn hafa ekki gefið sér tíma til að fara í þá hluti sem þó skipta mestu máli þegar verið er að fjalla um Seðlabankann. Það sem skiptir mestu máli í umræðu um Seðlabanka er hvernig bankinn starfar, hver eru viðmiðin. Það var það sem gerðist árið 2001 og það tók okkur heilmikinn tíma að komast að niðurstöðu. Mjög var vandað til verka, margir fengnir að, sérfræðingar sem höfðu mikið vit á þessum málum, og ég var einn af þeim sem var ánægður með niðurstöðuna. En það runnu á mig tvær grímur eftir því sem leið á tímann og ég sá að þessi stefna og framkvæmd hennar var ekki að mínu skapi og ég taldi að hún skapaði þetta ójafnvægi sem væri svo óæskilegt.

Ég hjó eftir því hjá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni að hann talaði um það hvernig beita skyldi peningastjórnartækjunum og hafði á orði að horfa þyrfti til lykilhagstærða í hagkerfinu. Ég er sammála hv. þingmanni um þetta en þannig eru bara lögin, hv. þingmaður, og það var það sem við vorum greinilega ekki tilbúin til að ræða hér í þinginu, að bankinn á að horfa á eitt markmið fyrst og síðast og það er verðbólgumarkmiðið. Ég hefði talið að betur hefði farið ef við hefðum haft það þannig í umræddri lagagrein að bankanum bæri að horfa á verðbólgumarkmiðið í samhengi við helstu lykilstærðir í hagkerfinu. Þessu hefði ég viljað breyta í 3. gr. laganna, ég held að það hefði verið til bóta. En gott og vel, ég sé að það mun ekki gerast, við erum komin með þá stöðu sem hér er og við verðum að sjálfsögðu að gera hið besta úr þeirri stöðu.

Mér hefur fundist undarlegt að heyra þá umræðu að með því að ræða frumvarp til laga um Seðlabankanna væri verið að eyða tíma þingsins. Mér finnst sú umræða furðuleg og forkastanleg. Þetta er eitt af þeim grundvallarmálum sem þingið þarf að ræða mjög ítarlega, það þarf að fara mjög nákvæmlega í gegnum þetta. Ég held að hv. viðskiptanefnd hafi gert margt ágætt í því og breytt mjög vondu frumvarpi, sem kom upphaflega inn í þingið, til hins betra um mjög marga hluti. En ég verð að segja eins og er að það hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum að sjá að bæði við 2. og 3. umr. hefur verið heldur fámennt hér í þingsalnum, fáir hafa látið sig þetta mál varða og það eru mikið til þeir sömu sem hafa rætt málið hér við 3. umr. og tóku til máls við 2. umr. Það skal þó tekið fram að ég var fjarverandi við 1. umr. og gat ekki tekið til máls þá en gerði það við 2. og nú við 3. umr. Ég hefði viljað að við hefðum gefið okkur allan þann tíma sem þurfti til þess að vanda þessa smíð, um þetta mikilvæga mál.

Hér liggur fyrir breytingartillaga frá meiri hluta viðskiptanefndar. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ef peningastefnunefnd metur það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógna fjármálakerfinu skal hún opinberlega gefa út viðvaranir þegar tilefni er til.“

Ég hef orðið fyrir vonbrigðum með að þetta skuli vera sett inn svona seint og vera allt að því órætt.

Menn kunna að hafa ýmsar skoðanir á þessu. Ég hef ákveðna skoðun á þessu og margir hv. þingmenn hafa hér lýst sinni skoðun, en ég hefði talið mjög mikilvægt að við hefðum kallað til færustu sérfræðinga á þessu sviði, gefið okkur í það minnsta einn dag, þó ekki væri nema það, til þess að kalla til sérfræðinga til að meta nákvæmlega orðalagið, hvaða áhrif þetta hefði, hvernig þetta yrði í framkvæmd o.s.frv. Seðlabankinn er undir og starfsemi hans, ein mikilvægasta stofnun í hagkerfi okkar og í þjóðlífinu öllu. Mér finnst það hreint út sagt ekki boðlegt að við setjum svona setningu inn í lög án þess að við höfum farið í gegnum einhverja alvöruumræðu um málið.

Ég ætla ekki að segja að ég sé fullkomlega bær um að meta afleiðingarnar af þessu og ég er ekkert viss um að þeir sem hér sitja í salnum séu það eitthvað frekar en ég. Ég játa að ég hef hvorki haft tíma né þekkingu til þess að meta þetta nákvæmlega, hef sennilega ekki þá þekkingu sem til þarf. Ég hefði viljað sjá viðbrögð sérfræðinga á sviði peningamálastjórnunar og þeirra sem eru sérfræðingar í Seðlabanka Íslands og lagaumhverfi hans og fá skoðun þeirra á þessu. Ég held að þetta sé mjög til hins verra og ég hef miklar áhyggjur af því að þetta ákvæði skuli ekki hafa verið rætt betur og kannað.

Jón Daníelsson hagfræðingur, sem er sérfræðingur á þessu sviði, hefur áhyggjur af þessu. Jón er prófessor í fjármálum í London School of Economics. Ég varð þeirrar ánægju aðnjótandi að vera nemandi Jóns við Háskóla Íslands og veit að Jón er feikilega vel að sér um þessa hluti. Þegar maður eins og Jón Daníelsson lýsir yfir efasemdum sínum og áhyggjum af þessu held ég að það sé skynsamlegt — og við erum að ræða um jafnmikilvægan hlut og Seðlabanka Íslands, hlutverk hans og hagstjórnina — að hlusta. Hvort sem það lýtur að hagstjórninni sjálfri, beitingu stýri-

tækja bankans eða fjármálastöðugleikanum eigum við að hlusta á menn eins og Jón þegar þeir tjá sig með þessum hætti.

Það hefði verið skynsamlegt hjá viðskiptanefnd, úr því að þessi tillaga kom fram, að menn hefðu sagt: Við ætlum að gefa okkur tíma til að kalla eftir áliti sérfræðinga á þessu ákvæði, kanna hvað þeir hafa að segja, vinna úr því. Það kann vel að vera að það hefði orðið niðurstaða þeirra að þetta væri hið ágætasta ákvæði og þá hefðum við bara tekið því hér inni í þingsal. Það kann líka að vera að þeir hefðu haft sömu skoðun og prófessor Jón Daníelsson sem hefur sínar efasemdir, en við höfum ekki nokkurn tíma til þess að fjalla um þetta. Þetta mál verður tekið til atkvæðagreiðslu, þetta er tillaga frá meiri hluta viðskiptanefndar og flest bendir til þess að hún verði samþykkt óbreytt.

Ég lýsi efasemdum mínum og áhyggjum af þessu og vil enn og aftur ítreka að ég hefði talið að öll umræðan um Seðlabankann hefði þurft að vera ítarlegri. Við höfum farið nokkuð hratt í gengum frumvarpið. Ég veit að hér inni eru margir hv. þingmenn sem hafa á þingmennskuferli sínum haft áhyggjur af því hvernig þingið vinnur lagafrumvörp, þ.e. að stundum sé býsna hratt farið. Í þessu frumvarpi, sem er mjög mikilvægt, hefðu menn þurft að vanda sig eilítið meira.

Í sjálfu sér hef ég ekki mikið meira um frumvarpið að segja umfram það sem ég hef þegar sagt við 2. umr. og nú þessa. Ég ber enn þá von í brjósti að meiri hluti nefndarinnar skoði þessa tillögu sína og fari ekki fram með þeim hætti sem mér sýnist allt stefna í. Ég ætla ekki að segja að ég ætli að halda niðri í mér andanum eða vænta mikils í þeim efnum en í það minnsta hafa þessi varnaðarorð mín komið fram og ég vona að þau leiði til einhvers góðs.

[15:01]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Illuga Gunnarssyni fyrir ræðu hans. Hún var mun málefnalegri og hófstilltari en margar ræður sem hafa verið fluttar í dag. Hann mælti réttilega að á undanförnum árum hafi skapast ójafnvægi í hagkerfinu, vextir hafi verið til sölu og útflutningsgreinarnar hafi þurft að búa við gríðarlega mikið ójafnvægi sem var í íslensku samfélagi og kannski það að fjármálastöðugleikinn var í sjálfu sér enginn.

Í því frumvarpi sem hér er til umræðu eru einmitt ákvæði um að peningastefnunefnd eigi að grundvallast á markmiðum Seðlabankans, á vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum og fjármálastöðugleika. Í skýrslunni sem hefur verið til umræðu er einmitt komið inn á þann vanda sem hv. þingmaður hefur verið að lýsa. Til að bregðast við þessum sérstaka vanda leggur nefndin til að seðlabönkum alls staðar í Evrópu og víðar séu gefnar heimildir til að vara við ef þær sjá aðsteðjandi ógn í fjármálakerfinu. Það er þeirra ráð til að koma í veg fyrir að sama ástand skapist og hefur verið á Íslandi. Mig langar til að spyrja þingmanninn: Ef við förum út í, eins og hann boðaði áðan, að þetta verði einhvern veginn lokað í bakherbergjum og menn séu að hvísla upp í eyrað á ráðamönnum, gerist þá ekki það sama aftur, að þótt Seðlabankinn eða peningastefnunefnd aðvari einhverja nefnd einhvers staðar þá verði allt á huldu og ekkert gerist?

[15:04]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsti því í ræðu minni að ég treysti mér ekki með þeim litla fyrirvara sem við hefðum hér til að leggja þannig mat á þessa breytingartillögu að hún hefði nákvæmlega þau áhrif sem hv. þingmaður nefndi að hún væri til fallin, þ.e. að auka fjármálastöðugleikann. Ég hefði, og það er það sem ég kallaði eftir, viljað að kallaðir væru til sérfræðingar og nefndi einmitt álit prófessors Jóns Daníelssonar á þessu ákvæði. Þetta er ekki spurning um hvort það sé gott að við aukum og bætum fjármálastöðugleikann, um það eru allir hv. þingmenn sammála. Það sem hér er um að ræða er útfærslan, hvernig þessir hlutir eru gerðir, hvernig bankinn starfar, hvernig upplýsingar innan bankans eru unnar og hver það er sem á að gefa út slíkar viðvaranir og hvernig með er farið. Það eina sem ég hef verið að kalla eftir er að við hefðum fengið álit sérfræðinga á þessu sviði á þessu ákvæði. Sérfræðinga sem gætu metið hvort hvort sá tilgangur náist sem hv. þingmaður nefndi sem er að auka fjármálastöðugleikann, að auka möguleika bankans til að vara við ef hann telur að það þurfi, hvort þetta væri best gert með þessu ákvæði og hvort það orðalag sem hér er um að ræða og það verklag sem lagt er upp með, sé heppilegt eða ekki.

Það var ekki annað sem fyrir mér vakti en að kalla eftir þessu og vekja athygli á viðvörunarorðum manna sem hafa getið sér góðs orðs á þessu sviði og hafa með mikla þekkingu á því. Þegar þeir hafa varað okkur við þessari nálgun þá eigum við að hlusta og við eigum að skoða vel okkar gang. Það var það sem ég vildi koma til skila í ræðu minni.

[15:05]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ósanngjarnt að demba þessum spurningum á hv. þingmann. Eins og kom fram hefur honum ekki gefist tími til að fara ítarlega yfir þá skýrslu sem nefndarmenn í viðskiptanefnd hafa lagt fram. Mig langar samt að segja honum að í ákvæðinu, eins og það hefur verið þýtt, segir að til þess að seðlabankar og þá sérstaklega Seðlabanki Evrópu geti sinnt hlutverki sínu í því að vernda fjármálalegan stöðugleika, ættu þeir að fá skýra og formlega heimild til að meta heildaráhættu í fjármálakerfinu og gefa út viðvaranir þegar þörf er á.

Þingmanninum var mjög tíðrætt um að það þyrfti að kalla málið inn í nefnd. Við höfum farið yfir þetta mál í þrjár vikur, fengið umsagnaraðila og unnið það faglega frá a til ö. Mig langar til að nefna nokkur mál frá því að Sjálfstæðisflokkurinn var í ríkisstjórn. Hér eru sjö mál: 119. mál um fjármálafyrirtæki, leyfisbundna starfsemi þrotabús, ekki sent formlega til umsagnar. Gjaldeyrismál, takmörkun gjaldeyrisviðskipta, ekki sent til umsagnar. Mál um embætti sérstaks saksóknara, rannsókn á fjárþroti fjármálafyrirtækja, ekki sent til umsagnar. Mál um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna, ekki sent til umsagnar. Mál um vexti og verðtryggingu, lækkun dráttarvaxta, ekki sent til umsagnar. Mál um eftirlaun forseta Íslands og alþingismanna, ekki sent til umsagnar. 248. mál,

fjárhagsleg fyrirgreiðsla ríkissjóðs til málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum, ekki sent til umsagnar. Hvernig getur hv. þingmaður sem var í ríkisstjórn, fyrir bara tveim mánuðum, komið fram og krafist þess að eyða fleiri dögum í þetta mál þegar þetta er það verklag sem hann og hans flokkur hefur staðið fyrir?

[15:08]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fyrst hvað varðar það ákvæði sem hér er um að ræða. Það kom fram í nefndinni í gær og eðli málsins samkvæmt hefur það ekki verið rætt til neinnar hlítar innan nefndarinnar. Þetta er nýtt ákvæði sem breytir starfi þessarar mikilvægu nefndar og enn á ný vísa ég til þeirra efasemda sem fram hafa komið. Að sjálfsögðu hef ég ekki haft tíma til að kynna mér þetta sérstaka ákvæði, orðalag þess eða afleiðingar þess eða hvernig það fellur að því skipulagi sem Seðlabanki Íslands lýtur. Seðlabankar eru mjög mismunandi að uppbyggingu og því er mjög mikilvægt, þó að menn hafi almenn sjónarmið um það hvernig að þessu málum skuli staðið, hvernig við getum tryggt best fjármagnsstöðugleikann, að það falli að því skipulagi sem við höfum komið upp með Seðlabankann. Það er það sem ég hef kallað eftir að verði rætt ítarlegar og fengnir sérfræðingar til að fara yfir.

Hvað varðar umsagnir þá er það mismunandi hvernig frumvörp eru afgreidd í þinginu og hvernig er farið með þau í nefnd. Ég er þeirrar skoðunar að þegar um er að ræða þvílíka grundvallarlöggjöf eins og lög um Seðlabanka Íslands eru, þá skipti miklu máli að hvert einasta atriði sé þaulhugsað, að búið sé fara yfir það algerlega frá grunni, færustu aðilar hafi verið kallaðir til málsins vegna þess að þegar við erum að fjalla um sjálfan grunn efnahagsstarfseminnar verða menn að vanda sig eins og hægt er og ná sem bestri pólitískri sátt um það hvernig þetta er gert. (**Gripið fram í:** Sammála.) Þetta er lykilatriði. Ég ætla ekki að fara að skattyrðast um það við hv. þingmann hvernig farið hefur með hin og þessi frumvörp í gegnum tíðina. Það er til langt syndaregistur þingsins um hvernig hefur verið farið með mál og ekki alltaf vel. En þetta mál skiptir svo gríðarlega miklu máli, sérstaklega við þær aðstæður sem nú eru í samfélaginu, að við vöndum okkur mjög mikið. Mér finnst það ekki nógu vandað að undir lok umræðunnar, á síðasta fundartíma nefndarinnar komi þetta breytingarákvæði fram og það er ekki hægt að ræða það eða kalla til sérfræðinga.

[15:10]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til nýrra laga um Seðlabanka Íslands, í 3. umr. Ég tel að frumvarpið hafi fengið alveg fullnægjandi meðferð eins og ég hef skynjað það þó að ég hafi ekki verið inni á þingi undanfarna daga. En eins og ég hef náð að fylgjast með því sýnist mér talsverð vinna hafa verið lögð í málið. Eins og fram kom í máli manna í morgun um þetta mál virðist aðalágreiningurinn um það birtast í breytingartillögu, þ.e. að peningastefnunefnd eigi að meta alvarleg hættumerki, hvort þau séu til staðar, hvort þau ógni fjármálakerfinu og hvort þá skuli gefa út einhvers konar viðvörun.

Þessi breytingartillaga byggir á því að hún er matskennd, þ.e. nefndin á að meta ástæður fyrir því ef og ef til þess kemur að gefa út einhvers konar viðvörun. Ég er í raun og veru ekkert hissa á því þó að í lokaumferð þessa máls hafi menn komið fram með slíka tillögu. Ég hygg, hæstv. forseti, að eftir að þjóðin varð vitni að viðtali í Kastljósi við Davíð Oddsson hafi það þótt næg ástæða til að setja fram svona tillögu þótt ekkert annað hefði komið til og menn hefðu enga skýrslu fundið hjá Evrópusambandinu. Bara einfaldlega það að standa uppi með þær fullyrðingar að núverandi seðlabankastjóri og seðlabankastjórarnir hafi búið yfir alls konar upplýsingum og komið þeim á framfæri eftir mjög mismunandi leiðum, svo mismunandi að ríkisstjórnin eða stærstum hluta hennar var ekki ljóst að þær hefðu komið fram. Bara sú niðurstaða ef rétt er — og henni hefur ekki verið mótmælt, ég vek athygli á því, hæstv. forseti, henni hefur ekki verið mótmælt. Fyrrverandi forsætisráðherra upplýsir að hann hafi vitað af slíkum upplýsingum en aðrir ráðherrar bera það hins vegar af sér, segjast aldrei hafa séð slíkar upplýsingar, ég nefni hæstv. ráðherra Össur Skarphéðinsson. Því segi ég, hæstv. forseti, að ég mun styðja þetta mál heils hugar, í þeim búningi sem það er hér.

Ég tel að í ljósi reynslunnar hafi vissulega oftar verið ástæða til þess að vara við og menn hefðu betur vitað hvað var á ferðinni, fleiri en eingöngu fyrrverandi forsætisráðherra. Ég held að þjóðin eigi rétt á því að fá það upplýst í eitt skipti fyrir öll hvernig upplýsingagjöf fór frá seðlabankastjóranum til ríkisstjórnarinnar. Í hvaða formi var hún? Var þetta eitthvert kaffispjall Davíðs Oddssonar og Geirs Haardes, þar sem sýnd var blá bók eins og í sjónvarpinu, í Kastljósinu, um skýrslu sem hefði verið sýnd, sem öðrum virtist alls ekki vera kunnugt um? Þegar maður horfir á alla meðferð málsins úr þeirri stöðu sem íslenska þjóðin er í, eftir 18 ára valdaferil Sjálfstæðisflokksins, þá tel ég að menn ættu að fara varlega í það að leggjast gegn því að upplýsingar séu gefnar.

Hér á að meta það hvort gefa eigi slíkar upplýsingar, hvort gefa eigi út svona viðvörun. Það kann vissulega að vera vandasamt þegar á að gefa út viðvörun, ég tek alveg undir orð hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson í því sambandi. Það kann að vera mjög vandasamt að gera það en samkvæmt þessari grein á að gera það. Það á að leggja mat á hvort einhver ógn er í fjármálakerfinu. Það hefði verið betra að menn hefðu tekið það alvarlega í hvaða stöðu íslenska fjármálakerfið var að komast og þær viðvaranir sem menn virðast hafa fengið, m.a. frá Seðlabankanum. En þeim virðist ekki hafa verið komið öðruvísi á framfæri en svo að hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra virðist hafa haldið þeim upplýsingum hjá sér með einhverjum hætti. Að minnsta kosti upplýsa sumir ráðherrarnir að þeir hafi ekki vitað um þær. Þetta er alveg furðulegt fyrir fólkið í landinu sem situr uppi með það að vera að missa eignir sínar, safna skuldum vegna afleiðinganna, atvinnulífið flatt, 15 þúsund manns á atvinnuleysisskrá, að fólk skuli sitja uppi með það dag eftir dag að bornar séu á borð upplýsingar sem þjóðin getur ekki fest hönd á hvort eru sannar eða ekki.

Ef þetta ákvæði getur orðið til þess að sett verði skilmerkilega fram viðvörun sem ástæða er til að íslenska þjóð-

in fái þegar allt er að fara til fjandans, þá er það bara gott. Það vinnulag sem lengi hefur viðgengist í íslensku þjóðfélagi má aldrei endurtaka sig, aldrei. Menn verða að meta það hér hvort eðlilegt sé að senda út slíka viðvörun. Ég er hræddur um að það hefði verið ástæða til þess fyrr að hafa slíkt ákvæði.

Þetta er það sem ég vil segja um þetta mál, hæstv. forseti, og sé ekki ástæðu til þess að þingið sé að eyða tíma sínum dag eftir dag og tala um það hvort það eigi að gera betur en við höfum gert á undanförnum árum. Við eigum að gera það, skilyrðislaust.

[15:17]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég get tekið undir margt af því sem fram kom í ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Ég get reyndar ekki tekið undir að vinnubrögðin í tengslum við þetta mál séu fagleg og í lagi. Ég veit ekki hvort Guðjón A. Kristjánsson hefur oft verið í þeirri stöðu sem stjórnarandstæðingur og óskað eftir því að fá upplýsingar um hverjir sömdu frumvörp sem honum er ætlað að fjalla um og er þá neitað um slíkar upplýsingar. Við það höfum við þurft að búa í tengslum við þetta mál.

Varðandi bráðabirgðaákvæðið sem við erum að tala um að peningastefnunefndin skuli gefa út viðvaranir opinberlega þegar hún telur tilefni til vegna alvarlegra hættumerkja, verð ég að spyrja hv. þingmann hvort hann óttist ekki þetta ákvæði.

Eins og ég ræddi í ræðu minni hafa yfirlýsingar slíkrar nefndar eða seðlabankastjóra, sem eru opinberar, mjög mikið vægi. Þær hafa gríðarleg áhrif á fjármálakerfið, svo stóralvarleg að þær geta leitt til þess að hlutabréf lækka, lánalínur lokast, veðköll hefjast og menn krefjast endurgreiðslu lána.

Um þessa tillögu hefur ekki farið fram nein efnisleg umræða í nefndinni eða neins staðar annars staðar. Það sem við, sem reynum að fjalla um þetta mál, höfum þurft að gera er að prenta út af netinu viðvörunarorð manna eins og Jóns Daníelssonar hagfræðings. Ég hefði talið að við hefðum þurft að fjalla um þessi mál með nákvæmari hætti, um þessa breytingartillögu sem gjörbreytir inntaki þessara reglna. Ég vil fá sjónarmið um það frá hv. þingmanni hvort hann sé ekki sammála (Forseti hringir.) mér um það. Hvort hann telji ekki að efni þessarar breytingartillögu (Forseti hringir.) sé þess efnis að um hana þurfi að fjalla nánar.

[15:19]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég veit nú ekki hvort við eigum að hafa miklar áhyggjur af því hvort textarnir sem hér eru hafi í upphafi verið settir niður á blað af Jóni eða Gunnu eða hvort þau hafi á síðari stigum málsins komið að því að leiðrétta textann og bæta hann. Ég held að textinn, eins og hann lítur út í dag, sé nokkurn veginn viðunandi. Ég sé ekki annað en að séu sett ýmis skilyrði fyrir beitingu þessa valds sem peningastefnunefndin á að hafa og hvernig hún er uppsett, hvers konar fólk skal veljast þar til starfa o.s.frv.

Ég hygg að henni sé fengið vald en líka þekking og eigi að geta metið hvort óhætt sé að senda frá sér viðvaranir og meta hvernig þær eigi þá að vera orðaðar.

Ég geri mér vel grein fyrir því að varúðarviðvörun um að alvarleg hættumerki séu til staðar í fjármálakerfi landsins sé ekki eitthvað sem menn setja að gamni sínu. Það þarf allrar athygli við. Ég treysti því að þegar við reynum að velja okkar hæfasta fólk til þess að fjalla um það verði slíkum ákvæðum beitt af skynsemi. Menn taki sem minnsta áhættu í því.

En það leysir okkur hins vegar ekki undan því að reynslan sem við búum við er ekki trúverðug. Ég fór yfir það í ræðu minni áðan. Mér finnst reynslan ekki trúverðug hjá Seðlabankanum við framsetningu mála.

[15:21]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég á nú erfitt með að taka undir það sem kom fram í upphafi andsvars hv. þingmanns um að það skipti ekki máli hvort það sé Jón eða Gunna sem semja (**GAK:** Efni textans.) efni textans. Það skiptir auðvitað verulegu máli fyrir okkur þingmenn þegar við fjöllum um lagafrumvörp að fá upplýsingar um það frá höfundum frumvarpanna hvað býr að baki þeirri niðurstöðu sem þeir komust að. Ég trúi ekki öðru en að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sé sammála mér um það, sérstaklega þegar í húfi er endurreisn fjármálakerfisins. Ný lög um Seðlabankann eiga að vera hluti af þeirri endurreisn.

Þegar við fjöllum um slíka endurreisn og hagsmuni sem þar eru í húfi er það lágmarkskrafa að menn fái upplýsingar um það hverjir sömdu frumvarpið og hvaða sjónarmið lágu þeirri samningu að baki. Þá þýðir ekkert að bera það á borð að það skipti ekki máli hvort það hafi verið Jón eða Gunna sem komu að þeirri vinnu.

Ég geri kröfu til þess að þegar menn semja ný frumvörp um Seðlabanka Íslands við endurreisn fjármálakerfisins, liggi það fyrir hverjir hafi unnið að þeirri samningu. Ég vona að hv. þingmaður, sem er með lengri þingreynslu en ég, geti tekið undir þau meginsjónarmið þó að við séum ekki í sama flokki.

Varðandi bráðabirgðaákvæðið, hættumerkin og yfirlýsingarnar sem peningastefnunefndin á að gefa út, þarf auðvitað að fara varlega, ég er alveg sammála hv. þingmanni í því. Beita þarf því ákvæði af skynsemi. En gallinn við þessa tillögu er sú að það eru engar vísireglur um það, (Forseti hringir.) hvorki í greinargerð með tillögunni né hefur það komið fram í (Forseti hringir.) ræðum þingmanna, við hvaða aðstæður eigi að (Forseti hringir.) gefa út slíkar viðvaranir.

[15:24]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ef menn hafa eitthvað misskilið þau orð mín að ég teldi það ekki aðalefni málsins hver samdi textann get ég samt tekið undir að það er auðvitað betra að menn viti hverjir sömdu textann. Ég sé enga ástæðu til að halda því leyndu. En það er samt efni textans sem skiptir fyrst og fremst máli og virkni þeirra ákvæða sem menn ætla að setja í lög. Það er það sem ræður því að mínu viti hvaða fylgni og aðgerðir fylgja lögum og reglum sem settar eru í þessu þjóðfélagi. Þess vegna segi ég að það eru ekki endi-

lega nöfnin sem eru á bak við sem skipta máli.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að í viðskiptanefnd hafi komið fram greinargerð með frumvarpinu þegar það var lagt fram. Það hlýtur að hafa fylgt því greinargerð og gögn sem menn lögðu til með sér í textanum, hverjir svo sem höfundarnir voru eða voru ekki. Ætli það hafi nú ekki verið unnið í einhverri vinnu sem fleiri komu að en einn og fleiri en tveir, eins og gengur. Þannig að ég trúi því ekki að menn hafi ekki fengið einhver slík gögn inn í nefndina til að skoða og að textanum hafi fylgt einhverjar skýringar. Ef það hefur ekki verið verð ég að lýsa yfir undrun á því.

En efni málsins er fyrst og fremst sá lagatexti sem við fjöllum um og búið er að fjalla um. Ég vek athygli á því að mikill meiri hluti þingsins samþykkti uppistöðuna í frumvarpinu. Voru það ekki 50 þingmenn sem samþykktu það? Þeir hafa nú varla gert það án þess að vita neitt hvað þeir voru að gera. Ég trúi því ekki. Þess vegna sagði ég áðan að mér fyndist að ágreiningurinn snerist fyrst og fremst um (Forseti hringir.) viðbótarbreytingartillöguna.

[15:26]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að ræða breytingartillögu sem er sennilega ekki sólarhringsgömul og byggir á skýrslu frá Evrópusambandinu sem nefndin fékk í gær til skoðunar. Ég hef lýst henni sem sprengju sem lumað er í tösku ferðalangs og getur sprungið við minnsta hnjask. Ef peningastefnunefnd á að tilkynna opinberlega þegar tilefni er til um alvarleg hættumerki getur hún alveg eins bara sagt: Ég ætla að stúta kerfinu. Gott dæmi um það var það sem gerðist í Bretlandi að morgni 8. október 2008 og sagt er frá á eyjan.is, en þar segir, með leyfi herra forseta:

„Ummæli Alistairs Darlings fjármálaráðherra í útvarpsviðtali í gærmorgun um að Íslendingar ætluðu „þótt ótrúlegt væri, ekki að standa við skuldbindingar sínar“ gagnvart Icesave-innlánsreikningunum, urðu til þess að Bretar drógu innstæður sínar út af Icesave-reikningum Landsbankans í gær en um leið líka út af reikningum Kaupþings Edge, þrátt fyrir að breska ríkið hafi verið í ábyrgðum fyrir þær innstæður.“

Þetta dæmi sýnir einmitt hversu viðkvæmt og stórhættulegt það er að koma með upplýsingar opinberlega um stöðu á fjármálamarkaði. Hún getur valdið tjóni langt út fyrir það sem tilefni er til. Enda segir í tilvísun í þeirri skýrslu, sem mér skilst að meiri hluti nefndarinnar hafi haft á bak við eyrað og þar á meðal hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sem er viðstödd umræðuna, að gefa eigi svona yfirlýsingar og varúðarorð „þar sem þeirra er þörf“. Ekki opinberlega, ekki út um allt, ekki um allt kerfið, ekki setja það á netið. Nei, „þar sem þeirra er þörf“, væntanlega í mjög miklum trúnaði.

Ef Seðlabankinn kemst að einhverju á hann eða peningastefnunefndin væntanlega að senda viðvörun í viðskiptaráðuneytið. Viðskiptaráðuneytið á svo að senda viðvörun áfram, það getur sent hana víðar, t.d. á ríkisstjórnina. En Seðlabankinn á ekki að birta það opinberlega því að það er nánast það sama og að segja: Við ætlum að sprengja kerfið. Þetta er stórhættulegt ákvæði, alveg stórhættulegt, eins og ég skil það. Nú getur vel verið að ég skilji þetta allt saman rangt. En ég hef ekki haft mikinn tíma til að hugsa það og ég hef ekki haft tíma til að ræða við nokkurn einasta mann um þetta. Slíkur er hraðinn á þessu eina ákvæði. Það getur vel verið að það sé hárrétt að segja frá því að kerfið sé í miklum vanda og það auglýsi, bingó, þannig að allir geti rifið út innstæðurnar sínar eins og breski ráðherrann gerði.

Ég vara eindregið við þessu og ef það er nokkur einasta leið — nú er ekki mikill tími eftir — að breyta þessu þannig að í staðinn fyrir „opinberlega“, standi „til þeirra sem það varðar“ eða „þar sem þeirra er þörf“. Menn þurfa að hafa lesið þetta en alla vega eins og ég skil enskuna þýðir þetta eitthvað allt annað.

Ég ætla nú ekki að stoppa lengur við þetta atriði enda ætla ég ekki að tefja málið. En ég ætla að geta um það sem gerist þegar frumvarpið verður samþykkt sem gerist vonandi sem fyrst því að ég vil ekki sjá það tefja þjóðina mikið lengur. Þá gerist það að hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, mun tilnefna tvo menn, bankastjóra og aðstoðarbankastjóra, bara si svona. Hún tilnefnir þá en þeir þurfa að uppfylla skilyrði um menntun sem er ágætt. Síðan stýrir einn af yfirmönnum bankans mótun á stefnu í peningamálum. Hann á líka að vera þarna inni. Þar stendur „einn af“, en það er ekki einu sinni klárt hver það er. Vonandi er það nokkuð skýrt svo að menn fari ekki að rífast um það innanborðs hver á að vera í þessari nefnd. Svo skipar forsætisráðherra tvo sérfræðinga á sviði efnahags- og peningamála til fimm ára um leið og lögin eru samþykkt. Þarna er komin fimm manna stjórn sem forsætisráðherra Íslands, Jóhanna Sigurðardóttir, skipar, vonandi að teknu tilliti til allra menntunarkrafna og annars slíks.

Þetta er það sem gerist fyrst. Þessi nefnd manna, sem skipuð er af einum manni, forsætisráðherra, fer í viðræður við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og gengur frá málum þar. Talandi um flokksræði og ráðherraræði, herra forseti, þá ættu menn að hafa þetta í huga. Þetta er sem sagt alvald hæstv. forsætisráðherra í einhverjar vikur

Svo á að auglýsa starf bankastjóra og aðstoðarbankastjóra og þar er væntanlega einhver umsóknarfrestur. Hann verður varla skemmri en fjórar vikur. Það þarf að ráða þá og þá fer þetta í gang. Þá verða komnir menn sem þessi sami ráðherra, ef hann er þá enn þá við völd, skipar. Sem sagt: Það er einn ráðherra sem skipar allt saman. Ég ætla að vona að þeim ráðherra farnist vel því að þarna er verið að setja alls konar skilyrði um menntun og menn tala mikið um menntun hérna. En það er eins gott að ráðherrann sé þá vel inni í menntunarmálum þegar hún skipar þessa menn og viti hvað hún er að gera. Þessir menn sitja svo áfram og eru óskeikulir og ósnertanlegir af því að Seðlabankinn er sjálfstæður. Vonandi tekst vel til í þeirri atburðarás allri.

Ég ætla nú ekki að tefja þetta lengur eins og ég sagði. Ég hef mjög margt mikið út á frumvarpið að setja og kannski sérstaklega að það tekur ekki á vandanum sem er náttúrlega peningastefna Seðlabankans sem sett er í 3. gr. Það á ekkert að breyta því. Ég er búinn að gagnrýna það í fjölda ára, sennilega fimm, sex, sjö ár, að hún er röng. Hún hefur búið til jöklabréfavandann o.s.frv. Þessi stefna er röng og það á ekkert að breyta henni. Hún á að halda áfram, enda eru menn ekki að þessu til að laga nokkurn skapaðan hlut. Menn eru að þessu til að losna við fólk.

En það skiptir ekki máli. Mér finnst núna, herra forseti,

að við eigum að klára þetta mál sem allra fyrst þannig að við getum farið að snúa okkur að því koma bönkunum í gang. Við getum farið að setja atvinnulífið og fyrirtækin í gang þannig að uppsagnir stöðvist og þjóðin geti farið að sjá einhverja von.

Það hefur ekki gerst annað hér á þinginu undanfarnar vikur en að þetta mál hefur verið rætt aftur og aftur. Það vill svo til að við erum að ræða alls konar ágæt þingmannamál. Það er svo sem fínt og ég hef alltaf lagt áherslu á að menn eigi að gera það.

En það liggja engin frumvörp fyrir frá ríkisstjórninni til bjargar heimilunum. Kannski er það ósanngjarnt að gera ráð fyrir því að menn hafi slík frumvörp tilbúin á þessum stutta tíma. En það er einmitt áhættan sem við tókum með því að skipta um stjórn og með því að fara í kosningar að það bara tefur þjóðina í að laga kerfið. Það tefur það um svona fjóra til sex mánuði. Ég ætla að vona að menn fari að taka sér tak og klára þetta og fara að snúa sér að hlutum sem skipta virkilega máli. En nú koma kosningar og prófkjör og annað slíkt þannig að ég geri ráð fyrir að ekki verði mikil framleiðni á Alþingi.

[15:35]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Þetta er hins vegar stórt mál sem vandlega þarf að fara yfir. Eins og við þekkjum hefur aðdragandinn verið nokkuð sérstakur og vinnubrögðin eftir því. Ég hygg, og því hefur ekki verið mótmælt, að þetta sé í fyrsta skipti sem við afgreiðum mál um Seðlabanka Íslands án þess að allir flokkar komi að þeirri vinnu, sú hefur verið reglan fram til þessa. Þannig hefur það verið vegna þess að menn telja mikilvægt að sátt ríki um Seðlabankann, hann er ein af grundvallarstofnunum okkar og mikilvægt að menn vandi vel til verka.

Það kemur spánskt fyrir sjónir að sú ríkisstjórn sem nú er, sem samanstendur af tveimur flokkum, Samfylkingunni og Vinstri grænum, hafði stór orð um það, meðan þeir flokkar voru í stjórnarandstöðu, að mjög mikilvægt væri að viðhafa fagleg og gagnsæ vinnubrögð, og ég held að flestir geti verið sammála um það. Ekki er nokkur leið að halda því fram að það hafi verið gert í þetta skipti og við erum að tala, eins og ég vísaði í áðan, um lög um Seðlabanka Íslands.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa einnig rætt mikið um mikilvægi samráðs, að hafa samvinnu við stjórnarandstöðu, og þau sjónarmið eiga sér hljómgrunn. Það kemur því mjög á óvart að sjá hvernig staðið hefur verið að þessu máli. Ekki er hægt að halda því fram að hlutirnir séu gagnsæir þegar það liggur t.d. ekki fyrir hver samdi frumvarpið. Nú kynni einhver að spyrja: Skiptir það einhverju máli? Ég mundi ætla að það ætti í það minnsta ekki að vera neitt leyndarmál. Auðvitað er það aðalatriðið hvernig textinn lítur út og hvernig lagaumgjörðin um Seðlabankann er en ekki hver skrifar hann. En svo virðist sem einhver brotalöm hafi verið í undirbúningnum þegar menn skoða hvernig viðskiptanefnd hefur tekið á málinu. En eftir því sem ég best veit — og þá leiðréttir mig einhver ef það er rangt — hefur viðskiptanefnd nokkurn veginn skrifað frumvarpið upp á nýtt. Ekki er hægt að halda því fram að vandað hafi verið til verka, ekki er hægt að halda því fram að faglega hafi verið unnið og svo sannarlega er ekki um gagnsæi að ræða.

Það hefur vakið athygli víða í þjóðfélaginu að því var hreinlega hafnað að málið yrði sent til umsagnar Evrópska seðlabankans, það var fellt með atkvæðagreiðslu í viðskiptanefnd og það vekur furðu. Það kemur ekki heldur mjög vel við þá sem um þetta fjalla að sjá á síðustu stundu þessa afdrifaríku breytingartillögu sem hv. þm. Pétur H. Blöndal ræddi hér áðan. Mér fannst hv. þingmaður fara ágætlega yfir þau sjónarmið og þær spurningar sem sú breytingartillaga vekur. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að ég get ekki greint það hér og nú hvort þetta sé hin besta breytingartillaga eða hvort hún sé til mikils skaða. Ég held að við séum sammála um það sem hér erum og höfum hlustað á og fylgst með umræðunum að ekki liggur fyrir vitneskja um það. Menn hafa ekki kallað til aðila til að fjalla um þessa breytingartillögu jafnafdrifarík og hún getur orðið.

Það er líka stóra einstaka málið, og það er athyglisvert, að í frumvarpinu er ekki tekið á aðalatriðinu sem er peningamálastefnan. Eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á er það augljóslega stóra brotalömin í því sem snýr að Seðlabankanum og afskaplega mikilvægt fyrir okkur að taka á því.

Nú liggur það fyrir, virðulegur forseti, og ég held að það sé ekkert leyndarmál, að forsætisráðherra og ríkisstjórnin hefur áhuga á að skipta um í brúnni í Seðlabankanum og það getur verið sjónarmið út af fyrir sig. En þá gera menn það bara en setja ekki ný lög í miklum flýti og reyna að keyra þau í gegnum þingið til þess eins. Það verður að segjast eins og er að hin kauðslegu bréfaskipti sem hafa verið frá forsætisráðherra til seðlabankastjóranna og síðan frumvarpið, sem er að verða að lögum, er hvorki rétt né skynsamleg aðferð til að skipta um starfsmenn í opinberri stofnun.

Stærsta einstaka málið, virðulegi forseti, er samt sem áður það að við erum núna nokkrum dögum fyrir kosningar á tímamótum sem eru afskaplega afdrifarík fyrir íslenska þjóð. Við þekkjum það öll og vitum að heimilin í landinu og fyrirtækin í landinu eru í miklum vanda. Ég met það svo að hver einasti þingmaður sem starfar á þinginu hafi mikinn áhuga á því að ganga í það verk að sjá til þess að fyrirtækin geti unnið eins vel og hægt er úr þeirri stöðu sem upp er komin og á sama hátt að heimilin geti séð út úr þeim verkefnum og þeirri stöðu sem þau eru í. Ég leit alltaf svo á að þetta yrðu hin stóru verkefni þessa þings og þetta væri það sem við, hv. þingmenn, mundum taka umræðuna um og nýta orku okkar í. Því miður virðist áherslan vera önnur hjá hæstv. ríkisstjórn og því miður virðist sem svo að eyða eigi þessum dýrmæta tíma, og þeim dýrmætu dögum sem við höfum, í aðra hluti og ég tel að það sé mjög miður.

Ég hef áhyggjur af frumvarpinu sem nú er að verða að lögum. Ég vona að það valdi engum skaða en verði til þess að hjálpa okkur við efnahagsstjórnina. Því miður hafa vinnubrögðin ekki verið eins og við vildum sjá þau. Hv. þm. Höskuldur Þórhallsson fór hér yfir það áðan að það væri ekkert einsdæmi að menn hafi verið að flýta málum í gegnum þingið og ekkert einsdæmi að menn hafi ekki kall-

að til færustu sérfræðinga og fengið umsagnir hjá þeim aðilum sem þyrftu að veita umsagnir um mál, og það er alveg rétt. Ég tel að það sé eitt af því sem við ættum að læra af þeim mistökum sem við höfum gert og eitt af því sem við ættum að vera sammála um að breyta.

Það veldur því miklum vonbrigðum að hæstv. ríkisstjórn skuli taka ákvörðun um að gera ekkert með það, sérstaklega í ljósi þess að þeir hæstv. ráðherrar sem áður voru þingmenn í stjórnarandstöðu — og ég horfi hér á hæstv. fjármálaráðherra — hafa talað fyrir því, ekki bara klukkutímum eða dögum saman heldur, þegar allt er tekið með, mánuðum og árum saman, að það sé afskaplega mikilvægt að fara faglega í gegnum mál, hafa gagnsæi og hafa samráð. Og af því að ég horfi hér á hæstv. fjármálaráðherra get ég sagt frá því að ég fór að leika mér með leitarvélina á vef þingsins. Ég sló inn nafnið Steingrímur J. Sigfússon og jafnframt orð eins og „gagnsæi“, „fagleg vinnubrögð“, „samráð“ og önnur slík. Virðulegi forseti, það hvarflaði að mér að prenta ræðurnar út en af umhverfisástæðum ákvað ég að gera það ekki, það færi langt upp í skógarkvótann á Norðurlöndunum.

Þið munið kannski eftir því að þegar hæstv. fjármálaráðherra var hér í stjórnarandstöðu voru grænir bunkar á borði hans. Á hverri einustu síðu var talað um mikilvægi þess að vinna faglega, mikilvægi þess að hafa gagnsæi og mikilvægi þess að hafa samráð, sérstaklega þegar um væri að ræða stærri mál. Nú hafði hæstv. ráðherra tækifæri til að koma öllum þeim orðum í verk — og við erum að tala um blaðabunka sem mælist í mikilli þyngd. Því miður féll hæstv. fjármálaráðherra algjörlega á sínu eigin prófi.

Vel má vera að um gott frumvarp sé að ræða, og við skulum vona að svo sé, en það er algjörlega ljóst að við vitum það ekki. Ástæðan fyrir því að við vitum það ekki er sú að ekki var unnið faglega, ekki var unnið eftir þeim formerkjum að hafa gagnsæi í málinu og svo sannarlega er ekki um samvinnu eða samráð að ræða og það er mjög miður. Það eru eftirmæli þessa frumvarps að vinnubrögðin voru með þessum hætti — ég ákvað að fara ekkert út í það að vitna í öll ummæli hæstv. fjármálaráðherra í þessa veru enda tæki það dýrmætan tíma þingsins.

Það er ekki ætlun mín að lengja þessa umræðu. Í mínum huga er málið mjög einfalt. Öll þjóðin bíður eftir því að við sem hér erum göngum frá málum sem koma beint við fjölskyldurnar, sem koma beint við fyrirtækin í landinu. Þó að ég sé hjartanlega ósammála þeim sem eru í hæstv. ríkisstjórn í flestum málum eða mjög mörgum málum í pólitík hélt ég að við værum algjörlega sammála um þetta. Ég hélt að dagarnir fram að þingkosningum færu í það og orka okkar færi í það að vinna í því að bæta hag heimilanna og bæta hag fyrirtækjanna, því að svo sannarlega skiptir hver dagur máli. Við ákváðum að fara í kosningar, það er ákveðið hættuspil. Við höfum séð að sum nágrannalönd okkar hafa farið illa út úr því. Sú ákvörðun var tekin og við förum í kosningar og þess vegna hvílir enn meiri ábyrgð á herðum okkar að nýta þann tíma sem við höfum til að vinna í þeim málum.

Virðulegi forseti. Við vitum að það er ekki áherslan hjá núverandi ríkisstjórn, því miður. Þess í stað erum við að vinna þetta mál — sem allir flokkar voru tilbúnir til að vinna að en ekki var gefinn kostur á — með þeim hætti sem raun ber vitni og síðan bíða önnur mál frá ríkisstjórninni sem tengjast ekki hagsmunum heimilanna og fjölskyldnanna, í það minnsta ekki með beinum hætti og í það minnsta ekki þannig að við séum að taka á þeirri bráðastöðu sem upp er komin og það er afskaplega miður.

Vinnubrögðin eru ekki eins og við viljum sjá þau og svo sannarlega ekki í anda orða forustumanna í ríkisstjórn þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Við sitjum uppi með nýtt breytingarákvæði sem fer væntanlega inn í lögin og er kannski gott dæmi um það hvernig á ekki að vinna hlutina. Það er alveg ljóst að menn hafa ekki vitneskju um það hvað það í raun þýðir og hvaða áhrif það mun hafa, en við skulum vona hið besta.

Virðulegi forseti. Ég hvet hæstv. ríkisstjórn til að einbeita sér nú að þeim málum sem snúa að fjölskyldunum og fyrirtækjunum í landinu. Ég lýsi því yfir að við sjálfstæðismenn erum tilbúnir til að koma að þeirri vinnu, hjálpa með þau mál, vinna þau mál eins hratt og mögulegt er. Ég vonast til að við berum gæfu til þess að nota þessa síðustu daga í þá vinnu.

[15:49]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér til þess að taka upp hanskann fyrir meðnefndarmenn mína í hv. viðskiptanefnd sem og starfsmenn þingsins og þriggja ráðuneyta sem komið hafa að vinnu í þær þrjár vikur sem þetta frumvarp hefur verið til afgreiðslu. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur kannski ekki fylgst nægilega vel með umræðum um þessi mál eða atkvæðagreiðslu sem var á föstudaginn var. Honum til upplýsingar vil ég minna á að þetta frumvarp kom inn 4. febrúar og hefur því verið hér í ríflega þrjár vikur, eins og ég sagði.

Um það hefur verið fjallað á 9 eða 10 nefndafundum í hv. viðskiptanefnd. Á fund nefndarinnar hafa komið 25 einstaklingar, sumir oftar en einu sinni. Fyrir nefndinni lágu einar 18 umsagnir, að vísu mjög misjafnar að vöxtum en sumar hverjar mjög umfangsmiklar. Þessi vinna nefndarinnar leiddi til þess að gerðar voru nokkrar breytingar á málinu við 2. umr. og sú veigamest að sett var inn ákvæði um aðstoðarbankastjóra í Seðlabanka Íslands.

Bara svo hv. þingmanni megi vera það ljóst voru í þeim breytingartillögum ýmsar tillögur og hugmyndir sem komu frá samflokksmönnum hans í nefndinni, fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, enda var frumvarpið við 2. umr. afgreitt út með 50 samhljóða atkvæðum, 13 þingmenn voru fjarverandi.

Það segir sína sögu um það samráð sem var um vinnslu þess. Það þarf hins vegar engan að undra nú á lokametrunum að Sjálfstæðisflokkurinn segi sig frá málinu eins og hann hefur gert hér í dag og í gær.

[15:51]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmaður veit hefur það verið reglan að allir flokkar hafa komið að undirbúningi laga um Seðlabanka Íslands — þangað til nú. Eins og ég

sagði í ræðu minni hefur ekki enn þá komið fram hver skrifaði frumvarpið. Það væri kannski ágætt ef hv. þingmaður mundi í andsvari sínu upplýsa okkur um það hver sá ágæti einstaklingur er.

Við þekkjum það líka að frumvarpið var ekki sent til umsagnar Evrópska seðlabankans, það var fellt í nefndinni. Það er ekkert ofsalega langt síðan, virðulegi forseti, að ég átti orðastað, þá sem ráðherra, við hv. þingmann um frumvarp um sjúkratryggingastofnun sem sannarlega er mikilvæg stofnun. Þar fórum við að óskum stjórnarandstöðunnar og frestuðum því á milli þinga. Meira að segja var það þannig að heilbrigðisnefnd fór á milli landa til að skoða stofnanir.

Virðulegi forseti. Sá hv. þingmaður sem hér talaði, núna formaður viðskiptanefndar, fór um það mörgum orðum að þetta væri sko aldeilis ekki nóg, ekki væri tekinn nægur tími í það mikilvæga mál. Það kemur þess vegna spánskt fyrir sjónir að núna þegar hv. þingmaður er komin í þessa stöðu telji hún að klára eigi lög um Seðlabankann á þremur vikum og það sé alveg sjálfsagt að leita ekki umsagnar til þeirra aðila sem best þekkja til.

Hv. þingmaður hefur tækifæri til þess núna að upplýsa þingið um það hver skrifaði frumvarpið.

[15:54]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú við 3. umr. hafa sjálfstæðismenn sem fyrr tönnlast á því hver hafi skrifað þetta frumvarp. Það var upplýst í hv. viðskiptanefnd að þetta er ríkisstjórnarfrumvarp skrifað á vegum forsætisráðherra og fyrir nefndina komu menn sem sögðust hafa komið að samningu þess, m.a. úr forsætisráðuneytinu. Ég veit ekki hvar hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins voru þegar þetta kom fram. Þetta er hins vegar algjört aukaatriði, það er niðurstaðan sem skiptir máli og ég mundi í sporum hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar ekki nefna hér í þessu sambandi frumvarp eða lög um Sjúkratryggingar Íslands.

Ég man ekki betur en að það frumvarp hafi komið inn í þingið 16. maí í fyrra, nokkrum dögum fyrir áætluð þinglok. Það lá svo mikið á að það var sent út til umsagnar áður en því hafði verið vísað til nefndar. Þau vinnubrögð öll voru þvílíkt hneyksli að ég ætla bara að biðja hv. þingmann að taka það ekki sem eitthvert dæmi um góða málsmeðferð.

Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast við hv. þingmann um þessa hluti sem hann kýs að draga hér upp í ræðu sinni. Erindi mitt var, eins og ég sagði áðan, að slá skildi fyrir þá nefndarmenn sem hafa lagt á sig mikla vinnu í viðskiptanefnd, og þá sem hafa lagt á sig mikla vinnu við að skrifa umsagnir og koma á fund nefndarinnar, oft með litlum fyrirvara. Árangurinn af því góða starfi liggur fyrir í því að allir sjálfstæðismenn sem hér voru staddir á föstudaginn var studdu málið.

[15:56]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður a.m.k. ekki upplýst í þessari umræðu hver skrifaði þetta frumvarp. Ég man ekki til þess að hafa gert lítið úr störfum eins eða neins í þessu efni. Ég man ekki betur en að ég hafi farið yfir það í þeim ræðum sem ég hef haldið hér að hv. viðskiptanefnd hafi reynt að gera það sem nefndin gat gert á þeim skamma tíma sem formaður nefndarinnar, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, er búin að fara yfir hversu skammur var. Ég veit ekki betur en að nefndarmenn hafi gert allt sem þeir gátu, í öllum flokkum.

Það var samt, virðulegi forseti, svolítið athyglisvert að hlusta á þetta andsvar vegna þess að um tíma datt hv. þingmaður nefnilega í gamla gírinn sem hv. þingmaður var með í stjórnarandstöðu þegar ég nefndi sjúkratryggingar. Það er rétt, málið kom seint fram og því var frestað að ósk stjórnarandstöðu fram á næsta þing. Ég man það rétt að stjórnarandstöðunni fannst það ekki nóg og hafði mörg orð um það, hv. þingmenn Vinstri grænna — að vísu eingöngu — að málið væri unnið á allt of miklum hraða. Hér erum við að tala um margra mánaða vinnu sem þingmenn gátu komið að og kynnt sér mál, meira að segja farið til annarra landa til að kynna sér þau, en nú allt í einu er það orðið algjörlega sjálfsagt að klára þetta mikilvæga mál á þrem vikum, og algjörlega sjálfsagt að kalla ekki eftir umsögnum hjá aðilum eins og Evrópska seðlabankanum.

Því miður liggur það fyrir að þetta er það sem hv. þingmenn Vinstri grænna tala um þegar þeir tala um fagleg vinnubrögð, gagnsæi og samráð.

[15:58]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég kveð mér aftur hljóðs um þetta mál til að fagna því að hér við umræðuna er nú staddur hæstv. utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, (Gripið fram í.) og hæstv. fjármálaráðherra var hér líka við umræðuna. Ég kvartaði nefnilega sáran yfir því áðan þegar ég hélt aðalræðu mína um þetta mál að enginn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar væri viðstaddur og sýndi málinu áhuga, eins mikilvægt og það er, nýtt frumvarp um Seðlabanka Íslands sem á að vera þungamiðjan í því endurreisnarstarfi sem menn vilja fara í í fjármálakerfinu eftir hrunið. Það kom mér því spánskt fyrir sjónir á þeim tíma þegar ég hélt þá ræðu fyrr í dag að enginn ráðherra, og einungis einn stjórnarmeðlimur, væri viðstaddur.

Nú hefur verið gerð bragarbót á þessu, hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson er mættur í salinn og er það vel.

Mér finnst nefnilega mikilvægt að hæstv. ráðherrar heyri þau sjónarmið sem við í stjórnarandstöðunni höfum fram að færa. Ég tek heils hugar undir með hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni og fleirum sem hér hafa komið fram um það að við sjálfstæðismenn viljum greiða fyrir öllum þeim málum sem eru þess eðlis að bæta hag heimilanna og fyrirtækjanna í landinu og stuðla að endurreisn. Gallinn við það mál sem við ræðum hér er að þetta mál, nýtt frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, hefur ekkert með þau mál að gera. Það er ekkert í þessu frumvarpi sem kveður á um framtíðarsýn varðandi stefnu í peningamálum eða hvað varðar efnahagslegan stöðugleika. Þetta er kerfisbreyting á Seðlabankanum sem hefur ekkert með það að gera að bæta lífskjörin í landinu.

Það sem ég hef áhyggjur af, herra forseti, er sú breytingartillaga sem hér liggur fyrir. Hún kveður á um það að pen-

ingastefnunefnd skuli gefa opinberlega út viðvaranir þegar alvarleg hættumerki eru til staðar að hennar mati. Jón Daníelsson, hagfræðiprófessor við London School of Economics, hefur gagnrýnt þessa breytingartillögu og það er eiginlega eina umsögnin sem við höfum fengið um hana. Þannig er haldið á þessum málum hér, en ég vil fá að heyra viðbrögð hæstv. utanríkisráðherra við þessum tillögum. Síðustu daga hefur mikið verið rætt um, og ég vísaði til þess í ræðu minni og einkum til viðtals sem fór fram í Kastljósinu varðandi yfirlýsingar seðlabankastjóra, Davíðs Oddssonar, annars vegar opinberar yfirlýsingar og hins vegar yfirlýsingar sem gefnar voru ríkisstjórn þar sem seðlabankastjórinn varaði við hruni bankakerfisins.

Fjölmiðlar hafa bent á að seðlabankastjórinn hafi talað öðru máli opinberlega í fjölmiðlum. Það er alveg rétt. Að mínu mati er ástæðan sú að daginn sem seðlabankastjórinn talar opinberlega um það að bankakerfið sé að hrynja hrynur það. Slíkt er vægi slíkra yfirlýsinga. Þess vegna þurfa menn að velja sér vettvanginn til að koma með viðvaranir.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að peningastefnunefndin sé skyldug til að gefa út slíkar yfirlýsingar þegar hún telur hættumerki í fjármálakerfinu. Ég hef haldið því fram að þessi nýja grein geti falið í sér innbyggt banagen kerfisins, þ.e. ef við gefum okkur að bankarnir verði ekki endalaust í ríkiseigu heldur gerðir að hlutafélögum og slík yfirlýsing verður gefin út er augljóst mál að hlutabréfaverð mun falla, erlendar lánalínur munu lokast, veðköll verða gerð og útistandandi lán krafin greiðslu. Hvað ætla menn að gera ef peningastefnunefndin hefur rangt fyrir sér? Þá er skaðinn engu að síður skeður. Það sem ég er að benda á hér er sú hætta sem felst í þessu ákvæði, þ.e. skylda um opinberar yfirlýsingar frá peningastefnunefnd Seðlabankans getur haft það í för með sér að fjármálakerfið hrynji aftur. Menn verða að finna einhverjar aðrar leiðir til að mæta þeim markmiðum sem að er stefnt.

[16:03]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður er með efnilegustu stjórnarandstæðingum sem hér hafa lengi komið fram frá því að hæstv. heilbrigðisráðherra var á sokkabandsárum sínum í stjórnarandstöðu ásamt ýmsum góðum félögum sínum.

Hv. þingmaður þarf hins vegar ekki að kvarta undan því að ráðherrar sitji ekki við umræðuna. Þetta mál er alfarið á höndum þingsins. Ráðherrar þurfa ekki að vera hér við umræður eftir að málið er komið til kasta þingsins. Ég hef sjálfur lagt á það áherslu að ég skipti mér ekki af málum þegar þau eru komin til þingsins. Þar í liggur ein aðgreining milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins, svo einfalt er það nú.

Hv. þingmaður sagðist hafa áhyggjur af einum hlut varðandi frumvarpið en það væri hin nýja breytingartillaga sem liggur fyrir að frumkvæði hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar. Ég veit ekki betur en hv. þingmaður og allir félagar hans í Sjálfstæðisflokknum hafi haft stórkostlegar áhyggjur af frumvarpinu öllu. Þeir eru búnir að liggja hér í samfelldri vörn fyrir þann mann sem mestu ræður í Sjálfstæðisflokknum, sem er núverandi seðlabankastjóri, það hefur verið þeirra ræða daginn út og daginn inn.

Að því er varðar síðan þetta tiltekna atriði sem hv. þingmaður spurði mig um þá hef ég ekki þessar áhyggjur. Ég gef ekkert fyrir það þó að Jón Daníelsson hafi sérstakar áhyggjur af því. Ég verð reyndar að viðurkenna að ég hef ekki orðið var við það álit hans. En svo vill til að hann er einn af efnahagsráðgjöfum hins unga þingmanns hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar sem leggur þetta fram. Jón Daníelsson hefur sérstaklega verið kallaður til landsins sem efnahagsráðgjafi Framsóknarflokksins.

Varðandi síðan þá skyldu sem lögð er á peningastefnunefndina samkvæmt frumvarpinu þá er ekkert sem segir að hún eigi að bíða með að gefa út yfirlýsingar sínar þangað til allt er komið í kaldakol eða hrunið. Eins og ég skil þetta ákvæði þá er það þannig að hún á að gefa út álit sitt þegar hún telur að þróun sé farin í gang í íslensku efnahagslífi sem rétt sé að „afvikle“ með einhverjum hætti. Hún á ekki að bíða þangað til að hlutirnir eru komnir í það óefni sem þeir voru þegar leið hér á haustið.

[16:05]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanríkisráðherra þá einkunn sem hann gaf mér sem stjórnarandstæðingi. Ég vona þó að það verði ekki örlög mín að vera í stjórnarandstöðu jafnlengi og fóstbróðir hans í fjármálaráðuneytinu þurfti að vera, í heil átján ár. Vonandi verða það ekki örlög mín.

Það er rétt að ráðherrar þurfa ekki að vera við umræður um frumvörp þegar þau eru komin á forræði þingsins. Þetta mál er hins vegar þess eðlis að ég hefði talið og taldi í dag að ráðherrarnir ættu að vera hér við umræðuna úr því að þetta er stjórnarfrumvarp og að þeirra mati lykilfrumvarp við endurreisn á fjármálakerfinu. Ég taldi því eðlilegt að þeir væru hér við umræðuna og tækju þátt í henni. En ég var að hrósa hæstv. utanríkisráðherra fyrir að vera hér.

Það er ekki rétt hjá hæstv. utanríkisráðherra að ég geri einungis eina athugasemd við frumvarpið. Ég sagði í upphafi máls míns að málið eins og það er lagt fram — burt séð frá því sem hæstv. ráðherra vill tala um, sem eru einhverjar persónur sem sitja eða hafa setið annaðhvort í ríkisstjórn eða uppi í Seðlabanka, þá hef ég sagt að þetta mál er óvandað eins og það er lagt fram. En með breytingartillögunni sem við ræðum nú, sem hæstv. utanríkisráðherra kennir við hv. þm. Höskuld Þórhallsson, hefur óvandað frumvarp orðið enn verra. Ég hef áhyggjur af því að afleiðingarnar af þessu bráðabirgðaákvæði verði skelfilegar.

Það er ekkert í frumvarpinu eða í breytingartillögunni eða í því sem fram hefur komið hjá flutningsmönnum tillögunnar — engar vísireglur um það hvernig eigi að beita þessu ákvæði. Auðvitað skiptir máli að það sé gert af skynsemi. Hættan er sú að verði það ekki gert leiði það til þess að fjármálakerfið á Íslandi (Forseti hringir.) undir þessari reglu muni hrynja (Forseti hringir.) fari menn fram úr sjálfum sér í yfirlýsingum sem þessum. Af þessu hef ég stórkostlegar áhyggjur.

[16:08]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Ég ítreka það, herra forseti, að okkur ráðherrum ber engin skylda til að vera við umræður um mál sem hingað eru komin á síðasta snúningi. Ég tel hins vegar að af hálfu ríkisstjórnarinnar og framkvæmdarvaldsins sé það kurteisi að vera hér viðstödd. Hæstv. forsætisráðherra er að sinna erlendum forsætisráðherrum sem hér eru í heimsókn. Hæstv. fjármálaráðherra þurfti að víkja af þingfundi til að ræða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Hann bað mig um að standa vaktina fyrir ríkisstjórnina og það geri ég. (Gripið fram í.) Já, og ég þakka það hrós. Það er gagnkvæmt. Mér finnst hv. þingmaður snarborulegur og hann er með einhverjum langefnilegustu uppivöðslumönnum sem lengi hafa komið fram á hinu háa Alþingi og ég óska honum til hamingju með það.

Það er hins vegar alrangt hjá honum að hér hafi átt sér stað einhver málefnaleg umræða af hálfu Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagst í þras og tóma vitleysu og röfl og ekki haft uppi nokkra málefnalega umræðu eða ágreining. Ræða hv. þingmanns hér fyrr í dag og á fyrri stigum hefur öll snúist um það að verja gamlan foringja, og ég ætla ekki að segja neitt illt um hann.

Hið eina sem hefur komið fram málefnalegt af hálfu hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins er um þetta atriði sem við ræðum hér, þ.e. hina nýju breytingartillögu. En þar hafa röksemdir hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins allar byggst á skæklatogi eða misskilningi. Ég ætla hv. þingmanni ekki þann greindarskort að hann skilji það ekki að breytingartillagan felur það ekki í sér að peningastefnunefndin eigi að bíða með það þangað til allt er komið á heljarþröm að segja: Kerfið er að falla. Að sjálfsögðu er ætlunin sú að þegar peningastefnunefnd telur að breytingar eða hræringar séu innan lands eða erlendis sem þurfi að taka mið af þá gefi hún það til kynna með einhverjum hætti.

Seðlabankanum bar skylda til að gera slíkt hið sama. Staðreyndin er hins vegar sú að hann reis ekki undir þeim skyldum. Ég ætla ekki að fara að ræða hér allar þær þverstæður sem eru á milli þess sem núverandi seðlabankastjóri hefur sagt um stöðu efnahagsmála opinberlega og hins sem hann segist hafa sagt í einhverjum einkasamtölum við flokksbræður hv. þingmanns. En hér er ég og stend vaktina (Forseti hringir.) og er reiðubúinn til andsvara við hv. þingmann. (Forseti hringir.)

[16:10]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill mælast til þess við þingmenn að þeir hafi ekki uppi skoðanir á gáfnafari manna.

[16:11]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir að standa vaktina fyrir ríkisstjórnina alla. Hann sagði að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson væri efnilegur og snarborulegur í stjórnarandstöðu og það sama er hægt að segja um hæstv. utanríkisráðherra. Hann hefur alla tíð verið efnilegur og snarborulegur, en það fer að koma tími á það að einhver breyting verði þar á.

En varðandi það sem hér er um að ræða og sérstaklega var gert að umræðuefni áðan, þ.e. með hvaða hætti frumvarpið varð til, þá lá fyrir að það var mjög illa unnið, kastað hafði verið til þess höndunum. Það gerði það að verkum að í viðskiptanefnd þurfti að eyða miklum tíma í að koma einhverri mynd á það. Hvað sýnir það og sannar? Nefndin þurfti að vinna meiri háttar breytingar til þess að frumvarpið kæmist þó í þokkalegt horf.

Það sem síðar gerist er með fádæmum, þ.e. það sem gerðist á fundi viðskiptanefndarfundi í gær. Fram kemur breytingartillaga og fyrir liggur að hún er borin fram af misskilningi. Eins og hv. þm. Höskuldur Þórhallsson gat um í umræðunni hér var tillaga hans og hugmynd byggð á misskilningi á skýrslunni sem hann hafði beðið eftir að yrði könnuð. Svo mikið lá á að ekki mátti bíða og ekki mátti virða tilmæli um það að menn fengju að kynna sér hlutina með eðlilegum hætti. Þetta eru fáheyrð vinnubrögð þegar um mál eins og þetta er að ræða. Það eru fáheyrð vinnubrögð að standa þannig að málum að ekki megi einu sinni fá eðlilegar skýringar. Það liggja ekki fyrir neinar orðaskýringar á þeim efnisþáttum sem um er að ræða og það er verið að taka upp einstakt kerfi sem hugsanlega gæti verið til þess fallið að valda verulegum erfiðleikum í fjármálakerfi landsins þegar fram í sækir.

Því miður stendur fyrst og fremst eftir sá vandi sem kom upp á síðustu metrunum. Fram til þess tíma verður að segja að ágætisvinnsla hafi verið á hlutunum í viðskiptanefnd og frumvarpið þokast til betri vegar. En að taka þá breytingartillögu sem meiri hlutinn leggur til, sem er byggð á algerum misskilningi — það kom fram í því sem hv. þm. Höskuldur Þórhallsson hafði fram að færa, það lá ljóst fyrir að hann hafði misskilið það sem hann lagði til grundvallar þegar hann lagði fram tillöguna sem hér liggur fyrir sem breytingartillaga meiri hlutans. Jafnframt voru skýringar formanns viðskiptanefndar mjög ótrúverðugar hvað þetta varðar. Það sem meginmáli skiptir er að hér er um óvönduð vinnubrögð í lagasetningu að ræða. Ég ætla ekki að nota það orð sem mér dettur í hug vegna þess að þá er ég hræddur um að virðulegur forseti mundi áminna mig um að gæta orða minna, ekki væri um þinglegt orðaval að ræða.

Hér er sem sagt um það að ræða að það er misskilningur hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar — það sem hann misles í skýrslu Evrópunefndarinnar — sem gerir það að verkum að við höfum hér mjög vonda breytingartillögu. (**HöskÞ:** Hvaða vitleysa.) Ég gerði ítarlega grein fyrir því í ræðu minni hér áðan og ég ætla að benda hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni á það. Hv. þm. Pétur Blöndal gerði líka ítarlega grein fyrir því í ræðu sinni hér áðan og það er lágmarksvirðing við þingið að menn fylgist með umræðum um atriði sem þeir bera jafnmikið fyrir brjósti eins og hv. þm. Höskuldur Þórhallsson. Ég er búinn að gera það og ég vænti þess að þingmaðurinn hafi gert sér grein fyrir því, ég vísaði í tölulið 180 í skýrslunni. Hann vísaði í tölulið 170 og 171 og ég vísaði í tölulið 174 og 180, hann getur komið hér upp í andsvar á eftir og gert grein fyrir þeim sjónarmiðum.

Það er hugsanlega óbrotinn minnisvarði þeirrar frumvarpssmíðar sem hér er um að ræða, og hv. meiri hluti stendur að hér á þinginu, að það miðaði fyrst og fremst að

því að koma á annarri stjórn í Seðlabankanum og hrekja menn úr störfum frekar en að gera bragarbót á peningastefnunni. Í dag segir frá því að norska krónan sé besti gjaldmiðill heims og sá seðlabankastjóri sem hefur hrakist úr starfi hefur verið ráðinn til norska seðlabankans.

[16:16]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef maður er sakaður um það í ræðu að hafa misskilið eitthvað er algjört lágmark að það sé útskýrt hvað er misskilið. Mér finnst lágmarkskurteisi í þingsölum að útskýra það, a.m.k. í stuttu máli þótt ekki sé beðið um meira.

Ég misskil ekki lið 171, þar stendur að seðlabankar gegni lykilhlutverki í heilbrigði fjármálakerfa og til þess að þeir, og þá sérstaklega Seðlabanki Evrópu, geti sinnt því hlutverki sínu að vernda fjármálalegan stöðugleika, eins og peningastefnunefndin á að gera, ættu þeir að fá skýra og formlega heimild til að meta heildaráhættu í fjármálakerfinu og gefa út viðvaranir þegar þörf er á.

Hv. þm. Jón Magnússon vísar hér í tölulið 180 sem hann segir að eigi skýra hvernig fara eigi með þessa grein. Algjör misskilningur. Þessi nefnd leggur til að þetta sé sú leið, þetta sé ákvæðið sem setja eigi inn í löggjöf landa til að koma í veg fyrir að við lendum aftur í því sem við erum akkúrat að glíma við núna, Íslendingar. Í lið 180 er bara verið að segja að í framhaldinu eigi að skipa nefnd sem skili skýrslu um það hvort þær aðgerðir sem gripið er til beri árangur eða ekki. (Gripið fram í.) Það er ekkert verið að tala um seðlabanka í þessu, það er verið að tala um nefndina. Ég ráðlegg þingmanninum að lesa þetta og vera sanngjarn og málefnalegur í umræðunni. Það er algjört lágmark.

[16:18]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef verið algjörlega sanngjarn og málefnalegur í þessari umræðu, hv. þm. Höskuldur Þórhallsson. Í þeim ákvæðum sem þú vísar til, hv. þingmaður, er eingöngu fjallað um það að koma á viðvörunum, ekki um það að koma á opinberum viðvörunum. Ég hef bent hér á önnur atriði og annað sem um er að ræða. Það verður að gera kröfu til þess og það eru a.m.k. gerðar kröfur til okkar, hv. þm. Höskuldur Þórhallsson, sem lögmanna að við höfum kynnt okkur út í hörgul mál þegar við flytjum þau fyrir dómstólum og það eigum við líka að gera þegar við flytjum mál fyrir þjóðinni. Að sjálfsögðu eigum við að gera það. Ég er eingöngu að gagnrýna hv. þingmann fyrir að hafa ekki kynnt sér þetta mál nægilega vel til að geta staðið sómasamlega að þessari breytingartillögu. Ég er ekki að reyna að gera lítið úr einum eða neinum, síður en svo, ég tel einfaldlega að þessi tillaga sé á misskilningi byggð, það er þungamiðjan. Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við það, við fengum umrædda skýrslu frá Evrópusambandinu með stuttum fyrirvara og ég veit að hv. þm. Höskuldur Þórhallsson var undir mikilli pressu, það lá á að reyna að þvinga hv. þingmann til að færa sig aftur inn í náðarfaðm meiri hlutans svo hægt yrði að þvinga fram þetta frumvarp til afgreiðslu sem allra fyrst. Að sjálfsögðu átta ég mig á að mikið lá við, mikið var í húfi, en það breytir ekki hinu að gera verður kröfu til þess að tillögur, tillögugerð og annað sé byggt á málefnalegum grunni. Ég hef bent á þau atriði varðandi þessa breytingartillögu. Hér vantar allar skýringar, hv. þm. Höskuldur Þórhallsson. Hvað er átt við með „alvarleg hættumerki“, hvað er átt við með því?

[16:20]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill minna þingmenn á að þeim ber að ávarpa þingforseta eða þingfundinn en ekki einstaka þingmenn.

[16:20]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ekki var þessi ræða málefnalegri en sú fyrri. Meiri hluti nefndarinnar ákvað að fá þessa skýrslu og bíða eftir henni. Ég stóð að þeirri ákvörðun ásamt sjálfstæðismönnum. Þegar skýrslan kom og okkur gafst tækifæri til að fara yfir þær tillögur sem skýrsluhöfundar leggja til að gripið verði til kemur einfaldlega í ljós að þær tillögur henta hv. þm. Jóni Magnússyni ekkert sérstaklega vel vegna þess að þær ganga út á það að settar verði í lög reglur sem stuðla eiga að því að viti menn um áhættuþætti sem standa að fjármálakerfinu eigi þeir að skýra frá því, að það sé einfaldlega ekki verið að hvísla í eyrað á mönnum bakdyramegin. Ég misskil ekkert í þessu, ekki neitt. Hins vegar hef ég bent á að hv. þingmaður vísar hér í tölulið 180 sem fjallar ekki um þetta.

Þegar maður er ásakaður um að hafa misskilið eitthvað, af hverju er það ekki útskýrt nákvæmlega hvað það er í staðinn fyrir að segja hér í ræðu? „Þú áttir bara að hlusta á ræðu mína fyrr í dag.“ (**JM:** Af hverju gerðirðu það ekki?) Ég er búinn að lesa upp nákvæma þýðingu á þessu ákvæði og það sem kemur seinna fram í skýrslunni er svo útfærsla á því hvernig meta eigi þetta í framhaldinu sem Evrópusambandið vill gera. Það er algjör óþarfi að vera með hártoganir á þessu ákvæði. (Forseti hringir.) Peningastefnunefndin á einfaldlega að meta, við veitum peningastefnunefndinni, eins og við gerum annars staðar í þessu ákvæði (Forseti hringir.) úrræði til að meta hvernig hún vill að staðið sé að málum.

[16:22]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og ég rakti í góðri ræðu minni fyrr í dag (**Gripið fram í:** Já, mjög góð …) kemur fram í tölulið 180 í skýrslunni frá Evrópusambandinu að þegar þau atvik koma upp sem um ræðir og geta bent til að um sé að ræða alvarleg hættumerki beri að gera formanni EFC, þ.e. sérstakri viðbragðsnefnd, grein fyrir því. (Gripið fram í.)

Hvað gerist síðan? Um er að ræða hvorki meira né minna en sex stig til viðbótar áður en sú leið sem umrædd breytingartillaga gerir ráð fyrir að sé farin kemur til skoðunar. Það var það sem … (Gripið fram í.) Þú fékkst tíma áðan, hv. þm. Höskuldur Þórhallsson, ég er í ræðustólnum núna. Það var þetta sem ég var að segja og benda á. Þú taldir þig hafa skilið þetta á ákveðinn hátt en það var misskilningur hjá þér. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það þó

að til þess komi stundum að menn misskilji eðlilega hluti, það er nú bara þannig.

Það sem ég gagnrýndi líka var að hér vantar í raun alveg inntakið á bak við þetta. Það var meginatriðið í því þegar ég talaði um óvandaða lagasetningu og vandann við það að koma með breytingartillögur eins og þessa sem gjörbreyta eðli máls á milli 2. og 3. umr. Ég vísaði m.a. í fyrrverandi formann Framsóknarflokksins, Ólaf Jóhannesson, þar sem hann fjallar um það í bók sinni um stjórnskipunarrétt, hvernig líta beri á það þegar breytingartillögur sem þessar koma fram með þeim hætti og hvort þær standist stjórnskipunarlega. Ég velti því fyrir mér og taldi að þarna gætu verið áhöld um það þó að hugsanlega hefði skapast venja í þinginu um að gera annað og ég taldi það nauðsynlegt að þingið skoðaði starfsreglur sínar til þess að gæta að því að hafa vandaða lagasetningu í hvívetna hvaða mál sem um væri að ræða.

[16:25]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Sál, sem, síðar varð Páll postuli, var í hópi efasemdamanna og hélt í merkilegt ferðalag til Damaskus. (Gripið fram í.) Á leiðinni var hann snortinn hendi Guðs og upp frá því fylgdi hann meistaranum.

Hv. þm. Jón Magnússon hefur nú lagt upp í sína för til sinnar óeiginlegu Damaskus og hann hefur, eftir að hann náði þangað, fylgt sínum meistara. Hv. þingmaður hélt hér uppi harðri gagnrýni á Seðlabankann á meðan hann var í röðum Frjálslynda flokksins, stóð m.a. að frumvörpum sem höfðu sama markmið og það frumvarp sem við ræðum hér. Nú hefur hann algjörlega skipt um ham og fylgir meistaranum nýja, nú ver hann Seðlabankann.

Ég kem aðallega upp til að vekja eftirtekt á því að hv. þingmaður má þó eiga það að það eimir enn nægilega mikið eftir af málefnalegum trúverðugleika í fari hans til að segja þó að enda þótt að hann hefði upphaflega verið óhress með frumvarpið hefði mikið verið unnið í því og það væri nú komið í það sem hann kallaði þokkalegt horf. Það finnst mér vera merkileg yfirlýsing. Hans nýju flokksbræður og flokkssystur hafa undanfarna daga rifið sig hás alveg niður fyrir þind til þess að halda því fram að þetta væri vont frumvarp og það hefði ekkert batnað í meðförum nefndarinnar. Svo kemur þessi maður, sem er reyndastur allra þingmanna Sjálfstæðisflokksins þegar kemur að lögspeki, og segir að eftir vinnu nefndarinnar sé það bara komið í þokkalegt horf. Það er einkunn sem ég sætti mig vel við og get vel lifað með og þakka hv. þingmanni fyrir að segja sannleikann í þessu máli. Hann hefur lýst því yfir að þetta sé bara orðið að ágætismáli.

[16:27]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er nú svo að okkur kann að greina á um það, mig og hæstv. utanríkisráðherra, hvenær menn eru snertir hendi Guðs. Eftir því sem ég man Postulasöguna þá sá Sál ljós. (**Gripið fram í:** Hann varð fyrir eldingu.) Hann varð fyrir eldingu og varð blindur þannig að samlíkingin getur ekki átt við. (Gripið fram í.) Hitt er annað mál, hæstv. utanríkisráðherra, að ef það er svo að það sé þitt mat, hæstv. forseti, að ég hafi séð ljósið og tali í anda sannleikans þá eru það tvímælalaust orð að sönnu og rétt mat hæstv. utanríkisráðherra.

Hvað varðar það frumvarp sem ég flutti um breytingar á lögum Seðlabankans þá er þar um að ræða, eins og ég hef getið í umræðunni um þetta frumvarp, m.a. algjörlega aðra aðferðafræði varðandi þau bráðabirgðaákvæði sem um er að ræða. Ég bendi bara á að hæstv. utanríkisráðherra virðist ekki hafa fylgst með umræðunni af nægjanlega mikilli athygli því að m.a. hafa flokksbræður mínir í viðskiptanefnd sem hér hafa talað við 3. umr. og 2. umr. málsins sagt að frumvarpið hafi tekið miklum stakkaskiptum og orðið allt annað í meðförum viðskiptanefndar. Það er staðreyndin í málinu þannig að við tölum með sama hætti hvað það varðar. Frumvarpið var hins vegar þegar það kom til viðskiptanefndar í því formi að það var á mörkunum að geta talist þinglegt.

[16:29]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég gæti talið hér upp mjög mikilvæga lagabálka, t.d. einn sem varðar mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, sem hefur verið gjörbreytt í meðförum þingsins og þykja þó brúklegir í dag. Það frumvarp sem síðar varð að þeim lögum sem ég gat um áðan var þannig að hverri einustu grein þess var breytt. Samt sem áður sagði enginn að það væri ekki þingtækt, það sagði enginn að það væri svo vont að það ætti að henda því út.

Það gerist einfaldlega oft í meðförum þingsins að þingið, sem sem betur fer vinnur sína vinnu vel, bætir oft þá afurð sem lögð hefur verið fram af hendi framkvæmdarvaldsins. Til þess er vinna þingsins. Þess vegna höfum við þessar mörgu umræður til að geta róið fyrir allar víkur og bætt málin.

Mér finnst hins vegar að hv. þingmaður hafi gengið skrefi lengra í túlkun sinni á afstöðu Sjálfstæðisflokksins til málsins en ég hafði gert mér grein fyrir að væri áður uppi, þ.e. hv. þingmaður lýsir því hér yfir að ekki einungis telji hann að málið sé komið í þokkalegt horf heldur segir hann mér þau tíðindi, sem ég gengst fúslega við að ég hafi ekki gert mér grein fyrir áður, að aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi líka í ræðum sínum í dag lýst því yfir að vinna nefndarinnar hafi skilað þeim árangri að málið sé bara orðið að ágætismáli.

Um hvað snýst þá öll þessi deila? Þetta er það sem hv. þingmaður er að segja fyrir hönd sinna nýju flokksbræðra og -systra. Ég held að allir geti þá nokkuð vel við unað og hugsanlega sé komið að því að við getum farið afgreiða þetta ágætismál. Hv. þingmaður lýsti sínu eigin þingmáli og sagðist hafa haft aðra aðferðafræði. Það er alveg rétt hjá honum, en markmiðið var það sama. Alveg eins og markmiðið með hinu upphaflega frumvarpi hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar var hið sama og markmið stjórnarfrumvarpsins.

Þessi deila hefur í reynd bara snúist um það að Sjálfstæðisflokknum er skipað í vörn fyrir hinn raunverulega leiðtoga sinn sem hefur stýrt flokknum úr musteri Seðla-

bankans og hálfri ríkisstjórninni fram á þetta ár.

[16:31]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er einhver meiri háttar misskilningur hjá hæstv. utanríkisráðherra en hann verður að hafa sinn misskilning í friði og ég reikna ekki með því að hægt verði að leiðrétta hann úr þessu. En það er alveg ljóst og það mátti alveg ljóst vera að það þyrfti að gera breytingar á peningamálastefnu og peningamálastjórn í landinu.

Það sem ég gagnrýndi þegar þetta frumvarp kom fram var að frumvarpið fjallar ekkert um það. Það var megininntakið í gagnrýni okkar við 1. og 2. umr. málsins og það var það sem var inntakið í ræðu minni við 2. umr. málsins, þ.e. að í raun vantaði inn það mikilvæga inntak sem hefði þurft að vera í frumvarpinu en var þar ekki.

Varðandi þá síbylju að hér séu menn í varðstöðu um einhverja einstaklinga eða einstakling þá var ekki um það að ræða. Hæstv. utanríkisráðherra nefndi eitthvert frumvarp sem hefði komið fram á sínum tíma og verið allt í henglum en hefði tekist í meðförum þingsins að gera þokkalega útlítandi og hefði reynst vel síðan. Í sjálfu sér má alveg taka undir að það er verkefni Alþingis að reyna að vanda til lagasetninga og það er það sem ég legg mestu áherslu á hér, að við sendum frá okkur vandaða lagasmíð. Sú breytingartillaga sem lögð er fram af hálfu meiri hluta nefndarinnar er dæmi um óvandaða lagasmíð og það er það sem ég hef helst verið að gagnrýna og það er sú aðferðafræði sem er varðandi bráðabirgðaákvæðið sem er hreinlega beint að Seðlabankanum þannig að hann verði stjórnlaus um ákveðinn tíma. Það eru þau atriði sem ég get ekki sætt mig við. Það eru það sem ég hef gagnrýnt sem vonda stjórnsýslu.

Það versta í þessu máli er að það er ekki tekið á þeim atriðum sem m.a. hæstv. viðskiptaráðherra hefur orðað varðandi Seðlabankann, varðandi peningamálastefnuna, það er ekki tekið á þeim atriðum með þessu frumvarpi. Það breytir engu þar um.

[16:33]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Það er alltaf talið óskynsamlegt á Íslandi að tefla á tæpasta vað þegar hætta vofir yfir og óáran er í loftinu. Það er engin spurning að þeim öldugangi sem Ísland hefur verið í síðastliðna mánuði má lýsa með þeim hætti.

Það er til að mynda fáránleg hugmynd, virðulegi forseti, að láta sér detta í hug að taka stofnunina Seðlabanka Íslands úr sambandi í miðju kafi. Það mundi engum heilvita manni detta í hug að taka menn frá borði báts í brimgarði ef vélin gengur enn, ef menn ætla að reyna að sigla út úr brimgarðinum. Það mundi engum detta það í hug. Þannig eru menn að véla í stjórn landsins í dag. Því miður snýst þetta ekki um að vinna skynsamlega að breytingum, skynsamlega að því að meta rök og virða meiri hluta sem er sjálfsagt. Þetta snýst um það að skekja hluti til óheilla fyrir íslenska þjóð. Það má gagnrýna menn. En menn verða að horfa yfir sviðið og gæta þess að það sé ekki á kostnað skynsamlegra vinnubragða í págu þjóðarinnar. Á þessum vettvangi eru menn að hossast án raka, með reddingum í óþinglegum tillögum sem koma inn í nefndir, menn reyna að sníða þeim stakk í stórmálum sem varða stöðu og stefnu þjóðarinnar. Þetta eru illa grunduð vinnubrögð, óvönduð vinnubrögð sem eiga ekki við á hinu háa Alþingi og íslensk þjóð á ekki slíkt skilið.

Hæstv. ríkisstjórn sigldi máli í nefnd inn í þing, stórmáli sem varða Seðlabanka Íslands sem á að vera eitt af ankerisfestum okkar og það var leyndarmál hverjir sömdu það, þó að það hafi opnast um síðir. En það verður að fara hundruð ára aftur í tímann og sækja fyrirmyndir í stjórnsýslu, kannski fyrirmyndir til vanþróuðustu ríkja þar sem beitt er geðþóttaákvörðunum, valdníði, einelti og geðþótta í miklum mæli. Það er ekki gott þó að menn hafi ákveðnar skoðanir á einstaklingum í þjóðfélaginu. Það á bara ekki að koma málinu við, virðulegi forseti. Menn eiga að hafa burði til að horfa fram hjá slíku og yfir slíkt þegar þeir vinna að lagasetningu sem varðar eina af ankerisfestum íslensks samfélags. Þannig hefur hæstv. ríkisstjórn verið hrokafull með eindæmum og hefur ekki meiri burðargetu en lítil julla þegar kemur að því að bera fyrir brjósti metnað og forsvar fyrir íslenskt samfélag, lítil julla áralaus.

Að undanförnu hefur ríkisstjórnin beitt hinu litla þreki í að hrinda og pota í stjórnendur Seðlabanka Íslands fyrir að vinna ekki þá vinnu sem þeir áttu ekki að vinna. Það er engin spurning að það er verið að pota þar í menn sem hafa reynst með afburðum góðir embættismenn um áratugaskeið fyrir íslenskt samfélag, á vettvangi Seðlabanka Íslands. Þeim er hent fyrir borð eins og úrkasti, (**MÁ:** Brottkasti.) nei, ekki eins og brottkasti, hv. þingmaður, eins og úrkasti. Það er mikill munur á brottkasti og úrkasti en kannski veit hv. þm. Mörður Árnason (**MÁ:** Ég veit það.) ekki hver er munur á því þegar talað er um til sjós. Það er grundvallarmunur. Skotmarkið er ekki málefnaleg og rökstudd niðurstaða heldur stjórnlaust hatur á Davíð Oddssyni. Því miður er það línan í þessum dæmum. Alveg sama hvernig menn eru að tálga í kringum það, það er línan í þessum dæmum. Og þótt menn hafi hatur á einum manni á þann hátt þá hafa þeir ekkert leyfi til að blanda því inn í lagasetningu landsins. Það er a.m.k. ekki mjög nútímalegt. Nema við viljum innleiða Sturlungu enn á ný í samfélagið og kannski er ekkert djúpt á Sturlungu í eðli okkar Íslendinga. Engu að síður reikna ég ekki með að það sé vilji manna að leiða þá öld inn aftur í dag. Stjórnlaust hatur á einum manni og undirlægjuháttur við þá stjórnleysingja sem til að mynda börðu bíl Geirs Haardes, fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, fyrir utan Stjórnarráðið, (**Gripið fram í:** Var það ekki Hallgrímur Helgason?) börðu bíl ráðherrans, hræktu og skyrptu, öskruðu eins og dýr skógarins í versta ham. Er þetta það sem Alþingi á að verja? Líklega ekki. Í ákveðnum mótmælum í þessum dúr bárust meira að segja þessu fólki andlegir skyrdallar úr sjálfu þinghúsinu til að hvetja til uppsteita og óvandaðrar framkomu, andlegar skyrdollur úr sjálfu þinghúsinu bornar til þeirra af sumum hv. þingmönnum í þessu húsi. Þeir verða að eiga það við sig sem að því stóðu.

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti vill mælast til þess við hv. þingmann að hann hafi gát á ummælum sínum í ræðustól.)

Alþingi og ríkisstjórn verða að standa eins og klettur gegn alþingi götunnar. Það er eitt að hlusta á almenn sjónarmið þorra fólks í landinu sem byggir á brjóstviti, eðlilegri

gagnrýni og allt slíkt eða taka undir aðgerðir sem eru ekki boðlegar í menntuðu samfélagi, nútímasamfélagi, litlu samfélagi, fjölskyldusamfélagi Íslendinga. Við verðum að gæta þess að lenda ekki í sömu sporum og Guðrún Ósvífursdóttir sem hafði á orði að þeim hefði hún verið verst sem hún unni mest. (Gripið fram í.)

Ég ætla ekki að skilgreina skilning Guðrúnar Ósvífursdóttur. Ég þekkti hana ekki persónulega. Sagan segir sitt og við hljótum að geta dregið ályktanir út frá henni því oft hefur þessi tilvitnun verið notuð í líkingatali í íslensku máli, í gegnum aldirnar eins og annað úr okkar mögnuðu Íslendingasögum.

Það er nú svo að menn verða að geta staðið uppreistir þegar þeir ganga frá lagasetningu á Alþingi á jafnviðkvæmum tímum og nú eru og þeim mun meiri ástæða er til að vanda öll vinnubrögð. Þegar gengið er fram með þeim hætti að Seðlabanki Íslands fellur á milli skips og bryggju í samfélaginu, með því að sigla í gegn lögum sem tryggja ekki staðfestu í stjórn bankans vegna geðþóttaákvörðunar hæstv. ríkisstjórnar, meðan það er ekki tryggt er það óalandi. Það er hyggilegast fyrir íslenskt samfélag að það byggist ekki á því að menn séu að rækta ótuktarskap. Þess vegna er það áhyggjuefni, þess vegna er þetta tortryggilegt, vægt til orða tekið, og alls ekki trúverðugt. Þannig blasir þetta við venjulegu fólki, venjulegu fólki á Íslandi sem lætur ekki glepjast af fjaðrafoki fjölmiðla, heldur heldur sinni ró og sér út eins og eðlilegt er þegar ástæða er til.

Mér fannst ástæða til þess, virðulegi forseti, að þetta sjónarmið kæmi fram í umræðunni, um frumvarp sem er keyrt með offorsi og eytt í miklum tíma til allra átta, til allra verksviða í Alþingi á sama tíma og það væri margfalt, margfalt mikilvægara að sinna beinum verkefnum sem varða til að mynda heimilin í landinu, atvinnulífið, bankastarfsemina, eflingu verkalýðshreyfingarinnar, samstarf við samtök atvinnulífsins. Nei, þá fara menn út í skætingsstílinn sem byggir ekki á því markmiði að ná árangri. Þetta er sorglegt og sýnir að menn hafa ekki klára stefnu á miðið, virðulegi forseti, menn hafa ekki tekið kúrsinn á miðið og lullað í einhverjum gír varðandi mál sem skila engu í þeim árangri sem nú þarf að vinna að. Með framtíðarsýn, með styrk og stefnu vegna þess að hvort sem Seðlabanki Íslands er við óbreyttar aðstæður einum mánuðinum til eða frá skiptir engu máli og er engin afsökun fyrir ríkisstjórn Íslands að hún geti ekki tekið á og afgreitt þau mál sem skipta máli. Það skiptir engu máli. Það er fyrirsláttur sem engin rök eru fyrir og það ber að harma slík vinnubrögð.

[16:48]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Þetta var litrík og skörugleg ræða og full af ágætu líkingamáli af sjónum aðallega og stórum orðum, nokkrum kannski heldur stórum fyrir þennan ræðustól. En til þess að skýra það fyrir þingheimi og áhorfendum og áheyrendum öðrum, má þá skilja það svo að hv. þm. Árni Johnsen ætli sér að greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi?

[16:49]

Frsm. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég tek til máls að nýju til þess að árétta nokkra þætti í tilefni af þeirri umræðu sem farið hefur fram. Í fyrsta lagi vildi ég nefna það til áréttingar vegna þess að í umræðunum hefur stundum leikið vafi, að því er virðist, hjá hv. þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna hver afstaða Sjálfstæðisflokksins í þessu máli er. Nefni ég t.d. ræðu hæstv. utanríkisráðherra áðan þar sem hann rangtúlkaði stefnu sjálfstæðismanna í þessu máli að hluta til.

Afstaða okkar frá upphafi hefur verið sú að nálgunin sem felst í þessu frumvarpi væri of þröng. Að gera tillögur um skipulagsbreytingar eða breytingar á skipuriti á toppi Seðlabankans er að okkar mati ekki fullnægjandi breyting á löggjöf á þessu sviði til þess að mæta þeim fjárhagslegu áföllum sem sagt er í greinargerð með frumvarpinu að því sé ætlað að mæta.

Við höfum við alltaf talið að víkka ætti sjóndeildarhringinn þegar kemur að umræðum um þessi mál. Það ætti að horfa á seðlabankalögin í heild, samspil seðlabanka og annarra eftirlitsstofnana á þessu sviði og reyna að gera lagabreytingar þannig úr garði að þær verði raunverulega til þess að mæta þeim vanda sem við stöndum vissulega frammi fyrir. Það hefur verið okkar afstaða allan tímann og við höfum í gegnum þrjár umræður haldið þessu sjónarmiði á lofti.

Í fyrstu umræðu málsins lögðum við töluvert mikla áherslu á að frumvarpið væri illa úr garði gert, hroðvirknislega unnið og óvandað. Milli 1. og 2. umr. urðu verulegar breytingar til bóta á ýmsum ákvæðum frumvarpsins og við studdum þær breytingartillögur. Það er rétt. Við héldum hins vegar til haga almennum athugasemdum okkar um að frumvarpið væri ekki nægilega víðtækt og nefndum auk þess nokkra þætti þar sem við töldum að bæta þyrfti úr.

Þessi sjónarmið höfum við svo endurtekið við 3. umr. og enginn þarf að velkjast í vafa um að við teljum að á þessu stigi málsins sé málið hreinlega ekki komið á það stig að hægt sé að ljúka því sem lögum frá Alþingi. Það byggir bæði á þeim almennu sjónarmiðum sem ég gerði grein fyrir áðan og það byggir líka á því að á lokastigum málsins í viðskiptanefnd þingsins var þannig staðið að verki að okkur finnst þau vinnubrögð algerlega óásættanleg.

Við höfum rakið hvernig það gerðist. Beðið var eftir skýrslu frá Evrópusambandinu um viðbrögð við erfiðleikum á fjármálamarkaði. Sú skýrsla var gerð opinber í hádeginu í gær. Þingmenn höfðu örfáa klukkutíma til þess að kynna sér málið. Þegar nefndin var kölluð aftur saman til þess að fjalla um skýrsluna urðu ekki umræður um hana heldur lagði meiri hlutinn í nefndinni; Samfylking, Vinstri grænir og Framsóknarflokkur, fram breytingartillögu sem varð síðan umræðuefnið. En jafnvel á henni fékkst ekki almennileg yfirferð eða greinargóð lýsing á því hvað í henni fælist því að öllum óskum okkar um að leita álits sérfræðinga á efni hennar var hafnað. Þetta eru atriði sem við getum með engum hætti sætt okkur við.

Mér finnst líka ljóst af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað nú við 3. umr. að málið er ekki komið á það stig að það geti talist fullunnið. (**Gripið fram í:** Annað sagði Jón Magnússon.) Hv. þm. Jón Magnússon er sammála mér um þessa þætti. Hann er hins vegar, eins og ég vitnaði til áðan, sammála okkur um að gerðar voru verulegar breytingar til bóta milli 1. og 2. umr. en það þýðir ekki að málið hafi ver-

ið orðið gott. Það var ekki orðið fullkomið. Það var ekki fullunnið að okkar mati. Og að ýja að öðru er útúrsnúningur.

Það sem einkennir málið bæði í upphafi og í lokaafgreiðslu þess er að okkar mati gríðarlegt óðagot. Um er að ræða heimatilbúið tímahrak sem réði því að frumvarp þetta var fyrst lagt fram á þingi án þess að það hefði fengið viðhlítandi undirbúning. Nú á að ljúka umræðunni á þingi án þess að málið hafi verið fullrætt, áður en breytingartillögur sem fram hafa komið hafa verið fullræddar.

Við höfum bent á að sú breytingartillaga sem ríkisstjórnarflokkarnir og Framsóknarflokkurinn lögðu fram í gær væri þess eðlis að hún fæli í sér verulega breytingu á frumvarpinu. Við höfum talið að það væri nauðsynlegt að fá þó að ekki væri nema einn sérfræðing eða tvo sérfræðinga til að láta í ljós álit á því. Ég hygg að verði frumvarpið samþykkt með þeirri breytingu sem þarna um ræðir þurfi Alþingi mjög fljótlega að grípa til einhverra lagfæringa til þess að koma þessum ákvæðum laganna aftur í vitrænt horf. En það er tímahrak, óðagot og taugaveiklun sem hafa einkennt meðferð þessa máls sem hlýtur að vekja athygli.

Á mánudaginn muna töldu ríkisstjórnarflokkarnir, eins og hv. þingmenn, þingið óstarfhæft vegna þess að upp kom ósk í nefnd um að fá tvo daga í viðbót til þess að fara yfir málið. Þingfundi var frestað í þrígang og síðan fundi slitið og öll mál tekin út af dagskrá í einhverri allsherjartaugaveiklun vegna einfaldrar málefnalegrar óskar um að mál væri tekið til aðeins vandaðri meðferðar í nefnd. Og nú, á lokastigi málsins, þegar við höfum gert kröfu um það í viðskiptanefnd að fá aðeins lengri tíma til þess að fara yfir ný gögn í málinu, nýja breytingartillögu, er því hafnað vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir eru búnir að búa sér til tímahrak. Þeir eru það taugaveiklaðir gagnvart þessu máli að það má engan tíma missa til þess að koma því í gegn.

Jafnvel er gefið í skyn að samþykkt þessa frumvarps sé með einhverjum hætti forsenda þess að gripið sé til efnahagsaðgerða í landinu. Ég verð að játa að ég skil ekki þann röksemdaflutning. Ég skil ekki hvernig meðferð þessa máls í þinginu hefur komið í veg fyrir að ríkisstjórnin leggi fram önnur frumvörp á þinginu til þess að efla stöðu heimilanna og fyrirtækjanna. Ég átta mig ekki á því að þingið þurfi að vera óstarfhæft þótt eitt mál sé rætt í einhverja daga í nefnd. Mér finnst það gjörsamlega óskiljanlegt.

En sú ofuráhersla sem ríkisstjórnin hefur lagt á þetta mál vekur þá spurningu hvort breyting á skipuriti á toppi Seðlabankans sé með einhverjum hætti meiri háttar stefnumál þessarar ríkisstjórnar. Var ríkisstjórnin mynduð í kringum þetta mál? Hangir samstarf þessara flokka saman á því? Maður hlýtur að spyrja sig þeirra spurninga.

Efni frumvarpsins er að sönnu einfalt. Við sjálfstæðismenn hefðum viljað hafa það víðtækara. Efnið snýr að breytingu á fjölda bankastjóra. Það snýr að stofnun peningastefnunefndar. Ég spyr: Hvað í þeim skipulagsbreytingum er forsenda fyrir efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar? Ég hef ekki fengið svör við því í þessum umræðum.

En það er margt í þessu sem vekur furðu. Ég hygg að Alþingi hafi oft sýnt að það geti unnið vel að frumvörpum. Viðskiptanefnd átti góðan sprett milli 1. og 2. umr. og fyrir það ber að þakka. En lyktir málsins virðast ætla að vera með þeim hætti að um er að ræða algjörlega óásættanlega lagasetningu, óásættanleg vinnubrögð á þessu þingi.

Að lokum, herra forseti, tel ég rétt að fram komi að við sjálfstæðismenn höfum verið reiðubúnir til þess að skoða skipulagsbreytingar sem varða Seðlabankann. Við höfum verið reiðubúnir að skoða breytingar sem varða Fjármálaeftirlitið. Við höfum verið tilbúnir að skoða breytingar sem snúa að hlutverki þessara stofnana, samspili þeirra, verkaskiptingu og slíkum þáttum. Við höfum reynt að koma þeirri umræðu á framfæri í meðferð þessa máls af því að okkur finnst það lykilatriði í sambandi við að breyta löggjöfinni til þess að bregðast við þeim fjármálalegu áföllum sem dunið hafa yfir á síðustu mánuðum. Þess vegna hefur áhersla okkar verið á það.

Við vitum að það eru engin raunveruleg viðbrögð við fjármálalegum áföllum að gera einhverja breytingu á fjölda bankastjóra í Seðlabankanum. Og það eru heldur engin viðbrögð þó að fyrirkomulagi peningastefnunefndar sé með einhverjum hætti breytt. Við vitum það og það kom skýrt fram við 2. umr. hvernig fyrirkomulag peningamálaákvarðana er í dag. Það er fjölskipað stjórnvald sem við getum kallað peningastefnunefnd, sem við getum kallað bankastjórn Seðlabankans, sem tekur ákvörðun eftir ákveðnum leikreglum. Það er ekki nein grundvallarbreyting í þeim efnum. Frumvarpið er því ekki til þess fallið, og hefur ekki verið það frá upphafi, að mæta þeim vandamálum sem sagt er að það eigi að mæta. Þá veltir maður fyrir sér tilganginum með frumvarpinu. Maður veltir því fyrir sér hvort tilgangurinn sé einhver annar en gefið er í skyn. Hvort sú málefnalega nálgun sem gerð er að yfirbragði frumvarpsins sé bara leiktjöld. Hvort um sé að ræða lengsta og flóknasta uppsagnarbréf sem sögur geta um. Það væri þá gott ef það kæmi fram með skýrum hætti frá talsmönnum hæstv. ríkisstjórnar. Það örlar á þeim sjónarmiðum, t.d. í orðum hæstv. utanríkisráðherra áðan, að þetta snúist í rauninni bara um einhverja menn.

Það örlar á því og í ræðum annarra þingmanna sem hér hafa talað, einkum úr Samfylkingunni. En maður hlýtur að spyrja sig hvort þessi lagalega æfing, þessi tilraunastarfsemi með löggjöf um Seðlabankann, sé raunverulega bara lengsta og flóknasta uppsagnarbréf sem um ræðir. Það er nokkuð alvarlegt vegna þess að löggjöf um Seðlabanka er meðal grundvallarlaga í landinu. Eins og oft hefur verið vitnað til og margir umsagnaraðilar og álitsgjafar hafa látið í ljós er mikilvægt að til löggjafar um Seðlabankann sé vandað, að ekki sé unnið að þeim í óðagoti eða taugaveiklun. Að vandað sé til verka og reynt að ná sátt en mál séu ekki keyrð í gegn á allt of skömmum tíma án þess að nauðsynleg málefnaleg yfirferð sé höfð í heiðri.

[17:03]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Nú þegar komið er að lokum 3. umr. vil ég þakka ítarlegar og málefnalegar ræður sem hér hafa verið fluttar. Ég hef hlýtt á allar ræður sem fluttar hafa verið í dag og þær voru flestar mjög málefnalegar og góðar og það er gott að ljúka umfjöllun þingsins um mál með þeim hætti.

Málið hefur verið í meðferð þingsins í ríflega þrjár vikur

og það hefur fengið, þvert á það sem talsmenn Sjálfstæðisflokksins segja, mjög vandlega umfjöllun. Ég vil þakka framlag nefndarmanna enn og aftur en ég vil fyrst og fremst þakka framlag þeirra fjölmörgu sem komu fyrir nefndina á níu fundum hennar, sömdu og skiluðu umsögnum, oft með mjög skömmum fyrirvara. En ég hef áður rakið að það komu 25 einstaklingar fyrir nefndina sumir oftar en einu sinni og nefndin hafði 18 umsagnir á sínum borðum, margar hverjar mjög ítarlegar.

Hér er í rauninni um að ræða mjög skýrt og einfalt mál, breytingar á skipulagi yfirstjórnar Seðlabanka Íslands með því að leggja af fjölskipað stjórnvald sem er þriggja manna bankastjórn bankans annars vegar og hins vegar er um það að ræða að formgera í lagatexta það starf sem peningastefnunefnd bankans hefur hingað til unnið samkvæmt samþykktum frá 2006, þær síðustu.

Ég ítreka að eina meginefnisbreytingin sem hefur orðið á frumvarpinu frá því að það var lagt fram 4. febrúar sl. er að tekið er tillit til ábendinga um að það skyldi ekki einungis ráða seðlabankastjóra heldur einnig aðstoðarbankastjóra að bankanum. Þar fyrir utan tók nefndin og Alþingi tillit til málefnalegra ábendinga, m.a. úr ræðum þingmanna við 1. umr., ábendingum frá gestum og úr álitum og það er, ágætur forseti, ekkert óeðlilegt við það. Þannig á þingið einmitt að starfa. Að minnsta kosti vil ég sjá þingið vinna þannig. Það er með svipuðum hætti og unnið er í sveitarstjórnum. Menn taka mál og vinna það í sameiningu þvert á flokkslínur. Út úr því kemur yfirleitt vandaðri texti og meiri samstaða en ella væri. Þannig hefur það verið með þetta mál og sýndi sig við 2. umr. þegar það var afgreitt mótatkvæðalaust, með 50 samhljóða atkvæðum.

Ég hlýt að taka það fram að ég átta mig ekki alveg á því hvort hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru að segja sig frá málinu hér með vegna þeirrar breytingartillögu sem hefur verið til umræðu í dag. Þetta er ekki efnisbreyting og langt í frá að vera grundvallarbreyting á verkefnum peningastefnunefndar. Þvert á móti er þetta til áréttingar á því hlutverki sem nefndinni var ætlað og til að koma í veg fyrir að við fljótum aftur sofandi að feigðarósi.

Herra forseti. Ég vil hvetja til þess að málið fái endanlega afgreiðslu og þakka aftur fyrir góðar umræður í dag.

[17:07]

Útbýting:

Almennur eignarskattur, 350. mál, frv. KHG, þskj. 598.

Bifreiðahlunnindi starfsmanna hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum, 261. mál, svar fjmrh., þskj. 589.

Kostnaður við gjaldeyrisvaraforðann, 355. mál, fsp. HHj, þskj. 604.

Nýtt háskólasjúkrahús, 354. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 603.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2007, 346. mál, álit allshn., þskj. 593.

Tekjuskattur o.fl., 351. mál, frv. KHG, þskj. 599.

Uppbygging samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu, 353. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 602.

Þróun erlendra vaxtatekna og vaxtagjalda, 352. mál, fsp. GAK, þskj. 601.

[Fundarhlé. — 17:08]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:34]

Brtt. 591 samþ. með 33:18 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, EKG, GÞÞ, HerdÞ, IllG, JónG, JM, ÓN, PHB, REÁ, SKK, StB.

12 þm. (ÁMM, BjörkG, EMS, GHH, GSB, JóhS, KÓ, KolH, KÞJ, RR, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:29]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Við greiðum hér atkvæði um breytingartillögu frá meiri hluta viðskiptanefndar sem gengið var frá í gærkvöldi og breytir að mínu mati, og okkar sjálfstæðismanna, verulega hlutverki peningastefnunefndar sem er eitt af lykilatriðunum í þessu frumvarpi. Við höfum áhyggjur af því að þessi breytingartillaga sé fullkomlega vanhugsuð, okkur var neitað um að fá sérfræðileg álit á efni hennar. Enginn gerir sér grein fyrir því hvaða áhrif hún kemur til með að hafa og við höfum áhyggjur af því að hún geti verið stórskaðleg.

Þess vegna greiðum við sjálfstæðismenn atkvæði gegn þessari breytingartillögu sem hefði þurft miklu betri meðferð í nefndinni til að unnt væri að átta sig á henni og unnt væri að vinna málið til enda með skynsamlegum hætti.

[17:30]

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Við greiðum hér atkvæði um breytingartillögu meiri hluta hv. viðskiptanefndar. Hér er ekki um að ræða grundvallarbreytingu á eðli peningastefnunefndar. Hér er um að ræða ítrekun á því hlutverki sem peningastefnunefnd er ætlað að gegna og til þess að tryggja að það verði klárt gegnsæi í öllum störfum nefndarinnar er gert ráð fyrir því að hún hafi það hlutverk og meti hún það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógni fjármálakerfinu, skuli hún opinberlega gefa út viðvaranir þegar tilefni eru til.

Þetta, herra forseti, er það sem hefur skort í fjármálalífi okkar undanfarin ár. Ég segi já.

[17:31]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka fyrir þær umræður sem hafa farið fram hér í dag vil ég segja að það sé algjör misskilningur að þetta ákvæði kollvarpi frumvarpinu. Frumvarpið gengur út á það að ákvörðun peningastefnunefndar skuli grundvallast á markmiðum bankans og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum og fjármálastöðugleika. Það er einmitt verið að veita peningastefnunefndinni tæki til að bregðast við ef hún sér blikur á lofti sem snerta allt fjármálakerfið.

Ég held að það hefði verið til bóta ef svona ákvæði hefði verið í lögum hér áður fyrr og að þeir sem sáu að

blikur voru á lofti í aðdraganda bankahrunsins hefðu þá komið fram og skýrt frá þeim hættum þannig að hægt hefði verið að bregðast við fyrr og kannski minnka þann skaða (Forseti hringir.) sem blasir við íslensku þjóðlífi í augnablikinu.

[17:33]

Gunnar Svavarsson:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir breytingartillaga sem lýtur að hlutverki peningastefnunefndar. Það eru fjögur lykilatriði í þessari breytingartillögu, þ.e. metur, skal, opinberlega og þegar tilefni er til. Samfylkingin greiðir þessari breytingartillögu atkvæði sitt.

[17:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér eru greidd atkvæði um litla breytingartillögu sem kveður á um að í tilvikum þar sem fjármálakerfinu er hætta búin skuli peningastefnunefndin meta það sérstaklega, enda er það hlutverk Seðlabanka að fylgjast með fjármálastöðugleika og fjármálakerfinu og ef nefndin metur það svo skal hún tilkynna um það opinberlega ef tilefni er til.

Ég held, virðulegi forseti, að það hefði verið afar gott að ákvæði af þessum toga hefði verið til staðar í þeim hremmingum sem við höfum gengið í gegnum. Þá þyrftum við ekki nú að ræða það hvort fólk hafi talað saman, hvað þar fór fram og hverjir töluðu við hvern. Þá hefði þetta verið skýrt og einfalt og hugsanlega hefðum við komist hjá miklum hremmingum sem við erum nú að takast á við, eins og t.d. Icesave.

Brtt. 592 felld með 32:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, EKG, GÞÞ, HerdÞ, IllG, JónG, JM, ÓN, PHB, REÁ, SKK, StB.

nei: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHG, KLM, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (MS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BjörkG, EMS, GHH, GSB, JóhS, KÓ, KolH, KÞJ, RR, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:35]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Við greiðum hér atkvæði um breytingartillögu sem kemur fram af hálfu minni hluta viðskiptanefndar við frumvarpið á þessu stigi. Í sjálfu sér er þetta ekki veigamikil efnisbreyting sem við leggjum hér til, heldur einungis breyting á ákvæði til bráðabirgða sem felur það í sér að þegar forsætisráðherra skipar seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra í fyrsta skipti eftir gildistöku laganna skuli hann leita staðfestingar Alþingis.

Við vöktum athygli á því í nefndarstarfinu við 2. umr. og í nefndaráliti okkar þá að óvenjumikil völd væru færð til þess forsætisráðherra sem skipar í stöður innan Seðlabankans við gildistöku þessara laga. Við teljum rétt í ljósi dreifðs valds og í ljósi þess að eðlilegt sé að lýðræðislegt samráð eigi sér stað [Háreysti í þingsal.] að við leitum staðfestingar Alþingis í þetta skipti.

[17:36]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga vakti talsverða athygli þegar ég sá hana, einkanlega í ljósi þess að undanfarin ár hefur forsætisráðherra jafnan skipað seðlabankastjóra, alla þrjá. (**Gripið fram í:** Ekki alla í einu.) Ekki alla í einu, er gjammað fram í, en hæstv. forsætisráðherra hefur skipað alla þrjá. (Gripið fram í.) Það kemur mér því í opna skjöldu, virðulegi forseti, að nú þegar skipt hefur verið um forsætisráðherra þurfi sérstaklega að fá staðfestingu Alþingis á skipun seðlabankastjóra. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að fáum ef nokkrum treysti ég betur til að skipa þetta faglega, að undangenginni auglýsingu sem er líka nýtt, en núverandi forsætisráðherra. Þess vegna segi ég klárlega nei við þessari tillögu. (Gripið fram í.)

[17:37]

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Þessi tillaga er að mínu mati mjög ómálefnaleg. Það hefur verið búið til mjög ákveðið regluverk til að tryggja eins vandaða málsmeðferð og mögulegt er í lögum við skipan seðlabankastjóra og aðstoðarbankastjóra, með kröfu um auglýsingu eins og hér var nefnt, með kröfum sem settar eru fram um menntun og reynslu, þ.e. bæði um hæfni en einnig um hæfi manna. Auk þess skal skipa sérstaka þriggja manna nefnd með tilnefningum bæði frá bankaráði Seðlabankans og frá háskólasamfélaginu til að leggja mat á þær umsóknir sem kunna að berast. Það er því búið að tryggja eins vandaða málsmeðferð og mögulegt er. — Ég segi nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 33:18 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, EKG, GÞÞ, HerdÞ, IllG, JónG, JM, ÓN, PHB, REÁ, SKK, StB.

12 þm. (ÁMM, BjörkG, EMS, GHH, GSB, JóhS, KÓ, KolH, KÞJ, RR, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:38]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Við sjálfstæðismenn höfum frá upphafi lýst þeirri skoðun okkar að við værum tilbúin að ræða breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands og þeirri löggjöf sem snertir það svið. Við höfum við meðferð þessa máls á þingi reynt að leggja gott til málanna, við höfum tekið þátt í því starfi sem hefur átt sér stað, við studdum breytingartillögur við 2. umr. sem voru vissulega til bóta vegna þess að frumvarpið var í upphafi mjög vanbúið og var í rauninni lagt fram algjörlega ófullkomið og óklárað fyrir þingið.

Breytingartillögurnar voru til bóta, við studdum þær en hins vegar vek ég athygli á því að þær breytingartillögur sem við fluttum við 2. umr. voru felldar, sama er með þá breytingartillögu sem við fluttum áðan og síðast en ekki síst hefur hér verið samþykkt breytingartillaga sem að okkar mati getur verið stórskaðleg, er einsdæmi í löggjöf um seðlabanka í heiminum svo ég viti til, að peningastefnunefnd sé falið hlutverk af þessu tagi. Við sjálfstæðismenn getum því ekki stutt frumvarpið og greiðum atkvæði gegn því.

[17:39]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni afgreiðsla á frumvarpi sem er í eðli sínu einfalt og lítið, það eru tvö atriði sem verið er að gera breytingar á, annars vegar að fækka bankastjórum úr þremur í einn og væntanlega hlýst af því einhver sparnaður. Í öðru lagi er verið að setja á fót peningastefnunefnd sem tekur ákvarðanir og ætlað er að verði gegnsærri og aðgengilegri en verið hefur hingað til. Þetta er grunnurinn í frumvarpinu. Aldrei var ætlunin að gera allsherjarbreytingu á skipan Seðlabankans eða neitt í þá veruna eins og hv. sjálfstæðismenn hafa talað um hér í umræðunni. Þetta eru tvær litlar breytingar, ég tel að þær verði Seðlabankanum til framdráttar og verði til þess fallnar að auka traust hans og þess vegna styð ég afgreiðslu þessa máls.

[17:40]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér er á ferð mikilvægt mál. Umbóta- og mótmælahreyfingin sem fór af stað í október setti strax fram fjórar kröfur, að haldnar yrðu kosningar, að ríkisstjórnin færi frá, að hreinsað yrði til í Fjármálaeftirlitinu, að hreinsað yrði til í Seðlabankanum. (Gripið fram í.) Nú hefur þessi hreyfing og meiri hluti almennings í landinu náð því fram að boðað hefur verið til kosninga, ríkisstjórnin fór frá og önnur hefur tekið við til bráðabirgða, það hefur verið hreinsað til í Fjármálaeftirlitinu og hér er verið að samþykkja að hreinsa til í Seðlabankanum.

Ég er ánægður og stoltur yfir því að geta tekið þátt í þessari afgreiðslu á þinginu og ég segi já.

[17:41]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Gjaldmiðillinn hrundi, fjármálakerfið hrundi og Seðlabankinn varð tæknilega gjaldþrota. Fjármálaráðuneytið varð í raun skilanefnd hins gamla Seðlabanka með því að yfirtaka ónýtar kröfur bankans sem nema hálfri til einni milljón króna á hvert mannsbarn í landinu. Þetta er í raun og veru nýi Seðlabankinn og það er eðlilegt við slíka atburði að breytingar séu gerðar á yfirstjórn Seðlabankans rétt eins og á yfirstjórn viðskiptabankanna. Það hefur ekkert með persónur að gera, það eru einfaldlega nauðsynlegar kerfisbreytingar sem verða að fylgja algjöru hruni, í Seðlabankanum rétt eins og var um viðskiptabankana og það eru auðvitað fyrst og fremst þeir sem leggjast gegn þeim breytingum sem láta (Forseti hringir.) persónur þvælast fyrir sér í pólitíkinni í dag.

[17:43]

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Það er ekki til marks um óvönduð vinnubrögð, hvorki hv. viðskiptanefndar né hæstv. forsætisráðherra, að frumvarp það sem við nú afgreiðum hefur tekið nokkrum breytingum í meðförum þingsins. Þvert á móti tel ég að þingið eigi að starfa þannig og það sé leiðin til að ná sem víðtækastri samstöðu og sátt um hlutina að vinna mál eins og við höfum hér gert, þingmenn. Það er miður að Sjálfstæðisflokkurinn skuli ekki treysta sér til að stíga skrefið til fulls við þessa lokaafgreiðslu. Ég hef þá trú að samþykkt þessa frumvarps muni auka trúverðugleika efnahagsstefnunnar um leið og lagður er grunnur að því að Seðlabankinn geti notið trúnaðar og trausts innan lands sem utan.

[17:44]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Ég var 1. flutningsmaður að frumvarpi sem miðaði að því að breyta yfirstjórn Seðlabankans. Þetta frumvarp er mjög í anda þess frumvarps sem við framsóknarmenn lögðum fram og eftir að það hefur farið í gegnum breytingar í viðskiptanefnd tel ég að það sé mun betra en þegar það kom inn til Alþingis. Ég held að það hafi líka verið skynsamlegt að bíða eftir skýrslu Larosière-hópsins og sjá hvað í henni felst, enda höfum við nú bætt frumvarpið enn betur og það sem við stöndum uppi með er vonandi Seðlabanki sem nýtur trausts, ekki bara innan lands heldur líka erlendis. Ég segi já.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 605).

Tekjustofnar sveitarfélaga og gatnagerðargjald, 3. umr.

Stjfrv., 185. mál (lögveðsréttur fasteignaskatts og endurgreiðsla gatnagerðargjalds). — Þskj. 228, frhnál. 586.

[17:45]

Frsm. samgn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir framhaldsnefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2007, með síðari breytingum.

(**Forseti** (GuðbH)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að gefa hljóð í þingsalnum svo umræða geti átt sér stað.)

Þakka þér fyrir, ágæti forseti.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu.

Nefndin telur rétt að ákveði 1. gr. frumvarpsins um lögveðsrétt til fjögurra ára verði einnig látið ná til ársins 2008. Tilgangurinn með 1. gr. er að skapa aukið svigrúm fyrir sveitarfélög til að semja við fasteignaeigendur sem eiga í greiðsluerfiðleikum við skil á fasteignaskatti án þess að eiga á hættu að lögveðsréttur glatist þar sem tímafresturinn sem tilgreindur er í frumvarpinu varðandi lögveðið er rýmri en almenna reglan segir til um. Til að tryggja betur að tilgangi frumvarpsins um aukið svigrúm til samninga verði

náð telur nefndin mikilvægt að heimildin nái einnig til ársins 2008.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Í stað „2009 og 2010“ í 1. gr. komi: 2008–2010.

Björgvin G. Sigurðsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen og Ragnheiður Ólafsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið skrifa, auk þeirrar sem hér stendur, Árni Þór Sigurðsson, Ólöf Nordal, Lúðvík Bergvinsson og Valgerður Sverrisdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppbygging og rekstur fráveitna, 3. umr.

Stjfrv., 187. mál (heildarlög). — Þskj. 590.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 2. umr.

Frv. iðnn., 317. mál (umsagnarréttur sveitarfélaga). — Þskj. 549.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Loftferðir, 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (flugvernd, gjaldtaka, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 243, nál. 581.

[17:48]

Frsm. samgn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Karl Alvarsson og Ástríði Scheving Thorsteinsson frá samgönguráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Icelandair, Iceland Express, Landhelgisgæslunni, Samtökum um þjónustu og verslun, Félagi atvinnuflugmanna, Flugstoðum ohf. og rannsóknarnefnd flugslysa.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að breyta nokkrum ákvæðum laga um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum. Með frumvarpinu er meðal annars lagt til að Flugmálastjórn Íslands verði heimilt að fela viðurkenndum aðilum skrásetningu og eftirlit með starfrækslu og lofthæfi loftfara af tiltekinni tegund og flokki. Einnig er ætlunin að bæta og styrkja lagastoð fyrir setningu reglugerða og innleiðingu gerða vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Umfangsmestu breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu snúa að flugvernd og gjaldtöku vegna flugverndar. Nánar er kveðið á um eftirlit Flugmálastjórnar, heimild til leitar, gerð bakgrunnsathugana og þagnarskyldu auk þess sem kveðið er á um skýrari lagastoð til setningar reglugerða á sviði flugverndar. Með frumvarpinu er einnig stefnt að því að tryggja þátttöku flugrekenda í ákvarðanatöku með tilkomu svokallaðrar notendanefndar, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Heildarendurskoðun loftferðalaga hefur staðið fyrir dyrum í samgönguráðuneytinu um nokkurt skeið. Sú vinna er skammt á veg komin en talið er brýnt að gera tilteknar breytingar á lögunum á þessu stigi málsins.

Nefndin ræddi þær breytingar sem lagðar er til í frumvarpinu á fundum sínum. Meðal annars var rætt um framsal valds til skrásetningar loftfara, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Fram kom að ákvæðinu er aðeins ætlað að ná til skráningar hreyfilknúinna fisa, léttra flugvéla og svifflugvéla. Flugmálastjórn hefur heimilað viðurkenndu fisfélagi skráningu og eftirlit í ákveðnum tilfellum og hefur það gefist vel. Er þessi lagabreyting gerð til að koma til móts við athugasemdir umboðsmanns Alþingis við framkvæmdina.

Nefndin ræddi einnig þá tilhögun 10. gr. frumvarpsins að birta efni reglugerðar um flugvernd aðeins að hluta og hvort þessi regla samræmist lagaboðum um birtingu stjórnvaldsfyrirmæla. Fram kom á fundi nefndarinnar að ef þessar verklagsreglur eru birtar og aðgengilegar almenningi eru brostnar forsendurnar fyrir því að verklagið nái því markmiði að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn flugstarfsemi þar sem aðilar sem hyggja á slíkar aðgerðir geta þannig hæglega komist yfir þessar upplýsingar. Fram kom einnig að leitast er við að takmarka þessa heimild til birtingar reglugerðar að hluta eins og frekast er unnt. Aðeins kröfur er lúta að framkvæmd og starfrækslu flugverndar verða háðar leynd. Nefndin telur tilhögun þessa nauðsynlega í ljósi þeirra markmiða sem reglum um flugvernd er ætlað að ná.

Nefndin vekur athygli á að fallið er frá stjórnskipulegum fyrirvara með frumvarpinu en heimildin framkvæmd þegar fallið er frá slíkum fyrirvara er sú að það sé gert með þingsályktunartillögu og leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess að þeirri málsmeðferð sé fylgt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Björgvin G. Sigurðsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen og Ragnheiður Ólafsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta rita, auk þeirrar sem hér stendur, Árni Þór Sigurðsson, Ólöf Nordal, Lúðvík Bergvinsson og Valgerður Sverrisdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. allshn., 328. mál (viðmiðunardagur umsóknar um kosningarrétt). — Þskj. 564.

[17:52]

Frsm. allshn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum. Frumvarp þetta er flutt af allsherjarnefnd Alþingis.

Hér er gert ráð fyrir því að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og 3. mgr. 27. gr. laganna skal umsókn um kosningarrétt skv. b-lið 2. mgr. 1. gr. sem berst Þjóðskrá í síðasta lagi 25. mars 2009 gilda frá dagsetningu bréfs hennar um að umsækjandi skuli tekinn á kjörskrá. Að öðru leyti fer um kosningarréttinn skv. 2. gr. laganna.

Fullnægjandi umsókn um að verða tekinn á kjörskrá sem berst Þjóðskrá eftir 25. mars 2009 gildir frá 1. desember 2009.

Umsókn um að verða tekinn á kjörskrá sem barst Þjóðskrá eftir 1. desember 2008 og var fullnægjandi skal nú gilda frá gildistöku þessa ákvæðis. Að öðru leyti fer um kosningarréttinn skv. 2. gr. laganna. Þjóðskrá tilkynnir umsækjanda þessa breytingu og hlutaðeigandi sveitarstjórn.“

Hér er gert ráð fyrir að þessi lög öðlist þegar gildi en þau falli hins vegar úr gildi 1. desember 2009. Hér er sem sagt um bráðabirgðaákvæði að ræða.

Í lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, var ákvæði um að íslenskir ríkisborgarar misstu kosningarrétt sinn hér á landi við fasta búsetu erlendis lengur en fjögur ár. Þá var viðmiðunardagur kjörskrár 1. desember. Með lögum árið 1989 var fjögurra ára tímabilið lengt í átta ár og þeim gert kleift sem óskuðu að vera áfram á kjörskrá eftir það miðað við 1. desember ár hvert eftir að umsókn var lögð fram. Skilyrði var að umsækjandi væri enn íslenskur ríkisborgari. Sá sem tekinn var á kjörskrá samkvæmt umsókn átti þannig kosningarrétt í fjögur ár og gat þá endurnýjað réttinn til næstu fjögurra ára og síðan koll af kolli. Árið 1991 var kosningalögunum breytt þannig að hætt var að miða kjörskrá við 1. desember og viðmiðunardagur færður nær kjördegi. Fyrst var miðað við íbúaskrá Þjóðskrár sjö vikum fyrir kjördag, þá fimm vikum og að lokum var viðmiðunardagurinn hafður þremur vikum fyrir kjördag. Viðmiðunardagurinn var svo færður aftur í fimm vikur þegar Reykjavík var skipt í tvö kjördæmi árið 2000 svo landskjörstjórn hefði ráðrúm til að ákveða hvar mörkin skyldu verða milli þessara kjördæma hverju sinni. Allan þennan tíma hefur gildistími ákvörðunar um að einhver skuli tekinn á kjörskrá eftir meira en átta ára búsetu erlendis verið 1. desember eftir að umsókn var lögð fram.

Tæplega tuttugu ára reynsla er komin á framkvæmdina samkvæmt ákvæðinu og hefur gefist vel að miða við 1. desember ár hvert. Hagræði er í því fyrir íslenska ríkisborgara, sem hafa lengi verið búsettir erlendis, að miða gildistíma umsóknar um kosningarrétt við tiltekna dagsetningu, sem þeir þekkja frá fyrri tíð, í stað þess að hafa hana breytilega frá einum tíma til annars. Viðkomandi á þá auðveldar með að muna hvenær hann þarf að sækja um aftur til að vera áfram á kjörskrá. Þetta leiðir hins vegar til þess að bregðast þarf við með sérstökum hætti, ef þurfa þykir, þegar boðað er til kosninga á miðju reglulegu kjörtímabili.

Samkvæmt nýju ákvæði til bráðabirgða verður leyst úr vandasamri stöðu íslenskra ríkisborgara sem búsettir hafa verið erlendis lengur en átta ár og sækjast nú eftir að komast á kjörskrá. Samkvæmt almennu ákvæði í 2. gr. og 3. mgr. 27. gr. laga um kosningar til Alþingis hefðu þeir ekki öðlast kosningarréttinn fyrr en frá 1. desember 2009. Með frumvarpinu er komið til móts við hagsmuni tveggja hópa: Annars vegar þeirra sem búsettir eru erlendis og hafa sent fullnægjandi umsókn eftir 1. desember 2008 og hafa nú fengið bréf Þjóðskrár um að þeir eigi kosningarrétt frá 1. desember 2009. Þeir fá nú kosningarréttinn frá gildistöku þessa ákvæðis og geta því kosið við þær alþingiskosningar sem fyrirhugaðar eru í vor. Í öðru lagi tekur frumvarpið á hagsmunum þeirra íslensku ríkisborgara sem búsettir hafa verið lengur en átta ár erlendis en hafa ekki enn sent Þjóðskrá umsókn um að verða teknir á kjörskrá. Nú munu þeir eiga þess kost að senda inn fullnægjandi umsóknir og öðlast kosningarrétt í tæka tíð. Þjóðskrá mun tilkynna hlutaðeigandi umsækjendum um þessar breytingar og kosningarrétt þeirra, sem og hlutaðeigandi sveitarstjórnum.

Rétt þykir að taka fram að kosningarrétturinn, sem menn geta öðlast samkvæmt umsókn ef frumvarp þetta verður samþykkt, gildir til 1. desember 2009 og áfram í fjögur ár skv. 2. gr. kosningalaga. Þetta þýðir að kjósandi heldur kosningarrétti sínum til 1. desember 2013. Til þess að vera áfram á kjörskrá eftir það verður kjósandi að sækja um aftur til Þjóðskrár eftir 1. desember 2012, sbr. 1. mgr. 2. gr. kosningalaga.

Þetta frumvarp kemur, eins og ég hef þegar rakið, til móts við þá hópa sem búsettir eru erlendis og hafa verið lengur en átta ár og gátu ekki vitað fyrir fram að boðað yrði til kosninga á þessu vori og höfðu þess vegna af eðlilegum ástæðum ekki gert ráðstafanir til þess að kæra sig inn á kjörskrá fyrir 1. desember síðastliðinn.

Allsherjarnefnd, eins og ég áður sagði, flytur þetta frumvarp sameiginlega og stendur að því.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. en ekki er óskað eftir því að málið gangi til nefndar af augljósum ástæðum..

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. StB o.fl., 315. mál (skipulag fastanefnda). — Þskj. 545.

[17:57]

Flm. (Sturla Böðvarsson) (S):

Hæstv. forseti. Í frumvarpi því sem ég mæli hér fyrir er gert ráð fyrir breytingum á lögum um þingsköp Alþingis sem snúast um breytingar á skipulagi fastanefnda Alþingis, fjölda þeirra og þeim málaflokkum sem undir þær heyra.

Fastanefndir eru 12 en samkvæmt frumvarpinu verða þær sjö. Eftirfarandi eru heiti nefndanna og málaflokkar

sem gert er ráð fyrir að undir þær heyri samkvæmt frumvarpinu:

1. Allsherjar- og menntamálanefnd. Undir hana heyri dóms- og kirkjumál, menntamál, menningarmál, stofnanir Alþingis, Stjórnarráðið o.fl.

2. Atvinnumálanefnd. Undir hana heyri iðnaðar- og orkumál, landbúnaðarmál og sjávarútvegsmál, byggðamál og ferðamál.

3. Efnahags- og viðskiptanefnd. Undir hana heyri skattamál, verslunar-, viðskipta- og bankamál og efnahagsmál almennt.

4. Fjárlaganefnd. Undir hana heyri tekjur og gjöld ríkissjóðs.

5. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd. Undir hana heyri heilbrigðismál, almannatryggingar og félagsþjónusta, húsnæðismál og vinnumál.

6. Umhverfis- og samgöngunefnd. Undir hana heyri umhverfismál, vega-, hafna- og flugmál, siglingar, fjarskipti og sveitarstjórnarmál.

7. Utanríkismálanefnd. Undir hana heyri utanríkismál, varnar- og öryggismál og málefni Evrópska efnahagssvæðisins.

Við síðustu breytingar á lögum um þingsköp Alþingis voru gerðar nokkrar lagfæringar á störfum og starfsumhverfi fastanefnda Alþingis. Breytingarnar miðuðu að því að efla starf nefndanna, m.a. með því að ráðherrar komi oftar á fundi þingnefndanna. Samhliða breytingunum var gert samkomulag á milli þeirra flokka sem stóðu að breytingunum sem m.a. miðaði að því að aðstoða minni hluta í nefndum og efla eftirlitshlutverk nefndanna sem er mjög mikilvægt að gerist. Eftir að þessar breytingar tóku gildi 1. janúar 2008 beitti ég mér fyrir því á vettvangi forsætisnefndar Alþingis að samþykkja reglur um opna nefndafundi en bráðabirgðareglur um slíka fundi voru samþykktar á vettvangi forsætisnefndar í júní og nýjar reglur síðan afgreiddar af hálfu forsætisnefndarinnar nú í janúar.

Sú endurskipulagning á fastanefndum Alþingis sem lögð er til í þessu frumvarpi er að nokkru leyti framhald af síðustu breytingum sem gerðar voru á störfum nefndanna. Markmið breytinganna er að styrkja og efla nefndastarfið enn frekar ásamt því að gefa nefndunum meira og betra svigrúm til starfa. Önnur helstu rökin fyrir breytingunum vil ég tilgreina hér á eftir:

Í fyrsta lagi munu breytingarnar efla löggjafarstarfið. Fastanefndirnar verða færri og mun hver nefnd fjalla um fleiri málaflokka en er í dag. Það gefur nefndarmönnum m.a. meiri möguleika á að hafa heildaryfirsýn yfir tengd málasvið. Slíkt mun jafnframt styrkja eftirlitshlutverk þingsins. Það er í samræmi við þá stefnu sem forsætisnefnd þingsins mótaði með skipun sérstakrar nefndar sem vinnur að því að undirbúa tillögur um breytingar sem eiga að styrkja og efla eftirlitshlutverk Alþingis og hefur borið vinnuheitið eftirlitsnefndin.

Í öðru lagi munu breytingarnar fela í sér hagræðingu í störfum fastanefndanna. Með fækkun fastanefnda gefst tækifæri fyrir nefndirnar til að funda oftar og lengur ef þörf krefur. Það hefur oft verið erfitt að komast hjá því að fundir nefndanna skarist þegar fjöldi þeirra er svo mikill, en með fækkun þeirra í sjö mun draga úr þessum árekstrum og auðveldara verður að skipuleggja fundi nefndanna. Þá munu skapast betri tækifæri og tími til að halda opna nefndafundi, en slíkir fundir krefjast oft meiri tíma en hefðbundnir nefndafundir.

Þingmenn eiga oft sæti í fleiri en einni nefnd og jafnvel fjórum, en með fækkun og stækkun nefnda munu þingmenn almennt sitja í einni nefnd en nokkrir þeirra þó í tveimur nefndum. Slíkt mun einfalda skipulag nefndastarfsins og leiða til betri nýtingar á fundartíma nefndanna. Sérstaklega mun þetta eiga við á nefndadögum. Æskilegt mun t.d. vera að nefndarmenn í fjárlaganefnd sitji ekki í öðrum nefndum.

Rétt er að geta þess að nefndastarfið, eins og nú háttar til og varðar hina opnu nefndafundi, er mjög mikilvægt og ég vil undirstrika að með því að fækka nefndum skapast skilyrði til þess að hafa fleiri opna nefndafundi og gefa þannig þjóðinni færi á að fylgjast með störfum nefndanna á Alþingi.

Í þriðja lagi munu breytingarnar leiða til þess að skipulag starfa á nefndasviði Alþingis verður einfaldara og aukið svigrúm gefst til þess að hver fastanefnd geti haft yfir að ráða öflugum hópi sérfræðinga og annars starfsfólks. Þannig verður hægt að veita hverri nefnd meiri aðstoð og betri þjónustu en nú er hægt að gera.

Það er sannfæring mín að eftirlitshlutverk fastanefnda Alþingis muni aukast á næstu árum og ljóst að með möguleika á opnum fundum muni það eftirlit verða opnara og öllum aðgengilegra, líkt og á þingfundum. Mikilvægt er að styrkja nefndastarfið, skipulag þess og starfsaðstöðu áður en þessi þróun fer af stað að marki.

Reiknað er með að tímatafla með fundartímum nefndanna verði ákveðin fyrir fram, með nægilegu svigrúmi þó til aukafunda, þannig að enginn þingmaður sé settur í þá stöðu að vera á fundum á tveimur stöðum samtímis.

Loks er þess að geta að flokkarnir eiga samkvæmt frumvarpinu að tilnefna varamenn í nefndum, allt að þeim fjölda sem þeir eiga af aðalmönnum. Þetta fyrirkomulag er einfaldara í sniðum en nú viðgengst með þá einu nefnd sem hefur fastákveðna varamenn, en formlegra en það fyrirkomulag staðgengla nefndarmanna sem unnið er eftir í öðrum nefndum, sbr. 3. mgr. 17. gr. þingskapa, þar sem þingflokki er heimilt að tilnefna varamann um stundarsakir í forföllum aðalmanns. Þetta auðveldar boðun funda í nefndum og er það fyrirkomulag sem tíðkast í nágrannaþingum.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir helstu atriðin um breytingar á þingskapalögunum er varða skipan nefnda Alþingis. Mikilvægt er að okkur takist að ljúka þessu máli nú fyrir þingslit og kosningar til þess að gengið verði til skiptingar í nefndir á grundvelli þeirrar skipunar sem frumvarpið gerir ráð fyrir þegar nýtt þing kemur saman.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpið gangi til 2. umr. og allsherjarnefndar en get þess í lokin að flutningsmenn að þessu frumvarpi með mér eru hv. þingmenn Valgerður Sverrisdóttir og Jón Magnússon.

[18:05]

Útbýting:

Sameiginleg sjúkraskrá fyrir landið allt, 302. mál, svar heilbrrh., þskj. 600.

[18:06]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég vil taka til máls í 1. umr. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum. Hv. þm. Sturla Böðvarsson hefur sem 1. flutningsmaður mælt fyrir því en hann flytur það ásamt þingmönnunum Jóni Magnússyni og Valgerði Sverrisdóttur.

Ég tel að almennt eigi sú regla að gilda og menn eigi að reyna að hafa hana í heiðri eftir því sem frekast er kostur að um þingsköp Alþingis sé þverpólitísk samstaða. Hér er verið að fjalla um þær almennu leikreglur sem gilda í störfum Alþingis og mikilvægt er að um þann ramma sé góð pólitísk samstaða. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gagnrýndum það á sínum tíma þegar afgreidd voru þingskapalög snemma á síðasta þingi að gerðar voru breytingar sem fóru í bága við það sjónarmið sem við höfðum uppi í þeim málum og lítill vilji virtist vera þá til að teygja sig í þá átt að um það gæti tekist fullkomin samstaða.

Þau mál sem fjallað eru um í þessu frumvarpi eru ekki pólitísks eðlis, a.m.k. ekki flokkspólitísks, heldur eru þetta atriði sem lúta fyrirkomulagi þingstarfanna og þess vegna er þeim mun mikilvægara að mínum dómi að ekki sé verið að takast á um slíka hluti þvert á flokkspólitískar línur.

Það er að sjálfsögðu líka álitamál hvernig skipa eigi þingstörfunum. Hér er verið fyrst og fremst að fjalla um nefndaskiptinguna og lagt til að starfandi séu sjö fastanefndir á Alþingi í stað þeirra 12 sem nú starfa og gert ráð fyrir því að í hverri nefnd séu níu þingmenn. Í dag eru níu þingmenn í öllum nefndum nema í fjárlaganefnd, þar eru 11, en ég skil það þannig að frumvarpið geri ráð fyrir að breyting verði á fjölda nefndarmanna í fjárlaganefnd og þeim fækki úr 11 í níu.

Jafnframt er gerð sú tillaga að breytingu að þingflokkar tilnefni fasta varamenn í nefndir, jafnmarga og þeir eiga aðalmenn. Sú regla gildir í dag einungis um utanríkismálanefnd en hér er gert ráð fyrir að þetta verði hin almenna regla.

Um efnisatriði frumvarpsins — burt séð frá því að ég tel að flytja hefði átt frumvarp til laga um breytingu á þingskapalögunum af öllum þingflokkum — vil ég segja að ég tel að margar athyglisverðar hugmyndir séu hér á ferðinni. Mér finnst sjálfsagt mál að skoða það að nefndum þingsins verði fækkað og málasvið þeirra þannig breikkað en að sjálfsögðu er að mörgu að huga í því efni. Ljóst er að málaflokkunum sem þingið fjallar um mun ekkert fækka þó að nefndirnar verði færri. Sömu mál verða að sjálfsögðu undir eftir sem áður og það getur auðvitað orðið snúnara fyrir þingflokka, ekki síst þingflokka sem hafa ekki mörgum þingmönnum á að skipa, að komast yfir öll þau mál sem nefndirnar fjalla um. Það má t.d. hugsa sér að skoða þingflokk sem í dag á einn fulltrúa í allsherjarnefnd og einn fulltrúa í menntamálanefnd, sem hér lagt er til að verði sameinaðar, ætti hugsanlega aðeins einn fulltrúa í sameinaðri nefnd eftir þessa breytingu. Álagið yrði því þeim mun meira á viðkomandi en áður var. Því er að mörgu að hyggja í þessu þó að ég sé þeirrar skoðunar að vel komi til álita að fækka þingnefndunum.

Um einstakar tillögur í þessu efni get ég tekið undir þau sjónarmið sem eru á bak við t.d. tillögu um eina atvinnumálanefnd sem fjallar um atvinnumálin á breiðum grundvelli, sameinaða efnahags- og skattanefnd annars vegar og viðskiptanefnd hins vegar. Mér finnst það vera tillaga sem vel geti gengið upp og sömuleiðis um heilbrigðis- og félagsmálanefnd. Ég hef meiri efasemdir um aðrar tillögur. Um hugmyndina um sameiningu umhverfisnefndar og samgöngunefndar eru hygg ég tvö sjónarmið uppi. Ég er þeirrar skoðunar að skynsamlegt geti verið að sameina umhverfisnefnd og samgöngunefnd, líkt og gert hefur verið á vettvangi borgarstjórnar Reykjavíkur, þar beitti ég mér fyrir því þar sem við höfum litið svo á að samgöngumálin séu eitt allra stærsta umhverfismálið. Þau sjónarmið hafa líka heyrst a.m.k. í þingflokki mínum að það geti orkað tvímælis á löggjafarþinginu að sameina þessar nefndir í eina þar sem umhverfisnefnd fer meira með eftirlit með alls konar verklegum framkvæmdum meðan samgöngunefndin fjallar um framkvæmdaþáttinn. Þar gætu því hagsmunir stangast á. Ég tel eðlilegt að það sjónarmið verði skoðað alveg sérstaklega í umfjöllun um þetta mál.

Um tillögu um sameiningu allsherjarnefndar og menntamálanefndar hef ég miklar efasemdir. Ég tel að þar séu í eðli sínu mjög ósamkynja málaflokkar og henti ekki vel að setja þá saman í eina nefnd. Ég hefði heldur viljað sjá að allsherjarnefndin væri áfram ein enda hefur hún býsna mikið undir eins og reynslan sýnir. Við höfum séð það bæði á þessu þingi og áður að mjög mörg stór mál koma til úrlausnar og vinnslu í allsherjarnefnd og ég hygg að varla sé á það bætandi að bæta við heilum málaflokki eins og menntamálum þar inn.

Vitaskuld má skoða annars konar skiptingu ef menn vilja halda sig við fjöldann sjö en það væri ekki frágangssök að mínu áliti þó nefndirnar væru átta en ekki sjö eins og hér lagt er til. Það er allt saman efni sem hlýtur að koma til skoðunar við umfjöllun á vettvangi þeirrar þingnefndar sem fær málið til umfjöllunar.

Rauði þráðurinn í þessu er m.a. sá að reyna að tryggja það að þingmenn eigi ekki sæti í allt of mörgum þingnefndum eins og gerist í dag. Það er kostur við tillöguna að þingmenn mundu væntanlega flestir eiga aðeins sæti í einni nefnd og geta helgað sig henni, í einhverjum tilvikum hugsanlega tveimur, en það væru viðbrigði frá því sem er í dag þegar margir þingmenn eiga sæti í þremur og jafnvel fjórum þingnefndum. En aftur kemur upp þetta sjónarmið sem ég nefndi áðan að sérstaklega fyrir litla þingflokka sem eiga kannski bara einn mann í stórri nefnd þá getur verið býsna mikið undir að þurfa að dekka heilu málasviðin eins og allsherjar- og menntamálanefnd eða efnahags- og skattanefnd og viðskiptanefnd gerir í dag. Þarna eru ýmis álitamál uppi. Inn á þetta kemur líka umræðan um aðstoð við nefndastörfin. Ekki fyrir löngu síðan var sett á laggirnar aðstoðarmannakerfi þingmanna landsbyggðarkjördæmanna. Ég var mjög gagnrýninn á það fyrirkomulag. Ég taldi að betra hefði verið að beina þeim kröftum og því fjármagni sem til þess var varið til að styðja við nefndastarf þingflokkanna, taldi það betra og tel reyndar enn að skynsamlegt væri að gera ráðstafanir til að þingflokkarnir gætu hver fyrir sig verið með meiri aðstoðarvinnu á vettvangi einstakra nefnda, svipað og nefndasviðið er skipt þar sem

nefndarritarar sinna ákveðnum nefndum hver. En þetta eru líka viðhorf sem mér finnst rétt að fái þá umfjöllun á vettvangi allsherjarnefndar sem mun fá þetta mál til umsagnar.

Ég tel að hugmyndin um að fastir varamenn komi upp í nefndum geti verið til bóta og rétt geti verið að þingflokkar tilnefni fasta varamenn í nefndir en það kæmi þó kannski ekki í veg fyrir að í undantekningartilvikum þyrftu aðrir að geta hlaupið í skarðið og eftir sem áður þyrfti að vera heimild til þess, en almenna reglan um að það séu varamenn held ég að sé til bóta.

Virðulegi forseti. Ef ég held mig við efnisatriði frumvarpsins þá tel ég að ýmislegt sé í því sem getur horft til betri vegar frá því sem er í dag en annað sem ég hef miklu meiri efasemdir um. Ég fæ væntanlega tækifæri til að ræða það betur á vettvangi allsherjarnefndar þar sem ég á sæti. Ég held að í þessu efni væri gagnlegt að allsherjarnefnd viðaði að sér gögnum og upplýsingum um hvernig svona fyrirkomulagi er háttað í þjóðþingunum í kringum okkur, meðal annars er lýtur að því hvaða mál heyra saman, hvort þingmenn séu almennt bara í einni nefnd eða fleiri og hugsanlega hvort jafnvel þyrfti, þó menn færu í fastanefndir með þessum hætti, annars konar nefndir svo sem eftirlitsnefnd, eins og mér heyrðist hv. þm. Sturla Böðvarsson nefna í framsögu sinni.

Þegar á heildina er litið finnst mér eðlilegt að frumvarpið fái málefnalega umfjöllun á vettvangi allsherjarnefndar og það verður þá að koma í ljós í þeirri vinnu hvort almennur stuðningur er við málið eins og það er lagt fyrir eða hvort menn vilja gera á því einhverjar breytingar. Ég áskil mér að sjálfsögðu allan rétt til að koma með breytingartillögur þegar málið er þar til umfjöllunar.

[18:17]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég fagna því að við ræðum það frumvarp sem hér er á dagskrá um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Hér er um grundvallarmál að ræða og ég vil segja það í upphafi míns máls að ég styð það markmið sem hv. flutningsmenn, hv. þingmenn Sturla Böðvarsson, Jón Magnússon og Valgerður Sverrisdóttir, leggja fram í þessu þingmáli. Markmiðið hlýtur að vera það að gera störf þingsins skilvirkari en þau eru í dag, að auka hagræðið í störfum þingsins. Við hljótum jafnframt með því sem hér er lagt til að fækka nefndum þingsins úr tólf niður í sjö að fylgja þeim breytingum eftir á sviði framkvæmdarvaldsins og fækka þar með ráðuneytum. Ég hefði viljað sjá að þeim yrði fækkað hið fyrsta og þá ekki í ósvipaða veru og frumvarpið sem við ræðum hér mælir fyrir um. Það þarf að auka hagræðið í rekstri hins opinbera. Ég er ekki að segja að það sé einhver sparnaðarlykt af því frumvarpi sem við ræðum hér. En ég held að við getum fengið mun meira og miklu skilvirkara kerfi ef við fækkum þessum nefndum.

Það er alveg rétt sem hv. þingmenn hafa sagt hér að álagið getur verið ótrúlegt fyrir þingmenn jafnvel í litlum þingflokkum. Ég man að á þar síðasta kjörtímabili voru þingmenn Framsóknarflokksins í allt að fjórum nefndum og við slíkt álag er náttúrlega varla hægt að búa. Þessu þarf að breyta. Við þurfum að hafa það í huga þegar þetta er rætt.

Það er einn algengur misskilningur úti í samfélaginu og mér finnst að við þurfum að hafa það á hreinu í þessari umræðu, að þingmenn fái greitt fyrir hverja einustu nefnd sem þeir sitja í og fái greitt fyrir hvern einasta fund. Það er alrangt. Það er ekki greitt fyrir neinn fund og það er ekki greitt neitt sérstaklega fyrir neina nefnd heldur er það þannig að ef viðkomandi gegnir formennsku í viðkomandi nefnd þá fær hann 15% álag ofan á þingfararkaup þannig að mér finnst vera mjög útbreiddur misskilningur í samfélaginu um það að eftir því sem menn eru í fleiri nefndum þá fái þeir meira greitt. Það er misskilningur sem við þurfum að leiðrétta.

Ég tel að við þurfum að þoka þessum málum áfram. Ég held að með breytingum sem þessum mundi hver og ein nefnd fá meiri þjónustu og sérfræðiaðstoð og það veitir svo sannarlega ekki af því að efla þá aðstoð við nefndir þingsins. Og það má velta því fyrir sér hvort kraftarnir séu að dreifast um of vegna þess að við erum með of margar nefndir og hvort þingmenn hafi þá heildaryfirsýn sem væri æskileg. Ef við tökum til að mynda þá tillögu sem hér er, að sérstök atvinnumálanefnd verði stofnuð á vettvangi þingsins sem undir heyrðu, iðnaðarmál, orkumál, landbúnaðarmál, sjávarútvegsmál, byggðamál og ferðamál, þá held ég að viðkomandi þingmenn sem sætu í slíkri nefnd hefðu miklu betri yfirsýn yfir íslenskt atvinnulíf og slíkt er mjög mikilvægt.

Í öðru lagi finnst mér það líka vera mjög gott sem stendur í greinargerð með frumvarpinu að markmiðið með þessu sé að auka eftirlitshlutverk Alþingis. Ég held að síðustu ár hafi sýnt okkur fram á að þurft hafi að efla það hlutverk þingsins, sérstaklega fjárlaganefndar þingsins og við þurfum þess vegna að auka sérfræðiaðstoð við nefndir Alþingis til að þingið standi undir því hlutverki sem því er ætlað að fylgjast með störfum framkvæmdarvaldsins og það þurfum við að bæta, hæstv. forseti.

Án þess að ég ætli að lengja mál mitt mikið þá vil ég nefna önnur álitamál sem mér finnst að við þurfum að ræða hér og það eru þessi svokölluðu meirihlutastjórnmál, þ.e. að þeir flokkar sem mynda ríkisstjórn hafi forustu í öllum nefndum þingsins. Mér finnst það ekkert sjálfgefið og ég mundi vilja að við skoðuðum það að hver og einn stjórnmálaflokkur sem fær kjör á Alþingi fái nefndarformennsku í hlutfalli við atkvæðamagn sitt. Framúrskarandi fólk er í öllum þingflokkum á Alþingi og ég tel að við þurfum að láta á það reyna að allir stjórnmálaflokkar fái að koma að því að leiða nefndir á vettvangi þingsins. Slíkt hefur því miður ekki tíðkast í allmörg ár en eins og ég segi hér, svo ágætir sem þingflokkarnir eru þá er það þannig að mér finnst að við þurfum að hleypa fleirum af forustustörfum á vettvangi Alþingis Íslendinga og við þurfum að koma okkur út úr þessum meirihlutastjórnmálum sem hafa viðgengist á undanförnum árum. Ég held að það sé ákveðið ákall um að við hugsum þessa hluti upp á nýtt. Tökum sem dæmi að Framsóknarflokkurinn fengi eftir kosningarnar í vor — vonandi fær hann mikið fylgi — segjum sem svo að hann fengi 16% fylgi (**Gripið fram í:** Fimm.) 16 og að nefndirnar væru sjö þá væri eðlilegt að sá flokkur fengi formennsku í einni nefnd. Sjálfstæðisflokkurinn með 33% fylgi, ef við tökum sem dæmi — sumum finnst það greinilega of mikið — að hann fengi tvo í samræmi við það magn atkvæða sem

á bak við viðkomandi flokk er. Ég varpa þessu svona fram í umræðuna hvað þingmönnum finnist um það að við skoðum það að dreifa þessu valdi í samræmi við stuðning við flokka á þingi.

Ég er líka hjartanlega sammála því varðandi þá sem sitja í fjárlaganefnd Alþingis að miðað við það verkefnasvið sem er á sviði fjárlaganefndar er ekki mikið svigrúm fyrir þá nefndarmenn að vera í öðrum nefndum. Mér finnst í raun að við þurfum að fara að endurskilgreina fjárlagaferlið og auka líka vægi fagnefndanna. Ég mundi vilja sjá að sett yrðu ákveðin rammafjárlög þar sem menn setja stefnu, heildarmarkmið, hvað á að setja í hvern og einn málaflokk. Þegar kemur síðan að úthlutunum á fjárlögum þá vil ég einfaldlega að nefnd eins og heilbrigðis- og félagsmálanefnd ynni út frá einhverjum tilteknum ramma. Eins og þetta hefur verið þá hefur sá rammi vissulega verið fyrir hendi en síðan hefur fjárlaganefnd oftar en ekki í framhaldinu kallað til félagasamtök og fleiri aðila og stækkað rammann. Það hefur óheyrilega mikil vinna farið fram á vettvangi fjárlaganefndar þingsins til þess að stækka þessa ramma. Ég hefði frekar viljað sjá að menn væru búnir að móta þessa ramma fyrir fram og það væri þess vegna á forræði viðkomandi fagnefnda að úthluta úr þeim. Þannig gæti fjárlaganefnd þingsins einbeitt sér enn meira að því gríðarlega mikilvæga eftirlitshlutverki sem hún á að gegna í störfum á Alþingi. Það þarf að dreifa kröftunum og það þarf að gera fjárlagavinnuna miklu skilvirkari en hún hefur verið á undanförnum árum. Það að menn stækka þessa ramma eftir á hefur leitt af sér, og ég hef skoðað það, að umsóknir um styrki á fjárlögum hafa margfaldast á undanförnum árum og eru nú komnar yfir 1.000. Til samanburðar fyrir aðeins örfáum árum, tíu árum eða svo, þá voru þær á milli 100 og 200. Það segir sig náttúrlega sjálft að ef þessi þróun heldur áfram út í hið óendanlega þá verða komnar mörg þúsund umsóknir til fjárlaganefndar um einhver sértæk verkefni sem hún er að taka ákvörðun um og það fer gríðarlegur tími, dýrmætur tími í störfum fjárlaganefndar, í afgreiðslu þessara mála og tala ég nú af eigin reynslu. Ég held að við þurfum að skoða þessa hluti algerlega upp á nýtt. Með þessu er ég ekki að segja að það eigi að taka fjárveitingavaldið af Alþingi eða við eigum að láta framkvæmdarvaldið eingöngu úthluta þessu öllu. En ég tel að við þurfum að dreifa þessu valdi innan þingsins út í fagnefndirnar því við erum með þessu frumvarpi — eins og ég hef sagt hér þá styð ég meginatriði þess og vil að það verði skoðað sérstaklega í nefnd og útiloka svo sem ekki neinar breytingar — við erum að styrkja faglegan grundvöll og faglega aðstoð og ráðgjöf við þessar nefndir. Það segir sig sjálft að ef við gerum það þá eru þeir nefndarmenn sem sitja í þeim nefndum hvað best fallnir til þess að ákveða hvernig við skiptum þeim fjármunum sem við veitum af fjárlögum hverju sinni.

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa því yfir að ég er mjög ánægður með að þetta frumvarp skuli komið fram og ég held að þetta sé angi af fjölmörgu sem við þurfum að taka til endurskoðunar á vettvangi þingsins og reyndar almennt í opinberri stjórnsýslu. Það er alveg ljóst að á erfiðum tímum sem eru fram undan — staða ríkissjóðs er mjög erfið og bág — þurfum við að taka erfiðar ákvarðanir. Við þurfum að hagræða hjá hinu opinbera í rekstrinum og þess vegna þurfum við að skoða allar leiðir sem eru fallnar til þess að draga úr útgjöldum ríkisins með það að markmiði að gera samt starfið skilvirkara en það hefur verið. Ég mæli þess vegna með því að þetta mál fái mikla og góða umræðu á vettvangi væntanlega allsherjarnefndar og segi að orð eru til alls fyrst og við þurfum að vinna mjög markvisst að því að endurskoða þessi mál því að nú þurfum við að fara að horfa í hverja einustu krónu. Það er sjálfsögð krafa um það úti í samfélaginu að hér á þessum vinnustað og öðrum gætum við fyllsta hagræðis og reynum að sýna fólki fram á að Alþingi er skilvirkt í sínum störfum og það veitir svo sannarlega ekki af því á þeim tímum sem við nú lifum. Ég er viss um að það er markmið þeirra sem flytja þetta frumvarp að bæta störf þingsins og ég tel að meginandi frumvarpsins sé í þá veru að verði það samþykkt, hugsanlega með einhverjum breytingum, þá verði störfin hér mun skilvirkari heldur en þau eru nú.

[18:28]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að leyfa mér að bregðast aðeins við því sem fram kom í máli hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, þ.e. sem hann nefndi um trúnaðarstörf í þinginu, formennsku í nefndum og væntanlega á það við varaformennsku sömuleiðis.

Ég er þeirrar skoðunar að ákvæði um það eigi að vera bundið í þingskapalögin, að trúnaðarstörf, til dæmis forusta í nefndum eigi að skiptast á þingflokka í hlutfalli við það fylgi sem þeir fá í kosningum. Það á ekki að vera eins og var hér áður þegar það var reynt að stjórnarandstaðan færi með formennsku í einhverjum nefndum, að það væri nánast þannig að hún væri að þiggja það góða boð stjórnarmeirihlutans hverju sinni að taka við forustu í nefndum. Þetta er sjálfsagður réttur vegna þess að kjósendur, óháð því hvaða flokk þeir kjósa, eiga sama rétt inn á löggjafarsamkomuna. Þess vegna finnst mér að það eigi að binda það í þingskapalögin og tek undir með hv. þingmanni hvað þetta snertir. Þetta ætti þess vegna að koma inn í sjálf þingskapalögin en ekki bara vera samkomulagsatriði hverju sinni þannig að minni hlutinn eða stjórnarandstaðan sé upp á náð og miskunn meiri hlutans í hverju tilviki fyrir sig.

Sömuleiðis væri þá nefndarsætunum öllum, heildarfjölda nefndarsæta, skipt eftir hlutfalli. Það gerist nefnilega með hlutfallskosningu í hverja nefnd fyrir sig að stjórnarmeirihlutinn getur fengið og fær iðulega fleiri sæti en hann ætti rétt á ef eingöngu væri miðað við hlutfallið sem hann fær í kosningum hverju sinni. Þetta þyrfti líka að gera.

Varðandi síðan fækkun ráðuneyta sem þingmaðurinn kom inn á þá er ég þeirrar skoðunar að það sé ekki sjálfgefið að nefndaskipan á löggjafarsamkomunni endurspegli ráðuneytisskiptinguna. Af hverju á það að vera þannig að ef mönnum dettur í hug að breyta ráðuneytisskipaninni, eins og hér var gert síðast, að þá þurfi endilega að breyta þingnefndunum? Má ekki löggjafarsamkoman skipuleggja sín störf eftir því sem henni hentar (Forseti hringir.) burt séð frá því hvað hentar í ráðuneyti og einstökum ríkisstjórnum hverju sinni?

[18:31]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Á hátíðis- og tyllidögum segja stjórnmálamenn að valdið komi frá fólkinu, frá almenningi og er eðlilegt að það endurspeglist í störfum þingsins. Við erum greinilega sammála, ég og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, um að það eigi að endurspeglast í kjörfylgi flokkanna á Alþingi hvaða formennsku og varaformennsku í nefndum þeir eigi að gegna.

En af því við hv. þingmaður erum komnir í umræðu um þetta almennt bendi ég á að eftir að hin geysistóra ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks tók til starfa, kusu þeir flokkar saman í nefndir. Við skulum taka sem dæmi mikilvæga nefnd sem er EFTA-nefndin sem á að fylgjast með samstarfi okkar á hinu Evrópska efnahagssvæði. Í þá nefnd fengu fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar fjóra fulltrúa af fimm. Þá var einn eftir til skiptanna sem ég held að hafi komið frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Ég held að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hafi verið í þeirri nefnd og sé enn í þeirri nefnd.

En tveir flokkar voru þar af leiðandi sjálfvirkt útilokaðir frá því að geta starfað í þeirri nefnd, eins mikilvæg og hún er. Ég veit að hv. þingmaður veit það. Það hljómar mjög ankannalega ef tveir stjórnmálaflokkar, í þessu tilviki Framsóknarflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn, geta ekki fengið aðkomu að nefnd, áheyrn eða eitthvað slíkt. Ég held því að í pælingum okkar um fastanefndir þingsins þurfum við líka að skoða alþjóðasamstarfið og hvernig við getum á sem lýðræðislegastan hátt hleypt öllum stjórnmálaflokkum að því mikilvæga starfi. Það hefur sýnt sig í því hruni sem átt hefur sér stað á Íslandi að menn þurfa að standa vaktina og fylgjast með. Að sjálfsögðu eiga allir stjórnmálaflokkar (Forseti hringir.) að fá að vera í því starfi. Ég spyr því hv. þingmann um hans sjónarmið í (Forseti hringir.) þessu.

[18:33]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er algjörlega sammála hv. þm. Birki Jóni Jónssyni um þetta atriði. Það er ekkert eðlilegt við að ríkisstjórnarmeirihluti eins og síðast var hér, sem hafði tvo þriðju þingmanna á bak við sig, hefði 80% hlutdeild í einni nefnd eins og alþjóðanefndinni sem hv. þingmaður nefndi.

Ég talaði sjálfur fyrir því þegar ég ræddi um skipan yfirkjörstjórna um land allt, sem allar eru fimm manna, að fráfarandi síðasta ríkisstjórn tók fjögur sæti af fimm í öllum nefndunum þó að hún ætti að sjálfsögðu ekki fylgi fyrir því. Það var vegna þess að hlutfallsreglan var notuð. Ég er því þeirrar skoðunar að það eigi taka nefndarsætin í fastanefndum og alþjóðanefndum og skipta þeim eftir fylgi þannig að flokkur sem hefur 15% fylgi fái 15% hlutdeild í heildarsætafjölda í fastanefndum. Hið sama á við um alþjóðanefndirnar. Síðan verða flokkarnir að sjálfsögðu að koma sér saman um það hvernig það skiptist nákvæmlega.

Þetta getur leitt til þess að ríkisstjórn sem hefur t.d. 33 þingmenn á bak við sig hefur ekki sjálfkrafa meiri hluta í öllum nefndum en það er líka allt í lagi. Þannig á það alveg að geta unnist í lýðræðissamfélagi þar sem þingið á að vera sjálfstætt.

Ég minni á að í þjóðþingunum í kringum okkur, t.d. í Noregi þar sem ég þekki til, er nefndarformennsku skipt á alla flokka eftir stærð og eftir fylgi. En flokkarnir tilnefna líka talsmenn í einstöku nefndum þar sem þeir hafa ekki formann. Flokkarnir hafa engu að síður talsmann í hverjum málaflokki sem kemur fram fyrir hönd viðkomandi flokks þó að flokkurinn gegni ekki formennsku þar. Það getur verið mikilvægt fyrir stjórnarflokk sem ekki á formann í tiltekinni nefnd að hann hafi þó alla vega formlega tilnefndan talsmann. Það er fyrirkomulag (Forseti hringir.) sem við gætum hiklaust skoðað.

[18:35]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er mikill samhljómur hjá okkur hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni í þessu máli og er það vel. Ég verð að segja að síðustu vikur á Alþingi hafa verið byltingarkenndar að því leytinu til að þegar ég sit í sölum Alþingis finnst mér loksins að ég hafi raunveruleg áhrif. Sú breyting sem átt hefur sér stað í íslenskum stjórnmálum eftir að minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna tók við hefur leitt til þess að vægi Alþingis hefur aukist til muna.

Við horfðum upp á það og lásum um það í dagblöðum hvað ríkisstjórnin og forustumenn hennar ætluðu sér að gera og hvaða mál ætti að afgreiða. Í raun og veru var það bara í tilkynningaformi. Ég held að við hljótum öll að vera sammála um að við þurfum að lyfta Alþingi Íslendinga á þann stall á ný að það sé hið raunverulega löggjafarvald. Að það sé framkvæmdarvaldið sem starfi í umboði löggjafarvaldsins en ekki öfugt eins og því miður hefur verið á undangengnum árum.

Ég segi því í ljósi þess sem hv. þingmaður sagði áðan, að hafi ríkisstjórnin nauman meiri hluta getur það alveg farið þannig við kosningar í nefndir þingsins að hún hafi jafnvel ekki meiri hluta í nefndum. Þannig er lýðræðið. Við skulum því endurskoða þessi mál og hafa það þá til hliðsjónar að meginverkefnið hlýtur að vera að styrkja stöðu Alþingis, styrkja stöðu nefnda þingsins, styrkja stöðu alþingismanna þannig að það sé framkvæmdarvaldið sem hlítir þeim en ekki öfugt. Það er mikilvægt að við höfum það hugfast í þeirri vinnu sem fram undan er að við aukum veg og virðingu Alþingis að nýju sem mér hefur því miður fundist á skorta á undangengnum áratugum.

[18:37]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum hér afskaplega mikilvægt mál. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Sturlu Böðvarssyni fyrir að vinna enn einu sinni að hag Alþingis vegna þess að þær breytingar sem gerðar voru fyrir nokkru á því að takmarka ræðutíma t.d. og fleira, sem gert hefur vinnuna á þingi miklu skilvirkari, eru honum að miklu leyti að þakka. Ég vil að það komi skýrlega fram.

Undanfarið hefur verið mikil gerjun í þjóðfélaginu. Við urðum fyrir gífurlegu áfalli, íslensk þjóð. Þegar vel gengur er mjög erfitt að breyta hlutum vegna þess að það gengur allt þokkalega. Ef breyta á einhverju kemur það niður á einhverjum. Þá rís hinn sami upp á afturlappirnar og talar við þingmanninn sinn og ráðherrann og ekkert verður af breytingunum. (**Gripið fram í:** Nú?)

Þá er skortur á katastrófu, eins og sumir segja. Við höfum orðið fyrir áfalli á Íslandi. Það er ekkert gamanmál. Það er virkilega alvarleg staða en það gefur okkur tækifæri til að gera breytingar. Menn eru tilbúnir í breytingar þegar katastrófa er í samfélaginu. Ákallið í mótmælunum úti á Austurvelli, ákallið frá þjóðinni, eins og ég skil það — ég þekki náttúrlega ekki alla þjóðina, ég er ekki einn af þeim — en mín tilfinning er sú að mikil krafa sé um að lýðræðið og gagnsæið sé aukið. Það er krafa um að Alþingi sé styrkt.

Það er ekki spurning, og það geta allir þingmenn borið upp í flokkum sínum, hver og einn einasti, að flokksræði hefur verið mjög sterkt á Íslandi og það hefur verið mjög sterkt ráðherraræði. Það eimir eftir af því enn þá. Ég minntist á að á morgun skipar einn ráðherra allt Seðlabankaliðið, alla stjórnina eins og hún leggur sig. Þetta verður sem sagt Jóhönnubankastjórn (Gripið fram í.) þannig að það er sterkt ráðherraræði.

En ég held að nú sé krafa um að Alþingi sé styrkt og við verðum að bregðast við því. Þetta frumvarp er hluti af því. Þegar þingmenn eru í færri nefndum hafa þeir meira gildi í hverri nefnd fyrir utan að það gefur ákveðið merki um að breyta eigi ráðuneytunum líka þó að það sé ekki endilega samsvörun á þar á milli. Ég tel að það sé mjög brýnt að sameina iðnaðarráðuneyti og landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti og hugsanlega fleiri verkefni og setja allt inn í nýtt atvinnumálaráðuneyti. Ég held að það sé mjög brýnt. Jafnvel má þá kljúfa önnur ráðuneyti upp sem eru allt of stór. Frumvarpið finnst mér vera afrakstur ákveðinnar lýðræðisgerjunar í þjóðfélaginu.

En ég vil gera miklu meiri og miklu alvarlegri breytingar. Mesta breytingin sem ég hef talað fyrir, fyrir mörgum árum, er sú að ekkert frumvarp verði samþykkt á Alþingi sem alþingismenn hafa ekki samið sjálfir. Nú er þessu akkúrat öfugt farið. Það er leitun að frumvörpum sem alþingismenn hafa samið sem Alþingi samþykkir síðan sem lög.

Hvaða máli skiptir það? Jú, sá sem semur texta í fyrsta skipti þarf ekki að svara fyrir að textinn sé svona eða hinsegin. Hann setur endanlegan ramma. Allir sem koma að málinu seinna meir þurfa að rökstyðja breytingarnar. Þeir þurfa að segja: Þetta er galli, við þurfum að breyta þessu. Segjum t.d. að þetta sé frumvarp um samkeppnismál. Hverjir skyldu nú yfirleitt semja þau í dag? Starfsmenn Samkeppniseftirlitsins vegna þess að þeir vita jú mest um málið. Það eru sérfræðingarnir. Síðan fer það í ráðuneyti viðkomandi ráðherra, í þessu tilfelli viðskiptaráðherra. Hann og starfsmenn þurfa að leggja blessun sína yfir málið og þeir þurfa að rökstyðja breytingarnar sem starfsmenn Samkeppniseftirlitsins þurftu ekki að gera. Síðan fer málið í ríkisstjórn. Hún þarf að rökstyðja það ef hún gerir breytingar á því. Síðan fer það til stjórnarflokkanna. Þeir þurfa líka að rökstyðja breytingar. Svo fer málið í nefnd á Alþingi í umræðu o.s.frv. Allir þurfa að rökstyðja breytingarnar nema sem sá setti textann upp upphaflega. Hann þarf ekki að rökstyðja eitt eða neitt. Hann er oft að vinna í framkvæmd laganna. Hann er að vinna með borgurunum og smíðar vopn í hendurnar á sjálfum sér.

Ég skora á hv. þingmenn að lesa t.d. 109. gr. skattalaga. Eflaust er hún samin af einhverjum skattheimtumanninum. Hún er bönnuð börnum sú grein, hún er svo skelfileg. Það er svo mikið af álögum, það er svo mikið um fangelsisvistun og ég veit ekki hvað, ef menn fara ekki að vilja embættismannanna.

Ég held að þingmenn mundu aldrei setja svona ákvæði í lög ef þeir semdu frumvarp sjálfir. Það held ég að yrði mjög mikil breyting. Og það skemmtilega er að það þarf alls engu að breyta, hvorki lögum né stjórnarskrá eða neinu. Það eina sem þarf að gera er að Alþingi gerir uppreisn og segir: Uppreisn Alþingis. Það gæti bæði þýtt að Alþingi rísi upp og verði mikið og merkilegt og eins að það gerir byltingu. Þetta er sem sagt tvírætt orðalag, uppreisn Alþingis, (**Gripið fram í:** Gott.) og meira að segja stuðlað. Ég held að þetta sé krafa tímans.

Þessa ákvörðun um breytingu mundu alþingismenn taka með sjálfum sér og segja við ráðherrana: Ef þið viljið gera einhverja breytingu á lögum skulið þið snúa ykkur til viðkomandi nefndar og spyrja hana hvort hún sé til í að semja um það frumvarp. Hið sama gætu einstaklingar, fyrirtæki og samtök gert. Þau geta snúið sér til nefndarinnar og sagt: Það vantar að laga eitthvað t.d. í barnaverndarlögum. Þau gætu t.d. sagt það við félagsmálanefnd eða allsherjarnefnd eða hvað sem það heyrir undir. Það þarf að breyta einhverju í umferðarlögum. Þá tekur sú nefnd ákvörðun um hvort hún mun vinna að málinu eða ekki. Allir nefndarmenn kæmu að sjálfsögðu að vinnslu málsins, stjórnarandstaðan líka. Hún getur orðið undir í málinu af því menn eru ekki sammála henni en þá verður það bara þannig. Hún veit þó hvað er að gerast.

Þetta yrði tiltölulega einföld breyting, mjög einföld. Við þyrftum að sjálfsögðu að stækka nefndasviðið mjög mikið. Við mundum flytja fólkið úr ráðuneytunum því að það erum við sem borgum það hvort sem er. Alþingi veitir fjárveitingar. Það getur veitt þær til nefndasviðs eins og til ráðuneytanna til að semja frumvörp.

Þetta er breyting sem ég held að mundi styrkja Alþingi óskaplega mikið gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég legg til að þingmenn komandi þings eftir kosningarnar, eftir prófkjörin og allt saman, stuðli að þessari breytingu.

Varðandi fjárlögin er ég sammála hv. þm. Birki Jóni Jónssyni að þingið á að gera rammafjárlög. En sérnefndirnar eiga ekki að úthluta peningunum. Það á viðkomandi ráðuneyti að gera og bera á því ábyrgð gagnvart þinginu. Þær fjárveitingar sem þingið samþykkir ber enginn ábyrgð á vegna þess að þingið á að hafa eftirlit með þeim. En það samþykkti þessar fjárveitingar sjálft, þar er nefnilega brotalömin.

Mér finnst að þingið eigi að setja rammafjárlög og segja t.d.: Menntamálanefnd eða fjárlaganefnd samþykkir að í söfn eigi að setja svo og svo mikla peninga., 300 millj. kr., eða hvað það er. Leggja á jafna áherslu á landsbyggðina og Reykjavíkursvæðið og leggja áherslu á þetta og hitt. Svo fer peningurinn út til ráðuneytisins og viðkomandi ráðherra setur kannski allt saman í kjördæmið sitt. Ef hann gengur þannig þvert á vilja Alþingis í þeim efnum verður samþykkt á hann vantraust. Þá ber hann ábyrgð gagnvart Alþingi vegna fjárveitinganna.

Það sem ég legg til er að Alþingi taki til sín löggjafarvaldið, sem það hefur samkvæmt stjórnarskránni en hefur

afsalað sér einhvern tímann í ferlinu, en láti frá sér framkvæmdarvaldið sem það hefur tekið til sín í gegnum tíðina.

Alþingi ræktar fíkniefnahunda í Vestmannaeyjum. Það er reyndar búið að taka það út, ég hef gert mikið grín að þessu. Alþingi þýðir bækur og stendur í alls konar málum. Það byggir torfkofa á Grænlandi og ég veit ekki hvað. Það er með ólíkindum hvað Alþingi skiptir sér af framkvæmdum. Það ber enginn ábyrgð á slíkum framkvæmdum þannig að ég legg til að menn fari að mínum ráðum.

Ég get tekið undir allt í þeirri góðu umræðu sem átti sér stað áðan um lýðræði í nefndunum og nefndarformennsku. Mér fannst það mjög góð umræða og hún á að fara fram. Ég vil endilega að innan þingsins sé lýðræði. En það er fleira sem ég vil benda á. Í umræðum í þinginu fær stærsti flokkurinn jafnmarga menn í eldhúsdagsumræðum og minnsti flokkurinn sem þarf jafnvel að mæta tvisvar í ræðustól af því hann hefur ekki nógu mikinn mannskap. Það finnst mér mjög ósanngjarnt. Ég hef stundum stungið upp á því í gríni að Sjálfstæðisflokkurinn mundi kljúfa sig í tvennt til að fá tvöfalt fleiri ræðumenn. Það er líka eitthvað sem þarf að laga varðandi nefndarformennsku.

Við ræddum um daginn um stjórnarskrá sem Framsóknarflokkurinn kom með. Þar voru að vísu nokkrir tæknilegir gallar en ég held að það sé líka eitthvað sem við þurfum að taka á. Ef maður les stjórnarskrána sést að hún er skrýtin, mjög skrýtin. Það stendur að forseti Íslands geri samninga við erlend ríki. Forsetinn skipar æðstu embættismenn o.s.frv. Hann skrifar undir lög og einhver gæti haldið að hann sé afskaplega valdamikill maður. Svo kemur ein lítil grein þar sem segir að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt og allt hitt er bara allt í plati. (Gripið fram í.) Þannig að stjórnarskráin segir ekki rétt frá. Hún á að segja rétt frá. Það þarf að laga hana alveg frá grunni og á það hefur verið bent undanfarið.

Ég held að það sé mjög mikilvægt til að svara kalli tímans. Til að svara kalli almennings, til að svara kalli þjóðarinnar um aukið lýðræði og aukið gagnsæi þurfa menn virkilega að fara að skoða þessa hluti og ég held að nú sé lag. Það er ekki lengur skortur á katastrófu. Við höfum lent í gífurlegu áfalli og menn eru tilbúnir til að gera breytingar. Þá eiga menn að nota tækifærið og breyta.

Ég held að það gæti orðið þjóðinni mjög til hagsbóta til framtíðar litið ef menn mundu virkilega ætla að breyta. Það frumvarp sem við ræðum hér er eitt af tveimur skrefum eða þremur sem þingið hefur staðið frammi fyrir í þeim efnum. Búið er að samþykkja verulega breytingu á þingsköpunum sem var að mínu mati mikið til bóta. Ég vil aftur þakka hv. þm. Sturlu Böðvarssyni fyrir frumkvæði hans í því máli. Síðan eiga menn að ræða frumvarpið og gera á því breytingar ef þeim sýnist og samþykkja það.

[18:50]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að frumvarpið sé mjög af því góða og geti orðið til þess að laga ýmis vinnubrögð í Alþingi. Þegar ég sem nýliði kom hingað og fór að fylgjast með starfinu og velta fyrir mér af hverju hlutirnir væru framkvæmdir með þeim hætti sem við erum að horfa upp á spyr maður sig: Af hverju er ekki hægt að gera hlutina öðruvísi? Af hverju er ekki hægt að gera þetta á annan hátt? Maður veltir ýmsu fyrir sér.

Ég get tekið undir flest það sem fram hefur komið bæði hjá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni og eins hjá hv. þm. Pétri Blöndal. Það er þó eitt sem hefur alltaf stungið mig mikið og það er þegar frumvörpum eða þingsályktunartillögum er vísað til nefnda, þá eru þau ekki afgreidd úr nefndinni. Frumvörp og þingsályktunartillögur eru látin liggja, þau eru söltuð í nefndunum. Ég hefði talið að það væri mikilvægt atriði að þau fengju afgreiðslu, hvort sem það er frumvarp eða þingsályktunartillaga, og að þau yrðu afgreidd í nefndunum, samþykkt til umræðu aftur inn í þingið eða hafnað. Ekki nota þá aðferð sem við þekkjum að mál eru látin liggja, þau eru söltuð og það er ekkert gert með þau.

Ég get alveg tekið undir það sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi um muninn á stórum og litlum flokkum. En við skulum ekki gleyma því að (Forseti hringir.) að Sjálfstæðisflokkurinn mun væntanlega minnka núna og aðrir flokkar (Forseti hringir.) stækka, samanber Frjálslynda flokkinn.

[18:52]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi þessi síðustu orð hv. þingmanns þá eru margir sem ylja sér við dagdrauma og það er ágætt, það gefur deginum og lífinu lit.

Ég hef margoft rætt meðhöndlun frumvarpa og þingsályktana í nefndum. Mér finnst að nefnd eigi alltaf að afgreiða mál á þokkalegum tíma, umsagnarferli og annað slíkt, og svo á hún náttúrlega að afgreiða málið. Hún á að gera fernt við hvert einasta mál. Hún á annaðhvort að leggja til að Alþingi samþykki það eða hafni því. Hún á að leggja til að frumvarpið verði sent til þeirra sem sömdu það vegna galla í samningunni eða vísa því til — gömul hugsun — til ríkisstjórnarinnar, ég tek það aftur, ég ætla að hætta við þá fjórðu leið af því að ég vil ekki að ríkisstjórnin geri neitt annað en að framkvæma, hún er nefnilega framkvæmdarvaldið.

En ég get alveg tekið undir þetta. Við eigum ekkert að vera að hugsa um sálarheill þeirra sem sömdu frumvarpið. Það er alveg hægt að leggja til að frumvarp verði fellt, það er af því að skoðanir viðkomandi þingmanns verða undir og þá sætta menn sig bara við það. Ég hef margoft horft upp á rauða töflu hérna, glóandi rauða af tillögum sem ég hef flutt og hafa verið kolfelldar. Sálarheill mín var alveg í lagi eftir það.

[18:54]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því sem hv. þm. Pétur Blöndal segir og tekur undir. Hann hefur áður flutt tillögur um þetta og hefur haft og er með svipaðar skoðanir á þessum málum og ég. Það er því ekki annað hægt en að fagna því.

Þetta virkar oft þannig á menn að þeir þykjast vera sammála málinu þangað til það fer í nefnd. Svo þegar það liggur í nefndinni vilja þeir ekki eða treysta sér ekki til að greiða atkvæði gegn málinu, hvernig sem það er, eða samþykkja það. Þetta er mjög slæmur siður hjá þingmönnum í þingnefndum að afgreiða ekki málin hvort sem þau eru æskileg eða ekki. Þá kemur auðvitað í ljós hvað menn vilja

og þá kemur betur í ljós hvað þingmenn vilja í þessum málum. Þeir geta ekki falið sig með því að salta mál í nefndum.

Mér finnst sjálfsagt að koma inn á þetta. Ég tel það vera mikið atriði að fá þingið og nefndirnar til að starfa eftir eðlilegum vinnubrögðum. Ég tel að það sé partur af því að ganga þannig til verka að við þurfum ekki að skammast okkar fyrir það hvernig við svo sem greiðum atkvæði um mál. Það liggur þá ljóst fyrir hvað menn vilja gera í þeim efnum.

[18:56]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp frá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni og fleirum varðandi fækkun nefnda hjá Alþingi, frumvarp sem má líta á sem rökrétt framhald af breytingu á þingsköpum sem hv. þm. og fyrrverandi forseti Alþingis hafði beitt sér fyrir og náð verulegum árangri í því að bæta starfsskilyrðin á þinginu og mikilvægt innlegg í umræðuna.

Gríðarleg vakning hefur orðið á þeim stutta tíma sem ég hef verið í þinginu. Ég hef orðið var við það að menn krefjast þess sífellt meira og meira að þingið verði eflt og styrkt, það verði sjálfstæðara og óháðara framkvæmdarvaldinu og um leið hafa menn verið að berjast fyrir því að starfsskilyrði í þinginu verði bætt. Ég held að ástæða sé til að taka undir alla þessa þætti, þetta er allt saman mikilvægt og nauðsynlegt að vinna að því. Samtímis má þó segja að auðvitað verða menn að skoða leiðirnar hvernig þetta er best gert.

Í þeim tillögum sem liggja fyrir á að fækka nefndum niður í sjö. Það er hugmyndin sem kemur fram í greinargerðinni, þ.e. að efla starf nefndanna, gera það skilvirkara og minnka árekstrana, sem er mjög mikilvægt. Nefndarfundir eru gjarnan settir á sama tíma og rekast því á. Einstakir nefndarmenn sem margir hverjir sitja í tveimur til þremur eða þremur til fjórum nefndum verða að velja á milli og kalla þá inn varamenn. Breytingin ætti að bæta skipulagið, það yrði auðveldara að koma á nefndarfundum og skipuleggja nefndavinnuna. Í greinargerðinni kemur líka fram að hægt sé að auka sérfræðiaðstoð og skerpa fókusinn á þeim málum sem verið er að vinna að.

Ég ætla þó í byrjun að segja að ég sem nýr þingmaður fékk tækifæri til að starfa sem formaður í einni nefnd, félags- og tryggingamálanefnd, og sat jafnframt í menntamálanefnd og fjárlaganefnd. Ég verð að viðurkenna að það var ómetanlegt tækifæri til þess að kynnast einmitt mörgum málaflokkum í þinginu. Ég hafði getað séð fyrir mér að maður hefði setið í einni nefnd, t.d. menntamálanefnd eða einhverri slíkri, sem í sjálfu sér hefði skerpt fókusinn en það sem gæti gerst og er ákveðin hætta á þegar menn fækka nefndum og menn verða í sérhæfðari málaflokkum — að vísu eru þessar nefndir með býsna stór mál undir — verði þetta þannig að í svipaðri umfjöllun og er í dag verði menn sérfræðingar í ákveðnum málum, fjalli eingöngu um þau og greiði síðan atkvæði í öðrum málum eftir því sem talsmaður viðkomandi flokks segir eftir að hafa setið í nefndinni.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn hafi breiða skírskotun og hafi góða yfirsýn í nefndunum og í mörgum málaflokkum. Það er því ákveðinn galli þegar fækka á nefndum, þjappa málum saman og menn verða að fjalla um takmarkaðri málaflokka.

Það hefur stundum borið við þegar verið er að gagnrýna þingið að menn hafi ekki þekkingu í hinu og þessu. Spurningin er þá ef maður situr uppi t.d. með allsherjarnefnd: Eiga þar eingöngu að vera lögfræðingar sem fjalla um málin? Verða þá sérhópar sem fjalla um dómsmálin og málin sem þar eru? Eiga kennarar fyrst og fremst að vera í menntamálanefnd? Að vísu er gerð tillaga um að þessar tvær nefndir verði sameinaðar og spurningin er þá hvort það sé lausn til að brjóta sig út úr þessu eða hvort þarna verði of ólíkum málaflokkum blandað saman.

Ég tel að umræðan sé afar mikilvæg og ég held að tillögurnar séu mjög góðar í heildina en krefjast auðvitað mikillar umræðu áfram og þurfa að skoðast miklu betur. Við vitum hvert markmiðið er, við vitum í meginatriðum hverju við viljum ná fram sem breytingum og það verður að vera leiðarljósið í þeirri vinnu sem fram undan er.

Ég geri ráð fyrir að forsætisnefnd taki málið til umræðu og velti vöngum yfir því með hvaða hætti slík tillaga geti best fengið framgang einmitt með tilliti til þess með hvaða hætti auðveldast er að reka þingið og þar vita fáir betur en hv. þm. Sturla Böðvarsson hvað er skilvirkast í vinnunni hérna.

Mig langar aðeins að blanda mér í umræðu sem hefur komið fram hjá öðrum hv. þingmönnum sem hér hafa talað. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson talaði um meirihlutastjórnmálin, ég hef stundum kallað þetta átakastjórnmál, sem ég hef verið afar ósáttur við þegar þau koma inn í þingið. Mér finnst að menn hafi einmitt dottið í þá gryfju að keppast um að flytja mál til þess að geta merkt sér þau og hafa þá í sjálfu sér oft gleymt því að gæta þess að ná breiðari skírskotun og öflugri stuðningi. Síðan hafa menn gjarnan stillt þessu upp þannig að málið er flutt af minni hlutanum eða af stjórninni og skipað sér í flokka eftir því.

Ég held að ef við hugsum til hagsmuna heildarinnar og til lengri tíma sé meginverkefni þingsins að leita að bestu lausnum, ég kalla þetta lausnastjórnmál, í staðinn fyrir meirihlutastjórnmál eða átakastjórnmál, þar sem við leggjum öll okkar af mörkum til að reyna að ná fram bestu lausn. Verði ágreiningur um þá lausn eða menn hafi skoðanir á ákveðnum þáttum skila þeir séráliti en allir leggi það til sem þeir kunna og geta til þess að vinna málinu sem bestan framgang.

Ég get ekki verið sammála hv. þm. Pétri Blöndal um að það að semja lög eigi endilega að vera þingmanna. Aftur á móti get ég tekið undir að ég held að afar mikilvægt sé að eftir kosningar leggi menn inn í þingið strax hvaða mál þeir vilja að sé unnið að. Það sé síðan reynt í viðkomandi nefndum að forgangsraða því sem menn vilja láta vinna, semja þar þá þætti sem þeir vilja að komi fram með viðkomandi lögum, búa til umhverfi þess hverju menn vilja ná fram. Ég tel að engin vandkvæði séu á því að menn fái þá aðstoð við að semja lögin og vinna þau fyrir okkur því að það er ljóst að við verðum ekki öll sérfræðingar í því að semja textann sem slíkan.

Í rauninni er þetta gert að hluta til svona núna og ég hef stundum furðað mig á þeirri gagnrýni að þingið sé áhrifalaust. Ef við tökum t.d. síðustu ríkisstjórn þá koma þar tveir

stórir flokkar inn með öfluga málefnaskrá, leggja saman um að gera stjórnarsáttmála, síðan er farið í vinnu við að semja lagafrumvörp sem framfylgja þeim stjórnarsáttmála. Við getum tekið dæmi um mál sem voru lögð fram eins og verkefnaskrá eða tillögu í sambandi við málefni barna, við getum tekið dæmi um málefni innflytjenda eða barnaverndarmál. Þar eru settir inn málaflokkar, markmið sett fram og hverju við ætlum að ná fram. Þingið afgreiðir það og í framhaldi er farið í það að koma því í framkvæmd af þar til hæfum aðilum og í mörgum tilfellum er það fjöldi manna sem kemur að því, t.d. hagsmunasamtök. Það eru allt upp í 10–20 aðilar sem koma að hverju lagafrumvarpi og ég verð að segja það einlæglega að ég er ekki viss um að ég sé hæfari en þessi 10 manna hópur til þess að draga allt fram í málinu og búa til hvað besta mál. Eftir sem áður er ábyrgðin okkar þingmanna bæði að setja málið í gang og að taka síðan afstöðu til þess hver niðurstaðan verður í lokin.

Þannig sé ég fyrir mér að vinnan verði frekar en að öll vinnan verði á höndum þingmanna jafnvel þó að þeir njóti aðstoðar. Það sérfræðingaveldi sem oft er í ráðuneytunum getur hæglega orðið eins í þinginu, þingmenn koma og fara. Það verði ákveðinn sérfræðingahópur sem er flinkur í því að semja lagafrumvörp og það hafi meiri áhrif en allt annað í sambandi við meðferð mála.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt, ég fagna því að þessar tillögur eru komnar fram. Ég tel mikilvægt að þær verði ræddar og hljóti umfjöllun bæði í allsherjarnefnd og að einhverju leyti hlýtur forsætisnefnd að skoða málið vegna þess að þetta varðar stjórn þingsins og það skiptir miklu máli að við vöndum okkur við slíkar breytingar. Við höfum verið að ræða ýmsa aðra hluti sem tengjast lýðræðisumræðunni. Komið hafa fram tillögur um stjórnlagaþing og þar er verið að ræða um stjórnarskrárbreytingar eins og þegar hafa komið fram í umræðunni. Ég held að mjög mikilvægt sé að við skoðum það og þar verði farið einmitt í gegnum þetta lýðræðisferli allt saman, áhrif almennings, gagnsæið í allri umfjöllun og eitt af því sem m.a. gæti styrkst við þá breytingu að fækka nefndum er sú tillaga sem kom fram á síðasta þingi, þ.e. að halda opna nefndarfundi þar sem útsendingar eru þar sem fólk á kost á að fylgjast með því hvað er að gerast í nefndum vegna þess að sjónvarpsskjáirnir eru á þingsalnum en ekki í nefndunum en þar er obbinn af umræðunni og langmestur tími er í vinnunni í nefndunum. Þess vegna er mjög gott mál að reyna að opna nefndarfundi og hleypa fólki að umræðunni þar og leyfa því að fylgjast með hvernig hún fer fram og auðvitað verður það auðveldara eftir því sem nefndirnar eru færri og sérhæfðari.

Styrkjum lýðræðið, gagnsæið, réttlætið í allri umfjöllun og almannahagsmunina og reynum að auka upplýsingar til almennings. Með því held ég að við getum styrkt þingið og aukið tiltrú á þinginu sem er afar mikilvægt, og ég held að við deilum öll þeirri ósk sem hér höfum starfað.

[19:06]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir góða ræðu og málefnalega. Það er eitt atriði sem ég vildi gera athugasemd við eða tvö.

Það er í fyrsta lagi að menn kynnast mörgum málaflokkum. Í sjálfu sér fækkar þeim ekki neitt. Það koma jafnmargir málaflokkar inn. Það heyra fleiri málaflokkar undir eina nefnd, til dæmis allsherjar- og menntamálanefnd eða efnahags- og viðskiptanefnd, heilbrigðis- og félagsmálanefnd. Þarna koma tveir málaflokkar saman þannig að þingmenn munu kynnast jafnmörgum málaflokkum eftir sem áður og það er mjög áhugavert eins og ég get alveg staðfest.

Varðandi sérfræðingaveldi í ráðuneytunum. Ég sé fyrir mér að það yrði flutt inn til þingsins bara þannig en að þingmenn mundu ritstýra verkinu. Svo geta menn sett upp undirnefndir fyrir viðamikil mál, fengið inn hagsmunaaðila og einhverja nefndarmenn sem mundu vinna með nefndinni að því að búa til lagafrumvörp, en það yrði allt saman undir ritstjórn viðkomandi nefndar. Það er það sem skiptir verulega miklu máli meira en þegar — ég segi nú ekki kannski — ráðuneytin eru yfirleitt hlutlaus. Þegar einstaka stofnanir semja frumvörp vilja þær oft hafa eigin hagsmuni meira að leiðarljósi en endilega hagsmuni kjósenda eða borgaranna, en það er einmitt hagsmuna þeirra sem þingið á að gæta. Þess vegna held ég að öll lagasetningin mundi líta öðruvísi út ef þingnefndir hefðu forgöngu og frumkvæði að lagasetningunni.

[19:08]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að enginn ágreiningur sé á milli okkar hv. þm. Péturs H. Blöndals um þetta. Við erum að tala um sömu markmiðin en kannski örlítið ólíkar leiðir að hvað við teljum vera bestu lausn. Ég var að reyna að færa rök fyrir því að ég væri ekki alveg viss um að þetta sérfræðingaveldi, eins og ég kallaði það, það að flytja það inn í þingið í sjálfu sér breytti málinu. Það fer alltaf eftir því með hvaða hætti við vinnum úr hlutunum sjálfir, sem sagt þingmennirnir. Ég held því að við getum verið sammála um að það þarf að skoða þetta. Það er rétt að hjá hv. þingmanni að það er hægt að kynnast málaflokkum. Nefndirnar verða stærri. En eins og þetta er lagt upp, sem eðlilegt er, þá er reynt að sérhæfa þær líka svolítið við ákveðin mál þannig að það er ákveðin hætta á því að menn verði sérfræðingar í því og það verði skuggaráðuneyti þar sem stjórnað er meira og minna í gegnum það. Þessi hætta er nú þegar til staðar. Hér greiða auðvitað margir kannski atkvæði eftir því sem þeir hafa fengið að heyra frá sínum flokksmönnum varðandi hvað sé rétt og rangt.

Meginmálið er þetta: Við erum að leita að betri leiðum. Það er hlutverkið og þess vegna er umræðan mjög mikilvæg og mjög góð og það innlegg sem hér kom með því frumvarpi sem hér er til umræðu.

[19:09]

Flm. (Sturla Böðvarsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær móttökur sem frumvarpið hefur fengið og þær mikilvægu umræður sem hér hafa farið fram. Ég tel það mjög gott innlegg í þá vinnu sem hv. allsherjarnefnd þarf að inna af hendi við meðferð þessa máls. Ég tek undir það sem fram kom hjá þingmönnum að mjög mikilvægt er að allsherjarnefnd fari vel yfir málið og eðlilegt að forsætisnefndin fjalli um það með sínum hætti og færi upplýsingar inn til allsherjarnefndarinnar.

Ég lít svo á að sú breyting sem frumvarpið gerir ráð fyrir sé mjög mikilvæg og ég undirstrika að ég tel að það sé algerlega nauðsynlegt að við tökum þetta mál til afgreiðslu hér núna til þess að nýtt þing geti strax miðað sig við þær breytingar sem við viljum að séu gerðar á nefndaskipan. Við höfum gert miklar breytingar á störfum þingsins í svo mörgu tilliti, ekki bara hvað varðar takmörkun á ræðutíma. Það hefur í raun ekki verið sett mjög mikil takmörkun á umræður hér vegna þess að í staðinn fyrir að takmarka ræðufjöldann er tímalengd hverrar ræðu takmörkuð hér í umræðum í þinginu í raun og veru ásamt síðan því að starfsaðstöðu þingmanna hefur verið gjörbreytt og hún bætt. Það er mjög mikilvægt að minna á það. Síðan undirstrika ég það sem hér hefur komið fram og ég nefndi sérstaklega, að eftirlitshlutverk er svo mikilvægt og það að fækka nefndunum, breikka svið hverrar nefndar, gefur þeim miklu öflugri viðspyrnu til þess að takast á við eftirlitshlutverkið og ég tala nú ekki um að halda opna fundi sem ég tel að eigi eftir að koma í ljós að sé ef til vill sú mikilvægasta af öllum breytingunum sem við höfum verið að gera hér á störfum þingsins, þ.e. að nefndirnar starfi fyrir opnum tjöldum gagnvart ákveðnum málum, ekki öllum málum heldur ákveðnum völdum málum, sem nefndirnar taka til við.

Ég vona að þverpólitísk samstaða náist um þetta mál þó að bara þrír þingmenn flytji það. Ég vona að það megi ekki merkja það á máli hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar að hann ætli að leggjast gegn þessu frumvarpi vegna þess að Vinstri grænir eru ekki aðilar að málinu. Ég vona að ekki beri að skilja orða hans þannig.

Sem betur fer tókst mjög víðtæk samstaða um breytingar á þingsköpunum og þrátt fyrir að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs væru á móti því í grundvallaratriðum hafa þeir unnið mjög vel í samstarfi hér í þinginu á grundvelli þeirra breytinga sem voru gerðar.

Hvað um það. Ég tel mjög mikilvægt að jafnmargir séu í öllum nefndunum og fjárlaganefndin hefur ekkert að gera með ellefu nefndarmenn. Ástæðan fyrir því að ellefu þingmenn eru í fjárlaganefndinni á sér þær skýringar að einn hv. þingmaður að mig minnir sem sætti sig ekki við að vera ekki í fjárlaganefndinni gerði kröfu til þess að komast í hana og það var látið undan þeim þrýstingi og það leiddi til þess að það þurfti að fjölga í nefndinni. Ég þekki þetta vegna þess að ég var í þinginu þegar þetta gerðist. Ég get rifjað það hér upp með öðrum hætti og utan þingsalarins þannig að allt á sínar skýringar. Ég tel að níu manna fjárlaganefnd yrði ekkert síður öflug til sóknar og varnar í ríkisfjármálunum og eftirliti með ríkisfjármálunum eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson nefndi réttilega. Fjárlaganefndin þarf að beina sjónum sínum að eftirlitshlutverkinu.

Ég tek undir það að rammafjárlagagerðin er geysilega mikilvæg. Við eigum að færa fjárlagagerðina yfir í að afgreiða fjárlög í tveimur áföngum þannig að fyrst á vorþingi verði ramminn ákveðinn fyrir næsta ár á eftir og síðan er það á haustþinginu sem fjárlaganefndin og fagnefndirnar fjalla um það hvernig eigi að deila inn í rammana fjárlagaþáttunum öllum. Það er því mjög spennandi tími fram undan að mínu mati við að styrkja þingið og ég er mjög ánægður með þann mikla áhuga sem birtist hér í þinginu ekki síst og út um allar jarðir gagnvart því að styrkja stöðu þingsins og skerpa mörkin á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins.

Ég er sammála því sem hér hefur komið fram að ég tel að það eigi að skipta upp í nefndum og formennsku í nefndum og þar á meðal formennsku í forsætisnefnd þingsins á grundvelli kjörfylgis. Ég tel að það eigi að gera. Ég vona að á nýju þingi verði tekið á því. Með því er vilji kjósenda endurspeglaður í störfum þingsins. Þetta er alltaf mjög viðkvæmt og út af fyrir sig er ég ekki sammála því að það sé einhver ávísun á afl þingsins að hér fari að verða viðvarandi minnihlutastjórnir. Ég tel að það sé út af fyrir sig styrkleikamerki að það skapist meiri hluti á bak við ríkisstjórn. En það á ekki að þurfa að þýða að stjórnarandstaða sé algerlega sett til hliðar. Ég tek undir það að ofurvald meiri hluta hér í þinginu hefur oft verið misskilið af hálfu þeirra sem hafa haft meiri hluta. Auðvitað á stjórnarandstaðan að gegna sínu mikilvæga hlutverki og það hefur verið vilji minn hér í þinginu og á meðan ég var forseti þingsins þá lagði ég sérstaka áherslu á að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar. Hvernig gerði ég það? Jú, með því meðal annars að stjórnarandstöðuleiðtogarnir hefðu betri aðstöðu með því að hafa aðstoðarmenn og að þingmenn stjórnarandstöðunnar hefðu betri starfsaðstöðu með því að þeim væru skaffaðir fleiri starfsmenn til verka á nefndasviðinu og fleira mætti nefna.

Hér í umræðunni hefur ýmislegt komið gagnlegt fram sem ég tel að við þurfum að huga að og allsherjarnefndin mun fara yfir og ég vænti þess og skora á hv. þingmenn sem fjalla um þetta í allsherjarnefndinni að fara vandlega yfir þessar tillögur. Ekkert er óbreytanlegt. Þess vegna erum við hér í þinginu að fjalla um hlutina, fara yfir tillögur og gera breytingar á þeim tillögum sem koma hér inn. Ég mun taka því fagnandi ef það finnast betri lausnir enda eru tillögur sem eru í frumvarpsformi afrakstur vinnu sem ég lét framkvæma í þinginu. En ég gerði alltaf ráð fyrir því að á þessu yrðu einhverjar breytingar gerðar. Ég skora hins vegar eindregið á hv. þingmenn að fjölga ekki nefndunum frá því sem hér er gerð tillaga um. Það mun verða stílbrot að mínu mati. Við eigum að finna aðrar lausnir.

Svo er auðvitað alþjóðasamstarfið sem hér var nefnt sérstaklega. Það er kapítuli út af fyrir sig. Síðan tel ég að það þurfi að fjalla um það í þinginu hvernig og hvort ástæða sé til þess að setja á fót sérstaka eftirlitsnefnd eins og er sums staðar. Það tel ég að þurfi að skoða sérstaklega.

Hvað það varðar að fækkun nefnda geti leitt til þrengra sjónarsviðs þá tel ég að svo eigi ekki að þurfa að verða auk þess sem mér finnst ekkert óeðlilegt að innan kjörtímabilsins skipti menn á milli nefnda og nýti þannig þekkingu sína úr starfi í einni nefnd yfir í starf í annarri.

Það eru margar hliðar á þessu öllu saman. Ég held að aðalatriðið sé að verkin séu skilvirk og við sköpum betri aðstæður til þess að sinna löggjafarstarfinu hér og tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal að ég tel að á vettvangi þingnefndanna eigi að gera meira af því að vinna frumvörp. Mér finnst að ríkisstjórnir eigi að gera meira af því — til þess líka að flýta för mála í gengum þingið — að óska eftir því að þingnefndirnar taki tiltekin mál upp og þannig nýti ríkisstjórnirnar þekkinguna í þinginu, í þing-

nefndunum, í nefndasviðinu til þess að taka á ákveðnum mikilvægum málum.

Þetta ætla ég, hæstv. forseti, að láta duga í þessari umræðu. Ég þakka viðtökurnar sem frumvarpið fær og vænti þess að hv. allsherjarnefnd fari vandlega yfir þetta og að við gerum þetta eins vel úr garði og nokkur kostur er.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Út af dagskrá voru tekin 10.–13. mál.

Fundi slitið kl. 19:21.

90. FUNDUR

mánudaginn 2. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Tekjustofnar sveitarfélaga og gatnagerðargjald, stjfrv., 185. mál, þskj. 228, frhnál. 586. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Uppbygging og rekstur fráveitna, stjfrv., 187. mál, þskj. 590. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, frv., 317. mál, þskj. 549. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Loftferðir, stjfrv., 196. mál, þskj. 243, nál. 581. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Kosningar til Alþingis, frv., 328. mál, þskj. 564. — 2. umr.
7. Visthönnun vöru sem notar orku, stjfrv., 335. mál, þskj. 575. — 1. umr.
8. Skattaívilnanir vegna rannsókna- og þróunarverkefna, þáltill., 69. mál, þskj. 69. — Fyrri umr.
9. Innköllun íslenskra aflaheimilda, þáltill., 98. mál, þskj. 105. — Fyrri umr.
10. Fjármálafyrirtæki, frv., 111. mál, þskj. 120. — 1. umr.
11. Almenn hegningarlög, frv., 127. mál, þskj. 138. — 1. umr.
12. Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda á Reykjanesi, þáltill., 316. mál, þskj. 546. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Kolbrún Halldórsdóttir umhvrh., 5. þm. Reykv. s.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 8. þm. Suðvest.

[15:01]

Útbýting:

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, 361. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 612.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn, 360. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 611.

Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, 359. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 610.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 356. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 606.

Iðnaðarmálagjald, 357. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 607.

Náttúruvernd, 362. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 613.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og verðbréfaviðskipti, 358. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 608.

Stjórn fiskveiða, 207. mál, nál. sjútv.- og landbn., þskj. 609.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Klukkan 3.30 í dag, að loknum atkvæðagreiðslum, fer fram utandagskrárumræða um stöðu landbúnaðarins. Málshefjandi er hv. þm. Höskuldur Þórhallsson. Hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Þingrof og kosningar.

[15:03]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Ég vil inna hæstv. forsætisráðherra eftir því hver eru áform ríkisstjórnarinnar varðandi þingrof, lyktir þingstarfa og boðun alþingiskosninga. Samkvæmt 24. gr. stjórnarskrárinnar er hámarksfrestur til boðunar þingkosninga 45 dagar. Sá dagur er 12. mars, þangað til eru 10 dagar. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla getur ekki hafist fyrr en búið er að boða til kosninga. Því er ljóst að afar stuttur tími er til stefnu enda stendur venja til þess að þingstörfum ljúki þegar þingrof er boðað.

Það er óvenjulega stuttur tími eftir. Ekki eru margir hefðbundnir þingdagar til stefnu en væntanlega á eftir að ljúka mörgum málum. Ég vil taka það fram fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins að á þessum stutta tíma munum við greiða fyrir þeim þingmálum sem líkleg eru til að hjálpa til við að leysa efnahagsvandann og greiða fyrir endurreisn bankakerfisins svo að dæmi sé tekið. En það verður líka að ætlast til þess að hægt verði að heyja í landinu hefðbundna kosningabaráttu, að þingmenn geti notað tímann til kosninga til að ræða við kjósendur, séu ekki bara á fundum í Alþingi. Þannig hefur það verið í aðdraganda þingkosninga á Íslandi um mjög langt árabil.

Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hvaða áform hefur hún sem forsætisráðherra gagnvart því að rjúfa þing, ljúka þingstörfum og boða þingkosningar?

[15:05]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Þegar liggur fyrir ákvörðun um þau áform ríkisstjórnarinnar að boðað verði til kosninga 25. apríl og þingrof, og þar með ákvörðun um kjördag, getur þá fyrst farið fram 12. mars, en þó er hægt að draga það fram til 27. mars. Það er líka hægt að stytta frestina t.d. um viku, sem þá yrði að gera með breytingum á kosningalögum, og þá gæti þingrof verið um mánaðamótin mars/apríl og jafnvel alveg til 4. apríl. Það sem er slæmt við þetta er það að utankjörstaðaatkvæðagreiðsla getur ekki farið fram fyrr en búið er að ákveða þingrof og þar með kjördag. Ákvörðun um utankjörstaðaatkvæðagreiðslu gæti þá fyrst farið fram 12. mars eða síðar þegar þingrof yrði ákveðið. Verið er að skoða hvort hægt er að breyta lögum til að utankjörstaðaatkvæðagreiðsla fari fram fyrr en sú niðurstaða liggur ekki

fyrir. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvort farið verður í þingrof og þar með ákvörðun um kjördag, þ.e. 12. mars eða síðar, en vonandi verður það sem allra fyrst.

[15:07]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Það er 2. mars í dag, það eru 10 dagar í þessa dagsetningu. Niðurstaðan í þetta mál verður að koma, hún verður að liggja fyrir þannig að stjórnmálaflokkarnir, þingmenn og aðrir geti gert sínar ráðstafanir.

Forsætisráðherra svaraði ekki ákveðið til um þetta en hún hafnaði því ekki heldur, sem ég sagði, að venja stendur til þess að þegar þing er rofið ljúki Alþingi störfum. Miðað við að þannig verði staðið að málum, eins og eðlilegt er, þá eru ekki margir þingdagar eftir til að ljúka þingmálum. Það verða allir að gera sér grein fyrir þessu. Það getur ekki verið ætlun ríkisstjórnarinnar að láta þing sem búið er að rjúfa, rofið Alþingi, halda áfram löggjafarstörfum í einhvern tíma, ég tala ekki um að breyta stjórnarskránni eins og áform munu vera uppi um hjá ríkisstjórninni. Ég neita að trúa því að það standi til við þessar aðstæður.

[15:08]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að þing geti haldið áfram þó að það hafi verið rofið og kjördagur ákveðinn. Staðan í þinginu er sú að af þeim tæplega 30 málum sem stjórnarflokkarnir hafa lagt fram hefur aðeins eitt verið afgreitt. Það er ljóst að miðað við afgreiðsluhraðann hér þurfum við miklu lengri tíma en til 12. mars til að klára þau mál sem þarf að klára á þessu þingi. Hér eru náttúrlega óvanalegar aðstæður uppi, ekki hefðbundnar aðstæður, þannig að það er ekki skrýtið þó að þing haldi áfram jafnvel þó að þingrof hafi farið fram og kjördagur verið ákveðinn. Það er æskilegt að sem flest mál verði komin fram þegar þingrof færi fram og kjördagur ákveðinn en það er ljóst að við þurfum töluvert lengri tíma í þinginu en fram til 12. mars nk.

Sala Morgunblaðsins.

[15:09]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Tilefni þess að ég kem í pontu með fyrirspurn er nýlegur samningur um sölu *Morgunblaðsins*. Eins og málið kemur mér fyrir sjónir þá virðist svo að núverandi ríkisbanki, Íslandsbanki, hafi nýlega afskrifað 2 milljarða vegna *Morgunblaðsins* og í fréttaumfjöllun er vikið að því hvort hugsanlegt sé að litið verði til viðskipta um önnur útgáfufélög á Íslandi í framtíðinni með sambærilegum hætti og þeim viðskiptum sem virðast hafa átt sér stað um *Morgunblaðið*.

Ég held að flestum sé kunnugt um að *Fréttablaðið* hefur verið í erfiðum rekstri og Ríkisútvarpið okkar hefur verið í erfiðum rekstri og Stöð 2 hefur verið í erfiðum rekstri. Ég velti því fyrir mér, með þeirri spurningu sem ég ber nú fram, hvort ætla megi að það fordæmi sem gefið hefur verið, að því er varðar *Morgunblaðið* og sölu þess, sölu útgáfufélagsins, verði til þess að í framtíðinni muni íslenska þjóðin taka á sig nokkra milljarða í afskriftum af skuldum fjölmiðla.

Ég tel að hér sé verið að fara inn á vafasama braut, hæstv. forseti, og vil því bera þessa spurningu fram og fá hæstv. ráðherra til að ræða þessa stöðu, hvaða fordæmi hér er verið að gefa.

[15:11]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég hef svarað fyrir þetta mál áður og svarið er einfalt. Þetta mál var alfarið í höndum viðkomandi banka og ríkið átti enga aðkomu að því sem eigandi að þeim banka. Miðað við það sem ég hef séð um þetta mál — og upplýsingar mínar eru fengnar með sama hætti og annarra þingmanna, ég hef fylgst með umfjöllun fjölmiðla — þá gengu hugmyndir fyrri eigenda um endurfjármögnun eða afskrift á lánum ekki upp. Bankinn tók þar af leiðandi þá ákvörðun að setja viðkomandi í söluferli og leita eftir tilboðum. Hagstæðasta tilboði var tekið og með því hefur bankinn væntanlega talið sig vera að gæta hagsmuna sinna á besta mögulega hátt og lágmarka það tjón eða tap sem fyrir lá í yfirveðsettu fyrirtæki í erfiðum rekstri.

Ég legg á það áherslu, eins og ég hef gert áður, að við slíkar aðstæður skiptir miklu máli að vinnubrögðin séu gagnsæ, að það liggi fyrir hvernig unnið er að máli, að það sé óvefengjanlegt að gætt sé jafnræðis og að tilboð séu metin á eðlilegum grundvelli og því hagstæðasta tekið í slíkum tilvikum. En þarna, eins og á svo mörgum öðrum sviðum, því miður, og í svo mörgum öðrum tilvikum, verður að horfast í augu við tap, við afskriftir, vegna þess að skuldsetning var orðin of mikil og reksturinn stóð ekki undir þeim. Þá er ekkert annað að gera en horfast í augu við að einhver afskrift verður að eiga sér stað til að reksturinn geti síðan gengið áfram fyrir sig.

Þetta á ekki, að mínu mati, að hafa fordæmi í þeim skilningi að með þessu sé gefinn upp boltinn gagnvart því að fyrirtæki á sama sviði fái einhverja tiltekna meðhöndlun frekar en önnur fyrirtæki. Væntanlega er það einfaldlega þannig að það er metið í hverju tilviki fyrir sig hvernig best verður unnið úr stöðunni og faglegar ákvarðanir teknar um það. En ég legg enn og aftur á það áherslu að mjög mikilvægt er að vinnuferlinu í slíkum tilvikum sé treystandi, það sé hafið yfir vafa, að upplýsingar séu veittar og þær séu gagnsæjar.

[15:13]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það var þetta sem ég var að höggva eftir, að við megum treysta því í framtíðinni að vinnuferlið sé skýrt og að fyrirtækjum í landinu verði ekki mismunað. Nú er búið að stíga þarna ákveðið skref sem þýðir afskrift einhverra milljarða og við vitum að fjöldamörg fyrirtæki í landinu eru í erfiðum rekstri. Ég hlýt að álykta sem svo að ef þetta mál gengur fram með þeim hætti sem það hefur gert, með samþykki og vilja núverandi ríkisstjórnar, séu menn að leggja ákveðnar línur. Þá erum við að tala um mjög mikla fjármuni, hæstv. forseti. Mér finnst því að það þurfi að gaumgæfa þetta mál mjög nákvæmlega og menn séu alveg klárir á því í hvaða vegferð þeir eru farnir.

[15:15]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Hér verður í fyrsta lagi að hafa í huga að eign fyrri eigenda er skrifuð niður í núll, þeir tapa öllu sínu fé og fyrirtækið er síðan af hálfu bankans sett í söluferli. Málið var í höndum viðkomandi banka þannig að ekki ber að líta svo á að í því felist stefnumótun af hálfu stjórnvalda þegar málin eru unnin með þessum hætti. Hefði fyrirtækið verið komið í hendur einhvers eignaumsýslufélags á vegum ríkisins hefði gegnt öðru máli og þá staðið nær stjórnvöldum að svara fyrir það hvernig úr þessu er unnið. Meðan þetta er gert á þennan hátt fer það sína leið og er metið á viðskiptalegum grundvelli.

Því miður horfast menn í augu við afskriftir og tap víða, það er óumflýjanlegt. Á sama tíma er sú krafa rík og eðlileg að reyna að halda lífvænlegum rekstri gangandi og forðast að fyrirtæki komist í þrot í þeim skilningi að þau verði að segja upp öllum sínum starfsmönnum og starfsemin rofni. Slíkt á þá ekki við (Forseti hringir.) hér, þessi stóri vinnustaður heldur áfram og fyrirtækið í höndum (Forseti hringir.) nýrra eigenda getur haldið áfram rekstri.

Afgreiðsla efnahags- og atvinnumála.

[15:16]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég hjó eftir því í viðtali við hinn nýja seðlabankastjóra, Svein Harald Øygard — ég ætla ekki að fara að ræða um það hvort hann sé bær eða hæfur til þess að gegna stöðunni, aðrir munu taka það upp og umboðsmaður Alþingis hefur tekið upp mál af minna tilefni. En ég tók eftir ákveðnum atriðum í ágætisviðtali við hinn nýja seðlabankastjóra sem er að taka við erfiðu starfi eins og menn vita. Hann sagði þó að þrír þættir gæfu tilefni til bjartsýni fyrir íslenska þjóð og fyrir hann sem nýjan seðlabankastjóra.

Í fyrsta lagi greindi hann frá því, sem við öll vitum, að ríkissjóður var rekinn með verulegum afgangi fyrir hrun. Það skiptir miklu máli. Það er fyrsta atriðið og það gefur tilefni til bjartsýni. Í öðru lagi sagði hann, sem við vitum öll, að íslenska þjóðin er vel menntuð þjóð, tilefni til bjartsýni, tilefni til að við náum viðspyrnu fyrr. Í þriðja lagi sagði hinn nýi seðlabankastjóri að íslenska þjóðin væri samheldin og vinnufús.

Þá er ég komin að spurningu minni: Hvaða svör hefur ríkisstjórnin gagnvart þeim þúsundum manna sem verða atvinnulausar á kjördegi, 25. apríl? Forsætisráðherra sagði réttilega að einungis væri búið að afgreiða eitt mál, 28 mál liggja enn hér í þinginu þannig að það sé sagt skýrt. Við sjálfstæðismenn munum greiða fyrir góðum málum er snerta efnahags- og atvinnuuppbyggingu í landinu.

Ég legg þetta til og rétti út sáttarhönd, geri það fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna. Fáir dagar eru eftir af þinginu og rétt að við leggjum öll önnur mál til hliðar og ræðum eingöngu efnahags- og atvinnumál. Það er tilboð okkar til ríkisstjórnarinnar og ég trúi ekki öðru en að hæstv. forsætisráðherra taki í þá útréttu sáttarhönd.

[15:18]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta var ágætisupprifjun hjá hv. þingmanni á þeim þrem meginatriðum sem bankastjórinn tilgreindi sem mundu vekja okkur bjartsýni, það er að ríkissjóður var rekinn með afgangi, það er alveg rétt. Við höfum líka vel menntaða þjóð og vinnufúst fólk. Það er okkur öllum áhyggjuefni að atvinnuleysi er að aukast og hefur aukist meira en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáði.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáði 5,7% atvinnuleysi en við sjáum að það stefnir hærra og verður kannski um 10% í apríl. Ríkisstjórnin hefur auðvitað verið að róa að því öllum árum að koma í veg fyrir að atvinnuleysi verði það mikið, m.a. með ýmsum málum sem liggja fyrir þinginu og hafa ekki verið afgreidd.

Ég nefni t.d. virðisaukaskattsmálið sem skiptir verulegu máli upp á viðhaldsframkvæmdir og fleiri mál eru hér fyrir þinginu sem snerta atvinnulífið. Það sem mun væntanlega koma fram í þessari viku eru ýmis mál sem eru til þess fallin að efla atvinnulífið og koma vonandi fram í ríkisstjórn á morgun. Við viljum setja meiri kraft í viðhaldsverkefni að því er varðar opinberar framkvæmdir og ég vænti þess að við munum sjá það nú í þessari viku, og ýmislegt annað mætti nefna.

Ég vil líka nefna að vissulega skipta fyrirtækin miklu máli í þessu sambandi og að við getum endurreist bankakerfið eins og við erum að vinna að til þess að koma atvinnulífinu í gang. Þar skiptir meginmáli líka að við getum farið nokkuð hratt á næstunni í lækkun á stýrivöxtum. Ég tel að aðstæður séu að skapast til þess og það vona ég að við sjáum fyrr en seinna.

Ég nefni að lokum aðgerðir fyrir heimilin í landinu sem bíða m.a. í nefndum þingsins. Ég treysti á að sjálfstæðismenn hjálpi okkur (Forseti hringir.) við að afgreiða þau mál í gegn.

[15:20]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Forsætisráðherra má treysta því að við munum stuðla að því að greiðsluaðlögunin fari í gegn, séreignasparnaðurinn er skref í rétta átt. Ég nefni líka endurgreiðslurnar á skattinum vegna endurbóta á húsnæði. Allt eru þetta mál sem við munum fylgja eftir og hjálpa ríkisstjórninni með í gegnum þingið.

En við viljum einfaldlega fá meira. Við vitum að forsætisráðherra talaði um 29 mál, það eru 9 mál hér í þinginu. Hvar stoppa hin 20? Eru þau föst í þingflokkunum? Við viljum ræða þessi mál og þess vegna ítrekum við sjálfstæðismenn: Meðan svona skammt er eftir af þingi höfum við ekki efni á öðru en að ræða um atvinnumál og efnahagsmál og láta allt annað liggja. Við erum reiðubúin til þess, eruð þið tilbúin í það?

[15:21]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Ég er sammála hv. þingmanni, það eru fyrst og fremst atvinnumálin, efnahagsmálin og aðgerðir til að bæta stöðu heimilanna sem skipta máli. Við erum sammála um að það er það sem þessi ríkisstjórn leggur megináherslu á. Ríkis-

stjórnin hefur afgreitt frá sér um 30 mál inn í þingið. Ég hef ekki alveg fylgst með því hvort þau eru öll komin til þingsins eða í þingnefndir en þau eru öll í ferli. Það er afar mikilvægt, sem fram kom hjá hv. þingmanni, að stjórnarandstaðan ætli með stjórnarliðum að greiða fyrir því að þessi mál öll, sem skipta máli fyrir heimilin í landinu, þau sem hv. þingmaður taldi upp og fleiri, nái fram að ganga sem allra fyrst.

Ég hygg að hv. þingmaður hljóti að vera sammála mér um það að okkur mun ekki duga tíminn fram til 12. mars að afgreiða öll þessi brýnu mál sem við þurfum að afgreiða og skipta máli fyrir atvinnulífið og heimilin í landinu eins og hv. þm. Geir Haarde nefndi hér áðan.

Skuldir heimilanna.

[15:22]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Ríkisstjórnin fagnar nú mánaðarafmæli sínu, stjórn sem var mynduð til að taka á bráðavanda heimila og fyrirtækja strax. Í dag eru fyrirtæki að klára lausafé sitt og mörg heimili horfa upp á gríðarlega fjárhagslega erfiðleika. Það var á þeim grunni sem við framsóknarmenn lögðum fram efnahagstillögur okkar nú í síðustu viku, til þess að koma til móts við bráðavanda heimila og fyrirtækja. Við fengum fjölda sérfræðinga úr atvinnulífi og úr háskólasamfélaginu til þess að meta þessar tillögur og koma með góðar ábendingar.

Það voru því mikil vonbrigði, hæstv. forseti, að hæstv. forsætisráðherra skyldi hafa tekið svo illa í þá leið sem við framsóknarmenn leggjum til, að skuldir heimila og fyrirtækja verði lækkaðar um 20%, afskrifaðar um 20% til þess að mæta þeim miklu erfiðleikum sem blasa við. Þeir sérfræðingar sem við höfum ráðfært okkur við hafa sagt að hætta geti verið á kerfishruni í íslensku samfélagi. Ekki megi bíða með aðgerðir fram á haustið, það getur nefnilega verið erfitt að stoppa snjóflóð í miðri hlíð.

Hæstv. forseti. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvort hún sé reiðubúin til að skoða með opnum huga þær efnahagstillögur sem Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram. Það er kominn tími á aðgerðir. Það er óábyrgt að fresta vandanum. Við framsóknarmenn lögðum þessar tillögur til af heiðarleika, ekki var verið að reyna að fella einhverjar pólitískar keilur (Gripið fram í.) heldur er markmiðið að koma til móts við þann bráðavanda sem blasir við íslenskum heimilum og fyrirtækjum. Hér má ekki bíða, hæstv. forseti. Það má heldur ekki bíða með að taka erfiðar ákvarðanir þó að það líði að kosningum.

Við framsóknarmenn viljum stuðla að (Forseti hringir.) góðum málum hér á vettvangi þingsins. Ég spyr því hæstv. forsætisráðherra hvort hún vilji vera með okkur framsóknarmönnum í því efni og hvað henni finnist um þær efnahagstillögur sem við lögðum fram.

[15:24]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að framsóknarmenn hafa lagt fram tillögur sínar í efnahagsaðgerðum og aðgerðum vegna heimilanna í landinu og það er margt ágætt í þeim tillögum sem samræmist mörgu því sem við erum að gera í ríkisstjórninni. En ég verð að segja það varðandi tillögurnar um 20% flatan niðurskurð á skuldum að ég dreg í efa að þær séu skynsamlegar. Ég spyr hv. þingmann að því hvort hann hafi látið meta hvað það kostar að fara í slíkar afskriftir. (Gripið fram í.) Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir grípur hér fram í og eftir því sem okkur sýnist við fljótlega skoðun á þessu máli erum við að tala um 1.200 milljarða kr. og auðvitað verður að svara því hvaðan taka eigi þá peninga. Eigum við að taka þá með aukinni skattheimtu eða niðurskurði? Við getum líka spurt okkur hvort skynsamlegt sé að fara í flatan niðurskurð fyrir alla óháð því hvort fólk þarf á því að halda eða ekki.

Við höfum verið að bíða eftir niðurstöðu frá Seðlabankanum þar sem verið er að kortleggja vanda heimilanna, hve margir eru komnir í mjög slæma stöðu sem við þurfum að fara í að aðstoða. Ég á von á því að það liggi fyrir fljótlega. Það er einmitt það sem við höfum verið að bíða eftir. Við höfum farið í ýmsar björgunaraðgerðir sem liggja fyrir þinginu en við höfum verið að bíða eftir því að fá þessa niðurstöðu til að geta greint hvernig við getum tekið á vandanum til lengri tíma litið, bæði að því er varðar fólk með verðtryggðar skuldir og mynkörfulánin, ekki síst þann hóp sem hefur verið að festa kaup á íbúðum á síðustu þrem til fjórum árum. Ég tel alveg ljóst að við þurfum að fara út í einhverjar aðgerðir til þess að bjarga því.

En engum er greiði gerður með því að leggja skuldabyrði á þjóðina með 20% flötum niðurskurði (Forseti hringir.) sem er kannski hærri og meiri skuldbinding en við stöndum frammi fyrir vegna hrunsins.

[15:27]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Þessi svör hæstv. forsætisráðherra valda mér miklum vonbrigðum. Það er eins og hæstv. forsætisráðherra hafi ekki gert sér grein fyrir því að þegar lánin voru færð frá gömlu bönkunum yfir í þá nýju voru þau afskrifuð. Búið er að gera ráð fyrir að hér verði miklar afskriftir og það er spurning með hvaða hætti við ætlum að koma til móts við þann vanda sem blasir við heimilum og fyrirtækjum.

Það þýðir ekki fyrir stjórnmálaflokka að segja: Ekki þetta, bara eitthvað annað. Við höfum heyrt það í stjórnmálaumræðunni (Gripið fram í.) á undanförnum árum. Þegar við horfum á það, hæstv. forseti, að menn víla ekki fyrir sér að afskrifa milljarða vegna viðskipta með *Morgunblaðið* og segja svo að ekki komi til greina að fara þá leið sem við framsóknarmenn leggjum til, að lækka skuldir á venjulegum fjölskyldum, getur orðið rof á milli stjórnmálamanna og almennings í landinu.

Það er óþol úti í samfélaginu (Gripið fram í.) gagnvart því að ráðist verði í aðgerðir, raunverulegar aðgerðir, (Forseti hringir.) og mér finnst leitt til þess að vita að hæstv. forsætisráðherra sé ekki reiðubúin til að lækka skuldir heimilanna sem nemur 13–14 mánaða verðbólgu. (Gripið fram í.)

[15:28]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að hér fyrir þinginu liggur t.d. frumvarp um greiðsluaðlögun, sem ég vona að verði að lögum sem fyrst, sem felur í sér að við þurfum að fara í verulegar afskriftir. Ég held að það sé alveg ljóst og hv. þingmaður má ekki gleyma því. En ég trúi því ekki að hv. þingmaður vilji fara út í flatan 20% niðurskurð á skuldum allra í landinu, hvort sem þeir þurfa á því að halda eða ekki. Fólk sem er kannski með háar tekjur og einhverjar skuldir að það eigi að færa þær niður um 20%, hvort sem fólk þarf á því að halda eða ekki. Mér finnst það ekki ganga. Við eigum þá að reyna að gera betur fyrir þá — kannski meira en þessi 20% — sem eru með lágar og meðaltekjur og eru mjög skuldsettir sem þurfa raunverulega á því að halda.

Að fara að afskrifa hér skuldir fyrir hálaunafólk sem skuldar eitthvað í sinni íbúð og er með háar tekjur, mér finnst það ekki koma til greina vegna þess að einhver þarf að borga brúsann, þar með skattgreiðendur og láglaunafólk líka og fólk með meðaltekjur. Við þurfum að gæta hófs í því sem við segjum og setja fram raunhæfar tillögur sem standast og gagnast fyrst og fremst þeim sem á þurfa að halda.

Kostnaður við loftrýmiseftirlit.

[15:29]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það var í tíð síðustu ríkisstjórnar, í tíð Samfylkingarinnar í utanríkisráðuneytinu, sem svokölluð Varnarmálastofnun var sett á laggirnar. Með þeim verkefnum sem þangað voru flutt er þessi stofnun með stóran lið í fjárlögum, nokkuð á annan milljarð. Hæstv. núverandi fjármálaráðherra hafði uppi stór orð um þessa stofnun og fann henni flest til foráttu, taldi algjöran óþarfa að setja hana á laggirnar og sagði að hana ætti auðvitað að leggja niður, eins og hæstv. ráðherra orðaði það þá. Hann sagði að þessi verkefni mætti að hluta til vinna fyrir miklu lægri upphæðir annars staðar í kerfinu en með þessu fyrirkomulagi. Við hæstv. fjármálaráðherra vorum sammála um þetta mál á sínum tíma. Ég hef sagt hér áður að ég flutti einhverjar tölur um þetta í þinginu undir húrrahrópum hv. þingmanna Vinstri grænna og mér leið ekkert allt of vel með það.

Nú er hluti af þessum verkefnum svokallað loftrýmiseftirlit. Frakkar komu hingað fyrst með herþotur sínar til að stunda eitthvert loftrýmiseftirlit sem hefur að mínu mati mjög takmarkaðan tilgang. Til stóð að Bretar kæmu hingað í desember en fallið var frá því, það þótti ekki við hæfi að þjóð sem beitti okkur hryðjuverkalögum kæmi (Forseti hringir.) hingað til að annast varnir landsins. Danir koma í þessum mánuði, virðulegi forseti. Hvað kostar það og hvað ætlar hæstv. fjármálaráðherra að borga úr ríkissjóði (Forseti hringir.) til að standa straum af því flugi?

[15:32]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður vitnar hér í orð mín og skoðanir. Þær eru óbreyttar, ég er enn þeirrar skoðunar að þarna sé hægt að spara umtalsverða fjármuni og er ekki síður áhugasamur um að gera það nú, starfandi sem fjármálaráðherra, en ég var sem þingmaður í stjórnarandstöðu.

Ég hygg reyndar að hv. þingmaður hafi spurt utanríkisráðherra sem málið heyrir undir um þetta og fengið þar þau svör sem ég veit að eru rétt, að málið er í skoðun af hálfu hæstv. utanríkisráðherra — með því hugarfari að sjálfsögðu að þarna sé mögulega hægt að spara peninga. Við erum áhugasamir um það báðir, ég og utanríkisráðherra, að finna slíkar leiðir. Það þurfum við öll að vera, hv. þingmenn, því að hafi einhvern tímann verið þær aðstæður uppi á Íslandi að ríkissjóður þurfi að eiga vini er það einmitt núna.

Varðandi loftrýmiseftirlit, æfingaflug eða hvað menn vilja kalla það, þessa leiki þarna suður frá, er það allt heldur í rétta átt því að ég hef ástæðu til að ætla að það verði minna úr slíku en áform stóðu til. Má ég þá minna hv. þingmann á að hann sem stuðningsmaður fyrri ríkisstjórnar afgreiddi þau fjárlög og studdi, ef ég veit rétt, þar sem þessi útgjöld voru heimiluð. Þau eru í gildi en allt sem til sparnaðar má verða kemur okkur til góða. Ég hygg að kostnaður vegna loftrýmiseftirlits, ef einhver verður að ráði, verði mun minni en gert var ráð fyrir þegar fjárlög voru afgreidd. Ég spurði nefnilega utanríkisráðherra að því hversu dýr heimsókn Dananna yrði, ef ekki væri hægt að sleppa við hana, og fékk þau svör að þar yrði um fáeinar milljónir króna að ræða og að jafnvel falli eitthvað niður af því loftrýmiseftirliti sem áður var áformað að yrði á þessu ári.

Ég vona að ég geti glatt hv. þingmann með þessum upplýsingum. Að öðru leyti er málið í höndum hæstv. utanríkisráðherra og ég legg til að í næsta sinn sem hv. þingmaður spyr um þetta spyrji hann utanríkisráðherra aftur.

[15:34]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég fór yfir það með hæstv. utanríkisráðherra um daginn hvort vinna væri í gangi við þetta en ég spurði hér fyrst og fremst um þann kostnað sem hlýst af komu Dana. Áður hefur verið upplýst á Alþingi að hver þessara heimsókna kosti á annað hundrað milljónir króna. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Víst hefur það verið sagt, hæstv. ráðherra, (**Gripið fram í:** 9 millj. kr. …) á fjárlögum 2008 voru, að ég held, 200 milljónir fyrir þær tvær heimsóknir sem þá voru. Það hlýtur að standa enn. Þarna er liður sem mér finnst hægt að spara og ég held að menn eigi ekki að draga það að spara þá liði sem hægt er að spara strax. Um það snýst bókhald okkar hvar sem það er. Ég held að þarna gætu menn gripið til úrræða strax og stoppað þetta.

Af því að ég er kominn í ræðustól bið ég hæstv. ráðherra í seinni ræðu (Forseti hringir.) sinni að upplýsa okkur um kjör nýja seðlabankastjórans. (Forseti hringir.) Hver eru laun nýs seðlabankastjóra og hver eru launakjör hans í örstuttu máli?

[15:35]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Hv. þingmaður spyr mig um mál sem heyra undir aðra ráðherra, annaðhvort utanríkisráðherra eða forsætisráðherra. Ég veit ekki annað en að launakjör seðla-

bankastjóra sem nú starfa verði þau sömu og forvera þeirra. Ég veit ekki til að ráðgerðar hafi verið neinar breytingar á því, enda er það bankaráð Seðlabankans (**JónG:** Það er búið að ráða hann, liggur þetta ekki fyrir?) sem sér um þá hluti.

Varðandi kostnað af þessari heimsókn Dana sem ég tel vel að merkja að hefði alveg mátt missa sig, ég veit ekki um neitt sem ógnar okkur sérstaklega á næstu vikum og að við þurfum Dani til að passa upp á það, er mér tjáð að sá kostnaður verði brot af því sem menn höfðu áður gert ráð fyrir að slíkar heimsóknir mundu kosta, kannski tugur milljóna króna eða svo í staðinn fyrir 100 eða þaðan af meira. Ég held að tvímælalaust sé verið að gera rétta hluti í þessum efnum, að draga úr þessu og skoða hvernig ná megi niður kostnaði. Vonandi vinnst þessari ríkisstjórn tími til að koma botni í þetta mál eins og mörg önnur þörf sem hún er að sýsla með þessa dagana.

Tekjustofnar sveitarfélaga og gatnagerðargjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 185. mál (lögveðsréttur fasteignaskatts og endurgreiðsla gatnagerðargjalds). — Þskj. 228, frhnál. 586.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Brtt. í nál. 586 samþ. með 35 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁPÁ, BÁ, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, LB, MS, MÁ, ÓN, PHB, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
29 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EyH, GHH, GAK, GÞÞ, IllG, JónG, JM, KJak, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, REÁ, RR, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 620).

Uppbygging og rekstur fráveitna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 187. mál (heildarlög). — Þskj. 590.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AtlG, ÁPÁ, BÁ, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, LB, MS, MÁ, ÓN, PHB, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
26 þm. (ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EyH, GHH, GAK, GÞÞ, IllG, JM, KJak, KolH, KHG, KÞJ, KLM, REÁ, RR, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 621).

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, frh. 2. umr.

Frv. iðnn., 317. mál (umsagnarréttur sveitarfélaga). — Þskj. 549.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Loftferðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (flugvernd, gjaldtaka, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 243, nál. 581.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2.–18. gr. og ákv. til brb. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Kosningar til Alþingis, 2. umr.

Frv. allshn., 328. mál (viðmiðunardagur umsóknar um kosningarrétt). — Þskj. 564.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Umræður utan dagskrár.

Staða landbúnaðarins.

[15:42]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Aldrei fyrr hefur þjóðinni verið eins mikilvægt að búa við öfluga matvælaframleiðslu og nú. Það fer því vel á því að þessi umræða um stöðu landbúnaðarins skuli fara fram um leið og búnaðarþing Bændasamtaka Íslands er haldið á Hótel Sögu. Umræða um mikilvægi landbúnaðarins og framtíð hans er með brýnustu málum dagsins í dag og hvernig við sem þjóð ætlum að sjá þennan grunnatvinnuveg þjóðarinnar þróast.

Efnahagsáfallið hefur reynst okkur dýrkeypt. Því miður hefur umræðan farið út og suður og fyrst og fremst einkennst af skyndilausnum í stað þess að við lítum til þeirra auðlinda sem við eigum til sjávar og sveita. Sem betur fer hefur verið staðinn vörður um þennan grunnatvinnuveg þjóðarinnar, en við skulum hafa það hugfast að öfl í samfélaginu voru reiðubúin að fórna landbúnaðinum á altari ný-

frjálshyggjunnar og fyrir skyndilausnir Evrópusambandsins.

Fjöldi sauðfjár- og kúabúa sér nú fram á erfiða tíma. Mörg þeirra eru í verulega þröngri fjárhagsstöðu í kjölfar uppbyggingar og fjárfestinga. Vandi þessara búa er jafnvel meiri en gengur og gerist hjá fyrirtækjum þar sem fjölskyldu- og búrekstur er saman í einni sæng. Rekstrarstöðvun getur því haft mun verri og alvarlegri afleiðingar en hjá hefðbundnum fyrirtækjum þótt ekki sé gert lítið úr þeim vanda.

Þegar sauðfjár- og mjólkursamningarnir voru gerðir fyrir nokkrum árum sáu bændur í fyrsta skipti í langan tíma fram á við í búgreinum sínum. Það var því algert reiðarslag þegar síðasta ríkisstjórn ákvað einhliða að afnema vísitöluákvæðin í búvörusamningnum á einu bretti. Það þarf í rauninni ekkert að deila um það að þarna er verið að brjóta lög. Það sem er alvarlegast í þessu er að gríðarleg hækkun vísitölu hefur m.a. leitt til þess að verð á algengum tegundum áburðar hefur hækkað um 45–55% á milli ára. Til að lýsa því hversu gríðarlegur baggi þetta er á bændur hafa útgjöld meðalstórs kúabús aukist frá árinu 2007 úr 960 þús. kr. í um 2,5 millj. kr. nú í vor. Útgjaldaaukningin er því tæpir 2 milljarðar kr. á tímabilinu. Hefði ekki verið nær að mæta þessum hækkunum með því einu að standa við gerða samninga? Mun hæstv. landbúnaðarráðherra beita sér fyrir því að leiðrétta þetta skýra brot á búvörusamningnum við bændur?

Af hverju telur ríkisstjórn Íslands það í lagi að svíkja samninga við bændur um leið og hún skýlir sér á bak við það að samninga Evrópusambandsins megi ekki rjúfa og því verði að leyfa innflutning á hráu kjöti? Ég gat ekki skilið ræðu hæstv. landbúnaðarráðherra á búnaðarþingi í gær öðruvísi.

Á Íslandi hefur náðst aðdáunarverður árangur í baráttunni við illvíga sjúkdóma sem herja á bústofna. Við státum okkur af hreinum og ómenguðum afurðum og þeim árangri má ekki glutra niður. Engin þörf er á að innleiða matvælalöggjöf ESB og fórna um leið ofangreindum íslenskum hagsmunum. Lagastofnun Háskóla Íslands hefur sagt að hægt sé að óska eftir meiri vernd á grundvelli reglna í viðbótarábyrgðum í WTO-samningum auk þess sem hægt er að beita 13. gr. EES-samningsins þar sem aðildarríkjum samningsins er gefin heimild til að ákveða hvaða heilsustig þeir vilja hafa að uppfylltum skilyrðum. Það eru því skýrar heimildir fyrir því í reglum ESB og EES að takmarka innflutning á búfjárafurðum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Ef ekki hefði verið staðinn vörður um landbúnaðinn hefði honum verið fórnað fyrir hinn nýja tekjustofn þjóðfélagsins sem fólst í því að kaupa og selja froðupeninga. Um leið voru öfl reiðubúin til að gefa stóran hluta landbúnaðarins eftir í samningaviðræðum við Evrópusambandið. Aðild að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá. Ef svo ólíklega vildi til að þjóðin mundi ákveða að fara í aðildarviðræður er það líka algjört skilyrði okkar framsóknarmanna að ekki verði gefin tomma eftir af þessari mikilvægu auðlind okkar Íslendinga.

Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að standa vörð um landbúnaðinn sem er vel fallinn til nýsköpunar og að skapa ný störf. Mörg tækifæri eru í ferða- og gistiþjónustu bænda auk þess sem huga verður vel að skógrækt og landgræðslu sem bændur víðs vegar um landið hafa staðið fyrir.

Ég skora því á hæstv. landbúnaðarráðherra að beita sér á þeim stutta tíma sem þessi ríkisstjórn hefur til að styrkja landbúnaðinn sem einn af grunnatvinnuvegum þjóðarinnar og þann sem mesta möguleika á til uppbyggingar og framþróunar íslensks samfélags.

[15:47]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hefja hér umræður um stöðu landbúnaðarins. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að vel fer á því að þau mál séu tekin fyrir á þingi samhliða því að búnaðarþing hefur störf, en það var sett í gær eins og hv. þingmaður vitnaði í. Þar fór ég í ávarpi yfir nokkur af þeim málum sem hér bar á góma og gerði grein fyrir því hvað ríkisstjórnin hefur aðhafst í sambandi við nokkur knýjandi og brýn hagsmunamál landbúnaðarins.

Segja má að vandi landbúnaðarins sé tvíþættur. Annars vegar hefur hann að ýmsu leyti tekist á við óhagstæða þróun ytri skilyrða undanfarin eitt til tvö ár, sérstaklega voru það hækkanir á aðföngum, olíu, kjarnfóðri, áburði og fleiru sem þegar lágu fyrir sem voru verulega íþyngjandi fyrir landbúnaðinn áður en síðan kom til þess efnahagshruns sem nú hefur dunið á og þá kemur að sjálfsögðu við sögu, í landbúnaðinum eins og í fleiri greinum, skuldsetning og hækkun lána. Þannig liggur t.d. ljóst fyrir að margir kúabændur sem hafa verið að fjárfesta, hafa verið að stækka bú sín og tæknivæða, eru verulega skuldum hlaðnir. Í þriðja lagi má segja að bændur fari ekki frekar en aðrir varhluta af hinum almennu erfiðleikum. Þess sér m.a. stað í því að nú þegar gætir nokkurrar sölutregðu eða samdráttar í sölu á tilteknum afurðum landbúnaðarins. Sölutölur nú á fyrstu mánuðum þessa árs eru lægri hvað varðar ost, kjöt og fleira en þær voru á sama tíma í fyrra.

Sú skerðing sem hv. þingmaður nefnir hér á verðbótum búvörusamnings er staðreynd. Hún var ákveðin af Alþingi og fyrri ríkisstjórn með fjárlögum hér fyrir áramótin. Þau fjárlög gilda og binda hendur framkvæmdarvaldsins. Engar fjárheimildir eru til þess að gefa bændum vilyrði um að þessi skerðing gangi til baka og fyrr en hennar hefur þá verið aflað með fjáraukalögum eða öðrum hætti er ekki um annað að ræða en að ganga út frá þeirri skerðingu. Hv. þingmaður þekkir þær aðstæður í ríkisbúskapnum og horfum hvað varðar t.d. næsta fjárlagaár sem við okkur blasa og veit hvert svigrúm ríkisins er til að takast á við þessa hluti.

Varðandi innflutning á hráu kjöti og innleiðingu matvælalöggjafar Evrópusambandsins væri fróðlegt fyrir hv. þingmann að ræða við flokkssystkini sín, þau sem báru verulega ábyrgð á því í hvaða farveg það mál er komið með því að ganga til þeirra samninga við Evrópusambandið, fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra og landbúnaðarráðherra, sem ég veit að hv. þingmaður hefur góðan aðgang að til að ræða málið við.

Þetta mál er í höndum þingsins. Það er á vettvangi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og þar er málið í skoðun

þannig að í raun og veru er það í höndum Alþingis að vinna úr málinu. En það er hins vegar algjörlega ljóst að þingið hefur fullan stuðning minn til þess að skoða allar þær takmarkanir og girðingar sem mögulegar eru í þessum efnum, auk þess sem ég sagði það í ræðu minni á búnaðarþingi í gær að þetta mál er augljóslega ekkert sérstakt forgangsmál núverandi ríkisstjórnar á þeim stutta tíma sem hún hefur til starfa. Aðrir hlutir er þar ofar á blaði og vel þekktir, björgunaraðgerðir í þágu heimila og atvinnulífs.

Varðandi áburðarverð þá er það í skoðun að reyna að nýta í einhverjum mæli fjármuni úr Bjargráðasjóði til þess að létta bændum áburðarkaup í vor. Það mál er ekki í höfn og um það liggur ekki fyrir niðurstaða og ekki samkomulag. Því miður munu þeir takmörkuðu fjármunir sem þar kunna að vera til ráðstöfunar ekki gera nein kraftaverk í þessum efnum. En það gæti þó hjálpað ef samkomulag tekst um að grípa þar til einhverra fjármuna. Ella er hætt við því að áburðarreikningurinn, jafnvel þó nú sé spáð um 20% minni áburðarkaupum í vor, verði af svipaðri stærðargráðu og hann var fyrir ári, eða um 2,5 milljarðar kr.

Varðandi virðisaukaskatt þá kynnti ég líka á búnaðarþingi í gær aðgerðir sem gripið hefur verið til í þeim efnum til þess að auðvelda bændum virðisaukaskattsskil eða koma í veg fyrir að bændur þurfi að leggja út fyrir umtalsverðum virðisaukaskatti nú á gjalddaga í mars sem þeir síðan eigi rétt á endurgreiðslu á í haust. Það hefur verið gert annars vegar með því að beina tilmælum til skattstjóra um að lækka álögur og hins vegar með því að nýta heimildir í lögum til að bjóða bændum upp á það, þeim sem þess óska, að gera aukauppgjör síðar á vorinu þannig að virðisaukaskattsskil þeirra leiðréttist að þessu leyti og ekki verði um fjárbindingu í marga mánuði að ræða.

Raforkukostnaður grænmetisframleiðslunnar er til skoðunar og landbúnaðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið munu í bréfi beina tilmælum til bankastofnana í dag eða á morgun að aðstoða bændur eftir föngum í sambandi við fjármögnun áburðar og fleiri hluti sem þar eru brýnir.

Ég gæti líka nefnt ýmis önnur mál ef tíminn leyfði, virðulegi forseti. Hv. þingmaður nefndi skógrækt og fleira sem ég kom líka inn á í ræðu minni á búnaðarþingi — ég leyfi mér að vísa til hennar sökum þess að ég hef ekki tíma til að fara yfir fleiri mál í (Forseti hringir.) þessari umferð.

[15:52]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Við stöndum frammi fyrir miklum vanda í íslenskum landbúnaði. Það fer ekkert á milli mála. Þau mál hafa verið rædd hér á þessum vetri og fullkomlega að gefnu tilefni. Sá vandi sem við er að glíma hefur enn vaxið vegna þeirra verðhækkana sem munu skella yfir landbúnaðinn í formi hækkandi áburðarverðs. Það er gríðarlegt áhyggjuefni. Í fyrra hækkaði áburður um 70–80% og nú er talið að hann muni aftur hækka um 50% á milli ára. Talið er að áburðarreikningur landbúnaðarins muni hækka frá því í hittiðfyrra um 2 milljarða kr. alls.

Þetta er gífurlegt áfall. Ég er sammála því sem hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sagði, ég tel að það eigi að íhuga hvort með einhverjum hætti sé hægt að nota Bjargráðasjóð til að koma til móts við þarfir landbúnaðarins í þessu skyni. Það þarf að breyta lögum og það verður að ná samkomulagi en ég tel að þetta sé mál af þeirri gerð að við eigum að skoða það með mjög opnum huga.

Við þurfum hins vegar að gæta þess mjög, ef til þess kemur, að það séu þá bændur sem njóti þeirrar fyrirgreiðslu en þetta renni ekki til annarra sem kunna að reyna að maka krókinn við þessar aðstæður. Það var það sem kom í veg fyrir það á sínum tíma að Bændasamtökin eða landbúnaðarráðuneytið vildu skoða það frekar að fara út í einhverjar niðurgreiðslur á áburðarverði. Menn óttuðust að þær niðurgreiðslur rynnu ekki til þeirra sem sérstaklega þyrftu á því að halda.

Ég vil vekja athygli á því að þegar bankahrunið varð hafði ég forgöngu um það að fram færu viðræður við viðskiptabankana um stöðu landbúnaðarins vegna sérstöðu þeirra. Þær viðræður skiluðu mjög góðum árangri. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir því að aftur fari fram slíkar umræður til þess að við getum tekið á þeim mikla vanda sem við er að glíma.

Vitaskuld skiptir mestu máli að afurðaverð bænda geti hækkað með eðlilegum hætti. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að því hvort hann muni beita sér fyrir því að verðlagsnefnd búvöru komi nú saman til þess að verðleggja mjólk með tilliti til þeirra hækkana sem orðið (Forseti hringir.) hafa á aðföngum, sérstaklega áburði. Ég veit að þetta leysir ekki allan vanda og vandi sauðfjárbænda er eftir sem áður óleystur en það væri (Forseti hringir.) stórt skref í rétta átt ef þetta mál væri skoðað.

[15:54]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Öllum er ljóst að eftir efnahagskreppuna sem við höfum gengið í gegnum er staða bændasamfélagsins ekki góð. Þó eru ýmsir góðir hlutir að gerast í íslenskum landbúnaði sem gefa tilefni til bjartsýni.

Mikið átak er í kornrækt, menn eru að hugleiða heimaslátrun í auknum mæli og ferðaþjónusta bænda hefur tekið mikinn kipp, bændagisting og ferðaþjónusta á ýmsum sviðum sem gefur bændum auknar tekjur með öðrum hefðbundnum búskap. Skógrækt og landgræðsla eru líka hluti af því sem bændur hafa verið að fara í í auknum mæli. Allt er þetta til að hjálpa bændastéttinni sem slíkri.

Við ræddum það hér í þinginu fyrir fáum dögum að koma fóðurverksmiðju á laggirnar. Það er hlutur sem sjálfsagt er að skoða og reyna að gera. Menn hafa líka verið að skoða það að koma hér upp áburðarverksmiðju, verð á innfluttum áburði er mjög mikill hluti af kostnaði bænda.

Búvörusamningana er búið að svíkja og þar þurfa stjórnvöld að koma að og laga það á ný. Ég verð að minnast á að fyrir þinginu liggur frumvarp um að leyfa innflutning á fersku kjöti. Ég hef margsagt það hér í þessu ræðupúlti að þörf væri á því að fresta gildistöku þess um að minnsta kosti eitt ár til að tryggja bændum sem og öðrum aðlögun (Forseti hringir.) við þessar aðstæður. Einnig þarf að taka tillit til virðisauka og hjálpa bændum (Forseti hringir.) með það.

[15:57]

Einar Már Sigurðarson (Sf):

Herra forseti. Það er rétt að þakka hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni fyrir að taka hér upp málefni landbúnaðarins. Það er full ástæða til að þau vandamál séu rædd alveg sérstaklega og farið yfir þau.

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað er eðlilegt að við veltum því fyrir okkur hvernig best væri að mæta þeim vanda. Það liggur ljóst fyrir að auka þarf tekjur bænda og lækka útgjöld þeirra. Spurningin er hvernig við eigum að gera það miðað við þær aðstæður sem nú eru. Ég er ekki viss um að það sé rétta leiðin að hlaupa í að hækka verð á öllum afurðum. Eins og fram kom í máli hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur dregið úr sölu ákveðinna afurða og ef gripið yrði til þess að hækka vörurnar er hugsanlega verið að taka áhættuna af því að salan minnki áfram.

Það er eðlilegt að menn horfi til Bjargráðasjóðs vegna þess vanda sem augljóslega stefnir í í landbúnaði varðandi hækkun t.d. á áburðarverði og aðföngum. En rétt er að geta þess í þessari umræðu, vegna þess að hv. þm. Grétar Mar Jónsson nefndi að eðlilegt væri að horfa til þess að reisa áburðarverksmiðju, að mér er kunnugt um að hörðum höndum er unnið að slíkum hugmyndum í iðnaðarráðuneytinu. Vonandi sjáum við fyrr en síðar innlenda áburðarverksmiðju. Það er augljóst mál í þeirri þróun sem átt hefur sér stað að það er afar mikilvægt til að draga úr útgjöldum bænda að við getum framleitt okkar eigin áburð — slík er hækkun á aðföngum og við þurfum að draga úr notkun gjaldeyris.

Herra forseti. Það er með landbúnaðinn eins og annan vanda atvinnuveganna í dag, það er engin einföld lausn. Þess vegna er mikilvægt að verið sé að skoða málin frá öllum hliðum og reyna að finna heildstæðar lausnir, patentlausnir munu engu skila. Það er hins vegar afar athyglisvert, þegar Framsóknarflokkurinn ræðir hér um Evrópusambandið (Forseti hringir.) og afleiðingar af hugsanlegum viðræðum við það, að maður áttar sig (Forseti hringir.) eiginlega ekkert á því á hvaða leið sá ágæti flokkur er í þeim efnum.

[15:59]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir þessa umræðu. Ég tel vel fara á því að þessi mikilvægu mál séu rædd hér á hv. Alþingi á sama tíma og búnaðarþing er að störfum.

Ég get sagt eins og fleiri hv. þingmenn að engin einföld lausn er til á þeim vanda sem við er að etja. Ég vil þó að það komi hér fram að það var sérstaklega ánægjulegt í gær að vera viðstaddur setningu búnaðarþings og upplifa þá bjartsýni sem þar sveif yfir vötnum. Yfirskrift búnaðarþings er: Treystum á landbúnaðinn.

Það er enginn vafi á því að þeir erfiðleikar sem þjóðin gengur í gegnum núna hafa gert það að verkum að meiri samstaða er um það að landbúnaður sé mikilvægur og að hann beri að efla frekar en hitt. En eins og kom fram hjá hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þá eru vandamálin einkum þau að aðföng hafa hækkað mikið, skuldsetning er gríðarleg og lán hafa hækkað meira en orð ná yfir. Það á ekki bara við landbúnaðinn. Það á náttúrlega við allan þann rekstur sem er í landinu og þar með talinn rekstur heimilanna. Við stöndum frammi fyrir sama vanda í landbúnaði og í öðrum greinum hvað það varðar.

Auðvitað verðum við að trúa því að hæstv. ráðherra sé alltaf að leita leiða til þess að koma til móts við þessa erfiðleika en það hefur komið fram hjá honum að sú skerðing sem t.d. varð á niðurgreiðslum á raforkukostnaði til garðyrkjubænda mun standa. Eins mun ekki verða gripið til ráðstafana til þess að breyta skerðingu vegna (Forseti hringir.) búvörusamnings. Það er því lítið um góðar fréttir ef maður getur sagt sem svo. Ég tel eftir sem áður að hæstv. ráðherra sé að leggja sig fram.

[16:01]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Treystum á landbúnaðinn, er yfirskrift búnaðarþings og það kjörorð hafði formaður Bændasamtakanna yfir við setningu þess í gær. Sjaldan eða aldrei hefur landbúnaður verið okkur eins mikilvægur og þessa dagana og í næstu framtíð. Nú er það ekki aðeins þjóðin sem hefur gert sér grein fyrir mikilvægi landbúnaðar, fæðuöryggis, matvælaframleiðslu og matvælaiðnaðar, heldur einnig einstakir stjórnmálamenn, sem á undanförnum árum hafa gert sitt til að þrengja stöðu landbúnaðarins með því að opna fyrir frjálsan innflutning og flytja frumvarp um aðlögun að matvælalöggjöf Evrópusambandsins, sem þýðir innflutning á hráu kjöti og kjötvörum. En það var gert í tíð fyrrverandi ríkisstjórna, fyrst Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og svo Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks.

Kannski var það eina frumvarpið, sem fyrrverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar flutti um landbúnað, þetta um innflutning á hráu kjöti. En nú er staðan gjörbreytt. Meira að segja landbúnaðarráðherra sjálfs nýfrjálshyggju ríkisins Bandaríkjanna hvatti nýverið til fjölgunar bænda, smábúa, fjölskyldubúa og þess að efla og styrkja þarlenda matvælaframleiðslu. Þar er líka framtíð íslensks landbúnaðar og á þessum krappa tíma á íslenskur landbúnaður kannski sína möguleika, bæði í fjölbreyttri framleiðslu og nýtingu auðlinda og matvælaiðnaði. Það sparar gjaldeyri að framleiða mat innan lands.

Einnig var ánægjulegt að heyra þingmenn taka vel og afdráttarlaust undir tillögu okkar Vinstri grænna um áburðarverksmiðju, (Forseti hringir.) sem ríkið gæti átt hlut að. Þegar ég heyri svona góðar undirtektir vona ég að starfræksla áburðarverksmiðju hefjist sem fyrst hér á landi, en það er mjög brýnt (Forseti hringir.) mál.

[16:04]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Erfið rekstrarskilyrði atvinnurekstrar í landinu leggjast auðvitað þungt á bændur eins og aðrar stéttir. Engum blöðum er um það að fletta og hér hefur auðvitað verið rakið að aðföng hafa hækkað gríðarlega í verði og brauðfætur bankanna bitna á bændum, eins og öðrum fyrirtækjum í landinu. Í umræðunni hafa verið raktar ytri aðstæður sem ógna stöðu bænda nú um stundir og rétt er að taka undir þær þungu áhyggjur sem menn hafa lýst hér.

Eins og kom fram í máli formanns Bændasamtakanna á búnaðarþingi í gær, hefur áburðarverð hækkað mjög verulega og ráðherra landbúnaðar og fjármála verður að tryggja með öllum ráðum og beita sér fyrir því að bankarnir verði í stakk búnir til að veita fyrirgreiðslu vegna áburðarkaupa. Ég tek undir þær hugmyndir sem menn hafa haft um að Bjargráðasjóður hlaupi undir bagga og verði nýttur til að hjálpa til við áburðarkaupin. Þær tilslakanir sem gerðar hafa verið varðandi virðisaukaskattinn eru góðra gjalda verðar en ég hlýt líka að spyrja hvort ráðherrann hafi skoðað aðrar leiðir, svo sem að gera mönnum kleift að dreifa greiðslum á fleiri gjalddaga.

Þessi viðfangsefni eru auðvitað að detta í fangið á mönnum núna og tryggja þarf að búvöruframleiðsla haldi áfram í landinu. Við megum ekki við því að missa niður taktinn í þeirri starfsemi svo ekki sé talað um allar þær afleiddu afleiðingar sem slíkt hefði. Þúsundir starfa eru í húfi og rétt að minna á að um það bil 10 þúsund störf í landinu eru tengd landbúnaði, þ.e. 7,5% af vinnumarkaðnum, 15% af störfum á landsbyggðinni eru tengd landbúnaði (Forseti hringir.) en það sem kemur kannski á óvart er að 1.400 störf á höfuðborgarsvæðinu eru tengd landbúnaði.

[16:06]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil fagna þessari umræðu um stöðu landbúnaðarins sem hv. þm. Höskuldur Þórhallsson hefur vakið. Ánægjulegt er að heyra að mikill samhljómur er meðal þeirra sem hér hafa talað um mikilvægi þess að standa vörð um landbúnaðinn og vel við hæfi að hér skuli vera búnaðarþing með kjörorðunum Treystum á landbúnaðinn.

Þessi atvinnugrein, eins og aðrar, hefur búið við versnandi skilyrði vegna bankahrunsins og efnahagsumhverfisins hér. Við höfum líka vitað af því að í alþjóðlegum viðskiptum hafa komið fram tillögur og samningar í framhaldi af aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, svo sem umræða um hrátt kjöt og innflutning á kjöti og óhætt er að segja að engin ástæða er til annars en tryggja þær varnir og beita þeim heimildum sem tiltækar eru til að verja hreinleika landbúnaðarafurða okkar og sjá til þess að við getum áfram framleitt hágæðavörur fyrir íslenska neytendur. Sérstaklega ánægjulegt er að þetta skuli koma fram frá þeim flokkum sem hafa flutt málið, því þetta kjötfrumvarp kom úr skúffu hæstv. fyrrverandi landbúnaðarráðherra Framsóknarflokksins og var svo endurflutt af hæstv. landbúnaðarráðherra Sjálfstæðisflokksins.

Það sem mig langar til að gera að umtalsefni eru áhyggjur mínar af þeirri afstöðu sem Bændasamtökin hafa tekið varðandi aðild að Evrópusambandinu. Það eru vonbrigði að sjá að samtökin skuli ekki hafa valið þann kost að skilgreina samningsmarkmiðin og setja fram þau skilyrði sem þarf að ná til að slík aðild komi til greina. Íslenskir bændur þurfa á því að halda, eins og aðrir, að hér verði afnumin verðtrygging, okurvöxtum létt af, hér verði stöðugleiki og fast gengi. Öllu þessu getum við náð með aðild að (Forseti hringir.) Evrópusambandinu og því skiptir miklu máli að það verði á dagskrá á næstunni en til þess þurfa Bændasamtökin auðvitað að koma og skilgreina hvaða skilyrði þarf að uppfylla til (Forseti hringir.) að við getum gengið þar inn.

[16:09]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Hægt er að taka undir slagorð Bændasamtakanna um að treysta á landbúnaðinn. Í nýlegri könnun sem við létum gera á vegum Frjálslynda flokksins meðal félagsmanna okkar var m.a. spurt hvaða afstöðu þeir hefðu til flatlendis á Íslandi, þ.e. ræktarlands. Þetta var ein fimm spurninga sem við lögðum fyrir. Fram kom að mikill meiri hluti þeirra sem afstöðu tóku taldi að verulegu máli skipti að halda flatlendinu fyrir matvælaframleiðslu. Það er auðvitað ánægjuleg niðurstaða og reyndar í samræmi við hvernig við í Frjálslynda flokknum höfum talað um landbúnaðinn, að hann skiptir mjög miklu máli fyrir byggðir landsins, og við höfum stundum orðað það þannig þegar við tölum um sjávarútvegsstefnuna og landbúnaðinn að verið væri að standa að baráttu fyrir byggðirnar og berjast fyrir að þær héldu velli.

Þannig er það, hæstv. forseti, að við munum standa með landbúnaðinum og teljum að íslenska þjóðin hafi nú á tímum þrenginga áttað sig á því að landbúnaðurinn skiptir verulegu máli fyrir framtíðina og sé að átta sig á því að mikil verðmæti eru í því fyrir íslensku þjóðina að halda landinu í byggð og að byggðirnar nýti kosti sína og ræktunarmöguleika, en þar hefur vissulega ýmislegt ánægjulegt verið að gerast, vaxandi kornrækt og mjög öflug grænmetisrækt. Þar væri hægt að gera miklu betur með því að selja orkuna á einhverju svipuðu verði til grænmetisframleiðslu og við gerum nú til álvera. Það mundi spara okkur gjaldeyriseyðslu í innflutning grænmetis.

Ég held að Bjargráðasjóður verði að koma inn í þá stöðu sem nú stýrir áburðarverðinu. (Forseti hringir.) Það er ekki við það ráðið að taka 50% hækkun ofan á 80% í fyrra. Þar verða stjórnvöld að koma inn í.

[16:11]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim sem tóku þátt fyrir málefnalega og góða umræðu. Auðvitað hefðum við hugsanlega þurft lengri tíma og kannski hefði verið hægt að taka hvert viðfangsefni sem snýr að bændum fyrir sig og ræða sérstaklega í utandagskrárumræðum. Þessi umræða fer að sjálfsögðu fram á búnaðarþingi. Það var gott hljóð í bændum í gær og orðin Treystum á landbúnaðinn eru kannski einmitt það brýnasta sem þjóðin þarf að heyra í dag. Alveg rétt er að engin einföld lausn er til handa þeim bændum sem standa illa, aðföng hafa virkilega hækkað en tvö mál sem ég kom inn á í ræðu minni eru brýnni en önnur og mér fannst því miður svör hæstv. landbúnaðarráðherra frekar skýr, sérstaklega hvað varðar afnám vísitöluákvæðis í búvörusamningum. Hann vísaði til þess að hér væri ekki hægt að horfa til baka.

Þetta er ríkisstjórn sem hefur sagt að hún vilji breyta hlutum. Menn komu fram og gagnrýndu þetta mjög harkalega fyrir áramót og eiga að beita sér fyrir því að þetta ákvæði verði endurskoðað. Mér fannst líka hæstv. landbúnaðarráðherra skauta auðveldlega fram hjá því að í ræðu sinni á búnaðarþingi í gær sagði hann að það væri einfald-

lega þannig að búið væri að gera samninga við Evrópusambandið um að innleiða hluta af matvælalöggjöf þess. Það er alger óþarfi og ég vildi spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra aftur hvort hann muni beita sér fyrir því að málinu verði slegið á frest eða því breytt, vegna þess að ég gat ekki skilið annað en að hv. þm. Jón Bjarnason væri (Forseti hringir.) á annarri skoðun en hæstv. landbúnaðarráðherra.

[16:13]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég þakka sömuleiðis fyrir þessa umræðu og jákvæðan, velviljaðan tón í garð landbúnaðarins sem út af fyrir sig þarf ekki að koma á óvart. Ég þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir að telja að landbúnaðarráðherra sé að leggja sig fram. Hitt er jafnljóst að hér er ekki hægt að lofa upp í tómar ermar ríkisstjórnar sem stendur frammi fyrir samþykktum fjárlögum með þeim niðurskurði sem þar er ákveðinn og hv. málshefjandi verður að horfast í augu við að hann er staðreynd og ekki fjárheimildir til staðar til að hverfa frá því nema þeirra sé aflað.

Engu að síður væri langæskilegast ef bændur og stjórnvöld gætu samið með einhverjum hætti um meðferð málsins og það er vilji af okkar hálfu til að ganga til viðræðna við bændur. Þó er rétt að hafa í huga að vissir hlutir eru loksins farnir að leggjast með okkur í þessum efnum. Þannig hefur t.d. kjarnfóðurverð lækkað frá áramótum, en það náði hámarki í haust, og með styrkingu krónunnar má búast við áframhaldandi lækkun. Kornverð lækkar á heimsmarkaði og náði hámarki á tímabilinu mars til maí 2008 og ef gengi krónunnar styrkist má búast við stóraukinni lækkun þar. Stóraukin innlend kornrækt er að sjálfsögðu einnig jákvæð í þessum efnum því þá koma innlend aðföng í stað innflutnings. Olíuverð er heldur á niðurleið og síðast en ekki síst er verðbólgan tekin að lækka og við væntum öll að vaxtalækkun og þar með minni fjármagnskostnaður sjáist á næstu mánuðum.

Ég get ekki tekið undir með hv. þm. Guðbjarti Hannessyni að það séu vonbrigði að Bændasamtökin taki þá afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu sem þau gera. Þvert á móti tel ég mjög skiljanlegt að þau komist að þeirri niðurstöðu út frá hagsmunum greinar sinnar.

Varðandi matvælalöggjöfina vísa ég til þess sem ég sagði áður. Það mál er í höndum þingsins og það eina sem ég sagði um það er að sú skuldbinding sem fyrri stjórnvöld lögðu á hendur núverandi stjórnvalda er til staðar og úr henni þarf að vinna. Það sagði ég um það mál.

Varðandi virðisaukaskattinn vil ég svara hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur þannig að ég held (Forseti hringir.) að það fyrirkomulag þurfi að taka til endurskoðunar, þ.e. virðisaukaskattsskil þeirra sem gera upp samkvæmt svonefndri landbúnaðarskrá.

Að lokum varðandi fund (Forseti hringir.) í verðlagsnefnd, þá skal ég kanna hvar þau mál eru á vegi stödd.

Visthönnun vöru sem notar orku, 1. umr.

Stjfrv., 335. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 575.

[16:16]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um visthönnun vöru sem notar orku. Þetta frumvarp er að finna á þskj. 575 og er 335. mál. Það byggir á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 6. júlí 2005 og tilgangur þess er að innleiða ákvæði tilskipunarinnar í íslenskan rétt. Þegar frumvarpið var búið í núverandi form var litið til laga nr. 51/2000, um orkunýtnikröfur, sömuleiðis laga nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl. Sömuleiðis var skyggnst um gættir í Danmörku og Svíþjóð og skoðað með hvaða hætti þeir ágætu grannar okkar hefðu slegið í frumvarpsgerð við innleiðingu þessarar gerðar.

Frumvarpið er í 14 greinum og markmið þess er að stuðla að þróun og aukinni notkun vöru sem hægt er að skilgreina sem orkunýtna með því að innleiða það sem við köllusm visthönnun á fyrstu stigum vöruþróunar. Tilgangur frumvarpsins og hinnar upphaflegu tilskipunar Evrópuþingsins er að sjálfsögðu að draga úr orkunotkun og þar með draga úr áhrifum á umhverfið. Frumvarpinu er líka ætlað að tryggja frjálst flæði vöru af þessum toga um EES-svæðið. Þetta frumvarp má segja að taki til hvers konar vöru sem notar orku, þó ekki farartækja eða tækja sem nú þegar hafa verið tekin í notkun.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt fram vinnuáætlun fyrir árin 2009–2011 sem hefur að geyma það sem kalla má leiðbeinandi lista yfir vörur sem eiga að hafa forgang við setningu ítarlegra reglna um orkunýtni o.fl. Bara til að gefa þingheimi hugmynd um hvers konar vörur við erum að tala um get ég þess að meðal þessa varnings eru vitaskuld margvíslegir hlutir og vörur sem byggja á talsverðri orkunotkun, eins og loftræsikerfi, kynditæki, varmadælur, matreiðslutæki ýmiss konar, eins og örbylgjuofnar og kaffivélar, iðnaðar- og rannsóknarofnar, net-, gagnavinnslu- og gagnageymslubúnaður, kæli- og frystibúnaður, mynddisk- og myndbandstæki, straumbreytar og vatnsrennslisbúnaður.

Með þessu frumvarpi er lagt til að eingöngu verði heimilt að setja vörur á markað hér á landi sem uppfylla hinar sameiginlegu EES-reglur um orkunýtni og álag á umhverfið. Það eru líka ákvæði í frumvarpinu sem eiga að tryggja að óheimilt sé að banna markaðssetningu slíkrar vöru.

Ef vara telst uppfylla orkunýtnikröfur annars EES-lands verður hún sömuleiðis talin uppfylla orkunýtnikröfur hér á landi. Þær vörur sem uppfylla skilyrði laganna og reglna sem settar verða á grundvelli þeirra eiga að bera CE-samræmismerkingu, en það er gild staðfesting á því að svo sé í tilviki viðkomandi varnings. Frumvarpið felur því fyrst og fremst í sér reglur um grundvöll orkunýtnikrafna, markaðssetningu en sömuleiðis um ábyrgð og upplýsingaskyldu, bæði framleiðanda og seljanda, en ekki eiginlegar efnisreglur um orkunýtnikröfur. Hvað varðar sjálfar kröfurnar sem gerðar verða um nýtni orkunnar er með frumvarpinu lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að setja viðhlít-

andi ákvæði um slíkar kröfur í reglugerðum. Ástæða þessa fyrirkomulags er í meginatriðum að áðurnefnd tilskipun ESB setur fram helstu efnisþættina sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er síðan ætlað að útfæra nánar með sérstökum gerðum varðandi einstaka vöruflokka. Við setningu þessara gerða nýtur framkvæmdastjórnin aðstoðar sérstakrar nefndar sem er skipuð sérfræðingum EES-ríkjanna. Hér er eingöngu um það að ræða að móta verði tæknilegar reglur sem gert er ráð fyrir að ráðherrann innleiði síðan með því að setja reglugerð. Menn telja þetta hentugustu leiðina til að setja tæknilegar reglur en að óþarft sé að innleiða þær með sérstökum lögum. Það er vert að taka fram að þetta er sama fyrirkomulag og var viðhaft í eldri lögum um sama efni frá árinu 2000, nr. 51/2000, og fjölluðu um orkunýtnikröfur sem falla úr gildi ef frumvarpið verður að lögum.

Tilskipunin og innleiðing hennar hefur fyrst og fremst áhrif á framleiðendur sem starfa innan EES-svæðisins. Hér á landi verður að segjast að næstum engir framleiðendur eru að þeim vörum sem tilskipunin nær til og þess vegna mun frumvarpið hafa ákaflega lítil áhrif á framleiðendur hér á landi. Hins vegar er mikilvægt að sömu reglur gildi hér og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu þannig að ekki sé hægt að flytja hingað til lands vörur sem ekki má markaðssetja í öðrum EES-ríkjum.

Frumvarpið getur þess vegna haft nokkra þýðingu fyrir innflytjendur vöru sem notar orku þegar framleiðandinn er ekki staðsettur á EES-svæðinu og varan kemur því í fyrsta skipti inn á EES-svæðið. Af sjálfu leiðir þá, herra forseti, að frumvarpið hefur töluverða þýðingu fyrir neytendur, mér liggur við að segja að það hafi mikla þýðingu fyrir neytendur, vegna þess að með því er stefnt að því að framleiðanda eða innflytjanda verði gert skylt að upplýsa neytandann um ákveðin atriði sem lúta að orkunotkun og orkumerkingum. Neytandinn getur þá gert sér grein fyrir því hvaða áhrif varan hefur á umhverfið. Það er óhætt að segja að frumvarpið stuðlar að bættri orkunýtni. Það má kannski segja að frumvarpinu sé ekki síst ætlað að stuðla að vakningu vitundar meðal borgaranna um náttúrulegt umhverfi þeirra og hvernig best sé að varðveita það og viðhalda því.

Hvað varðar síðan bein áhrif frumvarpsins á stjórnsýsluna felast þau að mestu leyti í því að frumvarpið gerir ráð fyrir því að Neytendastofu verði falin umsjón og eftirfylgni við reglur sem settar verða.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frumvarpið en legg til að þegar þessari umræðu lýkur verði því vísað til 2. umr. og sömuleiðis til hv. iðnaðarnefndar til faglegrar umfjöllunar.

[16:23]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Þetta er mál sem er nokkuð dæmigert fyrir tilskipanir frá Evrópusambandinu. Það gengur út á að samræma reglur og koma í veg fyrir að hér sé markaður fyrir vöru sem ekki er heimilt að nota á hinu Evrópska efnahagssvæði. Eins og hæstv. ráðherra sagði framleiðum við ekki mikið af svona vörum en engu að síður þurfum við að innleiða þessar tilskipanir og þekkjum það ferli.

Af því að þetta mál gengur út á að draga úr orkunotkun vil ég taka undir með hæstv. ráðherra, sem hann kom inn á í lokaorðum sínum, að eitt af því sem skiptir máli er að spara orkuna. Til eru tölur um það og hefur verið reiknað út hvað hægt er að ná gríðarlega miklum árangri varðandi sparnað á orku ef fólk þekkir til mála og gerir sér grein fyrir hvar sparnaðurinn getur legið og hvað atriði sem virðast lítil inni á heimilunum geta reynst dýr þegar saman er talið.

Það sem ég vildi koma að, hæstv. forseti, í þessari stuttu ræðu minni er hvort við Íslendingar getum breytt þeim hugsunarhætti sem hefur verið nokkuð ríkjandi hjá okkur, að ekki sé hægt að ná árangri við að spara orku. Einhvern tíma í minni tíð var sett á laggirnar setur á Akureyri sem fjallar um orkusparnað, Orkusetur, sem er starfandi þar og vinnur að ágætismálum. Ég óttast að það sé kannski ekki í nægilega miklum mæli sem þær upplýsingar sem þar er að finna og þær rannsóknir sem þar hafa verið gerðar ná út til fólksins.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra í lokin hvort eitthvað sé á döfinni í sambandi við orkusparnað almennt í landinu og hvort hann hafi upplýsingar og áform um eitthvað í þeim dúr. Kannski hefur nú þegar verið unnið með það í huga að reyna að spara orkunotkun heimilanna sem alþjóð veit ekki um.

Þetta er erindi mitt hingað upp, hæstv. forseti. Það væri hægt að segja mjög margt í tengslum við þetta mál sem varðar orkuna en ég ætla að standast þá freistingu núna. Það er þetta sem mér er ofarlega í huga, að draga almennt úr orkunotkun ef hægt er.

[16:27]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir góðar undirtektir við þetta frumvarp. Það er í þeim anda sem hv. þingmaður vann sjálf í þegar hún var iðnaðarráðherra á sínum tíma og kom m.a. á laggir Orkusetrinu á Akureyri sem hún beindi til mín nokkrum spurningum um. Fyrst vil ég þó segja að ég tel að með því sem í þessu frumvarpi er kallað visthönnun, og hönnun almennt, sé hægt að spara alveg gríðarlega mikla orku. Við sjáum að nú er að koma á markaðinn ný tegund af perum sem er hönnuð öðruvísi en forverar hennar en þessar ljósaperur nota kannski 5% af því orkumagni sem hefðbundnar ljósaperur nota. Ég minnist þess líka að þegar ég tók þátt í því að setja hönnunarmiðstöð í gang á sínum tíma var haldinn fyrirlestur þar sem tekin voru mörg dæmi um með hvaða hætti væri hægt að spara orku með hönnun. Það voru satt að segja alveg ótrúlegar tölur sem maður heyrði þar.

Á Íslandi höfum við búið við þá farsæld að við höfum haft gnótt af orku. Hér hefur raunverð á orku t.d. farið lækkandi síðustu tíu árin. Á sama tíma hefur það í flestum öðrum löndum verið á uppleið. Það hefur kannski líka gert okkur að hálfgerðum munaðarseggjum þegar kemur að orku. Við, almennir borgarar í landinu, höfum ekki lagt mjög mikla áherslu á að draga úr orkunotkun af því að gnótt hefur verið af henni og hún hefur verið tiltölulega ódýr. Átakið hefur kannski fyrst og fremst beinst að orku sem er innflutt. Ég er vitaskuld að tala um raforku úr jörðu og fallvötnum. Eigi að síður hafa stjórnvöld með margvíslegum hætti lagt gjörva hönd að verki í þeim efnum.

Hv. þingmaður spurði mig með hvaða hætti Orkusetrið á Akureyri, sem hún átti þátt í að koma á laggir, sinnti þessum málum. Frá því er skemmst að segja að Orkusetrið er með lífvænlegustu stofnunum iðnaðarráðuneytisins og ein af þeim stofnunum sem sýnt hefur hvað mest frumkvæði og nýja hugsun við að ryðja orkusparnaði brautina. Það er sjálfsagt að nefna alveg sérstaklega Sigurð Inga Friðleifsson, starfsmann Orkusetursins, sem hefur sýnt alveg ótrúlegt frumkvæði og ekki hikað við að koma og skaka skellum að ráðherranum ef honum hefur þótt hann seinn að hugsa í þeim efnum. Ég nefni sem dæmi að í ríkisstjórn í morgun lagði ég fram frumvarp um tvenns konar breytingar sem eiga sér algjörlega uppruna í Orkusetri. Nú er frumkvæði starfsmanna þar, þá sérstaklega þessa, sem varðar t.d. að breyta lögum um niðurgreiðslu húshitunar þannig að það heimilt sé, ef fjármagn er fyrir hendi, að verja meira en því 1% sem lögin heimila núna til þess að styrkja og ýta undir nýjar gerðir af vistvænni orku til að draga úr bæði rafhitun, ef hægt er, notkun orku í hana, og sömuleiðis til að draga úr notkun innflutts eldsneytis. Það skiptir máli. Það var í kjölfar tveggja tilraunaverkefna sem sú ágæta stofnun, Orkusetrið, stóð fyrir. Annað tilraunaverkefnið varðaði varmadælur en það er mál sem hv. þingmaður þekkir og margsinnis hafa verið gerðar skýrslur um. Það er þó ekki fyrr en núna á síðustu missirum að augu Íslendinga, og þá fyrst og fremst fyrir frumkvæði og eftirfylgni Orkusetursins, hafa opnast fyrir þessu. Jafnframt hafa nýjar tegundir varmadælna komið á markaðinn sem eru miklu nýtnari en hinar fyrri. Árangurinn er satt að segja ótrúlegur og það liggur fyrir með mjög skýrum og einföldum útreikningum að með því að beina nýtingunni að varmadælum er hægt að spara fyrir ríkið og fyrir þann sem hana notar.

Fólk er nú hvatt til að gera þetta með styrkjum þannig að styrkirnir sem hv. þingmaður þekkir sjálf úr sinni ráðherratíð, höfum við verið að lögum að veita hitaveitum í formi eingreiðslna sem jafngilda átta ára niðurgreiðslu á því svæði sem ný hitaveita nær til. Sömu meginhugsun verði beitt varðandi varmadælur, hvort sem um er að ræða einstakling sem býr í strjálbýli, á köldu svæði, eða þá eins og í Vestmannaeyjum þar sem menn reyna að þróa nýja tækni til að dæla varma hafsins á land og beita í fjarvarmaveitu. Þetta er alveg stórsniðugt. Þarna er um að ræða algjört frumkvæði Íslendinga að þessu marki að því er t.d. Eyjarnar varðar.

Þetta var annað og hitt var síðan það að tilraunaverkefni fór í gang að frumkvæði Orkusetursins í tengslum við nokkur sveitarfélög um einangrun húsa og ákveðinn stuðning til að koma því af stað. Frá því er skemmst að segja að mikill er áhugi á því og það verður samvinnuverkefni iðnaðarráðuneytisins, Orkusetursins sérstaklega, Íbúðalánasjóðs og nokkurra sveitarfélaga. Tilraunaverkefnið laut að því að taka í gegn fjölbýlishús á landsbyggðinni og sjá hve miklum orkusparnaði væri hægt að ná fram með þessu. Það voru dálítið sláandi tölur.

Það sem mig langar mest að nefna varðandi Orkusetrið og frumkvæði þess er að við í iðnaðarráðuneytinu höfum verið að undirbúa það sem við höfum kallað orkuskipti sem felur í sér að reyna að hverfa frá því að nota innlenda orkugjafa á bíla og taka upp rafbíla, þ.e. að rafvæða bílana. Þetta er algjörlega að frumkvæði Orkuseturs, hugsunin á bak við þetta og stefnan sem mótuð hefur verið. Því hefur verið falið þetta verkefni og þeir hafa sannarlega staðið vel undir því. Þessi tiltekni starfsmaður, sem ég hef hér nefnt, ásamt samstarfsmönnum sínum, hefur haft veg og vanda af því og við höfum, ekki síst fyrir hans tilstuðlan og frumkvæði, gert t.d. samninga við erlenda bílaframleiðendur um að Íslendingar sitji að tilteknum hluta af fyrstu framleiðslu 2010, fjöldaframleiðslu Mitsubishi-verksmiðjanna. Þessi ágæti starfsmaður hefur einmitt verið settur í alþjóðlegan starfshóp af okkar hálfu til að sinna þessu og öðrum verkefnum. Ég mundi telja að þetta væri það sem upp úr stendur og það sem mun brjóta mest í blað af því frumkvæði og þeim jákvæðu afleiðingum sem hljótast af Orkusetrinu á Akureyri. Síðan þekkir hv. þingmaður að Orkusetrið hefur starfrækt heimasíðu þar sem menn geta slegið inn númerið á sínum eigin bíl og séð hversu miklu kolefni hann eyðir og borið saman við staðla sem Orkusetrið hefur sett upp. Menn geta notað það til viðmiðunar og séð þannig hvort þeir eru orkusóðar eða ekki. Þetta hefur leitt til þess, og ég þekki það úr mínu eigin umhverfi, að menn hafa farið eftir þessum leiðbeiningum. Olíufélögin hafa sömuleiðis óskað eftir sérstöku samstarfi um þennan þátt í starfsemi Orkusetursins þannig að af því að hv. þingmaður spurði mig með hvaða hætti þeir hefðu sinnt hlutverki sínu eru þessir fjórir þættir hinir markverðustu. Einn af þeim stendur algerlega upp úr sem er frumkvæði þeirra og dugur í því að ýta stjórnvaldinu út í að ryðja brautina fyrir rafvæðingu bílaflotans. Það skiptir langmestu máli.

Við erum eina landið í heiminum sem getur rafvætt allan bílaflotann án þess að byggja eina einustu virkjun. Það þarf ekki að leggja í neinn fjárfestingarkostnað til þess þannig að það er allt í plús. Ég segi það af því að hv. þingmaður spyr um málið, að þessir starfsmenn hafa verið í fararbroddi og í reynd fyrirmyndir um hvernig opinberir starfsmenn eiga að vera. Þeir hafa tekið það mikið frumkvæði sjálfir við að leiðbeina stjórnvaldinu, eins og þeim ber auðvitað skylda til, og hafa gert það af miklum krafti.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og iðnn.

Skattaívilnanir vegna rannsókna- og þróunarverkefna, fyrri umr.

Þáltill. HöskÞ o.fl., 69. mál. — Þskj. 69.

[16:36]

Flm. (Höskuldur Þórhallsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar á þskj. 69, um skattaívilnanir vegna rannsókna- og þróunarverkefna.

Áður en ég kem að meginefni ræðu minnar vil ég nefna að þessi þingsályktunartillaga er mjög í anda hluta af efnahagstillögum okkar framsóknarmanna sem við kynntum um daginn en þar kemur fram að Framsóknarflokkurinn telur afar mikilvægt að styðja við frumkvöðlastarf og nýsköpun. Í því augnamiði er lagt til að fyrirtæki fái skattafslátt vegna rannsókna- og þróunarstarfs. Fyrirtækjum verði heimilt að

draga tvöfaldan kostnað við rannsókna- og þróunarstarf frá skatti. Þetta mun hvetja til rannsókna og þróunar og um um leið miða að fjölgun starfa. Verði sú raunin nemur skattafslátturinn vart hærri upphæð en sparast með lægri greiðslum vegna atvinnuleysis. Þetta á sérstaklega við nú þegar óvenjumikill fjöldi fólks með menntun á sviðum sem tengjast rannsókna- og þróunarstörfum hefur misst vinnu eða er líklegt til þess.

Af því að hæstv. iðnaðarráðherra er nú einn þingmanna staddur í salnum veit ég að hann mun væntanlega vera fús til að styðja þetta góða mál. Samfylkingarmenn hafa í nokkurn tíma verið með svipaðar tillögur en því miður hafa þær reynst orðin tóm og þrátt fyrir að þeir hafi setið núna í tveimur ríkisstjórnum á síðustu tæpum tveimur árum hefur ekkert hreyfst í þessu máli og ég verð að segja eins og er að það eru gríðarleg vonbrigði. Nú er tækifærið til að taka undir efnahagstillögur okkar framsóknarmanna og veita um leið þessari þingsályktunartillögu brautargengi. Hún orðast svo:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning þess að heimila skattaívilnanir vegna kostnaðar sem fyrirtæki leggja í vegna rannsókna og þróunar. Miðað verði við skilgreind og afmörkuð verkefni og ákveðið hámark sett á endurgreiðslufjárhæð hvers árs.“

Víða í nágrannalöndum okkar fjárfestir hið opinbera í nýsköpun og þróunarverkefnum með góðum árangri og eins og ég kom inn á áðan er kannski aldrei mikilvægara en einmitt núna að við reynum með öllum tiltækum ráðum að styðja þau fyrirtæki sem einmitt eru að leitast við að þróa og skapa ný verkefni fyrir sjálf sig og um leið atvinnu fyrir fjölmarga einstaklinga sem eru atvinnulausir.

Í dag veita 18 af 30 OECD-ríkjum einhvers konar skattaívilnanir vegna rannsókna og þróunar. Fjölmargar úttektir og kannanir sem gerðar hafa verið sýna að verulegur skortur er á stuðningi við fjármögnun nýsköpunar- og þróunarstarfa íslenskra fyrirtækja. Þá sýna tölur frá OECD að bein framlög bandarískra yfirvalda til rannsókna- og þróunarstarfs þarlendra fyrirtækja eru þreföld sem hlutfall af þjóðarframleiðslu samanborið við það sem hér þekkist. Það er einmitt meginmarkmiðið með þessari þingsályktunartillögu að efla nýsköpun sem leitt geti til efnahagslegra framfara og bættrar samkeppnisaðstöðu.

Norðmenn breyttu skattalögum sínum á þann hátt að lögaðilar sem stunda rannsóknir og þróun fengu heimild til frádráttar frá tekjuskattsstofni, allt að 20%, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í lögunum var lögð áhersla á að þeir sem nytu þessara heimilda stunduðu vel skilgreind og afmörkuð rannsókna- og þróunarverkefni með skýrum markmiðum um árangur.

Norðmenn hafa farið þá leið að fela rannsóknarráði Noregs að meta hvort verkefnin uppfylli skilgreiningu skattyfirvalda og jafnframt að meta hvort framtaldir kostnaðarliðir teljist viðurkenndur rannsókna- og þróunarkostnaður.

Þó að yfirskrift tillögunnar sé Skattaívilnanir er norska kerfið sem hér er lagt til að farið verði eftir í raun endurgreiðslukerfi sem veitir skattskyldum fyrirtækjum rétt til þess að fá endurgreidd 20% kostnaðar vegna rannsókna- og þróunarverkefna að tilteknu þaki. Skattkerfið nýtist í þessu skyni þannig að þau fyrirtæki sem greiða tekjuskatt fá afslátt en þau sem ekki greiða tekjuskatt fá endurgreiðslu. Kerfið er þannig óháð skattprósentu og þeim skatti sem fyrirtækin greiða. Þetta gerir kerfið sérstaklega áhugavert fyrir lítil og vaxandi fyrirtæki sem enn bera það mikinn þróunarkostnað að þau eru ekki enn farin að greiða beina tekjuskatta af rekstrarhagnaði.

Þingsályktunartillaga þessi er sérstaklega miðuð að því að bæta hag sprotafyrirtækja eða fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn. Reynslan af kerfinu er sérstaklega góð í Noregi eins og ég kom hér áður að. Kerfið hefur komið mikilli hreyfingu á nýsköpunarstarf norskra fyrirtækja og verkefni þeirra hefðu ekki komist á legg án þessa stuðnings. Verðmæti fyrirtækjanna hefur aukist sem og samstarf við önnur fyrirtæki og stofnanir. Sérstaklega vil ég benda á það að 25% norskra útrásarfyrirtækja hafa nýtt sér kerfið.

Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf er undirstaða hagvaxtar á Íslandi. Án nýsköpunar- og þróunarverkefna er hætt við að atvinnulífið verði einsleitara, samfélagið staðnaðra og viðkvæmara fyrir sveiflum. Á tímum mikilla sveiflna á gengi krónunnar og miklum mun á hagvaxtarstigi á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni og í raun í kjölfar þess efnahagshruns sem orðið hefur hjá íslensku þjóðinni hefur aldrei verið mikilvægara að efla rannsókna- og þróunarþátt fyrirtækja. Með þessu er hægt að skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið og ég er viss um það að þetta mun gagnast nýsköpunarfyrirtækjum úti á landi og sérstaklega, af því að við ræddum um stöðu landbúnaðarins áðan og þáttar hans í að skapa ný störf og stuðla að nýsköpun, gæti þetta verkefni reynst þeim fyrirtækjum sem þar starfa einstaklega vel.

Það er ljóst að búa þarf atvinnulífinu hagstæð starfsskilyrði, sérstaklega fyrstu starfsárin. Sá stuðningur þarf að vera sambærilegur við þann sem veittur er fyrirtækjum í samkeppnislöndunum. Ég tel því afar mikilvægt að þetta mál fái framgang á Alþingi og mælist til að tillögunni verði vísað til efnahags- og skattanefndar. Ég tel viðeigandi að sú nefnd fjalli um málið en vil þó einnig benda á að þar sem efnisþáttur þingsályktunartillögunnar skarast við aðrar nefndir og gæti þess vegna átt heima undir viðskiptanefnd eða menntamálanefnd þá verði hún einnig tekin til skoðunar í þeim nefndum. Ég vonast einnig til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu.

[16:43]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég er hlynntur meginefni og grunnhugsuninni í því máli sem hv. þm. Höskuldur Þórhallsson flutti áðan. Ég er honum alveg sammála um það að þetta er mjög nauðsynlegt og til þess að slá fleiri og dreifðari stoðum undir okkar atvinnulíf þurfi að gera það sem hægt er til að efla sprotafyrirtækin sem eru lítil í dag en eru hins vegar sprotar morgundagsins, þau sem munu vaxa upp í það að vera styrkir stofnar og sterkir meiðir í atvinnulífi framtíðarinnar.

Ég er þrátt fyrir þá kreppu sem við Íslendingar erum í núna eigi að síður nokkuð hóflega bjartsýnn á framtíðina. Ég held að þó að Íslendingar séu að segja má í tvöfaldri kreppu — við höfum farið í bankakreppu og við höfum farið í gjaldeyriskreppu eins og mörg önnur ríki hafa gert — höfum við algjöra sérstöðu að því leytinu til að ekkert land,

sem hefur lent í þessari bölvaðri klípu sem við höfum lent í, hafi jafnmikla möguleika á að vinna sig út úr henni og við Íslendingar.

Það er kannski þrennt sem ég vildi sérstaklega vekja eftirtekt á sem skiptir miklu máli. Allar undirstöður í íslensku samfélagi eru góðar. Þá er ég fyrst og fremst að tala um grunnásana í atvinnulífinu. Það vill svo til að við eigum sterka atvinnuvegi sem ekki bara skapa atvinnu daginn út og daginn inn heldur skapa líka mikinn gjaldeyri. Þegar við tölum um kreppuna, Íslendingar, verðum við að gæta okkar á því að búa ekki til sjálfstætt efnahagsvandamál úr víli og bölmóði. Við verðum að leyfa okkur að sjá það sem þó er jákvætt.

Það sem er jákvætt og það sem við getum notað til þess að vinna okkur út úr núverandi kreppu er í fyrsta lagi sjávarútvegurinn. Allar fréttir úr hafinu, nánast allar, eru góðar í dag. Þorskstofninn er á uppleið, loðnan hefur að vísu verið að angra okkur en það eru komnir nýir stofnar eins og makríll sem vegna loftslagsbreytinga eru farnir að koma inn í efnahagslögsöguna og veiðast í miklu magni. Við höfum hafið tilraunaveiðar á nýjum tegundum eins og gulldeplu, norsk-íslenski síldarstofninn er á hraðri uppleið og margir sterkir árgangar sem þar er að finna.

Í öðru lagi nefni ég þá atvinnugrein sem hefur byggst á náttúru og menningu okkar þ.e. ferðaþjónustuna. Hin hliðin á þróun krónunnar er vitaskuld sú að Ísland, sem var eitt af dýrustu löndunum í heimi, er núna orðið miklu ódýrara en áður og bókanir og pantanir hjá ferðaþjónustunni og útlit er gott.

Í þriðja lagi nefni ég svo einn þátt til viðbótar sem er okkar endurnýjanlega orka, sem er auðvitað gróttakvörn sem mun mala okkur gull í framtíðinni og við þurfum auðvitað að nýta með skynsamlegum hætti.

Ég hef stundum sagt að þessu til viðbótar séu tvö leynivopn sem Íslendingar hafa inn í framtíðina. Það er í fyrsta lagi eitt af því sem ég hv. þm. Grétar Mar Jónsson höfum verið mjög sammála um en aðrir þingmenn hafa oft gert skop og sett á okkur flím og sprok vegna þess, og það er olían. Ég er algjörlega sannfærður um að Íslendingar munu finna vinnanlegt magn af olíu og gasi í framtíðinni. Það bjargar okkur hins vegar ekki núna en það er eitt af því sem veitir okkur líka von inn í framtíðina. Hitt leynivopnið eru svo sprotafyrirtækin sem hv. þingmaður nefndi hér áðan. Við höfum yfir 200 sprotafyrirtæki á Íslandi. Umhverfi þeirra og bætur á því heyra undir ráðuneyti mitt, iðnaðarráðuneytið, og ég hef fylgst ákaflega vel með hag þeirra og sinnt þeim eins og kostur hefur verið á. Það er ákaflega fróðlegt að sjá að nánast öll þau fyrirtæki sem ég hef einhver afskipti haft af eða kynnt mér búa við góð tíðindi, þ.e. þau eru að bæta við sig fólki, þau eru ná betri markaðshlutdeild erlendis og þau eru mörg að ná góðum fjárfestingarsamningum, ná góðum erlendum fjárfestingum sem eru stórar á þeirra mælikvarða. Ef einhver þessara fyrirtækja, fimm, sex, mundu þróast með svipuðum hætti og sprotafyrirtæki síðasta áratugar, eins og nafni minn Össur, Marel eða CCP, þýðir það einfaldlega sköpun fimm til sex þúsund starfa. Það er því hárétt hjá hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni að það er eftir miklu að slægjast inn í framtíðina með því að reyna að styrkja umhverfi þeirra. Það höfum við einmitt verið að gera.

Hv. þingmaður nefndi að Samfylkingin hefði verið með ýmsar tillögur uppi. Það vill svo til að Samfylkingin er búin að hrinda þeim nánast öllum í framkvæmd, ég hef beitt mér fyrir því. Í fyrsta lagi höfum við þrátt fyrir kreppuna séð til þess að fjárveitingar voru auknar til Tækniþróunarsjóðs, sem er meginlífæð sprotafyrirtækjanna. Hann stendur núna í nánast 700 milljónum. Við sögðum að við ætluðum að tvöfalda hann á þessu kjörtímabili, það er á áætlun. Það eru ekki margir fjárlagaliðir sem jukust, herra forseti, en það sýndi vilja a.m.k. iðnaðarráðuneytisins, fyrrverandi ríkisstjórnar og núverandi ríkisstjórnar með góðum stuðningi Framsóknarflokksins að slá undir klárinn varðandi þetta.

Sömuleiðis hef ég beitt mér fyrir því líka á þessu ári eftir að kreppan hófst að svara þeim mikla sköpunarkrafti sem segja má að hafi gusast fram í kjölfar kreppunnar, því að það var engu líkara en að kreppan hyggi fjötra af sköpunarkrafti Íslendinga. Á mínum ferli í ráðuneytinu hefur aldrei eins og eftir kreppu borist jafnmikið magn af góðum hugmyndum, en þeim er það mörgum sameiginlegt að þær eru á frumstigi og í dag er mjög erfitt að fá fjármagn til að hrinda þeim í framkvæmd. Þess vegna beitti ég mér fyrir því í janúar að búin var til ný tegund styrkja, þ.e. frumherjastyrkir, sem er beinlínis ætlað að styrkja þá sem eru með nýjar hugmyndir sem eru komnar skammt frá fæðingu, og aðstoða þá sem slíkar hugmyndir hafa til að koma þeim í búning þannig að hægt sé að gera þær styrkhæfar eða hægt að fá fjárfestingar. Þarna er um að ræða styrki allt upp í 10 milljónir króna sem dreifast yfir tveggja ára tímabil.

Sömuleiðis fann ég það líka eftir að kreppan slæmdi sínum hrammi á okkur Íslendinga að það var miklu erfiðara fyrir þá sem voru hugsanlega t.d. komnir í gegnum Tækniþróunarsjóð að fá fjármagn ef þeir stóðu með fullbúna afurð í höndunum og þurftu að koma henni á markað, að þá var þeim örendið þrotið. Það var þess vegna sem við ákváðum það líka að koma með nýja tegund styrkja, svokallaða brúarstyrki, sem brúa þetta bil á milli Tækniþróunarsjóðs og kynningar á mörkuðum erlendis. Þetta hefur skipt mjög miklu máli og það má segja að með því að gera sprotafyrirtækjum kleift með þessum hætti að komast á markað séu þau líka búin að yfirstíga þá hindrun að geta búið til trúverðuga viðskiptaáætlun sem er aftur forsenda þess að njóta einhvers konar stuðnings hjá Nýsköpunarsjóði.

Því má heldur ekki gleyma að ég lagði líka fram hugmyndir og hef reyndar hrint í framkvæmd hugmynd að nýjum styrkjum, svokölluðum öndvegisstyrkjum, til að lyfta undir rannsókna- og þróunarvinnu innan geira sem ekki hafði notið mikillar athygli eins og t.d. innlendrar eldsneytisgerðar, eins og sjálfbærrar ferðaþjónustu og sömuleiðis skipulags, hönnunar og arkitektúrs. Þarna er verið að koma til móts við mikinn fjölda hinna allra smæstu fyrirtækja sem eru að verða til og sömuleiðis þeirra sem eru komin með fullþroskaða afurð en hafa ekki burði til þess að koma henni á markað.

Þetta vildi ég segja til að undirstrika það að iðnaðarráðuneytið hefur virkilega tekið sprotafyrirtækin að brjósti sér og reynt að gera það sem kleift er til þess að bæta umhverfi þeirra þrátt fyrir þá kröpuu stöðu sem við erum í.

Við erum ekki olíuþjóð eins og Norðmenn. Sú tegund

styrkja sem þeir hafa boðið sínum sprotafyrirtækjum og rannsóknafyrirtækjum upp á er mjög góð og hefur skilað miklum árangri. Ég er sammála hv. þingmanni að það er markmið sem við eigum að stefna að. Ég held að skattaívilnanir eða afbrigði af þeim, svipuð þeim sem hv. þingmaður nefnir, yrðu mjög jákvæðar inn í framtíðina. Mér skildist á ræðu hv. þingmanns að þær væru einkum bundnar við mjög lítil fyrirtæki, 10 manns eða minni, en ég er þeirrar skoðunar að skattaívilnanir af þessu tagi eigi að standa öllum rannsókna- og þróunarfyrirtækjum til boða. Ástæðan er sú að ég tel að til þess að búa til ný störf á Íslandi á þeim erfiðu missirum sem eru fram undan þurfum við að gera allt sem við getum til að fá stóru alþjóðlegu fyrirtækin okkar, eins og nafna minn, eins og Marel, eins og CCP, til að kalla fram sinn innri vöxt á næstu árum hér á landi. Tökum fyrirtæki eins og Marel, það er í matvælageiranum. Það er sá geiri sem alltaf réttir fyrst úr kútnum þegar heimur fer úr kreppu og auðvitað kemur að því að heimurinn fer úr núverandi kreppu. Slík fyrirtæki munu vaxa mjög hratt. Við þurfum þá að búa svo um hnútana að þau séu reiðubúin til að flytja allan sinn innri vöxt til Íslands. Við getum ekki gert þá kröfu á hendur þeim að þau segi upp fólki í útlöndum til þess að búa til störf fyrir Íslendinga, þetta eru alþjóðleg fyrirtæki þó að þau hafi heimilisfesti hér. Við eigum að gera þetta með tvennum hætti, með því að taka upp skattalegar ívilnanir eins og hv. þingmaður er að tala um og með því að bjóða þeim upp á stöðugt umhverfi hvað gjaldmiðilinn varðar og það þýðir að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Þetta skiptir langmestu máli til þess að búa til störf á Íslandi á næstu árum.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og efh.- og skattn.

Innköllun íslenskra aflaheimilda, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 98. mál. — Þskj. 105.

[16:54]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu sem tekur á því, ef samþykkt verður, að það skuli vera vilji Alþingis að innkalla allar íslenskar aflaheimildir sem hefur verið úthlutað á undanförnum árum samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum, og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Hæstv. forseti. Til að höndla með þennan rétt, aflaheimildirnar í hafinu, leggjum við til að stofnaður verði sérstakur auðlindasjóður sem íslenska þjóðin eigi og hann hafi það hlutverk að leigja atvinnuréttinn gegn eðlilegu afgjaldi, þ.e. að allar aflaheimildir verði árlega leigðar til þeirra sem nýta vilja. Leiga aflaheimildanna til fiskveiða verði bundin við íslenska ríkisborgara, á jafnréttisgrundvelli, og miðað verði að því að eðlileg nýliðun í útgerð verði tryggð. Óheimilt verði að framleigja leigðar veiðiheimildir. Tekjur af leigu aflaheimildanna renni í auðlindasjóðinn eftir nánari reglum sem Alþingi ákveður. Þetta er efni tillögunnar, hæstv. forseti.

Hér er verið að leggja til verulega breytingu frá því sem nú er um meðferð aflaheimilda á Íslandsmiðum en er þó í nokkru samræmi við það sem menn hafa verið að ræða á undanförnum árum, þ.e. að aflaheimildirnar á Íslandsmiðum tilheyri íslensku þjóðinni, íslenska þjóðin eigi þær og að þær teljist þjóðareign. Þetta hefur m.a. verið rætt í tengslum við endurskoðun stjórnarskrár og mun væntanlega angi þessa máls, þ.e. auðlindir í þjóðareign, koma fram sem þingmál að því er varðar breytingar á stjórnarskránni innan tíðar.

Vissulega er verið að leggja til nýskipan þeirra mála frá því sem nú er. Verið er að leggja til, hæstv. forseti, að aflaheimildirnar sem núna eru varanlega, ef hægt er að segja svo innan gæsalappa, á höndum útgerða sem hafa ráðstöfunarrétt á milli ára og geta leigt þær, selt eða veðsett, að slíkur réttur verði af þeim tekinn, en hins vegar verði passað upp á að útgerðirnar hafi nýtingarrétt því að það er ekki ætlun okkar í Frjálslynda flokknum að reyna að setja útgerðina í landinu á hausinn.

Við viljum hins vegar með þessum breytingum stuðla að því að ljóst sé að það sé íslenska þjóðin sem eigi heimildirnar í hafinu, kvótann, eins og þjóðin kallar það. Í skoðanakönnunum undanfarin ár hefur birst vilji 70% eða jafnvel 80% þjóðarinnar í þá veru að þjóðin eigi að eiga þessar auðlindir, þetta eigi að teljast þjóðareign sem íbúar landsins geti haft nýtingarrétt á. Það er alveg eðlilegt og sjálfsagt að svo sé. Nýtingarrétti á líka að fylgja sú ábyrgð að menn veiði heimildir sínar og ef þeir gera það ekki verði þeim skilað til baka og séu þá leigðar að nýju frá auðlindasjóðnum.

Við leggjum til verulega breytingu frá núverandi kerfi, hæstv. forseti, því við segjum alveg beint og kalt: Aflaheimildir á Íslandsmiðum eiga ekki að vera eign útgerðarmanna. Þeir hafa nýtingarréttinn og hafa kláran nýtingarrétt, hvaða kerfi sem er notað við að stjórna fiskveiðum.

Við þurfum líka að opna fyrir það sem sagt er í tillögunni að menn sitji við sama borð og að nýliðar komist inn í atvinnugreinina án þess að þurfa að greiða fyrir það sérstaklega til núverandi handhafa sem með aflaheimildirnar fara. Það hefur verið kallað leigukerfi, hæstv. forseti, leiguliðakerfi, þegar venjulegir frjálsbornir Íslendingar sem vilja stunda þá atvinnugrein að veiða fisk þurfa að leigja þann rétt af þriðja aðila, þ.e. þeim útgerðarmanni sem fékk aflahlutdeild úthlutað eða hefur hana undir höndum á hverjum tíma.

Því hefur löngum verið haldið fram, hæstv. forseti, að stór hluti aflaheimilda á Íslandsmiðum hafi þegar skipt um hendur og margir hafi keypt aflaheimildir sínar. Ég hygg að ef grannt væri skoðað megi færa fyrir því ýmis rök að þannig sé ekki í pottinn búið. Skipt hefur verið um kennitölur á fyrirtækjum, sameining fyrirtækja, tilfærsla, yfirtökur og ýmislegt fleira sem m.a. bankarnir hafa staðið fyrir og ýtt undir þegar verðreikningur aflaheimildanna og veðsetningin hefur orðið slík að ekkert vit var í henni, hæstv. forseti.

Fyrir rúmu ári synti 10 kílóa þorskur í sjónum við Ísland með 40 þús. kr. veðsetningu á sér, 4 þús. kr. var verðið á hverju kílói þegar menn voru að eiga kaup sín á milli. Út á þetta lánaði íslenska bankakerfið. Það er sennilega þess vegna, hæstv. forseti, sem skuldir sjávarútvegsins í ríkis-

bönkunum þremur, hinum nýju bönkum, eru 420 milljarðar, eins og kom fram í svari nýlega í hv. Alþingi. Þá eru ótaldar þær skuldir sem eru í Byggðastofnun, hjá sparisjóðum eða öðrum lánastofnunum. Mér er því nær að halda, hæstv. forseti, að núverandi skuldir sjávarútvegsins séu hátt í 600 milljarðar ef allt væri talið miðað við núverandi gengisskráningu.

Skuldsetning útgerðarinnar hefur því verið hrikaleg á undanförnum árum og í raun kippt að hluta rekstrargrundvellinum undan útgerðinni. Það hefur m.a. verið byggt á því að þeir sem nú hafa aflaréttinn geti leigt hann öðrum á ofurverði, verði sem er jafnvel jafnhátt og menn fá fyrir fiskinn þegar búið er að veiða hann, róa til fiskjar, veiða með veiðarfærunum, hantera hann, ísa hann, ganga frá honum, koma með hann og selja hann á fiskmarkaði, þá kemur það stundum fyrir, hæstv. forseti, að verðið fyrir aflann er það sama og hann er leigður á. Það eru aðrir aðilar sem borga leigugjaldið öðrum handhöfum útgerðarinnar sem fá aflann úthlutaðan á hverju ári en ekki ríkinu, það er ekki að renna til íslensku þjóðarinnar.

Ef einhvern tíma hefur þurft að fá nýjar tekjur fyrir íslenska þjóð þá er það einmitt nú, hæstv. forseti. Hins vegar er rétt að taka fram að þegar menn tala um að allar aflaheimildir séu á leigumarkaði út úr svokölluðum auðlindasjóði eins og lagt er til, þá verður leiguverðið allt annað en það hefur verið á undanförnum árum og ekki í neinu samræmi við þá okurleigu og ofurleigu sem menn hafa komist upp með að leigja aflaheimildirnar á.

Ég gæti trúað, hæstv. forseti, að ef útgerðarmenn almennt greiddu allir fyrir nýtingarréttinn sanngjarnt leiguverð til íslensku þjóðarinnar gæti leiguverðið á þorskígildiskíló — eins og menn vita er þorskígildið þannig reiknað að þorskurinn er einn og svo eru aðrar tegundir út frá því, sumar aðeins verðmætari en þorskurinn en margar lægri en hann — sem menn gætu rekið sig á sennilega verið á bilinu 25–30 kr. að hámarki. Ef leigja ætti þau 300 þús. þorskígildi sem eru innan lögsögunnar til íslenskra útgerðarmanna sem hafa þá aðgang með nýtingarrétti og annarra sem vilja leigja til sín og hafa ekki haft aflahlutdeildir á undanförnum árum, en fyrir slíkan aðgang leggjum við til að sé opnað með þeirri leið sem hér er lögð til, þá teljum við að það væri eðlilegur afreikningur þegar væri búið að selja fiskinn á markaði að til íslenska ríkisins rynnu 25–30 kr. af hverju einasta kílói. Það jafngildir því að af 300 þús. þorskígildum fengi íslenska þjóðin á hverju ári 9 milljarða kr. ef við notuðum 30 krónurnar, 9 milljarða kr. í nýjar tekjur.

Utan lögsögunnar eru um 70 þús. þorskígildi, hæstv. forseti, í þeim fisktegundum sem reiknaðar eru inn í kvóta en nokkrar fisktegundir eru ekki reiknaðar inn í kvóta enn þá. Þó að menn hafi verið iðnir við að fjölga fisktegundum í íslenska kvótakerfinu á undanförnum árum og búa til veðsetningarmöguleika og sölumöguleika bæði fyrir bankakerfið og útgerðina eru samt sem áður nokkrar tegundir utan aflahlutdeildarkerfis. Það má nefna nýjasta fyrirbærið, gulldeplu, sem ekki hefur enn ratað inn í kvótann og nefna má makrílinn, yfir 100 þús. tonn af honum voru veidd hér við land á síðasta ári, svo einhverjar tegundir séu nefndar. Þar áður var kolmunninn utan kvóta en menn mynduðu sér veiðireynslu af honum og fengu því úthlutað þeir sem það höfðu stundað. Síðan eru veiðiheimildir í Barentshafi með samningi við Norðmenn og Rússa í bolfiski. Veiðiheimildir eru á Flæmska hatti í rækju sem lítið hafa verið nýttar á undanförnum árum og karfinn er utan lögsögu, þ.e. úthafskarfinn, að ógleymdri norsk-íslensku síldinni, sem er sameiginlegur stofn sem við veiðum úr ásamt Norðmönnum, Færeyingum og Rússum og reyndar Evrópusambandinu sem kom inn í þann samning fyrir nokkrum árum með harðri kröfu um að fá hlutdeild í þeim stofni.

Þetta er það sem við erum að tala um, hæstv. forseti, og alveg ljóst að ef menn ætla að leigja þessi 70 þús. þorskígildi utan lögsögunnar er ekki verið að tala um 30 kr. á kíló. Sú sókn er dýrari, sækja þarf lengra til að ná í þann afla og búa til verðmæti úr honum. Við værum því ekki að leggja það til að sami reikningur væri fyrir leiguverð á veiðum utan lögsögu og innan.

Hæstv. forseti. Þetta þarf að ganga þannig upp að menn séu ekki að setja núverandi útgerð á hausinn þó svo að menn ákveði að breyta því óréttláta fyrirkomulagi sem verið hefur undanfarin ár og áratugi. Við leggjum til að íslenska þjóðin eignist aflaheimildir sínar og þeim verði ráðstafað til leigu á hverju ári fyrir þá sem vilja stunda þær fiskveiðar. Vissulega hefur útgerðin sem núna er í landinu mikinn rétt til þess að fá að stunda fiskveiðar og auðvitað þarf að marka henni eitthvert nýtingarhlutfall úr þeim heildarpotti, a.m.k. meðan aðlögun á sér stað.

Hæstv. forseti. Við sem flytjum tillöguna, sem eru ásamt mér hv. þm. Grétar Mar Jónsson og hv. fyrrverandi þingmaður Frjálslynda flokksins, Jón Magnússon, sem nú er genginn í Sjálfstæðisflokkinn, teljum að horfa verði til framtíðar og beinlínis verði að taka á því vandamáli sem við höfum orðað svo að á Íslandi væri kvótabraskskerfi vegna þess að réttinum hefur verið úthlutað til útgerðarmanna sem hafa haft algjört frjálsræði með það hvernig þeir hafa farið með þær aflaheimildir, leigt þær, selt, veðsett o.s.frv.

Það er mjög ánægjulegt, hæstv. forseti, að nú skuli vera uppi alvarleg umræða um að setja ákvæði um að auðlindir sjávar skuli vera í þjóðareign og setja þau inn í stjórnarskrána. Væntanlega verður það til þess að styrkja enn frekar rétt íslensku þjóðarinnar til þessarar auðlindar sinnar og reyndar margra annarra auðlinda. Við getum nefnt ferskvatnið, heita vatnið, olíuna, ef hún finnst, og þess vegna landbúnaðarlandið, hæstv. forseti, sem sérstök hlunnindi sem þarf að horfa til að því er varðar notkun og nýtingu íslensku þjóðarinnar og þeirra þegna landsins sem hér búa og vilja starfa.

Hæstv. forseti. Sá tími sem ég hef í framsögu er að verða búinn en ég óska eftir að fá að taka aftur til máls. Hér er um geysilega stórt og viðamikið mál að ræða sem ekki er hægt að gera fullnægjandi grein fyrir í stuttu máli en ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að ég tel að nú sé tími þess að þjóðin fái auðlind sína til baka og taki fyrir hana sanngjarnt gjald en þeir sem við eiga að búa, þ.e. íslenskir útgerðarmenn, eiga vissulega að hafa vissu fyrir því að geta gert út.

[17:09]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Það vekur töluverða athygli mína núna að bara þingflokkur Frjálslynda flokksins er hér í salnum og enginn nema forseti þingsins í salnum með okkur. Þetta segir dálítið um áhuga manna á sjávarútvegsmálum þrátt fyrir að sjávarútvegsmál og þingsályktunartillaga sem þessi geti gjörbreytt stöðu mála.

Nú gengur í sal hv. þm. Pétur Blöndal og þá erum við samtals fjórir þingmenn í salnum. Þetta er sorglegt og sérstaklega það að enginn ráðherra skuli vera hér og ekki neinir fulltrúar úr sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Þetta segir töluvert um vinnubrögð í þinginu og ég skora á þá þingmenn sem heyra til mín að mæta hér og taka þátt í umræðunni um þetta fiskveiðistjórnarkerfi sem við erum að tala um og þingsályktunartillöguna sem við vorum að leggja hér fram um að innkalla fiskveiðiheimildir sem íslenska þjóðin á í rauninni og gera þær að raunverulegri eign þjóðarinnar en ekki fárra útvalinna sægreifa sem hafa hingað til getað leigt, selt eða braskað með veiðiheimildirnar.

Við stöndum frammi fyrir því að efnahagskerfið okkar er nánast hrunið og við þurfum að byrja upp á nýtt. Við þurfum að búa til nýtt Ísland og það er lykilatriði að ef við ætlum að byrja upp á nýtt og reyna að ná vopnum okkar og verða þjóð meðal þjóða þá þurfum við að byrja á því að taka fiskveiðistjórnarkerfið til gagngerrar endurskoðunar, taka þetta svokallaða gjafakvótakerfi af. Það gerum við með því að innkalla allar veiðiheimildir eins og gert er ráð fyrir í þessari þingsályktunartillögu.

Við eigum möguleika á að leigja út veiðiheimildir fyrir þess vegna 10 milljarða á ári, jafnvel 20 ef sama verð fengist og þeir sem eru á leiguliðamarkaðnum borga í dag fyrir þorskinn, þ.e. 160–170 kr. Fyrir mánuði síðan var leiguverð á óveiddum þorski á einu kílói 200 kr. þannig að eftir miklu er að slægjast fyrir ríkið að hafa yfirráðaréttinn yfir kvótanum og geta leigt hann út. Ég vil sjá það líka að hann verði allur seldur á fiskmörkuðum og að veiðar og vinnsla verði aðskildar. Margt þurfum við að gera í íslenskum sjávarútvegi. En þetta er það sem við þurfum að byrja á.

Það þarf ekki að fara einu sinni enn yfir hvers lags kerfi við búum við, þetta svokallaða gjafakvótakerfi. Það er búið að rústa störfum hringinn í kringum landið. Það er búið að rústa sjávarbyggðum hringinn í kringum landið og arðurinn sem gæti verið af fiskveiðum á Íslandi er miklu minni og hann er að renna til fárra útvalinna en ekki til heildarinnar. Tekjur sveitarfélaga, útsvarstekjur, skerðast. Skatturinn til ríkisins skerðist út af þessu kerfi, út af því leiguliðakerfi sem er innbyggt í þetta fiskveiðistjórnarkerfi.

Fyrir svo utan það gaf mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir rúmu ári síðan það álit að þetta kerfi stæðist ekki og þess vegna þyrfti að breyta því, það þyrfti að taka það af að fáir útvaldir fengju kvóta úthlutað, þeir gætu nýtt hann til sölu til þriðja aðila og þeir sjómenn sem fóru með þetta alla leið til mannréttindanefndarinnar ættu að fá bætur. Ekkert hefur verið gert. Hvorki fyrrverandi. ríkisstjórn né núverandi ríkisstjórn sýna neina tilburði til þess að kippa þessum hlutum í lag og þeir sem kenna sig við sósíalisma og þykjast vera að berjast fyrir fólkið í landinu og mannréttindum eru ekki að standa sig sem skyldi. Ég skora á þá að bretta upp ermar og klára þessi mál og borga þessum ágætu sjómönnum sem fóru með þetta alla leið fyrir mannréttindanefndina bætur.

Við þurfum að fara nýjar leiðir og það er langeðlilegast að við gerum það eins og við leggjum til í þessari þingsályktunartillögu. Þetta er þannig að ekki verður búandi við það áfram. Margir mætir hagfræðingar hafa sagt að upphafið að ógæfu okkar hafi legið í gegnum fiskveiðistjórnarkerfið, þ.e. þegar það var byrjað afhenda kvóta ókeypis og leyfa mönnum að braska með hann. Þess vegna ætti í rauninni allur almenningur og fólk sem vill byrja upp á nýtt og endurbyggja Ísland að byrja á því að laga til þetta gjafakvótakerfi og færa þjóðinni aftur arðinn sem hún á skilið af fisknum í sjónum. Það er engin spurning um það að mikill arður er af sjávarútvegi. En hann hefur runnið til fárra útvalinna. Hvað er ekki búið að fara mikið af peningum út úr íslenskum sjávarútvegi upp á síðkastið, síðustu 10–15 ár? Óhemju, ómældir milljarðar hafa farið með einum eða öðrum hætti út úr greininni. Það er ekki ásættanlegt fyrir íslensku þjóðina að þola það.

Það er hægt að fara margar nýjar leiðir til þess að leiðrétta þessa fiskveiðistjórnarvitleysu sem við höfum búið við í 25 ár og sú sem við leggjum til í þessu frumvarpi er ein af þeim.

Fiskveiðistjórnarkerfið hefur ekkert fært okkur áfram á einn eða neinn hátt. En við byggðum upp Ísland á síðustu 100 árum fyrir það sem við höfðum upp úr hafinu. Það voru okkar gjaldeyristekjur. Það voru okkar tekjur sem við gátum notað til að byggja upp heilbrigðiskerfi, menntakerfi og annað. Þó svo að við stöndum frammi fyrir því núna að nánast allur sjávarútvegur er gjaldþrota út af þessu hruni bankakerfisins á haustdögum erum við og höfum möguleika til að bjarga okkur út úr þessari kreppu og það gerum við með því að nýta fiskinn betur, auðlindina í hafinu, veiða meira en við höfum gert af flestum tegundum. Það er ekki fjarri lagi að við gætum bætt við gjaldeyristekjur þjóðarinnar upp á 80 milljarða án þess að ganga á fiskinn í sjónum með þeim hætti að honum stafi hætta af því eða það mætti segja að við værum að fara í of mikla sókn. Það er auðvitað engin hætta á því.

Það eru þó gleðileg tíðindi núna að nú er alls staðar mikið fiskirí og mikill afli á flestum stöðum hringinn í kringum landið og hefur sjaldan eða aldrei meira af fiski gengið á miðin og auðvitað eigum við að nýta okkur þetta. Við þurfum að nýta okkur alla möguleika sem við getum. Auðvitað eigum við að nýta líka fallvötnin og orku í iðrum jarðar til þess að skapa okkur gjaldeyristekjur og skapa fólkinu atvinnu. Að veiða 50 þús. tonnum meira af þorski en við gerum gæti skapað 1.000–1.200 manns atvinnu. Það er mikill ábyrgðarhluti að fórna fólki frekar en fiski. Þó svo að við gengjum eitthvað á suma stofna okkar væri það skárri kostur en að ganga á fólkið okkar eins og við erum að gera í dag. Við horfum upp á mikla kreppu. Við horfum upp á mjög slæmt ástand meðal margra fjölskyldna í landinu og þess vegna er það leiðin okkar sem við höfum verið að vekja athygli á í Frjálslynda flokknum að okkur er óhætt að veiða meira af fiski. Í flestum tegundum getum við veitt meira af fiski og getum þar af leiðandi skapað meiri gjaldeyristekjur og fleiri mönnum atvinnu.

Þetta er það sem við þurfum að gera og þess vegna hvet ég alþingismenn sem sitja á þessu þingi til að taka þátt í þessari umræðu og náttúrlega veita þessari þingsályktunartillögu brautargengi (Forseti hringir.) og fá hana samþykkta.

[17:20]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um innköllun íslenskra aflaheimilda frá Frjálslynda flokknum.

Ég vil byrja á því að segja að í ljósi hruns á markaðnum eigi menn að sjálfsögðu að skoða allar leiðir og velta við öllum steinum því það er mjög mikilvægt sérstaklega þegar gerð eru fjárlög fyrir næsta ár að finna möguleika til að afla ríkissjóði tekna.

Svo vil ég benda á það, og sérstaklega hv. síðasta ræðumanni, að ég hef aldrei sett samasemmerki milli ríkis og þjóðar. Í síðasta lagi þegar ég þarf að fara að borga skattana mína uppgötva ég að það er ekki sami aðilinn, ríkið sem rífur af mér skattana og þjóðin sem ég tel mig vera hluta af. Það er mikill munur á ríki og þjóð.

Þann 11.11.1999, fyrir næstum tíu árum, lagði ég fram þingsályktunartillögu um að dreifa kvótanum á alla þjóðina og ég vænti þess að hv. þingmenn hafi lesið hana. Þar gerði ég mikinn greinarmun á þjóð og ríki og þar gekk ég út frá því að árlegum veiðiheimildum yrði dreift á hvern einasta íbúa á landinu, það kæmu u.þ.b. tvö þorskígildistonn á hvern íbúa og varanlegar aflaheimildir yrðu ekki lengur til. Varanlegar aflaheimildir yrðu teknar af útgerðinni á 25 árum, hæfilegri afskrift, 4% á ári, og þannig farið mildilega að útgerðinni og jafnvel þannig að hún mundi hagnast á því með því að fá vissu í málum sínum.

Í greinargerð með tillögunni sem við ræðum nú er gert ráð fyrir því að ríkið borgi skuldir útgerðarinnar með því að taka af þeim heimildirnar og þá er gert ráð fyrir því að allar útgerðir skuldi. Það er ekki endilega rétt forsenda. Hvað á gera við útgerðir sem skulda ekki neitt, á að borga þeim þessi verðmæti fyrir varanlegar aflaheimildir, á einu bretti? Það eru ýmsar spurningar varðandi þetta.

Þegar vextir lækkuðu í heiminum hækkaði eignaverð í öllum formum enda er það rökrétt. Eignir gefa af sér ákveðinn tekjustraum og þegar sá tekjustraumur er núvirtur með lægri vöxtum hækkar verðmætið. Þetta hafði bæði áhrif á fasteignaverð, hlutabréfaverð og kvótaverð, kvótaverð hækkaði mjög mikið. Þegar vextir hins vegar hækkuðu lækkaði þetta allt saman, öll þessi eignaverð, enda er þekkt samhengi þar á milli. Íbúðaverð lækkaði, hlutabréfaverð lækkaði og kvótaverð lækkaði líka og í þeirri stöðu erum við í dag. Þess vegna er skuldastaða sumra útgerðarfyrirtækja mjög slæm.

Það er ekki út af hruninu í haust, alls ekki, ég fullyrði að flest útgerðarfyrirtæki ættu að hafa bætt sig í hruninu. Það sem gerðist í kjölfarið var, ef maður lítur á stöðu útgerðarfyrirtækis frá sjónarhorni erlendrar myntar, hvort sem það er dollari eða evra, þá breyttust skuldirnar ekki neitt, tekjurnar breyttust ekki neitt heldur því þær eru beint tengdar gengi. Það sem breyttist var að innlendur kostnaður lækkaði. Hrunið sjálft gerði því ekkert annað en að skapa útgerðinni aukin tækifæri. Sama á við um ferðaþjónustu þó að tæknilega séð, vegna þess að skuldirnar eru reiknaðar upp á einu ári, þ.e. á árinu 2008, en tekjurnar koma á næstu fimm eða sex árum í erlendri mynt sem hefur hækkað mikið, þá geta menn tæknilega séð verið í miklum vandræðum og jafnvel gjaldþrota. En ef menn reikna þetta í erlendri mynt hefur ekkert gerst út af hruninu nema það sem er til bóta.

Eins og ég gat um áðan hefur eignaverð lækkað með hækkandi vöxtum og það getur verið að kvótaverðið sem er í eigu útgerðarinnar hafi lækkað vegna hækkandi vaxta en ekki vegna hrunsins í haust. Hafi útgerðirnar skuldsett þessi kvótakaup, sem margar þeirra hafa gert, þá geta þær lent í vandræðum en það er óháð hruninu. Það er bara vegna hækkunar vaxta á heimsmarkaði almennt.

Eins og ég gat um í upphafi er mjög mikið undir og mér finnst alveg sjálfsagt að menn velti við öllum steinum í stöðunni eins og hún er núna, hvort sem það eru kvótamál, eða lýðræði í verkalýðshreyfingunni eða lífeyrissjóðunum, hvernig stjórnir lífeyrissjóðanna eru kosnar, hvort sem það eru skattamál eða heilbrigðismál eða velferðarkerfið, við þurfum að velta við öllum steinum og reyna að finna hagkvæmustu lausnina á öllum hlutum og því er þessi tillaga er gott innlegg í þá umræðu.

[17:26]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil fagna ræðu hv. þm. Péturs Blöndals þar sem hann telur að þetta sé góð þingsályktunartillaga hvað það varðar að þetta geti orðið til þess að stokka upp kerfið í íslenskum sjávarútvegi, fiskveiðistjórnarkerfið, og ég get ekki annað en fagnað því hvernig hann tók á því, hv. þm. Pétur Blöndal.

Ríki og þjóð, já, það má vel vera að það sé í sumum skilningi ekki það sama en þjóðin á að eiga fiskinn í sjónum, hún á að vera þjóðareign, sameiginleg þjóðareign. Hvað er ríkið annað en þjóðin? Við getum farið út í þá sálma endalaust.

Ef úthlutun á kvóta yrði eins og hv. þingmaður lagði til, þ.e. að hvert mannsbarn fengi kvóta úthlutaðan, þá væri mjög erfitt fyrir íslenska útgerðarmenn að vinna við þannig kerfi þar sem hvert mannsbarn í landinu ætti kannski eitt tonn af veiðiheimild sem skiptist upp í 10, 20 kvótabundnar tegundir og þetta væri nánast í grömmum frekar en kílóum. Það gengur að mínu mati ekki upp enda væri það fljótt að safnast á fárra manna hendur líkt og í því kerfi sem við búum við núna og er ekki til lausnar.

Varðandi útgerð sem ekki skuldar er gert ráð fyrir því í þessari þingsályktunartillögu að þeir sem ekki skulda veiðiheimildir fái endurgreitt út úr auðlindasjóði en það er kannski (Forseti hringir.) lengra mál og ég mun nota tækifærið á síðari stigum til að útskýra það.

[17:28]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég var nú ekki sammála málinu en ég sagði hins vegar að það væri rétt að velta við öllum steinum í þeirri stöðu sem þjóðin er í núna, það er rétt að skoða öll mál.

Varðandi það sem hv. þingmaður sagði að þetta mundi

safnast á fárra manna hendur hefur hann ekki skilið það sem ég sagði vegna þess að varanlegar heimildir hverfa. Einungis yrði úthlutað árlegum heimildum, á hverju ári til íbúa landsins, það yrði stöðugur straumur af veiðiheimildum til íbúa landsins, barna, aldraðra, öryrkja, verkamanna o.s.frv., allir fengju jafnt, u.þ.b. tvö þorskígildistonn á ári. Þá talaði hv. þingmaður um grömm og eitthvað slíkt af einhverjum sjaldgæfum tegundum og það er rétt en þetta mundu menn að sjálfsögðu bara selja í kvótasjóði. Það mundi myndast kvótasjóður sem mundi kaupa þessar árlegu veiðiheimildir, tvö tonn af hverjum manni, ég veit ekki hvort það er 75 þúsund kall eða hvað það yrði mikið, kvótaverðið mun að sjálfsögðu lækka allverulega og kvótinn mun væntanlega leita til þeirra sem geta veitt ódýrast, sem er líklega trillan. Ég geri ráð fyrir að trillan geti borgað mest fyrir þann fisk sem hún getur veitt á meðan togararnir geta ekki borgað eins mikið.

Ég geri ráð fyrir að það myndaðist einfaldlega kvótasjóður og þegar skipstjóri er búinn að veiða einhverja tegund getur hann leitað að markaði, hvort hann geti ekki keypt fyrir þetta veiðiheimildir, t.d. á leiðinni í land. Þetta yrði bara alltaf til sölu og alltaf til kaups, svona veiðiheimildir á markaði. Ég sé ekki annað en að þetta væri mjög líflegt og mundi leiða til þess að menn mundu veiða fiskinn eins ódýrt og hægt er.

[17:30]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður þekkir bersýnilega ekki regluverk Fiskistofu, ekki má fara á sjó nema hafa veiðiheimildir á skipinu áður en farið er í róður. Það væri dálítið erfitt að safna því hjá fullt af fólki út um borg og bý, að reyna að ná í veiðiheimildir. Þessa hugmynd hv. þm. Péturs H. Blöndals er auðvitað hægt að hugsa sér í einhverjum kvótabanka, en kvótakerfið sem slíkt er mjög slæmt vegna þess að þegar menn leigja veiðiheimildir, kvóta, fyrir 200 kr. kílóið af þorski og markaðsverðið er 210 til 220 kr. gefur augaleið að fiska þarf dýrasta fiskinn, sem er venjulega stærsti og besti fiskurinn.

Við höfum verið að gagnrýna það í Frjálslynda flokknum, frá því að kvótakerfið var tekið upp og frá því að flokkurinn var stofnaður, að brottkast fylgir og er innbyggt í kerfið, þ.e. þegar menn veiða fisk sem ekki nær því verðmæti að hægt sé að landa honum er honum kastað. Það er einn stóri gallinn við kvótakerfið, brottkast, framhjálandanir og annað í þeim dúr. Ég hef lagt fram frumvarp hér í vetur um að skoða það og rannsaka hve miklu er landað fram hjá og hent í sjóinn og annað í þeim dúr. Ég vildi að rannsóknarnefnd yrði sett á laggirnar svo að við fáum það upp á borðið hve mikið færi forgörðum með þeim hætti. — Í dag er leiguverð 170 kr. á þorski en markaðsverð 200 kr.

[17:32]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi heimildir Fiskistofu og þær stífu reglur sem eru í gangi í dag reikna ég með því að menn mundu breyta þeim reglum í kjölfar slíkrar endurskoðunar sem þingsályktunartillaga mín og líka þingsályktunartillaga hv. þingmanna Frjálslynda flokksins ganga út frá, menn breyta að sjálfsögðu slíkum reglum. Varðandi brottkastið er búið að setja inn reglur um það að menn geti komið með ákveðið magn af fiski að landi, sem er þá eign Fiskistofu, þannig að búið er að gera heilmikið en auðvitað þarf að gera miklu meira í því að laga það.

Varðandi það hvað menn eru að borga mikið fyrir kvótann er það dálítið merkilegt sem er að gerast í kerfinu. Ég skrifaði grein um það fyrir tíu árum, held ég. Ég spurði: Hvers vegna vill útgerðin ekki græða? Ég spurði að því. Ég spurði: Af hverju leigir stórt útgerðarfyrirtæki, eins og Grandi var þá, ekki frá sér kvótann eins og það má, helminginn af honum? (Gripið fram í.) Það mundi græða fimm sinnum meira. Af hverju vill það ekki græða? Ég hef ekki fengið svar við því. Ég hef ekki fengið svar við því af hverju útgerðin vill ekki græða eins og hún hefði getað gert allan tímann með því að leigja frá sér kvótann.

Ef hún hefði leigt frá sér kvótann, hvað hefði það haft í för með sér? Kvótaverðið hefði lækkað allverulega. Þá hefði kannski komið í ljós að verðinu er haldið uppi, það skyldi nú ekki vera að verðinu hafi verið haldið uppi til þess að eiga andlag fyrir veð svo að hægt sé að veðsetja hár eignir?

Ég hef ekki enn fengið svar við þessari grein, hún hét: „Hvers vegna vill útgerðin ekki græða?“ Ég held að þarna sé komið ákveðið vandamál, það er náttúrlega fáránlegt að menn séu að kaupa og selja kvóta á 200 kr. kílóið þegar verð fyrir veiddan fisk er rétt aðeins hærra á markaði.

[17:34]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Við ræðum hér þingsályktunartillögu um innköllun íslenskra aflaheimilda. Mig langar að blanda mér örlítið í þessa umræðu. Í tillögunni, m.a. í greinargerð, er greint frá því að tillagan sé fram komin vegna þeirra vandamála sem við eigum nú við að stríða vegna bankahrunsins.

Ég held, frú forseti, að einmitt vegna bankahrunsins ættum við að ganga hægt um gleðinnar dyr og fara ekki út í það að kúvenda öllum okkar kerfum, hvort heldur það er fiskveiðistjórnarkerfið, stjórnarskráin, kosningalöggjöfin eða hvað það nú er. Það er eins og menn séu að rjúka til og finna út einhver töfrabrögð á þessari stundu í íslensku samfélagi.

Ég held að við eigum að gæta okkar verulega varðandi það að rjúka upp á hinu háa Alþingi og breyta öllum lögum breytinganna vegna. Við vitum sem er að sjávarútvegurinn er mikilvægasta tekjulind okkar, gjaldeyristekjur eru langmestar frá sjávarútvegi og aukast hlutfallslega eftir bankahrunið frá sjávarútveginum. Við þurfum að skapa honum þau starfsskilyrði að hann búi við stöðuga og trygga löggjöf þannig að þeir sem leggja fjármuni til þessa atvinnuvegar viti hvar þeir standa en ekki kúvenda aftur og aftur hér á löggjafarþinginu starfsskilyrðum sjávarútvegsins. Ég vil vara við því að við förum að taka þessa þingsályktunartillögu of alvarlega. Ég held að við eigum að skoða þetta miklu betur en það að rjúka svona upp.

Frú forseti. Sjávarútvegurinn er okkar öflugasta gjaldeyristekjulind. Við erum jafnframt með miklar tekjur af orkunni sem við framleiðum og m.a. í formi útflutnings á áli. Við erum með gríðarlega öfluga ferðaþjónustu sem afl-

ar gjaldeyris fyrir samfélag okkar og þar eigum við yfir að ráða gríðarlega miklum fjárfestingum í ferðaþjónustunni, sem eru bæði hótel, bílafloti, veitingahús og samgöngutæki. Við höfum einn stærsta þjóðgarð Evrópu, Vatnajökulsþjóðgarð. Þetta eru allt saman hlutir sem við þurfum að hlúa að og gera þannig úr garði að við getum aflað gjaldeyris fyrir þjóðina eins og á stendur. Við erum jafnframt með aðrar greinar atvinnulífsins, eins og iðnað ýmiss konar og ég tala nú ekki um landbúnaðinn sem skapar gríðarlega mikil verðmæti sem við notum innan lands og sparar okkur gjaldeyrisútgjöld. Þessum greinum þurfum við að hlúa að.

Í dag er ástandið þannig að fiskverð fer lækkandi í Evrópu. Menn eru farnir að sigla aftur með afla beint á markað og það er birgðasöfnun hjá fiskframleiðendum í landinu. Það er því ýmislegt að gerast í umhverfi þessarar atvinnugreinar þannig að ekki er rétt að rasa um ráð fram og fara út í þær breytingar sem hér er talað um án þess að það sé ígrundað gríðarlega vel. Menn geta í sjálfu sér lagt fram þingsályktunartillögu af þessu tagi en ég held að þetta þurfi að skoða miklu betur í okkar samfélagi.

Síðan er það auðvitað framkvæmdin. Ég ætla ekki að fara að eyða orðum að því hvernig sú framkvæmd er hugsuð af hálfu þeirra sem flytja tillöguna. Fyrst og fremst, frú forseti, þarf að tryggja það að þessum atvinnuvegum, sem við erum að stóla svo mjög á og verðum að stóla mjög á varðandi gjaldeyrisöflun, sé ekki ógnað héðan frá löggjafarvaldinu þannig að menn hafi ekki vilja og áhuga á að vera í þessari atvinnugrein. Þetta er áhættusöm atvinnugrein og þeir sem stunda útgerð á Íslandi eru að verða langþreyttir á þeim kúvendingum sem verið er að bjóða upp á af og til af hálfu stjórnvalda.

[17:40]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Kúvendingar í sjávarútvegi hafa engar orðið síðan kvótakerfið var sett á fyrir 25 árum. Þann 1. janúar árið 1984 tók kvótakerfið gildi, var samþykkt í þinginu haustið 1983. Það er eina kúvendingin sem orðið hefur í fiskveiðum og er eitthvert mesta feilspor sem við höfum stigið fyrr og síðar. Það hefur m.a. leitt af sér þá kreppu sem við stöndum frammi fyrir núna að mati margra hæfustu hagfræðinga bæði okkar og annarra landa sem hafa talið að þetta hafi verið ógæfa okkar númer eitt, tvö og þrjú, það var að innleiða þetta braskkerfi.

Hver hefir svo árangurinn orðið af þessu fiskveiðistjórnarkerfi? Þegar kerfið var sett á máttum við veiða 267 þús. tonn af þorski. Á síðasta ári var úthlutað 130 þús. tonnum af þorski, það er nú allur árangurinn. Þegar kerfið var sett á þurfti að segja mönnum það og fólkinu í landinu að mjög slæmt ástand væri á þorskstofninum til þess að hægt væri að rökstyðja það að afhenda fáum útvöldum kvótann, fiskinn.

Við stöndum því frammi fyrir því að sú ógæfa og sú kreppa sem við búum við núna er að stærstum hluta til komin vegna reglna um stjórn fiskveiða og gjafakvótakerfisins. Ef við ætlum að líta til framtíðar og byggja Ísland upp á nýtt er það það fyrsta sem við þurfum að gera að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu og innkalla allar veiðiheimildir á Íslandi til þjóðarinnar, til ríkisins og úthluta þeim aftur með eðlilegum hætti þaðan.

[17:42]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í andsvari mínu vil ég fyrst og fremst koma þessu á framfæri: Við rekum gríðarlega tæknivæddan og fullkominn sjávarútveg á Íslandi, bæði veiðar og vinnslu. Þessi fyrirtæki hafa verið að gera það mjög gott hér á Íslandi t.d. miðað við fyrirtæki í sambærilegum rekstri í Noregi þar sem þau fyrirtæki njóta ríkisstyrkja. Þetta eru samkeppnisaðilar okkar og við getum ekki talað þannig um íslenskan sjávarútveg að ekki hafi orðið mikil hagræðing og að þeir sem stunda þessa atvinnugrein séu ekki að gera góða hluti.

[17:43]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er dálítið skondið að tala um gjaldþrot sem allur íslenskur sjávarútvegur er nú í einmitt núna, hann er nánast gjaldþrota. Það er líka dálítið skondið að þrátt fyrir þetta gjafakvótakerfi í 25 ár, þrátt fyrir að menn hafi fengið að veðsetja, leigja og selja ókeypis veiðiheimildir — og hvað er ríkisstyrkur? Fyrir tveimur árum var kvótinn metinn á þúsund milljarða í sölu. Hvað er ríkisstyrkur ef ekki það að fá ókeypis úthlutun verðmætis fyrir þúsund milljarða? Það er ríkisstyrkur.

Norðmenn eru ekki með ríkisstyrktan sjávarútveg, langt því frá, og þeir eru mjög arðbærir. Þessi ágæti sjávarútvegur og þetta fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum er ríkisstyrkt síðustu 25 árin til handa fáum útvöldum sægreifum Þrátt fyrir það er greinin gjaldþrota. Þetta eru bara staðreyndir sem ekki er hægt að þræta fyrir.

Færeyingar eru með kerfi og þeir voru að lána okkur Íslendingum peninga fyrir stuttu þegar við þurftum á því að halda. Þeir höfðu efni á því í sínu sóknardagakerfi, í sínu dagakerfi, þar sem þeir hafa stjórnað fiskveiðum sínum af miklu meiri skynsemi en nokkurn tíma við. Þeir eru til þess hæfir og hafa til þess getu að lána okkur peninga. Það er því fáránlegt hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni að tala um að ekki megi verða kúvending í íslenskum sjávarútvegi. Íslenskur sjávarútvegur er nánast gjaldþrota þrátt fyrir að hafa verið á ríkisstyrk í 25 ár upp á ómældar upphæðir sem kannski eru á einhverjum eyjum, fullt af þessum peningum, búið að fela þá og taka þá út úr atvinnugreininni sem slíkri.

[17:45]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Kjartan Ólafsson talaði um að við mættum ekki taka áhættu með breytingu á kvótakerfinu. Við skulum þá skoða hvað menn hafa verið að aðhafast í kvótakerfinu á undanförnum árum.

Meginbreytingin sem varð var í ráðherratíð Þorsteins Pálssonar, sem nú er ritstjóri *Fréttablaðsins*. Hann innleiddi frjálsa framsalið algerlega óheft, tók í burtu umsagnar- og neitunarvald stéttarfélaga og sjómannafélaga um að kvótinn væri færður úr byggð, tók í burtu neitunarvald bæjarfélaga um að kvótinn væri færður úr byggð. Menn ákváðu síðan að búa til hjáregluna um kvaðabindingu kvótans við skip og náðu þannig að veðsetja aflakvótann kringum útgerðina

sem varð síðan grundvöllur þess að menn skuldsettu útgerðina í hvert skipti sem kvótinn var seldur, alltaf var söluverðið að hækka og menn fengu hærra lán, þeir sem keyptu. Þetta varð til þess að skuldir sjávarútvegsins hafa vaxið á undanförnum árum, ég veit að hv. þm. Kjartan Ólafsson veit nákvæmlega hvað ég er að tala um í því sambandi.

Hæstv. forseti. Hverjir voru það yfirleitt sem bjuggu til aðferðina við að leigja fisk? Voru það ekki útgerðarmennirnir sjálfir sem stofnuðu til þess að fara að leigja óveiddan fisk í sjó? Jú, þeir gerðu það, engir aðrir. Þeir bjuggu til þá aðferð. Þeir bjuggu líka til þá aðferð að uppreikna verðmæti á óveiddum fiski í sjó þangað til veðsetningin á hvert kíló var orðin 4.000 kr. (Forseti hringir.) Það hefur enginn rutt þessa braut aðrir en íslenskir útgerðarmenn og nú er komið að því að þjóðin fari að fá einhvern arð af auðlind sinni.

[17:47]

Útbýting:

Reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum, 363. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 615.

[17:48]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Af nógu er að taka þegar farið er að tala um fiskveiðistjórnarkerfið á Íslandi síðustu 25 ár. Við erum að fara í gegnum þessa umræðu núna af því að við í Frjálslynda flokknum leggjum fram þingsályktunartillögu til að reyna að snúa ofan af mestu ógæfu, mesta slysi, í Íslandssögunni af manna völdum, þ.e. að innleiða gjafakvótakerfi sem við höfum búið við í 25 ár. Það á kannski meiri þátt í þeirri kreppu sem nú er en nokkur annar mannlegur gjörningur frá því að það var innleitt.

Til eru lausnir á því hvernig hægt er að komast út úr þessari kreppu. Við höfum lagt til lausnir. Við höfum lagt til að veiða meira af fiski. Við höfum talað um að auka útflutningstekjur þjóðarinnar um allt að 80 milljarða með því að sækja meira í hafið, vinna meira af fiski hér innan lands og gera ýmsar ráðstafanir, gera hlutina öðruvísi en við höfum gert. Við erum að leggja drög að nýju Íslandi. Við erum að leggja drögin og við þurfum að fá fólkið í landinu til að átta sig á þessu.

Það er lykilatriði í því að byggja upp nýtt Ísland að taka þetta bölvaða kvótakerfi af sem hefur farið illa með landsbyggðina alla, sjávarútvegsstaði hringinn í kringum landið. Þar hefur fólkið tekist á við kreppu þegar kvótar hafa verið fluttir í burtu og seldir. Einn einstaklingur í hverju sveitarfélagi getur tekið atvinnuna úr fiskvinnslunni, frystihúsinu eða útgerðinni með því að flytja skipið burt eða selja. Þetta er það sem við höfum búið við og þetta er mjög alvarlegt.

Okkur hefur heldur ekkert gengið að auka við fiskstofnana. Þeir hafa frekar minnkað og það kemur til af þessum kvóta, m.a. brottkast og annað. Þó að við vitum að ástandið á þorskstofninum er töluvert betra en fiskifræðingar hafa haldið hefur kerfið ekkert gert fyrir almenning á Íslandi nema skaða hann. Það er sorglegt til þess að vita að engin nýliðun hefur getað átt sér stað með eðlilegum hætti í þessari atvinnugrein.

Það er margt sem hægt er að koma inn á varðandi þá hluti sem snúa að fiskveiðistjórnarkerfinu, alls konar svindl og svínarí — mismunun á milli einstaklinga með fyrirgreiðslu. Á meðan ríkisbankarnir voru og eftir að ríkisbankarnir voru seldir var verið að skipta þessu eftir helmingareglunni hverjir fengu fyrirgreiðslu til að taka þátt í því að kaupa kvóta og voru raunverulega settir á til að lifa en aðrir slegnir af. Þetta er sú saga sem við höfum af kvótakerfinu og ekki er hægt að finna neitt gott sem fiskveiðistjórnarkerfið hefur leitt af sér.

Þegar við ætlum að byggja upp nýtt Ísland verðum við að byrja á því sem mestu máli skiptir í gjaldeyristekjum þjóðarinnar, að íslenska þjóðin fái arðinn af fiskinum, fái arðinn af veiðiheimildunum með þeim hætti að þær verði boðnar út eða sett á þær ákveðið verð. Það er tæknileg útfærsla hvernig það er gert, hægt að gera það eftir mörgum mismunandi leiðum. Það er hægt að bjóða veiðiheimildirnar upp á markaði. Það er líka hægt að setja á það ákveðna krónutölu og annað í þeim dúr. Við höfum alla möguleika til að fara nýjar leiðir og tryggja að þjóðin fái allan arðinn af fiskinum úr hafinu en til þess þurfum við að breyta hlutunum. Við þurfum að ná veiðiheimildunum, auðlind þjóðarinnar, til þjóðarinnar aftur.

Þingsályktunartillagan snýst um það að breyta kerfinu. Ég hvet þingmenn — þó að þeir séu ekki hér til staðar í salnum núna og enginn úr landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd, svo skammarlegt sem það er nú, og alls ekki ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarmála, hæstv. Steingrímur J. Sigfússon, hann lætur ekki svo lítið að láta sjá sig þingsal.

[17:53]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Mig langar í lok þessarar umræðu að fara nokkrum orðum um efni málsins og víkja að því sem m.a. hefur komið fram í máli manna.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði áðan að menn þyrftu að vita hvar þeir stæðu þegar verið væri að tala um fiskveiðistjórnarkerfið og breytingar á því. Til upprifjunar er rétt að minna á að fiskveiðistjórnarkerfinu hefur iðulega verið breytt en gegnumgangandi vilji í þeim breytingum hefur alltaf verið í eina átt, að festa kvótann niður meira og betur á þá sem fyrir eru í greininni en verið hefur. Í kvótakerfisframkvæmdinni hefur t.d. ein regla iðulega verið notuð þegar kvótasetja hefur átt einhverja fisktegund, það er svokölluð þriggja ára regla.

Hún var notuð í upphafi, hæstv. forseti, þegar kvótinn var settur á árið 1984, þá var notuð viðmiðunarregla fyrir þrjú fiskveiðiárin þar á undan og fundin út aflareynsla allra skipa. Því til viðbótar var svo fundin út aflaregla og aflaverðmæti skipa í sérveiðum, þ.e. skipa sem stunduð hörpuskel, humarveiðar og síldveiðar, svo að eitthvað sé nefnt, fundið á það sérstakt verðmæti hvað þessi skip hefðu í tekjur af sérveiðum sínum. Sérveiðarnar voru síðan mínusaðar frá til lækkunar á almennri úthlutunarreglu miðað við aflahlutdeild eða aflareynslu undanfarandi þriggja ára. Þetta var gert til að reyna að tryggja að aflinn dreifðist á flotann og öll skip hefðu verkefni. Það var meginmarkmið kvótasetningarinnar á sínum tíma að tryggja að útgerðin hefði verkefni þrátt fyrir minnkandi veiðiheimildir, sem þá var verið

að spá, en á árinu 1983 veiddum við 283 þús. tonn.

Það var svo einkennilegt að á árinu 1984, fyrsta kvótaárinu, veiddum við nánast sömu tölu eða rétt rúmlega 280 þús. tonn. Sá svartnættisspádómur sem hafði komið frá fiskifræðingum í lok árs 1982 eða 1983, þegar ekki náðist að veiða upp í heildaraflann sem ráðgert var, reyndist ekki haldbetri en svo að strax á árinu 1984 veiddum við það sama í öðru kerfi sem þá var kvótakerfi og síðan meiri afla 1985 og 1986 og 1987, svo að því sé til haga haldið. En smátt og smátt voru allar útgerðir teknar inn í kvótakerfið. Tíu tonna bátarnir sem fyrst voru utan kvótakerfis voru teknir inn og kvótasettir niður í 16. Síðan voru smærri bátarnir enn og aftur teknir inn í kvótakerfið o.s.frv. og að lokum „fullkomnuðu menn kvótakerfið“ þegar mönnum tókst að leggja af handfæraveiðar á Íslandsmiðum og koma trillunum inn í kvótakerfið. Það varð til þess að handfæraveiðar hafa svo til lagst niður á stórum svæðum allt í kringum landið. Veiðar sem héldu áður uppi atvinnu fyrir norðan, austan og vestan yfir sumartímann, sem var einmitt útgerð hinna smærri báta, sem færðu sig til vegna þess kerfis sem þeir voru í, sem var frjálst sóknarkerfi, þ.e. sóknardagakerfi með ákveðnum dagafjölda sem menn fengu að stunda veiðar — menn færðu sig til miðað við fiskigöngur og fylgdu fiskigöngunum og menn sáu þetta gamla munstur sem verið hefur á Íslandsmiðum í 100 ár, hvernig fiskur hagar sér á Íslandsmiðum.

Því miður er það liðin tíð. Örfáar trillur stunda handfæraveiðar í dag og þetta eðlilega munstur veiðiheimilda og fiskigangna er nánast að hverfa vegna þess að við höfum sjálf eyðilagt þá fiskifræði sem þarf sjálfkrafa að koma upp með hegðun fiskimannanna. Því er verr og miður, hæstv. forseti.

Við getum velt því fyrir okkur út á hvað hafa íslenskir útgerðarmenn verið að versla frá 1991–1992 þegar frjálsa framsalið kom inn í kerfið fyrir tilverknað Sjálfstæðisflokksins og Þorsteins Pálssonar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur í gegnum tíðina átt einn stærsta þáttinn í því að festa þetta kerfi í sessi og berjast fyrir því alla tíð og reyndar Framsóknarflokkurinn meðan hann var í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum.

Menn versluðu út á um það bil 150 þús. tonn af þorski, hæstv. forseti. Ef tekið er meðaltal frá 1992 og fram til dagsins í dag hafa íslenskir útgerðarmenn sætt sig við að kaupa aflann hver af öðrum óveiddan í sjónum miðað við aflahlutdeild út úr 150 þús. tonnum að meðaltali. Hægt væri að færa rök fyrir því að þessi tala væri 165 þús. tonn en þá væru menn með alla byggðakvótana inni og aðra uppbótarkvóta sem verið hafa inni í kerfinu, m.a. vegna þess að menn hafa brugðist við bresti í rækjuveiðum eða hörpuskelsveiðum svo að dæmi séu tekin. Ef þær sérstöku úthlutanir eru teknar út úr þá er um að ræða rúmlega 150 þús. tonn. Það voru íslenskir útgerðarmenn sem bjuggu til leigukerfið, það voru íslenskir útgerðarmenn sem bjuggu til sölukerfið, það voru íslenskir útgerðarmenn sem ákváðu að versla sín á milli fyrir 150 þús. tonn.

Ef okkur tækist svo gæfulega til að breyta þessu kerfi, sem við erum að leggja til, er það algert hámark að íslenskir útgerðarmenn fengju sjálfkrafa tímabundinn nýtingarrétt til einhverra ára sem miðaðist við 150 þús. tonn af þorski. Öll önnur viðbót ætti strax að fara inn á leigumarkað og það ætti að marka forgang þeirra sem hafa verið þjóðnýttir af öðrum útgerðarmönnum undanfarin ár sem leiguliðar, það er ekki hægt að orða það öðruvísi, hæstv. forseti. Það er nánast eins og leiguliðarnir hafi verið í vistarbandi höfðingjanna sem hafa fengið aflaheimildirnar á hverju ári og verið þjóðnýttir af þeim. Ég hef stundum orðað það svo, hæstv. forseti, að leiguliðinn væri arðsamasta einingin í kvótakerfinu, sérstaklega fyrir þá sem eru að leigja þeim heimildir, aðra útgerðarmenn, sem fá þeim úthlutað á hverju ári.

Þetta er sorglegt en einmitt í þessum sjómönnum sem hafa verið að gera út á leigukvótann undanfarin ár hefur falist sá kraftur og dugnaður sem allar atvinnugreinar þurfa á að halda til að fá endurnýjun. Þar hefur iðulega verið að finna kraftmestu sjómennina sem hefðu getað tekið við í íslenskri útgerð ef þeir hefðu getað fengið að keppa á jafnréttisgrundvelli við aðra og hefðu síðar orðið útgerðarmenn framtíðarinnar. Allar atvinnugreinar þurfa endurnýjun. Það þarf að vera innbyggt í kerfið að endurnýjun verði en mönnum sé ekki haldið niðri við sult og seyru eins og gert er í íslenska leigukerfinu með íslenskar aflaheimildir.

Þjóðfélagsþróun í landinu hefur kallað á það að við horfum til þess að afla nýrra tekna. Við í Frjálslynda flokknum leggjum hiklaust til að það myndist nýjar tekjur í gegnum leigu aflaheimilda upp á 10–15 milljarða kr. á ári fyrir íslensku þjóðina. Ekki veitir af eins og nú árar í þjóðfélaginu og það væri mjög eðlilegt að koma slíku fyrirkomulagi á. Þar með væri rekstur venjulegra útgerða tryggður ef tekið yrði tillit til þess að menn greiddu ekki of hátt veiðigjald og íslenska þjóðin ætti auðlindir sínar og fengi fyrir þær afgjald á hverju ári í ríkissjóð sem síðar hjálpar okkur til að halda úti velferðarkerfi, heilbrigðiskerfi, menntakerfi o.s.frv. í íslensku þjóðfélagi.

Við horfum fram á mjög alvarlega tíma fyrir íslenska þjóð nú um stundir og við eigum hiklaust að horfa til þess að reyna að finna nýtt fyrirkomulag. Það eru ekki ætlun okkar í Frjálslynda flokknum, sem leggjum þetta mál til, að kollvarpa íslenskri útgerð. En við ætlumst til þess — ef þetta nær fram að ganga, sem væntanlega verður, því að íslenska þjóðin gerir kröfu um að kvótakerfið sé lagt af í núverandi mynd — að þeir sem nýta aflaheimildir og hafa til þess nýtingarrétt nýti heimildir sínar til veiða, keppi á jafnréttisgrundvelli í kerfi til framtíðar sem menn geta verið sáttir við og að í því kerfi séu mannréttindi virt og tryggt að þar geti farið fram eðlileg nýliðun og eðlileg endurnýjun í atvinnugrein eins og ævinlega þarf að verða.

Við erum tilbúnir að rökræða þessa tillögu okkar við hvern sem er. Ég bendi íslenskum útgerðarmönnum á að það voru þeir sem bjuggu til leigukerfið, það voru þeir sem bjuggu til sölukerfið, það voru þeir sem bjuggu til veðsetningarkerfið og það hefur enginn hjálpað þeim við það, þeir hafa gert það sjálfir. Nú ættum við að nota þá fyrirmynd til að komast út úr þessu kerfi en bjóða þeim nýtingarrétt gegn sanngjörnu gjaldi.

[18:04]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil minna hv. þm. Guðjón Arnar Krist-

jánsson á að hann gleymdi að minnast á það að Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt fram tillögur um frjálsar handfæraveiðar. Við í Frjálslynda flokknum vitum að fiskvinnsla án útgerðar er kannski það arðbærasta sem rekið er í íslenskum sjávarútvegi í dag. Við viljum nýtt Ísland og byrjum á því að tala um endurreisn íslensks þjóðfélags með því að færa kvótann til þjóðarinnar.

Við viljum allan fisk á fiskmarkað, aðskilja veiðar og vinnslu og virða mannréttindi á Íslandi. Við viljum hjálpa þeim mönnum sem hafa farið fyrir mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna með mál sitt og að viljum að þeim verði borgaðar bætur og hlutur þeirra réttur svo við búum ekki við það að svokölluð vinstri stjórn hunsi mannréttindi á Íslandi.

Til að koma þessari þingsályktunartillögu í gegn þurfum við í Frjálslynda flokknum stuðning bæði alþingismanna og fólksins í landinu.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og sjútv.- og landbn.

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Frv. SVÓ o.fl., 111. mál (kynjahlutföll í stjórnum). — Þskj. 120.

[18:05]

Flm. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, þar sem ég er 1. flutningsmaður. En auk mín flytja málið hv. þm. Samfylkingarinnar Guðbjartur Hannesson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Ellert B. Schram.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ný málsgrein bætist við 51. gr. laganna, svohljóðandi:

„Við kjör í stjórn skal tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.“

Nú er það þannig, frú forseti, að nokkuð er um liðið síðan ég lagði þetta mál fram og ætlaði að ræða hér á hv. Alþingi og veit að ýmsir hv. þingmenn hugðust taka til máls við umræðuna. En þegar ég lít yfir salinn sýnist mér að ekki séu miklar líkur á því að margir taki til máls. (**Gripið fram í:** Það er einn þingflokkur hér.) En það er einn heill hv. þingflokkur staddur í salnum. Það er rétt. Þannig að það er aldrei að vita nema hv. þingmenn og þingflokkur frjálslyndra eins og hann leggur sig muni blanda sér í málin um kvóta í stjórnum fjármálafyrirtækja. Nógu mikið var rætt um kvótamál almennt hér áðan.

Þetta mál gengur út á það, frú forseti, að tryggja hlut kynjanna í stjórnar- og áhrifastöðum fjármálafyrirtækja. Ég held að atburðir síðustu vikna hafi sýnt að þörf er á nýrri nálgun og hugsun við stjórnun fjármálafyrirtækja á Íslandi.

Lengi hefur verið rætt um lögfestingu á jöfnun kynjahlutfalls í stjórnum fjármálafyrirtækja og um það eru mjög skiptar skoðanir. Norðmenn og ýmsar aðrar þjóðir hafa t.d. farið þá leið að lögfesta hlutfallið til að tryggja jafnræði kynja í stjórnum fjármálafyrirtækja. Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að jafna kynjahlutfallið í stjórnum opinberra hlutafélaga.

Í nýlegum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, kemur fram sú regla að við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Sama regla gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélög eru aðaleigandi að. Enn fremur er í 1. mgr. 63 gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, kveðið á um að við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skuli tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.

Nú þegar stærstu bankar landsins verða í aðaleigu ríkisins og hlutfall kynjanna í stjórn þeirra þarf að vera sem jafnast — ekki minna en 40% í samræmi við jafnréttislög — er eðlilegt að þessi regla eigi við um öll fjármálafyrirtæki landsins. Með breytingum samkvæmt frumvarpinu væri tryggt að hlutur kynjanna í stjórn fjármálafyrirtækja yrði eins jafn og kostur er á, en orðalagið „sem næst jafnmargar konur og karlar“ felur í sér að þar sem fjöldi stjórnarmanna er almennt oddatala, oftast þrír, fimm eða sjö, skuli hlutfallið vera eins jafnt og verið getur á þeim forsendum. Er þetta ekki hvað síst mikilvægt nú eftir þær hræringar sem orðið hafa á fjármálamarkaði og þar sem búast má við auknu atvinnuleysi í þessum geira á næstu missirum. Ljóst er að fram til þessa hafa konur ekki átt greiðan aðgang að stjórnum banka eða fjármálafyrirtækja. Er það miður, ekki síst þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á fjárhagslegan ávinning fyrirtækja af því að auka hlutfall kvenna í stjórnum. Hið sama á reyndar við um stjórnunarstöður og hlutdeild kvenna þar. Því er enn brýnna en áður að huga að jafnrétti á vinnumarkaði og þá ekki hvað síst með tilliti til aðgangs að stjórnunar- og ábyrgðarstöðum. Að auki er afar mikilvægt að stjórnir fjármálafyrirtækja séu þannig samsettar að gætt sé að fjölbreytileika, þar sem um er að ræða fjárvörslumenn almennings. Atburðir síðustu daga, vikna og mánaða sýna að allur almenningur getur staðið og fallið með svona fyrirtækjum.

Ég vonast til þess að góðar umræður verði um málið. Ég sé að heldur hefur fjölgað hér í þingsalnum frá því að ég hóf mál mitt og á ég von á því að fá góðan stuðning við þessari tillögu sem nú gengur til nefndar og getur vonandi, ef vel er haldið á spöðum, komið aftur til þingsins og orðið að lögum. Hver veit?

[18:10]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Mig langar til að ræða stuttlega það mál sem hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir hefur nú mælt fyrir og varðar breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki. En þar er gert ráð fyrir því að við kjör í stjórnir fjármálafyrirtækja og þeirra fyrirtækja sem heyra undir lög um fjármálafyrirtæki frá 2002 skuli tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.

Ég vil strax lýsa því yfir að ég er sammála því markmiði sem sett er fram með frumvarpinu. Ég tel mjög þýðingarmikið, ef svo má segja, að jafnréttið haldi innreið sína í þessi vé sem stjórnir fjármálafyrirtækja eru og hafa verið. Reyndar er það svo að í nýrri stjórn Kaupþings banka sitja bara konur, ef ég man rétt, og er það nýlunda í stjórn fjár-

málafyrirtækis hér á landi. En kannski má segja að í ríkisbönkunum eða bönkunum sem nú eru orðnir ríkisbankar séu tiltölulega hæg heimatökin hvað það snertir, einn og sami eigandinn, það er ríkið, á að geta tryggt að eins góð skipting sé á milli kynja í stjórnum og unnt er. Og þegar bankaráð ríkisbankanna þriggja eru tekin saman hygg ég að það sé nokkuð góð dreifing milli kynja.

En það er ekki almenna reglan og hefur alls ekki verið og eins og kom fram í máli hv. flutningsmanns vekja þeir síðustu atburðir sem hér hafa átt sér stað á fjármálamarkaði og í bankastarfsemi okkur kannski til umhugsunar um hvort ekki sé bæði löngu tímabært og brýnt að tryggja að bæði kynin séu vel sett innan stjórna þessara fyrirtækja og gert sé ráð fyrir að hvort kyn um sig eigi að minnsta kosti 40% hlutdeild í stjórnum fyrirtækjanna.

Nú má vel velta því fyrir sér hvort við ættum að ganga lengra en þetta frumvarp gerir ráð fyrir, því hér er talað um að tryggt skuli að í stjórnum sitji sem næst jafnmargar konur og karlar. Norðmenn hafa t.d. gengið mun lengra og sett ákveðin skilyrði fyrir því að í öllum fyrirtækjum sem skráð eru í Kauphöll skuli vera að minnsta kosti 40% hlutdeild hvors kyns um sig í stjórnum. Þar var beitt ákveðnum viðurlögum, nefnilega þeim að sagt var berum orðum að ef fyrirtækin hefðu ekki uppfyllt þetta ákvæði laganna fyrir tiltekinn aðlögunartíma sem var gefinn væri skylt að leysa upp viðkomandi fyrirtæki eða hlutafélag.

Það er auðvitað býsna harkaleg aðgerð í sjálfu sér. En eftir því sem ég best veit brást allur markaðurinn í Noregi vel við lagasetningunni og gerði ráðstafanir til að koma til móts við hana í öllum meginatriðum. Ég hygg að þar í landi gangi menn lengra en að tala bara um fyrirtæki sem skráð eru á markað, hlutafélög, heldur gildi þessar reglur almennt.

Ég tel sem sagt að mikið álitamál sé hvort hér ætti jafnvel að ganga lengra en þetta frumvarp gerir ráð fyrir og mér finnst eðlilegt að þingnefndin sem fær málið til umfjöllunar velti þeim spurningum upp og fái upplýsingar um hvernig þetta hefur verið framkvæmt annars staðar og hvaða reynsla er komin á lagasetninguna eða svipaða lagasetningar, eins og t.d. í Noregi, þar sem við vitum að hefur verið gengið mjög langt.

Einnig held ég að þingnefndin sem fær þetta til meðferðar þurfi að skoða hvort ekki þurfi að setja einhvers konar viðurlög. Eftir því sem mér sýnist er hér ekki gert ráð fyrir sérstökum viðurlögum við því ef þessi markmið laganna nást ekki fram, ekki er tekið fram hvort menn fái einhvern aðlögunartíma til að fullnægja lagaákvæðinu eða hvernig tryggja eigi að ákvæðið nái fram að ganga.

Það væri fróðlegt að heyra hvernig hv. flutningsmanni sér fyrir sér að eftirfylgnin verði. Hvaða tæki eru til í stjórnkerfinu til að tryggja að markmiðið nái fram að ganga og það sitji sem næst jafnmargir karlar og konur í stjórnum fjármálafyrirtækja? Jafnframt hefði ég viljað heyra viðhorf 1. flutningsmanns til þess hvort hún og aðrir flutningsmenn frumvarpsins hefðu leitt hugann að því að þetta ákvæði næði ekki eingöngu yfir fjármálafyrirtæki heldur hefði það víðara gildissvið og við færum hér yfir fyrirtæki almennt. Þannig að ákvæðið væri sem sagt ekki bundið við fjármálafyrirtæki einvörðungu heldur almennt um fyrirtæki á markaði eða skráð fyrirtæki í fyrstu atrennu. Ég vildi gjarnan heyra viðhorf flutningsmanna, hvort þeir hafi leitt hugann að því.

Ég tel að markmiðið með þessu frumvarpi sé afar jákvætt og styð það heils hugar. En velti fyrir mér í því samhengi hvort tilefni sé til að ganga jafnvel enn lengra en hér er gert. Ég velti upp spurningunni um eftirfylgni og hvernig tryggja eigi að markmiðið náist, hvort hugsanlega þurfi að setja einhvers konar viðurlagaákvæði eða hvort eðlilegt sé að ákvæði sem þetta nái til breiðari hóps fyrirtækja en fjármálafyrirtækja. Þetta eru þær vangaveltur sem ég vil koma með inn í umræðuna og væri fróðlegt að heyra hvernig hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur sér það fyrir sér.

[18:17]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Það frumvarp sem við ræðum nú, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, varpar upp nokkrum spurningum, t.d. hvort nýju bankarnir séu ekki örugglega ríkisfyrirtæki, hvort ríkið eigi þá ekki. Nú hefur enginn lagt fram hlutafé í þessa banka og þeir eru í rauninni eignalausir í augnablikinu, það vantar að setja inn í þá eigið fé. Ef þeir eru í eigu ríkisins ættu þeir að heita ohf., og ég hef grun um að þeir eigi að heita ohf. og vera opinber hlutafélög, og þá falla þeir nákvæmlega undir það ákvæði sem lagt til í þessu frumvarpi, að það eigi að kjósa jafnmarga borgara af hvoru kyni í stjórn. Þá er stjórn Kaupþings í rauninni brot á lögum vegna þess að þar eru eingöngu konur og í lögum um opinber hlutafélög stendur að það eigi að vera jafnt kynjahlutfall í stjórninni. Og einmitt talandi um eftirlitið sem nefnt var rétt áðan þá sýnir það sig að þó nokkuð mörg fyrirtæki sem eru alfarið í eigu opinberra aðila hafa ekki starfað eins og þau séu opinber hlutafélög, ohf. Ég nefni t.d. Þróunarfélagið á Keflavíkurflugvelli, sem er greinilega ohf., Keflavíkurflugvöll ohf. Þessi fyrirtæki öll ættu að hlíta reglum laga um opinber hlutafélög, t.d. að þar sé jafnt kynjahlutfall í stjórn, að halda eigi alla aðalfundi opinberlega, að þingmenn og kjörnir fulltrúar eigi rétt á að sækja þessa fundi o.s.frv. Fylgni við lögin virðist ekki nægilega góð, að menn fylgi lögunum ekki nægilega vel. Þetta sýnir sig best með skipun í stjórn Kaupþings þar sem eru eingöngu konur sem stendur sem brýtur þá þetta ákvæði laganna um opinber hlutafélög.

Svo kemur aftur það sjónarmið sem ég nefndi í sambandi við það, frú forseti, að hvers eiga þær konur að gjalda sem þurfa þá að víkja úr stjórninni, örugglega mjög hæfar, fyrir einhverja karlmenn sem væntanlega eru þá ekki eins hæfir vegna þess að annars hefðu þær ekki verið valdar? Þar kemur upp mjög ankannalegur vinkill á þessu talningakerfi sem sumir eru uppteknir af, að vera alltaf að telja fjölda manna eftir kyni í stjórnum og ráðum. Ef þetta frumvarp verður að lögum ættu þau eingöngu við um fjármálafyrirtæki sem ekki fóru á hausinn, Straum og MP-banka o.s.frv., og þau fyrirtæki eru náttúrlega með rekstur meira og minna í útlöndum, þannig að ég ætla að vona að þetta verði ekki til þess að þau taki pokann sinn og yfirgefi landið.

Það var líka rætt við lagasetninguna um opinber hlutafélög að þetta kynni að verða til þess að það myndaðist

tvenns konar stjórn, sú opinbera sem hittist öðru hverju og drekkur kaffi og svo einhver minni stjórn sem tekur ákvarðanir.

[18:21]

Flm. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég þakka fyrir ágæta umræðu um það mál sem ég mælti fyrir áðan. Það er kannski fyrst til að taka að ég held að við hv. þm. Pétur H. Blöndal verðum seint sammála í jafnréttismálum. Þannig er það bara og þannig held ég að það verði. Að halda því fram að fjármálafyrirtæki flýi land vegna þess að þau þurfi að fylgja jafnréttislögum finnst mér nú frekar langsótt en látum það liggja á milli hluta. Ég held að við verðum að átta okkur á því að nýir tímar kalla á nýja hugsun og nýja nálgun. Karlakapítalismsinn, eins og ég hef kallað það, varð gjaldþrota á Íslandi í byrjun október og ég held að það sé rækilega kominn tími til að við loftum út úr þeim karlakytrum sem hingað til hafa ráðið öllu í okkar samfélagi. Þá er ég ekki að tala um það, eins og mátti skilja á máli hv. þingmanns, að setja þar inn eingöngu konur. Þetta snýst um það að tryggja að ekki sé lýðræðishalli í landinu, að ekki sé lýðræðishalli í þeim stofnunum þar sem ráðum er ráðið í okkar samfélagi, þar með talið fjármálastofnunum en við vitum hversu gríðarlega mikil völd fylgja því að fara með stjórnun í fjármálafyrirtækjum. Þessi tillaga gengur eingöngu út á að tryggja að þetta jafnvægi sé í lagi.

Vegna þess sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson sagði, og ég vil þakka honum fyrir ágæta ræðu, þá er þetta auðvitað löngu tímabær og brýn umræða. Tillagan sem hér er flutt tekur mið af jafnréttislögunum eins og þau eru í dag og voru samþykkt þegar þeim var breytt síðast. Auðvitað velti ég því fyrir mér þegar ég var að skoða þetta mál hvort það ætti að ganga lengra. Ég legg hins vegar ekki mat á það hér og nú en mér finnst sjálfsagt að það verði skoðað í þingnefndinni hvort ganga eigi lengra og jafnvel að láta þetta ná til annarra fyrirtækja. Það hefur verið mjög athyglisvert að skoða þetta mál, ef maður skoðar gögn og pælir í þeirri umræðu sem fór fram í Noregi á sínum tíma og víðar á Norðurlöndunum varðandi þetta, hún er mjög keimlík umræðunni sem hefur ávallt farið fram á Íslandi um þetta, mjög í anda þess sem hv. þm. Pétur Blöndal bar upp áðan. Hins vegar er sannleikurinn sá og niðurstaðan sú eins og t.d. í Noregi að þá hefur verið býsna mikil ánægja með þetta fyrirkomulag. Ég veit alla vega ekki um eitt einasta fyrirtæki sem hefur flúið land eða flutt starfsemi sína frá Noregi vegna þess að það hafi þurft að uppfylla þessi ákvæði. Ég er alveg tilbúin til að skoða að þetta verði útvíkkað og við látum þetta ganga yfir önnur fyrirtæki.

Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson spurði mig út í viðurlögin. Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að mér er í fyrsta lagi frekar illa við að setja inn svona viðurlagaákvæði án þess að láta fyrst reyna almennilega á það sem stendur í frumvarpinu. Ef menn neyðast hins vegar til þess einhverra hluta vegna að fara þá leið að beita sektum eða eitthvað slíkt er sjálfsagt að skoða það. Ég held hins vegar, frú forseti, að mórallinn í samfélaginu, ég leyfi mér að orða það svo, sé þannig núna að menn hafi áttað sig á því að það er einfaldlega kominn tími til þess að við gætum að þessum hlutum og að hlutirnir séu í lagi hér. Mig langar að nefna eitt fyrirtæki sem er eingöngu rekið af konum, fjármálafyrirtæki sem heitir Auður Capital og ég hygg að sé eitt af þeim fyrirtækjum sem standi bara býsna vel í augnablikinu, en þær konur sem hafa rekið það fyrirtæki og borið uppi þá starfsemi hafa lýst því yfir í fjölmiðlum núna í kjölfar bankahrunsins og kreppunnar að yfirlýst stefna þeirra hafi einmitt verið varfærin fjárfestingarstefna og að ana ekki út í hluti án þess að hugsa þá til enda, svo því til haga haldið.

Ég vil að endingu þakka fyrir umræðuna og almennt jákvæð viðbrögð sem tillagan hefur fengið.

[18:26]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hlýt að mótmæla því sem hv. þingmaður gaf í skyn að ég sé ójafnréttissinnaður, það er afskaplega ósanngjarnt. Ég er jafnréttissinnaður en ekki endilega milli kynja heldur milli fólks. Lýðræðishalli getur myndast við fléttulista þegar hæfara fólkið fær ekki kosningu af því að farið er eftir kynjum.

Það getur líka myndast lýðræðishalli í stjórn Kauphings þegar hæf kona eða tvær þurfa að yfirgefa stjórnarsætin út af þessu frumvarpi fyrir einhvern karlmann sem er þá væntanlega óhæfari.

Hv. þingmaður kom ekkert inn á það sem ég nefndi í ræðu minni. Ég hélt að hv. þingmaður mundi ræða dálítið umræðuna, um t.d. það að bankarnir eru ohf. og eiga að fara að þeim lögum sem hér er talað um. Það var ekki orð um það. Það var ekki orð um það að þetta gildir nú þegar fyrir þrjá stærstu banka landsins. Ég veit ekki til hvers umræðan er ef framsögumaðurinn tekur ekkert mið af því sem sagt er.

Auðvitað fylgja því gríðarlega mikil völd að vera í stjórnum fjármálafyrirtækja og ég hef oft nefnt það sem mælikvarða á hvort jafnrétti náist að skoða aðalfund Seðlabankans, hversu margar konur eru þar. Ég hef margoft rætt það sem mælikvarða á það hvort jafnrétti hafi náðst. En hvort menn telji það endilega og setji fólk í stjórn bara af því að það er konur, það breytir engu, held ég, ekki nokkrum sköpuðum hlut. (Gripið fram í.) Þetta er nefnilega ekki spurningin um það að ráðherra skipi móður sína, frænku sína, systur sína og dætur inn í stjórnir opinberra fyrirtækja. Það er ekkert meira jafnrétti fyrir það. Það er spurning um að ráða hæfasta fólkið í hvert einasta starf, hæfasta fólkið hvort sem það er karl eða kona. Út á það gengur það. Mitt jafnrétti gengur út á það að hæfasta fólkið fái stöðurnar en ekki endilega bara af því að það er konur eða af því að það er karlar.

[18:28]

Flm. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég taldi í ræðu minni áðan að ég hefði tekið mið af þeirri umræðu sem fram fór og reyndi eftir besta megni að svara því sem fram kom. Ef hv. þingmaður er ósáttur við þau svör þá verðum við að ræða þetta við betra tækifæri og undir öðrum formerkjum en tvær mínútur í stuttu andsvari leyfa. Auðvitað var ég ekki að halda því fram að hv. þingmaður væri ójafnréttissinnaður. Ég var hins vegar að draga það fram að sú sem hér stendur og hv. þm.

Pétur Blöndal verðum, held ég, mjög seint sammála í jafnréttismálum vegna þess að okkar nálgun á jafnréttismál er mjög ólík. Ég skilgreini mig sem femínista sem ég held að hv. þingmaður geri ekki. En vegna þess að hv. þingmaður talaði um hæfustu einstaklingana þá ætla ég að leyfa mér að hafa efasemdir um að allir þeir einstaklingar sem hingað til hafa verið valdir í stjórnir fjármálafyrirtækja í gegnum árin og hafa nánast undantekningarlaust verið karlmenn, hafi alltaf verið hæfustu einstaklingarnir. Ég ætla að leyfa mér að efast um það, hv. þingmaður.

[18:30]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er hjartanlega sammála hv. þingmanni, að þeir karlmenn sem hafa skipað stjórnir fjármálafyrirtækja og fyrirtækja á Íslandi hafi almennt verið hæfustu einstaklingarnir, ég stórefast um það. En að þvinga það fram með einhverri jafnréttisáætlun eða talningu á hausum og skipun um að einhver skuli settur í stjórn bara af því hann er kona, það er leið sem mér hugnast ekki. Ég vil heldur að það sé gerð arðsemiskrafa til markaðarins þannig að hann neyðist til að velja hæfasta fólkið hvort sem það er karl eða kona.

Ég þekki það ekki hjá Auður Capital en það getur vel verið að þær konur vilji hafa konur í stjórn en þetta frumvarp mundi gera það að verkum að þær mættu það ekki. Það yrði alla vega að vera þannig að í fimm manna stjórn yrðu að vera a.m.k. tveir karlmenn.

Það er eins með Kaupþing. Ég hugsa að þær konur sem þar sitji séu allar afskaplega hæfar og hafi verið valdar á grundvelli mannkosta. Nú á að fara að setja inn einhverja tvo sem ekki eru valdir á grundvelli mannkosta heldur bara af því þeir eru af ákveðnu kyni.

Fléttulistinn er gott dæmi, við höfum séð sorgleg dæmi um að fólk sem ætti að komast ofar í prófkjörum fellur niður bara af því að það er af tilteknu kyni. Þessi nálgun að telja hausa er því ekki nægilega góð. Menn þurfa að finna út úr því af hverju þetta misrétti er. Af hverju er fjöldi karla og kvenna í atvinnulífinu jafnmismunandi og raun ber vitni? Getur verið að það sé eitthvað sem valdi því eða að það vanti kröfu um arðsemi eða að ákveðnir fordómar séu í gangi í kerfinu? Það skulum við skoða.

En að setja fólk í stjórn bara af því það er af ákveðnu kyni, það er bæði slæmt fyrir viðkomandi einstakling því það munu allir segja: Þú fékkst djobbið bara af því þú er kona eða bara af því þú ert karl, sem er líka slæmt fyrir fyrirtækin sjálf.

[18:32]

Flm. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér varð hugsað til þess þar sem ég sat hér undir andsvari hv. þm. Péturs H. Blöndals að ég hygg að svipuð ræða efnislega séð hafi margoft verið haldin hér á hinu háa Alþingi. Ég hugsa að þegar samtök um kvennalista komu fram á sínum tíma og fluttu þingmál hér í salnum þá hafi þær margoft heyrt svipaðar ræður efnislega og hv. þm. Pétur H. Blöndal flutti áðan.

Hversu lengi höfum við verið að hjakka í sama farinu? Hversu lengi höfum við verið að því? Í áratugi. Og í áratugi höfum við þurft að hlusta á svipaðar ræður og hv. þm. Pétur H. Blöndal flutti áðan og ekkert gerist. Við stöndum enn þá í sömu sporum.

Og af hverju, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal, þetta misrétti? Við þurfum að komast að því af hverju þetta misrétti er til að geta leiðrétt það. Eru menn ekki búnir að reyna að komast að því í áratugi? Ég segi, það er komið nóg af því. Það þarf að grípa til róttækra aðgerða sem virka alveg eins og hefur verið gert í nágrannalöndum okkar þar sem hlutirnir eru til fyrirmyndar, t.d. í Noregi.

Varðandi bankaráðin og það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal um þau þá er það auðvitað þannig að jafnréttið virkar í báðar áttir. Það er enginn að tala um annað og það er bara útúrsnúningur að halda því fram að hér eigi að skipta út öllum körlum fyrir konur. Þetta snýst um að leiðrétta kynjamisréttið og þann lýðræðishalla sem er í þessum stofnunum eins og víða annars staðar í samfélaginu og út á það gengur þessi tillaga og það er engin ástæða til þess að vera að snúa út úr henni eins og hv. þingmaður gerði.

[18:34]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Í áratugi hefur verið rætt um jafnréttismál. Það hafa verið sett fjölmörg lög um jafnrétti og það er búið að útrýma öllu ójafnrétti sem finnst í lögum og reglum. En samt næst ekki árangur. Það er búið að setja viðamikil lög um jafnréttisáætlanir, jafnréttisráð. Það er kominn heilmikill jafnréttisiðnaður, frú forseti, í gang. Fólk sem vinnur að því baki brotnu að koma á jafnrétti og samt er ekkert jafnrétti.

Sumir segja að það sé verið að bakka, að það sé ekki verið að nýta besta fólkið í þjóðfélaginu til að stjórna. Þá er það spurningin: Eigum við að halda áfram að telja hausa eða eigum við kannski að skoða hvort sú leið hafi verið ákveðið skipbrot? Hvort sú leið að vera alltaf að telja hausa sé ekki skipbrot í sjálfu sér. Við eigum að reyna að finna út úr því af hverju eigandi hlutafélags ákveður að ráða karlmann í stöðuna sem stjórnarformann eða stjórnarmann í stað þess að ráða konu sem hlýtur þá að fást hæfari. Þeirri spurningu eigum við að velta fyrir okkur. Sá sem tekur ákvörðun um að ráða karlmann sem oft og tíðum er þá óhæfari af því það er svo mikill fjöldi af konum sem ekki fær vinnu sem eru mjög hæfar, af hverju tekur hann þessa ákvörðun? Því þurfum við að svara.

Ég held því fram að það sé vegna þess að hann vilji ekki endilega græða. Ef það væri arðsemiskrafa þá mundi hann alltaf ráða hæfasta einstaklinginn. Þá kæmust u.þ.b. jafnmargar konur og karlar að. Það er mín trú. Ég held að það misrétti sem er í gangi í kerfinu komi fram vegna þess að þetta eru kyn. Auðvitað eru margir karlmenn sem ekki fá stöðu heldur þótt þeir séu mjög hæfir. (**SVÓ:** Færri.) Það kemur hvergi fram vegna þess að aðrir karlmenn sem eru óhæfari fá stöðurnar. Það er verið að fara eftir flokkspólitískum atriðum, það er verið að fara eftir fordómum o.s.frv. og ættartengslum. Það eru alls konar atriði sem valda því að óhæfara fólk er ráðið í stöðu í stað þeirra sem hæfari eru. Og við eigum eftir að sjá það áfram. Ég óttast að núna þegar þessi fyrirtæki eru öll orðin meira og minna ríkisvædd og þeir sem skipa í stöðurnar hafa engan áhuga á því hvort fyr-

irtækin skili hagnaði eða ekki þá muni þetta aukast. Þá mun það aukast að ráða menn eftir flokkum og ætterni en ekki eftir hæfileikum. Ég óttast það, því miður.

Þess vegna þurfum við alveg sérstaklega núna að gá að því hvað er það sem veldur því að svona fáar konur eru í stjórnun fyrirtækja í lykilstöðum. Af hverju eru t.d. svona fáar konur á aðalfundi Seðlabankans? Við eigum að velta því fyrir okkur hver sé ástæðan fyrir því en ekki endilega að þvinga fram jafnrétti með því að setja konur í stöður, hvort sem þær hafa hæfileika eða ekki. Það held ég að sé mjög röng leið. Það er að leiðrétta hitamæli sem sýnir ákveðinn hita, honum er bara breytt. Þeir sem ráða í stöðurnar ráða þá að sjálfsögðu frænkur sínar, systur og dætur o.s.frv., burt séð frá hæfileikum. Ég hef því miklar efasemdir um þessar jafnréttisaðferðir allar og leyfi mér að hafa mínar efasemdir áfram. Ég vil endilega að þjóðfélagið nýti hæfileika hvers einasta manns eins og mögulegt er, að jafnrétti sé milli fólks, eins og mögulegt er. Við þurfum að finna út úr því af hverju kemur það fram svona í hlutfalli kynjanna.

[18:38]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. fyrsta flutningsmanni, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, fyrir svörin sem ég fékk við þeim vangaveltum sem ég var með. Ég vil segja það og ég tek undir með henni að ég held að það sé rétt sem kemur fram í máli hennar að reynslan af þeirri leið sem Norðmenn ákváðu að fara í þessu sambandi sé almennt góð og að fyrirtækin hafi í raun og veru brugðist mjög jákvætt við og skjótt og það hafi ekki tekið langan tíma að innleiða þessa nýju reglu um jafnrétti kynjanna í stjórnun fyrirtækja, eins og menn óttuðust þegar lögin voru sett þar.

Þar var settur aðlögunartími. Fyrirtækjunum var gefinn nokkur góður aðlögunartími til að koma þessu jafnrétti á en ef þau náðu ekki að uppfylla þau skilyrði laganna þá var ákvæði um að fyrirtækin yrðu leyst upp. Þetta er auðvitað, eins og ég sagði áðan, augljóslega býsna harkaleg aðgerð sem viðurlög. Það kann vel að vera rétt hjá hv. þingmanni að eðlilegt sé að gefa fyrirtæki og umhverfinu fyrst svigrúm til þess að uppfylla ákvæði þessara laga.

En við vitum hins vegar að þrátt fyrir ákvæði jafnréttislaga hingað til þá hefur nú gengið býsna hægt að innleiða jafnréttið í raun. Þess vegna held ég að það sé mikið álitamál og umhugsunarefni hvort ekki þurfi að taka nokkuð skarpt í. Taka nokkuð djúpt í árinni í þessu efni og setja einhver slík skilyrði eða viðurlög. Ég er alls ekki að segja að ég muni leggja það sérstaklega til enda á ég ekki sæti í þeirri nefnd sem væntanlega mun taka málið til meðferðar. En mér finnst þetta vera álitamál og innlegg í umræðuna á þeim vettvangi, hvort menn vilji gera það.

Ég verð líka að segja vegna orða hv. þm. Péturs H. Blöndals þar sem hann velti vöngum yfir því af hverju konur eru ekki í ríkari mæli í þessum stöðum og svo fáar konur sitji ársfund Seðlabankans o.s.frv., þá held ég að við verðum bara að horfast í augu við að þetta er arfur gamalla tíma ef svo má segja. Þetta er bara staða sem við erum að glíma við í samfélaginu almennt og höfum verið að gera um langa hríð. Það er viðvarandi verkefni að koma á almennilegu jafnrétti kynja. Við glímum við þetta í stjórnmálum en þar hefur okkur samt sem áður orðið mun meira ágengt en almennt í fyrirtækjaumhverfinu. Það er mjög brýnt að við náum árangri þar líka.

Við viljum lifa í samfélagi þar sem jafnrétti kynjanna er í heiðri haft. Og eftir, það má segja, áralanga baráttu fyrir auknu jafnrétti kynjanna getum við ekki boðið ungu fólki, ungum konum eða ungum stúlkum, upp á að okkur verði ekkert ágengt í þessu efni. Það er bara ekki samboðið þeim gildum og meginsjónarmiðum sem við viljum að gildi í íslensku samfélagi. Þess vegna verðum við jafnvel að grípa á stundum til róttækra aðgerða og ráðstafana til þess að ná þeim markmiðum sem ég held að flestir taki undir að minnsta kosti í ræðu. Síðan er spurning hvort menn vilja á borði ná þeim árangri sem menn tala svo fjálglega um þegar það hentar.

Það frumvarp sem hér er lagt fram er viðleitni í þá veru að auka hlut kvenna í stjórnun fjármálafyrirtækja, að ná meira jafnrétti á þessu sviði. Þetta er afmarkað svið. Ég tel að við eigum að huga að því að ganga lengra og láta þetta verða víðtækara. Það kann vel að vera að það sé þá næsta skref. En eftir sem áður finnst mér þetta mjög góð viðleitni sem hér er á ferðinni og styð að málið fái jákvæða meðferð.

[18:43]

Flm. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Frú forseti. Þessi umræða virðist nú ætla að verða aðeins lengri en leit út fyrir í upphafi. Það er óhætt að segja að viðbrögð hv. þm. Péturs H. Blöndal hafi komið af stað býsna líflegum umræðum. Það er merkilegt að heyra þingmanninn segja að hann hafi miklar efasemdir um allar jafnréttisáætlanir og hann telji að allt of mikill jafnréttisiðnaður sé rekinn hér og sé í gangi.

Ég vil spyrja hv. þingmann: Í hvaða stöðu heldur hann að við stæðum í dag ef enginn hefði haldið utan um þessi mál og engin væru jafnréttislögin, að þessi jafnréttismál hefðu bara komið af sjálfu sér? Auðvitað er það ekki þannig. Sjálf hef ég reynslu af því úr störfum mínum í borgarstjórn Reykjavíkur að þar sem markvissar jafnréttisáætlanir voru settar, t.d. um að jafna hlut kynjanna í yfirstjórn borgarinnar, þá virkaði það. Það hafði ekki virkað í 60 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins þar á undan.

Ég hef líka reynslu af því að setja tiltekna markmiðssetningu varðandi launamál til þess að lyfta sérstaklega lægstu launum kvennahópanna. Það virkaði. Ég er ekki viss um að það hefði virkað ef aðferð hv. þm. Péturs H. Blöndal hefði verið notuð.

Niðurstaða mín er því sú að það er ekki hægt að halda því fram að jafnrétti komi af sjálfu sér. Það er ekki hægt að halda því fram að maður eigi ekki að setja neinar reglur, neina umgjörð, að leyfa markaðnum bara að ráða, vegna þess að þá gerist ekki neitt. Það gerðist allt of lítið í jafnréttismálum á Íslandi allt of lengi.

Ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem voru samþykkt í tíð fráfarandi ríkisstjórnar undir forustu hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra þáverandi, Jóhönnu Sigurðardóttur, munu ganga lengra en fyrri lög. Þau veita m.a. Jafnréttisstofu heimild til að hafa eftirlit með því að lögunum sé framfylgt.

Og vegna þess að hv. þingmaður kallaði eftir því eða talaði um að lagasetningin hefði ekki dugað og þess vegna væri hún óþörf af því henni hefði aldrei verið fylgt eftir þá erum við í þessum nýju jafnréttislögum komin inn með heimild fyrir Jafnréttisstofu til þess að grípa inn í, alveg á sama hátt og Samkeppniseftirlitið hefur heimild til að grípa inn í ef því sýnist að eitthvað sé að fara úrskeiðis. Ég tel að sú heimild sé afar mikilvæg og þessi lög veiti okkur kærkomið tækifæri til þess að fylgja, núna jafnvel í fyrsta skiptið lögunum markvisst eftir en þá reynir að sjálfsögðu á Jafnréttisstofu, að hún beiti heimildum sínum og fylgist með að hlutirnir séu í lagi.

[18:46]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður spurði mig hvernig ég héldi að jafnréttisumræðan eða jafnréttið stæði ef ekki væri allur þessi jafnréttisiðnaður, eins og ég kalla það. Ég varpaði þeirri spurningu til hv. þingmanns hvernig stæði á því að frá kvennafrídeginum mikla hefði staðan í rauninni lítið sem ekkert batnað. Ætla menn ekki að fara að spyrja sjálfa sig hvort þeir séu ekki hugsanlega á rangri braut með því að skikka fyrirtæki til að setja sér einhverjar jafnréttisáætlanir og telja hausa í stjórnum, nefndum og ráðum og slíku í stað þess að reyna að finna út úr því hvað er að? Ég barðist fyrir því fyrir ári að tekin yrði upp jafnréttisvottun, þ.e. að fyrirtækin setji sjálfviljug upp reglur sem eiga að leiða til þess að þau ráði fólk með tilliti til hæfileika en ekki eftir einhverjum öðrum sjónarmiðum, kyni, ætterni eða flokkspólitík eða einhverju slíku.

Það náðist sem betur fer fram og er í vinnslu núna. Ég bind miklu meiri vonir við jafnréttisvottun þar sem fyrirtækið sjálft leggur á sig þá vinnu að ráða fólk eftir hæfileikum. Ég vil ekki tala um eftir kyni, því miður, frú forseti, vegna þess að ég lít svo á að vandamálið sé að fólk er ekki ráðið eftir hæfileikum. Það er afleiðing af vandamálinu, það er hitamælirinn sem sýnir að eitthvað er að sem kemur fram í misrétti kynjanna. En það kemur ekki fram þegar óhæfari karlmaður er ráðinn fram yfir hæfari karlmann eða óhæfari kona er ráðin fram yfir hæfari karlmann eða konu.

Vandamálið er að það er ekki tíðkað að ráða hæfasta fólkið.

[18:49]

Flm. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal spyr af hverju ekkert hafi gerst frá kvennafrídeginum 1975. Auðvitað hefur ýmislegt gerst í jafnréttismálum síðan þá, en allt of lítið. Þá er líka ágætt að velta fyrir sér hver ber ábyrgð á því og hverjir hafi stjórnað hér, hvaða ríkisstjórnir hafi verið við völd þann tíma sem hv. þingmaður talar um. Hefur ekki Sjálfstæðisflokkurinn stjórnað hér meira og minna í 18 ár? Hefur Sjálfstæðisflokkurinn, ef út í það er farið, ekki stjórnað hér meira og minna í 64 ár? (Gripið fram í.) Hann hefur gert það. Hann hefur ekki verið einráður en hann hefur þó nánast farið með völdin allan þennan tíma og þetta er sá flokkur sem hingað til hefur ekki sýnt mikinn áhuga eða sinnu á jafnréttismálum.

Auðvitað er þetta allt spurning að sýna viljann í verki. Ég fullyrði að fráfarandi ríkisstjórn sem skipuð var þremur körlum af hálfu Samfylkingarinnar og þremur konum — það gaf þeirri ríkisstjórn ákveðna ásýnd og sýndi ákveðinn vilja á meðan ein kona var í ríkisstjórn úr Sjálfstæðisflokknum. Í núverandi ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar eru jafnmargar konur og karlar. Þannig á það að vera, það sýnir jafnréttisvilja í verki og það gefur líka þessari ríkisstjórn ákveðna ásýnd. Ég held að umræða innan ríkisstjórnar og í þinginu verði öðruvísi og sé öðruvísi þegar konur taka þátt til jafns við karla í þessari umræðu — ég vona að hv. þingmaður misskilji mig ekki þannig að hann haldi að ég vilji ekki að karlar taki þátt í þessari umræðu — og láta til sín taka. Þá erum við á réttri leið.

[18:51]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki verið með félagsmálaráðuneytið mjög lengi. Það er mjög langt síðan það var og undir félagsmálaráðuneytið heyra jafnréttismál. Það er bara þannig. Og það er ekki rétt hjá hv. þingmanni að segja að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki sinnt jafnréttismálum. Stærsta mál, að mínu mati, í átt til jafnréttis var fæðingarorlofið sem Sjálfstæðisflokkurinn barðist fyrir og fékk í gegn. Það gerði karla jafndýra á vinnumarkaði og konur gagnvart fæðingarorlofi og átti að ryðja burt síðustu hindruninni svo að algjört jafnræði sé milli karla og kvenna. Þrátt fyrir það hefur það ekki tekist og það eru mér mikil vonbrigði.

Ég horfi á að launamisréttið er áfram til staðar, misrétti í stjórnum atvinnu- og fjármálafyrirtækja og víðar er enn þá til staðar. Samt er búið að setja heilmikið af lögum, nefndum, ráðum og jafnréttisáætlunum, jafnréttisskýrslur hafa verið skrifaðar og jafnréttisþing haldin og ég veit ekki hvað þetta heitir allt saman. Samt miðar ekkert. Ég vildi gjarnan skora á menn sem vinna í þessum málum að skoða eftirfarandi: Getur verið að við gerum eitthvað rangt? En það vilja menn ekki. Menn ætla að halda fast í að hafa jafnmarga karla og konur í stjórn þannig að nú mun ráðherrann sem skipar í stjórnir allra þessara ríkisfyrirtækja velja dætur sínar, tengdadætur, systur, mæður og frænkur í stjórn.

[18:52]

Flm. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að benda hv. þm. Pétri Blöndal á að Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með fjármálaráðuneytið lengst af þann tíma sem hann hefur verið í ríkisstjórn og allt snýst þetta jú um peninga. Ég hef ekki orðið vör við það að fjármálaráðuneytið undir stjórn Sjálfstæðisflokksins hafi lagt sérstaka áherslu á að leiðrétta t.d. laun lægst launuðu kvennastéttanna hér á landi.

Allt snýst þetta um peninga og að vísa því yfir á að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki farið með félagsmálaráðuneytið — við vitum að þetta snýst um peninga og að fjármálaráðuneytið bakki upp það sem kemur úr fagráðuneytunum.

Það er líka svolítið merkilegt, frú forseti, í umræðum um jafnréttismál að þegar maður krefur Sjálfstæðisflokkinn um orð og efndir í þeim málaflokki og stefnu (**PHB:** Ég er ekki Sjálfstæðisflokkurinn.) kemur yfirleitt alltaf sama

svarið og það er fæðingarorlof feðra. Það var vissulega skref í rétta átt enda held ég að allir séu sammála um það. Nú kallar hv. þingmaður fram í og segist ekki vera Sjálfstæðisflokkurinn. Það er ágætt að vita það en hann er hins vegar þingmaður Sjálfstæðisflokksins og hlýtur að tala fyrir stefnu hans í jafnréttismálum, a.m.k. einhverjum hluta þeirrar stefnu. Ég lýsi þá eftir klárri, skýrri stefnu þess flokks í jafnréttismálum. Ef sú stefna felst fyrst og fremst í því að tala um fæðingarorlof feðra er það býsna rýrt í roðinu. En kannski er það þá bara þannig.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

[18:55]

Útbýting:

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 313. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 624.

Innsöfnun, endurnýting og endurvinnsla, 367. mál, fsp. SF, þskj. 619.

Kosningar til Alþingis, 368. mál, frv. LB o.fl., þskj. 622.

Út af dagskrá voru tekin 11.–12. mál.

Fundi slitið kl. 18:58.

---

91. FUNDUR

þriðjudaginn 3. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, frv., 317. mál, þskj. 549. — 3. umr.
3. Kosningar til Alþingis, frv., 328. mál, þskj. 564. — 3. umr.
4. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 356. mál, þskj. 606. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og verðbréfaviðskipti, stjfrv., 358. mál, þskj. 608. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
6. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, stjfrv., 359. mál, þskj. 610. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
7. Bókhald, stjfrv., 244. mál, þskj. 361. — 1. umr.
8. Ársreikningar, endurskoðendur og skoðunarmenn, stjfrv., 245. mál, þskj. 362. — 1. umr.
9. Náttúruvernd, stjfrv., 362. mál, þskj. 613. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
10. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 357. mál, þskj. 607. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
11. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 360. mál, þskj. 611. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
12. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 361. mál, þskj. 612. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
13. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 207. mál, þskj. 280, nál. 609. — 2. umr.
14. Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, stjfrv., 313. mál, þskj. 543, nál. 624, brtt. 627. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.

[13:31]

Útbýting:

Bygging hátæknisjúkrahúss, 369. mál, þáltill. JónG o.fl., þskj. 623.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 313. mál, brtt. PHB, þskj. 627.

Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum, 370. mál, þáltill. SF o.fl., þskj. 625.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 371. mál, frv. viðskn., þskj. 626.

Störf þingsins.

Efnahagshrunið og pólitísk ábyrgð – iðnaðarmálagjald og Mannréttindadómstóll Evrópu.

[13:32]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til að þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir ummæli sín í viðtali í sjónvarpinu í gær þar sem hún tók fyrir sitt leyti ábyrgð á hruni efnahagslífsins í haust og aðdraganda þess sem þingmaður í tvö kjörtímabil. Hún bað kjósendur sína og allan almenning afsökunar á þætti sínum í því máli, hún hefði ekki fylgst nógu vel með og ekki verið nægilega á verði.

Ég þakka henni í alvöru og í einlægni fyrir þau orð þar sem mér finnst hún ganga framar og mæla djarflegar en margir þingmenn og ráðherrar hafa þorað að gera. Ég hvet í þessu framhaldi til umræðu um þetta mál og ábyrgð kjörinna fulltrúa á ástandinu, bæði þingmanna og ráðherra.

Ég sjálfur, aumingi minn, hef hugað að þessu í eigin ranni. Ég hef verið varaþingmaður þetta kjörtímabil og ekki tekið þátt í helstu ákvörðunum sem hér hafa verið teknar. Samfylkingin hefur stjórnað í 18 mánuði og Sjálfstæðisflokkurinn í 18 ár, eins og menn hafa sagt, en undan ábyrgð verður ekki vikist. Ég finn hjá sjálfum mér þá ábyrgð að ég var ekki nógu gagnrýninn í mínum flokki, ég átti að afla mér betri yfirsýnar, ég átti að fylgjast betur með hæstv. ut-

anríkisráðherra og félögum hans og ég átti að fylgja betur eftir þeim spurningum sem vöknuðu við forustumenn í flokki mínum.

Um leið og ég votta hv. þm. Ástu Möller virðingu mína vil ég spyrja hana hvort flokkur hennar hafi í heild tekið sömu afstöðu og hver viðbrögð forustumanna hennar, hv. þm. Geirs Haardes, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, Björns Bjarnasonar eða keppenda um formennsku og önnur völd í Sjálfstæðisflokknum, hv. þm. Illuga Gunnarssonar, Bjarna Benediktssonar, (Forseti hringir.) Guðlaugs Þórs Þórðarsonar (Forseti hringir.) eru við víðtækri yfirlýsingu hennar og efnislegu innihaldi hennar.

[13:34]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég tala eingöngu fyrir sjálfa mig og hef sjálf velt fyrir mér hvort og að hvaða leyti ég ber ábyrgð á því sem gerðist hér í haust. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu, eins og hefur komið fram, að sem þingmaður á Alþingi hefði ég getað gert betur og ég tel reyndar að við hefðum öll getað gert betur.

Við heyrðum gagnrýni og viðvaranir frá fræðimönnum, bankamönnum og ýmsum aðilum hér heima og utan úr heimi sem töldu að ekki væri allt með felldu. Ég var ein þeirra sem afgreiddu þær viðvaranir sem fjarstæðukenndar úrtölur og tók jafnvel þátt í því að gera þessu fólki upp annarleg viðhorf. Okkur er reyndar vorkunn því að á sama tíma birtust andmæli frá erlendum matsfyrirtækjum, bönkunum, eftirlitsstofnunum, erlendum og innlendum fræðimönnum og síðast en ekki síst frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem örfáum dögum fyrir hrunið gaf okkur Íslendingum þá einkunn að framtíðarhorfur okkar væru öfundsverðar. Við fengum ætíð staðfestingu og fullvissu um að þrátt fyrir allt væri allt í lagi. Við vorum sjálfumglöð og sjálfsörugg og veittum aðvörunarmerkjum ekki athygli sem skyldi.

Ég á minn þátt í þessu andvaraleysi sem við höfum gert okkur sek um á undanförnum mánuðum og missirum og jafnvel árum gagnvart þróun efnahagsmála í landinu og því hruni sem var í uppsiglingu.

Fyrir sjálfa mig þykir mér það miður og hef beðist afsökunar á því. Ég tel reyndar að þingmenn séu þar ekki einir á báti því það á einnig við um aðra, embættismenn, fjölmiðlafólk, hagfræðinga og aðra efnahagssérfræðinga og ótal marga fleiri. Sjálfsagt má segja að hvert og eitt okkar hafi verið í mismunandi aðstöðu til að átta okkur á stöðu mála, bæði vegna þekkingar okkar og verkefna á vegum Alþingis. Þar eru Samfylkingin og þingmenn hennar ekki undanskilin. Ég hef ekki orðið vör við að Samfylkingin eða þingmenn hennar hafi viðurkennt að þau hafi átt hlut að máli. Þvert á móti hefur Samfylkingin ítrekað vísað frá sér ábyrgð og bent á aðra, Sjálfstæðisflokkinn, Seðlabankann, eftirlitsstofnanir og alla aðra en sjálfa sig. Samt var Samfylkingin í ríkisstjórn þegar viðvörunarraddirnar fóru að heyrast og ráðherra Samfylkingarinnar var bankamálaráðherra og (Forseti hringir.) bar ábyrgð á eftirlitsstörfunum.

Því spyr ég hv. þingmann á móti: Hvar liggur ábyrgð Samfylkingarinnar í þessum málum?

[13:37]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Marðar Árnason vil ég taka fram að margoft hefur komið fram í ræðum og ritum okkar sjálfstæðismanna að Sjálfstæðisflokkurinn axlar ábyrgð sína og gengst fúslega við henni. Það hefur margoft komið fram í ræðum okkar sjálfstæðismanna. Hins vegar virðist það vera að ýmsir stjórnmálamenn og þeir sem fjalla um ábyrgð kjörinna fulltrúa líti þannig á að Sjálfstæðisflokkurinn einn hafi verið við stjórn landsins í aðdraganda bankahrunsins. Það var auðvitað ekki svoleiðis. Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn hafa verið í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum og nú er Samfylkingin í ríkisstjórn með Vinstri grænum. Við horfum upp á það að miklar breytingar eru yfirvofandi í forustuliði Sjálfstæðisflokksins og stór hluti forustumanna hans mun víkja af vettvangi eftir næstu kosningar, af ýmsum ástæðum, og það segir kannski sitt.

Það sama er hins vegar ekki hægt að segja um Samfylkinguna. Þar sitja sömu kapparnir í ráðherrastólunum og á meðan bankahrunið átti sér stað, eins og hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson. Forusta Samfylkingarinnar ætlar að sitja, sömu ráðherrarnir og voru í síðustu ríkisstjórn. Hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir ætlar ekki að axla neina ábyrgð og ekki verður séð að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ætli að gera það. Það sem merkilegast er, og hefur komið fram í fjölmiðlum á síðustu dögum, er að forustumenn Samfylkingarinnar, sem bera ábyrgð ásamt okkur öllum hinum, hafa raðað sér niður í forustusæti í komandi prófkjöri Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhanna Sigurðardóttir (Forseti hringir.) og Össur Skarphéðinsson. (Gripið fram í.) Menn verða að líta (Forseti hringir.) í eigin barm áður en þeir beina spjótum sínum einungis að (Forseti hringir.) sjálfstæðismönnum.

[13:39]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Þann 30. október 2008 sagði ég svo hér á Alþingi, ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr ræðu minni, með leyfi forseta:

„Jöklabréfin ollu líka miklum vanda en það sem kannski olli mesta vandanum var krosseignarhald, áhættutaka banka, ríkissjóðs, fyrirtækja og einstaklinga. Áhættugleðin var höfð í öndvegi. Gamlar dyggðir eins og ráðdeild og sparsemi, öryggi og lítil áhætta voru sem sagt gleymdar.

Ég ætla ekki að skorast undan ábyrgð eins og hv. síðasti ræðumaður. Ég sem þátttakandi í að semja þessi lög sem hafa brugðist ber vissulega ábyrgð á þessari stöðu. Ég ber líka ábyrgð á því að hafa ekki minnt nægilega mikið á þessar gömlu dyggðir og ekki staðið nógu ákveðið gegn því sem ég sá að var afleiðing af gagnkvæmu eignarhaldi. Þannig að ég er ekki að skorast undan ábyrgð, alls ekki.“

Þetta sagði ég 30. október og vísaði til þess að þann 1. mars 2005 hélt ég fund sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar um gagnkvæm eignatengsl í fyrirtækjum og félögum, með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins, Samtökum fjárfesta, Kauphöll Íslands og Indriða H. Þorlákssyni ríkisskattstjóra. Þar fór ég í gegnum hættuna af gagnkvæmu

eignarhaldi og krosseignarhaldi. Þá hélt ég fund 20. september 2007 þar sem efnahags- og skattanefnd, undir forustu minni, heimsótti Seðlabanka Íslands og fór í gegnum jöklabréfin sem ég sá sem mikla hættu í þjóðfélaginu.

En ég skorast ekki undan, alls ekki. Vissulega ber ég ábyrgð, mína ábyrgð. Við tókum upp fullt af reglum frá Evrópusambandinu, auðvitað átti ég að sjá hættuna af Icesave-reikningunum. Þó að enginn annar hefði séð það hjá Evrópusambandinu átti ég að sjá það. Og fleiri þingmenn. Ég skorast ekki undan ábyrgð og ég held að sjálfstæðismenn geri það almennt ekki.

[13:41]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Hér talar fólk um ábyrgð. Hv. þm. Ásta Möller á heiður skilinn fyrir að biðjast afsökunar, en ég segi við alþingismenn og ráðherra: Þeir sem hafa stutt fiskveiðistjórnarkerfið síðustu 25 árin og staðið að því að brjóta mannréttindi á íslenskum sjómönnum eiga að segja af sér og hætta.

[13:42]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að fylgjast með viðbrögðum sjálfstæðismanna í þessari umræðu. Hér kemur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og svarar spurningum um ábyrgð Sjálfstæðisflokksins með því að reyna að koma ábyrgðinni yfir á hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Ég tel mér skylt að koma henni til varnar í þessari umræðu þar sem hún hefur ekki tök á að svara fyrir sig. Skýrt hefur komið fram af hálfu formanns Samfylkingarinnar að hún tekur ábyrgð á gerðum Samfylkingarinnar en hún tekur ekki ábyrgð á efnahagsstefnu Sjálfstæðisflokksins síðustu 17 árin. Það er ekki Samfylkingarinnar að taka ábyrgð á efnahagslegri óreiðu, efnahagsstefnu sem byggðist á innantómri bólu, skattalækkunum sem ekki voru efni til að veita og algjörri blindni á þær hættur sem steðjuðu að íslenskum efnahag vegna einangrunarhyggju Sjálfstæðisflokksins.

Við vöruðum við því í aðdraganda kosninga 2007 að íslenskt fjármálakerfi væri berskjaldað fyrir skyndilegum veðrabrigðum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Við bentum á að eina raunhæfa úrlausnin í því efni væri aðild að Evrópusambandinu.

Sjálfstæðisflokkurinn féllst á það við ríkisstjórnarmyndun 2007 að horft yrði á aðildarumsóknina að Evrópusambandinu í ljósi hagsmunamats. En svo flögraði flokkurinn burt undir forustu manna eins og hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar og fleiri, sífellt í hugmyndafræðilegri andstöðu við Evrópusambandið og neitaði að horfast í augu við þá hagsmuni þjóðarinnar sem voru af því að binda enda á þennan óstöðugleika og koma traustari stoðum undir íslenskt efnahagslíf til lengri tíma.

Þar liggur ábyrgð Sjálfstæðisflokksins hrein og skýr og verður ekki af honum tekin og henni verður ekki hnoðað á aðra. Hún er Sjálfstæðisflokksins, einangrunarhyggja Sjálfstæðisflokksins og skilningsleysi hans á mikilvægi traustra og öruggra samskipta við önnur ríki eru grundvallarástæða hrunsins.

[13:44]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Enn og aftur standa sjálfstæðismenn upp hver af öðrum hér í þingsal til að reyna að hvítþvo sig af fortíðinni. Staðreyndin er nefnilega sú að með því að benda á Samfylkinguna er verið að breiða yfir það sem Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki horfast í augu sem við er að eitt stærsta vandamál okkar á Íslandi í dag er gjaldeyriskreppa. Það er gjaldmiðilsvandi. Hvernig hefur Sjálfstæðisflokkurinn svarað þeim spurningum? Hann hefur svarað þeim með því að benda á aðra.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki viljað ræða Evrópusambandið og skellt skollaeyrum við því að við erum í gjaldeyrisvanda og þurfum að ræða upptöku nýs gjaldmiðils. Eina raunhæfa lausnin í því sambandi er aðild að Evrópusambandinu með upptöku evru. Þannig leysum við þau mál til framtíðar. Sjálfstæðisflokkurinn varð uppvís að því að líta til skammtímasjónarmiða í gjaldmiðilsmálum eins og í efnahagsmálum almennt. Við stöndum nú frammi fyrir þeim vanda og afleiðingum hans, það er 18% verðbólga á ársgrundvelli, það eru 18% stýrivextir, heimili og fyrirtæki í landinu eru í miklum vanda. Það þýðir ekki að benda á Samfylkinguna og ábyrgð hennar í þá 18 mánuði sem hún sat í ríkisstjórn. Ég get alveg viðurkennt að stærstu mistök Samfylkingarinnar voru að fara í þessa ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum, sem sló umræðunni um aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru á frest. Um það erum við sek, að hafa tekið þátt í frestun á þeirri umræðu með því að fara í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Þetta er stóra málið í dag að svara því hvernig við ætlum að koma Íslandi út úr gjaldeyriskreppunni (Forseti hringir.) sem er hinn stóri vandi heimila og fyrirtækja á Íslandi í dag.

[13:47]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Um margt er hún athyglisverð sú umræða sem hér fer fram um sekt og sakleysi á efnahagskreppunni sem dunið hefur yfir þjóðina. Því hefur verið haldið fram af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að Samfylkingin hafi enga ábyrgð axlað og viljað varpa öllu yfir á Sjálfstæðisflokkinn. Samfylkingin hefur þrátt fyrir allt axlað tiltekna ábyrgð með því að slíta stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn sem hér var við völd í 18 ár samfleytt. Stór hluti af forustu Sjálfstæðisflokksins gefur sannarlega ekki kost á sér í næstu kosningum. Það má kannski segja sem svo að þannig sé hann að axla ábyrgð. En hvað með alla hina? Hvað með t.d. hv. þm. Pétur Blöndal, sem hér kom og hefur átt sæti í efnahags- og viðskiptanefnd og efnahags- og skattanefnd í 12 ár? Ber hann enga ábyrgð á efnahagshruninu og gefur svo kost á sér áfram?

Sjálfstæðisflokkurinn segir að stefnan hafi ekki brugðist heldur fólk. En víst brást stefnan, það er frjálshyggjan, það er afskiptaleysisstefnan, það er græðgin og drambið, hömlulaus trú á markaðinn, takmarkalausan vöxt í algerri blindni. Það er stefnan sem brást. Henni var vissulega framfylgt af fólki en það er hún sem brást. Á sama tíma kemur formaður Sjálfstæðisflokksins skipti eftir skipti í fjölmiðla

innan lands og utan og axlar enga ábyrgð, neitar að taka ábyrgð á efnahagshruninu eða biðja þjóðina afsökunar. Það er að sjálfsögðu ámælisvert. Við bíðum eftir því að fá slíka afsökunarbeiðni frá formanni Sjálfstæðisflokksins.

[13:48]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég hef aldrei skorast undan ábyrgð eins og hér hefur verið haldið fram og aldrei gert neinar tilraunir til þess. Ég sagði í upphafi ræðu minnar áðan að Sjálfstæðisflokkurinn axlaði sína ábyrgð og gengist fúslega við því að ýmislegt hefði betur mátt fara. Það væri hins vegar óskandi að fulltrúar annarra stjórnmálaflokka gerðu það líka, eins og t.d. fulltrúar Samfylkingarinnar.

Hv. þm. Árni Páll Árnason sakaði mig um að vera að reyna að varpa ábyrgð yfir á aðra og yfir á formann Samfylkingarinnar. Samfylkingin og forusta þess flokks ber ábyrgð eins og allir aðrir. Samfylkingin fer í núverandi ríkisstjórn með forustu utanríkismála alveg eins og í síðustu ríkisstjórn. Icesave-skuldbindingarnar og samningar vegna þeirra hafa verið á forræði Samfylkingarinnar. Þar hefur ekkert gerst. Viðskiptaráðuneytið, og þar með málefni bankanna, hafa verið á forsjá Samfylkingarinnar. Bankarnir hrundu á vakt Samfylkingarinnar og því miður hefur Samfylkingunni ekki tekist að endurreisa bankakerfið í sinni tíð í viðskiptaráðuneytinu.

Menn geta talað um Evrópusambandsaðild en ég segi það stoltur að ég vil ekki ganga í Evrópusambandið enda tel ég að við þurfum að byggja samfélag okkar upp á þeim auðlindum sem landið okkar hefur gefið okkur. En nú tekur við uppbyggingarstarf. Við þurfum að slá skjaldborg um heimilin og um atvinnulífið. Við þurfum að endurreisa bankakerfið og koma í veg fyrir skuldasöfnun. Við þurfum að lækka vexti og marka stefnu í gjaldmiðilsmálum. Auka þarf traust en því miður er sú ríkisstjórn sem nú starfar ekki að vinna að þessum málum. Hún hefur einungis fengið eitt frumvarp samþykkt á þeim tíma sem hún hefur verið við völd.

[13:51]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki óvænt að umræður hefjist í þingsal um ábyrgð þingmanna á því sem gerst hefur þegar nær dregur þeirri stund að þingmenn þurfa að mæta kjósendum sínum, annaðhvort í prófkjörum eða í kosningum. Ég held að við eigum að treysta þeim til að gera það uppgjör með heiðarlegum hætti og ég er ekki viss um að alþingismenn bæti miklu við í þingsal með því að leitast við að færa ábyrgð af sér yfir á einhvern annan. Ég er ekki viss um að við séum þess umkomnir að setja okkur í það sæti að geta lagt dóm á það.

Við getum hins vegar gefið þeim sem koma í þingsal að loknum næstu kosningum það ráð að muna betur eftir því til hvers þingmenn eru kosnir á þing og til hvers kjósendur ætlast af þeim. Kveðið er á um það í stjórnarskrá lýðveldisins að þingmenn eigi að fara að sannfæringu sinni og hafa hana í huga við störf á þingi. Ég held að margt hefði farið betur á undanförnum árum ef þingmenn hefðu munað það og gert það sem þeir vissu að var sannast og réttast en gert minna af því að fylgja í blindni foringjum og leiðtogum sem eru misvitrir eins og allir aðrir.

Mér finnst það hins vegar áhyggjuefni, og vil koma því hér á framfæri, að það eru ekki bara stjórnmálamenn sem bera ábyrgð. Fjölmiðlar bera mikla ábyrgð á því sem gerðist og þeirri þróun sem varð. Þeir mæta ekki kjósendum sínum. Hvernig ætla menn að fá fjölmiðlana til að endurskoða störf sín í fortíðinni?

[13:53]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður og sérstaklega hv. þm. Ástu Möller fyrir góð svör við erindi mínu til hennar, sem var aðallega að votta henni virðingu mína. Ég tel mikilvægt að við missum þá umræðu sem við stöndum nú frammi fyrir, þingmenn á þessu kjörtímabili, og þeir sem hér flækjast inn af ýmsum tilviljunum, ekki út í hefðbundið flokkakarp eins og mér fannst bera á, einkum hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni.

Það er rétt, Samfylkingin ber ábyrgð, er ekki undanskilin ábyrgð. Það er líka rétt að hún hefur stjórnað í 18 mánuði en ekki í 18 ár og það er enn réttara að helsta sök hennar er kannski sú að hafa látið Sjálfstæðisflokknum eftir hagstjórnina í þessa 18 mánuði, að hafa ekki gripið inn í sjálf og efnt kosningaloforð sem hún gaf fyrir kosningar í sérstökum bæklingi sem vitringar okkar ritstýrðu.

Það hefur líka verið rakið að rætur þess sem gerðist liggja aftar. Þær liggja í upptöku kvótakerfisins, hv. þm. Grétari Mar Jónssyni til gleði, í ofsafengnum stórvirkjunaráformum og framkvæmdum og í einkavæðingu bankanna sem var gerð eins og kálfum sé hleypt út að vori. Við ættum þó kannski einkum að vera að ræða hinar hugmyndafræðilegu ástæður þess sem varð, hvernig samfélagið var allt í einu orðið samfélag einkahagsmuna, samfélag græðgi, samfélag sérhyggju, í stað þeirrar íslensku hefðar og í stað þeirrar jafnaðarhugsunar sem mjög hefur einkennt íslensk stjórnmál á síðustu öld, a.m.k. að miklu leyti, að berjast gegnum málin með samtökum og samhjálp, (Forseti hringir.) sýna þrautseigju og nægjusemi eins og í gamla bændasamfélaginu (Forseti hringir.) og sjómannasamfélaginu.

[13:55]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem hófst á því að spurt var um ábyrgð þingmanna, kjörinna fulltrúa á þingi. Ég talaði þar út frá mínu hjarta eins og ég hef hugsað mína ábyrgð í þessu máli.

Ég tek undir það með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki skorast undan ábyrgð sinni. Einstakir þingmenn og stjórnmálamenn á okkar vegum hafa orðað þetta með svipuðum hætti og ég þannig að heyrst hefur. En ég spurði m.a. í ræðu minni um ábyrgð Samfylkingarinnar og benti á að hún vísaði yfirleitt á aðra. Það er þetta gamla: Ekki benda á mig. Það var mjög áberandi í ræðu bæði hv. þm. Árna Páls Árnasonar og hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur að þau eru við sama heygarðshornið, þau benda á alla aðra en sjálfa sig. Þau sjá ekki í sinn eigin rann að þau beri einhverja ábyrgð.

Ég verð að draga það fram að margir hafa bent á að rót

hrunsins liggi m.a. í því regluverki um fjármálakerfið sem við höfum innleitt í íslensk lög. Hvaðan er það regluverk komið? Það er komið frá EES-samningnum. Þar bera forverar Samfylkingarinnar ábyrgð, Alþýðuflokkurinn gamli, sem var í fjögur ár af þessum 18, 4 ár plús Samfylkingin í 18 mánuði, þannig að það er ákveðinn hluti af þessu. (Gripið fram í.) Ég hef ekki orðið vör við annað en að Samfylkingin vilji ganga enn lengra í að róa að því öllum árum að Ísland gangi í ESB og gangi enn lengra inn í það regluverk sem er rótin að því í hvaða stöðu við erum í dag.

[13:57]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég ætla að ræða allt annað. Þegar menn lenda í vandræðum, kreppu og þvílíku, er það oft þannig að mannréttindi eiga undir högg að sækja, menn horfa kannski minna á þau. Það er verið að gera kröfur um að frysta eignir o.s.frv. og það er sem sagt oft þannig að mannréttindi eiga undir högg að sækja.

Hv. þm. Atli Gíslason hefur verið mikill baráttumaður fyrir mannréttindum og stjórnarskránni o.s.frv. Mig langar að spyrja hann: Þann 24. mars, eftir þrjár vikur, mun Mannréttindadómstóll Evrópu fjalla um iðnaðarmálagjaldið og töku þess gegnum íslenska ríkið. Þetta tengist mjög mörgum öðrum málum, t.d. búnaðargjaldinu, fiskræktargjaldi, STEF-gjöldum, skyldugreiðslu opinberra starfsmanna til stéttarfélaga, hvort sem þeir vilja vera í þeim eða ekki, og tengist því að fólk er í rauninni með ríkisvaldi skyldugt til að borga í ákveðin félög sem það vill kannski ekki endilega vera í. Opinberir starfsmenn geta ekki stofnað stéttarfélög af því að þeir eru skyldaðir til að borga inn í þessi löggiltu stéttarfélög. Ég vil spyrja hv. þm. Atla Gíslason, sem er áhugamaður um mannréttindi, hvort hann hafi rætt þetta í þingflokki sínum og hvort hann hafi beint þessu máli til ríkisstjórnarinnar, sem hann styður, að hún taki á þessu máli áður en dómstóllinn fellir úrskurð þannig að við lendum ekki í þeirri niðurlægingu að Íslendingar verði, með dómsúrskurði frá Mannréttindadómstóli Evrópu, hugsanlega dæmdir fyrir mannréttindabrot.

[14:00]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég ætla fyrst að segja hv. þm. Pétri Blöndal að ég er félagshyggjumaður og ég trúi á samstöðu fólks. Ég hef trú á því að fólk megi taka sig saman rétt eins og bændur mega fara í réttir saman og ræða sín mál. Það er það sem iðnaðurinn og allar hreyfingar á Íslandi gera til að ná fram sameiginlegum málum, hagsmunamálum sínum, að taka sig saman.

Já, ég hef verið baráttumaður fyrir mannréttindum, og ég minnist þess, hv. þm. Pétur Blöndal, að ég barðist harkalega vegna brota á stjórnarskránni í tengslum við breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki sem hefur nú verið dæmt í héraðsdómi að séu mannréttindabrot. Ég veit ekki betur en að hv. þingmaður hafi stutt þau mál svo að hann talar úr tómri tunnu hér og bergmálar allt aðra væntumþykju fyrir stjórnarskránni en orð hans mæla fyrir um.

Ég hef ekki rætt þetta innan þingflokks Vinstri grænna, ég bíð þessarar niðurstöðu. Ég bíð og vona að menn megi vinna saman, vera samhentir, sýna samábyrgð. Að við hverfum frá þeirri einstaklingshyggju og gróðahyggju sem hefur gegnsýrt þjóðfélag okkar allt frá árinu 1991 þegar Sjálfstæðisflokkurinn komst til valda, þar sem óbeisluð frjálshyggja hefur ráðið för, þar sem frelsi var einkavætt, hv. þm. Pétur H. Blöndal, en ekki ábyrgðin. Mönnum gerist nú tíðrætt um ábyrgð og ég held að menn ættu að hugsa sig betur um og biðja þjóðina afsökunar almennt séð og vinda sér svo í þau verk sem eru brýnust fyrir þjóðina, þ.e. að leysa vanda heimilanna og atvinnulífsins.

[14:02]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Þetta er alveg lögmætt sjónarmið sem hv. þm. Pétur Blöndal færir hér inn. Það er alveg hárrétt hjá honum að Mannréttindadómstóllinn mun taka þetta mál fyrir og hyggst gera það munnlega síðar í þessum mánuði sem bendir til þess að honum þyki málið hugsanlega fordæmisgefandi og jafnvel veigamikið.

Það verður hins vegar að hafa það hugfast í þessu máli að það hefur tveimur sinnum farið fyrir Hæstarétt og í bæði skiptin hefur Hæstiréttur komist að sömu niðurstöðu, að taka þessa gjalds sé lögmæt. Það verður því að liggja alveg skýrt fyrir að þetta er það sem íslensk stjórnvöld búa við, þetta er bakgrunnur málsins. Hæstiréttur Íslands hefur komist að þeirri niðurstöðu, ekki einu sinni heldur tveimur sinnum, að þetta gjald sé lögmætt. Ef Mannréttindadómstóllinn kemst að annarri niðurstöðu tökum við að sjálfsögðu mið af því en þetta er það sem íslenska dómskerfið hefur í reynd kveðið upp sem sinn úrskurð í málinu.

Umræðu lokið.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 4.–6. og 9.–12. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 627. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 3. umr.

Frv. iðnn., 317. mál (umsagnarréttur sveitarfélaga). — Þskj. 549.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁMöl, BÁ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, HerdÞ, KaJúl, KÓ, KHG, LB, MÁ, ÓN, PHB, REÁ, SKK, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

31 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, EyH, GHH, GÞÞ, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KolH, KÞJ,

KLM, MS, RR, SF, ÞKG, ÖJ) fjarstaddur.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 631).

Kosningar til Alþingis, 3. umr.

Frv. allshn., 328. mál (viðmiðunardagur umsóknar um kosningarrétt). — Þskj. 564.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁMöl, BÁ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, HerdÞ, KaJúl, KÓ, KHG, LB, MÁ, ÓN, PHB, REÁ, SKK, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

31 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, EyH, GHH, GÞÞ, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, KolH, KÞJ, KLM, MS, RR, SF, ÞKG, ÖJ) fjarstaddur.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 632).

Hlutafélög og einkahlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 356. mál (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn). — Þskj. 606.

[14:09]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög sem fjalla um eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn, á þskj. 606 sem er 356. mál þingsins.

Mun ég nú lýsa nánar einstökum efnisatriðum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994. Snerta tillögurnar eignarhald, kynjahlutföll í stjórnum og meðal starfsfólks og framkvæmdastjóra og loks starfandi stjórnarformenn.

Tilgangurinn með eignarhaldsákvæðunum er að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í íslenskum hlutafélögum með aukinni skyldu á stjórnir varðandi upplýsingar um hluthafa, hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt, svo og samstæðutengsl sem félagið er í. Með hugtakinu samstæðutengsl er átt við tengsl milli hlutafélags og annars hlutafélags eða einkahlutafélags sem nægja til að fyrrnefnda félagið teljist móðurfélag og hið síðara dótturfélag, sbr. 2. gr. laganna um hlutafélög. Þykir rétt að styrkja þessi ákvæði í lögum um hlutafélög með því að leggja berum orðum þá skyldu á stjórnina að sjá til þess að hlutaskráin geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa, hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt. Upplýsingar um hluthafa í hlutafélögum, hlutafjáreign hvers þeirra og atkvæðisrétt nægja þó ekki einar sér til að tryggja gagnsæi með viðunandi hætti. Þess vegna er lagt til í frumvarpinu að auk þessara upplýsinga skuli geta allra þeirra samstæðutengsla sem félagið er í.

Skyldur stjórnarinnar snúa ekki einungis að upplýsingum í hlutaskrá heldur einnig að stuttri samantekt vegna aðalfunda. Geta hluthafarnir á grundvelli þessa öðlast meiri rétt til upplýsinga frá stjórn. Jafnframt er ákvæðunum ætlað að auðvelda aðgang stjórnvalda að viðkomandi upplýsingum. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðuneytið kunni einnig að leggja til breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, varðandi meiri upplýsingar um eignarhald en þar er að finna nú, einkum hvað snertir stærri einkahlutafélög en einnig hlutafélög.

Hvað kynjahlutföll snertir er lagt til að í ákvæðum laganna um hlutafélög og einkahlutafélög varðandi stjórnir verði tekið fram að gætt skuli að kynjahlutföllum og að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli gefa upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og í stjórn. Þá er lagt til að í ákvæðum laganna um framkvæmdastjóra verði tekið fram að sömuleiðis skuli gætt að kynjahlutföllum við ráðningu þeirra og að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli gefa upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra. Er lögð ríkari upplýsingaskylda á félögin um kynjahlutföll í stjórnum og meðal framkvæmdastjóra, svo og starfsmanna almennt, en gildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, gera ráð fyrir. Markmiðið er að stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum í félögunum með auknu gagnsæi og greiðari aðgangi að upplýsingum.

Um kynjahlutföll vil ég bæta við að í 1. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög komu inn árið 2006 ákvæði þess efnis að við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skuli tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar. Með núverandi ákvæðum frumvarpsins er gert ráð fyrir að einnig skuli gæta að kynjahlutföllum í stjórnum annarra hlutafélaga en opinberra hlutafélaga, sem eru mjög fá, svo og í einkahlutafélögum. Sviðið er því víðtækara og nánari ákvæði sett svo sem ég hef rakið. Með upplýsingum um skipan stjórna má segja að upplýsingagjöf um kynjahlutföll sé þegar lögbundin með vissum hætti en nýjungin sem felst í frumvarpinu er sú að framvegis verði félögum skylt að upplýsa um kynjahlutföllin sérstaklega, þ.e. tölulega. Auk þess er gert ráð fyrir að hlutafélögum verði framvegis skylt að upplýsa um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi félags.

Gert er ráð fyrir nýjum ákvæðum um starfandi stjórnarformenn í hlutafélögum á grundvelli álits nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis frá september 2004. Lagt er til að stjórnarformanni hlutafélags sé ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem falla undir eðlileg störf stjórnarformanns. Þó er lagt til að stjórn félagsins gæti falið formanni að vinna einstök verkefni fyrir stjórnina.

Þess skal getið að ég var á þessum tíma formaður viðskiptalífsnefndar en aðrir í nefndinni sem stóðu að tillögugerð um starfandi stjórnarformenn, voru: Guðrún Helga Brynleifsdóttir, héraðsdómslögmaður og rekstrarhagfræðingur, Illugi Gunnarsson, núverandi hv. þingmaður, þáverandi aðstoðarmaður forsætisráðherra, Orri Hauksson framkvæmdastjóri, Páll Magnússon, þáverandi aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og Stefán Svavarsson, lög-

giltur endurskoðandi. Þórdís Sigurðardóttir, þáverandi framkvæmdastjóri stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík, skilaði sératkvæði og taldi ekki rétt að festa slíkt ákvæði í lög. Ég tel þó rétt að taka nú upp ákvæði um starfandi stjórnarformenn. Þau rök eru ekki talin fullnægjandi að slík ákvæði yrðu til þess að sífelld gagnrýni væri uppi um að stjórnarformenn ákveðinna félaga störfuðu á gráu svæði eða brytu lög og að slíkt gæti spillt fyrir félögunum m.a. erlendis. Getur allt eins spillt fyrir félögum að störf starfandi stjórnarformanna líkjast oft í reynd mjög störfum framkvæmdastjóra en bann er í lögum um hlutafélög við því að framkvæmdastjóra megi kjósa sem stjórnarformann.

Stjórnarformenn félaga gegna mikilvægu hlutverki innan stjórna enda sjá þeir m.a. um að boða til stjórnarfunda og stýra þeim, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Í 1. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög er lagt bann við því að framkvæmdastjóri félags verði kosinn stjórnarformaður í því. Nokkuð er hins vegar um það hérlendis að stjórnarformenn séu jafnframt meðal æðstu stjórnenda hjá viðkomandi félagi og sinni daglegum störfum fyrir það. Í slíkum tilvikum eru þeir ekki titlaðir sem framkvæmdastjórar heldur hefur myndast sú venja að tala um þá sem starfandi stjórnarformenn. Störf starfandi stjórnarformanna líkjast oft í reynd mjög störfum framkvæmdastjóra og hlýtur fyrirkomulagið að orka nokkuð tvímælis í ljósi fyrrnefnds ákvæðis um að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra sem stjórnarformann.

Í þeim félögum, sem hafa starfandi stjórnarformann, er oft nokkuð skýr verkaskipting á milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra, t.d. þannig að sá síðarnefndi sér um málefni sem lúta að daglegum rekstri en stjórnarformaðurinn sinnir öðrum verkefnum, t.d. stefnumótun, meiri háttar samningum o.s.frv. Álitamál getur verið hvort slík verk falli undir eðlilegt verksvið stjórnarformanns enda hefur félagsstjórnin sem heild nokkurt hlutverk við stefnumótun og þarf að gefa framkvæmdastjóra heimild til ráðstafana sem teljast óvenjulegar eða mikils háttar. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að ná fram sambærilegri verkaskiptingu án starfandi stjórnarformanns með því t.d. að hafa tvo eða fleiri framkvæmdastjóra og skipta með þeim verkum. Með slíku fyrirkomulagi ætti félagsstjórn að vera í eðlilegri stöðu til að hafa eftirlit með framkvæmdastjórn.

Það er almennt ekki talið æskilegt að stjórnarformenn séu í reynd hluti af framkvæmdastjórn félags enda er eitt af hlutverkum stjórnarformanns að stýra eftirliti félagsstjórnar með félaginu. Það er því hætta á hagsmunaárekstrum ef stjórnarformaður er jafnframt starfsmaður félagsins þar sem hann stjórnar þá í raun eftirliti með sjálfum sér. Miðar ákvæðið að því að minnka líkur á slíkum hagsmunaárekstrum.

Nefna má að svipað ákvæði hefur verið að finna í 51. gr. danskra hlutafélagalaga en þar á ákvæðið aðeins við um stjórnarformenn í félögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þ.e. í markaðsskráðum félögum. Þá er tillagan í samræmi við það viðhorf sem er ríkjandi víða um lönd að ekki sé talið æskilegt að æðstu stjórnendur félaga séu jafnframt stjórnarformenn þeirra.

Með fyrirhugaðri breytingu í 6. gr. frumvarpsins á 91. gr. laga um hlutafélög er miðað að því að styrkja rétt hluthafa til að kynna sér málefni félagsins með því að skylda stjórn til að veita upplýsingar um hlutafjáreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt þeirra en í 91. gr. er nú þegar vikið að upplýsingaskyldu um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu.

Gert er ráð fyrir gildistöku frumvarpsins án sérstaks aðlögunartíma en hugsanlega þarf að athuga betur í nefnd hvort veita þurfi aðlögunartíma varðandi starfandi stjórnarformenn þannig að ákvæði þar að lútandi kæmu til framkvæmda án erfiðleika fyrir hlutafélög sem þegar hafa haldið aðalfund eða gera það skömmu eftir gildistöku laganna. Að mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins verður ekki séð að frumvarpið muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til viðskiptanefndar.

[14:18]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra kærlega fyrir framlagningu þessa frumvarps sem ég tel svo sannarlega skref í rétta átt. Í þinginu í gær í umræðu um frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórnir fjármálafyrirtækja átti ég einmitt orðastað við hv. þm. Pétur Blöndal um þetta tiltekna ákvæði sem snýr að hlutföllum kynjanna.

Ég mun ef til vill koma betur að því síðar í umræðunni, hæstv. forseti, í ræðu en engu að síður vil ég þó í stuttu andsvari þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta. Niðurstaðan þarf ekki að koma á óvart þegar litið er til skipunar þeirrar nefndar sem vann að málinu. Þar eru miklir jafnréttissinnar á ferð, eins og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir í umfjöllun sinni. Ég held að hér sé mikilvægt skref stigið í átt til jafnréttis varðandi hlutafélög og lög um einkahlutafélög á Íslandi.

[14:19]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum hér mjög mikilvægt frumvarp og ég vil þakka fyrir framlagningu þess. En mig langar til að beina fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra um tvennt. Það er í fyrsta lagi: Kemur þetta frumvarp einhvern veginn í veg fyrir krosseignarhald sem hefur skaðað mjög mikið, t.d. það eignarhald sem var í kross milli Kaupþings og Exista? Nú getur maður nefnt það því bæði þau félög eru komin af verðbréfamarkaði. Það var ekki hægt að nefna þetta áður.

Í öðru lagi langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra um framkvæmd laga um opinber hlutafélög og hvort bankarnir séu ekki allir opinber hlutafélög. Ef svo er hvort þá eigi ekki að vera kynjajafnrétti í stjórn þeirra og hvort einn bankinn, Kaupþing, megi hafa fimm konur í stjórn. Einnig hvort aðalfundir félaganna eigi ekki að vera opnir kjörnum fulltrúum og fréttamönnum þannig að þær ákvarðanir aðalfundar sem gerðar hafa verið séu því ólöglegar. Ég spyr líka hvort framkvæmd laga um opinber hlutafélög sé yfirleitt í lagi.

Þá vil ég nefna t.d. Þróunarfélag Keflavíkur og fjöldann allan af öðrum hlutafélögum sem ríki og sveitarfélög eiga alfarið og eru þar með opinber hlutafélög og eiga að gæta

kynjajafnréttis o.s.frv. Þetta langar mig til að spyrja um því hér er verið að setja enn ein lögin og það er spurningin ef framkvæmdin er ekki betri en þetta á opinberum félögum sem ríkið á jú sjálft, verður þetta eitthvað betra þótt menn setji eitthvað í lög?

[14:21]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Frumvarpið sem slíkt kemur ekki í veg fyrir krosseignarhald. Ég verð hins vegar að taka undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal um að það væri mjög æskilegt að girða sem mest fyrir það. Enda var það ein af meinsemdunum í hagkerfinu sem við horfum nú upp á hrunið, að stóru leyti.

Í ráðuneytinu var skoðað hvort hægt væri að ganga enn lengra en gert er í frumvarpinu en að svo stöddu var ekki talið ráðlegt að reyna að ráðast í það, m.a. vegna sjónarmiða um stjórnarskrárverndaðan eignarrétt sem gæti flækt málið talsvert. Ég er hins vegar hjartanlega sammála þingmanninum eins og ég sagði áðan um nauðsyn þess að taka á þessu máli þó að ég hafi því miður ekki séð að fært væri að koma því inn í þetta tiltekna frumvarp.

Hvað varðar lögin um opinber hlutafélög og bankana þá teljast bankarnir, að því er mér skilst, ekki opinber hlutafélög heldur eru þeir venjuleg hlutafélög en verða væntanlega að minnsta kosti fyrst um sinn í eigu hins opinbera en falla þó ekki undir sérstök lög um opinber hlutafélög.

Að öðru leyti treysti ég mér ekki til að skera úr um hvort framkvæmd laga um opinber hlutafélög sé almennt í lagi eða hvort þar þurfi að bæta úr.

[14:23]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi opinberu hlutafélögin. Það er mjög skýrt og ákveðið í þeim lögum að hlutafélög sem eru alfarið í eigu opinberra aðila, hvort sem það er ríki eða sveitarfélög, teljast opinber hlutafélög. Þau eiga að fara að lögum um opinber hlutafélög þar á meðal um kynjaskiptingu í stjórn, um aðgang kjörinna fulltrúa að aðalfundum og fjölmiðla á aðalfund. Ég vil því gjarnan að ráðuneytið skoði þetta nánar.

Krosseignarhaldið er mikið vandamál. Það vill svo til að ég er nú að leggja fram tillögu til þingsályktunar um gagnsæi hlutafélaga sem er nýtt hugtak sem er skilgreint „recursive“, svo ég sletti nú ensku, þ.e. að það er skilgreint gagnkvæmt og felst í því að gagnsætt hlutafélag má eingöngu fjárfesta í gagnsæjum hlutafélögum og má eingöngu veita arð og atkvæðisrétt til eigenda sem eru gagnsæ hlutafélög eða einstaklinga.

Ég tel að með þeim hætti væri hægt að skilgreina nýtt form hlutafélaga sem menn mundu treysta miklu frekar, bæði fjárfestar og sérstaklega lánardrottnar sem hafa farið mjög illa út úr því krosseignarhaldi og raðeignarhaldi sem hefur verið við lýði hér á landi og blæða sennilega mest fyrir það. Það hefur að sjálfsögðu leitt til þess vantrausts sem nú ríkir. Ég held að menn ættu að skoða það nákvæmar að búa til nýtt hugtak sem heitir „gagnsætt hlutafélag“.

[14:25]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal ábendinguna um opinberu hlutafélögin og hvort bankar sem verða fyrirsjáanlega, að minnsta kosti fyrst um sinn, í eigu hins opinbera falla undir þau mun verða kannað í ráðuneytinu.

En að öðru leyti vil ég jafnframt taka undir hvað varðar þau almennu sjónarmið um gagnsæi og kynjahlutföll og annað sem tilgreint er sérstaklega í lögum um opinber hlutafélög. Það hlýtur að þurfa sterk rök til þess að víkja frá þeim varðandi þessi hlutafélög, hvort sem þau falla beint undir lögin eða ekki.

[14:26]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Nú líta loks dagsins ljós nokkur af þeim frumvörpum sem hæstv. ríkisstjórn hefur boðað og ekki seinna vænna þar sem þingrof er skammt undan.

Ríkisstjórnin ætlaði sér að láta verkin tala. Ríkisstjórnin ætlaði sér að vinna að verkefnum sem mættu verða til þess að leysa þau gríðarlegu erfiðu verkefni sem blasa við í efnahagsmálum, atvinnumálum og í málefnum fjölskyldnanna í landinu. Þetta eru málin sem ég vonaðist eftir að yrðu á dagskrá þá 83 daga sem hin nýja ríkisstjórn starfaði. Því beið ég með eftirvæntingu eftir því að sjá hvernig hin nýja ríkisstjórn ætlaði að endurreisa bankakerfið, hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlaði að stuðla að því að við gætum komist út úr kreppuástandinu sem allra fyrst.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég varð fyrir verulegum vonbrigðum. Í fyrsta lagi eru afar fá mál komin fram og þau sem hafa komið fram eru ekki endilega þau mál sem maður vildi sjá, sem ég trúi að íslenska þjóðin hefði viljað sjá.

Hæstv. ríkisstjórn sendi frá sér þann 1. febrúar 2009, fyrir ríflega mánuði, svokallaða verkefnaskrá ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Að hrinda í framkvæmd brýnum og mikilvægum aðgerðum, einkum í þágu heimila og atvinnulífs, til endurreisnar bankakerfisins.“ Og fleira.

Verkefnaskráin er svolítið loftkennd. Hún tilgreinir fyrirætlanir í sjö liðum. Af gefnu tilefni og því tilefni að loks fáum við að sjá frumvörp langar mig að nota tækifærið og rifja upp það sem fram kemur í umræddri verkefnaskrá.

Fyrsti liður af sjö hefur yfirskriftina: Aukið lýðræði, jöfnuður og upplýsingar. Þar er kveðið á um að hæstv. ríkisstjórn muni stuðla að því að hafa virka upplýsingagjöf til íslensku þjóðarinnar um stöðu landsmála og aðgerðir til að rétta efnahagslífið af.

Virðulegi forseti. Ég sakna þess að ég heyri svo lítið frá þessari ríkisstjórn um hvað verið er að gera til þess að tryggja það að við vitum hvaða aðgerðir eru í gangi. Annars vegar vonbrigði með að vita ekki hvað er að gerast og hins vegar með að maður skuli ekki fá upplýsingar. Sérstaklega er boðað víðtækt samstarf við sveitarfélög, aðila vinnumarkaðarins og almenning í landinu. Í þessum fyrsta lið er líka fjallað um eftirlaunalögin, siðareglur, stjórnlagaþing, kosningar og lög sem ég efast um að komi okkur endanlega

út úr þeim bráðavanda sem við erum í. En a.m.k. er þessi fyrsti liður loftkenndur.

Annar liður: Endurreisn efnahagslífsins. Rýrasti liðurinn í verkefnaskránni, telur örfáar línur. Þar er talað um að gert verði ráð fyrir að vinna áfram með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Sem betur fer, segi ég. En auðvitað má vera ljóst að við vorum komin af stað með þá vinnu og þurfum að klára það verkefni.

Í öðrum lið er líka sérstaklega talað um að kynna áætlunina vel gagnvart almenningi. Virðulegi forseti. Ég hef ekki orðið vör við sérstaka kynningu á aðgerðum í tengslum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og verkefni sem því tengjast. Ég hef ekki sem sagt orðið vör við að það hafi verið kynning á þessum áætlunum gagnvart almenningi og ég sakna þess.

Í þriðja lagi er talað um endurskipulagningu í stjórnsýslunni, skipulagsbreytingar í stjórnkerfinu til að tryggja markvissa framkvæmd efnahagsaðgerða stjórnvalda og endurnýjað traust á fjármálakerfið í landinu. Þar er sérstaklega kveðið á um að skipta um yfirstjórn í Seðlabanka sem þegar hefur verið gert og að endurskoða peningamálastefnuna.

Fjórði liður verkefnaskrárinnar fjallar um aðgerðir í þágu heimilanna. Þar er talað um markvissar aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda heimila í landinu í virku samráði við hagsmunaaðila. Að sett verði á stofn velferðarvakt og sú velferðarvakt vinni í samvinnu við hagsmunaaðila og muni gera tillögur um aðgerðir. Það er talað um skuldavanda heimilanna, lög um séreignarsparnað, húsnæðislán sem færð verði yfir í Íbúðalánasjóð og fleira.

Í fimmta lagi er í verkefnaskránni talað um aðgerðir í þágu atvinnulífsins. Þar er talað um að beina framkvæmdum opinberra aðila í verkefni sem eru þjóðhagslega arðbær og krefjast mikillar vinnuaflsþátttöku. Þar er boðað átaksverkefni til að vinna gegn atvinnuleysi. Þar er sérstaklega kveðið á um jafnrétti kynjanna, að það verði haft að leiðarljósi í endurreisn íslensks efnahagslífs. Þar kemur tenging við það frumvarp sem nú er til umræðu, að vísu.

En mér finnst þetta vera hliðarlína í stóru myndinni. Sem þingmaður á ég mjög erfitt með að sætta mig við að hæstv. ríkisstjórn og virðulegi hæstv. bankamálaráðherra skuli koma með þetta frumvarp fyrst á borðið, sá þingmaður sem hér stendur hafði vænst þess að við værum að útfæra tillögur Mats Josefssons um endurreisn bankakerfisins. Að við værum að skoða raunhæfar aðgerðir vegna þess að — guð má vita það og við vitum það öll að þegar kemur að kosningum, og það er mjög skammt í kosningar, þá mun sú ríkisstjórn sem tekur við þurfa sinn tíma til þess að setja sig inn í verkefnin. Hér er því verið að tefja framganginn sem við byrjuðum á í kjölfar bankahrunsins. Og ég er ansi hrædd um að við séum að tafsa þegar við tölum um kynjajafnrétti. Ég ætla að tala aðeins um það á eftir. En þetta kemur fram í verkefnaskránni.

Í sjötta lagi kemur fram í verkefnaskránni liður sem kallast aðgerðir til að byggja upp fjármálakerfið og greiða úr vanda fyrirtækjanna. Verðugt verkefni en þar kemur fram að ríkisstjórnin muni sjá til þess að fjármálastofnanir gangi hratt og örugglega til verks við að greiða úr vanda lífvænlegra fyrirtækja á grundvelli gegnsærra og alþjóðlegra viðurkenndra reglna. Það hefði verið draumurinn að fá hér frumvarp sem tæki á þessu máli. Það er gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin muni setja nýju bönkunum útlánamarkmið vegna ársins 2009 og til að örva hagkerfið.

Æ, æ. — Sjöundi liður og síðasti. Þar er talað um alþjóðasamninga og Evrópusamstarf. Tekið verði saman yfirlit um lántökur og heildarskuldir þjóðarbúsins og það kynnt almenningi. Þetta hef ég ekki séð gert af hæstv. núverandi ríkisstjórn. Ég bendi á að umræðan í samfélaginu gengur svolítið út á að skuldir samfélagsins, íslensku þjóðarinnar, séu einhvers staðar á bilinu 500 milljarðar til 2.500 milljarðar. Sumir fara jafnvel aðeins lengra og segja 3.000 milljarðar.

Við sem þekkjum þessar tölur kannski aðeins betur en gengur og gerist, við höfum alla vega fjallað töluvert um þessar tölur, við gerum okkur grein fyrir því að það er ýmist verið að tala um brúttó eða nettóskuldir. En þessi umræða er mjög á reiki og það veitir ekki af að almenningur fái upplýsingar eins og talað er um í verkefnaskránni.

Talað er um að fengnir skuli alþjóðlegir sérfræðingar til að veita aðstoð við samninga á alþjóðavettvangi. Nú veit ég ekki hvort það hefur gerst. Að Evrópunefndin ljúki störfum og svo kemur fram í lokin að það verði ekki gengið í ESB og slík aðild verði ekki ákveðin nema í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þetta er nú þessi merkilega verkefnaskrá sem ég ætla að leyfa mér að kalla loftkennda, í 83 daga ríkisstjórn, sem vitað er nokkurn veginn fyrir fram að muni starfa svo lengi. Það hefði verið skynsamlegra að hafa heldur einn lið en sjö. Það hefði verið skynsamlegra að einhenda sér í verkefni sem hefðu tryggt að fyrirtækin, störfin og heimilin gætu haldið áfram. Ég vildi óska þess að við Íslendingar bærum gæfu til þess að stjórnvöld einblíndu á þau verkefni sem tryggja velferð atvinnulífs og heimila í landinu.

Það þarf að tryggja að hér starfi bankakerfi sem getur stutt við uppbyggingu atvinnulífsins. Hreint og klárt bankakerfi sem veitir lán og fyrirgreiðslur þannig að halda megi uppi atvinnustiginu. Við þurfum að byrja upp á nýtt í einhverjum skilningi og við getum ekki beðið. Við getum ekki beðið eftir kosningum. Við getum ekki beðið eftir því að mánuðir líði í viðbót án þess að við klárum þetta mál. Því miður tel ég að kosningar í vor séu ekki gæfuspor fyrir þjóðina, því á ríflega sex mánuðum munum við sjá þriðju ríkisstjórnina taka við. Þetta er ekki gæfulegt fyrir þjóðina.

Ég hef miklar efasemdir um núverandi ríkisstjórn. (**VS:** Er hún nú ekki skárri?) Ég hef mínar efasemdir um hana. Ég hef efasemdir um að ríkisstjórnin hafi getu og tíma til að leysa þau brýnu verkefni sem við blasa. Tíminn var afmarkaður, það var nokkuð ljóst fyrir fram.

En ef við erum raunsæ þá má segja að hún hefði átt að velja sér færri markmið og einbeita sér að efnahagsmálunum og endurreisn bankakerfis og atvinnulífs. Því án bankakerfis geta fyrirtækin ekki starfað eðlilega. Og starfi fyrirtækin ekki eðlilega þá er viðbúið að atvinnuleysi aukist enn frekar og við slíkar aðstæður blasir við gjaldþrot heimila landsins. Málið er ekki flókið. Það þarf kjark og áræði, frumkvæði og festu til að ganga í þau mál sem skipta þjóðina mestu um þessar mundir.

En þá að því frumvarpi sem hér er til umræðu, breyting-

ar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Frumvarpið snýr, eins og kunnugt er, að eignarhaldi, kynjahlutföllum og starfandi stjórnarformönnum. Í góðu árferði væri ég fyrst til að fagna frumvarpi sem þessu og umræðu um það. Vandinn er að við lifum hvorki í góðu árferði né í hefðbundnu árferði og því er vafasamt að þetta sé skynsamlegt sem fyrsta frumvarp viðskiptaráðherra til þess að fara í.

Ég fagna auðvitað umræðu um aukið gagnsæi í rekstri hlutafélaga og einkahlutafélaga. Það er algjörlega nauðsynlegt að sú umræða fari fram. (Gripið fram í.) Aftur sný ég mér að forgangsröðinni og ég segi að það er ekki forgangsmálið einmitt núna. Kannski eftir fjóra mánuði.

Sömuleiðis fagna ég umræðu um kynjahlutföll í stjórnum, í framkvæmdastjórnum félaga og yfir höfuð umræðu um kynjahlutföll í atvinnulífinu. Ég er ein þeirra sem trúa því að það verði viðskiptalífinu til farsældar að konur sitji í auknum mæli í stjórnum og stýri fyrirtækjum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að félögum sé gert að upplýsa um kynjahlutföll og ég tel það vera af hinu góða.

Það var ákveðin nefnd sem var sett á laggirnar undir forustu hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, núverandi hv. þingmanns, sem skoðaði sérstaklega og skilaði áliti um starfandi stjórnarformenn. Það er alveg augljóst að það er margt í því sem þarf að ræða frekar og ég hlakka til að taka þátt í þeirri umræðu.

Í lokin langar mig að víkja í örstuttu máli að nefndinni sem Mats Josefsson hefur stýrt um endurreisn bankakerfisins. Ég hefði gjarnan viljað sjá skref í þá veru að við værum að tala um að framkvæma eitthvað í áttina að því að endurreisa bankakerfið. Ég álít að þær hugmyndir sem komu fram í fyrstu skýrslu Mats Josefssons og nefndar undir hans stjórn, sem skilað var 11. febrúar, séu loftkenndar hugmyndir. Það er engan veginn hægt að sjá hvernig best er að útfæra þær hugmyndir af þeim gögnum sem komu fram og þar af leiðandi tel ég að þessar hugmyndir séu ekki nógu góðar og þær þarfnist umræðu í þinginu. Þetta er kjarni málsins. Við þurfum að reisa við bankakerfið til að stuðla að því að hér haldi áfram heilbrigt atvinnulíf. Að hér sé áfram atvinna fyrir fólkið í landinu þannig að það geti áfram hugað að sínu fólki og uppbyggingu samfélagsins.

[14:40]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta var að mörgu leyti merkileg ræða hjá hv. þingmanni og það er athyglisvert að verða hér aftur og aftur vitni að þeim hamskiptum sem Sjálfstæðisflokkurinn nú gengur í gegnum. (**PHB:** Hann er í stjórnarandstöðu.) Hann er kominn í stjórnarandstöðu, segir hv. þm. Pétur Blöndal, það er gott og það er greinilegt og ég óska þess að Sjálfstæðisflokkurinn verði þar sem allra lengst vegna þess að þar á hann heima.

Það er athyglisvert að hlusta á það sagt hér að eftir einn mánuð hafi sú ríkisstjórn sem hér situr sett mjög fá mál inn í þingið. Ég vek athygli á því að þau eru 16, þar af níu sem varða verkefnaskrá ríkisstjórnarflokkanna beint. Það er rétt að aðeins eitt mál hefur orðið að lögum, margfrægt mál um Seðlabankann, og það er eftirtektarvert að það var þrjár vikur í nefnd og tók afskaplega mikla vinnu og eina 10 fundi.

Ég ætla rétt að vona að þau orð sem hv. þingmaður viðhafði áðan um að þau mál sem hér eru á dagskrá í dag, þrjú mál frá hæstv. viðskiptaráðherra, eigi ekki að taka jafnlangan tíma í nefnd séu ekki illa meint. Ég verð að segja að þetta eru sjálfsögð mál sem varða mjög mikilvægar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir annað hrun í efnahagslífi okkar, gegnsæi, að menn viti hver á hvað og hver hefur atkvæðisrétt. Þetta er stórt skref í rétta átt hvað varðar kynjahlutfallið og ég er sammála hv. þingmanni um að það skiptir máli að konur og karlar komi að borðum þar sem ákvarðanir eru teknar. Það er líka mjög mikilvægt að taka af þann sérislenska ósið að hafa hér starfandi stjórnarformenn.

Hér eru á ferð mikilvæg mál sem hv. þingmaður ætti ekki að gera lítið úr og ég treysti því að mér hafi misheyrst varðandi tóninn í máli hennar og að hún muni leggja sitt lið til þess í hv. viðskiptanefnd að málið verði þar afgreitt hratt og örugglega.

[14:43]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir talaði um mikilvæg mál sem hæstv. viðskiptaráðherra mun nú fjalla um í þinginu í dag, hefur þegar fjallað um eitt þeirra en tvö eru eftir.

Ég er alveg sammála því og sagði í ræðu minni að í góðu árferði mundi ég fagna þessum frumvörpum. Það sem ég lagði áherslu á í ræðu minni er að í því árferði sem við lifum núna og á þeim stutta tíma sem er til kosninga þurfum við ekki eins mikið á því að halda að fara í fyrirbyggjandi aðgerðir eins og að ráðast í kjarnamálin, ráðast í þau mál sem skipta mestu til þess að bankakerfið okkar geti virkað. Þess vegna gagnrýni ég það að hæstv. viðskiptaráðherra, og bankamálaráðherra þar með, skuli koma með þessi mál en ekki þau sem tengjast því að hér sé öflugt bankakerfi, eins hreint og það getur verið í núverandi stöðu, bankakerfi sem stuðlar að því að fyrirtækin okkar í landinu geti starfað, fólkið okkar haldi störfunum og heimilin geti haldið áfram að sinna hlutverkum sínum.

[14:44]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að minna hv. þingmann á að nú þegar eru í þinginu nokkuð mörg mál sem snerta beint aðstoð við heimilin í landinu, við þá sem eru nú að sligast undan skuldaklafanum sem útrásarvíkingarnir og vanhæf ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins í ein 18 ár skilja eftir sig á herðum þjóðarinnar.

Ég nefni mál nr. 281, gjaldþrotaskipti, greiðsluaðlögun, sem nú er á síðustu metrunum í allsherjarnefnd. Ég nefni mál nr. 322, um aðför, nauðungarsölu og gjaldþrotaskipti (bætta stöðu skuldara), sem við erum að byrja að skoða, því var vísað til nefndar 19. síðasta mánaðar. Ég nefni virðisaukaskattinn af húsbyggingum sem var afgreiddur út úr efnahags- og skattanefnd í morgun. Ég nefni eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, sem svo sannarlega, þó að þau snerti kannski ekki beint heimilin í landinu sem slík nema heimili þeirra sem í þeim hópum eru, eru mikilvægt skref í því að jafna kjör í þessu landi. Loks nefni ég skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þ.e. séreignarsparnaðinn sem er einnig langt kominn í nefnd.

Þau þrjú mál sem hér verða til umræðu í dag munu

væntanlega fara í viðskiptanefnd og eins og ég sagði áðan lúta þau að því að auka gegnsæi og veita einhverjar tryggingar og varnir fyrir því að við lendum ekki aftur í sömu súpunni.

Ég er hins vegar sammála hv. þingmanni um að við þurfum að taka hér til umræðu tillögur Mats Josefssons og þeirrar nefndar sem hann stýrir og ég efast ekki um að við fáum tækifæri til þess, bæði hér í þinginu og í hv. viðskiptanefnd.

[14:46]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég minni á að við erum að ræða um frumvörp sem koma frá hæstv. viðskiptaráðherra, og þá bankamálaráðherra. Hv. þingmaður nefndi nokkur frumvörp sem eru í meðförum annarra nefnda, allsherjarnefndar, efnahags- og skattanefndar svo eitthvað sé nefnt, og vissulega styð ég það að við lítum á þau málefni sem eiga að leysa vanda heimilanna og fjármálafyrirtækjanna og styrkja fjármálakerfið okkar, málefni sem eiga að efla fyrirtækin okkar og gera þeim kleift að starfa. Ég get fullyrt að stór hluti íslenskra fyrirtækja getur ekki starfað í dag. (Gripið fram í.) (**ÁI:** Er það eftir 18 ár?) Þau geta ekki starfað í dag vegna þess að (Gripið fram í.) umhverfið er óviðunandi vegna vaxtastigs og vegna þess að það eru óstarfhæfir bankar í landinu eins og er. Til að koma bönkunum í starfhæft ástand þannig að þeir þjóni fyrirtækjunum þarf hæstv. bankamálaráðherra að skoða þau málefni sem mega verða til þess að bankarnir okkar verði starfhæfir og geti gert það sem bankakerfið þarf að gera, hlúa að fyrirtækjunum og þar með öllum landsmönnum.

[14:48]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um það frumvarp sem hér liggur fyrir. Ég get tekið undir þau sjónarmið sem komu áðan fram í máli hv. þm. Guðfinnu Bjarnadóttur. Við erum með þrjú efnisatriði í þessu frumvarpi og ég er sammála því að öll eru þau þess eðlis að mikilvægt er að taka þau til umræðu. Varðandi gagnsæi segi ég að atburðir liðanna mánaða og raunar missira sýna okkur að við þurfum að leita leiða til að auka gagnsæi í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að tryggja að fjárfestar og aðrir sem starfa á markaði og fylgjast með honum eigi auðveldara með að átta sig á því hvar eignarhaldið liggur. Ég held að það sé mjög jákvætt.

Varðandi starfandi stjórnarformenn þekkjum við það auðvitað frá umliðnum árum að skiptar skoðanir hafa verið um þann þátt. Þegar nefndarstarf var um þetta atriði fyrir nokkrum árum komu fram mjög skiptar skoðanir og sneru bæði að því hvort þarna væri raunverulega um vandamál að ræða og eins hvort það væri rétt að ganga svo langt að banna stjórnarformönnum að vera í fullu starfi í sínu verkefni. Ég held hins vegar að sú hugmynd sem hér liggur fyrir sé vel þess virði að ræða hana. Fyrir henni eru ákveðin rök eins og hæstv. viðskiptaráðherra rakti í sambandi við eftirlitsskyldu stjórnar og þess háttar sem er auðvitað mikilvægt og liður í því sem segir í greinargerð með frumvarpinu, að bregðast við því að auka trúverðugleika í starfsemi fyrirtækja í landinu og tryggja að það eftirlitsfyrirkomulag sem er fyrir hendi í félögum virki. Eftirlit stjórnar með störfum forstjóra og framkvæmdastjóra skiptir auðvitað máli í því sambandi þannig að ég tek undir að það er full ástæða til að ræða þetta mál og ég fagna því í sjálfu sér að frumvarpið er komið fram til að við fáum tækifæri til þess í nefndinni.

Varðandi kynjahlutföllin í stjórn get ég sagt sem svo að vitaskuld er ég fylgjandi því að kynjahlutföll í stjórnum félaga séu sem jöfnust eins og annars staðar í þjóðfélaginu. Það er jákvætt að kynjahlutföll séu sem jöfnust. Ég verð hins vegar fyrir fram að setja ákveðinn fyrirvara við allar þvingandi aðgerðir í því sambandi. Ég held að við eigum að fara varlega í slíkt, en varðandi upplýsingaskyldu og annað sem er fjallað um í frumvarpinu held ég að það hljóti að koma vel til greina.

Ég fagna sem sagt framkomu þessa frumvarps og tel að í því séu mjög margir þættir sem vert er að skoða og eftir atvikum samþykkja. Í tilefni af umræðum sem áttu sér stað áðan í andsvörum milli hv. þm. Guðfinnu Bjarnadóttur og Álfheiðar Ingadóttur get ég alveg tekið undir með hv. þm. Guðfinnu Bjarnadóttur að hér er ekki um að ræða bráðaaðgerðir vegna þess efnahagsvanda sem nú steðjar að fyrirtækjum og heimilum. Þetta snýr að því hvernig við ætlum að haga framtíðaruppbyggingu atvinnulífsins sem skiptir verulegu máli en þetta er ekki þannig að það leysi neinn vanda sem snýr að fyrirtækjunum eða heimilunum í dag.

[14:53]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég tek undir þau orð sem hér hafa fallið um þetta frumvarp. Það er mjög mikilvægt að það er komið inn í þingið. Það er rétt að það tekur ekki með beinum hætti á stöðu heimilanna í landinu nú um stundir enda er því ekki ætlað að gera það. Því er ætlað að stuðla að heilbrigðara viðskiptalífi og heilbrigðara efnahagslífi en hér hefur verið um árabil. Því er ætlað að styrkja þær stoðir sem þessi ríkisstjórn er reist á sem er m.a. krafan um gegnsæi og upplýsingaskyldu.

Ég tek undir orð hv. þm. Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur hvað varðar kynjahlutföllin ef ég nefni það fyrst, kröfu um að upplýsingar skuli gefnar um hlutföll kynja meðal starfsmanna og í stjórn, bæði til hlutafélagaskrár og til félagsmanna og að gætt skuli að kynjahlutföllum og þau gefin upp í tilkynningum eins og ég sagði. Hér er um að ræða skref í rétta átt. Ég minni á að áður en lögin voru sett í Noregi sem skylduðu almenn félög til að gæta að kynjahlutföllum með lagafyrirmælum var gefinn tiltekinn umþóttunartími. Það er komið í lög um opinber hlutafélög að þar skuli gæta tiltekins jafnræðis. Hér er um að ræða skref í rétta átt eins og ég segi, ekki bein lagafyrirmæli en það mætti hugsa sér og við gætum kannski rætt í hv. viðskiptanefnd hvort eðlilegt væri að setja einhvers konar aðlögunartíma að því að tilteknu markmiði yrði náð að konur og karlar kæmu sem jafnast að þessu borði. En þetta er skref í rétta átt og ég fagna því.

Ég fagna því einnig að hér skuli vera gerðar kröfur til þess að stjórnir íslenskra hlutafélaga veiti betri upplýsingar um hluthafa í félaginu, um hlutafjáreign þeirra og um atkvæðisrétt, og ekki síður um samstæðutengsl sem félagið á í. Þetta er mikilvægt, eins og ég hef nefnt áður, vegna þess sem hefur verið landlægt hjá okkur, í rauninni hefur ekki

verið vitað hverjir eigi félög þótt það geti hafa breyst verulega frá því að síðustu upplýsingar voru gefnar. Ég ætla að koma aðeins að þessu á eftir.

Í þriðja lagi er í þessu frumvarpi lagt til að tekin verði upp ný ákvæði sem komi í veg fyrir svokallaða starfandi stjórnarformenn í hlutafélögum þó að stjórn félags ætti áfram að geta falið formanni að vinna einstök verkefni fyrir stjórnina.

Þetta eru meginatriði frumvarpsins, þ.e. upplýsingar um eignarhald og atkvæðisrétt, um kynjahlutföll og um starfandi stjórnarformenn. Þetta eru einföld atriði en tengjast stórum málum, eins og hér kom til umræðu áðan, um stöðu opinberra hlutafélaga til að mynda og um yfirtökuskyldu, um krosseignatengsl og um samþjöppun á eignarhaldi en þetta eru allt atriði sem eru til skoðunar, m.a. á vettvangi hv. viðskiptanefndar.

Hv. þm. Pétur Blöndal spurði áðan hvort þetta frumvarp sem slíkt kæmi að mati hæstv. viðskiptaráðherra í veg fyrir krosseignarhald sem hæstv. ráðherra og báðir þeir sem hér töluðu um þessi mál kölluðu eina af þeim meinsemdum sem hefðu verið í hagkerfinu hjá okkur. Hann kvað nei við.

Ég minni á að í frumvarpi sem er til umfjöllunar í hv. viðskiptanefnd og er að finna á þskj. 53, 53. máli þingsins, breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, þar sem fjallað er m.a. um yfirtökureglur þar sem minnihlutavernd er aukin og dregið úr samþjöppun á eignarhaldi, er verið að lækka yfirtökuskylduna úr 40% niður í 33%, og jafnvel niður í 30% ef tekið verður mið af þeim umræðum sem urðu í hv. viðskiptanefnd í morgun. Ég bendi á að í 2. gr. þess frumvarps er að finna nýmæli sem tekur á krosseignatengslum að því leytinu til að þar er kveðið á um tengsl milli aðila innan eða utan félags. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa greinina. Það er nýr töluliður sem á að bætast inn í 100. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Bein eða óbein tengsl á milli aðila innan eða utan þess félags sem í hlut á, hvort sem um er að ræða rík hagsmunatengsl eða persónuleg tengsl, reist á skyldleika, tengdum eða vináttu, eða tengsl reist á fjárhagslegum hagsmunum eða samningum, sem líkleg eru til að leiða til samstöðu aðila um að stýra málefnum félagsins í samráði hvor eða hver við annan þannig að þeir ráði yfir því.“

Þetta er sem sagt skilgreining á því hvað teljast bein og óbein tengsl á milli aðila. Þetta varðar auðvitað yfirtökuskylduna sem verið er að lækka og einnig það sem er að finna í því frumvarpi, um upplýsingaskyldu, um það hverjir séu hluthafar, hversu stóran hlut þeir eigi og hver sé atkvæðisréttur þeirra. Það frumvarp sem hér er lagt fram er mjög mikilvægt skref einnig í þá átt að draga úr vafa um krosseignatengsl og samþjöppun, jafnvel undir fölsku flaggi eins og talað hefur verið um, og er sett fram vegna þess að tengslareglan í gildandi lögum nú er ómarkviss og hefur í framkvæmd hentað illa eins og segir í greinargerð með því frumvarpi sem ég nefndi áðan. Þetta mál er til skoðunar í hv. viðskiptanefnd og hefur fengið þar ágæta skoðun.

Það ætti kannski ekki að koma á óvart en það er svolítið þannig að málin sem liggja fyrir hv. viðskiptanefnd og jafnvel hv. allsherjarnefnd líka eru sum hver óttalega mikið 2007. Nú er það þannig, virðulegur forseti, að við verðum að setja upp önnur gleraugu þegar við lesum í gegnum þau mál sem liggja á borðum þingmanna. Hlutirnir hafa einfaldlega breyst, ekki síst í viðskiptalífinu, og tillögur sem fyrir hálfu ári þóttu kannski sjálfsagðar miðað við það viðskiptaumhverfi, það viðskiptasiðferði og þá miklu gósentíð sem talin var vera í þeim geira eru kannski algerlega fráleitar í dag í ljósi hrunsins. Ég gæti nefnt nokkur dæmi sem þegar hafa komið fram í hv. viðskiptanefnd.

Herra forseti. Ég vænti þess að hv. viðskiptanefnd taki þetta mál og vindi sér í að afgreiða það eins fljótt og örugglega og hægt er. Þetta er ekki mjög flókið mál, tekur á þremur brýnum þáttum, nokkuð einföldum. Nefndin mun einnig að áskorun hæstv. ráðherra kanna hvort nauðsynlegt sé að veita aðlögunartíma vegna starfandi framkvæmdastjóra eins og hæstv. ráðherra nefndi.

[15:02]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég fagna því frumvarpi sem við ræðum hér, um breytingu á lögum um hlutafélög, og tel að það sé mikilvægt skref í átt til þess sem þarf að gera. Ég tel reyndar að það sé engan veginn fullnægjandi og mun fara í gegnum það á eftir.

Fyrst vil ég fara yfir það sem hv. þm. Guðfinna S. Bjarnadóttir ræddi áðan, um áherslur ríkisstjórnarinnar. Komið hefur fram að eitt frumvarp hefur orðið að lögum, um Seðlabanka Íslands, og í rauninni hefur lítið breyst þar innan húss við það. Ekki er búið að skipa þá tvo menn sem eiga að koma utan frá — ég fór inn á netið og leitaði mér upplýsinga um Seðlabankann. Búið er að skipa seðlabankastjóra, norskan mann, og spurning er hvort það brýtur í bága við stjórnarskrána. Ég ætla ekki að fara inn á það atriði en sumir tala mikið um stjórnarskrána á þessum bæ og er það eðlilegt, við höfum svarið eið að henni. Síðan hefur undirmaður hans verið gerður að aðstoðarseðlabankastjóra og það er í samræmi við lögin. Þá hefur einn starfsmaður verið gerður að fulltrúa í nefnd en það vantar enn að forsætisráðherra tilnefni tvo í viðbót. Allt eru þetta aðilar sem forsætisráðherra einn tilnefnir — talandi um lýðræði, ráðherraræði og allt það — ég vildi bara koma því að. Þetta er í rauninni Jóhönnu-Sigurðardóttur-hæstv.-forsætisráðherra-seðlabanki í einu orði.

Svo hafa komið fram nokkur mál eins og það sem við ræðum hér, afskaplega mikilvæg mál, en þau eru meira hugsuð til framtíðar. Þetta frumvarp sem við ræðum nú mun ekki breyta í einni svipan stöðu fjölskyldna á Íslandi, það er alveg af og frá, og seðlabankafrumvarpið ekki heldur. Það kom einum manni frá sem var meiningin að gera og fóru reyndar tveir ágætismenn með honum en það var óvart. En að öðru leyti eru þau mál sem komið hafa frá ríkisstjórninni ekki til þess að breyta bráðri stöðu atvinnulífsins og þar með fjölskyldnanna.

Það sem þarf að gera núna er að koma bönkunum í gang. Af hverju þarf að koma bönkunum í gang? Eru örlög bankanna mér eitthvað sérstaklega hugleikin? Ó nei, en þeir eru mikilvægir fyrir fyrirtækin. Af hverju ber ég hag fyrirtækjanna fyrir brjósti? Vegna þess að þau eru mikilvæg fyrir atvinnuna. Og af hverju ber ég atvinnuna fyrir brjósti? Vegna þess að hún er það sem fjölskyldurnar lifa á. (Gripið

fram í.) Þetta þarf að gera, að koma bönkunum í gang þannig að fyrirtækin fari í gang þannig að atvinnan haldist og ekki verði fleiri atvinnulausir.

Það gerist ekkert í þessu, bara ekki neitt. Það getur vel verið að eitthvað mikið sé að gerast á bak við tjöldin sem ég veit ekki um og ég vona það eindregið.

Það frumvarp sem við ræðum hér reynir að taka á þessu. Upplýsa í hlutaskránni að það geymi réttar upplýsingar. Nema hvað? Það stendur þarna að stjórnin eigi að sjá til þess að réttar upplýsingar séu þar, annað væri nú furðulegt. Það er áréttting á því að menn fari að lögum. Síðan skal getið um öll samstæðutengsl. Ég reyndi að fletta upp hvað samstæðutengsl eru, það eru tengsl á milli hlutafélags og dótturfélags og ekki er sagt hvers eðlis það er, hvort það megi eiga meira en 50% í dótturfélaginu. En það eru örugglega ekki tengsl sem byggja á 5% eða 7% eignarhaldi í einhverju hlutafélagi. Það er einmitt þar sem veikleikinn liggur. Þess vegna kemur þetta ekki í veg fyrir krosseignarhald sem ég tel reyndar að sé eitt mesta meinið og hefur spólað upp bæði áhættugleði og lántökumöguleika fyrirtækja langt umfram það sem vera skyldi.

Svo er rætt hér um kynjahlutfall. Við ræddum það dálítið mikið í gær þannig að ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu alla. Ég lýsti því yfir að kynjamisréttið hefði lítið lagast þrátt fyrir alla tilburði manna til þess í gegnum tíðina. Ég bað þá sem trúa á hausatalningar og jafnréttisáætlanir og annað slíkt að hugleiða hvort það gæti verið að eitthvað væri að aðferðafræðinni, hvort menn væru ekki í rauninni að breyta hitamælinum í staðinn fyrir að lækna sjúkdóminn. Ég hef nefnilega grun um það.

Ég stakk upp á því í umræðu fyrir jólin fyrir rúmu ári síðan að tekin yrði upp jafnréttisvottun í fyrirtækjum þar sem fyrirtækin mundu sjálf koma upp kerfi til að koma á jafnrétti innan húss. Ég bind miklu meiri vonir við það kerfi en að það sé gert með þvingunum ofan frá í fyrirtækinu. Það er alltaf betra þegar fyrirtækin vilja eitthvað sjálf og geta þá sagt að þau séu með jafnréttisvottun jafnt sem gæðavottun eða umhverfisvottun o.s.frv. Ég ætla ekki að ræða meira um kynjahlutföllin.

Varðandi starfandi stjórnarformann hef ég bent á, bæði á Alþingi og annars staðar, að það brjóti að sjálfsögðu skipuritið, maðurinn er bæði yfir sér og undir. Sem starfandi stjórnarformaður er hann einhvers konar forstjóri og stjórnin er yfir forstjóranum. Stjórnarformaðurinn er yfir stjórninni. Hann stýrir stjórninni, fundum og ákveður hvenær halda skuli fundi o.s.frv. og svo er hann jafnframt yfir framkvæmdastjóranum sem er hann sjálfur. Það brýtur því alveg skipurit fyrirtækisins og ætti ekki að vera þar. Hér er það tekið í burtu og það er ágætt. Að öðru leyti er ekki rætt meira um þetta.

Ég gat um það í andsvari áðan að ég legg fram tillögu til þingsályktunar um nýja tegund hlutafélaga sem eru með gagnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi slíkra hlutafélaga. Meiningin hjá mér er sem sagt að búa til nýtt fyrirbæri, svona hvítfélög sem þurfa að fullnægja ákveðnum skilyrðum, t.d. því að upplýsa á netinu hvaða félögum þau eiga í og hvaða félög eigi í þeim. Auk þess eiga þau að hafa það skilyrði að fyrirtæki sem á í þeim og ekki er hvítt fær hvorki arð né atkvæðisrétt. Þar með er nánast útilokað að einhverjir vilji fjárfesta í þeim nema þau séu hvít félög. Þar með er búið að fá eignarhaldið bæði upp úr og niður úr. Það er alveg á tæru og á að birtast á netinu. Ég held að með því að skilgreina nýtt hugtak sem er að því leyti aðlaðandi fyrir hlutafélög, að lánveitendur og fjárfestar muni treysta þeim miklu betur, það muni verða til þess að smátt og smátt, og sennilega mjög hratt, mundu öll fyrirtæki í landinu verða gagnsæ hlutafélög.

Hins vegar er vandamál með útlönd í því sambandi og ég geri ráð fyrir því að umheimurinn þurfi líka að taka upp svipað kerfi vegna þess að vandamálið með gagnkvæmt eignarhald er alls ekki bundið við Ísland. Það er mikið vandamál í Þýskalandi og í Japan, óskaplega mikið vandamál. Það er svo mikil flétta á milli hlutafélaga að það er með ólíkindum. Gagnkvæmt hlutafélag, þ.e. krosseignarhald veldur því að stjórnir fyrirtækjanna fá völdin en upphaflegir hluthafar hverfa. Þetta ræddi ég á fundi í efnhags- og skattanefnd fyrir þrem eða fjórum árum og mætti ekki miklum skilningi. Ég tel að þetta sé eitt af því sem við þurfum að leysa og það frumvarp sem við ræðum er ákveðið skref í þá átt.

Ef frumvarpið verður að lögum yrði væntanlega að breyta stjórnum margra fyrirtækja, fullt af fólki yrði að fara, bæði karlmenn og konur, og víkja fyrir öðrum sem ekki var valið á sínum tíma. Sennilega var það ekki valið vegna þess að það var ekki hæft, vonandi, þó að óskaplega miklir fordómar séu örugglega í gangi, sérstaklega í þeim stjórnum sem eingöngu eru skipaðar karlmönnum. En nokkrar stjórnir eru þó skipaðar konum eingöngu. Ég hugsa að það séu góðar stjórnir, eins og t.d. stjórn Kauphings og Auðar Captials. Ég hef kíkt það, þar eru fjórar konur á móti einum karli. Ein konan verður þá að víkja, verði þetta frumvarp að lögum, og tvær í stjórn Kauphings. En þetta endurspeglar þá trú að hægt sé að keyra jafnréttið ofan í kokið á atvinnulífinu með valdboði. Ég held að það sé ekki rétta aðferðin, það skekkir bara hitamælinn, misréttið verður eftir sem áður. Ég sé ekki að menn reyni neitt að laga það.

Þó að þeir geti talið jafnmarga hausa í atvinnulífinu hugsa ég að fyrir konuna sem er að vinna niðri á gólfi með góða menntun og mikla reynslu, er afskaplega hæf en kemst ekki áfram af því að hún rekst á eitthvert glerþak, breyti það ósköp litlu þó að hægt sé að telja jafnmargar konur og karla í stjórnum og ráðum fyrirtækja.

[15:13]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég fagna hverju tækifæri sem gefst til þess að fara yfir þau mörgu góðu mál sem hæstv. ríkisstjórn hefur nú þegar lagt fyrir þingið. Vegna orða þingmannsins ætla ég enn að fara yfir þau og nokkuð nánar.

Ég vek athygli á því að hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um greiðsluaðlögun bæði á almennum skuldum og fasteignaveðlánum, frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti þar sem tekið er á réttarstöðu skuldara og breytingu á lögum um lengingu aðfarartíma úr 15 dögum í 45, og breytingu á lögum um nauðungarsölu sem er um frestun í sex mánuði. Þessi mál eru öll í hv. allsherjarnefnd og þess mun ekki langt að bíða að þau komi þaðan til afgreiðslu á þinginu.

Þá vil ég aftur minna á að í morgun var afgreitt mál í hv.

efnahags- og skattanefnd sem varðar endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts á viðhaldsverkum og er til mikilla bóta og nýmæli. Ég vil aftur minna á að eftirlaunamálið hefur verið afgreitt í nefnd og er hér á dagskrá síðar í dag. Jafnframt hefur verið lagt fram frumvarp vegna séreignarsparnaðar sem mun auka svigrúm manna til þess að nýta hann í erfiðu árferði.

Ég fletti hér blaði sem var lagt fram við stjórnarskiptin, þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar, og það skal viðurkennt að ekki eru öll málin komin fram. En ég vek athygli á því að þessi ríkisstjórn hefur aðeins starfað í einn mánuð og það verður að segjast eins og er (Forseti hringir.) að það er ekki upp á ríkisstjórnina að klaga. (Forseti hringir.) Það er þá frekar að þingið hafi ekki verið nógu snöggt að afgreiða hlutina og taka þá á dagskrá.

[15:15]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki sanngjarnt að ætlast til þess að ríkisstjórnin komi með mikið af málum strax í upphafi vegna þess að hún er jú að taka við nýju búi og þarf að setja sig inn í mál og sum af þessum málum sem hv. þingmaður nefndi eru frá fyrrverandi ríkisstjórn og það er allt í lagi með það og eðlilegt.

En það eru kannski frekar áherslurnar. Það er búið að leggja gífurlega mikla áherslu á eftirlaunafrumvarpið. Það er búið að leggja gífurlega mikla áherslu á seðlabankafrumvarpið. Á meðan hefur margt annað beðið. Það er ég að gagnrýna, að menn hefðu getað unnið meira, sérstaklega við að koma bönkunum í gang.

Þau mál sem hv. þingmaður nefndi eru öll góðra gjalda verð og ég minni á að fyrrverandi ríkisstjórn taldi upp hundrað mál á hundrað dögum. Ég meina, það er eitt mál á dag. Það var ágætis gangur þar í því að laga hitt og þetta í stöðu heimilanna.

En það er bara staðreynd að það að fara út í kosningar, skipta um ríkisstjórn og núna prófkjör og síðan kosningar það varpar þjóðinni svona fjóra til sex mánuði aftur í tímann. Það er bara þannig. Síðan verða kosningar og svo eftir kosningar verður stjórnarmyndun sem vonandi verður hröð og góð. Ég ætla ekki að spá neinu um það hvernig það verður.

En þessi skipti öll kosta. Það er bara þannig. Ég er eiginlega meira að benda á að skiptin kosta tíma og orku fyrir bæði Alþingi og ríkisstjórn og því miður þess vegna taldi ég að það að skipta um ríkisstjórn væri alls ekki heppilegt í þessari stöðu. Við hefðum átt að bíða með það kannski í sex mánuði eða eitthvað svoleiðis. En við stöndum frammi fyrir þessu núna og kosningar eru staðreyndin.

[15:17]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil segja nokkur orð um það mál sem er á dagskrá og út af þessum orðaskiptum sem fóru hérna fram síðast. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um að skiptin kosti. Þá getum við sagt í framhaldinu að lýðræðið kostar. Það er nokkuð sem öllum er kunnugt um.

Ég vil lýsa yfir ánægju með þetta frumvarp. Ég get sagt að ýmsir gamlir kunningjar koma þarna fram og kannski hefði sú sem hér stendur átt að standa sig betur í því að vera búin að leggja fram áþekk frumvörp á sínum tíma, að minnsta kosti hvað varðar suma þætti þessa máls. En ég er að minnsta kosti ánægð með að hæstv. viðskiptaráðherra er kominn hér fram með frumvarp sem varðar til dæmis starfandi stjórnarformenn sem, eins og hann lét kom fram í sínu máli, ekki var tekið á í lögum í framhaldi af nefndarstarfi sem átti sér stað á sínum tíma undir minni forustu sem viðskiptaráðherra. Hann var formaður í þeirri nefnd sem skilaði ágætisskýrslu og meðal annars var þar lagt til að tekið væri á þessu máli sem var ekki gert og náðist ekki samstaða um. Fer ég ekkert frekar út í það hér. En nú er þetta komið fram hér í frumvarpi og mér heyrist að það sé allgóð samstaða um að láta það verða að lögum.

Síðan er það þetta margumtalaða mál sem varðar kynjahlutföll og þá dapurlegu stöðu sem hefur verið í stjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga á Íslandi, þ.e. hvað það hafa verið fáar konur. Það var líka mál sem ég ætlaði að reyna að ná einhverjum árangri í á sínum tíma og skipaði nefnd sem kölluð var tækifærisnefndin vegna þess að það var skoðun í þeirri nefnd að það ætti að líta á það sem tækifæri fyrir viðskiptalífið að nýta betur þá auðlind sem býr í þekkingu kvenna og að það væri jákvætt fyrir viðskiptalífið að konur tækju meiri þátt í stjórn þess. En satt að segja náðist ákaflega lítill árangur í framhaldi af því nefndarstarfi. Þá kom upp mjög sterklega sú umræða hvort rétt væri að setja lög á Íslandi eins og hafði verið gert í Noregi sem skipuðu fyrir um að ólöglegt væri að hafa stjórnir með þeim hætti sem er í langflestum félögum í dag.

Hv. þm. Pétur Blöndal nefndi jafnréttisvottun sem hann hefði viljað að yrði komið á. Í framhaldi af því vil ég segja að það starf sem nú þegar er innt af hendi í tengslum við Háskólann á Bifröst er í reynd í þá átt. Það kallast jafnréttiskennitala. Viðskiptaráðuneytið, Jafnréttisstofa og skólinn hafa tekið þátt í því og jafnvel fleiri aðilar að reyna að ná árangri með upplýsingagjöf og rannsóknum. Reyndar hef ég ekki heyrt alveg nýlega af því hvar það mál stendur núna. En alla vega er, að ég best veit, þetta starf enn þá í gangi. Eitt er að veita upplýsingar og annað er að þeir sem stjórna för geri svo eitthvað með þær upplýsingar. Þannig hefur það verið því miður voða mikið fram að þessu að það hefur ekki verið gert þó vissulega hafi borið nýtt við þegar svo fór að bankaráð í einum banka er eingöngu skipað konum sem er náttúrlega alger nýjung hér á landi.

Í þessu frumvarpi er reyndar ekki kveðið á um skyldur í þessu sambandi heldur að gæta skuli að hlutfalli kynja og svo framvegis. Á þessari stundu þori ég því ekki að vera of bjartsýn á að þetta beri mikinn árangur. En við skulum vona að gott á viti.

Í tengslum við þetta kem ég líka inn á það sem áður hefur verið nefnt hérna í umræðunni og það varðar opinber hlutafélög. Ég spurði fyrrverandi fjármálaráðherra að því stuttu eftir bankafallið hvort það væri ekki augljóst að bankarnir væru opinber hlutafélög. Hann kvað svo ekki vera. En kannski er það vegna þess að í raun eru þeir ekki almennilega orðnir til þessir nýju bankar sem við erum þó að tala um í dag. Þetta er eitt af því sem ég vildi gjarnan fá frekari skýringar á hjá hæstv. ráðherra hvort sem það verður núna eða síðar.

Hv. þm. Guðfinna Bjarnadóttir talaði um að skynsamlegra og mikilvægara hefði verið að leggja fram frumvarp

sem kvæði á um að bankarnir yrðu starfhæfir. Það er mikið rétt að auðvitað bíðum við öll eftir því að bankarnir geti sinnt sínu hlutverki. Svo er er ekki í dag. Þar kemur náttúrlega margt til. Ég efast ekki um að hæstv. viðskiptaráðherra sé alla daga að vinna að þeim málum. En það tengist líka því að við erum með ónothæfan gjaldmiðil í landinu. Í raun er íslenska krónan bara bundin við bryggju og enginn veit hvers virði hún er. Á meðan svo er þá óttast ég að ekki sé þægilegt að gera efnahagsreikninga fyrir þessa banka, hvorki gamla né nýja. Þetta er höfuðvandamálið sem við stöndum frammi fyrir og því miður of margir skella skollaeyrum við, þ.e. hið stórkostlega vandamál sem varðar okkar gjaldmiðil.

Þetta er nú ekki hér beint til umfjöllunar, hæstv. forseti. Það er kannski til merkis um það hvað þessir hlutir hafa verið fljótir að breytast á Íslandi að þegar ég kom í viðskiptaráðuneytið — það var líklega árið 2000 — þá var verið að vinna að mikilli skýrslu eða var í framhaldi af því unnin skýrsla um eignatengsl í íslensku viðskiptalífi. Það var að beiðni Samfylkingarinnar sem sú skýrsla var unnin. Hún fjallaði nánast eingöngu um kolkrabbann og hvernig eignatengsl ættu sér stað þar þó kolkrabbinn væri nú aldrei nefndur á nafn í skýrslunni. Síðan þá hafa hlutir gerst á okkar fjármálamarkaði sem gera gamla kolkrabbann ósköp lítilfjörlegan í rauninni og gleymdan. Þessi þróun hefur náttúrlega verið með eindæmum og endaði með því mikla falli sem allir kannast við og hefur verið rætt mikið um á hv. Alþingi og síðast nú í upphafi þessa fundar.

En ég get tekið undir það með hv. formanni viðskiptanefndar að þegar við fjöllum um þessi mál núna þá setja flestir upp önnur gleraugu því við erum að horfa á hlutina með öðrum augum en gert var á meðan að allir héldu að peningarnir yxu á trjánum og þeir yrðu til í þessu gríðarlega magni endalaust. Að minnsta kosti trúðu ýmsir því. En það fór á annan veg og við erum að súpa seyðið af því.

Ég vil líka taka það fram, hæstv. forseti, ef ég má í tengslum við þetta mál að ég styð líka þau mál sem hæstv. viðskiptaráðherra mun mæla hér fyrir á eftir. En ég þarf að bregða mér frá þannig að ég get ekki tekið þátt í þeirri umræðu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Stjfrv., 358. mál (gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins). — Þskj. 608.

[15:26]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007 á þingskjali 608, mál nr. 358.

Frumvarpið miðar að því að auka gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins en í því er gerð tillaga um að stofnuninni verði veitt heimild til að greina frá niðurstöðum mála og athugana sem byggjast á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Sambærilegt ákvæði er þegar að finna í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 107/2008, samanber 139. gr. laganna, en ákvæðið kom nýtt inn í eldri lög um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, á árinu 2005. Rétt þykir að heimildin samkvæmt 139. gr. laga nr. 108/2007 falli brott og að einungis verði kveðið á um hana í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, enda starfar Fjármálaeftirlitið samkvæmt síðarnefndu lögunum.

Í almennum athugasemdum við ákvæði það sem varð síðar að 139. gr. laga um verðbréfaviðskipti segir meðal annars að Fjármálaeftirlitið birti margvíslegar upplýsingar og sinni kynningum og fræðslu en hafi áður ekki fjallað opinberlega um einstök mál eða málefni einstakra eftirlitsskyldra aðila nema mælt sé fyrir um veitingu upplýsinga í lögum. Því hafi eftirlitsskyldir aðilar eða almenningur ekki átt aðgang að niðurstöðum í einstökum málum nema þær hafi verið birtar af öðrum aðilum en Fjármálaeftirlitinu. Oft hafi Fjármálaeftirlitið sætt gagnrýni vegna þess síðastnefnda. Nefnt hafi verið að varnaðaráhrif af aðgerðum Fjármálaeftirlitsins og niðurstöðum séu lítil og aðgerðir þess í einstökum málum stuðli ekki nægilega að bættri framkvæmd á fjármálamarkaði í heild. Í athugasemdunum kemur jafnframt fram að þeir sem standi utan fjármálamarkaðar virðist oft draga þá ályktun að með þögn eftirlitsins um einstök verkefni sín felist að Fjármálaeftirlitið sé veik stofnun og að þar sé lítið aðhafst. Þá hafi fjölmiðlar sýnt málinu áhuga en auk þess hafi aðilar á markaði, í aðdraganda frumvarpsins, talað fyrir auknum heimildum til handa Fjármálaeftirlitinu að því er þessi atriði varðar. Í athugasemdum við áðurnefnt frumvarp kemur enn fremur fram að telja megi nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitinu verði heimilað að greina frá niðurstöðum athugana þó að þær leiði ekki til sérstakra aðgerða. Þannig geti það haft augljósa þýðingu að upplýst sé að Fjármálaeftirlitið hafi ekki talið ástæðu til aðgerða í tilteknu máli.

Rökin fyrir því að unnt sé að greina frá niðurstöðum athugana Fjármálaeftirlitsins eru augljós þegar horft er til trúverðugleika um starfsemi fjármálafyrirtækja auk þess sem gera má ráð fyrir því að aukin upplýsingagjöf um starfshætti fjármálafyrirtækja muni styrkja aðhald með þeim. Þess ber að geta að tillagan um heimild til birtingar upplýsinga er ekki án undantekninga þar sem ekki er gert ráð fyrir birtingu tiltekinna upplýsinga ef sýnt er fram á að slík birting geti stefnt hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu eða geti valdið hlutaðeigandi aðilum tjóni sem telst ekki í eðlilegu samræmi við brot það sem um ræðir. Þá er í frumvarpinu lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði gert að birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd birtingar á upplýsingum, í því skyni að tryggja að öll eðlislík mál séu meðhöndluð með sambærilegum hætti og að starfsemi Fjármálaeftirlitsins sé samræmd og styðji við eftirlitsverkefni.

Hæstv. forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar að lokinni þessari umræðu.

[15:30]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég fagna þessu frumvarpi ekki síður en

því fyrra og þessu kannski enn meir vegna þess að hér er um að ræða frumvarp sem eykur gagnsæi í viðskiptum. Það er nú einu sinni þannig að heiðarleiki og gagnsæi er það sem viðskipti byggjast á svona alla jafna. Menn eiga viðskipti hver við annan af því þeir treysta hver öðrum og ef menn ekki treysta hver öðrum eins og er sums staðar í heiminum leiðir það til mikillar tregðu í viðskiptum og líka til þess að menn þurfa að gera mjög viðamikla samninga sem eru óþarfir ef menn eru sanngjarnir og gagnkvæmt traust ríkir.

Ég held að það gagnsæi sem hér er lagt til í Fjármálaeftirlitinu sé mjög mikilvægt og auðvitað hefur manni fundist dálítið mikil dulúð hvíla yfir þeirri eftirlitsstofnun að óþörfu. Vegna þess að ef eitthvað kemur upp á að sjálfsögðu að skýra frá því hvað sé á seyði, þannig að allir geti vitað hvers vegna eitthvað gerðist og hvers vegna eitthvað gerðist ekki.

Ég fagna þessu frumvarpi eins og ég sagði áður og þetta er gott skref í þá átt að auka gagnsæi og trúverðugleika á markaðnum.

[15:32]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Péturs Blöndals um að hér er á ferð þarft frumvarp. Það er líka afskaplega einfalt, það er ein grein nánast sem ætti ekki að vefjast fyrir mönnum að koma frá sér frá hv. viðskiptanefnd.

Það er aðeins eitt sem mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra varðandi þetta mál. Hér er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að birta niðurstöður á opinberum vettvangi, niðurstöður í málum og athugunum og jafnframt að Fjármálaeftirlitið skuli marka sér stefnu um slíka birtingu og birta hana opinberlega.

Ég tek undir það sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði áðan að það hefur hvílt óþörf dulúð yfir störfum Fjármálaeftirlitsins síðustu mánuði. Það var dapurlegt að fylgjast með því hvernig forsvarsmenn Fjármálaeftirlitsins voru á stöðugum flótta undan fjölmiðlum mánuðum saman og nú má stofnunin sæta því að menn segja og fullyrða að til hennar hafi verið vísað málum til rannsóknar sem ekkert hafi verið unnið í. Þetta er auðvitað óásættanleg staða fyrir Fjármálaeftirlitið og það hlýtur að verða að tryggja heimildir til þess að birta niðurstöður opinberlega, ég tek undir það. En ég spyr hæstv. ráðherra, af því að í lok 1. gr. segir: „Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar.“ Kemur ekki til greina að þarna verði sett inn reglugerðarheimild til handa ráðherra til þess að móta slíkar reglur sem þarf þá skilyrðislaust að fara eftir?

[15:34]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég tel að vissulega komi það allt eins til greina að slíkar reglur yrðu settar með reglugerð ráðherra en ég tel heppilegra að láta fyrst á það reyna hvort stofnunin sjálf setur sér ekki reglur sem duga, og ég hef reyndar fulla trú á því að hún muni gera það. Síðan væri hægt að endurmeta það að einhverjum tíma liðnum hvort það hafi dugað. Ef niðurstaða þess endurmats er að það hafi ekki dugað mætti huga að því að setja þetta inn í reglugerð. En almennt tel ég að það sé vel viðráðanlegt verkefni fyrir stjórn Fjármálaeftirlitsins og forstjóra að ganga frá þessu máli án beinnar íhlutunar ráðuneytisins.

[15:35]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði áðan, um samhengi hlutanna og stöðuna í íslensku samfélagi og eðli þeirra frumvarpa sem lögð eru fyrir þingið. Í þessu tilviki erum við að fjalla sérstaklega um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins og ég fagna því. Ég verð þó að segja eins og áður að mér finnst að við þyrftum að taka önnur mál fyrir en það breytir því ekki að það er hið besta mál að koma með frumvarp sem er til þess fallið að auka gagnsæi í starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Mig langar aðeins að víkja að tvennu. Annars vegar að þingsályktun um samskipti okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þar kemur fram í fylgiskjali í 27 liðum hvernig ríkið, okkar íslenska ríki ætlar að vinna með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og í 10. lið er sérstaklega fjallað um eftirlit með fjármálastarfsemi en þar segir, með leyfi forseta:

„Í framhaldinu munum við endurskoða alla regluumgjörð fjármálastarfsemi og framkvæmd bankaeftirlits til að efla viðbúnað gegn hugsanlegum fjármálakreppum í framtíðinni.“ — Þetta eru áætlanir en þar segir enn fremur: „Við munum ráða reyndan bankaeftirlitsmann til að fara yfir regluverkið og starfshætti við bankaeftirlit og leggja til nauðsynlegar breytingar. Þessi ráðgjafi mun einkum beina sjónum að reglum um lausafjárstýringu, lán til tengdra aðila, stórar einstakar áhættur, krosseignatengsl og hagsmunalegt sjálfstæði eigenda og stjórnenda. Hafi fyrrverandi yfirstjórnendur og helstu hluthafar í yfirteknu bönkunum gerst sekir um afglöp í rekstri eða misnotkun á bönkunum eiga þeir ekki að gegna sambærilegu hlutverki næstu þrjú árin. Mat þetta, sem gert verður opinbert, á að liggja fyrir í lok mars 2009. Við munum ræða fyrir fram sérhverja breytingu á áformum okkar í þessu efni við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.“

Þarna kemur fram að í lok þessa mánaðar sé ætlunin að þetta mat verði gert opinbert.

Hins vegar langar mig að tala aðeins um annað mál og vitna aftur í, eins og ég gerði í fyrri ræðu minni í dag, Mats Josefsson og skýrslu nefndar sem hann stýrir um uppbyggingu og enduruppbyggingu bankakerfisins, endurreisn bankakerfisins. Í þeirri vinnu sem Mats Josefsson stýrir kemur fram að alþjóðlegur sérfræðingur vinni að endurskoðun reglna um bankastarfsemi og eftirlit með henni með það að markmiði að styrkja varnir gegn hugsanlegum nýjum áföllum. Það kemur einnig fram í skýrslu þessarar nefndar að höfuðáhersla í endurskoðuninni sé á stjórnun greiðslugetu og áhættumats, tengd lán, varnarleysi, krosseignatengsl í eignarhald og rétta eða eðlilega stöðu eigenda og stjórnenda og að endurskoðuninni verði lokið í mars. Þannig að þar má sjá að verið er að útfæra aðeins þá hugsun sem fram kemur í 10. lið viljayfirlýsingar um áform íslenskra stjórnvalda vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Það er mjög gott mál að sinna því að skoða hvernig getum við aukið ekki bara gagnsæi heldur líka aukið og eflt eftirlit með fjármálastarfsemi í framtíðinni.

Mig langar að nota tækifærið og spyrja hæstv. bankamálaráðherra og viðskiptaráðherra í tengslum við þennan 10. lið um áform íslenskra stjórnvalda: Hvernig miðar í endurskoðun á eftirlitsstarfseminni?

Að lokum nefni ég aftur að ég fagna frumvarpinu sem er hér til umfjöllunar, það mun efla gagnsæi, og ég fagna því sérstaklega að Fjármálaeftirlitinu er gert að birta opinberlega stefnu sína. Ég hef því bara gott eitt um frumvarpið að segja en ég hefði gjarnan viljað sjá önnur frumvörp, þ.e. þau sem mega efla bankastarfsemina í landinu og þar með atvinnulíf og stöðu heimilanna í landinu.

[15:40]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Guðfinnu S. Bjarnadóttur um hvað líði vinnu sérfræðings sem fenginn var til þess að fara yfir þessi eftirlitsmál öllsömul, þá er því til að svara að þessi vinna er í gangi og ég hef engar upplýsingar um að hún hafi tafist. Ég tel því enga ástæðu til annars en að ætla að hún sé á áætlun. Þessi sérfræðingur, sem er finnskur, er með aðsetur í Fjármálaeftirlitinu og vinnur þetta starf í náinni samvinnu við starfsfólk þar og hefur stuðning af því og ég veit ekki betur en það sé allt saman á áætlun.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, 1. umr.

Stjfrv., 359. mál (niðurfelling sektar eða ákæru til að greiða fyrir rannsókn afbrots). — Þskj. 610.

[15:42]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, mál nr. 359 á þskj. 610.

Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði við ákvæðum um niðurfellingu í lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, lög um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003, lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, lög um miðlun vátrygginga, nr. 32/2005, lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, og lög um kauphallir, nr. 110/2007.

Með niðurfellingu er átt við að viðurlög eru milduð eða felld niður að fullu þegar lögaðili eða einstaklingur kemur sjálfviljugur fram, játar brot gegn lögum og vinnur með eftirlitsaðila við rannsókn málsins. Reglum sem þessum hefur hingað til verið beitt með góðum árangri á sviði samkeppnisréttar og verið taldar mjög mikilvægar við að upplýsa um ólögmætt samráð. Þá er í nýlegum lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, að finna ákvæði um niðurfellingu.

Hvað varðar niðurfellingarreglur á fjármálamarkaði hafa ekki fundist nein fordæmi fyrir slíkum reglum erlendis. Það er hins vegar afar mikilvægt að aðilar á fjármálamarkaði fari að settum reglum og að upp komist um brot á ákvæðum laga sem allra fyrst enda oft um mikla hagsmuni að ræða. Þrátt fyrir að aðstæður séu með nokkuð öðrum hætti en í samkeppnisrétti verður að telja líklegt að tilvist niðurfellingarreglna í löggjöf er varðar fjármálamarkaðinn hvetji lögaðila og einstaklinga til að gefa sig fram til að upplýsa um brot. Það er því tilefni til að ætla að niðurfellingarreglur verði til þess að brot á ákvæðum laga er varða fjármálamarkaðinn upplýsist fyrr og betur.

Í frumvarpinu er lagt til að í lög er varða fjármálamarkaðinn verði sett ákvæði er heimila Fjármálaeftirlitinu í fyrsta lagi að falla frá sektarákvörðun ef fyrirtæki eða einstaklingur er fyrstur til að koma fram með upplýsingar eða gögn sem að mati eftirlitsins geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti. Hér er lögð til sama leið og farin er í samkeppnisréttinum, þ.e. að veita aðila eingöngu algjöra niðurfellingu sekta ef hann er fyrstur til að koma fram með upplýsingar en það hefur sýnt sig í samkeppnisréttinum að það er mjög mikilvægt fyrir virkni niðurfellingarreglna að þeir sem eru fyrstir til að gefa sig fram eigi möguleika á bestu niðurstöðunni.

Í öðru lagi er lagt til að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að lækka sektir ef fyrirtæki eða einstaklingur hefur frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn sem að mati eftirlitsins eru mikilvæg viðbót við þau gögn sem það hefur þegar í fórum sínum. Einstaklingar eða lögaðilar eiga því möguleika á að fá niðurfellingu hvort sem rannsókn á broti þeirra er hafin eða ekki ef þeir sjálfviljugir og að fyrra bragði ákveða að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn. Almenn samvinna einstaklings eða lögaðila vegna rannsóknar eftirlitsins dugar ekki til þess að fá niðurfellingu.

Samkvæmt núgildandi lögum á fjármálamarkaði ber Fjármálaeftirlitinu að kæra meiri háttar brot til lögreglu. Því er í þriðja lagi lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að kæra brot ekki til lögreglu hafi fyrirtæki eða einstaklingur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn telji eftirlitið að gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót við þau gögn sem það hefur þegar í fórum sínum.

Að lokum er lagt til að í lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, verði bætt tilvísun til þess að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til þess í sérlögum að falla frá sektarákvörðun eða kæru til lögreglu ákveði eftirlitið að veita aðila niðurfellingu.

Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar.

[15:46]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Sem fyrr fagna ég því frumvarpi sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur mælt fyrir og er til þess ætlað að hvetja fyrirtæki og einstaklinga til að gefa sig fram við Fjármálaeftirlitið og upplýsa um brot sem þeir kunna að hafa vitneskju um. Ég tel mjög eðlilegt að Fjármálaeftirlitið fái heimildir til þess að falla frá sektarákvörðun eða lækka sektir en ég hlýt að staldra aðeins við 3. lið, er meginatriði athugasemda minna, sem er að kæra ekki brot til lögreglu.

Við höfum nýlega leitt í lög um sérstakan saksóknara það nýmæli í réttarfarslöggjöf hér á landi að þeir sem segja til brots sem þeir kunna að vita um sæti ekki ákæru. Þetta eru nokkuð strangari reglur sem settar voru í lögin um sér-

stakan saksóknara í 5. gr. en þær sem hér er um að ræða og skilyrði niðurfellingar nokkuð stíf, m.a. að upplýsingarnar eða gögnin tengist alvarlegu broti, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra muni reynast torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir broti.

Ég teldi að óathuguðu máli að eðlilegt væri að gera nokkuð svipaðar kröfur til þess ef aðilar fá heimild til að kæra ekki brot til lögreglu. Ég efast satt best að segja um að nauðsynlegt sé eins og hér er gert ráð fyrir að hafa þær heimildir víðtækari en til að mynda sérstakur saksóknari hefur. En ég efast ekki um að hv. viðskiptanefnd mun skoða þessi mál vandlega. Þetta er tiltölulega, eins og önnur þau mál sem hæstv. ráðherra hefur fært fram í dag, nokkuð einfalt og skýrt mál sem ætti ekki að vera vandi að skoða hratt og örugglega í nefndinni.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Bókhald, 1. umr.

Stjfrv., 244. mál (hlutverk endurskoðenda og skoðunarmanna o.fl.). — Þskj. 361.

[15:49]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum. Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem leiða af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem samþykkt voru á síðasta vorþingi. Töluverðar breytingar voru þá gerðar á áður gildandi lögum og reglum um endurskoðendur. Samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina. Meginbreytingar þær sem hér eru lagðar til leiða af því að breyta núverandi lögum sem leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu.

Til viðbótar er lagt til í frumvarpinu að heimild félaganna að hafa texta bókhaldsbóka og ársreikninga á dönsku eða ensku í stað íslensku verði víkkuð út til annarra félaga en þeirra sem hafa heimild til að hafa reikningsskilin í erlendum gjaldmiðli. Vaxandi tilhneigingar félaga til að hafa texta ársreiknings á ensku kemur einkum af því að um erlenda eignaraðild og/eða stjórnaraðild er að ræða.

Reynslan sýnir að fjöldi félaga hafa ársreikninga sína á ensku þrátt fyrir að vera með reikningsskilin í íslenskum krónum og ekkert samband er á milli þess að færa bókhaldið í erlendum eða innlendum gjaldmiðli og texta bókhaldsins. Einnig er lögð til almenn heimild til að staðsetning bókhaldsgagna geti verið erlendis í allt að sex mánuði og ekki bundin færslu þess í erlendum gjaldmiðli. Benda má á að rafrænt fært bókhald er að verða algengara og er þá alltaf óheftur aðgangur að rafrænum bókhaldsgögnum án tillits til þess hvar bókhald er vistað í heiminum. Tekið er þó fram að það verði að vera eðlilegar forsendur fyrir þessum frávikum, t.d. að um erlenda eignaraðila sé að ræða svo og að stjórnaraðild erlendra manna eigi við þegar textinn er ekki á íslensku.

Frumvarp það sem ég mæli fyrir var lagt fram á Alþingi í desember sl. en ekki náðist að mæla fyrir því á haustþingi. Má því segja að þetta sé erfðagóss frá forvera mínum sem ekki hefur unnist tími til að mæla fyrir á þingi fyrr en nú. Með vísan til þess að frumvarpið var ekki afgreitt sem lög á síðasta haustþingi er lagt til að gildistökuákvæði þess verði tekið til endurskoðunar í efnahags- og skattanefnd.

Að auki er rétt að vekja athygli á því að á undanförnum vikum hefur ríkisstjórnin unnið að því að auka upplýsingaskyldu félaga hvað varðar eignarhald þeirra og á Alþingi var rætt frumvarp hæstv. viðskiptaráðherra þar að lútandi. Sérfræðingar fjármálaráðuneytisins hafa tekið þátt í þeirri vinnu og er því lagt til að samspil þess frumvarps við það frumvarp sem ég mæli fyrir verði skoðað í efnahags- og skattanefnd til að tryggja fullt samræmi.

Ekki er gert ráð fyrir að þær breytingar sem lagðar eru til hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að lokinni umræðu.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Ársreikningar, endurskoðendur og skoðunarmenn, 1. umr.

Stjfrv., 245. mál (breyting ýmissa laga og EES-reglur). — Þskj. 362.

[15:53]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til breytinga á lögum um bókhald.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem leiða af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem samþykkt voru á síðasta vorþingi. Töluverðar breytingar voru þá gerðar á áður gildandi lögum og reglum um endurskoðendur. Samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina. Meginbreytingar þær sem lagðar eru til leiða af því að breyta núverandi lögum sem leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu. Þá verður í framhaldi af því að fylgja þeirri breytingu eftir með breytingum á löggjöf í félagarétti, svo sem lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og fleiri lögum, sem gera kröfu um kosningu endurskoðenda og/eða skoðunarmanna í samþykktum sínum og framlagningu endurskoðaðra ársreikninga.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að falla frá endurskoðunarskyldu minni félaga eins og þau eru skilgreind í 98. gr.

laga um ársreikninga. Er það í samræmi við heimild í 2. mgr. 51. gr. í fjórðu tilskipun Evrópusambandsins, um ársreikninga félaga með takmarkaðri ábyrgð, að falla frá endurskoðunarkröfu minni félaga.

Einnig eru lagðar til breytingar á 8. gr. laganna sem fjallar um þau skilyrði sem félög verða að uppfylla til að fá heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Ekki er um að ræða efnisbreytingu á ákvæðinu en í ljósi reynslu sem komin er á veitingu þessarar heimildar er lagt til að gera ákvæðið skýrara.

Með frumvarpinu er einnig lagt til að koma til framkvæmda hér á landi ákveðnum þáttum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/46/EB um góða stjórnunarhætti skráðra félaga á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1569/2007/EB um eftirlit ársreikningaskrár með félögum utan EES-ríkjanna sem skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi.

Frumvarp það sem ég mæli fyrir var lagt fram á Alþingi í desember sl. en ekki náðist að mæla fyrir því á haustþingi. Með vísan til þess að frumvarpið var ekki afgreitt sem lög á síðastliðnu haustþingi er lagt til að gildistökuákvæði þess verði tekið til endurskoðunar í efnahags- og skattanefnd.

Að auki er rétt að vekja athygli á því að á undanförnum vikum hefur ríkisstjórnin unnið að því að auka upplýsingaskyldu félaga hvað varðar eignarhald þeirra og fyrir Alþingi liggur frumvarp hæstv. viðskiptaráðherra þar að lútandi. Fjármálaráðuneytið hefur tekið þátt í þeirri vinnu og lagt er til að samspil þessa frumvarps, sem og hins fyrra sem rætt var áðan, við frumvarp hæstv. viðskiptaráðherra verði skoðað í efnahags- og skattanefnd til að tryggja samræmi.

Ekki er gert ráð fyrir að þær breytingar sem lagðar eru fram hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að lokinni umræðu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Náttúruvernd, 1. umr.

Stjfrv., 362. mál (gjaldtökuheimild). — Þskj. 613.

[15:57]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, á þskj. 613.

Meginforsendur breytinganna eru þær að lögfesta heimild Umhverfisstofnunar til að halda námskeið í landvörslu á náttúruverndarsvæðum og kveða á um helstu skilyrði til að menn geti öðlast rétt til að starfa sem landverðir á náttúruverndarsvæðum, svo og tryggja lagaheimild til gjaldtöku vegna þess kostnaðar er hlýst af námskeiði og prófi til landvörslu.

Í kjölfar þess að Vatnajökulsþjóðgarði var komið á fót árið 2008 fjölgaði stöðugildum landvarða talsvert og er tilgangur frumvarpsins því líka sá að bregðast við aukinni eftirspurn eftir landvörðum, en brýnt er að þeir þekki vel og kunni til starfa á þeim vettvangi. Má þar nefna öryggismál, lög og reglur um friðlýst svæði og umhverfismál almennt, samskipti og fræðslu gagnvart gestum á náttúruverndarsvæðum o.fl.

Mikilvægt þykir að atriðum eins og þeim sem kveðið er á um í frumvarpinu, einkum rétti eða möguleikum varðandi atvinnu manna og gjaldheimtu vegna náms í því sambandi, sé skipað með lögum í samræmi við viðtekin sjónarmið. Við gerð frumvarpsins var haft samráð við Umhverfisstofnun sem einnig taldi brýnt að gera breytingar þær sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Hæstv. forseti. Í fljótu bragði man ég eftir tvennum lögum sem heyra undir umhverfisráðuneytið þar sem kveðið er á um menntunarskilyrði þeirra sem starfa á vegum stofnana ráðuneytisins. Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eru ákvæði sem varða skyldur og menntunarkröfur til heilbrigðisfulltrúa. Kannski má segja að málum af þessu toga ætti að koma fyrir undir hatti menntamála, en engu að síður er ljóst að víða er í lögum að finna ákvæði sem varða sértækar og afmarkaðar heimildir stofnana til að sérmennta fólk til mjög sérhæfðra starfa. Þau störf sem ég hef nefnt eru einmitt þess konar störf.

Innan ráðuneytis umhverfismála starfar nefnd sem fjallar sérstaklega um menntunarkröfur sem gerðar eru til heilbrigðisfulltrúa eins og ég nefndi áðan. Ég tel eðlilegt að við skoðum þessi mál í víðu samhengi og þess vegna mætti skoða hvernig sú heimild Umhverfisstofnunar sem hér er mælt fyrir um að fái lagastoð verði nýtt af stofnuninni. Við gerum ráð fyrir að umhverfisnefnd fari vel yfir þau mál og velti fyrir sér hvort þessi skipan mála sé sú sem við viljum búa við til frambúðar eða hvort hægt væri að fara aðrar leiðir í þessum efnum.

Sú reglugerð sem unnið hefur verið eftir hvað þetta varðar hingað til er löngu orðin úrelt. Hún er sett árið 1990, undirrituð í menntamálaráðuneytinu 26. janúar. Hún ber keim af því umhverfi sem við störfuðum við þá. Þá var Náttúruverndarráð við lýði og landverðir heyrðu undir Náttúruverndarráð og það látið kanna hvort kröfurnar sem gerðar voru til landvarða væru nægar og hvort að viðkomandi þyrfti þá á einhverri sérstakri menntun að halda.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu kemur fram að undanfarið hafi milli 15 og 20 manns sótt landvarðanámskeið Umhverfisstofnunar á ári hverju og hefur stofnunin innheimt gjald fyrir námskeiðin en tekjur af gjaldinu hafa ekki staðið undir kostnaði. Kostnaður við námskeiðin hefur verið um 1,5 millj. kr. á ári en tekjurnar um 1 millj. kr. Út af hefur staðið um 500 þús. kr. kostnaður sem Umhverfisstofnun hefur þurft að bera.

Nauðsynlegt er að í lögum séu heimildir til gjaldtöku af þessu tagi. Slíkt hefur ekki verið til staðar í lögum hingað til. Þetta hefur einungis verið gert með reglugerðarákvæðum eins og ég nefndi áðan. Ég tel því mjög mikilvægt að gjaldtökuheimildin fái stoð í lögum og tel því óhjákvæmilegt að sá þáttur 1. gr. frumvarpsins hljóti lagastoð hið fyrsta og fari í gegnum Alþingi sem lög.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið meginefni frumvarpsins.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

[16:02]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég geri ekki athugasemdir við þær gjaldtökuheimildir sem gerðar eru tillögur um í þessu frumvarpi. Ég vil hins vegar spyrja ráðherrann hvort ekki sé eðlilegt að áfram sé inni að ráðuneytið skuli setja í reglugerð ramma um þær kröfur sem gera skuli til menntunar á þessu sviði. Þá er ég að tala um að formlega verði viðurkennd t.d. háskólamenntun í landafræði, jarðfræði og líffræði.

Ég vil einnig nefna Leiðsögumannaskólann og ferðamálabrautir í framhaldsskólum landsins þannig að þau formlegu próf sem menn hafa séu viðurkennd í reglugerð en ekki sé látið í vald Umhverfisstofnunar að meta hvort próf úr Leiðsöguskólanum eða jarðfræðipróf dugi til þess að sinna landvörslu, að ég tali nú ekki um landafræðinám.

[16:04]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa athugasemd og tel að hún sé málefnaleg og fullkomlega eðlileg. Reglugerðarheimildinni er haldið í frumvarpsgreininni eins og hún er, samkvæmt lagatextanum er umhverfisráðherra heimilt að setja í reglugerð, reyndar að fengnum tillögum frá Umhverfisstofnun, nánari ákvæði um menntun og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum. Reglugerðarheimildin til umhverfisráðuneytisins eða ráðherrans er því enn til staðar.

Lagagreinin gerir ráð fyrir að Umhverfisstofnun meti hvort menntunarkröfurnar séu nægar. Það er gilt sjónarmið hvort það sé Umhverfisstofnunar að meta það og þá á hvern hátt það er gert. Vel kann að vera að Umhverfisstofnun líti svo á eða hægt sé að líta svo á að þeir sem hafa próf úr Leiðsögumannaskólanum eða eru landfræðingar eða líffræðingar þurfi ekki að fara á þetta námskeið en um það þori ég ekki að fullyrða vegna þess að ég veit ekki nákvæmlega hver námskrá námskeiðsins er. Það sem ég veit er að starfið varðar fyrst og fremst umgengni á náttúruverndarsvæðunum, það að rata um svæðin og samskipti við ferðamenn þar, það varðar einnig aðstöðu, salernisaðstöðu, veitingasölu sem mögulega er til staðar, tjaldsvæði og slíkt þannig að til þess þarf miklar upplýsingar um þessi tilteknu náttúruverndarsvæði sem einstakir landfræðingar eru kannski ekkert sérstaklega menntaðir í.

Þó að eftirsóknarvert sé að fá til landvörslunnar fólk sem hefur yfirgripsmikla menntun, líffræðinga eða landfræðinga, er ekki þar með sagt að óeðlilegt sé að fólk með þá menntun fari á einhverjum örfáum tímum yfir þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem starfa sem landverðir.

Þetta eru álitamál sem eðlilegt er að ræða og ég tel (Forseti hringir.) athugasemdina frá hv. þingmanni fullkomlega eðlilega.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og umhvn.

Iðnaðarmálagjald, 1. umr.

Stjfrv., 357. mál. — Þskj. 607.

[16:06]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á því gjaldi sem forseti nefndi hér rétt áðan, iðnaðarmálagjaldi. Þetta eru lög nr. 134/1994.

Í þessu frumvarpi er einungis ein breyting lögð er til og hún er af tæknilegum toga. Lagt er til að nýr staðall, atvinnugreinaflokkun ÍSAT 2008, verði hér eftir notaður við að afmarka þá aðila sem eru gjaldskyldir gagnvart iðnaðarmálagjaldinu í stað eldri atvinnugreinaflokkunar ÍSAT 95. Þessi nýja flokkun er byggð á nýrri atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins sem hefur gilt í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins frá 1. janúar 2008. Það ber að undirstrika alveg sérstaklega að frá sama tíma hefur nýja flokkunin einnig verið notuð hér á landi af hálfu ríkisskattstjóra og í opinberri gerð hagskýrslna Hagstofu Íslands. Þessi nýja atvinnugreinaflokkun verður jafnframt notuð við álagningu opinberra gjalda árið 2009 vegna tekna ársins 2008. Það er lögbundið samkvæmt EES-samningnum að gildistaka þetta nýja flokkunarkerfi. Hér er um að ræða samræmt kerfi sem er notað við hagskýrslugerð á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Ég tek skýrt fram, frú forseti, að með frumvarpinu eru ekki lagðar til neinar efnislegar breytingar á lögum um iðnaðarmálagjald. Afmörkun gjaldskyldu verður sú sama og áður og algjörlega óbreytt hvaða atvinnustarfsemi er gjaldskyld. Ég vek líka eftirtekt á því að sambærilega tæknilega breytingu varð að gera á lögum um búnaðarmálagjald vegna þessarar nýju atvinnugreinaflokkunar sem ég reifaði hér fyrr í máli mínu og sú breyting var samþykkt á Alþingi þann 12. desember með lögum nr. 145/2008 þannig að hér er verið að leggja til breytingu á iðnaðarmálagjaldi til samræmis við það.

Ég mælist til þess, frú forseti, að frumvarpinu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. iðnaðarnefndar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og iðnn.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 360. mál (flutningastarfsemi). — Þskj. 611.

[16:09]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir þingsályktunartillögu sem er 360. mál. Með henni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir hönd Íslands ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn og fella inn í hann reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð nr. 2096/2005.

Ég get þess fyrir áhugasama þingmenn sem hlýða á mál mitt að með rekstrarstjórnun flugumferðar er átt við flugumferðarþjónustu, loftrýmisstjórnun og flæðisstjórnun flugumferðar. Hið síðarnefnda, sem á enskri tungu heitir „Air Traffic Flow Management“, er þjónusta sem er veitt með það að markmiði að stuðla að öruggu, skipulegu og sem hröðustu flæði flugumferðar þannig að tryggja megi að geta flugumferðarstjórnar sé nýtt til hins ýtrasta og sömuleiðis að umfang flugumferðar sé í samræmi við þá þjónustu sem viðeigandi veitendur flugumferðar hafa gefið upp.

Í tillögunni er gerð grein fyrir efni ákvörðunarinnar og hún prentuð sem fylgiskjal, ásamt þeirri reglugerð sem hér um ræðir. Fyrri reglugerðin sem ég gat um fjallar um eftirlitsskyldur þess sem hefur verið tilnefndur til eftirlits með þeim sem hafa starfsleyfi á sviði flugleiðsöguþjónustu. Hin síðari er svo innleidd í íslenskan rétt með reglugerð um starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu. Sá aðili sem annast þetta eftirlit af Íslands hálfu er Flugmálastjórn Íslands. Reglugerðin snertir fyrst og fremst starfsemi Flugstoða ohf. sem er sá aðili sem samkvæmt reglugerð er tilnefndur til að veita þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar, sem sagt starfsemi Flugmálastjórnar sem veitir eftirlit með slíkri þjónustu.

Áhrif breytingarinnar eru fyrst þau að eftirlitshlutverk Flugmálastjórnar er aukið til muna og það mun taka til nýrra þátta, þ.e. þeirra tveggja sem ég gat um hér áðan, flæðisstýringar og loftrýmisstjórnunar. Loftrýmisstjórnunin sjálf er veitt af Flugstoðum ohf. Rétt er að geta þess að eftirlit af þessu tagi, þ.e. með flugleiðsöguþjónustu, er nýtt af nálinni þar sem það hófst aðeins hér á landi stuttu fyrir uppskiptingu Flugmálastjórnar Íslands og stofnun hins nýja opinbera hlutafélags Flugstoða ohf. sem varð til þann 1. janúar 2007. Nánari grein fyrir þeim lagabreytingum sem eru nauðsynlegar er að finna í greinargerð með tillögunni og frumvarp þar að lútandi er þegar til meðferðar hér á Alþingi.

Ég legg til, virðulegi forseti, að tillögunni verði vísað til hv. utanríkismálanefndar að lokinni þessari umræðu.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og utanrmn.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 361. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 612.

[16:13]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Það er mér sérstök ánægja að mæla hér fyrir þingsályktunartillögu um 361. mál þingsins þar sem leitað er heimildar Alþingis til þess að staðfesta fyrir hönd íslenska ríkisins ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem er nr. 114/2007 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/ EBE. Tillagan varðar samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki og sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum.

Grein er gerð fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og ákvörðunin er sömuleiðis prentuð sem fylgiskjal með þingsályktunartillögunni ásamt þeirri gagnmerku tilskipun sem hér um ræðir. Í tilskipun 2007/16/EB eru sett fram sjónarmið sem eiga að auðvelda aðildarríkjunum að þróa sameiginlegan skilning á því hvort tiltekinn eignaflokkur sé hæfur fyrir verðbréfasjóð.

Í gildandi lögum er vísað til laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, varðandi skilgreiningu á hugtakinu „framseljanleg verðbréf“. Með innleiðingu þessarar tilskipunar í íslenskan rétt verður framvegis stuðst við skilgreiningu á hugtakinu framseljanleg verðbréf eins og hún er sett fram í tilskipun 85/611/EBE. Líka er gert ráð fyrir að í 30. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði verði um að ræða tæmandi talningu á þeim fjármálagerningum sem verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði er heimilt að fjárfesta í.

Áhrifa þess að innleiða þessa tilskipun mun fyrst og fremst gæta hjá þeim sem lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði taka til, þ.e. til starfsemi og rekstrar þeirra sjóða sem hafa einkarétt á viðtöku á fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum, þ.e. framseljanlegum verðbréfum og öðrum lausafjáreignum á grundvelli áhættudreifingar fyrirframsamþykktrar og kunngerðrar fjárfestingarstefnu.

Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur verið kynnt sú staðreynd að seinkun verði á innleiðingu á efni gerðarinnar, sem þótti eðlilegt í ljósi þess að nú þegar hefur verið ákveðið að heildarendurskoðun á lagaumhverfi fjármálamarkaðarins fari fram, þar á meðal á þeim lögum sem ég vísaði í hér áðan, lögum nr. 30/2003, sem fjalla um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Viðskiptaráðuneytið gerir ráð fyrir því að tilskipun nr. 2007/16/EB verði innleidd með breytingu á þeim lögum og með setningu reglugerðar.

Það má segja að með innleiðingu þessarar tilskipunar í íslenskan rétt verði hér eftir eða eftir að innleiðingin hefur átt sér stað stuðst við skilgreiningu á framseljanlegum verðbréfum eins og sú skilgreining er sett fram í tilskipuninni og hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„„Framseljanleg verðbréf“:

hlutabréf í félögum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í félögum (hér á eftir nefnd „hlutabréf“),

skuldabréf og önnur form á breytingu skulda í verðbréf (hér á eftir nefnd „skuldabréf“),

öll önnur framseljanleg verðbréf sem veita rétt til öflunar slíkra framseljanlegra verðbréfa með áskrift eða skiptum.“

Ég legg til, frú forseti, að þegar umræðu um þetta merkilega mál verður að fullu lokið verði tillögunni sjálfri vísað til faglegrar umfjöllunar í hv. utanríkismálanefnd.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og utanrmn.

[16:19]

Útbýting:

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, um breytingu á VII. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, 373. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 630.

Sjálfkrafa skráning barna í trúfélag, 374. mál, fsp. ÁÞS, þskj. 633.

Staða minni hluthafa í hlutafélögum, 364. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 616.

Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, 366. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 618.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 207. mál (gildistími ákvæða um áframeldi og krókaaflahlutdeild). — Þskj. 280, nál. 609.

[16:20]

Frsm. sjútv.- og landbn. (Atli Gíslason) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd um frumvarp til breytinga á lögum nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Samstaða er um málið í nefndinni.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fulltrúa frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, og enn fremur frá hagsmunaaðilum og leitað umsagna frá þeim.

Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að framlengdur verði gildistími ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sem heimilar ráðherra að úthluta tilteknum aflaheimildum til áframeldis þorsks og hins vegar að framlengdur verði gildistími ákvæðis til bráðabirgða V í sömu lögum um frest aðila til að ráðstafa krókaflahlutdeild þannig að hún rúmist innan tiltekinna marka sem sett eru í 2. og 3. mgr. 13. gr. laganna.

Á fundum nefndarinnar voru ræddar þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Nefndin fjallaði um úthlutun þorskeldiskvóta og er sammála um mikilvægi þess að styðja við tilraunir með eldi á sjávarfiski, enda séu væntingar gerðar til slíks eldis til lengri tíma litið auk þess sem gert er ráð fyrir að innan fárra ára muni kynbótastarfsemi leiða til þess að hægt verði að leggja af úthlutun þorskeldiskvóta og byggja eingöngu á eldisseiðum. Nefndin styður því að ráðherra verði heimilt að úthluta þorskeldiskvóta til fiskveiðiársins 2014/2015.

Vegna 2. gr. frumvarpsins vekur nefndin athygli á að aðilum sem eru með krókaaflahlutdeild sem ekki rúmaðist innan settra marka var fyrst gefinn þriggja ára frestur, við setningu laga nr. 42/2006, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, til að gera ráðstafanir til að hlutdeild þeirra væri innan marka. Þessir aðilar hafa haft rúman tíma til að bregðast við breyttu lagaumhverfi og telur nefndin því ekki ástæðu til að víkja lengur frá ákvæðum laganna með því að framlengja frestinn um þrjú ár til viðbótar. Nefndin telur þó rétt í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi eru í efnahagslífi þjóðarinnar um þessar mundir að frestur skv. 2. gr. frumvarpsins verði eitt ár.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, með leyfi forseta:

„Í stað orðanna „1. september 2012“ í 2. gr. kemur: 1. september 2010.“

Hv. þm. Karl V. Matthíasson og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. En undir nefndarálitið rita auk mín hv. þm. Helgi Hjörvar, Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Herdís Þórðardóttir og Grétar Mar Jónsson.

Ég óska eftir því að málinu verði vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 2. umr.

Stjfrv., 313. mál (afnám laganna). — Þskj. 543, nál. 624, brtt. 627.

[16:23]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti á þskj. 624 um frumvarp til laga um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Vigfús Áskelsson frá fjármálaráðuneyti, Þóreyju Þórðardóttur frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Guðrúnu Zoëga frá kjararáði, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Stefán Baldursson frá Bandalagi háskólamanna og Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, Prestafélagi Íslands, Viðskiptaráði Íslands og Seðlabanka Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, verði felld brott í því augnamiði að færa eftirlaun þeirra til samræmis við lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin gildi áfram um núverandi hæstaréttardómara og forseta Íslands út starfstíma þeirra. Þá er í frumvarpinu gerður sá almenni fyrirvari að áunnin réttindi haldist. Nefndin ræddi lagaskilaákvæði frumvarpsins með hliðsjón af því hvernig lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna er uppbyggt og með hliðsjón af því mikilvæga sjónarmiði að menn haldi áunnum réttindum.

Nefndin ræddi vægi lífeyrisréttinda í kjörum alþingismanna og ráðherra og heimildir og skyldur kjararáðs til að taka mið af þeim réttindum við ákvarðanir um laun. Þá ræddi nefndin hugmyndir um að þeir sem frumvarpið tekur til gætu valið sér lífeyrissjóð en það er í andstöðu við það fyrirkomulag að skylda almennt launafólk til að greiða lífeyrisiðgjöld í tiltekinn lífeyrissjóð.

Skemmst er frá því að segja að efnahags- og skattanefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir og Ármann Kr. Ólafsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara. Björgvin G. Sigurðsson, formaður nefndarinnar, var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið skrifa sá sem hér stendur, varaformaður nefndarinnar og framsögumaður, Ellert B. Schram, Gunnar Svavarsson, Jón Bjarnason, Birkir Jón Jónsson, Pétur H. Blöndal, með fyrirvara. Ragnheiður E. Árnadóttir, með fyrirvara, og Ármann Kr. Ólafsson, með fyrirvara.

Það er óþarfi að lengja þessa umræðu mikið, frú forseti, en þó er rétt að vekja athygli á því að þessi mál hafa fengið umtalsverða umræðu í samfélaginu á liðnum árum, allt frá því að lögin árið 2003 voru sett hér á hv. Alþingi.

Um það sköpuðust miklar deilur í samfélaginu og mikið rót, ef svo má segja, og miklar almennar kröfur hafa verið uppi um að þau sérréttindi sem alþingismenn, ráðherrar og hæstaréttardómarar hafa notið í eftirlaunamálum yrðu afnumin og um þessa aðila giltu sambærileg ákvæði og um starfsmenn ríkisins.

Fyrir áramót voru þessi mál aftur til umfjöllunar þegar síðasta ríkisstjórn lagði fram frumvarp til breytingar á lögunum frá 2003 þar sem ákveðin skref voru stigin í þá átt að jafna lífeyrisréttindi þeirra hópa sem hér er verið að fjalla um við almenn lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Engu að síður var ekki gengið alla leið með þeirri lagasetningu og áfram giltu ákveðin sérréttindi um ráðherra, alþingismenn, hæstaréttardómara og forseta Íslands.

Núverandi hæstv. ríkisstjórn tók ákvörðun um að stíga þetta skref til fulls með því frumvarpi sem hún lagði fram og er hér til umræðu. Með frumvarpinu er lagt til að eftirlaunalögin frá 2003 verði felld úr gildi en þess í stað muni forseti Íslands, ráðherrar, alþingismenn og hæstaréttardómarar taka eftirlaun eða lífeyri og greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, A-deild. Eftirlaunaréttur þessara aðila verður þá sá sami í öllu tilliti og opinberra starfsmanna sem greiða í þann sama lífeyrissjóð.

Hér er bæði um að ræða réttindin samkvæmt þessum lífeyrissjóði og skyldur. Þetta á þá við um iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóðinn og um þann lífeyri sem menn fá hvort sem það er til þeirra sjálfra, makalífeyrir, örorka, barnalífeyrir o.s.frv.

Verði frumvarpið að lögum er að mínu mati endanlega búið að vinda ofan af því misrétti og þeim sérkjörum sem hafa gilt í lífeyrismálum ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara og sem hafa verið, eins og ég sagði áðan, svo umdeild í samfélagi okkar. Ég tel að hér sé stigið mikilvægt skref til þess að skapa meiri sátt um fyrirkomulag þessara mála og er ánægður og stoltur af að taka þátt í því að þessi breyting eigi sér stað.

Eins og fram kom á nefndarálitinu, frú forseti, leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt. Að svo mæltu legg ég til að frumvarpið gangi til 3. umr.

[16:30]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Það eru þrír hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara. Það eru, auk mín, hv. þm. Ragnheiður E. Árnadóttir og hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson. Fyrirvarinn lýtur að því að í nefndinni var ekki rætt um eftirlaunarétt forseta Íslands. Reyndar á núverandi forseti að halda þeim kjörum sem hann hefur út kjörtímabilið en það kemur að því að það líður á enda og þá þarf að kjósa nýjan forseta.

Segjum að ungur maður verði kosinn forseti, þrítugur, 35 ára eða … (**ÁÞS:** Hann verður að vera orðinn 35 ára.) Ég veit það, hann verður að vera orðinn 35 ára, frú forseti. En segjum að hann sé undir fertugu, sitji eitt kjörtímabil og verði 42–43 ára þegar hann lýkur starfi sem forseti Íslands. Ekki var rætt um það í nefndinni hvað gerðist með þann mann. Það verður erfitt fyrir hann að fá vinnu. Ég geri ekki ráð fyrir að það séu mörg fyrirtæki sem vilja hafa fyrrverandi forseta í vinnu hjá sér eða þá að hann geti yfirleitt unnið sem fyrrverandi forseti sem ritari eða sem kennari eða eitthvað slíkt, ég veit ekki hvaða menntun hann hefur. Þá er spurningin: Hvernig er kjörum hans háttað? Hann mun hafa mjög lítinn lífeyrisrétt og hann verður nánast illa settur, hugsa ég. Þetta var ekkert rætt í nefndinni og það er þess vegna sem hv. þingmenn eru með fyrirvara.

Ég er með fyrirvara vegna þess að ég tel það ekki rétt sem hv. framsögumaður, Árni Þór Sigurðsson, sagði að þetta væru ekki sérréttindi, þetta væri endanleg lausn. Ég las í blöðunum í morgun að sumir lífeyrissjóðir ætluðu að fara að skerða réttindi og það er hinn bitri veruleiki kjósenda okkar. Það hendir ekki þingmenn eftir þessa endanlegu lausn, frú forseti. Þeir sitja með pottþétt réttindi, gulltryggð. Iðgjald ríkisins mun hækka eftir þörfum. Ef léleg ávöxtun verður á sjóðnum hækkar iðgjald ríkisins.

Hver skyldi nú greiða það, frú forseti, nema það fólk sem er í þessum almennu sjóðum sem á að fara að skerða, þ.e. 80% af kjósendum okkar, því að 20% eru í þessum opinberu sjóðum? Það var ég reyndar búinn að segja við fyrri umræðu málsins þannig að ég ætla ekkert að lengja málið mikið. En ég tel að það sé alls ekki búið að afnema sérréttindi eða forréttindi og það er alls ekki búið að finna einhverja endanlega lausn á þessu. Ég geri ráð fyrir því að þegar menn upplifa það að missa réttindi sín varanlega muni koma upp mikil óánægja. Þetta er ekki tímabundið ástand, þetta er varanlegt tap á réttindum vegna lélegrar ávöxtunar lífeyrissjóðanna sem töpuðu á hruninu.

Ég tel og hef talið lengi að þingmenn eigi að deila kjörum með sínum umbjóðendum. Ég flutti um það frumvarp árið 1995, að þingmenn væru með lífeyrisréttindi eins og almenningur. Það fólk sem skyldað er með lögum að borga í ákveðinn lífeyrissjóð hefur ekkert val um það, hefur ekki einu sinni möguleika á að kjósa stjórn vegna þess hvað lítið lýðræði er í lífeyrissjóðunum. Það skal greiða í ákveðinn lífeyrissjóð. Það skal hlíta þeirri ávöxtun sem stjórnin fær, sem það getur ekki kosið og þarf oft að sæta skerðingu eins og nú. Þetta er að sjálfsögðu ekki afnám sérréttinda að fullu, þetta er minnkun á sérréttindum, forréttindin eru minni en þau voru.

Ég flyt um það tillögu að ráðherrum og alþingismönnum verði heimilt að greiða í lífeyrissjóð að eigin vali enda fari starfsemin eftir lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þá kom nákvæmlega fram það sem ég átti von á í nefndaráliti meiri hlutans, sem ég skrifa undir með fyrirvara.

Hér stendur, með leyfi frú forseta:

„Þá ræddi nefndin hugmyndir um að þeir sem frumvarpið tekur til gætu valið sér lífeyrissjóð en það er í andstöðu við það fyrirkomulag að skylda almennt launafólk til að greiða lífeyrisiðgjöld í tiltekinn lífeyrissjóð.“

Þá spyr maður: Hvers vegna í ósköpunum er venjulegt launafólk skyldað til að greiða í ákveðinn lífeyrissjóð og sætta sig við að ef aldursdreifingin í sjóðnum er slæm fær það lélegan lífeyri? Ef hún er góð, eins og hún er hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna, fá sjóðfélagar góðan lífeyri. Hvers lags réttlæti er þetta? Þetta er búið að vera alla tíð í lífeyrissjóðakerfinu enda er það í rauninni undirbygging á ákveðnum völdum í þjóðfélaginu.

Af því að við höfum orðið fyrir mikilli kreppu á Íslandi finnst mér að við þurfum í kjölfarið að skoða völd verkalýðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins yfir lífeyrissjóðakerfinu eins og það leggur sig með 1.200 til 1.800 milljarða, eftir því hvort maður telur það fyrir eða eftir hrun. Það eru gífurlegir peningar og það eru gífurleg völd eins og komið hefur fram í umræðunni um jafnrétti kynjanna í stjórnum. Þetta eru sjálfvirk völd sem Alþingi hefur byggt upp með því að skylda alla landsmenn til að borga í ákveðinn lífeyrissjóð. Völd til handa verkalýðshreyfingu, handa stjórnum lífeyrissjóða sem skipaðar eru af verkalýðshreyfingunni og af Samtökum atvinnulífsins.

Ég lít mjög alvarlegum augum hlutverk verkalýðshreyfingarinnar. Ég tel að hún hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna en þetta valdakerfi gerir hana að stofnun. Hún hugsar ekki lengur eins mikið um kjör umbjóðenda sinna heldur gætir hún hagsmuna sinna við að stýra þessu gífurlega fjármagni. Það sem getið er um í nefndaráliti meiri hlutans, um að almennu launafólki sé skylt að greiða í ákveðinn lífeyrissjóð, er hluti af þessum völdum vegna þess að fólk getur hvorki kosið með höndum né fótum. Það getur ekki skipt um lífeyrissjóð og kosið þannig með fótunum og það getur heldur ekki kosið stjórnir lífeyrissjóðanna því að þær eru tilnefndar af verkalýðsfélögunum og Samtökum atvinnulífsins til helminga, yfirleitt.

Þetta er eitthvað sem við verðum að taka á í núverandi stöðu. Ég sé það sem verkefni í kjölfar þessa hruns að þingmenn taki á því að fólk geti valið sér lífeyrissjóð eða alla vega kosið stjórn í sinn lífeyrissjóð. Kosið það fólk sem það treystir til þess að fara með ævisparnað sinn og það sem það treystir mest á í ellinni.

Minn fyrirvari er því tvenns konar: Annars vegar hugleiðingin um forseta Íslands og hins vegar flyt ég breytingartillögu um að þingmenn geti valið sér lífeyrissjóð, deilt kjörum með umbjóðendum sínum, með því fólki sem kaus þingmennina. Þannig vil ég sjá það og hef alltaf viljað sjá það, ég er á móti svona forréttindum. Það sem mundi koma skýrar í ljós við tillögu mína — því að ég geri ráð fyrir því að ef menn velja sér lífeyrissjóð sem er með lakari lífeyrisrétt, fái þeir hækkun á launum — er hvers virði þessi lífeyrisréttur er og það ógagnsæi sem er í kerfinu í dag hyrfi.

Það er reyndar ýmislegt fleira sem ég benti á í þeirri umræðu eins og t.d. varðandi vildarpunkta flugfélaga, dagpeninga og sitthvað fleira sem gjarnan mætti skoða, og starfskostnaðinn sem þingmenn taka. Það eru hvorki tekjur né gjöld. Ég hef aldrei getað þegið slíkt og þess vegna beitti ég mér fyrir því á sínum tíma að menn gætu hafnað þessum tekjum. Ég hef hafnað þeim alla tíð þannig að ég hef aldrei tekið þennan 60 þúsundkall á mánuði sem flestir þingmenn taka.

Fyrst við tölum um gagnsæi og réttlæti og svo um endanlega lausn, ættu menn að skoða þetta. (Gripið fram í.) Hv. framsögumaður talaði um að þetta væri endanleg lausn á vandanum varðandi sérréttindin. Það er ýmislegt eftir sem gjarnan mætti skoða.

[16:39]

Útbýting:

Fjárreiður ríkisins, 372. mál, frv. ÁKÓ o.fl., þskj. 628.

Tollalög, vörugjald og virðisaukaskattur, 365. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 617.

[16:40]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Öðruvísi mér áður brá um þetta mál. Hér sitja þó einir þrír þingmenn, auk forseta og þess sem hér stendur í stólnum, og ræða málið. Það er ekki mikil stemning í salnum. Fyrir utan eru einn og einn maður og nokkrir fuglar á stangli og það er nú það sem er eftir af þessu mikla máli, eftirlaunamálinu, sem keyrt var áfram í tíð — reyndar ekki fyrrverandi stjórnar heldur ríkisstjórnarinnar sem sat þar áður af þvílíku offorsi og látum að það var eins og himinn og jörð væru að farast. Þetta var eitthvert allra brýnasta málið sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar með Framsóknarflokkinn innan borðs rak þá. Endirinn á því er sá að nú er 2. umr. um málið og átta af níu nefndarmönnum í allsherjarnefnd hafa skrifað undir nefndarálit þar sem lagt er til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Að vísu er einn hv. þingmaður með minni háttar breytingartillögur. Sá eini sem eftir er var fjarverandi og sá tíundi sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og var sammála nefndinni allri um þetta.

Ég stend upp til þess að gleðjast yfir því að menn hafi fengið vitið, séð ljósið í þessu efni. Meira að segja hefur hv. þm. Pétur Blöndal séð ljósið með sínum hætti og aðrir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins. Mér sýnist reyndar að þeir hafi ekki verið viðstaddir þegar málið var afgreitt á fyrra kjörtímabili, þetta erfiða mál — líka fyrir þann sem klappaði mér svo yndislega á vinstri hönd, (**Utanrrh.:** En sá stendur allt af sér.) en sá stendur allt af sér eins og hinn mikli brimbrjótur. Hvernig var þetta í *Áföngum?* (**Utanrrh.:** Öldubrjóturinn kargi.) Öldubrjóturinn kargi, já. Hinn kargi öldubrjótur okkar alþingismanna sem allt stendur af sér, jafnvel þá ágjöf sem hann varð fyrir í þessu máli og tapaði þó formennskunni í heilum stjórnmálaflokki fyrir vikið, en það er að minnsta kosti söguskýring mín og pólitískra sagnfræðinga.

Það voru á sínum tíma mikil mistök að vera bendlaður við þetta mál eins og þeir voru og hafa nú beðist afsökunar á, þeir Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon og Guðjón A. Kristjánsson. Við áttum þá afsökunarbeiðni fullkomlega skilið þó að meginábyrgðin á málinu, á þeim vanda sem það hefur valdið, því virðingarleysi sem það hefur kostað Alþingi og þeim trúnaðarbresti sem það kom af stað á sínum tíma — að minnsta kosti dýpkaði gjáin milli þings og þjóðar — bera auðvitað þeir menn sem báru það fram. Það voru Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson, þó að millimenn stæðu einnig að frumvarpinu, og þeir flokkar sem á bak við þá stóðu. Því hlýtur maður að fagna því að þeir hafa snúið við blaðinu og meira að segja fulltrúar Sjálf-

stæðisflokksins eru á þessu nefndaráliti, að vísu með fyrirvara.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur gert góða grein fyrir fyrirvara sínum en það hafa þau Ragnheiður Elín Árnadóttir og Ármann Kr. Ólafsson því miður ekki gert. En við lítum svo á að það hljóti að vera minni háttar fyrirvarar með sama hætti og hjá Pétri Blöndal.

Ég vil svo segja um það sem Pétur Blöndal minntist á að margt af því má læra. Það er í fyrsta lagi alveg rétt hjá honum að þó að málið sé hér með afgreitt — og ég hygg að lífeyrismálum ráðherra og alþingismanna, fyrst og fremst ráðherra, verði ekki breytt. Við skulum hafa það algjörlega á tæru að spurningin var á sínum tíma um forréttindi ráðherra miklu frekar en alþingismanna. Þó er það þannig að alþingismenn verða stundum ráðherrar. En ég hygg að þessu verði ekki breytt.

Hins vegar á eftir að fara í gegnum ýmislegt á þinginu. Þar á meðal eru, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði réttilega, þessir dagpeningar. Mér hefur alltaf fundist það skrýtið að menn skuli ekki fást til þess að ræða dagpeninga þingmanna, og reyndar embættismanna, ráðherra og eiginkvenna og eiginmanna ráðherra og hvernig það er nú allt saman. Þessar dagpeningagreiðslur eru algjör della, óháð því hvert menn fara eða að minnsta kosti með hvaða hætti menn fara, hvort þeir fá hótelið greitt af sjálfu sér eða ekki og hvort þeir þurfa að greiða nokkurt fé út. Niðurstaðan með dagpeningana er sú að menn líta á þá sem sérstakan bónus. Menn líta á þá nánast sem kaupauka á þinginu og í stjórnkerfinu. Þeir sem oftast fara fá mest út úr þessu og síðan eru spunnar upp einhverjar afsakanir um að það geti komið fyrir í tíunda hvert skipti að borga þurfi leigubíl eða eitthvað álíka. Dagpeningamálin eru þinginu og stjórnkerfinu ekki til sóma og ég vona að þegar þessi ríkisstjórn kemur saman aftur að loknum næstu kosningum verði þetta eitt af því sem hún tekur til athugunar og ráðstöfunar. Ég vænti góðs skilnings næstkomandi stjórnarandstöðu — sem er sú sama og núna — á þessu máli þegar það kemur hér fyrir.

Sama máli gegnir með vildarpunkta og þar minni ég á ræður og fyrirspurnir Jóhanns Ársælssonar, fyrrverandi þingmanns, einhvers besta þingmanns í seinni tíð að mínu áliti, sem spurði oft um vildarpunktana. Hann spurði fjármálaráðherra um þá og þeir svöruðu því alltaf að þetta væri ekki hægt og þetta væri í samningum flugfélagsins, þessa eina, hálfgert opinbera ríkisflugfélags hér, hver sem á það nú í hvert skipti. Menn vildu aldrei gera neitt í því vegna þess að það er alveg eins og með vildarpunktana: Litið er á þá sem kaupauka bæði í þinginu og í stjórnkerfinu. Þeir sem oftast þurfa að fara til útlanda fá mest af þeim. Þeir taka fjölskylduna með í einhver sumarfrí eða notfæra sér þá sem einhvers konar bónus sem enginn hefur samið við þá um. Ef ríkið á að fá einhvern afslátt eða plús, einhverja greiða fyrir hin miklu viðskipti sem það stendur í við það flugfélag sem skipt er við, á auðvitað ríkið sjálft, fjárhirsla almennings, að njóta þess en ekki þeir embættismenn eða þingmenn eða hverjir sem það nú eru sem út eru sendir. Það er auðvitað algjör della og það er líka algjörlega óskiljanlegt að þetta skuli nánast aldrei fást rætt vegna þess að það er hluti af einhverjum viðkvæmum kjörum. Ég vona að næsta ríkisstjórn, sem er vonandi sú sama og þessi eftir kosningar, taki þetta mál líka fyrir og hreinsi til í þessu efni. Ég gæti líka haldið fyrirlestur um starfskostnað en það er annars konar mál en það fyrra sem nefnt var.

Ég vil líka vera svo djarfur að taka undir með Pétri Blöndal um lífeyrissjóðina. Það er eitt af því sem þarf að gerast. Það getur ekki gerst á þessum 80 dögum sem nú eru að líða en það þarf að gerast á næsta kjörtímabili og eins fljótt og unnt er. Það þarf að fara í gegnum það hóflega og varlega en með festu hvernig við ætlum að hafa lífeyrissjóðakerfið í framtíðinni og hvernig við ætlum að fara að með yfirstjórn þess. Ekki eingöngu vegna þess sem Pétur Blöndal rakti að í stjórnum þeirra sitja menn sem enginn hefur kjörið þó að lagalega sé hægt með krókaleiðum að hafa það öðruvísi. Ekki eingöngu vegna þess að þessir menn njóta mikilla fríðinda án þess að nokkur umbjóðenda þeirra hafi samþykkt að þeir njóti þessara fríðinda heldur líka vegna þess að saga síðustu ára bendir ekki til þess að þessar stjórnir hafi í fyrsta lagi farið vel með fé umbjóðenda sinna og í öðru lagi að þeir hafi rekið lífeyrissjóðina með hag almennings fyrir augum. Þeir hafa aftur á móti hneigst til — þannig að ég orði þetta eins kurteislega og ég get — að taka þátt í því kapphlaupi sem hér var uppi um sem allra mesta ávöxtun, um sem allra mestan gróða og um sem allra mest umsvif, hvað sem þau kostuðu. Hér ætla ég að hætta en þetta er umræða sem við þurfum fyrr eða síðar taka, hversu viðkvæm sem okkur kann að finnast hún. Mér finnst hún viðkvæm vegna þess að ég er einlægur stuðningsmaður verkalýðshreyfingarinnar sem á helminginn af fulltrúunum í þessum lífeyrissjóðum. En sá er vinur sem til vamms segir.

Ég vil svo segja að lokum að mér þykir breytingartillaga hv. þm. Péturs H. Blöndals mjög athyglisverð og tel að við eigum að skoða hana. En ég minni á að þetta er eiginlega sú breytingartillaga sem við gerðum, ég og hæstv. fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, við 1. umr. málsins en þó aðeins munnlega. Hún var aðeins öðruvísi og hljóðaði sem sagt þannig, eftir að þingmaðurinn er búinn að færa hana í betra form, að mönnum sé heimilt að greiða í lífeyrissjóð að eigin vali, enda fari starfsemin eftir lögum og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Ég spyr flutningsmann hvort hann geti ekki sætt sig við að orðalagið verði þannig að í staðinn fyrir að ráðherrum og alþingismönnum sé heimilt að gera þetta, standi hér:

„Pétri H. Blöndal er heimilt að greiða í lífeyrissjóð að eigin vali enda fari starfsemin eftir lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.“

Forseti. Ég held að það væri við hæfi eftir mikla baráttu Péturs Blöndals — sem vonandi verður hér næstu fjögur árin a.m.k., því að Pétur H. Blöndal er mikil prýði á Alþingi — að hann fengi þessa sérstöku undanþágu um að greiða lífeyrisgjald sitt í hvaða lífeyrissjóð sem hann vill. Mér skildist í 1. umr. að hann væri helst á því að greiða fé sitt í Lífeyrissjóð bænda enda væri það vel við hæfi því að þar fer saman hagsýni og framsýni eins og hjá hv. þingmanni.

[16:51]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég nefndi aldrei að ég mundi ganga í Lífeyrissjóð bænda heldur sagði ég að ég ætti mestöll mín réttindi

hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna, svo að rétt sé rétt.

En varðandi það að ég hafi séð ljósið 2003 þá greiddi ég atkvæði með því frumvarpi vegna þess að þar áður voru réttindin afskaplega ruglingsleg. Þau voru stöðluð með því frumvarpi og fyrir hinn almenna þingmann var þetta ekki kjarabót. Lögin frá 2003 voru ekki þingmönnum til góða, iðgjaldið var hækkað og réttindin eilítið bætt, en það stóð á endum. Ég greiddi atkvæði með því vegna þess að þetta var stöðlun sem gerði það auðveldara að breyta núna.

Hv. þingmaður tiplar eins og köttur í kringum heitan graut þegar hann talar um verkalýðshreyfinguna og völd hennar yfir lífeyrissjóðunum. Ég þarf ekkert að tipla í kringum það eins og köttur í kringum heitan graut. Ég segi bara: Þetta er ekki hægt. Fólk á að geta kosið stjórnir lífeyrissjóðanna, fólk á að geta kosið þá menn og þær konur sem fara með það fé sem mestu varðar fyrir fólk. Ég þarf ekki að tipla í kringum þetta.

Varðandi vildarpunktana þá er það ekki þannig að Jóhann Ársælsson hafi einn rætt um þá. Ég hef rætt þetta endurtekið. Vildarpunktarnir skekkja alla samkeppni, eyðileggja hana í rauninni. Flugfélag sem veitir vildarpunkta — miðinn er keyptur þó að hann sé miklu dýrari af því að atvinnugreiðandinn greiðir en launþeginn, notandinn, nýtur. Þetta er afskaplega ósiðlegt og ég hef ekki getað tekið þátt í þessu hingað til vegna þess að mér finnst það ósiðlegt. En auðvitað græðir flugfélagið bara á því að ég hef aldrei notað vildarpunkta. Ég vil spyrja hv. þingmann: Hefur hann notað vildarpunkta? Mér finnst það ósiðlegt.

Svo er það starfskostnaðargreiðslan. Ég fékk það inn á sínum tíma að þingmenn mættu velja hvort þeir tækju þessa starfskostnaðargreiðslu. Ég hef aldrei tekið hana af því að ég veit ekki hvort þetta er kostnaður eða gjöld, laun eða kostnaður. Það er nefnilega hvort tveggja. Ég vil spyrja hv. þingmann: Notar hann starfskostnaðargreiðslu Alþingis?

[16:53]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Af því að þetta er dagur hinna miklu upplýstrana á þingi þá get ég viðurkennt að ég hef tekið við þessum starfskostnaðargreiðslum á þeim forsendum að verið sé að greiða, að vísu með ákaflega ónákvæmum hætti, einhvern þann kostnað sem ég varð fyrir þegar ég gegndi starfi alþingismanns og verð að einhverju leyti fyrir í þessum innhlaupum mínum sem varaþingmaður núna.

Ég hef aldrei notað þessa vildarpunkta og vil eiginlega ekkert við þá kannast satt að segja, gerði það ekki þegar ég var hér á síðasta kjörtímabili. Ég vil taka undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal um vildarpunktana og fleiri af slíkum „fiffum“ sem ég tel að við eigum að berjast á móti og reyna að draga niður. Það er alveg rétt hjá honum að það er einmitt þannig að þeir sem kaupa vöruna eru líka að borga „fiffin“ fyrir hina. Það á að vera þannig, og þar styðst ég við stefnu neytendasamtaka hér og erlendis, að þetta sé útilokað og verð vörunnar miðist við það sem varan kostar fyrir þann neytanda sem hana fær, ekki þannig að menn séu að kaupa eitthvað annað þegar þeir eru að kaupa þessa vöru, hvorki handa sjálfum sér né öðrum. Þannig á það að vera. Því miður hefur þetta verið þáttur í ruglinu undanfarna áratugi.

Síðan er hollt fyrir hv. þm. Pétur Blöndal að gera það upp við sig og hann hefur með einhverjum hætti getað lægt veðrin í kolli sínum varðandi það sem hann gerði árið 2003 þegar hann tók þátt í þessari afgreiðslu á eftirlaununum Það er í sjálfu sér rétt hjá honum að hvað þingmennina varðaði var verið að jafna kjör eða lagfæra með einhverjum hætti, þó þannig að þau héldust sem forréttindakjör. Með ráðherrana er það hins vegar þannig, og það hlýtur hv. þingmaður að samþykkja eða viðurkenna, að verið var að bæta eftirlaunakjör þeirra með slíkum hætti að uppreisn varð í samfélaginu á eftir.

[16:55]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hnýt dálítið um þetta undarlega orðalag eins og það að ég hafi lægt veðrið í kolli mínum. Ég næ því ekki. Ég stóð frammi fyrir því ákveðna vali að allir þingflokksformenn á þingi, jafnt Samfylkingar sem annarra, höfðu ákveðið að leggja frumvarpið fram. Svo hlupust sumir undan merkjum af ótta við kjósendur o.s.frv. Ég greiddi þessu atkvæði vegna þess að ég taldi að þetta væri ákveðin stöðlun sem gerði eftirleikinn auðveldari, að ná fram þeirri almennu lækkun sem ég tel nauðsynlega. Þingsályktunartillaga mín gengur út á að það sé skýrt hvers virði þessi réttindi eru.

Ég er ekkert að leggja mat á það hvort þingfararkaupið sé nægilega hátt eða ekki og það geta menn rifist um. Mér finnst að þau kjör sem við höfum eigi að vera uppi á borðinu og vera gegnsæ. Það sem mín tillaga gerir, hvort sem hún er fyrir Pétur Blöndal einan eða fyrir aðra þingmenn almennt — ég vil ekki taka frá þeim þann kaleik að geta deilt kjörum með sínum kjósendum, sem mér heyrist hv. þingmaður ekki vilja gera, þá kemur í ljós hvers virði þessi réttindi eru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Ég tel mjög mikilvægt og það er kall tímans að gagnsæi sé í hlutum og eins með þessa starfskostnaðargreiðslu, ég vil að hún sé afnumin eða þá að menn fái greitt fyrir raunverulegan starfskostnað eins og margir utanbæjarþingmenn eru virkilega með. Þeir nýta þessa starfskostnaðargreiðslu fyrir starfskostnaði en þeir sem eru í Reykjavík, ég get ekki séð að ég geti eytt 60 þús. kr. á mánuði í ég veit ekki hvað. Þeir sem ekki nota það í einhvern kostnað fá þetta sem laun. Þess vegna er þetta ýmist kostnaður eða laun. Mér finnst það alveg fráleitt.

[16:57]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Það er sjálfsagt að taka þetta upp við næsta tækifæri sem býðst, á næsta kjörtímabili, að fara yfir starfskostnaðinn eða núna þess vegna ef menn vilja, mér finnst alveg sjálfsagt að gera það. Ég tek undir efasemdir Péturs H. Blöndals um það að hann standi undir nafni og lýk þar með þeirri umræðu.

Um lífeyrissjóðakerfið almennt verð ég að segja það, ég gleymdi að segja það í síðasta andsvari, að ég tipla ekkert í kringum það eins og köttur í kringum heitan graut. Það geta menn ekki lesið út úr ræðu minni áðan þegar ég, eins og vinur sem segir til vamms, talaði um bæði kjör þeirra sem þarna starfa, um takmarkað umboð þeirra og um ráðstafanir

þeirra síðustu árin, hvernig þeir vörðu fé almennings og hvernig þeir tóku þátt í þeirri skrúfu sem að lokum leiddi okkur á barm glötunar.

Ég vil hins vegar segja að við verðum að fara varlega í miklar breytingar á þessu. Hér er í fyrsta lagi um mikla fjármuni að ræða, á bladi eru þeir a.m.k. miklir. Við höfum hingað til talið að þetta væri eitthvað það jákvæðasta í fjármálum okkar Íslendinga, að hafa þó tekist að koma upp þessu lífeyrissjóðakerfi og verið þar skrefi á undan ýmsum öðrum þjóðum af því að við erum með þetta uppsöfnunarkerfi en ekki gegnumstreymiskerfi.

Nú tek ég reyndar eftir því t.d. í frönskum blöðum að þar eru menn komnir á aðra skoðun. Þar segja menn: Við erum heppnir að vera með gegnumstreymissjóði en ekki uppsöfnunarsjóði vegna þess að það er þá þannig að við töpuðum engum peningum í þessari miklu krísu, og það er sjónarmið sem við þurfum að athuga.

Hingað til hefur þetta verið þannig að það voru verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur sem bjuggu þessa lífeyrissjóði til í samningunum 1969, og fyrr og síðar, og þeir aðilar hafa kannski fengið að (Forseti hringir.) njóta þess í gagnrýnisleysi stjórnvalda og almennings að þeir gerðu (Forseti hringir.) okkur þennan greiða. Ég tel að hafa verði samráð við þessar hreyfingar, verkalýðshreyfinguna og atvinnurekendur, um breytingar (Forseti hringir.) á þessu, það sé verkefni næstu ára að gera það.

[17:00]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir þau skoðanaskipti sem farið hafa fram um þetta mál og vil kannski aðeins bregðast við nokkrum þáttum. Ég ætla þó að halda mig við efnisatriði frumvarpsins sem hér er til umræðu og ekki fara út í aðra sálma. Vafalaust gefst tilefni til þess síðar.

Frumvarpið fjallar um afnám eftirlaunalaganna svokölluðu frá 2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og einnig um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur gert grein fyrir fyrirvara sínum varðandi málið og fyrir breytingartillögunni sem hann flytur við málið. Það er rétt að þau viðhorf sem hann reifar hér komu fram í umfjöllun í nefndinni og hann gerði henni grein fyrir sjónarmiðum sínum. Breytingartillaga hans kemur því ekki á óvart, þessi viðhorf hafa komið fram áður. Hann gengur býsna mikið út frá þeirri forsendu að almennt sé Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins forréttindasjóður. Þegar ég segi að nú verði, verði þetta frumvarp samþykkt, sérréttindi þingmanna, ráðherra og fleiri endanlega leiðrétt er ég að vísa til þess að þessum hópum verður skipað í lífeyrissjóð með opinberum starfsmönnum. Þeir verða ekki með nein sérstök sérréttindi umfram það sem almennt gildir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Það er síðan annar handleggur að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur oftsinnis haldið þeirri skoðun sinni fram hér að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins í heild sinni sé sérréttindasjóður og þar er hann að tala um alla starfsmenn ríkisins og væntanlega alla starfsmenn sveitarfélaganna líka því að þeir greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga sem er sambærilegur við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hann er því að tala um býsna stóran hóp launafólks og segir að sá hópur sé einhver sérstakur sérréttindahópur. Í mörgum tilvikum er um það að ræða að lífeyrisréttindi eru samningsatriði í kjarasamningum, a.m.k. að hluta til, og mér finnst hv. þingmaður fara býsna frjálslega í þetta mál.

Menn geta auðvitað farið í þá umræðu, og velt því fyrir sér, hvort samræma eigi öll lífeyrisréttindi landsmanna, hvort sem þeir eru starfsmenn ríkis eða sveitarfélaga eða á almennum vinnumarkaði. Sú umræða á rétt á sér og ég get tekið undir það sem margir hafa sagt að vissulega væri eðlilegt að samræma lífeyriskjör allra landsmanna. Það verður hins vegar ekki gert með breytingum á þessum lögum og það verður ekki gert nema í einhverju heildarsamhengi og í samvinnu og samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, við samtök launafólks, bæði á opinbera markaðinum og almenna markaðinum, og við sveitarfélögin og samtök atvinnulífsins. Það er algerlega ljóst.

Þau viðhorf komu fram í efnahags- og skattanefnd frá fulltrúa einna heildarsamtaka opinberra starfsmanna að þau væru ekki andvíg því að lífeyrisréttindi landsmanna væru samræmd og þau væru eins hjá öllum. Hann lýsti jafnframt því viðhorfi að samræma ætti lífeyrisréttindi upp á við frekar en að taka lífeyrisréttindi þeirra sem eru starfsmenn ríkisins og færa þau niður. Það verður auðvitað ekki gert án þess að um það sé samið og það hefði að sjálfsögðu í för með sér breytingar á kjörum þeirra að öðru leyti því að í þessum hlutum er ákveðið samhengi.

Ég er ekki sammála því viðhorfi sem hér kemur fram að enn sé verið að viðhalda sérréttindum þingmanna. Ég lít ekki svo á að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins eða lífeyrissjóðir sveitarfélaga séu einhverjir sérréttindasjóðir. Þeir eru almennir lífeyrissjóðir fyrir þá sem starfa hjá opinberum aðilum. Ég tel eðlilegt, og það gerir ríkisstjórnin líka, sem flytur frumvarpið, að lífeyrisréttindi ráðherra, alþingismanna, hæstaréttardómara og forseta Íslands séu sambærileg við það sem gerist hjá starfsmönnum ríkisins. Um þetta getum við auðvitað deilt en það breytir því ekki að með frumvarpinu er verið að afnema þau sérlög sem giltu um lífeyrisréttindi þeirra hópa sem við erum að fjalla um. Ég tel að frumvarpið sé endanleg leiðrétting á þeim og stend við það.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal gerði líka grein fyrir því sjónarmiði sínu, sem kemur fram í breytingartillögu hans, að ráðherrum og alþingismönnum verði heimilt að greiða í lífeyrissjóð að eigin vali. Hann segir að þeir eigi að deila kjörum með þjóðinni, með almenningi, (**PHB:** Með kjósendum sínum.) með kjósendum sínum. En kjósendur sem hv. þingmaður vísar til geta ekki valið sér lífeyrissjóð. Hv. þingmaður er að leggja til sérstök sérréttindi fyrir þennan hóp umfram það sem gerist hjá kjósendum þeirra og málflutningur hans gengur ekki upp. Hann er beinlínis að leggja það til að um ráðherra, alþingismenn og hæstaréttardómara gildi sérstakt ákvæði um að þeir geti valið sér lífeyrissjóð og séu ekki seldir undir sömu sök og almennir landsmenn sem er skipað í lífeyrissjóð eftir tilteknum leikreglum. Ég tek ekki undir þessa breytingartillögu og tel að hún sé til þess fallin að búa á ný til sérréttindi fyrir þingmenn og ráðherra. Við erum þrátt fyrir allt að freista þess að afnema slíkt með

frumvarpinu sem hér er til umræðu.

Ég legg á það ríka áherslu, frú forseti, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og hv. efnahags- og skattanefnd gerir tillögu um. Ég er sannfærður um að verði frumvarpið að lögum sé ákveðnum kafla lokið, og ég leyfi mér að segja vondum kafla, skugga sem hefur svifið yfir þessu fyrirkomulagi lífeyrismála ráðherra, alþingismanna, hæstaréttardómara og forseta Íslands.

Hvað snertir forseta Íslands sérstaklega — og hv. þingmaður vakti máls á því þar sem hann ræðir þann möguleika, sem er auðvitað fræðilegur, að ungur maður, t.d. 35 ára gamall maður, eða kannski lítið eldri, verði kosinn forseti Íslands, og sitji eitt kjörtímabil, hann muni ekki fá neina vinnu eftir það og hafi þá lítil lífeyrisréttindi. Þessu sjónarmiði gerði hv. þingmaður grein fyrir hér í ræðustól og sagði að fyrirvari hans á nefndarálitinu lyti m.a. að því atriði. En ég minnist þess ekki að það viðhorf hafi komið fram í umræðum í nefnd og því finnst mér sá fyrirvari sem hann gerði við nefndarálitið ekki eiga við — fyrirvarinn hlýtur að lúta að efnisatriðum sem hv. þingmaður hefur látið koma fram á vettvangi eða í umræðum í nefnd. Ég minnist þess ekki að þetta hafi komið fram en það kann að vera að mér hafi yfirsést það.

Þetta er viðhorf eða sjónarmið sem er sjálfsagt að gefa gaum. Ég tel að menn hafi þá nægan tíma til að fjalla um það í framhaldinu. Fátt bendir til þess að breyting verði á skipan í embætti forseta Íslands alveg á næstu mánuðum eða missirum. Kjörtímabil núverandi forseta rennur út árið 2012 ef ég man rétt. Að sjálfsögðu er hægt að ræða það sérstaklega ef menn vilja hafa einhver sérstök ákvæði um forseta Íslands. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að um forseta Íslands gildi sömu reglur og gilda um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ég hef verið sammála því viðhorfi að svo ætti að vera. Ef upp koma slík tilvik, sem hv. þingmaður nefndi, kann vel að vera að setja þyrfti undir slíkan leka ef menn telja það leka yfirleitt. En sú umræða á algerlega eftir að eiga sér stað og menn þurfa þá að reiða fram öll sjónarmið í því efni. Ég útiloka ekki að menn geri það á síðari stigum en það breytir að mínum dómi engu um samþykkt þessa frumvarps og þeirra sjónarmiða og þeirra röksemda sem liggja á bak við það.

Að svo mæltu, frú forseti, vil ég þakka fyrir þau skoðanaskipti sem átt hafa sér stað um þetta mál og ítreka þá ósk að frumvarpið verði samþykkt eins og tillaga er gerð um í nefndaráliti efnahags- og skattanefndar.

[17:10]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér finnst 11,5% iðgjald vera hærra en 8%. Framlag í almennu lífeyrissjóðina af hendi atvinnurekenda er 8%. Framlag ríkisins til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er 11,5%, er sennilega of lágt og mun sennilega hækka upp í 13,5% áður en langt um líður sem þýðir 69% hærra framlag atvinnurekanda þegar um er að ræða ríkið eða sveitarfélag en þegar um almennt fyrirtæki er að ræða. Þetta eru því ekki sömu réttindi sem menn eru að tala um. Fyrir utan þetta eru réttindi föst en iðgjaldið er breytilegt hjá ríkinu en öfugt hjá almennu sjóðunum, þar geta menn þurft að sæta því að réttindi verði skert.

Ég vil taka það fram, svo að ekki komi annar blær á þetta, frú forseti, að ég styð frumvarpið. Ég er alveg til í að ljúka þessum vonda kafla eins og hv. þingmaður, framsögumaður, nefndi. Ég lít á það sem ákveðinn sigur, ákveðið skref í þá átt að réttindi verði almenn. Nefndin hefði t.d. átt að skoða það að þingmenn greiddu almennt til Lífeyrissjóðs verslunarmanna, hann er dæmigerður fyrir þessa almennu sjóði sem 80% af þjóðinni greiða í og verða að greiða í. Talandi um það að samræma og breyta lífeyrisréttinum almennt þá er fyrsta skrefið í því að samþykkja breytingartillögu mína því að þá kemur í ljós hvers virði réttindi í LSR eru og þá getum við farið að tala saman um það hvort menn vilji hækka réttindi alls landslýðs, og þar með álögur á fyrirtækin eða sjóðfélagann, eða hvort menn vilja skerða réttindi opinberra starfsmanna.

[17:13]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er vissulega rétt að framlag upp á 11,5% er hærra en framlag upp á 8%, ég held að við deilum ekki um það. En ég held því fram að ekki eigi að gilda sérstök sérréttindi um ráðherra, alþingismenn og hæstaréttardómara eins og var í lögunum frá 2003 og reyndar eldri lögum og að mikilvægt sé að samræma þetta því kerfi sem er hjá starfsmönnum ríkisins og það á væntanlega líka við um starfsmenn sveitarfélaga. Þessi munur hefur oft verið settur í samhengi við launakjör, mismunandi launakjör á opinbera markaðnum og almenna markaðnum. Fjallað hefur verið um að eðlilegt sé að launakjör opinberra starfsmanna séu eitthvað lægri en á almenna markaðnum, m.a. vegna þess að ýmsir þættir eins og lífeyrisréttindin vega inn í mat á heildarkjörum og það er eðlilegt að það sé gert. Ég veit að tryggingastærðfræðingum verður ekki skotaskuld úr því að reikna það út hvers virði þessi lífeyrisréttindi eru, ekki þarf að breyta lögum til þess.

Nú eru að vísu þær aðstæður í samfélaginu, vonandi bara tímabundið, að launakjör hafa verið á niðurleið og kannski ekki síst á almenna markaðnum, kaupmáttur, þannig að ekki er sjálfgefið að þessi rök eigi við í augnablikinu. En eins og ég sagði áðan er tilefni til þess, og ég útiloka alls ekki að eðlilegt sé að fara í það, að ræða hvort við steypum lífeyriskerfi allra landsmanna í einn farveg þannig að fullkominn jöfnuður sé milli þeirra sem eru á almenna markaðnum og hinum opinbera. Það er auðvitað sjálfstætt mál og miklu meira mál. Hv. þingmaður veit að það yrði að gerast að mjög yfirveguðu ráði og hugsanlega í einhverjum skrefum og í samningum við þá aðila sem um málið fjalla.

[17:15]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ef breytingartillaga mín yrði samþykkt kæmi virkilega í ljós hvers virði réttindi LSR A-deildar eru umfram réttindi t.d. Lífeyrissjóðs verslunarmanna — ef einhver þingmaður veldi þann sjóð kæmi það beint í ljós. Það er einmitt slíkt gagnsæi sem almenningur krefst í dag þannig að ég skora á hv. þingmann að samþykkja breytingartillögu mína þannig að þingmenn geti valið sér sjóði úti í

þjóðfélaginu sem kjósendur þeirra greiða til og þá kemur í ljós hvers virði réttindin eru og þá kemur gagnsæið. Þá kæmu líka í ljós forréttindi, eða hvað menn vilja kalla það, opinberra starfsmanna sem þeir hafa að sjálfsögðu samið um og fengið í gegnum kjarasamninga og ég er ekki að tala um að afnema þau. Ég vil bara sýna hvers virði þau eru. Það er það eina.

Það að málefni forseta Íslands hafi ekki verið rædd í nefndinni — þ.e. komandi forseta, eftirmanns þess sem nú situr — þá er það vegna þess að ansi mikill hraði var á málum í nefndinni. Við hv. þingmenn í Sjálfstæðisflokknum reyndum hvað við gátum til að málið fengi hraða afgreiðslu því mörg mál liggja fyrir og stjórnin hefur stuttan tíma. Ég sagði í morgun að ekki væri sanngjarnt að ætlast til þess að stjórnin komi með öll mál í hvelli en við munum að sjálfsögðu styðja öll þau mál sem horfa til betri vegar og alveg sérstaklega þegar ríkisstjórnin fer að koma með mál — sem vonandi verður fljótlega og kannski er eitthvað komið nú þegar — sem varða fjölskyldurnar í landinu og alveg sérstaklega fyrirtækin og þar horfum við mest á stöðu bankanna, því ef bankarnir eru veikir eru fyrirtækin veik og þá missir fólk vinnuna.

[17:17]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel mig í öllum meginatriðum hafa svarað þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur í þessu efni. Ég tel að þau réttindi og skyldur sem fylgja aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins séu gagnsæjar og ég tel að með því að þingmenn og ráðherrar og aðrir sem um er fjallað í lagafrumvarpinu fari inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þ.e. A-deildina, fylgi gagnsæ réttindi og gagnsæjar skyldur þeirri aðild.

Varðandi breytingartillögu hv. þm. get ég bara endurtekið það sem ég sagði áðan að ég er ekki sammála henni. Ég mun ekki styðja hana vegna þess að ég er ekki sammála því að hún muni gera það að verkum að þingmenn og ráðherrar sitji við sama borð og almenningur í landinu. Þvert á móti væri með samþykkt þeirrar tillögu verið að færa þeim sérstök réttindi umfram það sem almenningur hefur, nefnilega að geta valið úr allri lífeyrissjóðaflórunni, hvert þeir vilja beina lífeyrisiðgjöldum sínum (Gripið fram í.) og taka réttindi sín. Þessi viðhorf þekkir hv. þm. Pétur H. Blöndal og honum er kunnugt um þau sjónarmið sem upp hafa komið í þessu efni, m.a. frá aðilum vinnumarkaðarinsj. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins var mjög afdráttarlaus í viðhorfi sínu á fundi efnahags- og skattanefndar þar sem hann lagðist algerlega og alfarið gegn því að þessi leið yrði farin. Ég reikna með að hv. þm. Pétur H. Blöndal þekki þessi viðhorf og án þess að ég viti það, þá er ég ekki sannfærður um að viðhorf hv. þingmanns eigi hljómgrunn, ekki einu sinni í hans eigin þingflokki (Forseti hringir.) því það var ekki þetta sjónarmið sem kom fram frá öðrum fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og skattanefnd.

[17:20]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kom flestum sjónarmiðum mínum á framfæri við 1. umr. þessa máls. Mig langar til að gera nokkrar athugasemdir og koma með tvær fyrirspurnir til hv. þingmanns. Í fyrsta lagi tel ég að enn sé fullkomlega óskýrt, bæði af frumvarpinu sjálfu og nefndarálitinu og þeirri vinnu sem fram hefur farið í nefndinni, hvers vegna verið er að gera þetta viðamiklar breytingar á lífeyrisréttindum hæstaréttardómara og forseta Íslands. Mér finnst að það hafi verið óskýrt og að umræða hafi farið fram undir því yfirskyni að verið sé að afnema lögin frá 2003 en auðvitað er verið að gera miklu meira. Það er verið að afnema lífeyrisreglur sem hafa gilt miklu lengur en frá árinu 2003. Í mínum huga er merkilegt að svo veigamiklar breytingar skuli eiga sér stað án frekari skýringa og án umræðu og mér sýnist á þeim umsögnum sem nefndinni hafa borist að þær séu ekki einu sinni þannig að umsagnaraðilar hafi fjallað sérstaklega um þetta, þannig að þar er verið að gera miklar breytingar.

Mér finnst líka að pólitískar reykbombur séu á ferðinni um að verið sé að afnema rétt þingmanna til að þiggja eftirlaun á sama tíma og þeir gegna opinberu starfi. Það á einungis við um mjög fámennan hóp sem hefur tekið lífeyrisréttindi á grundvelli laganna frá 2003. Um framtíð geta menn gert þetta, þannig að þarna finnst mér vera pólitísk reykbomba á ferðinni. Mig langar til að spyrja hv. þingmann að tvennu: Hefði ekki verið rétt að færa þessi mál til kjararáðs til framtíðar? Er ekki um skerðingu á kjörum þingmanna og annarra sem falla undir lögin að ræða sem þarf að horfa til í framtíðinni við frekari ákvarðanir kjararáðs?

[17:22]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir þessar athugasemdir. Ég vil í fyrsta lagi segja að ég get ekki verið sammála honum í því að hér sé verið að gera veigamiklar breytingar án umræðu vegna þess að ég tel að þetta mál hafi fengið mikla umræðu í þinginu og á vettvangi þingnefndarinnar. Ég ímynda mér að hann sé að gera því skóna að ekki sé almenn vitneskja um að verið sé að gera meira en að breyta lífeyriskjörum ráðherra og þingmanna, heldur líka annarra hópa, þ.e. hæstaréttardómara og forseta Íslands, ef hóp skyldi kalla. Kannski sé ekki almenn vitneskja um það og það hafi ekki komið nægilega skýrt fram í umræðunni. Ég skal ekki um það segja en að mínu viti er eðlilegt að þeir fylgist að í þeim breytingum sem hér er verið að gera og ég tel að þær hafi fengið ágæta umfjöllun, bæði nú og svo hefur málið í heild sinni verið rætt mikið í samfélaginu á undanförnum árum, allt frá því að lögin voru sett 2003.

Ég er algerlega sammála honum, og það kom fram í síðari ræðu minni, af því að ég nefndi sérstaklega að þetta væri mál sem ætti sér lengri forsögu heldur en til 2003 og líka væri verið að tala um það sem hefði verið í gildi fyrir þann tíma. Og að hér séu pólitískar reykbombur þegar hann vísar sérstaklega til þess að nú geti hugsanlega einhverjir þingmenn, kannski stærsti hópurinn, farið í vinnu og verið á lífeyrisgreiðslum samhliða að þá er verið að færa réttindi þeirra í sama farveg og gildir í A-deild LSR með sömu réttindum og skyldum, þar með talið þessari. Þetta er í mínum

huga algerlega ljóst og hefur komið fram í umfjöllun á vettvangi nefndarinnar.

Hvað kjararáð varðar vil ég segja (Forseti hringir.) að ég er ekki tilbúinn til að svara því hér og nú að mér finnist eðlilegt að færa þessar (Forseti hringir.) ákvarðanir til kjararáðs en ég held að ég verði að áskilja mér rétt til að svara síðari spurningunni í síðara andsvari, ef hv. þingmaður sér til þess að það muni eiga sér stað.

[17:24]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Varðandi kjararáð er mikilvægt þegar gerðar eru jafnveigamiklar breytingar á heildarkjörum þeirra sem málið snertir, eins og hér er rætt um, að skýr lögskýringargögn fylgi afgreiðslu málsins frá þinginu. Lítur þingið þannig á að hér sé verið að hrófla við heildarkjörum þeirra sem málið snertir? Ég er þeirrar skoðunar að svo sé, eins og kom fram hjá hv. þingmanni þegar hann fjallaði um opinbera starfsmenn, að engar breytingar væri hægt að gera á lífeyrisréttindum þeirra, t.d. að færa þau til samræmis við það sem gerist á almennum markaði án þess að víðtækt samráð væri haft við þá í því ferli og ekki væri hægt að komast að annarri niðurstöðu en slík breyting fæli í sér kjaraskerðingu sem taka þyrfti tillit til.

Hér eru menn almennt svo spéhræddir vegna þess að þeir fjalla um sín eigin kjör að þeir þora ekki að blanda sér í þá umræðu hvort taka þurfi tillit til þess í kjölfarið að hér eru réttindi færð niður, hvort þeir horfi þá þannig á málið að kjararáð muni bregðast við í framhaldinu. Öll þessi umræða um kjör þingmanna, ráðherra, dómara og forsetans fer fram undir því yfirskini að menn þora ekki að segja alla meiningu sína. Það er niðurstaða mín eftir að hafa hlýtt á umræðuna frá árinu 2003 og svo aftur nú. Mér finnst að menn eigi að taka af skarið í þessu. Við skulum senda þessi mál til framtíðar til kjararáðs til ákvörðunar. Hættum að fjalla um eigin kjör og kjör ráðherranna í þinginu. Langbest er að þeir sem fjalla um þau mál að öðru leyti fjalli líka um lífeyrisréttindi.

[17:26]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vel kann að vera rétt hjá hv. þingmanni að skynsamlegt sé að til lengri tíma litið og til framtíðar fjalli kjararáð, sem fjallar um laun og kjör þingmanna og ráðherra, um allan pakkann, ef svo má segja, hvort sem það eru lífeyrisréttindi eða aðrar greiðslur, sem nú eru ákveðnar af forseta og forsetanefnd Alþingis. Ég held að mér sé skylt og rétt að upplýsa að á fundum nefndarinnar kom fram það viðhorf frá formanni kjararáðs að betra væri fyrir kjararáð að hafa heildarmyndina undir þegar ákvarðanir um kjör þessara hópa eru teknar — og ekki bara að hafa heildarmyndina undir heldur að hún væri í raun öll hjá ráðinu, eins og ég skildi formanninn. Að þessu var lítillega vikið í nefndarálitinu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Nefndin ræddi vægi lífeyrisréttinda í kjörum alþingismanna og ráðherra og heimildir og skyldur kjararáðs til að taka mið af þeim réttindum við ákvarðanir um laun.“

Það var fjallað um þetta og formaður kjararáðs vakti athygli á því að í lögum um kjararáð er beinlínis tekið fram að kjararáði beri að taka mið af heildarkjörum þegar það tekur ákvarðanir um laun þessara hópa. Nú er það að vísu þannig að lög hafa verið sett hér sem ganga út á það að kjörum þessara hópa verði ekki breytt á þessu ári. Ef ég man rétt gildir það til næstu áramóta ef það verður ekki framlengt og auðvitað væri algerlega úr takti við allar aðstæður í samfélaginu, eins og þær eru núna, að hrófla við því. En vel kann að vera að í framtíðinni muni kjararáð þurfa að hafa þessa heildarmynd undir þegar það tekur ákvarðanir í þessu efni. Ég skil alveg þau sjónarmið sem hv. þingmaður kemur fram með að menn séu hálfsmeykir við að fara í þá umræðu. Ég er svo sem ekkert smeykur við það en eins og sakir standa tel ég (Forseti hringir.) að það verði framtíðarinnar að leiða í ljós hvort kjararáð telur sér skylt að óbreyttum lögum (Forseti hringir.) að hafa hliðsjón af þessari stöðu þegar ákvarðanir um laun þessara hópa verða teknar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:29]

Útbýting:

Hlutafélög með gagnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi, 375. mál, þáltill. PHB, þskj. 634.

Fundi slitið kl. 17:30.

---

92. FUNDUR

miðvikudaginn 4. mars,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 207. mál, þskj. 280, nál. 609. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, stjfrv., 313. mál, þskj. 543, nál. 624, brtt. 627. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Kosningar til Alþingis, frv., 368. mál, þskj. 622. — 1. umr.

Tilkynning um dagskrá.

[12:02]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Um kl. tvö í dag, að loknum umræðum um störf þingsins, fer fram utandagskrárumræða um endurúthlutun afla-

heimilda. Málshefjandi er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson en hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Steingrímur J. Sigfússon verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[12:02]

Útbýting:

Atvinnuleysistryggingar, 376. mál, stjfrv. (fél.- og trmrh.), þskj. 635.

Um fundarstjórn.

Dagskrá og fyrirkomulag þingfunda.

[12:02]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vildi fara fram á það við virðulegan forseta að hann boðaði nú þegar til fundar þingflokksformanna og ræddi skipulag þinghalds í dag. Hæstv. forseti kom að máli við mig í gær hér á göngunum og tilkynnti mér það að hann ætlaði að taka á dagskrá málið kosningar til Alþingis og mundi gera það eftir fyrirspurnatíma í dag. Þegar dagskráin birtist í dag er hún þannig að það á að hefja þingfund kl. 12 og samkvæmt skipulagi því sem hér birtist okkur á að boða til nýs fundar kl. hálftvö, sem sagt taka fyrir fyrirspurnir. Það á að ræða málið kosningar til Alþingis, persónukjörið, núna á klukkutíma sem gefur færi á því að framsögumaður málsins nær að mæla fyrir því en önnur sjónarmið fá ekki að komast að hér í samhengi við (Forseti hringir.) þetta mál.

Ég spyr hæstv. forseta hvort ekki sé ráð að ræða við formenn þingflokkanna um það hvernig fyrirkomulag eigi að vera á umræðunni.

[12:04]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti tekur fram að haft var samband við formenn þingflokka eins og hv. þingmaður gerði grein fyrir. Það er rétt að þar var talað um að röðin yrði þannig að við byrjuðum á fyrirspurnum. Það reyndist aftur á móti erfitt varðandi það að tryggja að hægt yrði að fá svör við fyrirspurnunum. Eins hafði utandagskrárumræða verið fest þannig að ég ákvað að taka persónukjörsmálið strax upp, gerði ráð fyrir því að það yrði til umræðu á fundi til hálftvö, síðan yrði fundur settur að nýju kl. sex til kl. átta og málið tekið fyrir og ef því yrði ekki lokið þá kæmi það aftur á dagskrá á morgun.

Forseti var einnig búinn að vara við að það gæti orðið fundur milli kl. 18 og 20 og ég vona að þetta tryggi að allir komist að í umræðunni með eðlilegum hætti og geti vakið athygli á sjónarmiðum sínum og mun sjá til þess að tryggt verði að menn geti haldið þingflokksfundi þarna á milli áður en umræðu lýkur í dag, þ.e. að sjá til þess að við tökum þá hlé og tryggjum að það verði fundur milli 18 og 20 til að þingflokkar geti fundað um málið þarna á milli.

[12:05]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Það verður að teljast mjög undarlegt skipulag á þinghaldinu að sjónarmið allra flokka í það minnsta fái ekki að komast að þegar málið er tekið á dagskrá. Ég veit eiginlega ekki alveg á hvaða vegferð forseti er með þinghaldið hér. Þarna er stórmál sem við teljum okkur þurfa að ræða, a.m.k. að það komist hér á framfæri sjónarmið í einhverju samhengi, að umræðan verði með einhverjum hætti samfelld. Þetta er satt að segja mjög sérkennilegt. Það eru mjög miklar líkur á því að umræða um þetta mál verði í þremur hlutum eins og forseti ákveður að setja hér upp dagskrána. Og í svona máli sem er grundvöllur að lýðræðisskipulagi í landinu (Forseti hringir.) á að hafa umræðuna með þessum hætti, algjörlega að óþörfu, forseti.

[12:06]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Til að svara þessum ábendingum öðru sinni óska ég eftir að taka það fram að ég leitaði eftir stuðningi við það að þetta mál yrði tekið á dagskrá í gær með afbrigðum. Beðist var undan því af hv. þingflokksformanni sem hér gerir athugasemdir og þá tilkynnti ég að þetta mál yrði tekið á dagskrá í dag. Ber að harma að það skiptist svona en við skulum þá reyna að hefja umræðuna sem fyrst þannig að sem flestir komist að fyrir kl. hálftvö í þessari umræðu.

[12:07]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Herra forseti. Ég held að hv. þingmenn eigi ekki að hafa áhyggjur af því að geta ekki rætt þetta mál. Það er bara undir sömu reglum og önnur mál sem tekin eru fyrir í þinginu, fólk fær að tjá sig um það samkvæmt þingsköpum. Sjónarmið eiga að geta komið fram. Þó að einhver flytji eina ræðu og síðan líði einhver tími vegna þess að önnur mál koma á dagskrá þingsins ætti það ekki að eyðileggja svo mikið fyrir þingmanninum að hann haldi ekki samhengi í málinu. Ég lýsi því yfir að mér finnst ekkert óeðlilegt við störf forseta í þessu máli.

[12:08]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er rétt að haft var samband við þá er hér stendur í gær vegna kvöldfundar og við gerum ekki athugasemd við það að halda kvöldfund, það liggur mikið fyrir í þinginu. Auðvitað er alltaf heppilegra að umræða fari fram í einu rennsli, eins og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir bendir á, en ég vil þó halda því líka til haga að 1. flutningsmaður sem mun tala hér á eftir, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, gerir grein fyrir máli sem allir þingflokkar eru á — nema Sjálfstæðisflokkurinn. Þar koma fram rökin fyrir persónukjörinu og síðan mun talsmaður Sjálfstæðisflokksins væntanlega tala fyrir einhverjum öðrum sjónarmiðum, hugsanlega gegn persónukjöri eða einhverjum öðrum sjónarmiðum þannig að í því rennsli eiga að koma fram sjónarmið allra þingflokka. Síðan verður gert hlé á umræðunni og hún fer í gang aftur síðar. (Forseti hringir.) Sjónarmið flutningsmanna eiga að koma fram og síðan sjónarmið þess þingflokks sem ekki stendur að málinu.

[12:09]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Dreift hefur verið á borð þingmanna dag-

skrám, tveimur dagskrám fyrir daginn í dag, þ.e. 92. fundar og 93. fundar. Ég sé ekki á þeirri dagskrá, þeirri seinni, að það eigi að ræða þetta mál. Er þá fyrirhugað að halda enn einn fund eða hvernig hefur herra forseti hugsað sér málið? Mér finnst þetta allt dálítið óljóst og erfitt að átta sig á þessu. Ég verð að segja eins og er að þótt maður hafi skilning á því að ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir séu að reyna að koma mörgum málum í gegn og reyna að flýta fyrir því, er dálítið undarlegt að þurfa að hlusta fyrst á framsöguræðu og bíða svo kannski í einn dag og fá þá að ræða málið.

[12:10]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti gerði grein fyrir því að þriðji fundurinn mun verða kl. 18 eins og hv. þingmaður spurði um þannig að það er reiknað með því.

[12:10]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Eins og félagi minn, hv. þingmaður í þingflokki sjálfstæðismanna, Pétur H. Blöndal, nefndi, er dálítið erfitt að átta sig á því hvert yfirstjórn þingsins og hæstv. forseti er að fara í skipulagi dagskrár funda hér. Ekki er hægt að sjá að til standi að ræða þetta tiltekna mál nánar hér í dag af þeirri dagskrá sem birt hefur verið en síðan kemur hér tilkynning um annað frá forseta. Mér finnst eðlilegt að ræða kosningalöggjöfina, hún felur í sér grundvallarfyrirkomulag lýðræðisskipunar okkar og það þarf að gera vel og vandlega, sérstaklega þegar stuttur tími er til kosninga. Við þurfum að geta átt eðlileg skoðanaskipti um þau mikilvægu mál. Það er mjög óheppilegt að gera það með einhverjum hléum og í einhverjum bútasaumi. Það verður engin samfella í þeirri umræðu fyrir þá sem taka þátt í henni og þá ekki heldur fyrir þá sem hafa áhuga á að (Forseti hringir.) fylgjast með umræðunni.

[12:12]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég held að við höfum kannski ekki farið nægilega vel með tímann. Við erum þegar búin að missa 15 mínútur í þessa umræðu sem hefði getað nýst í það að hefja umræðuna sjálfa og að framsögumaður hefði talað fyrir málinu og þeir sem kunna að hafa önnur sjónarmið uppi hefðu komið sjónarmiðum sínum að. Við erum ekki búin að fara vel með fyrstu 15 mínúturnar sem við höfum hér til umráða. (**RR:** Ekki lengja hana þá.) Ef umræðan klárast ekki geri ég ráð fyrir að á næsta fundi, sem væntanlega verður boðaður strax að loknum þessum fundi, muni þetta mál líka koma á dagskrá þess fundar. (**ÓN:** Hún er ekki á dagskrá.) Forseti gat ekki vitað hvort umræðan kláraðist á þessum klukkutíma eða ekki og þess vegna kemur þetta mál væntanlega á dagskrá á næsta fundi. Ég gef mér það að umræðan verði vönduð og góð í dag og við reynum að nýta daginn sem best til að fara í þessa umræðu og ljúka henni eins hratt og kostur er og koma öllum sjónarmiðum á framfæri sem er meginatriðið.

[12:13]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ég gat ekki skilið betur af fréttum í gær og viðtölum við formenn og forsvarsmenn stjórnmálaflokkanna á Alþingi en að þar væri samhljómur um að láta þingstörf ganga sem greiðast, um að taka mál til meðferðar og í gegnum þingið eins hratt og vel og kostur væri. Þess vegna finnst mér alveg furðulegt ef Sjálfstæðisflokkurinn er að tefja fyrir því að gengið sé til dagskrár og unnið að málum. Ég legg áherslu á að við fylgjum dagskránni hratt og vel og fylgjum því eftir sem við höfum áður sagt, að góð samstaða sé um að vinna hér hratt og vel.

[12:14]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég hlýddi með undrun á ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Hann ætlast til að þingið ræði mál hans á eingöngu u.þ.b. klukkutíma og hann ber ekki meiri virðingu fyrir málinu en svo. Mér finnst það alveg með ólíkindum. Hann ber heldur ekki meiri virðingu fyrir þingmönnum en svo að við megum ekki tjá okkur um það hvernig störfum þingsins og stjórn þess verði háttað í dag. Ég bara neita því að ég megi ekki ræða hér um það hvernig störfum þingsins verður háttað í dag. Ég beini því til forseta að það sé undarlegt að halda fyrst fund, síðan annan fund þar sem málið er ekki á dagskrá og svo þriðja fundinn þar sem málið verður á dagskrá.

[12:15]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill aðeins taka fram varðandi fundinn klukkan 13:30 að hann er samkvæmt hefðbundinni dagskrá á miðvikudögum og við höfum reynt að halda þeirri hefð. Forseti kynnti sér það að til að lengja fund þyrftum við annaðhvort að bæta inn morgunfundi eða kvöldfundi og forseti hefur ákveðið að reyna að halda sig innan þeirra marka sem hafa verið sett í þingsköpum þar sem ekki þyrfti að veita afbrigði til að funda og þess vegna er fundur settur á klukkan tólf.

Við höfum einn og hálfan tíma til að ræða málin, ljúkum svo þeim hefðbundnu störfum sem eru frá klukkan hálftvö til klukkan fjögur þegar þingflokksfundir hefjast og í framhaldi hefur verið boðaður fundur, ef málinu lýkur ekki, klukkan sex í dag til átta sem er innan þeirra marka sem þingsköp gera ráð fyrir. Þetta ætti að liggja alveg ljóst fyrir.

Það hefur einnig verið sagt hér að ef málinu lýkur ekki fyrir klukkan átta verði haldið áfram með það á morgun. Það kann að vera óþægilegt að þetta skiptist á lengri tíma en við vitum aldrei hversu langan tíma mál tekur í þinginu sama hvenær það er sett á dagskrá. Óskað var eftir að þetta mál yrði á dagskrá í gær, það var beðist undan því og þess vegna kemur það inn með eðlilegum hætti í dag. Það hefði getað verið á dagskrá um hálfsexleytið í gær og fram eftir kvöldi ef vilji hafði verið fyrir því.

[12:16]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að lengja umræðuna (**Gripið fram í:** Nú?) en af því að beint var til

mín spurningu vildi ég bara nefna það svo orð mín verði ekki tekin úr samhengi að vissulega getur forseti ekki fullyrt það fyrir fram að mál klárist ekki í umræðunni og sett það síðan áfram á dagskrá á næsta fundi. Í því fólst engin óvirðing. Það er hins vegar staðreynd. Hins vegar gerði ég ráð fyrir að umræðan mundi ekki klárast þó að forseti hafi formsins vegna ekki getað gert þetta. Þess vegna fundust mér orð Péturs H. Blöndals ekki sanngjörn í minn garð í þeirri ræðu sem hann flutti áðan.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 207. mál (gildistími ákvæða um áframeldi og krókaaflahlutdeild). — Þskj. 280, nál. 609.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:18]

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 609 samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Um fundarstjórn.

Fyrirvarar í nefndaráliti.

[12:20]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Nú háttar svo til að við erum að fara í atkvæðagreiðslu um mikilvægt mál, eftirlaun ráðherra, þingmanna o.s.frv. Í gær var fyrri hluti 2. umr. um þetta mál og fyrir þeim fundi lá nefndarálit frá gervallri allsherjarnefnd sem var út af fyrir sig ánægjulegt að sjá. Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins, forseti, skrifuðu undir það nefndarálit með fyrirvara. Einn af þeim gerði grein fyrir fyrirvara sínum í gær, hv. þm. Pétur Blöndal, og það var nokkuð um þann fyrirvara rætt og breytingartillögur hv. þingmanns við þetta frumvarp. Hinir tveir þingmennirnir, hv. þingmenn Ragnheiður Elín Árnadóttir og Ármann Kr. Ólafsson, skýrðu hins vegar ekki fyrirvara sinn við frumvarpið, þannig að við erum jafnnær um það hvaða álit þeir hafa og hvers vegna þeir gerðu fyrirvara við frumvarpið. Þessir tveir þingmenn, forseti, Ragnheiður Elín Árnadóttir hv. þm. og kollega hennar Ármann Kr. Ólafsson, eru heldur ekki hér í salnum við þessa atkvæðagreiðslu og geta ekki upplýst okkur um hvaða álit þau hafa á þessu frumvarpi sem veldur því að þau gera fyrirvara við það. Þau hafa heldur ekki fjarvistarleyfi. Ég spyr forseta um það hvort ekki þurfi að áminna þingmenn um það þegar þeir gera fyrirvara við frumvörp að skýra þann fyrirvara út með einhverjum hætti (Forseti hringir.) og mæta til atkvæðagreiðslu um þau mál sem þeir leggja hér fyrir.

[12:22]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Það er alveg ljóst að hv. þm. Pétur Blöndal gerði hér gaumgæfilega grein fyrir sínum fyrirvara í gær og menn hafa eðlilegar ástæður fyrir því ef menn gera það ekki og eru fjarstaddir. Mér fannst þetta ósköp undarleg athugasemd en kannski ekkert óeðlilegt í ljósi þess hvaða þingmaður átti í hlut sem kom upp í pontu, (**Gripið fram í:** Háttvirtur.) hv. þingmaður, hvernig sá hv. þingmaður hugsar og nálgast málið. Ég skil hann hins vegar ekki öðruvísi en svo en að hann sé einfaldlega að krefjast frestunar á málinu, frestunar á afgreiðslunni. Ég set mig í sjálfu sér ekki upp á móti því ef menn ætla að fresta þessu máli. Mér finnst það hins vegar miður að málflutningurinn sé með þeim hætti að reynt sé að gera fyrirvara þingmanna, sem eru eðlilegir fyrirvarar og réttur þingmanna til mála, tortryggilega. Það er mjög sérkennileg hugsun.

[12:23]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Það er eins og í þjóðsögunni þegar hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir kemur upp í stólinn að sjaldan bregður mær vana sínum, hún ræðst á manninn en ekki málefnið og hún verður að eiga það við sjálfa sig og sína kjósendur og sitt fólk.

Það sem ég geri hins vegar athugasemd við og fullkomlega þinglega athugasemd við er að þegar nefndarmenn hafa fjallað um mál og gera við það fyrirvara á nefndaráliti, eiga þeir að skýra þann fyrirvara með einhverjum hætti. Ég geri ráð fyrir að þeim gefist kostur á því við 3. umr. að gera það en þetta er sumsé þannig að málið sem við höfum falið þeim að kanna í sinni nefnd, þau gera okkur ekki grein fyrir því hvernig sú könnun fór fram og hvaða fyrirvara þeir gera við málið og hvaða skoðun þeir hafa á því. Og þeir eru heldur ekki, eins og ég bendi á, mættir í salinn til þessarar atkvæðagreiðslu þó að þeir hafi ekki beðið forseta um leyfi (Forseti hringir.) til fjarvistar. Ég hvet forseta eindregið (Forseti hringir.) til þess að tala við þessa þingmenn og segja þeim frá því að hér sé beðið um það að þeir geri grein fyrir fyrirvara sínum og þeir geri það þá við 3. umr. málsins hvenær sem hún fer fram.

[12:24]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er — og já, ég ætla ekki að bregða út af vana mínum — að mér finnst risið ekki hátt á hv. þingmanni og mér finnst hann ekki bera nægilega mikla virðingu fyrir samherjum sínum sem eru kollegar hans á þinginu þó að þeir séu í öðrum flokki. Ég tel að hv. þingmaður eigi að bera meiri virðingu fyrir afstöðu þeirra en hann lætur uppi og lætur í veðri vaka hér í ræðustól.

Það er alveg ljóst að hv. þm. Pétur H. Blöndal kom hér upp í gær og gerði ekki eingöngu grein fyrir fyrirvara sínum heldur líka fyrirvara annarra þingmanna. Það er alkunna og alþekkt að það er oftast nær einn þingmaður sem gerir grein fyrir (Gripið fram í.) fyrirvörum viðkomandi þingmanna. Hv. þingmaður verður þá bara að hlusta betur þegar hann er hér viðstaddur en ekki að gera eitthvað annað.

[12:25]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Þeir sem fylgdust með umræðunni í gær

vita að ég gerði grein fyrir fyrirvara mínum og fyrirvörum tveggja annarra þingmanna Sjálfstæðisflokksins í þessu máli hvað varðar forseta Íslands, (Gripið fram í.) þ.e. þann fyrirvara að ef ungur maður yrði forseti Íslands og hætti svo eftir eitt kjörtímabil þá sé hann í vondum málum af því að hann fengi hvergi vinnu sem fyrrverandi forseti, mjög ólíklega, og hann fengi engan lífeyri eða mjög lítinn lífeyri. Þetta er eitthvað sem ekki var rætt í nefndinni enda var mikill flýtir á vinnslunni. Þetta var sá fyrirvari sem við vildum hafa á málinu, við þrjú. Svo gerði ég hins vegar líka fyrirvara um það að ég mundi flytja breytingartillögu sem við ræðum hér og greiðum atkvæði um á eftir.

[12:26]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega óhjákvæmilegt í ljósi þessarar umræðu að forseti meti það hvort rétt sé að fresta atkvæðagreiðslunni um þetta mál. Alla vega virðist svo að hv. þm. Mörður Árnason hljóti að vera að óska eftir því að málið komi inn á milli 2. og 3. umr. til að hægt sé að rannsaka það betur. Það var ekki hægt að skilja orð hans öðruvísi en svo að hann teldi að málið væri ekki nægilega vel rannsakað. Þá er náttúrlega gott færi á því að taka málið inn á milli 2. og 3. umr. og rannsaka það betur. Það er auðvitað fullkominn réttur þingmanna að krefjast þess og ég spyr því hæstv. forseta: Mátti ekki skilja orð hans svo að málið kæmi inn til nefndar á milli 2. og 3. umr.? Ég fer þá alla vega fram á það að málið verði tekið til umræðu aftur í nefndinni fyrst látið hefur verið að því liggja að það sé ekki nægilega vel rannsakað.

[12:27]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Virðulegur forseti. Þetta er dálítið undarleg umræða að mörgu leyti. Í umræðu um þetta mál í gær kom fram hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal hvaða fyrirvara hann og aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins gera við þetta mál. Jafnframt kom fram sérstakur fyrirvari hv. þm. Péturs H. Blöndals við tiltekna þætti málsins sem lýtur ekki að sömu fyrirvörum og aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa. Ég gerði að vísu athugasemd við það að fyrirvarinn sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins gerðu kom ekki fram í umræðu á vettvangi efnahags- og skattanefndar en látum það liggja á milli hluta.

Nefndarálitið er afgreitt með atbeina allra þingmanna nefndarinnar og það kom engin ósk um það á vettvangi hennar að málið gengi til nefndar á milli 2. og 3. umr. Ég mælist til þess að menn komi ekki með þá ósk hér en við því verður að sjálfsögðu orðið ef það er krafa þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins. Hitt er svo annað mál að að sjálfsögðu geta menn tekið til máls við 3. umr. Það er ekkert sem bannar það að menn taki til máls við 3. umr. um mál og geri grein fyrir sínum fyrirvara ef þeir telja að það vanti eitthvað upp á að hann hafi komið skilmerkilega fram.

[12:28]

Einar Már Sigurðarson (Sf):

Herra forseti. Það er eiginlega að verða með ólíkindum hvernig umræður fara fram hér í þingsal. Hér hefur komið fram að hv. þm. Mörður Árnason áttaði sig ekki á þessu, enda afar óvenjulegt í þingsögunni að hv. þm. Pétur Blöndal tali fyrir munn fleiri þingmanna Sjálfstæðisflokksins en sinn eigin. Það mál hefur hins vegar verið upplýst nú og þar af leiðandi er algjör óþarfi og alveg stórsérkennilegt að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, óski eftir frestun umræðunnar eða að málið fari í nefnd milli 2. og 3. umr. Skrípaleikur Sjálfstæðisflokksins hér er að verða með algjörum ólíkindum.

Virðulegur forseti. Ég verð að segja fyrir mína hönd, og trúlega mun fleiri, að mér er algjörlega nóg boðið.

[12:29]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Í ræðu minni var ég að vísa til þess sem hér kom fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni. Hann sagði í ræðustól Alþingis að málið væri ekki nægilega vel rannsakað (**MÁ:** Það er rangt.) og þess vegna hlýtur að vera eðlilegt að málið fari aftur til nefndar til að hægt sé að skoða það á milli 2. og 3. umr. Hér hefur reyndar verið upplýst að gerð hefur verið grein fyrir öllum þeim fyrirvörum sem við sjálfstæðismenn höfum við málið en ég tel eðlilegt að málið fari aftur til nefndar á milli umræðna fyrst hv. þm. Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur þá skoðun að málið sé ekki fullrannsakað.

[12:30]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið ógleymanleg stund hér frá hádegi. Ég mun hugsanlega segja frá þessum hálftíma í bókinni minni. Ég vil ítreka að þegar um málið var fjallað í efnahags- og skattanefnd var góður samhljómur í nefndinni, góður samhljómur um að koma málinu út úr nefndinni eins og á stundum verður í nefndum. Nokkuð góður samhljómur var um að málið fengi framgang í þinginu og gengið yrði til atkvæða um það. Til þess að þessi stund verði ekki mun ógleymanlegri en hún er þegar orðin hvet ég forseta til að hefja atkvæðagreiðsluna.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, frh. 2. umr.

Stjfrv., 313. mál (afnám laganna). — Þskj. 543, nál. 624, brtt. 627.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[12:32]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Með samþykkt þess frumvarps sem hér er til afgreiðslu má segja að endanlega sé útrýmt þeim sérkjörum sem gilt hafa um lífeyrisréttindi forseta, hæstaréttardómara, ráðherra og alþingismanna. Verði frumvarpið að lögum munu þessir aðilar búa við sömu lífeyriskjör og starfsmenn ríkisins og starfsmenn sveitarfélaga sem hafa sambærileg réttindi.

Fullvíst má telja að með samþykkt frumvarpsins takist langþráð sátt í samfélaginu um skipan þessara mála og að

þingmenn og ráðherrar og aðrir sem lögin taka til deili kjörum með starfsmönnum ríkisins í lífeyrismálum.

Ég fagna því að breið samstaða náðist í efnahags- og skattanefnd um afgreiðslu málsins og vænti þess að sú samstaða endurspeglist í atkvæðagreiðslunni hér í dag.

[12:33]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Við erum enn á ný að greiða atkvæði um hið svokallaða eftirlaunamál. Við vorum með það til umfjöllunar fyrir ekki löngu og þá voru Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin í ríkisstjórn. Þegar sú umræða fór fram fann maður að Samfylkingin var með mikið óbragð í munninum þegar atkvæði voru greidd um það mál. Tilhneigingin var sú hjá samfylkingarmönnum að stíga það skref sem nú er stigið, að fara inn í A-deildina. Stjórnarandstaðan þá flutti einmitt mál um að við færum inn í A-deildina hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Nú er verið að stíga það skref. Það að afgreiða málið í þokkalegri sátt sýnir að Alþingi getur tekið góðar ákvarðanir á stuttum tíma. Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin vildu ekki gera þetta fyrir stuttu en nú erum við (Forseti hringir.) nánast öll sammála um að stíga þetta skref. Vil ég fagna því sérstaklega.

[12:34]

Pétur H. Blöndal (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við þingmenn Sjálfstæðisflokksins — ég segi það nú sjaldan — reyndum eins og mögulegt var að greiða fyrir málinu í nefnd og það gekk mjög hratt fyrir sig. Við erum mjög hlynnt þessari breytingu því að hún er skref í þá átt að draga úr ógagnsæi í kjörum þingmanna og vonandi hefur það áhrif annars staðar.

En það er ekki rétt að við séum búin að útrýma þeim sérkjörum sem þingmenn njóta vegna þess að 80% af þjóðinni er gert að greiða í lífeyrissjóði sem veita miklu lakari rétt. Það eru kjósendur okkar. Það að þingmenn skuli velja Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem er með bestu kjörin og hæsta iðgjald atvinnurekenda, eru sérkjör. Af hverju veljum við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins? Það eru ekki nema 20% af kjósendum okkar þar. Þannig að þó við séum að stíga þetta skref þá er þetta ekkert lokaskref. Ég vona að menn gangi enn lengra og greiði atkvæði með breytingartillögu minni um að þingmenn (Forseti hringir.) geti valið sér almenna lífeyrissjóði.

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 627,1 felld með 25:12 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BjörkG, JM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, RR, SKK, StB, ÞKG.

nei: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, EMS, GMJ, GuðbH, GSv, HSH, HHj, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MS, SF, SJS, VS, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (BÁ, BjarnB, MÁ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GSB, GAK, GÞÞ, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KJak, REÁ, SVÓ, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:36]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í því frumvarpi sem við ræðum er gert ráð fyrir því að þingmenn séu settir í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þar sem er 15,5% iðgjald og stærsti hlutinn, 11,5%, er greiddur af atvinnurekanda, þ.e. ríkinu. Þetta iðgjald þarf örugglega að hækka.

Á meðan eru almennu lífeyrissjóðirnar með 12% iðgjald og þar af leiðandi miklu lakari rétt. Það þarf að skerða þann rétt hjá mörgum lífeyrissjóðum. Ég legg hér til að í stað þess að þingmenn velji sjálfum sér rétt í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins geti þeir valið sér lífeyrissjóð eins og kjósendur þeirra njóta. Um 80% landsmanna er gert að borga í lífeyrissjóð sem ekki er með föst réttindi heldur breytileg og þarf hugsanlega að skerða þau réttindi, því miður. Á meðan eru þingmenn öruggir með sín pottþéttu réttindi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Ég segi já.

[12:37]

Árni Þór Sigurðsson:

Herra forseti. Sú breytingartillaga sem hér er lögð fram gengur út á það að þingmenn og ráðherrar fái að njóta sérstakra kjara í lífeyrismálum sem eru í andstöðu við það sem almennt er verið að gera með samþykkt þessa frumvarps. Þessi breytingartillaga gengur út á það að þingmenn og ráðherrar og forseti Íslands geti valið sér að eigin geðþótta lífeyrissjóð til að greiða iðgjöld í. Það er ekki sú regla sem almennt gildir fyrir launafólk í þessu landi sem greiðir í ákveðinn lífeyrissjóð eftir því hvaða stéttarfélagi það tilheyrir.

Verið væri að innleiða sérstök vildarkjör fyrir ráðherra, þingmenn og forseta Íslands ef þessi tillaga yrði samþykkt. Ég segi nei.

4. gr. samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁMöl, BÁ, BjörkG, EMS, GMJ, GuðbH, GSv, HSH, HHj, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, ÓN, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: PHB.

2 þm. (ArnbS, RR) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GSB, GAK, GÞÞ, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KJak, KaJúl, KÞJ, REÁ, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:39]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Áðan var sagt að þingmenn mættu ekki velja sér lífeyrissjóð. Þeir eru að því núna. Þeir eru að velja sér lífeyrissjóð sem veitir bestu kjör í landinu. Þeir eru eina stéttin í landinu sem getur valið sér lífeyrissjóð, og þeir eru að því núna. Þeir eru að velja sér A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með föst réttindi og breytilegt iðgjald sem ríkið greiðir.

Á sama tíma og lífeyrissjóðirnir þurfa að skerða réttindi þarf að auka skatta á það sama fólk til að hækka iðgjöldin

inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ég segi nei.

5. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 627,2 felld með 27:11 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BjörkG, JM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, RR, SKK, ÞKG.

nei: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, EMS, GMJ, GuðbH, GSv, HSH, HHj, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (BÁ, BjarnB, StB) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GSB, GAK, GÞÞ, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KJak, REÁ, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 368. mál (persónukjör). — Þskj. 622. [12:42]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24 frá árinu 2000, með síðari breytingum.

Ásamt mér flytja þetta frumvarp hv. þingmenn, og formenn þingflokka Framsóknarflokksins, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins, Jón Bjarnason, Siv Friðleifsdóttir og Grétar Mar Jónsson.

Virðulegi forseti. Þessi vetur verður okkur sem hér erum ógleymanlegur, ég held ég geti fullyrt það. Ekki aðeins stóðum við frammi fyrir miklu hruni fjármálakerfisins — sem ekki sér fyrir endann á, sem enn er verið að takast á við, og verður áfram meginviðfangsefni íslenskra stjórnmála næstu missirin — heldur er líka óhætt að fullyrða að í vetur hafi orðið mikil lýðræðisvakning í íslensku samfélagi og vaxandi krafa komið fram um að almenningur fái til að mynda í auknum mæli að ákvarða hvernig framboðslistar líta út og jafnvel hverjir nái kjöri til Alþingis.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir lýtur fyrst og fremst að því að kjósendur geti í kjörklefanum ráðið meiru en nú er um það hverjir setjast á þing. Ég tel það vera hluta af þeirri uppstokkun sem eðlileg er í framhaldi af því sem hefur verið að gerast í vetur.

Staðreyndin er einfaldlega sú að hvarvetna í kringum okkur hefur þróunin verið í þá átt að kjósendur eða almenningur hafi meira val um það hvernig listum til Alþingis er skipað. Reyndar er það orðið svo meðal lýðræðisríkja í Evrópu að Ísland, auk Noregs, er að verða aftast á merinni hvað þetta varðar, ásamt tveimur Miðjarðarhafsríkjum, þ.e. Portúgal og Spáni. Einnig er ástæða til að nefna Ísrael í þessu samhengi.

Norðurlöndin hafa gengið langt í slíku persónukjöri, Finnar reyndar lengst en þar ráða kjósendur alfarið vali manna. Danir og Svíar koma þar rétt á eftir en við ásamt Norðmönnum rekum lestina í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Með frumvarpi þessu er lagt til að kosningalögum verði breytt þannig að færi gefist á persónukjöri í kosningum til Alþingis. Forustumenn stjórnarflokkanna báðu Þorkel Helgason stærðfræðing að stýra vinnu við undirbúning breytinga á kosningalögum fyrir komandi kosningar til Alþingis vorið 2009. Í vinnuhópnum voru auk hans Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður, Eiríkur Tómasson prófessor og Gunnar Helgi Kristinsson prófessor. Frumvarpið er byggt á vinnu þessa hóps.

Með persónukjöri er átt við að kjósendur hafi meiri eða minni áhrif á val á frambjóðendum í kosningum, þ.e. á kjördegi í kjörklefanum eða við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, en ekki einungis í prófkjörum. Margsinnis hefur verið fjallað um þann möguleika að taka upp persónukjör hér á landi, m.a. í tengslum við endurskoðun á kjördæmaskipan og í umræðum á Alþingi í tengslum við breytingar á stjórnarskipunarlögum og kosningalögum án þess að lagðar hafi verið til lagabreytingar hliðstæðar þeim sem hér eru lagðar fram.

Fyrir liggur að í flestum þingræðisríkjum sem viðhafa listakosningar hefur persónukjör í auknum mæli verið tekið upp eins og nánar er gerð grein fyrir í greinargerð með frumvarpinu.

Í frumvarpinu eru lagðar til þær meginbreytingar að þeir sem standa að framboði í kjördæmum eigi kost á því að bjóða fram óraðaða lista í kosningum til Alþingis, kjósi þeir svo, en að gildandi ákvæði laga um kosningar til Alþingis verði að öðru leyti óbreytt, þ.e. að bjóða fram lista með ákveðinni röð frambjóðenda eins og nú er. Kjósendur megi eftir sem áður raða og strika út af röðuðum listum jafnframt því sem útreikningar á atkvæðum frambjóðenda verði eins og verið hefur. Það nýmæli sem felst í frumvarpi þessu er því fyrst og fremst valið á milli hins hefðbundna fyrirkomulags um raðaða lista annars vegar og óraðaða lista hins vegar. Breytingar þær sem frumvarpið kveður á um snerta einkum ákvæði um óraðaða lista. Reynt er að láta öll ákvæði um raðaða lista halda sér frá gildandi kosningalögum eftir því sem kostur er.

Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir því hvernig breytingar á kosningalöggjöfinni hafa þróast frá upphafi 20. aldar að því er varðar möguleika kjósandans á að hafa bein áhrif á uppstillingu á lista með atkvæði sínu. Með lögum nr. 19/1913, um breytingu á lögum nr. 39/1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum, var í fyrsta skipti kveðið á um útstrikanir og að kjósandi gæti breytt númeraröð frambjóðenda á kjörseðli. Sama fyrirkomulag var tekið upp í lög nr. 28/1915 varðandi landskjör, sem fór svo fram árið 1916. Þá voru sex þingmenn kosnir með hlutfallskosningu og jafnmargir til vara. Heimastjórnarflokkurinn fékk þrjá menn kjörna. Vegna breytinga sem kjósendur gerðu á lista þeirra færðist Guðmundur Björnsson úr 2. sæti í 3. sæti en Guðjón Guðlaugsson færðist úr 3. sæti í 2. sæti. Breytingar urðu líka á röð varamanna og Bríet Bjarnhéðinsdóttir færðist úr 4. sæti í 5. sætið. Hannes Hafstein sem var efstur á lista heimastjórnarmanna sótti ekki þingfundi frá 1918 en fyrsti varamaður, Sigurjón Friðjónsson, kom í hans stað. Þetta er fyrra dæmið um að útstrikanir hafi breytt röð og í raun fellt frambjóð-

anda til þings. Hefði röðin verið óbreytt frá uppstillingu hefði Bríet orðið fyrst kvenna til að setjast á þing. Síðara dæmið er frá 1946 þegar útstrikanir sem gerðar voru á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík höfðu þau áhrif að Björn Ólafsson sem var í 5. sæti færðist niður í 6. sæti en Bjarni Benediktsson færðist úr 6. sæti upp í 5. sæti. Talið er að Björn hafi verið strikaður út á 1.000–1.500 kjörseðlum, en alls fékk Sjálfstæðisflokkurinn 11.580 atkvæði. Bjarni varð uppbótarþingmaður, en Björn náði ekki kjöri.

Á árabilinu 1959–1987 voru ákvæði kosningalaga slík að möguleiki kjósenda til að hafa áhrif á röðun lista var lítill. Í alþingiskosningunum 2007 voru komnar til framkvæmda breytingar samkvæmt lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, sem höfðu í för með sér að áhrif af útstrikunum og öðrum breytingum á röð frambjóðenda jukust. Í tveimur kjördæmum færðist sinn frambjóðandinn hvor niður um eitt sæti vegna slíkra breytinga, en þeir hlutu þó báðir kosningu til Alþingis.

Til að auðvelda samanburð er nauðsynlegt að gera grein fyrir kosningafyrirkomulagi hvað varðar raðaða og óraðaða lista í öðrum lýðræðisríkjum, svo og um persónukjör að öðru leyti. Með persónukjöri er í þessu samhengi átt við að kjósendur eigi þess kost að velja á milli frambjóðenda af sama lista. Meirihlutakosning í einmenningskjördæmum er yfirleitt ekki talin persónukjör, þar sem kjósendur fá ekki að velja milli einstakra frambjóðenda nema með því að flytja atkvæði sitt alfarið yfir á annan flokk.

Fá ef nokkur lönd hafa gengið jafnlangt í þessu og Finnar en kosningakerfið í Finnlandi er dæmi um listakosningu þar sem lögð er áhersla á persónuval.

Á finnska þinginu sitja 200 fulltrúar sem kosnir eru hlutfallskosningu í 14 fjölmenningskjördæmum og einu einmenningskjördæmi. Stjórnmálaflokkar sem og kjördæmasamtök kjósenda geta tilnefnt frambjóðendur. Hámarksfjöldi frambjóðanda hvers flokks og kosningabandalags er 14 frambjóðendur eða jafnmargir og þingsæti kjördæmisins eru. Kjósendur velja einn frambjóðanda af lista flokks sem jafnframt gildir sem flokksatkvæði við talningu.

Úthlutun þingsæta milli frambjóðenda hvers flokks eða kosningabandalags í hverju kjördæmi byggist á persónulegum atkvæðum þeirra. Frambjóðendum er raðað eftir því hversu mörg persónuleg atkvæði þeir hafa fengið.

Sú staðreynd að kjósendur velja einstaka frambjóðendur frekar en flokkslista þýðir að þeir geta látið í ljós óánægju sína með stefnu eða forustu flokksins í kosningum með því að velja frambjóðendur sem tjá slíka óánægju. Það þýðir að enginn frambjóðenda flokks getur verið fyllilega öruggur um sitt sæti og í vissum mæli stuðlar það að samkeppni á milli frambjóðenda sama flokks í kosningum samhliða hefðbundinni samkeppni á milli flokka.

Í Svíþjóð fór fram talsverð umræða um að auka möguleikana á persónukjöri á tíunda áratugnum. Þessi umræða leiddi til þess að kosningakerfinu í þingkosningum var breytt á árinu 1998. Markmið Svía var að auka áhrif kjósenda á hverjir skyldu vera fulltrúar þeirra og styrkja tengslin á milli kjósenda og þingmanna. Höfð var hliðsjón af reynslu Dana við breytingarnar.

Á kjörseðlum í Svíþjóð eru frambjóðendur skráðir í röð en einnig er á kjörseðlinum reitur við nafn hvers frambjóðanda sem kjósendur geta merkt kross við. Einungis má merkja kross við nafn eins frambjóðanda og aðrar breytingar á listanum eru ekki leyfðar. Með því að merkja við nafn frambjóðanda gefa kjósendur til kynna stuðning sinn við hann.

Til að persónuatkvæði greidd tilteknum frambjóðanda geti haft áhrif á úthlutun þingsæta þurfa þau að nema að minnsta kosti 8% af atkvæðum flokksins í viðkomandi kjördæmi. Þingsætum er fyrst úthlutað til þeirra frambjóðenda sem komust yfir þessi mörk og er farið eftir tölu persónuatkvæða. Þeim þingsætum sem eftir eru er úthlutað eftir röð frambjóðenda á listanum sjálfum.

Danskir kjósendur velja sér lista með krossi eins og hér. En að auki geta þeir krossað við einn frambjóðanda á þeim lista sem þeir hafa kosið. Nefnist það að greiða persónulegt atkvæði. Þeir geta líka sleppt því og kallast atkvæðið þá flokksatkvæði. Áhrif þessara krossa kjósandans eru afar mismunandi allt eftir því hvaða framboðsleið listinn hefur valið.

Ég hef hér í nokkrum orðum, virðulegi forseti, hlaupið á meginatriðum frumvarpsins og aðeins farið yfir sögulegan aðdraganda þessa máls. En eins og ég hef rakið er hér verið að leggja til að auk þess fyrirkomulags sem nú er, að flokkar sem bjóða fram lista geti sett fram raðaða lista, sé boðið upp á það að flokkar geti einnig sett fram óraðaðan lista. Til þess að svo geti orðið þarf að tilkynna sérstaklega ef um óraðaða lista er að ræða.

Ég tel mikilvægt að vekja athygli á því að í greinargerð með frumvarpinu er lagt til að í nefnd verði þriðja leiðin skoðuð, sem er þá þannig að flokkar setji fram leiðbeinandi röðun á listum sem kjósendur hafa þá meiri möguleika á að breyta.

Það er mikilvægt að vekja athygli á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að þeir sem standa að framboðum í hverju kjördæmi þurfi að velja sérstaklega á milli leiða. Frumvarpið, ef að lögum verður, skikkar flokka ekki til að hafa sama fyrirkomulag á öllum listum sínum. Það er svo allt annað mál hvort flokkar taki ákvörðun um að leggja eina línu eða hvernig þeir vilja haga framboðsmálum sínum. En samkvæmt þeirri hugmynd sem hér er lagt upp með er gert ráð fyrir því að þeir sem bjóða fram lista í hverju kjördæmi þurfi að taka sérstaka ákvörðun um það hvort þeir ætli að hafa raðaða eða óraðaða lista, enda kunna aðstæður að vera mismunandi í einstökum kjördæmum.

Virðulegi forseti. Ég vil fara yfir meginatriðin í einstökum greinum frumvarpsins. Greinar frumvarpsins eru níu og lagt er upp með það sem ég hef hér farið yfir. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu við 32. gr. laganna. Þar er bætt við því ákvæði að gefa þurfi yfirlýsingu til kjörstjórnar um það hvort listinn skuli vera raðaður eða óraðaður. Í öðru lagi er um það að ræða hvernig skuli fara með óraðaða lista, þ.e. að hlutast til um byrjun upptalningar o.s.frv. Í þriðja lagi eru ákvæði um það hvernig kjörseðillinn skuli líta út og gerður er skilvirkur munur á því hvort listinn sé raðaður eða óraðaður. Þá er farið yfir athöfn kjósandans og síðan er uppgjör á atkvæðum frambjóðenda en allt óbreytt varðandi óraðaða lista að sjálfsögðu. En raðaðir listar eru gerðir upp eins og í prófkjörum. Talan 1 merkir atkvæði í fyrsta sæti eða neðar, talan 2 atkvæði í öðru sæti eða neðar o.s.frv.

Virðulegi forseti. Í umræðu um möguleikana á að taka upp persónukjör í þessum kosningum hafa komið fram ýmis sjónarmið, m.a. þau að of skammt sé til kosninga til þess að taka upp persónukjör eða þá, eins og það hefur einnig verið orðað, að undirbúningur að kosningum sé þegar hafinn og því sé ekki tækifæri til þess að breyta leikreglum.

Um þetta má segja, virðulegi forseti, að ekkert er því til fyrirstöðu að flokkar haldi prófkjör, velji inn á lista og nýti niðurstöðu þeirra prófkjöra hvort sem er til þess að raða upp á lista eða stilla upp sínum óröðuðu listum. Ekkert í þessu ætti að gera það að verkum að sá undirbúningur sem flokkarnir hafa þegar farið í nýtist ekki. Það er kannski frekar spurning um það hvort flokkarnir séu tilbúnir að ganga þessa leið nú og taka þessa ákvörðun sem felur fyrst og fremst í sér að gefa kjósendum meira vægi til að ákveða hverjir nái kjöri til Alþingis á kjördeginum sjálfum. Málið snýst í reynd um það að gefa kjósendum aukið vægi á kjördag.

Grundvallaratriðið er að auka áhrif almennings í landinu við val á þeim þingmönnum sem setjast á þing. Það er grundvallaratriði í þessari hugsun og mjög eðlilegt að þetta sé lagt fram hér enda hefur sú ríkisstjórn sem nú situr sett fram þau meginsjónarmið að þetta sé ríkisstjórn sem snúist um heimilin, fyrirtækin, atvinnuna í landinu og aukið lýðræði, og þetta er framlag til þess

Frumvarpið er flutt af formönnum allra þingflokka nema eins. Ég nefndi það í framsöguræðu minni að þótt hér sé gert ráð fyrir tveimur valkostum, þ.e. óröðuðum listum eða röðuðum, tel ég eðlilegt að nefnd skoði hvort ástæða sé til þess að leggja það upp þannig að uppröðun flokkanna sé leiðbeinandi en kjósendur hafi síðan tiltekið vægi til að breyta þeim sem þá þýðir það að ef kjósandi greiðir flokki atkvæði en fiktar ekki í röðinni þá gildir sú röð sem á listanum er. Ég tel mjög mikilvægt að þetta verði skoðað í þingnefndinni, möguleikinn á að setja þessa leið inn.

Það sem hér er lagt til er vissulega mikil breyting frá því sem verið hefur. Reyna mun á það í umræðum hér á þinginu hvernig flokkar eru stemmdir gagnvart þessum hugmyndum.

Það kom fram í upphafi þessa fundar að fulltrúar tiltekins þingflokks höfðu áhyggjur af því að þeir kynnu ekki að koma sjónarmiðum sínum að strax í upphafi. Ég ætla að gera það sem í mínu valdi stendur til að tryggja að þau sjónarmið komist á framfæri sem fyrst og í samfellu við upphaf þessarar umræðu. Ég ætla því, virðulegi forseti, að stytta framsöguræðuna sem því nemur svo að sjónarmið þeirra sem hafa áhyggjur af því að fara þessa leið, eða eru henni andvígir, komist sem fyrst til skila.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpið gangi til allsherjarnefndar að lokinni þessari umræðu.

[13:04]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hér fyrr í dag er venjan sú þegar kosningalögum er breytt að um það sé samstarf allra stjórnmálaflokkanna. Svo hefur ekki verið að þessu sinni og ber að harma það.

Við sjálfstæðismenn erum ekki andvígir því að auka möguleika kjósenda á að hafa áhrif á röðun á framboðslistum í kosningum. Það hefur hver flokkur sinn háttinn á í þeim efnum og við förum prófkjörsleiðina í Sjálfstæðisflokknum og það gera ýmsir aðrir flokkar eins og kunnugt er. Nú er stutt í þingkosningar miðað við fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar sem hefur kynnt á blaðamannafundi að þær eigi að vera 25. apríl þó að hin formlega ákvörðun hafi ekki verið tekin. Út frá því hafa flokkarnir unnið í sínum kosningaundirbúningi, m.ö.o. er leikurinn hafinn. Það er búið að flauta til leiks, það gera allir ráð fyrir þessum tímasetningum og hafa miðað ráðstafanir sínar út frá því.

Ég tel með öllu óviðeigandi að bjóða upp á svo miklar grundvallarbreytingar á kosningalögunum sjö vikum fyrir kosningar að óræddu máli milli flokka og að óræddu máli í þjóðfélaginu. Ég skil ekki hvaða nauðir rekur til þess að standa þannig að þessu máli núna. Það er engu líkara en að hv. þingflokksformenn sem þetta mál flytja, að því er virðist í góðri sátt — þó að ég hafi grun um að þeir séu ekki allir jafnsammála um þetta — hafi ekki kynnt sér tilmæli t.d. Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu eða Evrópuráðsins um það að ekki eigi að gera breytingar á kosningalögum einu ári fyrir kosningar, alls ekki síðustu vikurnar fyrir kosningar og náttúrlega alls ekki þegar um er að ræða svona stórar og mikilvægar breytingar. Látum vera með tæknilegar smábreytingar eins og við höfum farið með í gegnum þingið en breytingar af þessu tagi eru ótækar af þessari ástæðu og ég spyr: Ætla flutningsmenn að hafa þessar (Forseti hringir.) ráðleggingar og þessi tilmæli algjörlega að engu?

[13:06]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu var leitað til Sjálfstæðisflokks og honum kynntar þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram en flokkurinn vildi ekki taka þátt í að leggja þetta mál fram.

Ég vil líka einnig leyfa mér að mótmæla því að leikurinn sé hafinn. Leikurinn er í þeim skilningi ekki þannig hafinn að ekki megi gera einhverjar breytingar. Staðreyndin er sú að sú hugmynd sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því að „sá leikur“ sem sumir flokkar eru þá væntanlega farnir að leika getur nýst þeim við uppröðun á lista. Hér er verið að bjóða upp á valkosti, þ.e. annars vegar að vera með raðaðan lista og hins vegar óraðaðan lista. Þeir sem velja að vera með óraðaðan lista geta haldið þeirri línu (**GHH:** Hvað með … þingmannanna?) að vera með óraðaðan lista. Það er á engan hátt verið að grípa inn í undirbúning flokkanna, þeirra sem vilja fara þessa leið.

Ef aðrir vilja hins vegar fara aðra leið er boðið upp á þann valkost þannig að ég vísa því algjörlega á bug, virðulegi forseti, að hér sé á einhvern hátt verið að gera breytingar sem flokkarnir ráða ekki við. Þeir verða bara að vega það og meta sjálfir hvort þeir treysti sér til þess að gera þessar breytingar og það er um það sem málið snýst. (**ÞKG:** Hvað með …?)

[13:08]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það segir mikla sögu að hv. þingmaður svarar ekki spurningu minni um ÖSE og Evrópuráðið og

tilmælin sem þaðan koma. Ég þykist vita að það sé vegna þess að hv. þingmaður hefur ekki kynnt sér þessi tilmæli, veit ekkert um þau og hefur heldur engan áhuga á þeim. Annað hljóð er nú í strokknum en stundum þegar talað er um tilmæli frá Evrópu.

Þingmaðurinn svaraði þessu ekki, sennilega af því að hann veit ekkert um þessi tilmæli og hefur ekki á þeim neinn áhuga. Það á ekki að breyta kosningareglum síðar en í síðasta lagi ári fyrir kosningar samkvæmt þessum alþjóðlegu tilmælum.

Það var talað við Sjálfstæðisflokkinn um þessar breytingar, það er rétt, okkur var kynnt þetta. Ekki var óskað eftir breytingartillögum, það var ekkert samráð um þetta mál og það er ekki hægt að kalla það samráð eða samstarf þó að fleygt sé fram plaggi sem ekki er síðan óskað eftir gagntillögum um. Allur undirbúningurinn að þessu máli er viðkomandi til minnkunar, ekki hefur t.d. neitt verið skoðað hvaða áhrif lögin um fjármál flokkanna hafa á þetta. (Forseti hringir.) Hvernig á í skilningi laganna um fjármál stjórnmálaflokkanna að fara með framlög til frambjóðenda sem eru í prófkjöri á sama degi og kosningarnar?

[13:09]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér kemur á óvart að hv. þingmaður skuli æsa sig upp eins og hann gerir hér og tjá sig á þann hátt sem hann gerir hér í þessu tiltekna máli því að engin efni eru til þess. Þær breytingar sem hér er verið að gera eru ekki meiri en svo að þær þurfa ekki að hafa nein áhrif á undirbúning þeirra flokka sem ákveða að vera með óraðaða lista, þeir geta haldið áfram vegferð sinni. Þetta er það lítil breyting. ÖSE talar um stórbreytingar á kosningalögum, þetta er ekki það stór breyting að ... (Gripið fram í.) (Gripið fram í.) Þetta er ekki það stór breyting á kosningalögum að það breyti einhverju gagnvart þeim framboðum sem ætla að bjóða fram, (**ÞKG:** Engin breyting.) það er ekki það stór breyting, þetta þarf ekki að breyta neinu. (**Gripið fram í:** Nei.) Sjálfstæðisflokkurinn getur haldið áfram með sín prófkjör, getur haldið áfram að raða upp á sinn lista, getur haldið áfram að tefla sínum (Forseti hringir.) lista fram. Það þarf ekki að breyta neinu fyrir flokkinn, hann getur haldið áfram með sína línu. Það er meginatriðið. (**ÞKG:** Breytum þessu saman.)

[13:10]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hér kemur fram hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að þetta frumvarp breyti ekki neinu, það breyti engu um kosningarnar í vor eða undirbúning þeirra og það mætti halda, miðað við það hvernig formenn stjórnarflokkanna hafa talað, að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafi verið að tala um eitthvert allt annað frumvarp en það sem liggur fyrir hér.

Mig langar til að inna hann eftir nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi hlýt ég að spyrja hann hvort hann telji ekki að við breytingar á svona viðamiklum lögum eins og kosningalögunum ættu menn að hugsa um kjósendur í landinu, hvernig þeir nálguðust kosningar, í staðinn fyrir að rugla þá svoleiðis í ríminu með að tala um óraðaða og raðaða lista. Hv. þingmaður ruglaðist sjálfur í því nokkrum sinnum, enda ekki að furða, þetta er meira og minna óskiljanlegt. Það væri kannski ráð að reyna að gera þetta þannig að þetta væri til að hjálpa kjósendum að kjósa en ekki þvælast fyrir þeim.

Í öðru lagi langar mig til að spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hvernig hann lítur á tengsl þessa máls við 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að tvo þriðju atkvæða á þingi þurfi til að breyta kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta. Frumvarpið felur í sér slíkar breytingar á úthlutun þingsæta að ekki verður hægt að skilja það öðruvísi en svo að það þurfi tvo þriðju atkvæða til að samþykkja það. Mig langar til að fá sjónarmið þingmannsins — ég sé að hv. þingmaður hristir höfuðið. Þá langar mig til að vita hver nýja línan er í skilningi stjórnarskrárinnar á þeim bænum og ég treysti því að hann útskýri þetta fyrir mér.

Í þriðja lagi langar mig að spyrja hann, vegna þess að hann er fulltrúi í stóru og víðfeðmu kjördæmi, hvort hann hafi engar áhyggjur af því að þetta fyrirkomulag muni hafa þau áhrif á t.d. Suðurkjördæmi að fulltrúar á framboðslistum komi mest af þéttbýlli svæðum í stað þess að dreifast eins og verið hefur.

[13:12]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það gerist stundum í þinginu að menn snúa út úr því sem sagt er bara af því að það hentar. (Gripið fram í.) Það er nákvæmlega sú orðræða sem hér fer fram. (Gripið fram í.) Ég sagði, virðulegi forseti, áðan að þeir flokkar (**Gripið fram í:** … tala.) sem velja að fara þá leið að halda öllu óbreyttu geta lagt fram raðaða lista og þurfa ekki að breyta neinu. Þeir sem hins vegar vilja leggja fram óraðaða lista og gefa kjósendum kost á að gera breytingar geta einnig gert það.

Þá kemur hið flókna og snúna, eins og hv. þm. Ólöf Nordal nefndi, þá þurfa kjósendur sem sagt að raða upp: 1, 2, 3, 4, 5 o.s.frv. — alveg eins og er gert í prófkjörum. Það verður að segjast eins og er að kjósendur á Íslandi hafa bara nokkuð góða reynslu í því að taka þátt í prófkjörum og ég er sannfærður um, þó að greina hafi mátt efasemdir í ræðu hv. þingmanns um að almenningur geti tekið þátt í þessu, að almenningur fer létt með það. Hann fer létt með að fylla út óraðaðan lista þannig að hann númeri þá sem eru númer 1, síðan númer 2 og áfram niður. Það er ekki vandamál.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, var spurt hér um kröfuna um tvo þriðju hluta, væntanlega atkvæða á þingi ef ég skildi hv. þingmann rétt. Sú breyting sem hér er verið að gera er sú að gefa kjósendum tækifæri á að breyta lista. Í dag geta kjósendur breytt lista samkvæmt 82. gr. kosningalaganna þannig að það er í sjálfu sér engin eðlisbreyting á því hvort hann færir einn þingmann niður frá röðuðum lista eða raði sjálfur upp á lista. Það eru gerðar breytingar í dag. Það má nefna tvö dæmi úr síðustu kosningum þar sem listum var breytt og hér er talað um að gefa kjósendum kost á að breyta lista. Ég spyr: Hver er eðlismunurinn á því (Forseti hringir.) að breyta lista og breyta lista? (Gripið fram í.)

[13:15]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér finnst hv. þingmaður nálgast þetta mjög mikið út frá forsendum flokkanna. Ég er að spyrja hann hvort hann telji ekki betra að hafa þetta þannig að það sé þægilegt fyrir kjósendur að kjósa í staðinn fyrir að rugla þá með því að hafa óraðaða og raðaða lista eftir hentugleikum.

Ég spurði hann um Suðurkjördæmi og hvort hann hefði ekkert áhyggjur af því sem fulltrúi slíks kjördæmis, víðfeðms kjördæmis, að þetta gæti haft áhrif á áherslur innan kjördæmisins. Við vitum að það er oft þannig í prófkjörum að þéttbýlli svæðin eru sterkari en hin. Mig langar bara að spyrja hv. þingmann hvort hann hafi einhverjar áhyggjur af þessu.

Í öðru lagi langar mig að spyrja hann hvort það hafi komið til greina í hans kjördæmi að vera bæði með raðaðan og óraðaðan lista af hálfu Samfylkingarinnar, hvort menn ætli að leggja upp með slíka hluti handa kjósendum.

Ég verð að segja að það kemur mér mjög á óvart ef hv. þingmaður ætlar að telja mér trú um að þetta frumvarp muni ekki kalla á tvo þriðju atkvæða á þinginu þegar það verður tekið til afgreiðslu eins og 31. gr. stjórnarskrárinnar (Forseti hringir.) kveður klárlega á um.

[13:16]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér fannst hv. þingmaður bæði spyrja og svara, þ.e. hv. þingmaður spurði hvort það gæti ekki komið til að vægi byggðarlaga yrði mismunandi í þessum kosningum en svaraði því enn fremur að vægi byggðarlaga væri mismunandi í prófkjörum. Hv. þingmaður spurði og svaraði þannig að ég þarf ekki að koma frekar að því. (**ÓN:** … skoðanir …)

Meginatriðið varðandi spurninguna um tvo þriðju er að hér er fyrst og fremst verið að gera breytingu á 82. gr. kosningalaganna. Í kosningalögunum er kveðið á um hvaða ákvæði það eru sem þurfi tvo þriðju ef ætlunin er að breyta þeim. Það er ekki 82. gr. Það er einfaldlega þannig að það er mjög skýrt kveðið á um þetta í kosningalögum.

Hins vegar finnst mér ástæðulaust að ræða þetta mikið áður en málið gengur til atkvæða. Eigum við ekki að sjá (Forseti hringir.) hvernig atkvæðin koma til með að falla í þessu máli?

[13:17]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég fékk á tilfinninguna við það að hlusta á framsögumann þessa frumvarps að hann hefði ekki mikla sannfæringu fyrir málinu. Það birtist alveg sérstaklega skýrt þegar hann gerir grein fyrir því að það kunni að vera nauðsynlegt að stilla upp fleiri kostum en hér er gert ráð fyrir í persónuvali í frumvarpinu og að nefndin eigi að skoða hvort önnur leið kunni að vera færari og betri en sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Það vekur spurningar hjá mér um það hvort þessi leiðangur sem hér er lagt upp í sé ekki sannfærandi að mati 1. flutningsmanns málsins.

Ég vil spyrja hv. þingmann: Telur hann í fyrsta lagi eðlilegt þegar verið er að flytja svo mikilvægt mál inn í þingið að það sé ekki fullbúnara en svo að nefndin eigi e.t.v. að taka það upp í grundvallaratriðum?

Í annan stað: Telur hv. þingmaður eðlilegt að það eigi að geta gilt mismunandi reglur í kosningum á milli flokka innan sama kjördæmis? Telur 1. flutningsmaður það líklegt til að auðvelda og skýra fyrir kjósendum þessa mikilvægu athöfn sem kosningar til Alþingis eru þegar verið er að velja á milli manna og velja á milli lista? Ég tel afar mikilvægt að um þetta atriði fari fram umræða í þinginu.

[13:19]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ber fulla virðingu fyrir því að þingmenn Sjálfstæðisflokksins séu andvígir þessum breytingum, ég virði þá skoðun alveg. Mér finnst hins vegar lágmark að gera þá kröfu til þeirra að þeir fjalli efnislega um það sem hér er lagt fram, leggi fram rök fyrir þeim sjónarmiðum sem gera það að verkum að þeir eru ekki tilbúnir að ganga þessa leið en séu ekki fyrst og fremst að hengja sig í formfestu eða kalla eftir viðhorfum annarra. Það er verið að kalla eftir viðhorfum þingmanna Sjálfstæðisflokksins.

Ég vísaði til þess í greinargerð með frumvarpinu að vakin sé athygli á því að fleiri leiðir séu færar en sú sem lagt er upp með í frumvarpinu. Frumvarpið er fullbúið, frumvarpið er algjörlega klárt, það liggur fyrir. Það er ekki þar með sagt að fleiri leiðir séu ekki færar, eins og ég rakti í framsögu minni, og víða má finna í löndunum í kringum okkur. (**GHH:** Jafnvel betri.) Jafnvel betri, það er eitthvað sem getur vel verið.

Hér er hins vegar lagt upp með mjög einfaldar breytingar. Flokkarnir eða þeir sem bjóða fram til Alþingis geta valið um það hvort þeir hafa óraðaðan eða raðaðan lista, það er allt og sumt. Ég svaraði þessari fyrirspurn áðan í andsvari þar sem einn hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins spurði mig eiginlega hvort ég teldi ekki alveg ófært að kjósendur réðu við það verkefni að raða upp í númeraröð. Ég leyfi mér að fullyrða að almenningur í þessu landi fer létt með að raða þeim á óraðaðan lista sem þeir telja æskilegt að nái kjöri inn á þing.

Hér er verið að auka lýðræði, út á það gengur hugmyndin, að gefa kjósendum aukið vægi og meira val um að velja hverjir nái sæti á Alþingi. Það hefur komið fram í andsvörum að hv. þingmenn (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokksins eru andvígir þessari leið (Forseti hringir.) og ég geri þá kröfu til þeirra að þeir færi (Forseti hringir.) efnisleg rök fyrir máli sínu.

[13:21]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þingmaðurinn grípur til þeirra ráða að gera sjálfstæðismönnum upp skoðanir. Það hefur hvergi komið fram af hálfu þingmanna Sjálfstæðisflokksins að þeir séu andvígir breytingum sem fela í sér aukna möguleika á persónuvali, það hefur hvergi komið fram. Ég hef ekki haldið þeim skoðunum fram. Ég tel að við eigum að gera breytingar á kosningalögum sem fela einmitt í sér aukna möguleika á persónuvali, ég hef lengi verið þeirrar skoðunar.

Hér er leikinn sá leikur að ganga þannig fram af hálfu ríkisstjórnarflokkanna með Framsóknarflokkinn í eftirdragi að reyna að skapa ófrið um málið. (Gripið fram í.) Það er alveg augljóst að tilgangurinn hjá flutningsmönnum þessa frumvarps er fyrst og fremst sá að skapa ófrið. Það er ekki skynsamlegt og fjarri því að vera málefnaleg aðferð eða leið til þess að ná mikilvægri og góðri niðurstöðu í þeim breytingum sem hér eru ræddar og ég vænti þess að við fáum tækifæri síðar í dag til að ræða þetta efnislega. (Forseti hringir.) Og ég er tilbúinn til þess, hæstv. forseti.

[13:23]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Staðreyndin er sú að kosningar verða í vor. Ef það á að gera þessar breytingar fyrir kosningar þarf að gera þær núna, ef það á að gefa almenningi færi á að velja fulltrúa sína á annan hátt inn á þing verður að gera það núna. Þetta er þess eðlis að það er ekkert annað tækifæri. (Gripið fram í.)

Hv. þingmaður segir að verið sé að efna til ófriðar. Af hverju segir hv. þingmaður að það sé verið að efna til ófriðar þegar staðreyndin er sú að fjórir flokkar af fimm eru tilbúnir að leggja þetta fram og fara þessa leið? Þá hlýt ég að spyrja: Hver er að efna til ófriðar? (**Gripið fram í:** Þú.) Hver er að efna til ófriðar þegar fjórir flokkar af fimm eru tilbúnir að fara þessa leið? Er Sjálfstæðisflokkurinn að efna til ófriðar um það að gefa almenningi aukna möguleika, aukið vægi í að velja alþingismenn inn á hið háa Alþingi? Er það það sem við erum að tala um? (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera þá kröfu að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins (Forseti hringir.) færi betri rök að máli sínu en hér hafa komið fram.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 13:24.

---

93. FUNDUR

miðvikudaginn 4. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til forsætisráðherra:

2. Stjórnarskrárbreytingar og stjórnlagaþing, fsp. BÁ, 295. mál, þskj. 521.
3. Bráðabirgðalög, fsp. KHG, 318. mál, þskj. 550.
4. Tillögur nefndar um endurreisn bankakerfisins, fsp. GSB, 320. mál, þskj. 552.

Til umhverfisráðherra:

5. Kortlagning vega og slóða á hálendinu, fsp. SF, 344. mál, þskj. 587.

Til félags- og tryggingamálaráðherra:

6. Einföldun á almannatryggingakerfinu, fsp. EBS, 338. mál, þskj. 578.

Til menntamálaráðherra:

7. Hólaskóli –- Háskólinn á Hólum, fsp. MS, 347. mál, þskj. 595.

Störf þingsins.

Enginn tók til máls.

[Fundarhlé. — 13:30]

Umræður utan dagskrár.

Endurúthlutun aflaheimilda.

[14:02]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Nú eru merkilegir tímar í stjórnmálunum og ýmislegt nær meira brautargengi en áður var og hefur verið um margra ára skeið. Því er eðlilegt að taka upp á þessum tímamótum deilumál sem hefur verið eins og fleinn í holdi þjóðarinnar um 20 ára skeið, íslenska fiskveiðistjórnarkerfið. Samkvæmt könnunum og mælingum á afstöðu þjóðarinnar til þess hefur andstaðan verið mjög mikil og mjög stöðug. Samkvæmt síðustu könnun Gallups voru aðeins um 15% þjóðarinnar ánægð með kerfið en 72% óánægð. Aðeins 15% vildu óbreytt kerfi en 60% vildu breyta því og 25% vildu leggja það niður. Hlutföllin eru í báðum tilvikum að fyrir hvern einn sem var ánægður með kerfið voru a.m.k. fimm óánægðir. Skipt niður á flokka hefur afstaða stuðningsmanna einstakra flokka verið þannig að allt frá 76% stuðningsmanna stjórnmálaflokks vildu breyta kerfinu eða leggja það niður og upp í 94%.

Nýverið kom ný könnun sem hnykkti á þessari óánægju þjóðarinnar með kerfið þar sem menn svöruðu tiltekinni spurningu og gáfu upp afstöðu til tiltekinna breytinga, ekki bara almennt afstöðu til þess að vilja breyta. Þar var spurt hvort menn væru hlynntir eða andvígir því að stjórnvöld afturkölluðu með einum eða öðrum hætti gildandi fiskveiðiheimildir og úthlutuðu þeim að nýju með breyttum reglum. Niðurstaðan af könnun sem MMR gerði og birti í síðasta mánuði var að 61% þjóðarinnar svaraði þessu játandi. Það er yfirgnæfandi meiri hluti sem svara því játandi að vilja tilteknar breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu.

Meiri hluti stuðningsmanna þriggja stjórnmálaflokka af fjórum sem mældir voru lýsti yfir miklum stuðningi við þessa tilteknu breytingu. 55% stuðningsmanna Framsóknarflokksins svöruðu játandi en aðeins 30% neitandi. 69% stuðningsmanna Samfylkingarinnar svöruðu spurningunni játandi en aðeins 8% neitandi. 77% stuðningsmanna Vinstri grænna svöruðu spurningunni játandi en aðeins 12% neitandi. Afstaða þjóðarinnar til þessa mikla deilumáls liggur því fyrir, það er mikil, víðtæk og langvarandi óánægja sem hefur verið stöðug allar götur frá 1998.

Það er mikill vilji til að breyta kerfinu eða jafnvel leggja það niður og það er staðfest í þessari nýjustu könnun að mjög mikill vilji og stuðningur er við tiltekna kerfisbreytingu sem er í raun og veru sú að gefa upp á nýtt.

Ég hygg að segja megi og fullyrða þó að það komi ekki fram í þessum könnunum að það hljóti að vera afstaða vel-

flestra sem taka þátt í henni að breytingar sem verði gerðar verði gerðar með þeim hætti að þær raski ekki forsendum þeirra sem fjárfest hafa í kerfinu, heldur geri þeim kleift að glíma við og ráða við sínar skuldbindingar og vinna úr þeim eins og til stóð. Ég hygg að það megi fullyrða að viljinn til þess að breytingin taki skynsamlega langan tíma sé ríkur. Málið snýst ekki um það og menn geta ekki hafnað breytingum með skírskotun til þess. Spurningin er þessi — hún er pólitísk og það er eðlilegt að stjórnmálaflokkarnir svari henni í aðdraganda þingkosninga, sérstaklega í máli sem hefur verið eitt stærsta deilumál í íslensku þjóðfélagi í 20 ár: Vilja stjórnmálaflokkarnir svara viðhorfum kjósenda sinna? Vilja stjórmálaflokkarnir mæta viðhorfum þjóðarinnar til þessa máls og lýsa því yfir að þeir ætli að breyta kerfinu, ráðast í breytingar sem gera þjóðina sáttari við það en það sem hefur verið í gildi á undanförnum 20 árum? Það er spurning mín til hæstv. fjármálaráðherra: Er hann tilbúinn til þess og er pólitískur vilji innan hans flokks til að svara kröfum kjósenda hans? Ég vænti þess að talsmenn annarra flokka svari því fyrir sitt leyti hvort pólitískur vilji er fyrir hendi innan þeirra flokka að mæta sjónarmiðum stuðningsmanna flokka sinna.

[14:07]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er ánægjulegt að fá tækifæri til að ræða aðeins um málefni sjávarútvegsins. Ég held að það sé óumflýjanlegt að fara nokkrum orðum almennt um stöðuna í þeirri grein. Ég hef m.a. fundað undanfarna daga með ýmsum forustumönnum sjávarútvegsins og því miður er það ekki sérstaklega góðar fréttir að hafa. Það þarf svo sem ekki að koma neinum á óvart.

Sjávarútvegurinn, rétt eins og auðvitað margar fleiri atvinnugreinar og þjóðarbúið allt, glímir nú við mjög mikla erfiðleika. Þeir lýsa sér m.a. í umtalsverðu verðfalli afurða, 30–40% á ári eða svo, talsverðri birgðasöfnun sem er hafin á nýjan leik og tregari sölu afurða og miklum erfiðleikum við að fjármagna það birgðahald nema þá með gríðarlegum kostnaði eins og vaxtastigið er enn hér á landi, því miður. Við erum jafnvel farin að fá fregnir af uppsögnum þar sem fyrirtæki eru að draga úr vinnslu af þeim ástæðum sem ég nefndi, birgðasöfnun, verðfalli og erfiðleikum við að fjármagna reksturinn.

Gjaldeyrisvarnarsamningamál sjávarútvegsins eru því miður enn óleyst og lítur ekkert sérstaklega vel út með að það gerist nema þá fyrir dómstólum. Við urðum fyrir áfalli fyrst á síldarvertíðinni og síðan á loðnuvertíð sem að mestu leyti hefur brugðist og það verður því að segja það eins og er, virðulegur forseti, að það hefur satt best að segja fátt lagst með okkur í þessum efnum á undanförnum mánuðum.

Þar til viðbótar má nefna að frændur okkar, Norðmenn, sem eiga digra sjóði — og ég er þekktur fyrir að tala oft hlýlega um — hafa núna sett umtalsverða fjármuni inn í að styrkja greinina í formi verulegra fjármuna til útflutningstrygginga og til markaðsaðgerða og sú hætta er augljóslega fyrir hendi að þessar aðstæður kalli á undirboð eða bjóði upp á hættuna á undirboði eða bjóði upp á hættuna af undirboðum. Ég held þess vegna, herra forseti, að það sé óumflýjanlegt að öll umræða um sjávarútvegsmál, hvort sem hún er um afmarkaða þætti eða kerfismálin í heild sinni, hljóti að verða í ljósi þessarar erfiðu stöðu greinarinnar. Við verðum að tala af mikilli ábyrgð um þá alvarlegu stöðu sem greinin stendur í í augnablikinu og er kannski okkar brýnasta verkefni að reyna að takast á við. Hvernig tryggjum við að erfiðleikarnir valdi ekki enn frekari áföllum, rekstrarstöðvun og uppsögnum í sjávarútveginum á næstu vikum og mánuðum?

Það er augljóst mál að sú ríkisstjórn sem nú situr er ekki stofnuð um það að ráðast í grundvallarkerfisbreytingar á t.d. fiskveiðistjórnarkerfinu. Hún hefur efst á sínum verkefnalista björgunaraðgerðir í þágu heimila og auðvitað atvinnulífs og þar á meðal sjávarútvegsins. Ég get nefnt sem dæmi frumvarp sem liggur nú fyrir þinginu um greiðsluaðlögun fyrir atvinnulífið sem ég geri ráð fyrir að þingið hafi fullan hug á að greiða fyrir. Það er ekki stór aðgerð, en hjálpar þó það litla sem það er. Megin- og forgangsverkefnið er að ná niður vöxtum. Það kæmi sjávarútveginum, ekki síður en öðrum greinum, betur en eiginlega allt annað sem gæti gerst á næstu mánuðum að vaxtastigið færi hratt niður og verðbólga lækkaði.

Fyrrverandi sjávarútvegsráðherra úthlutaði nokkru áður en hann fór úr embætti 30 þúsund tonna viðbótaraflaheimildum í þorski á þessu fiskveiðiári og gaf reyndar vilyrði um 30 þúsund tonna aukningu á hinu næsta sem að sjálfsögðu er ekki bindandi, eingöngu viljayfirlýsing af hans hálfu, en ákvörðunin fyrir árið í ár er bindandi og verður ekki aftur tekin. Þar af leiðandi eru málin hvað þetta varðar algerlega bundin á þessu kjörtímabili og það væri ekki í valdi núverandi ríkisstjórnar sem starfar í fáeina mánuði að gera þar grundvallarbreytingar á. Stóra verkefnið hlýtur að bíða næsta kjörtímabils, að takast á við grundvallarleikreglur í sjávarútvegsmálum rétt eins og á mörgum öðrum sviðum. Ég legg að sjálfsögðu áherslu á að sjávarútvegsmálin þurfa að verða til umræðu í kosningabaráttunni eins og hv. málshefjandi sagði. Það er eðlilegt að gera þá kröfu til flokkanna að þeir tefli með ábyrgum hætti fram áherslum sínum, þar á meðal hvar það varðar að endurskoða kerfið með það að markmiði að ná um það betri sátt, verkefni sem menn hafa lengi glímt við en ekki tekist. Við þekkjum atrennur að því í kosningabaráttu á undangengnum árum, í undangengin tvö, þrjú skipti, og vitum hvernig það hefur farið. Að lokum hafa þá myndað hér meiri hluta stjórnmálaflokkar sem hafa í aðalatriðum staðið vörð um óbreytt kerfi og þarf ekki að minna hv. þingmann á það. Hann tilheyrði lengi einum þeirra, Framsóknarflokknum, og gerir nú aftur, flokknum sem hefur staðið nokkuð dyggan vörð um kvótakerfið eins og það hefur verið.

Ég tel eðlilegast að málflutningur um stefnu einstakra flokka færist senn úr þingsölum yfir í kosningabaráttuna. Þar tek ég undir með hv. málshefjanda, það á að gera þá kröfu að flokkarnir leggi með ábyrgum og skýrum hætti fram áherslur sínar. Það munum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði (Forseti hringir.) gera og ég get lofað hv. þingmanni því (Forseti hringir.) og upplýst hann, hv. málshefjanda, um (Forseti hringir.) að á landsfundi flokksins (Forseti hringir.) 20.–22. mars mun ný sjávarútvegsstefna (Forseti hringir.) okkar líta dagsins ljós.

[14:12]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Við ræðum í utandagskrárumræðu um endurúthlutun aflaheimilda. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, málshefjandi, fór yfir það í framsögu sinni og byrjaði á að vitna í skoðanakannanir þar sem fram kemur að einhver tiltekinn hópur innan þjóðfélagsins vilji breytingar á kerfinu og hann nefnir einhverja tiltekna hópa innan hinna ýmsu stjórnmálaflokka. Mér er spurn, herra forseti: Ætlum við á Alþingi að breyta lögum og rekstrarskilyrðum atvinnulífsins eftir því hvað skoðanakannanir segja hverju sinni? Við erum að tala um miklu alvarlegri mál (Gripið fram í.) en svo að það eigi að lesa skoðanakannanir hinna ýmsu stofnana eða fyrirtækja sem að slíku verki standa. Við verðum að huga að því að sjávarútvegurinn er okkar mikilvægasta atvinnugrein í þessu landi í dag sem aflar mests gjaldeyris fyrir okkur og við þurfum að búa þannig um hnútana að þessi atvinnugrein búi við rekstraröryggi þannig að þeir sem reka og hafa fjárfest í þessum fyrirtækjum viti að hverju þeir ganga. (Gripið fram í.) Þetta eru hlutir sem skipta þessa aðila langmestu máli og legg ég áherslu á það. Við megum ekki fara að rugga þessum bát eftir einhverjum skoðanakönnunum eða breyttum vindáttum, ég tala nú ekki um ef ástæðurnar eru þær að hv. málshefjandi er að skipta um flokk og þarf að koma á framfæri sínum skoðunum frá því sem var þegar hann var í Frjálslynda flokknum. Ég minni á að Frjálslyndi flokkurinn var með þingsályktunartillögu um innköllun aflaheimilda. Ég tel að svona umræða sé stórhættuleg á þeim tíma sem við lifum nú í þessu landi.

[14:15]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Herra forseti. Það eru erfiðir tímar og það er dálítið dapurlegt til þess að hugsa að þjóðin hefur búið við fiskveiðistjórnarkerfi sem byggist á framsali og leigu og sölu kvóta. Það hafa mjög margir talað um það, sérstaklega þeir sem snúa að útgerðinni og sjálfstæðismenn eins og hv. þingmaður hér áðan, að þetta væri svo gott kerfi og öruggt og væri svo fínt fyrir sjávarútveginn og ágætt að það mátti nú alveg búast við því að þegar kæmu svona hremmingar yfir landið eins og nú háttar til að þá hefðum við getað horft til sjávarútvegsins til að koma til bjargar þjóðinni.

En hver er niðurstaðan af þessu kerfi? Það er allt í kalda koli þar líka og bara sú staða krefst þess að við breytum þessu kerfi sem fyrst, bara sú staða sem við erum í í samfélaginu og líka það atvinnuleysi sem hér hefur verið. Þegar var verið að úthluta þessum 30.000 tonnum um daginn þá var þeim deilt út meira og minna á gjaldþrota fyrirtæki jafnvel inn í þrotabú sem bankarnir eiga að véla um. Ég bara skil þetta ekki.

Svo náttúrlega er annað, þ.e. að á okkur, íslensku ríkisstjórninni, hvílir krafa frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna um að breyta þessu kerfi. Í allri umræðu um orsök kreppunnar sem er rakin til kvótabrasksins þá er það ekki bara þjóðin sem gerir kröfur um breytingar, öll þjóðin, stór hluti þjóðarinnar skulum við segja. Þetta er ekki bara einhver lítil skoðanakönnun hagsmunahópa eða einhverjar litlar grúppur úti í bæ sem verið var að spyrja. Nei, það er krafa um það frá þjóðinni að breyta þessu og þeir sem taka við völdum hér eftir kosningar hljóta að taka mið af þessari kröfu þjóðarinnar um breytingu. Ég er á þeirri skoðun að við hefðum hæglega getað stóraukið atvinnu fjölda manna með því að gefa (Forseti hringir.) þeim tækifæri til þess að veiða fisk á handfæri.

[14:17]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Miðað við þau orð sem hér voru látin falla af síðasta hv. þingmanni mætti ætla að breytingar væru í farvatninu því hér talaði stjórnarsinni, þingmaður sem styður núverandi ríkisstjórn og studdi síðustu ríkisstjórn. Það er ekki hægt fyrir Samfylkinguna að vera stöðugt í ríkisstjórnum og þykjast svo ekki geta náð því fram sem hún væntanlega vill gera í sambandi við stórpólitískt mál eins og hér um ræðir.

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég var nokkuð ánægð með ræðu hæstv. ráðherra áðan og fannst hann tala af meiri ábyrgð en oft áður og heilmikilli ábyrgð í sambandi við þá mikilvægu atvinnugrein sem við erum að tala um. Því það er nú meira en að segja það þegar ástandið er eins og það er í þjóðfélaginu að kollvarpa fiskveiðistjórnarkerfinu og allri þeirri atvinnugrein en samkvæmt tölum frá 2007 — ég hef ekki tölur frá síðasta ári — var yfir 40% af vöruútflutningi sjávarafurðir og um 30% útflutnings vöru og þjónustu, hvorki meira né minna.

Hvar stæðum við Íslendingar í dag ef við hefðum ekki þessa dýrmætu auðlind sem við getum verið eitthvað ósammála um hvernig eigi að nýta? Þó tel ég að það sé nú ekki eins mikil ósamstaða um það og þær tölur gefa til kynna sem hv. málshefjandi hér fór yfir. Kannski er skiljanlegt að fólk svari með þessum hætti þegar það er lítil upplýst umræða um þessa mikilvægu atvinnugrein. Það er talað í upphrópunum og klisjum en það er of lítil uppbyggileg umræða.

Ég óttast, hæstv. forseti, að nú sé að hefjast þetta venjulega kapphlaup sem skellur á rétt fyrir kosningar þar sem þessi mikilvæga atvinnugrein verður töluð niður. Ég óttast það og ég mun ekki taka þátt í þeirri umræðu enda fer að fækka mínum dögum á þessu virðulega Alþingi.

[14:19]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspyrjandanum Kristni H. Gunnarssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það er mjög þarft að ræða þetta. Við þurfum ekkert að ræða óréttlætið sem hefur fylgt þessu fiskveiðistjórnarkerfi. Við þurfum heldur ekki að fjalla um árangursleysið í uppbyggingu fiskstofna. Við þurfum ekki að tala um brottkastið. Við þurfum ekki að tala um hörmungarnar sem þetta kerfi hefur leitt yfir sjávarbyggðir landsins og nú síðast eftir að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna sendi sitt álit fyrir rúmu ári síðan þá er að minnsta kosti mér og sem betur fer meiri hluta þjóðarinnar orðið alveg ljóst að það þarf að breyta.

Það er dálítið sorglegt að hæstv. sjávarútvegsráðherra skuli ekki treysta sér til að segja hvaða leiðir Vinstri grænir ætla að fara í þessum málum inn í framtíðina því eflaust hafa þeir nú velt þessu fyrir sér í mörg ár eins og margir

aðrir. Meðal annars hefur hæstv. sjávarútvegsráðherra skrifað bækur um fiskveiðistjórn og kvótakerfi á Íslandi. En í nýju Íslandi sem við ætlum að byggja upp núna úr þeim rústum sem við stöndum frammi fyrir er ljóst að við þurfum að byrja á að fara út úr þessu kerfi og við getum gert það með ýmsum hætti.

Við í Frjálslynda flokknum höfum boðað að innkalla allar veiðiheimildir. Við höfum líka boðað það að byrja að fara einhver hænufet með frjálsum handfæraveiðum og höfum lagt það til. Við höfum náttúrlega lagt það til að staðið verði við álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og að þessir menn sem fóru alla leið fái bætur. Það þarf ekkert að ræða um þetta. Þess vegna finnst manni það súrt að sósíalistar eða þeir sem kenna sig við sósíalíska hugsun eins og Vinstri grænir gera nú skuli ekki sjá sóma sinn í því að leiðrétta mannréttindabrotin sem hafa átt sér stað og tekið undir það að innleiða hér frjálsar handfæraveiðar, að ekki sé nú talað um það að innkalla allar veiðiheimildir. (Forseti hringir.) Það er kannski ekki hægt að ætlast til þess nú hjá þessari ríkisstjórn.

[14:21]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. VG hefur lengi mælt fyrir heildarendurskoðun fiskveiðistjórnarkerfisins og fiskveiða með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Ég verð að minna á að það hafa átt sér stað stórfelld viðskipti með aflaheimildir sérstaklega eftir einkavæðingu bankanna og verðmæti þeirra hækkaði langt umfram raunverulegt verðmæti. Þessi lán hafa síðan verið nýtt ýmist til kaupa á aflaheimildum eða allt annarra hlutabréfakaupa.

Það liggur líka fyrir að þessi viðskipti með aflaheimildir og yfirveðsetning þeirra jafnvel til banka erlendis hafa leitt til stórfelldra fjármagnsflutninga frá Íslandi og átt ríkan þátt í bankahruninu og efnahagshruninu. Afar umdeildir gjaldeyrisskiptasamningar auka enn á skuldsetningarvanda sjávarútvegsfyrirtækja.

Í ljósi alvarlegrar skuldsetningar íslensks sjávarútvegs blasir við að aflaheimildir kunna í töluverðum mæli að ganga til baka til ríkisins, vörslumanns auðlinda þjóðarinnar og eiganda ríkisbankanna sem hafa yfirtekið þessar skuldir. Við þá endurúthlutun sem kann að eiga sér stað er afar brýnt að skapa öryggi og festu í þeim sjávarbyggðum sem þessar heimildir eru nú bundnar við. Það er afar brýnt. Ég minni á að atvinnuleysi er langminnst á landinu þar sem er rekin traust og öflug útgerð og vinnsla sjávarafurða. Tökum sem dæmi Grindavík, Vestmannaeyjar, Höfn í Hornafirði.

Þessar auðlindir sem þannig kunna að koma til endurúthlutunar verða að mynda byggðatengdar og óframseljanlegar heimildir. Það verður að huga vandlega að þeirri gjörbreyttu stöðu sem komin er upp í kjölfar efnahagshrunsins. Það er brýnasta verkefni stjórnvalda í dag. Það verður að taka yfirvegaðar og faglegar ákvarðanir í nánu samráði við hagsmunaaðila. Við búum við efnahagshrun. (Forseti hringir.) Við megum ekki missa sjávarútveginn frá okkur (Forseti hringir.) og þá tekjulind sem hann er þjóðinni.

[14:24]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Mikil hagræðing hefur átt sér stað í íslenskum sjávarútvegi á undanförnum árum. Fyrirtækin hafa fjárfest í nýjum skipum, tækjum og búnaði og miklar fjárfestingar hafa átt sér stað í aflaheimildum. Allt hefur þetta aukið framleiðni og bætt framlegð. En skuldir hafa vaxið.

Til að tryggja stöðugleika í rekstri sjávarútvegsfyrirtækjanna sem er grundvöllur fyrir lánstraust og langtímaviðskiptasambönd þurfa þau að hafa það tryggt að aflaheimildir þeirra séu varanlegar. Íslenskur sjávarútvegur er arðbær atvinnugrein án allra ríkisstyrkja. Íslensk útgerðarfyrirtæki standa og falla með eigin gerðum og ákvörðunum. Má því nefna að sjávarútvegur í samkeppnislöndum okkar er stórlega ríkisstyrktur, til dæmis í Noregi er hann styrktur um milljarða króna. ESB veitti 2 milljörðum evra á síðasta ári í styrki til útgerðarfyrirtækja eða 290 milljörðum íslenskra króna.

Aflamarkskerfið er grundvöllur þess að á Íslandi er rekinn sjálfbær og arðbær sjávarútvegur. Markmið íslenska fiskveiðistjórnarkerfisins er að vernda fiskstofnana og hámarka arðsemi nýtingu þeirra.

Hvernig ætlum við sem þjóð að nýta þessa auðlind til framtíðar? Grundvallaratriði fiskveiðistjórnarkerfisins er að til séu leikreglur sem fylgt er til langframa. Rekstrarumhverfið þarf að vera varanlegt svo hægt sé að skipuleggja rekstur og fjárfestingu til lengri tíma. Stöðugleiki þarf að ríkja um stjórnkerfi veiðanna. Forgangsverkefnið er að ná jafnvægi í gengi krónunnar á Íslandi í dag og koma í veg fyrir mikla verðbólgu og lækka vexti og tryggja rekstur atvinnufyrirtækja hvort sem það er í sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum. Nauðsynlegt er að styrkja gjaldeyrisforðann og koma gjaldeyrismarkaðnum í rétt horf svo að íslenskur sjávarútvegur standi á traustum fótum.

[14:26]

Einar Már Sigurðarson (Sf):

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu nú eins og oft áður full ástæða til að ræða málefni sjávarútvegsins. Það er hins vegar algerlega nauðsynlegt að sú umræða taki mið af því efnahagsástandi sem nú ríkir í landinu.

Ég vil þess vegna taka undir með hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að það var mjög ánægjuleg og ábyrg ræða sem hæstv. ráðherra hélt hér áðan. Það er augljóst mál nú á þessum tímum þegar stutt er til kosninga að ýmsir sem þurfa að vekja athygli bæði á málum og mönnum nýti tækifærið nú og nálgist ýmis umræðuefni með þeim hætti að hugsanlega verði sérstaklega eftir því tekið.

Ég held hins vegar að umræðan um sjávarútvegsmál þurfi að taka fyrst og fremst mið af heildarhagsmunum þjóðarinnar. Það er algerlega ljóst að sú staða sem nú er uppi í sjávarútvegi kallar á það að menn nálgist þessa umræðu hugsanlega á annan hátt en áður hefur verið. Ég held að sú nálgun geti ekki verið upphrópanir eða niðurrif alls kerfisins sem verið hefur.

Við eigum hins vegar að nálgast það þannig að það kerfi sem nú er er að sjálfsögðu ekki fullkomið. Það hefur að sjálfsögðu galla. Við sjáum það til dæmis að eitt af meginmarkmiðum kerfisins sem var að auka inn til framtíðarinnar

aflann hefur ekki gengið eftir eins og að var stefnt. Hugsanlega er þar um að kenna því við höfum ekki látið nægjanlegt fjármagn renna til rannsókna eða það hefur ekki verið hlustað nægilega vel á sérfræðinga. Yfir þetta þarf allt saman að fara.

Það þarf að fara yfir sjávarútveginn eins og aðrar atvinnugreinar og eins og komið hefur hér fram í máli ýmissa hv. þingmanna þá liggur alveg ljóst fyrir að skuldastaða sjávarútvegsins er slík að það hlýtur að þurfa að fara yfir það hvernig menn ætla að nálgast breytingu á því, hvort það verði gert með því að taka inn (Forseti hringir.) aflaheimildir og fella niður skuldir á móti eða að aðrar leiðir verði farnar. Fyrst og fremst er (Forseti hringir.) ástæða til að hvetja til þess að menn tali í þessari umræðu án upphrópana.

[14:28]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu endurúthlutun veiðiheimilda. Ég þakka fyrir þessa umræðu um leið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir, að mínu mati, mjög gott innlegg hér í sínu svari.

Það er nú ekki nýtt að menn ræði um að það sé nauðsynlegt að skapa sátt um sjávarútveginn. Sú umræða hefur lengi farið fram. Ég held að hins vegar verði því miður seint hægt að tala um fullkomna sátt um þessa grein meðan það þarf að takmarka veiðar og stýra veiðum með einhverjum hætti eins og við reyndar gerum nú með kvótakerfinu.

Ég leyfi mér að efast um það þrátt fyrir að hér hafi verið farið yfir ýmsar tölur úr skoðanakönnunum að það verði meiri sátt um veiðikerfi sjávarútvegsins eftir innköllun og endurúthlutun veiðiheimilda. Ég held að þeir sem tali fyrir slíkri leið verði að útskýra hvernig eigi að fara að því, hvernig eigi að nálgast það verkefni og hvernig eigi að endurúthluta veiðiheimildum. Ég sakna þess mjög að það hafi ekki komið fram hér í þessari umræðu hvernig menn sjá það fyrir sér.

Ég held líka að ef menn ætla út í svona aðgerð þá sé það ekki til þess fallið að auðvelda sjávarútveginum starfsemi sína um þessar mundir og vitna ég meðal annars í það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra hér áðan. Við verðum að hafa heildarhagsmuni þjóðarinnar í huga sérstaklega við þær aðstæður sem við búum við í dag.

Ég tek undir það sem hér kom fram að við þurfum að ræða þessi mál af mikilli alvöru að sjálfsögðu og menn þurfa að koma fram með þau sjónarmið sem að baki liggja svona umræðu og útskýra hvernig svona lagað ætti að fara fram.

Eitt er alveg ljóst og við hljótum öll að gera okkur grein fyrir, að svona kerfisbreyting fjölgar ekki fiskunum í sjónum. Það er nokkuð ljóst þannig að það er alla vega eitthvað sem menn geta verið sammála um.

[14:30]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Mörgum verður um og ó þegar farið er að tala um að nú eigi að breyta til í sjávarútvegi og endurskoða kerfið sem hefur verið við lýði. Menn tala um að litlu megi raska og engu breyta og allir þurfi að búa við núverandi öryggi.

Hvert er núverandi öryggi? Er það ekki úthlutun aflaheimilda til útgerða sem fá úthlutað á hverju ári ákveðnum hlut? Hvað hefur það fært okkur? Hvað hefur þetta öryggi fært okkur á undanförnum árum? Skuldsetningu sjávarútvegs upp á sennilega um 500 til 600 milljarða kr. að núvirði. Í nýlegu svari hér á Alþingi kom fram að í ríkisbönkunum liggja 430 milljarðar í skuldum. Þá er eftir að taka tillit til þess sem liggur í Byggðastofnun, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum.

Það er alveg rétt að sjávarútvegurinn hefur komið sér í mjög afleita stöðu, en hann hefur gert það sjálfur. Útgerðarmenn hafa leigt, veðsett og selt kvótann og skuldsett hann. Þeir hafa tekið peninga út úr sjávarútveginum og farið með þá eitthvert annað. Þeir hafa búið til þá skuldastöðu sem við búum við. Þeir bjuggu til leiguliðakerfið þar sem aðrir borga þeim sérstaklega fyrir að fá að nýta fiskveiðiheimildir þjóðarinnar.

Að halda því fram að ekki sé tími nú frekar en oft áður þegar sjálfstæðismenn tala fyrir óbreyttu kerfi — það má aldrei endurskoða neitt í sjávarútveginum. Það á alltaf að festa hann í einkaeignarrétt þeirra sem hafa farið með þessar heimildir, safnað skuldum og hlaðið þeim upp fyrir framan þjóðina, sem nú horfir á sjávarútveginn þannig settan að hann er í miklum erfiðleikum. Það er algjörlega rétt en það breytir ekki því að taka verður á þessu kerfi og gerbreyta því (Forseti hringir.) frá því sem nú er.

[14:33]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir umræðuna sem hér hefur farið fram. Hún hefur varpað skýru ljósi á afstöðu ræðumanna til viðfangsefnisins og ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir almenna yfirferð yfir stöðu sjávarútvegsins.

Það var ekki tilefni umræðunnar heldur leikreglurnar í kerfinu sem menn ákveða til langs tíma. Það liggur ljóst fyrir og hefur legið fyrir lengi að mikil óánægja er með leikreglurnar meðal þjóðarinnar og mikill meiri hluti stuðningsmanna þriggja stjórnmálaflokka af fjórum, sem mældir voru í könnuninni, er mjög óánægðir með þær leikreglur og vill breyta þeim.

Menn eru óánægðir með það að byggðarlög geti lent í þeirri stöðu, sem ítrekað hefur komið upp, að öll atvinna sópast í burtu vegna ákvörðunar eins manns eða eins fyrirtækis um að framselja veiðiheimildir úr plássinu. Það á ekki bara við lítil þorp eins og vestfirsku þorpin heldur stóra bæi eins og Akranes. Menn geta kallað það stöðugleika að hægt sé að gera Akranes að fisklausum bæ en það er ekki stöðugleiki, virðulegi forseti, og ekki sú framtíð sem þjóðin vill sjá í leikreglum þessa kerfis. Það er heldur ekki stöðugleiki eða ánægja með það að einstaka útgerðarmenn geti selt veiðiheimildir á svo háu verði að í dag er vandséð hver ætlar að borga það. Verðið var um það bil 4.000 kr. á hvert kíló og þau liggja núna sem skuldir í bönkum ríkisins. Ætlar sjávarútvegurinn að borga þessar skuldir, virðulegi forseti, eða lenda þær á þjóðinni?

Hvers konar kerfi er það sem getur gert mönnum kleift að taka út peninga og varpa skuldaböggunum síðan yfir á skattgreiðendur? Það er ekki ásættanlegt kerfi, virðulegi forseti. Staðan er sú að í sjónmáli er ríkisstjórn, sú sem nú

situr með hugsanlegum viðbótarstuðningi, þar sem yfirgnæfandi meiri hluti stuðningsmanna hennar gerir kröfur (Forseti hringir.) um breytingar. Hér á þingi þar sem fer fram þjóðfundur ber æðstu (Forseti hringir.) forustumönnum þessara flokka að svara þjóðinni: Ætla þeir að svara kalli stuðningsmanna sinna?

[14:35]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og ekki hefði ég á móti því að við hefðum hér rýmri tíma og gætum rætt málin ítarlega og flokkar gætu gert grein fyrir stefnu sinni í einstökum atriðum, en þá þarf að skapa annað rými fyrir þá umræðu en hálftíma hér í símskeytastíl.

Ég vil segja við hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, frú forseti, með leyfi, að ég kannast ekki við annað en að hafa talað af ábyrgð um málefni sjávarútvegsins og reyndar almennt um málefni hér. Ég glímdi mikið við sjávarútvegsmál, sat lengi í sjávarútvegsnefnd á síðasta áratug og var formaður hennar um skeið og skrifaði bók um sjávarútvegsmál, eins og einhver nefndi reyndar, (Gripið fram í.) og hef lengi velt þessum málum mikið fyrir mér.

Ég veit ekki betur en að ég hafi ætíð reynt að nálgast viðfangsefnið af þeirri ábyrgð sem er sjálfsögð þar sem í hlut á einn helsti undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar. Það þarf ekki að þýða að menn séu ekki opnir fyrir því að gera breytingar og reyna að ná meiri sátt um þessi mál, sem kannski er ekki alveg rétta nálgunin, heldur að reyna að ná fram breytingum sem ná betur þeim markmiðum sem við væntanlega ætlum okkur með sjávarútvegsstefnunni og rekstri þessarar atvinnugreinar í landinu, þ.e. að við göngum vel um auðlindina og nýtum hana með sjálfbærum hætti og afraksturinn dreifist með sanngjörnum hætti til landsmanna allra, byggðarlögin búi við fullnægjandi öryggi og starfsöryggi sjómanna og fiskverkafólks sé til staðar o.s.frv. Sumum þessara markmiða geta menn sagt að sé að hluta til náð í núverandi kerfi en öðrum alls ekki, eins og við þekkjum. Þetta er ágallinn eins og hann kemur mér fyrir sjónir.

Hvað sem líður afstöðu flokka til fiskveiðistjórnarkerfisins og spurningarinnar um endurráðstöfun afnotaréttarins vil ég heldur ekki að menn gleymi að möguleikar eru til viðbótarbreytinga, eins og hér hafa stundum verið ræddir, um einhvers konar þróun í átt að vistvænum veiðum og eflingu strandveiða og mæta þá í leiðinni t.d. sjónarmiðum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og reyna að stuðla að endurnýjun, nýliðun og uppeldi sjómanna í stéttinni og fleiru (Forseti hringir.) sem núverandi kerfi verkar að mörgu leyti eins og þröskuldur gagnvart. Breytingar í sjávarútvegsmálum geta tengst svo mörgu fleiru en bara grundvallarfyrirkomulagi (Forseti hringir.) fiskveiðistjórnarkerfisins.

[14:37]

Útbýting:

Stjórn fiskveiða, 207. mál, þskj. 636.

Stjórnarskrárbreytingar og stjórnlagaþing.

Fsp. BÁ, 295. mál. — Þskj. 521.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Birgir Ármannsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra um áform ríkisstjórnarinnar hvað varðar stjórnarskrárbreytingar og stjórnlagaþing á þessu vorþingi.

Ég tek fram að sumt í þessum áformum ríkisstjórnarinnar hefur skýrst nokkuð frá því að ég lagði fyrirspurnina fram fyrir þremur vikum og bið ég því hæstv. forsætisráðherra að staldra kannski ekki lengi við þau atriði. Mér finnst meira máli skipta að svör komi fram við þeim atriðum sem hvorki almenningur né þingmenn hafa almennilega fengið svör við enn sem komið er.

Til upprifjunar voru spurningar mínar á þskj. 521 eftirfarandi:

„1. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um breytingar á stjórnarskrá fyrir kosningar í vor?

2. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um pólitískt samráð um þessar breytingar?

3. Telur ráðherra að nægur tími sé til þess á þeim stutta tíma sem er til kosninga að gera breytingar á stjórnarskrá?

4. Hvaða sjónarmið voru lögð til grundvallar þegar nefndarmenn voru valdir í sérstaka ráðgjafarnefnd vegna fyrirhugaðra stjórnarskrárbreytinga?

5. Hvernig samrýmast áform ríkisstjórnarinnar um að breyta stjórnarskrá fyrir vorið hugmyndum sem einnig hafa verið kynntar um að setja á fót stjórnlagaþing síðar á þessu ári?“

Eins og ég sagði áðan hefur ýmislegt skýrst í áformum ríkisstjórnarinnar, einkum hvað varðar efnisatriði þeirra stjórnarskrárbreytinga sem ríkisstjórnin hyggst leggja til. Það sem hins vegar vekur enn spurningar eru atriði eins og hvernig hinu pólitíska samráði verði háttað, hvernig ríkisstjórnin sjái fyrir sér tímann til þessara breytinga og síðast en ekki síst lokaspurningin, hvernig ríkisstjórnin telji að það gangi upp, bæði praktískt og röklega séð, að leggja annars vegar fram nokkrar hugmyndir um efnislegar breytingar á stjórnarskránni og hins vegar tillögur um stjórnlagaþing sem taka ætti til starfa síðar á árinu og hafa það hlutverk að vinna að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Í mínum huga er einhver óskapleg mótsögn í því fólgin, annars vegar að ætla að breyta stjórnarskránni í vor og hins vegar að setja síðan á fót stjórnlagaþing til að endurskoða stjórnarskrána í heild. Ég óska eftir því að hæstv. forsætisráðherra útskýri þann þátt örlítið fyrir okkur.

[14:41]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Í verkefnaskrá Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er kveðið á um að gerðar skuli breytingar á stjórnarskránni og í samræmi við það skipaði ég ráðgjafahóp ríkisstjórnarinnar um tillögur um breytingar á stjórnarskránni og hefur hópurinn unnið frumvarp til stjórnskipunarlaga og einnig drög að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing. Frumvarpið hefur verið tekið til umfjöllunar meðal forustumanna stjórnmálaflokkanna og í þingflokkum stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi og

hefur þetta verið að gerast á undanförnum dögum og vikum.

Samkvæmt erindisbréfi ráðgjafahópsins skyldi byggt á verkefnaskrá ríkisstjórnar sem mælir fyrir um að nú skuli bætast inn ákvæði um auðlindir í þjóðareign, þjóðaratkvæðagreiðslur og aðferð við að breyta stjórnarskrá, auk þess sem hefja skyldi undirbúning lagasetningar að stjórnlagaþingi. Þá kom fram í erindisbréfinu að hópurinn skyldi meta í ljósi starfs stjórnarskrárnefndar á árunum 2005–2007 og þess víðtæka samráðs sem þá átti sér stað hvort rétt væri að gera tillögur um fleiri breytingar á stjórnarskrá, einkum varðandi umhverfisvernd, og hefur hópurinn miðað við þetta í störfum sínum.

Eins og ég sagði hefur málið verið kynnt öllum stjórnmálaflokkum sem eiga sæti á Alþingi og forustumönnum stjórnmálaflokka. Það má minna á það hér, hæstv. forseti, að ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks gerði ekkert með tillögur stjórnarskrárnefndar vorið 2007 þó að nefndin, þar sem allir flokkar áttu sæti, hafi staðið einhuga að þeim, þannig að jafnvel breið samstaða dugði þá ekki til. Auk þess sýndi nefndarstarfið þá, líkt og ýmsar fyrri tilraunir til gagngerrar endurskoðunar stjórnarskrárinnar, hversu erfitt getur verið að ná saman um breytingar ef allir flokkar eiga að hafa neitunarvald. Krafa almennings um stjórnlagaþing byggist m.a. á því að flokkarnir hafa ekki náð samstöðu um mikilvægar breytingar á stjórnskipan, eins og um rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu og sameign þjóðarinnar á auðlindum, þótt það hafi verið reynt árum saman.

Varðandi það hvort skammur tími sé til stefnu vil ég minna á að fyrir liggur heilmikil vinna sem ráðgjafahópurinn nú byggir m.a. á. Þær tillögur sem nú eru ræddar byggjast m.a. á starfi stjórnarskrárnefndar 2005 og 2007 og því víðtæka samráði sem þá átti sér stað. Til viðbótar telur ríkisstjórnin rétt að gera breytingar á stjórnarskránni sem varða stjórnlagaþing. Þá fái stjórnlagaþing stoð í ákvæði um stundarsakir og því verði fengið stjórnskipulegt hlutverk sem er annað og meira en að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og með því yrði brugðist við mjög útbreiddri kröfu almennings um lýðræðislega endurnýjun stjórnskipunarinnar í kjölfar þess hruns sem við stöndum frammi fyrir.

Í ljósi þess að verkefni hópsins er að vinna hratt upp tillögur byggðar á starfi stjórnarskrárnefndar þóttu ekki efni til að hafa samráð við alla flokka um samsetningu ráðgjafahóps undir forustu Bjargar Thorarensen prófessors. Þess í stað mun forsætisráðherra að fengnum fyrstu tillögum kynna eins og kostur er fyrir þingflokkum stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi hugmyndir ráðgjafahópsins, sem hafa tekið breytingum eftir að þær voru fyrst lagðar fram. Þessi áform samrýmast ágætlega, þær efnislegu breytingar sem ríkisstjórnin hyggst leggja til fela í sér atriði sem telja má brýn og höfðu mikið verið rædd í stjórnarskrárnefndinni 2005 og 2007 og varðandi auðlindaákvæðið má að auki nefna starf auðlindanefndar á sínum tíma og frumvarp sem formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fluttu um að auðlindir sjávar væru sameign þjóðarinnar undir lok þings árið 2007. Þá hefur setning slíks ákvæðis verið í stefnuskrá tveggja síðustu ríkisstjórna, ríkisstjórnar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks þar sem talað er um auðlindir sjávar, en í ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks um þjóðareign á náttúruauðlindum.

Þau atriði sem þarna eru talin upp og hugmynd stjórnarflokkanna er að verði sett inn í stjórnarskrá eru flest kunnug þingmönnum, eins og auðlindaákvæðið og ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu, og ég tel að megi segja að þau hafi verið ítarlega rætt á milli stjórnarflokkanna.

Væntanlegt stjórnlagaþing mun hafa mörg vandasöm málefni til úrlausnar eins og t.d. varðandi stöðu og samspil æðstu handhafa ríkisvaldsins. Það er því ekki að mínum dómi gengið inn á verksvið þess þó að Alþingi samþykki nú breytingar sem lengi hafa verið í bígerð og góð samstaða á að geta verið um. Telji tilskilinn meiri hluti stjórnlagaþings og kjósenda síðar að lagfæra eigi með einhverjum hætti þá niðurstöðu verður það að sjálfsögðu hægt.

[14:46]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Ég get ekki orða bundist í þessari umræðu. Ég verð að taka það fram að mér finnst mjög undarlegur bragur á því af hálfu ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur þegar verkefnin eru svo mörg í landinu sem snúa að heimilum og fyrirtækjum, að nýta tímann hér í að gera breytingar á stjórnarskránni án þess að hafa haft um það fullnægjandi samráð við aðra flokka og flokka í stjórnarandstöðu. Koma svo með mál inn í þingið þar sem rætt er um að setja á fót sérstakt stjórnlagaþing sem á að taka stjórnarskrána til endurskoðunar en hafa engu að síður á líftíma minnihlutastjórnarinnar reynt að þröngva hér í gegn öðrum breytingum á stjórnarskránni sem mér finnst vera fullkomlega óþarfar á þessum tímapunkti þegar ætlunin virðist vera sú að setja á fót sérstakt þing til að sjá um þessa þætti. Ég held að almenningur í landinu geti ekki með nokkru móti skilið hvað er á ferðinni á hinu háa Alþingi þegar ríkisstjórnin leggur meira kapp á það (Forseti hringir.) að gera breytingar á stjórnarskránni í andstöðu við stjórnarandstöðuna í stað þess að sinna þeim brýnu verkefnum sem ég hélt að ríkisstjórnin ætlaði að einhenda sér í.

[14:47]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Við skulum hafa það á hreinu að við sjálfstæðismenn viljum breytingar á stjórnarskránni. Það er alveg ljóst. Við viljum hins vegar ekki þau nýju vinnubrögð sem birtast hér hvað eftir annað. Trekk í trekk er nýja stjórnin, vinstri stjórnin, að breyta um vinnubrögð sem hafa verið við lýði áratugum saman. Það er ekki þannig að við höfum ekki náð fram breytingum á stjórnarskránni eins og Danir. Þeir breyttu stjórnarskrá sinni síðast 1953. Við breyttum henni 1991, 1995 og 1999 og alltaf í þverpólitísku samkomulagi flokkanna. Af hverju er það ekki hægt núna?

Vissulega getur verið að síðasta ríkisstjórn hafi ekki sett í gang aftur stjórnarskrármálið en ætlunin var að fara í þau og nota síðari hluta kjörtímabilsins í það verk og það veit hæstv. forsætisráðherra. Hvað réttlætir það þá að koma hér á síðustu metrunum rétt fyrir kosningar, korteri fyrir kosningar og þröngva inn breytingum á merkilegasta plaggi löggjafans sem er stjórnarskráin? Það á að keyra breytingar

korteri fyrir kosningar, (Forseti hringir.) þvert ofan í hefðbundin vinnubrögð, ofan í fólkið í landinu. Við viljum breytingar á stjórnarskránni en gerum það saman og gerum það í sátt. Við eigum að bera virðingu fyrir stjórnarskránni.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Birgir Ármannsson) (S):

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra vísaði hér í ræðu sinni til stjórnarskrárnefndar og starfs hennar á tímabilinu 2005–2007. Þar var mikið starf unnið, mikil gagnaöflun og miklar umræður. Ég get hins vegar fullyrt, vegna þess að ég sat í þeirri nefnd, að það var ekki komin niðurstaða í þau mál sem ríkisstjórnin dregur hér fram og leggur til að verði tekin fyrir á vorþinginu. Það var ekki komin nein niðurstaða í þessi mál frekar en fjöldamörg önnur mál sem varða stjórnarskrána og höfðu verið tekin til ítarlegrar og góðrar umræðu í stjórnarskrárnefndinni. Það er því ekki um það að ræða að þessir þættir hafi með einhverjum hætti verið fullkláraðir og annað hafi mátt bíða, það er einhver misskilningur. Og ef heimildarmaður hæstv. forsætisráðherra er hæstv. utanríkisráðherra þá hefur hann ekki haft góðar heimildir um það sem gerðist í þeirri stjórnarskrárnefnd.

Í sambandi við svar hæstv. forsætisráðherra vildi ég koma því að að samráðið sem talað er um hefur ekki verið mikið. Það hefur falist í því að mönnum hafa verið sýndar tillögur, flokkum hafa verið sýndar tillögur og þeir spurðir. Eruð þið með eða á móti? Öll vinnan hefur farið fram í þröngum ráðgjafahópi ríkisstjórnarinnar og aðrir hafa ekki komið að því.

Eins og fram hefur komið í umræðunni hafa stjórnarskrárbreytingar byggst á því að um þær væri víðtækt pólitískt samráð. Það hefur verið gefinn tími til þeirrar vinnu. Menn hafa gefið sér tíma til þess í ljósi þess að um grundvallarlög lýðveldisins er að ræða, grundvallarreglur sem menn eiga ekki að breyta í skyndi. Og enn spyr ég hæstv. forsætisráðherra: Er það ætlun ríkisstjórnarinnar að takmarka umboð stjórnlagaþings og segja: Við ætlum að breyta tilteknum ákvæðum stjórnarskrárinnar í vor og setja síðan stjórnlagaþinginu fyrir (Forseti hringir.) að taka aðrar breytingar fyrir á stjórnlagaþingi? Eða hefur stjórnlagaþing, eins og krafa hefur komið um bæði hjá (Forseti hringir.) almenningi og í fjölmiðlum, frjálsar hendur við (Forseti hringir.) heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar?

[14:51]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mótmæli því sem kom fram hjá einum hv. þingmanni að þessi ríkisstjórn leggi meiri áherslu á breytingar á stjórnarskránni en að grípa til mikilvægra aðgerða fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. Það vita allir að þessi ríkisstjórn hefur sett það í forgang að setja fram aðgerðir fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu og mörg þeirra mála hafa þegar komið fyrir þingið og eru í meðferð í þingnefndum. En við höfum líka lagt áherslu á þær lýðræðisumbætur í stjórnarskránni sem mikið hefur verið kallað eftir og þingmenn sem hér hafa setið lengi vita vel að það gengur mjög hægt að ná fram breytingum á stjórnarskránni í þeim stjórnarskrárnefndum sem hafa rætt um þessi mál.

Þó að við förum í umbætur núna á stjórnarskránni hvað varðar náttúruauðlindir og síðan breytingu varðandi það að fólk geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu og aðferðir við breytingar á stjórnarskrá þá hefur stjórnlagaþingið veigamikið hlutverk þótt þessi mál komi núna inn í stjórnarskrána. Ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður hafi farið yfir frumvarp til laga um stjórnlagaþing sem fylgir sem drög með gögnum sem hafa farið til þingflokkanna. Valdsvið þessa þings er mikið og það getur sjálft ákveðið og afmarkað sitt valdsvið. En það er sérstaklega bent á að eftirfarandi þættir skuli teknir til athugunar: Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra. Þetta er stórt og afar þýðingarmikið mál sem talað er um að stjórnlagaþing fjalli um. Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála. Hlutverk og staða forseta Íslands. Og ekki síst, ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan.

Ég held að það sé afar brýnt að stjórnlagaþing fjalli einmitt um þessi mál sem hefur reynst mjög erfitt að ná samstöðu um á löggjafarsamkundunni, eins og breytingar á kosningum og kjördæmaskipan þar sem þingmenn eru einatt að máta sig inn í þær tillögur sem eru fyrir hendi hverju sinni. Þarna hefur stjórnlagaþing stór og mikil verkefni að (Forseti hringir.) vinna og getur auðvitað tekið til skoðunar þau ákvæði sem stjórnarflokkarnir leggja áherslu á að fari núna inn í stjórnarskrána ef því svo sýnist.

Umræðu lokið.

Tillögur nefndar um endurreisn bankakerfisins.

Fsp. GSB, 320. mál. — Þskj. 552.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Guðfinna S. Bjarnadóttir) (S):

Virðulegi forseti. Biðin eftir því að hæstv. ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hrindi í framkvæmd raunhæfum aðgerðum til þess að endurreisa bankakerfið er skelfileg, því að án heilbrigðs bankakerfis getur atvinnulífið ekki þrifist. Ef ekki er ráðist til atlögu við þetta vandamál af fullum þunga má búast við enn frekari ógæfu í íslensku samfélagi, auknu atvinnuleysi og frekari gjaldþrotum heimilanna í landinu.

Hæstv. ríkisstjórn sendi frá sér þann 1. febrúar 2009 svokallaða Verkefnaskrá ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þar kemur fram, með leyfi forseta, að hún var mynduð til að hrinda í framkvæmd brýnum og mikilvægum aðgerðum, einkum í þágu heimila og atvinnulífs, til endurreisnar bankakerfisins o.s.frv.

Undanfarnar vikur höfum við kynnst nokkrum af þeim málum sem hæstv. ríkisstjórn forgangsraðar og metur þau brýnustu til að leysa úr þeim bráðavanda og því neyðarástandi sem ríkir í efnahagsmálum. Því miður verður að segjast eins og er að flest mál ríkisstjórnarinnar eru að mínu mati þess eðlis að þau gætu vel beðið fram yfir kosningar. Hér vantar snerpu, skerpu og þor til að takast á við það sem máli skiptir. Kjarni málsins er að við þurfum starfhæfa banka. Við þurfum að einbeita okkur að endurreisn bankakerfisins.

Fyrirspurnir sem lagðar eru fyrir hæstv. forsætisráðherra voru settar fram eftir að fregnir bárust af skýrslu nefndar um endurreisn bankakerfisins undir stjórn Mats Josefssons. Þær voru settar fram áður en ég fékk tækifæri til að heyra hann sjálfan skýra frá tillögum sem birtust í skýrslu sem hann hefur kynnt. Nú hef ég sem sagt séð þessar tillögur. Ég hlakkaði mikið til að sjá þær og kynnti mér þær rækilega og var svo tilbúin að vera opin, því að í dag styð ég allar þær ríkisstjórnir og allt það sem gert er til að stuðla að heilbrigði í atvinnulífi okkar og á heimilum landsins. Við verðum að reisa við bankakerfi okkar og þar með atvinnulífið. Það voru því vonbrigði að kynnast tillögum nefndarinnar um endurreisn bankanna því að tillögurnar eru mjög loftkenndar. Svona tillögur eru einskis virði nema þeim fylgi aðgerðabinding.

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra um þessar tillögur í fjórum liðum og þar sem tími gefst ekki til að endurtaka allar spurningarnar læt ég þá fyrstu nægja: Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir tillögum sem nefnd undir stjórn Mats Josefssons hefur kynnt? Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa?

[14:57]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að endurreisn bankakerfisins er forsenda fyrir því að við getum komið atvinnulífinu í gang og þess vegna lagði ríkisstjórnin svona mikla áherslu á að fara í þær aðgerðir sem hún hefur gert að því er varðar endurreisn á bankakerfinu. En ég er ósammála hv. þingmanni sem heldur því fram að flestallar tillögur sem ríkisstjórnin hefur sett fram geti beðið. Ég bið hv. þingmann um að kynna sér þær tillögur sem liggja fyrir þinginu og snerta aðgerðir fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu.

En svo ég snúi mér beint að fyrirspurn hv. þingmanns um stofnun eignasýslufélags, eins og var í tillögum Mats Josefssons og félaga, er sjái um endurskipulagningu stórra fyrirtækja, þá er það afar mikilvægt fyrir íslenskt efnahagslíf eins og nefnd um endurreisn bankakerfisins lagði til og ríkisstjórnin hefur kynnt. Slíkt fyrirkomulag hefur reynst mjög vel í mörgum öðrum löndum við aðstæður eins og þær sem við göngum nú í gegnum hér á landi. Ég vænti þess að hv. þingmaður hafi kynnt sér það. Það gefur bönkunum svigrúm til þess að einbeita sér að grunnþjónustu sinni og horfa til framtíðar fremur en til fortíðar. Það gefur tækifæri til þess að minnka efnahagsreikninga bankanna niður í eðlilegt svigrúm sem þeir eiga að hafa.

Að þessu er nú unnið á vegum ríkisstjórnarinnar, m.a. á vettvangi framkvæmdarnefndar um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnar og skipun hennar var samþykkt í ríkisstjórn 16. febrúar síðastliðinn. Frágangur þessa máls hafði því miður dregist í tíð fyrri ríkisstjórnar og einstaka tillögur nefndarinnar munu koma til kasta hlutaðeigandi ráðuneyta eftir eðli þeirra og ljóst er að margt af því sem nefndin leggur til mun jafnframt þurfa að ræða og afgreiða á Alþingi.

Þá samþykkti ríkisstjórnin í gær að ganga til samninga við erlent ráðgjafarfyrirtæki um að vinna að samningagerð milli gömlu og nýju bankanna undir stjórn fulltrúa íslenskra stjórnvalda sem ég tel afar mikilvægt. Verkefnið sem um er að ræða er annars vegar ráðgjöf vegna þeirra samninga sem þurfa að eiga sér stað milli ríkisins fyrir hönd hinna nýju banka og kröfuhafa gömlu bankanna í tengslum við lokauppgjör. Í annan stað er ætlunin að nýta sér sérþekkingu þessara aðila varðandi fyrirkomulag og mögulegar lausnir í tengslum við uppgjörið. Gert er ráð fyrir því að verkefnið hefjist nú þegar og verði lokið innan þriggja mánaða sem er afar brýnt í endurreisn á bankakerfinu og þar með að koma atvinnulífinu til aðstoðar.

Fjármálaráðuneytið hefur jafnframt ákveðið að ráða Þorstein Þorsteinsson, rekstrarhagfræðing og fyrrverandi framkvæmdastjóra við Norræna fjárfestingabankann, sem sérstakan fulltrúa ríkisins til að sinna framangreindu verkefni. Markmið ríkisins með ráðningu alþjóðlegra fjármálaráðgjafa að þessu mikilvæga verkefni er ekki síst að lágmarka kostnað íslenska ríkisins og þar með skattgreiðenda af falli bankanna þriggja og uppbyggingu nýrra banka og að tryggja að á Íslandi verði starfandi traust bankakerfi að samningum loknum, að hraða uppgjöri við gömlu bankana eftir því sem kostur er og koma til móts við væntingar kröfuhafa eftir því sem við verður komið, og að viðhalda og byggja upp alþjóðlegt traust á Íslandi með því að ná niðurstöðum úr samningaviðræðunum.

Hvernig verða tillögurnar kynntar nánar fyrir Alþingi? er spurt. Fulltrúar nefndarinnar hafa þegar kynnt hugmyndir sínar fyrir viðskiptanefnd Alþingis. Þá er ljóst að til greina kemur að tillögur nefndarinnar muni fela í sér breytingar á lögum, svo sem lögum um fjármálafyrirtæki en um það atriði er m.a. fjallað í samkomulagi íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Málið og farvegur þess er núna í höndum fjármálaráðherra sem fer með framkvæmd málsins.

Síðast er spurt hvort ráðherra sé tilbúinn að beita sér fyrir því að haldin verði ráðstefna þar sem nánar er rýnt í einstök atriði tillagnanna með bestu sérfræðingum, erlendum og íslenskum, sem völ er á. Nefnd um endurreisn fjármálakerfisins hefur á engan hátt lokið störfum sínum enda er hér aðeins um fyrstu ársfjórðungslegu starfsáætlun hennar að ræða. Í nefndinni sitja sérfræðingar þeirra stofnana og ráðuneyta sem hlut eiga að máli og sjálfsagt er að stuðla að því að tillögur nefndarinnar fái sem allra víðtækasta kynningu og umræðu í samfélaginu.

[15:01]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka tækifærið til þess að ræða stuttlega þessa fyrstu skýrslu frá nefnd sem kennd er við Mats Josefsson. Þessi skýrsla var ekki einungis lögð fyrir hv. viðskiptanefnd heldur einnig fyrir efnahags- og skattanefnd í síðustu viku. Ég verð að segja fyrir mína parta að þessi skýrsla ber vott um fagmennsku og uppfyllir væntingar um trúverðugleika sem nauðsynlegt er. Það byggist auðvitað að mestu á reynslu og þekkingu Mats Josefssons og því að ekki er verið að finna upp einhverja sérískenska leið heldur er verið að leggja til að farnar verði leiðir sem eru þaulreyndar annars staðar. Þar vísa ég til tillagna um móðurfélag með hlutabréf í bönkunum og eignaumsýslufélag um mikilvægustu fyrirtæki í landinu.

Ég tek undir það sjónarmið sem er grunnur í þessari

skýrslu varðandi bankana að ekki er verið að leysa vanda bankanna sem slíkra heldur er verið að endurreisa efnahagslífið á heilbrigðum grunni. Útfærsla þessara leiða mun síðan kom inn (Forseti hringir.) á borð þingmanna í formi lagafrumvarpa.

[15:02]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Ég held einmitt að það sé margt athyglisvert í tillögum Mats Josefssons enda var hann fenginn hingað til þess að fara yfir þessi mál og við vissum það þegar við réðum hann á sínum tíma að þar væri afar fær og hæfur maður á ferð. Við eigum eftir að rýna betur í þær tillögur en lykilatriðið í þessu öllu saman er að koma bankakerfinu af stað að nýju til þess að fyrirtækin geti fengið ákveðin svör við vandamálum sínum og ekki síður heimilin.

Ég verð því miður að lýsa yfir vonbrigðum með eitt atriði og það er að efnahagsreikningur bankanna skuli ekki liggja fyrir fyrr en í fyrsta lagi í apríl. Það er allt of seint miðað við þær upplýsingar sem við höfðum í síðustu ríkisstjórn. Það er ekki rétt hvað þetta atriði varðar að ekki hafi verið hægt að leggja fram ákveðnar upplýsingar í febrúar, í síðasta lagi í mars, þannig að hægt væri að setja af stað bankakerfið. Nú liggur fyrir að það verður ekki fyrr en í apríl. Við skulum bíða og sjá hvernig fram vindur en við megum engan (Forseti hringir.) tíma missa til þess að svara fyrirtækjunum og heimilunum í landinu, frú forseti, við megum engan tíma missa. En við munum styðja þær aðgerðir frá ríkisstjórninni (Forseti hringir.) sem lúta að því að efla fyrirtækin í landinu, þannig að það sé undirstrikað.

[15:04]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Guðfinnu S. Bjarnadóttur fyrir þessa fyrirspurn. Eins og komið hefur fram er langmikilvægasta málið í þessari endurreisn eftir bankahrunið að koma efnahagsreikningi bankanna í lag og koma hinni almennu bankastarfsemi í landinu í gang. Það hefur ekki gerst.

Við erum búin að vera verklítil eða verklaus marga þingdaga og ég er ekki sammála því sem kom fram hjá hæstv. forsætisráðherra að mörg mál liggi fyrir er varða endurreisn bankanna. Við erum búin að vera verkefnalaus hér á þinginu, við höfum haft fá mál sem engin. Hv. forsætisnefnd veit ekki á mánudögum hvað á að gerast í þinginu næstu vikuna. Verið er að ákveða það dag frá degi, frá klukkutíma til klukkutíma, þannig að vinnubrögðin eru með eindæmum. Ég held að hæstv. forsætisráðherra þurfi að fara að skoða hvað verið er að gera. Það er nákvæmlega ekkert verið að gera í þessum málum. Ríkisstjórnin hefur (Forseti hringir.) engu skilað sl. mánuð.

[15:05]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Það er rétt sem fram hefur komið í þessari umræðu að eitt brýnasta verkefnið sem blasir við okkur í því efnahagshruni sem er staðreynd á Íslandi í dag er að koma bönkunum í starfhæft form.

Ég hjó eftir því hjá hæstv. forsætisráðherra að hún sagði að dregist hefði hjá fyrri ríkisstjórn að fylgja eftir tillögum þess sérfræðings sem við höfum rætt um og ég spyr: Hvernig stendur á því? Ég spyr líka, hæstv. forseti: Hver ber ábyrgð á því að fyrri ríkisstjórn dró lappirnar í því að setja af stað og fylgja eftir þeim tillögum sem við ræðum hér, grundvallartillögum sem eiga m.a. að koma bönkunum í starfshæft form á ný?

Þetta er mjög alvarlegt, hver dagur er dýrmætur. Við þurfum að skoða þessar tillögur og koma fram með lausnir og úrræði. Það höfum við framsóknarmenn verið að gera á vettvangi Alþingis á síðustu dögum og ég spyr enn á ný, vegna (Forseti hringir.) þess að mér finnst mikilvægt að svör komi við þeirri spurningu: Hver ber ábyrgð á því að fyrri ríkisstjórn dró lappirnar í þessu máli?

[15:06]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Þetta er nú dálítið spaugilegt að verða vitni að þeirri umræðu sem hér fer fram þegar sjálfstæðismenn koma hver á fætur öðrum og tala um að það vanti bara kjark og þor og að ekkert sé verið að gera. Það eru ekki margir dagar síðan sjálfstæðismenn voru við völd í landinu og okkur, sem vorum í stjórnarandstöðu — og erum enn, því að ég minni á að Framsóknarflokkurinn er enn þá í stjórnarandstöðu — fannst að ekki hefði tekist að koma málum til framkvæmda í tíð þeirrar ríkisstjórnar, þannig að þetta er dálítill skrípaleikur allt saman.

Mér finnst það toppa allt þegar sjálfstæðismenn koma hver á fætur öðrum og tala um að ekki sé hægt að ljúka við að gera efnahagsreikninga fyrir bankana. Það er m.a. út af því að við höfum engan gjaldmiðil, við höfum ekkert gengi á íslensku krónuna og það gerir okkur erfitt fyrir. Það er eitt af því sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur komið í veg fyrir í mörg ár — og er nánast hægt að tala um áratugi — að við tækjum hér upp gjaldmiðil sem er nothæfur.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Guðfinna S. Bjarnadóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég vil taka fram að ég hef kynnt mér mjög vel verkefni ríkisstjórnarinnar og ég hef líka kynnt mér vel þær tillögur sem þessi nefnd skilaði. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Ég vil líka taka fram að ég óttast að núverandi ríkisstjórn muni ekki sinna endurreisn bankakerfisins og að sú skelfilega bið sem ég nefndi í upphafi máls míns áðan verði enn lengri en hún þarf að vera. Búast má við að endurreisn bankakerfisins bíði því þriðju ríkisstjórnarinnar sem starfar á þessu ári eftir kosningar.

Þetta er bagaleg staða og ég trúi því ekki að ríkisstjórnin ætli ekki að einbeita sér að endurreisn bankakerfisins. Hún gerir það ekki. Hæstv. ráðherra nefndi sérstaklega uppbyggingu eignaumsýslufélaga. Þessi eignaumsýslufélög voru starfrækt í Bandaríkjunum á níunda áratugnum, á Norðurlöndum á tíunda áratugnum, víða um lönd á undanförnum árum og já, það má ýmislegt læra af því. Það er útfærslan á þessum umsýslufélögum sem máli skiptir vegna þess að það þarf að huga að lagalegu umhverfi, fjármögnun og að stjórnun svona fyrirtækja. Við þurfum að vera afar snjöll því að ekkert annað kerfi hefur hrunið á þann máta

sem okkar kerfi hrundi.

Ég sé svo mörg tækifæri, hæstv. forseti, í þeirri stöðu sem nú er. Ég sé endalaus tækifæri fyrir okkur og þess vegna er grátlegt að horfa upp á að tillögurnar eru afar loftkenndar — mig langar helst að vitna í það sem stendur í IV. kafla í skýrslu nefndarinnar vegna þess að það er svo ótrúlega rýrt, en þar er fjallað um eignaumsýslufélögin, en tími gefst ekki til þess.

[15:10]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að það er afar sérkennilegt að sjá og hlýða á að hver sjálfstæðismaðurinn á fætur öðrum skuli koma í pontu og halda því fram að núverandi ríkisstjórn hafi dregið lappirnar að því er varðar endurreisn bankakerfisins. Ég held að sjálfstæðismenn, sem fóru með þessi stóru efnahagsráðuneyti eins og forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið, ættu að horfa í eigin barm að því er varðar endurreisn bankakerfisins. Tillögur Mats Josefssons hefðu getað verið komnar fram fyrir þó nokkru, áður en fyrri ríkisstjórn fór frá völdum, ef sú ríkisstjórn og þeir sem fóru þar með efnahagsráðuneytin hefðu sýnt dug í sér til þess að fylgja þeim málum eftir.

Sama gildir varðandi efnahagsreikning bankanna. Ég hef áhyggjur af því, eins og fram kom hjá hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur áðan, að það skuli dragast að efnahagsreikningar bankanna liggi fyrir, ég er alveg sammála því. En hver fór með fjármálaráðuneytið í tíð fyrri ríkisstjórnar, hver fór með eigendabréfið í ríkisbönkunum? Var það ekki fyrrverandi fjármálaráðherra, Árni M. Mathiesen? Hann hefði getað lagt meira af mörkum til þess að efnahagsreikningarnir lægju fyrr fyrir. Það er alveg ljóst að þeir þurfa að liggja fyrir til þess að hægt sé að fara í nauðsynlega fjármögnun á bönkunum.

Mér finnst þeir því kasta steini úr glerhúsi, hv. sjálfstæðismenn, sem brigsla núverandi ríkisstjórn um að gera lítið í þessum málum. Þvert á móti hefur þessi ríkisstjórn frá fyrsta degi unnið að því að endurskipuleggja bankakerfið sem er forsenda fyrir því að við getum komið fyrirtækjunum í gang. Að halda því fram, eins og sumir sjálfstæðismenn hafa gert, að ekkert sé að gerast hjá þessari ríkisstjórn, hún hafi engin mál lagt fram og þau mál sem hún hafi lagt fram geti bara beðið. Þetta er furðuleg afstaða og ég bið hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins að kynna sér þau mál sem liggja fyrir þinginu og snerta atvinnulífið og aðgerðir fyrir heimilin í landinu. Það er ótrúlegt að því skuli vera haldið fram (Forseti hringir.) að þessi ríkisstjórn sé aðgerðalaus. (Gripið fram í.)

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Endurreisn bankakerfisins.

[15:12]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Ekki ætla ég að fara í einhverja pissukeppni við hæstv. forsætisráðherra um hver gerði hvað og hver gerði ekki hvað. Við vorum saman í síðustu ríkisstjórn og ég segi það skýrt og skorinort: Við berum mikla ábyrgð á ýmsum hlutum sem voru gerðir og ekki gerðir í síðustu ríkisstjórn og við eigum ekki að vera að karpa um það. Það er alveg rétt, það liggur fyrir.

Ég vil líka minna á að það þýðir ekki að stinga höfðinu í sandinn hvað varðar ábyrgð á bankamálum í landinu. Hver var með viðskiptabankaráðuneytið? Samfylkingin stýrði því ráðuneyti en við stóðum saman í þeirri ríkisstjórn, við gerðum margt gott fyrir samfélagið en við gerðum líka marga hluti sem betur hefðu mátt fara, ég held að við hljótum að vera sammála um það.

Við eigum ekki að vera að karpa á þessum nótum, hæstv. forsætisráðherra. (Gripið fram í.) Aðalmálið er að við vinnum áfram fyrir samfélagið og við skulum gera það saman. Við munum styðja ykkur í því að koma bankakerfinu í lag. Við munum gera það með ráðum og dáð og nýtum tíma þingsins fyrst og fremst í það að tala um efnahagsmálin, atvinnumálin og koma bönkunum í lag til þess að fyrirtækin geti starfað í landinu. Ég ítreka það enn og aftur: Við skulum ekki vera að vera að henda (Forseti hringir.) bolta á milli okkar, gerum þessi verk saman. Við munum styðja ykkur.

[15:14]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill taka fram að undir fundarstjórn forseta ber að ræða fundarstjórn forseta.

[15:14]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er nú einmitt það sem ég ætlaði að vekja athygli á, að hæstv. forseti hleypti þingmanni í ræðustól sem framlengdi umræðu sem lokið var en ekki að ræða fundarstjórn forseta. Ég ætla ekki að misnota aðstöðu mína eins og sá hv. þingmaður sem í ræðustólnum var, gerði.

Kortlagning vega og slóða á hálendinu.

Fsp. SF, 344. mál. — Þskj. 587.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Sú er hér stendur setti af stað vinnu árið 2004 við að kortleggja vegi og slóða á hálendinu í samstarfi við hagsmunasamtök. Síðan eru liðin fimm ár. Nú er nefnd að störfum sem í eru umhverfisráðuneytið, fulltrúar frá Umhverfisstofnun, Landmælingum Íslands og Vegagerðinni.

Eftir mikinn þrýsting hafa samtök útivistarfélaga fengið áheyrnarfulltrúa í umrædda nefnd en ég tel ástæðu til að spyrja hæstv. umhverfisráðherra af hverju þessi samtök hafi ekki fullgilda aðkomu að nefndinni. Ég vil draga fram áherslur hæstv. ráðherra á Árósasamninginn þar sem dregið er fram að hagsmunasamtök eigi að koma fyrr að málum og mjög nauðsynlegt er að það eigi við í þessu tilviki.

Ég vil einnig draga fram að það eru ákveðin hagsmunasamtök sem þurfa að koma að þessum málum fyrir utan Samút. Ég ætla að nefna hvað þetta eru stór samtök og

byggi það á munnlegum upplýsingum. Samkvæmt upplýsingum Sveinbjörns Halldórssonar, formanns Ferðaklúbbsins 4×4, eru meðlimir í þeim klúbbi 4.000. Samkvæmt upplýsingum Hrafnkels Sigtryggssonar, formanns Vélhjóla-íþróttaklúbbs Íslands VÍK, eru 1.100 manns í þeim klúbbi og samkvæmt upplýsingum Jakobs Þórs Guðbjartssonar, formanns Slóðavina, sem er nýjasti klúbburinn, eru 300 manns í honum. Þetta er einungis ársgamall klúbbur en mjög mikil gróska er í starfsemi þessara hópa. Svona má lengi telja. Ég vil líka nefna hestamenn og aðra sem hafa hagsmuna að gæta varðandi vegi og slóða, sérstaklega á hálendinu en líka á láglendi.

Það eru 7.000–8.000 torfæruhjól í landinu. Þetta er stór og mikilvægur hagsmunahópur (Gripið fram í.) 70.000 hestar er kallað hérna fram í líka. Ég hef áhyggjur af því hvað lítið samráð er við þessa hópa. Þetta eru hópar sem hafa verið til fyrirmyndar í umgengni við náttúruna og klúbbarnir leggja mjög mikla áherslu á áróður gegn utanvegaakstri og nærgætni við náttúruna. Því þarf að ná þeim nær því ferli að ákveða hvað á að vera opið og hvað á að vera lokað. Þetta eru hópar sem vilja það.

Ég vil jafnframt nefna mælingar sem Landmælingar Íslands hafa gert í samstarfi við Ferðaklúbbinn 4×4. Þar hefur Jón G. Snæland haldið utan um málið, svokallaður Slóðríkur, sem þekkir meira til slóða á hálendinu en margur annar. Mér skilst að mælingarnar séu mjög langt komnar og núna þarf að fara í gang sterkara ferli stjórnsýslulega við það að ákveða hvað á að vera opið og hvað á að vera lokað. Mælingarnar eru ekki lengur að tefja það ferli.

Ég skora því á hæstv. umhverfisráðherra, sem ég veit að vill gjarnan fá grasrótarsamtök og hagsmunasamtök fyrr að ferlinu, að ákveða að Samút fái fullgilda aðild að nefndinni sem er að vinna við þessi mál og að miklu meira samráð verði við þá hópa sem ég hef tilgreint í ræðu minni.

[15:18]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr:

„Er að vænta niðurstöðu verkefnis sem felur í sér kortlagningu vega og slóða á hálendinu og ákvörðunar um hvaða vegi og slóða sé heimilt að aka?“

Eins og hv. þingmaður kom að í máli sínu er henni vel kunnugt um það verkefni sem hér um ræðir en Landmælingar Íslands hafa unnið að því að mæla vegaslóða á landinu um nokkurt skeið. Þetta er afar viðamikið verkefni en vinnunni hefur miðað mjög vel áfram. Mælingunum er ekki að fullu lokið og eðli málsins samkvæmt eru síðustu slóðarnir alltaf tímafrekastir.

Samkvæmt upplýsingum Landmælinga Íslands er eftir að mæla um 300 leiðir á miðhálendinu eða um það bil 2.000 km. Stefnt er að því að þeim mælingum ljúki í sumar, 2009, en hafa ber í huga að bæði veður og færð gæti þó haft áhrif á þá vinnu. Í framhaldi af þeirri kortlagningu vinnur starfshópur undir forustu umhverfisráðuneytisins ásamt sveitarstjórnum að gerð tillagna um hvaða vegir og slóðar í óbyggðum skuli teljast til vega með það fyrir augum að eyða vafa um það efni og loka slóðum sem ekki falla undir skilgreininguna.

Í starfshópnum sitja, eins og hv. þingmaður sagði, fulltrúar frá Umhverfisstofnun, Landmælingum Íslands og Vegagerðinni. Þetta samvinnuverkefni starfshóps og sveitarstjórna er unnið í samvinnu við hagsmunaaðila og áhugasamtök. Erfitt er að segja nákvæmlega til um hvenær vinnunni lýkur en vonast er til að það verði um það bil ári eftir að mælingunum lýkur, sem gæti þá orðið haustið 2010 ef allt gengur eftir áætlun.

Í annan stað spyr hv. þingmaður:

„Hvernig er samráði við Ferðaklúbbinn 4x4, samtök vélhjólamanna, hestamanna og aðra hagsmunahópa háttað í þessari verkefnavinnu?“

Eins og ég sagði áðan er þetta stóra verkefni samstarfsverkefni umhverfisráðuneytisins og sveitarfélaga sem lögsögu eiga á miðhálendinu. Þetta eru þeir aðilar sem bera mesta stjórnsýslulega ábyrgð. Umhverfisráðuneytið fer með náttúruverndarmálin og sveitarfélögin fara með skipulagsvaldið. Ég tel að samráð við hagsmunaaðila í málinu sé mjög mikilvægt. Þegar verkefnið var kynnt sveitarfélögunum í bréfi síðasta haust og síðar á fundi með nokkrum sveitarfélögum á Suður- og Austurlandi lagði starfshópurinn áherslu á samráð við alla hagsmunaaðila. Sveitarfélögin eru almennt jákvæð í garð verkefnisins og þau eru sammála ráðuneytinu að sem flestir eigi að koma að málinu en slíkt er í mínum huga lykilatriði til þess að sem mest sátt náist um verkefnið. Við skulum hafa það í huga að útivistarfélögin gæta mjög mismunandi hagsmuna. Að hluta til eru þetta vélhjólamenn, jeppamenn, hestamenn og göngufólk. Það þarf því að skoða þetta allt saman frá mjög ólíkum hliðum.

Fram að þessu hefur umhverfisráðherra, starfsmenn ráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og Landmælinga hitt félaga í Ferðaklúbbnum 4×4, Samút, samtökum útivistarfélaga, og samtökum vélhjólamanna. Þau samtök hafa komið sjónarmiðum sínum á framfæri og þau sjónarmið eru enn til skoðunar.

Til að auka enn á þetta samstarf við frjáls félagasamtök var nýlega stofnaður samráðshópur um fræðslu um bann við utanvegaakstri á vegum ráðuneytisins þar sem fulltrúar margra hagsmunaaðila hittast, þar á meðal umhverfisverndarsamtaka og útivistarsamtaka. Þessi vettvangur hefur að mati ráðuneytisins verið afar upplýsandi fyrir alla málsaðila en þar hefur m.a. verið upplýst um stöðu þeirrar vinnu sem nú fer fram um kortlagningu slóða og vega á hálendinu.

Að lokum spyr hv. þingmaður:

„Hví eiga fulltrúar hagsmunasamtaka ekki beina aðild að nefndinni sem vinnur verkefnið?“

Því er til að svara að nú eru fyrstu tillögur sveitarfélaganna að verða tilbúnar og í framhaldi af því verður haldinn fundur með öllum hagsmunaaðilum til skoðunar á þeim tillögum, ekki bara til kynningar heldur til skoðunar á þeim, þar sem hagsmunaaðilunum mun gefast kostur á að koma með athugasemdir sínar og tillögur að breytingum. Samráð af því tagi mun halda áfram eftir því sem verkinu vindur fram. Mjög mikilvægt er að þetta ferli sé samtvinnað þannig að hagsmunasamtök eigi aðkomu að ferlinu alveg fram til loka. Það liggur sem sagt fyrir að verkið er unnið fyrir opnum tjöldum og öllum mun gefast kostur á að gera athugasemdir áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að sumir hagsmunaaðilar

hafa óskað eftir að fá beina aðild að starfshópnum til viðbótar við samráðs- og kynningarfundina, en hafa ber í huga að hagsmunaaðilar í þessu máli eru margir. Þar má nefna, eins og ég sagði áðan, jeppa- og vélhjólamenn, önnur útivistarsamtök, umhverfis- og náttúruverndarsamtök, landeigendur, veiðifélög, bændur og fleiri aðila.

Ráðuneytið hefur litið svo á að ákveðin grunnvinna þurfi að fara fram áður en lengra er haldið með hagsmunaaðilunum sem eðli málsins samkvæmt yrðu að gæta mjög ólíkra hagsmuna. Þess vegna hefur ráðuneytið talið að ekki sé vel gerlegt að allir hagsmunaaðilar eigi beina aðild að nefndinni. Engu að síður vill ráðuneytið koma til móts við þær óskir og hefur óskað eftir því að Samút, samtök útivistarfélaga, tilnefni einn fulltrúa sem muni sitja fund með starfshópnum og sveitarfélögunum. Með því auk samráðs- og kynningarfundanna meðan á verkinu stendur og samráðsferli eftir að allar tillögur sveitarfélaga liggja fyrir, tel ég, hæstv. forseti, að vinnan sé unnin á eins opinn hátt og mögulegt er. Við verðum að átta okkur á því að utanvegaakstur er því miður vandamál í íslenskri náttúru (Forseti hringir.) og það skiptir verulegu máli að vinna málið í sátt og samlyndi og fara djúpt ofan í saumana á þessu öllu saman.

[15:23]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Siv Friðleifsdóttur fyrir fyrirspurnina. Ég vil aðeins koma að stuttri athugasemd er varðar aðkomu hestamannafélaga að reiðvegum bæði á hálendi, í þéttbýli og í byggðum á láglendi. Það hefur ekki verið nefnt að samgönguráðuneytið og Vegagerðin hafa um langa hríð haft mjög gott samstarf við Landssamband hestamanna og hin einstöku hestamannafélög og sveitarfélög um reiðvegi í byggð og inn á hálendið. Það eru til þó nokkuð margir kortlagðir stígar og leiðir þar að lútandi.

Þó nokkrir fjármunir eru á samgönguáætlun á ári hverju sem hafa gert virkilega gott hvað þennan málaflokk varðar. Ég vil líka nefna að lokum, frú forseti, að stígagerð kann að vera gott vinnuaflsfrekt verkefni miðað við það (Forseti hringir.) atvinnuástand sem við búum við núna.

[15:24]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kjartan Ólafsson kom einmitt inn á reiðvegina og að settir eru fjármunir í stíga fyrir hestamenn. Þetta sýnir nú dálítið aðstöðumuninn, það er mjög mikið, a.m.k. talsvert gert fyrir hestamenn en nánast ekki neitt fyrir vélhjól. Ekki er einu sinni hægt að koma upp almennilegum æfingasvæðum án þess að það kosti einhver voðaleg átök og leiðindi. Það þarf auðvitað að sinna þeim hópum miklu betur en gert er í dag.

En ég fagna því sem hæstv. ráðherra sagði og ég túlka orð hennar þannig að hún hafi dregið það sérstaklega fram að mjög mikilvægt sé að hafa samráð. Það er rétt.

Hæstv. ráðherra bindur vonir við að hægt sé að klára þetta verkefni 2010. Ég tel að það sé ekki hægt nema að samráð verði mjög sterkt. En ég er svolítið uggandi yfir því sem hæstv. ráðherra sagði að þegar sveitarfélögin eru búin að fara yfir þetta, þá eigi að fara í samráð. Ég tel að samráð þurfi að vera miklu fyrr. Það þarf að vera samhliða. Það er svo erfitt fyrir hagsmunahópa að koma inn seint í ferlið og að brjóta þurfi eitthvað niður sem búið er að setja fram.

Ég tel að málinu sé til hagsbóta að Samút fái fullgildan meðlim í nefndina sem nú er að störfum, ekki bara áheyrnarfulltrúa heldur fullgildan meðlim í nefndina. En þar fyrir utan verði líka alveg sérstakt samráð við hagsmunaaðila. Þeir sem maður hefur verið í sambandi við, ég hef rætt við þessa hópa, finna ekki þetta samráð. Þeir vilja samráð og þeir eru með útrétta hönd en ekki er tekið í þá hönd.

Ég finn þennan góða vilja hjá hæstv. ráðherra og skora því á hæstv. ráðherra að tala aðeins skýrar hvort ekki sé hægt að segja við þessa hagsmunaaðila að það verði örugglega haft samráð á frumstigi og það samráð sé að hefjast.

[15:27]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég get sagt það aftur sem ég sagði í fyrri ræðu minni, ég tel mjög mikilvægt að samráð sé opið og það sé öflugt og allir komist að því borði.

Hins vegar átta ég mig líka á því eins og við hv. þingmenn vitum að skipulagsmál eru með flóknustu málum og hagsmunirnir eru gríðarlega ólíkir. Hagsmunir vélhjólamanna, sem vilja fá slóða með einu hjólfari fyrir hjólin þar sem hægt er að fara í torfæruakstur, fara t.d. ekki saman við hagsmuni þeirra göngumanna sem vilja kannski nýta sömu leið til að ganga í kyrrð íslenskrar náttúru.

Til að allir fái að láta sjónarmið sín koma fram í þessari vinnu þá er að mínu mati búið að opna fyrir það samráð, t.d. fræðsluhópurinn með beinni aðkomu Samút, en það má vel skoða hvort einhverjir fleiri aðilar eigi að koma með beinum hætti að starfi nefndarinnar. En ég held að það sé mjög erfitt að velja þá.

En engu að síður skiptir máli að Samút er þarna við borðið. Fulltrúi frá þeim er til staðar, áheyrnarfulltrúi, en við vitum að ýmislegt gott kemur frá áheyrnarfulltrúum og þeir hafa málfrelsi og tillögurétt. Ég treysti Samútfulltrúunum alveg til þess að koma með þær hugmyndir á fundina sem Samút vill vernda og standa fyrir.

Ég tek undir það að utanvegaakstur er eins og ég sagði áðan vandamál í íslenskri náttúru. Við höfum haft við erfiðleika að glíma vegna þess að farið hefur verið út fyrir slóða. Slóðar hafa verið búnir til þar sem engar heimildir eru fyrir að búa til slóða.

Ég veit af góðum vilja jeppamanna að koma að þessari vinnu og tekið hefur verið í útrétta hönd, a.m.k. að einhverju marki eins og hv. þingmaður veit, þar sem jeppamenn hafa verið með í því að loka slóðum. Meðan ég starfa í umhverfisráðuneytinu (Forseti hringir.) mun ég tala fyrir því að samráðið verði styrkt og verði sem öflugast.

Umræðu lokið.

[15:29]

Útbýting:

Fjöldi starfsmanna í umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun, 377. mál, fsp. JónG, þskj. 639.

Framlög til framkvæmdar byggðaáætlunar, 307. mál, svar iðnrh., þskj. 614.

Virðisaukaskattur, 289. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 637; brtt. efh.- og skattn., þskj. 638.

Einföldun á almannatryggingakerfinu.

Fsp. EBS, 338. mál. — Þskj. 578.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram) (Sf):

Hæstv. forseti. Á vordögum árið 2007 þegar allt lék í lyndi var mynduð ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar og lagður fram stjórnarsáttmáli sem m.a. fól í sér að endurskoða skyldi almannatryggingakerfið. Reyndar var mörgu komið í verk í framhaldi af þeirri stjórnarmyndun á meðan sú stjórn sat, tekjutenging maka var afnumin, persónuafsláttur og skattleysismörk hækkuð og svo mætti áfram telja.

Í samræmi við stjórnarsáttmálann var sett á laggirnar nefnd til að stokka upp þetta flókna og stundum rangláta kerfi og regluverk sem hefur flækt greiðslu bóta og réttindi bæði aldraða og öryrkja. Öllum er ljóst að öll viðmið og aðstaða í tryggingabótakerfinu hafa laskast verulega í kjölfar bankahrunsins og fjármálakreppunnar. Engu að síður og kannski þess vegna er enn brýnna en fyrr að gera lagfæringar og standa vörð um almannatryggingakerfið.

Mér er kunnugt um að nefndin, sem sett var á laggirnar undir forustu Stefáns Ólafssonar prófessors, hefur starfað áfram þrátt fyrir hrunið og stjórnarskiptin og ég leyfi mér því að beina þeirri spurningu til hæstv. félagsmálaráðherra hvort einhverjar niðurstöður liggi fyrir, hvort nefndin hafi skilað tillögum eða hvort ekki megi treysta því að endurskoðun og uppstokkun tryggingakerfisins séu enn á dagskrá stjórnvalda.

Engum blandast hugur um að á erfiðum tímum í þjóðarbúskapnum er eitt af forgangsverkefnunum að treysta velferðina og velferðarnetið og áríðandi að það sé réttlátt og skilvirkt og komi skjólstæðingum Tryggingastofnunar ríkisins að sem bestum notum. Ég spyr því, virðulegur forseti, og beini spurningu minni til hæstv. félagsmálaráðherra: Hver er staðan í þessum málum nú um mundir?

[15:32]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ellerti B. Schram fyrir þessa spurningu um endurskoðun og einföldun á almannatryggingakerfinu og hvað því starfi líði. Eins og hv. þingmaður nefndi í ræðu sinni skilaði verkefnisstjórnin mjög umfangsmiklum tillögum um fyrstu aðgerðir til að breyta almannatryggingakerfinu í lok ársins 2007 og voru þær flestar lögleiddar á síðasta ári og fólu í sér miklar og mikilvægar breytingar á kjörum elli- og örorkulífeyrisþega með afnámi makatengingarinnar, eins og hv. þingmaður nefndi, afnámi skerðingarbóta vegna séreignarsparnaðar, setningu frítekjumarks á fjármagnstekjur, hækkun frítekjumarks vegna lífeyrissjóðstekna öryrkja og atvinnutekna allra lífeyrisþega og lækkun skerðingarhlutfalls ellilífeyris og svo mætti lengi telja — sem ég ætla ekki að gera, því hv. þingmenn þekkja þetta frá árinu 2007.

Verkefnisstjórninni var síðan ætlað að skila tillögum um langtímastefnumótun og nauðsynlegar lagabreytingar þar að lútandi fyrir 1. nóvember 2008. Ljóst er að ekki er um einfalt verk að ræða og hefur sá tími sem verkefnisstjórnin fékk til umráða reynst of skammur og sérstaklega í ljósi þess sem gerðist í lok síðasta árs. Þá hefur verkefnisstjórnin fengið í hendur ýmis fleiri verkefni svo sem að koma með útfærslur á tillögum um svokallaða lágmarksframfærslutryggingu sem kom til framkvæmda 1. september og tryggir lífeyrisþegum ákveðna lágmarksfjárhæð til framfærslu. Eins og menn vita er sú fjárhæð 180 þús. kr. á mánuði fyrir þá sem njóta heimilisuppbótar og 153.500 fyrir þá sem ekki njóta heimilisuppbótarinnar, þ.e. halda heimili með öðrum.

Ég hef lagt mikla áherslu á það að verkefnisstjórnin haldi áfram því góða starfi sem hún sinnir, enda er aldrei mikilvægara en nú að við hlúum að velferðarkerfinu og treystum það þannig að þeir sem þurfa að treysta á framfærslu þess fái þann stuðning sem þeim ber. Þess vegna er áríðandi að verkefnisstjórnin hraði verki sínu og ég hef beðið hana um að skila umræðutillögum í þessum mánuði. Hér verður um að ræða stefnuskýrslu þar sem reifaðir verða gallar núverandi kerfis og lagðar fram hugmyndir um breytingar og úrbætur. Nýjar hugmyndir munu byggja á heildstæðri endurgerð lífeyrisþáttar almannatryggingakerfisins með mikilli einföldun, auknu gagnsæi og breyttri virkni í samskiptum lífeyrissjóða og almannatrygginga. Í þessu felst m.a. fækkun bótaflokka, hækkun frítekjumarka og breyttar reglur um skerðingarákvæði vegna tekna. Eftir að þær hugmyndir hafa verið kynntar hagsmunaaðilum og öðrum mun verkefnisstjórnin taka þær aftur upp til lokafrágangs og semja tillögur að lagabreytingum um endurskoðun löggjafarinnar. Við endurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar verður að vanda til verka, mikið er í húfi og horfa verður til framtíðar. Sú löggjöf sem við búum nú við er að stofni til gömul og margstagbætt, eins og ég hef oft nefnt í þessum ræðustól.

Nú á sem sagt að gera grundvallarbreytingar á kerfinu í heild en ekki setja plástur á það eins og hefur tíðkast á undanförnum áratugum. Óhjákvæmilegt er að erfitt efnahagsástand hafi áhrif á störf verkefnisstjórnarinnar og fyrirhugaðar breytingar á lífeyriskerfinu. Ég tel ljóst að breytingarnar verði að taka gildi í áföngum en komi ekki allar til framkvæmda á sama tíma. Stefni ég að því að fyrstu breytingarnar í þeirri heildarendurskoðun sem fram undan er öðlist gildi um næstu áramót og þá verði fyrst og fremst um að ræða breytingar sem ekki kosta mikla fjármuni en þjóna þeim tilgangi að einfalda kerfið og gera það gagnsærra. Þannig verður í fyrstu atrennu gerð tillaga um nýtt heildstætt kerfi sem ekki þarf að fela í sér meiri útgjöld en nú eru í lífeyristryggingunum. Hafa þarf í huga að þær lagabreytingar sem verkefnisstjórnin vinnur að verða ekki unnar án þess að litið sé á heildarmyndina. Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins hefur um nokkurt skeið unnið að tillögum sem fela í sér algera endurskoðun á fyrirkomulagi örorkumats. Stefnt er að áherslubreytingu þannig að nálgun matsins sé jákvæðari og litið á hvað fólk getur en ekki hvað það getur ekki. Samhliða hefur verið unnið að fjölgun

starfsendurhæfingarúrræða og því miður hefur vinna við breytingar á örorkumatskerfinu gengið hægar en æskilegt er þótt tillögugerð sé komin nokkuð á veg. Ég tel óheppilegt að fjalla um jafnskyld mál og endurskoðun almannatryggingakerfisins og nýtt örorkumatskerfi hjá tveimur ráðuneytum (Forseti hringir.) og hef því ákveðið að leita samráðs við forsætisráðuneytið um hvort færa megi verkefni örorkumatsnefndarinnar til félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

[15:37]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ellerti B. Schram fyrir að spyrja þessarar mikilvægu spurningar því að beðið er eftir því að við fáum einhverja niðurstöðu í þessi mál og við hljótum öll að stefna að því að þeir fjármunir sem við setjum í almannatryggingakerfið skili sér fyrst og fremst til þeirra sem þurfa á því að halda. Ég held að við getum öll verið sammála um að kerfið sem við búum við í dag er því miður ógagnsætt og flókið, fólk á erfitt með að skilja það og þess vegna er mikilvægt að einfalda það eins og kostur er. Einsýnt er að ný ríkisstjórn mun innleiða nýtt og einfaldara almannatryggingakerfi. Ég vona að við framsóknarmenn fáum aðkomu að þeirri vinnu að afloknum kosningum og við lýsum okkur reiðubúna til að stuðla að því að íslenska almannatryggingakerfið verði öryggisnet sem hjálpar þeim sem þurfa á samfélagslegri aðstoð að halda og við hljótum að stefna að því að búa til betra og einfaldara kerfi til að skapa betra Ísland.

[15:39]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrirspurnina og hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra svörin. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra áfram með það verk sem hún er greinilega mjög einbeitt í að vinna, að halda áfram með þá vinnu sem fyrri ríkisstjórn hafði um einföldun á almannatryggingakerfinu. Ég held að þar séu veruleg tækifæri til að auka þjónustu við almenning í þessu landi, við þá sem þurfa á þessari þjónustu að halda.

Ég vil líka beina því til hæstv. ráðherra að við þessa öld sem nú er uppi í þjóðfélaginu, og ég veit að hún tekur undir það með mér, skiptir þetta kerfi gríðarlegu máli. Ég held að ef við náum að gera lagfæringar og einfalda kerfið sparist fjármunir sem ég treysti að muni nýtast þeim sem á þurfa að halda og vil þess vegna hvetja hæstv. ráðherra til að líta til þess í öllum sínum verkum að reyna að ná í aukafjármuni til hjálpar þeim sem nú þurfa mest á hjálp að halda.

[15:40]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka það að þessi fyrirspurn kom fram og þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra gaf. Ég vek athygli á því að á síðasta kjörtímabili fluttu þingmenn Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Frjálslynda flokksins sameiginlega tillögu um framtíðarskipan lífeyrismála og ég held að þar hafi verið lagt upp með nokkuð merkilegt plagg og merkilega framsetningu, sem byggði á því að þeir sem þurfa aðstoð geti fengið hana og síðan verði sérstaklega litið til þess að fólk komist almennt af á þeim tekjum, lífeyrisgreiðslum og þjónustu sem ríkið er tilbúið til að veita og veitir á hverjum tíma.

Nú hagar hins vegar þannig til, hæstv. forseti, að frítekjumark er komið á ýmsar tekjur, fjármagnstekjur, atvinnutekjur og á séreignarsparnaði verður ekki skerðing en út af stendur eitt, venjulegar lífeyristekjur sem skerða tryggingabætur. (Forseti hringir.) Ég beini því sérstaklega til ráðherra að huga að því.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. alþingismönnum sem hér hafa tekið til máls og þakka þeim fyrir skilning sem ég held að endurspegli þann samhljóm sem er í þingsölum og í þjóðfélaginu að standa þurfi vörð um almannatryggingakerfið hvernig svo sem öllu reiðir af að öðru leyti. Ég færi líka hæstv. félagsmálaráðherra þakkir fyrir þær upplýsingar sem hér eru gefnar. Þær eru rifjaðar upp bæði af honum og mér að margt gott hefur verið gert síðan 2007 til bóta fyrir þetta kerfi og nú er sem sagt unnið hörðum höndum að því að leggja fram skilvirkari og stærri skýrslu um einföldun og gagnsæi í kerfinu, sem því miður hefur stundum verið allt of flókið og kannski ekki allt of skilvirkt og hefur falið í sér margvíslegar skerðingar sem hinn venjulegi almúgi á erfitt með að átta sig á.

Hér er um að ræða ánægjulegar upplýsingar og merkilegt grundvallarmál sem snýr að því að verja velferðina og þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu og lágmarka þann skaða sem hinir lægst settu bera af þeim áföllum sem þjóðin hefur orðið fyrir. Ég sendi hæstv. ráðherra mínar bestu stuðningskveðjur og hvet til þess að þetta starf haldi áfram og við sjáum eitthvert ljós í þeirri skýrslu sem ráðherrann á von á seinna í vetur.

[15:43]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa mikilvægu umræðu og tek undir með þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í henni að þetta er eitt mikilvægasta málið í dag við þessar aðstæður. Það almannatryggingakerfi sem við eigum er okkur ákaflega dýrmætt og við verðum að standa vörð um þá sem treysta á það.

Varðandi það sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi þá er búið að koma inn í lögin lágmarksframfærsluviðmiði til að tryggja að enginn búi við tekjur undir framfærslu. Nefndin er að vinna í því og það verður unnið áfram, ég á von á því að fá tillögur í þessum mánuði og tel mjög mikilvægt að nefndin hraði störfum sínum. Það er alveg rétt að kerfið er allt of flókið, við verðum að einfalda það og það verður að vera gagnsætt.

Ég heimsótti Tryggingastofnun ríkisins í gær og hitti allt starfsfólkið. Þar kom fram hversu mikilvægt er að fólk skilji hvað það fær frá stofnuninni, annars er hætta á að traust á hana verði ekki eins og það ætti að vera, þannig að við verðum að stíga þau skref fljótt að einfalda og auka gagnsæið og þetta verður að vera það öryggisnet sem því er ætlað. Möskvarnir verða að halda, sérstaklega þegar þrengir að, því þarna er fólk sem þarf stuðning.

Ég vil nefna í lokin að einnig hefur verið talað um að sameina jafnvel Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun í nýja vinnu- og velferðarstofnun, en þetta er nokk-

uð sem fyrirrennari minn nefndi þegar hún mælti fyrir þeim breytingum sem hún stóð fyrir á sínum tíma. Við þurfum líka að skoða nýskipan í örorkumálunum, eins og ég nefndi. Mjög mikilvægt er að huga að öllum þessum þáttum og auðvitað þarf að horfa á þetta allt saman í heild og ekki eðlilegt að verið sé að skoða þetta aðskilið á mörgum stöðum.

Ég þakka umræðuna og mun (Forseti hringir.) gera allt sem ég get til að ná þessu fram á þeim stutta tíma sem ég hef.

Umræðu lokið.

Hólaskóli – Háskólinn á Hólum.

Fsp. MS, 347. mál. — Þskj. 595.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson) (F):

Hæstv. forseti. Ég beini hér spurningum til hæstv. menntamálaráðherra varðandi Hólaskóla, þ.e. Háskólann á Hólum. Háskólinn á Hólum er mjög mikilvæg stofnun og þar er rekin mjög myndarleg starfsemi. Þar hefur átt sér stað mikil uppbygging á undanförnum árum, bæði heima á Hólum og á Sauðárkróki í tengslum við fiskeldisrannsóknir og -kennslu. Skólinn hefur reynst mjög dýrmætur fyrir landbúnaðinn í landinu, uppbyggingu ferðaþjónustu og ekki síst fyrir Skagafjörðinn sem heimahérað.

Allt of mörg undanfarin ár hefur skólinn glímt við rekstrarvanda sem tengist mikið þeirri uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað. Þar hefur mikil vinna verið unnin og margar tillögur komið fram um lausnir á því máli á undanförnum árum. Í tengslum við það hefur verið unnið að tillögugerð og umfjöllun um breytingar á rekstrarformi skólans. Ég hygg að komið hafi fram tillögur um það á síðasta ári þar sem fjallað var um að breyta rekstrarforminu í sjálfseignarstofnun.

Á síðasta ári var einnig unnið að lausnum á rekstrarvandanum. Samþykktar voru fjárheimildir í fjáraukalögum fyrir árið 2008 til að taka á halla sem safnast hafði upp í rekstrinum og ef ég man rétt var bætt við fjárheimildir í fjárlögum 2009.

Hins vegar er það svo, virðulegur forseti, að samhliða fjárhagsvanda skólans hafa ýmsir kvartað yfir því, a.m.k. í mín eyru, að illa gangi að fá uppgjör á skuldum skólans gagnvart viðkomandi aðilum. Það er auðvitað ekki gott, hvorki fyrir skólann né viðkomandi aðila. Það er mjög mikilvægt að fá botn í þessi mál öll sem fyrst. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að núv. hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki mikinn tíma til þess en ég hygg þó að fyrir liggi ýmiss konar vinna og gögn og áform í menntamálaráðuneytinu varðandi þessi mál.

Ég leyfi mér að beina tveimur spurningum til hæstv. ráðherra:

1. Hvað líður fyrirhuguðum breytingum á rekstrarformi Hólaskóla – Háskólans á Hólum?

2. Hvenær mega kröfuhafar vænta uppgjörs á vangreiddum skuldum skólans?

[15:49]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Stefánssyni þessa fyrirspurn. Það er ljóst að starfsumhverfi landbúnaðarskólanna á Hólum og Hvanneyri breyttist mjög þegar þeir voru færðir frá landbúnaðarráðuneytinu yfir til menntamálaráðuneytis á sínum tíma. Áður höfðu skólarnir gengið í gegnum miklar breytingar í sínu starfi. Þeir voru færðir upp á háskólastig og þar hefur verið mikil uppbygging á báðum stöðum, mikil fjölbreytni í námsframboði, eins og hv. þingmaður benti réttilega á, og mikið líf í starfseminni.

Hins vegar er rétt að Hólaskóli hefur átt við rekstrarvanda að stríða og sama má segja um Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Það liggur líka fyrir að ýmsar hugmyndir sem tengjast framtíð beggja skólanna hafa verið unnar í menntamálaráðuneytinu og viðræður hafa verið á ýmsum stöðum. Varðandi framtíðarsýn Hólaskóla þá eru Hólar sérstakur staður því að þetta er ekki aðeins skóli, þetta er sveitasetur, byggðarkjarni, kirkjustaður og menningarsetur. Hólar eru í raun einstakur staður sem þarf að hugsa í þeirri heild sem hann er.

Fyrir lágu hugmyndir um að breyta skólanum í sjálfseignarstofnun en það verður ekki gert nema með lagabreytingu. Liggur fyrir að sú ríkisstjórn sem nú situr fer ekki í lagabreytingar af því tagi, enda einbeita menn sér að þeim málum sem tengjast sérstaklega verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar.

Sú sem hér stendur hefur ekki endanlega tekið afstöðu til þessa rekstrarforms, hvernig það hentar, en hins vegar er algjörlega ljóst að taka þarf á rekstrarvandanum og það er brýnt. Í því skyni hef ég skipað samstarfshóp þriggja ráðuneyta, landbúnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis, sem mun fara yfir rekstrarstöðuna, bæði hjá Hólaskóla og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Honum er ætlað að skila tillögum um úrbætur til menntamálaráðherra eigi síðar en 20. mars nk. enda tel ég að það sé í raun lykilverkefni hvernig ná megi jafnvægi í rekstri skólanna. Út frá því getum við velt fyrir okkur hugmyndum um framtíðarsýn og hvert þróa eigi skólana. Þetta er mál sem brennur á starfsfólki skólanna og á starfi þeirra þannig að þessum hóp er ætlað að vinna hratt.

Frá áramótum hefur verið unnið af krafti að því að fara yfir bókhald Hólaskóla og ná utan um reksturinn, ná samningum við kröfuhafa og gera raunhæfa rekstraráætlun. Rekstraráætlun fyrir yfirstandandi fjárlagaár hefur verið samþykkt og hún gerir ráð fyrir því að rekstur verði innan fjárheimilda ársins en enn þá liggur fyrir einhver hali. Samkvæmt upplýsingum frá tilsjónarmanni skólans er miðað við að skuldauppgjör liggi endanlega fyrir þann 15. mars nk. þannig að unnið er að þessum málum.

Ég ítreka það sem ég hef þegar sagt, að við tilfærsluna frá landbúnaðarráðuneyti yfir til menntamálaráðuneytis breyttist margt í starfi skólanna. Það hefur mjög margt breyst og mikil uppbygging hefur verið sem er hluti af þeirri bágu rekstrarstöðu sem þeir eiga báðir við að stríða. Ég tel mjög mikilvægt að við vinnum að því að ná þar jafnvægi áður en frekari ákvarðanir verða teknar, það er númer eitt. Hugmyndir um breytt rekstrarform hafa ekki verið

slegnar út af borðinu. Þær bíða betri skoðunar og það bíður næstu ríkisstjórnar að taka ákvarðanir um þau málefni.

[15:52]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Magnúsi Stefánssyni fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Ég heyri á máli hæstv. menntamálaráðherra að verið er að vinna í málunum sem er afar nauðsynlegt því að vandi þessara skóla á undanförnum árum hefur iðulega birst okkur þannig í fjárlaganefndinni að þar hafi safnast upp skuldir og rekstur verið erfiður. Það er ekki viðunandi til framtíðar að þannig verði málum háttað og þess vegna fagna ég því sérstaklega sem ráðherra upplýsir hér að verið sé að skoða báða skólana, ekki bara Hólaskóla heldur einnig Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Ég vænti þess að út úr þeirri skoðun komi tillögur sem byggja megi á, að þessir skólar geti rekið sig í framtíðinni með þeim glæsibrag sem þeir vissulega eiga rétt á að gera og haldi þar uppi eðlilegri kennslu og þjónustu. (Forseti hringir.) Umsóknir í skólana hafa verið nægar og við þurfum að gæta sérstaklega að því að þessi menntun verði áfram í boði og dragist ekki saman.

[15:54]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Gríðarleg uppbygging hefur verið á háskólasviðinu á síðustu árum. Við höfum náð að fjölga háskólanemum og byggja upp kennslu og rannsóknir á markvissan hátt. Að mínu mati eykst mikilvægi menntamálaráðuneytisins enn meira vegna þess að við förum nú í gegnum erfiða tíma og við vitum að ein meginviðspyrnan í þeim erfiðleikum verður menntun, rannsóknir og sprota- og nýsköpun sem er ekki síst afleiðing öflugs háskólastarfs.

Þar kemur Háskólinn á Hólum sterkur inn en það er lykillinn að því að við náum jafnvægi í rekstri. Ég tek undir með hæstv. menntamálaráðherra að það skiptir miklu máli. Á þeim grundvelli, af því að fyrir lá ákveðin skýrsla, var ákveðið að setja inn í fjárlög og fjáraukalög um 170 milljónir til þess að styrkja rekstur skólans með það að markmiði að fá atvinnulífið, aðila heima í héraði, til þess að bera enn meiri ábyrgð á rekstrinum. Ég er sannfærð um að það sé farsældarspor að fá fleiri til (Forseti hringir.) að bera ábyrgð á rekstri þeirrar mikilvægu starfsemi sem fram fer á Hólum. Við verðum að halda betur utan um hana, við verðum að styðja skólann en við verðum að gera það markvisst og með reksturinn í huga. Öðruvísi næst það ekki.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson) (F):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir þau svör sem komu fram hjá henni áðan og fagna því að verið er að vinna að þessum málum í menntamálaráðuneytinu og reyndar í samstarfi við fleiri ráðuneyti. Ég fagna því jafnframt að það eigi að vinna hratt og vel. Ég held að það sé mjög mikilvægt vegna þess að staðan er þannig að það má ekki dragast mikið að fá niðurstöðu í þessi mál.

Ég tek líka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, fyrrv. menntamálaráðherra, um mikilvægi þess að fá fleiri aðila að rekstri Hólaskóla. Ég tel að starfsemi skólans sé þannig að það sé mjög eðlilegt að gera það og nauðsynlegt að það takist. Það tengist þá væntanlega umræðunni um rekstrarformið með einhverjum hætti.

Ég ítreka þakkir til hæstv. ráðherra og hvet hana til að nota vel þann stutta tíma sem hún hefur til umráða í menntamálaráðuneytinu á næstu vikum til þess að leggja áherslu á að niðurstaða fáist í þessi mál sem fyrst. Ég geri mér líka grein fyrir því að væntanlega verður ekki farið í lagabreytingar á þessu þingi. Ég hef fullan skilning á því en hvet hæstv. ráðherra til dáða, Hólaskóla til heilla.

[15:57]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum umræðuna. Ég tel að okkur sem hér höfum talað sé öllum umhugað um rekstur þessara skóla og að honum verði komið í jafnvægi. Þó að ekki sé unnt að fara í gegnum lagabreytingar á þessu þingi er unnt að vinna að rekstrarmálum og það verður gert. Vonandi sjáum við niðurstöður og tillögur í þeim efnum nú í lok mars, eins og áðan kom fram í máli mínu. Ég er vongóð um að þær muni skila árangri og ég er líka fullviss um að landbúnaðarfræðslan á mikla framtíð fyrir sér áfram hér á landi. Þetta eru gríðarlega mikilvæg fræðslusvið og rannsóknarsvið þar sem mikil gróska hefur verið. Við munum ekki vanrækja það í framtíðinni.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 15:58.

---

94. FUNDUR

miðvikudaginn 4. mars,
kl. 6 síðdegis.

Dagskrá:

Kosningar til Alþingis, frv., 368. mál, þskj. 622. — Frh. 1. umr.

[18:03]

Útbýting:

Efling kræklingaræktar, 380. mál, fsp. ArnbS, þskj. 642.

Ferðaþjónusta á Melrakkasléttu, 378. mál, fsp. ArnbS, þskj. 640.

Framkvæmd samgönguáætlunar, 382. mál, fsp. ArnbS, þskj. 644.

Notendastýrð persónuleg aðstoð, 383. mál, fsp. ÁI, þskj. 645.

Sjónvarpsútsendingar í dreifbýli, 381. mál, fsp. ArnbS, þskj. 643.

Stuðningur við íslenskan landbúnað, 379. mál, fsp. ArnbS, þskj. 641.

Tillögur Norðausturnefndar, 384. mál, fsp. ArnbS, þskj. 646.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 368. mál (persónukjör). — Þskj. 622.

[18:04]

Geir H. Haarde (S):

Virðulegi forseti. Ég vil segja nokkur orð um það frumvarp sem mælt var fyrir fyrr í dag um breytingar á kosningalögunum. Ég vil að það komi strax fram að Sjálfstæðisflokkurinn er ekki aðili að flutningi þessa máls og var ekki gefið færi á að koma með athugasemdir eða ábendingar varðandi frumvarpið þótt málið hafi vissulega verið kynnt fyrir flokknum. Þessi vinnubrögð fara mjög í bága við það sem tíðkast hefur þegar breytingar hafa verið gerðar á kosningalögum og kannast ég ekki við það þau 22 ár sem ég hef setið á þingi að staðið hafi verið að málum með þessum hætti.

Mér er reyndar illskiljanlegt hvers vegna þetta tiltekna mál er nú svo mikilvægt í augum núverandi stjórnarflokka vegna þess að ég minnist þess ekki að það hafi nokkurn tímann borið á góma í fyrri ríkisstjórn að brýnt væri að breyta reglum um kosningar til Alþingis.

Ástæðan fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn tekur ekki þátt í því að leggja þetta frumvarp fram er hins vegar ekki sú að við séum endilega á móti því að opna möguleika á auknu persónukjöri við kosningar. Við teljum hins vegar, eins og komið hefur fram, að slík breyting þurfi miklu meiri og betri undirbúning en hér hefur átt sér stað og miklu meiri umræður í þjóðfélaginu sjálfu. Þær hafa nákvæmlega engar verið í tengslum við málið núna.

Við teldum fara vel á því að ef það ætti að stíga skref sem þetta væri gerð tilraun, t.d. í næstu sveitarstjórnarkosningum í sveitarfélögum sem þess kynnu að óska, sem gengi út á að prófa hvernig svona fyrirkomulag virkar og hvort ánægja yrði með það hjá viðkomandi kjósendum.

Hugmyndin sem slík er að sjálfsögðu umræðunnar virði, en á henni eru hins vegar ýmsir ágallar. Það eru þeir sem ekki hafa verið ræddir nægjanlega mikið að okkar dómi og það eru þeir sem gera það að verkum að ýmsir hafa fyrirvara á þessu máli, efnislega séð, burt séð frá vinnubrögðum og tímasetningu.

Með frumvarpi sem þessu er í raun og veru verið að flytja prófkjörin hjá flokkunum inn í sjálfar kosningarnar. Þannig háttar til um þessar mundir að ég held að allir stjórnmálaflokkarnir séu meira og minna búnir að skipuleggja hjá sér einhvers konar prófkjör eða forval. Slík barátta er oft hörð eins og við þekkjum og þess eru dæmi að menn hafi legið sárir eftir slík átök og það hafi tekið ákveðinn tíma að jafna mál á milli manna eftir slíkt.

Ég held að menn þurfi að hugsa það alveg í þaula hvernig þeir sjá fyrir sér kosningabaráttu, t.d. til Alþingis, þar sem takast á stjórnmálaflokkar ef stjórnmálamennirnir innan flokkanna eru síðan innbyrðis að takast á um röðun í sæti á lista. Og hver er leiðtogi listans í hverju kjördæmi fyrir sig ef þannig háttar til og hver er talsmaður hans ef ekki er búið að ganga frá því fyrir fram?

Annað mál sem þetta snertir er svo það að við höfum nýlega samþykkt hér á Alþingi frumvarp um fjármál stjórnmálaflokka þar sem kveðið er á um fjármögnun prófkjörsbaráttu. Ef þetta tvennt blandast saman, prófkjörsbarátta og kosningabarátta, hvernig á þá að víkja reglunum um fjármögnun að slíku nýju dæmi? Það hefur ekki verið hugsað í þessu frumvarpi. Hvernig á að ganga frá fjárveitingum eða fjáröflun í þessu skyni? Á að telja fjárstyrki til einstakra frambjóðenda með framlögum til flokkanna innan þess hámarks sem leyfilegt er að gefa flokkunum af hálfu einstaklinga eða fyrirtækja eða á að fara einhverja aðra leið í því? Þessum spurningum hefur ekki verið svarað en það hefði verið eðlilegt að taka á slíkum atriðum í þessu frumvarpi og breyta því þar með í bandorm og breyta þessum lögum þá í leiðinni. Þetta er eitt af því sem ekki hefur verið fjallað um svo að ég nefni bara nokkur atriði í þessu sambandi sem mér finnst leika vafi á.

Ég hef látið koma hér fram fyrr í dag að við teljum þess utan að þetta mál sé allt of seint fram komið. Kosningar eiga að fara fram samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið á blaðamannafundi forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar 25. apríl. Þangað til eru rúmar sjö vikur. Í tilmælum frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, og frá Feneyjanefndinni svokölluðu, sem starfar, að ég hygg, á vegum Evrópuráðsins, er farið yfir hvað teljast góðar venjur og góðir siðir þegar kemur að kosningareglum. Báðir aðilarnir telja að ekki eigi að breyta reglunum nema með mjög góðum fyrirvara fyrir kosningar. Í ÖSE-skjalinu um þetta er talað um að reglum eigi ekki að breyta nema ár sé í kosningar, að minnsta kosti. Reyndar er það Evrópuráðsnefndin, Feneyjanefndin, sem talar um eitt ár, hinn hópurinn talar um mjög góðan fyrirvara.

Ég tel að gera verði greinarmun hér á efnisbreytingum á kosningalögunum og svo tæknilegum eða smávægilegum breytingum. Ég tel að við getum leyft okkur að breyta kosningalögunum, þótt með stuttum fyrirvara sé, ef um er að ræða hreinar tæknilegar breytingar eins og við höfum reyndar gert þessa dagana og hefur stundum áður verið gert. En tillagan sem gerð er í frumvarpinu hér í dag er ekkert smámál, hún er um að gjörbreyta eðli kosningafyrirkomulagsins. Þess vegna þarf að gefa eðlilegan fyrirvara á slíku. Þess vegna held ég mig við það sem ég hef áður sagt, það stendur til með þessu að breyta leikreglunum í miðjum leik. Það bara gengur ekki upp að mínum dómi, þegar flokkarnir eru farnir að vinna eftir gildandi reglum og allir hafa gengið út frá því að stillt yrði upp með hefðbundnum hætti.

Menn verða síðan að gera upp við sig hvort þeir vilja efnislega flytja prófkjörin inn í kosningarnar sjálfar og þar hefur hver og einn þá skoðun sem hentar en ég er efasemdamaður í því efni þótt ég telji sjálfsagt að ræða þetta mál.

Síðan hefur önnur spurning komið hér fram í andsvörum fyrr í dag. Spurt var hvort flutningsmenn hefðu leitað af sér allan grun um það hvort í þessu efni, varðandi breytingar sérstaklega á 110. gr. kosningalaganna, ætti við það ákvæði stjórnarskrár að til að geta gert breytingar þyrfti tvo þriðju hluta alþingismanna, tvo þriðju samþykktra atkvæða á Alþingi, til að slíkar breytingar næðu fram að ganga.

Um þetta ríkir vafi og lögð hafa verið fram tvenns konar lögfræðiálit í þessu skyni þar sem lagt er á þetta mat. Ég tel ekki að við þurfum sérstaklega á því að halda að kalla fram lögfræðileg vafaatriði eða ágreining um mál sem þetta eins og nú standa sakir í þjóðfélaginu. Ég tel að nóg sé komið af slíku, ríkisstjórnin er að taka ákveðna áhættu gagnvart stjórnarskránni við ráðningu á nýjum seðlabankastjóra, við höfum ekki gert okkur mat úr því hér í þingsal en ég tel ekki að bæta eigi fleiri slíkum vafaatriðum inn í þá þjóðfélagsmynd sem við erum að fást við hér á Alþingi núna. Það á ekki að búa til lögfræðileg álitamál að ástæðulausu, það á ekki að kalla fram vafa um það hvort gerningar framkvæmdarvalds eða löggjafarvalds standist stjórnarskrána.

Við vitum aldrei hvenær einhver fer í mál og lætur á slíkt reyna. Og hvað gera menn ef ákvarðanir eru dæmdar ógildar af þar til bærum dómstólum við aðstæður sem þessar? Ég tel að um þetta ríki vafi, ég hef séð lögfræðiálit sem hníga í báðar áttir hvað þetta atriði varðar og það eitt nægir manni til að sýna fram á að það er vafi í málinu og honum hefur ekki verið eytt.

Ég vil svo bæta því við, virðulegi forseti, að Alþingi hefur mörgum mikilvægum hnöppum að hneppa um þessar mundir. Ríkisstjórnin hefur kynnt það að hún sé búin að afgreiða ein 29 þingmál, frumvörp og þingsályktunartillögur, sem taka þurfi til afgreiðslu hér á Alþingi. Einhver þeirra eru komin fram, eitt eða tvö mál hafa þegar verið afgreidd, annað er í þingflokkum stjórnarflokkanna og enn annað er ekki einu sinni komið það langt. Sum þessara mála eru það sem kallast mundu góð mál í þeim skilningi að um þau ætti að geta orðið góð sátt og eins og margoft hefur komið fram munum við í Sjálfstæðisflokknum greiða fyrir öllum slíkum málum sem varða hagsmuni atvinnulífs og einstaklinga í þeirri efnahagskreppu sem nú er við að fást. En mál sem þetta á ekkert erindi inn í þann skjalabunka. Það er af nógu öðru að taka hér á Alþingi þótt ekki sé verið að eyða tímanum í mál af þessu tagi um þessar mundir. Það væri miklu nær að taka þetta frumvarp til hliðar við núverandi aðstæður, sameinast um að láta á það reyna hvort hægt væri að breyta lögum um kosningar til sveitarstjórna á næsta vetri með góðum fyrirvara, ekki með örfárra vikna fyrirvara, og gera tilraun með þetta fyrirkomulag. Það held ég að væri vitið meira en snúa sér nú á Alþingi að öðrum og veigameiri og meira aðkallandi þingmálum en vera ekki að sóa tímanum í mál sem þetta, hvorki hér í þingsal né í þingnefndum. Á það reyndar við um eitt eða tvö önnur mál sem mér skilst að ríkisstjórnin ætli að freista að koma hér fram en hafi ekkert með að gera þá þröngu stöðu í efnahagsmálum sem uppi er.

Þetta eru þau sjónarmið sem ég vildi koma á framfæri, virðulegi forseti. Auðvitað er hægt að tína til margt fleira sem snertir þetta mál, ég tel hins vegar að sú vinna sem unnin hefur verið sé um margt gagnleg og ég vil sérstaklega þakka aðalsérfræðingi ríkisstjórnarinnar og landsmanna, Þorkeli Helgasyni, sem situr hér í hliðarsal og hefur unnið þetta mjög samviskusamlega eins og ævinlega þegar til hans hefur verið leitað um að greiða úr vandamálum eða útskýra mál sem varða kosningalögin og það sem þeim tilheyrir. Ég er ekki að draga úr því að það er gott að þetta kemur fram og að menn geti haft þetta til hliðsjónar ef síðar meir verður ákveðið að ráðast í breytingar sem þessar sem ég teldi sem sagt heppilegt og hyggilegt að fresta til haustsins og gera þá vel undirbúna tilraun í einhverjum sveitarstjórnum sem bjóðast til að taka þátt í slíku.

[18:17]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. Geirs H. Haarde að hann sagði að hér væri verið að gjörbreyta eðli kosningafyrirkomulagsins. Mig langar til að inna þingmanninn eftir viðhorfi hans til þess álitamáls að í dag er það þannig að hægt er að breyta fyrirkomulaginu. Hægt er að breyta listum í dag ýmist með því að strika út nöfn eða breyta röðun lista og slíkar aðgerðir kjósenda geta haft áhrif á það hverjir verða endanlega kjörnir þingmenn viðkomandi lista. Telur hann að með þeim breytingum sem eru heimilar í dag samkvæmt kosningalögum sé verið að gjörbreyta eðli kosningafyrirkomulagsins? Ef við t.d. tækjum þá leið að auka vægi þess að breyta listum frá því sem er í dag, þannig að breytingarnar hefðu mun meira vægi en í dag, væri verið að gjörbreyta kosningafyrirkomulaginu með því? Að slepptum þeim hugmyndum sem eru í frumvarpinu og aðeins væri verið að fara þá leið að áhrif kjósandans á að breyta lista frá því sem er í dag væri aukið, væri þá að hans mati verið að gjörbreyta kosningafyrirkomulaginu?

[18:19]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það sem ég átti við er að með því að samþykkja þær tillögur sem felast í þessu frumvarpi væri verið að gera grundvallarbreytingu á kosningafyrirkomulagi okkar með því að í stað þess að kjósa eingöngu um flokka og geta gert minni háttar breytingar á röð, eins og hv. þingmaður benti á, væri boðið upp á það og jafnvel ætlast til þess að kjósendur réðu alfarið uppstillingu á lista hvers flokks. Þó að reyndar sé sagt núna að flokkarnir eigi að geta valið, sem er náttúrlega ruglingslegt og mundi valda ruglingi meðal kjósenda, og jafnvel að geta valið á milli kjördæma sem gerir málið heldur snúnara sömuleiðis.

Það sem ég átti við með því að nota þessi orð, að þetta væri grundvallarbreyting á fyrirkomulaginu, var auðvitað það að ef menn vilja gera slíka breytingu verður að ætla fólki eðlilegan aðdraganda að slíku. Ég nefndi þetta í samhengi við þann ársfyrirvara sem sérfræðiaðilar úti í heimi tala um að eðlilegt sé að miða við þegar breytingar eru gerðar á kosningalögum, að það sé ekki hrapað að slíkum breytingum örfáum vikum fyrir kosningar þegar enga brýna nauðsyn ber til þess og engar nauðir rekur til þess að gera slíka breytingu. Það er það sem ég er að vekja athygli á.

[18:20]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem ég var eiginlega að inna þingmanninn eftir var hvort breyting á núverandi fyrirkomulagi þannig að vægi þess að breyta listum yrði aukið verulega frá því sem nú er, hvort í því mundi að hans mati felast gjörbreyting eða grundvallarbreyting á eðli kosningafyrirkomulagsins burt séð frá því hvað sagt er í því frumvarpi sem hér er til umræðu. Mig langar að inna þingmanninn eftir viðhorfi hans til þess sérstaklega ef sú leið yrði farin að breytingar á listum hefðu miklu meira vægi en í dag og það væri eina breytingin sem gerð væri, hvort það væri grundvallarbreyting á kosningafyrirkomulaginu.

[18:21]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sé ekki að þetta atriði skipti máli. Ég tel hins vegar að ef slík breyting yrði gerð, segjum sem svo að gerð yrði sú breyting, sem hv. þingmaður er að tala um, að vægi svona útstrikana t.d. og númeraraðar yrði breytt og það aukið, þá tel ég að slík breyting sé þess eðlis að hún þyrfti miklu meiri fyrirvara og miklu meiri undirbúning en verið er að tala um hér í dag, um þessar sjö vikur.

[18:22]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er kannski á svipuðum nótum og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson var áðan. Ég er þeirrar skoðunar að hér sé ekki um neina grundvallarbreytingu að ræða og ekki neitt í takt við þá kröfu sem ÖSE gerir um þennan fyrirvara því að þetta er ekki það mikil breyting. Staðreyndin er sú að í dag er heimilt að breyta listum, kjósendum er heimilt að gera breytingar á listum, og reyndar þannig að ef allir kjósendur tiltekins flokks í tilteknu kjördæmi eru sammála um að gera tilteknar breytingar þá geta þeir snúið listanum á haus. Það er einfaldlega þannig ef þeir taka sig saman um það.

Með þessum breytingum er hins vegar verið að auka vægi kjósenda í þeim skilningi að ekki þarf jafnmikið til til að breyta listanum. Það er kannski þetta, virðulegi forseti, sem ég vil koma á framfæri, að flokkarnir geta eftir sem áður ákveðið að hafa sinn lista óraðaðan eða boðið upp á þennan valkost. Þetta er einungis möguleiki á að færa aukið vald til kjósenda. Og þegar af þeirri ástæðu, af því að hv. þingmaður talaði um að það væri álitaefni hvort þyrfti aukinn meiri hluta í þinginu eða ekki, þá er staðreyndin sú að 82. gr. heimilar breytingar og jafnvel miklar breytingar. Hér er því ekki um að ræða neina eðlisbreytingu á lögunum. Lögin kveða einnig skýrt á um það hvenær þarf samþykki tveggja þriðju hluta í þinginu. Það eru, ef ég man rétt, ákvæði 106. og 107. gr. og ekki önnur. Hér er verið að breyta ákvæðum 82. gr., samanber 110. gr. Því tel ég alveg fráleita hugmynd, (Forseti hringir.) virðulegi forseti, að hér þurfi samþykki tveggja þriðju hluta þingmanna.

[18:24]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það má vel vera að hv. þingmaður hafi þá skoðun að lögin um kosningar séu stjórnarskránni æðri og af því að það stendur í kosningalögunum að þetta eigi bara við 108. gr. og 106. gr. þá komi 110. gr. ekki til álita hvað varðar þetta ákvæði í stjórnarskránni. Þessar greinar eru allar í sama kaflanum og kaflinn heitir Úthlutun þingsæta. Það er verið að tala um það í stjórnarskránni að ekki megi breyta ákvæðum um úthlutun þingsæta nema með tveimur þriðju atkvæða á Alþingi.

Ég ætla ekki að blanda mér í þann lögfræðilega ágreining. Ég vek bara athygli á að hann er til staðar vegna þess að hér liggur fyrir vel rökstutt lögfræðiálit um það að menn væru að kalla yfir sig vafamál sem er fullkomlega ástæðulaust við núverandi aðstæður. Það er ekki eins og nauðsyn brjóti lög í þessu efni að það sé einhver slík nauðsyn sem kalli á þetta.

En varðandi það hvort þetta sé mikil eða lítil breyting þá er náttúrlega aðalatriðið það, samanber þau tilmæli sem ég hef vitnað til utan lands frá, að þegar ferlið er komið í gang þá eiga menn réttmætar væntingar, eins og lögfræðingar kalla það, til þess að reglum verði ekki breytt. Það er nákvæmlega það sem er, það er margt fólk að gefa kost á sér í prófkjör í öllum flokkunum og gerir sér þar með væntingar og vonir um að ná ákveðnum sætum en auðvitað á grundvelli þeirra reglna sem gilda um kosningarnar í dag. En það væri, held ég, mjög óeðlilegt gagnvart slíkum aðilum að ætla núna að segja að prófkjörið skipti engu máli, það verði bara raðað upp á nýtt á kjördag o.s.frv. Menn ganga til þessa leiks á grundvelli ákveðinna reglna, menn vita hvernig kosningalögin eru gagnvart útstrikunum og þess háttar en eiga væntingar um annað og þær eru réttmætar.

[18:26]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega geta flokkarnir nýtt sér þau prófkjör sem nú fara fram. Ef þeir ákveða að hafa raðaða lista þá geta þeir nýtt sér þessi prófkjör, ef þeir ákveða annað geta þeir ákveðið með prófkjörum hverjir það eru sem komast í kassann á kjördag.

Hins vegar vildi ég nefna þetta: Ef sú skoðun hv. þingmanns að breyting á 82. gr. feli í sér að það kalli á tvo þriðju hluta, þá er staðreyndin sú að núgildandi lög fara þá væntanlega gegn stjórnarskrá vegna þess að m.a. í síðustu kosningum voru tveir hv. þingmenn sem urðu þó þingmenn færðir niður á grundvelli þess sem gerist samkvæmt 82. gr. Í því felst breyting en það var engin krafa (Forseti hringir.) gerð um það þá að það þyrfti tvo þriðju til að samþykkja það.

[18:28]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki viss um að þingmaðurinn sé að tala um það sem á að tala hér um. Það stendur í stjórnarskrárákvæðinu að ekki megi gera breytingu á því sem kallað tilhögun á úthlutun þingsæta sem fyrir er mælt í lögum nema að aukinn meiri hluti alþingismanna samþykki það. Og álitamálið er þá hvort 110. gr., sem er náttúrlega meginefni þessa frumvarps, falli undir þetta ákvæði í stjórnarskránni eða ekki. Það er það sem menn greinir á um og þar er vafinn. Það hefur ekkert að gera með breytingar sem voru gerðar síðast. Það hefur ekkert að gera með lögin

eins og þau eru núna eða síðustu þingkosningar. Það hefur bara með það að gera hvort þurfi tvo þriðju þingmanna til að gera breytingar á 110. gr. kosningalaga, samanber þetta ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er risinn upp vafi, það er risinn upp lögfræðilegur ágreiningur. Því skyldum við kalla slíkt yfir okkur eins og nú standa sakir?

[18:29]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Geir H. Haarde var að vitna í Feneyjanefnd Evrópuráðsins og ÖSE að það sé óæskilegt að breyta kosningalöggjöf skömmu fyrir kosningar. Það eru alveg rök fyrir því og mjög eðlileg rök, hvar er byrjað o.s.frv. og menn verða að hafa einhvern aðdraganda að reglunum sem þeir spila eftir.

En mig langar til að inna hv. þingmann eftir því hvort sú leið sem hér er valin, að bjóða upp á þetta val, hvort hv. þingmaður telji að það komi að hluta til til móts við þessi sjónarmið. Af því að þá geta flokkarnir valið að vera í óbreyttu kerfi, að gera engar breytingar, og þeir sem vilja gera breytingar hjá sjálfum sér, þeir flokkar bjóði upp á óraðaða lista. Telur hv. þingmaður að þetta komi til móts við þær ábendingar að það eigi ekki að breyta kosningalögum stuttu fyrir kosningar? Maður mundi alveg fallast á þau rök ef verið væri að breyta algjörlega um kerfi. Ef allir þyrftu að ganga inn í nýtt kerfi þegar ferlið er hafið væri það mjög óeðlilegt.

Svo vil ég líka spyrja hv. þingmann út í þetta kerfi yfirleitt, að geta valið, ef það yrði nýja kerfið. Segjum að það yrði samþykkt hérna eða væri til umræðu á miðju kjörtímabili, segjum það. Hefur hv. þingmaður skoðun á því hvort það að flokkarnir geti valið yfirleitt sé rétt eða rangt?

Í Danmörku geta flokkarnir valið óraðaðan lista eða raðaðan. Þar er þetta val. En það hafa líka komið fram sjónarmið um að eðlilegt væri að það sama gilti um öll framboð. Annaðhvort væru allir með óraðað eða allir með raðað. Hefur hv. þingmaður skoðun á þessu? Og ég bendi á að ég ímynda mér þá að slík umræða færi fram á miðju kjörtímabili en ekki rétt fyrir kosningar.

[18:31]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrsta spurningin var þessi: Er ekki skárra að menn geti valið um þetta og flokkar sem vilja geti þá haldið sín prófkjör? Jú, það má segja að það sé skárra en það er bara svo ruglingslegt fyrir kjósandann þó að það standi í frumvarpinu að það eigi að merkja listana raðaður listi og óraðaður listi. Ég held að við verðum a.m.k. að reyna að prófa þetta einhvers staðar í sveitarstjórnum áður en farið er alla leið með svona mál. Við höfum ekki sömu hefðir í þessum efnum, sömu venjur og t.d. í nálægum löndum, svo sem í Danmörku þar sem svona persónukjör er, þar sem er gríðarlega flókið kosningakerfi, þar sem sum nöfn eru feitletruð á framboðslistum, þar sem sumir raða nöfnum í stafrófsröð og aðrir ekki, aðrir í þeirri röð sem flokksforustan telur að sé hin rétta o.s.frv. Ég held að við eigum að halda okkur við það sem er minnst ruglandi í þessum efnum.

Svo er líka að því að huga, ef við erum að tala um eitthvað sem gerist á miðju kjörtímabili, að það er allt í lagi og sjálfsagt mál að breyta kosningalögum á miðju kjörtímabili sem koma þá til framkvæmda kannski tveimur árum seinna því að þá hafa allir tíma og möguleika á að laga sig að því. Það er kannski eðlilegast að gera þetta með það góðum fyrirvara. Ég er ekki að segja að þessar breytingar sem slíkar komi ekki til álita en mér finnst ekki boðlegt að koma með þær þegar flokkarnir eru komnir af stað með sinn kosningaundirbúning í formi forvala og prófkjara og allt þetta.

Því má ekki gleyma heldur að í Danmörku t.d. er fyrirkomulagið allt öðruvísi. Þar er stillt upp til framboðs löngu fyrir kosningar. Flokkarnir eru klárir í kosningar hvenær sem er vegna þess að það er hefð fyrir því að þær geti orðið hvenær sem er. Þannig er það í sumum nálægum löndum þar sem forsætisráðherrann boðar kosningar með stuttum fyrirvara og flokkarnir eru klárir í slaginn og þurfa ekki að fara í prófkjör og persónuvalið á kjördag leysir síðan úr ákveðnum vandamálum við svoleiðis aðstæður.

[18:33]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Danir ráða við að hafa þetta flókna kerfi, ég veit ekki til þess að þar séu miklu fleiri atkvæði ógild en ég hef reyndar ekki skoðað það sérstaklega og ekki heyrt af því. En ég vil ítreka seinni spurningu mína og set þetta í ímyndað dæmi. Ef við erum að ræða þetta mál á miðju kjörtímabili — ég vil ekki fá svör um að þetta séu léleg vinnubrögð, allt of seint o.s.frv. — telur hv. þingmaður að hugmyndin um að flokkar geti valið sé óheppileg, hún sé bara of ruglandi yfirleitt? Mundi hv. þingmaður vera því andsnúinn að styðja svona mál þar sem þetta val væri í boði ef sú umræða færi fram á miðju kjörtímabili?

[18:34]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel mig hafa svarað þessari spurningu í ræðu minni áðan. Ég er ekki andvígur svona breytingum í sjálfu sér en ég tel hins vegar að það þurfi að fara mjög vel yfir þær. Það fylgja því heilmiklir gallar að flytja prófkjör yfir á kjördaginn sjálfan. Menn þurfa að gera þetta upp við sig. Ég hef ekki endanlega gert það upp við mig. Ég vil ræða þetta betur en ég tel að þetta geti vel verið framkvæmanlegt ef fólk fær aðlögun og nægan tíma til að skilja hvað er í gangi, þetta þarf að gerast með talsverðum aðdraganda og almennilegri kynningu sem ekki hefur átt sér stað núna. Þetta mál dúkkar allt í einu upp í stjórnarsáttmála nýrrar minnihlutastjórnar. Hún er að reyna að knýja fram alls kyns mál þó að hún sé í minni hluta í þinginu og þetta mál var aldrei rætt í fyrri ríkisstjórn. Það kom mér satt að segja mjög á óvart að þetta mál skyldi allt í einu vera orðið eitthvert stórmál hér og þess virði að taka dýrmætan tíma þingsins í það.

[18:35]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég ætla að leyfa mér að blanda mér í þá umræðu sem hér er hafin um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis á þskj. 622 sem er flutt af þingflokksformönnunum, hv. þingmönnum Lúðvíki Berg-

vinssyni, Jóni Bjarnasyni, Siv Friðleifsdóttur og Grétari Mar Jónssyni.

Þegar hefur farið fram nokkur umræða um ýmis grundvallaratriði sem tengjast þessu máli. Í framsögu sinni með málinu gerði hv. þm. Lúðvík Bergvinsson grein fyrir efnisatriðum frumvarpsins þannig að ég ætla út af fyrir sig ekki að endurtaka þau en velta upp nokkrum sjónarmiðum sem þegar hafa komið fram og eru að sjálfsögðu álitamál í þessu efni.

Í fyrsta lagi hafa menn staldrað við tímasetningu þessa frumvarps og velt því fyrir sér hvort skynsamlegt sé að koma með frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum svo skömmu fyrir kosningar eins og raun ber vitni. Það er skoðun mín, og ég get að því leyti tekið undir með hv. þm. Geir H. Haarde, að það sé almennt skynsamlegt að fjalla um breytingar á kosningalögum í nokkurri fjarlægð frá kosningunum sjálfum. Það er betra að setja vissa fjarlægð á milli umræðunnar um fyrirkomulag og tilhögun kosningalaganna og síðan kosninganna sjálfra. Að því leyti til eru ábendingar sem hv. þm. Geir H. Haarde hefur vísað til og koma m.a. frá ÖSE og Evrópuráðinu og ég hef skoðað auðvitað ekkert óeðlilegar í sjálfu sér.

Hins vegar verður líka að líta til þess að við höfum verið í nokkuð óvenjulegum aðstæðum í vetur í íslensku samfélagi. Það hefur verið mikill órói í samfélaginu og það hefur skapast mikið vantraust á milli almennings í landinu og stjórnvalda. Á fjölmennum mótmælafundum í höfuðborginni og víðar um land hafa komið fram kröfur um miklar kerfisbreytingar og opnari og gagnsæjari stjórnsýslu og aukna aðkomu almennings að því hverjir verða kjörnir inn á löggjafarsamkomuna. Þetta eru vissulega óvenjulegar aðstæður sem ég held að sé óhjákvæmilegt að við tökum tillit til. Þess vegna er ekki að undra þegar ríkisstjórnin var mynduð um mánaðamótin janúar/febrúar að þetta væri eitt af þeim atriðum sem ríkisstjórnarflokkarnir settu inn í verkefnaskrá sína að þeir vildu beita sér fyrir. Það var svar við mjög þungri og háværri kröfu úti í samfélaginu og sem ég held að við öll í hjarta okkar séum sammála, að það eigi að gefa kjósendum kost á að hafa meira að segja um það hvaða einstaklingar ná kjöri úr þeim flokkum sem viðkomandi kýs að greiða atkvæði sitt. Við erum að mæta því með þessu frumvarpi. Þess vegna lít ég á tímasetningu frumvarpsins svolítið í því ljósi og tel að það séu rök fyrir því að koma með málið inn á þessum tímapunkti í aðdraganda næstu kosninga og það sé brýnt að við fjöllum um það og freistum þess að ná því fram að það geti orðið að lögum fyrir þær alþingiskosningar sem núna fara í hönd.

Það breytir ekki því að vissulega eru ýmis álitamál í frumvarpinu og það er reyndar í greinargerðinni með frumvarpinu sjálfu gerð grein fyrir þeim álitamálum sem komu upp og þarf að ræða og fjalla um og það hlýtur að vera verkefni þingsins og þeirrar þingnefndar sem fær málið til meðferðar að fara í saumana á þeim álitamálum og móta sér skoðanir á þeim og vonandi komast að einhverri góðri niðurstöðu um það hvernig frumvarpið verður síðan best afgreitt og gert að lögum. Ég ætla að nefna nokkur af þessum álitamálum.

Í fyrsta lagi er spurningin um valkvætt fyrirkomulag. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að framboð geti valið um hvort það stillir upp sínum framboðslista óröðuðum eins og það er kallað eða röðuðum. Með röðuðum framboðslista er gert ráð fyrir ámóta eða áþekku fyrirkomulagi og gerist í dag, að flokkur eða framboðsaðili ákveði röðunina á framboðslistanum fyrir fram og það er ekki hægt að gera miklar breytingar á þeim, þ.e. þær breytingar sem kosningalögin eins og þau eru í dag heimila, útstrikanir og endurröðun sem vissulega hefur lítið vægi í gildandi kosningalögum. Hins vegar er óraðaður listi, sem er hugsanlega settur upp í stafrófsröð og hlutað til um fyrsta staf eða bara raðaður í stafrófsröð eins og landsmenn kunna stafrófið flestir og síðan sé númerað og það sé alfarið sú númering sem kjósendur gera sem ræður því hvaða einstaklingar ná kjöri. Sjálfum fyndist mér heppilegra að það væri eitt fyrirkomulag sem væri látið ganga yfir alla en að það sé valkvætt. Það getur aukið á rugling og í öllu falli tel ég að ef um valkvætt fyrirkomulag er að ræða væri heppilegt að breyta líka fyrirkomulagi kjörseðlanna. Í staðinn fyrir að vera með kjörseðil þar sem allir flokkar eru nefndir á einum kjörseðli sem gæti þá verið mismunandi hvort er raðaður eða óraðaður listi þá væri skynsamlegra að fara t.d. þá leið sem er í Noregi að í kjörklefanum er bunki með kjörseðil fyrir hvern einasta framboðslista og viðkomandi tekur þann framboðslista sem hann vill kjósa, gerir á honum breytingar, setur hann í umslag og þannig fer hann í kjörkassann. Þetta er tæknilegt atriði og er ekkert úrslitaatriði í þessu. Ég nefni þetta bara sem eitt af þeim álitamálum sem þarf að fjalla um.

Í öðru lagi nefni ég fléttulistana, þ.e. hvernig við tryggjum sem jafnast hlut kynjanna í stjórnmálum inn á Alþingi. Ég hef áhyggjur af því að fyrirkomulagið með algerlega óraðaða lista geti gert okkur mjög erfitt fyrir að viðhafa einhvers konar fléttulista eða lista þar sem er jafnt hlutfall karla og kvenna og að því leyti til séum við hugsanlega að tefla í tvísýnu því starfi sem þrátt fyrir allt hefur verið unnið á undanförnum árum, og meira hjá sumum stjórnmálaflokkum en öðrum, að tryggja sem jafnast hlut beggja kynja á Alþingi. Ég mun þess vegna vilja velta því fyrir mér í vinnu nefndarinnar hvort hægt sé að taka á þessu með einhverjum hætti, t.d. í óröðuðum listum.

Hér hefur verið nefnt að með því að vera með algerlega óraðaða lista séum við að færa prófkjörin inn í kosningarnar. Þar fari þá fram keppni á milli manna alveg fram á kjördag fremur en keppni á milli stefnumála og stjórnmálaflokka. Ég held að þetta séu algerlega gild rök eða athugasemd eða álitamál, hvernig sem við viljum orða það, sem við þurfum líka að velta fyrir okkur. Hér tel ég t.d. að einhvers konar leiðbeinandi röðun af hálfu stjórnmálaflokka á listum mundi geta tekið á þessu. Hún getur líka hugsanlega tekið á vandanum varðandi fléttulistana en þá er það að mínu viti algert skilyrði að allar breytingar á slíkum leiðbeinandi röðuðum lista hafi miklu meira vægi en í núgildandi kosningakerfi.

Það hefur verið minnst á að það sé lögfræðilegt álitaefni hvort þurfi tvo þriðju meiri hluta Alþingis til að gera þær breytingar sem hér er fjallað um á lögunum þar sem verið er að tala um að það þurfi tvo þriðju meiri hluta til að gera breytingu á tilhögun á úthlutun þingsæta. Ég verð að segja alveg eins og er að ég get ekki alveg séð rökin fyrir því að

þetta falli undir þá grein vegna þess að í gildandi kosningalögum er hægt að gera breytingu á tilhögun við úthlutun þingsæta. Það er hægt að gera breytingar og dæmi eru um það í sögunni að það hafa orðið breytingar, kjósendur hafa gert breytingar á úthlutun þingsæta með útstrikunum eða umröðunum og þess vegna finnst mér þetta ekki heyra undir þetta ákvæði sem hér er verið að vísa til um tvo þriðju meiri hluta Alþingis. Ég geri mér alveg grein fyrir því að menn hafa teflt fram ólíkum lögfræðilegum álitum í þessu efni en í mínum huga finnst mér að við séum ekki að gera þær breytingar hér sem eru í andstöðu við það sem er í gildandi kosningalögum hvað þetta áhrærir.

Þetta eru helstu álitamálin sem koma upp í huga minn við yfirferð á þessu máli og ég vísa til töluliðar í greinargerð með þessu frumvarpi, tölulið IV, þar er fjallað um fleiri leiðir en frumvarpið sjálft gerir ráð fyrir, sérfræðingahópurinn sem kom að samningu þessa frumvarps. Þar getur hann um eða útlistar fleiri leiðir en frumvarpið sjálft gerir ráð fyrir og þar á meðal er þessi leið sem er einhvers konar leiðbeinandi röðun á framboðslista, að flokkar geti fyrir fram haft forval eða prófkjör og raðað upp sínum listum, komið með það sem leiðbeinandi röðum og þá er ekki vandamálið hver á að vera talsmaður listans, eins og hv. þm. Geir Haarde gerði að sérstöku vandræðamáli í ræðu sinni áðan. Þá er hægt að taka tillit til sjónarmiða sem framboðsaðilar kunna að vilja hafa eins og um fléttulista milli kynja eða taka tillit til sjónarmiða innan stórra landsbyggðakjördæma um að hafa fulltrúa frá ólíkum svæðum o.s.frv. Mér finnst þó algert lykilatriði við slíka útfærslu að allar breytingar hafi verulegt vægi þannig að röðunin við þá útfærslu sem hér er fjallað um í greinargerð, þessi leiðbeinandi röðun hafi ekkert óskaplega mikið vægi í sjálfu sér, kannski þriðjung eða eitthvað þess háttar, hlutföllin 2:1 eru nefnd í greinargerðinni sem möguleg. Það má hugsanlega hugsa sér eitthvað annað í því efni, þannig að kjósandinn hafi verulega mikil áhrif á það hvernig listinn lítur endanlega út með því að númera á listann 1, 2, 3, 4 upp á nýtt. Þetta finnst mér vel fær leið og ég mundi alla vega vilja að allsherjarnefnd skoðaði hana sérstaklega, hugsanlega sem viðbótarleið inn í frumvarpið eins og það er lagt fram. Það er reyndar gerð grein fyrir því hér að þá værum við komin mjög nálægt danska kerfinu og mér finnst alveg mögulegt að skoða það, eða þá að þessi leið kæmi í stað annarrar þeirrar leiða sem gerð er grein fyrir í frumvarpinu eða jafnvel beggja ef menn vilja fara þá leið að það sé bara ein regla sem gildir fyrir alla sem mér finnst líka alveg koma til álita og mundi að mörgu leyti vera einfaldari í framkvæmd en að bjóða upp á ólíkar leiðir. Það er visst flækjustig í því gagnvart kjósendum, það er ekki hægt að neita því. En þetta eru samt sem áður leiðir sem eru þekktar annars staðar og því ættum við ekki að geta gert það eins og nágrannaþjóðirnar og ráðið við það. Ég hef ekki stórar áhyggjur af því.

Þetta eru svona helstu álitamálin, frú forseti, sem koma upp í hugann þegar ég fer yfir þetta mál. Mér finnst mikilvægt að við tökum þetta frumvarp til efnislegrar umfjöllunar bæði í þinginu og í nefnd. Mér finnst sjálfum mjög mikilvægt og spennandi að geta náð fram breytingum á kosningalögum sem auka möguleika kjósenda til að hafa áhrif á röð frambjóðenda eða hverjir ná kjöri af þeim listum sem viðkomandi kýs að kjósa en ég neita því ekki að það eru nokkur álitamál sem ég mundi vilja fara yfir betur og fá sérfræðinga á fund nefndarinnar til að velta upp ólíkum hliðum á þessum álitamálum. Ég vonast að sjálfsögðu til að þetta mál fái framgang fyrir kosningar og áður en þing lýkur störfum þannig að þær breytingar sem þingið kemur sér saman um að gera á kosningalögum taki gildi við þær kosningar sem nú fara í hönd.

[18:49]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir málefnalega ræðu þar sem hann kom víða við. Mér fannst flest í málflutningi hans gagnlegt og gott þó að ég sé ósammála þeirri niðurstöðu hans að rétt sé að ljúka þessum breytingum fyrir kosningarnar í vor.

Ég vil nefna nokkur atriði sem hann vék að í máli sínu. Í fyrsta lagi vil ég lýsa andstæðri skoðun við mat hans á því hvort tvo þriðju eða einfaldan meiri hluta þingmanna þyrfti til að koma breytingunum í gegn. Ég get komið nánar að því síðar í þessari umræðu en eftir lestur kosningalaga og stjórnarskrárákvæða er það mín niðurstaða að tveggja þriðju sé þörf í þessu tilviki. En það er alveg rétt sem hv. þingmaður nefndi að fyrir liggja mismunandi álit færra lögfræðinga á þessu atriði og mikilvægt að að þessu verði hugað í nefndinni, eins og reyndar þeim fjölmörgu álitamálum sem hann gat um og ég get tekið undir. Ég held að bæta mætti við listann um álitamálin sem hv. þingmaður nefndi en þau eru vissulega fyrir hendi og krefjast þess að málið fái ítarlega umfjöllun í nefnd.

Ég vil undirstrika að öll þau álitamál sem eru uppi í þessu máli og eins þær mismunandi hugmyndir sem eru í gangi í þjóðfélaginu um útfærslu persónukjörs sýna okkur einfaldlega fram á að við erum ekki stödd á þeim tímapunkti, málið er ekki nægilega þroskað til að rétt sé að klára það fyrir kosningar í vor. (Forseti hringir.) Það er mín grundvallarafstaða í málinu.

[18:52]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Sú er hér stendur er einn meðflutningsmanna þessa máls sem við ræðum og ég ætla ekki að fara mikið út í frumvarpið lið fyrir lið, það gerði hv. þm. Lúðvík Bergvinsson ágætlega í framsögu sinni. Þetta mál, aukið persónukjör, gengur að sjálfsögðu út á það að færa meira vald til fólksins og minnka flokksræðið þeim mun meira, ef svo má að orði komast. Við höfum verið að skoða þessi mál sérstaklega í Framsóknarflokknum og ég vil minna á að við samþykktum á flokksþingi okkar ályktun um að frumvarp um stjórnlagaþing yrði flutt hér í þinginu og það höfum við gert. Það er einmitt í sama anda, við viljum fá fólkinu meira vald og að valdið verði að einhverju leyti tekið úr höndum þingsins t.d. þegar þarf að semja nýja stjórnarskrá því mat okkar er að algjörlega sé útséð um að þingið og þingmenn geti farið í einhverja heildarendurskoðun á stjórnarskránni. Við höfum ekki náð saman um það hingað til þannig að það er um að gera að koma því í hendurnar á stjórnlagaþingi. Mikil samstaða var um ályktunina á flokksþingi okkar og ég er mjög ánægð með viðtökurnar

sem þetta mál hefur fengið hjá bæði Vinstri grænum og Samfylkingunni hér í þinginu og vona að það komist í gegn sem fyrst.

Hér erum við að tala um að auka vald fólks í kjörklefanum og áður en ég fer inn í málið langar mig að lesa upp, virðulegur forseti, þá ályktun sem Framsóknarflokkurinn samþykkti á síðasta flokksþingi en þar var ályktað sérstaklega um nýja kosningalöggjöf.

Tilvitnun hefst, með leyfi forseta:

„Ályktun um nýja kosningalöggjöf.

Markmið. Við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna verði leitað leiða til að persónukjör og vægi kjósenda aukist við röðun á lista. Jafnframt verði reynt að skapa meiri tengsl milli kjörinna fulltrúa og kjósenda. Leitast verði við að tryggja sem jafnast vægi atkvæða á landsvísu.

Leiðir. Frambjóðendum hvers lista skal einungis raðað eftir stafrófsröð á kjörseðil.

Kjósendur raði fulltrúum á lista og kjósi þannig viðkomandi lista.

Fyrstu skref. Framsóknarflokkurinn beiti sér fyrir því að Alþingi setji af stað vinnu við að breyta kosningalögunum sem hafi þessi markmið að leiðarljósi.“

Því er alveg klárt að Framsóknarflokkurinn vill innleiða persónukjör og að það persónukjör fari fram í kjörklefanum. Sá vandi sem okkur er á höndum nú er að við erum að ræða þessi mál mjög skömmu fyrir kosningar og sú gagnrýni sem hefur komið fram á það er alveg réttmæt. Við teljum hins vegar að í ljósi þess að frumvarpið gerir ráð fyrir því að hægt sé að velja persónukjörið en líka að sleppa því og velja óbreytta leið sé ásættanlegt að skoða þetta mál betur hér í þinginu og flytja það fram og skoða vel í nefnd.

Málið er ágætlega unnið og það hefur Þorkell Helgason stærðfræðingur gert og mætir menn með honum, Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður, Eiríkur Tómasson prófessor og Gunnar Helgi Kristinsson prófessor og frumvarpið byggir á þeirri vinnu.

Í greinargerð frumvarpsins er dregið fram að mjög misjafnt er hvernig þetta er á milli landa. Persónukjör hefur mjög mikið vægi í Finnlandi, í Danmörku og Svíþjóð er aðeins veikari útgáfa og á Íslandi og í Noregi eru svokallaðir lokaðir flokkslistar, þannig að Norðurlöndin hafa valið mjög misjafnar leiðir.

Það er líka athyglisvert, sem fram kemur í greinargerðinni, að þegar Svíar breyttu lögunum og juku vægi persónukjörs dró úr áhuganum á að nýta sér það þannig að Svíar nýttu það minna og minna á milli kosninga. Það kom mér svolítið á óvart þegar ég kynnti mér það. Ég hélt að kjósendur mundu hafa meiri og meiri áhuga á persónukjörinu en það var ekki þannig í Svíþjóð. Þróunin í Danmörku var í hina áttina, þar óx þátttaka kjósenda í vali á frambjóðendum, allt frá 1990 hefur helmingur kjósenda nýtt sér þennan rétt þannig að mjög skrýtið er hversu ólík þróunin hefur verið milli Norðurlandaþjóðanna. Svíar misstu áhugann á milli kosninga en Danir fengu meiri og meiri áhuga á persónukjörinu. Ómögulegt er að segja hvernig það yrði hjá okkur.

Virðulegur forseti. Ég var nýlega á opnum borgarafundi Samstöðu um persónukjör sem haldinn var í Iðnó. Hann var merkilegur fyrir þær sakir að þar kom fram mjög mikil gagnrýni á Sjálfstæðisflokkinn varðandi þetta mál og að sumu leyti fannst mér sú gagnrýni ganga of langt. Ég benti þar á og ætla líka að gera það hér að þótt Sjálfstæðisflokkurinn sé ekki nú með húrrahróp yfir þessu máli hefur hann samt kannski gengið lengst flokkanna í prófkjörum, oft verið með opin prófkjör, sem er auðvitað eitt form af persónukjöri. Því er ekki hægt að líta á þessi mál frá einni hlið og ég vildi halda þessu til haga af því að nú hafa flokkarnir meira og minna ákveðið að fara í prófkjör fyrir þær kosningar, sem fram undan eru. Að vísu fæstir í opin prófkjör og ég er ekki viss um að nokkur hafi valið beint opið prófkjör heldur prófkjör þar sem flokksbundnir félagar taka þátt, en það er form af persónukjöri.

Við framsóknarmenn viljum gjarnan ganga lengra og færa persónukjörið úr flokkunum og inn í kjörklefann. Það eru samt líka gallar við það og það get ég alveg sagt þó að Framsóknarflokkurinn sé fylgjandi því og ég líka. Þingmenn í Finnlandi, sem hafa rætt persónukjörið sem þar er, hafa bent á að erfitt sé að henda reiður á kynjahlutfallinu. Þó að Finnar hafi verið mjög duglegir að koma konum inn á þingið hefur tilhneigingin verið sú að frægt fjölmiðlafólk, frægir íþróttakappar o.s.frv. hafa átt auðveldara með að komast að í persónukjöri því að það er fólk sem almenningur þekkir meira og kýs á listum flokkanna. Öðruvísi val fer væntanlega fram þegar persónukjörið fer inn í kjörklefana.

Af því að nú eru flokkarnir flestir komnir af stað í prófkjör vil ég taka upp eitt mál í þessari umræðu og það er sænska kerfið. Færa má rök fyrir því að óréttmætt sé að láta alla þingmenn fara í gegnum prófkjör sem svo eigi ekki að hafa neitt vægi heldur væru listarnir óraðaðir og með því væri verið að gefa prófkjörunum, sem eru í gangi, langt nef. Þess vegna velti ég fyrir mér sænsku leiðinni og ég heyrði að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson var kannski á svipuðum slóðum og ég í þessu, hvort til álita komi í allsherjarnefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, að skoða aðeins sænsku leiðina. Hún er þannig að þá hafa flokkarnir möguleika á að færa inn raðaða lista, sem koma þá væntanlega úr prófkjörum eða með einhverjum hætti úr flokkakerfinu, og síðan hafi kjósendur mun meira val en þeir hafa í dag á Íslandi gagnvart því að breyta þeirri röðun í kjörklefanum.

Í Svíþjóð er það t.d. þannig að ef 8% kjósenda setja einstakling á röðunarlista í 1. sæti eða krossa við hann þannig að hann fái sem mest vægi færist hann upp á listanum. Nú velta Svíar fyrir sér að gera þetta kerfi enn þá kvikara, af því að þeir finna að minnkandi áhugi er á persónukjöri, væntanlega af því að fólk telur sig ekki hafa nógu mikil áhrif svona, og eru að velta því fyrir sér að færa þröskuldinn niður í 5%, þannig að einungis 5% kjósenda þurfi að kjósa viðkomandi aðila til að hann færist upp listann.

Ég vil líka koma að einu atriði í viðbót að og verð að viðurkenna það, hæstv. forseti, að þetta val truflar mig svolítið, þó að ég styðji þetta frumvarp og telji að valið sé af hinu góða í stöðunni sem erum nú í af því að prófkjörin eru byrjuð o.s.frv. Við skulum taka ímyndað dæmi um að einhverjir flokkar velji að hafa raðaða lista og vera í gamla kerfinu en aðrir velji óraðaða lista og fara inn í nýja kerfið. Þá spyr ég mig: Mun það valda því að kjósendur, sem eru væntanlega nýjungagjarnir — hver er ekki nýjungagjarn? Það eru mjög margir nýjungagjarnir — kjósi flokka sem

bjóða upp á óraðaðan lista bara til þess að prófa það, bara til þess að fá þá tilfinningu, jafnvel flokk sem þeir hafa kannski ekkert sérstaklega mikinn áhuga á og mundu ekki kjósa ef allir listarnir væru óraðaðir eða allir listarnir væru raðaðir. Að þeir kysu viðkomandi lista bara af því að hann byði upp á þetta val. Þetta truflar mig svolítið, ég verð að viðurkenna það.

Á sama tíma eru til mótrök gagnvart því sem ég er að segja hér, virðulegur forseti, sem er danska kerfið. Í Danmörku er alltaf boðið upp á þetta val, þannig að þeir sem eru nýjungagjarnir geta valið þá flokka sem bjóða upp á valið.

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu er það rétt sem hér kom fram hjá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni og hjá hv. þm. Geir H. Haarde, að þægilegast væri og skýrast ef löggjöfin væri eins einföld og hægt er að hafa hana og það sama gengi yfir alla flokka, það væri svona þægilegast. En í þeirri stöðu sem við erum tel ég eðlilegt að við bjóðum upp á þetta val og látum á það reyna hvort þingið vill ganga alla leið í því og samþykkja frumvarpið sem hér liggur fyrir.

Deilur hafa komið upp um lögfræðileg atriði, hvort þurfi tvo þriðju þingmanna til að samþykkja þetta mál til að það verði að veruleika. Ef það er reyndin — og ég tel að við þurfum að skoða þetta í nefnd, ekki ætla ég að kveða upp úr um það hér og nú hver hefur rétt fyrir sér í því — að einn þriðji þingsins geti stoppað málið af er málið væntanlega fallið af því að ég heyri að einn þingflokkur hér er ekki sáttur við málið, þannig að þá mundi það væntanlega ekki ná fram að ganga.

Svo vil ég að lokum, virðulegur forseti, nefna það, af því að ég nefndi hér áðan fundinn sem Samstaða um persónukjör hélt, að þar gaf hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon — það var svo merkilegt að viðkomandi hæstv. ráðherra skyldi þora að gera það — tölulegt gildi á líkunum á því hvort málið færi í gegn eða ekki. Hæstv. ráðherra sagði að hann teldi 60% líkur á að málið færi í gegn. Ég ætla ekki að kveða upp úr um hvort það er rétt tala eða ekki en ég get svo sem nefnt sömu tölu, en við verðum að sjá hvernig þetta fer.

Kannski erum við alþingismenn ekki réttasta fólkið til þess að fjalla um þetta mál yfirleitt. Við erum alltaf svo upptekin af eigin stöðu, eins og er kannski bara mannlegt, og alveg er hægt að færa rök fyrir því að stjórnlagaþing, sem er fjær þessum daglega vettvangi sem stjórnmálamennirnir sjálfir eru á, ætti einmitt að fjalla um svona mál þannig að ef þetta mál fer ekki í gegn núna tel ég að það ætti að taka það fyrir á stjórnlagaþingi og stjórnlagaþingið ætti að koma með tillögur í þessum efnum af því að þar verða aðilar sem eru ekki uppteknir af eigin stöðu. Þar munu ekki verða neinir þingmenn, engir ráðherrar og ekki dómarar, alla vega samkvæmt því frumvarpi sem við höfum flutt, það væri kjörinn vettvangur til að skera úr um þetta, ef okkur tekst ekki að klára þetta nú hér í þinginu.

[19:05]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við erum að ræða hér í dag breytingar á kosningalögum og málið er borið fram af þingflokksformönnum stjórnarflokkanna og Framsóknarflokks og Frjálslyndra. Ég verð að játa að mér finnst þetta virðingarleysi ríkisstjórnarinnar gagnvart kosningaferlinu og kosningalöggjöfinni mjög undarlegt. Hér hlaupa menn til á síðustu stundu og ætla sér að henda í gegnum þingið með hraði breytingu á fyrirkomulagi kosninga eftir að boðað hefur verið til þeirra, þó að sú kynning hafi raunar enn sem komið er aðeins verið í fjölmiðlum. Ég hlýt að gera alvarlegar athugasemdir við svona verklag.

Hæstv. forseti. Það mátti heyra á máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar að þau eru sannarlega ekki sannfærð um efni málsins. (**SF:** Ég er flutningsmaður.) Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir tekur fram að hún sé flutningsmaður (Gripið fram í.) en það mátti líka heyra á máli hennar þar sem hún rakti mörg atriði sem hún hefur ekki sannfæringu fyrir í frumvarpinu. Því hlýt ég að spyrja: Hvers vegna leggja menn svona mikið á sig við að leggja hér fram með hraði þetta mál og ætlast til þess að lokið verði við breytingu á kosningalögum á þessum skamma tíma fyrir boðaðan kjördag?

Eins og mátti heyra á máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur hefur hún allar þessar efasemdir og hún gaf sér það í raun inni að Sjálfstæðisflokkurinn mundi stoppa málið fyrir flutningsmenn þannig að þeir þyrftu ekki að standa við málið þegar upp yrði staðið. Hún taldi töluleg rök frá ekki ómerkari manni en fjármálaráðherra, held ég að hún hafi nefnt, um að þetta ætti að skoða og athuga en ekki væru nokkrar líkur á að þetta færi í gegn vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að stoppa málið. Ég ætla ekki að fullyrða að við björgum hv. þingmanni þannig úr snörunni með þetta mál sem hún hefur enga sannfæringu fyrir.

Hæstv. forseti. Það er grundvallaratriði í lýðræðissamfélagi að stjórnvöld geti ekki breytt leikreglum eftir að blásið hefur verið til kosninga, að ríkjandi flokkur geti ekki boðað til kosninga einn daginn og síðan breytt þeim forsendum sem flokkum er ætlað að vinna eftir þann næsta. Það er grundvallaratriði sem við verðum að horfa til.

Forsætisráðherra hefur komið því á framfæri í gegnum fjölmiðla að hér verði kosið til þings 25. apríl. Út frá þeirri forsendu hafa flokkarnir gengið og eru nú í óðaönn við að skipa framboðslista sína og undirbúa kosningabaráttu miðað við gildandi kosningalöggjöf. Það ferli er langt komið víðast hvar og þá kemur ríkisstjórnin fram með mál sem setur þetta allt saman á annan endann. Það þýðir ekkert fyrir stjórnarliða að halda því fram að þessar tillögur breyti engu þar sem mönnum standi til boða tvær leiðir, annars vegar að stilla upp svokölluðum röðuðum lista og hins vegar því sem menn vilja kalla óraðaðan lista, það er um eðlisbreytingu á innihaldi kosningalaganna að ræða og það er verið að breyta fyrirkomulagi kosninganna eftir að fyrstu skrefin hafa verið tekin í átt til kosninga og þau skref stigin að boða til prófkjara og flokksfólk víða um land er auðvitað tilbúið með þá vinnu. Um það snýst þessi gagnrýni. Það er sama hvað menn reyna að snúa út úr því, þannig er þetta bara.

Það heyrist á göngum þingsins að sumir flokkar ætli sér að boða til prófkjörs og hafa nú þegar boðað til prófkjörs en ætla síðan að bjóða upp á óraðaða lista í kosningunum. Á hvaða leið eru menn þá með það fólk sem starfar í flokkunum, fólk sem leggur mikið á sig í þessari vinnu við próf-

kjörin og við uppröðun á listana, grasrótina í flokkunum? Hvað er verið að hrekja þetta fólk út í slíka vinnu?

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði fyrr í dag að öllum flokkum hefði verið boðið að gerast meðflutningsmenn að þessu frumvarpi. Það er í sjálfu sér alveg rétt hjá hv. þingmanni, hann kom að máli við mig hálftíma áður en frumvarpið var lagt fram á Alþingi og þá var mér boðið að setja nafn mitt við frumvarpið. Mér var sem sagt boðið að kvitta undir tilbúið frumvarp en ég mátti ekki hafa neinar skoðanir á því. Ég mátti ekki leggja fram einhverjar tillögur til breytingar á því. Mér var sem sagt ekki boðið að koma að undirbúningnum og hafði enga möguleika á því að hafa áhrif á efnistök þess, sem ég reikna með að flutningsmenn frumvarpsins hafi haft tök á, hafi lagt í þá vinnu sem tilheyrir því að flytja frumvarp á Alþingi. Það er sem sagt samráðið sem var haft um málið.

Hingað til hefur verið venjan að hafa samráð á milli flokkanna þegar kemur að því að breyta kosningalöggjöfinni. Það er nauðsynlegt, kosningalöggjöfin er þess eðlis að þar verður að hafa ríkt samráð. Flokkarnir verða að hafa samráð sín á milli og efna til ítarlegrar og vandaðrar umræðu um slík mál, ekki bara í þinginu heldur í samfélaginu öllu. Þessi umræða hefur ekki farið fram, samráðið er ekkert. Fólkið í landinu hefur ekki fengið að átta sig á efni þessa máls og það á að fara að kjósa eftir mánuð, eða rúmlega það.

Þetta eru ekki vönduð vinnubrögð en það er reyndar í takt við svo margt annað sem þessi minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur staðið fyrir. Samráð við stjórnarandstöðuna um stærri mál þekkjast ekki í orðabókum þeirra. Hér þarf allt að gerast með miklu hraði og vönduð vinnubrögð eru aukaatriði, það höfum við orðið vör við á þeim dögum sem ríkisstjórnin hefur setið.

Forgangsröðunin hjá ríkisstjórninni er einkennileg. Ofurkapp hefur verið lagt á stjórnkerfisbreytingar en brýnustu verkefnin í samfélaginu mega sem sagt bíða. Ég spyr: Væri ekki nær að eyða dýrmætum tíma þingsins fram til kosninga í að ræða um og vinna að brýnum málum vegna stöðu heimila og fyrirtækja í landinu? Við hljótum að geta spurt þeirrar spurningar þegar margt brennur á hér í efnahagslífinu. Mega stjórnkerfisbreytingar ekki bíða fram yfir kosningar þannig að að þeim megi vinna með vönduðum hætti og sem víðtækastri sátt? Þetta eru grundvallarspurningar.

Hæstv. forseti. Nokkur praktísk atriði koma upp í hugann við lestur frumvarpsins umfram þessi atriði sem ég hef nú þegar nefnt og snerta slælegan undirbúning þess. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og Árni Þór Sigurðsson fóru yfir mörg þessara atriða og nefndu m.a. kynjahlutföllin og mörg önnur atriði sem þyrfti sérstaklega að skoða hvernig ætti að vinna að — og ég tek undir það. Þetta er eitt af því sem ég held að jafnréttissinnar í allsherjarnefnd hljóti að skoða mjög vandlega þegar farið verður yfir málið þar.

Fyrir það fyrsta tel ég það nokkrum vandkvæðum bundið að með því að bjóða fram óraðaðan lista sé enginn einn einstaklingur í fyrirsvari fyrir framboðið. Eða felst það ekki í því að stjórnmálaflokkarnir raði ekki sjálfir sínu fólki í þá röð sem flokksmenn vilja sjá þá, er það ekki spurningin? Ætla menn kannski að velja framboðinu oddvita sem kemur fram fyrir framboðið í fjölmiðlum og veita honum þannig ákveðið forskot á aðra félaga sína á listanum sem keppast um þingsætin? Þetta hýtur að vera grundvallarspurning. Sjálf hef ég tekið þátt í prófkjöri þar sem keppt var um forustusæti og ég átta mig ekki á því hvernig hefði átt að velja milli þeirra sem forustumann lista til að taka þátt í umræðum og slíku áður en hann hefur verið valinn.

Eins og ég skil málið gefst flokkunum samkvæmt frumvarpinu tækifæri til að velja á milli þess að bjóða fram lista eins og venjan hefur verið undanfarið — og það er að flokksstofnanir viðkomandi stjórnmálaflokks velji þá frambjóðendur sem flokksmenn vilja að séu í framboði í nafni flokksins — og þess að þeir senda frá sér nafnalista og velta því ferli yfir á kjósendur. Það liggur þá í hlutarins eðli að frambjóðendur þeirra samtaka sem bjóða fram óraðaðan lista verða að fá álíka rúman tíma til að kynna sig fyrir kjósendum, hvort sem það er á framboðsfundum eða í fjölmiðlum. Ég sé fyrir mér að í mínu kjördæmi þyrfti margt að breytast. Framboðsfundir mundu missa sjarmann enda gagnlegt fyrir kjósendur að geta mætt á fundi í heimabyggð sinni og hlustað á fulltrúa allra framboða flytja mál sitt og svara fyrirspurnum, það er það form sem við höfum haft. Slíkar samkomur yrðu nær óhugsandi ef þar ættu að mæta sex eða sjö sinnum, sem sagt listafjöldinn, 20 manns til að koma sér og sínum málefnum á framfæri. Hvernig á þetta að gerast?

Við vitum hvernig prófkjörsbaráttan er, við höfum dæmin allt í kringum okkur í dag. Hún er á margan hátt annars eðlis en við eigum að venjast úr kosningabaráttu vegna alþingiskosninga þar sem einstaklingar sameinast um tiltekin stefnumál sem eru lögð fram fyrir kjósendur. Þetta hlýtur allt að koma fram í kosningabaráttunni.

Þriðja atriðið sem snýr að praktískum þáttum er samspil þessa frumvarps og laganna sem samþykkt voru 2006 um fjármál stjórnmálaflokkanna. Hvernig fara þessi lög saman, hvað á að gilda um hina óröðuðu lista? Þetta eru atriði sem ég vænti að menn muni skoða í nefnd.

Að síðustu má kannski til gamans huga að kosninganóttinni. Hún er löng en í því býr vissulega ákveðinn sjarmi. Við sem höfum farið í gegnum prófkjör þekkjum líka hversu flókin talningin er og hægfara. Talning atkvæða með hinu nýja fyrirkomulagi yrði álíka flókin og tímafrek og raunin er þegar prófkjör eru annars vegar þegar verið er að tala um óraðaðan lista. Hvernig ætla menn að snúa sér í því þegar búið er að telja atkvæði þeirra sem bjóða fram raðaða lista nokkru áður en talningu hinna óröðuðu lista yrði lokið? Ætla menn einungis að tilkynna um heildarúrslit eða hætta að tilkynna um stöðu talningar af og til allan tímann? Ætla þeir e.t.v. að halda því fyrirkomulagi áfram að birta þá heildarniðurstöðu eins framboðs tiltölulega snemma og láta hin óröðuðu framboð bíða þar til síðar? Hluti af miklum kosningaáhuga og kosningaþátttöku hér á landi er spennan sem ríkir í kringum kosningar og kosninganóttina ef svo má að orði komast.

Hæstv. forseti. Persónukjör er fallegt orð, það hljómar vel og rennur ljúflega ofan í marga. Tilfinningar flæða og lýðræðisástin fer að brenna í brjóstum margra við það eitt að heyra þetta orð. Þetta orð er þess eðlis að margir líta fram hjá þeim vandkvæðum sem felast í framkvæmdinni og skella skollaeyrum við þeim sjónarmiðum.

Ég hef rakið örfá atriði sem ég tel að gætu reynst erfið við framkvæmd kosninganna. Það eru mörg fleiri sem má hér nefna en þó skiptir mestu undirbúningur málsins og það verklag sem var viðhaft. Þetta mál held ég að ríkisstjórnin ætti að taka til baka og skoða betur. Það má geyma það fram yfir kosningar og þá er hægt að blása til samráðsvettvangs flokkanna og jafnvel fleiri aðila til að ræða málið og reyna að ná um það sátt. Það er eina færa leiðin þegar breyting á kosningafyrirkomulaginu er annars vegar. Við hlaupum ekki í gegnum svona grundvallarbreytingar á fyrirkomulaginu án vandaðrar umræðu og málsmeðferðar. (Forseti hringir.) Við erum hér að fjalla um lýðræðislegan grundvöll lýðveldisins og fyrir þeim grundvelli eigum við að bera virðingu, hæstv. forseti.

[19:21]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var svolítið sérstök ræða, verð ég að segja. Það var ekkert jákvætt við persónukjör. Það var bara allt neikvætt. Þetta var samfelld runa af neikvæðum sjónarmiðum gagnvart persónukjöri. Persónukjörið var hreinlega skotið í kaf í þessari ræðu.

Ég er svolítið hissa á því vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefur í gegnum tíðina verið flokka duglegastur við að vera með opið prófkjör. Þeir hafa sagt öllum að koma og veskú raða upp lista, allir eiga að koma og hafa áhrif á hann. Nú er verið að flytja persónukjörið inn í kjörklefann þannig að mér finnst engin rökvísi í þessu. Þessi ræða kom mér verulega á óvart. Hún var miklu neikvæðari gagnvart persónukjöri en ræða hv. þm. Geirs H. Haarde sem var talsmaður Sjálfstæðisflokksins hér áðan. Hann sá þó eitthvað jákvætt í þessu og vildi ræða málin.

Við framsóknarmenn sjáum mjög margt jákvætt við persónukjör og ég vil andmæla því — sem kom fram hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur — að ég hafi enga sannfæringu fyrir málinu og sé að vonast til þess að Sjálfstæðisflokkurinn reddi hinum flokkunum úr einhverri klípu eða eitthvað slíkt. Það er alls ekki þannig. Ég færði í ræðu minni rök fyrir persónukjöri og lýsti hér samþykkt Framsóknarflokksins, við viljum persónukjör.

Ég leyfði mér hins vegar að draga fram ýmsa galla á persónukjöri í heiðarlegri umræðu, mér finnst það bara eðlilegt. Nefndi t.d. að í Finnlandi hefði alls konar fólk sem er frægt í samfélaginu komist að, fólk sem hefði kannski ekki svo mikið að segja í stjórnmálum út af fyrir sig, mér finnst það galli. Ég vil mótmæla því að ég hafi ekki sannfæringu fyrir þessu máli, ég er einn af flutningsmönnum þess.

[19:23]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom mjög skýrt fram í máli mínu að ég tel að þetta eigi að ræða og hef ekki lagt neitt annað til. En ég legg til að það verði gert þegar nægur tími gefst til þess að vinna málið og fara t.d. yfir þau sjónarmið sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir dró hér upp. Þetta er mál sem virkilega þarf að leggja vinnu í og skoða hvernig best verður fyrir komið.

Ekkert verður gert á nokkrum dögum en við getum tekið vinnuna upp aftur eftir kosningar ef hv. þingmaður telur að það sé betra vinnulag að fara í gegnum einar kosningar og rekast á öll vandkvæðin sem fylgja þessu. En ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um það að þarna eru mörg vandkvæði sem mjög mikil ástæða er til að skoða vandlega.

Ég var einfaldlega að meta málflutning hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur þegar ég nefndi að á máli hennar mætti skilja að hún reiknaði með að Sjálfstæðisflokkurinn brygði fæti fyrir málið. Það er alls ekki svo að hv. þingmaður geti treyst því, síður en svo. Því eins og hér hefur komið fram erum við fyllilega tilbúin að ræða breytingar á kosningalögunum en við höfum margendurtekið og margfarið yfir það að fullkomin ástæða er til þess að gera það mjög vandlega. Vinna það mjög vel og leysa úr þeim spurningum sem einmitt hafa komið fram í máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, sem er nú flutningsmaður að málinu, og í máli hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar, sem (Forseti hringir.) er stuðningsmaður þess.

[19:25]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að maður þurfi ekkert að vera neitt svakalega snjall til þess að draga þá ályktun að Sjálfstæðisflokkurinn sé frekar mikið á móti málinu miðað við það hvernig hv. þingmenn flokksins hafa talað við þessa umræðu. Þeir tala hreinlega gegn persónukjöri, gegn þessu máli.

Talað er um að þetta komi allt of seint, þetta komi þegar leikurinn er hafinn og þetta eigi að gera síðar og megi skoða síðar. Ég held að ekki þurfi að tala til þeirrar sem hér stendur í þeim tón að hún geti ekki treyst því að Sjálfstæðisflokkurinn ætli að bregða fæti fyrir málið. Ég sé ekki annað en að Sjálfstæðisflokkurinn bregði fæti fyrir málið miðað við málflutninginn. Sjálfstæðisflokkurinn ætlar ekki að greiða þessu máli atkvæði sitt.

Ef Sjálfstæðisflokkurinn styður málið sem ég flyt hér ásamt fleiri þingmönnum þá bara verður það samþykkt. Það er hið besta mál. (Gripið fram í.) Það yrði annaðhvort samþykkt óbreytt eins og það er flutt hér eða því verður breytt í nefnd.

Ég nefndi það í ræðu minni, og fleiri hafa gert það, að eðlilegt væri að skoða líka sænsku leiðina, þ.e. að röðun sem kemur út úr prófkjöri hjá flokkunum, eða er á einhvers konar formi hjá flokkunum, hafi einhver leiðbeinandi áhrif en að kjósendur geti samt breytt þeirri röðun með sæmilega léttum hætti, að kjósendur hafi þá áhrif á röðunina þrátt fyrir að fram komi raðaður listi. Þannig er það í Svíþjóð. Mér finnst ekkert útilokað að menn geti sameinast um það og þá standa prófkjörin, sem eru hafin, fyllilega fyrir sínu.

[19:27]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að hér var talað um tón þá segi ég: Hv. þingmaður þarf ekkert að senda mér einhvern tón þó að ég hafi efasemdir um þetta mál í heild sinni og þá sérstaklega vinnubrögðin.

Ég held að í hjarta sínu sé hv. þingmaður innilega sammála því að hægt hefði verið að standa betur að þessu, m.a. hefði þurft að skoða þær hugmyndir sem hún er greinilega

mjög hrifin af, sænsku leiðina — það er allt annað mál en það sem hér er flutt. Ég tel eðlilegt að við ræðum slíkar útfærslur. Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um það að það er mál sem endilega ætti að skoða líka.

En yfirlýsingarnar sem fylgja þessu máli eru þær að það eigi væntanlega að klárast svona. Eða eru einhverjir möguleikar á að snarbreyta málinu, fara sænsku leiðina? Í því felst mikil leiðbeining um vinnu allsherjarnefndar, sem fer væntanlega yfir málið, ef menn eru tilbúnir að ræða alla aðra möguleika en koma fram í frumvarpinu. Það hlýtur að hafa sitt að segja líka hvað varðar þann tíma sem menn ætla að taka sér í málið — ef í nefndinni á að skoða ýmsar útfærslur á kosningalöggjöfinni samfara umfjöllun um málið.

Miðað við kosningadaginn 25. apríl, sem nú hefur verið boðaður, hlýtur þetta að vera heilmikil stefnumótun fyrir allsherjarnefnd, þ.e. að hún eigi (Forseti hringir.) að fara yfir kosningalöggjöf í hinum ýmsu löndum.

[19:29]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í ræðu hv. þingmanns kom m.a. fram að núverandi stjórnarflokkar hefðu ekkert samráð við stjórnarandstöðuna. Ég held að vert sé að rifja upp að um er að ræða minnihlutastjórn og hún kemur engu fram nema í samstarfi við stjórnarandstöðuna. Það liggur líka fyrir að af þremur flokkum í stjórnarandstöðu eru tveir á málinu. Mér finnst það ekki sæmandi stærsta stjórnarandstöðuflokknum að láta eins og hann sé fórnarlamb, eins og enginn hafi við hann talað og hann hafi ekkert af þessu máli heyrt.

Ég hef setið fundi þar sem formaður flokksins kom að umræðu um þetta mál. Ég talaði við hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur um það hvort þau hefðu áhuga á að vera á málinu en svo var ekki. Ég virði þau sjónarmið en ég vil ekki hafa Sjálfstæðisflokkinn volandi hér í ræðustól eins og hann sé eitthvert fórnarlamb og enginn vilji við hann tala og ekkert sé við stjórnarandstöðuna talað. Við komum engu í gegn nema í samráði við stjórnarandstöðuna. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta sé klárt í umræðunni.

Í annan stað vil ég líka taka undir með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem sagði að öll röksemdafærsla hv. þingmanns væri á þann veg að hún væri andvíg málinu. Mér finnst það allt í lagi. Þá eiga menn að standa í lappirnar og vera andvígir málinu og viðurkenna að þeir séu andvígir persónukjöri eða að minnsta kosti því máli sem hér liggur fyrir. Ég hjó eftir því að hv. þingmaður bætti svo um betur í lokin þegar hún sagði að hún hefði miklar áhyggjur af kynjahlutfallinu. Það verða nú að teljast þó nokkur tíðindi að sjálfstæðismenn séu alveg ómögulegir yfir því að kynjahlutföllin skuli ekki vera rétt í þingflokkum.

Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að langt er seilst eftir rökum til þess að finna málinu eitthvað til foráttu. Það er ekki nógu gott í grundvallarmáli um að veita almenningi aukið vægi að einasta framlagið séu rök af þessu tagi eða yfirlýsingar um að vinnubrögðin séu ómöguleg. Það er ekki svo. Við höfum að vísu haft skamman tíma en (Forseti hringir.) vinnubrögðin hafa verið til fyrirmyndar.

[19:32]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er einmitt málið. Við höfum haft skamman tíma. Er það ekki grundvallaratriði? Hér er hent fram máli og formenn allra þingflokka nema (Gripið fram í.) Sjálfstæðisflokksins bera málið fram, sem er alveg fyllilega réttmætt af þeirra hálfu.

Hins vegar hefur verið boðað að ríkisstjórnin ætli sér að klára málið á mjög skömmum tíma. Ég tel mig vita hvenær málið fór af stað því sérfræðingur nefndarinnar Þorkell Helgason, sem er mjög mætur maður, hafði samband og vildi kynna útfærsluna strax þegar fyrstu drög voru komin að málinu.

Ég tel mig ekkert fórnarlamb í þessu, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. En málið er bara einfaldlega þannig að ekki komu allir stjórnmálaflokkarnir að því. Það er rétt að taka það fram

Í mínum flokki er hefð að hafa prófkjör og af því að hv. þingmaður nefndi kynjahlutföll þá var það ekki ég sem dró það fram sem sjónarmið mitt í umræðunni, heldur dró ég fram að þetta væri sjónarmið sem hv. flytjandi málsins Siv Friðleifsdóttir nefndi og hafði áhyggjur af, sem og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson.

Það er sem sagt hefð í mínum flokki að í undirbúningi kosninga tökum við nokkra rimmu innan okkar raða og höldum prófkjör og tökum slaginn þar (Forseti hringir.) en síðan sameinumst við um að flytja stefnu flokksins sem hefur verið mótuð (Forseti hringir.) á landsfundi og teljum eðlilegt að þannig sé því háttað. En við erum tilbúin til að ræða alla aðra hluti í þessu líka.

[19:34]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég nefndi bara í andsvari mínu að hv. þingmaður tók einmitt undir þá hugsun eða þau sjónarmið sem fram komu um að kynjahlutföll gætu verið í hættu ef þessi leið yrði farin. Hið sama á alveg eins við í prófkjörum.

En kjarninn í þessu er sá — vegna þeirrar gagnrýni sem hér hefur komið fram um að tíminn hafi verið skammur — að skammt er síðan ríkisstjórnin tók við. Þessi ríkisstjórn snýst um lýðræðismál og efnahagsmál, eins og kemur fram í verkáætluninni. Ég trúi ekki öðru en að hv. þingmaður hafi tekið eftir þeirri lýðræðisvakningu, nánast byltingu, sem hefur orðið í samfélaginu í vetur. Krafan er að almenningur hafi meira um það að segja hverjir setjist inn á þing. Þetta er aðferð til þess.

Ef Alþingi kemur ekki til móts við þau sjónarmið sem eru í samfélaginu og slær ekki í takt við sálarlíf samfélagsins þá er Alþingi ekki á réttri leið. Hér setjum við fram frumvarp um persónukjör sem er í takt við kröfu samfélagsins. Hv. þingmaður og Sjálfstæðisflokkurinn eru andvíg málinu og ég virði það sjónarmið. Það er í góðu lagi.

En fjórir þingflokkar af fimm leggja til að þessi leið verði farin og þetta verði síðan unnið í nefnd. Hvað kemur út úr nefndinni þegar þingið fær málið í hendurnar og vinnur með það? Hvort tillaga um breytingar komi út úr nefndinni verður að koma í ljós.

Meginatriðið er það að krafa samfélagsins er aukið vægi

almennings við val á alþingismönnum. Hér er frumvarp til að koma til móts við það. Ef þingflokkar eru andvígir því þá eiga þeir að segja það en ekki skýla sér á bak við vinnubrögð eða annað þess háttar vegna þess að frumvarpið er mjög vel unnið (Forseti hringir.) og einfalt í sjálfu sér. Stjórnmálaflokkar geta valið (Forseti hringir.) um raðaðan lista eða óraðaðan. Miklu flóknara er það nú ekki. (Gripið fram í.)

[19:36]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég hef margtekið fram að ég er ekki andvíg persónukjöri sem slíku og kem úr umhverfi þar sem við röðum upp á lista okkar með prófkjörum, sem er í sjálfu sér persónukjör.

En þetta er skammur tími. Þetta hefur ekki verið unnið á eðlilegan hátt. Bara úr þessum ræðustól hefur í kvöld verið boðuð gjörbreyting á frumvarpinu. Það gerði hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og taldi að frumvarpið ætti að vera einhvern veginn allt öðruvísi.

Ég tel þetta mjög mikið mál og lýðræðislegan grundvöll undir lýðræðislegu starfi okkar í landinu. Þess vegna legg ég til, hæstv. forseti, að þegar fjallað verður um þetta mál í nefnd þingsins verði opnir fundir. Breytingar voru gerðar á þingsköpunum þannig að nú er möguleiki á að hafa opna fundi.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þannig verði farið með þetta mál svo almenningur í landinu geti áttað sig á því um hvað það fjallar. Að málið verði unnið á opnum fundum allsherjarnefndar til að það geti verið fært fram þannig að almenningur í landinu hafi skilning á því um hvað það snýst.

Ef það er einlægur vilji stjórnarflokkanna (**Gripið fram í:** Stjórnarandstöðu.) að þetta mál fari fram þá held ég að eðlilegasta leiðin væri að menn ræddu þetta opið og almenningur í landinu gæti fylgst með þeirri umræðu í gegnum opna fundi. Því full ástæða er til að ræða þessi mál. Eins og hv. þingmaður nefndi þá er mikil (Forseti hringir.) lýðræðisbylting í landinu og menn (Forseti hringir.) hafa mikinn áhuga á þeim málum. Það er þá eins gott að ræða þau fyrir opnum tjöldum.

[19:39]

Útbýting:

Loftferðir, 196. mál, brtt. SVÓ, þskj. 647.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:39]

[19:49]

Útbýting:

Stjórnarskipunarlög, 385. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 648.

Um fundarstjórn.

Fyrirkomulag þingfundar.

[19:50]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Ég get ekki látið hjá líða að gera athugasemdir við fyrirkomulag þinghaldsins í kvöld. Forseti lýsti því í upphafi fundar í dag að gert yrði ráð fyrir því að kosningalöggjöfin yrði rædd á milli kl. sex og átta. Þingmenn sem höfðu hugsað sér að taka þátt í umræðunni voru komnir í hús til að undirbúa sig og fylgjast með þegar fundi var skyndilega frestað upp úr kl. hálfátta. Þá lá fyrir að hægt hefði verið að koma a.m.k. einni ræðu fyrir og ég t.d. beið eftir að komast að.

Tilgangur þessa útbýtingarfundar er að koma fram með frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem mér skilst að eigi væntanlega að koma á dagskrá á föstudaginn, en um það vitum við náttúrlega ekkert í stjórnarandstöðunni.

Ég hlýt að gera athugasemd við það við hæstv. forseta að maður sé ekki varaður við því að von sé á útbýtingarfundi þegar búið er að skipuleggja umræðuna með þeim hætti sem gert var. Ég hefði kosið að forseti hefði reynt að leita leiða til að gera þingmönnum það ljóst að ekki yrði haldið áfram með þessa umræðu til kl. átta.

[19:51]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti hefur hlustað á athugasemd hv. þingmanns.

Fundi slitið kl. 19:51.

---

95. FUNDUR

fimmtudaginn 5. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 207. mál, þskj. 636. — 3. umr.
3. Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, stjfrv., 313. mál, þskj. 543, frhnál. 649. — 3. umr.
4. Loftferðir, stjfrv., 196. mál, þskj. 243, brtt. 647. — 3. umr.
5. Virðisaukaskattur, stjfrv., 289. mál, þskj. 515, nál. 637, brtt. 638. — 2. umr.
6. Kosningar til Alþingis, frv., 368. mál, þskj. 622. — Frh. 1. umr.
7. Tollalög, vörugjald og virðisaukaskattur, stjfrv., 365. mál, þskj. 617. — 1. umr.
8. Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 366. mál, þskj. 618. — 1. umr.
9. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frv., 371. mál,

þskj. 626. — 1. umr.

10. Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum, þáltill., 370. mál, þskj. 625. — Fyrri umr.

11. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, um breytingu á VII. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, stjtill., 373. mál, þskj. 630. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Katrín Jakobsdóttir menntmrh., 4. þm. Reykv. n.

Kolbrún Halldórsdóttir umhvrh., 5. þm. Reykv. s.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 10. þm. Reykv. n.

[10:32]

Útbýting:

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 313. mál, frhnál. efh.- og skattn., þskj. 649.

Tilhögun þingfundar.

[10:32]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundir geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðu um dagskrármál er lokið.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

[10:33]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins að inna hæstv. forseta eftir því hvort hann geti athugað með skipulag á fyrirkomulagi um óundirbúnar fyrirspurnir. Það er nokkuð um liðið síðan hæstv. samgönguráðherra hefur verið viðstaddur óundirbúinn fyrirspurnatíma. Ég hef haft í huga spurningu til hans um hálfsmánaðarskeið en hef ekki orðið vör við að hann hafi verið viðstaddur af einhverjum ástæðum, sennilega vegna anna. Mig langar til að biðja hæstv. forseta um að beina því til hæstv. samgönguráðherra að hann verði viðstaddur fyrirspurnatímann í næstu viku.

[10:34]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti tekur þessa athugasemd til greina og kemur því til skila til hæstv. samgönguráðherra að hann reyni að verða við óskum þingmannsins.

Sameining bráðamóttöku í Fossvogi og við Hringbraut.

[10:34]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Á erfiðum tímum er mikilvægt að við stöndum vörð um velferðarþjónustuna og ekki síst heilbrigðisþjónustuna. Núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, Ögmundur Jónasson, hefur úr ræðustóli Alþingis talað mikið um að við höldum úti einu besta heilbrigðiskerfi í heimi og ég vil trúa því að hæstv. ráðherra stefni að því að svo verði áfram.

Fyrir dyrum stendur sameining bráðamóttöku Landspítalans við Hringbraut og slysadeildarinnar í Fossvogi. Starfsmenn á Landspítala hafa lýst yfir miklum áhyggjum vegna þessara fyrirætlana og fram hefur komið í máli lækna á spítalanum að þeir hafi þungar áhyggjur af að sameining bráðamóttakanna spilli góðum árangri og geti jafnvel ógnað öryggi sjúklinga. Við það verður ekki búið, hæstv. forseti.

Bent er á að læknar hafi sérstaklega áhyggjur af fólki sem er með kransæðasjúkdóma og segja að hvergi þekkist að bráðamóttaka sem tekur á móti hjartasjúklingum í borg á stærð við höfuðborgarsvæðið sé án þess að hafa hjartadeild og hjartarannsóknarstofu o.fl. Benda má á að þegar hjartasjúklingar lenda í hjartastoppi eða kransæðastíflu skiptir hver mínúta miklu máli og það er mikilvægt að fara vel með þann tíma sem þar um ræðir.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Stendur til að endurskoða þessa ákvörðun um sameiningu? Hvað telur ráðherrann að sparist miklir fjármunir við þetta og er hæstv. ráðherra sammála heilbrigðisstarfsfólki á Landspítalanum að slík sameining geti í einhverjum tilvikum ógnað öryggi sjúklinga og þá kannski ekki síst hjartasjúklinga?

[10:37]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Það tekur í að skera útgjöld til heilbrigðismála niður um 6.700 millj. kr. á ári. Ef við horfum á hina jákvæðu þætti þá er það svo að heilbrigðiskerfið allt saman beinir sjónum að því að skoða sjálfan grundvöllinn, leita leiða til að hagræða, fara betur með fjármuni, jafna kjörin jafnframt því sem reynt er að standa vörð um þjónustuna.

Ég þekki til þeirrar umræðu sem hv. þingmaður vekur máls á og ég vil þakka honum fyrir spurningarnar því þessi umræða er mjög mikilvæg. Það fyrirkomulag sem við höfum búið við á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi varðandi bráðamóttöku hefur verið með miklum ágætum og tryggt öryggi hjartasjúklinga mjög vel. Ég hef rætt þessi mál við stjórnendur sjúkrahússins og lagt áherslu á það sjónarmið að ekki verði ráðist í neinar þær kerfisbreytingar sem komi til með að ógna öryggi sjúklinga og út frá þeirri forsendu vinna stjórnendur Landspítalans – háskólasjúkrahúss einnig. Þeir eru að skoða þessi mál með þessi markmið að leiðarljósi. Ég legg áherslu á að um þetta og ýmsa aðra þætti eru mismunandi sjónarmið og við eigum að reyna að stuðla að því að um umdeildar ákvarðanir af þessu tagi fari fram rækileg og góð, djúp og fagleg umræða. Ég treysti því að svo verði því að ég tek undir þau sjónarmið lækna og hv. þingmanns að hér verður að gæta ýtrustu varúðar til að öryggi sjúklinga sé ekki teflt í tvísýnu á nokkurn hátt.

[10:39]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði, að við megum ekki í neinum tilvikum stefna öryggi sjúklinga í hættu og þess vegna verðum við að taka það alvarlega þegar við fáum þær fréttir inn í sali Alþingis að einhugur sé í læknahópnum sem sinnir þessum sjúklingum um að umrædd aðgerð geti jafnvel stefnt öryggi hjartasjúklinga og annarra sjúklinga í

hættu og við verðum að taka það mjög alvarlega.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra að við þurfum að fara í ákveðnar aðgerðir í hagræðingarskyni í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs. En fyrst og síðast má það ekki koma niður á öryggi sjúklinga. Hér er eitt besta heilbrigðiskerfi í heimi og við megum ekki taka skref aftur á bak í þeim efnum sem geta leitt það af sér að heilbrigðisþjónustan verði ekki eins góð og hún hefur verið á Íslandi á undanförnum árum. Í því mikilvæga kerfi gegnir Landspítalinn lykilhlutverki sem grunnstofnun.

[10:40]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um áðan tekur það í þegar skorið er niður um 6.700 millj. kr. í heilbrigðiskerfinu. Það er stefnt að því að skerða þjónustu eins lítið og hægt er. Það segir sig hins vegar sjálft að þegar um niðurskurð af slíkri stærðargráðu er að ræða bitnar það á starfseminni. En ég tek undir með hv. þingmanni að öðru máli gegnir um öryggisþáttinn. Það má ekki tefla öryggi sjúklinga í tvísýnu. En ég vil vekja athygli á því að kannski er varasamt að skoða þetta með hliðsjón af óbreyttu fyrirkomulagi vegna þess að menn eru að máta hugmyndir af þessu tagi inn í breytt fyrirkomulag að ýmsu öðru leyti. Og til þess að umræðan geti farið fram eins og verðugt er þarf að skoða það með tilliti til slíkra þátta að sjálfsögðu líka. En ég tek undir með hv. þingmanni: Við þurfum að stíga varlega og ekki tefla öryggi sjúklinga á nokkurn hátt í tvísýnu.

Uppsagnir þyrluflugmanna Landhelgisgæslunnar.

[10:41]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Mig langaði aðeins til að fjalla um það sem ég tel vera eitt af meginhlutverkum hins opinbera, þ.e. að gæta öryggi borgaranna og löggæslu. Í síðustu viku bárust fréttir af því að segja ætti upp þyrluflugmönnum hjá Landhelgisgæslunni. Sú staðreynd leiðir til þess að björgunargeta Landhelgisgæslunnar skerðist verulega og þýðir að ekki verður hægt að halda úti tvöfaldri vakt þyrlu og áhafna. Það leiðir síðan til þess að þyrluflugmenn í útkalli kunna að hugsa sig tvisvar um áður en lagt er í leiðangur af ótta við eigið öryggi og eigin áhafnar.

Það er að mínu mati algerlega óásættanlegt að öryggi sjómanna sé teflt í hættu með þessu móti en það verður líka að hafa það í huga að þyrlusveit Landhelgisgæslunnar sinnir einnig öðrum bráðnauðsynlegum verkefnum, til að mynda löggæslu og eftirliti á hafi úti og sjúkraflutningum á landi, svo dæmi séu tekin. Þessar uppsagnir leiða af fjárskorti sem Landhelgisgæslan á við að etja sem leiðir af gengisbreytingum sem orðið hafa.

Herra forseti. Ég hef ekki legið á þeirri skoðun minni að hið opinbera þarf að taka til í rekstri sínum og spara en þegar um öryggismál er að ræða er auðvelt að forgangsraða í þágu þeirra sem Landhelgisgæslan sinnir með því að fela henni þau verkefni sem Varnarmálastofnun sinnir og kosta hátt í annan milljarð kr. á þeirri stofnun. Ég er sannfærður um að unnt er að nýta þessa miklu fjármuni betur og þar með til að styrkja innviði Landhelgisgæslunnar. Mig langar til að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort hún hyggist grípa til einhverra aðgerða til að koma í veg fyrir uppsagnir þessara þyrluflugmanna, (Forseti hringir.) hvort það komi til greina að færa þá fjármuni sem ætlaðir eru Varnarmálastofnun til að styrkja innviði Landhelgisgæslu.

[10:44]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir fyrirspurnina. Þannig háttar til í ríkisrekstri að það þarf að hagræða og þegar kemur að öryggi sjómanna og annarra á þessu landi verður auðvitað að fara varlega og gæta þess að skerða þar sem minnst og helst ekki neitt.

Ég heimsótti Landhelgisgæsluna um daginn og við fórum yfir þetta mál, ég og forstjóri Landhelgisgæslunnar. Hagræðingaraðgerðir stofnunarinnar miðast að því að skerða leitar- og björgunargetu sem allra minnst. Á sama tíma er ljóst að fara þarf í gegnum sársaukafullar aðgerðir en flugrekstrardeildin er þó sú deild þar sem minnsta skerðingu þarf að þola. Áætlað er að fimm þyrluvaktir af sex verði í fullum gangi en það er rétt að það eru uppsagnir sem koma niður á einni þyrluvakt. Uppsagnirnar koma að fullu til framkvæmda í lok sumars. Við höfum farið yfir það, ég og forstjóri Landhelgisgæslunnar, hvernig þetta kemur út fyrir starfsemina hjá þyrlunum og það er alveg ljóst að auðvitað er það áhyggjuefni ef getan skerðist verulega. Mér hefur hins vegar verið tjáð að hún geri það ekki.

Hvað varðar Varnarmálastofnun þá tel ég að þetta sé einn af hagræðingarmöguleikum sem verði að skoða en hvort hægt er að fullyrða að þetta bjargi Landhelgisgæslunni og fjármunum hennar er of snemmt að segja til um núna.

[10:46]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. dómsmálaráðherra taki því vel að skoða þann möguleika að þeir fjármunir sem ætlaðir eru til Varnarmálastofnunar, sem eru á hálfan annan milljarð, verði færðir yfir til Landhelgisgæslunnar til að styrkja innviði hennar. Sá rekstrarvandi sem Landhelgisgæslan á í nemur 500–600 millj. kr.

Það er rétt hjá hæstv. dómsmálaráðherra að það þarf að hagræða í ríkisrekstri en það má ekki gera það þannig að öryggi sé hætt og við erum að tala um að Landhelgisgæslunni er líka ætlað að sinna löggæslu og eftirliti á hafi úti og sjúkraflutningum. Það er í rauninni verið að stofna öryggi allra þeirra sem á sjó eru í hættu. Það má ekki skerða öryggið og þrátt fyrir að hæstv. dómsmálaráðherra hafi sagt að það ætti ekki að gera þá gera þessar breytingar það samt að verkum að ekki verður hægt að halda úti tvöfaldri vakt þyrlna sem þýðir, og ég hef upplýsingar um það innan úr Landhelgisgæslunni, (Forseti hringir.) að það verður erfitt eða ómögulegt að halda úti eftirliti fyrir utan 20 mílurnar. Það er bara stóralvarlegt mál varðandi öryggi sæfarenda.

[10:47]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegur forseti. Síst ætla ég að gera lítið úr áhyggjum hv. þingmanns um skerta starfsemi þyrlubjörgunarsveita.

Landhelgisgæslunni er markaður ákveðinn rammi innan fjárlaga 2009 og ég tel að það sé ekki á valdi framkvæmdarvaldsins að breyta því. Hins vegar má hugsa fram í tímann og búa í haginn. Það má fara að mynda sér skoðanir á forgangsröðun í ríkisrekstri sem gæti þá komið til góða við undirbúning fjárlaga 2010 og hvað varðar Varnarmálastofnun tel ég að skoða verði það mál vel. Ég tel hins vegar ekki rétt þegar menn ganga að viðræðum um það hvort hægt sé að hagræða með sameiningu stofnana að gengið sé út frá því að stofnunin eigi að vera svona eða hinsegin, menn verða að skoða þá hagræðingarþætti og sjá hvort þeir skili raunverulega einhverju.

Opinber hlutafélög.

[10:49]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Með lögunum nr. 90/2006 var lögum um hlutafélög breytt og bætt inn hugtakinu opinbert hlutafélag, en þar segir svo, með leyfi herra forseta:

„Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum félag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, á að öllu leyti, beint eða óbeint. Slíkum félögum einum er rétt og skylt að hafa orðin opinbert hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ohf. og má tengja orðin eða skammstöfunina heiti eða skammstöfun á hlutafélagi.“

Síðan er talað um að það skuli vera jöfn kynjaskipting í stjórn, fjölmiðlar og kjörnir fulltrúar megi sækja aðalfundi o.s.frv.

Nú í kjölfar bankahrunsins hefur ríkið eignast fjöldann allan af fyrirtækjum, þar á meðal þrjá banka sem eru þá væntanlega ohf. Síðan eiga þau fyrirtæki aftur fyrirtæki, mér skilst að Árvakur hafi t.d. verið seldur þannig o.s.frv.

Ég ætla að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann hafi kannað hvort öll þessi fyrirtæki séu ekki ohf. samkvæmt þessari skilgreiningu því að hún er mjög afdráttarlaus. Á þá ekki að boða kjörna fulltrúa á aðalfundi sem taka ákvarðanir um stjórn t.d. og á þá ekki að vera jafnræði í kynjum í stjórnum þannig að ekki megi vera fimm konur í stjórn Kaupþings ef það er opinbert hlutafélag eða of margar karlar í stjórnum hinna bankanna? Hefur hann farið að þessum lögum? Að sjálfsögðu ber framkvæmdarvaldinu að fara að lögum.

Svo er það líka með mörg önnur fyrirtæki, það væri gaman að fá einhvern tímann lista yfir öll þau fyrirtæki sem ríkið hefur eignast að undanförnu í gegnum þessa banka sína. (Gripið fram í.)

[10:51]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Hv. þingmaður er áhugamaður um eignarhald ríkisins á bönkum og fyrirtækjum. Reyndar er þetta mjög þörf ábending eða góð spurning hjá hv. þingmanni. Það þarf að greina það og ákveða með hvaða hætti eignarhaldinu verði fyrir komið að þessu leyti, þar á meðal hvort þessi tiltölulega fátæklegu ákvæði sem eru í lögum um opinber hlutafélög eru fullnægjandi. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að þau séu það ekki, það eigi að leggja ýmsar ríkari skyldur á þau fyrirtæki sem eru opinber hlutafélög og tengjast m.a. þeim þáttum sem nefndir voru eins og aðgengi að upplýsingum um starfsemi þeirra, hvernig stjórn þeirra er skipuð, aðgangi fjölmiðla o.fl. í þeim dúr.

Ég held að það sé hins vegar ekki meiningin og væntanlega alls ekki ætlun laga að fyrirtæki sem tímabundið lenda í einhvers konar umsjá banka, í gjörgæslu hans eða umsjá, annaðhvort í þeim skilningi að bankinn er að greiða úr þeirra málum eða að bankinn hefur fært þau til eignaumsýslufélags, verði opinber hlutafélög meðan á því stendur. Það held ég að væri ekki skynsamlegt ráðslag ef meiningin er að það ástand sé eingöngu tímabundið og ætlunin sé að endurskipuleggja þau fyrirtæki og koma þeim aftur út í lífið ef svo má að orði komast.

Ég tek undir það með hv. þingmanni að þetta er hins vegar hlutur sem þarf að vera skýr og ég skal taka það til skoðunar, og þakka ábendinguna, að skýra aðeins leikreglurnar í þessum efnum.

[10:52]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ráðherraræðið hefur mikið verið gagnrýnt í mótmælum undanfarinna daga og mánaða og að vald framkvæmdarvaldsins sé of mikið. Hér kemur hæstv. ráðherra og hann ætlar að fara að túlka lög sem eru mjög afdráttarlaus, það stendur hvergi í lögunum að fyrirtæki sem ríkið eignast tímabundið séu undanskilin lögunum. Og ég vil benda á það að ef bankarnir, þessir þrír nýju, eru opinber hlutafélög eru allir aðalfundir ógildir sem hafa verið haldnir og stjórnirnar ógildar og allar ráðstafanir þeirra ógildar. Er nú ekki ráð að fara að taka á þessu?

[10:53]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég held að engin slík hætta sé á ferðum en ég endurtek það sem ég áður sagði, það er auðvitað ástæða til að hafa leikreglurnar skýrar í þessum efnum. Ég held að það sé langsótt lagatúlkun að það hefði átt að gera *Morgunblaðið* að opinberu hlutafélagi þá stuttu stund sem það stoppaði í umsjá banka eða var í gjörgæslu eða endurskipulagningu hjá þeirri lánastofnun sem það átti viðskipti við. *Morgunblaðið* var að sjálfsögðu sjálfstæður lögaðili allan tímann með tiltekna kennitölu o.s.frv. og eignarhaldi þess hafði ekki formlega verið breytt að lögum. Ég held að það geti tæpast verið ætlunin nema hv. þingmaður sé svo kappsamur um það að koma sem flestum félögum formlega í eigu hins opinbera í þeim skilningi að þau eigi að breytast í opinber hlutafélög þá stund sem þau eru til meðhöndlunar á þessum nótum, sem ég geri ekki ráð fyrir að hv. þingmaður sé. Það er að sjálfsögðu rétt að skýra leikreglurnar í þessum efnum og þetta er eitt (Forseti hringir.) af því sem þarf að taka á, t.d. ef fyrirtæki staðnæmist lengi í eignaumsýslu félaga í eigu opinbers banka, hvort það á þá að framkvæma slíka breytingu.

Störf sérstaks saksóknara.

[10:55]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Það er eins og pólitíkin hafi snúist öll

á haus hér í dag því að sjálfstæðismenn eru farnir að tala gegn Varnarmálastofnun. Það er kannski ekkert skrýtið því að það snýr eiginlega allt á haus í samfélaginu og þarf ekkert að fara mörgum orðum um það. Á undanförnum vikum og mánuðum hafa birst reglulega fréttir af alls kyns gjörningum sem eiga að hafa átt sér stað í bönkunum og ýmsum stofnunum sem áttu að hafa eftirlit með að hér væri allt í sóma.

Svo virðist sem eitthvað hafi vantað upp á eftirlitið og ýmsum sögum fer af alls kyns ósóma sem venjulegu fólki ofbýður. Má þar nefna nýleg orð seðlabankastjóra, þ.e. fyrrverandi seðlabankastjóra, um meinta fyrirgreiðslu til stjórnmálamanna og þekktra einstaklinga í samfélaginu og einkahlutafélaga þeim tengdum. Þar má nefna sögusagnir um óeðlilega fyrirgreiðslu til ýmissa sem tengdust bönkunum, beint eða óbeint, um ýmis kjör sem starfsmenn bankanna nutu sérstaklega umfram aðra og um meinta fjármagnsflutninga á milli landa. Um það að eftirlitsstofnanir hafi ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu, heldur miklu heldur gengið í lið með þeim sem fóru of geyst og þar má einnig nefna háværa kröfu um frystingu eigna auðmanna sem flestir eru sammála um að ekki sé framkvæmanleg þar sem sök hefur ekki sannast á nokkurn mann og mun ekki gera fyrr en rannsókn mála og saksókn er lokið og dómur genginn. (Gripið fram í.)

Þjóðin er orðin langeyg eftir því að fá svör við spurningum sínum sem hún þegar er farin að borga fyrir. Skortur á trausti alþjóðasamfélagsins gerir okkur erfitt fyrir, fólk treystir ekki stjórnvöldum, það treystir ekki bankanum sínum og þessi skortur grefur undan því að hér sé hægt að hefja uppbyggingu á nýjan leik.

Embætti sérstaks saksóknara var komið á með lögum hér í þinginu í desember og eftir töluverða leit að óvilhöllum manni til að gegna því embætti var hann ráðinn í febrúar. Eftir því sem næst verður komist hafa fjórir starfsmenn verið ráðnir til embættisins. Ég vil því spyrja hæstv. dómsmálaráðherra svona almennt hvað sé að frétta af þessum málum og hvort þess sé að vænta að réttlætið nái hér fram að ganga innan tíðar. Þá er einnig gagnlegt að heyra um samspil rannsóknarnefndarinnar (Forseti hringir.) sem skipuð var hér í þinginu og hins sérstaka saksóknara.

[10:57]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrirspurnina. Ég skal reyna að svara um starfsemi hins sérstaka saksóknara eftir því sem mér er unnt. Hvað varðar frystingu eigna auðmanna hefur saksóknarinn sem og lögregla mjög víðtækar heimildir til haldlagningar og þarf ekki dómsúrskurð til. Hins vegar er það þannig að til þess að geta lagt hald á muni eða eignir þarf rannsóknin að vera í gangi og upplýsingar þurfa að vera komnar sem veita vísbendingar um refsiverða háttsemi. Eins og ég hef sagt áður eru þetta flókin mál og mörg gögn sem þarf að skoða og til að greiða fyrir upplýsingaöflun saksóknarans hef ég í hyggju að flytja hér mál fyrir Alþingi sem veitir saksóknaranum ótvíræðar heimildir til að afla gagna til þess einmitt að flýta fyrir rannsókninni sem gæti þá leitt til þess að hann þyrfti að grípa til úrræða eins og haldlagningar.

Ég held að þetta sé mjög mikilvægt og ég held að það sé mjög mikilvægt að eftirlitsstofnanir vinni saman, að bæði stjórnsýslustofnanir og löggæslustofnanir vinni saman að þessum málum og vinni saman að því að greina hvað það er sem þarf að fara í hvaða farveg.

Ég get ekki svarað til um bein samskipti milli rannsóknarnefndar þingsins og hins sérstaka saksóknara en ég ætla að ef rannsóknarnefnd þingsins kemst að refsiverðri háttsemi við rannsókn sína beini hún þá gögnum til hins sérstaka saksóknara.

Staða sjávarútvegsfyrirtækja.

[10:59]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég er með óundirbúna fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra um skuldastöðu sjávarútvegsins, áætlaðar tekjur hans á þessu ári og framlegð í íslenskum sjávarútvegi. Ég hef leitast við að fá svör við þessum spurningum alveg frá því að bankarnir fóru á hausinn í haust og ekki fengið nægilega skýr svör að mínu mati. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir þjóðina og þingheim allan að fá að vita hver staðan er, sérstaklega fyrir efnahags- og skattanefnd. Í síðustu viku spurði ég Mats Josefsson, sænskan ráðgjafa sem mun aðstoða við að færa skuldir og eignir úr gömlu bönkunum yfir í nýju bankana, um skuldir sjávarútvegsins. Hann hafði ekki hugmynd um hverjar þær væru. Hann hafði heldur ekki hugmynd um hvaða veð væru á bak við þær skuldir sem flytja átti milli bankanna. Ég tel nauðsynlegt að við vitum það, það sé öllum ljóst og sérstaklega þingmönnum og ráðherrum. Ég spyr þess vegna hæstv. sjávarútvegsráðherra, sem er líka fjármálaráðherra og ætti þess vegna að vita betur en aðrir hvað skuldirnar eru miklar, hvað framlegðin er mikil í íslenskum sjávarútvegi nú sem stendur og hverjar eru áætlaðar tekjur af sjávarafurðum á þessu ári.

[11:01]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Þetta er fyrirspurn sem erfitt er að svara óundirbúið nema að hafa einhver gögn við höndina og maður verður þá að treysta á minni sitt. En ég get því miður frætt hv. þingmann um að skuldir sjávarútvegsins eru miklar, þær eru allt of miklar. Hann er skuldum hlaðinn. Sú staða versnaði stórkostlega þegar gengi krónunnar hrundi á síðasta ári. Hvort við eigum að giska á að árstekjurnar séu þrefaldar til fjórfaldar, veit ég ekki, en þær eru einhvers staðar nálægt því bili. En vissulega hafa þær lækkað frá áramótum um upp undir 15% ef við reiknum með að þær séu að uppistöðu til í erlendri mynt, sem ég held að sé raunin, fyrir utan einhverja innlenda reikninga sem vega ættu þungt í fjármögnun fyrirtækjanna. Sú gengisþróun er að sjálfsögðu jákvæð fyrir efnahagsreikninginn og skuldahliðina en hún er þó að sama skapi neikvæð fyrir tekjuhliðina, þ.e. færri krónur koma inn fyrir útflutninginn. Annað og verra er þó það að fallandi afurðaverð og birgðasöfnun hafa auðvitað verulega neikvæð áhrif á afkomu greinarinnar núna.

Það er fleira sem gerir þessa mynd óljósa. Sjávarútvegurinn á nokkra tugi milljarða í óuppgerðum gjaldeyrisvarnasamningum í bankakerfinu. Þeirri óvissu er haldið utan sviga í bili — eða innan sviga — og fyrirtækin hafa bent á hversu bagalegt það er fyrir þau að fá ekki niðurstöðu í það mál. Ég hef í höndum skýrslu frá endurskoðunarfyrirtæki sem Samtök sjávarútvegsins létu gera um afkomu stórra fyrirtækja innan greinarinnar. Hún er alvarleg og var þó gert ráð fyrir því þar að gjaldeyrisvarnasamningarnir leystust á tiltekinn hátt. Nú er það mál enn í biðstöðu eða óútkljáð þannig að óvissan um þá hluti, eða nákvæmlega þær tölur sem hv. þingmaður spyr um, er mjög mikil. (Forseti hringir.) En ég skal reyna að taka saman gleggri tölur um þetta og hafa þær til svara á Alþingi sem fyrst.

[11:03]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Skuldastaðan í sjávarútveginum er mjög erfið og við áttum okkur líka á því að það er lækkandi afurðaverð, sennilega á bilinu milli 30 og 40% víðast hvar á mörkuðum okkar erlendis. Framleiðslugjald og samningar eru auk þess erfið fyrir sjávarútvegsfyrirtækin. Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til hugmyndir til lausnar. Við höfum lagt til að veitt yrði meira af fiski til að skapa meiri gjaldeyristekjur. Við höfðum lagt til að handfæraveiðar yrðu gefnar frjálsar yfir sumartímann og við höfum jafnframt lagt til ýmislegt í stjórn fiskveiða til að mæta vanda greinarinnar. Þar er stærsta tillaga okkar innköllun á veiðiheimildum með yfirtektarhluta af skuldum inn í svokallaðan auðlindasjóð. Það væri gaman að vita hvort hæstv. ráðherra sér ekki möguleika á því að verða við einhverjum af þessum óskum.

[11:04]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er ekki mikið svigrúm til aðgerða innan fiskveiðiársins þegar búið er að úthluta öllum veiðiheimildum og ganga frá málum eins og búið var að gera þegar núverandi ríkisstjórn kom til valda. Ég get þó upplýst hv. þingmann um að verið er að skoða ýmis atriði og þó einkum með því hugarfari hvort það gæti haft jákvæð áhrif á atvinnustigið og atvinnusköpun hér innan lands. Það er kannski það sem er mest áríðandi. Þær aðgerðir mundu ekki skipta neinum sköpum t.d. fyrir afkomu stærri sjávarútvegsfyrirtækja, þær væri ekki þess eðlis.

Það sem kæmi íslenskum sjávarútvegi augljóslega best, eins og reyndar öllu íslensku samfélagi, væri umtalsverð og hröð lækkun vaxta. Eitt af því sem ýtir hráefninu út úr landinu og hindrar að það komi til vinnslu innan lands er að vaxtakostnaðurinn er svo hár að fyrirtækin ráða ekki við birgðasöfnun og lagerhald. Þá er valinn sá kostur að reyna að koma aflanum sem fyrst út og fá einhverjar krónur í höndina með því að flytja hann út í gámum eða jafnvel láta skipin sigla. Það er því veruleg ástæða (Forseti hringir.) til að hafa áhyggjur af þeirri þróun og það sem mundi vinna mest með okkur í öllu því (Forseti hringir.) væri lækkun fjármagnskostnaðar.

Um fundarstjórn.

Óundirbúnar fyrirspurnir á dagskrá.

[11:06]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Nú ætla ég einmitt að ræða um fundarstjórn forseta. Ég hugðist spyrja hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um fisksölu í Bretlandi og víðar í ljósi þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið í hvalveiðamálinu. Þetta er í þriðja sinn sem ég legg fram þessa fyrirspurn, sendi hana af stað, og ég hygg að það hafi gerst bæði seint og snemma á þeim tíma sem til þess er. Mér þykir satt að segja svolítið undarlegt að þessi fyrirspurn skuli ekki komast að og tel að forseti ætti kannski að skoða það. Það getur vel verið að það sé misskilningur og gott að fá á því skýringar.

Getur það verið að aumir varaþingmenn skuli víkja fyrir virðulegum hv. öðrum þingmönnum í þessari fyrirspurnaröð eða er sjávarútvegsráðherrann eitthvað ómerkari en aðrir ráðherrar? Það er varla svo því að hér svaraði hann fyrirspurn um ágæt sjávarútvegsmál enda eru þau tengd þeirri fyrirspurn sem ég var með. Eða er það þannig að málefnið sjálft, vandi sjávarútvegsins og fisksölunnar í ljósi þeirra ákvarðana sem teknar voru, sé ekki til umræðu á þingi?

[11:07]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti vill taka fram að sá tími sem ætlaður er til umræðna er útrunninn. Undir liðnum Störf þingsins er það er gjarnan svo að mun færri komast að í þeim tíma sem þingsköp leyfa að þessi dagskrárliður sé. Það er því algengt að menn komist ekki að undir þessum dagskrárlið.

[11:08]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Hér voru óundirbúnar fyrirspurnir á dagskrá en ekki störf þingsins, þannig að það sé á hreinu. Ég er ósköp einfaldlega að leita skýringar á því hvers vegna þessi fyrirspurn mín um málefni sem ég tel brýnt, og ég held að allir hljóti að viðurkenna að þarf að svara og ræða, kemst ekki á dagskrá. Það kunna að vera einhverjar skýringar á því. Ég er ósköp einfaldlega að leita að þeim. Sjálfur nefni ég þrjár skýringar. Forseti hefur ekki svarað neinni þeirra og vil ég gjarnan að hann geri það.

Það kann að virðast fáfengilegt að kvarta yfir því að maður komist ekki upp í stólinn og sjálfsagt er það það þegar litið er yfir aldirnar. En í fréttum hefur verið rætt um vandræði fisksölunnar vegna ákvörðunar Einars K. Guðfinnssonar, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, um upphaf hvalveiða, og ýmis annar vandi sem við er að glíma og er ekki á bætandi við þá erfiðleika sem hér eru uppi. Mér finnst algerlega eðlilegt að þingmaður, jafnvel þó að hann sé úr Samfylkingunni (Forseti hringir.) og jafnvel forseti þó að hann styðji ríkisstjórn hæstv. sjávarútvegsráðherra, fái að spyrja sjávarútvegsráðherra um þetta.

[11:09]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég hef mikla samúð með hv. þingmanni. Þetta er fyrirspurn sem ég vil gjarnan svara. Ég spyr hvort

það geti orðið til lausnar málinu að hv. þingmaður leggi fram hefðbundna munnlega fyrirspurn og ég skal vera við því búinn að svara henni þá strax í næstu viku.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 207. mál (gildistími ákvæða um áframeldi og krókaaflahlutdeild). — Þskj. 636.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 3. umr.

Stjfrv., 313. mál (afnám laganna). — Þskj. 543, frhnál. 649.

[11:10]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti frá efnahags- og skattanefnd vegna þess máls sem hér er til umfjöllunar en eins og kunnugt er samþykkti Alþingi við 2. umr. í gær þær breytingartillögur sem lagðar voru fram af hálfu nefndarinnar við þetta frumvarp.

Nefndin hefur að eigin frumkvæði fjallað um málið á ný milli 2. og 3. umræðu og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Völu Rebekku Þorsteinsdóttur frá fjármálaráðuneyti.

Nefndin leggur til þá breytingu að gildistaka laganna miðist við komandi kjördag til Alþingis, hinn 25. apríl nk. Með því er komið í veg fyrir að þingmenn sem ljúka þingsetu og ráðherrar sem láta af störfum í kjölfar þingkosninganna í vor myndi á tímabilinu 1. apríl til 25. apríl 2009 lífeyrisréttindi hjá A-deild LSR. Eðlilegra þykir að viðkomandi aðilar búi við eftirlaunakerfið, samanber lög nr. 141/2003, þar til kjörtímabili þeirra lýkur 25. apríl nk. Verður á þann hátt ekki skörun á milli lífeyriskerfa.

Að sama skapi er lagt til að biðlaun viðkomandi aðila myndi réttindi samkvæmt lögum nr. 141/2003 í stað þess að þau myndi lífeyrisréttindi hjá A-deild LSR þann tíma sem biðlaun eru greidd. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Þingfararkaup og biðlaunagreiðslur alþingismanna sem ljúka þingsetu og ráðherra sem láta af störfum í kjölfar kjördags 25. apríl 2009 mynda eftirlaunaréttindi samkvæmt lögum nr. 141/2003.

2. Við 5. gr. Í stað dagsetningarinnar „1. apríl 2009“ kemur: „25. apríl 2009“.

Björgvin G. Sigurðsson, Bjarni Benediktsson og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita, auk þess sem hér stendur, hv. þm. Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Gunnar Svavarsson, Jón Bjarnason og Birkir J. Jónsson.

[11:13]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Mig langar til að fá upplýsingar um það hjá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni hvort ekki hafi komið til umræðu í nefndinni um málið þau sjónarmið sem ég m.a. hef haft uppi um að kjararáði verði falið að ákvarða um lífeyrisréttindi þeirra hópa sem lögin taka til. Ég hef sagt að mér finnst óeðlilegt að þingmenn hlutist sjálfir til um kjör sín. Kjararáði er fengið það verkefni að ákvarða þingfararkaup okkar og laun þeirra hópa sem undir lögin falla. Ég hefði talið eðlilegt að kjararáði væri einnig falið að ákvarða lífeyrisréttindi okkar vegna þess að það eru kjör alveg eins og þingfararkaup. Með því fyrirkomulagi lít ég þannig á að þingmenn væru lausir við að þrefa um eigin kjör í þingsal.

Ég kom hingað upp til að fá upplýsingar um hvort þetta sjónarmið hafi verið rætt í nefndinni þar sem mér finnst það vera mikilvægt. Ég tel að allar ákvarðanir um kjör þingmanna, hæstaréttardómara og annarra þeirra sem undir lögin falla, eigi að vera ákvörðun annarra en þingsins sjálfs.

Ég vildi varpa þessari spurningu fram og fá upplýsingar frá hv. þingmanni um hvort þessi sjónarmið hefðu verið rædd í nefndinni.

[11:15]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Það er út af fyrir sig ágætt sjónarmið að kjararáð ákvarði um alla hluti sem varða kjör þingmanna og ráðherra, m.a. það sem ég og hv. þm. Pétur Blöndal ræddum í gær, um dagpeninga, vildarpunkta, starfskostnað o.fl. þess háttar. Ég held að út af fyrir sig væri gott að kjararáð fengi eitthvert yfirlit um þau kjör líka.

Ég hef hins vegar litið svo á að með frumvarpi því sem hér er til umræðu í þriðja sinn á þessu þingi — og er þriðja frumvarpið sem fram hefur komið um þessi efni á nokkrum árum, frá hinu fræga frumvarpi sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson samþykkti með jáyrði sínu árið 2003 — væri verið að koma hlutunum í nokkurn veginn endanlegt horf miðað við þær aðstæður sem við búum við, þ.e. það horf að þingmenn og ráðherrar yrðu færðir í þann lífeyrissjóð sem eðlilegast er að þeir tilheyri, nefnilega lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Svo getum við hv. þm. Pétur Blöndal deilt um hvernig sú skipan á að vera en að það sé þannig að afnumin séu sérréttindi og forréttindi þingmanna og ráðherra sem þjóðin hefur verið ákaflega óánægð með eins og hefur sýnt sig aftur og aftur eftir að frumvarpið 2003 komst inn á þing.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort það sé hugmynd hans eða stefna að þetta breytist, þau lög sem kynnu að verða til úr frumvarpinu, og sennilega verða. Telur hann hættu á að þetta mál verði tekið upp aftur eða telur hann eða flokkur hans að það stefni í endurupptöku málsins eins og því verður væntanlega komið fyrir að lokinni þessari umræðu?

[11:17]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hef lýst mig fylgjandi því sjónarmiði sem fram kemur í frumvarpinu, að jafna lífeyriskjör og lífeyrisréttindi þeirra hópa sem undir frumvarpið falla og opinberra starfsmanna. Ég hef reyndar lýst því yfir að ég sé

reiðubúinn til að ganga svo langt að reyna að jafna lífeyriskjör opinberra starfsmanna annars vegar og hins vegar launþega á almenna vinnumarkaðnum.

Gallinn við þetta mál er sá sem ég nefndi áðan, að þingmenn séu sjálfir að hlutast til um eigin lífeyrisréttindi. Ég hefði talið eðlilegra að kjararáði væri falið að taka ákvarðanir um öll okkar kjör, þar á meðal lífeyriskjörin. Ég er hálfpartinn með þessari spurningu minni og innleggi í umræðuna að beina því til ríkisstjórnarinnar að gera þarf breytingar á lögunum, að þannig verði fyrirkomulaginu háttað. Mér fyndist miklu betri bragur á því að kjararáð tæki ákvarðanir um þetta í heild sinni, þ.e. um kjör okkar, frekar en að við gerðum það sjálfir.

Ég held að þeir sem hafa fylgst með umræðunni um lífeyrisréttindi alþingismanna, hæstaréttardómara, ráðherra og forseta Íslands ættu að geta verið sammála því sjónarmiði vegna þess að sú umræða hefur ekki beint verið uppbyggileg á síðustu árum. Með því að fara þá leið sem ég hef nefnt gætu stjórnmálamenn framtíðarinnar einbeitt sér að öðrum og brýnni viðfangsefnum en eigin lífeyriskjörum.

[11:19]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Snörp umskipti hafa orðið á afstöðu þingmannsins frá árinu 2003, þá taldi hann rétt að halda áfram forréttinda- og sérréttindakerfi fyrir þingmenn og hækka verulega lífeyri ráðherra og búa þannig úr garði að menn gætu hætt fimmtugir eða 55 ára eða eitthvað álíka og þó skrifað bækur og haft tekjur af bókaskrifum o.s.frv., þ.e. frumvarpið sem hann samþykkti ásamt öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins og fleirum í þáverandi stjórnarliði sem var mjög í hag einmitt þeim ráðherrum sem það píndu áfram. Nú vill þingmaðurinn láta taka frá sér og öllum þingmönnum þann kaleik og setja hann yfir á embættismenn í kjararáði.

Ég hef fullan skilning á því og lít þannig á — það er kannski rétt að spyrja um það líka — að þingmaðurinn vilji þó samþykkja fyrst að afsala sér og öðrum þingmönnum þessum forréttindum og ráðherrum einnig áður en það yrði þá sent til kjararáðs. Eða er hugmyndin sú að senda núverandi kerfi eða kerfið frá 2003 til kjararáðs og láta kjararáð sumsé yfirtaka það? Rétt er að þingmaðurinn upplýsi um það úr því að hann er að skipta hér um skoðun.

Ég vil líka spyrja hann um það sem hann svaraði ekki beint áðan, hvort þá væri ekki eðlilegra að setja í kjararáð aðra þætti í kjörum þingmanna, t.d. þá vildarpunkta sem við hv. þm. Pétur Blöndal tókum afstöðu gegn í umræðunni í gær, starfskostnaðinn sem hv. þm. Pétur Blöndal efast líka um, og ég get tekið undir þær efasemdir, og dagpeningana sem þingmenn og aðrir njóta eins og embættismenn og við hv. þm. Pétur Blöndal erum sammála um að sé kerfi sem þarf að endurskoða rækilega.

[11:21]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hélt að ég hefði svarað þessari spurningu hv. þingmanns áðan. Ég sagði að ég teldi eðlilegt að kjararáð úrskurðaði um öll kjör þeirra hópa sem undir lögin heyra, í okkar tilviki þá þingfararkaup, lífeyrisréttindi og önnur kjör þannig að vildarpunktar eða dagpeningar eða annað slíkt sem hv. þingmaður nefndi fellur þar undir. Ég lít svo á að ákvarðanir um þetta eigi að fella allar undir kjararáð.

Óskað var eftir afstöðu minni til þessa máls. Hún mun auðvitað koma fram í atkvæðagreiðslunni. Ég geri ekki ráð fyrir að málinu verði frestað þrátt fyrir þessa ábendingu mína um að ákvarðanir um launakjör alþingismanna og ráðherra verði færðar undir kjararáð, en það gæti verið verðugt verkefni þeirra stjórnvalda sem taka við eftir kosningar eða þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr að marka stefnu í þeim málum.

Ég geri ráð fyrir að frumvarpið, eins og það er, verði samþykkt. Við erum við 3. umr. um málið og ég get ekki annað en talað fyrir sjálfan mig en ég hef lýst því yfir að ég sé reiðubúinn til að samþykkja meginatriðin sem koma fram í frumvarpinu þrátt fyrir að ég hafi t.d. stutt breytingartillögur hv. þm. Péturs Blöndals. Þetta er ekki fullkomið frumvarp en ég get vel fellt mig við ýmislegt sem þar kemur fram.

[11:23]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Vegna þeirrar fyrirspurnar sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson beindi til mín um það hvort komið hefði til umfjöllunar á vettvangi nefndarinnar að kjararáð fjallaði um öll kjör þingmanna, þar með talin lífeyriskjör og -réttindi, er rétt að minna á það sem kom fram við 2. umr. málsins, að það var rætt á vettvangi nefndarinnar, já. Þau sjónarmið komu fram og m.a. var rætt við formann kjararáðs sem kom sem gestur á fund nefndarinnar og kom fram við 2. umr. þegar ég gerði grein fyrir nefndaráliti og þeim breytingartillögum sem nefndin gerði.

Um þetta þarf kannski ekki mikið að segja meira. Það er alveg ljóst að í lögunum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er ekki gert ráð fyrir að þingmenn og ráðherrar geti verið aðilar að þeim lífeyrissjóði. Ef þingmenn og ráðherrar eiga að fara inn í A-deild LSR eins og hér er gert ráð fyrir þarf að veita heimild til þess í lögunum eða kveða á um það í lögunum um LSR. Það er alveg ljóst. Jafnvel þótt kjararáð tæki ákvörðun um að þingmenn og ráðherrar ættu að greiða í A-deild LSR getur kjararáð ekki ákveðið eða skipað þeim málum í lögum. Það verður Alþingi að gera. Þess vegna er þessi lagabreyting óhjákvæmileg.

Aðalatriðið að mínu mati er að kjararáð hafi yfirsýn yfir kjör þeirra sem ráðið fjallar um og geti þannig tekið mið af þeim, hvort sem það eru lífeyriskjör eða önnur kjör. Kjararáð hafi yfirsýn yfir það og hafi það til hliðsjónar þegar það ákvarðar laun þingmanna.

Einnig er rétt að minna á að á þessu ári, samkvæmt lögum sem Alþingi setti í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar, er kjararáði óheimilt að breyta (Forseti hringir.) kjörum þingmanna á þessu ári.

[11:25]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þingmanni fyrir svörin. Ég á ekki sæti í efnahags- og skattanefnd þingsins og var þar af leiðandi ekki við umfjöllun um

málið í nefndinni og gat því miður ekki verið viðstaddur þegar hv. þingmaður fór yfir sjónarmið meiri hluta nefndarinnar eftir afgreiðslu þess við 2. umr. Mér fannst því ástæða til að spyrja út í þetta atriði. Það þarf svo sem ekki að hafa mörg orð um það, ég þakka bara hv. þingmanni fyrir þau svör sem hann veitti.

[11:26]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Örstutt, ég styð þær breytingartillögur sem hv. efnahags- og skattanefnd flytur við málið. Þær eru tæknilegs eðlis og eðlilegar. Ég vil benda á að í gær ákváðu þingmenn að velja sér lífeyrissjóð öndvert við allt venjulegt fólk í landinu sem er með afskaplega mismunandi lífeyrisrétt og er með lögum skyldað til að vera í ákveðnum lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Menn eru skyldaðir til að borga í lífeyrissjóð sem er jafnvel með lakan rétt af því að þeir sem eru í kringum þá í stéttinni eru aldraðir og aðrir fá betri rétt af því að þeir sem eru í kringum þá, eins og í Lífeyrissjóði verslunarmanna, eru ungir. Þetta er afskaplega óréttlátt. Þingmenn völdu sér sem sagt í gær besta lífeyrissjóðinn af lífeyrissjóðum landsins.

Þegar þessari verðstöðvun lýkur um næstu áramót er spurning hvort kjararáð muni hækka laun þingmanna mikið vegna þess að búið er að skerða lífeyrisréttinn. Það er spurning og það er dálítið slæmt að fólk sem býður sig fram til þings viti ekki hver kjörin eru. Ég hef margoft bent á þetta. Ég hef reyndar lagt til að fráfarandi þing ákveði tímanlega fyrir kosningar laun og starfskjör þingmanna næsta þings. Þá kemur upp sú skemmtilega staða að ef þingmenn ákveða kjörin mjög góð munu margir sækja um starfið, samkeppnin vex og þeir hugsanlega missa starfið. Ef kjörin eru mjög lök gerist hið öfuga. Og eins ef þingið mundi núna ákveða þingfararkaupið þokkalegt eða tiltölulega hátt og einhverjir eru að býsnast yfir því í þjóðfélaginu að þetta séu óskaplega há laun o.s.frv. getur sá hinn sami bara boðið sig fram til þings og það er jákvætt að sem flestir bjóði sig fram og að sem mest mannval sé í prófkjörum og kosningum.

Ég held að menn ættu að skoða það í stað þess að fela einhverju dómsvaldi að sjá um kjör þingmanna eins og við gerum í dag með kjararáð, það er eins konar dómur. Löggjafarvaldið felur eiginlega dómsvaldinu að ákveða kjör sín. Við ættum að skoða það frekar að fráfarandi þing ákveddi tímanlega, svo sem eins og hálfu eða einu ári fyrir kosningar hver yrðu starfskjör, laun og lífeyrisréttindi o.s.frv. komandi þings.

[11:29]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Það er komið að lokum umræðu um frumvarp til laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara sem kveður á um að þau sérréttindi sem þessir hópar hafa haft varðandi lífeyrissjóð eru afnumin. Þeir verða því hér eftir aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Ég fagna því. Þetta er virkilegur ávinningur í að koma á auknum jöfnuði hvað kjör fólks í landinu varðar. Það var fullkomlega óeðlilegt að þessi hópur fólks byggi við sérstakar aðstæður. Mín skoðun er reyndar sú að einn öflugur og góður lífeyrissjóður ætti að vera fyrir alla landsmenn og ekki væri gerður sá greinarmunur á sem núna er um lífeyrisréttindi fólks.

Það er annað mál að fást við og vonandi verður það gert, að auka jafnrétti og jafnræði hvað varðar lífeyri og að eftirlaun og kjör sem fólk býr við að loknum meginstarfsdegi eigi að vera sem jöfnust. Þar á jafnréttið að ríkja og því tel ég þessi lög mikilvægan þátt í því auk þess sem þeir hópar sem hér áttu hlut að máli sitji við sama borð og aðrir.

Ég fagna því að frumvarpið skuli vera komið á lokastig, herra forseti, og finnst það gott og öflugt skref að horfa á Alþingi gera svo.

[11:31]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni, það er gott að við erum að hverfa frá þessu ógagnsæja forréttindakerfi sem við vorum í. En í gær ákvað hv. þingmaður að greiða atkvæði og velja sér lífeyrissjóð — og hann valdi þann besta sem til er í landinu, hann valdi A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ég spyr hv. þingmann: Hvers vegna í ósköpunum gerði hann það? 80% af kjósendum í landinu, og sennilega hærra hlutfall af kjósendum hv. þingmanns af því að það eru færri opinberir starfsmenn úti á landi en í Reykjavík, það er bara einu sinni þannig, því miður — er gert að greiða í lífeyrissjóði sem eru með miklu lakari lífeyrisrétt. Iðgjald atvinnurekandans er 8% í staðinn fyrir 11,5% í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem sennilega fer að hækka. Og hv. þingmaður valdi í gær besta lífeyrissjóðinn á meðan öðru fólki í landinu er gert að greiða í ákveðinn lífeyrissjóð og getur ekki valið eitt eða neitt.

[11:33]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég lagði einmitt áherslu á að mín skoðun væri sú að landsmenn allir ættu að búa við hliðstæð lífeyrissjóðsréttindi og það ætti að stefna að því að sameina lífeyrissjóðina, að þetta væru ein réttindi. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er öflugur og góður lífeyrissjóður, ég vildi að allir hefðu hliðstæð réttindi og hann hefur.

Lífeyrissjóðirnir hafa ýmsir orðið sem hluti af kjarasamningum og í samningum atvinnulífs og stéttarfélaga eins og hv. þingmaður þekkir í gegnum tíðina. Grunnhugsjónin er sú að allir skuli hafa sömu lífeyrisréttindi og lífeyrissjóðsréttindi þegar starfsdegi hallar eða lýkur, það tel ég markmið sem eigi að stefna að.

[11:34]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta voru dálítið tóm orð. (**JBjarn:** Þetta eru ekki tóm orð, þetta eru hugsjónir.) Þetta eru tómar hugsjónir vegna þess, (Gripið fram í.) herra forseti, að þetta mundi kosta óhemju mikið. (Gripið fram í.) Þetta mundi kosta 3–4% af launum allra landsmanna, þeirra sem ekki eru í A-deildinni. Hver ætti að borga það?

Nú veit ég ekki, ég hef ekki reiknað það nákvæmlega, en eru ekki launin í landinu eitthvað um 800–900 milljarðar, 3% af því eru 24–30 milljarðar. Hvar ætlar hv. þingmað-

ur að taka þá peninga í kreppunni? Hver á að borga? Það er gott að tala svona, það er gott að velja sér bara besta lífeyrissjóðinn í landinu og tala svo með tómum loforðum.

[11:35]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er dapurlegt að heyra í hv. þm. Pétri Blöndal sem er búinn að styðja ríkisstjórnarflokka sem hefði verið í lófa lagið að koma á jafnrétti hvað varðar lífeyrissjóðina í landinu og lífeyrisréttindi fólks og lyfta þeim upp tilsvarandi því sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur ef þeir hefðu lagt þessa stefnu fram.

Hv. þingmaður, þetta eru fulltrúar einkavæðingarinnar, þetta eru fulltrúar þess að hver er sjálfum sér næstur o.s.frv. og þess vegna var þetta ekki forgangsverkefni hjá fyrrverandi ríkisstjórn. Nei, í þeirra huga var hver sinnar gæfu smiður í þessum efnum. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég er þeirrar skoðunar að hér eigi að ríkja sem mestur jöfnuður og jafnrétti og líka hvað varðar lífeyri og lífeyrisréttindi fólks. Það er hugsjón sem á að stefna að. Það gerum við í áföngum og þá á að færa lífeyrisréttindin upp fyrir almenning í landinu en ekki keyra þau niður eins og mér virtist hv. þm. Pétur Blöndal vera að leggja til.

Það er fagnaðarefni að sérréttindi forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara séu núna afnumin og að þeir gangi að almennum réttindum lífeyrissjóðsþega í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Ég tel það mikið fagnaðarefni og ítreka það, herra forseti. Það er ánægjulegt að þetta mál skuli vera komið á lokastig í afgreiðslu þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Loftferðir, 3. umr.

Stjfrv., 196. mál (flugvernd, gjaldtaka, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 243, brtt. 647.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 289. mál (hækkuð endurgreiðsla vegna vinnu á byggingarstað). — Þskj. 515, nál. 637, brtt. 638.

[11:37]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Herra forseti. Hér er komið til 2. umr. frumvarp til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt sem hefur verið til meðferðar í hv. efnahags- og skattanefnd og fengið þar talsvert viðamikla umfjöllun.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu lúta fyrst og fremst að því að hækka endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingarstað við íbúðarhúsnæðisbyggingar og jafnframt vinnu manna við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis úr 60% í 100% á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. júlí 2010.

Hugsunin með þessum breytingum er fyrst og fremst sú að reyna að örva atvinnustarfsemi í byggingariðnaði. Það er mikilvægt í því samhengi þegar við horfum fram á gríðarlega mikinn samdrátt í atvinnulífinu, sérstaklega í byggingariðnaðinum og meðal þeirra starfsstétta sem þar vinna og einnig þeirra sem vinna tengd störf, svo sem hönnuða og ráðgjafa í byggingarstarfsemi.

Frumvarpið hefur eins og ég sagði fengið talsvert mikla umfjöllun og á fund nefndarinnar hafa komið fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Alþýðusambandi Íslands, Meistarafélagi húsasmiða, Arkitektafélagi Íslands, Félagi ráðgjafarverkfræðinga og Félagi sjálfstætt starfandi arkitekta, frá félögum verkfræðinga og tæknifræðinga og Knattspyrnusambandi Íslands. Einnig hafa borist skriflegar umsagnir frá ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum fjármálafyrirtækja, Viðskiptaráði Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Starfsgreinasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Neytendasamtökunum, Húseigendafélaginu, Félagi löggiltra endurskoðenda, Knattspyrnusambandi Íslands, Eyþingi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Íbúðalánasjóði og Ríkisendurskoðun. Enn fremur barst sameiginleg umsögn frá Arkitektafélagi Íslands, Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Félagi sjálfstætt starfandi arkitekta, Verkfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi verkfræðinga og Tæknifræðingafélagi Íslands.

Eins og kemur fram af þessari upptalningu hefur þetta mál fengið mikla umfjöllun og margir aðilar hafa sent inn umsögn um málið. Er skemmst frá því að segja að í öllum meginatriðum ganga umsagnirnar á einn veg, þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir er fagnað og flestir aðilar lýsa sig sammála markmiðum þess og þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir en jafnframt hafa komið ábendingar frá fjölmörgum umsagnaraðilum um viðbætur við frumvarpið og ég ætla að geta þess þá í stuttu máli í hverju þær felast.

Eins og ég gat um er í frumvarpinu lagt til að hlutfall endurgreiðslu á virðisaukaskatti skv. 1. mgr. 42. gr. virðisaukaskattslaganna hækki tímabundið í 100% með það að markmiði að hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði og draga úr atvinnuleysi. Þá er einnig lagt til að reglugerðarheimild í 6. málslið umræddrar lagagreinar verði látin taka til verksmiðjuframleiddra húseininga og er hún rökstudd með vísan til breyttra byggingarhátta og jafnræðis í skattalegu tilliti.

Nefndin ræddi hvort aðrar leiðir en sú sem lögð er til í frumvarpinu varðandi tímabundna hækkun á hlutfalli endurgreiðslu væru betur til þess fallnar að ná fram markmiði þess, þ.e. að þeirri tekjuskerðingu sem ríkið kann að verða fyrir vegna endurgreiðslunnar sé betur ráðstafað með öðrum hætti. Telur nefndin að sú leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir sé vel til þess fallin að auka atvinnu og draga úr svartri atvinnustarfsemi.

Nefndin ræddi einnig gildistöku frumvarpsins og hvort endurgreiðsla samkvæmt því yrði miðuð við tímasetningu framkvæmda eða útgáfu reiknings. Kom fram sá skilningur

að útgáfa reiknings væri ákvarðandi í því efni.

Þá ræddi nefndin hvort ástæða væri til að láta hagræðið taka til fleiri sviða atvinnulífsins og möguleg áhrif þess á samkeppni. Nefndin tók í því sambandi sérstaklega til skoðunar hvort tilefni væri til að láta heimild til endurgreiðslu taka til fleiri starfsstétta en 2. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir og inna ekki þjónustu sína af hendi á vettvangi framkvæmda undir öllum kringumstæðum. Má þar nefna arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga sem að mati gesta sem nefndin ræddi við búa við sérstaklega slæma verkefnastöðu um þessar mundir.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að tímabundin hækkun á hlutfalli endurgreiðslu væri í samræmi við tillögur Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins. Margir umsagnaraðilar óskuðu eftir að láta skatthagræði frumvarpsins taka til frístundahúsnæðis í ljósi þess að víða um land stæðu frístundahús ókláruð. Enn fremur komu fram kröfur um að sama regla yrði látin gilda um mannvirki í eigu sveitarfélaga önnur en íbúðarhús, þar með talin íþróttamannvirki. Fulltrúi fjármálaráðuneytisins tók fram af því tilefni að erfitt væri að meta kostnaðaráhrif slíkrar breytingar og að hún kynni að valda erfiðleikum í framkvæmd.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts rýrir tekjur ríkissjóðs og telur Seðlabanki Íslands að ríkið þurfi í ljósi efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að skera niður útgjöld til að mæta umræddu tekjutapi. Á móti hefur verið á það bent á fundum nefndarinnar að tilgangur frumvarpsins er að fjölga störfum sem færi geta fært ríkinu auknar tekjur í formi skatta og dregið úr kostnaði þess vegna atvinnuleysistrygginga. Þá megi búast við að verði frumvarpið samþykkt muni skattskil ýmissa atvinnugreina batna.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til nokkrar breytingar. Nefndin leggur til að tímabil endurgreiðslunnar verði lengt til 1. janúar 2011 og er sú breyting m.a. lögð til með hliðsjón af efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í annan stað er lagt til að endurgreiðsla skv. 2. gr. frumvarpsins verði ekki einskorðuð við byggingu íbúðarhúsnæðis og endurbætur og viðhald á þess háttar húsnæði, heldur verði hún jafnframt látin taka til frístundahúsnæðis eins og það er skilgreint í lögum nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús. Einnig er lögð til sú breyting að heimildin taki til virðisaukaskatts af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga vegna hönnunar, verkumsjónar og eftirlits með umræddum framkvæmdum. Loks er lagt til að 2. gr. frumvarpsins verði látin gilda um annað húsnæði en íbúðarhúsnæði og frístundahús og sé það húsnæði alfarið í eigu sveitarfélaga eða eftir atvikum stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu þeirra. Framangreindar breytingar gera ráð fyrir að ráðherra verði veitt heimild til að setja nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar í reglugerð.

Af ástæðum sem þegar hafa verið raktar telur nefndin að erfitt sé að geta sér til um áhrif þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs en að fengnum upplýsingum frá fjármálaráðuneyti má ætla að sú breyting sem mestu veldur sé sú sem varðar sveitarfélögin.

Það er rétt að geta þess sérstaklega í þessu samhengi að í mörgum tilvikum er hér verið að örva framkvæmdir sem ella ættu sér ekki stað og mundu þannig ekki skila virðisaukaskattstekjum í ríkissjóð hvort eð er. Í öðrum tilvikum er sömuleiðis verið að auka almenna starfsemi og veltu í samfélaginu með því að hvetja til framkvæmda af þessu tagi sem valda því að ríkissjóður og væntanlega sveitarfélög fá auknar skatttekjur af þeirri starfsemi sem hér fer trúlega af stað verði þetta frumvarp samþykkt með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Það er álit nefndarinnar, og að því leyti tökum við undir með fjármálaráðuneytinu, að það er erfitt að meta nettó fjárhagsleg áhrif þessara breytinga en það er að sjálfsögðu í báðar áttir, það er bæði útgjaldaauki eða við getum sagt að ríkið muni ekki fá nákvæmlega sömu tekjur inn af virðisaukaskatti og ella en á móti kemur veltuaukning í samfélaginu sem skilar ríkinu viðbótartekjum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í þskj. 638 er gerð grein fyrir þeim en þar eru breytingar á 2. gr. frumvarpsins:

a. Í stað orðanna „1. júlí 2010“ í 1. málsl. komi: 1. janúar 2011.

b. Á eftir orðinu „íbúðarhúsnæðis“ í 1. og 2. málsl. komi: og frístundahúsnæðis.

c. Við bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi, með leyfi forseta:

Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2011 skal endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu þess háttar húsnæðis. Jafnframt skal á sama tímabili endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga vegna hönnunar eða eftirlits við endurbætur eða viðhald þess háttar húsnæðis. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd þessarar endurgreiðslu.

Ákvæði 1. mgr. nær á viðkomandi tímabili jafnframt til annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu. Undir nefndarálitið skrifa Björgvin G. Sigurðsson, formaður, Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Gunnar Svavarsson, Bjarni Benediktsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Jón Bjarnason, Birkir J. Jónsson og Árni Þór Sigurðsson, framsögumaður með þessu nefndaráliti.

Ég vil segja í þessari umræðu, virðulegur forseti, að ég tel að hér sé um afar brýnt og þýðingarmikið mál að ræða. Þetta er einn af þeim þáttum í verkefnaáætlun ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem er liður í því að örva atvinnulíf í landinu. Fjölmörg mál hafa þegar litið dagsins ljós í þá veru, en þetta er tvímælalaust eitt af þeim sem ég tel brýnast í því augnamiði að hvetja til aukinnar starfsemi í byggingargeiranum sem er eins og við vitum í mikilli lægð um þessar mundir, það er mikill samdráttur hvarvetna á landinu í byggingariðnaði.

Það er gríðarlega erfið verkefnastaða hjá arkitektum, hönnuðum og verkfræðingum af þessum sökum og upplýs-

ingar sem við höfum fengið benda til þess að jafnvel 70–80% allra arkitekta í landinu séu meira og minna verkefnalausir. Þess vegna er sérstaklega mikilvægt að í meðförum nefndarinnar hefur nefndin fallist á sjónarmið þessara starfsstétta og ákveðið að bæta þeim inn í frumvarpið þannig að endurgreiða skuli að fullu virðisaukaskatt af þjónustu þeirra.

Ég fagna því líka sérstaklega að það skuli vera alger pólitísk samstaða um þær breytingar sem hér eru lagðar til og ég vil leyfa mér að þakka hv. nefndarmönnum fyrir samstarfið í nefndinni við umfjöllun um þetta mál og þakka starfsmönnum nefndasviðs Alþingis sem hafa lagt henni lið við umfjöllun um þetta mál. Enn fremur þakka ég öllum þeim fjölmörgu sem komu á fund nefndarinnar og veittu umsagnir um þetta mál fyrir þeirra framlag sem tvímælalaust hefur orðið til þess að gera þetta mál enn betur úr garði.

Ég vænti þess að málið fái góða umfjöllun á Alþingi og verði samþykkt með þeim breytingum sem hv. efnahags- og skattanefnd hefur lagt til og ég hef hér gert grein fyrir.

[11:51]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mig langaði til að koma hér upp og taka sérstaklega undir þá breytingartillögu sem efnahags- og skattanefnd gerði við þetta frumvarp. Ég held nefnilega að sú staða sem er í byggingariðnaðinum núna, sérstaklega hjá hönnuðum, sé svo alvarleg að við því verði að bregðast. Það er mjög gott að nefndin skuli hafa litið sérstaklega til þessa, gert þarna bragarbót á og létt þannig undir.

Þegar byggingariðnaðurinn er í svo miklum vanda eins og hann stendur frammi fyrir núna og svo mikið kul er orðið hjá hönnuðum, arkitektum og verkfræðingum, getur maður ekki annað en haft verulegar áhyggjur af framtíð þessara greina næstu missirin og hvernig við getum stutt þær til þess að þær geti haldið áfram að starfa hér. Við skulum ekki kveða neitt sterkara að orði um það.

En allur vandi á sviði byggingariðnaðarins byrjar yfirleitt þarna, hjá arkitektunum, þegar verkefnin hverfa og síðan heldur hann áfram inn í framkvæmdirnar sjálfar. Það dregur alveg úr þeim.

Mig langar til að forvitnast um það hjá hv. þingmanni, vegna þess að ég veit að þetta var til umræðu í nefndinni, hvort komið hafi fram hjá þeim aðilum sem fyrir nefndina komu að hægt væri að huga fleiri þáttum til þess að aðstoða þessar greinar, arkitekta og verkfræðinga, við þær aðstæður sem nú eru. Hvort hann sjái fyrir sér að frekari breytingar geti orðið á þessu sviði núna á næstunni.

[11:53]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ólöfu Nordal fyrir andsvar hennar og lýsi því að ég er algerlega sammála því sem fram kemur í máli hennar. Það er einmitt ástæðan fyrir því að nefndin tók á þessu máli eins og hún gerir í breytingartillögum sínum, að taka með þjónustu þessara aðila.

Varðandi þá spurningu sem hún beinir til mín, hvort þessir aðilar hafi verið með hugmyndir um fleira, get ég aðeins vísað til þess sem kemur fram í sameiginlegri umsögn Arkitektafélags Íslands, Félags ráðgjafarverkfræðinga, Félags sjálfstætt starfandi arkitekta, Verkfræðingafélags Íslands, Stéttarfélags verkfræðinga og Tæknifræðingafélags Íslands þar sem þau fjalla fyrst og fremst um þetta mál.

Þau segja m.a. í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Með vísan til allra þeirra sömu raka og liggja til grundvallar frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er farið fram á að breytingarnar verði einnig látnar ná til virðisaukaskatts af vinnu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga við hönnun íbúðarhúsnæðis og eftirlits með byggingarframkvæmdum einstaklinga.“

Síðan færa þeir viðbótarröksemdir fyrir þessu. Í umsögn þeirra er ekki vikið að öðrum þáttum en þessum sérstaklega. En það kann vel að vera að það séu fleiri aðgerðir sem hægt er að grípa til til þess að auka virkni á starfssviði þessara aðila. Það má segja að opinberar framkvæmdir séu til þess fallnar almennt séð, hvort sem það fellur undir þessi lög eða aðrar framkvæmdir, að skapa störf í þessum greinum. Ég tel því að með því að opinberir aðilar haldi uppi (Forseti hringir.) framkvæmdastigi í landinu ætti að vera þokkalega séð fyrir möguleikum þessara stétta.

[11:56]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Það mál sem nú er til umræðu er eitt af betri málum sem hafa komið á síðustu vikum og mánuðum inn á Alþingi að mínu mati. Ekki þó þannig að ég sé talsmaður þess að heppilegt sé að krukka mikið í virðisaukakerfið því það kerfi er þannig að það á ekki að vera að fleyta því til og frá, en þó — hér er það gert með ákveðnu inngripi og það verður að segjast eins og er að það er gott til þess að vita að það var samhljómur í efnahags- og skattanefndinni gagnvart þessu máli.

Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, virðulegi forseti, að ég er nokkuð stoltur af því hvað málið fékk víðtæka umræðu og fyrir hversu vinsælt, ef svo má segja, það varð fyrir utan þingið. Hugsanlega út af því að það fjallar um að endurgreiða skatta líkt og það frumvarp sem við fjölluðum um í desember, svokallað bílafrumvarp sem laut að því að endurgreiða vörugjöld og virðisauka af ökutækjum sem voru flutt úr landi. Það fékk nokkuð almenna umræðu.

Líkt og framsögumaður, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, kom að komu fjölmargir að málinu með umsagnir sem voru allar á einn veg, þ.e. að reyna að styrkja frumvarpið enn frekar og láta það verða víðtækara. Allt frá því að frumvarpið kom fram lýsti ég því yfir í þingflokki Samfylkingarinnar að ég mundi reyna að stuðla að því að þetta frumvarp mundi einnig ná þeim hljómgrunni í efnahags- og skattanefndinni, sem ég sit í, að það væri hægt að ná samstöðu um það einmitt eins og nú hefur orðið.

Ástæðan er einfaldlega sú að þetta frumvarp og sú breyting sem verður á lögunum verður fyrst og fremst til þess að örva atvinnulífið svo fremi sem fjármagn er til staðar. Það er kannski vandinn að við endurgreiðum engan virðisaukaskatt af fjármagni sem ekki kemur inn. Nú um stundir er það vissulega svo að bæði eigendur íbúðarhúsa eða frístundahúsa og/eða sveitarfélög, opinber félög í eigu sveitarfélaga hafa lítið fjármagn til umráða og þar af leið-

andi eru allir mjög varfærnir gagnvart því að fara í fjárfestingar eins og þessar hvort sem um er að ræða viðhaldsframkvæmdir eða nýbyggingar.

Sú umræða sem mun fara fram í dag snýr fyrst og fremst að atvinnulífinu og það verður eftir því tekið hverjir taka þátt í henni og því hvet ég hv. þingmenn til þess að gera það. Þetta er eitt af þeim málum sem snúa beint að atvinnulífinu. Ég hef tekið eftir því í umræðu um málið fyrir utan þingið, í fjölmiðlum, tala hv. þingmenn jafnan til atvinnulífsins sama í hvaða flokki þeir eru og því tel ég mjög mikilvægt að hv. þingmenn taki þátt í umræðunni í dag. Ég tel einsýnt að málið fari aftur til umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd milli 2. og 3. umr. og að með hliðsjón af þeirri umræðu sem mun fara fram í dag muni hugsanlega verða skoðaðir fletir á því að styrkja frumvarpið enn frekar.

Ég legg það ekki í vana minn, virðulegi forseti, að særa hv. þingmenn til umræðu en ég vil samt gera það núna í ljósi góðrar ræðu framsögumanns, hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar, þar sem hann tekur upp þann vinkil sem er á þessu máli, þ.e. að málið snýst fyrst og fremst um að örva atvinnulífið. Ég hef síðan sagt að fyrirvarinn í málinu sé fjármagnið. Í upphafi ræðu minnar vék að því að ég væri kannski ekki talsmaður þess að vera að krukka mikið í virðisaukaskattskerfinu. Ég veit hins vegar að þetta gæti orðið til þess að sá virðisauki sem kemur til baka fari aftur út í veltuna og síðan eru afleiddir skattar en um þetta segir í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Telur nefndin að sú leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir sé vel til þess fallin að auka atvinnu og draga úr svartri atvinnustarfsemi.“

Þar sem fulltrúar allra flokka koma að þessu máli er augljóst að það er ríkur hugur til þess að menn vilji fara fram með málið eins og hér er gert, þ.e. að þetta verði til þess að örva atvinnustarfsemi og draga úr svartri atvinnustarfsemi og um leið verði þetta til þess að skapa meiri veltu á markaði.

Ég álít að hinar óbeinu tekjur sem verða af þessu verði það miklar að það álit sem nefndin fékk frá Seðlabankanum um að ríkið þurfi að mæta umræddu tekjutapi verði hins vegar til þess að aukning verði á tekjum með fyrirvara eins og ég hef sagt áður um það að fjármagn sé til staðar til að veita inn í kerfið. Þar af leiðandi muni kerfisjöfnunin leiða til þess að skattar verði meiri en ella. Tímabundið ástand á þessum markaði er það slæmt að hér þarf að hugsa óhefðbundið og ég er stoltur af því að hv. þingmenn hugsi óhefðbundið í umræðu um þetta mál. Ég veit að talsmenn atvinnulífsins hér á þingi, eins og flestir ef ekki allir þingmenn eru, taka þessu frumvarpi fagnandi.

Ég vil ítreka það sem flutningsmaður þessa nefndarálits frá efnahags- og skattanefnd, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, sagði að það voru fjölmargir sem veittu nefndinni umsögn og fyrir það ber að þakka en umsagnirnar voru nær allar á einn veg.

Ég er sérstaklega ánægður með að nefndin hafi náð inn því ákvæði sem lýtur að starfsemi arkitekta, tæknifræðinga og kollega minna, verkfræðinganna, og ég tel að það þurfi að huga að byggingarfræðingunum líka. En það verður væntanlega túlkað í umræddri reglugerð um framkvæmd þessarar endurgreiðslu því byggingarfræðingarnir eru vissulega stór hluti þeirra sem hanna og eru í verkeftirliti.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þátt sveitarfélaganna en sveitarfélögin munu fá hér ákveðinn stuðning varðandi framkvæmdir sínar hvort sem er í veitum og/eða í öðrum framkvæmdum, því veituframkvæmdir tengjast húsbyggingum að hluta. Sveitarfélögin munu væntanlega við endurskoðun fjárhagsáætlana sinna nú í ár og líka með það í huga að allt árið 2010 er undir, horfa til þess að notfæra sér þetta endurgreiðsluskjól, ef svo má segja, sem umrædd lög taka mið af. Með þessu verður hægt að fá 20% til baka af þeim kostnaði sem til fellur. Þetta er mjög mikið og það er meira en að segja það fyrir sveitarfélög að horfa til þess að ríkið ætli að koma inn með 20% til baka í viðkomandi framkvæmdir.

Sveitarfélög hafa fjölmargar fasteignir undir, bæði skólahúsnæði, grunn- og leikskólahúsnæði, íþróttamannvirki, sundlaugar en ekki síður félagslegt íbúðarhúsnæði. Ég þekki til í Hafnarfirði og þar erum við með á þriðja hundrað íbúðir undir. Í Reykjavík eru hundruð íbúða undir vegna þessa. Allt þetta mun stuðla að því að þær atvinnugreinar sem tengjast byggingariðnaði, viðhaldsmarkaði og nýframkvæmdum munu koma að þessum málum.

Vandamálin og fyrirvarinn sem ég set er auðvitað fjármagnið, því fjármagnið þarf að vera til staðar til að menn geti staðið undir 80% þó að menn fái 20% inn. Ég er þess fullviss að þau 20% sem sveitarfélögin fá inn munu fara aftur út. Það hefur verið reynslan við þau verkefni sem við þekkjum varðandi fráveituframkvæmdir sveitarfélaga. En eins og hv. þingmenn og virðulegur forseti þekkja þá eru í tengslum við lög um fráveitur, endurgreiðslu á fráveituverkefnum, um 20% sem koma til baka í formi styrkja til sveitarfélaganna.

Virðulegi forseti. Ég var með ákveðinn fyrirvara þó að hann hafi ekki verið tilgreindur í nefndarálitinu en ég vildi stíga skrefið mun lengra en hér er gert og get sagt frá því nú. Ég vildi skoða þann hlut að endurgreiða virðisauka af manntímum inni á verkstæðum, til að mynda glugga- og hurðaverksmiðjum, inn á glerverksmiðjum, sama hvort það er í Rangárvallasýslu eða í Hafnarfirði, og inn á vélaverkstæðum og vélsmiðjum varðandi þessi mál. Það er verið að endurgreiða virðisaukaskatt af manntímum á byggingarstað en við verðum að horfa til þess að mjög mikið af þeim verkefnum sem er verið að vinna varðandi viðhald og/eða nýbyggingaverk eru manntímar sem eru unnir á ýmsum verkstæðum, t.d. glugga- og hurðasmiðjum, járnsmiðjum, vélaverkstæðum, glerverksmiðjum og svo koll af kolli.

Ég veit að þetta getur verið spurning um samkeppnissjónarmið því þarna er líka verið að flytja inn vörur, t.d. glugga eða hurðir. Við getum líka tekið sem dæmi forsteyptar einingar, uppsetta járnstiga eða timburstiga. Þarna skapast ákveðin samkeppnissjónarmið á móti því að innflutningurinn er þannig að endurgreiðslan á þeim manntíma sem er unninn erlendis varðandi slíkar einingar fæst ekki.

En á sama hátt, ef við víkjum því til hliðar og ef samkeppnislöggjöfin næði ekki yfir þetta, sem ég vil draga í efa því um er að ræða sérlög um endurgreiðslu, þá álít ég að hinir sömu aðilar, án þess að nefna þá á nafn, innflytjendur á efnisvöru muni njóta góðs af því að framleiðslan færi af stað innan lands. Þeir mundu njóta góðs af því að geta selt

festingar, þéttiefni og ýmislegt annað sem þarf til þess að ganga frá gluggum og hurðum, gleri og slíku. Það mundi hafa þær afleiðingar að salan hjá umræddum innflytjendum, sem eru nokkuð stórir á markaðnum hér og eru með smásölu líka, mundi örvast en hún er nú í lágmarki. Þá kæmi virðisauki inn á móti til ríkisins vegna þess að þar væri verið að selja festingaefni og þéttingar og ýmislegt annað. Það má því vel vera í þessu sambandi vegna þess að þetta er ákveðið hvataverkefni að um yrði að ræða kaup kaups og menn vildu vilja víkja sér undan þeirri umræðu sem tengist samkeppnislöggjöfinni.

Virðulegi forseti. Ég ætla að ljúka ræðu minni varðandi þetta mál. Eins og ég sagði í upphafi álít ég að hér sé um að ræða eitt af mjög góðum málum sem fara í gegnum þingið á þessum tíma, þ.e. á þeim tíma sem við þurfum að hugsa svolítið óhefðbundið. Þetta er vissulega verkefni sem tengist atvinnulífinu að mestu en um leið þeim sem standa í viðhaldi húsnæðis eða í nýframkvæmdum. Þeir geta fengið virðisaukann til baka og nýtt hann á annan hátt þannig að við fáum hreyfingu á fjármagn og það er vissulega það sem við þurfum á að halda núna, við þurfum að fá hreyfingu á fjármagnið. Fjármagnið verður þó að vera til staðar því sá sem hefur ekki 80% af fjármagninu hvort sem er í lánsfé eða í eigin fé til þess að fara í viðkomandi framkvæmdir mun auðvitað ekki geta nýtt sér 20% bakfærslu á 24,5% virðisaukanum. Það liggur alveg ljóst fyrir. Hér þarf því grunnfjármagnið að vera til staðar til að þetta nýtist.

Ég sagði í byrjun að ég mundi fylgjast með því í dag hverjir tækju þátt í þessari umræðu um atvinnulíf á Íslandi. Og án þess að ég sé að særa þingmenn fram í umræðu sem þessari þá vil ég hvetja alla hv. þingmenn til þess að stíga inn í þetta mál. Atvinnulífið þarf svo virkilega á því að halda að það sé talað á jákvæðan hátt líkt og framsögumaður gerði, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, og ég tel mig hafa gert, til þess að fylgja máli eins og þessu eftir.

[12:13]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir það mál sem er hér á dagskrá. Ég held að það sé afskaplega jákvætt miðað við þær aðstæður sem við búum við núna á Íslandi. Ég hlýddi vel á ræðu hv. þm. Gunnars Svavarssonar og tek undir flest það er hann kom að varðandi þetta mál.

En mig langar að spyrja hv. þingmann frekar út í þann mismun sem mér finnst vera í þessu frumvarpi. Það er að einungis er verið að tala um að endurgreiða virðisaukaskatt á byggingarstað. Undantekningin er með arkitekta, verkfræðinga og hönnuði sem vinna sína vinnu utan byggingarstaðarins.

Þá komum við að því sem hv. þingmaður nefndi reyndar í seinni hluta ræðu sinnar. Hvað með t.d. rafvirkjann sem er með fullkomna vinnuaðstöðu á verkstæði sínu og setur upp töflu, endurnýjar raftöflu í húsi? Hann vinnur verkið á verkstæði sínu þar sem hann er með fullkomna aðstöðu til að vinna það sem hagkvæmast. Hann fer með töfluna tilbúna og setur hana upp í viðkomandi byggingu og þræðir svo í. Hann gengur frá öllum mælum og öðru sem þarf að ganga frá.

Við erum í rauninni að stuðla að óhagkvæmni með því að heimila ekki þessum rafverktaka að vinna þessa vinnu á verkstæði sínu. Við erum að þröngva honum til að fara á byggingarstaðinn þar sem hann hefur kannski ekki öll tól og tæki og þannig má lengi telja. Hv. ræðumaður nefndi gluggaverksmiðjur, glerverksmiðjur, forsteyptar einingar og annað. Það má nefna mörg fleiri dæmi. Þetta er spurning um mismunun. Höfum það alla vega í huga að láta íslenska framleiðslu og íslenska vinnu (Forseti hringir.) ganga fyrir.

[12:15]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Stundum eru andsvör frekar jákvæð hvatning og ég tel að umrætt andsvar hv. þm. Kjartans Ólafssonar hafi í sjálfu sér verið jákvæð hvatning til nefndarinnar á milli 2. og 3. umræðu. Ég mun fúslega taka andsvarið og ræða það í nefndinni því að hv. þm. Kjartan Ólafsson hitti naglann réttilega á höfuðið — og það á nú vel við að segja það í þessari umræðu — einmitt vegna þessarar umræðu um mismunun. Ef arkitekt, verkfræðingur, tæknifræðingur eða byggingarfræðingur sem búa í Danmörku eru ráðnir til hönnunar fæst virðisaukinn af því ekki endurgreiddur, út af því að virðisaukaflæðið færist ekki í reikningsskilum þar.

Á sama hátt er önnur spurning um mismunun. Ef stór hluti af manntímum eru ekki unnir á staðnum heldur á verkstæði í næstu götu fengist sá virðisauka ekki til baka, en ef verkstæðið væri flutt inn á byggingarstaðinn, eins og gert er í stórum framkvæmdum þar sem verkstæðin eru jafnvel sett upp á byggingarstöðunum, fengist hann endurgreiddur. Við þekkjum það frá virkjanaframkvæmdum og öðrum stórum framkvæmdum þar sem verkstæðin og allt í kringum þau er sett upp.

Ég tel einsýnt að við þurfum að skoða þetta á milli 2. og 3. umræðu og velta því fyrir okkur: Eigum við að stíga skrefið til fulls? Truflar samkeppnislöggjöfin okkur eitthvað? Ég tek heils hugar undir það sem hv. þm. Kjartan Ólafsson kom að, við tölum um að geta hugsanlega örvað innlenda framleiðslu, hvort sem er glerverksmiðjur, gluggaverksmiðjur eða annað slíkt, og á móti njóta þeir, sem hafa verið stórvirkir í innflutningi, (Forseti hringir.) þess í formi (Forseti hringir.) festinga, þéttingarefnis og annars.

[12:17]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Ég vil þakka fyrir svarið sem ég fékk hjá hv. þingmanni en legg enn frekar áherslu á, þar sem þetta á eftir að fara aftur inn í nefnd, að það sem verið er að gera með þessari breytingu á virðisaukaskattslögunum, er að örva framkvæmdir og reyna að fá fólk til að halda eignum sínum við. Augljóst er að þannig er ástatt í landinu að vöntun hefur verið á iðnaðarmönnum til slíkra verka. Þeir hafa hreinlega verið svo uppteknir í nýframkvæmdum og margir hafa ekki fengið iðnaðarmenn í smáverk.

Þess vegna er svo mikilvægt, og ég legg áherslu á það aftur, að þessi breyting verði þannig að hagkvæmni náist. Hætt er við því að ef við skyldum þá sem eiga að fá endurgreiðslu til að vera á byggingarstaðnum getum við aukið kostnað framkvæmdaraðila og náum ekki fram hagkvæmni vegna þess að auðvitað er verksmiðjuvinnan hagkvæmnis-

þáttur og hárrétt, eins og hv. þm. Gunnar Svavarsson nefndi hér áðan, að í mjög stórum nýframkvæmdum eru verkstæði hreinlega flutt á byggingarstaði. Í viðhaldsverkefnum er verkstæðið kannski í lítilli sendibifreið eða einhverju slíku, en ef um langar vegalengdir er að ræða og langt að fara til að ná í efni — það þarf ekki að vanta nema litla hluti — kostar það mjög mikið. Við megum ekki framkalla hærri kostnað við framkvæmdirnar vegna þess að endurgreiðslan á sér einvörðungu stað vegna þess sem unnið er á byggingarstað en ekki einhvers staðar annars staðar.

Við getum tekið dæmi úti á landi þar sem iðnaðarmaður þarf kannski að keyra 50–70 kílómetra frá starfsstöð sinni á byggingarstaðinn. Ef einhverja veigamikla hluti vantar er kostnaðurinn orðinn mjög mikill.

[12:19]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka fram að þetta er með jákvæðustu frumvörpum sem ég hef rætt á þinginu og ég held að það muni hafa mjög góð áhrif á atvinnulífið og byggingariðnaðinn, þar sem þörfin er mikil. Ég get ekki betur séð en að þær breytingar sem efnahags- og skattanefnd hefur gert á frumvarpinu styrki það enn frekar og það er mjög ánægjulegt og líkur á því að við styðjum þetta mál eins og í nefndinni.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson kom nokkuð að því sem ég ætlaði að spyrja hv. þm. Gunnar Svavarsson að. Ég heyri að hann hafi haldið uppi ákveðnum sjónarmiðum í nefndinni sem ekki hafi verið hljómgrunnur fyrir. Mér heyrðist á honum að líkur væru á því að málið færi aftur inn í nefnd og þá væntanlega til að skoða verkstæðishugmyndina nánar. Mig langar til að spyrja hann að því hvort komið hafi fram í nefndinni hvaða kostnaður hlytist af því að bæta þessu við, vegna þess að um leið og við gerum allt til að örva verðum við líka að vita hvað það kostar og einnig hvaða sjónarmið gætu helst verið hindrun þar — hann nefndi samkeppnissjónarmið. Spurning er hvort önnur sjónarmið gætu komið til greina, hvort einhverjar reglur séu á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins sem gætu komið til athugunar.

Mig langar líka til að spyrja hann að því hvort eitthvað fleira, sem gæti orðið til þess að létta undir og laga og bæta ástandið á þessu sviði, hafi komið fram í nefndinni, vegna þess að mér finnst að við þurfum nú að gera allt sem við getum til að örva atvinnulífið. Ég fagna því sérstaklega að þetta mál er komið fram en mig langar til að vita hvort eitthvað fleira hafi komið fram í umræðunni í efnahags- og skattanefnd.

[12:21]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þennan hljómgrunn hjá hv. þm. Ólöfu Nordal.

Nú er það svo að hv. þingmenn sem sitja í efnahags- og skattanefnd með mér eru kannski ekki meiri snillingar en eru yfirleitt í öðrum nefndum og þess vegna er stundum svo að við höfum ekki svör við öllu á reiðum höndum. Ég verð þó að segja að í þessum efnum höfum við kallað eftir þessum upplýsingum, líkt og hv. framsögumaður Árni Þór Sigurðsson kom að varðandi kostnaðinn. Erfitt er að meta kostnaðinn, annars vegar er sá kostnaður sem er endurgreiddur en gæti hugsanlega orðið að tekjum á öðrum stöðum þannig að fjármagn fengist inn í hringrásina sem margfaldar sig. Vandamálið er, eins og spurt var um, hvort þetta 80% fjármagn, sem þarf til að ýta þessu inn í kerfið og fá síðan aftur inn í bakflæðið, og viðbrögðin verði til staðar. Mér finnst það vera aðalhindrunin.

Ég hef rætt þetta við fjölmarga, bæði í iðnaðarnefnd og síðan verktaka og ýmsa aðra, húsasmiði og hönnuði sem segja hindrunina verða þá hvort fjármagnið verði til staðar.

Síðan er það umræðan um samkeppnissjónarmiðin og út af því að hér eru nefndar gluggaverksmiðjur vil ég nefna að á Suðurnesjum var stór gluggaverksmiðja, sem var flutt til Litháens eða Lettlands þegar þenslan var mikil og þar var unnið en vörurnar voru fluttar heim og seldar. Ég vil hins vegar meina að nú sé mjög lítið að gera í þeirri gluggaverksmiðju og þeir aðilar sem eiga hana eiga kannski að horfa til þess að geta selt þéttingarefni og festingar í þá glugga sem eru framleiddir hér innan lands, því að hvatinn kæmi þá á manntímana sem eru inni í gluggaverksmiðjunni. (Forseti hringir.) Samkeppnislöggjöfina þarf að skoða og ég vona (Forseti hringir.) að við gerum það á milli 2. og 3. umr.

[12:24]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Það er gott að hér er afar sterk samstaða og góður hljómgrunnur fyrir þetta frumvarp um breytingar á lögum um virðisaukaskatt sem hefur verið mælt fyrir til 2. umr. Þetta er eitt þeirra mála sem núverandi ríkisstjórn, ríkisstjórn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar, ákvað þegar í upphafi að leggja áherslu á, þ.e. að finna leiðir til að örva atvinnu í landinu með lágmarksfórnum af hálfu ríkisins, eins og í þessu tilviki að slá af endurgreiðslukröfum á virðisaukaskatti.

Við vitum að viðhald og endurbætur á húsnæði vítt og breitt um landið eru verkefni sem eru jú stöðug og alltaf koma fram ný verkefni á þeim sviðum, sem eru jafnframt vinnukrefjandi og geta þannig haft áhrif. Það sem verið er að gera hér, að heimila 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti tímabundið vegna vinnu á byggingarstað, er hvatning og örvun inn í atvinnulífið í þessum greinum. Þetta er að sjálfsögðu tímabundin aðgerð og gert ráð fyrir að hún standi til 1. janúar árið 2011, að mig minnir, og verður þá hægt að endurskoða hana.

Það er líka mjög gott — og ég vil leggja áherslu á að þarna er verið að bæta inn í núgildandi lög — að þetta nái einnig til framleiddra húseininga, sem eru þá byggðar á verkstæði að hluta til og grunnur og annað reist á byggingarstað. Uppi hefur verið lagalegur ágreiningur eða túlkunarlegur ágreiningur á rétti til endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt núgildandi lögum hvað þetta varðar. Ég minnist máls hjá Loftorku í Borgarnesi sem kom til okkar þingmanna Norðvesturkjördæmisins og þar var bent á að ákveðnir þættir í íbúðarhús væru smíðaðir í Borgarnesi en síðan fluttir á staðinn og húsin reist og unnin. Túlkunarágreiningur var uppi um rétt á endurgreiðslu á virðisaukaskatti af þessum einingum. Með þessu frumvarpi er allur vafi af tekinn og þeir eiga rétt á því.

Það sem ég staldra við eru húseiningar og húshlutar sem eru byggð í verksmiðjum eða á stað og síðan flutt á byggingarstað — hvort þetta nái einnig til innfluttra verksmiðjuhúsa. Að mínu mati eiga þessar tímabundnu aðgerðir fyrst og fremst að ná til innlendrar framleiðslu, innlendrar vinnu, í innlendum verksmiðjum, á innlendum vinnustöðum, á innlendum byggingarstöðum. Vel má vera að einhver af þessum þáttum stangist á við einhverja samninga sem við höfum gert við Evrópska efnahagssvæðið hvað varðar samkeppnismál, en nú eru mér slíkir samningar ekkert sérstaklega heilagir. Þegar hagsmunir íslensku þjóðarinnar eru í húfi eiga vitlausir samningar að víkja. Engu að síður geta samningar verið samningar.

Vegna þess að þetta eru tímabundnar aðgerðir en ekki varanlegar, ekki ótímasettar aðgerðir heldur tímabundnar og út af því að við erum í þeirri erfiðu stöðu að berjast fyrir hverju starfi og halda hverri krónu innan lands, við erum að berjast fyrir því að draga úr innflutningi, draga úr því að þurfa að eyða gjaldeyri í að kaupa inn í landið. Við erum að berjast fyrir aukinni verðmætasköpun og virðisauka innan lands, á innlendri vinnu. (Gripið fram í.) Þess vegna, í þessum tímabundnu aðgerðum eigum við fyrst og fremst að hugsa um hagsmuni Íslands og þeirra sem þar búa og vinna.

Þess vegna vil ég leggja það, sem fram hefur komið í máli annarra hér á undan, inn í nefndina að kanna samkeppnisstöðuna og hvort ekki sé hægt að binda þetta við framleiðslu á verkstæði, alveg eins og talað var um glugga hér áðan.

Fleiri verksmiðjur hafa farið úr landi vegna þess að þær höfðu ekki samkeppnisstöðu, við berjumst líka fyrir því að halda innlendri sementsframleiðslu í landinu. Í erfiðri stöðu megum við ekki láta einhver fáránleg samkeppnissjónarmið verða til þess að iðngreinar og atvinnugreinar hér lúti í gras. Betra er að hafa innlenda einokun en erlenda á krepputímum. Ef um það er að velja vil ég heldur að íslensk framleiðsla njóti.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta en vil ítreka þessi atriði, sem varða innlenda framleiðslu, innlenda verksmiðjuframleiðslu gegn erlendri, sem getur verið flutt inn. Mér finnst að við þurfum að fá þetta skýrt á milli 2. og 3. umr. Markmið frumvarpsins er að styðja við, efla og hvetja til innlendrar atvinnu og innlendrar verðmætasköpunar. Þetta eru tímabundnar aðgerðir sem eiga að ná árangri og við ætlum að ná árangri.

Þetta skulu vera mín orð. Þetta er virkilega gott mál við þær aðstæður sem við búum nú við og er örvun og hvatning og getur líka verið fjárhagslegur stuðningur fyrir fólk og sveitarfélög og aðra sem hafa næg verkefni fram undan hvað varðar viðhald, byggingar og mannvirki eins og þarna er talið upp, og geta þar með skaffað atvinnu og góðan virðisauka. Þetta er gott mál, herra forseti.

[12:31]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að það er mjög mikilvægt að skapa störf í landinu eins og hægt er til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Þetta er eitt af þeim atriðum sem stuðla að því. Það mætti líka byggja fleiri álver, það mætti líka skjóta fleiri hvali o.s.frv. þannig að það er ýmislegt hægt að gera. (Gripið fram í.)

Við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og skattanefnd lögðum okkur í líma við að flýta afgreiðslu þessa máls og einnig að víkka það út eins og hægt var vegna þess að menn standa frammi fyrir því að starfsemi er mjög lítil og það er þá spurning um að gera eitthvað úr engu. Þess vegna fallast menn á svona undantekningar.

Ég vil byrja á því að segja að það er alls ekki algott því að svona undantekningar eru alltaf slæmar. Það er mikið betra að hafa algilda skatta án undantekninga vegna þess að menn lenda annars alltaf í jaðartilfellum. Menn lenda alltaf í því að skilgreina hluti eins og: Hvað er vinnustaður? Hvað er vinna á vinnustað? Hvað með vinnu sem ekki er unnin á vinnustað? eins og nefnt hefur verið í umræðunni. Þetta frumvarp á eftir að búa til mikið fleiri jaðartilfelli og það verða enn þá fleiri vandamál að glíma við. Hvaða stéttir er átt við? Þarna er talað um verkfræðinga, arkitekta og tæknifræðinga. Mega þeir vera útlendir? Má þjónustan koma frá útlöndum, t.d. frá Póllandi í fjarvinnslu o.s.frv.? Með svona undantekningum búa menn til jaðartilfelli og deilur um hvað fellur undir lögin og hvað ekki. Ég vildi bara benda á þetta. En ég tel samt að það sé mjög mikilvægt núna að gera þessar ráðstafanir einmitt til þess að mæta þeim mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir.

Það er mjög ánægjulegt að fulltrúar vinstri flokkanna í efnahags- og skattanefnd átta sig á gildi Laffer-kúrfunnar sem segir að þegar skattar eru lækkaðir vex skattstofninn þannig að jafnvel heildartekjur ríkisins af dæminu geta vaxið þó að prósentan sé lækkuð vegna annarra skatta og jaðartilfella. Það er einmitt sú hugsun sem er á bak við hana. Með því að lækka skatta með þessum hætti — sem ég hlýt að gleðjast yfir því ég er skattalækkunarsinni, þó að það sé ekki gert með svona undantekningum — hef ég þá trú að þetta muni auka veltuna í þjóðfélaginu og setja virkni í gang sem ekki er til staðar. Ég hvet almenning til að reyna að átta sig á því að nú er virðisaukaskattur af þessari þjónustu horfinn og menn geta farið í endurbyggingu á húsnæði sínu eða í viðhald sem hefur legið í láginni í þenslunni þegar var erfitt að fá iðnaðarmenn og kannski allt of dýrt. Nú geta menn farið að skoða það allt saman. Ég legg til að menn kíki á það hvort ekki þurfi að gera við þak eða glugga eða eitthvað svoleiðis og noti sér þetta tímabil sem er undantekningartímabil út árið 2010, eftir umfjöllun í nefndinni, til að fara í endurbætur og viðhald.

Ég ætla ekki að tefja málið mikið meira. Ég ætla ekki að tala í 17 mínútur eins og hv. þm. Gunnar Svavarsson. Ég ætla að stuðla að því að þetta frumvarp geti orðið sem fyrst að lögum og nýst atvinnulífinu og þess vegna stoppa ég hér.

[12:35]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Ég fagna því sérstaklega að þetta frumvarp er komið til 2. umr. Ég held að hér sé á ferðinni mál sem skiptir verulega miklu fyrir atvinnulífið í landinu og er einmitt eitt af þeim málum sem við þingmenn eigum að vera að vinna að núna til að ýta undir byggingarframkvæmdir, atvinnu, og skapa tækifæri við þessar erfiðu aðstæður.

Ég vil fyrir mína hönd — og ég veit að ég tala fyrir munn allra sjálfstæðismanna — lýsa því yfir að við styðjum þetta mál mjög eindregið. Það var mikill samhugur í nefndinni og þær breytingartillögur sem efnahags- og skattanefnd gerir við frumvarpið eru einungis til að styrkja málið enn frekar og auka við möguleika aðila í byggingariðnaðinum að skapa sér verkefni.

Það eru mjög erfiðir tímar núna og við þingmenn höfum leitað ýmissa leiða til að örva atvinnulífið. Ýmis mál hafa verið í bígerð eða komið fram sem við munum svo sannarlega styðja en ég held að varðandi þetta tiltekna mál sé farin töluvert einföld leið til að örva atvinnulífið. Ég vona að hæstv. fjármálaráðherra hlutist til um það, eftir samþykkt þessa frumvarps, að málið sé kynnt vel fyrir íbúum landsins vegna þess að nokkuð hefur borið á því að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til, hafa ekki náð nógu vel til fólksins. Fólk hefur ekki alveg áttað sig á því hvaða möguleika það hefur að grípa til og auðvelda sér hlutina núna. Ég tek því undir það sem fram kom áðan hjá fyrri ræðumanni að það þarf að kynna málið vel og rækilega, ekki síst þá breytingu sem hv. efnahags- og skattanefnd gerði hvað varðar arkitekta og hönnuði.

Ég finn það á viðtölum við arkitekta og hönnuði almennt að hljóðið er mjög þungt í þeim. Búið er að segja upp mörgu fólki á arkitektastofum og verkefnastaðan er mjög slæm. Það er einmitt á þessum sviðum sem menn finna fyrst fyrir því þegar kreppir að. Strax í haust fóru menn að halda að sér höndum varðandi verkefni og þá var fyrirsjáanlegt að áhrifin mundu koma fram í byggingariðnaðinum nokkru síðar. Þess vegna held ég að það sé mikilvægt fyrir ríkisvaldið við þessar aðstæður að reyna að halda í einhver hönnunarverkefni, reyna að halda í verkefni sem gætu örvað arkitektastofur og verkfræðinga. Þess vegna finnst mér gott og hvet til þess að haldið verði áfram hönnunarvinnu og slíku hvað varðar hátæknisjúkrahúsið. Ég er líka mjög ánægð með náðst hafi næstum þverpólitísk sátt hjá ríki og borg um að halda áfram við tónlistarhúsið. Allt þetta skiptir máli við þær aðstæður sem nú eru.

Ég ætla ekki að tala lengi en mig langaði fyrst og fremst að koma hér upp og lýsa sérstakri ánægju með þetta mál. Ég held að það sé betra fyrir okkur þingmenn að ræða mál af þessum toga en sem önnur mál sem taka upp dagskrá þingsins. En síst vil ég tefja fyrir þingstörfum með því að tala lengi um þetta, ég vil miklu frekar að þetta mál geti orðið sem fyrst að lögum. Ég heyri að það eru ákveðin sjónarmið uppi um að útvíkka þetta enn frekar, taka til verkefnis þar sem unnið er á verkstæðum vegna þess að við vitum að margt af því sem var unnið áður á byggingarstað er nú komið inn á verkstæði og er hagræði að því fyrir iðnaðarmenn. Ég skal ekkert um það segja hvort það er vont að gera þá breytingu núna. Ef það verður til þess að tefja málið vil ég frekar að það fari í gegn eins og það er og menn skoði þá í framhaldinu hvort hægt sé að gera frekari breytingar. Ef menn halda að þessi útvíkkun hafi áhrif á samkeppnissjónarmið eða að menn brjóti með henni reglur Evrópska efnahagssvæðisins — vegna þess að ég get ekki tekið undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að „þeir vitlausu samningar“ skipti ekki máli við þessar aðstæður.

Ég held að við verðum að fylgja þeim leikreglum sem gilda í landinu. Ef það er vilji til þess að útvíkka þetta, hvet ég menn til þess að athuga það sérstaklega en ekki draga þetta mál úr hófi með slíkri athugun. Efnahags- og skattanefnd gæti svo auðveldlega tekið það mál upp sjálf og skoðað hvort slíkt sé á ferðinni. Ég vil að þetta mál verði afgreitt eins fljótt og hægt er og síðan geta menn leitað annarra leiða. Ég hef spurt um það í umræðunni hvort fleiri mál séu í bígerð. Það er augljóst að menn eru að reyna að gera allt sem hægt er til að liðka til þarna og ég vonast til þess að við sjáum fleiri mál af þessum toga. Ég vil enn og aftur lýsa ánægju minni með þetta mál og vona að það verði afgreitt í þinginu fljótt og vel.

[12:40]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Við erum að ræða breytingar á virðisaukaskattslögum sem lúta að því að framkvæmdir á byggingarstað fá hærra endurgreiðsluhlutfall af virðisaukaskatti. Ég tel að það sé mjög gott mál eins og komið hefur fram, bæði í fyrra andsvari mínu við hv. ræðumann Gunnar Svavarsson, og hjá öðrum hv. þingmönnum.

Ég vil geta þess, frú forseti, að tekið var fram í upphafi þeirrar umræðu að menn voru hvattir til að taka þátt í henni, vera viðstaddir hana og fylgjast með henni, en það hefur fækkað í salnum núna yfir hámatartímann þannig að ég vona að það viti samt ekki á að menn styðji ekki málið allt þó að það sé fátt um manninn inni í þingsalnum.

Málið snýst sem sé um endurgreiðslu á virðisaukaskattinum og ég vil ítreka að mikilvægt er að ávallt verði leitað þeirra leiða þar sem mest hagkvæmni fæst í þeim verkferlum sem um er að ræða. Ég óttast svolítið að útiloka eigi og mismuna því handverki sem unnið er á verkstæði eða á byggingarstað, að það muni leiða til þess að verkin geti orðið óhagkvæmari. Það vil ég ekki sjá. Ég vil að iðnaðarmenn og iðnfyrirtæki fái að nota hagkvæmustu leiðir til að vinna þau verk sem þarna um ræðir sem er viðhald á frístundahúsum og íbúðarhúsnæði.

Ég vil jafnframt beina því til formanns nefndarinnar að kannaður verði sá aukakostnaður sem óhjákvæmilegur er á landsbyggðinni þegar um er að ræða mikla flutninga. Flutningskostnaður, t.d. aksturskostnaður, er gríðarlega mikill í hinu dreifðu byggðum. Þess vegna langar mig að spyrja hv. þm. Árna Þór Sigurðsson hvort það hafi komið til tals og hvort það geti komið til greina að litið verði til þess. Það er alveg augljóst mál að t.d. þeir sem búa fjærst byggingarvöruverslunum eða þeim verktökum sem taka að sér svona verk, þurfa að leggja í mikinn kostnað sem er samfara því að koma efni og mannskap á byggingarstað. Öðru máli gegnir með slíkar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu þar sem allt er innan seilingar og nánast er hægt að nota strætisvagna til fólksflutninga á milli staða. Ég held að við þurfum að huga að því að þeim verði ekki mismunað sem hugsa sér að nota verksmiðjur sínar — þar hafa verið nefnd einingarhúsafyrirtæki bæði í steini og timbri, gluggasmiðjum, rafverktaka o.s.frv. — og þeim sem búa á landsbyggðinni. Það er mikilvægt að ekki verði mismunur milli landsbyggðarbúa og þeirra sem búa næst þeim þjónustufyrirtækjum sem hafa, eins og hv. þm. Gunnar Svavarsson nefndi, kítti, skrúfur og hvað það nú er sem þarf til svona verka. Það búa

ekki allir við hliðina á byggingarvöruverslunum hér á landi, þess vegna tel ég að huga þurfi að þessu.

Komið hefur fram í umræðunni að fyrir liggur breytingartillaga um arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga, sem vinna utan byggingarstaðar, að virðisaukaskattur af þeirri vinnu sem fer ekki fram á byggingarstað fáist endurgreiddur. Ég vil geta þess að þó að þessar starfsstéttir búi við erfið skilyrði núna og þó að heilmikið atvinnuleysi sé á þeim vettvangi, verðum við að muna að það eru fleiri greinar, iðnmenntað fólk, verkafólk, sem búa við atvinnuleysi. Mér finnst eins og verið sé að taka þennan hóp út sérstaklega. Þess vegna held ég að við ættum að huga að því að hafa meiri breidd í þessu en ekki miða bara við þessar tilteknu starfsstéttir. Það ríkir atvinnuleysi víðar en í þessum tilteknu atvinnustéttum. Þess vegna tel ég að við eigum að skoða það — og þeir sem eru í viðkomandi nefnd — hvort ekki megi líta aðeins út fyrir þennan hóp til þeirra iðnmenntuðu og verkafólksins sem getur fengið vinnu við endurbæturnar þó að það sé ekki á byggingarstaðnum. Það finnst mér afskaplega mikilvægt að sé skoðað í nefndinni. Miðað við þær aðstæður sem við búum nú í landinu og það tekjufall sem við horfum fram á er auðvitað mikilvægt að við reynum að afla sem mests gjaldeyris. Við eigum jafnframt að horfa til gamla slagorðsins, *íslenskt, já, takk!* þannig að það frumvarp sem hér liggur fyrir nái yfir fleiri starfsstéttir án þess að brjóta lög Evrópska efnahagssvæðisins, það miðist við að við látum vinnuna fara fram innan lands.

Ég get, frú forseti, ekki farið úr ræðustól án þess að nefna að það er sjávarútvegurinn sem stendur á bak við stærstan hluta gjaldeyristekna okkar og orkuiðnaðurinn, áliðnaðurinn. Við eigum auðvitað að halda því starfi áfram. Við eigum marga kosti eins og að virkja frekar fallvötnin. Það getum við gert í þrepum í litlum einingum sem er enn kostur á að gera á Þjórsár/Tungnaársvæðinu. Þannig getum við notað íslenskt vinnuafl, íslenskt hugvit og þá arkitekta og verkfræðinga sem kæmu að hönnun mannvirkja, framkvæmd og eftirliti þar. Með því getum við byggt upp orkufrekan iðnað í landinu til frekari gjaldeyrissköpunar fyrir þetta samfélag. Það held ég að sé afskaplega mikilvægt eins og staðan er núna, frú forseti.

[12:48]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Frú forseti. Ég ætla fyrst að gera athugasemd við ræðutímann. Ég tel að sem framsögumaður nefndarálits eigi ég fimmtán mínútna ræðutíma í annað sinn og af tæknilegum ástæðum voru teknar af mér tíu mínútur í fyrri ræðu minni og ég óska eftir að fá að nýta þann tíma sem ég á samkvæmt þingsköpum.

Ég ætla að byrja á því að þakka fyrir umræðuna sem fram hefur farið um þetta mál og þakka hv. þingmönnum sem tekið hafa þátt í henni fyrir góðar viðtökur og ég fæ ekki betur séð en að mikil almenn samstaða sé um málið, enda þótt menn hafi í umræðunni velt upp ýmsum spurningum sem hafa vaknað um jaðartilfelli þess sem hér er fjallað um.

Ég vil fyrst bregðast við því sem hefur verið rætt um varðandi 1. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að þar sem talað er um endurgreiðslu virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum verði einnig bætt við hugtakinu húseiningum.

Hér hefur komið fram spurning um hvort um sé að ræða húseiningar eða verksmiðjuframleidd hús, hvort sem þau eru framleidd hér á landi eða erlendis. Því er til að svara að hér er verið að fjalla um öll verksmiðjuhús og húseiningar, hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda framleiðslu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef mundi það ekki standast ákvæði EES-samningsins að skilja þar á milli. Þannig að það er ekki talið heimilt.

Líka er rétt að geta þess að verið er að fjalla um endurgreiðslu af vinnu en ekki efni og samkvæmt reglugerðinni sem þar er unnið eftir miðast endurgreiðslan við áætlaðan kostnað eða áætlað hlutfall vinnunnar af heildarkostnaði.

Annað álitamál sem hefur komið upp varðar það hvort unnt sé að láta þetta ná til vinnu sem framkvæmd er utan byggingarstaðar og því er þá til að svara að mat þeirra sem gerst þekkja og vinna með þessi mál daglega er að afskaplega erfitt sé að koma á slíku fyrirkomulagi. Eftirlit með því yrði mjög erfitt og mjög snúið að takmarka það á nokkurn hátt. (Gripið fram í.) Ég kem að því á eftir, hv. þingmaður. Vegna þess að þá yrði væntanlega að opna á endurgreiðslu án takmörkunar á allt efni sem keypt er t.d. í byggingarvöruverslunum. Allir sjá í hendi sér að þá væri verið að opna mikla flóðgátt sem ekki sæi fyrir endann á. Þannig að við höfum ekki gert tillögu um þetta. Þetta kom til umfjöllunar en ekki er tillaga um að takmarka eða opna það með þessum hætti. Ég tel að ekki séu forsendur til þess. En eftir sem áður er verið að gera veigamiklar breytingar sem eru mjög til hagsbóta fyrir þá sem um ræðir.

Sérstaklega var spurt um arkitekta, verkfræðinga, hönnuði og tæknifræðinga sem vinna utan byggingarstaðar. Það er rétt að í öllum meginatriðum gera þeir það. Þó á það ekki við um þann þátt í vinnu þeirra sem lýtur að eftirliti og umsjón með verkefninu. Það fer að sjálfsögðu fram á byggingarstað eðli málsins samkvæmt. En hönnunin fer fram á vinnustofum hönnuða.

Hér er verið að tala um þá vinnu þeirra sem tengist nákvæmlega þeim framkvæmdum sem greinin fjallar um. Þ.e. byggingu íbúðarhúsnæðis eða frístundahúsnæðis eða viðhald og endurbætur þess háttar húsnæðis og húsnæðis sem gert er ráð fyrir að bætist við, þ.e. annars húsnæðis sem alfarið er í eigu sveitarfélaga. Við tengjum þetta því sérstaklega við þau hús og þær framkvæmdir og ljóst er að undanfari þess að byggingarvinna eigi sér stað er í langflestum tilvikum hönnun sem arkitektar, tæknifræðingar og byggingarfræðingar inna af hendi. Þannig að við teljum að full rök séu til þess að taka þessa hópa sérstaklega inn og ekki síður með vísan til þess atvinnuástands sem við horfum upp á í þessum geira, sem er í einu orði sagt geigvænlegt.

Aðrir hópar sem hér hafa verið nefndir, svo sem iðnaðarmenn og byggingarverkamenn, njóta að sjálfsögðu þeirra ákvæða sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þ.e. byggingarvinnuna sjálfa, hvort sem það eru nýbyggingar eða endurbót og viðhaldsverkefni. Þeir njóta þess þannig að frumvarpið miðar að því að örva byggingarstarfsemina og skapar að sjálfsögðu þeim aðilum, sem hér hefur sérstaklega verið minnst á, störf. Þannig að ég tel að hér sé stigið mjög mikil-

vægt og stórt skref. Vel kann að vera að menn vilji skoða aðra þætti í framhaldinu en ég held að þá sé skynsamlegast að gera það með þeim hætti að við fáum nokkra reynslu af fyrirkomulaginu.

Við sjáum hvaða áhrif þessar breytingar hafa. Allir umsagnaraðilar sem hafa fjallað um málið mæla með samþykkt frumvarpsins, ýmist eins og það var lagt fram eða með þeim breytingartillögum sem nefndin gerir. Ég tel mikilvægt að við látum á það reyna hvort þetta nær ekki einmitt því markmiði að örva atvinnustarfsemi í byggingargeiranum. Ég er sannfærður um að það mun gera það og tel þess vegna að við stígum mikilvægt skref í þá veru.

Ég vil líka, frú forseti, vísa til umsagnar sem nefndinni barst frá Samtökum atvinnulífsins þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Atvinnuástand í byggingariðnaði er sem kunnugt er mjög alvarlegt og stefnir í allt að 25% atvinnuleysi í apríl-mánuði. Við slíkar aðstæður er einnig ljóst að hætta á skattsvikum og svartri atvinnustarfsemi mun aukast. Markmið hækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts er að stemma stigu við þessari óheillaþróun. Er þessi breyting í samræmi við tillögur Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins. Jafnframt er hún í anda tillagna starfshóps félagsmálaráðherra um vinnumarkaðsúrræði. Tillögur samtakanna og starfshópsins fólu að vísu í sér víðtækari breytingartillögu, þar sem lagt var til að endurgreiðslan nái einnig til annars húsnæðis í eigu einstaklinga (t.d. sumarbústaði), sveitarfélaga og annarra aðila sem ekki stunda virðisaukaskattskylda starfsemi. Telja Samtök atvinnulífsins að slík víðtækari breyting væri betur til þess fallin að ná tilætluðum árangri.“

Það er einmitt það sem nefndin hefur gert í breytingartillögum sínum. Hún hefur komið til móts við þessi sjónarmið með því að taka inn frístundahús og annað húsnæði sem er alfarið í eigu sveitarfélaga. Þannig að við höfum komið til móts við þessi sjónarmið og víkkað út gildissvið þessara tímabundnu ráðstafana. Ég tel að þannig sé stórt skref stigið í vinnumarkaðsaðgerðum, ef svo má segja, aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að örva atvinnulíf og virkni í byggingargeiranum.

Ég vil ítreka þakkir mínar fyrir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað. Ég tel að ég hafi svarað þeim ábendingum sem helst hafa komið fram í máli ræðumanna og vil þakka fyrir þátttökuna í umræðunni og vonast til þess að samstaða geti orðið um þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir og við munum sjá að þær munu hafa jákvæð áhrif á atvinnustigið í þessum geira.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:57]

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 207. mál (gildistími ákvæða um áframeldi og krókaaflahlutdeild). — Þskj. 636.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, HSH, HHj, IllG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, MS, MÁ, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

30 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EBS, GHH, GAK, GÞÞ, GSv, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JónG, KJak, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, SVÓ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 657).

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, frh. 3. umr.

Stjfrv., 313. mál (afnám laganna). — Þskj. 543, frhnál. 649.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]

Brtt. í nál. 649 samþ. með 33 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HHj, IllG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, MS, MÁ, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

29 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EBS, GHH, GAK, GÞÞ, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JónG, KJak, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, SVÓ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

11 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:40]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Það er söguleg stund þegar Alþingi nemur nú úr gildi forréttindi þingmanna, og sérstaklega ráðherra, í lífeyrismálum. Gegn þessum sérréttindum hefur verið mikil andstaða í þjóðfélaginu og gegn þessum sérréttindum og þessum ósóma hefur verið barist bæði utan þingsins og innan. Nú hefur baráttan skilað árangri. Þetta er ekki bara söguleg stund á Alþingi, við erum að stíga skref til sátta gagnvart þjóðinni. Ég fagna þessari niðurstöðu. [13:42]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég held að hér sé merkileg stund, kannski ein af hinum merkilegri á þessu kjörtímabili. Hér er verið að taka af almenn forréttindi þingmanna og ráðherra í lífeyrismálum og við erum einkum að taka til baka (**Gripið fram í:** Forseta.) það fráleita frumvarp sem Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur báru fram, reyndar ásamt ýmsum öðrum í byrjun, [Háreysti í þingsal.] árið 2003. (Gripið fram í.)

Já, það er rétt. Nú höfum við haft þrjár umræður til að ræða það og hafi menn hlýtt á mitt mál í þeim þremur umræðum ættu þeir að vita hvað ég meina vegna þess að ég hef talað nokkuð bert og ljóst um söguna um það sem hér lá á bak við.

Ég held að þetta sé verulegur áfangi í réttlætisátt og til framfara og þetta muni að einhverju leyti sætta þing og þjóð. Það er athyglisvert að það þurfti að setja Sjálfstæðisflokkinn í stjórnarandstöðu (Forseti hringir.) til að þjóðin gæti haft vit fyrir þinginu í þessu máli. Ég segi já.

[13:43]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Hér eru afnumin svokölluð eftirlaunalög sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþingi fluttu á sínum tíma. (**GAK:** Ekki rétt.) Eins og sjá má greiði ég atkvæði með frumvarpinu enda er ég hlynntur þeim meginbreytingum sem þar koma fram.

Það sem skortir hins vegar á þetta frumvarp, og ég vil beina því til ríkisstjórnarinnar, er að tekið verði á því að alþingismenn hlutist til um eigin kjör. Ég tel að ríkisstjórnin ætti að beita sér fyrir því að kjararáði verði falið að ákvarða öll okkar kjör, ekki einungis þingfararkaupið, heldur einnig lífeyrisréttindi og öll önnur kjör sem við njótum. Ástæðan fyrir því að deilurnar um þessi mál eru svo miklar er sú að þingmenn hafa sjálfir fjallað um eigin kjör. (Forseti hringir.) Þannig á það ekki að vera og ég tel eðlilegt að í framhaldinu verði kjararáð (Forseti hringir.) fengið til þess að ákvarða öll okkar kjör.

[13:45]

Birkir Jón Jónsson:

Frú forseti. Ég lýsi yfir mikilli ánægju með að við skulum afgreiða þetta mál. Hér er verið að samræma réttindi alþingismanna og annarra opinberra starfsmanna sem greiða í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ég vek athygli þingmanna á því að hér er efnislega verið að samþykkja það sem grænu flokkarnir lögðu til á síðasta ári, Framsóknarflokkur og Vinstri hreyfingin – grænt framboð. [Háreysti í þingsal.] Það er verið að samþykkja það sem þessir flokkar lögðu til, að færa þessi réttindi til samræmis við það sem gengur og gerist hjá öðrum opinberum starfsmönnum. Það er mjög ánægjulegt að við skulum hafa náð Samfylkingunni á okkar band í umræðunni því að þegar hún starfaði með Sjálfstæðisflokknum var hún ekki reiðubúin til að stíga þessi skref. (**Gripið fram í:** Birkir Jón …) Hér erum við að stíga mjög söguleg skref. Það er mikilvægt að þjóð og þing gangi í takt og við viljum — (Gripið fram í.) ég heyri að (Gripið fram í.) sumir þingmenn Samfylkingarinnar eiga erfitt undir þessari umræðu (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) en ég vil að lokum segja, frú forseti, að ég fagna þessari breytingu. Þetta er nákvæmlega í þeim anda sem Framsóknarflokkur (Forseti hringir.) og Vinstri grænir (Gripið fram í.) lögðu til fyrir nokkrum mánuðum og ég fagna því þrátt fyrir óp og köll samfylkingarmanna um að þeir hafi skipt um skoðun.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég bið hv. þingmenn að gefa þeim hv. þingmanni sem er í ræðustól tækifæri til að tala þannig að til heyrist.)

[13:46]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Sá fylgir kaleikur þingmannsstarfinu að þingmenn þurfa alltaf með einum eða öðrum hætti að hlutast til um það hvernig þeirra kjaramálum er háttað með lögum. Þeir geta vissulega falið öðrum að úrskurða um það en sá kaleikur verður aldrei í eðli sínu frá hinu sérstaka starfi tekinn að Alþingi þarf sjálft að skipa þessum málum, annaðhvort með eigin ákvörðunum eða fela þær öðrum.

Ég fagna sérstaklega niðurstöðu þessa máls. Ég þakka hv. efnahags- og skattanefnd fyrir góða vinnu og held að þær breytingar sem gerðar voru á málinu í meðförum nefndarinnar séu til bóta, lagaskilin skýr og frumvarpið í þeim besta búningi sem það getur orðið. Niðurstaðan er gleðileg. Hér lýkur löngum og leiðinlegum kafla í þingsögunni, í pólitískum deilumálum og í samskiptum Alþingis og þjóðarinnar. Ég vona að þetta viti á gott og boði ásamt með öðru upphaf hins nýja Íslands í þeim efnum að þjóðin deili betur kjörum í heild sinni en áður hefur verið. Ég vek athygli á því, frú forseti, að það var myndun núverandi ríkisstjórnar (Forseti hringir.) sem gerði þennan sigur mögulegan.

[13:47]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er fagnaðarefni að þessi hneisa sé loks afmáð. Þó að við höfum sum greitt atkvæði gegn frumvarpinu á sínum tíma held ég að enginn í þessum sal slái sérstakar pólitískar keilur á því að fjalla um það. Málið var einfaldlega þinginu til skammar og málsmeðferðin ekki síst. Við eigum að læra af því í framhaldi af hruninu og muna héðan í frá að ekki eiga að gilda aðrar reglur um ráðherra en aðra menn í landinu, og eins hitt að við eigum aldrei að leyfa okkur að beygja svo góð vinnubrögð í þinginu eins og gert var í þessu máli sem keyrt var í gegn þegar það varðaði okkur sjálfa á örfáum dögum og með kolröngum upplýsingum um hvaða kostnaður mundi fylgja því.

[13:48]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil leyfa mér að biðja þingmenn að fagna þeirri samstöðu sem er að myndast hér um þetta mál. Allir flokkar eiga hlut að máli. Það er ekki einn einasti flokkur hér inni sem getur fríað sig algjörlega ábyrgð í þessu máli (Gripið fram í.) og það er mjög merkilegt að hlusta á þingmenn reyna að fara með einhverja frasa úr fortíðinni og þykjast ekki hafa komið nálægt neinu, hv. þm. Mörður Árnason. (**Gripið fram í:** Hvernig var atkvæðagreiðslan?) Samfylkingin átti hlut að þessu máli í síðustu ríkisstjórn og vildi þá ekki breyta. Nú eigum við að hefja okkur upp úr þessu karpi, (Gripið fram í.) upp úr þessari fortíð og fagna samstöðunni. Nú eru allir flokkar sammála um þetta, líka Sjálfstæðisflokkurinn. Allir flokkar hafa átt hlut að þessu máli og við eigum að leyfa okkur að fagna saman. Nú er málið bara frá og við förum að vinna í öðrum góðum málum.

[13:50]

Árni Páll Árnason:

Virðulegi forseti. Fyrir síðustu kosningar var eitt af höf-

uðstefnumálum Samfylkingarinnar að þessi lög yrðu úr gildi felld að kosningum loknum. Það er nú að takast og við erum að ná fullnaðarsigri. Það kom fram í atkvæðaskýringu af hálfu Samfylkingarinnar fyrir áramót að þar litum við svo á að um áfangasigur væri að ræða, og fullnaðarsigur hefur nú verið unninn. Það skiptir miklu að við gætum að því að setja ekki aftur lög þar sem við slítum sundur friðinn í landinu og búum sumum önnur kjör en öðrum. Við verðum að gæta þess að ein lög gildi fyrir alla og það verði ekki þannig að þingmenn og ráðherrar (Gripið fram í.) verði látnir vera úr eðlilegu samhengi við kjör og skyldur annarra í samfélaginu. (Gripið fram í.)

[13:51]

Grétar Mar Jónsson:

Frú forseti. Ég vil minna á það að 2003, þegar lögin voru sett og talað var fyrir frumvarpinu af Halldóri Blöndal, þá forseta þingsins, kom ég strax á eftir honum í andsvar, mótmælti frumvarpinu og taldi ekki rétt að þingmenn og ráðherrar væru að búa sér til sér… (**SKK:** Sigurjón Þórðarson var flutningsmaður.) (**Gripið fram í:** Formaðurinn studdi það.) Formaðurinn studdi það ekki og tók ekki þátt í atkvæðagreiðslunni og enginn í Frjálslynda flokknum studdi það í atkvæðagreiðslunni, það er ekki rétt og ekki einu sinni Sigurjón Þórðarson. [Háreysti í þingsal.] (Forseti hringir.) Ég hafnaði (Gripið fram í.) því frumvarpi á sínum tíma og mælti gegn því og var sá fyrsti sem gerði það. Á eftir mér kom síðan hæstv. heilbrigðisráðherra sem nú er, Ögmundur Jónasson, og við vorum báðir á móti frumvarpinu strax í upphafi.

Ég segi já við þessu frumvarpi núna.

[13:52]

Gunnar Svavarsson:

Virðulegur forseti. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég hef á stundum verið stoltur, sérstaklega þó þegar ég náði að koma fjárauka- og fjárlagafrumvörpum út úr nefnd fyrir 2. og 3. umr. á árunum 2007 og 2008 í nokkuð góðri sátt við fjárlaganefndarmenn þrátt fyrir að við höfum ekki öll verið sammála, hv. þingmenn. Ég mun hins vegar minnast núverandi stundar fyrir það að hafa verið nokkuð stoltur yfir því að hafa verið með öllum hv. þingmönnum í salnum að segja já.

[13:53]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég fagna þeirri samstöðu sem er í þingsalnum um þetta frumvarp en vil engu að síður láta þess getið að ekki gilda ein lög í þessu landi um lífeyrissjóði fyrir landsmenn. Það er lífeyrissjóður opinberra starfsmanna sem við þingmenn kjósum nú að halda okkur í, innan svokallaðrar A-deildar, en 80% þjóðarinnar, kjósenda okkar í þessum sal, eru í öðrum lífeyrissjóðum. Ég hefði kosið að við hefðum haft kjark til að veita þingmönnum frelsi til að velja sér lífeyrissjóð en segi við frumvarpinu: Þetta er skref í rétta átt og ég segi já.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 658).

Loftferðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 196. mál (flugvernd, gjaldtaka, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 243, brtt. 647.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]

Brtt. 647 samþ. með 34 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HHj, IllG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, MS, MÁ, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

29 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JónG, KJak, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 659).

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 289. mál (hækkuð endurgreiðsla vegna vinnu á byggingarstað). — Þskj. 515, nál. 637, brtt. 638.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 638 samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Tilhögun þingfundar.

[13:58]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill tilkynna að að lokinni umræðu um 10. dagskrármálið sem verður næst tekið fyrir verða 7., 8. og 9. mál tekin fyrir en umræða um 6. dagskrármálið, kosningar til Alþingis, bíður þar til þeim umræðum lýkur. Jafnframt vill forseti geta þess að þingfundur verður á morgun, föstudag, og hefst kl. 10.30 árdegis.

Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum, fyrri umr.

Þáltill. SF o.fl., 370. mál. — Þskj. 625.

[13:59]

Forseti (Þuríður Backman):

Samkomulag er milli þingflokka um umræðuna og hefur hver þingflokkur 15 mínútur í umræðunni. Umræðunni lýkur ekki á þessum degi, henni mun ljúka eftir helgi.

[13:59]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég flyt hér þingsályktunartillögu um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum. Þessa tillögu flytja 36 þingmenn, þ.e. allir þingmenn Alþingis nema þingmenn ríkisstjórnarflokkanna, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Mér býður í grun að nokkrir samfylkingarmenn hefðu gjarnan viljað vera á þessari tillögu af því að Samfylkingin er klofin í afstöðu sinni til þessa máls eins og margoft hefur komið fram í umræðum hér á Alþingi.

Tillagan gengur út á það, virðulegur forseti, að Alþingi telur að ríkisstjórnin eigi að gæta ýtrustu hagsmuna Íslands í þeim samningaviðræðum sem nú fara fram um loftslagsbreytingar, og stefnt er að því að þeim umræðum ljúki í Kaupmannahöfn í desember á þessu ári. Í tillögugreininni er sérstaklega undirstrikað að þeir þingmenn sem að þessu máli standa telja að viðhalda eigi og ná fram svokölluðu íslensku ákvæði sem er í Kyoto-bókuninni. Í greinargerðinni kemur fram lýsing á því ákvæði og röksemdafærslan fyrir því. Á sínum tíma, þegar Kyoto-ferlið hófst, færðum við Íslendingar mjög sterk rök fyrir því að ná fram svokölluðu íslensku ákvæði.

Við höfðum áður en svokallað þröskuldsár fór í hönd, 1990, t.d. hreinsað meira og minna upp í húshitun og nýttum endurnýjanlega orkugjafa í miklu ríkari mæli en önnur ríki, við erum reyndar heimsmeistarar í því. Segja má að við höfum verið búin að hreinsa upp hjá okkur löngu áður en önnur ríki tóku til við það og mörg ríki eru ekki einu sinni byrjuð. Við vorum, ef þannig má að orði komast, orðin hreint ríki áður en Kyoto-samningaviðræðurnar hófust.

Það kemur líka hér fram að eitt verkefni á Íslandi, tökum sem dæmi ein iðnaðarverksmiðja, losar hlutfallslega miklu meira hér á landi en í öðrum ríkjum af því við vorum svo hrein frá byrjun, losar um tugi prósenta. Þetta sáu allir sem komu að þessum samningaviðræðum. Sú er hér stendur átti þátt í þeim og náði, ásamt fleiri ráðherrum og embættismönnum íslenska stjórnkerfisins, íslenska ákvæðinu fram og er mjög stolt af því.

Þau rök sem við héldum fram á þeim tíma eru öll í gildi í dag. Það er mjög mikilvægt, af því hér er um geysilega mikið atvinnumál að ræða — þetta gengur út á það hvernig við ætlum að standa að iðnaði okkar almennt í landinu — að ríkisstjórnin ákveði að hverfa af þeirri braut sem hún hefur verið á síðustu tvö árin, þ.e. hún verður að hverfa af þeirri braut að halda íslenska ákvæðinu ekki til haga.

Það er ljóst að síðasta ríkisstjórn var klofin. Sjálfstæðisflokkurinn vildi halda íslenska ákvæðinu til haga og það kom opinberlega fram í ræðu hv. þm. Geirs H. Haarde. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir vildi það hins vegar ekki og var þá umhverfisráðherra. Hæstv. iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, sat á girðingunni og sagði: Við skulum bara huga að íslenska ákvæðinu síðar þegar menn fara að tala um hvert einstakt ríki. (Gripið fram í.)

Það er mjög mikilvægt að við tökum á þessu máli. Ég viðurkenni að mjög seint er af stað farið. Fundurinn í Kaupmannahöfn er í desember og það kostar mikla vinnu að ná íslenska ákvæðinu í gegn. Það þarf líka að huga að nýjum verkefnum og fá viðbótarlosunarheimild vegna þeirra.

Þetta ákvæði er vistvænt fyrir lofthjúpinn og það er mjög skrýtið að Vinstri grænir og hluti Samfylkingarinnar skuli hafa verið svo mikið á móti ákvæðinu. Nú eru öll ríki að berjast við að koma því þannig fyrir að lofthjúpurinn verði hreinni og þetta ákvæði er einmitt þess eðlis. Það er sex til átta sinnum betra fyrir lofthjúpinn að við nýtum okkar endurnýjanlegu orku í iðnaði heldur en að önnur ríki, sem nota kol og olíu, framleiði sama magn af vöru.

Við erum mjög sein, virðulegur forseti. Hins vegar má vel vera að ekki náist niðurstaða í Kaupmannahöfn. Það er meira að segja frekar ólíklegt að hún náist. Ef svo verður ekki aukast líkurnar á því að við getum haldið hagsmunum okkar til haga. Ég vona að við náum þessu máli hér í gegn svo að ríkisstjórnin, og svo næsta ríkisstjórn, geti sem fyrst hafist handa við að halda þessu ákvæði og fá það útfært á þann hátt sem okkur er hagkvæmt.

[14:05]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Þessi þingsályktunartillaga gengur út á það að Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gæta ýtrustu hagsmuna Íslands í samningaviðræðum. Allt eins væri hægt að flytja þingsályktunartillögu um það að Íslendingar, nú eða ríkisstjórnin, færu að umferðarlögum. Auðvitað gæta allar ríkisstjórnir ýtrustu hagsmuna þjóðarinnar á erlendum vettvangi. Ég sé ekki tilganginn með fyrri partinum.

Hvað seinni partinn varðar þá gengur hann út á það að við höldum losunarkvótanum 2008–2012. Mér sýnist það sama um þennan seinni lið, þ.e. að tillagan sé allt að því markleysa, að hún sé prófkjörspólitík og lýðskrum. Það má halda því fram. Við höfum 8.000.000 tonna viðbótarkvóta 2008–2012 og það er mat allra sérfræðinga sem ég ræði við að sá kvóti muni halda sér.

Sé það vilji flutningsmanna að kvótinn verði aukinn þá gengur tillagan ekki út á það heldur eingöngu að halda íslenska sérákvæðinu, og það er mat allra sérfræðinga í alþjóðarétti og alþjóðasamningum að svo muni verða. Tillagan gengur ekki út á viðbót, það er svo einfalt. Að því leyti er hún í orðanna hljóðan tilgangslaus markleysa.

Við fáum engar frekari undanþágur. Það er algjörlega ljóst. Kröfur eru gerðar í allri Evrópu, af ESB og alþjóðasamfélaginu, um frekari niðurskurð. Það er jafnljóst. Sérstaklega er kveðið á um það að minnka útblásturinn í stóriðjunni. Það er keppikefli að stóriðjan noti bestu fáanlegu tækni, samanber BAT-regluna, sem þeir hafa hér á Íslandi komist upp með að gera ekki. Við fáum sem sagt ekki fleiri undanþágur og árið 2027 verður kvótinn settur á markað.

Það er krafa alls staðar, og ég ítreka það, að áliðnaðurinn taki á sig meiri ábyrgð en hann hefur gert til þessa. Ég er hissa á reyndum meðflutningsmönnum tillögunnar í alþjóðarétti og alþjóðasamningum að skrifa upp á tillögur með þessum hætti. Það er illt að mínu mati, og gengur þvert gegn markmiðum Kyoto-bókunarinnar og tilraunum alþjóðasamfélagsins til að draga úr losun, að megintilgangur þessarar tillögu sé að fjölga álverum. Álver hafa haldið uppi rafmagnsverði hér. Þau hafa leitt til þess að ekki er hægt að lækka rafmagnsverð til að mynda til garðyrkjubænda sem er sprotagrein í íslenskum landbúnaði. Það sem verra er, ef á að fara að nýta þessa raforku til álvera þá komum við þar með í veg fyrir að hægt sé að draga úr los-

uninni með því að nota þessa raforku til umhverfisvænnar starfsemi.

Það er mikill skortur á ódýru rafmagni. Ég nefndi gróðurhúsabændur. Ég get nefnt dæmi sem mundi draga mjög verulega úr losun sem við verðum að einbeita okkur að, og það er til að mynda til fiskiskipaflotans meðan hann er í höfn. Það er til loðnuverksmiðja. Það er hægt að gera þetta með fjölþættum hætti. Grundvöllur þess að okkur takist að draga úr losuninni er að þessi íslenski iðnaður, bændur, garðyrkjubændur sem aðrir, fái raforkuna á lægra verði. Það er okkar meginskylda að draga úr þessari losun. Álverin vinna beinlínis gegn þeim markmiðum sem við höfum sett okkur í þessum efnum.

Frekar en að karpa um þessa tillögu ættum við hv. þingmenn að huga að því sem getur orðið til þess að draga úr losun. Við eigum þar mikla möguleika. (Gripið fram í.) Ég nefni gróðurhúsaræktun og ég nefni almenningssamgöngur og fleira sem ég hef nefnt hér fyrr í ræðu minni. Tillagan er að mínu mati vanhugsuð og ég hygg að í nefnd muni það koma berlega í ljós.

[14:10]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Þessi tillaga til þingsályktunar er mikilvæg vegna þess að hún undirstrikar vilja Alþingis Íslendinga til þess að ríkisstjórnin haldi fast á hagsmunum þjóðarinnar þegar kemur að þeim mikilvægu samningum og þeim mikilvægu viðræðum sem eru fram undan vegna baráttunnar gegn of mikilli hlýnun lofthjúpsins og jarðarinnar.

Íslenska ákvæðið svokallaða er ekki sérískenskt eins og margoft hefur komið fram. Það er almennt ákvæði sem byggist á þeirri hugsun að nauðsynlegt sé að ýta undir nýtingu og notkun hreinna orkugjafa til þess að draga úr mengun, draga úr þeim vanda sem við er að fást. Þess vegna eru það öfugmæli, sem oft hafa heyrst, að þetta ákvæði sé einhver sérstök undanþága til þess að geta mengað meira, að með þessu séum við að skera okkur úr leik með öðrum þjóðum heims í baráttunni gegn þeim vanda sem hér er um að ræða.

Íslenska ákvæðið er ekki ósk um sérmeðferð. Íslenska ákvæðið er ekki einhvers konar einangrunarstefna. Íslenska ákvæðið er staðfesting á þeim árangri sem við höfum náð í þessum málum. Staðfesting á því að við höfum verið á undan flestum þjóðum heims í því að skipta yfir í hreina orkugjafa, að ganga vel um landið okkar og framleiða með sem minnstri mengun. Það er það sem íslenska ákvæðið er. Það er mikill misskilningur að halda að hér sé um að ræða einhvers konar tilraun til þess að taka ekki þátt í alþjóðlegu samstarfi til þess að leysa þennan mikla vanda. Þvert á móti er þetta hluti af innleggi okkar til þess að varða veginn til að sýna að það eru hinar umhverfisvænu lausnir sem felast í endurnýjanlegum orkugjöfum sem skipta svo miklu máli.

Hv. þm. Atli Gíslason flutti hér um margt ágæta ræðu en ég verð þó að segja að það eru ákveðnir þættir í henni sem ég gríp kannski ekki alveg utan um. Hv. þingmaður virtist vera þeirrar skoðunar að um væri að ræða markleysu í tillögunni vegna þess að þau markmið sem við settum okkur væru tryggð nú þegar og engin hætta væri á því, og búið væri að festa ákveðið magn loftslagsheimilda eða útblástursheimilda miðað við það sem var í Kyoto-bókuninni og mundi það halda sér áfram eftir Kaupmannahafnarfundinn.

Í fyrsta lagi þetta: Ef þingmaðurinn hefur haft tíma til að kynna sér efni tillögunnar til hlítar þá kemur þetta sérstaklega fram í henni, með leyfi virðulegs forseta:

„Sérstaklega skal ríkisstjórnin tryggja að efni og tilgangur ákvörðunar 7. aðildarríkjaþings rammasamningsins nr. 14/CP.7 um áhrif einstakra verkefna á útstreymi á skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar („íslenska ákvæðið“) haldi gildi sínu við samningsgerðina.“

Ekki er kveðið á um magn, kveðið er á um efni og tilgang sem gerir það að verkum að fullyrðingar hv. þingmanns, sem hér féllu, verða ósköp marklausar þegar betur er að gáð.

Þetta er mikið mál fyrir okkur Íslendinga, þetta ákvæði. Af hverju er þetta svona mikið mál? Þetta er mikið mál vegna þess að það tryggir, ekki bara í orði heldur á borði, yfirráðarétt okkar yfir auðlindunum. Af hverju erum við að ræða þetta mál nú? Það er vegna þess að það skiptir miklu máli í umræðu um efnahagsmál að fram komi vilji Alþingis til þess að þjóðin geti nýtt auðlindir sínar, að þetta komi fram núna vegna þess að þær ákvarðanir sem eru teknar um íslensk efnahagsmál, bæði af stjórnvöldum og líka af fjárfestum og öðrum sem til okkar horfa — að þeir viti nákvæmlega hvert við erum að fara í þessum málum, hver okkar vilji er. Ákvarðanir um t.d. byggingu orkufreks iðnaðar, hvort sem um er að ræða álstarfsemi eða eitthvað annað — þá breytir það ekki því að það þarf að liggja fyrir nákvæmlega hver þessi vilji er. Hann þarf að liggja fyrir núna. Ekki er nóg að hann liggi fyrir þá loksins við erum komin með einhverja niðurstöðu eftir Kaupmannahafnarfundinn. Þetta er atriði sem snýr að uppbyggingu atvinnulífsins.

Þetta skiptir líka máli hvað varðar yfirráðaréttinn yfir auðlindunum. Það gengur ekki að við Íslendingar göngumst undir þannig skilyrði að við getum ekki nýtt orkuauðlindirnar. Ég skal taka hér dæmi. Ríki sem eiga olíu og jarðgas geta unnið þær auðlindir sínar, nýtt sér þær til hagsbóta, flutt olíuna út. Hún er notuð við iðnframleiðslu í öðrum ríkjum og dregst þess vegna frá sem mengunarkvóti þeirra ríkja. Olíuauðlindirnar eru með öðrum orðum opnar fyrir ríkjum eins og Noregi og öðrum til þess að nýta sér. Engin takmörk þar á. En við sem eigum orkuna í iðrum jarðar og í fallvötnunum búum ekki við það sama. Við þurfum að nýta þá orku hér. Það þýðir, hvort sem menn gera það nú með gróðurhúsum eða einhverju öðru, að allir iðnferlar, öll iðnaðarstarfsemi veldur einhverri mengun hér. Sú hugsun sem er á bak við íslenska ákvæðið er að viðurkenna þetta, að við Íslendingar höfum nú þegar náð þessum árangri og það sé eðlilegt og sanngjarnt og réttlátt að við höfum þetta svigrúm. Það er óskaplega mikill barnaskapur að halda að í þessum umræðum á alþjóðavettvangi séu ríkin ekki að reyna að sækja sína hagsmuni.

Það hentar t.d. mörgum ríkjum að hafa viðmiðunarárið 1990–1991 á þessum árum. Af hverju skyldi það henta mörgum? Jú, vegna þess t.d., hvað varðar Evrópuríkin, að Austur-Evrópuríkin, sem voru mjög óhrein og mjög menguð, eru þá komin inn. Það er mikið af þægilegum og auðveldum tækifærum fyrir Evrópu til að hreinsa þar upp og ná strax miklum árangri. Við Íslendingar erum fyrir löngu

komin fram úr þessum ríkjum þegar kemur að endurnýjanlegri orku og hreinum framleiðsluháttum. Það hefði verið miklu nær þegar litið til stöðu okkar að farið hefði verið mun aftar í tímann þegar menn horfa á viðmiðunarárið og þar með viðurkennt hversu miklum árangri við höfum náð. Öll ríki eru að reyna að ná sem bestri niðurstöðu fyrir sig en menn verða, af því að þjóðir heims eru að vinna í þessu saman, að gera það með málefnalegum hætti. Menn verða að horfa til umhverfisins, hvernig við náum sem mestum árangri í umhverfismálunum, og íslenska ákvæðið er einmitt dæmi um það hvernig menn geta nálgast þessa umræðu af skynsemi og með náttúruvernd að leiðarljósi. Það er lykilatriði.

Ég hafna því alfarið að verið sé að hlaupast undan merkjum í alþjóðlegu samstarfi. Ég hafna því alfarið að við séum ekki að axla okkar ábyrgð. Við byrjuðum að axla okkar ábyrgð löngu áður en flest önnur ríki hófu að gera það. Við vorum búin að klára svo mikið af því sem aðrir eru núna að burðast við að gera. Stærsti hlutinn af orkunýtingu Íslendinga kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum, það er lykilatriði og við eigum þess vegna að sjálfsögðu að sækja þennan rétt.

Það kom mér á óvart að mér fannst hv. þm. Atla Gíslasonar líta fram hjá þeim málflutningi sem verið hefur uppi í umræðu um þetta ákvæði. Við höfum áður rætt þessi mál hér í þingsalnum. Í málflutningi núverandi hæstv. umhverfisráðherra hefur komið fram andstaða við þetta ákvæði. Það hefur líka komið fram í málflutningi fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra, Þórunnar Sveinbjarnardóttur, og reyndar hjá mörgum öðrum þingmönnum. Sú hugmynd að þessi tillaga njóti fulls stuðnings alls þingsins vegna þess að hún sé markleysa, þ.e. í þeirri merkingu að hér sé allt sjálfsagt og sjálfgefið og hvort eð er verði farið eftir þessu — ég held að það sé afskaplega röng túlkun.

Því miður hefur það verið þannig, og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi það réttilega hér áður, að deilur voru um þetta innan síðustu ríkisstjórnar. Það var mjög eindregin stefna Sjálfstæðisflokksins að fylgja ætti þessu svokallaða íslenska ákvæði. Við ætluðum að sækja það af festu á alþjóðavettvangi, það væri skylda okkar gagnvart íslenskri þjóð. En illu heilli var samstarfsflokkur okkar, eða í það minnsta þáverandi hæstv. umhverfisráðherra, ekki þeirrar skoðunar að við ættum að halda þessum gildum á lofti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að við erum á seinustu metrunum. Við hefðum þurft að vera búin að setja meiri festu í þennan málatilbúnað okkar vegna þess að þetta gerist ekki öðruvísi en svo að ráðherrar tali við ráðherra, æðstu embættismenn tali við æðstu embættismenn og menn vinni þessu allt fylgi sem þarf. Það þarf stöðugt að minna á hvers vegna þetta ákvæði er til komið, á hvaða forsendum það er.

Það þarf að minna á þann árangur sem við Íslendingar höfum náð í umhverfismálunum, það þarf að minna á þann árangur sem við Íslendingar höfum náð í orkumálunum til þess að skilningur skapist á þessari stöðu. Ekki til að biðja um það að vera ekki með, ekki til að biðja um það að fá einhverja sérmeðferð, ekki til þess að segja að við ætlum að skorast undan í samfélagi þjóðanna. Við ætlum að taka fullan þátt. Við ætlum að bera okkar byrðar. En að sjálfsögðu gerum við kröfu um það fyrir hönd þjóðar okkar að tekið sé tillit til þess árangurs sem hefur náðst. Það er lykilatriði.

Þess vegna er þessi tillaga lögð fram og þess vegna eru á þessari tillögu svona margir þingmenn, meiri hluti þingsins. Þetta skiptir okkur miklu máli. Ég hef alla trú á því að hæstv. umhverfisráðherra muni bregðast skynsamlega við þingsályktunartillögunni og strax verði farið í að setja fullan kraft í að sækja þessa niðurstöðu. (**GMJ:** Þú ert bjartsýnn.) Ég er bjartsýnn, við hljótum að vera bjartsýn fyrir hönd þjóðar okkar í þessu máli.

Þeir sem fara út í svona baráttu og eru ekki bjartsýnir, þeir sem fara í það að sækja hagsmuni Íslands á alþjóðavettvangi og eru ekki bjartsýnir eiga auðvitað að finna sér annan starfa. Það er einmitt með því að vera bjartsýnn, með því að sækja af festu, með því að sækja af ábyrgð, sem við náum árangri. Þannig náðum við þessum árangri á sínum tíma. Þannig var það að þáverandi hæstv. umhverfisráðherra náði að vinna þessari skoðun fylgi á alþjóðavettvangi með tilstuðlan þáverandi ríkisstjórnar einmitt vegna þess að virðulegur ráðherra, sem þá var, hafði bjartsýni að leiðarljósi.

Að ætla að fara að setjast við samningaborðið og vera búinn að gefa sér það í upphafi að þetta sé allt saman vonlaust, þetta sé ekki hægt, við getum ekki náð árangri, við náum ekki fram skilningi, það hlusti enginn á þetta. Ef menn eru þeirrar skoðunar að ekki eigi að halda þessum hagsmunum á lofti, að ekki sé rétt að krefjast þess að árangur Íslendinga í umhverfismálum sé viðurkenndur; ef menn eru þeirrar skoðunar að þeir vilji leggja þyngri byrðar á þjóð sína, að þeir vilji takmarka möguleika okkar til að nýta orkuauðlindir okkar; ef menn vilja ekki sækja þá möguleika sem nú þegar hafa verið sóttir; ef menn vilja ekki verja þá þá eru menn, virðulegi þingmaður, fullir af svartsýni. Þá eiga þeir að fela einhverjum öðrum að sækja íslenska hagsmuni.

Nú er það svo að hv. þingmaður er einn flytjandi tillögunnar um þetta mál. Ég tek það sem svo að hann vilji bæði berja mér og öðrum kapp í kinn og hlakka ég til þess að heyra ræðu hans hér á eftir. Ég veit að ekki eru svo margir þingmenn eftir í hans ágæta flokki, ég reikna með því að bæði hann og formaðurinn komi og tali hér. Það mun koma fram hér í umræðunum að allir flokkar þingsins, nema Vinstri grænir og Samfylkingin, styðja þetta mál ásamt hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Við teljum öll að þetta sé það mikilvægt að við viljum setja þetta fram með þessum hætti, það er grundvallaratriðið.

Málsmeðferðin er auðvitað sérstök. Hæstv. ráðherra umhverfismála vill fá að tjá sig um málið og það verður þá gert í næstu viku. Gerð var ákveðin undantekning í málsmeðferðinni. (**Gripið fram í:** Þó það nú væri.) Að sjálfsögðu, enda var undanþágan veitt. Aðalatriðið er að sú ræða verði haldin áður en kemur að næsta fundi umhverfisnefndarinnar og þá skiptir máli að málið gangi hratt og vel í gegn, að ekki sé verið að tefja þetta mikilvæga mál. Þetta er eitt af þeim málum sem er sannkallað atvinnuuppbyggingarmál.

Þjóð sem stendur kannski frammi fyrir 20.000 manna atvinnuleysi hér á næstu mánuðum hefur ekki efni á öðru en því, hv. þm. Atli Gíslason, að sækja hagsmuni sína,

sækja rétt sinn, sækja möguleika sína til að nýta auðlindir sínar til þess að geta byggt upp atvinnu í landinu. Það er lykilatriði. Það eigum við að gera. Það er þess vegna sem svona margir hv. þingmenn eru hér á þessari tillögu. Það er þess vegna sem meiri hluti þingmanna er hér að baki. Það er þess vegna sem við ætlumst til að hæstv. ráðherra sæki íslenska hagsmuni af krafti og af bjartsýni.

[14:24]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. þm. Atla Gíslasyni héðan úr sæti sínu að það er ekki nema sjálfsagt að hæstv. umhverfisráðherra fái að tjá sig um það mál sem hér liggur fyrir og raunar undarlega hagað að ekki sé hægt að bíða með umræðuna þangað til hún getur gert það en úr því að mönnum liggur svona á að taka þessa gömlu umræðu þá skulum við svo sem láta það vera.

Auðvitað mun ríkisstjórn Íslands fylgja fram ýtrustu hagsmunum Íslendinga í loftslagsviðræðunum og gerir það enda eru ýtrustu hagsmunir Íslendinga þeir að það náist alþjóðlegt samkomulag um það að draga úr loftslagsmengun vegna þess að af því höfum við alla hagsmuni um efnahag okkar og framtíð til áratuga ef ekki árhundruða. Þegar því meginmarkmiði okkar er náð sækjum við að sjálfsögðu heimildir fyrir þeirri starfsemi sem er í landinu, nema hvað? Átti einhver von á öðru? Það eru íslenskir hagsmunir. En í forgrunni hlýtur það að vera að í Kaupmannahöfn nái þjóðir heimsins saman um einn samning og til þess að 192 þjóðir geti náð saman um einn samning í loftslagsmálum sem hefur víðtæk og veruleg áhrif í efnahagsmálum, umhverfismálum og atvinnumálum í hverju landi þá er það náttúrlega höfuðnauðsyn að menn hafi þann þroska til að bera að leggja sérkröfur sínar og sérâherslur til hliðar meðan verið er að ná saman um meginmarkmiðin og meginatriðin í samkomulaginu. Þetta eru áherslur ríkisstjórnarinnar og þetta voru áherslur ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í þessum viðræðum og ég trúi því að þetta séu réttar áherslur fyrir íslenska hagsmuni, fyrir hagsmuni umhverfisins og fyrir hagsmuni heimsins. Við getum ekki leyft okkur það með þá ógn sem yfir okkur vofir í umhverfis- og loftslagsmálum að leggja höfuðáherslu á þá hagsmuni okkar sem lúta að sérákvæðum um Ísland. Við hljótum að leggja höfuðáherslu á meginhagsmunina, þ.e. að það takist að varna því að hlýnunin verði svo mikil sem annars verður með þeim miklu afleiðingum ekki bara fyrir umhverfið heldur fyrir efnahag alls heimsins og þar með fyrir efnahags- og atvinnumál á Íslandi um langa framtíð.

Þeir hagsmunir sem við síðan ræðum og varða einstakar verksmiðjur í landinu eru satt að segja jafnvel þó að þeir væru fyrir borð bornir hreint smáræði í samanburðinum við hina gríðarlegu hagsmuni í efnahags- og atvinnumálum fyrir Íslendinga um alla framtíð sem eru í því fólgnir að það takist samkomulag, að 192 þjóðir geti lagt sínar kröfur og sína sérstöðu til hliðar og náð saman um meginmarkmiðin. En hins vegar er engin ástæða til að láta bera fyrir borð hagsmuni þeirrar atvinnustarfsemi sem hér er í landinu og auðvitað ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að gera það þó að það sé auðvitað næsta mál eftir að hið stóra samkomulag hefur náðst að ná fram því sem lýtur að atvinnustarfseminni í landinu og hugsanlega að axla einhverjar byrðar, því að það er auðvitað þannig um hið stóra samkomulag sem verður að nást að það er ekki hægt að ná þeim markmiðum öðruvísi en menn taki á sig einhverjar byrðar og þá auðvitað ekki síst öryggið.

Þegar við tölum um okkar mikla árangur í umhverfismálum skulum við ekki gleyma því að við erum hröðum skrefum að verða meðal þeirra þjóða sem menga hvað mest í loftslagsmálum miðað við íbúafjölda. (Gripið fram í.) Það er ekkert flókið við það. Þess utan eru auðvitað veigamikil efnisleg rök sem menn verða að horfa til. Á allra næstu árum, þ.e. þeim árum sem eru fram að því að við verðum hluti af loftslagsmarkaðnum í Evrópusambandinu, sem ákvörðun hefur verið tekin um, þá eru ekki að fara af stað hér nein ný verkefni í stóriðju. Það hefur ekkert með bjartsýni eða svartsýni að gera. Það hefur bara með það að gera hvað það tekur mörg ár að undirbúa slík verkefni. Þegar við erum orðin hluti af Evrópumarkaðnum gilda einfaldlega sömu leikreglur á Íslandi og annars staðar í Evrópu fyrir þessa starfsemi og þar er auðvitað talsverður sveigjanleiki og möguleikar á hagræðingu og hvatar til að ná árangri í umhverfismálum sem getur eflaust komið sér vel fyrir þá starfsemi sem hér er. Það verður því ekki séð að það séu nein efnisleg tilefni til að sækja hart fram íslenska ákvæðið óbreytt, þó að auðvitað eigi að sækja fram þær þarfir sem sú starfsemi sem er í landinu og ákveðið hefur verið að skuli vera í landinu og hagsmuni hennar þurfi að tryggja, vegna þess að við verðum einfaldlega komin inn í annað kerfi þegar hér gæti hugsanlega farið að reyna á kannski eitthvert íslenskt ákvæði. Fyrir utan það, og það er auðvitað býsna mikið umhugsunarefni, að þetta íslenska ákvæði sem svo hefur verið kallað, 14/CP.7, eða sá viðauki við loftslagssamninginn frá Kyoto sem hér um ræðir, byggir náttúrlega á býsna sérkennilegum forsendum vegna þess að hér er fullyrt í ræðustólnum að það sé 6–8 sinnum betra fyrir loftslagið að byggja álver á Íslandi en annars staðar í heiminum með kolum og olíu.

Virðulegir alþingismenn. Þetta eru ekki valkostir. Valkostirnir standa ekki um það hvort hér verði byggt álver með endurnýjanlegri orku og hins vegar að byggt verði álver einhvers staðar annars staðar og knúið kolum og olíu. Þannig er ekki veruleikinn. Yfir helmingurinn, hygg ég að ég muni rétt, af álverum heimsins er einfaldlega knúinn af vatnsorku. Þannig liggja þær tölur og mjög verulegur hluti af því sem er að koma nýtt inn. Þau fyrirtæki sem eru að skoða það að koma upp álverum hér, stór fyrirtæki á alþjóðamarkaði eins og Alcoa og Alcan hafa umhverfisstefnu og þau hafa grundvallarsjónarmið um hvað megi og hvað megi ekki. Ég get alveg lofað hv. þingmönnum því að Alcoa er ekki að velta því fyrir sér annars vegar hvort byggja eigi umhverfisvænt álver á Húsavík eða hins vegar sóðaálver í Kína. Það er ekki þannig. Þessi fyrirtæki sem við höfum talið að væri ástæða til að fá til landsins með sína starfsemi eru fyrirtæki sem gera miklar kröfur til sjálfra sín. Þau eru auðvitað bara að skoða kosti á því að byggja með ábyrgum hætti annaðhvort hér eða í öðrum löndum. Það að stilla upp valkostum sem annaðhvort þeim að byggja á endurnýjanlegum orkugjöfum á Íslandi eða á kolum og olíu einhvers staðar úti í hinum vonda heimi er

orðin býsna sérkennileg mynd af veröldinni ef við í ánægju okkar og að sjálfsögðu þjóðarstolti yfir því að hafa verið dugleg við að koma okkur upp hitaveitu, erum virkilega farin að tala okkur upp í þann hita í ræðustól Alþingis að hvergi í henni veröld sé framleidd endurnýjanleg orka nema á Íslandi, að hér séu þeir 300 þúsund jarðarbúar sem einir eru færir um það. Auðvitað er það ekkert annað en fjarstæða. Auðvitað framleiða menn endurnýjanlega orku um víða veröld og eru bara býsna flinkir við það, í Norður-Ameríku, Suður-Ameríku, á meginlandi Evrópu og í Asíu. Öll sú röksemdafærsla er fremur á veikum stoðum reist.

Ég ítreka að það er sjálfsagt að við tryggjum þá starfsemi sem fyrir er í landinu og hefur verið ákveðin í landinu áður en við förum inn á evrópska markaðinn og tryggjum þannig þeim álverum sem kunna að koma til síðar sambærilegt starfsumhverfi eins og gerist annars staðar á þeim markaði sem við erum hluti af. Þó að það sé sjálfsögð og ábyrgð afstaða stjórnvalda á hverjum tíma að skapa sjálfsögð almenn skilyrði fyrir atvinnustarfsemina, þá held ég að það séu engin efnisleg rök fyrir þeirri umræðu sem hér fer fram þó að þau kunni að hafa verið fyrir hendi þegar verið var að sækja undanþáguna sem kennd er við Kyoto vegna þess að þá voru hér fram undan nokkuð stór verkefni hvers hagsmuni menn voru að hugsa um.

Ég held hins vegar að ef þeir sem málið flytja, og með fullri virðingu fyrir þeim fjölmörgu hv. þingmönnum, það væri a.m.k. athyglisvert, gætu bent á eitt verkefni hvers hagsmunir væru tryggðir með því að þetta ákvæði yrði sótt fram en ekki bara fylgt þeirri stefnu sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar markaði og ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna fylgir fram um það að fyrst skuli leggja áhersluna á að ná því markmiði heimsins að hér hlýni ekki yfir tvær gráður og síðan eigi að tryggja hagsmuni þeirrar starfsemi sem er í landinu og í framhaldi af því að fara inn á hinn evrópska markað með mengunarheimildir. Ég tel að sú stefna fullnægi einfaldlega öllum íslenskum hagsmunum, öllum ýtrustu íslenskum hagsmunum og að ekki hafi verið bent á neina þá beinu bráðu eða brýnu hagsmuni sem ekki er fyrir séð með þessari stefnumörkun, enda er það auðvitað svo að mér er til efs að okkar ágæti fyrrverandi samstarfsflokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, sem er uppistaðan í flutningsmönnum þessarar tillögu, hefði fallist á þá stjórnarstefnu sem hér ríkti framan af þessu kjörtímabili í nærri tvö ár ef hún fæli ekki í sér að fylgja fram ýtrustu hagsmunum íslensku þjóðarinnar. Það mætti a.m.k. að hafa verið býsna sérkennileg afstaða að bindast stjórnarböndum og gera stjórnarsáttmála um umhverfisstefnu í landinu sem skaðaði tilfinnanlega ýtrustu hagsmuni Íslands í atvinnumálum. Ég á bágt með að trúa því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi yfir höfuð upplifað það sem svo.

En það verður út af fyrir sig athyglisvert að heyra það hvort flutningsmenn geti tilfært eitt dæmi, þótt ekki sé nema bara eitt dæmi um íslenska hagsmuni sem séu í einhverri hættu vegna þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað og ég hef hér lýst og umhverfisráðherra hefur út af fyrir sig lýst og hv. þm. Atli Gíslason. Ég tel mig þekkja nægilega vel til þeirra mengunarheimilda sem þarf fyrir starfsemi í landinu og fyrir þau verkefni sem menn hafa verið að skoða fram að þessu til að vita að þessi stefna á að fullnægja öllum þeim þörfum sem hér eru fyrirsjáanlegar fram að því að við förum inn á evrópska markaðinn með loftslagsheimildir. Ég árétta það bara að ýtrustu hagsmunir Íslands í þessum málum eru að saman náist um eina niðurstöðu 192 þjóðríkja fyrir jól. Það verður ekki gert með því — þessar 192 þjóðir sem sannarlega, alveg eins og við Íslendingar, eru hver fyrir sig sérstök, á hver fyrir sig sína sögu, hefur hver um sig gert sína hluti í orkumálum, á hver um sig sérstaka atvinnusögu og geta á margvíslegum forsendum gert sérstakar kröfur — að ýtrustu hagsmunir Íslands eru að við hefjum okkur upp yfir þær ýtrustu sérkröfur og náum meginmarkmiðum samkomulagsins og tryggjum síðan í framhaldinu að sú starfsemi sem fer fram í landinu og hagsmunir hennar séu sannarlega tryggðir. Enda er það vissulega mikilvægt sem fram hefur komið hjá flutningsmönnum að við í atvinnumálum á næstu mánuðum og missirum sækjum fram af bjartsýni og sækjumst eftir íslenskum hagsmunum, enda er það á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og á hennar plani í þeim viðræðum sem hér hefur verið að ræða.

[14:39]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. þm. Atla Gíslasonar fyrr í umræðunni um að ríkisstjórnin gæti að sjálfsögðu hagsmuna Íslendinga í hvívetna, og því sé umræðan hér í dag markleysa, ætti fáum að vera betur ljóst en þingmanninum að hagsmunir eru skilgreindir með dálítið mismunandi hætti innan flokkanna. Ég tel því að um óþarfaútúrsnúninga hafi verið að ræða og ómaklega vegið að 1. flutningsmanni tillögunnar, hv. þm. Siv Friðleifsdóttur.

Það kom mér líka á óvart að hv. þm. Helgi Hjörvar, eins vandaður og hann er, skuli bera saman epli og appelsínur og telja fólki trú um að hann sé að tala um banana þegar hann talar um losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis í samanburði við aðrar þjóðir.

En hverjir eru þeir hagsmunir sem flutningsmenn tillögunnar horfa til? Aðstæður hér á landinu bláa valda því að okkur er lífsnauðsyn að halda í allar okkar auðlindir og nýta þær eins skynsamlega og hægt er. Ákvæðið sem sumum virðist ekkert sérstaklega umhugað um er ein þessara auðlinda. Hún má ekki fara forgörðum, enda tapast þá fjölmörg tækifæri til að byggja upp atvinnu og skapa störf.

Nú þegar er vegna efnahagsástandsins töluverð óvissa um framtíðaráform ýmissa sem lagt hafa í mikla vinnu og lagt fram mikið fjármagn í undirbúningsvinnu vegna álvera á Bakka við Húsavík og í Helguvík á Reykjanesi. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að menn vilji auka á þá óvissu og leggja þau áform að veði. Ef einhvern tímann var þörf er nú nauðsyn. 14.000 manns sem nú hafa misst atvinnu sína þurfa fjölbreytt störf sem stjórnvöld verða að leggja krafta í að skapa. Hér þarf að skapa raunveruleg verðmæti sem skapa okkur gjaldeyristekjur. Þeim verðmætum verður ekki sópað upp úr göturennunum og miðað við það traust sem alþjóðasamfélagið hefur á okkur eftir hörmungar haustsins og vetrarins er ljóst að kostir okkar hafa þrengst til mikilla muna.

Framsóknarmenn hafa um árabil setið undir hörðum áróðri umhverfisverndarsinna. Sá áróður náði alveg nýjum

lægðum í aðdraganda síðustu kosninga þegar menn gengu hér um götur með skilti sem á voru letraðar hótanir gegn hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, konunni sem um árabil hefur unnið hörðum höndum að atvinnuuppbyggingu og því að tryggja gjaldeyristekjur þjóðarinnar, enda skilar álframleiðsla orðið jafnmiklum ef ekki meiri tekjum en sjávarútvegur. Sá áróður reyndist runninn undan rifjum mjög ungra manna sem hrifust með stemningunni sem búin var til en höfðu gleymt að kynna sér málstaðinn til hlítar.

Um þessar mundir er ekki pláss fyrir slíkan áróður í umræðunni hérlendis. Nú þurfa allir að leggjast á eitt til að tryggja að auðlindir okkar verði nýttar skynsamlega. Þar gæti þurft að færa fórnir til að halda lífinu í fólki. Ég verð að leggja áherslu á að fyrir mína parta vil ég að fólkið njóti vafans. Með því er ég ekki að segja að allt verði lagt undir. Framsóknarmenn eru í eðli sínu náttúruverndarsinnar en þeir eru einnig hlynntir því að gæði landsins séu nýtt til að gera landið byggilegt. Við styðjum til að mynda svokallaða geiranálgun í alþjóðlegum loftslagssamningum. Við viljum taka virkan þátt í loftslagssamstarfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurskautsráðsins. Við viljum líka að loftmengunarsáttmáli Alþjóðasiglingastofnunarinnar verði staðfestur og við viljum vinna markvisst að því að skipta yfir í endurnýjanlegt eða vistvænt eldsneyti, bæði í samgöngum og við fiskveiðar, draga úr útblástursmengun frá bílaflotanum um 50% á næstu 10 árum. Þar hafa framsóknarmenn nú þegar lagt þungt lóð á vogarskálarnar með stuðningi við þróun á vetnisnotkun og þar eru gríðarleg tækifæri fyrir vel menntaða og dugmikla þjóð. Má nefna rafmagn, lífdísil, etanól og metanól í því samhengi.

Virðulegur forseti. Hér er í húfi atvinnuþátttaka þúsunda einstaklinga á komandi árum og gjaldeyristekjur sem skipta gríðarlegu máli við þær aðstæður sem nú eru uppi hérlendis. Hagsmunir heildarinnar varðandi notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum eru augljósir. Viðhorfum margra umhverfisverndarsinna má líkja við það að knattspyrnuklúbbi sem hefur með öflugu barna- og unglingastarfi tekist að þjálfa upp góða leikmenn væri svo bannað að tefla leikmönnum sínum fram af því að öðrum knattspyrnuklúbbum hefði ekki tekist eins vel upp með sitt uppeldi og ættu ekki eins góða leikmenn.

Virðulegur forseti. Ég skora á hæstv. umhverfisráðherra — og vona að þessi ræða mín komi fyrir augu hennar áður en henni verður svarað hér í næstu viku — að brjóta odd af oflæti sínu, horfa á heildarmyndina og leggjast á sveif með þeim sem vilja gæta hagsmuna Íslendinga í hvívetna. Það gerir enginn nema við sjálf.

[14:44]

Útbýting:

Fjölþáttameðferð utan höfuðborgarsvæðisins, 288. mál, svar fél.- og trmrh., þskj. 629.

Samningur um siglingar yfir Breiðafjörð, 387. mál, fsp. HerdÞ, þskj. 651.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, 386. mál, frv. BBj o.fl., þskj. 650.

[14:44]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Af hverju þurfum við þá undanþágu sem við höfum haft? Það er til þess að geta skapað fleira fólki atvinnu og aukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Hv. þm. og fyrrverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, á þakkir skildar fyrir að tryggja okkur, á meðan hún var umhverfisráðherra, undanþágu eða sérákvæði fyrir Ísland varðandi losunarkvóta sem er í gildi til 2012. Nú þurfum við að reyna að fá sambærilegan kvóta áfram og undanþágu frá þeim reglum sem alþjóðasamfélagið fer eftir.

Það er rétt að það munar töluverðu hvort við erum með álver sem notar olíu, jarðgas eða kol. Það er auðvitað mikill munur á því og rafmagni. Ef við notum rafmagn sem orkugjafa í álver er um að ræða vistvæna raforku og vistvænt álver, ef hægt er að tala um það.

Það er sorglegt þegar menn bera saman rafmagn sem notað er til garðyrkju og rafmagn notað er til annarrar framleiðslu að segja að ekki sé hægt að lækka rafmagn til garðyrkjubænda vegna stóriðju. Það er alls ekki rétt að bera þessa hluti saman, það er eins og að bera saman appelsínu og epli. Það er hægt að lækka raforku til garðyrkjubænda þó að verið sé að framleiða ál, þetta eru tveir alveg gjörsamlega ólíkir heimar. Þegar menn nota slík rök í umræðunni um þessi mál eru þeir illa staddir.

Við höfum hreina orku á Íslandi, bæði jarðorku og fallvötn. Við eigum að halda áfram að nýta þá orku. Við gerum það nú þegar með mjög góðum árangri. Við erum búin að leggja hitaveitur í bróðurpartinn af íbúðarhúsnæði á Íslandi og öllu öðru húsnæði og er það hið besta mál.

Það sem veldur mér áhyggjum er hvernig Samfylkingin tekur á þessum málum. Við vitum hvar við höfum Vinstri græn, þau vilja alls ekki fara í þess háttar aðgerðir, að reyna að fá undanþágu. Fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir, vildi það ekki heldur. Samfylkingin er því tvískipt í þessu máli, hvernig hún vill taka á orkumálum, umhverfismálum og stóriðjuframkvæmdum. Þar virðast vera skiptar skoðanir og það er sorglegt til þess að vita nú þegar við stöndum frammi fyrir því að það eru ekki lengur 14 þúsund manns atvinnulausir heldur á milli 16 og 17 þúsund og fer ört fjölgandi, að við reynum þá ekki öll saman að koma mannaflsfrekum iðnaði í gang eins og álveri á Bakka og í Helguvík, sem eru mjög brýn verkefni. Við þurfum að halda áfram að hugsa til framtíðar og nýta okkur þá möguleika sem við eigum úti um allt land, bæði orku í iðrum jarðar og fallvötn. Með því framleiðum við orku sem við getum notað við alls konar framleiðslu, búið til gjaldeyristekjur og skapað fólki atvinnu. Það er það sem við þurfum.

Við getum ekki lagað til í velferðarkerfinu, á sjúkrahúsunum eða gert neitt fyrir öryrkja og aldraða, ef við sköpum ekki gjaldeyristekjur. Um það snýst málið, að afla tekna og búa til tekjur, skapa atvinnu, þá getum við lifað sómasamlega í þessu þjóðfélagi. En það byggist á því að við nýtum auðlindirnar sem við eigum til að búa til gjaldeyri og skapa atvinnu. Það er ekki flókið og er atvinnumál í víðasta skilningi. Með nýtingu á auðlindunum er hægt að örva atvinnu og auka gjaldeyristekjur. Það er það sem við þurfum að gera, það er aldrei nauðsynlegra en nú.

Ég sé að hæstv. iðnaðarráðherra er mættur í salinn og er ágætt að hann sé til svara fyrir ríkisstjórnina og taki þátt í þessari umræðu. Eins og ég hef oft sagt áður ber ég mikið traust til hans og vænti þess að hann standi sig í þessum málum innan ríkisstjórnarinnar. Hann er eini kletturinn sem stendur þar upp úr og ég býst við því að hann muni standa við samninga bæði varðandi Bakka við Húsavík og Helguvík á Suðurnesjum. Ég vonast til þess að hann láti ekki deigan síga og berji það í gegn að menn nýti þessar auðlindir.

Við ræðum hér um að fá áframhaldandi undanþágu, hið svokallaða íslenska ákvæði, vegna þess að við nýtum hreina orku hér á landi. Ég treysti því og vonast til þess að Alþingi hafi vit á því að leggja mikla vinnu í það og reyna að tryggja að við fáum þessa undanþágu áfram því að það getur hjálpað okkur hraðar út úr þeim erfiðleikum sem við erum í í dag.

[14:52]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Hér ræðum við mjög mikilvægt mál og er að mínu mati full ástæða til þess að það sé rætt á hv. Alþingi. Það er gert í framhaldi af tillöguflutningi um þetta mál og hafa hv. þingmenn sem töluðu á undan mér farið yfir tillögugreinina sem slíka þannig að ég ætla ekki að lesa hana upp.

Ég vil byrja á að segja, hæstv. forseti, að það er svolítið erfitt að átta sig á því hvar þetta mál er statt og hverju verið er að vinna að af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, hver stefna hennar er. Það hefur a.m.k. ekki komið fram í þessari umræðu. Þeir sem talað hafa af hálfu stjórnarsinna stíga ekki alveg í takt því að ég gat ekki skilið hv. þm. Atla Gíslason betur en svo að hann talaði um að við mundum halda íslenska ákvæðinu. Svo kemur hv. þm. Helgi Hjörvar og segir að íslenska ákvæðið verði ekki sótt fram, ekki óbreytt a.m.k. Ég veit því ekki hver stefnan er eða að hverju er verið að vinna. Mér finnst verra að hin nýja ríkisstjórn skuli ekki standa sig betur en sú gamla með það að upplýsa stjórnarandstöðu og atvinnulíf um hver stefnan hennar er og hvert hún ætlar sér í þessum efnum því að við fjöllum hér um alveg gríðarlega stórt mál sem er mikið hagsmunamál.

Mér finnst þess gæta í umræðunni að ákveðnir hv. þingmenn telja að ekki fari saman að vinna að því að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda, eins og Íslendingar vilja vinna að, og að berjast fyrir þeim hagsmunum sem snúa að okkur Íslendingum sérstaklega og kallað hefur verið íslenskt ákvæði. Hvergi kemur þó fram í þessum viðauka að sérstaklega sé átt við Ísland heldur er nefnt að þarna sé verið að fjalla um lítil hagkerfi þar sem ein framkvæmd getur haft gríðarlega mikil áhrif hlutfallslega á útblásturinn. Að mínu mati fer þetta algjörlega saman. Þess vegna þurfum við ekkert að biðjast afsökunar á því að við höldum á hagsmunum Íslendinga eins og við teljum mikilvægt í þessu sambandi.

Ég vil leggja áherslu á það sem aðrir talsmenn Framsóknarflokksins hafa gert í þessari umræðu, að við framsóknarmenn erum mjög hlynnt að horfa þurfi hnattrænt á þessa hluti og taka þátt í því að minnka útstreymi eins og stefnan er hjá Sameinuðu þjóðunum og Evrópusambandinu. Við viljum ekki skorast undan, síður en svo. Ástæða þess að við náðum þessa mikla árangri í Kyoto var náttúrlega sú að við vorum búin að standa okkur mjög vel. Við vorum búin að ná gríðarlegum árangri við að færa okkur yfir í vistvæna og umhverfisvæna orkugjafa. Það var metið og náðist skilningur hjá alþjóðasamfélaginu á því að það væri rétt og mikilvæg stefna sem hér hafði verið framfylgt. Það er mikill heiður fyrir okkur Íslendinga að náðst hafi skilningur á því á alþjóðavísu og unnu íslenskir ráðherrar af miklum krafti og heilindum að því að ná árangri í þeim efnum.

Ég vil nefna í lokin að það sem verið er að vinna að í sambandi við þessi mál og skiptir máli er hugmyndin um að dæla niður koltvísýringi. Það er eitt af því sem verið er að vinna að rannsóknum á á norrænum vettvangi. Forsætisráðherrar Norðurlanda, sem voru nýlega á fundi hér á landi, fjölluðu einmitt um það og verja Norðurlöndin gríðarlegum fjármunum í að finna nýjar lausnir í orkumálum. Það er mjög spennandi vegna þess að það eru svo miklir fjármunir sem um er að ræða. Hið norræna framlag er um 400 milljónir danskra króna og síðan á að vinna með Evrópusambandinu en þar er ætlað fáist jafnvel enn meira fjármagn til þess að vinna að þessum rannsóknum. Það er því ekki nokkur vafi á því að einhver árangur mun nást á því sviði þegar til lengri tíma er litið en allt tekur sinn tíma, eins og við þekkjum.

Hæstv. forseti. Það er full ástæða til þess að ræða þetta mál vegna þess að það er eitt af stóru málunum. En ég hefði viljað vita meira um hvað ríkisstjórnin ætlar sér í þeim efnum.

[14:57]

Útbýting:

Eystrasaltsrússar á Íslandi, 323. mál, svar dómsmrh., þskj. 652.

Fjöldi háskólanema, 388. mál, fsp. ÞKG, þskj. 653.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 389. mál, fsp. ÞKG, þskj. 654.

Leikskólar og grunnskólar, 390. mál, frv. menntmn., þskj. 656.

[14:57]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka kærlega þá umræðu sem hér hefur verið, hún hefur verið gagnleg.

Einn hv. þingmaður spurði um dæmi um verkefni sem réttlætt gæti það ákvæði sem við erum að berjast fyrir.

Það er ekki spurning einstök verkefni eða einstakar framkvæmdir heldur hvort við Íslendingar höldum áfram að hafa vald á auðlindum okkar. Á tyllidögum er talað um sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, mikilvægi þess að hún haldi áfram og sé háð á hverjum degi. Þetta er hluti af þeirri baráttu. Þetta er hluti af þeirri baráttu að við ráðum yfir auðlindum okkar og að við getum nýtt þær þjóðinni til heilla.

Ég varð ánægður að sjá virðulegan og hæstv. iðnaðarráðherra ganga í salinn áðan. Ég hef mikla trú á að hann og fleiri ágætir ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn muni knýja þetta mál áfram af því að þörfin er alveg gríðarleg. Við stöndum frammi fyrir miklu verkefni, að byggja upp íslenskt atvinnulíf, að búa til yfir 20 þúsund störf á næstu missirum

og árum og það gerum við ekki ef við gefum frá okkur möguleikann á að nýta orkulindir okkar. Það er lykilatriði. Það er það sem þessi þingsályktunartillaga gengur út á, það er það sem við þurfum að berjast fyrir. Það er það sem við þurfum að áminna ríkisstjórnina um, að sækja þessa hagsmuni af festu. Það er lykilatriði.

Umræðu frestað.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, um breytingu á VII. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 373. mál (gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi). — Þskj. 630.

[15:00]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Með þeirri þingsályktunartillögu sem ég mæli fyrir er verið að leita heimilda Alþingis til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, um breytingu á VII. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/36/EB.

Eins og jafnan er með fyrri ákvarðanir er gerð grein fyrir efni hennar í tillögunni og ákvörðunin sjálf er prentuð sem fylgiskjal með tillögunni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Sú tilskipun sem er vísað til, nr. 2005/36/EB, fjallar um viðurkenningu á menntun til starfa sem eru lögvernduð og krefjast þannig að aflað sé faglegrar menntunar og hæfis áður en heimilt er að hefja störf á viðkomandi sviði.

Rétt er að taka fram að með tilskipuninni verða engar grundvallarbreytingar á tilhögun viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi á EES-svæðinu. Réttur manna til viðurkenningar er hinn sami og áður. Þekking og starfsreynsla í einu ríki verður áfram tekin með í reikninginn þegar uppfylla þarf ákveðin skilyrði í öðru ríki. Viðkomandi aðilum er jafnframt gefinn kostur á að bæta við þáttum sem hugsanlega er talið vanta upp á af viðkomandi stjórnvöldum. Það er von manna að með hinni nýju tilskipun verði framkvæmdin einfaldari, hún verði skilvirkari m.a. með nýjum ákvæðum um veitingu þjónustu og sömuleiðis hvernig hátta skal samskiptum eða samskiptakerfi stjórnvalda sem annast slíkar viðurkenningar.

Með tilskipun 2005/36/EB eru hvorki fleiri né færri en 15 fyrri tilskipanir um viðurkenningu faglegrar menntunar og hæfis sameinaðar í eina, bæði tilskipanir almenna kerfisins og hinar svokölluðu geiratilskipanir sem varða t.d. lækna, hjúkrunarfræðinga og fleiri stéttir. Í meginatriðum, frú forseti, er ekki verið að breyta tilhögun viðurkenningar prófskírteina sem neinu nemur frá því sem verið hefur samkvæmt því fyrirkomulagi sem áður gilti. Öll meginskilyrði viðurkenningar og málsmeðferð er hin sama og áður og áfram liggur líka til grundvallar kerfinu sérstök skilgreining á menntunarstigum eða -þrepum.

Gert er ráð fyrir því, frú forseti, að ráðuneyti menntamála innleiði tilskipun 2005/36/EB með því að setja ný lög um viðurkenningu og menntun á prófskírteinum, m.a. til þess að taka inn ákvæði um frjálsa veitingu þjónustu, sameiginleg grunnskilyrði og um persónuverndarmál tengd samvinnu stjórnvalda og framkvæmdarvalda samkvæmt V. bálk tilskipunarinnar. Frumvarp þar að lútandi er komið á rekspöl í ráðuneytinu undir verklegri forsjá hæstv. menntamálaráðherra og þess er að vænta að það verði lagt fram ekki á þessu þingi heldur haustið 2009.

Ég leyfi mér, frú forseti, að leggja það allra náðarsamlegast til að þegar þessari umræðu lýkur verði tillögunni vísað til hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og utanrmn.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 1. umr.

Frv. viðskn., 371. mál (frestun innheimtu eftirlitsgjalds). — Þskj. 626.

[15:04]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga á þingskjali 626 sem hv. viðskiptanefnd flytur í heilu lagi.

Þetta er frumvarp til laga um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum.

Frumvarpið er einfalt og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við lögin [þ.e. lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa] bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 19. gr. skal eftirlitsgjald ekki innheimt fyrir árið 2009. Kostnaður við starf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala á árinu 2009 skal greiðast úr sjóði nefndarinnar.“

Í greinargerð kemur fram, hæstv. forseti, að þetta litla mál er í rauninni viðbrögð við því frosti sem skall á fasteignamarkaðinn síðasta haust við fall bankanna og það verðhrun sem í kjölfarið varð á fasteignum.

Gerð er tillaga um að lögbundið 100 þús. kr. gjald sem renna á til eftirlitsnefndar Félags fasteignasala á hverju ári verði ekki innheimt á þessu ári enda er ekki þörf fyrir frekari gjaldtöku í bili þar sem sjóðir nefndarinnar eru býsna digrir, einhvers staðar á bilinu 60–80 millj. kr. Því er ljóst að afnám eða niðurfelling gjaldtöku í ár mun ekki skaða eftirlitið eða starfsemi nefndarinnar. Lagabreyting þessi er nauðsynleg því að bundið er í 2. mgr. 19. gr. áðurnefndra laga að innheimta skuli þetta gjald.

Ég vil taka fram að á síðasta ári var lagt fram frumvarp að nýjum heildarlögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Þá var reiknað með því að þetta umrædda gjald yrði lækkað í 80 þús. kr. á ári og enn fremur að það yrði ekki innheimt fyrr en 1. júlí 2010, sem sagt að fresta innheimtunni um tvö ár, m.a. með tilvísun í þessa digru sjóði.

Það frumvarp varð ekki að lögum og heildarendurskoðun á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa bíður næsta þings. Hins vegar þykir ekki ástæða til að bíða með að leggja fram þessa breytingu með tilliti til aðstæðna á fasteignamarkaði. Ég geri tillögu um, því að hv. nefnd flyt-

ur frumvarpið í heilu lagi og hefur farið vandlega yfir það, að málinu verði vísað til 2. umr.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu

Tollalög, vörugjald og virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 365. mál (greiðsludreifing aðflutningsgjalda). — Þskj. 617.

[15:07]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með þessu frumvarpi er reynt að bregðast tímabundið við brýnni þörf á gjaldaaðlögun fyrirtækja vegna þess gengisfalls, samdráttar og verðbólgu sem ríkir í íslensku efnahagslífi um þessar mundir. Með frumvarpinu er lagt til að á árinu 2009 geti fyrirtæki á hefðbundnum gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalda valið um tvennt, annars vegar að greiða á hefðbundnum gjalddaga eða að velja greiðsludreifingu. Ef greiðsludreifing er valin er greiðslunni dreift eins og nánar er mælt fyrir um í frumvarpi þessu til samræmis við þá gjalddaga sem í gildi eru. Lagt er til að almennir meðalvextir verði greiddir af þeim hluta greiðslunnar sem er frestað í stað dráttarvaxta.

Þess má geta að greiðsludreifing af sams konar meiði var lögfest á síðasta haustþingi varðandi gjalddaga aðflutningsgjalda 17. nóvember 2008, sbr. lög nr. 130/2008, um breytingu á tollalögum og lög nr. 157/2008, um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er gengið lengra að því leyti að lagt er til að greiðsluaðlögunin nái til allra reglubundinna uppgjörstímabila á árinu 2009 að því er bæði varðar aðflutningsgjöld og vörugjöld.

Í I. kafla frumvarpsins er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við tollalög, nr. 88/2005, þess efnis að aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, þ.e. aðilar sem eru í virðisaukaskattskyldri starfsemi, verði heimilt að óska eftir því að fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabila á árinu 2009, á þessu ári, verði breytt á þann hátt að í stað þess að gjalddaginn sé 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils verði veittur gjaldfrestur þannig að þriðjungur aðflutningsgjalda fyrir viðkomandi uppgjörstímabil komi til greiðslu á hefðbundnum gjalddaga, þ.e. 15. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabilsins, þriðjungur komi til greiðslu mánuði síðar, eða 15. dag annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils, og lokaþriðjungur komi til greiðslu 5. dag þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Er greiðslum þá að fullu lokið fyrir fyrsta gjalddaga næsta uppgjörstímabils.

Í II. kafla frumvarpsins er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætti við lög nr. 97/1987, um vörugjald, sem kveður á um að gjaldskyldum aðilum verði heimilt að óska eftir því að fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 verði breytt á þann hátt að í stað þess að gjalddaginn sé 28. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils verði veittur gjaldfrestur á þann hátt að helmingur vörugjalds fyrir viðkomandi uppgjörstímabil komi til greiðslu á hefðbundnum gjalddaga, þ.e. 28. dag annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabilsins, og hinn helmingurinn komi til greiðslu mánuði síðar eða 28. dag þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Í III. kafla frumvarpsins er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lög um virðisaukaskatt sem kveður á um að þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. þeirra laga verði á gjalddaga virðisaukaskatts vegna hinna reglubundnu uppgjörstímabila á árinu 2009, heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þó svo einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað. Er ákvæðið lagt til með vísan til I. kafla frumvarpsins um greiðslufrest vegna aðflutningsgjalda á árinu 2009. Með ákvæðinu er verið að tryggja að aðili sem stendur skil á virðisaukaskatti á gjalddaga geti að fullu notið innskattsréttar vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þrátt fyrir framangreindar breytingar á fyrirkomulagi gjalddaga á aðflutningsgjöldum.

Til að koma í veg fyrir misnotkun er að lokum í frumvarpinu lagt til að kveðið verði á um það að hafna skuli beiðni aðila um greiðsludreifingu aðflutningsgjalda og vörugjalda hafi hann ekki staðið skil á aðflutningsgjöldum og vörugjöldum vegna fyrra uppgjörstímabils.

Ég vil láta þess getið, herra forseti, að ríkisskattstjóri hefur haft þessar breytingar til athugunar og skoðunar og mun fúslega veita hv. nefnd upplýsingar um þau atriði sem þar koma við sögu og hafa verið skoðuð sérstaklega eftir að frumvarpinu var dreift á Alþingi. Ég beini því til hv. þingnefndar að taka við þeim upplýsingum eða fá ríkisskattstjóra til ráðslags um nánari útfærslu á tilteknum atriðum frumvarpsins.

Ég vil geta þess að þó að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að farið verði mildari höndum um vaxtavöxtun gjalda sem mönnum er heimilað með þessu að dreifa og talað um meðalvexti eða samningsvexti en ekki dráttarvexti, þá er einnig til skoðunar í fjármálaráðuneytinu að skoða sérstaklega dráttarvaxtamál almennt. Dráttarvextir eru svimandi háir eins og gefur að skilja við þær aðstæður sem eru í vaxtamálum og þeirri athugun er ekki lokið. En eftir því sem efni kynnu að standa til mundi fjármálaráðuneytið koma þeim upplýsingum sömuleiðis á framfæri við hv. efnahags- og skattanefnd. Ég vil láta það álit mitt í ljós að það eigi að sjálfsögðu að skoða hvort einnig að því leyti er hægt að koma til móts við atvinnulífið og fyrirtæki í verulegum erfiðleikum og greiðsluþrengingum eins og þetta frumvarp er hugsað.

Segja má að þetta sé að nokkru leyti greiðsludreifing eða greiðsluaðlögun fyrir atvinnulífið með hliðstæðum hætti og menn hafa reynt að grípa til þó í víðtækari mæli sé fyrir heimilin í landinu.

Frumvarpið vegur að sjálfsögðu ekki mjög þungt í þessum efnum en það er þó engu að síður mat þeirra sem það hefur verið unnið með, m.a. Samtaka iðnaðarins og fleiri aðila, að þetta sé til verulegra bóta fyrir fyrirtækin og þau geti munað umtalsvert um að fá þá greiðsludreifingu eða

gjaldaaðlögun sem hér er lögð til.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að frumvarpið gangi til 2. umr. og hv. efnahags- og skattanefndar.

[15:14]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég kem hingað fyrst og fremst til þess að láta í ljós ánægju mína með frumvarpið. Þar held ég að sé á ferðinni mál sem muni skipta miklu fyrir þá sem eru miklum vandræðum núna vegna gríðarlegrar verðbólgu sem hefur verið og hárra vaxta. Við vitum að þau fyrirtæki sem hafa stundað innflutning eru mjög mörg þrekuð eftir veturinn. Ég tel því að frumvarpið sé mjög gott innlegg inn í þá umræðu og styð það. Við sjálfstæðismenn munum greiða fyrir því eins og hægt er en auðvitað á eftir að skoða þetta betur í nefnd og fulltrúar sjálfstæðismanna í nefndinni mun vissulega hafa skoðanir sínar á þessu. En það slær mig vel að öll reglubundin uppgjörstímabil vegna ársins 2009 séu undir í þessu. Ég held að sé gott.

Mig langar að nefna eitt rétt í lokin um dráttarvextina. Gerð var breyting á lögum um vexti fyrr í vetur til að lækka dráttarvexti. Staðreyndin er samt sú að jafnvel þótt við héldum áfram að lækka vextina þá gerir það ekki mjög mikið fyrir okkur meðan stýrivextir eru svo háir sem þeir eru. Það hlýtur því að vera brýnt verkefni að skapa aðstöðu til þess að stýrivextir Seðlabankans lækki. Þar held ég að við séum öll sammála um hvort sem við erum inni í þessum sal eða úti í þjóðfélaginu að það er brýnasta og mikilvægasta efnahagsaðgerðin við þessar aðstæður sem nú eru.

[15:16]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég get tekið undir orð hv. þm. Ólafar Nordal, ég fagna því að þetta frumvarp er komið fram og ég tek enn fremur undir síðustu orðin í ræðu hennar, að mikilvægasta verkefnið í efnahagsmálum okkar í dag er að lækka stýrivextina.

Ég kom hér upp vegna orða hæstv. ráðherra um dráttarvexti. Ég vil hvetja hann til dáða í þeim efnum, eindregið. Ég vek athygli þingheims á því að 14. nóvember sl. gaf þáverandi ríkisstjórn út fréttatilkynningu um aðgerðir í þágu heimilanna í tíu liðum þar sem gefin voru fyrirheit um aðgerðir til þess að bregðast við þá ríflega mánaðargömlu bankahruni. Það verður því miður að segjast eins og er að þeir þættir sem hér eru taldir í liðum 5, 6, 7, 8 og 9 hafa látið eða ekki komið til framkvæmda enn þá. Þar á meðal er 8. liður þar sem gefin voru fyrirheit um að lög um dráttarvexti verði endurskoðuð með það að markmiði að þeir lækki.

Þessu kom fyrrverandi ríkisstjórn því miður ekki í gagnið en ég fagna því að hæstv. fjármálaráðherra hefur tekið þar upp þráðinn sem þjóðinni var lofað í kjölfar hrunsins og ég hvet hann til dáða í þeim efnum.

[15:18]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég fagna þessu frumvarpi eins og öðrum frumvörpum sem ætlað er að bæta stöðu atvinnulífs og þar með heimilanna. Það er beint samhengi þar á milli eins og menn hafa séð, þegar fyrirtækjum gengur illa myndast atvinnuleysi og þá gengur mörgum heimilum illa. Því fagna ég þessu frumvarpi.

Menn hafa rætt dálítið um vexti og það er talað um að setja innlánsvexti en ekki dráttarvexti á þessar kröfur og það er kannski eðlilegt í þessari stöðu. Ég vil þó benda á að gengið hefur lagast mjög mikið, gengisvísitalan er núna 188, var yfir 220 í janúar, lækkaði reyndar töluvert mikið áður en stjórnarskiptin urðu og hefur lækkað eilítið síðan. Það má segja að gengið hafi lækkað um 14–15%, (**Gripið fram í:** Vísitalan.) gengisvísitalan, já, ég þakka hæstv. ráðherra leiðréttinguna. Það þýðir að maður sem skuldaði 44 milljónir t.d. vegna gengistryggðs íbúðarláns sem hann tók, sem hann tók ákvörðun um að hafa gengistryggt, skuldar ekki nema tæpar 38 milljónir. Skuld hans hefur lækkað um 6 milljónir á þessum tíma, 1–2 mánuðum. Það þýðir að staða hans er orðin ögn betri, hún var náttúrlega orðin alveg óheyrilega slæm. Ef hann hafði tekið lán upp á 30 milljónir eða þar um bil þá hafði lánið hækkað óskaplega mikið.

Hið sama á við um bílalánin og önnur gengistryggð lán. En það er fleira sem fylgir í kjölfarið á batnandi gengi. Gengið er að styrkjast vegna þess að við erum búin að takmarka það nánast við vöruskipti, það er reyndar hægt að borga vexti af kröfum til útlanda en að öðru leyti eru þetta vöruskipti. Vöruskipti eru jákvæð og ég vil bara benda á það, herra forseti, af því að það er svo mikið af neikvæðum fréttum og neikvæðu tali að það er hinn sterki útflutningur sem mun fleyta Íslendingum yfir þennan hjalla, t.d. tvöföldun á álútflutningi þar sem Kárahnjúkavirkjunin kemur nú og bjargar okkur fyrir horn. Fiskurinn líka, hann er reyndar óbreyttur en það sem er kannski áhyggjuefnið í báðum þessum útflutningsgreinum er að verð er að lækka. Engu að síður er mikil aukning á magni í álinu.

Þessi gengisþróun mun svo hafa bein áhrif á verðlag. Verðbólguhraðinn við síðustu mánaðamót var 6,9%, hraðinn yfir þau einu mánaðamót, og hefur lækkað allverulega. Ég reikna með því að ef neytendur eru duglegir að beita samkeppninni og gæta þess að verðlag lækki með lækkandi gengi á erlendum gjaldmiðli, styrkingu krónunnar — þetta er háð því að neytandinn sé á tánum, og það er hann virkilega núna — þá sé ég ekki annað en að jafnvel um næstu mánaðamót eða þarnæstu ætti að verða verðhjöðnun. Það ætti auðvitað að endurspeglast í stýrivöxtum Seðlabankans, eiginlega bara um leið.

Þar með eru margar þeirra forsendna og mörg þeirra vandamála sem íslenskt atvinnulíf hefur verið að glíma við horfin, þ.e. mjög háir stýrivextir ættu að falla hratt við það, verðbólga ætti að fara mjög hratt niður, þar með lagast staða þeirra sem eru með verðtryggð lán. Og eins og ég gat um hefur staða þeirra sem eru með gengistryggð lán nú þegar lagast frá því að hún var verst en auðvitað var hún orðin allt að því óbærileg fyrir marga.

Þetta eru allt saman mjög góðar fréttir og hér kemur ríkisstjórnin með gott mál til að laga þetta enn frekar og aðstoða fyrirtæki sem eru í innflutningi við að koma vörum sínum í gegnum toll með aðstoð ríkisins, með því að dreifa greiðslunum. Verði frumvarpið að lögum eiga þau að taka gildi nú þegar á yfirstandandi ári og það er einmitt það ár sem menn hafa talið að yrði þjóðarbúinu hvað þungbærast.

Strax upp úr næstu áramótum á þetta að fara að lagast og ég vil bara segja, af því að menn eru alltaf að tala svona döprum tón og mála dökkar myndir, að mér finnst þetta bara vera nokkuð jákvætt allt saman, bæði þróun á genginu og væntanleg þróun á vísitölu og svo hvernig útflutningurinn malar og malar og sér okkur fyrir gjaldeyri sem styrkir krónuna.

Ég mun sjá til þess að þetta frumvarp sem hefur komið frá hæstv. ríkisstjórn muni fá mjög hraða afgreiðslu í nefndinni eins og ég hef gert með öll önnur góð mál frá ríkisstjórninni. Ég ætla ekki að hafa þessa orðræðu miklu lengri því að hún tefur framgang málsins líka.

[15:24]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég tek undir með síðasta ræðumanni, ég ætla ekki að tefja þetta mál. Eiginlega var erindi mitt hingað upp það að óska eftir því að þetta gæti gengið hratt í gegnum þingið. Ég er viss um að formaður nefndarinnar mun beita sér fyrir því að svo geti orðið því hér er a.m.k. viðleitni í þá átt að standa með atvinnulífinu og aðstoða það í þessum miklu hremmingum. Ég trúi því að þetta frumvarp verði til gagns þegar það er orðið að lögum. Samkvæmt 4. gr. eiga lögin að taka gildi strax þannig að þess vegna er mögulegt að láta hlutina gerast hratt.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að ríkisskattstjóri hefur verið með í ráðum og hann getur eflaust uppfrætt nefndina um hluti sem þarf að svara af hálfu stjórnvalda.

Fyrst hv. þingmaður kom með þennan bjartsýna tón inn í umræðuna — þá er ég að tala um síðasta ræðumann — er kannski leiðinlegt að fara að draga það eitthvað niður en ég leyfi mér samt að velta því upp hvort það er í raun hægt að tala um eitthvert raunverulegt gengi á krónunni þegar hún er jafnbundin og hún er. Hún er ekki á markaði í raun og veru, ekki að öllu leyti og þó að vissulega sé gott að vita að íslenska krónan sé eitthvað að styrkjast óttast maður að það sé ekki bót til framtíðar og þetta sé áfram ófremdarástand hjá okkur þannig lagað séð, að við sjáum ekki fram á neinn stöðugleika eða lausn til framtíðar. Ekki síst hvað varðar bankana sem mikið er búið að tala um að ekki takist að gera efnahagsreikning fyrir út af því m.a. að markaðsgengi og markaðsverð vantar á íslensku krónuna. Það eru því verk að vinna áfram, svo sannarlega, en þetta mál hér er greinilega til bóta og því þarf að hraða í gegn.

Það kom líka fram hjá síðasta ræðumanni að vöruskiptin væru jákvæð og það er m.a. út af því hvernig gengið er, að við erum að fá tiltölulega gott verð fyrir íslenska framleiðsluvöru — hann nefndi álið og ekki þótti mér leitt að hlýða á umræðu um að álið skipti máli, þar er ég innilega sammála, en fiskurinn er því miður ekki í góðum málum þannig lagað séð, það er birgðasöfnun og ekki hátt verð, það er lækkun allt að 40% á verði sjávarafurða núna, talið í evrum. Það er ekki til að gleðjast yfir. Ég veit að það er ljótt að fara að draga niður þann jákvæða tón sem kom fram hjá hv. formanni efnahags- og skattanefndar (Gripið fram í.) en raunveruleikinn er bara sá að þetta er allt saman mjög þungt hjá okkur, Íslendingum, og verður eflaust áfram.

Ég vonast svo til þess að fleiri mál komi frá ríkisstjórninni í líkingu við það sem hér er til umfjöllunar, mál sem eru sett fram til að bæta stöðu atvinnulífsins.

[15:27]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég mátti til með að koma í ræðustól aftur, þó að ég vilji ekki lengja umræðuna, vegna þess dapurlega tóns sem var hjá hv. þingmanni (**VS:** Sem yfirleitt er svo bjartsýn.) sem yfirleitt er þó bjartsýn og á nú góðan þátt í álinu sem stendur undir lífskjörum Íslendinga sem stendur.

Mér finnst öll umræðan, bæði hjá fréttamönnum, fjölmiðlum og alls staðar og hjá þingmönnum og úti um allt þjóðfélagið, þess eðlis að menn horfa á hálftómu flöskuna en ekki þá hálffullu. Þeir fyllast mikilli depurð yfir því að flaskan er hálftóm.

Auðvitað hafa margir lent í miklum vandræðum, það hefur verið gert ráð fyrir að u.þ.b. 10, 15, 20%, jafnvel 25% þjóðarinnar séu í vandræðum. En það segir mér líka að 80% eða 75% hafa ekki lent í vandræðum. Horfum á það, meginhluti þjóðarinnar hefur ekki lent í vandræðum. Auðvitað er verðbólga sem kemur niður á öllu, að sjálfsögðu, en meginhlutinn er í góðu lagi og hann á að geta staðið undir því sem við erum að glíma við. Við eigum að horfa til framtíðar og segja: Hér er verk að vinna, en ekki að kjökra niður í skut á bátnum og sjá ekkert fram úr augunum. Ég skora á hv. þingmann að horfa frekar á hálffullu flöskuna með bjartsýni og segja að auðvitað ráðum við við þetta. Árið 2010 mun renna upp og þá fer að vænkast hjá okkur. Við skulum ekki horfa alfarið á dökku hliðarnar og gefast upp.

[15:29]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvar hv. þingmaður hefur fengið upplýsingar um að meginhluti þjóðarinnar sé í góðum málum. Ég óttast að það sé því miður ekki þannig, þetta kemur við nánast öll heimili. Þegar fjöldi atvinnulausra er farinn að skipta þúsundum, jafnvel 16.000 orðnir atvinnulausir, þá erum við í mjög alvarlegum málum. Ég vona að hv. þingmaður sé í það góðum tengslum við þjóðfélagið að hann geri sér grein fyrir því að þetta er mjög alvarlegt og getur átt eftir að versna. Vanalega er það samt þannig að stjórnarandstæðingar eru með barlóm en stjórnarsinnar reyna að halda fram jákvæðu hliðunum. Nú snýst þetta eitthvað við, a.m.k. með hv. þingmann, hann vill reyna að telja kjark í þjóðina og það er sannarlega mikilvægt að gera það líka, en við verðum samt að horfa á hlutina eins og þeir eru, a.m.k. miðað við það sem maður les og heyrir erum við því miður ekki á nokkurn hátt komin í gegnum þann skafl sem blasir við okkur.

[15:30]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Á vinnumarkaði eru 160 þúsund manns og 16 þúsund manns án atvinnu er vissulega mjög slæmt fyrir hvern og einn þeirra en eftir eru 90%. Auðvitað lenda þeir líka í vandræðum. Sumir eru með gengistryggð lán, sumir hafa tekið of mikið af lánum, yfirdráttum og öðru slíku og eru í vandræðum þó að þeir hafi ekki misst vinnuna. En við skulum ekki horfa alfarið á dökku hliðina, þá leggjast menn bara í þunglyndi. Við eigum að horfa á það sem þjóðin

stendur fyrir. Mér skilst að síðasta mánuð hafi ekki verið neinar fjöldauppsagnir, mér finnst það mjög jákvætt. Mér skilst að margir af þeim sem hafa orðið atvinnulausir séu komnir með vinnu aftur, mér finnst það jákvætt.

Þetta er verkefni að vinna og ég sé það ekki svo dökkt að ég gefist upp, alls ekki. Mér finnst það eiginlega áskorun að takast á við þetta verkefni ásamt með öllum öðrum Íslendingum og vinna það. Við eigum að horfa á getuna. Þjóðin er mjög vel menntuð, mjög sterk og dugleg. Hún hefur lent í áföllum áður og hefur staðið sig í því. Við erum líka með mjög sterkan útflutning öndvert við aðrar þjóðir sem hafa lent í svona vandræðum, mjög sterkan útflutning. Og þó að verðlag á heimsmörkuðum hafi lækkað bæði fyrir ál og fisk þá er það ekki til að leggjast undir sæng og fara að gráta. Það hefur komið fyrir áður. (Gripið fram í.) Nei, það hefur komið fyrir áður.

Við verðum bara að segja að þetta mun lagast, að sjálfsögðu. Þá munum við rísa upp miklu sterkari. Þjóðin hefur breytt hegðun sinni heilmikið, hún er farin að spara. Mér finnst það mjög jákvætt. Vöruskiptajöfnuðurinn er með mikinn afgang. Vandamál okkar núna eru jöklabréfin en við munum ráða við þau á tveimur eða þremur árum.

[15:33]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Það sem ég ætla að segja núna er að ég veit að jöklabréfin eru stórkostleg vandamál en það er miklu meira en það, hæstv. forseti, það eru skuldir fólksins í landinu sem hafa hækkað um tugi prósenta núna á örfáum mánuðum. Þess vegna þarf að lækka þær um 20% eins og við framsóknarmenn leggjum til í efnahagstillögum okkar. Þær tillögur eru vel útfærðar og raunsæjar. Ég veit að hv. þingmaður getur ekki komið aftur upp til að bregðast við því sem ég ætla að segja núna en ég ætla samt að segja það, ég vona að hann sé búinn að átta sig á þessum tillögum en það hafa ekki allir gert sem hafa tjáð sig um þær.

[15:34]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég má til með að svara þessum makalausu tillögum framsóknarmanna. Ég vildi helst ekki gera það af því að þær eru svo furðulegar en ég ætla samt að gera það hér með.

Tillögurnar ganga út á það að fólk sem skuldar mikið eigi að fá endurgreitt frá einhverjum. Menn tala um að það séu kröfuhafarnir. Halda menn virkilega, herra forseti, að kröfuhafarnir muni gefa Íslendingum einhver hundruð milljarða? Ónei, þeir eru búnir að tapa hér óskaplegum peningum, 12.000 milljörðum að sagt er. Þeir ætla sér ekki að tapa miklu meira og fara að gefa Íslendingum einhverja peninga. (**VS:** Þú skilur þetta ekki.) Og síst af öllu — ég skil þetta mjög vel, ég veit nákvæmlega hvaða afskriftasjóður er. Það ættu hins vegar framsóknarmenn að spyrja bankamenn um, hvað er eiginlega afskriftasjóður? Og ef þeir spyrja að því þá er þessi hugmynd dauð. (**Gripið fram í:** Nei.) Jú. Vegna þess að afskriftasjóður er til að standa undir væntanlegum gjaldþrotum og töpum og segjum að af 100 fyrirtækjum fari 20 á hausinn þá þýðir það að afskriftasjóðurinn er 20%, en menn vita ekki hverjir fara á hausinn.

Ef menn ætla sér að lækka skuldirnar hjá öllum um 20% munu þeir sem gátu borgað græða á því en hinir sem gátu ekki borgað munu eftir sem áður ekki geta borgað, þeir fara á hausinn hvort sem er. Og einhver borgar þetta og það verður alltaf á endanum skattgreiðandinn.

Og vita menn, herra forseti, hvaða skattgreiðandi það er sem borgar mest? Það er sá sem bjó í fjögurra herbergja íbúðinni sinni, keypti ekki einbýlishús eins og vinur hans. Sá sem keyrði á gömlu dósinni sinni en keypti ekki jeppa eins og vinur hans. (**VS:** Farðu að hætta þessu.) Hann mun borga, hann skuldar lítið. Hann var skynsamur og hann skuldar lítið. En hinn sem er með hundrað milljónir í skuldir á að fá 20 milljónir gefnar og hver skyldi greiða þær annar en vinurinn í blokkinni?

Ef mönnum finnst þetta réttlátt eru þeir á einhverri annarri línu en ég. Mér finnst það alveg galið að refsa þeim sem hafa sýnt ráðdeildarsemi. Það á að refsa þeim sem sýnt ráðdeildarsemi, hagsýni og sparsemi vegna þess að það verða á endanum íslenskir skattgreiðendur sem greiða þetta, hvort sem það er hjá Íbúðalánasjóði eða í afskriftum bankanna. Erlendu kröfuhöfunum dettur ekki í hug að borga þetta, að menn skuli stinga upp á því.

Ef menn mundu hins vegar vilja setja peninga inn í íslensk atvinnulíf til að örva það, til að koma því í gang, þá gerðu menn ekki svona. Þá mundu þeir láta öryrkja fá peninga, nokkra tugi milljarða. Þá mundu þeir láta atvinnulausa fá vinnu með því að búa til vinnu handa þeim. Það er miklu skynsamlegra en að gefa þeim sem skulduðu svona mikið, sem fóru sér að voða með skuldsetningum. (Gripið fram í.) Það er nefnilega málið. Framsóknarmenn ætla að vera eins og einhver sagði, Hrói höttur með öfugum formerkjum, takandi af fátækum og láta þá ríku fá.

[15:37]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég er dálítið hissa á þessari ræðu hv. þingmanns vegna þess að verðandi formaður hans — það er ekki nema einn maður sem hefur boðið sig fram enn þá til formanns í Sjálfstæðisflokknum — hefur tekið undir með okkur framsóknarmönnum. Hann hefur sagt (Gripið fram í.) opinberlega að þetta séu athyglisverðar tillögur.

Við þurfum að hafa það í huga að miðað við það sem komið hefur fram þá er verið að tala um að nýju bankarnir taki við skuldapökkunum úr gömlu bönkunum með 50% afföllum — það er grundvallaratriðið í þessum tillögum — og síðan ætla nýju bankarnir að innheimta 100%, sem sagt að kaupa á fimmtíukall og innheimta á hundraðkall. Það eru þessir fjármunir sem við ætlum að nýta til að jafna út, færa lánin sem eru hjá bönkunum yfir í Íbúðalánasjóð og nýta þennan mun þannig að það séu forsendur og svigrúm til að greiða niður um þessi 20%. Menn verða að hafa þetta í huga þegar þeir tjá sig um þessa tillögu en ekki bara hrópa upp að fólkið í blokkinni eigi að borga.

Við verðum líka að hafa í huga að skuldir hafa hækkað það mikið núna vegna verðbólgunnar á örfáum árum og vegna gengisþróunarinnar að þessi 20% eru bara til þess að taka kúfinn af síðustu tvö ár. Það hafa komið fram tillögur frá öðrum um að gera það miðað við vísitölu á einhverjum

ákveðnum tímapunkti og taka á sig mismuninn. Þetta er í rauninni sams konar tillaga bara aðeins öðruvísi orðuð.

[15:39]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að bera ábyrgð á verðandi formanni Sjálfstæðisflokksins, hugsanlega, hvað hann segir og gerir. Ég ber ábyrgð á því sem ég segi. (**VS:** Þú ert þá bara ósammála honum.) Ég er hjartanlega ósammála ef þetta er rétt eftir haft.

Afskriftasjóður er þannig að ef menn gera ráð fyrir því og setja 50% í afskriftasjóð þá reikna þeir með að annað hvert fyrirtæki fari á hausinn og önnur hver íbúð og að annar hver bíll verði seldur á uppboði. Það er bara inni í þeim pakka. Það þýðir að annað hvert fyrirtæki fer á hausinn. Kröfuhafarnir þurfa að samþykkja þetta annars gerist ekki neitt, annars fara þeir í mál. Og ef annað hvert fyrirtæki fer á hausinn geta menn að sjálfsögðu ekki farið að lækka lánin hjá hinum sem geta borgað um 50%. Að sjálfsögðu ekki. Menn þurfa að átta sig á hvað afskriftasjóður er. Ég ráðlegg hv. þingmönnum Framsóknarflokksins að tala við bankamenn og spyrja þá hvað afskriftasjóður er. Ef menn ætla að taka út úr afskriftasjóðnum þá er það í fyrsta skipti í veraldarsögunni að einhver sem fer á hausinn og lendir í miklum vandræðum græðir á öllu saman. Það væri aldeilis undarlegt að við það að Ísland lendir í þessum miklu vandræðum gætum við bara farið að lækka skuldir hjá allri þjóðinni. Það væru nú aldeilis flottheit, það væri nú aldeilis gróði.

Ég skil þetta ekki, að þegar menn lenda illa og fara á hausinn með heila þjóð, með heilt bankakerfi, þá ætli þjóðin að lækka skuldirnar hjá sér. Það er undarleg hagspeki. Kröfuhafarnir mundu aldrei samþykkja það.

Það sem menn gera ráð fyrir er að helmingurinn af þessum kröfum sé tapaður vegna þess að skuldararnir geta ekki greitt, aðallega fyrirtæki. Og ef þeir geta ekki greitt þá geta þeir ekkert frekar greitt þó að þeir fái helmingslækkun, hugsanlega einhverjir, en margir munu ekki geta greitt neitt frekar. Þeir sem hins vegar gætu greitt, helmingurinn, fá helmingslækkun líka og þar kemur peningurinn sem skattgreiðendur þurfa að borga, því að á endanum verða það skattgreiðendur sem borga þetta allt saman.

[15:41]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður kemur hér upp og segir að framsóknarmenn ættu að tala við bankamenn. Dettur hv. þingmanni í hug að við séum ekki búin að vinna þetta með sérfræðingum, með ótal hagfræðingum og sérfræðingum hér á landi? Að sjálfsögðu. Það er ekki eins og við höfum unnið þetta á einu kvöldi. Ef hv. þingmaður hefur lesið tillögur okkar þá sést að þær eru það vel útfærðar að þær eru ekki unnar á kvöldi. Þetta eru tillögur sem hafa verið kynntar, ég get ekki sagt frá því nákvæmlega en á það háum stöðum og þeim var tekið það vel þar að mér þykir ekki ólíklegt að þær verði niðurstaðan í sambandi við aðgerðir, alvöruaðgerðir til að hjálpa hinum venjulegu Íslendingum sem eru að sökkva í skuldir.

[15:42]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það væri synd að segja að ég hefði ástæðu til að kvarta undan þeim undirtektum sem frumvarpið hefur fengið, að svo miklu leyti sem það hefur verið til umræðu hér. En ég kvarta að sjálfsögðu ekki undan því að menn ræði tengd mál og skyld mál, þeir erfiðleikar sem við er að glíma hjá heimilum og atvinnulífi eru okkur öllum hugleiknir, eða nærri í andanum.

Ef ég má aðeins, virðulegi forseti, blanda mér í umræðurnar sem urðu hér áðan vil ég taka undir það með hv. þm. Pétri H. Blöndal að ég hef enn ekki rekist á þá erlendu kröfuhafa — og ég hef rætt við býsna marga á undanförnum dögum — sem hafa sérstakan áhuga á að gefa okkur Íslendingum peninga. Ég hef hins vegar hitt marga sem eru ansi þungir á brún og vilja reyna að fá sem mest af sínu til baka.

Það er veruleiki sem við verðum að horfast í augu við að fjölmargir stórir aðilar, bankar og fjármögnunaraðilar, sem sumir hverjir hafa átt í áratugaviðskiptum við Ísland, tapa hér miklum fjármunum. Heilmiklu máli skiptir hvernig tekst til í samskiptum við þá, að það takist að gera það besta úr þessari erfiðu stöðu og bjarga öllum þeim verðmætum sem hægt er að bjarga þannig að skaðinn verði lágmarkaður fyrir alla, bæði okkur og þá. Við höfum væntanlega áhuga á því að gríðarstórir bankar eins og Sumitomo og Bayerische Landesbank, eða hvað þeir nú heita, sem hafa stundað viðskipti hér og lánað til Íslands áratugum saman hafi áhuga á að gera það áfram.

Varðandi afskriftir skulda má út af fyrir sig ræða það sem er að gerast eða gerðist í yfirfærslu mála frá gömlu bönkunum og til hinna nýju. En menn verða þá að hafa í huga að varhugavert er að nota einhverjar brúttótölur. Niðurskriftin er ekki söm á öllu og að breyttu breytanda má reikna með því að fasteignaveðlánasöfn séu færð hvað minnst niður, einfaldlega vegna þess að tryggustu veðin eru þar á bak við og yfirleitt einna öruggustu greiðslurnar.

Önnur lánasöfn eru miklu áhættusamari og þá taka menn mið af stöðu þeirra atvinnugreina eða fyrirtækja sem í hlut eiga og hvernig horfur eru þar o.s.frv. Þannig að þetta er aðeins flóknara mál en það lítur út fyrir í byrjun.

Að sjálfsögðu má ekki gleyma því að verulegur hluti skulda heimilanna hefur alls ekki sætt þessari meðferð. Íbúðalánasjóður hefur engar afskriftir fengið. Hann hefur ekki tekið við lánum hjá neinum öðrum og er með útlán til heimila upp á 575 milljarða kr. Þar hefur engin króna verið afskrifuð frá öðrum aðila.

Lífeyrissjóðirnir hafa ekki fært lánasöfn sín eða fengið þau frá neinum öðrum sem hefur afskrifað þau. Þeir eru með um 170 milljarða í útlánum til heimila o.s.frv. Sparisjóðirnir hafa ekki fengið neina slíka afskrift af því að þeir eru sjálfstætt starfandi stofnanir sem ekki hafa farið sömu leið og bankarnir. Þarna liggur drjúgur hluti fasteignaveðlána heimilanna, líklega samtals á milli 800 og 900 milljarða, þegar sparisjóðirnir eru lagðir við Íbúðalánasjóð og lífeyrissjóðina. Að sjálfsögðu yrði einhver að taka á sig þær afskriftir sem þar ættu þá að eiga sér stað. Í raun og veru yrðum við sjálf, þ.e. Íbúðalánasjóðurinn okkar og lífeyrissjóðirnir okkar, sem við eigum saman, í því hlutverki að

færa skuldirnar niður og það hefði áhrif á eiginfjárstöðu þeirra og þeir peningar þyrftu að koma einhvers staðar frá.

Virðulegi forseti, ég fer yfir þetta í almennum orðum, eins og þetta kemur mér fyrir sjónir. En ég geri að sjálfsögðu ekki lítið úr hugmyndum um að reyna að taka skuldavandann niður. Miðað við takmarkað svigrúm þjóðarbúsins og gríðarlega erfiða skuldastöðu okkar, bæði inn á við og út á við, held ég að við verðum að vera mjög hnitmiðuð í aðgerðum okkar og reyna að beina þeim að þeim sem eru í mestri þörf fyrir stuðninginn. Það sama á að sjálfsögðu við í atvinnulífstengdum aðgerðum. Við þurfum að yfirvega þær og skoða vel.

Vegna þess að hér var rætt um vexti er ég kannski ekki í aðstöðu til að segja mikið meira en ég sagði áðan. Ég vil þó sérstaklega óska eftir því að eiga gott samstarf við efnahags- og skattanefnd, sem ég treysti auðvitað á og veit að verður í boði. Einfaldlega vegna þess að vegna aðstæðna gæti verið æskilegt ef nefndin væri tilbúin til að skoða það að taka að sér að flytja tilteknar æskilegar lagabreytingar í tengslum við málið. (**PHB:** Dag og nótt.) En ég mun þá eiga nánari samráð við nefndina um það mál og við í fjármálaráðuneytinu munum koma upplýsingum til þeirra sem hlut eiga að máli.

Einnig minni ég á það að vera í góðu samstarfi við ríkisskattstjóra um þetta mál því að sjálfsögðu skiptir miklu að þessi útfærsla takist vel og valdi ekki vandræðum, hvorki tæknilegum né í ákveðnum tilvikum hvað fordæmisgildi varðar.

Það sem sagt var um gengis- og verðlagsþróun, vöruskipti og annað er allt á sínum stað. Sem betur fer er hárrétt að gengis- og verðlagsþróunin er nú jákvæð. Það er gríðarlega mikilvægt og enginn skyldi gera lítið úr því að sú styrking krónunnar sem orðin er frá áramótum er mjög dýrmæt sem og það að hún skuli halda áfram. Undirliggjandi verðbólguþrýstingur er enginn eða kannski minni en enginn, eins og raun og veru fólst í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem gefur von um hraða lækkun verðbólgu á næstunni. Hvort tveggja er dýrmætt andlag þess að vextir geti lækkað hratt.

Staðan í bankakerfinu og hjá fjármálastofnunum er að mínu mati sú að þar er beðið eftir vaxtalækkunum. Þar er beðið eftir því að Seðlabankinn lækki stýrivexti þannig að menn geti lækkað vaxtastigið í bönkunum. Innlánsvextir eru auðvitað fáránlega háir við þessar aðstæður og engin þörf á að hafa þá þar og þeir þurfa að lækka til þess að útlánsvextir geti einnig farið niður.

Varðandi viðskiptajöfnuðinn er að sjálfsögðu gott að hann er jákvæður. Hann er það að hluta til enn vegna þess, eins og fram hefur komið, að gengi krónunnar gaf mjög mikið eftir og fór mjög lágt þannig að innflutningur dróst afar hratt og mikið saman og að margra mati var það tímabært og þótt fyrr hefði verið að eyðsluæðið rynni eitthvað af þjóðinni. Það er ekkert sérstakt vandamál á Íslandi í dag að flytja þurfi inn fleiri ameríska pallbíla eða eitthvað því um líkt. Ég held að við komumst af án þeirra og margra annarra hluta sem flæddu inn í landið á meðan gengið var jafnvitlaust skráð í hina áttina, eins og það var kannski öfugt í hina neikvæðu átt um síðustu áramót.

Það sem vinnur á móti okkur er verðfall á afurðum og ef ekki kæmi til þessi eftirgjöf krónunnar blési nú ekki byrlega fyrir íslenskum sjávarútvegi og þol hans til að taka á sig mikla viðbótarstyrkingu krónunnar er ekki mikið, nema vaxtalækkun verði umtalsverð og hið sama gildir um fleiri atvinnugreinar.

Heilmikið af áli er flutt út en þar er verðið komið í sögulegt lágmark og ég held að ég verði að leyfa mér að segja hér, ekki til að kveikja einhverja elda, að veruleikinn er sá að álverð er orðið svo lágt að það er umtalsvert fyrir neðan þau viðmiðunarmörk sem lögð voru til grundvallar í arðsemisútreikningum nýjustu álsamninga. Það er mikið áhyggjuefni vegna þess að það hefur bein áhrif á hina hliðina, raforkuverð til orkufyrirtækjanna er beintengt álverðinu og þau fá mun minna fyrir rafmagnið en þau þyrftu að fá að frádregnum kannski einhverjum vörnum sem þau reyna að koma við. Að lokum hlýt ég að minna á að þetta er ekki allt gull í hendi af því að borga þarf lánin sem voru tekin til að byggja virkjanirnar og þau taka heldur betur í núna, eins og við sjáum á bókhaldi orkufyrirtækjanna.

Þriðja meginstoð gjaldeyrisöflunar, ferðaþjónustan, er kannski sú grein sem ég er bjartsýnastur á núna. Ég held að sem betur bendi margt til þess að ferðaþjónustan geti nýtt sér vel þær aðstæður sem hér hafa skapast, hagstæðara gengi og kannski, svo undarlegt sem það er, að einhverju leyti þá landkynningu sem Ísland hefur fengið að undanförnu, þótt hún sé að sjálfsögðu ekki öll á þeim nótum sem við kysum helst. En Ísland hefur fengið gríðarlega athygli og forvitni vaknað og kannski áhugi á því að heimsækja landið á fleiri forsendum en yfirleitt hafa verið, en flestir hafa komið hingað sérstaklega til að skoða íslenska náttúru og/eða njóta íslenskrar menningar og annað í þeim dúr.

Ég bind miklar vonir við að ferðaþjónustan verði okkur enn dýrmætari og mikilvægari uppspretta gjaldeyris og atvinnusköpunar á komandi mánuðum og missirum. Það kæmi sér ákaflega vel. Ferðaþjónustan er afar hagstæð hvað það varðar að nettóvirðisauki af starfsemi hennar, sem eftir verður í íslenska hagkerfinu, er mjög hár eða um 80%. Ferðaþjónusta skapar hlutfallslega mörg störf miðað við veltu, er mannaflafrek og afrakstur hennar dreifist mjög víða og bætir afkomu rekstrar ýmissa þátta í samfélagi okkar sem er gott og gagnast okkur.

Fjórða uppspretta gjaldeyrissköpunar á ekki heldur að gleymast, en það er innlend framleiðsla fyrir innanlandsmarkað sem eykur aðföng og innlendan tilkostnað og við getum nýtt okkur til að draga úr þörfinni fyrir innflutning og gjaldeyriseyðslu. Ég get nefnt eitt skemmtilegt dæmi sem er kornrækt í landbúnaði. Nú stefnir í að um helmingur af byggþörf landsins komi úr eigin ræktun okkar. Athyglisvert er að nú þegar sjáum við fyrir helmingsþörf okkar á einu sviði kornræktar og getum gert miklu betur á því sviði og mörgum öðrum.

Einhvern tímann hefði þótt saga til næsta bæjar að menn leyfðu sér að velta því fyrir sér að Ísland gæti kannski innan tiltölulega fárra ára orðið að verulegu leyti sjálfu sér nægt um korn, bæði til fóðurs og manneldis. En það er ekki jafnfjarlægur möguleiki og menn hefðu áður talið. Þarna liggja miklir verðmætasköpunarmöguleikar. Möguleikar á því að skapa störf og draga úr þörfinni fyrir innflutning og notkun dýrmæts gjaldeyris.

Þannig að möguleikarnir eru sannarlega ýmsir og ýmislegt leggst sem betur fer með okkur þessa dagana og hægt að taka undir það með hv. þm. Pétri H. Blöndal. En fram hjá hinu verður ekki horft að við þurfum að vinna okkur út úr gríðarlegum erfiðleikum, risavöxnum erfiðleikum, efnahagsáfalli og nánast kerfishruni sem er einsdæmi í þróuðu ríki. Því miður fer stærðargráða efnahagshrunsins á Íslandi á allan hlutlægan mælikvarða fram úr öðru sem sést hefur á undanförnum áratugum í þróuðum ríkjum. Ég hef aðeins borið þetta saman. Þetta er miklu stærra en bankakreppan á Norðurlöndunum 1990, stærra en kreppa Suður-Kóreu og kreppa Taílands. Þetta er stærra en kreppa Færeyja og voru þeir miklu erfiðleikar þó enginn smáskellur á árunum upp úr 1990.

En Ísland er sterkt, vel uppbyggt og þróað samfélag með vel menntað og vinnufúst fólk og við eigum líka mikla möguleika og mörg tækifæri til að vinna okkur út úr þessu og það ætlum við að sjálfsögðu að gera.

Þessi ræða, herra forseti, var kannski ekki í beinum efnistengslum við þetta litla frumvarp um greiðsluaðlögun eða gjaldaaðlögun fyrir fyrirtækin til að auðvelda þeim lífið í gegnum erfiðleikana og vegna þess gengisfalls, samdráttar og verðbólgu og fleiri vandræða sem hafa hrjáð íslenskt atvinnulíf. En hún var ekkert verr staðsett fyrir það. Ég endurtek svo þakkir mínar fyrir góðar undirtektir sem frumvarpið hefur fengið og óska því góðrar ferðar inn í efnahags- og skattanefnd.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 366. mál (styrkari skattframkvæmd og hömlur gegn skattundanskoti). — Þskj. 618.

[15:56]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Í frumvarpi þessu er að finna tillögur um ýmsar breytingar á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda með það að markmiði að styrkja skattframkvæmd og vinna gegn skattundanskoti.

Í fyrsta lagi er lagt til að aðilar sem ekki hafa heimilisfesti hér á landi og bera því takmarkaða skattskyldu, sæti hér skattlagningu vegna vaxta sem þeir fá greidda hér á landi. Að baki tillögunni eru margvísleg rök. Vaxtatekjur íslenskra skattaðila, einstaklinga sem fyrirtækja, eru skattskyldar og ójafnræði felst í því að undanskilja vaxtatekjur erlendra aðila skattlagningu. Aðrar tegundir tekna erlendra aðila, sem aflað er hér á landi, svo sem laun, þóknanir, rekstrarhagnaður, arður, leigutekjur og söluhagnaður eru skattskyldar hér og með skattlagningu vaxta er verið að skapa samræmi í þessum efnum. Ein meginástæða þess að tillöguna er að finna í þessu frumvarpi er að skattleysi vaxta úr landi opnar leiðir til að skjóta tekjum undan skatti hér á landi. Þá er þess að geta að skattlagning vaxta, eins og annarra tekjustrauma úr landi, er nær almenn regla í skattalöggjöf í okkar heimshluta. Benda má á að íslenskt atvinnulíf er nú mjög skuldsett og því ljóst að á næstu árum mun umtalsverður hluti landsframleiðslunnar renna úr landi í formi vaxta til erlendra aðila. Skattlagning vaxta mun tryggja það að nokkur hluti þeirra mun renna í sameiginlegan sjóð landsmanna.

Vegna tvísköttunarsamninga eða fyrir tilverknað innlendrar skattalöggjafar veldur skattur á vexti í upprunalandi þeirra því ekki að skattbyrðin á þessar tekjur eykst. Sá skattur sem lagður er á vaxtatekjurnar skiptist á milli upprunalands teknanna og heimalands tekjuhafans. Samkvæmt tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert er um tvennt að ræða. Annars vegar eru skattar á vexti milli ríkjanna felldir niður og hins vegar er í mörgum tilvikum gert ráð fyrir rétti upprunaríkisins til að leggja afdráttarskatt á vexti. Í þeim tilvikum sem tvísköttunarsamningar kveða á um að skattlagningarréttur á vöxtum sé á Íslandi eiga móttakendur vaxtanna rétt á endurgreiðslu eða frádrætti í sínu heimaríki. Með þessu móti ætti skattbyrði móttakanda vaxtanna ekki að þyngjast og ætti þannig ekki að hafa áhrif á það vaxtastig sem innlendir aðilar bera. Ég vil árétta að ekki er verið að leggja skatt á þá sem inna vaxtagreiðslurnar af hendi heldur þá sem eru móttakendur vaxtanna.

Undanþága frá skattinum er veitt þeim sem fá vaxtagreiðslur frá Seðlabanka Íslands sem og erlendum ríkjum, alþjóðastofnunum og erlendum opinberum aðilum sem ekki eru skattskyldir í heimaríkinu. Gert er ráð fyrir að staðgreiðsla af vöxtum verði samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Verðlags- eða gengisbreytingar á höfuðstól krafna í eigu erlendra aðila sæta ekki skattskyldu eða staðgreiðsluskyldu vegna þessa.

Ekki er gert ráð fyrir að innheimta skatts af vöxtum til aðila með takmarkaða skattskyldu hefjist fyrr en í upphafi árs 2010 og gefst því viðkomandi aðilum góður tími til að undirbúa þá framkvæmd.

Í öðru lagi er mælt fyrir um breytingar á lögum um tekjuskatt í kjölfar þess að á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti og fleira. Í því frumvarpi er kveðið á um úrræði fyrir einstaklinga í greiðsluvanda. Af þessu tilefni þykir rétt að taka af öll tvímæli um að eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningi um greiðsluaðlögun skuli ekki teljast til skattskyldra tekna.

Í þriðja lagi er lagt til að lögfest verði ákvæði um skattlagningu aðila sem eiga beina eða óbeina eignaraðild að félögum, sjóðum eða stofnunum sem eru heimilisföst í lágskattaríkjum. Löggjöf af þessum toga er til staðar á Norðurlöndum og í flestum löndum hins vestræna heims. Meginmarkmið slíkrar löggjafar er að hamla gegn skattsniðgöngu sem fram fer með þeim hætti að innlendir aðilar leyna eignum sínum og flytja tekjur úr landi í félög sem þeir stofnsetja í lágskattaríkjum án þess að hafa í reynd nokkra starfsemi þar. Aukið frjálsræði í flutningi fjármagns á milli landa kallar á breytingar á íslenskri löggjöf hvað þetta varðar. CFC-löggjöfin svonefnda, sem stendur fyrir Controlled Foreign Corporation á ensku, er algengasta ráðstöfun ríkja gegn undanskoti skatta með framangreindum hætti.

Hér er sem sagt um alþjóðlega velþekkta og viðurkennda aðferð að ræða sem tekin hefur verið upp í velflestum þeim ríkjum sem við berum okkur helst saman við hvað skattamál snertir. Það undarlega er og spurningin er auðvitað: Hvers vegna í ósköpunum var ekki búið að gera þetta hér?

Meginatriði hinna nýju ákvæða eru þau að ef íslenskur skattaðili á eða hefur umráð yfir félagi sem staðsett er á lágskattasvæði er við skattlagningu litið svo á að tekjur þess félags séu í reynd tekjur hins íslenska skattaðila og þær skattlagðar með öðrum tekjum hans.

Móðurfélagið er sem sagt skattlagt þar sem það er staðsett og ber að skila skatti af hlutdeild sinni í þeim umsvifum félagsins sem falið er eða geymt er á lágskattasvæðinu.

Tilgangur með löggjöf sem þessari er að draga úr skattsniðgöngu. Má því reikna með að félögum í eigu íslenskra aðila á aflandssvæðum fækki og skattskil þeirra verði betri.

Væntanlega er það fyrst og fremst í tvennum tilgangi sem menn kjósa að skrá eignarhald félaga á slíkum svæðum og hvorugur tilgangurinn er sérstaklega göfugur, þ.e. annars vegar til þess að komast undan skatti en hins vegar er það til að dylja eignarhald og fela eignatengsl og eignarhald í flókinni keðju félaga sem eiga í öðrum félögum á milli landa og enda gjarnan á Tortólaeyju eða hvar það nú er. Það verður að segjast alveg eins og er að sá fjármálaráðherra sem hér talar hefur litla samúð með hvoru tveggja. Menn eiga að sjá sóma sinn í því að borga skatta ef þeir hafa góða afkomu og leggja sitt af mörkum og það má undrast hversu sljó íslensk stjórnvöld hafa verið á umliðnum árum við að fylgjast með þróun mála í þessum efnum og hafa ekki skipað sér að minnsta kosti í fararbrodd ásamt hinum Norðurlöndunum í viðleitni til þess að taka á skattsniðgöngu og í því að styðja viðleitni til dæmis Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, sem hefur á undangengnum árum hvatt aðildarríki sín til þess að takast á við þetta vandamál. Nú er annað uppi þegar bæði austan hafs og vestan hvín nú í stjórnmálamönnum sem ekki hefðu talað þannig fyrir nokkrum árum, að það verði að takast á við þetta og munar auðvitað um minna en það ef Bandaríkin með öllu sínu afli fara að beita sér fyrir alvöru í því að loka skattasmugum, en það er helst að heyra á fjármálaráðherra og ráðherrum í nýrri ríkisstjórn Obamas.

Í fjórða lagi er mælt fyrir um breytingar á ákvæðum tekjuskattslaga, sem fjalla um þær upplýsingar sem senda ber skattyfirvöldum reglulega og án kvaðningar. Breytingarnar miða að því að bæta skil banka og fjármálafyrirtækja á upplýsingum um skuldabréf, afleiðuviðskipti, eignastýringu, milligöngustarfsemi og fleira. Á nýliðnu þingi voru samþykkt lög um breytingar á tekjuskattslögum um upplýsingaskyldu banka og fjármálafyrirtækja um inneignir og innstæður og greidda vexti og afdregna staðgreiðslu en ekki var gert skylt að upplýsa jafnframt um eignir viðskiptamanna í sjóðum sem fjármálafyrirtæki hefur á sinni hendi. Rétt þykir nú að taka skrefið til fulls þannig að upplýsingaskyldan taki einnig til útlána banka og fjármálafyrirtækja í árslok og greiddra vaxta á árinu. Með breytingu þessari verður þannig einnig skylt að upplýsa um allar eignir viðskiptamanna bankanna, hvort heldur fjármunir þeirra eru geymdir á almennum bankareikningum, verðbréfasjóðum eða á annan hátt. Breytingin nær þannig til upplýsinga um tekjur af hvers kyns fjármálagerningum sem og milligöngustarfsemi sem fjármálafyrirtæki annast.

Breytingar þessar þjóna margvíslegum tilgangi. Má fyrst nefna bein áhrif á skattlagningu þar sem skuldir og vaxtagjöld af lánum til íbúðakaupa eru til að mynda ráðandi forsenda við ákvörðun vaxtabóta og sömuleiðis hafa eignir, þar á meðal peningalegar eignir, áhrif á þær. Þá teljast eftirgefnar skuldir einstaklinga og fyrirtækja almennt til skattskyldra tekna. Breytingarnar þjóna jafnframt eftirlitstilgangi. Eignakaup og fjármögnun þeirra eru tíðast skýrð með lánum ef framtaldar tekjur og eignir hrökkva ekki fyrir kaupum og með upplýsingum um lán á framtölum er unnt að bera þær með einföldum hætti saman við upplýsingar sem lánveitandi eða skuldareigandi lætur skattyfirvöldum í té. Þá má nefna að með upplýsingum um lán, skuldir og vaxtagjöld einstaklinga mun verða unnt að forskrá nær allar upplýsingar sem til þarf fyrir framtal flestra einstaklinga sem ekki stunda atvinnurekstur. Upplýsingar um lán og skuldir atvinnurekstrarins munu þó fyrst um sinn ekki nýtast til áritunar á skattframtöl lögaðila og manna í sjálfstæðri starfsemi en verða ómetanlegt tæki við mat á trúverðugleika skattskila hvað varðar tekjur og eignamyndun.

Í fimmta lagi eru lagðar til breytingar á ákvæði tekjuskattslaga, sem fjallar um skyldu aðila til að veita skattyfirvöldum upplýsingar þegar eftir þeim er leitað. Breytingarnar eru tvíþættar. Annars vegar er kveðið á um skyldu fjármálastofnana sem starfa hér á landi til að veita upplýsingar um viðskipti sem íslenskir skattaðilar hafa við útibú þeirra erlendis eða dótturfélög þar. Fjármálafyrirtæki hafa komist undan því að skila upplýsingum um tekjur sem skattskyldar eru á Íslandi með því að flytja bankainnstæður og fjárfestingaeignir í eigu Íslendinga yfir í dótturfélög erlendis. Þar með hefur lokast fyrir upplýsingagjöf til íslenskra skattyfirvalda. Grunur leikur á að eignarhald í félögum hafi verið falið með því að skrá félög á Bresku Jómfrúreyjum eða í öðrum lágskattaríkjum og tekjum þar með skotið undan réttmætri íslenskri skattlagningu. Lagt er til, eins og gerist víða erlendis, að á grundvelli samstæðuréttar verði íslensk móðurfélög ábyrg fyrir að veita upplýsingar um viðskipti sem aðilar skattskyldir á Íslandi hafi átt við dótturfélög og útibú sem móðurfélagið á eða rekur erlendis. Hins vegar er lagt til að þeir sem starfa við skattaráðgjöf og fjármálaþjónustu verði skyldaðir til að halda lista yfir viðskiptavini sína varði þjónustan beina eða óbeina eignaraðild að félagi, sjóði eða stofnun sem skráð er erlendis eða eignir þar. Enn fremur er svo lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að ákvæði í öðrum lögum um þagnar- eða trúnaðarskyldu víki ávallt fyrir ákvæðum þessara laga. Hafa ber í huga að þær upplýsingar sem hér um ræðir eru ekki fjárhagsupplýsingar heldur skrá um þá aðila sem hafa verið í viðskiptum eða þjónustu sem varðar félög þeirra eða eignir erlendis.

Þá er í frumvarpinu lagt til að breytingar sem gerðar voru á tekjuskattslögum á síðasta haustþingi og vörðuðu söluhagnað eigna hjá einstaklingum komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2010 í stað 2009 til að koma í veg fyrir mögulega afturvirkni.

Herra forseti. Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpi

þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

Mér er ljóst að ég er að ætlast til umtalsverðrar vinnu af hv. nefnd því að hér er um allviðamikið mál að ræða og þó kannski ekki í eðli sínu því að hér er fyrst og fremst um að ræða upptöku á alþjóðlega þekktum, þróuðum skattareglum sem ekki á að þurfa að vefjast mikið fyrir okkur Íslendingum að taka upp í okkar skattarétt eins og öðrum og þó fyrr hefði verið.

[16:08]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég vil stuttlega koma inn í þessa umræðu um það mál sem hæstv. fjármálaráðherra hefur mælt fyrir, breyting á lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda og fagna því sérstaklega að þetta mál er komið hér til umræðu, frumvarp sem hefur það að meginmarkmiði að styrkja skattframkvæmd og vinna gegn skattundanskotum.

Ég held að ekki sé ofsögum sagt að einn vandinn sem við Íslendingar höfum átt við að glíma á þessu sviði undanfarin ár sé að við höfum verið með allt of lina skattalöggjöf hér á landi í samanburði við það sem gengur og gerist í löndunum í kringum okkur. Hver veit nema það sé ein af orsökunum fyrir því hvert við erum komin í okkar fjármálalífi, í fjármálageiranum, að við höfum búið við annars konar umgjörð en gengur og gerist í löndunum í kringum okkur. Ég er alla vega þeirrar skoðunar að það sé engin ástæða fyrir okkur til þess að búa til einhverja sérstaka paradís, setja hér fjármálafyrirtæki í bómull þegar kemur að skattalegum atriðum. Reyndar held ég að það megi halda því fram að þeir sem hafa farið hvað verst — nú heyrum við fregnir af því að það sé að ganga mjög illa í Bretlandi í fjármálalífinu og viðskiptalífinu þar. Ég tel að ein ástæðan fyrir því meðal annars sé að Bretar völdu þá leið á sínum tíma að taka lagaumhverfið eins og það var í Bandaríkjunum, heimfæra það til sín og skrúfa það svo niður um svona 10–15% eða þar um bil, allar kröfur til þess að freista þess að ná til sín starfsemi sem ella hefði ekki komið þangað. Það slaka lagaumhverfi sem þannig var búið á áreiðanlega sinn þátt í því að það gengur illa núna þegar við getum sagt að ágjöf verður í þessu efni.

Ég ætla ekkert að fara sérstaklega inn í efnisatriði þessa frumvarps í sjálfu sér. Það mun áreiðanlega fá ítarlega umfjöllun á vettvangi efnahags- og skattanefndar þar sem ég á sæti og þá gefst tækifæri til þess að fá gesti á fundi nefndarinnar og spyrja nánar út í einstök atriði frumvarpsins. Ég vil sem sagt ítreka að ég tel mikilvægt að þetta frumvarp sé komið inn í þingið til efnislegrar meðferðar og við getum tekist á við efni þess á vettvangi nefndarinnar. Ég held líka að það sé þýðingarmikið í þessu samhengi að við komum á réttlátri skattaskipan í landinu.

Eitt af því sem við höfum heyrt mikið talað um í efnahagshruninu er að við búum ekki við réttlátt og gagnsætt fyrirkomulag hér á landi í mörgu tilliti og skattamálin eru sannarlega einn þátturinn í því efni. Ég tel mikilvægt við að byggja upp samfélag okkar og endurheimta traust meðal annars á fjármálastofnunum, sem er mjög þýðingarmikið — þ.e. að byggja upp traust á fjármálastofnunum sem er nánast hrunið — einn liður í því er að sjálfsögðu að skattumhverfi þeirra sé þannig að um það sé sátt í samfélaginu. Ég held að þar hafi menn gengið allt of langt á undanförnum árum og búið til gjá sem nú þarf að brúa. Ég tel að það frumvarp sem hér liggur fyrir sé mikilvægur liður í þeirri brúarsmíð og ég fagna framlagningu þess og hlakka til að takast á við efni þess og umræður um það á vettvangi efnahags- og skattanefndar.

[16:13]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég skildi ekki alveg það sem hv. þingmaður sagði. Hann sagði að Bretar hefðu tekið yfir amerískar reglur og minnkað þær um 10% til þess að ná til sín fyrirtækjum og það væri ástæðan fyrir þeim vandræðum sem væru í Bretlandi. Þetta er náttúrlega mjög sérkennileg kenning og ég vildi gjarnan fá nánari útskýringu á því hvað þetta þýðir. Þýðir þetta að framkvæmdin á reglunum hafi verið 10% lakari en í Bandaríkjunum eða þýðir þetta það að þeir hafi tekið úr reglunum svona 10% af ákvæðunum eða skilyrðunum til þess að lokka til sín fyrirtæki?

Það er nefnilega þannig að eitt er lagasetning og annað er framkvæmd laga. Því miður er oft misbrestur á framkvæmd laga bæði vegna þess að hún rekst á persónuvernd og alls konar önnur atriði sem menn telja sig vera að vernda, geta ekki veitt upplýsingar, eða hreinlega að menn eru bara ekki nægilega vakandi í framkvæmdinni. Nú ætla ég ekki að leggja dóm á það — það á eftir að koma í ljós — hvað olli hruninu á Íslandi. Það eru eflaust margir þættir. Einn af þeim er þingið. Ég ræddi það nú í ræðu 30. október þar sem ég tók á mig mína ábyrgð á því að löggjafarstarfið var ekki nægilega gott. En eitt er líka framkvæmdin. Mig langar til að spyrja hv. þingmann um hvort sé að ræða í Bretlandi.

Það er reyndar mjög merkileg kenning að ef veikari framkvæmd eða veikari lagasetning á að valda fyrirtækjum sérstökum vandræðum. Ég hélt að það væri akkúrat öfugt.

[16:14]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Með orðum mínum átti ég alls ekki við það að Bretar hefðu tekið lagaumhverfið frá Bandaríkjunum og tekið til dæmis tíunda eða fimmtánda hvert orð út úr þeirri umgjörð, ef það var það sem hv. þingmaður var að gefa í skyn að ég hefði meint með orðum mínum. Það sem ég var fyrst og fremst að tala um var — og upplýsingar og sjónarmið hef ég heyrt frá þeim sem hafa starfað í fjármálaumhverfinu í Bretlandi — að Bretar hafi í raun veitt afslátt, ef svo má segja, á margs konar kröfum miðað við þá löggjöf og umhverfi sem tíðkast í Bandaríkjunum og það sé meðal annars orsök, ásamt sjálfsagt vafalaust mörgum öðrum þáttum eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal gat um hér í sínu andsvari, og það kunni að vera einn af þáttunum sem hefur veikt stoðir fjármálakerfisins í Bretlandi.

Eins og ég segi þá kunna margir aðrir þættir að eiga þar hlut að máli. En fyrst og fremst dró ég þetta fram sem líkingu í því sambandi að það sé mikilvægt að við búum við öfluga lagaumgjörð, öflugt kerfi í kringum þessa atvinnustarfsemi, traustar stoðir. Það kann vel að vera rétt hjá þingmanninum að eitt sé lagaumgjörðin sjálf og annað sé síðan

framkvæmdin með lögunum. En auðvitað þarf lagaumgjörðin sjálf að vera skýr og öflug og sterk. Það á ekki að vera þannig að hægt sé að fara í kringum ákvæði laganna með framkvæmdinni einni og sér, að menn geti leikið sér að lagabókstafnum bara með því að framkvæma hlutina á einhvern mismunandi máta. Það er ekki traust lagasetning.

[16:16]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég skil þetta ekki enn þá, ef þeir hafa gefið 10% afslátt í einhverjum skilningi er það af lagasetningunni, eitthvað er tekið út af ákvæðunum eða þá af framkvæmdinni. Það var mjög merkileg framkvæmd lagabálki í Bretlandi sem setti Ísland eiginlega á hausinn en það voru hryðjuverkalögin. Ég held að það hafi ekki verið neitt sérstaklega mild framkvæmd á þeim lögum gagnvart Íslandi og íslenskum fyrirtækjum í Bretlandi.

Ég held að sitthvað fleira hafi valdið þessum vandræðum í Bretlandi og hruninu á Íslandi, t.d. fall Lehman Brothers í Bandaríkjunum. Það kostaði breskt þjóðfélag og efnahagslíf mjög mikið. Það kostaði fleiri mikið t.d. Svisslendinga, Íslendinga, því að Lehman Brothers voru búnir að tryggja Glitni lausafé til lengri tíma sem brást. Það fjallar því kannski um lagasetninguna og framkvæmd hennar eða að menn gefi afslátt af því. Ég held að einmitt framkvæmd Breta á hryðjuverkalögunum sýni að þeir gáfu ekki afslátt, ekki þegar það hentaði þeim ekki.

[16:18]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Beiting Breta á hryðjuverkalöggjöfinni var alveg svívirðileg enda hafði hún svo sem ekkert sérstaklega að gera með það lagaumhverfi sem gildir eða hefur gilt um fjármálastarfsemi í Bretlandi. Hún er ekki tengd því sem ég var að tala um. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að beiting hryðjuverkalaganna var svívirðileg og að sjálfsögðu fordæmanleg.

Hv. þingmaður nefndi Lehman Brothers. Það eru vafalaust ýmsar ástæður fyrir því að illa fór hjá mörgum af burðarstoðunum í fjármálakerfinu vítt og breitt um heiminn. Sumir telja að einn orsakavaldurinn í falli Lehman Brothers hafi einmitt verið að þar var verið að sulla saman fjárfestingarbankastarfsemi og viðskiptabankastarfsemi á mjög óheppilegan hátt. Það er málefni sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum oft vakið máls á í sölum Alþingis, að það þyrfti með einhverjum hætti að skilja betur á milli.

Ég held reyndar að menn átti sig betur í umræðunni núna á mikilvægi þess að skilja á milli fjárfestingarbankastarfsemi og viðskiptabankastarfsemi með einhverjum hætti, hvort sem hann er hreinn og klár fyrirtækjaaðskilnaður, bókhaldslegur eða eitthvað þess háttar, að menn hafi farið inn á braut sem er óheppileg hvað varðar Lehman Brothers.

Ég hygg að aðskilnaður á milli fjárfestingarbanka og viðskiptabanka, m.a. í Bandaríkjunum, sé almennt nokkuð ríkjandi. Ég segi það þó með nokkrum fyrirvara.

[16:20]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp sem er kannski ekki mjög brýnt að afgreiða strax miðað við að bjarga heimilunum í landinu. Hins vegar horfir það til framtíðar og er tilraun, að mér sýnist, til þess að takast á við þau vandkvæði sem ollu hruninu mikla og með því á að reyna að laga forsendur.

Ég hef flutt tillögu til þingsályktunar sem er að finna á þingskjali 634 og er 375. mál þingsins, um að búa til nýja tegund af hlutafélögum sem eru með gagnsætt eignarhald. Það yrði væntanlega mjög eftirsótt, bæði af lánveitendum og fjárfestum og mundi væntanlega taka yfir markaðinn, ef svo er hægt að segja. Þar í er margt svipað því sem er í þessu frumvarpi, svo að ég haldi því til haga.

Hér eru margar mismunandi breytingar og þarfnast málið örugglega mikillar vinnu í hv. efnahags- og skattanefnd þar sem ég á sæti. Ég mun leggja mitt af mörkum til þess að þetta megi vinnast sem allra hraðast.

Ég ætla ekki að fara í gegnum einstaka liði sérstaklega. Það sem er athyglisvert er 3. liðurinn, um fyrirtæki sem eru í öðrum löndum og í skattaskjólum, og líka 5. liðurinn þar sem fjallað er um fyrirtæki sem skráð eru á Jómfrúreyjum og víðar.

Maður spyr sig: Hvers vegna í ósköpunum stofnuðu menn fyrirtæki í þessum löndum? Ég hef ekki fengið almennilega eða vitræna skýringu á því annað en þá að menn reyndu þannig að fela eignarhald eða að skjóta tekjum undan skatti. Hvort tveggja þykir mér slæmt þannig að ég get alveg tekið undir breytingar, ef þær eru raunhæfar, til að koma í veg fyrir það.

Í fjórða lagi er rætt um að upplýst verði um inneignir og greidda vexti. Ég held að það sé allt til bóta þannig að ég tel að það sé margt í þessu frumvarpi sem horfir til betri vegar og hefði kannski átt að vera búið að gera fyrir löngu síðan. En það eru mörg verkefni sem menn glíma við og þegar allt gengur þokkalega vinna menn kannski ekki mikið í þeim. Það getur verið mjög slæmt og erfitt að breyta þegar allt gengur vel vegna þess að það eru alltaf einhverjir hagsmunir sem mæla því mót og fáir sem mæla með breytingum. En þegar menn fá yfir sig svona katastrófu eins og núna eru þeir frekar tilbúnir til að taka á sig ýmsar breytingar og þá er auðveldara að ná þeim fram.

Ég vil ekki tefja málið mikið meira og mun vinna hratt og vel að því í efnahags- og skattanefnd þótt ég sjái kannski ekki alveg að það sé það brýnasta núna, alla vega ekki fyrir heimilin og atvinnulífið, en auðvitað horfir það til framtíðar. Þá minni ég á tillögu mína til þingsályktunar, að búa til nýja tegund af hlutafélögum sem eru með gagnsætt eignarhald.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 368. mál (persónukjör). — Þskj. 622.

[16:24]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Fyrri hluti þessarar umræðu fór fram í gær, eins og við vitum, og hefur ekki alveg verið samfella í umræðunni vegna anna á þinginu. En mig langar að byrja á því að tala um þetta mál almennt áður en ég ræði um einstaka útfærslur sem þarna koma fram.

Ég vil segja í upphafi að ég tek undir þau sjónarmið að æskilegt sé að efla persónukjör í þingkosningum. Ég held að það séu svo sem margar leiðir færar í því efni og er áhugi meðal stjórnmálamanna og í þjóðfélaginu almennt á að gera breytingar til að styrkja persónukjör.

Þau miklu mótmæli sem urðu fyrir utan þinghúsið í vetur hafa áreiðanlega ýtt við mörgum hér innan dyra um að knýja fram breytingar á kosningalöggjöfinni núna og raunar stjórnarskránni einnig og á morgun munum við taka fyrir breytingar á stjórnskipuninni sem er frumvarp frá stjórnarflokkunum og Framsóknarflokknum. Ég tel að meginástæðan fyrir því að þessi mál koma svona bratt inn í þingið núna séu mótmælin og sú ólga sem varð í samfélaginu í kjölfar hrunsins.

Ég vil að menn hugsi vel um mál af þessum toga sem varða breytingar á því hvernig við kjósum fulltrúa okkar, hvernig við veljum fólk á listum, hvernig við umgöngumst stjórnarskrána og hvernig við breytum stjórnarskránni. Allir þessir þættir eru hornsteinar og grundvöllur lýðræðisskipunar okkar. Mér finnst að við eigum að fara með gát þegar við gerum breytingar og mér finnst að við þurfum að hafa tíma til að hugsa þær. Það þarf að hafa ákveðna ró yfir slíkum breytingum og mér líkar ekki að hafa of mikinn asa á þeim.

Þess vegna verð ég að segja að ég skil ekki alveg af hverju menn vilja afgreiða málið svona hratt. Ég hefði kosið að við byrjuðum þessa umræðu og tækjum hana svo aftur upp að loknum kosningum og lykjum henni á komandi vetri.

Þetta mál mun fara að lokinni þessari umræðu inn í allsherjarnefnd þar sem það verður tekið til athugunar og ég á von á því að þar komi fram ýmis sjónarmið í málinu. Það fær vonandi vandaða og góða umfjöllun.

Það liggur ljóst fyrir að í Sjálfstæðisflokknum er mjög ríkt persónukjör í prófkjörum. Ég hygg raunar að prófkjörsleiðin sem farin er á Íslandi sé ekki algeng í öðrum löndum. Vegna þess að menn segja að Sjálfstæðisflokkurinn sé svo óskaplega mikið á móti þessu frumvarpi og svo mikið á móti persónukjöri, vil ég taka fram að prófkjör Sjálfstæðisflokksins eru gríðarlega fjölmenn og í raun og veru alveg einsdæmi hér á landi. Ég held því fram að persónukjör í þeim flokki sé mjög verulegt nú þegar.

Það frumvarp sem liggur fyrir er dálítið ruglingslegt að mínu mati. Ég hef áhyggjur af því að þar sé verið að leggja til fleiri en eina leið. Þar er bæði talað um raðaða lista og óraðaða lista, að flokkar eigi að geta ákveðið hvort þeir hafi raðaðan lista eða óraðaðan lista og gangi til kosninga með mismunandi fyrirkomulag fyrir framan sig.

Það er meira að segja svo að það getur verið mismunandi á milli kjördæma. Það finnst mér slæmt. Ég hefði kosið að við næðum samkomulagi um að ein leið yrði valin. Ef nota á óraðaðan lista á það að vera þannig en það á ekki að vera tilviljunum háð hvort hann er óraðaður eða ekki, eins og mér sýnist vera um að ræða hér. Ég er ekki hlynnt því að um tvöfalt fyrirkomulag sé að ræða.

Í kosningalögunum er nú þegar ákvæði um að hægt sé að breyta röðun á lista, að strika út fólk á lista og raða upp á nýtt þannig að þetta er ekki alveg glæný hugmynd í kosningafyrirkomulagi okkar. Þetta er í lögunum en einhvern veginn hefur mér fundist lítið fara fyrir því í umræðunni. Ég held að það hafi bara ekki verið nefnt og mér finnst það dálítið merkilegt.

Í greinargerðinni er fyrst og fremst fjallað um hvernig staðan er í öðrum löndum og síðan er farið nákvæmlega yfir reikningsreglur. Mér finnst þessi greinargerð ekki hjálpa manni óskaplega mikið. Ég sé fyrir mér að við í allsherjarnefnd þurfum að fá marga gesti til okkar til að útskýra málið en ég vil þó nefna að það eru ýmsar leiðir nothæfar í þessu. Svíar nota ákveðna leið sem er þannig að maður getur krossað við nafn á lista til að hafa áhrif á persónukjör. Þá er gerð breyting þannig að maður getur annars vegar kosið lista og hins vegar getur haft með persónulegt atkvæði. Það er ein leið sem hægt er að skoða. Þetta er kallað hálft skref, mjúk leið að persónukjöri. Sumir ganga miklu lengra, t.d. Finnar, en aðrir ganga ekki eins langt í þessu efni.

Í greinargerðinni er talað um að við séum með lokaða flokkslista og sagði hv. þm. Lúðvík Bergvinsson við 1. umr. að við værum í hópi landa eins og Bólivíu, Búlgaríu, Ekvador og Gíneu. Hann lét í veðri vaka að það væri ekki góður félagsskapur fyrir Íslendinga og þyrftum við að komast úr þessum hópi til annarra Evrópuþjóða sem eru með persónukjör, svo sem Austurríki, Belgía, Danmörk o.s.frv.

Mér finnst ekki rétt að tala svona og ég skil ekkert í hv. þingmanni gera það. Ég vil svara því á þann veg að það er ákveðið persónukjör þegar í gildi hér. Prófkjörin eru það. Það eru ákveðnar leiðir í kosningalögunum. Það er ekki nefnt í þessari greinargerð og hefði þurft að koma skýrar fram að mínu áliti.

Ég spurðist fyrir um það í upphafi umræðunnar í gær hvernig flutningsmenn líta á samspil þessa frumvarps við 31. gr. stjórnarskrárinnar og 6. mgr. hennar sem kveður á um að breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta sem mælt er fyrir um í lögum verði aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi. Það þýðir að þegar menn gera breytingar eins og þessar er um að ræða breytingar sem hafa mikil áhrif á þingsæti og þá þurfum við aukinn meiri hluta. Mér finnst eðlilegt að svo sé. Mér finnst eðlilegt þegar menn hlutast til um svona verkefni að það sé aukinn meiri hluti á þinginu. Hins vegar skildi ég hv. þm. Lúðvík Bergvinsson svo í gær að mikil áhöld væru um það og að hann væri alls ekki viss um að það þyrfti aukinn meiri hluta, heldur væri nóg að hafa einfaldan meiri hluta í þessu efni.

Það er mál sem þarf að rannsaka. Þetta verðum við að vita og mun allsherjarnefndin auðvitað rannsaka þetta og kalla til sín menn til þess að fara yfir málið. Ég felli mig ekki við það sem fram kom í gær að þetta gæti komið í ljós

með atkvæðagreiðslu með frumvarpinu. Það getur aldrei gengið. Við verðum að vita þetta fyrir fram. Ef það er samdóma álit manna, sem ég hygg að muni koma í ljós, að 2/3 þurfi er enn þá mikilvægara að betri samstaða náist á þinginu um þessar breytingar. Þá er enn þá mikilvægara að við í stjórnarandstöðunni höfum meiri aðkomu að málinu og að málið fái að þroskast með eðlilegum hætti.

Ég skil satt að segja ekki af hverju liggur svona óskaplega á. Við höfum rætt um mál í dag sem skipta að mínu áliti verulega miklu fyrir þá atburði átt hafa sér stað og það ástand sem ríkir í landinu. Við vorum t.d. að ræða frumvarp um breytingar á virðisaukaskatti sem skiptir verulega miklu máli fyrir fyrirtækin og atvinnulífið í þessu landi. Það er mál sem við sjálfstæðismenn styðjum heils hugar. Við höfum sagt það allan tímann að við munum styðja þau mál sem munu hjálpa til við að koma atvinnulífinu í gang og fyrirtækjunum í landinu.

Þess vegna finnst mér svo mikill óþarfi að nýta þennan mikilvæga tíma fram að kosningum til þess að tala um mál sem liggur ekki svo óskaplega mikið á að afgreiða. Við erum komin af stað í kosningabaráttu. Það er sjálfsagt að leggja þetta mál til kynningar, skoða það og ræða stuttlega og leyfa því síðan að þroskast í sumar og taka það aftur upp í haust, þá með meira samkomulagi á milli flokkanna.

Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á að setja á fót stjórnlagaþing og við munum ræða það á morgun. Ég held að það sé ýmislegt þar sem vert er að skoða. En ef það er skoðun ríkisstjórnarflokkanna að það þurfi að samþykkja slíkt stjórnlagafrumvarp núna til þess að breyta stjórnarskránni, af hverju gerum við þá breytingar á stjórnarskránni í millitíðinni? Af hverju á að breyta kosningalögunum núna? Af hverju gerum við það ekki bara í einu lagi þegar búið er að kjósa? Af hverju liggur okkur svona óskaplega mikið á?

Ef ég svara eigin spurningu held ég að það sé vegna þess að sú mikla hreyfing sem varð hér fyrir utan húsið og ég nefndi í upphafi, hafi haft þau áhrif að stjórnarflokkarnir telja sig knúna til þess að svara því strax með einhverjum hætti.

Ég segi þá á móti: Við getum alveg gert það með því að leggja svona frumvarp fram og bíða svo. Við getum ekki farið af stað með frumvarp sem ekki er almenn samstaða um og við getum ekki haft mörg vafaatriði í því og samþykkt það svona vanbúið eins og mér finnst það vera. Ég tek það aftur fram mér finnst alveg óþarft að bjóða kjósendum í landinu upp á að vera með tvöfalt kerfi.

Svo getum við líka horft á þetta út frá sjónarmiðum landsins í heild. Kjördæmin eru mjög sérkennileg mörg hver. Landsbyggðarkjördæmin gríðarlega víðfeðm og Reykjavík er skipt í tvennt. Hvaða áhrif hefur svona breyting á jafnvægi í landinu? Hvaða áhrif hefur það t.d. á Suðurkjördæmið að fara í persónukjör í kosningum? Er hætta á því að allir þingmennirnir komi af þéttbýlisstöðunum? Er hætta á því að Selfoss og Reykjanesið hafi alla þingmenn? Gæti það gerst að sveitirnar fyrir austan fengju engan málsvara nema neðarlega af listanum? Hvernig ákveðum við hvernig við heyjum kosningabaráttuna? Hvernig ákveðum hverjir fara á þessa óröðuðu lista? Er það gert með því að menn auglýsi sig, að mest geti 100 menn boðið sig fram? Á síðan að raða? Hvernig verður dreifingunni háttað? Eða eru það kannski flokkarnir sem munu koma með einhvers konar lista fyrst? Erum við þá ekki hvort sem er farin að velja? Allt eru þetta spurningar sem við þurfum að leita svara við í nefndinni.

Hver leiðir þennan lista þegar kosningabaráttan hefst með allt fólkið á óröðuðum lista? Hvert á þetta fólk að fara? Við hvaða kjósendur ætla frambjóðendur að tala? Ætla sumir að vera á Höfn í Hornafirði en aðrir í Keflavík? Er þá ekki hætta á því að þeir sem eru í Keflavík verði kosnir en ekki þeir sem eru á Höfn í Hornafirði af því að það eru svo fáir þar?

Þetta eru allt sjónarmið sem við þurfum að skoða. Við þurfum ákveðinn tíma til að gera það og við skulum ekki flýta okkur of mikið. Ég heyrði það í gær og las það í *Morgunblaðinu* eða í einhverju blaði í dag að sjálfstæðismenn væru þvert á móti hugmyndunum. Það er ekki svo en við viljum hins vegar fá að skilja málið og ræða það og átta okkur á því hvaða afleiðingar það hefur. Þær afleiðingar eru ekki alveg skýrar í mínum huga og ég hygg að þannig sé það með marga.

Ég gat nú ekki betur heyrt og mér sýnast vera áhöld um það hjá mörgum stjórnarsinnum hvernig við ætlum að túlka einstaka hluti og hvaða áhrif þetta muni hafa. Þess vegna segi ég: Við skulum vanda okkur við þetta. Við skulum ekki taka þetta mál fram yfir þau brýnu mál sem liggja fyrir þinginu.

Hæstv. fjármálaráðherra lagði nýlega fram frumvarp sem snýr að séreignarsparnaði. Það er mjög mikilvægt mál. Við þurfum að tala um það en ekki þetta núna. En við getum hins vegar lagt það fyrir nefndina til að skoða þetta og fengið til okkar gesti og tekið það aftur upp í haust. Við getum prófað það í sveitarstjórnarkosningunum. Það eru sveitarstjórnarkosningar á næsta ári og er líklega mismunandi hvernig sveitarstjórnarmenn líta á það. En það er kannski ekkert vitlaust að gera prufu á svona kerfi í slíkum kosningum en ekki fara beint með það í alþingiskosningar.

Aðalatriðið er: Öll mál sem snúa að kosningalöggjöfinni, stjórnskipuninni, hornsteinum íslenskrar skipunar, þurfa ákveðinn tíma. Ég neita því ekki að oft hefur það tekið of langan tíma en fyrr má nú vera. (Forseti hringir.)

[16:40]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir allt það sem kom fram í ræðu hv. þm. Ólafar Nordal og ekki síst um það sem hún kom inn á um samstöðuna sem skiptir miklu máli í þessu. Jafnframt að það skiptir höfuðmáli á þeim dögum sem eftir eru í þinghaldinu að taka fyrir og ræða þau mál sem skipta samfélagið máli, fjölskyldurnar, fyrirtækin. Við verðum að leggja aðaláherslu á þau mál.

Mig langar til að koma með eina litla fyrirspurn til hv. þingmanns vegna þess að hún kom inn á prófkjör í ræðu sinni og lýsti því hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið að þeim. Ég er alveg sammála skýringunni sem þar kom fram en mig langar að spyrja hvað þingmanninum finnst um að prófkjör allra flokka verði sama dag á sama seðli. Valið yrði á listana með þeim hætti í stað þess flokkarnir héldu allir prófkjör á mismunandi tímum og fólk færi í kross á milli flokka til að taka ákvörðun um hverjir sætu á

hinum einstöku listum viðkomandi flokka. Það yrðu sem sagt nokkurs konar forkosningar með einum auðum seðli og menn mundu raða því fólki á lista sem þeir hafa áhuga á að kjósa.

Ég minnist þess að þetta var viðhaft í sveitarfélaginu Ölfusi fyrir 25–30 árum og gafst það vel. En það var einn ákveðinn stjórnmálaflokkur sem sprengdi þetta fyrirkomulag. En nú er spurningin: Er ástæða fyrir okkur á Alþingi að taka upp eða skoða þetta fyrirkomulag?

[16:42]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta hefur verið rætt stuttlega, bæði í þessu húsi og annars staðar, hvort skynsamlegt sé að hafa einhvers konar forval. Ég hygg að nú þegar kosningar ber svona brátt að hafi menn verið að velta því fyrir sér hvernig hægt sé að velja á lista með skjótum hætti. Hér um bil allir flokkar velja núna um helgina eða þá næstu. Það hefur auðvitað áhrif á þingstörfin.

Ég held að þetta sé eitt af því sem við eigum að horfa til og sem við verðum að velta fyrir okkur. Við höfum ekki talað mjög mikið um breytingar á kosningalöggjöfinni undanfarin missiri. Við höfum talað um að gera þurfi ákveðnar breytingar en við ekki talað um einstakar útfærslur.

En þegar málið fer á dagskrá koma ýmsar aðrar hugmyndir fram sem geta verið miklu betri en þær sem liggja fyrir. Það er það sem ég kalla eftir, að málið fái að þroskast í þinginu og úti í samfélaginu. Það er nauðsynlegt fyrir kjósendur og okkur öll sem kjósum í þessu landi að við fáum tilfinningu fyrir því í hvaða átt er verið að stefna.

Þegar maður reynir að útskýra það frumvarp sem hér liggur fyrir er ekki endilega alveg skýrt í huga fólks að það eigi að fara að kjósa eftir því núna í vor vegna þess að málið er svo nýtt og algjörlega óljóst. Það er það sem ég átta mig ekki á.

Af hverju er verið að bjóða fólkinu í landinu upp á þetta? Af hverju er verið að rugla fólkið í landinu með þessu? Af hverju tölum við ekki frekar um þau mál sem ég taldi upp áðan og sem við þurfum að skoða? Við afgreiðum þetta mál með eðlilegum hætti í haust, ræðum það hvarvetna í samfélaginu. Það á t.d. eftir að ræða það á vettvangi lögfræðinnar. Það er fróðlegt að vita hvaða sjónarmið eru þar uppi. Hefur þetta verið rætt mikið í háskólasamfélaginu? Á kaffistofum? Þetta þarf allt að eiga sér eðlilega umræðu sem ég legg höfuðáherslu á (Forseti hringir.) að fari fram núna.

[16:44]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Hér ræðum við það mikilvæga viðfangsefni laganna sem eru lög um kosningar til Alþingis. Það er ekki á hverjum degi sem við fáum tækifæri til þess á hinu háa Alþingi að fjalla um breytingar á stjórnarskrá eða lögum um kosningar til Alþingis og þess vegna er mikilvægt að okkur gefist góður tími til þess að fara yfir þessi mál. Það sem hér er fjallað um sérstaklega og lýtur að auknu persónukjöri í kosningum til Alþingis, er að mínu mati afar mikilvægt. Ég er fylgjandi því að við aukum möguleika kjósenda á að velja á milli einstaklinga. Ég tel að við Íslendingar höfum verið að þróa það allvel með, eins og hér hefur komið fram, prófkjöri hjá einstaka flokkum, mismunandi umfangsmiklum prófkjörum, sumir flokkar láta sér nægja tiltölulega þröngan hóp, aðrir hafa opin prófkjör o.s.frv. En hér er verið að tala um að á kjörseðli eigi kjósandinn þess kost að velja og raða.

Ég tel þetta geysilega mikilvæga umræðu í lýðræðissamfélagi okkar og hún þarf að fara fram á Alþingi. Hún þarf að fara fram um allt þjóðfélagið. Við þurfum að fá almenning með okkur og sannfæra hann um að þær breytingar sem við viljum gera núna á kosningafyrirkomulaginu séu sannfærandi. Ég verð að viðurkenna að mér brá nokkuð þegar fregnir bárust af því að á Íslandi væru nú eftirlitsmenn frá alþjóðlegri stofnun sem fylgist með og hefur eftirlit með kosningum í lýðræðisríkjum. Hér inni í þingsalnum er einmitt þingmaður sem þekkir slíka vinnu, eftirlit með kosningum. Ég veit ekki til þess að það hafi áður gerst á Íslandi í aðdraganda kosninga að það sjáist til slíkra eftirlitsmanna. Hvað er að gerast? Hafa áform um breytingar nokkrum vikum fyrir kosningar á kosningalöggjöf leitt til þess að eftirlitsstofnanir alþjóðasamfélagsins telji ástæðu til að hafa sérstaklega auga með kosningum á Íslandi?

Ég tel þetta umhugsunarefni og eitt af því sem við þurfum að velta fyrir okkur og huga að. En hvað um það, ég tel að þessi umræða sé geysilega mikilvæg og við alþingismenn eigum að taka höndum saman um að ganga til breytinga sem eru til góðs og eru líklegar til að efla tilfinningu almennings í landinu, tilfinningu kjósenda, fyrir vali í kosningum. Við þurfum að standa þannig að málum að kosningaþátttaka minnki ekki á Íslandi, hún hefur verið að minnka víða í nágrannalöndum okkar. Meðal annars liggur fyrir í greinargerð með þessu frumvarpi að það val sem t.d. er boðið upp í Svíþjóð hefur ekki leitt til þess að kosningaþátttaka hafi aukist eða fleiri og fleiri hafi valið þann kost að velja eftir því kerfi sem Svíarnir hafa sett upp hvað varðar aukið persónuval.

En hvað um það, við höfum þetta frumvarp fyrir okkur og við þurfum að taka afstöðu til þess. Ég hlýddi á framsöguræðu 1. flutningsmanns frumvarpsins, hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, og ég verð að viðurkenna að hann sannfærði mig ekki um að þær aðferðir sem settar eru upp í þessu frumvarpi séu sú leið sem við eigum að fara, enda kemur fram í greinargerðinni — og hann vakti sérstaka athygli á því — að það kynnu að vera aðrir kostir í spilunum. Nefndin þyrfti að fara ofan í það hvort frumvarpið sem hv. þingmaður mælti fyrir væri þess eðlis að gera þyrfti grundvallarbreytingar á því. Ég held að allsherjarnefnd, sem fær þetta til meðferðar, þurfi svo sannarlega að skoða þetta mjög vandlega.

Um leið og ég undirstrika að ég vil taka þátt í breytingum sem auka persónuvalið, velja hina réttu leið sem við getum náð sátt um, þarf að tryggja að við séum ekki að eyða tímanum í þessa umræðu núna, um svona frumvarp sem e.t.v. liggur fyrir að komist ekki í gegnum þingið vegna þess að samkvæmt 32. gr. stjórnarskrárinnar þurfi tvo þriðju þingmanna til að samþykkja slíkar breytingar á kosningareglunum.

Það liggur fyrir lögfræðiálit innan þingsins. Í niðurstöðu þess segir að um þá breytingu á kosningalögunum sem við

fjöllum um, gildi ákvæði 32. gr. um að tvo þriðju hluta atkvæða á Alþingi þurfi til að gera breytinguna. Allsherjarnefnd þarf að fara ofan í þetta og kynna sér það vandaða lögfræðiálit sem liggur fyrir innan þingsins og þarf að skoða. Við eigum ekki að standa frammi fyrir því að talið verði að við höfum breytt lögum hér sem varða kosningar til Alþingis þannig að ekki standist stjórnarskrána. Það gæti leitt til þess að kosningin yrði kærð, enda varar einn af höfundum frumvarpsins við þessu í grein í *Fréttablaðinu* í gær. Þar kemur fram að sú leið sem gert er ráð fyrir að farin verði í frumvarpinu, sé umdeild, það sé umdeilt hvort þetta ákvæði stjórnarskrárinnar gildi um frumvarpið. Hann gengur ekki lengra en svo en vekur athygli á að það sé umdeilt. Það segir mér að þetta þurfi að skoða alveg sérstaklega.

Annað sem var í þessu ágæta blaði sem vitnað var til og vakti reyndar athygli mína var það — sem er allt annað mál — að fram kom hjá hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra að þau hafa miklar áhyggjur af því að mál gangi ekki nógu hratt fram í þinginu. Þau telja að mál gangi ekki eins og nauðsynlegt sé, eins og segir í *Fréttablaðinu,* svo ég vitni til þess, með leyfi forseta:

„Þá létu ráðherrar í veðri vaka að það stæði upp á þingið að hafa hraðar hendur.“

Um hvað erum við að fjalla? Erum við að fjalla um bráðnauðsynlegar aðgerðir fyrir heimilin, fyrirtækin og bankakerfið í landinu? Nei, við erum að fjalla um breytingar á kosningalöggjöfinni sem ég tel að sé nauðsynlegt að fara yfir en ég tel að það sé ekki forgangsmál sem ryðji öðrum mikilvægum málum frá og til hliðar. Ég er alveg sammála hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra að við þurfum að gæta þess að þau mál sem eru mikilvæg fyrir efnahagsstöðuna í landinu og það alvarlega ástand sem hér er og er nauðsynlegt að afgreiða til að koma til móts við það ástand.

Þetta vildi ég nefna hér í framhjáhlaupi af þessu tilefni.

Hvað varðar hins vegar það frumvarp sem hér er til meðferðar tel ég að það sé mjög mikilvægt að breytingarnar feli í sér að útfærslan á kerfinu sé einföld. Ég hef miklar efasemdir um að það sé skynsamlegt að mismunandi aðferðir séu hjá flokkunum. Einn flokkur velur frambjóðendur og fastsetur á listann í prófkjöri á meðan annar flokkur býður upp á að stilla upp óraðað og lætur kjósendum eftir röðun. Ég tel að það sé ekki kostur eins og hér er gert ráð fyrir sem æskilegum möguleika. Ég tel a.m.k. að allsherjarnefnd þurfi að fara mjög vandlega ofan í þetta fyrirkomulag. Við viljum ekki hrapa að neinum breytingum sem gera framkvæmd kosninga til Alþingis Íslendinga flókna og líklega til þess að fjöldi atkvæðaseðla gæti orðið ógildur þó að sem betur fer muni fólk að sjálfsögðu kynna sér vel þær reglur sem eru í gildi.

Ég tel engu að síður mikilvægt að þetta atriði sé á þann veg að ein regla gildi um framboð allra flokkanna á Íslandi. Þá er spurningin: Hvaða aðferð er best? Það tel ég að allsherjarnefnd þurfi að skoða vandlega og er æskilegt að við finnum sameiginlega leið sem við getum samþykkt, helst samhljóða, á Alþingi. Það væri mjög af hinu vonda ef efnt yrði til mikils ófriðar um þetta mál. Ég verð að segja alveg eins og er að miðað við framsögu 1. flutningsmanns var ekki verið að gefa færi á miklum málamiðlunum þar. Fullyrt var að lögfræðiálit sem varðar 32. gr. stæðist ekki sem gerir ráð fyrir því að tveir þriðju þingmanna verði að samþykkja breytingarnar þannig að ekki var gefið neitt færi á mikilli umfjöllun eða miklum breytingum á þessu frumvarpi nema þá gjörsamlega í grundvallaratriðum.

Hæstv. forseti. Ég tel sem sagt að við þurfum að fara mjög vandlega yfir þetta og ítreka almennan stuðning minn við aukið persónuval. Ég vænti þess og vona svo sannarlega að hv. allsherjarnefnd nái að fjalla þannig um frumvarpið að við fáum aftur inn í þingið vandaða lagasmíði sem við getum sameinast um, hvort sem það verður á þessu vori eða að þeir sem hér verða áfram fái tækifæri til að afgreiða það næsta haust.

[16:56]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Efnahagshrunið sem við stöndum frammi fyrir á Íslandi í lok tæplega 18 ára valdatíma Sjálfstæðisflokksins er vissulega mikið úrlausnarefni úr að greiða og ummæli forsætisráðherra okkar, sem ekki voru kannski nákvæmlega endursögð í fjölmiðlum, lutu að því að það mundi mæða mikið á Alþingi að koma þeim fjölmörgu og brýnu björgunarmálum hér í gegn sem við vitum að þingið þarf að reyna að afgreiða áður en það fer heim í kosningar. Þau voru ekki í niðrandi merkingu sögð, heldur þvert á móti af skilningi á því að mikið mun mæða á þinginu.

En lýðræðið er líka mikilvægt og ég held að það sé líka mikilvægt verkefni að koma til móts við þjóðina og háværar kröfur hennar um aukið lýðræði sem tengist m.a. þeim atburðum sem orðið hafa á Íslandi. Að öðru leyti verð ég að segja að ég veit ekki hvort hv. þm. Sturla Böðvarsson og fyrrverandi forseti Alþingis er best manna til þess fallinn að mæra virðingu Alþingis eins og hann talar til sumra starfsbræðra sinna, t.d. í blaðagrein í dag þar sem hann segir, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Á mínum langa ferli í stjórnmálum hef ég ekki áður orðið vitni að öðrum eins vinnubrögðum og þeim sem Jóhanna og Steingrímur J. viðhafa á öllum sviðum. Og það er vert að minnast þess og rifja upp að þau komust til valda í skjóli ofbeldisfullra aðgerða gegn Alþingi. Aðgerða sem ráðherra Vinstri grænna hefur hreykt sér af að hafa staðið að baki og margir telja að hafi verið skipulagðar í skjóli Vinstri grænna bæði innan þingsins og utan.“

Þetta eru einhver ömurlegustu ummæli sem ég hef lengi séð frá stjórnmálamanni. Þetta eru ómagaorð, þetta eru örökstuddar og rangar dylgjur um starfsbræður hv. þingmanns í stjórnmálum og ég lýsi sérstakri skömm minni á því að Sturla Böðvarsson, hv. þingmaður og fyrrverandi forseti Alþingis, skuli leyfa sér málflutning af þessu tagi. Ég kýs að nota ræðustól á Alþingi til að lýsa skömm minni á þessum málflutningi hv. þm. Sturlu Böðvarssonar og mun ekki svara því að öðru leyti.

[16:59]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hér sannaðist það að sannleikanum verður hver sárreiðastur þegar hlustað er á stóryrði og gífuryrði hæstv. fjármálaráðherra. Það mæðir vissulega mikið á Al-

þingi og það mæddi vissulega mikið á Alþingi í haust og það sem af er vetri. Ég tel að alþingismenn hafi langflestir staðið bærilega vel í fæturna og fengist við þau mikilvægu verkefni sem um er að véla á hinu háa Alþingi. Gífuryrði í garð einstakra þingmanna héðan úr ræðustól af hálfu hæstv. fjármálaráðherra vekja auðvitað athygli og þau snerta þingmenn, vissulega. En ég hvet hæstv. fjármálaráðherra, vegna þeirra orða sem hann viðhafði hér, til að kynna sér það sem bókað er í fundargerð forsætisnefndar fimmtudaginn 22. janúar sl. Þá gæti hann kannski áttað sig á því um hvað ég er að tala.

[17:00]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Forseti. Mér er nákvæmlega sama hvað er bókað í forsætisnefnd Alþingis. Ég sem formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs veit fyrir hvað sá flokkur stendur og veit að hann hefur ætíð og alltaf lagst gegn hvers kyns beitingu ofbeldis. Ég hvatti héðan úr þessum ræðustóli til þess þegar sem mestur óróleiki var í þjóðfélaginu að allir gættu stillingar og hófs og hef ævinlega og ætíð fordæmt allt ofbeldi. Það er algerlega óboðlegur óhróður sem er beint nánast að heilli ríkisstjórn og stjórnmálaflokki, tal af þessu tagi að ríkisstjórn hafi komist til valda í skjóli ofbeldisfullra aðgerða gegn Alþingi. Þetta er svo yfirgengilegur málflutningur að hann dæmir sig auðvitað algerlega sjálfur. Ég kalla það ekki gífuryrði nema þá það að vitna í hv. þm. Sturlu Böðvarsson. Það má auðvitað segja að það sé viss tegund gífuryrða að leggja það á Alþingi og ræðutíðindin að vitna orðrétt í hv. þingmann en það var það sem ég gerði. Að öðru leyti hafði ég ekki um þetta önnur orð en þau að ég lýsti skömm minni á þessum málflutning hv. þingmanns. Þetta er með því allra lágkúrulegasta og fyrirlitlegasta sem ég hef séð íslenskan stjórnmálamann lengi reyna, að fara í opinberri blaðagrein fram með þessum hætti gagnvart ríkisstjórn og stjórnmálaflokkum og starfsfélögum sínum í pólitík að ekki bara láta að því liggja, heldur nánast segja það berum orðum að menn hafi komist til valda á grundvelli ofbeldisaðgerða gegn Alþingi sem þeir hafi sjálfir skipulagt. Þetta er svo fjarri öllum veruleika og hv. þingmaður hlýtur að vita að það er alrangt, þetta er ósannur, ómaklegur og óviðeigandi óhróður sem er hv. þingmanni til sérstakrar skammar og að hann skuli kjósa að merkja starfslok sín á Alþingi með þessum hætti er auðvitað ömurlegt. Þetta heitir að enda illa, frú forseti, verð ég að segja.

[17:02]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli á því að hér er verið að ræða um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis þegar hæstv. fjármálaráðherra notar tækifærið til að tala með þeim hætti sem hann gerði hér og ég endurtek að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Það sannaðist hér á hæstv. fjármálaráðherra sem hefur leyft sér að veitast með þeim hætti sem hann gerði að þingmanni. Hv. þingmaður og hæstv. ráðherra sem hefur staðið hér í ræðustól á þinginu og notað orðbragð og framgöngu og látbragð sem enginn annar þingmaður hefur leyft sér (**JM:** Jú, Ögmundur Jónasson.) svo ég þekki til. Úr háum söðli hefur sá þingmaður og hæstv. ráðherra ekki að detta. (**Fjmrh.:** Ég hef aldrei verið víttur á Alþingi.)

[17:04]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessi hv. þingmaður sem hér talaði síðast, Sturla Böðvarsson, var eitt sinn forseti Alþingis, fram til 1. febrúar sl. Svo kemur hann núna sem almennur þingmaður og hefur áhyggjur af því að það þurfi að skoða mál það sem hér er til umræðu nokkuð betur vegna þess að einhver hafi sagt að það kynni að brjóta í bága við stjórnarskrá. Má ég rifja upp og biðja hv. þingmann að rifja upp viðbrögð sín við þeim varnaðarorðum sem flutt voru á Alþingi 11. desember sl. þegar sýnt var að það var verið að brjóta stjórnarskrána með því að taka af mönnum lögvarðan rétt til þess að fara í mál við gömlu bankana.

Við þessu var varað í ræðustól á Alþingi. Við þessu var varað í nefndarálitum. Við þessu var varað á skrifstofu forseta Alþingis eins og upplýst hefur verið hér í þingsölum þegar hv. þm. Atli Gíslason gekk á fund þess sem þá var forseti og hér talaði áðan. Og hvað skyldi þessi hv. þingmaður hafa gert til þess að gæta virðingar Alþingis þegar stjórnarskráin er annars vegar? Nákvæmlega ekki neitt. Svo líða 2 mánuðir og 9. febrúar sl. fellur dómur í héraðsdómi: Þessi lög brjóta gegn stjórnarskránni. Þess vegna er það, frú forseti, að nú er verið að reyna að bæta fyrir þessi afglöp sem þáverandi forseti Alþingis átti auðvitað að stöðva en hafði ekki manndóm í sér til.

[17:05]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Eins og oft áður virðist sannleikurinn ekki vera nærri hv. þingmanni sem hér talaði. Hún talaði hér um tiltekið frumvarp sem hv. viðskiptanefnd var með til meðferðar. Það er alveg rétt að við áttum ágætan fund, við hv. þm. Atli Gíslason, þar sem hann fór yfir málefnin og ræddi um þau atriði sem hann vildi nefna sérstaklega og vara við. Það er rangt hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, eins og margt annað sem frá henni kemur, að þáverandi forseti Alþingis hafi ekki brugðist við. Hann brást við, fundaði með formanni nefndarinnar og starfsmönnum þingsins sem unnu á nefndasviði að þessu máli og óskaði eftir því að farið yrði ofan í málið að nýju. Það var niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að þess gerðist ekki þörf vegna þess að á leiðinni væru frekari breytingar á þessum lögum og það væri gert ráð fyrir því að nefndin flytti breytingar á þessari löggjöf sem tryggði þá stöðu sem nauðsynlegt væri að tryggja.

Ég vísa algerlega til föðurhúsanna fullyrðingum og stóryrðum hv. þingmanns í minn garð.

[17:07]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í nefndaráliti sem hv. þm. Atli Gíslason lagði fram vegna þeirra laga sem ég hef hér tekið til umræðu og brjóta gegn stjórnarskránni segir, með leyfi forseta:

„Þar er breytingartillaga við 2. gr. tekin upp 116. gr. gjaldþrotaskiptalaga án þess að lögfesta um leið ákvæði

117. gr. Með því er tekinn af stjórnarskrárbundinn réttur einstaklinga og lögaðila til að leita til dómstóla um ágreining auk annarra frávika.“

Stjórnarskrárbundinn réttur einstaklinga og lögaðila af þeim tekinn. Það var á hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að heyra að það væri allt í lagi að brjóta stjórnarskrána, svona í bili ef bara önnur lagasmíð væri í farvatninu sem mundi leiðrétta það innan tíðar. Það var niðurstaða hans sem hann lýsti hér áðan sem forseti Alþingis í því máli. Það er nákvæmlega það sem ég sagði, hér fóru lögin í gegn þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir og hefur nú verið staðfest fyrir dómi að voru lögleysa og stjórnarskrárbrot.

Hv. þingmaður verður ekkert maður að meiri þó að hann beri á mig lygar og ég ætla hvorki að kveinka mér undan því né vísa því til föðurhúsanna vegna þess að ég tel þennan hv. þingmann ekki marktækan í þeim efnum.

[17:08]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þessi umræða er auðvitað komin út á nokkuð sérstakan og mjög hálan ís af hálfu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur. (Gripið fram í.) Út af fyrir sig er það er ekkert nýtt að í þinginu standi deilur um áhrif frumvarpa eða laga sem verið er að … (**ÁI:** … dómurinn kom.) eða laga sem hér hafa verið afgreidd. Þarna stendur tiltekin deila og ég held að það sé langeðlilegast að hv. þingmaður sem nú gegnir þeirri ábyrgðarmiklu stöðu að vera formaður viðskiptanefndar taki til við að vinna að þessu máli sem hv. þingmaður talar hér um. (Gripið fram í.) Nú hefur hún tækifæri til þess, hún hafði það líka meðan málið var afgreitt í gegnum samstarfsmann hennar, en það er algerlega rangt að forseti Alþingis þá hafi ekki brugðist við með þeim eðlilega hætti sem forseti getur gert með því að beina til viðkomandi nefndar að skoða málið að nýju.

Ég vísa þessum stóryrðum öllum til föðurhúsanna og vænti þess að hv. þingmaður kynni sér málin betur áður en rokið er upp með þeim orðum og þeirri orðræðu sem hér var viðhöfð.

[17:10]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Hér er á dagskrá mál sem varðar grundvallaratriði í því hvernig við kjósum í þessu landi. Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á að það sé rætt en þá ber svo við að næstum enginn stjórnarsinni er í salnum og þeir sem eru í salnum taka til við að tala um eitthvað allt annað en þetta mál snýst um. Af hverju vill enginn þeirra tala við okkur um það mál sem hér er verið að ræða, af hverju vilja menn ekki gera það? (**EBS:** Við komumst ekki að, þið eruð svo mörg á mælendaskrá.) Af hverju vilja menn ekki tala um að þetta frumvarp, hugsanlega, ef menn fallast ekki á að það þurfi aukinn meiri hluta, er þá líka brot á stjórnarskránni? Af hverju vill enginn tala um það, hvernig stendur á því að menn koma hér og ráðast á einstaka menn út af allt öðru máli en því sem hér á að ræða? Af hverju megum við ekki tala um þetta frumvarp sem snýr að grundvallaratriði í þessu landi? Og aftur á morgun, stjórnarskráin, ætlar enginn að vera viðstaddur þá? Ætlar enginn að taka þátt í þeirri umræðu? Hvað á þetta eiginlega að þýða?

[17:11]

Útbýting:

Embætti sérstaks saksóknara, 393. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 663.

Fiskimarkaðir og hvalveiðar, 392. mál, fsp. MÁ, þskj. 662.

Heimild til samninga um álver í Helguvík, 394. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 664.

Tilskipanir Evrópusambandsins um losun koltvísýrings, 391. mál, fsp. KVM, þskj. 661.

[17:12]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Mismunandi sjónarmið kunna að vera um það hver séu brýnustu verkefnin sem standa eigi í við þær aðstæður sem við búum við í dag. Það liggur fyrir að frumvarpið sem hér er til umræðu, um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, var sett í ákveðinn forgang við umræðu í gær. Jafnframt er ákveðið að hér skuli halda áfram og reyna að klára þá umræðu sem um er að ræða.

Ég hefði talið að það væru mörg önnur brýnni mál sem Alþingi þyrfti að sinna heldur en einmitt þetta frumvarp á þessum tíma. Ég hefði talið að brýnna væri að sinna málum sem varða hagsmuni heimila og fyrirtækja í landinu heldur en það frumvarp sem hér er um að ræða. Ég skal ekki orðlengja það heldur fjalla um efni þessa frumvarps og hver séu brýnustu verkefnin varðandi breytingar á kosningalögum og stjórnarskrá.

Mesta óréttlætið sem við búum við í dag hvað kosningalög varðar er sú staðreynd að kosningarréttur landsmanna er ekki jafn. Um er að ræða að verulegur munur er á atkvæðum fólks. Það munar allt að helmingi á vægi atkvæðis hvers kjósanda.

Í stjórnarskránni, 31. gr., er kveðið á um eftirfarandi:

„Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög.“

Þessi ákvæði er að finna í kosningalögum, í 8. gr. En mismunun er lögfest. Í stjórnarskrá lýðveldisins er lögfest óréttlæti þess efnis að allt að helmingsmunur skuli vera á milli kjósenda, þ.e. að kjósendur í ákveðnum kjördæmum skuli hafa helmingi meira atkvæðavægi en kjósendur í öðrum kjördæmum. Það er óviðunandi óréttlæti að ekki skuli hafa verið hægt að þurrka þetta í burtu og miða við það að kjósendur hafi allir sama rétt, einn maður eitt atkvæði. Það er grundvallaratriði og grundvallarforsenda lýðræðis. Það hefði verið það brýnasta sem hefði þurft að gera varðandi breytingar á stjórnarskrá, varðandi breytingar á kosningalögum, að koma á jafnrétti og jafnræði fólksins í landinu þannig að hver maður hefði eitt atkvæði óháð því hvar hann býr í landinu.

Þetta er spurningin um lýðkjör. Og það er nú einu sinni þannig að mannréttindi og kosningarréttur eru ekki fyrir fermílur, fjöll, akra eða engi heldur fyrir fólk. Fólk á að hafa sömu mannréttindi, sömu lýðréttindi, óháð því hvar það býr á landinu. Þess vegna er brýnt að koma á breyting-

um á kosningalögum og stjórnarskrá hvað þetta varðar. Það er forgangsatriði sem ætti að vera til umræðu varðandi breytingar á kosningalögum og komi fram breytingar á stjórnarskipunarlögum er það forgangsatriði að koma á jöfnuði milli kjósenda í landinu.

Það frumvarp sem hér er til umræðu fjallar um það að heimilað sé að bjóða fram óraðaða framboðslista. Þrátt fyrir að í greinargerð sé talað um að færi gefist á persónukjöri í kosningum og talað um óraðaða framboðslista þá eru þeir í raun ekki óraðaðir. Þeir eru raðaðir miðað við ákvæði lagafrumvarpsins, þeir eru raðaðir eftir stafrófsröð. Hins vegar er um það að ræða að hlutað er til um það hvar byrjað er í stafrófsröðinni, og það er í sjálfu sér ekki óraðaður listi.

Ef hluta ætti til um það og listi væri óraðaður væri í raun verið að miða við að hlutað væri til um hvert einasta sæti. Það væri þá miklu eðlilegra en að hafa þann hátt á sem frumvarpið gerir ráð fyrir þar sem eingöngu er hlutað til einu sinni og síðan raðast stafrófsröðin áfram eftir það, þ.e. í staðinn fyrir hugsanlega að byrja á A þá byrja menn á G eða S og síðan í beinu framhaldi þangað til komið er að — með svipuðum hætti og iðulega er við nafnakall hér í kosningum á Alþingi.

Það eru nokkur atriði sem tæknilega eru ágalli á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er í 2. gr. talað um það að ef kemur fram listi þar sem fleiri nöfn eru á en kjósa skal skuli hluta til um þau nöfn sem skulu felld á brott. Þá eru menn komnir út í það að teningur ráði kasti um það hvort viðkomandi sé í framboði eða ekki. Nú er sá háttur á ef um er að ræða slíka hluti þá eru það þeir sem aftastir eru sem falla brott af listanum en þarna gæti það þess vegna verið í tölvutæku formi hver væri í framboði fyrir viðkomandi framboð, þannig að það væri þurrkað út eftir atvikum svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þá er verið að tala um það að yfirkjörstjórn skuli tölusetja nöfn eftir stafrófsröð og hluta síðan um það hver skuli vera efstur á listanum. Eins og ég vísaði til hér áðan þá er það spurning: Af hverju ekki að hluta til um alla?

Fyrir liggur að ef þessi háttur yrði að veruleika væri um óskaplega flókinn hlut að ræða. Það væri erfitt fyrir kjósandann að átta sig — það væri erfitt að lesa í vilja kjósandans þegar um slíka hluti er að ræða sem hér er lagt til og spurningin er hver ávinningurinn eigi að verða.

Fólk skipar sér í stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtök og ágreiningur er um það hverjir séu líklegastir til að geta verið bestu málsvarar viðkomandi stjórnmálasamtaka eða stjórnmálaflokka. Stjórnmálaflokkarnir hafa fullt leyfi til þess að ákveða það með hvaða hætti þeir velja fulltrúa sína og gera það með mismunandi hætti. Sumir með prófkjörum, aðrir með því að stilla upp af trúnaðarmannaráði og/eða sérstökum kjörstjórnum. Í sjálfu sér getur það allt saman verið gott og blessað. Spurningin gæti kannski verið um það að koma í veg fyrir að of mikið flokksræði myndist í því lýðræðiskerfi sem við búum við.

Það er ákveðið viðfangsefni að berjast gegn flokksræðinu og reyna að tryggja sem frjálsasta stöðu þeirra sem starfa innan stjórnmálaflokka en ekki er verið að leysa úr því viðfangsefni með því sem hér um ræðir. Miklu frekar er verið að búa til vandamál sem hægt er að vera laus við. (**PHB:** Það er verið að auka það.) Það er verið að auka við vandamálið. Í sjálfu sér verður ekki séð að það leysi eitt eða neitt eða sé líklegt til að koma á skilvirkara lýðræði í landinu eða líklegra til þess að koma á meiri festu í stjórnarframkvæmd.

Ég skoðaði athugasemdir í greinargerð við frumvarpið og leitaði að því hvort einhver fordæmi væru nefnd um það að nokkur svona skipan væri til staðar í þeim lýðræðislöndum sem við eigum einhvern skyldleika við. Og svo er ekki. Það er verið að nefna það að t.d. í Finnlandi og í Danmörku hafi menn heimildir til þess að breyta töluröð á listum og geti, auk þess að kjósa flokkslista, kosið sérstakan frambjóðanda. Það er í sjálfu sér allra góðra gjalda vert. Það er spurning hvort ekki væri ástæða til að skoða slíkar breytingar á kosningalögum þannig að menn sem njóta sérstakra persónuvinsælda gætu hugsanlega náð kjöri þó að þeir væru kannski ekki skráðir ofarlega á þeim flokkslista sem þeir eiga sæti á.

Mig minnir að í einu tilviki í Danmörku hafi t.d. komið til þess, af því þar eru reglur um útstrikanir og breytingar á listum með öðrum hætti en hér — þetta er nú sagt allt eftir minni — að í borgarstjórnarkosningum í einni útborg Kaupmannahafnar hafi maður sem var í heiðurssætinu, sem var fyrrverandi formaður danska Íhaldsflokksins, verið færður efst og verið kosinn í borgarstjórnina þvert gegn vilja sínum. Kjósendur vildu færa manninn í heiðurssætinu í fyrsta sætið.

Í sjálfu sér væri það góðra gjalda vert að skoða breytingar á kosningalögum hvað þetta varðar. En ekki er verið að gera það hér. Hér er verið að leggja til algjöran rugling í því hvernig stilla eigi upp. Ég get ómögulega samþykkt að það horfi til neinna framfara eða aukins eða bætts lýðræðis í landinu.

Ef menn vildu skoða breytingar sem gætu hamlað flokksræði og væru líklegar til þess að koma á öðrum hlutum en þeim sem hér er um að ræða er til miklu virkari leið til þess og það er að gera breytingar á 43. gr., sbr. 32. gr. kosningalaganna. Í 43. gr. kosningalaganna eru nefnilega ákveðin ákvæði sem mönnum sést oft yfir og hafa gleymt. Í 2. mgr. 43. gr. laga um kosningar segir, með leyfi forseta:

„Nú hafa stjórnmálasamtök fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA …, B, BB … o.s.frv. eftir því sem við á.“

Þannig að heimild er til þess fyrir flokksmenn að bera fram fleiri en einn lista. Þannig gætu t.d. framsóknarmenn borið fram tvo lista í Reykjavíkurkjördæmi norður. Sjálfstæðismenn gætu þess vegna borið fram þrjá lista, D, DD og DDD, í einhverju öðru kjördæmi o.s.frv.

Vandamálið í sambandi við þetta kemur fram í 32. gr., lokamálsgreininni þar, með leyfi forseta:

„Ef sá sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega samkvæmt reglum stjórnmálasamtaka ber fram mótmæli gegn því að listi sé í framboði fyrir þau samtök skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki vera í framboði fyrir þau.“

Segja má að þarna hafi verið sett inn óeðlilegt ákvæði og eðlilegra hefði verið að gera kröfu til þess að þeir sem vildu bera fram lista í nafni flokks væru þá löglega skráðir flokksmenn í flokkinn.

Á sínum tíma þegar umræður voru um kosningalög, og

um þetta ákvæði sérstaklega, þ.e. 24. apríl 1959, sagði þáverandi formaður stjórnarskrárnefndar, Bjarni Benediktsson, í framsöguræðu sinni fyrir meirihlutaáliti þeirrar nefndar sem um þetta fjallaði, með leyfi forseta:

„Ef margir eru í kjöri, fimm eða sex, og kosið hlutfallskosningu þá er ljóst í fyrsta lagi að kjósandinn getur valið um fleiri menn á hverjum lista og er ekki bundinn við þá röðun sem er á listanum þegar hann er lagður fram af flokkssamtökunum. En eins verður þá að muna að minni áhætta er fyrir óánægða flokksmenn að bera fram sérstakan lista ef hlutfallskosningar eru vegna þess að þá er líklegt að meiri líkur séu til þess að minni hlutinn geti komið að sínum manni og þó klofningur verði í flokki þurfi það ekki að leiða til þess að sætið glatist alveg heldur geti af tveimur mismunandi flokkslistum jafnvel tveir mismunandi menn verið valdir.“

Hann heldur síðan áfram, með leyfi forseta:

„Þetta aukna frjálsræði kjósenda sést berlega af tali manna um það að þessari skipun sé sérstaklega fylgjandi hætta á smáflokkum. Sú hætta er í raun og veru ekki annað en það að kjósendur megi sjálfir velja þann sem þeim líkar. Sumir kalla það hættu. Aðrir kalla það aukið frjálsræði.“

Kosningalögin búa til og geyma heimildir fyrir mjög miklu frjálsræði hvað þetta varðar. Þess vegna á sú breytingartillaga sem hér er verið að tala um á kosningalögunum ekki erindi og skiptir í sjálfu sér ekki öðru máli en því að valda ákveðnum ruglingi. Ekki er tekið á því sem mestu máli skiptir, að þurrka út ójöfnuðinn milli landsmanna, þannig að einn maður hafi eitt atkvæði. Í öðru lagi skiptir það engu máli, flokksræðið verður eftir sem áður ríkjandi.

[17:27]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Mjög góðar umræður hafa verið um lýðræðið og hvernig hægt er að koma áhrifum kjósenda í gegnum flokka til Alþingis þannig að krafa þjóðarinnar eða þeirra fjöldasamkunda sem hafa verið hérna í vetur um að menn hafi meiri áhrif á Alþingi næði fram að ganga.

Það er ekki einfalt að koma því við að hinn almenni kjósandi hafi áhrif á þá einstaklinga sem skipa á endanum Alþingi Íslendinga. Menn hafa reynt margar aðferðir. Við höfum verið með alls konar kerfi. Ég tek undir það sem hv. þm. Jón Magnússon sagði áðan um misvægi í atkvæðavægi. Það er náttúrlega í reynd ólíðandi og ég tek undir með honum að það er mikið mál að sumir kjósendur hafi hálft atkvæði og aðrir kjósendur hafi fullt atkvæði eftir því hvar þeir búa á landinu. Það er náttúrlega eitthvað sem þyrfti kannski að laga fyrst og fremst. Þetta hef ég bent á mörgum sinnum í gegnum tíðina.

Hvernig komum við svo vilja kjósenda í gegnum flokkapólitíkina inn á Alþingi? Eins og ég gat um er það ekki einfalt. Menn mynda jú flokka vegna þess að þeir hafa sameiginlega stefnu, sameiginlega lífssýn í meginmálum. Það er alrangt sem sumir halda að þeir sem eru í einhverjum einum flokki séu allir með sömu skoðun og sömu lífssýn. Í meginmálum standa þeir saman í sinni stefnu.

Það frumvarp sem við ræðum nú gengur út frá því að flokkar geti boðið fram annars vegar raðaða lista og hins vegar óraðaða lista. Þá er hugsunin væntanlega sú að í óröðuðum lista hafi kjósandinn val um hvaða menn skipi þann lista og það er hárrétt. Spurningin sem skilin er eftir er: Hvað gerist með hina röðuðu listana, hvernig voru þeir valdir? Var það flokksstjórnin sem tók ein ákvörðun um það einhvers staðar í bakherbergjum, e.t.v. eftir heilmikla umræðu fram og til baka eða var það gert í prófkjöri?

Nú vill svo til að minn flokkur hefur í gegnum tíðina verið flokka duglegastur að stunda raunveruleg prófkjör meðal flokksmanna sinna sem segir það að flokksmenn flokksins hafa heilmikið um það að segja hvernig listi flokksins er uppbyggður á meðan aðrir flokkar hafa verið með tilnefningar og einhverja nefnd sem raðar á listann sem er á margan hátt mjög ólýðræðislegt.

Það sem gert er ráð fyrir hér er að annars vegar verði þetta raðaður listi sem hugsanlega er valinn með prófkjöri og hins vegar listi sem valinn er í lokuðum herbergjum, sem sagt ekkert prófkjör og engin áhrif kjósandans, hvorki flokksmannsins né annarra á þann lista. Síðan verði annar flokkur af óröðuðum listum þar sem fólk getur kosið. Þar kemur hins vegar vandamál sem ekki er tekið á og ekki rætt almennilega um. Ef við tökum t.d. Sjálfstæðisflokkinn, þar væru mjög margir sem mundu vilja bjóða sig fram, segjum 100 manns, hvernig á að velja þá úr? Ef menn gæta ekki að sér og setja of marga á listann verður hreinlega með hlutkesti einhver fjöldi tekinn út af þeim svo að fjöldinn verði réttur á endanum. Það finnst mér eiginlega vera sísta lýðræðið, frú forseti, af þessu öllu, það er eiginlega það sísta. Flokkur sem lendir í því að 100 manns vilji bjóða sig fram yrði væntanlega að hafa prófkjör eða beita annarri aðferð til að lenda ekki í því að besta fólkið á listanum yrði kannski vinsað úr með hlutkesti, sem yrði náttúrlega versta niðurstaðan. Ef mjög margir bjóða sig fram enda menn í rauninni með svipað kerfi og áður, þ.e. annaðhvort yrði prófkjör sem raðar mönnum á lista eða einhver nefnd raðar mönnum á lista. Svo koma kjósendur aftur og endurraða þeim sama lista. Það getur því dálítið skrýtin niðurstaða komið út úr því. Þetta er eitthvað sem þarf að ræða mjög nákvæmlega því að menn mega ekki kastað til þessa höndum.

Menn hafa líka bent á að það að breyta kosningalögum svona stuttu fyrir kosningar — ekki er langt í kosningar, þær eiga að vera 25. apríl að því er sagt er, ekki er búið að ákveða það — sé mjög ólýðræðislegt. Margir flokkar eru t.d. búnir að ákveða prófkjör, sumir eru meira að segja búnir að tilnefna fólk. Vinstri grænir eru búnir að tilnefna sína menn í einu kjördæmi og mjög hæpið að sá flokkur færi í því kjördæmi að koma með óraðaðan lista, það yrði mjög skrýtið, frú forseti. Menn hefðu hugsanlega hegðað sér öðruvísi ef lagafrumvarpið hefði legið fyrir áður. Þá hefðu þeir hugsanlega komið með óraðaðan lista því að þeir hefðu viljað láta kjósendur hafa meiri áhrif á listann.

Þarna komum við aftur að því hvort það sé yfirleitt tækt að samþykkja frumvarp svona rétt fyrir kosningar. Ég átti fund í morgun með fulltrúum frá ÖSE, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, þar sem þeir eru að skoða væntanlegar kosningar. Þetta er eitt af þeim atriðum sem þeim hefur verið bent á og eru þeir að skoða hvort það sé tækt. Sú niðurstaða mun væntanlega liggja fyrir nokkuð fljótlega án þess að ég sé nokkuð að segja að hún sé á neinn hátt bindandi.

Ég er hins vegar ekki mjög hrifinn af frumvarpinu að því leyti til að þegar þingmenn hafa farið í prófkjör vita þeir að það er mjög hatrömm barátta, því miður. Það má eiginlega segja að í ferlinu rekist menn aldrei á persónulega baráttu nema í prófkjörum og eins náttúrlega þegar verið er að stilla upp lista, þá geri ég ráð fyrir að það séu líka ansi mikil átök og sárindi. Út úr prófkjörum koma oft því miður leiðindi og sárindi. Þeir sem tapa sætta sig ekki við það og kenna fólki um óheiðarleg vinnubrögð, þetta þekkjum við úr öllum þeim prófkjörum sem hafa verið hér á landi, mörg dæmi hafa komið upp. Ég tel að mjög mikilvægt sé að slík sárindi séu að mestu leyti lögð til hliðar fyrir kosningar og dálítill tími líði frá prófkjöri og þar til kosningar verða einmitt til þess að flokkurinn geti farið heilsteyptur í kosningar. Að afstöðnum kosningum þarf að mynda ríkisstjórn og menn geta lent í því að ef mikil sárindi eru gæti orðið virkilega erfitt bæði milli flokka og innan flokks að koma saman heilsteyptu liði.

Eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir, þ.e. að flytja prófkjörin inn á kosningadaginn, eru menn ekki bara að slást á milli flokka heldur er þeir að slást innbyrðis, innan þess flokks sem er með óraðaðan lista. Það getur skaðað þann flokk heilmikið og í raun eyðilagt lýðræðið. Ég tel að menn hafi ekki hugsað það alveg til enda og þeir sem hafi hannað þetta séu kannski ekki alveg með það á hreinu hvernig svona prófkjör fara fram og hvað þau geta valdið miklum sárindum og leiðindum. Ef t.d. allir listar væru óraðaðir mundu kosningarnar felast í því að menn væru að berjast milli flokka en líka innan flokkanna. Það mundi allt dynja í auglýsingum: Kjósið Jón á lista A o.s.frv. Þetta yrði því dálítið skrýtin staða.

Það sem ég hef látið mér detta í hug til þess að leysa þennan vanda er að flokkarnir hefðu sameiginlegt prófkjör, t.d. þrem eða fjórum mánuðum fyrir kosningar, þar sem við komum í veg fyrir það að kjósendur séu að hafa áhrif á fólk á öðrum listum, eins og hefur komið fram í sumum bæjarfélögum, t.d. á Siglufirði. Þar held ég að 100% bæjarbúa hafi kosið í öllum prófkjörum sem þar voru haldin, sem þýddi að fólk blandaði sér inn í uppstillingu á listum sem það ætlaði ekkert að kjósa. Það væri miklu skynsamlegra að hafa bara eitt sameiginlegt prófkjör í hverju kjördæmi. Þá mundu menn fyrst velja sér lista og svo gætu þeir raðað innan þess lista og 100 manns gætu verið á listanum þess vegna, eða eins og í Reykjavík, 29 manns hjá sjálfstæðismönnum. Mér litist miklu betur á slíkt fyrirkomulag að sameiginlegt prófkjör yrði hjá öllum flokkunum. Síðan gætu menn farið í venjulega hefðbundna kosningabaráttu og haft til þess góðan tíma og menn væru búnir að vinna á sárindunum að mestu leyti þegar kemur að kosningum.

Þegar menn ræða um svona kosningafyrirkomulag hljóta menn að velta vöngum yfir því og margir hafa spurt: Hvernig stendur á því að tvö kjördæmi eru í Reykjavík? Hvernig stendur á því að við erum með sex kjördæmi á landinu og sum þeirra óskaplega stór og önnur miklu minni, af hverju er þetta svona? Þá vil ég rifja upp að þetta er ákveðin málamiðlun á milli þess að hafa landið allt eitt kjördæmi, eins og sumir, sérstaklega í Samfylkingunni, tala um, að hafa landið allt sem eitt kjördæmi og sjá það sem eina lausn á öllum vanda. Það mundi örugglega jafna atkvæðisréttinn, það er ekki spurning, og laga hann heilmikið. En það mundi gera flokksræðið miklu sterkara vegna þess að þá væri það einn flokkur sem raðar á allt landið og miðin. Sá efsti á sínum lista yrði mjög sterkur, yrði efstur yfir allt landið. Hann væri alveg gefinn forsætisráðherra, það þarf ekki að ræða það neitt frekar. Sá sem yrði númer tvö, þrjú og fjögur yrði mjög sterkur einstaklingur í flokknum. Kjósendur hefðu því miklu minna val um einstaklingana. Nú erum við með sex kjördæmi og sex einstaklingar eru valdir númer eitt í kjördæmunum. Með því að hafa sex kjördæmi hefur kjósandinn meira val um einstaklingana en ef allt landið væri eitt kjördæmi og flokksræðið vex.

Hinar öfgarnar eru einstaklingskjördæmi, það yrðu 63 einstaklingskjördæmi þar sem kosið yrði um einn þingmann úr hverju kjördæmi. Það hefur hins vegar afskaplega mikla ókosti og jaðrar við að það sé ekki einu sinni lýðræði vegna þess að flokkur sem er með tiltölulega lítið fylgi, t.d. eins og í Bretlandi 20–30%, gæti orðið undir í öllum kjördæmum og fengi ekki einn einasta mann. Annar flokkur sem er með 55% atkvæði í öllum kjördæmunum fengi alla menn, alla þessa 63. Það sem meira er, hver einasti þingmaður yrði mjög sterkur einstaklingur og gæti orðið erfiður í samvinnu vegna þess að hann þyrfti ekki að óttast neitt nema kjósendur sína í því litla kjördæmi. Flokksræðið yrði því nánast núll en einstaklingshyggjan mjög sterk.

Til að finna lausn á þessum tveimur öfgum sem ég nefndi — landið allt eitt kjördæmi, sem þýðir mikið flokksræði og lítil áhrif kjósenda á efstu menn, því að allt landið mundi kjósa þá, og hins vegar einmenningskjördæmi — þá er umrædd leið valin, þ.e. sex kjördæmi. Því kemur sú furðulega staða upp að Reykjavík er skipt í tvö kjördæmi sem skipt er eftir Miklubrautinni og nánast tilviljun sem virðist ráða því hvorum megin kjördæmis menn liggja.

Ég vildi rétt aðeins, frú forseti, koma inn á þetta til að upplýsa hvernig þessi staða er. Það er alltaf mjög erfitt að láta hinn almenna kjósanda hafa áhrif á endanlegan lista. Það sem við hv. þingmenn þurfum kannski að vinna mest á er einmitt flokksræðið sem mér finnst vera allt of sterkt. Það er eitthvað sem þingið þarf virkilega að fara að vinna í, að auka veg Alþingis. Ég hef svo sem mörgum sinnum bent á að það er eiginlega ekkert frumvarp sem Alþingi samþykkir samið af þingmönnum sjálfum og ég vil breyta því. Ég vil að nefndir þingsins semji frumvörp. Ég vil líka að ráðherrar séu ekki þingmenn, þeir séu ekki bæði að greiða atkvæði á löggjafarsamkundunni og vera um leið framkvæmdarvald.

[17:42]

Útbýting:

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl., 321. mál, nál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 665; brtt. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 666.

Virðisaukaskattur, 289. mál, þskj. 660.

[17:43]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Afsakið biðina en ég tók á stökk utan úr húsi þegar ég frétti að komið væri að mér eða þeir ekki komnir sem á undan mér voru á mælendaskránni. Ég ætla ekki að

tala lengi eða a.m.k. ekki svona í byrjun. En ég vil segja að kosningalöggjöf, kosningakerfi eru með þeim hætti að vinnu við þau er í raun og veru aldrei lokið eins og stundum er sagt um hagstjórnina, um efnahagsmálin þegar þeim er líkt við heimilisstörfin, við uppþvott og matargerð. Kosningakerfi í lýðræðisríki, þó að það gangi í sjálfu sér vel, þarf að laga að breyttum aðstæðum, að því samfélagi sem sífellt er á hreyfingu og að vilja almennings, vilja fólksins í landinu, þess lýðs sem ræður hverju sinni eða á hvaða tíma. Þetta merkir ekki að heppilegt sé að breyta kosningakerfi eða löggjöf þegar mönnum dettur í hug, þegar vindar blása í einhverjar áttir en það er eðlilegt að á ákveðnum fresti sé farið yfir þetta, kjörnir fulltrúar geri það eftir umræðu eða samfara umræðu meðal almennings.

Aðstæður okkar nú eru óvenjulegar og sá endurómur sem í eyru mín hefur borið af umræðu um þetta mál, einkum sjálfstæðismanna, hefur vakið mér furðu því mér virðast þeir ekki hafa áttað sig á því hversu margt hefur breyst undanfarnar vikur og mánuði, hversu djúp áhrif bankahrunið, gjaldeyriskreppan og sá lífskjaraskjálfti sem varð í september og október og enn stendur yfir, hversu djúp áhrif hann hefur haft á alla hugsun manna hér á landi. Hann hefur m.a. hrundið því fram og gerði mjög fljótt að það verði að breyta kosningalöggjöfinni og kosningareglunum og þótt auðvitað séu margir menn í umræðu eða á fundum ekki á einu máli um það er alveg augljóst í hvaða átt það hefur stefnt. Það hefur stefnt í þá átt að minnka vægi flokkanna, flokksvélanna, hinna einstöku forustumanna flokkanna á löggjafarstörf og framkvæmdarvald í landinu og auka vægi kjósenda sjálfra, auka vægi almennings, gera lýðræðið beinna, gefa fólki rétt á því að velja meira en það getur með núverandi löggjöf hér á landi. Það hafa, í ákaflega stuttu máli, verið miklar vísbendingar, athugasemdir og kröfur uppi um að auka vald hvers einstaks kjósanda þannig að hann sé ekki bundinn við að kjósa fyrst og fremst bókstaf, kjósa lista, heldur geti hann líka valið einstaklinga. Í stuttu máli gengur það frumvarp sem hér er til umræðu út á það að færa kosningalöggjöf okkar í þá átt án þess þó að kollvarpa stjórnarskránni eða gera breytingar á stjórnarskránni sem ekki er tækifæri til hér eða kollvarpa þeirri almennu skipan sem við höfum haft nokkuð langan tíma.

Menn hafa haft það á móti þessu frumvarpi og fært það fram í umræðunni að ekki sé gott að gera miklar breytingar og það er auðvitað von að menn komi úr Sjálfstæðisflokknum og segi það. Sjálfstæðisflokkurinn var búinn til á sínum tíma — var það ekki árið 1929, segi ég og horfi á Ellert Schram hv. þm. og félaga minn úr Samfylkingunni, sem ætti að þekkja það frá sínum ungu árum? Og hann kinkar kolli. Sjálfstæðisflokkurinn var búinn þannig til árið 1929 að tveir flokkar sameinuðust, annar nánast smáflokkur sem hét Frjálslyndi flokkurinn og hinn stór flokkur sem hét Íhaldsflokkurinn. Það er ekki nema von að íhaldsmenn komi hér og neiti öllum breytingum og telji þær til skaða og óþurftar því að það er hlutverk íhaldsmanna. Það er út af fyrir sig ágætt hlutverk í hinni stöðugu og eilífu deilu í samfélaginu á milli íhaldsmanna og nýjungamanna, milli þess sem á frönsku er kallað „les modernes“ og „les anciens“ og kenndir eru við stjórnmáladeilur í franskri fortíð.

Á hinn bóginn verður að segja það við íhaldsmenn að í íslenskri kosningalöggjöf höfum við þrátt fyrir allt farið nokkuð mikið yfir, farið nokkuð um víðan völl. Alþingi hófst með einmenningskjördæmum og í þeim einmenningskjördæmum var hreint persónukjör. Menn voru ekki merktir flokkum og skipuðust í flokka á þinginu eftir skoðunum sínum og viðhorfum og afstöðu til einstakra mála og það er eins og flestir vita ekki fyrr en í lok 19. aldar sem til verður einhvers konar flokkakerfi eftir afstöðunni til sjálfstæðismálsins og síðan myndast flokkakerfi sem í mjög stórum dráttum ríkir enn. Það myndast á tímum iðnvæðingar á Íslandi, verkalýðsbaráttu og stéttastríðs, og árið 1916 er oft nefnt í tengslum við það. Það flokkakerfi sem þá myndaðist og sem má í stórum dráttum telja hið sama, stéttaflokkakerfið, þó að sá tími sé liðinn, hefur líka búið við ýmsa skipan í kosningalöggjöf og væri auðvitað vert að fara yfir það en það er ekki tilgangur minn hér heldur að sýna að við höfum sennilega verið nokkuð breytingagjörn miðað við sögu ýmissa annarra þjóða í þessum efnum.

Þá vil ég líka taka fram að það er rétt hjá íhaldsmönnum að það borgar sig ekki að vera með miklar stökkbreytingar í þessum málum. Ég held að það frumvarp sem hér er rætt uppfylli þetta tvennt, sérstaklega með því að gefa þeim framboðum sem það vilja færi á því að haga sér eins og þau hafa gert með því að flokkar bjóði fram lista sem er raðað á þann hátt sem við þekkjum og kjósandi hafi þá möguleika gagnvart þeim lista sem hann hefur haft undanfarið, þ.e. að strika yfir mann eða breyta röð manna með því vægi sem það hefur þannig að þeir sem ekkert vilja gera þurfa ekki að gera neitt. Flokkarnir eða framboðin geta sett fram lista eins og þeir hafa verið og kjósendur sem þá vilja kjósa ganga að þeim lista og gera það við hann sem þeim sýnist.

Önnur framboð sem vilja stíga þetta skref til aukinna áhrifa kjósenda og til meira persónukjörs í kosningunum sjálfum — því að innan sviga verður að segja það hér að vöntuninni á persónukjöri í kosningunum sjálfum hefur verið mætt eða úr henni hefur verið bætt með sínum hætti í prófkjörum sem við höfum af ýmsa reynslu og þau framboð sem vilja þetta geta þá gert þetta, þ.e. boðið fram óraðaða lista eða, sem er auðvitað einn kosturinn í viðbót, boðið fram lista sem í sjálfu sér er óraðaður nema með þeim hætti að í þeim felst leiðbeining fyrir kjósendur um stefnu framboðsins í þessum efnum.

Ég held, forseti, að á tímum eins og þessum eigi maður — og þá er ég kannski ekki að tala um pólitík heldur um kraftana inni í manni sjálfum — ekki að láta eftir íhaldsmanninum í sér, sem alltaf er til og er hollur og góður og varar við og gætir að því að ekki sé rasað um ráð fram, heldur eigi maður að þora, maður eigi að beita hugrekki sínu og virkja nýjungagirnina og stíga skrefið fram á við þó að maður viti ekki alveg, það sé ekki alveg hægt að reikna út með stærðfræðilegri nákvæmni hvert það leiðir.

Ég hef þannig nokkuð snúist í afstöðu minni til persónukjörsins því að ég viðurkenni að í fyrstu var ég tregur að ganga svona langt og sjálfsagt að ég upplýsi hvers vegna það var. Það var ekki vegna þess út af fyrir sig að ég vantreysti kjósendunum heldur einkum vegna þess að mér ógnaði það hvernig framboð gæti orðið sem færi á óraðaðan lista, hvernig það mundi geta orðið að prófkjör bættust við í kosningunum sjálfum þannig að þetta færi fram á sama

tíma. Ég held að úr þeim galla verði leyst. Ég held að flokkarnir og kjósendur þeirra, fjölmiðlarnir og aðrir þeir sem koma við sögu í stjórnmálabaráttu leysi úr þessum málum eins og alltaf gerist. Ég held t.d. að svarið við þessum ótta mínum um að prófkjörin færist inn í flokkaframboðin sjálf sé ósköp einfaldlega þannig að ef framboð er svo veikt og svo óburðugt að boðskapur þess til kjósenda spillist með því að frambjóðendur séu að olnboga sig hver fram fyrir annan sé það framboð ósköp einfaldlega ekki þess virði að það nái miklum áhrifum í kosningunum. Ég held að viðbrögð frambjóðendanna eða framboðsins, flokksins, ef ég má nota það nafn — ég geri þá skilgreiningu að það þurfi ekki endilega að vera stjórnmálaflokkur heldur aðili sem býður fram — að viðbrögð hans yrðu annaðhvort þau að auka agavald yfir frambjóðendum þannig að þeir höguðu sér með verðugum hætti gagnvart kjósendum eða þá að frambjóðendurnir mundu sameinast af tillitssemi við málstaðinn um að þetta sé ósköp einfaldlega val kjósendanna og menn gæti ákveðins jafnræðis sín á milli í framboðunum.

Önnur rök sem auðvitað er vert að skoða varða kjósendur sjálfa. Það er auðvitað góð regla og gullin að reyna að hafa hlutina eins einfalda og hægt er, að nota sum sé ekki þá meintu þýsku reglu að hafa hlutina eins flókna og mögulegt er heldur einmitt á hinn veginn. Við höfum búið við tiltölulega einfalt kosningakerfi að okkur finnst vegna þess að við erum vön því. En það er ákaflega auðvelt að finna kosningakerfi sem okkur finnast flókin, kosningalöggjöf sem við skiljum ekkert í við hraða yfirsýn. Þó er það þannig að Danir og Írar, þannig að maður nefni bara þær þjóðir, Þjóðverjar og aðrar grannþjóðir okkar hafa búið við slíka kosningalöggjöf áratugum saman og enn er lýðræði í þeim löndum og kjósendur kvarta ekki heldur venja sig á að skoða þá kosti sem fyrir hendi eru og taka þátt í þeim kosningum eins og ekkert sé. Og þó að Þjóðverjar, Danir og Írar séu gott fólk eru þeir ekki svo miklu gáfaðri en Íslendingar að við getum ekki að einhverju leyti skoðað fleiri kosti í kosningalöggjöf okkar en nú finnast þó að ég sé ekki að mæla með flækju eins og t.d. er í írska kosningakerfinu, m.a. vegna þess að sú flækja dregur nokkuð úr spennu í kosningunum og þar koma úrslit ekki í ljós fyrir en mörgum dögum seinna.

Ég gæti haldið áfram með ýmsar athugasemdir af þessu tagi. Þegar ég skoða frumvarpið í heild sinni, eins og maður á að gera við 1. umr. um mál í þinginu, finnast mér þær allar frekar léttvægar. Stóru spurningarnar eru þessar: Ætlar þingið að láta undan þeirri kröfu í landinu að áhrif kjósenda verði aukin og dregið úr vægi flokkanna um leið? Ætlar þingið að klára mál sem það sjálft hefur auðvitað rætt heillengi eða ætlar það að láta fallast niður í tregðulögmálið og reyna eins og kostur er að láta eins og hér hafi ekkert gerst í september, október, nóvember, desember og janúar í mesta bankahruni og mestu efnahagslægð Íslandssögunnar?

[17:58]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég gekk í salinn áðan og hv. þm. Mörður Árnason var að gæla við þá hugmynd að hleypa út íhaldsmanninum í sjálfum sér varð ég glaður og vonaði að hann tæki sæmilega íhaldssama afstöðu til þess máls sem hér liggur fyrir en svo virðist þó ekki vera. Þetta segi ég vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að hæfileg íhaldssemi sé nauðsynleg varðandi leikreglur um kosningalög. Kosningalög eru þess eðlis að þau eiga ekki að taka tíðum breytingum, þau eiga að vera aðgengileg og þekkt og breytingar eiga að gerast með góðum fyrirvara áður en kemur til kosninga. Ég held að um þetta hljóti flestir að vera sammála.

Það eru tvö önnur atriði í máli hv. þm. Marðar Árnasonar sem ég ætlaði að víkja að. Annars vegar það atriði sem hann nefndi varðandi samspil persónukjörs og kosninga, hættuna á því að prófkjör færist inn í kosningar. Mér fannst hv. þingmaður skauta heldur létt yfir þann þátt vegna þess að við verðum auðvitað að horfa á það að kosningarnar ganga ekki einungis út á það að velja flokka heldur líka að velja fólk og þeir sem eru í framboði eru auðvitað að berjast fyrir því að ná kjöri sjálfir, þess vegna fara þeir í framboð, flestir. Það er óeðlilegt og ekki raunsætt að ætla að persónukjörið muni ekki leiða til þess að það komi til blóðugra átaka milli manna sem ella væru samherjar alveg fram á kjördag eins og gerist oft í prófkjörum í dag.

Þetta held ég að menn verði að hafa í huga. Persónukjör hefur ýmsa kosti (Forseti hringir.) en menn verða líka að huga að göllunum og fara vel yfir málið áður en ákvarðanir eru teknar.

[18:00]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Ég held, forseti, að í hverjum manni takist á eitthvað sem Frakkar mundu kalla „les modernes“ og „les anciens“ og stundum komi þeir tímar að það sé rétt að nýjungamaðurinn, framfaramaðurinn eða hvað við viljum kalla það, hafi betur og stundum komi þeir tímar að það sé gott að halda heldur fastar utan um íhaldsmanninn.

Núna held ég að séu þeir tímar að við eigum að vera óhrædd við að stíga skrefið ef við eigum að vera hugrökk. Og ef við ætlum ekki að breyta þeim hlutum sem við núna höfum á borðinu að breyta, ef við ætlum ekki að gera það núna, þá spyr ég sjálfan mig: Hvenær á að gera það? Við kunnum söguna, ég og hv. þm. Birgir Ármannsson sem er vel að sér í stjórnarskrármálum og kosningalöggjöf, og vitum að það hefur gengið mjög erfiðlega að breyta þessum hlutum og þeim er yfirleitt ekki breytt fyrr en í óefni er komið. Ég tel að núna sé rétti tíminn til að stíga það skref.

Um prófkjör og kosningar er það að segja að ég ósköp einfaldlega treysti á þroska framboðanna og endurtek að ég held að óeining og sundurlyndi meðal frambjóðenda á sama lista, ef þeir eru á barkanum hver á öðrum ef svo má segja, mundi skemma fyrir þeim gagnvart kjósendum. Það mundi minnka kjörfylgi þeirra og þeir ættu þá ekki annað skilið en það að aðrir kæmust að sem sýna meiri þroska, meiri samstöðu og virða meira málstað sinn en persónulegan metnað.

[18:02]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason er bjartsýnismaður eins og kom fram í andsvari hans. Það má vel vera að hann hafi rétt fyrir sér. Ég hef hins vegar ekki trú á öðru og geri ekki ráð fyrir öðru en að þingmenn og aðrir fram-

bjóðendur til Alþingis muni keppa, ekki bara á flokksforsendum heldur líka á eigin forsendum og það getur leitt til þess ástands sem ég vék að í fyrra andsvari mínu.

Varðandi það að nú sé tíminn til breytinga, sem kom fram í svari hv. þm. Marðar Árnasonar, þá velti ég því fyrir mér hvort það sé skynsamlegt að ganga til breytinga af þessu tagi í einhverju skyndi. Ég spyr: Ef raunverulegur áhugi er í samfélaginu á því að auka vægi persónukjörs, gera menn þá ráð fyrir að sá áhugi verði dottinn niður í sumar eða haust? Er það þá mikill áhugi?

Ég held að við eigum að horfa á það að taka tíma í svona breytingar. Við eigum ekki að rjúka til í einhverju óðagoti og ákveða breytingar jafnvel þótt krafa sé um það í þjóðfélaginu. Krafa sem reyndar hefur ekki verið mæld með neinum hætti svo ég viti til, krafa sem hefur ekki komið fram með neinum hætti í kosningum. Hvorki flokkur hv. þm. Marðar Árnasonar né aðrir flokkar sem eiga sæti á þingi börðust fyrir persónukjöri þegar kom til alþingiskosninga síðast. Kjósendur hafa aldrei sagt sína skoðun. Væri ekki heppilegra, hv. þm. Mörður Árnason, að þeir flokkar sem vilja koma á persónukjöri hér á landi með einhverjum hætti útskýri hugmyndir sínar fyrir kjósendum í næstu kosningum og vinni síðan að breytingum af yfirvegun á grundvelli (Forseti hringir.) þeirra kosningaúrslita?

[18:05]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Birgir Ármannsson, hv. þingmaður, er svartsýnn íhaldsmaður og ég virði fullkomlega þá lífsafstöðu. Svartsýnn íhaldsmaður var líka afi Péturs í *Pétri og úlfinum* sem bannaði honum að horfa á heiminn fyrir utan múrinn. Pétur óhlýðnaðist því banni og því er ekki að neita að Pétur lenti í nokkru ævintýri við það, en ef hann hefði ekki farið yfir múrinn, ef hann hefði látið svartsýna íhaldsmanninn, afa sinn, ráða þá ættum við heldur ekki hið ágæta tónverk *Pétur og úlfinn*.

Nú væri þetta eiginlega nægt svar. En til að hugga hinn svartsýna íhaldsmann, Birgi Ármannsson, og hv. þingmenn félaga hans þá er það þeim til upplýsingar að segja að þeir geta haldið áfram að höfða til svartsýnna íhaldsmanna í hópi íslenskra kjósenda með því að bjóða fram lista á nákvæmlega sama hátt og þeir hafa gert hingað til. En við bjartsýnir framfarasinnar höfðum til okkar kjósenda og bjóðum þeim að taka þátt í nýjum tímum og persónukjöri með okkur.

[18:06]

Ellert B. Schram (Sf):

Herra forseti. Ég hleyp hér nánast í skarðið fyrir 1. flutningsmann þessa frumvarps, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sem hefur fjarvistarleyfi í dag og hefur ekki getað verið viðstaddur þessa umræðu. Þar sem ég geri ráð fyrir að nú sé að renna upp að mælendaskrá sé lokað og hún sé tæmd, þá vildi ég aðeins í niðurlagi þessarar umræðu fara nokkrum orðum um frumvarpið án þess að það verði í löngu máli gert.

Þetta frumvarp til laga, um breytingar á lögum um kosningar, er flutt af fulltrúum fjögurra flokka, þ.e. Samfylkingar, Vinstri grænna, Framsóknarflokks og Frjálslynda flokksins. Andstaðan gagnvart frumvarpinu hefur fyrst og fremst og nær eingöngu komið úr röðum Sjálfstæðisflokksins. Helstu rök talsmanna þess flokks eru þau að þetta beri of brátt að og það þurfi að bíða og skoða og átta sig betur á frumvarpinu og afleiðingum þess. Út af fyrir sig eru það réttmætar athugasemdir en þá verða menn líka að átta sig á að þetta er ekkert venjulegt ástand sem við upplifum og það er kannski fyrst og fremst ástæðan fyrir því að þetta frumvarp er flutt núna.

Frumvarpið er afsprengi þess hruns sem átti sér stað í þjóðfélaginu og þess áfalls sem öll þjóðin hefur orðið fyrir. Spurt hefur verið hver beri sökina á hruninu og hvar sökudólgarnir séu. Þó að ég ætli ekki að fara að benda á neinn slíkan þá liggur auðvitað ábyrgðin einhvers staðar, ekki endilega hjá einhverri tiltekinni stofnun eða einhverjum einum eða tveimur einstaklingum heldur er um að ræða pólitíska ábyrgð sem sést best á því að ýmsir alþingismenn hafa undanfarna daga beðist opinberlega formlegrar afsökunar vegna þess að þeir hafi kannski ekki staðið vaktina. Þeir hafi verið of sjálfumglaðir og værukærir og eftir atvikum flokkshollir.

Í raun og veru eru menn að segja með þessum afsökunarbeiðnum að þeir hafi látið þetta yfir sig ganga af því að þeir treystu á að flokkurinn þeirra mundi fylgjast með þessu. Þeir eru að viðurkenna ráðherraræðið og að þeir hafi verið leiðitamir í þingstörfum sínum gagnvart forustu viðkomandi flokka. Er ég þá ekki að varpa sök eða tala um einhvern sérstakan flokk í því sambandi.

Þessar játningar fela það raunverulega í sér að fólk er að viðurkenna það sem hefur líka vakið reiði á götum úti, að flokkarnir hafi haft of sterk tök bæði í þinginu og hjá framkvæmdarvaldinu. Gegn þessu flokksræði hafa menn verið að bregðast, enda held ég að óhætt sé að segja að undirtektir undir það séu hjá þjóðinni allri. Hún reis upp gegn þessu flokksræði og hefur gert kröfur um að brjóta það niður. Þingmenn sem hér sitja hafa í raun og veru líka viðurkennt þennan sannleika og þessa staðreynd.

Í þessu andrúmslofti og við þessar kringumstæður er frumvarpið flutt, til að bregðast við og bjóða upp á aðrar aðferðir til að kjósa fólk inn á Alþingi. Menn eru að bjóða flokksræðinu byrginn og þegar gerð er tillaga um persónulegt kjör í þingkosningum í þá átt sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir að þá er verið að svara þessu kalli.

Það má að sjálfsögðu endalaust velta því fyrir sér hvort þetta frumvarp sé nægilega þroskað. Ég held hins vegar að það sé afar vel unnið og sé raunhæf aðferð til að taka upp nýjar aðferðir til kjörs til Alþingis ef menn eru á annað borð sammála um að breytinga sé þörf. Hér er um það að ræða að boðið er upp á það að flokkar geti bæði haldið uppi gamla fyrirkomulaginu með að stilla upp röðuðum lista og svo valið hinn kostinn að stilla upp óröðuðum lista og þá er það bara val hvers og eins flokks hvaða aðferð hann notar.

Uppstilling óraðaðra lista er engin nýlunda. Það hefur verið prófað og reynt í öðrum löndum, kannski með misjöfnum árangri. Þetta er viðurkennd aðferð þar sem jafnvel er gengið enn þá lengra og kjósendum boðið upp á að krossa við lista A en merkja svo kannski við frambjóðendur á lista B. Þannig er gengið mun lengra en gert er þó í þessu frumvarpi.

Ég lýsi stuðningi mínum við að þetta frumvarp nái fram að ganga. Ég reikna með að það verði vandlega skoðað í nefnd og þar verði svarað ýmsum þeim efasemdum og spurningum sem fram hafa komið í þessari umræðu og eiga eftir atvikum allar meira og minna rétt á sér. Grundvallaratriðið er að þarna er verið að opna fyrir leið til að nálgast kjósendur og draga úr flokksræðinu.

Fjórir þingflokkar af fimm standa að frumvarpinu. Sjálfstæðisflokkurinn virðist hafa miklar efasemdir um að þetta sé tímabært en þá er svarið einfaldlega það að Sjálfstæðisflokkurinn getur einn og sér ákveðið að halda sig við gamla fyrirkomulagið, að stilla upp röðuðum lista og gera þá kröfu til kjósenda sem vilja krossa við Sjálfstæðisflokkinn að þeir samþykki þá uppröðun sem flokkurinn hefur ákveðið, annaðhvort með uppstillingum eða með prófkosningum. Það verður þá ákvörðun hvers og eins flokks. Nú hafa flestir ef ekki allir stjórnmálaflokkarnir boðað til forkosninga og prófkosninga og jafnvel þó að slíkar kosningar fari fram getur hver og einn flokkur ákveðið fyrir sig hvort hann heldur sig við þá listauppstillingu sem samþykkt verður í slíkum kosningum eða hvort hann breyti því og bjóði óraðað.

Mér finnst frumvarpið tímabært vegna þess að það er svar við þeim viðbrögðum sem hrunið hefur leitt af sér í þjóðfélaginu. Kjarni málsins er sá að verið er að bregðast við og gegn flokksræði og færa völdin til kjósenda í vaxandi mæli og að því leyti er verið að gera þá kröfu til alþingismanna og þeirra sem veljast inn á þing að þeir láti hvorki flokkshollustuna né ráðherraræðið stjórna sínum störfum og standi sína vakt og séu ekki eins leiðitamir og fyrirrennarar þeirra hafa sumir hverjir viðurkennt að þeir voru.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að hafa þessa ræðu lengri. Ég tel að hér sé um að ræða hið ágætasta mál, frumvarp sem hefur verið vel unnið og ég mælist til þess að það fái góða meðferð og athugun í nefnd og verði síðan látið á það reyna hvort það náist fram sem samþykkt lög áður en þessu þingi lýkur.

[18:15]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning vil ég taka fram að mér finnst áhugavert að skoða hugmyndir um hvernig auka megi vægi persónukjörs í sambandi við kosningar. Ég held að okkur þingmönnum beri skylda til að skoða mismunandi kosti í því sambandi og tel að það hefði átt að gera áður en komið var fram með frumvarp á elleftu stundu, ef svo má segja, og mönnum stillt upp við vegg og sagt: Takið þetta og samþykkið eða verið á móti. Ég held að það hefði verið miklu eðlilegri aðdragandi að máli af þessu tagi.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi í sambandi við flokksræðið get ég vel tekið undir þá hugsun sem kom fram í orðum hans að í sjálfu sér sé jákvætt að auka vægi og ábyrgð þingmanna sjálfra, þá hugsanlega með einhverri útfærslu á persónukjöri og draga þannig úr flokksræði.

Í flokki hv. þm. Ellerts B. Schrams er flokksræðið með þeim hætti að prófkjör er haldið og tilkynnt á blaðamannafundi tveggja stjórnmálamanna hverjir lendi í fyrsta, öðru og þriðja sæti. Þannig að hv. þingmenn verða svolítið að líta í eigin barm þegar þeir tala um flokksræði.

Hv. þingmaður ætlaði ekki að undanskilja neinn flokk og því held ég að hann hafi að hluta til verið að hugsa um sinn eigin flokk í þessu sambandi.

Athugasemdir mínar og margra annarra sjálfstæðismanna lúta fyrst og fremst að því að ekki eigi að koma með breytingar á kosningalögunum (Forseti hringir.) á elleftu stundu, heldur undirbúa þær vel og í sátt.

[18:17]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að karpa við hv. ágætan þingmann Birgi Ármannsson fram eftir kvöldi. Ég vil vísa því á bug að flokksræði sé meira í Samfylkingunni eða yfirleitt þar. Enda þótt einhverjir tveir eða þrír forustumenn flokksins hafi tilkynnt að þeir gefi kost á sér í fyrsta, annað eða þriðja sæti liggur það í orðunum að þeir ganga ekki út frá því sem vísu að þau sæti falli þeim í skaut heldur er um að ræða tilkynningu um það, eins og gerist líka í Sjálfstæðisflokknum, að menn bjóða sig fram í tiltekin sæti og svo reynir á hvort þeir ná þeim eða ekki.

Ég get ítrekað það sem ég reyndar hélt að hefði komið fram í máli mínu áðan að vissulega hefði þetta mál um breytingar á kosningalögum þurft lengri aðdraganda og meiri tíma og þurft að þroskast í höndum okkar. Ég get alveg tekið undir að þetta ber brátt að.

En það er svo margt óvanalegt í þjóðfélaginu um þessar mundir og svo margt þarf að gera og ég held að nauðsynlegt sé að bregðast sem allra fyrst við mjög mörgu sem upp á borðið hefur komið vegna þess að tafir í þessum efnum í fjögur ár leiða kannski til þess að ekkert verður gert þegar frá líður.

Nú tökumst við á við það sem við höfum meira og minna öll viðurkennt að flokksræðið hefur verið ráðandi hér. Við erum að reyna að draga úr því og þetta er mjög áhrifaríkt aðferð til þess að ná upp sjálfstæði alþingismanna og Alþingis á kostnað þess flokksræðis sem því miður hefur m.a. leitt af sér þetta mikla hrun sem við stöndum frammi fyrir.

[18:19]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi komið að kjarna málsins þegar hann talaði um að það ástand sem hefur skapast í þjóðfélaginu á undanförnum mánuðum kalli á ýmsar aðgerðir og breytingar. Ég held að þetta frumvarp um breytingar á kosningalögum sé mjög aftarlega í röðinni þegar horft er til þeirra verkefna sem nauðsynlegt er að grípa til bæði hér á þingi og á vettvangi ríkisstjórnar.

Ég er þeirrar skoðunar að á þeim skamma tíma, í raun og veru örfáum þingdögum, sem eftir eru fram að kosningum sé miklu mikilvægara að vinna að verkefnum sem lúta að hagsmunum fyrirtækja og heimila og tryggja að hjól atvinnulífsins stöðvist ekki. Tryggja að hér verði ekki fjöldagjaldþrot og fjöldaatvinnuleysi. Ég held að það séu miklu mikilvægari verkefni sem ættu frekar að vera í forgangi en breytingar á kosningalögunum.

Varðandi það hvort nú sé rétti tíminn til breytinga er ég

þeirrar skoðunar að ef, eins og ég kom að í andsvari við hv. þm. Mörð Árnason hér áðan, raunverulegur áhugi er hjá kjósendum og stjórnmálamönnum til að gera breytingar í þessa veru með því að auka með einhverjum hætti vægi persónukjörs og gera hugsanlega aðrar breytingar sem lúta að stjórnskipun landsins held ég að sá áhugi verði ekki dottinn niður í maí eða júní. Ég held að sá áhugi hljóti að lifa og ég spyr hvort ástæða sé til að taka ákvarðanir í þessum efnum, hvort sem er um kosningalög eða stjórnskipan, í tilfinningaróti eftir erfiða reynslu og hrun á fjármálamarkaðnum. Er rétt að taka slíkar ákvarðanir af óyfirveguðu máli með skömmum undirbúningi og eftir skamman tíma hér í þinginu?

[18:22]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að auðvitað þarf þingið að taka á þeim stóru málum sem snúa að heimilunum og atvinnulífinu. Það er líka gert og hér hafa verið umræður og afgreiðslur á ágætum málum í allan dag og verða næstu daga.

En þetta er ekki spurning um annaðhvort/eða heldur um bæði/og að sinna þeim bráðaúrræðum sem snúa að heimilum og fyrirtækjum og líka að bregðast við þeirri lýðræðislegu kröfu sem gerð er til Alþingis og stjórnmálaflokkanna um breytingar á vinnulagi og skipulagi. Ég held að ekki þurfi að setja þetta í einhverja forgangsröð. Þetta eru allt saman mjög mikilvæg verkefni. Við höfum alveg tíma og þrek til þess að sinna hvoru tveggja.

Ég geri ekki lítið úr því að endurskoða þurfi lýðræðisreglurnar og stjórnmálin af jafnmikilli alvöru og við tökumst á við erfiðleika sem snúa að heimilum og fyrirtækjum. Það er krafa um það og nauðsyn á því að við breytum hugsunarhætti okkar og aðkomu að þeim störfum sem við höfum tekið að okkur þannig að stjórnmálamenn standi vaktina og láti ekki svona ófarir og ósköp yfir sig ganga, svo lengi sem við sjálfir lifum og þjóðin heldur sjálfstæði sínu.

[18:23]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Í upphafi vil ég víkja að aðdraganda málsins. Aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa gert það fyrr í umræðunni, en mér finnst samt sem áður þörf á að víkja að því að þetta mál er unnið og borið fram af minnihlutastjórn í landinu, reyndar með aðkomu Frjálslynda flokksins og Framsóknarflokksins. En það er unnið alfarið af hálfu ríkisstjórnarinnar, öðrum flokkum var boðið að vera með en þeir höfðu ekki áhrif á þá vinnu sem lá að baki frumvarpinu.

Þetta er harla óvenjulegt vegna þess að hingað til, alla vega undanfarna áratugi, hafa breytingar á kosningalögum verið unnar í sátt eða að minnsta kosti með tilraunum til að ná víðtækri sátt um slíkar breytingar. Þetta er mikilvægt vegna þess í stjórnmálum skiptir máli að leikreglur séu skýrar og stjórnmálamennirnir geti einbeitt sér að því að deila um málefnin en þurfi ekki stöðugt að deila um leikreglurnar. Því legg ég áherslu á að farið verði í breytingar af þessu tagi af varfærni. Það finnst mér ekki gert í aðdraganda þessa máls og undirbúningi.

Rétt er að minna á það að ríkisstjórnin sem nú situr tók við völdum um mánaðamótin janúar/febrúar og ákvað þegar að boða til kosninga 25. apríl. Það segir sig sjálft að á þeim tíma sem líður á milli 1. febrúar og 25. apríl þarf ríkisstjórn að forgangsraða. Nú hefur komið fram að ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti samþykkt um það bil 30 þingmál, frumvörp og þingsályktunartillögur, sem hún hefur í hyggju að senda eða hefur þegar sent hingað í þingið. Af þessum málum snúa níu að hagsmunum fyrirtækja og heimila, níu af 30, 21 mál snýr að einhverju öðru.

Nú hefði ég haldið að ríkisstjórnin legði allt kapp á að fá þessi níu mál afgreidd á þeim skamma tíma sem er til stefnu í þinginu. Tími sem er skammur, einmitt vegna þess að þessi sama ríkisstjórn ákvað að efna til kosninga jafnskjótt og raun ber vitni. Það skiptir máli að hafa þetta í huga.

En í stað þess að leggja þessa forgangsröðun til grundvallar þegar mál koma hér inn í þingið, eins og ríkisstjórnin gerir þegar hún lýsir níu af málum sínum sem málum í þágu heimila og fyrirtækja, dembir hún ýmsum öðrum málum hér inn fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið sem hún leggur mikið kapp á að koma í gegn. Auðvitað hlýtur það að hafa áhrif á framgang annarra mála. Auðvitað er rétt hjá hv. þm. Ellerti B. Schram sem talaði hér áðan að þingmenn geta tekið á honum stóra sínum og unnið vel á skömmum tíma.

Mér finnst það hins vegar ekki bera vott um rétta eða skynsamlega forgangsröðun eða skynsamleg vinnubrögð að ætla á örskömmum tíma að fara í gegn með, ekki bara þau mál sem eru brýn vegna þess bráða vanda sem við er að stríða í efnahagsmálum, heldur ýmis önnur áhugamál hv. þingmanna og ráðherra ríkisstjórnarflokkanna, eins og það mál sem hér liggur fyrir.

Það segir sig sjálft að ekki er hægt að gera allt. Tíminn er knappur. Tíminn er stuttur. Það er ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna sjálfra að boða til kosninga með svo skömmum fyrirvara og auðvitað verða þeir að gera sér grein fyrir því að þeir geta ekki komið öllu því í verk sem þeir helst vildu.

Þetta finnst mér rétt að taka fram og að ítreka það sem áður hefur komið fram um að ekki hefur verið um að ræða pólitískt samráð um þessar breytingar. Flokkunum hefur verið stillt upp við vegg, tillögurnar hafa verið tilbúnar af hálfu ríkisstjórnarinnar og lagðar á borðið fyrir menn og spurt: Eruð þið með eða eruð þið á móti? Ekki hefur verið um eðlilegt samráð að ræða, þar sem allir hafa komið að borðinu og getað komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Að þessu sögðu vil ég ítreka það sem ég sagði áðan í andsvari að hugmyndir um persónukjör og ýmsar breytingar á kosningalögunum eru góðra gjalda verðar. Ég er alls ekki andvígur því að taka slíkar hugmyndir til umræðu. Ég tel að þær geti verið skynsamlegar. Ég hef sjálfur oft velt fyrir mér ýmsum möguleikum í því sambandi, bæði kerfi á borð við það sem við sjáum í nágrannalöndunum, mismunandi kerfi á milli landa, Danmerkur, Svíþjóðar, Þýskalands, Írlands og fleiri landa. Þetta eru mismunandi leiðir og ég hef oft velt fyrir mér hvort betra væri að koma svipuðu kerfi á hér.

Ég játa það líka að ég hef stundum velt fyrir mér kostum þess að hafa hér einmenningskjördæmi. Það eru kostir og gallar við slíkt fyrirkomulag. En mér finnst að í raun og

veru sé það líka spurning sem við þurfum að velta fyrir okkur í því sambandi.

Það sem er að gerast í þessu máli er ekki að mismunandi valkostir hafi verið lagðir á borðið, vegnir og metnir og kostir og gallar skoðaðir — því ekkert kerfi er fullkomið. Það hefur ekki verið gert. Ekki hefur verið horft á mismunandi möguleika og reynt að velja þann besta eða þann sem mest sátt gæti náðst um. Einn kostur er tekinn og honum skellt á borðið og því lýst yfir að fara eigi með hann í gegnum þingið á örskömmum tíma, burt séð frá því hvort um það næst samstaða eða ekki. Það er ekki gott.

Ég held að miklu betra vinnulag væri að ríkisstjórnin og við sem sitjum hér á þingi einbeittum okkur að því næstu vikur að klára og gera vel úr garði þau mál sem hafa raunverulega þýðingu til að bregðast við þeim efnahagsvanda sem við eigum við að stríða. Ég held að við ættum að kynna þau mál fyrir kjósendum og velta því kannski fyrst fyrir í okkar röðum hvað við viljum gera í sambandi við breytingar á kosningalögum og stjórnskipun. Ræða það á landsfundum sem eru fram undan í flestum flokkum. Ég held að við ættum að fara í slíka stefnumótun, leggja síðan stefnu okkar í þeim málum á borðið fyrir kjósendur og gefa þeim kost á að segja skoðun sína. Því þegar talað er um kröfu í samfélaginu byggir það á einhverri mjög ómarkvissri tilfinningu sem ekki hefur verið hægt að færa sönnur á með neinum hætti.

Talandi um þessa tilfinningu í samfélaginu er vissulega rétt að í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað í landinu á síðustu mánuðum hafa margir nefnt aukið vægi persónukjörs sem breytingu sem menn vilja skoða. Gott og vel. En liggur fyrir að leiðin sem ríkisstjórnin býður hér upp á sé sú sem fólk vill fara? Ég hef heyrt í fjölmörgum hörðum áhugamönnum um persónukjör sem vilja fara allt aðrar leiðir, t.d. þá að hægt sé að velja fólk af mismunandi framboðslistum. Þar er gengið töluvert lengra en í þessu frumvarpi. Ef ætlun ríkisstjórnarinnar er að bregðast við einhverri kröfu í samfélaginu held ég að margir úti í samfélaginu sem hafi gert kröfu um persónukjör verði fyrir vonbrigðum þegar þeir kynna sér hvað í frumvarpinu felst.

En nóg um það. Ég tel að mikilvægt sé og rétta leiðin til að nálgast þetta mál að flokkarnir móti stefnu sína í þessu máli. Flokkarnir og önnur framboð sem eru að koma fram móti stefnu sína í þessum málum, leggi hana fyrir kjósendur og sjái hvaða fylgi þau sjónarmið fá í kosningum. Það er eina raunverulega mælingin sem við höfum á vilja kjósenda.

Það hefur raunar verið þannig að undanförnu í samfélaginu að alveg ótrúlega margir og mismunandi hópar og einstaklingar hafa talið sig geta talað fyrir hönd þjóðarinnar í mismunandi málum. Menn sem efna til funda úti og inni og skrifa á internetið með ýmsum hætti telja sig tala í nafni þjóðarinnar fram og til baka. Það er dálítið erfitt að átta sig á hver þjóðarviljinn er ef þau mismunandi sjónarmið sem koma fram hjá þeim eru skoðuð.

En hvernig mælum við þjóðarviljann? Hann hlýtur að vera mældur í kosningum, sem eru hinn eini raunverulegi mælikvarði sem skiptir máli í þessu sambandi.

Í ljósi þess hve skammt er til kosninga er eðlilega nálgunin sú að flokkarnir móti stefnu í þessum málum, leggi hana á borðið fyrir kjósendur og ef kjósendur leggja mikið upp úr því að ná fram breytingum af þessu tagi hljóta þeir að láta það hafa áhrif á sig þegar þeir ganga að kjörborðinu. Vilji kjósenda ætti því að endurspeglast í niðurstöðum kosninganna. Þannig held ég að betra væri að nálgast málið og raunar líka þær stjórnarskrárbreytingar sem við munum ræða í þinginu á morgun. Í stað þess að rjúka til á örfáum vikum og klára einhver mál í bullandi ósætti væri rétt að flokkarnir bæru stefnu sína í þessum málum undir kjósendur og ynnu síðan áfram að framgangi þeirra á grundvelli kosningaúrslitanna. Ég held að það væri mun vitrænni leið.

Eins og fram hefur komið í umræðunni hefur persónukjör sem slíkt bæði kosti og galla. Kosturinn er sá að með auknu vægi persónukjörs styrkist staða stjórnmálamannanna sem slíkra, en um leið eykst í raun ábyrgð þeirra. Þeir þurfa að standa frammi fyrir kjósendum sjálfir og geta ekki falið sig með sama hætti á bak við flokka sína eins og kannski hefur oft gerst. Meiri líkur eru á því að beint og milliliðalaust samband náist á milli kjósenda og þingmanna en ella.

Þetta eru kostirnir. Gallarnir eru hins vegar, eins og hefur komið fram í umræðunni, m.a. fólgnir í því að aukið vægi persónukjörs getur flækt kosningalöggjöfina og kosningaathöfnina sjálfa og almennt er viðurkennt í þeim fræðum að til bóta sé að hafa kosningar og kosningafyrirkomulag einfalt og auðskiljanlegt til að allir kjósendur geti gengið að því, ekki bara þeir sem fylgjast vel með eða eru með einhverjum hætti virkir þátttakendur eða áhorfendur að stjórnmálabaráttunni frá degi til dags.

Annar galli er auðvitað sá sem við ræddum hér áðan, ég og hv. þm. Mörður Árnason, að raunveruleg hætta er á því að sú barátta sem fer nú fram í prófkjörum og hefur vissulega marga galla færist fram á kjördag, standi allan tímann fram á kjördag og einstakir frambjóðendur verði önnum kafnir og uppteknir af því að koma sjálfum sér á framfæri alveg fram undir það síðasta. Það gerir kosningabaráttuna miklu flóknari og erfiðari en þegar flokkarnir hafa útkljáð framboðsmál innan sinna raða áður en kosningabaráttan sjálf hefst. Menn geta þá skipt verkum, stillt upp og samræmt stefnu sína áður en baráttan hefst þannig að kjósendur hafi við slíkar aðstæður skýrari valkosti hvað stefnumál varðar þótt þeir hafi minni valkosti hvað einstaklinga varðar.

Þetta eru allt saman þættir sem þarf að hafa í huga. Ég held að grundvallaratriðið í málinu sé einfaldlega þetta. Við eigum ekki að breyta kosningalögum örfáum vikum fyrir kjördag. Við eigum ekki að breyta leikreglunum þegar leikurinn er hafinn. Við eigum að undirbúa slíkar breytingar vel, velta fyrir okkur mismunandi kostum, vega og meta kosti og galla ólíkra leiða.

Ég vil hins vegar ljúka máli mínu með því að segja að ég hef raunverulegan áhuga á því að skoða þessi mál. Ég tel að mjög margir hv. þingmenn hafi áhuga á því líka. Það heyri ég í mínum flokki og í öðrum flokkum. Menn vilja vinna sig áfram í þessum málum, skoða mismunandi kosti og ræða þá og gera breytingar sem menn ná samkomulagi um. En sú aðferðafræði og sú aðferð sem ríkisstjórnin býður upp á í þessu máli er að mínu mati algerlega ótæk.

[18:38]

Björn Bjarnason (S):

Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að þessi aðferð við að leggja fram frumvarp til laga, um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, er með öllu ótæk. Ekki er unnt að búast við því að á síðustu vikunum fyrir kosningar fari fram umræður um mál sem þetta á þeim grunni sem þarf til þess að víðtæk sátt myndist um málið.

Þegar ég les frumvarpið, virðulegi forseti, og greinargerðina með því sé ég að engin stjórnmálaviðhorf koma fram varðandi málið. Ekki virðist hafa farið fram nein umræða um málið á vettvangi stjórnmálanna á þann veg að færð séu stjórnmálaleg rök fyrir því að þetta sé gert. Þvert á móti hafa komið að ágætir menn, fræðimenn, sem hafa um árabil fjallað um kosningalöggjöfina og verið ráðgjafar nefnda stjórnmálamanna úr öllum flokkum, nefnda sem hafa síðan farið yfir málin og lagt þau fram með rökstuðningi sínum og fært í þann búning sem þarf til þess að það sé líka ljóst að á bak við frumvörp af þessu tagi liggi pólitískar ákvarðanir sem eru teknar með skírskotun til stefnumörkunar á vegum stjórnmálaflokka og þannig sé að málum staðið að augljóst sé að ekki einungis hafi verið lögð sérfræðileg vinna í málið heldur lagt á það pólitískt mat og pólitísk vinna farið fram við úrvinnslu málsins.

Ég var á einum þingflokksfundi sjálfstæðismanna þar sem Þorkell Helgason stærðfræðingur kom og kynnti þessi sjónarmið sem er frá sérfræðinga hálfu sjálfsagt að kynna þegar er farið út í það að velta fyrir sér breytingum á kosningalöggjöfinni í þá veru að koma hér á meira persónukjöri á kjördag. En það var ljóst á þeim fundi að allir þeir sem þar tóku þátt í umræðum voru þeirrar skoðunar að nú væri ekki rétti tíminn til þess að vinna að þessu máli og bjóst raunar enginn við því að það kæmi fram hér með þessum hætti og þess yrði krafist að það yrði afgreitt fyrir kosningar, þegar ákveðið hefur verið í flokkum að efna til prófkjara og ganga til þess að undirbúa lista á grundvelli þeirra reglna sem gilda samkvæmt lögum.

Það sést líka einnig hér að síðan eru taldir upp kostir og hér segir, með leyfi forseta:

„Sérfræðingahópur sá sem kom að samningu frumvarps þessa og fyrr er getið íhugaði fleiri leiðir til þess að auka þátt persónukjörs í lögum um kosningar til Alþingis.“

Hér eru taldir upp nokkrir kostir og síðan segir, með leyfi forseta:

„Sérfræðingahópurinn fjallaði jafnframt um mismunandi aðferðir við merkingar kjósenda á óröðuðum listum og talningu eða uppgjör á þeim merkingum.“

Síðan eru taldir kostir sem helst koma til greina. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Það var niðurstaða hópsins að mæla með aðferð M1, einkum með þeim rökum að það væri fyrirkomulag sem kjósendur þekkja úr prófkjörum, en að vissu leyti er verið að viðhafa „prófkjör“ í kjörklefanum þegar boðnir eru fram óraðaðir listar. Um kosti og galla þessara aðferða má að öðru leyti lesa í fyrrnefndri greinargerð um persónukjör á vefsíðunni landskjor.is.“

Það kemur því hér fram, virðulegi forseti, að þetta er, ef ég má orða það svo, hrátt frumvarp frá sérfræðingum sem ekki hefur fengið neina skoðun á hinum pólitíska vettvangi og síðan hefur verið ákveðið að leggja það fram af formönnum fjögurra þingflokka og taka það hér til umræðu. Ég tel að þetta sé ekki rétt aðferð við afgreiðslu á þeim leikreglum lýðræðisins sem birtast í kosningalöggjöfinni. Ég tel að fram eigi að fara ítarleg og meiri umræða um það utan þingsins og utan hópa sérfræðinga en tími gefst til við afgreiðslu þessa frumvarps.

Þar að auki koma svo hv. þingmenn upp, sem eru meðmæltir þessu frumvarpi, og lýsa því yfir hér í þessum ræðustól að með frumvarpinu sé verið að bregðast við bankahruninu, verið sé að bregðast við ástandi í þjóðfélaginu sem myndaðist vegna bankahrunsins. Engin rök eru fyrir því í greinargerð með frumvarpinu. Hvergi hefur komið fram að það væri liður í því að grípa á þeim vanda sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir vegna þeirra hamfara allra saman að taka tæknilegar ákvarðanir um breytingar á kosningalöggjöf. Það hefur hvergi komið fram, virðulegi forseti, og það er ekki rökstutt í þessu frumvarpi með neinum hætti. Það vantar alla pólitíska umgjörð um frumvarpið.

Hv. þingmenn koma svo hingað upp og segja: Með frumvarpinu er verið að bregðast við bankahruninu og umræðum víða í þjóðfélaginu um nauðsyn þess að viðhafa persónukjör. Það er verið að bregðast við því að brjóta á bak aftur flokksræðið og krafa hefur komið fram — það koma hvergi fram í greinargerð þessa frumvarps neinar röksemdir sem styðja þau sjónarmið að sérstaklega sé verið að taka á bankahruninu eða bregðast við baráttu gegn flokksræði, enda býst ég ekki við því að þessir ágætu sérfræðingar sem sömdu frumvarpið, og þeir nota hvergi í greinargerð sinni neitt sem rökstyður þá skoðun hv. þingmanna, álíti að með frumvarpinu sé verið að bregðast við bankahruninu eða flokksræði.

Eins og hv. þm. Birgir Ármannsson vakti máls á, virðulegi forseti, er furðulegt að heyra hv. þingmenn Samfylkingarinnar tala um þetta mál á þann veg að þeir geti verið málsvarar þess ekki ríki flokksræði og þeir séu í flokki þar sem ekki ríki flokksræði — þar sem menn koma fram og lýsa yfir á fundum, bæði fyrir þessar kosningar og líka fyrir kosningarnar 2003, svo að dæmi séu tekin, að þeir ákveða einhliða hvar menn eiga að sitja á listum án þess að það séu nokkrar kjörnefndir sem koma að því. Það er eins og forustuhópur flokksins komi saman og skipti efstu sætum listanna á milli sín eða einhverjum sætum sem þeir kjósa að velja eftir því hvernig þeir líta á stöðuna. Þeir hafa prófkjörsreglur að engu, þeir segja við kjósendur: Þið skuluð kjósa eins og við segjum og svona á þetta að vera. Þessir menn standa síðan hér í ræðustól, fulltrúar þessa flokks, og láta eins og þeir séu einhverjir málsvarar þess að brjóta á bak aftur flokksræði.

Virðulegur forseti. Ef það væri svo að okkur þingmönnum bæri að líta á frumvarpið sem mikilvægan lið í því að bregðast við bankahruninu á Íslandi hlyti það að koma fram í greinargerðinni, þá hlytu sérfræðingarnir sem sömdu frumvarpið að benda okkur á það að þessi leið sem þeir velja, leið M1, sé besta leiðin til þess að bregðast við stöðu mála í kosningalöggjöfinni vegna bankahrunsins. Að sjálfsögðu gera þeir það ekki því að frumvarpið hefur ekkert með bankahrunið að gera. Það er lagt hér fram til þess að

tefja nauðsynlegar umræður á þinginu um afleiðingar bankahrunsins og útleið úr þeim vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir. Það er furðulegt að standa hér, vitandi að kjördagurinn verður 25. apríl, og vera að ræða enn leikreglur sem eiga að gilda varðandi skipan lista og val manna á kjördegi þegar allir flokkar hafa ákveðið prófkjör og þetta frumvarp er sagt af hálfu sérfræðinganna að eigi að koma í stað prófkjara. Þetta er ótrúleg meðferð á tíma og kröftum þingmanna að ríkisstjórninni skuli detta þetta í hug, og þessum þingflokksformönnum, að leggja þetta hér fyrir þingið.

Síðan er það efni málsins: Er það æskilegt í sjálfu sér að auka áhrif kjósenda við val og röðun manna á lista? Það er álitaefni sem sjálfsagt er að velta fyrir sér og sjálfsagt er að skoða. Æskilegt væri að þingnefndin, sem fjallar um málið, gæti kallað til sín þingmenn frá öðrum löndum sem hafa búið við þessi kosningakerfi og fengið þá til þess að lýsa því fyrir þingmönnum sjálfum. Fyrst afgreiða á þetta hér annars vegar af sérfræðingum og hins vegar af þingmönnum í nefnd án þess að tóm gefist til að leita út fyrir nefndaveggi þingsins ætti forseti þingsins að gefa þingnefndinni kost á því að bjóða hingað til lands þingmönnum sem hafa kynnst því kosningakerfi sem hér er verið að leggja til. Þeir gætu þá borið vitni um það hvernig það virkar, hvort þessi breyting á löggjöfinni er til þess fallin t.d. að koma í veg fyrir bankahrun, hvort þeir líti þannig á að þessar aðferðir í þeirra löndum hafi stuðlað að efnahagslegu jafnvægi og stöðugleika í fjármálakerfinu og hvort þeir telji að ef þetta kerfi væri ekki hjá þeim væri meiri óstöðugleiki í fjármálakerfinu svo að vísað sé til raka þeirra þingmanna sem hér hafa talað.

Lítum á aðferðina. Ég er þingmaður sem hef boðið mig fram í kosningum og gengið í gegnum prófkjör. Ég hef tekið þátt í prófkjörum og ég hef haft áhuga á kosningalöggjöfinni og hef rætt hana. Á fyrstu árum mínum hér í þinginu vann ég að því og hafði m.a. hugmyndir um að það mætti fækka þingmönnum. Mér finnst það miklu skynsamlegri viðbrögð við bankahruninu, ef menn ætla að taka á málum sem varða þingmenn, að velta því fyrir sér hvort ekki eigi að breyta kosningalöggjöfinni og stjórnarskrárákvæðum á þann veg að fækka þingmönnum — að spara og draga úr kostnaði og líta þá til þingsins ekki síður en til annarra og gera þá tillögur um róttækar breytingar að því leyti að dregið verði úr kostnaði við þinghaldið og það mætti gera með því að fækka þingmönnum.

Það er annað mál og það er ekki til umræðu hér enda eru þessar tillögur tæknileg útfærsla á mjög þröngum þætti en þætti sem skiptir máli. Í kosningabaráttunni árið 2007 var farið í persónukjör gagnvart mér. Þá var það einn auðmaður hér í landinu sem ákvað að nota fjármuni sína til þess að auglýsa, með mynd af sjálfum sér, í öllum dagblöðunum daginn fyrir kjördag að hann hvetti fólk til þess að strika mig út á kjörseðlinum. Hann fór í persónukjör og hann auglýsti og það bar þann árangur að ég féll niður á listanum. Þótt ég sé hér í þingsalnum og sitji á þingi bar aðför þessa manns þann árangur að ég var strikaður út af nógu mörgum til þess að ég varð ekki í 2. sæti heldur féll niður í 3. sæti á listanum.

Þetta er það sem menn eru að kalla yfir sig. Það er svona andrúmsloft sem menn vilja væntanlega hafa í kosningabaráttu þar sem auðmenn geta komið og beitt áhrifum sínum á sama hátt og þessi maður gerði, eða hópar, og kosningabaráttan verði þá þannig að menn leggi meira upp úr því að einstakir hópar beini spjótum sínum að einstökum þingmönnum og vegi þá og meti og gefi síðan fyrirmæli með auglýsingum eða í krafti fjármagns, eða hvað leið annarri sem menn hafa, til þess að velja fólk á lista, þegar það hefur boðið sig fram fari kosningabaráttan út í þetta. Við höfum dæmi frá kosningabaráttunni 2007 þar sem þessu var beitt með þessum hætti, fjármunum var eytt og varið til þess að ráðast á einn einstakling sem var talinn óvinur eins af því viðskiptaveldi sem síðan — það er miklu nær að tala um það hér en bankahrunið en breytingar í þessa átt til þess að auðvelda mönnum að nota fjármuni sína og krafta til þess að ráða hinu pólitíska andrúmslofti.

Halda menn ekki að þingmenn væru hallari undir slíka menn ef menn óttuðust að þeir mundu beita valdi sínu á þennan veg? Ef menn eru að tala um þetta sem lið í því að koma í veg fyrir bankahrun eða fjármálaóreiðu eða óvissu í þjóðfélaginu held ég að aðrar röksemdir þurfi en þær sem hér hafa komið fram til þess að sannfæra mig um það að þetta sé skynsamlegasta leiðin til þess að skapa festu og það öryggi í stjórnarfarinu og tryggja að þingmenn séu ekki háðir þrýstihópum, fjármagnseigendum eða þeim sem í krafti einhverrar slíkrar aðstöðu geti ráðið því hvernig valið er til þings.

Ég held að það sé nóg fyrir þingmenn að ganga í gegnum prófkjörin samkvæmt þeim leikreglum sem flokkarnir setja um val manna á framboðslista og láta fólk koma að því sem er skráð í viðkomandi flokka og láta það gegnsæi sem ríkir í flokksstarfinu ráða í staðinn fyrir að kalla þetta yfir menn í þingkosningunum sjálfum. Við höfum dæmi, og ekki er hægt að horfa fram hjá þeim dæmum, um hvernig svona valdi er beitt og hvaða ráðum er beitt til þess að reyna að koma í veg fyrir að menn sem — í mínu tilviki var ég talinn andstæðingur einhvers viðskiptaveldis og þá var fjármunum þess og áhrifamætti öllum beitt til þess að koma í veg fyrir að ég kæmist inn á Alþingi.

[18:53]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Það er nokkuð liðið á þessa umræðu og fer að sjá fyrir endann á henni. Það undrar mig mjög þegar við ræðum mál af þeim toga sem hér er til umræðu, sem liggur svona óskaplega mikið á af hálfu stjórnarflokkanna að koma í gegn, hversu lítill áhugi er á því af þeirra hálfu. Ég hygg að af hálfu Framsóknarflokksins hafi t.d. einungis einn hv. þingmaður tjáð sig og ég get kannski nefnt 1–2 af hinum flokkunum. Þeir sem hafa verið í salnum hafa flestir verið við önnur störf en þau að hlusta á þessa umræðu og meira að segja gekk það svo langt hér í dag að þingmenn Vinstri grænna lögðu sig í framkróka við að fara í persónulegt stríð við hv. þm. Sturlu Böðvarsson í staðinn fyrir að ræða þetta mál sem svo mikið liggur á að koma í gegn.

Þetta áhugaleysi kemur mér mjög á óvart. Meira að segja fulltrúar í allsherjarnefnd hafa varla getað setið undir þessari umræðu. Samt er ætlast til þess að við tökum málið fyrir í nefndinni og eftir því sem ríkisstjórnarflokkarnir

segja liggur óskaplega mikið á að koma þessu öllu á fyrir vorið svo kjósendur sem eiga að kjósa 25. apríl geti valið á lista eftir algjörlega nýjum leiðum sem kjósendur hafa ekki hugmynd um hverjar eru.

Engin umræða hefur farið fram um þetta í landinu, það hefur enginn talað um þetta af þeim mikla þunga sem mér skilst að hafi allt í einu kviknað í ríkisstjórnarherbergjunum núna skyndilega. Hvaðan kemur þessi óskaplega mikla þörf fyrir að reka þetta mál hér áfram þegar menn telja að það þurfi að bjarga — og það þarf að gera — atvinnulífinu í landinu? Af hverju vilja menn eyða þá orkunni í að standa í þessu? Svo þegar til á að taka er enginn hér, það er enginn við umræðuna, 2–3 manneskjur sem eru meira og minna á leiðinni út. (Gripið fram í.) (Gripið fram í.) Það kemur mér mjög á óvart, satt að segja, (Gripið fram í.) mjög á óvart að svo sé.

Ég held að við eigum að bera þá virðingu fyrir kosningakerfinu og líka íbúum í þessu landi að það eigi sér stað einhver umræða um þetta nýja kosningakerfi sem menn eru að fara af stað með núna. Þegar maður skoðar svo þetta frumvarp sem er ekki mjög — ja, greinargerðin gefur manni ekki mikla vísbendingu um tilganginn með frumvarpinu — kemur reyndar fram að þar sem einhvers konar svona aðferð hefur verið valin hefur heldur dregið úr þátttöku, þ.e. þessi aðferð er ekki valin nema að hluta til. Þetta hefur ekkert endilega gefist vel í þeim löndum sem miðað er við þannig að mig undrar að menn skuli vilja fara þessa leið.

Svo á morgun ætlum við að tala um stjórnarskipunina. Ég efast um að þar verði nokkur viðstaddur heldur. (**Gripið fram í:** Jú, ég.) Það er alveg furðulegt (Gripið fram í.) að svona skuli vera, að þegar verið er að tala um breytingar á íslensku stjórnarskránni, herra forseti, skuli stjórnarsinnar ekki mega vera að því að mæta til þings og ræða þessi mál, eru bara að gera eitthvað allt annað. (**Gripið fram í:** Í prófkjörum.) Já, maður spyr sig hvað um sé að vera. (**ÁI:** Eru stjórnarandstæðingar hér eitthvað meira?)

Í þessari umræðu hafa örfáir þingmenn af hálfu stjórnarsinna tekið þátt. Fyrst og fremst hefur þessi umræða verið af hálfu sjálfstæðismanna sem hafa kallað eftir skoðanaskiptum. Maður hefur reynt að varpa fram spurningum til stjórnarsinna en þeir hafa ekkert hirt um að svara þeim. Það eina sem fram hefur komið er einhver skætingur út í fólk um eitthvað sem kemur málinu bara ekkert við og er ekkert um það mál sem við erum að ræða hérna. Það skiptir máli að við vöndum okkur við þetta.

Ég sagði í ræðu minni í dag að það væri sjálfsagt og eðlilegt að velta fyrir sér hvernig best væri að koma fyrir kosningum til Alþingis og sveitarstjórna. En við skulum gera það af ákveðinni ró, við skulum reyna að ná einhverju samkomulagi um það hvernig til á að takast. Það liggur alveg fyrir að það þarf tvo þriðju atkvæða hér á þingi til að koma þessu frumvarpi hér í gegn, það liggur alveg fyrir, þetta hafa menn skoðað, þannig að það verður ekkert gert nema menn komi sér að því að tala við stjórnarandstöðuna hér í stað þess að meðhöndla hana bara eins og hún sé eitthvert skraut, eitthvert punt hér og ekki til nokkurs skapaðs hlutar. Og það eru flokkar sem eru búnir að tala um hversu illa var (Forseti hringir.) farið með þá þegar þeir voru í stjórnarandstöðu, mér þykir ýmislegt hafa breyst síðan þá.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Fundi slitið kl. 18:59.

---

96. FUNDUR

föstudaginn 6. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Virðisaukaskattur, stjfrv., 289. mál, þskj. 660. — 3. umr.
3. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl., stjfrv., 321. mál, þskj. 553, nál. 665 og 667, brtt. 666. — 2. umr.
4. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 376. mál, þskj. 635. — 1. umr.
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 385. mál, þskj. 648. — 1. umr.
6. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, frv., 146. mál, þskj. 163. — 1. umr.
7. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, frv., 157. mál, þskj. 183. — 1. umr.
8. Skylda lánastofnana í meirihlutaeigu ríkisins til að leita tilboða í innleyst fyrirtæki, þáltill., 194. mál, þskj. 241. — Fyrri umr.
9. Meðferð einkamála, frv., 343. mál, þskj. 585. — 1. umr.
10. Fjármálafyrirtæki, verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, frv., 345. mál, þskj. 588. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björk Guðjónsdóttir, 9. þm. Suðurk.
Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
Kolbrún Halldórsdóttir umhvrh., 5. þm. Reykv. s.
Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
Lúðvík Bergvinsson, 5. þm. Suðurk.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 10. þm. Reykv. n.

[10:31]

Útbýting:

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl., 321. mál, nál. minni hluta efh.- og skattn., þskj. 667; brtt. minni hluta efh.- og skattn., þskj. 668.

Störf þingsins.

Samgöngumál – tónlistarhús – forgangsmál ríkisstjórnarinnar.

[10:32]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að beina orðum til þingmanna Samfylkingarinnar. Ég sé að hv. þingmaður, formaður samgöngunefndar, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, er ekki í salnum en hér eru ýmsir af talsmönnum Samfylkingarinnar í salnum þannig að ég beini orðum mínum til þeirra.

Á síðasta kjörtímabili var mikið rætt um gjaldtöku í Hvalfjarðargöngin. Sem samgönguráðherra beitti ég mér fyrir því að Spölur sem rekur jarðgöngin endurskoðaði gjaldskrána. Ríkisendurskoðun lagði mat á getu félagsins til lækkunar á gjaldinu ef samið yrði um lengingu lána og lækkun vaxta. Hagstæðir samningar náðust og gjaldið var lækkað verulega. Eins og þekkt er samþykkti Alþingi sérstaka löggjöf um samgönguáætlun og var samþykkt 12 ára samgönguáætlun árið 2003 sem enn er í gildi. Hún var endurskoðuð fyrir árin 2007 og 2010. Unnið var eftir þessum áætlunum síðasta kjörtímabil og það sem af er þessu kjörtímabili. Þessi áætlun er mjög metnaðarfull og eru m.a. nýttir fjármunir vegna sölu Símans til framkvæmda. Ekkert hefur enn bólað á endurskoðun samgönguáætlunar svo sem lög gera ráð fyrir.

Fyrir síðustu kosningar var nokkuð rætt um gjaldtöku í Hvalfjarðargöngunum og beitti Samfylkingin sér fyrir mikilli áróðursherferð gegn þáverandi samgönguráðherra. Var öllu tjaldað til sem hægt var og sett upp áberandi skilti við Hvalfjarðargöngin með áletruninni: „Burt með sturlaðar samgöngur“. Fylgdi síðan loforð um að ef menn kysu Samfylkinguna mætti treysta því að gjaldið yrði fellt niður, ef hv. þm. Guðbjartur Hannesson og Karl V. Matthíasson yrðu kjörnir.

Samfylkingin hefur nú í nærri tvö ár farið með samgönguráðuneytið og haft formann samgöngunefndar og þess vegna hljótum við að spyrja: Hvenær kemur endurskoðuð samgönguáætlun sem gerir ráð fyrir því að gjaldið (Forseti hringir.) í Hvalfjarðargöngin verði fellt niður?

[10:34]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Það er sérlega skemmtilegt að fyrrv. forseti og þingmaður úr kjördæmi Norðvesturs, hv. þm. Sturla Böðvarsson, skuli spyrja um þetta. Í kosningabaráttunni var hann einn af þeim fáu sem var á móti því að afnema Hvalfjarðargangagjaldið. Hann hefur barist ötullega gegn því. Hann hefur talið það vera leysanlegt með öðrum leiðum og viljað halda gjaldtöku á vegum um landið sem víðast. Ég fór í kosningabaráttu þar sem ég tel að þetta gjald sé löngu orðið úrelt og barðist gegn áframhaldandi gjaldtöku, eins og hv. þingmaður vakti réttilega athygli á. Ekki náðist samstaða um það í stjórnarsáttmála og komst þetta mál ekki þar inn sem forgangsmál. Gerð var tilraun til að ná samstöðu allra norðvesturþingmanna um að flytja um þetta þingmál og ég bið hv. þm. Sturlu Böðvarsson að upplýsa um hverjir vildu ekki skrifa undir það. Síðan var rætt um að reyna að koma því inn í endurskoðaða samgönguáætlun og það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að það er mjög mikilvægt að áætlunin verði endurskoðuð sem og gjaldtaka á vegum almennt. Þetta er mál sem skiptir mjög miklu máli. Ég tel vera brýnt að þessi gjaldtaka verði tekin núna út svo lengi sem ekki eru lögð almenn gjöld á nýframkvæmdir í vegakerfinu.

Að við höfum sett upp skilti sem á stóð „sturlaðar samgöngur“ er alrangt, það var aldrei gert. Aftur á móti var búinn til miði þar sem á stóð „sturlaðar samgöngur“ og vísað þar til að við höfum búið við mjög erfitt ástand í samgöngumálum. Þetta var léttur orðaleikur en ástæðulaust er að taka því með þeim hætti sem hv. þingmaður virðist hafa gert.

Það er enn þá brýnt að ákveða gjaldtökur á vegum og fyrst þær eru ekki á öðrum vegarspottum á Íslandi á að afnema Hvalfjarðargangagjaldið. (Gripið fram í.)

[10:36]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sturlu Böðvarssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli. Kosningaloforð eiga menn að reyna að halda, hv. þm. Guðbjartur Hannesson, og hefur verið eitt af forgangsmálum Samfylkingarinnar. Samfylkingin hefur möguleika og tök á því að breyta þessu en ekki bólar á því að gera eigi neinar breytingar.

Jú, það var ráðist í Hvalfjarðargöngin og það var metnaðarfullt á sínum tíma og fyrir því lágu ákveðin rök að setja gjald tímabundið. En þau rök gilda ekki lengur og það er útilokað að eðlilegt sé að mismuna þeim sem þurfa að nota Hvalfjarðargöngin reglulega. Þetta er hluti af þjóðvegakerfi okkar og það gengur ekki að leggja sérstakt gjald þar á endalaust. Samfylkingin lagði höfuðáherslu á það í Norðausturkjördæmi að þetta gjald yrði afnumið. Samfylkingin hefur haft með þennan málaflokk að gera allt þetta kjörtímabil en ekki hefur bólað á neinum tillögum í þá veru, að afnema þessa óréttlátu gjaldtöku. Þá hlýtur maður að spyrja: Er það viðunandi, hv. þm. Guðbjartur Hannesson, að koma hér upp og segja: Ég vil fella gjaldið burt? Er það viðunandi fyrir kjósendur að þingmaður komi fram og segi það þegar kjörtímabili er að ljúka vegna vilja hans flokks? Spurningin er: Hvað hafa hv. þm. Guðbjartur Hannesson eða flokksmenn hans í Samfylkingunni gert til að koma þessu óréttláta gjaldi í burtu? Krafan hlýtur að vera sú að við á þessu svæði búum við sömu kjör hvað samgöngur varðar og fólk annars staðar á landinu.

[10:39]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að elta ólar við það sem hv. þm. Guðbjartur Hannesson sagði en rifja aðeins upp að Hvalfjarðargöngin voru grafin á grundvelli laga sem samþykkt voru á Alþingi vegna samnings sem þáverandi hæstv. samgönguráðherra, núverandi hæstv. fjármálaráðherra, gerði. Hann gerði samning við Spöl um hvernig standa ætti að því að grafa jarðgöngin og það mætti taka gjald af þeim. Gerður var samningur sem er í gildi og var ekki hægt að rifta honum nema því aðeins að ríkið greiddi upp þetta gjald.

Það sem ég dreg hér fram og sýni fram á er hversu óábyrgt þetta kosningaloforð hjá Samfylkingunni var þegar

samfylkingarmenn lýstu yfir að taka ætti úr ríkissjóði þá milljarða sem gjaldið gefur og greiða upp skuldina sem Spölur var með á sínum herðum. En ekkert hefur bólað á þessum tillögum. Samgönguáætlun sem átti að endurskoða árið 2008 hefur ekki verið endurskoðuð. Það bólar ekkert á tillögum um það. Þess vegna hef ég spurt: Hvenær ætlar Samfylkingin að leggja endurskoðaða samgönguáætlun fyrir þingið? Ætlar hún að gera það áður en þingið fer heim fyrir kosningar, að koma með endurskoðaða samgönguáætlun sem gerir ráð fyrir því m.a. að gjaldið verði fellt niður?

Það er auðvitað miklu lægri upphæð núna sem Spölur skuldar og á eftir að greiða niður vegna þess að umferðin hefur aukist jafnt og þétt og er miklu léttara fyrir ríkissjóð að taka að sér þetta gjald nú en var fyrir fimm árum síðan. Þess vegna hljótum við að velta því fyrir okkur: Hvernig ætlar Samfylkingin að standa við þetta mikilvæga kosningaloforð frá því fyrir kosningarnar 2007? Við hljótum að spyrja um það. Ég vísa því algerlega á bug að það hafi verið í höndum þingmanna Norðvesturkjördæmis að breyta fjárlögum eða samgönguáætlun. Þó að við séum öflugir ráðum við því ekki. (Gripið fram í.) Það voru ríkisstjórnarflokkarnir, (Forseti hringir.) það var samgönguráðherrann sem átti að fylgja þessu máli eftir, að sjálfsögðu.

[10:41]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég fagna því að fyrsti sjálfstæðismaðurinn í þinginu talar gegn Hvalfjarðargangagjaldinu, hv. þm. Jón Magnússon. (Gripið fram í: Guðjón Guðmundsson.) Það er rétt, Guðjón Guðmundsson gerði það á sínum tíma, en úr þeim hópi sem núna er, er þetta fyrsti þingmaðurinn sem talar gegn áframhaldandi gjaldtöku í Hvalfjarðargöngunum.

Það er alveg hárrétt sem komið hefur fram, að Spölur var stofnaður með lögum á sínum tíma og í samstarfi sveitarfélaga og fleiri aðila. Þá var ég sjálfur í sveitarstjórn og studdi það af heilum hug. Ég tel að þessi framkvæmd hafi verið sérlega vel lukkuð og vel til fundin á sínum tíma og fullkomlega réttlætanleg. Aldrei var talað gegn því að gjaldið var lagt á í upphafi. En þegar fimm ár voru liðin var hv. þm. Guðjón Guðmundsson kominn með tillögu um að afnema það vegna þess að menn sáu að það olli ákveðnu misvægi á milli svæða. Síðan var tillagan endurflutt þegar tíu árin voru liðin. Þá fluttum við þessa tillögu, norðvesturþingmenn Samfylkingarinnar, svo að það sé á hreinu, við börðumst fyrir því þá og gerum það enn. Það er auðvelt að koma með fullt af tillögum og alla vega ályktunum frá einstökum mönnum sem engu skila. Ég barðist fyrir þessu sjálfur innan míns hóps og er enn að því og tel að það sé eðlilegt að afnema gjaldtöku. (Gripið fram í.) Það er rétt, það hefur ekki gengið neitt. Við höfum opnað á þann möguleika að tekin verði upp gjaldtaka á öllum öðrum vegum og samhliða stórum framkvæmdum geti verið rökrétt að hún haldi áfram. Annað hefur ekki komið fram í sambandi við þá umræðu.

Það er alveg hárrétt sem þm. Sturla Böðvarsson segir að það þurfi að endurskoða samgönguáætlun. Það er merkilegt aftur að hann skuli nefna það sérstaklega af því að hann hefur hælt þeirri áætlun mjög mikið, en það er rétt að það þarf að endurskoða hana. Það hefur ekki unnist tími til þess af ýmsum ástæðum sem flestum ætti að vera ljósar og það þarf að taka það strax upp í framhaldi af kosningum. Þá ætla ég að vona að gjaldtaka á vegum verði eitt af stóru málunum sem verða leyst með nýrri samgönguáætlun, með réttlæti og jafnrétti í huga þar sem allir (Forseti hringir.) sitja við sama borð.

[10:43]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Það er merkilegt hjá hv. þm. Guðbjarti Hannessyni, hæstv. forseta Alþingis, að vera í þessari baráttu á sama tíma og gildandi samgönguáætlun sem sitjandi hæstv. samgönguráðherra er að vinna eftir — ég veit ekki annað en hann hafi verið að vinna eftir henni af fullum heilindum, þar sem verið er að leggja upp með tvær mjög stórar samgönguframkvæmdir, annars vegar Vaðlaheiðargöngin og hins vegar Suðurlandsveginn. Þar er gert ráð fyrir því að það sé fjármagnað og greitt á sérstakan hátt.

Mér finnst þetta mjög sérstakt og velti því fyrir mér hver sé þá stefna Samfylkingarinnar í þessum málum og hvort það séu heilindi á bak við þær hugmyndir sem menn hafa verið að vinna að eða hvort menn séu núna á síðustu metrum þessa þings að hlaupast frá þeim hugmyndum sem uppi hafa verið. (**GuðbH:** Hver er afstaða ykkar?) Afstaða okkar er alveg skýr í þessum efnum. Við höfum verið að prófa þessi mál svo að hægt sé að fá frekari fjármuni inn í samgöngukerfið til þess að styrkja það og bæta og auka þannig öryggi þeirra sem eru í umferðinni. Hv. þm. — nú ruglast maður svolítið á þessu þegar maður ræðir við hæstv. forseta Alþingis, hvort maður á að kalla hann hæstvirtan eða háttvirtan í þessu samhengi — en við erum alla vega að vinna að þessu heils hugar og töldum að Samfylkingin væri að gera það líka. En það virðist vera, af þeim ummælum að dæma sem hér hafa fallið, að Samfylkingin vinni ekki heils hugar að þessum málum.

[10:45]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Mig langar til að ræða um tónlistarhúsið og beini spurningu til hv. þm. Gunnars Svavarssonar. Eins og kunnugt er var tónlistarhúsið gæluverkefni margra og dæmi um flottræfilshátt sem ríkti hér á landi fyrir hrun. Ég var alltaf á móti þessu gæluverkefni, eins og kunnugt er. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekki megi greiða fé úr ríkissjóði nema með fjárlögum eða fjáraukalögum. Þessari framkvæmd var laumað í gegnum 6. gr. fjárlaga og hefur aldrei komið í fjárlög. Eins og með margar aðrar einkaframkvæmdir sem í auknum mæli eru teknar upp hjá sveitarfélögum og ríki var verið að plata skattgreiðendur framtíðarinnar, sem stjórnarskránni er ætlað að vernda og láta þetta líta út eins og guð almáttugur hafi hent þessum framkvæmdum ofan af himnum, hvort sem það eru íþróttahallir eða tónlistarhúsið.

Nú stöndum við frammi fyrir því að stöðva framkvæmdirnar, sem kosta mikið, eða halda þeim áfram, sem kostar milljarða í verðmætum gjaldeyri , á sama tíma og við skerum niður í öllu kerfinu. Hæstv. menntamálaráðherra Vinstri

grænna hefur samþykkt að fara út í þessa milljarðaframkvæmd sem kostar gjaldeyri. Á sama tíma er hæstv. heilbrigðisráðherra, líka Vinstri grænna, að berjast við að skera niður í heilbrigðiskerfinu. Á sama tíma stendur hæstv. fjármálaráðherra, líka Vinstri grænna, frammi fyrir því að skera heilmikið niður í fjárlögum.

Ég spyr hv. þm. Gunnar Svavarsson, formann fjárlaganefndar, hvernig staða málsins sé í fjárlaganefnd og hvernig það líti út frá hans sjónarhorni.

[10:47]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrirspurnina, þrátt fyrir að málið sé eldra en svo að ég þekki það alveg frá upphafi, enda var Austurhöfn-TR ehf. stofnað í apríl 2003 í kjölfar samkomulags ríkis og borgar frá árinu áður um að leggjast á eitt um byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík. Íslenska ríkið á 54% í fyrirtækinu og Reykjavíkurborg 46%. Málið var tekið upp í 6. gr. heimild í fjárlögum þess tíma og ég verð því að vísa til þeirra þingmanna sem settu það inn. Auðvitað hefur 6. gr. heimildin síðan verið endurnýjuð ár frá ári, eins og því miður er um fjölmargar aðrar 6. gr. heimildir.

Ég er ekki sérstakur talsmaður 6. gr. heimilda. Hins vegar ætluðum við að taka málið fyrir í fjárlaganefnd á mánudaginn var en fulltrúar menntamálaráðuneytisins sáu sér ekki fært að koma á fundinn og hefur nýr fundur verið settur upp í fjárlaganefnd næsta mánudag þangað sem fulltrúar menntamálaráðuneytisins og Austurhafnar-TR ehf. eru boðaðir. Ef hugmyndafræðin er sú að Austurhöfn eigi að kaupa Portus og í raun gera það að dótturfélagi vil ég benda á að um leið þarf Austurhöfn að gera Portus upp í samstæðunni og yfirtaka skuldbindingarnar. Skuldbindingar Portusar eru ekki þær sömu og Austurhafnar því að verkefni Austurhafnar um tónlistar- og ráðstefnuhús eru allt önnur en verkefni Portusar. Menn geta kynnt sér það mál enn frekar.

Á sama hátt vil ég minna á, líkt og fjárlaganefndin öll hefur bent á, varðandi framkvæmd fjárlaga og ábyrgð forstöðumanna E-hluta stofnana, að þar sem skipuð er stjórn til að annast rekstur (Forseti hringir.) og stjórn stofnunar hefur hún þær skyldur sem forstöðumenn hefðu ella. Það á við um E-hluta stofnanir (Forseti hringir.) ríkisins líkt og Austurhöfn. Það er því (Forseti hringir.) stjórnarinnar að bera ábyrgð á málinu.

[10:50]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Mig langar að koma aðeins inn á það mál sem var rætt hér áðan, gjaldtöku í Hvalfjarðargöngum. Svolítið merkileg umræða í ljósi þess að þegar ákveðið var að ráðast í göngin var jafnframt ákveðið að bæta vegakerfið um Hvalfjörð til að hann væri valkostur á móti göngunum. Þeir sem ekki treystu sér til að borga í göngin eða vildu það ekki gætu þá keyrt fyrir Hvalfjörð. Sú var forsendan.

Á þeim grunni var ráðist í framkvæmdina. Síðan er nú boðað að fella skuli niður gjaldtökuna. Þetta er svolítið merkileg nálgun og á sama tíma er talað um aðrar vegaframkvæmdir, eins og hv. þm. Árni Mathiesen benti á úr þessum stól, þar sem einmitt er talað um að taka upp gjaldtöku. Er ég þá að tala um Suðurlandsveg og Vaðlaheiðargöng.

Það er hægt að setja þetta í enn stærra samhengi, ljóst er að halda verður uppi framkvæmdastiginu í landinu og við verðum að ráðast í það að byggja upp samgöngumannvirki í landinu. Ef við fellum niður gjaldtöku í Hvalfjarðargöng verður einhver að borga það og það þarf að taka af vegafé og þar með minnka framkvæmdir. Það er ljóst.

Enn þá merkilegra er þetta í því samhengi að sú ríkisstjórn sem nú situr boðar skattahækkanir eins og við sáum í *Morgunblaðinu*, þar sem skósveinar ríkisstjórnarinnar, Indriði H. Þorlákssson og Stefán Ólafsson, boða skattahækkanir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Og talað er um að fella niður gjald í Hvalfjarðargöngunum, minnka og lækka framkvæmdastigið í landinu. Þetta er dálítið merkileg umræða.

[10:52]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Þær upplýsingar sem bárust frá hv. þm. Gunnari Svavarssyni, formanni fjárlaganefndar, finnast mér skelfilegar. Mér heyrist hann segja þingheimi að þetta sé ekki eingöngu skuldbinding vegna einhvers tónlistarhúss, heldur sé þetta líka fimm stjörnu hótel. Ég minni á að samkvæmt lögum um opinberar framkvæmdir, 84/2001, segir, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra skal skilgreina kröfur um gerð og framsetningu kostnaðaráætlana og kynna þær fyrir ríki og ríkisaðilum.“

Auk þess:

„Rekstraráætlun sem nær til minnst fimm ára eftir að framkvæmd er lokið.“

Það á sem sagt bæði að liggja fyrir kostnaðaráætlun um alla framkvæmdina og eins um hvað kostar að reka batteríið í fimm ár. Ég vil spyrja hv. formann fjárlaganefndar hvort þetta liggi fyrir eða hvort menn séu með þessum hætti að fara gegnum 6. gr. fjárlaga, í rauninni að plata Alþingi, og hvort við stöndum virkilega frammi fyrir því núna að þurfa að taka á okkur einhverjar gífurlegar skuldbindingar, bæði vegna tónlistarhússins og hótelsins þannig að ríkið sé neytt til að fara út í hótelframkvæmdir. Mér finnst þetta ekki auðvelt mál að leysa og skelfilegt ef mitt í þessari krísu eða þessu vandamáli, sem við stöndum frammi fyrir, niðurskurði í heilbrigðiskerfi, niðurskurði og skattahækkunum, skuli menn fallast á að halda svona framkvæmdum áfram, og að það séu sérstaklega hæstv. ráðherrar Vinstri grænna sem standa í fylkingarbrjósti við þau útgjöld.

[10:54]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Áhugaverð umræða fer hér fram. Ýmislegt rifjast upp frá síðustu kosningabaráttu og mér finnst að samfylkingarmenn í Norðvesturkjördæmi hafi verið frekar hógværir í framsetningu sinni fyrir kosningarnar ef þeir hafa ekki talað um annað en það að fella niður eitthvert gjald af göngunum undir Hvalfjörðinn. Í mínu kjördæmi, Norðausturkjördæmi, var talað um gjaldfrjáls Vaðlaheiðargöng strax. Þegar ég spurði hvort mögulegt væri að ná samkomulagi við t.d. þingmenn Norðvesturkjördæmis um að setja þá Vestfjarðagöng aftur fyrir, var svar forustumanns

Samfylkingar í Norðausturkjördæmi að það væri ekkert mál, þetta væri bara svona, Vaðlaheiðargöng yrðu í algjörum forgangi og það yrði ekkert gjald.

Síðan fór þetta á allt annan veg, eins og þingheimur þekkir.

Í sambandi við tónlistarhús má kannski segja að það sé tímanna tákn — eða tímans tákn — að yfirleitt var farið í þá framkvæmd. Hér kom þingmaður Sjálfstæðisflokksins og talaði um að þetta hefði verið gæluverkefni, nokkuð er til í því, en þetta var fyrst og fremst gæluverkefni Sjálfstæðisflokksins. Mér er enn minnisstætt að þegar ég sat í ríkisstjórn með hæstv. ráðherrum Sjálfstæðisflokksins á þessum tíma, sáum við einn góðan veðurdag þegar við opnuðum *Morgunblaðið* að búið var að setja þetta allt af stað og mynd var af hæstv. þáverandi samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssyni, og hæstv. þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, og Björgólfi Guðmundssyni og málið var bara klárt.

Eitthvað lítið hafði verið talað um þetta við ríkisstjórnarborðið.

[10:56]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta mál um tónlistar- og ráðstefnuhúsið er farið að vinda upp á sig miðað við síðustu ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur. Ég sagði áðan að ákveðinn glundroði væri í málinu að því leyti til að mér skilst að Austurhöfn-TR eigi að kaupa hlutafélagið Portus, og ég vil meina að Portus hafi allt aðrar skyldur en Austurhöfn hafði á sínum tíma samkvæmt því leiðarljósi sem var sett inn í 6. gr. Síðan getum við deilt um hversu víðtæk 6. gr. heimildin er í raun, líkt og hv. þm. Pétur Blöndal kom að.

Ég minnti líka á það hér að fjárlaganefndin hefði öll áréttað í verkefni sínu um framkvæmd fjárlaga að þar sem stjórn er skipuð til að annast rekstur og stjórn stofnunar hefur hún þær skyldur sem forstöðumenn höfðu ella. Þetta á við um E-hluta stofnanir ríkisins. Auðvitað er það stjórnar Austurhafnar-TR að koma þessu máli — ef þeir ætla sér að kaupa Portus og gera það síðan upp í samstæðu sinni við Austurhöfn og birta það þannig í ríkisreikningi. Ég minni á að fjárlaganefnd fékk á elleftu stundu hér fyrir jól beiðni um að fara fram með lánsfjárveitingar til handa Austurhöfn en við höfnuðum því vegna þess að við höfðum ekki nægilegar upplýsingar. Þess vegna kallar fjárlaganefnd eftir því að fá fulltrúa menntamálaráðuneytisins og fulltrúa Austurhafnar á mánudaginn kemur til að gera grein fyrir málinu. Í framhaldinu get ég þá komið og gert þingheimi grein fyrir málinu. Það er það sem skiptir máli, að þingið sé upplýst um það sem er að gerast á síðum blaðanna, eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir orðaði það.

[10:58]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Sú umræða sem hér fer fram, m.a. um samgöngumál, er af hinu góða. Ég tel að stjórnmálamenn þurfi að tala af ábyrgð í því efnahagsástandi sem nú ríkir og þegar við tölum um gjaldfrjáls Hvalfjarðargöng skulum við gera okkur grein fyrir því að sú aðgerð kostar mikla fjármuni og við þurfum að gera það upp við okkur hvort við ætlum að fara í slíkar aðgerðir eða stuðla að frekari vegaframkvæmdum í landinu, meiri framkvæmdum til handa atvinnulífi.

Athyglisvert hefur verið að fylgjast með fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í umræðunni. Fyrst kemur hv. þm. Sturla Böðvarsson upp og talar fyrir því að menn gangi í þá átt að þau verði gjaldfrjáls, síðan kemur hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson og er á móti því. Sjálfstæðisflokkurinn talar tungum tveimur í þeirri umræðu sem og um tónlistarhúsið, þar sem hv. þm. Pétur H. Blöndal lýsir yfir miklum efasemdum um þá framkvæmd á meðan félagar hans í borgarstjórn Reykjavíkur hafa stuðlað að því að halda áfram þeirri uppbyggingu. Sjálfstæðisflokkurinn þarf að tala einni rödd í þessu máli.

Mig langar að taka undir með hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, ég tel að Samfylkingin hafi skotið ærlega yfir markið í kosningaloforðum sínum í aðdraganda síðustu kosninga þar sem flokkurinn lofaði gjaldfrjálsum Vaðlaheiðargöngum strax, en ekkert hefur orðið af því. Hann lofaði gjaldfrjálsum Hvalfjarðargöngum, en ekkert hefur orðið af því. Sá flokkur þarf líka að sýna þá ábyrgð í kosningabaráttunni fram undan að vera spar á loforðin, það er betra að geta staðið við það sem menn segja.

Ég ætla að minna á — og vona að sá leikur verði ekki endurtekinn — þegar frambjóðendur Samfylkingarinnar fóru inn í Menntaskólann á Akureyri og aðra framhaldsskóla með ávísanir handa ungu fólki þar sem fríum skólabókum var lofað. Ekkert hefur orðið af því og það er ljótur leikur að lofa slíku og (Forseti hringir.) standa ekki við það.

[11:00]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Mig langar til að ræða um störf þingsins, störf þessarar ríkisstjórnar, forgangsmál og forgangsröðun hennar. Eins og fram hefur komið og kemur fram í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar og forsvarsmenn hennar hafa margoft kynnt á blaðamannafundum, vill þessi ríkisstjórn setja aðgerðir í þágu heimilanna í forgang, leggja áherslu á að koma hjólum atvinnulífsins í gang á nýjan leik og vinna að endurreisn bankakerfisins.

Alla þessu viku hefur ríkisstjórnin hins vegar eytt púðri sínu í að reyna að ná fram breytingum á kosningalögum til Alþingis og í dag á að ræða stjórnarskrárbreytingar. Það veit ég eins og öll þjóðin að þessi mál hafa ekkert með þau meginverkefni að gera sem ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún vilji vinna að. Breytingar á stjórnarskránni og breytingar á kosningalögunum munu ekki lækka greiðslubyrði heimilanna. Breytingar á stjórnarskránni munu ekki koma hjólum atvinnulífsins í gang á nýjan leik. Og breytingar á kosningalögunum hafa ekkert með endurreisn bankanna að gera eða baráttuna gegn atvinnuleysi.

Ég hlýt því að spyrja forsvarsmenn ríkisstjórnarflokkanna á þingi, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson: Hvenær ætlar þessi ríkisstjórn að taka sig saman í andlitinu og fara að vinna að þeim verkefnum sem aðkallandi eru og fólkið í landinu bíður eftir að verði leyst? Hvað ætlar hv. þingmaður að gera til að beita sér fyrir því að þessi ríkisstjórn fari að fjalla um skuldir (Forseti hringir.) heimilanna, um atvinnulífið í landinu og endurreisn bankanna (Forseti hring-

ir.) í staðinn fyrir að ræða um kosningareglur og breytingar á stjórnarskránni?

[11:02]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni það traust að kalla mig forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar í fleirtölu. Ég get upplýst hv. þingmann um það að í verkefnaskrá ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna er tekið á nokkrum lykilþáttum sem þessi ríkisstjórn hefur hugsað sér að vinna að fram að kosningum. Það eru þættir eins og aukið lýðræði, jöfnuður og upplýsingar, endurreisn efnahagslífsins, endurskipulagning í stjórnsýslu, aðgerðir í þágu heimila, aðgerðir í þágu atvinnulífs og aðgerðir til að byggja upp fjármálakerfið og greiða úr vanda fyrirtækja, eins og það heitir í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar. Að öllum þessum málum er unnið hörðum höndum. Á Alþingi hafa verið til umræðu fjölmörg mál sem snúa að þessum þáttum, greiðsluaðlögunarmál, virðisaukaskattsbreytingar, séreignarsparnaðarmál o.fl., til þess að bæta stöðu heimilanna og atvinnulífsins. Frumvörp sem fjármálaráðherra mælti m.a. fyrir í gær taka sérstaklega á vanda atvinnulífsins. Allir þingmenn sem tóku til máls í umræðunni lýstu sig í meginatriðum sammála þeim, líka þingmenn stjórnarandstöðunnar.

Einn þáttur í því endurreisnarstarfi sem nú fer fram er að sjálfsögðu að endurheimta traust í samfélaginu milli stofnana og þjóðarinnar, milli þings og þjóðar, traust landsmanna á fjármálastofnunum og á stjórnkerfinu öllu. Liður í því eru að sjálfsögðu þær breytingar sem lagðar hafa verið fram á stjórnskipunarlögum, á stjórnarskránni og kosningalögum, og er í samræmi við verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna tók við þrotabúi Sjálfstæðisflokksins og hún ætlar sér að vinna að uppbyggingu í efnahagslífinu, í atvinnulífinu og hún vinnur að því hörðum höndum, eins og komið hefur fram í öllum þeim málum sem við höfum verið með til umfjöllunar. Þetta er ríkisstjórn í þágu fólksins í landinu.

[11:05]

Ólöf Nordal (S):

Hæstv. forseti. Ekkert af því sem kemur fram í verkefnaskrá flokkanna sem varðar heimilin í landinu er að frumkvæði þessarar ríkisstjórnar gert. Þetta eru allt saman verkefni sem voru þegar í farvatninu af hálfu fyrir ríkisstjórnar. Hins vegar eru alls konar önnur verkefni hér, aukið lýðræði, jafnar upplýsingar, sem mér skilst að sé þá breyting á stjórnskipuninni. Aðalgæluverkefni þessarar ríkisstjórnar (**Gripið fram í:** Seðlabankinn.) er að einhenda sér í að snúa stjórnarskránni við. Það er forgangsröðun þessarar ríkisstjórnar.

Á 80 dögum ætlaði þessi ríkisstjórn að breyta öllu í landinu, það var forgangsverkefnið, en ekki að líta sérstaklega til skulda heimilanna, ekki að endurreisa atvinnulífið. Það var bara orðagjálfur, er ég farin að halda. Aðalþunginn er í því að breyta kosningalöggjöfinni og stjórnarskránni, taka grundvallarbreytingar sem yfirleitt eru unnar í samráði við aðra flokka, sem yfirleitt á rót að rekja til umræðu í þjóðfélaginu. Nei, þetta er bara gert í einhverjum bakherbergjum og síðan slengt inn í þingið og ætlast til þess að þjóðin, sem bíður eftir alvörulausnum, hlusti á þetta og fylgist með þessari ruglumræðu. Á meðan eru heimilin í landinu í gríðarlegum vanda.

Framsóknarflokkurinn kom fram með hugmynd um daginn um 20% niðurfellingu skulda. Framsóknarmenn voru varla búnir að sleppa orðinu þegar forsvarsmenn þessarar ríkisstjórnar hlógu hann hálfpartinn út af borðinu. Það var ekki mikið verið að sýna þeim hugmyndum sem Framsóknarflokknum sem kom með, virðingu. (**ÁÞS:** Við buktum okkur og beygjum fyrir Framsókn í hvívetna.) En það koma bara engar hugmyndir af hálfu ríkisstjórnarflokkanna um hvernig bregðast eigi við skuldavanda heimilanna, engar hugmyndir nema það að „við ætlum að bjarga öllu, við ætlum að gera þetta allt saman vegna þess að hinir gátu það ekki“ — en hugmyndirnar koma ekki. (Forseti hringir.)

Umræðu lokið.

[11:07]

Útbýting:

Virðisaukaskattur, 289. mál, brtt. ÁMM og GSv, þskj. 669.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:09]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 668 og 669. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Um fundarstjórn.

Breytingartillaga við skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

[11:10]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Á þskj. 667 og 668 eru nefndarálit frá minni hluta efnahags- og skattanefndar og breytingartillögur frá minni hluta efnahags- og skattanefndar. Ég vil gjarnan spyrja frú forseta hvernig staða þeirra mála er, hvort þau verði ekki tekin með á eftir þegar þetta mál verður rætt.

[11:10]

Forseti (Þuríður Backman):

Við ræðum nú á eftir 2. dagskrármálið, virðisaukaskatt, mál nr. 660. Var hv. þingmaður að vísa til þessa máls? (**PHB:** Það var atkvæðagreiðsla um afbrigði.) Forseti getur upplýst að hér er allt á réttum stað og breytingartillögurnar verða teknar fyrir í málinu.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 289. mál (hækkuð endurgreiðsla vegna vinnu á byggingarstað). — Þskj. 660, brtt. 669.

[11:11]

Árni M. Mathiesen (S):

Frú forseti. Þetta er að sönnu ágætt mál sem komið er til

3. umr. Það er eitt af þeim málum sem fyrri ríkisstjórn var með á prjónunum þegar til slita þeirrar ríkisstjórnar kom og því er ágætt að það skuli nú komið á þennan stað í umræðunni. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að mikið hefur gengið á í byggingariðnaðinum undanfarin ár og síðustu mánuðina hefur hann gengið mjög niður. Þess vegna hefur orðið mikið atvinnuleysi hjá þeim sem þar starfa. Vegna hinnar miklu þenslu sem verið hefur á undanförnum árum hefur staðan verið sú að erfitt hefur verið að fá iðnaðarmenn til að vinna viðhaldsverkefni og þess vegna er ekki ólíklegt að talsvert sé af slíkum verkefnum sem þörf er á að vinna á næstunni. Hins vegar er staðan orðin sú að þrengst hefur um fjárhag hjá einstaklingum og fyrirtækjum og þar með mun hvati til að auka þessa starfsemi með því að endurgreiða stærra hlutfall af virðisaukaskattinum virka jákvætt á þá starfsemi á næstu mánuðum og árum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að um sé að ræða ákveðið tímabil. Maður gæti velt því fyrir sér hvað er eðlilegt og skynsamlegt í þeim efnum og ég ætla svo sem ekki að gera það að sérstöku umræðu- eða deiluefni hér við 3. umr. Það er þá hægt að gera bragarbót á því ef nauðsynlegt er talið að halda þessu áfram eftir 1. janúar 2011.

Sú hugmynd að gera hlutina á þann hátt sem hér um ræðir er ekki ný hugmynd, það var gert á árunum 1991–1995 þegar við vorum í efnahagsörðugleikum, miklum samdrætti og talsvert miklu atvinnuleysi, þó ekki eins miklu og við upplifum núna.

Það kom mér hins vegar talsvert á óvart þegar ég sá stöðuskjalið fyrir 3. umr., að gert var ráð fyrir því að þegar kemur að kostnaði vegna hönnunar og eftirlits er gerður greinarmunur á aðilum eftir því hvaða starfsgreinar eða starfsréttindagreinar vinna verkið. Eins og stöðuskjalið er núna er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur af vinnu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga verði endurgreiddur 100% en ekki annarra starfsstétta. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafa fleiri aðilar heimild til að vinna þessa vinnu en í frumvarpinu, eins og það er núna, er ekki gert ráð fyrir að virðisaukaskattur verði endurgreiddur af vinnuframlagi þeirra. Það er óskiljanlegt og ég kann ekki skýringar á því. Þeir aðrir sem svona vinnu vinna eru innanhússarkitektar, landbúnaðartæknifræðingar, landbúnaðarverkfræðingar og byggingarfræðingar. Ég hefði talið eðlilegt að þessi grein væri miðuð við að virðisaukaskattur yrði endurgreiddur 100% af vinnu þeirra sem hafa heimild til þessara starfa, hönnunar og eftirlits, samkvæmt skipulags- og byggingarlögunum og að við það væri miðað.

Hv. þm. Gunnari Svavarsson vakti athygli á þessu við 2. umr. og var því beint til nefndarinnar að hún tæki málið aftur inn í nefnd og leiðrétti það. Af því varð þó ekki og því brugðum við á það ráð, ég og hv. þingmaður, að flytja breytingartillögu við frumvarpið til að jafnræðis væri gætt á milli þeirra aðila sem sannanlega hafa sömu réttindin samkvæmt skipulags- og byggingarlögunum.

Ég hef ekki orðið var við annað hjá hv. þingmönnum í þingsalnum en að þeir taki vel í þá tillögu. Við flutningsmenn flytjum hana í þeirri trú að hv. þingmenn muni samþykkja hana þar sem hún er til þess að gæta jafnræðis og í samræmi við það sem segir í skipulags- og byggingarlögunum.

Þegar verið er að reyna að koma til móts við þessa hópa vegna þeirrar stöðu sem við erum í er rétt og skylt að gæta jafnræðis. Atvinnuleysi getur stafað jafnmikið af verkefnum sem byggingarfræðingur hefur hannað eða haft eftirlit með eins og verkefnum sem arkitekt eða verkfræðingur hefur með höndum. Það er ekki þannig að kreppan einskorði sig við tilteknar stéttir hvað þetta varðar.

Hins vegar er ljóst að bregðast þarf við á einhvern hátt og ég er sammála þeirri aðferð sem í grunninn er lagt upp með að beita, enda gömul og þekkt aðferð frá fyrri tíð þegar svipaðar aðstæður voru fyrir hendi. Það mun eflaust hafa jákvæð áhrif til að bæta atvinnustöðuna í þessum greinum og hjálpa til við að viðhald á byggingum og íbúðarhúsnæði verði betra en það hefur verið og liðka til fyrir fólk sem þarf að standa í slíkum framkvæmdum.

Það er sennilega ekki von á eins miklum áhrifum hvað varðar nýbyggingar á íbúðar- og frístundahúsnæði, en það mun hjálpa þeim sem standa í slíkum framkvæmdum og halda verkefnum gangandi þannig að þau verði frekar unnin núna en síðar.

Ég vil fyrir mína hönd og samflutningsmanns míns, sem mun væntanlega líka gera grein fyrir afstöðu sinni, beina því til hv. þingmanna að þeir samþykki breytingartillögu okkar í nafni jafnræðis og tryggja þar með að allir njóti þeirrar ívilnunar sem Alþingi mun væntanlega samþykkja hér.

[11:20]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég lýsi því yfir að ég mæli með því að sú breytingartillaga sem hér er flutt af hv. Hafnfirðingum, þingmönnunum Árna Mathiesen og Gunnari Svavarssyni, verði samþykkt.

[11:20]

Árni M. Mathiesen (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir stuðninginn við tillögu okkar hv. Hafnfirðinga. Það er mjög öflugur byggingariðnaður í Hafnarfirði þar sem við þekkjum vel til og það sem hér er um að ræða mun skipta máli þar eins og ég trúi annars staðar á landinu þar sem byggingariðnaðurinn er enn þá í gangi. Auðvitað þarf að viðhalda byggingum bæði í Hafnarfirði og annars staðar svo vel sé. Þeim er vel við haldið í Hafnarfirði eins og við sjáum þar.

[11:21]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum við 3. umr. frumvarp hæstv. fjármálaráðherra um breyting á lögum um virðisaukaskatt þar sem lagt er til að endurgreiðslur á virðisaukaskatti verði 100%, í stað 60% eins og áður var, af viðhaldi og vinnu manna á byggingarstað á eigin íbúðarhúsnæði. Ég ætla í upphafi að gera eins og hv. varaformaður efnahags- og skattanefndar, Árni Þór Sigurðsson, og lýsa yfir stuðningi mínum við breytingartillögu hv. Hafnfirðinga. Það eru réttar ábendingar sem hv. þm. Árni M. Mathiesen og Gunnar Svavarsson koma með og ég sem háttvirtur Keflvíkingur sé ástæðu til að styðja þetta heils hugar.

Þetta er fínt mál og ég lýsti stuðningi mínum við það við 1. umr. Ég tel þetta góða viðleitni ríkisstjórnarinnar til að koma atvinnulífinu til aðstoðar en eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns er þetta svo sem ekki frumleg hugmynd af hálfu ríkisstjórnarinnar, heldur er hún dregin upp úr pússi síðustu ríkisstjórnar sem var komin af stað með þetta eins og svo mörg önnur góð mál sem við sjálfstæðismenn ætlum að styðja við bakið á í þinginu.

Þetta er gott dæmi um mál sem við eigum að ræða á þinginu í dag. Við eigum að ræða um mál sem þetta sem mætti kalla tímabundið átak til atvinnusköpunar. Við tókum á móti fjölmörgum gestum og umsagnaraðilum í nefndinni sem voru mjög einhuga um að þetta gæti hjálpað til og komið atvinnulífinu af stað, sérstaklega í byggingariðnaðinum þar sem niðursveiflan hefur verið bröttust og umbreytingin á atvinnugreininni hefur orðið hvað mest í þessari niðursveiflu sem við erum að fara í gegnum núna. Við styðjum það heils hugar að auka endurgreiðsluna upp í 100% og frekari útvíkkanir sem gerð hefur grein fyrir í nefndaráliti, lengingu tímabilsins til 1. janúar 2011, að endurgreiðslan verði ekki aðeins endurskoðuð vegna byggingar íbúðarhúss og endurbætur og viðhald á þess háttar húsnæði heldur einnig vegna frístundahúsnæðis. Breytingartillögur sem varðar arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga og til viðbótar aðra samkvæmt skipulags- og byggingarlögum eins og breytingartillaga fyrrnefndra þingmanna tekur til og það að þetta nái til sveitarfélaganna styðjum við sjálfstæðismenn og teljum til góðs. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við tökum þetta alla leið fyrst við erum að gera þetta og látum muna um þetta í samfélaginu.

Eins og hér hefur komið fram bíða fjölmargir með viðhald af því að á undanförnum árum hefur verið erfitt að fá iðnaðarmenn til að vinna smærri verkefni, en allt telur þetta þannig að við eigum að fagna þessu.

Ég kalla eftir fleiri slíkum málum og bið ríkisstjórnina að taka verulega til athugunar að koma með fleiri svona mál sem skipta fjölskyldurnar, heimilin og atvinnulífið í landinu máli og hætta, eins og hér kom fram hjá hv. þm. Ólöfu Nordal í umræðu um störf þingsins rétt áðan, þessari ruglumræðu — svo ég noti hennar orð — sem á að vera í dag og næstu daga um breytingar á stjórnarskrá, kosningalöggjöf og alls kyns hugmyndir sem eiga ekki að vera til umræðu í dag. Við eigum að hugsa um svona mál sem leiða vonandi strax til árangurs. Breytingar á stjórnarskrá eru allt of mikilvægar, stjórnarskráin er allt of dýrmæt til að við eyðum tíma hér á stuttu þingi sem er að ljúka störfum. Við þingmenn sem erum kjörin erum að missa umboð okkar, við erum núna úti á akrinum að leita eftir áframhaldandi umboði, sum hver, þannig að við eigum fyrst og síðast að gera það sem þessi ríkisstjórn sagðist ætla að gera þegar hún tók við, koma með aðgerðir sem máli skipta til að bæta hag fjölskyldnanna og fyrirtækjanna í landinu. Ég ítreka þessa hvatningu og vil að við þingmenn göngum á undan með góðu fordæmi vegna þess að við sjálfstæðismenn erum svo sannarlega, eins og hér hefur margoft komið fram, tilbúin til að leggjast á árarnar með þessi góðu mál eins og við sýnum í verki með þessu máli þar sem nefndin tók þetta mjög hratt og örugglega í gegnum nefndina. Við unnum vel saman að þessu og ég vil að við gerum þetta í fleiri málum.

Varðandi umsagnir þeirra sem komu á fund nefndarinnar var, eins og ég gat um áðan, mikill einhugur um þessar tillögur og Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og verkalýðshreyfingin og velflestir þeir sem komu á fund nefndarinnar voru ánægðir með þetta og þeim þótti þetta til bóta. Þó nokkrir bentu réttilega á og vöruðu við áhrifum á tekjuhlið ríkissjóðs og það er mjög réttmæt ábending sem við þurfum alltaf að hafa í huga og þurfum að gæta okkar þar sem við erum að fylgja efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og verðum að passa upp á að við förum eftir henni. Eins og bent er á í nefndarálitinu var á móti á það bent á fundi nefndarinnar að tilgangurinn með frumvarpinu er að fjölga störfum og auka umsvifin í samfélaginu sem færa ríkinu auknar tekjur í formi bæði skatta og að dregið er úr kostnaði á öðrum stað í formi atvinnuleysistrygginga, vonandi. Það er nú eitt markmiðið með þessu.

Annað sem gæti orðið til þess að minnka tekjutapið, eða auka tekjurnar eftir því hvernig á það er litið, er það að vonandi — og það tel ég vera eitt af stóru markmiðunum með þessu frumvarpi — verður þetta til að draga úr svartri atvinnustarfsemi. Ég tel afar mikilvægt að við náum utan um þann vanda sem því miður virðist vera til staðar, sérstaklega í þessum geirum án þess að ég vilji kasta rýrð á stétt iðnaðarmanna að nokkru leyti, en þeir taki til sín sem eiga.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð að sinni. Ég ítreka að endingu það sem ég sagði áðan og ákall mitt til ríkisstjórnarinnar um að fara nú að forgangsraða í vinnu sinni. Það er stuttur tími til stefnu og ég vil að við leggjum okkur fram á Alþingi við að standa saman, koma góðum málum áfram og einbeita okkur að því sem máli skiptir. Hitt getur beðið betri tíma eftir kosningar.

[11:30]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að endurtaka mig ekki frá því við 2. umr. í gær enda var það nokkuð löng og efnismikil ræða um þetta mál sem snýr fyrst og fremst að atvinnulífinu. Ég ætla þó örlítið að koma inn á nokkur atriði. Ég get tekið undir þá umræðu sem fram fór í gær og hefur farið fram í dag hjá hv. þingmönnum. Eins og maður segir er sama hvaðan gott kemur. Við sáum í efnahags- og skattanefnd á öllum gestunum og öllum umsögnunum sem komu að þetta mál átti að fá framgang. Það var alveg auðséð strax í upphafi að vilji var til þess.

Þær fjórar breytingar sem efnahags- og skattanefnd var með gengu út á að taka undir frístundahúsin, lengja út árið 2010, taka undir hönnuðina og núna með þessari breytingartillögu okkar félaganna úr Hafnarfirði, hv. þm. Árna M. Mathiesens og mín, að skilgreina þetta eins og hönnuðir og eftirlitsaðilar eru skilgreindir í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Þannig erum við búin að taka inn þennan hóp eins og byggingarfræðingana og aðra. Ég held að það sé betri kostur en að láta túlka einhverja lögskýringu og/eða túlka það í reglugerð. Þá er einfaldlega búið að geirnegla skilgreininguna og við þekkjum það eftir að hafa starfað í byggingariðnaði og skipulagsmálum að það er alltaf álitamál þegar yfirvöld, og þá í þessu tilfelli virðisaukaskattsdeildirnar, þurfa að fara að túlka

reikningana: Er um að ræða byggingarfræðing, tæknifræðing, arkitekt eða verkfræðing? Þetta eru aðilar sem falla undir skipulags- og byggingarlögin og þá er útséð með það. Þegar þessir aðilar, Verkfræðingafélagið Arkitektafélagið, Tæknifræðingafélagið og Félag ráðgjafarverkfræðinga, komu fyrir nefndina og sendu inn umsagnir fundum við að þetta skipti þá miklu máli, enda um að ræða mjög stórt atvinnumál.

Fjórða atriðið var síðan þetta sem tengdist sveitarfélögunum. Sveitarfélögin þurfa að fá stuðning frá ríkinu og þau gera það með því að fá endurgreiðsluna líkt og í fráveituframkvæmdunum, við bakreikning virðisaukans fáum við u.þ.b. 20% til baka af þessum 24–25% sem er reiknað inn. Það er þannig í dag að sveitarfélögin hafa heimild til að „vaska“ hönnunarkostnaðinn til baka en ekki af manntímunum. Við þekkjum ákveðin mál í Norðausturkjördæmi, í Dalvíkurbyggð þar sem verið er að byggja samfélagshús, menningarhús sem sveitarfélagið stendur ekki að, og það má vel vera að þar þurfi viðkomandi aðilar að gera samning við sveitarfélagið til að fá stuðning við framkvæmdina, enda var fullljóst með það hús að sveitarfélagið átti að fá það að gjöf þegar það yrði fullklárað. Sú framkvæmd er eins og margar aðrar stopp út af litlu fjármagnsflæði. Það var einmitt sá fyrirvari sem ég gerði í þessu máli í gær, ekki fyrirvari gagnvart mér heldur gagnvart hinu kerfislega í málinu, að ef fjármagnið kæmi ekki inn fengi maður auðvitað ekki endurgreiðslu upp á 20%. Með öðrum orðum þyrftum við að hafa fjármagn til að flæða til að fá endurgreiðslu upp á 20% og það er mín trúa eins og hjá sveitarfélögunum að 20% fari aftur út í veltuna líkt og mun væntanlega gerast hjá eigendum íbúðarhúsa og frístundahúsa eða sumarhúsa. Til þess í raun og veru að geta komið spilinu af stað þarf maður að eiga fjármagn til að hreyfa við þessum 20% til baka. Þetta er eins og við segjum í reglunartækni, þegar við horfum á þetta kerfislega ef við tökum þetta inn í „feedback“rásina og hreyfum þannig 20% aftur inn og tökum það þannig. Ég veit að hv. þm. Pétur H. Blöndal þekkir þetta úr reglunartækninni.

Það var síðan annað atriði sem ég tók upp og var þá hinn fyrirvarinn í umræðunni án þess að ég ætli að fara að setja það sem einhvern ásteytingarstein við það að afgreiða málið út. Málið er auðvitað mjög gott. Við gætum „vaskað“ — og ég er alveg að verða búinn, virðulegur forseti, með mína ræðu, ég sé það að hv. þingmenn eru að bíða eftir því … (**ÓN:** Við hlustum með athygli.) Ég þakka fyrir það, virðulegur forseti, en það er þetta atriði varðandi manntímana sem ekki eru unnir á byggingarstað. Dæmi: Við erum með glugga- og hurðaverksmiðjur, glerverksmiðjur, járnsmiðjur, vélsmiðjur og fleiri smiðjur sem smíða ýmislegt og það er spurningin hvort hægt væri að taka vaskinn aftur af þeim manntímum sem væru unnir þar því að það hefur í för með sér aukna framleiðslu. Þá koma upp samkeppnissjónarmið varðandi innfluttu vöruna. Ég segi á móti að þeir aðilar sem hafa verið stórir í innflutningi og eru í innflutningi munu fá aukna veltu varðandi stoðvörurnar, þéttingarefnið, festingarnar og ýmislegt annað þannig að hugsanlega er ákveðið kaup kaups í þessu. Vel má vera að þetta tengist þó ekki samkeppnislöggjöfinni því að þetta væru þá sérlög.

Ég ætla ekki að flytja um þetta breytingartillögu en vil bara lýsa því hér yfir að mér finnst að við hv. þingmenn hefðum getað stigið skrefið enn þá lengra til að örva alla þessa iðnaðarframleiðslu sem er starfandi hringinn í kringum landið. Um leið er ég kannski að segja að við séum þá óbeint að draga úr innflutningi því að við erum ekki að „vaska“ til baka — eða endurgreiða vaskinn, ég er eins og ég sé kominn í reksturinn — við erum þá ekki að láta endurgreiðslu á vaskinum koma fram varðandi efniskaupin heldur bara manntímana, véltímana á trésmíðaverkstæðunum og í öðrum sambærilegum iðnfyrirtækjum. Ég held að þetta mundi hafa gríðarleg áhrif. Hins vegar hafa menn tækifæri til að skoða þetta síðar því að það er alltaf hægt, ef vilji er fyrir hendi, að taka svona mál upp. Við getum stigið þetta skref og séð hvernig það virkar og síðan þá farið skrefið áfram. Ég tel að allir mundu njóta góðs af þessu á atvinnumarkaði og ekki hvað síst þeir sem eru að fjárfesta því að þetta tengist auðvitað fjárfestingunni. Vandamálið sem við stöndum frammi fyrir, eins og ég sagði áðan, er að koma fjármagninu á hreyfingu og ég tel að við getum gert það á þennan hátt.

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að hafa þessa ræðu lengri. Ég er farinn að endurtaka mig frá því í gær við 2. umr. Ég fagna þessari miklu samstöðu um málið og á ekki von á öðru en að hv. þingmenn veiti brautargengi breytingartillögu frá mér og hv. þm. Árna Mathiesen, eða eins og sagt var hv. Hafnfirðingum, við þetta mál við 3. umr. Breytingartillagan er í raun og veru tæknileg útfærsla til að við kljúfum ekki sundur þennan öfluga hóp hönnuða og eftirlitsaðila og þeirra sem starfa í verkefnastjórn.

[11:39]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta er mjög athyglisverð ræða, alveg sérstaklega þegar hv. þingmaður fór að tala um hvatann í ferlinu. Í efnafræðiferli getur stundum verið gott að setja platínu með og þótt hún eyðist ekki hvetur hún kerfið áfram. Það má segja að þessar aðgerðir sem við erum að gera hér, sem ég tel mjög nauðsynlegar, séu einmitt í þá veru. Við erum að setja eitthvað í gang sem er nánast stopp. Þarna er verið að brjóta fullt af prinsippum míns flokks og míns sjálfs sérstaklega þar sem ég vil hafa algilda skatta án undantekninga o.s.frv. en nauðsyn brýtur lög og bankahrun gerist sem betur fer ekki oft þannig að menn þurfa að gera ýmsar aðgerðir sem kannski brjóta prinsippin.

Þessi ræða hv. þingmanns var dæmigerð um það hvað gerist þegar menn gera undantekningar. Fyrst gera menn vinnu á vinnustað skattfrjálsa. Þá kemur spurningin um gluggana sem eru framleiddir á vinnustað eða gluggana sem eru framleiddir í verksmiðju í næsta húsi. Þá kemur spurningin um verkfræðinga sem geta alveg eins hugsað á vinnustað eins og heima hjá sér eða hvar sem er á kvöldin og eru að hanna eitthvað og þá kemur spurningin um þá sem eru að vinna í verksmiðjum úti um allan bæ við að framleiða tilbúnar einingar. Menn eru í rauninni alltaf að finna aðgreininguna.

Ég tek undir með hv. þingmanni að þessi breytingartillaga er til bóta en hún vekur enn upp spurningar um aðgreiningu sem mun örugglega verða gagnrýnd, t.d. að

verkamaður sem vinnur við hliðina á verkfræðingnum og býr til glugga fær ekki virðisaukaskattinn endurgreiddan en verkfræðingurinn fær hann núna af því að hann getur unnið hvar sem er.

[11:41]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hv. þm. Pétur Blöndal hugsum stundum eins, svona í kössum, enda kannski ekkert skrýtið, menntaðir á sambærilegan hátt. Í þessu sambandi sagði ég í ræðu minni í gær að ég væri einmitt talsmaður þess að krukka ekki í virðisaukakerfið en um leið lýsti ég því yfir að nú um stundir þegar ástandið er eins og það er ættum við að hugsa svolítið óhefðbundið, út fyrir kassann. Við erum að gera einmitt það því að þetta eru tímabundin sérlög, virka til ársloka 2010 og þá erum við að krukka í kerfið. Ég er hins vegar algerlega sammála hv. þm. Pétri Blöndal, það að útfæra kerfið á margs konar hátt, eins og gert er við virðisaukaskattskerfið með þessum hætti, er ekki til eftirbreytni. Ég hef verið talsmaður þess að skattkerfið sé nokkuð skýrt og greinargott hverju sinni.

Það sem menn gerðu væntanlega þarna var að grípa ákvæði í lögunum um endurgreiðslu upp á 60%, toga hana upp í 100% en þegar við fengum málið í þá nefnd sem við hv. þm. Pétur Blöndal sitjum báðir í fóru menn að skoða allar þessar umsagnir og það að víkka út málið. Um margt hugsum við hv. þm. Pétur Blöndal á sama hátt og um leið kemur upp spurningin um trésmíðameistarann sem vinnur í hurðasmíðinni en ef hann flytur sig yfir á byggingarstaðinn er hægt að „vaska“ hann 100% til baka en ekki í trésmiðjunni sjálfri. Verkfræðingurinn er hins vegar (Forseti hringir.) úti í bæ en ekki á byggingarstað þegar hann (Forseti hringir.) er að vinna sína vinnu eða þá eru það aðrir hönnuðir.

[11:43]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var einmitt það sem ég benti á, kannski sérstaklega að verkstjórinn sem vinnur líka meira af hugsun en í höndunum er eiginlega að gera nákvæmlega það sama og verkfræðingurinn. Verkstjóri sem stýrir framleiðslu glugganna á verkstæði selur í rauninni hugsun og stjórnun á meðan verkfræðingurinn gerir eiginlega það sama. Menn rekast alltaf á svona dæmi, en auðvitað þarf maður einhvers staðar að takmarka sig.

Það sem mér finnst vanta er að hv. þingmaður svari athugasemdinni um hvatann. Við erum að fella niður gjöld og við það fer kerfið í gang, eins og hv. þingmaður lýsti svo vel, þetta væri eins konar hvatakerfi. Við ræddum það reyndar í nefndinni að við mundum fella niður virðisaukaskatt af öllu sem tengist byggingariðnaði. Það þótti mönnum fullbratt en að sjálfsögðu er þetta nánast allt saman stopp.

[11:44]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að nefndin tók hönnuðina inn, þennan hóp tæknimanna, er einfaldlega sú að atvinnuleysistölur sýna að þar er mjög lítið í gangi. Trésmiðurinn eða sá sem er að byggja fær virðisaukann til baka af trésmíðameistaranum eða sveininum sem er að vinna á byggingarstað. Þannig hefur það verið í 60% og nú er verið að fara með það í 100%.

Hvatinn er auðvitað augljós ef við horfum á þetta í afturvirkni rásarinnar inn í kerfið. Þegar við tökum 20% í fráveituframkvæmdum sveitarfélaga eins og hefur verið koma 20% inn og þau fara aftur augljóslega inn í kerfið en til þess að það verði að veruleika, eins og hv. þm. Pétur Blöndal þekkir, þarf fjármagn að vera til staðar. Einhvern veginn þurfa 80% að koma, annaðhvort í formi lánsfjármagns eða í formi eigin fjár.

[11:45]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræddum þetta mál nokkuð í gær, frumvarp um breyting á lögum um virðisaukaskatt, og mér finnst þetta mjög jákvætt mál. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt við þær aðstæður sem nú eru að horfa dálítið öðruvísi á hlutina en við höfum gert. Þetta er tímabundin ráðstöfun og maður vonar að hún beri þann árangur að hleypa einhverju lífi í byggingarmarkaðinn og atvinnulífið. Staðan t.d. hjá arkitektum og verkfræðingum, staðan á þeim markaði er skelfileg, hreint út sagt skelfileg og ég held að það sé mikið til vinnandi að hleypa lífi í þær atvinnugreinar. Ég segi því enn og aftur að ég lýsi ánægju minni með þetta mál.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Gunnar Svavarsson vegna þess að hann ræddi í gær töluvert um samkeppnissjónarmið á verkstæðum og fleira og ég skildi það einhvern veginn svo að málið mundi fara aftur í nefnd á milli umræðna þar sem þetta yrði tekið sérstaklega fyrir, er möguleiki á að víkka þetta frekar út gagnvart þeim verkefnum sem unnin eru á verkstæðum vegna þess að það hefur breyst mjög mikið hvernig unnið er á byggingarstað? Margt er núna unnið annars staðar og þegar búið er að taka inn hönnuðina, sem vinna t.d. annars staðar, þá veltir maður fyrir sér verkum eins og t.d. gluggum og slíkum hlutum. Þar sem ekki varð af því að málið væri tekið inn í nefndina aftur og við erum væntanlega að afgreiða það á þeim grunni sem hér er, eru einhver áform af hálfu hv. þingmanns eða annarra í hv. efnahags- og skattanefnd að grípa til frekari aðgerða á þessu sviði til að bregðast við þessu eða eru þetta meira almennar hugleiðingar um málið? Eiga menn von á að þetta leiði til einhvers annars, er eitthvað meira í farvatninu?

[11:47]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég svaraði þessu kannski áðan, að ég liti á þetta sem fyrsta áfanga í ákveðnu ferli og ef þetta gengi vel ætti þingið og hv. þingmenn að skoða það, hugsanlega eftir einhverja mánuði, að víkka málið enn frekar út. Þess vegna vakti ég strax athygli á þessu ákvæði varðandi verkstæðin og verksmiðjuvinnuna að „vaska“ það sem þar væri til baka inn í kerfið af manntímavinnu þar og taldi að sú hringrás í efniskaupum og annað mundi verða það mikil í kjölfarið að við ættum að horfa til þess.

Þess vegna vil ég segja það, virðulegi forseti, að ég er ekki með neinar tillögur í þessa veru. Ég hef stoppað varð-

andi breytingartillögur um þetta mál. Ég ætla hins vegar að hvetja þingheim og hv. þingmenn til að hugsa um þetta mál í aðdraganda kosninga. Nú er ljóst að ég sækist ekki eftir endurkjöri og mun ekki flytja breytingartillögu um þetta á nýju þingi, það liggur alveg ljóst fyrir, en ég hvet menn til að hugsa um þetta mál og hugsa einmitt svolítið óhefðbundið næstu mánuði. Þó að allir haldi sig við grunnprinsipp stjórnmálaflokkanna hver um sig geta menn þurft að ná samstöðu um svona mál. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að manni þykir í sjálfu sér vænt um að hafa náð svo mikilli samstöðu um þetta mál eins og var í efnahags- og skattanefnd og sjá hve þessir tugir umsagnaraðila voru allir jákvæðir gagnvart þessu máli. Kannski er það bara svo að menn eru jákvæðir gagnvart því að fá endurgreiddan virðisaukaskatt en ég held að það sé ekki það. Ég held að menn sjái að þetta mál getur orðið til þess að koma atvinnulífinu af stað, koma peningum í umferð og hreyfa svolítið við málum og ég hvet menn til að hugsa um slíka hluti í komandi kosningabaráttu.

[11:49]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég get líka tekið undir það að allar breytingar, undanþágur og útvíkkanir á skattkerfinu þarf að nálgast með mikilli gát. Undir eðlilegum kringumstæðum værum við alls ekki að tala um þessa hluti. Ég held að það sé mikilvægt að það komi fram að við erum að ræða þetta sem viðbrögð við mjög alvarlegu ástandi, að þetta eru tímabundnar aðgerðir til þess að reyna að ýta undir atvinnulífið í landinu við þessar aðstæður en ekki fyrirheit um að við ætlum framvegis að vera með miklar undanþágur eða slíka hluti á skattkerfinu. Ég hygg að um það séum við flest líka sammála.

En varðandi þá breytingartillögu sem fyrir liggur af hálfu Hafnfirðinganna, hv. þingmanna Gunnars Svavarssonar og Árna M. Mathiesens, þá finnst mér hún vera til bóta og ég mun styðja hana við afgreiðslu málsins.

[11:51]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég var hér ekki í gær þegar þetta mál var rætt en ég tel að þau sjónarmið hafi komið fram hjá hv. þm. Gunnari Svavarssyni að það sé full ástæða til að skoða málið betur. Ég er ekki sammála honum um að það sé eitthvert atriði að taka þetta mál upp í aðdraganda kosninga og menn velti þessu fyrir sér í kosningabaráttunni. Við erum að fjalla um þetta mál núna, þetta er viðfangsefni sem verið er að takast á við á þessari stundu til að koma til móts við þá aðila sem hafa greinilega veitt umsagnir og hvatt til þess að farið verði inn á það svið sem hv. þingmaður nefndi og þetta sé víðtækara en liggur fyrir í þeim tillögum. Ég verð að segja að miðað við þekkingu hans á málinu og hvernig hann lagði það hér upp, þá er ég mjög undrandi á því að hann skuli ekki stuðla að því að gengið sé lengra í frumvarpinu á þessari stundu. Það er viðfangsefni okkar nú að leysa þetta á þann veg sem hann lýsti og það er mun brýnna viðfangsefni í þingsalnum núna en sá tími sem fór í það í gær að ræða um kosningalögin eða sá tími sem fer í það í eftirmiðdaginn að ræða um breytingar á stjórnarskránni. Þetta er viðfangsefni sem þarf að takast á við núna og á ekki að vísa inn í kosningabaráttu. Þetta viðfangsefni snertir eins og hv. þingmaður lagði upp með og færði góð rök fyrir, bæði aukinn hvata í atvinnulífinu og kemur greinilega til móts við, eins og hann sagði og lýsti, umsagnir sem nefndinni bárust um þann veg sem menn hafi viljað ganga. Ég botna ekki almennilega í því hvers vegna menn ganga ekki þá leið og hvers vegna ekki er haldinn fundur í nefndinni til að breyta frumvarpinu á þann veg sem hv. þingmaður lagði hér til eða taka það til umræðu frekar og reyna að klára það.

[11:53]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Stundum er erfitt að botna umræðu og kannski botna í umræðunni. Það má kannski segja að ég hafi farið frjálslega með þegar ég sagði að umsagnirnar gengju í sömu átt og ég vildi, því að umsagnir voru um tiltekið mál, 60% í 100%. Síðan komu hönnuðir með umsagnir og KSÍ kom með umsagnir varðandi sveitarfélögin og landshlutasambönd sveitarfélaganna komu með umsagnir. Í sjálfu sér kom enginn með umsögn í þá átt sem ég var að bera upp, þetta var svona mín eigin hugmyndafræði. Ég ræddi það í tvígang í nefndinni og þegar ég sá það að við mundum ekki ganga fram í samstöðu með málið í nefndinni í þá veru sem ég var að hugsa ákvað ég að bakka út úr málinu en tók það upp í 2. umr. og síðan núna í 3. umr.

Það má vel vera að þetta verði ekki stórt mál í kosningabaráttunni. Ég sagði hins vegar að í kosningabaráttunni þurfi, og hvatti alla til þess, að hugsa svolítið óhefðbundið líka. Við vitum það, bæði ég og hv. þm. Björn Bjarnason, að þetta er ákveðinn skraddarasaumur á þessu máli vegna ákveðins ástands í atvinnulífinu. Ég álít að það sé ekki eftirbreytni til langs tíma að taka upp mál sem þessi. Málið er hins vegar gott á þessum tímapunkti og þar af leiðandi vil ég, í ljósi þess að málið nái fram að ganga núna, að við skoðum það næstu mánuði hvernig endurgreiðslan og kerfið fer af stað og þegar þing kemur saman aftur annaðhvort í vor eða í haust geti menn skoðað þetta aftur. Við erum að tala um 18–20 mánuði varðandi þetta mál og það mætti þess vegna láta á það reyna í sex mánuði og taka málið þá aftur inn til að sjá hvernig það hefur gengið fram.

[11:55]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns áðan fylgdist ég ekki með þessari umræðu í gær og ég tók ekki þátt í nefndarstörfunum en ég hlustaði á hv. þingmann flytja ræðu áðan og það er andsvar við hana sem ég er að flytja hér. Það kemur á óvart að hv. þingmaður komi hér og flytji ræðu og setji fram hugmyndir sem hann telur vera til bóta á frumvarpinu en svo þegar hvatt er til þess að unnið verði í því að koma þessum hugmyndum inn í frumvarpið kemur hv. þingmaður og dregur svolítið í land. Ég taldi að það væri möguleiki til að gera þetta góða mál enn betra og það væri markmið í sjálfu sér að reyna að vinna að því að gera málið enn betra miðað við þau rök sem hv. þingmaður hafði í sinni ágætu ræðu og ég tek undir og ég tek undir þá breytingartillögu sem hv. þingmaður flytur o.s.frv. Ég taldi

að þingmaðurinn væri með sjónarmið sem ættu fullt erindi inn í málið miðað við þau sjónarmið og þau rök sem hann flutti í ræðu sinni. Það er það sem ég er að segja, ég er ekki að gagnrýna málflutning þingmannsins á neinn hátt.

[11:56]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þá erum við sammála, ég og hv. þm. Björn Bjarnason. Það eina sem ber kannski á milli er það, og ég get alveg tekið það á mig, að stundum víkur maður í burtu frá vindmyllum samtímans og það gerði ég auðvitað í þessu máli. Ég taldi einhlítt að það að taka enn og aftur umræðu um málið í efnahags- og skattanefnd mundi ekki skila neinu. Við hefðum þurft að skoða málið mun frekar í ljósi samkeppnislöggjafarinnar og afla enn frekari upplýsinga, þannig að ég taldi einhlítt að það væri kostur að afgreiða það með þessum fjórum breytingartillögum frá nefndinni og síðan þeirri breytingartillögu sem kemur inn í dag við 3. umr. Ég hvet svo þá aðila sem verða hér á vettvangi á næstu mánuðum að fylgjast sérstaklega með því hvernig þetta fer fram og að skoða þær hugmyndir sem ég hef borið upp, bæði í nefndinni og í 2. og 3. umr., um að útvíkka þetta mál enn frekar. Þetta er gott mál, þetta er gott fyrir atvinnulífið og ekki síður gott fyrir þá sem eru að fjárfesta hvort heldur er í íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði og ekkert síður sveitarfélögin.

[11:58]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum í 3. umr. frumvarp til laga um virðisaukaskatt og eins og ég gat um í gær er þetta afskaplega gott mál og ég vil síst af öllu tefja framgang þess. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Hins vegar er líka mikilvægt að við ræðum ýmsa þætti málsins sem þurfa að koma fram.

Hv. þm. Gunnar Svavarsson gat um það áðan að hugsanlega ætti að víkka út frumvarpið og ég tek undir það. Þetta var rætt í nefndinni og þar komu fram upplýsingar um að byggingariðnaðurinn er vægast sagt í lamasessi. Þar er ekkert að gerast, það koma engar tekjur af honum í virðisaukaskatti o.s.frv. Þá er spurningin hvort menn taki á honum stóra sínum og láti alla vinnu í byggingariðnaðinum vera virðisaukaskattsfrjálsa þar sem hann gefur hvort sem er engar tekjur og þetta mundi þá verða ákveðinn hvati til að setja hann í gang tímabundið. Ég mundi gjarnan vilja skoða það en ég veit náttúrlega að þetta mál er komið það langt að það verður ekki gert. Það er þá spurningin um að næsta þing, strax að loknum kosningum, taki sig til og geri allan byggingariðnaðinn virðisaukaskattsfrjálsan og sjái til hvort þessi iðnaður komist ekki úr þeim lamasessi sem hann situr í. Þetta mundi ég vilja skoða. Þetta var reyndar rætt í nefndinni en menn gátu ekki upplýst um það hve tekjutap ríkisins yrði mikið eða hvað þetta væri víðtækt.

Hér er komin fram breytingartillaga frá hv. þingmönnum Árna M. Mathiesen og Gunnari Svavarssyni sem víkkar út þjónustu arkitekta og verkfræðinga og slíkra, að hún sé virðisaukaskattskyld sem ég held að sé af hinu góða og nálgast í rauninni það sem hv. þingmaður nefndi, að gera bara allan iðnaðinn virðisaukaskattsfrjálsan það tímabil sem við erum að tala um. Svo líður þetta að sjálfsögðu hjá og iðnaðurinn fer í gang og þá þarf ekki svona hvata. Eins og ég nefndi í ræðu í gær er það náttúrlega algert brot á öllum mínum prinsippum um skattlagningu að vera með svona sértækar aðgerðir og við lendum í heilmiklum vandamálum með samkeppni, vandamálum með aðgreiningu o.s.frv. eins og hér hefur verið rætt, bæði í gær og í dag.

Ég ætla að koma inn á einn þátt sem mér finnst lítið hafa verið ræddur og hann tengist eiginlega máli, herra forseti, sem við ræddum í gær um ohf.-félögin, að Alþingi er mjög duglegt að setja lög um þetta og hitt en það fer minna fyrir því að það sé kynnt úti í þjóðfélaginu hvernig lögin virka. Það kom í ljós í gær að fjármálaráðherra sem fer með hlutafé í þessum bönkum t.d. hafði ekki áttað sig á því að þetta væru hugsanlega ohf.-félög, opinber hlutafélög þar sem ríkið á þau eitt og þar af leiðandi ættu við alls konar ákvæði um jafnan fjölda kynja í stjórnum, aðgang fréttamanna og kjörinna fulltrúa að aðalfundum sem þar með yrðu ólöglegir ef ekki er farið að lögum og býður heim alls konar lagaóvissu. Það er ekki nóg að Alþingi setji lög heldur þurfa menn að átta sig á því að lögin hafi verið sett og það þarf að kynna þau mjög víða. Þetta hefur verið ansi mikil brotalöm í stjórnkerfinu, þ.e. að kynna lög. Og það sem ég óttast með þau lög sem við erum að setja núna er að þeim er ætlað að örva atvinnulífið, byggingariðnaðinn, og ef fólk ekki veit af því að þetta sé orðið skattfrjálst gerist að sjálfsögðu ekki neitt.

Það sem ég ætlaði að gera ef einhver úr hæstv. ríkisstjórn hefði verið viðstaddur var að skora á hann að beita sér fyrir miklu kynningarátaki um að þessi lög séu komin, þannig að hinn almenni húseigandi, maður úti á sviðinu sem vinnur sína vinnu og fylgist kannski ekki svo grannt með umræðum á Alþingi, fái upplýsingar um að núna þurfi hann ekki að borga virðisaukaskatt af viðgerðum á þakinu eða skipti á gólfefnum eða annað slíkt sem hann hefur beðið með í mörg ár, að gera við gluggann sem brotnaði fyrir þremur árum eða eitthvað svoleiðis, af því að hann hefur ekki náð í iðnaðarmann. Núna er orðin allt önnur staða. Hann getur tiltölulega auðveldlega fengið iðnaðarmann til að vinna verkið og það er búið að fella niður virðisaukaskattinn. Ég skora á húseigendur sem heyra mál mitt að fara í gang og fara í framkvæmdir. Það er þjóðhagslega mjög hagkvæmt að fara í framkvæmdir sem veita vinnu og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Nú ættu allir húseigendur, umráðamenn eigna eða sumarbústaða o.s.frv. að fara í gang og fara í alls konar viðhald sem á Íslandi hefur því miður beðið ansi mikið út af þeirri þenslu sem var í byggingariðnaðinum þar sem ekki var hægt að fá neitt fólk til að vinna. Nú er það alveg gjörbreytt. Þetta er eitthvað sem hæstv. ríkisstjórn þyrfti að gera, að fara í kynningarátak á því að lögum hafi verið breytt og að þessi staða gildi út árið 2010 þannig að menn átti sig á því.

Þetta er eitt af því sem ég vildi nefna í þessari umræðu en ég ætla ekki að tefja hana frekar. Ég held að það sé mjög brýnt að þetta mál nái fram að ganga og ætla að lýsa því yfir í lokin að ég fellst á þessa breytingartillögu og mun samþykkja hana með glöðu geði. Ég hefði gjarnan viljað sjá hana ganga töluvert lengra vegna þess að þessi iðnaður er meira og minna í lamasessi.

[12:04]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil koma hér upp við 3. umr. þessa máls, þegar það hefur svona tekið á sig að því er mér virðist endanlega mynd og lýsa yfir ánægju með málið í heild sinni og hvernig það hefur þróast í þingstörfunum. Mér finnst hafa verið vel haldið á þessu máli af formanni og varaformanni nefndarinnar og ég fagna þeim breytingum sem á því hafa verið gerðar. Ég tel brýnt við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu að koma meira til móts við þá aðila sem málið snertir, þ.e. þá sem standa í framkvæmdum. Við munum með þessari niðurfellingu virðisaukaskattsins eða endurgreiðslu hans, aukinni endurgreiðslu, stuðla að því að störf tapist ekki í byggingariðnaðinum. Þetta er mikilvægt mál fyrir þá sem starfa á því sviði; smiði, múrara, rafvirkja og aðra þá sem standa að byggingu húsnæðis. Ég held að það hafi jafnframt verið skynsamlegt að hafa frístundahúsnæðið með eigin húsnæði inni í breytingartillögu nefndarinnar.

Varðandi þá umræðu sem farið hefur fram um hvort við ættum að fella niður virðisaukaskatt af innanlandsframleiðslu sem nýtist við byggingar á húsnæði, þá tel ég að við í nefndinni höfum ekki haft nægilegt svigrúm til þess að gefa því álitaefni gaum hvort slík breyting mundi varða við samkeppnislögin. Ég óttast að slík breyting hefði gert það vegna þess að hún hefði leitt til þess í grunninn að af glugga sem væri smíðaður á Íslandi, sem væri ætlaður til uppsetningar á verkstað, hvort sem um væri að ræða eigið húsnæði eða sumarhús eða annað sem félli undir lögin, fengist endurgreiddur allur virðisaukaskattur en hins vegar legðist virðisaukaskattur á glugga sem væri framleiddur utan Íslands við innflutning og sá virðisaukaskattur fengist ekki endurgreiddur. Við náðum ekki að teygja málið yfir þetta enda var aldrei ætlunin með frumvarpinu að taka til slíks innflutts varnings. Við erum fyrst og fremst að reyna að örva byggingarmarkaðinn á Íslandi. Það misræmi sem hefði komið fram við þá breytingu sem hér hefur verið til umfjöllunar og m.a. hv. þm. Gunnar Svavarsson kom inn á í máli sínu, ég tel að sú breyting hefði þurft frekari skoðun og mér sýnist á öllu að það hefði ekki gengið fyrir okkur hérna á þinginu að efna til slíkrar mismununar.

Auðvitað eru fjölmargir aðilar sem flytja inn efni til húsbygginga sem nýtist bæði fyrir íbúðarhúsnæði og sumarhúsabyggð og sama á við um opinberar byggingar að svo miklu leyti sem þær falla undir ákvæði frumvarpsins. Við þurfum að hafa hagsmuni þeirra í huga en gleymum því þá ekki að þeir munu óbeint njóta góðs af ákvæðum frumvarpsins vegna þess að ef tilgangi málsins er náð munum við örva framkvæmdir við byggingar og þar af leiðandi óbeint valda því að það verður horft til kaupa með innfluttan varning alveg eins og innlenda framleiðslu í þessu efni.

Ég ætla ekki að setja á langt mál hér. Ég fagna því hvernig haldið hefur verið á málinu í þinginu, ég fagna því að það skuli hafa komið fram. Ég tel að við séum að vinna afar mikilvægt verk með því að ljúka því sem allra fyrst.

[12:09]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Bjarna Benediktssyni fyrir mjög góðar undirtektir við þetta frumvarp svo og öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Þetta er jú eitt af fyrri frumvörpum eða eitt af fyrstu málum sem ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar hefur lagt fram til að styrkja og koma til móts við atvinnulífið, á þeim þáttum sem hér hafa verið raktir hvað varðar að fella niður virðisaukaskatt af launum við vinnu á byggingarstað og það tengist líka þessum húshlutum.

Ég lagði fram fyrirspurn fyrr í vetur um þetta mál til þáverandi fjármálaráðherra, hv. þm. Árna Mathiesens, og í því skriflega svari sem ég fékk kom fram að það væri ekki á döfinni af hálfu þáverandi fjármálaráðherra að ganga þessi skref, þótt nauðsyn þess væri fyrirséð. Ég vil líka árétta að mér finnst að þetta eigi líka að ná t.d. til viðgerða á eldri húsum sem eru í bland frístundahús og menningarhús.

Varðandi innflutning á húsum og húseiningum vil ég spyrja hv. þm. Bjarna Benediktsson hvort hann sé ekki sammála mér í því að þessi tímabundna aðgerð nái fyrst og fremst til innlendra verksmiðjuframleiddra húsa en ekki innfluttra því það held ég að sé mjög mikilvægt. Þetta er aðgerð til þess að styrkja innlent atvinnulíf, standa vörð um innlend störf sem eru virðisaukandi.

[12:11]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það eru auðvitað fjölmargir kostir við þetta mál sem ég vék ekki sérstaklega að í máli mínu áðan og það má bara tína til það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Það er til þess fallið að draga úr líkunum á svartri atvinnustarfsemi. Ég vék ekki að því í máli mínu að við höfum nú fellt inn ákvæði um að taka arkitekta, verkfræðinga og aðra hönnuði inn undir gildisákvæði frumvarpsins sem ég held að hafi verið mjög skynsamlegt skref, ekki síst í ljósi þess hversu mjög þrengir að þessum stéttum nú og vonandi verður það til að bjarga einhverjum störfum.

Varðandi það sem hv. þingmaður spyr um og snýr að verksmiðjuframleiðslu tel ég að við séum með þessari breytingu ekki að fella slíka framleiðslu undir þá reglu að af henni fáist endurgreiddur virðisaukaskattur. Við erum fyrst og fremst að fjalla um vinnu á verkstað og það var það sem ég átti við í máli mínu, að ég tel mjög vafasamt að við getum fellt niður virðisaukaskattinn af slíkri innlendri framleiðslu og mismunað þannig gagnvart innflutningi. Okkur eru einfaldlega ákveðin mörk sett í þeim efnum af samkeppnislegum ástæðum og við þurfum að virða viðskiptafrelsið í þessu efni. Ég ítreka hins vegar það sem ég sagði áðan að ég tel að innlend framleiðsla sem og innflutt muni njóta góðs af því ef okkur auðnast með þessum breytingum að hækka framkvæmdastigið, að fjölga vinnandi höndum við byggingarframkvæmdir vegna þess að þá mun mjög margt falla til sem heyrir undir innlenda framleiðslu eða innflutta.

[12:13]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er þá klárt að þetta er gott mál og góð samstaða um það í þinginu og þess vegna mjög ánægjulegt að það afgreiðist nú sem hraðast.

Ég vil þó árétta út af athugasemdum hv. þm. Bjarna

Benediktssonar að í 1. gr. sem er hér tekið til eru felldar inn húseiningar, þ.e. þegar heilu húsin eru byggð að hluta annars staðar og síðan flutt á staðinn. Ég tel að það sé til mikilla bóta og spegli bara eðlilegan raunveruleika og ég legg áherslu á að þetta er tímabundin aðgerð. Hér er einungis verið að taka á því að efla og styrkja innlent atvinnulíf á þessum vettvangi hvað varðar viðhald og byggingu húsa.

Þetta er mjög gott mál sem vonandi afgreiðist fljótt út úr þinginu. Þetta er eitt fyrsta mál Vinstri grænna og Samfylkingar á þessu sviði og vonandi koma fleiri á eftir.

[12:14]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Við ræðum hér við 3. umr. breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Það er mál sem er mjög til þess fallið að örva atvinnulíf í landinu og bjarga störfum, ekki síst á sviði hönnuða og arkitekta. Ég hef talað um það áður að ég tel að þær aðgerðir sem eru til þess að styrkja störf arkitekta og verkfræðinga séu mjög af hinu góða. Oft og tíðum eru þau störf undanfari að verkefnum sem koma nokkru síðar og eru þá til þess fallin að örva verulega atvinnulífið hér.

Eftir að við ræddum þetta mál í gær upphófst löng umræða um kosningalöggjöfina. Ég sagði þá og ég segi það aftur að ég hefði talið að nær væri að fjalla meira um mál af þessum toga frekar en að nýta þann stutta tíma sem eftir er af þinginu fram að kosningum til að ræða mál sem varða ekki hag heimilanna í landinu, varða ekki atvinnulífið eða þann mikla vanda sem við okkur blasir. Hér er hins vegar um að ræða mál sem er í samræmi við það sem við eigum að gera í sameiningu hér á þinginu. Við eigum að sameinast um það, þingmenn allir, að greiða fyrir góðum málum og leggja áherslu á öll þau mál sem eru til þess að efla atvinnulífið.

Þau sjónarmið hafa komið fram af hálfu sumra nefndarmanna að rétt hefði verið að ganga lengra í þessu máli en gert er. Nú er það alveg rétt að það liggur á málinu og það er spurning hvernig menn eigi að útvíkka slíka hluti. Hér er um að ræða undantekningu. Almennt séð er ekki heppilegt að gera miklar breytingar og undanþágur í skattakerfinu en við þær óvenjulegu aðstæður sem nú eru gilda önnur lögmál. Nú þarf að líta til hluta úr annarri átt, grípa til aðgerða sem eru óvenjulegar. Ég hygg að þetta mál sé af þeim toga að verið sé að bregðast við með réttum hætti. Þetta gildir út árið 2010 og ég vonast til þess, eins og við gerum öll hér inni, að á þeim tímapunkti verði nokkuð öðruvísi umhorfs í þjóðfélaginu en nú er.

Hv. þm. Gunnar Svavarsson talaði um það, bæði í dag og í gær, að hann hefði haft önnur sjónarmið uppi í nefndinni. Ég skildi hann á þann veg að það hafi verið sjónarmið sem fengið hefðu undirtektir þeirra gesta sem fyrir nefndina komu — ég áttaði mig ekki á því eftir andsvör hans við hv. þm. Björn Bjarnason hvort svo hafi verið eða hvort þetta hafi fyrst og fremst verið sjónarmið sem hann hélt uppi í nefndinni. Alla vega eru þarna komin sjónarmið um útvíkkun á þessu sem gæti hugsanlega gagnast mjög þessari atvinnugrein.

Það er dálítið skrýtið ef maður hugsar um það og horfir á byggingarstað, vegna þess að við erum að tala hér um aðgerðir sem beinast að byggingarstað, að ekki er horft til þess að mörg af þeim störfum sem áður voru unnin á byggingarstað eru nú komin inn á verkstæði. Hér hefur verið talað um gluggasmíði og hurðir og slíka hluti sem áður voru unnir á staðnum en eru nú eiginlega eingöngu unnir á verkstæði — þegar við erum að bæta inn í þetta hópum sem ekki starfa á byggingarstað þá er þetta auðvitað sjónarmið sem þarf að skoða.

Ég skildi umræðuna á þann veg að þetta mál ætti að fara aftur inn í nefndina en ekki varð af því — ég skildi það þannig í gær vegna þess að þannig talaði hv. þm. Gunnar Svavarsson. Ég vil þess vegna hvetja fulltrúa í efnahags- og skattanefnd til þess að taka það mál upp á vettvangi nefndarinnar. Ég sé að hv. þm. Birkir Jón Jónsson er hér í salnum og ég veit að hann er fulltrúi í nefndinni. Ég hvet hann til þess að skoða þetta mál með opnum huga og gera breytingar og leggja jafnvel fram frumvarp. Ég er viss um að formaður nefndarinnar mun taka því máli mjög vel.

Ég hef spurt að því og fengið við því svör, að jafnvel sé von á einhverjum frekari hlutum. Ég tel mjög mikilvægt við þær aðstæður sem nú eru að nefndirnar í þinginu sjálfar taki að sér að bregðast við þeim vanda sem hér er að eigin frumkvæði og leggja fram mál.

Við erum að tala hér um mál sem varðar atvinnulífið og skuldir heimilanna og þessi brýnu verkefni sem við eigum að vera að sinna. Ég vil taka það fram að mér finnst mikilvægt við svona óvenjulegar aðstæður að þingheimur sameinist um þessi verk. Það hefur verið sagt af hálfu Sjálfstæðisflokksins að fullur vilji sé til þess. Mér finnst mjög mikilvægt að þingmenn sameinist um það.

Í allsherjarnefnd eru t.d. frumvörp um svokallaða greiðsluaðlögun. Það voru frumvörp sem komu fram af hálfu sjálfstæðismanna og ríkisstjórnarflokkanna og einnig ákveðin leið af hálfu framsóknarmanna. Það mál hefur nú verið í athugun í allsherjarnefnd um nokkra hríð. Mál sem mun skipta miklu gagnvart heimilunum í landinu og þeim mikla vanda sem þar er. En það hefur komið fram í meðförum nefndarinnar að gera þarf töluverðar breytingar á málinu. Líta þarf til veðskulda og útvíkka málið og breyta til þess að það þjóni þeim tilgangi sem menn lögðu upp með. Allsherjarnefnd hefur því ekki lokið að ræða þetta mál af sinni hálfu en hefur haft frumkvæði að því að samið verði nýtt frumvarp, nýtt úrræði sem muni víkka og laga þetta greiðsluaðlögunarmál þannig að það þjóni þessum upphaflega tilgangi. Þetta finnst mér ágætisverklag. Mér finnst ágætt að nefndirnar sjálfar, þegar þær rekast á einhverja hluti sem gætu farið betur, taki málið upp í stað þess að vísa því til viðkomandi ráðherra, og þar með kannski seinka framgangi málsins. Þetta skiptir verulegu máli vegna þess að við höfum svo lítinn tíma og það flýtir fyrir málunum ef nefndirnar geta sjálfar tekið þau upp.

Mig grunar að efnahags- og skattanefnd hafi á fjölmörgum fundum, frá fjölmörgum gestum sem þangað hafa komið, fengið ýmsar hugmyndir eða tillögur um það sem betur mætti fara. Mér finnst æskilegt að nefndin leiti leiða til að taka mál upp að eigin frumkvæði. Ég vil sérstaklega hvetja til þess í þessu máli. Ef við náum að taka til við að bæta þarna við verkstæðum og slíkum hlutum er ég viss um að það mun hafa mjög jákvæð áhrif. Það eru á því þau vand-

kvæði, og það hefur komið fram í þessari umræðu, að við verðum að gæta að samkeppnissjónarmiðum og við verðum að gæta að Evrópureglum. Ég get ekki fallist á það með hv. þm. Jóni Bjarnasyni, sem fram kom hér í gær, að við ættum ekkert að fara eftir þessum vitlausu Evrópureglum ef þær þvældust fyrir okkur við þessar óvenjulegu aðstæður. Auðvitað munum við reyna að gera allt sem við getum til að hvatinn sé sem mestur en við verðum samt að gæta að þeim grundvallarreglum sem við höfum samþykkt að fylgja. Mér finnst mikilvægt að við gerum það í þessu máli líka. Það er greinilegt að það þarf töluvert mikla athugun á því hvort hægt sé að taka inn þessi verkstæði og fleiri þætti. Þá athugun verðum við að fara í og hún mun væntanlega taka einhvern tíma. En það væri afskaplega gott ef það gæti klárast fyrir vorið.

Við eigum ekki að geyma þetta til haustsins eða næsta vetrar eða taka þetta inn í kosningabaráttuna eins og hv. þm. Gunnar Svavarsson lagði til við okkur sem enn þá ætlum að heyja kosningabaráttuna. Mér finnst ekki að svona mál eigi að vera slík. Þetta er mál sem við eigum að sameinast um að taka til við og ekkert vera að þvælast með það inn í kosningabaráttuna heldur taka til við þetta núna. Enn og aftur þá hvet ég nefndina til að skoða það mál mjög vel.

Fyrir liggur breytingartillaga af hálfu hv. þm. Árna M. Mathiesens og hv. þm. Gunnars Svavarssonar. Ég átta mig ekki á því hvort það hafi verið sjónarmið sem almennt var í nefndinni að hafa þetta með þessum hætti — ég sé að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson kinkar kolli þannig að ég lít svo á að vilji sé til þess af hálfu nefndarinnar að samþykkja þessa breytingartillögu. Fyrir mína parta finnst mér hún skynsamleg. Ég held að það sé miklu betra í staðinn fyrir að telja eitthvað upp — það er alltaf svo mikil hætta á því þegar um slíkar upptalningar er að ræða að eitthvað gleymist — að hafa þetta frekar með almennara orðalagi eins og lagt er til í breytingartillögunni. Ég á því ekki von á öðru en að hún muni verða samþykkt þegar málið verður tekið til atkvæða.

Fleiri mál á vettvangi efnahags- og skattanefndar verða tekin hér til umræðu í dag. Mér heyrist að þar séu líka breytingartillögur á ferðinni, gagnvart séreignarsparnaðinum. Það er mál sem er af sama meiði og þetta mál og greiðsluaðlögunarmálið. Þetta eru mál sem skipta verulegu máli í þeim vanda sem nú er við að glíma. Á fundi sem ég var á í gær býsnuðust allir fundarmenn sem ég talaði við yfir því að þingið sinnti ekki þeim málum af nógu miklum þunga sem það ætti að sinna. Af hverju talið þið ekki bara allan daginn um þann vanda sem við blasir og afgreiðið þau mál í staðinn fyrir að tala um önnur mál sem minna máli skipta núna? var spurt. Ég er algjörlega sammála þessu viðhorfi. (**ÁÞS:** Eigum við þá ekki bara að afgreiða málið?) Ég held að það sé mjög gott að tala og fara vandlega yfir svona mál og gera það eins vel og hægt er. Það er sjálfsagt. Mér finnst ekki síður mikilvægt að þingmenn tali í þeim málum sem eru góð heldur en þeim sem á að gagnrýna. Það hefur oft verið þannig hér að einungis er talað á neikvæðum nótum en ekki á jákvæðum nótum. Ég held að hv. þingmenn í stjórnarliðinu ættu að gleðjast yfir því að stjórnarandstaðan keppist við að hrósa þessu máli, hrósa öðrum málum og reyna að greiða fyrir þeim eins og mögulegt er. Ég held að hv. þingmenn stjórnarliðsins ættu bara að gleðjast yfir því.

Maður áttar sig ekki almennilega á því hversu mikla þýðingu úrræðið hefur þegar til þess tekur vegna þess að endurgreiðslan er sá hvati sem ríkið getur lagt til í þessu. En auðvitað mun þetta síðan ráðast af þeim fjármunum sem aðilar hafa til að ráðast í einstök verkefni, hvernig þetta heppnast þegar upp er staðið, hversu mörg störf koma út úr þessu. Það er engin leið að áætla um það.

Það kemur ágætlega fram í nefndarálitinu að erfitt sé að geta sér til um áhrif þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs, þ.e. hversu miklir peningar fari út úr ríkissjóði vegna þessa. En ekki má gleyma því að um leið koma væntanlega inn peningar á móti vegna þess að þegar framkvæmdir hefjast eða menn hafa tök á því að auka þarna við störf og slíka hluti þá gerir þetta ekkert annað en að stækka kökuna. Að því erum við að keppa í þessu. Maður vonast til þess að þetta dugi til þess að þeir sem hafa tök á fari í lagfæringar bæði á heimilum, húsum og mannvirkjum og einnig frístundahúsum — mér þótti mikilvægt að þau komu inn í þetta líka frístundahúsin.

Ég heyrði það líka af hálfu Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins gagnvart þessu máli að áður en sú breyting var gerð — vegna þess að í upphafi var hugsunin sú að frístundahúsnæði yrði ekki með, þótt það hafi síðan breyst af hálfu hæstv. fjármálaráðherra. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Það eru oft minni verk og minni fjármuni þarf til þeirra í upphafinu. Það er fullt af sumarhúsum hér um allt land sem gott er að fara í að laga. Það hefur verið mjög erfitt undanfarin ár að fá menn til þess að fara í slík verk. Iðnaðarmenn og hönnuðir hafa verið mjög uppteknir af stórframkvæmdum, stórum húsum, opinberum byggingum og slíkum hlutum og vandasamt hefur verið fyrir fólk að fá menn í smáverk og ýmiss konar viðgerðir.

Ég bind miklar vonir við að það muni breytast á þann veg að smáverk örvist töluvert. Það skiptir mjög miklu máli, ekki síst fyrir einyrkja og fólk sem á, að ég hygg, margt mjög erfitt. Við vitum að verkefnastaða iðnaðarmanna er orðin gjörbreytt og þeirra aðstæður gjörbreyttar — nú þarf að leita allra leiða til þess að halda þeirri stétt gangandi eins og hægt er. Ég hygg að það verði töluvert í það að við flytjum inn iðnaðarmenn í stórum stíl eins og gert var. Við töluðum um það fyrir átján mánuðum að stórauka þyrfti iðnmenntun og vonast ég til að við höfum tækifæri til þess að gera það. En aðstæður hafa breyst svo mikið að í stað þess að vera að flytja inn iðnaðarmenn, rafvirkja og alls kyns fagfólk eigum við nóg með að halda störfum hjá okkar góðu iðnaðarmönnum í þessu landi. Þannig að þetta mál er eitt af þeim mikilvægari sem fram hafa komið til handa þessum hópi. Ég vil enn og aftur fagna þessu máli og vonast til þess að það verði samþykkt hér fljótt.

[12:29]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Hér fer fram lokaumræða um frumvarp sem gengur út á að veita fyrirtækjum og sveitarfélögum endurgreiðslu á virðisaukaskatti í ákveðnum tilvikum, frumvarp sem er til þess fallið að vera innspýting í íslenskt atvinnulíf sem glímir við mikla erfiðleika. Við heyrum af því á hverjum degi að miklar uppsagnir eru í gangi í þjóðfélaginu, við heyrum af greiðsluerfiðleikum fyrirtækja, við

heyrum af því að fyrirtæki eiga mjög erfitt með að greiða opinber gjöld, það er alveg ljóst. Við framsóknarmenn höfum viljað leggja okkur fram um að koma til móts við bráðavanda íslensks atvinnulífs í dag með það að markmiði að sem flestir Íslendingar haldi atvinnu í erfiðu árferði. Lánin eru að hækka og það segir sig sjálft að þeir sem ekki hafa atvinnu eiga erfitt með að standa undir skuldbindingum og að framfleyta fjölskyldu.

Við framsóknarmenn höfum talað fyrir því á vettvangi þingsins að það þurfi að afgreiða mál hratt og örugglega. Þetta mál er það fyrsta í tíð núverandi ríkisstjórnar sem er afgreitt á vettvangi þingsins og það má ekki seinna vera. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á að klára afgreiðslu þess í dag þannig að þetta góða mál geti orðið að lögum. Vonandi verður Alþingi þess megnugt að afgreiða fleiri svona mál sem eru til þess fallin að stuðla að meiri velferð heimila og meiri velferð í íslensku atvinnulífi. Það er mjög brýnt að við komum í gegn frumvörpum sem eru til þess fallin að auka styrk og kraft í íslensku atvinnulífi með það að markmiði að minnka atvinnuleysi sem yfir okkur hefur dunið og er fyrirsjáanlegt í framtíðinni.

Hv. þm. Ólöf Nordal minntist á áðan og beindi því til nefndarinnar að við ættum að skoða hvort veita ætti fleiri undanþágur í þá veru að veita fyrirtækjum undanþágu frá virðisaukaskatti og ég vil skoða það mál. Ég vil að það verði tekið upp á vettvangi efnahags- og skattanefndar hvort við eigum í ljósi þess efnahagshruns sem hefur dunið yfir okkur á undanförnum mánuðum að skoða það sérstaklega hvort við getum með einhverjum hætti komið betur til móts við atvinnulífið með tímabundnum aðgerðum, t.d. með því að endurgreiða virðisaukaskatt. Það er alltaf mjög vandmeðfarið að ráðast í slíkar breytingar og við verðum náttúrlega að gera okkur grein fyrir því hvað slíkt mundi hafa í för með sér.

Hv. þm. Ólöf Nordal kom ágætlega inn á það hér og ég vil nú, af því að hún er að yfirgefa Norðausturkjördæmi, en hv. þingmaður var þingmaður Norðausturkjördæmis en hefur nú ákveðið að bjóða sig fram í Reykjavíkurkjördæminu, þakka henni fyrir gott samstarf í kjördæminu á þessu kjörtímabili. Ég er náttúrlega mjög glaður fyrir hönd Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi yfir því að hv. þingmaður skuli hafa ákveðið að færa sig um set því að það mun veita Framsóknarflokknum í mínu kjördæmi ómæld tækifæri til þess að ná gríðarlega góðum árangri í kosningunum í vor.

Hæstv. forseti. Ég hvet til þess að við afgreiðum þetta mál hið fyrsta. Við þurfum líka að horfa til annarra tillagna og ég vil vísa til þeirra efnahagstillagna sem Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram, bæði hvað snertir atvinnulíf og fjölskyldur í landinu. Ég hef sagt það áður úr ræðustóli Alþingis að mér hefur fundist sem margir stjórnmálamenn blási þær tillögur nokkuð ódýrt út af borðinu því að engir stjórnmálaflokkar hafa komið með heildstæðar tillögur í efnahagsmálum þjóðarinnar sem snerta bæði heimilin og fyrirtækin. Að okkur steðjar bráðavandi og það er kallað eftir því að stjórnmálaflokkar komi með tillögur að lausnum á núverandi ástandi, og Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram sínar hugmyndir í þeim efnum.

Að sjálfsögðu eru þær tillögur ekki yfir gagnrýni hafnar en við hljótum að gera þær kröfur til annarra stjórnmálaflokka að þeir komi með viðlíka tillögur. Við framsóknarmenn funduðum í morgun með félagsskap sem kallar sig — nú er heitið á félagsskapnum reyndar dottið úr minni mínu — en sá félagsskapur hefur rætt um bráðavanda heimilanna, hvernig við komum að honum og hvernig við förum að því að gera heimilunum kleift að standa undir sínum miklu skuldbindingum. Margar fjölskyldur horfast í augu við að það er ógerningur að standa undir þeim skuldbindingum sem viðkomandi heimili þarf að rísa undir, bæði vegna þess að atvinnutekjur hafa dregist saman hjá viðkomandi eða viðkomandi hefur jafnvel misst atvinnuna. Það segir sig sjálft að í slíku ástandi þurfa stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn að koma fram með tillögur um hvernig við sem þjóð ætlum að koma okkur út úr þeim brimskafli sem hefur dunið á þjóðinni og hvernig við ætlum að byggja landið til framtíðar. Hvernig sjáum við íslenskt samfélag rísa upp úr þeim rústum sem við okkur blasa?

Framsóknarflokkurinn hefur komið með raunhæfar tillögur til þess að koma til móts við skuldug heimili og skuldug fyrirtæki. Þær aðgerðir sem eru í 26 eða 28 liðum eru skoðunarverðar. Ég sé að hv. þingflokksformaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Jón Bjarnason, er kominn í þingsalinn og það hefði verið ástæða til þess að heyra sjónarmið hans og hvernig honum líst á þær tillögur sem þingflokkur framsóknarmanna hefur lagt fram í efnahagsmálum er varða vanda heimila og fyrirtækja.

Ég hef þá staðföstu trú að við höfum einfaldlega ekki efni á því að ganga til kosninga án þess að hafa ráðist í raunverulegar aðgerðir til að mæta þessum bráðavanda. Það er alveg ljóst að nýrrar ríkisstjórnar bíður það verkefni eftir 25. apríl að koma sér saman um málefnasamning, skipta með sér verkum og fleira. Því mun einhver tími líða þangað til ný ríkisstjórn getur haldið áfram að ráðast í verkefni sem snerta það efnahagsástand sem við okkur blasir í dag. Þess vegna verðum við að ná samstöðu um það á vettvangi Alþingis, allir stjórnmálaflokkar, við verðum að rífa okkur upp úr því hjólfari kreddustjórnmálanna og við verðum að koma okkur saman um raunhæfar leiðir til þess að koma til móts við bráðavanda fyrirtækja og heimila, það er einfaldlega þannig. Við höfum ekki efni á að bíða.

Menn tala mikið um að þær aðgerðir sem Framsóknarflokkurinn hefur lagt til í málefnum atvinnulífs og heimila séu kostnaðarsamar. Ég bið hv. þingmenn og aðra sem hlusta á þetta að velta því fyrir sér hver ávinningurinn yrði ef við mundum ráðast í þær tillögur sem við framsóknarmenn höfum lagt til. Staðreyndin er sú að verði ekkert að gert er raunveruleg hætta á kerfishruni í íslensku samfélagi. Ég er ekki að segja það hér og ræða um kerfishrun til þess að draga kjarkinn úr fólki en ég tel það hins vegar vera skyldu mína og við framsóknarmenn teljum það vera skyldu okkar að horfa til framtíðar og horfa á þá hluti sem fyrirsjáanlegir geta orðið. Það er því mikill ávinningur í því að ráðast í raunverulegar aðgerðir nú þegar til þess að koma til móts við heimilin og fyrirtækin. Mér hefur fundist á það skorta, hæstv. forseti, að stjórnmálaflokkar á vettvangi Alþingis, aðrir en Framsóknarflokkurinn, hafi komið fram með heildstæðar leiðir, heildstæð markmið til að bæta úr því ástandi sem við okkur blasir. Það vantar einfaldlega.

Hér á vettvangi þingsins næsta mánudag mun ég vonandi eiga utandagskrárumræðu við hæstv. forsætisráðherra um vandann í efnahagslífinu, um vanda heimila og fyrirtækja. Utandagskrárumræðan verður klukkustundarlöng og þar munum við framsóknarmenn rukka aðra stjórnmálaflokka um það hvað menn raunverulega vilja og hvaða raunverulegu lausnir menn hafa til þess að aðstoða heimilin og atvinnulífið.

Ég veit að ég er að endurtaka mig dálítið þegar ég tala um heimilin og atvinnulífið en ástandið er með þeim hætti að í lýðveldissögunni hefur ekki annað eins ástand ríkt, við skulum bara játa það. Við hljótum þess vegna að taka það mjög alvarlega og horfa til þess með ábyrgum hætti og með það að markmiði að menn komi einhverjum alvörumálum hér í gegn á vettvangi Alþingis. Þegar menn gagnrýna og reyna að rakka niður efnahagstillögur Framsóknarflokksins og segja: Við skulum bara gera eitthvað annað, skulu menn a.m.k. vera nógu stórir til þess að segja hvað þeir vilja. Þeir stjórnmálamenn sem segja bara gerum eitthvað allt annað, þeir stjórnmálamenn sem iðka slíka pólitík eru ekki stjórnmálamenn framtíðarinnar. Við þurfum að koma með raunhæfar lausnir á aðsteðjandi vanda og það er markmið okkar framsóknarmanna.

Við erum til viðræðu um útfærslur á tillögum okkar en því miður hefur mér fundist á það skorta hjá ákveðnum stjórnmálaflokkum að vera til viðræðna um það, því miður. (**JM:** Þá ertu væntanlega að tala um vinstri græna.) Ég ætla svo sem ekkert að fara að nefna einstaka stjórnmálamenn eða flokka í þessari umræðu, menn verða bara að standa fyrir máli sínu hér á vettvangi Alþingis.

Úti í samfélaginu er sívaxandi krafa hjá almenningi og forsvarsmönnum í íslensku atvinnulífi um að gripið verði til raunverulegra aðgerða. Þegar við framsóknarmenn sögðum að við mundum vilja styðja núverandi ríkisstjórn til allra góðra verka meintum við það. Við sögðum jafnframt að við mundum leggja fram tillögur okkar í efnahagsmálum með það að markmiði að skapa betra Ísland. Við hljótum því að gera þá lágmarkskröfu til annarra stjórnmálaflokka og kannski ekki hvað síst til þeirra sem eiga aðild að ríkisstjórn að menn gaumgæfi verulega þessar tillögur.

Hvernig voru þær unnar? Þær voru unnar með fjölda hagfræðinga, þær voru unnar í samráði við forsvarsmenn í íslensku atvinnulífi og þær voru unnar með þingflokki framsóknarmanna. Á mjög breiðum grundvelli í margar vikur voru þessi mál gaumgæfð ítarlega, hvernig við gætum komið til móts við þennan bráðavanda. Mér fannst margir stjórnmálamenn vera ansi fljótir að dæma þessar tillögur út af borðinu, því miður. En það getur vel verið að menn séu svo skarpgreindir að þeir geti tekið 26 eða 28 efnahagstillögur sem hópur sérfræðinga hefur unnið að í margar vikur og dæmt þær út af borðinu.

Þá hljótum við, hæstv. forseti, eins og ég sagði áðan, að óska eftir því að þeir hinir sömu komi fram með heildstæðan pakka til aðstoðar heimila og atvinnulífs, við hljótum að gera það. Það eru erfiðir tímar fram undan og hver dagur sem líður í þessu erfiða árferði er okkur mjög dýr. Við skulum hugsa um þann ávinning fyrir íslenskt samfélag ef okkur tekst hér á vettvangi þingsins að koma okkur saman um heildstæðan pakka í efnahagsmálum, sama hvort það varðar atvinnulíf eða heimilin. Við framsóknarmenn leggjum mikla áherslu á að við náum slíkri sátt á vettvangi Alþingis. Þess vegna þurfum við að rífa okkur upp úr þeim hjólförum að telja okkur trú um að það sem við leggjum fram eða það sem aðrir leggi fram sé hið eina rétta. Við þurfum að ná slíkri samstöðu fram hér á vettvangi Alþingis og þessi ræða er flutt í fullri einlægni með von um að við náum í alvöru samstöðu á vettvangi þingsins í þessum málum.

Aldurshópurinn 25 ára til 45 ára hér á landi eru 90 þúsund manns sem eiga trúlega svipaðan fjölda afkomenda. Margt fólk á þeim aldri er atvinnulaust. Þetta fólk er með miklar skuldir á heimilum sínum og þetta fólk er þessa dagana verulega að íhuga framtíð sína, hvort það ætlar yfir höfuð að búa hér á landi. Til þess að sannfæra þetta fólk, sem er af minni kynslóð, um að það sé lífvænlegt að búa hér til framtíðar verða menn að horfa til Alþingis Íslendinga. Menn verða að horfa til stjórnmálaflokkanna og stjórnmálamannanna og hvort þeir hafi einhverjar raunverulegar lausnir í því ástandi sem við okkur blasir. Ég tel að við framsóknarmenn höfum lagt fram okkar tillögur til þess að koma til móts við þá erfiðleika sem við okkur blasa og við munum hér á Alþingi í dag og á næstu dögum kalla eftir því að aðrir flokkar og aðrir stjórnmálamenn geri slíkt hið sama.

Annars vil ég lýsa yfir miklum stuðningi við þetta góða mál sem verður afgreitt í fullu samkomulagi á milli allra flokka og við þurfum að koma fleiri slíkum málum í gegnum Alþingi Íslendinga á næstu dögum.

[12:44]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir mjög góða ræðu og málefnalega. Það sem ég velti fyrir mér varðandi mál hans voru tillögur hans eða hugmyndir um að Framsóknarflokkurinn hefði komið með heildstæðar lausnir á vandanum.

Ég hef fylgst með þeirri málefnavinnu sem hefur verið unnin af hálfu Framsóknarflokksins og er hún allra góðra gjalda verð og gefur vísbendingu um að hin nýja forusta Framsóknarflokksins vill gera vel og ekki skal ég efa það. Mér hefur þó fundist á það skorta að þær góðu hugmyndir sem þarna hafa komið fram hafi fundið leið inn í þingsali. Ég velti fyrir mér og ég satt að segja get ekki séð að það hafi komið heildstæðar tillögur, t.d. með hvaða hætti eigi að skipa bankamálum á Íslandi. Eiga að vera þrír ríkisbankar á Íslandi eða eigum við að fara einhverjar aðrar leiðir? Hvað með stýrivextina, gengur það að hafa stýrivexti með þeim hætti að þeir séu í tveggja stafa tölu þegar verið er að lækka stýrivexti jafnvel niður undir núllið alls staðar í löndunum í kringum okkur? Þýðir það ekki að við erum með lánakerfi sem gerir það að verkum að samkeppnisaðstaða íslenskra atvinnuvega verður alltaf þannig að hún gengur ekki upp? Einhverjar bráðaaðgerðir duga ekki, við verðum að hugsa til lengri tíma.

Það hefur verið talað um að skrifa niður skuldir og það er líka spurningin um hvort við breytum lánum sem annars verða undirmálslán í góð lán, og allt er þetta gott. En spurningin að síðustu er þessi: Gengur að lagfæra þessa hluti nema við horfum til lengri tíma og horfum til þess að tek-

inn verði upp gjaldmiðill sem gengur í öllum viðskiptum og verðtrygging lána verði afnumin?

[12:46]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Jón Magnússon hefði átt að kynna sér betur þær tillögur sem Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram í efnahagsmálum. Í þeim var nefnilega komið inn á að nauðsynlegt er að ráðast nú þegar í lækkun á stýrivöxtum. Greinargerð fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var unnin af hálfu flokksins og sérfræðinganna með rökstuðningi fyrir því af hverju ætti að hefja vaxtalækkunarferlið nú þegar. Formaður flokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, hefur kynnt röksemdafærslu okkar og efnahagstillögur fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðnum en mér er sagt að trúnaður sé yfir slíkum viðræðum. Þannig að ég ætla ekki að tjá mig neitt frekar um það. En formaður Framsóknarflokksins hefur nú þegar kynnt efnahagstillögur flokksins og farið yfir rökstuðning okkar um af hverju við viljum hefja stýrivaxtalækkun strax.

Ljóst er að í 18% stýrivöxtum brennur eigið fé fyrirtækja upp og yfirdráttarlán heimilanna eru himinhá í 18% stýrivöxtum. Það er alvarlegt mál og að mínu viti eru engin rök fyrir því að hafa þessa háu stýrivexti á sama tíma og gjaldeyrishöft. Það er algjör rökleysa, algjör vitleysa, vil ég segja.

Hv. þingmaður minntist líka á bankamál. Tekið er á þeim í efnahagstillögum Framsóknarflokksins þar sem við teljum að erlendir kröfuhafar eigi að koma að eignaraðild bankanna. Það er mjög mikilvægt til að opna á lánalínur erlendis. Þannig að á því er tekið. Við nefnum líka að æskilegt væri að sameina jafnvel tvo af þremur ríkisbönkunum og helst hefði ég viljað sjá alla vega einn ríkisbankann fara fljótlega í einkaeign. (Forseti hringir.) En það er aftur á móti seinni tíma mál. En það sem er (Forseti hringir.) kveðið á um í þessum efnahagstillögum eru bæði vandamál í bráð (Forseti hringir.) og lengd.

[12:49]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það vill nú þannig til, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, að ég hef lesið þessa tillögu Framsóknarflokksins mjög ítarlega (**BJJ:** Já!) þannig að ég geri mér grein fyrir því hvað sagt er um bankamál og stýrivexti. Ég var að vekja athygli á þessu og hversu mikil þörf væri á því að gripið væri til þeirra aðgerða, ekki síst vegna þess að hér starfar ríkisstjórn í boði Framsóknarflokksins. Þess vegna þótti mér eðlilegt að hnykkja á því að Framsóknarflokkurinn fylgdi tillögum sínum eftir með því að koma þeim í framkvæmd, því hann hefur kannski betri möguleika til þess en nokkur annar eins og málin standa í dag. Þannig að ég skora á hv. þm. Birki Jón Jónsson að sýna að það verði að fara frá orðum til athafna.

Það sem skiptir að mínu viti höfuðmáli er að við hverfum frá þessari vitlausu verðtryggingu og gjaldmiðli sem gengur ekki í öllum viðskiptum. Það er forsenda þess að við byggjum upp nýtt Ísland til frambúðar.

[12:50]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Magnússyni fyrir góðar efnislegar undirtektir við að brýnt sé að fara í aðgerðir er snerta heimilin og fyrirtækin hið allra fyrsta.

Ég sagði í ræðu minni áðan að við framsóknarmenn munum vonandi eiga utandagskrárumræðu við forsætisráðherra hér á vettvangi þingsins á mánudaginn. Ég held að í þeirri umræðu komi væntanlega í ljós hvort hæstv. ráðherra taki undir einhverjar af þeim tillögum sem við höfum lagt fram.

Að sjálfsögðu munum við fylgja þessum tillögum okkar eftir með þingmálum á vettvangi þingsins. Hv. þingmaður mun sjá það hér. Það er rétt sem hv. þingmaður bendir á að Framsóknarflokkurinn ver ríkisstjórnina vantrausti og hann mun gera það. Við hvetjum ríkisstjórnina til allra góðra verka og ég tala fyrst og fremst fyrir því að við náum samstöðu um það hér á vettvangi þingsins að ráðast í einhverjar raunverulegar aðgerðir hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu. (Forseti hringir.) Það er mál málanna í dag.

[12:51]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar um hversu mikilvægt er að grípa sem hraðast og fyrst til aðgerða til að tryggja atvinnu og stöðu heimilanna. Það er í gangi. Frumvörp eru komin frá ríkisstjórninni sem öll eru um að taka á og koma inn í þessi mál. Þau hafa, að ég best veit, líka notið stuðnings Framsóknarflokksins.

Þetta eru erfiðir tímar en við verðum samt að taka á þeim. Þessi ríkisstjórn er í sjálfu sér bara um ákveðin verkefni til skamms tíma. Svo verður kosið og ég vona svo sannarlega að ríkisstjórnin geti setið áfram, eða þeir flokkar sem standa að henni. (**BJJ:** Og Framsóknarflokkurinn.)

Já. Ég tel að Framsóknarflokkurinn eigi góðan þátt í að veita ríkisstjórninni hlutleysi sitt og verja hana vantrausti. Þetta eru erfiðir tímar sem við tökumst á um. En við verðum að verja atvinnuna og heimilin.

Ég legg áherslu á að reynt verði að leita allra leiða til að ná niður vöxtum. Þessir vextir eru að sliga bæði heimili og atvinnulíf. Auk þess þurfum við líka að ná niður verðbólgunni þannig að verðtryggingin bætist ekki jafnframt þarna ofan á til íþyngingar og það á líka að kanna leiðir hvernig hægt er að afnema verðtrygginguna, þótt það verði gert í áföngum.

Þetta eru atriði sem við þurfum að (Forseti hringir.) horfa til og (Forseti hringir.) ég bara vona og treysti að (Forseti hringir.) Framsóknarflokkurinn veiti þessari ríkisstjórn áfram stuðning eða brautargengi eins og hann hefur gert og við (Forseti hringir.) náum að koma þeim málum til framkvæmda, eins mörgum og kostur er.

[12:53]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Á fundi nokkurra þingmanna Framsóknarflokksins með fulltrúum frá hagsmunasamtökum heimilanna í morgun var samhljómur á milli þeirra aðila, þ.e.

framsóknarmanna og hagsmunasamtaka heimilanna, um að nauðsynlegt sé að ráðast nú þegar í heildstæðar aðgerðir til að koma til móts við skuldug heimili.

Í raun og veru er samhljómur á milli hagsmunasamtaka heimilanna og framsóknarmanna um að við þurfum að fara í nokkuð róttækar aðgerðir til að forðast mögulegt kerfishrun í íslensku samfélagi. Það er erfitt að segja þessi stóru orð, að kerfishrun geti mögulega verið yfirvofandi. En ég fullyrði það og það er sannfæring mín, að ef menn gera ekki neitt, er veruleg hætta á því að þeir fljóti sofandi að feigðarósi. Nú er ég ekki að segja að núverandi ríkisstjórn ætli sér ekki að gera neitt í þeim efnum. En við þurfum að grípa til aðgerða sem allra fyrst.

Ég spurði hv. þingmann að því áðan hvað honum þætti um þær efnahagstillögur sem Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram, hvort þær séu ekki skoðunarverðar? Og hvort ekki sé eitthvað í þeim 26 tillögum sem við lögðum fram sem geti mögulega komið til móts við heimilin og atvinnulífið. Ég mundi gjarnan vilja frá svar við því.

Síðan voru ákveðin stórpólitísk tíðindi í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar þar sem mér fannst hann lýsa yfir einhvers konar bandalagi á milli tveggja flokka um að mynda saman ríkisstjórn. Ég hef ekki orðið var við annað en að þessir flokkar hafi talað mjög fallega til framsóknarmanna um samstarf eftir kosningar. Því væri athyglisvert að heyra hvort eitthvert formlegt samstarf sé á milli þessara tveggja flokka eða hvort hv. þingmaður geti hugsað sér að vinna með Framsóknarflokknum í ríkisstjórn eftir kosningar.

[12:56]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er afdráttarlaus vilji minn að hér verði mynduð félagshyggjustjórn eftir kosningar og þeir sem þar koma að standi saman um grundvöll velferðarkerfisins.

Eins og hv. þingmaður nefndi var Framsóknarflokkurinn hér áður fyrr sterkur félagshyggjuflokkur þótt mér hafi fundist hann fara allmikið út af þeirri braut á síðustu árum. Vonandi kemur hann aftur inn á félagshyggjubrautina, þannig að þetta horfir vonandi allt saman til bóta.

Varðandi tillögur Framsóknarflokksins í efnahagsmálum minni ég á að líka þarf að fara að með gát. En mér finnst að í þessu samstarfi flokkanna eigi að skoða alla þá þætti sem hægt er að koma til framkvæmda í þeim efnum.

[12:57]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Framsóknarflokkurinn er og hefur verið félagshyggjuflokkur. Ég veit ekki betur en að við höfum státað af besta heilbrigðiskerfi í heimi og einu besta velferðarkerfi í heimi. (Gripið fram í.) Ég vil minna hv. þm. Jón Bjarnason á það að Framsóknarflokkurinn hélt utan um þau vandasömu ráðuneyti.

Ég tel að mikilvægt sé að félagshyggjuflokkar komi að því á erfiðum tímum að standa vörð um velferðarkerfið, heilbrigðiskerfið, og Framsóknarflokkurinn hefur með verkum sínum sýnt að hann er mjög félagslega sinnaður flokkur hvað þessi mál áhrærir. Reyndar var samneyslan aukin gríðarlega í tólf ár í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn sem er þvert á stefnu Sjálfstæðisflokksins sem hefur talað fyrir því að minnka báknið. En í raun var velferðarkerfið eflt á þeim tíma og miklu meiri fjármunir settir í mikilvægar stofnanir.

Nú blasir hins vegar það verkefni við okkur að ráðast þarf í aðhaldsaðgerðir og ég tel brýnt að (Forseti hringir.) félagshyggjuflokkar komi að því að standa vörð um heilbrigðis- og velferðarkerfi okkar Íslendinga.

[12:58]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir góða yfirferð í ræðu sinni. Ég staldraði við eitt í tölu hans, þegar hann talaði um og kallaði eftir því að aðrir stjórnmálaflokkar á Alþingi settu fram heildstæða stefnu í atvinnumálum.

Enginn flokkur talar skýrar um stefnu í atvinnumálum en Sjálfstæðisflokkurinn. Það er ljóst. Stefna okkar hefur verið alveg skýr og vandræðagangur núverandi ríkisstjórnar og síðustu ríkisstjórnar í atvinnumálum er ekki tilkomin af stefnuleysi Sjálfstæðisflokksins í þeim málaflokki nema síður sé. (Gripið fram í.)

Þetta speglast í vandræðagangi núverandi ríkisstjórnar þegar rætt er um álverið í Helguvík. Samfylkingin klofin og Vinstri grænir á móti. Þetta var auðvitað vandræðagangur í síðustu ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar þegar við sjálfstæðismenn áttum í mesta basli með að koma áfram uppbyggilegum málum í atvinnuvegum landsmanna.

Stefna okkar er byggð á raunhæfum lausnum. Hún er byggð á því að nýta náttúruauðlindir til lands og sjávar og byggja upp öfluga grunnstarfsemi sem getur síðan leitt af sér öfluga sprotastarfsemi til hliðar.

Við fylgjum þeirri stefnu en ekki þeim innihaldslausa fagurgala, sérstaklega vinstri flokkanna á þingi, þar sem fjallað er um að gera hitt og þetta án þess að skilgreina það nánar. Þannig að ég vil biðja hv. þm. Birki Jón Jónsson að leiðrétta (Forseti hringir.) þetta í ummælum sínum.

[13:00]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er efnislega alveg hárrétt sem kom fram í máli hv. þm. Jóns Gunnarssonar, að Sjálfstæðisflokkurinn átti í erfiðleikum með Samfylkinguna og ég held að Samfylkingin hafi átt í erfiðleikum með Sjálfstæðisflokkinn í tíð síðustu ríkisstjórnar, enda var sú ríkisstjórn orðin frekar verklítil og talaði út og suður í mörgum grundvallarmálum. Þess vegna var það mat okkar framsóknarmanna að þá ríkisstjórn yrðum við að losna við. Mér heyrðist hv. þingmaður að einhverju leyti taka undir það að síðasta ríkisstjórn hefði ekki verið nægilega samstiga í þessum grundvallarmálum.

Hv. þm. Jón Gunnarsson talar um að stefna Sjálfstæðisflokksins í atvinnumálum, og væntanlega efnahagsmálum, sé skýr. Í ljósi þess að við erum öll að endurmeta gildi íslensks samfélags — ég tel að við höfum farið að mörgu leyti út af slóðinni á nokkurra ára tímabili þegar útrásarvíkingarnir sungu hvað hæst og menn dönsuðu í kringum gullkálfinn og öll þurfum við að líta í eigin barm í þeim efnum — vil ég spyrja hv. þingmann hvort það sé enn skýr og klár stefna Sjálfstæðisflokksins að regluverk, til að mynda með

fjármálamörkuðum, eigi að vera eins lítið og hægt er. Vilja menn hafa stofnanir sem fylgjast með fjármálamörkuðunum eins takmarkaðar og hægt er, þarf Sjálfstæðisflokkurinn ekki líka eins og Framsóknarflokkurinn og aðrir flokkar að líta í eigin barm?

Hv. þingmaður talar um að stefna flokksins sé svo skýr. Er hann þá að tala fyrir því að stefnan verði óbreytt, að flokkurinn hafi sama gildismat, til að mynda með eftirlitsþáttum er varða fjármálamarkaðinn? Ef svo er held ég að Sjálfstæðisflokkurinn sé einfaldlega ekki í takt við samfélagið á Íslandi í dag og ég tel að hann þurfi að endurskoða sína skýru stefnu að miklu leyti hvað þessi mál áhrærir.

[13:02]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta. Hann fer um víðan völl en í stuttu máli svaraði hann þó spurningu minni og staðfesti að Sjálfstæðisflokkurinn átti í mesta basli með Samfylkinguna varðandi atvinnumálin í síðustu ríkisstjórn og sá vandræðagangur kristallast síðan í stöðu mála í sama málaflokki í núverandi ríkisstjórn.

Varðandi fjármálamarkaðinn, virðulegi forseti, vilja alveg örugglega allir flokkar og allir stjórnmálamenn geta spilað til baka og hefðu viljað gera einhverja hluti öðruvísi. Við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir til þess að líta í eigin barm, axla okkar ábyrgð, læra af mistökunum og nýta þau til að koma enn sterkar inn í framtíðina.

Undirstaðan undir velferð heimila og öryggi heimilanna í landinu og einstaklinganna byggist á öflugri atvinnustarfsemi, virðulegi forseti. Sá þáttur er í stórhættu og væntanlega munu næstu kosningar snúast um það hvort (Forseti hringir.) hér verði rekin raunhæf atvinnustefna eða atvinnustefna byggð á innihaldslausum fagurgölum vinstri flokkanna.

[13:04]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. Jóni Gunnarssyni um að það er mikilvægt að stjórnmálaflokkarnir móti sér trúverðuga atvinnustefnu fyrir komandi kosningar. Framsóknarflokkurinn mun ekki skorast undan því. Það var mikið grín gert að Framsóknarflokknum í aðdraganda kosninganna 1995 þegar hann lofaði 12.000 nýjum störfum með ákveðnum leiðum að því markmiði. Það er alveg á hreinu að Framsóknarflokkurinn mun leggja höfuðáherslu á það að koma hjólum atvinnulífsins í gang á ný. Framsóknarflokkurinn hefur skilning á þörfum atvinnulífsins og við vitum og höfum skilning á því að ef við búum ekki við öflugt atvinnulíf getum við ekki staðið undir öflugu velferðarkerfi. Það er grunnstoðin undir öflugt velferðarkerfi að fólk hafi atvinnu og að hér á landi sé öflugt og sterkt atvinnulíf.

Framsóknarflokkurinn hefur nú þegar lagt fram tillögur um það (Forseti hringir.) hvernig við getum eflt atvinnulífið og að því mun hann að sjálfsögðu stefna á komandi mánuðum.

[Fundarhlé. — 13:05]

[13:30]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég sakna þess að sjá enga stjórnarþingmenn í salnum, eingöngu þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem eru jú ágætir. En ég hefði gjarnan viljað sjá hér einhverja nefndarmenn frá stjórnarflokkunum sem leggja fram þetta mál.

Hér ræðum við mál sem er dæmi um það sem við getum kallað gott mál, dæmi um það sem við ættum að eyða tíma okkar í á þinginu þessa dagana. Þetta er mál sem eykur atvinnusköpun og verðmætasköpun í samfélaginu og í því felast aðgerðir í þágu heimilanna, í þágu fyrirtækjanna. Þetta er mál sem er þáttur í að vinna gegn atvinnuleysisbölinu sem er mesta böl sem samfélagið á við að etja um þessar mundir. Þetta er mál sem við eigum að eyða tíma okkar í en það eru aðeins nokkrir dagar eftir af þessu þingi. Það er betra og ánægjulegra að taka þátt í umræðu um uppbyggileg atriði í stað þess að ræða grundvallaratriði varðandi stjórnarskrá og kosningalöggjöf sem þurfa lengri og ítarlegri umfjöllun og aðkomu allra flokka í ferlinu. Þar er óttaleg hraðsuða á ferðinni hjá stjórnarflokkunum.

Það er samstaða um þetta mál og flokkar eins og Framsóknarflokkurinn, sem styður þessa ríkisstjórn falli, Frjálslyndi flokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa boðið þessari hæstv. ríkisstjórn að greiða fyrir málum sem þessu í þinginu, fyrir málum sem skipta heimilin og atvinnulífið máli og eykur verðmætasköpun í samfélaginu. Það verður ekki skilið á milli ástands í atvinnulífi og öryggis heimilanna. Það er samofið og getur hvorugt gengið vel án sæmilegra aðstæðna á báðum stöðum. Atvinnulíf blómstrar ekki ef óöryggi og örvænting hrjá einstaklingana og heimilin og heimilin blómstra ekki ef fólk hefur ekki atvinnu og sér tilveru sinni ógnað með allri þeirri lömun sem atvinnuleysi hefur í för með sér.

Í umræðu um þetta mál hafa komið fram mikilvægar breytingar á því í meðförum þingsins sem er eðlilegt þó að vissulega hefði maður viljað sjá þær ganga lengra að einhverju leyti. Það er mjög mikilvægt að inn í frumvarpið skyldi bætt byggingu fristundahúsa vegna þess að við erum í þeirri stöðu að efnahagshrunið varð nánast yfir nótt og afleiðingar þess eru ógurlegar. Það er fjöldinn allur af ófrágengnum byggingum sem eru komnar vel á veg en erfitt er að ljúka við og að selja við þær aðstæður sem uppi eru. Þetta getur vonandi orðið til þess að hvetja til aukinnar starfsemi og frágangs á þeim byggingum þannig að þau þjóni tilgangi sínum.

Fyrir liggur breytingartillaga frá hv. þingmönnum Gunnari Svavarssyni og Árna M. Mathiesen. Eins og fram hefur komið eru ákveðnir þættir sem hugsanlega mætti ganga lengra í eins og tillaga þeirra gerir ráð fyrir og mun ég styðja hana. Í svo góðu máli er mjög mikilvægt að málinu sé lokið fullkomlega þannig að það þjóni tilgangi sínum. Af minna tilefni hefur hæstv. forsætisráðherra séð ástæðu til þess að stöðva störf þingsins tímabundið til þess að undirbúa mál. Kannski er réttlætanlegt að beita slíkum vinnubrögðum nú, að fresta örlítið umræðu til að setjast yfir þau atriði sem komið hafa fram við 3. umr. og eru til bóta í þessu ágæta máli. Við gætum þá lokið því alveg síðar í dag eða í kvöld.

Aðeins hefur verið rætt um þá vinnu sem fer fram við viðhald bygginga og nýbygginga úti í bæ. Umhverfið sem byggingariðnaðurinn starfar í er auðvitað orðið það tæknivætt að margt af þeirri vinnu sem vinna þarf og með sem hagkvæmustum hætti, fer fram á verkstæðum úti í bæ. Framleiðsla glugga í nýbyggingar hefur verið nefnd sem dæmi og af því að sú vinna fer fram á verkstæði úti í bæ er hún undanskilin í þessari tillögu og er það miður. Við hefðum þurft að ganga alla leið og loka málinu.

Það er eitt sem ég velti fyrir mér og hefði viljað fá svar við frá nefndarmönnum í nefndinni en það er sú missögn sem er í frumvarpinu og kveður á um að við nýbyggingar skuli endurgreiddur virðisaukaskattur af þeirri vinnu sem fer fram á byggingarstað. Þar eru þessir gluggar undanskildir en viðhald þeirra er ekki nefnt þannig að ef einhver skiptir um glugga í húsinu sínu og gerir það þannig að betri eign, fæst virðisaukaskattur væntanlega endurgreiddur af þeirri vinnu. Það er ekki hægt að lesa þennan texta öðruvísi.

Megintilgangurinn með frumvarpi þessu er að efla atvinnustig í þeim greinum þar sem stöðnunin sem er í samfélagi okkar er einna mest. Ástandið er hvað erfiðast í byggingargeiranum. Við erum að reyna að koma hjólunum aftur af stað með þessari umræðu og afgreiðslu frumvarpsins. Það er annað sem er mikilvægt og er sérstaklega nefnt í greinargerð með frumvarpinu en það er að þetta muni draga úr svokallaðri svartri atvinnustarfsemi. Ég er alveg klár á því að þetta mun draga úr svartri atvinnustarfsemi eins og allar skattalækkanir sem að þessu snúa, gera. Þær eru til þess fallnar að minnka hvatann til þess að stunda svarta atvinnustarfsemi og skjóta peningum undan skatti. Ég held að það sé ekki síður mikilvægt til lengri tíma litið í þessu máli.

Það hefur sýnt sig að skattalækkanir hækka í mjög mörgum tilfellum þegar til lengri tíma er litið og auka tekjur ríkissjóðs vegna þess að þá kemur meira upp á yfirborðið. Þegar skattheimtan er sanngjörn verður meiri vilji til að borga skattana. Við höfum dæmi um það. Þá veltir maður fyrir sér gildistíma breytinganna þar sem reiknað er með að þær falli úr gildi 1. janúar 2011. Með öðrum orðum hljótum við með því að senda þau skilaboð til samfélagsins að við viljum auka aftur svarta atvinnustarfsemi, eða hvað? Ef aðgerðinni er ætlað að draga úr svartri atvinnustarfsemi hlýtur afnám hennar að verða til þess að auka aftur svarta atvinnustarfsemi.

Það er mikilvægt að umræða skuli eiga sér stað um svo gott mál vegna þess að undirbúningur verður að vera góður í málum sem þessu. Hann verður auðvitað að vera góður í öllum málum en það hefur aðeins verið nefnt hér að við værum að drepa málum á dreif með því að ræða um hluti sem mættu jafnvel verða enn betri. Ég sé fulla ástæðu til þess að við gefum okkur allan þann tíma sem við höfum til þess og að þær góðu hugmyndir sem fram hafa komið nú við 3. umr. málsins fái mikla athygli. Eins og ég sagði áðan hefur hæstv. forsætisráðherra beitt sér fyrir því að þingstörf stöðvist tímabundið af minna tilefni en þessu, á meðan verið er að undirbúa mál. Mikilvægt er til að svona mál nái markmiði sínu vel og örugglega að enginn ágreiningur sé um einhver atriði í því þegar upp er staðið.

Þetta er dæmi um gott mál sem við eigum að eyða tíma þingsins í núna, mál sem eflir atvinnustarfsemi í landinu, eyðir atvinnuleysisbölinu og eflir atvinnu í landinu. Eins og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir talaði um í ræðu sinni fyrr í vikunni er þetta eitt af þeim málum sem við sjálfstæðismenn viljum gera hæstv. ríkisstjórn tilboð um að ljúka í stað þess að eyða tíma okkar í mál sem þurfa miklu lengri og ítarlegri umfjöllun.

Hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á það í ræðu sinni áðan að þetta frumvarp væri það fyrsta frá núverandi ríkisstjórn sem fram væri komið og væri að afgreiðast og stæði vörð um velferðarkerfið. Það er heilmikið til í því og segir mikið um vinnubrögð þessarar ríkisstjórnar, að ekki skuli meira vera komið fram á stjórnartíma hennar þrátt fyrir öll fyrirheitin. Atvinnumálin skapa velferðarkerfið. Öflug atvinnustarfsemi færir okkur það fjármagn og þá atvinnu sem við þurfum til þess að halda uppi sterku og öflugu velferðarkerfi, þar verður ekki skilið á milli.

Þá komum við að því vandamáli sem þessi ríkisstjórn stendur frammi fyrir og sem við sjálfstæðismenn stóðum frammi fyrir í síðustu ríkisstjórn með samfylkingarmönnum. Við komum að grundvallaratriði um stefnu í atvinnumálum. Við sjáum í verkum hæstv. ríkisstjórnar hvernig gengur þegar kemur að mikilvægum atvinnumálum. Við sjáum það endurspeglast í umræðu um álver í Helguvík þar sem samstaðan er engin. Þetta er nákvæmlega það sama og við áttum við að etja, sjálfstæðismenn, (Gripið fram í.) í tíð síðustu ríkisstjórnar. Okkur gekk ekkert með Samfylkinguna þegar kom að atvinnumálum og stefnuuppbyggingu í atvinnumálum. Þar er stefna okkar sjálfstæðismanna skýr, virðulegi forseti, hún er skýrari en annarra stjórnmálaflokka á Alþingi. Hún byggir á því að nýta náttúruauðlindir lands og sjávar og því að byggja upp sterka atvinnuvegi. Þessar grunnstoðir atvinnulífsins munu leiða af sér sprotafyrirtæki, hátækniiðnað og annað sem þarf til til að byggja hér upp mannvænlegt samfélag.

[13:46]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta fer að verða dálítið kostuleg umræða, verð ég að segja. Við erum hér í 3. umr. um mál sem almenn samstaða er um í þinginu á milli allra flokka. Við 2. umr. voru fluttar sameiginlegar breytingartillögur frá fulltrúum allra flokka, sameiginlegt nefndarálit, og við 3. umr. hafa tveir þingmenn flutt breytingartillögu sem ég hef fyrir hönd okkar í mínum flokki og meiri hlutans í nefndinni sagt að við mundum styðja.

Ég veit því ekki betur en að almenn samstaða sé um þetta mál og lögð er á það rík áhersla af öllum sem hér hafa talað að þetta sé mikið þjóðþrifamál og þurfi að komast í gegn. Engu að síður koma þingmenn Sjálfstæðisflokksins hver á fætur öðrum og flytja langar ræður sem eðli málsins samkvæmt hefðu átt heima við 2. umr. málsins. Mörgum af þeim álitamálum sem hv. þm. Jón Gunnarsson dró hér upp var svarað við 2. umr. málsins, m.a. að því er lýtur að gluggaeiningum og slíkum málum, húseiningum, hvort hægt sé að gera greinarmun á því sem er framleitt hér innan lands eða erlendis, og því hefur verið svarað að slíkt er ekki mögulegt á grundvelli EES-samningsins.

Ég fæ því ekki betur séð en að hér sé fyrst og fremst verið að reyna að tefja daginn vegna annarra mála sem eru

á dagskrá fundarins síðar í dag. Mig grunar satt að segja að það sé tilgangur þeirra sjálfstæðismanna en ekki endilega að tefja fyrir þessu máli.

Varðandi gildistökuna höfum við í nefndinni lagt til lengri gildistöku en í stjórnarfrumvarpinu vegna þess að við töldum mikilvægt að ná hér inn öllu árinu 2010 — og að það muni auka svarta atvinnustarfsemi eftir það, á því verður þá að taka á þeim tímapunkti. Þetta er ráðstöfun sem okkur finnst brýnt að grípa til til að örva byggingarstarfsemina núna (Forseti hringir.) og þess vegna er skynsamlegt að hafa á henni tímamörk til að hvetja til að menn fari núna en ekki síðar (Forseti hringir.) í þessar framkvæmdir.

[13:48]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Til þess eru nú þrjár umræður um mál að ræða þau og koma þá fram með ábendingar og leiðréttingar ef svo sýnist. Annars þyrftum við bara að hafa tvær umræður.

Athugasemdir okkar við málið eru fyrst og fremst uppbyggilegar, þær snúa fyrst og fremst að því að reyna að bæta gott mál og gera það enn betra. Það er ekki gert til að drepa öðrum málum á dreif, alls ekki. Við munum leggja okkur fram um að ljúka þessu máli hér í dag og viljum alls ekki standa í vegi fyrir því, við viljum bara gefa okkur þann tíma sem þarf til að fara í þetta.

Ég kom inn á það áðan í ræðu minni að ákveðin missögn væri í frumvarpinu.

Það segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„... endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað.“

Í næstu setningu segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt skal á sama tímabili endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess.“

Ekkert kemur fram um það hvort það er á byggingarstað eða þar sem húsið er eða hvort það er á verkstæði úti í bæ við að smíða gluggana í húsi sem verið er að skipta um glugga í. Ég er að benda á mögulega meinbugi á frumvarpinu og það er gert til þess að það megi laga það. Eins og ég sagði áðan hefur hæstv. forsætisráðherra stöðvað störf þingsins af minna tilefni en því að við kannski gæfum hlé til að fara betur yfir málið og klára mögulega meinbugi á því hér við 3. umr. þannig að gott mál megi koma enn betra úr afgreiðslu Alþingis.

[13:50]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er sjálfsagt eðlilegt að þessi athugasemd komi upp en ég ætla líka að vekja máls á því að þetta álitamál kom til umfjöllunar á vettvangi efnahags- og skattanefndar, nákvæmlega það sem hv. þingmaður er hér að tala um. Það sem við verðum að hafa í huga er að breytingin sem verið er að gera á lögunum um virðisaukaskatt er að auka endurgreiðsluhlutfallið úr 60% í 100%, það er ekki verið að gera neinar aðrar breytingar á frumvarpinu. Það sem hv. þingmaður kallar misræmi — það var upplýst í efnahags- og skattanefnd að þetta ákvæði hefur verið skilgreint þannig af ríkisskattstjóra að endurbótaverkefnin eigi jafnframt við um það sem unnið er á byggingarstað alveg eins og með nýbyggingarnar sjálfar. Það er sú framkvæmd sem ríkisskattstjóri hefur viðhaft og byggir vafalaust á lögskýringargögnum með þessu máli þegar það var afgreitt á sínum tíma.

Hér er ekki verið að fjalla um neinar breytingar á þessum forsendum. Hér er bara verið að fjalla um hækkunina á endurgreiðsluhlutfallinu úr 60% í 100%. Að öðru leyti er framkvæmd laganna með sama hætti og verið hefur til þessa og einnig að því er lýtur að þessu atriði. Það hefur verið skilningur manna, og ríkisskattstjóri hefur framkvæmt þetta þannig, að hvað varðar endurbóta- og viðhaldsverkefnin sé endurgreiðslan miðuð við slík verkefni sem unnin eru á byggingarstað alveg eins og með nýbyggingar þannig að þar er ekkert misræmi á milli.

Vel kann að vera að menn geti sett spurningarmerki við hvort sú framkvæmd stenst orðalag laganna en þá þyrftu menn að líta í lögskýringargögn frá því að frumvarpið var samþykkt á sínum tíma en í þessu frumvarpi er engin breyting gerð hvað þetta snertir. Það er þá annað mál sem þyrfti að skoða, þ.e. framkvæmd laganna sjálfra, menn geta spurst fyrir um það hjá ríkisskattstjóra og þá hugsanlega beitt sér fyrir breytingum ef menn telja það nauðsynlegt hvað þetta atriði varðar.

[13:52]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir svör hans um störf nefndarinnar. Það vekur furðu hjá mér að fyrst þetta atriði kom sérstaklega til umræðu í nefndinni hefur það greinilega þótt þess virði að það þyrfti að ræða það. Þá vekur það mér furðu að þetta hafi ekki einfaldlega verið orðað með þeim hætti að á því væri enginn vafi eða þá að á því yrði tekið í greinargerð með frumvarpinu, það kemur ekkert fram um það. (Gripið fram í.) Ja, það er hægt að sjá það í orðanna hljóðan í lagatextanum að hægt er að vekja upp spurningar um þetta. Þrátt fyrir túlkun ríkisskattstjóra á þessu máli er það fyrir breytingu laganna. Við erum að breyta hér lögum sem hann þarf þá væntanlega að túlka aftur.

Hv. þingmaður kom ekki inn á, ekki svo að ég tæki eftir, þær vangaveltur mínar að þegar þessi breyting á lögunum rennur út 31. desember 2010 og gömlu lögin taka gildi 1. janúar 2011 þá séum við að senda þau skilaboð að við viljum efla aftur svarta atvinnustarfsemi í landinu. Einn megintilgangur þessara laga, það kemur fram í greinargerðinni, er að skref sem þetta muni draga úr svartri atvinnustarfsemi í byggingariðnaði. Þetta er þjóðarböl og ég tek innilega undir það, en erum við þar með að segja að við ætlum að auka aftur svarta atvinnustarfsemi þegar þessi lög renna sitt skeið á enda?

[13:54]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Jón Gunnarsson talaði um að Sjálfstæðisflokkurinn hefði skýra stefnu í atvinnumálum. Það má til sanns vegar færa að það sé skýr

stefna að vera með gjafakvótakerfi í sjávarútvegi sem brýtur mannréttindi á sjómönnum og hefur gert til margra ára. Það má líka tala um kvótakerfi í landbúnaði sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið á bak við og varið í langan tíma.

Það er dapurlegt þegar hv. þingmaður telur sér trú um að stefnan í atvinnumálum hjá sjálfstæðismönnum sé sú besta í heimi. Það er langur vegur frá og þeir eru einkavinavæðingarsinnar og hafa verið. Þeir gáfu bankana og þeir hafa gefið fiskinn í sjónum fáum útvöldum og viðhaldið þessu kvótakerfi bæði í landbúnaði og sjávarútvegi. Það er ekki til þess að styrkja atvinnu að vera með slíkt fyrirkomulag og hafa aðalatvinnugreinar þjóðarinnar með þeim hætti sem raun ber vitni.

Það er sorglegt að hv. þingmaður skuli vera að tala um skýra stefnu í atvinnumálum. Mér fannst nauðsynlegt að koma þessu að í andsvarinu. Það eru ekkert annað en öfugmæli sem hv. þingmaður heldur hér fram. Ef eitthvað er og ef Sjálfstæðisflokkurinn þyrfti einhvers staðar að taka til í sínum ranni og endurskoða stefnumál sín þá er það í atvinnumálum. Þeir tala fyrir frelsi einstaklingsins til athafna og gjörða á hátíðisdögum og ættu því að hugleiða þessa spurningu mína: Hvar er frelsi til athafna í landbúnaði eða sjávarútvegi í dag? Það er ekki til. Þeir eiga stærstan hluta í því að koma þessu í þann farveg sem þetta er og bera mestu ábyrgðina á því hver staða okkar (Forseti hringir.) í efnahagsmálum er í dag.

[13:56]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mikill er máttur okkar sjálfstæðismanna, það er alveg ljóst samkvæmt ræðu hv. þm. Grétars Mars Jónssonar.

Það er alveg rétt að Sjálfstæðisflokkurinn stendur vörð um grunnatvinnuvegi þjóðarinnar, hann stendur vörð um þessar grunnatvinnugreinar og hefur gert það. Sjálfstæðisflokkurinn mun gera það áfram. Það þýðir ekki að Sjálfstæðisflokkurinn sé ekki reiðubúinn til umræðu um einhverjar skynsamlegar leiðir í sjávarútvegsmálum, leiðir sem gætu þá enn treyst þann öfluga atvinnuveg sem við eigum.

Það verður að segjast eins og er að hv. þm. Grétar Mar Jónsson hefur ekki staðið fyrir málefnalegri umræðu um þessi mál. Allt of mikil einfeldni og upphrópanir hafa einkennt málflutning hans. Það er engin spurning um það að íslenska sjávarútvegskerfið hefur þó stuðlað að því að við höfum nýtt þessa auðlind með einhverjum besta hætti sem við getum gert ef horft er til þeirra þjóða sem við berum okkur saman við. Við erum eitt af fáum löndum ef ekki eina landið í heiminum sem hefur sjávarútveg sem skilar jafnmiklu í þjóðarbúið og sjávarútvegur okkar gerir. Það gengur einfaldlega ekki upp að fara með einhverjum byltingarkenndum aðferðum í endurskipulagningu á þeim geira. Við erum að tala um atvinnugrein sem skilar um 50% af útflutningsverðmætum okkar, skapar gríðarleg verðmæti og greiðir mikla skatta. Óðruvísi er það annars staðar þar sem miklir styrkir fylgja gjarnan þessari grein.

En við sjálfstæðismenn erum, ég ítreka það, tilbúnir hvenær sem er og reiðubúnir til (Forseti hringir.) að taka þátt í umræðu um skynsamlegar leiðir í sjávarútvegsmálum.

[13:59]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er land hér stutt frá okkur sem heitir Færeyjar og 80–90% af tekjum þeirra eru af sjávarútvegi. Þeir breyttu á einum degi úr kvótakerfi eins og við höfum yfir í sóknardagakerfi, dagakerfi kalla þeir það. Þeir eru að lána íslensku þjóðinni peninga, þeir urðu fyrstir til að bjóða okkur peningalán þegar kerfið okkar hrundi og það hrundi að stærstum hluta út af því að við höfðum innleitt braskkerfi með óveiddan fisk í sjónum sem mátti leigja, selja og veðsetja.

Þeir eru ofan á, við erum undir. Við eigum að taka okkur þá til fyrirmyndar en ekki tala eins og sjávarútvegur þar sé ríkisstyrktur, svo er ekki. Sjávarútvegurinn þar hefur haldið kjörum þeirra uppi alla tíð og byggt upp eyjarnar og það er eins hjá okkur. Það er ekki fyrr en við fórum að braska með veiðiheimildir að íslenskt þjóðfélag fór til — ég þori ekki að segja það sem mér datt í hug og var komið fram á varir mínar. En íslenskur sjávarútvegur hefur verið ríkisstyrktur í 25 ár. Það er ekkert annað en ríkisstyrkur að hafa leyfi til að leigja, veðsetja og selja eins og raunin er.

Fyrir einu og hálfu ári var þessi ríkisstyrkur í raun þúsund milljarðar. Það var hægt að selja veiðiheimildir á Íslandi fyrir þúsund milljarða og þetta var gjöf til fárra útvalinna. Það er skrýtið fyrir flokk sem kennir sig við frelsi og gortar af því í tíma og ótíma að frelsi sé lausnin, (Forseti hringir.) frelsi einstaklingsins til athafna og gjörða. (Forseti hringir.) Það er ekki þannig, sjálfstæðismenn fara ekki með rétt mál þegar þeir halda því fram (Forseti hringir.) að Sjálfstæðisflokkurinn sé eini flokkurinn sem tali af alvöru (Forseti hringir.) um atvinnumál.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég bið hv. þingmenn um að virða tímamörk.)

[14:01]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér er aftur um einföldun að ræða í málflutningi hv. þm. Grétars Mar Jónssonar sem heldur því fram að sjávarútvegsstefna Íslands og íslenska sjávarútvegskerfið sé orsök efnahagshrunsins í heiminum. Það er ekki hægt að taka mark á svona málflutningi.

Hv. þm. Grétar Mar Jónsson er meðvitaður um það og hann þekkir þessi mál vel og honum er fullkunnugt að stærstur hluti af aflaheimildum sem eru í dag í okkar sjávarútvegskerfi hafa gengið kaupum og sölum. Það má vel vera ... (**Gripið fram í:** Það er lygi.) Það má vel vera að á einhverjum tímapunkti (**GMJ:** Það er lygi.) í þessari sögu hafi verið stigin skref sem hefði þurft að stíga með öðrum hætti. En það er ekki svo auðvelt að spila til baka í þeim efnum. Það er auðvelt að vera hér með raup og hástemmdar yfirlýsingar. En við verðum að ræða þetta af ábyrgð og festu. Við verðum að ræða þetta þannig að þessi atvinnugrein geti búið við traust og til þess erum við sjálfstæðismenn tilbúnir. Við erum tilbúnir til þess að ræða það hvort til séu einhverjar leiðir sem megi sætta þau sjónarmið sem uppi eru. En það byggist ekki á því að kollsteypa þessu kerfi.

Hann vitnar hér í frændur okkar, Færeyinga, (**GMJ:** Þeir gerðu það.) og reynslu þeirra af sóknarkerfinu. Hver er staða í þorskveiðum Færeyinga í dag, virðulegi þingmaður?

(**GMJ:** Góð. Hún er góð.) Hún er góð, já. (**Gripið fram í:** Já.) Þeir veiða nokkur þúsund tonn af þorski í dag, (**GMJ:** Þeir eru að veiða meira ...) innan við tíu þúsund tonn. Er hún góð? Það er bara eins og þingmaðurinn hafi ekki rætt við menn þar og kynnt sér þessi mál nægilega vel. (**GMJ:** Þetta er ...) Hún er bara ekki góð (Forseti hringir.) vegna þess að þeirra stefna hefur (Forseti hringir.) ekki alveg gengið upp.

[14:03]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með þeim sem hafa talað við þessa umræðu og sagt að hér sé í sjálfu sér um gott mál að ræða varðandi það að létta af eða auka endurgreiðslu, endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis allt að 100% af virðisaukaskatti og vegna endurbóta við viðhald og annað og auk þess eru þær breytingartillögur sem koma frá efnahags- og skattanefnd til þess að gera frumvarpið betra.

Þetta er eitt af þeim málum sem verður að segjast að sé gott mál sem frá ríkisstjórninni kemur enda er það stutt af öllum flokkum. Hins vegar vill svo til eins og með svo margt annað sem þaðan kemur að of skammt er gengið miðað við þann tíma sem ríkisstjórnin hefur haft og þann aðdraganda sem varð að stjórnarmynduninni, þ.e. að hér er dæmi um að of skammt sé gengið og of smátt hugsað.

Talað er um að örva byggingariðnaðinn og að sjálfsögðu er nauðsynlegt að gera það. En þetta er eingöngu einn liður í því sambandi. Það er svo margt annað sem kemur til skoðunar varðandi það hvernig eigi að koma þeirri starfsemi í eðlilegt horf eða alla vega í eitthvert horf og þá þarf miklu meira til að koma en það sem hér er um að ræða.

Ég vil benda á í fyrsta lagi það sem kom fram í máli hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar áðan þegar hann talaði um heildstæða stefnu og heildstæðar leiðir og vísaði þá til bankanna og hvernig bankastarfsemin væri í dag. Það fer ekkert af stað, það verður ekkert atvinnulíf í landinu nema það sé eðlileg lánastarfsemi. Sú starfsemi er ekki fyrir hendi í dag og hún verður ekki á meðan stýrivextirnir eru eins og þeir eru og vextirnir sem um er að ræða og atvinnulífinu bjóðast. Það er eitt atriðið.

Það sem skiptir máli er ekki bara að örva byggingariðnaðinn. Hann þarf virkilega á örvun að halda en það er miklu meira sem kemur til. Það þarf að örva allan þjónustuiðnaðinn. Þá koma til skoðunar hlutir eins og til dæmis stimpilgjald svo að kaup og sala á húsnæði geti verið með eðlilegum hætti. Ég flutti frumvarp í haust þar sem fjallað var um að fella stimpilgjald alfarið niður við kaup á húsnæði og ég tel að það skipti máli við að örva þau viðskipti.

Fleira kemur upp í hugann sem hefði þurft að skoða og mætti skoða þess vegna af hv. efnahags- og skattanefnd varðandi það að gera nauðsynlegar breytingar á virðisaukaskattslögunum. Þannig er að þjónusta fasteignasala er virðisaukaskattsskyld og þar er um að ræða verulegar fjárhæðir greiddar við eigendaskipti þegar fasteign er keypt eða seld. Spurningin er þessi: Er það eðlileg gjaldtaka? Væri eðlilegt að fella þá virðisaukaskattsskyldu starfsemi niður? Það er eitt atriðið.

Ég talaði um það hér í umræðum þegar við vorum að fjalla um frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti, nauðungaruppboð og ýmislegt fleira að það sem skipti skuldara í þessu landi meira máli en það sem ríkisstjórnin var að leggja til, það væri að fella niður réttargjöldin. Í þessu sambandi, af þessu tilefni er full ástæða til þess að benda á að þjónusta lögmanna er virðisaukaskattsskyld og þar er iðulega um að ræða gjaldheimtu ríkisins sem væri eðlilegt að yrði felld niður. Ég bendi til dæmis á greiðslu virðisaukaskatts vegna innheimtukostnaðar. Við það búa skuldugustu og verst settu borgararnir og þeir þurfa að greiða 24,5% virðisaukaskatt ofan á þá gjaldtöku sem er vegna innheimtu á kröfunum. Ef ríkisstjórnin vildi virkilega koma til móts við þá skuldsettustu í þjóðfélaginu felldi hún niður virðisaukaskatt af þessari starfsemi svo að dæmi sé tekið.

Annað dæmi sem má taka í því sambandi er varðandi skipti á þrotabúum. Þar er líka um að ræða virðisaukaskattsskylda starfsemi sem væri eðlilegra að yrði tekin út og felld niður. Það skal tekið undir það með þetta frumvarp að það er vissulega góðra gjalda vert og af hinu góða og við sjálfstæðismenn styðjum það og höfum viljað greiða fyrir því á alla lund og gerum en það er bara byrjunin því að meira verður að koma til ef það er virkilegur vilji og ætlan ríkisstjórnarinnar að koma atvinnulífinu hér í virkilegan gang á nýjan leik.

Ég nefni hér sem sagt þau atriði sem hefðu þurft að koma til varðandi breytingar á virðisaukaskattslöggjöfinni. Það má nefna til viðbótar margvíslegan þjónustuiðnað svo sem viðgerðarþjónustu og margt fleira sem full ástæða er til þess að skoða hvort ekki sé ástæða til þess að gera breytingar á eða heimila jafnvel endurgreiðslu þegar um slíkt er að ræða til þess að örva þann iðnað líka.

Staðreyndin er einfaldlega sú í dag að atvinnulífið er meira og minna að hægja á sér. Fleiri og fleiri eru að verða atvinnulausir. Hvernig getum við örvað atvinnustarfsemi, komið hjólum atvinnulífsins sem fyrst til þess að fara að snúast af þeim hraða að fleiri fái atvinnu eða til að koma í veg fyrir að fleiri missi atvinnuna? Jú, við gerum það fyrst og fremst með því að efla einkaframtakið, efla smáatvinnureksturinn og smáfyrirtækin. Það er einfaldasta leiðin. Það er leiðin sem kostar minnst að fara. Það er sú leið sem ríkisstjórnin hefði átt að einbeita sér að. En það er þar eins og í svo mörgu öðru að á þeim rúma mánuði sem liðinn er frá því að ríkisstjórnin tók við völdum hefur nánast ekkert gerst. Nánast engir hlutir hafa verið afgreiddir nema það að afgreiða mál um Seðlabanka Íslands sem ríkisstjórnin setti í algjöran forgang og virtist vera upphaf og endir þeirra hluta sem ríkisstjórnin teldi að þyrftu að vera í forgangsröðun. Það er svo merkilegt með það að eftir það virðist vindurinn meira og minna vera horfinn eða farinn úr stjórnarliðinu. Hér er verið að leggja fram frumvarp sem er í sjálfu sér góðra gjalda vert. En eins og ég hef bent á í máli mínu þarf miklu meira til að koma.

Í ágætri ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar áðan gerði hann grein fyrir hugmyndum Framsóknarflokksins í efnahagsmálum. Hann ræddi um að Framsóknarflokkurinn hefði komið með heildstæðar tillögur varðandi þau sjónarmið og efni sem hér væri um að ræða. En það er nú einu sinni þannig að Framsóknarflokkurinn er aukahjólið undir

vagni ríkisstjórnarinnar, það hjól sem ekki má fara undan vegna þess að þá er ríkisstjórninni þrotinn krafturinn og týnist á tröllatungu ef svo ber undir.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson nefndi ýmislegt úr þessari tillögusmíð framsóknarmanna og gat um að þar væri um að ræða hluti sem þyrftu til að koma til þess að atvinnulífið gæti gengið í landinu. Ég get tekið undir þau sjónarmið sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson setti fram í því efni. Vissulega er það alveg rétt hjá honum að margt af því sem þar er verið að leggja til eru nauðsynlegar aðgerðir til þess að hjól atvinnulífsins geti snúist. Þetta eru tillögur og sjónarmið sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur einnig sett fram í atvinnumálum og skiptir miklu máli að komi fram. Munurinn er sá að margar af þeim tillögum og hugmyndum hafa ratað hér inn í þingsali sem mál sem barist er fyrir. Hins vegar hefur á það skort bæði hjá þessu aukahjóli ríkisstjórnarinnar og hvað þá heldur ríkisstjórninni að þeir settu öll hjólin undir og stýrðu í þá átt sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson varaformaður Framsóknarflokksins talaði um að væri stefna Framsóknarflokksins vegna þess að þau mál hafa engin ratað inn í þingsali eða verið flutt frumvörp til þess að standa á bak við þau mál.

Það skiptir máli fyrir okkur í dag að reynt sé að greiða fyrir þjónustustarfseminni sem mest má vera, að hún sé örvuð. Forsenda þess er að bankarnir séu opnir og séu ekki bara innheimtustofnanir heldur einnig lánastofnanir. Það skiptir máli að vaxtastig sé eðlilegt þannig að það geti borgað sig að reka atvinnustarfsemi í landinu, að það geti verið um arðbæran atvinnurekstur að ræða í landinu. Enginn atvinnurekstur stenst það vaxtastig sem er í landinu í dag. Þessi orð hafa hljómað úr þessum ræðustól ítrekað í marga mánuði. Hæstvirtir ráðherrar hafa hver um annan þveran komið og haldið þessu fram þannig að hér er ekki um neina nýlundu eða ný sannindi að ræða sem ég er að koma fram með hér. Munurinn er hins vegar sá að ráðherrarnir, stjórnarflokkarnir halda um stjórnartaumana og hafa möguleika á því að gera bragarbót í þessu máli, gera ráðstafanir til þess að um geti verið að ræða eðlilega fjársýslu og eðlilega lánastarfsemi í landinu. En það hafa þeir ekki gert. Meðan það gerist ekki getum við í sjálfu sér afgreitt frumvörp eins og þetta sem eru góðra gjalda verð. En þau munu stranda. Atvinnulífið mun ekki örvast meðan ekki verður sköpuð umgjörð utan um það þannig að það geti verið arðvænt og arðskapandi.

Eins og ég minntist á áðan í ræðu minni skiptir mestu máli að hlúa að starfsemi smáfyrirtækjanna og einstaklingsfyrirtækjanna. Það er einfaldast og það er ódýrast, auk þess sem þar er um að ræða kraft sem getur komið þar til sögu. Skuldsett fyrirtæki hverfa út af markaðnum en þá geta minni fyrirtækin og einstaklingsfyrirtækin tekið upp þá þjónustu og skapað sér aukinn arð og veitt aukna atvinnu við það að færa út starfsemi sína. Með því mundu færri störf tapast. Með því mundu jafnvel ný störf skapast og að því hljótum við að stefna.

Af því að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson er eini stjórnarliðinn sem situr í salnum fyrir utan hæstv. forseta vil ég leyfa mér að eiga orðastað við þennan hv. þingmann Vinstri grænna þar sem sá flokkur hefur farið fram á þeim grundvelli að verið sé að sökkva landinu þegar byggð eru upp arðsöm fyrirtæki og að hin versta mengun sé að tröllríða öllu. Því vil ég leyfa mér að segja þetta: Það er ekki til að mínu viti ógeðfelldari hlutur eða meiri mengun en fjöldaatvinnuleysi. Núverandi ríkisstjórn ber ábyrgð á fjöldaatvinnuleysi vegna þess að hún hefur ekki komið fram neinum þeim raunhæfu aðgerðum sem geti horft til arðsköpunar og aukinnar atvinnu og hagsældar í landinu. Þetta frumvarp er gott. Það hef ég ítrekað tekið fram. En það er bara byrjunin á því sem þarf að gera eða réttara sagt getur komið til sem stuðningsatriði þegar við erum búin að koma eðlilegri lánastarfsemi í gang. Þegar við erum búin að koma vöxtum í eðlilegt horf. Það verður síðan að gera þá bragarbót varðandi lánastarfsemina að verðtryggingin verði felld niður. Það getur enginn staðið undir því að borga verðtryggð lán í því þjóðfélagsástandi sem við búum við í dag.

Því ætti að vera forgangsatriði hjá ríkisstjórninni að færa verðtrygginguna aftur til baka til þess sem eðlilegt getur talist, þess vegna til þess tíma sem var fyrir efnahagshrunið þannig að menn skoði hvort ekki sé eðlilegra að fara þá leið en þá sem Framsóknarflokkurinn leggur til þó að þar sé ýmislegt ágætt.

Ég ítreka, virðulegi forseti, að hér er um mál að ræða sem er ástæða til þess að afgreiða sem allra fyrst. En hér er aðeins verið að stíga örlítið skref í rétta átt.

[14:18]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Í morgun gagnrýndi ég ríkisstjórnina harðlega fyrir forgangsröðun hennar varðandi þau mál sem hafa verið tekin til umræðu á Alþingi í þessari viku. Tíma þingsins hefur fyrst og fremst verið eytt í að ræða um ný kosningalög og svo hefur ríkisstjórnin haft uppi áform um að ræða breytingar á stjórnarskránni.

Eins og ég benti á í þeirri ræðu hafa breytingar á kosningalögunum og stjórnarskránni ekkert með það að gera að slá skjaldborg um heimilin í landinu, að berjast gegn atvinnuleysi og fyrir uppbyggingu atvinnulífsins eða að endurreisa bankana. Það eru þau meginverkefni sem núverandi ríkisstjórn vildi leggja áherslu á. Ég tel að það séu þau mál sem við ættum að ræða hér frekar en breytingu á kosningalögum eða stjórnarskránni.

Það frumvarp sem hér er til umræðu fjallar um virðisaukaskatt og ég fagna því sérstaklega. Ég fagna því að verið sé að ræða mál sem felur í sér breytingar á lögum sem eru til þess fallnar að hvetja til aukinnar atvinnustarfsemi. Í nefndaráliti hv. efnahags- og skattanefndar segir að markmiðið með því að hækka hlutfall endurgreiðslu virðisaukaskatts sé að hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði og draga úr atvinnuleysi. Ég er sammála því markmiði og ég er sammála því að þetta frumvarp er til þess fallið að ná þeim markmiðum. Þess vegna fagna ég því að ríkisstjórnin hafi lagt þetta mál fram og sýni nú hug sinn í verki með því að snúa sér að þeim málum sem skipta mestu fyrir fyrirtækin, atvinnulífið og fólkið í landinu.

Það hefur komið fram í umfjöllun nefndarinnar að Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafi sett fram tillögur um tímabundna hækkun á hlutfalli endurgreiðslu í samræmi við þetta frumvarp. Það er gott til þess að vita að þingið ætli sér að verða við kröfum og tilmælum samtaka

atvinnurekenda sem hafa það að markmiði að auka atvinnusköpun og berjast gegn atvinnuleysinu vegna þess að atvinnuleysið er það versta sem getur komið fyrir þjóðfélag okkar.

Í dag ganga u.þ.b. 15 þúsund manns atvinnulausir (**GMJ:** 16 þúsund.) eða 16 þúsund manns, hv. þm. Grétar Mar Jónsson, einstaklingar sem hafa misst vinnuna. Þetta er auðvitað ógnvænleg þróun. Við höfum séð háar atvinnuleysistölur í löndunum í kringum okkur en samsetning atvinnulausra á Íslandi er allt önnur en í þeim löndum sem við kjósum að bera okkur saman við. Hér á Íslandi er að missa vinnuna vel menntað fólk í hálaunastörfum sem er óþekkt eða a.m.k. mun minna vandamál í löndunum í kringum okkur. Atvinnuleysið á Íslandi er því allt öðruvísi samsett en annars staðar. Það er veruleg hætta á því að ef ekkert verður að gert muni það leiða til þess að þetta ágæta fólk muni leita eftir atvinnu og lífsviðurværi fyrir fjölskyldur sínar á erlendri grundu sem væri auðvitað afar óheppilegt fyrir samfélagið.

Ég fagna því sérstaklega að hér sé lögð fram breytingartillaga sem gerir það að verkum að frumvarpið og sú regla sem þar er lagt til að verði lögfest nái til starfa arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga vegna þess að við höfum orðið vör við að í þessum greinum hefur atvinnuleysi orðið þó nokkuð mikið, ekki síst hjá arkitektum. Mér skilst að arkitektastofur margar hverjar séu að tæmast vegna verkefnaskorts. Umrædd breytingartillaga mun því vonandi leiða til að atvinnutækifærum þessara stétta og annarra muni fjölga, okkur veitir ekkert af því að halda þessu fólki í vinnu, halda uppi áframhaldandi atvinnuuppbyggingu í landinu og þess vegna fagna ég þeirri breytingu.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mikið lengri, frú forseti, ég vildi bara í ljósi þess sem ég sagði í morgun þegar ég kvartaði yfir forgangsröðun ríkisstjórnarinnar koma þessum sjónarmiðum mínum á framfæri. Mér finnst þetta gott mál. Þó að þetta sé auðvitað lítið skref í rétta átt sýnir þetta þó viðleitni og vilja til að ýta undir atvinnusköpun í landinu, en betur má ef duga skal. Við sjálfstæðismenn höfum lýst því yfir að við erum reiðubúin til þess að greiða fyrir öllum slíkum málum hér í þinginu. Það höfum við margsagt og við þær yfirlýsingar munum við standa.

[14:25]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Ég styð þetta frumvarp og ég styð breytingartillöguna sem komin er frá gaflaranum, hv. þm. Árna Mathiesen og Hafnfirðingnum, hv. þm. Gunnari Svavarssyni. (**ÞKG:** Tveir góðir gaflarar.) Þeir eru ekki gaflarar, hv. þingmaður, því að annar þeirra er ekki fæddur í Hafnarfirði. Gaflarar eru þeir sem eru fæddir þar og Hafnfirðingar þeir sem hafa búið þar, og hv. þingmaður er ekki sjálf gaflari. (**ÞKG:** Nei, því miður.) Já, því miður.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég minni hv. þingmenn á að beina orðum sínum til hæstv. forseta.)

Hæstv. forseti. Ég styð þetta frumvarp og þessa breytingartillögu og að öllu gríni slepptu er þetta skref í rétta átt. Þó að þetta muni ekki leysa neinn stórvanda þá hjálpar það til að einhverju leyti að taka þarna inn arkitektana, tæknifræðinga, verkfræðinga og hugsanlega einhverja aðra eftirlitsaðila og fella niður virðisaukaskatt af þeirra vinnu, það hjálpar auðvitað. Þetta er hænufet í rétta átt og sjálfsagt að styðja þetta. Atvinnuuppbygging er auðvitað aðalmálið og að efla atvinnurekstur og sérstaklega þann atvinnurekstur sem býr til gjaldeyristekjur og skapar mörgu fólki vinnu og síðan að koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi.

Við þurfum líka að huga að þeim atvinnurekstri sem sparar gjaldeyri og við getum framleitt ýmislegt innan lands sem sparar okkur gjaldeyrisútstreymi, að því þarf að huga líka.

Það er margt sem hér er hægt að ræða, sem snýr að atvinnumálum og þessu frumvarpi sem gengur út á að fella niður virðisaukaskatt. Við vitum að vaxtaokrið hjá okkur með stýrivexti upp í 18% gengur auðvitað ekki og verðtrygging á lánum ekki heldur. Hugsanlega er hægt að færa þau niður eða aftur á bak eða færa þau aftur í tímann og gera breytingar. Þá værum við að fella niður skuldir sem lentu á ríkissjóði og ríkissjóður þyrfti að borga brúsann. Það eru ekki til neinar barbabrellur í þessu, ekki að lækka skuldir, hvorki á fyrirtækjum né heimilum, það er nú einu sinni staðreynd. Ef það á að gera það þarf ríkissjóður að skattheimta með öðrum hætti. Hugsanlega gæti slíkt verið verjandi í einhverjum tilfellum en menn þurfa auðvitað að fara varlega í slíka gjörninga. Þó svo að það væri auðvitað gaman að geta lækkað skuldir verulega hjá fólki kostar það peninga. Ef það á að fara í 20% niðurskurð á skuldum eins og Framsóknarflokkurinn hefur lagt til þá þarf að finna peninga til þess að hægt sé að gera það eða að auka skattheimtu og skera niður annars staðar í þjóðfélaginu á móti.

Til að byggja upp atvinnulífið og koma hjólum atvinnulífsins í gang og minnka það atvinnuleysi sem er hjá okkur þurfa bankarnir auðvitað að vera virkir og geta tekið þátt í því að hjálpa fyrirtækjum, skaffa rekstrarfé inn í fyrirtæki svo að þau geti snúist. Ég neita því ekki að mér finnst það hafa gengið allt of hægt að færa þessar skuldir úr gömlu bönkunum yfir í nýju bankana og fara yfir hvaða fyrirtæki er raunverulega hægt að aðstoða og hvaða fyrirtæki hreinlega verða að fara í þrot.

Ég átti fund í efnahags- og skattanefnd um daginn með ágætum bankamanni, Mats Josefsson, frá Svíþjóð, og ég verð að segja það að hann olli mér vonbrigðum og hugmyndir hans um íslenskt atvinnulíf og þekking hans á því. Ég held að það hefðu margir getað gert jafn vel eða betur en hann hefur verið að gera hér.

Enn og aftur ítreka ég að ég styð þetta frumvarp. Þetta er hænufet í rétta átt og það er hægt auðvitað að efla atvinnulífið með ýmsum hætti og þetta er eitt skref í þá átt. Við eigum marga aðra möguleika víða í atvinnulífinu sem snúa að nýtingu auðlinda okkar, bæði til sjávar og sveita. Það er það sem við þurfum að gera núna til að komast út úr þessari kreppu og þessum vandræðum, að nýta þá möguleika betur en við höfum gert.

[14:30]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér fer fram sem hefur verið mjög málefnaleg og gagnleg, enda um mjög mikilvægt málefni að ræða sem snýst um það að draga úr skattheimtu gagnvart þeim sem standa í fram-

kvæmdum. Það er mjög mikilvægt að leita leiða til þess núna við þær aðstæður í efnahagsmálum og atvinnumálum sem við búum við. Það er sem sagt verið að festa í lög ríkari heimildir til að endurgreiða virðisaukaskatt eins og hér er fjallað um.

Það sem leiddi mig til að taka þátt í umræðunni var það að á sama tíma og hér er mikil samstaða innan þingsins um þessa skattalækkun, endurgreiðslu á virðisaukaskattinum, þá les maður um það í dagblöðum í dag að helstu ráðgjafar ríkisstjórnarinnar og ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu þar með eru að fjalla um það á fundum á vegum Samfylkingarinnar væntanlega að hækka eigi skatta. Leiðbeiningarnar sem koma úr þeirri átt og skilaboðin þaðan eru þau að hækka skuli skatta.

Ég held að Alþingi þurfi að gæta sín mjög á því sem hér er á ferðinni. Samkvæmt þessu, og að því er virðist í boði fjármálaráðherra, gengur ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu um í þjóðfélaginu og boðar skattahækkanir á sama tíma og við, löggjafarsamkoman, leggjum á ráðin um skattalækkanir til að koma hjólum atvinnulífsins í gang og fá fólk til að fjárfesta og til að koma í veg fyrir undanskot í skattkerfinu sem ég hélt að viðkomandi ráðuneytisstjóri væri alveg sérstakur, og vonandi hæstv. ráðherra líka, áhugamaður um. Það er því ekki allt sem sýnist í þessu hjá ríkisstjórninni.

Það er líka ástæða til af þessu tilefni, vegna þess að hér er um mjög mikilvægt og gott mál að ræða, að gæta þess að það verði ekki eyðilagt með því að haldið verði áfram á einhverjum öðrum vettvangi að skattleggja fólk sem vill leggja hart að sér með aukinni tekjuöflun til að geta fjárfest í endurbótum og viðgerðum á eigin húsnæði.

En það er fleira sem rekur á fjörurnar þessa dagana. Það verður auðvitað að líta til þess að þetta eitt út af fyrir sig dugar ekki og því er ástæða til að vitna til þess sem kemur fram á heimasíðu eins af forustumönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Svandísar Svavarsdóttur, sem skrifar um það 5. mars á heimasíðu sinni að forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar hljóti að vera að snúa hjólum efnahagslífsins af stað með því að gera bankana starfhæfa, „gera bankana algerlega starfhæfa“, svo vitnað sé nákvæmlega í það sem hún segir, en það eru þeir engan veginn. Þessi forustumaður, sem býður sig nú fram til þings á vegum Vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu og ætlar sér stóra hluti, hefur komið auga á þetta þrátt fyrir að ríkisstjórnin virðist ekki hafa komið auga á að bankarnir eru ekki starfhæfir. Það hefur ekki verið gert nægilega mikið til að tryggja að svo sé og svo veri, m.a. með því að hræra í bankaráðum og flæma burtu þá sem tóku að sér í góðri trú að fást við það erfiða verkefni að endurreisa bankana sem hrundu. Þetta vildi ég nefna alveg sérstaklega vegna þess að þetta er mjög alvarlegt mál á sama tíma og við erum að beita okkur á Alþingi fyrir skattalækkunum, endurgreiðslu á virðisaukaskatti í þeim tilgangi að bæta úr fyrir þá sem vilja fjárfesta í atvinnustarfseminni með þeim hætti.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu að öðru leyti en vildi samt sem áður beina þeirri fyrirspurn til formanns nefndarinnar sem fjallaði um þetta mál og inna hann eftir því hvort nefndin hafi eitthvað fjallað um sérstöðu þess þáttar í byggingarstarfseminni sem er einingahúsaframleiðsla og einingahúsaverksmiðjur en aðilar þar hafa lýst óánægju sinni með endurgreiðslu á þessum sköttum og það væri fróðlegt að heyra hvort hafi verið fjallað um það sérstaklega.

[14:36]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla ekki að elta ólar við að rökræða við hv. þm. Sturlu Böðvarsson um skattstefnu ríkisstjórnarinnar. Það hefur komið fram í máli fjármálaráðherra að það standi ekki til að gera neinar breytingar á almennum sköttum eins og sakir standa. Við erum að tala hér um hækkaða endurgreiðslu á virðisaukaskatti sem er einmitt frekar skattalækkun, þannig að ég ætla ekki að eyða meiri tíma í það.

Varðandi fyrirspurn hv. þingmanns þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að endurgreiðsla virðisaukaskatts nái til húseininga. Hún nær nú þegar í lögunum til verksmiðjuframleiddra húsa og gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að hún nái einnig til húseininga og endurgreiðslan á þessum þáttum hækkar þá úr 60% í 100%. Mér er kunnugt um þau áhyggjuefni sem hv. þingmaður nefnir og ég hef verið í sambandi við aðila sem hafa einmitt lýst slíkum áhyggjum og ég veit ekki betur en þeir séu ánægðir með að fá húseiningarnar inn í lögin eins og hér er gerð tillaga um. Frumvarpið er að sjálfsögðu ekki afturvirkt þannig að það getur ekki tekið á þegar liðnum tíma hvað þetta snertir. Ég veit hvaða áhyggjur hér um að ræða og hef rætt það að á því verði hugsanlega tekið sérstaklega og mun ræða það frekar við starfsmenn fjármálaráðuneytisins hvort hægt er að finna einhverjar leiðir í því efni sem hv. þingmaður er að vísa til.

[14:38]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir þetta svar hvað varðar endurgreiðslureglur vegna einingahúsaframleiðslufyrirtækja. Það er mjög mikilvægt að gæta vel að því að ekki verði hert að þeirri starfsemi vegna þess að ég tel að við þurfum að leita allra leiða til að lækka byggingarkostnað. Við þurfum að leita allra leiða til að fjöldaframleiðslufyrirtækin í byggingariðnaði geti eflt starfsemi sína í þeim tilgangi að lækka byggingarkostnað. Þess vegna held ég að það eigi að nota tækifærið núna til að fara rækilega yfir það í framhaldi af afgreiðslu þeirra laga sem hér eru til umfjöllunar.

Hvað varðar þessa skattalækkun annars vegar og hins vegar áform ríkisstjórnarinnar að því er virðist um skattahækkanir, þá vísa ég til þess sem lesa má í blöðum í dag en það orðalag að skattar verði ekki hækkaðir að svo komnu máli bendir auðvitað til þess að það sé allt til frekari skoðunar. Ég vara við því, við þurfum að hagræða í ríkisrekstrinum og leita allra leiða til að spara. Við eigum að fjárfesta í sparnaði, við eigum ekki að fjárfesta í skattahækkunum.

[14:40]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Bara rétt um áhyggjur hv. þingmanns af ein-

hverjum skattahækkunum í framtíðinni, þá er rétt að vísa til þess að við störfum núna í efnahagsmálum eftir áætlun sem ríkisstjórnin samþykkti og gerði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og af hálfu þeirra aðila sem að því stóðu hefur ekki verið tekið fyrir að það kunni að þurfa að hækka skatta einhvern tíma í framtíðinni. Ég minni á að páverandi hæstv. forsætisráðherra var Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, og það var ríkisstjórn undir forustu Sjálfstæðisflokksins sem gerði þessa efnahagsáætlun við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og af hálfu forustu Sjálfstæðisflokksins hefur ekki komið fram neitt annað en að það kunni vel að koma til þess á síðari stigum að hækka þurfi skatta. Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur alls ekki þvertekið fyrir það þó að sjálfstæðismenn ýmsir aðrir reyni að berja sér á brjóst núna í aðdraganda kosninga og tali um að það muni ekki koma til greina. Við vinnum í anda og í samræmi við þessa áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og um þessi mál er fjallað þar en ég ítreka það sem ég hef áður sagt að það eru engin áform uppi um það núna að ráðast í einhverjar skattahækkanir. Við erum að reyna að koma fótunum undir atvinnulífið í landinu sem Sjálfstæðisflokkurinn skildi eftir í rúst og ég vona að það verði góð samstaða um afgreiðslu þess máls sem hér er til umræðu, því að það mun vissulega örva atvinnulífið, sérstaklega í byggingargeiranum og skyldri starfsemi, og ég vænti þess að við störfum öll saman að samþykkt þess frumvarps sem við ræðum hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (útgreiðsla séreignarsparnaðar). — Þskj. 553, nál. 665 og 667, brtt. 666.

[14:42]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Frú forseti. Hér er komið til 2. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, um staðgreiðslu opinberra gjalda, um tekjuskatt og lög um atvinnuleysistryggingar.

Á þskj. 665 liggur fyrir nefndarálit frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar. Þar er gerð grein fyrir þeim gestum sem komu á fund nefndarinnar til að fjalla um þetta mál og er óþarfi að rekja það frekar.

Frumvarpið kveður á um að heimil verði útgreiðsla séreignarsparnaðar í áföngum og upp að vissu marki sem tekur jafnt til allra eigenda séreignarsparnaðar og sem verði þeim til frjálsrar ráðstöfunar. Frumvarpið er lagt fram í ljósi bágrar fjárhagsstöðu margra einstaklinga og heimila en einnig takmarkaðs svigrúms ríkissjóðs til þensluhvetjandi aðgerða.

Á fundum nefndarinnar var rætt um getu lífeyrissjóðanna til að standa undir tímabundnum útgreiðslum séreignarsparnaðar, hversu margir rétthafar væru líklegir til að nýta heimildina og áhrif frumvarpsins á stöðu vörsluaðila sparnaðarins og á þá rétthafa sem ekki kjósa að taka út séreignarsparnað sinn.

Nefndin ræddi hvort nauðsynlegt gæti reynst að binda heimildina frekari skilyrðum til að tryggja að útgreiðsla hefði í för með sér raunverulegan ávinning fyrir rétthafa. Kom til tals í því sambandi hvort setja ætti það skilyrði að hún yrði einvörðungu nýtt til greiðslu fasteignaveðlána rétthafa, eftir atvikum þannig að greiðslan yrði innt af hendi til viðkomandi lánastofnunar í formi skuldabréfs sem hlutaðeigandi lífeyrissjóður gæfi út, auk þess sem sjóðurinn stæði skil á tekjuskatti til ríkisins með útgáfu skuldabréfs til ríkisins. Fram kom að með því gætu aðeins þeir eigendur séreignarsparnaðar sem væru með fasteignaveðlán nýtt sér heimildirnar sem frumvarpið fjallar um og í því fælist ákveðið ójafnræði.

Nefndin ræddi um nauðsyn þess að koma á fót miðlægu eftirliti til að stemma stigu við að rétthafar sem eiga séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila taki út hærri fjárhæð en sem nemur tilgreindu hámarki. Vörsluaðilar séreignarsparnaðar geta verið lífeyrissjóðir, viðskiptabankar, sparisjóðir, líftryggingafélög og verðbréfafyrirtæki.

Nefndin ræddi hvort heimila ætti viðkomandi sjóðum að taka sérstaka þóknun fyrir þá umsýslu sem ákvæði frumvarpsins væru líkleg til að hafa í för með sér.

Þá ræddi nefndin hvort útgreiðsla séreignarsparnaðar gæti skert tilkall rétthafa samkvæmt ákvæðum frumvarpsins til bóta almannatrygginga, félagslegra bóta sveitarfélaga eða annarra bóta og hvort útgreiðslan gæti mögulega falið í sér ígildi riftunar á samningi sem gerður hefði verið við vörsluaðila um viðbótarlífeyrissparnað til nokkurra ára.

Nefndin fjallaði loks almennt um grunnhugmyndina að baki séreignarsparnaðarforminu og hvernig frumvarpið félli að henni að teknu tilliti til aldurssamsetningar þjóðarinnar í næstu framtíð.

Þeir sem komu á fund nefndarinnar voru flestir þeirrar skoðunar að frumvarpið horfði til bóta í ljósi þeirra erfiðleika sem þjóðin stendur frammi fyrir. Sú gagnrýni kom þó fram að frumvarpið félli ekki vel að þeim sjónarmiðum sem búa að baki uppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins. Einnig voru færð fyrir því rök að hlutaðeigandi lífeyrissjóðir mundu þurfa að losa um eignir með litlum fyrirvara til að standa undir útgreiðslu á tímum þegar erfiðar markaðsaðstæður ríktu í heiminum. Þetta fæli í sér rýrnun á eignasafni sjóðanna og gæti stuðlað að því að aðrir rétthafar sem ekki hafa leitt hugann að því að nýta heimild til úttektar séreignarsparnaðar sjái hag sínum best borgið með því að ganga á sparnaðinn að því marki sem heimilt er.

Þessu er mætt með því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgreiðsla séreignarsparnaðar fari ekki yfir tiltekið hámark og eigi sér stað með jöfnum mánaðarlegum afborgunum á tilgreindu tímabili. Á fundum nefndarinnar var undirstrikað mikilvægi þess að útgreiðslan komi til með að hafa raunverulega þýðingu fyrir rétthafa. Fram komu ólík sjónarmið um hvernig þetta yrði best tryggt og hvort tilefni væri til þess að setja frekari skilyrði fyrir útgreiðslu séreignarsparnaðar. Í því sambandi telja sumir rétt að einskorða greiðslur við þá sem orðið hafa fyrir tekjuskerðingu vegna atvinnumissis eða skerðingu á starfshlutfalli í kjölfar bankahrunsins. Aðrir telja að binda eigi útgreiðslu því skilyrði að henni verði ráðstafað til greiðslu fasteignaveðlána eða annarra lána ef hinu fyrra er ekki til að dreifa. Það sjón-

armið hefur þó komið fram að með þessu sé í reynd verið að gera séreignarsparnaðinn aðfararhæfan sem ekki er heimilt samkvæmt lögum.

Fjármálaeftirlitið telur að rétt sé að einskorða heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar við eina milljón króna, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, og leggur jafnframt áherslu á að vörsluaðili hafi heimild til að fresta útgreiðslum undir sérstökum kringumstæðum til að tryggja hagsmuni þeirra sem eiga eignir sínar áfram í sjóðunum. Leggur eftirlitið til að frestunarheimildin taki einnig til þeirra sem óska útgreiðslu séreignarsparnaðar af öðrum ástæðum en þeim sem tilgreindar eru í frumvarpinu. Undir þetta hafa fulltrúar lífeyrissjóðanna tekið og benda á að verði frumvarpið samþykkt óbreytt sé viðbúið að einhverjir vörsluaðilar muni nýta sér heimild til frestunar.

Enn fremur hafa talsmenn sjóðanna bent á mikilvægi þess að hlutlaus aðili annist eftirlit með því að rétthafar innleysi ekki meira en sem nemur tilgreindu hámarki, t.d. með því að flytja eign milli vörsluaðila og innleysa allt að einni milljón króna hjá hverjum þeirra. Einnig óskuðu þeir eftir því að á meðan útgreiðslutímabili stæði yrði vörsluaðilum séreignarsparnaðar veitt undanþága frá 2. gr. reglna Seðlabanka Íslands, sem settar eru með stoð í 15. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, og varða binditíma verðtryggðra innstæðna. Þá komu fram óskir um að í frumvarpið yrði sett ákvæði sem heimili sjóðunum að taka sérstaka þóknun fyrir þá umsýslu sem af ákvæðum frumvarpsins leiðir.

Meiri hlutinn vekur loks athygli á því að í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins kemur fram að útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt frumvarpinu muni ekki hafa áhrif á greiðslu elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyris né heldur á greiðslu tekjutryggingar. Hins vegar muni greiðslan hafa áhrif á greiðslur frekari uppbóta til lífeyrisþega Tryggingastofnunar skv. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum. Í umsögn Seðlabanka Íslands er einnig varpað fram þeirri spurningu hvort lagt hafi verið pólitískt mat á það hvort sambærilegar reglur eigi að gilda um skerðingu námslána og endurgreiðslur þeirra og fram koma í b-lið 5. gr. og 6. gr. frumvarpsins. Enn fremur hafa komið fram sjónarmið um að útgreiðsla séreignarsparnaðar gæti haft áhrif á styrki sveitarfélaga til ákveðinna hópa.

Í ljósi framangreinds og að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið leggur meiri hlutinn til nokkrar breytingar á frumvarpinu.

1. Meiri hlutinn leggur til að ríkisskattstjóra verði falið að annast eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar og að nánar verði kveðið á um fyrirkomulag þess í reglugerð.

2. Meiri hlutinn leggur til þá breytingu að útgreiðsla séreignarsparnaðar komi ekki til skerðingar á húsaleigubótum. Meiri hlutinn leggur einnig til að fengnum ábendingum Tryggingastofnunar ríkisins að útgreiðslan hafi ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá telur meiri hlutinn til einföldunar að ákvæði frumvarpsins sem varða áhrif útgreiðslna séreignarsparnaðar á tilgreindar bótagreiðslur verði sameinuð í einni grein, 3. gr.

3. Meiri hlutinn leggur til breytingu um að heimild vörsluaðila til að fresta útgreiðslu séreignarsparnaðar við sérstakar aðstæður taki einnig til þeirra sem óska útgreiðslu séreignarsparnaðar af öðrum ástæðum en þeim sem tilgreindar eru í frumvarpinu. Er breytingin gerð til samræmis við ábendingar Fjármálaeftirlitsins.

4. Meiri hlutinn leggur til að ráðherra verði heimilað að setja reglugerð um heimild vörsluaðila séreignarsparnaðar til að taka þóknun til að standa undir kostnaði vegna umsýslu við útgreiðslu séreignarsparnaðar. Meiri hlutinn leggur sérstaka áherslu á að þar komi fram skýr sundurliðun á því hvaða kostnaðarliðum gjaldinu sé ætlað að standa undir.

5. Meiri hlutinn leggur loks til breytingu á 5. gr. frumvarpsins en þar kemur fram að mönnum verði heimilað að draga allt að 6% viðbótariðgjald frá tekjuskattsstofni í stað 4% á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010. Til að ákvæðið nái til allra þarf að vísa í bæði 4. og 5. tölul. Aliðar 30. gr. tekjuskattslaga en í 5. tölul. er einungis fjallað um þá sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Til þess að ákvæðið nái einnig til launþega er þessi breyting lögð til.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Björgvin G. Sigurðsson, Bjarni Benediktsson og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta meirihlutaálit skrifa undirritaður, varaformaður nefndarinnar, Ellert B. Schram, Gunnar Svavarsson, Jón Bjarnason og Birkir J. Jónsson.

Það er rétt að taka fram að fyrir liggur við þessa umræðu breytingartillaga frá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Efnahags- og skattanefnd átti sérstakan fund í hádeginu í dag þar sem hún var rædd. Samkomulag er um að þetta frumvarp gangi til efnahags- og skattanefndar að nýju á milli 2. og 3. umr. Þar verður væntanlega farið frekar yfir þá breytingartillögu sem fyrir liggur og hugsanlega tekið á því hvernig vinna megi með þær hugmyndir sem þar hafa komið fram í framhaldi af samþykkt þessa frumvarps. Í því sambandi er rétt að minna á að þegar hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu við 1. umr. lýsti hann því að sú leið sem er lögð til í breytingartillögu hv. þm. Péturs H. Blöndals hafi verið til skoðunar í fjármálaráðuneytinu en ekki þótt rétt að leggja hana til núna en engu að síður hafi hún alls ekki verið afskrifuð af hálfu fjármálaráðuneytisins. Ráðherra lýsti sig reiðubúinn til að skoða frekari breytingar eða útfærslur á síðari stigum þegar reynsla væri komin á málið, eins og það er lagt fram, og að hafðri hliðsjón við önnur úrræði sem verið er að vinna svo sem greiðsluaðlögunarmálunum sem geta líka komið sér vel fyrir fjölskyldur í landinu. Vilji er til þess af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að vinna áfram við þetta mál og skoða frekari útfærslur, jafnvel þó að niðurstaða ríkisstjórnarflokkanna sé að gera ekki þær breytingar nú sem sérstök tillaga er gerð um af hálfu minni hluta efnahags- og skattanefndar. Svigrúm gefst til að ræða tillöguna frekar á vettvangi nefndarinnar á milli 2. og 3. umr. og hugsanlega að sameinast um einhverja málsmeðferð í framhaldinu með sérstöku framhaldsnefndaráliti

sem nefndin mundi þá vinna.

[14:53]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá minni hluta efnahags- og skattanefndar — ég segi sennilega ekki háttvirtum því þar er ég einn sjálfur. Það er að finna á þskj. 667 og er nefndarálit um þetta frumvarp sem við ræðum hér um skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Ég ætla ekki að lesa nefndarálitið frá orði til orðs en mér fannst skorta á að menn áttuðu sig á þeim vanda sem við er að glíma og fyndu á honum lausnir. Frumvarp ríkisstjórnarinnar gengur út á það að allir fái milljón á 10 mánuðum, sem eru u.þ.b. 63 þús. kr. á mánuði eftir skatt, og ég tel að það sé allsendis ófullnægjandi fyrir þá sem eru í virkilegum erfiðleikum jafnvel þótt bæði hjóna eða para fengju slíka upphæð, 600 þús. kr., þá eru þetta 1,2 millj. og vanskilin eru oft miklu stærri og myndarlegri en það.

Þegar ég fór að hugsa málið sá ég að í rauninni erum við annars vegar með fasta upphæð sem fólk skuldar og getur ekki borgað af vegna breytinga, hugsanlega vegna atvinnuleysis eða einhverra breytinga í kjölfar hrunsins. Það er sem sagt föst skuld öðrum megin og föst inneign hinum megin, sem er inneign í séreignarsjóði. Mér datt í hug að gera þetta með skuldajöfnun, með því að færa skuldabréf á milli þannig að vörsluaðili séreignarsparnaðarins, yfirleitt banki eða lífeyrissjóður, gæfi út skuldabréf sem skuldareigandinn, sá sem maðurinn skuldar, sem oftast er banki eða Íbúðalánasjóður, keypti. Það þarf líka að borga skatt og þá datt mér í hug að láta lífeyrissjóðinn gefa út skuldabréf til skattsins og þar með væru skatturinn og skuldin talin greidd. Þetta skuldabréf væri með nákvæmlega sömu kjörum og séreignarsparnaðurinn sem einstaklingurinn átti, fengi sömu ávöxtun ár eftir ár, og greitt yrði út með sömu gjalddögum og hann átti rétt á við 65 ára, 67 ára eða hvað aldur það nú er og þá fengju skatturinn og bankinn sitt greitt í peningum. Kosturinn við það er að skuldarinn mundi losna við skuld sína af húsinu og gæti haldið áfram án þess að missa heimili sitt, eins og oft vofir yfir.

Þessi hugmynd gengur í raun út á það að engir peningar fari á milli og kemur því ekki illa við lífeyrissjóðina eða vörsluaðila séreignarsparnaðar. Þeir borga ekki út eina einustu krónu og það yrði akkúrat engin breyting. Íbúðalánasjóður eða bankarnir, þar sem skuldin er greidd, fengju hins vegar skuldina uppgreidda, en hún er í mikilli hættu hjá þeim af því að maðurinn getur ekki borgað, hann er í vanskilum og hættan er sú að allt fari á uppboð og reka þurfi manninn út af heimilinu og yfirleitt tapa lánastofnanir á slíkum viðskiptum, þau eru ekki æskileg.

Eins og ég gat um áðan eiga ríkissjóður tekjuskatt og sveitarfélög útsvar í þessu, skuldabréfin skiptust væntanlega á milli þeirra, og fengju greitt eins og til stóð þegar maðurinn verður 67 ára þannig að þau tapa hvorki einu né neinu. Ég flyt breytingartillögu um þetta þar sem þetta er sett yfir í lagatexta og auk þess hef ég ákveðinn varnagla, sem mér finnst vanta í frumvarp ríkisstjórnarinnar eða meiri hlutans, að ef þessi aðgerð, sem felst í því að greiða út séreignarsparnaðinn, dugar ekki til þannig að sá sem skuldar verður engu að síður gjaldþrota þá er betra heima setið en af stað farið. Ég er með ákvæði um það að sá sem skuldar skuli fara í ákveðið mat — það kostar auðvitað en ég held að það sé vel þess virði að hann fari í ákveðið mat með fjármál sín — og ef sýnt þykir með töluverðum líkum að sú aðgerð að greiða út séreignarsparnaðinn nægi til að bjarga honum frá gjaldþroti þá sé farið út í aðgerðina, ella ekki. Það er engum greiði gerður með því að borga út séreignarsparnaðinn og svo fer skuldarinn á hausinn hvort sem er og hefur þá tapað séreignarsparnaðinum, sem gerist annars ekki því að séreignarsparnaðurinn er utan við gjaldþrotið, þannig að ég er líka með þetta ákvæði inni.

Svo ræðir nokkuð í nefndarálitinu um jafnræðisákvæði af því að menn töldu að vera þyrfti jafnræði á milli skuldara. Ekki er hægt að láta þá sem skulduðu fá séreignarsparnaðinn greiddan út en ég færi rök fyrir því að menn fái greiðslur mjög víða. T.d. fá þeir sem eru sextugir séreignarsparnaðinn greiddan út og engin málefnaleg rök eru fyrir því að maður sem er sextugur fái greitt út en ekki sá sem er 59 ára. Við erum t.d. líka með örorkulífeyrisbætur, niðurfellingu fasteignagjalda til þeirra sem eru tekjulágir og alls konar „ójafnræði“ vegna ýmiss konar aðstæðna. Mér finnst t.d. yfirvofandi missir heimilis vera alveg næg ástæða til að beita slíkum úrræðum.

Þessi tillaga var nokkuð mikið rædd í efnahags- og skattanefnd í morgun — mikið rædd er kannski ofsögum sagt því nefndin hafði stuttan tíma. Þetta er eitt þeirra mála sem ríkisstjórnin kemur með sem ég tel vera gott mál og vil gjarnan styðja og þess vegna lá ég yfir þessari lausn og vonast til að menn leiti að bestu mögulegri lausn á vandanum.

Eitt í þessu sambandi, frú forseti, svo ég lengi þetta örlítið, er að mjög erfitt virðist vera að fá upplýsingar um t.d. dreifingu séreignarsparnaðar, hve margir eiga yfir 6 millj. samanlagt, hve margir eiga yfir 8 millj. o.s.frv. af því að ekki má keyra þær upplýsingar. Ég held að Alþingi þurfi að skoða lög um persónuvernd í þessu skyni svo opnaður sé möguleiki á því að kanna svona upplýsingar. Það er mjög mikilvægt við vinnslu svona mála að hægt sé að keyra í gegn t.d. alla reikninga eftir kennitölu, safna saman hvað menn eiga og síðan finna dreifingaraðila og eyða gögnunum eftir það. Þá vita menn hvernig gögnin liggja. Þetta er sami vandinn og ég lenti í þegar ég var að hanna kerfi fyrir greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu, en þá lenti ég í mjög miklum vandræðum með einmitt persónuvernd og það tafði málið þannig að það dó drottni sínum við stjórnarskiptin.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra en það hefur orðið að samkomulagi að ég dragi þessa tillögu til baka til 3. umræðu og hún verður þá væntanlega rædd í hv. efnahags- og skattanefnd á milli 2. og 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BBj, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, MS, MÁ, ÓN, RR, SKK, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
30 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GSB, GAK, HSH, HöskÞ, JónG, KJak, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, SF, SVÓ, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BBj, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, MS, MÁ, ÓN, RR, SKK, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
30 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GSB, GAK, HSH, HöskÞ, JónG, KJak, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, SF, SVÓ, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 668 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 666,1 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BBj, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, MS, MÁ, ÓN, RR, SKK, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
29 þm. (ArnbS, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GSB, GAK, HSH, HöskÞ, JónG, KJak, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, SF, SVÓ, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BBj, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, MS, MÁ, ÓN, RR, SKK, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
29 þm. (ArnbS, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GSB, GAK, HSH, HöskÞ, JónG, KJak, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, SF, SVÓ, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BBj, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, MS, MÁ, ÓN, RR, SKK, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
29 þm. (ArnbS, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GSB, GAK, HSH, HöskÞ, JónG, KJak, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, SF, SVÓ, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 666,2 (ný 5. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BBj, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, MS, MÁ, ÓN, RR, SKK, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
29 þm. (ArnbS, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GSB, GAK, HSH, HöskÞ, JónG, KJak, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, SF, SVÓ, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 666,3 (6. gr. fellur brott) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BBj, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, MS, MÁ, ÓN, RR, SKK, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
28 þm. (ArnbS, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GSB, GAK, HSH, HöskÞ, JónG, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, SF, SVÓ, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BBj, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, MS, MÁ, ÓN, SKK, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
29 þm. (ArnbS, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GSB, GAK, HSH, HöskÞ, JónG, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, RR, SF, SVÓ, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 666,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BBj, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, MS, MÁ, ÓN, RR, SKK, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
28 þm. (ArnbS, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GSB, GAK, HSH, HöskÞ, JónG, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, SF, SVÓ, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til viðskn.

Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 289. mál (hækkuð endurgreiðsla vegna vinnu á byggingarstað). — Þskj. 660, brtt. 669.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]
Brtt. 669 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BBj, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KJak, KaJúl, MS, MÁ, ÓN, PHB, RR, SKK, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
28 þm. (ArnbS, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GSB, GAK, HSH, HöskÞ, JónG, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, SF, SVÓ,

VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:14]

Gunnar Svavarsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um smábreytingartillögu sem við flytjum saman, ég og hv. þm. Árni M. Mathiesen, hafnfirska tillögu má segja, hv. hafnfirskur þingmaður Árni M. Mathiesen. (Gripið fram í.) Hér er víkkaður sá þáttur sem lýtur að hönnuðum þannig að enginn vafi leiki á þegar menn fara að „vaska“ til baka þessi 20% eins og við höfum farið yfir í umræðunni þannig að byggingarfræðingar falli inn í þann hóp líkt og er skilgreint með hönnuði og eftirlitsaðila í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Ég segi já.

Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BBj, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GAK, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KJak, KaJúl, MS, MÁ, ÓN, PHB, RR, SKK, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

27 þm. (ArnbS, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GSB, HSH, HöskÞ, JónG, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, REÁ, SF, SVÓ, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:16]

Árni Þór Sigurðsson:

Frú forseti. Með samþykkt þess frumvarps sem hér er til afgreiðslu er stigið mikilvægt skref í þá átt að örva atvinnustarfsemina í byggingargeiranum en hann er meðal þeirra atvinnugreina sem hefur orðið hvað verst úti eins og kunnugt er í kjölfar efnahagshrunsins í október síðastliðnum. Sérstaklega eru gerðar ráðstafanir til að örva atvinnustarfsemi í greinum hönnuða, ráðgjafa og eftirlitsaðila í byggingariðnaði. Ég tel að það sé afskaplega þýðingarmikil breyting sem hér er gerð og er liður í því eins og ég sagði áðan að örva atvinnustarfsemina. Ég segi þess vegna já.

[15:17]

Gunnar Svavarsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mjög merkilegt mál en ég hef lýst því yfir í ræðum bæði við 2. og 3. umr. að ég sé ekki talsmaður þess að krukka eigi í virðisaukaskattskerfið. Hins vegar þarf að hugsa óhefðbundið nú um stundir og þess vegna fer þetta mál samhliða í gegnum þingið og góð samstaða var í efnahags- og skattanefnd. Gerðar voru fjórar mikilvægar breytingar á málinu. Ég vildi ganga örlítið lengra og hef gert grein fyrir því í umræðu og vonast til þess að þingheimur, virðulegur forseti, fylgist með framgangi málsins á komandi mánuðum og geti þá tekið það aftur upp, til að mynda á haustþingi. Það eru ýmsir fletir í þessu máli fyrir atvinnulífið en það sem mestu máli skiptir er að koma fjármagninu á hreyfingu. Við getum gert það í gegnum umrætt mál en fjármagnið þarf þá að vera til staðar. Ég segi já.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 673).

[15:18]

Útbýting:

Meðferð einkamála, 395. mál, frv. ÁI o.fl., þskj. 670.

Skimun fyrir krabbameini, 396. mál, fsp. ÁI, þskj. 671.

Um fundarstjórn.

Beiðni um tvöfaldan ræðutíma.

[15:19]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Við höfum nýlokið afgreiðslu mikilvægra mála fyrir íslenskt efnahagslíf og við sjálfstæðismenn höfum lagt á það áherslu að hleypa slíkum málum hratt og örugglega gegnum þingið. Nú er komið á dagskrá mikilvægt mál sem snýr að sjálfri stjórnskipuninni, grundvelli þjóðskipulags okkar. Ég vil því beina þeim tilmælum til virðulegs forseta að veitt verði heimild til að tvöfalda ræðutíma í málinu í öllum umferðum. Ég tel mikilvægt að þingmenn hafi gott tækifæri til að tjá skoðanir sínar á því. Hér er um mikilsvert mál að ræða og eitt stærsta málið sem hefur farið fyrir þingið í langa tíð.

Þetta er beiðni okkar sjálfstæðismanna, virðulegi forseti, og ég vona að hægt verði að verða við slíkri beiðni.

[15:19]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti hyggst taka 5 mínútna hlé til að íhuga ósk hv. þm. Illuga Gunnarssonar.

[Fundarhlé. — 15:20]

Tilkynning um ræðutíma.

[15:25]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti hefur samkvæmt 2. mgr. 55. gr. þingskapalaga orðið við beiðni hv. þm. Illuga Gunnarssonar um að lengja ræðutíma hvers þingmanns um 10 mínútur í 1. umr.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648.

[15:26]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Flutningsmenn eru fulltrúar fjögurra þingflokka á Alþingi, allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins. Ásamt mér flytja málið Steingrímur J. Sigfússon, Birkir J. Jónsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Frumvarpið stefnir að þeim markmiðum sem fram komu í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar frá 8. febrúar sl. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru af tvennum toga. Annars vegar er lagt til að þrjár nýjar greinar komi í stjórnarskrána,

ákvæði um auðlindir og umhverfismál, ákvæði um að þjóðaratkvæðagreiðsla geti farið fram að frumkvæði tiltekins fjölda hóps kjósenda og loks ákvæði um að allar breytingar á stjórnarskrá skuli bornar undir þjóðina til samþykkis. Þessum ákvæðum er ætlað að taka gildi við samþykkt síðara frumvarps til stjórnarskipunarlaga að afloknum kosningum. Hins vegar er gerð tillaga um grundvallarbreytingu varðandi framtíð íslenskrar stjórnskipunar með því að sérstöku stjórnlagaþingi sem kosið verði beint til verði falið að semja nýja stjórnarskrá lýðveldisins.

Ég legg áherslu á að efni frumvarpsins ber skýr merki þeirrar sterku kröfu sem hefur komið fram í samfélaginu um að þjóðin eigi að hafa bein áhrif á mikilvæg málefni sem varða hagsmuni hennar. Með þessu er jafnframt undirstrikað að þjóðin sjálf er stjórnarskrárgjafinn. Um langt skeið hefur verið stefnt að því að heildarendurskoðun fari fram á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands sem Alþingi samþykkti árið 1944 að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Allar tilraunir til þess hafa mistekist þótt ýmsir hlutar stjórnarskrárinnar hafi verið endurskoðaðir ítarlega.

Meðal fyrstu verkefna minna sem forsætisráðherra var að undirbúa stofnun ráðgjafarhóps ríkisstjórnarinnar um tillögur um breytingar á stjórnarskránni og var hann skipaður 9. febrúar sl. undir forustu Bjargar Thorarensen prófessors. Hópnum var falið að vinna tillögur um stjórnarskrárbreytingar varðandi auðlindaákvæði í stjórnarskrána, þjóðaratkvæðagreiðslur og aðferðir við breytingar á stjórnarskránni. Jafnframt skyldi hann meta í ljósi starfs stjórnarskrárnefndar á árunum 2005–2007, og þess víðtæka samráðs sem þá átti sér stað, hvort rétt væri að gera tillögur um fleiri breytingar á stjórnarskrá, einkum varðandi umhverfisvernd.

Ég undirstrika að í starfi stjórnarskrárnefndarinnar sem stóð í tvö ár voru þessi atriði, einkum um auðlindaákvæði og breytingar á stjórnarskránni, ítarlega rædd og samstaða var um ýmsa meginþætti þótt ekki kæmu fram beinar tillögur um breytingar nema að því er varðar aðferðir á breytingum á stjórnarskránni.

Ráðgjafarhópurinn byggði vinnu sína um þessi atriði á fyrrgreindu starfi stjórnarskrárnefndar. Auk þess var hópnum falið að gera tillögur um fyrirkomulag stjórnlagaþings sem haldið yrði eftir komandi alþingiskosningar, þar með talið varðandi nauðsynlega lagasetningu og eftir atvikum setningu bráðabirgðaákvæðis í stjórnarskrá. Skiladi hópurinn frumtillögum sínum um efnið þann 19. febrúar. Þær voru kynntar formönnum allra stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi og í öllum þingflokkum áður en frumvarpið sem ég mæli fyrir hér í dag var lagt fram í lokagerð.

Ljóst er að þótt markmiðið sé að stjórnlagaþing semji nýja stjórnarskrá er ráðgert að því verði veittur nokkuð rúmur tími til að ljúka verkinu sem er bæði margbrotið og vandasamt. Hér er miðað við frest allt til 17. júní 2011 en þann dag fögnum við 200 ára fæðingarafmæli Jóns Sigurðssonar. Er því ekki óeðlilegt að samhliða tillögu um setningu stjórnlagaþings séu gerðar tillögur um nokkrar breytingar á stjórnarskránni í mjög afmörkuðum atriðum sem geta þó haft mikið gildi á komandi missirum á meðan stjórnlagaþing er að störfum.

Fyrst vík ég að 1. gr. frumvarpsins sem fjallar um náttúruauðlindir, eignarhald þeirra og nýtingu, svo og um ýmis réttindi almennings á sviði umhverfisréttar. Hér er fjallað um efni sem snýr að gífurlega mikilvægum hagsmunum þjóðarinnar í nútíð og til framtíðar. Því er afar mikilvægt bæði að setja skýr markmið um nýtingu þessara auðlinda til hagsældar fyrir þjóðina alla og afnema óvissu um eignarhald þeirra. Sú leið er farin í frumvarpi þessu að byggja á þeirri vinnu og þeim umræðum sem fram fóru í stjórnarskrárnefnd um efnið þannig að ákvæðið taki í senn til eignarhalds og nýtingar á náttúruauðlindum og ýmissa meginreglna sem leiðir bæði af alþjóðlegri samvinnu og löggjöf á sviði umhverfisréttar.

Kjarni tillögunnar byggir á tillögu auðlindanefndar frá árinu 2000, en í þeirri nefnd áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka. Á vegum auðlindanefndar fór fram mjög ítarleg rannsókn, bæði á lagaumhverfi og öðrum þáttum sem varða eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda. Meginatriðið í niðurstöðum auðlindanefndar var að lýst yrði yfir í stjórnarskrá nýju formi á eignarrétti til hliðar við hefðbundinn einkaeignarrétt einstaklinga og lögaðila. Það heiti sem hentaði best þessu nýja formi eignarréttar væri orðið þjóðareign. Í þessu felst að ríkinu er samkvæmt lögum fenginn hinn sérstaki eignarréttur á náttúruauðlindum í skjóli þess að enginn annar lögaðili eða einstaklingur hefur getað sannað eignarrétt sinn að þeim.

Fyrirmynd að eignarhaldi af þessum toga er einkum sótt í ákvæði laga um þjóðlendur, nr. 58/1998, en samkvæmt þeim er íslenska ríkið lýst eigandi lands sem ekki er háð einkaeignarrétti og þar með þeirra náttúruauðlinda sem þar finnast. Með því að lýsa yfir eign þjóðarinnar á slíkum auðlindum yrði jafnframt slegið föstu að þeim mætti ekki afsala varanlega til einstaklinga eða lögaðila og jafnframt yrði girt fyrir að einstaklingar og aðrir aðilar gætu eignast beinan eignarrétt að þeim, t.d. fyrir hefð.

Mikilvægt er að hafa í huga að þessu nýja stjórnarskrárákvæði er ekki ætlað að svipta menn þeim réttindum sem þeir hafa öðlast, svo sem afnotarétti af náttúruauðlindum eða atvinnuréttindum á grundvelli opinberra leyfa sem kunna að njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar sem óbein eignarréttindi. Með ákvæðinu er til dæmis ekki haggað við slíkum réttindum þeirra sem hagnýta jarðir og ýmis fasteignatengd réttindi eða stunda fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda. Hins vegar eru tekin af tvímæli um að slík óbein réttindi muni ekki leiða til beins eignarréttar einstaklinga eða lögaðila.

Í 1. gr. frumvarpsins er haft í huga að nýting auðlinda í þágu þjóðarinnar og komandi kynslóða er órjúfanlega tengd stærri grundvallarspurningum á sviði umhverfismála.

Því er lagt til í 2. mgr. að stjórnvöldum beri skylda til að tryggja að nýting auðlindanna byggi á meginreglum umhverfisréttar um sjálfbæra þróun. Sjálfbær þróun er eitt af mikilvægustu hugtökum auðlindastjórnunar. Grundvöllur hennar er að stjórnun nýtingar og þróunar endurnýjanlegra náttúruauðlinda sé með þeim hætti að hún skerði ekki afnotamöguleika komandi kynslóða af auðlindinni eða skaði hana óbætanlega.

Íslenska ríkið hefur gengist undir ýmsar alþjóðaskuldbindingar á sviði umhverfisréttar sem fjalla um nýtingu náttúruauðlinda og annarra umhverfisgæða. Meðal mikilvægustu áfanga í alþjóðasamvinnu um umhverfisrétt erráð-

stefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Ríó í Brasilíu árið 1992. Sú ráðstefna markaði tímamót í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál og afrakstur hennar var bæði alþjóðasamningar og yfirlýsingar sem lögðu grunninn að frekara starfi. Þar var til dæmis samþykkt framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í heiminum. Þar var rík áhersla lögð á mikilvægi þess að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika sem þætti í sjálfbærri þróun. Með því að vísa til þessara lykilhugtaka staðfestir íslenska ríkið að það hyggist halda þessar meginreglur í heiðri.

Ég vek sérstaklega athygli á markmiði 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem er þessu tengt. Þar er lagt til ákvæði um að allir eigi rétt til umhverfis sem stuðli að heilbrigði og þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið eftir því sem nánar er mælt fyrir í lögum. Hér eru áréttaðar skyldur ríkisins til að vinna stöðugt að þessum markmiðum. Eins stefnir þetta stjórnarskrárákvæði að því að skjóta styrkum stoðum undir tiltekin réttindi almennings, annars vegar varðandi upplýsingarétt um umhverfismál og hins vegar varðandi svokölluð þátttökuréttindi þegar undirbúnar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á umhverfið. Með þessu eru fest í sessi lykilatriði af vettvangi umhverfisréttarins en um þau hefur verið sett almenn löggjöf, m.a. vegna margvíslegra skuldbindinga sem leiða af EES-samningnum í umhverfismálum.

Að lokum vil ég leggja áherslu á hvað varðar auðlindaákvæðið að með því að festa ákvæði í stjórnarskrá um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda og nokkrar alþjóðlegar meginreglur á sviði umhverfismála skipar Ísland sér á bekk með þeim þjóðum sem telja slík málefni eina af mikilvægustu undirstöðunum fyrir heill þjóðarinnar. Reyndar má nær undantekningarlaust finna ákvæði af þessum toga í nýjum stjórnarskrám lýðræðisríkja.

Í 2. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um aðferðir til að breyta stjórnarskránni. Samkvæmt gildandi reglum verður stjórnarskránni breytt með þeim hætti að eftir að frumvarp til stjórnarskrárbreytingar hefur verið samþykkt skal rjúfa þing og láta fara fram almennar þingkosningar. Að þeim loknum skal hið nýja þing staðfesta frumvarpið óbreytt. Meginbreytingin samkvæmt þessu frumvarpi felst í því að framvegis er gert ráð fyrir að breytingar á stjórnarskránni séu bornar beint undir atkvæði þjóðarinnar. Þetta er eðlileg tilhögun og í samræmi við nútímahugmyndir um lýðræði, að það sé þjóðin sem setji valdhöfunum í stjórnarskrá þær meginreglur sem þeim ber að virða með milliliðalausri aðkomu að breytingum á henni. Auk þess verður kjósendum með þessu gefinn kostur á því að taka afstöðu til tillagna um stjórnarskrárbreytingar óháð þeim málefnum sem tekist væri á um hverju sinni í alþingiskosningum.

Loks tel ég mikilvægt að benda á að hið nýja ákvæði mun girða fyrir að gerðar verði meiri háttar breytingar á íslenskri stjórnskipun nema þjóðinni verði gefinn kostur á að taka afstöðu til þeirra í þjóðaratkvæðagreiðslu. Sem dæmi má nefna aðild Íslands að Evrópusambandinu, en hún mundi óhjákvæmilega kalla á breytingar á stjórnarskránni vegna þess framsals ríkisvalds sem henni fylgdi.

Þegar frumvarp til stjórnarskipunarlaga er borið undir þjóðaratkvæði er lagt til að tiltekinn hundraðshluti kosningarbærra manna verði að lágmarki að greiða atkvæði með slíku frumvarpi til að það teljist samþykkt. Þetta er gert til að tryggja að breytingar á stjórnarskránni njóti lágmarksstuðnings meðal kjósenda. Á hinn bóginn er hlutfallinu stillt í hóf, ekki síst í ljósi þess að nái frumvarp þetta fram að ganga yrði mögulegt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskránni án þess að hún færi fram í tengslum við almennar kosningar.

Í næsta ákvæði frumvarpsins, 3. gr., eru enn frekari tillögur sem miða að því að auka beint lýðræði og þátttöku borgaranna í ákvarðanatöku. Lagt er til að ákveðið hlutfall kjósenda, 15% þeirra (ríflega 30.000 kjósendur), geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um tiltekin lög eða málefni. Æ algengara er í nýrri stjórnarskrám að sett séu ákvæði um kosti almennings til að hafa bein áhrif á stjórnun landsins. Með þessu ákvæði um þjóðarfrumkvæði er kjósendum gefinn kostur á að koma tilteknum málum á dagskrá stjórnmálanna og taka með beinum hætti þátt í stefnumótun og löggjöf. Eðlilega er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu án nokkurra takmarkana, en hér er gerð sú tillaga að málefni sem krefjast má þjóðaratkvæðis um þurfi að varða almannahag. Einnig getur krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu varðað gildi einstakra laga, t.d. að umdeild lög sem Alþingi hefur samþykkt verði felld úr gildi.

Þó verður ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Er slík undantekning gerð til að standa vörð um fjárstjórnarvald þjóðþingsins, auk þess sem ekki þykir eðlilegt að unnt sé með slíkri atkvæðagreiðslu að hindra lagasetningu sem hefur það markmið að uppfylla þjóðréttarlegar skuldbindingar ríkisins.

Í 2. mgr. er ráðgert að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu verði bindandi þegar hún fjallar um að fella úr gildi tiltekin lög og meiri hluti gildra atkvæða er fylgjandi tillögu sem borin er upp, þó minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá. Hér er lagt til að sambærilegan lágmarksfjölda kjósenda þurfi eins og þegar breytingar á stjórnarskrá eru lagðar í þjóðaratkvæði.

Þegar önnur málefni eru borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslu telst tillagan samþykkt ef meiri hluti greiddra atkvæða er fylgjandi henni. Ljóst er að sé fylgi þjóðarinnar við málefnið afgerandi felst í því mikilvæg pólitísk krafa á þingið um að fylgja eftir niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar um tiltekið málefni og þar með vilja þjóðarinnar.

Hæstv. forseti. Að lokum mun ég víkja að mikilvægu nýmæli frumvarpsins, tillögu um að nýtt bráðabirgðaákvæði bætist við stjórnarskrána um að efnt verði til stjórnlagaþings.

Hugmyndir um stjórnlagaþing eru ekki nýjar af nálinni og meðal annars lagði ég fram frumvarp um málið árið 1995. Þá hafa þingmenn Framsóknarflokksins lagt fram frumvarp um stjórnlagaþing á þessu þingi sem hér var til umræðu í síðasta mánuði. Þegar núgildandi stjórnarskrá var sett við lýðveldisstofnunina árið 1944 var ákveðið að bíða með heildarendurskoðun hennar til betri tíma en aðeins því nauðsynlegasta var breytt til að lýðveldisstofnunin gæti átt sér stað. Eftir sem áður hefur stjórnarskráin hvílt á gömlum merg, fyrstu stjórnarskrá Íslands sem Danakonungur færði Íslendingum árið 1874 án þess að samþykki þjóðkjörins þings lægi fyrir.

Aldrei fyrr hefur jafnsterk krafa komið fram um nauðsyn þess að Íslendingar setji sér nýja stjórnarskrá frá grunni. Þar hefur einkum verið rætt um þörf á að breyta skipulagi löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og aðskilnaði milli þessara tveggja valdþátta, reglum um ábyrgð handhafa framkvæmdarvaldsins og eftirliti þingsins með starfi stjórnvalda og ekki síst um möguleika þjóðarinnar á að taka beinan þátt í ákvörðunum með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í þeirri umræðu hefur sjónum verið beint að uppruna íslensku stjórnarskrárinnar og þeirri staðreynd að stór hluti ákvæða hennar stendur óbreyttur frá árinu 1874. Þessi ákvæði endurspegla því hvorki þann veruleika sem er uppi varðandi meðferð framkvæmdarvaldsins né tryggja nægilega aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og nauðsynlegt aðhald þings með framkvæmdarvaldi.

Í ljósi þess að stjórnmálaflokkum hefur ekki tekist að ná samstöðu um nauðsynlegar breytingar á nokkrum meginþáttum í núgildandi stjórnarskrá, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, viljum við nú freista þess að stofna til sérstaks stjórnlagaþings með þjóðkjörnum fulltrúum sem verði falið þetta mikilvæga verkefni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að forseti Íslands boði til stjórnlagaþings en þaðan í frá taki þingið sjálft við stjórn sinna mála og setji sér starfsreglur. Einu mörkin sem þinginu eru sett er að því ber að byggja tillögur sínar á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda en vitaskuld verður aldrei fallist á nein frávik frá þeim grunngildum.

Í þeim frumvarpsdrögum sem fylgja frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að stjórnlagaþingið verði skipað 41 þjóðkjörnum fulltrúa og jafnmörgum til vara. Um kjörgengi og kosningu fulltrúa á þingið og skipulag þess skal mælt fyrir í sérstökum lögum sem sett verði að loknum almennum þingkosningum vorið 2009.

Drög að frumvarpi til slíkra laga fylgja frumvarpi því sem ég mæli nú fyrir. Þar koma fram mikilvæg atriði um skipan þingsins, þá sérstaklega að allir fulltrúar þingsins skuli kosnir persónukosningu, að sitjandi þingmenn, varaþingmenn og ráðherrar geti ekki boðið sig fram til þingsins og að stefnt sé að því að sem jöfnust hlutföll kynjanna sitji á þinginu. Auk þess er tekið fram í þessum frumvarpsdrögum að stjórnlagaþing geti ákveðið að afmarka verksvið sitt. Þó skuli sérstaklega teknir til athugunar þættir eins og undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar, skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra, hlutverk og staða forseta lýðveldisins, framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála og ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan, svo nokkuð sé nefnt.

Af þessu sést að verkefni stjórnlagaþingsins verður afar margháttað. Það er að mínu mati gífurlega mikilvægt að útfærsla á starfsskipulagi þingsins verði vel undirbúin. Það ræður í raun úrslitum um skilvirkni í störfum þingsins og endanlegan árangur þess.

Stjórnlagaþing mun geta ráðið sérfræðinga og annað starfsfólk og gert er ráð fyrir að starfi þingsins verði meðal annars skipt niður á smærri vinnunefndir um helstu meginþætti.

Ég fer nú nokkrum orðum um þann tímaramma sem er lagður til í 2. mgr. frumvarpsákvæðisins.

Það þykir eðlilegt að setja ytri tímaramma þannig að nokkurt svigrúm sé fyrir þá sem undirbúa munu kosningar til stjórnlagaþings og skipuleggja aðstöðu fyrir það og þjóðkjörna fulltrúa þess án þess þó að unnt sé að draga samkomudag stjórnlagaþings um of. Gera verður ráð fyrir einhverjum tíma fram að myndun nýrrar ríkisstjórnar í kjölfar alþingiskosninga 25. apríl nk. og a.m.k. nokkrum vikum til að afgreiða frumvarp til laga um stjórnlagaþing, hefja undirbúning að kosningu þess í sumarbyrjun og kjósa til þess síðsumars eða í haust.

Við verðum að huga að því að nægilegur tími gefist fyrir frambjóðendur til að koma fram og kynna sig og fyrir kjósendur að kynna sér málin og taka afstöðu. Í drögunum að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing er gert ráð fyrir kosningum eigi síðar en 1. október í ár, en vitaskuld má halda þær fyrr ef henta þykir þótt óheppilegt sé að þær fari fram yfir hásumarleyfistímann.

Þá þykir við hæfi að leggja til fullveldisdaginn, 1. desember, sem síðasta mögulega setningardag stjórnlagaþings. Eftir það hefur stjórnlagaþing rúma 18 mánuði til að ljúka verkefni sínum. Sjálft getur það stytt starfstíma sinn ef þörf er á. Þá getur starfstíminn orðið lengri komi þingið fyrr saman. Reynir þar á samspil forseta Íslands sem boðar til þingsins og forsætisráðherra sem leggur því til starfsaðstöðu.

Þá getur Alþingi samþykkt með þingsályktun að lengja starfstímann um allt að hálft ár óski stjórnlagaþingið þess í því skyni að ljúka ætlunarverkinu.

Ég legg áherslu á að gert er ráð fyrir ákveðnu samráðsferli á milli stjórnlagaþingsins og Alþingis um gerð frumvarps til nýrrar stjórnarskrár, ekki síst til að tryggja enn frekar vandaða meðferð málsins án þess þó að Alþingi hafi neitunarvald gagnvart stjórnlagaþinginu.

Áður en stjórnlagaþing samþykkir frumvarp að nýrri stjórnarskrá skal það sent Alþingi til umsagnar. Alþingi skal veita stjórnlagaþingi umsögn sína innan tveggja mánaða. Þegar stjórnlagaþing hefur samþykkt frumvarp að nýrri stjórnarskrá skal það á ný sent Alþingi sem getur innan mánaðar ákveðið með rökstuddri tillögu að vísa frumvarpinu aftur til stjórnlagaþings. Skal þá taka frumvarpið þar aftur til meðferðar með hliðsjón af rökstuddri tillögu Alþingis. Þarf þá tvo þriðju hluta fulltrúa á stjórnlagaþingi til að samþykkja frumvarpið nema fallist sé á rökstudda tillögu Alþingis um breytingar á frumvarpinu og þarf þá aðeins einfaldan meiri hluta. Náist slíkt samþykki skal frumvarpið lagt í þjóðaratkvæðagreiðslu en ella telst það fellt. Af þessu er ljóst að komi upp ágreiningur um þetta milli stjórnlagaþings og Alþingis verður þjóðin endanlega að skera úr um hvort hún kýs að samþykkja nýja stjórnarskrá.

Frumvarp að nýrri stjórnarskrá skal lagt undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar. Sé meiri hluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu, þó a.m.k. 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, skal það staðfest af forseta Íslands og verður þá gild stjórnarskipunarlög. Hér þykir aftur eðlilegt að hafa tilskilið lágmark þjóðarinnar sem þarf að samþykkja stjórnarskrána til þess að réttlætanlegt sé að samþykktin teljist gild.

Að lokum vil ég nefna sérstaklega að hugmyndir um stjórnlagaþing eða þjóðfund til að setja borgurunum stjórnarskrá eru jafngamlar lýðræðishugsuninni. Því má finna mörg dæmi, bæði á 18. og 19. öldinni en ekki síður upp úr miðri 20. öld, þar sem lýðræðisríki hafa kosið að fara þessa leið til að ná ákveðinni þjóðfélagslegri sátt í kjölfar áfalla í samfélaginu. Ég bendi á að tillaga frumvarpsins um fyrirkomulag stjórnlagaþings er þó nýmæli sem á sér enga beina fyrirmynd í sögu stjórnlagaþinga eða þjóðfunda í lýðræðisríkjum frá síðustu öldum.

Sérstaða þess felst einkum í því að allir fulltrúar þingsins verða kjörnir beint af þjóðinni, auk þess sem niðurstaða þess verður lögð beint undir þjóðina með bindandi niðurstöðu. Þá koma hvorki handhafar ríkisvalds við sögu á stjórnlagaþinginu né heldur sitjandi þingmenn á Alþingi eða ráðherrar. Þetta er sú leið sem við, fulltrúar fjögurra þingflokka, teljum þá einu réttu til að ná því mikilvæga markmiði að endurskoðun stjórnarskrárinnar nái fram að ganga og að samfélagssátt náist með þessu móti.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir efni þessa frumvarps í nokkrum meginatriðum en vísa að öðru leyti til ítarlegrar greinargerðar sem því fylgir. Að svo mæltu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og sérnefndar um stjórnarskrármál.

[15:48]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég mun fara nánar yfir þetta mál í ræðu minni en ég vil beina tveimur spurningum til hæstv. forsætisráðherra.

Fyrri spurningin er þessi: Er það afdráttarlaust að 1. gr. frumvarpsins haggi ekki grundvellinum undir núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, þ.e. kvótakerfinu? Við þessari spurningu þarf að fást afdráttarlaust svar, já eða nei. Það hlýtur að vera hægt að gera þá kröfu til hv. 1. flutningsmanns að hún geti svarað þeirri spurningu með jái eða neii.

Síðari spurningin lýtur að stjórnlagaþinginu svokallaða. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra hvað gert er ráð fyrir að þetta svokallaða þing muni kosta. Ég geri ráð fyrir að þegar hugmyndin var að flytja frumvarpið sem stjórnarfrumvarp hafi verið unnið kostnaðarmat. Hins vegar fylgir ekkert kostnaðarmat með frumvarpinu eins og það er nú úr garði gert vegna þess að þetta er þingmannamál. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Er til einhver áætlun um hvað þetta þing muni kosta og hver er hún?

Mér segir svo hugur um að þetta stjórnlagaþing muni kosta meira en milljarð króna og þá hljóta menn að velta því fyrir sér hvort þeim fjármunum sé vel varið.

[15:50]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill ítreka að þar sem þrír hv. þingmenn hafa óskað eftir að veita andsvar er ræðutíminn styttur í eina mínútu í seinna andsvari.

[15:50]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr hvort þau ákvæði sem eru í frumvarpinu haggi í engu núverandi kvótakerfi. Ég kom mjög inn á það atriði í máli mínu og tel mikilvægt að árétta að stjórnarskrárákvæði um náttúruauðlindir í þjóðareign muni ekki skerða réttindi þeirra sem hafa veiðiheimildir í kvótakerfinu eða svipta þá kvótanum. Þau réttindi munu eftir sem áður njóta verndar sem atvinnuréttindi þeirra er stunda útgerð eða með öðrum orðum sem óbein eignarréttindi.

Með hinu nýja stjórnarskrárákvæði verður hins vegar staðfest að útgerðarmenn eða aðrir sem njóta slíkra heimilda munu aldrei öðlast beinan og varanlegan eignarrétt að fiskveiðiauðlindinni enda girðir ákvæðið fyrir að slíkt varanlegt afsal þjóðareignar geti átt sér stað.

Það er eðlilegt að spurt sé um kostnað við stjórnlagaþingið. Nú er þetta mál með þeim hætti að það er ekki stjórnarfrumvarp sem slíkt, það flytja fjórir þingmenn. Ég flyt það ásamt hæstv. fjármálaráðherra, hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og Birki J. Jónssyni og skyldan gagnvart því að kostnaðarmeta stjórnarfrumvarp er því ekki fyrir hendi. Engu að síður höfum við gert gangskör að því að það liggi fyrir og verður lagt fyrir þá nefnd sem fær þetta til umræðu hver kostnaðurinn verður og hvað lagt er þá til grundvallar í þeim kostnaði.

Gert er ráð fyrir að full vinna verði að sitja þetta stjórnlagaþing og það sitji í eitt og hálft ár. Það ræðst þá sjálfsagt af tímalengd stjórnlagaþingsins hver endanlegur kostnaður verður við það.

[15:53]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég tel að svarið við fyrri spurningunni hafi verið nokkuð afdráttarlaust, þ.e. að ekki er hugmyndin með þessu ákvæði að grafa undan núverandi fiskveiðistjórnarkerfi og það felst ekki í ákvæðum frumvarpsins að dómi 1. flutningsmanns að fótum sé kippt undan því kerfi. Ég tel að mjög mikilvægt sé að þetta liggi fyrir en þetta er ekki skýrt að mínum dómi í frumvarpstextanum eins og hann liggur fyrir. En svo langt sem það nær er jákvætt að fá svarið fram.

Að því er varðar kostnaðinn við stjórnlagaþingið hlýtur það náttúrlega að vera augljóst mál að 41 maður í fullri vinnu í tvö ár á þingmannslaunum — þó að þau hafi nýlega verið lækkuð — kostar stórfé. Það getur ekki verið mikið mál að slá á það, húsnæðiskostnað o.fl. Þetta eru háar upphæðir og það verður að koma fram hvað flutningsmenn frumvarpsins og ríkisstjórnin er með í huga hvað þetta varðar þegar verið er að reyna að draga úr útgjöldum á bæði borð í ríkisfjármálum.

[15:54]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að spyrja hæstv. forsætisráðherra að því í fullri vinsemd hvort flutningsmönnum frumvarpsins sé virkilega alvara með að stefnt sé að því að klára málið og samþykkja það á þessu þingi.

Ég vil í því sambandi vísa til þess sem Össur Skarphéðinsson, hæstv. utanríkisráðherra, sagði í ræðu á Alþingi 9. mars 2007, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé

reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“

Ég tek undir þessi orð Össur Skarphéðinssonar, hæstv. utanríkisráðherra.

Ég vil líka vísa til þess sem Ögmundur Jónasson, hæstv. heilbrigðisráðherra, sagði í ræðu á Alþingi sama dag, 9. mars 2007, þar sem hann sagði, með leyfi forseta:

„Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga en framganga Framsóknarflokksins, sérstaklega í þessu máli, ber öll þess merki.“

Nú er skammur tími til kosninga. Boðað hefur verið að þing verði rofið 12. mars, eftir sex daga, og það er eðlilegt að við fáum upplýst hvort ríkisstjórnin leggur þetta mál fram til kynningar eða hvort henni sé virkilega alvara með að stjórnarskrá lýðveldisins, grundvallarlögum þjóðar okkar, verði breytt á örfáum dögum um atriði sem skipta verulegu máli. Þá á ég við annars vegar ákvæði um þjóðaratkvæði og hins vegar reglur um með hvaða hætti stjórnarskránni verði breytt.

[15:56]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vegna þess sem hv. þingmaður sagði um að þing verði rofið 12. mars er nauðsynlegt að það komi fram að þó að 12. mars verði tilkynnt um kjördag 25. apríl getur þingið alveg starfað áfram, það er ekkert sem kemur í veg fyrir það og það veit hv. þingmaður.

Varðandi fyrirspurn hv. þingmanns og tilvitnanir í Össur Skarphéðinsson hæstv. ráðherra og að sem víðtækust samstaða skuli vera um stjórnarskrárbreytingar þá er það alveg satt og rétt að menn hafa lagt áherslu á það. En ég minni líka á að fordæmi er fyrir öðru, að stjórnarskrárbreytingar hafi verið lagðar fram af einstaka þingmönnum og ekki sem stjórnarfrumvarp. Er þess skemmst að minnast að árið 2007, ef ég man rétt, lögðu hv. þm. Geir H. Haarde og fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson, fram frumvarp um breytingu á auðlindaákvæði stjórnarskrárinnar, svo því sé haldið til haga.

Ég vil líka halda því til haga að tvö af þeim fjórum ákvæðum sem eru í þessu frumvarpi um breytingar á stjórnarskránni sem fjalla um auðlindirnar annars vegar og aðferðir við að breyta stjórnarskránni hins vegar voru ítarlega ræddar í stjórnarskrárnefndinni 2005 og 2007 og ef ég man rétt líka á árinu 2000. Það er því ekki eins og þetta séu alveg ný mál sem eru að koma fyrir þingið.

Ég geri mér fulla grein fyrir að tíminn er knappur til að ræða þessi mál en engu að síður eru það áform ríkisstjórnarflokkanna og þeirra sem standa að frumvarpinu að það verði að lögum á þessu þingi, það er ætlan þeirra sem flytja málið. En auðvitað fer þetta til meðferðar í sérstakri nefnd sem (Forseti hringir.) ræður þá ferðinni og gangi mála en ég geri ráð fyrir að í þeirri nefnd verði meiri hluti fyrir afgreiðslu málsins á þessu þingi.

[15:58]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að hæstv. forsætisráðherra áttar sig á því að knappur tími sé til stefnu. Þá er líka mikilvægt að hæstv. forsætisráðherra hafi það í huga að við erum að fjalla um stjórnarskrá lýðveldisins og mjög mikilvægt er að vel sé vandað til verka þegar henni er breytt. Það breytir engu í því sambandi hvort þing fari heim þann 12. mars eða í byrjun apríl, tíminn er engu að síður mjög skammur, sérstaklega þegar litið er til þeirra hagsmuna sem í húfi eru sem eru grundvallarlög íslenska lýðveldisins.

Mig langar til að spyrja hæstv. forsætisráðherra annarrar spurningar. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að hægt sé að breyta stjórnarskránni með þeim hætti að 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá greiði breytingu atkvæði sitt. Þetta þýðir með öðrum orðum að einungis 25% þjóðarinnar geta knúið fram breytingu á stjórnarskránni, (Forseti hringir.) á mannréttindaákvæðum, á þjóðskipulagi okkar. Telur hæstv. forsætisráðherra að það sé eðlilegt og í samræmi við þær lýðræðishefðir sem við byggjum á (Forseti hringir.) að 25% þjóðarinnar geti gert breytingar á stjórnarskrá Íslands?

[16:00]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var ítarlega rætt og frá þessu var gengið. Þetta þykir alveg eðlileg lágmarkskrafa til að niðurstaða teljist endurspegla raunverulegan vilja þjóðarinnar. Þarna er um 50 þúsund manns að ræða, ekki rétt? Það er kannski lágt hlutfall þjóðarinnar en ég minni á að hver kjósandi verður að gera upp við sig að með því að taka ekki þátt í atkvæðagreiðslunni er hann að afsala sér kosti á að hafa áhrif á stjórn landsins og þar með eigin hagsmunum og þjóðarinnar. Ég tel þetta því ekki vera óeðlilega lágt hlutfall og algerlega ásættanlegt.

[16:01]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru mörg atriði í ræðu hæstv. forsætisráðherra sem kalla á andsvör en ég verð að staldra við nokkuð, kem inn á annað í ræðu minni sem flutt verður síðar við þessa umræðu.

Í fyrsta lagi vegna orðaskipta sem hér hafa farið fram og vegna orða í ræðu hæstv. forsætisráðherra þá er rétt að ítreka það sem áður hefur komið fram að þó að ákvæði um auðlindir og ákvæði um breytingar á stjórnarskrá væru rædd verulega í stjórnarskrárnefnd á sínum tíma þá er ekki svo að auðlindaákvæðið hafi verið afgreitt með neinum hætti eða komist að niðurstöðu, alls ekki. Þeir sem skoða skýrslu stjórnarskrárnefndar sjá það skýrt að það mál var óafgreitt af hálfu nefndarinnar og um það voru skiptar skoðanir hvernig frá því ætti að ganga. Það er rétt að þetta komi fram.

Hitt er svo annað mál að það var samkomulag um tiltekna lausn varðandi ákvæði til að breyta stjórnarskrá. En það er ekki það ákvæði sem hæstv. forsætisráðherra eða meðflutningsmenn hennar leggja fram fyrir þingið nú heldur aðeins lítill bútur af þeirri tillögu. Tillagan í heild var sú tillaga sem varð niðurstaða stjórnarskrárnefndar 2007. Þar var gert ráð fyrir nokkrum mismunandi þáttum, að stjórnarskrárbreytingar þyrftu að fara í gegnum fjórar umræður í þinginu með löngum tíma á milli, þremur vikum á milli umræðna sem er ákveðin varfærnisregla til að tryggja að

ekki sé verið að keyra stjórnarskrárbreytingar í gegn á skömmum tíma. Það var líka stillt upp tveimur möguleikum varðandi samspil afgreiðslu á þingi og þjóðaratkvæðagreiðslu en þarna er bara tekin bútur úr tillögunni þannig að það sé skýrt að sú tillaga sem liggur fyrir er ekki sú tillaga sem stjórnarskrárnefnd kom sér saman um 2007.

Síðan er líka rétt að nefna að fjöldamörg önnur atriði voru rædd í stjórnarskrárnefndinni og ágæt samstaða um sum þeirra. Ríkisstjórnin kýs hins vegar að draga einungis örfá atriði fram. Það er ákvörðun hennar að gera það og um það er ekki samkomulag.

[16:03]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi auðlindaákvæðið. Það má rétt vera að það hafi ekki verið neitt endanlegt samkomulag hvað auðlindaákvæðið varðar enda sýndi það sig eins og ég nefndi áðan í máli mínu að hv. þm. Geir H. Haarde og fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson, fluttu ákvæðið sérstaklega eins og þeir vildu að það liti út sem ber auðvitað vott um að það var ekki samstaða um það. En það sýnir líka að ákvæði varðandi stjórnarskrárbreytingar eru fluttar inn í þingið og það af formönnum stjórnarflokka þó að það sé ekki samkomulag milli allra flokka um það á þingi og því tel ég mikilvægt að halda til haga.

Varðandi aðferðir við að breyta stjórnarskránni þá má vera að sú leið sem hv. þingmaður nefnir, þ.e. að hafa fjórar umræður og þrjár vikur á milli, hafi einhvers staðar borið á góma milli flokkanna. En ég spyr, er það ekki rétt munað hjá mér af því ég þekki það ekki nægilega vel, að það hafi fyrst og fremst verið Sjálfstæðisflokkurinn sem vildi hafa þann háttinn á varðandi fjórar umræður og þrjár vikur á milli sem ég tel alveg óþarfa og flæki bara málin?

En meginatriðið í þessu er aðferðin við að breyta stjórnarskránni og það sé hægt að fara þá leið að breyta stjórnarskránni án þess að rjúfa þing og efna til kosninga það tel ég vera grundvallaratriði, eitt af helstu atriðum í þeirri breytingu sem við erum að gera á stjórnarskránni, þ.e. að ef gerðar eru breytingar þá sé hægt að fara með málið beint í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það tel ég það mikilvægasta í þessu en ekki hvort umræðurnar um breytingarnar eru þrjár eða fjórar eða hvort ein, tvær eða þrjár vikur líði á milli þeirra.

[16:05]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara náið út í einstök efnisatriði. Hins vegar vil ég taka það skýrt fram að sú tillaga sem er í því frumvarpi sem hér er til umræðu er ekki sú tillaga sem sátt varð um og málamiðlun var gerð um í stjórnarskrárnefnd á síðasta kjörtímabili. Þetta er ekki sú leið. Það var málamiðlun innan nefndarinnar um ákveðna lausn og málamiðlunin var undir því komin að þeir efnisþættir sem þar voru inni væru allir til staðar. Þess vegna er ekki hægt að vísa til þess að umfjöllun á því stigi hafi leitt til þeirrar niðurstöðu sem kemur fram í frumvarpi hæstv. forsætisráðherra.

Í lokin vil ég aðeins árétta það sem hv. þm. Geir H. Haarde benti á áðan. Ég verð að segja það varðandi kostnað við stjórnlagaþing, sem er áhugavert mál, að mér finnst með ólíkindum að forsætisráðherra og fjármálaráðherra í núverandi ríkisstjórn leggi fram frumvarp af þessu tagi án þess að hafa hugmynd um hvað það kostar.

[16:06]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sannfærð um að það verður töluverður kostnaður af þessu stjórnlagaþingi. Ég held að það sé alveg ljóst. En þá er spurning hvaða mat menn leggja á það hvort þetta mál sé það mikilvægt að fara eigi út í þann kostnað sem honum fylgir. Mitt mat á því er afdráttarlaust já. Ég held að með þessari breytingu sé verið að færa þjóðinni afar miklar lýðræðisumbætur sem réttlæti þann töluverða kostnað sem verður af stjórnlagaþingi. Stjórnlagaþing á meðal annars að skoða kjördæmaskipan og kosningar til Alþingis og mér finnst vel hugsanlegt að stjórnlagaþingið skoði það sem stundum hefur verið nefnt hvort ætti ekki t.d. að fækka þingmönnum á móti. Það er dýrt að hafa 63 þingmenn á þingi og spurning hvort það sé nauðsynlegt.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 6.–10. mál.

Fundi slitið kl. 16:08.

97. FUNDUR

mánudaginn 9. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl., stjfrv., 321. mál, þskj. 674, frhnál. 677 og 678, brtt. 668. — 3. umr.
3. Stjórnarskipunarlög, frv., 385. mál, þskj. 648. — Frh. 1. umr.
4. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 376. mál, þskj. 635. — 1. umr.
5. Embætti sérstaks saksóknara, stjfrv., 393. mál, þskj. 663. — 1. umr.
6. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 664. — 1. umr.
7. Íslensk málstefna, stjtill., 198. mál, þskj. 248, nál. 594. — Síðari umr.
8. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frv., 371. mál, þskj. 626. — 2. umr.
9. Leikskólar og grunnskólar, frv., 390. mál, þskj. 656. — 1. umr.
10. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, frv., 146. mál, þskj. 163. — 1. umr.
11. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, frv., 157. mál, þskj. 183. — 1. umr.
12. Skylda lánastofnana í meirihlutaeigu ríkisins til að leita tilboða í innleyst fyrirtæki, þáltill., 194. mál, þskj. 241. — Fyrri umr.
13. Meðferð einkamála, frv., 343. mál, þskj. 585. — 1. umr.
14. Fjármálafyrirtæki, verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, frv., 345. mál, þskj. 588. — 1. umr.
15. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, frv., 386. mál, þskj. 650. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Álfheiður Ingadóttir, 11. þm. Reykv. s.
Björk Guðjónsdóttir, 9. þm. Suðurk.
Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
Lúðvík Bergvinsson, 5. þm. Suðurk.
Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvest.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 10. þm. Reykv. n.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 8. þm. Suðvest.

[15:01]

Útbýting:

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 397. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 675.

Raforkulög, 398. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 676.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 13. mál, nál. allshn., þskj. 672.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl., 321. mál, þskj. 674; frhnál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 677; frhnál. minni hluta efh.- og skattn., þskj. 678.

Um fundarstjórn.

Mál á dagskrá – tónlistar- og ráðstefnuhús.

[15:02]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla að bera það undir forseta að hann breyti aðeins áherslum á því hvernig dagskránni í dag er raðað upp. Mjög merk mál eru sett aftarlega á dagskrá á eftir frumvarpi um breytingu á stjórnarskipunarlögum. Ég tel að eins og sakir standa í þjóðfélaginu sé mikil ástæða til að ljúka þeim málum sem snúa að atvinnulífi og heimilum og vek athygli á því að seint á dagskránni er mál sem snýr að heimild til samninga um álverið í Helguvík. Þar er einnig mál sem fjallar um frestun innheimtu eftirlitsgjalda og um hlutaatvinnuleysisbætur þannig að mörg mál snúa að heimilum, atvinnulífi og efnahagsmálum, sem er mjög nauðsynlegt að ræða. Ég legg til við hæstv. forseta að af þeim sökum fresti hann 3. málinu sem fjallar um stjórnarskipunarlög og við getum þá rætt það í samfelldum tíma á morgun. (Forseti hringir.)

[15:04]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Dagskráin hefur verið sett upp og er ætlunin að fylgja henni þó að komið hafi fram ósk um að henni verði ekki lokið í dag og ég mun verða við því. Séð verður til þess að menn komist á mælendaskrá á morgun um það mál þegar reynt verður að ljúka því.

[15:04]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegur forseti. Undir störfum þingsins í liðinni viku og vikunni þar á undan var óskað eftir því að formaður fjárlaganefndar gerði grein fyrir umræðum um tónlistar- og ráðstefnuhús. Ég lýsti því þá yfir að við mundum fá á fund fjárlaganefndar fulltrúa Austurhafnar-TR ehf. og fulltrúa fjármálaráðuneytisins. Þeir komu á fund fjárlaganefndar í morgun og það varð niðurstaða hennar að óska eftir skriflegri greinargerð frá menntamálaráðuneytinu og Austurhöfn-TR ehf., varðandi framgang á tónlistar- og ráðstefnuhúsinu. Jafnframt því að óska eftir umsögn frá Ríkisendurskoðun með hliðsjón af lögum um fjárreiður ríkisins. Þessi gögn munu berast fjárlaganefnd á næstu dögum eða vikum.

Ég lofaði að gera grein fyrir þessu á þingfundi og hef hér með gert það, virðulegi forseti.

[15:05]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég kem upp í sömu erindagerðum og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir og spyr forseta og vil knýja hann um svör við því hvort við ætlum að fylgja þessari dagskrá. Mér finnst þetta í raun vera nokkuð sérkennilegt. Ég verð að segja alveg eins og er að við ætlum að ræða stjórnarskipunarlögin. Ég ætla ekki að fara efnislega í þau hér. Við vitum að ekkert samráð hefur verið haft við Sjálfstæðisflokkinn þegar kemur að breytingum á stjórnarskipunarlögum,

sem er alger nýlunda. Mér finnst þetta einkennandi fyrir ríkisstjórnina, við sjálfstæðismenn höfum boðað að við munum veita öllum efnahags- og atvinnumálum brautargengi. Hvað gerist? Það er einkennandi fyrir ríkisstjórnina að hún setur efnahags- og atvinnumál aftarlega á dagskrána. Ég spyr af hverju við breytum ekki dagskránni í þágu þjóðarinnar og atvinnulífsins, herra forseti, til þess að við getum fjölgað hér störfum og varið störf. Ég nefni (Forseti hringir.) dæmi um fjárfestingarsamninginn vegna Helguvíkur. Ég held að það sé mál sem brýnt er að komist á dagskrá en stjórnarskipunarlögin bíði.

[15:06]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Mér finnst með miklum ólíkindum hvernig forgangsröðunin er núna. Ég veit ekki annað en að þeir stjórnarflokkar sem nú sitja hafi gagnrýnt það fyrr að ekki væri verið að taka á vandamálum heimila og fyrirtækja og ég spyr: Með hvaða hætti eru þau atriði sett í forgang núna? Svarið er: Það er ekki gert.

Um helgina birtust upplýsingar, sem satt að segja voru mjög uggvænlegar, um það hvernig stærsti banki þjóðarinnar hefði hagað lánamálum til eigenda sinna. Ég hefði talið að skylda Alþingis væri að verja mestum tíma sínum í dag til að ræða með hvaða hætti löggjafinn eigi að bregðast við þannig starfsemi, sem greinilega hefur viðgengist án þess að við stjórnmálamenn, eftirlitsstofnanir, seðlabanki eða aðrir hefðu hugmynd um að hún væri í gangi. (Forseti hringir.) Full ástæða er til að taka á þeim málum (Forseti hringir.) og það má ekki bíða. (Forseti hringir.)

[15:08]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég ætla að ræða allt annað mál en hér hefur verið rætt. 6. mál á dagskrá þingsins er frumvarp um heimild til samninga um álver í Helguvík. Það frumvarp, hæstv. forseti, er merkt sem stjórnarfrumvarp. Mig langar til að vita, hæstv. forseti, hvort það sé stjórnarfrumvarp, vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Steingrímur J. Sigfússon, hefur lýst því yfir að þingflokkur Vinstri grænna standi ekki á bak við það. En frumvarpið er engu að síður flutt sem stjórnarfrumvarp þótt helmingurinn af ríkisstjórninni styðji það ekki og er hún þó minnihlutastjórn. Frumvarpið er greinilega lagt fram í þeirri von að stjórnarandstaðan dragi helminginn af ríkisstjórninni að landi á meðan hinn helmingurinn er grár fyrir járnum í baráttu sinni gegn frumvarpinu. (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) Mér finnst ekki mikill bragur á þessu, (Forseti hringir.) hæstv. forseti, hjá hæstv. ríkisstjórn og vil fá að vita hvort það gangi upp (Forseti hringir.) að frumvarpið sé lagt fram og rætt sem stjórnarfrumvarp.

[15:09]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Þetta er sérkennilegt. Fjórir sjálfstæðismenn hafa komið hér upp og þrír þeir fyrstu höfðu uppi nákvæmlega sömu ræðuna og sá þriðji var með afbrigði af þeirri ræðu. Það sem þeir eru á móti er 3. mál á dagskrá, stjórnarskipunarlög, þar sem lagðar eru til miklar umbætur í lýðræðismálum, stjórnkerfismálum og atvinnumálum, því ein grein í stjórnarskipunarlögunum gengur út á þjóðareign á auðlindum Íslands. Er Sjálfstæðisflokkurinn á móti því að auðlindir Íslands séu þjóðareign? Hefur hann athugasemdir við það? Telur hann það ekki brýnt mál þegar það liggur loksins fyrir eftir 18 ára samfellda stjórn Sjálfstæðisflokksins með kvótakerfi, einkavæðingu og alls konar græðgisvæðingu þar sem auðmenn hafa verið látnir leggja undir sig þjóðarauðlindir Íslands? Það sem Sjálfstæðisflokkurinn er að gera, forseti, er það að hann þykist (Gripið fram í.) ætla að greiða fyrir þingstörfum en er í raun að stefna (Gripið fram í.) að því að hér sé allt uppi í lofti þegar þingi lýkur (Gripið fram í.) þannig að hann eigi þó (Forseti hringir.) krækibers möguleika í helvíti í (Forseti hringir.) kosningunum á næstunni. (**Gripið fram í:** Ég hélt að menn ættu að gæta orða sinna.)

[15:11]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ég styð afdráttarlaust þann vilja forseta að mál nr. 3, stjórnarskipunarlög, komist með eðlilegum hætti á dagskrá. Þetta mál var rætt á föstudag og á annan tug þingmanna eru enn á mælendaskrá með lengdum ræðutíma þannig að ég tel mjög mikilvægt að málið fái einmitt það brautargengi sem þarf til að það komist til nefndar og mikilvægt er að á því sé tekið. Þetta snýr að grundvallarlýðræðisréttindum í þjóðfélaginu, m.a. að eign þjóðarinnar á auðlindunum, sem er kannski eitthvað það brýnasta sem við þurfum að taka á í dag til að tryggja það til framtíðar. Því tel ég afar mikilvægt að málið fái eðlilegan framgang á þinginu og skil ekki í sjálfstæðismönnum að vilja tefja það. (Forseti hringir.)

[15:12]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Þetta verður sérkennilegra með hverjum deginum. Hér var kölluð til — og með miklum hamagangi og baktjaldamakki var stofnað til ríkisstjórnar. Hvernig var sú vegferð lögð upp? Taka átti á bráðavanda fyrirtækjanna og heimilanna. (Gripið fram í.) Taka átti á verkstjórn. Í dag eru fréttir um að fyrirtæki séu að fara í þrot og dagskrá þingsins tekur á öllu öðru en bráðavanda fyrirtækja og heimila. Er þetta einsdæmi? Nei. Þetta er algerlega lýsandi fyrir verkstjórn (Gripið fram í.) þessarar minnihlutastjórnar sem lofaði fólkinu að taka á bráðavanda heimilanna og fyrirtækjanna og vera með skýra verkstjórn til að hann yrði í forgangi.

Virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Þessi dagskrá er um allt annað (Forseti hringir.) en það sem snýr að heimilum og fyrirtækjum.

[15:13]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill upplýsa um það að á föstudag fór þessi umræða um stjórnarskipunarlög af stað. Þá var samkomulag um að umræðunni yrði frestað og haldið áfram í dag og hefur forseti staðið við það loforð og sett málið á dagskrá í samræmi við það sem við ræddum þann föstudag, svo það

sé sagt hér. Við munum koma öðrum málum að í kvöld ef menn samþykkja að hér verði kvöldfundur eða leggjast ekki gegn því þannig að við höfum tíma til að ljúka þessum málum og höfum ekki áhyggjur af því.

[15:14]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta tafaleikrit Sjálfstæðisflokksins verður alltaf furðulegra og furðulegra. Það liggur ljóst fyrir, eins og hæstv. forseti hefur rakið, að tími verður í kvöld til að ræða öll þau mál sem eru á dagskránni. Það liggur líka fyrir að Sjálfstæðisflokknum var gert tilboð um að fresta þessum málum til morguns, ef hann væri þá tilbúinn til að greiða fyrir þingstörfum og veita fyrirheit um að hægt væri að ljúka umræðu á morgun, en ekki var orðið við því, heldur er vilji Sjálfstæðisflokksins fyrst og fremst til að tefja málin (Gripið fram í.) og drolla og drolla og drolla. Því miður þarf fólkið í landinu ekki á því að halda. (Gripið fram í.) Við erum að koma að því að vinna þau verk sem hér liggja fyrir. Við erum að afgreiða þessi mál og (Gripið fram í.) til þess þarf að ræða þau. Það er enginn vandi að ljúka umræðu í öllum þeim málum sem eru á dagskránni í dag, en ef Sjálfstæðisflokkurinn er ekki tilbúinn til að greiða fyrir þingstörfum — eins og hann er ekki — er augljóst að við verðum einfaldlega að vinna málin lið fyrir lið, eins og við erum að gera.

[15:15]

Birgir Ármannsson (S):

(**MÁ:** Sjálfstæðismaður númer sex.) Hæstv. forseti. Hv. þm. Mörður Árnason kann að telja. Ég ætla að koma inn á þrjá þætti, fyrst það sem hv. þm. Árni Páll Árnason sagði. (**Gripið fram í:** Samfylkingarmaður.) Hann lagði áherslu á að það ætti að taka málin fyrir og sjálfstæðismenn væru að drolla. Ég ætla bara að nefna þrjú mál sem við sjálfstæðismenn teljum að eigi að vera í forgangi hér í dag. (**Gripið fram í:** Fundarstjórn forseta.) Atvinnuleysistryggingar, embætti saksóknara og auknar heimildir til hans, heimild til samninga um álver í Helguvík. Þetta eru allt mál sem við leggjum áherslu á að verði tekin fyrir vegna þess að við teljum þau brýn. Þess vegna segjum við: Við viljum frekar tala um þau núna og geyma stjórnarskipunarumræðuna sem við vitum að verður löng eins og umræður um stjórnarskipunarlög eru jafnan á Alþingi. Við vitum öll að sú umræða verður löng. Þess vegna leggjum við til að þau mál sem liggur á verði tekin fram fyrir.

Vegna þess sem hér var áður sagt um auðlindaákvæðið er rétt að benda á það sem hæstv. forsætisráðherra sagði á föstudaginn, (Forseti hringir.) þetta ákvæði í stjórnarskrártillögunum (Forseti hringir.) mundi engu breyta um núverandi kvótakerfi ef það er það sem menn hafa (Forseti hringir.) áhuga á.

[15:16]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins fyrir þann áhuga sem þeir sýna því að greiða góða leið frumvörpum iðnaðarráðuneytisins. Ég þakka þeim áhugann á því að styðja frumvarpið um Helguvík, sem ég mæli fyrir síðar í dag. Ef hugur fylgir máli vænti ég þess að Sjálfstæðisflokkurinn sé þá til í að greiða fyrir því með því að stilla í hóf málflutningi sínum í öðrum málum í staðinn fyrir að hóta hér málþófi. (Gripið fram í.)

Ég vil svara hv. þm. Jóni Magnússyni um með hvaða hætti ríkisstjórnin vinnur að því að draga úr atvinnuleysi, t.d. með þeim 11 tillögum sem skapa a.m.k. 4.000 ársverk sem samþykktar voru í ríkisstjórninni á föstudag.

Hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni vil ég svara varðandi spurningu um hvað sé stjórnarfrumvarp. Stjórnarfrumvörp eru, eins og hv. þingmaður veit, þau frumvörp sem ríkisstjórnin heimilar til framlagningar og sem þingflokkar ríkisstjórnarinnar staðfesta sömuleiðis til framlagningar. (**SKK:** Hvaða þingflokkar eru það?) Það er það sem skiptir máli.

Um þau ákvæði sem eru hér í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga hefur Sjálfstæðisflokkurinn tekið þátt í að undirbúa tvö þeirra og lýst fylgi (Forseti hringir.) margítrekað, þar á meðal hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir (Forseti hringir.) tvisvar sinnum héðan úr þessum ræðustól í síðasta mánuði. Það var þriðja atriðið. Fjórða (Forseti hringir.) atriðið er stjórnlagaþing, ég veit að Sjálfstæðisflokkurinn er á móti því en hann (Forseti hringir.) má ekki við straumnum. Hann má ekki vinna gegn því sem fólkið vill.

[15:18]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Framsóknarmenn lögðu mjög mikla áherslu á þetta mál sem Sjálfstæðisflokkurinn reynir nú að tefja. Þetta er eitt af þeim málum sem við sögðumst vilja leggja til grundvallar því að verja minnihlutastjórn vantrausti. Ég skora á hæstv. forseta að halda einbeitingu sinni og tryggja að þetta mál fái framgang í þinginu.

Af hverju viljum við m.a. stjórnlagaþing? Vegna þess að við viljum skýrari leikreglur í samfélaginu. Við viljum meira lýðræði, aðskilnað löggjafarvalds, dómsvalds og framkvæmdarvalds. Það er það sem fólkið kallar eftir. Eru menn bara blindir í þessum sal? Auðvitað á að klára þetta mál.

Það vekur mikla furðu að Sjálfstæðisflokkurinn skuli leggjast í þessa töf. Það er eins og Sjálfstæðisflokkurinn sé að verða verri en Vinstri grænir voru í að tefja framgang mála hér. [Frammíköll úr sal.] (Forseti hringir.) Allir þingflokkar vilja (Forseti hringir.) fá að klára þetta mál — nema Sjálfstæðisflokkurinn sem (Forseti hringir.) leggst þvert fyrir. (Forseti hringir.) Ég vona að virðulegur forseti hjálpi okkur að klára þetta mál til nefndar sem fyrst.

[15:19]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra svörin og ég get upplýst hann um að ég mun greiða fyrir því að hans ágæta mál um álver í Helguvík nái hér fram að ganga. Ég tel að það sé miklu brýnna mál fyrir fólkið í landinu en breytingar á stjórnarskránni. Stjórnarskráin mun ekki berjast gegn atvinnuleysi í landinu, minnka greiðslubyrði heimilanna eða endurreisa bankana. Það féll einn banki í dag og ég held að við ættum frekar að ræða það. (**Gripið fram í:** Þrír …)

Ég vil þó nefna það, hæstv. forseti, að ég man ekki eftir því (**Gripið fram í:** Á hvaða ...) að nokkur fordæmi séu fyrir því að lögð séu fram stjórnarfrumvörp af hálfu ráðherra sem helmingur ríkisstjórnarinnar styður ekki. Hér situr hæstv. iðnaðarráðherra, nokkuð lúpulegur, og hefur lagt þetta frumvarp fram, (**Gripið fram í:** … lúpulegur.) sem hæstv. menntamálaráðherra styður ekki og allir hennar flokksfélagar. (Forseti hringir.) Auðvitað er enginn bragur á þessu, herra forseti, (Forseti hringir.) og þetta mál sýnir og sannar að ríkisstjórnin (Forseti hringir.) er klofin í atvinnumálum og atvinnumálastefnu (Forseti hringir.) sinni.

[15:20]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

(**MÁ:** Númer átta.) Þar sem við ræðum hér um stjórnarskrána tel ég mikilvægt að við komum hingað upp og tjáum okkur um það hvernig aðferðafræðin er gagnvart breytingum á stjórnarskránni. Hér hafa menn í flimtingum, eins og hv. þm. Mörður Árnason, hvernig eigi að gera það, fara með það og tala í þinginu um stjórnarskrána. Stjórnarskráin er ekki eins og eitthvert plagg úti í bæ. Stjórnarskrána á að umgangast af virðingu. Við höfum breytt stjórnarskránni saman þrisvar sinnum síðan 1991 og við höfum náð að gera það í samkomulagi flokkanna. Í fyrsta sinn í sögunni er verið að breyta stjórnarskránni án samráðs allra flokka.

Það er líka rétt að vekja athygli á því að við ræðum hér um tillögur um stjórnlagaþing sem eru allt annars eðlis en tillögur Framsóknarflokksins. Ég spyr því Framsóknarflokkinn: Ætlar hann að styðja þetta frumvarp eða sitt eigið?

Það er líka merkilegt að upplifa það að þingflokksformaður Framsóknarflokksins (Forseti hringir.) kemur hingað upp og styður frekar að við ræðum breytingar (Forseti hringir.) á stjórnarskránni en atvinnuuppbyggingu í Helguvík. Það eru (Forseti hringir.) vond skilaboð til Suðurnesjamanna.

[15:22]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

(**MÁ:** Númer níu.) Hæstv. forseti. Sá einstæði atburður hefur gerst að hér á að breyta stjórnarskránni í fyrsta sinn án þess að nokkurt samráð sé haft við stærsta flokkinn í þinginu. Ekkert samráð í þinginu. Það er nú bara þannig. Síðan ætlast þingheimur til að við keyrum þetta í gegn og tjáum okkur helst ekkert um þessar breytingar, helst ekki neitt. Segir að við séum að tefja störf ef við ætlum að taka til máls um þessar breytingar. (**MÁ:** Númer níu.) Það er alveg með hreinum ólíkindum. Ég veit að þú kannt að telja, Mörður. (**MÁ:** Þakka þér fyrir.)

Það er líka mjög sérstakt að í ljósi þess að þegar Helguvíkurverkefnið var komið af stað voru 200–300 manns með vinnu við það. Núna eru það u.þ.b. 60. Þar gætu verið 1.000–2.000 manns með vinnu. Þeir eru hins vegar háðir fjármögnun og ef samningurinn sem á að koma fyrir Alþingi verður samþykktur lítur út fyrir að sú fjármögnun geti gengið eftir. (Forseti hringir.) Ef sú fjármögnun getur gengið eftir (Forseti hringir.) geta 1.000–2.000 manns fengið vinnu. (Forseti hringir.) Þetta er það sem við sjálfstæðismenn leggjum áherslu á númer eitt, tvö og þrjú. (Forseti hringir.) Varðandi stjórnlagaþingið (Forseti hringir.) hélt ég að það ætti að breyta stjórnarskránni. (Gripið fram í.) Treystið þið ekki stjórnlagaþinginu, hv. framsóknarmenn?

(**Forseti (GuðbH):** Ég bið hv. þingmenn að reyna að virða þann tíma sem er hverju sinni, sem er ein mínúta.)

[15:23]

Jón Magnússon (S):

(**MÁ:** Númer tíu.) Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir það að halda góða tölu á því hvernig menn koma upp í ræðustól. Það er hins vegar ekkert aðalatriði. Aðalatriði málsins er að við ræðum um það með hvaða hætti störfum Alþingis á að vera háttað. Hv. þm. Mörður Árnason ætti að gera sér grein fyrir að það skiptir gríðarlegu máli vegna þess að spurningin er hvernig menn forgangsraða. Það er eitt höfuðatriðið í stjórnmálum hvernig menn forgangsraða. Ljóst er að þessi ríkisstjórn forgangsraðar hvorki fyrir fólk né fyrirtæki í landinu hvað svo sem líður því sem hæstv. iðnaðarráðherra segir um eitthvert sýndarplagg um 4.000 störf. Það er ágætt að taka viljann fyrir verkið en við skulum bíða eftir verkinu, hæstv. iðnaðarráðherra.

[15:24]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

(**MÁ:** Númer ellefu.) Hæstv. forseti. Þau eru hálfmeinleg, þessi frammíköll hv. þm. Marðar Árnasonar. Þó að hann standi hér flissandi er ég ekki viss um að þjóðin óski eftir því að menn standi svona að málum eins og hér er gert á Alþingi. Það er algjör misskilningur hjá hæstv. iðnaðarráðherra að við hótum einhverju málþófi. (Gripið fram í.) Við bendum einfaldlega á að hér liggja fyrir mál sem þarf að koma hratt og örugglega í gegnum Alþingi til að þau geti farið að gagnast fólkinu í landinu og orðið til þess að endurreisa atvinnulífið og hjálpa heimilunum. En það er ekki áhugaefni hv. þingmanna Samfylkingarinnar sem leyfa sér að standa hér flissandi á hliðarlínunni. Það er hins vegar áhugaefni okkar að hægt sé að afgreiða þau mál sem snúa að atvinnumálum (Forseti hringir.) í landinu.

[15:26]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

(**BJJ:** Láttu þá nú heyra það.) Hæstv. forseti. Það er mjög merkilegt að upplifa tilveru Sjálfstæðisflokksins í stjórnarandstöðu, þá tilveru að eftir 18 ár sitja menn ekki í valdastólunum og ráða ekki því sem þeir vilja ráða, fá ekki lengur ráðið þeirri vegferð að fella þjóðina á bakið. Þetta eru auðvitað fráhvarfseinkenni, hæstv. forseti. Það er ekkert annað sem er að.

Um hvað erum við að fara að tala í stjórnarskipunarlögunum? Jú, eina atriðið sem sjálfstæðismenn voru nokkurn veginn sammála um í stjórnarskrárnefndinni, sem Jón Kristjánsson var formaður í, var að það var ekki rætt um stjórnlagaþing. Ef það er það sem sjálfstæðismenn vilja fá út, af hverju segja þeir það ekki? Vilja þeir stjórnlagaþingið út og er þá hitt sem þeir voru búnir að samþykkja — (**ArnbS:** Við vildum ræða stjórnarskipunarlög.) Er það það sem hægt er að klára, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir? Svo virðist vera. Þá eiga menn að segja það. Þetta eru ekki ný

mál, hvorki um auðlindir sjávar né að þjóðin fái að kjósa (Forseti hringir.) um mál sem hún metur mikils eða hvernig eigi að afgreiða stjórnarskrárbreytingar. (Forseti hringir.) (**Gripið fram í:** Við skulum ræða þetta …) Við skulum bara ræða þetta mjög hreinskilnislega, hv. þingmaður. (Forseti hringir.) Það veitir ekki af.

[15:27]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Magnússon kom hér upp og sagði að þessi ríkisstjórn væri ekki að forgangsraða. (Gripið fram í.) Á undan honum komu 10 sjálfstæðismenn og gagnrýndu dagskrá þingsins. (Gripið fram í.)

Hvernig var staðan þegar Sjálfstæðisflokkurinn var í ríkisstjórn fyrir áramót? Þá var ekki einu sinni forgangsraðað. Það var akkúrat ekkert gert. Og hér koma sjálfstæðismenn, slá sig til riddara og vilja tala um atvinnumál. Hvar eru tillögur þeirra í atvinnumálum? Hvernig brugðust þeir við efnahagshruninu og því þegar þrír bankar fóru á hliðina?

Þetta er dapurlegt, herra forseti, og ég held að afar brýnt sé að við ræðum hér stjórnarskipunarlög á eftir vegna þess að í þessu hruni kom í ljós (Gripið fram í.) að umgjörð þingsins, vald Alþingis er einfaldlega með þeim hætti að það verður að styrkja það. Það verður að breyta því og (Forseti hringir.) þess vegna þarf að fara í það að laga hér umgjörð (Forseti hringir.) og efla störf Alþingis.

Tilhögun þingfundar.

[15:29]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðu um dagskrármálin er lokið. Er óskað atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? (**Gripið fram í:** Hversu lengi hyggst forseti halda áfram?) Tímamörk að kvöldi hafa ekki verið ákveðin. (**Gripið fram í:** Inn í nóttina?) Inn í nóttina. (Gripið fram í.) Það er enginn sem óskar eftir atkvæðagreiðslu svo tillagan skoðast þá samþykkt.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]

Of skammt var liðið frá útbýtingu frhnál. 677. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Tilkynning um dagskrá.

[15:31]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Upp úr klukkan fjögur — það átti að vera 3:30 í dag — að loknum óundirbúnum fyrirspurnatíma fer fram utandagskrárumræða um endurreisn efnahagslífsins. Málshefjandi er hv. þm. Birkir J. Jónsson. Hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 3. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í rúma klukkustund.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Atvinnumál.

[15:32]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ríkisstjórnin kynnti í síðustu viku fjögur þúsund ný störf til sögunnar og ég fagna því að þær tillögur koma fram. Sumt af þessu eru gamlir kunningjar, annað er nýmæli. Þegar maður fer yfir þær er margt athyglisvert að sjá og margt er að sjálfsögðu hægt að taka undir eins og t.d. störf er tengjast nýsköpun. Ég vil sérstaklega taka fram að ég tel mjög fýsilegt að við könnum skattumhverfið sem tengist framlögum í sprotafyrirtæki og þau fyrirtæki sem eru starfandi og stuðla að eflingu rannsókna og þróunar. Við eigum að leita allra leiða til þess að skoða hvort það fjölgi ekki einmitt störfum. Við vitum það bæði tvö, ég og hæstv. iðnaðarráðherra, að við höfum fyrirtæki, hvort sem það eru Össur, Marel eða CCP, þar sem getum við fjölgað störfum ef skattumhverfinu er breytt.

Ég efast um að sumar tillögur, eins og þær sem tengjast fiskvinnslunni, séu raunhæfar, en þær kalla alla vega á lagabreytingar eins og þau þúsund störf sem eiga að fást í gegnum nýsköpunarverkefnin.

Það sem ég hjó eftir þegar ég las fréttatilkynningu ríkisstjórnarinnar var að sá ég ekki betur en að tillögurnar kalli á a.m.k. fjögur til fimm lagafrumvörp. Því spyr ég, ekki síst í ljósi umræðunnar sem var hér áðan með tilliti til dagskrár þingsins, sem er þröng — við höfum ekki mjög mikinn tíma í þinginu, hugsanlega fram eftir marsmánuði: Hvar eru þau frumvörp? Ef hugur fylgir máli, af hverju lagði ríkisstjórnin þá ekki fram þau fimm frumvörp sem eru til þess fallin að stuðla að fjölgun starfa?

Það mun ekki standa á okkur sjálfstæðismönnum þegar við fáum þau frumvörp til umræðu í þinginu. En hvar eru frumvörpin til að fylgja eftir þessum fjögur þúsund störfum, t.d. eins og varðandi nýsköpun og þróun? Við þurfum að breyta þar skattumhverfinu. Hvar er frumvarpið um rannsóknir (Forseti hringir.) og þróun í tengslum við rekstur fyrirtækja?

[15:34]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur fyrir jákvæðar undirtektir gagnvart þeim pakka sem ríkisstjórnin kynnti sl. föstudag. Það er reyndar í takt við fyrra samstarf okkar í ríkisstjórn þar sem hv. þingmaður hafði verulegan áhuga, sérstaklega á þeim málum sem hún drap á áðan.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að það eru u.þ.b. fjögur til fimm frumvörp sem þyrfti að samþykkja til að þessi pakki mundi virka. Hv. þingmaður spyr hvar þau séu á vegi stödd. Ekkert þori ég að fullyrða um það en eitt þessara frumvarpa er a.m.k. á lokastigum afgreiðslu í þinginu. Það varðar virðisaukaskatt og endurgreiðslu á byggingarstað á

virðisaukaskatti á störfum iðnaðarmanna sem er hækkuð úr 60% í 100%. Í meðförum þingsins breyttist það þannig að inn í það voru teknar byggingar sveitarfélaga og sumarbústaðir.

Frumvarp sem tengist fjölgun fólks á listamannalaunum held ég að sé líka komið inn í þingið. (Gripið fram í.) Það er atvinnuskapandi, það skapar 33 ný störf og það munar um þau, hv. þingmaður.

Frumvarp sem varðar hækkun á endurgreiðslu vegna kostnaðar við kvikmyndaframleiðslu á Íslandi var samþykkt í þingflokkum stjórnarinnar á fundi fyrr í dag og var samþykkt á ríkisstjórnarfundi á föstudaginn.

Það frumvarp sem hv. þingmaður drepur á sem varðar skattumhverfi nýsköpunarfyrirtækja er ógert. Það var tillaga sem ég fékk samþykkta í ríkisstjórninni og gekk út á að sett yrði niður nefnd með stjórnvöldum og forustumönnum m.a. þeirra fyrirtækja sem hún nefndi. Samkvæmt útreikningi þeirra getur það skapað þúsund störf. Tillögurnar byggja á hugmyndum þeirra og miða að því að innri vöxtur þessara fyrirtækja, sem eru alþjóðleg útflutningsfyrirtæki, eins og hv. þingmaður veit, verði á Íslandi. Við getum ekki óskað eftir því að íslensk, alþjóðleg útflutningsfyrirtæki segi upp fólki erlendis til þess að flytja störf hingað en við getum skapað umhverfi sem leiðir til þess að innri vöxturinn og fjölgun starfa verði hér á landi.

Ég vonast til þess (Forseti hringir.) að sú ríkisstjórn sem situr eftir kosningar muni taka þetta (Forseti hringir.) mál upp og leggja það fram á vorþingi.

[15:36]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Það er rétt sem kom fram í máli hæstv. iðnaðarráðherra, við vorum oftar en ekki samherjar þegar kom að tillögum varðandi rannsóknir og þróun. Ég fagna líka sérstaklega endurgreiðsluhlutfallinu varðandi kvikmyndagerðina, ég held að það skipti miklu máli að laða að fólk til þess að taka upp myndir hér á landi.

Engu að síður er ég nokkuð undrandi varðandi störf tengd rannsóknum og þróun, miðað við hvernig málið var lagt upp í síðustu ríkisstjórn, ég hélt að málið væri komið lengra. Ég er að tala um þúsund störf. Það er 1/4 af þeim tillögum sem ríkisstjórnin setur fram, hún segir: Þúsund störf í nýsköpun. Þá er grátlegt að málið skuli ekki vera komið lengra en að setja eigi málið í nefnd og í hendur sérfræðinga til þess að breyta skattumhverfinu.

Ég mun að sjálfsögðu styðja það en mér finnst vont að frétta að við sjáum ekki fram á fjölgun upp á þúsund störf í nýsköpunargeiranum af því að það á eftir að setja málið í nefnd. Ég hefði kosið að sjá frumvarp (Forseti hringir.) um eflingu rannsókna og þróunar hjá fyrirtækjum, hjá (Forseti hringir.) sprotafyrirtækjum, það hefði raunverulega þýtt þúsund störf.

[15:37]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég gæti komið hingað nokkuð þykkjuþungur út af svari hv. varaformanns Sjálfstæðisflokksins. Hún veit fullvel af hverju þetta mál er ekki lengra komið og af hverju það fór aldrei í gegnum ríkisstjórn í tíð síðustu ríkisstjórnar. Ég ætla ekkert að rifja það upp hér.

Staðreyndin er einfaldlega sú að þetta mál er komið á rekspöl en það fór ekki á rekspöl fyrr en ný ríkisstjórn tók við. Það vill svo til að í liði núverandi ríkisstjórnar og í liði þeirra sem styðja hana er fólk eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir og hv. þm. Höskuldur Þórhallsson sem hafa sýnt þessu máli skilning og stuðning umfram marga aðra í öðrum flokkum. Það er þess vegna m.a. sem málið er komið á þennan rekspöl.

Hv. þingmaður þarf ekkert að segja við mig um að það sé lítið að finna í þessum pakka, þetta eru ríflega fjögur þúsund ársstörf. Ég hefði vel getað teygt það með skapandi hugsun upp í fimm þúsund störf. En ef menn lesa textann sem ég lagði fram í ríkisstjórn var alltaf tekin lægsta talan af varfærnisástæðum vegna þess að ég vil ekki búa til væntingar sem ég get ekki staðið við.

Skerðing bóta almannatrygginga vegna lífeyrisgreiðslna.

[15:38]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra hvað líði því að skoða samhengi skerðingar að því er varðar greiðslur úr almennum lífeyrissjóðum.

Á undanförnum árum höfum við sett frítekjumark að því er varðar tekjur, atvinnutekjur, fjármagnstekjur, séreignarsparnað, o.s.frv. Út af stendur hins vegar að ef fólk fær 10 þúsund kr. greiðslu úr almennum lífeyrissjóði skerðir það enn þá grunnlífeyrinn frá Tryggingastofnun og er í raun og veru eina greiðslan sem eldri borgarar og öryrkjar fá. Þó að öryrkjar eigi margir hverjir því miður lítinn rétt í lífeyrissjóðum er þetta samt eina greiðslan sem skerðir nú beint án þess að hafa frítekjumark.

Ég hefði talið að sú stefnumótun sem lagt var upp með og hefur verið unnið eftir kannski síðustu þrjú, fjögur árin, að búa til allt að 100 þús. kr. frítekjumark eins og varðandi atvinnutekjur og fjármagnstekjur, sé eitthvað sem við ættum að líta til varðandi lífeyristekjurnar úr almennum lífeyrissjóðum og setja það í samræmi. Það er mikil ástæða til þess einmitt eins og nú árar í þjóðfélaginu þegar fólk lendir í því að missa vinnuna og er komið á þann aldur að það getur nýtt sér lífeyrisrétt sinn en fær þá skerðingar út á nánast hverja krónu sem það fær greitt.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvað hún hyggst gera að því er varðar frítekjumark.

[15:41]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir þessa spurningu sem er alveg tímabær. Eins og sakir standa er að störfum nefnd undir forustu Stefáns Ólafssonar sem er að vinna að þeim málum sem snúa að skerðingum í almannatryggingakerfinu, að einfalda kerfið og gera það gagnsærra. Þeir munu einmitt taka á þessum þætti.

Ég er mjög sammála hv. þingmanni að það þarf að sam-

ræma þessi ákvæði og setja frítekjumörk. Það er ekki eðlilegt að einar tekjur skerði og aðrar ekki. Þessi nefnd er einmitt að vinna að því máli og ég á von á því að fá tillögur nú í þessum mánuði frá nefndinni — ég vonast til þess að fá þær núna áður en þessi mánuður er á enda — sem ég mun skoða og síðan tala við hagsmunaaðila lífeyrisþega, bæði öryrkja og eldri borgara, þar sem málin verða skoðuð. Ég tel þetta vera mjög brýnt mál og mun leggja áherslu á það meðan ég er í félagsmálaráðuneytinu að þessi vinna gangi hratt og vel fyrir sig.

[15:42]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra vel fyrir góð og skýr svör og fagna því að hún tekur undir það sem ég spurði um að því er varðar þessa stefnumótun og vænti þess að það gangi fram fyrr en seinna. Það er ekki langur starfstími eftir hjá þessari ríkisstjórn en vonandi næst stefnumótun í þessa veru fram sem lýtur að því að við tökum upp einhvers konar jafnræðisreglu að því er varðar tekjur úr lífeyrissjóðum miðað við aðrar tekjur og skerðingarreglur hjá Tryggingastofnun.

Ég vil minna á það í lokin, um leið og ég endurtek þakkir mínar fyrir svarið, að við höfum lagt fram þingmál í Frjálslynda flokknum um þetta atriði og útfærslu og bendi ráðherranum á það. Ég treysti því að mál sem mælt hefur verið fyrir í þinginu séu einnig til skoðunar í viðkomandi nefnd.

[15:43]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég get tekið aftur undir með hv. þingmanni. Ég tel eðlilegt og veit reyndar að þessi nefnd skoðar allar þær tillögur sem fram hafa komið og þekkir tillöguna sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson vitnar í. Ég tek undir að gæta þarf jafnræðis og gagnsæis. Almannatryggingakerfið, sem er svo mikilvægt öllum þeim sem á það þurfa að treysta, þarf að vera skiljanlegt og öllum aðgengilegt. Nefndin er með það að leiðarljósi og ég talaði við formanninn um mikilvægi þess að nefndin fari að skila mér tillögum. Hún skilaði tillögum fyrir rúmu ári síðan sem þegar eru orðnar að lögum sem fyrirrennari minn, núv. hæstv. forsætisráðherra, mælti fyrir í þinginu. En nú er sem sagt komið að (Forseti hringir.) næsta þætti og ég geri ráð fyrir að fá slíkar tillögur í þessum mánuði, eins og ég sagði áðan.

Álver á Bakka.

[15:45]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Á dagskrá Alþingis seinna í dag er heimild til samninga við álverið í Helguvík, afar brýnt og gott mál. Það er jákvætt að mínu mati að stjórnvöld ætli að koma og veita því verkefni liðsinni, enda um rúmlega 1.500 manns atvinnulausir á Suðurnesjum öllum. Það eru líka margir atvinnulausir annars staðar á landinu, á Norðurlandi eystra voru 27. febrúar sl. 1.583 menn á atvinnuleysisskrá. Heimamenn í Þingeyjarsýslum hafa verið samstiga og áfram um að reisa álver á Bakka við Húsavík. Það hefur ríkt mikil sátt og samlyndi um þessa uppbyggingu og má segja að Akureyringar og Eyfirðingar styðji heimamenn í að nýta þá orku sem þar er að finna. En nú gerðist það rétt fyrir áramót, eða réttara sagt fyrr í sumar, að stjórnvöld lögðu stein í götu þess verkefnis þegar fyrrverandi umhverfisráðherra úrskurðaði að tiltekið verkefni ætti að fara í sameiginlegt umhverfismat.

Við bentum á að það mundi tefja verkefnið og það mundi líka líklega brjóta lög og þá sérstaklega stjórnsýslulög. Umboðsmaður Alþingis staðfesti þennan grun okkar sem bentum á þetta og hefur úrskurðað að þessi úrskurður fyrrverandi umhverfisráðherra sé í rauninni kolólöglegur.

Í ljósi alls þessa spyr ég hæstv. iðnaðarráðherra hvort hann vilji beita sér sérstaklega varðandi framkvæmdir við álverið á Bakka, eins og hann hefur gert varðandi Helguvík.

[15:47]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þau jákvæðu orð sem hann hefur látið hér falla um ýmis verk mín á Alþingi. Það er greinilegt að í sumum flokkum njóta þau fylgis, kannski ekki öllum. Það er alveg hárrétt hjá honum að þær framkvæmdir sem hugsanlega fara af stað í krafti þess fjárfestingarsamnings sem verður ræddur hér síðar í dag um Helguvík skipta mjög miklu máli. Ég hef einu sinni sagt þinginu hversu miklu, sagði 7.000 störf. Það hefur verið endurreiknað af öðrum sérfræðingum og það eru á milli 8.000 og 9.000 störf. Það segi ég til að undirstrika hvað það skiptir miklu máli inn í andrúmsloft atvinnuleysis sem hér ríkir.

Hv. þingmaður spyr mig síðan um álver á Bakka og hvort ég vilji beita mér fyrir því með sama hætti. Nú er staðan þannig, eins og hv. þingmaður veit, að ég hef beitt mér fyrir því, ég hef beitt mér fyrir framgangi þess máls í t.d. mínum þingflokki og sannarlega hefur framganga mín í því ekki orðið til þess að hækka mig á vinsældalista … (Gripið fram í.) Til dæmis, hv. þingmaður. Málið er hins vegar í farvegi núna. Sá farvegur er framhaldið sem ég undirritaði og framlengingin á samstarfsyfirlýsingu milli ríkis, Alcoa og Norðurþings. Þar er staðan þannig að ríkið og sveitarfélagið eru búin að standa við sína hluta en hins vegar hefur Alcoa frest fram á haustið á þessu ári til að taka sína ákvörðun. Eftir því er beðið.

Ég get ekki sagt hv. þingmanni stöðuna nákvæmlega varðandi afstöðu Alcoa í þessu máli aðra en þá að forustumenn félagsins hér á Íslandi hafa undirstrikað og staðfest mjög rækilega áhuga sinn á þessu. Hæstv. samgönguráðherra hefur haldið um þetta ræður, m.a. vegna þess að hann hefur beitt sér fyrir því að gerð verði jarðgöng um Vaðlaheiði, m.a. til að auðvelda það að þetta svæði verði einn vinnumarkaður. Eins og hefur komið fram í fréttum er hæstv. samgönguráðherra að beita sér fyrir því að hugsanlega verði ráðist (Forseti hringir.) í þau í gegnum einkaframkvæmd. Það mundi skipta miklu (Forseti hringir.) máli inn í atvinnulífið og efnahagslíf okkar núna.

[15:49]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hló aðeins þegar hæstv. iðnaðarráðherra minntist á Vaðlaheiðar-

göng. Þetta var eina kosningaloforð Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi fyrir síðustu alþingiskosningar. (**Samgrh.:** Nei, nei.) Þau áttu að koma strax og þau áttu að vera gjaldfrjáls. En þegar hæstv. samgönguráðherra, (**Samgrh.:** Miklu fleiri.) sem gjammar núna fram í, fékk lykilinn að samgönguráðuneytinu sagði hann af því tilefni að þau mundu frestast og þau yrðu síður en svo gjaldfrjáls.

Einnig var minnst á það að Samfylkingin vildi beita sér fyrir uppbyggingu álvers á Bakka. Því miður er Samfylkingin klofin í þessu máli, en það er alveg ljóst eins og sást varðandi atvinnuuppbygginguna á Austurlandi — og þar er staðan betri — og núna varðandi álverið í Helguvík verða þessi verkefni ekki að veruleika nema stjórnvöld komi þar að. Þess vegna ítreka ég það að hæstv. iðnaðarráðherra verður að beita sér (Forseti hringir.) í því máli eins og hann er að gera núna varðandi Helguvík.

[15:50]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Það gleður mig að hv. þm. Höskuldur Þórhallsson skuli vera glaður í dag og hafa skopskynið í lagi. Hv. þingmaður mun ekki hlæja dátt að hæstv. samgönguráðherra nema þá í fagnaðarskyni þegar hann ekur í fyrsta skipti í gegnum Vaðlaheiðargöngin. Hv. þingmaður sagði að hæstv. samgönguráðherra og Samfylkingin hefðu lofað þessu í upphafi kjörtímabilsins, og bætti því við að því yrði lokið fyrir enda kjörtímabilsins. Hefur það farið fram hjá hv. þingmanni að það urðu hér stjórnarslit? Hefur það farið fram hjá hv. þingmanni, m.a. að kröfu Framsóknarflokksins, að það er búið að boða til þingkosninga í vor, þannig að kjörtímabilið sem átti að vera fjögur ár verður ekki nema tæplega tvö ár? Hugsanlega hefur það farið fram hjá hv. þingmanni. Í öllu falli vona ég að hann verði glaður áfram, ég vona líka innilega að hv. þingmaður og hv. þm. Birkir Jón Jónsson verði báðir mjög glaðir í lok næstu helgar. Í öllu falli segi ég að það hefur ekki skort á minn vilja í þessu máli, það eru aðrar aðstæður sem hafa (Forseti hringir.) leitt til þess að það er ekki komin ákvörðun. Og hv. þingmaður þarf ekkert að segja mér um viðureign mína við minn eigin þingflokk um þetta mál.

Innheimtuaðgerðir vegna afnotagjalda RÚV.

[15:52]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um innheimtuaðferðir Ríkisútvarpsins. Í síðustu viku var í auglýsingatíma útvarpsins greint frá því hvert fyrirkomulag yrði á innheimtu afnotagjalda. Þar lýsti Ríkisútvarpið því yfir að menn hefðu ákveðinn tíma til að gera upp afnotagjöld fyrir árið 2008 en jafnframt kom fram að fyrir ákveðna dagsetningu hótaði Ríkisútvarpið mjög hörðum innheimtuaðgerðum og ætlaði að senda allar kröfur til lögfræðinga.

Efnislega kom sem sagt fram sú ætlun RÚV að allar ógreiddar kröfur yrðu innheimtar hjá lögfræðingum, með viðeigandi ráðstöfunum sem við þekkjum hverjar eru, hafi menn ekki gert upp skuldir sínar. Ástæðan fyrir því að ég spyr hæstv. menntamálaráðherra um þetta er auðvitað sú að stjórnvöld hafa lýst því yfir að það eigi að milda innheimtuaðgerðir. Því hefur verið beint til ríkisstofnana að fara varlega í innheimtuaðgerðir. Nú vitum við að afnotagjöld Ríkisútvarpsins eru einmitt af þeim toga að slíkar kröfur eru oft þær fyrstu sem fólk frestar að borga og ef um er að ræða kröfur sem urðu til síðla árs 2008 kemur kannski ekki beint á óvart að um einhver vanskil sé þar að ræða.

Mig langar að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort henni hafi verið kunnugt um þessar fyrirætlanir Ríkisútvarpsins, hvort hún hyggist afla sér einhverra upplýsinga um hvort þetta sé með þessum hætti og hvort þetta sé ætlunin þar. Enn fremur langaði mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort henni finnist þetta vera í samræmi við þær yfirlýsingar sem ríkisstjórnin hefur gefið á sviði innheimtumála núna undanfarnar vikur. Ekki er hægt að sjá betur en svo að þau mál, sem þó eru komin inn í þingið, eigi að vera einmitt þess eðlis að hjálpa fólki í vandræðum. Mig langar að vita hvernig þetta rímar við það.

[15:54]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina og bara svo því sé svarað hreint og beint var mér ekki kunnugt um að til stæði núna að fara í einhverjar sérstakar innheimtuaðgerðir sökum vangoldinna afnotagjalda en ég mun afla mér upplýsinga. Hv. þingmaður spyr einnig um það hvernig að því verði staðið, ég mun kynna mér það líka í ljósi þessara umræðna.

Ég tel eðlilegt að ríkisstofnanir, að sjálfsögðu, gangi mildilega fram núna í öllum innheimtuaðgerðum. Það á að sjálfsögðu við um Ríkisútvarpið eins og aðrar ríkisstofnanir. Ég mun skoða þetta mál og kanna hvort gengið sé hart fram í þessum efnum. Þetta er líklega eitt af síðustu skiptunum sem innheimt verða afnotagjöld eins og hv. þingmanni er kunnugt þar sem verið er að breyta formi á innheimtu gjalda til Ríkisútvarpsins í svokallað útvarpsgjald. Sú innheimta mun breytast en ég mun taka til greina þær ábendingar sem hér koma fram og kanna hvernig að þessum málum er staðið hjá Ríkisútvarpinu.

[15:55]

Ólöf Nordal (S):

Hæstv. forseti. Ég hélt að það hefði verið þannig að ríkisstjórnin eða ráðuneytin hefðu farið fram á það við einstakar stofnanir eða sent þeim bréf eða einhvers konar tilkynningar um það að fara með gát. Þess vegna var mér satt að segja svolítið brugðið þennan morgun þegar ég ók hingað til þingsins að þetta skyldi vera síðasta auglýsing fyrir fréttir, að Ríkisútvarpið hótaði lögfræðingum og málssóknum á hendur þeim sem ættu ógreidd afnotagjöld, ekki síst í ljósi þess að við erum að fara að gera þessar breytingar. Það kom einkennilega við mig að heyra þetta og ég veit að það á við um fleiri. Þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til að gera athugun á þessu og enn fremur langar mig að beina því til ríkisstjórnarinnar hvort ekki sé tekið mark á þeim tilmælum sem farið hafa til stofnana.

[15:56]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að athuga það. Það er

náttúrlega ljóst að þau tilmæli fóru út en þetta hefur auðvitað einkum átt við kannski um banka og lánastofnanir sem eru í eigu ríkisins. Þar höfum við fengið mest af ábendingum um þessa hluti.

Mér hafa í mínu starfi sem ráðherra ekki borist ábendingar um innheimtuaðgerðir RÚV, að þær hafi á nokkurn hátt verið óeðlilegar í þann tíma sem ég hef gegnt embætti ráðherra. En ég mun kanna þetta í ljósi þessarar tilkynningar frá því í morgun, hvernig að þessu er staðið.

Yfirtaka ríkisins á Straumi fjárfestingarbanka.

[15:57]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég ætlaði að beina fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra vegna atburða dagsins sem átt hafa sér stað á fjármálamarkaði. Það eru mikil og djúpstæð vonbrigði að ríkið hafi nú tekið yfir starfsemi Straums fjárfestingarbanka og skipað bankanum skilanefnd. Þetta eru vonbrigði fyrir fjármálakerfið, fyrir eigendur bankans, fyrir stjórnendur hans og ekki síður fyrir starfsfólkið og sár vonbrigði fyrir okkur sem störfum á vettvangi stjórnmálanna og vonuðum að Straumur fjárfestingarbanki mundi lifa þetta efnahagshrun af án þess að ríkið þyrfti að yfirtaka bankann eftir það sem á undan hafði gengið varðandi Kaupþing, Landsbankann og Íslandsbanka.

Nú liggur það fyrir að ríkið hefur tekið Straum fjárfestingarbanka yfir og skipað honum skilanefnd, og það er fyrsti bankinn sem fer á hliðina í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þess vegna tel ég mikilvægt að fá upplýsingar um það til hvaða aðgerða hæstv. viðskiptaráðherra ætlar að grípa og hvernig hann sjái framhaldið fyrir sér.

Það er ljóst að skuldir hins opinbera hafa aukist verulega og ég sé í erlendum fjölmiðlum að menn telja að fall Straums hafi miklar afleiðingar fyrir þjóðarbúið. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hversu miklar skuldbindingar falli á ríkið vegna yfirtöku Straums, hversu háar fjárhæðir eru tryggðar af ríkinu og þar með skattgreiðendum og framtíðarkynslóðum. Hvernig ætla stjórnvöld að halda utan um eignir bankans sem eru verulegar, þ.e. um 600 milljónir evra, og hvert verður síðan framhaldið? Verður farin sama leið með Straum og hina bankana (Forseti hringir.) eða má búast við því að bankinn haldi áfram í greiðslustöðvun og verði þá í framhaldinu tekinn (Forseti hringir.) til gjaldþrotaskipta?

[15:59]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að það voru talsverð vonbrigði að Straumur skyldi fara í þrot í morgun, en því miður voru aðstæður ekki betri en svo að þetta varð niðurstaðan.

Varðandi skuldir eða skuldbindingar hins opinbera vegna þessa er því til að svara að sem betur fer stefnir ekki í að þetta hafi nein umtalsverð áhrif á fjárhag hins opinbera þótt auðvitað hafi það einhver áhrif á fjárhag hins opinbera þegar fyrirtæki sem er umsvifamikið í rekstri fer á hliðina eða fer í þrot. Bankinn starfaði ekki með neinni sérstakri ábyrgð ríkisins annarri en þeirri sem nær til innstæðna. Endanlegt mat á þeim innstæðum liggur ekki fyrir en það virðist vera eitthvað nálægt 60 milljörðum króna sem falla undir innstæðutryggingar íslenska ríkisins. Á þessari stundu er ekkert sem bendir til annars en að bankinn eigi eignir á móti þannig að það er ekkert sérstakt útlit fyrir að þetta falli á ríkið. Auðvitað hljótum við að vona að það gangi eftir.

Bankinn er núna kominn í umsjá skilanefndar og hún tekur allar ákvarðanir um rekstur og ráðstöfun eigna næstu daga. Síðan geri ég ráð fyrir því að frumvarp um slit fjármálafyrirtækja nái fram að ganga hér á þingi og þá mun það marka umgjörðina um það hvernig farið verður með bankann. Ég á ekki von á að þessum banka verði haldið gangandi í sama skilningi og nýir bankar voru (Forseti hringir.) reistir á grundvelli bankanna þriggja sem hrundu í haust (Forseti hringir.) þannig að ég geri ráð fyrir að það verði mun umsvifaminni rekstur sem tengist þessu þrotabúi en í þeim þrem fyrirtækjum.

[16:02]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er upplýsandi að vita að rekstur bankans verður ekki jafnumfangsmikill og hinna bankanna þriggja. Hins vegar eru verulegir hagsmunir í húfi fyrir ríkissjóð og fjármálakerfið. Eftir því sem ég kemst næst má ætla að eignir bankans séu um 600 millj. evra og eiginfjárhlutfall hans 16% þannig að gríðarlega mikilvægt er að vel sé utan um þetta haldið.

Ég vil því leggja áherslu á að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um næstu skref í málinu og stefnumörkun hans varðandi bankana að öðru leyti. Ég hef sjálfur lagt áherslu á það að ríkissjóður reyni að lágmarka skuldbindingar sínar út af endurreisn bankanna (Forseti hringir.) og vona svo sannarlega að fall Straums verði ekki til þess að fella (Forseti hringir.) frekari ábyrgðir á ríkissjóð.

[16:03]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni. Ég vona að þetta verði ekki til þess að frekari ábyrgðir eða aðrar búsifjar falli á ríkið. Nú er það í raun og veru í höndum skilanefndarinnar að reyna að sjá til þess að þessar eignir verði sem best nýttar, þ.e. að fyrir þær fáist sem mest fé og þar með er reksturinn í reynd í höndum þeirra og það verður einhver takmarkaður rekstur sem snýr að því að halda utan um þessar eignir og koma þeim í verð. Þetta er ansi flókið verkefni vegna þess að bankinn starfaði á mörgum sviðum og í mörgum löndum, en þó mun einfaldara verkefni en þegar stóru bankarnir þrír fóru í haust, vegna þess að viðskiptavinir og útibú eru svo miklu færri.

Umræður utan dagskrár.

Endurreisn efnahagslífsins.

[16:04]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Hafi einhvern tíma verið ástæða til að ræða stöðu efnahagsmála á Alþingi þá er það á degi eins og þessum þegar við horfum upp á það að skilanefnd hefur

verið sett yfir starfsemi Straums – Burðaráss fjárfestingabanka hf. og er það fjórða stóra fyrirtækið á sviði fjármálamarkaðar sem er sett undir sérstaka skilanefnd. Á þessum tímum þar sem hver fjármálastofnunin á fætur annarri riðar til falls, fyrirtæki verða gjaldþrota og heimili standa frammi fyrir gríðarlegum skuldbindingum og atvinnuleysi er eðlilegt að í samfélaginu vakni ákveðnar spurningar og krafa um svör. Ég hef þessa umræðu um efnahagsmálin með það að markmiði að almenningur í landinu fái svör um hvað ríkisstjórnin ætlar sér að gera á næstu dögum og vikum, sem eru mjög mikilvægar í sögu þjóðarinnar því ekki er sama hvernig við höldum á málum á næstunni.

Við framsóknarmenn kynntum á dögunum efnahagstillögur okkar. Þær eru síður en svo hafnar yfir gagnrýni en að þeim var þannig staðið að fjölmargir hagfræðingar og sérfræðingar á sviði efnahagsmála komu að því að semja þær og það tók margar vikur. Það voru því mikil vonbrigði fyrir okkur framsóknarmenn að heyra undirtektir frá ýmsum aðilum sem virtust einungis þurfa nokkrar klukkustundir til að slá tillögurnar út af borðinu. Við þurfum að ná samstöðu hér á vettvangi Alþingis um ákveðnar leiðir til að koma til móts við erfiða stöðu atvinnulífsins og heimilanna og við þurfum að ná samstöðu um það á þessum vettvangi og með það að markmiði lögðum við framsóknarmenn tillögurnar fram.

Þessar tillögur eru ekki settar fram til að slá einhverjar pólitískar keilur heldur til að forða íslensku þjóðfélagi frá mögulegu kerfishruni. Sannfæring mín er að verði ekkert að gert — og ef við ætlum að fljóta sofandi að feigðarósi — geti verið raunveruleg hætta á mögulegu kerfishruni og jafnvel upplausn í íslensku samfélagi. Við skulum átta okkur á því.

Með þessari umræðu vil ég inna hæstv. forsætisráðherra eftir því hvort hún taki efnislega undir þær fjölmörgu hugmyndir sem við framsóknarmenn höfum lagt fram á síðustu vikum til að koma til móts við yfirgengilegan vanda heimila og fyrirtækja. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra nokkurra spurninga:

Hvenær sér ráðherrann fyrir sér að vaxtalækkunarferli geti hafist? Við leggjum mikla áherslu á að það hefjist sem fyrst því við horfum upp á að allt lausafé fyrirtækja í landinu er að þurrkast upp og staða margra heimila er óviðunandi í ljósi hárra stýrivaxta. Ég spyr ráðherrann líka að því hvenær búast megi við því að stofnefnahagsreikningur bankanna liggi fyrir. Það verður að gerast sem allra fyrst því bankarnir munu ekki verða starfhæfir fyrr en það liggur fyrir.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hver hennar skoðun sé á því að erlendir kröfuhafar eignist hlut í ríkisbönkunum. Við framsóknarmenn teljum mikilvægt að þeir komi að eignarhaldi á bönkunum því það mundi vafalaust opna nýjar lánalínur gagnvart útlöndum og auka á trúverðugleika íslensks efnahagslífs og veitir svo sannarlega ekki af.

Ég spyr ráðherrann hver skoðun hennar er á því að semja við eigendur jöklabréfanna um hvort og hvernig þeir fara með þá fjármuni úr landi. Niðurstaða slíkra viðræðna er ein af grunnforsendum þess að við getum aflétt gjaldeyrishöftum hér á landi, sem færðu íslenskt efnahagslíf í einu vetfangi áratugi aftur í tímann. Við höfum líka hreyft við þeirri hugmynd að lífeyrissjóðir megi eiga viðskipti með gjaldeyri og að sérstökum uppboðsmarkaði með gjaldeyri verði komið á fót þannig að lífeyrissjóðirnir geti komið með fjármagn sitt inn í landið á hagstæðum kjörum. Mikilvægt er að lífeyrissjóðirnir geti komið að uppbyggingu atvinnulífsins og ekki veitir af því að atvinnulífið fái þá innspýtingu sem það þarf á að halda. Þess vegna teljum við mikilvægt að þessum uppboðsmarkaði verði komið á fót þannig að erlendir aðilar sem eiga fjármuni hér á landi getið farið með þá út úr landinu en aftur á móti geti lífeyrissjóðirnir komið með fjármuni sína inn í landið á hagstæðum kjörum. Það er mjög mikilvægt, hæstv. forseti, að við fáum svör við þessari spurningu.

Ég vil líka inna fjármálaráðherra, af því að hann er viðstaddur þessa umræðu, sérstaklega eftir því hvernig hann sjái stöðu sparisjóðanna í landinu til framtíðar. Er unnið markvisst að því í ráðuneyti hans að styrkja stöðu sparisjóðanna og þá ekki hvað síst stöðu sparisjóða á landsbyggðinni? Því miður er framtíð sparisjóðanna nokkuð óljós en miðað við málflutning hæstv. ráðherra á undangengnum vikum og árum eru skoðanir hans mjög skýrar í því að við eigum að varðveita sparisjóðaformið. Því er mikilvægt að menn vinni að því og styrki sparisjóðakerfið í landinu.

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin þarf síðast en ekki síst að móta sér stefnu um það hvernig við viljum sjá uppbyggingu íslensks atvinnulífs í framtíðinni. Ríkisstjórnin þarf jafnframt að senda bönkunum sem eru í ríkiseigu skýr skilaboð. Ríkisbankarnir eiga orðið bílasölur og verktakafyrirtæki og miðað við þær fréttir og spár sem við heyrum er áætlað að um 3.500 fyrirtæki fari í þrot á næsta ári, á næstu 12 mánuðum. Við hljótum að spyrja okkur að því: Á ríkið að eiga þessi 3.500 fyrirtæki eða ætla menn að koma til móts við raunverulega þörf atvinnulífsins og afskrifa hluta af þeim lánum sem hafa hækkað svo gríðarlega í ljósi gengishruns krónunnar og þar af leiðandi mikillar verðbólgu? Ætlar ríkisstjórnin sér að eignast öll þessi fyrirtæki, að ríkisbankarnir eigi þau, eða er hún á því að þau eigi að vera einkarekin áfram? Ég vara mjög við því að feta í fótspor Sovétríkjanna sálugu þannig að allt verði ríkisins hér. Að mínu viti má það ekki verða hið nýja Ísland, þannig að gott væri að heyra hæstv. fjármálaráðherra lýsa því hvernig við horfum á framtíðareignarhald á íslensku atvinnulífi. Á íslenskt atvinnulíf að vera jafnvel 70–80% í eigu ríkisins? Það er eðlilegt að spurt sé. Við þessu þurfum við að fá svör.

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn teljum að í því sérstaka ástandi sem nú ríkir hér á landi þurfi að ráðast í róttækar aðgerðir, ekki einhverjar smáskammtalækningar eða frestun á vandanum. Ef við frestum vandanum fram á haustið getum við horfst í augu við ómögulega stöðu, ástand sem getur leitt til algers glundroða í íslensku samfélagi, kerfishruns. Við verðum að afstýra því.

Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar tala mikið um hversu dýrar efnahagstillögur Framsóknarflokksins eru. En við skulum nálgast málið frá öðru sjónarhorni. Hver er ávinningurinn af því fyrir íslenskt samfélag og íslenskan almenning að forðast mögulegt kerfishrun? Hverjir verða í góðum málum á Íslandi ef við horfum upp á íslenskt efnahags- og atvinnulíf hrynja? Það eru mjög alvarleg tíðindi sem við

heyrum úr íslensku atvinnulífi og ég finn fyrir því þótt ekki séu lengur mótmælafundir á Austurvelli að fólk krefst svara. Fólk krefst framtíðarsýnar og stjórnmálamanna sem þora að ráðast í róttækar kerfisbreytingar og róttækar aðgerðir til að við getum byggt upp nýtt Ísland. Við framsóknarmenn sögðum, þegar við lofuðum ríkisstjórninni að verja hana vantrausti gegn ákveðnum tillögum, að við mundum styðja öll góð mál og við tilkynntum líka að við mundum leggja fram tillögur okkar og vonuðumst til þess að ríkisstjórnin mundi horfa til þeirra. Við þurfum að koma okkur upp úr því hjólfari sem við höfum verið í undanfarin ár, að ef andstæðingurinn kemur fram með einhverjar tillögur ákveði menn fyrir fram að þær séu vonlausar. Við höfum ekki efni á því. Við þurfum að spila í sama liðinu. Við þurfum að skoða allar tillögur gaumgæfilega og ég endurtek enn og aftur í mikilli hreinskilni við hæstv. forsætisráðherra að okkur misbuðu þær móttökur sem efnahagstillögur Framsóknarflokksins fengu á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar vegna þess að þær eru lagðar fram til að afstýra mögulegu kerfishruni hér á landi, ekki til þess að slá pólitískar keilur en ég hvet hæstv. ríkisstjórn til samstöðu á erfiðum tímum, sama hvort við ræðum málefni fyrirtækja eða heimila því við hljótum öll að hafa sama markmið að skapa betra Ísland, en okkur getur greint á um leiðir að því marki.

[16:14]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég hef mál mitt á því að fjalla um atburði morgunsins. Eins og hv. þingmenn hafa heyrt um greip Fjármálaeftirlitið í morgun inn í rekstur Straums–Burðaráss fjárfestingarbanka og eftirlitið hefur skipað skilanefnd sem tekur við öllum heimildum stjórnar bankans. Það er gert í kjölfar þess að fram hafði komið í samskiptum Straums – Burðaráss við Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann að Straumur hefði ekki handbært fé til að standa skil á skuldbindingum sínum.

Jafnframt lá fyrir að breska fjármálaeftirlitið mundi afturkalla starfsleyfi Straums í Bretlandi, yrði ekki við lausafjárskortinum brugðist fyrir opnun í dag. Þá hafði komið fram að það væri mat stjórnenda Straums að ekki væri raunhæfur kostur að afla þess fjár sem nauðsynlegt væri til að tryggja áframhaldandi starfsemi. Vegna þessarar alvarlegu stöðu taldi Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að grípa til framangreindra aðgerða til að lágmarka skaðann fyrir íslenskt fjármálakerfi.

Eins og ríkisstjórnin hefur lýst yfir eru innstæður í innlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu. Það á við um innstæður í Straumi – Burðarási ekki síður en öðrum fjármálastofnunum. Fall Straums – Burðaráss fjárfestingarbanka er vissulega áfall, ekki síst fyrir starfsfólk bankans, hluthafa og lánardrottna. Mikilvægt er þó að hafa í huga að áhrif þess á íslenskt efnahagslíf er hverfandi borið saman við fall stóru bankanna í október síðastliðnum.

Straumur – Burðarás var, eins og menn þekkja, fjárfestingarbanki en ekki hefðbundinn viðskiptabanki sem þjónaði einstaklingum. Hins vegar er hugur minn vissulega hjá starfsfólki Straums og fjölskyldna þeirra sem sjá nú hugsanlega fram á að missa störf sín.

Hæstv. forseti. Því miður dróst endurreisn bankakerfisins úr hófi í tíð fyrri ríkisstjórnar. Undanfarna daga og vikur hefur nýrri ríkisstjórn tekist að stíga afar mikilvægt skref til þess að endurbyggja fjármálakerfi landsins og koma til móts við verst settu heimilin og fyrirtækin í landinu. En frekari aðgerða má vænta á næstu dögum og vikum.

Endurheimt trúverðugleika Seðlabankans er grundvallarskref í enduruppbyggingu fjármálahagkerfis landsins. Peningastefnunefnd sem skipuð er fimm mjög frambærilegum hagfræðingum mun nú taka allar ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans. Þegar hafa borist jákvæð viðbrögð erlendra fjárfesta vegna breytinga sem gerðar hafa verið á yfirstjórn Seðlabankans og með skipun peningastefnunefndar. Markaðurinn hefur lýst yfir mikilli ánægju með þessar breytingar. Lokaskrefið í þessu mikilvæga endurreisnarferli verður síðan tekið í vor þegar nýr seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri verða skipaðir en störfin voru auglýst um helgina. Í þær stöður verður skipað að afloknum kosningum. Aukinn trúverðugleiki Seðlabankans ætti að auka enn frekar stöðugleika krónunnar og verðlags. Fljótlega ættu því að skapast aðstæður fyrir peningastefnunefndina að stíga fyrstu skrefin í átt til vaxtalækkunar.

Hæstv. forseti. Öflugt bankakerfi er forsenda hagvaxtar í nútímahagkerfi. Við gerum ráð fyrir að bankarnir verði endurfjármagnaðir í lok næsta mánaðar og geti snúið sér að fullum krafti að enduruppbyggingu íslensks efnahagslífs á grundvelli stöðugs gengis og verðlags með hagsmuni heimila og fyrirtækja í landinu að leiðarljósi.

Taka verður sérstaklega á málum þeirra heimila og fyrirtækja sem verst standa. Óvarlegt er hins vegar að grípa til almennra og mjög kostnaðarsamra aðgerða sem ekki beinast sérstaklega að þeim sem verst eru staddir. Þegar hafa verið unnin á vettvangi ríkisstjórnarinnar frumvörp eins og um tímabundna greiðsluaðlögun og flutt hefur verið frumvarp um frestun nauðungarsölu. Þá hefur ríkisstjórnin jafnframt lagt fram frumvarp um heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar. Um 22.000 manns hafa þegar nýtt sér greiðslujöfnun verðtryggðra fasteignaveðlána og þúsundir til viðbótar frystingu myntkörfulána. Allt eru þetta ný úrræði sem stjórnvöld og Alþingi hafa komið á í kjölfar bankahrunsins.

Starfshópur á vegum Seðlabanka Íslands sem metið hefur áhrif fjármálakreppunnar á efnahag heimila og fyrirtækja hér á landi skila mér væntanlega niðurstöðu í þessari viku. Þá mun liggja fyrir í fyrsta sinn hér á landi heildaryfirlit þar sem skuldir og eignir heimilanna í landinu hafa verið kortlagðar með mjög vönduðum hætti. Þær munu leggja grunn að frekari aðgerðum.

Mesti skiptir þó að við komum atvinnulífinu aftur í gang og náum tökum á verðbólgunni og að krónan haldist stöðug. Nú í byrjun mars er atvinnuleysið hér á landi um 8% og rúmlega 16.000 manns er á atvinnuleysisskrá. Ríkisstjórnin kynnti tillögur í atvinnumálum fyrir helgi sem ætti að skapa um 6.000 ársverk. Þar af munu verða til um 2.000 störf í orkufrekum iðnaði, svo að fátt eitt sé nefnt.

Úrlausn þeirra fyrirtækja sem nú eru í vanda skiptir stofnun eignasýslufélags eða eignasölufélags miklu. Þetta er tímabundin ráðstöfun en gert er ráð fyrir að slíkt félag taki að sér fyrirtæki sem eru sérstaklega mikilvæg í þjóð-

hagslegu tilliti og byggi undir þau traustar stoðir.

Gert er ráð fyrir að samningum ljúki um miðjan maí með greiðslu til gömlu bankanna. Í kjölfar þess verður gengið til endurskipulagningar fjármálakerfisins í ljósi þarfa íslensks atvinnulífs.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson lagði fram fyrirspurn um hvort erlendir kröfuhafar geti eignast hlut í ríkisbönkunum. Svarið við því er að það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að eignarhald erlendra lánardrottna komi fullkomlega til greina. Það var eitt af þeim málum sem síðasta ríkisstjórn samþykkti og hefur í engu breyst.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar gerðist hins vegar afar lítið í málinu en nú höfum við samþykkt stefnumörkun nefndarinnar sem vinnur að endurreisn fjármálakerfisins og m.a. tillögur hennar um að ráða ráðgjafarfyrirtækið Hawkpoint til að semja við umrædda lánardrottna. Eitt af því sem kemur til álita í þeim viðræðum sem Hawkpoint aðstoðar okkur nú við er eignarhald umræddra lánardrottna.

Samningar við lánveitendur vegna Icesave og styrkingar gjaldeyrisforðans hafa nú verið settar í formlegan farveg eftir að hafa verið ómarkvissir og dregist um of. Viðræður vegna Icesave hefjast í Reykjavík síðar í mánuðinum og viðræðum við Norðurlandaþjóðirnar um lánveitingar þeirra var fram haldið hér á landi á föstudaginn. Stefnt er að niðurstöðu í þeim innan skamms. Málin eru nú loks komin í þann farveg að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur lýst ánægju með hvernig á þeim hefur verið tekið.

Þrátt fyrir að best sé að losa um gjaldeyrishöftin sem allra fyrst hafa aðstæður enn ekki skapast til þess að slíkt sé mögulegt. Áður en hægt verður að losa um þau og aflétta þeim verður að draga verulega úr þeirri óvissu sem einkennir íslenskt efnahagslíf. Skýrari sýn verður að liggja fyrir um skuldastöðu þjóðarbúsins. Ljúka verður við endurfjármögnun bankanna og samninga við erlenda lánveitendur og setja ríkissjóði skýr markmið til næstu ára. Án haftanna gæti krónan fallið hratt, að minnsta kosti til skemmri tíma með slæmum afleiðingum fyrir skuldsett fyrirtæki og heimili, og án haftanna væri erfiðara að lækka vexti. Mikilvægt er að hafa í huga að gengi krónunnar hefur styrkst verulega frá áramótum eða um 15% og er gengið nú svipað og það var fyrir hrunið í haust. Enn er þó óvissa í efnahagslífinu við þær aðstæður og er ekki ráðlegt að losa um gjaldeyrishöftin.

Umtalsverður afgangur af vöruskiptum í síðasta mánuði hjálpar hins vegar verulega til. Eftir að tilkynnt var um 6 milljarða kr. afgang í febrúar er heildarafgangur síðastliðinna sex mánaða nú yfir 50 milljarðar kr. Búast má við enn meiri afgangi á næstu mánuðum. Sýnir þessi þróun vel sveigjanleika íslensks hagkerfis og getu Íslendinga til þess að bregðast hratt við breyttum aðstæðum. Það er eiginleiki sem mun hjálpa þjóðinni mikið í því uppbyggingarstarfi sem fram undan er.

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur, eins og ég hef hér greint frá, komið mjög mörgu til leiðar á þeim fáu vikum sem hún hefur starfað. Mörg þeirra verkefna munu bera ávöxt strax í vor. Verðbólgan fer lækkandi. Hún var 17,6% í febrúar, prósentustigi lægri en mánuði áður. Búast má við hratt lækkandi verðbólgu næstu mánuði. Krónan hefur styrkst um rúm 15% frá áramótum. Afgangur af vöruskiptum hefur verið verulegur og aðeins hefur hægt á aukningu atvinnuleysis.

Skýr stefna ríkisstjórnarinnar og aðgerðir hennar munu endurreisa traust á íslenska efnahagslífinu. Þar þurfa þó allir að leggjast á eitt líkt og aðilar vinnumarkaðarins gerðu með skynsamlegri niðurstöðu í kjaramálum fyrr í mánuðinum. Við höfum átt tvo góða fundi með aðilum vinnumarkaðarins þar sem við höfum fjallað um stöðuna og horfur í efnahagsmálum og hvernig á málum verður tekið í framhaldinu.

Ég vil að lokum segja, virðulegi forseti, að sterk stjórn efnahagsmála ríkisstjórnarinnar og ábyrg afstaða aðila vinnumarkaðarins gefa einnig nýrri yfirstjórn og peningastefnunefnd Seðlabankans aukið svigrúm til þess að lækka vexti sem verður vonandi fljótlega. Ísland hefur, eins og önnur Norðurlönd, verið þekkt fyrir sveigjanleika og öflugt atvinnulíf samhliða velferðarkerfi sem margir hafa litið til með aðdáun. Nú verðum við að nýta okkur þá kosti og snúa vörn í sókn. Með sameiginlegu átaki getum við komist hratt og örugglega upp úr þessum djúpa öldudal og hafið enduruppbyggingu íslensks samfélags undir formerkjum jöfnuðar og réttlætis.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson beindi fleiri spurningum til mín. Ég hygg að ég hafi komið inn á nokkrar þeirra í framsögu minni en ég mun svara þeim sem eftir standa, sem ég held að séu tvær, í síðari ræðu minni.

[16:25]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir að hefja umræðu um endurreisn efnahagslífsins vegna þess að við vitum öll sem erum hér inni að það er brýnasta verkefni okkar allra, að koma efnahagsmálunum aftur í gang. Kreppan í efnahagslífinu kemur við okkur öll, bæði heimilin í landinu og atvinnustarfsemina. Það er gríðarlega mikilvægt að haldið verði þannig á spilunum í endurreisninni að ríkissjóður taki ekki á sig of mikla áhættu vegna t.d. endurreisnar bankanna sem er svo mikilvæg.

Ég bið menn að hafa hugfast að við eigum hér við fjármálakrísu. Það er bankakrísa. Það voru bankarnir sem gáfu sig. Það voru bankarnir sem tóku of mikla áhættu, sýndu glannaskap og stóðust ekki erfiðar aðstæður á fjármagnsmörkuðum erlendis.

Atvinnustarfsemin í landinu brást ekki og fyrirtækin í landinu fóru ekki fram úr sér. Þau hafa hins vegar þurft að glíma við hátt vaxtastig og það hafa verið á ýmsan hátt erfiðar ytri aðstæður. Þess vegna er alveg sérstaklega brýnt að stjórnvöld komi kröftuglega til móts við atvinnulífið, taki í höndina á þeim sem þar eru að starfa og aðstoði þau við að komast yfir erfiðasta hjallann. (**Gripið fram í:** En kvótabraskararnir?) Ég er þeirrar skoðunar að við höfum gert ýmislegt vel en við þurfum að gera miklu betur.

Segja má að fólkið í atvinnulífinu hafi unnið kraftaverk úti um allt land. Fólkið í fyrirtækjunum og stjórnendur þeirra glíma við óhemju erfiðar aðstæður og hafa reyndar gert um allt of langa hríð, við hátt vaxtastig, minnkandi umsvif í efnahagslífinu, vaxandi atvinnuleysi og samdrátt í tekjum. Allt veldur þetta fyrirtækjunum í landinu miklum búsifjum og við höfum ríkar skyldur til þess að koma til móts við þennan vanda.

Sama gildir með stöðu heimilanna. Þar hefur margt verið vel gert en það þarf að gera meira. Ég vil taka undir áhyggjur hv. frummælanda í dag, við höfum ekki klárað umræðuna um hvernig leysa á út alla þessa miklu afskriftarþörf sem er í nýja bankakerfinu. Það hlýtur auðvitað að valda okkur öllum gríðarlega miklum áhyggjum að lagt er upp með að hið nýja bankakerfi, bankakerfi nýju bankanna, Nýja Landsbankans, Nýja Kaupþings og Nýja Glitnis, hefur lánasafn sem er það lélegasta sem menn hafa séð síðan í kreppunni miklu. Rætt er um að afskriftarþörfin af lánasafni nýju bankanna sé slík að menn hafa ekki séð annað eins í fjármálakrísum annarra landa í seinni tíð. Þess vegna vil ég taka undir með hv. frummælanda um að við þurfum að ræða nánar um hvernig leysa á út allar þessar afskriftir. Ætla menn að fara í veðköll og nauðungarsölur á öllum þeim fyrirtækjum og heimilum sem rata í vanda?

Ég fagna því sérstaklega sem fram kom í máli hæstv. forsætisráðherra að nú standi til að kortleggja nákvæmlega skuldastöðu heimilanna og stöðu þeirra. Það var orðið tímabært. Það er tímabært að við sem ræðum nánast á hverjum degi um aðgerðir til aðstoðar heimilunum í landinu höfum í það minnsta gögnin og upplýsingarnar til þess að taka ákvarðanir sem skipta máli. Það er í sjálfu sér alveg ótrúlegt að við skulum hafa látið veturinn líða fram á vor — það er kominn marsmánuður og við eigum von á því innan einhverra daga að fá heildaryfirsýn yfir stöðu heimilanna.

Við höfum rætt í öllum þingflokkum um hugmyndir sem varða aðstoð við heimilin án þess að hafa þessar mikilvægu upplýsingar í höndunum. Á sama hátt er alveg fráleitt að það sé liðinn þetta langur tími. Ég tók eftir því að hæstv. forsætisráðherra vildi kenna fyrri ríkisstjórn um þann vanda en hún sat einmitt í þeirri ríkisstjórn og situr nú sem forsætisráðherra í þeirri nýju. Það er fráleitt að við ræðum hér um aðstoð við fyrirtækin og endurreisn bankakerfisins án þess að upplýsingar um heildarstöðuna liggi fyrir vegna þess að ég veit að upplýsingar um þetta liggja fyrir í ríkisstjórninni frá ráðgjöfum hennar. Hvernig lítur lánasafnið í nýju ríkisbönkunum út, þó ekki nema gróðamyndin? Það er sú dökka mynd sem ég er að tala um. Það er hún sem veldur mér áhyggjum og við þurfum að fara að ræða miklu markvissari og afdrifaríkari ákvarðanir til þess að koma til móts við þarfir atvinnulífsins þegar greitt verður úr þeim vanda.

Ég lýsi yfir efasemdum um að við séum að gera rétt með því að taka yfir svo mörg vandamálalán í hinu nýja bankakerfi, í nýju ríkisbönkunum. Mig grunar að það gæti verið mun skynsamlegra að skilja eftir hluta af vandanum í gamla bankakerfinu og leyfa kröfuhöfunum þar og þeim sem þar eiga hlut að máli að eiga við það. Ástæðan er einföld: Hvers vegna ættum við að setja ríkið í áhættu við að fjármagna bankakerfi með jafnlélegt lánasafn og rætt er um að nýja bankakerfið verði á Íslandi? Þetta er hlutafé. Þetta er áhættufjárfesting fyrir ríkið. 5% vanmat eða 5% ofmat á eignum nýja bankakerfisins getur valdið jafnvel hundruða milljarða tjóni fyrir ríkissjóð. Það er á þeim forsendum sem við þurfum að nálgast þetta verkefni.

Ég hvet ríkisstjórnina til allra góðra verka en lýsi yfir vonbrigðum með að nú þegar við hefjum endurreisnina skuli berast fréttir af hugmyndum um skattahækkanir frá fjármálaráðuneytinu og eins hvað varðar það hik sem er á ríkisstjórninni þegar rætt er um gjaldeyrisskapandi (Forseti hringir.) atvinnustarfsemi, til að mynda í stóriðjum.

[16:31]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég tek undir það með síðasta ræðumanni að það er mikilvægt að menn hafi í huga að skuldsetja ekki ríkissjóð og binda honum ekki frekari byrðar en óumflýjanlegt er út af þessu bankahruni.

Það er líka rétt hjá hv. þingmanni að þetta er í grunninn banka- eða fjármálakreppa og fyrirtækin almennt voru ekki stórir gerendur í henni. Það breytir ekki hinu að fyrirtækin eru stórkostlega löskuð og hafa orðið fyrir gríðarlegu tjóni af þessu hinu sama bankahruni. Auðvitað spiluðu þar ýmsir með, fóru kannski óvarlega sem þátttakendur í veislunni og sitja núna sviðnir eftir. Það á líka við um fjölmarga atvinnurekendur og fjárfesta úr fjármálaheiminum.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að það er bagalegt að hafa ekki greinarbetri gögn um t.d. heildarskuldastöðu heimilanna en núna loksins eru að verða til og fæðast. Seðlabankinn tók að sér það verk af því að öðrum var ekki til að dreifa. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins mættu þá kannski velta því fyrir sér einu sinni í viðbót hvort það hafi verið rétt að slátra Þjóðhagsstofnun á sínum tíma.

Ég held að það sé heldur ekki einföld lausn á þessu vandamáli að skilja meira eftir í gömlu bönkunum af lélegum lánasöfnum sem hér voru rædd. Jú, vissulega, en við skulum þá ekki gleyma að á bak við þau lánasöfn og í húfi eru í sumum tilvikum alger undirstöðu- og lykilfyrirtæki í íslensku atvinnulífi. Hvorum megin hryggjar viljum við að þau lendi, í nýju bönkunum og í atvinnulífi framtíðarinnar eða í klónum á kröfuhöfum gömlu bankanna? Málin eru ekki alltaf svona einföld.

Því miður liggur enn ekki fyrir til fulls, virðulegi forseti, hversu stór reikningurinn verður af efnahagshruninu, af óráðsíu og óstjórn undangenginna ára, þar á meðal af tæplega 18 ára vakt Sjálfstæðisflokksins, en myndin er að skýrast.

Mesta áhyggjuefnið fyrir Ísland núna er að fyrir utan okkar eigin vanda dýpkar nú hin alþjóðlega efnahagskreppa. Það kemur illa við þá máttarstoð okkar sem verður að vera okkar tæki út úr erfiðleikunum, útflutningurinn, þ.e. atvinnulífið og alveg sérstaklega útflutningurinn. Við þurfum á því að halda að hafa hér öfluga útflutningsstarfsemi næstu árin, reka þjóðarbúið með myndarlegum afgangi í viðskiptum við útlönd. Öðruvísi ráðum við aldrei við skuldirnar sem þessi ósköp eru því miður að hlaða á herðar okkar. Og það vinnur gegn okkur, eins og glöggt sést t.d. í sjávarútveginum þessar vikurnar, að efnahagsástandið í umheiminum og okkar helstu markaðssvæðum er að hríðversna og það þyngir fyrir fæti með sölu afurða, birtist í verðfalli, birgðasöfnun o.s.frv.

Það jákvæða á sinn hátt er þó það að við erum stóriðja í matvælaframleiðslu og sú vara hefur betur og lengur aðgengi að markaðnum en margt annað sem hrynur algerlega núna. Ef Ísland ætti að byggja á útflutningi bíla væru tölurnar ekki björgulegar, hjá helstu framleiðendum þar er 50% samdráttur eða meira.

Glíman við atvinnuleysið er algjört undirstöðuatriði og

þess vegna skipta miklu máli aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að örva atvinnulífið og reyna að lífga vinnumarkaðinn með vorinu eða sumrinu. Það skiptir máli að fá þátttöku í þeim aðgerðum frá einkaaðilum, fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum þannig að menn nýti sér öll þau færi sem til eru til að skapa störf og auka verðmæti.

Lækkun verðbólgu er jákvæðar fréttir og forsendur vaxtalækkunar eru núna allar til staðar. Það er enginn og jafnvel minni en enginn undirliggjandi verðbólguþrýstingur og með samhliða styrkingu á gengi krónunnar eru allar forsendur orðnar til fyrir því að vextir fari að lækka, og það umtalsvert á öðrum ársfjórðungi þessa árs.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er hér og er um það bil að ljúka úttekt sinni, mun gera það í þessari viku. Í tengslum við það hafa farið fram ræki legar viðræður um stöðu mála þar sem menn bera saman stöðuna nú og það mat sem fram fór í október/nóvember. Þar er sumt jákvæðara, eins og hagstæðari verðbólgutölur, styrking á gengi krónunnar og jákvæðar forsendur fyrir vaxtalækkun. Annað er því miður neikvæðara en menn reiknuðu með í nóvember. Þar má taka að heildarskuldsetning þjóðarbúsins virðist heldur meiri, fyrst og fremst og nánast eingöngu vegna meiri skulda einkaaðila. Áætlanir hvað varða ríkissjóð og skuldastöðu hans standast fyllilega það sem gert var ráð fyrir í október/nóvember en skuldirnar hjá einkaaðilum eru meiri. Tekjufall og samdráttur í þjóðarbúskapnum er núna áætlað heldur meira en þá var gert og atvinnuleysi er meira en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerði ráð fyrir í sínum spám í nóvember en algerlega í takt við það sem íslenskir aðilar spáðu þá og gera enn, þ.e. að það nálgist 10% á þessu ári.

Það eru miklir erfiðleikar og auðvitað verða áfram einhver áföll. Því miður er ekki allt búið enn eins og morgunninn varð okkur til vitnis um þegar enn eitt áfallið reið yfir, stór fjárfestingarbanki komst í þrot og var yfirtekinn.

Ég er engu að síður bjartsýnn á að nú sjái senn fyrir endann á slíkum hlutum og að endurskipulagning bankakerfisins muni standast samkvæmt þeim tímaáætlunum sem nú er unnið eftir, að því ljúki í síðari hluta þessa mánaðar og fyrir miðjan næsta mánuð. Það tekur til sparisjóða og annarra sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtækja einnig. Ég trúi því og treysti að fyrir miðjan apríl verðum við nokkurn veginn með fast land undir fótum í þessum efnum og þar með svara ég líka spurningu hv. málshefjanda um sparisjóðina. Að sjálfsögðu verður allt gert sem hægt er til þess að treysta undirstöður sparisjóðakerfisins og hafa það sem eina af máttarstoðum bankaþjónustu okkar í landinu.

Varðandi eignarhald í atvinnulífinu eru engin markmið um það að færa meira af því til hins opinbera en óumflýjanlegt er og þá tímabundið vegna þeirra ástæðna einfaldlega að ríkið fær þær í hendur, annaðhvort í bönkum sínum eða með öðrum hætti. Markmiðið er þá að sjálfsögðu að koma því aftur út í lífið og að því verður unnið hörðum höndum.

Ég trúi því, forseti, (Forseti hringir.) að með lækkandi verðbólgu og vöxtum og hækkandi sól förum við að geta horft fram til heldur betri tíma (Forseti hringir.) nú í vor. Það verður erfitt út þetta ár (Forseti hringir.) og að minnsta kosti langt inn á það næsta (Forseti hringir.) en þar með ættu líka að vera góðar forsendur fyrir því að botninum verði náð.

[16:38]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það sem skiptir okkur öllu máli nú við þær aðstæður sem eru í þjóðfélaginu er að reyna að halda uppi atvinnunni, auka atvinnustigið en missa það ekki niður. Það skiptir öllu máli að reyna að auka tekjur þjóðfélagsins. Það er einfaldlega þannig að við þurfum að gera ráðstafanir strax.

Það sem við þurfum að gera er að keyra niður stýrivexti eins fljótt og mögulegt er. Ég held að við ættum að setja stefnuna á það að taka ákvörðun um að reyna að lækka stýrivextina í einu stökki niður í 8%, lækka þá um 10% og gefa þannig jákvæð merki um það sem má verða til þess að auka hér afkomu atvinnulífsins og tryggja atvinnu fólksins. Við eigum mjög mikið undir því að okkur takist að snúa þróuninni við, styrkja atvinnulífið og efla atvinnustarfsemi.

Við eigum líka mjög mikið undir því, hæstv. forseti, að koma í veg fyrir að fólk missi eignir sínar. Þar þarf að koma með tillögur. Ég sé ekki annað, hæstv. forseti, en að staðan sé víðast sú að við munum þurfa að fara í að skera niður skuldir fólks varðandi húsnæði. Eignabruni á sér stað í þjóðfélaginu. Eignir fólks lækka í verði á sama tíma og skuldirnar keyrast upp með vaxtaokri og verðtryggingu. Á þessu verður að taka, hæstv. forseti.

Á þessi atriði þurfum við sérstaklega að horfa, að vinna gegn atvinnuleysinu og þess vegna að afskrifa eitthvað af skuldum heimilanna. Við stöndum frammi fyrir því, hvernig svo sem menn horfa á málin, að skuldir fólks vegna húsnæðis muni afskrifast. Ef það verður ekki gert með aðgerðum ríkisvaldsins og Alþingis mun það enda með því að Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og bankar munu eignast mikið af húsnæðinu í landinu. Og hverju standa menn þá frammi fyrir? Lækkandi eignaverði. Og halda menn að þeir selji eignirnar sem þeir eru búnir að taka af fólkinu á því verði sem þeir taka þær inn? Nei, það gerist ekki eins og þróunin er.

Þess vegna held ég að menn komist ekki hjá því að horfa á þetta bara ískalt eins og það liggur fyrir og það þýðir að það þarf að horfa til þess að skera niður ákveðnar skuldir fólks. Það er einnig sú staða sem við stöndum virkilega frammi fyrir varðandi sum fyrirtækin í landinu.

Við eigum auðvitað sérstaklega að horfa til þess hvar við getum aukið útflutningstekjurnar. Við höfum bent á það í Frjálslynda flokknum að það er hægt. Það getur vel verið að sumir kalli það að taka einhverja áhættu á lífríki sjávar að nýta þar meira auðlindirnar en gert hefur verið en það er hægt og ég minni á það, hæstv. forseti, að við gerðum það 1968–1970 þegar síldin hvarf. Þá opnuðum við hólf allt í kringum landið og settum allan flotann í verkefni þótt það væru ekki síldarverkefni. Menn brugðust við með því að reyna að halda uppi atvinnunni. Það er það sem við verðum að gera eins og nú horfir.

Það er auðvitað hörmulegt að einn bankinn enn skyldi hafa farið á höfuðið. Hins vegar er þar ekki um beinan viðskiptabanka að ræða þótt hann hafi vissulega starfað í viðskiptalífinu og skipti verulega miklu máli.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að okkur takist að halda sparisjóðakerfinu. Okkur hefur tekist það hingað til og ég treysti því að ríkisstjórnin rói að því öllum árum að koma í

veg fyrir að sparisjóðirnir falli, verði gjaldþrota.

Ég er hins vegar viss um að við þurfum að semja við marga okkar erlendu lánardrottna. Ég held að ekki verði undan því vikist að semja við einhverja lánardrottna og að þeir eignist m.a. hlut í nýju bönkunum. Ég held að við eigum ekki aðra leið í mörgum tilfellum. Það er ekki þar með sagt að það sé neitt slæmt að fá erlent fjármagn inn í íslenskt bankakerfi. Ég er ekki á því að það þurfi að vera slæmt ef það er gert með réttum hætti og að þeir sem hafa verið lánveitendur okkar á undanförnum árum eigi sameiginlega hagsmuni í því með okkur Íslendingum að hér gangi hlutirnir betur en þeir hafa gert undanfarna mánuði, að okkur takist að rétta okkur af. Það væri æskilegt að þeir sem hafa verið lánveitendur okkar sæju í því hag að standa með okkur í þrengingum okkar.

Ég vara hins vegar mjög við því, hæstv. forseti, að ganga til þeirra samninga sem menn eru að tala um varðandi Icesave-reikningana. Þar horfum við á miklar skuldir og ef við eigum að taka þær á þeim viðskiptakjörum sem maður hefur heyrt að væru í boði erum við að tala um tugi milljarða króna í nýjar vaxtaálögur á ríkissjóð. Við megum ekki gleyma því að tekjur ríkissjóðs drógust saman á síðasta ári og það stefnir í að þær dragist saman á þessu ári. (Forseti hringir.)

Það er nóg af varúðarmerkjum, það þarf að sigla þessa leið og hún er skerjaleið, hæstv. forseti.

[16:44]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Lærdómurinn af feigðarför fjármálakerfisins á að vera mönnum sá að fara varlega af stað á ný. Það er ekki það eftirsóknarverðasta í þessum heimi að lokinni slíkri reynslu að innleiða á nýjan leik algjört frelsi þeirra sem starfa í þessari atvinnugrein. Þvert á móti eigum við að leitast við að setja þessari atvinnustarfsemi skynsamlegar reglur og takmarkanir sem lúta að því að treysta hagsmuni þjóðarinnar og koma í veg fyrir að sú staða geti aftur komið upp sem nú er upp komin.

Íslensku bankarnir fóru þannig að ráði sínu að erlendir kröfuhafar eiga hér inni þúsundir milljarða króna sem er ólíklegt að þeir fái greitt nokkurn tíma upp í. Við þurfum að setja niður deilur við erlenda kröfuhafa um uppgjör á þessum skuldum. Þetta eru í raun þrotabú sem eru hér starfandi og ríkissjóður hefur yfirtekið og það þarf og er kannski það mikilvægasta að ljúka uppgjöri á þeim búum þannig að hinir erlendu kröfuhafar verði sáttir við niðurstöðuna þó svo að þeir fái ekki nema lítið brot greitt upp í sínar kröfur. Við erum það háð umheiminum, íslenskt þjóðfélag, við erum það háð viðskiptum við útlönd að við getum ekki rekið hér nútímaþjóðfélag í deilum við erlendar viðskiptaþjóðir okkar. Við þurfum að komast frá því máli fyrr en seinna með samkomulagi sem við getum ráðið við og getum staðið að.

Í öðru lagi þurfum við að koma atvinnufyrirtækjum landsins á réttan kjöl á nýjan leik því að atvinnuleysið og tekjuleysið sem leiðir af því er það versta sem ríkissjóður stendur frammi fyrir um þessar mundir. Því fyrr sem við komum atvinnulífinu í gang því betra. Til þess þarf talsvert mikið fé og uppi hafa verið hugmyndir um að lífeyrissjóðirnir m.a. leggi til töluvert af fjármunum til að endurfjármagna íslenskt atvinnulíf.

Bæta þarf rekstrarskilyrði atvinnureksturs frá því sem nú er. Vextir eru gríðarlega háir en það helgast af því að verðbólgan hefur verið há. Það verður að lækka vexti en við vitum að það verður að gerast í takt við lækkun verðbólgu. Hver dagur er dýrmætur í þeim efnum og það er eitt brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar að sjá til þess að vextir lækki sem allra fyrst.

Að lokum, virðulegi forseti, þarf að sjá til þess að heimili landsins sem hafa tekið á sig skuldbindingar í íbúðarhúsnæði geti ráðið við þær skuldbindingar á næstu árum og það verði gert með því að sjá svo um að greiðslubyrði lána þeirra á hverjum tíma sé í réttu hlutfalli við tekjur þeirra þannig að ef tekjurnar falla þá lækki greiðslubyrðin. (Forseti hringir.) Svo verður að sjá til þegar við komumst út úr þessum öldudal eftir tvö til þrjú ár og verð á (Forseti hringir.) íbúðarhúsnæði fer að hækka á nýjan leik hvernig staðan verður, virðulegi forseti.

[16:47]

Eygló Harðardóttir (F):

Herra forseti. Enginn fer í grafgötur um það að ástand efnahagslífsins á Íslandi er grafalvarlegt, fyrir það þrætir enginn. Spurningin er ekki einu sinni hversu alvarlegt, það er svo alvarlegt að þjóðin rambar á barmi gjaldþrots, nú síðast með gjaldþroti Straums.

Í þessari stöðu er tvennt til ráða. Við getum látið allt rúlla og dundað okkur svo við að skoða mál hvers og eins eftir því sem tími vinnst til. Verði sú leið ofan á, eins og stefnir því miður í ef mark má taka á núverandi ríkisstjórn, leiðir það til fjöldagjaldþrota fyrirtækja og einstaklinga. Það tekur einfaldlega of langan tíma að skoða mál hvers og eins til að þetta sé raunhæfur kostur og þann tíma höfum við ekki. Með því móti erum við í raun að segja fólki að það eigi einfaldlega engan séns. Kostirnir eru tveir, að fara í þrot og segja sig á kerfið eða flýja land.

Hin leiðin er að grípa strax inn í til að leiðrétta stöðu einstaklinga og fyrirtækja svo að sem flestir hafi raunhæfa möguleika á að vinna sig út úr vandanum á eigin spýtur, halda þannig í vonina og sjálfsvirðinguna og trúna á íslenskt samfélag. Framsóknarmenn hafa einmitt lagt fram tillögur þess efnis. Þær tillögur ganga út á flata 20% niðurfærslu á skuldum einstaklinga og fyrirtækja. Í raun má segja að með slíkri niðurfærslu sé verið að færa stöðu lána aftur fyrir hrun. Með því móti er verið að færa stöðu lána aftur í það horf þar sem flestir lántakendur sáu fram á að geta staðið í skilum. Niðurfellingin nemur rétt rúmlega þeim verðbótum sem lagst hafa á innlend lán síðasta árið eða svo og tæplega þeim hækkunum sem hafa orðið á erlendum lánum vegna hruns krónunnar. Með þessu móti er verið að gefa einstaklingum og fyrirtækjum svigrúm til að takast á við eigin vanda á eigin forsendum.

Auðvitað geta margir ekki staðið í skilum þrátt fyrir slíkar aðgerðir en mál þeirra má þá skoða á einstaklingsgrundvelli. Með þessum aðgerðum höfum við tíma til þess. Kostnaðurinn við slíkar aðgerðir verður mikill, því er ekki að neita, en með hörku í samningum við erlenda lánardrottna er ljóst að sá kostnaður þarf ekki að lenda á íslenskum skattgreiðendum nema að litlum hluta. Sá kostnaður

verður í öllu falli mun minni en kostnaðurinn við að steypa íslensku þjóðinni í gjaldþrot eins og núverandi stefna gerir ráð fyrir.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir ráð fyrir að skuldir íslenska þjóðarbúsins verði felldar niður að stórum hluta strax í ár. Hver er sanngirnin í að almenningur eigi að borga hærri skatta, sætta sig við atvinnuleysi, lægri laun og minni velferðarþjónustu en fái enga hlutdeild í niðurfellingu skulda? Hún er nákvæmlega engin.

[16:50]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Sú stefna sem ríkisstjórnin hefur markað um meðferð skulda atvinnulífsins er skynsamleg og rökrétt. Hún felur í sér að tekið verði málefnalega á vanda fyrirtækja og að ríkið taki virka afstöðu til þess sem eigandi ríkisbankanna hvernig taka skuli á þessum skuldamálum. Það verði ekki látið eftir tilviljanakenndum ákvörðunum hér og þar í bakherbergjum með ógagnsæjum hætti að taka á skuldamálum fyrirtækja.

Leggja verður almennar línur í þessu efni og það verður að taka á málum hvers og eins fyrirtækis. Það kann að hljóma vel að gefa fyrirheit um flatar niðurfellingar á skuldum en slíkt er óraunsætt og slíkt stenst ekki það samkomulag sem við höfum gert við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Við höfum í samningum okkar við sjóðinn undirgengist það að búa til faglegt ferli til að taka á skuldamálum fyrirtækja og taka á þeim í samræmi við það sem staða hvers og eins fyrirtækis gefur tilefni til. Við höfum jafnframt í því samkomulagi sem gert hefur verið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn gengið sérstaklega út frá því að ekki verði um að ræða að ríkisvætt verði frekar það tap sem þó mun verða vegna efnahagshrunsins. Með öðrum orðum, kostnaðurinn vegna hrunsins verði ekki í meira mæli en nú er orðið felldur á almenning í landinu. Niðurfellingarleiðin felur það einmitt í sér. (**Gripið fram í:** Nei.) Það er engin önnur leið til að láta niðurfellingarleiðina ganga en að almenningur í landinu, þjóðarbúið í heild beri þann kostnað. (Gripið fram í.) Það er óraunsætt og rangt að halda því fram að einhverjir peningar verði til í samningum við erlenda kröfuhafa sem verði þá að einhvers konar þýfi sem við getum notað og deilt út á okkar forsendum án tillits til hinna erlendu kröfuhafa. Hinir erlendu kröfuhafar eiga á því rétt og heimtingu að íslenskum lögum að ekki sé gengið á eignarréttindi þeirra. Ef gengið er fram í samningum við þá með þeim hætti að af þeim eru teknar réttmætar eignir þeirra og þær notaðar til að gefa eftir skuldir annarra aðila óskyldra, geta þeir fengið slíkum samningum rift fyrir íslenskum dómstólum og munu fá það vafalaust. (Gripið fram í.)

Það er ekki svo að hægt sé að búa til peninga úr engu. Þar af leiðandi er rangt að leggja upp lausnir sem felast í því að flöt niðurfelling skulda sé valkostur við skynsamlega og agaða efnahagsstefnu í uppbyggingu eftir hrun. Við eigum að læra af reynslu nágrannalanda okkar og ganga sömu leið og þau með agaðri stefnu og skipulögðum (Forseti hringir.) aðgerðum af hálfu hins opinbera til að taka á erfiðum skuldavanda fyrirtækja. (Gripið fram í.)

[16:54]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Varla er hægt að hugsa sér mál sem við ættum frekar að ræða en einmitt það sem hér er til umræðu, þ.e. endurreisn atvinnulífsins og efnahagslífsins. Þess vegna urðu það þeim mun meiri vonbrigði að hlýða á hæstv. forsætisráðherra svara þeim spurningum sem fyrir hana voru lagðar áðan og innlegg hennar í þessa umræðu, því að þetta var í raun og veru mjög svipuð þula og við heyrum frásögn af vikulega á fundum hennar og hæstv. fjármálaráðherra í Þjóðmenningarhúsinu. Í raun og veru kom eiginlega ekkert nýtt fram í þessari umræðu. Með óljósum hætti var vísað inn í framtíðina hinum og þessum hugmyndum, fyrirætlunum og áformum en í raun og veru var ekkert nýtt í þessari umræðu, ekkert handfast sem gerði það að verkum að við gætum komið hér eftir þessa umræðu og sagt: Nú vitum við nákvæmlega hvar við stöndum, þessi umræða hefur skýrt það fyrir okkur. Það var ekki þannig, því miður, og það ber auðvitað að harma í þessari umræðu.

Það eru ýmis mál sem við þurfum sérstaklega að ræða um. Hæstv. ráðherra kom aðeins mjög lauslega inn á það sem allir eru að vekja athygli á, þ.e. mikilvægi þess að lækka vextina í landinu. Það sjá allir að við þessar aðstæður gengur ekki að vera með 18% stýrivexti, þeir eru gjörsamlega galnir og gera í rauninni ekkert annað en að búa til gjaldþrot, tortíma störfum og hneppa almenning í fjötra skuldabasls og það er ekki á það bætandi.

Ég hefði trúað því að hæstv. ráðherra mundi svara okkur því mjög afdráttarlaust hvort hægt væri að sjá mjög myndarlega vaxtalækkun strax. Samtök atvinnulífsins bentu á það fyrir mánuði síðan eða svo að vaxtalækkun við þessar aðstæður mundi skapa fljótlega sjö þúsund ný störf og það er tæplega helmingur þess atvinnuleysis sem við búum við í landinu. Fyrir rúmri viku eða þar um bil var sett á laggirnar ný nefnd, peningastefnunefnd, sem hefur sérstaklega það verkefni að fara yfir vaxtamálin. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra hvort hún og ríkisstjórnin muni ekki ganga eftir því þegar í þessari viku að sú peningastefnunefnd komi saman og segi álit sitt á því hvort ekki eigi að lækka þessa vexti tafarlaust. Það dugir ekkert að vísa þessu inn í framtíðina eins og hæstv. ráðherra gerði eða vísa til viðræðna við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Peningastefnunefndin starfar sjálfstætt, hún hlýtur að segja álit sitt á því alveg burt séð frá því hvað líður viðræðunum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Þetta ástand getur ekki varað svona lengi, háir stýrivextir í bland við gjaldeyrishöft eru ástand sem getur ekki varað til lengri tíma. Við settum gjaldeyrishöftin á sínum tíma við sérstakar aðstæður til að hamla útstreymi á erlendu fé en núna eru komnar nýjar aðstæður og við verðum þess vegna að knýja á um þessi svör varðandi vextina.

Við upphaf núverandi ríkisstjórnar var sagt að bankarnir fengju sérstaka flýtimeðferð, greitt yrði fyrir því að hægt yrði að leggja fram stofnefnahagsreikning til bráðabirgða til að gera bankana starfhæfari. (Forseti hringir.) Þar vinnur gott fólk en það olli miklum vonbrigðum að heyra það frá hæstv. forsætisráðherra (Forseti hringir.) að við yrðum að bíða fram í lok apríl og kannski byrjun maí eftir því að (Forseti hringir.) hægt yrði að ljúka þessi uppgjöri gagnvart

bönkunum. (Forseti hringir.) Það er mikið harmsefni, það eru mjög alvarleg tíðindi að heyra þetta.

[16:57]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Það er alveg makalaust að heyra hv. þm. Einar Kristin Guðfinnsson tala hér eins og fortíðin sé ekki til. Ég hefði gjarnan viljað heyra hv. þingmann biðjast afsökunar sem fyrst á efnahagshruninu sem Sjálfstæðisflokkurinn ber ábyrgð á í 18 ár. (**Gripið fram í:** Það verður framtíðin …)

Staðan er svo sannarlega erfið en við eigum líka mikla möguleika. Ég tel að nú þurfum við að standa vörð um atvinnuna, við þurfum að efla útflutningsgreinarnar, við þurfum líka að efla framleiðslugreinarnar sem spara okkur gjaldeyri. Við höfum mikla möguleika í landbúnaði og matvælavinnslu, við höfum mikla möguleika í fiskvinnslu, við höfum líka mikla möguleika í smærri fyrirtækjum, í einyrkjafyrirtækjunum. Við megum ekki bara einblína á stóru og stærstu fyrirtækin. Við megum ekki bara einblína á hina stóru banka og halda að lausnin sé að bjarga þeim. Það er mikilvægt að hafa gott fjármála- og bankakerfi en stærð þess þarf líka að miðast við íslenskar aðstæður. (**Gripið fram í:** Þú ert stjórnarsinni.)

Ég horfi einmitt á raforkumálin. Hjá okkur í morgun var fulltrúi okkar vinstri grænna í stjórn Rariks, Árni Steinar Jóhannsson, og hann lýsti því hve einkavæðingin og markaðsvæðing raforkunnar í tíð Framsóknarflokksins og hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, leikur atvinnulífið núna grátt, sérstaklega úti um land. (Gripið fram í.) Hann minnti meira að segja á það að kannski væri eitt það brýnasta að vinda ofan af markaðsvæðingu raforkukerfisins og setja það aftur í eitt þjónustufyrirtæki, ekki deila því upp í samkeppnisþátt, flutningskerfi og orkusölu. Hann minntist einnig á það hvernig við gætum beitt Rarik einmitt núna til þess að styrkja raforkukerfið í landinu, dreifikerfið vítt og breitt um landið. Áherslan hefur öll verið á stóriðjuna (Gripið fram í.) en raforkukerfið út til hinna dreifðu byggða, út til hinna minni staða hefur algjörlega setið eftir. Ég tel því að nú sé mikilvægt að taka Rarik og beita því. Núna er unnið hörðum höndum að því að koma hér málum í gegn til að snúa aftur af þeirri braut einkavæðingar og markaðshyggju sem rak þjóðfélagið áfram á undanförnum árum.

Hæstv. fjármálaráðherra minntist á að nú væru kannski að skapast þær aðstæður að hægt væri að hefja vaxtalækkanir. Ég er alveg sammála honum í því að vaxtalækkun og það að ná niður verðbólgunni sé eitt brýnasta hagsmunamálið bæði fyrir einstaklinga, heimili og atvinnulíf í landinu og það hlýtur að vera forgangsatriði. (Gripið fram í.) Ég tel að það eigi að gera það, já. Ég tel að verið sé að skapa það umhverfi nú að hægt sé að framkvæma (Forseti hringir.) góðar og sterkar og miklar vaxtalækkanir.

[17:00]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst af öllu þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir að taka þessa umræðu hér á dagskrá, það þyrfti hins vegar að gefa henni lengri tíma.

Í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er í íslensku samfélagi hlýtur maður að efast um að forgangsröðun verkefna hjá minnihlutastjórninni sé rétt. Þau mál sem lúta að framtíðarfyrirkomulagi stjórnsýslunnar, sem að öllum jafnaði tæki langan tíma að ræða, eru sett framar málum sem lúta að því að bjarga fyrirtækjum og atvinnulífi landsins og heimilunum. Fyrir liggur spá Creditinfo um fjöldagjaldþrot fyrirtækja á árinu. Lykilfyrirtæki eru að komast í þrot og má þar nefna Íslenska aðalverktaka og einn banki hefur nú fallið á vakt þessarar ríkisstjórnar eins og fréttir bera með sér. Fyrir liggur að ráðstöfunartekjur heimilanna eru að dragast saman og 16.400 manns eru á skrá yfir atvinnulausa. Er þá ráð að fjölga vinnandi höndum á framfæri skattgreiðenda landsins? Vinnum við okkur út úr vandanum með þeim hætti að skattfé almennings verði varið til þess að planta út skógi og grisja hann um leið, fjölga listamönnum á launaskrá ríkisins og skuldbinda ríkissjóð með þeim hætti að ríkisfyrirtæki veiti við í væntanlegum fjárframlögum á fjárlögum, samanber yfirlýsingu menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um byggingu tónlistarhúss?

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vinnur nú að úttekt á stöðu efnahagsmála og ber stöðuna saman við þau markmið sem sett voru. Ljóst er að ýmsar ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur gripið til á síðustu vikum samrýmast ekki fjárlögum ársins. Tekjur ríkissjóðs hafa dregist meira saman en gert er ráð fyrir í áætlunum og útgjöld hafa að sama skapi vaxið meira en forsendur fjárlaga gera ráð fyrir. Upplýst hefur verið í fjölmiðlum að unnið er að sparnaðartillögum innan ráðuneytanna til að mæta þessum frávikum frá efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Hver er hin raunverulega staða þjóðarbúsins? Með því á ég annars vegar við ríkissjóð og hins vegar við sveitarfélögin. Ég treysti því að þessar upplýsingar liggi fyrir og verði kynntar þingheimi hið allra fyrsta. Jafnhliða því muni ríkisstjórnin kynna þjóðinni áform sín um með hvaða hætti hún hyggist takast á við þann vanda sem glímt er við í stað þess að halda þinginu uppteknu við að ræða mál sem engu máli skipta fyrir afkomu heimila og fyrirtækja landsins.

Er þá ekki kominn tími til að ríkisstjórnin upplýsi þjóðina um þau úrræði og þær bjargir sem hún hyggst grípa til? Að mínu mati er nauðsynlegt að ríkisstjórnin semji við stjórnarandstöðuna um það með hvaða hætti haga eigi þinghaldi til þess að forgangsverkefnin — úrbætur og aðgerðir á sviði atvinnumála, aðgerðir til bjargar heimilunum og geta ríkissjóðs til að halda uppi því þjóðfélagi sem við viljum öll standa vörð um — fái þann tíma og þann sess sem nauðsynlegt er í sölum Alþingis. Tími er til kominn að þingmenn skilgreini hvaða upplýsingum þörf er á til að Alþingi geti tekið upplýstar ákvarðanir hverju sinni og bregðist um leið við þeirri sjálfsögðu (Forseti hringir.) kröfu að allar upplýsingar í þessum efnum verði aðgengilegar um leið og þær verða til.

[17:04]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Það eru fimm mánuðir frá því að bankarnir hrundu og ekki hefur enn verið tekið á þeim vanda sem við er að glíma, hvorki varðandi heimilin í landinu né atvinnulífið, atvinnufyrirtækin.

Það er ekkert verið að gera. Það er skelfilegt að fjórflokkurinn sem hefur ráðið, fyrst fyrrverandi ríkisstjórn og svo núverandi ríkisstjórn, með stuðningi Framsóknarflokksins, hefur ekkert verið að gera og það sést enginn munur á því hvort sjálfstæðismenn voru í ríkisstjórn með Samfylkingu eða hvort Vinstri grænir eru með Samfylkingu. Við horfum upp á það að ekkert er að gerast, tíminn líður og fyrirtækin fara í þrot og heimilin líka.

Það er aldrei talað um það sem skiptir máli, það sem hægt væri að gera. Við í Frjálslynda flokknum höfum margbent á að það er hægt að auka veiðar, það er hægt að veiða meiri fisk úr sjónum. Sennilega er hægt að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar um 80–90 milljarða án þess að stofna lífríkinu í hættu. Við höfum þann möguleika, og verðum að nýta hann í þessari stöðu, að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið frá grunni, kalla inn allar veiðiheimildir og fara að leigja þær út. Ef við værum að leigja þessi 400 þús. þorskígildistonn sem við erum að veiða í dag á 50 kr. kílóið væru það 20 milljarðar í þjóðarbúið, til ríkissjóðs, og það munar um minna.

Það er líka sorglegt til þess að vita að hér leyfa ráðherrar sér það og ríkisstjórnin að ætla að setja 14–20 milljarða í svokallað tónlistarhús. Ég sé ekki hvaða gjaldeyristekjur við höfum af því, örfá störf, en ekkert nema kostnað þegar húsið verður klárað. Það er fáránlegur gjörningur við þær aðstæður sem við búum við núna að eyða þessum peningum í þetta.

Auðvitað þurfa ríkisstjórnir framtíðarinnar, og sérstaklega sú ríkisstjórn sem tekur við í vor, að reyna að semja sig frá þessum Icesave-reikningum og öðrum skuldum sem eru fallnar á þjóðina, það liggur í augum uppi að það verður að gera. En ég dreg stórlega í efa að sá ráðgjafi sem fenginn var, Mats Josefsson, sé rétti maðurinn til þess að standa að því að endurreisa bankakerfið á Íslandi. Ég dreg í efa þekkingu hans á íslenskum staðháttum, íslensku atvinnulífi og skuldum sjávarútvegsins, veðum sem eru á bak við skuldir í sjávarútvegi.

Ég vil að lokum segja: Fjórflokkurinn hefur brugðist. Flokkar eiga að vera fyrir fólk en ekki öfugt.

[17:07]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Mér finnst að sumir þingmenn hafi eytt of miklum tíma í að horfa til fortíðar því að við þurfum að horfa til framtíðar. Það er ákveðin vinna í gangi við að gera upp fortíðina, hún verður gerð upp. En á tímum sem þessum verðum við að hafa skýra framtíðarsýn og við verðum að vita hvað við viljum.

Það er mikið áhyggjuefni að heyra hv. þm. Árna Pál Árnason tala um að vonlaust sé að fara þá leið sem Framsóknarflokkurinn hefur lagt til með niðurfærslu skulda um 20%, (Gripið fram í.) því að hvert er raunverulegt verðmæti skuldabréfa bankanna á erlendri grund? Það er verðlagt á 7–20%. Erlendir aðilar hafa nefnilega ekki trú á því að verðmætið sé meira en þetta. Það eru sameiginlegir hagsmunir á milli okkar sem þjóðar og kröfuhafanna að okkur vegni vel í framtíðinni. Ef við hefðum ríkisstjórn sem mundi ræða við kröfuhafana á þeim nótum að með því að lækka þessar skuldir um 20% værum við að afstýra kerfishruni, við værum að bæta eignasafn þeirra, ef ríkisstjórnin mundi viðhafa slíkan málflutning að báðir aðilar mundu hagnast á þessu væri kannski annað hljóð í strokknum þegar hæstv. ráðherrar vitna til viðræðna við kröfuhafa. Það skiptir nefnilega máli hvernig stjórnvöld haga málflutningi sínum.

Við framsóknarmenn segjum: Það eru hagsmunir beggja aðila að fara þessa leið vegna þess að eignasafn erlendu aðilanna mun batna fyrir vikið og líkurnar á kerfishruni hér á landi munu minnka. Menn verða að átta sig á þessu, menn mega ekki loka augunum fyrir þessu. Við höfum fengið mjög hæfa sérfræðinga til að leggja mat á þetta og menn geta einfaldlega ekki slegið þessa hugmynd út af borðinu með einu pennastriki. Hagsmunir þjóðarinnar eru undir.

Það eru 90 þúsund einstaklingar í þessu landi á aldrinum 25–45 ára. Þessir 90 þúsund einstaklingar eiga 90 þúsund börn. Þetta er fólkið sem ætlar að standa undir íslensku samfélagi til framtíðar. Þetta er skuldugasta kynslóð Íslandssögunnar. Við framsóknarmenn viljum koma til móts við þessa 180 þúsund þegna íslensku þjóðarinnar með því að lækka skuldir þeirra og skuldbindingar þannig að þessar fjölskyldur geti risið undir skuldum sínum.

Ég sætti mig einfaldlega ekki við það, hæstv. forseti, að menn skuli slá slíkar hugmyndir út af borðinu, bara sisvona. Það er hægt að ræða við erlendu kröfuhafana um að það séu sameiginlegir hagsmunir fyrir því að við komum í veg fyrir þetta kerfishrun. Hér er hver dagur dýrmætur og ég er því miður, hæstv. forseti, mjög efins um að ríkisstjórnin sé á réttri leið við að leita lausna á erfiðu (Forseti hringir.) ástandi á heimilum og í fyrirtækjum. Ég hvet hana (Forseti hringir.) til dáða og ég hvet (Forseti hringir.) hæstv. ráðherra til þess að gefa efnahagstillögum Framsóknarflokksins (Forseti hringir.) meiri gaum en hún hefur gert.

[17:10]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa farið fram um mál málanna, sem er endurreisn efnahagslífsins og hvernig við komum í gang fyrirtækjum og grípum til aðgerða fyrir heimilin í landinu.

Ég vil mótmæla því sem mér fannst koma fram í lokaorðum hv. síðasta ræðumanns, að ríkisstjórnin væri ekkert að gera til þess að bjarga heimilum og fyrirtækjum, þvert á móti. (Gripið fram í.) Við erum vissulega á réttri leið og ég trúi ekki öðru en að hv. þingmaður geti fallist á það ef hann horfir á málið af sanngirni. Hér liggja mörg og mikilvæg mál fyrir þinginu til afgreiðslu, ekki síst til aðstoðar við heimilin í landinu. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir það frumkvæði sem hann hafði að því að taka þessa umræðu upp og ég fagna öllum góðum tillögum sem hér hafa komið fram, m.a. frá framsóknarmönnum. Sumar eru þess eðlis að við í ríkisstjórninni getum vel fallist á þær og þær falla vel að okkar ramma og aðrar ekki.

Ég er ósammála ýmsu sem kom fram hjá stjórnarandstöðunni. Ég er t.d. ósammála því sem kom fram hjá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni, að ekkert væri verið að gera í þessari ríkisstjórn. Ég veit ekki hvar hv. þingmaður hefur verið ef hann getur haldið slíku fram. Ég er líka gjörsam-

lega ósammála þeim orðum sem hann viðhafði um þann ágæta mann Mats Josefsson sem er að hjálpa okkur við endurreisnina, að draga í efa hæfileika hans og sérfræðiþekkingu og að hann þekki bókstaflega ekki íslenskt efnahagsumhverfi. Þetta er auðvitað alrangt.

Það sem kom fram hjá sjálfstæðismönnum var mjög sérstakt, t.d. það sem hv. þm. Einar Guðfinnsson sagði. Mér fannst hann beinlínis vera að segja að ég ætti að fara að skipa peningastefnunefndinni að fara í vaxtalækkun. Hv. þingmaður veit mætavel að það er ekki hlutverk ríkisstjórnarinnar að skipa Seðlabankanum eða peningastefnunefndinni fyrir í því efni. En ég sagði það í ræðu minni hér áðan að ég tel að allar forsendur séu fyrir því að fara í vaxtalækkanir. Vaxtaákvörðunardagur er 19. mars og ég geri ráð fyrir því að við munum þá fara í vaxtalækkanir, allar forsendur eru til þess, en peningastefnunefndin starfar sjálfstætt.

Ég er líka ósammála hv. þm. Bjarna Benediktssyni þar sem hann talar um að við ættum bara að skilja skuldirnar eftir í gömlu bönkunum. Það er ekki skynsamlegt að gera það vegna þess að í gömlu bönkunum eru t.d. — ég spyr hv. þingmann, ég veit að hann getur ekki svarað mér, en mér finnst mjög óeðlilegt að verið sé að tala um að skilja eftir skuldir í gömlu bönkunum, t.d. hjá fyrirtækjum sem hafa mikið samfélagslegt gildi. Skilja það eftir í höndum hverra, kannski erlendra kröfuhafa? Þetta er ekki skynsamleg leið að fara.

En ég er sammála því sem hann sagði, og reyndar fleiri hv. þingmenn, að það þarf að gera meira fyrir heimilin í landinu og að því erum við að vinna. Fara þarf í ákveðnar aðgerðir sem ég tel að muni sjá dagsins ljós í þeirri viku sem er að byrja, myndarlegar aðgerðir fyrir heimilin í landinu til viðbótar þeim fjölbreyttu og fjölmörgu (Forseti hringir.) aðgerðum sem liggja fyrir þinginu.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 321. mál (útgreiðsla séreignarsparnaðar). — Þskj. 674, frhnál. 677 og 678, brtt. 668.

[17:14]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég geri grein fyrir framhaldsnefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umr. en stuttu áður hafði nefndin fengið Völu Rebekku Þorsteinsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Tómas Möller og Gunnar Baldursson frá Landssamtökum lífeyrissjóða og Guðjón Rúnarsson og Marinó Tryggvason frá Samtökum fjármálafyrirtækja á sinn fund til að ræða breytingartillögu minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Meiri hlutinn telur brýnt að frumvarpið verði samþykkt með áorðnum breytingum sem hann lagði til við 2. umr. málsins. Meiri hlutinn telur það jafnframt koma til greina að endurskoða fyrirkomulag útgreiðslu að fenginni reynslu og með hliðsjón af öðrum úrræðum til lausnar greiðsluvanda einstaklinga og heimila. Mælist nefndin til þess að fjármálaráðuneytið skoði breytingartillögu minni hlutans í þessu ljósi og meti þörfina á frekari úrræðum á síðari stigum, jafnvel strax á sumarþingi eftir kosningar í vor.

Mikilvægt er að þessar breytingar gangi fram þannig að þeir sem eru í brýnni þörf fyrir aukna fjármuni til að mæta skuldbindingum sínum geti nálgast þessa eign sína í sjóðunum, en eins og flestir vita er gert ráð fyrir að einstaklingar geti tekið út af séreignarsparnaði sínum allt að 1 millj. kr. sem greiðist út á níu mánuðum. Margar aðrar og málefnalegar leiðir komu til greina og voru ræddar í nefndinni af hv. þingmönnum Pétri Blöndal, Gunnari Svavarssyni og mörgum fleirum. Mikið var til í þeim öllum og leggjum við til, eins og hér sagði áður, að það verði metið fljótlega þegar fram eru komin öll úrræði til lausnar á greiðsluvanda einstaklinga og heimila, hvort gera þurfi eitthvað frekar, t.d. að gefa fólki kost á að skuldajafna með einhverjum hætti á móti séreign sinni með skuldum sínum. En það verður rætt frekar síðar þegar tóm gefst til.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Bjarni Benediktsson og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir álitið rita sá sem hér stendur, formaður og framsögumaður, Ellert B. Schram, Gunnar Svavarsson, Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason og Birkir J. Jónsson.

[17:17]

Ásta Möller (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég átti þess kost að sitja einn fund nefndarinnar sem varamaður og einmitt á þeim fundi var breytingartillaga hv. þm. Péturs Blöndals við frumvarpið til umræðu og þá komu einnig fulltrúar lífeyrissjóðanna til að gefa álit sitt á tillögu hans.

Það var alveg ljóst á viðbrögðum fulltrúanna að þeim leist mætavel á tillögur hv. þingmanns. Ég ætla ekki að rekja hana hér en hv. þingmaður veit alveg hvað ég á við. Ég skildi það svo að það yrði skoðað á milli umræðna að fara ítarlegar ofan í hvað hún mundi þýða og hvernig það yrði útfært. En það var alveg ljóst af viðbrögðum fulltrúa lífeyrissjóðanna að þeir gátu séð það að tillaga hv. þingmanns mundi mæta mun betur bæði þörfum almennings og ekki síður vanda lífeyrissjóðanna en sú tillaga sem ríkisstjórnin leggur til. Ég heyrði á ræðu hv. þingmanns og nefndaráliti hans að þessi tillaga yrði skoðuð nánar eftir að frumvarpið verður að lögum en það segir sig náttúrlega sjálft að þegar komin er á ákveðin framkvæmd sem er svona eins og títuprjónaaðferð, þ.e. hún mætir í mjög litlum mæli þörfum og væntingum almennings um úrlausn í þessum málum, um að nota séreignarlífeyrissparnaðinn til að mæta greiðsluerfiðleikum sínum. Þá hlýtur maður að velta fyrir sér hvað veldur því að ekki er farin sú leið sem hv. þm. Pétur H. Blöndal leggur til og lífeyrissjóðirnir sjálfir, stjórnir lífeyrissjóða eða fulltrúar þeirra töldu vera mun

heppilegri leið, bæði til að mæta vanda heimilanna og ekki síður vanda lífeyrissjóðanna sjálfra.

[17:19]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er það svo, til að því rétta sé til haga haldið, að það voru mjög skiptar skoðanir á meðal fulltrúa lífeyrissjóðanna um þá leið sem hv. þm. Ásta Möller nefndi. Þær voru mjög skiptar og fjarri því að samhljómur eða samstaða væri um þær meðal þeirra allra. Lífeyrissjóðirnir höfðu mikinn fyrirvara almennt við að hreyfa við þessum hlutum og það má alveg deila um það. Þetta er bara ein leið af fjöldamörgum til að bæta stöðu fólks og engin meginleið og það má alveg deila um hvort það sé almennt rétt að opna á þetta með þessum hætti.

Það var samt nokkuð almennur og ríkur vilji til þess í þinginu að gefa fólk kost á að nálgast lítinn hluta af séreignarsparnaði sínum með þessum hætti. Margir einstaklingar hafa haft samband við okkur mörg um það og bent á að bara það að geta nálgast þennan hluta hjálpi þeim að mæta tímabundnum erfiðleikum. Það er erfitt að færa rök fyrir því að fólk sem á slíka eign geti ekki gengið að einhverju leyti að henni þegar í harðbakkann slær hjá því og árferðið er eins og það er núna.

Varðandi það sem ég nefndi áðan um aðrar leiðir, skuldajafnanir og fleira, þá taldi nefndin enga ástæðu til að útiloka slíkt og sjálfsagt að skoða það áfram um leið og einhver reynsla kemst á þessa framkvæmd en hún var ekki tilbúin til þess núna. Við hefðum þurft lengri tíma til að fara ítarlegar í gegnum það mál áður en við tækjum ákvörðun um að fara aðrar leiðir í því. Það má fagna því í sjálfu sér að þessi leið sé samþykkt núna og svo verði það skoðað áfram hvort rétt sé að gefa fólki frekari aðgöngu að þessari eign sinni og þá hugsanlega með einhvers konar skuldajöfnun. Ég held að við getum öll verið sæmilega sátt við að það verði skoðað strax í framhaldinu.

[17:21]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var á þessum fundi sem hv. þingmaður var reyndar ekki á af ástæðum sem ég þekki ekki, enda kom ég þarna rétt aðeins í lokin. Má því kannski segja að ég hafi ekki heildarmyndina af málinu þannig séð nema hvað ég hlustaði á fulltrúa stjórna lífeyrissjóðanna sem sögðu, aðspurðir, að tillaga hv. þm. Péturs Blöndal mundi vera mun heppilegri, bæði fyrir almenning í landinu og jafnframt fyrir lífeyrissjóðina vegna þess að þá stæðu þeir ekki frammi fyrir því að þurfa að leysa út bréf sem væru auðleysanleg til að borga þetta út heldur væru þeir með skuldabréf í höndunum sem væri til þess fallið að ekki yrði flutningur á fjármagni frá lífeyrissjóðunum og út í bæ með þeim hætti sem frumvarpið leggur til.

Það segir sig líka sjálft að tillagan sem hv. meiri hluti leggur til og reyndar ríkisstjórnin sjálf þar sem miðað er við að einstaklingar geti leyst út 1 milljón á tíu mánuðum, sem þýðir 63 þús. kr. eftir skatta í hverjum mánuði og sú upphæð ein og sér leysir engan vanda, leysir ekki greiðsluerfiðleika fólks. Ef á hinn bóginn væri farin sú leið sem hv. þm. Pétur H. Blöndal leggur til fengi fólk í hendurnar 630 þús. í einni upphæð, ég tala nú ekki um ef um hjón væri að ræða og þau ættu séreignarlífeyrissparnað sem því næmi, þá væru komnar a.m.k. 1,3 millj. kr. sem þau gætu haft milli handa til að mæta þeim erfiðleikum sem allt of mörg heimili standa frammi fyrir núna. Ég verð því að segja að mér þykir miður að þessari tillögu skyldi vera hafnað og sé ekki ástæðuna fyrir því.

[17:24]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að hafa fengið hér orðið, var í sjálfu sér alveg tilbúin til að hinkra aðeins en ég þakka fyrir þetta.

Hér erum við með til 3. umr. frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, um staðgreiðslu opinberra gjalda og um tekjuskatt. Málið fjallar um þær væntingar fólks að geta gengið að séreignarlífeyrissparnaði sínum til þess að mæta greiðsluerfiðleikum. Tillagan er af hálfu ríkisstjórnarinnar í þá veru að greiða út séreignarlífeyrissparnað í áföngum, allt að 1 milljón kr. á 10 mánuðum sem þýðir að í hverjum mánuði gæti fólk fengið greiddar út 100 þús. kr. en þegar skattar hafa verið dregnir frá eru um 63 þús. kr. til útborgunar. Tilgangurinn er, eins og ég kom að áðan, að koma til móts við fjölskyldur sem eru í greiðsluerfiðleikum. Við vitum að margar fjölskyldur eru í dag í vandræðum með að mæta skuldbindingum sínum og hafa einmitt litið til þess að þarna ættu þær séreignarlífeyrissparnað og hafa viljað sækja í það fjármagn til að mæta erfiðleikum sínum. Þetta er þá sparifé sem þær nota til þess að greiða niður skuldir og jafnvel í einhverjum tilvikum gæti fólk komið í veg fyrir að það missti húsnæðið.

Það er hins vegar verulegur galli á þessari útfærslu hæstv. ríkisstjórnar. Í fyrsta lagi er þetta mjög lág upphæð, þetta er lág upphæð að því marki að þegar hún er greidd út með þeim hætti sem lagt er upp með, að þetta séu 63 þús. kr. á mánuði, hjálpar það afskaplega lítið til þess að mæta greiðsluerfiðleikum. Ef fólk á annað borð á 1 milljón kr. í séreignarlífeyrissparnaði mætti í mörgum tilfellum ætla að þessar 63 þús. kr. yrðu notaðar í neyslu frekar en í að mæta greiðsluerfiðleikum. Þessu er dreift á allt of langan tíma þannig að þetta er ekki það úrræði sem ég tel að fólk hafi vænst að yrði.

Það verður einnig að horfa til þess að sú útfærsla sem ríkisstjórnin leggur til hefur veruleg áhrif á lífeyrissjóðina. Það er mikil hætta á því að þegar lífeyrissjóðirnir standa frammi fyrir því að leysa út bréf sín og þá til að greiða fólki til baka sparnað noti þeir þá bréf sem eru öruggust og kannski með bestu ávöxtunina. Þau bréf sem eftir verða í lífeyrissjóðunum verða þá með lægri ávöxtun og verða ekki eins trygg bréf, og hagsmunir þeirra sem ekki leysa út sinn séreignarlífeyrissparnað geta verið fyrir borð bornir með verðminni bréfum. Fólkið sem situr þá eftir verður ekki með eins öruggar tryggingar, ekki eins örugga sjóði á bak við og verri ávöxtun.

Það er líka ákveðin hætta á því að með því að gefnir séu þessir möguleikar muni fólk fara inn í lífeyrissjóðina, leysa út séreignarlífeyrissparnað sinn og jafnvel koma peningum

sínum í betri ávöxtun ef fólk telur að sú sé raunin. Það mun hafa enn meiri áhrif á ávöxtun lífeyrissjóðanna til hins verra. Það kom mjög greinilega fram í máli fulltrúa lífeyrissjóðanna að þeir töldu að útfærsla ríkisstjórnarinnar væri ekki heppileg og horfðu þá m.a. til þeirrar leiðar sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur lagt til fyrir hönd minni hluta nefndarinnar, fyrir hönd sjálfstæðismanna í nefndinni.

Nú hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal ekki mælt fyrir nefndaráliti sínu þar sem hann þurfti að vera á öðrum stað en vonandi nær hann að koma inn í umræðuna áður en henni lýkur. Ég er með nefndarálit hans og minni hluta nefndarinnar fyrir framan mig þar sem hann lýsir áhrifum tillögu ríkisstjórnarinnar.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrir utan það að þessi lausn breytir sennilega mjög litlu fyrir þann sem á í verulegum erfiðleikum og er að missa heimili sitt er hugsanlegt að mjög margir muni nota tækifærið og flytja þennan hluta séreignar sinnar á venjulega bankabók, hugsanlega verðtryggða, þar sem traust manna á séreignarsparnaði hefur beðið nokkurn hnekki. Ef mikið verður um slíkar útgreiðslur getur viðkomandi lífeyrissjóður að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins stöðvað útgreiðslur til þess að hann þurfi ekki að selja eignir í hraðsölu til tjóns fyrir aðra sjóðfélaga. Þá gildir reglan „fyrstur kemur, fyrstu fær“. Vissan um það getur ýtt undir að fólk bregðist hratt við. Þá kemur fram mismunun á milli þeirra sem fylgjast vel með og vita og hinna sem ekki eru eins upplýstir. Minni hlutinn tekur undir alvarlegar viðvaranir Fjármálaeftirlitsins sem koma fram í umsögn eftirlitsins og varaði við þessu í nefndinni en hlaut ekki hljómgrunn.“

Minni hlutinn telur breytingartillögu sína leysa vanda þeirra sem eru í verulegum vanskilum sem þeir geta ekki greitt og eiga á hættu að missa húsnæði sitt en eru jafnframt með stórar upphæðir bundnar í séreignarsparnaði.

Hv. þm. Pétur Blöndal lýsir hugmynd sinni í framhaldsnefndaráliti minni hluta nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Hugmyndin gengur út á það að lífeyrissjóðurinn gefi út skuldabréf til viðkomandi lánastofnunar og skattheimtunnar með sömu kjörum varðandi gjalddaga og ávöxtun og séreignarsparnaðurinn sjálfur. Þannig má segja að lánastofnunin og skattheimtan verði „séreignarsparandi“ í stað einstaklingsins, sem hins vegar losnar úr viðjum vanskila og forðar heimili sínu frá uppboði. Lánastofnunin fær mjög góðan skuldara í stað vanskilanna og skattheimtan fær skatta með nákvæmlega sama hætti og fyrirhugað var að óbreyttri skattprósentu. Lífeyrissjóðurinn heldur áfram starfsemi sinni eins og ekkert hafi í skorist.“

Með þessari aðferð þarf ekki að verða tilfærsla á fjármagni úr lífeyrissjóðnum heldur kemur skuldabréf á móti þannig að lífeyrissjóðurinn þarf ekki að leysa út bréf.

Það kom mjög greinilega fram á fundi nefndarinnar að þarna horfðum við fram á það sem sumir vildu kalla „win-win-situation“, þ.e. að báðir aðilar standa betur á eftir. Það kemur betur til móts við þarfir fólks að fá upphæðina í einu lagi en ekki dreifa henni á 10 mánuði og staða lífeyrissjóðanna er óbreytt.

Það kemur m.a. fram í framhaldsnefndaráliti meiri hluta nefndarinnar að henni leist ágætlega á þessa útfærslu, ég gat ekki betur séð en að eftir fundinn hefði verið töluvert uppnám meðal meiri hlutans þar sem hann sá að þarna væri tillaga sem mætti skoða betur. Ég skildi umræðuna þannig að það yrði að einhverju leyti reynt að skoða hana með þeim hætti að hún yrði jafnvel yfirtekin og ríkisstjórnin mundi gera hana að sinni.

Það var sem sagt ekki gert og málið var afgreitt út úr nefndinni í morgun en í framhaldsnefndaráliti meiri hlutans kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur það jafnframt koma til greina að endurskoða fyrirkomulag útgreiðslu að fenginni reynslu og með hliðsjón af öðrum úrræðum til lausnar greiðsluvanda einstaklinga og heimila. Mælist nefndin til þess að fjármálaráðuneytið skoði breytingartillögu minni hlutans í þessu ljósi og meti þörfina á frekari úrræðum á síðari stigum.“

Þarna kemur fram að meiri hlutinn er ekki alls andsnúinn þessari tillögu og vill skoða hana nánar en eins og ég sagði áðan í andsvari mínu við hv. þm. Björgvin Sigurðsson, formann nefndarinnar, er ekki heppilegt að byrja á einni útfærslu sem er óheppileg fyrir fólk og hafa uppi einhver loforð um aðra útfærslu síðar. Þannig er í raun og veru skert jafnræði milli fólks.

Ég tel að útfærslan sem hér er lögð til sé vonbrigði fyrir fólk. Fólk hafði töluverðar væntingar um að geta gengið að séreignarlífeyrissparnaði sínum. Auðvitað mótmæltu ýmsar raddir eða töldu þessa leið ekki heppilega en niðurstaðan varð þessi og þingflokkur sjálfstæðismanna með hv. þm. Árna M. Mathiesen í fararbroddi lagði til ákveðnar breytingar í þessa veru. Ég tel að tillagan komi ekki nægilega vel til móts við fólk og mér finnst þessi útfærsla meira bera keim af því að það sé verið að klóra í bakkann en að mæta vanda fólks.

Síðan er annað mál sem snýr að lífeyrissjóðunum. Við sáum í dag að einn bankinn féll, Straumur fjárfestingarbanki féll í dag og það kemur fram í fréttaflutningi að lífeyrissjóðirnir hafa átt um 10% í Straumi – Burðarási. Í frétt á vefmiðlinum AMX kemur fram að lífeyrissjóðirnir tapi 1,2 milljörðum kr. á falli bankans. Jafnframt er bent á að tap sjóðanna sé jafnvel enn meira, enda kaupverð bréfanna hærra en sem nemur þessu. Verð bréfa í Straumi – Burðarási fór upp í 23 kr. í júlí 2007 en var á föstudaginn var komið ofan í 1,71 kr. Það þýðir að verðmæti bankans var 13 sinnum hærra í júlí 2007 en á föstudaginn. Tap lífeyrissjóðanna var að hluta til komið fram en það breytir því ekki að þetta er enn eitt áfallið hjá lífeyrissjóðunum.

Það hefur m.a. komið fram að bankahrunið hefur valdið 12–13% tapi og lífeyrissjóðirnir eru byrjaðir að birta tölur sínar um ávöxtun síðasta árs. VR tilkynnti þær nýlega og ávöxtunin er -11,7% hjá VR og mjög líklegt að ávöxtun annarra lífeyrissjóða sé á svipuðum nótum. Þetta er mjög alvarleg staða en ég verð að benda á að þrátt fyrir mikið áfall er tapið þó ekki meira en svo — maður hefði kannski haldið fyrir fram að það yrði meira — að staða lífeyrissjóðanna fer núna u.þ.b. tvö ár aftur í tímann, eignastaða þeirra er eins og hún var fyrir u.þ.b. tveim árum. Við megum ekki gleyma því að uppgangurinn þar á undan skilaði lífeyrissjóðunum mikilli ávöxtun í kjölfar þess mikla blómaskeiðs sem við upplifðum sem margir vilja meina að hafi síðan sprungið sem það gerði svo sannarlega. Við megum ekki

gleyma því að lífeyrissjóðirnir náðu að safna miklum auði til framtíðar á blómaskeiðinu og hrunið færir lífeyrissjóðina þó ekki lengra en tvö ár aftur í tímann varðandi eignastöðu.

Núna í framhaldinu varðandi lífeyrissjóðina hljótum við að huga að endurskipulagningu þeirra. Einhvers staðar var sagt í dag eða í gær að bara rekstrarkostnaður lífeyrissjóðanna væri um 2 milljarðar kr. á ári og ég tel að það þurfi að fara í saumana á starfsemi þeirra og rekstrarkostnaði og að jafnvel verði að skoða að einhverju leyti sameiningu þeirra til þess að ná út hagstæðri stærð þannig að þeir geti með betri hætti þjónað þeim tilgangi sem þeim er ætlaður.

Við hljótum líka aðeins að velta fyrir okkur stöðu sjóðanna núna, hvernig þeir verja eignir sínar við þetta hrun. Hver er staða þeirra gagnvart bönkunum? Við hljótum að velta fyrir okkur hvort þeir séu einhver afgangsstærð hjá bönkunum, ekki að ég hafi neitt fyrir mér í því en ég held að þeir hljóti að skoða stöðu sína gagnvart bönkunum og hvernig hagsmuna þeirra er gætt þar. Bankarnir hafa tapað verulegum verðmætum og verðmætin eru sjóðir sjóðsfélaganna. Við stöndum frammi fyrir því í einhverjum tilvikum að sjóðirnir þurfi að skerða lífeyri félaga sinna sem verður mjög erfitt mál.

Þetta er sem sagt umræðan um útlausn á séreignarlífeyrissparnaði og mér þykir miður að meiri hluti nefndarinnar hafi ekki treyst sér til að velja leið sem margir telja að hefði gagnast mun betur, bæði lífeyrissjóðunum sjálfum, sem verða að gæta hagsmuna sinna og sinna félagsmanna og gæta jafnræðis á milli félaga sinna, og hins vegar fólkinu sem hafði miklar væntingar um að geta gengið að séreignarlífeyrissparnaði sínum til þess að hjálpa sér í greiðsluerfiðleikum.

[17:39]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Undarleg eru þau nú, uppátæki sjálfstæðismanna í þingsölum í dag. Það var talsverð umræða við upphaf þingfundar þar sem sjálfstæðismenn komu í pontu hver á fætur öðrum til að lýsa því yfir að þeir mundu nú styðja framgang allra góðra mála sem vörðuðu heimilin og atvinnulífið í landinu og býsnuðust yfir því að hér væru einhver önnur mál líka á dagskrá fundarins.

Ég held að það sé fróðlegt, ekki síst fyrir fjölmiðla, að velta fyrir sér hvaða leik Sjálfstæðisflokkurinn er í raun og veru að leika í þingsölum í dag. Hér er á dagskrá til 3. umr. brýnt hagsmunamál fyrir heimilin í landinu. Við 2. umr. flutti meiri hluti efnahags- og skattanefndar ýmsar breytingartillögur við frumvarpið sem allar voru samþykktar samhljóða. Frumvarpið við 2. umr. var samþykkt samhljóða með mörgum atkvæðum sjálfstæðismanna. Einn sjálfstæðismaður sat hjá.

Það mætti ætla að um þetta mál væri breið samstaða almennt séð þó að menn kunni að hafa skiptar skoðanir um einhverjar aðrar leiðir sem hugsanlega mætti líka fara. Sjálfstæðisþingmennirnir velja það núna að setja sig á mælendaskrá við 3. umr., hver á fætur öðrum, til að tala um þetta mál og núna er eins og þeir séu að draga í land þótt þeir hafi samþykkt breytingartillögurnar og frumvarpið við 2. umr. Núna tala þeir um að þeir vilji fara einhverja aðra leið.

Það sér hver maður sem vill að Sjálfstæðisflokkurinn og sjálfstæðismenn hér eru ekki að fara í þessa umræðu til þess að fara í þetta mál sérstaklega, heldur til þess að koma í veg fyrir eða tefja að næsta mál á dagskrá, stjórnarskipunarlögin, komist að. Þetta finnst mér ekki liður í því að styðja öll góð mál ríkisstjórnarinnar sem varða heimilin og atvinnulífið í landinu. (**Gripið fram í:** Stjórnarskráin.)

[17:41]

Ásta Möller (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var undarleg ræða hjá hv. þingmanni. Það liggur alveg ljóst fyrir að þingflokkur sjálfstæðismanna styður það að séreignarlífeyrissparnaður landsmanna verði þeim aðgengilegur. Hv. þingmaður veit líka að það kom tillaga frá hv. þm. Pétri H. Blöndal milli 2. og 3. umr., kom reyndar á fundi rétt áður en farið var í 2. umr., og hún var þó þess virði að mati hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar að skoða hana nánar.

Á fundi í morgun, síðasta fundi nefndarinnar áður en málið var afgreitt til 3. umr. — það var haldinn fundur á milli 2. og 3. umr. — var þess vænst að niðurstaða kæmi úr skoðun hv. þingmanna meiri hlutans.

Þetta kemur engu málþófi við. Við erum tilbúin að leggja allt okkar af mörkum til að tryggja framgang góðra mála, en ef málin geta verið enn þá betri tel ég að hv. þingmaður sé ekkert of mikill til að skoða þau. Það hefur hann reyndar gert og komist að annarri niðurstöðu. Ég veit ekki hvort það var tímaþröng eða hvað olli því að hann treysti sér ekki til að taka undir þessa tillögu sem honum þótti þó góðra gjalda verð fyrir tveimur dögum.

Við erum ekki að tefja eitt eða neitt. Við tökum hins vegar þátt í lýðræðislegri umræðu sem hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni er mjög tamt að tala um, en þegar hún snýr að einhverjum öðrum en honum leggur hann hana út á versta veg. Við erum tilbúin til að ræða þessi mál og önnur, en ef hægt er að bæta góð mál er engin ástæða til að sitja á þeim. Það er það sem við erum að gera, við erum að koma með umræðu um mál sem má gera jafnvel enn betra en það er.

[17:43]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vitaskuld er Sjálfstæðisflokkurinn að reyna að koma í veg fyrir eða tefja það að 3. mál komist hér á dagskrá, það er alveg bersýnilegt. Þeir um það og þeir verða að eiga um það við sína samvisku.

Ég vek bara athygli á því að þegar málið var hér til 2. umr. með breytingartillögum frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar samþykktu m.a. eftirtaldir þingmenn úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins frumvarpið þannig breytt: Ármann Kr. Ólafsson, Árni Mathiesen, Birgir Ármannsson, Björn Bjarnason, Geir H. Haarde, Guðlaugur Þór Þórðarson, Herdís Þórðardóttir, Illugi Gunnarsson, Jón Magnússon, Ólöf Nordal, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Sturla Böðvarsson og Þorgerður K. Gunnarsdóttir. Þetta voru þeir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hér voru viðstaddir og studdu málið. Breytingartillagan sem hér um ræðir lá fyrir á þeim tímapunkti, hafði verið til umræðu og henni hafði verið dreift fyrir 2. umr. (Gripið fram í.) Já, henni hafði verið dreift þannig að hún lá fyrir, hún lá

líka fyrir í nefndinni og hafði verið rædd þar að sjálfsögðu, (Gripið fram í.) þessi útfærsla, þannig að það var alveg ljóst.

Í framsöguræðu hæstv. fjármálaráðherra þegar hann mælti fyrir málinu var þess líka getið að þessi leið hefði verið skoðuð og hún var alls ekki útilokuð. Það er það sem kemur fram í framhaldsnefndarálitinu núna, að það kemur að sjálfsögðu til greina að skoða þessi mál frekar en það væri mjög óráðlegt að reyna að koma í veg fyrir að þetta mál yrði afgreitt hér og nú, jafnvel þó að einhverjar frekari úrlausnir kynnu að koma til umræðu og athugunar á síðari stigum.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ekki skynsamlegt hjá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að fara svona yfir málið. Þetta er sama aðferð og þeir beittu við virðisaukaskattsmálið sem hér var afgreitt sem lög frá Alþingi í síðustu viku. Þá komu þeir allt í einu við 3. umr. og settu á langar ræður hver á fætur öðrum sem bersýnilega var líka í þeim tilgangi að reyna að tefja umræður, þeir studdu málið (Gripið fram í.) að sjálfsögðu en reyndu bersýnilega að tefja fyrir að málið yrði afgreitt.

Ég get ekki dregið aðra ályktun en þá að Sjálfstæðisflokkurinn sé einfaldlega að reyna að tefja þetta mál þrátt fyrir öll fögru orðin um að styðja góð mál frá ríkisstjórninni sem horfa til heilla fyrir fjölskyldur og atvinnulíf. (Gripið fram í.) Niðurstaðan er sú að þeir eru að sjálfsögðu að reyna að tefja að 3. málið komist á dagskrá sem þeir gerðu miklar athugasemdir við í upphafi þingfundar að væri yfirleitt til umræðu.

[17:46]

Ásta Möller (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég á von á því að það frumvarp komi til umræðu hér á eftir en ég ætla að lýsa minni hlið á málinu.

Eins og áður hefur komið fram í máli mínu sat ég þennan fund fyrir helgina þar sem þetta mál var til umræðu. Það var stuttur fundur en þar sem ég þekki lífeyrissjóðamál mjög vel er ég kannski dálítið glögg á málið og gæti sett mig inn í það á stuttum tíma. Eftir þann fund litum við svo á, m.a. vegna viðbragða hv. þingmanns sem stjórnaði honum, að ákveðinn möguleiki væri á því að meiri hlutinn tæki undir tillöguna. Þess vegna var breytingartillaga hv. þm. Péturs H. Blöndals dregin til baka við 2. umr. og við studdum þær breytingartillögur sem komu frá meiri hlutanum.

Ég átti von á því á fundinum sem haldinn var í morgun að breytingartillagan frá hv. þm. Pétri H. Blöndal yrði tekin til umræðu og jafnvel tekið undir hana. Þess vegna studdu hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hana við atkvæðagreiðsluna við 2. umr. og drógu hina til baka til að hún yrði ekki felld, vegna þess að við töldum að hún mundi þá fá frekari skoðun og væntum þess að hún yrði jafnvel afgreidd út í morgun. Svo varð ekki. Það er fyllilega ástæða til þess að halda þeirri tillögu á lofti. Okkur þykir hún betri en sú sem hv. þingmaður heldur fram og því ættum við ekki að taka lýðræðislega umræðu um það?

Við sjáum líka að hv. þingmaður og félagar hans hafa að sumu leyti tekið undir tillöguna, m.a. í nefndarálitinu þar sem þeir telja ástæðu til að taka sérstaklega fram að skoða þurfi þessa tillögu nánar þannig að við hefðum kosið að nefndin hefði treyst sér til að ganga lengra. En við erum í fullum rétti til að standa upp, taka lýðræðislega umræðu, mæla fyrir máli okkar (Forseti hringir.) og fylgja því eftir.

[17:48]

Útbýting:

Könnun á greiðsluaðlögun fasteignaveðlána, 400. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 681.

Skýrsla um afhendingaröryggi orku á Vestfjörðum, 399. mál, fsp. EKG, þskj. 680.

Tóbaksvarnir, 162. mál, nál. heilbrn., þskj. 679.

[17:48]

Árni M. Mathiesen (S):

Frú forseti. Það er greinilegt að 3. umr. er ekki höfð í miklum hávegum hjá hv. þingmönnum stjórnarminnihlutans þessa dagana. Samt lagði ég á föstudaginn fram breytingartillögu, ásamt hv. þm. Gunnari Svavarssyni, sem var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum við 3. umr. um virðisaukaskattsfrumvarpið, sem studd var af stjórnarandstöðunni í atkvæðagreiðslu. Þetta var við 3. umr. Ég held að þetta dæmi eitt og sér sýni okkur að 3. umr. skiptir líka máli. Hún er til þess að þingið fái enn eitt tækifæri til að fara yfir málið og sjá hvort hægt sé að bæta úr og breyta og laga það þannig að það verði betra og fari betur á því en við 1. umr. og 2. umr. Eins og ég nefndi áðan var þessi breytingartillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, bæði stjórnarminnihlutans og stjórnarandstöðunnar.

Það er vissulega svo — og þess vegna er rangt ef því er haldið fram að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins reyni að tefja þetta mál — að hér er um mjög brýnt mál að ræða. Þetta var reyndar eitt af þeim málum sem var talsvert til umræðu um mánaðamótin janúar/febrúar þegar stjórnarskiptin urðu og hv. þingmenn Samfylkingarinnar nefndu það sérstaklega til sögunnar ásamt greiðsluaðlögunarmálinu sem dæmi um hversu erfiðlega hefði gengið að taka ákvarðanir um að koma málum fram í tíð fyrri ríkisstjórnar. Nú er það svo að greiðsluaðlögunarmálið er rúmum mánuði síðar ekki komið úr nefnd til afgreiðslu hjá þinginu og þetta mál er nú statt í 3. umr.

Hins vegar lögðum við hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins í fyrstu viku febrúar fram frumvörp um bæði þessi mál og þau eru enn í nefnd. Um það bil hálfum mánuði síðar kom ríkisstjórnin hins vegar með frumvörp sín um sama efni sem nú er unnið að í nefndum eða eru komin til umræðu. Það er eiginlega skrýtið miðað við hvað hér er um brýn mál að ræða — eða alla vega töldu hv. þingmenn Samfylkingarinnar að um brýn mál væri að ræða þegar stjórnarskiptin urðu um mánaðamótin janúar/febrúar — að þau skuli ekki vera komin lengra en raun ber vitni. Það er örugglega ekki hægt að kenna hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins um það jafnvel þótt þeir leyfi sér að ræða málin og koma með tillögur til breytinga á málum við 3. umr.

Kannski er sérstaklega ástæða til að koma með breytingartillögur við þetta mál við 3. umr. vegna þess að frumvarp ríkisstjórnarinnar olli miklum vonbrigðum hjá þeim sem höfðu talið að þar væri von til að þeir gætu bætt stöðu sína og greitt úr einhverjum þeim vandamálum sem þeir væru

komnir í vegna skulda. En niðurstaða flestra þeirra er sú að frumvarpið sem hér er lagt til að verði afgreitt við 3. umr. mun skipta litlu máli. Það mun auðvitað skipta einhverju máli en það mun skipta miklu minna máli en fólk hafði almennt vonast til og ég held að hafi verið ástæða til að vonast til. Og það sem meira er, í þessu máli eru líka atriði sem verða til þess að það muni leiða til meiri innlausnar og þá á öðrum forsendum en vegna skuldavandans. Auðvitað geta menn verið í vanda af öðrum ástæðum en vegna skulda en það getur líka leitt til þess að það verði hvati fyrir þá sem ekki eru í neinum vanda að leysa þessa fjármuni inn, kannski ekki endilega til að eyða þeim, þótt vissulega væri hugsanlegt að það gerðist, en einnig til að ráðstafa þeim á annan hátt vegna þess að upp er komin ákveðin vantrú á séreignarsparnaðinum og hvernig hefur gengið að ávaxta hann og að vissu leyti virðist umræðan síðustu dagana vera mjög neikvæð gagnvart lífeyrissjóðunum þó að ég vilji alls ekki gerast málsvari þess að við treystum ekki lífeyrissjóðunum eða gera lítið úr hlutverki þeirra eða starfi.

Vissulega, frú forseti, er ákveðinn vandi fólginn í þessu máli. Hann er fyrst og fremst í tveimur atriðum, í lausafjárerfiðleikum sem minni lífeyrissjóðirnir gætu lent í vegna innlausnar og eins vegna tvenns konar ójafnræðis sem upp gæti komið. Annars vegar þess að ef leysa þyrfti upp sjóðina, gæti verið ójafnræði á milli þeirra sem ekki innleystu og þeirra sem innleystu og eins vegna þess að ef horft er til hugmynda okkar sjálfstæðismanna hefðu þeir sem væru skuldugir rétt til að innleysa en aðrir ekki og það væri þá vegna þess að þeir skuldugu væru jafnframt taldir í vanda en ekki hinir.

Ég hefði talið eðlilegt að í starfi þingsins hefðu menn einbeitt sér að því að reyna að leysa úr þessum vandkvæðum sem ég fór yfir og finna lausnir á þeim til að þessi aðgerð skipti meira máli en raun virðist ætla að vera og til að þau vonbrigði sem ég nefndi áðan hefðu ekki komið upp. En það var ekki gert og auðvitað eru mikil vonbrigði fólgin í því. Nefndin fjallaði ekki um þetta á þessum forsendum og var ekki að leita leiða til að leysa úr þeim vanda sem hér um ræðir.

Vissulega fjallaði nefndin um það að tilgangur frumvarpsins væri að reyna að bæta úr bágri fjárhagsstöðu margra einstaklinga og heimila en nefndin fjallaði einnig um það að geta lífeyrissjóðanna til að standa undir útgreiðslum gæti verið takmörkuð. Hún fjallaði líka um það hversu margir rétthafar væru líklegir til að nýta heimildina, sem auðvitað er þá í samhengi við getu lífeyrissjóðanna, og síðan áfram um áhrif á stöðu vörsluaðila, þ.e. um stöðu lífeyrissjóðanna og þá rétthafa sem ekki kjósa að taka út séreignarsparnað sinn. En engar lausnir á þessum vanda var að finna í nefndarstarfinu. Það er einungis sagt að um það hafi verið fjallað og í breytingartillögunum sem samþykktar voru, þótt þær hafi verið til bóta, var ekki um neinar sérstakar lausnir á efnisatriðunum að ræða. Þess í stað var rætt um hvort þyrfti að binda heimildina til innlausnar frekari skilyrðum til að tryggja raunverulegan ávinning fyrir rétthafa, frekari skilyrðum en voru í frumvarpinu. Og um þann þátt sem ójafnræði leiðir af sér, vegna þess að ef sú leið væri farin að takmarka þetta við útgreiðslu til þeirra sem væru skuldugir gætu einungis þeir sem ættu fasteignaveðlán nýtt sér innlausnina. Ekki var fjallað um hvort hægt væri að finna einhverjar leiðir til að greiða út til þeirra sem væru með annars konar skuldir en vegna húsnæðiskaupa og aðgreina þá þannig frá þeim sem ekki væru í neinum vanda. Ekki var fjallað um það, heldur hafði nefndin mestar áhyggjur af því að menn gætu svindlað á þessu, tekið út meira en þeir ættu rétt á og til þess þyrfti miðlægt eftirlit. Síðan var fjallað um sérstaka þóknun fyrir umsýslu, það verkefni að leysa þetta út, og út af fyrir sig má segja að það hafi ekki verið ósanngjarnt því ekki er hægt að ætla öðrum en þeim sem eiga að njóta að bera kostnað af því að leysa þetta út og síðan var fjallað á ýmsan hátt um það hvort þetta gæti skert tilkall til ýmiss konar réttinda.

Hins vegar virtust flestir sem komu á fund nefndarinnar, sem í meginatriðum voru fulltrúar lífeyrissjóðanna, fjármálakerfisins, tryggingafyrirtækjanna og atvinnulífsins, telja að þetta væri allt saman til bóta þó að búið væri að takmarka upphæðina við eina milljón. Ýmsar vangaveltur voru uppi um tekjuskerðingu vegna atvinnumissis og hvernig ætti að ráðstafa greiðslum til fasteignaveðlána eins og hugmyndir hafa verið uppi um en engar frekari hugmyndir um hvernig væri hægt að nálgast þetta til að þeir sem væru í vanda gætu fengið meira greitt út en þá einu milljón sem virðist hafa verið hugmynd frá Fjármálaeftirlitinu. Ekki er gerð nein grein fyrir því í nefndarálitinu hvers vegna þetta ætti að vera ein milljón en ekki eitthvað annað. Ekkert er fjallað um það hvernig leysa megi úr þeim vanda sem upp kynni að koma hjá lífeyrissjóðum sem þyrftu að greiða út vegna innlausnar, annars vegar vegna lausafjárstöðu og hins vegar vegna ójafnræðis.

Út af fyrir sig er kannski ekki mjög auðvelt að leysa úr því vegna lausafjárstöðunnar en þó á það að vera mögulegt. Annars vegar með því að fresta og dreifa greiðslunum, eins og var í frumvarpinu, en hins vegar með því að breytingar verði gerðar á sjóðunum og þeir sjóðir sem væru minni hefðu samstarf um það við þá stærri. Auðvitað má þá annars vegar velta fyrir sér hvort minni sjóðir sem ekki ráða við þetta á þessu stigi eigi mikla möguleika á að standa í þessari starfsemi í framtíðinni og hvort ekki væri þá ráð að reyna að styrkja þá með einhvers konar samstarfi við hina sem stærri eru. Og hins vegar því ef ójafnræði kæmi upp vegna þess að lífeyrissjóðirnir gætu ekki tryggt að þeir sem ekki fengju greitt út eða ekki hefðu rétt til innlausnar nytu jafnræðis við aðra vegna þess hvaða verð fengist fyrir pappírinn sem seldur væri vegna innleysingar. En tiltölulega auðvelt ætti að vera að leysa það með því að leysa sjóðina upp og endurfjárfesta fyrir þá sem ekki innleystu, svo þeir fengju þá sama verð fyrir bréfin og þeir sem fengju innlausnina greidda út en fjárfestu á sama verði. Ekki er hægt að draga þetta saman á annan hátt en að þetta hafi valdið miklum vonbrigðum. Ekki var verið að leita lausna á vandamálunum sem fólust í þessu heldur einblínt á það að keyra frumvarp ríkisstjórnarinnar í gegn, frumvarp sem kom fram seint og um síðir miðað við það sem verið hafði í umræðunni áður og óskiljanlegt að hv. þingmenn (Forseti hringir.) Samfylkingarinnar skuli hafa sætt sig við þessa niðurstöðu.

[18:04]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Nú er komið að 3. umr. þessa mikilvæga máls. Ég tel að það sé afar brýnt fyrir okkur á þinginu að afgreiða mál eins og þetta og fleiri sem eru til þess falin að létta undir vegna þröngrar stöðu heimilanna í landinu.

Tilfellið er að séreignarsparnaðurinn getur reynst heimilum sem ratað hafa í greiðsluerfiðleika við þessar óvæntu aðstæður afar mikilvæg hjálparhella. Og ég held að sú nálgun sem frumvarpið gengur út á sé ágætlega til þess fallin að koma til móts við áhyggjur þeirra sem bent hafa á mikilvægi þess að lífeyrissjóðirnir sjálfir lendi ekki í vanda við þessa fyrirgreiðslu.

Ég þakka hv. þm. Árna M. Mathiesen fyrir ræðu hans sem veitti okkur ágætisyfirlit yfir þróun málsins frá því hann var fjármálaráðherra og var með sama mál til umfjöllunar. Við ræðum nú við 3. umr. m.a. um tillögu frá hv. þm. Pétri H. Blöndal sem gengur út á að auk þess sem séreignarsparnaðareigendur geti tekið út sparnað sinn með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, þ.e. um það bil eina milljón sem síðan skattleggst, og tekið þá fjárhæð út í áföngum, eigi séreignarsparnaðareigendur þess kost að nýta eign sína, séu þeir um það bil að verða gjaldþrota til þess að greiða upp skuldir. Ég held að það sé ágætistillaga hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal en ég er þó ekki tilbúinn að taka endanlega afstöðu til hennar hér. Ég þarf að hlýða á framsögu hans og frekari skýringar.

Ég hef í fyrsta lagi áhyggjur af því hvaða áhrif tillaga af þessum toga mundi hafa á lífeyrissjóðina og hvaða þrýsting hún kynni að setja á útgreiðslur þaðan. Eins finnst mér skilyrðið um að útgreiðsla sé heimil þegar líklegt er að hún komi í veg fyrir gjaldþrot rétthafans, vafasamt. Þarna þarf mjög að vanda til skilyrðanna. Það má ekki vera neinum vafa undirorpið nákvæmlega í hvaða tilvikum viðkomandi umsækjandi á rétt á að sækja slíka greiðslu og er gert ráð fyrir því að fyrir þurfi að liggja vottorð frá sérfræðingi. Það er dálítið óhefðbundið orðalag í lögum. Ég tek þó fram að hv. þingmaður gerir ráð fyrir því í breytingartillögu sinni að ráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um fyrirkomulag þessarar tímabundnu útgreiðslu. Þar mætti koma til móts við þetta.

Að öðru leyti vil ég segja um málið að ég hef haft áhyggjur alveg frá upphafi af því að með því að opna fyrir útgreiðslu séreignarsparnaðarins gæti komið til þess að ýmsir sem í sjálfu sér þyrftu ekki á útgreiðslunni að halda mundu engu að síður sækja séreignarsparnað sinn vegna þess að þeir óttast að sá sjóður sem eftir situr eftir útgreiðsluna verði ekki jafn traustur og góður eins og hann var fyrir útgreiðsluna. Ástæðan er sú að það er auðvitað það lausafé sem liggur fyrir í sjóðnum sem fyrst er greitt út og síðan auðseljanlegar eignir. Eftir sitja þá eftir atvikum aðrar eignir sem ekki eru eins auðseljanlegar og er um þessar mundir jafnvel dálítið erfitt að verðmeta. Menn hljóta að spyrja sig, sem eru aðilar að slíkum sjóði jafnvel þótt þeir hafi ekki ríka þörf fyrir að komast yfir þetta ráðstöfunarfé, hvort það kunni engu að síður vera skynsamlegt að reyna að nálgast það einungis til þess að forðast mögulegt tjón sem af því getur hlotist að láta eignina sitja áfram inni.

Það hefur aðeins verið rætt í störfum nefndarinnar en ég held að það sé vandi sem erfitt er að komast fyrir. Staðan er einfaldlega sú að það þarf að taka afstöðu til þess hvort ekki sé eðlilegt vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem uppi eru að gera þennan sparnað aðgengilegan fyrir heimilin.

Margir hafa nefnt í umræðunni, m.a. hv. þm. Pétur H. Blöndal, að hættan sé sú að einstaklingar muni nýta sparnaðinn til annars en að greiða upp skuldir. Ég held að það sé erfitt fyrir ríkisvaldið að setja því of þröngar skorður eða of stíf skilyrði í hvaða tilgangi þessar fjárhæðir, sem eru þó ekki hærri en frumvarpið gerir ráð fyrir, eru leystar út vegna þess að vandi heimilanna í landinu er margvíslegur. Sumir eru komnir í erfiðleika með að standa í skilum með húsnæðislán sín vegna þess að þau hafa hækkað út af verðbólgu. Aðrir eru í tímabundnum þrengingum vegna þess að þeir eru atvinnulausir, þeir munu þess vegna geta nýtt sér þetta. Einhverjir munu vilja leysa út séreignarsparnað sinn einfaldlega til þess að greiða upp skuldir. Ég held að það væri skynsamlegt í mörgum tilvikum vegna þess hversu mörg lán eru dýr um þessar mundir, sérstaklega má þar nefna yfirdráttarlánin. Í öðrum tilvikum eru menn einfaldlega með einhver önnur lán eða aðra greiðslubyrði á heimilinu sem er þeim ofviða og er ekkert við því að segja í sjálfu sér að menn vilji nýta séreignarsparnað sinn til þess að létta undir vegna þess.

Þess vegna er að mínu áliti vel hægt að hugsa sér að heimila útgreiðslu séreignarsparnaðar þó að ekki séu sett ströng skilyrði um að allur sparnaðurinn fari til niðurgreiðslu á lánum. Hins vegar hefði verið nauðsynlegt að gera það ef við hefðum miðað við hærri fjárhæð, t.d. ef við hefðum miðað við að taka mætti út allan séreignarsparnaðinn. En frumvarpið, eins og það liggur fyrir þinginu, gerir ráð fyrir mun lægri fjárhæð.

Ég leyfi mér að vísa til þess sem fram kom í máli hv. þm. Árna M. Mathiesens áðan að að þessu leyti gengur frumvarpið ekki eins langt eins og þær hugmyndir sem voru í burðarliðnum í fjármálaráðuneytinu þegar hann var þar sem ráðherra. Þar var gengið út frá því að menn gætu sótt allan sparnað sinn en skilyrt um leið að menn ráðstöfuðu andvirðinu til uppgreiðslu skulda. Þá var fyrst og fremst verið að horfa á húsnæðisskuldir. Það var af þeirri ástæðu sem gert var ráð fyrir milligönguhlutverki bankanna þannig að tryggt væri að andvirði sparnaðarins rynni raunverulega til uppgreiðslu slíkra skulda.

Finna má vísi að sömu hugsun í breytingartillögu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Ég verð að segja að jafnvel þótt hér séu önnur mál á dagskrá er ég dálítið hissa á því að við skulum ekki nokkur geta tekið til máls við 3. umr. og rætt meðferð málsins í heild sinni á þinginu og þá breytingartillögu sem sett er fram án þess að færðar séu fram athugasemdir við það af hálfu varaformanns nefndarinnar og látið að því liggja að við þingmenn séum með einhver annarleg sjónarmið í umræðunni.

Þetta er eitt af þeim málum sem við teljum brýnt að verði afgreidd á þinginu. Þetta er meðal þeirra mála sem mikilvægt er að klárist ásamt öðrum sem varða beint hag heimilanna og við höfum mikið rætt mál sem snerta atvinnustarfsemina í landinu. Þar eru þó stóru verkin sem telja mest, lækkun vaxta sem við erum loksins farin að eygja að geti átt sér stað miðað við þau orð sem féllu fyrr í

dag í tengslum við efnahagsumræðuna, og endurreisn bankakerfisins sem getur tryggt nægilegt súrefni fyrir atvinnulífið, jafnmikilvægt og það er.

Þetta er ágætismál. Mér finnst sjálfsagt að ræða um breytingartillögu hv. þingmanns. Málið fór jú á milli 2. og 3. umr. til nefndarinnar til frekari skoðunar þannig að það er eðlilegt að menn taki til máls og fjalli um málið í heild sinni. Ég tel að þetta muni gagnast heimilunum og það verður vafalaust mikið um að þeir sem eiga séreignarsparnað muni nýta sér þennan möguleika til þess að létta undir við þær aðstæður sem nú hafa skapast.

[18:15]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nú getur vel verið að það þyrfti jafnvel 4. umr. um þetta mál til að öll kurl kæmu hér til grafar miðað við þann málflutning sem hér er hafður uppi. Mér fannst hv. þm. Bjarni Benediktsson taka undir það að hér væri um mikilvægt mál að ræða sem gæti gagnast heimilum. Hann færði m.a. rök fyrir því að sú leið sem stjórnarfrumvarpið gerir ráð fyrir, þ.e. að það væri ekki bundið að útgreiðsla séreignarsparnaðar færi til uppgreiðslu skulda, gæti nýst ákveðnum heimilum, ekki síst fólki sem á ekki eigið húsnæði og býr t.d. í leiguhúsnæði og er ekki með þessar skuldbindingar þannig að það gæti notað þetta fé til annarra þarfa. Mér fannst hv. þingmaður hafa skilning á því. Síðan hafði hann þau orð uppi eða orðaði það á þann hátt að sú breytingartillaga sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Pétri H. Blöndal gæti komið til viðbótar við þá leið sem farin er í frumvarpinu.

Staðreyndin er sú að breytingartillaga hv. þm. Péturs H. Blöndals gengur út á það að lausnin sem hann leggur hér til komi í staðinn fyrir ákvæði 3. gr. frumvarpsins eins og það var samþykkt við 2. umr., m.a. með atkvæðum þingmanna Sjálfstæðisflokksins annarra en Péturs H. Blöndals sem sat hjá við afgreiðslu málsins. Ég fæ því ekki betur séð ef breytingartillaga minni hlutans yrði samþykkt að þá yrði hin leiðin tekin út og þá er ekki um að ræða lausn til viðbótar því sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þess vegna er framhaldsnefndarálitið frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar með þeim hætti sem það er. Þar er beinlínis gert ráð fyrir því og mælst til þess að fjármálaráðuneytið skoði frekari útfærslu, m.a. með hliðsjón af þessari breytingartillögu og með hliðsjón af öðrum ráðstöfunum sem verið er að gera, þannig að þetta geti hugsanlega komið sem viðbót á síðari stigum ef nauðsynlegt reynist. En það gengur ekki að mínu mati að samþykkja þá breytingartillögu sem hér liggur fyrir (Forseti hringir.) því að hún á að koma í staðinn fyrir þá leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir sem mér hefur virst vera þokkaleg samstaða um.

[18:17]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég taldi það koma ágætlega skýrt fram í mínu máli áðan að ég væri ekki sérstaklega að mælast til þess að breytingartillaga hv. þm. Péturs H. Blöndals yrði samþykkt. Ég taldi að hún væri mjög í anda þess sem unnið var að í fjármálaráðuneytinu á sínum tíma og ég fór hér aðeins yfir sjónarmið sem styrktu þá aðferðafræði. Frumvarpið eins og það liggur fyrir þinginu gengur auðvitað ekki eins langt og er annars eðlis. Það gerir ráð fyrir að sparnaðareigendur geti haft til frjálsrar ráðstöfunar þær upphæðir sem talað er um í frumvarpinu og ég get tekið undir það að mér finnst það í sjálfu sér vel koma til greina, enda setji menn svona þröng mörk eins og gert er í málinu á hámarksúttektina.

Mér þætti allt eins koma til greina að flétta saman þessum tveimur aðferðum, þ.e. að vera með einhverja tiltekna fjárhæð til frjálsrar ráðstöfunar, og það verður þá að vera tiltölulega lág fjárhæð, og svo hin að menn geti nálgast þennan sparnað sinn til að gera upp skuldir og það getur verið beinlínis skynsamlegt. Reyndar var ég hrifinn af því frumvarpi sem hv. þm. Árni M. Mathiesen vann að á sínum tíma sem fjármálaráðherra.

Að þessu leyti til heyrist mér að ég og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson séum sammála um að þetta gæti komið til greina vegna þess að ég skil ekki nefndarálitið öðruvísi en svo að þessu sé vísað til frekari skoðunar.

[18:19]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fagna þessu svari hv. þingmanns vegna þess að mér virðist að við séum nokkurn veginn sammála miðað við þann málflutning sem hann hefur uppi hér um að hægt sé að flétta þessar leiðir saman. Fjármálaráðuneytið hefur látið það koma fram á fundum nefndarinnar að það telji að skoða þurfi þessa leið betur út frá mörgum vinklum og vill gjarnan fá tíma til þess og þess vegna er framhaldsnefndarálitið orðað eins og það er.

En ég skil hv. þm. Bjarna Benediktsson líka þannig að hann telji ekki skynsamlegt að láta þá breytingartillögu sem hér liggur fyrir á þingskjali 668 koma í staðinn fyrir hina leiðina sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hann virðist því ekki vera stuðningsmaður þeirrar breytingartillögu sem minni hluti efnahags- og skattanefndar, Pétur H. Blöndal, flytur. Að því leyti finnst mér málflutningur þeirra þingmanna Sjálfstæðisflokksins vera aðeins misvísandi svo ekki sé meira sagt. Ég fagna því auðvitað að ríkisstjórnin fái liðsmann í formannsframbjóðandanum í Sjálfstæðisflokknum í þessari umræðu og vona að það geti þá orðið nokkuð góð samstaða um frumvarpið eins og það liggur nú fyrir eftir 2. umr. og eftir umfjöllun í efnahags- og skattanefnd á milli 2. og 3. umr. og hann taki undir þau sjónarmið sem koma fram í framhaldsnefndaráliti meiri hlutans.

[18:21]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Í upphafi fundar var dálítil umræða um áherslur í dagskránni. Ég tók ekki þátt í þeirri umræðu en ég verð að segja eins og er að mig langaði til þess vegna þess að mér finnst áherslurnar nokkuð undarlegar. Það mál sem við ræðum nú er mjög mikilvægt fyrir heimilin í landinu, reyndar ekki sú útfærsla sem ríkisstjórnin er með heldur breytingartillagan sem ég kom með. Síðar á dagskránni eru Atvinnutryggingar, mjög mikilvægt mál, Embætti sérstaks saksóknara, sem bráðliggur á að fá samþykkt, Heimild til samninga um álverið í Helguvík, sem er líka mjög

mikilvægt fyrir atvinnuna í landinu, þ.e. til að skapa atvinnu, það eru eiginlega allir sammála því o.s.frv. Mörg mál liggja hér fyrir og þá ætla menn að fara að ræða um stjórnarskipunarlög.

Ég á sæti í hv. efnahags- og skattanefnd og ég fór dálítið grannt ofan í þetta mál og las umsagnir um það. Það var samdóma álit flestra, bæði gesta og annarra sem komu með nefndarálit og komu á fund nefndarinnar að þetta væri unnið með mjög miklum hraða. Ég vil byrja á því að segja það, frú forseti, og ég er svo sem ekkert að kvarta undan því að það sé hraði á hlutunum en það má heldur ekki koma niður á vinnubrögðunum þannig að þau verði flaustursleg.

Það kemur fram t.d. hjá Samtökum fjármálafyrirtækja að þau telji miklu skipta að útgreiðslan verði afmörkuð við þá sem hafa orðið fyrir tekjumissi, þ.e. að séð yrði til þess að bæta þeim eða hjálpa sem eru virkilega hjálparþurfi, það sé mjög mikilvægt. Það hefur svo sem verið stefna míns flokks líka alla tíð að það sé ekki verið að hjálpa eða gera einhverjar ráðstafanir fyrir fólk sem þarf ekkert á því að halda. Samtökin benda á að tillaga ríkisstjórnarinnar gangi ekki út á það.

Svo kemur Fjármálaeftirlitið og þar gerðu menn virkilega mikla athugasemd einmitt við útgreiðslurnar. Þeir segja að gæta þurfi jafnræðis milli manna, að þeim sem vilja vera áfram í séreignarsparnaði verði ekki refsað eða gengið á hlut þeirra en það kynni að gerast ef of mikið streymdi út af peningum því að þá yrði að selja eignir, verðmætar eignir og sennilega þær auðseljanlegustu fyrst sem kæmi niður á þeim sem væru eftir. Þeir benda á að þarna séu fleiri hundruð milljarðar í sjóði og þótt ekki færi nema kannski þriðjungurinn út við þessa aðgerð þá væri um að ræða óskaplega mikla blóðtöku fyrir lífeyrissjóðina og ekki víst að þeir réðu við það og þá þyrfti hugsanlega að stöðva útgreiðslur. Þá er kannski betur heima setið en af stað farið með það af því að traust manna á þessum markaði er kannski ekki alveg nægilega mikið fyrir, frú forseti.

Ég ætla ekki að rekja sögu séreignarsparnaðar en þetta var náttúrlega hugsað sem viðbótarsparnaður til að fólk gæti betur búið sig undir ellina og væri betur í stakk búið til að takast á við hana. Veitt var ákveðið skattfrelsi á þetta fé þannig að það er óskattað. Og sú hugmynd sem ríkisstjórnin var með að hafa þetta milljón á mann þýðir í reynd að eftir skatta eru þetta 630 þús. kr. Hygg ég að margur sem er í vandamálum telji það ekki neitt sérstaklega mikla hjálp að fá 630 þús. kr.

ASÍ bendir til dæmis á að gæta þurfi þess að aðrir eigendur viðbótarlífeyrissparnaðar í sama sjóði verði ekki fyrir tjóni. Það er eiginlega það sama og bent var á áðan, að ef þetta verði almennt og menn taka út í stórum stíl kynni það að koma niður á öðrum sem sitja eftir sjóðunum.

Ég skilaði framhaldsnefndaráliti um frumvarpið þar sem segir svo:

„Á fundi efnahags- og skattanefndar 9. mars 2009 [þ.e. í morgun] var ákveðið að gera ekki breytingar á fyrirliggjandi hugmyndum ríkisstjórnarinnar um að greiða öllum sem þess óska allt að einni milljón króna út af séreignarsparnaði sínum. Engin krafa er gerð um vanskil eða að upphæðin verði notuð til uppgreiðslu á skuldum.“ — Þetta er sem sagt algerlega frjálst. — „Greiðslan dreifist á 10 mánuði“ — það er gert til að minnka álagið á lífeyrissjóðina — „og nemur 63 þús. kr. á mánuði eftir skatt. Þá er heimild til Fjármálaeftirlitsins að stöðva útgreiðslur ef þær ógna greiðslustöðu viðkomandi lífeyrissjóðs.“

Um þetta er það að segja að álit manna á bönkum og séreignarsparnaði og peningamarkaðssjóðum o.s.frv. hefur beðið ansi mikinn hnekki og fólk treystir þessu almennt ekki eins vel og áður fyrr. Það að leyfa fólki að taka út milljón krónur af séreignarsparnaði sínum í þessari stöðu kann að leiða til þess að sú úttekt geti orðið mjög almenn vegna þessa vantrausts sem ég gat um og einmitt í núverandi stöðu. Og vegna þess að fólk veit að Fjármálaeftirlitið kann að stöðva útgreiðslur þá og þegar er viðbúið að það myndist kapphlaup um það hver verði fyrstur vegna þess að eðlilega munu menn hafa þá reglu „fyrstur kemur, fyrstur fær“. Það getur orðið mjög skaðlegt í þessari stöðu vegna þess að það getur myndast ákveðið áhlaup á sjóðina út af þessu.

Ef Fjármálaeftirlitið eða sjóðurinn með fulltingi Fjármálaeftirlitsins stöðvar útgreiðslur í kjölfarið þá er það ekki á bætandi, frú forseti, og ég vara mjög eindregið við þessu. Það er ekki á bætandi á traust manna á bankakerfinu ef sú staða kæmi upp. Mér finnst eins og menn séu að leika sé að eldinum í þessu dæmi og eiginlega alveg að óþörfu. Ég get ekki ímyndað mér að 63 þús. kr. á mánuði breyti óskaplega miklu fyrir þá sem eru í þeirri stöðu að vera í vandræðum, skulda kannski 10–15 millj. í vanskilum eða yfirdrætti og allt í vandræðum, það er verið að bjóða upp húsið þeirra og þeir eiga á hættu að missa heimili sitt. Þá skiptir þetta, held ég, akkúrat engu máli. Ég hugsa að þetta fari bara í neyslu, 63 þús. kr. á mánuði. Hættan er sú.

Fyrir utan alla hina sem tækju út peninga af því að þeir treysta ekki forminu og ætla sér að leggja inn á verðtryggðan reikning eða bankabók af því að þeir treysta henni betur, þeir fá þarna 63 þús. kr. á mánuði. Það er ansi mikil hætta á því að það fari í neyslu. Það er þekkt. Menn þyrftu þá í hverjum einasta mánuði að leggja fyrir 63 þús. kr. inn á viðkomandi bankabók og það er ekki víst að aginn sé nægilega mikill á heimilinu til þess þannig að mánaðarlegum greiðslum fylgir sú hætta að þær auki neyslu heimilisins.

Það eru svo sem næg tækifæri, frú forseti. Verðlag hefur hækkað mjög mikið undanfarið og ég hugsa að margir eigi í erfiðleikum með að láta enda ná saman. Launin hafa ekki hækkað en verðlagið hækkaði um 20%. Hjá mörgum hafa launin meira að segja lækkað en flestir eru með óbreytt laun þannig að lífskjörin eru að versna. Þá er hættan sú að þegar aukapeningur kemur í hverjum mánuði í tíu mánuði, að menn nýti hann til innkaupa, bara til rekstrar heimilisins. Þegar tíu mánaða bilinu er lokið eru menn allt í einu verr settir. Þá stöðvast þessi straumur af fjármagni þannig að menn geta verið verr settir og eignin er að sjálfsögðu farin, milljónin sem var óskert inni í sjóðnum.

Í framhaldsnefndarálitinu segir áfram, með leyfi frú forseta:

„Fyrir utan það að þessi lausn breytir sennilega mjög litlu fyrir þann sem á í verulegum erfiðleikum og er að missa heimili sitt er hugsanlegt að mjög margir muni nota tækifærið og flytja þennan hluta séreignar sinnar á venjulega bankabók, hugsanlega verðtryggða, þar sem traust

manna á séreignarsparnaði hefur beðið nokkurn hnekki“ — eins og ég gat um áðan. — „Ef mikið verður um slíkar útgreiðslur getur viðkomandi lífeyrissjóður að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins stöðvað útgreiðslur til þess að hann þurfi ekki að selja eignir í hraðsölu til tjóns fyrir aðra sjóðfélaga. Þá gildir reglan „fyrstur kemur, fyrstu fær“ . Vissan um það getur ýtt undir að fólk bregðist hratt við. Þá kemur fram mismunun á milli þeirra sem fylgjast vel með og vita og hinna sem ekki eru eins upplýstir. Minni hlutinn tekur undir alvarlegar viðvaranir Fjármálaeftirlitsins sem koma fram í umsögn eftirlitsins og varaði við þessu í nefndinni en hlaut ekki hljómgrunn.“

Ég varaði við þessu vegna þess að held ég að þessar tillögur ríkisstjórnarinnar séu ekkert voðalega sniðugar, hreint út sagt, frú forseti. Þegar maður lítur svona á þær eru þær hreinlega glapræði. Ég kom með hugmynd sem getið er um í framhaldsnefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn flytur breytingartillögu sem leysir vanda þeirra sem eru í verulegum vanskilum sem þeir geta ekki greitt og eiga á hættu að missa húsnæði sitt en eru jafnframt með stórar upphæðir bundnar í séreignarsparnaði“ — þ.e. menn eru með fasta skuld og fasta eign en geta ekki borgað skuldabréfin eða hreyft séreignina.

Þar segir áfram:

„Hugmyndin gengur út á það að lífeyrissjóðurinn gefi út skuldabréf til viðkomandi lánastofnunar og skattheimtunnar með sömu kjörum varðandi gjalddaga og ávöxtun og séreignarsparnaðurinn sjálfur.“

Þarna er sem sagt hugmynd um að lífeyrissjóðurinn gefi út skuldabréf, bankinn taki við þessu skuldabréfi sem greiðslu og skuldin verði gerð upp.

„Þannig má segja að lánastofnunin og skattheimtan verði „séreignarsparandi“ í stað einstaklingsins, sem hins vegar losnar úr viðjum vanskila og forðar heimili sínu frá uppboði. Lánastofnunin fær mjög góðan skuldara í stað vanskilanna og skattheimtan fær skatta með nákvæmlega sama hætti og fyrirhugað var að óbreyttri skattprósentu. Lífeyrissjóðurinn heldur áfram starfsemi sinni eins og ekkert hafi í skorist.“

Það er einmitt góði punkturinn við þetta, þetta hreyfir eiginlega ekki neitt við neinu nema skuld einstaklingsins sem hverfur og skatturinn fær sitt eins og hann átti von á með tíð og tíma. Bankinn fær mjög góðan skuldara í staðinn fyrir annan sem var kominn í vandræði og þrot. Það þarf ekki að bjóða upp húsið, maðurinn getur búið áfram á heimili sínu og hann ræður þokkalega við það sem eftir stendur af skuldunum því að það er búið að leysa hann úr þessum miklu vandræðum.

Ég skil eiginlega ekki, frú forseti, hvers vegna menn taka ekki þessari hugmynd nema ef vera skyldi að hún er frá stjórnarandstöðuþingmanni. Það er eiginlega eina ástæðan sem mér dettur í hug eða þá að fljótaskriftin er svo mikil að menn hafa ekki tíma til að líta eftir góðum hugmyndum. Ég vona að það sé frekar skýringin á þessu og sennilega er það vegna þess að þessi tillaga fékkst ekki rædd, hún fékkst ekki send til umsagnar en var þó rædd við 1. umr. Ég gat um það strax við 1. umr. um málið að menn þyrftu að skoða þessa leið en það gerðist ekki. Ef það hefði gerst og hún hefði verið send til umsagnar er viðbúið að viðhorfin hefðu orðið allt önnur og jákvæðari hjá þeim aðilum sem stýra lífeyrissjóðunum eða hjá þeim sem hafa áhyggjur af þeim eins og Fjármálaeftirlitinu. En það var svo mikil fljótaskrift á öllu saman og það er ókosturinn við hraðann. Það er kostur að vinna hratt, ekki skal ég lasta það, og það liggur mikið á að gera hluti en menn mega heldur ekki gera einhver alvarleg mistök. Ég held að sú leið sem ríkisstjórnin fer nú, að gusa út milljónum á alla sem vilja, sé hættuleg í besta falli og stórskaðleg í versta falli og geti rýrt traust manna á þessum reikningum og bankakerfinu yfirleitt umfram það sem orðið er, sem er svo sem alveg nóg. Við stöndum frammi fyrir þessari staðreynd í 3. umr. og mér finnst það eiginlega mjög dapurt.

Í nefndaráliti meiri hlutans segir að skoða eigi þessa leið og það er svo sem ágætt að gera það en hættan er sú að þá sé skaðinn skeður af tillögum ríkisstjórnarinnar. Nú vona menn að sjálfsögðu að það verði ekki svo og fólk muni almennt ekki taka þennan sparnað út, af því að milljónin skiptir hvort sem engu máli í vanskilunum muni fólk ekki fara þessa leið. Það tekur því varla fyrir hjón sem skulda kannski 15 millj. kr. að vera að hringla með einhverjar 1,2 millj. kr. sem dreifast á 10 mánuði. Það breytir ekki nokkru. Húsið fer á uppboð hvort sem er og þá er eins gott að fara ekki í svona aðgerð. Það má vel vera að einhverjir aðrir hafi eitthvert traust á séreignarsparnaðinum, að þeir taki ekkert út, og þessir spádómar mínir reynist rangir, það er bara fínt. Ég vona innilega að svo verði en menn taka ákveðna áhættu í þessu.

Svo er náttúrlega það sem mest er um vert, frú forseti: Menn leysa ekki vandann með þessu. Það er ekki verið að leysa það sem talað er um að sé vandi þjóðarinnar, þ.e. að heimili fari á uppboð, að fólk missi húsin sín. Það er ekki verið að leysa það með þessu frumvarpi. Ég frétti af fólki sem átti, að mig minnir, 16 millj. kr. samanlagt í séreignarsparnaði og það skuldaði — ég man ekki hvort það voru 15 millj. kr. eða eitthvað svoleiðis, í vanskilum og allt var komið í mikil vandræði. Fyrir það fólk breytir þetta frumvarp engu. Það verður áfram í jafnmiklum vandræðum og mun sennilega missa hús sitt og heimili sem fer á uppboð og selst á lágu verði eins og alltaf þegar uppboð eru og alveg sérstaklega í núverandi stöðu þar sem ekkert hreyfist. Það grátlega er að fólk á peninga. Það á inneign í séreignarsjóði sem það getur ekki tekið af og notað til að bjarga sér úr þessari stöðu. Mér finnst það því dálítið sorglegt hvernig menn hafa unnið þetta frumvarp, hvernig menn haga sér eins og þeir séu með augnhlífar og sjá ekki í kringum sig heldur keyra þvert á hlutina án tillits til hvaða afleiðingar það hefur og án tillits til viðvarana.

Ég ætla ekki að lengja þetta mál mikið meira en má til með að minnast á eitt sem ég gat um og er varað við á nokkrum stöðum í umsögnum. Menn tóku ekki á því og mér finnst það vera mjög alvarlegt. Það er eftirfarandi: Þegar menn fara út í þessa aðgerð, að ná í milljón, hjón fá kannski 2 millj. kr., útgreitt eru það kannski 1,2 millj. kr., skatturinn fengi sínar 800 þús. kr. Sú fjárhæð yrði greidd upp í skuldirnar en allt kemur fyrir ekki, eignin fer á uppboð og hjónin eru gjaldþrota. Þá tapast þessir peningar, 2 millj. kr., sem þau áttu í séreignarsparnaðinum og koma aldrei aftur. Fólkið er verr sett með þessi lög en ekki því að

annars ætti það þessar 2 millj. kr. inni í séreignarsparnaðinum. (**EBS:** Það tekur nú ákvarðanir sjálft.) Jú, en það er ekki gert ráð fyrir að það verði neitt kannað þannig að fólkið tekur ákvörðun um að reyna að bjarga sér en það dugar ekki til og glöggir menn hefðu getað séð það. Þá átti ekki að ráðleggja fólki að taka þennan pening út því að það er yfirleitt alltaf hægt að kortleggja svona vanda og sjá hvort ráðstafanir duga eða ekki. Ef þær duga ekki eiga menn að hætta við að borga út og það er einmitt það sem ég gerði ráð fyrir í tillögum mínum, eins og stendur í framhaldsnefndarálitinu sem ég samdi í hádeginu. Í breytingartillögu minni hlutans er ákvæði sem vantaði í tillögu ríkisstjórnarinnar um að ekki verði farið út í slíka útgreiðslu nema hún skili mjög líklega árangri. Ef eigandi séreignarsparnaðar verður gjaldþrota þrátt fyrir útgreiðsluna tapast þeir fjármunir þar sem séreignarsparnaður fellur ekki undir gjaldþrot en útgreiðslan er glötuð.

Mér finnst vera mjög mikilvægt að þetta ákvæði sé sett inn í lögin og það er dálítið dapurlegt að við séum nú við 3. umr. eins og við færiband sem rúllar fram hjá og ekki er hægt að breyta neinu, jafnvel er ekki hægt að setja svona skynsamlegt ákvæði inn í frumvarpið. Við greiðum væntanlega atkvæði um þetta á morgun og þá er það orðið að lögum. Þá vantar ákvæðið um fólk sem verður gjaldþrota þrátt fyrir útgreiðsluna. Þá er innstæðan farin og það fólk mun ásaka löggjafann fyrir að hafa búið til tækifæri án þess að tryggja að eitthvert eftirlit sé með því að aðgerðin dugi.

Auðvitað ber fólk ábyrgðina sem gerir svoleiðis og ég fellst alveg á þau rök hjá hv. þm. Ellerti B. Schram og mættu menn svo sem oftar líta á ábyrgð einstaklinga. En þegar sett eru lög sem heimila útgreiðslu og vandinn er óskaplegur, mikil vanskil, mikið af gluggaumslögum og fólk er örvæntingarfullt er ákveðin freisting að nota þessar 2 millj. kr. til að greiða upp vanskilin eða alla vega að sýna þann lit gagnvart kröfuhöfum. Hugsanlega gætu kröfuhafar gert kröfu um að menn notuðu þessa leið. Hún er til samkvæmt lögum og menn eiga innstæðuna o.s.frv. Þá er hættan sú að menn noti þessa leið sem dugar svo ekki til af því að 1,2 millj. kr. skipta ekki sköpum. Þetta vita þeir sem hafa einhverja jarðtengingu. Þeir vita að í vanskilum skiptir svona upphæð ekki stóru máli, menn fara á hausinn engu að síður.

Þá er löggjöfin bara ekki nógu góð. Hún leiðir fólk í rauninni í gildru sem það tapar á. Ég veit ekki hvernig menn líta á það seinna meir þegar þeir hafa tapað þessum peningum. Þá ásaka þeir hugsanlega löggjafann eða þá sem samþykktu svona frumvarp. Ég veit ekki hvort hægt er að koma með breytingartillögu núna um þetta en á þetta hefur verið bent. Ég man ekki hvort ég benti á þetta við 1. umr. en það var gert í umsögnum. Ég kom með breytingartillögu og orðalag að henni þannig að menn gætu tekið það upp. Hún er reyndar orðuð þannig að ekki er hægt að samþykkja hana eina sér. Þó er hugsanlegt, frú forseti, að hægt sé að samþykkja eina málsgrein úr frumvarpi mínu en það er lagatæknileg spurning um hvort það gangi.

Mér finnst það mjög miður í fyrsta lagi að ríkisstjórnin skuli ekki hlusta á skynsamlegar tillögur frá þingmönnum og þar er ákveðinn vottur af ráðherraræði sem því miður er ansi sterkt. Eins finnst mér miður að ekki skuli horft á skynsamlegar tillögur þótt þær komi frá stjórnarandstöðuþingmanni. Ég hef ekki séð nein rök fyrir því að þessi hugmynd sé ekki skynsamleg. Hún leysir vanda þeirra sem eru í raunverulegum vanda, sem skulda mikið, eru með fasta skuld í vanskilum og fasta eign sem séreign. Þessi hugmynd finnur leið fram hjá þessu án þess að hreyfa við neinum eða valda nokkrum vandræðum neins staðar, hvorki hjá bankanum, skattinum eða í bankanum sem lánar og heldur ekki hjá manninum sjálfum. Hann gerir upp skuldir sínar. Ég legg til að hv. þingmenn sem ekki eru alveg bundnir á klafa ríkisstjórnarinnar, og þá kannski sérstaklega framsóknarmenn, sjái ljósið og samþykki þessa tillögu. Ég ætla að vona að svo verði þegar upp er staðið og þessi tillaga komi þá í staðinn fyrir tillögu ríkisstjórnarinnar sem er að mínu mati mjög hættuleg.

[18:46]

Ásta Möller (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna og útskýringar hans á leið sem hann hefur mælt hér fyrir. Það kom fram í máli hv. þingmanns að umsagnaraðilar settu ákveðinn vara á við útfærslu ríkisstjórnarinnar sem varð þá til þess að hv. þingmaður fór m.a. að vinna nánar í hugmynd sinni. Eins og komið hefur fram sat ég fundinn þar sem hugmynd hv. þingmanns var til umræðu og þangað komu fulltrúar lífeyrissjóðanna til að veita umsögn um hugmynd hans. Þeir tóku mjög vel í hugmyndina og sögðu reyndar á fundinum að þeir teldu útfærslu hugmyndar hv. þm. Péturs H. Blöndals mun betri en hugmyndir ríkisstjórnarinnar sem varð til þess að nefndin skoðaði þetta nánar á milli 2. og 3. umr. en síðan komst meiri hluti nefndarinnar að þeirri niðurstöðu að fara ekki þá leið. Ég spurði hv. þm. Björgvin Sigurðsson, formann nefndarinnar, hvað hefði orðið til þess að þeir komust að þeirri niðurstöðu eða skoðuðu tillögu hv. þingmanns ekki nánar og breyttu niðurstöðu sinni. Eins og hv. þingmaður hefur lýst er þetta leið sem gagnast öllum, bæði lífeyrissjóðunum og þeim sem eiga lífeyrissparnaðinn.

Mig langaði að spyrja hv. þingmann um það sem kemur fram í framhaldsnefndaráliti meiri hlutans, að nefndin mælist til þess að fjármálaráðuneytið skoði breytingartillögur minni hlutans í því ljósi að þær geti leyst greiðsluvanda einstaklinga og metið þörfina á frekari úrræðum á síðari stigum, þ.e. að nefndin leggur til að útfærsla ríkisstjórnarinnar gangi í gildi en hugmynd hv. þingmanns muni síðar koma til skoðunar. (Forseti hringir.) Hvað mundi það þýða fyrir allt kerfið ef ein útfærsla tekur gildi og svo komi önnur síðar?

[18:49]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég spurði einmitt að þessu og velti þessu upp. Þetta þýðir í rauninni að menn byrja á því að veita öllum heimild til að taka út milljón krónur í eitt skipti, deilt á 10 mánuði, þ.e. 63.000 kr. á mánuði í 10 mánuði — eftir skatt. Menn heimila þessa útgreiðslu til allra.

Mér skilst að meðalupphæðin á séreignarsparnaði sé u.þ.b. 2 milljónir. Þetta er óskaplega dreift, margir eru með

mjög litla upphæð, og það liggur ekki einu sinni fyrir samkeyrsla á þessu vegna þess að menn geta átt séreignarsparnað í mörgum lífeyrissjóðum, í mörgum bönkum, kannski lítið hér og meira þar og það hefur ekki verið keyrt saman hvernig dreifingin á þessu er, hver hámarksupphæðin er og hve margir eiga yfir 10 milljónir, hve margir yfir 5 milljónir, hve margir undir 100.000 kr. o.s.frv. Menn renna dálítið blint í sjóinn með það hvernig þessar upphæðir verða en þar sem meðalupphæðin er um 2 milljónir er ljóst að það geta komið til mjög stórar útgreiðslur ef allir nýta sér möguleikann.

Það fékkst ekki uppgefið hvað það yrði. Reyndar setja menn upp ákveðið kerfi þar sem ríkisskattstjóri á að tékka það af að menn fari ekki umfram þetta hámark, samanlagt úr öllum lífeyrissjóðunum, en sú leið ríkisstjórnarinnar er bara ekki nógu sniðug. Það kemur í ljós að það þarf að hafa eftirlit með þessu af því að menn geta tekið út milljón úr þessum séreignarsjóði og milljón úr hinum. Þess vegna þarf að hafa eftirlit með þessu og ríkisskattstjóri á að tékka það af hvað menn taka mikið út. Ég óttast að það gerist — sem maður vonar að gerist ekki — að það verði útstreymi úr lífeyrissjóðunum sem þeir ráða ekki við.

[18:51]

Ásta Möller (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta svar. Ég hef kannski ekki verið alveg nægilega skýr áðan en ég var fyrst og fremst að fiska eftir því hvað það þýðir ef einstaklingar fara fyrst að útleysa séreignarsparnað sinn eftir þeim reglum sem hér er lagt upp með, milljón á 10 mánuðum, en síðan er tekin ákvörðun um að fara yfir í kerfi hv. þingmanns — hvaða afleiðingar gæti það haft og hvernig lítur það út, annars vegar gagnvart lífeyrissjóðunum og hins vegar gagnvart jafnræðishugsjón?

Ég veit að hv. þm. Ellert B. Schram mun koma í andsvar á eftir, það er kannski ekki viðeigandi að ég beini til hans spurningu en mér þætti hins vegar áhugavert að vita, þar sem ég hafði ekki færi á honum að öðru leyti að spyrja hann að því, af því að ég vissi að hann var pínulítið skotinn í þessari hugmynd, hvað hafi orðið til þess að hann var ekki tilbúinn til að fylgja henni eftir.

[18:52]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég lendi í ákveðnum vanda með að svara þessu. Það var beint til mín spurningu var um hvað gerist, segjum að fyrst verði þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar sett á og svo yrði mín leið skoðuð — það þýðir ekkert annað en það að þeir sem eru í vandræðum eru væntanlega búnir að taka út milljónina sína, hjón 2 milljónir. Síðan ef mín tillaga yrði tekin gætu þau tekið restina, kannski 15 milljónir, og hugsanlega ef menn eru snöggir er kannski ekki búið að selja heimilið á uppboði en hættan er sú að allt sé um garð gengið. Nú förum við í kosningar, það gerist ekki mikið á þeim tíma, stjórnarmyndanir, sumarþing, jú, það er hugsanlegt að gera eitthvað þá ef samstaða yrði um það áfram að keyra svona hugmynd í gegn. Ég veit ekki hvort menn hafa tíma til þess þá, það eru mörg mál sem bíða, mjög mörg mál sem þarf að taka afstöðu til. Ég sé þetta fyrir mér, vonandi í sumar, að þessi hugmynd verði tekin upp og menn geti þá tekið restina en þá er hugsanlegt að lífeyrissjóðirnir séu komnir í þá stöðu að þeir hafi ekki lengur handbært fé, ekki lengur eignir eða lausafé til að borga þetta út. Reyndar eins og hugmyndin er skiptir það ekki máli þar sem þetta er bara tilfærsla, en það er viðbúið að traust manna á séreignarsjóðunum hafi beðið mikinn hnekki, þ.e. ef þetta gengur eftir sem ég bendi á og vara við en ég vona svo innilega og sannarlega að til þess komi ekki.

[18:54]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka fyrir gagnlegar umræður seinni partinn í dag. Þær hafa verið fróðlegar og raunar hefur verið dregin upp sú mynd af þessu máli að það sé mjög viðkvæmt og flókið vegna þess að á því eru tvær hliðar, annars vegar skuldir heimilanna og einstaklinganna og svo hins vegar hagur lífeyrissjóðanna og hvaða áhrif þetta hefur á þá.

Okkur er líka flestum kunnugt um að þetta mál hefur lengi verið á dagskrá hjá þingflokkunum, m.a. hjá stjórnarflokkunum Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu á sínum tíma, fram eftir öllu hausti. Menn áttu erfitt með að komast að einhverri niðurstöðu með það vegna þess að málið er afar flókið. Ég minni líka á að þingflokkur sjálfstæðismanna eða einhver úr þeirra hópi hefur flutt hér mál sem gengur miklum mun lengra og hefur lítið verið rætt vegna þess að ég geri ráð fyrir að menn hafi áttað sig á því að það væri gallað.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir lagt fram er vegna þrýstingsins um að fólk geti notað þá peninga sem það á í séreignarsparnaði til að bjarga sér út úr einhverjum skuldum. Þetta frumvarp er samið í samráði við lífeyrissjóðina, þetta er það sem þeir treystu sér til að ganga lengst.

Ég held að það fari ekki á milli mála að ef við viljum breyta einhverju þarf það miklu betri athugun vegna þess að hér er í húfi jafnræðið, lausaféð sem sjóðirnir eiga og í þriðja lagi náttúrlega hver ávöxtunin verður hjá þeim sem eftir eru þegar búið er að selja kannski allar bestu eignirnar.

Þegar hv. þm. Ásta Möller spyr hvað hafi breytt minni afstöðu — ég hef bara hlustað, ég vil gjarnan reyna að finna einhverja skynsamlega niðurstöðu í þessu, það er ekki einfalt að leysa úr þessu og ég hef tekið þá ákvörðun að vernda hagsmuni lífeyrissjóðanna til lengri tíma frekar en að hlaupa til og (Forseti hringir.) gera þeim ókleift (Forseti hringir.) að standa við sinn hlut. Ég hef ekki mikið meiri tíma til að svara þessu en á þá leið (Forseti hringir.) að mér finnst þetta vera fyrsta skrefið og það sé hægt að athuga þá leið sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur stungið upp á (Forseti hringir.) í framhaldinu.

[18:56]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Ellert B. Schram undirstrikaði eiginlega tímaleysið og hvað málin eru unnin hratt og því miður dálítið flaustурslega. Fyrsta frumvarp ríkisstjórnarinnar er unnið í samráði við lífeyrissjóðina og upphæðinni er

dreift á 10 mánuði o.s.frv. Upphæðin er nægilega lág fyrir lífeyrissjóðina til þess að þeir teldu sig geta ráðið við hana miðað við að svo og svo margir mundu leysa út en alls ekkert með hliðsjón af þörfinni.

Menn láta leiða sig áfram af einhverri misskilinni jafnræðisumræðu. Við erum með alls konar misrétti, t.d. geta þeir sem eru sextugir eða eldri tekið út og það er enginn sem gætir þess hvar jafnræðið sé á milli þess sem er 59 ára og hins sem er sextugur. Þarf ekki að gæta jafnræðis þar á milli? Menn eru t.d. með alls konar kvaðir um endurgreiðslu á fasteignagjöldum fyrir aldraða og öryrkja án þess að gæta jafnræðis á milli fólks. Það er kannski einhver vinnandi maður eða námsmaður með enn þá lægri tekjur og hann fær ekki niðurfellingu á fasteignagjöldum þannig að við göngum mjög víða langt í því að brjóta jafnræði til þess að vernda ákveðna hagsmuni, t.d. öryrkja og aldraðra. Mér finnst bara að þeir hagsmunir, þegar fólk er að missa heimili sitt, séu ekkert síðri, ekki minna um vert að reyna að bjarga þeim, jafnvel þótt það sé á kostnað jafnræðis, þegar menn standa frammi fyrir því að gusa út peningum eins og frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir þannig að það jafnvel skaði lífeyrissjóðina og þá sem eftir sitja og búi til ójafnræði þar á milli sjóðsfélag og milli þeirra sem fá fyrst og svo hinna sem missa af lestinni af því að Fjármálaeftirlitið bannar frekari útgreiðslur. (Forseti hringir.)

[18:58]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í fyrsta lagi er ekki verið að gusa út fé, þvert á móti eru einmitt settar takmarkanir á það hve mikið er borgað út og þess vegna er hámark sem gildir um hvern mánuð fyrir sig þó að heildarupphæðin sé u.þ.b. 1.200 þús. kr. á ári. Ég fellst heldur ekki á að þetta hafi verið unnið í miklum flýti, það hefur verið legið yfir þessu í allt haust, að koma til móts við þær kröfur að fólk geti notað þennan sparnað sinn til að grynnka á skuldunum. Það hefur bara vafist fyrir mönnum hvernig eigi að nálgast það verkefni. Þetta varð sem sagt lendingin sem hér er um að ræða og hér liggur fyrir og ég hef hlustað á röksemdir hv. þm. Péturs Blöndals um aðra leið í þessu sem hann hefur kynnt og lagt fram í sérstakri tillögu. Ég hlustaði á fulltrúa bæði fjármálaráðuneytis, sérfræðinga og fulltrúa lífeyrissjóðanna og þeir eftir atvikum höfnuðu ekki þeirri leið alfarið sem hv. þingmaður gerir tillögu um, en þeir töldu sig þurfa mun betri tíma til að átta sig á þeim afleiðingum sem það hefði í för með sér. Það varð til þess að við töldum, meiri hlutinn í nefndinni, að það væri nauðsynlegt að koma þessu máli strax til afgreiðslu hér eins og það liggur fyrir og hefur legið fyrir og hins vegar opna á það að í framhaldinu verði sú aðferð sem hv. þm. Pétur Blöndal stingur upp á skoðuð. Það er því alls ekki útilokað að hægt sé að nálgast þau sjónarmið sem hann hefur kynnt um að skuldabréf séu gefin út og menn þurfi ekki að fara að taka út peninga eða leggja inn peninga heldur séu þetta bara skipti á skuldabréfum gagnvart þeim lánastofnunum sem fólk þarf að gera upp við þegar það er komið í skuldir vegna húsnæðis.

[19:01]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég kalla það að gusa út þegar allir eiga rétt, bæði landið og miðin, á að taka út milljón. Þeir sem eiga minna en milljón taka náttúrlega ekki út meira en þeir eiga en þarna er verið að opna á sparnað sem átti að vera fastur, naut skattfrelsis og þurfti ekki að borga fjármagnstekjuskatt af. Sparnaðurinn nýtur ýmissa ívilnana til að hann sé fastur til loka vinnualdurs, þar til menn fara á eftirlaun, þannig að ég kalla það að gusa út þegar menn fá þetta án tillits til þarfar. Allir fá þetta en þó ekki nema upp að milljón og það býr til vandamál því að vandinn sem við erum að leysa er allt annars eðlis. Við ætlum ekki að leysa neysluþörf heimilanna, til þess höfum við atvinnuleysistryggingar og aðrar tryggingar, sveitarfélögin og annað slíkt, en vandinn sem ég hélt að ætti að leysa er vandi þeirra sem eru í miklum vanskilum og eru að missa heimili sín og þeim er ekkert hjálpað með þessu. Það finnst mér dapurlegt.

Það að lífeyrissjóðirnir hafa ekki fallist á þessa hugmynd, eða ekki haft nægan tíma. Ég viðurkenni að 10 mínútur eru ekkert voðalega langur tími til að skoða svona tillögu. Mér skilst að þeir hafi ekki séð hana fyrr en á fundinum þegar þeir mættu og síðan hefur ekki gefist tími til að senda tillöguna til umsagnar eða fá álit þeirra aftur. Á fundinum í morgun var þetta afgreitt á örstuttum tíma og þar með var málið úti og ekki einu sinni tekið á þeim vanda sem ég hafði vonast til að menn tækju þó alla vega inn að ekki verði farið út í þessa aðgerð nema lausn finnist á vanda viðkomandi manns þannig að hann verði ekki gjaldþrota á eftir og upphæðin tapist.

[19:03]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Hér er, eins og fram hefur komið í umræðum í dag, afar vandasamt mál á ferðinni. Í tíð fyrri ríkisstjórnar sat ég í hóp sem starfaði allt frá því í byrjun nóvember og hafði m.a. það verkefni að leita leiða til að taka út séreignarlífeyrissparnað. Óhætt er að segja að afar mörg sjónarmið komu upp í vinnu þeirrar nefndar og í upphafi hafði ég verulegar áhyggjur af því hvernig ætti að gera þetta vegna þess að sjónarmiðin toguðust mjög á. Annars vegar er það hinn mikli vandi heimilanna og eðli séreignarsparnaðarins, sem er auðvitað viðbótarsparnaður, og hins vegar hagsmunir lífeyrissjóðanna sem eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra vegna þess að hagsmunir lífeyrissjóðanna eru ekkert stakir hagsmunir þeirra sem með það fé fara heldur er þetta grunnur að öllu kerfi okkar.

Þegar hrunið varð lentu lífeyrissjóðirnir í því að eignir þeirra voru illseljanlegar og alveg vitað að þegar opnað yrði á það kerfi væri langlíklegast að betri eignirnar og það sem laust væri færi fyrst út og eftir sætu verri eignir sem þyrftu að standa undir því sem eftir væri í sjóðakerfinu. Þetta er sjónarmið sem þurfti að skoða um leið og mikill vilji var til þess af hálfu Sjálfstæðisflokksins að reyna að nýta þetta kerfi til að hjálpa fólki í þeim mikla vanda sem fram undan er.

Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er gert ráð fyrir því að við ákveðnar að-

stæður sé unnt að taka út séreignarlífeyrissparnað. Verði rétthafi öryrki á hann rétt á að fá sparnaðinn greiddan út eftir ákveðnum reglum og ef dauðsfall ber að höndum er líka ákveðin heimild til að taka sparnaðinn út og um það gilda ákveðnar reglur. Gert er ráð fyrir því að úttektartímabilið standi í nokkur ár eftir að atburðurinn varð sem olli þessu. Þegar litið er til þess að séreignarsparnaðurinn er að einhverju leyti túlkaður eða metinn sem áfallasjóður var að mati þeirra sem komu að málinu í tíð fyrri ríkisstjórnar ástæða til að líta á það sem hefur gerst hjá mörgum heimilum í landinu, þar sem tekjumissirinn og vandinn er svo gífurlegur að jafna má því við meiri háttar áfall í tilvist fjölskyldna. Við þær aðstæður þótti okkur eðlilegt — og raunar má segja að frumvarp hv. þm. Árna M. Mathiesens beri vitni um að menn töldu ástæðu til — að hleypa skuldteknum fjölskyldum inn í þennan sparnað. Eftir stendur síðan almenna lífeyrissjóðakerfið. Á þeim tíma var líka gagnrýnt að þar væri verið að kippa fótunum undan fólki. Ef fólk kæmist engu að síður í þrot væru peningarnir horfnir. Auðvitað er rétt að sú staða gæti komið upp en engu að síður er um viðbót að ræða þannig að þetta var ákveðið sparnaðarform sem ríkið lagði mikla áherslu á að koma í gang á sínum tíma og þess vegna þótti mönnum eðlilegt og athugandi að skoða þetta.

Ég hjó eftir því að það var nefnt í umræðunni áðan, m.a. af hv. þm. Ellert B. Schram, að í ljós hefði komið að frumvarp sjálfstæðismanna væri ekki tækt og opið í alla enda og kanta og þess vegna hefði það ekki hlotið meiri umræðu. Ég held að þar gæti einhvers misskilnings vegna þess að í því frumvarpi er einungis gert ráð fyrir að unnt sé að taka út séreignarlífeyrissparnað sem skuldajöfnun á móti kröfu en ekki sem fjármuni til óskilgreindra nota. Þetta er mjög mikilvægur munur og mikill eðlismunur á. Ekki var um að ræða ákveðna tölu í því frumvarpi eins og í frumvarpi hæstv. fjármálaráðherra. Þar er gert ráð fyrir 1 millj. kr. og féð skal greitt út með ákveðnum hætti en ekki skilgreint í hvað það á að fara þannig að ekkert kemur í veg fyrir að það fari í almenna notkun inni á heimilunum. Nú er ég ekki að segja að vandi fólks geti ekki verið svo mikill að það veiti ekkert af hverri krónu en féð fer ekki endilega á móti húsnæðisskuldum eða slíkum skuldum, sem að mínu mati eru kannski grunnurinn fyrir því að opna á þessa sjóði.

Ég veit ekki hvernig þetta þroskaðist í meðförum nýrrar ríkisstjórnar en ég skynja að menn reyna að stíga varlega til jarðar. Ég segi hins vegar á móti að ákveðin rýmkun er í því fólgin að hafa þetta svona opið og þarna er ákveðinn misskilningur á ferðinni. Einnig var rætt um það í vetur, sem ég hef ekki heyrt á neinu máli stjórnarliða, að hægt væri að hugsa sér að nýta þá fjármuni sem veð á móti peningum sem yrðu teknir út en alls konar spekúlasjónir voru í gangi um hvernig hægt væri að nýta þetta.

Ég hygg að þegar um er að ræða — hvað á ég að segja, það eru grundvallaratriði hvernig farið er með séreignarsparnað og menn skulu gæta að því að íslenska lífeyrissjóðakerfið er mjög merkilegt. Allt sem við viljum gera verður að vera með það að markmiði að passa upp á það kerfi en ég hugsa að eðlilegt sé fyrir hæstv. fjármálaráðherra og það ágæta fólk sem í fjármálaráðuneytinu starfar að kanna hvort hægt sé að gera einhverjar frekari breytingar á því kerfi ef, sem ég á kannski frekar von á, þörf heimilanna í landinu mun haldast eins og hún hefur verið. Mig grunar og veit að margir taka undir það að þegar fer að vora muni vandinn kannski kristallast mun betur en orðið er og þegar húsnæðislánin halda áfram að tikka inn og tekjurnar verða minni og á sumum heimilum afar litlar eða engar munu menn horfa betur á þá peninga sem þarna eru.

Líka er mikilvægt fyrir okkur sem ræðum þessi síðustu lífeyrissparnaðarmál að skapa ekki of miklar væntingar í hugum fólks um hversu miklir peningar eru þar til staðar. Sannleikurinn er sá að flestir eiga þarna fáeinar milljónir kr. og það getur skilið á milli feigs og ófeigs, en ekki mjög margir sem eiga verulega fjármuni. Ég er ekki endilega viss um að mjög margir þeirra sem eiga slíka fjármuni þurfi á þeim að halda þannig að svolítið þarf að passa upp á að fólk haldi ekki að það sem er þarna inni sé meira en það er.

Hins vegar er það svo að margir þeirra sem eru að missa vinnuna höfðu háar tekjur og höfðu sinnt séreignarsparnaði og þarna gætu verið fjármunir sem hjálpa þeim þannig að þeir þurfi ekki að fara í enn erfiðari aðgerðir til að bjarga heimilisrekstri sínum.

Undanfarna daga höfum við í þinginu rætt nokkuð þau mál sem kannski eru best til þess fallin að hjálpa heimilunum í landinu í þeim vanda sem að steðjar. Á föstudaginn var ágætt mál til umræðu, virðisaukaskattur í 3. umr. Áðan heyrði ég að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, varaformaður efnahags- og skattanefndar, taldi mikinn vansa að því að verið væri að ræða þessi sjónarmið um séreignarsparnaðinn í 3. umr. en á föstudaginn komust afar fáir að í þessari umræðu. Ef þingheimur hefur ekki erindi til að ræða þessi mál finnst mér illa fyrir mönnum komið vegna þess að hér er um að ræða mál sem er að öllu leyti þannig vaxið að það krefst ákveðinnar umræðu. Á föstudaginn kom fram á milli umræðna í þinginu ákveðin hugmynd frá hv. þm. Pétri H. Blöndal sem ekki var tekin til atkvæða á föstudaginn vegna þess að hún var kölluð aftur inn í nefndina til athugunar. Auðvitað eiga þingmenn að hafa tækifæri til að kynna sér þær hugmyndir og auðvitað eiga stjórnarliðar að fagna því að menn séu reiðubúnir til að ræða allt sem til bóta má vera í svona máli. Ég skildi það þannig að menn vilji skoða þetta áfram. Ég styð auðvitað að menn hraði þessum brýnu verkefnum en vegna þess að þetta mál hefur haft töluvert langan aðdraganda hefði ég kosið að í greinargerðinni sjálfri hefði nokkru meiri grein verið gerð fyrir því í hverju vinnan í vetur hefur falist, vegna þess að þetta byrjaði á vettvangi vinnuhópa á vegum félagsmálaráðherra áður en það fór inn til fjármálaráðuneytisins og endaði síðan í sérstökum undirhóp sem starfaði fyrir fyrri ríkisstjórn. Þar veltu menn ýmsum hlutum fyrir sér og ekki kemur á óvart og ætti raunar að vera eðlilegt að menn geri grein fyrir þeim sjónarmiðum sem þar voru og af hverju hlutirnir eru svona en ekki hinsegin.

Lífeyrissjóðirnir eiga auðvitað að vera mjög varkárir. Verkefni þeirra er að passa upp á það að eins skammt sé gengið og hægt er. Það er ekkert launungarmál að töluvert þurfti að sannfæra lífeyrissjóðina um að hleypa yfirleitt nokkrum inn í þetta kerfi við þessar aðstæður. Ef viðbrögð lífeyrissjóðanna hefðu verið önnur hefði það komið mjög á óvart vegna þess að það er auðvitað meginhlutverk þeirra

að gæta þess að vel sé haldið utan um þessa fjármuni þegar við blasti þetta mikla hrun sem enn sér ekki fyrir endann á.

Það voru ekki góð tíðindi sem blöstu við okkur í morgun að Fjármálaeftirlitið hefði tekið yfir Straum – Burðarás fjárfestingabanka hf. og ég heyri í fréttum að menn hafa miklar áhyggjur af sparisjóðakerfinu í landinu. Sparisjóðabankinn var alla helgina til skoðunar í Fjármálaeftirliti, eftir því sem mér skilst af fréttum, í viðræðum við forsvarsmenn þar og litlu sparisjóðirnir eru náttúrlega mjög uggandi um sinn hag þannig að ekki er undarlegt að lífeyrissjóðirnir, sem hafa verið ákveðið hryggjarstykki í mörgum fyrirtækjum í landinu, vilji passa sérstaklega upp á þá fjármuni sem þeir hafa undir höndum og að þeir tapist ekki óeðlilega eins og maður hefur auðvitað haft áhyggjur af að gæti orðið. Mér finnst eðlilegt að opnað sé fyrir þetta. Fólk kaus í upphafinu að greiða peninga inn í séreignarsparnaðinn og það var ákvörðun sem heimilin tóku sjálf til að auka sparnað sinn og sérstaklega þegar gert er ráð fyrir því í lögunum að þetta gætu orðið einhvers konar áfallaákvæði. Þótt við sjálfstæðismenn ræðum einstakar útfærslur og bendum kannski á það sem hefði getað verið öðruvísi í frumvarpinu mega menn ekki vera svo viðkvæmir að túlka það þannig að við séum á móti því. Það er ekki svo. Við munum greiða málinu atkvæði okkar. Það höfum við sagt allan tímann og það er óþarfaviðkvæmni af hálfu stjórnarliða að líta svo á að við megum ekki hafa skoðun á málinu, sérstaklega þegar fyrir liggur að örskammt er síðan Sjálfstæðisflokkurinn hafði fjármálaráðuneytið á sinni könnu og hafði þetta mál til meðferðar. Hv. þm. Árni M. Mathiesen gerði ágætlega grein fyrir því í máli sínu áðan hvernig þetta hefur allt saman borið að.

Ég vona að við munum í framhaldinu sjá fleiri frumvörp og frekari hugmyndir um hvernig leysa eigi úr bráðavanda heimilanna. Ég vona að ríkisstjórnin muni einbeita sér að því að koma með hugmyndir og tillögur til að hjálpa fólkinu sem býr í þessu landi til sjálfshjálpar í stað þess að eyða svona óskaplega miklum tíma í það að breyta stjórnarskrá lýðveldisins við þessar aðstæður. Ég held að það hvíli ekki efst í huga fólks sem er í vandræðum með að borga af húsnæðislánunum sínum. Ekki held ég að menn hafi áhuga á því að vita að það standi til að eyða einum til einum og hálfum milljarði króna í stjórnlagaþing þegar við blasir slíkur vandi hjá heimilum í landinu og menn eru hikandi við að taka út peninga eða setja peninga í bráðaaðgerðir til handa heimilunum. Ég vona að ríkisstjórnin einbeiti sér að þeim verkefnum í stað þess að dunda sér við stjórnarskrárbreytingarnar sem nú virðast taka hug manna allan.

Ég hef fundið það mjög greinilega undanfarna daga og veit að svo á við marga aðra þingmenn að það sem stendur upp úr hverjum einasta manni er: Hvað ætlið þið svo að gera til að hjálpa heimilunum í landinu? Hvað ætlið þið að gera þegar við erum svo mörg í vandræðum með að borga af húsnæðislánunum okkar? Ætlið þið að taka undir með framsóknarmönnum um þessa 20% niðurfellingu skulda eða ætlið þið að koma með hugmyndir um lengingu lána eða hvað ætlið þið að gera? Hvað ætlar þingheimur að gera til að hjálpa til við þær aðstæður sem hér eru? Þetta eru allt sjónarmið sem mér finnst eðlilegt að komi fram hjá fólki. Þetta er akkúrat það sem fólk vill heyra um og ekki hafði Framsóknarflokkurinn fyrr komið með hugmynd sína, sem verður að segjast að var mjög róttæk, en hv. stjórnarherrar kepptust við að hlæja hana út af borðinu. Ekki var mikill vilji til að ræða hugmyndir þess flokks sem ver ríkisstjórnina falli.

En ég eins og ég segi og hef sagt áður er þetta mál sem mér finnst áhugavert og styð og vann að því í tíð fyrri ríkisstjórnar og mun að sjálfsögðu greiða því atkvæði mitt.

[19:18]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða mjög mikilvægt málefni sem í langan tíma hefur verið til meðferðar, fyrst í ríkisstjórn og í stjórnarflokkunum, bæði fyrri ríkisstjórnar og þeirrar sem nú er, og síðan í þinginu og þeirri þingnefnd sem hefur haft með málið að gera. Nú er komið að 3. umr. þannig að ég tel afar mikilvægt að koma inn í umræðuna á lokastiginu til að hvetja til þess að áfram verði haldið með þetta málefni er varðar séreignarsparnaðinn, að þróa þær hugmyndir og hugsanir sem hafa tengst þeim réttindum sem lífeyrissjóðirnir hafa byggt upp með sparnaði fólksins.

Ég vil í byrjun aðeins nefna það að við sjálfstæðismenn höfum lagt mjög ríka áherslu á að hér sé til meðferðar vönduð löggjöf varðandi þetta sparnaðarform. Á sínum tíma höfðu sjálfstæðismenn forustu um að skapa þann lagaramma sem löggjöfin byggir á og þess vegna erum við sjálfstæðismenn mjög áhugasamir um að hér verði ekki rasað um ráð fram hvað þessi mál varðar. Lífeyrissjóðirnir í landinu eru mikið lífsakkeri heimilanna og þess vegna er mjög mikilvægt að stíga ekkert það skref sem getur raskað öryggi þessara eigna launþega í landinu sem lífeyrissjóðirnir fara með.

Ég verð að viðurkenna að umræður í þinginu í dag hafa á stundum ef til vill ekki markast nægilega ríkulega af því að við þurfum að gera allt sem við getum til að hraða afgreiðslu mikilvægustu mála í þágu heimila og atvinnulífsins í gegnum þingið. Fleiri mál þyrftu að sjálfsögðu að koma inn, bæði frá einstökum þingmönnum og ríkisstjórninni, í þeim tilgangi að tryggja sem best hagsmuni fólksins í landinu við þær erfiðu aðstæður sem við búum við í dag.

Ég hef undrast mjög þann málflutning sem fram hefur komið, sérstaklega af hálfu samfylkingarþingmanna, bæði ráðherra og þingmanna, sem nota hvert einasta tækifæri til að gera tortryggilegt það starf sem fram fór á vettvangi fyrri ríkisstjórnar og láta að því liggja að framvindan hafi ekki verið nægilega hröð í verkum fyrri ríkisstjórnar. Út af fyrir sig er ekki mikið um það að segja en mér finnst ekki stórmannlegt að hv. þingmenn Samfylkingarinnar skuli nota hvert einasta tækifæri til þess að reyna að gera tortryggileg störf eigin manna í ríkisstjórn í þeim tilgangi að upphefja þá sem sitja í ríkisstjórn núna.

Í þessari umræðu hefur nokkuð verið rætt um breytingartillögu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Hann hefur lagt mjög mikla vinnu í að skoða hvaða kostir væru bestir til að breyta lögum um lífeyrissjóðina í þeim tilgangi að þeir sem eiga í séreignarsparnaðarforminu gætu nýtt sér þær eignir í lífeyrissjóðunum til að bjarga eigin fjárhag, bjarga fjárhag heimilanna þar sem herðir að vegna skulda, atvinnuleysis, hækkandi vaxta og mikillar verðbólgu sem ógnar afkomu

heimilanna.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal er ef til vill sá þingmaður sem þekkir best til á vettvangi lífeyrissjóðanna og á vettvangi fjármálastarfseminnar þannig að sú hv. nefnd sem um þetta mál fjallar hefði þurft að skoða betur breytingartillögur þingmannsins í þeim tilgangi að taka tillit til þeirra. Úr því að ekki var fallist á tillögurnar hefði mátt vinna þær áfram þannig að síðar mætti taka tillit til þeirra og gera breytingar á lögunum að teknu tilliti til þeirra hugmynda sem byggja á því að leggja megináherslu á að skapa skilyrði fyrir eigendur séreignarsparnaðarins til að greiða upp skuldir. Með því að leyfa að taka út úr sjóðunum án þess að það væri sérstaklega merkt á móti skuldum er að mínu mati ekki farin besta leiðin.

Það blasir við að bankahrunið hjá okkur á Íslandi og hrun bankanna um allan heim hefur raskað öllum aðstæðum, öllum stærðum á fasteignamarkaði og á lánamarkaði og því sem varðar verðmat og stöðu heimila. Verðgildi eigna hefur hrapað, lánin hafa hækkað vegna gengisbreytinga og lánin hafa hækkað vegna þess að verðtryggingin hefur lyft þeim upp vegna verðbólgunnar.

Á slíkum óvissutímum sem hafa fylgt bankahruninu er geysilega mikilvægt að standa vel að málefnum er varða lífeyrissjóðina í landinu. Það má ekkert skref stíga sem getur skapað óvissu í kringum lífeyrissjóðina. Það kann að verða enn meira álag á lífeyrissjóðina í landinu núna og á næstu missirum en menn hafa ef til vill gert ráð fyrir vegna þess að atvinnuleysið kann að skapa þau skilyrði að menn fari fyrr á eftirlaun en þeir hefðu gert ef meira atvinnuframboð hefði verið í landinu og ef fleiri atvinnutækifæri hefðu verið í boði. Þannig má búast við því að útstreymi úr lífeyrissjóðunum verði meira en menn höfðu gert ráð fyrir. Á það verður að líta þegar gengið er fram með þær lagabreytingar gagnvart lífeyrissjóðunum sem hér eru til meðferðar.

Þegar þetta sparnaðarform, séreignarsparnaðarformið, var sett á laggirnar var það hugsað til þess að hvetja launþega til að auka sparnað. Við hvöttum fyrir nokkuð mörgum árum til sparnaðar í gegnum skattafslátt tengdan fjárfestingu í hlutafélögum sem varð til þess að mjög margir sköpuðu sér eignir í hlutafélögum og urðu fyrir verulega miklu tjóni þegar hlutafélögin og sérstaklega bankarnir féllu. Margir hafa orðið fyrir tjóni og misst eignir í tengslum við fallið.

Séreignarsparnaðarformið sem byggir á því að bæði launþegi og vinnuveitandi greiði í lífeyrissjóðina er mjög gott og öruggt fyrirkomulag vegna þess að lífeyrissjóðirnir hafa verið reknir þannig, sem betur fer, að þeir hafa getað ávaxtað sitt pund allvel. Séreignarsparnaðarformið hefur ýtt mörgum til þess að auka sparnað og þess vegna eiga mjög margir eignir sem þeir gætu hugsað sér að nýta í vandræðum sínum til að greiða niður skuldirnar.

Ég hefði talið besta kostinn í því fyrirkomulagi sem er til umræðu í dag leiðina sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur bent á, að skapa skilyrði til að færa eign úr lífeyrissjóði beint til lækkunar skulda án þess að peningar færu á milli handa. Eins og ég sagði fyrr í ræðu minni tel ég rétt að skoða það fyrirkomulag áfram þó að sú leið sé valin núna sem meiri hluti nefndarinnar hefur gert hér tillögu um. Þess vegna á ekki að slá loku fyrir það sem möguleika í framtíðinni að leið hv. þm. Péturs H. Blöndals geti verið valin. Ég hvet eindregið til þess að hv. nefnd skoði það mál áfram. Ég nefni það sérstaklega vegna þess að þetta er meðal þeirra mála sem varða mjög hagsmuni heimilanna, nefndir þingsins þurfa sjálfar að vera mjög vel vakandi og á verði fyrir því með hvaða hætti við getum staðið að breytingum sem koma heimilunum til góða. Þingið á ekki endilega að bíða eftir því að ráðuneytin eða hugmyndafræðingar ráðherranna komi með lausnir, heldur þurfa nefndirnar að vera mjög vel á varðbergi og leiða fram mál eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur gert hér með breytingartillögum sínum.

Ég fylgdist með því í dag á fundi allsherjarnefndar þar sem ég sat sem varamaður að þar eru fjölmörg mál sem varða hagsmuni heimilanna í landinu og einstaklinga sem hafa lent í greiðsluerfiðleikum. Satt að segja miðar mjög hægt að fá fram þau mál sem varða greiðsluaðlögun og fleira vegna þeirra sem hafa lent í þrotum. Ég tel að þau mál þurfi að vinna eins hratt og nokkur kostur er. Sú löggjöf sem þar var á ferðinni og er til vinnslu í allsherjarnefnd þarf ásamt með því frumvarpi og breytingartillögum sem hér eru til meðferðar að komast í gegnum þingið sem allra fyrst. Þess vegna höfum við sjálfstæðismenn lagt svo ríka áherslu á það að það mál sem hér er til meðferðar fái vandaða umfjöllun með það í huga að þetta er engin endanleg niðurstaða þó að við samþykkjum hér breytingartillögur sem varða frumvörp og sem verða að lögum. Við þurfum að halda áfram að þróa löggjöf sem varðar lífeyrisréttindin til hagsbóta fyrir heimilin í landinu.

Virðulegi forseti. Ég held að við þurfum að líta yfir þau fjölmörgu mál sem fyrir þinginu liggja í þeim tilgangi að vanda meðferð þeirra og alla úrvinnslu. Ég er sannfærður um að hv. þingmenn munu leggja sig fram um að leita lausna til hagsbóta fyrir heimilin í landinu. Það mál sem hér er til lokaafgreiðslu er eitt af þeim og ég minni enn og aftur á að Sjálfstæðisflokkurinn hafði í upphafi forustu um að móta þá löggjöf sem tryggði séreignarsparnaðinn og Sjálfstæðisflokkurinn hefur borið þessi mál mjög fyrir brjósti (Forseti hringir.) eins og rækilega hefur komið í ljós í þeirri umræðu sem fram hefur farið í dag.

[Fundarhlé. — 19:33]

[20:00]

Útbýting:

Vextir og verðtrygging, 401. mál, frv. GAK og GMJ, þskj. 682.

[20:01]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Við erum að fjalla um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lög nr. 45/1997, um staðgreiðslu opinberra gjalda og lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Talsvert mikið hefur heyrst í umræðunni eftir fall bankanna og þau áföll sem heimilin í landinu hafa lent í að nauðsynlegt sé að gera allt sem hægt er til þess að létta undir greiðslubyrði heimilanna og koma til móts við þá aðila sérstaklega sem hafa lent í áföllum vegna falls bankanna, eins og þá sem hafa misst atvinnu og þá sem skuldir hafa hækkað mikið hjá.

Ég man eftir því að í tíð síðustu ríkisstjórnar skipaði Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. félagsmálaráðherra, nefnd sem fékk það hlutverk að fjalla um til hvaða aðgerða væri hægt að grípa varðandi einmitt heimilin. Þar var ýmislegt rætt. Ég man að ég sagði úr þessum stól að ég teldi nauðsynlegt í ljósi þess áfalls sem dundi á okkur að það ætti að taka upp svokallaða hamfaravísitölu á lán, þ.e. að í ljósi þess að bankakerfið féll nánast á einni nóttu í heild sinni, krónan féll, væri hægt að líkja þessu við það að lenda í hamförum þar sem enginn réði neitt við neitt og þar með væri eðlilegt að ekki bara skuldarar tækju á sig áföllin vegna þessara hamfara, heldur væri eðlilegt að þau skiptust með einhverjum hætti á milli aðila, þ.e. þeirra sem ættu innstæður og fjármagn og þeirra sem skulduðu. Þessi nefnd hæstv. félagsmálaráðherra lagði til að skipaður yrði sérstakur sérfræðingahópur sem fjallaði um það. Sá hópur fór mjög ítarlega yfir þau mál og komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri rétt að taka upp slíka hamfaravísitölu. Ég hef í sjálfu sér skilning á þeirri niðurstöðu að mörgu leyti. Í staðinn var tekin upp þessi svokallaða greiðslujöfnunarvísitala sem hefur að vísu ekkert létt mjög mikið á greiðslubyrði þeirra sem eru með hefðbundin vísitölulán og skulda í íslenskum krónum, en þessi títtnefndi sérfræðingahópur virtist ekki hafa skilning á því að það væri eðlilegt að þessar byrðar skiptust á milli fjármagnseigenda og þeirra sem bera skuldir.

Síðan fjallaði hópurinn um fjölmarga aðra hluti, m.a. það sem hér er síðan um að ræða, þessa endurgreiðslu á séreignarlífeyrissparnaði. Þar sem hæstv. forseti var líka í þessari nefnd man hún að þessi hópur var mjög hugsi yfir því hvort þetta væri æskilegt og rétt. Ýmsir aðilar voru kallaðir til, m.a. fulltrúar lífeyrissjóðanna og fleiri sérfræðingar, og þeir spurðir álits á þessu. Menn skiptust í tvö horn, sumir töldu þetta sjálfsagt mál og eðlilegt en aðrir töldu að ekki væri rétt að gera þetta í ljósi þess að þetta mundi vega að lífeyrissjóðakerfinu, þó að þetta væri eingöngu séreignarsparnaðarhlutinn sem um væri að ræða mundi þetta vega að lífeyrissjóðakerfinu og í rauninni mundi hugmyndafræðin á bak við kerfið bíða hnekki.

Ég og ýmsir í nefndinni gátum fallist á það og þess vegna köstuðum við þessu á milli okkar í svolítinn tíma. Þá var afstaða Samfylkingarinnar og fulltrúa hennar í nefndinni í rauninni sú að þetta bæri að gera og það bæri að ganga miklum mun lengra en gert er í þessu frumvarpi. Það má líka alveg draga það fram að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins töldu að það bæri að fara mjög varlega í þetta og það verður að viðurkennast að boltanum var svolítið kastað á milli með þetta og einn af fulltrúum Samfylkingarinnar taldi að við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins værum allt of stíf á þessu. Einhvern veginn náðum við að verða sammála um að þetta bæri að gera og eftir að við höfðum fengið álit stærðfræðinga og fleiri aðila á þessu töldum við hægt að greiða út þessar inneignir.

Þó að mörgum finnist kannski að það ætti ekki að vera neitt mál að greiða út inneign af þessum toga var eitt af því sem kom mjög skýrt fram í viðræðum við aðila að stór hluti pappíranna í séreignarlífeyrissparnaðarkerfinu hefði lækkað mjög mikið í verði þegar markaðir féllu og þess vegna væri mjög slæmt fyrir sjóðina að fara að losa þá á því verði sem fengist fyrir þá, það yrði nokkurs konar brunaútsala á þessum pappírum. Hins vegar væri hægt að skipta hluta af eignum sjóðanna í peninga.

Í svona tilvikum verður hins vegar að gæta jafnræðis. Sú spurning kom upp hvort það væri rétt að þeir sem tækju út úr sjóðunum núna tækju alla bestu pappírana út úr sjóðunum og þeir sem ekki fengju heimild, eins og þetta var hugsað þá — þá var þetta hugsað þannig að það yrði eingöngu til að greiða niður skuldir og útgreiðslan yrði bundin því — sætu eftir með verðminni pappíra í sjóðunum.

Að því leytinu er kannski skiljanlegt að þetta frumvarp sem síðan er lagt fram hérna gangi í rauninni skammt. Það er þekkt að þegar þeir sem hafa greitt í sjóðina verða fyrir áföllum, örkumlast eða slíkt og fá greitt út úr þessum sjóðum fá þeir náttúrlega greidda út þá upphæð sem eignamyndunin í sjóðnum segir til um. Ef allir hins vegar ætla að taka út slíka eign verður mikið verðfall á öllum pappírum sjóðsins. Það er því ákveðin lending að gera þetta með þeim hætti sem frumvarpið tekur á þessu, þ.e. að greiða tiltölulega lága upphæð, eins og þessa 1 milljón kr. á einu ári, og greiða hana út með jöfnum afborgunum. Þetta er hins vegar allt önnur niðurstaða en hinir ýmsu þingmenn Samfylkingarinnar höfðu boðað. Ýmsir þingmenn höfðu tekið býsna stórt upp í sig með það að að sjálfsögðu ætti að greiða fólki út þær innstæður sem það ætti í þessum séreignarlífeyrissparnaði þegar svona væri komið. Það var auðvitað aldrei raunhæft.

Eins og þekkt er var Sjálfstæðisflokknum mikið í mun að halda áfram samstarfinu í síðustu ríkisstjórn og teygði sig býsna langt í þeim efnum. Þess vegna varð til frumvarp sem gengur miklum mun lengra en þetta frumvarp gerir og hefði þýtt, ef það hefði komið til framkvæmda, að mun hærri upphæðir hefðu verið greiddar út. Ég held að eins og það var útfært hefði það hugsanlega getað valdið lífeyrissjóðunum vandræðum í því ástandi sem við erum í núna en hins vegar kemur mér verulega á óvart að þetta skuli gert með þeim hætti sem hér er boðað.

Eins og frumvarpið er sett fram geta allir tekið þetta út án nokkurra skilyrða. Þar með er engan veginn ljóst hvort þetta fer í neyslu eða niðurgreiðslu á skuldum. Lífeyrisgreiðslur og eignir lífeyrissjóðanna eru varin eign, þ.e. ekki er hægt að ganga á þessar eignir ef til gjaldþrotaskipta einstaklinga kemur. Því er mjög varhugavert að fólk taki þetta út nema því aðeins að það geti orðið til þess að bjarga einhverju hjá viðkomandi.

Ég geri mér alveg grein fyrir því, hæstv. forseti, að þetta getur þýtt að mánaðarleg greiðsla getur haft talsvert að segja upp í afborganir af lánum fjölskyldna. En það er líka hætt við því að margar fjölskyldur sem eru komnar í mjög mikil vandræði taki þetta út, síðan gjaldfalli lánin, gengið verði að viðkomandi fjölskyldum og þær geti lent í miklum fjárhagslegum erfiðleikum og jafnvel orðið gjaldþrota og þá er þessi eign farin, eign sem annars mundi nýtast til framtíðar sem lífeyrir þegar fólk væri búið að ná þeim aldri. Þá er þetta bara horfið og farið inn í hítina. Þetta er í rauninni vandmeðfarið að mínu mati.

Reyndar komu í þessari nefnd líka upp hugmyndir um að lífeyrissjóðirnir mundu hreinlega kaupa hluta af eignum fólks. Eins og þetta er sett fram hérna þarf að sjálfsögðu að borga skatt af þessum greiðslum og það er ekki nema eðli-

legt. Ef lífeyrissjóðirnir hefðu haft heimild til að kaupa t.d. hluta í húseignum fólks sem síðan hefði verið hægt að láta ganga inn í lífeyrissjóðinn aftur ef fólk keypti eignarhlutinn til baka hefði verið hægt að lækka þessar skuldir mun meira en ella er vegna þess að þá var hugsunin sú að ekki yrði borgaður skattur af þeim hluta. Það er talsvert flókin útfærsla en engu að síður að mörgu leyti raunhæf og hefði nýst miklu betur að því leytinu til að lækkun skuldastabbans verður við útgreiðslu á einni milljón rúmlega 600.000 kr. þegar búið er að draga skattinn frá. Þetta er ekkert mjög há upphæð í heildina séð.

Ég var að tala um að fólk gæti setið uppi með það að hafa eytt lífeyri sínum og lent síðan í gjaldþroti en í rauninni er jákvætt að horft skuli vera til þess að skuldheimtumönnum sé ekki heimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn. Það er mjög erfitt að passa þetta og við sjáum alveg fyrir okkur að þeir sem eiga útistandandi skuldir munu benda fólki á að þetta sé ein leið til þess að kaupa sér frest. Þessi frestur verður keyptur, þetta mallar í einhverja mánuði og síðan verður kné látið fylgja kviði því að það er alveg ljóst að þegar stór hluti lánsins stendur eftir, þó að búið sé að greiða þetta, verður sá skuldapakki ekki gefinn eftir. Þar með finnst mér alveg augljóst að þó að þetta ákvæði sé þarna inni virkar það ekki neitt, hefur í rauninni ekkert að segja.

Hins vegar er gott að í frumvarpinu er tekið fram að útgreiðsla séreignarsparnaðar hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögunum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta og ég held að þetta sé mjög mikilvægt. Mér finnst þó alveg á mörkunum að það þurfi að taka þetta fram í sjálfu sér því að þetta er eiginlega alveg augljóst mál, en það er gott að allur vafi sé tekinn af um þetta.

Hins vegar ætla ég ekki að standa í vegi fyrir þessu, ég hefði viljað að það væri hægt að ganga miklu lengra í þessum efnum en ég veit hins vegar líka, eins og ég vék að í ræðu minni, að það getur verið mjög erfitt að losa fjármuni út úr þessum lífeyrissjóðum þar sem mikið framboð af bréfum sem eru í sjóðunum mundi þýða mikið verðfall af þeim sem yrði líka mjög slæmt fyrir lífeyrissjóðina þegar fram liðu stundir.

[20:16]

Björn Bjarnason (S):

Herra forseti. Við ræðum hér mikilvægt mál sem hefur verið til umræðu lengi, hvernig hægt er að auðvelda fólki að nýta sér þá fjármuni sem það á í séreignarreikningum lífeyrissjóða til þess að lækka skuldir sínar. Virðulegi forseti. Þegar ég fer í gegnum þau skjöl sem liggja hér til grundvallar, frumvarpið, breytingartillögur og nefndarálit þá verð ég að segja að mér finnst framhaldsnefndarálit frá minni hluta efnahags- og skattanefndar sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur reifað hér fyrr í dag ná því best sem markmiðið er með þessu því eins og segir í nefndarálitinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Minni hlutinn flytur breytingartillögu sem leysir vanda þeirra sem eru í verulegum vanskilum sem þeir geta ekki greitt og eiga á hættu að missa húsnæði sitt en eru jafnframt með stórar upphæðir bundnar í séreignarsparnaði. Hugmyndin gengur út á það að lífeyrissjóðurinn gefi út skuldabréf til viðkomandi lánastofnunar og skattheimtunnar með sömu kjörum varðandi gjalddaga og ávöxtun og séreignarsparnaðurinn sjálfur. Þannig má segja að lánastofnunin og skattheimtan verði „séreignarsparandi“ í stað einstaklingsins, sem hins vegar losnar úr viðjum vanskila og forðar heimili sínu frá uppboði. Lánastofnunin fær mjög góðan skuldara í stað vanskilanna og skattheimtan fær skatta með nákvæmlega sama hætti og fyrirhugað var að óbreyttri skattprósentu. Lífeyrissjóðurinn heldur áfram starfsemi sinni eins og ekkert hafi í skorist.“

Þetta er, virðulegi forseti, lausn á þeim vanda sem menn hafa talað um að ætti að leysa á þennan hátt sem að mínu mati er skynsamlegri en tillögurnar í frumvarpinu og frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Þessa skoðun mína byggi ég á lestri á þeim umsögnum sem fyrir liggja frá umsagnaraðilum um þetta mál og unnt er að kynna sér á vefsíðu Alþingis ef menn hafa áhuga á því frekar en hér verða gerð skil. Það kemur fram í mörgum þessara umsagna, sérstaklega frá Landssamtökum lífeyrissjóða, að menn hafa verulegar áhyggjur af því ef ekki sé varlega stigið til jarðar í þessu máli þá kunni allar breytingar í þessa veru að leiða til ófarnaðar fyrir lífeyriskerfið í heild sinni. Það getur ekki verið markmið okkar þingmanna að stuðla að því. Lífeyriskerfi okkar Íslendinga hefur þótt góð fyrirmynd hvarvetna þar sem menn hafa kynnt sér það og við eigum síst af öllu nú á þessum óvissu- og hættutímum í okkar fjármálum að gera nokkuð sem getur spillt fyrir framtíð lífeyrissjóðakerfisins. Um það held ég að okkur þingmönnum greini ekki á.

Þess vegna vil ég leyfa mér að vitna í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða þar sem þeir í upphafi geta þess að þeir hafi í aðdraganda og undirbúningi við þetta frumvarp varað eindregið við því að opna fyrir séreignarsparnaðinn gagnvart rétthöfum sem ekki hafi náð 60 ára aldri. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þegar fjallað er um lífeyrissparnað í séreign skiptir máli að skoða hann í samhengi við lífeyriskerfið almennt sem og að horfa til eðlis sparnaðarins og með hvaða hætti hann er ávaxtaður. Íslenska lífeyriskerfið byggir á svokölluðu þriggja stoða kerfi sem samanstendur af almannatryggingum, sjóðmynduðu samtryggingarkerfi og lífeyrissparnaði í séreign.

Í viðamikilli skýrslu sem byggð er á rannsóknum á lífeyriskerfum víða um heim og á ástandi og horfum í lífeyrismálum (1994) leggja sérfræðingar Alþjóðabankans áherslu á lífeyriskerfi sem byggt er á þremur stoðum:

1. stoð: Opinbert kerfi með skylduaðild, fjármagnað með sköttum. Þetta svarar til almannatryggingakerfisins hér á landi.

2. stoð: Uppistaða kerfisins verði sjóðssöfnunarkerfi með skylduaðild. Það sé rekið utan opinbera geirans en undir opinberu eftirliti. Þetta svarar til almennu lífeyrissjóðanna hér á landi.

3. stoð: Frjáls einstaklingsbundinn sparnaður. Á t.d. við um sparnað einstaklinga hjá séreignarsjóðum.

Augljóst er að íslenska lífeyriskerfið uppfyllir að flestu leyti þessa forskrift Alþjóðabankans enda stendur það að flestu leyti nokkuð vel og þykir til fyrirmyndar. Þá er at-

hygli vakin á því að erlend matsfyrirtæki, OECD, aðrar alþjóðlegar stofnanir og aðrir sérfróðir aðilar hafa bent á fyrirkomulag og uppbyggingu íslenska lífeyriskerfisins sem einn af helstu styrkleikum íslenska hagkerfisins. Því má færa rök fyrir því að veiking eða afnám þriðju stoðar þess sé mjög til þess fallin að veikja forsendur lífeyriskerfisins og draga úr þeirri tiltrú sem framangreindir aðilar hafa á því og þýðingu þess fyrir framtíðarhorfur mála hér á landi. Ef opnað yrði fyrir úttekt lífeyrissparnaðar, þ.e. úr þriðju stoðinni, veikir það uppbyggingu kerfisins mjög, eykur álag á almannatryggingakerfið í framtíðinni og þar með skattbyrði komandi kynslóða.“

Þetta er að mínu mati þannig orðað og þannig rökstutt að full ástæða er fyrir okkur alþingismenn að hafa þetta í huga þegar við ræðum þetta mál. Þess vegna ítreka ég það sem ég sagði, virðulegi forseti, að ég tel að með það markmið í huga sem menn hafa sett sér við þessar breytingar þá komi tillaga hv. þm. Péturs Blöndals til móts við það sjónarmið að nota séreignarsparnaðinn til þess að létta á skuldabyrðinni hvort sem það er gagnvart lánardrottnum eða skattheimtu án þess að gengið sé þannig til verks að það raski öllu kerfinu.

Nú má að vísu segja að í umræðunum og þeim mun meira sem menn hafa rætt þessi mál að þeim mun ljósara hefur það orðið öllum sem að þessu máli koma hve brýnt sé að stíga varlega til jarðar. Raunar má lesa það úr því sem hæstv. fjármálaráðherra sagði á blaðamannafundi hinn 17. febrúar síðastliðinn þegar þetta mál var kynnt. Þá greinir hann frá því að þetta frumvarp hefði verið unnið í samstarfi við lífeyrissjóðina. Hann leggur áherslu á að þannig hafi verið staðið að málum að sem minnst röskun yrði á starfsemi sjóðanna.

Þó er það svo, eins og hv. þm. Pétur Blöndal bendir á í sinni greinargerð, að mikil óvissa er hér á ferðinni. Það kemur einnig fram í frásögninni af fréttamannafundinum með ráðherrunum hinn 17. febrúar að þeir átta sig ekki nákvæmlega á því hvað hér kynni að vera um mikla röskun fyrir lífeyrissjóðina að ræða. Það kemur fram í frétt um þetta að tækju allir út úr sjóðnum gæti fjárhæðin numið 80–90 milljörðum kr. en síðan er tekið fram að afar ólíklegt sé að til þess komi að svo há fjárhæð verði tekin út úr sjóðnum. Þarna er því mikil óvissa og menn eru að spá í þetta og fréttin og frásögnin af framgöngu ráðherranna sýnir að þeir gera því skóna að ekki verði eins mikil ásókn í þetta og gæti orðið. Segir í fréttinni að þeir telji þó að nokkrir tugir milljarða gætu farið út úr sjóðunum ef frumvarpið yrði að lögum eins og þeir kynntu.

Einmitt við þessu varar hv. þm. Pétur H. Blöndal og veltir fyrir sér þegar hann leggur fram sína tillögu því hann segir að ef mikið verði um útgreiðslur úr lífeyrissjóðunum þá geti viðkomandi lífeyrissjóður að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins stöðvað útgreiðslur til þess að lífeyrissjóðurinn þurfi ekki að selja eignir sínar í hraðsölu til tjóns fyrir aðra sjóðfélaga. Hv. þm. Pétur H. Blöndal segir réttilega að þá gildi reglan: Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Þetta held ég að menn verði að hafa í huga þegar um þetta mál er fjallað. Það er verið að fara inn á nýjar brautir. Það er verið að skapa ákveðna óvissu um kerfi sem nýtur mikils traust, kerfi sem er talið til fyrirmyndar vegna þess að hvernig það er uppbyggt. Það er rétt að ganga um þetta mál af mikilli varúð.

Ef ég má lesa úr greinargerð hv. þm. Péturs H. Blöndals þá segir svo, með leyfi forseta:

„Fyrir utan það að þessi lausn“ — þ.e. sú lausn sem er í frumvarpinu eins og það er, — „breytir sennilega mjög litlu fyrir þann sem á í verulegum erfiðleikum og er að missa heimili sitt er hugsanlegt að mjög margir muni nota tækifærið og flytja þennan hluta séreignar sinnar“ — þ.e. eina milljón — „á venjulega bankabók, hugsanlega verðtryggða, þar sem traust manna á séreignarsparnaði hefur beðið nokkurn hnekki.“

Þetta er það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal telur sig vera að koma í veg fyrir meðal annars með því að flytja breytingartillögu sína fyrir utan það, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að þá gerir hann ráð fyrir því að lánastofnanir og skattheimtan verði séreignarsparandi í stað einstaklingsins. Hann er þarna með hugmynd sem skapar ekki öryggisleysi í starfsemi sparisjóðanna en kemur til móts við hagsmuni þeirra sem eiga fé inni á séreignarreikningunum.

Virðulegi forseti. Við höfum hér nú rætt í nokkurn tíma um þetta mál og við höfum fengið tækifæri til þess að glöggva okkur á því í umræðunum. Það er nauðsynlegt að þessar umræður fari hér fram og séu eins ítarlegar og kostur er, meðal annars vegna þess hve fátækleg álitsgerð meiri hluta efnahags- og skattanefndar er um frumvarpið og hversu lítið í raun og veru segir þar um efni málsins. Raunar varð ég undrandi þegar ég las þetta nefndarálit meiri hlutans þar sem menn láta sér nægja að segja, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur brýnt að frumvarpið verði samþykkt með áorðnum breytingum sem hann lagði til við 2. umræðu málsins. Meiri hlutinn telur það jafnframt koma til greina að endurskoða fyrirkomulag útgreiðslu að fenginni reynslu og með hliðsjón af öðrum úrræðum til lausnar greiðsluvanda einstaklinga og heimila. Mælist nefndin til þess að fjármálaráðuneytið skoði breytingartillögu minni hlutans í þessu ljósi og meti þörfina á frekari úrræðum á síðari stigum.“

Mér finnst að þetta frá meiri hluta nefndarinnar sé eins og það sé svolítið kastað til þess hendi að meiri hlutinn telji sig hafa vitneskju um að hugsanlega þurfi að standa öðruvísi að málum en hann skilji við málið þannig að hann feli í raun fjármálaráðuneytinu að skoða breytingartillögur minni hlutans í því ljósi og meta þörfina á frekari úrræðum á síðari stigum.

Af hverju er þetta mál ekki leitt til lykta af hálfu meiri hlutans þannig að það sé einhver endapunktur í þessu máli þegar við ræðum þetta hér á þessari stundu? Sérstaklega þegar hugað er að því að þessi meiri hluti skapaðist með það í huga að koma til móts við heimilin, taka þannig á málum að það skapaðist meira öryggi og vissa fyrir heimilin á þeim mikla umrótatíma sem við nú lifum í fjármálalífinu þar sem margir búa við allt aðrar aðstæður en þeir gátu nokkru sinni vænst að þá eru mál hespuð af með þessum hætti og skildar eftir opnar spurningar. En ég tel að hv. þm. Pétur H. Blöndal svari þessum spurningum og skapi ákveðna festu í þetta mál með tillögu sinni.

[20:31]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum eitt af þeim mikilvægu málum sem ég tel að komi heimilum landsins til góða. Ekki veitir af, því að þær hamfarir og hremmingar sem dunið hafa yfir íslenskt samfélag síðustu mánuði kalla á aðgerðir í þessum dúr og slíka hugsun, að koma til móts við heimilin í landinu. Um leið og ég tek umræðunni um séreignarsparnað og ráðstöfun hans fagnandi er nauðsynlegt að ræða samhengið í málinu og útfærsluna sem frumvarpið sem nú er til umræðu gerir ráð fyrir. Útfærsluna þarf að ræða í samhengi við stöðuna í samfélaginu og út frá því hvernig best megi útfæra þessa hugmynd þannig að hún skili tilætluðum árangri.

En fyrst að markmiði frumvarpsins. Það er ekki skýrt kveðið á um markmiðið þótt í því felist að sjálfsögðu að vinna í þágu heimilanna í landinu, enda kemur fram í verkefnaskrá ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem birt var 1. febrúar 2009 í sjö liðum í 4. lið að sérstaklega verði farið í aðgerðir í þágu heimilanna. Þar kemur fram að markvissar aðgerðir verði viðhafðar til að bregðast við fjárhagsvanda heimila í landinu í virku samráði við hagsmunaaðila, að sett verði á stofn velferðarvakt í samvinnu við hagsmunaaðila og að ætlunin sé að fá tillögur um aðgerðir frá þessum hópi. Enn fremur kemur fram að sett verði lög um séreignarsparnað sem veita sjóðfélögum tímabundna heimild til fjármagnsgreiðslu úr séreignarsjóðum til að mæta brýnum fjárhagsvanda. Ég ætla að endurtaka þetta: Það átti sem sagt að mæta brýnum fjárhagsvanda. Það má segja að þetta sé einmitt tilgangur frumvarpsins.

Í frumvarpinu sem er hér til umræðu er gert ráð fyrir að vörsluaðilum séreignarsparnaðar verði heimilt frá 1. mars 2009 til 1. október 2010 að greiða út séreignarsparnað. Gert er ráð fyrir að hver einstaklingur sem á séreignarsparnað geti tekið allt að 1 milljón kr. með jöfnum mánaðargreiðslum á níu mánaða tímabili frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Af upphæðinni skal halda eftir staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í dag er staðgreiðslan 37,2%. Því má gera ráð fyrir að um 630.000 kr. séu til greiðslu fyrir hvern þann sem á a.m.k. milljón í séreignarsparnaði og sækir um að fá hann greiddan á tímabilinu.

Allt frá því í byrjun október hef ég ásamt öðrum þingmönnum fengið margar fyrirspurnir frá einstaklingum sem voru og eru í brýnum vanda, einstaklingum sem hafa haft hug á því að nýta þessa séreignarsparnaðarleið eins og hafði verið talað um hjá hæstv. fyrrverandi ríkisstjórn sem og núverandi ríkisstjórn að væri mögulega hægt að nýta í þágu þeirra sem hefðu brýnustu vandamálin.

Eins og kemur fram ákvað hæstv. núverandi ríkisstjórn greinilega að fara strax í að útfæra þetta mál og hér er frumvarpið til umræðu, eins og áður sagði, um séreignarsparnaðinn — á fjármálahliðinni í dæminu. Ljóst er að um 120.000 einstaklingar í landinu eru rétthafar í séreignarsparnaði, þ.e. ef hver þeirra á a.m.k. milljón er um að ræða 120 milljarða sem þurfa þá að geta losnað nýti allir sér þessa leið. Ef um er að ræða að ekki eigi allir milljón á slíkum séreignarsparnaði má gera ráð fyrir að þessi upphæð geti verið nær 100 milljörðum sem er engu að síður stór hluti af þeirri heildarupphæð sem er til í séreignarsparnaði í landinu. Í sjóðunum eru eignasöfnin af mismunandi toga, eins og vafalaust hefur komið fram í umræðunni, og eignasöfnin eru þannig að það eru misáhættusamar eignir að baki og líka misauðvelt að losa um þær eignir. Ég hef því miður ekki þær upplýsingar sem segja mér til um hversu aðgengilegur þessi sparnaður er í raun og veru. Hversu aðgengilegar eru þær eignir sem eru að baki þessum séreignarsparnaði? Ef heildarupphæðin í séreignarsparnaði landsmanna er einhvers staðar á bilinu 200–300 milljarðar í því árferði sem nú er er ég ekkert allt of bjartsýn á að 100–120 milljarðar séu til ráðstöfunar í raun og veru með skömmum fyrirvara. Eins og fram kemur á útgreiðslan að vera á þessu tímabili frá því nú, þ.e. þegar lög taka gildi, og þar til 1. október 2010. Þetta er ýkja langur tími, þetta er rúmt ár, en eins og ég segi leyfi ég mér að stórefa það án þess að hafa handbærar tölur að þetta sé til, þ.e. 100 milljarðar til útgreiðslu.

Það er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að sú staða gæti komið upp að ekki væri hægt að greiða út. Með leyfi forseta langar mig að lesa úr kafla I í frumvarpinu, 3. gr. lið b, sem hljóðar svo:

„Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010 er vörsluaðila séreignarsparnaðar heimilt að fresta útgreiðslum séreignarsparnaðar [skv. ákvæði til bráðabirgða 8] að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessu ákvæði.

Frestun skv. 1. mgr. skal vera almenn og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir rétthafa séreignarsparnaðar krefjist þess. Frestun á útgreiðslum skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og er háð samþykki þess, sbr. 44. gr. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að útgreiðslum séreignarsparnaðar verði frestað krefjist hagsmunir rétthafa sparnaðarins eða almennings þess.“

Með öðrum orðum er í þessu frumvarpi ákvæði sem gerir ráð fyrir að sú staða sem ég óttast geti komið upp, þ.e. að ekki verði til þessir 100 eða 120 milljarðar til útgreiðslu á tímabilinu, að þá verði útgreiðsla stöðvuð og þá væntanlega í hverjum lífeyrissjóði fyrir sig, ef ég skil ákvæðið rétt.

Þetta er auðvitað grafalvarleg staða og gæti komið sér afar illa og mun koma sér afar illa fyrir þá sem eru ekki þeir fyrstu sem sækja. Ég ætla að vinda mér aftur í það sem ég ræddi áðan. Hugsunin í verkefnaskrá hæstv. ríkisstjórnar er greinilega sú að séreignarsparnaðurinn eigi að mæta brýnasta vandanum, brýnasta vanda heimilanna. Hann er svo sannarlega til staðar og ég er þess fullviss að hver einn og einasti þingmaður á þessu þingi hefur fengið símtöl, tölvupósta og ábendingar frá landsmönnum, frá vinum og fjölskyldumeðlimum um að það þurfi að vera hægt að ganga í þennan séreignarsparnað. Ég minnist þess ekki að nokkur þeirra hafi sagt að hann þyrfti 63.000 kr. á mánuði. Ég minnist þess ekki að nokkur þeirra sem hafði samband við mig hafi þurft að gera það sem þessi útfærsla gerir ráð fyrir, þ.e. að dreifa á níu mánaða tímabil þannig að 63.000 kr. tíndust inn á sjóðina sem viðkomandi hefði til ráðstöfunar, heldur var í öllum þeim tilvikum sem ég heyrði af um miklu stærri vanda að ræða.

Sem fyrr segir er heildargreiðsla til einstaklings á séreignarsparnaði hæst 630.000 kr. Einnig er í frumvarpinu, eins og áður sagði, heimild til að stöðva útgreiðslur ef það ógnar greiðslustöðu viðkomandi lífeyrissjóðs. Mér finnst við strax vera komin í afar slæm mál, nú þegar. Þessi hætta er vissulega fyrir hendi og ef maður horfir á raunveruleikann og setur þetta dæmi í raunveruleikasamhengi er skynsamlegasta hegðun landsmanna að sjálfsögðu sú að taka sinn séreignarsparnað út og að allir geri það. Vegna þess að ef 100 eða 120 milljarðar af auðseljanlegri eignunum fara er miklu nær fyrir mig ef ég á í svona sjóði að taka líka út eignir mínar vegna þess að við vitum ekkert hvað verður eftir. Vissulega er þetta ákvæði sem ég las upp áðan úr frumvarpinu til þess fallið að stöðva dæmið og er einhvers konar öryggisventill, en þessi heimild Fjármálaeftirlitsins er til staðar, alveg örugglega, og það er hægt að stöðva útgreiðslur.

Aftur að áliti minni hluta efnahags- og skattanefndar. Mér finnst það álit afar skynsamlegt. Þar er talað um þessi mál af skynsemi, þar er bent á að „fyrstur kemur, fyrstur fær“. Sá sem er fyrri til að sækja um að taka út séreignarsparnað er mun líklegri til að geta náð í eignir sínar en sá sem síðar kemur inn í myndina. Með leyfi forseta, stendur þar:

„Ef mikið verður um slíkar útgreiðslur getur viðkomandi lífeyrissjóður að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins stöðvað útgreiðslur til þess að hann þurfi ekki að selja eignir í hraðsölu til tjóns fyrir aðra sjóðfélaga.“

Svo kemur aðeins síðar í minnihlutaálitinu, aftur með leyfi forseta:

„Minni hlutinn flytur breytingartillögu sem leysir vanda þeirra sem eru í verulegum vanskilum sem þeir geta ekki greitt og eiga á hættu að missa húsnæði sitt en eru jafnframt með stórar upphæðir bundnar í séreignarsparnaði. Hugmyndin gengur út á það að lífeyrissjóðurinn gefi út skuldabréf til viðkomandi lánastofnunar og skattheimtunnar með sömu kjörum varðandi gjalddaga og ávöxtun og séreignarsparnaðurinn sjálfur. Þannig má segja að lánastofnunin og skattheimtan verði „séreignarsparandi“ í stað einstaklingsins, sem hins vegar losnar úr viðjum vanskila og forðar heimili sínu frá uppboði. Lánastofnunin fær mjög góðan skuldara í stað vanskilanna og skattheimtan fær skatta með nákvæmlega sama hætti og fyrirhugað var að óbreyttri skattprósentu. Lífeyrissjóðurinn heldur áfram starfsemi sinni eins og ekkert hafi í skorist.“

Virðulegi forseti. Þessi útfærsla hugnast mér vel. „Fyrstur kemur, fyrstur fær“ hugnast mér ekki vel. Ég bendi aftur á 100 milljarða, 120 milljarða, þetta eru óhemjuupphæðir í því mengi sem við köllum séreignarsparnað.

Ég tel útfærsluna í frumvarpinu ekki fullnægjandi, hún mun ekki mæta því markmiði sem kveðið er á um í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar. Hún mun ekki mæta þeim brýna fjárhagsvanda sem er til staðar, hún mun ekki mæta þeim sem verst eru staddir, heldur getur verið um að ræða stórhættulegt mál fyrir lífeyrissjóði landsmanna, lífeyrissjóði okkar, fjöreggið okkar. Ég vara því við að samþykkja frumvarpið eins og það er og skora á ríkisstjórnina og hv. þingmenn að skoða málið nánar, hvort ekki sé skynsamlegt að taka umræðuna um það, þrátt fyrir að við séum hér við 3. umr., að skoða þá útfærslu sem kemur fram í minnihlutaálitinu og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur mælt fyrir, að við notum tækifærið og færum til í staðinn fyrir að greiða út. Þannig held ég að okkur sé best borgið, þannig held ég að lífeyrissjóði og fjöreggi landsmanna sé best borgið.

[20:45]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég kem hingað upp og veiti andsvar til að árétta það sem fram kom í máli hv. þingmanns um þá fjárhæð sem kann að vera í húfi. Hv. þingmaður nefndi 100–120 milljarða kr. Hv. þingmaður bendir á að þetta séu upplýsingar sem hún byggir á þegar hún horfir á þá sem eiga í séreignarsjóðunum og ef hver og einn tæki út 1 millj. kr. ef svo bæri undir.

Ég nefni þetta af því að ég vitnaði í ræðu minni í frásögn af blaðamannafundi sem var haldinn 17. febrúar þar sem hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra gerðu grein fyrir frumvarpinu. Þá kom fram, eins og ég sagði í ræðu minni, að talið var að tækju allir út úr sjóðunum gæti fjárhæðin numið 80–90 milljörðum kr. Þarna getur munað allt að 40 milljörðum á þeim tölum sem hv. þingmaður nefndi, sem ég tel að séu þá tölur sem hafi komið fram í þingmeðferðinni og menn hafi glöggvað sig betur á en því sem lá fyrir þegar hæstv. ráðherrar kynntu frumvarpið.

Ég vildi því spyrja hv. þingmann og fá það alveg skýrt að sú tala sem hún nefnir, 100, 120 milljarðar kr. er tala sem liggur fyrir eftir að menn fóru í gegnum þetta í þinginu og þannig hefur þetta hækkað svona mikið frá því að hæstv. ráðherra kynnti þetta þótt ekki sé lengra liðið en frá 17. febrúar sem það var gert.

[20:47]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Birni Bjarnasyni fyrir spurninguna og vil láta þess getið að ég er ekki nefndarmaður í efnahags- og skattanefnd. Hins vegar kynnti ég mér það með samtali við ágætan kollega, Pétur H. Blöndal, og spurði hann einmitt um það hvort komið hefði fram einhver heildarupphæð í meðförum nefndarinnar á málinu. Hann staðfesti við mig að lífeyrissjóðirnir nefndu 100 milljarða sem gæti verið líkleg upphæð.

Mig langar aðeins að segja þingheimi hvernig ég fékk 120 milljarðana. Það var ekki flóknara en svo að áætlað er, og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, að 120 þúsund einstaklingar eigi séreignarsparnað og mjög sennilegt er að einhverjir þeirra eigi ekki heila milljón. Þar með hef ég leyft mér að segja að það hlýtur að vera þá einhvers staðar á milli 100 milljarða sem lífeyrissjóðirnir nefna og svo þessa hámarks, 120 milljarðar, ef allir 120 þúsund eigendur lífeyris séreignarsparnaðar tækju nú út eða ættu millj. kr. En ég held að talan 100 milljarðar sé nokkuð nærri lagi.

[20:49]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel að þessar upplýsingar og þær tölur sem um er að ræða séu enn frekari rökstuðningur fyrir

þeirri niðurstöðu minni, og ég er sammála hv. þm. Guðfinnu Bjarnadóttur um, að mun skynsamlegra er að líta á þá lausn við afgreiðslu málsins sem fram kemur í tillögum hv. þm. Péturs H. Blöndals en að skapa þá óvissu sem liggur í frumvarpinu eins og það er flutt af meiri hlutanum og umræður hér í þinginu leiði það í ljós þegar menn fara að skoða þetta. Eins og hv. þm. Guðfinna Bjarnadóttir benti réttilega á miðað við verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar hlýtur að vera skynsamlegra að fara þá leið að millifæra þetta og í raun breyta í verðmæti fyrir skuldarana gagnvart skattheimtunni eða lánardrottnum og gera þá að sérstökum sparendum en að taka þá óvissu sem felst í því að borga þetta út, allt að 120 milljarða kannski, og raska þriðju stoðinni í lífeyrissjóðakerfi okkar, þriðju stoðinni sem veldur því að Alþjóðabankinn, OECD og aðrir sem hafa skoðað þessi mál telja að lífeyriskerfi okkar sé til fyrirmyndar. Við erum að vega að einni grunnstoð lífeyriskerfisins og ef við getum farið aðra leið og náð sama markmiði með öruggari hætti eigum við auðvitað að velja þá leið.

[20:51]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að ég og hv. þm. Björn Bjarnason erum alveg sammála um það að nefndarálit og tillaga minni hluta efnahags- og skattanefndar er sú tillaga sem við gjarnan mundum vilja ræða betur og nánar.

Ég tek fram að Fjármálaeftirlitið varaði líka mjög við þeirri útfærslu sem fram kemur í frumvarpinu. Vissulega á Fjármálaeftirlitið að spila þarna rullu. Fjármálaeftirlitið á að fá umsóknir frá sjóðum sem telja eignir sínar vera í væntanlegri hættu vegna þess að eignir væru ekki seljanlegar eða þá að hætta væri á brunaútsölu ef ekki kæmi til greiðslustöðvunar. Það er óafsakanlegt að bjóða þessa lausn þegar umræða um séreignarsparnað hefur verið í gangi núna í langan tíma, að lausnin skuli vera þess eðlis að hún komi kerfinu í uppnám.

Ég tek innilega undir orð Björns Bjarnasonar þegar hann talar um þriðju stoðina og stolt okkar, séreignarsparnaðinn, sem er eiginlega nýtt í okkar kerfi, ef fórna á þeim hagsmunum vegna þess að umrædd útfærsla verður ofan á einhverra hluta vegna. Kannski þykir hún einföld og aðgengileg. Ég get alveg tekið undir að hún er einföld en hún er ekki aðgengileg. Hún er ekki aðgengileg þegar maður nr. 83.000 sækir um og sjóðurinn hans eða hennar segir: Afsakið, við þurfum að ræða við Fjármálaeftirlitið, við verðum að stöðva greiðslur vegna þess að sjóðurinn okkar getur ekki tekið við umsókn þinni, þú ert ekki fyrstur kemur, fyrstur fær. Það var einhver annar.

[20:53]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Gildandi reglur varðandi lífeyrissjóði eru þær að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs er 12% af iðgjaldsstofni. Það er iðgjald af öllum launamönnum og sjálfstæðum atvinnurekendum og er þeim skylt að greiða það frá sextán ára til sjötíu ára aldurs. Því til viðbótar er heimilt að greiða allt að 4% af heildarlaunum sem iðgjald í séreignarsjóði, viðbótariðgjald, ef einstaklingar kjósa það og eiga alla jafnan kost á mótframlagi frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% til viðbótar.

Við erum að tala um þvingaðan sparnað upp á 12% af launum hvers einasta launamanns frá sextán ára aldri til sjötugs. Þar til viðbótar koma síðan 4% + 2%, iðulega 6%, sem viðbótarlífeyrissparnaður eða séreignarsparnaður þannig að það eru því allt að 18% sem fara af heildarlaunagreiðslum viðkomandi aðila í slíkan sparnað.

Hér er um gríðarlega fjármuni að ræða og er með nokkrum ólíkindum að skoða hvers konar stærðir um er að ræða í þvinguðum sparnaði og þeim hálffrjálsa sparnaði sem séreignarlífeyririnn er. Það eru ekki nema um 80 ár síðan að ekkert ríki í veröldinni, alveg óháð því hvort það voru lýðræðisríki eða einræðisríki, taldi sér fært að skattleggja borgara sína meira en sem næmi 5–6% af þjóðarframleiðslu.

Staðan í dag er sú að skattheimtan, þ.e. það sem hið opinbera tekur, nemur að allt að 50%. Þar til viðbótar kemur svo hinn þvingaði sparnaður. Þegar það er skoðað liggur fyrir að meiri hluti tekna hvers einasta borgara er með einum eða öðrum hætti tekinn til hins opinbera og í hinn þvingaða sparnað. Hér er forræðishyggjan að mínu viti komin allt of langt.

Í grein sem sá þekkti fræðimaður Peter F. Drucker skrifaði á sínum tíma um endalok markaðssamfélagsins, vísar hann til þess hvernig fjárlagagerð og þvingaður sparnaður hafi aukist ár frá ári, allt frá lokum fyrri heimsstyrjaldar og til okkar tíma þar sem stjórnmálamennirnir sem hafa með slíkt að gera, hafa brugðist skyldum sínum. Þeir hafi í raun farið að gera allt fyrir alla á þeirra eigin kostnað og sérhagsmunaaðilarnir hafi endalaust getað gengið fram þannig að stjórnmálamennirnir hafi lotið — og lúti — vilja þeirra á kostnað heildarinnar.

Það er með ólíkindum að sjá hvernig ríkið hefur vaxið endalaust, hvernig það verður sífellt stærri hluti af þjóðarkökunni sem tekinn er af einstaklingnum, af hinum venjulega launamanni, til þess að fylla upp í eitthvað sem eru kölluð nauðsynleg útgjöld í þágu samfélagslegra atriða.

Satt best að segja hefur mér um langa hríð fundist að við værum komin út yfir öll eðlileg mörk með hinn þvingaða lífeyrissparnað, að vera komin með lífeyrissparnað upp í 12% af tekjum fólksins í landinu. Ég hefði talað eðlilegra að lífeyrissparnaðurinn væri lægri. Og nú þegar við ræðum um frumvarp þar sem er spurningin er hvort einstaklingarnir megi, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, ráðstafa litlum hluta af eignum sínum í séreignarsjóðnum, erum við þá ekki komin út yfir öll eðlileg mörk varðandi að hindra borgarana í því að nýta fjármuni sína þegar þeir þurfa virkilega á þeim að halda?

Ég hygg að Ísland sé eina landið í heiminum þar sem svo er ástatt, að menn geti átt það á hættu að húsið þeirra sé selt á nauðungaruppboði til þess eins að þeim gæti hugsanlega liðið betur í ellinni, ef þeir verða svo gamlir að njóta þess. Það er forræðishyggja sem ég get ekki samþykkt að eigi nokkurn rétt á sér.

Þarna geta einstaklingarnir tekið út lífeyrissparnaðinn sinn að litlu leyti til þess að borga vegna vandamála sem þeir lenda í vegna þeirra aðstæðna sem eru í þjóðfélaginu. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér finnst of

skammt gengið þarna og settar of miklar tálmanir hvað þetta varðar.

Hv. þm. Guðfinna S. Bjarnadóttir sagði áðan að lífeyrissparnaðurinn væri fjöreggið okkar og þess yrðum við að gæta. Ekki skal dregið úr því að um mikilvægan sparnað er að ræða. Gríðarlegum fjármunum hefur verið safnað upp vegna þessa þvingaða sparnaðar. En það eru komnir margir og alvarlegir brestir í skurnina á fjöregginu ef það er ekki þegar brotið að hluta. Vegna hvers? Vegna þess að þrátt fyrir það að ríkisvaldið skyldi einstaklingana til þess að leggja peningana sína í ákveðna sjóði er eftirlit með rekstri sjóðanna afar takmarkað. Það liggur fyrir að kostnaður við rekstur lífeyrissjóða er gjörsamlega óásættanlegur. Hann er allt of mikill. Allt of mikið fer í kostnað við að standa í innheimtu, eftirliti og umsjón sem því fylgir.

Ég vék að því þessi þvingaði sparnaður nemur í dag hlutfallslega helmingi hærri fjárhæð fyrir tekjur einstaklinga en nokkur ríkisstjórn í veröldinni taldi sér mögulegt að taka eða ráðstafa sjálf af þjóðartekjum fyrir fyrri heimsstyrjöld. Það er ekki lengri tími liðinn en það.

Hér finnst okkur eðlilegt að ganga svo langt í forsjárhyggjunni að mjög þröngar skorður eru því settar hvernig einstaklingarnir mega ráðstafa þeim fjármunum sem þeir þó eiga. Ég verð að segja, og ég hef kannski nokkra sérskoðun hvað það varðar, að mér finnst það eiginlega ekki ganga upp að einstaklingurinn geti ekki, þegar hann lendir í fjárhagslegum áföllum, gripið til þess þvingaða sparnaðar með einhverjum hætti sem þarna hefur safnast upp og hann er eigandi að.

Mér hefði fundist eðlilegra að þarna væri um mun rýmri heimildir að ræða fyrir einstaklingana. Bent hefur verið á að þarna gæti komið til erfiðleika ef fólk vildi útleysa sparnaðinn sinn í stórum stíl, þá þyrfti að selja eignir og ganga fram með hraði sem gæti gert það að verkum að eignasafn lífeyrissjóðanna mundi rýrna verulega. Það kann vel að vera. Eignasafn lífeyrissjóðanna á alltaf að vera þannig að það geti staðið undir eðlilegum greiðslum og að mínu viti á það að vera með þeim hætti að það geti svarað til þess að greiða út séreignarlífeyrissparnað þegar um það er að ræða.

Satt að segja fyndist mér eðlilegt að þegar um er að ræða viðbótarsparnað eins og séreignarlífeyrissparnaðinn, að hann sé tiltækur fyrir þá sem þess óska þegar þeir þurfa á að halda. Hér er um að ræða einstaklinga sem lenda nú í vandræðum vegna þess að þeir geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Þeir lenda í vandræðum vegna þess að þeir hafa orðið fyrir tekjumissi. Það er það sem frumvarpið fjallar um og er hin raunverulega forsenda þess að taka einhvern hluta af séreignarsparnaðinum út, að fólk hafi orðið fyrir slíkum búsifjum. Þá er þeim heimilt með ákveðnum skilyrðum að taka út örlítinn hluta eða sem nemur allt að 100 þús. kr. á mánuði.

Fyrir þá sem hafa keypt sér fasteign nýlega og tekið lán, þess vegna verðtryggt lán að upphæð 10 millj. kr., hefur höfuðstóll lánsins á undanförnum mánuðum verið að hækka meira en sem nemur því sem verið er að leggja til að einstaklingurinn megi taka út og ráðstafa til þess að greiða upp í skuldir og vanskil. Það sýnir hvað við göngum í raun skammt til þess að leysa vanda ef hann er fyrir hendi. Og það er hárrétt sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði í ræðu fyrir nokkru, að spurningin sé um það hvort þetta frumvarp muni í raun leysa þann vanda sem stefnt er að að leysa. Ég get verið honum sammála hvað það varðar þó að ég vilji fara nokkuð aðra leið en hann að því leyti að það er grundvallaratriði í mínum huga að einstaklingar í frjálsu þjóðfélagi séu jafnan fjár síns ráðandi. Og þegar um er að ræða viðbót við þann þvingaða sparnað sem eru 12% af tekjum, sem er ærið, eigi þeir fjármunir jafnan að vera til frjálsrar ráðstöfunar.

Ég hefði í raun talið eðlilegt að við á þingi tækjum lífeyrissjóðakerfið og hinn þvingaða sparnað til umræðu einmitt í ljósi þess sem gerst hefur á undanförnum mánuðum þegar ljóst er að lífeyrissjóðirnir margir hverjir hafa tapað verulegum hluta af eignum sínum í því efnahagshruni sem orðið hefur. Það er alveg ljóst að sumir lífeyrissjóðir hafa fjárfest með þeim hætti að þeir gættu ekki hagsmuna sjóðfélaga sem skyldi. Alla vega hefði þurft að athuga það betur. Það fer eftir því í hvaða lífeyrissjóð einstaklingurinn hefur verið þvingaður til að greiða hversu stóran hluta hann fær af lífeyrissparnaði sínum.

Þar komum við að öðrum hlut sem skiptir líka miklu máli í þessu. Þegar ríkisvaldið setur lög sem skyldar borgarana til að greiða ákveðinn hluta af tekjum sínum sem eiga síðan að standa þeim til ráðstöfunar síðar tel ég það líka vera skyldu ríkisins að sjá um að þessi sparnaður sé tryggður og tiltækur þegar til á að taka. Að fela einhverjum aðilum úti í bæ að annast þetta og bera ábyrgð á því án þess að þeir hafi verulegt frelsi til að ráðstafa þeim hlutum að geðþótta — en þó innan ákveðinna marka, það eru ákveðnar reglur hvað það varðar — er að mínu viti ekki ásættanlegt. Það hefði verið eðlilegra, fyrst að ríkisvaldið er á annað borð að vasast í þessu, að það komi þá og gæti þess að þessir fjármunir séu tiltækir þannig að ekki sé um það að ræða að einstaklingarnir séu þvingaðir til þess að greiða verulegan hluta tekna sinna í sjóð. Og síðan þegar til á að taka hefur eignarhluti þeirra rýrnað verulega vegna þess að sjóðstjórnin gætti þess ekki að ávaxta pundið með eðlilegum hætti.

Inn í umræðuna um lífeyrissjóðina hafa blandast töluvert hugmyndir að það verði að vera verðtrygging á útlánum til þess að lífeyrissjóðirnir geti staðið undir þeim skuldbindingum til framtíðar. Við þyrftum því að búa til lánakerfi á Íslandi sem væri allt öðruvísi en í öllum okkar nágrannalöndum til þess að viðhalda því kerfi sem við höfum hvað þetta varðar. Það sjónarmið og þær röksemdir finnst mér vera gjörsamlega óásættanlegar. Það er gjörsamlega óásættanlegt að við getum ekki búið í eðlilegu samfélagi og haft eðlilegan þvingaðan sparnað eins og lífeyrissjóðakerfið án þess að það þurfi til að koma sérstakar ráðstafanir hvað þetta varðar.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að þegar ríkisvaldið er á annað borð að vasast í því og gera kröfur um og leggja þær byrðar á borgarana að þeir skuli setja til hliðar verulegan hluta af vinnulaunum sínum í mánuði hverjum til þess að það standi þeim til ráðstöfunar í ellinni, ber ríkinu að hlutast til um að þessir (Forseti hringir.) fjármunir séu til reiðu þegar þar að kemur.

[21:08]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Magnússon hefur svolítið aðra nálgun en flestir þeir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hér hafa tekið til máls. Ég vil í upphafi taka undir orð hans um að það er vissulega gengið býsna langt í forræðishyggju á þessu sviði þegar við horfum bæði á hinn þvingaða skyldusparnað, almenna lífeyrissparnaðinn, og aðrar hömlur sem lagðar eru á séreignarsparnaðinn.

Ég vildi þó koma því sjónarmiði að að við ættum kannski að líta á lífeyrissjóðakerfið örlítið jákvæðari augum en hv. þm. Jón Magnússon gerir. Ég held að það verði ekkert úr því dregið að hið öfluga lífeyrissjóðakerfi hér á landi hefur skapað talsvert meira öryggi á þessu sviði en við þekkjum í nágrannalöndunum þar sem lífeyriskerfið er meira í formi gegnumstreymiskerfis og getur auðvitað stefnt í óefni þegar þeim sem er á eftirlaunum fjölgar og hinum vinnandi fækkar.

Okkar kerfi er betur undir það búið að mæta slíku. Það er því rétt sem fram hefur komið hjá ýmsum alþjóðastofnunum sem um þessi mál fjalla að við stöndum vel og það eru í raun forréttindi fyrir okkur að vera með sjóðsöfnunarkerfi eins og nú er. Þrátt fyrir að ég sé sammála hv. þm. Jóni Magnússyni um að það er mikil forræðishyggja í þessu vildi ég samt undirstrika að í heildina tel ég að lífeyriskerfið okkar sé býsna gott.

Hins vegar er það rétt sem hv. þm. Jón Magnússon segir að það þarf vissulega að skoða þætti eins og eftirlit með fjárfestingum (Forseti hringir.) sjóðanna til að tryggja það sem hann endaði ræðu sína á, (Forseti hringir.) að þeir fjármunir verði (Forseti hringir.) til staðar sem í sjóðunum eru þegar á þeim þarf að halda.

[21:11]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birgi Ármannssyni fyrir það sem hann tjáði sig um og sagðist vera í öllum meginatriðum sammála mér hvað forræðishyggjuna varðar.

Ég er þeirrar skoðunar að einstaklingurinn geti almennt séð um að ráðstafa fjármunum sínum betur en ríki eða lífeyrissjóðir. Samt sem áður skal ég taka undir með hv. þm. Birgi Ármannssyni að við höfum býsna gott lífeyriskerfi. En það er vegna þess að stjórnvöld hafa hlutast til um það með þeim hætti svo og samtök atvinnurekenda og verkalýðsfélög.

En samt sem áður erum við komin að grundvallarspurningu: Hvað á að ganga langt hvað þetta varðar? Ég minnist þess að hafa séð sérstakar úttektir og kannanir. Gerð var víðtæk rannsókn á þessu í Bretlandi fyrir nokkrum árum þar sem niðurstaðan varð sú að ávöxtun gegnum þvingaðar sparnaðarleiðir voru miklu lakari en það sem einstaklingarnir almennt gátu valið sér annars staðar.

Ég tel að þungamiðjan sé spurningin um hvaða traust berum við til einstaklinganna, hvort þeir kunni sjálfir fótum sínum forráð. Eða teljum við að það sé eðlilegra að setja svona mikinn hluta undir forsjá einhverra annarra en einstaklinganna (Forseti hringir.) sjálfra? Mér finnst satt að segja að við séum komin (Forseti hringir.) út yfir öll eðlileg mörk í því efni.

[21:13]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er megindráttum sammála hv. þm. Jóni Magnússyni um þau sjónarmið sem liggja til grundvallar málflutningi hans hér.

Svo að við nálgumst frekar efni frumvarpsins sem hér er til umræðu vil ég spyrja hv. þm. Jón Magnússon hvort hann telji hættu á að í þeirri úttekt á séreignarsparnaði sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði um jafnháar upphæðir að ræða eins og fram hefur komið fyrr í þessari umræðu, 100–120 milljarðar kr.? Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hann hafi velt því fyrir sér að hvaða marki það hefði áhrif á stöðu lífeyrissjóðanna almennt séð?

[21:14]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega einfaldast að svara þessari spurningu hv. þm. Birgis Ármannssonar með því að segja: Þegar stórt er spurt verður fátt um svör. Það liggur alveg fyrir að það er gjörsamlega útilokað að átta sig til fullnustu á því hvaða þýðingu það muni hafa á lífeyrissjóðakerfið ef 100–120 milljarðar hverfa út úr því. En það er alveg ljóst að það mun hafa verulega fjárhagslega þýðingu þegar um slíkt er að ræða.

En því má hins vegar ekki gleyma að samkvæmt frumvarpinu er í raun verið að færa peningana að mestu leyti úr hægri vasanum í vinstri vasann. Þeir fara jafnvel ekki út úr þeirri fjármálastofnun sem þeir eru í.

Það sem vinnst í þessu er hins vegar það að einstaklingarnir borga ekki dráttarvexti eða innheimtukostnað vegna vanskila af því þeir fá hugsanlega að ráðstafa fjármunum sínum með þessum hætti. Það er það sem er svo mikilvægt í málinu, að einstaklingarnir hafi frjálsa ráðstöfun fjármuna sinna. Það finnst mér vera höfuðatriðið.

[21:15]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála hv. þingmanni þegar hann ræðir um lífeyrissjóðakerfið sem eitthvert þvingað kerfi. Lífeyrissjóðakerfið hér er orðið til fyrir samkomulag á milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins. Það hefur í sjálfu sér enginn þvingað þessu upp á neinn, heldur hafa menn séð að það er skynsamleg ráðstöfun að gera samninga um lífeyri sinn og það er ekki eins og það sé eitthvert neyðarbrauð að menn hafi öflugt og gott lífeyriskerfi. Þvert á móti hefur það oft stuðlað að skynsamlegri lausn á kjaradeilum þegar menn hafa litið til lífeyriskerfisins og samið um það sem lið í uppgjöri milli aðila vinnumarkaðarins og óskað eftir aðild ríkisvaldsins, þetta eru svokallaðir þríhliða samningar þar sem menn hafa komist að þessari niðurstöðu.

Síðan er náttúrlega spurningin um hvort menn eru þvingaðir til að vera í þessum sjóði frekar en einhverjum öðrum og hvernig skipulag kerfisins er og hvernig uppbyggingin er og hvort menn eru allir skyldugir til að leggja sömu prósentur og annað slíkt. Í þinginu hafa verið miklar umræður um eftirlaunamál og lífeyrismál okkar þingmanna eru eins og kunnugt er þannig að það er síðan kannski ágreiningsefni. Ég hélt að það þyrfti ekki að vera ágreiningsefni meðal okkar þingmanna að þetta kerfi er orðið til

milli aðila með samkomulagi og ríkið hefur komið að því. Það er engin þvingun eða eins og ríkisvaldið hafi beitt einhverju valdi til að koma þessu kerfi á.

[21:17]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Birni Bjarnasyni, því kerfinu, sem við erum að tala um, var á sínum tíma komið á fyrir samkomulag Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins eins og það hét þá. Á sínum tíma, í lok kjaradeilna, sendu aðilar þau tilmæli til þáverandi ríkisstjórnar að allir borgarar þessa lands skyldu greiða ákveðinn hluta af launatekjum sínum. Ég þekki það sjálfur vegna þess að ég var og hef lengst af verið sjálfstæður atvinnurekandi með mitt litla fyrirtæki og lenti í því að vegna þess að ASÍ og Vinnuveitendasambandið komust að þessari niðurstöðu var ég þvingaður í þennan lögbundna sparnað, eins og aðrir sem eins var ástatt fyrir.

Hvað sem öðru líður og hvort sem okkur finnst kerfið gott eða slæmt er það ekki mergur þess máls sem ég var að tala um, heldur það að hér er um þvingaðan sparnað að ræða, allur sparnaður sem ég sem einstaklingur hef sparað, sem maður gerir ekki af fúsum og frjálsum vilja, er þvingaður sparnaður. Það er sú skilgreining sem ég nota í því sambandi.

Þegar eitthvert fólk úti í bæ tekur ákvörðun fyrir mína hönd um að ég skuli leggja pening inn á banka þá er það að þvinga mig til að gera það. Ég geri það ekki vegna þess að ég telji ástæðu til þess eða af fúsum og frjálsum vilja. Ég get hugsanlega samþykkt eftir á að það hafi verið skynsamleg ráðstöfun af þessum aðilum úti í bæ að taka fram fyrir hendurnar á mér. Hins vegar er það þungamiðjan og það sem ég var að tala um þegar ég svaraði hv. þm. Birgi Ármannssyni áðan að mér finnst að við eigum að veita rýmri heimildir fyrir einstaklingana til að ráðstafa sjálfir þessum sparnaði, þess vegna með ákveðnum skilgreindum hætti, en ekki að þetta sé (Forseti hringir.) bundið á einhvern klafa einhverra sérstakra stofnana.

[21:20]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er rétt að það voru aðilar sem komu sér saman um þetta og það má segja að ef einhverjir semja um eitthvað og skuldbinda ákveðinn hóp manna sé um þvingun að ræða. Það er hægt að kalla það þvingaðan sparnað. Ég lít hins vegar þannig á að þegar aðilar gera samkomulag sín á milli á frjálsum grunni hafi þeir ákveðið umboð og einhverjir hafi veitt þeim það umboð og menn geta verið misjafnlega sáttir við það en í ræðu hv. þingmanns kom jú fram að það væri eins og ríkisvaldið hefði komið þessu á. Það var sá punktur sem ég vildi koma á framfæri, þetta er ekki þess eðlis að ríkisvaldið hafi neytt okkur í þetta, heldur er þetta samkomulag á milli aðila.

En við erum að ræða ákveðið frumvarp með ákveðnum tillögum og mig langar að vita hvort hv. þingmaður sé fylgjandi frumvarpinu eins og það er eða hvort hann sé fylgjandi breytingartillögu hv. þm. Péturs H. Blöndals.

[21:21]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Til að taka af öll tvímæli er ég miðað við það sem fyrir liggur — þetta er alltaf spurningin um hvað má gera skást úr hlutum — og með tilliti til þess get ég sagt að ég er fylgjandi tillögu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Hitt er annað mál að varðandi þau atriði sem við komum inn á og sem var eiginlega þungamiðjan í því sem hv. þingmaður spurði um, þ.e. með hvaða hætti ríkisvaldið kom inn í þetta mál, þá kom ríkisvaldið inn í það með því að setja ákveðna löggjöf um það sem gerði það að verkum að hver einasti borgari sem vinnur fyrir atvinnutekjum var skyldaður til þess að greiða þessa fjárhæð í lífeyrissjóði og síðan var þessi fjárhæð með lögum hækkuð úr 10% í það sem um er að ræða nú.

Það var að hluta til það sem ég var að tala um í ræðu minni áðan, mér fannst þar vera farið yfir öll eðlileg mörk í þvinguðum sparnaði einstaklingana.

[21:22]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég get ekki tekið undir með hv. þm. Jóni Magnússyni hvað það varðar að umrætt kerfi sé þvingað. Ég held þvert á móti að þetta kerfi okkar sé mjög merkilegt kerfi. Ég held að sú ákvörðun sem var tekin og tilurð þessa kerfis í þeim tvíhliða samningum sem urðu til hafi í raun verið mikið heillaspor fyrir okkur Íslendinga vegna þess að þarna hafa myndast miklar eignir. Og ég trúi því og treysti að þær muni líka skipta verulegu máli í þeirri endurreisn, ef svo má segja, sem fram undan er þar sem menn gera sér miklar vonir um að þeir fjármunir sem munu verða í lífeyrissjóðakerfinu muni nýtast í atvinnuskapandi verkefni með einhverjum hætti í þeim fyrirtækjum sem vonandi munu koma upp úr þessu.

Hins vegar get ég ekki ímyndað mér að hv. þm. Jón Magnússon sé ánægður með allar þær hugmyndir sem ríkisstjórnin hefur á prjónunum um ríkisforsjárhyggju þar sem menn keppast við að leggja til að fyrirtækið fari aftur á ríkisjötuna þar sem stofna á feita sjóði og taka verkefnið aftur til ríkisins. Mér finnst ríkisstjórnin tala menn eins og Íslendingar geti ekki lengur rekið fyrirtæki á einkamarkaði, heldur sé betra að þetta sé allt á vettvangi ríkisins. (Gripið fram í.)

Mig langar að spyrja hv. þingmann í tilefni af ræðu hans hvort hann sé á þeirri skoðun að það þurfi að opna þetta lífeyriskerfi. Er hann virkilega á þeirri skoðun að við þurfum að breyta því að menn greiði til lífeyrissjóðakerfisins? Þá er ég að tala um almenna kerfið. Vill hann sjá breytingu þar á, vill hann hafa þetta meira valkvætt og hvaða áhyggjur hefur hann af slíkum ákvörðunum á kerfið í heild sinni?

[21:24]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Svar við spurningunni hvort ég vilji hafa kerfið opnara er: Já. Vil ég hafa það meira valkvætt? Svarið er: Já, að sjálfsögðu. Það sem skiptir máli í frjálsu þjóðfélagi er að tryggja sem best ákvörðunarrétt einstaklinganna. Það er höfuðatriðið og við ættum að vera sammála um að það sé aðalatriðið.

Þegar ég tala um þvingun geri ég mun á hvort ég geri eitthvað af fúsum og frjálsum vilja eða hvort einhver annar aðili lætur mig gera eitthvað, hvort sem það er ríkisvald eða sveitarfélag eða annað, það er að sjálfsögðu þvingun. Það getur út af fyrir sig verið ósköp (Gripið fram í.) ágætt og getur haft — já, það eru yfirleitt ánægjulegar þvinganir eins og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson þekkir. Það getur t.d. verið ágætismál sem verið er að þvinga mann til, eins og það með hvaða hætti menn flokka sorp og henda því svo ég tali um það. Það er samt sem áður ákvörðun sem ég verð að hlíta. Það getur því í sjálfu sér verið ágætt mál að gæta þess að um einhvern þvingaðan lágmarkssparnað sé að ræða. Spurningin er bara: Hvar komum við að mörkunum þar sem við förum yfir það sem eðlilegt er að taka af hverjum einstaklingi? Það sem ég er að tala um, þungamiðjan hjá mér er í fyrsta lagi það að við tökum orðið 12% af atvinnutekjum hvers einasta einstaklings og mér finnst það orðið ansi hátt í þvinguðum sparnaði. Síðan talaði ég um að þegar um slíkt er að ræða og ríkissjóður var að vasast í þessu væri það skylda ríkisins að tryggja að menn fengju peningana sína til baka, að gæta þess. Ég ítreka það að það sem mér finnst skipta máli er að einstaklingurinn eigi að hafa heimild innan kerfisins, innan lífeyriskerfisins, (Forseti hringir.) til að velja sér sjálfur sparnaðarleiðir eftir ákveðnum reglum undir eftirliti.

[21:26]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hér liggur fyrir af hálfu hæstv. fjármálaráðherra gerir ekki ráð fyrir því að séreignarsjóðskerfið sé opnað nema að litlum hluta. Mig langar af því tilefni og í ljósi þeirra orða sem hv. þm. Jón Magnússon lét falla að spyrja hann hvort hann sé jafnframt á þeirri skoðun að það sé eðlilegt að menn geti tekið út séreignarsparnað sinn að fullu. Í framhaldi af því langar mig að spyrja hann hvort hann hafi ekki áhyggjur af þeim sem kjósa að taka hann ekki út. Hvað verður um ávöxtun þeirra? Hvað verður um eignir þeirra? Er ekki hætta á að þær rýrni?

Ég held að það sé mikilvægt að hv. þingmaður varpi ljósi á skoðun sína á þeim málum sem hér eru til umfjöllunar.

[21:27]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég reikna með því að ég þyrfti að fá sértíma til að gera ítarlega grein fyrir sjónarmiðum mínum varðandi lífeyrissjóði og lífeyrismál og með hvaða hætti ég tel að þeim væri best borgið. (**BJJ:** Viltu ekki biðja um … tíma, fara fram á það?) Ég get ekki farið fram á að forseti brjóti þingsköp, hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Það sem mér finnst vera höfuðatriðið er að þegar erfiðleikar steðja að eins og nú séu fjármunir einstaklinganna til reiðu til að þeir þurfi ekki að lenda í vanskilum þrátt fyrir að þeir eigi eignir sem eigi að vera tiltækar. Í annan stað finnst mér mikilvægt í framtíðarendurskoðun lífeyrissjóðakerfisins að gefa einstaklingunum meira vald til að ráða eignum sínum sjálfir.

Ég hef þá trú á einstaklingunum að almennt (Forseti hringir.) geti þeir ráðstafað eignum sínum betur en (Forseti hringir.) einhverjir aðrir fyrir þá, hvort sem það er ríkisvald, sveitarfélög eða lífeyrissjóðir.

[21:29]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Hér spannst ágætisumræða í tilefni af frumvarpinu. Hv. þm. Jón Magnússon velti ýmsum grundvallarspurningum fyrir sér sem tengjast málinu og í raun væri mjög hollt að við ræddum það hér í þingsal. Þetta mál snýst um það hvernig við högum þeim málum sem snúa að lífeyrissparnaði landsmanna. Það er stutt á milli þess að menn séu annars vegar með einhvers konar þvingun og forræðishyggju en hins vegar með skynsamlegt kerfi sem almenn sátt er um, þ.e. að hafa hér á landi ákveðið öryggisnet sem við viljum að sé fyrir alla þegna landsins.

Vandinn er sá að ekkert okkar er tilbúið til að sjá það fólk sem búið hefur hér á landi og hefur unnið fyrir sér en hefur ekki sýnt nægilega forsjálni — við erum ekki tilbúin til að horfa á fólk sem hefur enga framfærslu búa við eymd. Við teljum sjálfsagt og eðlilegt að hið opinbera komi þar að með einum eða öðrum hætti til aðstoðar. Þess vegna er þessi hugmynd um lífeyrissparnaðinn tilkomin og hún er ekki séríslensk. Það er hins vegar allt að því séríslenskt að hafa þennan sjóðasparnað.

Þá er ég að vísa til þess að í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við eru menn með svokallað gegnumstreymiskerfi. Það þýðir að þær kynslóðir sem greiða skatta greiða lífeyri til þeirra sem hættir eru að vinna. Það gengur ágætlega upp, virðulegi forseti, þegar aldurssamsetning er með þeim hætti að þegnunum fjölgar og yngra fólk er alltaf fleira en það sem eldra er. En í þeim löndum sem ég vísa til, í Evrópulöndunum, stærstu og fjölmennustu löndunum, er sú staða ekki lengur uppi, fólki fjölgar ekki, barneignum fækkar og þessar þjóðir horfa upp á gríðarlegan vanda, þær hafa ekki hugmynd um hvernig þær eigi að sjá fyrir þeim sem eldri eru þegar þessir stærstu árgangar komast á lífeyrisaldur. Það er að gerast á næstu árum.

Það er alveg ljóst að þetta er eitt af stærstu vandamálunum sem blasa við í Evrópu og er ein af ástæðunum fyrir því að stundum nota menn hugtakið „gamla Evrópa“ um Vestur-Evrópu. Við Íslendingar höfum verið svo lánsöm að við höfum um nokkra hríð haft það lífeyrissjóðakerfi sem við ræðum hér, eða anga af því. Það er í grófum dráttum með þeim hætti að við þurfum að greiða um 12% af launum okkar í lífeyrissjóð þó að það blasi kannski ekki við launþeganum enda greiðir atvinnurekandinn stærri hluta en launþeginn.

Þessi sparnaður hefur ákveðna sérstöðu á við annan sparnað, hann nýtur sérstakrar skattalegrar meðferðar. Þegar hér var eignarskattur illu heilli var hann eina sparnaðarformið sem bar ekki eignarskatt. Nú er hann eina sparnaðarformið sem ekki ber fjármagnstekjuskatt og það er umtalsverð umbun. Röksemdin fyrir þessu er einfaldlega sú að þar sem fólk fær ekki að taka þetta út fyrr en það hefur náð 60 ára aldri — eða ef það hefur lent í þeim aðstæðum að þurfa á örorkubótum að halda eða hljóta verulega örorku — sé þetta sparnaður sem nýtist fólki ekki. Það getur einungis greitt inn í sjóðinn en ekki tekið út úr honum. Það fær alla jafna ekki að gera það fyrr en það hefur náð 60 ára aldri,

hið minnsta, en á móti kemur hinn sérstaki skattalegi sparnaður sem gerir það að verkum að þetta er langhagstæðasta sparnaðarformið þegar kemur að skattalegri meðferð.

Þetta kerfi er orðið afskaplega stórt og í þessum sjóðum eru miklir fjármunir. Þeir sem stýra lífeyrissjóðunum bera mjög mikla ábyrgð. Það er mín skoðun að við höfum gert ákveðin mistök á undanförnum árum og áratugum. Ég tel að heillavænlegra hefði verið — og ekki er nóg að löggjafinn hafi komið að því heldur líka þeir sem bera ábyrgð á sjóðunum — að hærra hlutfall af þessum eignum hefði verið fjárfest annars staðar en á Íslandi. Lífeyrissjóðir okkar Íslendinga eru ekki ósvipaðir olíusjóði Norðmanna. Það hefði verið mun skynsamlegra að hafa ekki öll eggin í sömu körfunni. Ef við hugsum þetta út frá venjulegum Íslendingi þá á hann húseign á Íslandi, hann er með atvinnu sína á Íslandi og kannski stóran hluta sparnaðarins, í það minnsta eru hagsmunir hans mjög tengdir öllu því sem íslenskt er. Þegar síðan þetta stóra mál, lífeyrissjóðurinn — það hefði verið nær að hafa þau egg í annarri körfu.

Ef ég man rétt, virðulegi forseti, er í það minnsta varðandi grunnsparnaðinn hægt að verja allt að því helmingi af eign lífeyrissjóðanna erlendis, og þá er ég að vísa í þessi 12%, bæði í hlutabréfum og skuldabréfum. Ég held ég fari rétt með það — en síðast þegar ég skoðaði það var mjög óalgengt og jafnvel ekki til staðar að lífeyrissjóðirnir nýttu sér þá heimild, þeir nýttu sér ekki þessi 50%. Á ákveðnum tíma var þetta lægra hlutfall, 30% ef ég man rétt, og ekki eru mörg ár síðan þessu var breytt í 50% og var það m.a. gert að kröfu lífeyrissjóðanna. Ég held að það hefði verið betra ef menn hefðu haft hærra hlutfall annars staðar og það hefði örugglega gert það að verkum að hlutabréf, t.d. á íslenska hlutabréfamarkaðnum, hefðu ekki farið jafnhátt upp og raun bar vitni og þar af leiðandi hefði skellurinn sem varð orðið minni og spennan á íslenska markaðnum einnig.

Ásókn í annars konar sparnaðarform með hlutabréf hefði einnig minnkað ef þessir risavöxnu sjóðir á íslenskan mælikvarða hefðu dreift eignum sínum öðruvísi og fjárfest með öðrum hætti, ef þeir hefðu fjárfest meira í útlöndum en raun bar vitni. Nú er vissulega ekki tíminn til þess að fara þessa leið þegar við erum í þeirri endurreisn sem blasir við en við eigum að líta til lengri tíma. Ég held að þetta sé eitt af því sem við eigum að horfa til til framtíðar með, þ.e. að lífeyrissjóðirnir okkar fjárfesti í framtíðinni meira erlendis en við höfum gert í fortíðinni. Ég tek það þó skýrt fram að ég tel að það eigi ekki við núna.

Við erum líka að tala um, og það snýr að þessu máli — og þetta, virðulegur forseti, er eitt af þeim málum sem nefnt var, ég ætla ekki að fara að skammast mikið í núverandi ríkisstjórn en ég get þó ekki orða bundist. Þetta er eitt af þeim málum sem sagt var að hefði verið í svo miklum seinagangi í síðustu ríkisstjórn. Þegar menn sprengdu þá ríkisstjórn eftir mikið baktjaldamakk — og ýmislegt mun seinna koma í ljós þegar sagnfræðingar fara að skoða það, kannski var ekki allt sem sýndist í þeim málum öllum saman, og er ég þá að vísa til stjórnarmyndunarinnar, þá er þetta samt sem áður notað sem átylla. Talað var um að það þyrfti betri verkstjórn — jafnhjákátlegt og það hljómar nú — í fyrri ríkisstjórn og að þjóðþrifamál eins og þetta þyrfti að fara miklu hraðar í gegn.

Virðulegi forseti. Hvað er langt síðan sú ríkisstjórn sem nú situr var mynduð? Það er orðið ansi langt síðan. Eina mál nýrrar verkstjórnar sem komið er í gegn er lög um Seðlabanka, eitt mál. Ríkisstjórnin var mynduð til að taka á bráðavanda heimilanna og fyrirtækjanna og það átti nú aldeilis að bretta upp ermar og keyra mál með miklum hraða í gegn. Þetta mál var eitt af þeim fáu sem var nefnt og nú fyrst er það komið fram.

Talað var um það af núverandi stjórnarþingmönnum að þetta mál þyrfti ekki aðeins að keyra hratt í gegn heldur þyrfti að gera þetta með mjög myndarlegum hætti þannig að þetta mundi hjálpa þeim sem þurfa á aðstoð að halda. Það er ljóst að þetta mál hefur farið á hraða snigilsins í gegnum þessa ríkisstjórn. Það er líka algjörlega ljóst að þetta mál mun ekki valda neinum straumhvörfum hvað því viðvíkur að hjálpa því fólki sem þarf á aðstoð að halda miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi. Þetta eru bara staðreyndir sem liggja fyrir. Þetta er útvatnað miðað við þá hugmynd sem lagt var af stað með og í rauninni bendir margt til þess að þetta muni því miður ekki hjálpa nema að mjög litlu leyti en samt sem áður brjóta þau grundvallarprinsipp sem lífeyrissjóðakerfið byggist á.

Ég tel mjög vænlegt að hlusta á minni hluta nefndarinnar og það framhaldsnefndarálit sem liggur fyrir en þar er þetta mál rakið. Það er rakið alveg sérstaklega, sem mér finnst vera mjög mikið umhugsunarefni, að þetta er ákveðið sparnaðarform sem við höfum byggt upp, þ.e. lífeyrissjóðakerfið (Gripið fram í.) og þjónustan, og ekki mun einu sinni tekið tillit til þess eða miðað við það að þegar menn fara í útgreiðslu á þessu — sem er nú orðið afskaplega lítið og útvatnað eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson veit manna best og þekkir mjög vel og ég tala nú ekki um hæstv. utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson. Þeir vita báðir að því var lofað að þetta mál yrði keyrt af miklum hraða í gegnum þingið. Það gekk ekki eftir. Þetta var málið sem menn töluðu um að mundi muna miklu fyrir fólkið í landinu og báðir þessir ágætu þingmenn vita að því fer víðs fjarri. Þeir gallar eru meira að segja á málinu að ekki er um það að ræða að þetta komi á móti skuldum fólks sem menn töldu grundvallarforsendu þegar þeir fóru af stað með þetta.

Menn voru tilbúnir til þess að brjóta þau prinsipp sem lágu til grundvallar lífeyrissjóðakerfinu vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi og til þess að hjálpa fólki sem þurfti á þessari aðstoð að halda. (Gripið fram í.) Lagt var af stað með það. Hér sitjum við uppi með útvatnað mál sem mun því miður ekki hjálpa fólki svo neinu nemi. Það kemur mjög á óvart að menn skuli ekki halda sér við það sem lagt var af stað með þegar menn voru að kynna þetta mál og kynna þessar hugmyndir. Í rauninni veit ég ekki til þess að neinn stjórnarliði hafi neitt útskýrt af hverju það er. Menn eru búnir að sitja á þessu, hanga með þetta frá því að ríkisstjórnin var sett á laggirnar, eftir hástemmdar yfirlýsingar alls staðar og hvergi um að þetta væri eitt af þeim málum sem virkilega þyrfti að keyra í gegn og vantaði nú aldeilis verkstjórnina til þess að svo mætti verða. Hver er niðurstaðan? (**ÁÞS:** Farðu nú að hætta þessu.) Fyrst núna er þetta mál að koma fram og þá er búið að útvatna það þannig að það mun ekki aðstoða þá sem þurfa á því að halda.

Virðulegi forseti. Málið er búið að vera á hraða snigils-

ins þvert á það sem var lofað og því miður er útfærslan með þeim hætti að það mun ekki hjálpa því fólki sem þarf á því að halda. Hér er fullt af glæsilegum fulltrúum stjórnarliða, hver öðrum glæsilegri, (**BJJ:** Þið talið.) og ég hlýt að spyrja af hverju menn hafi villst af leið. (Forseti hringir.) Ég efast ekki um að það mun koma fram hér í andsvörum. (Gripið fram í.)

[21:44]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson fjallaði í máli sínu um áhættudreifinguna sem þarf að vera til staðar í sjóðastýringu lífeyrissjóðakerfisins. Ég er hjartanlega sammála því sem fram kom að þetta skiptir afar miklu máli vegna þess að lífeyrissjóðirnir og ekki síður séreignarsparnaðurinn er auðvitað hagstæðasta sparnaðarform okkar.

Í máli hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar kom fram að kjarni málsins er vissulega sá að við sjálfstæðismenn fögnum þeirri umræðu hvernig best sé að útfæra séreignarsparnaðarleiðir þannig að þær geti leyst brýnan vanda heimilanna. Vandinn, og ég tek þar undir með hv. þingmanni, við þessa umfjöllun er að í frumvarpinu er um að ræða útvatnaða útfærslu sem mun koma lífeyrissjóðunum illa. Ég er algjörlega sannfærð um það, þetta mun koma kerfinu illa, og í öðru lagi tekur þetta ekki á bráðavanda heimilanna.

Mig langar að fá hv. þingmann til að ræða það aðeins við mig hvort hann sé ekki sammála þessu og að hann skýri nánar frá afstöðu sinni til þess hvaða útfærsla kæmi þá frekar til greina en þessar smáu upphæðir fyrir hvern og einn. Hver er t.d. afstaða þingmannsins — af því að ég held að það hafi ekki komið fram — til minnihluta- álitsins þar sem útfærslan er frekar í stóru myndinni á bráðavandann? Þá vitna ég í minnihlutaálit Péturs H. Blöndals.

[21:46]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið og það sem kemur fram hjá hv. þingmanni er alveg rétt. Það hefur ekki verið gefinn gaumur að því, og það er kannski eitt af því sem við þingmenn ættum að taka til okkar, að við hefðum betur talað meira um áhættudreifinguna. Í rauninni snýr það líka að okkur þingmönnum í öllum flokkum að við hefðum betur hugsað meira til þess að dreifa ætti sjóðastýringunni og áhættudreifingunni meira þannig að það væri í auknum mæli í erlendum fjárfestingum. Ef það hefði verið gert væri staða þjóðarbúsins miklu betri en nú er og í raun umtalsvert miklu betri og við værum í allt annarri stöðu til að takast á við þau verkefni sem núna blasa við ef við hefðum borið gæfu til þess.

Ég er sammála, svo því sé til haga haldið, því minnihlutaáliti sem kom hér fram, ég segi það nákvæmlega eins og það er því að það er hárrétt hjá hv. þm. Guðfinnu Bjarnadóttur að þetta er ekki hagstæð útfærsla fyrir lífeyrissjóðina. Það versta er að þetta kemur ekki fólkinu vel sem þarf á slíkri fyrirgreiðslu að halda. Þetta er ekki eitthvað sem munar um, í það minnsta í mjög fáum tilfellum.

Ef við brjótum það prinsipp sem menn tala hér um og menn eru sammála um í þinginu að gera hefðu menn átt að koma með betri útfærslu sem miðaði að því að færa á milli þessara eigna innan séreignarsjóðanna og skulda heimilanna. Það hefði verið raunveruleg bót fyrir verulega skuldsett heimili. Það er hægt, eins og komið hefur fram, að finna úrræði hvað það varðar og maður mundi nú ætla eftir allan þennan tíma að meira kjöt væri á beinunum í þessu ágæta máli.

[21:48]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mig langar til að taka aðeins upp þráðinn, við ræddum það áðan að í frumvarpinu er sérstaklega kveðið á um það að sjái lífeyrissjóðir hættumerki — við vitum öll að lífeyrissjóðir eru mismunandi staddir í þessu kerfi — geti þeir sótt um í gegnum Fjármálaeftirlitið að stöðva útgreiðslu úr sjóðunum.

Þetta er mér svolítið umhugsunarefni vegna þess að ég tel þetta ákvæði sýna að ríkisstjórnin og þeir sem sömdu frumvarpið hafi gert sér grein fyrir hættunni sem við sjálfstæðismenn höfum rætt og bent á. Það er nefnilega stórhættulegt þegar aðili sem hefur verið í röðinni er ekki sá sem fyrst sótti um heldur einhvern tíma síðar, segjum aðili nr. 100.000, af því að það eru 120.000 sem geta sótt um. (Forseti hringir.) Hver er afstaða þingmannsins til þessa ákvæðis sem leyfir í raun og veru það að allir þessir hlutir fari í uppnám?

[21:50]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að stóra einstaka málið sé að þetta er í rauninni alltaf hvor sín hliðin á sama peningnum. Fólk er að eignast húsnæði sem það greiðir á 20, 30 árum og síðan er það að safna upp lífeyrissparnaði. Eins og staðan er nákvæmlega núna er þetta erfitt fyrir fólk vegna þess að skuldirnar hafa aukist og ráðstöfunartekjur minnkað og þess vegna erum við tilbúin til þess að sækja í lífeyrissparnaðinn. Í prinsippinu eru menn sammála um það. Því miður, eins og hv. þm. Guðfinna S. Bjarnadóttir benti á í andsvari sínu, hafa menn ekki fundið vænlega leið til að gera hlutina þannig að fólki muni um það og í annan stað, eins og hv. þm. Guðfinna S. Bjarnadóttir benti á, er þetta líka hætta fyrir lífeyrissjóðina.

Það verður að segjast eins og er að þetta er afskaplega slæmt, ég tala nú ekki um (Forseti hringir.) eftir allan þann tíma sem ríkisstjórnin hafði til að undirbúa málið.

[21:51]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessi umræða hefur verið að þróast í dálítið skemmtilegar áttir í kvöld þar sem við höfum frekar verið að ræða einkenni lífeyrissjóðakerfisins og mér sýnist nú að menn hafi á því ýmsar skoðanir og má svo sem taka um það umræðu (**LB:** Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins.) oftlega og vel.

Mig langar svolítið að vita — út af þeirri umræðu sem hér hefur verið í dag og vegna þess að þetta var nú eitt af þeim málum sem þingmenn Samfylkingarinnar kveinkuðu sér sérstaklega yfir að hafi ekki verið kláruð í tíð fyrri ríkisstjórnar og vegna þess að hér talaði hv. þm. Guðlaugur Þór

Þórðarson sem sat sem ráðherra í þeirri ríkisstjórn — hvort það hafi verið skilningur hans að sjálfstæðismenn hafi sérstaklega verið að draga lappirnar í þessu máli. Vegna þess að í þeirri vinnu sem ég kom að, og hún var töluverð í undirnefnd ríkisstjórnarinnar, voru ýmsar tillögur í burðarliðnum og m.a. varð sú afurð frumvarp sem hv. þm. Árni M. Mathiesen flutti. Síðan mátti skilja í almennri þjóðfélagsumræðu að það hafi verið sérstakt verkefni af hálfu sjálfstæðismanna að þvælast fyrir í þessu máli og ekki hafi verið vilji til þess að hjálpa heimilunum í landinu.

Það skýtur dálítið skökku við í rauninni þegar við höfum lýst því yfir, margir sjálfstæðismenn, að við séum tilbúin til að veita góðum málum brautargengi og þeim málum sem varða heimilin og fyrirtækin í landinu að þá hafi núverandi ríkisstjórn verið í heilan mánuð að koma sér í það að semja þetta frumvarp sem verður nú að segjast að er hvorki fugl né fiskur vegna þess að það gengur miklu skemur en hugmyndin var í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Mig langar því til að forvitnast um það hjá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, þar sem hann sat marga fundi með fyrri ráðherrum, og ráðherrum og þingmönnum Samfylkingarinnar, hvort það hafi virkilega verið svo að fyrri ríkisstjórn hafi sprungið á þessu máli eða hvort eitthvað annað og öllu ómálefnalegra hafi verið þar á ferð.

[21:53]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið. Þetta er athyglisverð spurning sem menn hafa kannski ekki rætt mikið. En til að upplýsa það, svo það sé fest í þingtíðindin, þá hafði ég aldrei heyrt yfir höfuð að kvartað væri undan neinum vanda varðandi, svo ég noti hið sérkennilega orðalag „verkstjórn í ríkisstjórninni“ fyrr en helgina sem ríkisstjórnin sprakk. Ég hafði bara aldrei heyrt það. Ég hélt að allir hefðu verið sammála í þeirri ríkisstjórn. Mestur tíminn fór reyndar í að ná samstöðu við þann hluta Samfylkingarinnar sem nú er forsætisráðherra og verðandi formaður.

Ég veit ekki til þess að Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið að tefja ein eða nein mál, svo því sé til haga haldið. Þetta kom mér algjörlega í opna skjöldu og svo sannarlega var það ekki þetta mál þrátt fyrir að því hafi verið haldið á lofti, enda leið heill mánuður, eins og hv. þingmaður benti á, frá því að ríkisstjórnin var sprengd undir þeim formerkjum að hlutirnir gengju svo hægt hjá Sjálfstæðisflokknum þar til menn komu með mál sem gengur miklu skemur en núverandi stjórnarþingmenn og þar með talið samfylkingarþingmenn töluðu um þegar fyrri ríkisstjórn sat og það verður nú að þykja nokkuð merkilegt.

Ég velti því fyrir mér á hverjum degi og ég veit að aðrir landsmenn gera það líka hvenær ríkisstjórnin ætlar að fara í bráðaaðgerðirnar sem boðaðar voru, hvenær ríkisstjórnin ætlar að vinna hratt í málum eins og þessu því að á heilum mánuði hefur nákvæmlega eða til þess að gera eiginlega ekki neitt gerst.

[21:55]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er nú svo að í kjölfar allra stóryrðanna um að hin nýja ríkisstjórn mundi koma með tillögur um að leysa hratt og vel úr vanda heimilanna þá hafa efndirnar ekki orðið nokkrar. Við sitjum uppi með mál sem ganga alls ekki nógu langt. Þetta er ágætis fyrsta skref til athugunar en það gengur alls ekki nógu langt. Ég held því fram að í því frumvarpi sem hafði verið eftir því sem mér skilst í meðförum fyrri ríkisstjórnar eða á einhvern hátt kynnt af hálfu fyrrverandi fjármálaráðherra, hv. þm. Árna M. Mathiesens, þar sem lagt var til að menn gætu tekið séreignarsparnað sinn út til greiðslu á móti skuldum, hafi verið hönnuð úrræði sem gagnast fjölskyldum í miklum vanda.

Hér er um að ræða 1 milljón kr. sem hægt er að taka út og engin skilyrði eru um í hvað þeir fjármunir eigi að fara. Þeir verða auðvitað skattlagðir (Forseti hringir.) og úr þessu verður afskaplega lítið þegar upp er staðið.

[21:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að menn fóru af stað með þetta vegna þess að það gæti verið ein af þeim leiðum sem hægt væri að nota vegna þeirra aðstæðna sem upp eru komnar. Ég hafði aldrei heyrt það á öðrum forsendum en þeim að menn væru að hugsa um að skuldajafna og ég hafði í rauninni ekki hugmyndaflug í neitt annað. Það er ljóst að ekki er sama hvernig það er gert tæknilega, alls ekki, og menn geta framkvæmt hluti sem geta skaðað það góða lífeyrissjóðakerfi sem við erum með. Þess vegna vildu menn fara vel yfir málið eins og gert var.

Það er mjög sérkennilegt að menn kölluðu á að þetta yrði unnið hraðar en síðan kemur ný ríkisstjórn sem tefur málið, útvatnar það þannig að það nýtist ekki fólki (Forseti hringir.) sem þarf virkilega á því að halda, því miður, og setur það góða kerfi (Forseti hringir.) sem við erum með í ákveðna hættu.

[21:58]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég sagði fyrr í dag að Sjálfstæðisflokkurinn væri bersýnilega að hefja málþóf út af þessu máli. Sjálfstæðismenn komu hér upp í upphafi þingfundar í dag til að tala um það að þeir mundu leggja öllum góðum málum lið er varða heimilin og atvinnulífið í landinu.

Það er bersýnilegt að Sjálfstæðisflokkurinn er lagstur í eilífðarmálþóf, ekki út af þessu máli sérstaklega heldur vegna næsta máls á dagskrá. Svo koma þau hvert á fætur öðru í andsvör við sjálf sig. Þá umræðu geta þau tekið í Valhöll og þurfa ekki að láta þjóðina hlusta á þetta rugl í sér.

Þau segja líka: Hvenær ætlar ríkisstjórnin að taka á málum? Það hefur tekið heilan mánuð að koma fram með góð mál. — Þeir sletta skyrinu sem eiga það, ríkisstjórnin sem sat frá bankahruninu og fram í janúarlok og aðhafðist ekki nokkurn skapaðan hlut. Þessi umræða er til vansa fyrir Sjálfstæðisflokkinn. (**ÓN:** Voðalegur hávaði er þetta.)

Það er alveg ótrúlegt verð ég að segja þegar hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson kemur hér upp, finnur þessu máli nú allt til foráttu og segir að það sé illa úr garði gert. Má ég þá ítreka það sem ég sagði í dag að þingmenn Sjálfstæðis-

flokksins samþykktu málið við 2. umr., breytingartillögurnar sem komu frá efnahags- og skattanefnd og frumvarpið svo breytt og þá voru í hópi þeirra sem eru hér í salnum núna hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, hv. þm. Björn Bjarnason, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hv. þm. Ólöf Nordal. Þau voru við atkvæðagreiðsluna og greiddu atkvæði með þessu máli. Af hverju gerðu þau það (**BBj:** Það er komin breytingartillaga við málið.) ef málið er svona ómögulegt í alla staði? (**Gripið fram í:** ... í nefndinni.)

[22:00]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég fékk lánaðan bunka hjá formanni Vinstri grænna og þetta eru bara ræðurnar sem eru teknar undanfarna daga. Svo kemur hv. þm. Árni Þór Sigurðsson og segir að við séum með málþóf. Virðulegur forseti, þetta eru fleiri tré í finnskum skógi. (Gripið fram í.)

Hér kemur hv. þingmaður upp í fullri alvöru og segir að sjálfstæðismenn séu í málþófi. Virðulegur forseti, hversu margir þingmenn eru í Vinstri grænum? Þeir eru ekki margir en þeir hafa talað út í eitt í hverju einasta máli. Þá er það ekki málþóf, þá eiga þeir ekki að fara á Hverfisgötuna — eða hvar sem höfuðstöðvar Vinstri grænna eru — og tala þar sitt „rugl“, svo ég vitni beint í hv. þm. Árna Þór Sigurðsson. Nei, nei, nei. Virðulegur forseti, þá er það lýðræðisleg umræða, sjálfsagður réttur, og þeir héldu endalausar ræður þegar þingsköpum var breytt þannig að þeir gátu ekki talað út í hið óendanlega.

Virðulegur forseti. Hér hefur verið afskaplega góð umræða um þetta mál þar sem bent hefur verið á augljósa galla og síðast þegar ég vissi, virðulegi forseti, þótti hv. þingmönnum Vinstri grænna sjálfsagt að fara yfir það í miklum smáatriðum, eins og þessi bunki og aðrir sambærilegir hjá hv. þingmönnum og hæstv. ráðherrum Vinstri grænna sýna. En allt í einu er allt breytt og nú eigum við sjálfstæðismenn að ræða hluti í Valhöll en ekki í þingsal.

[22:02]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Aumingjalegra svar hef ég ekki heyrt lengi í sölum Alþingis. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson reyndi ekki að svara spurningu minni um það hvernig stendur á því að hann samþykkti frumvarpið við 2. umr., breytingartillögurnar sem þá voru fluttar og frumvarpið þannig breytt, en kemur svo hér við 3. umr. og finnur því allt til foráttu. Svo er kallað hér utan úr sal af hv. þm. Birni Bjarnasyni að breytingartillaga sé komin. Bíddu, hún lá fyrir við 2. umr., var að vísu kölluð aftur til 3. umr. (Gripið fram í.) Hún lá fyrir í nefndinni líka og efni hennar hafði verið rætt. (Gripið fram í.) Í framsöguræðu fjármálaráðherra með þessu máli í 1. umr. reifaði hann þessi sjónarmið líka. (Gripið fram í.) Þau voru kunn hv. þm. Birni Bjarnasyni og öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins.

Hvernig væri að Sjálfstæðisflokkurinn kæmi sér að því að ljúka þessari umræðu og afgreiða þetta mikilvæga mál fyrir heimilin í landinu? (Gripið fram í.) Í staðinn stendur hann hér og hver kemur á fætur öðrum og heldur uppi málþófi. (Gripið fram í.) Það er Sjálfstæðisflokknum til skammar. (Gripið fram í.)

[22:03]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Bara til að svara hv. þingmanni og benda á hið augljósa — og ég vona að honum líði ekkert illa í hendinni eftir að hafa barið svona í borðið í þessum mikla æsingi — þá sáum við að þetta mál er þess eðlis að hér eru stór skref stigin til að hjálpa heimilum í landinu. Virðulegi forseti, við erum öll sammála sem hér erum, meira að segja stjórnarliðar, að þetta eru hænuskref.

Virðulegi forseti. Eigum við þá að greiða atkvæði gegn hænuskrefunum? Við erum að tala um það að þessi ríkisstjórn sem ætlaði að vinna hratt og hjálpa heimilum í landinu er að stíga hænuskref. Jú, við styðjum það, virðulegi forseti, en við getum ekki gert annað en bent á það sem miður fer í málinu, þó það nú væri. Síðast þegar ég vissi, virðulegi forseti, þótti hv. þingmönnum Vinstri grænna það (Forseti hringir.) afskaplega lýðræðislegt að gera það, en (Forseti hringir.) nú segja þeir við okkur: Farið í Valhöll og (Forseti hringir.) ræðið þetta þar, ekki hér.

[22:05]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Það vekur manni ugg að horfa upp á þær leiksýningar sem eru settar á svið hér. (Gripið fram í.) Hér eru hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins að verða sér og Alþingi til skammar með þessum fíflagangi sem á sér nú stað. Hæstv. forseti, þetta veldur manni auðvitað vonbrigðum og ég get ekki betur séð en að verið sé að sýna það og sanna með þessum gjörningum Sjálfstæðismanna að þetta er leikhús. (**Gripið fram í:** Ert þú aðalleikarinn?)

[22:06]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Við skulum tala hreint út um hlutina hér. Hér eru sjálfstæðismenn í málþófi vegna þess að þeir vilja ekki koma á dagskrá þingsins stjórnlagaþingi sem ríkisstjórnarflokkarnir og Framsóknarflokkurinn hafa lagt mikla áherslu á. Við skulum bara tala um það eins og það er og sjálfstæðismenn skulu ekki vera með neitt leikrit hér. Við erum í 3. umr. um málið og að horfa á sjálfstæðismenn fara í andsvör hver við annan sýnir að menn ætla að tefja þetta mál eins langt inn í nóttina og frekast er kostur.

Það er með ólíkindum þegar sjálfstæðismenn toppa Vinstri hreyfinguna – grænt framboð í sinni stjórnarandstöðu. (Gripið fram í.) Aldrei sá ég Vinstri græna fara í þrjú andsvör við þingmenn sína. (Gripið fram í.) Það er með ólíkindum að fylgjast með Sjálfstæðisflokknum og fyrir hönd okkar framsóknarmanna langar mig að spyrja hæstv. forseta hvort það standi ekki alveg örugglega til að funda vel inn í nóttina og koma því brýna máli, sem breyting á stjórnarskránni er, (Forseti hringir.) á dagskrá fundarins þannig að hægt sé að vinna í því máli og koma því til nefndar. Hér er verið að tefja mjög mikilvægt mál, frú forseti.

[22:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Þetta er afar sérkennileg umræða um fundarstjórn forseta. Forseti hefur einmitt lagt áherslu á að

hér verði haldin dagskrá og menn ræði þau mál sem á dagskrá eru. Við höfum farið mjög málefnalega yfir málið um séreignarsparnaðinn og alveg full nauðsyn á því vegna þess að þegar málið var hér til 2. umr. voru gefin ákveðin loforð um að það yrði athugað betur á milli 2. og 3. umr. og tekið tillit til þeirra tillagna sem hv. þm. Pétur H. Blöndal var með. Hvað kom í staðinn út úr nefndinni? Ekki var hægt að skoða málið og taka tillit til umsagna heldur var sagt: Heyrðu, það er best að fjármálaráðuneytið skoði þetta mál. Það er alveg magnað að þetta skuli vera vinnan í nefndinni.

Það er full ástæða til að vekja athygli á þessu, hæstv. forseti, (Forseti hringir.) en ég hlýt jafnframt að spyrja og ítreka spurningar sem hér hafa komið fram: Ætlar forseti að halda hér lengi áfram störfum í nótt? (**Gripið fram í:** Við hvetjum til þess.)

[22:09]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Mér finnst hv. þm. Grétar Mar Jónsson ræða þessi mál af töluvert mikilli léttúð. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í það sem fram kom hjá hv. þm. Birki J. Jónssyni, en hv. þm. Grétar Mar Jónsson hefur ekki sést mikið í sölum Alþingis í dag. Við sjálfstæðismenn ræðum hér séreignarlífeyrissparnaðinn, málefni lífeyrissjóðanna. Upp hafa komið sjónarmið um að þær breytingar sem hér er fjallað um kunni að reynast lífeyrissjóðakerfi okkar hættulegar og þá kalla menn slíka umræðu leikrit. Hvers konar málflutningur er þetta? (Gripið fram í.) Við erum að ræða þessi mál efnislega og ég held að ekkert veitti af því að stjórnarandstaðan gerði það líka, ekki síst í ljósi þeirra áfalla (Forseti hringir.) sem lífeyrissjóðirnir hafa orðið fyrir út af bankahruninu. (Forseti hringir.) Ég frábið mér því málflutning eins og fram hefur komið (Forseti hringir.) frá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni (Forseti hringir.) og ekki síður frá hv. þm. Birki J. Jónssyni.

[22:10]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég vil gera alvarlegar athugasemdir við orð hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur hér áðan þegar hún talar um vinnubrögð efnahags- og skattanefndar í þessu máli. Ég vek athygli á því að hugmyndir hv. þm. Péturs H. Blöndals og breytingartillaga hans voru tekin til umræðu í efnahags- og skattanefnd á meðan málið var enn til 2. umr. og því var heitið að það yrði jafnframt tekið til umfjöllunar í nefndinni á milli 2. og 3. umr.

Það var gert. Það var staðið við þau fyrirheit sem við gáfum um það mál. Við gáfum líka fyrirheit um að við værum opin fyrir því að málið yrði rætt og unnið áfram, m.a. á vettvangi fjármálaráðuneytisins, og það var líka gert. Hvenær hefði Sjálfstæðisflokkurinn staðið þannig að málum þegar hann var í ríkisstjórn að taka yfirleitt tillit til viðhorfa eða sjónarmiða af þessu tagi? Það gerðum við í þessu máli og ég vísa algjörlega á bug aðdróttunum um það að vinnan í efnahags- og skattanefnd í þessu máli hafi ekki verið eðlileg og sanngjörn.

[22:11]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Við erum að verða hér vitni að sögulegum atburði að ákveðnu marki. Hér eru menn að gera hv. Alþingi að götuleikhúsi af verstu tegund með lélegum leikurum, það er það versta. Sjálfstæðismennirnir sem hér spyrja hver annan og eru farnir að spyrja Einbjörn, Tvíbjörn og Þríbjörn í röð og elta hver annan í alls konar vitleysu og löngu búnir að koma öllum hugsanlegum skoðunum að í umræðu um þetta mál og farnir að endurtaka sig trekk í trekk. Þeir börðust fyrir því á sínum tíma þegar verið var að breyta hér hversu langur ræðutími ætti að vera og lögðu mikla áherslu á að menn læsu ekki upp úr bókum eða afvegaleiddu umræðuna í þinginu með einhverjum langlundarlestri úr bókum og annað í þeim dúr.

Hafið vit á því að bera (Forseti hringir.) virðingu fyrir þinginu.

[22:12]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill áminna hv. þingmenn um að beina orðum sínum til forseta.

[22:12]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég vil minna hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins á að þeir samþykktu allar breytingartillögur við þetta frumvarp við 2. umr. Þetta mál fékk mjög ítarlega umræðu þar og Sjálfstæðisflokkurinn greiddi atkvæði með því. Nú er málið óbreytt við 3. umr. og þá er það allt í einu orðið stórgallað og háskalegt fyrir lífeyrissjóðina. Hvað voru þingmenn Sjálfstæðisflokksins að hugsa þegar þeir greiddu atkvæði við 2. umr.? Hvað hefur breyst á milli 2. og 3. umr.?

Málið var tekið inn í nefnd á milli 2. og 3. umr. Hér er vísvitandi verið að tefja umræðu á Alþingi. Sjálfstæðismenn vilja ljúka þessu þingi sem fyrst, það viljum við framsóknarmenn líka. En þá skulum við haga störfum hér á Alþingi þannig að fullur sómi sé að. Það þarf að koma stjórnlagaþinginu og breytingum á stjórnarskránni til nefndar þannig að hægt sé að vinna það en Sjálfstæðisflokkurinn tefur hér fyrir störfum Alþingis á einum mestu efnahagslegu umbrotatímum sem þjóðin hefur gengið í gegnum (Forseti hringir.) og ótrúlegt er að fylgjast með framkomu þeirra. Þeir skulu ekki reyna að breiða yfir þessar langlokur sínar með því að tala um að um eðlilegar umræður sé að ræða. (Forseti hringir.) Þetta er málþóf af verstu gerð.

[22:14]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég hef tekið eftir því að þingreyndustu mennirnir hér í salnum í kvöld, eins og hæstv. utanríkisráðherra, hafa ekki gert neinar athugasemdir við þá umræðu sem hér hefur farið fram enda hefur hún verið efnisleg og stjórnarandstaðan hefur farið efnislega í þau atriði sem henni finnst mikilvægt að fjalla um. Ég hef heldur ekki tekið eftir því að hv. þm. Björn Bjarnason, sem hefur verið í mörg ár á þingi, hafi gert athugasemdir við hvernig umræðunni vindur fram. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Grétar Mar Jónsson, sem hefur farið hér mikinn og reynt að tala um fyrir okkur, sagði að við sjálfstæðismenn ættum að hafa vit á því að bera virðingu fyrir þinginu. Það er akkúrat það sem við erum að gera, við berum virðingu fyrir þinginu vegna þess að við sættum (Forseti hringir.) okkur ekki við að meiri hluti efnahags- og skattanefndar og (Forseti hringir.) stjórnarmeirihlutinn ætli að fela framkvæmdarvaldinu, (Forseti hringir.) fjármálaráðuneytinu, (Gripið fram í.) að klára þetta mál sem þeim tókst ekki sjálfum að gera.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti biður hv. þingmenn um að virða ræðutímann, hann er stuttur, hann er ein mínúta.)

[22:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Þetta er náttúrlega makalaus umræða af hálfu hv. þm. Grétars Mars Jónssonar. Hann hefur ekki veitt þessu máli þá eftirtekt og virðingu að vera hér í kvöld við umræðuna. Þetta er fyrrverandi forustumaður í launþegasamtökum. Hann er ekki mikið að huga að því hvernig hlutur fyrrverandi umbjóðenda hans kemur út eftir að þessu máli lýkur hér. Og hv. þm. Birkir J. Jónsson talar um að verið sé að tefja mál, mál sem hefur margkomið fram að var ekki unnið eins og hafði verið lofað og ámálgað við þingmenn við 2. umr. að farið yrði mjög vel ofan í. (Forseti hringir.) Það er rétt, hæstv. forseti, að ítreka það að við sjálfstæðismenn greiddum þessu máli atkvæði okkar við 2. umr. vegna þess að það átti að fara (Forseti hringir.) svo vel ofan í það á milli 2. og 3. umr. Það loforð var gefið.

[22:17]

Björn Bjarnason (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst og fremst mótmæla því að þær umræður sem við höfum tekið þátt í um þetta mál hafi verið ómálefnalegar. Þær hafa verið mjög málefnalegar, þær hafa snúist um efni málsins. Þeir sem hafa gert þessar umræður ómálefnalegar eru hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar. Ég skil ekki hvað fyrir þeim vakir að koma hingað og gagnrýna okkur fyrir að ræða þetta mál þegar það er lagt þannig upp að því var frestað til 3. umr. að ræða breytingartillögu Péturs H. Blöndals. Um það hafa þessar umræður snúist. Hv. þingmenn hafa ekkert fylgst með því. Þegar framhaldsnefndarálit meiri hluta nefndarinnar er skoðað sést að það er hvorki fugl né fiskur. Það er fullkomin ástæða fyrir okkur að ræða þetta, fara ofan í þetta og velta fyrir okkur um hvað þetta mál snýst og við höfum gert það í dag. Og að sitja undir því hér að við höfum verið ómálefnalegir í málflutningi okkar er ósanngjarnt og algerlega órökstutt með öllu.

[22:18]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það hefur verið alveg kostulegt að heyra þingmenn stjórnarliðsins og pólitíska fylgihnetti þeirra vera að móralísera yfir því að hér skuli fara fram efnisleg umræða um þetta stóra mál. Það er undarlegt að það sé þannig að stjórnarliðar séu strax eftir einn mánuð í stjórn farnir að væla og skæla yfir því að þeir skuli þurfa að svara einföldum spurningum um efnisatriði í stóru máli sem verið er að fjalla um. Eins og margoft hefur komið fram í þessum athugasemdum liggur fyrir að það var til þess ætlast að þetta mál fengi vandaða meðferð í þingnefnd milli 2. og 3. umr. Þegar það liggur svo fyrir að það kemur nefndarálit frá meiri hluta nefndarinnar sem er rýrt í roðinu og svarar ekki þeim grundvallarspurningum sem spurt hefur verið er ekkert óeðlilegt að reynt sé að fylgja því eftir með þeim aðferðum sem þingið hefur, þ.e. að taka málið upp í þinginu. Eða hvernig eiga þingmenn að koma að málinu ef það er ekki gert í þinginu og með þeim hætti sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa verið að gera, að benda á ýmsar veilur, spyrja spurninga o.s.frv.? Og það er undarlegt að þeir þingmenn sem hafa risið hæst í hávaða og látum undanfarna mánuði, þ.e. þingmenn til að mynda Vinstri grænna, skuli vera (Forseti hringir.) skælandi hér uppi í ræðustól yfir því að spurt sé einfaldra spurninga og krafist svara við spurningum sem verður (Forseti hringir.) að svara áður en þessu máli er lokið.

[22:20]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég hef ekki verið við umræðuna þannig að ég ætla ekki að taka afstöðu til þess hvort Sjálfstæðisflokkurinn er í málefnalegri umræðu eða ekki. En hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gerði þingreynslu mína að umræðuefni. Hún er allnokkur. En ég man ekki eftir því á minni tíð að ég hafi séð það áður að í umræðu af þessu tagi komi upp hver þingmaðurinn á fætur öðrum og spyrji sína eigin flokksmenn spurninga. Er það hin málefnalega umræða?

Ég tek dæmi af hv. þm. Guðfinnu S. Bjarnadóttur. Hún kom hingað ný á þetta þing og gerði athugasemdir við það sem henni þótti vera málþóf þá. Nú tekur hún sjálf þátt í því sem er versta sort af málþófi. Hún spyr sína eigin flokksmenn spurninga og er þó sjálf á mælendaskrá og á að taka til máls þegar einn ræðumaður er búinn. (**GSB:** Formaður nefndarinnar lét ekki svo lítið að vera hérna.) Það finnst mér, frú forseti, burt séð frá því hvernig umræðan hefur legið hér í dag, vera leikrit. (Forseti hringir.) Ég rifja það upp að hér er mál á dagskrá sem varðar 7 þúsund ársverk og það bíður líka vegna málþófs sjálfstæðismanna.

[22:21]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Hér er því haldið fram af þingmönnum að málið hafi ekki fengið vandaða umfjöllun eftir 2. umr., á milli 2. og 3. umr. í efnahags- og skattanefnd, og sagt að það sé algerlega órökstutt sem haldið hefur verið fram um málflutning Sjálfstæðisflokksins, að það hafi ekki verið nein raunveruleg skoðun á þessu máli, þeim hugmyndum sem breytingartillaga Péturs Blöndals gerir ráð fyrir. Ég vek athygli á því að það mætti meira og minna bara einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og skattanefnd á fundi þegar þetta mál var til umræðu, enda sést á nefndarálitinu hverjir skrifa undir það og hverjir voru fjarverandi. Og í minnisblaði sem Landssamtök lífeyrissjóða lagði fram í nefndinni og fjallar um breytingartillögu hv. þm. Péturs H. Blöndals segir m.a., með leyfi forseta:

„Sú leið er einnig mjög til þess fallin að skaða þá meginhugsun sem býr að baki kerfinu, þ.e. að með einföldum hætti byggi sjóðfélagar sér upp séreignarsparnað sem er mikilvæg viðbót við ellilífeyri úr samtryggingardeild …“

Þessi málefnalegu sjónarmið komu fram af hálfu Landssamtaka lífeyrissjóða og við vorum sammála þeim sjónarmiðum og þess vegna liggur fyrir framhaldsnefndarálit með þeim hætti sem það liggur fyrir.

[22:22]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúna til að koma í ræðustól. Hér mælti hæstv. utanríkisráðherra, þingreyndur maður, og gerði það að umtalsefni að sú sem hér stendur hafi staðið upp í þessu máli og rætt í andsvörum við þingmenn í Sjálfstæðisflokknum, ég sem hafi á sínum tíma, ef ég man rétt sem hann sagði, ekki viljað að við eyddum tímanum til einskis í þingsalnum.

Ég ætla að upplýsa hæstv. ráðherra um það að ég hef tekið þátt í þessari umræðu (**Utanrrh.:** Og átt eftir að gera það.) og á eftir að gera það og hef þegar gert það líka. (**Gripið fram í:** Þú ert að eyða tímanum.) Ég er ekki að eyða tímanum. (Gripið fram í.) Ég tel mjög mikilvægt (Forseti hringir.) að við ræðum þetta mál og ég tel að með þessu frumvarpi séum við að koma séreignarsparnaði okkar og lífeyrissjóðunum í stórhættu og ef ekki á að ræða þau mál þá veit ég ekki hvaða mál á að ræða. Þetta er einmitt eitt af málunum sem á að ræða.

[22:24]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég er langreyndur í því að halda uppi öflugri stjórnarandstöðu árum saman. (**Gripið fram í:** En ekki málþófi?) Málþófi á stundum og neita því ekki í tilteknum málum eins og vatnalagafrumvarpinu þar sem við að lokum náðum saman. Ég ætla bara að rifja upp út af orðum hv. þm. Guðfinnu S. Bjarnadóttur. Hún kom í fyrsta lagi einu sinni upp í ræðustól til að skamma Alþingi fyrir vinnubrögðin. Hún fór í viðtal í sjónvarpi til að skamma Alþingi fyrir vinnubrögðin. Sjálf tekur hún þátt í því sem ég kalla leiksýningu þar sem hún kemur upp og spyr sína eigin flokksmenn spurninga, hefur þó tækifæri til að gera það þegar hún heldur ræðu hér á eftir, hafði tækifæri til að gera það fyrr í umræðunni. Þetta, hv. þingmaður, er leiksýning. Þetta er farsi en dálítið grátbroslegur og það er grátbroslegt að það skuli vera þingmaður sem skammaði þingið fyrir nákvæmlega þessi vinnubrögð sem fellur í þessa gryfju, sem enginn þingmaður í þessum sal hefur fallið í áður. Það finnst mér vera dapurlegt.

[22:25]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill áminna þingmenn og ráðherra um að ávarpa forseta en ekki þingmenn úti í sal.

[22:25]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Það er fremur augljóst að hæstv. utanríkisráðherra hefur ekki verið mikið í salnum í kvöld, hefur ekki hlustað mikið hér í kvöld. Þess vegna er ekki skynsamlegt fyrir hann, að mínu viti, að koma hér og vera með ákúrur í þessa veru, um leiksýningar og annað slíkt. Það sem ég hef gagnrýnt þingið fyrir er að taka ekki málefni fyrir sem skipta mestu máli. Nú erum við að taka málefni fyrir sem skiptir okkur öll afar miklu máli. Ég hef leyft mér að kalla lífeyrissjóðina fjöregg þjóðarinnar, fjöregg sem kannski einhverjir brestir eru að koma í. Við eigum að ræða þetta mál af fullri einlægni. Ég vil gjarnan að við tökum minnihlutatillögu hv. þm. Péturs H. Blöndals fyrir og ég tel hana miklu skynsamlegri en það frumvarp sem við höfum rætt hér.

[22:26]

Forseti (Þuríður Backman):

Hv. þingmenn hafa beint orðum sínum til forseta og spurt um framhald þessa fundar. Forseti hefur verið hér og hlýtt á umræður í kvöld og fram hefur komið að mönnum þykir lítið ganga við afgreiðslu mála og fundur mun því halda áfram eitthvað fram eftir nóttu.

[22:26]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Ég vil byrja á að taka fram að ég ætla ekki að gera neinar athugasemdir við fundarstjórn forseta, að sinni, skulum við segja, vegna þess að klukkan er ekki orðin margt og ég hef eytt mörgum nóttunum hér í þessu þinghúsi, aðallega þar sem ég hef stundað þá iðju að hlýða á andstæðinga mína í stjórnmálum, eins og hæstv. utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, þá þingmann í stjórnarandstöðu, og hv. þm. Árna Þór Sigurðsson, þessa ágætu menn sem nú kvarta mjög sáran yfir því að Sjálfstæðisflokkurinn vilji fjalla um mikilvæg mál sem varða séreignarlífeyrissparnað landsmanna.

Það er dálítið merkilegt að fylgjast með hamskiptum þessara ágætu herramanna. (**ÁÞS:** En Sjálfstæðisflokksins?) Það er ekki langt síðan, ætli það séu ekki ein tvö ár síðan þessir menn héldu hér ræður svo klukkutímum skipti. Þeir lásu upp úr umsögnum sem borist höfðu til nefnda vegna þeirra mála sem til umfjöllunar voru hverju sinni. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson þykist ekki kannast við það en það er samt sem áður þannig. Ég minnist þess þegar við eyddum hér mörgum nóttum svo vikum skipti í umræðum um t.d. vatnalög (**ÁÞS:** Ég var ekki …) eða um Ríkisútvarp. Ég verð að segja að við þessa umræðu sakna ég dálítið hæstv. heilbrigðisráðherra (**Gripið fram í:** Ég líka.) sem er líklega sá maður sem gengið hefur hvað lengst í þingsögunni, (**Gripið fram í:** Forsætisráðherra.) já, fyrir utan hæstv. forsætisráðherra, (Gripið fram í.) að halda hér langar ræður (Gripið fram í.) um lítið sem ekki neitt. Yfirleitt hafa þær ræður verið endurtekningar á áður fluttu efni.

Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hefur rukkað okkur þingmenn Sjálfstæðisflokksins eftir því hvers vegna við greiddum þessu frumvarpi atkvæði eftir 2. umr. Ég ætla að svara þeirri spurningu til að hv. þingmaður þurfi ekki að ómaka sig á því að spyrja mig hennar hér við umræðuna. Ástæðan fyrir því að við gerðum það, sjálfstæðismenn, var sú að fyrir þinginu lá mikilvæg breytingartillaga sem flutt var af hv.

þm. Pétri H. Blöndal og vegna þess að um það var samið að málið og breytingartillaga þess hv. þingmanns færi til umræðu milli 2. og 3. umr. í efnahags- og skattanefnd greiddum við frumvarpinu og þeim breytingartillögum sem þá höfðu verið gerðar og voru til bóta á upphaflegu frumvarpi atkvæði okkar.

Það er hins vegar napurleg staðreynd, úr því að hv. þm. Grétar Mar Jónsson talaði um að við ættum að bera virðingu fyrir þinginu hér áðan í stuttri ræðu sinni, að efnismikil breytingartillaga hv. þm. Péturs H. Blöndals fékk litla sem enga umræðu í nefndinni. Hún var afgreidd í umræðu á mjög stuttum tíma, miklu styttri tíma en eðlilegt hefði verið. Ég vil sérstaklega hnýta í þau orð hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar sem skensaði þingmenn Sjálfstæðisflokksins hér við umræðuna áðan fyrir að hafa mætt illa í nefndina og að það minnihlutaálit, framhaldsnefndarálit, sem liggur fyrir í þessu máli og undirritað er af hv. þm. Pétri H. Blöndal sé til sönnunar þess að sjálfstæðismenn mæti illa á nefndarfundi í þinginu. Þá vil ég taka það fram að stjórnarliðar hér í þinginu hafa heldur betur gerst sekir um þann sama glæp. Ég sit nefnilega í hv. allsherjarnefnd hér á Alþingi og ég mæti nánast á hvern einasta fund þar. Þar eru mikilvægustu mál þingsins til umfjöllunar, (**GMJ:** Hvaða vitleysa er þetta.) eins og frumvarp um greiðsluaðlögun, hv. þm. Grétar Mar Jónsson. Það er ekki furða að hv. þingmaðurinn hafi mikið vit á því hvað fer fram í allsherjarnefnd, hann á í fyrsta lagi ekki sæti í nefndinni og hefur þar af leiðandi greinilega ekki hugmynd um hvaða mál eru þar til umfjöllunar, en það eru t.d. frumvarp til laga um breytingu á nauðungarsölu og gjaldþrotaskiptalögum, það eru greiðsluaðlögunarmálin og fleiri stærstu málin sem varða greiðslubyrði heimilanna í landinu. Svo grípur hv. þm. Grétar Mar Jónsson fram í fyrir mér og ætlar að fara að leiðrétta mig án þess að hafa kynnt sér málin eða vita nokkurn skapaðan hlut um það hvað fer fram í nefndinni. Í þeirri nefnd mæta stjórnarliðar ákaflega illa, sinna störfum sínum ekki sem skyldi enda hvet ég hv. þm. Birki J. Jónsson til að fara yfir málaskrá allsherjarnefndar og fara yfir það hversu vel þeirri ágætu nefnd hefur gengið að afgreiða mál. Það hefur nefnilega hvorki gengið né rekið hjá hv. þingmönnum í meiri hluta. (**Gripið fram í:** Viltu ekki fara yfir það?) (Gripið fram í.)

Ég ætla nú ekki að fara yfir það að sinni en vildi taka þetta fram vegna þess sem kom fram hér í ræðu hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar til þess að bera hönd fyrir höfuð félaganna. Ég kann ekki við það að um þá sé rætt með þessum hætti.

Ég kann heldur ekki við það að hv. þingmenn eins og Grétar Mar Jónsson komi hér upp í ræðustól Alþingis og haldi því fram að hér sé verið að setja eitthvert leikrit á svið og kalli eftir því að Sjálfstæðisflokkurinn beri virðingu fyrir þinginu. Það er einmitt það sem við gerum, við berum virðingu fyrir Alþingi, það gerir stjórnarmeirihlutinn ekki. Besta dæmið um það er afgreiðsla meiri hlutans á þessu máli. Sannleikurinn er nefnilega sá að efnahags- og skattanefnd ákvað að kasta til höndunum við vinnslu þessa máls í stað þess að sinna þeirri rannsóknarskyldu sem henni ber að sinna þegar hún hefur fengið mál til meðferðar. Það gerði hún með því að ljúka ekki efnismeðferð málsins, heldur að fela fjármálaráðuneytinu að ljúka mikilvægum efnisatriðum þess, að fela framkvæmdarvaldinu að klára þá lagasetningu sem Alþingi ber að sinna og hv. þingmenn eiga að sinna í störfum sínum.

Frú forseti. Við sjálfstæðismenn höfum sagt, og lagt á það mikla áherslu, að við viljum leggja góðum málum ríkisstjórnarinnar lið. Þær yfirlýsingar standa. Hins vegar er það svo að í þessu máli hefur komið fram breytingartillaga og það hefur verið upplýst hér í umræðunum að ákvæði þessa frumvarps kunni að vera til þess fallin að skapa ákveðna hættu fyrir lífeyrissjóðakerfið í landinu eins og hv. þm. Guðfinna S. Bjarnadóttir hefur bent á og setið undir ámæli frá hæstv. utanríkisráðherra fyrir vikið að fullkominni ósekju. Þegar fram koma ábendingar um það að það mál, það frumvarp sem við erum að fjalla um hér, kunni að leiða til þess að lífeyriskerfið sé í hættu eða að hagsmunir þess kunni að vera fyrir borð bornir hljótum við þingmenn að sýna þá ábyrgð og þann þroska að fjalla efnislega um málið, ekki síst í ljósi þess að í október — hafi það farið fram hjá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni — hrundi efnahagskerfið. Efnahagslífið hrundi, bankarnir fóru á hliðina. Einhverjir mikilvægustu og stærstu hluthafar í bönkunum, Íslandsbanka, áður Glitni, Kaupþingi og Landsbankanum, voru lífeyrissjóðirnir og lífeyrisþegar þessa lands. Í dag fór Straumur fjárfestingarbanki á hliðina og lífeyrissjóðirnir voru gríðarlega stórir hluthafar í þeim banka þannig að lífeyrissjóðirnir hafa í efnahagshruninu tekið á sig geysilega harðan skell vegna þeirra áfalla sem við höfum orðið fyrir.

Í ljósi þess ber okkur þingmönnum skylda til að fjalla nákvæmlega um það og fara yfir það hvort í þessu frumvarpi sem varðar lífeyrissjóðina felist einhverjar hættur.

Það stafar auðvitað hætta af þessu frumvarpi. Í séreignarsparnaði landsmanna eru um 250–300 milljarðar kr. Ef ég man rétt eru um 102 milljarðar í vörslu Kaupþings. Rætt hefur verið um að heimila fólki aðgang að séreignarsparnaði til að mæta greiðsluerfiðleikum. Við skoðun á þessu er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að lífeyrissparnaður er ekki laust fé. Ef miðað er við t.d. eignasamsetningu séreignarsparnaðar Kaupþings eru um 10,2% í innlánsleiðum og 10,2% til viðbótar í öðrum innlánum. Ef gert er ráð fyrir að þessi eignasamsetning endurspegli allan séreignarsparnað má gera ráð fyrir því að 50–60 milljarðar séu í lausu fé, en ekki er hægt að álykta að hægt sé að greiða það allt út því að þetta fé er fjárfest í mismunandi sjóðum og leiðum og ekki hægt að færa fé á milli mismunandi sjóða. Ég vek athygli hv. þm. Grétars Mars Jónssonar sérstaklega á þessum atriðum.

Núna er sveigjanleiki á verðbréfamörkuðum lítill sem enginn og því verulegum vandkvæðum bundið að selja fjárfestingarsjóðinn. Til þess að hægt sé að breyta lífeyrissparnaði í laust fé þarf einhver að kaupa fjárfestingar sem lífeyrissparnaðurinn hefur fjárfest í. Sá aðili verður líklega vandfundinn við þessar aðstæður, frú forseti. Lífeyrissjóðirnir hafa um 150 milljarða á ári í ráðstöfunarfé, þ.e. iðgjöld plús afborganir verðbréfa mínus útgreiðsla. Líklegt er að ríkissjóður muni gefa út mikið af ríkisskuldabréfum sem áætlanir eru um að m.a. lífeyrissjóðirnir fjárfesti í.

Bent hefur verið á að ef opnað verður á aðgang að séreignarsparnaði er hætta á að eignaverð lækki án þess að það

takist að selja fjárfestingar séreignarsjóðanna. Það mundi leiða til þess að eignaverð mundi lækka enn frekar án þess að hægt væri að greiða sparnaðinn út.

Það er alveg skiljanlegt, frú forseti, að uppi séu hugmyndir um notkun séreignarsparnaðar og að hugmyndir í þá veru hafi vaknað. Í sumum tilfellum er lífeyris- og séreignarsparnaður verðmætasta eign einstaklinga, sérstaklega í ljósi þess að þær eignir eru ekki aðfararhæfar. Útgreiðsla séreignarsparnaðar sem byggir á sjóðasöfnun getur leitt til aukins þrýstings á almannatryggingakerfi framtíðarinnar. Ég vek athygli á því að ef reglum um aðgengi að viðbótarlífeyrissparnaði verður breytt þarf hugsanlega að gæta jafnræðis, og það þarf að gæta jafnræðis meðal sjóðfélaga, t.d. ef greiða ætti út 10% séreignarsparnaðar er líklegast að losaðar verði þær eignir sem hægt er að breyta í laust fé, einkum ríkisskuldabréf, og aðrir sjóðsfélagar sitja þá eftir með breytt eignasafn.

Mögulegar breytingar þurfa því að taka mið af seljanleika og jafnræði meðal sjóðfélaga. Áhöld eru uppi um það að slíkt sé gert í þessu frumvarpi. Ég tel að sú breytingartillaga sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur flutt hér sé mjög til bóta, ég tek það hins vegar fram svona að lokum að sú lausn sem þetta frumvarp, þrátt fyrir að það sé lagt fram af góðum huga og ég tek fram að hugsunin er að mörgu leyti ágæt, er sá galli á málinu að sú breyting sem við erum að tala um og sú lausn breytir sennilega litlu (Forseti hringir.) fyrir þann sem á í verulegum erfiðleikum. Það þarf, frú forseti, annað og meira að fylgja með þessu máli ef menn ætla sér að ná (Forseti hringir.) þeim markmiðum sem að er stefnt.

[22:42]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér urðum við vitni að málþófi, það er ekkert um það að villast, hjá hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Við verðum líka vitni að því að prófkjörsbarátta er fram undan hjá Sjálfstæðisflokknum. Það er skondið að horfa upp á það að sumir þingmenn halda að þeir séu nafli alheimsins, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, maður sem heldur að nefndirnar sem hann starfar í á þinginu séu mikilvægustu nefndirnar. Ég vil benda hv. þingmanni á það að í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd er t.d. mál sem skiptir miklu meira máli fyrir þjóðfélagið og það er innkall á öllum veiðiheimildum í ríkissjóð til þjóðarinnar. Þær er hægt að leigja út af ríkinu og hafa af þeim verulegar tekjur. Það er kannski ekki hægt að ætlast til þess að hv. þingmaður, sem hefur aldrei migið í saltan sjó, eða dýft hendi í kalt vatn, átti sig á því og telur sjálfum sér trú um það að aðeins nefndirnar sem hann er í skipti máli hér í þinginu. Það er auðvitað sjálfsagt að minnast á það líka að bankarnir eru jú farnir á hausinn, það er öllum ljóst, en hverjum skyldi þar vera um að kenna umfram aðra — ef ekki sjálfstæðismönnunum sem eru hér í málþófi að reyna að koma í veg fyrir að önnur mál komi í umræðu á þinginu? Ég segi enn og aftur að sjálfstæðismenn eiga raunverulega að skammast sín fyrir þessa umræðu eins og hún er. Þeir ættu að sjá sóma sinn í því að hætta þessu og flýta fyrir því að hér verði farið að ræða mál sem skipta máli.

[22:44]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef áður á þingferli mínum þurft að leiðrétta hv. þm. Grétar Mar Jónsson þegar hann segir að ég hafi ekki migið í saltan sjó eða dýft hendi í kalt vatn. Ég hef margoft dýft hendi í kalt vatn og ég ætla að ítreka það við hv. þm. Grétar Mar Jónsson að ég hef líka migið í saltan sjó. Eins og hann veit reri ég út frá Ólafsvík á Jóa á Nesi með ágætum kunningja hv. þingmanns, Friðólfi Mortensen Færeyingi. Það þýðir ekkert fyrir hann að koma hingað upp og halda því fram að ég hafi ekki migið í saltan sjó og geti þar af leiðandi ekki tjáð mig um séreignarlífeyrissparnað. Reyndar veit ég ekki hvað það kemur málinu við. Ég veit heldur ekki hvað það kemur málinu við að einhverjir þingmenn hér á Alþingi séu í prófkjörsbaráttu í sínum flokkum. Þeir þurfa þó a.m.k. að berjast fyrir sínum sætum, það er annað en svona forréttindaþingmenn eins og hv. þm. Grétar Mar Jónsson sem fær allt upp í hendurnar í sínum eigin flokki, þar á meðal leiðtogahlutverkið í Frjálslynda flokknum í Suðurkjördæmi.

Okkar umræða hér um séreignarlífeyrissparnað hefur ekkert með prófkjörsbaráttu okkar að gera. Ég tek þátt í prófkjöri og ég get upplýst hv. þingmann um það að ég hugsa að ég sé ekki að græða mörg atkvæði á því að standa hér í ræðustóli Alþingis klukkan að verða 11 að kvöldi, ég hugsa að ekki séu margir áhorfendur að þessari umræðu hér.

Ég gæti gert margt annað betra fyrir mína eigin hagsmuni en ég kýs að vinna frekar að málefnum lífeyrissjóðanna vegna þess að það eru mál sem skipta máli. Það er það sem við höfum bent hér á, það stafar hætta (Forseti hringir.) að lífeyrissjóðakerfinu og okkur þingmönnum ber skylda til að benda á þær hættur þegar (Forseti hringir.) málin eru til umfjöllunar. Það hefur ekkert með málþóf að gera og ekkert með prófkjör að gera og ekkert með sjómennsku að gera.

[22:46]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eitthvað hefur það komið við kaunin á hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að ég skyldi voga mér að segja að hann hefði aldrei migið í saltan sjó og aldrei dýft hendi í kalt vatn. En við skulum vona að það sé rétt og að hann sé með sigg á báðum höndum. Ég ætla ekki að gera það af umtalsefni aftur. Þetta kom til út af því að hann var að tala um að í sinni nefnd, allsherjarnefnd, væru mikilvægustu málin, það væru ekki nein mál nánast annars staðar í öðrum nefndum sem skiptu nokkrum sköpuðum hlut. Ég fór þá að minna hann á að við fluttum frumvarp sem liggur í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd um innköllun á öllum veiðiheimildum sem gætu gefið verulegar tekjur í ríkissjóð ef þær væru leigðar út og styrkt lífeyrissjóði landsins og launþega bæði til að fá hærra kaup og meira kaup en þeir hafa og til að hjálpa þjóðfélaginu á öllum sviðum, skattar, útsvar, hafnargjöld og hærri laun sjómanna og útgerðarmanna. En hv. þingmaður valdi það að snúa út úr eins og þeim er tamt í þessari umræðu um þetta frumvarp. Þeir eru einfaldlega ekkert að ræða frumvarpið sem er á dagskrá. Það er verið að tala um allt aðra hluti. Það er verið í mál-

þófi — þetta er ekkert annað — og prófkjörsslag kannski ekki síður. Það má vel vera að þetta verði endursýnt á morgun, í fyrramálið eða eitthvað þess háttar og þá gæti hv. þingmaður fengið smáathygli hjá eldri konum í Reykjavík og nágrenni. (Gripið fram í.) Það getur vel verið að það sé það sem verið er að sækjast eftir og ég lái honum það ekkert. En í guðanna bænum, (Forseti hringir.) ágætu sjálfstæðismenn, hættið þið þessu bulli.

[22:49]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Ég vil byrja á því, frú forseti, að þakka hv. þingmanni fyrir að benda mér á öll trixin, öll helstu trixin sem menn eiga að beita í prófkjörsbaráttu, að standa hér og ræða málin og vonast til að eldri konur fylgist með manni í endursýningu. Ég hef ekki látið mér detta þetta merka trix í hug sem hv. þingmaður nefndi en hann er reyndar þeirrar gerðar og í þannig flokki að hann þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af slíku. Honum er bara stillt upp þar sem hann vill og þarf ekki að berjast fyrir einu eða neinu annað en hjá þeim sem starfa í lýðræðislegum stjórnmálaflokkum þar sem fólkið fær að segja til um það hverjir eiga að skipa framboðslista og hverjir ekki.

Ég hélt því aldrei fram, og ég vil að hv. þingmaður viti það, að það væru engin merkileg mál í öðrum nefndum en allsherjarnefnd. Ég var bara að benda á að stjórnarliðar mæta ákaflega illa á fundi í allsherjarnefnd þar sem mikilvæg mál eru til umfjöllunar eins og greiðsluaðlögun fyrir heimilin, eins og úrræði vegna nauðungarsölu heimila og önnur slík mál, afar mikilvæg mál, mál sem ríkisstjórnin hefur lagt gríðarlega áherslu á að verði kláruð áður en þing fer heim. Ég var ekki að gera lítið úr málum sem eru til umfjöllunar í öðrum nefndum, alls ekki.

Mér þykir vænt um hv. þm. Grétar Mar Jónsson. Nú ætla ég að nota endann á þessu andsvari til að hvetja þann hv. þingmann sem er helmingurinn af þingflokki Frjálslynda flokksins til þess að skrá sig á mælendaskrá og fjalla efnislega um þetta mál. Hann er tiltölulega nýkominn til (Gripið fram í.) umræðunnar og ég bið hv. þingmann um að leggja málinu eitthvað gott til, fjalla efnislega um það og hætta að tala um (Forseti hringir.) að við sjálfstæðismenn séum í málþófi, að við séum í prófkjöri og séum ekki að fjalla efnislega um (Forseti hringir.) málið vegna þess að það erum við að gera. Við viljum að þetta ágæta mál, frú forseti, (Forseti hringir.) verði betra í meðförum þingsins.

[22:51]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Frú forseti. Hugmynd sjálfstæðismanna sem birtist í tillögum minni hluta efnahags- og skattanefndar er sú að séreignarsparnaður geti nýst heimilunum sem eiga í brýnustum vanda og tæknilega útfærslan verði sú að skuldajöfnun verði ofan á, þ.e. skuldajöfnun milli lífeyrissjóðsréttthafa annars vegar og lánastofnunar og/eða skattheimtunnar hins vegar. Slík skuldajöfnun mætir tveimur þumalputtareglum sem ég tel afar mikilvægar. Í fyrsta lagi leysir hún brýnan vanda heimilanna með skuldajöfnuninni og í öðru lagi stendur hún vörð um lífeyrissjóðina og veitir ekki af því líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir er líklegt að þeir veikist, þ.e. lífeyrissjóðakerfið verði það að lögum. Bæði fulltrúar Fjármálaeftirlitsins og fulltrúar lífeyrissjóðanna vöruðu við útfærslunni sem er í frumvarpinu þegar þeir fjölluðu um málið í hv. efnahags- og skattanefnd.

Hættan sem felst í frumvarpinu virðist vera ljós þeim sem lögðu það fram því fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að útfærslan sé hugsuð fyrir þá sem eiga í tímabundnum fjárhagsörðugleikum en tekið er fram, með leyfi forseta, að:

„Vörsluaðilar séreignarsparnaðar munu annast skil á staðgreiðslu, en sú fjárhæð sem eftir stendur þegar staðgreiðslan hefur verið dregin frá dreifist á allt að níu mánuði. Þessi leið er fyrst og fremst hugsuð til að koma til móts við þá sem eiga í tímabundnum fjárhagserfiðleikum, t.d. vegna atvinnumissis.“

Það er sem sagt gert ráð fyrir því og vonast til þess að einungis þeir muni nýta sér þetta ákvæði. En líklegt er að það verði ekki einungis þeir sem eiga í brýnustum vanda sem noti tækifærið og leysi út séreignarsparnaðinn og þannig má ætla að lífeyrissjóðakerfinu okkar sé hætta búin.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur einnig fram, með leyfi forseta, að:

„Flestir vörsluaðilar séreignarsparnaðar ávaxta lífeyrissparnað viðskiptavina sinna í safni verðbréfa, en slíkt safn er ekki alltaf mögulegt að innleysa að fullu á skömmum tíma án tjóns fyrir þá sem sparnaðinn eiga enda er lífeyrissparnaður að meginstefnu til langtímafjárfesting. Því til viðbótar kemur að nú er viðbúið að vörsluaðilar eigi í söfnum sínum verðbréf sem hafa mun lægra markaðsvirði nú en ef þau yrðu innleyst síðar vegna þess sérstaka efnahagsástands sem nú ríkir. Of mikil opnun á útgreiðslu séreignarsparnaðar nú gæti því leitt til mikils ójafnræðis milli réttthafa. Þannig yrðu auðseljanlegustu eignirnar, t.d. ríkisskuldabréf, seldar fyrst, en lakari eignir sætu eftir með tilheyrandi skaða fyrir þá réttthafa sem ekki kjósa að nýta sér hina tímabundnu heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar. Var því ákveðið, eins og að framan greinir, að stíga ekki stærra skref að sinni.“

Þetta kemur fram í áliti með frumvarpinu og þetta er kjarni málsins. Frumvarpið, verði það að lögum, er líklegt til að veikja lífeyrissjóðina og það kemur enn fremur fram í greinargerð með frumvarpinu að margir óvissuþættir tengist þessu máli. Meðal þeirra eru taldir upp þrír: Áhrif á lausafjárstöðu banka og fjármálafyrirtækja ef hætta er á miklu útstreymi innstæðna. Í öðru lagi að áhrif á verðmæti eignasafna gæti verið mikið, þar á meðal á almenna lífeyrissjóði og þar með réttindi allra lífeyrisþega í landinu. Í þriðja lagi er talað um að hætta sé á því að úttektir verði mun meiri en lagt er til í forsendunum vegna væntinga um breytingar í skattkerfinu og frekari virðisrýrnun eigna þannig að það má alveg lesa í gegnum allt frumvarpið að þeir sem gera álitsgerðina reikna með því að þetta verði til veikingar á lífeyrissjóðakerfinu. Ég vil leyfa mér að benda á að þetta atriði megum við ekki hafa að engu. Við verðum að taka það fyrir.

Það er líka gert ráð fyrir í frumvarpinu að Fjármálaeftirlitið geti krafist þess að útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt frumvarpinu verði frestað ef hagsmunaaðilar krefjast þess og ef hagsmunir rétthafa sparnaðarins eða al-

mennings krefjast þess, þ.e. ef hætta er á að sjóðirnir geti ekki staðið undir skuldbindingunum þá eiga þeir það á hættu annaðhvort að Fjármálaeftirlitið stöðvi þá, þ.e. útgreiðslu úr lífeyrissjóðunum eða að lífeyrissjóðirnir sjálfir biðji um heimild til Fjármálaeftirlitsins að stöðva útgreiðsluna. Þetta er því mikið álitamál.

[22:56]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Auðvitað er hér ekkert annað í gangi en málþóf og ekkert annað en málþóf. Þrír samherjar spyrja flokksbróður eða -systur í andsvari. Mörgum sinnum eru búin að koma fram öll rök í þessu varðandi þetta frumvarp sem til umræðu er. Hér hafa lagt orð í belg ráðherrar sem eru búnir að kýla og böðla málum í gegnum þingið trekk í trekk og koma svo hér eins og einhverjir englar með geislabaug og tala um að það þurfi að vinna og fara í gegnum málin betur en gert hefur verið. Það sjá allir sem vilja að þetta er ekkert annað en málþóf.

Hænufet, sagði hv. þm. Guðlaugur Þór (**Gripið fram í:** Þórðarson.) Þórðarson, að þetta frumvarp væri. Í rauninni hefði það verið nóg innlegg. Hér koma svo þingmenn og tala um að aðrir þingmenn mæti illa í nefndir. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, sem er fyrrverandi formaður í landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd, hefur hunsað umræður sem hafa verið um mál sem er búið að vísa til landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndar trekk í trekk og hvorki Vinstri grænir né Samfylkingin sáu ekki sóma sinn í því að vera í umræðum um frumvarp um innkall á veiðiheimildum, létu ekki svo mikið sem sjá sig eða taka þátt í umræðunni. Þetta eru vinnubrögðin sem við upplifum hérna og okkur sem erum nýliðar á þinginu finnst furðulegt og skrýtið að það skuli vera þrír og fjórir þingmenn í salnum eins og nú er. Þetta eru engin vinnubrögð.

Ég er búinn að fylgjast með þessari umræðu í allan dag og allt kvöld. En við í Frjálslynda flokknum — jú, jú, við erum bara tveir eins og er en við verðum stærri. Við berum ekki ábyrgð á þeim óförum sem þjóðin er í í dag. (Gripið fram í.) Það er öllum ljóst að við berum ekki ábyrgð á því. En sjálfstæðismenn bera stærstu ábyrgðina á þeim óförum sem þjóðin er í og auðvitað skammast þeir sín fyrir stöðuna í þjóðfélaginu og eru hér að reyna að klóra yfir ýmsa hluti með því að vera í málþófi og vilja ekki fá alvöruumræðu um þeirra verk upp á síðkastið. Auðvitað hljóta þeir að skammast sín fyrir hvernig þeir hafa staðið að málum.

Jú, það hafa komið einstaka þingmenn fram hjá Sjálfstæðisflokknum og beðist afsökunar en hæstv. ráðherrar flokksins hafa ekki gert það. Þeir hafa ekki verið að biðjast afsökunar á því sem þeir hafa leitt yfir þjóðina, hörmungar til margra ára, gjaldþrot bæði fyrirtækja og heimila. Ég hefði haldið að sjálfstæðismenn ættu að líta sér aðeins nær, í eigin barm og athuga það að þeim ber skylda til að vera ekki að tefja þingið og reyna að taka þátt í því að láta mál sem skipta máli ganga fyrir (**Gripið fram í:** Eins og kvótamál.) eins og málefni heimilanna og eins og málefni atvinnulífsins. En hér er verið að eyða púðri í, eins og einn hv. þingmaður þeirra sagði, hænufet í rétta átt eins og Guðlaugur Þór Þórðarson sagði. Mér finnst að menn eigi aðeins að hugsa sinn gang og gera ekki Alþingi að einhverju enn þá meira leikhúsi en það hefur verið hingað til.

[23:01]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta var nú meiri skrýtna ræðan. Ekki það að maður hafi ekki heyrt þessa ræðu frá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni áður, en hann fór hér í ræðu, væntanlegu sína fyrstu ræðu í þessu máli og það er var ekki eitt orð um mikilvægi málsins. Vitnaði réttilega í orð okkar sjálfstæðismanna, sem höfum sagt að þetta sé skref í rétta átt, en það er ljóst að gera þarf mikilvægari breytingar á frumvarpinu en efnahags- og skattanefnd lagði til í þessu máli. En hv. þingmaður kemur svo hér og slettir skyri rækilega yfir því sem við sjálfstæðismenn erum að tala um sem er að ræða hér efnislega um brýnt mál.

Það var eftirtektarvert í dag, frú forseti, að þegar við sjálfstæðismenn komum hingað upp og gagnrýndum fyrirkomulagið á dagskránni, sem liggur enn fyrir í dag og ég vænti þess að forseti muni skýra á eftir hversu langt við munum fara inn í nóttina, þá kom hv. þingmaður, sem er þingmaður Suðurkjördæmis, þingmaður Suðurnesja, m.a. fyrir framkvæmdir í Helguvík, ekki hingað upp í púlt og tók undir með okkur sjálfstæðismönnum og sagði að við skyldum ræða efnahagsmálin og atvinnumálin fyrst áður en við færum í umræðu um stjórnarskrána. Því það er alveg ljóst og ég dreg ekki dul á það, frú forseti, að við sjálfstæðismenn munum ekki kasta til höndunum þegar kemur að umræðu um stjórnarskrána. Við munum taka okkar tíma og ég lýsi því yfir að við munum taka okkar tíma í umræðu um stjórnarskrána.

Þess vegna lögðum við til að það væri mikilvægt að taka önnur málefni af dagskránni. Til dæmis málefni Helguvíkur sem skiptir miklu máli, m.a. fyrir umbjóðendur hv. þingmanns, og því kom mér það mjög spánskt fyrir sjónir í dag að hv. þingmaður skyldi ekki taka undir (Forseti hringir.) með okkur sjálfstæðismönnum að ræða fyrst og fremst atvinnumálin, þar á meðal (Forseti hringir.) Suðurnesjamanna.

[23:03]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Öllum er ljóst hver afstaða mín er gagnvart Helguvík, Bakka og Húsavík. Ég hef verið hlynntur því að virkja allar auðlindir þjóðarinnar og reyna að nýta þær sem best. Það er útúrsnúningur hjá hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur að halda þessu fram.

Frumvarp um séreignarsparnað er auðvitað ágætisfrumvarp en þegar er verið að tala hér um álver eða aðrar gjörðir þá sleppir hv. þingmaður því að tala um kannski stærsta málið á Íslandi í dag og það eru sjávarútvegsmál, innköllun á veiðiheimildum og þá möguleika að afla ríkissjóði tekna upp á 80 milljarða umfram það sem við höfum í dag og skapa mikla vinnu og gjaldeyristekjur. Hv. þingmaður sleppir því að ræða það. En það er auðvitað með þeim hætti sem við getum unnið okkur út úr þessari kreppu.

Það er ljóst að sjálfstæðismenn höfðu tækifæri í meira en eitt ár til að leiðrétta mannréttindabrot sem viðgangast í íslenskum sjávarútvegi. Þar þarf ekkert að gera, þar vilja sjálfstæðismenn ekki laga eitt eða neitt, (**Gripið fram í:** Er

þetta málþóf?) þeir vilja halda áfram að brjóta mannréttindi. Þeir vilja ekki nýta það að leigja fiskveiðiheimildir til þess að afla þjóðinni tekna. Þeir vilja heldur ekki leiðrétta fiskveiðistjórnarkerfið. (**PHB:** Málþóf.)

Málþóf, kallar hv. þingmaður fram í. Þetta er ekkert málþóf, það er verið að ræða málþóf ykkar og af hverju hv. þm. Pétur Blöndal og flokkssystkin hans í Sjálfstæðisflokknum eru yfir höfuð að ræða þessi mál. En þau fara út á hálan ís þegar þau vilja ræða mál eins og séreignarsparnaðarfrumvarpið sem er hér til umræðu en sleppa því og vilja ekki ræða mál sem skipta miklu meira (Forseti hringir.) máli eins og fiskveiðar á Íslandi.

[23:05]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vakti einfaldlega athygli á þeirri staðreynd að þingmenn Frjálslynda flokksins tóku ekki undir með okkur sjálfstæðismönnum að forgangsraða í þágu atvinnulífsins, að forgangsraða dagskrá þingsins í þágu efnahagslífsins og þar á meðal Helguvíkur.

Talandi um að vera viss um afstöðu þingmannsins. Það er alveg rétt, við vitum hve jákvæð afstaða hv. þingmanns er í málefnum Helguvíkur, en við vitum líka að við þurfum tíma til að koma því máli í gegnum þingið. Og af hverju? (Gripið fram í.) Af því að annar stjórnarflokkurinn er á móti því. Við þurfum að hjálpa ríkisstjórninni með það mál í gegnum þingið og það tekur það tíma vegna þess að annar stjórnarflokkanna er á móti því. Við þurfum að hjálpa ríkisstjórninni hvað það mál varðar. Þess vegna vekur þetta eftirtekt mína.

Þetta er svolítið sérstakt. Á föstudaginn afgreiddum við mjög gott mál, sem er endurgreiðsla á virðisaukaskatti. Þá var eftirtektarvert að einungis einn þingmaður frá Framsókn var við atkvæðagreiðsluna. Þá var líka eftirtektarvert að við þurftum að fresta atkvæðagreiðslunni. Við þurftum að seinka atkvæðagreiðslunni, frú forseti, ekki af því að sjálfstæðismenn væru að tefja málið, ekki af því að sjálfstæðismenn vantaði í salinn, heldur vantaði þingmenn stjórnarinnar, (**Gripið fram í:** Þeir eru svo fáir.) vinstri græna og samfylkingarmenn, og þessi eini framsóknarmaður beið í salnum. Við studdum það mál, við sjálfstæðismenn við komum því mikilvæga máli út úr þinginu. Það er dæmi um það að við komum góðum málum í gegn, en við áskiljum okkur rétt til að ræða málin og við viljum fá atvinnumálin fremst á dagskrá.

[23:07]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er að verða dálítið skondin umræða sem hér fer fram. Við viljum atvinnumál, segir hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Við viljum það öll, en við viljum ekki að frumvarpið um séreignarsparnað sé notað til þess að tefja alvöruumræðu. Atvinnumál eru stóra málið á Alþingi núna til að koma atvinnulífinu af stað og til að bjarga mörgum heimilum og þar af leiðandi þurfum við að ræða þau. Þá eigum við ekki að tefja umræðu með máli sem er kannski hænufet í rétta átt, þ.e. um séreignarsparnaðinn, heldur snúa okkur að alvörumálunum. Það er að mínu mati það sem við þurfum að gera og eigum að gera. Við eigum að ræða sjávarútvegsmál og breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu og öðru gagngert til þess að afla meiri tekna inn í þjóðfélagið og minnka það atvinnuleysi sem er til staðar núna. Það getum við gert með því að stokka upp í sjávarútvegi en varðhundar kvótakerfisins númer eitt, tvö og þrjú, sjálfstæðismenn sem hafa ásamt Framsókn varið ranglátt fiskveiðistjórnarkerfi í 25 ár, eiga auðvitað að sjá sóma sinn í því að snúa sér að alvörumálum, aðalatriðum en ekki aukaatriðum, og byrja á því að breyta því til betri vegar að virða mannréttindanefndarálit Sameinuðu þjóðanna og rétt sjómanna hringinn í kringum landið til að eiga jafnan aðgang að sameiginlegum auðlindum og ríkið á auðvitað að hafa af því tekjur.

[23:09]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er dálítið merkilegt að hlusta á hv. þm. Grétar Mar Jónsson fjalla hér um frumvarp til laga um séreignarlífeyrissparnað. Kemur upp í ræðustólinn, háheilagur maðurinn, og skammar okkur sjálfstæðismenn fyrir að standa fyrir málþófi og fjallar svo bara um sjávarútvegsmál í umræðu um frumvarp sem varðar séreignarlífeyrissparnað. (**Gripið fram í:** Og skuldir heimilanna.) Og skuldir heimilanna. (Gripið fram í.) Fjallar hér um mannréttindanefndarálit Sameinuðu þjóðanna út af kvótakerfinu.

Ég held að hv. þingmaður, af því hann er nú leiðtogi síns flokks í Suðurkjördæmi þar sem búa margir lífeyrisþegar og margir eiga séreignarlífeyrissparnað, ætti að einbeita sér að því að fjalla um efni málsins og fjalla um lífeyriskerfið og áhrif þessa frumvarps á það. Í ljósi þess langar mig að spyrja hv. þingmann af því að það kemur fram í framhaldsnefndaráliti hv. þm. Péturs H. Blöndals að sú milljón sem við erum að tala hér um dreifist samkvæmt frumvarpinu á tíu mánuði og nemur þá 63 þús. kr. á mánuði eftir skatt á hvern og einn, og eins og bent er á í framhaldsnefndarálitinu skiptir þessi lausn sennilega tiltölulega litlu máli fyrir þá sem eru í erfiðleikum. Nú vil ég fá að heyra viðhorf hv. þm. Grétars Mars Jónssonar til þess sem hér hefur komið fram. Telur hv. þingmaður að sá bjarghringur sem hér er verið að kasta út til heimilanna í landinu sé þess eðlis og til þess fallinn (Forseti hringir.) að draga menn að landi sem komnir eru í fjárhagslega erfiðleika eða telur hann að (Forseti hringir.) grípa þurfi til einhverra annarra aðgerða?

[23:12]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Auðvitað hjálpar þetta einhverjum, láglaunafólki með 150–200 þús. í mánaðarlaun, ef það hefur vinnu, og fólki á atvinnuleysisbótum, það hjálpar þó að það séu bara 60–70 þús. á mánuði sem fólk fær út úr svona séreignarsparnaði. Það gefur augaleið. Það munar um hverja krónu þegar fólk er orðið atvinnulaust og í dag eru yfir 16.000 manns atvinnulausir á Íslandi. Auðvitað skiptir þetta einhverju máli. Hugsanlega mætti þetta vera stærra og meira, það er alveg til í dæminu. En um þetta var sátt og ég styð þá sátt.

En af því að menn eru að tala hér um atvinnumál og það sé aðalatriðið að taka á atvinnumálum og endurreisn at-

vinnulífs á Íslandi, þá er alveg sjálfsagt að við tölum um sjávarútveg þar sem við höfum möguleika á að auka tekjur í þjóðfélaginu meira en í öðru. Við þurfum ekki að kaupa skip til að veiða 90.000 tonn af þorski í viðbót. Við þurfum ekki að byggja fiskverkanir eða fiskvinnsluhús. Þetta er til staðar. Við þurfum bara að ákveða að gera þetta. Þá munum við ná auknum gjaldeyristekjum og skapa fleiri störf á Íslandi og stíga einhver skref út úr þeirri kreppu sem við erum í.

Það er sorglegt þegar menn eru að tala um þetta séreignarsparnaðarfrumvarp og hvernig eigi að greiða út úr því kerfi, 63 þús. kr. á mánuði er auðvitað ekki stór upphæð en hún getur samt dugað víða, annaðhvort fyrir leigu eða mat að hluta fyrir fólk. Það búa margir við það á Íslandi að hafa ekki nema 20 þús. kr. á mánuði til (Forseti hringir.) matarkaupa.

[23:14]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna því sérstaklega og hrósa hv. þm. Grétari Mar Jónssyni fyrir að nota tækifærið núna fyrst í þessu andsvari sínu við mig til að ræða um aðalatriði en ekki aukaatriði eins og hann sjálfur hvatti okkur þingmenn til að gera í sinni ræðu. Nú loksins fjallaði hv. þingmaður um það mál sem hér er á dagskrá. Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þingmanni um að auðvitað skiptir það máli fyrir fólk í landinu sem á við greiðsluerfiðleika að etja að fá greiddar 63 þús. kr. á mánuði út úr séreignarlífeyrissparnaði sínum.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að gera þurfi fleira til að aðstoða heimilin og fyrirtækin í landinu og koma hjólum atvinnulífsins í gang. Ég tel t.d. að lækka þurfi vexti og kanna hvort ástæða sé til jafnvel tímabundið að breyta vaxtalögum til að koma til móts við þá sem eru komnir í greiðsluerfiðleika og sökkva dýpra og dýpra í skuldafen vegna þeirra ákvæða sem nú eru í vaxtalögum um dráttarvexti og vaxtavexti. Þeir sem lenda í greiðsluerfiðleikum eiga afar erfitt með að koma sér upp úr þeim pytti vegna þessara ákvæða.

Þetta eru málin sem við eigum að ræða og ég hygg að hv. þingmaður sé sammála mér um það, eða hvað? Mig langar til að heyra viðhorf hv. þingmanns til þess hvort hann sé sammála mér að breytingar á kosningalögunum og breytingar á stjórnarskránni, sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson vill fara að ræða hér og getur ekki beðið eftir að verði tekið til umræðu, (Forseti hringir.) hvort hann telji að þessi frumvörp (Forseti hringir.) hafi eitthvað með greiðslubyrði heimilanna eða endurreisn (Forseti hringir.) atvinnulífsins og bankakerfisins að gera. Ég verð að fá að heyra viðhorf hv. þingmanns til þessara atriða, forseti góður.

[23:16]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að ræða frumvarp um séreignarsparnað (Gripið fram í.) og nú vill hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson ræða aðra hluti eins og stjórnlagafrumvarp og annað í þeim dúr. Auðvitað er hægt að gera það en eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kom inn á þarf að laga fleiri þættir en séreignarsparnaðinn, það er okkur öllum ljóst. Við þurfum að byrja á því að leggja áherslu á að minnka atvinnuleysið. Við þurfum líka að lækka vexti. Við í Frjálslynda flokknum hefðum viljað að vextir yrðu strax keyrðir hratt niður fyrir 10%, jafnvel niður í 8%, til að draga úr því að bæði heimili og fyrirtæki, sem eru að kikna undan vaxtaokrinu sem gjörðir sjálfstæðismanna ollu — eftirlitsleysi og léleg efnahagsstjórn til margra ára varð til þess að við þurftum að gera samninga við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til að forða þjóðinni frá frekari hörmungum.

Við þurfum auðvitað að reyna að auka atvinnu, þetta eru stóru málin. En sjálfstæðismenn eru ekki tilbúnir til að breyta hvorki einu né neinu, eins og í sjávarútveginum sem við höfum lagt mikla áherslu á. (Gripið fram í.) Það er nefnilega þannig að bróðurparturinn af gjaldeyristekjum þjóðarinnar kemur inn um þá atvinnugrein og hægt væri að bæta verulega við og þá eiga menn að tala um sjávarútvegsmál og hvaða leiðir eru færar til að ná í meiri gjaldeyri þar. (Gripið fram í.) Það er ekki gert og hér eru menn í málþófi um ómerkilegt mál til þess að gera, (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) hænufet í rétta átt, sagði hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, og ég segi: (Forseti hringir.) Ræðum alvörumálin.

[23:19]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að fá upplýsingar um hvernig hæstv. forseti sér fyrir sér að þingfundi verði fram haldið. Það má ekki skilja það þannig að spurning mín lúti að því að ég sé ekki reiðubúinn til að ræða mál hér en við vorum sammála um það þegar þingsköpum var breytt að Alþingi ætti að vera fjölskylduvænn vinnustaður. Ég á sjálfur heima hjá mér lítil börn sem þarf að sinna og ég mundi vilja fá að vita hjá hæstv. forseta, sem ég veit að hefur skilning á þessu sem fyrrverandi skólastjóri, hversu lengi hann ætlar að halda þingfundi áfram svo fólk í minni stöðu geti gert ráðstafanir ef hæstv. forseti hyggst halda þingfundi áfram. Þannig að fólk með börn (Forseti hringir.) og fjölskylduábyrgð geti fengið (Forseti hringir.) að vita hvernig hæstv. forseti hyggst haga málum hér í framhaldinu.

[23:20]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti getur upplýst að hann ræður ekki lengd þingfundarins hvað varðar það hverjir vilja taka til máls. Hér hefur komið fram einlæg ósk um að ræða þetta mál ítarlega og menn hafa sett sig á mælendaskrá og vilja fá að fylgja því eftir og forseti mun verða við því að funda fram á nótt til að menn komi skoðunum sínum að.

[23:21]

Árni M. Mathiesen (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er vissulega rétt að hæstv. forseti ræður ekki lengd umræðna en hann ræður því hvenær umræður fara fram. Þó að hv. þingmenn hafi sett sig á mælendaskrá og vilji ræða málið ítarlega þýðir það ekki að fundurinn þurfi endilega að standa fram á nótt, eins og hæstv. forseti virðist leggja upp með.

Við vitum það öll sem hér erum að það eru nefndafundir snemma í fyrramálið og þeir sem á þá mæta þurfa að sinna

öðrum skyldum áður en þeir komast til þeirra. (Gripið fram í.) Eins og bent var á hér áðan er hæstv. forseti fyrrverandi skólastjóri og eitt af þeim verkum sem þeir sem eru með börn á skólaaldri þurfa að sinna áður en þeir geta farið til starfa sinna í þingnefndum er að koma börnunum í skólann og betra er að vera kominn heim og vera sæmilega vel sofinn til að geta sinnt þeim verkum.

Það er því alls ekki svo, (Forseti hringir.) þó að það sé rétt að hv. þingmenn ráði lengd umræðna, að (Forseti hringir.) þeir óski eftir því að fundað verði fram á nótt. Forsetinn (Forseti hringir.) getur ráðið úrslitum um það. (Gripið fram í.)

[23:22]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Mér fundust svör hæstv. forseta heldur óskýr. Ég spurði hann í fullri vinsemd hversu lengi hann teldi að þingfundur stæði og vísaði til þess að ég þyrfti að fá að vita það vegna þess að ég er með ung börn á framfæri og þarf nauðsynlega að fá að vita hvernig þingstörfum verður hagað þannig að ég geti gert ráðstafanir á heimili mínu. Ég vonaðist til þess að gamall skólastjóri eins og hæstv. forseti gæti látið svo lítið að láta mig vita nokkurn veginn hversu lengi hann telur að þingfundi verði fram haldið til að ég geti gert nauðsynlegar ráðstafanir svo ég geti sinnt þeim skyldum sem mér er ætlað að sinna hér í störfum mínum á þingi. Ég óska eftir því að hæstv. forseti verði við þessari vinsamlegu beiðni minni um að fá upplýsingar um hversu lengi fundi verður hér fram haldið af þeim ástæðum sem ég hef þegar lýst.

[23:23]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti getur upplýst að hann hyggst ljúka málinu í kvöld. Sex eru á mælendaskrá og ef hver tekur 5 mínútur er hægt að ljúka þessu á 30 mínútum og hvíld verður næg. Ef menn nýta lengri tíma tekur það lengri tíma. Hver og einn verður að svara því hversu lengi hann ætlar að tala.

[23:24]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil rifja upp að í tíð síðustu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar voru haldnir hér næturfundir þegar brýn mál voru. Við afgreiddum m.a. haftalög í skjóli nætur. (**Gripið fram í:** Í samkomulagi.) Í samkomulagi, segir hv. þingmaður. Það var sko ekki samkomulag í nefndinni. Við vildum fá meiri tíma á vettvangi nefndarinnar til að fara yfir þau mál og því var neitað þannig að ekkert samkomulag var um það. (Gripið fram í.)

Í tíð þarsíðustu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks voru margir næturfundir haldnir og þar komu menn upp eins og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir og fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins og sögðust ekki kveinka sér undan næturfundum þannig að menn mega ekki snúa hlutunum alveg gjörsamlega á hvolf þó að þeir séu komnir í stjórnarandstöðu og ástandið í samfélaginu sé ekki eðlilegt. Ég legg til að við klárum þetta mál og helst að við hefjum umræður um breytingar á stjórnarskránni, stjórnarskipunarlögunum, (Gripið fram í.) af því að við þurfum að vinna hratt og örugglega. Í (Forseti hringir.) fyllsta bróðerni hvet ég sjálfstæðismenn hér á þingi til að láta af því að (Forseti hringir.) ræða þetta mál svo mikið sem þeir hafa gert hér í kvöld, ég held að það sé (Forseti hringir.) útrætt þannig að ég hvet sjálfstæðismenn hér á þingi að hleypa öðrum málum að.

[23:25]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að þau tilmæli, sem hér hafa komið fram um að það verði skýrt nánar hvernig hæstv. forseti ætlar að halda hér áfram þingstörfum inn í nóttina, séu mjög vinsamleg. Svörin sem hann kom með voru mjög óskýr, hann talaði um að umræðan gæti hugsanlega tekið hálftíma í viðbót og ég spyr þá hæstv. forseta: Er hann að tala um að hætta um miðnætti, mátti skilja orð hæstv. forseta þannig að meining hans væri að hætta um miðnætti? Með góðum vilja mátti skilja það þannig en ég er ekki alveg viss um að það hafi komið nægilega skýrt fram.

[23:26]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill upplýsa aftur að hann hyggst ljúka málinu í kvöld og nótt en það er ekki í hans valdi hversu lengi málið verður rætt. Það er í valdi þingmanna sem hér hafa sett sig á mælendaskrá og þeir geta þá betur svarað því.

[23:28]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hér hafa spurst fyrir um með hvaða hætti eigi að haga þinghaldi hér. Ég get ekki skilið forseta með öðrum hætti en þeim að meiningin sé að ljúka því máli sem hér er til umræðu og slíta síðan fundi. Miðað við þau svör sem hann hefur tvívegis gefið get ég ekki séð að nokkur önnur skýring sé tæk en sú að ljúka eigi málinu með vísan til þess sem virðulegur forseti sagði um að fimm væru á mælendaskrá en hann vissi ekki hversu lengi þeir töluðu þegar hann var spurður um það með hvaða hætti og hvernig umræðunni og dagskránni skyldi fram haldið.

Ég hlýt því að spyrja virðulegan forseta að því hvort þessi skilningur minn sé réttur, að meiningin sé að ljúka umræðu um þetta dagskrármál og slíta síðan fundi þannig að fleiri mál verði ekki tekin fyrir eða hvort eitthvað annað vakir fyrir virðulegum forseta hvað þetta varðar.

[23:28]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég ítreka þær spurningar sem fram komu hjá hv. þm. Jóni Magnússyni. Ef hæstv. forseti treystir sér ekki til að svara þeim óska ég eindregið eftir því að við gerum hlé á fundinum og boðað verði til fundar með okkur þingflokksformönnum þannig að við getum rætt við hæstv. forseti hvernig hann reiknar með því að ljúka fundum hér í nótt. Eins og fram hefur komið hafa þingmenn skyldur í fyrramálið í nefndarstörfum og fullkomin ástæða er til að við getum sinnt þeim skyldum okkar sæmilega. Við neitum svo sem ekki að vera hér á næturfundum ef þess þarf með (Forseti hringir.) en ég bendi hæstv. forseta jafnframt á það

að (Forseti hringir.) jafnvel er hægt að ræða um það að ljúka fundinum núna.

[23:29]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti hefur í tvígang svarað því til að hann hyggst a.m.k. ljúka þessu máli þannig að það er í höndum þeirra sem eru á mælendaskrá með hvaða hætti það verður gert. Ég hyggst ekki gera fundarhlé til að funda með þingflokksformönnum eða kalla þá til. Það hefur legið fyrir lengi hvernig dagskránni yrði hagað hér í kvöld og ég hyggst ekkert breyta því hér og nú.

[23:30]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Þetta er nokkuð sérstakt og það sannast enn og aftur að sú stjórn sem nú er við lýði er að breyta öllum vinnubrögðum. Hún er ekki bara að kollvarpa öllum vinnubrögðum varðandi t.d. stjórnarskrána — sem við sjálfstæðismenn munum ræða mjög gaumgæfilega þegar þar að kemur — heldur er ekki einu sinni komið til móts við óskir formanns þingflokks um fundarhlé til að fara yfir dagskrá og störf þingsins.

Það er alveg ljóst að ég á eftir að fara mjög vel yfir séreignarfrumvarpið. Ég hafði ákveðna skoðun á því við 2. umr. og þá kom það fram, sem var líka sérstakt að hlusta á, að ég mátti ekki tjá mig mjög mikið um það frumvarp af því að við áttum að keyra það í gegn, þetta sama frumvarp og við ræðum núna. Ég mátti ekki ræða það mjög mikið við 2. umr. og nú á eftir má ég bara alls ekki neitt ræða það. En ég mun nýta tíma minn í að fara mjög vel yfir þau sjónarmið sem nefndin setti fram í máli sínu og við ræðum það á eftir.

[23:31]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti hefur ekki sett nein tímamörk á umræðu í þessu máli umfram það sem er í þingsköpum.

[23:31]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég spurði áðan mjög skýrrar og afmarkaðrar spurningar. Ég spurði hvort það mál sem nú er á dagskrá yrði klárað og fundi síðan slitið. Virðulegur forseti gat ekki svarað því með ótvíræðum hætti þannig að eftir þessa umræðu um fundarstjórn forseta liggur það ekki fyrir með hvaða hætti málum verður haldið áfram. Það er enn í fullkominni óvissu.

Málið sem er þar á eftir á dagskrá eru stjórnarskipunarlög og engin lög eru æðri og mikilvægari en stjórnarskrá lýðveldisins. Þjóðin á rétt á því að um þau sé ekki rætt á næturfundum heldur þegar þjóðin getur fylgst með umræðum. Við erum að ræða helgustu og mikilvægustu lög samfélagsins, lög sem marka umgjörð um alla okkar stjórnsýslu (Forseti hringir.) og stjórnskipan. Við hljótum að spyrja (Forseti hringir.) hvort það sé virkilega ætlun hæstv. forseta að hefja (Forseti hringir.) umræðu um stjórnarskipunarlög um hánótt.

[23:32]

Jón Bjarnason (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Mér kemur þessi umræða hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins mjög á óvart. Á fundi með formönnum þingflokka í morgun var upplýst að fundur yrði haldinn fram eftir kvöldi og jafnvel fram á nótt. Mér finnst furðulegt ef hv. þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins hefur ekki greint þingmönnum flokksins frá þessu enda alveg ljóst að mörg brýn mál liggja fyrir þinginu og mikilvægt að þingmenn geti komið skoðunum sínum á framfæri. Mér skilst að sjálfstæðismenn hafi flutt um það bil 70 ræður í dag um séreignarsparnaðinn og þeim liggur mikið á hjarta. (Forseti hringir.)

Það lá ljóst fyrir í morgun eða um hádegið (Forseti hringir.) að þessi fundur stæði eitthvað fram á nótt. (Forseti hringir.) Mér finnst furðulegt ef þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins hefur ekki gert þingmönnum grein fyrir því.

[23:34]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir með hv. þm. Jóni Magnússyni sem kom upp áðan og benti á að við ætlum að fara að taka stjórnarskipunina, stjórnarskrána, á dagskrá þegar komið er vel fram á nótt. Er sómi að því, herra forseti? Er mikil bragur að því að ræða mikilvægustu löggjöf okkar Íslendinga um miðja nótt? Við sjálfstæðismenn munum að sjálfsögðu ekki láta deigan síga hvað það varðar en ég á engu að síður eftir að tjá mig frekar um séreignarsparnaðinn.

Enn á herra forseti eftir að svara spurningu frá hv. þm. Jóni Magnússyni, hvort hæstv. forseti muni slíta fundi eftir að umræðu um séreignarsparnaðinn er lokið og hvort hann muni funda með þingflokksformönnum. Þetta er eðlileg ósk þegar líður að miðnætti, það er eðlilegt að þingflokksformenn fundi um framhald dagskrár þingsins.

[23:35]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti hyggst halda áfram dagskrá.

[23:35]

Árni M. Mathiesen (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni afar vinsamleg orð í garð okkar þingmanna Sjálfstæðisflokksins og þakka honum fyrir það leyfi sem hann ætlar að veita okkur til að tjá okkur í þessari umræðu. Þannig vill til að það er líklegast að þingmenn Vinstri grænna skilji þörf annarra þingmanna til þess að tjá sig svo mikið sem hv. þm. Vinstri grænna hafa tjáð sig í vetur. Ef tölfræðin klikkar ekki þá hafa þeir tjáð sig að meðaltali í 7 klukkustundir en þingmenn Sjálfstæðisflokksins að meðaltali í 2 klukkustundir. Það er því ekki skrýtið að þeir skilji þessa þörf.

Herra forseti. Á ég virkilega að trúa því að hefja eigi umræðu um stjórnarskrána eftir miðnætti þegar þessari umræðu lýkur? Á þá að haga þeirri umræðu þannig að fyrsta ræðumanni Sjálfstæðisflokksins í umræðu um stjórnarskrármálið sé ætlað að hefja ræðu sína eftir miðnætti, um miðja nótt?

[23:37]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti hefur ítrekað sagt að hann leggi megináherslu á að ljúka því máli sem hér er til umræðu. Það verður að ráðast af því hvernig það gengur hvað við förum langt með málin. Það er enginn ásetningur um að taka annað mál á dagskrá enn þá en við skulum sjá hvað setur. (Gripið fram í.) Ég held að menn eigi að snúa sér að því að ræða þau mál sem eru á dagskrá og halda þeirri umræðu áfram. Ég hef ítrekað að menn hafa málfrelsi til að nota þann ræðutíma sem þeir eiga rétt á.

[23:37]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Hér hefur farið fram mikil umræða um ýmis mál, kvóta og fleira, en ég ætla að halda mig við frumvarpið. Ég ætla að byrja á því að fara yfir það sem gerðist í efnahags- og skattanefnd í morgun, menn höfðu ætlað sér að fara af alvöru í gegnum þá tillögu sem ég kom fram með og frestaði til 3. umr. En það gerðist ekki vegna þess að engir gestir voru fengnir til að ræða hana, engin álit voru fengin, hún er í rauninni órædd og mér finnst það mjög miður.

Í framhaldsnefndaráliti frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur brýnt að frumvarpið verði samþykkt með áorðnum breytingum sem hann lagði til við 2. umræðu málsins. Meiri hlutinn telur það jafnframt koma til greina að endurskoða fyrirkomulag útgreiðslu að fenginni reynslu og með hliðsjón af öðrum úrræðum til lausnar greiðsluvanda einstaklinga og heimila. Mælist nefndin til þess að fjármálaráðuneytið skoði breytingartillögu minni hlutans í þessu ljósi og meti þörfina á frekari úrræðum á síðari stigum.“

Ýmislegt er við þetta að athuga. Í fyrsta lagi skorar nefndin á framkvæmdarvaldið að gera tillögur að breytingu á lagasetningu. Hún heykist á því sjálf að leggja fram breytingar á lögum, hún heykist á því hlutverki Alþingis að semja lög og felur það framkvæmdarvaldinu.

Í öðru lagi fer hún ekkert eftir því sem aðilar höfðu ítrekað varað við, þ.e. að margir vörsluaðilar lífeyrissparnaðar mundu ekki ráða við þessar tillögur ríkisstjórnarinnar. Þeir mundu ekki ráða við þessar útgreiðslur jafnvel þó að þeim yrði dreift á 10 mánuði. Nægir þar að nefna nokkrar umsagnir, t.d. frá Fjármálaeftirlitinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið vill taka fram að það telur að sú hugmynd að greiða út séreignarsparnað landsmanna á svo skömmum tíma sem frumvarpið gerir ráð fyrir geti falið í sér ákveðna hættu fyrir þennan hluta af lífeyriskerfi landsmanna.“ — Það bendir jafnframt á það að vörsluaðilum sé heimilt að fresta útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Í umsögninni segir einnig, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið telur að við þessar aðstæður sé afar mikilvægt að gætt sé jafnræðis milli þeirra rétthafa séreignarsparnaðar sem kjósa að nýta þann rétt sem frumvarpið býður upp á og hinna sem kjósa frekar að vista séreignarsparnað sinn áfram hjá sama vörsluaðila. Því er ákvæðið um frestun á útgreiðslu séreignarsparnaðar „mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda séreignarsparnaðar krefjist“ afar mikilvægt til að tryggja þetta jafnræði.“

Þeir gleyma því að ef mikil ásókn verður í þessar útgreiðslur verður að stöðva þær og þá myndast óskaplegt ójafnræði milli þeirra sem voru framar í röðinni og fá sinn sparnað útgreiddan og hinna sem voru aftar í röðinni, voru kannski ekki eins kvikk og ekki eins upplýstir, ekki eins vel inni í málunum, fylgdust ekki eins vel með. Það er alltaf það sama, þeir sem eru klókir, upplýstir og menntaðir fá forgang, þeir geta tekið þetta út strax en hinir sem eru aftar í röðinni fá ekki. Ég bendi á þetta sem alvöruhættu. Það sem meira er, þegar fólk áttar sig á þessu — ég þori varla að segja það — munu menn að sjálfsögðu drífa sig í að taka út til að lenda ekki aftarlega á merinni, til að verða ekki skornir af, þeir síðustu. Ég sé í þessu raunverulega hættu, herra forseti, og sérstaklega þegar maður les umsögnina frá Fjármálaeftirlitinu, og þetta kom fram í fleiri umsögnum.

Ég má til með, herra forseti, að lesa umsögn frá Seðlabankanum sem er undirrituð af Svein Harald Øygard, hann er Norðmaður, skilst mér. Sú umsögn hefur heldur ekki verið rædd, þannig að ég set fram nýjar upplýsingar, sýnist mér. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráða má af frumvarpinu að markmið þess séu í reynd tvíþætt: Að koma til móts við stöðu skuldara og búa í haginn fyrir efnahagshvata.“ (**Gripið fram í:** … góð íslenska …) Já, hann er góður í íslensku, það er alveg ótrúlegt. — „Að opna fyrir almennar útgreiðslur til allra eigenda séreignarsparnaðar, óháð einstaklingsbundnum aðstæðum þeirra, skapar hins vegar hættu á meiri eftirspurn eftir útgreiðslum en vörsluhafar geta í raun annað.“

Ef þetta eru ekki viðvörunarorð frá hinum nýja seðlabankastjóra og frá Arnóri Sighvatssyni aðstoðarseðlabankastjóra — báðir skipaðir af hæstv. forsætisráðherra ásamt allri annarri stjórn Seðlabankans. Þetta er nefnilega forsætisráðherraseðlabanki, framkvæmdarvaldið skipar þetta vald til margra ára. Ef þetta eru ekki viðvörunarorð, sem við verðum að taka alvarlega í þessari umræðu, þá líst mér illa á því að ég tek mark á þessum mönnum. Í umsögninni segir áfram, með leyfi forseta:

„Þótt vörsluhafar hafi sem fyrr heimild til þess að fresta útgjöldum þá mundi eftirspurn umfram getu vörsluhafa til að greiða út sparnað auka líkur á því að þeir neyti þeirrar heimildar. Því yrði minna umleikis fyrir þá sem þurfa á því að halda að taka út séreignarsparnað sinn vegna fjárhagslegra erfiðleika. Ef annað meginmarkmið laganna er að skapa ný félagsleg úrræði fyrir þá sem eru verst staddir fjárhagslega til skemmri tíma vegna nýlegra efnahagsáfalla er hætt við að þau markmið náist ekki ef allir eiga sama rétt til takmarkaðrar útgreiðslu, óháð aðstæðum og mati á þörf.“

Herra forseti. Er þetta ekki eitthvað sem við verðum að taka alvarlega? Ég veit ekki til þess að þetta hafi komið fram í umræðunni enn þá og hef ég þó fylgst vel með henni. Hér talar hin nýja stjórn Seðlabankans sem mér skilst að eigi að bjarga öllum málum og hafa vit á öllu og greinilega hefur hún mjög ákveðna skoðun á þessu máli.

Síðan segir Seðlabankinn, og það er svo sem jákvætt:

„Í afar þröngri stöðu ríkissjóðs er ljóst að lagabreyting þessi auðveldar stjórnvöldum að ná þeim markmiðum um

aðhald og sjálfbæra þróun ríkisfjármála sem sett eru fram í efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og lúta að því að verja afkomu ríkissjóðs á þessu ári og bæta á því næsta. Ef allt það fé sem losnar til útborgunar er greitt út geta beinar skatttekjur hins opinbera aukist um allt að 34 milljarða kr. og ráðstöfunartekjur heimilanna aukist um 55 milljarða kr.“

Það er sem sagt gert ráð fyrir í þessu að 89 milljarðar streymi út og þar af fari 34 til ríkisins. Það er sem sagt greinilegt að það er ríkið sem á að njóta þessa en ekki fólkið sem er að missa húsin sín eða íbúðirnar sínar. Þetta var sem sagt um Seðlabankann hinn nýja.

Viðskiptaráð segir:

„Ein ástæða að baki þessari afstöðu ráðsins [þ.e. að vara við þessu] er sú að lífeyrissparnaður er lögvarinn og því meðal fárra eigna einstaklinga sem ekki er hægt að ganga á við gjaldþrot. Ef einstaklingur gengur þannig á lífeyrissparnað sinn, sem af einhverjum ástæðum dugar ekki til að forða honum frá gjaldþroti, er hann í raun verr staddur en annars væri.“

Í breytingartillögu minni er einmitt tekið á þessu en ekki í frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem að öllu óbreyttu verður að lögum á morgun. Menn geta lent í því að taka út sína milljón, hjón 2 millj., en þau verða gjaldþrota engu að síður því að að sjálfsögðu duga 2 millj. ekki neitt. Þau verða gjaldþrota engu að síður og þá eru þessar 2 millj. tapaðar. Þær verða undir í gjaldþrotinu en ekki séreignarsparnaðurinn. Hann er nefnilega verndaður fyrir slíku.

Síðan segir Viðskiptaráð:

„Viðskiptaráð leggur til að kveðið verði á um að vörsluaðili skuli nota úttekt til niðurgreiðslu skulda rétthafa eftir því sem rétthafi ákveður.“

Þeir vilja því þrengja skilyrðin verulega einmitt til þess að koma í veg fyrir þetta áhlaup sem m.a. hinn nýi Seðlabanki bendir á.

Landssamtök lífeyrissjóða benda líka á að viðbúið er, ef frumvarpið nær fram að ganga í óbreyttri mynd, muni einhverjir vörsluaðilar séreignarsparnaðar þurfa að nýta heimild til frestunar á útgreiðslum í samræmi við b-lið 3. gr. frumvarpsins. Það byggir á því að ef óskað er eftir innlausn verulegs hluta sparnaðar á skömmum tíma — Seðlabankinn talar um 90 milljarða — sé slík takmörkun nauðsynleg þar sem einungis sé með þeim hætti hægt að tryggja jafnræði með þeim sem eru með sparnað sinn áætlaðan í mismunandi ávöxtunarleiðum séreignarsparnaðar.

Í rauninni er verið að segja það aftur og aftur í umsögnum um frumvarpið að leið ríkisstjórnarinnar, að gusa út peningum, eins og ég kalla það, að allir megi taka út, sé hættuleg.

Ég ætla að sleppa því að lesa greinargerð ASÍ því að hún gengur eiginlega út á það sama, mælst er til að tryggt sé að menn taki ekki út séreignarsparnaðinn og fari svo í þrot. Svo þarf að gæta þess að þeir sem sitja eftir í séreignarsparnaðinum lendi ekki í vandræðum vegna þess að búið er að selja bestu eignirnar út úr séreignarsjóðnum.

Svo segir ASÍ í lokin:

„Verði heimildir til innlausnar á séreignarsparnaði mjög víðtækar er hætta á að það leiði til lækkunar á verðgildi eigna sjóðanna og rýri sparnað allra sjóðfélaga.“

Þeir benda aftur á að það sé hættulegt sem ríkisstjórnin leggur til. Hafa þeir þó töluvert vit á þessum málum og hafa sinnt þeim lengi, ASÍ, þar sem þeir hafa verið í stjórnum margra lífeyrissjóða.

Samtök fjármálafyrirtækja, SFF, segja í umsögn sinni, með leyfi herra forseta:

„SFF telja miklu skipta að útgreiðsla verði afmörkuð við þá sem orðið hafa fyrir tekjumissi. Ganga verður út frá því að þeir sem ekki hafa orðið fyrir tekjumissi séu betur í stakk búnir til að mæta þeim erfiðleikum sem ganga yfir, auk þess sem stjórnvöld eru að vinna að útfærslu á tillögum til lausnar á skuldavanda heimilanna.“

Þeir benda sem sagt á að það sé eiginlega fráleitt að greiða út séreignarsparnað til fólks sem þarf ekki á því að halda og er jafnvel ekki með neinar skuldir. Svo segir í niðurlagi hjá þeim:

„SFF hafa áhyggjur af framtíðaráhrifum þeirrar stefnumörkunar að opna á útgreiðslur úr séreignarsjóðum landsmanna og telja brýnt að slíkum breytingum verði sniðinn eins þröngur stakkur og kostur er.“

Það ber eiginlega allt að sama brunni: Tillögur ríkisstjórnarinnar eru hættulegar.

Tími minn er að renna út þannig að ég þarf að drífa mig. Það sem ég ætladi að benda á var umsögn frá Allianz Ísland hf. sem ekkert hefur verið rædd. Ég man ekki einu sinni hvort ég kom inn á hana í 1. umr. málsins en það er náttúrlega búinn að vera alveg makalaus hraði á þessu máli öllu saman. Mér finnst niðurstaðan vera mjög flaustursleg.

Í umsögn Allianz Íslands hf. er bent á — og ég held ég hafi talað um það í 1. umr. — að um alla Evrópu er venja, sem hefur sennilega verið í 70–80 ár, að lána út á séreignartryggingar, kannski 50–60%. Af því að þetta er skattfrestaður sparnaður hér á landi mætti sennilega ekki lána nema 50% út á það.

En það hefur ekkert verið rætt, herra forseti, þ.e. kosturinn við það ef menn gætu tekið lán út á séreignarsparnaðinn sinn og notað hann til greiðslu á skuldum. Hann er sá að sparnaðurinn héldi áfram óbreyttur. Menn mundu halda áfram að spara og engin lok yrðu á þeim sparnaði, eins og er í tillögum ríkisstjórnarinnar ef menn eiga ekki fyrir þessari milljón eða þá í mínum tillögum þar sem er gert að allur sparnaður fari til greiðslu skulda. Mér finnst að menn hefðu þurft að ræða þessa tillögu líka. Því miður var það ekki gert.

Ég hefði fallist á það, en tími minn er að renna út. Ég kem kannski að þessu síðar en (Forseti hringir.) menn hefðu getað rætt þetta (Forseti hringir.) og fundið miklu betri lausn á þessu máli.

[23:53]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Það er einkennilegt að heyra í þessari umræðu þegar hv. þingmenn koma hér upp og ásaka þingmenn Sjálfstæðisflokksins um málþóf. Samkvæmt tölfræði þeirri sem kynnt var hér í kvöld hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins að meðaltali talað í tvær klukkustundir á þinginu frá því að það var sett í haust. En hv. þingmenn Vinstri grænna hafa talað að meðaltali í sjö klukkustundir. Það þýðir að níu manna þingflokkur Vinstri grænna hefur talað lengur sam-

anlagt en 26 manna þingflokkur sjálfstæðismanna á þinginu í vetur. Það er afar öfugsnúin röksemdafærsla að halda því fram að þingmenn Sjálfstæðisflokksins stundi málþóf.

Það mál sem hér er til umræðu eru sennilega einhver mestu vonbrigði sem ég hef orðið fyrir á þessu þingi, það mál sem valdið hefur kjósendum sem fylgjast með umræðunum og hafa hagsmuna að gæta, hvað mestum vonbrigðum.

Jafnvel þótt liðið sé fast að miðnætti eru kjósendur að fylgjast með þessari umræðu. Ég fékk sms-skeyti frá einum þeirra áðan, ef ég má lesa það hér, með leyfi forseta:

„Það verður að koma fram að skyldusparnaður upp á 1 millj. kr. mínus skattur er ekki nægjanleg lausn á vanda fólks. Það ætti að fá að taka út allan sinn sparnað eða í það minnsta kosti 2 millj. kr. og ekki á sex til níu mánuðum heldur í einu lagi.“

Þetta er afstaða fólksins í þjóðfélaginu sem er að hlusta á okkur, til þessa frumvarps sem komið er til 3. umr. Það er afskaplega einkennilegt að þetta skuli vera niðurstaðan eftir þá miklu áherslu sem þingmenn Samfylkingarinnar lögðu á þessi mál fyrr í vetur. Hér hefur varla sést þingmaður Samfylkingarinnar frá því að umræðan hófst. Formaður nefndarinnar var hér rétt í upphafi og síðan hefur hann ekki sést. Það verður þó að segja að varaformaður nefndarinnar, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, hefur setið yfir umræðunni og tekið þátt í henni og á eflaust eftir að gera það lengur.

En það sem veldur líka vonbrigðum — þess vegna nefndi ég nefndina til sögunnar — eru vinnubrögð nefndarinnar. Ég fór yfir það í fyrri ræðu minni við þessa umræðu hvaða atriði það eru sem þar voru rædd, unnin og skoðuð. En þar voru ekki skoðuð vandkvæðin sem óneitanlega eru á þessu máli og þessari aðgerð. Þeim hefur verið lýst og þau hafa verið skilgreind. Það er lausafjárvandinn sem sjóðirnir gætu lent í og síðan það ójafnræði sem upp gæti komið milli sjóðfélaga, annars vegar þeirra sem fá innlausn og hinna sem ekki fá innlausn.

Minni hluti nefndarinnar hefur lagt vinnu í að reyna að leysa úr þessu. Finna leið til þess að koma bæði í veg fyrir lausafjárvandann sem upp kynni að koma og eins til að koma í veg fyrir það ójafnræði sem upp gæti komið milli þeirra sem fá innlausn og hinna sem ekki fá hana.

Lausnin kemur fram í framhaldsnefndaráliti minni hlutans á þingskjali 678 og felur í sér að tekið sé lán út á séreignarsparnaðinn og það lán síðan notað til þess að greiða skuldir þeirra sem séreignarsparnaðinn eiga. Þessi aðferð á að leysa bæði þessi vandamál.

Vissulega má segja að meiri hluti nefndarinnar nefni þetta í framhaldsnefndaráliti sínu og telur að það komi til greina að fara leið af þessu tagi þegar búið er að reyna hina leiðina sem valdið hefur svo miklum vonbrigðum. Ég vitnaði í því efni í kjósanda úti í þjóðfélaginu sem var að fylgjast með umræðunni. Í framhaldsnefndaráliti meiri hlutans er lagt til að fjármálaráðuneytið skoði tillögu minni hlutans. (Forseti hringir.) Eitt af stóru umræðuefnunum, herra forseti, núna að undanförnu (Forseti hringir.) er að virðing þingsins sé ekki nægilega mikil og að þingnefndir og þingmenn geri ekki nægilega mikið sjálfir í því að flytja mál og breyta málum. (Forseti hringir.) Þá leyfir meiri hluti nefndarinnar sér að leggja til að fjármálaráðuneytið skoði tillögu minni hlutans. (Forseti hringir.)

[23:58]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Nú háttar svo til að komið er að miðnætti og ljóst að enn eru sex á mælendaskrá. Getur þá forseti upplýst um að hann mun ekki taka annað mál á dagskrá að þessu loknu en ljúka þessari umræðu.

[23:59]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Hér hefur verið til umræðu í dag og kvöld hið ágæta mál um séreignarsparnað. Málið hefur verið lengi uppi á borðinu og það hafa komið fram hugmyndir um að þetta geti verið ákveðin leið til að koma til móts við bráðavanda heimilanna. Við sjálfstæðismenn höfum haldið þessu máli á lofti nú um nokkurra mánaða skeið og þessi vinna hófst, eins og fram hefur komið, í tíð þáverandi hæstv. fjármálaráðherra, Árna Mathiesens.

Frumvarpið er að mörgu leyti ágætt. Þarna er opnað fyrir leið til að koma til móts við skuldsett fólk hér á landi sem á í erfiðleikum með afborganir lána sinna og hefur fulla þörf fyrir hverja krónu sem það getur útvegað sér. Þörfin er nokkur og það er nauðsynlegt að koma til móts við þennan hóp en það er þó ljóst að þær upphæðir sem hér eru til umræðu munu ekki leysa að fullu vanda þeirra sem eru verulega illa staddir. Hér er um að ræða milljón sem greiðist út á 10 mánaða tímabili en eftir að skattur hefur verið tekinn af upphæðinni er hún 630 þúsund kr., eða 63 þús. kr. á mánuði á tímabilinu. Auðvitað munar eitthvað um slíka upphæð, ég er ekki að draga úr því. Það leikur samt enginn vafi á því að þessir peningar nýtast ekki nema til að greiða smærri skuldir eða til þess að grynnka á skuldastabbanum. Það er jákvætt eins langt og það nær en menn verða að gera sér grein fyrir því að vandi þeirra sem verst eru staddir verður ekki leystur með þessu þó að vissulega létti þetta undir. Það hefur komið fram og þess vegna höfum við sjálfstæðismenn auðvitað stutt málið en við höfum líka verið að benda á að fara aðrar leiðir eða að nær væri að fara aðrar leiðir.

Ég er svo sem ekki að gera lítið úr þessari viðleitni en ég vil benda á og tel mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því að hér er aðeins um lítið skref að ræða eins og fram hefur komið í umræðunni í dag. Það er rétt að athuga að fáir eiga mjög verulegar upphæðir í þessum sjóðum. Því verður fólk að gera sér grein fyrir og hver og einn verður að vega það og meta hvort þessi leið verður honum til tekna eða vansa til lengri tíma litið.

En það þarf einnig að gæta að lífeyrissjóðunum. Eins og komið hefur fram er hér veruleg hætta. Við verðum að gæta að því að þetta verði ekki til að stefna sjóðunum í hættu. Þeir gegna gífurlega mikilvægu hlutverki, lífeyrissjóðirnir í kerfi okkar, og almenningur á mikið undir því að þeir standi stöðugir og tryggir. Hérna má því ekki rasa um ráð fram, hæstv. forseti. Það þarf að vanda til verka þótt vissulega þurfi að ganga rösklega fram. Liður í því að vanda til verka er að ræða málið út frá mismunandi hliðum og það höfum við verið að gera og gaumgæfa allar þær hugmyndir sem fram koma.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur lagt gífurlega mikla vinnu í þetta mál. Hann þekkir vel til á þessu sviði og því er rétt að hlusta vel á það sjónarmið sem hann hefur haldið á lofti. Þess vegna er ég mjög undrandi, hæstv. forseti, að ekki hafi verið lögð meiri vinna í að athuga tillögur hans og það að þeim hafi verið vísað beint til athugunar í fjármálaráðuneytinu er náttúrlega engin lausn á þessu máli. Hættan sem hann hefur verið að benda á er til staðar og það þarf að taka það til athugunar og fara yfir tillögur hans. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur skilað inn breytingartillögum við frumvarpið sem við eigum að skoða mjög vel og ég legg til að tillögur hans verði samþykktar við afgreiðslu frumvarpsins. Tillögur hans koma einmitt til móts við ýmsa varnagla sem umsagnaraðilar hafa margir hverjir slegið við þetta mál og margir þeirra benda á sömu atriði og Pétur H. Blöndal hefur verið að gera.

Hugmynd hans gengur út á að lífeyrissjóðirnir gefi út skuldabréf til lánastofnana, til að nýta sér þessa heimild eða skattheimtuna þannig að viðkomandi stofnun verði í raun séreignarsparandi í stað einstaklingsins sem á móti fær greitt upp í skuldir sínar. Þetta hefur í för með sér að engin breyting verður á starfsemi lífeyrissjóðsins og lánastofnunin fær að mörgu leyti tryggari skuldara. Þetta er ástæða til að athuga, hæstv. forseti.

Annað atriði sem breytingartillaga hv. þm. Péturs H. Blöndals gengur út á er að ekki verði gefin heimild fyrir þessari útgreiðslu nema líklegt þyki að hún komi til með að skila árangri. Það er auðvitað það sem skiptir meginmáli hér. Þrátt fyrir að meiri hluti nefndarinnar treysti sér ekki til að fallast á tillögur hv. þingmanns telur meiri hlutinn samt sem áður ekki útilokað að endurskoða fyrirkomulag greiðslnanna, þegar reynsla hefur komist á þær. Þess vegna mælist til þess að fjármálaráðuneytið skoði tillögurnar. Mér finnast þetta samt ekki nægilega góð vinnubrögð, hæstv. forseti.

Sá möguleiki hefur verið ræddur í dag að menn kunni að nýta sér þessa heimild í stórum stíl þó að þörf þeirra fyrir þessa peninga sé kannski ekki brýn vegna þess vantrausts sem gætir hjá mörgum í garð alls kyns sparnaðarleiða sem auðvitað hafa reynst misjafnlega haldtraustar. Þetta er sjónarmið sem brýnt er að gefa gaum enda liggur í hlutarins eðli að sjóðirnir þola illa ef ásókn í þetta reynist mjög mikil. Ég hlýt að spyrja hv. þm. Árna Þór Sigurðsson að því hvort og hversu vel sú hætta sem þarna hefur verið bent á hafi verið athuguð í nefndinni.

Það getur einnig rýrt verðmæti eignarhluta þeirra sem eftir standa í sjóðunum og hlut þess fólks sem enn þá á inni í sjóðunum hjá þeim sem nýta sér heimildina. Til þess að mæta eftirsókn í sjóðina þurfa lífeyrissjóðirnir að selja eignir enda hafa þeir tæpast handbært lausafé í stórum stíl.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu því ég skil vel að hæstv. forseti vilji fara að ljúka þessum fundi eins og hann gaf til kynna áðan. Það er margt í þessu máli sem er full ástæða til að skoða betur en málið er auðvitað komið í þann farveg að það er komið til 3. umr. og þess vegna vil ég hvetja hv. þingmenn til að veita tillögum hv. þm. Péturs Blöndals brautargengi og samþykkja þær þegar málið verður til atkvæðagreiðslu, væntanlega á morgun. Ef taka má taka orð hæstv. forseta trúanleg, um að hann ætli að ljúka umræðunni í kvöld, þá má reikna með að atkvæðagreiðsla um málið fari fram á morgun.

[00:08]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Þegar 3. umr. um það mál sem hér er til umfjöllunar hófst í dag við upphaf þingfundar þá settu þingmenn Sjálfstæðisflokksins sig á mælendaskrá hver á fætur öðrum og hófu miklar umræður og fóru jafnvel í andsvör hver við annan í þessu máli. Ég sagði að það væri mín skoðun að þingmenn Sjálfstæðisflokksins ætluðu sér bersýnilega að vera í málþófi í dag, kannski ekki aðallega til þess að tefja þetta mál heldur vegna þess að þeir væru að reyna að koma í veg fyrir að önnur mál, að næsta mál yrði tekið fyrir á dagskránni. Þessi umræða hefur nú staðið frá því síðdegis í dag og það er komið fram yfir miðnætti.

Nú bregður svo við að hæstv. forseti Alþingis greinir frá því að hann muni ekki taka fleiri mál á dagskrá þegar þessari umræðu lýkur og þá skyndilega rennur móðurinn af sjálfstæðismönnum og þeir ætla bersýnilega ekki að tala mikið meira. Það hefur því sannast sem við höfum haldið fram í dag í umræðum um fundarstjórn og í andsvörum að sjálfstæðismenn væru að fara í þessa umræðu og halda henni svona áfram fyrst og fremst til að koma í veg fyrir að næsta mál (**ArnbS:** … fá umræðu hjá formanni nefndarinnar eða varaformanni nefndarinnar.) yrði tekið á dagskrá og nú kemur í ljós að það sem við sögðum um málflutning sjálfstæðismanna er að sjálfsögðu alveg hárrétt. (**ArnbS:** Við skulum bara ræða þetta betur.)

Ég hef ekki tekið til máls í þessari umræðu fyrr en nú í 3. umr. en hafði rætt þetta mál á fyrri stigum í umræðunni, (**ArnbS:** … að hafa svarað einhverju af því sem fram hefur komið.) þ.e. í fyrri umræðum og sjálfsagt líka á vettvangi nefndarinnar. Hér hefur komið fram veruleg gagnrýni úr röðum sumra sjálfstæðismanna á vinnubrögð efnahags- og skattanefndar í þessu máli. Það sem ég vil segja um það er að þeir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hafa verið að gagnrýna vinnubrögðin eru fyrst og fremst þingmenn sem ekki eiga sæti í efnahags- og skattanefndinni og hafa þar af leiðandi ekki (**ArnbS:** … kemur fram í nefndarálitinu.) tekið þátt í umræðunni á vettvangi nefndarinnar og ég vil leyfa mér að gagnrýna það.

Ég hef líka vakið máls á því að sú breytingartillaga sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur lagt fram lá fyrir þegar, (Gripið fram í.) hæstv. forseti, má ég fá ráðrúm til að flytja mál mitt fyrir frammíköllum þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins?

Það kom fram í máli mínu að breytingartillagan frá hv. þm. Pétri H. Blöndal lá fyrir við 2. umr. um málið. Hv. þingmaður hafði reifað hugmyndir sínar á vettvangi nefndarinnar og þær fengu umfjöllun þar. Það er heldur ekki rétt sem hér hefur verið sagt að ekki hafi verið tekin afstaða til hluta sem komu fram í umsögnum og hér m.a. nefnt Fjármálaeftirlitið. Það er sérstaklega nefnt í meirihlutanefndaráliti sem var undir við 2. umr. málsins. Þessi gagnrýni er því ekki sanngjörn að mínu mati og það er ástæðan fyrir því að ég bregst við með þeim hætti sem ég hef gert nú í upphafi ræðu minnar. Ég tel að umfjöllun um þetta mál í nefndinni hafi verið bæði ítarleg og málefnaleg. Ég get alveg sagt

það frá mínum bæjardyrum að ég tel að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi gert grein fyrir sjónarmiðum sínum á vettvangi nefndarinnar á mjög málefnalegan hátt. Um viðhorf hans í þessu máli eru bara ekki allir sammála og það fór fram ágæt umræða um þau málefni þar.

Það var óskað eftir því að málið kæmi til umræðu í nefndinni á milli 2. og 3. umr. og að sjálfsögðu var orðið við því eins og eðlilegt var og sömuleiðis var málið tekið til umfjöllunar í nefndinni á meðan málið var enn þá til 2. umr., til að fjalla um sömu tillögu og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur lagt fram.

Það hefur verið sagt í þessari umræðu að þetta mál sé einungis hænufet fram á við. Það hefur enginn haldið því fram af hálfu stjórnarflokkanna að hér sé einhver allsherjarlausn á þeim vanda sem fjölskyldurnar og heimilin í landinu standa frammi fyrir, það hefur enginn haldið því fram. Við höfum hins vegar sagt að þetta sé mikilvægur liður, mikilvægur þáttur í þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin er að grípa til til þess að leysa vanda heimilanna. Þetta er ein aðgerð af mörgum.

Þegar hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir málinu við 1. umr. gerði hann grein fyrir því að sú leið sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur mælt fyrir hafi líka verið skoðuð. Sú leið sem var í undirbúningi í tíð fyrrverandi fjármálaráðherra, hv. þm. Árna Mathiesens, að útgreiðsla séreignarsparnaðar gengi upp í til greiðslu skulda var líka rædd.

Þegar ég les yfir ræður þingmanna við 1. umr., m.a. ræðu hv. þm. Árna M. Mathiesens og andsvör hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur við framsöguræðu fjármálaráðherra get ég ekki skilið þær öðruvísi en að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi verið ánægðir með þetta mál. Þrátt fyrir að fram komi hjá þeim spurningar um tiltekna hluti í útfærslunni gat ég ekki skynjað það öðruvísi en að þeir væru sáttir við þetta mál. Sömuleiðis endurspeglaðist í atkvæðagreiðslunni við 2. umr. almenn samstaða um frumvarpið og þær breytingar sem þar voru gerðar.

Ég ætla að leyfa mér að vísa til minnisblaðs sem barst eða kom inn á nefndarfundinn þegar tillögur hv. þm. Péturs H. Blöndals voru ræddar milli 2. og 3. umr. og Landssamtök lífeyrissjóða lagði fram minnisblað í tilefni af þeim. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Með þessari leið er í raun verið að gera séreignarsparnaðinn að fullu veðsetjanlegan að því marki sem einstaklingum væri heimilt að fara þessa leið.“

Síðan segir áfram:

„Það fylgir því talsvert utanumhald fyrir lífeyrissjóði, og þar með kostnaður, að fara að gefa út fjölda skuldabréfa með kröfu á séreignardeild. Sú leið er einnig mjög til þess fallin að skaða þá meginhugsun sem býr að baki kerfinu, þ.e. að með einföldum hætti byggi sjóðfélagar sér upp séreignarsparnað sem er mikilvæg viðbót við ellilífeyri úr samtryggingadeild þegar, sem og áfallalífeyri við fráfall og örorku. Með þessu væru réttindi í séreignarsparnaði farin að ganga kaupum og sölum. Vel má ímynda sér eftirmarkað með yfirgengi og afföllum. Þetta er mjög til þess fallið að eyðileggja það lífeyriskerfi sem verið er að byggja upp.“

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Vandséð er með hvaða hætti slíkar greiðslur ættu að gagnast stórum hluta lánveitenda, til að mynda bönkunum, lánveitendum sem almennt fjármagna sig stutt en lána langt í formi fasteignaveðlána. Hér verður að hafa í huga að að öðru óbreyttu er séreignin ekki greidd út fyrr en við 60 ára aldur. Vandséð er að kröfuhafar mundu taka við greiðslu í formi slíks skuldabréfs sem hér um ræðir nema með afföllum.“

Hér gerði hv. þm. Pétur H. Blöndal líka að umtalsefni umsögn frá Allianz og segir að hún hafi ekki verið rædd. Fulltrúi Allianz kom á fundinn í efnahags- og skattanefnd og ræddi sjónarmið sín og því fengum við upplýsingar um hvaða viðhorf eru þar á ferðinni.

Í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða segir einnig, með leyfi forseta:

„Í umræðu í efnahags- og skattanefnd var nefnt að víða í Evrópu væri einstaklingum heimilað að veðsetja lífeyrissparnað sinn. Gera má ráð fyrir því að hér sé verið að vísa til söfnunarlíftryggingar. Það er ekki rétt að leggja þessar leiðir að jöfnu. Margir hugsa söfnunarlíftryggingu sem fjárfestingarplan og er nauðsynlegt að skoða þessa hluti mun betur áður en farið væri að draga einhverjar ályktanir af slíku.“

Þessi leið er því líka umdeild í sjálfu sér og hún er ekki alveg einföld. Það kom fram í máli fulltrúa fjármálaráðuneytisins sem kom á fund nefndarinnar að það væri mat þeirra að ef fara ætti þessa leið þá yrði að skoða hana út frá mörgum öðrum hliðum mun ítarlegar en gert hefði verið. Það er ástæðan fyrir því að við höfum í framhaldsnefndaráliti okkar lagt til að það verði gert.

Við teljum að sú leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir mæti tilteknum hópi og komi til móts við tiltekin sjónarmið. Hún tryggir líka ákveðið jafnræði þannig að allir sem eiga séreignarsparnað geti þá tekið út upp að vissu hámarki séreignarsparnað sinn án tillits til þess hvernig þeir hyggjast nýta hann. Það þýðir að t.d. þeir sem ekki eiga húsnæði, búa í leiguhúsnæði, hafa hugsanlega lækkað í tekjum og eiga einfaldlega bara erfitt með að láta enda ná saman frá degi til dags geta nýtt þennan séreignarsparnað ef þeir svo kjósa. En sú leið sem breytingartillaga Péturs H. Blöndal gerir ráð fyrir nýtist þeim hópi alls ekki. Hún mundi alls ekki nýtast þeim hópi sem býr ekki í eigin húsnæði, er í leiguhúsnæði, er ekki með þannig skuldir en þarf viðbótartekjur til þess að láta enda ná saman. Sú leið mundi því ekki mæta þörfum þessa hóps.

Það komu fram upplýsingar um meðalinneign í séreignarsparnaðarsjóðnum eftir aldri. Það kemur í ljós að við 40 ára aldur er meðalinneignin í séreignarsparnaðarsjóðnum u.þ.b. 6–700 þús. kr. Við 46 eða 47 ára aldur nær hún einni milljón. Við 55 ára aldur er meðalinneignin um 1,5 milljónir. Ég hygg því að sú leið sem hér er farin með einni milljón að hámarki geti nýst mjög mörgum.

En við höfum líka við það sjónarmið að leiðarljósi, m.a. með hagsmuni lífeyriskerfisins í heild, að fara varlega í þessu efni. Ég tók eftir því að við 1. umr. tóku hv. þm. Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, undir mikilvægi þess að sýna ábyrgð í þessu efni og taka einhver skref í þá átt. Ég varð því ekki var við annað en að það hafi verið ágæt samstaða um þetta mál alveg þangað til kemur að 3. umr. og ég harma það.

Ég vil halda því fram að efnahags- og skattanefnd hafi fjallað um þetta mál á breiðum grunni. Þar er fjallað um frumvarpið og að sjálfsögðu eru gerðar á því ákveðnar breytingar sem prýðileg samstaða var um og þess vegna kemur það mér á óvart þegar málið tekur þessa beygju við 3. umr. af hálfu þingmanna Sjálfstæðisflokksins.

Ég geri mér mætavel grein fyrir því að það kann vel að vera að þessi leið ein og sér dugi ekki og það þurfi að gera frekari ráðstafanir, frekari breytingar í framhaldinu. En þá eigum við að taka okkur tíma til þess að skoða þær í ljósi reynslunnar af þeim breytingum sem hér eru lagðar til og í ljósi reynslunnar af öðrum aðgerðum sem verið er að fjalla um hér í þinginu og grípa til, t.d. greiðsluaðlögunarmálin og sjá hvernig reynslan verður af því. Það mun ekki standa á núverandi ríkisstjórnarflokkum að fara í þá vinnu, hvorki af hálfu fjármálaráðuneytisins né síðan í framhaldinu hér í þinginu ef við teljum að það sé nauðsynlegt. Ég (Forseti hringir.) mælist því til þess að menn horfi á þetta þeim augum (Forseti hringir.) að hér sé verið að stíga mikilvægt skref í þágu heimilanna og fjölskyldnanna og jafnvel þótt (Forseti hringir.) þeim þurfi að fylgja frekari skref á síðari stigum þá eigum við að taka (Forseti hringir.) þau þá.

[00:24]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég sé mig tilknúna til þess að bregðast við ræðu hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar sem byrjaði með mjög ómálefnalegum hætti þegar hann kom í ræðustól.

Hv. þingmaður hefur kveinkað sér undan því að þetta mál hafi verið rætt hérna í dag. Hann hefur komið í ræðustól undir fundarstjórn forseta og kveinkað sér undan því. Hann hefur ekki sýnt málinu þá virðingu að koma í andsvör, t.d. við þingmenn út af málefnalegum athugasemdum sem þingmenn hafa gert hér í dag. Síðan leyfir hv. þm. Árni Þór Sigurðsson sér að koma hér upp og tala um að við höfum látið okkur hverfa af mælendaskrá í kvöld, um miðnætti. Við erum algjörlega tilbúin að ræða þetta mál áfram ef hv. þingmaður óskar eftir því. En hann verður þá væntanlega hér til andsvara, til þess að svara fyrir þetta mál. Það er alveg með ólíkindum hvernig hann leyfir sér að tala.

Ég hlýt að spyrja hann þegar hann segir að við höfum tekið einhverja beygju í málinu. Við vorum að flýta fyrir málinu við 2. umr. til þess að hv. þingmaður og nefndin sem hann sem varaformaður nefndarinnar hefur væntanlega verið að stýra, gætu athugað þær athugasemdir sem komu fram við 2. umr. og beitt nefndinni þannig að þau mál væru skoðuð almennilega. Hann ákvað að biðja fjármálaráðuneytið að skoða þau mál.

Þetta eru þau vinnubrögð sem hann ákveður að hafa í nefndinni. Hann kemur síðan hér upp eftir að hafa ekki sinnt því í dag að svara þeim athugasemdum sem fram hafa komið (Forseti hringir.) og kvartar yfir því að við (Forseti hringir.) förum af mælendaskránni. Við getum svo sannarlega rætt þetta mál áfram (Forseti hringir.) ef hv. þingmaður ætlar að sýna málinu þá virðingu að vera viðstaddur (Forseti hringir.) umræðuna og svara þeim athugasemdum sem fram koma.

[00:26]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hef verið viðstaddur þessa umræðu í dag og ég hef farið í andsvör við nokkra þingmenn Sjálfstæðisflokksins um þetta mál. Ég hef setið alla fundi efnahags- og skattanefndar þar sem þetta mál hefur verið til umfjöllunar og meira og minna stýrt þeim.

Það er því ekki sanngjarnt af hv. þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins að gera því skóna að ég sýni þessu máli einhverja lítilsvirðingu eins og hér var gert, m.a. með því að halda því fram að ég hafi ekki sinnt umræðum hér í dag. Ég hef verið hér og fylgst með umræðunni í allan dag. Ég var viðstaddur alla 2. umr. og 1. umr. og ég var á hverjum einasta fundi sem efnahags- og skattanefnd fjallaði um þetta mál. Ég get því ekki tekið þennan reiðilestur hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur alvarlega eða til mín. Þannig er því nú háttað.

[00:27]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það hefur sést til hv. þingmanns hér í dag, því er ekki að neita. Og að því leyti sýnir hann málinu meiri virðingu, með því að vera hér í húsinu, en aðrir þingmenn stjórnarflokkanna, að ég tali nú ekki um Samfylkinguna sem hefur ekki sýnt málinu þá virðingu að vera viðstödd umræðuna.

En þegar hv. þingmaður ræðir um sanngirni þá er það ekki sanngjarnt hvernig hann byrjaði ræðu sína áðan. Eftir að ég var búin að stytta mína ræðu til þess að hann kæmist að með sínar athugasemdir leyfir hv. þingmaður sér að ræða þetta á þeim nótum að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi ekki sinnt málinu í þessu ferli.

Það er svo fjarri því vegna þess að við vorum að greiða fyrir því að málið fengi framgang sinn hér í þinginu. Það er mjög ómaklegt og ósanngjarnt hvernig hann hefur sett þetta upp í ræðu sinni og leyfir sér að gera það. En það er líklega rétt að við ræðum þetta mál áfram og að hv. þingmaður verði þá hér til andsvara og svari þeim athugasemdum sem eiga eftir að koma fram í ræðum þingmanna þannig að við getum klárað að ræða málið til hlítar.

Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hlýtur að vera mér sammála um að það séu mörg atriði sem þarf að skoða betur, a.m.k. var það ákvörðun meiri hluta efnahags- og skattanefndar að það þyrfti að setja hluta af málinu til sérstakrar athugunar í fjármálaráðuneytinu, samanber þær athugasemdir sem hafa komið fram.

Það var sú vinna sem fram fór í efnahags- og skattanefnd, að tillögurnar sem nefndin segir að séu vissulega athugunar virði (Forseti hringir.) en efnahags- og skattanefnd ætlar samt sem áður ekki að athuga þær, þetta er sent til fjármálaráðuneytisins (Forseti hringir.) til athugunar.

[00:30]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég leyfði mér í upphafi ræðu minnar áðan að benda á það sem ég talaði um fyrr í dag, að hér væri líklega um málþóf að ræða af hálfu Sjálfstæðisflokksins til að koma í veg fyrir að annað mál kæmi á dagskrá. Sjálfstæðismenn líta það öðrum augum og þeir eru ekki sammála

þessu mati mínu. Þá erum við bara ósammála og þurfum ekki að hafa fleiri orð um það. Það er ekki í fyrsta skipti sem menn deila um mál af þessum toga.

Ég tók sérstaklega fram í ræðu minni að ég teldi að hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem er helsti talsmaður Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og skattanefnd, hefði sinnt vel því starfi þar og hefði farið yfir hugmyndir sínar á málefnalegum forsendum og tekið þátt í umræðunni á málefnalegan hátt. Ég hef ekkert upp á það að klaga, ekki nokkurn skapaðan hlut nema síður sé.

Ég var ekki með nein illyrði í garð þingmanna Sjálfstæðisflokksins vegna málefnalegrar vinnu við þetta mál, það voru frekar ummæli mín um hina þingtæknilegu umræðu í dag sem ég hnýtti í Sjálfstæðisflokkinn. En það hefur svo sem ekkert upp á sig að hnútukastast um það, það er ekki í fyrsta skipti sem stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar takast á um svona hluti. Ég þekki það sjálfur eftir að hafa verið í stjórnarandstöðu um hríð að stundum er tekist á um svona hluti. Þegar ég var í stjórnarandstöðu fengum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs oft að heyra frá þáverandi stjórnarliðum að við lengdum umræðu að óþörfu.

Gott og vel, þetta er mikilvægt mál og ég tek alveg undir að það er sjálfsagt að ræða það ítarlega. Við höfum gert það í dag og kjósi menn að halda því áfram er það sjálfsagt af minni hálfu, ég mun standa mína plikt hér í þingsalnum eins og þörf krefur.

[00:32]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég náði ekki alveg að klára efni máls míns áðan þannig að ég ætla rétt að koma inn á það aftur. Þegar ég hafði hugsað tillögur mínar við 1. umr. og sett þær svo á blað fyrir 2. umr. hugleiddi ég mikið hvort þær ættu að koma í staðinn fyrir tillögur ríkisstjórnarinnar eða ekki. Það skiptir nefnilega verulegu máli hvort báðar reglurnar eru í gildi, að menn geti líka tekið upp að 1 milljón við skuldaskipti. Þegar ég hafði lesið umsagnirnar og eftir að ég hafði hugleitt málið, alveg sérstaklega þegar ég fór að hugsa um að öll lánastarfsemi, lífeyrissjóðasparnaður og annað slíkt, byggir á trausti — það traust hefur því miður beðið mikinn hnekki á Íslandi — varð ég dálítið uggandi yfir ef sú staða skyldi koma upp að stöðva þyrfti greiðslur úr séreignarsjóði. Ég vona að það gerist ekki en á það hafa flestir umsagnaraðilar bent, þar á meðal Seðlabanki Íslands, að gæti gerst. Hvað skyldi sá gera sem les umsagnir um að það kynni að koma til stöðvunar á greiðslum úr séreignarsjóðum og ekki væri tekið fram úr hvaða sjóðum? Jú, menn sækja að sjálfsögðu strax um og þá myndast það sem kallast á ensku „run“ á séreignarsjóðina. Þegar ég hugsaði málið til enda varð mér eiginlega um og ó, herra forseti, vegna tillögu ríkisstjórnarinnar. Það setur því að mér dálítinn óhug að frumvarpið skuli verða að lögum á morgun.

Þess vegna lagði ég til að tillögur mínar kæmu í staðinn fyrir tillögu ríkisstjórnarinnar vegna þess að þær leysa þann vanda sem menn eru að reyna að leysa en tillaga ríkisstjórnarinnar gerir það ekki. 1,2 millj. kr. fyrir hjón, að maður tali ekki um 630.000 fyrir einstakling, gera akkúrat ekki neitt í alvarlegum vanskilum þar sem menn missa eignir sínar. Eign fer aldrei á uppboð fyrir svo litlar upphæðir.

Í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða er sagt að þetta mundi í reynd þýða að séreignarsparnaðurinn er að fullu veðsetjanlegur. Það er ekki rétt, hann er greiddur út en bankinn eða lífeyrissjóðurinn og skattstjóri fá skuldabréf í staðinn. Svo er spurt hvort skattstjóri muni sætta sig við skuldabréfið. Hann er ekkert spurður að því, löggjafinn setur þau lög að hann skuli taka féð sem greiðslu upp í skatt þannig að hann þarf ekki að sætta sig við eitt eða neitt. Hann tekur bara skuldabréfið sem greiðslu, enda fengi hann það með nákvæmlega sama hætti ef séreignarsparnaðurinn væri frosinn. Þegar maðurinn er 65 ára fær hann það sparnaðinn með nákvæmlega sama hætti, með þeirri ávöxtun sem verður, að því gefnu að skattprósentan haldist. — Að bankinn vilji ekki taka við þessu — samkvæmt lögum á hann að taka við því. Hann er í flestum tilfellum miklu betur settur því að hann er með eitthvert lán í vanskilum, hugsanlega leiðir það til uppboðs og maðurinn getur ekki greitt. Ég held að bankastofnanir séu ekki hrifnar af slíkum lánum. Þær vilja yfirleitt ekki hafa slík lán í bókum sínum.

Mér fannst þessi hugmynd leysa margt en eins og ég gat um þurfti ég að liggja dálítið yfir því hvort hægt væri að hafa báðar tillögurnar hlið við hlið. Ég er á þeirri skoðun að það sé ekki skynsamlegt.

Menn tala dálítið um jafnræði og það virðist vera að hugmyndir ríkisstjórnarinnar gangi út á jafnræði. Jafnræði tapast þegar einn fær greitt út og næsti fær ekkert vegna þess að lífeyrissjóðurinn lokar. Það er ekkert jafnræði. Menn sigla út í mjög mikið ójafnræði.

Leigjendur hafa ekki lent í vandræðum vegna hækkunar á lánum eða vegna gengistryggðra lána eða annars slíks sem húseigendur hafa lent í. Þeir lenda í vandræðum af því að vísitalan hækkar en þess ber að geta að leiga hefur stórlækkað undanfarið þannig að þeir hafa ekki lent í sama vanda og húseigendur sem eru mjög skuldsettir.

[00:37]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Það er margt hægt að segja um þetta mál, sem í megindráttum er ágætt. Það er hárrétt, sem kom fram í máli hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar, að við sjálfstæðismenn fögnuðum vel flestir þessu máli í aðalatriðum. Við töldum það skref í rétta átt en að það næði samt ekki að mæta þeim þörfum og þeim vanda sem við glímum við, sem er vandi heimilanna og hvernig fólk getur staðið frammi fyrir því að greiða skuldir sínar.

Ég tel að sú umræða sem átt hefur sér stað í dag hafi verið mjög málefnaleg af allra hálfu. Ég verð þó að segja að ég varð fyrir miklum vonbrigðum þegar hv. þm. Árni Þór Sigurðsson kom hér upp áðan og fór að hnýta í, að mínu mati, málfrelsið hér á þingi, þ.e. þann rétt að tjá sig um málefni sem eru til umræðu hverju sinni.

Það er svolítið sérstakt að upplifa það að maður megi vart ræða málin við 2. umr. því að það sé svo mikilvægt að koma því áfram og svo megi alls ekki ræða það við 3. umr. af því að það sé í raun útrætt. Ég held að framhaldsnefndarálitið frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar sýni að málið var ekki fullbúið eftir 2. umr. Mjög málefnaleg sjón-

armið og rök komu fram, ekki síst frá hv. þm. Pétri H. Blöndal sem hefur unnið mjög vel í þessu og sett mál sitt mjög skýrt fram. Í framhaldsnefndaráliti meiri hluta efnahags- og skattanefndar komu ekki fram lagabreytingartillögur en engu að síður er hnykkt á ákveðnum atriðum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur brýnt að frumvarpið verði samþykkt“ — við erum sammála því — „með áorðnum breytingum sem hann lagði til við 2. umræðu málsins. Meiri hlutinn telur það jafnframt koma til greina að endurskoða fyrirkomulag útgreiðslu að fenginni reynslu og með hliðsjón af öðrum úrræðum til lausnar greiðsluvanda einstaklinga og heimila.“

Þetta hafa menn margrætt hér í dag. Síðan kemur þessi skondna setning frá þeim hópi sem hvað mest hefur talað um vægi þingsins, að þingið eigi að sjá til þess að málin komi hingað og fari héðan fullbúin. Mælst er til þess að málið verði í rauninni klárað af hálfu fjármálaráðuneytisins. Í nefndarálitinu segir áfram, með leyfi forseta:

„Mælist nefndin til þess að fjármálaráðuneytið skoði breytingartillögu minni hlutans í þessu ljósi og meti þörfina á frekari úrræðum á síðari stigum.“

Fjármálaráðuneytið á að skoða þessa breytingartillögu minni hlutans, þ.e. hv. þm. Péturs H. Blöndals. Menn vilja ekki alveg gefa þessa tillögu frá sér, það er „haltu mér, slepptu mér“ en það verður að ýta málinu áfram af því að það er rétt sem kemur fram, það er mikilvægt að það komi fram, en við hefðum viljað sjá ákveðnar breytingar á því þótt við séum ekki öll alveg nákvæmlega sammála þeirri nálgun.

Ég dró fram við 1. umr., í andsvörum mínum, þennan ótta, annars vegar að ákveðið áhlaup yrði á lífeyrissjóðina vegna þessa möguleika. Eins og margoft hefur verið bent á er um að ræða eign þeirra sem hafa greitt í sjóðina. Það er tvímælalaust þannig, þetta er eign þeirra sem hafa greitt í þessa sjóði. Fólk á að hafa ákveðið svigrúm til að nýta sér þá eign við þær óvenjulegu aðstæður sem uppi eru í íslensku samfélagi, til að koma sér út úr þeim erfiðleikum sem við blasa, fyrst og fremst vegna mikilla skulda.

Þá er það einmitt það sem hefur verið undirstrikað af okkar hálfu, fjárhæðin, 1 milljón, dreifð á tíu mánuði dugar oft og tíðum skammt þegar um skuldir upp á 2, 3 og 4 milljónir er að ræða. Hvað er þá til ráða? Jú, annars vegar benti ég á við 1. umr. að skoða hvort mögulegt væri að nýta þær skatttekjur sem við fáum við úttektina á sparnaðinum og Seðlabankinn dregur fram. Það er nálægt þeirri fjárhæð sem ég talaði um í ræðu minni á sínum tíma, ríkið fær um 34 milljarða í skatttekjur af því að greiða út þennan séreignarsparnað. Þetta er nokkurn veginn það gat sem ríkisstjórninni er ætlað að fylla upp í varðandi fjárlögin, ekki alveg nægilega há tala en mjög há upphæð og mjög drjúg — það er mjög auðveld leið fyrir ríkisstjórnina að fara og komast þar með hjá því að taka á ákveðnum málum sem tengjast ríkisfjármálum sem engu að síður er nauðsynlegt og mikilvægt að taka á.

Ég taldi rétt að skoða hvort ekki væri hægt að nota hluta af skatttekjunum til þess m.a. að efla kaupendahlið markaðarins sem mundi hugsanlega veikjast þegar séreignarsparnaðurinn yrði greiddur út, þ.e. ég var með það í huga að gæta yrði að hagsmunum þeirra sem eftir yrðu í sjóðunum. Ég tel að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi komið með ákveðna lausn hvað þetta varðar, aðra lausn sem hafði ekki komið til tals við 1. eða 2. umr. málsins, og mér fannst mjög þarft og mikilvægt að ræða hana.

Svo er það hin hliðin, dugar þetta úrræði? Nei, það dugar ekki, auðvitað dugar þetta úrræði ekki eitt og sér. Við þingmenn höfum verið beðnir um að hafa svigrúmið meira til að greiða niður skuldir. Fólk segir: Gott og vel, við erum í tímabundnum erfiðleikum, við eigum u.þ.b. 3–5 milljónir í sjóðnum — að meðaltali eiga Íslendingar það — af hverju megum við ekki nýta a.m.k. 2–3 milljónir, þ.e. tvo þriðju af þeirri eign okkar?

Hægt væri að hafa það að hámarki, þeir sem eiga meira en 10–15 milljónir, sem eru reyndar þó nokkrir — aldrei yrðu greiddar út meira en 10 milljónir. Þetta var ekkert skoðað, ekkert athugað. Við verðum að leita allra leiða til að veita fólki svigrúm til að greiða niður skuldir sínar og ég tel mikilvægt að fólk nýti þetta til að greiða niður skuldir en setji þetta ekki endilega í aðrar leiðir. Mér fannst öll sú vinna sem hv. þm. Pétur H. Blöndal lagði í frumvarpið allrar athygli verð og tvímælalaust verður að skoða þá leið mun betur. Mér finnst miður að sú leið hafi ekki verið betur yfirfarin af hálfu efnahags- og skattanefndar. Það var einhver rembingur í mönnum að reyna að koma málinu út. Hefði ekki verið betra að taka einn dag í viðbót og skoða þetta mál af þeirri dýpt sem þingið á að sjá til að gert sé en ekki fjármálaráðuneytið? Hefði það ekki verið nær sanni og meiri bragur á því að þingið hefði getað komið sér saman um þetta mikilvæga mál? Við léðum máls á því strax við 1. og 2. umr. að koma þessu máli áfram.

Við erum öll af vilja gerð til að efla málið og styrkja, gera það betur úr garði þannig að það mæti þörfum fólksins. Ég hef líka dregið það fram í dag að það er ekki þannig að það sé hægt — og það er fásinna að tala hér um málþóf, því að við sjálfstæðismenn höfum stutt við þau mál sem eru til þess fallin að styrkja heimilin, efla atvinnu o.s.frv. Ég hef nefnt það sérstaka tilvik sem kom upp hér á föstudaginn þegar fresta þurfti atkvæðagreiðslu vegna ónógrar þátttöku stjórnarflokkanna og Framsóknar. Einn framsóknarmaður var í salnum og síðan þurftum við að bíða eftir bæði Samfylkingu og Vinstri grænum í salinn.

Það hefur verið eftirtektarvert að við höfum ekki fengið að sjá framan í mörg andlit frá Samfylkingunni. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hefur staðið vaktina vel í dag, hann hefur komið með athugasemdir, ég hefði viljað heyra meira í honum vegna þeirrar vinnu sem átt hefur sér stað, bæði innan nefndarinnar og utan. (Gripið fram í.) Ég hefði gjarnan viljað sjá fleiri af samherjum hans, bæði vinstri græna og ekki síður samfylkingarmenn, koma og tjá sig um málið. Það kann þó að vera að það sé vegna þess að þegar Samfylkingin var með okkur í ríkisstjórn lagði hún málið upp með allt öðrum hætti en við ræðum hér.

Það er hugsanlegt að Samfylkingin hálfskammist sín fyrir frumvarpið, það lítur út fyrir það. Ég ætla henni það ekki, heldur miklu frekar að hún sé með skottið á milli lappanna vegna þess að hún þurfti að breyta afstöðu sinni gagnvart málinu öllu.

Brýnasta málið er að leysa vanda heimilanna og fyrirtækjanna. Þegar við ræðum hér um úrræði, eins og þetta séreignarsparnaðarúrræði, úttekt úr séreignarsparnaðinum, erum við einmitt að reyna að koma til móts við það fólk sem stendur í erfiðleikum vegna skulda. Hvað er það sem skiptir öllu máli, hvaða breyta skiptir öllu máli fyrir fólkið þegar það stendur frammi fyrir því að greiða skuldir? Það er það að hafa atvinnu. Ef fólk hefur ekki atvinnu breytast líka forsendur þess til að geta greitt skuldir sínar.

Það mikilvægasta sem við stöndum frammi fyrir í íslensku samfélagi er að lækka vexti. Ég segi: Guð láti gott á vita ef það er rétt, sem hæstv. forsætisráðherra sagði hér fyrr í dag, að við stöndum frammi fyrir lækkun vaxta í næstu viku. Það er vissulega gott ef satt er en það er því miður fimm vikum seinna en efni í rauninni standa til. Það er ljóst að af hálfu Seðlabankans, sem m.a. sendi frá sér ályktun út af séreignarsparnaðinum, sem við höfum rætt hér í dag, hefðum við getað lækkað vexti ef ekki hefði komið til stjórnarkreppa og vaxtalækkuninni hefur nú seinkað um rúmar fimm vikur, m.a. vegna þessa.

Hún er þegar orðin ansi dýr, þessi ríkisstjórn, en ég vonast innilega til þess að lækkun vaxta verði að veruleika í næstu viku. Það er eitt það mikilvægasta fyrir heimilin og ekki síst fyrirtækin sem við verðum að halda gangandi. Við töluðum um það fyrr í dag að við þyrftum að skapa störf, það er gott. Þá verða málin að koma hingað inn í þingið, málin sem skipta skattumhverfið máli, varðandi rannsóknir og þróun, málin sem tengjast endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar og fleiri mál sem tengjast fiskvinnslu og fleiru til að við getum farið að vinna í því að skapa störfin. Það skiptir ekki síður máli að við verjum þau störf sem fyrir eru í landinu og það kann að reynast okkur mjög erfitt. Það skiptir mestu að tryggja atvinnuna og hugsa upp leiðir í því að efla atvinnustig. Geta fólks til að greiða af lánum breytist að sjálfsögðu mest við atvinnuleysið, þess vegna þurfum við m.a. að huga að því hvernig við getum byggt upp þannig kerfi að fyrirtæki geti haldið áfram, þau fyrirtæki sem eru starfandi, það þarf að tryggja að þau geti starfað áfram.

Ég tel líka mjög mikilvægt að við fáum sem fyrst inn frumvarp fjármálaráðherra — ég veit ekki hvort það verður hæstv. fjármálaráðherra eða forsætisráðherra sem mun flytja frumvarp um eignaumsýslufyrirtækið. Ég held reyndar að orðið eignasölufyrirtæki sé mun betra eins og fram hefur komið í greinum sérfræðinga, t.d. Jóns Steinssonar og Gauta Eggertssonar, sem sömdu athyglisverða grein um þá leið. Ég held að það skipti okkur miklu máli til að við getum áttað okkur á hvaða tökum við eigum að taka erfiðleika fyrirtækja, hvernig við eigum að afgreiða eignasölufyrirtækin og hvaða leiðir við eigum að fara til að hjálpa bönkunum að komast út úr því stoppi sem þeir eru í rauninni í.

Hæstv. forseti. Varðandi séreignarsparnaðinn er athyglisverð umsögn Seðlabanka Íslands sem dregur m.a. fram þau tvö atriði sem skipta meginmáli. Ég hef þegar minnst á það mikla hagræði varðandi ríkissjóð sem verður af því máli, ef allt það fé sem losnar til útborgunar verður greitt út, með leyfi forseta, eins og stendur í álitinu geta beinar skatttekjur hins opinbera aukist um allt að 34 milljarða og ráðstöfunartekjur heimilanna aukist um 55 milljarða. Ekki er þó líklegt að til svo mikilla útgreiðslna komi þar sem ekki er hagstætt fyrir innstæðueiganda að hliðra til tekjum með þessum hætti nema ráðstöfunartekjur hans í dag dugi ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum.

Síðan er hitt atriði frá Seðlabankanum: „Ef annað meginmarkmiða laganna er að skapa ný félagsleg úrræði fyrir þá sem eru verst staddir fjárhagslega til skemmri tíma vegna nýrra efnahagsáfalla þá er hætt við að þau markmið náist ekki ef allir eiga sama rétt til takmarkaðrar útgreiðslu, óháð aðstæðum og mati á þörf.“

Þetta eru þau sjónarmið sem Seðlabankinn setti fram í (Forseti hringir.) umsögn sinni. Ég tel einmitt að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi gert ágætlega grein fyrir sjónarmiðum sínum sem (Forseti hringir.) eiga að koma til móts við það að reyna að hjálpa til við að auka svigrúm fyrirtækja og fólksins í landinu til að (Forseti hringir.) greiða niður skuldir sínar. Ég held að það skipti miklu máli í þessu öllu en ég hefði viljað sjá stærra skref stigið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–15. mál.

Fundi slitið kl. 00:54.

---

98. FUNDUR

þriðjudaginn 10. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl., stjfrv., 321. mál, þskj. 674, frhnál. 677 og 678, brtt. 668. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórnarskipunarlög, frv., 385. mál, þskj. 648. — Frh. 1. umr.
4. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 376. mál, þskj. 635. — 1. umr.
5. Embætti sérstaks saksóknara, stjfrv., 393. mál, þskj. 663. — 1. umr.
6. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 664. — 1. umr.
7. Íslensk málstefna, stjtill., 198. mál, þskj. 248, nál. 594. — Síðari umr.
8. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frv., 371. mál, þskj. 626. — 2. umr.
9. Leikskólar og grunnskólar, frv., 390. mál, þskj. 656. — 1. umr.

10. Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum, þáltill., 370. mál, þskj. 625. — Frh. fyrri umr.
11. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, frv., 146. mál, þskj. 163. — 1. umr.
12. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, frv., 157. mál, þskj. 183. — 1. umr.
13. Skylda lánastofnana í meirihlutaeigu ríkisins til að leita tilboða í innleyst fyrirtæki, þáltill., 194. mál, þskj. 241. — Fyrri umr.
14. Meðferð einkamála, frv., 343. mál, þskj. 585. — 1. umr.
15. Fjármálafyrirtæki, verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, frv., 345. mál, þskj. 588. — 1. umr.
16. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, frv., 386. mál, þskj. 650. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
Björk Guðjónsdóttir, 9. þm. Suðurk.
Helga Sigrún Harðardóttir, 3. þm. Suðurk.
Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
Lúðvík Bergvinsson, 5. þm. Suðurk.
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvest.
Þuríður Backman, 8. þm. Norðaust.
Ögmundur Jónasson heilbrrh., 6. þm. Suðvest.

[13:31]

Útbýting:
Íslenskur ríkisborgararéttur, 402. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 683.

Störf þingsins.

Lánveitingar bankanna til eigenda, málþóf o.fl.

[13:31]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Það gerðist í vikunni að einn banki hrundi á Íslandi og það gerðist fyrir nokkru að í ljós kom að gömlu bankarnir höfðu lánað eigendum sínum óhemju mikið fé, ekki bara lítið heldur óhemju mikið. Ég átti von á að efnahags- og skattanefnd mundi ræða þetta ítarlega en í þessari stöðu var fundur felldur niður í morgun, reglulegur fundur nefndarinnar felldur niður og þetta mál ekki rætt. Það var fundur á mánudaginn þar sem rædd voru önnur mál, þ.e. í gærmorgun, og ég vil spyrja hv. formann nefndarinnar — (Gripið fram í.) það átti að vera fundur í morgun, reglulegur — ég vildi spyrja hv. formann nefndarinnar hvernig á því stendur að menn sýni þessum hluta efnahagsmálanna ekki meiri áhuga en þetta.

Það er að sjálfsögðu verulega mikið mál þegar banki hrynur og það hefur mikil áhrif bæði á Íbúðalánasjóð, lífeyrissjóði o.s.frv. og starfsmennina, slík aðgerð hefur heilmikil efnahagsleg áhrif. Og þegar í ljós kemur að eigendur bankanna gömlu höfðu lánað sjálfum sér þvílíkar upphæðir og þeir höfðu aldrei lagt neitt fram eða það sem þeir höfðu lagt til bankanna tóku þeir að láni og margfalt það, þá finnst mér virkilega vera ástæða til að ræða það í hv. efnahags- og skattanefnd.

[13:33]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta var svolítið kostuleg ræða. Í morgun boðuðum við fund í efnahags- og skattanefnd (Gripið fram í.) sem hefst í fyrramálið klukkan 8.30 með fulltrúum frá Seðlabanka, Fjármálaeftirliti og nokkrum ráðuneyta. Við óskuðum sérstaklega eftir því að nýr seðlabankastjóri kæmi fyrir nefndina og færi yfir stöðuna í fjármálalífinu og efnahagslífinu almennt og sínar áherslur og þá sýn sem hann hefur á þetta. Við ætluðum einnig að ræða við hann um hugsanlegt vaxtalækkunarferli, hvenær það gæti hafist, og allar aðrar forsendur og hagstærðir okkar Íslendinga. Þessir fulltrúar koma væntanlega, alla vega fulltrúar frá þessum stofnunum og ráðuneytum öllum, á fundinn í fyrramálið klukkan 8.30. Við ræddum það á fundi efnahags- og skattanefndar núna rétt áðan, klukkan korter yfir eitt undir liðnum Önnur mál, að þessi fundur yrði haldinn og hann var boðaður í morgun. Þingmaðurinn hlýtur að fagna því af miklum móð. Þar getur hann farið yfir þessi mál eins og við hinir nefndarmennirnir með fulltrúum þessara aðila og verður sérstaklega athyglisvert að heyra mat hins nýja seðlabankastjóra á þessari stöðu allri ef hann sér sér fært að mæta, sem við höfum óskað eftir.

Við munum því halda sérstakan fund í nefndinni um þetta mál og fara mjög ítarlega og vandlega yfir ástand, horfur og stöðu í þessum málum öllum. Þar gefst okkur færi á að spyrja okkar bestu sérfræðinga út í stöðuna eins og hún liggur fyrir akkúrat núna.

[13:35]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Pétri Blöndal að það er nauðsynlegt að við ræðum alvarlega stöðu efnahagsmála hér á vettvangi þingsins. Ég vil líka vekja athygli á því að í gær var hér umræða sem við framsóknarmenn hófum einmitt um stöðu efnahagsmála og þar ræddum við fall Straums – Burðaráss fjárfestingarbanka, en ég er sammála hv. þingmanni að við þurfum að ræða þau mál ítarlega á vettvangi efnahags- og skattanefndar eins og boðað hefur verið.

Ég finn fyrir því í samfélaginu að fólk kallar eftir því að stjórnmálamenn hafi þor og dug í sér til að ráðast í róttækar aðgerðir í efnahagsmálum eins og við framsóknarmenn höfum lagt til. Það er ekki eðlilegt ástand í samfélaginu og þess vegna fagna ég því að við munum ræða þetta mál á vettvangi efnahags- og skattanefndar, því að það getur blasað við mjög erfið staða ef við ætlum að fljóta sofandi að feigðarósi. Ég vil því taka undir með hv. þingmönnum að það er mikilvægt að ræða þetta mál á Alþingi og það er líka mikilvægt að við högum málflutningi okkar í sölum Alþingis með markvissum hætti því að það er lítill tími eftir af starfstíma þingsins og við þurfum að koma mörgum málum í gegn, m.a. stjórnlagaþingi sem við framsóknarmenn höfum lagt áherslu á. Vonandi verður sú umræða í dag markviss og ítarleg því að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Ég legg áherslu á það frumskilyrði okkar framsóknar-

manna að við komum stjórnlagaþingi í gegn áður en Alþingi fer heim. Krafa er um það í samfélaginu og að því ætlum við að stefna. Ég geri þar af leiðandi ráð fyrir að við munum funda hér mörg kvöld og jafnvel nætur til þess að koma miklum hagsmunamálum í gegn, enda er það krafa almennings í samfélaginu að Alþingi sé að störfum og við komum eins miklu í verk og hægt er á þeim stutta tíma sem við höfum til stefnu.

[13:37]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi út af síðustu ummælum hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar þá vil ég vekja athygli hans á því að hann situr nú á stjórnlagaþingi Íslendinga. (Gripið fram í.) Það er hins vegar spurning um það hvort menn vilja koma á öðru stjórnlagaþingi og þá er líka spurning um það hvort menn telja það vera til þess að auka veg og virðingu Alþingis að fara þannig fram. (Gripið fram í.) Ég tel svo ekki vera en þá umræðu tökum við á eftir. (Gripið fram í.)

Ég vil þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli eins og hann gerði og ég vil þakka formanni efnahags- og skattanefndar fyrir að hafa þó brugðist við tilmælum með þeim hætti sem hann gerði og hann lýsti áðan. Hér er um svo grafalvarlegt mál að ræða. Það sem hefur verið að koma í ljós varðandi starfsemi ákveðinna banka á Íslandi sem nú eru komnir í þrot og hvernig eigendur þeirra fóru fram og hvernig lánveitingum var háttað er með slíkum ósköpum að ég reikna ekki með að nokkurn í þessum sal hefði óað fyrir því að ástandið væri með þeim hætti þegar efnahagshrunið átti sér stað á sínum tíma.

Ég reikna heldur ekki með að nokkurn hafi óað fyrir því þegar við vorum að ganga frá því að setja á fót embætti sérstaks saksóknara og verið var að útdeila fjármunum til að hann gæti starfað að ástandið væri miklu alvarlegra en það sem við þó töldum á þeim tíma að það væri. Það er ljóst núna að þeir fjármunir sem voru ætlaðir til starfsemi sérstaks saksóknara eru ekki nema brot af því sem hann þarf að fá til að hann geti sinnt því starfi að rannsaka til hlítar þau alvarlegu brot sem virðist blasa við að séu fyrir hendi. Þetta eru mál sem verður að grípa til og taka á nú þegar, þetta er svo alvarlegt að mann hryllir við að horfa á það og (Forseti hringir.) að þetta skuli hafa getað viðgengist í samfélagi okkar.

[13:39]

Jón Bjarnason (Vg):

Virðulegi forseti, sem stýrir fundi svo röggsamlega. Hv. þm. Jón Magnússon sagði að sig hryllti við að þessir hlutir skyldu hafa gerst að eigendur bankanna hefðu getað skammtað sér fé á báða bóga.

Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. Pétur Blöndal vilji þá fara og kanna málin innan Sjálfstæðisflokksins. Því að hvernig kom þetta til? Jú, með einkavæðingu og sölu bankanna. Og hvernig voru þeir einkavæddir og seldir? Jú, í helmingaskiptum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins og þannig var síðan opnuð sú leið græðgisvæðingar sem þessir flokkar leiddu yfir þjóðina með einkavæðingunni. (**Gripið fram í:** Hárrétt.) Menn verða bara að horfast í augu við þann sannleika og hlaupa ekkert frá honum. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. Pétur Blöndal mun nú þá fara og kanna hvaða aðilar innan Sjálfstæðisflokksins, þegar þetta var einkavætt á sínum tíma, hafa nýtt sér aðstöðuna á svona (Gripið fram í.) hryllilegan hátt eins og hv. þingmaður lýsti.

Hitt er svo alveg rétt og ég tek undir með hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, við horfum líka til framtíðar og við endurreisum ekki bankana aftur á þeim sama grunni og Sjálfstæðisflokkurinn leiddi þá á sínum tíma í einkavæðingu og sölu þeirra. Við þurfum að leiða nýjar hugsjónir inn í bankakerfið, inn í fjármálakerfið (**Gripið fram í:** Þið viljið … í fyrsta skipti.) og … (**VS:** Þið viljið selja.) Við viljum ekki selja banka. (**Gripið fram í:** Jú.) Við viljum eiga góðan og sterkan þjóðbanka og ég trúi því ekki að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sem var viðskiptaráðherra í einkavæðingarferli bankanna, vilji endurtaka það ferli. (Gripið fram í.) Nei, ég tel (Forseti hringir.) að við þurfum að gera upp við þessa fortíð líka (Forseti hringir.) og síðan að endurreisa bankana á nýjum og heilbrigðum grunni. Og mér finnst þessi beiðni hv. þm. Péturs Blöndals um fund í efnahags- og skattanefnd mjög góð, herra forseti.

[13:41]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það er auðvitað mikið áhyggjuefni hversu lítinn áhuga ríkisstjórnarflokkarnir hafa á því að ræða hér um stöðu efnahagsmála, Icesave-málið, endurreisn bankanna (**Gripið fram í:** Sjávarútvegsmálin og kvótann.) og uppbyggingu atvinnulífsins. Stjórnarflokkarnir hafa mestan áhuga á því, eins og margoft hefur komið hér fram, með fulltingi Framsóknarflokksins að ræða um stjórnlagaþing og breytingar á stjórnarskránni (**Gripið fram í:** Hvað er svo …?) sem við vitum að mun ekki endurreisa bankana eða koma hjólum atvinnulífsins í gang á nýjan leik. (**Utanrrh.:** … í öðru máli.)

Í gær féll Straumur fjárfestingarbanki, hæstv. utanríkisráðherra, og ríkisstjórnin hefur ekki sýnt neinn vilja til þess að ræða um það fall og þýðingu þess fyrir þjóðarbúið. Þetta er auðvitað heilmikið mál, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi hér, fyrir eigendur bankans, starfsfólk og stjórnendur bankans, fyrir þjóðarbúið og fyrir ríkissjóð (**Gripið fram í:** Íbúðalánasjóð.) vegna þess að Íbúðalánasjóður átti gríðarlega hagsmuni inni í Straumi. Það áttu lífeyrissjóðirnir líka. Hæstv. utanríkisráðherra hefur engan áhuga á að ræða þessi mál heldur vill fara í það að breyta stjórnarskránni og breyta kosningalögum.

Ég tek undir það að efnahagsmálin og endurreisn bankakerfisins eru þau mál sem við eigum að ræða hér, það eru lykilmálin. Við eigum að ræða um útlánastefnu bankanna og með hvaða hætti menn veittu lán til ýmissa vildarvina sinna, t.d. til snekkjukaupa eins og við höfum horft upp á í fréttum upp á síðkastið. (Gripið fram í.) Ég hefði talið að hæstv. forsætisráðherra ætti að koma fyrir þingið og fjalla um það og gefa þinginu skýrslu um það hvernig hann og ríkisstjórn hans hyggst endurreisa bankana. (**Gripið fram í:** Í dag?) Ekki hafa komið fram (Forseti hringir.) nein skýr sjónarmið frá ríkisstjórninni um það (Forseti hringir.) hvernig þeim málum eigi að vera háttað. Ég kalla eftir því

að ríkisstjórnin fari að einbeita sér að þeim málum (Forseti hringir.) sem skipta einhverju máli fyrir þjóðina. (**Gripið fram í:** Eins og … í gær?)

[13:44]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það þurfti eiginlega að segja mér það þrisvar að á sama degi og okkur var greint frá því að Straumur – Burðarás hefði fallið og það höfðu verið að birtast fréttir um mjög undarlegar lánveitingar í einum bankanna, þá hefði verið ákveðið að fella niður fund í efnahags- og skattanefnd og það var ekki fyrr en eftir að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafði farið sérstaklega fram á það og greint frá því að hann mundi taka þetta mál upp á þinginu að brugðist var við því að boða til fundar í nefndinni.

Auðvitað er eðlilegt að efnahags- og skattanefnd komi saman við þessar aðstæður og ræði þessi stóru mál. Það gengur ekki að nefndin sitji hjá eins og ekkert hafi í skorist og ekkert hafi verið að gerast á þessum dögum. Þetta er auðvitað furðulegt og sýnir það tómlæti sem virðist ríkja í ríkisstjórnarflokkunum þegar kemur að því að ræða um efnahagsmálin.

Það var vitnað til þess að hér hefði farið fram efnahagsmálaumræða í gær og það er mikið rétt. Það var efnahagsmálaumræða sem átti að taka klukkutíma og tók klukkutíma en það verður að segjast eins og er að út úr þeirri umræðu kom sáralítið af hálfu ríkisstjórnarflokkanna. Það sem okkur var sagt frá eru sömu hlutir og búið er að tala um endalaust á blaðamannafundum forustumanna ríkisstjórnarinnar en ekkert nýtt kom fram. Þess vegna er mjög mikilvægt að efnahags- og skattanefnd reyni að kalla eftir því að fá þau svör sem þurfa að liggja fyrir um það hvernig ríkisstjórnin sér framtíðina fyrir sér. Það er náttúrlega gott og blessað að reyna að átta sig á fortíðinni en það skiptir öllu máli núna að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig málin munu þróast á næstunni.

Það var auðvitað hrollvekjandi að heyra það í gær frá hæstv. forsætisráðherra að ekki stæði til að ljúka málum varðandi nýju bankana fyrr en um mánaðamótin apríl/maí. Það var sagt í upphafi ríkisstjórnarsamstarfsins í byrjun febrúar að það yrði sérstök flýtimeðferð á þeim málum en nú sjáum við hvernig hún er.

Svo fannst mér líka undarlegt að heyra það áðan að það væri fullkomin óvissa um það hvort nýi seðlabankastjórinn mundi láta svo lítið að mæta á fund efnahags- og skattanefndar. (Forseti hringir.) Auðvitað ber honum að koma og gera grein fyrir þessum málum.

[13:46]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Hrun eins banka er mjög alvarlegt mál og leiðir hugann að því hvernig aðrar fjármálastofnanir standa, svo sem sparisjóðir og fleiri. Mér finnst að Alþingi komi þetta við. Ég mundi vilja sjá skýrslu frá forsætisráðherra strax þegar svona lagað gerist.

Þegar upplýsingar koma síðan um að bankarnir hafi lánað eigendum sínum mikið meira en eigið fé bankanna var, finnst mér það líka að vera nokkuð sem Alþingi ætti að fjalla um. Mér finnst að rannsóknarnefndin sem við erum búin að setja í gang þurfi að fá sérstaklega mikinn stuðning héðan.

En ég vil minna á að á þeim tíma þegar bankarnir lánuðu þetta fé var hér fjármálaeftirlit sem ég treysti á og trúði að mundi koma í veg fyrir svona lagað. (**Gripið fram í:** En hvað?) En hvað? Það virðist ekki hafa unnið rétt og það er spurning hvort hv. þingmaður, þáverandi hæstv. viðskiptaráðherra, hafi staðið sig. Alþingi setur lög og reglur og eftirlitsstofnanir og treystir því að þær vinni og komi skikk á hlutina, t.d. að ekki viðgangist gífurlegar lánveitingar milli bankans og aðalhluthafanna og jafnframt að varað sé við og helst komið í veg fyrir að bankastofnanir hrynji. Þær eiga ekki að hrynja. Það er eitthvað að þegar bankastofnanir hrynja eins og gerðist hérna í haust þegar þrjár stórar bankastofnanir hrundu. Það er eitthvað að þegar svoleiðis gerist.

Maður hlýtur að spyrja: Hvað gerðist? Ég vona að rannsóknarnefndin muni komast að því öllu. Hún má rannsaka langt aftur í tímann og ég vona að hún muni finna út úr því hvað gerðist. Hvað var það sem olli því að hér varð hrun í október 2008? (Forseti hringir.)

[13:48]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Það er ánægjulegt að heyra sjálfstæðismennina Pétur H. Blöndal og félaga hans ræða um alvarlega hluti eins og þeir vilji í raun og veru að hafin sé umræða um þá vegna þess að framferði þeirra í gær benti ekki til þess að þeir tækju þingið alvarlega eða þá þjóð sem þá kaus.

Nú vill svo til að þótt þingreynsla mín sé ekki löng hef ég nokkurt vit á málefnunum í kringum málþóf. Málþóf er þannig, forseti, að fyrsta stig málþófs er eins og vægur sviði. Það fer þannig fram að menn ræða ítarlega en þó málefnalega (Gripið fram í.) um hlutina, (Gripið fram í.) teygja nokkuð — greinilega vanari en sumir eru hér — og þannig vex þetta stig af stigi. Þriðja stig málþófs, sem er frekar óþokkalegt stig, fer þannig fram að heilir þingflokkar fleygja sér í ræðustólinn hver á eftir öðrum og rugla og þvaðra um málin eftir því viti sem þeir hafa.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú náð því skemmtilega aukastigi í þessu og komið fram með nýjung. Af því að hér var sagt í gær að þeir væru orðnir verri en Vinstri grænir verður að bera í bætifláka fyrir Vinstri græna en fylgdarsveinar Sjálfstæðisflokksins náðu þeirri nýjung sem Vinstri grænir náðu aldrei, að fara í andsvör við sjálfa sig. Sjálfstæðismenn fóru átta sinnum í ræðustól í andsvör við sjálfa sig í gær. Þeir fluttu ræður samtals í 330 mínútur, í fimm og hálfan tíma.

Það má að vísu segja að hv. þm. Jón Magnússon einn manna hafi rætt einhverjar skoðanir sem hann hafði í raun og veru en annars töluðu hér fimmtán sjálfstæðisþingmenn í gær. Þrír þeirra töluðu oftar en einu sinni. Þeir voru í átta andsvörum við sjálfa sig. Átta sinnum fór sjálfstæðismaður í andsvar við sjálfstæðismann. Um hvað í ósköpunum? Jú, til þess að láta hinn endurtaka þessa gullnu setningu, þetta glæsilega (Forseti hringir.) mál sem hann flutti. Og sautján sinnum fór sjálfstæðismaður að ræða um fundarstjórn forseta. (Forseti hringir.) Samtals 330 mínútur sem hefði verið hægt að nota í stjórnarskrána, (Forseti hringir.) í atvinnu-

leysistryggingar, (Forseti hringir.) í álver í Helguvík (Forseti hringir.) og í bankahrunið en það gerðu sjálfstæðismenn ekki heldur voru þeir að skemmta sér við fjórða stigs málþóf í (Forseti hringir.) allan gærdag.

[13:51]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Ég vil biðja hv. þingmenn að virða tímamörkin.

[13:51]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn hv. Mörður Árnason talar um málþóf og ég heyri á mæli hans að við eigum margt ólært í þeim efnum. Flokkur hans hefur mun meiri reynslu í málþófi en nokkurn tímann þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

En það sem fór fram í sölum Alþingis í gær var ekki málþóf. [Hlátur í þingsal.] Og ég mótmæli orðum hv. þingmanns í þá veru. Þar fór fram efnisleg umræða frá hendi þingmanna Sjálfstæðisflokksins um heimildir fólks til þess að nálgast séreignarsparnað sinn úr lífeyrissjóðum til að mæta greiðsluerfiðleikum heimilanna. Þar kom fram hörð gagnrýni sjálfstæðismanna á þá leið sem ríkisstjórnin hefur kosið að fara.

Við bentum á að útfærsla ríkisstjórnarinnar nær ekki þeim tilgangi sem lagt var upp með, að rétta almenningi björgunarhring til að mæta erfiðleikum heimilanna en um leið að gæta hagsmuna lífeyrissjóðanna. Við bentum á að í umsögn Fjármálaeftirlitsins komu fram alvarlegar viðvaranir um útfærslu ríkisstjórnarinnar.

Leið stjórnarliða felur í sér að almenningur getur innleyst 1 millj. kr. í jöfnum greiðslum á tíu mánuðum, 100 þús. á mánuði í tíu mánuði eða 63 þús. kr. á mánuði eftir skatta. Slík útfærsla dugar skammt til að mæta vanda heimila í landinu sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Þessi útfærsla veldur vonbrigðum. Það var það sem við ræddum í gær.

Leiðin sem sjálfstæðismenn mæltu fyrir í gær og lögðu fram breytingartillögu um felur í sér að almenningur getur gengið að því að leysa út séreignarlífeyrissparnaðar í einu lagi, 1 millj. kr. að frádregnum skatti í einni upphæð. Það var mat fulltrúa lífeyrissjóðanna að leið sjálfstæðismannanna væri betri en leið ríkisstjórnarinnar.

Virðulegi forseti. Hafi þingmenn eitthvað lært af hamförum haustsins er það að við þurfum að vanda til verka. Við megum ekki sýna andvaraleysi heldur skoða mál til hlítar og finna bestu leiðina. Sjálfstæðisflokkurinn telur að á það hafi skort í vinnslu frumvarpsins við innlausn séreignarlífeyrissparnaðar.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins voru ekki í málþófi í gær. Þeir reyndu hvað þeir gátu til að fá stjórnarliða og fylgismenn þeirra til að snúa við blaðinu. (Forseti hringir.) Og við áteljum þau fljótvirknislegu vinnubrögð (Forseti hringir.) ríkisstjórnarinnar í málinu sem er í eðli sínu gott.

[13:53]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Það fer best á því í ræðustóli Alþingis að tala um hlutina eins og þeir eru. Auðvitað var þetta málþóf í gærkvöldi og það vita allir. Og auðvitað hafa þingmenn ákveðinn rétt til málþófs. En ég held þó að við alþingismenn þurfum að hugsa um þá sérstöku tíma sem við lifum á, um þær sérstöku skyldur sem á okkar herðum eru. Hér liggur fyrir mikill fjöldi brýnna mála sem á okkur hvílir sú skylda að tryggja greiðan og góðan framgang.

Það er sjálfsögð og rétt ábending hjá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að mikilvægt er að ræða efnahagsmálin, enda var það gert í gær. Mörg góð efnahagsmál hafa komið fram hjá ríkisstjórninni og sem betur fer eru nú farnar að berast jákvæðar fréttir af íslenskum efnahagsmálum út í hinn stóra heim, m.a. vegna breytinga í Seðlabankanum, þótt við verðum enn fyrir áföllum eins og hruni Straums – Burðaráss.

Það er hins vegar sérkennileg afneitun Sjálfstæðisflokksins að hér megi ekki ræða stjórnarskipunarmál eða stjórnlagaþing. Það er afneitun flokksins á því að hrunið í haust var ekki bara fjármálahrun. Það var hrun stjórnkerfisins. Það var hrun þess stjórnkerfis sem Sjálfstæðisflokkurinn hafði byggt hér upp síðastliðin 17 ár og er þess vegna ekki nema von að þeir afneiti þeirri staðreynd að það er jafnmikilvægt að gera breytingar í stjórnkerfismálum og í efnahagsmálum og ekki síst að tryggja í stjórnarskrá eign þjóðarinnar á auðlindum. Nú er staða okkar sú að við erum skuldsett gríðarlega erlendis og erlendir aðilar eru farnir að líta til þeirra auðlinda sem við eigum, (Gripið fram í.) til auðlinda í orku (Gripið fram í.) og auðlinda í fiski. Það er því ekki síður brýnt að tryggja til allrar framtíðar að íslensk þjóð eigi þær auðlindir sem í landinu eru og í kringum landið (Forseti hringir.) finnast, að þær hverfi ekki í skuldahítina okkar í útlöndum. (Forseti hringir.)

[13:56]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Við hv. þingmenn höfum þann rétt í Alþingi að koma í upphafi þingfundar og ræða um störf þingsins. (**Gripið fram í:** ... í málþófi.) Hæstv. utanríkisráðherra er meistari í frammíköllum og reynir eilíflega að afvegaleiða umræðu og beina henni inn á þær brautir þar sem hann vill að þær séu. (Gripið fram í.)

Ég er að sjálfsögðu á móti málþófi en sem betur fer, m.a. í samstarfi við hæstv. utanríkisráðherra, tókst okkur að gjörbreyta umræðum á Alþingi frá því að (Gripið fram í.) hér stæðu yfir einræður klukkutímum saman yfir í það að nú eru umræður, (Gripið fram í.) nú eru stuttar ræður og hv. þingmönnum sumum hverjum, m.a. hv. þm. Merði Árnasyni sem kallar hér stöðugt fram í og reynir að trufla ræðu mína — að við fáum tækifæri til þess að eiga hér samræður, stuttar ræður, málefnalegar ræður.

Ég fagna því — ef hv. þm. Mörður Árnason þagnar nú aðeins — og vek athygli á að í gærkvöldi fóru fram málefnalegar umræður um mikilvægt mál (Gripið fram í.) og ég vísa því algerlega á bug að hér hafi farið fram málþóf. Við höfum rétt til þess að gera athugasemdir og við höfum rétt til þess að hafa í frammi málefnalega gagnrýni og það var það sem fór hér fram í gærkvöldi.

Í útvarpinu í hádeginu var sagt frá því að hér hefðu verið miklar umræður. Þar var einn sjálfstæðismaður kynntur til sögunnar og fjölmargir hv. þingmenn úr öðrum flokkum, sem bendir kannski til þess að það voru þingmenn úr fleiri

flokkum en Sjálfstæðisflokknum sem töluðu hér. Það er fullkomlega eðlilegt að við notum okkur rétt okkar til (Forseti hringir.) málefnalegrar umræðu og hún fer fram á Alþingi og á að fara fram hér.

[13:58]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Þeim fer nú að fækka dögum mínum á þessum virðulega stað en ég hélt að ég mundi ekki upplifa það að sjálfstæðismenn færu í málþóf. En það gerðist. Þetta var málþóf samkvæmt nýja kerfinu þannig að nú hafa sjálfstæðismenn kennt hv. þingmönnum og þingheimi hvernig fara á í málþóf samkvæmt nýja kerfinu. Það er sem sagt þannig að hv. þingmenn í sama stjórnmálaflokki fara bara í andsvör hver við annan. Það er nýja fyrirkomulagið.

Þetta eru mikil vonbrigði vegna þess að við framsóknarmenn stóðum að því með flestum öðrum flokkum, reyndar voru Vinstri grænir ekki með í þeirri ákvörðun, að setja hér tímamörk á allar ræður í öllum umræðum og héldum að það mundi þá þýða að hér færu fram málefnalegar umræður.

En nú er búið að finna leið til þess að komast hjá því með því að raða bara samflokksmönnum á mælendaskrá og þeir fara svo í andsvör hver við annan. Ég hef kannski haft of mikið álit á Sjálfstæðisflokknum fram að þessu (Gripið fram í.) og er það mitt vandamál. Það er þá kannski ágætt að ég fari að hverfa héðan úr þingsalnum. En það kemur mér á óvart að það skuli hafa verið gripið til þessara ráða af hálfu sjálfstæðismanna. Þetta er sennilega það sem við eigum eftir að sjá á næstu dögum og þar til að þingið fer heim.

[13:59]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. 1. febrúar breyttist stjórnin í landinu. Þá varð allt í einu eins og stjórnarandstaðan mætti ekki segja neitt. [Hlátur í þingsal.] Að stjórnarandstaðan mætti ekki koma og gagnrýna mál málefnalega. Einn hv. þingmaður sagði: Í gær voru menn að rugla og þvaðra. Mér er svolítið misboðið sem þingmanni að mega ekki af fá að tjá mig málefnalega um mál sem ég tel vera merkileg og brýn.

Ég varð fyrir vonbrigðum þegar hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði að við hefðum komið hingað í gær, sjálfstæðismenn, með málþóf í farteskinu. Ég ber meiri virðingu fyrir málfrelsi þingmanna en svo að tala um að við höfum verið með málþóf í gær. Ég horfi hér á hv. þm. Mörð Árnason. Ekki datt mér í hug þegar við vorum hér fram eftir mörgum nóttum, fram til fjögur og fimm margar nætur og mörg þing í röð, og ræddum um málefni Ríkisútvarpsins, að hv. þingmaður væri að beita málþófi. En greinilegt er að hann er búinn að viðurkenna það. (Gripið fram í.)

Meginmálið er það, herra forseti, að í gær átti sé stað málefnaleg umræða og innleggið frá hv. þm. Pétri H. Blöndal var breytingartillaga sem lögð var fram við 3. umr. Við ræddum hana málefnalega. Við höfðum ákveðnar skoðanir á málinu og við höfðum ákveðna fyrirvara þó að við munum styðja málið. Við höfum ákveðna fyrirvara af því við erum hrædd við að áhlaup verði gert á lífeyrissjóðina vegna séreignarsparnaðarins. Við vildum draga það fram. Ég man ekki til þess hafa séð nokkrum þingmanni Samfylkingarinnar bregða hér fyrir í gærkvöldi þegar við vorum að ræða þetta mál. Aftur á móti var hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hér og fylgdi málum eftir snöfurmannlega en (Gripið fram í.) aðrir þingmenn tóku ekki þátt í málinu (Forseti hringir.) fram eftir kvöldi.

[14:02]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Það er beinlínis rangt hjá hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur að hér hafi vantað samfylkingarmenn því hér voru bæði hv. þm. Ellert Schram og Össur Skarphéðinsson og hún getur farið í þingtíðindi fyrst hún man ekki eftir þessu frekar en hún man eftir því sem fram fór hinar miklu nætur sem við áttum saman um Ríkisútvarpið.

Hv. þm. Ásta Möller segir að þetta hafi verið algerlega eðlilegt, að 15 sjálfstæðismenn hafi talað, þrír oftar en einu sinni, 17 um fundarstjórn forseta og í 8 andsvörum við sjálfa sig en hvert andsvar tekur að lágmarki, fyrir utan skiptingar, 8 mínútur. Þar gátu sjálfstæðismenn þæft málið í 64 mínútur, 8x8 eru 64 lærðum við í grunnskóla, og það hafa þeir lært líka núna sjálfstæðismenn, gott hjá þeim. Ég tek undir með hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að þetta er nýjung á þinginu. Sjálfstæðismenn hafa sem sé fundið upp þessa nýjung og það er kannski liður í endurreisnarstarfinu. Kannski það sé gr. 4 í endurreisnarnefndinni sem nú er að reyna að tosa Sjálfstæðisflokkinn upp úr því feni sem hann er eðlilega, skiljanlega og algerlega röklega lentur í.

Auðvitað var hér málþóf í gær. Ástæðan sem var fundin var tillaga Péturs H. Blöndals sem hann flutti á 15 mínútum. Pétur H. Blöndal hefur sagt það, hann er ekki málþófsmaður hv. þingmaður. Hann segir: Það sem ég hef að segja segi ég á 15 mínútum. Ég hef alltaf dáðst að þeim hæfileika hjá Pétri H. Blöndal. Aðrir töluðu í 315 mínútur, aðrir en Pétur H. Blöndal. Sjálfstæðismenn töluðu í 315 mínútur … (Gripið fram í.) Ef það er ekki málþóf þá hef ég ekki verið ritstjóri Íslensku orðabókarinnar. Þannig er það.

Það sem vekur hins vegar athygli, forseti, er það að málþófið fer ekki fram í því máli sem þæfa á því það sem Sjálfstæðisflokkurinn ætlar sér að gera er að þæfa stjórnarskipunarlögin, að þæfa tillögurnar um betra lýðræði, um þjóðareign á auðlindunum og um stjórnlagaþingið. Það er það sem þeir eru á móti og þess vegna taka þeir öll önnur mál í gíslingu í þinginu og það er ekki bara vont og það er ekki bara fáránlegt í þeim aðstæðum sem við erum í heldur er það líka óþinglegt.

Umræðu lokið.

Tilhögun þingfundar.

[14:04]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundir geti staðið lengur í dag eða þar til umræðu um dagskrármálin er lokið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]

Afbrigði um 4. mgr. 10. gr. þingskapa samþ. með 29:5 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, BJJ, BjörgvS, EKG, EBS, EyH, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HHj, JóhS, JBjarn, KaJúl, KolH, KHG, KLM, MÁ, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: GMJ, HerdÞ, JM, PHB, RR.

8 þm. (ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, GHH, SKK, StB) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, BjörkG, EMS, GÞÞ, HSH, HöskÞ, IllG, JónG, KVM, KJak, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, REÁ, ÞBack, ÖJ) fjarstaddur.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 321. mál (útgreiðsla séreignarsparnaðar). — Þskj. 674, frhnál. 677 og 678, brtt. 668.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]

Brtt. 668 felld með 26:13 atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BBj, EKG, GHH, GSB, HerdÞ, JM, PHB, RR, SKK, StB.
nei: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, BJJ, BjörgvS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HHj, JóhS, JBjarn, KaJúl, KolH, KHG, KLM, MÁ, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (ÁKÓ, BjarnB, ÓN, ÞKG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, BjörkG, EMS, GÞÞ, HSH, HöskÞ, IllG, JónG, KVM, KJak, KÓ, KÞJ, LB, MS, REÁ, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:07]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í þessu máli voru margar umsagnir á þá leið að þetta gæti orðið hættuleg leið sem ríkisstjórnin legði til, yrði of mikið útstreymi úr lífeyrissjóðunum sem þeir réðu ekki við. Þess vegna legg ég fram tillögu um að horfið verði frá þeirri leið en tekið upp um leið að bæta stöðu þeirra sem raunverulega eru í vanda, sem skulda mikið og nota til þess það fasta fé sem er í séreignarsjóðunum og það verður gert með skuldaskilum þannig að lífeyrissjóðurinn gefur út skuldabréf sem bankinn og skatturinn tekur sem greiðslu og það fer enginn peningur út úr lífeyrissjóðunum og þeir geti vel ráðið við þetta. Þetta held ég að sé mjög góð leið við þessum vanda heimilanna sem eru að missa húsin sín og ég segi já.

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, EKG, EBS, EyH, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JM, KaJúl, KolH, KHG, KLM, MÁ, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, BjörkG, EMS, GÞÞ, HSH, IllG, JónG, KVM, KJak, KÓ, KÞJ, LB, MS, REÁ, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:09]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Þetta frumvarp hefur valdið miklum vonbrigðum og ekki síður hefur meðferð þess í þinginu valdið vonbrigðum því það var engin tilraun gerð til að leita leiða til að finna betri lausnir til að hjálpa þeim sem eru í vanda og hugsanlega gætu notað séreignarsparnað sinn til að leysa úr þeim vanda.

Það hefur verið fylgst mikið með þessum umræðum í þjóðfélaginu og þar eru vonbrigðin mjög sár. Í gærkvöldi meðan á umræðum stóð fékk ég sent sms-skeyti sem skýrir þetta vel, frá aðila sem var að fylgjast með, þar sem segir: Það verður að koma fram að skyldusparnaðurinn upp á eina milljón mínus skattur er ekki nægileg lausn á vanda fólks. Fólk ætti að fá að taka út allan sinn sparnað eða í það minnsta 2 milljónir og ekki á 6–9 mánuðum heldur í einu lagi. Þetta segir álit almennings á þessu frumvarpi. En þó er það þannig að það er hænuskref í áttina. Það gæti hjálpað einhverjum og þess vegna segi ég já.

[14:10]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með það frumvarp sem hér er komið fram. Það tekur mið af þörfum fólksins í landinu og það skal ekki gert lítið úr því að einstaklingar geta fengið um 630 þús. kr. á tilteknu mánaðabili og það skal ekki gert lítið úr því að það getur komið fjölskyldunum í landinu vel. Hér er verið að fara leið sem tryggir fólkinu í landinu rétt á þeim fjármunum sem það á. Það er líka verið að passa upp á að setja ekki þjóðina á hliðina. Þetta er ábyrg og yfirveguð leið og ég minni þá hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hér hafa talað á að í þessari umræðu hafa þeir í raun og veru talað fyrir ábyrgðarlausri leið sem hefði verið miklu meiri opnun og hefði sett þetta kerfi á hliðina.

[14:11]

Birkir Jón Jónsson:

Herra forseti. Við framsóknarmenn styðjum þær breytingar sem hér eru lagðar til til handa almenningi og fólki sem á í greiðsluerfiðleikum. Það skal alveg viðurkennt í þessari umræðu að þetta er ekki einfalt mál og ég vil benda á að í mjög ítarlegri umræðu á Alþingi í gærkvöldi af hálfu sjálfstæðismanna komu fram þau sjónarmið að aukin opnun gæti ógnað lífeyrissjóðunum en að sama skapi gengi þetta ekki nægilega til móts við þarfir almennings. Það er mjög vandratað vegur að feta þessa slóð. Við erum að gera þetta eftir okkar bestu samvisku. Þetta er kjarabót fyrir skuldug heimili og fólk í erfiðleikum. Við framsóknarmenn styðjum þetta. Þetta er að sjálfsögðu ekki síðasta málið sem við munum afgreiða á þessu þingi og þess vegna legg ég enn og aftur áherslu á að við högum þingstörfunum með þeim hætti að sem flest mál verði afgreidd frá Alþingi á þessum stutta tíma til hagsbóta fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu.

[14:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Sú leið sem ríkisstjórnin leggur til er afskaplega fátækleg og lítil. Þetta er spurning um 630 þús. kr. sem menn geta fengið greiddar á 10 mánuðum. Það hjálpar engum sem er í vanda, ekki einum einasta. Menn eru að tala um miklu stærri upphæðir þar. Þetta er í rauninni opnun á kerfið og ég varaði við því í umræðum í gær, aftur og aftur, að umsagnaraðilar, þar á meðal seðlabankinn, hinn nýi seðlabankastjóri hefði varað við því að það gætu orðið meiri útgreiðslur úr lífeyrissjóðnum en hann réði við. Þá er traust manna á þeim stofnunum endanlega farið. Ég vona að það gerist ekki. Ég vona svo innilega, herra forseti, að það gerist ekki og í trausti þess styð ég þetta hænufet sem við erum að stíga til að allir geti tekið milljón út úr séreignarsjóðum sínum burt séð frá þörf, herra forseti. Ég segi já.

[14:14]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég er sannfærður um að þeir eru margir sem eru ekki sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal um að það muni ekki skipta máli fyrir þá að fá á næstu mánuðum 600–700 þús. kr. til að bæta stöðu fjölskyldu sinnar á þessum erfiðu tímum. Ég fæ engan botn í málflutning Sjálfstæðisflokksins í þessu máli og þegar upp er staðið eftir allt rausið styðja allir þingmenn í salnum frumvarpið. Það segir allt sem segja þarf um ræðuhöldin í gær og að undanförnu.

Ég þakka efnahags- og skattanefnd fyrir góða vinnu að þessu máli og ég ítreka þá yfirlýsingu sem ég gaf við 1. umr. málsins að það verður skoðað áfram í fjármálaráðuneytinu hvort hægt sé og mögulegt að ganga lengra í ljósi þess hvernig þessi aðgerð gengur og reynist og hvað sjóðirnir eða vörsluaðilarnir þola. Hér er farin ábyrg og raunsæ leið. Hér er reynt að koma til móts við þarfir fólksins og gengið eins langt í þeim efnum og talið er verjandi og talið er mögulegt en ekki lengra. Ég held að hafi menn einhverja betri tillögu fram að færa í málinu en að gera þetta um það bil svona þá hef ég a.m.k. ekki heyrt hana enn þá og hefur þó ekki skort ræðutímann til að koma henni á framfæri.

[14:15]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég segi já við þessari tillögu. Hér er farin ágæt leið í þessu máli, um leið og því var lýst í nefndaráliti að fullur vilji væri til að ganga lengra ef menn teldu það öruggt og vænlegt gagnvart þessum sjóðum. Hér er farin millilending sem menn telja ábyrgt og varlegt að fara. Það mun koma mörgum þeim sem í vanda eru staddir mjög vel að geta losað þetta fé sem marga munar mikið um. Og þótt þetta leysi ekki vanda allra eða margra að fullu þá skiptir það mjög miklu máli að fólk geti gengið að þessu fé sínu. Um þetta var ágæt samstaða. Lífeyrissjóðirnir og margir aðrir höfðu mikinn fyrirvara við það almennt að opna á aðgengi fólks að þessu fé. Þetta var niðurstaðan og það var talið óhætt að ganga þetta langt á þessu stigi. Svo munum við skoða það strax hvort hægt sé að fara lengra og fara aðrar leiðir eins og þær sem margir hv. þingmenn komu með inn í nefndina. Það er fagnaðarefni að þessi tillaga gengur frá þinginu núna í þessari mynd.

[14:16]

Ármann Kr. Ólafsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sagði rétt áðan: Lífeyrissjóðirnir vöruðu við því að opna almennt á kerfið. Það er einmitt það sem er verið að gera. Hér er verið að opna almennt á kerfið, þ.e. að allir geti tekið upphæðir út úr lífeyrissjóðskerfinu. (**Gripið fram í:** Þar liggur ágreiningurinn.) Þar liggur ágreiningurinn, akkúrat. Við vildum einmitt ekki hafa þetta almenna opnun heldur að horft væri meira á hverjir þurfa raunverulega á hjálpinni að halda og að þeir einstaklingar geti kannski tekið 2–3 milljónir út úr þessum sjóðum. Hér geta allir fengið milljón eða 600 þúsund þegar búið er að draga frá skatt. Þarna liggur munurinn, hv. þingmaður. Þetta er almenn opnun sem lífeyrissjóðirnir vöruðu við, rétt eins og þú sagðir, í staðinn fyrir að fara yfir hvern og einn og sjá hverjir eru í raunverulegum vanda. (Gripið fram í.) En engu að síður er hér stigið hænuskref, eins og margoft hefur komið fram, (Forseti hringir.) og þess vegna styð ég málið í heild sinni nú.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 685).

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648.

[14:18]

Ásta Möller (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Hér er að hefjast umræða um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og umræðan hófst sl. mánudag með framsöguræðu hæstv. forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, og síðan var fundi frestað. Nú er að hefjast áframhald umræðunnar og forsætisráðherra er ekki í salnum og því óska ég eftir því að hún komi og sitji hér og hlusti á umræðuna og ræður þingmanna Sjálfstæðisflokksins, þar á meðal á talsmann okkar í umræðunni, Geir H. Haarde. Ég óska eftir því að forsætisráðherra verði viðstödd og ég sé að hún er nú komin í salinn.

[14:19]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Komið er til umræðu frumvarp til stjórnarskipunarlaga, flutt af fulltrúum fjögurra þingflokka á Alþingi. Það má gera ráð fyrir því að um þær tillögur sem í frumvarpinu felast skapist miklar umræður og það verður að gera þá kröfu að hæstv. forsætisráðherra hlýði á umræðurnar og sé tilbúin að svara fyrirspurnum sem kunna að koma fram í umræðunum vegna þess að breytingar á stjórnarskrá eru ekki neitt smámál. Það er ekki um að ræða venjuleg þingmál enda gerir stjórnarskráin sjálf kröfu um sérstaklega ítarlega málsmeðferð á tveimur þingum þegar breytingar eru gerðar á stjórnarskránni. Það er einmitt vegna þess að það ber að vanda vel til slíkra breytinga og það er ekki leyfilegt í góðu lýðræðislegu samstarfi, góðu lýðræðisríki að hrapa að breytingum á sjálfri stjórnarskránni sem hefur að geyma grundvallarlögin um þjóðskipulag okkar. Þess vegna er það illa til fundið hjá ríkis-

stjórninni að ætla að hrapa að slíkum breytingum einmitt á síðustu dögum þingsins, án þess að um slíkt mál hafi verið haft eðlilegt samráð og samstarf eins og ævinlega hefur verið gert þegar slík mál hafa verið á ferðinni á undanförnum áratugum.

Ég hygg að það sé ein undantekning á því að haft hafi verið samstarf allra þingflokka við breytingar á stjórnarskránni á öllum lýðveldistímanum. Það var árið 1959 þegar Framsóknarflokkurinn í heilu lagi lagðist gegn breytingum sem aðrir flokkar voru sammála um og snerust um kjördæmabreytingar sem flokkurinn lagðist gegn vegna þess að hann hafði pólitíska hag af gamla fyrirkomulaginu. Það hefur sem sagt verið sú venja að breytingar á stjórnarskránni hafa yfirleitt verið gerðar að undangengnu víðtæku samráði allra flokka þó svo það hafi ekki alltaf verið þannig að allir þingmenn hafi greitt atkvæði með breytingum. Það er ekki hægt að ætlast til þess þegar um þessa hluti er að ræða en það er hægt að ætlast til að þess sé freistað að ná samkomulagi allra flokka um jafnviðamikil og merkileg mál og þau sem felast í stjórnarskrá lýðveldisins. Það hefur ekki verið gert í þessu tilviki og það er rangt sem segir í þeirri grein sem hæstv. forsætisráðherra birtir í Morgunblaðinu nú um helgina að haft hafi verið samráð við alla stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi um þetta mál. Það er rangt og það er hörmulegt að lesa það í dagblaði eftir forsætisráðherra að það sé farið með slíka staðlausa stafi á prenti.

Það sem er rétt er að núverandi ríkisstjórn kallaði til þriggja manna hóp á sínum eigin vegum til að vinna að þessu máli. Sjálfstæðisflokknum var ekki gefinn kostur á að tilnefna mann í þann hóp. Þegar sá hópur hafði unnið saman skamma hríð var lagt fram blað á fundi formanna allra flokka með hugmyndum hópsins. Það var ekki óskað eftir viðbrögðum Sjálfstæðisflokksins við þeim tillögum.

Nokkrum dögum síðar kom nýtt blað með breyttum hugmyndum. Þá hafði hópurinn í kringum ríkisstjórnina og fulltrúar hennar komið sér saman um að breyta þessu blaði án þess að gefa Sjálfstæðisflokknum færi á því að koma þar að máli. Þessu máli var breytt í þriðja sinn án nokkurs samráðs við Sjálfstæðisflokkinn. Ríkisstjórnarflokkarnir með sína litlu nefnd svokallaðra sérfræðinga um þessi mál hafa verið að pukrast með þetta mál, eins og ég hef leyft mér að kalla það, pukrast með þetta mál og ekki hleypt öllum að eins og eðlilegt verður að teljast þegar slíkt stórmál er á ferðinni. Ég skil ekki hvað fyrir hæstv. forsætisráðherra hefur vakað í þessu máli að gefa ekki öllum flokkum jafnt færi á að koma að málinu með sjónarmið því það gat vel verið svo að um þessi mál væri hægt að ná samstöðu ef hennar hefði verið leitað. En hennar var ekki leitað, sennilega vegna þess að forsætisráðherra taldi sig vera í fullum færum um að sýna Sjálfstæðisflokknum í tvo heimana með að það væri hægt að koma svona málum í gegnum Alþingi án hans stuðnings og atbeina. Það eru þá háleit sjónarmið og háleit markmið eða hitt þó heldur þegar kemur að sjálfri stjórnarskrá lýðveldisins.

Ég ætla að rekja hérna, virðulegi forseti, nokkur dæmi um hvernig staðið hefur verið að breytingum á stjórnarskrá á undanförnum fáeinum áratugum. Mörg okkar í þessum sal muna vel eftir þessum breytingum vegna þess að við vorum þátttakendur í þeim. Ég sjálfur hafði forustu um breytingar árið 1995 og árið 1999. Það er hægt að fara lengra aftur í tímann en árið 1983 var kjördæmaskipaninni breytt og þingmönnum var fjölgað í 63 með stjórnarskrárbreytingum. Um það náðist góð samstaða milli allra flokka þótt ekki hafi allir þingmenn greitt þeirri breytingu atkvæði sitt en þetta byggðist á sameiginlegri vinnu allra þingflokka. Reyndin er sú að annaðhvort hefur verið um að ræða formlegar stjórnarskrárnefndir með fulltrúum allra flokka eða óformlegra samráð, t.d. á vettvangi formanna þingflokkanna og allt hefur það skilað þeim árangri að breytingar hafa náð fram að ganga. Ég nefndi árið 1983.

Árið 1991 tóku formenn þingflokka á Alþingi höndum saman um semja og flytja tillögur um að sameina Alþingi í eina málstofu og gera aðrar breytingar því tilheyrandi, þar á meðal þá breytingu sem væntanlega verður rædd síðar í vikunni um að þingmenn hafi umboð og haldi umboði sínu til kjördags. Það var til að tryggja að hægt væri að kalla þingið saman ef eitthvað óvænt kæmi upp á frá þingrofsdegi til kjördags. Það voru viðbrögð við því sem gerðist á Alþingi vorið 1974 þegar forsætisráðherra rauf þingið og sendi það heim umboðslaust þegar í ljós kom að hann hafði meiri hluta Alþingis á móti sér og við blasti samþykkt vantrauststillögu. Þetta voru breytingarnar árið 1991.

Árið 1995 voru gerðar breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, eins og við mörg hver munum. Aðdragandinn að því var sá að Alþingi samþykkti þingsályktun á Þingvöllum árið 1994 um þetta mál, jafnhliða því sem samþykkt var þingsályktun um að setja á laggirnar svokallaðan Lýðveldissjóð með sérstöku fjárframlagi en það mál kemur þessu að öðru leyti ekki við. Þegar við þingflokksformenn á þeim tíma vorum að vinna í því hvaða mál væri rétt að ræða á Þingvallafundinum árið 1994 kom upp sú hugmynd að taka sérstaklega fyrir VII. kafla stjórnarskrárinnar um mannréttindamál og gera hann nútímalegri eins og það hét. Ég man eftir því sérstaklega vegna þess að ég var sjálfur á bólakafi í þessari vinnu en það var þingflokksformaður Alþýðubandalagsins, Ragnar Arnalds, sem kom fyrstur fram með þá tillögu. Eftir nokkra umhugsun og athugun var fallist á að gera þá tilraun að hefja endurskoðun á þessum kafla sem var að mörgu leyti gamaldags, með mörgum ákvæðum frá 19. öld og færa hann til nútímalegra horfs, m.a. með tilliti til nýrra viðhorfa og tilliti til þess að búið var að lögfesta á Alþingi mannréttindasáttmála Evrópu. Sú vinna gekk að mörgu leyti vel. Tillagan var samþykkt á Þingvöllum en þá tók við það erfiða verkefni að færa ásetning þingsins í formlegan búning í formi frumvarps á Alþingi næsta vetur. Þó að þingflokksformenn hafi notið góðrar aðstoðar fyrrverandi og núverandi hæstaréttardómara meðal annars og kennara við Háskóla Íslands, þá reyndist þrautin þyngri að koma saman texta sem allir gátu sætt sig við. Ég minnist þess að oft og tíðum var mikil umræða í þjóðfélaginu um þessi mál á vettvangi hinna ýmsu félaga. Ég man eftir að hafa mætt á fundi suður í háskóla og tekið þátt í umræðum á ýmsum vettvangi, í sjónvarpi og annars staðar með áhugafólki utan úr bæ sem vildi ræða þessi mál. Það voru fulltrúar lögmanna og annarra áhugasamra aðila, mannréttindasamtaka og fleiri sem vildu fá aðkomu að undirbúningi málsins. Þannig gekk þetta á endanum fyrir sig

allan veturinn og var stundum tvísýnt en loks áður en yfir lauk náðist samkomulag um orðalag sem er gildandi stjórnarskipunarlög í dag og var samþykkt á tveimur þingum fyrir og eftir kosningar 1995. En því rifja ég þetta svona ítarlega upp eftir minni mínu, virðulegi forseti, af því að þetta sýnir í hnotskurn nauðsyn þess að breytingar af þessu tagi fái umræðu í samfélaginu og þeir hópar sem láta sig þær varða fái tækifæri til að tjá sig um þær.

Það gekk mikið á í ýmsum félagasamtökum í bænum þegar þessi kafli var til umræðu. Það tók heilan vetur að koma málinu í gegnum þingið. Nú á að keyra þessar breytingar fram á örfáum vikum, í mesta lagi, og á örfáum dögum, í versta falli, miðað við hve fáir dagar eru eftir af störfum þingsins. Þessi vinnubrögð eru sýnilega ekki boðleg, þau eru hvorki boðleg né bjóðandi þingmönnum sem eiga að fjalla um málin af einhverri alvöru. Þau eru náttúrlega ekki bjóðandi þessari stofnun sem slíkri og þau eru heldur ekki boðleg öllum þeim sem vilja láta þessi mál til sín taka í þjóðfélaginu. Hvar er öll hin mikla siðbót, hvar er öll hin mikla siðprýði, hvað er allt hið mikla tillit og gagnsæi sem átti að taka til þjóðfélagshópanna úti í samfélaginu?

Þetta er allt saman horfið út í veður og vind fyrir utan þá miklu rökvillu sem er að finna í frumvarpinu um að það eigi að breyta þremur greinum frumvarpsins en síðan vísa því í heild sinni til stjórnlagaþings, þar með talið þessum greinum sem búið er að breyta. Heyr á endemi.

Þetta er eitthvað það vitlausasta sem reitt hefur verið fram í seinni tíð í sambandi við löggjöf og löggjafarstarf og meðhöndlun löggjafar á hinu háa Alþingi. Gæti það ekki verið svo, virðulegi forseti, að það væru samtök úti í bæ, svokölluð, eins og t.d. félög lögmanna og lögfræðinga, t.d. mannréttindasamtök af ýmsu tagi, bein hagsmunasamtök, sem vilja láta þessi mál til sín taka? Á ekki að gefa slíkum aðilum neitt svigrúm? Á ekki að gera það? (**Gripið fram í:** Raddir fólksins.) Ég tala nú ekki um raddir fólksins, ríkisstjórn fólksins, já, kallar hún sig stundum.

Nei, þetta er að sjálfsögðu öndvert við allar venjur sem hafa skapast í þessum málum.

Vík ég þá að kjördæmabreytingunni 1999 sem var byggð upp með sama hætti, þ.e. það var á grundvelli starfs og samstarfs formanna þingflokka sem tillögur voru unnar um breytingar á kjördæmaskipan, kosningafyrirkomulagi og öðru sem því tengdist sem um náðist góð sátt þó að, eins og fyrr, ekki hafi allir þingmenn greitt því atkvæði. Það er sem sagt ríkt hefð fyrir því að um stjórnarskrárbreytingar sé góð samstaða og að hennar sé leitað. Það er aðeins ein undantekning frá því á öllum lýðveldistímanum eins og ég rakti áðan. Þess vegna er mér fyrirmunað að skilja af hverju slíkrar samstöðu var ekki leitað. Var eitthvað vitað fyrir fram að það yrði engin niðurstaða? Var eitthvað vitað fyrir fram að Sjálfstæðisflokkurinn væri andvígur einhverjum svona breytingum þegar þær höfðu aldrei verið ræddar í síðustu ríkisstjórn, aldrei nokkurn tímann? Það var aldrei fitjað upp á þessum málum í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Það sem stendur í þeim stjórnarsáttmála er að endurskoðun stjórnarskrárinnar verði haldið áfram og að reynt verði að finna botn í gamlar deilur um niðurstöður um þjóðareign á náttúruauðlindum.

Ég hef nú rakið fjögur dæmi um hvernig tekist hefur til með breytingar á stjórnarskránni á undanförnum 25 árum í samstarfi og samstöðu þingflokka á Alþingi. Það var í þessum anda sem Halldór Ásgrímsson, forveri minni og forveri núverandi hæstv. forsætisráðherra, setti á laggirnar stjórnarskrárnefnd árið 2005 af góðum vilja og einlægum ásetningi um að reyna að ná samkomulagi allra þingflokka um breytingar á stjórnarskránni, enda hefur það lengi verið svo að þó að okkur hafi auðnast að endurskoða ýmsa kafla og sum ákvæði í stjórnarskránni er margt eftir, sérstaklega í hinum fyrri köflum þessa mikilvæga skjals. Það er margt eftir og það var það sem lagt var fyrir stjórnarskrárnefndina 2005 að vinna í. Sú nefnd starfaði í tæp tvö ár, fram að kosningum 2007. Þá urðu ákveðin þáttaskil. Hún skilaði aðeins af sér einni tillögu sem ekki var flutt á Alþingi af öðrum ástæðum og þar af leiðandi urðu engar stjórnarskrárbreytingar árið 2007.

Ég hafði hins vegar hugsað mér það í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans frá 2007, í ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, að nota síðari hluta kjörtímabilsins 2007–2011 til að halda þessu starfi áfram og vera búinn að tryggja eins breiða samstöðu um slíkt og hægt væri í góðan tíma fyrir þær þingkosningar sem ráðgerðar voru 2011, nota árin 2009–2011 í því skyni.

Það fór auðvitað á annan veg eins og margt annað, en aldrei hefði mér dottið í hug að sú ríkisstjórn sem við tók og situr hér í minnihlutahlutverki, þó að Framsóknarflokkurinn sjái hér iðulega fyrir viðbótaratkvæðum, ætlaði að taka að sér verkefni af þessu tagi sem augljóslega og í samræmi við íslenska hefð kallar á samstöðu allra flokka og er ekki verkefni minnihlutastjórnar að kljást við. Hvergi í heiminum mundi nokkrum manni detta í hug að minnihlutastjórn hygðist taka upp í fangið verkefni af þessu tagi og reyna að þjösna því í gegn með þeim hætti sem hér á augljóslega að reyna að gera. Þetta eru því miður ekki boðleg vinnubrögð.

Varðandi efni málsins munu margir ræðumenn aðrir á vegum Sjálfstæðisflokksins í dag fara nákvæmlega yfir einstakar greinar, en upp úr þeim stendur að sjálfsögðu það að lagðar eru til þrjár efnislegar breytingar, þar af ein sem er náskyld þeirri breytingu sem stjórnarskrárnefndin 2005–2007 náði samstöðu um en þó er búið að þynna það ákvæði út. Þetta er 79. gr. núverandi stjórnarskrár þar sem kveðið er á um með hvaða hætti henni skuli breytt. Hér er lagt til að unnt sé að breyta henni með þjóðaratkvæðagreiðslu einni saman í stað þess að rjúfa þing eins og nú er áskilnaður um. Ég tel að það sé eðlilegt að huga að einhverri slíkri breytingu þannig að það verði ekki ævinlega að rjúfa þing til að gera breytingar á stjórnarskrár. En það þarf að fara afar varlega með slíkt. Það má t.d. hugsa sér að almenna reglan verði sú að ef helmingur þingmanna vill gera breytingar verði þingrof en t.d. ef tveir þriðju eða fleiri — sem hefur verið almenna reglan hér eins og ég gat um og flestir þingmenn hafa stutt slíkar breytingar þegar þær hafa verið gerðar — styðja stjórnarskrárbreytingar, sé unnt að koma þeim í gegn að fengnu samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu og hugsanlega nýju samþykki þingsins en þá þurfi ekki alþingiskosningar í milli.

Allt þetta má ræða og í tillögu stjórnarskrárnefndarinnar frá 2007 var gert ráð fyrir því að fjórar umræður væru um

slíkt mál í stað þriggja og að ákveðinn tími liði á milli umræðna, þrjár vikur, til að tryggja að ekki yrði hlaupið með svona mál í neinum flýti í gegnum þingið, það yrðu þá að vera að lágmarki fjórum sinnum þrjár vikur, 12 vikur eða þrír mánuðir. Það má þá gera ráð fyrir því að í raun hefði tekið einn þingvetur eða lungann úr einum þingvetri að koma stjórnarskrárbreytingum í gegn. Það er bara eðlilegt.

Það var þannig sem hefði átt að standa að þessu, að gefa mönnum einhverja mánuði í þinginu til að fara í gegnum svona mál, líka vegna þess hversu nauðsynlegt það er að gefa utanaðkomandi aðilum færi á því að tjá sig um málin. Þegar okkur var kynnt þetta hér í þinghúsinu fyrir nokkrum vikum, ég hygg að það hafi verið 19. febrúar, var sagt: Ja, sá hópur sem hefur unnið að málinu hefur ekki séð ástæðu til að kynna þetta fyrir öllum þeim sem hugsanlega hefðu áhuga á því. Í þeim hópi var líka stærsti stjórnmálaflokkurinn í landinu, það var greinilegt að það átti bara að líta á hann sem eitthvert aukaatriði í þessu máli, flokkinn sem er með 26 þingmenn af 63. Það átti bara að meðhöndla hann eins og honum kæmi þetta ekki við.

Það var hugmyndin sem kemur fram í flutningi þessa máls eins og ég er núna búinn að rekja.

Ég vil síðan að lokum segja nokkur orð, virðulegi forseti, um hið svokallaða stjórnlagaþing sem er orðið að miklu kappsmáli fyrir einn þingflokk, þ.e. Framsóknarflokkinn sem tók þetta mál upp á flokksþingi sínu og hefur flutt um það þingmál, en það þingmál er ekki frumvarp um breytingu á stjórnarskránni, heldur frumvarp um setningu nýrra laga. Það er dálítið athyglisverður greinarmunur sem þar er gerður. Hér er lagt til að það verði hvorki meira né minna en sett heilt ákvæði í stjórnarskrána þótt því sé ætlað að gilda um stundarsakir um stjórnlagaþing sem er algjört nýmæli hér á Íslandi. Menn hafa verið að grobba sig af því í fjölmiðlum að þetta væri jafnvel nýmæli hvar sem er á heimsbyggðinni, að kjósa til stjórnlagaþings beinni kosningu með þeim hætti sem hér er lagt til.

Framsóknarflokkurinn hefur ævinlega lag á því að koma upp með eitthvert eitt mál fyrir hverjar kosningar sem sitt höfuðmál í kosningum. Fyrir tveimur árum, í aðdraganda kosninga þá, var haldið flokksþing Framsóknarflokksins. Þá var sá góði maður sem þá var formaður flokksins að undirbúa sitt flokksþing fyrir kosningar og sinn flokk fyrir kosningar. Þá skaut upp kollinum tillaga á flokksþingi hans og á þingi flokksins sem varð til þess að setja allt þingið í uppnám og gera honum mjög erfitt fyrir og í raun og veru stela senunni frá hinum nýkjörna formanni Framsóknarflokksins. Þetta var tillagan um þjóðareign á náttúruauðlindum sem ákveðinn þingmaður dró þá upp úr pússi sínu og blés lífi í á þessu flokksþingi og gerði kröfu um að Framsóknarflokkurinn gerði að stjórnarslitaatriði, skömmu fyrir kosningar.

Þingmenn sem þá sátu á þingi muna hvernig því máli reiddi af, við fluttum þingmál hér, ég og þáverandi formaður flokksins, Jón Sigurðsson, mikill sómamaður og góður samstarfsmaður, en það þingmál náði ekki fram að ganga en þá var reynt, ólíkt því sem nú er, og þá var kannað hvort grundvöllur væri fyrir því að allir flokkar flyttu það mál og hefði mátt ætla, miðað við hvað hefur verið í nösunum á því fólki varðandi þjóðareign á náttúruauðlindum, að þeir flokkar tækju því máli fegins hendi og tækju það upp á sína arma. Það var öðru nær vegna þess að þetta mál var þá ættað úr ranni Framsóknarflokksins og þá mátti ekki koma nálægt því frekar en ef um væri að ræða holdsveikan mann sem væri að rétta þeim þetta plagg.

Þess vegna var það mál flutt af okkur tveimur sem þingmannamál en það náði ekki fram að ganga og það varð til þess að frumvarpið sem var í deiglunni lá hjá forsætisráðherra frá stjórnarskrárnefndinni um að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar, um breytingar á stjórnarskránni. Það náði ekki fram að ganga, kom ekki fram. Það féll á klofbragði því sem bruggað var á flokksþingi Framsóknarflokksins en hefði þó getað náð fram að ganga ef aðrir flokkar hefðu verið til í að koma til móts við þessi sjónarmið.

Í lokin vil ég svo greina frá því, virðulegi forseti, í framhaldi af því sem ég spurði um í andsvari við 1. umr. málsins varðandi kostnað sem muni hljótast af stjórnlagaþinginu að Sjálfstæðisflokkurinn hefur skrifað forseta Alþingis bréf og krafist þess að hann láti vinna kostnaðarmat um þetta mál. Það er alveg ljóst að hér er um að ræða mikinn kostnað, að lágmarki 1–1,5 milljarða króna og þá er spurningin hvar eigi að taka þá peninga þegar verið er að reyna að draga úr kostnaði alls staðar. Á að fækka (Forseti hringir.) læknum á Landspítalanum, á að hækka skattana, hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að fjármagna þennan mikla kostnað og hver verður hann?

[14:44]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst ekki margt nýtt koma fram í ræðu hv. þingmanns umfram það sem við ræddum á föstudaginn þar sem nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins komu í andsvör við þá ræðu sem ég hélt þá, framsöguræðuna. Ég hélt satt að segja þar til undir lokin að hv. þingmaður mundi ekki nefna — sem þó er staðreynd, af því að hv. þingmaður sagði í upphafi máls síns að hér hefði aldrei verið flutt breyting á stjórnarskipunarlögum nema í samráði allra flokka — að það var árið 2007 og sem betur fer kom hv. þingmaður upp með það að hann og hæstv. fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, fluttu hér breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins tveir saman, án þess að allir stjórnarflokkar kæmu að því máli. Ég held að það sé nauðsynlegt að halda því fast til haga.

Það getur út af fyrir sig verið rétt að það hefði verið æskilegra að hafa lengri tíma til að fjalla um þetta mikilvæga mál. Engu að síður er það staðreynd að um veigamikil atriði í þessu frumvarpi hefur ítrekað verið fjallað í stjórnarskrárnefndum, eins og hv. þingmaður sannarlega nefndi, t.d. varðandi náttúruauðlindirnar og aðferðir við að breyta stjórnarskránni. Varðandi samráð við Sjálfstæðisflokkinn voru haldnir nokkrir fundir og við fórum yfir það hvort sjálfstæðismenn væru tilbúnir í einhverjar breytingar á því frumvarpi sem lá fyrir og það virtist vera lítið meira en að þeir gætu hugsað sér stjórnlagaþingið sem þó hefur verið minnst rætt í þessu en þá ekki breytingar á stjórnarskránni heldur að það yrði ráðgefandi. Ég held að það sé ekki það sem menn eru að biðja um hér heldur eru menn að biðja um lýðræðisumbætur þar sem fólkið sjálft kemur að

málinu. Þar sem hv. þingmaður benti á að mikill kostnaður yrði við þetta þá er alveg ljóst að lýðræði getur kostað peninga (Forseti hringir.) og ég er viss um að margir meta það þess virði þó að kostnaður sé hár við að taka upp þær breytingar að hafa stjórnlagaþing.

[14:47]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég heyrði ekki betur en að hæstv. forsætisráðherra hefði sagt: „Það getur út af fyrir sig verið rétt að það hefði verið gott að hafa meiri tíma.“ Ja, mikil er auðmýktin, virðulegi forseti, þegar verið er að fjalla um grundvallarlög Íslands. Og það er ekki saman að jafna því frumvarpi sem við hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra á þeim tíma fluttum, árið 2007, enda leituðum við samráðs allra flokka sem var ekki gert núna eins og ég er búinn að rekja. Það var ekki óskað eftir tillögum Sjálfstæðisflokksins og honum var ekki gefinn kostur á því að vera með í því að semja upphaflegu drögin. Það er ekki samráð, það er sýndarmennska, virðulegur forsætisráðherra, það er hrein og klár sýndarmennska til að geta komið í ræðustólinn eins og núna og sagt að haft hafi verið samráð, samráð sem var gervisamráð. Ekkert annað.

Varðandi stjórnlagaþingið höfum við ekki hafnað þeirri hugmynd sem slíkri þó að ég hafi farið hér yfir nokkur atriði sem því tengjast. Ég tel það hins vegar algerlega af og frá að Alþingi gefi frá sér sitt mikilvægasta hlutverk sem er stjórnarskrárgerð. Ég tala nú ekki um að Alþingi taki að sér það auma hlutverk að vera umsagnaraðili fyrir eitthvert nýtt stjórnlagaþing. Við munum ekki taka þátt í því og við skulum ræða það hvort við finnum einhvern flöt á ráðgefandi stjórnlagaþingi sem yrðu þá sett sérstök lög um en ekki sett í stjórnarskrá. Það má ræða þetta allt saman ef hægt er að koma því fyrir innan vitlegs kostnaðarramma en eins og þetta er útfært kemur það ekki til mála. Ég get sagt það hér, ég hef sagt það áður við forsætisráðherra prívat, (Forseti hringir.) en við vorum aldrei beðin um skoðun á því með neinum formlegum hætti.

[14:49]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þá liggur bara fyrir að það kemur ekki til mála, eins og hv. þingmaður sagði hér orðrétt, að þjóðin sjálf hafi beina aðkomu (Gripið fram í.) að stjórnlagaþingi eins og hér er lagt til og fjalli þar um tiltekin mál sem þingið hefur oft og iðulega ekki verið fært um að fjalla um, eins og kjördæmismálin og kosningarnar. Þetta hefur verið erfitt, og það þekkja þingmenn, að koma hér í gegn breytingum á kjördæmaskipan og kosningamálum vegna þess að þingmenn hafa hagsmuna að gæta og hafa sífellt verið að máta sjálfa sig í hvort þeir pössuðu inn sjálfir og héldu sínu sæti í tilteknum breytingum sem hafa verið lagðar til. Það er bara með þeim hætti og það er bara miklu eðlilegra að það sé fólkið sjálft sem fjalli um það mál á stjórnlagaþingi eins og hér er lagt til. (Gripið fram í.) Í þessu frumvarpi um stjórnlagaþing er lagt til með hvaða hætti þingið hafi aðkomu að þessu máli.

Stjórnlagaþing á að fjalla um marga aðra þætti sem er mjög mikilvægt að það fjalli um sem þingið hefur ekki getað fjallað um þó að ítrekað hafi verið settar á stjórnarskrárnefndir til að fjalla um þau mál, eins og skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra sem þarf að taka á. Menn vita að það eru óskýr valdmörk milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og á því þarf að taka. (**Gripið fram í:** … stjórnlagaþing.) Það hefur líka verið rætt um að það þurfi að taka á hlutverki og stöðu forseta lýðveldisins, ég held að það sé miklu nær að stjórnlagaþing sjálft taki á því en Alþingi. Það eru ýmis mál sem eru miklu betur til þess fallin að stjórnlagaþing fjalli um þau og til þess sé valið eftir þeim aðferðum sem eru lagðar til í þessu frumvarpi en að fara þá leið sem Sjálfstæðisflokkurinn vill fara sem segir að ekki komi til greina að fólkið hafi beina aðkomu að, að stjórnlagaþingið eigi bara að vera ráðgefandi sem væri (Forseti hringir.) þá til þess að Alþingi gæti fellt (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) allar þær breytingar sem stjórnlagaþing mundi leggja til.

[14:51]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það má vel vera að valdmörk löggjafarvalds og framkvæmdarvalds séu óskýr, það má vel vera að það sé eitt og annað til í þeirri gagnrýni sem komið hefur fram á stjórnarskrána. Öll þekkjum við að margt í henni er undarlega orðað, gamaldags o.s.frv. En hefur það ekki verið þannig um áratugaskeið? Er eitthvað við núverandi aðstæður sem kallar á að það sé farið að eyða stórfé í eitthvert nýmæli hér sem kallast stjórnlagaþing þegar ástandið er eins og það er í efnahagsmálum þjóðarinnar? Er eitthvað sem rekur á eftir því að taka þetta mál fram fyrir öll hin mikilvægu hagsmunamál í atvinnumálum og málefnum venjulegra fjölskyldna á Íslandi? Er eitthvað sem kallar á það að taka þetta mál fram fyrir í því efni eins og sakir standa?

Svarið við því er nei, það er ekkert sem kallar á það. Það er tóm vitleysa eins og sakir standa.

Hæstv. forsætisráðherra hefur setið á þingi í 31 ár og er fyrsti flutningsmaður þessa máls. Annar flutningsmaður málsins, hæstv. fjármálaráðherra, hefur setið á þingi í 26 ár. Samtals hafa þau setið hér á Alþingi í 57 ár. Með þá reynslu á bakinu telja þau að nú sé rétt að taka þetta vald af þinginu. Ekki er nú hátt risið á þeirri afstöðu. Þetta er eitt helsta verkefni Alþingis og þjóðþinga um allan heim, að sjá til þess að þjóðin hafi skynsamleg grundvallarlög. Auðvitað, eins og forsætisráðherra nefndi, hefur kosningalögum og kjördæmaskipan oft verið breytt — og hefur það ekki alltaf tekist? Hefur ekki alltaf verið samstaða um það? Ég man ekki betur en það hafi ævinlega verið svo þótt fólk hafi verið misjafnlega ánægt með það og sumir þingmenn dottið út af þingi fyrir vikið, eins og forsætisráðherra vék að.

[14:53]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Allur málflutningur hv. þingmanns um samstöðu og samráð fellur á hans eigin klofbragði því að hann flutti jú sjálfur aðeins fyrir tveggja flokka hönd tillögu til breytingar á stjórnskipunarlögum. Hér standa þó fjórir flokkar að og ég geri satt að segja ekki mikið með það, virðulegur forseti, þó að á 50 ára fresti þurfi að af-

greiða breytingar á stjórnarskrá í andstöðu við einn staðnaðan kerfisflokk, Framsóknarflokkinn 1959 og Sjálfstæðisflokkinn 2009.

Geir H. Haarde segir: Hefur þetta ekki verið svona um áratugaskeið? Hvaða knýjandi nauðsyn er uppi nú? Það er eins og hv. þm. Geir H. Haarde hafi ekki enn þá áttað sig á því að hér hrundi kerfið 6. október sl. Og það var ekki bara fjármálakerfið, það var stjórnkerfið og Sjálfstæðisflokkurinn verður að fara að átta sig á því.

Ég hlýt að spyrja hv. þingmann hvort hann telji ekki að efnislegar röksemdir séu fyrir því að ríkur þáttur í hruninu hafi verið skortur á aðhaldi Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Hvort pólitísk spilling í embættisveitingum Sjálfstæðisflokksins hafi ekki verið ríkur þáttur í hruninu, m.a. í sjálfu dómskerfinu, (**Gripið fram í:** Svo á að skerða þingið.) pólitískt ofbeldi í því að leggja niður ráðgjafar- og eftirlitsstofnanir eins og Þjóðhagsstofnun. Hvort ekki séu augljós fjölmörg efnisleg dæmi úr sögu sautján ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins til að það sé knýjandi verkefni, alveg eins og efnahagsmálin, að taka til endurskoðunar grundvallaratriði í stjórnskipaninni og kjósa til stjórnlagaþings.

[14:55]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þessi málflutningur hefur ekkert með efni þessa frumvarps að gera. Þetta er bara gamall hatursmálflutningur í garð Sjálfstæðisflokksins. Hv. þingmaður getur ekki unnt Sjálfstæðisflokknum þess hversu vel hefur gengið í landinu á undanförnum mörgum árum. Hann blandar því saman að hér varð fjármálalegt áfall í haust, ekki síst vegna utanaðkomandi áhrifa frá alþjóðlegum skakkaföllum í efnahagsmálum sem kerfi okkar réð ekki við, efnahagskerfið, fjármálakerfið réð ekki við. Stjórnkerfið var vissulega vanburðugt til að takast á við það. En það var ekki vegna þess að stjórnarskráin hefði ekki skaffað eðlilega aðstöðu til þess að byggja það upp með öðrum hætti. Það var vegna þess að menn óraði ekki fyrir að svo kynni að fara sem fór.

En nú heyri ég að hæstv. fjármálaráðherra er í ræðum sínum hér farinn að tala mikið um hinn alþjóðlega efnahagsfellibyl og öll vandamálin sem steðja að þjóðarbúinu vegna þess að margt sé að gerast í alþjóðlegum efnahagsmálum. En það er nú ekki aðalmálið hér. Aðalmálið hér er að sjálfsögðu það hvort hér eigi að knýja fram í andstöðu við stærsta þingflokkinn, breytingar sem ekkert liggur á að gera.

Árið 1959, svo við höldum okkur við það dæmi, var langur aðdragandi að þeim breytingum sem þá urðu og allt var gert sem hægt var til að reyna að ná samstöðu allra flokka. Framsóknarflokkurinn hafði bara ekki áhuga á því vegna þess að hann hafði pólitíska hagsmuni af því að viðhalda óbreyttu kosningakerfi. Það er ekkert slíkt í spilunum núna. Varðandi tillöguna sem flutt var 2007 af okkur Jóni Sigurðssyni, þáverandi ráðherra, var þar um það að ræða að reynt var að ná samkomulagi allra flokka sem þóttust vera áhugamenn um þjóðareign á náttúruauðlindum en sú samstaða náðist ekki. Ekkert slíkt hefur verið reynt að þessu sinni.

[14:57]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Þetta hefur ekkert með óvild að gera. Hv. þingmaður staðfestir einfaldlega þann efnislega ágreining sem er á milli okkar og flokks hans, þess efnis að hér hafi stjórnkerfið brugðist. Það er okkar álit meðan hann heldur sig fast við að hér hafi fjármálakerfið hrunið og aðallega fyrir tilverknað frá útlöndum. Þetta er bara efnislegur ágreiningur og ég held að það sé ágætt í umræðum á Alþingi að hann sé dreginn fram.

En ég ætla þá að nota tækifærið og spyrja hv. þingmann hvort hann telji ekki að sú gríðarlega skuldsetning sem nú er á auðlindum þjóðarinnar, einkum fiskinum í sjónum, en líka þær fréttir sem nú berast að erlendir fjárfestar sýni orkufyrirtækjum hér á landi áhuga, hvort það bendi ekki til þess að það sé beinlínis knýjandi nauðsyn og mjög brýnt að afgreiða a.m.k. þann þátt þessa frumvarps sem snýr að þjóðareign á auðlindum og taka af öll tvímæli um að þjóðin eigi þær auðlindir sem hér eru og fiskinn í sjónum umhverfis landið, áður en við slysumst til þess að missa það í eignarhald erlendra aðila.

[14:59]

Geir H. Haarde (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef maður reynir að túlka orð hv. þingmanns með vinsamlegum hætti þá er hann að segja að það hafi verið þannig stjórnskipunarkreppa hér á landi að hún hafi verið meðvirkandi þáttur í því hvernig fór í haust. Segjum ekki meira en það, ekki að hún hafi verið orsökin heldur meðvirkandi þáttur.

Dettur einhverjum manni það í hug að þetta mál í haust hefði farið einhvern veginn öðruvísi ef greinin um náttúruauðlindir sem ekki skuli háðar einkaeignarrétti, þ.e. vera þjóðareign, hefði verið í gildi? Dettur einhverjum í hug að þetta hefði farið öðruvísi í haust ef 79. gr. laganna um þjóðaratkvæðagreiðslur frumvarpsins hér hefði verið orðin að stjórnarskrá? Dettur einhverjum í hug að ákvæðin um breytingarnar á stjórnarskránni hefðu haft einhverja þýðingu í því sem gerðist í haust? Auðvitað ekki. Dettur einhverjum manni í hug hér á Alþingi að ef ákvæðin um stjórnlagaþing hefðu verið búin að taka gildi og stjórnlagaþing sæti nú að störfum að það hefði það nokkur minnstu áhrif á það sem gerðist í haust? Ég vona að engum manni detti það í hug því það er svo vitlaust.

[15:00]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa yfir mikilli ánægju með það að frumvarp til stjórnarskipunarlaga skuli vera komið á dagskrá þingsins. Við framsóknarmenn höfum lagt mikla áherslu á að fara í ákveðnar breytingar í kjölfar þess efnahagslega hruns sem varð í íslensku samfélagi, með öllum þeim afleiðingum sem það hafði í för með sér.

Þegar menn tala um, hæstv. forseti, að stjórnlagaþing sé furðulegt fyrirbrigði eða einstakt í sögunni vil ég nefna að slík þing hafa verið haldin víða um heim á ýmsum tímum sögunnar, oftar en ekki í kjölfar niðurbrots eða jafnvel byltinga í þjóðfélagsskipan og jafnvel í stjórnmálakreppum sem myndast hafa í kjölfarið.

Ég held að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins verði að hlusta aðeins á hvað er að gerast í samfélaginu. Ýmislegt hefur gerst á undangengnum vikum og mánuðum. Niðurbrot hefur orðið í íslensku efnahagslífi sem skekur hvert einasta fyrirtæki og heimili í landinu. Fólk hefur krafist aðgerða og það sýndi sig á fjölmennasta flokksþingi sem haldið hefur verið í 92 ára sögu Framsóknarflokksins. Þar kom fram mjög rík krafa frá þeim 900 fulltrúum sem sátu það þing að gerðar yrðu breytingar á íslensku samfélagi í kjölfar þeirra hörmulegu atburða sem hafa gengið yfir okkur á undanförnum vikum og mánuðum.

Í ljósi þess sem gerst hefur þurfum við að taka ákveðna hluti til endurskoðunar. Við þurfum jafnvel að taka til endurskoðunar gildismat okkar og leikreglur í því samfélagi sem við viljum lifa í. Almenningur knúði fram ákveðnar breytingar sem stjórnmálamenn hlustuðu á endanum á. Meðal annars vegna þeirrar kröfu buðu framsóknarmenn Samfylkingu og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að taka sæti í ríkisstjórn gegn því að við verðum þá ríkisstjórn vantrausti, fengi hún það á sig á vettvangi þingsins.

Það gerðum við á grundvelli málefna og þess að við vildum sjá breytingar. Sú krafa um breytingar sem við heyrðum utan úr samfélaginu var að skipt yrði um aðila innan ríkisstjórnarinnar. Menn vildu skipta um yfirstjórnir í þeim lykilstofnunum sem áttu að fylgjast með öllu regluverki í kringum fjármálakerfið og það hefur verið gert. Vegna þess einbeitta vilja sem endurspeglaðist á 900 manna flokksþingi okkar um að stjórnlagaþingi yrði komið á gerðum við framsóknarmenn kröfu um það, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin og þessir stjórnmálaflokkar kæmu því máli í gegn fyrir kosningar vegna þess að við hefðum ekki neitt handfast um það eftir kosningar að menn fylgdu því máli eftir og jafnvel mundum við horfa upp á það að ekkert yrði af stjórnlagaþingi, sem á að setja nýjar reglur í íslenskt samfélag og skoða hlutina upp á nýtt.

Hæstv. forseti. Frá árinu 1946 hafa á Alþingi komið fram rúmlega 80 tillögur að breytingum á stjórnarskránni. Hvernig hefur þessum tillögum reitt af? Sjö hafa verið samþykktar, fjórum hefur verið vísað til ríkisstjórnarinnar og aðrar hafa ekki verið útræddar.

Því hlýtur að teljast fullreynt síðustu 65 árin eða svo að Alþingi Íslendinga og stjórnmálaflokkarnir, þá sérstaklega fjórflokkurinn sem hefur átt sæti hér á þingi á þessu árabili, geti náð samkomulagi um að fara í heildarendurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins þannig að árangur yrði af því. Ég tel það fullreynt og í ljósi þess að valdið kemur jú frá íslenskum almenningi á endanum tölum við framsóknarmenn fyrir því að færa eigi þetta vald til almennings. Að almenningur skipi fulltrúa sína á stjórnlagaþing og stjórnmálaflokkarnir komi þar ekki nærri.

Hvað er svona hrikalegt við það? Verður Sjálfstæðisflokkurinn að vera leiðandi í gerð á íslenskri stjórnarskrá? Er það skilyrði að einn stjórnmálaflokkur leiki lykilhlutverk í því? Er það svo að hér á Alþingi Íslendinga sitji 63 af frábærustu fulltrúum íslensku þjóðarinnar? Að sjálfsögðu ekki. Það er fullt af hæfileikaríku fólki í íslensku samfélagi sem hefur áhuga, getu og vilja til að koma að þessu verki.

Við skulum líka horfa í eigin barm. Það var á vakt okkar stjórnmálamannanna sem þeir hrikalegu atburðir, sem eru að ganga yfir íslenskt efnahagslíf, urðu. Að sjálfsögðu bera stjórnmálamenn einhvern hluta af ábyrgðinni. Við skulum ekki hlaupast undan því. Þannig að ég get vel sett mig í spor margra þeirra sem hafa krafist þess að stjórnlagaþingi yrði komið á laggirnar. Þess vegna er ég ánægður með að þetta mál skuli þó vera komið á dagskrá þingsins, þrátt fyrir að við höfum ætlað að ræða frekar um frumvarp til stjórnarskipunarlaga síðasta föstudag.

Hv. þm. Geir H. Haarde nefndi það að frumvarpið sem við framsóknarmenn lögðum fram væri ekki breyting á stjórnarskrá. Það er rangt. Í báðum frumvörpunum sem lögð hafa verið fram eru ákvæði um stundarsakir eins og vera ber ef stjórnlagaþing á að hafa alvöru umboð sem stjórnarskrárgjafi.

Með þeim breytingum sem við leggjum til erum við í raun og veru að færa þetta vald frá Alþingi til þjóðarinnar. Um það snýst kannski deilan í þessari umræðu, hvort þetta eigi að vera í höndum stjórnmálaflokkanna eða hvort — sérstaklega með tilliti til þeirra atburða sem hafa átt sér stað í íslensku samfélagi — við ætlum að treysta hæfileikaríku fólki í íslensku samfélagi til að koma að þessari vinnu.

Ég hugsa að deilan á milli þessara fjögurra flokka og Sjálfstæðisflokksins hér á þingi muni snúast um hvort þetta stjórnlagaþing eigi að vera ráðgefandi eða hvort það eigi að hafa endanlegt vald um væntanlega nýja stjórnarskrá, verði þetta að lögum.

Þó að sjálfstæðismenn hafi sagt á föstudaginn að þeir hafi viljað ræða mjög ítarlega um séreignarlífeyrissparnaðinn og það tengdist ekki þessu máli held ég einfaldlega að þar sé ekki alveg farið með rétt mál. Það tengdist að þetta mál var næst á dagskrá. Ég hef sterklega á tilfinningunni að Sjálfstæðisflokkurinn muni af alefli reyna að leggja stein í götu þess að af stjórnlagaþingi verði, þ.e. þeirri útfærslu sem flutningsmenn frumvarpsins hafa lagt til. Það hefur reyndar komið fram í umræðum að Sjálfstæðisflokkurinn er ekki mjög hrifinn af þeirri útfærslu sem við leggjum til hér.

Frú forseti. Margt kemur til álita ef stjórnlagaþing kemur saman. Við getum velt fyrir okkur í þessari umræðu hvaða álitamál það væru sem almenningur á þessu stjórnlagaþingi mundi ræða. Til að mynda kæmi til álita og umræðu um hlutverk þingsins og þrískiptingu ríkisvaldsins. Við sem höfum setið hér á Alþingi á undangengnum árum höfum mörg hver verið á því að það þyrfti að styrkja Alþingi Íslendinga og við höfum fundið fyrir því þegar minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur verið að störfum að sú stjórn hefur þurft að leita miklu meira á náðir Alþingis í ákvarðanatöku sinni en fyrri ríkisstjórnir. Miklu meira og tala ég þar af eigin reynslu.

Ég finn það sem þingmaður að þingmenn hafa meiri áhrif á þau frumvörp sem við ræðum nú en oft áður. Þetta er mjög jákvæð breyting því (Gripið fram í.) framkvæmdarvaldið sækir umboð sitt til löggjafarvaldsins og á að starfa í umboði þess. Þingmenn eiga ekki að þurfa að hlusta á fyrirmæli frá ráðherrum á blaðamannafundum um hvað þeir eigi að gera.

Nú er það svo, þrátt fyrir blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar, að ráðherrar geta ekki fullyrt að þau mál sem þeir kynna fari í gegn. Það þarf a.m.k. að ræða það við þann flokk sem ver þá vantrausti og ef það er ekki gert er full-

komin óvissa um hvort viðkomandi þingmál fer í gegn. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Við þurfum að endurskoða starfsvettvang okkar og ég hef talað fyrir því og finnst ekki veita af því í ljósi forsögunnar að stórefla þurfi eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Þar þurfum við öll að leggjast á eitt. Eftirlitshlutverk þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu á að vera eitt mikilvægasta verkefni þingsins auk annarra löggjafarstarfa. Við þurfum að leggja miklu meiri áherslu á þetta brýna hlutverk þingsins en við höfum gert á síðustu árum. Ég vil segja hv. þm. Sturlu Böðvarssyni það til hróss að hann hefur og hafði í störfum sínum sem forseti þingsins lagt mikla áherslu á þetta sem ég nefndi hér.

Hvað fleira kemur til álita í vinnu þessa stjórnlagaþings ef það kemur saman og við náum frumvarpinu í gegn þrátt fyrir andstöðu sjálfstæðismanna? M.a. hvort við eigum að afnema þingræði og taka upp beina kosningu æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins. Það yrði mjög róttæk breyting. En ég tel að við séum að upplifa þannig tíma í dag að í raun og veru komi allt til greina. Við þurfum að hugsa hlutina upp á nýtt og erum í raun og veru að stórendurbæta stjórnarskrá lýðveldisins, að ég tel, verði frumvarp okkar að lögum.

Nú á að auka valfrelsi kjósenda um fulltrúa á framboðslistum. Ákveðin krafa er í samfélaginu um að þeir sem kjósa stjórnmálaflokka eigi að hafa meira val um hvernig þeir listar eru skipaðir. Við mundum væntanlega með því taka upp aðra tegund af prófkjöri sem færi fram í kjörklefanum þar sem hinir raunverulegu kjósendur röðuðu upp á lista.

Svo eigum við að takmarka hámarkssetu þingmanna og ráðherra. Forseti Bandaríkjanna má einungis sitja tvö kjörtímabil. Er það eitthvað sem við ættum að skoða hér? Ég man að Kvennalistinn var með hámark á seturétti þingmanna sinna. Þetta er allt eitthvað sem yrði uppi á borðinu hjá stjórnlagaþinginu.

Eigum við að auka möguleika á þjóðaratkvæði og jafnvel á frumkvæði að löggjöf frá almenningi? Þjóðaratkvæðagreiðslur hafa ekki verið mikið brúkaðar hér á landi á undangengnum áratugum. Ákveðin krafa er í samfélaginu um að við aukum íbúalýðræðið og margir stjórnmálaflokkar sem eiga sæti á Alþingi hafa talað fyrir því. Þetta er eitthvað sem stjórnlagaþing gæti skoðað.

Hvernig tryggjum við gagnsæi stjórnkerfisins? Er ekki eitthvað sem hefur brugðist í íslensku samfélagi á undangengnum árum sem við þurfum að skoða? Er ekki eðlilegt að þeir sem sitja á stjórnlagaþinginu skoði þau mál? Er það þannig að við þingmenn eigum að ákveða hvernig við högum kjördæmaskipan? Væri ekki að mörgu leyti eðlilegra að aðrir véluðu um þau mál en við sem sitjum hér á hv. Alþingi? Ég held að það sé alveg sjónarmið í umræðunni að æskilegt væri að einhverjir aðrir en sitjandi þingmenn tækju ákvarðanir um hvernig kjördæmaskipaninni væri háttað.

Hæstv. forseti. Ég nefni hér mögulega kosti sem yrðu til umræðu á þessu stjórnlagaþingi og það er allt undir þegar kemur að því. Það er allt undir til að endurskoða leikreglur í íslensku samfélagi.

Ef Sjálfstæðisflokkurinn er ekki á því að menn þurfi að fara út í slíka vinnu og ef Sjálfstæðisflokkurinn er ekki reiðubúinn til þess að treysta almenningi, þar með töldum sérfræðingum í háskólasamfélaginu, viðskiptalífi og hinum venjulega manni til þess að ráðast í slíka vinnu þá held ég að Sjálfstæðisflokkurinn sé á dálitlum villigötum.

Og ef Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að berjast fyrir því að hugmynd okkar framsóknarmanna um stjórnlagaþing verði ekki að veruleika þá er ég reiðubúinn að funda hér fram á morgun, eins lengi og þarf. Því það verður engin trygging fyrir því að afloknum kosningum, þrátt fyrir allan fagurgala um að menn ætli að skoða málin eftir kosningar að af slíku stjórnlagaþingi yrði. Við leggjum höfuðáherslu á þetta mál og okkur þingmönnum Framsóknarflokksins á Alþingi ber skylda til að framfylgja þeim einbeitta vilja sem kom fram á fjölmennu flokksþingi okkar sem nýlega er afstaðið og það verður gert.

Með þessu er ég ekki að segja að það eigi að rífa þetta mál út úr þinginu. Ég tel að svona stórt mál þurfi mikla umræðu og ég veit að það verður mikil umræða um það. En ég bið menn þrátt fyrir að þeir tilheyri stærsta flokki á Alþingi að virða það að verulegur meiri hluti þingmanna á Alþingi Íslendinga vill ráðast í þessar breytingar og allir flokkar sem eiga setu hér á Alþingi hafa lýst yfir vilja til þess að afgreiða þetta mál. Og við skulum bera þá virðingu fyrir lýðræðinu að það er meiri hlutinn, við getum talað um í þessu tilviki hinn stóra meiri hluta, sem er mjög einbeittur í því að koma þessu máli áfram.

Frú forseti. Að lokum ætla ég að víkja ræðu minni að öðru máli sem brennur á okkur framsóknarmönnum. Við höfum mælt fyrir ákvæði um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign. Það skal viðurkennt að það hefur verið mikill áherslumunur á milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna á undangengnum árum um þetta þar sem margir í þeirra röðum tala fyrir einkaeignarréttinum, til að mynda er varðar fiskveiðiauðlindina. Það væri rétt að fá það fram hjá hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins hvort þeir séu andvígir því að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign.

Ég býst við að í þeirri umræðu sem hér mun fara fram munum við ræða þetta. Og ég tel og við framsóknarmenn að það eigi að framfylgja því sem auðlindanefnd ákvað árið 2000, að fylgja því ákvæði eftir en við náðum ekki saman við Sjálfstæðisflokkinn, að mig minnir á árinu 2007, í þeim efnum.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég nefna að ég sé mikla hættu á því í samfélaginu ef það yrði niðurstaðan, sem ég vona að verði ekki, að þetta frumvarp yrði ekki afgreitt héðan frá Alþingi Íslendinga fyrir kosningar. Ég held að það sé mjög skýr og afdráttarlaus vilji fyrir því í samfélaginu að við förum í að endurskoða gildi okkar og leikreglur og allt umhverfi íslensks samfélags. Og þegar við horfum til þess gildismats sem var þegar menn dönsuðu hvað mest í kringum gullkálfinn — jafnvel sá sem hér stendur — þá er gildismatið þannig í íslensku atvinnulífi að þeir sem sýsluðu með fjármuni höfðu margfalda, jafnvel mörghundruðfalda fjármuni á við þá sem m.a. sinntu sjúklingum (**BÁ:** Hvernig tengist það stjórnarskránni?) og sinntu börnum og menntuðu þau.

Hv. þm. Birgir Ármannsson spyr hvernig það tengist stjórnarskránni. Það varð ákveðið rof í samfélaginu og það

er krafa almennings að almenningur fái aðgang að því að móta skýrar leikreglur í íslensku samfélagi. Og ég trúi því ekki að hv. þm. Birgir Ármannsson ætli að koma hér upp og mæla því bót að menn í íslensku fjármálalífi greiddu sér mörg hundruð milljónir í laun á ári. (**BÁ:** Hvaða rugl er þetta?) Hvaða rugl, segir hv. þingmaður. (**BÁ:** Hvernig tengist það þessu máli?) Það er gríðarleg reiði í samfélaginu. (**BÁ:** Þú ert að rugla saman tveimur …) Ég er ekkert að rugla. Ég er að endurspegla (Forseti hringir.) það sem íslenskur almenningur hefur verið að mótmæla á undangengnum vikum og mánuðum. Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn ekki að átta sig á því hversu skýr krafa er um að þetta mál nái fram að ganga hér á vettvangi þingsins? Það verður fróðlegt að sjá hvernig landsfundur Sjálfstæðisflokksins mun ræða þetta mál á fundi sínum. Ég trúi því ekki, miðað við hróp og köll þingmanna flokksins hér að allur landsfundurinn sé sammála því að þjóðin eigi ekki að ákvarða um þetta. Það hljóta að vera skiptar skoðanir í Sjálfstæðisflokknum um þetta. Reyndar er það svo að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur tekið jákvætt í þær hugmyndir sem við höfum lagt hér fram. Þannig að Sjálfstæðisflokkurinn talar svo sem ekki einni röddu enda væri það mjög óeðlilegt í ljósi þeirra efnisatriða sem ég hef talið upp sem kæmu til álita á slíku stjórnlagaþingi.

Ég endurtek það enn og aftur að hér er um forgangsmál að ræða hjá okkur framsóknarmönnum. Við munum leggja nótt við dag til þess að koma þessu máli hér í gegn. Við erum mjög ánægðir með það samkomulag sem við höfum náð við aðra stjórnmálaflokka hér á þingi, Vinstri græna, Frjálslynda og Samfylkingu. Þetta mál er sett fram af fullum heilindum af hálfu þessara flokka og ef menn vilja bera saman það frumvarp sem við lögðum fram fyrr og það frumvarp sem nú liggur fyrir þá er það vissulega svo að hér er um ákveðna málamiðlun að ræða og það þarf ekkert að skammast sín fyrir það. Það er ákveðin útfærslubreyting á þessu.

En markmiðið er það sama, að íslenskur almenningur fái að koma að því með beinum hætti og hafi vald til þess að móta leikreglur í íslensku samfélagi. Móta þær í nýtt gildismat sem á að einkenna hið nýja Ísland vegna þess að við skulum viðurkenna að þjóðfélagið fór aðeins út af brautinni hvað varðar ákveðnar grundvallarforsendur í samfélaginu. Það getur vel verið að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins muni halda því fram að við séum að blanda saman ólíkum hlutum og óskyldum hlutum. Við erum einfaldlega að tala um að í samfélaginu er rík krafa af margvíslegum tilefnum um að fara í þessa vinnu og við framsóknarmenn munum fylgja því mjög stíft eftir á vettvangi Alþingis.

[15:23]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta var nú sérstök ræða hjá einum af flutningsmönnum þessa máls hv. þm. Birki J. Jónssyni. Hv. þm. Birkir J. Jónsson vakti sjálfur athygli á því að þetta er í annað skipti á fáum vikum sem hann mælir fyrir tillögu um stjórnarskrárbreytingar og er þessi tillaga sem hann leggur nú fram verulega frábrugðin þeirri sem hann var með fyrir fáum vikum. Það væri því eðlilegt að spyrja hv. þm. Birki J. Jónsson hvort við ættum von á fleiri tillögum um stjórnarskrárbreytingar og stjórnlagaþing frá honum áður en þessi mánuður er liðinn.

Ég vil gera athugasemdir við nokkur atriði í þessu. Í fyrsta lagi vildi ég taka það fram að auðvitað eru kröfur um ýmislegt og ýmsar breytingar í samfélaginu. Við þurfum að hlusta á þær kröfur. Það verður efnt til kosninga í næsta mánuði til þess að gefa fólki tækifæri til að segja skoðun sína á þeim hlutum sem eru í deiglunni.

Er ekki eðlilegt, hv. þm. Birkir J. Jónsson, að fólk í kosningum taki afstöðu til þeirra spurninga sem hér eru á borðum frekar en við séum að gera það í miklum spreng rétt fyrir þinglok?

Í annan stað vil ég spyrja hv. þm. Birki J. Jónsson hvort honum finnist vinnubrögðin í sambandi við aðdraganda þessa máls og framlagningu þess vera til fyrirmyndar miðað við það að stjórnarskráin er grundvallarlög lýðveldisins. Grundvallarlög sem önnur lög byggja á og krefjast þess vegna vandaðri undirbúnings og lagasetningarháttar en önnur löggjöf. Finnst honum þetta til fyrirmyndar?

Í þriðja lagi vil ég benda hv. þm. Birki J. Jónssyni á að sú tillaga sem gerir ráð fyrir stjórnlagaþingi gerir ráð fyrir því að almenningur í landinu kjósi sér fulltrúa til að sitja á stjórnlagaþingi. Í alþingiskosningum er það þannig að almenningur kýs sér fulltrúa til að sitja á Alþingi. Þess vegna er það bara áróður og blekking þegar því er haldið fram að með stjórnlagaþingi sé almenningi (Forseti hringir.) gefin bein aðkoma að stjórnarskrárvinnunni. Það er bara blekking. Í báðum tilvikum er um að ræða (Forseti hringir.) fulltrúalýðræði. Ekki beint lýðræði.

[15:25]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður talar um að hér sé einhver blekkingarleikur á ferðinni. Blekking því að hér sé um fulltrúalýðræði að ræða. Við áttum okkur alveg á því. Hélt hv. þingmaður að öll þjóðin ætti að vera á þessu stjórnlagaþingi? (**Gripið fram í:** Þú talaðir þannig.) Þetta stjórnlagaþing á að vera háð utan við hagsmuni stjórnmálaflokkanna. Það eru ekki jöfn tækifæri fyrir alla einstaklinga eins og flokkakerfið er upp byggt og alþingiskosningar eru að komast á lista flokkanna. Það veit hv. þingmaður. Við viljum að gefa hinum venjulega manni sem er ekki bundinn í stjórnmálaflokk kost á því að bjóða sjálfan sig fram til þess að sitja á stjórnlagaþingi.

Hvað er svona hryllilegt við það? Af hverju hefur hv. þingmaður svona mikið á móti því að einstaklingar, þótt þeir séu ekki í tilteknum stjórnmálaflokki, geti boðið sig fram til stjórnlagaþings? Ég vil fá svör hv. þingmanns við því.

Síðan vil ég segja af því hv. þingmaður reynir að gera lítið úr málflutningi okkar framsóknarmanna hér á vettvangi þingsins að við lögðum fram frumvarp um breytingar á þessu máli, um stjórnlagaþing. Þær breytingar voru byggðar á tillögum flokksþingsins. Síðan var sett þriggja manna nefnd til þess að fara yfir málið. Þetta var niðurstaða hennar. Þingflokkurinn er mjög sáttur við málið eins og það lítur út og mun fylgja því eftir.

En af því að hv. þingmaður talar um margar skoðanir þá

vil ég nefna að það var ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar á haustdögum sem lagði fram breytingar á frumvarpi um eftirlaun æðstu embættismanna ríkisins sem gekk ekki nægilega langt og við framsóknarmenn og vinstri grænir andmæltum því og lögðum fram sértillögu. Þegar við síðan lögðum fram okkar tillögu eftir að ný ríkisstjórn var mynduð, sem Framsókn styður þótt hún eigi ekki aðild að henni, (Forseti hringir.) þá var Sjálfstæðisflokkurinn samþykkur því að þær tillögur gengju fram. Hvað breyttist í millitíðinni, hv. þingmaður?

[15:27]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég ítreka spurningu mína til hv. þm. Birkis J. Jónssonar, hvort honum finnist þessi vinnubrögð til fyrirmyndar og hvort honum finnist vinnubrögðin við aðdraganda þess máls vera þannig að við getum verið sæmd af því sem þingmenn, sem stjórnarskrárgjafi að ganga frá málum með þessum hætti. Hér hefur verið boðað til kosninga með skömmum fyrirvara. Það er ljóst að þetta þing verður afar stutt. Hér er komið með stórt mál inn í þingið og ætlast til að það sé afgreitt á mjög skömmum tíma.

Hv. þm. Birkir J. Jónsson gat þess réttilega í ræðu sinni að hér væri mjög stórt mál og það mundi auðvitað kalla á miklar umræður. Ég vil spyrja hv. þingmann fyrir utan spurninguna um vinnubrögðin, hvort hann telji að tíma þingsins sé betur varið með því að taka þessi mál fyrir, þ.e. stjórnarskrármálið og persónukjörsmálið, frekar en að ræða þau brýnu mál sem snúa að hagsmunum fyrirtækja og (Forseti hringir.) heimila í landinu, á þeim fáu þingdögum sem við höfum til stefnu áður en þingi verður frestað fyrir kosningar.

[15:29]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Tíma þingsins síðasta föstudag hefði örugglega verið betur varið í þau mál heldur en að horfa upp á þingmenn Sjálfstæðisflokksins fara hér í unnvörpum í andsvör hver við annan sem er eiginlega fáheyrður atburður. Ég get því ekki séð að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi í umræðum síðasta föstudag verið eitthvað sérstaklega að greiða fyrir þingstörfum. Alls ekki.

Og þegar hv. þingmaður spyr um vinnubrögðin þá vil ég minna hann á að við erum hér í mjög sérstöku andrúmi og það voru ekki nein sérstök vinnubrögð þegar við settum neyðarlögin. Það voru ekki heldur nein sérstök vinnubrögð þegar við settum gjaldeyrishöftin á í skjóli nætur.

Það er mjög sérstakt ástand í samfélaginu (Gripið fram í.) og mér finnst að hv. þingmaður hafi ekki alveg skilning á því hvaða krafa er í samfélaginu um breytingar. Krafa um að ráðist verði í það mál sem við leggjum hér til, stjórnlagaþing. Við skynjum umhverfi okkar greinilega með mjög ólíkum hætti. Ég segi: Það liggur á (Forseti hringir.) í ljósi þess ástands sem er í (Forseti hringir.) íslensku samfélagi að við afgreiðum þetta mál.

[15:30]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það verður að segjast eins og er að hv. þingmenn Framsóknarflokksins, og þar með talinn hv. þm. Birkir J. Jónsson, eru í miklum vandræðum með að færa rök fyrir því að setja sérstakt löggjafarþing til hliðar við Alþingi, stjórnarskrárþing. Ég verð að viðurkenna að eftir að hafa hlustað á ræðu þingmannsins fann ég engin þau rök nægjanlega sterk að ég geti fallist á að við víkjum Alþingi Íslendinga til hliðar og setjum til verka annað þing sem eins er kosið til að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að stjórnmálaflokkarnir bjóði sérstaklega fram. Engu að síður verða boðnir fram einstaklingar og því vil ég spyrja: Að hvaða leyti er það öðruvísi almenningur sem hefur áhrif á Alþingi Íslendinga, löggjafarsamkomu okkar, annars vegar og hins vegar almenningur sem á að hafa áhrif með fulltrúum sínum á stjórnarskrárþingi? Ég vil fá skýringar hjá hv. þingmanni: Hver er munurinn á þessum hópum í raun veru? Hv. þingmaður talar alltaf eins og almenningur sé að koma til skjalanna til að taka völdin af stjórnmálamönnunum, það er mjög óljóst allt saman.

Hvers vegna gengur Framsóknarflokkurinn ekki fremur til þess verks að styrkja Alþingi Íslendinga af heilum hug og efla þingið og gera breytingar á stjórnarskránni sem fela í sér styrkingu þingsins fremur en að veikja þingið eins og viðurkennt er að verður með þessum tillögum?

[15:32]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og ég nefndi í ræðu minni, og ég vona að hv. þingmaður hafi hlustað á það, þá hafa frá 1946 ríflega 80 tillögur að breytingum á stjórnarskrá komið fram. Sjö þeirra hafa verið samþykktar, fjórum hefur verið vísað til ríkisstjórnar, aðrar hafa ekki verið útræddar og því lognast út af. Við erum að tala um heildarendurskoðun á íslensku stjórnarskránni og ég spyr: Er ekki orðið fullreynt á síðustu 65 árum að kjörnir fulltrúar, fulltrúar stjórnmálaflokkanna, ná ekki samstöðu um svo stór mál? Ég minni á það að þrátt fyrir niðurstöðu auðlindanefndar árið 2000 lagðist Sjálfstæðisflokkurinn þvert gegn því að við gerðum sjávarstofna hringinn í kringum Ísland að sameign þjóðarinnar. Hvaða hagsmunaöfl eru þar á bak við? Hvers vegna stendur Sjálfstæðisflokkurinn ekki að því að binda það ákvæði í stjórnarskrá?

Við þurfum fulltrúa til þess að semja nýjar reglur og við skulum ekki loka augunum fyrir því að þeir aðilar, fulltrúar stjórnmálaflokkanna, sem hafa setið hér hafa ekki náð slíkri heildarendurskoðun fram. Það er líka, ef hv. þingmaður hefur ekkert heyrt um það, ákveðin krafa almennings að fólk utan stjórnmálaflokka geti komið að þessu starfi. Hv. þingmaður verður að viðurkenna að það eru ákveðin höft fyrir fólk sem ekki er flokksbundið að koma að þessum breytingum. Á þetta allt að gerast, frú forseti, á forsendum stjórnmálaflokkanna en ekki fólksins í landinu?

[15:34]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Fólkið í landinu er í stjórnmálaflokkunum. (**Gripið fram í:** Öllum?) Stjórnmálaflokkarnir eru fólkið í landinu. Hvers konar tal er þetta eilíflega niður til stjórnmálaflokkanna? Það er ekki nema von að Framsóknarflokkurinn tapi stöðugt í skoðanakönnunum eftir því sem

hann talar meira í þinginu um stjórnlagaþingið.

En aðeins út af þessum breytingum á stjórnarskránni. Það er alveg rétt að það hefur verið stöðug umræða um breytingar á stjórnarskránni. Það er eðlilegt og þannig á það að vera. Hins vegar hefur náðst samkomulag um tilteknar breytingar á stjórnarskránni í gegnum þingið og við eigum að halda áfram að vinna að frekari breytingum. Sjálfstæðismenn vilja gera breytingar á stjórnarskránni. Sjálfstæðismenn leggja áherslu á að það gerist á vettvangi Alþingis. Sjálfstæðismenn eru tilbúnir til að kjósa sérstakan hóp utan þingsins sem gæti þess vegna kallast stjórnlagaþing, ráðgefandi, en aðalatriðið er að sjálfstæðismenn vilja ganga til verka í góðu samstarfi við aðra flokka og gera breytingar með heiðarlegum hætti en ekki þeim hætti sem hér er verið að gera.

[15:36]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nú þykir mér menn farnir að leggjast lágt í þessari umræðu. Hv. þm. Sturla Böðvarsson gefur í skyn að þeir flokkar sem leggja þetta mál fram séu að gera það með óheiðarlegum hætti. Hvers lags málflutningur er þetta? Hvers lags málflutningur er það þegar fulltrúi Sjálfstæðisflokksins stendur í pontu Alþingis og segir: Stjórnmálaflokkarnir eru almenningur. Er hv. þingmaður ekki í jarðsambandi? Stendur hv. þm. Sturla Böðvarsson í þeirri trú að allir Íslendingar séu bundnir í stjórnmálaflokka? (Gripið fram í.) Stendur hv. þm. Sturla Böðvarsson í þeirri trú að ekkert hafi gerst í íslensku samfélagi á undanförnum árum? Sjálfstæðisflokkurinn sem hefur verið við völd á 18 árum, skipað alla hæstaréttardómara og hefur haft tangarhald á öllu íslenska stjórnkerfinu getur ekki sætt sig við að missa völdin. Hann er almenningur, eins og hv. þingmaður sagði. Stjórnmálaflokkarnir eru almenningur. Það er grátlegt, ekki grátbroslegt, að hlusta á þennan málflutning.

[15:37]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að lýsa því yfir að ég hef mikinn áhuga á að stjórnarskránni verði breytt og það verulega. Ég hef líka áhuga á því að einhver ákveðinn hópur verði myndaður um það, sem má mín vegna heita stjórnlagaþing. En ég vil benda á að Alþingi er stjórnlagaþing. Samkvæmt núgildandi stjórnarskrá er Alþingi stjórnlagaþing og gerir breytingar á stjórnarskránni.

Vandinn í dag er sá að þegar kosið er um breytingu á stjórnarskránni er jafnframt verið að kjósa ríkisstjórn eða þing sem fer með löggjafarvald. Það leiðir til þess að þjóðin greiðir í raun aldrei atkvæði um stjórnarskrárbreytinguna eina og sér. Það er atriði sem mér finnst að þyrfti að breyta nr. eitt, tvö og þrjú. Það er atriðið í 4. gr. frumvarpsins. Ég vil spyrja hv. þingmann: Hefur hann eitthvað rætt við Sjálfstæðisflokkinn um að sú grein yrði samþykkt? Í rauninni er 1. gr. verkefni hins nýja stjórnlagaþings, 3. og 4. gr. líka — nema 4. gr. að því leyti að hún felur næsta Alþingi að semja lög sem það getur að sjálfsögðu gert. Þetta langar mig til að spyrja um.

En varðandi umræðuna um stjórnmálaflokkana þá er það hárrétt, hér eru gamlir flokkar sem hafa lengi verið við völd. En þeir flokkar eru í upphafi myndaðir af fólki. Þær hreyfingar sem eru í gangi úti í bæ, Raddir fólksins o.s.frv., þurfa líka að mynda einhvers konar flokka eða félög til að bjóða fram. Við ætlum ekki að hafa mörg hundruð þúsund manns til að velja úr í kjörklefanum. Það mun gerast að stjórnmálaflokkarnir, sem eru best skipulagðir í landinu, félagasamtök, munu bjóða fram lista. Það er bara þannig og mér finnst mjög slæmt að menn skuli flýta kosningum vegna þess að nýju hreyfingarnar hafa ekki fengið andrými til að myndast.

[15:39]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta var nýr tónn hjá þingmanni Sjálfstæðisflokksins að gagnrýna það að kosningar séu of snemma. Ég hef ekki skilið forustumenn Sjálfstæðisflokksins á annan veg en þann að þeir vilji kjósa sem fyrst, svo að því sé til haga haldið.

Ég vil spyrja hv. þingmann að því, áður en ég svara spurningum hans, hvort hann telji ekki orðið fullreynt á vettvangi þingsins, vettvangi stjórnmálaflokkanna — í ljósi þess sem ég sagði áðan, að frá 1946 hafa komið fram 80 tillögur að breytingum á stjórnarskrá, einungis sjö hafa verið samþykktar, fjórum hefur verið vísað til ríkisstjórnar, aðrar hafa dáið drottni sínum — að þessi vettvangur, Alþingi Íslendinga, hefur ekki getað breytt stjórnarskrá íslenska lýðveldisins í heild sinni. Ég spyr hv. þingmann að því, vegna þess að hann var með ábendingar um það að flokkarnir hafi verið skipaðir af fólki í upphafi, hvort hann hafi eitthvað á móti þeirri tillögu sem við höfum lagt fram, sem hann hefur reyndar lýst yfir stuðningi við, að einstaklingar geti boðið sig fram án þess að vera hluti af einhverjum stjórnmálaflokkum?

Það er hárrétt, sem hv. þingmaður sagði, að það er fullt af hreyfingum úti í bæ sem ekkert endilega vilja bjóða fram til Alþingis. Þar er örugglega fullt af sómafólki sem hefði áhuga á því að bjóða fram krafta sína til að hafa áhrif á nýja stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Erum við hv. þingmaður ekki hjartanlega sammála um að sú leið sem við tölum fyrir hér sé góð leið til að móta nýjar leikreglur í íslensku samfélagi?

[15:41]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við ræðum þetta ítarlegar hér á eftir. En í 5. gr. stendur að Alþingi hið nýja, sem kemur saman eftir kosningar, eigi að setja reglur um nýtt þing og ekki orð um það meir. Ef Sjálfstæðisflokkurinn fengi hreinan meiri hluta, hvernig liti það út? Menn þurfa að hugsa þetta betur. Það munu geta komið fram hvaða tillögur sem er. Ég er hlynntur því að sem minnst flokkapólitík sé í þessu. Hv. þingmaður sagði að einungis örfá mál hefðu verið samþykkt, en það eru bara örlög þingmannafrumvarpa yfirleitt og ég hef gagnrýnt það. Ég vil virkja Alþingi miklu meira í því að semja frumvörp og gera þau að lögum. Ég held að þegar þetta fer í gang muni myndast einhver samtök eða félög, Raddir fólksins eða hvað það heitir. Hvort menn kalla það stjórnmálaflokka eða hvað menn kalla það, þeir munu mynda samtök til að koma sínu fólki að.

[15:42]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vona svo sannarlega að það verði ekki raunin að flokkarnir bjóði fram lista til þessa stjórnlagaþings, ég vona að það verði ekki þannig. En hv. þingmaður spurði mig áðan að því hvort ég hefði rætt við sjálfstæðismenn um mögulegar sáttaleiðir í þessu máli. Ég tel að það þurfi að gerast á vettvangi nefndarinnar sem þetta mál fer í. Þar mun örugglega fara fram mikil umræða og ég vonast til þess að hv. þingmaður, sem hefur hingað til talað með jákvæðum hætti um þetta mál — og ég tel að sé reiðubúinn til að skoða þetta mál með opnum huga — muni geta haft góð áhrif á félaga sína í Sjálfstæðisflokknum til þess að við náum að afgreiða þetta mál hvernig svo sem það verður gert.

Við framsóknarmenn teljum brýnt að klára þetta mál fyrir kosningar þannig að tryggt verði að boðað verði til stjórnlagaþings að alþingiskosningum loknum. Við tryggjum það algerlega fyrir komandi kosningar.

[15:43]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þá góðu efnislegu umræðu sem fram fer um þetta mikilvæga mál. Hv. þm. Geir Hilmar Haarde lauk andsvörum við mig áðan með því að segja að allt væri þetta tóm vitleysa eftir að hafa talið að hér mætti heyra á endemi og væri nánast einsdæmi á byggðu bóli sumt af því sem í málinu er. Af því tilefni er rétt að deila með hv. þingmanni því sjónarmiði að það er oft manni sjálfum best umhugsunarefni þegar fíflunum fjölgar í kringum mann.

Ég held að fyrir því máli sem hér liggur fyrir séu mjög sterk og veigamikil efnisleg rök sem beri það með sér að það sé knýjandi nauðsyn fyrir okkur að hefja endurskoðun á stjórnskipun okkar í grundvallaratriðum en gera strax ákveðnar nauðsynlegar breytingar í framhaldi af því hruni sem varð í haust.

Í orðaskiptum okkar hv. þm. Geirs Haarde kom ágætlega fram sú ólíka sýn sem menn hafa á það sem gerðist í haust. Það er auðvitað grundvöllurinn að því máli sem nú er flutt að hér hafi ekki bara orðið fjármálahrun að mestu leyti fyrir tilverknað einhverra í útlöndum, eins og formaður Sjálfstæðisflokksins í viðvarandi afneitun sinni heldur sig við, heldur stjórnkerfishrun. Það hefur sýnt sig að við höfum tekið ýmsar rangar ákvarðanir á undanförnum árum og áratugum og látið alls kyns hluti viðgangast sem algerlega nauðsynlegt er að við tökum strax á vegna þess að sinnuleysi okkar í að taka á því hefur að öllu samanlögðu leitt til þess að ófarnaður okkar í þeirri kreppu sem gengur yfir heiminn er meiri en gerist hjá öðrum þjóðum og staða okkar verri en annarra þjóða, sem gefur okkur sérstaka ástæðu til að skoða hvað við höfum gert öðruvísi.

Eitt af því sem hér er verið að flytja mál um er þjóðareign á auðlindum og tryggja það ákvæði í stjórnarskránni. Ég rakti áðan hversu brýnt það er við núverandi aðstæður vegna þess að nú erum við Íslendingar gríðarlega skuldsettir erlendis og fyrirtækin gríðarlega skuldsett bæði í sjávarútveginum og orkuiðnaðinum. Því er raunveruleg hætta á að ef við ekki gætum vel að lagaumhverfi okkar glötum við auðlindunum úr höndum okkar. Ég held að ekki sé nóg fyrir okkur að tryggja þjóðareign í stjórnarskrá heldur er nauðsynlegt fyrir okkur að endurhugsa kvótakerfið. Ég held að við þurfum að hlusta á orð manna eins og prófessors Þorvaldar Gylfasonar sem fært hefur fyrir því rök að með innleiðingu þess hafi upphafið að þeim hrunadansi sem við fórum í gegnum verið að finna. Þar hafi agaleysið, óhófið og siðferðisbrestirnir fyrst byrjað sem leiddu til ófarnaðar okkar. Með einkavæðingu á auðlindum hafsins hafi menn efnast mikið og óvænt og óréttlátlega hafi verið skipt og það hafi haft áhrif á menningu okkar, siðferði og á viðskiptalífið og í rauninni verið forspilið að því sem á eftir kom.

Ég held að núna þegar þetta eignarhaldskerfi á fiskinum í sjónum er svo að segja hrunið, því að skuldirnar á útgerðinni eru náttúrlega gríðarlega miklar, þá þurfum við að fara yfir það hvort ekki sé einfaldlega kominn tími til að gera það sem við jafnaðarmenn höfum talað fyrir mjög lengi, þ.e. að tryggja að fiskurinn í sjónum sé eign þjóðarinnar eins og orkuauðlindirnar og síðan séu það einkafyrirtæki og einstaklingar sem geti nýtt fiskveiðiréttinn í sjónum en greiði þá í sameiginlegan sjóð, til að mynda auðlindasjóð, fyrir þau afnot. Ég tel því brýnt að ljúka því sem snýr að stjórnarskránni svo menn geti í beinu framhaldi farið að huga að endurskoðun á þessum mikilvæga þætti í samfélagi okkar.

Í öðru lagi er verið að leggja til þjóðaratkvæðagreiðslu, ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég held að mjög mikilvægt sé í framhaldi af hruninu að fólkið í landinu hafi leiðir til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þingið á formlegan hátt. Ég held að mikilvægt sé að við búum til lýðræðislegar leiðir eins og þessa og raunar aðra leið sem ég hef flutt mál um í þinginu um breytingar á kosningalögum þar sem gert er ráð fyrir að fólkið í landinu geti líka knúið fram alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar ef það er mjög ósátt við þann meiri hluta sem starfandi er. Ég held að atburðirnir hér fyrir utan húsið á Austurvelli í vetur eigi að vera okkur lexía um að við þurfum að búa til formlegar lýðræðislegar leiðir fyrir fólk til þess að halda fram sjónarmiðum sínum og afla þeim fylgis og berjast fyrir þeim. Þess vegna sé ekki nema sjálfsagt einmitt í beinu framhaldi af atburðum vetrarins að láta af þessu verða.

Eins og margoft hefur komið fram líka er löngu tímabært að greiða fyrir breytingum á stjórnarskránni. Ég þekki það ágætlega eftir að hafa flutt mál um breytingar á stjórnarskránni sem í sjálfu sér var sjálfsagt mál, flutt á síðasta kjörtímabili sem ég held að allur þorri ef ekki allir þingmenn á Alþingi hafi getað staðið að þótt ég hafi flutt það með þingflokki Samfylkingarinnar.

Það laut að þeim þáttum í stjórnarskrá okkar sem snúa eða öllu heldur snúa ekki að aðild Íslands að styrjaldarátökum við aðrar þjóðir. Eins og við upplifðum í landinu var það einfaldlega þannig að þegar menn settu fram stjórnarskrána í hinu unga lýðveldi Íslands, vopnlausu og hlutlausu landi, gerðu menn ekkert ráð fyrir þeim möguleika að við gætum átt aðild að styrjöld.

Þegar þeir Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson illu heilli og Íslandi til ævarandi skammar gerðu þjóðina og Alþingi ábyrg fyrir styrjaldarátökum, sem allur þorri þjóðar-

innar og ég fullyrði meiri hluti Alþingis hefði aldrei stutt ef það hefði verið fyrir það lagt, kenndi sú reynsla okkur það að hér var umgjörð okkar um jafngríðarlega mikilvægar ákvarðanir og aðild að stríði alls ekki nógu formföst í stjórnarskránni.

Við fluttum mál um þetta og um það hefði ég talið að væri góð samstaða í þinginu, að standa yrði formlega og rétt að slíkum ákvörðunum ef þær verða einhvern tíma teknar aftur sem ég vona að verði sannarlega aldrei, það kann þó að reynast nauðsynlegt og þess vegna er mjög brýnt að við höfum sambærileg ákvæði við það eins og annars staðar þekkist um slík atriði. Það frumvarp og tugir annarra breytinga á stjórnarskrá hafa aldrei náð fram að ganga því það er einfaldlega býsna erfitt að breyta stjórnarskránni eins og nú er. Sumpart er það auðvitað gott. En í kjölfar hruns á kerfinu er auðvitað ekkert sjálfsagðara og eðlilegra en að við tökum kerfið til gagngerrar endurskoðunar.

Þá komum við að stjórnlagaþinginu. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir sína ágætu ræðu þar um. Ég vil líka þakka hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins fyrir hreinskilnina í andsvörum og málflutningi sínum.

Það sýnir sig nefnilega að þeir virðast ekki vera algerlega andvígir því að stjórnlagaþing fjalli um nýja stjórnarskrá. En þeir eru andvígir því að fólkið í landinu kjósi einstaklinga beint á það þing og það leggi niðurstöðu sína beint í dóm þjóðarinnar og vilja að valdið sé í höndum Alþingis. Ég held að það sé eins og um hinar ólíku skoðanir á hruninu í haust þar sem Sjálfstæðisflokkurinn vill halda fram að það hafi bara verið fjármálahrun og aðallega alþjóðlegt meðan við höldum því fram að það hafi ekki síður verið stjórnkerfishrun, þá sé það afstaða Sjálfstæðisflokksins að Alþingi eigi ekki að afsala sér því valdi.

Það endurspeglar kannski líka ólík viðhorf til þess sem gerðist í haust. Það er a.m.k. sjónarmið mitt að við sem sitjum á Alþingi Íslendinga höfum sýnt það í haust að Alþingi var ekki traustsins vert. Kerfið hrundi á okkar vakt. Við þurfum hvert og eitt og líka í heild að axla þá ábyrgð með ýmsum hætti. Með því m.a. að skipta um ríkisstjórn. Með því að rjúfa þingið og efna til kosninga. Sumir með því að draga sig til baka úr þátttöku í stjórnmálum, aðrir með því að gangast undir prófkjör og síðan undir kosningar í apríl.

En við þurfum líka að mínu mati að axla ábyrgð einmitt með því að framselja vald okkar til endurskoðunar á stjórnarskránni til stjórnlagaþings. Vegna þess að einmitt með því felst viðurkenning þingsins á því að það hafi brugðist og best fari á því að þær reglur sem við störfum eftir séu settar, ekki af okkur sjálfum vegna þess að Alþingi brást, heldur af þeim bestu einstaklingum sem þjóðin kýs til þess verks og að niðurstaða þess þings eigi að fara beint í dóm þjóðarinnar þannig að það sé þjóðin sem setji okkur og Alþingi nýjar leikreglur en ekki við sjálf. Af hverju ekki við sjálf, hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins? Vegna þess að Alþingi reyndist ekki vera traustsins vert. Þess vegna er ríkt efnislegt tilefni til að kjósa sérstakt þing með sjálfstætt umboð til að setja okkur nýjar leikreglur til að fara eftir og leggja það alveg millilíðalaust í dóm þjóðarinnar. Að sjálfsögðu með umsögn héðan en ég heyri að hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins þykir hlutverk umsagnaraðila ekki vera merkilegt og er það athyglisverð afstaða svo ekki sé meira sagt þegar tekið er tillit til þess hversu ríkan þátt í störfum þingsins ýmsir umsagnaraðilar eiga og hélt ég að þeir hefðu meiri virðingu hér í sölum en ráða mátti af orðum formanns Sjálfstæðisflokksins í ræðustólnum.

Hvað er það í leikreglunum sem þarf að endurskoða? Það eru auðvitað grundvallaratriðin um aðskilnað valdþátta, eftirlit, aðhald, sjálfstæði og um óhæfi. Í ritgerð sinni *Hvað er upplýsing?* gerir einn mesti heimspekingur sögunnar, Kant, grein fyrir forsendunum fyrir upplýsingaöldinni, þeirri öld sem í sögu okkar á Vesturlöndum var framfaraöldin mikla þegar lífskjör um alla álfuna og menning naut mikillar velgengni og framfara.

Einn grundvallarþáttur upplýsingarinnar er að áliti Kants sá að Friðrik mikli leyfði embættismönnum að hafa eigin skoðanir. Einvaldurinn leyfði embættismönnunum að hafa eigin skoðanir, þ.e. skoðanaskipti voru leyfileg. Vegna þess eins og John Stuart Mill, kollegi Kants, leiddi síðar ágætlega fram er það í skoðanaskiptum, í frjálsum skoðanaskiptum, sem framfarir í hugsjón og hugmyndum verða. Okkur sem höfum orðið fyrir skipbroti á þess vegna að vera verulegt umhugsunarefni að á undanförnum mörgum árum hefur í vaxandi mæli verið dregið úr sjálfstæði og óhæfi embættismanna ríkisins með því m.a. að hér á landi hefur fengið að vera óhófleg speglun í embættisveitingum, pólitísk speglun þannig að menn hafa augljóslega notið stjórnmálalegrar aðstöðu sinnar, tengsla eða vensla í embættisveitingum. Stofnanir hafa verið lagðar niður vegna þess að þær voru pólitískt ekki þóknanlegar valdhöfunum og með ýmsum öðrum hætti þeim skilaboðum verið komið skýrt á framfæri að menn skyldu hlusta á valdherrana.

Ég held að þetta sé eitt af því sem við þurfum að taka til endurskoðunar, ekki að leita að neinum sérstökum sökudólgum heldur bara að viðurkenna að ein af ástæðunum fyrir því að Íslandi farnast verr en öðrum þjóðum í þeirri heimskreppu sem nú gengur yfir er sú að við vorum að sumu leyti gagnrýnislausari, hér skorti sjálfstæði í embættismannakerfinu og stjórnmálakerfinu og gagnrýni skorti.

Það er brýnt og aðkallandi að við göngum strax í það verk rétt eins og við eigum að ganga strax í það verk að rétta við efnahaginn og skapa atvinnu, að við göngum strax í það verk að vinna að úrbótum á stjórnkerfi okkar til að snúa af þessari leið. Ég hygg að það sé best gert með stjórnlagaþingi. Ég held að það sé rangt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að þar muni flokkarnir bjóða fram einhverja lista sína. Ég held alls ekki að það verði þannig.

Það hefur auðvitað löngum verið svo að Sjálfstæðisflokkurinn hefur gjarnan, af því hann er stærstur flokka, haldið eða reynt að fá kosinn úr sínum röðum forseta lýðveldisins. Ég held hins vegar að sagan sýni okkur að um þá stofnun í íslensku samfélagi hefur einfaldlega verið ríkandstaða við að hún sé í eigu einhvers flokks. Þangað hafa verið kosnir einstaklingar. Ég held að sama sagan verði uppi með stjórnlagaþingið, að fólk muni leggja áherslu á að þangað muni veljast einstaklingar á grundvelli hæfni sinnar, tillagna og hugmynda sem þeir fella fram í þeirri umræðu sem þarf að fara fram um þetta stóra verkefni.

Ég held að þó menn geti haft ýmsar hugmyndir um hvernig eigi að útfæra stjórnlagaþingið og fram þurfi að

fara góð efnisleg umræða um með hvaða hætti það er gert, þá sé það algert grundvallaratriði að við látum verða af því að taka heildarendurskoðun á stjórnarskránni sem allir þingmenn vita að ekki hefur tekist að ná fram að þessu.

Það mál sem hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, flytur er henni ekki með öllu óþekkt. Ég vann drög að frumvarpi um stjórnlagaþing upp úr málum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti um miðjan síðasta áratug. Í þessu efni eins og mörgum öðrum hefur hæstv. forsætisráðherra verið býsna framsýn en hún eins og raunar líka þingmenn Bandalags jafnaðarmanna höfðu áður flutt tillögur um að farið yrði í sérstakt stjórnlagaþing og tekið á þessum brýnu þáttum í leikreglum okkar.

[16:02]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Það er sérkennilegt að ræða hér á þessum tímum um breytingar á stjórnarskránni og hlusta á hv. þingmenn sem á undan hafa talað á þann veg að þessar breytingar sem eru til umræðu snúist að einhverju leyti um bankahrunið og þann efnahagsvanda sem þjóðin stendur í. Við ræddum fyrir nokkrum dögum um breytingar á kosningalögunum. Þá stóðu upp stjórnarþingmenn og stuðningsmenn stjórnarinnar og töluðu á þann veg að sú breyting væri lykill að því að takast á við vandann vegna bankahrunsins. Hvort tveggja er alrangt. Hvort tveggja er til marks um einhverja sýndarmennsku sem gripið hefur um sig meðal einhvers ákveðins hóps stjórnmálamanna sem telur að með tillöguflutningi af þessu tagi sé unnt að slá ryki í augu fólks, telja því trú um að þessar breytingar séu til þess fallnar að auka áhrif almennings, eins og það er orðað, og koma til móts við sjónarmið hans.

Að sjálfsögðu er það rétt sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði áðan að ef farin yrði sú ótrúlega leið að kjósa sérstakt stjórnlagaþing mundu stjórnmálaflokkar koma að því að undirbúa þær kosningar. Þeir eru þau skipulögðu samtök borgaranna sem láta sig slík mál varða. Á vettvangi stjórnmálaflokkanna er rætt um stjórnskipan og breytingar á henni. Það var einmitt þess vegna sem þetta mál kemur upp, að framsóknarmenn settu það sem skilyrði fyrir stuðningi sínum fyrir því að verja núverandi ríkisstjórn vantrausti að hún tæki upp á sína arma hugmyndir þeirra um stjórnlagaþing. Hv. þm. Geir H. Haarde minnti á það í ræðu sinni að í aðdraganda kosninga 2007 tóku framsóknarmenn það upp hjá sér að samþykkja á flokksþingi skilyrði gagnvart Sjálfstæðisflokknum að stjórnarsamstarfi yrði slitið nema þeir stæðu að því með framsóknarmönnum að breyta stjórnarskránni varðandi eignarhald á náttúruauðlindum. Þetta er sami leikurinn, ef þannig má að orði komast, í stjórnmálunum. Er mjög varhugavert að stjórnmálamenn skuli gera sér það að leik að taka sjálfa stjórnarskrána og setja hana í gíslingu þegar dregur að kosningum til að reyna að ná sér í sérstaka aðstöðu gagnvart ríkisstjórninni og innan ríkisstjórnar.

Þegar maður hugsar um þetta frumvarp í ljósi allra umræðnanna sem verið hafa á undanförnum árum um veg og virðingu Alþingis og spurninguna um stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu, undrast maður að þeir menn sem mest hafa talað um að verið sé að styrkja stöðu Alþingis og efla á alla lund, skuli standa að tillögu sem miðar að því að veikja Alþingi meira en nokkru sinni, að svipta Alþingi valdinu til að breyta stjórnarskránni. Það er lokahnykkurinn í valdastöðu Alþingis í stjórnskipulagi okkar að Alþingi hafi vald til að breyta stjórnarskránni. Nú koma þeir menn, sem talað hafa um það hér að verið sé að setja Alþingi niður, og flytja tillögu um að svipta Alþingi þessum rétti og fela það einhverjum öðrum. Ég tel að það séu mörg sjónarmið sem þarf að ræða þegar þessi mál eru tekin til umræðu. Það er mjög einkennandi fyrir þær ræður sem flutningsmenn eða stuðningsmenn þessa máls hafa flutt að þeir hafa ekki rætt um efni málsins heldur gefið almennar yfirlýsingar um að hér sé verið að takast á við eitthvert vandamál sem hafi komið upp sérstaklega við hrun bankanna.

Ég tel að í þessu máli hafi komið fram tvö ólík sjónarmið varðandi leiðir við breytingu á stjórnarskránni. Ég hef hingað til talið að stjórnlagafræðingar og þeir lögfræðingar sem komu að því að fjalla um stjórnarskrármál væru þeirrar skoðunar að það bæri að gefa sér tíma og það bæri að leita samstöðu og samráðs. Það bæri að standa þannig að öllum málum varðandi stjórnarskrána að ekki væri verið að skapa fleiri lögfræðileg vandamál eða með túlkun en þörf væri á af því að búið væri að greina málin vel fyrir fram og leggja niður fyrir sér, skýra í greinargerð og skýra á öðrum stöðum hvað við væri átt með einstaka breytingum. Nú virðist það sjónarmið hafa horfið. Nú er rokið í það á nokkrum vikum að skrifa textabreytingar í þremur greinum og síðan viðbótarákvæði við stjórnarskrána sem á að gilda um stundarsakir og það lagt fram og ætlast til þess að þingmenn afgreiði þetta, þó undir því fororði að það megi helst ekki ræða það í þinginu. Við höfum heyrt ræður stjórnarsinna sem ganga út á að þegar við sjálfstæðismenn tökum til máls um mál af þessum toga eða önnur stórmál sem eru til umræðu, séum við að tefja fyrir þingstörfum. Þeir sem þannig tala og telja að svona mál tefji fyrir þingstörfum eiga ekki að leggja þau fram. Þeir eiga að halda þeim hjá sér og reyna að ná samstöðu um þau í viðræðum milli flokka og meðal almennings eins og hv. þm. Geir H. Haarde lýsti varðandi breytingarnar 1995. Við sem þá sátum á þingi munum eftir því hve mikið var reynt að ná víðtækri samstöðu, bæði innan þingsins og einnig við hópa utan Alþingis. Nú er það allt annað. Þegar menn tala um slíkt er talið að þeir reyni að tefja fyrir að gripið sé til nægilega öflugra ráðstafana til að bægja frá voða vegna bankahrunsins. Það er ágreiningur um þessar aðferðir meðal stjórnmálamanna og það er einnig ágreiningur meðal lögfræðinga. Þegar einn hópur lögfræðinga virðist ætla að ganga fram með þeim þunga sem kemur fram í því að afgreiða skuli frumvarpið hvað sem tautar og raular, segir annar hópur lögfræðinga: Við skulum fara varlega.

Í *Fréttablaðinu* hinn 4. mars sl. birtist grein eftir Skúla Magnússon lögfræðing sem nú er framkvæmdastjóri EFTA-dómstólsins í Lúxemborg — hann hefur verið héraðsdómari og kennari við lagadeild Háskóla Íslands — undir fyrirsögninni „Enginn veit hvað átt hefur.“ Með leyfi virðulegs forseta ætla ég að lesa upphaf greinarinnar. Skúli Magnússon spyr:

„Hefur stjórnskipun Íslands brugðist samfélaginu í grundvallaratriðum? Hefði kvótakerfi í fiskveiðum, stóriðjuframkvæmdir, einkavæðing fjármálafyrirtækja, eftirlit

með fjármálafyrirtækjum, breytingar á skattalögum, stjórn peningamála og ríkissjóðs — svo einhver dæmi séu tekin um ætlaða sökudólga — orðið með öðrum hætti ef stjórnskipun Íslands hefði verið „lýðræðislegri“, geymt ákvæði um „sameign þjóðarinnar á auðlindum“, umhverfisvernd, o.s.frv.? Ef miðað er við stjórnlög eins og þau tíðkast í hinum vestræna heimi, verður ekki séð að önnur og nútímalegri stjórnskipan hefði nokkru breytt um þessi atriði. Það stenst ekki heldur samanburð við önnur vestræn samfélög sem kenna sig við lýðræði og mannréttindi, að halda því fram að stórkostleg slagsíða hafi verið og sé enn á íslenskri stjórnskipun hvað þessi atriði varðar.“

Þetta segir Skúli Magnússon lögfræðingur. Hann segir einnig í þessari grein sinni, með leyfi forseta:

„Texti stjórnarskrár er í besta falli einn þáttur í þeirri viðleitni að koma á ákveðinni samfélagsskipan. Ef stjórnarskrá er ekki framfylgt og hlýtt af heilindum af öllum þeim sem í hlut eiga, ekki síst (en þó ekki eingöngu) valdhöfum, duga hástemmdar valddreifingar-, lýðræðis- og mannréttindayfirlýsingar skammt. Án hollustu við grunngildi stjórnskipunarinnar — tilgang hennar, grunnrök, þá grundvallarhagsmuni sem hún á að þjóna — verður engin stjórnarskrá samfélaginu til bjargar, hversu ítarleg og vel orðuð hún er. Þetta mætti styðja með dæmum úr almennri sögu stjórnarskráa en auk þess er íslensk stjórnarskrársaga ekki síður lærdómsrík að þessu leyti. Það er hættulegur barnaskapur að halda að ný og fögur stjórnarskrá muni verða allra meina bót.“

Það eru þessi varnaðarorð sem hafa ber í huga þegar fjallað er um stjórnarskrána, líka þá ábendingu sem kemur fram í þessum orðum lögfræðingsins, að það er ekki textinn einn sem ræður. Það er framkvæmdin sem skiptir mestu máli þegar á reynir. Komið hefur í ljós á undanförnum árum, þegar við skoðum hvernig stjórnarskrá íslenska lýðveldisins hefur verið framkvæmd, að það er mun brýnna að breyta öðrum ákvæðum í henni en þeim sem vikið er að í breytingartillögunni frá fulltrúum fjögurra stjórnmálaflokka og er hér til umræðu.

Það er mun brýnna að velta fyrir sér t.d. hvernig 26. gr. stjórnarskrárinnar hefur verið beitt þegar kemur að því að forseti synjar lögum framgangs. Það er mál sem við þingmenn ættum að ræða. Það er spurningin um þingræði en þeir menn sem standa í þessum ræðustól og flytja hástemmdar ræður um að það bjargi öllu að afsala Alþingi valdi til þess að breyta stjórnarskránni, hafa að sjálfsögðu ekki miklar áhyggjur af því þótt forseti Íslands hafi samþykktir Alþingis að engu og synji þeim framgangs. Það eru þau sjónarmið sem við þingmenn þurfum að velta fyrir okkur, að menn mega ekki umgangast stjórnarskrána á þann veg að þar sé undirrót alls þess vanda sem að steðjar núna.

En hins vegar eru ákvæði í stjórnarskránni sem þarf að skoða og er eðlilegt að skoða, eins og t.d. spurningin um þingræðið sjálft og þingbundna stjórn, þá aðferð sem notuð er til að mynda þá stjórn sem nú situr og það þegar forseti Íslands fór þá leið að gefa strax umboð til myndunar minnihlutastjórnar í stað þess að láta á það reyna að mynda meirihlutastjórn eins og forverar hans hafa gert. Þá er að sjálfsögðu spurning fyrir Alþingi hvort það eigi að hafa ákvæði í stjórnarskrá eins og er í stjórnarskrám margra ríkja, að leitað sé umboðs frá Alþingi í formlegri kosningu hvort ríkisstjórn nýtur meirihlutastuðnings eða ekki. Það eru þessi atriði, virðulegi forseti, sem ég vil ekki að fari úr sal Alþingis án þess að þau séu rædd og reifuð og teknar ákvarðanir um þau sem bornar eru undir þjóðina á þann veg sem ákveðið er í stjórnarskrá.

Hér eru tillögur um að það skuli gert í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er sjálfsagt að skoða hvort eðlilegt sé að eftir að Alþingi hefur komist að niðurstöðu sinni um breytingar á stjórnarskrá sé það borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu frekar en að efnt sé til þingkosninga og kosið nýtt þing. Það er sjónarmið út af fyrir sig og með slíkri leið er komið til móts við þjóðina og miklu nær að gera það frekar en að afsala þinginu því valdi sem það hefur til að breyta stjórnarskránni.

Ég skil það svo og þessi tillaga, um að þjóðaratkvæði komi til sögunnar ef stjórnarskrártillaga nær fram að ganga á þinginu, hefur verið túlkuð þannig af stuðningsmönnum um aðild Íslands að Evrópusambandinu að það auðveldi ákvörðun varðandi þá aðild. Þannig hefur þetta verið lagt upp, þannig hefur þetta verið túlkað af talsmönnum tillögunnar. Það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, þar sem fjallað er um eignarhald á náttúruauðlindum o.fl., í 1. gr. frumvarpsins, sem að mínu mati er allt of ítarleg og eiginlega brot á öllum þeim reglum sem ég tel að eigi að gilda um breytingar á stjórnarskrá, en á bls. 26 í greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Mikilvægt framlag hins nýja stjórnarskrárákvæðis er að þegar auðlindir falla á annað borð undir hugtakið þjóðareign“ — ég tek það fram að mikill ágreiningur er um hugtakið þjóðareign — „verður tryggt að þeim verði ekki afsalað varanlega til einstaklinga eða lögaðila, sbr. regluna sem fram kemur í 2. mgr. ákvæðisins. Eins mundi það koma í veg fyrir að einkaeignarréttur stofnist á auðlindum í þjóðareign fyrir hefð. Loks getur þessi yfirlýsing haft gildi í tengslum við mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu að því leyti sem þar kynni að reyna á eignarhald náttúruauðlinda á borð við nytjastofna á Íslandsmiðum. Þótt íslenska ríkið mundi gangast undir framsal fullveldisréttar til stofnana Evrópusambandsins“ — sem virðist vera ósk þessara manna — „hvað varðar stjórnun fiskveiða og ráðstöfunarrétt nytjastofna í tengslum við úthlutun veiðiheimilda mundi stjórnarskrárákvæðið hindra að eignarréttur þjóðarinnar að fiskveiðiauðlindunum færðist yfir til Evrópusambandsins eða annarra ríkja.“

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta sé röng túlkun. Ég tel að þetta standist ekki. Í fyrsta lagi er deilt um það hvað felst í hugtakinu „þjóðareign“ og í öðru lagi sýna allar dómsniðurstöður Evrópusambandsdómstólsins að hann hefur óskhyggju eins og þessa að engu. En þarna er gælt við það, og líklega til að milda vinstri græn, sem eru flutningsmenn tillögunnar, að þetta stjórnarskrárákvæði mundi veita einhverja vernd varðandi forræði okkar á auðlindunum ef við gengjum í Evrópusambandið. Það er með ólíkindum að lesa þetta.

Ég held að rétta niðurstaðan varðandi þessar breytingar og Evrópusambandið komi fram í leiðara í *Fréttablaðinu* í dag sem Þorsteinn Pálsson ritstjóri ritar en eins og við vit-

um er hann eindregið talsmaður þess að Ísland fari inn í Evrópusambandið. Hann segir, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra Samfylkingarinnar getur ekki málað auðmýkingu flokksins sterkari litum en með því að opna stjórnarskrármálið án þess að opna möguleika á aðild að Evrópusambandinu. Á sama tíma og heilbrigðisráðherra boðar niðurskurð ætlar forsætisráðherra að fjölga þingmönnum þjóðarinnar í 104 og efna til fimm kosninga á næstu tveimur árum án þjóðaratkvæðis um afstöðu til Evrópusambandsins.“

Þetta segir ritstjórinn Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, sendiherra, dóms- og kirkjumálaráðherra og sjávarútvegsráðherra. Þetta er túlkun hans á þessu ákvæði, að þarna sé Samfylkingin niðurlægð með þessari stjórnarskrárbreytingu miðað við allt það sem hún hefur sagt til þessa um nauðsyn þess að skapa forsendur fyrir aðild að Evrópusambandinu. En síðan er í greinargerð frumvarpsins sjálfs verið að gæla við það að flókið og næsta illskiljanlegt ákvæði um vernd náttúruauðlinda þýði það að við höfum yfirráð yfir þeim þótt við göngum í Evrópusambandið. Þetta er einkennilegur málflutningur, virðulegi forseti, og rekst hvað á annars horn. Það er óskiljanlegt að þingmaður Vinstri grænna skuli leggjast í þann leiðangur, ef þannig má að orði komast, að reyna að fá þetta mál í gegn á þessum veiku forsendum.

Það er líka mjög sérkennilegt þegar litið er til umræðnanna sem fóru fram 2007, um ákvæði í því stjórnarskrárfrumvarpi sem þá lá fyrir, um eignarrétt og þjóðareign á náttúruauðlindum, þegar lesnar eru ræður hv. þingmanna Samfylkingarinnar frá þeim tíma, Lúðvíks Bergvinssonar, eða Vinstri grænna, Kolbrúnar Halldórsdóttur, og gagnrýni þeirra á það ákvæði sem þá átti að fara inn í stjórnarskrána um eignarrétt á náttúruauðlindum, um að þær væru þjóðareign. Ég held að þetta mál sé lítt ígrundað að þessu leyti og þarna sé verið að leika sér með verðmæti og leggja upp með rökstuðning sem er mjög hættulegur þegar að því kemur að gæta þessara mikilvægu hagsmuna. Að gefa til kynna að með svona yfirlýsingum sé hægt að tryggja sig að einhverju leyti gagnvart Evrópusambandinu í þessu efni er í raun og veru óttalegt blekkingarstarf sem ber að vara við.

Virðulegi forseti. Hvar sem ég kem niður varðandi þetta mál þá finnst mér það illa ígrundað. Mér finnst í verulegum atriðum beinlínis varasamt að mæla með framgangi þess eins og það er lagt fyrir okkur, bæði að því er varðar mikilvæga hagsmuni þjóðarinnar, yfirráð hennar og eignarrétt á náttúruauðlindum, og einnig að því er varðar stöðu Alþingis og spurninguna um stöðu þingsins í stjórnkerfinu og að þingmenn skuli ætla að afsala sér því valdi sem í því felst að Alþingi fari með stjórnarskrárvaldið.

Virðulegi forseti. Í greinargerðinni kemur fram að hugmyndin um stjórnlagaþing sé ekki ný af nálinni hér og á það er minnt að við undirbúning lýðveldisstofnunar hafi komið til umræðu á Alþingi að kalla saman stjórnlagaþing og því hafi verið hreyft snemma árs 1941 af Jónasi Jónssyni, alþingismanni frá Hriflu. Það kann að vera að Framsóknarflokkurinn sé í sinni tilvistarkreppu að leita að rótum sínum og átta sig á því hvaða stöðu hann eigi að skipa í samfélaginu og hvar hann komist helst í tengsl við rætur sínar og staldri þá við Jónas frá Hriflu, staldri við þessa hugmynd um stjórnlagaþing sem Jónas lagði fram þegar unnið var að því að Ísland yrði lýðveldi og það var rætt um það. Þá hefði verið skynsamlegra en nú að koma á þjóðfundi og Jónas frá Hriflu vísaði til þess og skírskotaði til þjóðfundarins árið 1851, og hér segir, með leyfi forseta:

„Þjóðfundarhugmyndin var mjög rækilega rædd, einkum sumarið 1942 þegar þingmenn og ríkisstjórn ræddu ýmsa kosti um hvernig stofnun lýðveldisins yrði best tryggð. Ekki varð þó af þessu, m.a. vegna ótta um að málið gæti valdið töfum. Þá voru aðstæður með þeim hætti að rétt þótt að bíða með heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, eins og áður var rakið. Þess í stað var ákveðið að leggja frumvarp til nýrrar stjórnarskrár í þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Þannig var gengið frá þessu máli þegar lýðveldið var stofnað. Síðan hafa orðið breytingar á stjórnarskránni og þær viðamestu á árunum frá 1991 fram til okkar daga. Ég man eftir því að þegar Gunnar Thoroddsen kom aftur til starfa í stjórnmálum 1971 gerði hann það undir þeim formerkjum að hann ætlaði að vinna að því að breyta stjórnarskránni. Það kemur réttilega fram að árið 1972 kemur hann fram með hugmynd um breytingar á stjórnarskránni og gerð er breyting árið 1983. Þegar hann er búinn að vera forsætisráðherra er gerð breyting á stjórnarskránni. Það er slíkur tími sem þarf.

Hæstv. forsætisráðherra sagði fyrr í dag, þegar rætt var um kostnað vegna stjórnlagaþings — og hér nefnir ritstjóri *Fréttablaðsins* að miðað við þessar tillögur þurfi að fjölga þingmönnum þjóðarinnar í 104 og efna til fimm kosninga á tveimur árum. Ef ég man rétt er í fjárlögum gert ráð fyrir 170–200 millj. kr. kostnaði vegna kosninga þegar til þeirra er efnt þannig að fimm kosningar — kannski getur eitthvað af þessu fallið saman en þar er verið að tala um mikinn kostnað og slegið hefur verið á að kostnaður við framkvæmd á þessum hugmyndum sé á bilinu 1–1½ milljarður. Þá segir hæstv. forsætisráðherra: Menn verða að sætta sig við að lýðræðið kosti peninga.

En það hefur líka verið sagt, og er ekki síður mikilvæg setning, að lýðræðið kostar tíma. Það á líka að gefa sér tíma til að ná lýðræðislegri niðurstöðu. Það á að gefa sér tíma til að ræða mál og fara yfir þau og það hafa menn gert á Íslandi þegar fjallað hefur verið um stjórnarskrána. Margir öflugir stjórnmálamenn hafa komið á vettvang með hugmyndir um breytingar á stjórnarskránni og þeir hafa orðið að sætta sig við að það fer í samráðsferli allra flokka í landinu og menn gefa sér tíma til að ræða málið. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að menn gefi sér engan tíma og gert er ráð fyrir því að þeir sem um þetta mál fjalla kasti málinu frá sér og vísi því eitthvað annað.

Þegar sagt er: Stjórnmálaflokkarnir munu örugglega koma að því að velja menn á stjórnlagaþingið er sagt: Það getur ekki verið. Þannig að það er alls kyns blekkingarleikur í kringum þetta mál sem er að mínu mati sýndarmál þegar litið er til þess vanda sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir. Það er alls ekki til þess fallið að greiða neitt úr þeim vanda og það er alls ekki til þess fallið að hér verði betri stjórnarhættir. Þó að efnt verði til stjórnlagaþings er það engin trygging fyrir því að þar verði menn betur í stakk búnir til að komast að sameiginlegri niðurstöðu á skömmum tíma en aðrir menn sem hafa komið að þessu, góðir

menn í áranna rás og áratuganna rás, sem hafa sýslað með það að breyta íslensku stjórnarskránni.

[16:27]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef hlustað með athygli á ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar. Ég geri mér grein fyrir hans löngu þingreynslu og þekkingu á þessum málum. Það voru aðeins spurningar sem mig langar að bera fram við hv. þingmann.

Við 1. gr. í þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er lögð áhersla á að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkarétti séu þjóðareign og ríkið fari með forsjá þeirra vörslu og ráðstöfunarrétt og hafi eftirlit með nýtingu þeirra í umboði þjóðarinnar eftir því sem ákveðið er í lögum. Mér fannst ekki alveg koma skýrt fram í máli hv. þingmanns hvort hann væri á móti þessu eða hvort honum fannst þetta eðlilegt. Ég spyr þess vegna hv. þm. Björn Bjarnason: Er hann ekki sammála því meginmarkmiði sem þarna er sett fram og þarna er kveðið á um? Ég tel mjög mikilvægt að náttúruauðlindir þjóðarinnar, sem ekki eru háðar einkaeignarrétti, séu varðar í stjórnarskrá sem þjóðareign.

Það á sama á við varðandi breytingar á stjórnarskránni og að það skuli vera Alþingi sem skuli hafa fyrsta og síðasta orðið í þeim efnum, ef ég skildi mál hv. þingmanns rétt. Vantreystir hv. þingmaður þá þjóðinni að taka þessa lokaákvörðun eins og gert er ráð fyrir að þarna sé um að ræða, að það sé í rauninni meiri hluti þjóðarinnar sem þarna taki ákvörðun? (Forseti hringir.) Og eitt til viðbótar, að það sé þá sjálfstæð þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrárbreytingar en hún sé ekki tengd beint alþingiskosningum.

[16:30]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er miklu hlynntari því að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskránni og vísa málinu þannig til almennings en að kalla saman stjórnlagaþing og afsala Alþingi þessu valdi. Ef menn vilja leita málamiðlunar í þessu tel ég að hún eigi að felast í því að Alþingi hafi frumkvæðisrétt og fjalli um málið, komist að sinni niðurstöðu og síðan, samkvæmt einhverjum formúlum, verði unnt að bera það undir þjóðina og fá samþykki hennar. Það þurfi ekki endilega að vera hluti af því að rjúfa þing og efna til nýrra þingkosninga.

Ég tek undir það sjónarmið sem fram hefur komið, og mér finnst að það sé skynsamlegt sjónarmið, að yfirleitt hverfa stjórnarskrárbreytingar í skuggann af hinni almennu kosningabaráttu og stjórnmálabaráttu þegar efnt er til kosninga. Til þess að árétta mikilvægi þess að verið sé að breyta stjórnarskránni finnst mér að það eigi að skoða það til þrautar að breyta þessu. En ég er ekki hlynntur því og skil ekki það metnaðarleysi þingmanna sem koma hér og tala um að það sé lífsnauðsynlegt að afsala Alþingi valdinu til þess að leggja tillögurnar fram og móta og gera þær.

Varðandi náttúruauðlindirnar var ég í ríkisstjórn sem flutti frumvarp árið 2007 varðandi þjóðareign á náttúruauðlindum þannig að ég hef ekki lagst gegn því. Hins vegar tel ég að skilgreiningin á hugtakinu „þjóðareign“ sé mjög óljós en ég tel að þessi grein eins og hún er hér, þessi langa 1. grein, sé algjörlega óhæf til þess að fara í stjórnarskrá. Hún er allt of flókin til þess að eiga erindi í stjórnarskrá og kallar á meiri vanda en hún leysir með því að stjórnarskrárbinda svona flókinn texta.

[16:32]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér heyrist á hv. þm. Birni Bjarnasyni að það séu grunnatriði í þessum tveimur greinum sem ég minntist á sem hann er í sjálfu sér hlynntur, bæði hvað varðar náttúruauðlindirnar og eins að þjóðin komi sjálfstætt að stjórnarskrárbreytingum.

Ég minnist þess að þegar ég kom inn á þing 1999 var verið að ræða kjördæmabreytinguna. Þá var talið að verið væri að kjósa um kjördæmabreytinguna í þeim alþingiskosningum og þyrfti samþykki tveggja þinga. Ég upplifði þá kosningabaráttu þannig að alls ekki hafi verið tekist á um þessa miklu kjördæmabreytingu og voru skiptar skoðanir um hana inni á þingi. Hins vegar þegar liðið eitt var eða tvö ár heyrðist mér stór hluti þingmanna, sem áður hafði jafnvel greitt atkvæði með breytingunni á kjördæmaskipaninni, vera henni hálfpartinn andvígur, a.m.k. þegar þingmenn komu út í kjördæmin og töluðu við kjósendur sína. Ég dreg í efa að sú breyting — þó að ekki sé hægt að fullyrða um það — hafi notið meirihlutastuðnings þjóðarinnar, að skipta Reykjavík upp í tvö kjördæmi sem eru rokkandi eftir því hvernig Reykjavík byggist, eða að slá þremur kjördæmum saman í eitt Norðvesturkjördæmi. Þar held ég að þjóðarviljinn hafi ekki ráðið heldur einhverjir sérhagsmunir og samningar á milli einstakra þingmanna og þingflokka sem báru málið fram.

Aðeins um þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég heyrði ekki hv. þingmann greina nákvæmlega frá skoðun sinni á þjóðaratkvæðagreiðslum og stöðu þeirra í lýðræðislegu samfélagi. Hún er mjög veik núna. (Forseti hringir.) Ég legg áherslu á að þjóðaratkvæðagreiðslur og réttur þjóðarinnar til að koma sjálfstætt að þeim verði styrktur (Forseti hringir.) eins og þarna er verið að gera tillögu um.

[16:34]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessum greinum eru ákveðnar hugmyndir sem er endilega ekki deilt um á milli stjórnmálamanna eða stjórnmálaflokka en deilt er um aðferðina og deilt er um orðalagið. Það er gífurlega mikilvægt þegar verið er að fjalla um texta af þessu tagi að það sé alveg klárt hvernig orðalagið er og hvernig þetta á að gera úr garði.

Það er mjög heimskulegt að gera svona mál að einhverju togstreitumáli á milli stjórnmálamanna eins og mér heyrist hv. þingmaður vera að gera. Ég hef alveg skoðanir á þessu, ég tel að það sé eðlilegt að líta til náttúruauðlinda þegar stjórnarskráin á í hlut. Ég tel líka — ég hef skrifað um það og sagt skoðun mína á því — að það sé ekkert athugavert við að setja almennar reglur um þjóðaratkvæðagreiðslu og menn verða þá að koma sér niður á það. Ég sé ekki heldur að það eigi að vera flokkspólitískt mál eða gera menn eitthvað tortryggilega í því, heldur eiga þeir að setjast niður og reyna að finna sem víðtækasta sátt innan veggja Alþingis um þessi mál en ekki að kasta þeim út og segja að einhverjir aðrir verði að leysa þetta. Því er ég á móti og ég

tel að það sé gífurlegt veikleikamerki hjá þeim þingmönnum sem finnst sjálfsagt þegar kemur að þessum punkti, eftir að hafa árum saman kvartað undan því að framkvæmdarvaldið vaði yfir þingið, að kasta þessu frá sér og fela það einhverjum öðrum að ákveða hvernig stjórnarskráin eigi að vera.

Þingið á að gera það og það getur gert það með því fororði að síðan verði það lagt undir þjóðaratkvæðagreiðslu. En auðvitað þarf fólk að koma sér saman um alla umgjörð þjóðaratkvæðagreiðslunnar og það þarf að gera í almennum lögum sem verða afgreidd á þingi ef einhverjar tillögur koma fram um það.

[16:36]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskipunarlögum sem er auðvitað mikið grundvallarverkefni að ganga til þegar hugað er að breytingum á stjórnarskránni. Það fer ekki á milli mála að breytingar á stjórnarskránni eru viðfangsefni sem má ekki verða eitthvert flýtimeðferðarverkefni sem notað er sem eins konar barefli í deilum stjórnmálamanna á Alþingi.

Það liggur alveg fyrir að í kjölfar bankahrunsins eru miklar deilur í samfélaginu og mikill óróleiki. Ég tel að það sé mjög alvarlegt mál að þegar leiðtogar stjórnmálaflokka grípa til þess ráðs að auka deilur í samfélaginu með því að skipta þinginu upp í tvær stríðandi fylkingar eða þrjár sem fjalla um breytingar á stjórnarskránni. Það er ekki rétti tíminn núna, það eru ekki réttu aðstæðurnar til þess að ganga til slíks óvinafagnaðar.

Við sjálfstæðismenn höfum lýst því að við erum viljugir til þess að ganga til breytinga á stjórnarskránni. Við höfum lýst því margir hverjir hér á hinu háa Alþingi í hverju það geti verið fólgið. Við viljum ganga til breytinga og við höfum tekið þátt í vinnu við að endurskoða stjórnarskrána. Fyrir þingið var lagt mikið rit af hálfu forsætisráðherra í febrúar 2007 um endurskoðun stjórnarskrárinnar, þar sem gerð var grein fyrir mjög umfangsmikilli vinnu við að endurskoða stjórnarskrána. Við sjálfstæðismenn höfðum gert ráð fyrir því í samstarfi við Samfylkinguna að á seinni hluta þessa kjörtímabils yrði hugað að breytingum á stjórnarskránni.

Í þessari endurskoðunarskýrslu sem hægt er að nálgast hér í þinginu kemur greinilega fram hversu mikil vinna hefur verið lögð í það starf. Þar er fjallað um uppbyggingu og megineinkenni stjórnarskrárinnar og hægt er að lesa sér til um það. Þar er fjallað um grundvöll stjórnskipunarinnar, um þjóðaratkvæðagreiðslu — af því að síðasti ræðumaður ræddi um það. Fjallað er ítarlega um forseta, ríkisstjórn og Alþingi, dómstóla, ríki og kirkju og mannréttindaákvæðin sem var breytt sérstaklega 1995. Fjallað er um utanríkismál og stjórnarskrárbreytingar, umhverfisvernd, eignarhald á auðlindum og meðferð þeirra og nýtingu. Allt þetta var til meðferðar í þeirri stjórnarskrárnefnd sem skilaði þessari ítarlegu skýrslu.

Starf þeirrar nefndar sem skilaði skýrslunni var býsna langt komið en því miður tókst ekki að ná landi með þær breytingar sem hefði þurft að gera. Það er kannski undirrót þess að nú er teflt fram hugmyndum og kröfu um verulegar breytingar sem eru á allt öðrum nótum en þær breytingar sem hér er aðallega verið að ræða um. Gert er að algjöru forgangsmáli af hálfu ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur að breyta stjórnarskránni. Það virðist vera að hún hafi flækt og fengið Framsóknarflokkinn til liðs við ríkisstjórnina með loforði um að ganga til breytinga á stjórnarskránni sem gerir ráð fyrir miklum grundvallarumsnúningi, má segja, og breytingum sem fylgja hinu svokallaða stjórnlagaþingi sem framsóknarmenn hafa mjög borið fyrir brjósti. Ég harma að staðið skuli vera að þessum breytingum og tillöguflutningi með þeim hætti sem hér er gert.

Það er síðan umhugsunarefni, og ég tel að það sé mikill blekkingarleikur, þegar því er haldið fram að bankahrunið og afleiðingar þess megi með einhverjum hætti rekja til stjórnarskrárinnar. Þar voru allt aðrir kraftar að verki og, eins og ég sagði áðan, það er ekki rétti tíminn eða réttar aðstæður og umhverfi til þess að ganga til breytinga við þær aðstæður sem við búum við í samfélaginu í dag. Allra síst er ástæða til að hafa í frammi flýtimeðferð á stjórnarskrárbreytingum núna. Þær eru hreinlega ávísun á mikil vandræði og geta orðið ávísun á stjórnleysi og stjórnarkreppu þegar svo harkalega er gengið fram sem hér er gert.

Hv. þm. Björn Bjarnason vitnaði í ræðu sinni áðan í mjög athyglisverða grein sem Skúli Magnússon lögfræðingur og ritari við EFTA-dómstólinn, dósent við Háskóla Íslands, skrifar í *Fréttablaðið* í síðustu viku. Mig langar til þess að vitna í niðurlag þeirrar greinar sem þingmaðurinn vitnaði til, en hér er takmarkaður tími til að vitna í mjög langan skrifaðan texta.

Þar segir Skúli Magnússon, sá merki lögfræðingur, með leyfi forseta:

„Íslenska stjórnarskráin er ekki úrelt plagg þótt á henni séu ýmsir annmarkar sem fræðimenn og flestir aðrir sem til þekkja eru raunar að mestu sammála um hverjir séu og hvernig beri að mæta. Sjálfsagt er því að umræða um stjórnarskrána haldi áfram og sé leidd til lykta í opnu, lýðræðislega og stjórnskipulega réttu ferli. Hins vegar er engin ástæða til að taka í skyndi stefnu út í óvissuna, gefa upp boltann fyrir allsherjarendurskoðun stjórnarskrárinnar með tilheyrandi fjárhagslegum kostnaði og ófyrirséðum afleiðingum. Efnahagskreppa og stjórnskipuleg ringulreið eru slæmur kokteill, svo ekki sé sterkar tekið til orða. Um stjórnarskrána gildir líkt og um margt annað að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.“

Svo mörg voru þau orð í grein Skúla Magnússonar.

Ég vildi draga þetta fram vegna þess að verið er að blekkja og gefa rangar hugmyndir um nauðsyn þess að gera breytingar á stjórnarskránni í flýti, illa undirbúnar og illa gerðar.

Ekki má gleyma því og ég hef margsagt að með þeim hugmyndum sem eru á ferðinni í þeim tillögum sem hér eru til umfjöllunar er verið að veikja Alþingi sem stofnun. Við Íslendingar erum stoltir af að kynna og tala um að Alþingi hafi verið stofnað árið 930 og það er stolt okkar og viðmiðun. Stjórnlagaþing, eins og það er sett upp í hugmyndum framsóknarmanna og ríkisstjórnarinnar, mun veikja Alþingi. Það fer ekki á milli mála.

Hv. fyrrverandi þingmaður, Bryndís Hlöðversdóttir, sem nú starfar sem forstöðumaður lagadeildar Háskólans í Bifröst og er aðstoðarrektor þar, skrifar grein um frumkvæði

Alþingis — reyndar í sama blaði og Skúli Magnússon lögfræðingur skrifar og ég vitnaði til áðan. Í greininni talar Bryndís Hlöðversdóttir, sem var áhrifamikill þingmaður á vettvangi Samfylkingarinnar, um Alþingi. Ég vil geta þess að hún er formaður endurskoðunarnefndar, sem ég beitti mér fyrir sem forseti þingsins á sínum tíma, sem var skipuð til að skoða eftirlitshlutverk þingsins. Bryndís segir með leyfi forseta:

„Það er oft talað um að Alþingi skorti frumkvæði og hafi ekki nægilegt sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu. Virðist sem flestir séu sammála um að eitt af því sem þurfi að taka breytingum sé að Alþingi sé styrkt í viðleitni sinni til að veita framkvæmdarvaldinu verðuga viðspyrnu. Ég tek heils hugar undir það og tel brýnt að í tengslum við heildarendurskoðun á stjórnarskránni sé hugað að stöðu Alþingis og mikilvægu hlutverki þess í stjórnskipaninni.

Ef nefna á til sögunnar mikilvægustu hlutverk þingsins kemur löggjafarhlutverkið fyrst upp í hugann, auk fjárstjórnarvaldsins, ásamt eftirlitshlutverkinu. Um það síðastnefnda hefur ekki verið fjallað mikið í íslenskum stjórnskipunarrétti, en í nágrannalöndum okkar hefur verið lögð í það mikil vinna á síðari árum að efla eftirlitshlutverk þinganna.

Skipaðir hafa verið vinnuhópar og fé kostað til rannsókna á samskiptum þinga og ríkisstjórna, sem síðan hefur gjarnan skilað sér í réttarbótum á þessu sviði.“

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á þessu hér og sakna þess satt best að segja að forsætisráðherra, fyrsti flutningsmaður þessa máls, skuli ekki hlýða á umræðurnar, vegna þess að ég held að hæstv. forsætisráðherra hefði mjög gott af því að fylgjast með því sem sagt er eða skrifað um þessi mál, ekki síst af hálfu fræðimanna og þingmanna. Ég held að í meðförum nefndar þurfi að kalla til þá sem um þessi mál hafa fjallað, eins og þá sem hér hefur verið vitnað til.

En eftirlitshlutverk þingsins er geysilega mikilvægt og þeim mun meira sem gengið er á rétt þingsins og þeim mun frekar sem gerðar eru tilraunir til að veikja þingið þeim mun erfiðara á það um vik að sinna þessu mikilvæga eftirlitshlutverki sínu. Ég held að með því að samþykkja frumvarpið sem hér er til meðferðar yrði höggvið mjög alvarlegt skarð í þann múr sem Alþingi þarf að byggja til að styrkja eftirlitshlutverk sitt. Ég vænti þess að hv. þingmenn, þar á meðal hv. flutningsmenn frumvarpsins úr hópi framsóknarmanna, þurfi að kynna sér þau sjónarmið sem hér hefur verið farið yfir.

Allir sem fjalla um stjórnarskrána og breytingar á henni leggja mjög ríka áherslu á að mikilvægt sé að ekki sé hrapað að breytingum á henni. Í skýrslunni sem ég vitnaði fyrr til um endurskoðun stjórnarskrárinnar frá febrúar 2007 segir á blaðsíðu 20, með leyfi forseta, þar sem fjallað er um stjórnarskrárbreytingarnar.

„Samkvæmt 79. gr. núgildandi stjórnarskrár verður henni breytt með samþykki einfalds meiri hluta á tveimur þingum enda fari fram kosningar á milli. Stjórnarskrárbreytingar eru þannig einungis bornar undir þjóðina með óbeinum hætti. Þótt formlega sé krafist einfalds meiri hluta á þingi hefur í raun yfirleitt verið víðtækari samstaða á þingi um stjórnarskrárbreytingar.“

Þarna komu fulltrúar allra flokka að og undirstrikað er að hér verði ekki gerðar breytingar á stjórnarskránni án þess að góð samstaða sé um þær, vegna þess hversu mikil grundvallarlöggjöf er á ferðinni. Ég vil undirstrika sérstaklega hversu mikilvægt það er.

En svo vitnað sé áfram í það sem stendur í skýrslunni þá segir á blaðsíðu 148, með leyfi forseta, svo ég undirstriki hversu mikla þýðingu það hefur að sátt sé um breytingarnar:

„Reglur sem þessar hafa það að markmiði að tryggja vissan stjórnskipulegan stöðugleika og jafnframt að sem breiðust sátt sé um grundvallarreglur samfélagsins. Hins vegar má segja að ekki sé heldur æskilegt að of erfitt sé að breyta stjórnarskrá. Hætt er við að stjórnarskráin verði þá ekki lengur í takt við raunveruleikann. Til hliðar við hana kunna að þróast óskráðar venjur sem erfitt er að henda reiður á.“

Ástæða er til að vekja athygli á því sem hér er fjallað um. Alls staðar þar sem menn fjalla um og skrifa um stjórnarskrárbreytingarnar er lögð mjög rík áhersla á hversu mikilvægt er að ekki sé hrapað að þeim breytingum og menn vandi sig og leiti að sem bestri sátt um þær.

Þær hugmyndir sem eru til meðferðar í frumvarpinu og varða stjórnlagaþing eru nýjung sem vert er að skoða. Ég hef hins vegar talið og tel að ekki sé skynsamleg ráðstöfun að kjósa til stjórnlagaþings sem taki völdin af Alþingi. Alþingi Íslendinga á að vera stjórnarskrárgjafinn og mikil skammsýni væri og óviturlegt að gera þá breytingu að stjórnlagaþing setji stjórnlög og kalli eftir umsögn frá Alþingi, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ekki er mikil reisn yfir Alþingi ef það fyrirkomulag verður ofan á. Ég tel sem sagt að höfundar frumvarpsins fari því miður þá leið sem allt bendir til að veiki Alþingi, ef þetta verður niðurstaðan.

Nokkuð hefur verið fjallað um þann mikla kostnað sem fylgir því að halda úti öðru þingi. Í umræðunni í þinginu hefur verið bent á að það gæti hlaupið á mjög háum fjárhæðum, jafnvel 1,5 milljörðum, að halda úti 41 þingmanni á stjórnlagaþingi vegna þess að svo verður að búa um hnútana að aðstæður séu mjög svipaðar og gerist á þingi, eins og hugmyndir eru uppi um samkvæmt frumvarpinu. Þannig yrði kostnaður umtalsverður fyrir utan það að gert er ráð fyrir mjög löngum starfstíma stjórnlagaþingsins. Því vara ég mjög eindregið við þeim hugmyndum, bæði vegna kostnaðar en fyrst og fremst vegna þess að ég óttast að stjórnlagaþing með löggjafarrétti veiki Alþingi.

Mér finnst koma til greina að finna einhverja millileið, vegna þess að ég tel að við eigum að ganga mjög fast og hart fram í því að ná samkomulagi um breytingar á stjórnarskránni og það þarf að finna einhverja millileið sem gæti verið ráðgefandi þingstarf, en ekki með þeim umfangsmikla hætti og mikla kostnaði sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Mér finnst það vera alger fásinna miðað við þær aðstæður sem við búum við í dag. En að allra leiða verði leitað í meðförum nefndarinnar, sem fær málið til umfjöllunar, til að ná sátt um aðferð sem getur tryggt heilbrigða og góða umfjöllun um breytingar á stjórnarskránni.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég segja nokkur orð um þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel að við þurfum að setja sérstaka löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu. Við blasir að bú-

ast má við að þjóðin þurfi að ganga til atkvæða — t.d. ef kæmi til þess að farið yrði í viðræður við Evrópusambandið þyrfti að sjálfsögðu að koma til þjóðaratkvæðagreiðslu í jafnvel eitt, tvö eða þrjú skipti í tengslum við það þannig að traustur rammi þarf að vera utan um þá framkvæmd alla. Þess vegna hefði ég talið að það ætti ef til vill að vera forgangsverkefni hjá okkur að ganga frá löggjöf sem varðar allt er snertir þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég tel að þingið þyrfti að gefa sér góðan tíma til að undirbúa það.

En að lokum, virðulegi forseti, vara ég eindregið við því að þetta frumvarp fari óbreytt í gegnum þingið, eða eins og það er lagt fram. Við verðum að leita eftir því að eins mikil sátt verði um breytingar á stjórnarskránni og nokkur kostur er og ég tel að sú leið sé algerlega óásættanleg sem ríkisstjórnin hefur valið að leggja fram hér í þinginu og fengið Framsóknarflokkinn til að fylgja eftir.

[16:58]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér kemur svolítið á óvart hvað þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem hér hafa talað, treysta þjóðinni illa. Að Alþingi skuli alltaf hafa bæði fyrsta og síðasta orðið en ekki þjóðin.

Af reynslu minni í þinginu undanfarin ár tel ég einmitt að mesti lýðræðisvandinn sé annars vegar að þjóðin skuli ekki eiga beina aðkomu að málum — vissulega kýs hún þingmennina en getur ekki komið með beinum hætti og sjálf átt frumkvæði og óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um mál — og hins vegar að þingið sendi ekki oftar mál til þjóðaratkvæðagreiðslu og breikka þarf heimild þingsins til að þjóðin fái að segja sitt.

Ég vildi spyrja t.d. hv. þm. Sturlu Böðvarsson um kjördæmabreytinguna sem varð 1999. Er líklegt að hún hefði verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu? Það má vel vera. (Gripið fram í.) Við vitum það ekki. En við töldum báðir mikla andstöðu við það.

Ég vil spyrja hv. þm. Sturlu Böðvarsson um þessa afstöðu til þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Til dæmis hvers vegna hefðum við ekki átt að bera einkavæðingu og sölu Símans undir þjóðaratkvæðagreiðslu? Í skoðanakönnunum sýndu 70–80% sig vera mjög andvíg því. Vel má vera að meiri hlutinn hefði síðan samþykkt. Gott og vel. En hvað um Kárahnjúkavirkjun og það að taka þátt í innrásinni í Írak sem var ekki einu sinni borið undir þingið.

Ég held að við verðum (Forseti hringir.) að styrkja lýðræðislega stöðu þjóðarinnar í miklu ríkara mæli en verið hefur undanfarin ár og þetta frumvarp er liður í því.

[17:00]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þingmanni að ég sé á móti þjóðaratkvæðagreiðslu, ég hef aldrei sagt það. Ég fór sérstaklega yfir það að við þyrftum að setja hér löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu og þegar hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, og sérstaklega vinstri grænir, tala um að við treystum illa þjóðinni þá eru það bara útúrsnúningur og fullyrðingar sem fá ekki staðist. Að sjálfsögðu treystum við þjóðinni, við fulltrúar þjóðarinnar hér á Alþingi. Ef svo óheppilega færi að stjórnlagaþing yrði kjörið yrðu þar fulltrúar þjóðarinnar, kjörnir með nákvæmlega sama hætti og fulltrúar þjóðarinnar sem hér sitja. Hér er haldið úti miklum blekkingarleik.

Ég ítreka að ég hef ekki neitt á móti þjóðaratkvæðagreiðslu, ég veit ekkert hvort þjóðin hefði samþykkt kjördæmabreytinguna, það hefði sjálfsagt verið mjög mismunandi eftir kjördæmum. Það er fullseint að fara að velta því fyrir sér núna en ég tel að við eigum að gera ráð fyrir því að þjóðaratkvæðagreiðsla verði oftar tekin upp um hin ýmsu mál, en það þarf að vanda. Við megum heldur ekki efna til upplausnar í stjórnarskipun landsins eða á vettvangi framkvæmdarvaldsins með því að ekki sé hægt að taka ákvarðanir og menn verði svo ákvarðanafælnir að þeir verði að vísa öllu til þjóðarinnar og koma öllu í kosningar áður en hægt er að taka ákvarðanir. Þarna þarf að fara skynsamlega bil beggja og tryggja sem mestan stöðugleika og öryggi í (Forseti hringir.) samfélagi okkar.

[17:02]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér þótti ágætt að heyra hv. þingmann draga svolítið í land varðandi þjóðaratkvæðagreiðsluna. Ég tel það hið brýnasta mál að opna á heimildir, víðtækar og skilgreindar heimildir, um þjóðaratkvæðagreiðslu og beina aðkomu þjóðarinnar. Ég legg þunga áherslu á það og hefur ekkert að gera með það þótt við séum hér kjörnir þingmenn af þjóðinni og séum þannig fulltrúar hennar. Þingið á að leita mun oftar til þjóðarinnar og þjóðin á að hafa frumkvæðisrétt og möguleika til að koma beint að málum, þess vegna óska eftir því að skipt verði um ríkisstjórn o.s.frv.

Aðeins varðandi stjórnlagaþingið. Ég álykta að það sé mjög mikilvægt að stjórnarskráin verði endurskoðuð og þessar hugmyndir um stjórnlagaþing. Ég tek undir þær vangaveltur að það sé langur tími sem því sé ætlað og eins varðandi kostnað og annað, en lýðræðið kostar sitt. Ég tel að það ætti að skoða það að stjórnlagaþingið starfi í hléum Alþingis. Þá væri hægt að hafa Alþingi og húsakynni þess til nota fyrir stjórnlagaþingið. Þannig væri hægt að gera þetta bæði hagkvæmara og markvissara og í tveim eða þrem þinghléum gæti stjórnlagaþingið starfað í ágætum húsakynnum hér. Þetta er bara hugmynd (Forseti hringir.) sem ég slæ sjálfur fram og er reiðubúinn að reifa frekar.

[17:04]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er kannski eins og á síðutogaranum í gamla daga, best að hafa vaktaskipti í þinghúsinu, stjórnlagaþing fyrir hádegi og Alþingi eftir hádegi. Þetta er umræða sem er alveg ótrúleg og gengur ekki. Ég spyr miðað við andsvar hv. þingmanns: Hvers vegna eru hugmyndir í þessu frumvarpi um þjóðaratkvæðagreiðslu ekki betur útfærðar? Ef á að fara að greiða atkvæði um stórframkvæmdir, sölu eigna o.s.frv., af hverju er það þá ekki inni í þessu frumvarpi, ef Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að þjóðin eigi að kjósa um slíkar ákvarðanir? Þetta virðist ekki vera hugsað til enda fremur en margt annað í frumvarpinu.

Þessu er fleygt fram illa undirbúnu og lítt hugsuðu. Þess vegna koma svona vangaveltur fram hér eins og hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Ég efast ekki um að það er allt saman í

góðri meiningu en það sýnir engu að síður að málið er ekki fullbúið af hálfu flutningsmanna og þarf miklu betri skoðun hér í þinginu.

Ég vona að hv. þingmenn átti sig á því að svona er í pottinn búið og við þurfum að … (**JBjarn:** Af hverju ertu á móti þjóðaratkvæðagreiðslu?) Ég er ekki á móti þjóðaratkvæðagreiðslu, hv. þingmaður, sem kallar úr hliðarsal og virðist ekki frekar en fyrri daginn hlusta á það sem verið er að segja. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Það er mikill galli á hv. þingmanni að halda því fram sem búið er að segja honum að sé öðruvísi. Ég hef talað um það hér og lagt áherslu á að við þurfum að setja sérstaka löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu og ég er fylgjandi henni. (**JBjarn:** Þetta snýst um …)

[17:07]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Í upphafi máls míns vil ég taka undir þau orð sem komu fram í ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar fyrr í dag. Stjórnarskrárbreytingar eru auðvitað stórmál og krefjast vandaðrar umræðu. Ég tek eindregið undir það. Það á því ekki að koma mönnum á óvart að umræður um stjórnarskrárfrumvarp verði ítarlegar hér í þinginu. Annað væri fullkomlega óeðlilegt. Ég vil líka taka fram, hæstv. forseti, að af hálfu okkar sjálfstæðismanna hefur verið bent á að nær væri að taka á dagskrá þingsins, áður en að þessari umræðu kæmi, mál sem varða brýna hagsmuni heimila og fyrirtækja og eru í raun síðar á dagskrá þessa fundar, um atvinnuleysistryggingar, embætti sérstaks saksóknara, auknar heimildir vegna rannsóknar á bankahruninu og heimild til samninga um álver í Helguvík svo að dæmi séu tekin.

Það er hins vegar ákvörðun hæstv. forseta þingsins, hv. þm. Guðbjarts Hannessonar, og ríkisstjórnarflokkanna sem á bak við hann standa, að geyma umræðu um þau mál og keyra áfram á þessari umræðu um stjórnarskrármálin sem allir vita að verður löng og ítarleg. Það er þeirra ákvörðun og ég hafna því gersamlega sem sést hefur í fjölmiðlum, einkum síðasta sólarhringinn, að sjálfstæðismenn séu með einhverjum hætti að tefja fyrir t.d. álversframkvæmdum í Helguvík með ítarlegum umræðum um stjórnarskrármál. Það er ákvörðun hæstv. forseta þingsins og ríkisstjórnarinnar að taka málin fyrir í þessari röð, það er ekki á ábyrgð Sjálfstæðisflokksins. Við buðum það að þessi mál færu fram fyrir og yrðu afgreidd hratt, því var hafnað.

Fyrri ræðumenn Sjálfstæðisflokksins hafa farið yfir marga þætti þess máls sem hér liggur fyrir. Ég held hins vegar að við þurfum að staldra við þann þátt sem lýtur að því hvernig breyta eigi stjórnarskrá. Hvernig líta stjórnlagafræðingar og þeir sem um þessi mál hafa fjallað á það hvernig breyta eigi stjórnarskrá?

Í skýrslu stjórnarskrárnefndar, sem hv. þm. Sturla Böðvarsson vísaði hér til áðan, er að finna ágæta yfirferð yfir það. Þar er að finna ágætar upplýsingar um hvernig stjórnarskrárbreytingar eru framkvæmdar í mismunandi löndum og allar eiga þær það sameiginlegt að þær gera ráð fyrir annarri og vandaðri málsmeðferð en gildir almennt um lagafrumvörp. Af hverju er það? Það er vegna þess að stjórnarskrár eru grundvallarlög ríkja, lög sem önnur lög byggja á. Samkvæmt því er almennt samkomulag um að stjórnarskrár eiga að vera stöðugar og breytingar á þeim eiga að vera vel ígrundaðar og skoðaðar af kostgæfni. Það er rauði þráðurinn í öllu sem snýr að breytingum á stjórnarskrá hvarvetna í lýðræðisríkjum.

Við getum líka velt fyrir okkur hvað þeir sem um þessi mál hafa ritað hér á landi hafa sagt. Það þarf ekki að fletta lengi í *Deildum Alþingis* eftir dr. Bjarna Benediktsson til að sjá tilvitnanir um það þar sem hann varar við hvatvíslegum breytingum á stjórnarskrá og varar við því að ráðlauslega sé staðið að verki, eins og hann orðar það. Bjarni telur að vísu að deildaskipting Alþingis, sem þá var við lýði, og tryggði að frumvörp fengju sex umræður í þinginu, þrjár í hvorri deild, væri ákveðinn hemill á þetta. Því fyrirkomulagi var breytt fyrir 18 árum. Rauði þráðurinn er þessi, það er varað við hvatvíslegum breytingum og því að ráðlauslega sé staðið að verki. Sömu sjónarmið má sjá í umfjöllun Ólafs Jóhannessonar í *Stjórnskipun Íslands*, og Gunnar Schram segir sérstaklega í *Stjórnskipunarrétti*: „Hyggja þarf vel að fyrirhuguðum breytingum á stjórnarskrá og ráðrúm þarf að gefast, bæði innan þings og utan, til þess að gaumgæfa þær breytingar sem á henni eru gerðar.“

Hvers vegna segja menn þetta? Hvers vegna vara menn við hvatvíslegum breytingum? Það er auðvitað til þess að tryggja það að stjórnarskráin sé vel úr garði gerð til þess að um hana sé sátt þannig að stjórnarskrá sé ekki undir því komin hvernig pólitískir vindar blása hverju sinni og nýr þingmeirihluti gangi þegar í stað í að breyta grundvallarlögum lýðveldisins. Þetta er spurning um stöðugleika í samfélaginu, spurning um það að farið sé fram af varfærni.

Þetta vil ég benda á í ljósi þess að aðdragandi þessa stjórnarskrárfrumvarps er með mjög sérstökum hætti. Hann er með þeim hætti að ríkisstjórnin hefur ákveðið, sú minnihlutastjórn sem nú situr, að beita sér fyrir tilteknum breytingum á stjórnarskránni. Í stað þess að leita pólitísks samráðs allra flokka um að koma slíkum breytingum í gegn setur hún lítinn ráðgjafarhóp í það að útfæra þær tillögur sem hún hefur þegar ákveðið að leggja fram. Ráðgjafarhópurinn var ekki að fjalla, eftir því sem fram hefur komið, um hvaða atriði af þeim ótal greinum stjórnarskrárinnar sem geta krafist endurskoðunar — það var ekki verið að fjalla um það hverjar ætti að velja úr og breyta núna. Það var verið að fjalla um það hvernig ætti að útfæra þær breytingartillögur sem ríkisstjórnin hafði þegar ákveðið að leggja fram.

Þetta verður strax svolítið sérkennilegt í ljósi þess að alltaf þegar stjórnarskrárbreytingar hafa náð fram að ganga í 50 ár hefur það byggst á pólitísku samkomulagi, víðtæku pólitísku samkomulagi. Frá því er vikið núna.

Annað atriði sem er sérkennilegt er auðvitað sá tími sem ætlaður er til þessara stjórnarskrárbreytinga. Þegar stjórnarskránni hefur verið breytt á undanförnum áratugum hefur jafnan verið gefinn góður tími hér í þinginu til að undirbúa það. Yfirleitt hefur átt sér stað langur aðdragandi í nefndarstarfi áður en frumvarpið er lagt fram en síðan hefur góður tími verið gefinn hér í þinginu og ekki hlaupið að neinu. Frá þessu er vikið núna með þeim hætti að frumvarp til stjórnarskipunarlaga er lagt fram og mælt fyrir því í mesta lagi fjórum vikum áður, gangi áform ríkisstjórnarinnar fram um það að þingið verði hér að störfum fram í byrjun apríl.

Það er sem sagt gefinn afar skammur tími og það þótt pólitískt samráð hafi ekki átt sér stað á undan þannig að rík-

isstjórninni mátti vera ljóst að málið yrði umdeilt hér í þinginu og að þingið þyrfti meiri tíma til að fjalla um það í ljósi þess að ekki var haft pólitískt samráð eins og venja er.

Allt er þetta mjög sérstakt. Það sem hefur komið fram í þessum umræðum er skýrt af hálfu okkar sjálfstæðismanna. Við höfum verið reiðubúnir til að beita okkur fyrir ýmsum breytingum á stjórnarskrá. Við tókum þátt í starfi stjórnarskrárnefndar 2005–2007 af heilindum og töldum þá að ýmis atriði væru þess virði að taka þau til endurskoðunar. Síðan höfum við marglýst því yfir að við vildum beita okkur fyrir ýmsum breytingum á stjórnarskrá þannig að ekki hefur staðið á okkur.

Andstaða okkar við vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu máli snýst ekki um það að við séum yfir höfuð á móti því að endurskoða mörg ákvæði í stjórnarskrá. Eins og fyrri ræðumenn flokksins hafa tekið hér fram eru þar fjölmörg ákvæði sem þarf að laga að raunveruleikanum, atriði sem í ljósi nýs og breytts þjóðfélags þarf að taka inn og öðrum þarf að breyta. Allt eru þetta atriði sem við höfum verið tilbúnir til að ræða, hins vegar höfnum við því að hér sé skellt inn í þingið, án pólitísks samráðs, örstuttu fyrir þinglok, frumvarpi með þeim orðum að það eigi að keyra í gegn hvað sem tautar og raular.

Það sem við sjálfstæðismenn höfum beðið um er í rauninni þetta: Við höfum beðið um að eðlilegur tími væri gefinn til þessarar umræðu, eðlilegur tími gefinn til vandaðrar umfjöllunar hér í þinginu. Ég spyr: Er það ósanngjarnt? Finnst hv. þingmönnum það ósanngjarnt að þegar verið er að fjalla um grundvallarlög lýðveldisins gerum við kröfu um að gefinn sé eðlilegur tími til að fjalla um það mál?

Í annan stað vil ég spyrja: Finnst mönnum það ósanngjarnt að við teljum að um stjórnarskrárbreytingar eigi að reyna að ná fram pólitísku samkomulagi? Finnst mönnum það ósanngjarnt eða óeðlilegt? Mér finnst það ekki. Ég á bágt með að trúa því að hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna eða Framsóknarflokksins séu tilbúnir að koma hér upp og segja að pólitískt samráð eigi ekki rétt á sér þegar um stjórnarskrárbreytingar er að ræða eða að eðlilegt sé að keyra stjórnarskrárbreytingar í gegn á örskömmum tíma.

Ég á eftir að sjá þann þingmann ríkisstjórnarflokkanna eða Framsóknarflokksins sem er tilbúinn að koma hér upp og raunverulega rökstyðja það að rétt sé að standa þannig að stjórnarskrárbreytingum. Ég spurði hv. þm. Birki Jón Jónsson þeirrar spurningar áðan hvort honum fyndist að staðið væri að þessum stjórnarskrárbreytingum með vönduðum og góðum hætti. Hann kaus að svara ekki þeirri spurningu. Ég hugsa að mörgum þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna og Framsóknarflokksins sé eins innan brjósts og hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, þeir kjósa að svara ekki þessari spurningu.

Nú er það svo að í þessari umræðu, og raunar bæði í framsöguræðu hæstv. forsætisráðherra og í greinargerð með frumvarpinu sem hér liggur fyrir, er nokkuð vísað til þess að vönduð vinna hafi átt sér stað við undirbúning stjórnarskrárbreytinga í stjórnarskrárnefndinni 2005–2007. Það er rétt. Mikil gagnaöflun átti sér stað og miklar umræður um fjölmörg ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er hins vegar ákvörðun ríkisstjórnarinnar að draga fram þau atriði sem eru hér á borðinu sem eru í þessu frumvarpi en ekki fjölmörg önnur atriði sem voru ítarlega rædd og allt útlit var fyrir að býsna gott samkomulag gæti orðið um í þeirri vinnu sem átti sér stað í stjórnarskrárnefnd. Til þess að taka það enn einu sinni fram vil ég árétta að ekki var um það að ræða að samkomulag væri um þau atriði sem er að finna í stjórnarskrárfrumvarpi því sem liggur hér fyrir. Það var ekki samkomulag í stjórnarskrárnefndinni á sínum tíma og það er því rangt, sem sérstaklega hæstv. utanríkisráðherra hefur haldið fram í ræðu og riti, að þessi mál hafi hreinlega öll verið afgreidd og Sjálfstæðisflokkurinn væri með einhverjum hætti að hlaupa frá fyrri afstöðu með því að vara við þeirri útgáfu sem kemur fram í tillögum ríkisstjórnarinnar.

Þau efnisatriði sem eru í þessu frumvarpi eru fjögur. Í fyrsta lagi er það auðlindaákvæðið, mikil vinna og mikil umræða hafði átt sér stað um það í stjórnarskrárnefnd en eins og sjá má af skýrslunni um endurskoðun stjórnarskrárinnar leiddi það ekki til niðurstöðu, enn var ágreiningur bæði um málsmeðferð og um niðurstöðu í sambandi við það mál. Það endurspeglaðist líka þegar sérstakt stjórnarskrárfrumvarp var lagt hér fram vorið 2007, að mikill ágreiningur var um þetta, skilningur fræðimanna á því hvernig túlka bæri orðalag það sem var í mismunandi tillögum var mjög mismunandi og af þeim sökum var fallið frá því að ljúka afgreiðslu þess máls í þinginu vorið 2007 vegna þess að bæði voru margir óvissuþættir uppi sem átti eftir að útkljá og vegna þess að pólitískur ágreiningur var um orðalag þó að það sé rétt að allir flokkar hafi talið rétt að setja einhvers konar auðlindaákvæði þarna inn. Það var ekki komin niðurstaða. Um þá niðurstöðu sem er að finna í frumvarpi hæstv. ríkisstjórnar er ekkert samkomulag.

Annað atriði í frumvarpinu snýr að þjóðaratkvæðagreiðslum. Það er rétt að þjóðaratkvæðagreiðslur voru mikið ræddar í starfi stjórnarskrárnefndar en engin niðurstaða fékkst varðandi þær, það fékkst engin niðurstaða varðandi útfærslu. Við sjálfstæðismenn höfum lýst því yfir að við teldum rétt að hafa möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslum skýrari í stjórnarskrá, það væri rétt að kveða með skýrari hætti á um þjóðaratkvæðagreiðslur. Það var áherslumunur í stjórnarskrárnefnd um hversu miklar kröfur ætti að gera í sambandi við þjóðaratkvæðagreiðslur, en ekki var ágreiningur um það í sjálfu sér að eðlilegt væri að bæta í stjórnarskrá slíku ákvæði. En sú niðurstaða sem er hér í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er ekki byggð á neinu samkomulagi úr gömlu stjórnarskrárnefndinni.

Þriðja atriðið sem vert er að nefna er ákvæðið um breytingar á stjórnarskránni, ákvæði sem snýr að því hvernig breyta eigi stjórnarskrá. Það var mikið rætt í stjórnarskrárnefnd og þar varð, ólíkt hinum tilvikunum, ákveðin niðurstaða. Mótuð var í stjórnarskrárnefnd ákveðin tillaga sem allir fulltrúar í stjórnarskrárnefnd skrifuðu undir og send var forsætisráðherra. Það kemur því mjög á óvart þegar núverandi ríkisstjórn beitir sér fyrir því að lagt sé fram hér ákvæði sem er eins og bútur klipptur innan úr gömlu tillögunni sem allir fulltrúarnir skrifuðu undir eftir málamiðlun vorið 2007. Þar er veigamiklum atriðum, sem skipta verulegu máli í sambandi við það hvernig breyta á stjórnarskrá, sleppt.

Hv. þm. Geir H. Haarde vísaði til þess áðan — þar ber

að nefna m.a. ákvæðið sem var í gamla frumvarpinu sem stjórnarskrárnefndin samþykkti á sínum tíma, sem laut að því að nauðsynlegt væri að fram færu fjórar umræður um stjórnarskrárbreytingar í þinginu og að þrjár vikur liðu milli umræðna, til þess að tryggja það, svo að ég vitni nú aftur til dr. Bjarna Benediktssonar, að ekki sé staðið með hvatvíslegum hætti að stjórnarskrárbreytingum og til þess, svo að ég vitni til Gunnars G. Schrams, að ráðrúm gefist bæði innan þings og utan til að gaumgæfa þær breytingar sem á henni eru gerðar. Þetta eru mikilvæg sjónarmið og þetta töldum við sjálfstæðismenn mjög mikilvægt, að fá inn ný ákvæði, á sínum tíma. Nú kemur ríkisstjórnin með einhverja allt aðra útgáfu sem er, eins og ég segi, bútur innan úr gömlu tillögunni og ætlast til þess að það sé samþykkt umræðulítið. Það er ekki raunsætt mat.

Þetta vildi ég taka fram. Í núverandi stjórnarskrárfrumvarpi, því sem hér liggur fyrir, er talað um stjórnlagaþing. Það var reyndar ekkert rætt í stjórnarskrárnefnd, tillögur komu frá aðilum úti í þjóðfélaginu til stjórnarskrárnefndar þar sem stungið var upp á einhvers konar stjórnlagaþingi en slíkar tillögur voru ekkert á borði stjórnarskrárnefndar. Það er nýmæli. Þessi hugmynd er, eins og komið hefur fram hjá ýmsum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu, alveg þess virði að hugsa hana. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni áðan að mér finnst að Alþingi eigi ekki að gefa frá sér valdið til að setja stjórnarskrá. Ég get hins vegar mjög vel hugsað mér að kjörið verði til stjórnlagaþings sem hafi að gegna ráðgefandi hlutverki gagnvart Alþingi um stjórnarskrárbreytingar og Alþingi væri skuldbundið til að taka tillögur þess stjórnlagaþings til meðferðar. Ég get vel hugsað mér einhverja slíka útfærslu.

Ég verð hins vegar að segja að sú hugmynd sem hér liggur fyrir er sérstök að ýmsu leyti. Ég mun kannski geta komið nánar að því síðar við umræðuna en verð þó að benda á að það er skýrt í frumvarpinu að hlutverk þessa stjórnlagaþings að mati frumvarpshöfunda, framsögumanna með frumvarpinu, þeirra sem leggja það fram — hugsunin er sú að stjórnlagaþing hafi frjálsar hendur við heildarendurskoðun stjórnarskrár. Ekki er gert ráð fyrir að starfi stjórnlagaþings séu sett nein takmörk. Í greinargerð með þessu ákvæði segir, með leyfi forseta:

„Einu mörkin sem þinginu“ — þ.e. stjórnlagaþinginu — „eru sett er að því ber að byggja tillögur sínar á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda en aldrei verður fallist á að vikið verði frá þessum grunngildum.“

Annars eru stjórnlagaþinginu gefnar frjálsar hendur við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Gott og vel, það getur verið tillaga og ekkert óskynsamlegt að ræða það að sett verði á fót stjórnlagaþing sem hafi það hlutverk að standa að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég tel reyndar að slíkar tillögur þyrftu lengri aðdraganda og meiri umræður áður en þær eru keyrðar í gegn eins og hér er ætlunin en þetta eru hlutir sem við getum rætt. Það sem er hins vegar mjög einkennilegt, stingur mjög í stúf og er í raun og veru rökleysa er að á sama tíma og ríkisstjórnarflokkarnir og fylgiflokkar þeirra hér í þinginu leggja fram tillögur um stjórnlagaþing til að standa að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar koma þessir sömu flokkar með þrjár efnislegar breytingar á stjórnarskránni sem á að klára fyrir vorið, eftir fáa mánuði á síðan að setja á fót stjórnlagaþing til að standa að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Þetta er auðvitað mjög sérstakt.

Það er auðvitað athyglisvert að við spurningum um þetta efni, þessa mótsögn, hafa ekki komið fram nein gild svör. Ekki hafa komið fram nein gild svör um hvers vegna eða hvernig forráðamenn ríkisstjórnarinnar eða forustumenn þeirra flokka sem standa að þessum tillögum hugsa það að annars vegar ætla þeir að leggja til að gerðar séu efnisbreytingar á stjórnarskránni í miklum flýti nú fyrir þinglausnir en fáum mánuðum síðar á að setja á fót stjórnlagaþing sem á að standa að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Í mínum huga er einhver óskiljanleg mótsögn í þessu og ég væri þakklátur ef einhver af flutningsmönnum frumvarpsins eða stuðningsmönnum þess í röðum stjórnarflokkanna væri tilbúinn til þess að útskýra fyrir mér hvernig þetta er hugsað, annars vegar að leggja fram efnislegar breytingar fyrir vorið og hins vegar að byrja heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar í haust. Þetta er einhver rökleysa sem getur átt sér ýmsar skýringar, ein skýringin er að það sé einhver áróðursbragur á þessu öllu, það sé verið að reyna að ganga í augun á kjósendum skömmu fyrir kosningar án þess að nokkur meining sé raunverulega að baki. Það er hugsanlegt. Í öllu falli stendur upp á forustumenn ríkisstjórnarinnar að svara því hvernig þeir hugsa þetta.

Annað atriði, sem ég ætla að nefna að lokum, þar sem tími minn er að renna út, er að þeirri spurningu hefur ekki verið svarað hér enn hver kostnaðurinn við þetta stjórnlagaþing verði. Á föstudaginn áætlaði ég með miklum hraði — það skal viðurkennt, það var ekki mjög vísindalegt — að kostnaðurinn gæti verið einhvers staðar á bilinu 1.200–1.500 millj. kr., allt upp í 1,5 milljarða mundi það kosta að setja á fót stjórnlagaþing, auðvitað með skekkjumörkum, auðvitað með talsverðri óvissu en þetta var stærðargráðan. Ég og hv. þm. Geir H. Haarde spurðum hæstv. forsætisráðherra þegar umræðan hófst hér á föstudag hvort ríkisstjórnin hefði gert eitthvert kostnaðarmat, hvort ríkisstjórnin hefði gert sér einhverja hugmynd um það hvað þetta kostaði. Einu svörin frá hæstv. forsætisráðherra voru þau að annars vegar væri ekki skylda að leggja fram kostnaðarmat frá fjárlagaskrifstofu með þessu frumvarpi þar sem þetta væri þingmannafrumvarp en ekki stjórnarfrumvarp — sem er rétt — og hins vegar að auðvitað mundi þetta kosta mikið en lýðræðið kostaði peninga.

Ég verð samt í lok ræðu minnar hér að ítreka að við þessa umræðu hljótum við að kalla eftir því, alþingismenn, að forustumenn ríkisstjórnarinnar, forsætisráðherra og fjármálaráðherra, sem eru 1. og 2. flutningsmaður frumvarpsins geri okkur grein fyrir því hvort þau hafa í ráðuneytum sínum látið áætla þennan kostnað og hver hann sé þá eða hvort þau hafi raunverulega, sem mér finnst ótrúlegt, lagt frumvarpið fram án þess að hafa hugmynd um hvað það mundi kosta, án þess að gera sér nokkra hugmynd um það (Forseti hringir.) hvað þetta frumvarp mundi kosta. Ef svo er er það fullkomið ábyrgðarleysi.

[17:32]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Það segir kannski ýmislegt um virðingu

stjórnarmeirihlutans og flutningsmanna málsins fyrir því máli sem hér er til umfjöllunar að þeir eru ekki einu sinni viðstaddir þessa umræðu. Hér stend ég einn í þingsalnum og fjalla um frumvarp til stjórnarskipunarlaga, frumvarp til breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Birkir J. Jónsson og Guðjón A. Kristjánsson flytja. En þau láta ekki svo lítið sem vera viðstödd umræðuna.

Það er verulega sérstakt í ljósi þess að í stjórnarskránni gefur að líta grundvallarreglur samfélagsins, grundvallarreglur um stjórnskipan landsins og þau meginréttindi sem einstaklingunum eru tryggð, sem undir venjulegum kringumstæðum og á mannamáli eru kölluðu mannréttindi. Flutningsmenn sjá ekki ástæðu til þess að vera viðstaddir umræðuna þótt málefnið sé mikilvægt og það finnst mér miður en það sýnir hversu mikla virðingu þessir hv. þingmenn bera fyrir viðfangsefninu.

Á föstudaginn spurði ég hæstv. forsætisráðherra, sem er 1. flutningsmaður á málinu, hvort henni væri virkilega alvara með að ætla að keyra þetta mál í gegnum þingið áður en við gengjum til kosninga. Það er stuttur tími til stefnu og eins og hv. þingmaður nefndi hafa bæði dr. Bjarni Benediktsson heitinn, fyrrverandi forsætisráðherra, og dr. Gunnar Thoroddsen farið yfir hvernig standa eigi að breytingum á stjórnarskrá og smíðum stjórnarskrárákvæða. Það þarf að vanda vel til verka því að eins og áður segir eru þetta grundvallarlög, stjórnarskráin, meginreglur um stjórnskipulag okkar og það skal vanda sem lengi á að standa. Hæstv. forsætisráðherra svaraði fyrirspurn minni með þeim hætti að það væri fullur vilji hjá henni og öðrum flutningsmönnum, og að því er mér heyrðist fylgismönnum ríkisstjórnarinnar á Alþingi, að keyra málið í gegn.

Árið 2007 var til umfjöllunar á Alþingi frumvarp til breytinga á stjórnarskránni sem hv. þm. Geir H. Haarde og hv. fyrrverandi þingmaður Jón Sigurðsson fluttu til breytinga á stjórnarskránni og vörðuðu tillögu um að inn í stjórnarskrána yrði fellt ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindunum. Í 1. umr. um það mál sagði hæstv. núverandi heilbrigðisráðherra, þá þingmaður í stjórnarandstöðu, Ögmundur Jónasson — sem ég veit ekki hvort er í húsinu en væri ágætt að fá að vita hvort hann er væntanlegur til að vera við umræðuna. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (KHG)**:** Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur fjarvistarleyfi í dag.)

Takk fyrir það, hæstv. forseti. Þann 9. mars árið 2007 sagði hæstv. heilbrigðisráðherra, með leyfi forseta:

„Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga en framganga Framsóknarflokksins, sérstaklega í þessu máli, ber öll þess merki.“

Ég tek undir með hæstv. heilbrigðisráðherra, Ögmundi Jónassyni, að það á ekki að breyta stjórnarskránni í þeim tilgangi að afla kjörfylgis. Því miður hefur Framsóknarflokkurinn dottið í þann fúla pytt að vilja breyta stjórnarskránni í aðdraganda kosninga til að afla sér fylgis. Framsóknarflokkurinn er sá flokkur sem mesta áherslu hefur lagt á að koma ákvæði um svokallað stjórnlagaþing inn í stjórnarskrána.

Össur Skarphéðinsson, annar hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni, utanríkis- og iðnaðarráðherra, sagði í þessari sömu umræðu þann 9. mars árið 2007, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“

Ég er sammála þessum orðum hæstv. utanríkisráðherra. Það er mikilvægt að fjallað sé um stjórnarskrá lýðveldisins, grunnlög þess, af mikilli ábyrgð og að reynt sé að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál. Þessi orð lét hæstv. utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, falla í umræðu 9. mars 2007, fyrir u.þ.b. tveimur árum. Hann veit, eins og ég, að það var ekki reynt að ná samstöðu um það frumvarp sem við fjöllum um hér líkt og alltaf hefur verið reynt að gera þegar við höfum reynt að breyta stjórnarskránni á hinu háa Alþingi.

Ég tók eftir því í umræðunum áðan að fjallað var um vinnubrögð við breytingar á stjórnarskránni 2007, hvernig vinnu við það mál hefði verið háttað á sínum tíma. Ég leyfi mér að fullyrða að vinnubrögðin á þeim tíma voru öll önnur en við horfum upp á núna. Nú á að keyra í gegn breytingar á stjórnarskránni til að stjórnarflokkarnir og Framsóknarflokkurinn geti markað sér einhverja stöðu í komandi alþingiskosningum. Það er miður að viðfangsefnin í samfélaginu eru önnur nú en þau voru þá, nú brennur hagkerfið, atvinnulífið er í kröggum og fjölskyldurnar berjast í bökkum. Og það er sorglegt að menn skuli ekki einbeita sér að því að leysa þessi verkefni en leggja þess í stað ofuráherslu á að kosningalögum og stjórnarskrá verði breytt. Stjórnarskráin mun ekki bæta hag heimilanna og hún mun heldur ekki koma hjólum atvinnulífsins í gang á nýjan leik. En árið 2007 viðaði nefndin að sér miklum gögnum og rannsakaði þessi mál mjög vel og ítarlega í umfjöllun sinni um það frumvarp sem þá var til umfjöllunar, það þekki ég sem þáverandi og núverandi nefndarmaður í sérnefnd Alþingis um stjórnarskrármál. Þess vegna tók ég þessa möppu með mér hingað í ræðustól Alþingis. Þetta eru þau gögn sem við höfðum til umfjöllunar árið 2007 þegar við fjölluðum um það frumvarp sem þá var rætt um.

Við sum hver sem sitjum hér á Alþingi og margir úti í samfélaginu berum mikla virðingu fyrir stjórnarskránni. Okkur er ekki sama um það sem þar stendur og ofbýður að stjórnarskrá lýðveldisins sé notuð sem einhver kosningatékki í aðdraganda alþingiskosninga. Í þessari möppu eru einar 17 tímaritsgreinar lærðra lögspekinga sem fjallað hafa um þau mál sem hér eru til umfjöllunar, eins og hugmyndir um að auðlindir þjóðarinnar skuli vera í svokallaðri þjóðareign. Ég veit ekki til þess, og það kemur ekki fram í því frumvarpi sem við ræðum hér, að til þessara sérfræðinga hafi verið leitað við vinnslu þessa máls. Vonandi verður það þannig þegar við fjöllum um þetta mál í sérnefnd Alþingis um stjórnarskrá að þessir aðilar verði kallaðir fyrir þingið til að fara yfir þau álitamál sem vakna við lestur þessa frumvarps. En mér segir svo hugur að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi muni eftir fremsta megni reyna að komast hjá allri faglegri og lýðræðislegri umræðu um málið.

En gögnin eru hér og ég er reiðubúinn til að leggja þau fyrir nefndarmenn í sérnefnd um stjórnarskrármál til að fara nákvæmlega yfir málið. Fjöldi manna, bæði háskólamenn, fyrrverandi stjórnmálamenn og aðrir hafa fjallað um stjórn-

arskrána á síðustu árum og áratugum og hafa mikið til þessara mála að leggja. Þær breytingar sem hér eru lagðar til varða grundvallaratvinnuvegi okkar og það er mikilvægt að fulltrúar þeirra atvinnuvega fái að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í umræðum um þetta mál.

Við sjálfstæðismenn höfum aldrei barist gegn því að stjórnarskrá Íslands verði breytt. Síðan ég tók sæti á Alþingi árið 2003 hefur verið umræða um að breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar. Það eru mörg ákvæði í stjórnarskrá Íslands sem eru gengin sér til húðar og eru börn síns tíma. Þar má nefna fjölmörg ákvæði í 2. kafla stjórnarskrárinnar sem varðar forseta Íslands. Þar eru ákvæði sem uppi er ágreiningur um hvernig eigi að skýra, t.d. ákvæði 11. gr. stjórnarskrárinnar um að forseti lýðveldisins sé ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum. Við höfum upplifað það á síðustu árum að sá forseti sem nú gegnir embætti túlkar það ákvæði og heimildir sínar með öðrum hætti en fyrirrennarar hans gerðu.

Við höfum líka bent á að breyta þurfi 21. gr. núverandi stjórnarskrár sem segir að forseti lýðveldisins geri samninga við önnur ríki. Við sem höfum fylgst með stjórnmálum og verkefnum framkvæmdarvaldsins á síðustu árum og áratugum vitum að forsetinn gerir enga samninga við erlend ríki, það eru aðrir til þess. Að sama skapi má segja að ákvæði 15. gr. stjórnarskrárinnar um að forsetinn skipi ráðherra og veiti þeim lausn sé einungis formleg yfirlýsing en hafi ekki í sér falda efnislega þýðingu, svo að ekki sé minnst á 26. gr. stjórnarskrárinnar, ákvæði sem olli hér gríðarlegum deilum í tengslum við fjölmiðlamál sem forsetinn neitaði staðfestingar á og vildi skjóta til þjóðaratkvæðis.

Þetta eru viðfangsefnin sem við þurfum að fjalla um en í þessu frumvarpi er ekkert vikið að þessum atriðum. Þetta eru þau mál sem við sjálfstæðismenn höfum viljað fjalla um ásamt fleirum og við höfum verið að vinna að breytingum á stjórnarskránni. En síðan koma hér fjórir hv. þingmenn og leggja fram frumvarp til breytinga á stjórnarskrá í fullkomnu ósætti við stærsta stjórnmálaflokk landsins, Sjálfstæðisflokkinn, og það er látið eins og hann hafi ekkert um stjórnarskrána að segja eða hafi ekkert með hana að gera. Þetta er nú öll lýðræðisástin sem þetta ágæta fólk sýnir.

Ef við víkjum að efnisatriðum þessa máls þá er lagt til í 1. gr. frumvarpsins að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti verði gerðar að svokallaðri þjóðareign. Þeir sem hafa lesið stjórnarskrár margra landa, hvort sem þær eru í gildi í dag eða voru í gildi áður, vita að uppruni ákvæðis um þjóðareign á auðlindum eða eignum er upprunninn frá ráðstjórnarríkjum í austri. Þetta er arfur gamla sósíalismans sem finna mátti í eldri stjórnarskrám, t.d. í stjórnarskrá Sovétríkjanna en hefur í dag verið fundið nýtt hlutverk vinstri manna á Íslandi.

Það er auðvitað eðlilegt að við ræðum það mál en við verðum að setja þetta ákvæði í samhengi við þá hagsmuni sem í húfi eru. Það er eitt að taka pólitískan slag hér á Alþingi um þjóðareign á náttúruauðlindum en það er annað að velta fyrir sér hvaða afleiðingar slíkt ákvæði kann að hafa í för með sér fyrir atvinnuvegina í landinu. Það er nefnilega þannig að helstu atvinnugreinar þjóðarinnar byggja á nýtingu náttúruauðlinda og það þarf að passa upp á það að með samþykki ákvæðis eins og þessa sé ekki verið að kippa stoðunum undan meginatvinnugreinum þjóðarinnar. Atvinnugreinum sem þjóðin ætlar að reiða sig á við endurreisn samfélagsins eftir bankahrunið.

Á föstudaginn lýsti hæstv. forsætisráðherra því yfir að 1. mgr. 1. gr. þessa frumvarps sem kveður á um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti skuli vera í þjóðareign eigi ekki að raska við því fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum hér á landi. Það er í sjálfu sér ágætisyfirlýsing en hún nær ekki lengra en svo að í henni felst einhvers konar gildismat forsætisráðherrans. Það er ekki þar með sagt að aðrir sem síðar þurfa að túlka texta þessa frumvarps, verði það að lögum, séu sömu skoðunar. Það sem mestu máli skiptir er lagatextinn sjálfur og það sem í stjórnarskránni segir. Textinn í stjórnarskránni hefur mun meira vægi en orð hæstv. forsætisráðherra í litlu andsvari hér á Alþingi.

Frægur hæstaréttardómari í Bandaríkjunum, Antonin Scalia, kom til Íslands á síðasta ári og hélt merkan fyrirlestur í Háskóla Íslands um túlkun stjórnarskrárákvæðanna. Hann lagði mikla áherslu á að þegar menn túlkuðu stjórnarskrá og ákvæði stjórnarskrár þá legðu menn áherslu á það sem í stjórnarskránni segir. Það þyddi lítið að vera að velta sér upp úr því hvað stjórnmálamenn, lögfræðingar eða aðrir vildu að stæði í stjórnarskránni, það sem gilti væri það sem þar segði. Þetta verðum við að hafa í huga þegar við erum að fjalla um jafnmikilvægt ákvæði og það sem fram kemur í 1. gr. frumvarpsins.

Þetta segi ég vegna þess að þó svo að hæstv. forsætisráðherra og 1. flutningsmaður þessa frumvarps hafi lýst því yfir að stjórnarskrárákvæði þetta, verði það að lögum, muni ekki breyta neinu um stöðu atvinnugreina sem byggja á nýtingu náttúruauðlinda þá hafa orð hæstv. forsætisráðherra ekki jafnmikið vægi og textinn í ákvæðinu.

Hugtakið þjóðareign er ekki að koma til umfjöllunar hér á Alþingi í fyrsta skipti. Eins og ég gat um í ræðu minni fjölluðum við um sambærilegt ákvæði árið 2007 í frumvarpi sem hv. þm. Geir Haarde og hv. þáverandi þingmaður, Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, lögðu fram og mæltu fyrir á þingi. Þar var talað um þjóðareign á náttúruauðlindum.

(**Forseti** (KHG)**:** Jón Sigurðsson var ekki þingmaður.)

Það er rétt ábending frá hæstv. forseta að Jón Sigurðsson var ekki hv. þingmaður. Hann er fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra.

Í meðferð þess máls í sérnefnd um stjórnarskrármál var fjallað um hugtakið þjóðareign og þýðingu þess. Eiríkur Tómasson, prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, kom fyrir nefndina og lýsti skoðun sinni á því hugtaki. Hann benti réttilega á að með því að tala um þjóðareign í stjórnarskrártexta væri verið að víkja að eignarréttarákvæðum. Það væri verið að vísa til eignarréttar. Þegar hann var spurður að því af mér hvað þjóðareignarhugtakið þýddi benti hann réttilega á að í því fælist í raun ríkiseign, eign ríkisins á auðlindum landsins.

Ég er sammála þessari túlkun Eiríks Tómassonar, prófessors í stjórnskipunarrétti, að þegar talað er um þjóðareign sem er svona dálítið fínt orð í lagatexta er átt við ríkis-

eign á auðlindum eða ríkiseign á hverju því sem textinn nær til. Enda hafa aðrir lögfræðingar komist að þeirri niðurstöðu að þjóðin geti ekki verið eigandi að auðlindum í skilningi eignarréttarins.

Sigurður Líndal skrifaði merka fræðigrein um þetta mál sem hann kallar „Nytjastofnar á Íslandsmiðum, sameign þjóðarinnar“ og birti 1998. Þar fer Sigurður yfir að í raun inni geti þjóð ekki átt neitt. Ég sem hluti af þjóðinni get ekki gert tilkall til eignarréttar yfir þeim auðlindum sem hugsanlega í framtíðinni verða kallaðar þjóðareign í stjórnarskrá eða lögum. Ástæðan fyrir því er sú að ég get ekki losað mig við þessa eign. Ég get ekki veðsett hana, ég get ekki selt hana og ég get ekki innleyst eða skipt út þeirri eign sem ég á og keypt mér eitthvað annað. Ég get t.d. ekki veðsett húsið mitt fyrir mínum hluta í þeirri þjóðareign sem um ræðir. Á endanum erum við því að tala um ríkiseign, eign ríkisins á auðlindunum.

Guðrún Gauksdóttir, eini doktorinn á Íslandi í eignarrétti, hefur einnig fjallað um þetta mál og á svipuðum nótum. Það var gegn því að náttúruauðlindir séu gerðar að þjóðareign. Hún hefur talið að aflaheimildir í sjávarútvegi séu undirorpnar einkaeignarrétti og sem slíkar verði þær ekki teknar af handhöfum aflaheimildanna ef ekki koma fullar bætur fyrir samkvæmt ákvæðum eignarréttarákvæðis í stjórnarskrá.

Síðan eru aðrir lögfræðingar sem hafa talað í aðra átt, t.d. Magnús Thoroddsen, fyrrverandi hæstaréttardómari og hæstaréttarlögmaður. Og af hverju er ég að rifja þetta upp? Jú, vegna þess að þegar menn tala fyrir því að fella inn í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindunum þá er mikilvægt að menn átti sig á því hverjar afleiðingar slíkrar lagasetningar eru. Í dag er það þannig að allar þær greinar sem ég benti hér á, sautján fræðigreinar um auðlindamál, sýna að um inntak slíkra ákvæða ríkir mikil réttaróvissa meðal íslenskra lögfræðinga, sérfræðinga sem hafa fjallað um þessi mál á opinberum vettvangi. Það er auðvitað ótækt, herra forseti, að ætla að keyra í gegnum þingið breytingu á stjórnarskrá Íslands þegar slík réttaróvissa er uppi.

Það eru auðvitað önnur ákvæði í þessu frumvarpi sem vert er að veita athygli. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég segi fyrir mitt leyti að ég er alls ekkert á móti því að kveðið sé á um þjóðaratkvæðagreiðslu í stjórnarskrá og að þjóðinni verði gefin heimild til að segja skoðun sína á einstökum málum í þjóðaratkvæðagreiðslu. En mér finnst óeðlilegt og ég trúi því ekki að flutningsmönnum frumvarpsins sé alvara með þeim tillöguflutningi sem hér kemur fram. Vegna þess að á mannamáli þýðir hann að 25% þjóðarinnar geti breytt stjórnarskránni. Framsóknarflokkurinn gengur reyndar lengra í sínu frumvarpi um stjórnlagaþing sem gengur út á að einungis 13% þjóðarinnar geti breytt stjórnarskránni. Ég tel að eðlilegra væri að krefjast þess að meiri hluta þjóðarinnar þyrfti til þess að gera breytingar á stjórnarskrá.

Um stjórnlagaþingið ætla ég svo sem ekki að segja mikið annað en að mér finnst það óráð við núverandi aðstæður að ætla sér að eyða 1.500 millj. kr. í að koma upp slíku þingi. Alþingi Íslendinga er stjórnlagaþing. Ég sé ekki hvers vegna við eigum að vera að stofna til stjórnlagaþings þegar annað sambærilegt er fyrir og ég fæ ekki séð annað en að með slíkum (Forseti hringir.) tillöguflutningi séu þeir sem að honum standa að grafa undan Alþingi Íslendinga, forseti sæll.

[17:58]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Hér hefur staðið yfir umræða í dag um stjórnarskipunarlög, afar mikilvæg umræða um mikilsvert grundvallarmál. Við höfum fylgst með því og okkur hefur verið boðið upp á það, hæstv. forseti, að 1. flutningsmaður þessarar tillögu, hæstv. forsætisráðherra, hefur ekki verið í húsinu.

Hér er verið að fjalla um stjórnarskrá landsins og 1. flutningsmaður frumvarpsins er fjarri. Þess vegna geri ég kröfu til þess að hæstv. forsætisráðherra verði kölluð til þings. Allt annað er óeðlilegt en að hún sé hér til staðar, hlusti á umræðurnar og bregðist við eftir atvikum. Það er krafa mín við þessar aðstæður að hlé verði gert á fundinum þangað til hæstv. forsætisráðherra kemur í hús.

[17:59]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill geta þess að tveir af fjórum flutningsmönnum málsins eru staddir í húsinu, (Gripið fram í.) hæstv. fjármálaráðherra og hv. 6. þm. Norðaust. eru í húsinu og annar þeirra í salnum.

En forseti telur sjálfsagt og eðlilegt að gera ráðstafanir til þess að hinir tveir verði kvaddir til þingfundar hið fyrsta og þess óskað að þeir verði viðstaddir umræðuna.

[17:59]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að ætla að koma skilaboðum á framfæri við hæstv. forsætisráðherra, 1. flutningsmann þessa frumvarps. Það er auðvitað ótækt þegar verið er að ræða breytingar á grundvallarlögum lýðveldisins, stjórnarskránni sjálfri, að 1. flutningsmaður málsins og forsætisráðherra sé ekki viðstödd.

Ég veit að hæstv. fjármálaráðherra er hér staddur og ég þakka honum fyrir það og það væri ágætt ef hann tæki þátt í umræðunni. Ekki síst í ljósi þeirra ummæla sem hæstv. heilbrigðisráðherra lét falla í umræðu um stjórnarskrármál árið 2007 þar sem hann sagði að stjórnarskránni ætti ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga. En framganga Framsóknarflokksins í þessu máli sérstaklega ber þess öll merki.

Það mál sem nú er til umræðu og það hvernig flutningsmenn málsins halda á því máli er algerlega sambærilegt við þá lýsingu sem hæstv. heilbrigðisráðherra lét falla í umræðum hér 9. mars 2007. Ég vil því þakka hæstv. forseta fyrir að kalla hæstv. forsætisráðherra til og ég tel að það sé algert skilyrði að hún verði hér við umræðuna.

[18:01]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að kveðja til fundarins hið snarasta hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sem er einn flutningsmanna. Hæstv. forsætisráðherra er bundin

við skyldustörf til klukkan sjö. Forseti óskar þess að þingmenn sýni því skilning og geri ekki athugasemdir við það þó að þingfundi verði haldið áfram fram að kvöldmat, til klukkan sjö þegar gert verður matarhlé. En forseti á von á því að forsætisráðherra verði hér frá þeim tíma.

[18:01]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir það að forseti skuli hafa gert ráðstafanir. En ég ítreka að mér finnst það fullkomin óvirðing af hálfu forsætisráðherra við þingið að forsætisráðherra skuli skipuleggja dagskrá sína þannig að hún sé fjarverandi þegar þessi umræða fer fram í þinginu. Ég geri mjög alvarlegar athugasemdir við þá framgöngu hæstv. forsætisráðherra og geri kröfu til þess að hún verði við umræðuna.

[18:02]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég er 2. flutningsmaður þessa máls og við höfðum samkomulag með okkur um það, ég og hæstv. forsætisráðherra sem varð að sinna öðrum skyldustörfum núna seinni part dagsins, að ég mundi leysa hana af og vera viðstaddur umræðuna. Það hef ég verið og hlustað á allt það sem hér hefur komið fram.

Síðan mun hæstv. forsætisráðherra, um leið og hún getur losað sig úr þeim verkefnum sem hún er bundin af núna, sem eru mjög mikilvæg, ég get upplýst það, koma hingað aftur. Ég lagði öll önnur verkefni til hliðar til þess að geta verið hér við umræðuna á meðan hæstv. forsætisráðherra væri fjarverandi og vona að það sé fullnægjandi. Ég held að það sé vel fyrir því séð að helmingur flutningsmanna sé á staðnum.

[18:03]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan þakka ég hæstv. fjármálaráðherra fyrir það að gera svo lítið að vera hér við þessa umræðu. En ég tek undir það með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að það er auðvitað alger vanvirðing við þingið og ekki síður við stjórnarskrána að hæstv. forsætisráðherra leggi fram frumvarp til breytinga á stjórnarskránni, hendi því frumvarpi inn í þingið og láti svo ekki sjá sig við umræðuna.

Hæstv. utanríkisráðherra sagði árið 2007, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“

Um þetta mál er engin samstaða og ég kalla það ekki mikla ábyrgð af hálfu hæstv. forsætisráðherra að leggja hér fram frumvarp til breytinga á stjórnarskránni og vera ekki viðstödd umræðuna. Mér finnst það fyrir neðan allar hellur. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég teldi eðlilegt að umræðunni yrði frestað þar til að hæstv. forsætisráðherra kemur í hús.

[18:04]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill segja að ráðherrar eru stundum bundnir við skyldustörf þegar umræður standa yfir og taka verður tillit til þess. En forseti er einnig sammála þeim sjónarmiðum að eðlilegt er að gera kröfu til þess að flutningsmenn séu viðstaddir umræðu, sérstaklega um þýðingarmikil mál. Ég vænti þess að þær skýringar sem gefnar hafa verið og viðvera þeirra flutningsmanna sem tök eiga á fram til klukkan sjö sé nægjanleg og fullnægi óskum hv. þingmanna.

[18:05]

Árni M. Mathiesen (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég verð að taka undir með þeim hv. þingmönnum Sigurði Kára Kristjánssyni og Sturlu Böðvarssyni að það er alls ekki viðunandi að 1. flutningsmaður og forsætisráðherra sé ekki viðstaddur umræðuna og hafi nánast ekkert verið hér í dag frá því að umræðan hófst. Það er ekki bara þannig að hún sé 1. flutningsmaður heldur er stjórnarskráin og stjórnskipunin auðvitað á forræði forsætisráðherra og forsætisráðuneytisins. Flutningsmenn eru auðvitað fleiri og þeir eru hér og við virðum það. En þótt ég meti hæstv. fjármálaráðherra mikils og embætti hans þá kemur það í þessu tilfelli einfaldlega ekki í staðinn fyrir það að hæstv. forsætisráðherra sé viðstödd umræðuna til að hlusta á það sem hér fer fram.

[18:06]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Frumvarp til stjórnskipunarlaga er hér á dagskrá. Því var komið inn í þingið með tiltölulega stuttum fyrirvara og án þess að um það hafi verið fjallað og það unnið á hefðbundinn hátt eins og tíðkast hefur í sögu lýðveldisins og jafnvel fyrir tíma lýðveldisins.

Frumvarpið samanstendur í meginatriðum af fjórum greinum fyrir utan gildistökuákvæðið. Í 1. gr. er fjallað um umhverfismál og eignarrétt á náttúruauðlindum. Í 3. gr. er fjallað um þjóðaratkvæðagreiðslur og frumkvæði almennings til þess að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslur. Í 4. gr. er fjallað um stjórnlagaþing, frekar sérstakt stjórnlagaþing mundi ég telja. Í 2. gr. er svo fjallað um það hvernig breyta megi stjórnarskrá. Ég vil í ljósi þess hvernig staðið hefur verið að því máli sem hér er til umræðu fjalla örlítið um það hvernig staðið hefur verið að því að breyta stjórnarskrá á umliðnum árum, bæði hér á landi og annars staðar, og sjá hvernig það passar við þá aðferðafræði sem hér er breytt.

Í meginatriðum getum við sagt að um þessa breytingu hafi verið haft lítið samráð, undirbúningur lítill, stuttur tími sem gefst til að fjalla um málið og ekki sátt á milli allra þeirra flokka sem á Alþingi sitja eins og nánast hefur verið undantekningarlaust á tíma lýðveldisins. Þó að dæmi séu um að einstaka þingmenn hafi greitt atkvæði á móti hefur það ekki verið byggt á því að heilu flokkarnir hafi verið á móti því að gera breytingar á stjórnarskránni. Það er svolítið annað að taka pólitíska slagi á hv. Alþingi um pólitísk mál heldur en að taka pólitískan slag um sjálfa stjórnarskrána.

Í grunninn er íslenska stjórnarskráin byggð á danskri stjórnarskrá sem upphaflega var samþykkt á stjórnlagaþingi 5. júní 1849 en var síðan var afhent okkur Íslendingum sem

stjórnarskrá úr hendi Danakonungs 5. janúar 1874 án þess að hún hefði verið samþykkt af Alþingi.

Þetta er löng saga sem hægt er að rifja upp og fara yfir bæði hvað varðar íslensku stjórnarskrána og út af fyrir sig þá dönsku sem hún byggist á en þeirri dönsku hafði þá verið breytt og sú sem við fengum í hendur var í meginatriðum samkvæmt breytingum sem gerðar voru 1866. Síðan hafa verið gerðar þó nokkrar breytingar á stjórnarskránni gagnstætt því sem haldið hefur verið fram í umræðunni en samkvæmt henni gæti maður haldið að það hefðu ekki verið gerðar neinar breytingar á íslensku stjórnarskránni á umliðnum árum. Henni var breytt árið 1903, 1915, 1919, 1920, 1927, 1934, 1942 og svo 17. júní 1944 þegar Ísland varð lýðveldi. Fram að stofnun lýðveldisins var stjórnarskránni breytt alls átta sinnum og þá í meginatriðum eins og núverandi 79. gr. kveður á um, þó með þeirri undantekningu sem gerð var við lýðveldisstofnunina en þá var sett inn sérstakt tímabundið ákvæði sem gerði ráð fyrir að stjórnarskrána yrði að samþykkja í þjóðaratkvæðagreiðslu. Síðan þá hefur ekki farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla hér á landi.

Frá því að lýðveldið var stofnað hefur stjórnarskránni verið breytt nokkrum sinnum þó að heildarendurskoðun hafi ekki farið fram eins og ætlast var til þegar lýðveldið var stofnað. Það var 1959, 1968, 1984, 1991, 1995 og síðast 1999. Stjórnarskránni hefur því verið breytt alls sex sinnum frá stofnun lýðveldisins. Má segja að í öll þau skipti sem stjórnarskránni hefur verið breytt hafi það verið gert í góðu samráði og samstarfi á milli flokka. Það kemur meira að segja fram í greinargerð með frumvarpinu að þegar á heildina sé litið megi segja að víðtæk samstaða hafi jafnan ríkt um þær breytingar sem gerðar hafi verið á stjórnarskránni.

Hvernig skyldi breytingum á stjórnarskrám vera háttað annars staðar, ef við veltum því fyrir okkur í samanburði við það sem hér er verið að gera? Það er þannig að sumum hlutum stjórnarskráa annarra ríkja er alls ekki hægt að breyta? Það er ekki algilt að hægt sé að breyta öllum ákvæðum stjórnarskrár. Þetta á t.d. við um norsku stjórnarskrána þar sem ekki er hægt að breyta anda hennar og meginreglum. Í þýsku stjórnarskránni er gengið enn þá lengra, þar má t.d. hvorki breyta skiptingu sambandsríkisins í sambandslönd og þátttöku þeirra í löggjafarferlinu né ákvæðum stjórnarskrárinnar um grundvallarréttindi. Í ítölsku stjórnarskránni og þeirri frönsku eru ákvæði um að ekki megi afnema þar lýðveldi. Þá er bæði í frönsku og spænsku stjórnarskránni ákvæði um að ekki megi breyta stjórnarskránni á ófriðartímum. Þetta finnst mér vera umhugsunaratriði fyrir okkur þegar við erum að vinna að þessari breytingu á stjórnarskránni og fyrir því eru færð þau rök að nauðsynlegt sé að breyta stjórnarskránni af því að það séu svo miklir umrótstímar og við höfum orðið fyrir svo miklum áföllum, ekki bara efnahagslega heldur stjórnarfarslega og hvaðeina, að það sé nauðsynlegt að breyta henni.

Ég segi ekki að það séu ófriðartímar hjá okkur en ég held að það sem hér hefur gerst á síðustu mánuðum sé næst því sem við höfum komist að upplifa ófriðartíma, a.m.k. síðustu hundrað árin hér á landi, og því mætti kannski færa rök að því í þessu samhengi að einmitt núna, einmitt á tímum eins og þessum eigi ekki að breyta stjórnarskránni. Það eigi að bíða þess að um hægist og lygni í þjóðfélaginu og menn hafi betri tíma til að gaumgæfa málin og við verðum komin út úr þeim efnahagslega stormi sem við erum í núna.

Í flestum tilfellum er frumkvæðisrétturinn til að hrinda af stað stjórnarskrárbreytingum sá sami og varðandi lagafrumvörp en þó eru sums staðar skilyrði um að það þurfi lágmarksfjölda þingmanna til að standa að slíku frumvarpi, t.d. í Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Sums staðar þekkist það einnig að þjóðin geti knúið fram stjórnarskrárbreytingar með því að hluti kjósenda skrifi undir slíka tillögu og það á einnig við um Lettland og Litháen eins og ég nefndi áðan og einnig reyndar um Ítalíu.

Samkvæmt dönsku stjórnarskránni verður henni ekki breytt nema samþykktar séu breytingar á tveimur þingum með kosningum á milli, eins og við þekkjum hér, en að auki sé þjóðaratkvæðagreiðsla látin fara fram. Þar er áskilið að aldrei greiði færri en 40% kosningabærra manna atkvæði með breytingunni. Sú aðferðafræði sem viðhöfð er í Danmörku er reyndar eins og gert var ráð fyrir í stjórnarskrárfrumvarpi því sem Gunnar Thoroddsen, þáverandi forsætisráðherra, lagði fram. Það er líka ágætt að hafa það í huga að stjórnarskrá Danmerkur var síðast breytt árið 1953 en við höfum gert einar sex breytingar á stjórnarskrá okkar frá því að Danir breyttu sinni stjórnarskrá síðast. Þess vegna er tæplega hægt að halda því fram að við séum eftirbátar annarra í því að breyta okkar stjórnarskrá.

Finnsku stjórnarskránni hefur nýlega verið breytt, það var samþykkt 1999 og gekk í gildi árið 2000. Í Finnlandi eru nokkuð flóknar reglur um það hvernig hægt er að breyta stjórnarskránni. Það þarf að gerast þannig að það sé samþykkt í tveimur umræðum á þingi og síðan þarf að bíða með þriðju umræðuna uns nýtt þing kemur saman í kjölfar kosninga og þá þurfa tveir þriðju þingmanna að samþykkja frumvarpið óbreytt. Þó eru undantekningar ef fimm sjöttu þingmanna, sem taka þátt í atkvæðagreiðslu, samþykkja brýnar breytingar þá er hægt að láta lokaumræðu fara fram án þess að þingkosningar fari fram, og síðan eru sérstök ákvæði um minni háttar breytingar. En ég held að engar af þeim tillögum sem hér eru til umræðu mundu nokkurn tímann eða nokkurs staðar flokkast undir það að vera minni háttar breytingar.

Samkvæmt sænskum stjórnlögum taka breytingar ekki gildi nema frumvarpið hafi verið samþykkt óbreytt af tveimur þingum með þingkosningum á milli og þjóðaratkvæðagreiðsla hafi farið fram um frumvarpið samhliða þingkosningunum.

Norska stjórnarskráin gerir ráð fyrir því að tillögur að stjórnarskrárbreytingum þurfi að leggja fyrir þingið í síðasta lagi á þriðja ári eftir kosningar — en eins og við vitum er ekki hægt að rjúfa þing í Noregi, þar eru föst fjögurra ára kjörtímabil — og ekki má samþykkja þær tillögur fyrr en að loknum næstu kosningum þar á eftir. Við afgreiðslu tillagnanna verða a.m.k. tveir þriðju þingmanna að sitja þingfund og taka breytingar á stjórnarskránni ekki gildi nema frumvarpið hafi verið samþykkt með tveimur þriðju meiri hluta þingmanna. Ekki má gera breytingar, eins og ég sagði áðan, hvað varðar meginreglur og á anda stjórnarskrárinnar. Þetta eru býsna stífar kröfur sem gerðar eru til breytinga á stjórnarskrám í nágrannalöndum okkar og því vart hægt að

tala um að við værum að leita eftir fyrirmyndum hjá nánustu samstarfsmönnum okkar erlendis með því að gera breytingar á því hvernig við breytum stjórnarskránni.

Í Austurríki, þar sem nýlega hefur farið fram breyting á stjórnarskránni, þarf samþykki tveggja þriðju hluta þingmanna og auk þess þarf við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla en slíkt er ekki áskilið varðandi aðrar breytingar sem ganga skemmra nema þriðjungur þingmanna í annarri hvorri þingdeildinni krefjist þess.

Belgía, Holland og Lúxemborg eru með svipaða aðferðafræði og er við lýði hjá okkur í dag. Frakkland hefur tvenns konar leiðir. Þar er hægt að samþykkja þetta í báðum þingdeildum og bera síðan undir þjóðaratkvæði og þá gildir einfaldur meiri hluti. Ekki þarf hins vegar að bera frumvarpið undir þjóðaratkvæði ef forsetinn hefur kallað saman báðar þingdeildir og þrír fimmtu hlutar greiddra atkvæða eru með frumvarpinu.

Á Írlandi er áskilið að til að stjórnarskrárbreytingar öðlist gildi þurfi samþykki beggja þingdeilda auk þjóðaratkvæðagreiðslu og einfaldur meiri hluti nægir til að breytingarnar öðlist gildi í þjóðaratkvæðagreiðslunni. En þar eru líka sérstök ákvæði um að óháð nefnd skuli koma á framfæri upplýsingum við kjósendur um þau málefni sem til úrlausnar eru.

Á Ítalíu er gert ráð fyrir því að hægt sé að breyta stjórnarskránni með samþykki beggja þingdeilda. Þar þurfa að fara fram tvær umræður í hvorri deild og að minnst þrír mánuðir líði á milli umræðna. Ég vek sérstaklega athygli á þessu ákvæði, herra forseti, að þrír mánuðir þurfa að líða á milli umræðna og þar með er verið að girða fyrir það að hægt sé að keyra í gegn breytingar með mjög skömmum fyrirvara við einhverjar einstakar eða sérkennilegar aðstæður. Það má kannski segja að þetta sé viðlíka öryggisákvæði og það sem varðar ófriðartíma í spænsku og frönsku stjórnarskránni.

Í Sviss þarf samþykki sambandsþingsins, meiri hluta í þjóðaratkvæðagreiðslu og einnig meiri hluta kantónanna í sambandsríkinu til að samþykkja stjórnarskrárbreytingar, en frumkvæðið getur komið frá kjósendum og eins frá sambandsríkinu. Hver kantóna er síðan líka með sína stjórnarskrá og þar eru ýmsar aðferðir notaðar við það að gera breytingar. Svissneska stjórnarskráin fyrir sambandsríkið sætti nýverið heildarendurskoðun, hún tók gildi 1. janúar árið 2000. Þá höfðu breytingarnar sem samþykktar voru verið í undirbúningi í rúma tvo áratugi sem sýnir okkur að menn eru ekkert að flýta sér við þetta verk sums staðar í þeim löndum sem við höfum náið samstarf við eins og Sviss. Þar var stjórnarskráin samþykkt með tæplega 60% greiddra atkvæða en þátttakan var 36%.

Þýska stjórnarskráin gerir einfaldlega ráð fyrir því að þar þurfi meiri hluta beggja þingdeilda og eins og við vitum er ákveðin samsetning á efri deildinni þar sem sambandsríkin hafa sína fulltrúa. En eins og áður sagði eru ákveðnir þættir óbreytanlegir.

Þannig er þetta, herra forseti, á ýmsa vegu og alls ekki þannig að ætlast sé til að það sé einfalt eða auðvelt að breyta stjórnarskránni og alls ekki ætlast til að það sé gert með einhverju hraði á skömmum tíma við einhverjar sérstakar aðstæður, erfiðleikatíma eða slíkt, sem þjóðir gætu hugsanlega verið að upplifa. Athyglisvert er að bera saman þá tillögu sem er í frumvarpinu sem er hér til umræðu við tillöguna sem stjórnarskrárnefndin á síðasta kjörtímabili lagði til. Tillagan sem stjórnarskrárnefndin lagði til á sínum tíma er að vissu leyti lík þeirri tillögu sem í þessu frumvarpi en þó er sá reginmunur á þeim að í tillögu stjórnarskrárnefndarinnar frá síðasta kjörtímabili var gert ráð fyrir að um tillögur til stjórnarskrárbreytinga færu fram fjórar umræður á Alþingi og skyldu þrjár vikur hið minnsta líða á milli umræðna. Þótt talað sé um að hægt sé að breyta stjórnarskránni með samþykki tveggja þriðju hluta atkvæða á Alþingi og síðan í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem minnst 25 af hundraði allra kosningabærra manna skuli staðfesta frumvarpið þá er sá reginmunur á þessum tillögum að fram skuli fara fjórar umræður og þrjár vikur líða á milli umræðna. Í þessari tillögu er farið nákvæmlega eftir þeim anda sem er alls staðar að finna hvað varðar stjórnarskrárbreytingar í nágrannalöndum okkar og í þeim löndum sem við störfum og líkjum okkur við. Það er verið að koma í veg fyrir að breytingar á stjórnarskránni séu keyrðar í gegn með hraði undir erfiðum eða óvenjulegum kringumstæðum Það er þess vegna stór munur á því sem hér er verið að leggja til og því sem áður hefur verið lagt til í þessum efnum og því sem áður hefur tíðkast og verið hefðbundið hjá okkur a.m.k. allt lýðveldistímabilið og sennilega lengur.

Það er langt liðið á tíma minn, herra forseti, en ég er tiltölulega skammt kominn í því að fjalla um málið. Ég hef einungis náð að fjalla um eina grein frumvarpsins en ætla þó að reyna að fjalla örlítið um 3. gr. sem er um þjóðaratkvæðagreiðslur og frumkvæði kjósenda til þess að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslur. Þetta er vissulega mjög athyglisvert mál sem vert er að gaumgæfa vel — ef ég fyndi nú pappírana mína. Það er auðvitað gert í þeim tilgangi, herra forseti, að reyna að efla beint lýðræði og skapa borgurunum möguleika til þess að taka á milliliðalausan hátt þátt í ákvarðanatökunni og frumvarpið stefnir vissulega að því að það sé gert.

Í nágrannaríkjum okkar eru undir ákveðnum tilteknum aðstæðum viðhafðar þjóðaratkvæðagreiðslur og stjórnarskrá okkar gerir einnig ráð fyrir því að það geti farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla undir vissum tilteknum aðstæðum eins og við frávikningu forseta, breytta kirkjuskipan og þegar forseti synjar lagafrumvörpum staðfestingar, en um þetta atriði höfum við engin lög eins og stendur og höfum ekki haft og engin þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram, eins og ég sagði áðan, frá því að lýðveldið var stofnað 1944. Í stjórnarskránni er ekki heimild til þess að frumkvæðið geti komið frá kjósendum, það er hins vegar eitthvað sem ég tel mjög athyglisvert og vert að við skoðum gaumgæfilega.

Þjóðarfrumkvæðið var til staðar í Grikklandi hinu forna og það hefur verið heimilað í mörgum ríkjum Bandaríkjanna og þar hefur það skilað mörgum athyglisverðum breytingum. Hins vegar er það ekki við lýði mjög víða en eins og ég nefndi áður er það í Sviss og á Ítalíu og eins í Litháen, Lettlandi og Makedóníu. (**MÁ:** Og Frakklandi.) Ekki samkvæmt mínum heimildum en við skulum ræða það á eftir, hv. þingmaður. Það sem er athyglisvert við þetta er

að af sex ríkjum eru þrjú þeirra fyrrverandi austantjaldsríki og reyndar tvö þeirra fyrrverandi sovétlýðveldi, tvö þeirra eru sambandsríki og sjötta ríkið er Ítalía sem ekki er frægt fyrir stöðugleika í stjórnmálum.

Þrátt fyrir að þetta sé athyglisvert ákvæði, sem ég held að við ættum að skoða gaumgæfilega, þá (Forseti hringir.) held ég að það sé líka rétt hjá okkur, herra forseti, að velta því fyrir okkur hvers vegna það hefur ekki verið tekið upp víðar en raun ber vitni.

Tími minn leyfir ekki að ég komist lengra í umfjöllun að þessu sinni þó að ég eigi vissulega eftir fimm mínútna ræðu í annarri umferð, sem vonandi telst ekki til málþófs (**MÁ:** Nei, nei.) þó að ég nýti mér þann rétt síðar í umræðunni.

[18:32]

Herdís Þórðardóttir (S):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Frumvarp sem var lagt fram af fjórum flokkum án aðkomu þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Flutningsmenn eru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir frá Samfylkingu, Steingrímur J. Sigfússon frá Vinstri grænum, Birkir Jón Jónsson frá Framsóknarflokki og Guðjón Arnar Kristjánsson frá Frjálslynda flokknum.

Frumvarp það sem hér er til 1. umr. er breyting á grundvallarlögum lýðveldisins, sjálfri stjórnarskrá Íslands. Í dag er 10. mars og tilkynnt hefur verið að boðað verði til kosninga til Alþingis og þær haldnar 25. apríl næstkomandi. Til þess tíma eru tæpar sjö vikur og einungis örfáir dagar eftir af starfstíma þingsins. Ég segi örfáir dagar vegna þess að það liggur í augum uppi að gefa verður eðlilegan og nauðsynlegan tíma fyrir kosningabaráttuna.

Inn í þessar rúmlega sex vikur koma páskar þannig að ljóst er að tími fyrir kosningabaráttu er skammur. Ég hlýt að ætla að hæstv. ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur sýni fólkinu í landinu þá lágmarksvirðingu að það fái tækifæri til að kynnast og heyra málflutning frambjóðenda til alþingiskosninga. Í þeirra hópi verða augljóslega margir nýir einstaklingar sem eiga rétt á því í lýðræðisþjóðfélagi að kynna stefnumál sín og áherslur fyrir kjósendum. Réttur almennings er ekki minni til að fá tækifæri til að hitta og skiptast á skoðunum við frambjóðendur og spyrja þá sem verið er að veita umboð til að fara með málefni þjóðarinnar á löggjafarþinginu á næstu árum.

Því er furðulegt, svo ekki sé sterkar að orði komist, að nú skuli lagt fyrir þingið frumvarp til breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, þegar ljóst er að mjög knappur tími er til að ræða efni þess og vinna nauðsynlega vinnu í þingnefndinni sem fær það mál til meðferðar. Greinilega er ekki ætlast til að aðilar utan þingsins hafi tækifæri til að koma að málinu með athugasemdir og ábendingar. Til þess er tíminn allt of skammur og greinilegt að keyra á breytinguna hér í gegn á skömmum tíma.

Stjórnarskránni hefur oft verið breytt á liðnum árum og rækilega er fjallað um það í greinargerð frumvarpsins, eins og hv. þm. Geir H. Haarde gerði grein fyrir fyrr í dag. Heilir kaflar hennar hafa verið teknir til rækilegrar endurskoðunar, eins og t.d. þær greinar sem fjalla um mannréttindi, ákvæði um kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis.

Greinilegt er af lestri greinargerðar frumvarpsins að alla tíð hefur verið lögð áhersla á það að ná víðtækri sátt um málin og fulltrúar allra stjórnmálaflokka hafa komið að undirbúningi og breytingum. Það vekur því sérstaka athygli við framlagningu frumvarpsins að hæstv. ríkisstjórn hefur kosið að undirbúa málið án eðlilegs samráðs við þingmenn allra stjórnmálaflokka. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur kosið að sniðganga þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þess flokks sem hefur flesta þingmenn á Alþingi Íslendinga eða 26. Þvílík vinnubrögð. Því er greinilegt hvaða hug stjórnarflokkarnir bera til lýðræðislegra vinnubragða.

Frumvarpið er unnið af þröngum, þriggja manna ráðgjafahópi ríkisstjórnarinnar, en ekki í samstarfi allra stjórnmálaflokka eins og ávallt hefur verið gert þegar breytingar á stjórnarskránni hafa verið undirbúnar.

Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um náttúruauðlindir. Þar vakna strax spurningar um áhrif þeirrar greinar á fiskveiðistjórnarkerfið sem nú er í gildi. Ég tel mikilvægt að þingnefndin fari rækilega í saumana á því atriði og kalli til utanaðkomandi aðila til viðræðna og álitsgjafar og það verði skoðað og komið fram með þau sjónarmið sem utanaðkomandi aðilar telja að komi sér vel.

Ég vil sömuleiðis lýsa skoðun minni, virðulegi forseti, á 3. gr. frumvarpsins sem varðar breytingu á 80. gr. stjórnarskrárinnar og fjallar um þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel mjög nauðsynlegt að ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu séu skýr. En það sem ég geri athugasemd við í þessari frumvarpsgrein er að einungis þarf 25% allra kjósenda á kjörskrá til að geta gert breytingar og m.a. fella úr gildi lög sem Alþingi hefur sett.

Um þjóðaratkvæðagreiðslu þarf að setja löggjöf og um hana þarf að vera góður rammi, eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson gat um hér áðan, ef við þyrftum að fara í veigamiklar breytingar, eins og t.d. í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópusambandinu. Ég tel að Alþingi verði að gefa sér góðan tíma til að skapa löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu en ekki ana að einu eða neinu í því sambandi.

Hæstv. forseti. Í 4. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um nýtt ákvæði um stundarsakir. Ákvæði um að boðað verði til stjórnlagaþings sem hefur það verkefni að setja landinu nýja stjórnarskrá. Stjórnlagaþingið á að kjósa beinni kosningu samtals 41 fulltrúa eða þingfulltrúa og að auki 20 áheyrnarfulltrúa, sem eiga að starfa næstu tvö árin að nýrri stjórnarskrá. Hlutverk Alþingis á að vera að veita umsögn um frumvarp að nýrri stjórnarskrá.

Virðulegi forseti. Er hér ekki verið að hafa endaskipti á hlutunum? Að mínu viti er mikilvægasta hlutverk löggjafarþingsins, Alþingis Íslendinga, að setja landinu grundvallarlög, þau lög sem öll önnur lög verða að byggja á og mega ekki stangast á við.

Nú er allt í einu með þessu frumvarpi verið að setja Alþingi í aukahlutverk, umsagnarhlutverk. Mig langar, með leyfi forseta, að vitna í grein sem birtist í *Fréttablaðinu* 4. mars síðastliðinn og er eftir Skúla Magnússon lögfræðing. Þar segir hann:

„Þótt hugmyndin um stjórnlagaþing kunni að hljóma aðlaðandi, sefa reiði almennings með því að svara kalli um róttækar og umsvifalausar breytingar, eru hér miklir hags-

munir lagðir að veði. Við Íslendingar eigum nefnilega stjórnskipun sem í öllum meginatriðum er skýr, jafnvel þótt texti stjórnarskrárinnar sjálfrar kunni í sumum tilvikum að vera gamall og lítt aðgengilegur.“

Af framsögu hæstv. forsætisráðherra hér á föstudaginn mátti ráða að mikill ávinningur væri að því að þingfulltrúar á stjórnlagaþingi væru kosnir beinni kosningu. En með því er verið að sniðganga Alþingi, sem kosið er beinni og lýðræðislegri kosningu af þjóðinni. Í stað þess að 63 þingmenn kosnir af þjóðinni vinni nýja stjórnarskrá eiga nú 104 einstaklingar að vera á launum hjá ríkinu næstu tvö árin við löggjafarstörf, auk 20 áheyrnarfulltrúa sem reiknað er með að fái líka laun.

Ég tel nauðsynlegt að ræða ítarlega þær tillögur sem settar eru fram í frumvarpinu um stjórnlagaþingið og þann kostnað sem því er samfara. En í umræðunum í dag hefur komið fram að áætlað er að kostnaður við þetta verði einn og hálfur milljarður og tel ég að þetta muni veikja Alþingi Íslendinga. Einn og hálfur milljarður. Ég man ekki betur en að við höfum rætt hér fyrr í vetur um það að fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra Guðlaugur Þór Þórðarson hafi náð niður lyfjakostnaði um einn og hálfan milljarð. Svo þarna er komin sama tala.

Í frumvarpi til stjórnlagaþings sem er fylgiskjal við frumvarp til stjórnarskipunarlaga, sem hér er til umræðu, kemur fram að verulegur kostnaður er samfara stjórnlagaþinginu en engir útreikningar fylgja frá fjármálaráðuneytinu eins og eðlilegt hefði verið.

Til dæmis segir í 20. gr. frumvarpsdraga um stjórnlagaþing:

„Forsætisnefnd stjórnlagaþings hefur heimild til þess, í samráði við forsætisráðuneytið, að stofna til útgjalda ríkissjóðs vegna þingsins sjálfs, svo sem vegna aðstöðu, starfsfólks eða sérfræðiráðgjafar.“

Þarna sýnist mér vera komin ansi víðtæk heimild til fjárútláta og verður fróðlegt að sjá áætlanir um það og útilokað annað en að þingnefndin kanni það rækilega.

Ég get alveg séð fyrir mér að boðað sé til stjórnlagaþings sem hafi það verkefni að verða Alþingi til ráðgjafar um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það má líka alveg hugsa sér að starfstími Alþingis á næstu árum sé þannig skipulagður að sérstakur og rúmur tími gefist til umræðna um stjórnarskrárbreytingar og að sérstök þingnefnd verði sett á laggirnar í þessu sambandi. Það hefur oft verið rætt um að Alþingi gæti setið fleiri vikur á ári hverju en gert hefur verið á undanförnum árum. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að ætla Alþingi og þingmönnum, sem eru fulltrúar þjóðarinnar, meiri tíma til að sinna þessu mikilvæga starfi Alþingis, að setja landinu nýja stjórnarskrá.

Virðulegi forseti. Ég hef farið nokkrum orðum um nokkur efnisatriði frumvarpsins til stjórnarskipunarlaga sem hér er til 1. umr. Eins og komið hefur fram í máli mínu tel ég afar mikilvægt að gefa breytingum á stjórnarskránni nauðsynlegan tíma til umræðna og umfjöllunar hér í þinginu og í þingnefnd. Það mun augljóslega ekki gefast tími til þess á yfirstandandi þingi og því vaknar sú spurning hvað vaki fyrir hæstv. minnihlutaríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, að ætlast til flýtiafgreiðslu á svona mikilvægum breytingum.

Það vekur líka athygli að um leið og gerð er tillaga um að boðað sé til sérstaks stjórnlagaþings sem á að endurskoða alla stjórnarskrána er um leið verið að leggja til breytingar á henni sem á að afgreiða með hraði. Í því er fólgin mikil mótsögn og spurning hvort hæstv. ríkisstjórn treysti þá ekki væntanlegu stjórnlagaþingi fyrir breytingunum, þá nefni ég t.d. ákvæðin um náttúruauðlindir.

Virðulegi forseti. Það er í raun alveg ótrúlegt við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðfélaginu þegar heimilin í landinu og atvinnulífið bíða eftir raunhæfum aðgerðum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, minnihlutastjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna, að slíkt frumvarp sem hér er til umræðu skuli eiga að njóta forgangs, það er með ólíkindum. Vera má að ríkisstjórnin treysti sér ekki til að takast á við þau vandamál sem brýnust eru og vilji þar af leiðandi taka tíma fyrir þetta. Ég er algjörlega ósammála forgangsröðuninni. Öll þau verkefni sem bíða okkar hér á landi í dag snúa að heimilunum í landinu og almenningur á heimtingu á að vita hver úrræðin eru sem minnihlutastjórn Jóhönnu Sigurðardóttur er með á prjónunum. Það er undirstaða að atvinnulífið sé virkt og bankarnir starfi eðlilega til þess að heimilin gangi. Til þess þarf fólk að hafa vinnu og því er orðið mjög aðkallandi að vextir lækki í landinu svo að við horfum ekki upp á fleiri gjaldþrot fyrirtækja sem ganga dag frá degi enn á sitt eigið fé og berjast í bökkum til að halda störfum gangandi.

Eins og hv. þm. Geir H. Haarde gat um áðan í ræðu sinni var sú hugmynd uppi hjá fyrrverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar að fara í þessa breytingu og vinnu um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins. Breytingin var áætluð á seinni hluta kjörtímabilsins 2009–2011 og átti þá að fara í slíka vinnu. Þá sjáið þið hvað sú ríkisstjórn hafði hugsað sér langan tíma í þá vinnu, tvö ár. Hæstv. ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur ætlar að keyra þetta mál í gegn á nokkrum vikum. Ég er sammála öðrum sem hér hafa talað að þetta frumvarp á ekki að fara óbreytt í gegnum þingið. Ég tel að það séu ekki réttar aðstæður í þjóðfélaginu núna til þess að breyta stjórnarskránni.

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að vitna aftur í grein Skúla Magnússonar lögfræðings sem ég las í *Fréttablaðinu* 4. mars sl. og fannst hún mjög góð.

Þar segir Skúli, með leyfi forseta:

„Það er engin góð ástæða til að rífa stjórnskipun Íslands upp með rótum við núverandi aðstæður þar sem stjórnvöld þurfa að setja sér skýr markmið til lengri og skemmri tíma — sum eflaust sársaukafull og misvinsæl — og hafa styrk og þol til þess að vinna að þeim. Við munum ekki leysa aðsteðjandi vandamál með breytingum á stjórnskipun Íslands.“

Enn fremur segir í greininni:

„Efnahagskreppa og stjórnskipuleg ringulreið eru slæmur kokteill, svo ekki sé sterkar tekið til orða.“

Hæstv. forseti. Við verðum að athuga það hér á hinu háa Alþingi að þessar breytingar mega ekki vera flýtiverkefni nýrrar ríkisstjórnar og það bráðabirgðaríkisstjórnar. Þó svo að miklar deilur hafi sprottið upp í þjóðfélaginu vegna bankahruns og annars, á að keyra þessar breytingar í gegn á örfáum dögum á hinu háa Alþingi. Er það miður að Alþingi skuli sýnt það tillitsleysi að keyra eigi þetta mál í gegn á

svo stuttum tíma. (**PHB:** Og um nótt!)

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir þau mál og þær greinar sem mér fundust vera athyglisverðar og fannst að við yrðum að taka vel til greina. Ég segi enn og aftur að við megum alls ekki láta frumvarpið fara óbreytt í gegnum þingið, sérstaklega ekki vegna þess að ekki var lýðræðislega að þessu staðið þegar stærsti stjórnmálaflokkur landsins, Sjálfstæðisflokkurinn, með 26 þingmenn, var ekki hafður með í ráðum. Það sýnir það lýðræði sem býr í þeim flokkum sem fara með stjórn mála í landinu í dag að það skiptir þá engu máli hver afstaða Sjálfstæðisflokksins er. En þannig hefur það verið, hæstv. forseti, í gegnum tíðina að samkomulag hefur ævinlega ríkt um breytingar á stjórnarskrá Íslands. Þess vegna harma ég það nú að ekki skuli hafa verið haft samráð við stærsta stjórnmálaflokkinn um þetta mál.

Hæstv. forseti. Ég ætla að láta þetta verða mín síðustu orð hér og þakka fyrir.

[18:56]

Útbýting:

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, 404. mál, fsp. ÞBack, þskj. 686.

Virðisaukaskattur, 403. mál, frv. efh.- og skattn., þskj. 684.

[18:57]

Ólöf Nordal (S):

Virðulegi forseti. Það eru ýmis gögn sem þarf að hafa við höndina þegar verið er að ræða jafnmikilvægt mál og stjórnarskrána. Það kemur samt á óvart hvað fáir þingmenn sjá ástæðu til að vera viðstaddir þegar um slíkt mál er að ræða vegna þess orð og tal hv. stjórnarliða er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að breyting á stjórnskipuninni sé grundvallaratriði sem hjálpar heimilunum í landinu. Það sé forsenda þess að hægt sé að koma atvinnulífinu aftur af stað. En engu að síður er afar fámennt, svo að ekki sé sterkar að orði kveðið, hér í þingsal, ekki einungis nú undir kvöldmat heldur hefur verið svo í allan dag og ekki á ég von á því að fjölgi hér þegar líða tekur á kvöldið. Okkur er ætlað að ræða stjórnarskrána í skjóli myrkurs. (**Fjmrh.:** Það er nú bjart hérna inni.) Þökk sé rafmagninu í landinu er bjart hérna inni og megi rafmagnsframleiðslan verða meiri á minni vakt.

Það er áhugavert að skoða dagskrá Alþingis í dag sem og aðra daga undanfarið. Það er mikið um það rætt af hálfu stjórnarliða að sjálfstæðismenn standi hér og mali frá sér allt vit, liggur mér við að segja að þeir haldi, og tefji framgang annarra merkari mála. Þá finnst mér rétt að fram komi að sjálfstæðismenn hafa talað fyrir því alveg frá því að þessi minnihlutastjórn tók við völdum, að flokkurinn mundi greiða fyrir þeim málum sem varða heimilin í landinu. Það virðist vera mikill ágreiningur á milli stjórnar og stjórnarandstöðu hvaða mál séu til hjálpar heimilunum í landinu og ef það er það að breyta stjórnarskránni þá er fullkominn ágreiningur þar um. Að okkar mati mun það hvort búið er að samþykkja lög um stjórnlagaþing ekki hjálpa fólki að borga reikningana sína um næstu mánaðamót.

Það mun ekki hjálpa fólkinu varðandi húsnæðislán að við setjum til verka 104 þingmenn á fullum launum. Þetta er sama fólkið og hefur fram að þessu talað með allt öðrum hætti. En svona er það þegar menn komast að kjötkötlunum, eins og þeir orðuðu það sjálfir, að skjótt skipast veður í lofti.

En sjálfstæðismenn voru reiðubúnir til þess að taka önnur mál á dagskrá fram fyrir og ræða á undan þessu. Ég get nefnt breytingar embætti sérstaks saksóknara, að ekki sé talað um Helguvíkurmálið. En ég fer að halda að það sé ekki endilega í samræmi við vilja stjórnarherranna að hafa það mál framarlega á dagskrá. Þótt um sé að ræða stjórnarfrumvarp er bullandi ágreiningur í stjórnarliðinu um það mál. Annar stjórnarflokkurinn ætlar ekki að styðja það og eitthvað virðist ganga brösuglega hjá öðrum í hinu liðinu að standa að baki málinu. Það dæmist því á stjórnarandstöðuna að koma því máli í gegn. Það dæmist á stjórnarandstöðuna að skaffa þau störf sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur hreykt sér af undanfarna daga og við munum standa þá vakt með honum. Það væri nú bragur að því á þinginu að koma þeim málum á dagskrá á undan því máli sem hér er um ræðir. En forseti vildi ekki verða við því.

Menn tala mikið um að margir sjálfstæðismenn hafi rætt í gær um mál er varða séreignarlífeyrissparnað sem er afar athyglisvert mál. Að mínu mati gekk frumvarpið engan veginn nógu langt. Sjálfstæðismenn vildu auðvitað koma stjórnarliðinu til hjálpar í því og benda þeim á leiðir sem hægt væri að fara í því efni. Það var kallað málþóf af hálfu stjórnarandstöðunnar.

Nú les maður það í Smugunni og fleiri vefritum að menn eru uppteknir við að telja þær mínútur sem sjálfstæðismenn hafa talað. Það væri svolítið fróðlegt að bera saman ræðutíma þingflokks sjálfstæðismanna, sem telur 26 manns, við þær hræður sem voru hér af hálfu Vinstri grænna í tíð fyrri ríkisstjórnar og möluðu allan daginn. Það þurfti ekki að tala um það í neinum vefritum. Það þurfti ekki að telja þær mínútur. En um leið og Sjálfstæðisflokkurinn opnar munninn virðist það vera hámark að þrír þingmenn geti talað. Maður spyr sig: Úr hvaða kjördæmum ættu þeir að koma? Má kannski einungis einn þingmaður úr Reykjavíkurkjördæmi tjá sig? Og um hvaða mál skyldi hann mega tala? Þetta er allt mjög sérkennilegt. Sannleikurinn er auðvitað sá að stjórnarliðar kæra sig ekkert um stjórnarandstöðu sem er öll meira og minna á sama máli og talar einum rómi og getur talað lengi ef á því þarf að halda.

Ríkisstjórnarbekkirnir eru algjörlega galtómir og stjórnarliðar virðast ekki hafa nokkurn áhuga á því að stunda umræðustjórnmálin sem þeir hafa hreykt sér af að stunda. Þá er nú ekkert annað að gera fyrir sjálfstæðismenn en að reyna að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í þinginu. Það er þá að minnsta kosti skráð í þingbækur að menn hafi haldið hér ákveðnu sjónarmiði á lofti svo að það verði ekki þannig þegar einhverjir vesalings fræðimenn fara að lesa um tíð þessarar ríkisstjórnar síðar meir að engin finnist gögnin um skoðanir stjórnarandstöðunnar. Heldur þætti mér nú dapurlegt ef það gerðist.

Hvernig stendur á því að svigrúm okkar er svona lítið? Ég held að það sé einmitt vegna þess sem ég ræddi um áðan, virðulegi forseti, að það er enginn „tolerans“ fyrir neinni málefnalegri umræðu af hálfu þessara stjórnarherra. Það er allt í lagi. Þeir skulu bara hafa það svo. Þeir munu ekki stýra því hvað fellur af vörum þingmanna sjálfstæðismanna.

En hér ræðum við stjórnarskrá lýðveldisins sem mér heyrðist á hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrr í mánuðinum eða í síðasta mánuði að væri úrelt plagg og bara púkalegt, liggur mér við að segja. Það þyrfti að endurskrifa hana alla og hún væri meira og minna ónothæf. Ekkert minna en heilt stjórnlagaþing — aðallega Framsóknarflokk — þyrfti til þess að breyta þessari stjórnarskrá. Látið var í veðri vaka að það hafi verið fullkomin óeining og ágreiningur um stjórnarskrána allt frá því að íslenska lýðveldið var stofnað 17. júní 1944.

Það er bara ekki rétt. Eins og Skúli Magnússon lögfræðingur lýsti í nokkrum greinum nýlega í viðauka með *Fréttablaðinu* eru menn í flestum atriðum afskaplega sammála um hvernig túlka eigi stjórnarskrána. Þótt einstaka menn, bændur til sveita, hafi á því aðrar skoðanir eru flestir fullkomlega sammála um það hvernig túlka skuli stjórnarskrána.

Meiningin er sem sagt sú að setja á fót stjórnlagaþing og kveðja til löggjafarsamkundunnar 104 þingmenn. 63 þeirra eiga að „dedúa“ við eitthvað annað en stjórnarskrána. Þeir mega væntanlega ekki leggja fram nein stjórnarskipunarfrumvörp meðan að stjórnlagaþingið er að störfum. Ég veit ekki hvernig það á að fara saman. Verður tvöföld stjórnarskipunarsetning á þessu tímabili? Það er ekkert girt fyrir það í frumvarpinu eftir því sem mér sýnist. En hvað um það. Aðalatriðið er að stjórnlagaþingið á að vera að störfum um nokkuð langt skeið á meðan Alþingi Íslendinga sinnir þeim störfum sem það hefur jafnan gert, þ.e. lagasetningu í landinu.

En hvaða verkefni er það sem stjórnlagaþingi er í raun og veru fengið? Gert er ráð fyrir því að forseti Íslands kalli stjórnlagaþingið saman og hann mun þá væntanlega líka geta haft einhver áhrif á hvernig með það verkefni er farið. Það er svolítið erfitt á átta sig á því nákvæmlega hvað það er sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttur þykir svo óskaplega úrelt. Við fyrstu sýn kemur mér helst til hugar að það sé þrískipting ríkisvaldsins sem veldur þessum mikla vanda, að betur þurfi að skilja á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Það er auðvitað nokkuð sem hefur verið rætt mjög mikið innan lögfræðinnar um langa hríð og menn hafa verið að velta fyrir sér hvernig það er í öðrum löndum. Við skulum ekki gleyma því að í þeim löndum sem þetta fyrirkomulag er viðhaft hafa sérfræðingar og fræðimenn líka skoðanir á því hvernig það eigi að vera. Það er ekki einn sannleikur í þeim efnum. En þetta er það sem maður sér að brennur helst á fólki og eins að það þurfi að vera skýrari ákvæði um þjóðaratkvæði. Það er líka atriði sem hefur verið töluvert mikið rætt og ég hef séð það í plöggum sem tilheyra eldri stjórnarskrárnefndum að það hefur verið talsvert til umræðu.

En það eru ýmis önnur ákvæði í íslensku stjórnarskránni sem eru í prýðilegu lagi. Þess vegna er svo einkennilegt að það það þurfi að endurskoða hana í heild sinni. Af hverju er ekki hægt að taka þau efnisatriði sem mönnum finnst að þurfi að ræða betur? Og hvernig stendur á því að enginn vill tala um það í þingsalnum hvernig er farið með þessi atriði? Hvernig stendur á því að fulltrúar Framsóknarflokksins — ég veit ekki hvort hv. flutningsmaður, Birkir Jón Jónsson, er enn þá hérna í húsinu. En miðað við áhuga framsóknarmanna á stjórnlagaþinginu hefði ég nú haldið að allur þingflokkurinn yrði viðstaddur til að þess ræða þetta mál í dag og útskýra fyrir þeim sem eru að velta fyrir sér hvernig það eigi að ganga fyrir sig.

Ég hef engan séð nema hv. þm. Birki Jón Jónsson. Það sækjast ekki allir þingmenn Framsóknarflokksins eftir þingsæti núna. Það væri mjög huggulegt ef hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir og Magnús Stefánsson gætu verið hér við umræðuna og rætt þetta við okkur og útskýrt betur hvernig á því stóð að fallið var frá hugmynd framsóknarmanna fyrr í vetur. Við ræddum nokkuð stjórnlagaþingsfrumvarp þeirra í vetur. Þá vantaði ekki Framsóknarflokkinn, hæstv. forseti.

En ég veit reyndar að á forsetastóli situr einn virðulegur framsóknarmaður og hlustar á þessa umræðu. Hann getur þá komið því til félaga sinna í Framsóknarflokknum hvernig málum er háttað. (Gripið fram í.) Það fylgjast mjög margir með því í hvaða flokkum hv. þingmenn eru, virðulegi þm. Álfheiður Ingadóttir.

Ég hef töluvert velt fyrir mér að sá tími sem við höfum hér til umræðu, 25 mínútur, er ekkert sérstaklega langur þegar kemur að stjórnarskrárumræðu, í 1. umr. 15 mínútur og aukinn tími í 2. umr., þetta verða þá væntanlega 30 mínútur fyrir venjulegan þingmann. Ég fellst á það sem var nokkuð rætt í fyrra, þ.e. ef mál er rætt sem er umfangsmikið þarf rýmri ræðutíma. En ég er reyndar ekki sannfærð um að það hefði gert þessu máli gott ef menn töluðu marga klukkutíma hver. Engu að síður eru ýmis atriði sem þarf að koma að og eitthvað af þeim atriðum sem mig langar að ræða mun ég geyma til 2. umr. Væntanlega mun ég sérstaklega ræða einstök efnistök í frumvarpinu í þeirri umræðu.

En það sem mér leikur forvitni á að vita, og ég vonast til þess að það verði rætt ítarlega í stjórnarskrárnefnd — ég býst nú við að annaðhvort verði kjörin ný nefnd eða að málið verði falið henni — er hvaða ákvæði fóru inn í frumvarpið og hvaða ákvæði fóru ekki inn í það. Hvernig völdu menn, hæstv. ríkisstjórn og flutningsmenn frumvarpsins, þau atriði sem þurftu að fara með kröfu framsóknarmanna um stjórnlagaþing? Það hefði alveg verið hægt að hugsa sér að lagt hefði verið fram frumvarp um stjórnlagaþing og ákvæði samsvarandi stjórnarskrá að kröfu framsóknarmanna, enda virðist það vera ófrávíkjanleg krafa þeirra til að verja ríkisstjórnina falli. En sú leið hefur verið farin af hálfu flutningsmanna að tiltaka önnur ákvæði, ákvæði um náttúruauðlindir í þjóðareign, sem er mál sem hefur verið mjög mikið í umræðunni um langa hríð.

Auðlindanefndin svokallaða skilaði ítarlegri skýrslu árið 2000 um þetta mál. Það var ekki einhugur um niðurstöðu nefndarinnar hvað varðar náttúruauðlindir í þjóðareign. Mér sýnist samt sem áður að það ákvæði sem er í 1. gr. sé töluvert skylt því sem auðlindanefndin frá árinu 2000 lagði til. En samkvæmt 1. mgr. þessa frumvarps kemur fram, með leyfi forseta:

„Að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti eru í þjóðareign. Ríkið fer með forsjá þeirra, vörslu og ráðstöfunarrétt og hefur eftirlit með nýtingu þeirra í umboði þjóðarinnar eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum.“

Tillaga auðlindanefndarinnar var þannig, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háðar

einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er kveðið á í lögum. Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar.“

Virðulegi forseti. Það er verulegur skyldleiki á milli þessara ákvæða. Mér finnst því miður, þrátt fyrir að í greinargerðinni sé ítarlega fjallað um hversu vönduð málsmeðferðin hafi verið í aðdraganda þessa frumvarps, að margt af því sem í frumvarpinu er sé endurtekið efni frá fyrri hugmyndum af ýmsum toga og að það sé sett hér inn til þess að róa ákveðna aðila í stjórnarliðinu sem hafa lengi haft áhuga á því að koma ákvæðum af þessum toga í stjórnarskrána.

Á vettvangi stjórnarskrárnefndar þeirrar sem lauk störfum fyrir tveimur árum síðan, að mig minnir, voru ákveðin sjónarmið uppi um auðlindir í þjóðareign og hæstv. ráðherra, Össur Skarphéðinsson, hefur gjarnan viljað túlka orð einstakra nefndarmanna þannig að þeir ættu með þessu að geta fellt sig við það ákvæði sem hér er á ferðinni. Auðvitað er það ekki svo að menn geti gert það og held ég að hæstv. ráðherra túlki orð þeirra þar heldur frjálslega.

En það sem veldur samt töluverðri undrun er að menn skyldu hafa kosið að taka þetta ákvæði inn núna og reyna ekki að ná um það samkomulagi, ekki bara við Sjálfstæðisflokkinn, sem er stærsti flokkurinn á þingi, heldur almennt í þjóðfélaginu, vegna þess að þetta er ekki krafa sem þjóðin gerir núna.

Ef það er skoðun hv. þingmanna stjórnarliðsins að það að breyta stjórnarskránni sé krafa frá grasrótinni í landinu og grundvallaratriði til að hjálpa heimilunum í landinu hvernig stendur þá á því að þeir tveir flokkar sem virðast ætla að spretta upp úr þessu öllu saman hafa ekki verið nálægt því sem hér um ræðir. Þá er hreinlega hægt að segja á móti að stjórnarliðarnir séu ekki í tengslum við grasrótina í landinu, (**Utanrrh.:** Eða þið.) ef það er svo að þeir flokkar sem spretta upp taka ekki undir þau sjónarmið. (**Utanrrh.:** Almennir sjálfstæðismenn skammast sín fyrir málþófið.) Mér finnst mjög undarlegt ef hv. þingmönnum sjálfstæðismanna, sem hafa á háskólaferli sínum aflað sér sérstakrar þekkingar á sviði lögfræði, er ekki frjálst að tala hér án þess að þurfa að búa við það að hæstv. iðnaðarráðherra kalli fram í. (**Utanrrh.:** Af hverju má ég það ekki? Það er hefði fyrir frammíköllum á þingi.)

Enn fremur langar mig að taka það fram í tengslum við þetta frumvarp að í ljósi þess að Samfylkingin hefur mikinn áhuga á því að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið hefði ég haldið að þess mundi sjást staður í frumvarpinu. Ég hefði haldið að menn hefðu sett miklu meiri kraft í það en margt annað í frumvarpinu og mjög kemur á óvart að það hafi ekki verið gert. Þá dregur maður þá ályktun að ekki sé samkomulag um það innan ríkisstjórnarflokkana og það er rétt að stefna flokkanna í þessu er afskaplega ólík. Það er ekki stefna Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð, eftir því sem mér skilst, að leita eftir aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

Að því leyti hefur niðurstaðan í þessari frumvarpssmíð orðið að geyma það mál, hugsanlega til stjórnlagaþingsins eða síðari tíma, en það flýtir alla vega ekki fyrir því að farið verði í aðildarviðræður við Evrópusambandið að þetta tækifæri sem gefst núna til að gera þær breytingar var ekki notað. Þess vegna finnst mér áhugavert að velta fyrir mér hvaða efnisatriði eru hér og hvaða efnisatriði eru ekki hér.

Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins, skrifaði ágætan pistil um þetta í Fréttablaðinu í dag, en hann orðaði það svo, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra Samfylkingarinnar getur ekki málað auðmýkingu flokksins sterkari litum en með því að opna stjórnarskrármálið án þess að opna möguleika á aðild að Evrópusambandinu. Á sama tíma og heilbrigðisráðherra boðar niðurskurð ætlar forsætisráðherra að fjölga þingmönnum þjóðarinnar í eitt hundrað og fjóra og efna til fimm kosninga á næstu tveimur árum án þjóðaratkvæðis um afstöðu til Evrópusambandsins.“

Mér finnst þetta segja í mjög stuttu máli hver vandi ríkisstjórnarinnar er og kristalla kannski þann málefnalega ágreining sem er á milli flokkanna þegar kemur að Evrópumálum vegna þess að í hugum margra samfylkingarmanna var það miklu betra og þeir færðust miklu nær Evrópusambandinu með því að ganga til liðs við Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Það er röksemd sem ég skildi aldrei almennilega og skil alls ekki núna þegar heilt frumvarp hefur verið lagt fram til stjórnarskipunarlaga og ekki tekið á þessu í því.

Hvað sem flokkum finnst um hvernig eigi að fara að því að bæta við ákvæði um aðild að alþjóðasamtökum finnst mér ekkert óskynsamlegt að gera ráð fyrir því þegar menn fara í svona breytingar. Við vitum t.d. að innan Sjálfstæðisflokksins hefur ekki fram til þessa verið sérstakur hugur í mönnum um að sækja um aðild að Evrópusambandinu en vel getur verið að hægt sé að hugsa sér einhverjar breytingar á stjórnarskránni, ég skal ekkert um það segja. En það er mjög undarlegt að það skuli hafa verið gert svona hér og þetta er bara ein röksemd með því að málið er svolítið sérkennilega til komið.

Varðandi 1. greinina, sem ég hef ekki tök á að ræða ítarlega núna, þá strax við fyrsta lestur hennar — og nú skal tekið fram að það tekur töluverðan tíma og maður þarf að gefa sér góðan tíma til að undirbúa umræðu um stjórnarskrána og ég þarf að gefa mér betri tíma til að sökkva mér ofan í ákvæðin sem varða auðlindanýtinguna — er ljóst að ákvæðið býður upp á töluverðan túlkunarmun og margt í því gæti verið málum blandið ef á það reyndi fyrir dómstólum. Sérstaklega vil ég í því sambandi nefna 3. mgr. þar sem ákveðinn þáttur í Árósasamningnum er tiltekinn með því að almenningur hafi rétt til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda þar. Mér finnst þetta ákvæði vera mjög skylt stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og lít svo á að þessi hugmynd komi þaðan. Það að lögleiða Árósasamkomulagið er nokkuð sem margir hafa lengi haft á stefnuskrá sinni og jafnvel að koma því einhvern veginn inn í stjórnarskrá en mjög vandmeðfarið er hvernig það skuli gert vegna þess að hér þarf að túlka hvað almenningur er og það er ekki gert í þessu stjórnarskipunarfrumvarpi. Mér sýnist á greinargerðinni að ráð sé gert fyrir því að það sé gert í öðrum lögum og þá þarf að túlka og lesa stjórnarskrána og önnur lög saman og velta fyrir sér hvað það þýðir, þannig að þarna eru að mínu áliti pyttir sem þarf að fara mjög rækilega yfir í vinnu nefndarinnar. Ég á von á því að það verði gert og menn gefi sér þann tíma sem þarf til að

komast til botns í því hvernig best sé að orða þessa hluti og hvernig best skuli með þá fara.

Ég næ ekki að fara yfir öll þau mál sem mig langaði til að nefna á þessum tíma, en rétt í lokin finnst mér að um margt sé alveg hægt að fella sig við varðandi þau ákvæði í frumvarpinu sem snúa að því hvernig breyta eigi stjórnarskránni. Þar eru hlutir sem lengi hafa verið til umræðu af hálfu stjórnarskrárnefnda þar sem sá lúxus var að þar sátu fulltrúar allra flokka, þannig að ég held að í því efni sé vel hægt að finna æskilegar leiðir og kannski hefði frumvarpið bara átt að snúast um það hvernig breyta ætti stjórnarskránni og ekkert annað.

[19:22]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Vegna athugasemda sem fram komu fyrr á fundinum vill forseti að það komi fram að hæstv. forsætisráðherra er mætt til fundarins.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:23]

Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SF o.fl., 370. mál. — Þskj. 625.

[20:00]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því í dag, þegar ég var að fylgjast með umræðum, að mín var af og til saknað hérna í þingsal. Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem héldu hér ræður, hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Herdís Þórðardóttir frá Akranesi o.fl., lýstu eftir því að þeim þætti undarlegt að sá sem hér stendur væri ekki í þingsal sem einn af flutningsmönnum þessa máls. Ég get upplýst hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins um að ég horfði á þessar umræður og hlustaði á þær í allan dag, sumir af þeim tóku sig bara ágætlega út í ræðustól (**Gripið fram í:** Aðrir ekki.) og aðrir ekki eins og gengur. Ég vildi bara láta þessa getið, hæstv. forseti, (Forseti hringir.) af því að menn gerðu við þetta miklar athugasemdir í kvöld.

[20:02]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir að gefa skýrslu um að hann hafi fylgst með umræðum um breytingar á stjórnarskránni. Hann er einn af flutningsmönnum þess frumvarps og ég hefði ímyndað mér að hann vildi taka þátt í umræðum en ekki bara hlusta, þó að það sé mikilvægt að hlusta á það sem við höfum fram að færa. Ég hefði viljað að hv. þingmaður gerði grein fyrir afstöðu sinni, gerði grein fyrir þeim tillögum sem hér eru sem eru mjög umfangsmiklar þannig að hægt væri að ræða við hann. Til þess erum við hér á þinginu. Við erum hér til þess að skiptast á skoðunum, ná bestu niðurstöðu. En það er gott að hv. þingmaður hefur heyrt umræðurnar en ég geri ráð fyrir því að allir þingmenn séu sammála um það (Forseti hringir.) að þingmenn eigi að vera hér í umræðum.

[20:03]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég ætla að vona að ég hafi ekki heyrt rétt að menn ætli að rjúfa umræðu um stjórnarskrána til þess að hleypa einhverju öðru máli á dagskrá. Er þetta virkilega virðingin sem stjórnarskránni er sýnd? Ég er alveg gáttaður. Fyrir utan það að menn séu að ræða þetta um miðja nótt — klukkan er átta og það verður örugglega framorðið — þá finnst mér þetta vera svo mikið virðingarleysi við stjórnarskrána.

Ég ber gífurlega virðingu fyrir stjórnarskránni. Ég hef svarið eið að henni og það þýðir helling fyrir mig. Ég vona að það þýði það sama fyrir aðra þingmenn, þannig að það að hleypa hér einhverju öðru máli inn, eins og stjórnarskráin sé afgangs, herra forseti, ég bara á ekki orð.

[20:04]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill upplýsa að 10. dagskrármálið, Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum, er umræða sem fór fram fyrir helgi samkvæmt samkomulagi milli þingflokksformanna. Hluti af þeirri umræðu var látinn bíða þar sem hæstv. umhverfisráðherra var ekki viðstödd og átti eftir að flytja 10 mínútna ræðu. Hún mun verða flutt nú, samkvæmt samkomulagi, þannig að þetta komist inn í nefnd fyrir morgundaginn. Það er það sem fer fram hér en síðan höldum við áfram með stjórnarskipunarlögin.

[20:04]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Í mótmælunum nú í vetur var mikið rætt um virðingu Alþingis og mikilvægi þess, og sumum þótti það hafa brugðist. Hér er einn ráðherra farinn að stjórna þinginu og hæstv. forseti virðist bara dansa með. Ég spyr: Er þetta við hæfi?

[20:05]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill ítreka að þetta er ekki að ósk viðkomandi ráðherra heldur er þetta að ósk þingflokksformanna, sérstaklega hv. þingmanna Sivjar Friðleifsdóttir og Illuga Gunnarssonar, sem var starfandi þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins á þeim fundi. Samkomulagið var gert við þau um að þetta yrði gert með þessum hætti.

[20:05]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Auðvitað er það ráðslag sem hér er uppi með nokkuð undarlegum brag en ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að taka skýrt undir það að það er ekki að undirlagi þeirrar sem hér stendur að þetta er með þessum hætti, svo að það sé alveg á hreinu. (**StB:** … í fjarveru ráðherra) Nú er það svo, hæstv. forseti, að hér er komið að ræðu minni og ég treysti því að ég fái svigrúm og ráðrúm fyrir hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að flytja ræðu mína.

Virðulegur forseti. Sú þingsályktunartillaga sem hér er

til umræðu er fremur einföld og hún er í tveimur liðum. Annars vegar er ríkisstjórnin hvött til þess að gæta ýtrustu hagsmuna Íslands, eins og það er orðað, í samningaviðræðum um loftslagsmál sem nú fara fram og hins vegar er ríkisstjórnin beðin að tryggja að efni og tilgangur íslenska ákvæðisins svonefnda við Kyoto-bókunina haldi gildi sínu.

Hvað fyrri liðinn varðar þá er sú brýning óþörf. Ég sem umhverfisráðherra og ríkisstjórnin í heild munum gæta ýtrustu hagsmuna Íslands í samningaviðræðum fyrir Kaupmannahafnarfundinn. Hverjir eru þeir hagsmunir, hæstv. forseti? Það mætti nefna þrennt. Það varðar mestu að ná alþjóðlegu samkomulagi í Kaupmannahöfn svo að hægt verði að draga úr hraða loftslagsbreytinga því að hlýnun andrúmsloftsins langt umfram 2°C, sem í stefnir að óbreyttu, mun valda gríðarlegri röskun á náttúru og samfélögum um allan heim, líka á Íslandi. Í annan stað eru það hagsmunir Íslands að skuldbindingar einstakra ríkja séu ákvarðaðar á sanngjarnan hátt, að teknu tilliti til aðstæðna og um nákvæmlega það mun næsti samningafundur í lok mars snúast að miklu leyti.

Fyrir liggur vilji ríkja heims að ákvarða skuldbindingar á eins hlutlægan hátt og hægt er og Ísland hefur stutt þá nálgun. Í slíku ferli verður Íslandi fært til tekna að búa að mestu leyti við endurnýjanlega orkugjafa en á móti kemur að losun frá samgöngum og stóriðju hefur aukist hér gríðarlega. Aðstæður Íslands verða sem sagt skoðaðar út frá hlutlægum og sanngjörnum viðmiðunum.

Í þriðja lagi, virðulegur forseti, þá skiptir það Ísland miklu máli að skapa sér ímynd sem framsækið land í loftslagsmálum eða eins og sagði í stefnuyfirlýsingu síðustu ríkisstjórnar, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar — þar var sérstaklega tekið fram að Ísland ætti að vera í fararbroddi þjóða heims í umhverfismálum. Það markmið hefur ekkert breyst, virðulegi forseti. Slíkt gæti orðið orðspori landsins til framdráttar og hjálpað framsæknum fyrirtækjum að skapa störf og tekjur við til dæmis græna nýsköpun. Ég vil leyfa mér að nefna dæmi um fyrirtækin Marorku, sem hlaut nýlega umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs fyrir búnað til að draga úr losun frá skipum, en í slíkum verkefnum búa einmitt framtíðartækifæri fyrir okkur og fyrir heiminn allan. Hér á landi eru líka ýmsir ónýttir möguleikar til að draga úr losun, ekki síst frá samgöngum, þar sem lítið hefur verið gert til þess að efla hluta almenningssamgangna eða hjólreiða í samgöngum eða skapa hvata til að kaupa sparneytna bíla. Hæstv. forseti, við eigum að koma á framsækinni loftslagsstefnu hér innan lands. Það er það sem hefur kannski helst vantað.

Virðulegur forseti. Ég hef nú nefnt helstu hagsmuni Íslands í samningaviðræðunum sem hafnar eru í undirbúningsferlinu fyrir Kaupmannahafnarfundinn í desember en í þingsályktunartillögunni sem hér er til umræðu er einnig ósk um framlengingu á íslenska ákvæðinu eða að efni þess og tilgangur haldi sér. Ég held að þessi herhvöt sé óþörf, hvaða skoðun sem menn kunna annars að hafa á þessu íslenska ákvæði, við látum það liggja á milli hluta.

Staða stóriðjunnar á Íslandi fyrir samningaviðræðurnar nú er í grundvallaratriðum ólík því sem var þegar verið var að ganga frá Kyoto-bókuninni og Marrakesh-ákvæðunum. Ísland hefur nú þegar undirgengist viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir og það liggur fyrir að framleiðsla áls og járnblendið mun falla undir það viðskiptakerfi strax á árinu 2013 á sama tíma og nýtt alþjóðasamkomulag sem samið verður um í Kaupmannahöfn tekur gildi. Hér munu því gilda evrópskar reglur um losun frá stóriðju þar sem fyrirtæki fá úthlutað kvótum og þurfa að kaupa slíka kvóta ef losunin er umfram tilgreind mörk. Það eru þessar evrópsku reglur sem munu fyrst og fremst móta starfsumhverfi stóriðju hér á landi, hvað loftslagsmál varðar, þegar komið er að árinu 2013 og þar eftir en ekki íslenska ákvæðið. Þar munu fyrirtæki sem losa lítið standa vel en skussarnir munu þurfa að minnka losun eða kaupa kvóta. Það fær enginn allsherjarundanþágur frá reglunum. Það hefur öllum löndum verið gert ljóst.

Virðulegur forseti. Það gæti hins vegar komið upp flókin staða fyrir Ísland að vera með stóran hluta af losun okkar undir evrópskum reglum en vera um leið sjálfstæður aðili að arftaka Kyoto-bókunarinnar á alþjóðavísu. Þetta munu ríki Evrópusambandsins ekki sætta sig við því að Evrópusambandið verður væntanlega sem heild sjálfstæður aðili að hinu nýja samkomulagi. Íslenskir embættismenn eiga nú í viðræðum við Evrópusambandið um hvernig samþætta megi skuldbindingar Íslands í viðskiptakerfi Evrópusambandsins og í alþjóðlegu samkomulagi en þar er gengið út frá því grunnsjónarmiði að skilyrði íslenskra fyrirtækja verði hin sömu og ekki lakari en evrópskra fyrirtækja. Þetta mætti til dæmis gera með þeim hætti að Ísland tæki á sig sameiginlegar skuldbindingar með ESB gagnvart loftslagssamningum en þar fengist sá sveigjanleiki sem nefndur er í greinargerð þeirrar tillögu sem hér er til umræðu — með því að Ísland tæki fullan þátt í markaði ESB með losunarkvóta en íslenska ákvæðið í dag hindrar slíkt, það hindrar viðskipti með losunarkvóta, og ég velti fyrir mér hvort flutningsmenn tillögunnar hafi gert sér þetta ljóst.

Virðulegur forseti. Talsmenn þeirrar tillögu sem hér er til umræðu hafa ekki talað hreint út um það hvað þeir vilja eða hverju þeir eru að sækjast eftir en þeir virðast vilja að endurnýjaða ákvæðið virki beinlínis sem hvati til þess að draga hingað til lands æ meiri stóriðju. Hér verði einhvers konar losunarparadís, á sambærilegan hátt og sumar eyjar eru þekktar sem skattaparadísir, þar sem helst væru engin takmörk á losun stóriðju. Ég vil halda því fram, hæstvirtur forseti, að þetta sé ekki eftirsóknarverð framtíðarsýn og það er heldur ekkert sem bendir til þess að ljáð verði máls á því að Ísland fái stórauknar ókeypis losunarheimildir í Kaupmannahöfn. Það samrýmist ekki hinum evrópsku reglum og það samrýmist heldur ekki stefnu í loftslagsmálum sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks samþykkti í ársbyrjun 2007 þar sem meðal annars segir að draga eigi úr losun gróðurhúsalofttegunda um 50–75% fram til ársins 2050, miðað við losun 1990.

Virðulegur forseti. Það er ljóst að Ísland mun fullnýta eða því sem næst það svigrúm sem er í íslenska ákvæðinu árið 2012, þegar gildistíma þess og Kyoto-bókunarinnar lýkur. Álver Fjarðaáls og Norðuráls auk stækkana í Straumsvík og Járnblendiverksmiðjunni munu fylla upp í stærstan hluta þeirra 1.600 þúsund tonna af árlegri losun koltvísýrings sem íslenska ákvæðið heimilar. Eftir 2012 munu gilda hér evrópskar reglur um losun frá stóriðju sem

Ísland er skuldbundið til að taka á sig í gegnum EES-samninginn. Íslenska ákvæðið, eða einhvers konar endurnýjun þess, mun engu breyta um það og það er kjarni málsins.

Það er líka rétt að taka það fram í þessari umræðu um þátttöku í losunarkerfi Evrópusambandsins að það var ekki sú ríkisstjórn sem nú situr sem lagði það fram hér til samþykktar á Alþingi Íslendinga eða tók það upp í EES-samninginn. Það eru fyrri tvær ríkisstjórnir sem hafa komið að þeim málum, fyrst ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og síðar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Ég veit ekki betur en að flestir þeir þingmenn sem flytja þá tillögu sem hér er til umræðu hafi samþykkt það með atkvæði sínu hér á Alþingi að Ísland gengi til liðs við Evrópusambandið hvað þetta varðar og taki beinan þátt í viðskiptum Evrópusambandsins með losunarheimildir.

Hæstv. forseti. Lokaniðurstaða mín varðandi þetta mál er því eftirfarandi: Tillagan er allsendis óþörf. Ýtrustu hagsmuna Íslands er nú þegar gætt af samninganefnd Íslands og af ríkisstjórn Íslands. Í öðru lagi fara þær losunarheimildir sem íslenska ákvæðið var ávísun á ekkert. Þær verða áfram til staðar undir hatti losunar frá stóriðju á Íslandi. Ekki aukaviðbót heldur hluti af þeirri losun frá stóriðju sem er til staðar á Íslandi.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og umhvn.

Um fundarstjórn.

Umræða um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum.

[20:16]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Í mótmælum vetrarins var vanmáttur Alþingis gagnvart ráðherraræði gagnrýndur en líka gagnvart flokksræði. Hér virðist hafa verið gerður einhver samningur að mér forspurðum sem tekur af mér málfrelsi og gefur hæstv. ráðherra færi á því að flytja einræður og hella yfir okkur skoðunum sem ég má ekki mótmæla. Ég mótmæli þessari fundarstjórn forseta.

[20:16]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég sat fund formanna þingflokka þar sem fyrir var tekin ósk tveggja þingflokksformanna um að sú umræða um loftslagsheimildir sem hér var að ljúka yrði tekin á dagskrá. Það voru þingflokksformenn annars vegar Framsóknarflokks og hins vegar Sjálfstæðisflokks sem lögðu á það áherslu.

Sem fulltrúi þingflokks Vinstri grænna óskaði ég eftir því að umræðan yrði látin bíða fram yfir helgi þannig að hæstv. umhverfisráðherra gæti verið viðstödd. Við því var ekki orðið. Hins vegar varð niðurstaðan sú að umræðunni var frestað, henni lauk ekki fyrir helgi, til þess að hæstv. ráðherra gæti komið inn í hana eins og nú hefur gerst. Það er ekki að ráði okkar Vinstri grænna og það er ekki að ráði hæstv. ráðherra sem þetta mál ber svona að og ég vil ítreka það með þessum orðum mínum.

[20:18]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Það er ljóst að samkomulag var gert milli formanna þingflokka í samræmi við þá ósk sem hér hefur verið upplýst um, þ.e. að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hafi borið fram ósk um að hæstv. umhverfisráðherra fengi tækifæri til að fara yfir það mál sem á dagskrá var. Ég tel að eftir þá ræðu sem flutt var af hálfu hæstv. umhverfisráðherra sé ljóst að þeirri umræðu verði með einhverjum hætti að halda fram. Það sem fram kom hjá hæstv. ráðherra var með þeim hætti að það er alveg augljóst að fara þarf yfir það í þinginu. Sú umræða sem hér var hafin í samkomulagi milli þingflokksformanna verður ekki endurtekin en það er ljóst (Forseti hringir.) af ræðu hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) að athugasemdir hv. þm. Péturs Blöndals eiga ekki að koma nokkrum manni á óvart.

[20:19]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Rökin sem færð voru fyrir því að nauðsynlegt væri að flýta þessari umræðu svo mjög sem raun varð á voru þau að tillagan væri flutt af meiri hluta þingmanna á Alþingi. Hins vegar hefur ekki komið fram nein slík ósk um aðra tillögu sem hér liggur fyrir þinginu og eins ber að og það er varðandi hvalveiðar. Ég hlýt að furða mig á því hvaða greinarmun menn gera á þessum tveimur málum með tilliti til þessa.

Ég hlýt að skilja orð hæstv. forseta svo, og það að nú er þessari umræðu lokið, að þessi þingsályktunartillaga, þessi tillaga sem hér liggur fyrir, verði einmitt rædd frekar. Henni hefur þegar verið vísað til nefndar og það er ávísun á að hún fái þinglega meðferð og frekari umræðu.

[20:20]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þann ágreining sem orðið hefur milli þingmanna hér á undan. Ég vildi hins vegar spyrja hæstv. forseta hvort hann telji líkur á því að hæstv. utanríkisráðherra komi síðar í kvöld til að taka þátt í umræðum um stjórnarskrármál. Ég les það á heimasíðu hæstv. utanríkisráðherra að hann hefur miklar áhyggjur af þeim umræðum sem fara fram um stjórnarskrármál í þinginu. Mér þætti vel við hæfi að kostur gæfist á að eiga orðastað við ráðherrann, einkum þar sem hann er að fella dóma um það sem fram hefur farið í þinginu í dag án þess að hann hafi sést hérna.

[20:21]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti mun koma þessum skilaboðum eða óskum á framfæri þannig að hæstv. utanríkisráðherra geti komið til umræðunnar. Varðandi það mál sem hér var afgreitt, 10. mál á dagskrá, vill forseti benda á að um það mál var samið skv. 72. gr. þingskapalaga, lokamálsgreininni, þar sem rætt var um fastan ræðutíma. Málið var sett fram fyrir öll önnur mál að ósk áðurnefndra þingflokksformanna og á það féllst forseti, enda var ræðutími takmarkaður. Það var kynnt í upphafi máls og þar sem enginn gerði athugasemd við ræðutímann var eftir því farið og þeirri umræðu lokið áðan þannig að það sé upplýst.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648.

[20:22]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og öndvert við mörg önnur mál sem hafa komið af sama toga er það meining ríkisstjórnarinnar að þetta mál verði samþykkt og þess vegna hljótum við að taka það með alveg sérstaklega miklum alvarleika. Það á aftur á móti ekki við um frumvarp Framsóknarflokksins um dagginn, sem ég hélt reyndar langa ræðu um — af því að mér er stjórnarskráin mjög hugleikin og tel mjög brýnt að breyta henni, þá tók ég þátt í þeirri umræðu og nú geri ég það aftur. Þá var reyndar bjartur dagur en nú er komin nótt og mér finnst stjórnarskránni sýnd sérstaklega mikil óvirðing í kvöld, alveg sérstaklega þegar þingmenn eru farnir að gefa ræðum einkunnir úti í bæ og dreifa þeim á netið, þ.e. umræðan er einhvern veginn orðin eins og einhliða fjarumræða.

Ef ég væri flutningsmaður að breytingartillögu á stjórnarskrá mundi ég vanda mig við að taka þátt í umræðunni. Ég furða mig á því að hæstv. ráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. ráðherra Steingrímur J. Sigfússon, sem ég held reyndar að sé í húsinu, hv. þm. Birkir J. Jónsson og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, sem er reyndar staddur í þingsal — ég furða mig á því að þessir þingmenn allir taki ekki virkan þátt í umræðunni með andsvörum og hafi þetta vandaða umræðu því að um þetta snýst málið.

Ef hér á að fara að afgreiða breytingu á stjórnarskrá, svo maður tali ekki um ef á að fara að kollvarpa stjórnarskránni, búa til nýja stjórnarskrá, þá reikna ég með því, frú forseti, að hver einasti þingmaður tali. Við erum á stjórnlagaþingi. Alþingi er stjórnlagaþing og ég reikna með því að hver einasti af 63 þingmönnum tali og hafi skoðun á því hvernig stjórnarskráin eigi að líta út. Þeir hafa svarið að henni eið og það gildir helling að hafa svarið eið að stjórnarskránni. Ég býst við því að umræðan verði mjög lífleg og mjög löng þar sem ég reikna með að menn reyni að finna á þessu góðan flöt.

Vandamálið við það að Alþingi sé stjórnlagaþing er að það er það eiginlega í hjáverkum. Þetta er ekki aðalverkefni þingsins. Menn fjalla ekki um breytingar á stjórnarskrá marga daga í röð, menn fjalla ekki um þetta marga mánuði í röð heldur er þetta alltaf á kvöldfundum eins og núna, það er því miður einhvers konar „aukadjobb“ að ræða stjórnarskrá. Stjórnlagabreytingar eru teknar á dagskrá nákvæmlega eins og önnur mál þó að þeim sé sjaldan sýnd eins mikil óvirðing og áðan þegar umræðan var rofin til að koma ráðherra að með eitthvert allt annað mál og svo gátum við haldið áfram, við hv. þingmenn, ég ætla ekki að segja meira um það.

Menn eru að leggja til að kosið verði annað Alþingi við hliðina á þessu Alþingi, stjórnlagaþing, og það er kannski skynsamlegt. Það þýðir að 41 þingmaður verður ráðinn í starf sem verður þá fullt starf við það að breyta stjórnarskránni. Það getur verið að það sé skynsamlegt og það ætti reyndar að ganga mjög vel ef fólkið gerir ekkert annað en að breyta stjórnarskránni, kynna sér stjórnarskrár annarra landa, fara í gegnum heimspekina í kringum stjórnarskrárnar o.s.frv. og átta sig á því hvert er hlutverk stjórnarskrár. Ég tel og hef sagt það áður og hélt um það ræðu um daginn þegar frumvarp hv. framsóknarmanna var til umræðu, það var 17. febrúar — og einn þingmaður flytur meira að segja bæði málin, það er undarlegt hvernig hann ætlar að fara að því, annars vegar verður stjórnarskráin svona og hins vegar hinsegin. Ég veit ekki hver afstaða hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar verður, hvað hann ætlar sér að gera. Það væri gaman að heyra það, frú forseti, hans sjónarmið á því hvora stjórnarskrána hann vill hafa, hvora lausnina. Þeir hefðu alla vega átt að draga hitt málið til baka en það er í nefnd.

Gallarnir í stjórnarskránni eru mjög margir og þeir sem hafa lesið hana sjá það strax. Í 2. gr. stendur t.d., með leyfi forseta:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.“

Þeir eru þá lausir við forsetann, hann er ekki þar. En hann fer bæði með framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið og það er brot á þrískiptingu valdsins og sýnir að forsetinn er í rauninni settur í staðinn fyrir kónginn, þennan danska. Hann er bæði framkvæmdarvald og löggjafarvald.

Svo fjalla 3.–30. gr. um forsetann og kjörgengi og annað slíkt. Í 11. gr. finnum við mjög merkilegt ákvæði. Þar segir að forseti lýðveldisins sé ábyrgðarlaus í stjórnarathöfnum. Það væri gaman að vita hvað almenningur les út úr því. Hann er ábyrgðarlaus í stjórnarathöfnum. Hann ber sem sagt enga ábyrgð. Nú er ég ekki lögfræðingur og ég veit í rauninni ekki hvað þetta þýðir. Þetta þýðir væntanlega að maðurinn er ábyrgðarlaus, eða hvað, eða embættið alla vega.

Það er líka skrýtið í 13. gr., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.“

Hvað skyldi þetta þýða? Hann hefur eitthvert vald en lætur annað fólk framkvæma það. Hefur hann þá valdið? Ég mundi telja ekki. Ef ég hefði eitthvert vald og fæli hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að framkvæma það, þá er ég hræddur um að vald mitt reyndist lítið. Hann gerir bara það sem hann vill, þ.e. það vald sem forsetanum er falið hefur hann ekki.

Í 16. gr. segir, með leyfi forseta:

„Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.“

Þegar maður les þetta kynni maður að halda að þetta sé mjög valdamikill maður og að hann sé mjög mikilvægur, það á að bera allt undir hann. En þá kemur hin greinin þar sem segir að forseti láti ráðherra framkvæma vald sitt þannig að í rauninni er ekkert verið að bera undir hann. Það eru ráðherrarnir sem sjá um það sem hann á að gera eða framkvæma það vald sem hann hefur.

Svo stendur í 19. gr. að forseti þurfi að skrifa undir öll löggjafarmál en í rauninni getur hann ekki neitað að skrifa undir því að hann lætur ráðherra framkvæma vald sitt. Ef hann hefur eitthvert vald getur ráðherrann skrifað undir.

Í 20. gr. stendur að forseti lýðveldisins veiti þau embætti sem lög mæla. Hann er sem sagt kominn með framkvæmdarvaldið, farinn að veita embætti. Í rauninni gerir hann það ekki heldur vegna þess að í 13. gr. segir:

„Forseti lætur ráðherra framkvæma vald sitt.“

Þó að hann eigi samkvæmt þessu að veita embætti er það ráðherra sem gerir það. Svo getur hann vikið þeim úr embætti sem hann hefur veitt og flutt embættismenn á milli staða o.s.frv. Þetta er vald sem hann virðist hafa en hefur ekki.

21. gr. er alveg stórmerkileg:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki.“

Þá gæti maður haldið að hann gæti farið til Kína og gert samninga við landið. Nei, það getur hann ekki vegna þess að hann lætur ráðherra framkvæma vald sitt, hann hefur ekki það vald sem stjórnarskráin segir.

Af hverju í ósköpunum er svona ákvæði í stjórnarskránni? Af hverju er verið að plata fólk?

Svona getur maður haldið áfram:

„Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis um tiltekinn tíma …“ og hann stefnir Alþingi saman.

Þetta er eitthvert vald sem hann hefur en það er ráðherra sem framkvæmir það. Mér finnst að menn eigi að sleppa þessu eða segja bara að ráðherra geri þetta.

„Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi …“ Hann getur það ekki, það er ráðherra sem gerir það.

Það er því heilmikið af ákvæðum um forsetann sem í rauninni leiða fólk í villu sem les þetta og heldur að það skilji íslensku en í rauninni þarf maður að lesa 13. gr. aftur og aftur til að sjá að þetta á ekki við. Mér finnst mjög brýnt, frú forseti, að leiðrétta það þannig að stjórnarskráin segi fólki það sem hún meinar.

Svo er heilmikið af greinum um Alþingi, það eru eiginlega 31.–58. gr. sem fjalla um Alþingi og ætla ég ekki að fara nánar út í það. Mikil áhersla er lögð á Alþingi og kannski með réttu vegna þess að Alþingi er samkvæmt stjórnarskránni þungamiðja valdsins í landinu. Alþingi veitir fjárveitingar, samþykkir lög og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu þannig að það hefur heilmikil völd, öndvert við það sem fólk telur og við það sem er í reynd. Það finnst mér vera mjög alvarlegt.

Síðan eru þrjár greinar um dómsvaldið, það er nú ekki meira, og er ekki minnst þar einu orði á Hæstarétt, hann er bara ekki til samkvæmt stjórnarskránni. Ef ekki er ástæða til að breyta stjórnarskránni … Ég er sannfærður um að það sé mjög brýnt eftir að ég las hana fyrir löngu síðan. Hún á ekki að segja hluti sem ekki er neitt að marka.

Síðan koma mannréttindaákvæðin og þau koma síðast, það er dálítið merkilegt. Það er sennilega vegna þess að þetta er dönsk stjórnarskrá sem var sett í kringum kónginn þegar hann var að missa völd sín. Hann var látinn halda völdunum í þykjustunni. Svo var prjónað við mannréttindaákvæðum þegar þau fóru að „dúkka“ upp um eitt og annað. Þetta var um núverandi stjórnarskrá og ég vona, frú forseti, eftir að hafa lesið þessar ótrúlegu setningar, að flestir hv. þingmenn séu sammála því að það þurfi að breyta þessu. Ég geri ráð fyrir því að flest fólk vilji breyta þessu.

Ég flutti hér ræðu 17. febrúar varðandi frumvarp framsóknarmanna og ég neyðist að vissu leyti til þess að endurtaka þá ræðu vegna þess að það varðar sama mál og ég ræði hér. Ég get ekki vísað nákvæmlega í þá ræðu þannig að ég ætla að fara yfir hana á hundavaði. Ég hef lagt fram frumvarp um að afnema forsetaembættið með þeim rökum sem ég nefni hér, að forsetaembættið hefur ekkert vald af því að hann lætur ráðherra framkvæma það. Hann er í rauninni arfleifð frá gamalli tíð, frá danska kónginum, og við Íslendingar höfum ekki haft kóng sjálfviljugir. Eftir að við misstum sjálfstæðið var þröngvað á okkur kóngum en það voru erlendir kóngar. Ég held að Íslendingar almennt séð vilji ekki hafa kóng, hirð eða prjál og svoleiðis, það held ég innst inni.

Ég hef verið meðflutningsmaður að máli um að ráðherrar séu ekki þingmenn, með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, sem er reyndar ekki flutningsmaður að þessu máli. Ég hefði viljað bæta um betur, ekki segja bara að þeir fari af þingi og inn komi varamenn heldur að þingmönnum yrði fækkað um 12 niður í 51. Það hefði nákvæmlega sömu áhrif, ráðherrarnir vinna hvort sem er ekkert á Alþingi. Þeir eru ekki í nefndum, þeir eru ekki í utanríkisstarfi Alþingis þannig að ef þingmönnum yrði fækkað niður í 51 mundi vera jafnmikill mannskapur eftir á þinginu til þess að vinna þau verk sem þar þarf að vinna og kostnaður mundi ekki aukast neitt. Það mundi reyndar breyta dálítið valdahlutföllum þegar varamenn koma fyrir inn ráðherrana en enginn veit hvernig það kemur út fyrir fram, enginn veit hvernig næsta ríkisstjórn verður.

Breytingar á stjórnarskrá eru heimspeki. Þær eru ekki lögfræði heldur í reynd heimspeki vegna þess að eftir frönsku stjórnarbyltinguna komust menn að því að það er ekki gott að sami maður setji lög, framkvæmi þau og dæmi eftir þeim, eins og var alsiða þar áður. Í slíkri stöðu er einstaklingurinn ofurseldur þessum eina manni sem gerir það. Heimspekingarnir fundu út að best væri að skipta valdinu í þrennt, hafa þrískiptingu valdsins. Ég er mjög upptekinn af því að þrískipting valdsins sé mjög hrein til þess að vernda borgarana. Þess vegna er ekki gott að hafa forseta sem er bæði framkvæmdarvald og löggjafarvald. Þess vegna er ekki gott að hafa ráðherra sem eru bæði framkvæmdarvald og löggjafarvald, þeir semja meira að segja frumvörp, koma með þau inn í þingið og greiða atkvæði með þeim, að sjálfsögðu. Það munar um tólf atkvæði og ríkisstjórnin stendur alltaf saman, annars heitir það ekki ríkisstjórn. Ég hef flutt og stutt tillögur sem ganga út á að hreinsa þrískiptingu valdsins, hafa það eins hreint og hægt er.

Svo kem ég að stjórnarskránni sjálfri. Til hvers er stjórnarskrá? Mér finnst menn ekki hafa velt því fyrir sér. Er hún fyrir ráðherrana eða er hún fyrir ríkisvaldið eða fyrir hvern er hún? Nei, stjórnarskráin er fyrir borgarana. Hún er fyrir hvern einasta einstakling í þjóðfélaginu, til þess að vernda hann. Fyrst og fremst er stjórnarskráin til að vernda borgarann fyrir öðru fólki. Ég mundi vilja setja inn í 1. gr. í I. kafla stjórnarskrárinnar: „Engan mann má drepa.“ Vegna þess að ef það ákvæði gildir ekki þýðir ekkert að hafa hin ákvæðin um framfærsluskyldu og trúfrelsi o.s.frv. Ef það má drepa fólk úti á götu hefur það ekkert að segja. Það hjálpar manni ekki að hafa ritfrelsi ef hann er dauður. 1. greinin ætti því að hljóða þannig: „Engan mann má drepa.“ Hvorki með dauðarefsingum né öðrum hætti.

Síðan kæmi II. kafli sem fjallaði um vernd einstaklingsins fyrir öðrum einstaklingum. Þar inni í er eignarrétturinn, trúfrelsið, skoðanafrelsið, félagafrelsið, o.s.frv. til að vernda einstaklinginn fyrir öðru fólki. I. og II. kafli fjalla um mannréttindi sem gilda um allan heim. Þau gilda jafnt í Kína og á Íslandi, alls staðar. Þau eru óháð þjóðskipulagi og landamærum.

Þá koma mannréttindi sem eru háð landamærum, þ.e. kröfur einstaklingsins á annað fólk, t.d. framfærsluskylda foreldra við börn sín. Börn eiga rétt á því að foreldrar þeirra framfæri þau ef lífi foreldranna er ekki ógnað. Ef mjög mikil fátækt er og fólk er að deyja úr hungri hugsa ég að 1. gr., um að engan megi deyða, gangi framar framfærsluskyldu barnanna á foreldrana. Foreldrarnir mættu því borða þó að börnin fengju það ekki. Þetta er mjög harkaleg mynd sem ég dreg hér upp en það geri ég bara til þess að menn átti sig á hvernig þetta lítur út.

Þarna kemur inn krafa öryrkja og aldraðra og þeirra sem eru veikburða í þjóðfélaginu, fátæklinga og annarra sem verða undir í lífsbaráttunni af ýmsum ástæðum, það er krafa þeirra og réttur á annað fólk. Það er að sjálfsögðu háð efnahagslífi og þjóðfélagi. Réttur manna í Sómalíu er annar en á Íslandi, með allri virðingu fyrir því ágæta landi, Sómalíu.

Þegar við erum búin að skrifa niður þessi mannréttindi þurfum við einhvern veginn að sjá til þess að þau séu haldin og vernduð og að einhver geri það. Til þess höfum við ríkið. Ríkið er til þess að tryggja fólki þessa þrjá flokka mannréttinda. Ríkið skiptir þeim í þrennt til þess að engin stoð ríkisvaldsins verði of öflug og ríkið geti þá farið að kúga einstaklinginn. Í tengslum við stjórnskipunina þurfum við að ræða um löggjafarréttinn, dómsvaldið og framkvæmdarvaldið. Það þarf að vera hreint og algjörlega afmarkað. Það vil ég að stjórnlagaþing fari í gegnum: Fyrst mannréttindin, síðan stjórnskipan, og að sjálfsögðu þarf að geta um Hæstarétt, það má ekki gleyma honum.

Mér finnst því vera mjög margt í stjórnarskránni sem þarf að breyta og ég tel mig hafa fært hér nægileg rök fyrir því að mjög brýnt sé að koma á einhverri nefnd eða þingi, eða hvað menn vilja kalla það, sem vinni að því að breyta stjórnarskránni. Vonandi í þá veru að menn geti hugsað nægilega mikið „út fyrir boxið“ þannig að þeir geti séð fyrir sér góða lausn.

Stjórnarskráin á að vera örstutt, kannski fjórar, fimm síður. Hún á að vera eins og boðorðin tíu, hún á að segja fólki hvað má gera og hvað má ekki gera. Hún á ekki að vera eins og núverandi stjórnarskrá sem allt að því lýgur að fólki eða segir ósatt. Hún á að segja nákvæmlega það sem hún meinar og eiga allir eða flestallir að geta skilið hana fullkomlega. Menn eiga ekki að þurfa að koma með þrjú nefndarálit þriggja mætra lögfræðinga sem öll stangast á eins og var með 26. gr. á sínum tíma. Ég fékk þrjú álit lögfræðinga, ég las þau öll og ég var svo hjartanlega sammála þeim öllum. Það voru svo fín rök með þeim öllum, sem sýnir okkur að það er eitthvað mikið að stjórnarskránni. Hún segir okkur ekki sannleikann.

Það frumvarp sem við ræðum hér er rökfræðilega gallað. Af hverju segi ég það? Vegna þess að menn ætla að fara að setja í gang stjórnlagaþing. Þá ætlast menn væntanlega til þess að stjórnlagaþingið geri eitthvað, t.d. varðandi auðlindirnar, varðandi umhverfisvernd o.s.frv. Hvers vegna í ósköpunum er 1. greinin eins og hún er? Þegar stjórnlagaþing á að fara í gang, má þá ekki breyta 1. greininni? Af hverju fela menn ekki stjórnlagaþinginu að gera einmitt það?

Þriðja greinin um þjóðaratkvæðagreiðslu, af hverju fær ekki stjórnlagaþingið það verkefni að skoða hana? Það er jú verið að setja í gang stjórnlagaþing sem á að gera eitthvað. Af hverju breyta menn þá stjórnarskránni rétt áður? Er verið að gefa stjórnlagaþinginu einhverja ábendingu: Þú átt að vinna svona — eða — þú átt að gera svona, þú átt ekki að taka þetta úr sambandi. Frú forseti, mér finnst þetta órökrétt.

Það eina sem mér finnst að eigi að standa í því frumvarpi sem við ræðum hér er 2. gr. um breytingar á 79. gr. sem segir hvernig fara skuli með breytingar á stjórnarskránni. Mér hefur alltaf þótt það vera mjög slæmt þegar breytingar á stjórnarskránni koðna og kafna undir einhverjum allt öðrum málum í kosningum til Alþingis. Það er mjög slæmt. Það er verið að breyta stjórnarskránni, sem á að vera aðalatriðið, og þá ræða menn um efnahagsmál eða velferðarmál eða eitthvað slíkt í kosningabaráttunni. Þeir ræða um eitthvað allt annað en það sem er í rauninni verið að breyta í stjórnarskránni. Ég vil hafa kosningu um stjórnarskrána og ég held að það sé verkefni þessa þings núna að búa til þær reglur þannig að þær séu viðunandi, að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrána hverju sinni.

Hins vegar get ég alls ekki fallist á að fjórðungur þjóðarinnar geti farið að setja hinum 75% nýja stjórnarskrá. Það verða að vera 40% að lágmarki, helst 50%, frú forseti. Við verðum að bera þá virðingu fyrir stjórnarskránni að einhver lítill minni hluti geti ekki farið að breyta henni vegna áhugaleysis hins hlutans.

Ég sé að tími minn er að renna frá mér. Ég ætlaði að ræða dálítið um hvernig menn sjá fyrir sér kosningu til stjórnlagaþings því að það er svo merkilegt, frú forseti, að því er velt yfir á næsta þing. Ef þessi lög verða samþykkt stendur í stjórnarskránni að næsta þing skuli setja lög. Það er búið að skikka það til að setja lög og ég velti því fyrir mér hvað gerist ef það gerir það ekki. Á að setja það í fangelsi eða hvað á að gera við þingmennina ef þeir setja ekki þessi lög?

Allt í lagi, við skulum gefa okkur að þeir setji svona lög, en hvernig í ósköpunum sjá menn svona kosningar fyrir sér? Ég held að sumt fólk haldi að það geti verið kosið í þetta löggjafarþing, einmitt það sjálft, þessi ákveðna persóna ætlar að fara þar inn.

Ég geri ráð fyrir því að þeir aðilar í þjóðfélaginu sem eru mest skipulagðir á þessu sviði heiti stjórnmálaflokkar í dag, það eru félög sem eru stjórnmálaflokkar. Ég reikna með því að Framsóknarflokkurinn, Samfylkingin, Vinstri grænir og Sjálfstæðisflokkurinn myndi lista til að kjósa. (**GMJ:** Gleymdirðu ekki einum flokki?) Jú, jú, frjálslyndum, stóra flokknum, ég geri ráð fyrir því að … (**GAK:** Við erum ekki fjórflokkurinn.) Já. Ég geri ráð fyrir því vegna þess að það eru þessi félög — ég kalla þetta félög — eru best skipulögð. Svo hafa menn reyndar séð til þess að nýju samtökin fái engan tíma. Kosningarnar eru allt of snemma, þau ná ekki að skipuleggja sig. Auðvitað ættu þau að skipu-

leggja sig líka sem félög. En hvað heitir félag sem er í stjórnmálum? Það heitir stjórnmálaflokkur. Þá eru þau bara „raddir fólksins“ eða hvað þau heita, þau eru þá orðin stjórnmálaflokkur. Þetta verður væntanlega kosning stjórnmálaflokka sem stilla upp listum en það er eitthvað sem komandi þing á eftir að setja upp. Menn geta ímyndað sér t.d. ef Samfylkingin eða Sjálfstæðisflokkurinn fengju hreinan meiri hluta hefðu þau alvald um hvernig þessar reglur litu út. (Forseti hringir.)

[20:48]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða frumvarp til stjórnarskipunarlaga, um breytingu á stjórnarskránni en frumvarpið hefur verið rætt hér í dag. Í verkefnaskrá nýrrar ríkisstjórnar er talið upp að á þeim fáu vikum sem hún starfar fram að kosningum eigi hún m.a. að gera breytingar á stjórnarskránni þar sem tekið verði á auðlindaákvæðum stjórnarskrárinnar, sett verði ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur og um aðferð við breytingar á stjórnarskránni með sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu. Jafnframt segir í verkefnaskránni að sett skuli lög um skipan og verkefni stjórnlagaþings og um breytingar á kosningalöggjöfinni. Það vekur athygli mína, og e.t.v. fleiri, að í verkefnaskránni eru þessi verkefni sett framar í tölusettri röð en endurreisn efnahagslífsins og aðgerðir í þágu heimilanna. Þessi forgangsröðun í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar hefur endurspeglast í áherslum hennar frá því að hún tók við. Á þeim fimm vikum sem ný ríkisstjórn hefur starfað hefur gríðarlega mikill tími farið í umræðu um allt annað en vanda heimilanna og fyrirtækjanna, m.a. um breytingu á Seðlabankanum auk þess sem þær breytingar á stjórnarskránni sem hér eru til umræðu hafa tekið mikið pláss í þjóðmálaumræðunni.

Við þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfum ítrekað gagnrýnt þessa forgangsröðun. Stjórnin hefur kallað sig aðgerðastjórn og af því mátti ráða að verkefni hennar væri fyrst og fremst að takast á við afleiðingar bankahrunsins, rétta fyrirtækjum og heimilum í landinu bjarghringinn til að fleyta sér yfir mesta vandann.

Hver er raunveruleikinn? Í síðustu viku fór eitt mál í gegn í þinginu. Eitt mál í þessa veru, framlagt af ríkisstjórninni sem við sjálfstæðismenn veittum að sjálfsögðu brautargengi. Það mál varðaði endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað. Í gær fór fram löng umræða um heimildir fólks til að nálgast séreignarsparnað sinn úr lífeyrissjóðum til að mæta greiðsluerfiðleikum heimilanna. Þar kom fram að leiðin sem ríkisstjórnin valdi mun ekki gagnast heimilunum í landinu nema í takmörkuðum mæli til að mæta fjárhagserfiðleikum sínum. Það er fyrirséð að sú útfærsla muni valda almenningi miklum vonbrigðum en þar er gert ráð fyrir að fólk geti leyst út 100.000 kr. á mánuði í 10 mánuði sem þýðir um 63.000 kr. á mánuði eftir skatt. Þetta er alls ekki sú úrlausn sem almenningur vonaðist eftir og það verður að segjast eins og er að miklar væntingar voru bornar til þeirrar úrlausnar. Fólk hafði í allt haust horft til þessa þáttar og farið fram á að skoðað yrði að það hefði heimild til að leysa út með einum eða öðrum hætti séreignarsparnaðinn sinn. Fólk var búið að horfa til þess að það gæti nýtt hann til að mæta þeim tímabundnu greiðsluerfiðleikum sem það stendur frammi fyrir. Svo er ekki. En það er ekki nóg með að leið ríkisstjórnarinnar gagnist almenningi ekki í þeim mæli sem vonast var til heldur hefur leið ríkisstjórnarinnar jafnframt víðtæk og neikvæð áhrif á stöðu lífeyrissjóðanna.

Leiðinni sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og skattanefnd undir forustu Péturs Blöndals vildu fara var hafnað þrátt fyrir að fulltrúar lífeyrissjóðanna teldu hana betri útfærslu en leið ríkisstjórnarinnar. Í því tilviki hefðu heimilin í landinu getað nálgast lífeyrissparnað sinn, 1 millj. kr. að fráteknum skatti, í einni upphæð, í einu lagi, og ef tveir eru á heimili sem eiga inni séreignarsparnað að þessari upphæð erum við að tala um verulegar upphæðir sem geta gagnast fólki en þó þannig að það sé greitt út í einu lagi sem væri þá, ef um hjón er að ræða, tæplega 1,3 millj. kr.

Hugmynd sjálfstæðismanna sem kom fram í umræðunni og lögð var fram sem breytingartillaga var hins vegar hafnað í dag af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar eins og hefur komið fram og er það miður. Ég dreg þetta fram, virðulegi forseti, til að benda á að það er ekki eins og hin nýja ríkisstjórn einblíni á vanda heimilanna og vanda fyrirtækjanna, heldur er hún með einhverjar þær hugleiðingar sem munu ekki gagnast almenningi í þeim mæli sem upp var lagt með.

Önnur mál sem voru afgreidd í síðustu viku voru lögð fram af fyrri ríkisstjórn, utan eftirlaunafrumvarpsins svokallaða, og það verður að segjast eins og er að þetta er öll eftirtekjan af aðgerðastjórninni sem eyddi fyrstu fjórum vikum í starfi í breytingar á skipuriti Seðlabankans. Aðgerðir í þágu heimilanna og fyrirtækjanna í landinu hafa verið aukaatriði og hafa ekki verið í forgangi og við sjálfstæðismenn höfum sett okkur upp á móti þeirri forgangsröðun. Ég dreg þetta fram til að sýna fram á fáránleika þess að þetta mál sem við ræðum nú skuli komið hér fram og hafa svona mikið vægi á þeim stutta tíma sem hæstv. ríkisstjórn er að störfum, starfsstjórn, sem kallaði sig aðgerðastjórn og hefur örfáar vikur til að hrinda sínum málum áður en til kosninga er gengið.

Við sjálfstæðismenn viljum halda því verkefni áfram sem fyrri ríkisstjórn lagði upp með, að styrkja fyrirtækin og heimilin í landinu og þar skiptir langmestu máli að fylgja eftir áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Lækkun vaxta, styrking krónunnar og lækkun verðbólgu eru öflugustu tækin til að bæta hag fyrirtækjanna og heimilanna í landinu og önnur úrræði sem ríkisstjórninni ber að beita sér fyrir eða hefur lýst yfir vilja til að beita sér fyrir, samt með ótrúlegum seinagangi, mun auðvitað gagnast fjölskyldum og fyrirtækjum með sértækum hætti en engan veginn í sama mæli og lækkun vaxta, styrking krónunnar og lækkun verðbólgu.

Það verður að segjast eins og er að í dag eru allar forsendur fyrir vaxtalækkun og það er ákveðið áhyggjuefni að stjórnarskiptin hafi orðið til þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lagði ekki til vaxtalækkun í síðasta mánuði eins og efni stóðu til. Það hefur framlengt ástand sem við viljum að standi sem styst.

Verðbólgan er í rauninni í kringum 6–7% og enginn þrýstingur á henni utan veik staða krónunnar og viðskipti við útlönd eru þar að auki í lágmarki. Við í Sjálfstæðisflokknum viljum einnig leggja áherslu á aukna atvinnuupp-

byggingu í landinu. Nú þegar rúmlega 16.000 manns eru á atvinnuleysisskrá og mörg störf eru enn í hættu, m.a. innan verslunar og þjónustu, þá er alveg ljóst að stórátak þarf til að takast á við þetta mikla verkefni. Jafnvel í þessum málum, virðulegi forseti, er ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar. Það hefur m.a. komið fram í umræðu hér í kvöld varðandi það mál sem var til umræðu rétt áðan, þ.e. að VG leggst m.a. á móti áformum um Helguvík og ekki síður Bakka við Húsavík. Reyndar á það einnig við um eitt af flokksbrotum Samfylkingarinnar þar sem Mörður Árnason er í fararbroddi. Vinstri grænir hafa heldur engar raunhæfar tillögur í atvinnuuppbyggingu og leggjast gegn því að stuðla að því að 3.000 störf verði að veruleika á næstu missirum í stóriðju í þeim verkefnum sem ég nefndi hér á undan. Þar er veruleg þörf á að minnka atvinnuleysi í landinu, við Íslendingar viljum ekki atvinnuleysi, við viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til að forða fólki frá því að missa vinnu sína. Við höfum mjög sterka vinnuhefð og það er mjög alvarlegt þegar annar stjórnarflokkurinn leggst á móti tillögum sem geta unnið gegn atvinnuleysi í landinu og skapað aukin störf.

Það er líka alveg ljóst að Vinstri grænir leggjast á móti því að stjórnvöld vinni að því að Íslendingar njóti áfram sérstöðu sinnar í loftslagsmálum. Það kom einmitt fram í kvöld í ræðu hæstv. umhverfisráðherra, Kolbrúnar Halldórsdóttur, að hún mun ekki berjast fyrir því að íslenska ákvæðið í loftslagsmálum verði framlengt.

Virðulegi forseti. Aðgerðir í þágu heimilanna og til að vinna gegn atvinnuleysi skipta mestu máli. Það á hins vegar ekki við um breytingar á stjórnarskránni, þær eru ekki meginatriði í dag. Ekki heldur breytingar á kosningalöggjöfinni mánuði fyrir kosningar, sem eru þar að auki í andstöðu við ráðleggingar erlendra sérfræðinga og alþjóðastofnana sem segja að kosningalöggjöf eigi ekki að breyta innan árs fyrir almennar kosningar. Samt liggja hér fyrir hugmyndir um breytingar á kosningalöggjöfinni og það eru aðeins 5–6 vikur til kosninga. Við í Sjálfstæðisflokknum erum einnig andvíg tillögum sem eru til þess fallnar að veikja stöðu Alþingis og þá á ég m.a. við hugmyndir um að koma á laggirnar stjórnlagaþingi sem yfirtæki það verkefni Alþingis að endurskoða stjórnarskrána. Í mínum huga er það eitt meginverkefni þingsins að setja landinu lög. Það á ekki síst við um stjórnarskrána sem er grundvallarlöggjöfin okkar og það er mjög sérkennilegt að taka það verkefni af þjóðkjörnu þingi. Ekki síst þegar haft er í huga að nýtt þing — segjum svo að það ríki eitthvert vantraust gagnvart sitjandi þingi, þ.e. að takast á við þetta verkefni, þá er samt alveg ljóst að þegar á næsta þingi verður töluverð endurnýjun meðal þingmanna og mér segir svo hugur að þeim þingmönnum sem koma þá til starfa, hvort sem þeir eru nýir og hafa haft uppi þá kröfu að setja sérstakt stjórnlagaþing á laggirnar sem hefði það verkefni að setja þjóðinni nýja stjórnarskrá eða þá eldri þingmenn sem eru nú þegar á þingi, þætti afar miður að standa frammi fyrir því að eitt af stóru verkefnum þingmanna, þjóðkjörinna fulltrúa landsins, að setja stjórnarskrá, sé af þeim tekið, að þeim sé ekki treyst fyrir þessu stóra verkefni.

Þar fyrir utan höfum við, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, jafnframt gagnrýnt kostnaðinn við það að setja stjórnlagaþing. Nú þegar hefur þingflokkur sjálfstæðismanna óskað eftir því við hæstv. forseta Alþingis að hann leggi fram gögn þar sem lagt er mat á kostnað við slíkt þing. Það kemur fram í frumvarpinu að miðað er við að stjórnlagaþing starfi — að þar sé 41 maður, ég veit ekki hvort það á að kalla þá þingmenn — í eitt og hálft til tvö ár og bara launin í eitt og hálft ár eru um 800 millj. kr. Þá á jafnframt eftir að áætla kostnað vegna aðstöðu og vegna sérfræðiaðstoðar og slíks. Síðan mætti velta fyrir sér hvar þetta þing ætti að starfa. Verður stjórnlagaþing fyrir hádegi og almennt þing eftir hádegi hér í þingsalnum? Maður spyr sig.

Á þeim tíma þar sem horft er í hvern eyri í rekstri ríkisins og skorinn er niður starfsemi, t.d. á Landspítalanum upp á rúma 2 milljarða, 2,6 milljarða kr., veltir maður fyrir sér hvort það sé réttlætanlegt gagnvart þjóðinni að taka 1–1,5 milljarða kr. til að endurskoða stjórnarskrána. Ég er ekki viss um að sjúklingar séu tilbúnir að taka því eða starfsmenn heilbrigðiskerfisins, þetta er dæmi um ranga forgangsröðun.

Það sem ég er að segja er að við sjálfstæðismenn höfum gagnrýnt hugmyndir um stjórnlagaþing, við erum reyndar tilbúin til að taka til umræðu málamiðlun, að taka til athugunar að það verði ráðgefandi stjórnlagaþing en það kallar á frekari umræðu og vonandi getur komist einhver niðurstaða í það.

Við sjálfstæðismenn erum hins vegar reiðubúin að ræða breytingar á stjórnarskránni og við erum einnig reiðubúin að ræða breytingar á kosningalöggjöfinni en við teljum ekki að rétti tíminn til þess sé núna. Núna viljum við, eins og ég hef sagt hér á undan, ræða vanda heimilanna og fyrirtækjanna og taka ákvarðanir sem gagnast þeim. Það verður að segja að sú mikla áhersla sem lögð er á breytingar á stjórnarskránni sé fremur undarleg þó að auðvitað höfum við rætt það um langan tíma að þörf sé á að taka stjórnarskrána til endurskoðunar og ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í þá veru. Í dag er þessi umræða hins vegar ekki brýn, ekki það brýn að það þurfi að haska henni af á örfáum vikum. Við verðum að taka okkur góðan tíma í hana og við erum tilbúin til að fara í þá vinnu en við erum ekki tilbúin til að kasta höndunum til þessa verkefnis. Við leggjum líka áherslu á að þetta verði gert í samkomulagi flokkanna.

Við teljum að sú aðferðafræði sem hér er lagt upp með, að breyta stjórnarskránni á hraðferð nokkrum vikum fyrir kosningar og að breyta ákvæði sem þarfnast mikillar yfirlegu og ítarlegrar umræðu, sé forkastanleg. Að mínu mati er lítið gefið fyrir lýðræðislega umræðu, lýðræðislegar samræður til að komast að tiltekinni niðurstöðu. Þetta er allt of stuttur tími. Það er ekki hægt að gera svona breytingar á nokkrum dögum, jafnvel ekki á nokkrum vikum. Það eru rúmar sex vikur til kosninga og ég hlýt að spyrja hv. þingmenn Vinstri grænna, Samfylkingar og Framsóknarflokks hvort við viljum gera breytingar á stjórnarskránni á handahlaupum. Bera þingmenn þessara flokka virkilega ekki meiri virðingu fyrir stjórnarskránni en svo?

Ef farið væri að almennum reglum um tímafrest frá þingrofi að kosningum sem eru 45 dagar ætti að rjúfa þing eftir tvo daga, á fimmtudaginn. Það liggur fyrir að meirihlutavilji er á Alþingi fyrir að ljúka þingstörfum í þessari viku, þ.e. ef marka má ummæli formanns Framsóknar-

flokksins í síðustu viku. Jafnvel þó að þingstörf yrðu framlengd um nokkra daga er ekki nokkur vinnandi vegur að ljúka endurskoðun á stjórnarskrá Íslands á fáeinum dögum. Hún verðskuldar meiri virðingu. Vill ríkisstjórnin virkilega forgangsraða með þessum hætti?

Það má líka segja, virðulegi forseti, að þessi áhersla á breytingar á stjórnarskránni sé sérkennileg, ekki síst í ljósi þess að ekki er með nokkrum hætti hægt að kenna stjórnskipan landsins um bankahrunið í fyrrahaust. Það voru engar grundvallarreglur sem rekja má til stjórnarskrárinnar sem brugðust, hvað þá að hægt sé að klína ábyrgðinni eða sökinni á kosningalöggjöfina. Það er vissulega skiljanlegt að á þessum tímamótum sé vilji til endurskoðunar á ýmsum þáttum sem viðurkennt er að þurfi endurskoðunar við en við erum hins vegar engan veginn betur sett né ætti það að stuðla að aukinni vellíðan fólks ef kastað yrði til höndunum í þessum efnum. Það sem brást í haust var fyrst og fremst regluverkið sem við innleiddum frá ESB um fjármálakerfið, regluverkið sem þingmenn Samfylkingarinnar vilja ganga enn lengra til að innleiða í íslenska löggjöf með inngöngu í ESB. Það sem einnig brást var eftirlitskerfið sem var byggt upp og þar með var eftirlit þingmanna með störfum framkvæmdarvaldsins ekki sem skyldi. Það þurfum við öll að viðurkenna, en hins vegar verður ekki fram hjá því litið að meginhluti ábyrgðarinnar liggi hjá þeim forstöðumönnum bankanna sem fóru langt fram úr sjálfum sér og því regluverki sem fjármálamarkaðurinn átti að starfa eftir.

Í greinargerð með frumvarpi til breyttra stjórnarskipunarlaga segir m.a. eftirfarandi um tilurð frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Í kjölfar bankahruns haustið 2008 og efnahagskreppu sem síðan tók við hefur orðið talsverð umræða í þjóðfélaginu um þörf á að endurskoða ýmsar grundvallarreglur í íslensku stjórnskipulagi, þar á meðal þær sem lúta að skipulagi löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og aðskilnaði milli þessara tveggja valdþátta, hvernig er háttað reglum um ábyrgð handhafa framkvæmdarvaldsins og eftirliti með starfi stjórnvalda og um möguleika þjóðarinnar á því að taka beinan þátt í ákvörðunum með þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Svo segir áfram, með leyfi forseta:

„Í þeirri umræðu hefur sjónum verið beint að stjórnarskrá lýðveldisins, setningarhætti hennar og þeirri staðreynd að stór hluti ákvæða hennar, sérstaklega þau sem standa í II. kafla um framkvæmdarvaldið, stendur enn lítt breyttur allt frá því Ísland fékk sína fyrstu stjórnarskrá frá Danakonungi árið 1874. Þessi ákvæði endurspegla því hvorki þann veruleika sem er varðandi meðferð framkvæmdarvaldsins né tryggja nægilega aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og nauðsynlegt aðhald þings með framkvæmdarvaldi. Hugmyndum um nauðsyn þess að Íslendingar setji sér nýja stjórnarskrá frá grunni hefur nú aukist fylgi. Í ljósi þess að stjórnmálaflokkunum hefur ekki tekist að ná samstöðu um nauðsynlegar breytingar á nokkrum meginþáttum í núgildandi stjórnarskrá hefur komið fram krafa um að stofnað verði til sérstaks stjórnlagaþings með þjóðkjörnum fulltrúum sem yrði falið þetta mikilvæga verkefni.“

Í grein sem Skúli Magnússon lögfræðingur ritaði í *Fréttablaðið* miðvikudaginn 4. mars sl. ræðir hann hugmyndir um stjórnlagaþing og stjórnarskrána. Þar spyr hann m.a. hvort stjórnarskipun Íslands hafi brugðist samfélaginu í grundvallaratriðum og hann segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hefði kvótakerfi í fiskveiðum, stóriðjuframkvæmdir, einkavæðing fjármálafyrirtækja, eftirlit með fjármálafyrirtækjum, breytingar á skattalögum, stjórn peningamála og ríkissjóðs — svo einhver dæmi séu tekin um ætlaða sökudólga — orðið með öðrum hætti ef stjórnskipun Íslands hefði verið „lýðræðislegri“ geymt ákvæði um „sameign þjóðarinnar á auðlindum“, umhverfisvernd, o.s.frv.? Ef miðað er við stjórnlög, eins og þau tíðkast í hinum vestræna heimi, verður ekki séð að önnur og nútímalegri stjórnskipan hefði nokkru breytt um þessi atriði. Það stenst ekki heldur samanburð við önnur vestræn samfélög, sem kenna sig við lýðræði og mannréttindi, að halda því fram að stórkostleg slagsíða hafi verið og sé enn á íslenskri stjórnskipun hvað þessi atriði varðar.

Eitt af því sem nú er teflt fram sem viðbrögðum við efnahagslegu áfalli landsins er flýtimeðferð til ákveðinna breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins en að því loknu einhvers konar allsherjarendurskoðun stjórnskipunarinnar á vettvangi stjórnlagaþings.“

Svo segir aðeins neðar:

„Þótt hugmyndin um stjórnlagaþing kunni að hljóma aðlaðandi, sefa reiði almennings með því að svara kalli um róttækar og umsvifalausar breytingar, eru hér miklir hagsmunir lagðir að veði. Við Íslendingar eigum nefnilega stjórnskipun sem í öllum meginatriðum er skýr, jafnvel þótt texti stjórnarskrárinnar sjálfrar kunni í sumum tilvikum að vera gamall og lítt aðgengilegur. Þessi eign er ekki eins sjálfsögð og margir kunna að ætla. Einmitt við núverandi aðstæður ætti mönnum þó að vera ljóst gildi þess að eiga stjórnskipun sem er skýr um skipan valdsins, valdmörk, ákvarðanatöku, o.s.frv., þannig að unnt sé að veita samfélaginu ábyrga og skynsama stjórn með langtímahagsmuni að leiðarljósi.“

Hann segir hér áfram:

„Það er engin góð ástæða til að rífa stjórnskipun Íslands upp með rótum við núverandi aðstæður þar sem stjórnvöld þurfa að setja sér skýr markmið til lengri og skemmri tíma — sum eflaust sársaukafull og misvinsæl — og hafa styrk og þol til þess að vinna að þeim. Við munum ekki leysa aðsteðjandi vandamál með breytingum á stjórnskipun Íslands. Saga stjórnarskráa bendir raunar til þess að endingartími og tilætluð samfélagsleg áhrif þeirra aukist í öfugu hlutfalli við lengd þeirra og lagatæknilega fágun.“

Ég tek undir hvert orð sem kemur fram hjá lögmanninum. Það virkar þannig á mig að ríkisstjórnin treysti sér ekki í þau verkefni sem eru mest aðkallandi, heldur kjósi að beina athygli sinni og allri orku að þáttum sem eiga engan þátt í bankahruninu í haust og skipta engu meginmáli varðandi nánustu framtíð.

Nú hafa vissulega ýmsar hugmyndir komið fram um hvar eigi að bera niður í endurskoðun á stjórnarskránni og þar hefur m.a. komið til umræðu vald og valdmörk forseta sem hefur ítrekað komið upp í umræðunni á síðustu missirum og árum, m.a. vegna hegðunar núverandi forseta gagnvart stjórnarskránni og rúmri túlkun hans á valdi hans og

valdmörkum, einnig um þjóðaratkvæðagreiðslur, um aðskilnað ríkis og kirkju og auðlindaákvæði og svo um aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Það eru því vissulega mörg verkefni og margir þættir í stjórnarskránni sem þarf að skoða en við getum ekki leyft okkur að gera það í flýtimeðferð.

Í greinargerð með frumvarpinu er ágæt samantekt um söguna og rakið í ítarlegu máli hvernig staðið var að undirbúningi eða innleiðingu stjórnarskrárinnar 1874 og hvernig hefur verið staðið að breytingum á henni, bæði 1944 og síðar. Meðal annars hefur komið fram að íslenska stjórnarskráin er að verulegu leyti byggð á þeirri dönsku en ég bendi á og vek athygli á því að danska stjórnarskráin hefur dugað Dönum býsna vel og hefur ekki verið breytt frá árinu 1953, þ.e. níu árum eftir að ákveðnar voru þær breytingar á íslensku stjórnarskránni sem leiddu af því að Ísland varð lýðveldi. Það er mjög mikilvægt að undirbúningur að öllum breytingum á stjórnarskránni sé vandaður og það kemur m.a. fram í greinargerð með frumvarpinu þar sem gerð er grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar á stjórnarskrám annarra ríkja, að lögð er rík áhersla á vandaðan undirbúning. Í Finnlandi var t.d. gerð ný stjórnarskrá árið 1999 sem gekk í gildi í mars 2000 og þá höfðu breytingarnar verið í undirbúningi frá árinu 1995. Samkvæmt norsku stjórnarskránni ber að leggja tillögur um stjórnarskrárbreytingar fram á þingi í síðasta lagi á þriðja ári eftir kosningar og ef ég man rétt er kjörtímabilið í Noregi fimm ár og ekki má samþykkja þær fyrr en að loknum næstu kosningum þar á eftir. Það þýðir að allar breytingar á norsku stjórnarskránni, stórar sem smáar, þurfa ákveðinn tíma til þess að undirbúningur teljist viðunandi.

Á Ítalíu þurfa að fara fram tvær umræður í hvorri deild þingsins og þar eiga minnst þrír mánuðir að líða á milli umræðna. Í Sviss var gerð heildarendurskoðun á svissnesku stjórnarskránni og tók nýja stjórnarskráin gildi í janúar árið 2000. Þá höfðu breytingarnar verið í undirbúningi í rúma tvo áratugi.

Það er alveg ljóst að færum við að breyta stjórnarskrá okkar í flýtimeðferð, með hraði, værum við engan veginn að vanda til verksins og ég tel það mikinn ábyrgðarhluta að ætla að fara fram með þeim hætti og því er ég alfarið mótfallin.

[21:12]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir þau sjónarmið sem komu fram í máli hv. þm. Ástu Möller hér áðan varðandi það að varlega ber að fara varðandi breytingar á stjórnarskrá. Það er nú einu sinni þannig að stjórnarskrá okkar hefur að grunni til staðið lengi og ýmsir hafa talið að það rýrði að einhverju leyti gildi hennar en svo er ekki. Spurningin er alltaf hvernig til hefur tekist og hvernig hlutir hafa reynst.

Í því sem fræðimenn á Íslandi hafa ritað varðandi stjórnarskrá og stjórnarskrárbreytingar er kannski helst að leita fanga hjá þremur fræðimönnum, þeim Ólafi Jóhannessyni, Bjarna Benediktssyni og Gunnari Thoroddsen, sem allir hafa sérstaklega varað við því að hvatskeytislega verði unnið að breytingum á stjórnarskrá og fjallað um það ítarlega í máli sínu.

Árið 1953 var Bjarni Benediktsson formaður stjórnarskrárnefndar og fjallaði svo um það mál í ræðu á fundi, með leyfi forseta, þar sem hann sagði:

„Í þeim löndum sem sett hafa skrifaðar stjórnarskrár hefur reynslan orðið sú að þótt ákvæðin hafi verið hin sömu eða svipuð í upphafi hefur framkvæmdin orðið harla ólík í hverju landi um sig. Það er því mjög óhagganleg staðreynd að stjórnskipan hvers lands þroskast á löngum tíma og mótast mjög af aðstæðum öllum. Hefur í þessu farið á sama veg hér á landi og annars staðar.“

Síðar segir hann í ræðunni sem ég vísa í og bendir sérstaklega á og það kemur einmitt inn á þær hugmyndir sem hefur verið talað um varðandi stjórnlagaþing, með leyfi forseta:

„Alþingi hefur frá alda öðli verið meginásinn í stjórnskipun okkar.“

Og vísar síðan til þessara meginatriða sem gildi Alþingis og varar við því að dregið sé úr gildi þess eða valdi þess hvað varðar löggjafarstarf.

Þá skulu menn hafa í huga að breytingar á stjórnarskrá eru ekki annað en löggjafarstarf. Það er verið að setja landinu löggjöf. Eini munurinn er að stjórnarskrá eru grunnreglur þar sem við tryggjum hagsmuni borgaranna, mannréttindi þeirra, lýðréttindi og setjum vandaða umgjörð um það með hvaða hætti og hvernig íslensk stjórnskipun skuli vera til þess að tryggja lýðræði í landinu sem best. Þess vegna skiptir máli að um vandaða smíði sé að ræða og ekki sé hrapað að ályktunum eða stjórnarskrárbreytingum eða þær ekki of auðveldar.

Tveimur áratugum síðar var annar stjórnlagaprófessor, doktor Gunnar Thoroddsen, formaður stjórnarskrárnefndar sem fjallaði um breytingar á stjórnarskránni í erindi og fjallaði um að þegar stjórnarskráin kom að hefði verið talað um frelsisskrá úr föðurhendi, sem Matthías Jochumsson þjóðskáld fjallar um. Hann fjallar síðan um ákveðin atriði sem séu til bóta, mannréttindi, persónufrelsi, mannhelgi, friðhelgi einkalífs, réttinn til trygginga vegna vanheilsu, slysa, aldurs o.s.frv. Um flest af því sem doktor Gunnar nefndi sem mikilvægustu atriðin sem þyrfti að taka á hefur þegar verið tekið tillit til.

Helstu atriði sem skipta máli varðandi stjórnarskrána eru grunnreglur um stjórnskipun. Það er spurning hvort stjórnskipunin sé ónothæf eða hvort nauðsyn sé að gera einhverjar breytingar til að æðsta stjórn landsins verði skilvirkari. Það hlýtur alltaf að vera viðmiðunin hvað það varðar. Ef grunnreglur stjórnskipunarinnar virka er í sjálfu sér ekki nein nauðsyn fyrir breytingar.

Það liggur fyrir að þær grunnreglur sem varða löggjafarstarf virka. Deila má um hvort aðskilja ætti löggjafarvald og framkvæmdarvald meira. Það er ákveðið atriði sem þarf að taka á. En það er ekki eitt af þeim atriðum sem vikið er að í stjórnarskrártillögunum sem hér um ræðir.

Miðað við stefnu Samfylkingarinnar í Evrópumálum kemur mér þetta frumvarp sem hér liggur fyrir til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá verulega á óvart. Ekki síst vegna þess að verulegur ágreiningur hefur verið milli fræðimanna um það hvort EES-samningurinn hreinlega standist ákvæði stjórnarskrár. Ef brýnt hefði verið að fjalla um eitthvað ákvæði hefði það verið það. En ekki er

vikið að því í þeirri stjórnarskrárbreytingu sem hér um ræðir, sem sýnir kannski framar öðru hvað hér er hrapað að verki og plaggið illa unnið, og breytingin er lögð fyrir umræðulaust og án þess að stjórnarskrárnefnd hafi verið kölluð til til að fjalla um málið fyrir fram.

Á 116. löggjafarþingi árið 1992 lögðu forustumenn þeirra flokka sem nú leggja fram það stjórnarskrárfrumvarp sem hér liggur fyrir, þ.e. Steingrímur Hermannsson frá Framsóknarflokknum, Ólafur Ragnar Grímsson frá þáverandi Vinstri grænum og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir frá þáverandi, eða sem síðar varð, Samfylking, fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga þar sem ætlað var að taka á þeim vandamálum sem EES-samningurinn hafði í för með sér og spurninguna hvort það stæðist íslenska stjórnarskipun að gera þann samning.

Í greinargerð með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem þessir virðulegu þingmenn fluttu á sínum tíma er fjallað um breytingu á 21. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fjallað er um að forseti geti gert samninga við önnur ríki, m.a. þar sem fjallar um afsal eða kvaðir á landi og fullveldisrétti en slíkt þingmál telst því aðeins samþykkt að þrír fjórðu alþingismanna greiði því atkvæði. Þarna var verið að greiða fyrir því að um fjölþjóðlega samninga gæti verið að ræða og taka af allan vafa varðandi það hvort EES-samningurinn væri í gildi eða ekki.

Í sambandi við þetta frumvarp vísuðu flutningsmenn sérstaklega til álitsnefndar sem þáverandi utanríkisráðherra Jón Baldvin Hannibalsson hafði látið skipa þar sem sú nefnd kemst ekki að algerlega ótvíræðri niðurstöðu. En þar er einnig vikið að áliti Björns Þórs Guðmundssonar prófessors í stjórnsýslufræði. En niðurstaða hans er þessi, með leyfi forseta:.

„Á grundvelli viðurkenndra lögskýringarsjónarmiða, stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar tel ég vafa leika á að framsal það á framkvæmdar- og dómsvaldi sem felst í EES-samningnum og hér um ræðir standist gagnvart gildandi réttarreglu 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þennan vafa tel ég svo mikinn að ekki megi taka áhættuna af því að lögfesta EES-samninginn með óbreyttri stjórnarskrá.“

Annar stjórnsýslufræðingur Guðmundur Alfreðsson kemst að sömu niðurstöðu og segir, með leyfi forseta:

„Það er mín niðurstaða eftir nákvæma skoðun á þessum atriðum og dæmum öllum að breyta þurfi stjórnarskránni og beita til þess 79. gr. hennar þegar frumvarpið til laga um EES kemur til afgreiðslu til Alþingis og forseta.“

Þetta var niðurstaða þeirra og niðurstaða forustumanna flestra þeirra flokka sem nú standa að þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga.

Virðulegi forseti. Ég get ekki lesið annað út úr því með hvaða hætti Samfylkingin stendur hér að málum og með hvaða hætti að öðru leyti er staðið hér að málum en að Framsóknarflokkurinn og Samfylkingin hafi gefið gjörsamlega upp á bátinn allar hugleiðingar um að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Mörgum finnst það sjálfsagt ágætt mál en öðrum miður. En það verður ekkert annað lesið út úr þessari frumvarpsgerð en að verið sé að fjalla um það.

Velta má fyrir sér breytingum á löggjafarvaldi, þá er spurning um samspil Alþingis og forseta. Það er spurning um neitunarvald forseta. Hvort ekki sé eðlilegra að forseti geti hreinlega vísað málum til þjóðaratkvæðagreiðslu ef hann metur það svo frekar en að neita undirskrift. Ég, virðulegi forseti, leyfi mér nú að fjalla um atriði sem að sjálfsögðu hljóta að koma til skoðunar og geta haft ákveðna þýðingu varðandi breytta stjórnskipun.

Mikilvægasta atriðið þó sem hvergi er lagt til og hvergi rætt af hálfu flutningsmanna frumvarpsins er að tryggja raunverulegt, raunhæft lýðræði í landinu. Ég vildi gjarnan að hæstv. forsætisráðherra hlustaði á mig á meðan ég fjalla um þetta atriði. (**Samgrh.:** Við heyrum allt sem þú segir.) En það gengur ekki og að mínu viti er ekki um raunhæft lýðræði að ræða í landinu þegar borgurum er mismunað hvað varðar vægi atkvæðisréttar. Hér er um það að ræða að ákvæði í stjórnarskrá felur nú í sér að heimilaður sé allt að tvöfaldur atkvæðamunur. Það finnst flutningsmönnum þessa frumvarps vera í lagi. Það er ekki forgangsröðun þeirra að miða við það að lýðræði sé hér með eðlilegum hætti og með sama hætti og gerist í löndum í heimshluta okkar, þar sem miðað er við að atkvæðavægi fólksins sé það sama óháð því hvar það býr í landinu. Það hlýtur að vera krafa allra lýðræðissinna að þannig verði það.

Það er nú þannig að um þetta mál hefur verið fjallað ítarlega og m.a. í Bandaríkjunum var fjallað um það í sérstökum hæstaréttardómi, máli Reynolds gegn Sims, árið 1964, þar sem m.a. var á það bent að lýðræðið væri fyrir fólk en ekki fyrir fermetra, akra eða engi. Það er þannig líka hjá okkur og ekkert minna sem kemur til greina til að hér geti verið um að ræða betra lýðræði í landinu en að vægi atkvæðisréttar sé jafnt. Það er grundvallaratriði. Aðrar breytingar á stjórnarskipunarlögum skipta minna máli en það að tryggja lýðræðið í landinu með þeim hætti að borgararnir séu allir jafnt settir. Það er líka í samræmi við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar.

Í frumvarpinu er í 3. gr. fjallað um breytingu á 80. gr. laganna varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur. Nú er það þannig að margar leiðir geta komið til greina í því efni. Mér finnst satt að segja miður að þessu frumvarpi skuli vera kastað fram með þessum hætti án þess að áður færi ítarleg umræða fram um hvaða kostir gætu verið bestir að þessu leyti. Þetta er alltaf spurningin um það hvernig við tryggjum sem best og virkast lýðræðið á sama tíma og við gætum þess að stjórnskipunin og eðlileg stjórnsýsla haldist.

Ég kynnti mér fyrir nokkru sérstaka úttekt sem gerð var af opinberri nefnd í Svíþjóð um þjóðaratkvæðagreiðslur þar sem fjallað er um mismunandi leiðir og gerðar úttektir á því með hvaða hætti og hvernig þessum málum er skipað í Evrópu. Í ljós kemur að í Evrópu hafa 32 þjóðir ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. En ákvæðin um þjóðaratkvæðagreiðslu eru mismunandi. Það er spurning hvort þau eru bindandi og athyglisvert að nokkrar þjóðir hafa ekki ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Það eru þjóðir eins og Belgía, Noregur, Þýskaland og Tékkland. Slíkt er raunverulega bannað í Þýskalandi.

Athyglisvert er að í þeim löndum þar sem eru ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur kemur fram að frá stríðslokum til ársins 2006, sem könnunin tekur til, hafa 537 sinnum farið fram þjóðaratkvæðagreiðslur í Evrópu. Þar af hafði eingöngu í Sviss farið fram 301 þjóðaratkvæðagreiðsla.

Í Sviss háttar svo til að þar er mjög mikið rými varðandi

það með hvaða hætti þjóðaratkvæðagreiðsla getur farið fram. Einungis þurfa 3% borgaranna að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um löggjafarmálefni, bæði um það sem viðkomandi þjóðþing hefur til meðferðar og/eða tekið upp ákveðið löggjafarmálefni. Þessi skipun mála hefur verið í Sviss í um það bil eina öld þannig að nú er komin nokkur reynsla á þetta. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði og skiptir gríðarlega miklu máli varðandi lýðræðið í landinu með hvaða hætti og hvernig þetta ákvæði er mótað.

Mér finnst miður, virðulegi forseti, og mér finnst miður, hæstv. forsætisráðherra, sem 1. flutningsmaður þessa frumvarps, að höndunum skuli hafa verið kastað svona til varðandi frumvarpssmíðina. Að kasta þessu fram með þessum hætti án þess að fram færi víðtæk umræða um það með hvaða hætti og hvernig hægt væri að tryggja það að sem virkast lýðræði hvað þjóðaratkvæðagreiðslu varðar gæti komið til greina og að menn hafi kynnt sér með hvaða hætti og hvernig þetta hefur verið framkvæmt í Evrópu, ekki síst í hinum nýju lýðræðisríkjum Evrópu þ.e. fyrrverandi austantjaldsríkjunum þar sem um er að ræða töluvert aðra nálgun en í eldri lýðræðisríkjum. Það hefði verið vel þess virði að í stjórnarskrárnefnd hefði farið fram mjög ítarleg umræða og ítarleg skoðun á því hvaða atriði í þessu sambandi mundu henta okkur best til að tryggja að þjóðarviljinn gæti komið fram með eðlilegum hætti hverju sinni.

Hér er sett fram ákveðin hugmynd um að fimmtán af hundraði kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu og síðan um það með hvaða hætti hún skuli fara fram og að hún skuli vera bindandi þegar hún fjallar um gildi tiltekinna laga og meiri hluti gildra atkvæða er fylgjandi tillögu sem borin er upp, þó minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá.

Að mínu viti hefði verið nauðsynlegt að útfæra þetta mun nánar og láta fylgja hreinlega lagafrumvarp um það með hvaða hætti og hvernig þjóðaratkvæðagreiðslur skyldi framkvæma.

Því dvel ég svo lengi við þetta ákvæði, virðulegi forseti? Vegna þess að hér tel ég vera um mjög mikilvægt lýðræðislegt mál að ræða sem er miður að skuli vera kastað til höndunum svo sem gert er í þessu frumvarpi.

Það sem við hljótum að velta fyrir okkur líka er hvort framkvæmdarvaldið og samspil framkvæmdarvalds og löggjafarvalds sé eðlilegt. Ég velti því fyrir mér og hef velt því fyrir mér í kjölfar efnahagshrunsins hvort framkvæmdarvaldið í landinu sé nægjanlega sterkt. Það er ljóst hvernig Alþingi vinnur og hver valdmörk þess eru og hvaða takmarkanir. Það er líka ljóst að framkvæmdarvaldið hefur tekið að sér að vera gerandinn að verulegu leyti og vera frumkvæðisaðilinn og þannig er það í vestrænum lýðræðisríkjum. Því er ekkert óeðlilegt það sem er að gerast hér miðað við það sem gerist annars staðar óháð því hvort um sé að ræða land eins og Frakkland þar sem stjórnkerfið er öðruvísi eða þess vegna land eins og Danmörku þar sem það er svipað og hér.

Ég velti því fyrir mér hvort framkvæmdarvaldið eins og það er skipað í dag sé nægjanlega sterkt og hvort það sé sæmandi að þegar þingmaður verður ráðherra þá haldi hann áfram að vera þingmaður þannig að hann er bæði löggjafi og framkvæmdarvaldshafi um leið.

Ég er meðflutningsmaður hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur að frumvarpi um að þingmaður skuli segja af sér þingmennsku verði hann ráðherra. Ég tel að eiginlega sé ekki minni kröfu hægt að gera til þess að skilja þó aðeins á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Þetta er of samofið.

Það má líka velta því fyrir sér hvort ekki séu líkur á því að framkvæmdarvaldið verði sterkara og hæfara til þess að sinna flóknum sérhæfðum verkefnum ef sú hefð skapast að fagráðherrar verði valdir frekar en sitjandi þingmenn eins og reyndar hefur verið bryddað upp á af þessari ríkisstjórn hvað varðar hæstv. viðskiptaráðherra og dómsmálaráðherra. Það má velta því fyrir sér hvort það sé ekki ágætis nýbreytni. En það þarf í sjálfu sér ekki stjórnarskrárbreytingu til heldur er þar um að ræða ákveðna stjórnskipunarhefð þar sem við höfum tileinkað okkur aðra hluti. Mér finnst það vel koma til skoðunar og vera athugandi hvort það mundi ekki verða einmitt til þess að styrkja framkvæmdarvaldið og gera bæði löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið sterkara ef það yrði miðað við það að feta sig frekar inn á þessa braut og ég ítreka að það þarf ekki stjórnarskrárbreytingar til.

Það má velta fyrir sér einnig varðandi dómsvaldið hvort ekki sé ástæða til þess að Alþingi hafi virkari afskipti af því með hvaða hætti dómarar eru valdir sérstaklega til setu í Hæstarétti Íslands. (**BJJ:** Heyr!) Ég er reyndar meðflutningsmaður að frumvarpi sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er 1. flutningsmaður að um það atriði.

Önnur atriði sem koma til skoðunar varðandi stjórnarskipunarlögin eru að sjálfsögðu spurningin um kirkjuskipunina og síðan mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Með samanburði á mannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar og stjórnarskrár til dæmis grannríkja okkar verður ekki hægt að segja annað en að við séum vel sett hvað þetta snertir. Við höfum gert þær breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar sem að mínu viti eru mjög fullnægjandi.

Varðandi að öðru leyti það frumvarp sem hér liggur fyrir þá er í 1. gr. fjallað um náttúruauðlindir í almennum orðum og vantar mjög mikið upp á að um sé að ræða nákvæmar orðaskýringar á því hvað átt sé við. Mér er ljóst að þetta ákvæði breytir ekki í neinu því ástandi sem hér ríkir. Þannig breytir það ekki í neinu gildandi fiskveiðistjórnarkerfi þó þetta ákvæði verði samþykkt með því almenna orðalagi sem hér er um að ræða.

Ég hins vegar geld varhuga við ákveðnum svona rómantískum sveimhugahætti eins og ég kýs að kalla það. Í 2. mgr. 1. gr. segir, með leyfi forseta:

„Allar náttúruauðlindir ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir. Náttúruauðlindir í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi.“

Það er eðlilegt að hafa „á grundvelli sjálfbærrar þróunar“. En síðar kemur viðbótin. Þar kemur hin rómantíska sveimhugsun, með leyfi forseta:

„Allir eiga rétt til umhverfis sem stuðlar að heilbrigði og þar ...“ — með — „líffræðilegri fjölbreytni ...“

Hvað þýðir þetta? Hvernig á að tryggja þetta ákvæði stjórnarskrárinnar? Þetta er svona svipað og að setja ákvæðin ákvæði í lög um hegðun einstaklinga. Í sjálfu sér á svona

ákvæði ekkert heima þarna þótt við vildum öll að þannig gæti þetta verið. Síðan er talað um að réttur almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það, svo og kostur á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, skuli tryggður með lögum sem í sjálfu sér á ekkert sérstaklega erindi inn í stjórnarskrá þar sem spurningin er um að setja ákveðin lagaákvæði. Þegar þetta ákvæði er skoðað þá er þetta svona aumingi í afturendanum sem er settur inn til þess að fullnægja rómantískum sveimhugahætti eftir því sem mér sýnist án þess að það hafi nokkurt stjórnskipulegt gildi.

Þá kemur að 79. gr. þar sem fjallað er um breytingar á viðauka á stjórnarskrá og verulega breytingu á því hvernig stjórnarskrá skuli sett fyrir landið, þ.e. í staðinn fyrir að það þurfi samþykki tveggja þinga þá skuli það vera á grundvelli þjóðaratkvæðagreiðslu. Hér er eingöngu um aðra aðferð að ræða sem hefur í sjálfu sér margt til síns máls en það væri æskilegra líka að fjalla um hana með ítarlegri hætti.

Því miður, virðulegi forseti, kemst ég ekki tímans vegna í að ræða ákvæði 4. gr. um stjórnlagaþing. En mér finnst það nokkuð sérstakt að Alþingi Íslendinga skuli á þessum tímum telja mikilvægt að fela öðrum aðila, öðru þingi valdsvið sitt sem í raun er þá ekki annað en yfirlýsing um að þeir alþingismenn sem það telja telja Alþingi Íslendinga óhæft til þess að fjalla um þau mál sem þar er um að ræða. Ég get ekki fallist á það. Ég tel Alþingi vel falið til þess.

Það ber að gæta varúðar við breytingar á stjórnarskrá, virðulegi forseti, vegna þess að um er að ræða grundvallarlög samfélagsins, þá umgjörð sem tryggir lýðræði og mannréttindi og slíkum grundvallarlögum á ekki að breyta (Forseti hringir.) nema að reynt sé til þrautar að ná sem (Forseti hringir.) víðtækastri sátt um breytingarnar.

[21:38]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskránni. Ég hef lítillega fylgst með umræðunum hér í dag en hef ekki hlýtt á alla umræðuna.

Ég vil byrja á því að segja að mér finnst það hvernig til þessa máls var stofnað mjög mikið umhugsunarefni, ekki bara það að hér hafi verið látið undir höfuð leggjast að leita samráðs allra flokka um breytingar á stjórnskipuninni heldur líka það að menn skuli láta sér detta það í hug núna á þessum tímum sem við erum að upplifa, þar sem við erum við upphaf endurreisnar efnahagslífsins, að gera breytingar á stjórnarskránni skömmu fyrir kosningar.

Vissulega hefur maður skilning á því að menn vilji freista þess að nota tækifærið vegna þess hvernig reglur um breytingar á stjórnarskránni eru gerðar í dag og í ljósi þess að kosningar eru í aðsigi að grípa þá til breytinga. En maður hefði þá ætlað að það yrði gert á þeirri forsendu að það væri víðtæk sátt um slíkar breytingar. En slíku er ekki til að dreifa í þessu máli.

Í annan stað hlýtur maður að staldra við þá mótsögn sem augljós er í málinu og birtist í því að hér er annars vegar út frá því gengið að afar brýnt sé að koma á stjórnlagaþingi til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins og eins og segir í 4. gr. frumvarpsins að það skuli koma saman eigi síðar en 1. desember á þessu ári og það hafi nú ekkert minna hlutverk en það að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins þar sem byggt verði áfram á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda, nefnilega sem sagt bara að endurskoða stjórnarskrána frá grunni. Það verður ekkert skilið öðruvísi. En á sama tíma og hrint er af stað þessu mikilvæga verkefni, heildarendurskoðun á stjórnarskránni þá leggja höfundar frumvarpsins til þrjár viðbótargreinar, þ.e. leggja til tilteknar breytingar á þessari sömu stjórnarskrá. Nú hlýtur maður að spyrja sig. Hvort er það vegna þess að þeir treysta ekki stjórnlagaþinginu til þess að hrinda þessum breytingum í framkvæmd eða vegna þess að það eru þessar tilteknu breytingar sem eru svo afskaplega brýnar að þeim er teflt hér fram samhliða stjórnlagaþingshugmyndinni?

Það er nefnilega þannig í frumvarpi Framsóknarflokksins um stjórnlagaþing að til rökstuðnings hugmyndinni er nefnt að það sé svo brýnt að breyta stjórnarskránni að þingið hafi þótt of svifaseint og verkferlið allt saman of þunglamalegt að það þurfi hreinlega að taka þetta mjög svo brýna verkefni úr höndum þingsins og færa það á sérstakan vettvang.

Hvaða mál eru sérstaklega tilgreind þá í því sambandi? Hvaða mál er sérstaklega brýnt að verði endurskoðuð? Og vel að merkja, hvaða mál voru það sem stjórnarskrárnefndin var til að mynda sérstaklega að skoða í þessu? Jú, eru það ekki mál eins og þingræðisreglan, hvernig henni verði betur fyrir komið í stjórnarskránni, þrískiptingin hvernig hún verði nánar útlistuð? Eru það ekki einmitt mál eins og staða og hlutverk forsetaembættisins, hvernig eigi að tvinna saman 26. gr. stjórnarskrárinnar við mögulega nýja grein um þjóðaratkvæðagreiðslu? Er það ekki til að mynda það að í stjórnarskránni er hvergi minnst á Hæstarétt og það þurfi að renna styrkari stoðum undir tilvist hans í stjórnarskránni? Ég hélt að það væru einmitt þessi atriði sem væri svo brýnt að taka til endurskoðunar. En, nei. Höfundar þessa frumvarps ganga út frá því að aðrar breytingar séu enn þá brýnni og miklu brýnni reyndar og svo brýn nauðsyn sé að samþykkja auðlindaákvæðið í 1. gr. þessa frumvarps, breytingar á 79. gr. hennar um það hvernig breyta skuli stjórnarskránni og síðan ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu, að það verði ekki beðið með þau atriði. Merkilegast þykir manni þó auðvitað að stjórnlagaþingið sem á að taka til starfa síðar á þessu ári skuli ekki treyst til þess að fjalla um þetta sérstaklega.

Mig langar áður en ég vík að einstökum efnisatriðum frumvarpsins nánar, þ.e. fyrstu þremur greinunum og síðan þeirri fjórðu sem fjallar um stjórnlagaþingið, að vekja athygli á einu. Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð var það á grundvelli stuðnings frá Framsóknarflokknum sem hugðist styðja ríkisstjórn þessa eða verja hana vantrausti. Fyrir því voru sett ákveðin skilyrði. Í fyrsta lagi að kosið yrði 25. apríl eða eigi síðar að minnsta kosti. Í öðru lagi kom fram þessi hugmynd um stjórnlagaþing sem Framsóknarflokkurinn lagði mikla áherslu á og svo í þriðja lagi — og ég vona að ég sé ekki að gleyma mörgum mikilvægum atriðum — en í þriðja lagi, eins og ég man þetta, þá lagði Framsóknarflokkurinn áherslu á að á því þingi sem nú er að störfum og mun starfa fram að kosningum þá mundu menn einbeita sér eingöngu að brýnum úrlausnarefnum

vegna vanda heimilanna og atvinnulífsins.

Það virðist vera að Framsóknarflokkurinn hafi í millitíðinni hlaupið frá þessum skilyrðum vegna þess að nú skyndilega er hann kominn á þá skoðun að ástæða sé til að gera nokkrar viðbótarbreytingar. Framsóknarflokkurinn hefur sem sagt horfið frá þeirri skoðun sinni að það mikilvægasta sem við gerum á þessu þingi fram að kosningum sé að ræða stöðu atvinnuveganna og vanda heimilanna. Hann hefur horfið frá þeirri skoðun. Hann er þeirrar skoðunar eins og Frjálslyndi flokkurinn sem á fulltrúa í þessu máli, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, Vinstri hreyfingin – grænt framboð með formann sinn, hæstv. fjármálaráðherra Steingrím J. Sigfússon, sem flutningsmann og síðan hæstv. forsætisráðherra sem flytur þetta mál sem fyrsti flutningsmaður en í millitíðinni eru þau sem sagt orðin sammála um að eitt það brýnasta sem þurfi að leysa úr séu breytingar á stjórnarskránni, að grundvallarlögskipun landsins, grundvallarlögin, þurfi að taka breytingum.

Ég verð fyrir mitt leyti að segja að mér finnast þetta vera forkastanleg vinnubrögð að ætla á örfáum dögum að þvinga í gegn jafnróttækar breytingar á stjórnarskránni og frumvarpið geymir og leggja upp með það að slíkar breytingar skuli gerðar án samráðs allra flokka. Ég vil vekja athygli á einu í því sambandi. Breytingartillaga frá stjórnarskrárnefndinni sem laut að því hvernig við breytum stjórnarskránni, þ.e. hvernig við tækjum 79. gr. til endurskoðunar, gekk út frá því að lágmarkstími þyrfti að líða á milli umræðna. Sú tillaga gerði reyndar ráð fyrir því að ekki væri hægt að afgreiða frumvarp eins og þetta nema á nokkrum mánuðum í þinginu. Tryggilega var frá því gengið í þeirri tillögu að engar breytingar væri hægt að þvinga fram með þeim hætti sem hér er gert og ég man ekki betur en að um þetta væri ágætis sátt í stjórnarskrárnefndinni, sem aldrei lauk störfum endanlega en hafði þó komið sér saman um ákveðnar breytingar á þessu atriði, um að óskynsamlegt væri og óverjandi að gera þinginu kleift að hrinda skyndilega í framkvæmd breytingum á stjórnarskránni, á grundvallarlöggjöfinni. Þegar menn gá betur að sér er auðvitað eina skynsemin að standa þannig að málum.

Ég ætla þá að víkja að einstökum efnisatriðum. Í 1. gr. er fjallað um auðlindaákvæðið. Hugtakið „þjóðareign“ sem birtist þar hefur lengi verið afar umdeilt meðal lögfræðinga. Svo virðist, bæði í þessari grein og sérstaklega þó í skýringum með henni, að menn séu að rugla saman eignarréttarhugtakinu og fullveldinu vegna þess að látið er að því liggja að með hugtakinu „þjóðareign“ sé verið að fjalla um eignarréttarlegt fyrirbæri sem sé eitthvað annað en ríkiseign. Við erum sem sagt komin með hugtak sem fer í flokk með einkaréttarlegum eignarrétti, ríkisréttarlegum eignarrétti og sköpum nú eitthvert nýtt fyrirbæri sem þjóðareignarhugtakið á að ná yfir. Í grunninn er þjóðareignarhugtakið ekkert annað en hugtak sem fjallar um fullveldisréttinn og felur í sér, eins og ég skil það, allt sem fram kemur í 2. mgr., nefnilega skylduna til að nýta náttúruauðlindirnar í landinu á sem hagkvæmastan hátt.

Í greinargerð með frumvarpinu segir síðan að ákvæðið hafi verið til umfjöllunar í stjórnarskrárnefndinni og vísað er í vinnuhóp nefndarinnar, sem ég sat í, og rifjað upp að í honum hafi orðið samstaða um að gera tillögu um stjórnarskrárákvæði sem tæki bæði til eignarhalds á auðlindum og nýtingu þeirra í ljósi tillagna auðlindanefndarinnar. Of langt mál er að fara yfir allt það efni sem farið er yfir í greinargerð með frumvarpinu en þar kemur fram að greinin eins og hún birtist í frumvarpinu sé efnislega samhljóða því sem rætt var um í vinnuhópnum. Það má til sanns vegar færa, enda var á þeim tíma stjórnarmeirihluti að störfum sem hafði ákvæði um sameign þjóðarinnar í stjórnarsáttmálanum, þ.e. ákvæði um að festa skyldi í stjórnarskrána að náttúruauðlindirnar væru sameign þjóðarinnar.

Vinnuhópur þessi lagði tillögu sína inn í stjórnarskrárnefndina, sem vannst aldrei tími til að fara nánar ofan í tillöguna en þó komu fram mjög skýrar kröfur um að öll lögfræðileg og hagfræðileg álitaefni á þeim vettvangi yrðu tekin til skoðunar áður en nefndin tæki málið til afgreiðslu, enda er augljóst að öll lögfræðileg og hagfræðileg álitaefni verða að koma til skoðunar þegar hreyft er við grundvallarréttindum á borð við þau sem við ræðum hér. Ekkert slíkt starf var unnið í vinnuhópnum og fráleitt að láta að því liggja að einhver djúpstæð vinna liggi að baki starfi vinnuhópsins. Í raun og veru var ekki um annað að ræða en vinnuhópurinn lagði til á grundvelli stjórnarsáttmálans og þeirrar vinnu sem áður hafði farið fram í auðlindanefndinni svonefndu að mál yrðu tekin til skoðunar á þeim grundvelli. Að öðru leyti höfðu vinnuhóparnir ekki annað hlutverk í stjórnarskrárnefndinni en að reyna að flýta fyrir og taka saman upplýsingar og til þeirra var stofnað á sínum tíma vegna þess að nefndarstarfinu þótti vinda of hægt fram.

Hér vil ég sem sagt koma að þeirri athugasemd að þjóðareignarhugtakið er gríðarlega umdeilt meðal lögfræðinga og vil setja allan fyrirvara á að slíkt hugtak sé fært inn í stjórnarskrána með þeim hætti sem hér er lagt upp með og vil alveg sérstaklega gera athugasemdir við umfjöllun í greinargerðinni þar sem fjallað er um mikilvægi þess að ákvæði af þessum toga sé í stjórnarskrá í tengslum við mögulega samninga okkar við Evrópusambandið. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að sú umfjöllun sem það snertir sé tóm vitleysa í greinargerðinni. Það er bara tóm vitleysa sem þar er haldið fram að ákvæði af þessum toga hafi einhverja þýðingu í mögulegum aðildarviðræðum okkar við Evrópusambandið.

Í annan stað er hægt að staldra við 2. mgr. 1. gr. þar sem segir að allar náttúruauðlindir beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar og til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir. Hvaða skyldu er þarna verið að leggja á stjórnvöld? Þýðir þetta til að mynda að okkur beri að stunda stórfelldar hvalveiðar við Ísland? (**GAK:** Ekki spurning.) Hér er kallað fram í af einum flutningsmanna að ljóst sé að okkur beri að stunda stórfelldar hvalveiðar í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunar og mér finnst athyglisvert að heyra það frá einum flutningsmanna að hann líti þannig á að þetta muni fella þær skyldur á stjórnvöld að fylgja í einu og öllu tillögum Hafrannsóknastofnunar um veiðar, til að mynda á stórhvelum. (Gripið fram í.)

Varðandi 3. mgr. 1. gr. í frumvarpinu hlýtur maður að velta því fyrir sér, hvað sem um Árósasamninginn má segja, hvaða þörf sé í raun og veru á því að færa efnisatriði sem tengjast honum inn í stjórnarskrá, inn í grundvallarlög-

gjöf okkar. Hvers vegna dugar ekki að hafa þau efnisatriði sem þar eru til umfjöllunar í almennri löggjöf? Og ég hef þá ekki tekið neina sérstaka afstöðu til þess sem þar er fjallað um, þ.e. sem snertir líffræðilega fjölbreytni og annað þess háttar. Ég tel að gild rök megi færa fyrir því og veit að réttarfarsnefnd hefur haft margar athugasemdir við fullgildingu samningsins. En væri ekki nær fyrir okkur á þinginu að taka fyrst til umfjöllunar þörfina fyrir fullgildingu samningsins áður en okkur dettur í hug að færa ákvæði af þessum toga beint inn í stjórnarskrána? Maður hefði ætlað það.

Ég vil koma aðeins að 2. gr. frumvarpsins sem snertir 79. gr. núverandi stjórnarskrár og tillaga er um að verði 81. gr. Ég ætla að segja þá skoðun mína að ég tel skynsamlegt að breyta 79. gr. Ég held að rétt sé að við reynum að sammælast um breytingar á henni vegna þess að það hefur sýnt sig í umræðum um breytingar á stjórnarskránni að mönnum virðist lítið vinnast í því verki framan af kjörtímabili og það er mest undir tímapressu undir lok kjörtímabils sem breytingar á stjórnarskránni koma til skoðunar. Við vitum hver ástæðan er, samkvæmt núgildandi skipulagi þarf að ganga til kosninga þegar breytingar hafa verið samþykktar á stjórnarskrá. Ég held að við eigum að taka umræður um breytingar á stjórnarskránni úr þeim farvegi. Við eigum að lyfta málinu upp úr þeim farvegi að þurfa ávallt að efna til kosninga og við eigum að taka upp þá reglu sem efnislega er rædd í 2. gr. frumvarpsins, sem sagt að heppilegra sé að við efnum til þjóðaratkvæðagreiðslu um breytinguna sem slíka. Þá vakna auðvitað spurningar um það hversu rúman stuðning breytingar á stjórnarskránni eiga að hljóta hjá þjóðinni og í grunninn get ég lýst mig samþykkan því að ávallt verði a.m.k. 25% allra kjósenda á kjörskrá að standa að baki slíkri samþykkt.

Hitt er síðan hvort við eigum að láta þetta nægja og styðjast ávallt eingöngu við einfaldan meiri hluta á þinginu. Þetta eru atriði sem þarf að taka til nánari skoðunar en í grunninn er ég fylgjandi því að við gerum breytingu af þessum toga og miðum við það í framtíðinni að breytingar á stjórnarskránni kalli ekki á kosningar. Þegar maður hugsar málið aðeins nánar væri kannski, þegar grannt er skoðað, ágætt að fella öll önnur ákvæði frumvarpsins út úr því og láta þessa grein standa eina eftir. Það væri dálítið í ætt við það sem stjórnarskrárnefndin lagði til á sínum tíma. Værum við ekki þá þegar komin með málið í þann búning að flestir ættu að geta vel við unað og komið öðrum efnisatriðum málsins til nánari skoðunar.

Ég verð að lýsa mig ósammála 3. gr. frumvarpsins. Ég átta mig hreinlega ekki á því hvað það er sem þrýstir svo mjög á um að við verðum við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðfélaginu og án tafar að taka til skoðunar greinina um að 15% kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni. Eitt er það að færa þjóðinni í hendur réttinn til að taka til endurskoðunar lög frá þinginu ef upp kynni að koma sú staða að þjóðin væri ósátt við löggjöf sem kæmi frá þinginu. Gott og vel. En að miða við 15% í því samhengi finnst mér algerlega fráleitt, enda er kosningaþátttaka á Íslandi almennt það góð og þingfulltrúar með slíkan meiri hluta þjóðarinnar að baki sér, að fráleitt er að efna til uppþots vegna löggjafar ef 15% kjósenda krefjast þess. En hitt er síðan að ganga út frá því að þetta hundraðshlutfall kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök málefni, mér er algerlega fyrirmunað að skilja hvaðan þessi hugmynd kemur og hvað liggur svo mjög á um að færa það ákvæði inn í stjórnarskrána fyrir kosningar og eigi síðar.

Stjórnlagaþingshugmyndin er síðan efni í sérstaka ræðu og reyndar flutti ég ræðu um það efni þegar Framsóknarflokkurinn tefldi fram þingmáli sínu um það efni fyrir fáeinum dögum eða vikum síðan. Ég minnist þess að í máli mínu þá spáði ég því að mál framsóknarmanna nyti ekki stuðnings ríkisstjórnarinnar og lesa mætti út úr fréttatilkynningum frá ríkisstjórninni að við gætum átt von á því að ríkisstjórnin kæmi með sína eigin hugmynd að stjórnlagaþingi. Hvað höfum við nú í höndunum? Jú, einmitt, aðra hugmynd um stjórnlagaþing frá ríkisstjórninni, sem átti ekki einu sinni hugmyndina í upphafi heldur starfar í umboði Framsóknarflokksins og tók hugmynd hans og gerði að sinni með smávægilegum breytingum, skar þetta niður. Síðan vill ríkisstjórnin ekki fjalla um kostnaðinn sem fylgir því að efna til stjórnlagaþingsins en reikningurinn verður kannski (Forseti hringir.) ekkert sérstaklega hár í þeirra augum, ekki nema um það bil 1–1½ milljarður.

[22:04]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eftirtektarvert og fróðlegt var að hlýða á ræðu hv. þingmanns. Hún var í reynd ein samfelld vörn fyrir þá staðreynd að hv. þingmaður var formaður starfshóps sem komst að niðurstöðu sem var lögð fram í frumvarpi ríkisstjórnarinnar. (Gripið fram í.) Þetta hefur valdið hv. þingmanni og væntanlegum leiðtoga Sjálfstæðisflokksins erfiðleikum vegna þess að hann hefur það í farteskinu að hafa í reynd borið ábyrgð á því að vinna starfshóps, undirhóps stjórnarskrárnefndar, komst að þeirri niðurstöðu sem hér er lögð fyrir.

Ég get vel skilið að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins telji ekki rétt að fara í gagngera umdeilda endurskoðun á stjórnarskránni á þessu augnabliki en staðreyndin er sú að af þeim fjórum tillögum sem gert er ráð fyrir að verði að breytingum í stjórnarskránni, hafa þeir samþykkt þrjár og tekið þátt í að búa til tvær þeirra. Leiðtogaefni Sjálfstæðisflokksins ber efnislega og formlega ábyrgð á þeirri gerð sem hér er að finna varðandi þjóðareignina. Svo getur hann komið og eytt öllum tíma sínum í að verja sig sem leiðtogaefni gagnvart flokknum vegna þess að hann er kominn í andstöðu við flokk sem greinilega er á móti þessu en hann samþykkti það. Í öðru lagi samþykktu hann og hv. þm. Birgir Ármannsson, ásamt fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins, það frumvarp sem lagt var fyrir þingið og tekið upp um hvernig eigi að breyta stjórnarskránni. (Gripið fram í.) Í þriðja lagi hafa allir helstu forustumenn Sjálfstæðisflokksins, þar á meðal sá sem hv. þm. Bjarni Ben. er í keppni við um leiðtogasætið í Suðvesturkjördæminu, lýst yfir stuðningi við þjóðaratkvæði. Þetta er kannski angi af átökum hv. þingmanns og varaformanns Sjálfstæðisflokksins sem hér brýst fram. Hann lýsir sig mótfallinn því. Hún lýsti sig tvisvar (Forseti hringir.) samþykka því í ræðu á Alþingi fyrir nákvæmlega fjórum vikum. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (KHG)**:** Ég veit að hæstv. utanríkisráðherra er kunnugt um að þingmaðurinn heitir Bjarni Benediktsson.)

[22:06]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef sérstaka ánægju af því að rifja upp samstarf okkar hæstv. utanríkisráðherra í stjórnarskrárnefndinni vegna þess að samstarfið þar var býsna gott þó að ég hafi farið á mis við það að starfa með honum í vinnuhópnum sem fjallaði um auðlinda- og umhverfismálin. Þannig að hann gerir mér mjög hátt undir höfði með því að rifja upp að ég hafi gegnt formennsku, hvorki meira né minna, í þeim hópi. En eins og fram kemur í áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndarinnar boðaði vinnuhópurinn til nokkurra funda og fundaði meðal annars með prófessor í umhverfislögfræði við Háskóla Íslands og síðan auðvitað sérfræðingum nefndarinnar. Ég veit ekki hvort hæstv. utanríkisráðherra lét undir höfuð leggjast að fylgjast með ræðu minni hér áðan. Ég taldi mig hafa farið ágætlega yfir það hvaða stöðu vinnuhópurinn hafði og hvernig það kom til að vinnuhópurinn lagði ákvæðið fram inn í stjórnarskrárnefndina sjálfa, sem fór með ákvarðanatöku fyrir nefndina í heild. Ég ætla að gera það aftur í örfáum orðum og rifja upp að þegar málið kom inn í nefndina kom afar skýrt fram að öll lögfræðileg og hagfræðileg álitaefni sem tengdust breytingunni þurfti að taka til nánari skoðunar. Að öðru leyti lagði vinnuhópurinn ákvæðið fram eins og það var smíðað af auðlindanefndinni og á grundvelli ákvæðisins, eins og það var á þeim tíma í stjórnarsáttmála Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, til nánari úrvinnslu og skoðunar í nefndinni. Sú vinna fór aldrei fram. Þess vegna er algerlega fráleitt að halda því fram (Forseti hringir.) að vinnuhópurinn hafi tekið einhverja endanlega afstöðu fyrir hönd stjórnarskrárnefndarinnar í heild.

[22:08]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég get sagt eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson að mér þótti gaman að vinna með honum í stjórnarskrárnefndinni. Yfirleitt hefur mér alltaf þótt gaman að vinna með hv. þingmanni og mér hefur fundist hann vera málefnalegur og hafa margt gott fram að færa. Eins og til dæmis í þessum starfshóp.

Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að þetta var undirhópur sem hafði enga formlega stöðu og mótaði ekki stefnuna fyrir stjórnarskrárnefndina. Það er hárrétt hjá honum að í stjórnarskrárnefndinni kom þetta viðhorf mjög sterklega fram hjá tveimur fulltrúum Sjálfstæðisflokksins hv. þm. Birgi Ármannssyni og Þorsteini Pálssyni, fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins, að skoða þyrfti hagfræðilegar útfærslur á þessu, en ekki hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni, ekki hjá honum. Hann var einn þeirra sem tók þátt í þessari vinnu, hann leiddi vinnuna. Fundargerðir voru skrifaðar. Hv. þingmaður átti kost á því að gera athugasemdir en gerði það ekki. Hann var samþykkur því. Það breytir ekki hinu að stjórnarskrárnefndin gerði þetta ekki að stefnu sinni en hv. þm. Bjarni Benediktsson gerði þetta að stefnu sinni. Hann getur ekkert hlaupist undan því þótt hann ætli sér að verða leiðtogi Sjálfstæðisflokksins — sem ég vona að hann verði, enginn virðist ætla að fara fram gegn honum og hann er hæft leiðtogaefni. En leiðtogar verða að standa við sannfæringu sína og þeir verða stundum að geta farið á móti straumnum, eins og laxinn sem sterklega stiklar. Það vitum við og það á hv. þingmaður að gera. Hann á ekki að skammast sín fyrir að taka rökum frá þeim sem voru með honum í nefndinni. Hann skrifaði undir þetta. Hann kemst ekki hjá því.

Hitt er svo annað mál, herra forseti, að mér finnst heldur ekkert sérstaklega leiðtogalegt hjá hv. þingmanni að koma hingað, vera á leið í prófkjör við varaformann Sjálfstæðisflokksins, og gera þennan ræðustól að einhverjum vettvangi til að gera ágreining við hana um atriði sem mjög margir hafa fylgt en ekki allir, það er að segja að breyta eigi stjórnarskránni þannig að sett sé að setja inn ákvæði um þjóðaratkvæði. Hv. þm. kemur nú og lýsir allt annarri skoðun en varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Það er alveg óþarfi. Ég held að menn komist vel af í umræðunni án þess að hér séu borin inn (Forseti hringir.) innanflokksátök um leiðtogaefni Sjálfstæðisflokksins.

[22:11]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna að ég geri mér oft ekki grein fyrir því þegar hæstv. utanríkisráðherra stígur hér upp í stólinn — ef til vill til að leita að (Gripið fram í.) höggstað á manni — hvort honum er í raun og veru alvara eða hvort hann er ef til vill bara að spauga vegna þess að auðvitað er ekki nema spaugilegt að halda því fram að einhver núningur sé á milli mín og varaformanns Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, varðandi þjóðaratkvæðagreiðsluákvæðið. Ég fór ágætlega yfir það, taldi ég, í ræðu minni áðan, að ég tel alveg geta komið til greina að fella slíkt ákvæði inn í frumvarpið. Ég hafði einfaldlega efnislegar athugasemdir við ákvæðið eins og það liggur fyrir þinginu og spyr af hverju liggur svona mikið á að gera þessa breytingu nú í aðdraganda kosninga við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðfélaginu, þar sem hv. þingmenn leggja til að stjórnlagaþing taki stjórnarskrána til heildarendurskoðunar. Mér er algjörlega fyrirmunað að skilja það.

Að öðru leyti finnst mér öll umræða um tillögur vinnuhópsins vera í besta falli hlægileg ef ekki bara vandræðaleg fyrir hæstv. utanríkisráðherra vegna þess að honum getur ekki verið alvara með þeim málflutningi sem hann býður hér upp á og ekki í fyrsta sinn. Ég er sannfærður um að þetta hlýtur að vera í fjórða ef ekki fimmta sinn sem við eigum orðastað um þennan þriggja manna vinnuhóp undirnefndar stjórnarskrárnefndarinnar og að ég skuli ekki hafa gert fyrirvara þar. Þetta er algerlega hlægileg umræða í heild sinni. (Gripið fram í.) Hlægileg. Ég kannast heldur ekki við að það hafi einungis verið tveir en ekki þrír af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins sem gerðu (Forseti hringir.) þennan fyrirvara um nánari lögfræðilega- og hagfræðilega skoðun í stjórnarskrárnefndinni sjálfri. Ég man nefnilega (Forseti hringir.) sérstaklega eftir umræðum á fundinum þar sem við áttum (Forseti hringir.) sömu samræður og nú, ég og hæstv. utanríkisráðherra.

[22:13]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að bregðast við ósk minni um að hæstv. utanríkisráðherra kæmi til þessarar umræðu vegna þess að hæstv. utanríkisráðherra hefur sýnt henni áhuga í bloggskrifum sínum en hefur lítið sést hér í dag. Þannig að ég vildi gefa honum kost á að koma í umræðuna. Sérstaklega finnst mér rétt að hann fái tækifæri til að biðjast afsökunar á ummælum sem komu fram á bloggi hans í kvöld, biðja þingið og þingmenn afsökunar á rangfærslum sem komu fram í bloggi hans, þegar hann fullyrðir að umræður um stjórnarskrármálið hafi tafið fyrir mikilvægum málum frá ríkisstjórninni og honum sérstaklega. Hann nefnir Helguvíkursamninginn. Við buðum að Helguvíkursamningurinn yrði tekinn fyrir á undan stjórnarskrármálinu. Hann nefnir raforkulög, sem voru lögð fyrir þingið í gær og má ekki taka fyrir fyrr en á morgun. Hann nefnir endurgreiðslukostnað við kvikmyndagerð. Það sama gildir um það, það frumvarp var lagt fram í gær og ekki má taka það á dagskrá fyrr en á morgun. Hann nefnir fjölgun manna á listamannalaunum. (Forseti hringir.) Það frumvarp er ekki komið fram. Hann nefnir líka frumvarp um nýsköpunarfyrirtæki, það er ekki komið fram þannig að ég óska eftir því að hæstv. ráðherra biðjist afsökunar á þeim rangfærslum sem hann hefur í málgagni sínu á (Forseti hringir.) blogginu.

[22:14]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill geta þess að ummæli hæstv. ráðherra á bloggi sínu lúta ekki að þingfundinum og forseti telur því ekki ástæðu til þess að taka það upp undir liðnum Fundarstjórn forseta.

[22:15]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég virði þingið og vil gera allt sem þingið vill. Ég ætla að biðja Sjálfstæðisflokkinn afsökunar. Ég ætla að biðja hann afsökunar á því að ég komst ekki hingað í kvöld þegar hv. þm. Birgir Ármannsson vildi fá mig hingað til að hlýða á mál sitt. Ástæðan var því miður sú að ég sat í ráðuneyti mínu að störfum og hafði slökkt á símanum mínum ella hefði ég brugðið við hið fyrsta og komið hingað til að hlýða á skammir og ásakanir hv. þingmanns.

Af hinu sem ég skrifaði á bloggið mitt, það er allt saman rétt sem þar stendur. (**BÁ:** Haugalygi.) Sjálfstæðisflokkurinn stendur hérna í heldur barnalegu málþófi sem miðar bara að því að (**BÁ:** Svaraðu efnisatriðunum.) tefja tímann og koma í veg fyrir að ríkisstjórnin nái málum sínum á dagskrá. Það er allt í lagi, það er réttur stjórnarandstöðunnar að beita málþófi þó að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi manna harðast mælt gegn þeim rétti.

Hitt er svo annað sem þeir verða að gera upp við sjálfa sig hvort þeir vilja mjög lengi koma í veg fyrir það að hv. þm. Mörður Árnason geti átt orðastað við mig um Helguvík.

[22:16]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Nú ætla ég að bjóða hæstv. utanríkis- og iðnaðarráðherra upp á það að við sjálfstæðismenn munum greiða fyrir því að á morgun verði fjárfestingarsamningurinn um Helguvík tekinn á dagskrá, fyrst á dagskrá, svo við getum rætt það mál við hæstv. iðnaðarráðherra og við hv. þm. Mörð Árnason, sem mig grunar að sé harður andstæðingur þess máls.

Ég ætla að biðja hæstv. utanríkisráðherra að fara varlega í að gagnrýna okkur sjálfstæðismenn í því að ræða vandlega um stjórnarskrá lýðveldisins vegna þess að ekki er lengra síðan en 9. mars 2007 sem hæstv. utanríkisráðherra lét eftirfarandi orð falla:

„Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“ — Fyrir tveimur árum var þetta sagt þegar fjallað var um stjórnarskrána.

Það er einmitt það sem við erum að gera, (Forseti hringir.) við erum að fjalla vandlega um stjórnarskrána og af ábyrgð. (Forseti hringir.) Það ætti hæstv. ráðherra að gera frekar en að sitja fyrir framan (Forseti hringir.) tölvuna sína í iðnaðarráðuneytinu eða utanríkisráðuneytinu og (Forseti hringir.) skrifa þar palladóma um okkur sjálfstæðismenn.

[22:17]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil breyta aðeins nálgun minni og óska eftir að hæstv. utanríkisráðherra verði hleypt í ræðu sem fyrst á dagskránni svo hann geti beðist afsökunar á þeim rangfærslum sem er að finna í bloggi hans. Ég rakti áðan hvernig staðan er á þeim frumvörpum sem hann vísar til í bloggi sínu og skýringin kemur skýrt fram þegar við horfum á stöðu mála í þinginu að umræður sjálfstæðismanna um stjórnarskrármál hafa ekki tafið fyrir þeim málum sem hann vísar til, ekki neitt. Í þessum skrifum stendur því ekki steinn yfir steini, þau eru ósannindi og hæstv. utanríkisráðherra hefur hér tækifæri til þess að biðjast afsökunar á því að fara með rangt mál.

[22:18]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég verð að tilkynna þinginu að það er rangt hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að ég hafi setið fyrir framan tölvu mína að blogga um Sjálfstæðisflokkinn í kvöld. Ég var að lesa skýrslu sem verður kynnt fyrir utanríkismálanefnd á morgun, áhættumatsskýrslu fyrir Ísland, það var það sem ég var að gera.

Um það sem hv. þm. Birgir Ármannsson segir, bólginn af bræði í ræðustól, hef ég bara það eitt að segja: Hv. þm. Birgir Ármannsson og félagar hans í Sjálfstæðisflokknum hafa komið í veg fyrir það með barnalegu og kjánalegu málþófi, eins og t.d. í gær þar sem þeir beittu alveg splunkunýrri tækni með því að fara í andsvör við sjálfa sig, sem aldrei hefur sést hér í sölum, og komu þannig í veg fyrir að við hefðum hugsanlega verið komin með Helguvíkurmálið í nefnd, væntanlega til þess að afgreiða (Gripið fram

í.) það eins faglega, vel og hratt og hægt væri. Ég veit að það er andstætt vilja hv. þm. Marðar Árnasonar og öruggleg hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur, en ég hélt að við værum sammála um það, ég og þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

Staðreyndin er þessi: Þeir haga sér hérna eins og kjánar og þeir eru í reynd finnst mér, án þess að þeir geri sér grein fyrir því, að vinna gegn (Forseti hringir.) hagsmunum fólks í samfélaginu (Forseti hringir.) með þessari barnalegu háttsemi. (**Gripið fram í:** Ráðherrann svarar engu.) Ég hef sagt það við hv. þingmann að það kemur ekki til greina að ég biðjist (Forseti hringir.) afsökunar á einu eða neinu. Allt sem ég sagði er rétt.

[22:20]

Mörður Árnason (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Forseti. Nú verður Sjálfstæðisflokknum allt að umræðuefni aldrei þessu vant. Það er vegna þess að hann hefur nú lagt af þá nýjung sem hann tók upp í gær að fara í andsvör við sjálfan sig. Sjálfsandsvörin stóðu mjög stutt, þau stóðu bara í gærkvöldi og síðan þegar þjóðin fór að hlæja að Sjálfstæðisflokknum í dag og hefur hlegið í allan dag að því að Birgir Ármannsson var í andsvari við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson og hv. þm. Jón Magnússon fór í andsvar við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttir og að menn færu svo í andsvör hver við annan. (**Gripið fram í:** Allt rangt.) (**Gripið fram í:** Hv. þingmaður var ...) (**JM:** ... andsvörum við Þorgerði Katrínu.)

Forseti. Ég verð að biðjast afsökunar, það var ekki hv. þm. Jón Magnússon sem fór í andsvar við hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur heldur var það Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sem fór í andsvar við Jón Magnússon. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) (**ÞKG:** Nei.) (**Gripið fram í:** Nei.) Ég biðst afsökunar á þessu, forseti, (**ÞKG:** Lygin er þér töm.) og ég verð augljóslega að koma hér aftur til að geta farið með rétt mál um sjálfsandsvör sjálfstæðismanna, (Gripið fram í.) en þeim er nú lokið og er tekið til við næsta lið í endurreisnarprógramminu sem er að ræða um bloggsíðu Össurar Skarphéðinssonar, hæstv. utanríkisráðherra. (Forseti hringir.) Til hamingju, sjálfstæðismenn, með þennan mikla áfanga. (**Gripið fram í:** Fleipur.)

[22:21]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Talandi um meint málþóf — sá hv. þm. Mörður Árnason sem ég þekkti einu sinni lét aldrei gott málþóf fram hjá sér fara en talar núna eins og einhver hvítskúraður kórdrengur og reynir að leggja mönnum lífsreglurnar um hvernig þeir eigi að haga sér. (Gripið fram í.) Það virðist líka vera þannig að hv. þm. Mörður Árnason og hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson séu búnir að missa minnið.

Ég hef eytt mörgum nóttunum í þingsal einmitt við að hlusta á hv. þm. Mörð Árnason fara í andsvör við hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson, m.a. í umræðum um vatnalög, í umræðum um Ríkisútvarpið o.fl. Ef hæstv. utanríkisráðherra vill fá einhverjar staðfestingar á því get ég prentað þær ræður út fyrir þá kappana þeim til upprifjunar.

Ég á eftir að fá svör við mínu góða boði sem ég veitti hæstv. utanríkisráðherra, (Forseti hringir.) þ.e. að ég mundi berjast fyrir því að greitt yrði fyrir að (Forseti hringir.) Helguvíkurálverið kæmist á dagskrá. Ég vil (Forseti hringir.) fá að vita hvort hæstv. utanríkisráðherra ætlar að taka mínu góða boði.

[22:22]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Mér finnst satt að segja mikilvægt á þeim krepputímum sem við lifum að það skuli þó vera einn stjórnmálamaður sem getur fengið þjóðina til þess að brosa aðeins að þeim sérkennilegu og furðulegu skrifum sem hann setur fram, sem að vísu standast ekki neinar staðreyndir sem hann fer með um að eitthvað hafi tafið margt af þeim mætu málum sem hann ber fyrir brjósti, staðreyndin er að það hefur ekki neitt gert það.

Ég verð að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir að gefa mér einkunnarorð eins og tundurspillaforingi og skæruliðaforingi. Ég velti fyrir mér hvort það komi næst á bloggi hæstv. utanríkisráðherra að Bretar hafi beitt neyðarlögunum vegna málþófs Jóns Magnússonar á Alþingi, en það er þá kannski nokkuð seint fram komið. Ég verð að segja, hæstv. utanríkisráðherra, að hér er hallað réttu máli svo vægilega sé til orða tekið.

[22:24]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þá umræðu sem hér fór fram milli manna heldur fara frá minni hlið yfir það mál sem er á dagskránni og ræða það efnislega sem í frumvarpinu stendur.

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti biður ræðumann forláts en hann vill biðja hv. þingmenn í salnum að gefa ræðumanni betra hljóð.)

Í fyrsta lagi vil ég víkja að frumvarpinu eins og það er uppsett með því að benda á að í því eru þrjár tilteknar breytingar og síðan má eiginlega segja að þar til viðbótar komi svo greinin um stjórnlagaþing, sem ég hef svo sem heyrt í ræðum manna að þeir hafi kannski talsvert við að athuga að það skuli vera í frumvarpinu, þ.e. að á sama tíma og verið er að leggja til breytingar á stjórnarskránni skuli einnig vera fjórða atriðið í málinu, þ.e. sérstakt stjórnlagaþing, sem ætlað er að breyta stjórnarskránni og endurskoða hana.

Það er alveg rétt sem iðulega hefur komið fram í máli manna að oft og iðulega hefur verið starfað að því að skoða ýmsa þætti stjórnarskrárinnar. Sá sem hér stendur hefur tekið þátt í því að vera í slíkum nefndum og starfshópum. Það er vissulega svo að ýmislegt er í stjórnarskránni sem þarf lagfæringar við.

Ég verð samt að segja, hæstv. forseti, að ég tel að þau þrjú atriði sem hér er verið að breyta séu mjög veigamikil atriði og mikill ávinningur sé að því, hæstv. forseti, að reyna að ná þeim í gegnum þingið og vissulega væri best að það væri gert í sem mestri sátt. Menn hafa á undanförnum árum rætt þessi mál vítt og breitt eins og ég gat um. Þeir sem hafa starfað í starfshópum og nefndum hafa að þó nokkru leyti verið sammála þessum þremur efnisgreinum, þ.e. ákvæðið um þjóðareign og náttúruauðlindir í þjóðareign o.s.frv. og að ekki megi láta þær varanlega af hendi

heldur sé eingöngu um það að ræða að afhenda mönnum nýtingarrétt á þeim náttúruauðlindum sem menn líta á sem þjóðareign.

Hæstv. forseti. Rökin fyrir þjóðareign höfum við reyndar í löggjöf okkar að því er varðar Þingvelli en þar segir eitthvað á þá leið ef mig brestur ekki minni að Þingvellir skuli ævinlega vera eign íslensku þjóðarinnar og Alþingi fari með þann rétt og ekki megi láta hann af hendi um ókomin ár. Ég held að þetta sé efnislega það sem það ákvæði segir þó að þetta sé ekki orðrétt haft eftir en finna má þá tilvitnun orðrétta í greinargerð með frumvarpinu.

Í frumvarpinu kemur fram að allar náttúruauðlindir beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Ég hef bent á, þó að ég sé einn af flutningsmönnum málsins, að menn eru ekki endilega alveg nákvæmlega sammála um hvernig beri að skilgreina orðin „sjálfbær þróun“ þó að sagt sé í greinargerðinni með frumvarpinu að þetta ákvæði, sjálfbær þróun, hafi verið skilgreint með því að þar sé átt við þróun sem fullnægi þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum.

Mér finnst orðin sjálfbær þróun vera túlkuð með dálítið mismunandi hætti í umfjöllun á veraldarvísu, þó að hér hafi verið farið með texta sem Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, hefur lagt upp með þar sem þetta hugtak var skilgreint með þessum hætti.

Ég held, hæstv. forseti, að það væri alveg þess virði að skoða önnur orð í staðinn fyrir orðin „sjálfbær þróun“ sem gætu algjörlega farið saman við þá hugsun sem mér finnst menn vera að reyna að setja fram með þessum orðum. Ég tel að það gæti verið orðið framtíðarhagsmunir, sem sagt framtíðarhagsmunir til hagsældar fyrir íslensku þjóðina og komandi kynslóðir. Því að vissulega ætla menn sér að nýta náttúruauðlindirnar, líka þær náttúruauðlindir sem í sjó eru, líffræðilegar náttúruauðlindir með framtíðarhagsmuni til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir. Ég hygg að menn geti ekki deilt um það. En af að því að hugtakið sjálfbær þróun er nú notað á heimsvísu og menn túlka það á mismunandi hátt væri kannski rétt hjá okkur, af því að við erum að tala um okkar eigin stjórnarskrá, að skoða það sérstaklega í nefndinni þegar þetta frumvarp um stjórnarskipunarlög fer til nefndar hvort við séum ekki alveg að ná þeirri hugsun sem við viljum ná með orðunum sem ég nefndi hér, þ.e. framtíðarhagsmunir til hagsældar fyrir íslensku þjóðina og komandi kynslóðir.

Ég segi þetta eingöngu vegna þess að ég tel mig vita að mismunandi skilningur er lagður í orðin sjálfbær þróun vítt og breitt um heiminn, en ef menn geta sýnt fram á að sá skilningur sé alveg klár á milli þjóða er ég auðvitað tilbúinn að skoða það.

Ég tel mjög mikilvægt að sett verði inn í stjórnarskrána að náttúruauðlindir séu þjóðareign og það sé hagur þjóðarinnar að eiga þessar auðlindir og að á þessari þjóðareign, náttúruauðlindum, sé eingöngu nýtingarréttur en ekki réttur sem tengist sölu eða hægt sé að láta varanlega af hendi. Ég er því algerlega sammála efnisákvæðum í 1. gr. hvað þetta varðar.

Ég hef ævinlega talið, t.d. ef við tölum um sjávarauðlindina, fiskstofnana, að íslenskir útgerðarmenn hefðu aldrei nokkurn tímann átt að fá neitt annað en nýtingarrétt, aldrei leigu-, sölu- eða veðsetningarrétt. Ég tel að það hafi orðið þjóðinni til mikils skaða að þeir skuli hafa fengið þann rétt að geta selt nýtingarréttinn sem þeim var úthlutað, þ.e. aflahlutdeildina, veðsett hana og komið þar af leiðandi sjávarútveginum í þær óhemjuskuldir sem hvíla á sjávarútveginum í dag og síðan gert aðra að leiguliðum sínum vegna þess að þeir notuðu þetta andlag sem þeim var fengið til notkunar til að gera aðra að undirsátum sínum og láta greiða sér afgjald fyrir atvinnuréttinn.

Ég tel, hæstv. forseti, að við séum á réttri leið með því að marka þá hugsun að náttúruauðlindir séu í þjóðareign og þær verði aldrei seldar eða látnar varanlega af hendi. Það er í raun og veru í samræmi við ákvæðið um Þingvelli en það kveður mjög skýrt á um að Þingvellir verði aldrei seldir og verði ævinlega eign íslensku þjóðarinnar. Ég tel að það sama eigi í raun og veru að gilda um náttúruauðlindir okkar.

Þetta vildi ég láta koma fram um 1. gr. og tel þess vegna að það skipti verulegu máli að koma þessu ákvæði inn í stjórnarskrána um náttúruauðlindirnar og framtíðarhagsmuni þjóðarinnar að því leyti til.

Um 2. gr. er það að segja að ég hef ævinlega verið sammála því þegar verið er að breyta stjórnarskrá og Alþingi hefur samþykkt tillögur þar að lútandi, að þær breytingar skuli bornar sérstaklega undir atkvæði allra kosningabærra manna, að við greiðum atkvæði um stjórnlagabreytingar en kjósum ekki um það samhliða öðrum kosningum þar sem við deilum um margs konar aðra hluti. Þess vegna held ég að þetta sé einnig mjög mikilvægt ákvæði og tel þess vegna mjög réttlætanlegt að reyna að koma því inn í stjórnarskrána, m.a. til þess þjóðin muni ævinlega í framtíðinni taka sjálf afstöðu til breytinga á stjórnarskránni með beinni atkvæðagreiðslu. Og hér er sagt að a.m.k. 25 af hundraði kjósenda á kjörskrá þurfi að samþykkja slík mál og ég hygg að það megi ekki vera minna en ætti alveg að duga. Ég tel alla vega ekki eðlilegt, hæstv. forseti, að þeir sem vilja sitja heima ráði því hvernig lög skipast á Íslandi. Það á ekki heldur við í Alþingi, þeir sem ekki vilja sitja fundi hér og afgreiða mál ráða því ekki hvernig lög eru sett. Það á ekki heldur að vera svo hjá þjóðinni. Ef þjóðin hefur ekki vilja til þess að afgreiða mál verðum við að setja einhvern lágmarksramma og hann er settur hérna miðað við 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá og ætti það að tryggja, alla vega eins og form hefur skipast hér á landi um atkvæðagreiðslur, yfir 50% þátttöku í kosningum.

Ég ítreka það viðhorf mitt að ég tel að þeir sem sitja heima og vilja ekki mæta á kjörstað eigi ekki að geta fengið að ráða niðurstöðu mála. Sú kvöð á að vera á Íslendingum að þeir fylgi eftir sannfæringu sinni með því að taka afstöðu til mála og með því að mæta á kjörstað en geti ekki ráðið niðurstöðum með því að sitja heima.

Þetta var svona almennt um 2. gr. og ég held að það væri miklu betra fyrirkomulag í framtíðinni ef þetta er með þeim hætti sem hér er lagt upp með.

Um 3. gr. Ég hef ævinlega verið talsmaður þess og hef talað fyrir því á fundum í stjórnarskrárnefnd, á ráðstefnum sem fyrrum stjórnarskrárnefnd hélt, m.a. á stórri ráðstefnu á Hótel Loftleiðum, að setja beri ákvæði um að ákveðið hlut-

fall kosningarbærra manna geti krafist þess að um tiltekin lög eða tiltekin málefni væru greidd atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hér er sett inn að 15 af hundraði kjósenda geti krafist þess. Ég held að það sé alveg ásættanlegt ákvæði um það að þjóðin geti, ef hún hefur vilja til, fengið að taka afstöðu til ákveðinna mála í atkvæðagreiðslu. Ég lýsi mig hlynntan því að slíkt lýðræði verði innleitt á Íslandi. Hér er einnig sett inn ákvæði um að þó skuli minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá vera fylgjandi tillögu sem borin er upp. Loks eru settir fyrirvarar um að um sum löggjafarefni geti þjóðin ekki krafist þjóðaratkvæðagreiðslu og þar eru talin upp lög eins og fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðarréttarskuldbindingum.

Ég held, hæstv. forseti, að þessar þrjár greinar sem virkilega taka til þess sem lýtur að stjórnarskránni séu um málefni sem við ættum algerlega að geta komið í gegnum þingið með sæmilegum sáttavilja. Ég heyrði það í ræðu hv. þm. Bjarna Benediktssonar áðan að hann tók t.d. undir efni 2. gr. í málflutningi sínum. Ég tel að þau skref sem hér er lagt til að taka í þessum þremur greinum eigi alveg sérstaklega að fá að fara í gegn á þessu þingi og verða að lögum.

Ég verð hins vegar að viðurkenna, hæstv. forseti, að um stjórnlagaþingið geta menn vissulega haft meiningar og rök með og á móti. Þó að ég hefði talið æskilegt að klára lagasetningu um stjórnlagaþing og að það verði tekið til sérstakrar umfjöllunar í nefnd hvernig því beri að koma fyrir, hvort menn vilji hafa fulltrúana 41, 31 eða 21. Ég tel að nefndin hafi algerlega frjálsar hendur til þess að skipa þeim málum eins og henni sýnist að þessu leyti til. Fyrst og fremst er bara atriði að setja löggjöf um það hvernig stjórnlagaþingið á að vinna, hvenær það á að hefja störf o.s.frv. Það skiptir máli. Samt er vel hægt að viðurkenna það, hæstv. forseti, að hægt er að færa skynsamleg rök fyrir því að við gætum alveg eins sett lögin um stjórnlagaþing á vorþingi eftir kosningar. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Ég held að það megi alveg ræða þá hlið málsins. Ég styð það hins vegar að við reynum að taka stjórnlagaþingsmálið líka og klárum það, ég tel skynsamlegt að gera það núna í þessari meðferð málsins og þess vegna er ég flutningsmaður að málinu eins og það liggur fyrir. Ég tel að það sé til bóta og skipti verulegu máli að við náum fram þessum breytingum, sem við höfum vissulega talað um í mörg ár, hæstv. forseti, í ýmsum nefndum og starfshópum um stjórnarskrá, og um mörg fleiri mál.

Ég get nefnt nokkrar tillögur sem ég flutti í stjórnarskrárnefndinni og á sérstakri ráðstefnu um stjórnarskrármálefni sem ég gat um áður úti á Loftleiðum. Til dæmis að tveir fimmtu þingmanna, 40% þingmanna gætu ævinlega ákveðið að vísa ákveðnum málum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég nefndi þar ákvæðið um skipan hæstaréttardómara, þar sem ég taldi eðlilegt að þó svo að dómsmálaráðherra auglýsti eftir hæstaréttardómurum og tilnefndi á endanum nafn þá væri það þingið sjálft sem skyldi staðfesta skipun hæstaréttardómara með tveimur þriðju hlutum atkvæða þingmanna. Ég vék að mörgum fleiri atriðum í sambandi við stjórnarskrármálefni á þeim árum sem ég starfaði í stjórnarskrárnefndinni og á þeim fundum og ráðstefnum sem haldnar voru um þau málefni, enda málið eðlilega til mikillar skoðunar og yfirvegunar.

Um þessi þrjú atriði var mikið talað í stjórnarskrárnefndinni, um auðlindirnar í þjóðareign, um rétt fólks til að kjósa beint um stjórnarskrárbreytingar og um rétt ákveðins hluta kosningabærra manna til að fá fram mál í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Við getum alveg nefnt einhver mál í því sambandi, hæstv. forseti. Ég man t.d. að á fundi á Akranesi nýverið sagði hæstv. sjávarútvegsráðherra að það væri að sjálfsögðu eðlilegt að taka ákvörðun um hvalveiðar m.a. með tilliti til þess að 70% þjóðarinnar hefðu iðulega lýst stuðningi við hvalveiðar og menn ættu auðvitað að taka mið af vilja þjóðarinnar.

Með sama hætti mundi ég segja, hæstv. forseti, að það væri sjálfgefið að taka ætti mið af vilja þjóðarinnar varðandi íslenska kvótakerfið, eins umdeilt og það er, þar sem 60–80% þjóðarinnar hafa hafnað því árum saman í skoðanakönnunum. Og með alveg sömu rökum og hæstv. fyrrverandi sjávarútvegsráðherra talaði um afstöðu þjóðarinnar til hvalveiða og taldi það rök fyrir því að leyfa hvalveiðar ætti þjóðin auðvitað að fá að segja álit sitt á hinu framseljanlega kvótakerfi.

Hæstv. forseti. Ég vona að ég hafi skýrt afstöðu mína til þessa máls á málefnalegan hátt og lýst því sem mér finnst til bóta varðandi málið og einnig því sem vissulega má hafa einhverjar efasemdir um varðandi verklag og ákvarðanir. En ég tel og það er niðurstaða mín — og þess vegna er ég flutningsmaður að þessu máli og minn flokkur styður það — að það nái fram að ganga sem hér er lagt upp með og við teljum, hæstv. forseti, að það þjóni heildarhagsmunum þjóðarinnar að ganga svo til verka sem hér er lýst.

[22:47]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Það má með sanni segja að ekki hafi komið inn í þingsali í langa tíð jafnmikilvæg mál og við ræðum í kvöld og skiptir miklu máli fyrir okkur þingmenn að umræðan sér skýr og að við leggjum gott til þessara mála. Við erum að ræða um sjálfan grundvöll samfélagsins, stjórnarskrána. Það eru engin lög jafnmikilvæg og þessi.

Ég hyggst gera að umræðuefni 1. gr. frumvarpsins sem snýr að náttúruauðlindum. Þar fer auðvitað saman annars vegar mikilvægi þessara laga, þessara grundvallarlaga, og hins vegar að fyrir samfélag okkar, fyrir þjóðina er ekkert jafnmikilvægt og hvernig við skipum málum þegar kemur að náttúruauðlindum. Náttúruauðlindirnar eru það sem hefur gert þetta land byggilegt. Þetta eru möguleikar okkar til að bjóða íslenskri þjóð lífskjör sem standast til jafns við það besta sem gerist annars staðar. Ég er þeirrar sannfæringar að þrátt fyrir þau vandamál sem hafa komið upp á undanförnum mánuðum að þegar fram er horft eigi að vera möguleiki fyrir íslenska þjóð að búa þannig að málum sínum að hér geti verið betra að lifa en víðast hvar annars staðar. Það á að vera sameiginlegt markmið okkar. Þess vegna skiptir máli hvernig við hugum að þessum málum.

Þannig er með eignarhald á náttúruauðlindum. Þetta er eitt elsta og jafnframt hatrammasta deiluefni stjórnmálanna. Menn hafa skipast mjög í fylkingar þegar kemur að því

hvaða skoðun þeir hafa á því hvernig eignarhaldinu eigi að vera varið, hvaðan eignarrétturinn kemur, hver uppruni hans er og réttlæting.

Ef ég man rétt þá hóf Karl Marx, sá mikli hugsuður, hluta af sínum pólitísku afskiptum einmitt með því að skrifa grein um það þegar skóglendi nokkru var lokað fyrir nýtingu almennings og gert að einkaeign og þeir einir gátu nýtt skóginn til þess að hafa af honum gagn sem eignuðust skóginn og áttu. Hugmynd hans var auðvitað sú að það gengi ekki að það væri séreign á slíkri auðlind sem skipti jafnmarga máli. Þeirri hugmynd tengd er síðan sú hugmynd sem tengd er við georgismann sem snýr að því að allar náttúruauðlindir eigi að vera í eigu hins opinbera ríkisins og rentan af þeim eigi að renna til hins opinbera, einkaaðilar geti nýtt þær en rentuna þurfi þeir að greiða til ríkisins. Samstofna þeirri hugmynd er t.d. hugmyndin um auðlindagjald. Þessi deila er því ekki ný og ég efast um að hún verði til lykta leidd í samfélagi okkar.

Það var heimspekingurinn Rousseau sem sagði að mesti óvinur mannkynsins væri sá sem fyrstur hefði sett niður staur og sagt: Þetta er mitt. Það væri mesta ógæfa sem yfir mannkynið hefði gengið. Þetta vildi ég nú taka fram áður en lengra er haldið til þess að nefna það að við erum ekki að fást við eitthvert efni sem er allt í einu að koma fram á sjónarsviðið sem vandamál í samfélaginu. Það er langur vegur þar frá. Þetta hefur skipt mönnum í pólitískar fylkingar. Þess vegna skiptir miklu máli hvernig við högum nákvæmlega orðalagi á þessari grein og hvaða umræður fara fram á þinginu vegna þess að það verður horft til þessara umræðna síðar meir þegar menn reyna að rýna nákvæmlega í hvað þessi ákvæði þýða og hver vilji löggjafans var. Þess vegna skiptir miklu máli að við þingmenn vöndum okkur vel við þessar umræður.

Ég hef verið þeirrar skoðunar, pólitískrar, að uppruni eignarréttarins sé með svipuðum hætti og fram kemur í hugmyndum Johns Lockes, heimspekingsins sem lagði það til grundvallar að eignarrétturinn á náttúruauðlindum myndaðist vegna þess að menn settu vinnu sína, tíma og fyrirhöfn og tækju áhættu til þess að nýta auðlindir og það væri uppspretta eignarréttarins komin.

Þegar kemur að umræðu um t.d. hefðarrétt og nýtingarrétt útgerðarmanna á fiskimiðunum á Íslandi þá má með vissu má færa fram þau rök að þar að baki standi einmitt hugmyndir Johns Lockes vegna þess að það voru einstaklingar, útgerðir að stærstum hluta sem tóku ákvörðunina um fjárfestingar í fiskiskipum, nýrri tækni, þróun markaða, þróun vinnslu, veiðarfæra o.s.frv. Það var ekki áhættulaust. Sumt gekk upp, sumt gekk ekki. Með öðrum orðum, þekkingin til þess að nýta auðlindina var ekki til hjá hinu opinbera heldur hjá einkaaðilum. Að baki þeirri hugsun að útgerðarmenn ættu nýtingarréttinn var einmitt slík hugsun sem John Locke lýsir.

Reyndar setti Locke önnur ákvæði eða önnur skilyrði fyrir nálgun sinni sem sneri að því, sem er mjög áhugavert, að það yrði að vera þannig að það væri nóg eftir fyrir alla aðra, þ.e. það að það myndaðist eignarréttur mætti ekki skerða möguleika annarra til að nýta auðlindir eða til þess að skapa sér gott líf. Ég hef skilið það svo að á bak við þá hugsun væri það eignarrétturinn sem slíkur sem skapar verðmæti þannig að með skynsamlegri nýtingu auðlinda verður til betra efnahagslíf og það verða til tækifæri til nýrrar auðmyndunar, til nýrrar auðsöfnunar, til nýrra framkvæmda.

Ég tek sem dæmi af því ég tilheyri kynslóð sem var svo gæfusöm að geta notið almennt mennta. Þegar ég horfi til einna eða tveggja kynslóða á undan mér veit ég að margur efnismaðurinn og mörg efniskonan áttu ekki möguleika á því að sækja sér menntun og urðu að fara að vinna snemma fyrir sér. Margir sóttu sjó og unnu landbúnaðarstörf og annað og smám saman gerðist það að þjóðinni vegnaði betur, við náðum betri tökum á nýtingu auðlindanna m.a. vegna þess að útgerðarmenn áttu skipin sín, bændur áttu jarðir sína, hver hugði að sínu og reyndi að gera best úr sínu sem gerði það að verkum að samfélagið varð auðugra þannig að næsta kynslóð, t.d. kynslóðin mín á miklu meiri möguleika á betra lífi en þeir sem á undan eru gengnir. Sá auður sem var myndaður gerði það að verkum að hér hafa sprottið upp háskólar og leiðir til að mennta sig sem síðan gefur af sér meiri auð og betra mannlíf.

Með öðrum orðum, það að einhver hafi rétt til að sækja sjóinn og skapa verðmæti gerir um leið öðrum kleift — vegna þess að verðmætin verða til — að sækja sér t.d. menntun vegna þess að fyrir menntunina verður að greiða og það er gert úr sameiginlegum sjóðum. Og sameiginlegir sjóðir verða ekki til nema vegna þess að það er til öflugt atvinnulíf sem skilar arði, sem skilar hagnaði sem síðan er hægt að skattleggja til þess að standa undir ýmissi þeirri þjónustu sem við viljum hafa. Ég hef að mínu pólitíska markmiði og skoðun að tryggja t.d. að öll ungmenni sem lokið hafa námi geti notið sömu möguleika í lífinu, sama hvort þau koma frá ríkum heimilum eða fátækum. Við viljum hafa það þannig að skólakerfið okkar skili öllum á þann stað að hafa jafna möguleika.

Þess vegna skiptir alveg gríðarlega miklu máli að við höfum bæði í bakgrunni hvað við nákvæmlega erum að tala um þegar kemur að þeim stjórnmálaskoðunum sem liggja til grundvallar þegar við erum að ræða um náttúruauðlindirnar og hvað það er sem við erum að reyna að ná fram með ákvæði eins og því sem um er að ræða í 1. gr. frumvarpsins.

Fyrsta setning frumvarpsins skiptir miklu máli, þ.e. náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti eru þjóðareign. Varðandi þá setningu velti ég fyrir mér að ég tel að vel sé hægt að rökstyðja að náttúruauðlindir þar sem nýtingarsagan hefur öll verið af hálfu hins opinbera, eins og að stórum hluta í orkuvinnslu, ekki að öllum, en að stórum hluta og þar með hafi myndast nýtingarsaga sem hið opinbera stendur að baki og því sé alveg eðlilegt að nýtingarrétturinn og eignarrétturinn sé allur hjá hinu opinbera. Sama mundi ég telja ef um olíuvinnslu á Drekasvæðinu yrði að ræða. Það er ríkið sem hefur haft forgöngu um þá vinnu og það er eðlilegt að það sé ríkið sem hið opinbera sem taki af því arðinn.

En þetta verður flóknara, ég set mig ekki á móti þessari setningu en það sem ég velti fyrir mér eru þau áhrif sem hún kann að hafa þegar kemur að því að nýta náttúruauðlindir sem við nýtum ekki nú þegar. Náttúruauðlindir sem við áttum okkur ekki á í dag að eru auðlindir og við munum kannski komast að síðar. Um þetta eru auðvitað mörg

dæmi. Þeir sem þekkja vel sögu íslensks sjávarútvegs þekkja það að ýmsar tegundir sem menn töldu að væru einskis virði og nýttu ekki urðu verðmætar þegar menn áttuðu sig á markaðsaðstæðum eða fundu upp aðferðir til þess að nýta auðlindirnar. Þannig að það sem ekki var talið að væri auðlind verður allt í einu að auðlind og jafnvel mjög verðmætri auðlind. Við viljum auðvitað að í hagkerfi okkar sé mikill hvati fyrir allt hagkerfið, fyrir allt samfélagið til að leita nýrra leið, til að nýta núverandi og þekktar auðlindir og til að finna nýjar. Því það er ekki þannig, og það er auðvitað mikil blessun fólgin í því fyrir land og þjóð að við erum búin að finna allar þær auðlindir sem landið hefur upp á að bjóða. En við finnum þær ekki nema það séu einhverjir sem hafi kraft, vilja og getu til þess að leita þær uppi. Til þess að finna leiðir til að nýta þær.

Þá kemur auðvitað upp sú staða að menn taka mismikla áhættu við að reyna að hefja nýtingu á einhverjum auðlindum og ef það mistekst þá sitja þeir einstaklingar uppi með tapið, jafnvel gjaldþrot. En ef það tekst þá kemur ríkið inn og segir: Gott hjá ykkur. Þetta tókst ykkur en það erum við sem tökum yfir auðlindina.

Þá skiptir miklu máli hvernig það er gert. Eðlilega kemur það ekki fram í grundvallarlögum eins og þessum. En það er rétt að menn hafi það mjög í huga að það má ekki vera þannig að menn séu svo óvissir um þá framtíð sem bíði þeirra finni þeir nýjar auðlindir eða nýja leið til að nýta þær, að menn séu svo óvissir um hvað framtíðin beri í skauti sér að þeir leggi ekki í þær fjárfestingar eða þá áhættutöku sem af þessu leiðir. Þetta vildi ég nefna þannig að þegar málið fer til nefndar hugleiði menn aðeins hvaða áhrif þetta kynni að hafa þegar þetta er sett upp með þessum hætti.

Ég held reyndar að það sé góður samhljómur í öllum flokkum um þessa nálgun. Ég vildi bara hafa sagt þetta þannig að menn í það minnsta velti því fyrir sér hvernig þeir sjái þetta fyrir sér í framtíðinni hvað varðar aðra lagasetningu.

En í næstu málsgrein stendur, með leyfi forseta:

„Allar náttúruauðlindir ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir.“

Ég vil taka undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að við þurfum auðvitað að velta fyrir okkur hugtakinu „sjálfbær þróun“ og hvað það nákvæmlega þýðir. Við erum að ræða um stjórnarskrá og það má ekki leika neinn vafi á þeim hugtökum sem eru lögð til grundvallar henni og grundvallarlögum þjóðarinnar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að hugtakið sjálfbær þróun hafi verið fyrst skilgreint þannig, með leyfi virðulegs forseta:

„… en með hugtakinu er átt við þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum.“

Þá stöndum við frammi fyrir því að þessi skilgreining er mjög loðin, það er mjög erfitt að grípa utan um hana. Hvað eiga menn við þegar þeir tala um að fullnægja þörfum samtíðarinnar? Mín reynsla af stjórnmálum er sú að þarfirnar eru óendanlegar, það er ekkert sem stöðvar það. Hver er þá hinn endanlegi dómari um þarfir samtíðarinnar og ég tala nú ekki um þarfir komandi kynslóða?

Það yrði mjög hjálplegt ef í störfum nefndar, þegar þetta fer til nefndar, færi fram ríkari og betri umræða um hugtakið þannig að búið verði að festa það á blað og menn hafi fyrir framan sig betri nálgun á því. Það skiptir máli upp á framtíðina vegna þess að við erum þjóð sem eigum allt undir nýtingu auðlinda og við eigum líka allt undir því að halda stjórnarskrá okkar. Þegar við erum búin að setja inn í stjórnarskrána setninguna „á grundvelli sjálfbærrar þróunar“ fyrir allar okkar náttúruauðlindir, sem ég held að sé hið skynsamlega — en úr því við erum búin að setja það í stjórnarskrána verðum við að skilja nákvæmlega hvað það þýðir. Það er lykilatriði. Ég vona því að þessi umræða fari fram og menn leitist eftir aðeins meiri skilgreiningum en er að finna í greinargerð með frumvarpinu.

Það er svo annað mál — það kann að hljóma eins og hártogun, en það er nauðsynlegt að við séum búin að ræða það — hvað það þýðir þegar við segjum að allar náttúruauðlindir beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt „á grundvelli sjálfbærrar þróunar“. Eins og ég skil setninguna gæti maður komist að þeirri niðurstöðu að ríkisvaldið sé þá skyldugt til að nýta allar auðlindir.

Við skulum t.d. taka umræðuna um hvalveiðar. Maður getur þá velt því fyrir sér hvort þetta þýði í raun að ef um sé að ræða auðlind eins og hvalinn við strendur landsins sé komin stjórnarskrárbundin skylda á framkvæmdarvaldið til að beita sér fyrir því að hún sé nýtt og þá með sjálfbærum hætti. Hvað gerist ef Alþingi setur lög sem banna landsmönnum að nýta hval, sem augljóslega er náttúruleg auðlind? Mundu þau lög standast þessa grein? Máli skiptir að við áttum okkur á því vegna þess að við eigum allt undir nýtingu náttúruauðlinda. Skelfilegt væri ef við settum okkur reglur í stjórnarskrá sem mundu valda okkur vandræðum hvað varðar nýtinguna. Það má aldrei gerast. Við megum ekki þurfa að velkjast í vafa um annars vegar möguleika á að nýta auðlindirnar og hins vegar það að fara að brjóta stjórnarskrána, þetta þarf að vera algjörlega á hreinu.

Hvað önnur atriði í þessari grein varðar geri ég í sjálfu sér ekki neinar athugasemdir við það að allir eigi rétt til umhverfis sem stuðlar að heilbrigði og þar sem „líffræðilegri fjölbreytni“ er viðhaldið eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum. Enn á ný koma þó upp hugtakaskýringar. Hvað er nákvæmlega átt við með „líffræðilegri fjölbreytni“? Hversu langt nær það hugtak? Hvað stendur nákvæmlega á bak við það? Mér finnst reyndar að það liggi í hlutarins eðli að við eigum þennan rétt hvað varðar heilbrigði. Þetta er það sem við eigum að stefna að.

Enn á ný finnst mér greinin, eins og hún er sett fram, ekki nægjanlega þétt. Mér finnst of mörg hugtök sem maður þarf að velta fyrir sér. Það er ekki gott í stjórnarskrá að hlutirnir séu þannig. Stjórnarskrá á að vera einföld, hún á að vera skýr og hún á að vera þannig úr garði gerð að menn bæði beri virðingu fyrir henni og hafi sameiginlegan skilning á því hvað hún þýðir. Það kann að verða erfitt að ná fram sameiginlegum skilningi þjóðarinnar á því hvað sjálfbær þróun þýðir, hvað felst í líffræðilegri fjölbreytni o.s.frv.

Ég geri mér grein fyrir því að önnur hugtök í stjórnarskránni — öll þessi hugtök sem við erum að fást við, hugtakið mannréttindi og önnur hugtök — eru ekki niðurnegld. Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta hér hvað varðar 1. gr.

þessa frumvarps, sem snýr þá að 79. gr. stjórnarskrárinnar, er sú að við erum að tala um grundvöll atvinnustarfseminnar í landinu og hvernig við höldum þar á málum. Ég set mig ekki á móti því sem hér er sagt en ég vil að þetta sé sett fram með skýrari hætti, það skiptir mig máli.

Að öðru leyti vil ég taka fram að ég velti því fyrir mér, úr því að hér er rætt um að setja sérstakt stjórnlagaþing, hvort ekki hefði verið heppilegra að vísa þessu máli, t.d. því sem fjallað er um í 1. gr., til slíks stjórnlagaþings ef það verður að veruleika. Ég spyr mig hvers vegna við tökum þetta ákvæði sérstaklega út og fjöllum um það áður en til slíks stjórnlagaþings kemur, hvers vegna það fer bara ekki með öðrum þeim álitaefnum sem hafa verið til umræðu um stjórnarskrána og fer þá til umræðu á því stjórnlagaþingi? Ég hef ekki fengið nein sérstök svör við því í þessari umræðu, það sem ég hef fylgst með, og því kemur mér það að vissu leyti spánskt fyrir sjónir að menn skuli fara þessa leið. En ef menn kynna sér bakgrunn þessa ákvæðis þá er um margt ágæt sátt á milli flokkanna um það sem hér er verið að segja. Það er ekki svo að á bak við þetta standi stórkostlegar pólitískar deilur.

Rétt er líka að minnast frumvarps sem samþykkt var hér í þinginu um eignarrétt á orkuauðlindum, stöðu hins opinbera hvað það varðar. Á bak við það hefur líka myndast ágætissátt í þinginu, held ég, þó að ekki væru allir nákvæmlega sammála um alla þætti málsins. Það er að hluta til samstofna því sem hér er sagt og hér er lagt upp með. Það skiptir því máli, svo að ég ljúki máli mínu, virðulegi forseti, að við notum tímann — ég veit að hann er knappur — til þess að fara yfir þessa hluti.

Mér hefur fundist undarlegt að fylgjast með umræðu í þjóðfélaginu þar sem lagt er upp með það að þegar við þingmenn ræðum jafnmikilvægt mál og sjálfa stjórnarskrána séum við að tefja fyrir málum hér í þinginu. Ég veit t.d. að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson var ekki að tefja fyrir einu eða neinu þegar hann flutti sína ágætu ræðu. Hún var efnismikil og skynsamleg og lagði gott til þeirra mála sem hér er verið að ræða. Það er skylda okkar þingmanna að vanda okkur í umræðu um þetta mál, þetta er mikilvægasta mál sem kemur inn til þingsins.

Ég tel jafnframt að komi fram af hálfu ríkisstjórnarinnar einhver þau mál sem kalla á brýna afgreiðslu sem snúa að vanda heimilanna, að vanda atvinnulífsins, til þess að endurreisa íslenskt efnahagslíf, eigum við að gera hlé á umræðu okkar um stjórnarskrána, jafnmikilvæg og hún er, afgreiða þau mál og halda svo áfram með þessa umræðu. Við eigum ekki að kasta til höndunum, við eigum ekki að reyna að flýta okkur í gegnum þetta en við eigum ekki að valda því með umræðum um stjórnarskrána að mikilvæg mál, sem snúa að hag heimila og fyrirtækja í landinu, tefjist. Það er einlægur vilji okkar sjálfstæðismanna. Við viljum vanda okkur við þetta mál en við viljum flýta fyrir afgreiðslu þeirra mála sem skipta máli fyrir heimilin í landinu. Þannig standa þau mál.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–9. og 11.–16. mál.

Fundi slitið kl. 23:10.

---

99. FUNDUR

miðvikudaginn 11. mars,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til forsætisráðherra:

2. Bráðabirgðalög, fsp. KHG, 318. mál, þskj. 550.

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra:

3. Uppbygging samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu, fsp. GÞÞ, 353. mál, þskj. 602.

Til dómsmálaráðherra:

4. Sjálfkrafa skráning barna í trúfélag, fsp. ÁÞS, 374. mál, þskj. 633.

Til umhverfisráðherra:

5. Fjöldi starfsmanna í umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun, fsp. JónG, 377. mál, þskj. 639.

Tilhögun þingfundar.

[12:00]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill vekja athygli á því að ráðgerðir eru tveir þingfundur í dag og hefst sá síðari þegar að loknum þeim fyrri, um kl. 13.30. Hlé verður á þingfundum milli 4 og 6 þegar þingflokksfundir standa yfir en að þeim loknum verður þingfundi fram haldið.

[12:00]

Útbýting:

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 407. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 691.

Kosningar til Alþingis, 405. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 687.

Listamannalaun, 406. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 688.

Tilhögun þingfundar.

[12:01]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa, um lengd þingfunda, er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðu um dagskrármálin er lokið. Er óskað atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? Ef svo er ekki skoðast hún samþykkt.

Störf þingsins.

Aðildarumsókn að ESB – Icesave.

[12:01]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Mig langar til að halda hv. Alþingi aðeins við efnið og ræða hugsanlega aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Þannig er að nýlega var gerð könnun af hálfu Capacent Gallup sem sýnir að milli 64 og 65% þjóðarinnar telja að sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu.

Framsóknarflokkurinn samþykkti á flokksþingi sínu í janúar að það skyldi gert með ákveðnum skilyrðum. Það var athyglisvert að verða vitni að því að varaformaður Sjálfstæðisflokksins tjáði sig um þessi efni nýlega á heimasíðu sinni en þar segir hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, með leyfi forseta:

„Spurningin um ESB-aðild verður ekki útkljáð nema af þjóðinni sjálfri. Því tel ég rétt að við mótum þau skilyrði sem við teljum að samþykkja verði eigi ESB-aðild að vera raunhæfur kostur fyrir Íslendinga. Síðan yrði látið á það reyna hvort hægt væri að ná fram þeim skilyrðum og niðurstaðan lögð í dóm þjóðarinnar. Öðruvísi verður þetta mál ekki klárað.“

Hv. þingmaður er ekki sérstaklega þekkt fyrir að láta kúga sig hvað varðar skoðanir og það kemur greinilega fram hér, en eins og við þekkjum hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið ákaflega íhaldssamur í sambandi við þessi mál. Ég vil því spyrja hv. þm. Bjarna Benediktsson, sem er frambjóðandi til formanns Sjálfstæðisflokksins, um skoðun hans á þessu máli, ekki síst í framhaldi af því að 13. desember sl. skrifaði hann grein í Morgunblaðið ásamt hv. þm. Illuga Gunnarssyni þar sem kemur fram að hvað svo sem komi út úr ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins sem er fram undan þá eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Nú spyr ég hv. þingmann: Er þetta ekki skoðun hans enn þá? (Forseti hringir.) Hefur hún nokkuð breyst við það að hann er orðinn frambjóðandi til formanns í Sjálfstæðisflokknum?

[12:03]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka Evrópumálin á dagskrá. Hv. þingmaður vísar til skoðanakönnunar og það er auðvitað viðtekin venja þegar skýr vilji birtist í skoðanakönnun hjá þjóðinni að stjórnmálaflokkarnir vilja þá fara í kjölfarið og skerpa á áherslum sínum í samræmi við það sem birtist í niðurstöðum slíkra kannana.

Hér er spurt um afstöðu mína. Ég hef ávallt verið mikill efasemdarmaður þess að við gætum náð ásættanlegum samningum í viðræðum við Evrópusambandið. Núna er Sjálfstæðisflokkurinn að vinna að endurnýjuðu hagsmunamati. Afstaða Sjálfstæðisflokksins hefur ávallt byggst á hagsmunamati og niðurstaða okkar hefur verið sú að heildarhagsmunum þjóðarinnar væri betur borgið utan Evrópusambandsins en innan. Ég hef talað fyrir því að það væru a.m.k. tvær gildar ástæður fyrir því að endurnýja þetta hagsmunamat. Annars vegar er það óstöðugleikinn hér í gengismálum og við höfum mikla þörf fyrir endurnýjaða peningamálastefnu. Hins vegar tel ég að það séu gildar ástæður fyrir okkur að taka til umfjöllunar stöðu okkar í samfélagi þjóðanna eftir brotthvarf varnarliðsins og vegna þeirra hræringa sem eru að gerast á vettvangi NATO í Evrópusambandinu í öryggis- og varnarmálum. Þetta gefi okkur tilefni til þess að endurnýja nú hagsmunamatið.

Ég er jafnframt talsmaður þess að næstu stóru skref í þessu efni verði tekin í góðu samráði í fyrsta lagi stjórnmálaflokkanna á Alþingi og mundi vilja láta reyna á það hvort samstaða gæti tekist um þau skref í góðri sátt milli stjórnmálaflokkanna í þinginu. Ég er líka mjög ríkur talsmaður þess að á endanum verði það þjóðin sem fari með síðasta orðið í þessu máli, enda er það mjög í samræmi við ríka lýðræðishefð í Sjálfstæðisflokknum. (Gripið fram í.) Það er umfjöllunarefnið í tilnefndri grein frá því í desember sem ég fagna að hv. þingmaður hefur nú loks (Forseti hringir.) lesið. Ég stend við allt sem þar segir.

[12:06]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Í síðustu viku eða þann 26. febrúar svaraði utanríkisráðherra fyrirspurn um hvort hann hafi látið kanna lögfræðileg rök fyrir því hvort Íslendingum beri lagaleg skylda til að greiða Icesave-ábyrgðir og hver sé þá niðurstaðan af því. Hæstv. utanríkisráðherra sagði þá að þungvæg rök segi að þjóðin eigi að borga Icesave-reikningana, en það er svolítið merkilegt að það virðist vera trúnaðarmál samkvæmt svari ráðherra hvaða lögfræðilegu rök þetta eru. Þess vegna fær hvorki þingheimur né þjóðin að sjá þessar álitsgerðir eftir því sem mér skilst.

Það var ein helsta krafan í búsáhaldabyltingunni að hér yrði opin stjórnsýsla og því vekur það nokkra furðu að ekki sé hægt að fá fram þessar álitsgerðir. Það vekur líka nokkra furðu sem kom fram að tveir virtir lögfræðingar hafa rökstutt það með mjög svo sannfærandi hætti að í ljósi þess að Íslendingar stofnuðu til þessara innstæðureikninga beri þeim ekki skylda til að ríkið taki við þegar ábyrgð tryggingarsjóðsins þrýtur. Mér finnst eðlilegt að þingheimur og þjóðin öll fái þessar álitsgerðir í hendur svo hægt sé að bera saman þessi ólíku álit sem fram hafa komið. Mér þætti vænt um af því að hæstv. fyrrverandi viðskiptaráðherra er í salnum að hann tjái sig um þetta mál líka.

[12:08]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Síðasti ræðumaður virðist hafa ruglast á dögum. Óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra eru á morgun, hv. þm. Ármanni Kr. Ólafssyni til fróðleiks.

Það merka sem gerðist hér var auðvitað það að formannsefni í Sjálfstæðisflokknum hefur ekki stefnu í Evrópusambandsmálum. Það er vaninn að formenn í flokkum séu ekki bara yfirmenn gjaldkerans og stjórni dagsetningum á flokksráðsfundum eða miðstjórnarfundum heldur leggi þeir fram sýn flokksins til framtíðar, fram fyrir þjóðina og fram fyrir aðra flokka, taki þátt í hinum lýðræðislegu samskiptum og það er beinlínis hlutverk formanna að segja af eða á um þessa hluti eða skýra afstöðu flokksins til þeirra. Þá er illa komið fyrir Sjálfstæðisflokknum ef frambjóðendur til formennsku þar treysta sér ekki til að gera það. Hvað sem um Sjálfstæðisflokkinn má segja þá hefur hann átt öfluga leiðtoga sem einmitt hafa í stærstu málum, í utanríkis-

málum, lagt fram sína sýn fyrir þjóðina sem þjóðin oftar en ekki hefur reyndar farið eftir. Svo getum við talað um hvort það hafi verið gott eða ekki.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson hefur nú á tveimur mánuðum, frá 13. desember sl. í grein þeirri sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir vitnaði til, skipt um skoðun í málinu. Þá vildi hann semja við ESB en nú kemur í ljós að hann er efasemdarmaður um slíka samninga og telur að næsta skref í málinu sé það að stjórnmálaflokkarnir semji um næstu skref og þau skref verði í miklu samráði milli stjórnmálaflokkanna og annarra afla í landinu. Hvaða skref, forseti, hvaða skref er maðurinn að tala um? Getur hann ekki svarað þessu fyrir okkur aðra stjórnmálamenn í salnum, fyrir þjóðina og fyrir kjósendur í Sjálfstæðisflokknum, hvaða skref það eru? Vill hann semja við ESB og leggja þá samninga fyrir þjóðina eða vill hann það ekki?

[12:11]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við erum í rauninni að ræða um tvö mál og ég vildi gjarnan tala um þau bæði en ég ætla að takmarka mig við ESB.

Mér finnst ekki rétt að menn fari svona í bónorð í gamni, segi t.d. við konuna: Ég skal giftast þér þegar þú verður stærri og grennri og menntaðri o.s.frv., bláeyg ef hún er brúneyg o.s.frv. Mér finnst furðulegt að menn hafi trú á því að lítil þjóð norður í hafi geti breytt reglum Evrópusambandsins. Mér finnst það alveg furðulegt. Ég vil að þjóðin greiði atkvæði um það hvort hún eigi yfirleitt að sækja um, hvort hún vilji sækja um og þá þurfa menn fyrst og fremst að horfa til þess: Hvernig verður Evrópusambandið eftir 50 ár? Hvernig er það að þróast? Mér segir svo hugur að það sé að þróast mjög hratt í átt til ríkis. Og Ísland verður þá eins og smáhreppur í risaríki með nákvæmlega sömu áhrif og smáhreppur í risaríki. Engin. Það verður enginn skilningur á högum Íslendinga frekar en þegar við vorum keyrð í kaf með Icesave-reikningunum fyrir nokkrum mánuðum, það verður enginn skilningur á hag Íslendinga. Við Íslendingar höfum dapra 500 ára reynslu af því að vera í tengslum við þjóð suður í Evrópu og voru þó Danir örugglega ekki vont fólk, örugglega ekki. En þeir höfðu bara engan skilning á högum Íslendinga. (**VS:** Hefur heimurinn ekkert breyst?) Heimurinn hefur vissulega breyst mikið en þeir í Brussel hegðuðu sér ekkert skár en Danir gerðu gagnvart Íslendingum þegar þeir fóru í stríð við Íslendinga út af Icesave-reikningunum.

[12:12]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þingmönnum Bjarna Benediktssyni og Valgerði Sverrisdóttur að hér er um að ræða langstærsta einstaka úrlausnarefni íslensks samfélags í dag. Ég tek einnig undir það með hv. þingmanni að það er mikilvægara en margt annað að ná þessum málum upp úr skotgröfum flokkastjórnmálanna, frelsa málið út úr svona afdankaðri hræðsluáróðursumræðu eins og hv. þm. Pétur Blöndal viðhafði áðan og ræða raunverulega kosti og galla við Evrópusambandsaðild. Við getum rifist um það næstu 100 árin hvað við fáum og fáum ekki út úr aðild. Meginmáli skiptir að sækja um aðild að sambandinu, ganga til samninga og greiða síðan atkvæði um samninginn rétt eins og Norðmenn hafa gert í tvígang og þar hefur þjóðin í bæði skiptin fellt samninginn.

Vel má vera og er ekkert ólíklegt og ekki útilokað að íslenska þjóðin geri slíkt hið sama ef hún fellir sig ekki við samninginn hvað varðar yfirráð yfir náttúruauðlindum, afdrif landbúnaðarins og ýmislegt annað en staðan í gjaldmiðilsmálunum bókstaflega hrópar á lausnir. Það mætti nefna nokkrar til sögunnar, núverandi fyrirkomulag, endurmat á því, einhliða upptöku á öðrum gjaldmiðli og síðan þá að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru í gegnum það sem ég held að sé langlíklegasta lausnin.

Okkur á Alþingi Íslendinga ber að ræða þetta mál af hófstillingu og málefnalegri yfirvegun, um kosti og galla, og koma okkur síðan saman um það hvenær best er að sækja um aðild og á hvaða forsendum og ganga síðan með þann samning fyrir þjóðina. Þess vegna var ég hjartanlega sammála öllu megininntaki greinar þeirra félaga hv. þm. Bjarna Benediktssonar og Illuga Gunnarssonar frá því í desember um að það sé langmikilvægasta verkefnið að sækja um aðild og ganga síðan með samning fyrir þjóðina til kosninga þar á eftir. Vel má vera að þjóðin komist að því að okkur sé best borgið fyrir utan en það er líka betra að hún ákveði það en ekki hv. þm. Pétur H. Blöndal.

[12:14]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Pétri H. Blöndal að bónorð á aldrei að bera upp í hálfvelgju eða með skilyrðum. Þetta snýst nefnilega um að vita hvað maður vill og að hafa stefnu. Til þess eru stjórnmálaflokkar að bera fram stefnu sem þeir reyna að vinna fylgis meðal þjóðarinnar. Aðeins einn stjórnmálaflokkur á Íslandi hefur til skamms tíma haft það á stefnu sinni að sækja um aðild að Evrópusambandinu, semja um hana og leggja svo þá niðurstöðu í dóm þjóðarinnar. Það er eina leiðin til að afgreiða þetta mál og til að fá það upp á borðið um hvað það snýst að Ísland verði e.t.v. í framtíðinni aðildarríki að Evrópusambandinu. Hjá þessum staðreyndum komast menn ekki hvernig sem þeir láta. Þetta er viðfangsefnið og þess vegna þurfa íslenskir kjósendur að vita það eigi síðar en 25. apríl næstkomandi hvað stjórnmálaflokkarnir vilja. Hafa þeir það á stefnuskrá sinni að sækja um aðild? Munu þeir leggja það í dóm kjósenda 25. apríl? Um leið og ljóst er að þingmeirihluti er á löggjafarsamkomunni fyrir því að taka þetta skref þá tökum við það skref. Þess vegna þýðir ekki fyrir þingheim og menn hér inni að tala út og suður um þetta. Menn verða að segja kjósendum hver er stefna flokksins sem þeir standa fyrir. Ætla þeir að standa við hana og fá niðurstöðu í það mál í alþingiskosningunum 25. apríl?

[12:16]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Við ræðum hér nokkur risavaxin mál eins og Icesave, gjaldmiðilsmálin og Evrópumálin og ég ætla að reyna að halda mig við Evrópumálin.

Vegna orða hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur og hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur vil ég taka það fram að stefna

Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum er alveg skýr og hefur verið það. Stefnan er sú að það þjóni hagsmunum Íslands betur að standa utan Evrópusambandsins en að ganga í það. Þessi stefna hefur verið samþykkt á landsfundi Sjálfstæðisflokksins oftar en einu sinni og oftar en tvisvar.

Nú er landsfundur Sjálfstæðisflokksins fram undan og það kann að vera að stefnan breytist en við vitum ekki um það fyrr en að loknum fundinum. Þar verða teknar ákvarðanir á lýðræðislegum grundvelli. Ég hef sagt það sjálfur að ég er ekki hlynntur því að fara í aðildarviðræður og ganga til samninga við klúbb sem ég vil ekki vera aðili að. Ástæðan er sú að ég vil ekki framselja það vald sem Evrópusambandsaðild felur í sér. Ég vil heldur ekki að Íslendingar missi forræði yfir þeim auðlindum sem endurreisn samfélagsins á að byggjast á. Við ætlum að byggja þetta land aftur upp á auðlindunum okkar og ég tel mjög óskynsamlegt að gefa frá okkur forræðið yfir þeim.

Þar fyrir utan er samningsstaða Íslendinga þessa stundina afleit og framganga ESB-ríkja gagnvart Íslendingum, t.d. í Icesave-málinu, var Evrópusambandinu til skammar. Það er fullkominn misskilningur að halda að Evrópusambandið mundi taka á okkur með einhverjum silkihönskum þegar við komum með auðlindirnar okkar og færum þær fram á bakka í aðildarviðræðum við sambandið.

Ég vil síðan nefna það, úr því að hér er talað um Evrópustefnu Framsóknarflokksins, að hún er þess eðlis, og skilyrðin sem Framsóknarflokkurinn setur fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu eru (Forseti hringir.) þess eðlis — stefna Framsóknarflokksins er sú að Evrópusambandið (Forseti hringir.) gangi í Ísland en Ísland ekki í Evrópusambandið (Forseti hringir.) svo að það sé algjörlega á hreinu.

[12:19]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég fagna ítrekuðum yfirlýsingum hv. þm. Bjarna Benediktssonar, verðandi formanns Sjálfstæðisflokksins að vonum, um að rétt sé að sameina stjórnmálaflokkana um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, láta reyna á þá kosti sem þar bjóðast og leggja svo í dóm þjóðarinnar. Á ögurstundu í lífi þjóðar er það skylda forustumanna hennar að láta reyna á þá kosti sem henni bjóðast og ég hygg að það sýni leiðtogahæfileika hv. þingmanns að geta hafið sig yfir skotgrafir flokkastjórnmálanna og tekið þessa afstöðu.

Við þurfum á því að halda nú sem aldrei fyrr að senda heiminum skýr skilaboð um að við tökum okkar stöðu grafalvarlega og munum fordómalaust kanna allar þær helstu leiðir sem okkur standa til boða til að tryggja íslenska hagsmuni. Ég hvet hv. þingmenn Pétur H. Blöndal og Sigurð Kára Kristjánsson til að láta 6. október sl. verða til þess að gleyma þessum gömlu ræðum um Evrópusambandið, þessu kasti manna hver í annan og áróðri á báða bóga — ég held satt að segja að sá málflutningur sé ekki ýkja málefnalegur og færa megi sterk rök fyrir því að einangrunarhyggja okkar hafi á endanum leitt okkur í ógöngur. Ég held að það geri þá kröfu til allra manna á Íslandi að þeir endurskoði nokkuð þá afstöðu sem þeir hafa haft og ræði af víðsýni og umburðarlyndi um það með hvaða hætti skynsamlegast sé til framtíðar að við tengjumst öðrum þjóðum, nágrannaþjóðum okkar í Evrópu, og högum samvinnu okkar við þær. Í því eiga menn ekki að hafa upp upphrópanir eða sleggjudóma eins og mér þótti gæta nokkuð í málflutningi hv. þingmanna Péturs H. Blöndals og Sigurðar Kára Kristjánssonar.

[12:21]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og ekki síst ræðu hv. þm. Bjarna Benediktssonar. Hann segir í lok ræðu sinnar að hann standi við allt það sem segir í Morgunblaðsgreininni og það finnst mér mjög mikilvægt að vita.

Hann nefndi í ræðu sinni að ná þyrfti góðri sátt á milli stjórnmálaflokkanna í þessu máli og það er mikið rétt. Mér heyrist nú, miðað við það sem kom hér fram í umræðunni af hálfu annarra þingmanna Sjálfstæðisflokksins, að hann eigi fullt í fangi með að ná einhverri sátt í sínum flokki um það sem hann segir í þessari grein og endurtekur hér í ræðustól á hv. Alþingi.

Mér finnst mjög leitt þegar hv. þingmenn setja fram þær skoðanir, og reyndar hefur hv. þm. Geir Haarde, fyrrv. forsætisráðherra, komi fram með þá skoðun, að ekki verði hlustað á Ísland. Hv. þm. Pétur Blöndal sagði hér áðan að það væri enginn skilningur á högum Íslands. Svona eigum við ekki að tala. Við erum í samstarfi við aðrar þjóðir og við erum í samstarfi við aðrar þjóðir vegna þess að við höfum eitthvað fram að færa. Mín reynsla er sú og margra annarra að alltaf þegar Ísland hefur eitthvað fram að færa er hlustað á Ísland.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson talar hér um að stefna Sjálfstæðisflokksins sé skýr og hún sé sú að heildarhagsmunum sé betur borgið utan Evrópusambandsins og geri ég mér fulla grein fyrir því. En þegar hv. þingmaður sem er í framboði til formanns í Sjálfstæðisflokknum hefur tekið svo djúpt í árinni sem raun ber vitni í sambandi við það að sækja um aðild að Evrópusambandinu finnst mér það vera mikil gleðitíðindi. Mér finnst að það hljóti að verða það sem litið verður til og tel líkur á því að það geti orðið niðurstaða þess fundar sem fram undan er hjá Sjálfstæðisflokknum.

Hæstv. forseti. Ég held að þetta sé nauðsynleg umræða og það er (Forseti hringir.) um að gera að halda hv. þingmönnum við efnið og ræða hér aðild að Evrópusambandinu.

[12:23]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil nálgast þessa umræðu almennt á þann veg að við ræðum hér um leiðir til þess að auka langtímastöðugleika í efnahag okkar. Við skuldum bæði atvinnustarfseminni í landinu og heimilunum í landinu meiri fyrirsjáanleika í þeirra útgjöldum og langtímastöðugleika í gengismálum. Ég hef margoft sagt að ég efist um að krónan geti til lengri tíma veitt okkur þennan nauðsynlega stöðugleika og verið okkur sú viðspyrna sem gengið þarf ávallt að vera í peningamálastefnunni.

Þess vegna er það að mínu áliti mikilvægast af hagsmunum að við göngum skýrt fram við leit að bestu kostum og í því efni hef ég verið talsmaður þess að við tækjum af-

stöðu til Evrópusambandsmálanna með því að hafa þjóðina með í ráðum. Ég hef tekið eftir því að hjá öllum flokkum virðist það sjónarmið vera til staðar að við eigum að virkja þjóðaratkvæðagreiðslu til þess að taka stórar ákvarðanir í Evrópusambandsmálunum. Ég lít á það sem tækifæri, tækifæri fyrir flokkana til þess að koma sér saman um næstu skref, hvort sem það verður að gera eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal mælist hér til, að við leggjum málið undir þjóðina, þ.e. aðildarumsóknina sjálfa, hvort fara eigi í aðildarviðræður eða hvort við förum hina leiðina sem hér hefur líka verið til tals.

Ég spyr, af því að hér hefur hv. þm. Mörður Árnason komið upp og sagt að ég hafi á einhvern hátt skipt um skoðun, sem er auðvitað alrangt: Hefur Samfylkingin skipt um skoðun? Fyrir nokkrum vikum sagði Samfylkingin að það væri sjálfhætt í ríkisstjórn ef hún sæti þar uppi með flokk sem ekki hefði það skýra markmið að sækjast eftir því að ganga inn í Evrópusambandið. Samfylkingin hefur greinilega skipt um skoðun að þessu leyti til vegna þess að hún er einmitt núna í samstarfi með flokki sem hefur ekki þá skýru stefnu. (Forseti hringir.) Verður það þannig eftir kosningarnar, (Forseti hringir.) ætlar Samfylkingin að fara í ríkisstjórnarsamstarf (Forseti hringir.) eða er fyrir hana sjálfhætt í ríkisstjórn (Forseti hringir.) komist hún ekki í stjórn með flokki sem hefur það að markmiði að ganga inn í Evrópusambandið? (Gripið fram í.)

[12:26]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Íslendingar höfðu komið upp innlánstryggingarkerfi algjörlega í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins. Það kom í ljós að þessi reglugerð Evrópusambandsins var gölluð, hún var meingölluð. Hún réði ekki við það þegar 80% af fjármálamarkaðnum fór á hausinn. Þess vegna ætlar Evrópusambandið að keyra íslenska þjóð í fátækt.

Að láta sér detta í hug að menn geti tekið upp evruna eftir að þeir eru gengnir inn í Evrópusambandið, Íslendingar munu ekki uppfylla Maastricht-skilyrðin fyrr en eftir hugsanlega áratug og þá gætum við hugsanlega tekið upp evruna.

Svo vil ég benda á það að Evrópusambandið fer létt með það að breyta reglum eftir á. Það er jú að þróast í átt til ríkis og það mun breyta reglum þannig að auðlindir okkar í sjávarútvegi verði eign Evrópusambandsins, auðlindir okkar í orkumálum verði eign Evrópusambandsins o.s.frv. Það er mjög líklegt að þetta gerist vegna þess að það verður einhvern tímann orkuskortur og þá þurfa þeir orkuna frá Íslandi.

Ég vil benda á það að Sjálfstæðisflokkurinn heitir Sjálfstæðis-flokkur. Ég er ekki viss um að sjálfstæðismenn vilji afsala sér fullveldi Íslands. Ég segi já við fullveldi Íslands en ég segi nei við aðild að Evrópusambandinu.

[12:27]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það sem ég kom inn á hér áðan að þingheimur og landsmenn allir fái þau lögfræðiálit varðandi Icesave og þær skyldur sem búið er að leggja á íslenska þjóð, fái þau lögfræðiálit fram sem eru bak við luktar dyr í utanríkisráðuneytinu og kannski fleiri ráðuneytum og stofnunum á vegum hins opinbera.

Varðandi Evrópusambandið tel ég hins vegar að það sé ekki rétt sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sagði hér áðan að núverandi gjaldeyrisstaða hrópaði á lausnir, þ.e. að það þurfi að skipta um gjaldmiðil einn, tveir og þrír. Ég held að miðað við þá stöðu sem við erum í í dag séu málin þannig að við verðum að vinna okkur út úr þeim vandamálum með því að halda krónunni um nokkurt skeið. Verkefni okkar núna er að koma íslensku samfélagi á réttan kjöl. Þegar við erum búin að ná því tel ég eðlilegt að menn sæki um aðild að Evrópusambandinu og fái niðurstöðu, fari í aðildarviðræður og fái niðurstöðu. Þjóðin skiptist nokkurn veginn jafnt, samkvæmt skoðanakönnunum, á milli þeirra sem vilja ganga í Evrópusambandið og þeirra sem vilja ekki ganga í Evrópusambandið. En það er talsvert mikill meiri hluti þjóðarinnar sem vill fá niðurstöðu, sem vill fara í aðildarviðræður og fá niðurstöðu og greiða síðan atkvæði um niðurstöðuna.

Ég segi fyrir mig, ég er fylgjandi þeirri leið þó að ég sé ekki búinn að gera upp hug minn varðandi Evrópusambandið. Norðmenn gerðu þetta á sínum tíma, 1991, og náðu að afgreiða þetta mál aftur fyrir sig, fengu niðurstöðu og afgreiddu málið, þjóðin afgreiddi málið. Við getum ekki eytt næstu áratugum í að rífast um það hvað sé hugsanlega í pakkanum og hvað ekki. (Forseti hringir.) Við verðum að fá niðurstöðu og síðan á þjóðin að ráða.

[12:29]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Þetta er of stuttur tími sem ég hef hér til þess að bera það saman hvernig manni leið með Samfylkinguna í ríkisstjórn með hinum aðgerðarlausa og hugmyndasnauða Sjálfstæðisflokki hér fyrir jól og síðan núna í jafnaðarstjórn með stuðningi framsóknarmanna sem eru á leiðinni í kosningar og inn í nýtt fjögurra ára tímabil þar sem það verður að sjálfsögðu eitt af höfuðatriðum við stjórnarmyndun, hver sem hún verður, hvernig farið verður með Evrópusambandsmálið. (Gripið fram í.)

Mér skilst nú á hv. næsta formanni Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssyni, að hann standi við grein sína frá 13. desember og ég fagna því. Það er þá þannig að hann vill samninga við Evrópusambandið og að þeim gerðum verði þeir lagðir fyrir þjóðina. Það er líka eðlilegt. Ég held að það sem við eigum að gera núna strax eftir kosningar sé að reyna að leita samstöðu allra flokka eða þá eins margra flokka og hægt er — komast eins langt og hægt er með eins marga og hægt er, eins og félagi minn Sighvatur Björgvinsson sagði einu sinni um annað tilefni — um eins snögga samninga og hægt er við Evrópusambandið þannig að þeir standist öll þau skilyrði og kröfur sem við setjum. Þeir taki líka til evruupptöku helst á hraðari hátt en venja er um slík efni og þannig að við komumst sem fyrst í skjól af þeim gjaldmiðli þó að við þurfum auðvitað að halda krónunni áfram eitthvað um sinn.

Ég spyr mig að því hvort ekki sé heppilegt í tengslum við slíka samninga að fara þá líka í samninga um þær skuldir og þau mál sem hér voru nefnd í hinni umræðunni

þannig að þetta sé einn pakki og að sjálfsögðu sé það þjóðin sem að lokum sker úr um þetta. Ég fagna því að hv. þm. Bjarni Benediktsson, næsti formaður Sjálfstæðisflokksins, og flokkur hans séu á þessari leið ef það er (Forseti hringir.) réttur skilningur minn.

[12:32]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta er merkileg umræða því að hér er sá maður sem er á hraðbraut í það að verða formaður Sjálfstæðisflokksins eftir nokkra daga og hann lýsir því yfir að hann telji, eins og hann taldi í desember, að sækja beri um aðild að Evrópusambandinu og ná um það samstöðu. Ég tek eindregið undir það að við eigum að reyna eins og við getum að ná þessu máli upp úr skotgröfum og hjólförum deilna síðustu ára og áratuga eins og hv. þm. Pétur Blöndal reyndi svo hressilega að hlamma því ofan í áðan með afskaplega ómálefnalegum hætti.

Þetta er einfaldlega stærsta og mesta úrlausnarefni íslensku þjóðarinnar núna. Þetta er partur af lausn á bráðavandanum og það er mjög mikilvægt atriði að næsta ríkisstjórn, hver sem hún verður, nái samstöðu um að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu og þessum málum komið í farveg. Það væri glapræði af ríkisstjórn sem verður mynduð eftir kosningar í vor að skjóta þessu máli á frest og skjóta þar með framtíð íslensku þjóðarinnar á frest aftur. Það voru mistök síðast sem má ekki endurtaka á ný.

Ég tek undir með hv. þm. Ármanni Kr. Ólafssyni að þetta mál verður ekki leyst með þrátefli, þrasi og deilum í áratugi í viðbót. Við munum aldrei vita (**Gripið fram í:** … vinstri grænir …?) hvað við fáum út úr þessu fyrr en við sækjum um aðild. Vinstri grænir svara að sjálfsögðu fyrir sig. Við sem erum talsmenn Samfylkingar túlkum sjónarmið okkar. Við viljum sækja um aðild að sambandinu og við teljum að það væri glapræði að mynda ríkisstjórn sem setti þetta mál aftur til hliðar. Þetta er stærsta málið og það verður að leysa. Þess vegna verða allir flokkarnir, eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði áðan, að ganga til leiks í vor með skýra sýn á það hvort þeir vilja sækja um aðild að Evrópusambandinu eða ekki af því að um þetta á að kjósa í vor og um þetta meðal annars á að mynda ríkisstjórn í vor. (Gripið fram í.)

Umræðu lokið.

Bráðabirgðalög.

Fsp. KHG, 318. mál. — Þskj. 550.

[12:34]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson) (U):

Virðulegi forseti. Ég ber fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra um setningu bráðabirgðalaganna á síðasta ári. Fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvert er viðhorf forsætisráðherra til setningar bráðabirgðalaga 7. júní 2008, um breytingu ákvæða laga um Viðlagatryggingu Íslands um eigin áhættu vátryggðs, í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í svari viðskiptaráðherra á þingskjali 502 um að bráðabirgðalögin hafi aukið tjónabætur Viðlagatryggingar Íslands vegna lækkunar á sjálfsábyrgð aðeins um 28 millj. kr. í 629 tjónum eða um 45 þús. kr. í hverju tilviki, og með hliðsjón af því að skv. 28. gr. stjórnarskrár lýðveldisins er gert ráð fyrir að bráðabirgðalög verði aðeins gefin út þegar brýna nauðsyn ber til?“

Þetta mál snýst um það að setja bráðabirgðalög en ekki fjárhagslegu áhrifin af þeim. Það er annað mál sem blandast ekki inn í fyrirspurnina sjálfa að öðru leyti en því að fjárhagslegir hagsmunir eru smáir, tjón á lausafjármunum varð nærri 1 milljarður kr. þannig að áhrif bráðabirgðalaganna eru innan við 3% í því tilliti. Þegar núgildandi ákvæði voru sett í stjórnarskrána 1991 var skýrt tekið fram af hálfu þeirra sem töluðu fyrir því fyrir hönd allra stjórnmálaflokka, eins og Ólafs G. Einarssonar sem þá var formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, að með þessum nýju ákvæðum um bráðabirgðalög væri ætlunin sú að þing yrði kallað saman ef nauðsyn krefði, t.d. að afgreiða aðkallandi löggjöf að ósk ríkisstjórnarinnar fremur en að setja bráðabirgðalög. Það ætti aðeins að gera ef brýna ástæðu bæri til og þær ástæður þyrftu að vera ríkar.

Ég vil nefna sem dæmi að árið 2003 voru sett bráðabirgðalög og þá var það afstaða minni hluta landbúnaðarnefndar á þeim tíma sem skipuð var fulltrúum Samfylkingarinnar að þau lög hefðu ekki uppfyllt ákvæði stjórnarskrárinnar um brýna nauðsyn vegna þess hve málið var afmarkað, tæki til fárra fyrirtækja og smáir fjárhagslegir hagsmunir væru í húfi. Ég vil leita eftir afstöðu hæstv. ráðherra til beitingar ákvæðis stjórnarskrárinnar um að setja bráðabirgðalög í því ljósi sem nú liggur fyrir um þau lög sem sett voru á síðasta ári og hvert viðhorf ráðherrans er til þess að setja bráðabirgðalög á þessum grundvelli.

[12:37]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég svara fyrirspurn sem beint er til mín er varðar setningu bráðabirgðalaga í tíð fyrri ríkisstjórnar þar sem ég gegndi embætti félags- og tryggingamálaráðherra.

Almennt talað er sú sem hér stendur hlynnt því að heimild 22. gr. stjórnarskrárinnar til setningar bráðabirgðalaga sé túlkuð þröngt og hlutverk löggjafarvaldsins sé virt í hvívetna. Varðandi það tilvik sem hér er spurt um þá voru aðstæður auðvitað slíkar að bregðast þurfti við með skjótum hætti. Í jarðskjálftanum sem átti upptök sín á Suðurlandi 29. maí 2008 varð mikið tjón á innbúi þúsunda heimila á Suðurlandi. Það var mat fyrrverandi ríkisstjórnar að nauðsynlegt hefði verið að bregðast við hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar sem leiddi til þess að eigin áhætta á innbúi tjónþola þótti óeðlilega há. Setning bráðabirgðalaga að tillögu viðskiptaráðherra fólst í því að tryggja tjónþolendum sanngjarnar bætur við uppgjör þeirra. Aðstæður voru með þeim hætti að náttúruhamfarirnar urðu við þinglok og nokkrum dögum síðar þegar ríkisstjórnin ákvað viðbrögð sín hafði þingi verið frestað.

Menn geta vissulega reiknað út eftir á að fjárhæðirnar sem um var að tefla og leiða af bráðabirgðalögunum hafi ekki verið miklar. Eigi að síður mat ríkisstjórnin það svo á þeim tíma að brýna nauðsyn bæri til, m.a. til að sýna fórnarlömbum jarðskjálftans samhug. Sú sem hér stendur stóð

að þeirri ákvörðun og ég tel að hún hafi verið rétt á þeim tíma. Þetta geta virst smáar upphæðir í þessu samhengi en mér er kunnugt um þau skjótu viðbrögð sem gripið var til voru mikils metin af því fólki sem þarna átti um sárt að binda. Margt var til fyrirmyndar í mati á tjónum og uppgjörum á þeim samkvæmt upplýsingum sem mér hafa borist frá íbúum á svæðinu sem verst urðu úti.

Varðandi setningu bráðabirgðalaga almennt má segja að það sé ekki í verkahring forsætisráðherra að leggja mat á það eftir á hvort í tilteknu tilviki eða tilfelli hafi verið uppfyllt skilyrði stjórnarskrár fyrir því að gefa út bráðabirgðalög. Það kemur í hlut Alþingis að ákveða hvort það vill staðfesta bráðabirgðalög þegar þau eru lögð fyrir þingið. Þá getur reynt á gildi bráðabirgðalaga fyrir dómstólum.

Í þessu sambandi vil ég jafnframt vekja athygli á því að eitt af verkefnum stjórnlagaþings í þeim tillögum sem nú eru til umræðu verður væntanlega að skoða nánar hvort ástæða sé til að viðhalda í stjórnarskrá heimild til setningar bráðabirgðalaga.

[12:40]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég stóð að því á sínum tíma að setja þessi bráðabirgðalög. Ég tel að það hafi verið fullkomlega réttlætanlegt og nauðsynlegt á þeim tíma. Það var partur af mjög ágætum viðbrögðum ríkisvalds, almannavarna og sveitarstjórna á þeim tíma. Miklar náttúruhamfarir riðu yfir þéttbýlt svæði. Tjón á innbúum varð mikið og var óttast um tíma að tjón væri talsvert meira á húseignum, innbúi o.fl. en síðar kom í ljós. Það gekk mjög vel að greiða úr þessum málum og fyrir það eiga margir þakkir skildar. Ég tel að setning bráðabirgðalaganna hafi verið réttmæt og nauðsynleg á þeim tíma og Alþingi staðfesti þau nokkrum mánuðum síðar. Það vildi þannig til að jarðskjálftinn reið yfir daginn sem Alþingi var að ljúka störfum og þess vegna þurftum við að grípa til þeirra ráða að setja bráðabirgðalög að gefnu tilefni vegna alvarlegra og stórbrotinna náttúruhamfara.

[12:41]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson) (U):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að svör hæstv. forsætisráðherra eru mér mikil vonbrigði vegna þess að þau lýsa því sem hefur kannski verið helsta vandamálið varðandi heimild til bráðabirgðalaga, að ráðherrarnir túlka það sjálfir hvenær þeir telja þörf á að nota heimildina og fara gegn lögskýringargögnum sem má finna í skjölum Alþingis, bæði nefndarálitum og framsöguræðum þeirra sem mæltu fyrir málinu fyrir hönd alþingismanna á sínum tíma, og er auðvitað skýrt dæmi um að það er algerlega rangt að láta ráðherrum eftir heimild til að setja lög. Þeir munu ekki beita þeirri heimild eins og ætlast er til heldur túlka hana eftir því sem þeim þykir þurfa á hverjum tíma.

Í þessu máli var það ákvörðun ráðherra og ríkisstjórnarinnar að sniðganga Alþingi. Það er annað mál hvort ástæða hafi verið yfir höfuð til þess að gera breytingar á lögunum en það var þá Alþingis að meta það og Alþingi sat þegar atburðirnir urðu. Alþingi gat komið saman til fundar hvenær sem var og til þess var breytingin gerð 1991 að Alþingi gæti komið saman með skömmum fyrirvara þegar þörf væri á að ósk ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin valdi hins vegar þá leið að kalla Alþingi ekki saman af því að hún vildi ekki kalla Alþingi saman. Hún vildi ekki leggja málið fyrir Alþingi og eftirláta þinginu að meta hvort rétt væri að setja löggjöf og þá hvernig, heldur ákvað að gera það sjálf og láta Alþingi standa frammi fyrir gerðum hlut. Það gagnrýni ég harðlega, virðulegi forseti, og tel þetta dæmi því miður staðfesta að ráðherrum er ekki treystandi fyrir löggjafarvaldi.

[12:43]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður hefur lýst skoðun sinni á því hvernig fyrri ríkisstjórn beitti bráðabirgðalagaákvæðinu í því tilviki sem við ræðum um hér. Ég ítreka að það var sjónarmið og mat allrar ríkisstjórnarinnar á þeim tíma að það væri réttlætanlegt að setja bráðabirgðalög í því tilviki. Hv. þingmaður taldi það vera mikil vonbrigði og vitnaði til þess að það sé ekki eðlilegt að ráðherrar túlki sjálfir hvernig nota eigi þessa heimild. Ég vil bara ítreka það sem ég sagði að ég tel að fara eigi mjög varlega með þetta ákvæði í stjórnarskránni. Það má vera að það sé full ástæða til að endurskoða það og fara yfir það hvernig bráðabirgðaákvæðinu hefur verið beitt. Hv. þingmaður vísaði til ársins 2003 og hver afstaða Alþingis var þá til beitingu bráðabirgðalaga sem þá voru lögð fyrir þingið, þá hafi niðurstaðan orðið sú að það hefði ekki uppfyllt skilyrði stjórnarskrárinnar að um hefði verið að ræða brýn mál sem réttlættu það beita bráðabirgðalögum.

Ég hygg að það sé alveg við hæfi að stjórnlagaþing, sem vonandi verður sett á laggirnar, fari vel yfir þessi mál og skoði hvernig bráðabirgðalögum hefur verið beitt í gegnum tíðina en ég tel samt nauðsynlegt að heimild til setningar bráðabirgðalaga sé til staðar en þó er auðvitað minni ástæða til þess með þeim breytingum sem orðið hafa á starfi Alþingis, þannig að það má vel vera að það sé réttlætanlegt að skoða einhverjar verulegar breytingar á því.

Umræðu lokið.

Uppbygging samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu.

Fsp. GÞÞ, 353. mál. — Þskj. 602.

[12:45]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég hef áhuga á að spyrja hæstv. samgönguráðherra um uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu. Til margs er að líta þegar kemur að þeim, ekki aðeins hvaða verkefni eru í gangi og hvar þau standa heldur er alveg ljóst að þetta tengist mörgum öðrum þáttum og þá er ég sérstaklega með í huga umferðaröryggismálin.

Ég hef áhuga á því, ef hæstv. samgönguráðherra hefði tækifæri til að minnast líka á atriði eins og það hvort gert hefur verið umferðarmódel eða flæðilíkan af höfuðborgarsvæðinu í heild sinni. Sömuleiðis hvort uppi séu áætlanir

um úrbætur á helstu æðum, sérstaklega Miklubraut og Kringlumýrarbraut, til að auka afkastagetu með því að koma á fríu flæði umferðar með mislægum gatnamótum.

Jafnframt hef ég áhuga á svifryksmengunarmálum. Þar er mjög margt hægt að gera þegar kemur að umferðarmálum. Það væri fróðlegt, virðulegi forseti, ef hæstv. ráðherra hefði möguleika á að upplýsa hvaða gæðakröfur eru gerðar til styrkleika þess malbiks sem notað er á helstu umferðaræðar, hvort notaðir séu viðurkenndir Evrópustaðlar fyrir malbik á höfuðborgarsvæðinu og hvort helstu götur séu þrifnar reglubundið á svipaðan hátt og í nágrannalöndunum eða hvort einungis sé reynt að binda rykið eins og fram hefur komið í fréttum. Og síðan, hvaða kröfur eru gerðar um bindingu jarðefna á vinnusvæðum og þrif á tækjum áður en þau fara á umferðargötur og um yfirbreiðslur á farmi sem getur myndað ryk?

Þessu tengist auðvitað líka spurningin hvort gert hafi verið mat á kostnaði heilbrigðiskerfisins annars vegar og samfélagsins í heild hins vegar af völdum umferðarslysa og hvað líði stefnu stjórnvalda til fækkunar umferðarslysa og hvernig miði í því efni samkvæmt umferðaröryggisáætlun sem við þekkjum.

Og loks varðandi samgöngumannvirkin á höfuðborgarsvæðinu, er hugað sérstaklega að því með tilliti til umferðaröryggis og þá er ég að vísa til ljósastaura, umferðarljósa, girðinga, brúarstöpla, skorts á vegriðum o.s.frv. og er í gangi sérstök áætlun til lagfæringar á slíkum stöðum?

Ástæðan fyrir því að ég tek þetta mál upp hér, virðulegi forseti, er margþætt. Ég tel aldrei brýnna en einmitt við núverandi aðstæður að við gerum góðar áætlanir hvað þetta varðar, ekki aðeins í uppbyggingu á þessum arðbæru framkvæmdum heldur að við horfum líka til umferðaröryggisins, því að við gleymum oft að eitt stærsta heilbrigðisvandamálið er umferðarslysin og því er mjög mikilvægt að við vinnum skipulega að því að fækka þeim. Það hefur verið gert í öðrum löndum með góðum árangri.

[12:48]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hv. þingmanni fyrir þá fyrirspurn sem hann hefur lagt hér fram og aðrar spurningar sem hann bætti við í ræðu sinni. Ég skal reyna eftir fremsta megni að komast yfir þær allar og sjá hvað hægt er að gera á þessum fimm mínútum.

Fyrst að spurningunni: Hvað líður áformum um uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu? Þar er fyrst til að nefna framkvæmdir á Reykjanesbraut í Garðabæ. Á síðasta ári voru tekin í notkun tvenn ný mislæg gatnamót á Reykjanesbraut í Garðabæ, við Arnarnesveg og Vífilsstaðaveg, og lokið verður við frágang á báðum þessum verkum á þessu ári.

Ef ég fer svo yfir í framkvæmdir sem boðnar hafa verið út eða þar sem útboð eru á næsta leiti, þá er fyrst að nefna Arnarnesveg frá nýjum gatnamótum við Reykjanesbraut að Fífuhvammsvegi. Áætlað er að útboð verði auglýst í lok mars og framkvæmdir hefjist í beinu framhaldi og verði lokið sumarið 2010.

Álftanesvegur frá Hafnarfjarðarvegi í Engidal að Bessastaðavegi. Framkvæmdin sem felst í lagningu nýs vegar ásamt hringtorgi við Bessastaðaveg er í útboði. Áætlaðar framkvæmdir hefjast í maí eða júní og verður lokið haustið 2010.

Hvað varðar hringveginn í Mosfellsbæ þá er unnið að undirbúningi breikkunar í fjórar akreinar frá Skarhólabrautarhringtorgi að Þingvallavegarhringtorgi. Útboðsgögn verða tilbúin síðar á árinu.

Hringvegurinn frá Rauðavatni að Vesturlandsvegi. Hönnunarvinna er í gangi. Útboðsgögn fyrir tvöföldun hringtorgs við Norðlingavað og útboðsgögn fyrir breikkun kaflans frá Bæjarhálsi að Vesturlandsvegi verða tilbúin i haust.

Þá er rétt að nefna hér líka Suðurlandsveg. Mikil vinna er í gangi hvað varðar undirbúning þar og ég reikna með að í næstu viku muni koma tilkynning frá okkur um hvað verði gert þar, hvenær verk hefjist og hvernig verði farið í það.

Framkvæmdir sem boðnar verða út síðar eru hringvegur á Kjalarnesi. Frumhönnun vegna tvöföldunar vegarins liggur fyrir í drögum og er í óformlegri kynningu hjá Reykjavíkurborg. Frumhönnunargögn verða forsenda deiliskipulags. Ekki er áætlað að hægt verði að bjóða út framkvæmdir á þessu ári.

Kringlumýrarbraut og Miklubraut. Mislæg gatnamót og stokkur vestur að Rauðarárstíg. Reykjavíkurborg hefur lagt fram tillögu að tveggja hæða gatnamótum sem er til skoðunar hjá Vegagerðinni. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnu við umhverfismat síðar á árinu.

Ef við förum svo yfir á Hafnarfjarðarveg, gatnamót við Vífilsstaðaveg. Lausleg athugun á kostnaði við minnsta áfanga mislægra gatnamóta er af stærðargráðunni 2–3 milljarðar. Breikkun gatnamótanna í plani eins og gert var við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar gæti leyst úr þörf fyrir aukna umferðarrýmd og verður sú lausn könnuð frekar í samráði við bæjaryfirvöld í Garðabæ. Talið er að sú framkvæmd kosti um 500 millj. kr. Þess er auðvitað rétt að geta að hin vellukkaða framkvæmd á Miklubraut/Kringlumýrarbraut, sem gerð var í tíð R-listans, hefur margsannað gildi sitt og sjáum við það m.a. í umferðarslysatölum að óhöppum hefur fækkað.

Ef við tökum næst Reykjanesbraut í Hafnarfirði frá Kaldárselsvegi að Krísuvíkurvegi. Hönnunarvinna vegna tvöföldunar brautanna ásamt nýjum mislægum gatnamótum við Krísuvíkurveg er í gangi og áætlað að útboðsgögn verði tilbúin í lok árs.

Arnarnesvegur frá Fífuhvammsvegi að Breiðholtsbraut. Undirbúningsvinna er í gangi og gert er ráð fyrir að útboðsgögn verði tilbúin árið 2010.

Síðan getum við farið yfir Sundabraut þar sem unnið er að umhverfismati fyrir báða áfanga, þ.e. frá Sæbraut að Geldinganesi annars vegar og frá Geldinganesi norður á Kjalarnes hins vegar.

Ég vil líka, virðulegur forseti, nefna nokkur minni verk sem eru til skoðunar í samvinnu við sveitarfélög. Lagfæring á gatnamótum Bústaðavegar og Flugvallarvegar er í útboði með Reykjavíkurborg. Lenging strætóreina á Miklubraut er til skoðunar og einnig strætórein við Hafnarfjarðarveg frá Arnarneshæð að Kópavogshálsi. Lagfæringar gatnamóta Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar og einnig lagfæring gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Suðurlandsbrautar.

Fleiri slík verk eru í undirbúningi.

Almennt um umferðarflæði, af því að hv. þingmaður spyr út í það hér, má segja að ástand umferðar á höfuðborgarsvæðinu er í allgóðu horfi. Ferðahraði og tafir eru besti mælikvarðinn á ástandið. Meðalferðahraði á völdum aðalleiðum í Reykjavík var um 32 km á klukkustund á háannatíma, bæði kvölds og morgna, árið 2008 samkvæmt mælingum samgönguskrifstofu Reykjavíkurborgar. Ferðahraðinn er mun hærri utan annatíma. Ferðahraði er skilgreindur sem meðalhraði frá upphafsstað til endastaðar og eru öll stopp á leiðinni innifalin. Borið saman við erlendar borgir þykir þetta mjög hár ferðahraði.

Virðulegi forseti. Þar sem klukkan er farin að tifa á mig vil ég segja að vegna þeirra mörgu og góðu aukaspurninga sem hv. þingmaður lagði fyrir mig þá mun ég að fara betur yfir þær í seinni svartíma mínum.

[12:53]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins að koma hér að uppbyggingu samgöngumannvirkja á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem ég tel að snerti uppbygginguna á Kjalarnesi. Á síðasta ári voru áætlaðar 800 milljónir til breikkunar eða til tvöföldunar á Kjalarnesi og eftir því sem ég best veit hafa samgönguyfirvöld á Stór-Reykjavíkursvæðinu með R-listann í broddi fylkingar ekki komið sér saman um hvar vegtengingin átti að koma upp á Kjalarnesið. Ég tel það mjög miður og bagalegt að þessu verki skuli slegið á frest því að um Kjalarnesið fer alveg ógrynni bíla, ég keyri þar sjálf á hverjum einasta morgni og sé því umferðina. Ég vona (Forseti hringir.) að hæstv. samgönguráðherra sjái til þess að þær framkvæmdir verði ekki stöðvaðar.

[12:55]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Ég tek undir með hv. þm. Herdísi Þórðardóttur þegar kemur að umferðarmálum á Kjalarnesi. Sá vandi sem þar er er algjörlega vanmetinn, hann hefur ekki verið jafnmikið í umræðunni og vandinn á ýmsum öðrum stöðum en þar eru hættur sem við þurfum að taka á.

Ég lít svo á að þetta sé eitt alstærsta verkefnið hjá okkur núna og afskaplega mikilvægt að við vöndum til verksins. Þess vegna kom ég líka með þær spurningar sem ég spurði hér vegna þess að á þessu máli eru margar hliðar. Þetta snýst ekki bara um að byggja umferðarmannvirki, þetta snýst um að geta náð ákveðnum árangri með því að hafa ákveðin prinsipp í gangi, þ.e. hreyfanleg umferð, hagkvæm umferð, hrein umferð, hindrunarlaus umferð, hljóðlát og hættulaus umferð. Þetta hljómar kannski eins og þetta sé óyfirstíganlegt en því fer víðs fjarri.

Ég legg áherslu á að notuð séu umferðarmódel, flæðilíkan á höfuðborgarsvæðinu þegar menn hanna þessa hluti. Ég veit, bæði sem borgarfulltrúi og þingmaður, að það hefur vantað upp á slíkt og það er mjög mikilvægt að við vinnum þetta með þeim hætti. Umferðarmálin á höfuðborgarsvæðinu hafa því miður oft og tíðum mætt afgangi. Menn hafa verið að skipuleggja hér ýmis svæði þar sem umferðarmálin hafa mætt afgangi og ég tel okkur hafa gert mikil mistök á mörgum sviðum. Núna eru ákveðnir tappar sem við verðum að losa um. Það snýr að mörgu, það snýr að því að umferðin gangi örugglega fyrir sig, það snýr líka að mengunar- og umhverfismálum. Ég tel að við eigum að ræða þetta sérstaklega í þinginu, þ.e. samgöngumálin á höfuðborgarsvæðinu, og við ættum að taka góðan tíma í það, því að þetta er víðfeðmur málaflokkur sem varðar ekki bara hagsmuni okkar sem búum á svæðinu heldur hagsmuni allra Íslendinga.

[12:57]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég sný mér þá að öðrum spurningum sem hv. þingmaður bar upp með fyrirspurn sinni.

Hvað varðar umferðarmódel eða flæðilíkön á höfuðborgarsvæðinu þá er því til að svara að það er notað en það er auðvitað sífellt í endurskoðun og endurbótum og þannig hefur það verið.

Hv. þingmaður spyr um Miklubraut/Kringlumýrarbraut. Ég svaraði því áðan. Að auka afkastagetuna um þau fjölförnustu gatnamót landsins. Ég svaraði því áðan, við erum að vinna með tillögur sem komu frá Reykjavíkurborg um tveggja hæða gatnamót, það er í gangi.

Svifryksmengunin. Því er til að svara að um þá vegi sem snúa að Vegagerðinni er þjónustusamningur á milli Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborg sem slík sinnir því verki.

Gæðakröfur til styrkleika malbiks. Jú, það er gert. Samvinna Reykjavíkurborgar og Vegagerðar er þar líka. Þetta er auðvitað gert með þeim bestu steinefnum sem völ er á og við fáum hér á Íslandi. Hér var talað um Evrópustaðla, við getum sagt að Evrópustaðlar með íslenskum stöðlum eru notaðir vegna þess að við þurfum að taka tillit til fleiri þátta en gert er annars staðar eins og frost, þíðu, nagladekkja o.s.frv.

Hvað varðar þrif á götum hefur ég svarað því með þjónustusamningnum.

Hvað varðar aftur svo þann mikilvæga þátt sem er tjón af umferðarslysum er mér ánægja að segja frá því að í morgun klukkan 11 var undirritaður samningur um umferðaröryggisáætlun. 367 milljónum er varið til umferðaröryggisáætlunar í ár þar sem við setjum tæpar 80 milljónir í sýnilegt eftirlit lögreglu, áróður og fræðsla upp á tæpar 40 milljónir, endurbætur á vegum hvað varðar svartbletti og annað slíkt, sértækar aðgerðir eru einar 240 millj. kr. Þannig að (Forseti hringir.) þetta hefur verið gert.

Í lokin varðandi framkvæmdir í samgöngumálum á krepputímum. (Forseti hringir.) Árið 2009 verður annað mesta framkvæmdaár í vegamálum á Íslandi. (Forseti hringir.) Árið 2008 var það mesta, þannig að við erum að gera og höfum aldrei gert annað eins í samgöngumálum og einmitt núna.

Umræðu lokið.

Sjálfkrafa skráning barna í trúfélag.

Fsp. ÁÞS, 374. mál. — Þskj. 633.

[13:00]

Fyrirspyrjandi (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra á þskj. 633, um sjálfkrafa skráningu barna í trúfélög.

Forsaga málsins er sú að í byrjun desember komst Jafnréttisstofa eða lögfræðingur hennar að þeirri niðurstöðu að breyta þyrfti ákvæðum laga um skráð trúfélög sem kveða á um að barn skuli frá fæðingu skráð í sama trúfélag og móðir þess. Í áliti Jafnréttisstofu kemur fram að þetta ákvæði sé tæpast í samræmi við ákvæði jafnréttislaga og engir hagsmunir hvorki fyrir nýfætt barn né aðra að það sé sjálfkrafa skráð í trúfélag.

Jafnréttisstofa fjallaði um málið á grundvelli óska frá einstaklingi um álit Jafnréttisstofu á þessum ákvæðum laganna en í 8. gr. laganna um skráð trúfélög segir að barn skuli frá fæðingu talið heyra til sama trúfélags og móðir þess. Börn eru með öðrum orðum skráð í trúfélag móður strax og tilkynnt er um fæðingu þeirra. Niðurstaða lögfræðings Jafnréttisstofu er að þetta ákvæði sé tæpast í samræmi við jafnréttislögin og bann þeirra við mismunun á grundvelli kyns, þ.e. að kyn, móðernið, ráði því alfarið í hvaða trúfélag barn er skráð frá fæðingu. Álit hans er líka að mikilvægast í þessu máli sé að ekki er að sjá að neinir hagsmunir séu, hvorki fyrir nýfætt barn né aðra, að það sé sjálfkrafa skráð í trúfélag, hvort sem það fylgir skráningu móður eða föður.

Enn fremur er það álit lögfræðings Jafnréttisstofu að það sé meira í samræmi við jafnréttislög og anda þeirra laga sem og jafnrétti og mannréttindi almennt að forsjáraðilar taki ákvörðun um hvort og þá hvenær skrá eigi barn í trúfélag. Þannig þyrfti samþykki beggja forsjáraðila, ef þeir eru tveir, að liggja fyrir til að barn yrði skráð í trúfélag þegar það er yngra en að því sé heimilt að sjá um slíkt á eigin forsendum.

Hér er að mínu mati um að ræða mikilvægt jafnréttis- og mannréttindamál og eðlilegast væri að þessu væri farið eins og lögfræðingur Jafnréttisstofu telur eðlilegast, að samþykki beggja forsjáraðila þurfi til, ef þeir eru fleiri en einn, og að börn séu ekki sjálfkrafa skráð í trúfélög heldur sé það ákvörðun forsjáraðilanna, hvort sem þeir eru einn eða fleiri, hvernig þeim málum er háttað.

Þess vegna hef ég lagt eftirfarandi fyrirspurn fram til hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra:

„Telur ráðherra ástæðu til að breyta ákvæðum laga þannig að forsjáraðilar taki sameiginlega ákvörðun um skráningu barns í trúfélag þegar og ef þeir kjósa svo, í samræmi við það álit lögfræðings Jafnréttisstofu að sjálfkrafa skráning barna í trúfélag móður standist tæpast jafnréttislög?“

[13:03]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina.

Árið 1886 voru sett lög sem lögðu það á presta þjóðkirkjunnar að annast skráningu allra barna og nafna þeirra í kirkjubækur. Árið 1956 var tekið upp nýtt fyrirkomulag almannaskráninga með lögum um þjóðskrá og almannaskráningu. Árið 1975 voru síðan sett lög um trúfélög sem tóku upp það fyrirkomulag sem nú ríkir.

Í lögum um trúfélög, nr. 108/1999, segir í 2. mgr. 8. gr. að barn skuli frá fæðingu talið heyra til sama skráða trúfélags og móðir þess. Ég bendi á að í 3. mgr. sömu greinar segir að það foreldri sem fari með forsjá barns taki ákvörðun um inngöngu þess í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi. Ef foreldrar fara saman með forsjá barns taka þeir sameiginlega ákvörðun.

Rétt þykir að taka fram að í mörgum skráðum trúfélögum og í þjóðkirkjunni þarf að fara fram athöfn sem tengist viðkomandi trú, eins og t.d. skírn hjá kristnum söfnuðum, sem er undanfari þess að barn eða einstaklingur sé tekinn inn í söfnuð trúfélagsins. Sú athöfn að merkja við nýfædd börn í þjóðskrá með viðkomandi tákni skráðs trúfélags móður hefur þá í raun ekki gildi hvað trúfélagsaðildina snertir. Eftir hina trúarlegu athöfn geta foreldrar óskað skráningar barnsins í viðkomandi trúfélag en þar með er búið svo um hnútana að sóknargjald fyrir viðkomandi rennur til trúfélagsins á grundvelli laga um sóknargjöld þegar barnið verður 16 ára en þá hefst gjaldskyldan.

Eins og hv. þingmaður benti á hefur Jafnréttisstofa veitt umsögn um ákvæði 8. gr. fyrrnefndra laga um trúfélög frá 1999 og komist að þeirri niðurstöðu að annmarkar séu á því. Eins og þingmaðurinn benti á er það álit Jafnréttisstofu að það sé tæpast í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, og bann þeirra við mismunun á grundvelli kyns að móðerni ráði því alfarið í hvaða trúfélag barn er skráð frá fæðingu. Kveður Jafnréttisstofa löggjafann ekki hafa, eftir því sem best verður séð, fært rök fyrir því af hverju nauðsynlegt sé að barn sé við fæðingu skráð í sama trúfélag og móðir þess.

Í öðru lagi er það sem Jafnréttisstofa telur mikilvægast í þessu máli að ekki sé svo að sjá að neinir hagsmunir séu, hvorki fyrir nýfætt barn né aðra, að barn sé sjálfkrafa skráð í trúfélag hvort sem það fylgir skráningu móður eða föður.

Virðulegi forseti. Þetta tel ég að þurfi nánari skoðunar við. Staða barna ræðst að mjög miklu leyti af stöðu móður, föður eða beggja, nefni ég íslenskan ríkisborgararétt sem dæmi. Annað dæmi sem ég nefni er að barn á lögheimili þar sem foreldrar þess eiga heima ella hjá því foreldri sem fer með forsjá þess. Við höfum skuldbundið okkur að alþjóðalögum til að hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi og endurspeglast það með ýmsum hætti í íslenskri löggjöf. Þótt jafnréttissjónarmið séu hér afar mikilvæg hljóta hagsmunir barnsins ætíð að vera í fyrirrúmi. Hvort það eru hagsmunir barns að vera t.d. ekki skráð í trúfélag þótt móðir eða faðir séu það tel ég að verði að skoða nánar.

Að þessu sögðu get ég verið því sammála að svo fortakslaus regla sem finna má í 2. mgr. 8. gr. laga um trúfélög geti verið óheppileg, ég tala nú ekki um ef hún þykir brjóta í bága við jafnréttislög. Því mun ég beita mér fyrir að hafin verði endurskoðun á téðu ákvæði en að það verði gert fyrst og fremst með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

[13:07]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir góða fyrirspurn eftir þann merkilega viðburð, sem ég tel það vera að lögfræðingur Jafnréttisstofu hafi gefið þetta álit. Ég þakka líka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir svarið sem ég tel að sé nákvæmlega rétt, að þetta álit gefi tilefni til þess að rannsakað sé í ráðuneyti ráðherrans hvort ekki sé ástæða til að breyta þessu og mér heyrist ráðherrann telja að svo sé.

Ég vil líka taka undir með ráðherranum, það eru auðvitað fyrst og fremst hagsmunir barnsins sem hér ber að hafa í huga en einnig á að fara eftir jafnréttislögum og fylgja almennum mannréttindum. En ég verð að segja að ég tel fulla ástæðu til að óskað verði skráningar í trúfélag þar sem ekki er um að ræða aðild að (Forseti hringir.) samfélagi á sama hátt og ríkisborgararéttur eða fast aðsetur, eins og lögheimili, sem allir eiga að hafa.

[13:08]

Fyrirspyrjandi (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra fyrir svarið sem hún hefur hér gefið við fyrirspurn minni og lýsi mig sammála því enda kom afstaða mín fram í fyrri ræðu minni. Ég er sammála því að full ástæða sé til að endurskoða þetta ákvæði og fagna því að hæstv. ráðherra lýsi því yfir hér að hafin verði endurskoðun á því.

Ég er enn fremur sammála því að í þessu efni eigi hagsmunir barnsins fyrst og fremst að vera í fyrirrúmi, það á að hafa þá að leiðarljósi við endurskoðun ákvæðisins. Ég er í raun og veru sammála niðurstöðu lögfræðings Jafnréttisstofu um að ekki sé að sjá að neinir sérstakir hagsmunir séu fyrir nýfætt barn að vera skráð í trúfélag strax við fæðingu. Í mínum huga eru a.m.k. ekki sjáanlegir neinir slíkir hagsmunir en það er fagnaðarefni að yfir þetta verður farið í ráðuneyti dóms- og kirkjumála og þá væntanlega haft samráð um það við þá hagsmunaaðila sem þar kunna að vera til staðar, þó að kannski sé erfitt að finna beina hagsmunaaðila fyrir nýfædd börn í sjálfu sér nema ef vera skyldi foreldrar þeirra og erfitt er að nálgast þá sérstaklega sem almennan hóp. Þar kemur auðvitað væntanlega til umboðsmaður barna, svo dæmi sé tekið, og Jafnréttisstofa og kannski fleiri aðilar eftir atvikum.

Ég þakka hæstv. ráðherra aftur fyrir svörin og fagna þeirri niðurstöðu hennar að endurskoðun verði hafin á málinu og vænti þess að eitthvert frumvarp þar að lútandi geti þá litið dagsins ljós áður en mjög langt um líður.

[13:10]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka góðar undirtektir við svari mínu. Ég vil aðeins fá að fara nánar út í það hvað ég tel að þurfi frekari skoðunar við. Vitaskuld er mjög mikilvægt að Jafnréttisstofa hafi gefið álit sitt út frá jafnréttislögum en ég tel að líka þurfi að skoða þá fullyrðingu Jafnréttisstofu að ekki sé að sjá að neinir hagsmunir séu, hvorki fyrir nýfætt barn né aðra, að barn sé sjálfkrafa skráð í trúfélag og ég held að það þurfi að skoða út frá fleiri sjónarmiðum en jafnréttislegum. Geta einhver siðferðisleg, þjóðfélagsleg eða uppeldisleg sjónarmið hugsanlega legið að baki því að barn sé sjálfkrafa skráð í trúfélag? Ég segi ekki að það sé endilega svo en ég held að þetta þurfi að skoða í þessu víða samhengi og það var til grundvallar afstöðu minni.

Umræðu lokið.

Fjöldi starfsmanna í umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun.

Fsp. JónG, 377. mál. — Þskj. 639.

[13:11]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson) (S):

Virðulegi forseti. Umhverfisráðuneytið er yngst ráðuneyta okkar og var stofnað 1990. Við það færðust málaflokkar til ráðuneytisins sem áður voru á ábyrgð fimm ráðuneyta.

Það var síðan frá og með 1. janúar 1991 sem skipulagsmál og embætti skipulagsstjóra fluttust til ráðuneytisins frá félagsmálaráðuneyti og með gildistöku byggingar- og skipulagslaga árið 1998 var skipulagsstjórn lögð niður og nafni Skipulags ríkisins breytt í Skipulagsstofnun.

Umhverfisstofnun tók til starfa 2003 og tók þá við verkefnum Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðistjóraembættis. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Um síðustu áramót fluttust embætti Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og Vatnamælingar Orkustofnunar til umhverfisráðuneytis í samræmi við breytingar sem gerðar voru á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins með breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands. Í skýrslu þáverandi hæstv. umhverfisráðherra, Þórunnar Sveinbjarnardóttur, kom fram að við þær breytingar hafi umsvif ráðuneytisins aukist verulega og þannig hafi stofnunum ráðuneytisins fjölgað um þrjár, þær voru níu en urðu tólf, um áramótin þegar þetta gekk í gildi. Einnig kom fram að við breytingarnar fjölgaði starfsmönnum úr 300 í 470 og fjárhagsleg umsvif jukust um 20%. Í þessu er ekki tekið fram hvernig starfsmannafjöldinn skiptist og mér leikur forvitni á að leggja þá fyrirspurn fyrir hæstv. umhverfisráðherra:

„1. Hver var fjöldi starfsmanna hjá umhverfisráðuneyti og Skipulagsstofnun árin 2000, 2005 og 2009?

2. Hver var fjöldi starfsmanna hjá Umhverfisstofnun árin 2003, 2005 og 2009?“

[13:14]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Það er kannski freistandi að svara hv. þingmanni með talnarunu og þá væri runan svona: 28, 29, 29. 21, 20, 21. 80, 85, 63.

En af því að ég er komin hér á annað borð tel ég eðlilegt að ég hafi um þetta örfá orð í viðbót en starfsmenn umhverfisráðuneytisins voru 28 talsins árið 2000 og 2005 voru þeir 29 og þann 1. janúar á þessu ári voru þeir 29 og þar af eru 26 starfsmenn í 100% stöðugildum, tveir í 75% stöðugildum, einn í 67% stöðugildi og einn í 54%.

Hjá Skipulagsstofnun starfaði alls 21 starfsmaður á ár-

inu 2000, 2005 voru þeir 20 og nú starfar þar 21 starfsmaður.

Varðandi fjölda starfsmanna hjá Umhverfisstofnun unnu hjá stofnuninni 2003 80 manns, 85 árið 2005 og nú eru starfsmenn stofnunarinnar 63.

[13:16]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég dáist að fróðleiksfýsn hv. þm. Jóns Gunnarssonar, sérstaklega vegna þess að þessar tölur er sennilega auðvelt að fá hvar sem er í opinberum skýrslum og hjá stofnunum sem um ræðir, en látum vera. Stundum gerir maður það í þinginu að fá tölur eða svör til að hefja um þær einhverja umræðu. Mér er hins vegar ekki ljóst hvaða umræðu hv. þm. Jón Gunnarsson ætlar að hefja hér.

Ég vil segja þetta: Ég undrast í raun og veru að það skuli ekki vera meiri fjölgun í þessum stofnunum þremur og kannski er það til marks um að við höfum ekki haldið nógu vel á þessum málum vegna þess að í öllum öðrum löndum er hlutfallslega miklu fleira fólk í sambærilegum störfum og hér verður svo að vera í framtíðinni.

Ég vil í öðru lagi segja að eitt af því sem við lærðum hér í haust og í vetur er það að stjórnkerfi okkar er ekki nógu gott. Stjórnmálamennirnir, það er búið að ræða nóg um þá, en við verðum líka að tala um, ekki embættismennina sjálfa eða starfsmennina, heldur stjórnkerfið sjálft og ég tel að eitt af því sem við þurfum að gera í framtíðinni sé að bæta það og ef það kostar fleiri starfsmenn þá verður að hafa það.

[13:17]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson) (S):

Virðulegi forseti. Tilefni fyrirspurnar minnar er m.a. sá mikli vöxtur sem orðið hefur í laga- og reglugerðaumhverfi á vettvangi umhverfismála. Að sumu leyti er það talið vera hamlandi í uppbyggingu atvinnulífs og talið af samtökum og aðilum á vinnumarkaði að það sé mjög mikilvægt að við förum í einföldun á þessum reglum. Ég vísa þar m.a. til yfirlýsinga frá síðasta þingi ASÍ. Þetta kom einnig fram þegar rætt var um mat á stóriðjuframkvæmdum í Þingeyjarsýslum. (**MÁ:** Er þá verið að tala bankana?)

Við höfum líka verið að ræða núna í umhverfisnefnd náttúruverndaráætlun fyrir árin 2009–2013 og í umræðunni um þau mál kemur fram að það er heilmikil viðbót og heilmikil aukning frá þeirri náttúruverndaráætlun sem gilti fyrir árin 2004–2008. Í umræðu innan nefndarinnar hefur einnig komið fram að það er aðeins einu verkefni lokið varðandi verndun samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004–2008, önnur eru enn í undirbúningi.

Þetta segir manni að geta þeirra stofnana sem að málum koma er í raun miklu meiri en þeirra sem taka við til að fylgja eftir þeim verkefnum sem við ákveðum á vettvangi þingsins. Þetta veltir þá upp þeirri spurningu hvort forgangsröðun verkefna er í samræmi við fjárhagslega getu okkar. Skipulagsstofnun hefur til að mynda, væntanlega í samræmi þetta miklu minni umsvif í öllum framkvæmdum á þessu ári en þó dregur ekkert úr starfsmannafjölda t.d. hjá þeirri stofnun.

Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé tímabært að skoða það að úthýsa verkefnum hjá slíkum stofnunum þannig að aðlaga megi þær meira að sveiflum í samfélaginu og einnig hvort við þurfum ekki að forgangsraða fjármagni þegar kemur að því að fylgja eftir þeim áætlunum sem við ákveðum hér á sviði náttúruverndar í stað þess að hafa stofnanirnar (Forseti hringir.) í raun svo miklu sterkari en (Forseti hringir.) það kerfi sem tekur við til að fylgja verkefnunum eftir.

[13:19]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Já, það hlaut að liggja fiskur undir steini hjá hv. þingmanni varðandi þessa fyrirspurn. Ég verð að segja að mér þykja ræður þessa hv. þingmanns, hvernig hann rekur stöðugt hornin í náttúruvernd og umhverfisvernd, vera ámælisverðar. Ég hefði virkilega talið gagn að því að taka hér almennilega umræðu við hv. þingmann um náttúruverndarpólitíkina. (Gripið fram í.) En þá þurfum við náttúrlega að gera það undir réttum formerkjum.

Varðandi þann meinta vöxt sem hv. þingmaður vill meina að hafi hlaupið í laga- og reglugerðaumhverfi umhverfismála á síðustu árum þá vil ég benda honum á hvaða flokkur það er sem hefur stýrt ríkisstjórnum síðustu 18 ár. Það er flokkur hv. þingmanns sem hefur staðið fyrir þeim vexti og þá getur hv. þingmaður gagnrýnt sinn eigin flokk meðan hann er við stjórnvölinn, (Gripið fram í.) en hann virðist ekkert hafa gert það á þeim tíma. (Gripið fram í.)

Fullyrðingu hv. þingmanns um að vöxtur stjórnsýslu í umhverfis- og náttúruverndarmálum sé hamlandi fyrir atvinnulíf vísa ég til föðurhúsanna og undirstrika frammíkallið í ræðu hv. þingmanns áðan, „er þá verið að tala um bankana?“ Er verið að tala um fjármálastarfsemi? (Gripið fram í.) Hvaða atvinnulíf hefur verið hamlandi? (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Ég vil hins vegar leyfa mér að fagna því ef hv. þingmaður kemur hér sem liðsmaður í hóp þeirra sem vilja veg náttúruverndar og umhverfisverndar sem mestan. Hann kvartar undan því að einungis eitt svæði í síðustu náttúruverndaráætlun hafi verið friðlýst. Ég veit ekki betur en að það hafi verið sú sem hér stendur sem oftast kvartaði undan því meðan flokkur hv. þingmanns var í ríkisstjórn og leiddi ríkisstjórnina. Ég tek undir með hv. þingmanni að það hefði mátt standa betur að verki þar og ég er núna að leggja mitt af mörkum í ráðuneyti umhverfismála í þeim efnum.

Varðandi úthýsingu verkefna þá hef ég margar kannanir undir höndum sem sýna mér að þegar til lengri tíma er litið er það dýrara en að framkvæma verkið með þeim hætti sem við gerum í dag.

Umræðu lokið.

[13:21]

Útbýting:

Verðbréfaviðskipti, 53. mál, nál. viðskn., þskj. 689; brtt. viðskn., þskj. 690.

Fundi slitið kl. 13:22.

100. FUNDUR

miðvikudaginn 11. mars,
að loknum 99. fundi.

Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 385. mál, þskj. 648. — Frh. 1. umr.
2. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 376. mál, þskj. 635. — 1. umr.
3. Embætti sérstaks saksóknara, stjfrv., 393. mál, þskj. 663. — 1. umr.
4. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 664. — 1. umr.
5. Íslensk málstefna, stjtill., 198. mál, þskj. 248, nál. 594. — Síðari umr.
6. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frv., 371. mál, þskj. 626. — 2. umr.
7. Leikskólar og grunnskólar, frv., 390. mál, þskj. 656. — 1. umr.
8. Virðisaukaskattur, frv., 403. mál, þskj. 684. — 1. umr.
9. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, frv., 146. mál, þskj. 163. — 1. umr.
10. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, frv., 157. mál, þskj. 183. — 1. umr.
11. Skylda lánastofnana í meirihlutaeigu ríkisins til að leita tilboða í innleyst fyrirtæki, þáltill., 194. mál, þskj. 241. — Fyrri umr.
12. Meðferð einkamála, frv., 343. mál, þskj. 585. — 1. umr.
13. Fjármálafyrirtæki, verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, frv., 345. mál, þskj. 588. — 1. umr.
14. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, frv., 386. mál, þskj. 650. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvest.
Þuríður Backman, 8. þm. Norðaust.
Ögmundur Jónasson heilbrrh., 6. þm. Suðvest.

[Fundarhlé. — 13:23]

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648.

[13:46]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Samið hefur verið um lok 1. umr. um frumvarpið. Umræðan stendur í rúmar tvær klukkustundir og verður í tveimur umferðum. Í fyrri umferð hefur Sjálfstæðisflokkur 26 mínútur, Samfylking 18 mínútur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð 9 mínútur, Framsóknarflokkurinn 7 mínútur, Frjálslyndi flokkurinn 4 mínútur og þingmaður utan flokka 2 mínútur. Í seinni umferð hefur Sjálfstæðisflokkur 26 mínútur, Samfylking 18 mínútur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð 9 mínútur og Framsóknarflokkurinn 7 mínútur.

[13:46]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Nú er að hefjast sú umræða um stjórnarskipunarlögin sem samkomulag náðist um að yrði hér í dag og þá bregður svo við að enginn af flutningsmönnum frumvarpsins er til staðar í húsinu, (**Gripið fram í:** Jú, Birkir Jón.) nema fulltrúi Framsóknarflokksins sem mun vera hér í hliðarsal. Langvarandi fjarvistir og þá sérstaklega 1. flutningsmanns, Jóhönnu Sigurðardóttur hæstv. forsætisráðherra, í gær vakti mikla athygli og að sjálfsögðu er algjörlega óviðunandi að 1. flutningsmaður þessa mikilvæga frumvarps sé ekki til staðar. Nú þegar blasir við að hæstv. forsætisráðherra er ekki við í dag og ætlar ekki að taka þátt í þessari mikilvægu umræðu hljótum við að mótmæla því og gera kröfu um að umræðunni verði frestað þar til forsætisráðherra kemur í hús.

[13:48]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Boðum hefur verið komið til hæstv. forsætisráðherra og er þess vænst að hún komi til umræðna innan skamms eða von bráðar.

[13:48]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég var á umræddum fundi í gær og varð ekki var við að hv. þingmaður gerði beinlínis kröfu um að flutningsmennirnir tækju þátt í þeirri umræðu sem hér færi fram í dag. (Gripið fram í.) Ég hef þegar tekið til máls í umræðunni og þrír hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins fóru í andsvar við mig og ég geri ráð fyrir því að fleiri þingmenn Framsóknarflokksins muni taka þátt í umræðunni.

Vegna síendurtekinna ummæla þingmanna Sjálfstæðisflokksins um okkur flutningsmenn að þessu frumvarpi vil ég að fram komi að ég hef verið við alla umræðuna og finnst erfitt að sitja undir því þegar menn láta að því liggja að ég hafi ekki verið viðstaddur. Ég hef hlustað á hverja einustu ræðu og verið hér í húsinu og vildi bara að það kæmi fram í umræðunni, því að við framsóknarmenn leggjum mikla áherslu á að þetta mál nái fram að ganga og ætlum að fylgja því eftir hér á vettvangi þingsins.

[13:49]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er fagnaðarefni að hv. þm. Birkir Jón Jónsson, einn af flutningsmönnum, sé viðstaddur umræðuna og það skal staðfest að hann tók þátt í henni í gær af miklum myndarskap. Það sama á hins vegar ekki við um aðra flutningsmenn þessa mikilvæga frumvarps, sem fjallar um stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Það er skýrt í mínum huga — hvað sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson segir um samkomulagið sem var gert hér í gær — að ég gerði að sjálfsögðu ráð fyrir því vegna fjarvista forsætisráðherra í gær að forsætisráðherra yrði við umræðuna þegar henni lyki hér á tveimur tímum. Það á því ekki að koma neinum á óvart og ég vænti þess að hv. þm. Birkir Jón Jónsson sé mér sammála um að mikils virði sé að hæstv. forsætisráðherra hafi frumkvæði að því með þátttöku í umræðunni (Forseti hringir.) að samkomulag og breið samstaða um breytingar á stjórnarskránni (Forseti hringir.) geti náðst hér á hinu háa Alþingi.

[13:50]

Ásta Möller (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Við vorum hér mörg í gær og tókum þátt í umræðu um breytingu á stjórnarskránni. Sú umræða var ítarleg af hálfu okkar sjálfstæðismanna en verulega skorti á að þingmenn annarra flokka tækju þátt í henni og sýndu stjórnarskránni þá virðingu sem henni ber.

Undir miðnætti í gær var komist að samkomulagi um að fresta umræðunni og taka hana aftur upp í dag með þeim hætti sem skipulagt var fyrir fram, þ.e. tveggja tíma umræða sem fulltrúar allar flokka kæmu að og að umræðunni lyki í dagsbirtu, eins og vera ber, og væri sýnd næg virðing.

Við hljótum að fara fram á það að 1. flutningsmaður, hæstv. forsætisráðherra, verði við umræðuna og sitji yfir henni. Hún gerði það ekki í gær og við hljótum að gera þá kröfu að hún hlusti á þá umræðu sem hér fer fram í dag og taki þátt í henni. Þetta er stórt mál, þetta er mikilvægt mál og ekki má kasta til höndunum eins og manni fannst stjórnarliðar gera (Forseti hringir.) í þeirri umræðu sem fór fram í gær og er fram haldið hér í dag.

[13:51]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér kemur svolítið á óvart eftir það samkomulag sem gert var í gær að Sjálfstæðisflokkurinn skuli ætla að ráða ræðumönnum þegar búið er að binda umræðuna þannig að andsvör verða ekki heimil og umræðan byggist á fjölda þingmanna, Sjálfstæðisflokkurinn fær 26 mínútur í hvorri umferð og aðrir flokkar í hlutfalli við þingmannafjölda. Venjan er sú að hver þingflokkur fyrir sig skipar mönnum í umræðu og það miðast auðvitað við hverjir hafa tekið þátt í umræðunni áður. Margir af flutningsmönnunum tóku þátt í umræðunni í gær, m.a. hæstv. forsætisráðherra sem hóf hana og tók ítarlega þátt í henni og sat raunar í allt gærkvöld ásamt utanríkisráðherra. Mér kemur því á óvart og það er ekki í samræmi við það sem rætt var á fundinum í gær að kallað sé eftir eða gerð krafa um að umræðu sé frestað þar til forsætisráðherra kemur í salinn.

[13:53]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en fyrst hv. þm. Guðbjartur Hannesson, forseti Alþingis, tekur þátt í henni finnst mér rétt að spyrja hann hvort honum sem forseta Alþingis finnist fara vel á því að stjórnarskrárbreytingar séu ræddar án þess að nokkur ráðherra úr ríkisstjórninni sé viðstaddur, án þess að tveir fyrstu flutningsmenn málsins, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, séu viðstaddir og hvort hann telji að með þeim hætti sé rétt að umræður standi um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

[13:54]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér er auðvitað á ferðinni mjög alvarleg sýndarmennska af hálfu sjálfstæðismanna, talandi um að menn séu ekki í þinginu og vanti hér ráðherra. Ég ætla hvorki vera málsvari hæstv. forsætisráðherra né hæstv. fjármálaráðherra, en ég hef oft og tíðum flutt mál í þinginu, sérstaklega mál sem tilheyra sjávarútvegi (Gripið fram í.) sem fóru svo til sjávarútvegsnefndar, og þar hefur skort mikið á að sjálfstæðismenn létu sjá sig eða tækju þátt í umræðunni. Ég veit því ekki hvaða sýndarmennska þetta er nú en auðvitað eiga ráðherrar að sjá sóma sinn í að vera á vettvangi og taka þátt í umræðum og það eiga líka þingmenn sem eru í nefndum að gera, þegar mál sem tilheyra þeim nefndum og hafa farið í gegnum þær eru til umræðu.

Í guðanna bænum hættum þessum fíflagangi og reynum að taka okkur saman í andlitinu og láta þingið fúnkera.

[13:55]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að þessi krafa okkar sjálfstæðismanna sé mjög eðlileg. Í ljósi orða hv. þm. Grétars Mars Jónssonar, sem er orðinn talsmaður ríkisstjórnarinnar, má segja fullkominn varðhundur fyrir hana, er þetta eðlileg krafa. Við ræðum hér á eftir um grundvallarplagg og samkomulag flokkanna í gær var að tveir tímar yrðu teknir — (**GMJ:** Líttu í eigin barm.) já, ég skal líta í eigin barm. Ég hef margoft verið kölluð út að nóttu til sem menntamálaráðherra til að ræða ýmis málefni sem að mínu mati eru ekki eins merkileg og stjórnarskrá Íslands. Það er fullkomlega eðlilegt að þegar þingmenn kalla eftir ráðherra í salinn, ekki síst 1. flutningsmanni frumvarps, að hann komi þá strax til þingsins. Það gerði ég alltaf og út af mun minni málum en því sem við ræðum í dag og við setjum þetta ekki síst fram út af virðingu við þetta grundvallarplagg okkar Íslendinga.

[13:56]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ágæt umræða fór fram um þetta í gær og stóð fram eftir og var gert hlé til að halda henni áfram í dag. Hæstv. forsætisráðherra hefur fengið boð um ósk hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins um að vera við umræðuna og ég er sannfærður um að hún mun reyna að bregðast við þeirri beiðni eins hratt og hún getur. Ég veit hins vegar að hún er á mikilvægum fundum en mun koma um leið og færi gefst.

Ég held að meginatriðið sé að hefja umræðuna og fá að hlýða á sjónarmiðin. Ef sjálfstæðismenn setja alveg glæný sjónarmið inn í umræðuna sem enginn hefur orðið var við — (Gripið fram í.) ja, við hlýðum hér, þingmenn. Hv. þingmenn greiða atkvæði og taka ákvarðanir hér í þingsal, það er a.m.k. þannig í þessari ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Jæja.)

Virðulegi forseti, ég held að það sé um að gera að hefja umræðuna og hlýða á þær framúrskarandi ræður sem hér eiga eftir að verða fluttar. Ég held að það sé þinginu til miklu meiri sóma (Forseti hringir.) en að tala um þetta.

[13:57]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég hlýt að nota tækifærið til að staðfesta að á fundi þingflokksformanna í gær var ekki óskað sérstaklega eftir því að hæstv. forsætisráðherra væri viðstödd. Nú hafa boð verið borin hæstv. forsætisráðherra, eins og hér hefur verið upplýst, og mun hún reyna að verða við þeirri ósk.

Ég er satt best að segja alveg undrandi á því ef sjálfstæðismenn ætla að hefja tafir á því að þessi umsamda umræða geti hafist. Það var skýr ósk frá Sjálfstæðisflokknum í gær að hér yrði rætt í björtu, eins og sagt var, um þessi mál og þá sérstaklega í tilefni einhverra orða hæstv. utanríkisráðherra á bloggsíðum, sem síðan voru rædd hér í gærkvöldi og eru væntanlega úr sögunni. Ég vil bara hvetja til þess að menn snúi sér nú að þeirri umræðu sem þeir sömdu um en haldi ekki áfram að tefja þingstörfin.

[13:58]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill taka fram að hann telur eðlilegt að menn óski eftir nærveru 1. flutningsmanns í svo þýðingarmiklu máli. Forseti telur jafnframt eðlilegt að þingmenn sýni skilning á önnum forsætisráðherra á hverjum tíma og það hafa þingmenn gert. Forseti hefur fengið þær upplýsingar að hæstv. forsætisráðherra sé á leið til hússins og komi hér á hverri stundu og spyr hvort menn geti fallist á að umræðan hefjist í því ljósi. Ef svo er mun umræðan hefjast. (Gripið fram í.)

Forseti verður við þeirri ósk og gerir hlé á fundinum um 5 mínútur og er fundi frestað til 5 mínútur yfir tvö.

[Fundarhlé. — 14:01]

[14:11]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. forsætisráðherra, 1. flutningsmaður þessa máls, gangi von bráðar í salinn því að ég vildi eiga nokkur orðaskipti við hæstv. forsætisráðherra um þetta mál.

Eins og rakið var í umræðum í gær er margt afbrigðilegt og óeðlilegt við það hvernig þetta mál ber hér að hinu háa Alþingi. Það er ástæðulaust að endurtaka mikið af því en ég vil þó segja að það ber að harma það og fordæma að ekki skuli í alvöru hafa verið reynt að ná samstöðu allra þingflokka um þær breytingar sem talið er nauðsynlegt að gera á stjórnarskránni núna. Má reyndar deila um hverjar þær ættu að vera. Ég vil þó ekki útiloka að eitthvert slíkt samkomulag kunni að nást ef reynt verður að leita samkomulags milli þingflokka hér, en eins og þetta er núna fram lagt, reitt fram af hálfu fjögurra flokka hér án þess að leita samráðs við þann fimmta í nokkurri alvöru, eru það ekki boðleg vinnubrögð. Það er reyndar búið að rekja mjög ítarlega í umræðunum hvernig einstakar greinar frumvarpsins eru býsna gallaðar, ég hyggst ekki endurtaka það.

Ég vil rifja aðeins upp fyrst hæstv. forsætisráðherra er gengin í salinn hvernig að málum var staðið í aðdraganda stjórnarskrárbreytinganna veturinn 1994–1995. Eins og ég sagði frá í gær var ákveðið á sérstökum hátíðarfundi á Þingvöllum þar sem núverandi forsætisráðherra sat á ráðherrabekk — þó að hún hafi sagt af sér viku síðar — að hefja endurskoðun á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, VII. kaflanum. Ég er búinn að rekja hérna hvernig það mál gekk fyrir sig, en ég vil bæta því við að í þeirri vinnslu veturinn 1994–1995 starfaði hér stjórnarskrárnefnd undir minni forustu allan veturinn. Eitt af því sem við gerðum í þeirri nefnd til að hleypa almenningi að málinu var að auglýsa í dagblöðum eftir athugasemdum, viðbrögðum, hugmyndum, breytingartillögum. Ég man ekki hvort hæstv. núverandi forsætisráðherra var í þeirri nefnd en hitt man ég að hæstv. núverandi dómsmálaráðherra var ritari nefndarinnar og getur eflaust gefið góð ráð um vinnubrögð af þessu tagi ef hæstv. núverandi ríkisstjórn skyldi detta í hug að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð af því tagi að þessu sinni.

Það var gefinn nokkurra vikna frestur til að skila tillögum eða hugmyndum eða ábendingum og síðan fóru vikur og mánuðir í að vinna úr þeim og reyna að ná öllu saman. Það er tíminn sem þarf til að geta unnið svona mál almennilega og fyrir opnum tjöldum þar sem nefndarmenn, sérstaklega nefndarformaðurinn fór á marga fundi hjá hinum ýmsu samtökum úti í bæ til að ræða þetta mál og tók þátt í fjölmörgum umræðuþáttum í útvarpi og sjónvarpi. Þetta var rökrætt á vettvangi lögmanna og annarra eins og margir hér inni muna, hvort sem þeir sátu þá á Alþingi eða ekki. Vinnubrögðin núna í samanburði við þetta eru fyrir neðan allar hellur vegna þess að það er ætlunin að knýja fram niðurstöðu án þess að gefa hópunum úti í þjóðfélaginu tækifæri til að tjá sig að því er virðist og án þess að efna til almennilegrar umfjöllunar hér í þingnefnd enda hefur manni skilist að forsætisráðherra hyggist rjúfa Alþingi, á morgun jafnvel eða einhvern tíma mjög fljótlega. Þá er hugmyndin að afgreiða breytingar á sjálfri stjórnarskránni eftir að búið er að rjúfa þingið. Þætti það eflaust nokkurt nýmæli þeim sem kynnt hafa sér stjórnarfarsreglur hér á Íslandi, hvað þá að flytja ný þingmál eftir að búið er að rjúfa þingið ef það skyldi vera meiningin.

Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegi forseti, til að draga fram samanburðinn á vinnubrögðum, annars vegar hvernig á að vinna svona mál eins og það var gert í góðu samfloti og góðu samstarfi þennan vetur, 1994–1995 í aðdraganda kosninga, og svo núna. Auðvitað var málið ekki ágreiningslaust þann vetur, það voru miklar deilur um þetta mál eins og við munum, miklar deilur um mörg atriði sem vörðuðu mannréttindaþættina. Fremstur í flokki fór þar kunnur lögmaður hér í bæ sem hafði sig mjög í frammi en á endanum náðist um þetta mál samkomulag og ég held að reynslan af þessum ákvæðum sé býsna góð eins og um þau

hefur verið fjallað, m.a. af dómstólunum. Ég taldi nauðsynlegt að draga þetta fram, virðulegi forseti.

Ég vil svo ræða aðeins stjórnlagaþingshugmyndina sem er hér í eftirdragi í þessu frumvarpi sem bráðabirgðaákvæði. Hæstv. forsætisráðherra lét sig hafa það að segja í gær að sá sem hér stendur væri á móti því að þjóðin fengi að ráða stjórnarskránni vegna þess að mér litist ekki á hugmyndina um stjórnlagaþing. Er það ekki samt hugmyndin að þetta stjórnlagaþing sé fulltrúaþing og þjóðin kjósi fulltrúa til að annast þetta mál með svipuðum hætti og þjóðin kýs alþingismenn? Ekki er ætlunin að halda einn allsherjarþjóðfund með öllum Íslendingum til að afgreiða þetta mál?

Það á að kjósa á fulltrúaþing samkvæmt tillögunni hér. Hvernig ná menn kjöri á fulltrúaþingi? Væntanlega með því að kynna einhverjar hugmyndir um það hvernig þeir vilja breyta stjórnarskránni og hafa hana. Þeir leggja kannski fram eitthvert prógramm um það, einhverja stefnuskrá, og aðrir menn einhverja aðra stefnuskrá og jafnvel taka menn sig saman og bindast samtökum um að kynna einhverjar hugmyndir um það hvernig þeir vilja hafa stjórnarskrána. Það mundi ég halda að væri líkleg atburðarás og eðlileg. Þar með er verið að kjósa á fulltrúaþingið út frá einhverjum forsendum, út frá einhverju því sem menn vilja gera á fulltrúaþinginu. Gæti jafnvel hugsast að þar kæmu við sögu einhver pólitísk sjónarmið viðkomandi manna um það hvernig stjórnarskrá landsins ætti að líta út þó að það væri ekki kannski nákvæmlega eftir einhverjum flokkspólitískum línum? Jú, mér þætti líklegt að það yrði þannig.

Með öðrum orðum verða fulltrúar á stjórnlagaþingi kosnir samkvæmt einhverri stefnuskrá sem þeir leggja væntanlega fram. Síðan þurfa menn að leita málamiðlana á þinginu til að koma sér saman um það, það má búast við því að menn séu með mismunandi áherslur, einhverjir vilja leggja áherslu á að aðskilja framkvæmdarvald og löggjafarvald og afnema þingræðið, aðrir vilja gera breytingar á mannréttindakafla, enn aðrir vilja eiga eitthvað við trúfrelsisákvæðin, kjördæmaskipunina, ákvæðin um þjóðhöfðingjann o.s.frv. Kannski hafa ekki allir menn sömu áherslurnar sem verða kosnir á þetta stjórnlagaþing ef af því verður, en það er ekki hægt að halda því fram að þetta sé með einhverjum öðrum hætti beinna lýðræði frekar en það að Alþingi láti þetta mál til sinna kasta koma, enda er eitt mikilvægasta og merkilegasta verkefni Alþingis að fjalla nákvæmlega um þetta. Þess vegna er Alþingi stjórnarskrárgjafinn hér á Íslandi.

Mér finnst leggjast lítið fyrir þá sem vilja í aðra röndina auka veg og hlut Alþingis en á hinn bóginn taka frá þinginu þetta mikilvægasta hlutverk þess. Þetta fer ekki saman, þetta er það sem kallað er mótsögn, alveg eins og það er náttúrlega hlægileg mótsögn að ætla að senda alla stjórnarskrána til meðferðar og viðgerðar á stjórnlagaþingi en vera síðan búinn að fikta í þremur eða fjórum greinum fyrir fram ef stjórnlagaþingið væri kannski svo vitlaust að vera með einhverjar aðrar hugmyndir en þar koma fram. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi — nema hugmyndin sé, virðulegi forseti, að koma t.d. þessum þremur greinum í gegn en láta síðan stjórnlagaþingið detta í meðförum þingsins. Gæti það verið einhver hugmynd hér á sveimi meðal flokksmanna í stjórnarflokkunum? Stjórnlagaþingið er fyrst og fremst áhugamál framsóknarmanna og þá er kannski hægt að reyna að stóla á að það komi þannig hér út úr þingmeðferðinni að þessar greinar nái fram að ganga en stjórnlagaþingið kannski síður. Fyrir Framsóknarflokknum vakir að koma stjórnlagaþingshugmyndinni áfram en þeim er kannski ekki jafnmikið í mun að hinar greinarnar nái fram að ganga á þessu stigi, enda eiga þær að koma til umfjöllunar á stjórnlagaþinginu.

Þannig hafa þessir þrír flokkar, eða fjórir, sem að þessu standa náð saman um svona bastarðstillögu á sínum ólíku forsendum og hafa ólík markmið fyrir framan sig þegar kemur að þingmeðferðinni. Þetta er allt hið ólánlegasta, virðulegi forseti, það er ekki hægt að segja annað og það er eiginlega fyrir neðan allar hellur að leggja slíkt mál fram ef þetta er það sem fólk hefur í huga.

Síðan er annað mál, virðulegi forseti, að ef stjórnlagaþing kæmist að niðurstöðu og byggi til pakka, byggi til heila stjórnarskrá, eitt stykki stjórnarskrá, yrði þingið annaðhvort að samþykkja það í heilu lagi eða ekki, það eru engar breytingartillögur, það er ekki hægt að taka sumt og sleppa öðru. Þannig er það ef þingið er sjálft við málið, þá getur það sjálft tekið hverja einustu grein fyrir og fjallað um hana eins og alsiða er hér með öll önnur frumvörp.

Ég vildi koma þessu á framfæri, virðulegi forseti. Ég tel að uppsetningin á málinu eins og það er sýni að það er ekki lagt fram af fullum heilindum af hálfu flutningsflokkanna. Það eru þarna einhver undirmál á ferðinni og ekki er það gæfulegra en það hvernig staðið hefur verið að undirbúningnum gagnvart Sjálfstæðisflokknum sem fékk ekki einu sinni að gera tillögur, ekki einu sinni að tilnefna mann í undirbúningsnefndina, og aldrei hefur þeirri spurningu verið svarað hvers vegna Sjálfstæðisflokknum einum flokka var haldið fyrir utan það mál. Af hverju? Var talið að Sjálfstæðisflokkurinn hefði engum slíkum sérfræðingum á að skipa, það væri tilgangslaust að leita eftir samstarfi eða fá sérfræðiaðstoð frá stærsta þingflokknum hér? Ekki kann ég svarið við því, herra forseti.

Síðan liggur náttúrlega fyrir að þetta þing mun kosta stórfé, við höfum áður rætt það. Það hefur verið talað um það, 41 þingmaður á fullu kaupi, sama kaupi og hinir 63, 104 þingmenn á sparnaðartímum plús 20 í einhverri ráðgjafanefnd plús allt starfsliðið plús aðstaðan plús sérfræðistóðið sem þessu fylgir o.s.frv. Eru þetta þau útgjöld sem mest liggur á að leggja í? Hvar á að taka þessa peninga þegar það er 150 milljarða halli á ríkissjóði og allt verið að gera, að því er manni skilst, til að draga úr útgjöldum? Það er allt verið að gera til að draga úr útgjöldum og það er vel í sjálfu sér. Við þekkjum það sem samstarfsfólk í síðustu ríkisstjórn að það er nauðsynlegt, en það er ekki nauðsynlegt að stofna til óþarfra nýrra útgjalda. Ég óttast að það sé það sem verið er að gera hérna og það sem verra er, þetta er fullkomlega að ástæðulausu, það eru engar nauðir sem reku r til þess að ráðast í þetta mál eins og nú standa sakir, efna til ágreinings, illinda og óþarfakostnaðar eins og nú háttar til í þjóðfélaginu.

[14:24]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Geirs H. Haarde. Við höfum rætt mikið um lýðræð-

isskipulagið í samfélaginu á þessum vetri og það er eðlilegt. Við sjálfstæðismenn teljum að fara eigi yfir ákveðna þætti stjórnarskrárinnar og við erum meira en reiðubúin til að fara yfir ákveðna þætti til að breyta þeim. Við erum hins vegar á móti því að stjórnarskráin sé eins og eitthvert plagg sem breyta megi korteri fyrir kosningar, plagg sem er algjörlega órætt. Það sem við erum að ræða hefur ekki verið rætt á milli stjórnmálaflokkanna og það er ekki síður órætt úti í samfélaginu. Það er verið að breyta vinnubrögðunum.

Margt er hægt að segja um vinnubrögð síðustu vikna og missira. Það er hægt að gagnrýna þau. Þó má segja að þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið varðandi breytingu á stjórnarskránni í gegnum tíðina, síðustu breytingar 1991, 1995 og 1999 — sátt og samkomulag á milli stjórnarflokka sýnir fram á að hægt er að ná fram raunhæfum samkomulagsbreytingum á stjórnarskrá.

Væri það ekki mun gæfulegra í dag á þessum óvissutímum að allir stjórnmálaflokkarnir hefðu tekið sig saman og lagt fram sameiginlegt frumvarp sem varðar stjórnarskipunarlögin? Ég hefði kosið að sjá það, og ekki síður þegar fyrir liggur, m.a. af hálfu eins nefndarmanns í stjórnarskipunarnefnd, að ekki hefði tekið nema nokkra mánuði til viðbótar við þá vinnu sem nú þegar hefur verið unnin að klára slíkar breytingar. Af hverju var ekki vandað betur til verksins? Af hverju þetta óðagot? Eða er þetta eitthvert kosningaplagg? Plagg sem þarf að fylla upp í korteri fyrir kosningar hjá Samfylkingu og Vinstri grænum?

Það er eftirtektarvert, herra forseti, að hér við umræðuna hefur enginn þingmanna Vinstri grænna haldið ræðu eða komið upp í andsvörum, enginn haft skoðanir á frumvarpinu. Tveir þingmenn Samfylkingarinnar hafa komið hingað upp og tjáð sig í þessu grundvallarmáli, máli sem þarf að þrýsta í gegnum þingið sama hvað tautar og raular. Hvers konar vinnubrögð eru þetta, herra forseti? Og þetta eru sömu flokkarnir og hafa í áraraðir talað um mikilvægi stjórnarskrárinnar, þ.e. að vanda verði til verka. Svo allt í einu hafa menn ekki skoðanir á því þegar við erum að ræða stjórnarskrána. Hvað hefur hlaupið í fólk sem alla jafna hefur miklar skoðanir á hlutum?

Hér fyrr í dag var athyglisverð umræða, m.a. um ESB. Þar kom fram af hálfu ýmissa þingmanna, og ég fagna því, að menn vilji ná sátt á milli flokkanna um það eftir hvaða leiðum við eigum að nálgast umræðuna um aðild að Evrópusambandinu, að sátt náist á milli flokkanna um að ná hugsanlegri aðild að Evrópusambandinu, og því fögnuðu menn hér. Gefum okkur að allir stjórnmálaflokkar á þingi nái samkomulagi um að sækja um aðild að Evrópusambandinu gegn ákveðnum skilyrðum. Þá er með þeim tillögum sem hér er verið að boða verið að koma í veg fyrir að slíkt samkomulag nái fram að ganga. Auðlindaákvæðið eins og það liggur fyrir — og það sjónarmið hefur líka komið fram í stjórnarskipunarnefndinni — mun koma í veg fyrir að þingið geti ákveðið að sækja um aðild að ESB. Samfylkingin er með þessu ákvæði, eins og það er sett fram, að koma í veg fyrir að sótt verði um aðild að ESB þó að stjórnmálaflokkarnir komi sér saman um það, sem menn fögnuðu hér fyrr í dag.

Það er ekki bara það að þessi óvissa birtist í frumvarpinu heldur er það líka, svo að vægt sé til orða tekið, mjög loðið. Af hverju segi ég að auðlindaákvæði stjórnarskrárinnar sé loðið? Þegar hlustað var á ræðu hæstv. forsætisráðherra í gær, sem er flutningsmaður að frumvarpinu, og síðan annarra flutningsmanna, eins og hv. þingmanna Guðjóns Arnars Kristjánssonar og Helga Hjörvars, þá voru skiptar skoðanir um það hvað þetta þýddi. Hæstv. forsætisráðherra sagði: Þetta mun engar breytingar hafa á fiskveiðistjórnarkerfinu. Svo kemur hv. þm. Helgi Hjörvar hingað upp og segir að þetta sé grundvallaratriði í því að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu og það sama segir formaður Frjálslynda flokksins. Ég bið um að óvissu sé eytt, ekki að aukið sé á óvissu með því að leggja fram svona frumvarp um stjórnarskipunarlögin.

Það er mikil réttaróvissa og það kemur fram í máli flutningsmanna. Ég vil að þetta sé skýrt. Mun þetta breyta fiskveiðistjórnarfyrirkomulaginu eða ekki? Vill 1. flutningsmaður útskýra það og vill 4. flutningsmaður frumvarpsins vinsamlegast útskýra það fyrir mér og þingheimi.

Stjórnlagaþingið hefur verið margrætt. Lýðræði kostar sitt, sagði forsætisráðherra hér í gær. Lýðræði kostar sitt, það er rétt. Ég hefði að sjálfsögðu viljað sjá það lýðræði í verki með aukinni samstöðu, samráði og samvinnu stjórnmálaflokkanna hér á þingi. Það var ekki virt en gott og vel, við tökum öll undir það að lýðræði kostar sitt. Við ætlum að standa vörð um það að lýðræðið fái áfram framgang í okkar góða samfélagi.

En þetta lýðræðisframtak stjórnarflokkanna, stjórnlagaþingið, kostar sitt, það kostar einn og hálfan milljarð. Ekki á að hækka skatta, það hefur komið fram, og ekki á að taka erlend lán, það hefur líka komið fram, en engin önnur svör. Við skulum setja þetta í samhengi við þann bitra veruleika sem við stöndum frammi fyrir varðandi ríkisfjármálin. Við þurfum að hagræða og svona forgangsraðar ríkisstjórnin. Hvað þýðir einn þingmaður á stjórnlagaþinginu? Einn þingmaður á stjórnlagaþinginu kostar það sama og einn læknir á Landspítalanum. Við erum að tala um 41 lækni, 41 þingmaður á stjórnlagaþinginu þýðir 41 störf á Landspítala fyrir okkar velmenntuðu lækna. Aðstoðarmenn þingmanna 41 stykki, 41 hjúkrunarfræðingur á Landspítala. Sjá menn ekki samhengið í hlutunum hér? Við þurfum að forgangsraða, fyrir utan alla ritara og fleira.

Við þurfum að setja þetta í samhengi sem við þau mál sem við þurfum að taka á í dag. Ég segi: Forgangsröðum í þágu atvinnumála, forgangsröðum í þágu efnahagsmála og náum sátt og samkomulagi um breytingar á stjórnarskránni. (**Gripið fram í:** Af hverju s …) Það skiptir máli að ná samkomulagi um stjórnarskrána sem hér er til umræðu og við (Gripið fram í.) sjálfstæðismenn erum tilbúin til að ná samkomulagi um breytingar á stjórnarskránni. (Gripið fram í.) Sem dæmi — það skal bara láta á það reyna. Það var ekki fullreynt og það eru ósannindi að halda því fram núna á síðustu metrunum. Það var aldrei fullreynt og það er lygi að tala þannig.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson hefur sett það fram að við sjálfstæðismenn erum reiðubúin til að samþykkja það sem lá fyrir varðandi það hvernig við breytum stjórnarskránni. Förum í það. Takið í okkar útréttu sáttarhönd þannig að þingið geti haldið áfram að fjalla um þau mál sem vega þungt sem eru efnahags- og atvinnumálin. Ég spyr líka, þó

að skiptar skoðanir séu um það: Af hverju bætum við ekki inn öðru ákvæði, sem Framsóknarflokkurinn og Samfylkingin gætu eflaust sammælst um? Ég veit ekki um skoðanir Vinstri grænna því að þeir hafa ekki tjáð sig í þessu máli.

Ég get vel hugsað mér að inn komi ákvæði í stjórnarskrána sem snertir fullveldið. Ef samningur sem snertir fullveldi okkar, eins og EES-samningurinn á sínum tíma, (Forseti hringir.) hefur verið samþykktur þá á umsvifalaust að bera hann fyrir þjóðina. Af hverju setjum við ekki slíkt ákvæði inn (Forseti hringir.) og sammælumst um það? Við viljum ná samkomulagi um breytingar á stjórnarskránni. Hún er merkilegri en svo að búið verði til eitthvert kosningaplagg fyrir vinstri flokkana.

[14:33]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég gleðst yfir því að við ræðum núna í björtu um frumvarp til breytinga á stjórnarskránni. En ég sakna þess enn þá að stór hluti hv. þingmanna á Alþingi, sem að jafnframt er stjórnlagaþing, skuli ekki láta sig varða breytingar á stjórnarskránni og taka ekki til máls. Í gærkvöldi sátum við í tómum sal um nótt að ræða stjórnarskrána og þar var stjórnlagaþing að störfum.

Mér skilst að aðeins einn þingmaður Vinstri grænna hafi tekið til máls í þeirri umræðu og það var í andsvörum, tvisvar. Annars hafa þeir ekkert til málsins lagt, ekkert. Eru þeir þó manna ákafastir í að fylgja kröfu hópanna á Austurvelli um að koma á stjórnlagaþingi. Þeir sitja sjálfir á stjórnlagaþingi hér á Alþingi og láta sig það engu varða.

Ég ætla að tala um 4. gr. í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga þar sem talað er um í fyrsta lagi að það væri tryggt að setja eigi lög og endurskoða stjórnarskrána. Hún eigi að vera byggð á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda. Ég vil hafa þetta í annarri röð. Ég vil hafa það þannig að það verði byggt á vernd mannréttinda, réttarríki og lýðræðisskipan. Ég skora á hv. nefnd sem fær málið til umræðu að breyta þessu.

Þá stendur hér, með leyfi forseta:

„Stjórnlagaþing skal skipað 41 þjóðkjörnum fulltrúa og jafnmörgum til vara. Um kjörgengi og kosningu fulltrúa á þingið og skipulag þingsins skal mælt fyrir í sérstökum lögum sem sett verði að loknum alþingiskosningum vorið 2009.“

Þetta er mjög athyglisvert, frú forseti. Núverandi Alþingi leggur kvaðir á næsta Alþingi að setja lög. Ég veit ekki hvort það er hægt. En við skulum gefa okkur að hið nýja Alþingi setji lög. Hvernig líta þau þá út? Hvernig verður kosið til stjórnlagaþings? Ég hef grun um að það séu ansi víðtækar og mismunandi skoðanir á því hvernig það skuli fara fram. Ég hugsa að margir vilji t.d. geta kosið ákveðinn mann eða konu sem bjóða sig fram ein og sér til stjórnlagaþings.

En hvað gerist ef sá maður eða sú kona fengi meginhlutann af atkvæðunum og einhver listi sem borinn er fram t.d. af Framsóknarflokknum fengi miklu færri atkvæði en fleiri menn? (**Gripið fram í:** Það er ekki verið að tala um það.) Rökrétt afleiðing af því er að menn myndi félög um framboð til stjórnlagaþings. Þau félög sem stunda pólitíska starfsemi hafa það meginmarkmið að bjóða fram til stjórnlagaþings og eru það með orðnir stjórnmálaflokkar. Það er svo einfalt.

Ég hugsa að þegar upp verður staðið, þegar menn leggja af stað í kosningu til stjórnlagaþings, muni það verða eintómir stjórnmálaflokkar sem bjóða fram og að þeir muni bjóða fram lista. Og vegna þess að núverandi stjórnmálaflokkar eru þau samtök og öfl í þjóðfélaginu sem best eru skipulögð munu þeir væntanlega bjóða fram lista flokkanna nákvæmlega eins og til alþingiskosninga. Menn ná því ekki því markmiði sem þeir þykjast ætla að ná, að geta útilokað flokkana frá stjórnlagaþinginu.

Ég vil undirstrika það sem ég ræddi í gærkvöldi — ég náði ekki að ræða allt — sem er að það þarf bara að breyta 79. gr. Meiru á ekki að breyta vegna þess að við erum að setja stjórnlagaþing í gang sem á að breyta stjórnarskránni. (Forseti hringir.)

[14:37]

Ellert B. Schram (Sf):

Frú forseti. Eins og ég hef áður bent á í umræðum síðustu daga varð ekki aðeins hrun á bönkum og allri fjármálastarfsemi og efnahagslífi hér á landi, heldur hrundi stjórnkerfið allt. Ég held að þjóðin hafi vaknað til vitundar um að það eru veikleikar í kerfinu sem hafa þróast, kannski óafvitandi, og haft sín áhrif á stjórnsýsluna og störf Alþingis, hægt og bítandi.

Við höfum horft upp á aukið vald ráðherra, framkvæmdarvalds, meiri áhrif sérhagsmuna á flokksræði, vaxandi flokksræði sem náð hefur inn í sali Alþingis. Hér liggur fyrir frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem að mínu mati er afsprengi þess ástands sem Íslendingar hafa upplifað og látið yfir sig ganga.

Frumvarpið skiptist í fjóra liði: Í fyrsta lagi er tekið á því viðfangsefni sem lengi hefur verið bitbein milli flokka og fólks, þ.e. þjóðareign á náttúruauðlindum. Í öðru lagi er verið að gera tillögur um breytingar á stjórnarskránni sjálfri. Í þriðja lagi eru gerðar tillögur um breytingar á tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu. Svo er hér tillaga um stjórnlagaþing og reyndar er líka drepið á breytingum varðandi kirkjuskipan en ég geri það ekki að sérstöku umræðuefni.

Ég held að tillögur þær sem felast í frumvarpinu séu allra góðra gjalda verðar. Þarna er verið að gera tilraun til að nálgast kröfu úr þjóðfélaginu um að gerðar verði breytingar á stjórnarskránni sem koma meira til móts við sjónarmið hins almenna borgara og þátttöku hans. Breytingar á þjóðaratkvæðagreiðslu og stjórnlagaþingi eru liður í þeirri viðleitni.

Ég hef litið á breytinguna sem snýr að náttúruauðlindum og þjóðareign sem mjög mikilvægt skref um staðfestingu á því að náttúruauðlindir þær sem upp eru taldar og við öll þekkjum, séu þjóðareign. Um það hefur verið tekist í langan tíma. Það vantaði herslumuninn upp á að það tækist að ná samkomulagi um það fyrir síðustu kosningar. Nú er gerð enn ein tilraun til þess að staðfesta eign þjóðarinnar á þessum auðlindum og er það í þágu okkar allra að það takist og náist niðurstaða í því viðkvæma máli. Ég held að það sé sér í lagi mikilvægt í ljósi þess ef og þegar Íslendingar ganga til viðræðna um aðild að Evrópusambandinu.

Það fer ekkert á milli mála að Sjálfstæðisflokkurinn og

þingmenn hans hafa haldið uppi mikilli gagnrýni á frumvarpið. Þeir hafa jafnvel lýst vandlætingu sinni yfir því að ekki skyldi haft samráð við þann ágæta flokk. Ég get að vísu ekki skilið málflutning þeirra á annan hátt en að þeir séu efnislega meira og minna algerlega ósammála því sem fram kemur í þessu frumvarpi. Ég átta mig ekki á því hvernig hægt hefði verið að leggja fram frumvarp í þessa átt í samráði við Sjálfstæðisflokkinn ef hann var á móti meginatriðum þess frá upphafi. Þá hefði ekkert gerst. Ágreiningurinn hefði legið fyrir og ekkert frumvarp verið lagt fram.

Hér bregðast stjórnarflokkarnir ásamt Framsóknarflokki og Frjálslynda flokknum við eðlilegum kröfum þjóðfélagsins og leggja fram frumvarp sem kemur til móts við það sjónarmið að hinn almenni borgari geti verið með milliliðalaust og tekið þátt í ákvörðunum sem skipta máli fyrir þjóðina alla með vísan til stjórnarskrár.

Vegna ummæla hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur áðan vil ég taka fram að ég er þeirrar skoðunar hvað varðar frumvarp um náttúruauðlindirnar, að það gefi ekki sérstakt tilefni til breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu. Það staðfestir hins vegar að þjóðin á fiskinn í sjónum varanlega og er kominn tími til að það sé sett inn í stjórnarskrána. Einkaeignarréttur er varinn svo langt sem hann nær, eftir því hvernig hann er útskýrður. Verður væntanlega tekið tillit til afnotaréttar og þess háttar þegar menn útfæra staðfestinguna sem hér er lögð til, að ekki fari á milli mála að þjóðin eigi náttúruauðlindirnar varanlega og hafi ekki heimild til þess að afsala sér þeim auðlindum.

Frú forseti. Það hefur verið dapurlegt að fylgjast með störfum þingsins undanfarna daga og mér finnst að málflutningur og málþóf sem haldið er uppi af hálfu Sjálfstæðisflokksins sé þeim flokki ekki til sóma. Mér, sem óbreyttum alþingismanni, hefur liðið illa undir þessari umræðu sem hefur tafið fyrir mjög brýnum málum, afgreiðslu þeirra og umræðunni um þau. Þetta er mjög skrýtið ástand og er engu okkar sæmandi að taka þátt í því. Tíminn rennur frá okkur á hverjum degi. Við þurfum að horfast í augu við hin brýnustu mál, upp á líf og dauða jafnvel. Ég held að Alþingi Íslendinga eigi að horfast í augu við þann veruleika og reyna að komast að einhverri skynsamlegri niðurstöðu um vinnubrögð í þinginu.

Ég geri mér grein fyrir því að að lokinni þessari umræðu fer það mál sem hér er á dagskrá til nefndar og áfram verður karpað um það í nefndinni. Það er spurning hvað það tekur langan tíma og hvort tekst að afgreiða slíkt mál úr nefnd á ekki lengri tíma. Það mun væntanlega tefja fyrir öðrum málum áfram og vera í biðstöðu þar sem menn munu ýmist reyna að tefja fyrir málinu eða reyna að koma því í gegn.

Ég held, hreinskilnislega sagt, að forustumenn þingflokkanna í þessu húsi þurfi að setjast niður og komast að einhverri niðurstöðu um hvað við gerum næstu daga. Þetta getur ekki gengið svona lengur.

Ef Sjálfstæðisflokkurinn með alla sína þingmenn ætlar að beita sér af svona miklu afli gegn þessu máli og halda uppi þeim málflutningi sem þeir hafa haldið uppi að undanförnu tekst honum sjálfsagt að stöðva þetta mál. En honum tekst því miður líka að bregða fæti fyrir mörg önnur mál sem hér eru á dagskrá og þurfa afgreiðslu á næstu sólarhringum. Við erum að falla á tíma, hv. þingmenn.

Ég mælist eindregið til þess að menn setjist niður og finni lausn á þessu. Annaðhvort verða stjórnarflokkarnir að játa sig sigraða gagnvart því að koma málinu í gegn eða þá að Sjálfstæðisflokkurinn gerir það, ef málinu verður haldið til streitu. En menn verða þá bara að horfast í augu við að það getur enginn kúgað keppinauta sína eða andstæðinga til þess að samþykkja eða hafna þessu máli öðruvísi en að við reynum að finna skynsamlegustu niðurstöðuna. Við vinnum í þágu þjóðarinnar, okkur ber skylda til þess að taka á þeim málum sem snúa að heimilum, fyrirtækjum og þjóðinni allri. Ég geri ekki lítið úr þessu frumvarpi. Ég held að það sé liður í endurreisn þjóðfélagsins og hins nýja Íslands. Lýðræðið skiptir máli og hvernig á því er haldið og almenningur vill taka meiri þátt í ákvarðanatöku á æðstu stigum. En þetta liggur allt undir og það er verkefni okkar á Alþingi að í staðinn fyrir að karpa fram og til baka og bera sakir hver á annan, setjist menn niður og reyni að taka í útréttar hendur, í hvora áttina sem er.

[14:48]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ein afleiðing efnahagshrunsins á Íslandi hefur birst mjög skýrt á undanförnum vikum og mánuðum, krafan um lýðræði. Ég held að það sé vegna þess að á sinn hátt upplifir almenningur í landinu að lýðræðið hafi brugðist eða a.m.k. ekki virkað eins og skyldi á undanförnum árum. Ráðandi öfl í stjórnmálum, valdaflokkar og forustumenn hafa brugðist þjóðinni. Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir brugðust þjóðinni. Forustumenn í bankamálum og margir forustumenn í viðskiptalífi brugðust þjóðinni. Fjölmiðlar brugðust þjóðinni, sinntu ekki aðhalds-, eftirlits- og gagnrýnishlutverki sínu. Þjóðin er grátt leikin.

Hér er á ferðinni hluti af þeim lýðræðisumbótum sem eru tilraun til að ná aftur sáttum í íslensku samfélagi. Það er frumvarp um það að kjósendur í kosningum til Alþingis geti haft meiri áhrif, beinni áhrif á þá einstaklinga sem þar veljast til trúnaðarstarfa um leið og þeir kjósa stefnur flokka. Þetta frumvarp um breytingar á stjórnarskipun gengur í sömu átt.

Kosningar nú ber brátt að. Þær eru liður í því að gera málin upp og leggja grunn að nýrri endurreisn og uppbyggingu í landinu, ekki síst með því að styrkja lýðræðið í sessi. Sjálfstæðisflokkurinn talar hér eins og hann hafi ekki búið á Íslandi undanfarin ár, hann talar eins og hann lifi í öðrum heimi, eins og hann viti ekki hvernig hann skilur þjóðfélagið eftir, menn hafi hér allan heimsins tíma og það séu hér algjörlega venjulegar aðstæður til að takast á við hlutina. Það er ekki þannig.

Atriðin sem er að finna í þessu frumvarpi eru skýr. Þetta eru skýrar, fáar efnisbreytingar, þrjár efnisbreytingar á núverandi ákvæðum stjórnarskrárinnar og eitt nýmæli. Þau þrjú atriði sem hér er lagt til að breyta í stjórnarskránni eru öll þaulrædd og gamalkunnug, þau voru meira og minna öll fullunnin í stjórnarskrárnefnd sem starfaði á síðasta kjörtímabili þannig að það er ekki eins og að menn séu að koma að þessu algjörlega nýju. Það á ekki heldur við um Sjálfstæðisflokkinn.

Þegar þáverandi stjórnarskrárnefnd, undir traustri forustu Jóns Kristjánssonar, lauk störfum bauðst hún til að halda áfram. Það var eindreginn vilji og ásetningur þeirra manna sem þar störfuðu að þráðurinn slitnaði ekki vegna þess að nefndin var búin að vinna mikið og metnaðarfullt starf með sérfræðinganefnd á bak við sig og menn skynjuðu að menn voru mjög nálægt því að ná landi í heild sinni með endurskoðun á grundvallarköflum stjórnarskrárinnar og ýmsum þarflegum nýmælum inn í hana. Þess vegna var það sem ég spurði fyrrverandi forsætisráðherra strax í byrjun þess kjörtímabils, haustið 2007 ef minni mitt svíkur ekki, hvort þáverandi hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde hygðist ekki tryggja að þetta starf héldi órofið áfram. Hverju svaraði þá hæstv. þáverandi forsætisráðherra? Nei, hann sagði að menn væru yfirleitt ekki að breyta stjórnarskránni fyrr en undir lok kjörtímabils, þess vegna lægi ekki mikið á, og hann hygðist með tíð og tíma kannski skipa nýja stjórnarskrárnefnd sem gæti haft eitthvað tilbúið þegar drægi að alþingiskosningum 2011. Er þetta ekki rétt með farið? Ég hygg það.

Hvernig stóð formaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Geir H. Haarde, að lokum stjórnarskrárstarfsins í lok kjörtímabilsins 2007? Þá var sérstaklega tekist á um eitt atriði, sameign á þjóðarauðlindum, og það var gríðarlegur þrýstingur á að fá það þá inn í stjórnarskrána. Sjálfstæðisflokkurinn þvældist fyrir því ákvæði eins og hann gerir nú. Hvernig endaði það? Það endaði þannig í því mikla samráði að formenn þáverandi stjórnarflokka fluttu frumvarpið einir, hv. þm. Geir H. Haarde og hæstv. þáverandi iðnaðarráðherra og maður utan þings, Jón Sigurðsson. Þetta held ég að sé svona.

Ég verð að segja að hv. þm. Geir H. Haarde hittir svolítið sjálfan sig fyrir þegar hann fer hér hörðum orðum um og gagnrýnir allt mögulegt í tengslum við þetta frumvarp en lítur ekki í eigin barm. Að sjálfsögðu er alltaf æskilegt að menn nái sem víðtækastri samstöðu um grundvallarmál af þessu tagi og að sjálfsögðu er gott að hafa til þess meiri tíma en minni, en svona hefur þetta mjög oft gerst, þegar dregur að reglubundnum alþingiskosningum eða þegar þær koma óvænt upp á skora menn færin til þess að fara samhliða þeim kosningum í gegn með þær breytingar á stjórnarskrá sem áhugi er á að gera. Þetta er sagan.

Hver eru svo ákvæðin hér? Þau eru í 1. gr. um sameign á náttúruauðlindum. Efast einhver um að þjóðin vilji það? Eigum við að gera skoðanakönnun um það hvort þjóðin vill ekki ákvæði inn í stjórnarskrá um sameign á náttúruauðlindum sem slær það í gadda án þess að raska að öðru leyti þeirri réttarskipan sem er í landinu? Halda menn ekki að þjóðin telji að það eigi að taka upp meginreglur umhverfisréttarins um sjálfbæra þróun og annað það sem hér er? Jú, ég held það.

Í 2. gr. er löngu tímabært ákvæði um það að þjóðin taki afstöðu til stjórnarskrárbreytinga í sjálfstæðri kosningu á sjálfstæðum atkvæðaseðli en að við notum ekki þetta fráleita fyrirkomulag sem við höfum setið uppi með að það eigi að heita svo að stjórnarskrárbreyting sé afgreidd með því að kjósa flokka í alþingiskosningum. Það er fráleitt fyrirkomulag. Þá er aldrei kosið hreint já eða nei um stjórnarskrárbreytinguna sjálfa. Um þetta var samstaða í síðustu stjórnarskrárnefnd og það stóð lengi til að flytja þetta ákvæði sjálfstætt og gera það að lögum í síðustu kosningum.

Í þriðja lagi er krafa hér um beint lýðræði, að innleiddir verði möguleikar þjóðarinnar sjálfrar til að taka til sín stór og mikilvæg mál. Er ástæða til að ætla annað en að þjóðin vilji það? Eigum við að fá sjálfstæða skoðanakönnun á því hvort þjóðin telji það ekki framfaraspor að hún eigi þann möguleika að kalla sjálf til sín stór og afdrifarík mál eða knýja fram kosningar um þau? Ég hef ekki áhyggjur af því.

Þá er eftir 4. efnisgreinin, um stjórnlagaþingið. Það er vissulega nýmæli. Sá mikli áhugi á því helgast af þeim aðstæðum sem við Íslendingar höfum lent í, þeim ósköpum sem yfir okkur hafa gengið. Ég er ekki í neinum vafa um að þjóðinni sjálfri finnst mjög spennandi kostur að hún taki það í sínar hendur með þessum hætti að setja sér nýja stjórnarskrá. Þetta er vissulega fyrirbæri sem aðallega er þekkt frá fyrri öldum þegar menn lögðu í framhaldi af einhverjum miklum þjóðfélagssviptingum nýjan grunn að nýrri framtíð, t.d. með því að menn höfðu hrundið af sér einvaldskonungum eða stofnað ný lýðræði eins og í Bandaríkjunum eða losnað við kynþáttaaðskilnaðarstefnu eins og í Suður-Afríku eða eitthvað af þeim toga. Má ekki segja að íslenska þjóðin sé að mörgu leyti á þeim tímamótum að hún verði sjálf að axla ábyrgð á nýju upphafi sínu? Þeir sem áttu að fara fyrir henni, hv. þm. Sturla Böðvarsson, brugðust henni, og enginn einn aðili hefur brugðist þessari þjóð meira en Sjálfstæðisflokkurinn á síðustu 18 árum.

Treysta menn ekki þjóðinni? Telja menn ekki að þetta vald eigi að vera hjá henni? Ja, spurt er. (Gripið fram í.) Ég treysti íslensku þjóðinni til þess. Hvert á að vera mikilvægasta ákvæðið í nýju stjórnarskránni okkar? Það á að vera ákvæðið um að allt vald spretti frá þjóðinni í lýðræðisríki. Það á að vera hornsteinn hinnar nýju íslensku stjórnarskrár að aldrei leiki neinn vafi á því hvaðan valdið sprettur. Frá þjóðinni. Það kemur ekki innan úr brjóstum stjórnmálamannanna sjálfra, það ættuð þið að hafa í huga, (Forseti hringir.) hv. sjálfstæðismenn.

[14:58]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Stefna Sjálfstæðisflokksins hefur leitt íslensku þjóðina fram á brún efnahagslegs hengiflugs. Það stefnir í fjöldagjaldþrot fyrirtækja og heimila. En afleiðing þessa hruns er ekki aðeins efnahagsleg. Með hruninu hefur myndast gjá á milli þings og þjóðar, gjá sem ekki verður brúuð nema með breytingu á stjórnarskipulagi landsins. Þjóðin treystir ekki lengur Alþingi og án gagnkvæms trausts verða allar okkar aðgerðir og allar okkar áætlanir um uppbyggingu landsins einskis verðar. Þetta sáum við framsóknarmenn snemma og við brugðumst við.

Framsóknarmenn felldu fyrri ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar og studdu minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna til valda að uppfylltum þremur skilyrðum. Þessi þrjú skilyrði eru grundvöllur þess að endurheimta traust þjóðarinnar og gera okkur kleift að byggja til framtíðar. Þessi skilyrði voru m.a. raunhæfar tillögur til varnar heimilum og fyrirtækjum, og þar höfum við framsóknarmenn aftur tekið forustuna með metnaðarfullum til-

lögum að fjölþættum aðgerðum sem munu skjóta stoðum undir atvinnulífið og gefa heimilum og fyrirtækjum tíma til að endurskipuleggja fjárhag sinn og fleyta sér yfir erfiðasta hjallann í því ástandi sem nú ríkir. Þá kröfðumst við kosninga í vor. Frá síðustu kosningum hefur íslenskt samfélag umturnast og allar forsendur eru breyttar. Því teljum við mikilvægt að Alþingi fái endurnýjað umboð frá þjóðinni til að takast á við það mikla verkefni sem endurreisn samfélagsins er. Og síðast en ekki síst gerðum við kröfu um stjórnlagaþing.

Ein orsaka hins efnahagslega hruns er að óhófleg völd söfnuðust á hendur fárra. Örfáir fjárglæframenn höfðu í krafti auðs í fullu tré við ríkisvaldið og nýttu sér til hins ýtrasta blinda trú Sjálfstæðisflokksins á sjálfsstjórn markaðarins. Þannig voru eftirlitsstofnanir kæfðar og beinu og óbeinu valdi beitt til að tryggja hlutleysi þeirra í óheftri frjálshyggjunni. Til að tryggja valddreifingu, treysta völd Alþingis og mótvægi þess við ráðherraræði og vald fjármagnsins þurfum við að gera upp við þessa fortíð okkar. Sú sátt sem við verðum að ná verður að horfa til framtíðar. Til þess þurfum við nýtt þjóðskipulag og því náum við aðeins fram með stjórnlagaþingi. Reynslan sýnir okkur að Alþingi er ekki fært um að fara í grundvallarbreytingar á stjórnarskipan okkar, enda væri hreinlega í hæsta máta óeðlilegt að þingmenn settust niður til að véla um eigin völd og áhrif. Við sáum hvert það leiddi okkur í eftirlaunafarsanum öllum.

Í 65 ár hefur nefnilega staðið til að endurskoða stjórnarskrána, sérstaklega þá þætti sem varða stjórnarskipun landsins — og hver hefur árangurinn orðið? Enginn.

Þegar ákveðið var að slíta sambandinu við Danmörku var skipuð sérstök stjórnarskrárnefnd. Hún lagði til að núverandi stjórnarskrá yrði að stórum hluta samhljóða stjórnarskránni frá 1920, fyrir utan að felld voru út ákvæði um konung og sett í staðinn inn ákvæði um forseta. Einnig voru gerðar minni háttar breytingar hér og þar, m.a. breytingar sem sneru að takmörkun á synjunarvaldi forseta. Mikilvæg forsenda þeirrar samstöðu sem við sáum við afgreiðslu stjórnarskrárinnar árið 1944 var að hún náði aðeins til þessara afmörkuðu þátta. Eftir að stjórnarskráin var samþykkt starfaði stjórnarskrárnefndin áfram að endurskoðun hennar og þegar starfsemin lognaðist út af árið 1947 var ný nefnd skipuð. Sú nefnd skilaði heldur ekki neinu áliti. Í gegnum tíðina hafa þingmenn borið upp bæði þingsályktunartillögur og frumvörp með einstaka breytingum og heildarendurskoðun á stjórnarskránni en innan við 10% þeirra hafa orðið að veruleika. Einkum var þar um að ræða breytingar á kafla um þingkosningar og störf Alþingis, sem virðist vera sérstakt áhugamál okkar þingmanna, auk þess sem breytingar hafa verið gerðar á mannréttindakaflanum en um þær breytingar var almenn sátt. Eini kaflinn sem hefur verið látinn ósnertur er I. kafli um stjórnarskipun. Það hefur nefnilega einfaldlega aldrei náðst sátt á Alþingi Íslendinga um að fara í þá viðamiklu vinnu sem snertir breytingu á stjórnarskipun landsins og því teljum við nauðsynlegt að taka þetta úr höndum Alþingis og færa í hendur þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Þau þrjú skilyrði sem við framsóknarmenn settum fyrir stuðningi við núverandi stjórn eru lykillinn að því að hægt verði að reisa íslenskt þjóðlíf úr rústum í fullri sátt. Þessi þrjú atriði þurfa að fara saman svo aftur komist á traust milli þings og þjóðar og hægt verði að horfa til framtíðar. Þjóðin þarf að koma að þessu ferli og það gerir hún aðeins með kosningum og stjórnlagaþingi. Það er því sorglegt að hafa þurft að horfa upp á Morfís-æfingar sjálfstæðismanna síðustu daga. Þeir náðu nýjum lægðum í lágkúrunni í gærkvöldi þegar þeir fóru hver á fætur öðrum í andsvör við eigin flokksmenn til að reyna að koma í veg fyrir að þjóðin gæti komið að mótun hins nýja Íslands með kosningum og stjórnlagaþingi. Um leið eru þeir að draga lappirnar í mikilvægum málum sem snerta efnahag heimilanna í landinu.

Við framsóknarmenn erum að vísu ekki fullkomlega sáttir við það frumvarp sem nú liggur fyrir um breytingar á stjórnarskránni. Við töldum óþarfa að fara í frekari breytingar á stjórnarskránni á þessu þingi en þær einar sem snúa að stjórnlagaþingi. Það er einmitt hlutverk þess þings að endurskoða stjórnarskrána í heild. Við mátum það hins vegar þannig að mikilvægara væri að ná sátt um að koma málinu í gegn á þessu þingi en að skattyrðast um formsatriði við stjórnarflokkana. Þannig er gert ráð fyrir ákvæði um að sameiginlegar auðlindir verði ávallt í þjóðareign. Nú, þegar íslenska þjóðin er bundin á klafa erlendra fjármagnseigenda sem ganga hart fram í óraunhæfum kröfum um að þjóðin taki á sig skuldbindingar nokkurra veruleikafirrtra einstaklinga, er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að tryggja að auðlindir okkar sem munu standa undir framtíð okkar og afkomenda okkar falli ekki í þeirra hendur. Það er í raun með ólíkindum að valdhroki sjálfstæðismanna skuli vera slíkur að þeir þori ekki að fela þjóðinni það vald að móta sína eigin framtíð.

Það er ekki nóg með að blind trú þeirra á frjálshyggjuna hafi lagt íslenskt samfélag í rúst heldur ætla þeir líka að koma í veg fyrir að hægt verði að þrífa upp eftir þá.

[15:04]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til stjórnarskipunarlaga, um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í 1. gr. er mjög góð viðbót og les ég hana hér, með leyfi forseta:

„Við lögin bætist ný grein, 79. gr., svohljóðandi:

Náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti eru þjóðareign. Ríkið fer með forsjá þeirra, vörslu og ráðstöfunarrétt og hefur eftirlit með nýtingu þeirra í umboði þjóðarinnar eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

Allar náttúruauðlindir ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir. Náttúruauðlindir í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi.“

Þetta er mjög gott og raunverulega þarft innlegg í stjórnarskrána. Í 3. gr. er atriði sem ég er mjög sáttur við og tel mjög til bóta, í lýðræðisátt og til þess fallið að verja þjóðina fyrir misvitrum stjórnmálamönnum sem hafa oft komist til valda á Íslandi og kannski ráðið ferðinni allt of lengi oft og tíðum. Í 3. gr. stendur, með leyfi forseta:

„80. gr. laganna orðast svo:

Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varðar almannahag ef 15 af

hundraði kjósenda krefjast þess. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan þriggja mánaða frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir.“

Þetta er mjög þarft og við gætum leyst ýmis vandamál sem við búum við í dag ef þetta væri þegar í stjórnarskránni og við værum að nota það. Sama á við um stjórnlagaþing að því leyti að í 4. gr. í frumvarpinu segir svo:

„Við stjórnarskrána bætist nýtt ákvæði um stundarsakir, svohljóðandi:

Forseti Íslands skal boða til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, þar sem byggt verði áfram á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda.“

Ég held að stjórnlagaþing sé mjög gott og þarft fyrir okkur, íslensku þjóðina, á þeim tímapunkti sem við stöndum frammi fyrir núna. Við eigum að nýta okkur það að stokka upp hlutina og koma meira lýðræði inn í stjórnarskrá okkar og samfélag.

Við höfum horft upp á það síðustu daga að hér hefur verið mikið málþóf en það eru ekki bara sjálfstæðismenn sem hafa haldið uppi málþófi, það hafa líka aðrir gert þegar þeir eru í minni hluta. Fjórflokkurinn hefur verið með málþóf ef hann er ekki í ríkisstjórn. Það hefur Frjálslyndi flokkurinn aftur á móti ekki gert og ekki tekið þátt í þannig stjórnarandstöðu. Kjósendur á Íslandi eiga að brjóta upp fjórflokkakerfið með því að styðja Frjálslynda flokkinn. (Forseti hringir.) Flokkar eiga að vera fyrir fólk en ekki öfugt.

[15:08]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Það var þjóðin sjálf sem setti stjórnarskrána á sínum tíma, 1944, og í henni var ákveðið að breytingar á stjórnarskránni þaðan í frá yrðu eftir því sem þar um segir. Í raun er stjórnmálaflokkunum og Alþingi falið það vald að gera breytingar á stjórnarskránni aðeins með óbeinni aðkomu þjóðarinnar í alþingiskosningum á milli.

Flokkarnir hafa ákveðið að fara þannig með það vald að gera ekki breytingar á stjórnarskránni nema í góðu samkomulagi og það hefur verið skynsamlegt ráð að vinna þannig að málunum. Þegar ágreiningur hefur risið um efnisatriði hefur gengið illa að ná fram breytingum eins og við sáum fyrir síðustu alþingiskosningar. Ég tel að meðan það fyrirkomulag er viðhaft eigi stjórnmálaflokkarnir ekki að efna til harðra deilna um efnisatriði um breytingar á stjórnarskránni. Þær deilur og þann ágreining á að útkljá í atkvæðagreiðslu hjá þjóðinni sjálfri. Þess vegna tel ég að eina breytingin sem skynsamlegt sé að gera núna á stjórnarskránni sé sú að ákveða að breytingar á henni verði framvegis bornar undir þjóðina þannig að þar ráðist úrslitin en ekki í samkomulagi eða samningaviðræðum milli stjórnmálaflokkanna. Þá er líka allt annað upp á teningnum og eðlilegt að ágreiningur komi fram og menn tali hver fyrir sínu sjónarmiði því að það er svo lagt í dóm þjóðarinnar að taka afstöðu til málsins.

Ég held, virðulegur forseti, að frekari breytingar en þessi, þar með talið að gera efnislegar breytingar núna, verði ekki farsælar og menn eigi að láta duga að breyta forminu, aðferðinni við að breyta stjórnarskránni héðan í frá. Ef það tekst hafa menn (Forseti hringir.) skilað góðu dagsverki.

[15:11]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni, ég tel að það sem er brýnast og ætti að einbeita sér að í þessum umræðum sé 2. gr. þessa frumvarps, þ.e. að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar á þann veg að það verði borið undir þjóðaratkvæði þegar Alþingi hefur tekið ákvarðanir um og samþykkt að stjórnarskránni skuli breytt. Ég tel að þetta ákvæði sé í raun grundvallarákvæði í þeim breytingum sem hér eru til umræðu. Ég átta mig ekki almennilega á því, virðulegi forseti, hvernig á því stendur að þessi 2. gr. er flutt í frumvarpi þar sem síðan er bráðabirgðaákvæði um sérstakt stjórnlagaþing þar sem valdið til þess að breyta stjórnarskránni er tekið af Alþingi.

Í greinargerð með 2. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Í greininni er gengið út frá því að frumkvæði að breytingu eða viðauka á stjórnarskránni verði að meginstefnu áfram hjá Alþingi. Samkvæmt 55. gr. stjskr. verður einhver alþingismanna eða ráðherra að flytja frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskránni sem lagt er til að verði framvegis nefnt frumvarp til stjórnskipunarlaga, en það er þjálla heiti en það sem notað hefur verið. Þá verður slíkt frumvarp einnig flutt sem stjórnarfrumvarp skv. 25. gr. stjskr. Gert er ráð fyrir að það verði eftir sem áður skilyrði fyrir framgangi frumvarps til stjórnskipunarlaga að það verði samþykkt á Alþingi eftir því sem nánar er kveðið á um í 1. mgr.“

Þetta stendur í greinargerð með 2. gr. þessa frumvarps en síðan er öllu málinu kippt til baka með þessu bráðabirgðaákvæði. Þetta frumvarp er ótrúlega illa unnið og ótrúlega sérkennilegt þegar litið er til þess að verið er að fjalla um breytingu á stjórnarskránni. Ef þingmenn eru þeirrar skoðunar og sömu skoðunar og ég að það eigi að leita álits þjóðarinnar í ríkari mæli en gert hefur verið liggur beinast við að samþykkja þessa grein í frumvarpinu, 2. gr., og láta hitt bíða, fá hana og láta þjóðina ákveða hvort hún hafi áhuga á því að þessi breyting nái fram að ganga og að á það muni reyna, væntanlega þá eftir að nýtt þing kemur saman. Núna þarf að breyta stjórnarskránni með því að hafa kosningar á milli og nýtt þing þarf að samþykkja hana. Það tekur sinn tíma. En hér er talað fyrir mjög sérkennilegu tvöföldu kerfi sem gengur ekki upp þegar nánar er skoðað og þess vegna held ég að það sé rétt sem fram hefur komið í umræðunum að þetta bráðabirgðaákvæði er flutt til þess að tryggja að framsóknarmenn verji þessa ríkisstjórn vantrausti, það sé í raun ekkert meint með þessu ákvæði annað en að fá framsóknarmenn til að verja þessa ríkisstjórn vantrausti og þetta bráðabirgðaákvæði verði það fyrsta sem menn kasti á brott þegar farið verður að fjalla um þetta nánar eftir að umræðunni hér lýkur.

Ég er líka alveg sammála því sem kom fram í máli hv. þm. Ellerts B. Schrams og tek undir með honum, að sjálfsögðu þarf að komast að samkomulagi um það hér í þinginu hvernig mál eru til lykta leidd. Það er óviðunandi, jafnt fyrir stjórnarandstöðu og stjórnina, hvernig ástand hefur verið myndað hér í þinginu. Það er ekki verk stjórnarandstöðunn-

ar að þetta ástand hefur skapast, heldur þeirra sem leggja tillögur fyrir þingið, þessa tillögu, tillögu um breytingar á kosningalögunum og aðrar tillögur sem hér hafa komið fram sem eru algerlega ónauðsynlegar í ljósi þess ástands sem ríkir í þjóðfélaginu og þeirra verkefna sem þingsins bíður ef það á að takast á við þau.

Ég er ósammála hv. þm. Ellerti B. Schram um að með þeim hugmyndum sem hér eru lagðar til og við erum að ræða sé verið að bregðast við einhverju ástandi í þjóðfélaginu. Svo er ekki. Það er verið að takast á við ástand í bakherbergjum stjórnmálamannanna og stjórnmálaflokkanna til að ná meiri hluta með stuðningi Framsóknarflokksins. Það er ekkert flóknara en það. Það er ekki verið að bregðast við neinu ástandi í þjóðfélaginu með þessu, þetta er hreint útspil í því skyni að halda lífi í þessari ríkisstjórn. Ég held að maður verði að gæta sín þegar verið er að leiða þetta mál inn í víðtæka þjóðfélagsumræðu og láta eins og málið snúist um hana. Það snýst ekki um hana, það snýst um að tryggja að Framsóknarflokkurinn verji þessa stjórn vantrausti og síðan verður náttúrlega fyrst kastað á brott þessu ákvæði um stjórnlagaþingið, það liggur alveg ljóst fyrir, enda gengur frumvarpið út á það í raun og veru.

Meginkjarni frumvarpsins er um að frumkvæðið eigi að vera í þinginu. Árum saman hefur verið kvartað um það að þingið hafi verið látið lúta í lægra haldi fyrir framkvæmdarvaldinu og þeir þingmenn sem mest hafa talað um það koma svo hingað og leggja til að þingið afsali sér stjórnarskrárvaldi og kasti því frá sér. Er það vegurinn til að auka virðingu Alþingis og treysta stöðu þess gagnvart framkvæmdarvaldinu eða almennt í þjóðfélaginu að flytja slíka tillögu? Algjör þverstæða og gengur ekki upp.

Eins og þegar talað er um að þetta frumvarp auðveldi á einhvern hátt aðild að Evrópusambandinu. Hvernig í ósköpunum geta menn fundið það út? Og einhverjar skýringar á 1. gr. — ef það er svo að þetta frumvarp auðveldi aðild að Evrópusambandinu, er það þá með samþykki vinstri grænna? (**Gripið fram í:** Já.) Er það með samþykki vinstri grænna að hér sé flutt frumvarp sem auðveldi aðild að Evrópusambandinu? Af hverju stíga menn þá ekki skrefið alla leið? Af hverju er þá ekki lagt til með þessu frumvarpi að unnt verði að framselja vald til yfirþjóðlegra stofnana? Það er alveg rétt sem (Gripið fram í.) fyrrverandi sendiherra, hæstv. forsætisráðherra, sjávarútvegsráðherra og dómsmálaráðherra, sagði í leiðara í Fréttablaðsins í gær, í ljósi stefnu Samfylkingarinnar í Evrópusambandsmálunum er þetta frumvarp auðmýkjandi fyrir forsætisráðherrann og fyrir Samfylkinguna. Hér er frumvarp um breytingar á stjórnarskránni án þess að tekið sé á því grundvallarmáli sem snertir aðild að Evrópusambandinu. Síðan eru skrifaðar inn í greinargerð einhverjar setningar og ég spyr hv. þingmann — hér er þó einn þingmaður frá Vinstri grænum: Er það svo að vinstri grænir skilji þannig 1. gr. þessa frumvarps að það auðveldi aðild Íslands að Evrópusambandinu, að það tryggi gagnvart Evrópusambandinu að það muni ekki sölsa undir sig auðlindir þjóðarinnar ef við göngum í það?

[15:19]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Við erum að koma að lokum 1. umr. um þetta frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem borið er fram að frumkvæði ríkisstjórnarinnar, 1. flutningsmaður er hæstv. forsætisráðherra, 2. flutningsmaður er hæstv. fjármálaráðherra og svo fylgja með á blaðinu fylgiflokkar ríkisstjórnarinnar; Framsóknarflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn.

Þetta frumvarp, eins og hefur ítarlega komið fram í umræðunum, gengur á svig við öll meginsjónarmið sem höfð hafa verið uppi við breytingar á stjórnarskrá. Við breytingar á stjórnarskrá — og þannig hefur það verið varðandi allar þær stjórnarskrárbreytingar sem samþykktar hafa verið frá 1959 að þær hafa byggst á sátt milli flokka. (**VS:** Það var nú samt … 1959 …) Í annan stað hefur alveg frá 1959, í 50 ár hefur verið leitað eftir sátt milli flokka, hv. þm. Valgerður, (Gripið fram í.) já, já, í hálfa öld hefur verið byggt á sátt milli flokka um þessi mál, hv. þingmaður. Alltaf hefur verið byggt á vönduðum og ítarlegum undirbúningi. Alltaf hefur verið gefinn rúmur tími í þinginu til að fram geti farið nauðsynlegar og vandaðar umræður og umfjöllun geti verið stjórnarskránni samboðin og þinginu til sóma.

Nú er ljóst að ríkisstjórnin byggir þennan málflutning sinn og aðferð við að koma þessu inn í þingið á þveröfugum sjónarmiðum. Það er farið með þetta mál fram í ósætti, undirbúningstíminn er stuttur, málið er unnið í þröngum ráðgjafarhópi en ekki af pólitískum fulltrúum og tíminn sem gefinn er í þinginu til þess að fjalla um málin er afar knappur svo ekki sé sterkar til orða tekið. Allt er þetta með ólíkindum, sérstaklega þegar horft er til þess að alls staðar, ekki bara á Íslandi, heldur alls staðar í vestrænum lýðræðisríkjum er byggt á því að stjórnarskrárbreytingar eigi að fara fram með vandaðri og ítarlegri umræðum og málefnalegri hætti en nokkrar aðrar lagabreytingar. Það er alls staðar gert ráð fyrir því að stjórnarskrárbreytingar þurfi betri undirbúning og betri málsmeðferð en aðrar lagabreytingar. Þetta eru grundvallarlög ríkisins, þau lög sem önnur lög byggja á. Þess vegna hljóta menn að nálgast þessi mál af meiri varfærni, með meiri sátt í huga og af meiri vandvirkni en önnur frumvörp sem koma fram. Ríkisstjórnin hirðir ekkert um það.

Ég vék töluvert að einstökum ákvæðum frumvarpsins í fyrri ræðu minni við 1. umr. Ég ætla bara að nefna þrennt. Varðandi það ákvæði sem snýr að sameign þjóðarinnar eða þjóðareign á auðlindum hefur það mál mikið verið rætt, en öllum sem hafa komið að því máli er ljóst að þar er enn uppi ágreiningur, þar eru skiptar skoðanir og sá ágreiningur hefur ekki verið til lykta leiddur. Það er bæði pólitískur ágreiningur en það er líka ágreiningur milli fræðimanna um hvernig beri að túlka ákvæði af þessu tagi. Þetta er óleyst mál.

Í annan stað er fjallað um þjóðaratkvæðagreiðslur. Það er víðtæk pólitísk samstaða um að þjóðaratkvæðagreiðslum verði gefið meira vægi í stjórnskipan okkar en verið hefur, en um útfærsluna hefur ekki náðst nein pólitísk niðurstaða, ekki nein pólitísk sátt.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu fjallað um aðferðina við að breyta stjórnarskrám. Þar lá fyrir ákveðin sáttaleið árið 2007 sem fulltrúar allra flokka í stjórnarskrárnefnd skrifuðu

undir, það var málamiðlun sem allir skrifuðu undir. Hún byggði á þremur efnisþáttum. Í þessu frumvarpi er einn þátturinn tekinn út úr, slitinn úr samhengi við hina og settur fram í frumvarpsformi. Um það hefur ekki verið reynt að ná neinni sátt.

Í fjórða lagi felur þetta frumvarp í sér að stofnað verði til stjórnlagaþings. Það er nýstárleg hugmynd eins og margir ræðumenn hafa minnst á. Reyndar eru, eins og kemur fram í greinargerð, til tillögur frá eldri tímum þar sem vikið hefur verið að þessari hugmynd en þetta er hins vegar atriði sem hefur ekki komið inn í þjóðfélagsumræðuna fyrr en á allra síðustu vikum. Fyrir hálfu ári, einu ári, tveimur árum, ég tala nú ekki í síðustu kosningum, var enginn að tala um stjórnlagaþing, (**EBS:** Af hverju ætli það hafi gerst?) það var enginn að tala um stjórnlagaþing þá. Hv. þm. Ellert B. Schram spyr: Hvers vegna ætli það hafi gerst? Það er vegna þess að það er slík taugaveiklun í herbúðum núverandi ríkisstjórnar og slík taugaveiklun í herbúðum Framsóknarflokksins að menn hlaupa á svona hugmyndir án þess að hugsa þær til enda, án þess að útfæra þær og skella þeim hér í frumvarpsformi fyrir þingið án þess að vinna málin til enda. Það er bara það sem er. Við erum með ríkisstjórn sem er farin á taugum og við erum með Framsóknarflokk sem er löngu farinn á taugum.

Ég velti líka fyrir mér fleiri atriðum, kannski ekki síst í ljósi orða hv. þm. Eyglóar Harðardóttur áðan, sem minnti á að miklir atburðir hefðu orðið hér í haust og þar með hefðu þingmenn, þetta þing misst umboð sitt. Þess vegna væri nauðsynlegt að kjósa til nýs Alþingis, kjósa upp á nýtt. Svipuð ummæli heyrðust af hálfu margra þingmanna Samfylkingarinnar, m.a. hv. þm. Ellerts B. Schrams, hv. þáverandi ráðherra Björgvins G. Sigurðssonar og Þórunnar Sveinbjarnardóttur og þingmannanna Katrínar Júlíusdóttur o.fl. Hálfur þingflokkur Samfylkingarinnar talaði um það hérna vikum saman fyrir jólin að þetta þing sem nú situr væri orðið umboðslaust, það væri bara algjörlega umboðslaust og þess vegna yrði að kjósa upp á nýtt. Það yrði að kjósa nýtt þing sem hefði umboð þjóðarinnar til þess að taka stórar ákvarðanir.

Ég veit að hv. þingmenn muna eftir þessari umræðu. Nú koma þessir sömu menn og lýstu sjálfa sig umboðslausa fyrir fáeinum vikum, svo umboðslausa að það þyrfti að efna til nýrra alþingiskosninga, og ætla ekki bara að grípa til nauðsynlegra aðgerða til þess að bjarga heimilum og fyrirtækjum, það er ekkert forgangsatriði hjá þessum mönnum, það er ekki það sem þeir eru að gera, ekki bráðaaðgerðir. Þetta umboðslausa fólk, fólk sem hefur lýst sjálft sig umboðslaust — það eru ekki mín orð, það eru orð þess sjálfs — telur sig þess umkomið að breyta stjórnarskránni, það telur sig þess umkomið að breyta kosningalögum, og ef spurt er hvers vegna því liggi á er komið með einhverjar óskilgreindar yfirlýsingar eins og: Það er krafa fólksins.

Hvernig mælum við kröfu fólksins? Við mælum hana að sjálfsögðu í kosningum. Þeir sem vilja breyta stjórnarskránni og þeir sem vilja breyta kosningalögum eiga auðvitað að fara með þau mál inn í kosningar, bera þau sjónarmið undir kjósendur og fá þá skýrt umboð til þess að koma slíkum breytingum í gegn. Það á ekki að keyra þær í gegn örstuttu fyrir kosningar með þeim hætti sem þessi ríkisstjórn ætlar að standa að.

[15:27]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla í síðari ræðu minni að víkja aðeins nánar að hugmyndinni um stjórnlagaþing sem er að finna í 4. gr. frumvarpsins og hnykkja á þeim atriðum sem er að finna í fyrri þremur greinunum.

Ég hef áður tekið til máls um stjórnlagaþingshugmyndina. Það var þegar við höfðum til umfjöllunar þingmál Framsóknarflokksins um hið sama. Þá varð manni ljóst af fréttatilkynningum frá ríkisstjórninni að hún var á þeim tíma sem Framsóknarflokkurinn var með sitt mál til umfjöllunar, að vinna að sínu eigin stjórnlagaþingsmáli.

Í þessu frumvarpi er komin fram töluvert breytt hugmynd að stjórnlagaþingi. Við hljótum að gera við það athugasemdir að ekki skuli vera gerð nein tilraun í þingmálinu til að slá á hugsanlegan kostnað við að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Ég tel að það hljóti að vera eitt meginverkefni nefndarinnar sem fær málið til umfjöllunar að kalla eftir upplýsingum um þann kostnað sem fyrirséður er við stjórnlagaþingið.

Hugmyndin gengur út á það að stjórnlagaþing verði að störfum í tvö ár með 41 þingmanni. Ég tek mark á þeim áætlunum sem menn hafa teflt fram í þessu efni og hafa m.a. komið fram hjá hv. þm. Geir H. Haarde um að augljóst sé að kostnaðurinn mun ekki verða undir 1 milljarði kr. til að sinna þessu hlutverki sem við getum og höfum ávallt gert í gegnum tíðina.

Ég vil líka vekja athygli á því að engin sérstök ástæða er til að láta störf stjórnarskrárnefndarinnar renna út í sandinn og nýta ekki þá miklu vinnu sem þar hefur verið unnin. Grunnur að tillögum er kominn fram. Í skýrslu nefndarinnar, eins konar áfangaskýrslu sem kom út á árinu 2007, er að finna sjónarmið úr öllum þjóðfélagshópum. Þar er að mínu áliti að finna grunn að áframhaldandi starfi til að gera tillögur að breytingum á stjórnarskránni og þá þeim veigameiri breytingum sem ég held að við séum öll að horfa til en ekki endilega þeim sem hér er teflt fram.

En um stjórnlagaþingið aðeins nánar. Það eru tiltölulega einfaldar athugasemdir sem við sjálfstæðismenn erum flestir að koma á framfæri. Í fyrsta lagi: Það er innbyrðis mótsögn fólgin í því að tefla fram hugmyndinni með þeim skýringum að það sé svo brýn nauðsyn að aðrir komi að stjórnlagagerðinni en Alþingi en á sama tíma tefla fram hugmyndum um breytingar á stjórnarskránni. Hver sér ekki þversögnina í slíkum málflutningi?

Í öðru lagi hlýtur maður að gera athugasemdir við að hugmyndinni sé teflt fram eins og ég vék að áðan án þess að kostnaðurinn sé tekinn saman en hann verður augljóslega mjög mikill.

Í þriðja lagi vil ég nefna að mér finnst við vera að upplifa tíma núna þar sem sótt er mjög að þinginu. Mikið vantraust hefur grafið um sig í samfélaginu, ekki bara gagnvart þinginu og stjórnmálalífinu almennt heldur fjölmörgum öðrum stofnunum hins opinbera. Ef menn halda að þeir séu að reyna með þessu að treysta stoðir þingsins til þeirra starfa sem hér eru unnin, að menn séu með einhverjum hætti með stjórnlagaþingshugmyndinni að auka á virðingu

þingsins, þá eru menn á fullkomnum villigötum. Vegna þess að í mínum huga grefur hugmyndin einmitt undan trausti þjóðarinnar á þeim störfum sem hér eru unnin. Hún gefur til kynna að þingið sé ekki því starfi vaxið að sinna stjórnlagagerðinni. Mér finnst það mjög alvarlegt, af því að það er skýrt í stjórnarskrá okkar í dag að þingið er valdamesta stofnunin og hlýtur að vera til þess bært að taka þetta verkefni að sér.

Hver eru annars rökin fyrir því að þeir sem verða kosnir fulltrúakosningu, hugmyndin er að 41 einstaklingur verði kjörinn til þess, séu betur til þess fallnir en þeir 63 sem hér eru og sinna löggjöfinni að öðru leyti? Það eru engin rök fyrir því. Einu haldbæru rökin, eða svona sýnilegu rökin ætti ég kannski frekar að segja, eru þau að mönnum þykir sem starfið, þ.e. endurskoðun á stjórnarskránni, hafi farið ofan í einhverjar pólitískar skotgrafir og að fyrirkomulagið við breytingar á stjórnarskránni sé orðið úrelt eða of þunglamalegt. Þá skulum við bara ræða þann vanda sérstaklega. Við skulum þá spyrja okkur að því hvort eitthvað sé til í þessu. Við skulum þá fara beint í 79. gr. og velta fyrir okkur hvort við ættum ef til vill að láta duga að breyta henni.

Eins og hv. þm. Birgir Ármannsson vék að áðan í ræðu sinni voru einmitt komnar fram hugmyndir frá stjórnarskrárnefndinni um þetta. Hvers vegna? Jú, vegna þess að við vorum að nálgast kosningar þegar stjórnarskrárnefndin tefldi hugmyndinni fram og þeir sem þar sátu vissu að ef þessu atriði yrði ekki breytt yrði stjórnarskránni ekki breytt fyrr en eftir um það bil fjögur ár. Þannig sáum við þetta í stjórnarskrárnefndinni árið 2007.

En svo gerast þeir óvæntu atburðir að við boðum til kosninga á þessu kjörtímabili. Hvað gerist þá einmitt í aðdraganda kosninganna? Jú, skýtur ekki upp kollinum stjórnarskrárfrumvarp. Af hverju? Af nákvæmlega sömu ástæðu og við tefldum fram þessari breytingartillögu í stjórnarskrárnefndinni, af þeirri ástæðu að menn óttast að verði breytingar ekki gerðar núna muni ekki vera hægt að ræða málið að nýju fyrr en eftir um það bil fjögur ár.

Þetta eru því nákvæmlega sambærilegar aðstæður og þær kalla á sambærileg viðbrögð. Flokkarnir voru þá sammála um að breyta bara 79. gr. og við eigum ekki að láta okkur detta það í hug að fara út í jafnveigamiklar breytingar á öðrum greinum stjórnarskrárinnar eins og lagt er upp með í þessu máli. Stjórnlagaþingshugmyndin er því slæm fyrir margra hluta sakir. Ég held að sýnu alvarlegast sé hvernig hugmyndin grefur undan stöðu og virðingu Alþingis. Það er mín skoðun.

Ég vil jafnframt taka fram svo það sé alveg skýrt að ég er að sjálfsögðu þeirrar skoðunar að endurskoða þurfi stjórnarskrána. Við sjálfstæðismenn erum ekki í umræðum um frumvarpið að gera því skóna að verið sé að ræða um breytingar að óþörfu. Nei. Þvert á móti. Við tókum þátt í vinnu stjórnarskrárnefndarinnar á þeirri forsendu að ráðast þyrfti í umfangsmikla endurskoðun stjórnarskrárinnar, skýra einstaka kafla og laga innbyrðis samhengi. Sérstaklega þarf að ræða um stöðu forsetans og ég tek eftir því að á þinginu virðist vera að myndast sátt meðal allra flokka um að það þurfi og nokkuð brýnt sé að skilgreina nánar stöðu og hlutverk forsetans. Það er því alveg skýrt af okkar hálfu að verkið er fast.

En það á ekki að hverfa frá því verklagi að unnið sé í góðri sátt milli flokkanna. Við eigum heldur ekki að skjóta málinu frá þinginu inn á einhvern nýjan vettvang heldur þvert á móti leggja áherslu á að við getum gert þetta og eigum að gera þetta. Við erum hérna til þess að gera þetta. Við erum hérna til þess að laga stjórnarskrána og betrumbæta hana þegar þörf krefur. Við höfum margoft gert það, mun oftar hefur þótt vera þörf fyrir endurskoðun á stjórnarskránni en í Danmörku. Við höfum náð fram miklu oftar breytingum á stjórnarskránni en Danir hafa verið að gera undanfarna áratugi.

Ég sé að ræðutími minn er að renna út. Ég tel mig í mínum tveimur ræðum í umræðunni hafa komið að flestum sjónarmiðum. Þetta mál þarf að (Forseti hringir.) fara til mjög nákvæmrar skoðunar í nefnd.

[15:37]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að sérstaklega var eftir því óskað af hálfu ýmissa ræðumanna í gær að ég kæmi og léti í ljós álit mitt á því frumvarpi sem liggur fyrir. Ég get gert það í fáum orðum. Ég er sammála öllu því sem kemur fram í frumvarpinu og styð það heils hugar. Satt að segja hélt ég líka að í því væri að finna ákvæði sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins gætu líka stutt heils hugar.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson ræddi frumvarpið nokkuð í gær. Ég lýsti þá þeirri skoðun minni að ég teldi það undarlegt miðað við hið ágæta samstarf sem ég hef átt með þeim ágæta þingmanni að stjórnarskrárbreytingum í stjórnarskrárnefnd forsætisráðherra sem starfaði um tveggja ára skeið. Ég veit ekki betur en að ég og hv. þingmaður höfum þá verið sammála um ýmsar meginbreytingar sem einmitt er að sjá stað í því frumvarpi sem fyrir liggur. (**StB:** Það er búið að hrekja þetta.)

Hv. þm. Sturla Böðvarsson segir að búið sé að hrekja það. Ég hef ekki heyrt þann hrakning. Miklu frekar hef ég heyrt að hv. þingmaður sem reyndi að gera grein fyrir afstöðu sinni í því máli hafi hrakist undan, og það er sjálfsagt að fara yfir það mál, frú forseti.

Það er einfaldlega staðreynd að Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst með einum eða öðrum hætti fylgi við ýmis af þeim ákvæðum sem koma fram í frumvarpinu. Í 1. gr. frumvarpsins er einmitt fjallað um það að náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu skuli vera þjóðareign. Hvaðan skyldi það hugtak vera komið? Það er komið frá einum þeim manni sem hefur verið mestur hugsuður Sjálfstæðisflokksins á síðustu áratugum. Þetta hugtak varð til í starfsemi auðlindanefndar sem ef ég man rétt skilaði af sér í kringum árið 2000 og var undir forustu Styrmis Gunnarssonar ritstjóra. Þar var með mjög sterkum rökum skýrð út nauðsyn þess að færa þetta hugtak inn í stjórnarskrána. (**Gripið fram í:** Hann var ekki formaður í þessari nefnd.) Hann var alla vega mestur hugsuður í þeirri nefnd og hann lagði fram rökin í nefndinni fyrir hugtakinu þjóðareign. Það er Styrmir Gunnarsson ritstjóri sem hefur sannfært marga, þar á meðal mig, með hnífskörpum skrifum um þetta, að nauðsynlegt sé að fá þetta ákvæði inn í stjórnarskrána.

Á sínum tíma var þetta töluvert rætt í stjórnarskrárnefnd þar sem ég sat ásamt þremur fulltrúum Sjálfstæðisflokksins,

núverandi ritstjóra *Fréttablaðsins*, fyrrverandi forsætisráðherra og formanni Sjálfstæðisflokksins, og þeim hv. þm. Birgi Ármannssyni og Bjarna Benediktssyni. Ég var í stjórnarandstöðu þá. Sjálfstæðisflokkurinn var eins og hann var um 18 ára skeið í forustuhlutverki í ríkisstjórninni. Það er sennilega bara þess vegna sem hv. þm. Bjarna Benediktssyni var falið forustuhlutverk við að ræða þetta sérstaklega, þ.e. ákvæði sem lutu að þjóðareign á auðlindum. Það var sérstakur starfshópur sem í sjálfu sér hafði enga formlega stöðu fremur en þeir aðrir tveir eða þrír starfshópar sem settir voru til verka undir stjórnarskrárnefndinni, en hv. þm. Bjarni Benediktsson leiddi einn þann hóp. Sá hópur fjallaði einmitt um þetta mál.

Skemmst er frá því að segja að við nutum einmitt sérfræðilegrar verkkunnáttu Bjargar Thorarensen prófessors sem var starfsmaður starfshópsins. Hún ritaði fundargerðir. Hún dró sömuleiðis saman niðurstöður sem sendar voru öllum þeim sem í starfshópnum störfuðu. Þar voru fyrir utan mig og hv. þm. Bjarna Benediktsson m.a. sá ágæti maður sem einna mest hefur talað um sjávarútvegsmál í sölum Alþingis, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson.

Það kunna að vera tíðindi en þessir þrír einstaklingar urðu sammála. Þeir voru sammála um að setja ætti inn í stjórnarskrána ákvæði um þjóðareign á auðlindum. Þar ræddu menn sérstaklega um auðlindir sjávar. Hv. þm. Bjarni Benediktsson, sem hefur flækst undan í flæmingi þegar frá þessu hefur verið greint og hefur núna uppi einhverja allt aðra skoðun, var einfaldlega sammála þessu. Það er til skriflegt að hv. þingmaður gerði engar athugasemdir við niðurstöðurnar né heldur þær þrjár eða fjórar fundargerðir sem teknar voru saman um þetta.

Hins vegar er alveg hárrétt sem kom fram í máli hv. þm. Birgis Ármannssonar að þessi hugmynd var lögð inn í stjórnarskrárnefnd og þar vildu menn gera á því ákveðna úttekt, hagfræðilega og stjórnsýslulega úttekt með hvaða hætti útfærsla á ákvæðinu kynni að hafa áhrif á ýmsar atvinnugreinar. Það er alveg hárrétt og ég vil ekki halda nokkru öðru fram.

Það breytir ekki hinu að leiðtogaefni Sjálfstæðisflokksins komst að efnislegri niðurstöðu sem var hin sama og er að finna í 1. gr. þessa frumvarps. Frá því getur Sjálfstæðisflokkurinn ekki hlaupið. Það setur honum í sjálfu sér engar sérstakar skyldur á herðar með að samþykkja endilega þetta tiltekna frumvarp. En hann getur ekki komið hingað og haldið því fram að ekki hafi verið haft samráð við fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Herra trúr. Það var haft svo mikið samráð að niðurstaðan varð nánast til undir forustu hv. þm. Bjarna Benediktssonar. Þetta skiptir máli.

Fram hefur komið hvað eftir annað af hálfu hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins að það sem þeir hafa helst gegn frumvarpinu er að ekki hafi verið haft samráð við Sjálfstæðisflokkinn. Ég undirstrika hins vegar að fyrir utan það ákvæði sem lýtur að stjórnlagaþingi liggja fyrir yfirlýsingar þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem meira og minna falla í sama farveg og hinar greinarnar þrjár sem er að finna í frumvarpinu, fyrir utan þetta ákvæði um þjóðareign á auðlindum sem er margrætt í þessum sölum og margrætt var af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í stjórnarskrárnefndinni, þá er hér um að ræða ákvæði sem gerir ráð fyrir því að tiltekinn fjöldi Íslendinga geti krafist þess að sett verði í þjóðaratkvæðagreiðslu tiltekið lagafrumvarp eða tiltekið málefni. Er þetta nýtt fyrir Sjálfstæðisflokknum? Er hann að koma að umræðu um þetta í fyrsta skipti? Ó-ekkí. Í stjórnarskrárnefndinni voru dregnir saman bunkar af gögnum sem einmitt vörðuðu þetta. Í stjórnarskrárnefndinni fóru fulltrúar Sjálfstæðisflokksins yfir þetta mál fram og til baka.

En það sem mestu skiptir er að Sjálfstæðisflokkurinn lagði þessa hugmynd inn í stjórnmálaumræðu á Íslandi. Nefni ég þá aftur til þann forustumann, a.m.k. hugmyndafræðilegan í Sjálfstæðisflokknum um áratugaskeið, Styrmi Gunnarsson ritstjóra, sem bókstaflega tók þetta ásamt þjóðareign á auðlindum upp á sína arma og hamraði það inn í vitund íslensku þjóðarinnar.

Það var t.d. *Morgunblaðið*, aukablað þess sem kom út árið 1997 sem var þýðing á sérstöku aukablaði tímaritsins *Economist* þar sem fjallað var um þjóðaratkvæði og beint lýðræði, sem varð þess valdandi að ég t.d. fór að hugsa um þessi mál og komst að sömu niðurstöðu og langflestir forustumenn Sjálfstæðisflokksins sem hafa tjáð sig um þetta mál. Ég rifja það upp að það er ekki mánuður síðan varaformaður Sjálfstæðisflokksins lýsti stuðningi við það að stjórnarskrá yrði breytt með þeim hætti að þar yrði gert ráð fyrir ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég gæti talið upp fjölda forustumanna í Sjálfstæðisflokknum, frá Hönnu Birnu, núverandi borgarstjóra í Reykjavík, til ýmissa fyrrverandi ráðherra Sjálfstæðisflokksins, til formanna Sjálfstæðisflokksins, sem hafa með einhverjum hætti lýst fylgi við þetta.

Er þá hægt að segja að það komi Sjálfstæðisflokknum eitthvað á óvart að inni í þessu frumvarpi um breytingar á stjórnarskrá skuli vera að finna ákvæði um að þjóðin eigi að geta greitt atkvæði um ýmis mál? Að sjálfsögðu ekki. Sjálfstæðisflokkurinn er frumkvöðull, þátttakandi og nánast gerandi í umræðum sem hafa leitt til þess að við erum komin með málið þetta langt.

Í þriðja lagi er síðan verið að ræða um það með hvaða hætti eigi að vera hægt að breyta stjórnarskránni í framtíðinni. Er það svo, frú forseti, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi aldrei komið að umræðu um það? Það voru fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnarskrárnefnd sem höfðu frumkvæði að því, ég held að þeir hafi meira að segja skrifað það sjálfir, að stjórnarskrárnefnd sameinaðist um tiltekna breytingu sem einmitt laut að því, ekki hinnar sömu og þessi en það felur hins vegar í sér að það hefur verið haft samráð við Sjálfstæðisflokkinn, hann kallaði beinlínis á það sjálfur í gegnum fulltrúa sína í stjórnarskrárnefndinni að farið væri í vinnu af þessu tagi. Það má því segja alveg skýrt að ríkisstjórnin er með þessum þremur efnisbreytingum sem lagðar eru til á stjórnarskránni í reynd að koma til móts við það sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur sjálfur á ýmsum stigum kallað eftir opinberlega hér á Alþingi, í ræðu og riti og í stjórnarskrárnefndinni.

Nauðsynlegt er að árétta það að hér eru einungis valin atriði og þættir sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur á einhverju stigi málsins lýst stuðningi við. Það er ekki verið að koma inn með ákvæði eða einhverjar nýjar breytingar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst andstöðu við, síður en svo. Hér

er um að ræða þætti sem hafa verið ræddir á landsfundum flokksins, sumir þeirra eins og þjóðaratkvæði beinlínis fólgnir í samþykktum landsfunda Sjálfstæðisflokksins. Hvernig í ósköpunum er þá hægt að koma hingað og halda því fram að þetta sé mál sem Sjálfstæðisflokknum sé með einhverjum hætti ókunnugt? Það er tóm vitleysa að tala svoleiðis og í sjálfu sér hnígur það að þeirri ályktun minni að andstaða Sjálfstæðisflokksins við þetta mál er ekki skortur á samráði og ekki heldur þau þrjú efnislegu atriði sem ég hef hér rætt.

Sjálfstæðisflokkurinn er á móti stjórnlagaþinginu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur aldrei viljað flytja vald í hendur fólksins, hann hefur alltaf viljað safna völdum í sínar eigin hendur og ráða sem mestu. Það er það sem veldur því líka núna eftir þennan róstusama vetur þar sem fólkið í landinu hefur sett fram ákveðnar lýðræðislegar kröfur og þeim er svarað hér, þá kemur Sjálfstæðisflokkurinn eins og öldubrjóturinn kargi og segir nei. Þeir hv. þingmenn sem sitja hér í skúmaskoti handan við salinn, allir búnir að tala, hafa allir lýst andstöðu við þetta. Eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson sagði áðan: Hvers vegna eigum við að fela þetta í hendur fólksins? Rýrir það ekki virðingu Alþingis? Niðurstaða hans var að það að flytja vald út til fólksins rýrði virðingu og traust á Alþingi. Í þessu felast svo augljósar þverstæður að hv. þingmaður og leiðtogaefni Sjálfstæðisflokksins verður aðeins að taka hugsanatengsl til endurskoðunar ef hann ætlar að leiða sinn mikla flokk til mikilla sigra í framtíðinni.

Það er ekki hægt að koma hér síðan eins og hv. þm. Björn Bjarnason, sem virðist vera þeirrar skoðunar að það eigi ekki að samþykkja nokkur frumvörp sem varða þessi mál nema hann leggi þau fram sjálfur, og halda því fram að ríkisstjórnin sé með þessu að kaupa sér stuðning Framsóknarflokksins. Hvað hefur hv. þm. Björn Bjarnason verið lengi í þessum sölum? Jafnlengi og ég. Hann er einna gerhugulastur þeirra þingmanna sem hér sitja og hann veit vel hvað hefur farið fram á Alþingi Íslendinga þessi ár. Hann veit það t.d. að sá hv. þingmaður sem nú er hæstv. forsætisráðherra og er stödd við þessa umræðu hefur margsinnis lagt fram frumvarp af þessum toga. Hvernig í ósköpunum er þá hægt að halda því fram að þetta sé gert til þess að kaupa sálu Framsóknarflokksins?

Ég lýsti því yfir þegar hv. þm. Siv Friðleifsdóttir mælti hér skörulega í langri og ítarlegri ræðu fyrir frumvarpi Sjálfstæðisflokksins (Gripið fram í.) að ég styddi það mál. Ég lýsti því þá yfir, eins og ég orðaði það fyrir mína hönd og minna pólitísku vandamanna, að ég teldi að samþykkja ætti ákvæði sem færði þetta vald í hendur fólksins í gegnum stjórnlagaþing. Ég var ekki þeirrar skoðunar fyrir 10 eða 11 árum. Síðan hefur það gerst að ég hef setið í stjórnarskrárnefnd og ég hef auðvitað fundið það á mínu eigin skinni að það er mjög erfitt að breyta stjórnarskránni vegna þess að menn detta strax í pólitískar skotgrafir.

Þegar við ræddum þetta mál í stjórnarskrárnefndinni á sínum tíma, hvað braust þá upp eins og eldgos hjá Sjálfstæðisflokknum? Jú, það var sú flokkslega tilskipun sem þá réði ríkjum á sínum tíma að það þyrfti auðvitað að skrúfa niður með einhverjum hætti embætti forseta Íslands. Það var það eina sem þeir höfðu áhuga á, og það þurfti alla stjórnarandstöðuna til að neita því að taka þátt í störfum stjórnarskrárnefndar til að knýja það fram að taka mætti önnur atriði líka til umræðu. Þannig hefur staðan verið og þannig hefur hún verið svo oft áður. Þær nefndir sem hafa verið settar niður í gegnum áratugina hafa ekki náð að skila niðurstöðu.

Af þeim sökum dreg ég þá ályktun að það væri farsælt að vísa þessu máli til þess aðila sem í sjálfu sér er sá sem gefa á stjórnarskrána, þ.e. þjóðarinnar, stjórnarskrárgjafans. Það er þess vegna sem ég styð heils hugar þá hugmynd sem Framsóknarflokkurinn bar núna inn á Alþingi Íslendinga inn í þessa umræðu. Ég tel að það skipti mjög miklu máli að þetta vald verði með þessum hætti framselt til fólksins. Ég tel að út úr því muni koma gjörbreytt stjórnarskrá. Ég tel að ýmsar þær hugmyndir sem hafa verið á kreiki í umræðu finni þar farveg sem þær eiga litla möguleika á að finna sér í gegnum stjórnarskrárnefndir eins og þær hafa starfað á síðustu árum. Ég tala af reynslu, ég var í stjórnarskrárnefndinni sem tók við fullt af hugmyndum, hélt fundi, opnar ráðstefnur og fékk fullt af hugmyndum. Það var bara ekki vilji til að skoða þær ítarlega í þeirri nefnd.

Þess vegna segi ég: Frumvarpið sem hér liggur fyrir er að öllu leyti gott. Ég er mjög ánægður með að þarna skuli vera að finna ákvæði um að þær náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti verði lýstar þjóðareign. Menn geta síðan reynt að túlka það tiltekna atriði á ýmsa vegu. Sumir túlka það svo að það þýði að núverandi kvótakerfi verði haggað og það jafnvel fellt. Aðrir eru allt annarrar skoðunar. Ég tel að þetta skipti máli vegna þess að með þessu nýja stjórnarskrárákvæði verður það staðfest að útgerðarmenn eða aðrir sem njóta slíkrar heimildar munu aldrei öðlast beinan eða varanlegan eignarrétt að fiskveiðiauðlindinni. Sömuleiðis girðir ákvæðið algjörlega fyrir það að varanlegt afsal þjóðareignarinnar geti átt sér stað. Það slær líka að mínu viti alveg í gadda að þeir sem eru handhafar veiðiheimilda verði að sæta því að hlutlægar og almennar takmarkanir verði gerðar með lögum, að sjálfsögðu frá Alþingi Íslendinga, á þeim afnotarétti á auðlindinni sem þeir njóta nú, eftir atvikum í þrepum. Ég orða það svona vegna þess að í skýrslu auðlindanefndar á sínum tíma var birt álit tveggja fræðimanna, Þorgeirs Örlygssonar og Sigurðar Líndals, þar sem sagt var svart á hvítu að heimild löggjafans lægi fyrir til þess að innkalla veiðiheimildir ef það væri gert á nægilega löngum tíma og í nægilega smáum áföngum. Ég talaði einu sinni um 20 ár en ég held að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi farið upp í 40 ár. En hvað sögðu þeir? Það er nægilegt ef það er gert yfir sjö ára fyrningartíma. Ég tel að þetta ákvæði hér, (Gripið fram í.) ef það verður samþykkt, renni stoðum undir þennan möguleika. Ég tala bara hreint út, ég er þeirrar skoðunar að það sé framtíðin og að við verðum að skoða það. Það er ein af þeim ástæðum sem liggja því til grundvallar að ég er ákaflega ánægður með (Forseti hringir.) 1. greinina, alveg eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson var þegar við störfuðum saman í starfshópi stjórnarskrárnefndar.

[15:55]

Útbýting:

Störf nefndar um eflingu háskólastarfs á Vestfjörðum, 311. mál, svar menntmrh., þskj. 655.

[15:55]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Ég fagna þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga. Það tekur á afar mikilsverðum mannréttindum og er til styrktar lýðræðinu. Það er til styrktar því að þjóðin eigi aðkomu að ákvörðunum í þjóðfélaginu.

Ég vil líka segja hvað efnisatriði frumvarpsins varðar, eins og skýrt kom fram í ræðu hæstv. iðnaðarráðherra Össurar Skarphéðinssonar, að sjálfstæðismenn eru að meginstefnu til sammála þeim efnisatriðum sem þar koma fram, nema ef vera skyldi stjórnlagaþingið, þannig að í einlægri, heiðarlegri og faglegri nefndarvinnu er unnt að ná sátt um þær breytingar. Ég skora á sjálfstæðismenn að fara í málið á þeim grundvelli en ekki á grundvelli þess að tefja framgang mikilsverðra mála fyrir heimilin og atvinnulífið í landinu. (Gripið fram í.) Þær eru það þegar langvarandi stuðningur við lífeyrissjóðsfrumvarpið, séreignarsjóðinn, tekur heilan dag ef allir þurfa að tjá sig í Sjálfstæðisflokknum. Það er ekki hugsunarháttur okkar Vinstri grænna vegna þess að við höfum talsmenn í málum. (Gripið fram í.) Við höfum talsmenn í málum og ég minni hv. þm. Sturlu Böðvarsson á að eftir 6. október komu hér fram mörg lagafrumvörp, sem var brýnt að afgreiða. Við stóðum faglega að því allan tímann, vorum ekki með nokkurt málþóf og reyndum að hraða meðferð þeirra mála. Ég minni á frumvarpið um rannsóknarnefndina og sérstakan saksóknara þar sem við lögðum okkur í líma við að koma því fram eins hratt og unnt var með góðri samvinnu við hv. fyrrverandi forseta Alþingis. Það skyldu sjálfstæðismenn taka til fyrirmyndar hvernig við komum að málum frá 6. október og þar til fyrri ríkisstjórn féll, menn skyldu taka það til fyrirmyndar. (Gripið fram í.)

Þið hafið talað svo mikið í þessum þingsal nú nýverið (Forseti hringir.) að hv. þingmaður ætti að láta vera (Forseti hringir.) að grípa fram í.

(**Forseti** (GSB)**:** Forseti minnir á að hv. þingmaður hefur orðið.)

Þetta eru mikilvæg efnisatriði sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur að mestu leyti samþykkt. Það er alveg sjálfsagt að náttúruauðlindirnar séu þjóðareign, þær sem ekki eru háðar einkaeignarrétti, þó að ríkið fari með forsjá þeirra. Í 2. mgr. er afar mikilvæg regla um að nýta eigi náttúruauðlindir á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar og ég fagna því gríðarlega. Sjálfbær þróun gæti eiginlega verið pólitísk stefnumótun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að við vinnum ekki óafturkræf náttúruspjöll á umhverfi okkar.

Í 3. mgr. er sagt að allir eigi rétt til umhverfis sem stuðlar að heilbrigði. Þetta er alþjóðleg þróun í umhverfisrétti, bæði pólitísk og lögfræðileg. Ég minni á að þessi þróun gengur út á það að tryggja rétt einstaklingsins, sem Sjálfstæðisflokkurinn ber mikið fyrir brjósti, þ.e. að virkja einstaklinginn til umhverfisverndar. Ég minni sérstaklega á Ríó-yfirlýsinguna frá 3.–14. júní 1992. Ég get líka minnt á lög um Evrópska efnahagssvæðið þar sem frumtilgangur varðandi umhverfisvernd er að tryggja aðkomu og rétt einstaklingsins að ákvarðanatöku. Þetta stjórnarskrárfrumvarp mælir fyrir um það. Með leyfi frú forseta, vildi ég lesa úr Árósasamningnum grundvöll þess að þetta er komið inn í stjórnarskrána, sjálfbær þróun og heilbrigt umhverfi.

Tilvísunin er svona:

„Árósasamningurinn er ný tegund samnings um umhverfismál. Hann tengir saman umhverfisrétt og mannréttindi. Hann viðurkennir að menn hafi skyldum að gegna gagnvart komandi kynslóðum. Samningurinn staðfestir að sjálfbærri þróun verður ekki náð án aðildar allra hagsmunaaðila og tengir saman ábyrgð stjórnvalda og umhverfisvernd. Hann beinir athyglinni að gagnverkandi áhrifum almennings og stjórnvalda í lýðræðislegu samhengi og kveður á um ný ferli varðandi þátttöku almennings í viðræðum um alþjóðlega samninga og framkvæmd þeirra.“

Síðan segir:

„Í formála samningsins eru umhverfisvernd og mannréttindi tengd saman og réttindum í umhverfismálum veitt sama staða og öðrum mannréttindum.“

Um hvað tala menn hér í grunninn? Friðhelgi einkalífsins, réttinn til lífsins, réttinn til heilsusamlegs umhverfis og að vernda einstaklinginn. Þar er líka talað um það sem fram kemur í 3. mgr. 1. gr.

Ég vil aðeins gera 2. gr. að umtalsefni. Ég tel hana afar mikilvæga og gæti séð hana verða að lögum. Hv. þm. Björn Bjarnason spurði mig, eða okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, hvort þetta auðveldaði eða hefti ESB-aðild. Ég lít eindregið svo á að þetta færi þjóðinni það vald að taka ákvörðun um hvort við göngum í ESB eða ekki. (Gripið fram í.) Ég lít ekki svo á varðandi 1. gr en ákvæði 2. gr. er gríðarlega mikilvægt og allir reyndir þingmenn vita að við höfum breytt stjórnarskránni, síðan fært það inn í alþingiskosningar þar sem allt önnur málefni eru frammi, allt önnur málefni verða mikilvægari þar þannig að við getum tekið jafnstórt mál og ESB-málið og greitt um það þjóðaratkvæði. Ég er alveg viss um það út frá köldu hagsmunamati að nei-meirihlutinn verður meiri á Íslandi en í Noregi vegna þess að nei-hagsmunirnir varðandi fiskveiðar, landbúnað o.fl. hafa meira vægi en í Noregi þar sem iðnaður er þó sterkari grein.

Það heitir líka að vera sammála um að vera ósammála. Við getum verið sammála um að vera ósammála en færa þjóðinni það vald að ákvarða hvort við göngum í ESB eða ekki. Ég treysti henni fullkomlega til að taka ákvörðun um það.

Varðandi 3. gr. frumvarpsins var upphaflega í danska ákvæðinu reglan um að 1/3 þingmanna á danska þinginu gæti samþykkt þjóðaratkvæðagreiðslu. Hér er farin sú leið að 15% kjósenda þurfa að krefjast þess, það munu vera held ég um 30 þúsund kjósendur. Mér finnst sú regla þröng og er sjálfur hlynntari dönsku leiðinni og reynsla Dana af henni hefur verið góð. Þingmenn eru ábyrgðarfullir og fara ekki með mál í þjóðaratkvæðagreiðslu nema nauðsyn beri til. Ég treysti þingmönnum hér á Alþingi til að taka ákvarðanir faglega og leiða ekki inn í þjóðaratkvæðagreiðslur mál sem eru ekki svo mikilvæg að þjóðaratkvæðagreiðslu þurfi til. Ég treysti þingmönnum og þjóðinni til þess.

Annað sem ég ætla að gera að umtalsefni á þeim stutta tíma sem ég á eftir og verður að skoða vandlega og gagnrýni hefur komið fram um, sem ég get tekið undir, er kostnaðurinn. Þá horfi ég fyrst og fremst á tímalengd þessa nýja þings, frá 1. desember 2009 til 17. júní 2011. Ég hygg að

þetta megi leysa frá 1. desember 2009 til 17. júní 2010, það þurfi ekki nema sex mánuði ef menn vanda sig. Ég get líka séð að þingið starfi hér á Alþingi á meðan Alþingi situr ekki í desember og janúar, skipti sér svo niður í nefndir og starfshópa og komi saman aftur þegar þingi lýkur í maí og klári þessi verk, vegna þess að við höfum nokkuð mótaðar hugmyndir um hvernig við viljum hafa þessi mál. (Forseti hringir.) Hægt er að vinna þetta hratt og örugglega og yfirleitt eru góð verk unnin þannig. (Forseti hringir.) Ég bið ekki um að menn hraði þessu um of en vinni þetta hratt og örugglega og af fagmennsku.

[16:05]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Við erum hér að ræða frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Þetta frumvarp er ekki flókið, það eru fimm greinar þar sem síðasta greinin er gildistökugrein og má segja að fyrstu þrjár greinarnar séu mál sem hafa verið rædd frekar mikið og kannski sérstaklega 1. og 2. gr. Síðan er það 4. gr. sem fjallar um stjórnlagaþingið, sem er þá nýmæli, og mér heyrist að Sjálfstæðisflokkurinn sé kannski helst að gagnrýna stjórnlagaþingið og það kemur mér satt best að segja svolítið á óvart að hann skuli ekki lesa samfélagið betur en svo að ráðast að stjórnlagaþinginu.

Í 1. gr. er fjallað um náttúruauðlindirnar, við viljum að náttúruauðlindirnar séu í þjóðareign og ekki megi selja eða láta þær varanlega af hendi. Þetta er margrætt mál, eins og hér hefur komið fram, og við framsóknarmenn höfum lagt sérstaka áherslu á það og náðum fram að ákvæði um að náttúruauðlindirnar ættu að vera í þjóðareigu færi í stjórnarskrána. Við náðum því fram í stjórnarsáttmála með Sjálfstæðisflokknum á sínum tíma þannig að enginn ætti að fara í grafgötur um að við styðjum það. Sjálfstæðisflokkurinn dró hins vegar fæturna í því máli og það kom ekki fram fyrr en allt of seint fyrir síðustu kosningar og náðist þess vegna ekki í gegn, því miður. Sjálfstæðisflokkurinn hefur því ekki reynt að liðka fyrir því máli, þó að það sé mikið rætt.

Ég vil líka benda á að Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, lagði þetta mál fram í byrjun þings síðasta haust, og reyndar allir þingmenn Framsóknarflokksins, nákvæmlega sama mál og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir mælti fyrir í þessum sal ekki fyrir löngu síðan, sem er á þeim nótum að náttúruauðlindirnar eigi að vera í þjóðareigu. Alrangt er að segja að með samþykkt þessa ákvæðis sé verið að breyta fyrirkomulaginu í stjórn fiskveiða. Það er önnur sjálfstæð ákvörðun. Hér er einungis verið að tryggja það að ekki megi framselja kvótann varanlega, hann verði ekki einkaeign og maður veit að þjóðin styður það, þetta hefur verið rætt svo oft. Það kemur því á óvart að sjálfstæðismenn leggjast gegn þessu máli í heild sinni, síendurtekið virðast þeir ekki vilja taka þetta skref.

Varðandi ákvæðið í 2. gr. léttir sú grein undir með því að geta breytt stjórnarskránni. Ekki þarf ekki að fara í gegnum alþingiskosningar og tvö þing þurfa ekki að samþykkja breytingar á stjórnarskrá heldur getur Alþingi með ákveðnu fyrirkomulagi samþykkt frumvarp og svo fer það beint í þjóðaratkvæðagreiðslu en ekki almennar þingkosningar, hvorki fyrir né eftir. Þetta mundi létta mjög mikið aðferðafræðina við að breyta stjórnarskránni og hlýtur að vera jákvætt. Um þetta voru menn orðnir sammála á sínum tíma en náðist ekki fram heldur.

Þriðja ákvæðið er um að þjóðin geti sjálf ákveðið að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu ef 15% af kjósendum krefjast þess. Það er sjálfsprottið vald sem við færum þjóðinni verði þetta samþykkt og má kalla þetta ákvæði beint lýðræði.

Síðan er það 4. gr. sem er um stjórnlagaþingið. Ég ætla ekki að fara náið yfir þá grein en hún gengur í megindráttum út á það að 41 þjóðkjörinn fulltrúi verði valinn inn á stjórnlagaþing sem fær það hlutverk að endurskoða stjórnarskrána. Síðan, þegar búið er að komast að samkomulagi um drög að nýrri stjórnarskrá, fari hún í þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að þjóðin samþykki þá nýja, heildstæða stjórnarskrá.

Við framsóknarmenn fluttum hér frumvarp um stjórnlagaþing, ítarlegt frumvarp, fyrir stuttu síðan og ég sé að þessi grein byggir í megindráttum á því frumvarpi. Hugmyndafræðin skilar sér því algjörlega í 4. gr. í frumvarpinu, eins og við framsóknarmenn hugsuðum stjórnlagaþingið. Það verður bara að viðurkennast, virðulegur forseti, að Alþingi Íslendinga hefur ekki verið fært um að breyta stjórnarskránni, það hefur breytt nokkrum ákvæðum en ekki farið í heildarendurskoðun. Í 135 ár höfum við búið við stjórnarskrá sem hefur breyst allt of lítið þannig að hún er orðin algjörlega úrelt. Því er ekkert annað að gera, virðulegur forseti, en að koma þessu valdi, breytingum á stjórnarskránni og undirbúningi þeirra, í hendurnar á stjórnlagaþingi sem svo getur lagt það fyrir þjóðina til samþykktar eða synjunar.

Það kemur mér mjög á óvart hvað Sjálfstæðisflokkurinn tefur hér mál og beitir sér mikið gegn stjórnarskrárbreytingum, það kemur mér mjög á óvart. Það að hlusta á hv. þm. Geir H. Haarde reyna að etja flokkunum saman er kostulegt. Þau orð voru notuð að hér væru undirmál á ferðinni og sagt: Já, ætli það sé ekki þannig að Vinstri grænir og Samfylkingin hafi sjálfsagt engan áhuga á þessu stjórnlagaþingi og eru bara að gera þetta fyrir grey framsóknarmennina, eitthvað svoleiðis. Síðan var sagt: Ætli framsóknarmenn hafi nokkurn áhuga á öðru en stjórnlagaþinginu, þeir láta sig svo sem hafa það, kannski upp á einhverja sýndarmennsku, að vera með á þessu máli. Þetta er bara fráleitur málflutningur.

Við viljum gjarnan ná sem flestu í gegn en ég segi að hvert einasta skref er í rétta átt. Ein grein hér í gegn er skref í rétta átt. Auðvitað vill maður helst ná þessu öllu í gegn og til þess er leikurinn gerður. Ég hef fulla trú á að bæði Samfylkingin og Vinstri grænir starfi af miklum heilindum að því að ná þessum málum í gegn.

Við skulum því bara sjá til hvernig þetta mál fer og vonandi sjá sjálfstæðismenn að sér áður en yfir lýkur og koma inn á þetta mál með okkur hinum flokkunum, af því að Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn sem les samfélagið rangt og leggst gegn því að koma á betri og (Forseti hringir.) lýðræðislegri skipan í samfélaginu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sérn.

[Fundarhlé. — 16:12]

[17:59]

Útbýting:
Fjármálafyrirtæki, 409. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 693.
Iðnaðarmálagjald, 357. mál, nál. iðnn., þskj. 694.
Lokafjárlög 2007, 408. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 692.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 376. mál (hlutaatvinnuleysisbætur, auknar upplýsingar, eftirlit o.fl.). — Þskj. 635.

[18:00]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Frumvarp þetta er byggt á tillögum samráðshóps félags- og tryggingamálaráðuneytis, Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Samtaka atvinnulífsins. Hlutverk þessa hóps var m.a. að fara yfir reynsluna af framkvæmd laganna um atvinnuleysistryggingar síðustu mánuði og þá sérstaklega bráðabirgðaákvæði laganna sem samþykkt voru á Alþingi í nóvember sl. Lítið reyndi á atvinnuleysistryggingakerfið frá þeim tíma er því var breytt sumarið 2006 fram til haustsins 2008 enda var skráð atvinnuleysi mjög lítið hér á landi á því tímabili. Hins vegar hefur reynt afar mikið á kerfið síðan í nóvember 2008 þegar atvinnuleysi fór að aukast hröðum skrefum. Skráð atvinnuleysi mældist 1,3% í september 2008 en var komið í 6,6% í lok janúar og var 8,2% að meðaltali nú í febrúar. Í lok dagsins í gær voru um 16.600 manns á skrá hjá Vinnumálastofnun og má gera ráð fyrir að um 20%, rúmlega 3.000 manns, séu enn í hlutastörfum.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími bráðabirgðaákvæðis laganna um heimildir til að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli launamanna verði framlengdur til 31. desember 2009. Þykir þessi heimild hafa sannað ágæti sitt sem mjög gott vinnumarkaðsúrræði þar sem starfsmenn eru áfram virkir á vinnumarkaði í a.m.k. 50% starfshlutfalli í stað þess e.t.v. að missa vinnuna að fullu. Í lok janúar fengu 1.279 manns greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli þessarar heimildar en af þeim voru um 38% í hálfu starfi. Fleiri konur en karlar voru í hálfu starf, 46% kvenna á móti 32% karla. Fleiri karlar voru í 75–80% starfshlutfalli, 35% karla og 22% kvenna. Meðalstarfshlutfall þeirra sem fengu greiddar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur samhliða skertu starfshlutfalli var 66%. Enn fremur eru ekki lagðar til breytingar á skilyrðum sem sett voru í nóvember fyrir rétti til hlutabóta að öðru leyti en því að lagt er til að starf hlutaðeigandi þurfi að skerðast að lágmarki um 10% til að hann geti átt rétt á hlutabótum á grundvelli ákvæðisins. Ástæðan er sú að ekki þykir unnt að meta það svo að viðkomandi hafi minni skyldu til viðveru á vinnustað svo nokkru nemi ef skerðing starfshlutfalls er minni en 10%. Í frumvarpinu er lagt til að telji Vinnumálastofnun ástæðu til geti stofnunin óskað eftir nánari rökstuðningi hjá vinnuveitanda fyrir samdrætti í rekstri hans sem leiðir til þess að minnka þarf starfshlutfall starfsmanna. Er þá jafnframt miðað við að trúnaðarmaður eða fulltrúi starfsmanna þegar trúnaðarmaður er ekki fyrir hendi staðfesti þær upplýsingar eða gögn sem vinnuveitandi lætur Vinnumálastofnun í té. Í því skyni að auðvelda Vinnumálastofnun framkvæmd laganna er lagt til að skólum innan hins almenna menntakerfis og skólum á háskólastigi verði gert skylt að veita Vinnumálastofnun nauðsynlegar upplýsingar með sama hætti og öðrum þeim aðilum sem þegar eru taldir upp í lögunum. Jafnframt er lagt til að skýrt verði kveðið á um skyldu þeirra sem fá greiddar atvinnuleysisbætur til að upplýsa Vinnumálastofnun um breytingar sem kunna að verða á högum þeirra og annað það sem kann að hafa áhrif á rétt þeirra til bóta.

Virðulegi forseti. Í ljósi reynslunnar þótti ástæða til að skoða sérstaklega réttindi sjálfstætt starfandi einstaklinga innan kerfisins. Í framhaldi af þeirri yfirferð er í frumvarpinu lagt til að í skilningi laganna teljist þeir einir sjálfstætt starfandi einstaklingar sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Aftur á móti verði litið á aðra þá sem starfa hjá eigin einkahlutafélögum, sameignarfélögum eða hlutafélögum sem launafólk. Er þetta einkum gert til einföldunar á kerfinu og til betra samræmis við þær upplýsingar sem liggja fyrir um skattskil þessara aðila hjá skattyfirvöldum.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa ávallt talist að fullu tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins hafi þeir greitt staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjald mánaðarlega samfellt í 12 mánuði áður en þeir sækja um atvinnuleysisbætur. Það hefur sætt nokkurri gagnrýni að slíkt hafi verið raunin án tillits til þeirra fjárhæða sem þeir hafa greitt til skattyfirvalda og þar með í Atvinnuleysistryggingasjóð. Jafnframt hefur verið gagnrýnt að sjálfstætt starfandi einstaklingar sem greiða staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjald einu sinni á ári til skattyfirvalda hafi ekki talist tryggðir innan kerfisins. Þá hafa komið fram athugasemdir um að sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa ekki átt kost á að geyma áunninn rétt sinn til atvinnuleysistrygginga. Hefur slíkt leitt til þess að sumir sjálfstætt starfandi einstaklingar geta átt mjög skertan rétt til atvinnuleysisbóta og jafnframt ekki talist tryggðir innan kerfisins. Þetta á við hafi þeir verið tekjulausir í einhvern tíma áður en þeir sækja um atvinnuleysisbætur enda þótt þeir hafi haft tekjur af rekstrinum í mörg ár þar á undan.

Með hliðsjón af framangreindu er því í frumvarpinu lagt til að réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga verði færður til betra samræmis við rétt launafólks innan atvinnuleysistryggingakerfisins þótt taka verði áfram tillit til þess að nokkur eðlismunur er talinn vera á starfstengdum aðstæðum þessara hópa. Er því um leið leitast við að mæta þeirri gagnrýni sem kerfið hefur sætt að þessu leyti. Þannig er gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingar kunni, á sama hátt og launamenn, að vera hlutfallslega tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins og er þá miðað við viðmiðunarfjárhæðir fyrir reiknað endurgjald sem fjármálaráðherra gefur út árlega fyrir hverja starfsgrein á grundvelli laga um tekjuskatt. Jafnframt er gert ráð fyrir að þeir sem greiða til skattyfirvalda staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjald einu sinni á ári kunni að teljast tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins að öðrum

skilyrðum laganna uppfylltum. Þá er einnig gert ráð fyrir að áunninn réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga geti geymst í allt að 24 mánuði í tilvikum er þeir greiða staðgreiðsluskatt af lægra endurgjaldi en þeir höfðu gert áður en reksturinn fór að dragast saman. Er þá haft í huga að samdráttur í rekstri er oft undanfari atvinnumissis sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Lagt er til að gildistími bráðabirgðaákvæðis er gildir um réttindi sjálfstætt starfandi einstaklinga verði framlengdur til 31. desember 2009 líkt og gildistími bráðabirgðaákvæðis um hlutabæturnar sem ég minntist á áðan, enda þykir mikilvægt að sjálfstætt starfandi einstaklingar eigi þess kost að halda áfram að vera virkir á vinnumarkaði í einhverjum mæli þrátt fyrir verulegan samdrátt í starfsemi þeirra. Þó er lagt til að skýrar verði kveðið á um hvernig endurgjaldið fyrir tilfallandi verkefni kemur til frádráttar atvinnuleysisbótunum í ljósi þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar kunna að fá mjög óreglulega greitt fyrir störf sín. Þannig er gert ráð fyrir að sé endurgjald fyrir tilfallandi verkefni greitt óreglulega eða jafnvel bara einu sinni skuli dreifa tekjunum yfir allt tímabilið sem verkefnið stóð yfir. Enn fremur er lagt til að komið verði meiri festu á framkvæmdina þannig að tekin verði af öll tvímæli um hlutverk Vinnumálastofnunar við mat á því hvað geti talist til tilfallandi verkefna í skilningi ákvæðisins sem og hvort raunverulega sé um verulegan samdrátt að ræða í starfsemi hlutaðeigandi.

Virðulegi forseti. Við stöndum nú frammi fyrir mikilli aukningu atvinnuleysis og okkur ber skylda til að sporna við þeirri þróun með öllum tiltækum ráðum. Líkt og ég vék að í upphafi hafa þær breytingar á lögunum um atvinnuleysistryggingar sem gerðar voru í nóvember sl. í tengslum við rétt einstaklinga til hlutabóta samfara minnkandi vinnu sannað gildi sitt svo um munar í þessum efnum. Einhverjar raddir hafa þó heyrst þar sem fullyrt er að auðvelt sé að misnota þetta kerfi. Ég verð að taka fram hér að mér þykir mjög miður ef misnotkun hefur verið raunin, auðvitað verður að fyrirbyggja misnotkun eins og mögulegt er. Mestu skiptir þó að kerfið þjóni vel heildinni og þeim markmiðum sem stefnt var að í upphafi. Við verðum fyrst og fremst að líta til tilgangs ákvæðisins sem er að auka möguleika á því að sem flestir séu virkir á vinnumarkaði í einhverjum mæli í stað þess að hætta allri þátttöku. Tel ég að vel hafi tekist til hvað það varðar. Í frumvarpinu er því lagt til að við fetum áfram þessa braut, a.m.k. til næstu áramóta þótt í frumvarpinu sé enn fremur gert ráð fyrir ákveðnum breytingum sem sumum hverjum er ætlað að sporna við hugsanlegri misnotkun.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félags- og tryggingamálanefndar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Embætti sérstaks saksóknara, 1. umr.

Stjfrv., 393. mál (rýmri rannsóknarheimildir). — Þskj. 663.

[18:11]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara.

Með frumvarpinu er lagt til að heimildir embættisins til að kalla eftir upplýsingum og gögnum verði gerðar skýrar og ótvíræðar. Er breytingunum ætlað að efla og styrkja embættið og gera því enn frekar kleift að upplýsa, rannsaka og eftir atvikum gefa út ákærur í málum sem falla undir lög um embætti sérstaks saksóknara.

Með frumvarpinu er lagt til að afmarkaðar verði með skýrum hætti í lögum þær heimildir sem hinn sérstaki saksóknari hefur til öflunar upplýsinga og gagna gagnvart þeim stofnunum og aðilum sem vísað er til í ákvæðinu, þ.e. Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu, skattrannsóknarstjóra ríkisins og öðrum eftirlits- og réttarvörslustofnunum, skilanefndum og öðrum sem vinna að greiðslustöðvun, nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum fjármálafyrirtækja, sbr. a-lið 1. gr. frumvarpsins. Er þetta nauðsynlegt í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem í húfi eru og þeirrar staðreyndar að afar mikilvægt er að brugðist verði eins skjótt og hægt er við rannsókn þessara mála. Með gögnum er t.d. átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir og samninga og gæti því fleira fallið þar undir en það sem beinlínis er talið upp í ákvæðinu.

Virðulegi forseti. Með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á verksviði hins sérstaka saksóknara. Því munu t.d. mál vegna brota á lögum um fjármálafyrirtæki áfram verða rannsökuð hjá Fjármálaeftirlitinu og verða ekki rannsökuð af sérstökum saksóknara nema Fjármálaeftirlitið hafi vísað máli þangað. Hins vegar mun það geta flýtt fyrir rannsókn þeirra mála sem undir sérstakan saksóknara heyra ef hann fær sem fyrst aðgang að öllum þeim skýrslum og gögnum sem til staðar eru og varða það ástand á fjármálamarkaði sem skapaðist í kjölfar þeirra atburða er leiddu til setningar neyðarlaganna svokölluðu.

Þá er jafnframt lagt til að hinn sérstaki saksóknari geti einnig krafið þau fjármálafyrirtæki sem stofnuð voru um hluta af rekstri gömlu bankanna á grundvelli neyðarlaganna um upplýsingar og gögn. Með ákvæðinu eru tekin af tvímæli um skyldu nýju bankanna sem stofnaðir voru um hluta af rekstri Glitnis hf., Kaupþings hf. og Landsbankans hf. til að afhenda hinum sérstaka saksóknara gögn. Er slíkt nauðsynlegt í ljósi þess að gera má ráð fyrir því að nauðsynlegar upplýsingar eða gögn sem hinn sérstaki saksóknari telur að geti nýst embættinu í starfi sínu séu vistuð hjá þessum stofnunum. Skylt er fyrrgreindum aðilum að verða við kröfu hins sérstaka saksóknara um að láta í té upplýsingar eða gögn þótt þau séu háð þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, sbr. a-lið 1. gr. frumvarpsins. Verður að telja að lög um embætti sérstaks saksóknara nái ekki þeim tilgangi sínum að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í tengslum við hið svokallaða bankahrun ef reglur um þagnarskyldu standa því í vegi að

hann fái aðgang að upplýsingum eða gögnum sem hann telur geta gagnast embættinu við störf sín.

Þá er að lokum mælt fyrir um að fái skilanefnd, aðstoðarmaður við greiðslustöðvun, umsjónarmaður með nauðasamningi eða skiptastjóri fjármálafyrirtækis vitneskju í starfi sínu um atvik sem talið er að geti gefið tilefni til rökstudds gruns um að fjármálafyrirtæki eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi skal hann beina tilkynningu um slíkt til hins sérstaka saksóknara. Byggir þessi skylda á sambærilegu ákvæði í 84. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[18:14]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Ég fagna framlagningu þessa frumvarps og vil lýsa því að þegar unnið var að því að semja frumvarpið um hinn sérstaka saksóknara var í upphaflegum tillögum mínum um það gert ráð fyrir því að hann hefði víðtækari heimildir til að leita upplýsinga og gagna en niðurstaðan varð. Niðurstaða frumvarpsins sem ég flutti og varð síðan að lögum hér á Alþingi byggðist á andstöðu viðskiptaráðuneytisins og þáverandi hæstv. viðskiptaráðherra Björgvins G. Sigurðssonar við það að heimildirnar yrðu jafnvíðtækar og upphaflegar tillögur mínar gerðu ráð fyrir.

Ég taldi alltaf nauðsynlegt að hinn sérstaki saksóknari hefði víðtækari heimildir en venjulegt er fyrir saksóknara og einmitt þess vegna lagði ég áherslu á það frá upphafi að flutt yrði sérstakt frumvarp og sérstök lög sett um þann saksóknara sem tæki að sér að rannsaka þau mál sem undir þetta embætti heyra. Það frumvarp sem hér er flutt staðfestir aðeins að mínu mati nauðsyn þess að það hafi verið gengið til verks á þann veg sem gert hefur verið, að koma þessu embætti á laggirnar til að rannsaka þau mál sem undir það falla. Ég undrast að heyra að hv. þingmaður og fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra, núverandi enn formaður Samfylkingarinnar, skuli hafa lýst því yfir í sjónvarpsviðtali að hún teldi að stofnun þessa embættis hefði verið óþörf. Það kemur mér mjög á óvart að það viðhorf komi fram nú þegar þetta embætti er að hefja göngu sína. En þetta dregur svo sem dám af þeirri staðreynd að þegar málið var til meðferðar í fyrrverandi ríkisstjórn og til afgreiðslu þar var tafið fyrir því að það næði fram að ganga af samstarfsflokki okkar sjálfstæðismanna og þá látið að því liggja að það væri vegna þess að það þyrfti að eiga einhverja samleið með frumvarpi sem hér var til umræðu um sérstaka rannsóknarnefnd á vegum Alþingis sem síðan tafðist vegna afstöðu Vinstri grænna til þess máls á sínum tíma, eins og frægt er og var rætt hér fyrir jólin.

Þetta er allt að komast í þann búning sem þarf til þess að embættið hafi þær heimildir sem nauðsynlegar eru svo það geti skilað því sem að var stefnt. Einnig er ljóst að það þarf að auka mannafla hjá embættinu. Við lögðum af stað með heimildir í fjárlögum upp á 50 milljónir og ég heyri nú að hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra er með hugmyndir um að efla embættið. Það væri fróðlegt hér í þessum umræðum að fá greinargerð hæstv. ráðherra um það hvernig hún sér það fyrir sér. Einnig væri mjög gagnlegt fyrir þingið í þessum umræðum, þegar verið er að ræða þetta embætti og auknar heimildir þess, að fá upplýsingar hjá hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra um það hvernig hún sér fyrir sér ráðgjöf þess saksóknara sem hefur verið hér á landi, Evu Joly, sem hefur komið hér fram og m.a. rætt um að hún telji að það sé allt of lítill mannskapur og að það þurfi allt að 20 manns til þess að starfa við þetta embætti svo það nái þeim árangri sem að er stefnt og heyra ráðherra ræða þær hugmyndir og hvaða hlutverki hinn franski/norski saksóknari eigi að gegna hér við ráðgjöf sína. Er það bundið við hinn sérstaka saksóknara eða er það víðtækara á vegum ríkisstjórnarinnar sem á að nýta krafta hennar?

Þegar fjallað er um mannafla hjá þessu embætti vil ég líka láta þess getið að þegar ég lagði fram tillögurnar um að því yrði komið á laggirnar var ákveðin tortryggni, líka hjá samstarfsflokki mínum þá í ríkisstjórninni, um það hvaða fjárveitingar skyldu renna til embættisins. Þá var það sérstaklega núverandi hæstv. forsætisráðherra sem taldi að það yrði að fara mjög varlega í öll útgjöld vegna þessa embættis og yrði að halda því innan strangra fjárhagslegra marka. Ég fagna því ef það viðhorf hefur nú breyst og það sé meiri vilji í ríkisstjórninni til að veitt sé fé til þess að þetta embætti geti skilað þeim árangri sem að hefur verið stefnt, allt frá því að hugmyndir um það komu fram. Um það að koma embættinu á laggirnar var mikil samstaða hér í þinginu að lokum við afgreiðslu málsins, eins og menn vita. Ég styð heils hugar þetta frumvarp og vona að það fái skjótan framgang í þinginu þannig að það sé ekki vafi um þetta.

Ég hef alla tíð frá því að þessi mál komu hér á dagskrá hvatt til þess að menn héldu ekki í skjóli bankaleyndar til baka upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að upplýsa mál sem best. Ég er þeirrar skoðunar að hugtakið bankaleynd eigi ekki við um atburði sem eru hluti af því gjaldþrotaferli og því ferli öllu sem nú er verið að gera upp. Mig undrar að Fjármálaeftirlitið skuli ekki hafa afhent embætti hins sérstaka saksóknara endurskoðunarskýrslur sem það hefur látið vinna og veitt honum og embættinu aðgang að þeim skýrslum. Það er full ástæða til að árétta nauðsyn þess að menn opni hirslur sínar og gagnasöfn fyrir þessu embætti til að það geti náð þeim árangri sem að er stefnt. Hugtakið bankaleynd um einhverja atburði sem heyra sögunni til og eru í raun ekki annað en upplýsandi um það hvað hér hefur gerst á ekki lengur við, að mínu mati, þegar um þau mál er rætt. Ég ítreka að ég styð þetta mál heils hugar og hefði raunar sjálfur gjarnan viljað flytja frumvarp af þessum toga um heimildir fyrir saksóknarann en það komst ekki í gegnum þingflokk Samfylkingarinnar og samstarfsráðherra mína í Samfylkingunni á þeim tíma sem þetta embætti varð til.

[18:21]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Það er ósköp leitt að heyra hvað allir hafa verið vondir við Sjálfstæðisflokkinn meðan hann réði þessum málum. Ég vil engu að síður taka undir orð síðasta ræðumanns um mikilvægi þess frumvarps sem hér er lagt fram og er til þess fallið að ryðja greinilega burt einhverjum þröskuldum sem hafa orðið á vegi hins sérstaka saksóknara frá því að embættið tók til starfa. Samt er ekki ýkja langt

síðan, það var 1. febrúar sl.

Talsvert hefur verið beðið eftir rannsókn á aðdraganda og því sem gerðist við og eftir bankahrunið í byrjun október sl., eiginlegri rannsókn á lögmæti atburða, aðgerða og aðferða í viðskiptalífinu sem menn hafa vissulega rökstuddan grun um að hafi ekki alltaf verið eftir hinum löglegustu leiðum. Menn hafa í rauninni beðið eftir því að þessi rannsókn færi af stað og þegar maður sér þetta frumvarp virðist manni að eitt af því sem hafi kannski komið í veg fyrir að hinn sérstaki saksóknari hafi getað hafist handa af fullum krafti séu þeir þröskuldar sem ég nefndi, að það hafi verið ónógur aðgangur að gögnum eða óvilji aðila til að afhenda gögn og menn hafi þá greinilega getað borið fyrir sig þagnarskyldu eða bankaleynd. Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Björn Bjarnason, sagði varðandi bankaleyndina. Hún er auðvitað einskis virði um atburði sem heyra sögunni til, um fyrirtæki sem þegar eru komin í ríkiseigu, um fyrirtæki sem þegar eru komin til gjaldþrotaskipta og eru komin í eigu almennings.

Ég ætla ekki að fjölyrða mikið um þetta frumvarp. Ég treysti því að það fái mjög skjóta afgreiðslu í hv. allsherjarnefnd og verði fljótlega að lögum frá Alþingi.

Ég vil nota þetta tækifæri til að fagna sérstaklega þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að ráða Evu Joly og þeirri ákvörðun Evu Joly að gerast ráðgjafi ríkisstjórnarinnar við rannsókn á sakhæfum atvikum í kringum þetta bankahrun. Ég held að það skipti verulega miklu máli. Maður hefur orðið var við að fregnir að aðkomu hennar að þessu máli hafa vakið athygli í Evrópu. Við skulum vona að hennar góða orðspor, hennar góði orðstír, verði til þess að auka traust á Íslandi í augum umheimsins. Þar mun ekki veita af. Vonandi skynja menn að hún leggur hér í rauninni orðstír sinn að veði með aðkomu að þessum málum þó að ekki sé nema sem ráðgefandi aðili fyrir ríkisstjórnina. Ég mundi einnig fagna því sem óskað var eftir áðan ef hæstv. dómsmálaráðherra gæti gefið okkur frekari upplýsingar um aðkomu hennar að málinu.

Ég átti þess kost að hlýða á fyrirlestur hjá henni í gær í Háskólanum í Reykjavík. Það var margt mjög athyglisvert sem þar kom fram, auðvitað var erindið ekki um þær séríslensku aðstæður sem við erum að fjalla um í þessu frumvarpi en mannlegt eðli er samt hvar sem menn eru að braska á jarðarkringlunni. Það er greinilegt.

Það vekur athygli mína í viðtali við Evu Joly í *Morgunblaðinu* í dag að í orðum hennar virðist liggja að hið nýja embætti sérstaks saksóknara sé ekki algerlega óháð, það sé ekki algerlega sjálfstætt að því leyti að hinn sérstaki saksóknari þurfi að bera það undir ríkissaksóknara hvort hann geti höfðað mál eða gefið út ákæru. Þetta kemur mér verulega á óvart og mig langar að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort þetta sé virkilega svo.

[18:27]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég get sagt fyrir hönd framsóknarmanna að við erum jákvæð gagnvart því frumvarpi sem hér er verið að færa fram. Það er verið að gefa sérstökum saksóknara betri heimildir til að rannsaka bankahrunið og saknæmt athæfi í kringum það. Það þarf ekkert að fara djúpt ofan í hvert ákvæði í því sambandi, það mun allsherjarnefnd gera þegar hún fær þetta mál til umfjöllunar. Ég tek undir að það er ekki gott að bera fyrir sig bankaleynd í þessu máli. Ég held að menn hljóti að sjá að það er mjög mikilvægt fyrir embætti sérstaks saksóknara að hafa mjög ríkar heimildir til þess að rannsaka gögn og þagnarskyldan víkur að því leytinu. Það eru algerlega tekin af öll tvímæli um að það sé skylda nýju bankanna þriggja sem voru stofnaðir að hluta um rekstur Glitnis, Kaupþings og Landsbankans að afhenda hinum nýja sérstaka saksóknara gögn.

Varðandi embættið í heild sinni studdi sú er hér stendur að það yrði sett á stofn sérstakt embætti saksóknara, það yrði alveg sérstakt embætti en ekki fellt undir efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Við studdum það á grunni þess að hér er um svo stórt og mikið mál að ræða að rétt væri að hafa sérstakt embætti um það. Það voru líka sjónarmið að ekki væri gott ef kæmu upp áhöld um vanhæfi á fyrstu stigum mála varðandi ríkislögreglustjóraembættið. Það væri betra að koma sér fram hjá þeim hugsanlega möguleika strax með því að hafa þetta sjálfstætt embætti sérstaks saksóknara.

Fyrir stuttu var viðtal í *Morgunblaðinu* við hinn sérstaka saksóknara. Ég verð að segja að ég var svolítið hissa á því Morgunblaðsviðtali. Ég fékk á tilfinninguna þegar ég las það að það væri lítið að gera hjá embættinu og ótrúlega fá mál komin til þess. Á forsíðu *Morgunblaðsins* voru myndir þar sem hinn sérstaki saksóknari sat með flennistórar langar tómar hillur á bak við sig. Vonandi verður sú heimild sem við munum líklega gefa hér, eftir umfjöllun þessa máls, til þess að málin fari að koma þar inn og fari í góða rannsókn.

Mér fannst athyglisvert að hlusta á ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar. Hann upplýsti að þær heimildir sem hér er verið að tala um að veita hafi ekki komist í gegnum þingflokk Samfylkingarinnar. Hér er staddur í salnum hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson sem getur kannski skýrt hvort þetta sé svona. Það hefði verið ágætt að heyra þau sjónarmið af hverju ekki hafi verið talið rétt að fara með svona heimildir inn í nýja embættið, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. fyrrverandi dómsmálaráðherra Björn Bjarnason sóttist eftir því til þess að gefa embættinu eðlilega vigt.

Ég tek undir það sem komið hefur fram, og það kom fram í ræðu minni þegar þetta frumvarp var til umfjöllunar á sínum tíma, að þetta embætti mun kosta peninga. Það á kosta peninga því að það er dýrt að rannsaka þessi mál. Það þarf að ráða fleira fólk og alveg ljóst að þegar upp verður staðið verður reikningurinn kannski hærri en maður áætlar í fyrstu. Ég held að við eigum að gera allt sem við getum til að styðja við bakið á þessu embætti.

Ég fagna því líka sem hefur komið fram opinberlega að Joly ætli að vera ráðgjafi ríkisstjórnarinnar varðandi bankahrunið. Það er mjög mikilvægt að fá erlenda aðila að þessum málum. Í þessu litla samfélagi okkar er því miður allt of mikið um hagsmunatengsl og vinatengsl og hópa sem hafa mikið umleikis og gætu farið að varna því að menn rannsaki þessi mál ofan í kjölinn. Ég fagna því að fá starfskrafta hennar að þessu og það eru alveg sömu sjónarmið og gilda um nýjan seðlabankastjóra, ég fagna því að hann kemur hingað um stundarsakir til að aðstoða okkur við að endurreisa fjármálakerfið.

[18:31]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir spurði mig beinlínis út í það sem hv. þm. Björn Bjarnason sagði hér áðan um það að þingflokkur Samfylkingarinnar hefði ekki viljað fallast á þær heimildir sem er að finna í þessu frumvarpi. Hv. þingmaður getur velt því fyrir sér hvort það sé rökrétt að þingflokkurinn hafi á þeim tíma lagst gegn heimildum sem hann hefur nýlega samþykkt. (**SF:** Hann segir það sjálfur.) Hv. þm. Björn Bjarnason sagði það. Ég hef ekki neinn áhuga á að elta ólar við málflutnings hans í þessum efnum, hvorki sem hann segir hér eða skrifar á sína heimasíðu. Hann má segja það sem hann vill og skrifa það sem hann vill fyrir mér. Það er í sjálfu sér ekki mitt hlutverk að elta það uppi og benda á hvað er rétt eða rangt í því.

Það er hins vegar hárrétt sem hv. þingmaður sagði hér áðan, Björn Bjarnason, að á sínum tíma óskaði Samfylkingin og ég fyrir hennar hönd eftir því persónulega við þáverandi dómsmálaráðherra að þessi frumvörp fylgdust að. Þáverandi dómsmálaráðherra varð mjög góðfúslega við því.

Ég gæti sagt hér sögur af því úr ríkisstjórn, eins og hv. þingmaður gerði áðan, hvernig það gekk t.d. að fá fram í ríkisstjórninni samþykki við því að rannsóknarnefndin yrði sett á laggir en ég hef engan sérstakan áhuga á því að vera með þeim hætti fastur í fortíðinni og fyrrverandi dómsmálaráðherra má túlka hana með nákvæmlega þeim hætti sem hann kýs en ég kannast ekki við þetta sem hann var að segja.

[18:33]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég taldi sérstaka ástæðu til að spyrja hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson að þessu af því að það er óvenjulegt eftir að ríkisstjórnarsamstarfi er slitið að þá fari menn að upplýsa hver vildi þetta hvenær og hver ekki. En hv. þm. Björn Bjarnason kaus að koma því hér sérstaklega á framfæri að þingflokkur Samfylkingarinnar hefði ekki viljað hleypa þeim heimildum sem við nú fjöllum um í gegnum þingflokkinn.

Ég vil ítreka spurningu mína til hæstv. utanríkisráðherra Össurar Skarphéðinssonar: Er þetta rétt? Vegna þess að ef þetta er rétt hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni þá eru einhver sjónarmið þar að baki sem Samfylkingin hefur haft gagnvart því að stöðva þessar heimildir í þingflokknum sem við ætlum núna að veita.

Ég tók eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. utanríkisráðherra lagði smálykkju á leið sína til að koma hér höggi líka á Sjálfstæðisflokkinn og gaf í skyn að Sjálfstæðisflokkurinn hefði í upphafi ekki viljað skipa rannsóknarnefnd yfirleitt. Ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra að því hvort þetta sé réttur skilningur hjá mér. Ég gat ekki skilið andsvar hæstv. utanríkisráðherra öðruvísi en svo að þar væru einhverjar meiningar á bak við um að Sjálfstæðisflokkurinn hefði á fyrstu stigum málsins ekki viljað hafa nokkra rannsóknarnefnd yfirleitt.

[18:34]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki réttur skilningur hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki viljað það. Ég segi það bara sem mína skoðun, vegna þess að það var ég sem að lokum samdi um það við Sjálfstæðisflokkinn, að það hefði getað gengið hraðar fyrir sig.

Að því er varðar málflutning fyrrverandi dómsmálaráðherra þá gaf hann, eins og ég skildi ræðu hans, tvær skýringar í einni og sömu ræðunni á því sem hann kallaði tafir Samfylkingarinnar. Í fyrri parti ræðu sinnar talaði hv. þm. Björn Bjarnason um að það hefði verið fyrrverandi viðskiptaráðherra sem hefði ekki viljað veita þær. Í seinni parti ræðu sinnar talaði hann um að það hefði verið þingflokkur Samfylkingarinnar sem ekki vildi það.

Ég kannast bara ekki við þetta. Hv. þingmaður gæti vafalaust staðfest það, ef eftir því væri óskað, að a.m.k. sá sem hér stendur studdi þetta frumvarp í ríkisstjórninni. Ég minnist þess t.d. að út í frá tjáðu einstakir ráðherrar Samfylkingarinnar sig um það. Ég minnist þess t.d. að fyrrverandi umhverfisráðherra tjáði sig mjög sterklega með þessu frumvarpi.

Ég er sem sagt að segja það að ég þekki ekki þetta sem hv. þm. Björn Bjarnason segir, en hann hefur náttúrlega fullt frelsi til að koma hingað og skýra þetta hér á eftir í eins löngu og djúpu og ítarlegu máli og hann vill. Það er það sem ég hef um málið að segja. Hv. þm. Björn Bjarnason spurði mig ekki eins eða neins um þetta en ég svara spurningu hv. þingmanns af því að henni var til mín beint.

[18:36]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg nauðsynlegt að spyrja út í þetta af því að hv. þm. Björn Bjarnason lagði sérstaka lykkju á leið sína við að koma þessu sérstaklega á framfæri hér sem er óvenjulegt eftir að ríkisstjórnarsamstarfi lýkur, þá er óvenjulegt að upplýsa um afstöðu þingflokka til mála. Það er líka mjög óvenjulegt, sem maður hefur séð svolítið upp á síðkastið, að fyrrum samstarfsflokkar eru að upplýsa um afstöðu einstakra ráðherra í ríkisstjórn. Það er mjög óvenjulegt. Yfirleitt er það þannig að eftir að samstarfi lýkur eru menn ekkert að rifja hér upp, hægri eða vinstri, hvað gerðist á einhverjum tíma í fortíðinni. (Gripið fram í.)

Þetta er mjög óvenjulegt að hv. þm. Björn Bjarnason skuli upplýsa hér að Samfylkingin hafi ekki hleypt í gegn þessum ákvæðum um auknar heimildir til embættis sérstaks saksóknara, þessar heimildir sem okkur þykir svo sjálfsagt núna að veita Mér finnst það eiginlega stórfrétt og þess vegna hef ég spurt hæstv. utanríkisráðherra að þessu. En ég heyri að hæstv. utanríkisráðherra vill ekki svara því beint, sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni, hvort þingflokkur Samfylkingarinnar hafi stöðvað þessar heimildir eða ekki.

En ég heyrði mjög vel að hæstv. utanríkisráðherra sagði að það hefði gengið of hægt að fá Sjálfstæðisflokkinn til að fallast á það að setja rannsóknarnefnd á laggirnar yfirleitt, þannig að það er greinilegt að hæstv. utanríkisráðherra kýs að koma því hér á framfæri að Sjálfstæðisflokkurinn var

mjög tregur í taumi gagnvart því máli. Það er mjög sérstakt að hlusta hér á fyrrum samstarfsmenn í ríkisstjórn takast á með þessum hætti í ræðustól Alþingis í stóru máli.

[18:38]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Ég styð þetta frumvarp heils hugar, þetta er sjálfsagt og eðlilegt mál. Ég verð að vekja athygli á því að veitt er heimild til að afla gagna frá skilanefndum og fleirum og það er líka mælt fyrir um tilkynningaskyldu. Þetta er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt mál.

Hér er verið að sækja gögn sem kunna að vera bundin einhverjum trúnaði og verða það auðvitað í meðförum hins sérstaka saksóknara. Hann er bundinn trúnaði um þessi gögn nema fram komi vísbendingar um refsiverða háttsemi, þá víkur auðvitað þessi svokallaða bankaleynd, sem má auðvitað efast um að gildi um hina gjaldþrota banka og víkur fyrir almannaheill. Almannaheill gengur mun framar. Hér er bara verið að mæla fyrir um svipaðar heimildir og skattyfirvöld hafa og hafa sótt. Og það er ekki svo að skattyfirvöld, Samkeppniseftirlitið eða Fjármálaeftirlitið séu svo að dæla út þessum gögnum. Þetta eru trúnaðarbundin gögn. Þetta er sjálfsagt og eðlilegt.

Ég verð líka, frú forseti, að vekja athygli á því að þegar frumvarpið um sérstakan saksóknara var í meðförum allsherjarnefndar á sínum tíma taldi ég rétt að hinn sérstaki saksóknari færi með allar rannsóknir og hefði þær heimildir sem Fjármálaeftirlitið hefði. Ég lagði til að þannig yrði því breytt, þ.e. að mál sem sneru að aðdraganda bankahrunsins og hugsanlegum eftirmálum þess vikurnar og mánuðina á eftir væru algjörlega á valdsviði hins sérstaka saksóknara. (Gripið fram í.) Það var vegna þess að Fjármálaeftirlitið hafði veruleg tengsl inn í þessi málefni á undan, náin tengsl sem mátti auðvitað efast um eða sættu gagnrýni margra aðila. En það varð ekki úr og nú er komið hér fram þetta nauðsynlega, sjálfsagða og eðlilega frumvarp sem ég styð að sjálfsögðu.

Áríðandi er að hinn sérstaki saksóknari fái alla þá umgjörð sem þörf krefur og ég hygg að vilji löggjafans hafi staðið til þess þegar lögin voru sett á sínum tíma. Það komu fram ummæli um það að ekki yrði nein fyrirstaða hjá fyrri ríkisstjórn um að leggja þessu verkefni fé sem nauðsyn krefði svo því sé haldið til haga. Og ágiskun um 50 millj. kr. í verkefnið, það var svo sem skot út í bláinn á sínum tíma.

Hv. þm. Björn Bjarnason hélt því svo fram í ræðu sinni, án þess að rökstyðja það frekar, að hin sérstaka rannsóknarnefnd hefði tafist vegna afstöðu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég átta mig ekki á því hvað hv. þingmaður er að fara vegna þess að innan allsherjarnefndar var unnið hratt, örugglega og faglega að þessu frumvarpi í nánu samstarfi þeirra sem þar sátu og þar átti ég m.a. gott og náið samstarf við hv. formann nefndarinnar, Birgi Ármannsson. Við gerðum ýmsar breytingar á frumvarpinu sem voru til bóta og leiddu til þess að hv. þm. Sturla Böðvarsson, þá hæstv. forseti Alþingis, sá sérstaka ástæðu í lokaræðu sinni um málið að þakka nefndarmönnum í allsherjarnefnd, þar með töldum þeim sem hér stendur, fyrir vel unnin störf. Þær breytingar sem voru gerðar var samdóma álit um að væru til bóta og málið fékk á sínum tíma forgang hjá allsherjarnefnd.

[18:42]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka undirtektir þingmanna sem hér hafa tekið til máls við að þetta frumvarp verði að lögum. Ég ætla að koma inn á nokkur atriði og spurningar sem var beint til mín. Í fyrsta lagi hvaða hlutverk Eva Joly hefur með höndum sem ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í þessum málum.

Það er þannig að rannsóknin fer fram á nokkrum stöðum. Hún fer fram hjá hinu sérstaka saksóknara. Hún fer fram í Fjármálaeftirlitinu og fleiri stofnunum. Eva hefur bent á að rannsóknin komi til með að verða alþjóðleg og hún býr yfir miklum samböndum og reynslu á þeim vettvangi. Mundi hún geta nýst til að benda þeim yfirvöldum sem með rannsóknina fara bæði á þær leiðir sem unnt er að fara og einnig að koma þeim í sambönd við saksóknara og aðra sem eru í tengslaneti hennar. Hún er ekki ráðgjafi sérstaks saksóknara einungis enda ræður hann sjálfur til sín sitt starfslið.

Hvað varðar skoðanir hennar á fjölda starfsmanna í embættinu. Lagt var upp með það að í byrjun starfaði við embættið tiltekinn fjöldi manna sem ekki er mikill. Samt sem áður er það þannig að þegar lög um embættið voru samþykkt lá ekkert fyrir um hver málafjöldinn yrði eða hvert umfang þess embættis yrði. Því var ákveðið að leggja upp með það að þar byrjaði tiltekinn fjöldi starfsmanna og sem síðan yrði fjölgað þegar fram liðu stundir. Hugmyndir Evu Joly haldast í hendur við þær fyrirrætlanir, enda hefur hún sjálf bent á að einhvern veginn verði allar rannsóknir að hefjast og hún hafi sjálf byrjað sína stóru rannsókn ein sitjandi við borð. Hvernig þetta verður fjármagnað verður að koma í ljós. Ég bendi á í því sambandi að töluverður fjöldi fólks vinnur þegar að rannsókninni eins og ég sagði á ýmsum stöðum

Ég get vel ímyndað mér að hægt sé að koma því svo fyrir að safna megi einhverju af þessu starfsfólki saman á einn stað og stuðla þannig að fjölmennri rannsókn sem tekur á öllum þáttum málsins þegar í byrjun þannig að hægt verði að greina hvaða mál fari í hvaða farveg. Ég held að það verði að skoða þetta mjög vandlega og þannig geti samlegðaráhrif skapast.

Það er vissulega galli í því sambandi að löggjafinn hefur búið svo um hnútana að það eru mjög skýr mörk á milli stofnana sem eru einmitt tilefni þessa frumvarps að einhverju leyti. Til dæmis er það þannig að Fjármálaeftirlitið sér alfarið um rannsókn mála sem þar eru þangað til þau eru kærð til lögreglu og vissulega hefði mátt sjá fyrir sér að saksóknarinn hefði heimildir til að fara inn í þær rannsóknir. En þetta varð niðurstaðan eftir mikla nefndarvinnu sem hafði það að markmiði að koma í veg fyrir tvíverknað sem er líka mjög mikilvægt markmið.

Hvað varðar áhyggjur eða ábendingar Evu Joly um að embættið sé ekki nægilega óháð og sé undir ríkissaksóknara komið og að það þurfi að vera sjálfstæðara, þá bendi ég á að hinn sérstaki saksóknari hefur stöðu héraðssaksóknara samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Hann höfðar

sakamál, hann tekur sjálfur ákvörðun um það að höfða sakamál. Að vísu er þess getið í lögunum um embætti sérstaks saksóknara að honum sé skylt að hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara, samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga um meðferð sakamála, og þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkissaksóknari getur gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Hann getur kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni.“

Skoða þarf sérstaklega hvort þetta ákvæði geri það að verkum að hinn sérstaki saksóknari teljist ekki nægilega sjálfstæður. En ég tel, virðulegi forseti, að það sé búið svo um hnútana að hinn sérstaki saksóknari sé sjálfstæður í sínum störfum. Um er að ræða tvö stjórnsýslustig, hinn sérstaka saksóknara og ríkissaksóknara, og að sjálfsögðu er það svo að ef ríkissaksóknari er vanhæfur í einstökum málum þá víkur hann sæti.

[18:48]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir þessi svör og skýringar. Ég vil þó aðeins ítreka spurningu mína, fá skýrari svör. Skylt að hlíta niðurstöðum ríkissaksóknara, m.a. um rannsókn og framkvæmd rannsóknar og hafa ráðslag við ríkissaksóknara — en ef ágreiningur rís milli þessara tveggja embætta, hver hefur þá ákvörðunarvaldið? Er það ríkissaksóknari eða sérstakur saksóknari?

[18:48]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er skýrt af lögum um meðferð sakamála að ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Það er jafnframt skýrt að héraðssaksóknari sem stjórnsýslustig undir ríkissaksóknara höfðar sakamál og tekur ákvörðun um það og héraðssaksóknari ber ábyrgð á þeirri ákvörðun sem við embætti hans er tekin í þeim efnum.

Það eru hins vegar, eins og ég kom inn á áðan, þarna heimildir fyrir ríkissaksóknara til að gefa fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta og ég get bara ítrekað það að skoða þarf hvort þetta ógni sjálfstæði hins sérstaka saksóknara.

[18:50]

Björn Bjarnason (S):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmálaráðherra þessi svör og þær upplýsingar sem hér hafa komið fram, sem ég tel að skýri málið. Ég tel einnig, í tilefni af þeim orðaskiptum sem urðu um réttarstöðu hins sérstaka saksóknara, og hvernig hann kemur að ríkissaksóknara, að um það sé að ræða að auka réttaröryggið með því að hafa þetta tvö stjórnsýslustig. Þeir sem telja að eitthvað sé að stjórnsýslu héraðssaksóknara eða hins sérstaka saksóknara geta kært þann þátt sérstaklega til ríkissaksóknarans en ríkissaksóknarinn sé ekki að hlutast um þær ákvarðanir sem teknar eru efnislega af saksóknara. Það er mjög mikilvægt atriði að hafa í huga.

Einnig er það svo að þegar um þetta er rætt er nauðsynlegt að líta til þess að þarna gilda hæfisreglur og ef einhverjum málum er skotið sérstaklega til ríkissaksóknara, af lægra stjórnsýslustigi upp á hærra stjórnsýslustig innan stjórnsýslurammans, er ríkissaksóknari að sjálfsögðu vanhæfur að fjalla um þau mál ef svo ber undir og snerta hann sérstaklega. Þarna er því ekki um neitt alhæft afskiptavald að ræða. Það lýtur að einstökum atriðum, stjórnsýslulegum atriðum, en efnislega lít ég þannig á að hinn sérstaki saksóknari eigi að taka endanlegar ákvarðanir um það hvort ákæra eigi í málum eða slíkt ef það er það sem hér hefur verið til umræðu.

Varðandi hinn þáttinn, sem ég vék að, þá vil ég koma því að við þessar umræður að ég var þeirrar skoðunar í upphafi að hafa ætti þessar víðtæku heimildir í lögunum. Ég bar það undir viðskiptaráðuneytið og viðskiptaráðherra og neikvætt svar kom til baka og það var það sem ég var að vísa til. Ég taldi víst að hæstv. viðskiptaráðherra hefði á þeim tíma tekið þetta upp á pólitískum vettvangi í þingflokki sínum eða annars staðar en hér hefur verið upplýst af hæstv. utanríkisráðherra að svo virðist ekki hafa verið. Þetta virðist ekki hafa verið rætt sérstaklega í þingflokki Samfylkingarinnar og það hefur þá skýrst í þessum umræðum. En það liggur fyrir, og er hægt að bréfa það og skoða ef menn vilja, hvaða álitaefni það voru sem bar á milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins, á milli mín sem dóms- og kirkjumálaráðherra og viðskiptaráðherra, og hvað það var sem ég gaf eftir til að málið næði fram að ganga og sameiginleg sátt yrði.

Ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi fram í þessum umræðum vegna þess að ég hef alla tíð litið þannig á að þessar heimildir ættu að vera svona víðtækar. Að vísu held ég þetta séu núna — og reynslan hafi sýnt að þær þurfa að vera víðtækari en við gerðum ráð fyrir þegar við vorum að leggja upp með þetta, en þær heimildir sem við mæltum fyrir um og vildum ná fram hefðu auðveldað hinum sérstaka saksóknara að hefja sín störf.

Hvað rannsóknarnefndina varðar þá er ég feginn að hæstv. fjármálaráðherra er ekki í salnum þegar við ræðum þetta. Þegar ég tók þetta upp þá fékk ég slík ónot í mig og ógnandi stöðu fyrir framan ræðupúltið og síðan fylgdi handlagning hæstv. núverandi fjármálaráðherra yfir þáverandi hæstv. forsætisráðherra. Ég vona að slík atvik endurtaki sig ekki hér en það var það sem ég var að vísa til en ekki meðferðar málsins í hv. allsherjarnefnd — ég var að vísa til þeirrar uppákomu sem varð hér þegar ég leyfði mér að segja þá skoðun mína, sem ég hafði rök fyrir, að málið hefði tafist vegna afstöðu Vinstri grænna.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Heimild til samninga um álver í Helguvík, 1. umr.

Stjfrv., 394. mál (heildarlög). — Þskj. 664.

[18:54]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga sem hefur verið nokkuð lengi á dagskrá þingsins og er loksins komið

til umræðu. Það fjallar um um heimild til að semja um álver í Helguvík.

Í frumvarpinu er lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilað að ganga til samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Century Aluminum Company og Norðurál Helguvík ehf. vegna byggingar og reksturs álvers í Helguvík. Um er að ræða heimild sem kveður á um frávik frá lögum sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg við þau sem heimiluð voru í samningum sem þegar hafa verið gerðir vegna álveranna á Grundartanga og Reyðarfirði.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að starfsemi félagsins skuli að öðru leyti vera í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Kveðið er á um að uppbygging, túlkun og framkvæmd þess samnings sem gerður verði innan ramma laganna skuli lúta lögsögu íslenskra laga.

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt um er áformað að byggja álverið í fjórum 90.000 tonna áföngum og þegar álverið verður fullbyggt verði ársframleiðsla þess allt að 360.000 tonn. Áætlað er að álverið taki til starfa á seinni hluta árs 2011 og þá verði fjöldi starfsmanna 210. Áformað er hins vegar að í fullbyggðu álveri starfi 540 manns.

Þessi áform munu að sjálfsögðu ráðast af ýmsum öðrum þáttum en fjárfestingarsamningi einum við ríkið. Fjármögnun mun þar sennilega ráða hvað mestu og einnig það hvernig tekst að afla raforku til verksins. Þá er rétt að halda því alveg tryggilega til haga að ekki liggja fyrir öll lögboðin leyfi fyrir álveri af þessari stærðargráðu. Fjárfestingarsamningurinn sem áformað er að gera á grundvelli þeirra laga sem þetta frumvarp miðar að fjallar ekki á nokkurn hátt um fjármögnun verkefnisins, raforkusölu eða það umhverfismat og starfsleyfi sem þurfa að liggja fyrir.

Nú þegar liggur fyrir mat Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum vegna 250.000 tonna álvers í Helguvík. Eins og þingheimi er kunnugt var helsta niðurstaða Skipulagsstofnunar sú að fyrirhugað álver í Helguvík muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á umhverfi eða samfélag. Sú niðurstaða er þó sett fram með þeim fyrirvara að umhverfisáhrif tengdra framkvæmda liggi ekki fyrir.

Sömuleiðis er alveg klárt að fyrir liggur að Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi vegna álvers af þeirri stærð. Þá hafa sveitarfélögin Reykjanesbær og Garður bæði gefið út byggingarleyfi vegna fyrsta áfanga álversins.

Það hefur komið fram í þessum sölum og sömuleiðis í opinberri umræðu að ekki eru allir á eitt sáttir við það að fjárfestingarsamningur af þessu tagi skuli vera gerður. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að gera hann til að tryggja að sú fjármögnun fimm banka sem hyggjast lána til verkefnisins liggi fyrir. Hann er forsenda þess að samningur af þessu tagi sem ég er nú að leita heimildar til að gera liggi fyrir. Auðvitað horfi ég til þeirrar staðreyndar að Íslendingar eru núna staddir í verulegum efnahagslegum erfiðleikum og hér horfum við í gapandi augu atvinnuleysis upp á 10% sem er fáheyrt í okkar samfélagi. Það skiptir vitaskuld máli að störfin sem verða til við framkvæmdina sjálfa, við línulagnir, öflun orku, eftirlit og annað, munu að verulegu leyti verða til á þeim tíma þegar atvinnuleysi verður hér mest og efnahagslægðin dýpst. Ég hika ekki við að segja að það skipti máli fyrir ákvörðun mína í þessu

Áætlað er að ársverk við byggingu álversins verði um 4.300. Fjöldi starfa nær hámarki á árinu 2011 og verða þá 1.200–1.500 manns við störf þegar mest er en að jafnaði um 950 manns sem þar verða beinlínis við störf. Sömuleiðis er mikilvægt að gera sér grein því að fjöldi starfa við tengd orkuverkefni sé svipaður en þó aðeins meiri en við byggingu álversins sjálfs. Þegar allt er talið má áætla að 8–9 þús. ársverk verði til vegna þess að lagt er í þessa framkvæmd. Ég undirstrika aftur það sem ég hef þegar sagt, þessi samningur er forsenda þess að það takist að fá þá fjármögnun frá fimm alþjóðlegum bönkum sem ég gat um áðan.

Það er líka áformað að innlent vinnuafl verði langstærsti hluti starfsmanna við bygginguna, fast að 90%. Þau sem álverið hyggjast reisa hafa lýst því ákaflega vel með hvaða hætti þau hyggist reyna að treysta það að sem flest störf falli til innan lands. Þannig verða ákveðnir partar af álverinu sem endranær hafa verið fluttir inn fullgerðir samsettir hið minnsta hér á landi sem skapar í sjálfu sér nokkur störf til viðbótar og það skiptir máli.

Ef ég legg í þá sjóferð, frú forseti, að gera grein fyrir efni frumvarpsins sjálfs er fyrst til að taka það að þau frávik sem lagt er til að verði heimiluð frá lögum í fjárfestingarsamningnum varða langflest skattlagningu. Nokkur varða þó líka önnur atriði. Þannig er t.d. lagt til að veitt verði undanþága frá ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, og sömuleiðis frá lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, enda mun félagið sjálft viðhalda fullnægjandi bruna- og viðlagatryggingu á þann hátt sem við skoðun okkar í ráðuneytinu kemur í ljós að telst venjuleg í álframleiðslu. Ég verð sömuleiðis að segja að ég tel að þessi frávik hljóti að teljast hvoru tveggja til hagsbóta, bæði ríki og hugsanlega félaginu sjálfu.

Hvað skattlagningu varðar, sem hefur líkast til verið það atriði sem einkum hefur verið gagnrýnt af þeim sem hafa tekið opinberlega til máls um þetta mál, má nefna það helst að lagt er til að heimilað verði að semja svo um að tekjuskattshlutfall félagsins verði ekki hærra en 15% á samningstímabilinu. Verði hlutfallið hins vegar lægra en 15% skuli það gilda fyrir félagið. Rétt er að vekja eftirtekt þeirra sem hugsanlega kunna að vilja skoða þetta rækilega að þetta felur það í sér að ef ríkisstjórn tekur ákvörðun um að hækka tekjuskattshlutfallið umfram 15% gildir það ekki um þetta félag. Það kann ýmsum að þykja ósanngirni í því gagnvart íslenska ríkinu en það verður hins vegar að leggja það á mælistiku þeirrar þarfar sem ég lýsti áðan fyrir að búa til mörg störf við þær aðstæður sem við búum við núna.

Þá eru heimiluð frávik hvað varðar frádrátt rekstrartaps frá skattskyldum tekjum en hins vegar er rétt að taka það alveg skýrt fram að bæði þessi frávik leiða ekki til ívilnunar miðað við núgildandi skattalög. Til upplýsingar og samanburðar má geta þess að hámark tekjuskattshlutfalls vegna álveranna á Grundartanga og Reyðarfirði er 18% og sú ákvörðun var tekin miðað við þágildandi skattalög. Sömuleiðis er lagt til að þetta félag verði undanþegið iðnaðarmálagjaldi sem rennur til Samtaka iðnaðarins og sömuleiðis markaðsgjaldi sem rennur til Útflutningsráðs. Það er líka lagt til að það verði heimilar sérreglur varðandi útreikning stimpilgjalda og sömuleiðis að félagið skuli undanþegið

rafmagnseftirlitsgjaldi sem er innheimt samkvæmt lögum nr. 146/1996 sem fjalla um öryggi raforkuvirkjana, neysluveitna og raffanga.

Frú forseti. Þessar undanþágur eru hinar sömu og að því er varðar t.d. stimpilgjöldin og er að finna í samningum vegna álvers á Grundartanga og Reyðaráls. Stimpilgjaldið á samkvæmt því sem fram kemur í þessu frumvarpi að vera 0,15% af öllum stimpilgjaldsskyldum skjölum, en öll skjöl sem lúta að endurfjármögnun og hlutabréf í félaginu eru undanþegin stimpilgjaldi. Sömuleiðis er lagt til að heimilt verði að semja um fyrirkomulag við greiðslu fasteignaskatts, skipulagsgjalds og byggingarleyfisgjalds og líka er lagt til að í samningnum verði heimilt að kveða á um að ekki verði lagðir nýir skattar á félagið sem tengjast t.d. raforkunotkun eða útblæstri gróðurhúsalofttegunda nema því aðeins að slíkir skattar verði lagðir á önnur fyrirtæki í landinu, með öðrum orðum er með þessum samningi verið að leggja þetta félag á sama grunn og önnur. Sömuleiðis er lagt til að lögfest verði heimild til að fella niður tolla, vörugjöld vegna innflutnings á byggingarefnum og vörum til reksturs álversins. Ég vek hins vegar eftirtekt hæstv. forseta á því að slík heimild er raunar þegar fyrir hendi samkvæmt reglugerð nr. 630/2008 sem fjallar um ýmis tollfríðindi.

Í stuttu máli, frú forseti, má segja að þær undanþágur frá lögum sem er lagt til að verði heimiladar samkvæmt þessu frumvarpi eigi það sameiginlegt að vera nákvæmlega þær sömu og hefur áður verið samið um vegna álvers á Grundartanga og Reyðarfirði. Þær heimildir sem er lagt til að verði lögfestar með þessu frumvarpi eru þó færri en samkvæmt þeim heimildarlögum sem gilda um þau tvö álver sem ég gat um áðan og það stafar m.a. af því að vegna breyttra skattalaga er ekki lengur nauðsynlegt að semja um sum þeirra frávika sem giltu fyrir önnur álver og þar munar náttúrlega mest um það að eignarskattur hefur verið felldur niður. Það má líka nefna að aðkoma ríkisins að samningum vegna álvers í Helguvík er mun minni en vegna álvera á Grundartanga og Reyðarfirði. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að ríkið verði aðili að hafnarsamningi vegna álvers í Helguvík og ekki er heldur gert ráð fyrir því að ríkið ábyrgist neinar efndir sveitarfélaga líkt og var í fyrri samningum.

Menn hafa svo velt því fyrir sér hvað megi meta þær ívilnanir sem hér er að finna til hárra upphæða. Við í iðnaðarráðuneytinu fengum óháðan aðila til að meta það. Það var Páll Jensson, prófessor í verkfræði við Háskóla Íslands, og hann reiknaði út það sem kalla mætti ríkisstyrk sem hugsanlega mundi felast í fjárfestingarsamningi sem gerður yrði ef frumvarpið verður að lögum. Í þeim útreikningum er metið hverjar skattgreiðslur félagsins yrðu miðað við annars vegar almennar reglur og hins vegar þær reglur sem mundu þó gilda samkvæmt fjárfestingarsamningnum. Miðað við núvirðisútreikninga yfir 20 ára tímabil telst ívilnunin vera 16,2 millj. bandaríkjadala vegna álvers í Helguvík. Heildarfjárfestingin fyrir fullbúið álver með 360.000 tonna ársframleiðslugetu er áætluð 1.800 millj. bandaríkjadala þannig að samkvæmt einföldum reikningi nemur ívilnunin að tiltölu 0,9% af áætluðum stofnkostnaði.

Til samanburðar taldist ívilnun miðað við sama árafjölda fyrir álver Alcoa, Fjarðaál, á Reyðarfirði sem er með 322.000 tonna framleiðslugetu á ári vera 20,9 millj. bandaríkjadala. Áætluð heildarfjárfesting miðað við verðlag ársins 2003 var 1.143 millj. bandaríkjadala þannig að ívilnunin í því verkefni nam um 1,83% af stofnkostnaði þannig að að tiltölu er ívilnunin vegna Helguvíkur í reynd ekki nema hálfdrættingur á við það sem varð vegna Fjarðaáls á Reyðarfirði. Það ætti að vera alveg ljóst, frú forseti, að miðað við útreikninga þessa prófessors sem ég nefndi áðan mun sú ríkisaðstoð sem felst í fjárfestingarsamningi vegna álvers í Helguvík verða mun minni en var upphaflega áætlað vegna álveranna á Grundartanga og Reyðarfirði. Þar munar sennilega mest um að það var reiknað með minni ívilnun vegna Grundartanga og það hefur líka áhrif á útreikningana núna vegna álvers í Helguvík að eignarskattur er fallinn brott en öll álfyrirtækin njóta auðvitað góðs af því eins og önnur fyrirtæki í landinu. Þennan fyrirvara vil ég gera við þessa útreikninga hjá hinum ágæta prófessor.

Ég vil líka árétta að í þessum útreikningum er að sjálfsögðu ekki tekið tillit til þeirra tekna sem munu renna í ríkissjóð vegna skattgreiðslna starfsmanna álversins og kaupa fyrirtækisins á vörum og þjónustu. Þetta ber að skilgreina sem ríkisaðstoð og í samræmi við viðeigandi grein EES-samningsins, 61. gr., verður Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnt um þá ríkisaðstoð sem telja má að felist í fjárfestingarsamningnum með nákvæmlega sama hætti og þáverandi ríkisstjórn gerði vegna álveranna á Grundartanga og Reyðarfirði

Frú forseti. Að þessu sögðu leyfi ég mér að leggja til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[19:10]

Árni M. Mathiesen (S):

Frú forseti. Ég fagna því að þetta mál skuli vera komið fram og við þingmenn þingflokks Sjálfstæðisflokksins, ég tala nú ekki um þingmenn Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, fögnum því alveg sérstaklega og styðjum þetta mál heils hugar. Reyndar hefði þetta mál mátt koma á dagskrá þingsins fyrr að mínu mati, enda miklum mun meira knýjandi en það mál sem ríkisstjórnin hefur lagt mesta áherslu á síðasta sólarhringinn eða svo. Ég tel þetta reyndar eitt mikilvægasta málið sem verið hefur á dagskrá þingsins það sem af er þessu vorþingi.

Þetta er reyndar mál frá tíð fyrri ríkisstjórnar. Þennan samning áritaði hæstv. viðskiptaráðherra milli jóla og nýárs á síðasta ári eftir að það hafði verið samþykkt í ríkisstjórn. (**Iðnrh.:** Á gamlársdag.) Á gamlársdag, rétt, rétt skal vera rétt. Var það vel og um það hafði verið gott samstarf og samráð innan ríkisstjórnarinnar áður en til þessa kom, sérstaklega við hæstv. iðnaðarráðherra.

Það er hins vegar nokkuð sérstakt að þetta skuli vera stjórnarfrumvarp þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, stjórnarfrumvarp sem lagt er fram í andstöðu við annan stjórnarflokkinn og hann hefur opinberlega lýst yfir andstöðu við málið. Ég minnist þess ekki að slíkt hafi gerst áður en það getur vel verið að það hafi gerst þótt ég muni það ekki. Í öllu falli er mjög sérstök staða sem upp er komin hvað málið varðar.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur farið mjög ítarlega yfir þennan samning. Hann er að mörgu leyti líkur samningum

um svipuð verkefni sem áður hafa verið gerðir. Reyndar hefur verið minna um slíkt upp síðkastið en vegna þeirra breytinga sem orðið hafa bæði alþjóðlega og innan lands var nauðsynlegt að bregða á það ráð að nýju að gera sérstaka samninga um þessi verkefni. Þetta verkefni er reyndar það eina af sinni gerð og sinni stærð sem mögulegt er að komi til framkvæmda á næstunni, jafnvel þótt önnur geti síðan hugsanlega komið síðar. Þetta verkefni er ólíkt öðrum verkefnum af sama tagi sem ráðist hefur verið í að undanförnu. Það spannar lengri tíma, er í fleiri áföngum og þess vegna ætti að vera auðveldara fyrir aðra hluta hagkerfisins að bregðast við og aðlagast því að svo stór framkvæmd sé í gangi hér á landi.

Það sem gerir samninginn mikilvægan fyrir utan verkefnið sjálft er það að hann er nauðsynlegur vegna fjármögnunar og því hefði verið betra að við hefðum verið búin að taka hann á dagskrá fyrr en auðvitað geta verið eðlilegar skýringar á því, eða óeðlilegar eftir atvikum, frú forseti, sem skýrist kannski af því að þetta er stjórnarfrumvarp sem flutt er í andstöðu við annan stjórnarflokkinn.

Eins og ég sagði áðan fagna ég því að það er komið fram. (**Gripið fram í:** Var það ekki vasklega gert af iðnaðarráðherra?) Það er vasklega gert af iðnaðarráðherra, það skal tekið undir það, nauðsynlegt að það er komið fram og nauðsynlegt að það komist hratt í gegnum þingið því að áhrif þess geta verið gríðarleg á hagkerfið og efnahagslífið, sérstaklega hvað varðar landsframleiðsluna strax á þessu ári og næstu árum, og síðan það sem er auðvitað mikilvægast en leiðir af öðrum áhrifum, áhrifin á atvinnustigið. Þetta getur á næstu árum veitt 1–2 þús. manns atvinnu á þessu tímabili sem verkið mun standa yfir, allt til ársins 2015. Þetta mun auðvitað líka hafa gríðarlega mikil áhrif á svæðið, Suðurnesin þar sem álverið mun væntanlega rísa. Það er það svæði þar sem er hvað mest atvinnuleysi og því mun það hjálpa gríðarlega til við að halda þar atvinnuleysi í skefjum þó að það hafi auðvitað bein og almenn áhrif alls staðar á landinu.

Frú forseti. Ég fagna því að málið er komið fram. Ég lýsi yfir stuðningi okkar sjálfstæðismanna, þingflokksins, og sérstaklega okkar sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi við að það komist hratt og vel í gegnum þingið. Eins og ég sagði áðan er þetta afrakstur góðs samstarfs við hæstv. iðnaðarráðherra í tíð síðustu ríkisstjórnar og væri vel að núverandi hæstv. ríkisstjórn stæði að fleiri málum af þessu tagi.

[19:17]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Árna M. Mathiesen, sem er 1. þm. Suðurk., hver viðbrögð hans eru við þeirri afstöðu sveitarfélagsins Ölfuss, sem fram hefur komið í tengslum við þetta Helguvíkurverkefni, að leggjast eindregið gegn fyrirhuguðum línulögnum frá Hellisheiði út á Reykjanes. En þeirri línulögn er m.a. ætlað að fæða þetta hugarfóstur, tilvonandi fyrirhugað álver í Helguvík. Þetta kemur fram í umsögn til Skipulagsstofnunar í tilefni af áformum Landsnets um að leggja suðvesturlínu út á Reykjanesskagann.

Í blaðaviðtölum hefur verið haft eftir sveitarstjóra Ölfuss, Ólafi Áka Ragnarssyni, að þessi línulögn — þ.e. að sjúga upp allt rafmagn af Suðurlandi og Hellisheiði og flytja út á Reykjanesið til Helguvíkur — muni verða hvorki meira né minna en banabiti iðnaðar- og atvinnuuppbyggingar á svæðinu í kringum Þorlákshöfn eða í sveitarfélaginu Ölfusi. Ég vil spyrja hv. 1. þm. Suðurk. hver viðbrögð hans við þessu eru.

[19:18]

Árni M. Mathiesen (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Viðbrögð mín eru þau að ef hæstv. ríkisstjórn stendur eðlilega og af heilindum að uppbyggingu á orkufrekum iðnaði í Þorlákshöfn og þeim virkjunum sem til þarf til að svo geti orðið mun örugglega ekki standa á þeim í Þorlákshöfn að heimila línulagnir um landsvæði sitt til að koma raforku á Suðurnesin. Það er alveg örugglega ekki ætlunin hjá þeim að koma í veg fyrir uppbyggingu þar svo fremi sem eðlilega sé staðið að þeim möguleikum sem þar er að finna.

Þannig að hv. þingmaður sem kom fram með þessa spurningu, og er stjórnarþingmaður, hefur þess vegna alla möguleika á að taka þátt í því að Þorlákshöfn og sveitarfélagið Ölfus heimili raforkuflutninga frá Hellisheiðarvirkjun til Suðurnesja.

[19:19]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir þessi svör. Í þeim felst það mat hv. þingmanns að yfirlýsingar sveitarfélagsins Ölfuss séu fyrirsláttur eða sveitarfélagið sé að setja skilyrði fyrir samþykki sínu við línulögnum innan þess. Setja það sem skilyrði að heimiladar verði frekari virkjanaframkvæmdir og þá væntanlega í neðri hluta Þjórsár til að fæða álver í kringum eða við Þorlákshöfn. Þannig skil ég þetta svar hv. þingmanns og finnst ekki leggjast mikið fyrir hann að meta afstöðu sveitarfélagsins eða sveitarstjórans með þeim hætti.

[19:20]

Árni M. Mathiesen (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að ekkert sérstakt mat þurfi af minni hálfu á ummælum sveitarstjórans. Það kemur berlega fram í þeim að hann hugsar um þá uppbyggingu á orkufrekum iðnaði sem möguleg er í sveitarfélagi hans og að orka sé tiltæk til þess. Ef hún væri tiltæk hefði hann ekkert á móti því að hún færi til Suðurnesja. Það kemur fram í ummælum hans. (**Gripið fram í:** Hvaða …) Þannig að hv. þingmaður þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því að ég misskilji sveitarstjórann. Nógu mikið hef ég rætt þessi mál við hann til að vita nákvæmlega hver afstaða hans til málsins er.

[Fundarhlé. — 19:22]

[19:46]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Í haust, 1. september, hóf ég störf hjá Avinnuþróunarfélagi Suðurlands sem verkefnastjóri. Meðal þeirra verkefna sem ég vann að var uppbygging orkufreks iðnaðar í Þorlákshöfn í Ölfusinu. Mjög áhugavert og spennandi verkefni sem kallast Þjórsársveitir með sveitarfélögum

í kringum Þjórsá. Framtíðin virtist mjög björt. Það leit út fyrir að gagnaver kæmi í Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Mjög bjartar vonir voru um að eitt eða tvö stórfyrirtæki hefðu áhuga á að staðsetja sig í Þorlákshöfn. Orkufyrirtæki virtust ekki hafa miklar áhyggjur af því að þeim tækist ekki að fjármagna virkjanir á Hellisheiði og í Þjórsá. Svo hrundu bankarnir og við stöndum frammi fyrir því að eina stóra verkefnið sem virðist vera í bígerð á Íslandi er álverið í Helguvík. Sem dæmi um þetta er að í september sagði Orkuveitan að hún væri með langan lista, ég held að 20–30 fyrirtæki hafi verið búin að leita til hennar og óska eftir því að fara í viðræður um að staðsetja sig á Íslandi og kaupa rafmagn af fyrirtækinu.

Eftir hrunið, þegar forráðamenn Orkuveitunnar fóru í að ræða við þessi fyrirtæki og athuga hversu mikil alvara væri á bak við fyrirætlanirnar, má segja að hún hafi staðið eftir með eitt fyrirtæki sem hafði áhuga á að kaupa rafmagn og það var Norðurál. Gengið var til samninga um að Orkuveitan mundi selja Norðuráli rafmagn til álversins í Helguvík og ef það gengi ekki eftir væri hugsanlegt að nýta það rafmagn í álverinu hjá þeim í stækkun á Grundartanga.

Ein grundvallarforsenda þess að hægt verði að fara í álver í Helguvík, sem ítrekað hefur komið fram hjá Norðuráli, er að gengið verði frá þessum samningi sem við ræðum í kvöld. Strax 17. apríl 2007 impraði Norðurál á því að þeir hefðu áhuga á að gera sambærilegan fjárfestingarsamning og gerður var við þá á Grundartanga og líka á Reyðarfirði. Þeir ítrekuðu síðan beiðnina 8. október 2008 og hlýtur það að vera eitt af því fáa jákvæða sem kom á borð iðnaðarráðuneytisins á þeim tíma, að einhver hefði enn áhuga á því að fjárfesta á Íslandi.

Við í iðnaðarnefnd höfum fengið kynningu á því hvert innihald þessa samnings er og í þeirri kynningu kom mjög skýrt fram að hann væri mjög sambærilegur og fyrri tveir samningar, eins og komið hefur fram hjá bæði hæstv. iðnaðarráðherra og öðrum þingmönnum sem hafa talað hér, og að frávik væru jafnvel minni en lögfest voru í fyrri samningum. Í þessum samningi er verið að tryggja að tekjuskattshlutfallið verði ekki hærra en 15%. Það eru ákveðnar sérreglur varðandi niðurfellingu á gjöldum. Verið er að gefa fyrirtækinu undanþágu frá iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi og ákveðnar sérreglur eru varðandi stimpilgjöld, einnig varðandi útreikninga á fasteignaskatti, byggingarleyfisgjaldi og skipulagsgjaldi. Svo er undanþága frá rafmagnsöryggisgjaldi og síðan ýmis öryggisákvæði hvað varðar upptöku nýrra skatta.

Í samningnum kemur líka mjög skýrt fram að hann er gerður með fyrirvara um samþykki ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA. Miðað við það að um er að ræða fyrirtæki sem ætlaði að staðsetja sig samkvæmt byggðakortinu sem var lagt fram hjá Evrópska efnahagssvæðinu á Íslandi — að í lagi væri að veita sérstaka ívilnun til fyrirtækja sem staðsett eru samkvæmt þessu byggðakorti — trúi ég því að ESA muni líta mjög jákvætt á þetta.

Það er líka mjög jákvætt að heyra — af því að álverin hafa verið umdeild, bæði þau sem hafa verið reist á Grundartanga og á Reyðarfirði — að menn telja að fyrirhugað álver í Helguvík muni ekki valda verulegum neikvæðum óafturkræfum áhrifum á umhverfi eða samfélag. Ég tel þetta hafa mjög jákvæð áhrif á samfélögin, hvort sem við lítum til Suðurnesjanna eða Suðurlands. Í dag eru 1.800 manns atvinnulausir á Suðurnesjum og mér skilst að atvinnuleysi sé hvergi hærra en þar. Ef við horfum til Suðurlandsins er talað um að 1.000 manns séu atvinnulausir þar.

Ástæðan fyrir því að ég nefni sérstaklega þessa hluta af Suðurkjördæmi er að fyrir tveimur dögum, að mig minnir, var sagt frá því í fréttum að forstjóri Hitaveitu Suðurnesja kallaði eftir því að Norðuráli yrði gert kleift að kaupa rafmagn frá Landsvirkjun. Þegar ég var að vinna að þessum verkefnum sem ég nefndi í upphafi ræðu minnar vorum við mjög bjartsýn því að við sáum fram á að verið væri að fara í Búðarhálsvirkjun og að jafnvel yrði möguleiki á því að hluti af rafmagninu frá virkjununum sem fyrirhugaðar eru í Þjórsá mundu nýtast á svæðinu. Ég veit að Landsvirkjun hefur áhuga á því en þá hlýtur lykilatriðið að vera að farið verði í þessar virkjanir. Við notum náttúrlega ekki rafmagn nema það sé framleitt.

Álverið í Straumsvík virðist eitthvað vera að hiksta á þeirri stækkun sem fyrirhuguð er þar þannig að ég tel að við hljótum að skoða hvort mögulegt sé að Landsvirkjun selji Norðuráli rafmagn til að tryggja að hægt sé að fara í gegnum þessa áfanga sem þeir eru að tala um — þeir eru að tala um að byggja álverið upp í fjórum áföngum upp í 360 þús. tonn. Forstjóri Hitaveitunnar sagði að innan þessa tímaramma, eins og fyrirtæki leggja bygginguna upp, væri hann ekki fullviss um að Hitaveita Suðurnesja eða Orkuveitan geti tryggt rafmagn. Það væri hins vegar hægt ef Landsvirkjun væri tilbúin til að selja fyrirtækinu rafmagn. Það mundi þá líka þýða að verið væri að fara í umfangsmiklar framkvæmdir á Suðurlandi og þeir 1.000 einstaklingar sem eru nú atvinnulausir á Suðurlandi fengju þá hugsanlega vinnu.

Í greinargerðinni kemur líka fram að áætlað er að á tímabilinu 2009–2016 muni landsframleiðsla aukast um 750 milljarða kr. að nafnvirði komi til framkvæmdanna. Í þeirri upphæð er að vísu gert ráð fyrir að einnig verði farið í framkvæmdina í Straumsvík sem eitthvert hikst virðist vera á. Einnig er talað um að framkvæmdirnar muni auka hagvöxt um rúm 2 prósentustig, sem mun sannarlega ekki veita af, eins og staðan er núna, og að auki er talað um að draga muni úr atvinnuleysi um rúm 0,5 prósentustig. Þegar horft er til þessa skiptir þetta verkefni geysilega miklu máli. Á árunum 2010–2015 er áætlað að 800–1.200 manns verði að störfum við byggingu álversins og fjöldinn muni síðan ná hámarki á árinu 2011 þegar 1.200–1.500 manns verði við störf þannig að allt að 2.500–3.000 manns verði við störf í verkefnum tengdum byggingu álversins í Helguvík.

Það hefur oft komið fram í orðum þeirra sem hafa verið mjög gagnrýnir á álversframkvæmdir að það hljóti að vera möguleiki á því að gera eitthvað annað. Þá mundi ég gjarnan vilja benda á það að í tilviki þeirra sveitarfélaga sem eru á Suðurnesjunum er hægt að segja að sveitarstjórnarmenn þar og íbúarnir hafi svo sannarlega verið að reyna að gera eitthvað annað og þeir hafa komið að fjöldamörgum öðrum verkefnum. Þeir hafa verið að reyna að byggja upp háskólasamfélag á Keflavíkurflugvelli. Þeir eru með hugmyndir í sambandi við heilsufélag, þeir hafa lagt mikla vinnu í að byggja upp ferðaþjónustu og brugðust á mjög kjarkmikinn

og bjartsýnan hátt við mjög miklu áfalli þegar varnarliðið fór. Það er tvímælalaust hægt að segja að þeir hafi verið að reyna að gera eitthvað annað en þeir hafa samhliða því horft til uppbyggingar á stóriðju í Helguvík og hafa lagt mikla fjármuni í það.

Það má líka benda á að Norðurál hefur þegar lagt umtalsverða fjármuni í verkefnið. Mér skilst að þegar sé búið að leggja á annan tug milljarða í Helguvíkurverkefnið. Það er því mjög mikil alvara á bak við það hjá þessu fyrirtæki að fara í þessa framkvæmd. Þeir horfa líka til þess að brýnt er að skipta þessu verkefni upp í þá fjóra áfanga sem ég nefndi og hæstv. iðnaðarráðherra líka. Þetta verða þá minni bitar og fjármögnun er einfaldari. En til þess að hægt sé að ganga frá fjármögnun þá er þessi fjárfestingarsamningur algert lykilatriði og ekki bara fyrir fyrirtækið sjálft heldur líka lykilatriði fyrir orkufyrirtækin því að þau eiga sum eftir að tryggja sér fjármögnun til að fara í nauðsynlegar framkvæmdir hjá sér.

Ég er mjög ánægð yfir að þessi samningur skuli vera kominn inn í þingið. Ég tek undir orð hv. þm. Árna Mathiesens. Ég hefði viljað sjá samninginn koma inn enn fyrr og ég var mjög hissa þegar ég sá í fjölmiðlum að hæstv. umhverfisráðherra, Kolbrún Halldórsdóttir, lýsti því yfir að hún styðji ekki frumvarp ríkisstjórnarinnar um byggingu og rekstur álvers í Helguvík, enda hefur hún væntanlega hugsað sér að það fólk sem er atvinnulaust á Suðurnesjunum og Suðurlandinu geri eitthvað annað.

Ég fagna því að frumvarpið skuli vera komið fram. Ég hlakka til að vinna með málið í iðnaðarnefnd. Ég er fullviss um að við munum vinna þetta hratt og vel.

[19:58]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég vil strax í upphafi máls míns taka fram að ég styð ekki það frumvarp sem lagt er fram til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík, sem byggt er á fjárfestingarsamningi við Century Aluminum, Norðurál. Þetta þarf engum að koma á óvart enda er afstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til framkvæmda af þessu tagi þekkt.

Vegna orða sem hafa fallið um að þetta væri ríkisstjórnarfrumvarp og undarlegt að þeir flokkar sem standa saman að þessari minnihlutastjórn hér í þinginu gangi ekki í takt í þessum efnum, vil ég leyfa mér að minna þingheim á að þetta frumvarp er arfur frá fyrri ríkisstjórn. Þetta er arfur frá ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar en á tíma hennar skrifaði hæstv. iðnaðarráðherra, þáverandi og núverandi, Össur Skarphéðinsson undir fjárfestingarsamninginn og með þeirri undirskrift var áskilið að hann legði samninginn hér inn í þingið. Vinstri hreyfingin – grænt framboð tekur ekki ábyrgð á verkum fyrri ríkisstjórnar. Af því tilefni var í þingflokki Vinstri grænna 4. mars gerð svofelld yfirlýsing vegna málsins. Ég vil leyfa mér að lesa hana, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs staðfestir að iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, hefur heimild til að leggja fram á Alþingi frumvarp til fullnustu skuldbindinga frá tíð fyrrverandi ríkisstjórnar við Norðurál Century Aluminum um skattaleg atriði vegna áforma um álver í Helguvík. Iðnaðarráðherra er kunnug andstaða þingmanna Vinstri grænna við málið og að þeir hafa ekki heitið stuðningi við það á Alþingi.“

Undir þetta bréf ritar fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs Jón Bjarnason, sem er formaður þingflokks okkar.

Ég vil segja almennt um þetta mál að hér er um venjulegt gæluverkefni fortíðar að ræða. Verið er að tala um ríkisstyrki til stóriðju, til álversframkvæmda, upp á 3 til 4 milljarða króna, eftir því hvernig menn reikna. Menn ætla að sækja heimildir til þess til Evrópusambandsins, til ESA, á þeim grundvelli að fyrir örfáum mánuðum hafi þáverandi ríkisstjórn látið breyta stöðu landsvæðisins sem hér um ræðir, þ.e. Suðurnesja og Helguvíkur, á svokölluðu byggðakorti Evrópusambandsins þar sem svæðið í kringum Helguvík er skilgreint sem byggðasvæði sem heimilt er veita ríkisstyrki til. Hér er enn verið að hygla ál- og orkuiðnaðinum, m.a. með beinum skattaívilnunum, sem ég ætla að koma sérstaklega að.

Á bls. 7 í greinargerðinni sem hér liggur frammi er sagt að samningurinn sé að mestu leyti sambærilegur og á bls. 8 að ívilnanirnar séu þó minni en í þeim fordæmum tveimur sem gefin eru, þ.e. frá Grundartanga 1997 og Reyðarfirði 2003. Tíundað er að í þessum samningi séu ekki sambærileg frávik, m.a. vegna gatnagerðargjalda og tekjuskatts á arð sem hafi verið í hinum samningunum, og heldur ekki vegna eignarskatts sem hefur verið afnuminn og er það væntanlega skýringin. Í þessum samningi, herra forseti, er hins vegar tekið skýrt fram að tekjuskattur sem lagður skal á þetta fyrirtæki til allt að 20 ára skal aldrei vera hærri en 15% en í hinum samningunum sem hér um ræðir, um álverksmiðjurnar á Grundartanga og í Reyðarfirði, er hámark tekjuskatts 18% en það er sú skattprósenta sem var við lýði á iðnaðinn þegar samningarnir voru gerðir 1997 og 2003.

Menn hafa rætt um að þetta málefni sé mjög mikilvægt í því árferði og atvinnuleysi sem við búum við og þeim mikla skuldabagga sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins í 18 ár hefur bundið á herðar þjóðinni, en með þessum samningi er verulega verið að takmarka möguleika íslenskra stjórnvalda til að afla tekna af þeim iðnaði sem hér er gælt við. Það er sem sagt heimilað samkvæmt hinum samningunum tveimur að hækka tekjuskattsprósentuna í 18% ef hún yrði hækkuð almennt en það er ekki heimilt samkvæmt þessum samningi. Þetta fyrirtæki, álverksmiðjan í Helguvík, mun út samningstímann vera bundið við hámark 15%, hvað svo sem ella yrði gert í landinu. Þetta, herra forseti, er óskiljanlegt við þær aðstæður sem við búum nú við. Við vitum að nauðsynlegt er að hækka skatta hér á komandi árum og með þessu frumvarpi er í reynd verið að lýsa því yfir að þá skatta verði að sækja annað en til fyrirtækisins sem hér er gælt við. Það er verið að veita þessu fyrirtæki sérstaka tryggingu gegn skattahækkunum í framtíðinni, umfram önnur álfyrirtæki sem hér starfa og gerðir hafa verið sambærilegir samningar um. Ég vil átelja hæstv. iðnaðarráðherra fyrir að hleypa því ákvæði í gegn án tillits til þess sem gildir um hin fyrirtækin og án tillits til þess mikla vanda sem blasir við í fjármálum ríkissjóðs.

Ég vil líka nefna að í þessum samningi er tekið fyrir heimildir til að skattleggja vaxtatekjur á samningstímanum.

Þar er í raun verið að girða fyrir það að Íslendingar geti gripið til sömu aðgerða og þjóðirnar í kringum okkur hafa til að leggja skatt á vaxtatekjur. Þetta, herra forseti, finnst mér gjörsamlega óverjandi og óska eftir því að frumvarpið fái sérstaka umfjöllun í efnahags- og skattanefnd vegna þeirra atriða sem ég hef talið og nákvæmlega verði reiknað út hverju menn afsala ríkissjóði í framtíðinni með þessum tveimur ákvæðum.

Herra forseti. Ég dreg ekki dul á andstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við stóriðjuna og sérstaklega verkefnið sem hér er á ferð. En ég hlýt að benda á að ótrúlegt ábyrgðarleysi kemur fram í orðum hæstv. ráðherra og þeirra tveggja þingmanna Suðurkjördæmis sem hér hafa talað þegar þeir vekja falsvonir, sem ég vil kalla, um að þetta verkefni muni bjarga atvinnuástandi á Suðurlandi og Suðurnesjum og skila allt að 8 til 9 þús. ársverkum á næstu árum, eins og hæstv. iðnaðarráðherra sagði. Að 950 manns muni að jafnaði á ári hverju starfa við byggingu álversins og annar eins fjöldi við byggingu orkuveranna sem eiga að fæða það.

Hvers vegna segi ég þetta, herra forseti? Í fyrsta lagi er þetta verkefni í bullandi óvissu. Ekkert er í raun handfast við það. Ef litið er á það sem talað er um og hvaða áhrif það hefur á þjóðarhag, kemur í ljós að þar stenst ekki neitt. Orkuöflunin er ekki í hendi. Hún er langt frá því. Í umhverfismati er heimild fyrir að reisa þarna 250.000 tonna álver en ekki þau 360.000 tonn sem allir arðsemisútreikningar byggja á. Það var erfitt og niðurstaðan í haust varð að fresta yrði fjármögnun verkefnisins um eitt ár. Eftir það hafa ársreikningar Century Aluminum verið lagðir fram sem sýna bullandi tap. Ekki nokkur maður þarf að ætla að í því árferði sem nú ríkir í heiminum verði auðveldara að afla lánsfjár til að byggja þetta álver eða orkuverin eða leggja línurnar sem hér þarf til en var í haust. Þannig að störfin sem hæstv. iðnaðarráðherra lofar við byggingu orkuveranna, við byggingu álversins og við línulagnirnar eru langt frá því að vera í hendi, einfaldlega vegna þess að fjármögnunarleiðir á þessum markaði eru litlar sem engar.

Hvað varðar orkuflutninginn er ljóst, eins og ég rakti áðan, að sveitarfélagið Ölfus hefur eindregið lagst gegn því að hleypa línunum í gegnum sveitarfélag sitt út til Helguvíkur. Síðast en ekki síst, herra forseti, er ljóst að orkuöflunin í þetta, eins og ég sagði áðan, mun ekki duga. Verið er að binda alla orku sem Orkuveita Reykjavíkur sér fram á að geta framleitt á Hellisheiði í þetta eina verkefni en það er langt frá því að duga til. Hvað er þá næst, herra forseti? Það er þá væntanlega Þjórsá ef ekki gamli Norðlingaöldudraugurinn. Ætla menn að vekja hann upp til að koma þessu álveri á koppinn?

Ég hef, herra forseti, nokkuð staldrað við ástandið innan lands, sem auðvitað skiptir verulegu máli, og fjármálakreppuna í heiminum og þau áhrif sem hún hefur á lánsfjármöguleika eða öflun fyrirtækisins. En sala afurðarinnar, þ.e. álsins, er einnig í bullandi uppnámi. Ljóst er að álver um allan heim eru að tapa verulegum fjárhæðum, eins og Century Aluminum á síðasta ári. Álverð hefur verið í frjálsu falli allt frá því á miðju síðasta ári þegar það komst hæst í 3.300 dollara tonnið en í byrjun mars, 3. mars fyrir tæpum 10 dögum, var það í 1.300 dollurum tonnið. Þetta er auðvitað merki um minnkandi eftirspurn vegna bankahrunsins.

Ég sé, herra forseti, að tími minn er nú að renna út. Þetta er stórt mál og við fáum væntanlega tækifæri til að ræða það ítarlega, bæði í nefndum þingsins og hér aftur, en ég vil aðeins hlaupa á nokkrum atriðum til viðbótar. Það fyrsta varðar orkuverðið. Nauðsynlegt er að aflétta leyndinni sem hvílir á orkuverði til stóriðjufyrirtækjanna og ég skora á hæstv. iðnaðarráðherra að beita sér fyrir því. Þetta gengur ekki lengur, sérstaklega ekki gagnvart garðyrkjunni, gagnvart gróðurhúsabændum. Hvað borga þeir og hvað fá þeir? Það er ekkert leyndarmál hvað þeir borga og það er töluvert mikið meira en hér um ræðir.

Ég vil ítreka að hér er um gríðarlega orkusugu að ræða sem ætlað er að þurrki upp nánast alla orku sem hægt er að framleiða með góðu móti hér á suðvesturhorninu og girði þar með fyrir möguleika á annarri uppbyggingu en álversuppbyggingu. Ég vil líka minna á að álversuppbygging á síðasta áratug hefur skilað miklu minna í þjóðarbúið heldur en forkólfar og talsmenn stóriðjustefnunnar hafa haldið fram. Það hefur verið sýnt fram á að arðurinn af álverum fer ekki inn í íslenskt samfélag í þeim mæli sem ætla mætti af umfangi þessa iðnaðar og ekki síður með tilliti til þeirra ríkisstyrkja sem hann fær nú og hér er gerð tillaga um að auka verulega við.

[20:13]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir skoraði á mig að beita mér fyrir því að leynd á orkuverði til stóriðjuvera verði aflétt. Það eina sem ég get gert fyrir hv. þingmann er að bera þau boð til hæstv. fjármálaráðherra sem fer með bréfið í orkufyrirtækin og getur hugsanlega komið þessu til leiðar. Skemmsta leiðin væri auðvitað sú að hv. þingmaður, sem er í flokki með hæstv. fjármálaráðherra, talaði bara við hann sjálf, milliliðalaust. Það gengur alltaf best.

Það er ekki oft, herra forseti, sem ég vitna í sjálfan mig og ræður mínar. Það ætla ég þó að gera núna, með leyfi hæstv. forseta. Háttvirtur þingmaður sagði að ég og þingmenn sem hér hafa talað í kvöld værum að búa til falskar væntingar með því að lofa Suðurnesjabúum að þessi fjárfestingarsamningur mundi ráða bót á atvinnuleysinu á Suðurnesjum. Það hef ég aldrei sagt og af því tilefni, herra forseti, ætla ég að vitna í ræðuna sem ég flutti hér áðan. Með leyfi forseta, þá sagði ég:

„Þessi áform munu að sjálfsögðu ráðast af ýmsum öðrum þáttum en fjárfestingarsamningi einum við ríkið. Fjármögnun mun þar sennilega ráða hvað mestu og einnig það hvernig tekst að afla raforku til verksins.“

Það liggur alveg ljóst fyrir að ég hef aldrei sagt að þessi fjárfestingarsamningur muni gera það að verkum að álverið rísi. Ég hef hins vegar sagt að hann sé forsenda þess að fimm bankar gangi til viðræðna um fjármögnun verksins. Ég hef aldrei lofað því, hvorki Suðurnesjamönnum né öðrum, að þetta eitt sem við hugsanlega samþykkjum hér á næstu dögum, muni leiða til þess að álverið rísi. Ég hef slegið tvenns konar varnagla, þ.e. fjármögnun og (Forseti

hringir.) hvort tekst að afla raforku. Það liggur alveg ljóst fyrir.

[20:15]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að leynd verði afnumin af raforkuverðinu til stóriðjunnar. Hæstv. fjármálaráðherra sem hér var nefndur, Steingrímur J. Sigfússon, sem fer væntanlega með hlutabréfið í orkufyrirtækjunum — skil ég á hæstv. utanríkisráðherra — hefur flutt frumvarp í þinginu um að svo verði gert. Ég vil hins vegar minna á að samningsumboðið í þessu tilfelli er í höndum iðnaðarráðherra og það er í þeim samningum sem þessi leynd var innskrifuð, ekki í fyrsta samningnum sem var gerður við Alusuisse um byggingu álversins í Straumsvík. Þar var allt uppi á borðum, þar var raforkuverðið opið, þar vissu allir hvað borgað var fyrir rafmagnið.

Það var ekki fyrr en búið var að upplýsa um svikin gagnvart íslenska ríkinu, skattskilum til íslenska ríkisins, sem kennd eru við hækkun í hafi, að gerður var annar samningur við þetta fyrirtæki, eðlilega til þess að stöðva þau skattundanskot. Þá var bundin í nýja samningnum leynd yfir raforkuverðinu og til þess hafa hæstv. iðnaðarráðherrar síðan vísað. Það er ekkert sem segir að þetta þurfi að vera svona. Það er mjög önugt, ég tala þá af reynslu eftir að hafa verið stjórnarmaður í Landsvirkjun, að eiga að taka við einhverjum trúnaðarupplýsingum um slíkt sem kjörinn fulltrúi og sem fulltrúi Reykjavíkurborgar, eins og ég var, en mega hvorki segja umbjóðendum mínum né öðrum hvað þar er á ferð. Ég vil því ítreka áskorun mína til hæstv. iðnaðarráðherra að þessu leyti og síðan vonast ég til þess að geta í síðara andsvari rætt frekar um atvinnumálin.

[20:18]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki lengur iðnaðarráðherra sem skipar stjórn Landsvirkjunar, það er hæstv. fjármálaráðherra sem það gerir. Það eru því ákaflega hæg heimatök hjá hv. þingmanni að tala við formann í sínum flokki og fá hann til þess að rifja upp þá gömlu tillögu sem hann flutti hér. Nú þarf hann ekki einu sinni að flytja hana aftur, hann getur bara tekið ákvörðun um þetta sjálfur, nánast, ef vilji er fyrir því í fjármálaráðuneytinu og í ríkisstjórninni.

Ég hef sjálfur sagt að ég tel að það sé sjálfsagt að aflétta þessari leynd. Ég sagði það í svari við fyrirspurn frá hv. þingmanni í umræðu í fyrra eða hittiðfyrra þannig að það liggur alveg ljóst fyrir. Það er hins vegar fyrirtækisins sjálfs að taka þá ákvörðun og yfir því er stjórn. Svo einfalt er það.

Hv. þingmaður sagði í fyrri ræðu sinni að það væri alveg ljóst að þarna væri á ferðinni mikil orkusuga sem mundi sjúga alla orku á Suðurnesjum og þar að auki mundi það ekki duga heldur mundi þurfa að fara í sjálfa neðri Þjórsá … (Gripið fram í.) Nú veit ég ekki um það hvort neðri Þjórsá verður virkjuð í framtíðinni en ég get þó lofað henni því að hún verður ekki virkjuð á starfstíma þessarar ríkisstjórnar sem nú situr. Í öðru lagi undirstrika ég að þessi fjárfestingarsamningur og þetta frumvarp eru með vísan til þess að orka fáist í krafti þeirra samninga og minnisblaða sem gerð hafa verið um fyrirhugaðra samninga við Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur. Það er alveg í gadda slegið með þessu að ekki er hægt að fara í neðri Þjórsá til þess að reisa álverið í Helguvík. Þar með er ekki sagt að ekki verði ráðist í slíkar virkjanir einhvern tíma í framtíðinni en ég áforma það ekki, það liggur alveg ljóst fyrir.

[20:20]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það veldur mér nokkrum vonbrigðum að hæstv. ráðherra skuli ekki í andsvari sínu hafa fjallað um það sem ég talaði um varðandi skattfríðindin sem fyrirtækinu eru tryggð umfram önnur álver og umfram annan iðnað á landinu.

Við höfum mikið talað um útrás og útrásarvíkinga en ég vil leyfa mér að kalla þetta fyrirtæki hér innrásarvíkinga í skattaparadísina Ísland sem verið er að búa til fyrir þetta fyrirtæki. Ég hlýt að vonast til þess að hæstv. ráðherra komi síðar í kvöld aðeins nánar inn á það sem og um þá tillögu mína að þetta mál eigi líka erindi í efnahags- og skattanefnd.

Varðandi atvinnumálin sagði ég að ég teldi ábyrgðarlaust að vekja falsvonir vegna þess hversu mikil óvissa ríkir í rauninni um framtíð þessa verkefnis. Ég viðurkenni að hæstv. iðnaðarráðherra tók sérstaklega fram að það gæti ráðist af öðrum þáttum en þessum samningi framtíð verkefnisins. Hann tíundaði engu að síður fjölda þeirra starfa sem þarna væru í húfi og það eru þær röksemdir sem maður hefur helst heyrt hér á undanförnum vikum varðandi þennan samning, að hann sé lífsins nauðsynlegur núna til þess að bjarga atvinnuástandinu á Suðurnesjum og jafnvel á Suðurlandi. Til þess var ég að vísa, herra forseti, og stend við þau orð mín.

[20:22]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér fer fram afar mikilvæg umræða um atvinnumál. Það bregður svo við að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur mikla tangarsókn gegn hæstv. iðnaðarráðherra, sakar hann um ábyrgðarleysi, að búa til falskar vonir og væntingar og finnur þeim samningi sem hér er til meðferðar allt til foráttu. Því hlýt ég að spyrja hv. þm. Álfheiði Ingadóttur: Er ræða hennar inngangur að vantrauststillögu á hæstv. iðnaðarráðherra?

Ég minnist þess ekki í annan tíma að við hér í þinginu höfum þurft að hlusta á aðrar eins ávirðingar á ráðherra sitjandi í ríkisstjórn af einum úr stjórnarliðinu eins og hér fór fram. Að saka hæstv. ráðherra um ábyrgðarleysi og skapa falskar vonir og væntingar á sama tíma og viðkomandi umræddur ráðherra, ásamt ríkisstjórninni, kynnir fyrir þjóðinni tillögur um 4.000 störf sem eigi að leitast við að skapa hér á Íslandi á næstu missirum. Sá samningur og sú uppbygging iðnaðar sem verið er að ræða um í Helguvík hlýtur að vera hluti af þeim áformum um að skapa svo mörg störf. Ef það eru ábyrgðarleysi og falskar væntingar sem þarna eru á ferðinni hljótum við að kalla eftir frekari upplýsingum um það frá hæstv. ráðherra en ekki síst frá þeim hv. þingmanni sem hér talaði.

[20:24]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hvað er hér á ferðinni? spyr hv. þm. Sturla Böðvarsson. Það er einfalt mál. Það er erfðagóss frá fyrri ríkisstjórn, það er arfleifð gamalla tíma. Það er skýringin á því að þetta er ekki mál þeirrar ríkisstjórnar sem hér situr, það má öllum vera ljóst og það ætti að vera hv. þingmanni fullljóst. (**Gripið fram í:** … stjórnarfrumvarp?) Nei, hv. þingmaður, (Gripið fram í.) þetta er stjórnarfrumvarp sem lagt er fram með tilteknum fyrirvörum vegna … (Gripið fram í.) Já, ég er búin að …

Herra forseti. Þessi hv. þingmaður sem truflar mig í andsvörum var ekki í salnum þegar ég las upp þann fyrirvara sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur við þetta mál. (Gripið fram í.) Þess vegna eru þessi frammíköll ómarktæk og til þess eins fallin að reyna að koma í veg fyrir að ég geti svarað andsvari. Ég ætla samt að reyna að gera það.

Þær ávirðingar sem hv. þingmaður telur mig vera að bera hér á hæstv. iðnaðarráðherra eru fólgnar í því sem ég sagði og stend við. Það á ekki eingöngu við um hæstv. iðnaðarráðherra, það á líka við um þá tvo þingmenn Suðurkjördæmis sem hér hafa talað og aðra þá sem mælt hafa þessu verkefni bót. Menn leggja fyrst og fremst áherslu á að þetta sé atvinnuuppbygging, enda sagði hv. þingmaður áðan: Það eru 4.000 störf í húfi.

Ég vil leyfa mér að endurtaka það sem ég sagði, að svo mikil óvissa ríkir um þetta verkefni vegna umhverfismats, vegna orkuöflunar, vegna orkuflutninga, vegna fjármögnunar og ekki síst vegna samdráttar í álframleiðslu og minnkandi eftirspurnar eftir áli í heiminum, að það er fullkomlega ábyrgðarlaust að halda því fram að þetta verkefni verði komið á koppinn — og það viðurkenndi hæstv. iðnaðarráðherra reyndar (Forseti hringir.) áðan.

[20:26]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þingmaðurinn hv., Álfheiður Ingadóttir, talar um að hún sitji uppi með erfðagóss og frumvarpið sem hér er verið að fjalla um og snýst um uppbyggingu atvinnutækifæra í kringum álver í Helguvík, sé mikið vandræðaerfðagóss. Er þá ekki viðfangsefnið „ríkisstjórn á Íslandi“ eitt allsherjarvandræðaerfðagóss sem hv. þingmenn Vinstri grænna vilja helst ekki taka þátt í að sinna?

Verður að líta svo á í ljósi orða hv. þingmanns að tilkynning ríkisstjórnarinnar, sem sett var í gegnum fjölmiðla frá Þjóðmenningarhúsinu fyrir stuttu af hálfu forsætisráðherra og fjármálaráðherra, samflokksmanni þingmannsins, hafi verið ábyrgðarleysi og ómarktækt? Það sé ekki hægt að gera ráð fyrir uppbyggingu í Helguvík og þess vegna sé ekki hægt að gera ráð fyrir því að þau atvinnutækifæri sem forsætisráðherra og fjármálaráðherra kynntu að gætu orðið til á næstu missirum, verði ekki að veruleika? Á að líta svo á að þingmaðurinn muni koma í veg fyrir þetta og að stjórnarflokkurinn Vinstri grænir hafi dregið þau áform til baka? Það er afar mikilvægt að það komi skýrt fram í þessari umræðu: Hvað ætla Vinstri grænir sér með þetta? Á að snúa við? Á að tilkynna á morgun að hætt sé við að skapa þau störf sem tengjast uppbyggingu álvers í Helguvík?

[20:28]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hlýt að endurtaka það sem ég sagði áðan og kemur fram í yfirlýsingu þingflokks Vinstri grænna: Iðnaðarráðherra er kunnug andstaða þingmanna Vinstri grænna við málið og að þeir hafi ekki heitið stuðningi við það á Alþingi. Það er alveg kýrskýrt, enda þarf þessi afstaða ekki að koma nokkrum manni á óvart. Það þarf engum hugsandi manni sem fylgst hefur með í stjórnmálum undanfarin ár að koma það á óvart að Vinstri hreyfingin – grænt framboð eða þingmenn hennar á Alþingi styðji ekki samning eins og þann sem hér liggur frammi.

Við höfum rætt í andsvörum nokkuð um það sem ég kalla falsvonir sem verið er að vekja fólki um skjóta lausn í atvinnumálum með byggingu þessa álvers en minna hefur farið fyrir áhyggjum manna af þeirri staðreynd sem ég dró upp í ræðu minni áðan hvaða skorður er verið að setja við skatttekjur ríkissjóðs á komandi árum. Í 20 ár verður, samkvæmt þessum samningi, ekki hægt að hækka tekjuskattshlutfallið á það fyrirtæki sem hér um ræðir enda þótt það verði gert á allan annan iðnað á Íslandi og á þau álver önnur og stóriðjufyrirtæki sem hér starfa.

Eins er með þessum samningi komið í veg fyrir að lagður verði skattur á vaxtatekjur. Þetta eru stóralvarleg atriði sem ég vil leyfa mér að ítreka gagnrýni mína á og það að hér er um erfðagóss að ræða. Þetta er mál frá tíð fyrri ríkisstjórnar sem þáverandi og núverandi hæstv. iðnaðarráðherra skrifaði undir og skuldbatt sig um leið að leggja það fyrir Alþingi. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kemur að sjálfsögðu ekki í veg fyrir það, að sjálfsögðu ekki. Það þýðir því ekki að (Forseti hringir.) gagnrýna okkur fyrir að standa við afstöðu okkar í þessum málum (Forseti hringir.) eða snúa út úr henni.

[20:31]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Hæstv. forseti. Fjárfestingarsamningurinn sem við ræðum er auðvitað mjög þarfur og nauðsynlegur til þess að liðka fyrir og hjálpa til við að byggt verði álver í Helguvík.

Það sem ég hef áhyggjur af varðandi álversuppbyggingu í Helguvík er raforkan sem þarf að fást til Helguvíkur. Það er full ástæða til þess í þeirri kreppu sem við búum við núna og það er ótti sem ekki er ástæðulaus. Orkufyrirtækin, hvort sem um er að ræða Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja eða Landsnet, eiga ekki eða hafa ekki aðgang að miklu fjármagni í dag til að sinna því sem þyrfti að gera, leggja línur og virkja þar sem til stendur að virkja. Peningana vantar.

Það sama má segja um fyrirtækið Norðurál. Fallandi álverð hefur verið í heiminum og það hefur bitnað á Norðuráli eins og öðrum fyrirtækjum en sem betur fer eru eigendur Norðuráls og þeir sem þar ráða ferð ekki af baki dottnir og trúa því og treysta að á einhverjum tímapunkti munum við horfa bjartari augum til framtíðar heldur en við höfum gert upp á síðkastið og kreppan verði ekki endalaus. En kreppan er kannski mesta áhyggjuefnið í dag fyrir okkur sem erum miklir stuðningsmenn framkvæmdanna við Helguvík og viljum að farið verði í þær. Það er engin spurning að jafnvel á annað þúsund manns mundu hafa atvinnu af því að

byggja þetta upp og ef okkur vantar ekki atvinnu núna þá skil ég nú bara ekki upp eða niður í þessu. Ég hefði talið að það væri mikils virði bæði fyrir Suðurnesin og landið allt að fá inn fjármagn til þess að fara í svona framkvæmdir og aldrei meira en nú.

Það gleðilega við þetta mannvirki, álver og væntanlega þær virkjanir sem fara í gang, er að bróðurparturinn af því fólki sem mun vinna við þetta er íslenskt vinnuafl, jafnvel yfir 90%. Verkfræðingar og aðrir sem koma að hönnunarvinnu munu fá atvinnu. Þegar álverið er farið að vinna ál að fullu sköpum við 600 manns atvinnu eða jafnvel meira og öflum gjaldeyristekna. Ekki ætti að þurfa að fara í gegnum það núna hvers virði það er að hafa atvinnu og gjaldeyristekjur.

Hæstv. iðnaðarráðherra verður ekki mikið mærður hér og nú en samt aðeins. Það er alveg sjálfsagt að stuðla að tollafríðindum að einhverju leyti. En þegar verið er að tala um ríkisstyrk þá veit ég ekki betur en að í íslensku atvinnulífi sé ríkisstyrkur. Við erum með búvörusamninga þar sem við greiðum niður framleiðslu bænda, reyndar lítils háttar, ætli það séu ekki um 8 milljarðar í ár, sem okkur finnst sjálfsagt og er sjálfsagður hlutur að gera allra hluta vegna. Síðast en ekki síst erum við með gjafafiskveiðistjórnarkerfi þar sem mönnum hefur verið afhent auðlind í því formi. Það er ekkert annað en ríkisstyrkur þegar menn fá gefins fisk í sjónum sem þeir geta leigt, selt eða veðsett. Það er ekkert annað en ríkisstyrkur.

Skatttekjur, útsvarstekjur, virðisaukaskattstekjur fyrir ríkið — ríkið fær nú reyndar ekki útsvarstekjurnar, sveitarfélögin fá þær. Að fá hafnargjöld er mjög gott mál fyrir bæ eins og Reykjanesbæ og hjálpar því bæjarfélagi verulega.

En í allri þessari umræðu verður maður stundum dálítið hissa og af því að ég er nú sjómaður dettur manni stundum í hug þegar vinstri grænir tala um þessi mál að þeir séu áttavilltir, að kompásinn sé vitlaus eða eitthvað þess háttar. Þeir minnast ekkert á hvað eigi að gera og hvernig heldur tala í hringi eins og vitlausir áttavitar oft og tíðum. Við horfum upp á samninginn um Icesave-reikningana. Þeir töluðu í haust fyrir því að þeir yrðu ekki borgaðir og þeir töluðu fyrir því í haust að ekki yrði farið í samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Mér sýnist þeir vera jafnilla stemmdir varðandi álver og atvinnuuppbyggingu.

Þeir hika ekki við að setja 14–20 milljarða í tónlistarhús í Reykjavík, væntanlega hefði sama upphæð dugað fyrir línulögnum af Hellisheiði til Helguvíkur. Það er allt í lagi en það mun engum tekjum skila. Íslenska þjóðin mun bara hafa af því rekstrarkostnað þegar það verður komið í gang.

Þegar við ákveðum hvernig við ætlum að skipta þeim tekjum sem við fáum og þeim peningum sem við höfum úr að moða skiptir máli hvort við setjum þá í einhver tilgangslaus verkefni, sem engu munu skila nema kostnaði, eða stuðlum að atvinnuuppbyggingu sem skapar gjaldeyristekjur og atvinnu fyrir fólk. Eftir að hafa hlustað á umræður vinstri grænna finnst mér satt best að segja áttaviti þeirra vera vitlaus eða a.m.k. veruleg skekkja á honum.

Hvað varðar neðri hluta Þjórsár er auðvitað sjálfsagt að nýta þá orku sem þar er. Þar eru ódýrustu virkjanaframkvæmdirnar sem við getum farið í í dag. Við eigum hiklaust að gera það og okkur veitir ekki af því að reyna að nota þá orku sem hægt er að fá í þeim þremur virkjunum sem fyrirhugaðar eru í neðri hluta Þjórsár og nýta hana til atvinnuuppbyggingar og -sköpunar og gjaldeyristekna.

Þorlákshafnarbúar þurfa engu að kvíða. Á Hellisheiði og víðar er mikið af ónýttum auðlindum. Það ætti því að vera til nóg rafmagn finni þeir einhvern iðnað, hvort sem það er álver eða annars konar iðnaður, sem þarf mikla raforku. (**MÁ:** En Hvítá?) Það má vel virkja Hvítá. Ekki er óhugsandi að nýta þann möguleika eins og annað. (**MÁ:** En Jökulsá á Fjöllum?) Hv. þingmaður telur upp öll fljót sem hann man eftir. Það er sjálfsagt að nýta öll fallvötn til að skapa atvinnu og tekjur fyrir fólkið í landinu. Það er mín skoðun, fyrir svo utan, fyrst hv. þm. Mörður Árnason minnist á þetta, föllin í hafinu kringum Ísland. Ekki er langt í það að hægt verði að virkja þar verulega til raforkuframleiðslu. (**MÁ:** Af hverju byrjum við ekki á því?) Það er hægt að gera án efa á mörgum stöðum með miklum árangri. Hér er vindur líka sem má virkja með vindmyllum eins og gert er víða í Evrópu.

Þetta eru allt möguleikar sem hægt er að fara í ef menn vilja til að búa til og nýta þá orku sem er í kringum okkur og við eigum að gera það til að skapa fólki atvinnu og búa til gjaldeyristekjur. Þetta er það sem við þurfum að gera til að geta lifað í landinu, að nýta þau tækifæri sem gefast.

Það er rétt að frumvarp þetta hefði mátt koma fyrr fram. En betra er seint en aldrei. (Gripið fram í.) Það hefði betur komið fyrr fram eins og ég sagði áðan. Það hefði verið hið besta mál.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir minntist á það að álver í Helguvík væri gæluverkefni. Ef það er gæluverkefni að standa að slíkri atvinnuuppbyggingu sem skapar tekjur og er til þess að skapa stöðugra atvinnulíf, þá skilur maður náttúrlega ekkert og kannski er ekki hægt að rökræða um svoleiðis þætti. Ef afsal ríkissjóðs í peningum er hugsanlega 1% af framkvæmd eða uppbyggingu, þá finnst manni það lítið miðað við það sem ég sagði áðan um tónlistarhús í Reykjavík eða annað.

Aðeins um orkuverð og leynd á orkuverði. Það má til sanns vegar færa að kannski sé rétt að gefa upp á hvaða verði orkan er seld. Það er nú svo að menn hafa nokkurn veginn vitað á hvaða verði orkan er seld til álvera, m.a. kom það fram fyrir tveim, þrem árum hvað verðið var í Brasilíu og á Íslandi. Það var gefið upp af einhverju dótturfyrirtæki í Brasilíu. Það er tvennt ólíkt að tala um orkuverð til garðyrkjubænda, sem á að vera hægt að kippa í liðinn með öðrum hætti, þó ekki sé verið að blanda því við orkuverð til stóriðju.

Þegar verið er að tala um ríkisstyrki er ekki hægt að sleppa því að ræða búvörusamninga og gjafakvótakerfi sem vinstri grænir ætla sér ekki að leiðrétta þrátt fyrir ýmis mannréttindabrot og annað sem því fylgir. Þeir ættu kannski að líta sér nær og hætta við að setja peninga í tónlistarhúsið og nota þá til þess að búa til gjaldeyristekjur og atvinnu. Það er nú einu sinni fjármálaráðherra sem getur ákveðið það hvort hann gefur upp orkuverð. Hann fer með hlut ríkisins í því.

Ég vil segja að lokum að framtíðin er björt í orkuiðnaði. Það á að vera hægt að virkja fleiri fallvötn og orku í iðrum jarðar. Á Suðurnesjum nýtum við aðeins 200 megavött af

því sem mætti nýta. Menn tala um að hugsanlega sé á svæðinu yfir 2000 megavött sem megi nýta. Ég sé því ekki annað en að við eigum möguleika í framtíðinni. En við þurfum að hafa vilja, þor og kjark til að fara í það að nýta okkur auðlindirnar, bæði til sjávar og lands. Ég legg til að frumvarpið verði samþykkt. Við getum þá horft björtum augum á að farið verði á fulla ferð í að byggja upp álver í Helguvík.

[20:44]

Útbýting:

Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 411. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 696.

Tekjuskattur, 410. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 695.

[20:44]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Þar er fyrst til máls að taka að ég hef ákveðið að styðja ekki stjórnarfrumvarp um heimild til samninga um álver í Helguvík sem við ræðum hér og hef gert grein fyrir því í þingflokki Samfylkingarinnar þar sem frumvarpið var að sjálfsögðu tekið fyrir en ég sit þar nú sem varamaður. Þessi afstaða mín er rökrétt framhald af fyrri afstöðu til þessa frumvarps eða til tilkynningar um það. Ég hef einnig, ásamt félögum mínum, gert miklar athugasemdir við áætlanir um þetta álver og um orkuöflun til þess.

Stjórnarskráin býður okkur þingmönnum að fylgja sannfæringu okkar. Það gerum við kannski ekki nógu oft en það koma þau mál að sú sannfæring kallar og þá er að hlýða henni.

Að loknum þessum inngangi vil ég fyrst geta þess að hér er um að ræða eitt fyrirtæki og ekki eru almennar reglur um ívilnun við fjárfestingar, hvorki erlendra manna né innlendra, sem kalla mætti eðlilegar en í slíkum almennum reglum mætti vel hugsa sér að skilyrða ívilnun eða ríkisaðstoð, eða hvað menn vilja kalla þetta — ég hygg að þetta yrði kallaður byggðastyrkur í Evrópu — við ýmsa þætti í starfsemi fyrirtækjanna, svo sem þátt þeirra í mengun, orkuverð sem fyrirtækin geta greitt, laun, væntanlegan skatthagnað af fyrirtækjunum, hvort þessi fyrirtæki eða atvinnugreinar auki fjölbreytni í atvinnulífinu o.s.frv. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur hins vegar ekki kosið að búa þetta út heldur fylgir í far hinna fyrri iðnaðarráðherra, einn þeirra situr í salnum, og flytur frumvarp um eitt fyrirtæki og aldrei þessu vant, svo að það sé nú sagt, er það fyrirtæki sem ætlar sér að hefja álbræðslu í landinu en önnur fyrirtæki hygg ég að hafi ekki notið ívilnunar af þessu tagi.

Ég segi þetta vegna þess að það getur auðvitað verið eðlilegt að fyrirtæki sem eiga að endast áratugi, og stundum er talað eins og þau eigi að endast í aldir, njóti ákveðinnar fyrirgreiðslu og öryggis en ég tel að það verði að gilda um alla. Menn verða að geta gert sér grein fyrir því áður en þeir koma, forsvarsmenn slíkra fyrirtækja eða innlendir forsvarsmenn, hvaða reglur gilda hér. Slíkt regluverk þarf að vera röklegt og gagnsætt þannig að einu fyrirtæki sé ekki hyglað í dag en öðru stillt upp fyrir öðrum samningskostum á morgun.

Í öðru lagi er það svo, og leiðir af því sem ég áður sagði, að þegar við eigum að veita um 3 milljarða ríkisstyrk til álversins í Helguvík, miðað við u.þ.b. aldarþriðjung — ríkisaðstoðin nemur 3 milljörðum — þá erum við um leið að mismuna öðrum fyrirtækjum, smærri fyrirtækjum og þeim fyrirtækjum sem kynnu að koma ella, með ákaflega fáum rökum öðrum en að þetta megi. Það eru einu rökin sem færð eru fram í þessu frumvarpi fyrir þessari ívilnun: Þetta má, Evrópusambandið leyfir okkur þetta.

Það er að vísu ekki alveg ljóst að Evrópusambandið leyfi okkur þetta en það er kannski annað mál og það ræðst síðar ef meintur meiri hluti þingsins hefur fram vilja sinn. Það ræðst hjá ESA sem tekur þetta mál fyrir og dæmir um það hvort það passar við þeirra reglur.

En það eru engin önnur rök fyrir þessu en þau að þetta megi og svo að vísu þau líka að slíkur styrkur frá Íslendingum, ríkisaðstoðin, sem þingið á að veita, sé forsenda þess að bandalag fimm banka fáist til að lána Norðuráli fé til að byggja þetta ver. Um leið og þetta er sagt í greinargerð með frumvarpinu kemur það fram að ívilnun fyrstu 20 áranna nemi aðeins 0,9% af stofnkostnaði, sem er ekki hátt hlutfall. Ef ég væri bankastjóri í bandalagi hinna fimm banka mundi ég ekki telja að ég hefði grætt mikið á því að fara og tala við íslensku ríkisstjórnina því að hagurinn er hverfandi og hlýtur að hafa ákaflega lítil áhrif á ákvörðun bankanna að lokum. Ákvörðun þessara banka er alls ekki ljós og frumvarpið er flutt í lausu lofti vegna þess að enginn veit hvað þessir bankar ætla að gera og enginn veit hvort þetta fyrirtæki verður yfir höfuð til þegar frumvarpið hefur verið samþykkt. Ég kem að því síðar í ræðunni.

Ef meiningin væri að fá þetta bandalag fimm banka til að koma hér þá held ég að það mundi kannski skipta meira máli að bjóða þessum herramönnum hingað í laxveiði, sýna þeim landið og vera kammó við þá, sem hæstv. iðnaðarráðherra kann að vera, bæði við innlenda menn og útlenda, með sína hlýju nærveru, frekar en að bjóða þeim þetta smotterí sem þessir peningar og þessi stofnkostnaður (**Iðnrh.:** Hvað með urriðann?) er í þeirra augum. Forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra ókyrrist í sæti sínu sem er ákaflega óalgengt um hann og ég vona að forseti hafi fulla stjórn á ráðherrabekkjunum.

Það er rétt að önnur álver hafa áður fengið sams konar ívilnun og það er fært hér til og hæstv. iðnaðarráðherra hefur tekið það fram í röksemdafærslu sinni á fjölmiðlavettvangi fyrir þessum samningi, og reyndar flest meiri í krónum eða dollurum. Mér er ekki ljóst af hverju það er en hæstv. iðnaðarráðherra sagði í ræðu sinni að það stafaði auðvitað af breytingum í skattkerfinu. Sumir af þeim sköttum hafa verið lagðir niður núna sem hin fyrri fyrirtæki fengu ívilnun frá. Mín niðurstaða — ég skal taka við leiðréttingum á henni — er líka sú að þetta sé lægra vegna þess að stjórnvöld telji sig nú ekki geta náð hærri styrk í gegnum eftirlitskerfi Evrópska efnahagssvæðisins því að þrátt fyrir að nú sé búið að setja Suðurkjördæmi gervallt sem vanþróað byggðasvæði inn á sérstakt byggðastyrkjakort í EES, öll hin svokölluðu landsbyggðarkjördæmi eru þar inni sem vanþróuð svæði, er óvíst að hægt sé að brjótast í gegnum þessar reglur með þá staðhæfingu að Útnes séu allt annað landshorn en Innes, að Útnes sé vanþróuð byggð en Innes sé hið þróaða höfuðborgarsvæði. Ekki er víst að ESA kaupi þá röksemd og þess vegna er ívilnunin sennilega lægri hér

en önnur álfyrirtæki hafa fengið.

Ég sagði að þetta næmi 3 milljörðum og ég vil aðeins skýra þá tölu vegna þess að fundið hefur verið að fyrri staðhæfingum mínum um upphæð þessa styrks og það með réttu því að þá lágu ekki fyrir þær upplýsingar sem eru forsenda þess að reikna þetta, en 3 milljarða fæ ég einfaldlega út frá því svari sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, þáverandi iðnaðarráðherra, gaf við fyrirspurn 26. apríl 2006 þar sem hún mat stuðning til Fjarðaáls 34,3 milljónir dala til ótilgreinds tíma og ef maður miðar við sama ótilgreindan tíma, sem mér sýnist vera þriðjungur aldar, þá fást 3 milljarðar út úr þeim tölum sem núverandi hæstv. iðnaðarráðherra gefur upp. Ég tel að núverandi iðnaðarráðherra verði að tala við sína menn í iðnaðarráðuneytinu, þá sem ráðleggja ráðherrum þar, hvernig þeir eiga að svara fyrirspurnum og útbúa greinargerðir, um að reyna að hafa samræmi í þeim tölum sem gefnar eru upp til þess að umræða geti farið fram nokkurn veginn á vitlegum grunni.

Í þessu máli skiptir ekki mestu það sem ég hef hér talið heldur hreinlega það að ég dreg í efa að álver í Helguvík sé heppilegur kostur fyrir okkur Íslendinga, hvorki á þeim erfiðu tímum sem nú eru né fyrr og síðar. Það eru fjölmargar almennar ástæður fyrir því að efast um stóriðjustefnu og álversuppbyggingu síðustu áratuga og ég hef ekki tíma til að fara í þær núna. Það er hins vegar rétt að minna á að við Helguvíkurver er margt óklárað og óljóst sem er með þeim hætti að eðlilegt hefði verið að bíða með þennan fjárfestingarsamning jafnvel fyrir þá sem fylgja þessari uppbyggingu. Umhverfismat sem til er miðast bara við 250 þús. tonna ver en nú er verið að ræða um 360 þús. tonna ver. Getur einhver fullyrt fyrir fram að það umhverfismat sem 360 þús. tonna ver fær sé þannig að verið verði að veruleika? Nei, það er ekki hægt. Menn geta rætt um það fram og aftur en það er ekki þannig. Það umhverfismat hefur ekki farið fram vegna þess að það varð hækkun í hugum forstöðumanna úr 250 þús. tonnum í 360 þús. tonn.

Enn eru ófrágengnar raflínur á svæði sem er ákaflega viðkvæmt fyrir slíkum framkvæmdum, Reykjanesskaginn sjálfur, sem er auðvitað allur saman mikil náttúruperla, og sveitarfélögin þar deila um þessa raflínu.

Í þriðja lagi, sem skiptir enn þá meira máli, er auðvitað það að ekki er líklegt að Helguvíkurverið, og nú skulum við ekki flækja málið á þeim örstutta tíma sem ég á eftir, fari fram úr Kyoto-ákvæðunum en það er ljóst að eftir að Helguvíkurverið er komið, 250 þús. tonn eða 360 þús. tonn, verður enginn losunarkvóti eftir fyrir nokkra aðra losunariðju hér á landi, hvorki á Kyoto-tímanum né eftir að hann rennur út vegna þess að þegar maður lítur yfir það samningaferli þá er alveg ljóst að við fáum engan aukinn kvóta í því dæmi. Með því að samþykkja Helguvíkurverið erum við að taka áhættu á því að öll önnur losunariðja sé frá. Ég er að vísu kannski ekkert óánægður með það í sjálfu sér, en eru þeir sammála mér, félagar okkar, sem við þekkjum ágætlega á þingi, á Húsavík, þeir sem hafa lagt mikla áherslu á álverið á Bakka í Þingeyjarþingi? Ég held ekki.

Það er alveg ljóst, og hefur lengi verið, að ef menn velja Helguvík þá er Bakki út úr myndinni og hættan er í fjórða lagi sú að ef menn velja Helguvík þá sé öll önnur stóriðja líka út úr myndinni, stóriðjan sem menn hafa að gamni sínu kallað sætu stóriðjuna, gagnaverin, kísilflöguverksmiðjurnar, hér á svæðinu kringum höfuðborgina á þessu orkusvæði sem nær frá Reykjanestánni og í raun austur um, nema menn fari, eins og Grétar Mar Jónsson, síðasti ræðumaður, reyndar vildi og krafðist, að virkja ár aftur á Íslandi með öllum þeim látum sem það kostar og taki t.d. neðri hluta Þjórsár. Hv. þingmaður, sem hér talaði áðan, sagði já við Hvítá og hann sagði reyndar líka já við Jökulsá á Fjöllum og sagði já við hverri þeirri á sem nefnd var vegna þess að hann vill ósköp einfaldlega láta virkja allt það sem rennur. Þetta þýðir auðvitað að ef menn ætla að gera meira en Helguvík verða menn væntanlega fyrst að virkja Neðri-Þjórsá og þá er rétt að menn segi það opið og heiðarlega hér að það séu þeir orkukostir sem verið er að etja öðrum út í ef hér á að vera meira.

Í seinni ræðu minni í kvöld ætla ég að fjalla nokkuð um starfarökin sem fram koma. Það er auðvitað gild röksemd að það vanti störf. Einu rökin sem menn hafa fyrir Helguvíkurverunum núna eru í raun og veru þau að það vanti störf og þau rök eru oft sett fram. Ég ætla ekki að deila um þær tölur sem nefndar eru þó að í þær sé hlaupin mikil bólga sem eykst með hverjum ræðumanni en ég vil minna á það, sem hægt væri að flytja langar ræður um, að störf í álverum eru einhver þau óhagkvæmustu miðað við einingu af orku. Nánast öll önnur iðjuver, öll önnur atvinnustarfsemi sem hægt er að skapa með hinum ágætu orkulindum okkar, bjóða okkur upp á fleiri störf og að ýmsu leyti betri störf og a.m.k. grænni störf í samræmi við þá atvinnustefnu sem við þurfum nú að móta á hinu nýja Íslandi.

[20:59]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég kem upp til að segja nokkur orð um það stóra mál sem hér er til umfjöllunar og kannski ekki síst til þess að vekja máls á því hvað þetta er hófstillt umræða og hve mikið hefur breyst á örfáum árum hvað varðar viðhorf hv. þingmanna til framkvæmdar sem þessarar og væntanlega viðhorf Íslendinga til slíkrar framkvæmdar, að þetta skuli vera nánast hallelúja-umræða, að mínu mati, miðað við það sem sú sem hér stendur hefur upplifað fyrr á árum.

Ég vil segja í upphafi, hæstv. forseti, í framhaldi af því sem kom fram hjá síðasta ræðumanni sem er þingmaður Samfylkingarinnar. (**Iðnrh.:** Hann er varaþingmaður.) Hann er varaþingmaður, hann er flokksbróðir hæstv. ráðherra, en hann lét hér falla orð í lok ræðu sinnar sem ég held að ég verði að biðja hæstv. ráðherra að segja skoðun sína á. Það skiptir mjög miklu máli fyrir mig og örugglega fleiri þingmenn Framsóknarflokksins hvort þessi hv. þingmaður fór með rétt mál. Hann fullyrti að ef af þessu yrði, þessu verkefni sem hér er til umfjöllunar, væri ekkert um það að ræða að reist yrði álver á Bakka. Hann sagði: Við fáum engan viðbótarkvóta, það er enginn losunarkvóti eftir og það þýðir að það verður ekkert álver á Bakka ef af þessum framkvæmdum verður. Þetta eru stór orð sem þarna voru látin falla og ég hlýt að biðja hæstv. ráðherra að segja skoðun sína á þessu, hvort hv. þingmaður fari þarna með rétt mál. Ég tel að hann geri það ekki en ég þarf að heyra hvað hæstv. ráðherra hefur um það að segja.

Einu sinni var sagt úr þessum ræðustóli, ég held að það sé einhver stysta ræða sem haldin hefur verið á Íslandi, á Alþingi Íslendinga, en ræðan var svona, með leyfi forseta: „Virðulegi forseti. Álverið rísi.“ Það voru bara tvö orð og þá var verið að tala um allt annað álver, að sjálfsögðu, og það var líka þingmaður stjórnmálaflokks sem er ekki lengur til sem þessi orð mælti. Það var þingmaður Borgaraflokksins, Ásgeir Hannes Eiríksson. Mér er þetta minnisstætt. Þetta var að kvöldlagi, alveg eins og við erum nú að tala um þessi stóru mál að kvöldlagi. Þetta var kannski útúrdúr.

Það kom fram áðan að hæstv. ráðherra væri kannski sporgöngumaður þegar hann flytur þetta mál hér vegna þess að þetta er mál sem er svolítið líkt því og kannski mjög líkt því sem áður hefur verið flutt og kannast ég vel við það. Ég vil almennt séð lýsa stuðningi við framkvæmdir sem þessar en geri mér alveg grein fyrir því að okkur eru takmörk sett á Íslandi. Það verður ekki þannig að það verði endalaust byggð ný álver, einhver takmörk eru okkur sett í þeim efnum. Þar að auki vil ég vera það sanngjörn að ég vil segja þegar verið er að ræða svona stórar framkvæmdir að það er ekkert óeðlilegt við það að fólk geti efast en mér finnst hins vegar ekki rétt og ég er ekki sammála síðasta ræðumanni sem sagði að það væri eðlilegt að bíða af því að margt væri óljóst í sambandi við þetta verkefni. Með því að bíða erum við bara að lengja þann tíma þar sem margt er óljóst en með því að samþykkja þetta frumvarp og að Alþingi heimili þessa samninga sem þurfa að fara fram erum við að aðstoða aðila sem vinna að málinu og ekki síst hvað varðar það að fjármagna þetta mikla verkefni. Ég get alveg tekið undir að það er ýmislegt óljóst, t.d. hvað varðar orkuöflun og raflínur og eins að það er ekki búið að fá umhverfismat fyrir stærð álvers sem hér um ræðir. Sérstaklega tel ég að það sé óvissa í orkuöfluninni. Í sambandi við orkuöflun vil ég nefna eitt sem ekki hefur verið nefnt í þessari umræðu og óhætt er að binda vonir við þó að það sé ekki alveg á næstu grösum sem svör fást við því. Ég tel að náist árangur í sambandi við djúpboranir séum við að tala um miklu meiri orku en við höfum reiknað með hingað til að við Íslendingar búum yfir.

Í því ástandi sem nú er á Íslandi, því atvinnuleysi sem við búum við, er eðlilegt að verkefni sem þetta fái meiri stuðning en ella. Ég geri mér grein fyrir því og það er einn þáttur sem hefur áhrif á það að þessi umræða núna er með jákvæðari hætti en oft hefur verið áður. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að þetta frumvarp fái afgreiðslu í þinginu á sem skemmstum tíma og það var gott að heyra að hv. iðnaðarnefnd hefur nú þegar fengið upplýsingar og yfirferð í nefndinni á því hvað hér um ræðir.

Það var sagt áðan að þetta væru óhagkvæm störf og látið að því liggja að þau væru þjóðarbúi okkar ekki mikilvæg. Í því sambandi vil ég nefna tölur sem koma fram í svari hæstv. iðnaðarráðherra til þeirrar sem hér stendur, sem gefið var á 135. löggjafarþingi. Þar kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Verðmæti útflutningsafurða í stóriðju 2006 var 62.908 millj. kr. Langstærstur hluti þess, eða 57.101 millj. kr., myndaðist í áliðnaði.“

Þetta eru engir smáfjármunir og eftir þau ósköp sem yfir hafa gengið á Íslandi gera menn sér almennt betur grein fyrir því en áður hversu mikilvægt það er að afla gjaldeyris. Til viðbótar þessu get ég sagt að árið 2008 er áætlað að útflutningur áls aukist um 70% að fjármagni, hér er fyrst og fremst verið að tala um tölur frá 2007, og að hlutfall útflutningstekna af álframleiðslu nemi rúmlega 30% af heildarútflutningstekjum. Sem sagt, 30% af heildarútflutningstekjum en ef við tölum bara um vöruútflutning er ál 44,6%. Við erum að tala um gríðarlega mikilvæga atvinnugrein sem menn verða að bera svolitla virðingu fyrir, að mínu mati. Það þarf að skapa verðmæti á Íslandi. Peningarnir vaxa ekki á trjánum og hafa aldrei gert.

Ég vil nefna í lokin, hæstv. forseti, að í sambandi við virkjanaframkvæmdir sem alltaf eru dálítið viðkvæm mál í umræðu heyrði ég hæstv. umhverfisráðherra í útvarpsviðtali í dag tala um að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hefði ekki verið neitt forgangsmál hjá hvorki fyrrverandi ríkisstjórn né þeirri ríkisstjórn sem starfaði þar á undan. Vinna við þessa rammaáætlun hófst í ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks og undir forustu framsóknarmanna þar sem framsóknarmenn fóru þá bæði með iðnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið. Hér er um að ræða gríðarlega merkilega vinnu sem hefur vakið athygli á heimsmælikvarða og er grundvöllur þess að við getum áttað okkur á því hvar skynsamlegt og heppilegt er að virkja og hvar ekki. Mér finnst að ekki hafi gengið alveg nógu hratt á síðustu mánuðum með þessa vinnu vegna þess hversu mikilvæg hún er og ég veit ekki hvort hæstv. iðnaðarráðherra getur frætt okkur um það ef hann talar hér á eftir, hvort það sé ekki rétt hjá mér að það hafi dregist eitthvað að ljúka við rammaáætlun. Í upphafi Þingvallastjórnarinnar svokölluðu voru höfð mörg fögur orð um það hversu mikið sú ríkisstjórn ætlaði að hraða þessari vinnu, miðað við þá ríkisstjórn sem áður starfaði. Þetta fór á einhvern allt annan veg, sem var nú heldur verra.

Svo vil ég leiðrétta eitt í lokin, bara svo öllu sé til haga haldið, hæstv. forseti, að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir talaði um að skuldabaggar væru miklir vegna stjórnartíðar Sjálfstæðisflokksins í 18 ár. (**Gripið fram í:** Já.) Ég hafði það held ég rétt eftir. Þá vil ég minna á að þegar ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks fór frá var búið að greiða niður nánast allar skuldir ríkissjóðs. Það var nú ekkert annað en það. (Gripið fram í.) Það fór bara öll orka í það meira og minna í þau 12 ár sem Framsóknarflokkurinn var í ríkisstjórn, að borga niður skuldir. Þess vegna var maður óskaplega stoltur árið 2007 þegar kosið var af því hversu vel við höfðum staðið okkur í því að borga niður skuldir. Síðan gerast þessi ósköp á síðasta ári sem ég þarf ekki að endurtaka hér og gera það að verkum að við erum aftur sokkin í skuldir. Engu að síður skiptir máli að vel var staðið að verki hvað þetta varðar á þessum tíma.

Hæstv. forseti. Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra hafi heyrt þegar ég spurði hann hvort hann væri sammála flokksbróður sínum um að það væri ekkert um Bakka að ræða ef samningar næðust vegna álvers í Helguvík. Það er gríðarlega mikilvægt mál og getur haft áhrif á það hvernig ég greiði atkvæði í þessu máli.

[21:12]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Ég hef áhuga á því að vita hvaða álit hv. þingmaður, sem hefur svo sannarlega reynslu í þessum efnum, hefur á því hvort orðið gæti af álverinu á Bakka miðað við þær forsendur sem við höfum um framtíðina ef Helguvíkurálverið verður að veruleika. Ég tel að þingmaðurinn geti svarað þessu sjálf.

Ég vil svo segja þetta: Ég hef örugglega ekki komið þessu skýrt frá mér en hv. þingmaður taldi að ég hefði talað um óhagkvæm störf í álverum almennt. Ég sagði það ekki, um það má að sjálfsögðu deila. Það sem ég sagði var það að álver byggju til fá störf á orkueiningu sem til staðar væri á Íslandi. Við það get ég svo sannarlega staðið. Það var það sem ég meinti og ekki það að störfin væru óhagkvæm. Það er önnur umræða hvort störfin eru óhagkvæm, hvort álver eru yfir höfuð hagkvæm fyrir þjóðarbúið. Fjöldi hagfræðinga efast mjög um að svo sé. Enn hefur sú deila ekki verið að mínu viti leyst. Ég gerði þó smátilraun til að upplýsa einn þátt hennar, akkúrat út af þeirri fyrirspurn sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir vitnaði í þar sem hún spurði núverandi hæstv. iðnaðarráðherra um útflutningstekjur af áli. Það er þannig í hagfræðinni eftir allt saman að það sem skiptir þjóðhaginn mestu máli er hvað fer inn og hvað fer út. Og það er mismunurinn á því sem fer inn og fer út, alveg eins og var í merkantílismanum og í hagfræði alveg þangað til delluhagfræðin tók við, sem skiptir mestu máli. Það er líka þannig um álið.

Þegar spurt er um það sem ég gerði hér í vetur kemur í ljós — ég bað um viðmið í ferðaþjónustu — að ferðaþjónustan, hinn fátæklegi atvinnuvegur ferðaþjónusta, færir okkur miklu meira af innlendum þáttatekjum, 16% að meðaltali á síðustu 10 árum, en álverin sem eru 8%. Ef maður tekur bara rekstur (Forseti hringir.) fær maður svipaðar tölur, úr 2% í 5% 1998–2007 (Forseti hringir.) í álinu á móti 13–17% í ferðaþjónustunni.

[21:14]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar þetta sem hv. þingmaður kemur inn á, að það skipti máli hvað fer inn og hvað fer út, er hárrétt. Í sambandi við áliðnaðinn kaupum við inn til landsins hráefnið til að bræða og svo er álið flutt út. Að því leyti til eru aðrar atvinnugreinar mikilvægari en engu að síður erum við að skapa gríðarlegan gjaldeyri með áliðnaðinum og við erum að skapa vel launuð störf og þegar mál eru þannig vaxin að allir hafa ávinning af hlýtur það að skipta mestu máli. Ef orkufyrirtækin hafa ávinning af að selja orkuna, álfyrirtækið hagnast á því að bræða ál og starfsfólkið fær góðar tekjur, er í vel launuðum störfum, get ég ekki séð annað en að það skipti mestu máli. Svo geri ég mér grein fyrir því að til þess að við getum reist álver hér á landi þurfum við að virkja fallvötn eða jarðvarma og það getur verið viðkvæmt mál og hefur verið það fram til þessa.

Þegar hv. þingmaður miðar við ferðaþjónustu, sem er líka mjög mikilvæg grein og gjaldeyrisaflandi, verður líka að hafa það í huga að því miður eru mjög mörg ferðaþjónustufyrirtæki í mjög erfiðum rekstri. Þetta er búið að vera mjög mikið baks hjá mjög mörgum aðilum, a.m.k. sem ég þekki til á landsbyggðinni, sem reka slík fyrirtæki. Ég dáist að þolinmæðinni og dugnaðinum að halda því áfram við þær aðstæður sem oft eru mjög erfiðar. Auðvitað þurfum við að horfa til allra átta, hv. þingmaður.

[21:16]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Það er alveg rétt að ferðaþjónustufyrirtækin hafa verið í erfiðum rekstri. Það er því undarlegt að áhugamenn um atvinnumál, og einkum áhugamenn um atvinnumál á hinni svokölluðu landsbyggð, skuli ekki veita þeim þætti atvinnulífsins meiri athygli og áhuga en raun ber vitni. Margir forustumenn sem verið hafa í stjórnmálum á landsbyggðinni hafa fyrst og fremst einblínt á stóra samninga við álver sem knúin eru áfram með orku sem þarf að vera svo mikil að eyðileggja þarf heil landsvæði til að afla hennar. Það þarf ekki að gera við ferðaþjónustuna og það sem meira er, orkuöflun af því tagi kemur einmitt niður á möguleikum ferðaþjónustugreina.

Þegar menn skoða svar sama iðnaðarráðherrans og svaraði fyrirspurn hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur sjá menn hvernig þetta er. Auðvitað er hagur af fjárfestingum ekki sambærilegur, það getur hver maður sagt sér sjálfur, en reksturinn er þannig að ferðaþjónustufyrirtækin, mér kom þetta á óvart — þar er talað um 17% af því sem kallað er innlendar þáttatekjur, hlutur ferðaþjónustunnar í verðmætasköpuninni á Íslandi er 17% 2007 en í áliðnaði hver? Af rekstrinum 5%. Það er munurinn. Þrefalt meira kemur frá ferðamennsku. Það er þetta sem við erum að tala um. Ég er annars vegar að tala um það að miðað við orkuiðnað skapa álverin fá störf — og ég legg á það áherslu — og hægt er að sýna það með ýmsum tölum og með ýmsum hætti. Ég er hins vegar að tala um það að jafnvel ferðaþjónustan, hin vanrækta grein ferðaþjónustan, skilar inn til þjóðarbúsins í rekstri þrisvar sinnum meira en áliðnaðurinn.

[21:18]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú vill svo til að sami ráðherrann — sem ekki hlustar á mig — og fer með iðnaðar- og orkumál, og flytur það mál sem hér er til umfjöllunar, fer líka með ferðamál í dag. Þegar hv. þingmaður er að tala um að ferðaþjónustan sé vanrækt atvinnugrein hlýtur hann að taka það til sín og fyrrverandi ferðamálaráðherra er þarna líka og hann hefur þá kannski ekki staðið sig nógu vel. En ég er sammála því að ég held að ferðaþjónustan hafi orðið svolítið út undan í almennri umræðu um atvinnumál á Íslandi, hún á einhvern veginn að bjarga sér sjálf. En okkur eru líka settar skorður með atvinnugrein eins og ferðaþjónustu ef við erum að hugsa um styrki. Eins og hv. þingmaður veit þá er samkeppnisrekstur ekki styrktur af hálfu Evrópusambandsins og ekki heimilað, nema þá í einhverjum litlum mæli, að styrkja slíka starfsemi af því að hún telst vera í samkeppni. Þetta er oft ekki alveg einfalt.

Ég vil líka segja, af því að ég svaraði því ekki áðan — hv. þingmaður bað mig að svara því hvernig ég liti á þessi mál hvað varðar Bakka, hvort verið væri að útiloka Bakka með því að þessi framkvæmd kæmist á — að búið var að reikna þetta út á sínum tíma þegar ég var í iðnaðarráðuneyt-

inu og þá sáum við það fyrir okkur að fram til 2012 væri ekki nein hætta á því að við færum fram fyrir heimildir okkar en síðan vitum við ekki á þessari stundu hvað tekur við og af því hef ég áhyggjur.

[21:21]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við stöndum frammi fyrir því, íslensk þjóð, að bera mikla skuldaklafa sem ég fullyrði og endurtek að eru afleiðingar af 18 ára stjórn Sjálfstæðisflokksins. (**Gripið fram í:** Var hann einn?) Sjálfstæðisflokkurinn fór með forustu lengst af í þessu stjórnarsamstarfi, annars vegar með Alþýðuflokki og hins vegar með Framsóknarflokki og loks Samfylkingu, og fór með ríkisfjármál og með forsætisráðuneytið lengst af.

Ég skal ekki gera lítið úr því að á þessum tíma, eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nefndi, var mikið greitt niður af skuldum ríkissjóðs og staðreyndin er að nú kemur það okkur vissulega til góða í þeim miklu erfiðleikum sem íslensk þjóð stendur frammi fyrir. Greitt var niður af þessum skuldum, m.a. með sölu eigna. Bankarnir voru einkavæddir og Síminn og þar með var tekið fé í eitt skipti fyrir öll til að greiða niður þessar skuldir. Árið eftir að búið var að selja þessar eignir fóru þær að mala nýjum eigendum sínum gull og meðan hæstv. ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins í 18 ár einhenti sér í að greiða niður skuld ríkissjóðs gætti hún ekki að heildarmyndinni. Það sem gerðist var að heildarskuldir þjóðarbúsins jukust uns þær fóru tífalt fram úr þjóðarframleiðslu vegna þess að menn settu kíkinn fyrir blinda augað og vildu ekki að haft væri eftirlit með viðskiptalífinu hér á landi.

[21:23]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að mikið var selt af eignum á þessum tíma, m.a. bankar og Síminn og ýmsar verksmiðjur sem ég stóð að að selja sem iðnaðarráðherra, og tel að það hafi allt verið skynsamlegt. En í sambandi við sölu bankanna heyrði ég formann Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs segja fyrir tveimur dögum, hæstv. fjármálaráðherra, að að sjálfsögðu mundu bankarnir ekki verða í ríkiseigu til framtíðar. Hann sér það líka þannig fyrir sér að bankarnir verði seldir þannig að þeir verða seldir aftur, mér sýnist ekki nokkur spurning um það. En það getur verið að fyrrverandi ríkisstjórn hafi verið óheppin með kaupendur, ég ætla ekki að fullyrða að þeir hafi verið af besta tagi miðað við það sem komið hefur ljós.

Þegar hv. þingmaður segir að síðan hafi þessar eignir farið að mala gull þegar þær voru komnar í hendurnar á einkaaðilum þá er nokkuð til í því. Ég er þeirrar skoðunar að bankarnir hafi, á meðan þeir voru í rekstri einkaaðila, skapað gríðarlegar tekjur fyrir íslensku þjóðina, mörg vel launuð störf. Þó að svo hrikalega hafi farið að þetta skyldi allt saman fara um koll verður að halda því til haga. Ef ríkið hefði átt þessa banka áfram hefði ríkinu aldrei tekist að gera úr þeim mikil og öflug fyrirtæki. En það er svolítið erfitt að tala um þetta af því að maður er svo eyðilagður yfir því hvernig þetta fór allt saman, það er erfitt að segja eitthvað jákvætt um sölu bankanna miðað við niðurstöðuna sem varð. Svo vil ég mótmæla því að það hafi ekki mátt vera eftirlit, auðvitað var eftirlit.

[21:25]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ekki gefst tími til þess í stuttu andsvari að fara yfir aðdraganda þeirrar djúpu efnahagskreppu og þeirrar skuldasúpu sem við sitjum í. En þau eru athyglisverð, orð hv. þingmanns um að e.t.v. hafi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks verið óheppin með kaupendur að bönkunum. Einkavæðing, sögðu sumir, einkavinavæðing, sögðu aðrir. Það er alveg ljóst að þarna var helmingaskiptaregla viðhöfð milli stjórnarflokkanna og verðið, andvirðið sem greitt var fyrir þessa banka, var í engu samræmi við það sem eðlilegt hefði verið. Eitt er víst að ef ríkissjóður hefði áfram átt þessa banka er ekki víst að þeir hefðu vaxið svona, ég tek alveg undir það með hv. þingmanni. Ég vil bæta því við að ég er sannfærð um að ef ríkissjóður hefði áfram átt þessa banka, eða eitthvað í þeim, hefði þeim ekki tekist að setja okkur svona rosalega á hausinn eins og við nú erum.

Ég nefndi í ræðu minni í kvöld að með þeim samningi sem hér er um að ræða væri verið að girða fyrir tekjuöflun ríkissjóðs til frambúðar. Það er augljóst að við þurfum að hækka skatta en það mál sem hér liggur fyrir — í því er innibyggt að ekki verður hægt að hækka tekjuskatt á þetta eina fyrirtæki jafnvel þó að tekjuskattsprósenta yrði hækkuð í 18% á öllum öðrum fyrirtækjum í landinu, þar á meðal á þeim tveimur álverum sem hér hafa verið umræðu á Reyðarfirði og Grundartanga. Ég vil spyrja hv. þingmann, fyrrverandi hæstv. ráðherra, hver hennar viðbrögð við því atriði eru.

[21:28]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér finnst ekki hægt að horfa á þetta með þeim hætti sem hv. þingmaður gerir, að við séum að girða fyrir tekjuöflun til framtíðar (**ÁI:** Tuttugu ár.) vegna þess að ef við gerum ekki fjárfestingarsamning sem þennan er algerlega óljóst að af þessum framkvæmdum verði. Það er því ekki hægt að stilla þessu upp með þessum hætti.

Svo er það að þetta með einkavæðinguna og einkavinavæðinguna, þetta er eitthvað sem fólk hamrar á, hv. þingmenn hamra á þessu en rökstyðja aldrei sitt mál. Þetta er bara einhver klisja sem gengur og mjög vinsæl af hálfu þeirra sem vilja koma höggi á einkavæðinguna. Ég vil halda því til haga að auglýst var eftir áhugasömum kaupendum að þessum bönkum og fimm aðilar gáfu sig fram. (**ÁI:** Hvað sagði formaður einkavæðingarnefndar?) Þrír voru taldir hæfir til að kaupa banka og farið var í viðræður við þá og þeim viðræðum lauk með því að sala átti sér stað og ég ætla ekki að telja upp hverjir það voru sem keypti. Síðan segir hv. þingmaður: Og verðið í engu samræmi við það sem eðlilegt hefði verið. Þetta er líka ósköp ódýrt að setja fram með þessum hætti en sannleikurinn er bara annar. Verðið var í samræmi við það sem eðlilegt var.

Ef ríkið hefði átt eitthvað í bönkunum hefði þetta þá farið á annan veg? Ég lít ekki þannig á að þó að ríkið hefði haft einn fulltrúa í þessum bankastjórnum, ætli hann hefði

ekki verið jafnblindur á hlutina og aðrir voru? Allir „kóuðu með“ nema kannski hv. þingmaður sem talaði hér á undan mér.

[21:30]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég lauk ræðu minni áðan á því að tala um störf og vil ljúka þeirri umræðu, hún getur ekki orðið löng af ástæðum sem birtast á klukkunni fyrir framan mig.

Þegar umræða hefst um störfin eru aldrei settir fram kostir. Það hefur verið venjan í umræðum um stóriðjuuppbyggingu að segja: Þetta eða ekkert. Eða: Þetta eða eitthvað annað. Þetta „eitthvað annað“, það eru andstæðingarnir sem eiga að koma með þetta „eitthvað annað.“ Það er aldrei sagt: Hvort viljið þið heldur þetta álver hér eða gagnaver og kísiliðjur? Það er heldur ekki sagt um þær miklu framkvæmdir sem eiga að bjarga atvinnuleysinu á Suðurnesjum og víðar: Þetta eru bara mannfrekar framkvæmdir, því að það sem eftir verður eru vissulega 500 störf en þó ekki nema 500 störf. Þá er ekki sagt: Viljið þið þessar mannfreku framkvæmdir eða viljið þið einhverjar aðrar mannfrekar framkvæmdir?

Nú ætla ég ekki að tala hér um lánamál en það er sem sé ekki þetta sem menn spekúlera í: Viljið þið störf í byggingariðnaði eða viljið þið störf í sprotafyrirtækjum? Það er ekki það sem menn tala um heldur er keyrður fram þessi eini samningur. Það hefur verið gert með miðstöð í Keflavík annars vegar og hins vegar í fjármálaráðuneytinu í tíð síðustu ríkisstjórnar með þeim hætti að ekki er hægt að kalla það annað en enska orðinu „blackmail“, vegna þess að íslenska orðið „fjárkúgun“ er of gagnsætt fyrir þessa tegund af röksemdum, skulum við kalla það. Ef þú hefur athugasemdir við eitthvað ertu á móti störfunum og ef þú hefur athugasemdir við það ertu með fátækt. Þá ertu með atvinnuleysi og þá ertu með upplausn fjölskyldunnar, þá viltu börn á vergang, þú vilt alkóhólisma, þú vilt almenna niðurlægingu mannskepnunnar fyrst þú vilt ekki þetta álver. Þetta eru umræðukostirnir sem heilbrigt, viti borið fólk setur fram hér í samfélaginu.

Ef maður svarar þessu með sama hætti, mætti með svolitlum ýkjustíl segja: Ja, mundi það ekki skapa fyrir okkur störf ef við byðumst til að geyma geislavirkan úrgang í Loðmundarfirði? Það mundi örugglega skapa mörg störf og verða feikilega vinsælt atvinnufyrirtæki annars staðar en á Íslandi. Mundi það ekki skapa ofsalega mörg störf í þessari stöðu ef við byðumst nú til þess að bjarga Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, og taka að okkur Guantanamo-fangelsið og setja það niður í Hnífsdal? Það mundi skapa feikilega mörg og vel launuð og örugglega hámenntuð störf, því að menn þurfa að vera sérstakir rafmagnstæknifræðingar til þess að vera fangaverðir í Guantanamo. Eigum við ekki að taka það, eru það ekki fín störf? Svona mætti halda áfram. (Gripið fram í.)

Starfaröksemdin ein og sér gildir ekki, hún er bara of heimskuleg. Spurningin er um atvinnuuppbyggingu, almennt um heildarstefnuna sem við tökum í þessu efni, en ekki um að eitthvað skapi svona mörg störf og þeir sem hafi athugasemdir við þá tegund af fyrirtæki eða þá tegund af orkuöflun séu með atvinnuleysi, fátækt, alkóhólisma og börnum á vergangi.

Ég hef ákveðið, vegna vinsemdar minnar við hæstv. iðnaðarráðherra og velvilja í garð þeirrar ríkisstjórnar sem þetta mál flytur, að trufla ekki gang þess til iðnaðarnefndar sem ég hef þó rétt til samkvæmt þingsköpum. Ég geri það í trausti þess að í iðnaðarnefnd verði farið í gegnum þær röksemdir sem hér hafa komið fram, m.a. í máli mínu og annarra sem hafa rætt um frumvarpið — þá hlýt ég að nefna hv. þm. Álfheiði Ingadóttur — og í trausti þess að iðnaðarnefnd ræði almennt um þjóðhagslega hagkvæmni af álverinu. Þar þarf iðnaðarnefnd m.a. að hafa í huga umræður hagfræðinga um þetta mál, t.d. prýðilega grein Sigurðar Jóhannessonar í bókinni *Uppbrot hugmyndakerfis* sem kom út í fyrra. Iðnaðarnefnd þarf að fara rækilega í gegnum svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn minni í fyrra og þá þarf nefndin einnig að fara í gegnum grein Indriða H. Þorlákssonar, núverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Í heild má segja að efnahagslegur ávinningur Íslands af starfsemi stóriðjuvera sé lítill og hafi farið minnkandi á síðustu árum.“

Þar þarf iðnaðarnefnd og þingheimur allur að fara í gegnum ögrandi og ágæta grein Ágústs Þórhallssonar á vefsíðunni AMX, sem heitir þessu nafni hér í spurnarformi: „Munu lánardrottnar Century Aluminum taka yfir Norðurálsverkefnið?“ Þar setur Ágúst fram þá spurningu hvort Norðurál eða fyrirtækið Century Aluminum verði yfir höfuð til eftir nokkrar vikur vegna þess að gengi hlutabréfa í félaginu hefur lækkað nánast niður í ekki neitt á undanförnum dögum. (Forseti hringir.) Þetta þarf iðnaðarnefnd að athuga og svo skulum við taka málið fyrir, eftir þessa miklu rannsókn, í 2. umr. um frumvarpið nema því (Forseti hringir.) verði frestað, sem ég tel langhentugast (Forseti hringir.) þangað til ný ríkisstjórn tekur við með nýja atvinnuuppbyggingu eftir kosningar.

[21:35]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir þær góðu ábendingar sem hann kom með til hv. iðnaðarnefndar, sem á eftir að fara vandlega yfir frumvarpið. Þarna lagði þingmaðurinn inn margháttuð gögn sem nefndin mun að sjálfsögðu fara mjög ítarlega yfir og skoða, fái ég nokkru um það ráðið.

Ég vil líka vekja athygli á því, og til þess er för mín í þennan ræðustól ætluð, að ég hef óskað eftir því og mun óska eftir því í hv. iðnaðarnefnd að hv. efnahags- og skattanefnd fái málið einnig til umfjöllunar vegna þess að ég tel, eins og ég hef margoft komið að hér áður, að þessi samningur sé mjög alvarleg atlaga að ríkissjóði næstu 20 árin vegna þess að við vitum að við þurfum að hækka hér skatta á komandi árum. Með þessum samningi er verið að girða fyrir að hægt sé að hækka skatta á einmitt þetta fyrirtæki eða þennan iðnað.

Það er því alveg augljóst að það á eftir að skoða málið mjög vandlega í þessum tveimur nefndum, að mínu viti.

[21:37]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Þetta andsvar stóð alveg sjálft út af fyrir sig. Ég vil þó aðeins bæta því við sem ég gleymdi í ræðunni áðan, fyrst ég hef tækifæri til þess, að ég tel líka ástæðu til þess að umhverfisnefnd fái þetta mál til meðhöndlunar, bæði vegna þess að það skortir umhverfismat á álverið eins og það lítur út núna en ekki síður vegna þess að allt er óljóst um losunarkvótana til þessa fyrirhugaða álvers. Mér sýnist að ef þetta álver verður að veruleika, þó að það sé ekki innan Kyoto-tímabilsins, muni það gleypa allan þann losunarkvóta sem nú er ónýttur, í mörg ár áfram og hugsanlega koma í veg fyrir að við getum hlýðnast samkomulagi um að draga úr losun.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og iðnn.

Íslensk málstefna, síðari umr.

Stjtill., 198. mál. — Þskj. 248, nál. 594.

[21:38]

Frsm. menntmn. (Mörður Árnason) (Sf):

Forseti. Ég hef fengið það ánægjulega hlutverk að vera framsögumaður menntamálanefndar í þessu máli. Það er vegna þeirrar tilviljunar að formaður nefndarinnar, Einar Már Sigurðarson, og varaformaðurinn, Þuríður Backman, eru bæði veðurteppt fyrir austan í dag. Ég var því fenginn til að hlaupa í skarðið og geri það sæll og glaður.

Í áliti nefndarinnar segir þetta, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Hafstað, Ingibjörgu B. Frímannsdóttur og Sigurð Konráðsson frá Rannsóknarstofu í íslenskum fræðum og íslenskukennslu á menntavísindasviði Háskóla Íslands, Úlfar Bragason frá alþjóðasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þórarin Eldjárn frá Íslenskri málnefnd, Guðrúnu Kvaran frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Íslenskri málnefnd, Guðjón Bragason og Svandísi Ingimundardóttur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Önnu Kristínu Sigurðardóttur og Önnu S. Þráinsdóttur frá menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Umsagnir bárust nefndinni frá stjórn Rannsóknarstofu í íslenskum fræðum og íslenskukennslu á menntavísindasviði Háskóla Íslands, stjórn Íslenskrar málnefndar, Háskólanum á Akureyri, alþjóðasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands, Bandalagi sjálfstæðra leikhúsa, Bandalagi atvinnuleikhópa, Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga, málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ríkisútvarpinu, menntavísindasviði Háskóla Íslands, fagráði í íslensku, og Blaðamannafélagi Íslands, auk minnisblaða frá Önnu Kristínu Sigurðardóttur og Önnu S. Þráinsdóttur.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu verði samþykktar sem opinber stefna í málefnum íslenskrar tungu. Þá er lagt til að Alþingi lýsi yfir stuðningi við það meginmarkmið tillagna Íslenskrar málnefndar að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Það er álit nefndarinnar að nauðsynlegt sé að setja markmið og móta aðgerðir til þess að hlúa að íslenskri tungu, styrkja hana og efla þannig að íslenska verði nothæf á öllum sviðum íslensks samfélags. Mikilvægt er að styrkja stöðu tungunnar og tryggja að hún glatist ekki á þeim sviðum þar sem erlent mál er ríkjandi.

Nefndin vekur athygli á því að íslensk málstefna hlýtur að vera í stöðugri þróun og mótun og áréttar að hér er um að ræða heildarstefnu en ekki ígildi laga með bindandi áhrif. Fram undan er því vinnuferli, sem eðlilegt er að menntamálaráðherra hafi forgöngu um, við verkáætlanir og samræmingu viðhorfa á einstökum sviðum. Þar þarf m.a. að taka tillit til athugasemda sem nefndinni bárust um atriði sem varða íslenskukunnáttu starfsmanna á öllum stigum skólakerfisins, um íslenskumenntun kennara og um sjálfstæði háskóla við skipulag náms.

Við umfjöllun um málið í nefndinni var mjög rætt um leiðir til að styrkja lagalega stöðu íslenskrar tungu. Nefndin telur að það þurfi að koma skýrt fram í lögum að íslenska sé hið opinbera tungumál lýðveldisins Íslands og að nauðsynlegt sé að stjórnarskrárbinda stöðu og rétt íslenskrar tungu við næstu endurskoðun á stjórnarskránni.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Fyrri málsgrein tillögugreinarinnar orðist svo:

„Alþingi ályktar að samþykkja tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu.“

Síðan segir, forseti, í niðurlagi að Einar K. Guðfinnsson og Jón Magnússon hafi verið fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta rita Einar Már Sigurðarson formaður, Þuríður Backman, Mörður Árnason, Katrín Júlíusdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Björk Guðjónsdóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Það er ánægjulegt að þetta mál fái einróma afgreiðslu í menntamálanefnd og ég vonast, ásamt nefndinni, til að sú verði einnig raunin hér á þinginu. Að baki liggur mikil vinna hjá Íslenskri málnefnd sem útbjó það plagg sem hér er lýst stuðningi við og þetta er mjög merkilegt þingmál því að þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingar móta sér formlega og opinbera málstefnu. Þótt íslensk tunga hafi verið og sé einn helsti grundvöllur þjóðernis okkar og sjálfstæðrar tilveru sem ríkis, höfum við ekki sinnt henni með þessum hætti. Hefur hún þó verið mjög gildur liður í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar sem fór reyndar að hluta til fram með endurreisn tungunnar með hreintungustefnunni, sem er orð sem menn vilja misskilja núna. Hreintungustefnan fólst ekki aðeins í því að leiðrétta málvillur eða því um líkt heldur fólst hún að vissu leyti í því að taka það mál sem þá var til, á 19. öld, og endurgera það með áhrifum frá fornmálinu. En ekki síst með því að skapa nýyrði fyrir þau orð sem viðgengust í erlendu samtímamáli og þjálfa tunguna að nútímanum sem sjálfstæðisbaráttumenn, Fjölnismenn og margir aðrir, tóku að sér að gera á 19. öld og eiga þakkir okkar skildar ævinlega.

Mikil áhersla hefur verið á íslenska tungu allt fram á okkar daga og þó að hún hafi að einhverju leyti látið undan

síga hin síðari ár sýnist mér að á þeim nýju tímum sem nú eru runnir upp muni enn verða lögð áhersla á að efla og varðveita íslenska tungu.

Nefndin leggur áherslu á að málstefnan sem samþykkt verður með þessari þingsályktunartillögu er ekki plagg sem á að rita gullnum stöfum á veggi eða höggva í stein heldur er hún verkefni sem á að vera í stöðugri þróun og mótun sem stjórnvöld, þjóð og menningarstofnanir eiga að hafa aðild að og hafa áhrif á á hverjum tíma.

Ef ég má koma að persónulegu áliti, þykir mér skorta að nokkru í málstefnuna umfjöllun um önnur mál á Íslandi en íslensku, um alþjóðamál, svo sem ensku, frönsku og þýsku, um Norðurlandamálin og um tungumál innflytjenda eða nýbúa, hver eigi að vera staða þessara mála og hvernig íslenskan geti samrýmst þeim. Það er staðreynd sem við gleymum að á Íslandi hafa alltaf verið töluð önnur mál en íslenska þótt íslenska sé okkar mál, eins og þar stendur og sungið er.

Menn muna að íslenskan verður til sem blendingsmál norrænna manna frá ýmsum svæðum á fyrstu öld Íslandssögunnar hefur íslenskan lifað hér samhliða keltnesku. Við þekkjum hin miklu áhrif latínu, bæði fyrir siðaskipti sem mál kaþólsku kirkjunnar og eftir þau sem mál menntamanna. Við vitum að norsk áhrif voru hér mikil og þýsk með Hansakaupmönnum. Við vitum að við Englendinga er kennd sérstök öld í Íslandssögunni og hér hafa Englendingar og Íslendingar talað saman á einhverju máli. Síðan eru auðvitað hin sterku áhrif dönsku og svo enskunnar aftur núna. Á síðustu árum hafa svo komið ný mál sem við vissum lítið um, pólska, víetnamska, filippseyska og önnur mál innflytjenda.

Það er auðvitað verkefni framtíðarinnar eins og önnur verkefni sem þarf að móta á grundvelli þessarar stefnu. Eins og segir í nefndarálitinu telur nefndin að menntamálaráðherra hljóti að hafa forgöngu um þetta verkefni sem kynni að koma aftur til kasta þingsins þegar fram líða stundir.

Nefndin gengur þess ekki dulin að í framtíðinni verður nokkur kostnaður af því að móta íslenska málstefnu og framfylgja henni og þeim verkefnum sem henni tengjast. Þau eru ekki rakin hér en með því að samþykkja þessa opinberu málstefnu skuldbindur þingið sig til þess að íhuga gaumgæfilega þær tillögur sem því berast um fé til þessara efna. Það þarf ekki að vera mikið miðað við þær upphæðir sem hér er talað um á hverjum degi, hvort sem það er í tekjulið eða skuldalið, en hjá því kemst ekki sjálfstæð þjóð sem vill varðveita tungu sína og menningu að kosta þar nokkru til.

Að lokum þetta: Virðing Alþingis og orðstír hefur á undanförnum mánuðum beðið nokkurn hnekki. Þetta mætti kannski orða á nútímamáli þannig að ímynd Alþingis sé eiginlega í graut, að ég segi ekki í djúpum skít, og bið forseta um leið fyrirgefningar á því orðbragði, og að „PR“ af hálfu Alþingis sé eiginlega alveg „fatalt“. Ég held að samstaða alþingismanna um íslenska opinbera málstefnu og stuðning við íslenska tungu, það heit sem Alþingi vinnur að því að íslenska sé notuð á öllum sviðum íslensks samfélags, kunni að verða til þess að endurreisa þá virðingu og orðstír í einhverju. Ég tel að þingið geti verið stolt af því, það þing sem nú situr, að samþykkja þingsályktunartillöguna.

Ég vil svo skýra þá breytingartillögu sem nefndin leggur fram með því að hún er lögð fram til þess að færa orðalagið á tillögugreininni til betri vegar en í henni felast engar efnislegar breytingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 2. umr.

Frv. viðskn., 371. mál (frestun innheimtu eftirlitsgjalds). — Þskj. 626.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálafyrirtæki, verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, 1. umr.

Frv. BBj o.fl., 345. mál (réttur viðskiptavina til upplýsinga). — Þskj. 588.

Enginn tók til máls.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, 1. umr.

Frv. BBj o.fl., 386. mál (undanþága frá lögum um frístundabyggð). — Þskj. 650.

Enginn tók til máls.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Út af dagskrá voru tekin 7.–12. mál.

Fundi slitið kl. 21:51.

---

101. FUNDUR

fimmtudaginn 12. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frv., 371. mál,

þskj. 626. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Íslensk málstefna, stjtill., 198. mál, þskj. 248, nál. 594. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

4. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. ákvæði til bráðabirgða I í lögum 5/2009, sbr. 26. gr. laga 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

5. Kosning sérnefndar í málinu: Frv. til stjórnarskipunarlaga, 385. mál, sbr. 42. gr. þingskapa.

6. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 397. mál, þskj. 675. — 1. umr.

7. Raforkulög, stjfrv., 398. mál, þskj. 676. — 1. umr.

8. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 407. mál, þskj. 691. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

9. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 402. mál, þskj. 683. — 1. umr.

10. Kosningar til Alþingis, stjfrv., 405. mál, þskj. 687. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

11. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 409. mál, þskj. 693. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

12. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 688. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

13. Tekjuskattur, stjfrv., 410. mál, þskj. 695. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

14. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 411. mál, þskj. 696. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

15. Lokafjárlög 2007, stjfrv., 408. mál, þskj. 692. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

16. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, þáltill., 13. mál, þskj. 13, nál. 672. — Síðari umr.

17. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 53. mál, þskj. 53, nál. 689, brtt. 690. — 2. umr.

18. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 357. mál, þskj. 607, nál. 694. — 2. umr.

19. Leikskólar og grunnskólar, frv., 390. mál, þskj. 656. — 1. umr.

20. Virðisaukaskattur, frv., 403. mál, þskj. 684. — 1. umr.

21. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, frv., 146. mál, þskj. 163. — 1. umr.

22. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, frv., 157. mál, þskj. 183. — 1. umr.

23. Skylda lánastofnana í meirihlutaeigu ríkisins til að leita tilboða í innleyst fyrirtæki, þáltill., 194. mál, þskj. 241. — Fyrri umr.

24. Meðferð einkamála, frv., 343. mál, þskj. 585. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björk Guðjónsdóttir, 9. þm. Suðurk.
Herdís Þórðardóttir, 8. þm. Norðvest.
Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Upp úr klukkan 11 í dag, að loknum óundirbúnum fyrirspurnatíma, fer fram utandagskrárumræða um hagsmuni Íslands vegna Icesave-ábyrgðanna. Málshefjandi er hv. þm. Siv Friðleifsdóttir. Fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50 gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Forseti vill jafnframt tilkynna að atkvæðagreiðsla verður klukkan 13.30 í dag.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Þingrof og kosningar.

[10:32]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Í dag eru 45 dagar til ætlaðra alþingiskosninga. Enn hefur ekkert komið fram um það formlega með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggst ganga hér frá þingstörfum, með hvaða hætti staðið verður að þingrofi, frestun þingstarfa og öðru sem tilheyrir því að þingmenn geti hafið kosningaundirbúning. Það er að sjálfsögðu eðlileg krafa að frambjóðendur í alþingiskosningum hafi nægilegt svigrúm til að kynna sig og sína stefnu í aðdraganda kosninga og þess vegna brýnt að fá það fram hver áform ríkisstjórnarinnar í þessu efni eru.

Stendur til að rjúfa þingið nú á næstu dögum eða á að draga það eitthvað? Hvað hefur ríkisstjórnin hugsað sér?

[10:33]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hefur á fundi sínum í morgun fjallað um þau mál sem liggja fyrir þinginu og hún telur nauðsynlegt að afgreiða áður en þingi verður frestað. Hún fjallaði líka um nýtt mál sem þarf að komast fyrir þingið og snertir aðgerðir fyrir heimilin í landinu.

Ég hef ákveðið að kalla formenn flokkanna á fund klukkan hálftólf og ég vænti þess að þeir hafi fengið þau skilaboð. Þar munum við meðal annars fara yfir þau mál sem ríkisstjórnin telur mikilvægt að afgreiða og þá spurningu sem hv. þingmaður bar upp hér.

Staða heimilanna.

[10:34]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Seðlabankinn kynnti í gær mjög alvarlegar niðurstöður um stöðu heimilanna í landinu. Í þeim bráðabirgðaupplýsingum kemur fram að rúmlega 30 þúsund fjölskyldur eru eignalausar eða hartnær. Það sem gerir málið enn alvarlegra er að í þessum bráðabirgðaniðurstöðum er ekki búið að reikna inn öll þau lán sem hvíla á íslenskum almenningi. Það má nefna öll námslán, öll bílalán, öll yfirdráttarlán og öll lífeyrissjóðslán. Talað hefur verið um að það geti verið allt að því 400–600 milljarðar sem eigi eftir að bæta við inn í þessa útreikninga hjá Seðlabank-

anum og enginn veit enn þá hvernig þær skuldir skiptast.

Það er líka sláandi að heyra að um tvö þúsund heimili skulda yfir 50 milljónir í fasteignum sínum, og það er verið að birta þarna upplýsingar án þess að greiðslugeta þessara einstaklinga komi fram. Eftir að hafa lesið og hlustað á fréttir í gær kom það virkilega á óvart að hagfræðingar, bæði Seðlabankans og Háskólans í Reykjavík, teldu að staðan væri ekki svo slæm, þetta væri eiginlega miklu betra en þeir hefðu átt von á. Ég verð að spyrja: Hverju áttu þessir sérfræðingar eiginlega von á? Áttu þeir von á því að öll heimili á Íslandi væru gjaldþrota?

Það vekur náttúrlega líka áhyggjur mínar að á blaðamannafundinum, þar sem hæstv. forsætisráðherra kynnti fyrir fram niðurstöður Seðlabankans, var sérstaklega talað um að það yrði væntanlegt frumvarp ríkisstjórnarinnar um greiðsluaðlögun sem gæti tekið á vanda þessara fjölskyldna. Hvernig í ósköpunum sér hæstv. forsætisráðherra það fyrir sér að hægt verði að skipa umsýslumenn fyrir 30 þúsund heimili í landinu? Hvernig er það hægt? Er það kannski nýja atvinnustefnan hjá ríkisstjórninni að skapa 5–10 þúsund störf fyrir lögfræðinga til þess að aðstoða gjaldþrota fjölskyldur hér í landinu?

[10:36]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Þá kortlagningu sem hefur farið fram á vegum Seðlabankans á skuldastöðu heimilanna tel ég afar mikilvæga. Þetta er í fyrsta skipti sem farið er í slíka kortlagningu og það er rétt, sem fram kom hjá hv. þingmanni, að henni er ekki lokið vegna þess að inn í þær bráðabirgðaniðurstöður sem nú liggja fyrir vantar mikilvægar upplýsingar eins og varðandi yfirdráttarlánin og lífeyrislán, ef ég man rétt. Engu að síður tel ég stöðuna eins og hún er upplýst af hálfu Seðlabankans alvarlega. Um 20% af þeim sem voru í þessari úttekt, af um 80 þúsund heimilum, eru í mjög alvarlegri stöðu, eiginfjárstaðan er neikvæð, og rúmlega 20% stefna í neikvæða eiginfjárstöðu. Það er því alveg ljóst að taka þarf á þessum málum með skipulögðum hætti.

Við höfum farið yfir þetta í ríkisstjórninni og einstaka ráðuneytum sem fara með þessi mál. Við höfum farið yfir þau úrræði sem liggja hér fyrir þinginu til þess að taka á greiðsluvanda heimilanna ásamt þeim viðbótarúrræðum sem hafa verið til umfjöllunar í ríkisstjórninni. Við teljum að miðað við þann vanda sem við er að glíma muni þau úrræði sem ríkisstjórnin hefur lagt fram og þau sem eru ókomin hér inn í þing — sum viðbótarúrræði þarf ekki að lögfesta, við fórum yfir það í morgun — duga til þess að aðstoða og hjálpa þeim heimilum sem eru í erfiðastri stöðu.

Við teljum ekki rétt að fara þá leið sem framsóknarmenn hafa lagt til, sem er flöt afskrift af öllum lánum um 20%. (Forseti hringir.) Við teljum það ekki vera skynsamlega leið í þessari stöðu.

[10:39]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Aftur og aftur hefur það komið fram í orðum hæstv. forsætisráðherra að hún telji þetta ekki vera skynsamlega leið en hún hefur því miður ekki komið með neina sérstaklega góða tillögu um það hvaða leið hún telur skynsamlega. Slík tillaga kemur ekki fram í svörum hæstv. forsætisráðherra um það hvernig hún sjái fyrir sér að hægt verði að skipa umsýslumenn fyrir 30 þúsund heimili í landinu, eða rúmlega það — ætlunin er að viðkomandi umsýslumaður taki að sér að skilgreina hvers konar greiðslubyrði viðkomandi fjölskylda á að bera, alla vega miðað við það hvernig ég hef skilið væntanlegt frumvarp dómsmálaráðherra.

Ég vil líka benda á að ekki er langt síðan hér var Suðurlandsskjálfti og því hruni sem hefur orðið í íslensku efnahagslífi má líkja við jarðskjálfta, hér hafa orðið hamfarir. Margir urðu fyrir tjóni, sumir fyrir stórfelldu tjóni, í stórum húsum eða litlum, og sumir fyrir litlu eða engu tjóni en hins vegar var öllum bætt tjónið.

Verðtryggingin hefur verið að hlaða (Forseti hringir.) 20% ofan á höfuðstól sérstaklega verðtryggðu lánanna og enn þá meiru varðandi gengistryggðu lánin. (Forseti hringir.) Ég bara spyr enn á ný: Hvernig í ósköpunum sér hæstv. forsætisráðherra fyrir sér að hægt verði að gera eitthvað fyrir fjölskyldurnar?

[10:40]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Við þær aðstæður sem nú eru í íslensku þjóðfélagi er mjög mikilvægt að tvennt fari saman, að öllum sem þurfa á hjálp að halda sé hjálpað og ekki séu valdar leiðir sem séu ríkissjóði ofviða. Það getur verið að það þurfi að hjálpa mörgum um meira en 20% afskrift, sem er flöt afskrift hjá framsóknarmönnum, það getur vel verið að afskrifa þurfi miklu meira hjá sumum. En sumir þurfa ekki á neinni afskrift að halda. Þeir sem eru með háar tekjur og bærilega greiðslubyrði, af hverju á að vera að taka 20% niður af þeirra skuldum? Ég fæ ekki skilið af hverju á að gera það.

Af hverju eigum við ekki frekar að nýta fjármagnið til að gera meira fyrir þá sem á því þurfa að halda heldur en að fara í svona flata afskrift? Fólk sem er með 1–2 milljónir í tekjur á mánuði og skuldar kannski 10 eða 20 milljónir, á virkilega að fara að afskrifa hjá því nokkrar milljónir? Mér finnst það ekki skynsamlegt, ekki síst af því að það eru (Forseti hringir.) skattgreiðendur sem í lokin þurfa að bera þetta.

Útboð í vegagerð.

[10:41]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Hæstv. samgönguráðherra hefur verið að segja frá því, sem er ánægjulegt, að þrátt fyrir allt verði þetta ár eitt mesta framkvæmdaár í vegamálum í sögu þjóðarinnar. Það skýtur því óneitanlega skökku við þegar maður les á heimasíðu Vegagerðarinnar að ekki er búið að bjóða út nema tvö verk sem ætlunin er að vinna á þessu ári.

Ég fór yfir þetta í gær og þá sá ég að búið var að bjóða út tvö verk og raunar búið að semja um tvö verk líka. Það er auðvitað þannig, eins og allir sjá, að árið líður. Það er komið fram í miðjan mars og í ljósi þess að þetta á að vera mikið framkvæmdaár hefði maður talið að búið væri að bjóða út miklu fleiri verk, og ekki síður í ljósi þess að þegar

við skoðum þau tilboð sem þó hafa verið auglýst og þegar hafa verið opnuð, liggja lægstu tilboðin, og þau eru nokkur, í kringum 60% af kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar. Það er því alveg ljóst að menn fá mjög mikið fyrir peninginn í þeim útboðum sem þegar hafa átt sér stað.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna ekki er búið að bjóða út fleiri verk. Ég veit að hjá Vegagerðinni liggja fyrir allmörg verk sem eru tæknilega klár í útboð en það þarf að gefa grænt ljós á að þessi útboð fari fram. Ég veit að verktakar um allt land bíða eftir því að sjá fleiri útboð, menn þyrstir í störfin. Það liggur fyrir að mjög mörg verktakafyrirtæki eru að verða verkefnalaus eða verkefnalítil. Hættan er líka sú að við þessar aðstæður bjóði menn niður úr öllu valdi.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann muni ekki beita sér fyrir því að farið verði í það að bjóða verk út af miklu meiri krafti þannig að við getum komið þessum framkvæmdum af stað, ekki síst í ljósi þess að atvinnuleysi fer vaxandi. Þetta er eitt þeirra tækja sem ríkisvaldið hefur til þess að auka atvinnusköpun, þ.e. að hraða útboðum á slíkum verkefnum og (Forseti hringir.) koma af stað vinnu þannig að fleira fólk sem nú gengur um atvinnulaust geti fengið vinnu við sitt hæfi.

[10:43]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Herra forseti. Það er rétt, sem kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda, að árið 2009 verður annað mesta framkvæmdaár Íslandssögunnar í vegamálum, það mesta var í fyrra. Við skulum hafa það í huga, að í gangi eru verksamningar og verk sem taka til sín í kringum 15 milljarða kr. Við getum boðið út ný verk fyrir allt að 6 milljarða, vorum því miður skorin niður um verk fyrir 6 milljarða. Útboðsferillinn er því byrjaður eins og hv. fyrirspyrjandi gat líka um, það eru tvö verk sem hafa verið — fjögur verk í raun og veru þar sem tilboð hafa verið opnuð og samningar eru í gangi og nokkur fleiri verk eru að koma inn til útboðs.

Það verður líka að hafa í huga að heildarfjárveiting til vegamála liggur fyrir í fjárlögum eins og ég gat hér um áðan en þróun verðlags getur haft töluverð áhrif á þau verk sem þegar eru í gangi og þar með það rými sem við höfum til útboða eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda — niðurstöður úr útboðunum, ef við höldum áfram að fá 60% tilboð er það gott og þá verður meira svigrúm til verka.

Ýmis verk eru að detta inn núna. Ég nefni t.d. Bræðratunguveg með brú yfir Hvítá, það verk er við það að detta í útboð. Álftanesvegur er í útboðsferli, tilboð verða opnuð þar 7. apríl með miklum framkvæmdum. Útboð er í gangi með Reykjavíkurborg sem eru gatnamót Flugvallarvegar og Bústaðavegar og síðan eru ýmis önnur verk að detta inn eins og ég sagði áðan.

Ef ég fer yfir Suðurkjördæmið eru það Suðurstrandarvegur og Suðurlandsvegur, við munum vonandi tilkynna í næstu viku hvað við ætlum að gera þar. Hringvegur í Mosfellsbæ er í hönnun og fer þar með í útboð, vonandi á þessu ári. Arnarnesvegur og síðast en ekki síst, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) bætt umferðarflæði og almenningssamgöngur hér á höfuðborgarsvæðinu sem ég kem kannski betur að í seinna svari mínu.

[10:46]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin, þetta er allt gott og blessað. En það breytir ekki því að þegar við skoðum málið liggur einfaldlega fyrir að síðasta tilboð var auglýst 23. febrúar. Nú er marsmánuður næstum hálfnaður og síðan þá hefur ekkert gerst. Mér finnst það vera mjög ámælisvert að ekki skuli vera settur meiri kraftur í að bjóða út þessi verk einmitt núna, bæði vegna þeirrar aðstöðu sem ég nefndi, vegna þess að við höfum fengið mjög góð tilboð, og líka í ljósi þess að mikil þörf er á því að efla atvinnusköpunina. Ríkisstjórnin kynnti átak í þeim efnum í síðustu viku en mér finnst það ekki vera þannig að eftir höfðinu dansi limirnir.

Það er ekki þannig að verið sé að reyna að hraða útboðum eins og kostur er. Tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að bjóða út miklu fleiri verk. Ég skora á hæstv. ráðherra að sjá til þess að Vegagerðin bjóði út strax í næstu viku einhver verk þannig að það svari þessari miklu eftirspurn eftir framkvæmdunum (Forseti hringir.) og við getum aukið þannig atvinnusköpun í landinu. Það er auðvitað það sem mestu máli skiptir og hæstv. samgönguráðherra hefur það í hendi sér.

[10:47]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Herra forseti. Við skulum hafa það í huga að verktakar vita af útboðsþingi, hvaða verk koma til útboðs og hvenær. Ég var að tala um ýmis verk á höfuðborgarsvæðinu sem verða boðin út, vonandi á næstunni. Ég er búinn að geta um nokkur en ég vil einnig geta þess að við höfum talað um að allt að 700 millj. kr. fari til ýmissa minni verka þar eins og sérstakra strætisvagnaafreina o.fl. Það mun brátt fara í útboð. En það sem ég var að tala um áðan, virðulegi forseti, er að Bræðratunguvegur mun örugglega koma til útboðs núna næstu daga og nokkur fleiri verk sem komið hafa inn.

Virðulegi forseti. Ég vil líka geta um eitt samgöngumannvirki í viðbót sem ekki hefur verið mikið rætt um en það er hugmynd að byggingu samgöngumiðstöðvar á Reykjavíkurflugvelli. Það verk er að mínu mati í ágætisfarvegi milli mín og borgarstjóra. Vonandi getum við klárað viljayfirlýsingu jafnvel í þessari viku þar sem stigin verða góð skref í þá átt (Forseti hringir.) hvort við fáum að byggja og hvar. Ef við fáum að byggja samgöngumiðstöð við Reykjavíkurflugvöll getum við jafnvel hafið þær framkvæmdir strax á þessu ári.

Breiðavíkurmálið.

[10:48]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Fyrir ári síðan, í mars í þessum sal, ræddum við um skýrslu um Breiðavíkurmálin og ég held að það blandist engum hugur um að við vorum öll slegin óhug af frásögnum fórnarlambanna þar af því sem þar fór fram. Hér var unnin góð skýrsla fyrir þingið um þau efni og komist að þeirri niðurstöðu að þar hafi verið brotin lög, ekki bara núgildandi heldur þágildandi, um vistun barna og ungmenna þar, um meðferð þeirra, og þar hafi Alþingi brugðist

skyldu sinni. Hér báðust einstaka þingmenn afsökunar fyrir sig og sína og hæstv. forsætisráðherra viðurkenndi ýmis mistök sem orðið hefðu en jafnframt voru boðuð mál inn í þingið í framhaldinu og frekari aðgerðir.

Ég vil þess vegna nota tækifærið og spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hún telji ástæðu til þess að biðja fórnarlömbin í Breiðavíkurmálunum formlega afsökunar fyrir hönd íslenska ríkisins, en ekki síður hvað líði eftirmálum þeirrar skýrslu sem hér var, viðræðum um lúkningu þessara mála, bótagreiðslur og annað slíkt. Þó að þetta verði auðvitað aldrei bætt með fé þá er það mikilvægt að mál sem eiga athygli okkar svo mikla um skamma stund eins og þetta mál gerði að við gleymum því ekki heldur sé því fylgt eftir og reynt að ljúka fyrir og bæta sem best við getum það sár, sem ég held að það hafi ótvírætt verið, á þjóðarsálinni.

[10:50]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að verða við þeirri ósk sem fram kemur hjá hv. þingmanni þótt fyrr hefði verið. Ég vil fyrir hönd íslenskra stjórnvalda og íslensku þjóðarinnar biðja fyrrverandi vistmenn á Breiðavíkurheimilinu og fjölskyldur þeirra afsökunar á þeirri ómannúðlegu meðferð sem þeir voru látnir sæta. Ég vil sömuleiðis biðja alla þá afsökunar sem hafa sem börn verið vistaðir á stofnunum eða heimilum fyrir tilstuðlan opinberra aðila hér á landi og sætt þar illri meðferð eða ofbeldi.

Það er hins vegar ekki hægt að ætlast til að slík fyrirgefning sé veitt nema þessi kafli í sögu íslenskra barnaverndarmála sé gerður upp. Í tíð fyrrverandi forsætisráðherra var hafist handa um það verk en Alþingi samþykkti lög árið 2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Mikilvægt er einnig að hafin er könnun á meðferð barna og unglinga á mörgum fleiri vistheimilum þar sem börn og unglingar voru vistuð fyrir tilstuðlan opinberra aðila og er skýrsla um það væntanleg núna í júní nk.

Varðandi síðari spurningu hv. þingmanns hafa verið settar fram hugmyndir um bótagreiðslur sem er alveg ljóst að Breiðavíkursamtökin hafa haft miklar athugasemdir við. Fulltrúar í forsætisráðuneytinu hafa á síðustu dögum fundað með forsvarsmönnum Breiðavíkursamtakanna um hvernig hægt sé að ljúka þessu máli í bærilegri sátt. Við erum að vísu bundin af þeim fjárheimildum sem núna eru í lögum en engu að síður standa þessi samtöl nú yfir. Ég vona að við komumst þar að niðurstöðu sem fulltrúar Breiðavíkursamtakanna geta verið sáttir við. Við skuldum þessum aðilum það að sú niðurstaða sem verður á bótagreiðslum verði gerð í bærilegri sátt við þessi samtök.

[10:52]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir skýr svör og fagna því að það sé áframhald á þessari vinnu og eftirfylgni og við eigum von á frekari skýrslugerð um hvernig staðið hefur verið að aðbúnaði barna og ungmenna í landinu. Ég veit að mikil ábyrgð hvílir á hæstv. forsætisráðherra og hún hefur skamman tíma til að sinna fjölda mikilvægra mála sem varða þjóðarhagsmuni mikla og stóra. Ég vil engu að síður hvetja hæstv. forsætisráðherra, og veit að hún þarf ekki hvatningar við, til að leitast við að reyna að ljúka þessum málum, eins og hún segir, í bærilegri sátt við þá sem hlut eiga að máli. Ég held að fólk úr öllum flokkum sé sammála um að við þurfum að læra af þessari reynslu og kannski ekki síst að huga að því hvort við stöndum okkur eins vel í þessum efnum og við frekast getum. Við þurfum að hugsa til ýmissa afskiptra hópa barna og ungmenna í samfélaginu í því sambandi.

Skerðing almannatrygginga vegna fjármagnstekna.

[10:54]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Sem hluti af ráðstöfunum í ríkisfjármálum rétt fyrir jól voru gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar. Breytingin varðaði áhrif fjármagnstekna ellilífeyrisþega á upphæð lífeyris almannatrygginga. Í stað þess að fjármagnstekjur skerði bætur almannatrygginga um 50% voru gerðar breytingar í þá veru að þær skerða um 100%. Frítekjumark á fjármagnstekjur eru samt sem áður um 100 þús. kr. á ári eða um 8 þús. kr. á mánuði.

Í ræðu á Alþingi í tengslum við þessar breytingar sagði hæstv. núverandi forsætisráðherra og fyrrverandi félagsmálaráðherra um þessa breytingu eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við förum líka út í það að fjármagnstekjuskattur sem skerðir bætur almannatrygginga um 50% skerðir þær nú um 100%. Ég spyr: Er það eitthvað sem hægt er að gera ofboðslega mikið veður út af í þeim hremmingum sem við erum í? Ég held ekki, virðulegi forseti.“

Það sagði hæstv. þáverandi félagsmálaráðherra og núverandi forsætisráðherra.

Nú síðustu daga hefur komið fram veruleg gagnrýni á þessa breytingu og áhrif hennar á kjör aldraðra. Samkvæmt frétt *Morgunblaðsins* sl. þriðjudag fengu um 30 þúsund eldri borgarar bréf frá Tryggingastofnun ríkisins í byrjun árs þar sem þeim var tilkynnt að þeir hefðu fengið hærri bætur en þeir áttu rétt á. Samið var um endurgreiðslu vegna þessa og var heildarupphæðin tæpar 300 millj. kr.

Framkvæmdastjórn Landssambands eldri borgara hefur mótmælt kröftuglega og hefur kallað endurkröfur TR ranglátar, þeir segja þær byggjast á óskiljanlegum og óréttlátum reglugerðum og lögum. Í þessu máli hefur sérstaklega verið gagnrýnt að verðbætur teljist til fjármagnstekna í skilningi almannatryggingalaga. Í þeirri verðbólgu sem ríkt hefur á undanförnum mánuðum er varhugavert að líta á verðbætur á sama hátt og vexti þar sem þær eru ekki ávöxtun heldur eru þær hugsaðar til að innstæður rýrni ekki. Verðbætur sem eiga að halda í verðbólguna eigi því alls ekki að skerða lífeyri almannatrygginga, þær eigi að halda í við hækkandi verðlag.

Ég get tekið undir þessa gagnrýni og get einnig skilið eldri borgara, að þeir séu svekktir vegna þessa. Ég spyr því hæstv. forsætisráðherra hvort gengið hafi verið of langt í lagasetningu fyrir jól og hvort ástæða sé til að endurskoða hvort verðbætur eigi að falla undir fjármagnstekjur.

[10:56]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður er að vísa til þeirra aðgerða sem gripið var til fyrir jólin að því er varðar almannatryggingabæturnar. Það var alveg ljóst að við vorum þar í miklum erfiðleikum við að taka á málum og fórum þá leið sem við töldum að gæti komið best út fyrir almannatryggingaþega. Eins og hv. þingmaður veit var á sl. ári búið til ákveðið frítekjumark að því er varðar fjármagnstekjur, 90–100 þús. kr., sem skiptir mjög miklu máli vegna þess að þegar ekkert frítekjumark var á fjármagnstekjunum urðu litlar fjármagnstekjur til þess að það myndaðist ofgreiðsla hjá fólki sem þá þurfti að greiða. En þegar við settum frítekjumarkið, þær 90 þús. kr. sem ég held að séu orðnar 100 þús. núna, kom það í veg fyrir helminginn af þeirri ofgreiðslu sem fólk þurfti að búa við og var rukkað um eftir á.

Varðandi það að fara með skerðinguna úr helmingi af fjármagnstekjum í 100% var það m.a. hugsað sem leið til sparnaðar en líka til jafnræðis við aðrar greiðslur sem skerða almannatryggingabætur. Ég spyr: Af hverju er eðlilegt að lífeyrisgreiðslur skerði almannatryggingabætur, þ.e. úr lífeyrissjóðunum, meðan það er ekki nema helmingurinn af fjármagnstekjum sem skerðir almannatryggingabætur? Það var einungis helmingurinn sem skertist hjá þeim sem hafa fjármagnstekjur og var þetta m.a. hugsað til jafnræðis við aðrar greiðslur sem skerða almannatryggingabætur.

[10:58]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin en þessar reglur eru mjög mismunandi. Varðandi lífeyrissjóðstekjurnar eru eingöngu 25% þeirra sem koma til skerðingar, ef ég man rétt, meðan það eru 100% varðandi fjármagnstekjur.

En það er alltaf mjög óheppilegt þegar krefja þarf fólk um ofgreiddar bætur og ég skil mjög „svekkelsi“ aldraðra og áhyggjur þeirra af því. En það sem ég spurði sérstaklega um var hvort hæstv. ráðherra telji að gengið hafi verið of langt með því að telja verðbætur til fjármagnstekna. Það er það sem hefur sérstaklega verið gagnrýnt í þessum efnum.

Ég geri ekki athugasemdir við að aðrar tekjur hafi áhrif á lífeyri enda er lífeyrir almannatrygginga hugsaður sem ákveðinn grunnur til að fólk geti framfleytt sér með sómasamlegum hætti og er engin ástæða til annars en að aðrar tekjur hafi einhver áhrif þar á.

En það er spurningin hvort gengið hafi verið of langt með því að taka verðbæturnar inn í fjármagnstekjur. Ég ítreka því spurningu mína í þá veru.

[10:59]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Áður en þessi ákvörðun var tekin var farið mjög vandlega ofan í málið einmitt í því skyni að fara leiðir sem kæmu sem best út fyrir fólk sem fær almannatryggingabætur. Eins og hv. þingmaður veit fengu þeir almannatryggingaþegar sem voru með lægstar bætur, fullar verðbætur um sl. áramót sem fóru verulegir fjármunir í og skiptu talsverðu máli fyrir þá bótaþega.

Hv. þingmaður veit það líka að á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins er verið að vinna að endurskoðun á almannatryggingakerfinu, m.a. til að koma í veg fyrir þær víxlverkanir sem eru milli greiðslna úr lífeyrissjóðum og almannatryggingakerfinu. Ég tel alveg sjálfsagt að sú nefnd sem skoðar þetta kanni sérstaklega hvort athugasemd hv. þingmanns eigi við rök að styðjast, að það þurfi að endurskoða þetta með einhverjum hætti að því er varðar verðbæturnar. (Forseti hringir.) Ég tel svo ekki vera vegna þess að við fórum mjög nákvæmlega yfir þetta áður en ákvörðunin var tekin en það er sjálfsagt og eðlilegt að nefndin fari yfir þær athugasemdir sem komið hafa frá hv. þingmanni.

Álver í Helguvík.

[11:01]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég beini orðum mínum til hæstv. forsætisráðherra. Það er eiginlega út af formsatriði og varðar mál sem var til umfjöllunar í gærkvöldi og er frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík. Nú hefur komið fram í umræðunni og hefur komið fram í fjölmiðlum einnig að annar stjórnarflokkurinn styður ekki málið. Þá velti ég fyrir mér hvort hæstv. forsætisráðherra sem ber ábyrgð á störfum ríkisstjórnar og er æðsti ráðherrann hafi eitthvert lögfræðiálit undir höndum sem styðji það að þetta sé samkvæmt venju og samkvæmt hefðum og standist þau lög og reglur sem starfað er eftir á hv. Alþingi og innan Stjórnarráðsins eða hvort þetta hafi komið henni á óvart og hvort þá þurfi hugsanlega að flytja nýtt mál. Nú er ég ekki að efast um að þetta þingmál hafi meiri hluta á Alþingi en spurningin er hvort það gangi að einungis annar stjórnarflokkurinn standi að stjórnarfrumvarpi. Nú er hæstv. forsætisráðherra þingreyndasti þingmaðurinn á hv. Alþingi og hefur auk þess setið mjög lengi í ríkisstjórn. Ég veit að hún vill ekki hafa nein lausatök hvað varðar hefðir og venjur Alþingis og Stjórnarráðsins og ég vil því gjarnan fá að heyra hvort hún hafi velt þessum spurningum fyrir sér.

[11:02]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmaður þekkir var framlagning á þessu máli heimiluð í ríkisstjórn og hún var líka samþykkt í báðum þingflokkunum. Hitt er svo annað mál að varðandi afstöðu vinstri grænna til málsins í heild er hún kunnug öllum. Það er alveg ljóst að þessi mál komu fram í verkáætlun ríkisstjórnarinnar þannig að það kemur ekki á óvart þó að vinstri grænir muni við afgreiðslu málsins í þinginu ekki fallast á eða samþykkja það frumvarp. Ég tel þó að það hafi verið formlega rétt að öllu staðið að því er varðar framlagningu málsins eins og ég hef hér lýst.

[11:03]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég er ekki alveg viss um að það sé formlega rétt að málum staðið. Ég spurði hæstv. forsætisráðherra hvort hún hefði undir höndum lögfræðiálit þess efnis en það kom ekkert fram um það í svari hennar. Ég er ekki

að tala um þetta mál efnislega og það kom mér ekkert á óvart að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á móti málinu. Ég velti því einungis fyrir mér hvort það gangi upp lagalega séð að leggja fram stjórnarfrumvarp sem stjórnarflokkur, heyrist mér, sem síðan er ætlunin að greiða atkvæði gegn. Mér heyrist ekki um það að ræða að hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar ætli að sitja hjá, heldur ætla þeir að greiða atkvæði gegn stjórnarfrumvarpi. Það er, held ég, nýjung í íslenskri pólitík.

[11:04]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það mun koma í ljós við afgreiðslu málsins hvort þingmenn Vinstri grænna greiða atkvæði gegn eða sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins. Ég held að það sé ekkert einsdæmi í þingsögunni að ráðherra í ríkisstjórn, svo dæmi sé tekið, leggist gegn frumvarpi og er dæmi um það frá 1970 þegar einn ráðherra lagðist gegn stjórnarfrumvarpi, mig minnir að það hafi verið um verðlags- og samkeppnismál, með þeim afleiðingum að það var fellt. Ég hygg ekki að það mál sem hér um ræðir verði fellt á þingi, ég veit ekki betur en að það hafi góðan þingmeirihluta.

Tilhögun þingfundar.

[11:06]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti vill tilkynna að þrátt fyrir fyrri tilkynningu forseta um atkvæðagreiðslur sem til stóð að hafa kl. hálftvö ætlar forseti að freista þess að hafa atkvæðagreiðslu um afbrigði nú svo umræður gangi eðlilega í dag. Forseti hyggst þess vegna ganga til atkvæðagreiðslu um afbrigði.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:07]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 8. og 10.–15. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Hagsmunir Íslands vegna Icesave-ábyrgðanna.

[11:08]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Nú fer fram áður boðuð utandagskrárumræða um hagsmuni Íslands vegna Icesave-ábyrgðanna. Málshefjandi er hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[11:08]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það mál sem við fjöllum um hér, Icesave-ábyrgðirnar, er eitt mesta óréttlætismál seinni tíma. Þegar bankarnir hrundu kom í ljós að mjög hár reikningur mundi líklega lenda á íslensku þjóðinni vegna Icesave-ábyrgðanna. Þá voru nefndar tölur eins og 628 milljarðar en síðan hafa komið fram opinberlega tölur um að þetta gæti verið talsvert lægri upphæð. Skilanefnd Landsbankans nefnir töluna 72 milljarða. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann geti upplýst okkur um hver sannleikurinn sé í þessu máli ef hann er einhvers staðar sýnilegur í augnablikinu. Hvað er líklegt að þessar ábyrgðir séu háar?

Það er líka sárgrætilegt þegar maður skoðar málið til baka að hugsanlega hefðum við getað losnað við þessar ábyrgðir. Miðað við þá umræðu sem var í samfélaginu þegar þetta allt átti sér stað var talað um að fyrir 200 milljóna punda fyrirgreiðslu hefðu Bretarnir hugsanlega tekið ábyrgðirnar í sína lögsögu. Sú er hér stendur spurði þáverandi forsætisráðherra sérstaklega að þessu, hvort þetta væri rétt og fékk svar um að hæstv. forsætisráðherra hefði ekki vitað af þessu áður en Landsbankinn var yfirtekinn. Síðan hefur Tryggvi Þór Herbertsson, fyrrverandi efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, upplýst að hann hefði upplýst fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra um þetta áður en Landsbankinn var tekinn þannig að svörin stangast á. Það er sárgrætilegt að horfa upp á þetta ef rétt er. Ég vil leyfa mér að trúa því að hæstv. forsætisráðherra hafi rétt fyrir sér í þessu máli en það þurfa að koma skýrari svör.

Fyrir nokkru spurði ég hæstv. utanríkisráðherra út í það hvort okkur bæri lagaleg skylda til að greiða. Í því svari sem kom segir að það séu þungvæg lögfræðileg rök sem hnígi að því að við verðum að greiða þessar upphæðir. Það kemur líka fram að ríkin þrjú sem hér eiga hlut að máli og öll ESB-ríkin og Noregur hafi þvertekið fyrir málarekstur á lögfræðilegum grunni um þetta mál og því sé sú leið ekki fær.

Ég spurði líka hæstv. utanríkisráðherra hvort gert hefði verið hagsmunamat á stöðu Íslands ef við borgum og ef við borgum ekki. Svörin sem ég fékk voru mjög veik, virðulegur forseti. Ég vil því beina sömu fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra: Hefur farið fram einhvers konar hagsmunamat á þessum leiðum, þ.e. ef við borgum og ef við borgum ekki? Ég geri mér grein fyrir því að ef við borgum ekki verður uppnám í EES-samningnum en það er spurning hvernig hagsmunamat okkar sé ef við borgum, virðulegur forseti.

Á sínum tíma var það niðurstaða íslenskra stjórnvalda, þ.e. Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, það var mat þeirrar ríkisstjórnar að hagsmunum Íslands til lengri tíma litið væri best borgið með því að við greiddum þessar ábyrgðir. Í svari hæstv. utanríkisráðherra fyrir stuttu kemur það sama fram og ég vil lesa upp úr því svari af því að ég inni sérstaklega hæstv. fjármálaráðherra eftir því hvort það sé ekki alveg rétt sem þar kemur fram. Þar stendur eftirfarandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er því mat núverandi ríkisstjórnar, og þeirrar fráfarandi einnig, að lausn deilunnar með aðstoð alþjóðasamfélagsins og þeirra ríkja sem næst okkur standa, fyrst og fremst Norðurlandanna, sé ein af forsendum endurreisnar íslensks efnahagslífs.“

Virðulegur forseti. Er það ekki þannig, og það er eðlilegt að hæstv. fjármálaráðherra svari því, er það ekki rétt

skilið að Vinstri grænir séu þá sammála þessu mati, að það sé eðlilegt, skást í stöðunni ætti ég kannski frekar að segja, að borga þessar ábyrgðir? Ég spyr einnig hæstv. fjármálaráðherra: Hvar standa samningarnir yfirleitt? Nú er komin nefnd í þetta mál, ný nefnd sem Svavar Gestsson veitir forstöðu og væntanlega er hún að vinna gott starf, en hvernig standa samningarnir? Væri eðlilegt að samningaviðræður tækju jafnvel mörg ár? Við eigum kannski erfitt með að sjá núna hver greiðslugeta okkar er. Megum við búast við því að þetta gæti tekið mörg ár, virðulegur forseti? Ég tel mjög mikilvægt að bæði þing og þjóð átti sig á stöðunni af því að að lokum, þegar samningar eru á lokastigi, þarf Alþingi að samþykkja (Forseti hringir.) eða hafna ábyrgð á því að íslenska ríkið greiði þennan reikning. Það er mjög mikilvægt að við vitum hvenær von sé (Forseti hringir.) á niðurstöðu og í hvaða anda hún verður.

[11:13]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Hér er spurt um tölur og þær eru orðnar nokkuð gamalkunnar, ég held að það láti nærri að heildarreikningurinn vegna Icesave-reikninganna í Bretlandi og Hollandi sé um 600 milljarðar íslenskra króna á núverandi gengi. Um tíma var þessi upphæð um 700 milljarðar og það er að sjálfsögðu bara háð því gengi sem er á pundi og evru á hverjum tíma. Nýjasta mat skilanefndar Landsbankans sem legið hefur fyrir nú um nokkurra vikna skeið er að upp í þessa reikninga kunni að endurheimtast eignir ef þær verða losaðar, kannski einkum eftir 3–5 ár, þannig að eftir standi 70–75 milljarðar króna. Þetta mat er auðvitað háð gríðarlegri óvissu, m.a. um markaðsaðstæður og verðmæti eignanna þegar þarna kæmi. Það er rétt að upplýsa að ekki eru allir aðilar jafnbjartsýnir á þetta mat og skilanefnd Landsbankans.

Hv. þingmaður spyr hvað gerist ef við borgum ekki, í þeim skilningi að við slítum samningaviðræðum og neitum að borga. Ég held að ég verði að taka undir það svar sem hæstv. utanríkisráðherra gaf í þeim efnum. Það liggur því miður fyrir og mátti öllum verða ljóst strax í haust að það eru tengsl milli þessa máls og áætlunarinnar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og það eru líka tengsl milli þessa máls og samningaviðræðna okkar við norræna seðlabanka og Pólland og Rússland um gjaldeyrislán til að efla gjaldeyrisvaraforða okkar.

Ég held að staðan sé einfaldlega sú og þannig er fyrir mælt af hálfu Alþingis að það eigi að halda þessum samningaviðræðum áfram og láta á þær reyna en þar með er að sjálfsögðu ekki sagt að það eigi að skrifa undir hvaða afarkosti sem er. Það er ekki falið í samþykkt Alþingis eins og ég skil hana.

Viðræður eru að hefjast, ríkisstjórnin samþykkti 24. febrúar sl. að fela fjármálaráðherra, mér, að hafa forustu um og bera ábyrgð á því að skipa samninganefnd og það var gert í framhaldinu. Sú nefnd er þannig skipuð að henni veitir forustu Svavar Gestsson sendiherra og ásamt honum eru í nefndinni Indriði H. Þorláksson, settur ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Páll Þórhallsson, lögfræðingur í forsætisráðuneytinu, Marteinn Eyjólfsson, lögfræðingur í utanríkisráðuneytinu, Áslaug Árnadóttir, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu og Sturla Pálsson, hagfræðingur í Seðlabanka Íslands.

Ég geri ráð fyrir að viðræðufundir komist á eða líklegt sé að þeir verði undir lok þessa mánaðar, í nágrenni við mánaðamótin, það hefur ekki verið tímasett endanlega, en samninganefndin hefur unnið mikið undirbúningsstarf að undanförnu. Ýmis tengsl hafa verið byggð upp, þannig höfum við, þ.e. ég ásamt viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra, átt fundi með sendiherrum og sendimönnum þessara ríkja, þar á meðal hæstv. utanríkisráðherra með sérstökum sendimanni forsætisráðherra Bretlands. Slíkum tengslum verður haldið áfram og eins og ég segi líklegt að formlegir viðræðufundir komist á á nýjan leik undir lok þessa mánaðar. Málið er í þeirri stöðu sem fráfarandi ríkisstjórn skildi það eftir í en hafði í raun verið afvelta frá því í desember og fram í febrúar að ný stjórn tók við. Það er hlutskipti okkar að reyna að greiða úr þessu erfiða, svo ég segi ekki hörmulega, máli eftir því sem best er hægt við þær aðstæður sem það er í og við erum stödd í gagnvart því.

Ég hef átt ágætan fund með utanríkismálanefnd þar sem við fórum rækilega yfir stöðuna í þessu máli um svipað leyti og samninganefndin var skipuð. Og þótt það sé fremur óvenjulegt að fjármálaráðherra sitji á löngum fundum með utanríkismálanefnd var það engu að síður svo og ég geri ráð fyrir að óska eftir því að hitta nefndina fljótlega aftur til að upplýsa hana frekar um stöðu málsins og viss samskipti, þar á meðal við bresk stjórnvöld.

Ég tel einnig sjálfsagt mál ef nefndin óskar eftir því að samninganefndin eða formaður samninganefndar komi á hennar fund. Utanríkismálanefnd hefur í fórum sínum, að ég held, nánast öll gögn og trúnaðarskjöl í þessu máli og það verður séð um það áfram að hún fái þau í hendur eða verði upplýst um málin eins og þeim miðar. Það er ákaflega mikilvægt að geta átt slík samskipti við utanríkismálanefnd í trúnaði um þessi mál því auðvitað er öllum ljóst að hér eru gríðarlega afdrifaríkir hagsmunir á ferðinni, viðkvæmir og vandasamir samningar og samskipti við erlend ríki og því er afar mikilvægt að geta átt gott samstarf við utanríkismálanefnd um þessa hluti eins og þeim vindur fram og þar með þverpólitískt samstarf við fulltrúa allra flokka hér á þingi.

[11:19]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Icesave-málið er líklega eitt stærsta og mikilvægasta hagsmunamál sem íslenska þjóðin hefur staðið frammi fyrir á síðari tímum. Ríkisstjórnin verður að taka sig saman í andlitinu, það er lítið að gerast í málinu þó að hagsmunirnir séu gríðarlegir. Ég hef margoft sagt að ríkisstjórnin þurfi að endurskoða frá grunni aðgerðir vegna deilunnar við bresk stjórnvöld um uppgjör vegna Icesave-reikninganna. Í því máli verður að verjast af hörku og ég hef verið harður talsmaður þess að farið verði í mál við Breta vegna Icesave-deilunnar. Ég hef sagt að til þess sé nauðsynlegt að leitað verði til færustu sérfræðinga og samningamanna sem hafa reynslu af samningaviðræðum sem þessum. Það hefur því miður ekki verið gert. Slíkt er ekki ásættanlegt, herra forseti, og ég gagnrýni ríkisstjórnina harðlega fyrir viðbrögð sín í Icesave-málinu.

Tveir valinkunnir lögfræðingar, Stefán Már Stefánsson, prófessor í Evrópurétti, og Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður, hafa einnig gert það í blaðagreinum í *Morgunblaðinu* og furða sig á því hvers vegna ríkisstjórnin hefur ekki haldið fram lagalegum rétti Íslendinga í málinu gagnvart Bretum í máli sem varðar hagsmuni okkar Íslendinga, allt að 600 milljarða kr., og auk þess leynt þingið lögfræðilegum álitsgerðum sem unnar hafa verið vegna málsins.

Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum leitar ríkisstjórnin ekki til þessara sérfræðinga til að gæta hagsmuna okkar í málum gegn Bretum? Það er óskiljanlegt að það hafi ekki verið gert.

Eitthvað það versta við framgöngu utanríkisráðherra í Icesave-málinu er það pukur og sú leynd sem hvílt hefur yfir málinu. Við þingmenn þurftum t.d. að sætta okkur við það að sjá í viðtali á sjónvarpsstöðinni Skjá 1 að hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefði átt leynifund um Icesave-málið við utanríkisráðherra Breta, David Miliband. Hvorki þjóðin sem þarf nú hugsanlega að greiða þessi ósköp né þingið fá að vita neitt um það hvað fór fram á þessum fundi og ríkisstjórnin skuldar þinginu og þjóðinni (Forseti hringir.) skýringa á því hvað þar fór fram. Herra forseti. Það er ekki valkostur að skuldbinda ríkið og kynslóðir framtíðarinnar um allt að 600 milljarða króna og ríkisstjórnin verður að koma í veg fyrir (Forseti hringir.) að það verði gert.

[11:21]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta er mikilvæg umræða um grundvallaratriði. Mótmæli vegna bankahrunsins á Íslandi hófust ekki í Reykjavík, heldur við sendiráð Íslands í öðrum löndum. Hundruð þúsunda almennra borgara í löndum eins og Hollandi, Þýskalandi, Bretlandi, Lúxemborg og á Norðurlöndunum óttuðust um eða töpuðu ævisparnaði. Þetta var ekki verk íslensks almennings en í heimsþorpinu sem við lifum í núna litu þessi hundruð þúsunda venjulegs fólks svo á að Ísland væri ábyrgt. Orðspor Íslands var undir, landið sem aldrei hefur farið með ófriði á annarra hendur var í fyrsta skipti í sögu sinni í deilu við alla nágranna sína. Við þessar aðstæður kaus bankastjóri Seðlabankans og heimastjórnararmur Sjálfstæðisflokksins að senda þau skilaboð til umheimsins að Íslandi væri skítsama. Við borgum ekkert, sagði hann, og heimspressan frá New York til Berlínar, um Lundúnir til Tókíó, sló því upp sem heimsfrétt. Á grundvelli þessarar afstöðu einangraðist Ísland frá öllum, vinum á Norðurlöndunum jafnt sem annars staðar. Öll ríki sem voru reiðubúin að lána okkur fé vildu gera það á grundvelli áætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins nema vinir okkar Færeyingar. Forsenda jákvæðra samskipta var að Icesave-deilan kæmist í diplómatískan farveg.

Nú hefur nýr fjármálaráðherra tekið við forustu samninganna um Icesave. Í stjórnarandstöðu hélt hann reyndar aðrar ræður en þá sem hann hélt hér áðan, en ný ríkisstjórn hefur í engu breytt þeim ákvörðunum sem teknar voru í fyrri ríkisstjórn undir forustu fyrrverandi forsætisráðherra Geirs Haarde.

Það sýnir að leiðin að málinu sem var ákveðin í haust er sú rétta. Það vantar yfirþjóðlegan dómstól en við samningaborðið hefur Ísland náð miklum árangri og eins og fyrrverandi utanríkisráðherra sagði vinnur tíminn með okkur í þessu máli, þetta er pólitískt úrlausnarefni en ekki mál sem (Forseti hringir.) þrífst í lagatæknilegu tómarúmi.

[11:23]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Við eigum auðvitað mjög erfitt með að borga þessar skuldir vegna Icesave-reikninganna og það verður verk nýrrar ríkisstjórnar eftir kosningar í vor að reyna að semja sig frá þessum skuldum og reyna að semja um sem best lánakjör og helst að semja sig alveg frá þessum skuldum sem verður auðvitað mjög erfitt.

Óvissan um hvað er til af eignum upp í þessar skuldir er með þeim hætti að enginn getur sagt um það, enginn veit hvernig málin þróast næstu tvö, þrjú árin. Það er gaman að rifja upp ummæli þingmanna Vinstri grænna um þessar skuldir og Icesave-reikningana og hvað átti að gera fyrir áramót og svo aftur hvað þeir leggja til að verði gert núna, tveimur mánuðum seinna. Ekki síður ummæli þeirra um samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem þeim leist ekkert á fyrir áramót en breyttist á nýju ári. Ég get alveg tekið undir það sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði, auðvitað eigum við að fara í mál við Bretana. Auðvitað eigum við að fara í mál við þá út af hryðjuverkalögunum og því tjóni sem þeir hafa valdið okkur út af þessum Icesave-skuldum.

Það er eins með sjálfstæðismennina, hvað hafa þeir ekki verið að segja í þessari umræðu? Hvernig höguðu þeir sér þegar bankahrunið varð? Hvað sagði fyrrverandi seðlabankastjóri, sem er átrúnaðargoð þeirra í pólitík, um það að Jón og Gunna ættu ekki að borga skuldir fyrir óráðsíumennina? Hvar erum við stödd í þessu þegar Jón og Gunna í Breiðholtinu þurfa að borga brúsann fyrir misgjörðir (Forseti hringir.) sjálfstæðismannanna?

[11:26]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Icesave-málið er ekki nema hluti af stórri heild. Stóra heildin er sú að íslensku viðskiptabankarnir komu sér í þá stöðu að þeir réðu ekki við skuldbindingar sínar og líklega munu þúsundir milljarða króna tapast og þeir sem tapa þessu fé eru erlendir kröfuhafar, bankar og fyrirtæki erlendis. Það er nefnilega þannig að stóri skellurinn í þessu máli lendir á viðskiptavinum bankanna en ekki á íslensku þjóðinni.

Við eigum mikið undir því að samkomulag náist um uppgjör á þrotabúum gömlu bankanna við þessa erlendu kröfuhafa og að menn gæti þess í skilum milli gömlu og nýju bankanna að sátt verði um þær færslur þannig að við lendum ekki í deilum við erlendar þjóðir. Við höfum ekki bolmagn til að standa í deilum við erlendar þjóðir, við byggjum okkar lífskjör á viðskiptum erlendis, við höfum hærra hlutfall af þjóðarframleiðslu sem tengist viðskiptum við útlönd en nokkur önnur þjóð og ef ekki gengur að halda þeim úti með sómasamlegum hætti munu lífskjör hér á landi falla mjög hratt.

Það er umdeilanlegt hvort okkur beri lagaleg skylda til að greiða Icesave-reikningana en ég er kominn á þá skoðun

eftir athugun málsins að það sé óskynsamlegt að láta reyna á það, skynsamlegra fyrir okkur er að ná samningum um uppgjör á þeim deilum. Við getum aldrei unnið það stríð ef við ætlum í það vegna þess að þolendurnir í því stríði eru einstaklingar í mörgum Evrópusambandsríkjum, fyrirtæki, sveitarfélög en fyrst og fremst fólk sem er að tapa miklum peningum í löndum sem við viljum eiga mikil viðskipti við. Ég tel skynsamlegast að við náum samkomulagi um uppgjör á þeim (Forseti hringir.) skuldum.

[11:28]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að bera umræðu um Icesave-reikninga á borð hér rétt eina ferðina. Þó er það svo að þjóðin hefur ekki fengið þau svör sem hana vantar. Kannski er kjánalegt að reyna að kalla þessi svör fram hér í þinginu því að hæstv. ráðherrar sem bæði eru löggjafar- og framkvæmdarvald geta staðið hér mánuðum saman án þess að gefa nokkur svör. Og virðulegir embættismenn eru ítrekað kallaðir fyrir nefndir þingsins til að leita upplýsinga við ýmsum dylgjum sem þeir hafa látið falla í fjölmiðlum — en allt kemur fyrir ekki.

Það eina sem þjóðin veit er að hún verður á komandi vikum eða mánuðum skuldsett þannig að þau lífsgæði sem við höfum grobbað okkur af í nokkurn tíma og fært okkur samfélag velferðar, nægrar atvinnu, kröftugs heilbrigðiskerfis og ágæts menntakerfis er liðin tíð. Þess utan höfum við haft efni á ýmsum munaði eins og því að velta því fyrir okkur hvort við eigum að nýta landsins gæði, en sá tími er líka liðinn.

Það veit hvert mannsbarn að aldrei var látið reyna á lagalega hlið þessa máls. Það veit hvert mannsbarn að mikil óvissa ríkir um regluverkið sem smíðað hafði verið utan um það sem sumir hafa kallað skuldbindingar ríkisins, en lagalega séð er algjörlega óvíst hvort eru nokkrar skuldbindingar. Fyrrverandi ríkisstjórn fékk ráðgjöf um að það þjónaði ekki hagsmunum íslenska ríkisins að leita réttar síns. Íslenska þjóðin vill vita hvers vegna. Hvaða hagsmunir eru það sem ekki er hægt að uppfylla og hvers vegna er ekki hægt að uppfylla þá? Er það vegna þess að íslenskir ráðamenn létu hræða sig með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum inn í húsasund og leystu svo bara niður um sig? Af hverju, hæstv. fjármálaráðherra? Af hverju?

Eins og ég sagði í upphafi er kannski að bera í bakkafullan lækinn að bera umræðu um skuldbindingar íslenskra banka á erlendri grundu hér á borð eina ferðina enn og líklega er það tímasóun eftir allt sem á undan er gengið og miðað við farveginn sem málið hefur verið sett í, en það er þó alveg á hreinu að venjulegt fólk sem fylgir lögum og reglum í þessu landi vill skýringar á því hvernig íslensku bankarnir gátu hleypt því í þá stöðu að þurfa að borga þennan brúsa á næstu áratugum. Það er ekki í samræmi við það réttarríki sem við þó búum við sem reyndar hefur (Forseti hringir.) verulega látið á sjá undanfarna mánuði.

[11:30]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég þakka frummælanda fyrir að vekja máls á þessu. Þetta er afar mikilsvert mál og skiptir sköpum hvernig til tekst. Ég hef áður flutt hér ræður um þetta og ég hef ekki breytt neinni skoðun um það. Ég minni á ummæli hv. þm. Árna Mathiesens 13. nóvember um að þetta væri gjörsamlega óaðgengilegt. Undir það tók hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra. Sú afstaða breyttist og skýringar á þeirri breytingu má finna í ræðu fyrrverandi utanríkisráðherra 17. nóvember 2008 og tengsl við Evrópska efnahagssvæðið og fleira í þeim dúr.

Ég minni líka á að Ríkisendurskoðun taldi á sínum tíma að við bærum enga ábyrgð á þessum skuldbindingum og að ekki ætti að færa þetta inn í ríkisreikning, það ætti að standa þar fyrir utan. Ég leyfi mér líka að minna á ummæli lögfræðinganna Stefáns Más Stefánssonar og Lárusar Blöndals og ræðu Bjargar Thorarensen 1. desember 2008 um ógildanlega nauðungarsamninga. Ég segi það að hugsanleg eftiráábyrgð ríkisins er í raun brot á samkeppnisreglum ESB. Ef við hefðum tekið þetta upp áður hefðum við verið talin brotleg. Öll þessi rök verða frammi í samningaviðræðunum og verða að vera það. Við tókum við málinu í þeim farvegi sem það er og við verðum að leysa það. Tíminn mun vinna með okkur í þeim efnum.

Ég vil segja að lokum að mér finnst afar mikilvægt að utanríkismálanefnd fylgist nákvæmlega með þessu máli og fái frá ríkisstjórninni af sjálfsdáðum og jafnharðan allar upplýsingar sem þar skipta máli. Aðalatriðið í lausn þessa máls er þó kannski það að leita friðarsamninga við Breta út frá greiðslugetu þjóðarinnar, leggja hana á borðið og leita eftir friðarsamningum. Við þurfum líka að ná í þessu máli þverpólitískri sátt vegna þess að það skiptir sköpum um framtíð þjóðarinnar.

[11:32]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Íslensk þjóð varð fyrir fimm áföllum í fyrrahaust: eignahrun, keðjuverkun gjaldþrota með atvinnuleysi í kjölfarið, jöklabréfin, Icesave og kröfuhafar bankanna. Fyrstu þrjú áföllin munum við greiða með herkjum. Síðustu tvö áföllin eiga íslenskir skattgreiðendur ekki að greiða en eru neyddir til þess, annars vegar af ESB sem beitti okkur viðskiptastríði þó að um galla í regluverki þess sé að ræða og hins vegar lánardrottnum bankanna sem segja Íslendinga geta gleymt því að taka lán um allan heim næstu 25 árin nema eitthvað sé gert vegna neyðarlaganna.

Mikilvægt er að þessar óréttmætu kröfur steypi þjóðinni ekki í skuldir sem hún ræður ekki við til viðbótar við hin áföllin. Það gagnast ekki þessum erlendu aðilum, heldur er það hagur þeirra og allra að íslensk þjóð standi sterk og geti borgað. Þess vegna krefst ég þess að þessi mál verði leyst sem ein heild. Ég krefst þess enn fremur að leyndarhjúp verði aflétt af þessum málum og við fáum að vita hvað búið er að semja eða gefa loforð um. Varðar það hæstv. fjármálaráðherra, viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra? En þessi ráðuneyti virðast vinna hvert í sínu skoti að lausn sem hver um sig er viðráðanleg en kaffærir þjóðina þegar þær koma saman. Við eigum ekki að borga þessar kröfur og þess vegna er eðlilegt að setja efri mörk á þær í heild sinni sem við ráðum við og það er fráleitt að við greiðum einhverja vexti af þessum óréttmætu kröfum eins og gerð er krafa um.

[11:34]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að fylgjast með Sjálfstæðisflokknum í þessari umræðu. Við þekkjum það frá því í haust að þá fór fram mikil barátta þegar við öttum kappi við sjálfstæðismenn í ríkisstjórnarsamstarfi um það hvernig ætti að taka á því hruni sem þá varð. Þá var það ljóst að heimastjórnarklíkan í Sjálfstæðisflokknum vildi skella öllum hurðum í lás, segja landið úr lögum við umheiminn og búa til úr Íslandi einhvers konar sjóræningjaland í Norðurhöfum sem ekki stæði við þær skuldbindingar sem leiddu af þjóðarrétti. Hins vegar var þáverandi forusta flokksins, undir forustu hv. þm. Geirs Haarde og varaformanns Sjálfstæðisflokksins, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, tilbúin til að axla ábyrgð og leiddi ásamt Samfylkingunni til þeirrar niðurstöðu sem náðist um Icesave-ábyrgðirnar.

Í umræðunni hér í dag eru tveir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sem eru báðir fulltrúar einangrunarklíkunnar sjálfrar, mennirnir sem vilja ekki að við stöndum við þær skuldbindingar sem við höfum sannanlega þurft að standa við, (Gripið fram í.) menn sem þá töluðu gegn því að við stæðum við þessar ábyrgðir og gera það aftur nú. Hvað þýðir þetta, virðulegi forseti? (Gripið fram í.) Þetta þýðir að Sjálfstæðisflokkurinn er greinilega á harðahlaupum undan ábyrgð í þessum málum. (**Gripið fram í:** Hvað finnst …?) Sjálfstæðisflokkurinn verður hér ber að því að verða lýðskrumsflokkur af verstu sort rétt fyrir kosningarnar. (**Gripið fram í:** Þetta …) Og það hlýtur að vera dapurlegra en tárum taki fyrir hv. þm. Geir H. Haarde að sitja hér í salnum og hlusta á þennan málflutning þeirra sömu manna og héldu þessum þvættingi fram í haust sem halda því aftur fram nú að Ísland geti sagt sig úr lögum við umheiminn og þurfi ekki að taka ábyrgð í samfélagi þjóðanna.

Virðulegi forseti. Það þarf staðfestu á erfiðum tímum. Málstað Íslands hefur verið haldið fram. Það er engin slík lagaóvissa um réttarstöðu Íslands að það sé ekki eðlilegt að ganga til samninga við nágrannaríki okkar á eðlilegum forsendum um þessi mál. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Við eigum að axla ábyrgð á því sem við höfum gert og við eigum ekki (Forseti hringir.) að reyna að koma fram sem sjóræningjaríki í Norðurhöfum eins og Sjálfstæðisflokkurinn (Forseti hringir.) augljóslega leggur nú til.

[11:36]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Við erum að ræða mjög alvarlegt mál. Við hljótum að spyrja okkur einnar spurningar, Íslendingar allir: Hver er greiðslugeta okkar? Hver er raunveruleg greiðslugeta okkar? Hvað getum við leyft okkur? Mín skoðun á þessu máli er einfaldlega sú að ef við eigum að taka þessar skuldbindingar á okkur, með 5–7% vöxtum eins og menn hafa rætt um, er þetta gjörsamlega út úr kortinu. Það er hægt að ímynda sér og óska þess að þær eignir sem eru til í Bretlandi eða þeim löndum sem Icesave-reikningar voru reknir í gangi upp í eitthvað af þessum skuldbindingum. Það er talað um að þetta séu 600 milljarðar og í besta falli gætum við setið eftir með innan við 100 milljarða. Ég held að eins og staðan er í málinu hljótum við að láta reyna á alla réttarstöðu okkar, hvort við yfirleitt eigum að bera þetta sem ég dreg mjög í efa. Það gæti þó verið vegna þess að fyrri ríkisstjórn hafi ekki sinnt skyldum sínum, ekki viðskiptaráðherra, Fjármálaeftirlit eða Seðlabanki, um að láta uppi sögurnar þar sem bankastarfsemin var rekin um að Íslendingar gætu ekki borið ábyrgð á þeirri stöðu sem þar var komin.

Ég er að vísu ekki löglærður maður en hef reynt að lesa þessar reglugerðir Evrópusambandsins að þessu leyti og fæ ekki annað séð en að ef við Íslendingar hefðum formlega sagt að við gætum ekki axlað þessar ábyrgðir hefði myndast önnur réttarstaða gagnvart þessum ríkjum. Það hljóta löglærðir menn að geta leitt í ljós og vissulega hafa sumir þeirra haldið því fram að réttarstaða okkar í þessu máli væri sú að við þyrftum ekki að borga. (Forseti hringir.)

[11:39]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þau svör sem fengust hérna og ég tek undir með hv. þm. Árna Páli Árnasyni, það er mjög sérstakt að hlusta á fulltrúa Sjálfstæðisflokksins tala í þessari umræðu. Þeir geta ekki komið hingað upp og sagt eitthvað allt annað núna en fyrir stuttu síðan. Mér finnst það bara ekki boðlegt í svona stóru máli. Þeir ákváðu ásamt Samfylkingunni í síðustu ríkisstjórn og greiddu atkvæði með því (**Gripið fram í:** Nei.) að við ættum að borga, það væri hin pólitíska lausn og skynsamlegasta lausnin í málinu. Það er mjög skrýtið að þeir koma upp núna og telja að við eigum ekki að borga. Staðan er sú að allir þeir flokkar sem hafa verið í ríkisstjórn upp á síðkastið telja að þetta sé leiðin. Það er hægt að deila um þetta en þetta er sannleikurinn. Sjálfstæðisflokkur, Samfylking og Vinstri grænir eru á þessari skoðun, bæði síðasta ríkisstjórn og núverandi ríkisstjórn. Þar stendur málið.

Virðulegur forseti. Ég hef svolitlar áhyggjur af stöðu málsins af því að ég óttast að Bretarnir sýni okkur ekki nógu mikinn skilning, þ.e. stöðu mála hér. Ég er þó ánægð með að það er komin ný nefnd í þetta mál sem Svavar Gestsson veitir forustu. Hann þekkir íslenskt samfélag mjög vel og er afar öflugur á erlendum vettvangi, ég hef fylgst með því sjálf, þannig að vonandi gengur þetta vel.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Er eitthvað sem rekur sérstaklega á eftir því að niðurstaða náist hratt? Getur ráðherra eitthvað upplýst um tímaferlið? Er eitthvað sem rekur á eftir því að við náum niðurstöðu hratt? Ég held að það sé okkur í hag að ná ekki niðurstöðu of hratt af því að eftir því sem tíminn líður held ég að Bretarnir hljóti að skynja, (Forseti hringir.) þeir sem eru þarna með stærstu upphæðirnar, stöðu mála hér og sýna okkur meiri skilning (Forseti hringir.) á vaxtakjörum og öðru.

[11:41]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er vissulega lagður þrýstingur á það að þessu máli sé hraðað og á einum tímapunkti var talað um að menn ætluðu sér um það bil sex mánuði til að leiða það til lykta, í framhaldi af undirritun hinna sameiginlegu viðmiða ef ég man rétt. Engu að síður er það þannig að gagn-

aðilar okkar þekkja til aðstæðna á Íslandi. Þeir vita hvað hér hefur gerst, þeir vita af stjórnarskiptum, þeir vita af kosningum þannig að það er skilningur á hinn bóginn á því í hvaða aðstöðu við erum.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi um upplýsingar spái ég því að þegar að því kemur að gögn um rannsóknir á orsökum og aðdraganda þessa Icesave-máls og hvernig það þróaðist í framhaldinu verða aðgengileg muni það þykja fróðleg lesning. Ég hef lagt ríka áherslu á það við samninganefndina að sérstaklega verði vandað til utanumhalds á öllum skjölum og öllum gögnum og bókhaldskerfi ráðuneytis notað til að tryggja að þar verði allt aðgengilegt en á meðan á samningaviðræðum stendur verða menn að sjálfsögðu að hafa ýmis slík gögn í sínum fórum.

Mér þykir hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson nokkuð kokhraustur. Hann vill endurskoða aðferðafræði í málinu frá grunni og hann vill fara í mál við Breta. Hv. þingmanni yfirsést að það var hans eigin ríkisstjórn sem féll frá því að höfða mál gegn Bretum 7. janúar sl. Það kann að vera að það hafi verið í andstöðu við hv. þingmann en það er þá þannig.

Það er einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins sem hefur verið sjálfum sér samkvæmur í gegnum allt þetta mál í málflutningi og afstöðu, hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hann greiddi atkvæði gegn málinu á sínum tíma og málflutningur hans hefur samræmst því allan tímann.

Ég veit ekki betur en að allar lögfræðilegar álitsgerðir sem enn eru til séu í höndum utanríkismálanefndar og ég endurtek það sem ég sagði um samstarf við nefndina. Samninganefndin mun fá þá lögfræðilegu aðstoð sem hún telur sig þurfa á að halda. Það verður séð um það, hvort sem það verða innlendir eða erlendir lögfræðingar, en ég vek þó athygli á að þrír af sex nefndarmönnum eru lögfræðingar sjálfir. (Forseti hringir.)

Að lokum skiptir að sjálfsögðu öllu sem hér hefur verið réttilega bent á að niðurstaðan í þessu máli verði viðráðanleg fyrir íslenskt þjóðarbú. Þar vinnur það vissulega með okkur (Forseti hringir.) að vextir fara lækkandi og það má ætla að við getum náð hagstæðari kjörum nú en við hefðum gert fyrir nokkrum mánuðum, sérstaklega hvað þann þátt-inn varðar.

[11:43]

Geir H. Haarde (S) *(ber af sér sakir)***:**

Virðulegi forseti. Fyrr í umræðunni komu fram sakir af hálfu málshefjanda sem ég vil mótmæla. Málshefjandi gaf hér til kynna, eins og hún hefur gert við annað tækifæri, að ég hafi gefið þinginu rangar upplýsingar í skriflegu svari við fyrirspurn frá henni um einn þátt þessa máls.

Að sjálfsögðu hef ég ekki gefið þinginu rangar upplýsingar og ég mótmæli því að á mig sé borinn slíkur áburður. Ég mótmæli því. Fyrir honum er ekki minnsti fótur og ef hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur einhvern áhuga á því að kanna þennan þátt málsins sérstaklega sem hún spurði þrjá ráðherra um og fékk hér sömu svör frá þeim öllum fyrir jólin á hún að kanna hvort það er einhver fótur yfirleitt fyrir því sem kallað hefur verið tilboð á síðustu stundu frá breska Fjármálaeftirlitinu um þetta mál gegn greiðslu 200 milljóna punda.

Hvað menn segja í örvæntingu sinni um miðja nótt við aðstæður sem þessar er eitt, og kannski ekki alltaf mikið mark á því takandi, en að koma síðan hér og bera á forsætisráðherrann að hann hafi sagt þinginu rangt frá er óboðlegt og ég sætti mig (Forseti hringir.) ekki við það.

[11:45]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Sú er hér stendur bað um svar á sínum tíma. Þar var spurt hvort fyrrverandi forsætisráðherra, hv. þm. Geir H. Haarde, hefði vitað af þessu svokallaða tilboði sem sú er hér stendur veit ekkert hvort átti sér stað eða ekki — en það var í fjölmiðlaumræðu á sínum tíma — hvort hv. þingmaður hefði vitað af þessu tilboði áður en Landsbankinn var yfirtekinn. Svar hv. þingmanns var nei og það var líka spurt hvort einhverjir ráðgjafar eða embættismenn hv. þingmanns, þáverandi forsætisráðherra, hefðu vitað af þessu. Svarið var: Mér er ekki kunnugt um það.

Síðan kemur um síðustu helgi frétt þar sem Tryggvi Þór Herbertsson, fyrrverandi efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, segist hafa sagt fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra frá þessu svokallaða tilboði á mánudeginum sem ég held að sé 6. október. (Forseti hringir.) Það er þetta sem ég var að segja áðan og ég sagði líka að ég vonaði að hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra hefði sagt þinginu (Forseti hringir.) rétt frá og nú hefur hann hefur staðfest það hér í þingsal.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 1. umr.

Stjfrv., 397. mál (styrkir til breyttrar orkuöflunar og orkusparnaðar). — Þskj. 675.

[11:46]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Þetta er 397. mál þingsins á þskj. 675.

Þær breytingar sem eru fólgnar í frumvarpinu lúta að tvennu: Í fyrsta lagi er verið að afla heimilda til að veita styrki til að taka í notkun varmadælur og aðra umhverfisvæna tækni sem nota má til húshitunar á svæðum sem því miður búa ekki við hitaveitu. Í öðru lagi er líka verið að afla heimilda til að veita styrki til endurbóta á íbúðarhúsnæði og raunar almennt til orkusparandi aðgerða.

Ég legg mikla áherslu á það, frú forseti, að þetta frumvarp gerir ekki ráð fyrir því að útgjöld ríkisins aukist. Það má segja að markmið þeirra breytinga sem ég mæli fyrir og legg til í frumvarpinu séu þríþætt:

1. Að draga úr húshitunarkostnaði þeirra íbúa sem ekki njóta hitaveitna.

2. Að draga úr kostnaði ríkissjóðs til langs tíma.

3. Að stuðla að fjölgun starfa, einkum á meðal iðnaðarmanna.

Þinginu er vel kunnugt um að ríkissjóður ver á hverju ári umtalsverðum fjármunum til að greiða niður húshitun. Einnig ver hann nokkrum upphæðum til að veita styrki til byggingar nýrra hitaveitna, jarðhitaleitar og orkusparnaðar og ég rifja upp að styrkirnir sem felast í eingreiðslu til nýrra hitaveitna byggja á því að þar er safnað saman útreiknuðum

8 ára niðurgreiðslum á viðkomandi svæði og það er sem sagt andlag stofnstyrksins.

Á þessu ári er á fjárlögum heildarfjárveiting til þessara verka 1 milljarður og 177 millj. kr. og eins og lög kveða á um er gert ráð fyrir að um 950 millj. kr. renni til að greiða niður rafhitun. Markmið þeirra breytinga sem ég legg til með frumvarpinu er að draga úr raforkunotkun til húshitunar með tvennum hætti og um leið að efla atvinnuskapandi framkvæmdir. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að í fyrsta lagi verði heimilt að verja 3% af fjárlagaliðnum til orkusparnaðar í stað 1% eins og nú er. Það felur í sér að alls um 35 millj. kr. yrðu til ráðstöfunar í þessu skyni í stað 12 millj. kr. ef lögin stæðu óbreytt. Ætlunin er að þeim fjármunum yrði m.a. varið til að veita styrki til húseigenda sem hafa áhuga á því að bæta einangrun húsa sinna og draga þannig úr þörfinni fyrir niðurgreiðslur. Það hefur verið sýnt fram á það með útreikningum sem Orkusetrið á Akureyri hefur gert að þetta er ákaflega vel til þess fallið. Hluta þessara fjármuna yrði þó varið til almennra orkusparandi aðgerða, eins og í opinberum byggingum ríkis og sveitarfélaga, og þær aðgerðir mundu að sjálfsögðu draga úr kostnaði við orkunotkun en líka stuðla að fjölgun viðhaldsverkefna fyrir iðnaðarmenn.

Ég nefndi áðan Orkusetur iðnaðarráðuneytisins sem staðsett er á Akureyri en ætlunin er að verkefninu yrði stýrt af því. Ég kom inn á það í ræðu í síðustu viku að setrið hefur einmitt staðið fyrir mjög merkilegu tilraunaverkefni í samráði við bæjarfélag á utanverðu Snæfellsnesi sem gaf niðurstöðu sem gefur mér tilefni til að ætla að ríkulegan ávinning megi hafa af verkefninu. Samstarfsaðilarnir yrðu m.a. Íbúðalánasjóður, sem er reiðubúinn til að lána fé og hefur lánað flokka til orkuviðhalds af þessu tagi, Atvinnuleysistryggingasjóður, Framleiðnisjóður landbúnaðarins eftir atvikum og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum.

Íbúðalánasjóður hefur heimildir til að veita lán til endurbóta og í einhverjum tilvikum gæti líka verið um að ræða átaksverkefni sveitarfélaga sem nytu þá stuðnings Atvinnuleysistryggingasjóðs eins og önnur verkefni, sem eru beinlínis til að koma nýtilegum hlutum fram og skapa um leið atvinnu.

Loks tel ég að einnig kæmi til greina að Framleiðnisjóður veitti styrki til bænda vegna verkefna á þessu sviði. Það hefur verið rætt við hann og undirtektir verið ákaflega jákvæðar. Aukningin til liðarins er því hugsuð þannig að fjárveiting verði eins konar hvati, örvun sem ýtir fólki af stað út í þetta verkefni og síðan yrði það fjármagnað að öðru leyti, m.a. með lánum frá Íbúðalánasjóði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að greiðsla stofnstyrkja verði ekki eingöngu bundin við byggingu nýrra hitaveitna heldur gefist íbúðareigendum almennt kostur á styrkjum til umhverfisvænnar orkuöflunar til húshitunar, fyrst og fremst í framhaldi af ýmissi undirbúningsvinnu af hálfu stofnana iðnaðarráðuneytisins á síðustu árum og ekki síst í ljósi annars tilraunaverkefnis á vegum Orkuseturs, sem ég hef áður reifað í ræðu á Alþingi, um aukna notkun á varmadælum. Varmadælur hafa þróast mjög ört á síðustu árum. Mikið atgervi hefur verið lagt í að hanna nýjar tegundir og tæknibreytingar hafa komið fram í heiminum sem gera það að verkum að þetta verður stöðugt fýsilegri kostur og stórborgir, eins og t.d. Stokkhólmur í einu af okkar góðu grannlöndum, eru farnar að ná töluverðum hluta af þeirri orku sem þarf til að hita híbýli í gegnum stórar og vel útfærðar varmadælur.

Í öðrum tilvikum kunna aðrir kostir að vera fýsilegir, eins og t.d. viðarkynding. Ég nefni tilraunir sem menn hafa verið að gera austur á Hallormsstað í þeim efnum en líka vindmyllur og vek eftirtekt á því að undir forustu orkuráðs hefur tekist að hvetja fólk til að hefja notkun vindmyllna til að framleiða rafmagn og í einu tilviki er mér kunnugt um að slík hvatning í formi styrks frá orkuráði úr Orkusjóði leiddi til þess að góður bóndi í nágrannasveit Reykjavíkur setti upp slíka vindmyllu og er byrjaður að selja inn á kerfið. Mér er líka kunnugt um að það framtak leiddi til þess að mjög margar fyrirspurnir bárust sænsku fyrirtæki sem selur myllur af þessu tagi, svo margar að fyrirtækið taldi það svara kostnaði að setja upp sérstaka heimasíðu á íslensku.

Mér finnst líka rétt að vekja eftirtekt á því, frú forseti, að á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar fer fram viðamikil athugun á því hvort hægt sé að nota varmadælur til húshitunar í Vestmannaeyjum. Varmalindin sem þar er freistað að beisla er hafið. Sjórinn við suðurhluta Íslands er það hlýr að með tækni sem verið er að útfæra og þróa af hálfu útibús Nýsköpunarmiðstöðvar í Vestmannaeyjum og með sérfræðingum í höfuðstöðvum telja menn að hugsanlegt sé að í framtíðinni verði hægt að hita upp töluverðan hluta Vestmannaeyjabæjar með þessum hætti. Það er ákaflega merkilegt. Það er í fyrsta skipti sem slíkt yrði gert en Vestmannaeyingar hafa auðvitað áður brotið í blað. Þeir settu á fót fyrstu hraunhitaveitu í heiminum. Eins og menn rekur minni til, var eftir gosið í Eyjum sett á fót hraunhitaveita sem stóð undir töluverðu af húshitun í Vestmannaeyjum um eins áratugar skeið. Það er lagt til í frumvarpinu — og ég held að það sé mjög skynsamlegt — að styrkirnir sem á að nota til að ýta undir umhverfisvæna orkuöflun verði reiknaðir út með sama hætti og nú er gert varðandi nýjar hitaveitur, þ.e. eingreiðsla sem byggist á 8 ára niðurgreiðslum vegna hitunar með rafmagni. Við þá útreikninga þarf að hafa í huga og miða við að varmadælur nota rafmagn og þess vegna er gert ráð fyrir því að notendur þeirra njóti áfram niðurgreiðslna á því rafmagni sem þarf til að knýja dælurnar.

Frú forseti. Ég tel engin sérstök efni til að hafa frekari ræður af minni hálfu um efni frumvarpsins en legg til að samþykkt verði að lokinni umræðunni að vísa því til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[11:57]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta frumvarp sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur mælt fyrir er gott mál þótt kannski séu ekki neinar stórar upphæðir á ferðinni í þeim efnum en þarna er verið að nýta heimildir og fjármagn á milli liða, bæði til atvinnusköpunar og þess að auka orkusparnað og sparnað í húshitun.

Ég vildi þó bara spyrja hæstv. ráðherra — ég kem reyndar betur að því í ræðu minni á eftir — hvort hann hyggist grípa til eða standa við þau fyrirheit sem gefin voru við setningu þessara nýju raforkulaga, markaðsvæðingu

raforkukerfisins, um að ríkið mundi tryggja jöfnuð í verði á rafmagni og orku til íbúa landsins óháð búsetu og það á ekki hvað síst við til að kynda hús. Ég hef tölulegar upplýsingar um hvernig þetta hefur allt saman farið á annan veg, raforkuverð til notenda hefur hækkað, sérstaklega í dreifbýli, langt umfram það sem heitið var. Þær hækkanir sem urðu til viðbótar nú í upphafi árs og nú síðast frá Orkubúi Vestfjarða sýna berlega hversu hryllilegt slys markaðsvæðing raforkukerfisins og innleiðing raforkulaganna var á sínum tíma og fullkomin blekking gagnvart íbúum landsins í þeim efnum að þetta ætti að leiða til lækkunar á rafmagni og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hyggist grípa til aðgerða til að standa við eitthvað af þeim fyrirheitum sem gefin (Forseti hringir.) voru á þeim tíma.

[11:59]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur áður reifað þessi mál í fyrirspurnum til mín og ég held að ein ósvöruð fyrirspurn liggi fyrir sem varðar þetta mál frá hv. þingmanni til mín sem ég svara þá væntanlega við fyrsta tækifæri og hefur starfsfólk mitt lagt í umtalsverða vinnu til að þau svör verði sem sönnust og ítarlegust. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að ráð var gert fyrir því að sú breyting sem var gerð árið 2003 ætti ekki að leiða til þess að aukinn ójöfnuður yrði út frá búsetu manna. Það var ekki markmiðið. Í sumum tilvikum kom fram að töluverð hækkun varð í strjálbýli vegna þess að þar var um að ræða, a.m.k. þar sem hækkanir eru mestar, einstaklinga eða býli sem höfðu verið á sérkjörum sem ekki gengu eftir þessa breytingu.

Hitt liggur ljóst fyrir að auðvitað stendur vilji minn til þess að reyna að draga úr þessum mun. Spurningin er með hvaða hætti það er hægt við núverandi aðstæður. Hv. þingmaður hefur kannski góðar hugmyndir um það. Við leggjum nú þegar 950 millj. kr. beinlínis samkvæmt lögum til að greiða niður rafhitun á köldum svæðum og ekki stendur til að lækka t.d. þann kílóvattfjölda sem er hámarkið sem menn greiða niður, 40 þúsund. Það hefur stundum verið gert fyrr á árum en sú ríkisstjórn, sem hv. þingmaður var stundum að skammast mikið út í, hækkaði það aftur úr 35 þúsund í 40 þúsund kílóvött. Við stöndum hins vegar frammi fyrir þeirri staðreynd að ef jafna á þennan mun í gegnum ríkið mun það kosta mjög háar upphæðir. Við núverandi aðstæður þori ég ekki að lofa hv. þingmanni neinu um að mikið nýtt fé komi til þess á árinu.

[12:01]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég dreg ekki í efa góðan vilja hæstv. ráðherra til að koma á jöfnuði á milli landsmanna í þessum efnum. Afstaða mín er alveg skýr, ég tel að orkan sé sameign þjóðarinnar og hún eigi að vera á hliðstæðu verði um allt land óháð búsetu. Þetta er hluti af grunnþjónustu fyrir atvinnulíf og byggð í landinu og á að líta svo á hana. Þær hækkanir sem verða núna koma harðast niður á þeim svæðum sem við vildum að þær kæmu kannski síst niður á. Ég hefði viljað sjá beinar jöfnunaraðgerðir þar sem landsmenn allir öxluðu ábyrgð á þessum hækkunum og að við skoðuðum líka hvernig við mættum færa þessar orkuveitur aftur til skynsamlegra horfs og hætta þeirri ímyndun að hægt sé að reka hér samkeppni í raforku.

Það var minnst á nýjar hitaveitur og styrkingu annarra. Það hefur verið á borðinu að leggja hitaveitu til Skagastrandar og ég veit að við afgreiðslu fjárlaga var gert ráð fyrir því að af hálfu ríkisins yrði lagt þar fram fjármagn og aðliggjandi sveitarfélög hafa sömuleiðis gert ráð fyrir því að hafa tilbúið fjármagn til að leggja hitaveitu frá Reykjum eða Blönduósi til Skagastrandar. Þá er það Rarik sem heyrir undir hæstv. ráðherra sem þarf að leggja fram þriðja hlutann. Þetta er gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir byggðirnar þarna út með og var á framkvæmdaáætlun að þetta gerðist á þessu ári. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvort þetta standi og hvort hann vildi þá ekki beita áhrifum sínum til þess (Forseti hringir.) að við þetta verði staðið og hitaveitan lögð eins og ráðgert var í sumar.

[12:03]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Heitt vatn er partur af þeim lífsgæðum sem eru ákjósanlegust hvar sem menn búa. Það skiptir t.d. miklu máli fyrir byggðarlög sem eiga í glímu við sína eigin tilvist, vegna þess að fólk hallast til að flytja þaðan á mölina, að geta búið því svipuð lífskjör og er að finna á Reykjavíkursvæðinu. Eitt af því sem gerir innnesin að ákjósanlegum stað er sú gnótt heits vatns sem hér hefur lengi verið nýtt til að hita upp híbýli með ódýrum hætti. Þegar við skoðum verðþróun þar sjáum við að verð hefur í rauntölum farið niður árlega um 10 ára skeið.

Iðnaðarráðherra vill gera allt sem hann getur til að auka líkur á því að heitt vatn finnist svo hægt sé að nýta það á landsbyggðinni. Ég hef fengið aukið fjármagn til að ráðast í sérstakt átak við leit að heitu vatni. Sums staðar hefur það borið góðan árangur. Það voru góðar fréttir um daginn af einum stað sem hafði verið skilgreindur sem kalt svæði. Þar spýttist upp 47°C heitt vatn í töluverðum mæli.

Hv. þingmaður spyr síðan sérstaklega um Skagaströnd og lagningu hitaveitu þaðan. Það er mál sem ég gjörþekki. Ekki er það rétt hjá hv. þingmanni að Rarik sé undir mér, mitt ráðuneyti er eftirlitsaðili með Rarik. Það er formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem er raunverulega með fyrirtækið undir sínu ráðuneyti. Heimamenn lögðu ríkt kapp á það við mig að 50 millj. kr. yrði aflað af fjárlögum til þessa verks. Ég fór í mikinn leiðangur vegna þessa og hann gekk misjafnlega framan af en að lokum tókst það. Iðnaðarráðuneytið hefur staðið við það, alveg eins og ráðuneytið hefur borgað upp allar skuldir vegna stofnstyrkja til hitaveitna, (Forseti hringir.) síðast 102 millj. kr. styrk til Grýtubakkahrepps.

[12:06]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ég ætla aðeins að koma inn á stöðu raforkumála. Raforkan er ein af forsendum fyrir atvinnulífi og góðri búsetu víða um land, eins og hæstv. iðnaðarráðherra kom að áðan. Það skiptir því máli að bæði atvinnumál og

heimili eigi aðgang að þessari auðlind okkar á jafnræðisgrundvelli. Sé þess nokkur kostur er þetta einn af grunnþáttum fyrir fjölþætt atvinnulíf og búsetu í okkar ágæta landi.

Þannig hefur þessi hugsun verið þangað til raforkulögum var því miður breytt og farið að innleiða hér markaðskerfi í raforku. (**VS:** EES …) Já, fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra sem stóð fyrir þessari markaðsvæðingu rafmagnsins, jafnfáránleg og hún var, ber fyrir sig EES-reglur. Þegar reglur og skynsemi stangast á finnst mér að skynsemin eigi að ráða. Það á að gera líka varðandi Evrópusambandið og EES, sem hæstv. ráðherra — (**Iðnrh.:** Er það þess vegna sem þið viljið ekki ganga í það?) þess vegna viljum við ekki ganga í það.

Að fara að innleiða hér lög og reglur um raforku eins og við séum á einhverjum alþjóðlegum raforkumarkaði væri fáránlegt. Því miður var innleitt hér markaðskerfi í raforkubúskapnum og gert að aðskilja orkusölu og orkudreifingu, eins og við gætum bara keypt raforku á frjálsum markaði. Því var samt lofað að þessi breyting ætti að leiða til svo mikillar hagkvæmni að raforkuverð í landinu mundi stórlækka. Þau rök voru notuð til að selja þá hugmynd að markaðsvæða raforkukerfið. Reyndin hefur orðið öll önnur. Í *Bændablaðinu* er dregin upp ágæt mynd þar sem hagfræðingur Bændasamtakanna, Erna Bjarnadóttir, rekur það hvernig raforkukostnaður hefur hækkað núna síðustu árin, frá 2005–2009, langt umfram vísitölu. Dreifigjald hjá Rarik hefur hækkað, ef vísitalan var 100 í janúar 2005 er hún nærri 150 í janúar 2009. Vísitala framfærslukostnaðar er þó rétt undir 140 eftir hækkun. Hækkanir hafa verið langt umfram það sem meira að segja vísitöluhækkun nam, hvað þá að komið sé til móts við þær væntingar sem gefnar voru þegar markaðsvæðing raforkukerfisins var tekin upp.

Um áramótin skullu á miklar hækkanir, bæði hjá Rarik og 1. mars hjá Orkubúi Vestfjarða. Dreifikostnaður Rariks var hækkaður að mig minnir um 15–40% frá 1. janúar sl. Það kemur að vísu misjafnt niður en kemur þó harðast niður á þeim stöðum þar sem vegalengdir eru mestar. Slík hækkun á dreifikostnaði er ekkert smáræði, sú hækkun ein gæti t.d. skipt hundruðum þúsunda á sveitabýlum. Þessi hækkun kom á sama tíma, fyrir áramót, og fyrrverandi ríkisstjórn gaf út afdráttarlaus tilmæli til sveitarfélaga og þjónustustofnana um að hækka ekki gjaldskrár sínar, heldur reyna að halda aftur af gjaldskrárhækkunum til að íþyngja ekki atvinnurekstri og heimilishaldi í landinu. Aðspurðir á fundi sögðu fulltrúar Rariks að þeir hefðu ekki borið þessa hækkun undir þáverandi ráðherra en að vísu tilkynnt til Orkuseturs, eða hvað það heitir, sem er umsagnaraðili um slíkar hækkunarbeiðnir. Þarna komu gríðarlegar hækkanir á fólk.

Nú er líka um hækkun að ræða hjá Orkubúi Vestfjarða og þá koma skýrt fram þessar fáránlegu reglur um skiptingu í dreifbýli og þéttbýli. Ég er með frétt sem var á BB, vef Vestfjarða á Ísafirði, í gær þar sem frá þessu greinir. Fyrirsögnin er Súðvíkingar greiða meira. Þar segir, með leyfi forseta:

„Súðavík er stærsta byggðarlagið á landinu sem fellur undir skilgreininguna dreifbýli við verðlagningu á raforku samkvæmt raforkulögum sem sett voru árið 2005. Til að byggðarlag geti talist þéttbýli þurfa íbúar að vera 200 eða fleiri en slíkt var ekki upp á teningnum þegar lögin tóku gildi árið 2005. Súðvíkingar þurfa því að greiða umtalsvert hærra gjald fyrir raforkuna en notendur í þéttbýli. Við setningu raforkulaga var því heitið af stjórnvöldum að niðurgreiða að fullu þann kostnaðarmun sem hlýst óhjákvæmilega af því að dreifa rafmagni um strjálbýlli svæði. Við það hefur ekki verið staðið að sögn Kristjáns Haraldssonar, orkubússtjóra Orkubús Vestfjarða. „Þetta var gert með það að markmiði að hægt væri að hafa lægra gjald í þéttbýli svo íbúar þess þyrftu ekki að greiða niður kostnað sem óhjákvæmilega er mun hærri í dreifbýlinu," segir Kristján.

Með 13% hækkun verðskrár Orkubús Vestfjarða sem tók gildi um síðustu mánaðamót eykst munurinn enn. Stjórn OV hefur farið fram á að þessi munur verði jafnaður með auknum niðurgreiðslum úr ríkissjóði og þannig verði staðið við gefin fyrirheit stjórnvalda."

Ég vil vekja mjög rækilega athygli á þessari mismunun sem er í gangi gagnvart fólki eftir því hvort það býr í dreifbýli eða þéttbýli, eða hvort þéttbýli er undir eða yfir 200 eða 300 íbúum. Vel má vera að nauðsynlegt sé að hækka flutningskostnað og orkuverð en það á þá að ganga jafnt yfir landsmenn.

Ég hefði líka viljað spyrja hæstv. iðnaðarráðherra út í Rarik. Þó að Rarik heyri fjárhagslega undir hæstv. fjármálaráðherra heyrir hlutverk Rariks þó starfslega undir iðnaðarráðuneytið. Ég sakna þess að sjá ekki hvernig Rarik, Rafmagnsveitum ríkisins, sem er ágætt fyrirtæki yrði beitt markvisst til atvinnusköpunar í landinu, hvernig því yrði beitt til að styrkja dreifikerfið. Á undanförnum árum hefur höfuðáhersla verið lögð á að byggja upp dreifikerfi fyrir stóriðjuna og hluti af þeim orkukostnaði sem nú lendir á almennum notendum er til kominn vegna þess að annars vegar er verið að greiða niður orkuverð og hins vegar flutningskostnað á orku til stóriðju. Skuldir Landsnets sem fyrst og fremst hefur lagt línur fyrir stóriðjuna fara að hluta til yfir á Rarik sem verður síðan að innheimta þær í gegnum almenna notendur. Þarna eru a.m.k. um 2 milljarðar króna, veit ég, sem hvíla á Rarik vegna þessara skuldbindinga Landsnets. Á meðan hefur dreifikerfi Rariks engan veginn náð að fylgja eftir þeim kröfum sem maður gerir til dreifikerfis í sveitum.

Er ekki núna hægt að beita Rarik til þess að taka þátt í atvinnusköpuninni og koma á virkan hátt inn í það að styrkja dreifikerfið úti um land sem nú er mjög ótryggt og tryggja þannig raforku, bæði i hinum minni þéttbýlum og líka til sveita? Er ekki hægt að gera átak í þrífösun rafmagns sem hluta af hinum atvinnuskapandi aðgerðum? Úti um sveitir og úti um land eru gríðarlegir möguleikar til að efla atvinnu og jafna búsetuskilyrði ef þetta er gert. Það er mjög ósanngjarnt að íbúar í Súðavík eða öðrum slíkum byggðum eða úti um sveitir borgi í fyrsta lagi miklu hærra verð fyrir rafmagn á hverja kílóvattsstund en aðrir borga og hafi í öðru lagi miklu lélegri gæði, einfasa rafmagn, ótryggt rafmagn, ótryggt afhendingaröryggi.

Ég legg áherslu á að í þeim aðgerðum sem við erum að fara út í til að styrkja innviði íslensks samfélags og innlenda atvinnustarfsemi, til að styrkja og efla og gefa aukin atvinnutækifæri vítt og breitt um landið eigi menn að beita

Rarik og orkuveitunum til þess. Þetta eru forgangsatriði og ég tel að við getum nýtt styrk Rariks. Þó að Rarik sé með skuldir er það líka mjög eignasterkt fyrirtæki og hefur gríðarlegt hlutverk úti um byggðir landsins.

Ég vildi koma þessu að, frú forseti: Í fyrsta lagi var jöfnuði lofað í raforkuverði um landið. Við það hefur ekki verið staðið á undanförnum árum og voru þó nægir peningar í ríkissjóði til að standa við loforðin. Í öðru lagi tel ég að við eigum að nýta styrk Rariks til að efla atvinnulíf, styrkja línulagnir, efna til nýrra hitaveitna, eins og hér er lagt til, og til að styrkja atvinnulíf og búsetu í landinu. Þetta hefur verið á annarri vegferð, stöðugar hækkanir hafa verið á raforkuverði og hlutfallslega meiri til dreifbýlisins. Við eigum að vera ein þjóð í einu landi, líka hvað raforkuverð varðar.

[12:18]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil segja hérna nokkur orð, fyrst það að þetta er ágætt mál sem hæstv. iðnaðarráðherra leggur fram. Við framsóknarmenn styðjum það með fyrirvörum um einhverjar hugsanlegar breytingar í nefnd eins og eðlilegt er.

Í framhaldi af þeirri ræðu sem hér var flutt af hv. þm. Jóni Bjarnasyni vil ég segja að ég held að hann hafi bara alls ekkert gert sér grein fyrir því hver staða hans er á Alþingi Íslendinga. Hann er einhver valdamesti maðurinn í þinginu. Hann er formaður þingflokks stjórnarflokks og öllu því sem hann segir hér getur hann komið til framkvæmda með því að beita sér innan síns flokks. Ef það verður ekki hlustað á hann í þingflokknum eða ef ríkisstjórnin vill ekkert gera með það sem hann setur hér fram er það mál út af fyrir sig. En hann getur ekki talað við neinn annan en þingflokkinn sinn og svo samstarfsflokkinn. Að beina orðum sínum hér til mín sem hef ekki verið iðnaðarráðherra í þrjú ár er náttúrlega bara til að brosa að því.

Hæstv. forseti. Ég nefnilega óttast, og hef sitthvað fyrir mér í því, að ríkisstjórnin eða þá sennilega síðasta ríkisstjórn hafi ekki staðið sig í því að leggja fjármagn til dreifikerfisins í samræmi við það sem lagt var upp með í upphafi þegar raforkulögin voru samþykkt og þegar þessi tilskipun Evrópusambandsins var innleidd á sínum tíma.

Það er þar sem ríkið getur haft áhrif. Það er alveg hægt að koma með aukafjárveitingu, ef ný ríkisstjórn vill beita sér fyrir því núna að lagfæra þetta hlýtur það að vera hægt. Það er spurning um vilja og ég trúi ekki öðru en að hv. þingmaður beiti sér á réttum stöðum fyrir því að þetta verði gert.

Þegar hann talar um að fyrirheit hafi verið gefið um að ríkið mundi tryggja jöfnuð í sambandi við raforkuverð er það bara ekki rétt. Ríkið getur ekki tryggt slíkan jöfnuð í frjálsu markaðskerfi. Hv. þingmaður fer ekki með rétt mál.

Því var haldið fram að ég hefði sem iðnaðarráðherra lofað hinu og þessu í sambandi við þessi lög. Það eina sem ég sagði var að það verður ekki nýr kostnaður til í kerfinu með kerfisbreytingunni. Honum er hins vegar raðað öðruvísi upp.

Hæstv. iðnaðarráðherra kom inn á það áðan að raforkuverð hækkaði því miður mest á einstaka bæjum þar sem það fyrirkomulag sem unnið var eftir var ekki verjandi. Ég er ekki að segja að neitt ólöglegt hafi gerst en í því kerfi sem var áður en þetta fyrirkomulag var tekið upp var ekkert gagnsæi og það var ýmislegt viðhaft sem stóðst ekki endurskoðun. Það stóðst ekki það gagnsæi sem við viljum hafa í kerfinu í dag.

Svo er náttúrlega stóra málið og það sem við Íslendingar hljótum að vera óskaplega stolt yfir, það hvernig okkur hefur tekist að leiða jarðvarmann um nánast allt land til að hita upp híbýli okkar. Það er nokkuð sem horft er til í öllum heiminum og þykir glæsilegt. Það er það líka. Hugmyndir eru uppi um það eða menn gera sér vonir um að það væri hægt að hita 95% húsnæðis upp með jarðvarma þegar því átaki er lokið sem stendur yfir, að leita að heitu vatni í landinu. Ég held að enginn geri sér vonir um að öll heimili geti verið hituð upp með heitu vatni en það er alltaf að finnast heitt vatn á nýjum stöðum. Það er mjög ánægjulegt.

Hæstv. forseti. Ég hef ekki svo mikið meira um þetta að segja. Ég vildi bara koma þessu að hérna í framhaldi af því sem kom fram hjá hv. formanni þingflokks Vinstri grænna í hans síðustu ræðu. Ég bara endurtek það fyrst ráðherrann er kominn að ég tel þetta gott mál, það er mjög kunnuglegt þeirri sem hér stendur og allt það sem hér kemur fram er nokkuð sem ég var meira og minna byrjuð að vinna að áður eins og hvað varðar að koma þeim til aðstoðar sem vilja bæta einangrun húsa. Það er verkefni sem hefur verið í gangi. Ég veit ekki hversu mikið það hefur verið notað en Íbúðalánasjóður var fyrir nokkrum árum tilbúinn til að veita sérstök lán í því skyni.

En við erum að verja heilmiklu fjármagni til þess að koma til móts við þá sem hita upp með rafmagni. Það má alltaf deila um það hvort þeir fjármunir eigi að vera hærri og meiri. Engu að síður er a.m.k. heilmikið til bóta það sem gert er af hálfu ríkisvaldsins í þeim efnum og litið á það sem ákveðinn byggðastyrk.

[12:24]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Sú staðreynd liggur alveg köld fyrir að markaðsvæðing raforkukerfisins og breytingar á raforkulögunum sem voru gerðar í tíð hæstv. þáverandi iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, hafa ekki leitt til þeirra bóta og lækkað verð eins og lofað var.

Hitt er alveg rétt að nú er komin ný ríkisstjórn sem tók reyndar ekki við fyrr en fyrir rúmum mánuði þannig að það sem við búum nú við í fyrirkomulagi raforkumála er frá fyrri ríkisstjórnum, markaðsvæðingar- og einkavæðingarríkisstjórnunum sem voru hérna fyrr á þessari öld.

Ég get alveg sagt það hér að mínar hugsjónir varðandi raforkumálin eru óbreyttar og þetta frumvarp sem hæstv. iðnaðarráðherra flytur nú er lítið en gott skref innan þess ramma og þess svigrúms sem við höfum þessa dagana.

Ég get alveg lofað hv. þingmanni því að fái Vinstri grænir áfram góða aðild að næstu ríkisstjórn sem tekur við að loknum kosningum verður eitt af baráttumálunum jöfnuður á raforkuverði til landsmanna. Einnig munum við kanna hvort ekki sé hægt að falla frá þessari fáránlegu markaðsvæðingarhugmynd í raforkukerfinu sem hæstv. þáverandi iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, innleiddi og hefur sýnst vera þjóðinni ekki til gagns, og reyndar í

mörgum tilfellum til ógagns.

[12:26]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu hér. Ég vil bara taka undir þetta, ég er ánægður með þetta frumvarp og ætla að styðja það. Vegna umræðu um raforku og raforkuverð eigum við verulega mikla möguleika í raforku. Við eigum bæði fallvötn og orku í iðrum jarðar sem er hægt að nýta til raforkuframleiðslu. Svo eigum við ýmsa nýja möguleika sem sjálfsagt styttist í að verði arðbærir með hækkandi orkuverði í heiminum, eins og vindorkuna. Vindmyllur eru þekktar úti um allan heim.

Það styttist í að við getum nýtt sjávarföllin til raforkuframleiðslu í auknum mæli til framtíðar litið þannig að það er um að gera fyrir okkur að vera þátttakendur í þessu, fylgjast með og rannsaka hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Til dæmis hafa verið vindmælingar á Suðurnesjum í 60 ár í tengslum við Keflavíkurflugvöll. Það er mikill þáttur í því þegar menn ætla að virkja vindorku að hafa upplýsingar um veðurfar og annað í þeim dúr. Það væri hægt að setja upp nokkur hundruð vindmyllur á Suðurnesjum ef út í það er farið. Það er sjálfsagt fyrir okkur að fylgjast með og læra á þetta, þróa þetta og rannsaka betur því að án efa kemur að því að við nýtum okkur þetta eins og hvað annað. Orkuþörfin er alltaf að aukast og við þurfum að fylgjast með og nýta okkur alla þá möguleika sem við höfum.

Varðandi ummæli hv. þm. Jóns Bjarnasonar talar hann um að það sé hægt að gera þetta og hitt eftir kosningar. Það er með þennan ágæta fjórflokk sem ræður hér að það er alltaf hægt að gera þetta seinna eða einhvern tímann í framtíðinni en ekki núna. Þegar menn hafa völdin eiga þeir að nota stöðu sína til að gera það sem þarf að gera. Það er ekki nóg að tala um að raforkuverð sé of hátt. Af hverju lækka menn það einfaldlega ekki, t.d. til garðyrkjubænda og heimilanna í landinu, þegar þeir hafa stöðu til þess í stað þess að tala um að gera það eftir kosningar og reyna að fá atkvæði út á það?

Það er eitt af því sem vekur athygli manns, það er dálítið sérstakt loforð hjá núverandi ríkisstjórn að lofa einhverju eftir kosningar. Af hverju gera þeir það ekki strax?

[12:29]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég þakka þeim fulltrúum þingflokkanna sem hér hafa tekið til máls og allir lýst stuðningi við þetta mál. Hv. þm. Grétar Mar Jónsson var jákvæður að vanda og lýsti yfir eindregnum stuðningi við málið. Hann velti sömuleiðis fyrir sér hvort ekki væri hægt að gera reka að því að afla orku með öðrum hætti en þeim sem hugsanlega verður afleiðingin af því frumvarpi sem við munum væntanlega samþykkja. Hv. þingmaður nefndi t.d. vindorku og orkuna sem býr í sjávarföllum.

Rétt er þá að geta þess að á vegum iðnaðarráðuneytisins hafa einmitt verið styrktir aðilar sem hafa ráðist í það að kaupa sér vindmyllur, ekki bara til að knýja heimabæinn, heldur líka til að selja beint inn á kerfið. Það er tilraunaverkefni sem er í gangi með smurolíu frá iðnaðarráðuneytinu — sem er náttúrlega olíumálaráðuneyti eins og oft hefur komið fram í ræðum hv. þingmanns — og þeir styrkir, að vísu litlir, hafa verið notaðir sem eins konar olía til að smyrja gangvirki þeirra hugmynda og þess framtaks sem hefur komið fram hjá þeim einstaklingum sem eftir því hafa sótt til þess að setja upp vindmyllur.

Sömuleiðis er í gangi tilraunaverkefni hjá iðnaðarráðuneytinu í samvinnu við Rarik sem miðar að því að beisla orkuna í sjávarföllum þar sem þau eru hvað straumþyngst, þ.e. í Hvammsfirði og á Breiðafirði, og það lofar góðu. Ég hef áður greint þinginu frá því.

Það frumvarp sem við erum hér að reifa hefur hins vegar tvennt í för með sér. Í fyrsta lagi koma auknir peningar úr sjóðum sem þegar eru til til þess að styrkja frumkvæði sem beinist að því að nýta óhefðbundna umhverfisvæna orkugjafa, eins og t.d. vindmyllur og viðarkyndingu. Í annan stað er því sömuleiðis velt upp að nýta ákveðna samvinnu á millum stofnana iðnaðarráðuneytisins, Íbúðalánasjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til að koma af stað auknum störfum sem tengjast því sem ég kalla orkuviðhaldið, þ.e. endurgerð og endurbótum á húsnæði til að minna geisli út og sleppi út af varma. Það skapar störf. Gert er ráð fyrir að þetta frumvarp skapi 50–100 störf, sumir segja fleiri, og flest hjá iðnaðarmönnum. Það skiptir máli.

Ég gleymdi svo einu, frú forseti, þetta frumvarp er auðvitað ekki síður lyftistöng fyrir þá nýju þróun sem er að ryðja sér til rúms hér á landi og felst í því að nýta varmadælur til að breyta varma úr t.d. lofti, sjó og vatni í beinlínis rafmagn. Það skiptir máli, láta það koma í staðinn fyrir rafmagn. Hér er um framfaramál að ræða og ég er þakklátur fyrir þann góða stuðning sem hefur komið fram hjá öllum þeim sem til máls tóku.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og iðnn.

Raforkulög, 1. umr.

Stjfrv., 398. mál (frestun gildistöku ákvæða um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi). — Þskj. 676.

[12:33]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Þeir áhugasömu þingmenn sem hér eru í salnum, og hafa mikinn áhuga á málefnum raforku á Íslandi, minnast þess örugglega með nokkurri gleði þegar við saman samþykktum hér, þegar komið var fram í júní árið 2008, lög um breytingar á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði. Meginefni þeirra laga var að setja reglur um opinbert eignarhald fyrirtækja sem stunda sérleyfisstarfsemi og kannski ekki síst að leggja algjört bann við varanlegu framsali á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu opinberra aðila. Það þýddi það í reynd, frú forseti, að með því var tryggt að þær endurnýjanlegu orkulindir sem nú eru í opinberri eigu verða það áfram að íslenskum lögum.

Í þeim lögum var sömuleiðis kveðið á um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja. Í kjölfar þess hafa bæði Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita

Reykjavíkur unnið að undirbúningi þess að aðskilja starfsemina í samræmi við ákvæði laganna. Ég nefni það hér að 1. desember 2008 var samþykkt á hluthafafundi Hitaveitu Suðurnesja hf. að skipta fyrirtækinu í HS Orku hf., sem ætti þá að annast virkjanir og raforkusölu, þ.e. framleiðsluþáttinn, og hins vegar HS Veitur hf., sem taka á yfir veitustarfsemina. Formleg uppskipting Hitaveitu Suðurnesja hf., í krafti laganna sem ég reifaði hér í upphafi máls míns, átti sér stað 1. janúar sl.

Í síðasta mánuði fór Orkuveita Reykjavíkur þess hins vegar á leit við iðnaðarráðherra að hann beitti sér fyrir því að gildistöku þeirra ákvæða raforkulaga sem lúta að aðskilnaði samkeppnis- og sérleyfisþátta yrði frestað frá 1. júlí nk. til 1. janúar 2010. Orkuveitan gaf upp sem ástæðu fyrir ósk sinni að orðið hefðu breytingar á fjárhagslegu umhverfi orkufyrirtækja eins og annarra fyrirtækja í landinu. Það var mat forsvarsmanna fyrirtækisins að uppskipting á þessum tíma gæti hugsanlega tafið fyrir gerð lánasamninga. Hins vegar standa vonir til að fyrirtækið ljúki fjármögnun og gerð nýrra lánasamninga á síðari hluta þessa árs.

Ég taldi sjálfsagt að liðka til fyrir fyrirtækinu á þeim erfiðu tímum sem við Íslendingar búum nú við og reyna að rétta þeim hjálpandi hönd með því að greiða fyrir ósk þeirra. Með hliðsjón af því og þeim aðstæðum sem sannarlega hafa komið upp í íslensku fjármálalífi legg ég til, í þessu litla frumvarpi sem er ekki nema þrjár efnislínur, að ákvæði 14. gr. raforkulaga komi til framkvæmda þann 1. janúar 2010. Önnur ákvæði sem varða opinbert eignarhald og bann við varanlegu framsali opinberra aðila á vatns- og jarðhitaréttindum hafa hins vegar þegar öðlast gildi.

Ég tel ekki neina ástæðu, frú forseti, til að reifa þessi mál frekar og legg því til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og iðnn.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 1. umr.

Stjfrv., 407. mál (hærra endurgreiðsluhlutfall). — Þskj. 691.

[12:37]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir máli sem margir í kvikmyndagreininni hafa beðið lengi eftir. Þetta frumvarp, sem er á þskj. 691 og er 407. mál þingsins, felur í sér breytingar á lögum sem nú gilda um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Þau lög voru sett 1999, nr. 43.

Sú breyting sem ég legg til með þessu frumvarpi felur það í sér að endurgreiðsluhlutfall laganna hækkar úr 14% í 20%. Markmiðið með þeirri breytingu er að sjálfsögðu að jafna samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart sambærilegri starfsemi í öðrum ríkjum, ekki síst öðrum Evrópuríkjum, t.d. á Írlandi, í þeirri von að skapa atvinnu fyrir kvikmyndaframleiðendur hér á landi og ýmsa þjónustustarfsemi sem tengist gerð kvikmynda á Íslandi.

Þessum lögum hefur áður verið breytt. Það var gert árið 2006 með lögum nr. 159 sem tóku gildi á síðasta degi þess árs. Þá var endurgreiðsluhlutfall laganna hækkað úr 12% í 14%. Menn bundu við þá hækkun töluverðar vonir um að hún yrði til þess að laða að fleiri erlend kvikmyndaverkefni. Frá því er skemmst að segja að sú hækkun, sem einungis var 2%, náði ekki tilætluðum árangri. Erlendum verkefnum hér á landi í kvikmyndagreininni hefur ekki fjölgað frá því að sú breyting tók gildi í árslok 2006. Þau erlendu verkefni sem fengið hafa endurgreiðslu í krafti lagabreytingarinnar eru fá og þau eru ekki stór í sniðum.

Staðreyndin er einfaldlega sú að samkeppnisstaðan hefur versnað. Það hefur birst í því að þau ríki sem við erum að keppa við um að fá verkefni hafa farið svipaða leið og við, þ.e. þau hafa fyrst tekið upp þetta kerfi sem við vorum eitt af fyrstu ríkjunum til að innleiða og síðan hafa þau rennt í þá slóð og hækkað hlutfallið töluvert umfram það sem er enn í gildi á Íslandi, þ.e. 14%.

Það er álit ákaflega margra sem skoðað hafa þessi mál að það sé mjög eftirsóknarvert að skjóta styrkari stoðum undir kvikmyndaiðnaðinn og efla þannig möguleika okkar á að skapa tekjur fyrir þjóðarbúið. Besta leiðin til þess er sú sem hér er farin. Það er bæði mál þeirra sem greininni tengjast og sömuleiðis fjárfestingarstofu sem er samstarfsverkefni iðnaðarráðuneytisins og Útflutningsráðs. Þar hafa menn skoðað þetta og komist að þeirri niðurstöðu að mjög brýnt sé að fara þessa leið.

Við sem höfum fylgst með kvikmyndaiðnaði á Íslandi, eins og kvikmyndaráðherra ber, vitum að skapast hefur ákaflega mikil þekking á kvikmyndagerð og sömuleiðis á allri þjónustu sem henni tengist hér á Íslandi. Í þekkingu felast alltaf verðmæti og í mikilli þekkingu mikil verðmæti og það er þessi þekking og reynsla íslenskra kvikmyndagerðarmanna sem ásamt íslenskri náttúru, sem er einstök og allt öðruvísi en náttúran í flestum öðrum löndum, eiga að geta sameiginlega skapað sóknarfæri á sviði kvikmyndagerðar.

Fleira þarf að koma til en sú þekking sem ég nefndi hér áðan eða hin einstaka náttúra Íslendinga svo að erlendir kvikmyndaframleiðendur ákveði að leggja leið sína til Íslands. Samanburðurinn sem gerður hefur verið við önnur lönd bendir til þess að samkeppnisstaðan hafi versnað að því leyti að endurgreiðsluhlutfallið hér sé of lágt til þess að það dugi til að fyrirtækin ákveði að velja Ísland. Það er með hliðsjón af því sem ég hef lagt það til í ríkisstjórn og ríkisstjórn samþykkt með þessu frumvarpi að hlutfallið verði hækkað mjög verulega eða í 20%.

Ég tel rétt að minna á það, frú forseti, að núgildandi lög um endurgreiðslur til kvikmyndagerðar eru tímabundin og gilda einungis til ársloka 2011. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér innan úr greininni er líklegt að þegar á árinu 2011 verði komin nokkur reynsla á hvort hækkunin á hlutfallinu í 20% skili þeim árangri sem til er ætlast. Þetta felur að sjálfsögðu í sér ríkisstyrk samkvæmt þeim reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Breytingar á lögunum þarf þess vegna að tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA og þær verða að hljóta samþykki þeirrar stofnunar. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það samþykki verði auðveldlega veitt. Ef ég skoða kerfið sem búið

er að koma á í Evrópu þá blasir það við að þar hafa lönd farið svipaða leið og Íslendingar munu fara verði þetta frumvarp mitt samþykkt.

Í Bretlandi er t.d. búið að koma upp endurgreiðslukerfi sem býður kvikmyndagerðarmönnum, eftir eðli mynda og starfsins sem þeir inna af höndum, endurgreiðslu frá 16% og upp í 25%. Nágrannaland Breta, og vinir okkar og frændur, Írland hefur frá 1. mars sl. hækkað sína endurgreiðslu, sem var komin í 20%, upp í 28%. Það ætti því ekki að verða erfitt fyrir okkur að fá samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA við 20% styrk. Ég get þess líka að Ungverjaland hefur um fimm ára skeið boðið upp á 20% endurgreiðslu og ég veit að frú forseta þætti það fengur að heyra að á þeim tíma hefur velta kvikmyndaiðnaðarins í Ungverjalandi tífaldast.

Frú forseti. Ég er ekki að halda því fram að samþykkt þessa frumvarps feli það í sér að velta íslensks kvikmyndaiðnaðar muni tífaldast. En sannarlega gefur reynsla Ungverja okkur tilefni til þess að hafa sterkar væntingar til þess að breytingin sem hér er lögð til muni leiða til þess að velta greinarinnar aukist töluvert. Ég er sannfærður um það að t.d. hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, sem hefur stutt þetta frumvarp í sínum þingflokki, yrði mér sammála um það. (Gripið fram í.)

Ég hef rakið hér ýmsa kosti Íslands sem kvikmyndalands og veit að hæstv. dómsmálaráðherra er mér örugglega sammála um það sem gamall og nýr kvikmyndaunnandi að samt sem áður er Ísland af ýmsum ástæðum óhagkvæmt land. Landfræðileg lega Íslands gerir það að verkum að fyrir marga er Ísland afskekkt eyja í miðju Atlantshafinu og það er dýrt að flytja aðföng hingað og vegna smæðar markaðarins og þess hversu dýrt er að framleiða kvikmyndir þarf íslensk kvikmyndagerð á stórum erlendum verkefnum að halda til þess að styrkja þau framleiðslusvið sem tengjast kvikmyndun hér á landi. Aukin erlend verkefni bæta við þekkingu íslenskra kvikmyndagerðarmanna. Þau stuðla að nýliðun á hinum ýmsu sviðum og skapa vitaskuld fleiri verkefni sem margvísleg þjónustufyrirtæki sem tengjast kvikmyndaiðnaðinum vinna og sinna. Segja má að frumvarp af þessu tagi yrði til þess að styrkja öll þau svið og hina almennu þjónustu við kvikmyndageirann á Íslandi.

Kvikmyndaverkefni eru ekki bara góð og drjúg til að skapa atvinnu innan sjálfs kvikmyndageirans. Þau eru líka ákaflega vel fallin til þess að styrkja innviði ýmissa annarra þjónustugreina eins og verslunar og ferðaþjónustu. Upphæðirnar sem skila sér til tengdra en þó eðlisóskyldra geira atvinnulífsins af þessum sökum hlaupa oft, í tengslum við einstök verkefni, á tugum og hundruðum milljóna og mikilvægi þessa eru ástæður þess að lönd hafa tekið upp háa endurgreiðsluprósentu.

Sums staðar hafa lönd eða ákveðin svæði beinlínis gert út á kvikmyndaiðnaðinn til þess að skapa ný störf, skapa atvinnu og laða að sér nýjar greinar þegar hefðbundnar greinar hafa látið undan síga. Frægt dæmi er t.d. í Detroit í Bandaríkjunum þar sem bílaiðnaðurinn fór með himinskautum áratugum saman. Þegar hann dró saman seglin gripu yfirvöld þar til þess ráðs að bjóða 40% endurgreiðslu til þess að skapa fleiri störf innan kvikmyndaiðnaðarins og auðvitað hafði það gríðarlega sterk áhrif.

Við megum heldur ekki gleyma hinu að erlendar kvikmyndir sem teknar eru á Íslandi hafa gríðarlegt kynningargildi fyrir Ísland. Það er vel þekkt að þegar hér hafa komið stór kvikmyndaverkefni þar sem auðsætt er að íslensk náttúra og jafnvel íslensk menning leika stór hlutverk hefur ferðamennska til Íslands og áhugi á Íslandi snöggtum aukist. Stóru kvikmyndirnar sem hér hafa verið gerðar af erlendum fyrirtækjum ná augum almennings úti í hinum stóra heimi og sökum þess verður kynning á Íslandi, sem þarf á því að halda, eins og orðspor þess hefur nú farið í kjölfar bankahrunsins, mun öflugri og meiri.

Það er svo, eins og fyrrverandi kvikmyndaendurgreiðsluráðherra veit, að til þess að kerfið gangi upp og sé hagkvæmt verða tekjur ríkisins að vera meiri en það sem greitt er út í formi endurgreiðslunnar. Þegar verkefni eru skoðuð, sem hafa þegar fengið endurgreiðslu frá ríkinu í krafti gildandi laga, kemur berlega í ljós að þau hafa skilað hagnaði til ríkisins, svo sem í formi staðgreiðslu tryggingagjalds og virðisaukaskatts sem er umfram þennan styrk. Það er það jákvæða í málinu. Ég hef látið skoða sérstaklega tiltekin verkefni út frá þeirri forsendu að endurgreiðslan væri 20% og í ljós kemur að ríkið sýnir samt sem áður hagnað.

Frú forseti. Ég tel því að ég hafi fært ákaflega sterk rök fyrir því að heppilegt sé, viðeigandi og tímabært að breyta lögunum með þeim hætti að hækka endurgreiðsluhlutfallið úr 14% í 20%. Ég vænti þess að þeir áhugasömu þingmenn sem hlýða hér á mál mitt — ég er ekki beinlínis að biðja þá um að ljósta höndum saman af fögnuði — styðji það a.m.k. þegar til kastanna kemur og stykkisins og atkvæðagreiðslunnar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og iðnn.

Íslenskur ríkisborgararéttur, 1. umr.

Stjfrv., 402. mál (próf og gjaldtökuheimild). — Þskj. 683.

[12:50]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt.

Í frumvarpinu er lagt til að dómsmálaráðherra geti falið Námsmatsstofnun eða öðrum sambærilegum aðila að annast undirbúning og framkvæmd prófs fyrir þá sem óska eftir íslenskum ríkisborgararétti og jafnframt að þeir sem þreyti prófið greiði fyrir það gjald sem takmarkist við þann kostnað sem af prófi og undirbúningi þess er.

Með lögum nr. 81/2007 var lögum um íslenskan ríkisborgararétt breytt á þann hátt að sá sem sækir um íslenskan ríkisborgararétt skal hafa staðist próf í íslensku samkvæmt kröfum sem dómsmálaráðherra setur í reglugerð. Þetta skilyrði laganna tók gildi 1. janúar sl. Hefur dómsmálaráðherra sett reglugerð um prófin, nr. 1129/2008, þar sem gerð er grein fyrir m.a. efni prófa og framkvæmd þeirra. Er þar gert ráð fyrir að próf séu að jafnaði haldin a.m.k. tvisvar á ári og

skal auglýst með átta vikna fyrirvara hvar og hvenær þau skulu haldin.

Við fyrrgreinda lagabreytingu árið 2007 láðist að setja í lögin heimild til að taka gjald fyrir prófin. Er því lagt til að úr því verði bætt með þessu frumvarpi jafnframt því að veita ráðherra heimild til að fela Námsmatsstofnun eða öðrum sambærilegum aðila að annast þau. Eins og áður hefur komið fram skal gjaldið takmarkast við þann kostnað sem af prófi og undirbúningi þess er.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

[Fundarhlé. — 12:51]

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Stjfrv., 405. mál (frestir, mörk kjördæma o.fl.). — Þskj. 687.

[13:40]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis sem samið er á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis að fenginni umsögn landskjörstjórnar.

Hinn 5. þessa mánaðar tóku gildi breytingar á kosningalögunum þar sem kveðið er á um að íslenskir ríkisborgarar sem búsettir hafa verið erlendis lengur en átta ár en sóttu ekki um að verða teknir á kjörskrá fyrir 1. desember 2008 geti sótt um að verða teknir á kjörskrá í síðasta lagi til og með 25. mars nk.

Verði gengið til kosninga 25. apríl nk. mun viðmiðunardagur kjörskrár að óbreyttum lögum verða 21. mars, þ.e. fimm vikum fyrir kjördag. Þá verður ekki liðinn fyrrgreindur umsóknarfrestur íslenskra ríkisborgara sem búsettir hafa verið erlendis lengur en átta ár. Til að tryggja að þeir verði komnir á kjörskrá fyrir viðmiðunardag kjörskrárinnar er óhjákvæmilegt að færa þann dag eina viku nær kjördegi.

Þá skal landskjörstjórn miða við íbúaskrá þjóðskrár á sama tímamarki þegar mörk kjördæmanna í Reykjavík eru ákveðin og er því lagt til að þessi viðmiðunartími styttist um viku, úr fimm vikum í fjórar.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna ber landskjörstjórn að auglýsa mörk kjördæmanna í Reykjavík eigi síðar en viku eftir að íbúaskrá þjóðskrár hefur verið „fryst“ eða fjórum vikum fyrir kjördag. Í ljósi þess að þessi viðmiðunartími færist nær kjördegi verður að stytta þennan frest til samræmis og verður hann þrjár vikur í stað fjögurra.

Til samræmis við styttingu þess tíma sem gefst til að vinna kjörskrárstofna samkvæmt framangreindu og leggja þá fyrir sveitarstjórnir er hér lagt til að sá frestur sem kjósendum gefst til að kynna sér kjörskrána verði styttur úr tíu dögum í átta.

Þá mun framboðsfrestur að óbreyttu renna út kl. 12 á föstudaginn langa. Er því lagt til að þessi frestur færist fjórum dögum nær kjördegi. Vegna þessa færist frestur landskjörstjórnar til að birta auglýsingar um framboð fimm dögum nær kjördegi.

Þá eru jafnframt eru lagðar til nokkrar minni háttar breytingar á lögunum sem fela ekki í sér efnislegar breytingar heldur miða að því að skýra ýmis atriði eða lagfæra.

Er lagt til að fellt verði úr 4. gr. laganna að umboðsmaður Alþingis sé ekki kjörgengur til Alþingis. Er þetta lagt til þar sem í stjórnarskránni er einungis getið um að hæstaréttardómarar séu ekki kjörgengir. Hins vegar kemur fram í lögum um umboðsmann Alþingis að hann megi ekki jafnframt vera alþingismaður.

Þá er lögð til lagfæring á heitum sveitarfélaga í 6. gr. laganna vegna sameiningar sveitarfélaga.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem lýsi því með hvaða hætti sá útreikningur sem lýst er í greininni um tilfærslu kjördæmissæta milli kjördæma fer fram. Ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að hverfis- eða yfirkjörstjórnir á þeim stöðum sem kjördeildir eru fleiri en ein verði framvegis kallaðar hverfiskjörstjórnir svo ekki skapist hætta á að þeim sé ruglað saman við yfirkjörstjórnir samkvæmt öðrum greinum laganna.

Sú breyting sem lögð er til í 5. gr. frumvarpsins er eingöngu til skýringar.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir efni frumvarpsins og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Stjfrv., 409. mál (slitameðferð og kostnaður af störfum skilanefnda). — Þskj. 693.

[13:44]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, 409. mál á þingskjali 693.

Með frumvarpinu eru lagðar til viðamiklar breytingar á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, en kaflinn fjallar um endurskipulagningu fjárhags fjármálafyrirtækja, slit þeirra og samruna við önnur fjármálafyrirtæki.

Þessi ákvæði laga um fjármálafyrirtæki voru samin fyrir þau áföll sem urðu í íslensku fjármálalífi haustið 2008 og byggjast að mestu á reglum tilskipunar 2001/24/EB frá 4. apríl 2001, um endurskipulagningu og slit lánastofnana. Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu eru einnig í samræmi við framangreinda tilskipun.

Ákvæði XII. kafla laga nr. 161/2002 miðuðu nokkurn veginn við eðlilegt ástand í fjármálakerfi landsins, þ.e. einkum að eitt fjármálafyrirtæki kynni að lenda í fjárhagslegum vandræðum, og mæltu fyrir um hvernig úr því skyldi leyst. Nú er ljóst að þau eru ekki fullnægjandi við þær aðstæður sem við eiga hér á landi. Sá tími sem var til ráðstöf-

unar við samningu frumvarps þess sem varð að lögum nr. 125/2008 var mjög skammur og mikil óvissa ríkjandi. Með lögunum voru gerðar ýmsar breytingar á lögum nr. 161/2002, einkum XII. kafla þeirra. Má segja að með þeim hafi verið brugðist við neyðarástandi sem m.a. fólst í falli bankanna þriggja. Nauðsynlegt reyndist að gera frekari breytingar á lögum nr. 161/2002, einkum XII. kafla þeirra og var það gert með lögum nr. 129/2008, sem tóku gildi 14. nóvember 2008. Með þeim lögum var einnig verið að bregðast við neyðarástandi, þótt ekki væri það eins óvænt og það sem varð tilefni setningar laga nr. 125/2008. Ákvæðum laga nr. 125/2008 og nr. 129/2008 var ekki ætlað að gilda til frambúðar, enda sett til þess að bregðast við mjög óvenjulegu ástandi sem enginn gat séð fyrir. Nokkur gagnrýni kom fram á ákvæði sem lögfest var með lögum nr. 129/2008, um bann við málssóknum gegn fjármálafyrirtækjum sem fengið hefðu leyfi til greiðslustöðvunar, og beindi viðskiptanefnd Alþingis því m.a. til ráðuneytisins að ákvæðið yrði endurskoðað. Þá kom sú afstaða fram hjá viðskiptanefnd þegar fjallað var um frumvarp það sem varð að lögum nr. 129/2008 að mikilvægt væri að endurskoða heildstætt ákvæði laga um slit fjármálafyrirtækja. Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði um bann við málssóknum gegn fjármálafyrirtækjum í greiðslustöðvun verði fellt brott.

Nú þegar liðnir eru nokkrir mánuðir frá því að framangreind lög voru sett hefur gefist tóm til að skipuleggja hvernig framvindan verði að því er lýtur að fjárhagslegri endurskipulagningu og eftir atvikum slitum á þeim þremur viðskiptabönkum sem Fjármálaeftirlitið stýrir. Hefur verið unnið að gerð tillagna um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem fælu í sér heildarendurskoðun á XII. kafla þeirra og jafnframt viðbrögð við því ástandi sem skapast hefur hér á landi. Við þá vinnu hefur verið lögð sérstök áhersla á að gætt verði jafnræðis allra kröfuhafa og að reglur um endurskipulagningu og slit væru í samræmi við hliðstæðar reglur sem gilda um önnur fyrirtæki og einstaklinga eftir því sem við getur átt. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að lánardrottnar þeirra fjármálafyrirtækja sem í hlut eiga hafi tök á að gæta hagsmuna sinna.

Helstu atriði frumvarpsins eru:

Í fyrsta lagi að lagt er til að settar verði nýjar reglur um slitameðferð fjármálafyrirtækja og gera reglur frumvarpsins ráð fyrir að fjármálafyrirtækið sjálft hafi frumkvæði að slíkri slitameðferð. Í bráðabirgðaákvæði er þó lagt til að Fjármálaeftirlitið geti einnig haft frumkvæði að því að taka yfir ráð fjármálafyrirtækis.

Í öðru lagi er lagt til að um slitameðferðina gildi um margt sömu reglur og gilda um gjaldþrotaskipti.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að skipuð verð slitastjórn sem hafi um flest sömu heimildir og skiptastjóri þrotabús. Þar gildir þó sú aðalregla að slitastjórn skal hafa að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal með því að bíða eftir þörfum efndatíma á útistandandi kröfum þess fremur en að koma þeim fyrr í verð.

Í fjórða lagi er lagt til að gefin verði út innköllun þar sem kröfuhöfum gefst kostur á að lýsa kröfum sínum til slitastjórnar og að afstaða verði tekin til þeirra, eftir atvikum með dómsúrlausn. Gerð er tillaga um að kröfuhafar geti, með svipuðum hætti og tíðkast við gjaldþrotaskipti, gætt hagsmuna sinna við slitameðferð og átt þess kost að bera ágreining um réttmæti krafna sinna og um ákvarðanir og ráðstafanir slitastjórnar undir dómstóla.

Þá eru gerðar tillögur um að slitameðferð geti lokið með þeim hætti að fjármálafyrirtæki eigi þess kost, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, að hefja starfsemi á ný eða þá að eigendum (hluthöfum eða stofnfjáreigendum) verði greiddir hlutir þeirra í fyrirtækinu að greiddum lýstum kröfum á hendur því. Þá er einnig gert ráð fyrir því að slitastjórn geti leitað nauðasamnings við kröfuhafa og efnt hann og í framhaldi af því geti fjármálafyrirtæki annaðhvort hafið starfsemi að nýju, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, eða eignir þess verði greiddar hluthöfum eða stofnfjáreigendum.

Loks er gert ráð fyrir að við tilteknar aðstæður sé slitastjórn skylt að krefjast gjaldþrotaskipta á búi fjármálafyrirtækis.

Í bráðabirgðaákvæðum með frumvarpinu er mælt fyrir um hvernig fara skuli með fjármálafyrirtæki sem njóta greiðslustöðvunar við gildistöku laganna.

Lagt er til að heimild þessara fyrirtækja til greiðslustöðvunar haldist þrátt fyrir gildistöku laganna og að framlengja megi greiðslustöðvun í allt að 24 mánuði frá því þinghaldi þegar heimild til greiðslustöðvunar var fyrst veitt.

Þá er lagt til að þau fjármálafyrirtæki sem þegar hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar hafi heimild til að beita nánar tilgreindum ákvæðum sem gilda um fyrirtæki í slitameðferð, t.d. reglum um meðferð krafna og ráðstöfun hagsmuna fjármálafyrirtækis. Þó er gert ráð fyrir að slitameðferðin verði áfram kennd við heimild til greiðslustöðvunar svo lengi sem heimildin stendur. Þegar heimild til greiðslustöðvunar fellur niður telst fjármálafyrirtæki sjálfkrafa og án sérstaks dómsúrskurðar vera í slitameðferð

Í þriðja lagi er lagt til að skilanefnd fjármálafyrirtækis sem fengið hefur heimild til greiðslustöðvunar skuli halda áfram störfum og nota heitið skilanefnd. Skal skilanefndin gegna því hlutverki sem slitastjórn er ætlað í nánar tilgreindum ákvæðum frumvarpsins, en gert er ráð fyrir að öðrum verkefnum sinni slitastjórn sem skipuð er af héraðsdómara að beiðni skilanefndar. Aðstoðarmaður við greiðslustöðvun tekur sjálfkrafa sæti í slíkri skilastjórn. Er í því sambandi mikilvægt að skýrt sé hvaða verkefnum skilanefnd á að sinna og hvaða verkefnum slitastjórn á að sinna.

Jafnframt er gert ráð fyrir að kostnaður af störfum skilanefnda og slitastjórna greiðist af viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Listamannalaun, 1. umr.

Stjfrv., 406. mál (heildarlög). — Þskj. 688.

[13:52]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til nýrra

laga um listamannalaun, en frumvarpið byggir að meginstefnu á skipulagi gildandi laga um listamannalaun frá 1991.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru nokkrar en sú stærsta er þó að lagt er til að starfslaunum fjölgi á þriggja ára tímabili úr 1.200 mánaðarlaunum í 1.600. Þá er bætt við þremur launasjóðum, launasjóði hönnuða, launasjóði sviðslistafólks og launasjóði tónlistarflytjenda og jafnframt er Listasjóður lagður niður en hann hefur hingað til sinnt þessum hópum listamanna.

Lög um listamannalaun voru fyrst sett árið 1967 og um áratug síðar voru sett lög um Launasjóð rithöfunda. Þessi tvenn lög voru svo leyst af hólmi með nýjum lögum um listamannalaun sem sett voru árið 1991 en þeim var breytt lítillega á árinu 1996 með hliðsjón af þeirri reynslu sem þá hafði fengist af framkvæmd laganna. Þær breytingar sem þá voru samþykktar lutu einkum að því að kveða skýrar á um tilgang starfslauna listamanna, þ.e. að efla listsköpun í landinu, að leikhúslist yrði gefinn sérstakur gaumur og að kveðið yrði skýrar á um réttarstöðu starfslaunaþega.

Samtök listamanna hafa um árabil þrýst á stjórnvöld að fjölga starfslaunum enda hefur ásókn í listamannalaun aukist mjög á seinni árum í takt við fjölgun starfandi listamanna í landinu. Á þeim tæpu tveimur áratugum sem liðnir eru frá setningu gildandi laga hefur Íslendingum fjölgað um 23% en listamönnum talsvert meira, ekki síst með tilkomu listnáms á háskólastigi í Listaháskóla Íslands, sem stofnaður var haustið 1999. Þrátt fyrir þessa fjölgun hefur fjöldi mánaðarlauna sem eru til ráðstöfunar við úthlutun starfslauna verið óbreyttur í rúman áratug. Hlutfall þeirra sem hafa átt kost á starfslaunum hefur því lækkað.

Í tvígang hafa verið lagðar fram tillögur um breytingar á fyrirkomulagi starfslauna listamanna. Árið 2001 var skipaður starfshópur sem lagði fram breytingartillögu, m.a. að Listasjóður yrði lagður niður og stofnaðir þrír nýir sjóðir: Tónlistarsjóður, Sviðslistasjóður og Hönnunarsjóður. Enn fremur lagði hópurinn til umtalsverða fjölgun mánaðarlauna í öllum launasjóðunum á þriggja ára tímabili. Nokkrum árum síðar lagði stjórn listamannalauna fram greinargerð þar sem lagðar voru til breytingar á lögunum sem hnigu mjög í sömu átt. Stjórnin lagði eindregið til fjölgun þeirra mánaðarlauna sem yrðu til ráðstöfunar við úthlutun starfslauna. Fyrir rúmu ári ákvað þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, að vinna að því að fjölga starfslaunum um 400 á næstu þremur árum. Í fyrstu fannst samtökum listamanna sem ekki væri nóg í lagt, nokkurt bakslag kom í málið en með breyttri stöðu í haust skapaðist samstaða um að vinna að því að ná fram þessari fjölgun.

Ég hef tekið við þessu kefli, enda tel ég mjög mikilvægt að koma til móts við erfiða stöðu listamanna. Við efnahagshrunið í haust gjörbreyttist staða þeirra sem og fjölda annarra landsmanna. Þeir sem hafa verið bakhjarlar listgreina hafa margir hverjir dregið að sér hendur og fækkað mjög möguleikum listamanna á að afla sér tekna með listsköpun sinni. Í flestum tilvikum eru þeir því mjög takmarkaðir og því hafa starfslaunin skipt sköpum fyrir mjög marga listamenn, jafnframt því að vera mikilvæg til að þróa og efla listgreinar.

Ég get tekið sem dæmi bókmenningu okkar, sem ég er nokkuð viss um að stæði ekki með sama blóma ef listamannalauna hefði ekki notið við. Rithöfundasamband Íslands hefur lagt fram einfalt reikningsdæmi um tekjur rithöfundar af bók sem kostar 4.500 kr. út úr búð, sem er algengt verð og þykir mörgum hátt. Sambandið gefur sér að það taki rithöfund að jafnaði um tvö ár að skrifa skáldsögu. Ef bókin selst í þúsund eintökum, sem er ágætisárangur, yrðu höfundarlaunin 625.000 kr. og árslaunin því um 300.000 og þætti það nú ekki mikið í flestum tilvikum. Það sýnir að erfitt er að hafa lífsviðurværi sitt af listsköpuninni einni saman. Öll viljum við geta lesið góðar íslenskar bókmenntir, enda óskaplega mikilvægt fyrir samfélagið sem við byggjum, hlustað á íslenska tónlist í flutningi góðra tónlistarmanna, — sem er nú að verða ein af helstu útflutningsafurðum okkar í þessum geira — verið umkringd áhugaverðri myndlist og notið góðra sviðslista. Það gerist ekki nema samfélagið leggi sitt af mörkum, bæði hið opinbera og þeir sem njóta. Með þrengri fjárhag heimila og fyrirtækja verður minna aflögu til að njóta lista og þar með leggja af mörkum til að listamenn geti sinnt sköpun sinni og haft lífsviðurværi sitt af henni og því er brýnt að hið opinbera komi að málum til að styrkja listamannalaunin í þágu íslensks menningarlífs og sjálfsmyndar þjóðarinnar.

Listamenn sem hafa viðurværi sitt af listsköpun teljast sjálfstætt starfandi listamenn í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar og fæðingar- og foreldraorlof og af því leiðir m.a. að grundvöllur bóta ræðst af skilum tryggingagjalds og reiknaðs endurgjalds. Réttur til atvinnuleysisbóta getur myndast hafi listamaður samkvæmt reglum fjármálaráðuneytisins mánaðarlega staðið skil á reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi. Enn fremur skulu sjálfstætt starfandi listamenn reikna sér 414.000 kr. í mánaðarlaun samkvæmt reglum fjármálaráðuneytisins nr. 1211/2008, en í ljósi þess að upphæð starfslauna er 266.737 kr. eru fáir sem ávinna sér slíkan rétt ef þeir hafa lífsviðurværi sitt eingöngu af listamannalaunum. Í frumvarpinu er lagt til að fjárhæð starfslauna verði óbreytt, þ.e. að ekki verði farið í það að hækka launin þó að auðvitað hafi þær kröfur verið uppi, en komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert að teknu tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.

Ríkisstjórnin vinnur nú að því að efla atvinnutækifæri ýmissa hópa sem hafa farið illa út úr erfiðu efnahagsástandi og listamenn eru þar á meðal. Til að bæta stöðu þeirra telur ríkisstjórnin brýnt að geta fjölgað þeim sem geta notið einhverra starfslauna en samkvæmt frumvarpinu skulu starfslaun veitt til 6, 9, 12, 18 eða 24 mánaða en heimilt er að úthluta starfslaunum til skemmri tíma, þó aldrei skemur en til þriggja mánaða. Enn fremur er heimilt að úthluta starfslaunum til lengri tíma en 24 mánaða en þó aldrei lengur en til 36 mánaða.

Alls bárust 560 umsóknir um listamannalaun á árinu 2009, 514 á árinu 2008 og 506 á árinu 2006. Í ár fengu 130 listamenn og 11 leikhópar þau 1.200 mánaðarlaun sem eru til ráðstöfunar til starfslauna eða um fjórðungur þeirra sem sóttu um þannig að við sjáum af þessu að þörfin er brýn.

Eins og fyrr segir er meginbreytingin samkvæmt frumvarpinu sú að þeim mánaðarlaunum sem úthlutað er til starfslauna fjölgar á þriggja ára tímabili um alls 400 mán-

aðarlaun þannig að á árinu 2012 verði samtals 1.600 mánaðarlaun til ráðstöfunar til starfslauna og styrkja í stað 1.200 mánaðarlauna nú. Sú tala hefur verið óbreytt frá árinu 1997 þegar lögin frá 1991 tóku að fullu gildi. Lagt er til að 145 mánaðarlaun bætist við á árinu 2010, 130 á árinu 2011 og 125 á árinu 2012. Kostnaðaraukinn vegna þessa á árinu 2010 yrði 38,7 milljónir, 34,7 á árinu 2011 og 33,3 á árinu 2012 miðað við verðlag í byrjun árs 2009, alls 106,7 millj. kr. Á móti þessum hækkunum koma til frádráttar fjárveitingar sem þegar hafa verið veittar til málaflokksins en ekki nýttar, samtals 89 millj. kr., sem hefur auðvitað þau áhrif að útgjöld munu ekki hækka eins mikið og ella á árunum 2010 og 2011.

Frumvarpið er samið að undangengnu samráði við Bandalag íslenskra listamanna og samstaða hefur náðst um skiptingu á þeim 400 mánaðarlaunum sem bætast munu við á milli þeirra sex launasjóða sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Fjórir af launasjóðunum, þ.e. launasjóðir hönnuða, myndlistarmanna, rithöfunda og tónskálda eru ætlaðir listamönnum sem vinna að listsköpun en launasjóðir sviðslistafólks og tónlistarflytjenda munu einkum sinna flytjendum og túlkendum. Álitamál er auðvitað hvort hægt er að draga skarpar markalínur á milli, þar sem flutningur og túlkun fela ávallt í sér sköpun en á alþjóðavettvangi er gerður greinarmunur á rétti höfunda hugverka og rétti flytjenda hugverka. Við fyrstu gerð frumvarpsins var þessi túlkun lögð til grundvallar en vegna eindreginna óska stjórnar Bandalags íslenskra listamanna var vikið frá henni á seinni stigum.

Þrír nýir launasjóðir bætast við þá sem eru í gildandi lögum, launasjóður hönnuða, launasjóður sviðslistafólks og launasjóður tónlistarflytjenda en jafnframt leggst Listasjóður af. Hönnun er vaxandi listgrein og full þörf á því að hönnuðir geti átt möguleika á að helga sig listsköpun og þróun fagsins. Sviðslistafólk og tónlistarflytjendur hafa til þessa getað sótt um starfslaun í Listasjóð en samtök þeirra hafa þrýst mjög á um að fá sína eigin launasjóði. Ákvæði frumvarpsins byggjast á þeirri forsendu að starfslaun séu veitt á grundvelli náms- og starfsferils, verðlauna, viðurkenninga og þess verkefnis sem listamaðurinn byggir umsókn sína á. Starfslaunin eru þannig byggð á samkeppni og eru verkefnatengd þannig að þau eru veitt ákveðnum verkefnum. Stjórn listamannalauna mun samkvæmt frumvarpinu fá heimild til að flytja umsóknir á milli launasjóða og eins mun hún fá það hlutverk að móta frekar stefnu og áherslur við úthlutun.

Eins og ég hef nefnt snýst þetta kannski fyrst og fremst um það að við göngum nú í gegnum þrengingar sem bitna ekki síst á menningunni sem um leið hefur aldrei verið mikilvægari fyrir íslenskt samfélag. Við sjáum að aðsókn að menningarviðburðum hefur aldrei verið meiri hér á landi en einmitt nú í efnahagsþrengingunum þegar fólk sækir í önnur gildi en áður hafa kannski verið hafin til vegs og virðingar. Þrengingar í atvinnulífinu draga hins vegar úr möguleikum listamanna til að afla sér frekari tekna og það sama má segja um listastofnanir. Í ljósi þess tel ég afar brýnt að efla starfsemi listamanna frá því sem nú er til að gefa fleiri listamönnum möguleika á að starfa að listsköpun sinni, því að ég tel það eina bestu nýtingu fjármagns sem lagt er í listir og menningu að veita það beint til fólksins sem vinnur að sköpuninni.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa frekari orð um þetta frumvarp en því er ætlað að bæta úr stöðu starfandi listamanna. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. menntamálanefndar að lokinni 1. umr.

Umræðu frestað.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frh. 2. umr.

Frv. viðskn., 371. mál (frestun innheimtu eftirlitsgjalds). — Þskj. 626.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Íslensk málstefna, frh. síðari umr.

Stjtill., 198. mál. — Þskj. 248, nál. 594.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:07]

Mörður Árnason (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Forseti. Þingmenn greiða nú atkvæði um opinbera íslenska málstefnu. Þetta er í fyrsta sinn í sögu þjóðarinnar sem slík stefna er mótuð. Að baki henni liggur mikil vinna, bæði undanfarið ár og svo auðvitað aldir aftur í íslenska sögu.

Mér er það sérstakur heiður sem framsögumanni menntamálanefndar um málið að þakka nefndarmönnum góða vinnu og mikinn áhuga við umfjöllun um þetta mál og ég þakka líka einlæglega flutningsmanni tillögunnar, hv. þm. og hæstv. fyrrverandi menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur fyrir sinn hlut og treysti því að núverandi menntamálaráðherra vinni áfram á þessum grunni, hæstv. ráðherra Katrín Jakobsdóttir.

Það er trú mín, forseti, að með samþykkt þessarar tillögu á eftir stigi þing og þjóð gæfuskref. Alþingi hefur sett ofan að undanförnu og þess vegna ber að fagna því sérstaklega að nú virðast allir þingmenn einhuga um að halda uppi heiðri og virðingu íslensks máls og menningar.

[14:08]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að koma hér og fagna afgreiðslu þessa máls og þeirri góðu umræðu sem orðið hefur í þinginu um málstefnuna, bæði í 1. umr. og 2. umr. Ég óska okkur til hamingju með afgreiðslu þessa máls og ég treysti því að við sem hér sitjum vinnum áfram að því að málstefnan muni komast til framkvæmda. Það er mér mikill

heiður að fá að vera menntamálaráðherra þegar þessi stefna er samþykkt en um leið óska ég forvera mínum í starfi til hamingju með afgreiðslu þessa máls.

Brtt. í nál. 594 samþ. með 36 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSv, HSH, HHj, IllG, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RR, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

27 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, GHH, GSB, GAK, GÞÞ, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JónG, JM, KÓ, KHG, KÞJ, ÓN, REÁ, SKK, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 699).

Kosning sérnefndar í málinu: Frv. til stjórnarskipunarlaga, 385. mál, sbr. 42. gr. þingskapa.

Við kosninguna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Valgerður Sverrisdóttir (A),
Björn Bjarnason (B),
Lúðvík Bergvinsson (A),
Sturla Böðvarsson (B),
Ellert B. Schram (A),
Guðjón A. Kristjánsson (A),
Birgir Ármannsson (B),
Atli Gíslason (A),
Jón Magnússon (B).

Tilhögun þingfundar.

[14:10]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag eða þar til umræðu um dagskrármálin er lokið.

Listamannalaun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 406. mál (heildarlög). — Þskj. 688.

[14:11]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Áður en þessar ánægjulegu atkvæðagreiðslur fóru fram vorum við að ræða frumvarp til laga um listamannalaun sem hæstv. menntamálaráðherra hefur lagt hér fram og í raun kannski tveir menntamálaráðherrar, sá sem nú situr Katrín Jakobsdóttir og sá sem síðast var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Í heild sinni get ég ekki annað en stutt þetta frumvarp og tekið undir flestöll ákvæði þess en verð þó að lýsa því strax yfir að mér þykir helst til skammt gengið. Þetta frumvarp hefði verið fagnaðarefni fyrir ári og jafnvel hálfu ári en nú þykir mér það ekki mæta nægilega þeim veruleika sem við okkur blasir í landinu og kemur við listastarf og menningar- og kjör þess fólks sem þar á hlut að máli eins og annarra í landinu og jafnvel enn grimmara ef ekkert er að gert. Fyrir ári eða hálfu, segi ég, fyrst og fremst vegna þess að heildarstarfslaunin hafa haldist óbreytt í tólf eða þrettán ár, alveg frá 1996, hafa numið hundrað árslaunum. Það er tími til kominn að breyta því og í raun væri æskilegra ef hægt væri að hafa ekki fasta tölu í lögum sem alltaf þarf að breyta heldur einhverja tölu sem hægt er að sveigja til eftir atvikum og fjölgun meðal þjóðarinnar og jafnvel atvinnuaðstæðum.

Það má ýmsar tölur telja til á milli 1996 eða 1997 og til ársins 2009. Einfaldast er kannski að gera það sem ég gerði, þ.e. að athuga mannfjöldann. Mannfjöldinn árið 1996 var um 268.000 í byrjun árs og mannfjöldinn í byrjun árs 2009 319.000. Sú fjölgun ein saman nemur um 20%. Þannig að 120 árslaun árið 2009 væru eðlileg miðað við árið 1996 og þá voru aðeins 13 umfram það.

Ég held satt að segja að viðbrögð okkar við kreppunni sem yfir stendur í þessum geira ætti að vera mun rausnarlegri og mun djarfari. Ég hef sjálfur nýverið skrifað um það grein og lagt þar til að starfslaunum á ári verði fjölgað, verði tvöfölduð. Þar er svona eitthvað af því tagi sem ég tel að þörf sé á, að við förum úr 100 í 200. Eitthvað af því mætti hugsanlega gera til bráðabirgða þannig að það væri hægt að taka það aftur síðar þótt best væri auðvitað að halda því. Vegna þess að þar er ekki eingöngu um það að ræða að brugðist sé við því að listir og menning, að sköpunargreinarnar í atvinnulífinu skipta nú meira máli en áður og eiga mikilvægt erindi við framtíðina heldur líka væru það viðbrögð við þeirri kreppu sem nú stendur.

Það getur ósköp einfaldlega verið val milli þess hvort við viljum að fólk gangi um atvinnulaust eða hvort menn vinni við listir og menningu. Það er þannig að þeir sem vinna við listir og menningu og sköpun fyrst og fremst og eru ekki á starfslaunum við það eru því samhliða í einhvers konar hlutastarfi, þeir eru í öðrum störfum sem mundu þá losna. Ef við förum gróft fram hjá þá fengi það fólk starfslaun og aðrir gætu sinnt þeim störfum þannig að Einbjörn sem togar í Tvíbjörn sem togar í Þríbjörn eða hvort það var nú öfugt, segir okkur að þetta sé hagkvæm aðgerð bæði þegar um atvinnustöðurnar er að ræða og líka til þess að auka hlut sköpunar, lista og menningar í atvinnulífi okkar og mannlífi yfir höfuð.

Ég legg til að menntamálanefnd athugi þetta gaumgæfilega og beini því til og athugi það með ríkisstjórninni og samtökum listamanna hvort hægt sé að ganga lengra í þessa átt.

Frumvarpið virðist ekki vera, forseti, hugsað mjög í þessu skyni og það sést á því að þessi fjölgun, um 33,33 árslaun, á að gerast á þremur árum. Hún á að gerast árið 2010, 2011 og vera að fullu lokið árið 2012. Hér er því að litlu leyti um að ræða viðbrögð við því ástandi sem upp er komið. Í þessum orðum mínum felst engin ásökun heldur hvatning og brýning til okkar í menntamálanefnd og til ráðherrans og stjórnvalda um að gera betur.

Ég vil svo bæta því við að sú skipan kann að vera skynsamleg að hætta að miða við laun tiltekinnar starfsstéttar og beinlínis nefna launatöluna í frumvarpinu. Ég hef þó miklar efasemdir við að það sé gert. Það þýðir að það þarf að breyta launaupphæðinni með lögum væntanlega á hverju ári sem getur verið nokkuð tafsamt og ég held að það sé betra að miða við laun tiltekinnar starfsstéttar sem væntanlega fylgja þá klárlega hækkunum í samfélaginu. Ég er hins vegar ekki viss um að sú starfsstétt sem um hefur verið rætt sé sú rétta í þessu tilviki því þegar lögin voru sett voru margir í þeirri starfsstétt og hún var svona, hvað eigum við að segja, virk og fjölmenn. En nú hefur það gerst að í lektorsstöðu við háskóla eru menn yfirleitt í tiltölulega skamman tíma og fá síðan framgang upp í dósent eða annað það kennaraheiti sem meiri laun fylgja.

Launin sem hér eru tiltekin og ég geri ráð fyrir, án þess að hafa athugað það og biðst afsökunar á því, að þau nemi nokkurn veginn þeim sem áður hafa verið, eru ekki há, u.þ.b. 266 þús. kr. Það þykir auðvitað gott í sumum stéttum, eins og gengur. En þar verðum við að gæta að því að hér er í raun og veru um að ræða verktakalaun eins og kallað er á vinnumarkaði. Af þessari tölu ef þetta eru einu tekjur viðkomandi listamanns verður hann að draga lífeyrissjóðsgreiðslur sínar. Hann verður að reikna sér orlof inn í þessa tölu og hann verður að borga af þessu starfskostnað þannig að það sem eftir stendur til viðurværis er ekki mikið. Ýmsir listamenn væru hreinlega að lækka í launum frá kannski slökum meðallaunum í samfélaginu með því að taka þessi starfslaun og gera það nú þegar.

Þar kemur vissulega á móti sú orðalagsbreyting að í stað þess að áskilja það að starfslaunaþegi, þannig að maður noti bírókratísku, gegni ekki fullu starfi þá er nú kveðið á um að hann skuli ekki gegna föstu starfi. Þetta þýðir, forseti, í raun að þeim sem þiggja starfslaunin er leyft að vera í hlutastarfi. Það er ekki að öllu leyti slæmt. Það þarf að vera svigrúm í þessu og sveigjanleiki. Það er ekki hægt að banna t.d. rithöfundi að þiggja tekjur fyrir bækur sem hann hefur áður skrifað eða málurum að selja málverk sem hann hefur áður málað þannig að einföld dæmi séu tekin. En það kann að vera varhugavert skref að gera nánast ráð fyrir því, með því að hafa upphæðina svona lága, að mjög margir listamenn fái starfslaunin í raun og veru fyrir hlutastarf.

Þetta þurfum við að laga. Ég veit að hér koma auðvitað fjárhagslegar mótbárur og í þessum geira skipta þær auðvitað máli. En ég held að á þessum tíma verðum við að reyna að lyfta okkur yfir rúsínutalningar og smámuni. (**Iðnrh.:** Baunatalningar köllum við það.) Baunatalningar, segir hæstv. iðnaðarráðherra, sem er mér orðsnjallari og hagari á margan hátt. Rúsínutalningarnar hef ég nú reyndar af frásögn barnabarns skólastjóra í Svarfaðardal sem viðhafði mjög hin fornu gildi í starfi sínu, einkum gildi nægjusemi, að maður segi ekki beinlínis nísku og kom með fimm eða sex rúsínur til barna sinna sem voru held ég fimm eða sex eða sjö að tölu og bað þau blessuð að skipta rúsínunum á milli sín. Ég held að við þurfum að lyfta okkur yfir það og taka betur á en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Það segi ég algjörlega að flytjendum þess eða flutningsmanni þess og upphugsuðum ólöstuðum.

Í þriðja lagi er kannski að drepa á, þetta verður auðvitað rætt í nefndinni og óþarfi að setja hér á langar ræður, þá breytingu að skipta listasjóðnum í tvo sjóði, annars vegar fyrir sviðslistafólk og hins vegar fyrir tónlistarflytjendur og ég held að enginn geti á móti því mælt. Hins vegar er þá verið að stíga skref áfram í skiptingu þessara launa sem einu sinni voru nánast í upphafi sínu í einum flokki og ég er ekki alveg viss um að það sé endilega heppilegt. Kannski ætti að taka upp aðra skipan og sveigjanlegri en lögfestingu á tölu þeirra sem starfslaun fá af almannafé í hverri grein fyrir sig. Hafa þetta frekar þannig að það sé kannski einhvers konar leiðbeining í lögunum, einhvers konar svigrúm en skiptingin fari eftir atvikum og sé í höndum stjórnar sem listamenn sjálfir hafa mikil áhrif á og væri þá hægt að hnika til eftir því sem á líður.

Ég geri mér vissulega grein fyrir því að það gæti kostað töluverðar orrustur og styrjaldir, landamæradeilur og hróp og köll í hópi listamanna sem í veljast einstaklingar sem ekki hafa þolinmæði eða lítillæti að helstu skapgerðarþáttum. En það er hins vegar ókostur að ríkið sé að skipta sér af því, þingið og stjórnvöld, hvað margir listamenn af hverju tagi eigi að komast lífs af eða njóta viðurværis af almannafé á hverjum tíma.

Læt ég svo þessu lokið og hlakka til þess hlutskiptis ef það verður mitt, að fjalla um þetta í hinni háu menntamálanefnd.

[14:24]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni athyglisverð löggjöf. Breytingar á lögum sem fyrst tóku gildi 1967 og var síðan breytt, bæði 1991 og 1996 og hafa lagt grunninn að listamannalaunum sem ég tel að sé mjög mikilvægt að við skjótum traustum stoðum undir.

Ástæðan fyrir því að ég kem hér upp til þess að tjá mig um þetta frumvarp er annars vegar að ég fagna því alveg sérstaklega sem kemur fram í 2. gr. frumvarpsins þar sem bætt er við nýjum launasjóði fyrir hönnuði, launasjóði hönnuða.

Íslendingar hafa stöðugt aukið hlutdeild sína í hönnunarstarfsemi og við eigum mjög mikið og gott fagfólk á sviði hönnunar og hróður íslenskra hönnuða hefur farið víða sem betur fer. Þess vegna fagna ég því að hönnuðir skuli eiga aðild að þessum sjóðum og er það vel. Með sama hætti er það fagnaðarefni að tónlistarflytjendur og sviðslistafólk eigi kost á aðild með sama hætti og að launasjóður þeirra vegna sé settur á laggirnar.

Við vitum það að í jafnfámennu samfélagi sem íslenska þjóðin er skiptir miklu máli að standa vel við bakið á þeim sem sinna listinni hvaða nafni sem hún nefnist. Það á að vera takmark okkar og vera mikill metnaður sem tengist því.

Þá kem ég að hinu atriðinu sem fellur kannski ekki alveg að þeirri hugsun að við sýnum metnað gagnvart þessu. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið, koma fram athugasemdir um það sem hér er væntanlega verið að lögfesta og ég vænti þess að nefndin fari vel yfir það, með leyfi forseta:

„Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum ársins 2009 né í áætluðum útgjöldum næstu fjögur árin. Vegna mikils halla á ríkissjóði mun því þurfa að fjár-

magna útgjöldin með lántökum.“

Þetta hlýtur að valda nokkrum áhyggjum að ekki skuli vera gert ráð fyrir því að tekjugrundvöllur fyrir þessum útgjöldum sé tryggður. Auðvitað vitum við að það er af mörgu að taka núna þegar kemur að útgjöldum ríkissjóðs og þegar lánsfjáröflun er annars vegar og við gerum ráð fyrir því að reka ríkissjóð með verulegum halla á næstunni vegna þeirra aðstæðna sem hér eru uppi. En engu að síður er ekki verið að tjalda til einnar nætur. Hér er verið að setja löggjöf sem á að tryggja listafólki og núna hönnuðum aðstöðu til þess að sinna list sinni og við ætlum að byggja það á lántökum.

Ég tel að við þurfum að skoða þetta betur hér í þinginu og kanna allar leiðir til þess sem kunna að vera færar svo tryggja megi eðlilega og trausta tekjuöflun fyrir þessa sjóði.

Þetta er nú það sem ég vildi að kæmi fram við þessa umræðu, hæstv. forseti. Ég vænti þess að hv. nefnd sem fær málið til meðferðar skoði þetta sérstaklega hvernig við getum með öðru en lántökum tryggt þennan stuðning.

[14:29]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka hv. þingmönnum sem hér hafa rætt þetta. En ég vil þó benda á að hækkunin er í heild sinni upp á 106,7 millj. kr. Það hafa auðvitað þegar verið veittar fjárveitingar upp á 89 millj. kr. sem ekki hafa verið nýttar til þessa málaflokks sem væntanlega munu koma til móts við þessar 106,7 millj. kr. Að vísu standa eftir 17 millj. kr. sem á eftir að greiða út. En ég vil minna á að þessar heimildir hafa verið veittar og ekki nýttar innan ráðuneytisins og því vonumst við til þess að útgjöldin minnki sem því nemur á næstu þremur árum.

Hins vegar er ljóst þegar lengra er horft, fram yfir næstu þrjú ár en fjölgun mánaðarlaunanna er varanleg, að það þarf að huga að því í komandi fjárlögum, eftir 2012 því þá verður þessi fjölgun orðin varanleg og þá þarf að gera ráð fyrir henni á fjárlögum.

[14:30]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt að svo vel stendur á hjá menntamálaráðuneytinu, við svo góðu búi tekur núverandi hæstv. menntamálaráðherra að það eru til sjóðir til þess að greiða þetta fyrsta kastið en þó ekki til fullnustu. Strax þegar líður að næsta ári þarf að hefja fjáröflun og þá eins og hér er gert ráð fyrir, með lántökum.

Ég fagna því að það skuli vera til sjóðir til að fara af stað með þetta svo hægt sé að koma þessum nýju sjóðum á. Ég tel að það sé afar mikilvægt að þeir fjármunir verði nýttir til þess að skapa þeim nýju hópum sem gert er ráð fyrir að bætist við skilyrði til þess að sækja um stuðning og styrki fremur en það verði gert með öðrum hætti.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið en legg áherslu á að áfram verði unnið að því að skapa traustari fjárhagslegan grundvöll undir þessa mikilvægu löggjöf.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og menntmn.

Tekjuskattur, 1. umr.

Stjfrv., 410. mál (hærri vaxtabætur 2009). — Þskj. 695.

[14:32]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til afturvirkar breytingar á lögum um tekjuskatt í þeim skilningi að þær ganga út á hækkun á viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta sem koma til útgreiðslu á þessu ári. Vegna mikilla breytinga, svo sem á gengi krónunnar, aukinnar verðbólgu á undanförnum mánuðum, hás vaxtakostnaðar og af fleiri ástæðum hefur vaxtabyrði heimilanna vaxið gríðarlega og vaxtakostnaður ekki síst og er þessari aðgerð, sem er einskiptisaðgerð og hluti af aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar til að aðstoða heimili og atvinnulíf í erfiðleikunum, ætlað að létta undir með heimilunum sérstaklega við álagningu skatta á árinu 2009 vegna tekna ársins 2008.

Hámarksupphæð greiddra vaxta sem mynda viðmiðunarfjárhæðina eða andlagið og er grunnur vaxtabótanna svo og vaxtabótanna sjálfra verður hækkuð um 25% og er það til viðbótar þeirri 5,7% hækkun sem varð samkvæmt forsendum fjárlaga ársins 2009. Samtals munu því vaxtabætur hækka milli ára um 32% frá því sem gilti við ákvörðun þeirra á árinu 2008. Kostnaður af þessari breytingu er áætlaður um 2 milljarðar kr.

Verði frumvarpið að lögum má búast við að vaxtabótaþegum fjölgi um tæp 2% umfram það sem annars hefði orðið samhliða því að meðalbætur hækka um nálægt 25%. Þá munu hámarksbætur einstaklinga hækka úr tæpum 190 þús. kr. í rúmar 237 þús. kr. eða um 47 þús. kr. Hámarksbætur einstæðra foreldra munu hækka úr tæpum 245 þús. kr. í rúmar 305 þús. kr. eða um 60 þús. kr. og hámarksbætur hjóna og sambúðarfólks munu hækka úr rúmlega 314 þús. kr. í rúmar 390 þús. kr. eða um 76 þús. kr.

Að sjálfsögðu er þessi niðurstaða óvissu háð af mörgum ástæðum og er hún meiri nú en oftast áður vegna ástæðna sem allir þekkja og þarf ekki að fara í grafgötur um.

Ekki er gert ráð fyrir þessum viðbótarútgjöldum í fjárlögum fyrir árið 2009 en reiknað er með að vaxtabætur nemi um 7,8 milljörðum kr. á þessu ári í fjárlögum yfirstandandi árs áður en tekið er tillit til þeirra breytinga sem hér eru kynntar. Á móti kemur að væntanlegar skatttekjur ríkissjóðs vegna úttektar séreignarlífeyrissparnaðar munu nýtast á móti þessari útgjaldaaukningu og væntanlega gera nokkuð betur þannig að áætlanir um ríkisbúskapinn á þessu ári eiga ekki að raskast af þessum sökum og þannig hafa þessar breytingar verið kynntar þeim sem málið varðar og kynntar þeim aðilum sem við erum í samstarfi við um framvindu efnahagsmála á Íslandi um þessar mundir. Um þetta þarf ekki að hafa fleiri orð, herra forseti, þessi breyting er eins einföld og hún getur verið og felur í sér þá fjórðungshækkun viðmiðunarfjárhæðar vaxtabóta sem ég hef hér gert ráð fyrir í óbreyttu kerfi að öðru leyti.

Ég legg svo til, herra forseti, að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 1. umr.

Stjfrv., 411. mál (stofnun hlutafélags, heildarlög). — Þskj. 696.

[14:36]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags eða opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja. Frumvarpið byggist á fyrstu starfsáætlun samræmingarnefndar um endurreisn fjármálakerfisins frá 5. febrúar sl.

Vegna ótvíræðs mikilvægis tiltekinna atvinnufyrirtækja fyrir íslenskt samfélag er nauðsynlegt að starfsemi þeirra raskist ekki þrátt fyrir yfirstandandi erfiðleika. Í frumvarpinu er lagt til að Alþingi veiti fjármálaráðherra heimild til þess að stofna sérstakt opinbert hlutafélag um eignaumsýslu þar sem byggð verði upp heildstæð þekking á endurskipulagningu, fjárhags- og rekstrargrundvelli skuldsettra fyrirtækja. Í félaginu verður þannig unnið að fjárhagslegri og rekstrarlegri endurskipulagningu atvinnufyrirtækja með það að markmiði að gera þau sem fyrst rekstrarhæf á nýjan leik og selja þau síðan með gagnsæjum hætti þegar aðstæður verða hagfelldar.

Ekki er gert ráð fyrir að eignaumsýslufélag þetta taki í sína umsjá mjög mörg fyrirtæki heldur einungis tiltekin þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að slík fyrirtæki sinni svo mikilvægum almanna- eða öryggishagsmunum að stöðvun þeirra um lengri eða skemmri tíma mundi valda verulegri röskun í þjóðfélaginu öllu. Með almannahagsmunum í þessu sambandi er átt við þá starfsemi atvinnufyrirtækja sem snúa að nauðsynlegum grunnþörfum samfélagsins eða eru mikilvægir hlekkir í innviðum þess. Með öryggishagsmunum er t.d. átt við starfsemi sem snýr að fæðuöryggi þjóðarinnar, fjarskiptum, flutningi fólks eða farms milli landa eða innan lands. Þessar skilgreiningar eru þó að sjálfsögðu ekki tæmandi og æskilegt að félagið hafi frekari viðmið til að starfa eftir. Sú leið er því farin í frumvarpinu að lagt er til að stjórn félagsins, að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands og aðila vinnumarkaðarins, geri tillögu til fjármálaráðherra um frekari almenn viðmið sem leggja skal til grundvallar því að fyrirtæki gætu fallið í þennan flokk atvinnufyrirtækja. Þegar slík hlutlæg viðmið hafa verið samþykkt gefur fjármálaráðherra þau út í formi reglugerðar. Stjórn félagsins tekur síðan sjálf ákvörðun um það á grundvelli hinna almennu viðmiða reglugerðarinnar hvaða atvinnufyrirtæki falli undir skilgreininguna. Félagið gengur síðan til samninga við fjármálastofnanir um kaupin, enda rúmist þau innan fjárhags félagsins. Miklu skiptir að félag sem þetta verði eins sjálfstætt í störfum sínum og unnt er.

Í dag liggur umfang þessa eignaumsýslufélags ekki að fullu fyrir að sjálfsögðu og því er gert ráð fyrir að þriggja manna nefnd leggi mat á heildarupphæð stofnfjár eða þörf fyrir aukningu þess miðað við áætlað umfang starfseminnar og árlega þörf þess fyrir rekstrarfé. Til þess að hægt verði að hefjast handa um það sem fyrst að stofnsetja félagið, kjósa því stjórn, ráða framkvæmdastjóra og hefja annan undirbúning, þar á meðal að greina umfang vandans og skilgreina viðmið um þjóðhagslega mikilvæga starfsemi er í frumvarpinu gert ráð fyrir 20 millj. kr. stofnframlagi sem greiðist úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir því síðan að þegar félagið hefur hafið starfsemi verði rekstrarkostnaðurinn að einhverju eða jafnvel að öllu leyti borinn af þeim félögum sem tekin verða inn í félagið. Varðandi kaup á eignarhlutum af fjármálastofnunum inn í félagið er gert ráð fyrir að um það verði samið hverju sinni og eftir fremsta megni reynt að tryggja hagsmuni skattgreiðenda og kröfuhafa til framtíðar með því að fá sem mest virði fyrir eignarhlutina í framtíðinni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að félagið skuli hafa lokið störfum eigi síðar en fimm árum frá stofnun þess og verður því þá slitið. Er þetta gert til þess að undirstrika að um tímabundna ráðstöfun er að ræða og ekki er ætlunin að slíkt félag reki rekstrarhæf atvinnufyrirtæki lengur en brýna nauðsyn ber til. Fjármálaráðherra mun í reglugerð mæla fyrir um hvaða áherslur og viðmið verða höfð til grundvallar við sölu fyrirtækja sem eignaumsýslufélagið kemur til með hafa í sinni umsjá.

Við vinnslu þessa frumvarps hefur verið horft til erlendra fyrirmynda sem eru vel þekktar, m.a. sænskra, en þekkt er að félög af þessu tagi hafi verið stofnuð með ágætum árangri til þess að létta á bankastofnunum vegna umfangsmikilla endurskipulagningarverkefna þannig að þær geti betur sinnt hefðbundinni bankastarfsemi við fyrirtæki og almenning. Aðferðafræðin er þannig kunn og alþjóðlega viðurkennd. Við samningu frumvarpsins var þó horft til þess að aðstæður hér á landi eru um margt ólíkar því sem var t.d. í Svíþjóð. Stærsti munurinn felst án efa í þeirri aðferðafræði sem beitt var hérlendis með setningu laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., þ.e. neyðarlögin svonefndu. Vegna þeirrar ráðstöfunar á eignum og skuldum bankanna í nýja og gamla banka sem gert er ráð fyrir í þeim lögum eiga nýju bankarnir betri möguleika á að koma stærri hluta þeirra fyrirtækja sem eiga í vanda til aðstoðar en ella hefði verið án meiri háttar aðgerða. Þessi er helsti munurinn á aðstæðum eins og þær voru t.d. í Svíþjóð þar sem eignaumsýslufélagið leysti til sín ýmis stór og erfið viðfangsefni frá bönkum sem að sönnu höfðu ekki komist í þrot eða voru til skipta heldur voru á sama tíma endurfjármagnaðir að verulegu leyti eða jafnvel að öllu leyti af því hinu sama ríki, þ.e. sænska ríkinu. Af sömu ástæðum má gera ráð fyrir að meginákerslan hjá eignaumsýslufélaginu hér verði að færa eignarhluti í atvinnufyrirtækjum inn í félagið en síður að færa lán eða kröfur yfir í slíkt félag. Með öðrum orðum, hér er ekki verið að stofna banka. Með því næst fram aðskilnaður á eignarhaldi og bankastarfsemi þannig að félagið mun þurfa að semja við kröfuhafa á viðskiptalegum forsendum í samráði við aðra eigendur ef einhverjir eru og sú hlið málsins sem snýr að almennri bankastarfsemi verður áfram hjá hlutaðeigandi fjármálastofnunum. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir þeim möguleika að

félagið geti keypt tilteknar kröfur eða veðskuldir ef þannig aðstæður skapast að slíkt sé metið nauðsynlegt.

Vegna umfangs þess vanda sem blasir við íslenskum fyrirtækjum telur ríkisstjórnin nauðsynlegt að stofna félag sem þetta sem vinni í sátt við bankana og aðila vinnumarkaðarins að endurreisn íslensks atvinnulífs. Með því er eindregið mælt af þeim ráðgjöfum bæði innlendum og erlendum sem íslensk stjórnvöld eiga samráð og samstarf við um þessar mundir.

Herra forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari.

[14:44]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Hér er til meðferðar frumvarp til laga um stofnun hlutafélags, eins og segir í yfirskrift frumvarpsins, til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja. Ástæða er til að undirstrika við þessa umræðu, og ég vil að það komi fram hér, að þarna skiptir mjög miklu máli hvernig á verður haldið þegar þetta félag, sem lögin gera ráð fyrir, verður sett á laggirnar og hefur sína starfsemi.

Það fer auðvitað ekki á milli mála að allar þær endurreisnaraðgerðir sem eru í gangi eftir bankahrunið þarf að vanda og mér sýnist að hér sé á ferðinni frumvarp sem er í rauninni framhald af þeirri vinnu sem fram fór á vettvangi fyrrverandi ríkisstjórnar og á grundvelli þeirrar ráðgjafar sem undirbúin var af hálfu fyrrverandi forsætisráðherra. Ég geri ráð fyrir því að sú nefnd sem fær málið til meðferðar fari vandlega og rækilega ofan í það vegna þess að það skiptir mjög miklu máli að þessi löggjöf sé, eins og ég sagði fyrr, reist á traustum grunni og að leitað verði umsagna aðila vinnumarkaðarins. Mig minnir að eitthvað hafi heyrst frá Samtökum atvinnulífsins um þá hugmyndafræði sem býr að baki þessari löggjöf og þess vegna mikilvægt að hv. nefnd sem vinnur að málinu fái traustar umsagnir frá samtökum á vinnumarkaði.

Ekki er ástæða til þess að hafa fleiri orð um þetta. Það er alveg ljóst að þetta félag getur þurft að taka til hendinni mjög hratt og það skiptir auðvitað mjög miklu máli að ríkið komi að sem allra fyrst, og helst löngu áður en þau fimm ár eru liðin sem gert er ráð fyrir að löggjöfin geti verið í gildi, þannig að hægt verði að selja þær eignir sem kunna að verða teknar inn í þetta félag og þeim komið í rekstur sem allra fyrst. Að öðru leyti hef ég engar athugasemdir við málið.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Lokafjárlög 2007, 1. umr.

Stjfrv., 408. mál. — Þskj. 692.

[14:47]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2007 sem dreift hefur verið á þingskjali 692.

Frumvarpið er lagt fram til breytingar á fjárheimildum vegna frávika í mörkuðum ríkistekjum stofnana frá áætlunum fjárlaga og til að gera tillögur um ráðstafanir á stöðu fjárheimilda í árslok, annaðhvort með niðurfellingu eða flutningi til næsta árs. Þá er frumvarpið til staðfestingar á niðurstöðum í ríkisreikningi ársins 2007. Uppbygging þess er með sama hætti og verið hefur undanfarin ár og uppgjör og ráðstöfun á fjárheimildastöðum í árslok byggja á sömu vinnureglum og áður.

Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er birt yfirlit yfir talnagrundvöll þess. Yfirlitið sýnir uppruna allra fjárheimilda ársins 2007, fyrir ríkissjóð í heild og einstök viðfangsefni, þ.e. fluttar stöður fjárheimilda frá fyrra ári, fjárveitingar í fjárlögum og fjáraukalögum, millifærðar heimildir innan ársins og breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna samkvæmt þessu frumvarpi. Því næst eru tilgreind útgjöld samkvæmt ríkisreikningi og loks staða fjárheimilda í árslok, þ.e. mismunur fjárheimilda og reikningsfærðra útgjalda.

Heildarfjárheimildir ársins 2007 námu 409,9 milljörðum kr., útgjöld samkvæmt ríkisreikningi voru 397,5 milljarðar og fjárheimildastaða í árslok 2007 var því jákvæð um 12,4 milljarða kr. Í frumvarpinu er að vanda lagt til að stöður fjárheimilda í árslok verði annaðhvort felldar niður, eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins, eða fluttar til næsta árs, eins og fram kemur í fylgiskjali 1 með frumvarpinu.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávika markaðra ríkistekna frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga, samanber nánari skiptingu í sundurliðun 1. Alls er lagt til að fjárheimildir hækki um 2.117,7 millj. kr. samkvæmt þessu uppgjöri á fjármögnun verkefna með mörkuðum ríkistekjum. Nánari skipting niður á fjárlagaliði og viðfangsefni er sýnd í sundurliðun 1. Er hér leitað eftir heimild Alþingis fyrir því að ráðstafa megi mörkuðum skatttekjum og öðrum ríkistekjum stofnana í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt uppgjöri ríkisreiknings eða hver metin fjárþörf reyndist vera við skil ríkissjóðs á mörkuðum tekjum til viðkomandi stofnana.

Almennt gildir að útgjaldaheimildir fjárlagaliða hækka hafi lögboðnar ríkistekjur til fjármögnunar á útgjöldunum verið meiri en áætlað var í fjárlögum, en lækka hafi tekjurnar verið minni. Þetta er þó ekki algilt því ekki eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana í þeim tilvikum þegar ekki er beint samband milli útgjaldaþarfar stofnunar og fjármögnunar á þann veg að breytingar í tekjum hafi samsvarandi bein áhrif á kostnað.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til niðurfellingar á stöðum fjárheimilda í árslok. Er þar bæði um að ræða ónotaðar fjárveitingar og gjöld umfram heimildir. Nánari skipting niður á fjárlagaliði og viðfangsefni er sýnd í sundurliðun 2. Gert er ráð fyrir að á rekstrargrunni falli niður samtals 7.054,7 millj. kr. umframgjöld en að á greiðslugrunni falli niður 6.770,3 millj. kr. í afgangsheimildum. Þessi mikli munur sem er á milli rekstrargrunns og greiðslugrunns hvað hinar niðurfelldu stöður varðar stafar að stærstum hluta af því að niður falla háar stöður sem ekki hafa áhrif á útgreiðslur, svo sem stöður á liðunum Lífeyrisskuldbindingar og Afskrifaðar skattkröfur.

Í samræmi við ákvæði 37. og 45. gr. laga um fjárreiður

ríkisins, nr. 88/1997, er í fylgiskjali 1 með frumvarpinu birt yfirlit yfir stöðu fjárheimilda í árslok 2007 sem færast yfir til ársins 2008. Gert er ráð fyrir að í heildina tekið flytjist tæplega 19,5 milljarða kr. jákvæð fjárheimildastaða yfir til ársins 2008. Sú fjárhæð samsvarar 4,5% af fjárveitingum fjárlaga 2008.

Ráðstafanir á fjárheimildastöðum í árslok byggja á viðmiðunarreglum þar sem einkum er litið til þess hvort útgjöld séu bundin, t.d. af lögum eða samningum, eða frekar á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila sem viðhaft geti virka útgjaldastýringu. Í sumum tilvikum kann að vera álitamál hvort fella beri niður stöður einstakra fjárlagaliða eða flytja til næsta árs, og við gerð sérhvers lokafjárlagafrumvarps þarf að leggja mat á þessi tilvik. Ræðst niðurstaðan m.a. af því hvort talið sé að viðhafa megi stýringu á útgjöldum liðarins þrátt fyrir að tilefni útgjaldanna séu þess eðlis að þau teljist lögbundin.

Tilgangurinn með því að flytja fjárheimildastöður yfir áramót er einkum sá að hvetja ráðuneyti og stofnanir til aðhalds og styrkari fjármálastjórnar til lengri tíma litið. Með því að flytja afgangsheimildir stofnana yfir áramót hefur horfið sú tilhneiging sem gætti í eldra kerfi, að forstöðumenn leituðust við að eyða öllum fjárheimildum fyrir lok hvers árs. Áætlanagerð hefur batnað og stjórnendur líta til lengri tíma en eins árs við stefnumörkun sína. Leitast er því við að fækka þeim liðum þar sem staða er að jafnaði felld niður í árslok, a.m.k. í þeim tilfellum þar sem mögulegt er talið að gera megi ráðstafanir til að bregðast við frávikum í útgjöldum.

Í árslok 2007 voru 59 fjárlagaliðir með uppsafnaðan halla sem nam meira en 4% af fjárheimildum og hjá 30 þessara liða var hallinn yfir 10% af fjárheimildum. Liðum með svo mikinn halla hefur þó sem betur fer farið fækkandi. Í árslok 2006 voru 70 liðir með halla umfram 4%, þar af 42 með yfir 10% halla, og í árslok 2005 voru 82 fjárlagaliðir með halla umfram 4%, þar af 65 með halla yfir 10%. Þó er ljóst að taka verður vanda af þessum toga föstum tökum, ekki síst ef um er að ræða halla á hefðbundnum rekstri ríkisstofnana. Mikilvægt er að forstöðumenn og ráðuneyti grípi til aðgerða strax og ljóst er að rekstur stefnir umfram fjárheimildir. Við undirbúning fjárlaga þurfa ráðuneytin einnig að búa svo um hnúta að tekið sé á vanda þeirra stofnana sem ár eftir ár fara fram úr fjárveitingum, annaðhvort með endurskipulagningu á rekstri eða breytingum í forgangsröðun fjárveitinga.

Ég hef hér, herra forseti, farið yfir helstu þætti frumvarpsins. Með því eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður úr rekstri ríkissjóðs gagnvart fjárheimildum á árinu 2007 og vísast í því sambandi til greinargerða í fjáraukalögum og ríkisreikningi um meginatriði í framvindu ríkisfjármálanna og helstu frávik í tekjum og gjöldum. Einnig hefur Ríkisendurskoðun lagt fyrir Alþingi skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings 2007 og um hana hefur verið fjallað í fjárlaganefnd. Ég tel því ekki ástæðu til að fara yfir einstök atriði í frumvarpinu og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárlaganefndar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fjárln.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, síðari umr.

Þáltill. ÁÓÁ o.fl., 13. mál. — Þskj. 13, nál. 672.

[14:55]

Frsm. allshn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. allsherjarnefnd um tillögu til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 182 2. nóvember 1992, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og þetta er venjulega kallað.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu D. Guðmundsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Margréti Júlíu Rafnsdóttur frá Barnaheillum, Margréti Maríu Sigurðardóttur og Elísabetu Gísladóttur frá umboðsmanni barna og Stefán Inga Stefánsson frá UNICEF.

Málið var sent til umsagnar á síðasta löggjafarþingi en því var fyrst hreyft á 121. löggjafarþingi að bæta þyrfti réttarstöðu barna í íslenskri löggjöf samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Umsagnir voru jákvæðar.

Með þingsályktunartillögu þessari, sem er að finna á þskj. 13, er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og að frumvarp um lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að honum skuli liggja fyrir eigi síðar en 20. nóvember 2009, en þann dag var barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna einmitt staðfestur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Ísland undirritaði sáttmálann í New York 26. janúar 1990, með fyrirvara um fullgildingu og Ísland fullgilti síðan samninginn 27. nóvember 1992. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna tryggir börnum, auk borgaralegra réttinda, félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi. Í nefndaráliti kemur fram að vegna tvíeðliskenningar sem lögð er til grundvallar í lagatúlkun hér á landi þurfi að lögfesta alþjóðlega samninga ef tryggt á að vera að þeir hafi bein réttaráhrif hér á landi. Meðan svo er ekki er ekki unnt að beita barnasáttmálanum með beinum hætti fyrir íslenskum dómstólum og sú skuldbinding sem sáttmálinn felur í sér gildir einungis að þjóðarrétti. Með þingsályktunartillögunni er lagt til að barnasáttmálinn verði lögfestur með sama hætti og mannréttindasáttmáli Evrópu enda um grundvallarsáttmála að ræða. Á þann hátt væri stjórnvöldum og dómstólum skylt að taka mið af honum við úrlausnir mála sem varða börn. Tillagan felur í sér að kannað verði hvort og þá hverju í gildandi löggjöf þurfi að breyta við lögfestingu sáttmálans, auk þess sem laga þurfi texta sáttmálans að hefðbundnu lagaformi og leggja fram frumvarp vegna aðlögunarinnar.

Ég vil nefna í þessu sambandi að frá gestum sem komu fyrir hv. allsherjarnefnd og í umsögnum um þingsályktunartillöguna kom fram að lögfesting mannréttindasáttmála Evrópu hefði verið stórt skref í þá átt að tryggja mannréttindi betur í sessi á Íslandi, einkum við dómaframkvæmd. Markmið nefndarinnar, sem leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt með örlítilli orðalagsbreytingu, er að ná sama árangri hvað varðar réttarstöðu barna. Eins og ég sagði áðan tryggir samningurinn þeim, auk borgaralegra

réttinda, félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi.

Fyrir nefndinni komu fram upplýsingar um að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefði falið Ragnhildi Helgadóttur, prófessor við Háskólann í Reykjavík, að semja greinargerð um stöðu samningsins að íslenskum lögum og reifa álitamál sem tengjast lögfestingu hans og að sú greinargerð muni væntanlega liggja fyrir í vor. Nefndin telur að sú vinna muni nýtast sem nauðsynlegur grunnur að lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að honum en í þingsályktunartillögunni er lagt til að frumvarp um lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að honum skuli liggja fyrir á 20 ára afmæli barnasáttmálans þann 20. nóvember næstkomandi.

Ég vil einnig geta þess, herra forseti, að hv. allsherjarnefnd er kunnugt um að í félags- og tryggingamálaráðuneytinu fer nú fram endurskoðun barnaverndarlaga og þar er að sjálfsögðu tekið mið af barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með örlítilli orðalagsbreytingu sem er að finna á þskj. 672, sem er sama þingskjal og nefndarálitið. Breytingin er fólgin í því að í stað orðanna „vera lokið 20. nóvember 2009“ í tillögugreininni komi: liggja fyrir 20. nóvember 2009.

Hv. allsherjarnefnd leggur því til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að undirbúa lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Skal frumvarp sem felur í sér lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að honum liggja fyrir 20. nóvember 2009.

Undir nefndarálitið rita Árni Páll Árnason, formaður allsherjarnefndar, Álfheiður Ingadóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Jón Bjarnason, Siv Friðleifsdóttir, Ólöf Nordal, með fyrirvara, og Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara. Birgir Ármannsson og Jón Magnússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[15:01]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna um þetta mál en vil samt koma hér upp og lýsa því að ég tel að þetta sé mjög mikið framfaraskref sem við stígum hér fyrir íslensk börn. Það er alveg ljóst að þessi samningur felur í sér skuldbindandi samkomulag þjóða heims um sérstök réttindi fyrir börn óháð réttindum fullorðinna. Auk borgaralegra réttinda tryggir hann börnum félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi. Þetta er grundvallarsáttmáli, eins og kom fram í máli framsögumanns, hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur, og verður unnt að beita samningnum fyrir rétti þegar búið er að ganga frá löggildingu hans.

Mjög góð samstaða náðist í allsherjarnefnd um þetta mál. Að vísu eru sjálfstæðismenn með fyrirvara á málið. En almennt segi ég fyrir hönd okkar framsóknarmanna að við erum mjög ánægð með að þetta skref skuli vera tekið og teljum að þetta sé mikið framfaramál fyrir börn á Íslandi.

[15:02]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil, eins og þeir sem hér hafa talað, fagna þessum áfanga. Ég held að með því að lögleiða barnasáttmálann og alla þá löggjöf sem honum fylgir hugsanlega, sé stigið gríðarlega mikilvægt skref. Auðvitað höfum við unnið eftir þessum sáttmála og þeim samþykktum sem gerðar hafa verið hingað til, en nú verður gert enn betur og málum fylgt eftir til enda.

Það var ánægjulegt þegar ég kom inn á þing fyrir tveimur árum að eitt af fyrstu verkefnum á sumarþingi var einmitt að fjalla um aðgerðaáætlun í þágu barna. Reynt hefur verið að fylgja þeirri áætlun og mörg brýn hagsmunamál barna hafa litið dagsins ljós. Málum hefur verið fylgt eftir á ýmsum vettvangi, hvort sem það snýr að menntamálum eða heilbrigðismálum, og lagaumgjörðin löguð. Margar endurbætur hafa verið unnar. Það er vel við hæfi að eitt af síðari málum á þessu þingi, áður en efnt verður til kosninga og kosið nýtt Alþingi, verði lögfesting barnasáttmálans og allra ákvæðanna sem þar eru.

Ég kem hér aðeins til þess að fagna því og að þessir tveir mikilvægu sigrar hafi náðst á þessu þingi. Ég treysti á að áfram verði gætt hagsmuna barna í störfum þingsins sem hingað til.

[15:04]

Frsm. allshn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir, að sjálfsögðu þeirra sem undir nefndarálitið skrifa, hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og hæstv. forseta þingsins, Guðbjarts Hannessonar.

Ég ætla ekki að gera grein fyrir fyrirvara tveggja þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem undir þetta nefndarálit skrifa. Ég vil þó fullyrða að í þeim fyrirvara felst ekki andstaða við neitt það sem er að finna í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna heldur hugsanlegar efasemdir um það sem fram kemur í nefndarálitinu um tvíeðliskenningu sem lögð er til grundvallar lagatúlkun hér á landi. Eins og fram kom hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur náðist einstaklega góð samstaða um þetta mál og afgreiðslu þess í hv. allsherjarnefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 2. umr.

Stjfrv., 53. mál (yfirtökureglur). — Þskj. 53, nál. 689, brtt. 690.

[15:07]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti hv. viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, en þær breytingar snerta einkum yfirtökuheimildir.

Ég vil byrja á því að taka fram að frumvarpinu var útbýtt hér í þinginu hinn 16. október sl., tíu dögum eftir hrunið, og það var fyrst rætt hér 21. nóvember á liðnu ári. Það er því ljóst að það er samið við nokkuð aðrar aðstæður en við búum nú við í efnahagslífi okkar og hefur stundum verið haft á orði hér, og ég hef tekið undir það í þessum stól, að sumt af þeim málum sem við sjáum og vinnum með í hv. viðskiptanefnd séu „svolítið 2007“ og það þurfi á stundum að taka upp 2009-gleraugun til þess að rýna þau upp á nýtt.

Með því frumvarpi sem hér um ræðir er tekið á þáttum

sem valdið hafa nokkrum skaða í íslensku viðskiptalífi. Hér hefur minnihlutavernd í félögum ekki verið nægilega skýr. Ísland er eitt örfárra landa innan Evrópska efnahagssvæðisins sem hefur haft meira en 33% yfirtökuskyldu en hún hefur verið 40% frá því 2005.

Í athugasemdum við frumvarpið, sem leggur til að lækkun yfirtökumarka verði úr 40% niður í 33%, kemur fram að verið er að auka minnihlutavernd og draga úr samþjöppun á eignarhaldi en um leið að samræma íslenskt lagaumhverfi við erlent regluverk.

Í nefndaráliti á þskj. 689 kemur fram að frumvarpið er samið í kjölfar niðurstöðu nefndar sem þáverandi hæstv. viðskiptaráðherra skipaði í nóvember 2007 til þess að fara yfir yfirtökureglurnar. Var ástæðan kannski sú að yfirtökureglunum íslensku sem settar voru með lögum nr. 31/2005 var ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og Evróparáðsins nr. 2004/25, um yfirtökutilboð, en það var niðurstaða nefndarinnar að sú innleiðing hefði ekki að öllu leyti tekist.

Í frumvarpinu var, eins og ég sagði áðan, gert ráð fyrir að yfirtökuskylda skyldi miðast við 33% atkvæðisréttar en ekki 40%. Sú tillaga byggðist á tillögu minni hluta nefndar viðskiptaráðherra, meiri hluti þeirrar nefndar sem hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra skipaði, lagðist gegn breytingu á yfirtökuskyldunni. Engu að síður lagði hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra málið fram, enda hafi markmiðið fyrst og fremst verið, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu og í því nefndaráliti sem hér liggur fyrir, að auka minnihlutavernd og draga úr samþjöppun á eignarhaldi.

Með frumvarpinu er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti í undantekningartilfellum tekið ákvörðun um að færa tilboðsskyldu yfir á þann aðila samstarfshóps sem ræður yfir mestu hlutafé. Lagt er til að ákvæði um yfirtökur verði alfarið í lögum um verðbréfaviðskipti en samkvæmt gildandi rétti er ráðherra heimilt að mæla fyrir um undanþágur frá yfirtökureglum í reglugerð. Með þessu frumvarpi er sem sagt gert ráð fyrir því að slíkar undanþáguheimildir ráðherra verði ekki lengur fyrir hendi. Þá er með frumvarpinu kveðið á um verðbréfaviðskipti með víðtækari hætti en nú er í lögum, hvenær aðilar teljast vera í samstarfi, en erfitt hefur reynst að fullnægja sönnunarkröfum gildandi laga.

Við þekkjum það að eignarhald á íslenskum fyrirtækjum hefur verið heldur ógagnsætt og í 2. gr. þess frumvarps sem liggur fyrir á þskj. 53 er lagt til að við 100. gr. laganna um verðbréfaviðskipti bætist skilgreining á því hvenær samstarf skuli vera talið fyrir hendi í félögum þannig að yfirtökuskylda myndist. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, að það skuli vera þegar um er að ræða:

„Bein eða óbein tengsl á milli aðila innan eða utan þess félags sem í hlut á, hvort sem um er að ræða rík hagsmunatengsl eða persónuleg tengsl, reist á skyldleika, tengdum eða vináttu, eða tengsl reist á fjárhagslegum hagsmunum eða samningum, sem líkleg eru til að leiða til samstöðu aðila um að stýra málefnum félagsins í samráði hvor eða hver við annan þannig að þeir ráði yfir því.“

Ástæða þess að tillaga um slíka reglu er gerð er að tengslaregla gildandi laga er ómarkviss og hefur hentað illa í framkvæmd. Alkunna er að eigna- og hagsmunatengsl eru afar mikil í íslensku viðskiptalífi án þess að fullnægt sé kröfum gildandi reglna.

Ég vildi vekja athygli á þessu, hæstv. forseti, því að hér er um nýmæli að ræða, betri skilgreiningu á því hvað teljast bein og óbein tengsl í skilningi laganna þannig að það varði yfirtökuskylduna. Ég leyfi mér að fullyrða að þessi frumvarpsgrein, verði hún að lögum, geti orðið til þess að draga úr krosseignatengslum og tryggja, eins og frumvarpinu í heild er ætlað, dreifðari eignaraðild í félögum hér á landi.

Herra forseti. Í frumvarpinu er einnig lagt til að við sérstakar aðstæður geti aðili farið yfir yfirtökumörk án þess að verða tilboðsskyldur. Þetta á við þegar aðgerðir sem leiða til aukningar á hluta umfram þessi mörk, sem í frumvarpinu var lagt til að yrðu 33%, tengjast aðgerðum til að bjarga félagi í fjárhagsörðugleikum eða er hluti af endurskipulagningu félags sem á í fjárhagserfiðleikum. Þá er lagt til að aðilum kunni að vera skylt að gera grein fyrir því opinberlega ef aðili íhugar að gera yfirtökutilboð í félag. Þetta byggist á einni af meginreglu evrópsku yfirtökutilskipunarinnar sem mælir fyrir um að yfirtökutilboð eigi ekki að hindra rekstur félags lengur en sanngjarnt er. Einnig er kveðið á um að stjórnarmenn skuli gera grein fyrir því hvort þeir og aðilar þeim tengdir hyggist taka yfirtökutilboði. Jafnframt er lagt til að ef kostur er skuli flöggunar- og innherjatilkynningar birtar í beinu framhaldi af birtingu upplýsinga um niðurstöður tilboðs.

Herra forseti. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu og er breytingartillögurnar, sem eru í sex liðum, að finna á þskj. 690. Þar er, auk áréttingar og minni háttar breytinga, um að ræða þrjár efnisbreytingar. Er sú veigamest að nefndin leggur til að þau mörk sem yfirtökuskylda miðast við verði 30% atkvæðisréttar í félagi. Telur nefndin að með þeirri breytingu verði vernd minni hluta enn aukin og eignaraðild dreifðari. Verður að telja að það stuðli að minni hættu á hagsmunaárekstrum og auknu rekstraröryggi.

Í sambandi við breytingartillögu hv. viðskiptanefndar vil ég geta þess að á minnisblaði sem nefndin fékk hinn 4. þessa mánaðar frá viðskiptaráðuneytinu kemur fram að Noregur, Finnland og Frakkland eru lönd sem eru með 33% yfirtökuskyldu, sama og frumvarpið upphaflega gerði ráð fyrir, en önnur lönd sem hér eru upp talin á minnisblaðinu, sem eru Svíþjóð, Þýskaland, Ítalía, Holland, Spánn, Bretland, Tékkland og Belgía, eru öll með 30% yfirtökuskyldu. Það var samhljóða álit nefndarmanna að nú skyldi stigið fullt skref í þessu máli og farið úr 40% yfirtökuskyldu niður í 30% yfirtökuskyldu.

Önnur efnisbreyting sem hér er lögð til varðar aðlögunartíma. Þegar gerðar hafa verið breytingar á yfirtökumörkum eða tengslareglum hefur hingað til verið farin sú leið að setja ákvæði til bráðabirgða sem gera þeim sem hafa átt yfir nýjum yfirtökumörkum eða falla undir nýjar tengslareglur, kleift að halda eignarhluta sínum eða tengslum þrátt fyrir breytingu á reglum laganna. Nefndin leggur til að þeir sem eiga yfir 30% atkvæðisréttar í félagi við gildistöku laganna hafi tíma fram til 31. mars 2011 til þess að fullnægja tilboðsskyldu sinni eða að draga svo úr hlutafjáreign sinni að hún fari niður fyrir yfirtökumörk. Auki þessi aðili við hlut sinn á tímabilinu gilda reglur laganna um tilboðsskyldu. Sami tímafrestur gildir hafi aðili farið með yfirráð í félagi á

grundvelli samstarfs samkvæmt 100. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framlengja tímafresti 1. málsl. þessa ákvæðis tvisvar sinnum í sex mánuði í senn ef aðstæður á markaði leiða til þess að ósanngjarnt er að krefjast þess að aðili selji sig niður fyrir yfirtökumark innan tímamarkanna.

Herra forseti. Við þær aðstæður sem nú ríkja á íslenskum fjármálamarkaði er eðlilegt að veita verulega rúman tíma til þess að aðlaga sig þessu. Þá mun gilda, eins og kemur hér fram í nefndaráliti, allt að þriggja ára aðlögunartími.

Að lokum leggur nefndin til viðbót við frumvarpið um heimild Fjármálaeftirlitsins til gjaldtöku þegar tilboðsgjafi eða tilboðshafi óskar eftir því að stofnunin endurskoði tilboðsverð og kostnaður vegna þess fellur til hjá stofnuninni. Nefndin leggur sem sé til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem ég hef hér gert grein fyrir.

Birgir Ármannsson, Höskuldur Þórhallsson og Árni M. Mathiesen hv. þingmenn voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálit hv. viðskiptanefndar rita, auk þeirrar sem hér stendur, hv. þingmenn Gunnar Svavarsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Birkir J. Jónsson og Jón Magnússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnaðarmálagjald, 2. umr.

Stjfrv., 357. mál. — Þskj. 607, nál. 694.

[15:19]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. iðnaðarnefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum. Nefndin fékk á fund sinn þegar hún fjallaði um málið Guðrúnu Þorleifsdóttur, lögfræðing í iðnaðarráðuneyti. Markmið frumvarpsins er að innleiða nýjan staðal um atvinnugreinaflokkun fyrir álagningu iðnaðarmálagjalds þannig að í stað ÍSAT 95 staðalsins komi ÍSAT 2008. Í frumvarpinu er lögð til ein breyting sem er eingöngu af tæknilegum toga. Að öðru leyti eru ekki gerðar efnisbreytingar á álagningunni og óbreytt hvaða starfsemi er gjaldskyld.

Það kom fram í máli gests okkar, Guðrúnar Þorleifsdóttur úr iðnaðarráðuneyti, að haft hefði verið samband við ríkisskattstjóra sömuleiðis til að fara yfir þessar flokkanir og þarna hefði eingöngu verið um að ræða speglun á milli kerfa þannig að þetta á ekki að hafa áhrif til breytinga á gjaldtöku á einn eða neinn hátt.

Við leggjum því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og undir álitið rita ásamt mér hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, Eygló Harðardóttir, Helgi Hjörvar, Herdís Þórðardóttir, Kristján Þór Júlíusson og Grétar Mar Jónsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leikskólar og grunnskólar, 1. umr.

Frv. menntmn., 390. mál (réttur forsjárlausra foreldra til upplýsinga). — Þskj. 656.

[15:21]

Frsm. menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um leik- og grunnskóla. Frumvarp þetta er flutt af menntamálanefnd og er ástæða þess sú að borist hafa upplýsingar frá umboðsmanni Alþingis um að hugsanlega gæti skapast réttaróvissa milli þessara laga um leik- og grunnskóla annars vegar og barnalaga hins vegar hvað varðar upplýsingar forsjárlausra foreldra um börn sín. Því er lagt til að til samræmis við barnalög verði þær breytingar gerðar annars vegar á lögum um leikskóla og hins vegar á lögum um grunnskóla að bætt verði inn í lögin um leikskóla við 1. mgr. 9. gr. nýjum málslið sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Um rétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns til upplýsinga um barn sitt samkvæmt þessum lögum fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.“

Hið sama gildir síðan um grunnskólalög, þar bætist samhljóða málsliður við 2. mgr. 18. gr. Og gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi.

Eins og kom fram hjá mér áðan er tilefni þessa frumvarps ábendingar sem fram hafa komið um mögulegt misræmi milli ákvæða 18. og 27. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla, og 9. gr. laga nr. 90/2008, um leikskóla, annars vegar og ákvæða 2. mgr. 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003, hins vegar. Í tilvitnuðum ákvæðum laga um grunnskóla og laga um leikskóla er fjallað um aðgang foreldra að upplýsingum um börn sín, þar á meðal upplýsingum um námsmat. Foreldrar teljast samkvæmt lögunum þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Í tilvitnuðu ákvæði barnalaga er á hinn bóginn fjallað um rétt forsjárlausra foreldra til upplýsinga um börn sín frá m.a. leikskólum og grunnskólum. Ákvæði 52. gr. barnalaga hafa verið skýrð svo að með upplýsingum sé átt við munnlegar upplýsingar en ekki bréfleg gögn eða ljósrit af þeim. Í fyrirspurnarbréfi umboðsmanns Alþingis til menntamálaráðuneytisins 3. febrúar sl. eru framangreind ákvæði rakin og bent á að þau kunni að vera efnislega ósamþýðanleg og að eftir setningu laga um grunnskóla og laga um leikskóla kunni að ríkja ákveðin réttaróvissa í ljósi samspils þeirra ákvæða við 2. mgr. 52. gr. barnalaga hvað varði inntak og afmörkun réttar forsjárlausra foreldra til upplýsinga um skólagöngu barna sinna. Í þeim tilgangi að bregðast við framansögðu er lagt til að tekinn verði af allur vafi um að um rétt forsjárlausra foreldra til upplýsinga um börn sín samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla fari skv. 52. gr. barnalaga. Breytingin sem lögð er til í frumvarpi þessu er í samræmi við þann vilja menntamálanefndar sem fram kom við afgreiðslu á lögunum um leikskóla og grunnskóla sem samþykkt voru á 135. löggjafarþingi.

Herra forseti. Ég sagði að þetta frumvarp væri fram borið af menntamálanefnd. Það er hins vegar rétt að taka það fram að hér er að hluta til um afar viðkvæm mál að ræða. Það er ekki á verksviði menntamálanefndar að gera breytingar varðandi upplýsingar til forsjárlausra foreldra sam-

kvæmt barnalögum, það er stærra mál. Hins vegar er afar nauðsynlegt að það sé fullt samræmi milli laga varðandi slíkar upplýsingar. Þetta frumvarp er hér fram borið til að taka af allan vafa um það að barnalögin gildi líka varðandi upplýsingar í leik- og grunnskólum þannig að engin réttaróvissa á að skapast, enda var það ekki ætlunin með þeim lögum sem hér voru sett árið 2007.

[15:25]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég spyr hv. þm. Einar Má Sigurðarson hvort það sé rétt skilið hjá mér að ef þetta frumvarp verður að lögum fái það foreldri sem ekki fer með forsjá barns munnlegar upplýsingar frá leikskólum og grunnskólum en ekki aðgang að bréflegum gögnum eða ljósritum af þeim. Er þetta réttur skilningur hjá mér?

[15:26]

Frsm. menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er réttur skilningur hjá hv. þingmanni að þannig eru þessi mál samkvæmt dómi varðandi túlkun á barnalögum. Þetta hefur vissulega verið rætt og er augljóst að er mál sem þarf að skoða sérstaklega. Það er væntanlega kunnugt öllum hv. þingmönnum að fyrirspurnir um þetta hafa komið í tölvupósti til líklega allra hv. þingmanna og í tilefni af því hef ég auðvitað farið aftur yfir málið og leitað mér upplýsinga um þetta hjá lögfræðingum. Það er augljóst að ef breyta á þessu verður það að gerast í barnalögum. Það sem hér er verið að gera er að að tryggja samræmi milli laga. Það eru barnalög sem ákvarða í raun hvernig með þessi mál er farið. Það er flókið og viðkvæmt og það þarf að vanda alla þessa lagasmíð. Niðurstaðan er hins vegar sú að ef þessi breyting yrði ekki gerð sem hér er lögð til væri sú staða hugsanlega uppi að forsjárlausir foreldrar hefðu ekki aðgang að neinum upplýsingum um börn sín í leik- og grunnskólum. Og ég tel að sjálfsögðu ekki vilja löggjafans að það sé ósamræmi á milli þessara laga og eins og ég sagði áðan er hér fyrst og fremst lagt til að hafa fullt samræmi á milli laganna. Ef menn vilja breyta einhverju varðandi upplýsingar til forsjárlausra foreldra þarf það að gerast í gegnum barnalög.

[15:27]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Nú hefur verið upplýst að endurskoðun barnalaga stendur yfir í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Ég ætla rétt að leyfa mér að vona að í þeirri endurskoðun verði tekið á þessu ákvæði sem ég geri hér mjög alvarlegar athugasemdir við. Ég leyfi mér að fullyrða að réttur forsjárlausra foreldra til þess að fá upplýsingar um börn sín er ekki best tryggður í munnlegri geymd. Með fullri virðingu fyrir starfsmönnum leikskóla og grunnskóla tel ég að upplýsingarnar sem hér um ræðir geti varðað til að mynda tilvísun til sálfræðings, geti varðað greiningu, afleiðingar slysa eða annarra áfalla og ég leyfi mér að fullyrða að munnleg skilaboð um slíkt séu ekki réttur farvegur til að upplýsa forsjárlaust foreldri á sama tíma og bréflegum gögnum er leynt fyrir því. Ég skora á þingheim og hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að horfa vel til þessa ákvæðis við yfirstandandi endurskoðun barnalaga.

[15:29]

Frsm. menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Bara örstutt, ég tek undir með hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, ég held að það sé afar mikilvægt að þetta ákvæði í barnalögum verði skoðað sérstaklega og tekið tillit til þeirrar niðurstöðu sem komist hefur verið að um að eingöngu megi koma upplýsingum á munnlegan hátt til forsjárlausra foreldra. Ég held að það geti í afar mörgum tilfellum verið mjög hæpið, þótt varlega sé orðað, að hafa þann háttinn á. Ég endurtek að niðurstaða okkar varðandi þann þáttinn er fyrst og fremst samræmingarþáttur og við vildum tryggja að það væri ekkert vafamál, það væri samræmi á milli laganna. Ef barnalögum verður breytt gildir það að sjálfsögðu einnig um þessi lög.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. efh.- og skattn., 403. mál (samræming málsliða). — Þskj. 684.

[15:30]

Frsm. efh.- og skattn. (Ellert B. Schram) (Sf):

Herra forseti. Ég hef tekið að mér að fylgja úr hlaði frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum og geri það í forföllum formanns efnahags- og skattanefndar. Við á hinu háa Alþingi afgreiddum og samþykktum breytingar á þessum lögum um virðisaukaskatt fyrir nokkrum dögum síðan, fyrr í vikunni og það þarf að gera smálagfæringu á þeim lögum sem samþykkt voru. Um er að ræða tvær greinar. Efnisinnihald þessa frumvarps er að í stað orðanna „af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga“ í 2. málsl. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XV kemur: af þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og 2. gr. þessa frumvarps er að þessi lög öðlist nú þegar gildi.

Þetta er lagfæring. Í frumvarpinu er lagt til að 2. málsl. 2. mgr. í ákvæði til bráðabirgða XV í lögum um virðisaukaskatt verði breytt til samræmis við 1. málsl. umræddrar málsgreinar en þetta láðist að gera í breytingartillögu sem samþykkt var við 3. umr. frumvarps til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt.

Ég geri fastlega ráð fyrir því að um þetta sé fullt samkomulag. Þetta er bara leiðrétting á nýsamþykktum lögum og ég vona að þetta mál fái hraða afgreiðslu þannig að lögin verði í lagi og í endanlegu formi.

Ég legg til að þessu máli verði vísað til nefndarinnar eða þess þarf kannski ekki, en ég legg það í hendur forseta og til 2. umr.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu

[15:33]

Útbýting:

Bjargráðasjóður, 413. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 701.

Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, 414. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 702.

Málefni aldraðra, 412. mál, stjfrv. (fél.- og trmrh.), þskj. 700.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og verðbréfaviðskipti, 358. mál, nál. viðskn., þskj. 698.

Vörumerki, 415. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 703.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, 1. umr.

Frv. ÁÞS o.fl., 146. mál. — Þskj. 163.

[15:34]

Flm. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Herra forseti. Það er mér sérstök ánægja að fá að mæla fyrir frumvarpi til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Ég flyt þetta frumvarp á þskj. 163 ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, Ellerti B. Schram, Guðjóni A. Kristjánssyni, Höskuldi Þórhallssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Katrínu Jakobsdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Álfheiði Ingadóttur og Helga Hjörvar.

Eins og hér kemur fram standa flutningsmenn úr öllum stjórnmálaflokkum nema Sjálfstæðisflokki að þessu frumvarpi. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem frumvarp þessarar gerðar er flutt á Alþingi. Líklega er þetta í níunda sinn sem frumvarp þetta er flutt á Alþingi en hefur aldrei svo langt komist til umfjöllunar í nefnd eftir því sem ég best veit. Þess vegna segi ég það í upphafi að mér er sérstök ánægja að fá að mæla fyrir þessu frumvarpi því það veit þá að minnsta kosti á það að málið kemur til umfjöllunar í nefnd hvað svo sem líður afdrifum þess á þessu löggjafarþingi.

Frumvarp sem hér er lagt fram gerir ráð fyrir því að Ísland verði friðlýst svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorkuvopn. Umferð kjarnorkuknúinna farartækja er bönnuð samkvæmt frumvarpinu á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs.

Markmið laga þessara er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorkuvopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, sem er að sjálfsögðu mikilvægt, draga úr hættunni á kjarnorkuóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

Í frumvarpinu er sömuleiðis skilgreint hugtakið kjarnorkuvopn eins og það er notað í frumvarpinu, en það eru hvers kyns vopn eða sprengjur þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti, en tekur ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjum eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu.

Þörfin fyrir að Ísland hafi frumkvæði að afvopnun og friðlýsingu fyrir kjarnorkuvopnum hefur því miður fremur aukist en hitt vegna atburða á alþjóðavettvangi. Má þar nefna áhuga á þróun kjarnorkuvopna í Íran og Norður-Kóreu og þá staðreynd að kjarnorkuveldin hunsa algerlega þau ákvæði samningsins um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, NPT-samningsins svonefnda, sem skylda þau til kjarnorkuafvopnunar. En um leið hefur brotthvarf bandaríska hersins og lokun herstöðvarinnar gert það að verkum að auðveldara ætti að vera að friðlýsa landið fyrir kjarnorkuvopnum. Það er von flutningsmanna að Alþingi geti nú sameinast um að nýta þetta tækifæri og lögbinda þann yfirlýsta vilja stjórnvalda að Ísland eigi engan þátt í þróun, geymslu eða flutningi kjarnorkuvopna og stuðli þannig að friðvænlegri heimi.

Yfirgnæfandi meiri hluti sveitarfélaga hér á landi hefur nú lýst því yfir að landsvæði þeirra skuli vera friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum. Af 79 sveitarfélögum hafa 74 verið friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum, eða 94%, og aðeins tæplega 17.000 manns búa utan friðlýsingar, sem þýðir að 95% Íslendinga eru í friðlýstum sveitarfélögum. Ætla má að þau sveitarfélög sem eftir standa, Reykjanesbær, Vogar, Sandgerði, Skútustaðahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur, hafi enn minni ástæðu til að friðlýsa ekki landsvæði sín nú þegar bandarískt herinn er farinn af landi brott.

Þó er rétt að minna á að yfirlýsingar á sveitarstjórnarstigi hafa auðvitað ekkert lagagildi og almennt veikari stöðu en kjarnorkufriðlýsing landsins alls, lofthelginnar og efnahagslögsögunnar sem með frumvarpinu yrði bundin í lög. En samþykktir þessara sveitarfélaga má líta á sem afgerandi yfirlýsingu frá sveitarfélögum landsins um að friðlýsa beri landið allt og styrkja þannig ákvarðanir sveitarfélaganna. Eftir brottför hersins ætti ekkert að standa í vegi fyrir því að þessi fyrirliggjandi vilji yfirgnæfandi meiri hluta sveitarstjórna verði lögfestur og gildi fyrir landið allt. Því fylgdi svo einnig að afla alþjóðlegrar viðurkenningar annarra ríkja og alþjóðasamtaka, ekki síst kjarnorkuveldanna sjálfra, á því að Ísland sé kjarnorkuvopnalaust svæði.

Nýjustu fréttir af friðlýsingu sveitarfélaga eru þær að Reykjanesbær telur slíkt ekki vera á sínu forræði, en í bókun bæjarráðs Reykjanesbæjar, 10. janúar 2008 segir meðal annars, með leyfi forseta:

„… þar sem innan bæjarmarkanna er m.a. flugverndarsvæði sem er á forræði utanríkisráðuneytisins.“

Reykjanesbær, sem er langstærsta sveitarfélagið af þeim fimm sem ekki eru þegar friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum, telur með öðrum orðum að utanríkisráðherra og ríkisstjórn verði að skera úr um friðlýsingu sveitarfélagsins. Þetta eykur enn á mikilvægi þess að Alþingi taki málið fyrir eins og lagt er til í þessu frumvarpi.

Þróun mála í friðlýsingu annarra landa hefur líka verið friðelskandi fólki mjög í hag undanfarin ár. Í reynd þarf að fara norður fyrir miðbaug til að finna land sem ekki hefur skrifað undir samning um friðlýsingu fyrir kjarnorkuvopnum. Mið- og Suður-Ameríka, Suðaustur-Asía, Eyjaálfa og eyjarnar í Suður- Kyrrahafi og Suðurskautslandið eru allt svæði sem hafa verið friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum. Árið

1996 skrifuðu Afríkuríkin öll undir samning um friðlýsingu álfunnar og 20 ríki álfunnar hafa staðfest samninginn þótt enn vanti átta staðfestingar upp á að hann taki gildi. Svipað er upp á teningnum í Mið-Asíu þar sem þau ánægjulegu tíðindi áttu sér stað fyrir fáum árum að fimm lönd skrifuðu undir slíkan samning og tvö þeirra, Kirgistan og Úsbekistan, hafa þegar staðfest samninginn. Þá hafa Mongólar tekið það upp á sitt einsdæmi að lýsa yfir friðlýsingu landsins fyrir kjarnorkuvopnum við talsverðan fögnuð annarra ríkja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur nú tækifæri til að fylgja til dæmis þessu ánægjulega fordæmi Mongólíu á alþjóðavettvangi. Slík friðlýsing gæti þar að auki verið fyrsta skrefið í friðlýsingu Norðurlanda, sem lengi hefur verið á dagskrá friðarsinna, en ekki hlotið brautargengi enn sem komið er.

Mig langar, virðulegur forseti, að vísa og vitna meðal annars í dóm Alþjóðadómstólsins í Haag sem fjallar um beitingu kjarnorkuvopna og ógnun þess. Alþjóðadómstóllinn í Haag komst að þeirri niðurstöðu að ekki aðeins bryti notkun kjarnorkuvopna gegn alþjóðalögum heldur líka það að ógna eða hóta því að beita þeim gegn öðru ríki. Rökstuðningur dómstólsins er sá að til þess að vopn geti talist lögmætt verði beiting þess að geta beinst að hernaðarlegum skotmörkum eingöngu en ekki óbreyttum borgurum. Eðli kjarnorkuvopna sé hins vegar þannig að beiting þeirra muni ávallt bitna á óbreyttum borgurum, auk þess sem þau hafi neikvæð umhverfisáhrif sem leiðir til enn meiri skaða óbreyttra borgara. Sams konar rök eru færð á grundvelli þess að ávallt beri að virða hlutlaus svæði, en kjarnorkuvopn séu þess eðlis að aldrei sé hægt að útiloka að beiting þeirra bitni líka á íbúum og umhverfi hlutlausra svæða. Að lokum telur Alþjóðadómstóllinn að þjóðum heims sé skylt að semja um algjöra kjarnorkuafvopnun undir ströngu alþjóðlegu eftirliti.

Að sjálfsögðu má spyrja sig þeirrar spurningar hvaða gildi friðlýsing af því tagi sem hér er lagt til hafi og hvaða erindi hún eigi í samfélagsumræðuna í dag. Ég tel að þó að við Íslendingar séum að glíma við margs konar vanda í okkar efnahagsmálum og samfélagsmálum sem rekja má til bankahrunsins þá breyti það ekki því að við þurfum líka að sinna margvíslegum öðrum málefnum og utanríkismál, alþjóðamál, samskipti okkar á þeim vettvangi skipta líka máli og eiga að sjálfsögðu skilið að fá umfjöllun og umræðu.

Skemmst er að minnast atburðar sunnar í Atlantshafinu þar sem tveir kjarnorkuknúnir kafbátar frá Bretlandi og Frakklandi rákust saman. Íslensk yfirvöld fengu ekki upplýsingar um þann atburð fyrr en mörgum vikum síðar og hefur utanríkisráðuneytið komið á framfæri mótmælum við sendiherra þessara ríkja hér á landi vegna þessa. Þetta minnir okkur svo sannarlega á hvað við erum háð hreinu umhverfi í hafinu í kringum okkur. Þjóð sem byggir allt sitt á auðlindum sjávar á gríðarlega mikið undir því að ekki verði nein slys sem setja þær auðlindir og nýtingu þeirra í mikla hættu. Það þarf ekki að spyrja að leikslokum ef kjarnorkuslys yrði í hafsvæðunum í kringum Ísland hvað þetta varðar. Þess vegna er þetta mikilvægt mál fyrir land og þjóð jafnvel á þeim tímum sem við búum við núna og kannski ekki hvað síst á tímum eins og við lifum um þessar mundir þegar við eigum vissulega undir högg að sækja í efnahagslegu tilliti og megum ekki við miklum áföllum í viðbót. Þess vegna held ég að fullt tilefni sé að taka þessi mál til umræðu á vettvangi Alþingis og í samfélaginu.

Ég vænti þess að að lokinni þessari umræðu verði þessu frumvarpi vísað til 2. umræðu og hv. utanríkismálanefndar til umfjöllunar. Miðað við þann breiða hóp sem stendur að flutningi þessa frumvarps — það eru fulltrúar úr öllum flokkum nema einum — þá vonast ég til að málið fái góða og málefnalega umfjöllun og góðar viðtökur á vettvangi nefndarinnar og að við getum unnið að því í sameiningu áfram að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorkuvopnum og koma á banni við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og utanrmn.

[15:44]

Útbýting:

Íslenskt merki fyrir ábyrgar fiskveiðar, 341. mál, svar sjútv.- og landbrh., þskj. 706.

Ríkisendurskoðun, 416. mál, frv. GSv o.fl., þskj. 705.

Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, 1. umr.

Frv. SF o.fl., 157. mál (bann við nektarsýningum). — Þskj. 183.

[15:45]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007. Þeir sem flytja þetta frumvarp eru þingmenn úr Framsóknarflokknum, Samfylkingunni og Vinstri grænum. Þetta er stutt frumvarp, einungis tvær greinar. Í þeirri fyrri er lagt til að 2. og 3. málsliður 4. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2007 falli brott og í 2. gr. er lagt til að lögin öðlist þegar gildi.

Málið er reifað í greinargerðinni en í stórum dráttum má segja að í frumvarpinu sé lagt til að fella brott undanþáguheimild til nektarsýninga í atvinnuskyni á veitingastöðum. Eftir stendur þá fortakslaust bann við því að bjóða upp á nektarsýningar eða gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.

Virðulegi forseti. Frumvarp sama efnis var lagt fram á 135. löggjafarþingi. Það hlaut ekki afgreiðslu þá þannig að þetta mál er góðkunningi okkar hér á þingi og hefur áður farið í gegnum umræðu og til nefndar. Þá var málið sent til nokkurs fjölda umsagnaraðila og níu umsagnir bárust. Fimm umsagnaraðilar lýstu yfir stuðningi við efni frumvarpsins, þ.e. Alþjóðahús, Jafnréttisstofa, Kvenréttindafélag Íslands, Kvennaathvarfið og Rauði kross Íslands. Félag íslenskra stórkaupmanna, Lýðheilsustöð og Vinnueftirlitið tóku ekki afstöðu og Viðskiptaráð gerði ekki athugasemdir. Þannig að þeir fimm umsagnaraðilar sem tóku afstöðu og tjáðu sig lýstu allir yfir stuðningi við efni frumvarpsins.

Á sínum tíma fór fram heildarendurskoðun á lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, og þá var gert ráð fyrir breyttri skilgreiningu veitingastaða. Frumvarpið varð síðan

að lögum árið 2007 og þá var felldur niður flokkurinn „næturklúbbar“ sem var gert ráð fyrir samkvæmt eldri lögum að legðu aðaláherslu á „áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni“. Þannig að það var fellt niður en í 4. gr. núgildandi laga er flokkur sem heitir „umfangsmiklir áfengisveitingastaðir“ og þá eru nokkrir veitingastaðir settir í einn og sama flokkinn. Á slíkum stöðum er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru, með þeirri undantekningu þó að ef jákvæðar umsagnir fást frá umsagnaraðilum, skv. 10. gr., geti leyfisveitandi heimilað nektardans í rekstrarleyfi ef þess er óskað. Þannig að þar er undanþáguákvæði sem menn hafa deilt um hvernig beri að túlka.

Þegar þetta undanþáguákvæði var til umræðu hér á sínum tíma var upplýst að fulltrúar sveitarfélaganna, sem komu fyrir samgöngunefnd, hefðu viljað fá staðfestan þann skilning sinn að nóg væri að einn umsagnaraðili legðist gegn því að nektardans yrði heimilaður í rekstrarleyfi veitingastaðar til að synja mætti um leyfið. Sá skilningur er eðlilegur enda um undanþágu frá meginreglu að ræða og því réttast að skýra hana þröngt. Frá þessum tíma hefur ríkt nokkur óvissa um rekstrarleyfi þriggja veitingastaða á höfuðborgarsvæðinu, eins í Kópavogi og tveggja í Reykjavík. En þeir staðir höfðu óskað eftir heimild til að bjóða upp á nektardans í endurnýjuðum rekstrarleyfum sínum.

Mál staðarins í Kópavogi kom til kasta leyfisveitanda, sem er sýslumaðurinn í Kópavogi, og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem er lögboðinn umsagnaraðili um rekstrarleyfið. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu lagðist gegn því að leyfið yrði veitt með ýmsum rökum, sem koma fram í fylgiskjali með frumvarpinu. Á grundvelli umsagnar lögreglustjórans í Reykjavík synjaði sýslumaðurinn í Kópavogi þessum stað um leyfið. Sú ákvörðun var kærð til hæstv. dómsmálaráðherra sem felldi úrskurð í málinu 15. maí 2008 og er sá úrskurður einnig í fylgiskjali með málinu, virðulegur forseti.

Í úrskurði dómsmálaráðuneytisins um umsagnir lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem á endanum urðu tvær, er sagt að verulegir annmarkar hafi verið á efnistökum í úrskurðinum og leiddi það til ógildingar ákvörðunar sýslumannsins í Kópavogi. Þó beindi ráðuneytið því til sýslumannsins að hann leitaði eftir nýrri umsögn lögreglustjórans áður en hann tæki veitingu umrædds leyfis til meðferðar á ný. Málinu lyktaði með því að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gaf út nýja umsögn þar sem í ljósi úrskurðar dómsmálaráðuneytisins þótti ekki annað fært en að mæla með því að leyfið yrði veitt. Á sama tíma hafði borgarráð Reykjavíkurborgar til umfjöllunar endurnýjuð leyfi fyrir þá tvo staði sem eru í Reykjavík en þeir óskuðu báðir eftir að fá heimild til að bjóða upp á nektardans. Ráðið hafði áður samþykkt að mæla ekki með því að slík leyfi yrðu veitt. Þegar úrskurður dómsmálaráðuneytisins lá fyrir þótti borgarráði hins vegar ekki fært annað en að veita jákvæða umsögn og gerði það á fundi sínum 28. ágúst 2008 með bókun. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að lesa upp bókun borgarráðs Reykjavíkur:

„Nýlegur úrskurður dómsmálaráðuneytisins varðandi nektardans á veitingastaðnum Goldfinger í Kópavogi vekur áleitnar spurningar um hvort 4. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2007, sem kveður á um bann við slíkri starfsemi, sé gagnslítil. Í borgarstjórn ríkir þverpólitísk samstaða um að vinna beri gegn klámvæðingu og því skorar borgarráð á Alþingi Íslendinga að breyta lögum þannig að sem fyrst fáist skýrar lagaheimildir til að koma í veg fyrir starfsemi nektardansstaða.“

Þannig að þverpólitískt borgarráð, allir flokkar í borgarráði, skorar á Alþingi að breyta lögunum eins og verið er mæla fyrir á þessari stundu. Eins og málsmeðferð og öll umræða hefur verið ríkir nú óvissa um túlkun á 4. mgr. 4. gr. laganna, þ.e. á undanþáguákvæðinu.

Virðulegur forseti. Það er nauðsynlegt að vilji löggjafans sé skýr í þessum efnum og því er í frumvarpinu lagt til að framangreint undanþáguákvæði verði fellt brott. Að því gerðu stendur eftir fortakslaust bann við því að bjóða upp á nektarsýningar eða gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.

Svo mörg voru orð mín um þetta frumvarp og ég legg til að því verði vísað til hv. allsherjarnefndar, sem að mínu mati á að geta afgreitt þetta mál á stuttum tíma vegna þess að það er ekki nýtt af nálinni. Um það hefur verið fjallað hér áður. Það hefur fengið umsagnir og skoðun í allsherjarnefnd og við erum með þverpólitíska áskorun frá borgarráði Reykjavíkur um að taka þetta skref.

[15:53]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur um að þetta frumvarp eigi að vera hægt að afgreiða á mjög skömmum tíma. Það hefur áður verið sent út til umsagnar og mikill vilji er fyrir því að hafa lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald skýr, þegar lýtur að heimild eða undanþágu fyrir nektardans, svo enginn vafi leiki á því hvað löggjafinn vill í því efni og ekki sé hægt að túlka lögin, eins og gert hefur verið. Það er næstum hægt að segja að lögin séu út og suður eða svona eftir því sem hægt er þegar lög eru eins óljós og gildandi lög.

Getur einn umsagnaraðili, sem viðkomandi veitingastaður eða rekstraraðili verður að sækja til, lagt bann við heimild fyrir nektarsýningum? Eða þarf fleiri en einn aðila? Er þetta alveg afdráttarlaust? Geta nágrannar lagt blátt bann við því að leyfi sé veitt o.s.frv.? Vilji löggjafans verður að vera algjörlega skýr og ég tel að hann sé það í frumvarpinu.

Vegna beiðni um rekstur nektarstaða var leitað eftir umsögn lögreglustjórans í Reykjavík og hún var skýr þó svo að vegna formgalla hafi hún ekki verið tekin gild sem gagn í kærumáli og þar af leiðandi varð að breyta úrskurði sýslumannsins í Kópavogi vegna samsvarandi beiðni.

Borgarstjórnin í Reykjavík taldi að lögreglustjóraembættið í Reykjavík hefði sýnt skýran vilja og varð svo að breyta bókun sinni og heimild með tilliti til úrskurðar sýslumannsins í Kópavogi. Þannig að kallað er eftir því að vilji löggjafans sé skýr.

Í þessum tveimur sveitarfélögum, bæði í Reykjavík og Kópavogi, hafa verið reknir skemmtistaðir sem boðið hafa upp á nektarsýningar. Bæjaryfirvöld á báðum stöðum hafa viljað takmarkanir á það og bann og mér finnst einsýnt að við þeim kröfum verði orðið og í raun og veru þeim kröfum

sem eru í samfélaginu um að bann við nektardansi sé afgerandi og enginn vafi á því.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur áður flutt frumvarp þessa efnis og verið ötull baráttumaður gegn klámi og klámvæðingu og að leyfi sé veitt fyrir nektardansi eða svokölluðum súlustöðum. Ljóst er að þessir staðir, súlustaðirnir og nektarstaðirnir, eru uppspretta eða gefa tilefni til að fóðra ýmsa þá starfsemi sem haldið er neðan jarðar og er af því tagi sem við viljum berjast gegn, eins og mansal og önnur slík lögbrot.

Ég tel að þetta sé mikilvægt mál í baráttunni gegn klámvæðingu og mikilvægt að löggjafinn tali skýrt og verði í raun og veru við ákalli borgarfulltrúanna í Reykjavík og annarra og enginn vafi leiki á því hver vilji löggjafans er ef öðrum sveitarfélögum berast slíkar beiðnir.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Skylda lánastofnana í meirihlutaeigu ríkisins til að leita tilboða í innleyst fyrirtæki, fyrri umr.

Þáltill. GMJ o.fl., 194. mál. — Þskj. 241.

[15:59]

Flm. (Grétar Mar Jónsson) (Fl):

Herra forseti. Það má byrja á því að segja að prófkjör virðast víða vera í gangi núna, því ekki eru þingmenn staddir í þingsal. Ég mæli hér fyrir svohljóðandi tillögu til þingsályktunar um skyldu lánastofnana í meirihlutaeigu ríkisins til að leita tilboða í innleyst fyrirtæki og/eða rekstrareiningar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast, með tilmælum og lagasetningu, til um að lánastofnunum í meirihlutaeigu ríkisins verði jafnan skylt að leita tilboða við sölu á fyrirtækjum sem lánastofnunin innleysir að hluta eða í heild, svo og við sölu á einstökum rekstrareiningum viðkomandi rekstraraðila. Skal jafnan tekið hæsta tilboði enda séu viðunandi tryggingar lagðar fram fyrir greiðslu kaupverðs.“

Í greinargerðinni stendur:

Við hrun íslenska bankakerfisins hefur fjöldi fyrirtækja og rekstrareininga komist á forræði skilanefnda bankanna eða stjórna nýju bankanna, sem urðu til eftir hrun þeirra eldri. Nú er m.a. unnið að því að ákveða hvað gera skuli við innleystar eignir sem bankarnir hafa tekið í sína vörslu. Það hlýtur að vera keppikefli að hámarka verðið sem fæst fyrir þessar eignir. Að undanförnu hafa borist fréttir af því að skilanefndir ætli sér að selja einstakar eignir án þess að bjóða þær út á almennum markaði, m.a. berast fréttir af því að einstaklingar sem höfðu með þessar eignir að gera með einum eða öðrum hætti gangi nú fyrir þegar endursala þeirra er ákveðin. Slíkt er að mati flutningsmanna andstætt góðu viðskiptasiðferði.

Með þessari aðferð er sniðgengin sú leið að leita eftir hæsta verði, auk þess sem áhugasömum kaupendum er mismunað. Með þessari þingsályktunartillögu er leitast við að koma í veg fyrir að ríkissjóður Íslands verði af umtalsverðum upphæðum með því að reyna ekki að lágmarka þann skaða sem þegar er orðinn í efnahagsfárinu.

Þessari þingsályktunartillögu vil ég að verði vísað til efnahags- og skattanefndar að lokinni fyrri umr. en megintilgangurinn með tillögunni er að reyna að minnka skaðann sem ríkið verður fyrir í þessari miklu gjaldþrotahrinu, sem hefur átt sér stað á síðustu mánuðum og mun jafnvel aukast á næstu mánuðum.

Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson formaður Frjálslynda flokksins og hv. þm. Jón Magnússon fyrrverandi félagi okkar í Frjálslynda flokknum

Ég vona að tillagan fái afgreiðslu í efnahags- og skattanefnd og verði samþykkt sem ályktun þingsins fyrir þinglok.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og efh.- og skattn.

[16:03]

Útbýting:

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, 361. mál, nál. utanrmn., þskj. 708.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn, 360. mál, nál. utanrmn., þskj. 707.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 24. mál.

Fundi slitið kl. 16:04.

---

102. FUNDUR

föstudaginn 13. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tilkynning forsætisráðherra um þingrof og kosningar.
2. Málefni aldraðra, stjfrv., 412. mál, þskj. 700. — 1. umr. *Ef leyft verður*.
3. Bjargráðasjóður, stjfrv., 413. mál, þskj. 701. — 1. umr. *Ef leyft verður*.
4. Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, stjfrv., 414. mál, þskj. 702. — 1. umr. *Ef leyft verður*.
5. Vörumerki, stjfrv., 415. mál, þskj. 703. — 1. umr. *Ef leyft verður*.

Fjarvistarleyfi:

Herdís Þórðardóttir, 8. þm. Norðvest.

[10:32]

Útbýting:

Aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs, 419. mál, þáltill. BJJ o.fl., þskj. 712.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, um breytingu á VII. viðauka og bókun 37 við EES, 373. mál, nál. utanrmn., þskj. 704.

Gjaldþrotaskipti o.fl., 281. mál, nál. allshn., þskj. 710.

Markaður fyrir hvalkjöt, 319. mál, svar utanrrh., þskj. 697.

Tilkynning frá þingmanni.

Úrsögn úr þingflokki og innganga í annan.

[10:32]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Herra forseti. Ég vil tilkynna Alþingi að ég er genginn úr flokki Samfylkingarinnar og hef jafnframt gengið til liðs við Frjálslynda flokkinn. Meginástæða þess er að áherslur mínar á sviði sjávarútvegsmála hafa mun meira vægi í Frjálslynda flokknum en í Samfylkingunni. Að öðru leyti vil ég þakka fólki í Samfylkingunni fyrir góða samfylgd og ég óska þeim alls hins besta.

Tilkynning forsætisráðherra um þingrof og kosningar.

[10:33]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Forseti Íslands hefur ritað svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefur tjáð mér að vegna þess mikla efnahagsáfalls sem þjóðin hefur orðið fyrir hafi þeir flokkar sem nú standa að ríkisstjórninni orðið ásáttir um við myndun hennar að efna sem fyrst til almennra alþingiskosninga.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með vísan til 24. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, eins og henni var breytt með 5. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 56/1991, samanber 21. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, er með skírskotun til framanritaðs ákveðið að þing verði rofið 25. apríl 2009 og að almennar kosningar til Alþingis fari fram sama dag.

Gjört á Bessastöðum, 13. mars 2009.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis.“

Virðulegi forseti. Núverandi ríkisstjórn var mynduð við sérstakar aðstæður og var henni ætlað að starfa stutt og sjá til þess að kosningum yrði flýtt, enda hafði orðið trúnaðarbrestur milli þings og þjóðar. Það hefur legið fyrir um nokkurt skeið að stefnt væri að því að almennar þingkosningar færu fram 25. apríl nk. Formlega er þó ekki boðað til kosninganna fyrr en nú með því að forsetabréf þetta hefur verið kunngjört. Er það í samræmi við skilmála stjórnarskrárinnar um að kjósa verði áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið. Nú verður hægt að hefja formlegan undirbúning kosninga, t.d. með utankjörfundaratkvæðagreiðslu og framlagningu kjörskrár.

Þetta er í fyrsta skipti sem tilkynnt er um þingrof á grundvelli 24. gr. stjórnarskrárinnar eftir að henni var breytt 1991. Með þeirri breytingu var komið í veg fyrir að forseti, með atbeina forsætisráðherra, gæti sent þingið heim samdægurs. Í raun fellur kjördagur því ætíð saman við þingrofsdag en áður fyrr gat þingrofið átt sér stað fyrr. Alþingi starfar áfram eftir sem áður enda er sérstaklega tekið fram í 24. gr. stjórnarskrárinnar, eins og henni var breytt árið 1991, að þingmenn haldi umboði sínu til kjördags. Engar hömlur eru á umboði þingmanna á þessu tímabili. Unnt er að leggja fram ný mál þótt tilkynnt hafi verið um þingrof og hægt er að afgreiða bæði almenn lög og stjórnarskipunarlög. Vonandi fær stjórnarskrármálið niðurstöðu og afgreiðslu í stjórnarskrárnefnd sem fjallar nú um það mál og þegar frumvarp til stjórnarskipunarlaga hefur hlotið samþykki samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar skal rjúfa Alþingi. Með þeirri tilkynningu sem hér er gerð grein fyrir eru skilyrði 79. gr. stjórnarskrárinnar uppfyllt þessu leyti.

Það er svo sjálfstæð ákvörðun hvenær fundum Alþingis verður frestað fyrir kosningar. Ekkert hefur verið ákveðið í því efni og flokkarnir hafa enn ekki náð samkomulagi þar um. Þegar það mun liggja fyrir mun ég flytja hefðbundna þingsályktunartillögu um frestun funda Alþingis og lesa upp forsetabréf þess efnis. Þess má geta að hingað til hefur skemmst liðið um mánuður frá frestun funda Alþingis til kjördags.

Nær öll þau mál sem ríkisstjórnin leggur áherslu á að fá afgreidd hafa nú verið lögð fram. Fyrir liggur að stjórnmálaflokkar hafa mismunandi sýn á hversu lengi þingið á að starfa á þessu vori og hvaða mál séu brýnust. Ég legg áherslu á að öll brýn mál þarf að afgreiða áður en þingi verður frestað. Þar er m.a. um að ræða mál sem varða stuðning við heimilin í landinu og atvinnulífið og endurreisn fjármálakerfisins, auk frumvarps til laga um breytingar á kosningalögum og stjórnarskipunarlögum sem flutt eru af fulltrúum fjögurra flokka. Listi yfir þau mál sem ólokið er hefur verið kynntur formönnum stjórnmálaflokka og jafnframt var þeim greint frá því að ef til vill gætu örfá mál bæst á þann lista. Ég vil undirstrika að þessi mál eru öll afar mikilvæg og þeim þarf að ljúka. Því er mikilvægt að þing starfi þangað til þau eru orðinn að lögum.

[10:38]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Eins og málum er nú komið gerir Sjálfstæðisflokkurinn ekki ágreining við þá tilkynningu sem hér var lesin upp. Það hefur legið fyrir að það stefndi í kosningar 25. apríl og það vantaði að tilkynna um það með formlegum hætti þannig að undirbúningur eins og utankjörfundaratkvæðagreiðsla gæti hafist með eðlilegum hætti. Við þetta gerum við ekki athugasemdir.

Við gerum athugasemdir við þau áform ríkisstjórnarinnar sem fram komu í máli forsætisráðherra áðan og hafa komið fram áður að ætlunin sé að þingið starfi jafnvel vikum saman eftir að þessi tilkynning hefur verið lesin upp á

Alþingi um þingrof og kosningar. Það er óeðlilegt.

Hæstv. forsætisráðherra fór yfir nokkur atriði í tengslum við stjórnarskrárbreytingar sem gerðar voru 1991. Þá náðist um það samkomulag að koma í veg fyrir að forsætisráðherra með atbeina forseta — því að það er jú þannig sem það gerist en ekki forseti með atbeina forsætisráðherra — gæti leyst upp þingið með þingrofi, gert þingmenn umboðslausa og sent þingið heim. Nú er það ekki hægt lengur með sama hætti þó að þingrofsrétturinn formlegi sé áfram í höndum forsætisráðherra. Þingmenn halda enn þá sínu umboði. Þetta atriði var hugsað á sínum tíma, eins og við munum sem sátum á Alþingi þá, aðallega til þess að hafa þann möguleika að geta kallað þingið saman frá því að það lyki hefðbundnum störfum og fram að kosningum ef eitthvað óvænt kæmi upp í þjóðfélaginu sem kallaði á atbeina þess. Það er ekkert slíkt yfirvofandi núna sem vitað er um.

Hins vegar er það ekki þannig að þingið geti ekki setið eins og nú er ráðgert að það geri. Þingið hefur heimildir til þess. Lögfræðilega er það leyfilegt en pólitískt er það ekki eðlilegt vegna þess að gera verður ráð fyrir því að frambjóðendur til Alþingis, stjórnmálaflokkarnir og allir aðrir sem láta sig þau mál varða hafi eðlilegan undirbúningstíma í aðdraganda kosninga. Kjósendur eiga líka rétt á því. Núna er tími prófkjara og forvala í flokkunum, landsfundir eru fram undan í þremur eða fjórum stjórnmálaflokkum og ekki er hægt að bjóða upp á það að þingið sé hér að störfum meðan slíkar samkomur eru að störfum. Það er líka ástæðulaust, virðulegi forseti, vegna þess að hægt er að ljúka þingstörfum á mjög stuttum tíma ef vilji er fyrir hendi.

Í nefndaráliti allsherjarnefndar sem fjallaði um stjórnarskrárbreytingarnar 1991 var vikið að því nýmæli að þingið gæti starfað áfram en það er jafnframt vikið að því að það sé reynsla annarra þjóða sem búa við svipað fyrirkomulag og við að þingið tekur sér aðeins tíma til að afgreiða brýnustu mál, sem alger samstaða er um, en lýkur síðan störfum til að kosningaundirbúningur geti hafist. Þetta er dregið fram í nefndarálitinu 12. febrúar 1991 til að leggja áherslu á að það er ætlast til þess að þingið hætti störfum, ljúki brýnustu málum um leið og búið er að tilkynna formlega um kosningar og þingrof.

Ég tel að ef vel er haldið á spöðum á næstu dögum sé hægt að afgreiða öll brýn mál á Alþingi. Við sjálfstæðismenn munu greiða fyrir því að öll mál sem varða endurreisn efnahagslífsins, atvinnuuppbyggingu, hagsmunamál heimila og atvinnulífs nái hér fram að ganga. Það kom m.a. í ljós á þingfundinum í gær að þingstörfin gengu afar og óvenjulega greiðlega vegna þess að við beittum okkur fyrir því að þessi mál öll mættu ná hratt og vel fram að ganga. Ég hygg að það verði þannig með önnur þau mál af þessu tagi sem ekki eru enn komin á dagskrá þingsins. Þess vegna er mjög brýnt að forsætisráðherra beiti sér nú fyrir því að um frestun þingsins geti tekist gott samkomulag milli allra flokka því að á endanum, eins og við þekkjum og eins og forsætisráðherra gat um, er það þingið sjálft sem ræður því hvenær það lýkur störfum og samþykkir frestunartillögu.

[10:43]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Öfugt við síðasta ræðumann, formann Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Geir H. Haarde, þá hef ég ekki mestar áhyggjur af forminu um þessar mundir enda ekkert við það að athuga. Áhyggjur mínar snúa að íslensku samfélagi, að íslenskum almenningi og hvernig honum reiðir af á næstu vikum, mánuðum og árum. Í samræmi við þá yfirlýsingu sem forsætisráðherra hefur flutt er búið að festa kjördag. Það er mikilvægt, þá getur utankjörfundaratkvæðagreiðsla hafist og allir geta miðað sinn undirbúning eftirleiðis við þessa dagsetningu sem er þar með endanleg og föst.

Það er engu að síður ljóst að Alþingi þarf eftir sem áður að ljúka mjög mikilvægum verkefnum, brýnum, ívilnandi og stuðningsverkefnum sem snúa að heimilum, atvinnulífi og að lýðræðinu sjálfu, þeim lýðræðisumbótum sem þjóðin gerir kröfu um að ráðist verði í. Lýðræðið er líka mikilvægt. Það ber ekki að gleyma því að þjóðin upplifir það þannig að hún þurfi að fá það betur í sínar hendur og hafa sterkari stöðu hvað stjórnskipun og lög varðar til þess að ráða málum sínum og örlögum sínum sjálf eins og þjóð á að gera í lýðræðisríki. (Gripið fram í.) Það er enda mín skoðun, og ég tel að það sé eitt af því sem formenn stjórnmálaflokkanna eiga að ræða á næstu dögum, að stutt, vel skipulögð og hófstillt kosningabarátta sé best við hæfi við þessar aðstæður, hófstillt t.d. í þeim skilningi að öllum fjárútlátum verði haldið í algeru lágmarki. Stjórnmálaflokkarnir eiga ekki nú að bjóða þjóðinni upp á dýrar auglýsingar og íburð og glansmyndir, það væri síst af öllu við hæfi eins og málum er komið á Íslandi.

Ég er algerlega sannfærður um það líka að þjóðin gerir þær kröfur til Alþingis og alþingismanna að þeir vinni sína vinnu, að þeir skili þeim verkum sem bæta aðstæður hennar og gera okkur mögulegt að kjósa við þær skástu aðstæður sem í boði verða á Íslandi í dag. Það er mikilvægt verkefni og ég leyfi mér líka að draga í efa að það sé rétt nálgun að það hindri eðlilega lýðræðislega umræðu og pólitíska umræðu að Alþingi sé að störfum. Er ekki Alþingi þrátt fyrir allt einn mikilvægasti pólitíski vettvangur í landinu? Hér er fundað í heyranda hljóði, með vinnu hér og ræðuhöldum getur almenningur fylgst með því að mæta á þingpalla eða með því að horfa á sjónvarp, þannig að hér er líka vettvangur pólitískra skoðanaskipta og stefnumótunar. Ég held að stutt og vel skipulögð kosningabarátta sem fyrst og fremst fer fram frá og með páskum sé það sem er best við hæfi og þá þróast málin hér í takt við það sem þau hafa yfirleitt gerst í nálægum löndum, að flokkarnir sameinast um stutta og vel skipulagða kosningabaráttu.

Það eru óvenjulegir tímar, afbrigðilegir tímar á Íslandi og það skiptir miklu máli að menn nái að haga sínum störfum og sinni framgöngu í samræmi við það. Íslenskt þjóðarbú, íslenskt samfélag er grátt leikið vegna óstjórnar og mistaka, þar á meðal og ekki síst í stjórnmálum á undangengnum árum, og það eru ærin verkefni að greiða þar úr. Kosningarnar 25. apríl verða afdrifaríkar, kannski einhverjar þær mikilvægustu sem gengið hefur verið til í langan tíma og þær kosningar munu fyrst og fremst snúast um tvennt. Annars vegar að gera upp reikningana, þ.e. að gera upp reikningana við þá sem hafa brugðist þjóðinni að því marki sem það er hægt í kosningum. Það þarf að sjálfsögðu að gera það víðar og það er verið að því og mun verða gert í gegn-

um réttarkerfið og með ýmsum öðrum hætti. En kosningarnar þurfa líka að snúast um framtíðina, um endurreisnina og það hvernig menn sjá þá hluti fyrir sér, þar á meðal vonandi að það verði skýrir kostir í boði hvað það varðar að kjósa landinu áfram trausta og starfhæfa ríkisstjórn til að leiða málin á næstu mánuðum, missirum og árum. Ekki mun af veita að þar takist vel til því að ærin eru verkefnin til að greiða úr.

[10:47]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Náðst hefur samkomulag um það að kjördagur verði 25. apríl og er það í samræmi við þann málflutning sem við framsóknarmenn höfum viðhaft, þ.e. að það yrði að kjósa hið fyrsta til þess að stjórnmálamenn geti endurnýjað umboð sitt og til þess að stjórnmálaflokkar geti endurnýjað umboð sitt gagnvart kjósendum.

Þegar við framsóknarmenn lýstum því yfir að við vildum verja ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna vantrausti, kæmi slík tillaga upp á vettvangi þingsins, lögðum við aðallega áherslu á þrjú atriði: að komið yrði til móts við skuldug heimili, komið yrði til móts við erfiðleika í atvinnulífinu og að sérstöku stjórnlagaþingi yrði komið á laggirnar.

Ég ætla ekkert að leyna því að við framsóknarmenn viljum ganga mun róttækar fram í málum atvinnulífsins og heimilanna en sitjandi ríkisstjórn gerir. Við munum á þeim dögum sem eftir eru af þessu þingi vinna áfram að því að afla hugmyndum okkar fylgis en við lögðum fram mjög ítarlegar efnahagstillögur til þess að koma til móts við vanda heimila og fyrirtækja. Þær tillögur eru vissulega róttækar en við teljum að í ljósi þess gríðarlega alvarlega ástands sem steðjar að íslensku samfélagi þurfi stjórnmálamenn að koma fram með róttækar hugmyndir og róttækar tillögur. Ég hef í því samhengi talað fyrir því að geri menn ekki neitt — ef menn ætla að vera í einhverjum smáskammtalækningum gagnvart heimilum og atvinnulífinu geti mögulegt kerfishrun verið yfirvofandi og því viljum við framsóknarmenn að sjálfsögðu afstýra.

Þriðja atriðið sem ég nefndi varðar stjórnlagaþingið. Við framsóknarmenn leggjum höfuðáherslu á það að á þeim dögum sem eftir eru af þinginu verði það mál afgreitt. Það er gríðarlegur vilji fyrir því í samfélaginu. Í nýlegri könnun sýnir það sig að 77% þjóðarinnar vilja að stjórnlagaþingi verði komið á. Fjórir af fimm stjórnmálaflokkum á vettvangi Alþingis vilja að sérstöku stjórnlagaþingi verði komið á þar sem almenningur muni án afskipta stjórnmálaflokkanna kjósa sér fulltrúa á það þing.

Stjórnlagaþing er ekki eitthvert einstakt fyrirbrigði sem við erum að ræða hér á Íslandi. Stjórnlagaþingi hefur verið komið á á mörgum tímaskeiðum sögunnar, yfirleitt á miklum tímamótum. Við stöndum á tímamótum, við þurfum að móta okkur nýjar leikreglur í íslensku samfélagi og við þurfum að upphefja ný gildi. Þetta er verkefni framtíðarinnar. Þetta er líka það sem kosningarnar og kosningabaráttan sem fram undan er mun snúast um. Við munum að sjálfsögðu gera upp fortíðina en stjórnmálaflokkarnir í komandi kosningabaráttu þurfa líka að hafa skýra framtíðarsýn, skýra stefnu til framtíðar um hvernig við ætlum að endurreisa íslenskt samfélag. Ég hef ekki trú á því að kjósendur muni aðhyllast þá stjórnmálaflokka sem eingöngu vilja líta aftur fyrir sig.

Við framsóknarmenn gerum okkur grein fyrir því að fram undan er mikið átak í því að byggja upp öflugt íslenskt atvinnulíf til þess að styrkja stöðu heimilanna. Það er verkefni dagsins í dag. Við fórum fram árið 1995 með þá stefnu að skapa tólf þúsund ný störf í íslensku samfélagi. Það var hlegið að því þá. Við munum leggja áherslu á atvinnumál í komandi kosningabaráttu sem verður snögg en fram að því þurfum við að nýta tímann vel hér á vettvangi Alþingis til þess að koma til móts við vanda heimila og fyrirtækja og síðast en ekki síst að koma á fót stjórnlagaþingi.

Ég tel að þeir tímar séu runnir upp að stjórnmálamenn þurfi að hugsa meira um fólkið í landinu en flokkinn sinn en mér hefur fundist, í umræðum hér á Alþingi, að sumir tali fyrst fyrir flokkinn sinn en síðan fyrir almenning. Við viljum að almenningur fái að kjósa til stjórnlagaþings án þess að stjórnmálaflokkarnir séu innviklaðir í það. Þetta er skýr stefna okkar framsóknarmanna og ég er tilbúinn að starfa hér fram á nætur og fram undir morgna til þess að koma þessu stefnumáli í gegn, enda er það skýr krafa og skýr vilji almennings að við gerum það hér á vettvangi þingsins og það er verkefni okkar fram undan.

[10:52]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Nú liggur fyrir hvernig staðið verður að málum að því er varðar þingrof og kosningar. Hins vegar liggur ekki fyrir, hæstv. forseti, hvernig okkur tekst að afgreiða mál hér í hv. Alþingi. Þar er mikið verk að vinna og margt verður að nást fram áður en við göngum til kosningabaráttunnar, til alþingiskosninganna og síðan til ríkisstjórnarmyndunar. Það tekur allt sinn tíma og þess vegna þarf nauðsynlega að leggja upp með það að við höfum lokið þeim málum sem gagnast þjóðinni best yfir þann tíma sem Alþingi er ekki starfandi.

Hæstv. forsætisráðherra sagði hér áðan úr þessum ræðustól að trúnaðarrof hefði orðið milli þings og þjóðar. Ég vil frekar orða það þannig, hæstv. forseti, að trúnaðarrof hefði orðið milli þjóðarinnar og þeirra stjórnmálaflokka sem stjórnað hafa landinu undanfarin ár, undir forustu Sjálfstæðisflokksins í tæplega 18 ár. Við sitjum núna uppi með það hörmungarástand sem dunið hefur á þjóðinni, því miður, og þúsundir Íslendinga standa frammi fyrir atvinnuleysi. Fólkið í landinu er að tapa eigum sínum og jafnvel einnig húsnæði sínu.

Við þurfum að leggja áherslu á fjölmörg mál og reyna þannig að lágmarka skaðann meðan gengið er til kosninga og nýrrar ríkisstjórnarmyndunar. Þjóðin þarf vissulega að horfa til framtíðar þrátt fyrir áföllin. Við í Frjálslynda flokknum höfum stutt góð mál hér í þinginu hvaðan sem þau hafa komið og munum gera svo áfram. Við leggjum líka verkferla okkar og málflutning í hreinskilni fyrir þjóðina og kvíðum ekki þeirri niðurstöðu. Það þarf að gera lýðræðisumbætur í þessu landi og við styðjum þær breytingar sem lagt hefur verið upp með í sambandi við stjórnarskrármálið og eins að því er varðar röðun lista og óraðaða lista fyrir alþingiskosningar.

Þetta eru mikilvæg mál fyrir framþróun lýðræðis í landinu og mikilvægt fyrir þjóðina að finna að Alþingi tekur líka slík mál til afgreiðslu og þau eiga ekki að þurfa að tefja þau mikilvægu mál sem við þurfum að framkvæma og koma hér í gegn að öðru leyti en því er varðar hag fyrirtækja og fólksins almennt í landinu. Það er hins vegar bara verklag okkar hér á þinginu hvernig við ætlum að klára þau mál. Ef við stöndum saman um það mun þjóðin auðvitað sjá að við getum klárað það á tiltölulega stuttum tíma. Ef menn ætla hins vegar að vera í endalausum deilum um það hvernig verkin eigi að ganga fram miðar okkur auðvitað lítið.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég trúi því ekki að svo verði heldur muni þingflokkarnir ná saman um það hvernig þingið á að ganga fram til þess að þjóðin sjái að við höfum sameiginlega fullan vilja til að lágmarka þann skaða sem á þjóðinni hefur dunið.

[10:56]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Þær þingkosningar sem nú eru fram undan boða endalok ákveðins skeiðs í stjórnmálasögu landsins sem afmarkaðist fyrst og fremst af takmarkalausu frelsi og takmarkalausu olnbogarými til auðsöfnunar fárra einstaklinga í þjóðfélaginu. Niðurstaðan úr þessum kosningum þarf að mínu viti að fela í sér skýr skilaboð um að enginn geti orðið svo ríkur og auðugur hér á landi að hann þurfi ekki að taka ábyrgð á samfélaginu með öðrum þegnum þjóðarinnar, með því að leggja sitt af mörkun í greiðslu skatta og skyldna — að enginn geti verið svo áhrifamikill í þjóðfélaginu að hann þurfi ekki að bera ábyrgð á gjörðum sínum og axla ábyrgð á því sem miður fer.

Margt hefur farið úrskeiðis á undanförnum árum eins og sjá má á þeim tíðindum sem orðið hafa og við þurfum að gera það upp og marka þá stefnu sem menn hafa löngum áður fylgt, hverfa aftur til gamalla og gróinna gilda í þjóðfélaginu sem einkennast af frumkvæði, samhjálp og hófsemi. Með það að leiðarljósi held ég að íslenskri þjóð séu allir vegir færir í framtíðinni.

Út af dagskrá voru tekin 2.–5. mál.

Fundi slitið kl. 10:58.

---

103. FUNDUR

föstudaginn 13. mars,
að loknum 102. fundi.

Dagskrá:

1. Bjargráðasjóður, stjfrv., 413. mál, þskj. 701. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, stjfrv., 414. mál, þskj. 702. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Vörumerki, stjfrv., 415. mál, þskj. 703. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Gjaldþrotaskipti o.fl., stjfrv., 281. mál, þskj. 507, nál. 710. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
5. Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og verðbréfaviðskipti, stjfrv., 358. mál, þskj. 608, nál. 698. — 2. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:01]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í 1.–4. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 413. mál (heildarlög). — Þskj. 701.

[11:02]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég hef lagt fram frumvarp til laga um Bjargráðasjóð. Verði frumvarpið að lögum mun það koma í stað núgildandi laga um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að Bjargráðasjóður starfi áfram að miklu leyti í óbreyttri mynd, þó með þeirri meginbreytingu að sveitarfélögin hætta aðkomu að sjóðnum og fá greiddan út eignarhluta sinn. Þá er í ákvæði IV til bráðabirgða ákaflega merkileg heimild til að Bjargráðasjóður geti á árinu 2009 veitt bændum stuðning til að draga úr hættu á uppskerubresti sem geti leitt af sér óæskilegan samdrátt í búvöruframleiðslu.

Bjargráðasjóður á sér langa sögu. Hann var settur á fót með lögum nr. 45/1913 í þeim tilgangi að koma til hjálpar landsmönnum í hallæri eða til að afstýra því. Á þeim tíma gátu búfjárfellir og önnur áföll í landbúnaði haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íbúa sveitarfélaganna. Var stjórn sjóðsins m.a. falið það hlutverk að hafa vakandi auga á öllum hallærishættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda sem miðuðu að því að afstýra hallæri.

Margt hefur hins vegar breyst í landbúnaði og okkar samfélagi síðan þá. Hlutverk sjóðsins hefur enda tekið verulegum breytingum frá stofnun hans. Í dag eru sveitarfélögin og aðrir opinberir aðilar betur í stakk búin til að mæta áföllum sem dunið geta á landsmönnum frá einum tíma til annars. Því hafa verið uppi umræður um hvert eigi að vera hlutverk sjóðsins í dag og hverjir eigi að annast verkefni hans. Meðal annars hafa sveitarfélögin, sem einn af eigendum sjóðsins, lagt áherslu á að þátttöku þeirra í starfsemi Bjargráðasjóðs verði lögð af.

Á 135. löggjafarþingi 2007–2008 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um brottfall núgildandi laga um Bjargráðasjóð. Markmið frumvarpsins var að leggja niður Bjargráðasjóð og skipta hreinum eignum sjóðsins milli eigenda hans, þ.e. ríkisins, sveitarfélaganna og Bændasamtaka

Íslands. Fyrirkomulagi í tryggingamálum landbúnaðarins yrði hins vegar vísað til umræðu á vettvangi Bændasamtaka Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Málið hlaut ekki framgang á Alþingi og í framhaldi af því var ákveðið að fara yfir efnisatriði frumvarpsins á nýjan leik, einkum vegna ábendinga og athugasemda frá Bændasamtökum Íslands.

Niðurstaðan af þessum viðræðum endurspeglast í því frumvarpi sem hér er lagt fram og felur í sér sátt um það milli núverandi eigenda sjóðsins að Bjargráðasjóður starfi áfram en án sveitarfélaganna. Sjóðurinn verði eftir þessa breytingu sameign ríkis og Bændasamtaka Íslands. Ekki eru gerðar grundvallarbreytingar á öðrum ákvæðum sjóðsins en hvað þetta varðar.

Í ákvæði II til bráðabirgða er lagt til að frá og með 1. janúar 2009 falli niður skylda sveitarfélaga til að greiða framlag í sjóðinn. Í þessu felst að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga innheimtir ekki hjá sveitarfélögunum framlag þeirra í sjóðinn vegna ársins 2009 verði frumvarp þetta að lögum. Aðrir tekjustofnar haldast óbreyttir, samanber 5. gr. frumvarpsins, en við bætist stafliður sem gerir ráð fyrir að sjóðurinn geti haft aðrar tekjur en greiðslur af búnaðargjaldi, framlög ríkissjóðs og vaxtatekjur. Hvað ríkissjóð varðar felst ákvæði um að framlag ríkissjóðs geti numið allt að 80 millj. kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum óbreytt. Síðustu árin hafa 10 millj. kr. runnið til Bjargráðasjóðs úr ríkissjóði.

Nettóeign Bjargráðasjóðs í árslok 2007 var samkvæmt ársreikningi 659,3 millj. kr. Ef sjóðnum yrði skipt upp miðað við þær forsendur næmi þriðjungshluti sveitarfélaganna 219,7 millj. kr. Miðað við drög að ársreikningi sjóðsins 2008 er nettóeign hins vegar komin í um 760 millj. Gera má ráð fyrir að nokkra mánuði taki að ljúka uppgjöri á eignum og skuldbindingum sjóðsins og afgreiða innsendar umsóknir sveitarfélaganna miðað við þær forsendur sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Yrði þá endanlega ljóst hver hlutur sveitarfélaganna yrði.

Ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir að hlutverk sveitarfélaganna renni til Sambands íslenskra sveitarfélaga og sambandið noti þá eignarhlutdeild m.a. til að kaupa 15% hlutdeild Bjargráðasjóðs í 5. hæð húseignarinnar að Borgartúni 30 í Reykjavík, sem metin er í ársreikningi 2007 á tæpar 24 millj. kr., og til að mæta ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum Bjargráðasjóðs sem sambandið yfirtæki. Samtals námu þær skuldbindingar rúmlega 50 millj. kr. í árslok 2007.

Gert er ráð fyrir að uppgjöri sjóðsins verði lokið fyrir árslok 2009 og mun þá liggja fyrir eigið fé Bjargráðasjóðs eftir þessa breytingu. Verður við það uppgjör tekið tillit til innsendra umsókna á árinu 2009 og annarra skuldbindinga sjóðsins, svo sem lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna. Lagt er til að stjórn sjóðsins verði falið að stýra því uppgjöri og er gert ráð fyrir að kostnaður við uppgjörið, þar á meðal vegna nauðsynlegrar sérfræðivinnu, greiðist af sjóðnum.

Hæstv. forseti. Eins og áður sagði er gert ráð fyrir því í sérstöku bráðabirgðaákvæði að stjórn sjóðsins hafi heimild á árinu 2009 til að veita bændum stuðning til að draga úr hættu á uppskerubresti sem geti leitt af sér óæskilegan samdrátt í búvöruframleiðslu. Þessi tillaga er sett fram í samræmi við umræður sem fóru fram á búnaðarþingi í síðustu viku.

Vegna hins alvarlega ástands nú um mundir í íslensku efnahagslífi eru uppi blikur á lofti varðandi áburðarkaup bænda í vor og eru miklar líkur á því að hækkandi áburðarverð og lausafjárskortur leiði til þess að fjöldi bænda hafi ekki bolmagn til þess að fjármagna áburðarkaup. Áætlað er að aukinn kostnaður fyrir bændur vegna áburðarkaupa á árinu 2009 miðað við árið á undan geti numið um 700 millj. kr. Er það mat Bændasamtaka Íslands að fyrirsjáanlegt sé að skortur geti orðið á búvöruframleiðslu af þessum sökum og hefur sú ósk því komið fram frá samtökunum að Bjargráðasjóði verði heimilað að ráðstafa fé á árinu 2009 vegna þessara sérstöku aðstæðna til að minnka líkur á uppskerubresti sem leiða mundi til samdráttar í búvöruframleiðslu. Bráðabirgðaákvæðið gerir ráð fyrir því að stjórn Bjargráðasjóðs setji nánari reglur um þessa sérstöku ráðstöfun úr almennu deild sjóðsins, svo sem skilyrði fyrir úthlutun og hve hárri fjárhæð skuli varið til verkefnisins. Það skilyrði er þó sett að stjórnin skuli gæta þess að greiðslur á þessum grunni skerði ekki hlut sveitarfélaganna í uppgjöri samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða I og II.

Virðulegi forseti. Þetta ákvæði sem er sett í bráðabirgðaákvæði gagnvart áburðarkaupum hjá bændum er ákaflega merkilegt atriði. Eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar þá var það merkilegt verkefni sem sjóðurinn hafði á upphafsárum sínum þegar lögin voru sett árið 1913 þar sem talað er um hallærishættu og að veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda sem miðuðu að því að afstýra hallæri. Þetta ákvæði sem þarna er inni verður vonandi notað og nýtist bændum vonandi vel, þ.e. styrkir til áburðarkaupa.

Þar að auki vil ég nefna, virðulegi forseti, af því að ég hef ekki haft tækifæri til þess áður á hinu háa Alþingi, eitt atriði til viðbótar sem kemur bændum og fólki í dreifbýli ákaflega vel og það er nýlegur samningur sem ríkisstjórnin samþykkti að gera við Símann út af háhraðanettengingum til þeirra sem ekki hafa það nú. Sá samningur gerir ráð fyrir að á næstu 18 mánuðum verði háhraðanettengingum og háhraðanetþjónustu komið til um 1.800 sveitabæja á landinu og þetta á að gerast á ekki lengri tíma en 18 mánuðum. Þetta vildi ég nefna hér vegna þess að þetta er ákaflega mikilvægt atriði, baráttumál sem lengi hefur verið unnið að og hefur í raun og veru tekið of langan tíma, en ég hef líka sagt, virðulegi forseti, að fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott og að við þær tafir sem urðu á útboði Fjarskiptasjóðs og þeirri vinnu sem leiddi til þess að samningur var loks undirritaður við Símann, þá er ég sannfærður um að við fengum miklu betri tæknilausnir boðnar fram en við hefðum fengið fyrir einu eða einu og hálfu ári síðan. Þannig er þróunin í þessu.

Virðulegi forseti. Segja má að þetta sé ákveðin gleðistund, að geta flutt annars vegar frumvarp með þessu ákvæði til bráðabirgða um áburðarkaup til bænda og hins vegar að hafa tækifæri til þess á hinu háa Alþingi að nefna þetta atriði um háhraðatengingarnar vegna þess að þarna er miklu baráttumáli og jafnréttismáli loksins siglt í höfn. Má segja að betra er seint en aldrei og vonandi gengur þetta verkefni svo vel fram að það taki ekki einu sinni 18 mánuði

eins og ég hef heyrt fulltrúa Símans tala um. En rétt er að minnast á það líka, virðulegi forseti, að það stóð mjög tæpt með þennan samning. Tilboðin voru opnuð og síðan kom efnahagshrunið og forsvarsmenn þeirra sem buðu hafa oft rætt það við mig að ekki væri hægt að standa við þetta tilboð, það mundi ekki takast að gera það en alltaf tókst okkur að halda lífi í verkefninu sem endaði með þessum samningi. Hér í ræðustól vil ég þakka viðsemjendum okkar alveg sérstaklega fyrir það vegna þess að það var ánægjulegt að geta siglt þessu í höfn, eins og ég sagði áðan, og látið þetta mál verða að veruleika.

[11:13]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það kom mér satt að segja mjög mikið á óvart að hæstv. samgönguráðherra skyldi nota tækifærið til að kynna þingheimi samning um háhraðatengingar í tengslum við það frumvarp sem hér er til umræðu, ekki síst vegna þess að Alþingi samþykkti fjarskiptaáætlun sem gerði ráð fyrir því að uppbyggingu háhraðatenginga til dreifbýlis á Íslandi væri lokið í árslok 2007. Nú í marsmánuði 2009 hlustum við á hæstv. samgönguráðherra hreykja sér af því að loksins sé búið að skrifa undir samning en ekki verði lokið við framkvæmdir fyrr en eftir 18 mánuði. Fjarskiptasjóður hafði fjármuni og þessi seinagangur er því algerlega óforsvaranlegur og óboðlegur og óskiljanlegur og það þýðir ekki fyrir hæstv. samgönguráðherra að koma hér og segja að þetta hafi verið mikilvægt til þess að tæknilausnir þróuðust. Ég held að það sé mikil bjartsýni hjá honum að kenna því um og þakka það að svo góður samningur hafi náðst að verið væri að þróa tæknilausnir. Það er alls ekki svo. Þetta mál hefur þvælst fyrir stjórn Fjarskiptasjóðs og samgönguráðherra í fleiri mánuði til stórskaða. (Gripið fram í.) Hv. þm. sem kallar fram í, Jón Bjarnason, ræddi oft mjög um að það þyrfti að hraða þessu máli og ég vænti þess að hann sé sammála mér að þessi seinagangur við uppbyggingu háhraðatenginganna út um landið sé algerlega óviðunandi. (**Gripið fram í:** Og óverjandi. ... í kosningunum 2007 hjá þér.)

[11:15]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að hæstv. fyrrverandi samgönguráðherra, núverandi þingmaður Sturla Böðvarsson, skuli koma hér og þenja sig mikið út af háhraðatengingunum. Það er gott til þess að vita. Ég var einn af þeim þingmönnum ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni sem töluðum mikið um þetta og gagnrýndum seinaganginn sem var hjá síðustu ríkisstjórn. Menn skulu líta sér aðeins nær þegar þeir koma hér og þenja sig hér mikið út af svona dæmi.

Það var mjög margt óklárt varðandi útboð háhraðatenginga þegar ég kom í samgönguráðuneytið. Það skulum við hafa alveg á hreinu og það var það sem tafði. Það þurfti á vegum Fjarskiptasjóðs að fara um allt landið vegna þess að það var ekki búið að gera það og hnita hvern einasta bæ og skrifa sveitarfélögum og fá staðfestingu á hvort þar væri búskapur eða annað. Maður, líttu þér nær, segir máltækið.

Þess vegna er dálítið undarlegt af hv. þingmanni, fyrrverandi ráðherra samgöngumála, að koma hér og þenja sig á þann hátt sem hann gerir og gagnrýna það sem gert hefur verið. Það hefur verið unnið stórátak í þessu máli síðustu tvö ár við allan þann undirbúning sem þurfti að vinna.

Það voru símafyrirtækin sem óskuðu eftir lengri tilboðsfresti, illu heilli, sem við veittum og síðan kom efnahagshrunið og tafði þetta allt saman. Virðulegi forseti. Til mín hefur komið forstjóri Símans fimm sinnum í þeim tilgangi að tilkynna mér að ekki væri hægt að standa við þetta tilboð en alltaf tókst okkur að blása lífi í það. Við skulum líka rifja það upp, virðulegi forseti, að í tíð síðustu ríkisstjórnar, við 2. umr. fjárlaga, var peningur til háhraðanettenginganna og Fjarskiptasjóðs settur út, en það tókst á síðustu stundu fyrir 3. umr. að koma þeim peningum inn aftur með því að taka þann pening, 250 milljónir, sem átti að fara til sveitarfélaganna vegna þorskaflaniðurskurðar. Það hefur því ekki verið neitt sérstaklega auðvelt síðustu mánuði að koma (Forseti hringir.) þessu í gang. Ég verð að vísa því til föðurhúsanna, virðulegur forseti, því ójafnvægi (Forseti hringir.) sem er í hv. þm. Sturlu Böðvarssyni (Forseti hringir.) út af þessu verkefni. Ég held að hann ætti frekar að gleðjast yfir (Forseti hringir.) að þetta verk hafi klárast.

[11:18]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Þessi ræða hæstv. samgönguráðherra er mjög athyglisverð vegna þess að hann sat í þeirri ríkisstjórn sem gerði tillögur hingað til þingsins um að skera niður framlög til Fjarskiptasjóðs. Það var ekki þingið, það var ríkisstjórnin, það var hæstv. samgönguráðherra sem sjálfur gerði þær tillögur að skera niður framlög til Fjarskiptasjóðs. Það var þingið sem tók fram fyrir hendurnar á honum og breytti fjárlagafrumvarpinu frá því að skera niður Fjarskiptasjóðinn til þess að hægt væri að koma þá af stað þeim framkvæmdum sem svo lengi höfðu dregist.

Árið 2007 var gert ráð fyrir því að þessum útboðum væri komið af stað. Það kann vel að vera að hæstv. samgönguráðherra finnist við hæfi að kenna mér um að framkvæmdir hafi ekki farið af stað. Ég tek þá ábyrgð á mig að því leyti sem ég á. Ég fékk hins vegar samþykkta fjarskiptaáætlun hér á Alþingi, ég fékk samþykkta fjármuni til að setja í þessa framkvæmd sem átti að duga og dugar ríflega til að hægt sé að ljúka henni, en það kom í hlut hæstv. samgönguráðherra, Kristjáns Möllers, að hrinda þessu í framkvæmd um mitt ár 2007, hann hafði seinni part ársins 2007, allt árið 2008 og nú er komið fram á árið 2009 og þessu verki er ekki lokið sem átti að ljúka fyrir árslok 2007. Hæstv. ráðherra þýðir hvorki að kenna mér né símafyrirtækjunum um. Þetta er fyrst og fremst spurning um skipulag og að það voru uppi áform um að skera Fjarskiptasjóðinn niður. Þess vegna fór allt saman í stopp, þar er skýringin, hin raunverulega skýring á því að framkvæmdir eru ekki búnar.

[11:20]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Nei, það var ekki niðurskurður í

nokkra daga og framlagið til Fjarskiptasjóðs sem tafði það mál. Það tafði það ekkert. (**StB:** Hvers vegna …?) Tillögurnar sem komu um niðurskurð komu mér jafnmikið á óvart og öðrum. Hv. þingmaður sem setið hefur í ríkisstjórn veit hvernig ríkisfjármálahópur vinnur, hvernig þetta kom þar inn. Það var (**StB:** Fagráðherrar skipta ramma sínum.) við 3. umr., virðulegi forseti, (Gripið fram í.) sem þetta mál náðist aftur inn.

Virðulegur forseti. Ég skil ekki almennilega það ójafnvægi sem er á hv. þm. Sturlu Böðvarssyni um þessar mundir nema að það séu bara innantökurnar hjá Sjálfstæðisflokknum almennt sem koma svona fram í hvaða máli sem er og þjóðin hefur fyrir framan sig daginn út og daginn inn.

Virðulegur forseti. Á vegum Fjarskiptasjóðs var unnið með — og það sem ég fór yfir hér í byrjun hvernig þurfti að fara um allt landið, á tímabili þegar ég kom í ráðuneytið leit út fyrir að það væru 200 bæir sem þyrfti að taka á vegum Fjarskiptasjóðs. Fyrirtæki á markaði ætluðu að taka allt hitt. Þegar við vorum búin að fara yfir landið, kalla eftir markaðsaðstæðum hjá fyrirtækjunum, hvað þau ætluðu að gera, voru bæirnir orðnir 1.200. Og halda menn virkilega að þetta hafi ekki tafið verkið, að koma þessu í útboðsgögn? Þeir voru orðnir 1.200. (**StB:** Þeir voru alltaf 1.200.) Þeir voru ekki alltaf 1.200. Og hvað eru þeir margir í dag? Eftir að tilboðin voru opnuð og kallað var eftir frá fyrirtækjum á markaði hvað þau ætluðu að gera, hvað gerðist þá? Þá fjölgaði bæjunum úr 1.200 í 1.800, um 600 bæi. (**Gripið fram í:** Var það bara ekki jákvætt?) Þetta hefur allt tekið sinn tíma, virðulegi forseti, að koma þessu í gagnið. Ég segi bara alveg eins og er, ég held að hv. þingmaður hefði frekar átt að koma og fagna þessu en að þenja sig hér en það er eins og við segjum, þjóðin er enn einu sinni að verða þess áskynja hvernig Sjálfstæðisflokkurinn er eftir að hann hætti í ríkisstjórn og er kominn í minni hluta í þinginu, innantökurnar og fráhvarfseinkennin (Forseti hringir.) eru að birtast þjóðinni hér í dag.

[11:22]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Við erum að ræða hér um Bjargráðasjóð en ég verð að taka undir með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að ræða hæstv. samgönguráðherra er þess eðlis að maður hlýtur að fara í andsvar. Hér kemur hæstv. samgönguráðherra og hreykir sér bara of hátt, það var bara fyrir neðan allar hellur að hlusta á þau orð sem hér féllu um það að tengja háhraðanetið um landið. Sú er hér stendur hefur ekki verið samgönguráðherra og ekki verið í samgönguráðuneytinu en veit að þegar sala Símans fór fram á sínum tíma voru bundnar geysilega miklar vonir við að þetta mál mundi klárast hratt og vel. Fólk um allt land er auðvitað orðið langþreytt á að bíða.

Það er alveg ljóst að hv. þm. Sturla Böðvarsson lagði mikla vinnu í þetta mál. Auðvitað gat það gengið hraðar í tíð síðustu ríkisstjórnar en líka núna. Að hlusta á hæstv. samgönguráðherra Kristján L. Möller monta sig hér af því að þetta mál sé að klárast eftir 18 mánuði er fyrir neðan allar hellur að mínu mati. Það er líka rétt sem kom fram í framíköllunum, fagráðherrar hafa áhrif á forgangsröðun innan þeirra ramma sem þeir vinna með í fjárlögum. Það er alveg rétt.

Aðalatriðið núna er að þetta klárist sem fyrst, þessi seinagangur hefur verið óásættanlegur og ég vil bara koma því skýrt á framfæri að það er bara ekki við hæfi að hæstv. samgönguráðherra skuli hreykja sér af þessu máli hérna. Það er ekkert tilefni til þess. Þetta átti að vera löngu búið, það er eðlilegt að skýra frá stöðu mála en að hreykja sér með þessum hætti yfir málinu, berja sér á brjóst og láta í það skína að hæstv. ráðherra hafi bjargað þessu öllu í horn er bara ekki sannleikanum samkvæmt að mínu mati.

[11:24]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það er lægð yfir landinu eða hvað er að ske, eins og stundum var sagt á Næturvaktinni, en ástæða þess að ég gat um háhraðanettengingarnar í ræðu minni er að talað var um ákveðnar aðgerðir á vegum Bjargráðasjóðs sem eru nýstárlegar og nýjar. Það er settur fram styrkur til áburðarkaupa fyrir bændur og að ég nefni háhraðatengingarnar í því sambandi er vegna þess að bændur hafa beðið mjög lengi eftir þessu. Það er mjög merkilegt, virðulegur forseti, það jákvæða skref sem stigið var með samningnum um háhraðanettengingarnar og allt það sem því fylgir, það mikla átak sem hefur verið í gangi hefur ekkert sérstaklega mikið ratað inn til fjölmiðla, til að boða þau gleðilegu tíðindi fyrir þá sem eiga að njóta þess á næstunni.

Mér finnst mjög merkilegt, virðulegur forseti, að t.d. fjölmiðlar hafa ekki fjallað mikið um þetta og borið þessi tíðindi. Ég orðaði það við einn fjölmiðlamann (Gripið fram í.) að e.t.v. væru fréttirnar of jákvæðar inn í það neikvæða raus sem fyllir yfirleitt alla fréttatíma. Þess vegna gat ég um þetta hér. En ég verð að segja alveg eins og er að mér kemur mjög á óvart hvað hv. tveir þingmenn sem hér eru í andsvari við mig um Bjargráðasjóð og um þetta, skuli ekki bara hreinlega koma og fagna þessu, að þetta skuli loksins hafa tekist. Ég ætla ekki að lengja umræðuna meira um hvað það var sem tafði þetta verk, ég er búinn að rekja það í megindráttum. Það eru nokkur atriði fleiri sem mætti nefna sem hafa tafið en aðalatriðið er það, og það held ég að sé fagnaðarefni fyrir alla, að þetta er loksins í höfn og hefur tekist og verður unnið ekki lengur en á næstu 18 mánuðum.

[11:26]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Þarna kom skýringin á því af hverju hæstv. samgönguráðherra kom inn á þetta mál hér í umræðunni um Bjargráðasjóð, það var til þess að koma því í fjölmiðla. Það er svo sem ágætt, það er hægt að koma málum í fjölmiðla úr þessum ræðustól. Hins vegar gekk hæstv. samgönguráðherra allt of langt í sjálfumgleðinni, það er ekki hægt að koma hér, virðulegur forseti — það átti að vera búið að ljúka þessu máli fyrir mörgum árum — og berja sér á brjóst. Það er ekki við hæfi og það er sko engin lægð yfir landinu. Það er bara þannig að hæstv. ráðherra gekk of langt í sjálfumgleðinni. Við það geri ég athugasemd.

Ég er alveg viss um að allir þingmenn fagna því að það sjái fyrir endann á þessu máli. Auðvitað fagna því allir. Ég

fagna því alveg sérstaklega, en andmæli því að hæstv. ráðherra láti í það skína að hann hafi unnið eitthvert sérstakt afrek hér. Þó að sumum ráðherrum finnist að mál komist ekki nógu hratt frá sér í fjölmiðla og þeir fái ekki nógu jákvæða umfjöllun þar verða hæstv. ráðherrar að gæta einhverrar sanngirni í þessari umræðu.

Sú er hér stendur hefur fylgst með bæði hv. þm. Sturlu Böðvarssyni og hæstv. samgönguráðherra Kristjáni L. Möller, þeir hafa báðir viljað vel í þessu máli en hér er ekki við hæfi að einhver einn komi upp og hreyki sér af þessu máli eins og hann hafi sjálfur bjargað því öllu í horn á síðustu sekúndu. Þetta er búið að vera erfitt mál, það hefur tekið allt of langan tíma, þetta er stórt byggðamál, landsmenn hafa beðið allt of lengi eftir þessu og menn ættu frekar að vera hógværir, hófstilltir og bljúgir en að berja sér svona á brjóst eins og hér var gert áðan.

[11:28]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem við ræðum nú hefur borið nokkuð brátt að og því hefur ekki gefist mikið tóm til að fara nákvæmlega yfir það. Mér hefur hins vegar verið það vel kunnugt að viðræður hafa staðið yfir milli Sambands sveitarfélaga, ríkisvaldsins og Bændasamtakanna um framtíðarfyrirkomulag Bjargráðasjóðs. Eins og kom fram á búnaðarþingi hefur verið mikill vilji hjá Bændasamtökunum til að finna framtíðarlausn á fyrirkomulagi Bjargráðasjóðsins og það er mjög vel að komin sé einhver niðurstaða í það mál.

Við vitum að það hafa verið skiptar skoðanir um hvort ætti að starfrækja Bjargráðasjóð eður ei. Hér hefur starfað nefnd sem unnið hefur að þeim málum en hún hafði ekki lokið störfum þegar lagt var fram frumvarp sem gerir ráð fyrir því að hverfa frá Bjargráðasjóðnum í þeirri mynd sem hann hafði verið. Ég tel að það hefði ekki verið skynsamlegt að gera það. Ég held að það sé mjög mikilvægt að Bjargráðasjóður sé til staðar og því fagna ég þeirri niðurstaða sem hér er fengin því hún felur það þó í sér, gagnvart því sem áður var en þá voru uppi áform um að leggja sjóðinn niður. Hér er þó búið að taka ákvörðun um að hann starfi áfram þó að það verði í breyttri mynd. Í sjálfu sér geri ég ekki athugasemd við það. Ég treysti því að þessi mál hafi verið unnin í bærilegri sátt við sveitarfélögin í landinu sem eru aðilar að þessu.

Það fyrirkomulag sem hér er verið að leggja til er í grófum dráttum það sem ég veit að Bændasamtökin og fleiri höfðu áhuga á að gæti orðið í framtíðinni. Það er í sjálfu sér jákvætt að sú niðurstaða er þó alla vega fengin að Bjargráðasjóður sé til staðar því eins og hefur komið fram og allir vita þá hefur Bjargráðasjóður í gegnum tíðina gegnt mjög miklu hlutverki, oft við erfiðar aðstæður í landbúnaði. Nú hafa aðstæður auðvitað breyst á margan hátt og þess vegna er eðlilegt að endurskoða framtíðarhlutverk sjóðsins eins og hér er verið að gera.

Kjarni málsins er sá að sveitarfélögin eru að hverfa út úr sjóðnum og þau taka með sér bæði tilteknar skuldbindingar og tilteknar eignir. Það er því eitt af því sem þingnefndin sem fær málið til umfjöllunar þarf að gera, að fara mjög nákvæmlega yfir fjárhagsstöðu og efnahagsstöðu sjóðsins. Það þarf að sjálfsögðu að liggja fyrir hver hún er þannig að við sjáum hvaða burði Bjargráðasjóður hefur framtíðinni til að sinna því verkefni sem honum er ætlað samkvæmt því frumvarpi sem liggur fyrir.

Þetta frumvarp er lagt fram í skugga mjög mikilla hækkana sem hafa orðið á aðföngum til bænda og landbúnaðarins. Það er skemmst frá því að segja og er öllum kunnugt að hækkanir hafa verið gríðarlega miklar og hafa komið mjög hart niður á landbúnaðinum í landinu. Þetta á alveg sérstaklega við um áburðarverðið sem hefur hækkað mjög mikið á undanförnum tveimur árum. 700 millj. kr. kostnaðarauki lendir á bændum að öllu óbreyttu nú milli ára og það kemur ofan í 1.200–1.300 millj. kr. hækkun sem varð á áburðarverði á árunum þar á undan. Það má segja að á u.þ.b. tveggja ára tímabili hafi áburðarreikningurinn til bænda hækkað um allt að 2 milljarða kr. Þetta er gífurleg hækkun fyrir atvinnugreinina og bitnar mjög harkalega á henni eins og hefur komið fram. Það fer ekkert á milli mála að fjármögnun á áburðarkaupum verður mjög erfið fyrir marga bændur við þessar aðstæður. Við vitum að bankakerfið hefur viljað koma til móts við landbúnaðinn almennt en bankakerfið er hins vegar að bjóða lán með um 25% vöxtum og það sjá allir að landbúnaðurinn getur alls ekki risið undir því og sú fjármögnun getur því miður orðið mörgum bændum ofviða. Þess vegna hefur það mjög oft verið rætt hvort hægt væri að koma til móts við bændur á einhvern hátt þótt ekki væri nema til skamms tíma, til að taka af þann verðhækkunarkúf sem hefur bitnað mjög harkalega á landbúnaðinum síðustu tvö árin, eins og ég hef þegar rakið.

Í tíð minni sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra var það m.a. athugað af alvöru hvort ástæða væri til að ríkið kæmi inn sérstaklega í því skyni að greiða niður áburðarverð en frá því var horfið vegna þess að ótti manna var sá að þær niðurgreiðslur kynnu að rata í allt aðra vasa en í vasa bændanna. Það er það mál sem ég hef hvað mestar áhyggjur af varðandi þetta því í hinu nýja frumvarpi um Bjargráðasjóð er verið að leggja það til að hlutverki sjóðsins verði breytt á þann veg að opnað sé fyrir það með sérstöku bráðabirgðaákvæði, bráðabirgðaákvæði IV að ég hygg, að sjóðurinn komi að því að greiða niður áburðarverðið tímabundið til að létta bændum lífið við þessar erfiðu aðstæður. Það þarf að ganga vel úr skugga um að þær greiðslur sem berast úr Bjargráðasjóði komi beint til bænda sjálfra þannig að landbúnaðurinn og bændurnir og búvöruframleiðslan njóti þess sjálf og þetta sé þá raunverulega til þess fallið að lækka áburðarverðsreikninginn hjá bændum.

Það er alveg rétt sem hæstv. samgönguráðherra rakti og kom mjög vel fram í setningarræðu formanns Bændasamtakanna við setningu búnaðarþings 1. mars sl. að hækkun á áburðarverði getur orðið mjög háskaleg, ekki síst til lengri tíma litið. Ef bændur þurfa að fara að draga úr áburðargjöf þá mun það koma fram í minni uppskeru sem aftur mun hafa alvarleg áhrif á búvöruframleiðsluna þegar fram í sækir. Það er reynsla sem t.d. landbúnaður í öðrum löndum hefur upplifað, að alþjóðlegar áburðarverðshækkanir hafa leitt til þess að bændur hafa dregið úr áburðarkaupum, uppskera hefur minnkað og það hefur síðan haft áhrif á búvöruframleiðsluna. Það væri auðvitað mjög alvarlegur hlutur fyrir okkur og þess vegna verðum við að reyna að róa að því öll-

um árum að finna lausn til að það gerist ekki hér. Við megum ekki við því. Það er hluti af matvælaöryggi okkar að tryggja að búvöruframleiðslan geti haldið snurðulaust áfram og ég fagna því þegar reynt er að finna leiðir til að tryggja að svo megi verða.

Það er eitt í þessu sambandi sem ég held að skipti mjög miklu máli að menn fari mjög vandlega yfir. Það er raunar ekki hlutverk þingnefndarinnar í sjálfu sér að gera en ég tel að bæði Bændasamtökin og ráðuneytið, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gætu vel farið yfir að athuga hvernig verðmyndun á áburði í heiminum er háttað í raun og veru. Það er alveg ljóst að aðföng í áburðarframleiðslu hafa verið að lækka og ég hef fengið upplýsingar um að áburðarverð á heimsmarkaði hafi verið að lækka þó að þess hafi ekki gætt hjá okkur. Ég veit ekki nákvæmlega hver sannleikurinn er í þessum efnum en í ljósi þeirra upplýsinga sem mér hafa verið sendar finnst mér að ástæða sé til að yfirfara þessi mál mjög vandlega til að ganga úr skugga um að fyllstu hagkvæmni sé gætt við innkaup á áburði. Það væri auðvitað mjög alvarlegt ef íslenskur landbúnaður nyti ekki hagstæðasta verðs sem hægt er að fá, auðvitað að því tilskildu að sá áburður uppfyllti þau skilyrði sem við setjum varðandi áburð sem er að sjálfsögðu mjög mikilvægt.

Ég vildi nota tækifæri í þessari umræðu til að vekja sérstaka athygli á þessu. Það skiptir mjög miklu máli að við fylgjumst vel með áburðarverðsþróuninni á alþjóðlegum mörkuðum til að geta brugðist við og fylgst með og haft eitthvað um það að segja hvernig þau mál þróast innan lands ef hægt er að gera það.

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að verði þetta frumvarp að lögum verður sú breyting á skipan Bjargráðasjóðs að hlutverk sveitarfélaganna hverfur. Þetta verður þá sjóður sem ríkið og bændur standa að og þess vegna er eðlilegt að hann fari undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið enda er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipi þriggja manna stjórn sjóðsins til fjögurra ára og tveir séu fulltrúar Bændasamtakanna en einn fulltrúi ráðherra sé formaður. Þetta er auðvitað allt saman eðlilegt í ljósi þeirra breytinga sem verið er að gera.

Annað atriðið sem skiptir miklu máli í samtímanum er að opnað sé á möguleika sjóðsins til að bregðast við með skammtímaúrræðum, bregðast við þeim miklu hækkunum sem eiga að verða á áburðarverði. Það er hins vegar ástæða til að árétta að þetta er auðvitað skammtímalausn. Það er líka ástæða til að árétta að það er augljóst að þarna verður ekki um stórar upphæðir að ræða sem gætu komið sem greiðslur til bænda þrátt fyrir allt. Því fer auðvitað víðs fjarri að sá vandi sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir vegna hækkandi aðfanga, sérstaklega vegna hækkandi áburðarverðs, sé á nokkurn hátt aflétt með þessu eða komið í veg fyrir hann. Hann verður hins vegar vonandi gerður aðeins léttbærari ef vel tekst til.

Áhyggjur mínar sem ég hef áður gert að umræðuefni, bæði við fyrri umræður og í máli mínu nú, snúa sérstaklega að því hvernig tryggt verði að þær greiðslur sem ætlað er að renni út úr Bjargráðasjóðnum berist til bænda og leiði í raun og veru til þess að afkoma bændanna sjálfra batni. Það er kjarni málsins og það er hið stóra verkefni sem menn verða að ráðast í og tryggja með öllum tiltækum ráðum að við náum árangri í.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég árétta að sú nefnd sem fær málið til umfjöllunar þarf að leggja fram upplýsingar um fjárhagsstöðu sjóðsins, hvernig efnahagsreikningur hans muni líta út, a.m.k. gróflega eftir þær breytingar sem hér er verið að gera grein fyrir. Það verður að liggja fyrir að sjóðurinn geti staðið undir þeim verkefnum sem honum er ætlað samkvæmt forskrift frumvarpsins þannig að ljóst sé að sjóðurinn sé til gagns og verði til gagns fyrir bændur. Ég ítreka að ég tel að þrátt fyrir að starfsemi sjóðsins hafi oft verið gagnrýnd þá hefur sjóðurinn gegnt mikilvægu hlutverki fyrir landbúnaðinn og það þarf að tryggja að þannig verði það um ófyrirsjáanlega tíð.

Ég ítreka því að ég fagna þeirri stefnubreytingu sem hefur orðið hjá hæstv. samgönguráðherra, að hverfa frá því að sjóðurinn sé lagður niður í þeirri mynd sem ætlunin var en fremur reynt að búa til nýjan ramma utan um hann þannig að hann geti áfram gegnt því hlutverki sem hann hefur, að koma til móts við bændur og landbúnaðinn þegar sérstaklega stendur á.

[11:40]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð. Þetta er mál sem ég fagna mjög að sé komið í umræðu á vettvangi þingsins því hér hefur náðst sátt um að þessi mikilvægi sjóður starfi áfram. Eins og við vitum hefur verið ákveðið ósamkomulag um starfsemi sjóðsins á undangengnum árum og nú er það svo að sveitarfélögin hafa dregið sig út úr því en sjóðurinn heldur áfram störfum sínum og verður í sameign ríkisins og Bændasamtaka Íslands.

Með þessu frumvarpi sem við ræðum hér er líka gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði að sjóðurinn komi að því erfiða ástandi sem blasir við bændastéttinni um þessar mundir. Ótrúlegar hækkanir á áburði á síðustu missirum hafa leitt til þess að margir munu eiga í miklum erfiðleikum með að festa kaup á áburði. Það er lausafjárskortur í þessari atvinnugrein eins og í svo mörgum öðrum atvinnugreinum í dag og því er brýnt að við komum að því að mæta þeim mikla vanda sem blasir við.

Á fundi á Akureyri á dögunum sem ég sat tjáði bóndi sem var á þeim fundi þá reynslu sína að á síðasta ári hefði orðið um 80% hækkun á áburði á milli ára og nú stefndi í aðra hækkun, um 50% ofan á þá 80% hækkun sem varð árið á undan. Hækkunin á áburði til bænda er því um 170% á einungis tveimur árum. Og eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson rakti áðan má gera ráð fyrir því að kostnaðarauki bændastéttarinnar vegna þessara gríðarlegu hækkana sé um 2.000 millj. kr. og það munar um minna. Það segir sig sjálft að í því árferði sem nú ríkir og í ljósi ákvörðunar fyrri ríkisstjórnar um að skerða búvörusamningana um 700–800 millj. kr. hlýtur að þurfa að grípa til róttækra aðgerða. Þess vegna fagna ég þessu fram komna frumvarpi þar sem gert er ráð fyrir að Bjargráðasjóður komi til móts við aukinn kostnað vegna áburðarkaupa sem getur verið allt að 700 millj. kr. En þá stendur út af sú skerðing sem bændur urðu fyrir í tíð síðustu ríkisstjórnar þar sem verðlagsuppfærslur á búvörusamningum fylgdu ekki verðlagsþróun eins og skrif-

að hafði verið undir í samningi milli landbúnaðarráðherra og fulltrúa bændastéttarinnar. Það leiðir náttúrlega af sér að staða þessarar mikilvægu stéttar verður mun verri en menn gerðu ráð fyrir því menn ætlast til þess að gerðir samningar standi.

Það hlýtur því að vakna upp sú spurning í þessari umræðu hvort ný ríkisstjórn ætli að beita sér fyrir því að endurskoða þetta brot fyrrverandi ríkisstjórn gagnvart bændum, þ.e. að svíkja gerða samninga. Ég sé að hv. þm. Jón Bjarnason er kominn í salinn en hann gegnir ábyrgðarmiklu hlutverki hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem er aðili að núverandi ríkisstjórn. Hann gagnrýndi harðlega umrædda skerðingu til bændastéttarinnar (**ÁI:** Ég gerði það líka.) og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sem kallar fram í, og nú er mikilvægt að við fáum það fram frá hv. þm. Vinstri grænna hvort þeir vilji beita sér fyrir því að menn endurskoði þá ákvörðun sem tekin var. Við hljótum að deila þeirri skoðun að mikilvægi bændastéttarinnar, að mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu hafi aldrei verið jafnmikið og í dag. Við þurfum að standa vörð um þessa mikilvægu atvinnugrein og við sem höfum talað fyrir því að standa vörð um hana og efla hana, á móti mörgum frjálshyggjumönnum og samfylkingarmönnum á undangengnum árum, ég held að það sanni sig í dag að það að stjórnvöld hafi staðið vörð um íslenskan landbúnað skiptir verulegu máli. Við þurfum fyrst og síðast að huga að matvælaöryggi þjóðarinnar á tímum sem þessum, á þeim tímum þegar gjaldmiðill okkar stendur mjög veikum fótum, verð á innfluttri matvöru er mjög hátt og því skiptir miklu máli, ekki bara fyrir bændur að staða stéttarinnar verði tryggð heldur líka fyrir íslenskar neytendur. Í því verðbólgubáli sem geysar nú í íslensku samfélagi vil ég benda á að innlend matvælaframleiðsla hefur að nokkru leyti haldið aftur af verðbólgu. Hefðum við treyst á enn meiri innflutning á erlendum matvælum væri verðbólgan mun meiri en hún er í dag því íslenskur landbúnaður hefur haldið mjög aftur af hækkunum á afurðum sínum. En það er spurning hversu lengi atvinnugreinin getur staðist það í ljósi þess að stjórnvöld hafa svikið gerða samninga við stéttina og í ljósi ytri áhrifa, m.a. hvað varðar áburðarverðið en samkvæmt þessu frumvarpi stendur til að Bjargráðasjóður muni greiða allt að 700 millj. kr. til bænda til að standa straum af áburðarkaupum.

Hér er samt ekki um neina dúsu að ræða og hér er ekki um neitt sérstakt góðverk að ræða af hálfu núverandi ríkisstjórnar því að þessi sjóður er m.a. fjármagnaður af búnaðargjaldi sem bændur sjálfir greiða og því skulu menn fara varlega í það að guma sérstaklega af þessum 700 millj. kr. sem verja á til bændastéttarinnar vegna áburðarkaupa vegna þess að þetta eru fjármunir stéttarinnar sjálfrar. Bændur hafa lagt milljarða í þennan sjóð á undangengnum árum og það er ekki nema sjálfsagt á þeim tímum sem við upplifum nú að bændur eigi heimtingu á því að fjármunir verði teknir út úr sjóðnum til að koma til móts við þann bráða vanda sem nú steðjar að þessari atvinnugrein eins og svo mörgum öðrum.

Við framsóknarmenn leggjum mikla áherslu á að þetta mál fái hraða afgreiðslu á vettvangi þingsins og Bjargráðasjóður greiði þessa fjármuni út hið fyrsta. Þetta er ein af þeim aðgerðum sem við þurfum að afgreiða á þessu þingi áður en við göngum til alþingiskosninga. Það eru margar aðgerðir sem við þurfum að fara í til að mæta þörfum atvinnulífsins og bænda og neytenda og þetta er einungis lítill hluti af því en um leið mikilvægur.

Það kom ansi merkileg umræða upp áðan og eiginlega óskyld því frumvarpi sem við ræðum en það var umræða um háhraðatengingu í sveitum og það var hnútukast á milli þingmanna um fortíðina og hvernig að þeim málum hefur verið staðið. Við framsóknarmenn lögðum mikla áherslu á það á sínum tíma að sveitir landsins yrðu háhraðatengdar hið fyrsta. Það er í raun og veru hluti af því að lifa á 21. öldinni að lífsgæðin séu hin sömu til sveita og í stærri bæjum og í höfuðborg landsins. Það á að vera sjálfsagt og eðlilegt að fólk geti menntað sig og aflað sér víðtækrar þekkingar í gegnum nútímatækni. En eins og við þekkjum og vitum er ástandið í mörgum samfélögum á landsbyggðinni algerlega óviðunandi og að þessi mál hafi dregist jafnmikið og raun ber vitni. Í raun og veru ætti enginn að hæla sér af því að það mál að háhraðatengja sveitir landsins skuli fyrst vera að ganga í gegn núna, árið 2009. Í fyrsta fasa er lögð áhersla á Norðurland, Austurland og Vestfirði. Þetta átti að vera fyrir löngu búið að gerast og í raun og veru er saga uppbyggingar háhraðanets í sveitum landsins ein samfelld sorgarsaga og engum til sóma. Það var búið að tryggja fjármuni í þetta verkefni á sínum tíma en málið hefur þvælst í kerfinu milli símafyrirtækja, milli stofnana og er í raun og veru algerlega til vansa og leiðinda því það skiptir okkur miklu máli að ganga frá háhraðatengingum til sveita hið allra fyrsta.

Að lokum þetta, hæstv. forseti. Við framsóknarmenn styðjum frumvarp til laga um Bjargráðasjóð eindregið. Við leggjum mikla áherslu á að málið fái mjög hraða meðferð á vettvangi þingsins og að það verði að lögum hið fyrsta þannig að hægt verði að koma til móts við þann mikla vanda sem steðjar að íslenskum landbúnaði nú. Á það leggjum við mikla áherslu og þetta er að sjálfsögðu ekki síðasta málið og langt frá því á þessu þingi sem við afgreiðum héðan til að koma til móts við vanda heimila og fyrirtækja í landinu og þá ekki hvað síst til móts við íslensku bændastéttina.

[11:50]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Málið um Bjargráðasjóð er, eins og komið hefur fram, hið besta mál og mikil samstaða er um það. Það er með nokkuð öðrum hætti en var fyrir ári síðan þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar lagði fram frumvarp um að leggja hann alveg niður.

Bjargráðasjóður er hluti af því félagslega samtryggingarkerfi sem byggt var upp fyrir allmörgum árum til þess að taka með sameiginlegum hætti á erfiðleikum sem upp geta komið m.a. í tengslum við náttúruhamfarir, uppskerubresti, hafís o.fl. sem getur komið misjafnlega niður á einstökum byggðarlögum, sveitum og bændum, á afkomu þeirra og framleiðslu. Eins og fram kemur í greinargerðinni var Bjargráðasjóður stofnaður með lögum 1913 í þeim tilgangi að koma til hjálpar landsmönnum í hallæri eða til að afstýra hallæri. Í 1. gr. laganna var hallæri skilgreint þannig að sveitarfélag verði svo illa statt að það megni ekki af eigin

rammleik að forða mönnum og skepnum frá harðrétti sem gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir matvæla- og fæðu- öryggi í landinu og fyrir afkomu íbúa í heilum landshlutum.

Bjargráðasjóður hefur gegnt mikilvægu hlutverki í þeirri félagslegu samhjálp og samtryggingarkerfi sem þjóðin byggði upp á síðustu öld og var hinn öflugi bakstuðningur fyrir allar framfarir í landinu sem byggðist fyrst og fremst á félagslegum styrk.

Því miður var gengið á hvert félagslega samtryggingarkerfið á fætur öðru í kjölfar einkavæðingar og taumlausrar markaðshyggju ríkisstjórna síðustu ára undir forustu Sjálfstæðisflokksins. Lánasjóður landbúnaðarins, sem hafði gegnt mikilvægu hlutverki fyrir íslenskan landbúnað við að jafna möguleika bænda til uppbyggingar á jörðum, var lagður niður í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Nú vildu menn gjarnan hafa Lánasjóð landbúnaðarins og geta beitt honum til þess að jafna og styrkja og koma til móts við erfiða greiðslustöðu bænda víða um land. Því miður fór það svo að ríkisstjórnin, undir forustu Sjálfstæðisflokksins með stuðningi Framsóknarflokksins, lagði niður Lánasjóð landbúnaðarins. Eignir hans voru m.a. lagðar inn í Landsbankann þar sem bændur reyna að eiga samninga um lánakjör sín. Það réttlæti og jöfnunarsjónarmið sem ríkti varðandi lánveitingar Lánasjóðs landbúnaðarins varð gjörsamlega úti þegar lánasjóðurinn fór inn í hina einkavæddu hlutafélagsbanka sem hugsuðu fyrst og fremst um hvernig þeir mættu græða. Félagsleg nálgun í lánamálum og fjárhagslegum fyrirgreiðslum var ekki fyrir hendi þar á bæ.

Það var Bjargráðasjóður sem gegndi þessu félagslega hlutverki. Á hann átti að ráðast fyrir ári síðan, þá kom frumvarp fram um það á Alþingi sem þáverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar lagði fram. Það virtist því ekki vera mikill munur á Framsóknarflokki og Samfylkingu í þeim efnum og átti hreinlega að leggja Bjargráðasjóð niður. Sem betur fer tókst að afstýra því, ekki síst fyrir harða andstöðu Vinstri grænna sem neituðu að samþykkja eða veita áformum brautargengi um að leggja þennan félagslega sjóð niður.

Hér er lagt fram frumvarp um að breyta sjóðinum þannig að hann verði að jöfnu í sameign ríkisins og Bændasamtaka Íslands og fái þá skilgreint hlutverk í að standa að baki landbúnaði, matvælaframleiðslu í landinu og öryggi hennar og er það vel. Ég dreg þó í efa að það sé rétt hjá sveitarfélögunum að vilja draga sig út úr þessum sjóði. Ég þekki það að mörgum minni sveitarfélögum, sérstaklega úti um land, hefur þótt gott að eiga Bjargráðasjóð að bakhjarli. Það má vel vera að hinum stærri sveitarfélögum á þéttbýlissvæðunum finnist það óþarfi en ég veit að minni sveitarfélögunum hefur þótt það gott.

Herra forseti. Þetta mál, að hægt sé að beita hluta af eignum Bjargráðasjóðs til þess að koma til móts við bændur í áburðarkaupum með einum eða öðrum hætti, er mjög mikilvægt og gott innlegg í þá stöðu sem fram undan er hjá bændum til þess að tryggja matvælaframleiðslu í landinu. Málið fer nú til nefndar og ég vona svo sannarlega að það fái hér skjótt og gott brautargengi, eins og hefur komið fram í máli hv. þingmanna, þannig að ákvæði þess geti komist til framkvæmda þegar í vor og verði liður í því að koma til móts við og styrkja stöðu bænda og matvælaframleiðslunnar í landinu og tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar.

[11:57]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Ég vil í örfáum orðum fara yfir afstöðu mína til þessa frumvarps. Ég styð málið eins og það er lagt fram, ég tel bæði rétt og skylt að fyrir hendi sé sjóður af þessu tagi sem grípi inn í þegar aðstæður eru á þann veg sem lýst er í frumvarpinu. Það er skynsamlegt að hafa Bjargráðasjóð eða sjóð sem safnað er í fé til að mæta áföllum, sem eðli málsins samkvæmt gerast ekki oft heldur af og til, og bæta þeim tjón sem fyrir því verða með greiðslum úr sjóðnum. Mér finnst líka eðlilegt að hafa fyrirkomulagið þannig að þeir sem eiga kost á bótum eða styrkjum úr sjóðnum vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir leggi eitthvað inn í hann sjálfir þannig að þeir finni til þess að þeir beri ábyrgð á sjóðnum og starfsemi hans. Þeir hafi líka áhrif á hvernig hann er á hverjum tíma og hvernig hann þróast.

Óhjákvæmilegt er hins vegar að ríkissjóður leggi til fé inn í slíkan sjóð, eins og gert er ráð fyrir, og reyndar má segja að á undanförnum árum hafi ríkissjóður komið sér að mestu leyti undan því hlutverki sínu að leggja til fé í þessu skyni. Það hafa verið óverulegar fjárhæðir sem ríkissjóður hefur lagt inn í Bjargráðasjóð eða um 10 millj. kr. á ári, sem hrekkur engan veginn til til þess að safna upp höfuðstól sem hægt er að grípa til þegar á þarf að halda. Ég legg því áherslu á það, virðulegi forseti, að að sjóðnum standi þeir sem eiga þess kost að njóta úr honum og leggi eitthvað til hans og hins vegar að ríkissjóður leggi fram verulegt fé til að safna í sjóð sem yrði til ráðstöfunar þegar á þarf að halda.

Það sem vekur athygli mína sérstaklega í þessu máli er að ástæða er til að skoða hvort ekki sé rétt að sjóðurinn hafi víðtækara hlutverk en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, sem sagt að tryggja matvælaframleiðslu í landinu að einhverju marki. Við erum mjög háð innflutningi matvæla, kannski háðari en flest önnur lönd. Vegna veðurfars getum við síður framleitt ýmsar vörur hér á landi sem hægt er að gera erlendis og u.þ.b. helmingurinn af hitaeiningaþörf landsmanna er fenginn með innfluttum vörum sem er mjög hátt hlutfall miðað við það sem gengur og gerist, t.d. innan Evrópusambandsins. Það er af eðlilegum ástæðum og við munum þurfa að búa við það. Það þýðir líka að við erum viðkvæmari fyrir því ef verður af einhverjum ástæðum tekið fyrir innflutning á þessum vörum og þolum miklu skemur en margar aðrar þjóðir truflun á því.

Ég held að við þurfum að huga að atriði sem stundum hefur verið kallað „matvælaöryggi“. Mér finnst að eitt af hlutverkum Bjargráðasjóðs geti einmitt verið að tryggja eftir því sem kostur framleiðslu hér á landi sem er þó í það miklum mæli að þjóðin gæti brauðfætt sig um einhvern tíma án þess að til stórra vandræða kæmi ef tekið yrði fyrir innflutning með einum eða öðrum hætti. Við upplifðum þær aðstæður í haust að það var raunveruleg hætta á því að við gætum ekki flutt inn vörur, við urðum að byggja einvörðungu á innlendri framleiðslu. Þessar aðstæður geta því komið upp, bæði af efnahagsástæðum eins og þá voru, líka af öðrum ástæðum eins og sjúkdómahættu, þannig að við

þurfum að vera við því búin á hverjum tíma að geta brugðist við aðstæðum sem leitt geta til þessarar stöðu.

Ég held að Bjargráðasjóður eigi að hafa þetta hlutverk. Ég er sammála því sem lagt er til í frumvarpinu, að hluti af eigin fé sjóðsins verði greitt út núna til að tryggja framleiðslu með því að greiða niður mikla verðhækkun á áburði. Eitt af því sem gerir framleiðslu okkar viðkvæma er hvað við erum háð innfluttum áburði. Ég legg áherslu á að tekið verði til athugunar í framhaldinu að styrkja lagagrundvöll sjóðsins þannig að hann nái yfir þetta nýja hlutverk sem óbeint er komið undir hann með útgreiðslu fjár vegna áburðarkaupa. Að settur verði niður hópur og hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að málið verði tekið inn að lokinni afgreiðslu þessa frumvarps, það skoðað og lagt fram frumvarp um breytingu á því til þess að tryggja að þetta sjónarmið nái betur fram að ganga og treysta í sessi stöðu þjóðarinnar þannig að hún geti á hverjum tíma verið sæmilega sjálfbjarga í fæðuframleiðslu.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um afstöðu mína til málsins, hún er svo sem komin fram í þessu stutta erindi, ég styð málið.

[12:03]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum hér Bjargráðasjóð sem á sér mjög langa sögu og hér er gert ráð fyrir að sveitarfélögin fái sinn hluta útgreiddan úr þeim sjóði en eftir standi ríkið og Bændasamtökin með sinn eignarhlut og skipti honum jafnt á milli sín.

Ég hef flutt frumvarp nokkrum sinnum um að leggja niður búnaðargjald því að það er ekkert annað en skylda til að leggja félagsgjald á venjulegt fólk, þ.e. bændur, til að greiða inn í félagasamtök sem þeim ber ekki skylda til að vera í samkvæmt stjórnarskránni. Auðvitað ætti búnaðargjaldið að vera frjálst og þá mundu kannski aukast kröfur manna á það hvernig Bændasamtökin starfa og hvernig kostnaði þar er háttað.

Varðandi Bjargráðasjóðinn einan sér þá hefur verið bent á það mörgum sinnum að þær tryggingar gætu náttúrlega verið inni í viðlagatryggingu eða bara á frjálsum tryggingamarkaði, starfsemi hans er í rauninni á margan hátt orðin úrelt. Í því frumvarpi sem ég flutti síðast um að fella niður búnaðargjaldið kemur fram að hlutfall rekstrargjalda af styrkjum hefur verið afskaplega hátt í þessum sjóði, þ.e. hann borgar á milli 30% og yfir 50% af styrkjum í rekstrarkostnað. Til dæmis er framlag bænda af búnaðargjaldinu nú orðið lægra en kostnaður við rekstur sjóðsins. Þetta finnst mér vera athyglivert og sýnir að það virðist ekki vera haldið mjög mikið utan um kostnað í þessum sjóði, hann er bara allt of dýr.

Eftir að þjóðin lenti í þessum áföllum þarf hún virkilega að fara að skoða hvort ekki sé ástæða til að minnka kostnað eins og þennan, minnka kvaðir á stéttir eins og búnaðargjaldið og iðnaðarmálagjaldið eru, en það vill svo til að iðnaðarmálagjaldið bíður nú dóms hjá mannréttindanefnd Evrópu sem hefur samþykkt að taka það gjald upp og mun fella dóm. Nú veit maður reyndar ekki hvernig sá dómur verður en ef hann verður í þá veru að þetta sé ekki heimilt, að þetta brjóti stjórnarskrána þar sem þetta fer í móti félagafrelsi stjórnarskrárinnar og brjóti þannig mannréttindi, þá þarf að sjálfsögðu að horfa til annarra gjalda, eins og búnaðargjaldsins, fiskræktargjaldsins og STEF-gjalda o.s.frv. þar sem menn hafa sett alls konar gjöld á stéttir og atvinnugreinar sem renna til einstaklinga og félaga þeirra og beita afli ríkisins með mjög stífum innheimtuaðgerðum, sektum og jafnvel fangelsi til að ná inn gjöldunum. Menn þurfa að fara að skoða alla þessa þætti. Allt eru þetta hömlur á frelsi í viðskiptum og hömlur á eðlilega viðskiptahætti.

Þess vegna er ég er hlynntur þessu, þ.e. að minnka framlag sveitarfélaganna inn í þennan sjóð sem ég hef aldrei almennilega getað skilið. Jafnframt skora ég á hv. nefnd sem fær málið til umsagnar að skoða virkilega að leggja sjóðinn niður og sjá aðrar leiðir til að ná fram þeim markmiðum sem hann gegnir, að tryggja bændur fyrir áföllum sem að sjálfsögðu mætti að tryggja eins og hvað annað annaðhvort viðlagatryggingu eða bara í frjálsum tryggingum. Mér finnst þetta vera smá hænuskref og ég er ánægður með það, en það er ósköp lítið, herra forseti, með hliðsjón af þeim gífurlegu áföllum sem íslensk þjóð hefur orðið fyrir.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og samgn.

Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, 1. umr.

Stjfrv., 414. mál (EES-reglur). — Þskj. 702.

[12:08]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum á þingskjali 702, vegna innleiðingar á tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti. Frumvarpið felur í sér innleiðingu á 16. gr. tilskipunarinnar.

Breytingarnar voru teknar upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 92/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á XIX. viðauka við EES-samninginn um neytendavernd. Um er að ræða tæknilegar breytingar á tvennum lögum á sviði neytendaréttar vegna innleiðingar á tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti.

Hér á eftir geri ég stutta grein fyrir þeim breytingum sem þetta frumvarp felur í sér.

Með innleiðingu á 2. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar sem hér um ræðir, felst að breyta þarf lítillega 1. gr. laga nr. 56/2007, um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, en með þeim lögum var veitt lagagildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd og reglugerð um samvinnu um neytendavernd. Eftir samþykkt breytinga á lögunum mun viðauki við framangreinda reglugerð 2006/2004/EB ekki lengur hafa lagagildi og yrði því ekki birtur sem fylgiskjal með framangreindum lögum nr. 56/2007. Innleiðing síðari breytinga á viðaukanum, sem geymir upptalningu á ákveðnum EES-gerðum á sviði neytendamála, yrði eftir

breytinguna í formi reglugerða.

Til þess að innleiða 1. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar þarf að breyta tilvísun til tilskipunar Evrópuráðsins í 1. tölulið 1. gr. laga nr. 141/2001, um lögbann og dómsmál, til að vernda heildarhagsmuni neytenda. Nú er í 1. tölulið 1. gr. vísað til tilskipunar ráðsins 84/450/EB frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar. Eftir samþykkt þessa lagafrumvarps verður hins vegar vísað til tilskipunar 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum. Ákvæði um villandi auglýsingar eru innleidd í V. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með síðari breytingum, og er nauðsynlegt að gera þessa breytingu þar sem tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti, felur í sér breytingar á umræddum ákvæðum tilskipunar 84/450/EB um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar til frekari umfjöllunar.

[12:12]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum hér breytingu á ýmsum lögum vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins um óréttmæta viðskiptahætti. Í haust varð mikið hrun á Íslandi vegna þess að það voru ákveðnar veilur í tilskipunum Evrópusambandsins, t.d. varðandi Icesave. Það voru ákveðnar veilur í því að menn opnuðu fyrir frjálsan fjármagnsflutning án þess að hafa eftirlitið í lagi og án þess að setja skýrar og strangar reglur.

Hér ræðum við frumvarp frá hæstv. viðskiptaráðherra sem er samið í viðskiptaráðuneytinu og fer væntanlega á frekar léttan máta í gegnum Alþingi. Þessu vil ég vara við, herra forseti. Ég held að Alþingi hafi sofið á verðinum og ég sagði það reyndar í þingræðu 30. október síðastliðinn að ég bæri mína ábyrgð á hruninu vegna þess að ég hefði ekki verið nógu gagnrýninn á reglur Evrópusambandsins, t.d. hvað varðar Icesave-reikningana og innlánstryggingarnar og þær skuldbindingar sem þar koma til og heldur ekki varðandi t.d. gagnsæi í rekstri fyrirtækja.

Ég legg nú til af þessu tilefni að hv. viðskiptanefnd fari mjög grannt í gegnum þær athugasemdir sem hér eru og stefni að því í framtíðinni, herra forseti, að nefndin sjálf semji frumvörp um innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins og taki ábyrgð á því hvernig þessu er háttað. Ég tel mjög óeðlilegt að framkvæmdarvaldið semji lög um breytingar á tilskipunum sem Alþingi á svo að bera ábyrgð á. Ég mundi vilja, herra forseti, að Alþingi markaði þá stefnu — það gengur að sjálfsögðu ekki alveg eins og skot — að koma hér upp fullbúnu liði sérfræðinga á nefndasviði sem getur farið í gegnum mál, flytji þá sérfræðinga frá ráðuneytunum inn í Alþingi, Alþingi er jú með fjárveitingavald, og fari að sinna þessum reglum Evrópusambandsins á mjög alvarlegan hátt og fari mjög gagnrýnið í gegnum þær. Ég tel þetta mjög brýnt.

Það hefur verið þannig hér á Alþingi að menn hafa skautað mjög létt yfir þessar reglur Evrópusambandsins og sagt að það sem Evrópusambandið geri sé örugglega skynsamlegt og gott og skothelt. Svo kemur í ljós að það er bara ekkert skynsamlegt og það er ekki skothelt. Og að sjálfsögðu er þá Alþingi ásakað um það að hafa ekki staðið á verðinum.

Ég held að Alþingi þurfi að bregðast við þessu með því að gera sig sjálfstæðara gagnvart framkvæmdarvaldinu og taka yfir lagasmíð í sambandi við þessar reglur Evrópusambandsins og fara mjög gagnrýnið í gegnum það. Það er mjög ankannalegt að einhverjir starfsmenn hjá framkvæmdarvaldinu eigi samskipti við Evrópusambandið varðandi lagasetningar.

Við erum jú löggjafarsamkunda, hv. Alþingi, og eigum að semja lög sem allra mest. Ég vil sjá mikla breytingu á þessu og ég tel að sú breyting sé mjög brýn og alveg sérstaklega að við höldum vöku okkar hvað varðar tilskipanir Evrópusambandsins og sendum þeim nótu ef þar eru einhverjir gallar eins og t.d. varðandi innlánstryggingarnar. Ég hef sagt að þær veilur séu í innlánstryggingakerfinu — sem kemur svo fram í Icesave-reikningunum og gætu hugsanlega varpað íslenskri þjóð í áratugafátækt — að þar hefði þurft að vera einn innlánstryggingarsjóður fyrir alla Evrópu og helst heiminn, þar sem innlánsstofnanir í allri Evrópu borguðu iðgjöldin og hann gæti þá ráðið við áföll eins og urðu á Íslandi þegar 80% af markaðnum hrundi eða í Hollandi, ef þar skyldi nú koma slæm staða upp, eða í Bretlandi o.s.frv.

Þessi innlánstryggingarsjóður þarf líka að hafa heimild til þess að grípa inn í reikninga sem vaxa mjög hratt eins og gerðist í Hollandi. Og alveg sérstaklega þarf hann að skoða það ef verið er að bjóða óeðlilega háa vexti miðað við þá sem eru í kring eins og var í Hollandi. Þess vegna varð svona mikil aukning á þeim viðskiptum. Auk þess þarf að koma í gegn í öllu Evrópusambandinu þeirri reglu að innlán hafi forgang í þrotabú þannig að menn séu ekki að deila um hvort það sé skynsamlegt eða ekki. Ég held að það sé bráð nauðsyn ef menn ætla að auka tiltrú fólks á innlánum. Við Íslendingar erum að lenda í verulega slæmum málum út af þessu.

Ég held að við þurfum að halda vöku okkar í lagasetningu. Alþingi þarf hreinlega að breyta algjörlega um stefnu þannig að nefndir þingsins semji öll frumvörp sem þar verða að lögum. Það geri það samkvæmt beiðni frá t.d. ráðuneytum, t.d. félagasamtökum eða einstaklingum og þeir aðilar beini til nefndarinnar óskum um breytingar. Í kjölfarið ákveði nefndir hvort þær semji frumvarp eða láti semja frumvarp á því sviði og feli svo fjölmennu nefndasviði að gera það. Þetta er ekki kostnaðarauki því að Alþingi mundi flytja yfir til sín sérfræðinga frá ráðuneytum og stofnunum sem í dag eru að semja frumvörp.

[12:18]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Þetta mál lætur ekki mikið yfir sér og ef til vill er það hið sanna eðli málsins, að það er lítils háttar og ekki ástæða til að gera miklar athugasemdir við það, en það mun þá koma í ljós eftir athugun málsins í hv. nefnd. Ég óska því eftir að nefndin fari vandlega yfir málið í ljósi þeirra athugasemda eða ábendinga sem fram komu í umræðunni.

Það sem mér finnst ástæða til að huga að, a.m.k. á þessu stigi, er að breytingin sem frumvarpið felur í sér er að fækka um einn aðila hjá þeim sem koma að málinu áður en tilteknar breytingar frá Evrópusambandinu öðlast lagagildi hér á landi. Það er verið að fækka um Alþingi sjálft. Verið er að taka löggjafarvaldið út úr dæminu sem aðila að lagabreytingunum með því að löggjafarvaldið fallist á að fela ráðherra það vald að hann geti tekið inn breytingar sem verða á tilteknum viðauka við tiltekna reglugerð og fært þær breytingar inn í reglugerð sem þannig mundi öðlast stöðu laga hér á landi án þess að Alþingi kæmi nokkurn tímann að málinu og fengi hvorki málið til athugunar né tæki það til skoðunar. Því virðist vera að verið sé að stytta sér leið í þessu ferli og er kannski það sem við má búast þegar um er að ræða Evrópusambandið. Tilhneigingin þar er sú að hafa ferlið sem styst og er mest hjá embættismönnum og sérstaklega embættismönnum og tilteknum stjórnmálamönnum í Evrópusambandinu.

Þetta á sér dálítinn hljómgrunn víða í aðildarríkjum Evrópusambandsins og kannski helst hjá þeim sem hafa áhrif á þetta ferli, þ.e. embættismenn og ráðherrar. Því eru það yfirleitt þjóðþingin sem verða fyrir barðinu á þessari þróun og þau þurfa því að huga að stöðu sinni. Ég er ekki að segja að þjóðþingin eigi alltaf að láta öll mál koma inn á sitt borð. Það þarf auðvitað að vega og meta hvernig menn draga línuna. Því óska ég eftir að nefndin skoði það því ég hef ekki kynnt mér til hlítar þau efnisatriði sem felast í þessum viðauka. Þau kunna að vera þess eðlis að ekki sé óeðlilegt að skipa málum á þennan hátt.

En mér sýnist hins vegar og vek athygli á því að ekki sé alveg víst að viðaukinn sé afmarkaður. Mér sýnist að hægt sé að bæta við nýjum ákvæðum inn í viðaukann í Evrópusambandinu og þannig gætu þau ákvæði komið inn í reglugerð hér á landi. Ég spyr því: Geta það verið ný efnisatriði? Er viðaukinn það afmarkaður að innihaldi að ekki sé hægt að bæta við nýjum ákvæðum sem útvíkka í raun gildissvið hans? Mér sýnist að það sé alveg opið að Evrópusambandið geti notað viðaukann til að setja inn ný ákvæði sem ná yfir á stærra og stærra svið, og það gæti orðið svo eftir einhvern tíma að ákvæðin sem koma inn séu þess eðlis að Alþingi á þeim tíma fyndist það óeðlilegt að slík mál kæmu ekki til Alþingis og yrðu afgreidd sem lagafrumvörp, annaðhvort með því að Alþingi féllist á þau eða teldi að ekki ætti að taka þau inn.

Mér finnst þetta vera atriði sem þarf að skoða því löggjafarvaldið verður auðvitað að gæta að því að afsala sér ekki löggjafarvaldinu í svo ríkum mæli eða með svo opnum heimildum að ráðherrar geti haft nokkurt sjálfdæmi um það hvernig þeir fara með það vald og komist upp með að halda því fram að allt rúmist innan slíkrar heimildar. Við höfum dæmi um það, sem nýlega kom til umræðu á þinginu, um notkun á bráðabirgðalagavaldi ráðherra sem var auðvitað ekkert annað en misbeiting á því, bráðabirgðalögin sem sett voru hér í sumar. En lítið er hægt að gera við því vegna þess að stjórnarskráin er þannig úr garði gerð að ráðherrann hefur mat um það sjálfur. Enginn getur hnekkt því mati nema hugsanlega dómstólar. Hver verður til þess að fara með svona mál til dómstóla?

Mér sýnist að þetta sé þess eðlis að ráðherrann hafi nokkuð frjálst mat á því svo lengi sem ný efnisatriði eru í viðaukanum með formlegum hætti. Ég vek t.d. athygli á því sem segir í athugasemdum við 1. gr. að ráðherrann geti bætt inn sem reglugerðarákvæði nýjum tölulið við viðaukann sem, með leyfi forseta, er svohljóðandi:

„Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005.“

Það er bara heil tilskipun sem hægt er að taka inn í viðaukann. Það er nú dálítið mikið. Mér finnst þetta vera svolítið opið og ég vil biðja nefndina um að skoða þetta. Kannski er þetta ekki eins víðfeðmt og ég óttast. Ég hef ekki farið ofan í málið til hlítar, ég hef því þann fyrirvara. En ég bendi á þennan annmarka sem mér finnst vera, þetta má ekki vera opin heimild til að setja inn nánast hvað sem er svo lengi sem Evrópusambandinu dettur í hug að setja það undir réttan viðauka.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Vörumerki, 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (EES-reglur). — Þskj. 703.

[12:25]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum, mál nr. 415, á þskj. 703.

Með frumvarpi þessu sem lagt er fram af viðskiptaráðherra er lögð til sú breyting á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, að svokölluð tæming réttinda eða réttindaþurrð skv. 2. mgr. 6. gr. laganna verði bundin við Evrópska efnahagssvæðið í stað alþjóðlegrar tæmingar.

Í núgildandi ákvæði er ekki tekið fram með skýrum hætti að um alþjóðlega tæmingu sé að ræða. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laganna er hins vegar áréttað að tæming réttinda í íslenskum vörumerkjarétti hafi verið talin ná til heimsins alls. Ákvæði vörumerkjalaga um tæmingu réttinda hefur því verið túlkað á þann veg að hér á landi gildi alþjóðleg tæming. Samkvæmt dómi EFTA-dómstólsins 8. júlí 2008, í málum nr. E-9/07 og E-10/07, L?Oréal Norge AS og L?Oréal SA gegn Per Aarskog AS, Nille AS og Smart Club AS, samræmist sú túlkun hins vegar ekki ákvæði vörumerkjatilskipunar 89/104/EB eins og dómstóllinn túlkar það en tilskipunin er hluti EES-samningsins. Er því þörf breytinga á lagaákvæðinu.

Tæming vörumerkjaréttar byggir á þeim rétti sem vörumerkjarétthafi fær með skráningu vörumerkis skv. 4. gr. laganna, þ.e. að banna öðrum notkun á vörumerki sínu í atvinnustarfsemi. Afnám alþjóðlegrar tæmingar hefur einkum einkaréttarleg áhrif. Hlutverk vörumerkja er að vera tæki í markaðssetningu og með innleiðingu svæðisbundinnar tæmingar fá rétthafar vörumerkja auknar heimildir til þess að stjórna markaðssetningu og koma í veg fyrir notkun sem fer í bága við vörumerkjarétt þeirra, t.d. samhliða innflutning. Alþjóðleg tæming réttinda hefur á hinn bóginn verið talin stuðla meir að frjálsri samkeppni og viðskiptafrelsi. Getur því svæðisbundin tæming haft í för með sér neikvæð

áhrif fyrir neytendur, t.d. mismunandi verð og aðgengi að vöru á mörkuðum.

Hvað snertir tæmingu vörumerkjaréttar má að öðru leyti vísa til athugasemda með frumvarpi þessu. Í athugasemdunum er jafnframt vísað til ákvæða í 1. mgr. 2. gr. bókunar nr. 28 með EES-samningnum þess efnis að samningsaðilar skuli sjá til þess að tæming hugverkaréttar sé í samræmi við lög Evrópusambandsins að svo miklu leyti sem ráðstafanir þess eða réttarkerfi taki til tæmingar. Um túlkun ákvæðisins fari samkvæmt viðurkenndum skilningi í viðkomandi úrskurðum Evrópudómstólsins sem kveðnir hafa verið upp fyrir undirritun samningsins 1992, þó með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni. Jafnframt er þar vikið að dómaframkvæmd hjá Evrópudómstólnum og EFTA-dómstólnum. Vegna dómaframkvæmdarinnar er nauðsynlegt að setja lög sem snerta innleiðingu á 1. mgr. 7. gr. framangreindrar tilskipunar ráðsins 89/104/EB frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vöru.

Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins telur að frumvarpið muni ekki hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til viðskiptanefndar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Gjaldþrotaskipti o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 281. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 507, nál. 710.

[12:29]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti allsherjarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti og fleira sem almennt hefur gengið undir nafninu greiðsluaðlögun.

Nefndin hefur undanfarnar vikur unnið að útfærslu þessa úrræðis og farið ítarlega yfir það á fjölmörgum nefndarfundum. Eins og fram kemur í nefndaráliti var kallaður fyrir nefndina mikill fjöldi gesta sem skýrði afstöðu hagsmunaaðila til úrræðisins og fjallað var vandlega um einstaka þætti málsins.

Það frumvarp sem hér um ræðir felur í sér mikil tímamót hvað varðar réttarstöðu almennings sem verður fyrir því að missa stjórn á skuldamálum. Með greiðsluaðlögunarúrræðinu er tryggt að þeir skuldarar sem komast í þrot og standa að öðrum kosti frammi fyrir gjaldþroti geti fengið að ljúka málum sínum með því að binda aflahæfi sitt um tiltekinn tíma í þágu kröfuhafa en losna að því loknu undan frekari skuldbindingum.

Fram kom á fundum nefndarinnar að hægt er að hugsa sér að með hinu nýja greiðsluaðlögunarúrræði verði til algjörlega nýtt kerfi til að ljúka gjaldþrotaskiptum og þessi leið verði vonandi það úrræði sem flestir nýti sér til þess að ljúka gjaldþrotaskiptum. Við þekkjum það í dag að gjaldþrota einstaklingar standa frammi fyrir því að verða lengi að kljást við afleiðingar gjaldþrotsins. Kröfum er viðhaldið gagnvart þeim og þeir eiga erfitt með að losna undan afleiðingum gjaldþrotsins. Þeir þurfa að greiða hverjum kröfuhafanum á fætur öðrum. Þeir þurfa að greiða vexti og kostnað og ef þeir vilja reyna að taka ábyrgð á eigin málum geta þeir endað í þeirri stöðu að þeir bindi sér slíka bagga að þeir fái ekki risið undir því. Það kallar hrikalegt áfall yfir fólk og við vitum mörg sorgleg dæmi þess að fjölskyldur brotna upp, heimili leysast upp og fólk missir sjálfsvirðinguna vegna þess að það nær ekki að standa undir skuldbindingum sínum. Fólk sem samt sem áður hefur einlægan vilja til þess að efna skuldbindingar sínar og rísa undir þeim.

Það úrræði sem hér um ræðir felur í sér einfalda leið til þess að mæta einstaklingum við þessar aðstæður. Í því felst að þeir sem eru tilbúnir til þess að taka ábyrgð á þeim skuldum sem þeir standa frammi fyrir við gjaldþrot geti gert það. Skuldbundið sig til að greiða kröfuhöfum það sem þeir geta raunverulega aflað á næstu árunum á eftir og þar með njóta kröfuhafar þess að meira fæst greitt upp í kröfur en ella. Á móti verða kröfuhafar að sæta því að þær kröfur sem þá standa út af falli niður. Þannig að þegar sá einstaklingur sem nýtir sér greiðsluaðlögunarúrræðið hefur lokið við sitt samkvæmt greiðsluaðlögunaráætluninni er hann laus allra mála og getur um frjálst höfuð strokið á ný.

Hér er því að mínu viti um gríðarlega réttarbót að ræða í íslenskri löggjöf og mjög mikilvægt skref, tímamótaskref. Það er mjög mikilvægt, sérstaklega á þessum óvissutímum í efnahagsmálum, að gefa fólki skýr fyrirheit um það að gjaldþrot þarf ekki að hafa í för með sér varanlega útskúfun úr samfélaginu eða langvarandi erfiðleika. Greiðsluaðlögunarúrræðið mætir öllum þeim mikla meiri hluta skuldara sem vill axla ábyrgð á eigin skuldbindingum eftir getu og greiða það sem þeim er mögulegt að greiða upp í kröfur. Úrræðið mætir líka kröfuhöfum að því leyti að þeir fá þá hlutdeild í framtíðaraflahæfi þrotamanns samkvæmt greiðsluaðlöguninni og fá þá greitt það sem raunsætt er að fáist greitt upp í kröfur þeirra.

Í meðförum nefndarinnar var mikið fjallað um hvort greiðsluaðlögun ætti að taka til veðkrafna. Frumvarpið sem til meðferðar var tók að efni til einungis til samningskrafna, þ.e. krafna sem ekki eru tryggðar með veði í fasteign. Úrræðið hentar því afar vel til að ljúka gjaldþrotaskiptum því að í flestum tilvikum eiga einstaklingar ekki lengur eignir þegar komið er að gjaldþrotaskiptum heldur hafa þær þegar verið seldar nauðungarsölu, eignir sem eru veðsettar. Eftir standa þá samningskröfur, þær kröfur sem ekki eru tryggðar með veði, og þá bíður úrræðið sem nú stendur til að lögfesta upp á heildstæða leið til að ljúka gjaldþrotaskiptum fyrir þessa einstaklinga.

Mikið var rætt hvort ekki væri ástæða til þess að búa jafnframt til greiðsluaðlögunarúrræði sem tæki til aðstöðu þeirra skuldara sem væru með skuldbindingar sem væru tryggðar með veði í fasteign og gera þar með kleift að laga greiðslubyrði skuldara að greiðslugetu þeirra ef hún væri minni en svo að þeir gætu risið undir afborgunum veðlána.

Því er ekki að neita að þær sérstöku aðstæður sem eru í samfélaginu í dag ollu því auðvitað að umræðan um þetta var enn fyrirferðarmeiri en hún ella hefði orðið í nefndinni. Það var niðurstaða umræðu í nefndinni að ákjósanlegt væri

að reyna að leita leiða til þess að greiðsluaðlögun gæti tekið til veðlána einnig. Í framhaldi af því sendi ég dóms- og kirkjumálaráðuneytinu ábendingar þar um þar sem bent var á helstu þætti sem hafa þyrfti í huga að þessu leyti.

Það var ljóst að úrræðið sem ætti að taka til veðlána þyrfti að tryggja að ekki væru skapaðar aðstæður til þess að það yrði misnotað til þess að þvo almennt skuldir sem væru umfram verðrými eigna af eignunum enda gæti slíkt ekki verið tilgangurinn heldur þyrfti tillitið í slíku úrræði eins og í því frumvarpi sem hér er til meðferðar að miðast við greiðslugetu skuldarans. Það væri einnig eðlilegt að ekki væri um að ræða að slíkt úrræði tæki til eigna umfram meðalhóf heldur þyrfti að binda það við þær aðstæður þegar um væri að ræða skuldara sem væri í hóflegu húsnæði og hefði ekki raunhæfan kost á því að minnka við sig að því leyti.

Útfærsla greiðsluaðlögunarúrræðis fyrir veðlán er eðli málsins samkvæmt nokkrum erfiðleikum bundin því að hún má ekki verða til þess að skapa aðstæður fyrir óréttmæta auðgun skuldara á kostnað kröfuhafa eins og gæti hæglega orðið ef heimildin væri of rúm eða ef hún gæfi færi á því að þvo almennt af skuldir miðað við veðstöðu húsnæðis án tillits til greiðslugetu af því að á þessum tímamótum í samfélaginu er ekkert mikilvægara en að gefa skýrt þau skilaboð að allir verði að borga skuldir sínar. Það er hin almenna meginregla þó svo við reynum í löggjöf að mæta þeim sem misst hafa greiðslugetuna, og hafa ekki getu til að standa undir skuldbindingum sínum.

Í kjölfar þessarar umræðu í nefndinni og þeirra ábendinga sem sendar voru dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fór af stað vinna á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og réttarfarsnefndar um gerð lagafrumvarps sem tæki til greiðsluaðlögunar veðlána og er slíkt frumvarp nú á lokastigi. Það er mér mikil ánægja að samstaða var um það í nefndinni að leita eftir því við dómsmálaráðuneytið að nefndin hefði frumkvæði að því að flytja það frumvarp enda er það unnið að undirlagi nefndarinnar og byggt á þeim sjónarmiðum sem leidd voru í ljós við vinnu í nefndinni og síðan komið á framfæri við dómsmálaráðuneytið í kjölfarið.

Virðulegi forseti. Nokkrar umræður urðu í nefndinni um hlutverk umsjónarmanns með greiðsluaðlögun. Það liggur fyrir að úrræðið mun reyna mjög á. Það er mjög mikilvægt að umsjónarmenn taki með samræmdum hætti á þeim álitamálum sem upp koma við beitingu þessa úrræðis. Því var hreyft af mörgum aðilum sem fyrir nefndina komu að það kynni að vera varhugavert að ætla lögmönnum á almennum markaði eða jafnvel fyrirtækjum sem sérhæfðu sig í að veita þjónustu á þessu sviði hlutverk umsjónarmanns án frekari undanfara. Það kom líka fram að við þær aðstæður sem nú eru í samfélaginu mætti ætla að margir mundu horfa til þessa úrræðis til þess að ljúka sínum málum á næstu missirum.

Í ljósi þessara athugasemda er það niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að æskilegt sé að heimila með ákvæði í frumvarpinu dómsmálaráðherra að fela sýslumannsembætti eða opinberri stofnun þetta hlutverk. Við umræðu í nefndinni kom fram af hálfu dómsmálaráðuneytisins að meðal þess sem til álita kæmi væri að létta innheimtuverkefnum fyrir hið opinbera af einu sýslumannsembætti og fela því embætti þetta hlutverk fyrst um sinn.

Það eru margir kostir við það að fela sýslumannsembætti þetta hlutverk. Sýslumenn hafa reynslu af því að gæta hagsmuna allra aðila við skuldaskil og hafa líka innheimtureynslu fyrir hönd ríkissjóðs við skuldaskil og þeir eru í störfum sínum fulltrúar ríkisvaldsins að fara með þau verkefni sem ríkið telur eðlilegt að fela umboðsmanni sínum á hverjum tíma.

Í öðrum störfum sínum eru sýslumenn líka bundnir af stjórnsýslulögum og hafa því næman skilning á jafnt leiðbeiningarskyldu og andmælarétti og öðrum þeim grunnsjónarmiðum sem mikilvægt er að lögð verði til grundvallar þegar tekist er á við hlutverk umsjónarmanns sem mun hafa mikil völd til að ákveða grundvallarþætti í velferð þeirra einstaklinga sem leita úrlausna samkvæmt þessu úrræði. Þeir einstaklingar eru í mörgum tilvikum í erfiðri stöðu, hafa upplifað mikið áfall og eiga kannski erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér í öllum tilvikum.

Það er því niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að æskilegt sé að heimila dómsmálaráðherra að fela opinberum aðila þetta hlutverk fyrst um sinn og það fyrirkomulag megi síðan taka til endurskoðunar þegar léttir á í efnahagslífinu og reynsla hefur komist á úrræðið og venja skapast um beitingu þess og notkun þess. Ekki var full samstaða um þetta í nefndinni og þingmenn Sjálfstæðisflokksins gera fyrirvara um þetta atriði sem þeir munu nánar reifa í máli sínu hér á eftir.

Virðulegi forseti. Í því frumvarpi sem til meðferðar var var að finna ákvæði til bráðabirgða sem heimiladi greiðsluaðlögun veðlána í þeim tilvikum þegar þau veðlán væru í eigu ríkisbankanna eða Íbúðalánasjóðs. Eins og ég gat um hér áðan var mikið rætt um fyrirkomulag greiðsluaðlögunarveðlána í nefndinni og fljótt varð ljóst að nokkuð skorti á að löggjöfin gæti með fullnægjandi hætti tekið á greiðsluaðlögun veðlána eins og hún er úr garði gerð að öðru leyti. Því var beiting þessa bráðabirgðaákvæðis nokkrum vandkvæðum háð. Í ljósi þeirrar niðurstöðu nefndarinnar og þeirrar samstöðu sem varð í nefndinni um mikilvægi þess að sett yrði í löggjöf úrræði um greiðsluaðlögun veðlána telur nefndin rétt að gera ráð fyrir að bráðabirgðaákvæðið falli niður enda mun í öðru lagafrumvarpi sem vonir standa til að nefndin flytji sjálf verða að finna heildstæð ákvæði um beitingu þessa úrræðis varðandi veðlán.

Virðulegi forseti. Að síðustu nokkur orð um þau skilaboð sem mikilvægt er að senda við núverandi aðstæður í efnahagslífinu og við sendum með frumvarpinu. Þegar á bjátar á efnahagslífið mikið undir því að allir efni skuldbindingar sínar eins og kostur er. Því er mikilvægt að viðhalda greiðsluvilja og greiðslugetu fólks. Ríkisvaldið getur með ýmsum aðgerðum reynt að viðhalda greiðslugetu fólks og af þeim ástæðum er ríkisstjórnin m.a. að leggja til viðbótarframlög í vaxtabótakerfið til að auðvelda fólki að standa undir greiðslunum. Ríkið hefur gætt hófs í skattheimtu á miklum óvissutímum þegar jafnvel mörg rök voru fyrir því að skattar yrðu hækkaðir. Með því er ríkið að reyna að tryggja að sem flestir hafi tækifæri til þess að viðhalda greiðslugetu.

Hitt er að viðhalda greiðsluvilja. Til að viðhalda greiðsluvilja er nauðsynlegt að skuldari sjái sér hag í því að

efna skuldbindingar sínar og nauðsynlegt er að hann hafi fulla trú á því að þörfum hans sé mætt. Í nefndaráliti eru rakin nokkur atriði um tillit til skuldara og sérstök sjónarmið um stöðu skuldara. Í umræðum í nefndinni kom fram að mörg atriði í íslenskri löggjöf eru mjög óhentug skuldurum og hygla kröfuhöfum óeðlilega á kostnað skuldara. Með öðrum orðum, jafnræði skuldara og kröfuhafa er illa tryggt í íslenskri löggjöf, hagsmunir kröfuhafa eru frekar tryggðir en skuldara.

Mikilvægt er við þær aðstæður sem við búum við nú að senda skýr skilaboð um að öllum hindrunum í vegi þess að skuldari sjái sér hag í að borga skuldir sínar sé rutt úr vegi. Það er því tillaga nefndarinnar að ráðuneytin — því að þetta er ekki bara verkefni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins heldur líka annarra ráðuneyta — taki til endurskoðunar svo fljótt sem auðið er öll þau atriði sem geta dregið úr vilja fólks til að efna skuldbindingar sínar. Eitt atriði er augljóst, það er sú íslenska regla að kröfuhafi hafi sjálfdæmi um hvernig hann ráðstafi greiðslum inn á kröfu og geti ráðstafað þeim fyrst til greiðslu kostnaðar, síðan vaxta og síðast til greiðslu höfuðstóls. Þessi regla hefur í för með sér að um leið og á bjátar hjá skuldara hefur skuldari frekar lítinn hag af því að gera nokkuð í sínum málum. Vegna þess að innborganir inn á kröfur sem hann reynir að afla sér fjár til að inna af hendi fara fyrst og fremst til greiðslu sífellt vaxandi vaxta og kostnaðar en hann nær aldrei tökum á að greiða niður höfuðstól, sem í reynd væri það eina sem gæti bjargað honum út úr síversnandi stöðu. Þessi regla hefur því í för með sér að um leið og fer að síga á ógæfuhliðina er mjög vafasamt að halda því fram að skuldari hafi mikinn hag af því að reyna að standa í skilum vegna þess að hann lendir mjög fljótt í hringrás sívaxandi vaxta- og innheimtukostnaðar og allt það fé sem hann getur aflað til að reyna að greiða niður skuldir fer einungis í greiðslu þessa kostnaðar en ekki til að greiða niður höfuðstól kröfunnar.

Það er sérstakt fagnaðarefni að ríkisstjórnin skuli nú hafa tekið ákvörðun um að breyta þeirri reglu er varðar kröfur ríkissjóðs og heimila tímabundið að ráðstafa innborgunum til niðurgreiðslu höfuðstóls. Að mínu áliti er mikilvægt að breyta þessu almennt í löggjöf og mjög mikilvægt að menn horfi til þess að breyta grunnviðmiðum kröfuréttar að þessu leyti í einhverjum mæli, í það minnsta á þann veg að skuldari geti kallað eftir því að a.m.k. hluti innborgunar fari til uppgreiðslu höfuðstóls.

Virðulegi forseti. Greiðsluaðlögunarúrræðið tekur ekki heldur á ábyrgð þriðja manns. Rétt er að geta þess að í norsku greiðsluaðlögunarlögunum falla kröfur sem tryggðar eru með ábyrgð þriðja manns undir greiðsluaðlögun skuldara. Ábyrgð þriðja manns er annað fyrirbæri sem við þurfum að taka á við núverandi aðstæður í samfélaginu. Ljóst er að lánveitendur sem farið hafa offari geta freistast til þess að þvinga skuldara við núverandi aðstæður til að koma með frekari ábyrgðir fyrir kröfum, sem í reynd var alltaf á ábyrgð lánveitenda að veita og veittu með óábyrgum hætti, án fullnægjandi tryggingar og án fullnægjandi varúðarráðstafana. Það er í hæsta máta óeðlilegt að lánveitendur, t.d. íbúðalána, sem þurfa að uppfylla tiltekin lagaskilyrði til að veita íbúðalánin og þurfa að upplýsa skuldara um hverjar afborganir geti orðið o.s.frv., geti kallað eftir viðbótartryggingum í dag frá saklausu fólki úti í bæ án þess að upplýsa það fólk í nokkru um í hverju ábyrgðin sem það fólk er að axla felst. Og að hægt sé að reka að fólki án nokkurs undirbúnings eða viðvörunar skjöl til undirritunar til frekari ábyrgðar á skuldum og að þær ábyrgðir komið til stuðnings kröfum kröfuhafa á hendur skuldara, en kröfuhafinn hefði ekki getað veitt hið upphaflega lán með þeim hætti heldur hefði þurft að upplýsa lánveitandann sjálfan um umfang skuldbindingarinnar í upphafi.

Fyrir þinginu liggur frumvarp um hömlur á ábyrgðum þriðja manns sem flutt er af hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og fleirum. Ég tel afar mikilvægt að það mál fáist afgreitt á þessu þingi. Það gengur ekki svo langt, eins og ég tel ýmis rök til reyndar, að banna með öllu ábyrgð þriðja manns fyrir mjög hóflegri fjárhæð, t.d. hálfri eða einni milljón, heldur gengur það einungis það langt að kalla eftir upplýsingaskyldu þeirra sem hyggjast nýta sér ábyrgðina og setja hömlur á það sjóræningjafyrirkomulag sem gildir á Íslandi að þessu leyti, þar sem lánastofnanir geta hegðað sé algjörlega með siðlausum hætti gagnvart saklausu fólki og upplýsa það ekki á neinn hátt um hvaða skuldbindingar það er að axla.

Virðulegi forseti. Við eigum gríðarlega mikið undir því við núverandi aðstæður að fólk sjái sér hag í því að halda áfram að borga af skuldbindingum sínum og við eigum mikið undir því að fólk sjái lausnir. Einhverjir munu lenda í gjaldþroti, við vitum það úr fyrri efnahagskreppum og við vitum það úr erfiðum efnahagskreppum í öðrum löndum. Markmið stjórnvalda á að vera að forða því sem kostur er. Fyrir þá sem engu að síður lenda í gjaldþroti er mikilvægt að afleiðingar gjaldþrots verði ekki þungbærar, ekki of þungbærar og leiði ekki til þess að fólk útilokist frá almennri atvinnustarfsemi eða þátttöku í samfélaginu. Núverandi kerfi gerir fólki mjög erfitt eftir gjaldþrot að vera launamenn og kaupa íbúð, með öðrum orðum, gerir því illmögulegt að taka þátt í samfélaginu. Núverandi fyrirkomulag hvetur því til svartrar atvinnustarfsemi og grefur undan heilbrigðri fjármálastarfsemi í landinu og eðlilegri þátttöku fólks í samfélaginu. Það úrræði sem til stendur að lögfesta skapar nýjan möguleika fyrir það fólk. Það skapar skýra heimild til þess að fólk geti náð utan um skuldamál sín ef það hefur vilja til að standa undir þeim, eins og allflestir skuldarar hafa, gerir fólki kleift að skuldbinda sig í takmarkaðan tíma til að greiða það sem það getur og losna að því loknu og byrja á ný með hreint borð, geti aftur verið launþegar án þess að óttast að allt sem fólk aflar fari til skuldheimtumanna, geti aftur keypt sér bíl, geti aftur keypt sér íbúð, geti haldið áfram að borga skatta og verið virkir þátttakendur í samfélaginu okkur öllum til hagsbóta.

Virðulegur forseti. Þetta er mannréttindamál og það eru gríðarleg tímamót að við skulum nú vera að koma þessu máli loksins í íslenska löggjöf. Það er þakkarvert að náðst hafi jafngóð samstaða og raun ber vitni um málið í meðförum allsherjarnefndar og ég vil sérstaklega þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir góða samvinnu og gott starf að málinu.

[12:55]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Hann kom inn á margt sem skiptir verulegu máli. Löggjöfin hefur því miður verið mjög sniðin að þörfum kröfuhafa, ef til vill einum of og Alþingi hefur ekki gætt sín, enda liggur það kannski í því að Alþingi semur ekki þau frumvörp sem verða að lögum eins og ég hef margoft bent á.

Ég ætlaði að koma inn á það mál sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson flytur, ásamt fleiri góðum hv. þingmönnum. Það fjallar um ábyrgðarmenn og reynir að takmarka þann ósið sem er í gangi á Íslandi, afskaplega útbreiddur, að velta ábyrgðinni af lánveitandanum yfir á einhverja ábyrgðarmenn í staðinn fyrir að lántakandinn sjálfur beri ábyrgð á því að verkefnið gangi upp sem hann er að fá lán til og líka að sá sem veitir lánið beri ábyrgð á að það fari til skynsamlegra verkefna en ekki í einhverja vitleysu. Ég held að það sem hv. þingmaður nefndi um ábyrgðarósómann í þjóðfélaginu leiði til mikils ábyrgðarleysis og agaleysis, bæði hjá lántakendum en alveg sérstaklega hjá lánveitendum. Ég vil því skora á hv. þingmann sem er í hv. nefnd að veita því máli gott brautargengi þannig að það verði loksins afgreitt frá Alþingi því að meðgangan hefur tekið 13 ár. Ég held að kominn sé tími til að það ágæta frumvarp fari að fæðast.

[12:57]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni um mikilvægi þess að frumvarp hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar o.fl. um ábyrgðarmenn verði að lögum. Því miður var því vísað til hv. viðskiptanefndar en við í allsherjarnefnd (Gripið fram í.) — já, því miður, af því að ég hefði gjarnan viljað hafa það í allsherjarnefnd en það er í góðum höndum í viðskiptanefnd og ég veit að þar situr flutningsmaðurinn, 1. flutningsmaður, og ég veit að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar, hefur áhuga á málinu og koma því í gegn.

Mjög mikilvægt er að málið komist í gegn því að það er alveg hárrétt sem hv. þingmaður nefndi að ábyrgðarmannakerfið leiðir til siðleysis og líka skortur á því úrræði sem við erum að lögleiða nú, greiðsluaðlögun. Bankar sem hafa átt þess kost að elta fólk og ganga að því nokkurn veginn án takmarkana þegar skuldarar hafa ekki möguleika á að takmarka áhrif gjaldþrot, þeir bankar lána auðvitað fólki um of því að þeir ætla sér að geta gert fólki lífið óbærilegt ef allt fer á versta veg. Greiðsluaðlögunarúrræðið sem við erum að fara að lögfesta núna mun einmitt setja hömlur á þetta og mun þvinga bankana til þess að gæta meiri ábyrgðar því að þeir sjá að ef allt fer á versta veg, ef fasteignaverð hrynur, ef eignaverð hrynur í landinu, ef fólk stendur ekki í skilum og missir tök á skuldamálum sínum, þá geti fólk komist út á einhverju árabili með því að greiða í samræmi við greiðslugetu. Það hlýtur auðvitað að vera viðvörunarbjalla fyrir bankana.

Með sama hætti er þetta ástand varðandi ábyrgðarmannakerfið algjörlega ófært. Það þarf samspil ýmissa úrræða til að setja hömlur á óábyrgar lánveitingar að þessu leyti.

[12:59]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Allt ber þetta að sama brunni. Eftir hrunið síðasta haust hafa menn séð og vissu svo sem áður að ýmislegt var að í atvinnulífinu, bankakerfinu, hjá skuldurum og mjög víða, en menn tóku ekki almennilega á því. Nú er nauðsyn að taka á þessu og við verðum að efla bæði aga og siðferði í atvinnulífinu, hjá lánveitendum og líka hjá skuldurunum. Það er svo mikilvægt fyrir alla aðila að skuldarinn sé ekki brotinn niður þannig að hann greiði kannski ekki neitt, þá tapa allir. Ef hann borgar eins og hann getur, hæfilega mikið eins og hann getur risið undir, þá græða allir, jafnt lánveitendur sem skuldarinn sjálfur.

Ég er því mjög hlynntur þessu en ég vil að menn skoði mjög vendilega í hv. viðskiptanefnd málið um ábyrgðarmenn og komi því helst, ja ekki helst, ég bara skora á nefndina að afgreiða það loksins úr nefndinni svo að sá víðfeðmi ósiður í bankakerfinu að kalla til eitthvert fólk utan úr bæ til að bera ábyrgð á lánveitingum sem það kemur í rauninni ekkert nálægt, leggist af.

[13:01]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að taka enn og aftur undir með hv. þingmanni. Það er mjög mikilvægt að frumvarpið um ábyrgðarmenn verði að lögum nú. Þriðja manns ábyrgðir hafa kallað ótölulegar hörmungar yfir fjölda saklauss fólks í þessu landi. Þetta fyrirbæri hefur rústað fjölskyldum, fólk hefur skrifað undir pappíra án þess að gera sér nokkra grein fyrir hvað það var að skrifa undir. Þetta á ekki að geta heyrt til í siðuðu samfélagi. Menn hafa fært rök fyrir því að ekki þurfi að setja hömlur á þetta vegna þess að bankarnir hafi gert samkomulag um beitingu þessa úrræðis fyrir nokkrum árum og þá hefði dregið úr notkun úrræðisins. Það er gott og blessað að svo kunni að hafa verið á ákveðnum tíma en núna eru hættumerki vegna þess að farið er að reyna á þetta aftur.

Bankar sem lánuðu óábyrgt og ríkið hefur ekki tekið yfir eru núna úti um allar trissur að reka þriðja manns ábyrgðir upp í nefið á saklausu fólki án þess að upplýsa það fólk um hvers eðlis skuldbindingin, sem að baki stendur, er. Þetta hefur jafnvel orðið til að styðja við óábyrgar lánveitingar í myntkörfulánum sem bankarnir sjálfir áttu aldrei að veita og áttu að vara fólk við að taka — þeir eru núna að reyna að velta byrðunum og draga sem flesta með skuldaranum niður í svelginn, niður í klóakið. Það er þessi hörmulega aðstaða núna sem kallar á það enn frekar en nokkru sinni fyrr að hömlur séu settar á þriðja manns ábyrgðir. Við stöndum frammi fyrir því að þrýstingur á saklaust fólk mun bara aukast á næstu mánuðum og missirum út af ástandinu í efnahagsmálum. Það er aldrei mikilvægara en nú að þingið standi í lappirnar og hnoði þessu máli í gegn.

[13:03]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir góða og yfirgripsmikla ræðu, ég tek undir allt sem kom fram í máli hans. Mig langaði þó að nefna það sérstaklega að hlutverk okkar núna, það stærsta og mikilvægasta, er að tryggja

aflahæfi fólks. Það er það sem kemur til með að standa undir hagkerfinu og það mundi tryggja vöxt þess og endurreisn. Það er algert lykilatriði.

Komið hefur fram í skýrslum og greinargerðum sem gerðar hafa verið að það áfall sem Ísland hefur orðið fyrir hefur haft gríðarleg áhrif á einstaklinga og fyrirtæki í landinu og hlutverk okkar núna er að reyna að tryggja að við komumst út úr þessu. Lykillinn að því er að reyna að tryggja aflahæfi fólks. Ef aflahæfið er ekki til staðar verður ekkert hagkerfi.

Mig langaði líka að nefna annað í þessu samhengi. Ég skil greiðsluaðlögunarafgreiðsluna á þann veg að hún eigi við um alla skuldara, sama hvort um sé að ræða þriðja manns ábyrgð eða skuldarann sjálfan. Ef minnsti vafi er á því að svo sé, og ef tekst að afgreiða út úr viðskiptanefnd frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, er mjög einfalt að setja ákvæði í það frumvarp sem vísar einfaldlega til þess að í þessum tilvikum megi beita þessu úrræði. Ég taldi sjálfur að þetta gerðist án þess að afgreiða þyrfti það sérstaklega en ef minnsti vafi leikur á því tel ég bæði sjálfsagt og eðlilegt að úr því verði bætt í afgreiðslu viðskiptanefndar.

[13:05]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt athugað að samkvæmt greiðsluaðlögunarferlinu, eins og það er lagt upp í þeim lögum sem hér eru til umræðu, falla þriðja manns ábyrgðir ekki undir, þ.e. eftir sem áður er hægt að ganga að þeim. Það er mjög mikilvægt að allur potturinn verði undir að þessu leyti. Í Noregi koma þriðja manns ábyrgðir þarna einnig undir. Það er nefnilega svo mikilvægt, hið ágæta íslenska orðalag, að menn rísi undir skuldum sínum. Það er mjög mikilvægt að hafa það í huga við þessar aðstæður.

Við höfum ekkert við það að gera að hafa kengbogið fólk eða fólk á hnjánum að baslast við að borga skuldir. Við þurfum fólk sem getur af fullum krafti staðið undir því að borga skuldir, getur risið undir þeim, og við þær aðstæður verðum við að gæta sanngirni, meðalhófs og skynsemi. Þess vegna skiptir svo miklu máli að skapa fólki aðstæður til að takast á við þá erfiðleika sem fram undan eru með það að leiðarljósi að það geti sem fyrst öðlast eðlilegt líf, það geti átt möguleika á því að gera það sem alla langar auðvitað mest til að gera, þ.e. að standa skil á skuldum sínum. En til þess þurfum við að hrinda hindrunum í löggjöf úr vegi og auðvelda fólki að rísa undir skuldunum. Það þarf að gera með margvíslegum úrræðum, eins og við höfum verið að ræða um nú, og hömlur á þriðja manns ábyrgðir eru einn þáttur í því.

[13:07]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Árna Páli Árnasyni fyrir framsögu með nefndarálitinu. Sú er hér stendur er á nefndarálitinu ásamt reyndar öllum öðrum þingmönnum í allsherjarnefnd en þingmenn Sjálfstæðisflokksins gera þó fyrirvara við málið. Ég geri enga fyrirvara og styð þetta mál heils hugar.

Þetta mál gengur út á greiðsluaðlögun. Við höfum reynt að skoða hvernig þeim málum er skipað á Norðurlöndunum. Ljóst er að þar hefur greiðsluaðlögun átt sér stað um lengri tíma og þar er farsæl reynsla af úrræðum af þessum toga.

Hér er gert ráð fyrir að skuldari geti, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar og beitt er gildandi reglum um nauðasamninga með ákveðnum frávikum sem reglur frumvarpsins hafa að geyma. Þessi frávik eru þau að skuldari þarf ekki að afla skriflegrar yfirlýsingar um meðmæli lánardrottna þannig að ákvörðun um greiðsluaðlögun er ekki háð samþykki kröfuhafa. Einnig er gert ráð fyrir því að dómskipaður umsjónarmaður taki afstöðu til þess hvort hann mæli með því að greiðsluaðlögun komist á fyrir skuldara. Einnig er gert ráð fyrir því að kostnaður við þessa aðferð, þessa greiðsluaðlögun, falli að verulegu leyti á ríkissjóð.

Segja má að þetta ferli, greiðsluaðlögun, sé svona „win-win“, þ.e. það er ávinningur í því fyrir skuldarann og kröfuhafann. Verið er að koma á einföldu, ódýru og sársaukalitlu ferli fyrir skuldarann til að reyna að greiða það sem hann getur en afskrifa síðan kröfur sem í reynd eru tapaðar. Hins vegar er líka ávinningur í því fyrir kröfuhafann, eða þann sem hefur lánað skuldaranum, af því að sá aðili á þá meiri von á því að fá eitthvað af skuld sinni greitt til baka í stað þess að missa alla greiðsluna á einu bretti með hugsanlegu gjaldþroti þess sem skuldar. Báðir aðilar hafa því mikinn hag af því að reyna þessa leið í ákveðnum tilvikum þar sem möguleiki er á því að skuldarinn geti borgað hluta af skuldinni. Það er ágætt að reyna að koma upp ferli sem gerir það mögulegt með slíkri greiðsluaðlögun en afskrifa svo það sem út af stendur.

Það er líka ljóst, og kemur fram í nefndarálitinu, að við höfum fordæmi frá öðrum löndum sem hafa lent í miklum efnahagskreppum. Það hefur sést að ef margir verða gjaldþrota fylgir því mjög mikil hætta á neikvæðum afleiðingum. Þá hafa menn horft upp á að efnahagskreppur hafi þróast í djúpar félagslegar kreppur. Það er mjög brýnt að reyna að afstýra því eins og hægt er, virðulegur forseti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það séu einungis samningskröfur sem heimilt er að setja í greiðsluaðlögunarferli. Það þýðir þá í reynd að þetta úrræði tekur til allra krafna sem eru ekki tryggðar með veði. Það eru t.d. skuldir við banka vegna yfirdráttarlána, greiðslukortaskulda og það sem eftir stendur af bifreiðaláni þegar búið er að selja bifreiðina. Hins vegar er bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu sem lýtur að heimildum til nauðasamninga til greiðsluaðlögunar þegar um er að ræða kröfur sem eru í eigu Íbúðalánasjóðs eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi sem ætlað er til eigin nota skuldara. Þarna koma veðkröfurnar inn í þessi bráðabirgðaákvæði.

Stóru fréttirnar, sem vert er að koma á framfæri við 2. umr., eru þær að niðurstaðan í allsherjarnefnd er á þessari stundu sú að kippa þessu bráðabirgðaákvæði út úr frumvarpinu, skoða betur veðkröfurnar almennt og dóms- og kirkjumálaráðuneytið er, eftir umræður við nefndina, að undirbúa löggjöf um tímabundna greiðsluaðlögun veðlána. Við fögnum því sérstaklega að náðst hefur samstaða í nefndinni um að flutt verði frumvarp sem hefur það að leiðarljósi að heimila tímabundna greiðsluaðlögun veðlána. Þó

að þetta sé tekið út, þetta bráðabirgðaákvæði, að þessu sinni í þessu frumvarpi þá kemur það inn aftur, og fleiri veðkröfur, við síðari vinnu í þinginu. Ég held að það sé ágæt niðurstaða, virðulegi forseti.

Þetta úrræði á að beinast að almennum launþegum en í undantekningartilfellum þeim sem hafa stundað atvinnurekstur. Ljóst er að í fjölda atvinnugreina vinna menn í auknum mæli sem verktakar en eru ekki í reynd sjálfstæðir atvinnurekendur nema að nafninu til, þeir ráða ekki vinnutíma sínum og hafa ekki stofnað til skulda svo að nokkru nemi vegna rekstrarins — frumvarpinu er ætlað að taka til slíkra aðila en þó háð þeim skilyrðum að viðkomandi hafi hætt atvinnurekstri.

Nefndin ræddi svolítið um stöðu bænda og telur að eðlilegra sé að tekið sé með sérstökum hætti á greiðsluerfiðleikum þeirra, að þetta úrræði henti ekki vel fyrir þann atvinnurekstur vegna víðtækra veðsetninga bújarða, bústofns og jafnvel íbúðarhúsa bænda vegna reksturs búanna. Talið er að nauðasamningaúrræði henti betur í þeim tilfellum. Nefndin taldi sérstaka ástæðu til að beina því til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að kannað yrði hvernig nauðasamningaúrræði henti smáum atvinnurekstri og að leitað verði leiða til að einfalda slíkt ferli í ljósi fyrirsjáanlegs vanda margra smærri atvinnurekenda.

Ljóst er að verkefni umsjónarmanns er mjög víðtækt. Það er hlutverk hans að meta hvort rétt sé að veita skuldara heimild til að fara í greiðsluaðlögun. Það varð niðurstaða í nefndinni að rétt væri, eins og fram kom hjá framsögumanni, að heimila dóms- og kirkjumálaráðherra að fela sýslumannsembætti eða öðrum opinberum aðilum hlutverk umsjónarmanns til þess að gera ferlið auðveldara að því leyti að betur væri hægt að koma á samræmdu verklagi og festu í framkvæmdinni — breytingartillaga sem lýtur að því er á sérstöku þingskjali, virðulegur forseti.

Við skoðuðum líka í nefndinni hvort sérstakur tímarammi ætti að vera varðandi úrræðið. Fram kom að á Norðurlöndunum hefur sú venja mótast að greiðsluaðlögunartímabil séu 3–5 ár, í Noregi eru það 5 ár. Nefndin taldi þó ekki ástæðu til að setja sérstakan tímaramma í löggjöfina, enda getur það verið misjafnt hvað hentar viðkomandi skuldara og því eðlilegt að umsjónarmaðurinn leggi mat á það í greinargerð sinni.

Ég vil sérstaklega undirstrika það, sem kom fram í ræðu hv. þm. Árna Páls Árnasonar framsögumanns, að í vinnu nefndarinnar urðum við vör við að ýmis atriði sem henta mjög illa fyrir skuldara eru í íslenskri löggjöf, eru að vissu leyti nokkurs konar séríslensk fyrirbæri. Það þarf að skoða þau sérstaklega. Vil ég þá sérstaklega nefna tvö atriði. Fyrst er það atriði að kröfuhafi hafi sjálfdæmi um það hvernig innborgun á skuld er ráðstafað, fyrst komi til greiðslu kostnaðar og vaxta og síðan höfuðstóls. Það hefur neikvæð áhrif á greiðslugetu skuldara ef fólk borgar og borgar án þess að höfuðstóllinn lækki, ef ekki er hægt að höggva höfuðstólinn niður. Þetta atriði þarf að skoða og hæstv. fjármálaráðherra er að breyta þessari tilhögun tímabundið hvað varðar kröfur ríkisins. Ég tel að það þurfi að skoða þetta miklu víðtækara.

Svo eru það þessi ábyrgðarmannamál sem eru ekki í nógu góðu ferli á Íslandi. Þriðji aðili, ábyrgðarmaðurinn, stendur oft og tíðum uppi með miklar skuldir vegna ábyrgðar sinnar ef skuldari getur ekki borgað. Þetta fyrirkomulag er miklu algengara á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum. Það er eins og lánastofnanir hafi einhvern veginn komið ábyrgðinni í of ríkum mæli af sér yfir á þriðja aðila, ábyrgðarmann, og fríað sig. Lánastofnanir hafa væntanlega tilhneigingu til að taka meiri áhættu í útlánum þegar hægt er að ganga að ábyrgð þriðja aðila, ganga að ábyrgðarmanni. Það væri eðlilegt að endurskoða þetta fyrirkomulag, virðulegi forseti.

Mjög mikil óvissa er um hve margir munu leita í úrræðið sem við erum að fjalla um, í greiðsluaðlögun. Þegar frumvarpið kom fram við 1. umr., og það sést í frumvarpinu, var verið að reyna að finna út hver málafjöldinn gæti orðið. Í umsögn fjármálaráðuneytisins í frumvarpinu er það tekið sem dæmi að verði málafjöldinn 100–200 mál verði kostnaður ríkissjóðs 25–50 millj. kr. af frumvarpinu. Í nefndinni kom hins vegar fram að sú tala er örugglega mikil vanáætlun. Sú skoðun kom frá umsagnaraðilum að búast mætti við 10 sinnum fleiri málum, þ.e. 1.000–2.000 málum.

Í máli Ástu S. Helgadóttur, sem er forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, kom fram að nú þegar er talsvert mikið spurt um þetta úrræði og margir sem eru í samskiptum við stofuna bíða eftir því að þetta mál klárist. Ásta undirstrikaði mikilvægi þess að þingið kláraði þetta mál sem fyrst þannig að hægt væri að beina fólki í þennan farveg, í greiðsluaðlögun, og hægt væri að byrja að vinna í málunum hratt og örugglega.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, lýsa mig fylgjandi frumvarpinu. Ég tel mikilvægt að afgreiða það hið fyrsta.

[13:19]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég tek til máls til að lýsa því yfir að við sjálfstæðismenn í nefndinni höfum tekið virkan þátt í þessum störfum og teljum að frumvarpið sé í harla góðum búningi að flestu leyti, eins og það kemur út úr nefndinni. Við höfum farið vel yfir þetta mál á vettvangi nefndarinnar. Mikil vinna hefur farið fram og ber að þakka það og í öllum meginatriðum hefur verið góð samstaða um afgreiðslu þessa máls í nefndinni.

Við sjálfstæðismenn gerðum fyrirvara við nefndarálitið sem lýtur fyrst og fremst að því að við höfum efasemdir um að rétt sé að fela sýslumönnum hlutverk umsjónarmanns með greiðsluaðlögun. Við teljum nauðsynlegt að áður en slík ákvörðun verður tekin verði skoðað betur hvernig þetta kemur til með að koma út praktískt séð. Það eru ákveðin rök, eins og hv. formaður nefndarinnar rakti í framsögu sinni hér áðan, fyrir því að færa þetta verkefni til sýslumanna en það kunna einnig að vera rök á móti því.

Við veltum t.d. fyrir okkur hvernig staða sýslumannsembættanna sé gagnvart því að taka að sér þetta verkefni því að auðvitað er talsverð óvissa um hversu viðamikið það verður. Það eru slíkir praktískir þættir sem við teljum að þurfi að skoða betur áður en frumvarpið verður afgreitt með þeirri breytingu sem lýtur að þessu.

Þess vegna kom fram í okkar máli, á þeim fundi nefndarinnar þar sem málið var tekið út, að við teldum rétt að málið yrði tekið aftur inn á milli 2. og 3. umr. til þess að

skoða þennan þátt sérstaklega. Við munum óska eftir því að reynt verði að fá mat á því hvernig framkvæmdinni á þessu verði háttað. Að öðru leyti tek ég fram, eins og ég gerði í upphafi máls míns, að frumvarp þetta er til þess fallið að aðstoða mjög marga í greiðsluerfiðleikum og er þannig mjög jákvæð viðbrögð við því ástandi sem nú er í efnahags- og atvinnumálum. Við styðjum málið í öllum megindráttum en óskum eftir því að þetta tiltekna atriði verði skoðað nánar áður en málið hlýtur endanlega afgreiðslu hér í þinginu.

[13:22]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég fagna því mjög að við séum að ræða þetta mál. Þetta er nokkuð sem ég hef haft mikinn áhuga á lengi. Miðað við núverandi ástand á Íslandi hljótum við að þurfa að fara að gera eitthvað í þessum málum í staðinn fyrir að tala bara um þau. Það eru hins vegar ákveðin vonbrigði að sjá að það var a.m.k. tekin ákvörðun um það í þessari umferð að ekki væri hægt að taka á stóru vandamálunum sem eru veðskuldirnar. Margítrekað hefur komið fram í orðum hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra að í bígerð sé frumvarp sem tekur á vanda veðskulda.

Við horfum nefnilega upp á vandamál hér innan lands sem ég held að a.m.k. enginn af frændum okkar á Norðurlöndum hafi nokkurn tímann tekist á við — í fyrri ræðum hefur verið vísað á að svipuð úrræði hafi verið nýtt til að takast á við kreppur á Norðurlöndunum og hugsanlega er þar vísað til fjármálakreppunnar sem varð í Svíþjóð í kringum 1992, minnir mig. Ég held hins vegar að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að kreppan þar var ekki nálægt þeirri stærðargráðu sem við erum að fást við hérna á Íslandi. Þeir einstaklingar sem þurftu á slíkum úrræðum að halda í Svíþjóð eru bara brotabrot af þjóðinni miðað við það sem sjáum hér á Íslandi. Það kom fram í bráðabirgðaniðurstöðum Seðlabankans í gær að þegar væru 30.000 heimili á Íslandi komin með neikvæða eiginfjárstöðu eða hartnær neikvæða. Átti þó eftir að taka inn fleiri hundruð milljarða í lausaskuldum og veðskuldum líka, þá sérstaklega lífeyrissjóðina, mér skilst að það séu einhvers staðar á milli 100 og 150 milljarðar sem vantaði inn í þær tölur.

Eins og kemur fram í nefndarálitinu er það þannig að þegar einstaklingar þurfa að fara í gegnum gjaldþrot hefur það í för með sér margháttaðar neikvæðar afleiðingar fyrir samfélagið og mikla erfiðleika fyrir þá sem verða úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir sem hafa þurft að fara í gegnum þann feril þekkja hvernig er að vera hundeltir árum og áratugum saman af kröfuhöfum sínum. Það hefur ekki verið neitt úrræði sem hefur getað komið til móts við þessa einstaklinga. Sú er hugmyndin á bak við lög um greiðsluaðlögun, a.m.k. eins og þetta var sett á Norðurlöndunum, að þetta væri fyrst og fremst hugsað fyrir þá fáu einstaklinga almennt sem lenda í því að verða gjaldþrota og kemur einmitt fram í umsögn með frumvarpinu frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að alla jafna hafa um 120–150 einstaklingar þurft að fara í gegnum gjaldþrotaskipti hér á Íslandi. Á árinu 2006 voru það bú 130 einstaklinga, 150 bú á árinu 2007 og voru orðin 132 í lok september 2008.

Það er hins vegar þannig að við erum að fást við allt aðrar kringumstæður í dag. Við erum ekki að tala um nokkra tugi eða nokkur hundruð einstaklinga, við erum að tala um þúsundir heimila sem eru í vandræðum. Þá spyr maður sig hvort það sé hreinlega nóg að nota dómskerfið til að taka á vandamálum þessara einstaklinga eins og við erum að tala um hér, að það verði héraðsdómstólar sem taki við umsóknum frá einstaklingum sem sjá fram á að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og héraðsdómstólar úrskurði síðan hvort þeir eiga rétt á því að fara í greiðsluaðlögun og síðan er þessi breyting, sem meiri hluti allsherjarnefndar í heildina leggur til, að í staðinn fyrir að fengnir verði lögfræðingar úti í bæ verði notaðir lögfræðingar hjá ríkinu, eða fleiri sýslumannsembætti fái það hlutverk að vera umsjónarmenn fyrir þessa einstaklinga. Héraðsdómstólar munu þá vísa málunum til viðkomandi sýslumannsembættis.

Mér þætti athyglisvert að vita hvort menn hafi velt því fyrir sér hvaða sýslumannsembætti eigi að taka þetta verkefni að sér og hversu margir lögfræðingar og væntanlega viðskiptafræðingar eða sérfræðingar í greiðsluerfiðleikum starfa hjá því embætti. Ef við ætlum að fara að nota þetta úrræði fyrir tugi þúsunda heimila sem eru í vandræðum nú þegar hlýtur það að vera töluverður fjöldi. Það mætti eiginlega segja að það eina sem ungt fólk ætti að íhuga nú orðið væri að athuga hvort það geti ekki komist hratt í gegnum lögfræðinámið því að helst virðist vera framtíð í því. Það verður örugglega pottþétt vinna fyrir nýútskrifaða einstaklinga úr lögfræði.

Það hefur líka margoft komið fram að ef við tökum ekki á vanda heimilanna og síðan vonandi, þó að ekki sé tekið neitt sérstaklega á því í þessu frumvarpi, á vanda þeirra sem hafa staðið í atvinnurekstri gætum við hugsanlega þurft að horfa á kerfishrun, að það verði það margir sem munu ekki geta staðið skil á skuldbindingum sínum að það hreinlega stoppi allt. Í nefndarálitinu kemur fram að það sé mikilvægt að fólk sjái hag sínum best borgið með því að standa skil á eins miklu af skuldum sínum og kostur er. Það er einnig mikilvægt að auðvelda það þeim einstaklingum sem eru viljugir til að axla ábyrgð á þeim skuldbindingum sem þeir hafa stofnað til og gera þeim unnt að greiða þær niður eftir getu.

Samt sem áður virðist hafa komið upp einhvers konar ágreiningur eða bent var á ákveðin vandkvæði við það hvernig frumvarpið var varðandi veðskuldirnar, að þetta gæti ekki gengið miðað við — mér skilst að réttarfarsnefnd sé alltaf að vísa til stjórnarskrárinnar og eignarréttarákvæðisins. Ég spyr hvernig standi á því að eignarréttarákvæðið á Íslandi virðist vera svo miklu sterkara í stjórnarskránni en í stjórnarskrá annars staðar á Norðurlöndunum sem hafa verið með svona úrræði í nánast tvo áratugi. Þar hafa ekki komið upp þessi vandkvæði eða þessar ábendingar sem sífellt eru hér uppi.

Það er líka mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því að með því að við samþykkjum þetta frumvarp erum við að tala um skuldir sem eru ekki með veði, þar á meðal yfirdráttarlán að því gefnu að þau séu ekki með veðum, greiðslukortaskuldir og aðrar lausaskuldir sem einstaklingar hafa stofnað til og það sem eftir stendur af bifreiðaláni þeg-

ar búið er að selja bifreiðina. Bifreiðin stendur yfirleitt sem veð fyrir bifreiðalánum þannig að einstaklingarnir þurfa þá að selja bílinn sinn og þá hugsanlega með tapi og síðan þarf þá að taka á því sem eftir stendur.

Það kemur einmitt fram í nefndarálitinu að tiltölulega mikið var fjallað um þetta ákvæði til bráðabirgða, sem átti að taka á veðskuldunum, og í nefndarálitinu segir að ákvæðið feli í sér að, með leyfi forseta:

„... heimilt sé að kveða á um það í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar að unnt verði að breyta skilmálum krafna sem eru í eigu Íbúðalánasjóðs eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi sem ætlað er til eigin nota skuldara. Þá er einnig kveðið á um það í bráðabirgðaákvæðinu að sá hluti skuldarinnar sem falli utan andvirðis eignarinnar teljist til samningskrafna.“ — Það ætti þá væntanlega að falla undir þetta mál eins og það liggur fyrir núna, þ.e. ef nefndarálitið og breytingartillögurnar verða samþykktar.

„Umfjöllun um frumvarpið fyrir nefndinni snerist að miklu leyti um þær takmarkanir sem í bráðabirgðaákvæðinu fólust og hvort og þá hvernig mögulegt væri að láta greiðsluaðlögun, eins og hún er skilgreind í frumvarpinu, taka til krafna sem tryggðar eru með veði í fasteign. Sérstök sjónarmið giltu að sumu leyti um slíkar kröfur og mikilvægt væri að lagatextinn tæki með ótvíræðum hætti á þeim álitamálum sem sköpuðust ef slíkar kröfur féllu undir úrræðið.“ — Þarna held ég að verið sé að segja á mjög penan hátt að enn á ný er alltaf verið að hugsa um hagsmuni kröfuhafanna.

„Þá var þeim sjónarmiðum hreyft fyrir nefndinni að bráðabirgðaákvæðið fæli í sér mismunun og jafnvel brot á jafnræðisreglu stjórnarskrár þar sem með því sé í reynd verið að hygla viðskiptamönnum ríkisbanka og Íbúðalánasjóðs umfram viðskiptamenn annarra fjármálastofnana, t.d. einkarekinna lánafyrirtækja og sparisjóða. Þá kom einnig fram að þessi tilhögun gæti haft áhrif á samkeppni milli opinberra lánastofnana og einkarekinna lánastofnana þegar til lengri tíma er litið og gæti jafnvel verið túlkuð sem ólöglegur ríkisstyrkur.“ — Svo má kannski velta fyrir sér hvort ríkisstjórnin hugsi sér ekki að leysa það vandamál, því frumvarp liggur fyrir í þinginu þar sem ætlunin er að ríkisvæða þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki á Íslandi. Spurningin er hvort ekki verður smátt og smátt hægt að líta á það þannig að einkarekin lánafyrirtæki og sparisjóðir falli undir það og við verðum í heildina bara með ríkisrekinn fjármálamarkað.

„Eftir umræður í nefndinni beindi formaður nefndarinnar því til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og réttarfarsnefndar að leitað yrði leiða til að útfæra með fullnægjandi hætti almenna greiðsluaðlögun veðkrafna á þann veg að skuldsettu fólki í hóflegu húsnæði sem ekki réði við greiðslubyrði sína yrði gefið tækifæri til greiðsluaðlögunar án hefðbundinna nauðungarsölu- og gjaldþrotaúrræða.“ — Þetta þýðir að væntanlega er nú verið að leita leiða til að útfæra með fullnægjandi hætti almenna greiðsluaðlögun og, það sem kemur líka fram í þessari málsgrein, ríkið ætlar að meta hvað telst vera hóflegt húsnæði fyrir skuldsett fólk á Íslandi sem ræður ekki við greiðslubyrði sína, hugsanlega vegna þess að það hefur misst vinnuna vegna gjaldþrota fyrirtækja og/eða yfirtöku ríkisins á t.d. bönkunum. (**ÁPÁ:** Vegna hruns bankanna en ekki vegna yfirtökunnar.) Maður hefur velt fyrir sér hvort komi á undan, eggið eða hænan.

Þetta hlýtur að koma inn í þingið mjög fljótlega, í töluverðan tíma hefur verið talað um að nýtt lagafrumvarp eigi að koma inn sem taki einmitt á þessu. Ég veit að réttarfarsnefnd hefur haft mjög miklar áhyggjur af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og réttindum kröfuhafa og þeirra sem eiga kröfurnar, sérstaklega miðað við að nú stefnir í að ríkið eigi nánast allar kröfur fyrir utan lífeyrissjóðina. Ríkið hlýtur að vera í því að semja við sjálft sig.

Ég nefndi strax við 1. umr. um frumvarpið fyrir hverja úrræðið er. Eitt af því sem við töldum skipta mjög miklu máli í því frumvarpi sem við lögðum fram um greiðsluaðlögunina var að einhvern veginn yrði komið til móts við þá sem stóðu í atvinnurekstri og tóku á sig persónulegar skuldbindingar vegna þess. Það er einmitt bent á það í nefndarálitinu að samkvæmt frumvarpinu er þetta úrræði fyrst og fremst ætlað almennum launþegum og aðeins „í undantekningartilfellum þeim sem hafa stundað atvinnurekstur“ og þá í mjög takmörkuðum mæli. Nefndin hafði greinilega rætt það að fjöldi manna hefur unnið sem verktakar en eru samt sem áður ekki sjálfstæðir atvinnurekendur nema að nafninu til þar sem þeir ráða ekki vinnutíma sínum og hafa ekki stofnað til skulda svo nokkru nemi vegna rekstursins. Þarna er horft til þess að svo lengi sem þeir hafi ekki stofnað til skuldar eða tekið á sig persónulegar skuldbindingar.

Síðan var töluvert rætt um bændur og nefndin telur eðlilegt að tekið verði með sérstökum hætti á greiðsluerfiðleikum þeirra, enda henti úrræðið ekki vel fyrir þá vegna víðtækrar veðsetningar bújarða, bústofns og jafnvel íbúðarhúsnæðis vegna rekstur búanna. Mér finnst þetta athyglisvert vegna þess að í langflestum tilvikum reka bændur býlin á eigin kennitölu sem einstaklingar og þótt ákveðin ákvæði gildi um bændur taka þeir sjálfir á sig miklar persónulegar skuldbindingar sem einstaklingar. Þar segir að bændur hafi veðsett bújarðir, bústofn og jafnvel íbúðarhúsnæði sitt vegna rekstur búanna. Í þeim tilvikum sem ég þekki til veit ég að yfirleitt hefur mjög mikil áhersla verið lögð á að allt húsnæði á jörðunum sé líka veðsett fyrir skuldunum, ekki bara jörðin sjálf.

Síðan „kom fram fyrir nefndinni að annars staðar á Norðurlöndum hefur úrræðið ekki verið látið ná til atvinnustarfsemi, nema í undantekningartilfellum eins og lagt er til í frumvarpinu“. Ég spyr hvort einhverjir þeirra sem störfuðu í allsherjarnefnd, þó að við séum ansi fáliðuð hér í salnum — (**ÁI:** Varaformaðurinn er hérna.) já, kannski væri ágætt ef hún gæti svarað þessu. Eins og ég hef skilið það og í ýmissi vinnu sem hefur verið unnin, t.d. bæði fyrir sænska þingið og það danska, hefur verið bent á að einhvern veginn þurfi að koma til móts við einstaklinga sem hafa átt fyrirtæki og tekið á sig persónulegar skuldbindingar. Tillaga liggur fyrir sænska þinginu um hvernig hugsanlega sé hægt að taka á því þannig að opnað verði á þetta ákvæði eins og það er í lögunum núna. Nefndarálit liggur líka fyrir danska þinginu þar sem einmitt er horft til þessa. Ástæðan fyrir því að þessi tvö lönd hafa farið í slíka vinnu er sú að mikil vinna fór fram árið 2002 á vegum Evrópusambandsins þar sem litið var til hvernig hægt væri að

hvetja einstaklinga sem staðið hafa í fyrirtækjarekstri til að fara aftur út í atvinnulífið og stofna aftur fyrirtæki. Ein af þeim ábendingum sem komu fram í þeirri vinnu var að auðvelda þyrfti fólki sem hefði ekki orðið uppvíst að neinu glæpsamlegu að hefja aftur atvinnurekstur og eitt af því væri þá að fella niður hluta af skuldum þeirra, persónulegum skuldbindingum. Þetta er ástæðan fyrir því að menn í þessum löndum skoða svona úrræði og mér skilst að svo sé í fleiri Evrópusambandslöndum.

Við virðumst í þessu tilviki á ný ekki bara vera á eftir Norðurlöndunum og Evrópusambandslöndunum, með að taka á því hvernig við komum til móts við fólk sem getur ekki borgað skuldir sínar heldur líka varðandi það hvernig við getum komið til móts við það fólk sem hefur staðið í fyrirtækjarekstri og verið tilbúið til að hætta miklu til að búa til ný störf og ný fyrirtæki fyrir land og þjóð.

Ég hef aðeins komið áður inn á það að ég hef töluverðar áhyggjur af því hvað þetta verkefni er umfangsmikið og hvernig ríkið virðist — sérstaklega þegar við horfum á umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, þar sem kemur að vísu fram að verði frumvarpið óbreytt að lögum er nokkur óvissa um kostnað sem fellur á ríkissjóð og ræðst hann aðallega af fjölda þeirra mála sem til greiðsluaðlögunar koma. Þeir viðurkenna að vísu að miðað við þær aðstæður sem nú eru í efnahagsmálum megi búast við að talsvert mikil eftirspurn verði eftir slíku úrræði. Ljóst er að nokkur aukning hefur orðið á milli ára í gjaldþrotum einstaklinga, þarna er verið að skoða árin 2006–2008 og áfram verður talsverð aukning. Verði reyndin sú að stór hluti þeirra sem eru á leið í gjaldþrot leiti eftir nauðasamningi til greiðsluaðlögunar, eins og ríkisstjórnin hefur hvatt til, má ætla að kostnaður ríkissjóðs verði á bilinu 25–50 millj. kr. á ári verði málafjöldinn á bilinu 100–200. Svo getum við margfaldað með — bætt nokkrum núllum við — þegar við verðum kannski komin upp í 1.000 eða 10.000, 20.000, 30.000. Viðbótarkostnaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna ræðst sömuleiðis af fjölda þeirra mála sem til stofunnar berast. Ástæðan fyrir að þetta er sérstaklega nefnt er að gert er ráð fyrir að skuldarar geti leitað eftir endurgjaldslausri aðstoð hjá opinberri stofnun eða öðrum við gerð beiðni og fylgigagna um nauðasamning til greiðsluaðlögunar sem ég er mjög ánægð með og tel skipta geysilega miklu máli.

Nefndin nefnir það einmitt sérstaklega og telur mjög mikilvægt að þeir sem eigi í greiðsluerfiðleikum geti þannig leitað til og fengið aðstoð sérfræðinga við að finna úrlausn mála sinna án mikilla fjárútláta. Ég hef hins vegar miklar áhyggjur af því sem talað er hér um, gert er ráð fyrir að ráða þurfi a.m.k. einn viðbótarstarfsmann og jafnvel allt að þrjá ef spurn eftir þjónustunni verður mjög mikil. Kostnaðurinn gæti orðið á bilinu 6–20 millj. kr. en eftir því sem starfsmönnum fjölgar skapast m.a. þörf á stærra húsnæði.

Ég verð að segja það að mér þætti gaman að hitta þá sem Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna á að ráða ef talið er að það dugi að ráða einn til þrjá til að taka við töluvert fleiri viðskiptavinum en stofan hefur fengið hingað til, sem hafa verið nokkur hundruð á ári, meira að segja í hinu mesta góðæri.

Þetta mál er hins vegar til bóta og skref í rétta átt en ég hlakka mikið til þegar nýtt lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar, (Forseti hringir.) þar sem tekið verður á veðskuldum, kemur inn í þingið.

[13:42]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Ég ætla ekki að setja á löng ræðuhöld um þetta mál sem við fjöllum hér um, greiðsluaðlögunina, enda styð ég málið en skrifaði undir nefndarálit allsherjarnefndar með fyrirvara. Sá fyrirvari lýtur að því að ég held að allir þeir sem að málinu koma vilji að þetta úrræði sé mögulegt fyrir þá sem eiga í greiðsluvanda og fyrirsjáanlegt er að muni lenda í greiðsluvanda. Mikilvægt er að haga málum þannig að þetta úrræði gangi hratt og vel fyrir sig.

Fyrir ekki svo löngu, ætli það hafi ekki verið fyrir svona einu og hálfu ári, þegar ég sat í allsherjarnefnd, komu fulltrúar sýslumanna fyrir allsherjarnefnd til að gera grein fyrir stöðu mála hjá embættunum. Á þeim tíma biðu tugir þúsunda mála afgreiðslu hjá sýslumannsembættunum og mesti málastabbinn var hjá sýslumanninum í Reykjavík. Ég tel að skynsamlegt væri og skynsamlegra að heimila fleirum að koma að þessum málum og aðstoða fólk í greiðsluvanda, eins og t.d. þeim fjölmörgu lögmönnum sem starfa hér í bænum, og hvort sem menn vilja setja þessi mál undir hatt sýslumannanna eða ekki held ég að það mundi greiða fyrir afgreiðslu málanna ef aðrir hefðu einnig heimildir. Ég held líka að það væri þægilegra og heppilegra fyrir skuldarana sjálfa. Ég þekki það úr fyrra starfi mínu sem lögmaður að það eru oft þung skref fyrir fólk, sem hefur lent í greiðsluvanda, að fara inn til sýslumanns, standa þar í röð og bíða ásamt öðrum skuldurum eftir því að að því komi til að fá úrlausn mála sinna. Það er manneskjulegra umhverfi, tel ég, að mörgu leyti ef hægt væri að fá fleirum þessi úrræði og umsjón þeirra. Þess vegna boðaði ég við afgreiðslu málsins út úr allsherjarnefnd að ég óskaði eftir því að málið kæmi til nefndarinnar milli 2. og 3. umr. til að hægt væri að fara yfir fjölda þeirra mála sem nú bíða úrlausnar hjá sýslumanninum í Reykjavík og öðrum sýslumannsembættum. Það væri þá ætlað til að varpa ljósi á það hvort sýslumannsembættin hafi mannafla til að sinna þeim beiðnum sem fram koma.

Það hlýtur að vera einsdæmi ef menn ætla að fara þá leið að fela ríkisstofnun í raun einkarétt á því að hlutast til um einkaréttarlega samninga fyrir einstaklinga. Við tölum hér um skuldamál sem eru fyrst og fremst milli einstaklinga og lánastofnana og eðlilegt að einstaklingarnir sjálfir fái að ákveða hverjir gæti hagsmuna þeirra við úrlausn mála þeirra. Ég vonast til að meiri hluti allsherjarnefndar taki þessar ábendingar gildar og að við förum yfir málið í hv. allsherjarnefnd með það að markmiði að gera þetta úrræði sem best úr garði þannig að það verði sem þægilegast fyrir þá sem leita sér þessarar aðstoðar og jafnframt til að tryggja að meðferð málanna taki sem skemmstan tíma og sé sem léttvægust fyrir þá sem í þeim standa.

Ég vildi, frú forseti, koma þessum sjónarmiðum mínum að hér við umræðuna. Þær athugasemdir sem ég geri við málið lúta eingöngu að framkvæmdinni. Ég ítreka að við sjálfstæðismenn styðjum málið og þá meginhugsun sem þar kemur fram, ég óttast hins vegar að ef sú leið verði farin

sem lögð er til muni sýslumannsembættunum reynast ákaflega erfitt að þjónusta það fólk sem eftir henni þarf að leita.

[13:48]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Það sneyðist nú mjög um þann tíma sem ætlaður er til fundarhalda á hv. Alþingi í dag. Mig langar aðeins að víkja að því að ég tel að þetta sé eitt mikilvægasta frumvarpið sem fram hefur komið frá ríkisstjórninni á þessu vori. Ég vil minna á að með því er einungis stigið fyrra skrefið af tveimur. Upphaflegu frumvarpi var ætlað að taka til greiðsluaðlögunar skulda almennt en aðeins að hluta til greiðsluaðlögunar veðskulda.

Eins og komið hefur fram þótti sú aðferð að takmarka greiðsluaðlögun veðkrafna, veðskulda, við veðskuldir sem væru í eigu ríkisbankanna eða Íbúðalánasjóðs hvorki ganga nógu langt, miðað við þær þarfir sem uppi eru í samfélaginu í dag, né heldur standast jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þar var ekki um að ræða spurningar um eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, hv. þm. Eygló Harðardóttir, heldur jafnræðisregluna. Þeir sem skulduðu sparisjóðum hefðu ekki getað fengið greiðsluaðlögun veðkrafna og þar með niðurfellingu eftirstöðva heldur einungis þeir sem ættu skuldir hjá ríkissjóði.

Innleiðing greiðsluaðlögunar er mjög mikilvægt skref og þetta er úrræði sem er þekkt í norrænum rétti og þar er mjög löng og farsæl reynsla af þessu úrræði. Ég vil ítreka að þar sem úrræðið hefur verið í lögum, eins og í Noregi, frá því 1996 frekar en 1992, hefur aldrei reynt á að það brjóti eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og þau eru nákvæmlega eins og úr garði gerð og lögin okkar.

Undir hitt get ég tekið að það er alveg hreint með ólíkindum að eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar virðast, alla vega í orði kveðnu þegar menn ræða þau mál, alltaf vera til þess eins fallin að verja eignir kröfuhafa en ekki eignir sem menn eiga nú í húsnæðinu sína. Þær eignir fara minnkandi miðað við hlut kröfuhafa dag frá degi eftir því sem gengið hækkar á gengistryggðu lánunum eða eftir því sem verðbótaþátturinn vex með vaxandi verðbólgu.

Kallað hefur verið eftir því árum saman að lög um greiðsluaðlögun verði sett í íslenskan rétt og nú eru þau sett við mjög erfiðar aðstæður. Nýr hópur skuldara kemur nú inn á sviðið, fólk sem aldrei hefur verið í vanskilum og getur ekki í því ástandi sem er í samfélaginu staðið í skilum vegna aðstæðna sem þeir eiga mjög lítinn hlut í, ef þá nokkurn. Lán hafa vaxið langt umfram markaðsverð bíla og íbúðarhúsnæðis. Menn geta ekki selt og sitja fastir í skuldafangelsi. Þeir hafa hins vegar yfirleitt greiðsluvilja og margir hverjir greiðslugetu og það er til þess sem þetta úrræði er ætlað og af því er allra hagur, eins og hér hefur verið bent á.

Úrræði af þessum toga hefur mikla þýðingu við þær efnahagsaðstæður sem við búum nú við. Fordæmi frá öðrum löndum sem hafa lent í erfiðri efnahagskreppu benda til þess að ef margir verða gjaldþrota fylgi því mikil hætta á margháttuðum neikvæðum félagslegum afleiðingum, m.a. sú hætta að úr efnahagskreppu þróist djúp félagsleg kreppa.

Bráðabirgðaákvæðið sem upphaflega var að finna í frumvarpinu, og ég nefndi hér áðan, takmarkaðist við veðkröfur í eigu ríkisbanka og Íbúðalánasjóðs. Gerðar voru gríðarlega miklar athugasemdir við þetta, bæði af gestum sem komu á fund nefndarinnar og í álitum sem lögð voru fyrir nefndina. Að undirlagi nefndarinnar, eins og hér hefur verið lýst, hefur nú verið samið nýtt frumvarp sem tekur til allra veðkrafna og það frumvarp, eins og kemur fram í nefndaráliti á þskj. 710, mun verða flutt af hv. allsherjarnefnd. Ég á von á því að nefndin gangi frá því á næsta fundi sínum sem verður á mánudaginn kemur.

Mig langar aðeins að nefna eitt atriði til viðbótar því að tíminn er hlaupinn frá okkur. Ákveðið hefur verið að taka málið inn til nefndar á milli umræðna til þess að athuga það sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokks í nefndinni gera fyrirvara við, þ.e. hvernig framkvæmdinni verður háttað þegar þetta verkefni, greiðsluaðlögunin, verður komin inn á borð sýslumanna, sýslumannsembætta eða sýslumannsembættis, eins og meiri hluti nefndarinnar gerir tillögu um að verði gert í breytingartillögu sem er að finna á sama þingskjali.

Ég vek athygli á því að fram kom í nefndarstarfinu að þær tölur sem er að finna í greinargerð með upphaflega frumvarpinu eru gríðarlegar lágar og þær eru alls ekki raunhæfar þar sem gert er ráð fyrir að þetta úrræði muni nýtast alls 100–200 manns. Í nefndinni er talið að um sé tíföldun að ræða, 1.000–2.000 manns, og þá er ljóst, miðað við þær tölur sem hér eru, að þetta er gríðarlega kostnaðarsamt og mundi að óbreyttu geta verið einhvers staðar á bilinu 500 milljónir upp í 1 og jafnvel 1,5 milljarðar kr. ef þetta færi út á hinn frjálsa lögfræðingamarkað. Því er til sparnaðar lagt til að þetta fari til sýslumannsembætta eða -embættis.

Ég tel það mjög mikilvægt mál, ekki aðeins peninganna vegna heldur einnig vegna þess að með því er hægt að tryggja tiltekið jafnræði. Þannig er hægt að tryggja að allir sitji við sama borð. Það er líka hægt að tryggja skilvirkni með því að sýslumenn geta byrjað strax, þess vegna á morgun, að vinna að þessu máli. Með því er líka sköpuð ákveðin festa og öryggi í kringum þetta úrræði, bæði fyrir kröfuhafa og skuldara, því að sýslumannsembættin verða áfram til staðar. Þessu úrræði er ætlað að gilda um nokkurra ára skeið. Lögmenn geta komið og farið en sýslumannsembættin „blífa“ og hafa gert um hundruð ára. Það eru því margar röksemdir sem fyrir þessu eru en málið verður athugað vandlega á milli umræða.

Herra forseti. Tíminn er hlaupinn frá mér en ég treysti því að þetta mál muni hljóta skjóta afgreiðslu og jafnframt að veðlánagreiðsluaðlögunin fái mjög skjóta afgreiðslu í gegnum þingið.

[13:56]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæst. forseti. Ég þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir skýr svör. Ég verð að segja að ég er mjög sátt við að þessi leið skuli vera farin því að ég hafði miklar áhyggjur af því að úthýsa ætti þessum verkefnum til lögfræðinga úti í bæ. Við framsóknarmenn lögðum einmitt til í frumvarpi okkar að þetta ferli yrði notað, að þetta færi í gegnum sýslumenn.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir talaði um að það væri allsherjarnefnd sem legði tillögur fram varðandi veðskuldirnar

og það vakti forvitni mína. Í ákvæðum til bráðabirgða kemur nefnilega fram að heimilt sé að kveða á um fleiri gjalddaga, greiðslufrest um tiltekinn tíma, nýjan lánstíma og skuldbreytingu vanskila, og að sá hluti skuldar sem fellur utan andvirðis eignar teljist til samningskrafna. Er þá verið að tala um að varðandi veðskuldir verði ekki felldar niður skuldir sem falla undir verðmæti veðsins?

[13:57]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er nokkuð umfangsmikið og flókið frumvarp upp á einar 16 eða 18 bls., ef ég man rétt. Þar er gert ráð fyrir því að eftir tiltekinn tíma, ég þori ekki að fullyrða hvort það voru 3, 4 eða 5 ár, verði andvirði íbúðarinnar endurreiknað. Verðmæti íbúðarinnar sem um ræðir, sem veðið stendur fyrir, verði metið og ofan á það verði lögð 10% — þetta er norsk regla sem verið er að fylgja þarna — og það sem umfram stendur af veðinu telst þá einfaldlega tapað. Það getur hins vegar talist til samningskrafna og farið þá inn í almenna greiðsluaðlögun. Reiknað er með, eins og hv. þingmanni er kunnugt um, að eftirstöðvar skuldar falli niður eftir tiltekinn tíma.

Þetta þarf að spila saman og er mjög mikilvægt að fólk átti sig á því að þarna er um hliðstæð úrræði að ræða. Það getur orðið þannig að sá sem í hlut á fari báðar leiðirnar í greiðsluaðlögun veðlána eða eingöngu í almenna greiðsluaðlögun. Það frumvarp sem við fjöllum um hér í dag getur líka gagnast þeim sem þegar eru komnir í gjaldþrotameðferð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:59]

Útbýting:

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 2008, 423. mál, skýrsla fél.- og trmrh., þskj. 716.

Alþjóðaþingmannasambandið 2008, 418. mál, skýrsla ÍAÞ, þskj. 711.

Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, 420. mál, frv. umhvn., þskj. 713.

Grunnskólar, 421. mál, frv. menntmn., þskj. 714.

Icesave-reikningar Landsbankans, 424. mál, fsp. ÁKÓ, þskj. 717.

Lán til Icelandic Glacial, 425. mál, fsp. SF, þskj. 718.

Náms- og starfsráðgjafar, 422. mál, frv. menntmn., þskj. 715.

VES-þingið 2008, 417. mál, skýrsla VES, þskj. 709.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og verðbréfaviðskipti, 2. umr.

Stjfrv., 358. mál (gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins). — Þskj. 608, nál. 698.

[14:00]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. viðskiptanefnd þar sem lagt er til að frumvarp til breytinga á lögum, sem er að finna á þskj. 608, verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 14:01.

104. FUNDUR

mánudaginn 16. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. ákvæði til bráðabirgða I í lögum 5/2009, sbr. 26. gr. laga 36/2001, um Seðlabanka Íslands.
3. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, þáltill., 13. mál, þskj. 13, nál. 672. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
4. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 53. mál, þskj. 53, nál. 689, brtt. 690. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 357. mál, þskj. 607, nál. 694. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Gjaldþrotaskipti o.fl., stjfrv., 281. mál, þskj. 507, nál. 710. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og verðbréfaviðskipti, stjfrv., 358. mál, þskj. 608, nál. 698. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frv., 371. mál, þskj. 626. — 3. umr.
9. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 360. mál, þskj. 611, nál. 707. — Síðari umr.
10. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 361. mál, þskj. 612, nál. 708. — Síðari umr.
11. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, um breytingu á VII. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, stjtill., 373. mál, þskj. 630, nál. 704. — Síðari umr.
12. Leikskólar og grunnskólar, frv., 390. mál, þskj. 656. — 2. umr.
13. Virðisaukaskattur, frv., 403. mál, þskj. 684. — 2. umr.
14. Málefni aldraðra, stjfrv., 412. mál, þskj. 700. — 1. umr.
15. Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, frv., 420. mál, þskj. 713. — 1. umr.
16. Grunnskólar, frv., 421. mál, þskj. 714. — 1. umr.
17. Náms- og starfsráðgjafar, frv., 422. mál, þskj. 715. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ármann Kr. Ólafsson, 4. þm. Suðvest.
Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
Katrín Jakobsdóttir menntmrh., 4. þm. Reykv. n.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Félagi talkennara og talmeinafræðinga.

Tilkynning um dagskrá.

[15:04]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Um klukkan 3.30 í dag, að loknum óundirbúnum fyrirspurnatíma, fer fram utandagskrárumræða um endurreisn bankakerfisins. Málshefjandi er hv. þm. Bjarni Benediktsson. Hæstv. viðskiptaráðherra Gylfi Magnússon verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:04]

Útbýting:

Fundur með fjármálaráðherra Breta 2. september sl., 230. mál, svar viðskrh., þskj. 722.

NATO-þingið 2008, 427. mál, skýrsla ÍNATO, þskj. 721.

Norðurskautsmál 2008, 428. mál, skýrsla ÍNSM, þskj. 724.

Upplýsingar seðlabankastjóra um aðgerðir breskra stjórnvalda, 326. mál, svar forsrh., þskj. 720.

Upplýsingaskylda fyrirtækja, félaga og stofnana í eigu íslenska ríkisins, 426. mál, frv. HHj o.fl., þskj. 719.

Um fundarstjórn.

Framkvæmdir við tónlistar- og ráðstefnuhús.

[15:05]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegur forseti. Ég hef reglulega gert grein fyrir málefnum Tónlistar- og ráðstefnuhúss í fjárlaganefnd og á fund fjárlaganefndar í morgun komu fulltrúar fjármála- og menntamálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar og Austurhafnar-TR ehf. Ríkisendurskoðun lagði fram gögn og fram kom í minnisblaði Ríkisendurskoðunar með vísan til lagaákvæða fjárreiðulaga og annarra tilgreindra laga að fullnægjandi lagaheimildir búi að baki skuldbindingum þeim sem ríkið gekkst undir með samningum við Portus ehf. á sínum tíma. Jafnframt telur Ríkisendurskoðun að veðsetning sú sem til umfjöllunar hefur verið feli ekki í sér viðbótarskuldbindingar fyrir ríkissjóð samkvæmt fyrirliggjandi samningum varðandi Tónlistar- og ráðstefnuhúsið. Það er því mat Ríkisendurskoðunar með vísan til þess sem fram kom í minnisblaði stofnunarinnar að framangreind veðsetning sé ekki í andstöðu við fjárreiðulögin.

Að öðru leyti, forseti, vísa ég til hjálagðra minnisblaða Ríkisendurskoðunar, fjármálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Austurhafnar-TR ehf. sem lögð var fram á fundi fjárlaganefndar í morgun. Ég hef gert þinginu grein fyrir þessum fundi fjárlaganefndar.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Heimsókn fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

[15:06]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra um nýafstaðna heimsókn fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Eins og kunnugt er var í efnahagsáætlun þeirri sem samþykkt var og unnin í samstarfi ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á síðasta hausti gert ráð fyrir því að fyrsta úttekt á stöðu mála hér á landi færi fram í febrúar. Það mun hafa dregist í einhverjar vikur og ekkert við því að segja en jafnframt var gert ráð fyrir því að í þessari heimsókn yrðu lögð fram drög að áformum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum, annars vegar fyrir árið 2010 og hins vegar fyrir árin 2011 og 2012. Nú hefur ekkert komið fram opinberlega um þetta mál og ekkert komið fram af hálfu fulltrúa gjaldeyrissjóðsins sem þó hafa tjáð sig ítrekað við fjölmiðla eins og jákvætt er og ber að fagna, það hefur ekkert komið fram um þessi atriði. Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í þessi mál. Getur hann upplýst okkur um það hver staðan er á þessum tilteknu atriðum, ríkisfjármálavinnunni eins og hún snýr að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum a) fyrir árið 2010, b) fyrir árin 2011 og 2012?

Hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn frestað því og þá að ósk hverra að taka afstöðu til þessara mála? Hefur ríkisstjórnin beðið um frest og fengið hann? Er ætlunin að skjóta málinu á frest, jafnvel alla leið fram yfir kosningar?

Ég vildi gjarnan að hæstv. fjármálaráðherra útskýrði stöðu þessa máls fyrir okkur í þessum óundirbúna fyrirspurnatíma.

[15:08]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Heimsókn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins varð ívið lengri en reiknað hafði verið með. Hún stóð í fullan hálfan mánuð einfaldlega vegna þess að það var meiri vinna sem var unnin í tengslum við heimsóknina sem tengdist því að fara mjög vel yfir stöðuna hvað varðar endurskipulagningu bankakerfisins og fara vel yfir stöðuna hvað varðar nýjustu upplýsingar um skuldastöðu þjóðarbúsins og fleira í þeim dúr. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur að sjálfsögðu talað fyrir sig sjálfur, það gerði hann á blaðamannafundi þar sem hann lýsti í öllum aðalatriðum yfir ánægju með niðurstöður af úttekt sinni hér. Þau mál væru samkvæmt áætlun. Ríkisstjórnin hefur ekki óskað eftir neinum frestum eða neinum breytingum á þeim áformum sem unnið er eftir en það er ljóst að ferlinu hefur þegar seinkað um einhverjar vikur einfaldlega vegna þess að koma þeirra hingað dróst og síðan varð heimsóknin lengri en til stóð.

Meginlínur í sambandi við undirbúning fjárlaga fyrir árið 2010 voru að sjálfsögðu kynntar fyrir sjóðnum sem og meginlínur eða útlínur fyrir áætlun til meðallangs tíma eins og gert er ráð fyrir í áætluninni. Það er eftir að ljúka nokkrum tæknilegum atriðum í þeim efnum. Það verður gert með bréfaskriftum og samskiptum á næstunni og í kjölfar þess er gert ráð fyrir að málið verði tilbúið til að ganga sína leið í kerfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og undirbúa fyrirtekt stjórnar á því sem er fyrirhuguð einhvern tíma í síðari hluta aprílmánaðar að óbreyttu. Málið er því í alla staði í raun og veru á þeirri áætlun sem unnið hefur verið eftir og fer samkvæmt þeim reglum sem gilda um samskipti íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

[15:10]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Ég fagna þessum upplýsingum og þeirri staðreynd að núverandi ríkisstjórnin heldur sig við það sem fyrri ríkisstjórn hafði ákveðið í þessum málum og hefur þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar forustumanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ekki horfið frá þeirri stefnu að eiga náið og gott samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Því ber að fagna og ég fagna þeim upplýsingum og útskýringum sem komu frá hæstv. fjármálaráðherra um þetta.

En ég vil líka vekja athygli á því hversu jákvæðum augum Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lítur á stöðuna á Íslandi þrátt fyrir allt. Það hefur komið fram á blaðamannafundi, það kom fram í sjónvarpsviðtali við formann sendinefndar sjóðsins sem flutt var í gærkvöldi og í meginatriðum staðfestir þetta það sem við í fyrri ríkisstjórn sögðum. Þegar líða tekur á þetta ár og á næsta ári mun verða efnahagslegur viðsnúningur og það er mjög mikilvægt að núverandi ríkisstjórn glopri ekki niður þeim möguleikum og því tækifæri.

[15:11]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er kannski rétt að vekja athygli á því til viðbótar að eitt af því sem tók talsverðan tíma í samskiptum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn á þeim hálfa mánuði sem hann var hér var að fara yfir aðgerðir núverandi ríkisstjórnar og sannfæra Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um ágæti þeirra. Það gekk vel og tókst að lokum að fá í öllum aðalatriðum skilning á því að þær aðgerðir sem við værum að grípa til væru skynsamlegar og nauðsynlegar. Til dæmis féllst Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn á þá ráðstöfun tekna ríkisins sem koma með útgreiðslu séreignarsparnaðar, að þeim verði að hluta til varið hækkunar vaxtabóta. Þannig kom það á daginn að það var hægt að ræða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um framvindu þessarar áætlunar, að hún væri dínamísk og það væri hægt að gera þar breytingar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn féllst á þegar málið var rökstutt og útskýrt.

Hins vegar vil ég biðja hv. þm. Geir H. Haarde sem og aðra viðstadda að hafa hóf á bjartsýni sinni því það er ekki svo, því miður, að allir hlutir hafi endilega þróast með jákvæðum hætti. Það hefur þegar komið fram að t.d. eru atvinnuleysishorfur verri en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerði ráð fyrir. (Forseti hringir.) Það setti strik í reikninginn og sömuleiðis hefur staðið yfir ákveðið endurmat á heildarskuldum þjóðarbúsins sem ekki er að þróast í jákvæða átt.

Lánveitingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

[15:13]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín er af sama meiði og

hér var borin upp af hv. þm. Geir H. Haarde. Þegar lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var tekið í lok nóvember var skýrt tekið fram að þegar fyrsta greiðsla hefði borist mundu greiðslur berast á u.þ.b. þriggja mánaða fresti að undangenginni endurskoðun á stjórnvaldsaðgerðum og viðbrögðum markaðarins við þeim. Innan eins eða tveggja mánaða frá því að lánið var samþykkt átti önnur greiðsla að koma. Nú eru fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins horfnir af landi brott en annar hluti lánsins skilaði sér ekki. Það má því ljóst vera að eitthvað vantar enn þá upp á að við uppfyllum skilyrði sjóðsins. Það vakti reyndar sérstaka athygli að fulltrúi sjóðsins, Mark Flanagan, lýsti ánægju sinni með efnahagstillögur framsóknarmanna, ekki síst hugmyndina um 20% niðurfellingu skulda, á fundi hans með formanni flokksins. Ánægjan var ekki síst fólgin í því að hann taldi ekki gerlegt eða með öðrum orðum taldi hann óframkvæmanlegt að meta hvert einasta lán, hverja einustu fjölskyldu og hvert einasta fyrirtæki í landinu.

Áður en hann fór héðan hafði hann þó tekið tillit til sitjandi stjórnvalda og skipt um skoðun sem hlýtur að vera umhugsunarefni. En ég hef þó meiri áhuga á að vita hvaða tæknilegu atriði, eins og það var orðað, eru ekki uppfyllt enn þá og spyr hæstv. fjármálaráðherra í anda opinna vinnubragða og svona „allt uppi á borðinu stemmningarinnar" sem ríkisstjórnin var búin til við: Hvaða atriði eru þetta og mun önnur greiðsla lánsins berast að þeim uppfylltum og þá hvenær?

[15:14]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Varðandi frekari lánveitingar eða hvenær frekari lán verða afgreidd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þá held ég að ekki hafi verið gert ráð fyrir því að það mundi gerast fyrr en að lokinni endurskoðun áætlunarinnar, þeirri sem nú stendur yfir og varð tilefni heimsóknarinnar hingað. Í beinu framhaldi af því að stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fellst á endurskoðunarskýrsluna geri ég ráð fyrir því að næstu lán yrðu afgreidd.

Varðandi það sem hér eru kölluð tæknileg atriði þá lúta þau að nokkrum þáttum. Það er ætlunin að sjá fyrir sér í nýrri samstarfsyfirlýsingu tímasetningar t.d. hvað varðar lánafyrirgreiðslu frá norrænum seðlabönkum og seðlabönkum annarra landa. Það hefur verið ætlunin að þar sæju menn líka fyrir sér hvar endurskipulagning banka- og fjármálakerfisins, þar á meðal sparisjóðanna og þeirra fjármálastofnana sem eru núna sérstaklega til skoðunar, eru á vegi stödd. Það hefur verið ætlunin að fá betri kortlagningu á heildarskuldastöðu þjóðarbúsins, hvernig það yrði orðað og hvernig greiðsluþol þjóðarbúsins yrði metið í ljósi þeirra upplýsinga. Það eru tæknileg, og má segja að hluta til efnisleg atriði af þessu tagi sem ætlunin er að skoða betur og ganga endanlega frá orðalagi á á næstu dögum, viku eða 10 dögum, og þá verður skýrslan endanlega tilbúin til að ganga til stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

[15:16]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég tel að afar brýnt að þessar upplýsingar komi fram hið allra fyrsta ekki síst vegna þess að fyrrverandi ríkisstjórn var gagnrýnd harkalega fyrir skort á upplýsingum og lýðræðislegum vinnubrögðum ekki síst af hæstv. núverandi fjármálaráðherra.

Í umræðu um efnahagsmál sem fór fram í þinginu 22. janúar sagði hæstv. núverandi fjármálaráðherra, með leyfi forseta, þar sem hann vitnar til gömlu ríkisstjórnarinnar, að henni hafi algerlega mistekist að mæta óskum samfélagsins um upplýsingar, um að breytt verði um vinnubrögð, að hlutirnir verði opnir, gagnsæir, lýðræðislegir og heiðarlegir og að við skiljum gömlu aðferðirnar eftir.

Ég vil því brýna hæstv. fjármálaráðherra til þess að drífa í að þessar upplýsingar liggi fyrir hið allra fyrsta og ekki síst vegna þess að kosningar eru fram undan og fólk þarf tíma til að geta metið það hvert stjórnvöld eru að fara í áformum sínum um ríkisfjármál og það hvert við stefnum í raun og veru með allt þetta mál.

[15:17]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þingmanni að það er mikilvægt að reiða fram upplýsingar jafnóðum og þær liggja fyrir og eftir þeim reglum sem um þær upplýsingar eiga að gilda. Ríkisstjórnin hefur reynt að gera þetta, t.d. með vikulegum blaðamannafundum þar sem við forustumenn stjórnarflokkanna greinum frá því sem er á dagskrá ríkisstjórnar þá vikuna og miðlum um það upplýsingum og svörum spurningum blaðamanna.

Ég geri ráð fyrir því að á slíkum fundi á morgun eða í öllu falli í þessari viku munum við kynna nýjar þjóðhagslegar upplýsingar sem hafa verið í vinnslu í fjármálaráðuneytinu og í framhaldinu verða þær kynntar fyrir almenningi. Síðan verður farið með upplýsingarnar sem tengjast samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn nákvæmlega í samræmi við þær reglur sem þar gilda, þ.e. það sem gengur til stjórnarinnar verður gert opinbert daginn sem stjórnin tekur það fyrir og birtist þá á heimasíðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þyddar verða þær upplýsingar sem íslenskur almenningur hefur áhuga á og til að hafa aðgang að á íslenskri tungu (Forseti hringir.) o.s.frv. Það verður reynt að sinna því upplýsingahlutverki (Forseti hringir.) eins vel og kostur er.

Yfirfærsla lána milli gömlu og nýju bankanna.

[15:18]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Okkur þingmönnum berast iðulega símtöl og tölvupóstar frá fólki og í fjöldamörgum þeirra er fullyrt að við yfirfærslu lána úr gömlu bönkunum yfir í nýju bankana hafi átt sér stað afskriftir á lánum sem færð voru á milli. Talað er sérstaklega um gengisbundin lán og er mismunandi eftir einstaklingum hvaða rök eru lögð fram. Heyrst hafa tölur um að lánin séu afskrifuð um 50–60% eftir því hvernig gengiskörfurnar eru þegar fært er á milli. Ef svo er, sem ég get ekki fullyrt um, spyr ég hæstv. viðskiptaráðherra um þetta.

Ég spyr einnig, ef slíkt er í gangi, hvaða vinnureglur eru viðhafðar? Er miðað við myntkörfur, er miðað við einstaklingslán, íbúðalán? Eru einhvers konar vinnureglur eftir fyr-

irtækjaflokkum eða stærð fyrirtækja? Eða eru yfirleitt einhverjar vinnureglur í gildi?

Ég tel nauðsynlegt að fá það upplýst hér hvort hæstv. viðskiptaráðherra veit um slíkt og hann upplýsi þingið um það hvort slíkar vinnureglur séu í gildi og hvernig þær eru notaðar. Ef þær eru ekki í gildi tel ég líka nauðsynlegt að hæstv. viðskiptaráðherra upplýsi það skýrt og skilmerkilega að slík vinnubrögð séu ekki notuð (Forseti hringir.) við færslu skulda frá gömlu bönkunum og yfir í nýju bankana.

[15:21]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Það er rétt að nú stendur yfir vinna, sem verður reyndar rædd í utandagskrárumræðu á eftir, við að meta eignir eins og þær ganga á milli gömlu og nýju bankanna. Þegar rætt er um afskriftir í þessu samhengi er átt við það að kröfur eru ekki taldar vera á fullu verði, þ.e. gert er ráð fyrir því að t.d. lán innheimtist ekki nema að hluta. Það má auðvitað kalla það afskriftir en í því felst ekki uppgjöf skulda, því að eftir stendur að þeir sem taka við í slíkri kröfu, sem sagt nýju bankarnir, munu væntanlega reyna eftir megni að innheimta að fullu og ekki gefa eftir neinar skuldir þótt þeir hafi fengið þær í einhverjum tilfellum á lægra en fullu verði.

Vinnureglur við þetta mat eiga einfaldlega að endurspegla það sem menn telja við eiga, þ.e. horft er til þess hvers konar veð eru að baki lánum, hver er greiðslugeta lántaka og annað sem máli skiptir, t.d. hvort um erlent lán er að ræða eða innlent o.s.frv. Ég þekki ekki sjálfur þessar vinnureglur í þaula enda hef ég ekki komið að þessari vinnu, en við erum með sérfræðinga bæði innlenda og erlenda í þessari vinnu og ég veit ekki betur en þetta sé unnið eins vel og hægt er.

[15:23]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir skýr svör að því leyti til að þau símtöl og tölvupóstar sem maður hefur fengið eiga við rök að styðjast. Það eru vinnureglur í gildi og þær eru mismunandi. Þær eru mismunandi eftir því hvort um erlenda mynt eða innlenda mynt er að ræða eftir því sem hæstv. ráðherra segir og þær eru mismunandi eftir veðum og greiðslugetu fólks.

Hæstv. forseti. Það hlýtur að verða að gera skýra kröfu til þess, í ljósi þess sem hér hefur komið fram, að hæstv. viðskiptaráðherra upplýsi þingið skilmerkilega um það hvernig bankarnir starfa, hverjir fá afskriftir og á hvaða forsendum. Ekki er hægt að vinna í þessu þjóðfélagi með tilfærslur á fjármunum þar sem Jón fær þetta niðurfellt og annar Jón eitthvað allt annað, fyrirtæki á þessu sviði fær þetta, Mogginn eitthvað allt annað o.s.frv. Svona getum við ekki haldið áfram og ég krefst þess að þetta sé skýrt og upplýst.

[15:24]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni um nauðsyn þess að hér gildi almennar og gagnsæjar reglur um þessi mál. En ég endurtek það sem ég sagði áðan að niðurfærsla lána, þ.e. þegar þau eru ekki metin á fullu verði við að færa þau frá í þessu tilfelli gömlu bönkunum til nýju bankanna, er allt annað en afskrift gagnvart kröfuhafa. Það gilda allt aðrar reglur um það hvenær banki hverfur frá því að innheimta einhverja kröfu en þær reglur verða auðvitað líka að vera almennar og gagnsæjar.

Álit Samkeppniseftirlitsins um Bændasamtökin.

[15:25]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Fyrir skömmu var birt álit Samkeppniseftirlitsins um Bændasamtökin sem vakið hefur nokkuð mikla athygli þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að þau hefðu brotið gegn samkeppnislögum og er gert að greiða 10 millj. kr.

Mig langar að beina orðum mínum til hæstv. viðskiptaráðherra til að heyra viðhorf hans til þessa máls. Sannast sagna vekur þessi niðurstaða Samkeppniseftirlitsins mjög mikla furðu. Við vitum öll að Bændasamtökin hafa mjög mikla sérstöðu. Þau hafa samkvæmt sínum eigin samþykktum það hlutverk að beita sér fyrir bættum kjörum bænda. Það vita allir jafnframt að þessi samtök eru frábrugðin flestum samtökum fyrirtækja, ef við getum kallað það svo, þau eru öðrum þræði félagasamtök en þau eru líka stéttarfélag. Þess vegna er algerlega óhjákvæmilegt að á vettvangi Bændasamtakanna, á búnaðarþingi, sé fjallað um kjör bænda svo sjálfsagt sem það í rauninni er. Þetta var gert í fyrra eins og endranær á opnum fundum Bændasamtakanna, á búnaðarþinginu, þar sem öll þessi mál voru síðan tíunduð samviskusamlega í fjölmiðlum. Var það tilefni fyrir Samkeppniseftirlitið að velta því fyrir sér hvort með þessu væri verið að brjóta gegn samkeppnislögum.

Þetta vekur auðvitað mjög mikla furðu sannast sagna vegna þess að það er óhjákvæmilegt að Bændasamtökin fjalli um þessi mál. Þau fjalla um kjör bænda og það er vandfundin önnur leið en sú að gera það í opinberum umræðum eins og þarna fóru fram.

Ég vil því spyrja hæstv. viðskiptaráðherra og fá að heyra viðhorf hans til þessa máls, hvort hann telji óeðlilegt að Bændasamtökin hafi möguleika á því að ræða sín mál á opnum fundi á búnaðarþingi og hvort hann telji að umræður af því tagi geti verið brot á samkeppnislögum eins og Samkeppniseftirlitið virðist telja.

[15:27]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki neitt athugavert við málatilbúnað Samkeppniseftirlitsins í þessu máli og vil færa fyrir því ákveðin rök. Það er auðvitað þannig þegar samtök einyrkja eins og bændur eru yfirleitt koma saman til fundar að þá er það kannski um margt svipað því þegar verkalýðsfélög funda með félagsmönnum sínum, en það er grundvallarmunur þarna á. Verkalýðsbarátta og kjarasamningar falla ekki undir samkeppnislög en starfsemi sem rekin er af einyrkjum, hvort sem þeir eru bændur eða iðnaðarmenn eða einhverjar aðrar stéttir, fellur almennt undir samkeppnislög nema hún sé sérstaklega undanskilin. Nú er það reyndar svo að landbúnaðurinn hefur ákveðnar undanþágur

frá samkeppnislögum en landbúnaðurinn hefur ekki almennar undanþágur frá samkeppnislögunum. Landbúnaður heyrir því almennt undir samkeppnislög nema á þeim tilteknu þröngu sviðum þar sem hann er undanskilinn.

Þess vegna hlýtur að gilda það sama um bændur og rakara eða aðra iðnaðarmenn að þeir mega ekki koma saman á fundum til þess að ræða um að hækka verð eða á annan hátt koma sér saman um eitthvað sem telst viðskiptavinum þeirra óhagfellt. Auðvitað kemur það ekki í veg fyrir að menn geti rætt um almenn hagsmunamál á fundum og það er ágætt að þeir geri það fyrir opnum tjöldum eins og Bændasamtökin gerðu í þessu tilfelli. En þeir verða að gæta sín á því að leiðast ekki út í einhvers konar samráð um verð eða annað sem kemur niður á samkeppni á viðkomandi sviði.

[15:29]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það sem mér finnst vera kjarni þessa máls er það að Bændasamtökin hafa þessa sérstöðu sem ég nefndi. Þau eru á vissan hátt stéttarfélag að því leytinu að það er lögbundið hlutverk þeirra að fjalla um hagsmuni bænda og það verður varla gert nema á vettvangi þeirra, á búnaðarþingi, hafi menn einhverja skoðun á því hvert skuli stefnt í þessum efnum.

Hluti af kjörum bænda ræðst af því hvert söluverð afurða þeirra er og ég tel eðlilegt að bændur ræði þessi mál sín í milli, sérstaklega í ljósi þeirra erfiðleika sem hafa dunið yfir bændastéttina með hækkandi aðföngum, og þá er auðvitað ekkert óeðlilegt að forustumenn bænda og þeir fulltrúar sem sitja á búnaðarþingi hafi skoðun á því með hvaða hætti eigi að bregðast við slíku.

Ég get ekki fallist á það með hæstv. viðskiptaráðherra að það sé algerlega hægt að leggja þetta að jöfnu við viðræður ýmissa starfsstétta sem hæstv. ráðherra nefndi áðan vegna þess að þessi samtök hafa þarna algera sérstöðu. Þau urðu til við sérstakar aðstæður með sameiningu tveggja samtaka og sú sameining leiddi til lagabreytinga sem ekki var talið að þýddi að þessi mál féllu undir samkeppnislöggjöfina.

[15:30]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég endurtek bara að auðvitað er bændum heimilt að ræða saman um mörg hagsmunamál sín. Ég tek bara sem dæmi aðfangaverð eða annað sem snýr að rekstrarumhverfi greinarinnar, en það er mitt mat og eftir því sem túlka má niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í þessu máli mega þeir ekki koma saman til að hvetja t.d. til verðhækkunar á afurðum, (**KÓ:** En þegar smásalan er 70% í eign sama aðila?) Ja, það þrengir auðvitað stöðu bænda eins og annarra ef það er fákeppni í matvöru, en það breytir því ekki að þeir fá ekki vegna þess lagalegan grundvöll fyrir samráð um verð eða annað.

Fjármálaeftirlitið og bankarannsókn.

[15:31]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Eitt af því sem er mikilvægt í kjölfar þeirra áfalla sem íslenskt samfélag varð fyrir í haust og bankahrunsins er rannsókn á þeim atburðum öllum og Alþingi ákvað að setja á laggirnar embætti sérstaks saksóknara til að fjalla um banka- og efnahagshrunið. Nú hefur verið greint frá því og sérstakur saksóknari hefur greint frá því að hann hafi ekki fengið upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu, ekki fengið það sem hann telur nauðsynleg gögn til að rækja starf sitt og væntanlega er viðbáran bankaleynd. Þarna er um að ræða endurskoðunarskýrslur bankanna þriggja. Sérstakur ráðgjafi sem ríkisstjórnin hefur ráðið, Eva Joly, var í viðtali í norska sjónvarpinu nú fyrir helgi og gagnrýndi hún þar þetta fyrirkomulag talsvert.

Nú hefur verið upplýst að sérstakur saksóknari óskaði eftir því 13. febrúar sl. að fá þessi gögn í hendurnar til að geta sinnt sínu mikilvæga starfi. Hann ítrekaði þá beiðni 15. febrúar, 17. febrúar og enn fremur 25. febrúar. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið hefur Fjármálaeftirlitið ekki svarað formlega beiðni sérstaks saksóknara enn þá. Ég tel að þetta sé alveg með ólíkindum og ég tel að þessi afstaða misbjóði réttlætiskennd almennings í landinu. Það birtist þjóðinni þannig að Fjármálaeftirlitið standi í raun í vegi fyrir rannsókn á bankahruninu. Maður hlýtur að velta fyrir sér hvort menn í Fjármálaeftirlitinu séu að verja eigin rann í þessu samhengi.

Ég spyr þess vegna hæstv. viðskiptaráðherra hver hans afstaða sé til þessa, hvort hann hafi eða muni beita sér í málinu gagnvart Fjármálaeftirlitinu þannig að sérstakur saksóknari fái öll þau gögn í hendurnar sem hann þarf á að halda og það er þá hans (Forseti hringir.) að nota hvað í þeim gögnum þarf sérstakrar rannsóknar við í þessu samhengi.

[15:33]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspurnina og sérstaklega tækifærið til að útskýra stöðu þessara mála. Ég vil fyrst taka fram að ég hef þegar beitt mér í þessu máli, m.a. átti ég fund með forsvarsmönnum Fjármálaeftirlitsins, sérstökum saksóknara og dómsmálaráðherra í síðustu viku þar sem við fórum yfir þessi mál. Ég hef reyndar einnig fundað sérstaklega með stjórnarformanni Fjármálaeftirlitsins vegna þessa. Út úr þeim samræðum öllum kom m.a. að það er vilji núverandi stjórnenda Fjármálaeftirlitsins og væntanlega sérstaks saksóknara líka að þetta mál verði leyst: Meðal annars á þann hátt að þær athuganir sem koma upp úr þessum endurskoðunarskýrslum og gefa tilefni til þess að mál fari til sérstaks saksóknara fari þangað sem fyrst og að því ferli verði flýtt eins mikið og hægt er. Einnig að sérstakur saksóknari eða starfsmenn hans verði fengnir til að aðstoða Fjármálaeftirlitið við að greina hvaða mál eru þess eðlis að best sé að þau fari sem fyrst til sérstaks saksóknara og svo reyndar einnig að Fjármálaeftirlitið verði eftir föngum sérstökum saksóknara til aðstoðar við að rannsaka þau mál sem fara inn á borð hjá honum, enda er ákveðin sérþekking á bankarekstri og löggjöf um verðbréfaviðskipti og fjármál hjá Fjármálaeftirlitinu.

Ég veit ekki betur en að þessi mál séu þegar komin í allgóðan farveg. Ef svo fer að frumvarp dómsmálaráðherra sem nú er fyrir þinginu verður samþykkt getur sérstakur

saksóknari fengið þessar skýrslur án þess að Fjármálaeftirlitið þurfi sérstaklega að blessa það og það kann að vera ágætislausn, en jafnvel þótt það verði ekki samþykkt tel ég einsýnt að þessi mál séu komin í góðan farveg.

[15:35]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir þessi svör. Ég vil samt ítreka að hver dagur er dýrmætur í þessu samhengi. Mér finnst það í raun ekki boðlegt hvað það hefur dregist að Fjármálaeftirlitið meira að segja svari sérstökum saksóknara með rökstuðningi fyrir afstöðu sinni.

Ég tel að Fjármálaeftirlitið eigi ekki að grisja það sem fer úr þessum skýrslum til sérstaks saksóknara. Það á ekki að gera það. Sérstakur saksóknari á að gera það sjálfur, hann á að fá öll þessi gögn í hendurnar til rannsóknar og það er hans að meta hvað hefur gildi og vægi fyrir þá rannsókn sem hann innir af hendi og hvað ekki.

Ég ítreka því við hæstv. viðskiptaráðherra hvort hann sé ekki sammála því að það sé mikilvægt að sérstakur saksóknari fái allt til sín, öll gögn, óritskoðuð og ógrisjuð af hálfu Fjármálaeftirlitsins og hann geti síðan tekið ákvörðun um hitt.

Hitt er svo annað mál að það er fínt að þetta frumvarp dómsmálaráðherra (Forseti hringir.) er í meðförum en við eigum ekki að bíða eftir því, að mínu mati.

[15:37]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan tel ég að þessi mál séu þegar komin í nokkuð góðan farveg og reyndar næsta víst að mál eru þegar farin að fara á milli þessara tveggja stofnana eins og þau eiga að gera. Ég hef ekki verulegar áhyggjur af því að Fjármálaeftirlitið haldi einhverju leyndu fyrir saksóknaranum sem saksóknaranum væri einhver akkur í að sjá. Ég hef þá trú á Fjármálaeftirlitinu að það verði ekki með neina tilburði í þá átt.

Ég ætla hins vegar ekki að taka fram fyrir hendurnar á Fjármálaeftirlitinu og reyndar hef ég varla lagastoð til þess og skipa því að skila þessum skýrslum. Auðvitað verður lagastoðin til staðar ef frumvarp dómsmálaráðherra verður samþykkt.

Umræður utan dagskrár.

Endurreisn bankakerfisins.

[15:38]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að rifja upp atburði haustsins þegar þingið ákvað að setja neyðarlög vegna þeirrar stöðu sem var komin upp á fjármálamörkuðum. Það var ljóst strax frá upphafi að tilgangur þeirrar löggjafar var einkum tvíþættur, í fyrsta lagi að tryggja að hér væri áfram starfhæft bankakerfi, að fjármálastarfsemin í landinu legðist ekki af, og ég vil segja að þeim tilgangi náðum við fullkomlega. Við náðum þrátt fyrir nokkra hnökra í haust að hér væri starfhæft bankakerfi, fjármálastarfsemin lagðist ekki af þrátt fyrir að stóru bankarnir þrír rötuðu allir í vandræði.

Í annan stað var það augljós tilgangur með lagasetningunni að tryggja innstæður og við veittum þeim forgang í eignir bankanna og með því komst ró á fjármálamarkaðina og allar innstæður í fjármálakerfinu voru með þessu tryggðar.

Það má segja að í þriðja lagi hafi jafnframt verið markmið með inngripi þingsins að tryggja að þær skuldir sem voru í fjármálakerfinu yrðu ekki með einum eða öðrum hætti ríkisvæddar. Þingið samþykkti á haustdögum fjárlög þar sem gert var ráð fyrir því að til þess að tryggja endurreisn fjármálakerfisins væri hægt að verja af almannafé allt að 385 milljörðum sem gaf ákveðnar væntingar um það hversu stórt bankakerfi stæði hér til að endurreisa. En auðvitað var það þó þannig á þeim tíma þegar þingið var með fjárlög til umfjöllunar að mikil óvissa ríkti um það hversu stórt kerfið yrði að lokum. Í millitíðinni hafa borist fregnir af því, óljósar reyndar, að ríkisstjórnin hafi fengið mat frá ráðgjöfum sínum um eignasöfnin í heild sinni. Þar kemur fram samkvæmt óljósum heimildum að óvenjuhátt hlutfall af lánasafni bankanna séu útlán sem ekki munu innheimtast nema að hluta, í sumum tilfellum mun ekki innheimtast að neinu leyti og einungis í kringum 30% af útlánunum muni innheimtast að fullu eða séu lán sem ekki þurfi að hafa áhyggjur af.

Ég vil bera hér upp við hæstv. viðskiptaráðherra hvort ekki komi til greina að deila með þinginu þeim gögnum sem ríkisstjórnin hefur undir höndum í þessu efni til að þingið sé betur meðvitað um hvers konar bankakerfi við erum á leiðinni að fara að endurreisa hér.

Hér hefur mikið verið í umræðunni og ég efast ekki um að þingmenn kannist við að það er rætt um að nýja bankakerfið kaupi eignir af gamla bankakerfinu með 50% afslætti. Hvaðan kemur sú tala? Það er tala sem er komin á flot löngu áður en endanlegt mat liggur fyrir á virði eignanna sem til stendur að stofna efnahagsreikning nýju bankanna með. Ég vil bera undir hæstv. viðskiptaráðherra hvort hann kannist við að nýja bankakerfinu verði komið á fót með u.þ.b. 50% afslætti.

Öll þessi umræða vekur mann til umhugsunar vegna þess að einungis 10% frávik í heildarvirði eigna nýja bankakerfisins mundi leiða til þess að allt þetta eigið fé mundi fuðra upp, 385 milljarðarnir. Ef kerfið er svona stórt eins og hér er gefið til kynna og óvissan um virði eignanna er svona mikil kemur 10% ofmat á heildareignunum til með að þurrka upp alla þessa 385 milljarða sem við vorum tilbúin til að leggja nýja bankakerfinu til.

Ég vil bera það undir hæstv. viðskiptaráðherra hvernig til standi að koma til móts við óvissuna í þessu efni vegna þess að sannarlega er enginn hér inni sem er tilbúinn til að taka slíka áhættu við endurreisn bankakerfisins og við hljótum að leggja okkur fram við að lágmarka áhættuna sem allra mest þegar við komum nýju bönkunum á fót.

Hvernig hyggst hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin sem hann situr í tryggja að í samningum við gömlu bankana og kröfuhafa þess verði gengið úr skugga um að reynist eignir bankanna ekki eins verðmiklar og núna er giskað á að þær séu muni það ekki lenda á skattborgurum þessa lands að taka reikninginn fyrir því? Hér er um verulega háar tölur að ræða, 385 milljarðar eru heimildin sem þingið veitti ríkis-

stjórninni í þessu efni og við höfum gríðarlega mikla hagsmuni af því að hér séu menn ekki að misreikna sig. Einungis í vetur upplifðum við það á örfáum mánuðum (Forseti hringir.) að skilanefnd Landsbankans dró úr mati (Forseti hringir.) sínu á virði eigna bankans eða reyndar jók við virði eigna bankans í 72 milljarða á nokkrum vikum og af því má sjá hversu mikil (Forseti hringir.) óvissan er í þessu efni.

[15:43]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir að fá tækifæri til að ræða um endurreisn íslenska fjármálakerfisins enda er hún af augljósum ástæðum brýnasta viðfangsefnið á verkefnalista ráðuneytis míns. Heilbrigt og skilvirkt fjármálakerfi er frumforsenda þess að hér verði hægt að reka þróttmikið atvinnulíf á næstu árum og áratugum. Fyrsta skrefið í endurreisn bankanna er það mat á eignum og skuldum nýju bankanna sem nú er unnið að og hv. þingmaður minntist á.

Matinu er ætlað að endurspegla þau verðmæti sem felast í eignum nýju bankanna þegar til langs tíma er litið fremur en það verð sem fengist fyrir þær við þvingaða sölu við erfiðar markaðsaðstæður. Vonir standa til að niðurstöður eða a.m.k. fyrsta mat liggi fyrir um næstu mánaðamót. Ég tel alveg sjálfgefið að gera þinginu grein fyrir þessum niðurstöðum þegar þær eru tilbúnar. Að mati loknu munu skuldbindingar um greiðslu frá nýju bönkunum til gömlu bankanna koma í ljós. Þá verður kominn grunnur til að semja við kröfuhafa gömlu bankanna, m.a. um hugsanlega aðkomu þeirra að rekstri nýju bankanna. Um leið verður hægt að sjá hve mikið eigið fé íslenska ríkið þarf að leggja nýju bönkunum til. Í efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var gert ráð fyrir að eigið fjárframlag ríkisins yrði 385 milljarðar króna eins og þegar hefur komið fram

Nú virðist hins vegar allt útlit fyrir að talsvert lægri fjárhæð dugi þótt ekki liggi fyrir hver hún verður. Skýringin er fyrst og fremst sú að það stefnir í að bankarnir þrír verði talsvert minni en ráð var fyrir gert. Rétt er að hafa í huga að takist að byggja hér upp gott fjármálakerfi munu skattgreiðendur fá þessa fjármuni til baka síðar, t.d. við hugsanlega sölu bankanna. Aðkoma kröfuhafa að eignarhaldi nýju bankanna gæti einnig orðið til að lækka eiginfjárframlag ríkisins. Slík aðkoma væri að mínu mati mjög æskileg. Hún dregur úr líkum á deilum um mat á eignum og gæti liðkað fyrir tengslum íslensku bankanna við alþjóðafjármálakerfið auk þess að draga úr áhættu ríkisins.

Það er eitt af skilyrðunum fyrir því að íslenska fjármálakerfið verði starfhæft að vel takist til með uppgjör við þá sem eiga kröfur á fallna íslenska banka, það uppgjör þarf bæði að vera gagnsætt og sanngjarnt.

Samhliða því að þremur nýjum bönkum er komið á fót er unnið að endurskipulagningu annarra hluta íslenska fjármálakerfisins. Þeirri vinnu er ekki lokið en fyrir liggur m.a. að ríkið er reiðubúið að koma með eiginfjárframlag inn í sparisjóði sem uppfylla tiltekin skilyrði.

Um síðustu helgi varð ljóst að Straumur var kominn í þrot og skipaði Fjármálaeftirlitið skilanefnd vegna hans. Það var talið óhjákvæmilegt, m.a. vegna þess að bankinn starfaði að hluta sem viðskiptabanki þótt hann væri fyrst og fremst fjárfestingarbanki. Hlutverk þessarar skilanefndar verður fyrst og fremst að koma eignum bankans í verð með hagsmuni kröfuhafa að leiðarljósi en ekki stendur til að halda rekstri áfram á sama hátt og gert var með bankana sem féllu í október.

Á þessari stundu liggur ekki fyrir hve margar fjármálastofnanir munu starfa á Íslandi þegar um hægist og raunar ekki heldur hverjir eigendur þeirra verða. Það mun skýrast að mestu á næstu vikum og mánuðum. Einhver fækkun er líkleg þótt við hana verði sérstaklega að gæta að samkeppnissjónarmiðum. Aðalatriðið er þó að allt stefnir í að Ísland verði þegar upp er staðið komið með heilbrigt og vel fjármagnað bankakerfi sem getur vel staðið undir þörfum íslensks atvinnulífs. Að því leyti verðum við jafnvel fyrr en varir litin öfundaraugum af ýmsum nágrannaþjóðum okkar sem ekki hafa neyðst til að fara í viðlíka tiltekt í sínum fjármálakerfum þrátt fyrir verulega veikleika. Samhliða fyrrnefndri endurskipulagningu hefur verið hugað að eftirliti með fjármálageira framtíðarinnar, auk þess sem lagt hefur verið í mikla vinnu við að upplýsa hvað fór úrskeiðis í fjármálakerfinu sem hrundi.

Slíkt uppgjör við fortíðina er veigamikill liður í því að byggja hér upp nýtt fjármálakerfi sem sátt getur orðið um og náð getur að endurvinna þegar fram líða stundir traust landsmanna og erlendra aðila á íslenskum fjármálafyrirtækjum.

Fjármálaeftirlitið hefur fengið nýja stjórn og von er á nýjum forstjóra. Gagnsæi í störfum þess verður aukið ef frumvarp sem nú liggur fyrir þinginu verður að lögum. Jafnframt hefur starfsfólki fjölgað og unnið er með ráðgjöfum til að auka þekkingu. Um næstu mánaðamót er von á skýrslu Kaarlos Jännäris, fyrrverandi forstjóra fjármálaeftirlits Finnlands, um fjármálaeftirlit á Íslandi og tiltekna þætti fjármálalöggjafarinnar. Þá starfar nefnd um endurskoðun laga á fjármálamarkaði sem ætlunin er að skili af sér 15. næsta mánaðar en það bíður nýs þings að vinna úr þeim tillögum.

Fylgst er náið með breytingum á regluverki fjármálageirans erlendis, sérstaklega á vettvangi Evrópusambandsins enda ljóst að margvíslegar breytingar verða gerðar þar sem við munum einnig tileinka okkur. Sérstaklega er mikilvægt að huga að sérstöðu smárra ríkja (Forseti hringir.) eins og Íslands í því samhengi, það var eitt af því sem brást í gamla fjármálakerfinu.

[15:49]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari umræðu. Það er mikilvægt að rætt sé með upplýstum hætti um það mikla verkefni sem nú er staðið í við að skilja á milli eigna gömlu og nýju bankanna. Í reynd er hér um að ræða skuldaskil. Með öðrum orðum er verið að ákveða hvaða verð er greitt fyrir þær eignir sem færast til nýju bankanna. Þar þarf að gæta sanngirni og þar þarf að gæta varúðar því að það er hárrétt sem fram kom hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni í upphafi umræðunnar, það er mjög mikilvægt að þarna sé ekki ofáætlað eða vanáætlað. Það er mjög mikilvægt að rétt verð

finnist því að ella gerist annað tveggja, skattborgarar þurfa að bera byrðar sem þeir eiga ekki að bera eða erlendir kröfuhafar telja sig hlunnfarna og geta kallað eftir riftun þeirra skilmála sem þeim eru búnir í þessum samningum.

Það hefur verið mikill misskilningur í gangi í opinberri umræðu um þetta mál upp á síðkastið. Því hefur jafnvel verið haldið fram að við þessi skuldaskil yrðu til einhver verðmæti sem síðan væri hægt að deila út með einhverjum hætti. Formaður Framsóknarflokksins hefur ítrekað haldið þessari skoðun fram en það er einfaldlega ekki þannig. (**Gripið fram í:** Nú?) Hér verða ekki til nein ný verðmæti við skuldaskilin úr gömlu bönkunum í þá nýju. Ef gengið verður á rétt kröfuhafanna munu þeir alltaf geta að íslenskum lögum komist undan óréttmætum skilmálum að því leyti og ef vanáætlað verður þarf almenningur í landinu að borga brúsann. Það er ekki þannig að við getum búið til verðmæti úr lofti við þessa yfirfærslu. Það er mikilvægt að ræða þessi mál með opnum og gagnsæjum hætti og ég fagna því að viðskiptaráðherra hyggist upplýsa þingið um leið og frekari upplýsingar (Forseti hringir.) verða ljósar um skuldaskilin milli gömlu og nýju bankanna.

[15:51]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér er orðin um þau tímamót sem fram undan eru í skilum á milli gömlu og nýju bankanna. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt, það er mjög mikilvægt að ganga frá nýjum efnahagsreikningum fyrir nýju bankana.

Ég minni á að menn voru býsna bjartsýnir í haust. Þegar Landsbankinn féll ætluðu menn skilanefndinni 30 daga til að koma með nýjan efnahagsreikning. Þegar Glitnir féll var talan komin upp í 60 daga og þegar Kaupþing féll töluðu menn um 90 daga. Nú eru liðnir fimm mánuðir og enn er okkur sagt að við þurfum að bíða eftir þessum tímamótum fram að næstu mánaðamótum.

Ég legg áherslu á að þeir 385 milljarðar sem fyrirhugað er samkvæmt fjárlögum að hægt verði að setja til endurfjármögnunar nýju bankanna eru ekki til þess að leysa vanda bankanna sem slíkra, heldur til að endurreisa efnahagslíf í landinu á heilbrigðari grunni. Það er ýmislegt sem þarf að endurskipuleggja í bankakerfinu og bankaþjónustu í landinu sem mælist ekki bara í krónum og aurum á efnahagsreikningi — eða á maður kannski að segja hundruðum milljarða og milljörðum. Menn hafa beðið býsna lengi eftir slíkum aðgerðum meðan þeir eru að bíða eftir þeim tímamótum sem hér eru til umræðu.

Ég vil hlaupa aðeins á 2–3 atriðum í því sem varðar innra skipulag bankanna, þ.e. það þjónustuhlutverk sem þeir hljóta að þurfa að gegna og þá kröfu sem þarf að vera hægt að gera til þeirra um gagnsæ og fagleg vinnubrögð. Burtu með ofurlaunin og einnig þarf launajöfnuður að ríkja milli kynja. Ég tel að það hafi dregist úr hömlu að auglýsa eftir bankastjórum (Forseti hringir.) nýju bankanna og eins öðrum lykilstarfsmönnum bankanna.

[15:53]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Ég lýsi yfir mikilli ánægju með að við skulum ræða endurreisn fjármálakerfisins sem er eitt brýnasta úrlausnarmálið sem við stöndum frammi fyrir á þessum erfiðu tímum. Ég þakka hæstv. ráðherra Gylfa Magnússyni fyrir þau svör sem hann gaf hér svo langt sem þau náðu því að mér finnst mörgum spurningum ósvarað er snerta sérstaklega stöðu fjármálakerfisins og hvernig menn ætli sér að ganga frá yfirfærslu á eignum gömlu bankanna yfir í þá nýju. Ég tek undir með hv. þm. Bjarna Benediktssyni að við þurfum að fá svör við því hvernig menn ætla að haga þeim málum.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Standa yfir einhverjar formlegar viðræður við erlenda kröfuhafa um aðkomu að nýju bönkunum, þá sérstaklega eignaraðild? Ég tel að menn þurfi að halda vel á spilunum í þessum efnum og ég minni á að við höfum á vettvangi Alþingis talað sérstaklega fyrir því að menn gangi frá stofnefnahagsreikningum þessara nýju banka því að án þeirra geta bankarnir ekki starfað í eðlilegri mynd. Við köllum eftir því að þeirri vinnu verði hraðað, herra forseti.

Það er athyglisvert að hlusta á málflutning Samfylkingarinnar í umræðunni. Hv. þm. Árni Páll Árnason lagði sérstaka lykkju á leið sína í tveggja mínútna langri ræðu til að hnýta í Framsóknarflokkinn, þá sérstaklega formann hans, Sigmund Davíð Gunnlaugsson, og efnahagstillögurnar sem við höfum lagt hér fram. Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn sem hefur lagt fram heildstæðar efnahagstillögur gagnvart heimilum og fyrirtækjum og við hljótum að kalla eftir því að aðrir stjórnmálaflokkar fari að gera hið sama.

Ég spyr hæstv. viðskiptaráðherra hvaða skoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi á sparisjóðakerfinu íslenska og íslenskum sparisjóðum. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort rætt hafi verið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um aðkomu sparisjóðanna að endurreisn bankakerfisins. Ég ætla að játa það, hæstv. forseti, að mér finnst núverandi ríkisstjórn heldur dauf í því (Forseti hringir.) að sinna málefnum sparisjóðanna sem við framsóknarmenn (Forseti hringir.) viljum reisa og ég spyr um álit hæstv. ráðherra á málefnum sparisjóðanna.

[15:56]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Við erum að ræða um endurreisn íslensks efnahagslífs og færslu úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju. Það er auðvitað mikið mál og vandasamt að gera það. Við höfum fengið til ráðgjafar Svía sem heitir Mats Josefsson og mætti á fund hjá okkur í efnahags- og skattanefnd með viðskiptanefnd. Þessi ágæti maður vissi ekki um skuldir íslensks sjávarútvegs, hvað þær væru miklar, og hann vissi heldur ekki hvað stæði á bak við þessar skuldir, hvert veðið væri. (**BJJ:** Fiskurinn.) Hann vissi ekki að það væri óveiddur fiskur í sjónum sem væri veð, hv. þm. Birkir Jón Jónsson.

Það er dálítið skondin staða að vera með ráðgjafa til að hjálpa okkur við að leiðbeina okkur frá þeim villum sem við erum búnir að vera í, fá ráðgjafa sem er ekki betur að sér en raun ber vitni. Þegar hann veit hvorki hvað skuldirnar eru miklar né veðið á bak við þær hljóta menn að spyrja sig einhverra spurninga, hvort það sé æskilegt að nota ráðgjafa með þessa vitneskju og þessa þekkingu. Mér datt satt

best að segja í hug sagan um nýju fötin keisarans. Það er ákveðinn hópur ráðgjafa, þingmanna og ráðherra sem hefur verið með útlendingasnobb varðandi þennan ágæta mann, eða hjarðhegðun má kannski frekar segja að hafi verið í gangi í kringum þennan mann. Hann var lofaður í tíma og ótíma fyrir það hvað hann væri hæfur og klár, en ég verð að segja eins og er að hann olli mér miklum vonbrigðum vegna þekkingarleysis síns. Þess vegna er hægt að taka undir orð (Forseti hringir.) hv. þm. Bjarna Ben. (Forseti hringir.) um að það er mikilvægur ... fram undan.

[15:58]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Í þessu máli er nauðsynlegt að hafa í huga að endurreisn íslenska bankakerfisins verður ekki nema í samkomulagi við erlenda kröfuhafa. Við getum ekki komið á fót almennilega starfhæfu bankakerfi nema við náum að setja niður þær deilur og ná samningum um uppgjör á kröfum í gömlu bankana.

Ég tek undir það að auðvitað á að freista þess að meta þær kröfur á réttu verði þannig að yfirfærsla þeirra yfir í nýju bankana verði á því verði sem ætla má að innheimtist, en það er rétt að undirstrika það sem hér hefur komið fram að við það eru ekki kröfurnar afskrifaðar. Þeir sem skulda verða eftir sem áður að gera ráð fyrir því að þurfa að borga kröfurnar að fullu. Það verða ekki til nein verðmæti sem hægt er að deila út eftir almennum reglum til þeirra og annarra sem eru viðskiptavinir bankanna.

Í öðru lagi er rétt að hafa í huga og líta á það að bankakerfið þarf að hæfa því þjóðfélagi sem það á að starfa í. Við þurfum að sníða bönkunum stakk eftir vexti. Það var okkar ógæfa að við gerðum það ekki og við ættum að læra af því þannig að við ættum að leggja okkur fram um að sjá til þess að bankakerfið innan lands verði ekki stærra en þörf er á. Með því móti minnkum við áhættuna fyrir okkur til framtíðar litið.

Í þriðja lagi verða menn líka að hafa í huga að þótt ríkissjóður leggi mikla fjármuni sem eigið fé inn í þessa þrjá banka mun það eigið fé eða hlutafé verða selt þegar fram líða stundir með verulegum ágóða ef vel tekst til með uppgjör og starfrækslu þessara nýju banka. Ef menn vanda sig í þessu ferli er ekki útlit fyrir að það falli á skattgreiðendur heldur verði þvert á móti tekjulind fyrir íslenskan ríkissjóð.

[16:00]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég held að allir séu sammála um það í þessum sal að endurreisn bankakerfisins er eitt það brýnasta verkefni sem við stöndum öll frammi fyrir. Ég tek undir það sem sagt hefur verið, við eigum að efla og tryggja tengslin við erlendu kröfuhafana og flýta þeim skilum sem þurfa að vera á milli gömlu og nýju bankanna, og gera það sem fyrst.

Af hverju erum við sífellt að ræða um það að endurreisn bankakerfisins skipti mestu máli? Í þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir í dag er auðvitað brýnast fyrir okkur að verja störfin. Bankakerfið hikstar enn, bankakerfið veitir ekki enn þá svör þannig að við þurfum að verja störfin, verja litlu, meðalstóru og stærri fyrirtækin til að fólk geti haldið áfram að gera það sem skiptir líka máli, þ.e. að greiða af lánum til að halda húseignum sínum. Það verður mesta áfallið fyrir fólkið þegar það hættir allt í einu að geta greitt af lánum sínum vegna atvinnumissis. Við vitum að erfiðleikarnir innan bankanna eru margþættir í dag, þá vantar eigið fé, það er ákveðin hræðsla meðal stjórnenda bankafyrirtækjanna við að taka ákvarðanir, það er óljóst hverjir eru eigendurnir, en fyrst og síðast verðum við auðvitað að setja okkur þau markmið að bankakerfið fari af stað, það er skammtímamarkmiðið, en síðan er langtímamarkmiðið að nýta bankakerfið til lengri tíma til að gera ríkissjóð skuldlausan eða skuldlítinn.

Hvað er að gerast í bönkunum? Bankastarfsemin eins og hún er núna er ekki að gera það sem hún á að gera, sinna hinni hefðbundnu bankastarfsemi. Þess vegna tel ég að það þurfi að fara að greiða úr þessu eignasafni bankanna, það þarf að gera það sem fyrst til að bankarnir í dag geti farið að svara fyrirtækjunum, litlu og meðalstóru fyrirtækjunum, varðandi starfsemi þeirra. Við eigum síðan að taka aðrar eignir út úr bönkunum þannig að þeir geti einblínt á sína hefðbundnu starfsemi og ég vonast (Forseti hringir.) til þess að við getum farið í 2. umr. hvað það varðar (Forseti hringir.) um hvað við ætlum síðan að gera við þau fyrirtæki sem geta ekki lengur (Forseti hringir.) staðið undir sér sjálf við núverandi aðstæður.

[16:02]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegur forseti. Hér er fjölbreytt umræða þó að verkefnið sé eitt, að ræða endurreisn bankakerfisins. Ég vil grípa niður í atvinnulífið en auðvitað er það þannig að þessi biðtími sem hefur verið síðustu fimm mánuðina og verður hugsanlega tvo næstu mánuðina þar til gengið verður hér til kosninga hefur það í för með sér að menn eiga erfitt með að snúa hlutunum af stað. Það tengist atvinnulífinu því að það tengist um leið fjármálakerfinu og við vorum hér með 15 fjármálastofnanir. Stór hluti þeirra er núna kominn til ríkisins og líkt og hér hefur komið fram í umræðunni, virðulegur forseti, er ákveðinn biðtími og varfærni í gangi í fjármálastofnununum, eðlilega, því að í sjálfu sér eru menn að horfa yfir sviðið og gera ýmislegt upp. Tengslin eru þannig að það rekst hvað á annars horn í þeim efnum.

Þar af leiðandi skiptir auðvitað máli að atvinnulífið fái skýr svör sem fyrst. Það tengist um leið endurreisn heimilanna því að atvinnulíf og heimili haldast í hendur. Á sama tíma horfum við fram á það, virðulegur forseti, að ríkisreksturinn tekur í. Við erum með 150 milljarða kr. halla á þessu ári í ríkisrekstrinum. Ríkið þarf að draga til sín fjármagn en um leið þurfum við að hagræða inn á næsta ár um tugi milljarða. Það þýðir að ríkið dregur til sín það takmarkaða fjármagn sem er á markaði.

Það sem skiptir líka máli og ég vil koma hér að í lokin er að í ástandi eins og nú er skapast hugsanlega fákeppni og þá þurfum við sterkara Samkeppniseftirlit. Það þarf að tryggja það að markaðurinn fari að virka á þann hátt sem eðlilegt er. Þess vegna þarf að huga að Samkeppniseftirlitinu því að það gerist líka þegar takmörkun er í gangi, eins og verður þegar ríkið heldur utan um jafnvel 80% af (Forseti hringir.) fjármálakerfinu eins og nú er.

[16:05]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Það er hollt að hafa í huga hvers vegna bankakerfið hrundi. Það var vegna þeirrar stefnu sem þáverandi ríkisstjórnir ráku gagnvart fjármálalífinu, taumlaus græðgi og útþensla. Nú þurfum við þess vegna að byrja á því að afmarka þá stærð sem íslenskt bankakerfi á að hafa. Ég spyr hæstv. viðskiptaráðherra: Er búið að ákveða hversu stórt bankakerfi hentar nú við íslenskar aðstæður? Mér finnst mjög mikilvægt að það sé gert.

Hæstv. viðskiptaráðherra kom inn á þessi mál og þarna er verið að gera mikið og eins hratt og kostur er. En það er afar mikilvægt að viðskiptabankarnir núna, þessir nýju bankar, fái sem allra fyrst starfsgrundvöll og að það fólk sem vinnur í þeim bönkum fái líka starfsfrið. Það verður þess vegna að gera þessi skýru skil á milli nýju bankanna og þeirra gömlu til að hægt sé að byggja upp bæði traust og öryggi og góða þjónustu sem ríður á gagnvart heimilum og atvinnulífi. Ég tel t.d. að það eigi að skipta um nöfn á bönkunum eins og Kaupþingi og Glitni, það sé einn liður í því að endurvekja traust og sýna fram á að þarna hafi orðið skil.

Mér finnst allt of loðin svör hvað varðar stöðu og framtíð sparisjóðanna. Hæstv. ráðherra sagði að þeir gætu sótt um stuðning frá ríkinu að uppfylltum skilyrðum. Ég vona þá að þeim sparisjóðum sem í rauninni uppfylla skilyrðin og geta fengið að starfa áfram sé búinn nægilega traustur grunnur, að þeir séu þá ekkert að láta þá bíða eftir einhverjum öðrum sem ekki uppfylla skilyrðin. Á grunni hugsjóna sparisjóðanna er afar mikilvægur þáttur í (Forseti hringir.) uppbyggingu á heilbrigðu fjármálalífi í landinu.

[16:07]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir þessa umræðu og þakka sérstaklega hæstv. ráðherra fyrir framlag hans til hennar. Við erum að ræða eitt allra mikilvægasta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir í dag og staða mála er grafalvarleg. Atvinnulífið er í miklum vanda með að fá bankaþjónustu og fjármögnun. Það er mikið kvartað í atvinnulífinu yfir þessari stöðu og það er hætt við því við þessar aðstæður að fyrirtæki hreinlega stöðvist með tilheyrandi atvinnuleysi sem þegar er orðið allt of mikið.

Eitt af því sem við höfum rætt hér í dag er meðferð á kröfum bankanna, m.a. við skil milli gömlu og nýju bankanna. Ég legg áherslu á að þar gildi ákveðnar reglur með gagnsæi og jafnræði vegna þess að það er mjög mikilvægt við þessar aðstæður að ekki komi upp tortryggni og vantraust almennings gagnvart þessum fjármálastofnunum og því sem gert er því að það er ekki til að bæta stöðuna. Ég legg mikla áherslu á að þarna verði unnið eftir ákveðnum reglum.

Ég vil nefna eitt atriði sem ekki hefur komið fram í umræðunni og mér finnst almennt lítið rætt í tengslum við endurreisn bankanna, starfsfólk bankanna, hið almenna starfsfólk. Í þessu starfsfólki eru gríðarlega mikil verðmæti. Við vitum að starfsfólk bankanna hefur unnið við mjög erfiðar aðstæður undanfarna mánuði, það hefur verið mikil óvissa og andlega erfitt fyrir fólkið að starfa í bönkunum og ég legg því áherslu á það að við endurreisn bankakerfisins verði sérstaklega hugað að þessum þætti. Mannlegi þátturinn má alls ekki gleymast í þessu öllu saman þegar við ræðum aðallega um krónur og aura eða milljarða.

[16:09]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Mesta vandamál okkar Íslendinga nú er atvinnuleysið. Það er auðvitað algjörlega óbúandi við það að það verði með sama hætti og nú er eða aukist. Það verður með öllum tiltækum ráðum að bregðast við því og bankastarfsemin er einn hlutur þess, að bankarnir vinni eins og menn vonast eftir, þeir þjónusti atvinnulífið, þjónusti fyrirtækin þannig að þau geti reynt að halda uppi sem eðlilegastri starfsemi. Á þetta hefur verulega skort í langan tíma, hæstv. forseti, og þetta er orðið mjög erfitt í mörgum fyrirtækjum, ekki bara stórum heldur einnig í minni fyrirtækjum, kannski sérstaklega minni og meðalstórum fyrirtækjum.

Það eru yfirleitt vaxtarbroddarnir í hverju þjóðfélagi þegar fram í sækir, hæstv. forseti, að geta hlúð að minni og meðalstórum fyrirtækjum upp á framtíðina að gera. Þess vegna er orðið mjög brýnt og ég hvet hæstv. viðskiptaráðherra til að taka af skarið og ákveða að leggja fé inn í bankakerfið. Hæstv. ráðherra upplýsti hér að það væru talsverðar líkur á því að það sem þyrfti að leggja inn í bankana væri verulega lægri upphæð en þessir 385 milljarðar sem um var talað. Ég spyr hvort búið sé að leggja eitthvað af þessum upphæðum sem hér er verið að tala um, 385 milljarða, inn í bankana. Hefur það verið gert nýlega eða eru menn enn þá að bíða eftir einhverri endanlegri tölu til að geta lagt bönkunum til fé til að laga starfsemi þeirra?

Ég held að það sé mjög mikilvægt að komast út úr þeirri stíflu sem virðist vera að eyðileggja starfsemi bankanna og auka atvinnuleysi í landinu.

[16:11]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir innlegg hans í umræðuna og ég fagna því sérstaklega sem fram kom í máli hans að nú sé komið í ljós að það þurfi mun minna eigið fé frá ríkinu til endurreisnar bankakerfisins en áætlað var fyrir áramót. Það er mikið fagnaðarefni vegna þess að þetta þýðir minni áhættu fyrir skattgreiðendur í landinu.

Hér verður mönnum afar tíðrætt um að það þurfi að koma vel fram við kröfuhafana. Ég get í sjálfu sér tekið undir það en mínar áhyggjur eru samt miklu meiri hjá þeirri hlið málsins sem snýr að skattgreiðendum í landinu. Ég held að við eigum að gera minna af því að hafa áhyggjur af kröfuhöfunum í gamla bankakerfið og meiri áhyggjur af því hvernig við förum með skattfé við endurreisn bankakerfisins. Þar eru í húfi gríðarlegir fjármunir almennings í þessu landi.

Ég fagna því að það horfi til þess að við þurfum minna eigið fé en gætum samt að því um leið að bankakerfið verður að vera nægilega öflugt þegar upp er staðið til að geta sinnt grunnþörfum helstu fyrirtækjanna í landinu.

Það kom jafnframt fram hjá hæstv. ráðherra að mögu-

legt væri að erlendu kröfuhafarnir kæmu inn sem eignaraðilar. Mér finnst það jákvætt. Ég tek undir með honum um það að uppgjörið þarf að vera gagnsætt og sanngjarnt og ég kalla eftir því að þingið verði haft með í ráðum í þessu og fái frekari upplýsingar. Upplýsingunum er til að dreifa hjá ríkisstjórninni og ríkisstjórnin á að deila þeim með þinginu.

Það hefur ekki verið mikið rætt um sparisjóðina hér en tilgangur neyðarlaganna var að reyna að tryggja að þeir mundu ekki líka sogast með brimrótinu og lenda undir. Staða þeirra hefur verið í mikilli óvissu og það þarf að bregðast við henni. Ég hef áhyggjur af því hvernig fjármálakerfið verður fjármagnað vegna þess að augljóslega er gjaldeyrisjöfnuðurinn mjög skakkur hjá nýju bönkunum með margar erlendar eignir en illa fjármagnaðir eða ekkert fjármagnaðir í útlöndum og (Forseti hringir.) við því hlýtur að þurfa að bregðast. Að öðru leyti þakka ég ráðherranum fyrir svör hans og kalla eftir því að þingið verði betur upplýst um gang mála en verið hefur í vetur.

[16:13]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar um það hvort búið sé að leggja einhvern hluta af þessum 385 milljörðum kr. inn í bankana vil ég svara því til að það er ekki búið en hins vegar munu bankarnir hafa fengið allnokkra fyrirgreiðslu í Seðlabanka út á þetta loforð þannig að það dregur úr þeim vandræðum sem töfin á því að leggja þetta fé fram hefði ella valdið.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar um það hvort viðræður við kröfuhafa séu hafnar er því til að svara að þær eru ekki formlega hafnar. Það er hins vegar búið að undirbúa mjög vel að hefja þær viðræður og m.a. búið að ráða ráðgjafafyrirtækið Hawkpoint til að vera ríkisstjórninni til ráðgjafar í þeim málum og jafnframt hafa alls konar óformlegar þreifingar farið fram. Það er búið að ræða við kröfuhafa, bæði ráðherrar og Fjármálaeftirlitið og skilanefndir og fleiri aðilar. Menn hafa hent hugmyndum sín á milli án þess að þær geti þó talist formlegar viðræður. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að hefja þær raunar um leið og mat á eignum gömlu bankanna sem fara yfir í nýju bankana liggur fyrir.

Varðandi sparisjóðina er því til að svara að mér er ekki kunnugt um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi neina sérstaka afstöðu til þess hvert hlutverk sparisjóðakerfisins á að vera á Íslandi í framtíðinni. Hins vegar get ég sagt fyrir mitt eigið leyti að ég tel alveg víst að hér verði sparisjóðir á næstu árum og áratugum. Nákvæmlega hvert hlutverk þeirra verður, hversu stórt það verður, liggur ekki fyrir núna en það er ekkert því til fyrirstöðu að sparisjóðir gegni talsverðu hlutverki í nýja íslenska fjármálakerfinu og raunar vona ég eindregið að það gangi eftir.

[16:16]

Útbýting:

Almenn notkun íslensks merkis fyrir ábyrgar fiskveiðar, 430. mál, fsp. MÁ, þskj. 727.

Icesave-ábyrgðir og flýtimeðferð, 431. mál, fsp. SF, þskj. 728.

Icesave-ábyrgðir og flýtimeðferð, 432. mál, fsp. SF, þskj. 729.

Icesave-ábyrgðir og flýtimeðferð, 433. mál, fsp. SF, þskj. 730.

Minnisblöð, hljóðritanir o.fl. varðandi Icesave-ábyrgðir, 434. mál, fsp. SF, þskj. 731.

Tilkynning um kjör embættismanna sérnefndar.

[16:17]

Forseti (Þuríður Backman):

Borist hefur eftirfarandi tilkynning um skipan embættismanna sérnefndar um stjórnarskrá:

Valgerður Sverrisdóttir, formaður.

Lúðvík Bergvinsson, varaformaður.

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. ákvæði til bráðabirgða I í lögum 5/2009, sbr. 26. gr. laga 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Lára V. Júlíusdóttir (A),
Ragnar Árnason (B),
Ágúst Einarsson (A),
Katrín Olga Jóhannesdóttir (B),
Ragnar Arnalds (A),
Friðrik Már Baldursson (B),
Jónas Hallgrímsson (A).

Varamenn:
Margrét Kristmannsdóttir (A),
Birgir Þór Runólfsson (B),
Guðmundur Jónsson (A),
Sigríður Finsen (B),
Hildur Traustadóttir (A),
Fjóla Björg Jónsdóttir (B),
Ingibjörg Ingvadóttir (A).

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁÓÁ o.fl., 13. mál. — Þskj. 13, nál. 672.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:19]

Ágúst Ólafur Ágústsson (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér eru á ferðinni heilmikil tímamót en nú er þingið að samþykkja það að lögfesta beri barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Með þessu skrefi munum við auka réttindi íslenskra barna til muna og gera íslenskum dómstólum skylt að taka mið af barnasáttmálanum sem settum lögum. Þá erum við einnig að ákveða að öll löggjöf sem

snertir börn komi til endurskoðunar í ljósi barnasáttmálans.

Frú forseti. Með þessu skrefi erum við að verða ein af fáum þjóðum heims sem lögfesta barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þetta er því afar stór dagur í málefnum barna og fjölskyldna og hér sýnum við í verki að við setjum hagsmuni barna í forgrunn.

Þetta eru líka viss tímamót því að hér er á ferðinni þingmannamál sem ég flutti fyrst fyrir þremur árum og ég vil þakka kærlega fyrir þann pólitíska stuðning sem þessi tillaga fær hér í dag.

[16:20]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Við framsóknarmenn erum mjög ánægðir með að geta greitt atkvæði með þessu stóra framfaramáli. Hér er verið að lögfesta barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og það er mjög eðlilegt að gera það.

Ég vil líka taka það fram vegna atkvæðagreiðslunnar sem hér fer fram og af því að þetta er þingmannamál að þetta mál er eitt af mörgum sem við erum að sjá fara í gegn núna. Ekki bara þetta mál heldur mörg önnur sem sýnir hvað þingið við þær aðstæður sem eru núna hefur talsvert meiri völd en við höfum áður séð.

Ég er líka ánægð með að framsóknarmenn hafi tekið það skref á sínum tíma að ákveða að verja minnihlutastjórn vantrausti í þinginu af því að það hefur skapað tækifæri fyrir okkur þingmenn að koma góðum málum í gegn án þess að ríkisstjórnarflokkarnir hafi lagt fótinn þvert yfir. Þetta er eitt dæmi um það. Ég er mjög stolt af því að við séum að afgreiða (Forseti hringir.) þetta framfaramál við þessar aðstæður.

[16:21]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við þingmenn Vinstri grænna greiðum glöð atkvæði með þessari þingsályktunartillögu. Með samþykkt hennar er tryggt að lögfesting barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og aðlögun íslenskra laga að honum liggi fyrir 20. nóvember næstkomandi á 20 ára afmæli samningsins.

Þessi samningur var á sínum tíma, 1989, gríðarlega stórt skref, skuldbindandi samkomulag þjóða heims um sérstök réttindi börnum til handa óháð réttindum fullorðinna. Það er mjög mikilvægt að við skulum taka hann inn í íslensk lög ekki síst eins og hér hefur verið bent á til þess að dómstólar megi í störfum sínum taka mið af þessum merkilega sáttmála. Ég fagna þeim áfanga sem hér er náð.

[16:22]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna mjög samþykkt þessa máls. Þetta er mikilvægt framfaraspor í réttindum barna á Íslandi. Eins og fram hefur komið eru í haust 20 ár síðan þessi samningur var lagður fram og því löngu tímabært að lögfesta ákvæði hans.

Ég hef á þingferli mínum flutt þó nokkur þingmál í þá veru að lögfesta ákveðin ákvæði í samningnum, sem eru reyndar í þessu þingmáli, og ég þakka hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrir dugnað hans við að leggja þetta mál fram ítrekað. Ég verð að nefna hér einnig Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrrverandi félagsmálaráðherra og þingmann, sem einnig var mikill baráttumaður fyrir því að þessi sáttmáli yrði lögfestur. Í lokin vil ég nefna að í félagsmálaráðuneytinu er verið að endurskoða barnaverndarlögin með (Forseti hringir.) þennan sáttmála að leiðarljósi.

Brtt. í nál. 672 samþ. með 44 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörkG, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, MS, MÁ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

18 þm. (ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, BÁ, BjörgvS, BBj, EKG, GHH, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KJak, KÓ, LB, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 733).

Verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 53. mál (yfirtökureglur). — Þskj. 53, nál. 689, brtt. 690.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:26]

Brtt. 690,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 690,2–6 samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–18. gr., svo breyttar, samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Iðnaðarmálagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 357. mál. — Þskj. 607, nál. 694.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:28]

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörkG, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, REÁ, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack.

5 þm. (JM, ÓN, PHB, RR, SKK) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, BÁ, BjörgvS, BBj, EKG, GHH, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KJak, KÓ, LB, MS, MÁ, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, EMS, EBS, EyH,

GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, HHj, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KolH, KHG, KLM, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.

15 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, GSB, HerdÞ, JM, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, StB) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, BÁ, BjörgvS, BBj, EKG, GHH, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KJak, KÓ, LB, MS, MÁ, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Gjaldþrotaskipti o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 281. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 507, nál. 710.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:29]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þingmanna Sjálfstæðisflokksins óska eftir því að þetta ágæta mál fari til allsherjarnefndar milli 2. og 3. umr. Ástæðan er sú að allsherjarnefnd leggur til breytingu á frumvarpinu sem við teljum að sé ekki til bóta en þar er lagt til að umsjón með nauðasamningi um greiðsluaðlögun verði á hendi sýslumanns eins eða fleiri eða annars opinbers aðila, samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

Nú er vitað að mikill fjöldi mála, jafnvel tugir þúsunda mála, bíða afgreiðslu hjá sýslumannsembættunum og við höfum áhyggjur af því að kerfið, eins og það er lagt til með þessari breytingartillögu, verði ekki nægilega skilvirkt og viljum leita allra leiða til að tryggja að nauðasamningar með greiðsluaðlögun og þau úrræði sem þetta frumvarp hefur að geyma sé skilvirkt og mannúðlegt. og þess vegna óskum við eftir að þetta fyrirkomulag verði tekið til endurskoðunar í allsherjarnefnd. Við greiðum því ekki atkvæði með þessari breytingu.

Brtt. í nál. 710,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 710,2 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, HHj, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KolH, KHG, KLM, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.

14 þm. (ArnbS, ÁJ, BjarnB, BjörkG, GSB, HerdÞ, JM, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, StB) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BBj, EKG, GHH, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KJak, KÓ, LB, MS, MÁ, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, HHj, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KolH, KHG, KLM, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.

14 þm. (ArnbS, ÁJ, BjarnB, BjörkG, GSB, HerdÞ, JM, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, StB) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BBj, EKG, GHH, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KJak, KÓ, LB, MS, MÁ, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. (verða 3.–4. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 710,3 (ákv. til brb. fellur brott) samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til allshn.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 358. mál (gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins). — Þskj. 608, nál. 698.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:33]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 3. umr.

Frv. viðskn., 371. mál (frestun innheimtu eftirlitsgjalds). — Þskj. 626.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:34]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörkG, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, MÁ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞBack.

24 þm. (ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BBj, EKG, GHH, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KJak, KÓ, LB, MS, SKK, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 736).

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 360. mál (flutningastarfsemi). — Þskj. 611, nál. 707.

[16:35]

Frsm. utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Frú forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti á þskj. 707, um tillögu til þingsályktunar um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, frá 6. júní 2008, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1315/2007, um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð nr. 2096/2005.

Skilgreint er í reglugerð nr. 1315/2007 umfang eftirlits gagnvart flugleiðsögu, auk flæðisstýringar flugumferðar, ATFM, og loftrýmisstjórnunar, ASM. Í reglugerðinni er nánar fjallað um eftirlit með starfsleyfishöfum flugleiðsöguþjónustu, fyrirkomulag og mögulegt framsal úttekta, verklag varðandi frávik í úttektum og leiðréttingu þeirra og eftirfylgni auk eftirlits með breytingu á starfsemi leyfisskyldra aðila og endurskoðun á verklagi vegna breytinga á þjónustu starfsleyfishafa o.fl.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi en þingmál þessa efnis, frumvarp frá samgönguráðherra, var lagt fram á þessu þingi og hefur reyndar núna þegar verið samþykkt með breytingum á lögum um loftferðir.

Það er rétt að geta þess í þessu samhengi að eðlilegi framgangsmátinn við afléttingu á stjórnskipulegum fyrirvara er að Alþingi samþykki fyrst þingsályktunartillögu þess efnis og í framhaldi séu lögð fram frumvörp ef þess reynist þörf.

Í þessu tilviki var frumvarp samgönguráðherra lagt hér fram og það var afgreitt áður en þessi þingsályktunartillaga var tekin til meðferðar. Það er óvenjulegur framgangsmáti.

Nefndin leggur til að þessi tillaga verði samþykkt óbreytt. Kristinn H. Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Ragnheiður E. Árnadóttir og Þorgerður K. Gunnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Þetta er samþykkt 11. mars 2009 og undir álitið skrifa sá sem hér stendur, Árni Þór Sigurðsson formaður og framsögumaður, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björn Bjarnason, Siv Friðleifsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:39]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörkG, EMS, EBS, EyH, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, ÓN, PHB, RR, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞBack.

28 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BBj, EKG, GHH, GMJ, GAK, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KJak, KÓ, LB, MS, MÁ, REÁ, SKK, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 737).

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 361. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 612, nál. 708.

[16:40]

Frsm. utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 708, um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn. Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 28. september 2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er gert ráð fyrir að frumvarp þar að lútandi verði lagt fram á næsta þingi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Kristinn H. Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Ragnheiður E. Árnadóttir og Þorgerður K. Gunnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir þetta nefndarálit skrifa Árni Þór Sigurðsson, formaður og framsögumaður, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björn Bjarnason, Siv Friðleifsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir.

[16:42]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum hér eina af þessum frægu tilskipunum Evrópusambandsins. Ég vil benda á að einhverjar svona tilskipanir settu Ísland á hausinn þannig að ég ætla að vona að nefndin hafi fjallað mjög nákvæmlega um þetta og ég minni líka á að þessi tilskipun er sett í gang frá Evrópusambandinu áður en kreppan mikla reið yfir heiminn. Menn hafa ekki tekið mið af því sem þar hefur væntanlega lærst. Ég vona að hv. utanríkismálanefnd hafi farið mjög vendilega ofan í þetta mál, það getur skipt verulegu máli. Hér er einmitt verið að fjalla um mál sem varðar verðbréfasjóði og fjármálamarkað. Það er einmitt það sem klikkaði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, um breytingu á VII. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 373. mál (gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi). — Þskj. 630, nál. 704.

[16:43]

Frsm. utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Frú forseti. Hér er á þskj. 704 nefndarálit frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 2007, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) og bókun 37 við EES-samninginn. Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, frá 26. október 2007, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) og bókun 37 við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 2005. Tilskipunin fjallar um viðurkenningu á menntun til starfa sem eru lögvernduð og krefjast þess að aðilar hafi aflað sér faglegrar menntunar og hæfis áður en þeim er heimilt að hefja störf á viðkomandi sviði.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi en endurskoða þarf lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, en þau hafa að geyma ákvæði um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi hér á landi, og færa til samræmis við ákvæði hinnar nýju tilskipunar.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Kristinn H. Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Ragnheiður E. Árnadóttir og Þorgerður K. Gunnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nefndarálitið skrifa Árni Þór Sigurðsson, formaður og framsögumaður, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björn Bjarnason, Siv Friðleifsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leikskólar og grunnskólar, 2. umr.

Frv. menntmn., 390. mál (réttur forsjárlausra foreldra til upplýsinga). — Þskj. 656.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Frv. efh.- og skattn., 403. mál (samræming málsliða). — Þskj. 684.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 361. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 612, nál. 708.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:48]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁRJ, BjarnB, BjörkG, EMS, EBS, EyH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, ÓN, PHB, RR, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞBack.

31 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, EKG, GHH, GMJ, GAK, GÞÞ, HSH, HöskÞ, IllG, JónG, KJak, KÓ, LB, MS, MÁ, REÁ, SKK, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 738).

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, um breytingu á VII. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 373. mál (gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi). — Þskj. 630, nál. 704.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:48]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁRJ, BjarnB, BjörkG, EMS, EBS, EyH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, HerdÞ, JóhS, JM, KVM, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, MÁ, ÓN, PHB, RR, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞBack.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, EKG, GHH, GMJ, GAK, GÞÞ, HSH, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KJak, KÓ, LB, MS, REÁ, SKK, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 739).

Leikskólar og grunnskólar, frh. 2. umr.

Frv. menntmn., 390. mál (réttur forsjárlausra foreldra til upplýsinga). — Þskj. 656.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:49]

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til menntmn.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og skattn., 403. mál (samræming málsliða). — Þskj. 684.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:52]

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Málefni aldraða, 1. umr.

Stjfrv., 412. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 700.

[16:54]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999. Í frumvarpinu er lagt til að árlegt gjald í Framkvæmdasjóð aldraða verði hækkað um 6% eða úr 7.103 kr. í 7.534 kr.

Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 eru gjöld í Framkvæmdasjóð aldraða áætluð 1.368 millj. kr. en voru 1.276,4 millj. kr. í fjárlögum síðasta árs. Hækkunin sem ég mæli fyrir er í samræmi við hækkun byggingarvísitölu frá því í desember 2006 til desember 2007.

Samkvæmt kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að árið 2009 verði gjaldendur 185.133 og tekjur sjóðsins hækki um 91,7 millj. kr. á greiðslugrunni. Framkvæmdasjóður aldraða fær tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og eru á aldrinum 16–70 ára. Í lögum um málefni aldraða er kveðið á um þá fjárhæð sem lögð skal á gjaldendur ár hvert og kemur gjaldið árlega til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga. Breyting á fjárhæðinni krefst breytinga á lögum um málefni aldraða, eins og ég sagði áðan. Þá er gert ráð fyrir þeirri hækkun sem ég mæli fyrir í fjárlögum þessa árs.

Fjárhæð gjaldsins í lögum um málefni aldraða hefur jafnan verið breytt samhliða samþykkt fjárlaga. Af því varð hins vegar ekki í desember sl. og er því nauðsynlegt að fara fram með slíkt frumvarp núna, eigi hækkunin að koma til framkvæmda á þessu ári.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félags- og tryggingnefndar.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, 1. umr.

Frv. umhvn., 420. mál (flutningur yfirstjórnar málaflokksins til umhverfisráðuneytis). — Þskj. 713.

[16:56]

Frsm. umhvn. (Atli Gíslason) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli sem varaformaður umhverfisnefndar fyrir frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar. Frumvarpið er flutt af umhverfisnefnd og er hún einhuga í afstöðu sinni til þess.

Það felur í sér í fyrsta lagi breytingu á löggjöf umhverfisráðuneytisins, þ.e. breytingu á lögum um brunavarnir. Í öðrum þætti er breyting á löggjöf viðskiptaráðuneytisins, þ.e. breyting á löggjöf um öryggi raforkuvirkja o.fl. og loks í III. kafla er breyting á lögum um Neytendastofu og talsmann neytanda, með síðari breytingum.

Frumvarpið er til komið vegna samkomulags umhverfisráðuneytis og viðskiptaráðuneytis um að færa rafmagnsöryggissvið Neytendastofu til Brunamálastofnunar og þar með yfirstjórn málaflokksins frá viðskiptaráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Er það mat ráðuneytisins að málaflokkurinn falli mun betur að þeim verkefnum sem tilheyra Brunamálastofnun en Neytendastofu þar sem rafmagnsöryggi bygginga tengist óhjákvæmilega brunavörnum. Er hins vegar lagt til að Neytendastofa sinni áfram því hlutverki sem snýr að markaðseftirliti með rafföngum en það snýr að vöruöryggi og þar með því hlutverki Neytendastofu er snýr að neytendum.

Frumvarpið er tekið út úr frumvarpi til mannvirkjalaga sem nefndin hafði til umfjöllunar á síðasta þingi en þar var lagt til að eftirlit með rafmagnsöryggi færi undir nýja byggingarstofnun sem átti að yfirtaka verkefni Brunamálastofnunar. Alþingi kláraði ekki málið og frumvarpið varð ekki að lögum.

Frumvarpið sem umhverfisnefnd leggur fram leggur til að rafmagnsöryggissvið Neytendastofu verði fært til Brunamálastofnunar og heyri þar með undir umhverfisráðuneytið í stað viðskiptaráðuneytisins áður. Er sátt um þessa yfirfærslu í báðum ráðuneytum.

Þar sem rafmagnsöryggi bygginga tengist óhjákvæmilega brunavörnum á málaflokkurinn betur heima hjá Brunamálastofnun. Neytendastofa mun eftir sem áður sinna markaðseftirliti raffanga þar sem slíkt eftirlit snýr að öryggi og samræmist því verkefni Neytendastofu. Það er nauðsynlegt að tryggja hnökralausa framkvæmd mála og gera þær breytingar sem hér voru lagðar til í frumvarpi til mannvirkjalaga.

Breytingarnar skýra sig að öðru leyti sjálfar og ég vísa til frumvarpsins að öðru leyti.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og umhvn.

[17:00]

Útbýting:

Kynningarstarf vegna hvalveiða, 435. mál, fsp. MÁ, þskj. 732.

Grunnskólar, 1. umr.

Frv. menntmn., 421. mál (samræmd könnunarpróf). — Þskj. 714.

[17:00]

Frsm. menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf):

Forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 91/2008, um grunnskóla, sem flutt er af menntamálanefnd. Frumvarpið er einfalt og felur í sér að ákvæði til bráðabirgða V við lögin falli brott og lögin öðlist þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði V fjallar um að samræmt könnunarpróf í 10. bekk skuli fara fram að vori nú, þ.e. 2009, en við leggjum til að það falli brott. Skýringin á ákvæðinu er sú að þegar við vorum með lögin í vinnslu og samþykktum þau á síðasta vori var talið að of skammur tími væri til að samræmdu könnunarprófin gætu farið fram í haust, eins og gert er ráð fyrir í 39. gr. laganna að samræmd könnunarpróf fari fram á haustin vegna þess að tilgangur þeirra er að afla upplýsinga um stöðu nemenda þannig að skólar, kennarar og nemendur geti brugðist við áður en grunnskóla lýkur.

Álit flestra sem um þessi mál hafa hugsað er að það þjóni ekki tilgangi sínum að leggja slík próf fyrir að vori enda komi þau ekki að því gagni sem þau eru hugsuð. Hugsunin var sú að halda tölfræðinni saman en ljóst liggur fyrir að nemendur eru ekki innstilltir á próf af þessari gerð að vorlagi þegar stutt verður í skólapróf sem mæla það sem skiptir máli varðandi framhaldið. Þess vegna, virðulegi forseti, hefur menntamálanefnd ákveðið að flytja þetta frumvarp og fella þetta ákvæði niður þannig að verði frumvarpið að lögum verður hið fyrsta samræmda könnunarpróf í 10. bekk framkvæmt í haust.

Að lokum, frú forseti, legg ég til að frumvarp þetta gangi til menntamálanefndar að lokinni þessari umræðu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og menntmn.

Náms- og starfsráðgjafar, 1. umr.

Frv. menntmn., 422. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 715.

[17:02]

Frsm. menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um náms- og starfsráðgjafa sem flutt er af menntamálanefnd. Í frumvarpinu eru annars vegar ný lög um náms- og starfsráðgjafa og hins vegar breytingar á öðrum lögum, sem leiðir af þeim lögum, þ.e. lögum um grunnskóla og lögum um framhaldsskóla.

Markmið frumvarpsins er í raun og veru að lögvernda starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Með lögverndun þess er verið að tryggja ákveðin gæði þjónustu, sinna hagsmunum ráðþega og að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inn í menntakerfið, út á vinnumarkaðinn og til almennings. Sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa getur í skjóli lögverndunar verið þess fullviss að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskilda menntun og fagþekkingu. Hér er fyrst og fremst verið að huga að heill nemenda og þeirra er njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa jafnframt því að tryggja fagleg vinnubrögð stéttarinnar, auk þess sem náms- og starfsráðgjafar og fagið sjálft getur stuðlað að öflugri tengingu milli skóla og atvinnulífs.

Náms- og starfsráðgjafar starfa m.a. í skólum, í fyrirtækjum og á atvinnumiðlunum. Starf þeirra er breytilegt eftir því hvar þeir starfa en byggist þó að grunni til á því sameiginlega markmiði að stuðla að velferð einstaklinga með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Markmið náms- og starfsráðgjafar er að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái notið sín í námi og starfi. Náms- og starfsráðgjöf hefur fest sig í sessi í menntakerfinu frá því að nám í námsráðgjöf hófst árið 1991 við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Fagleg þekking og vinnubrögð liggja að baki náms- og starfsráðgjöf og starfsheitið náms- og starfsráðgjafi vísar til þess að sá hinn sami veitir faglega ráðgjöf á grundvelli sértækrar menntunar sinnar. Meginverkefni náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum er að aðstoða nemendur við náms- og starfsval og veita ráðgjöf meðan á námi stendur. Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemandans. Mikilvægt er að allir nemendur hafi aðgang að þjónustu ráðgjafa í sínum skóla. Það er mikilvægt að sérþekking náms- og starfsráðgjafa skili sér að fullu inn í grunn- og framhaldsskóla landsins og því nauðsynlegt að breyta lögum um grunn- og framhaldsskóla samhliða frumvarpi þessu á þann veg að einungis sé heimilt að ráða til starfa í skólum landsins náms- og starfsráðgjafa sem uppfylla skilyrði laganna.

Með frumvarpinu er því lagt til að ákvæði um náms- og starfsráðgjafa verði tekin upp í löggjöf um grunnskóla og framhaldsskóla. Á þann hátt er tryggt að einungis þeir sem uppfylla lagaskilyrði eigi kost á að sinna náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum landsins. Löggjöfin um grunnskóla og framhaldsskóla í núverandi mynd ber þess merki að starfsheitið náms- og starfsráðgjafi hefur ekki verið lögverndað og því ótryggt að fagleg náms- og starfsráðgjöf sé til staðar í skólum landsins. Með þessari breytingu er verið að tryggja ákveðin gæði þjónustu, sinna hagsmunum þeirra sem þjónustuna þiggja og tryggja að sér- og fagþekking skili sér inn í menntakerfið. Sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa getur í skjóli lögverndunar verið þess fullviss að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskilda menntun og fagþekkingu. Hér er fyrst og fremst verið að vinna að hag nemenda og þeirra er njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa jafnframt því að tryggja fagleg vinnubrögð stéttarinnar.

Með frumvarpi þessu er ekki ætlunin að breyta réttarstöðu þeirra sem eru starfandi við gildistöku laganna en uppfylla ekki lagaskilyrði til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Þannig er gert ráð fyrir að þeir geti óskað eftir staðfestingu menntamálaráðherra á leyfi um rétt til að

bera starfsheitið náms- og starfsráðgjafi.

Með frumvarpinu er einnig verið að gæta þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur tekið á sig með þátttöku í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þannig er gert ráð fyrir að réttur til starfsheitis geti stofnast á tvennan máta: Við útgáfu leyfis af hálfu ráðherra eða við staðfestingu ráðherra á sams konar leyfi sem gefið hefur verið út erlendis.

Þá er lagt til að ein matsnefnd verði starfrækt fyrir starfsheiti náms- og starfsráðgjafa. Þannig sé á einum stað fjallað um umsóknir sem vafi er um. Með þeim hætti verður stjórnsýslan í tengslum við veitingu leyfis skilvirkari. Hlutverk matsnefndar er að úrskurða um rétt aðila til að nota starfsheitið þegar um vafatilvik er að ræða. Þá skal leitað eftir samráði matsnefndar við staðfestingu á leyfi samkvæmt umsóknum ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyja eða ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Lagt er til að nefndin veiti umsögn um leyfisveitingu en að lokaákvörðun verði tekin af menntamálaráðherra.

Frú forseti. Það má segja að verði þetta frumvarp að lögum sé búið að tryggja jafnræði allra þeirra stétta sem starfa í skólum landsins vegna þess að aðrir starfshópar sem þar starfa hafa lögverndun og þess vegna er afar brýnt að þetta skref verði nú tekið.

Frú forseti. Að lokum legg ég til að frumvarp þetta verði, að lokinni þessari umræðu, sent til menntamálanefndar.

[17:08]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég fagna því sérstaklega að þetta mál skuli vera komið fram hér í þinginu og menntamálanefnd á hrós skilið fyrir það. Það er nefnilega þannig að þegar maður fer með bílinn sinn á verkstæði gerir maður kröfu um sérkunnáttu þeirra sem við bílnum taka, að þeir séu sæmilega færir í að finna út hvað er að og leysi svo vandann, hvort sem það er sjálfskipting, blöndungur, startari eða hjóruliðskrossar. Með sama hætti viljum við þegar við förum til augnlæknis eða í sjónmælingu að viðkomandi geti mælt sjónina, sjónskekkju og þess háttar og gefi svo út augnvottorð í framhaldinu sem geri okkur kleift að velja gleraugu við hæfi.

Með sama hætti veita náms- og starfsráðgjafar faglega ráðgjöf um val á námi og störfum. Sú ráðgjöf auðveldar fólki að velja sér viðfangsefni í lífinu og velja nám og störf við hæfi. Grundvallarskilyrði er að fólk þekki eigið áhugasvið, takmarkanir og getu til að stefnumótandi val þeirra verði markvisst og náms- og starfsráðgjafar eru sérfræðingar í að leiða það fram. Þeir eru lykilaðilar varðandi skipulagningu og úrræði til handa þeim sem á þurfa að halda vegna sérþarfa og í skólum landsins er afar mikilvægt að nemendur geti átt trúnaðarmann sem gætir hagsmuna þeirra í hvívetna, bæði þegar erfiðleikar steðja að og eins þegar taka þarf ákvarðanir sem varða framtíðaráform nemenda og eru stefnumarkandi. Þeir eru jafnframt sérfræðingar í námstækni, lestrartækni og glósutækni sem sparar nemendum mikinn tíma og gerir nám þeirra mun markvissara.

Það er staðreynd að hér á landi er brottfall nemenda úr skólum töluvert hátt og hærra en í löndunum sem við kjósum að bera okkur saman við. Það er líka töluvert mikið um það að nemendur sem skrá sig á eina braut í framhalds- eða háskóla skipti um skoðun einhvers staðar í miðju námi og það er óneitanlega krókur sem í einhverjum tilvikum má komast hjá en er dýr fyrir skólakerfið og þar með okkur.

Eins og staðan er eru margir sem gegna stöðu náms- og starfsráðgjafa án þess að hafa sérmenntun í faginu, heldur í einhverju öðru fagi. Ég fagna því að fólk eigi aðgang að fagfólki á ýmsum stöðum, hvort sem það er inni í skólakerfinu, hjá Vinnumálastofnun eða annars staðar, en tel mikilvægt að það sé ekki gert á villandi forsendum. Með lögvernd á starfsheitinu náms- og starfsráðgjafi er tryggt að þegar fólk sækir sér ráðgjöf hjá einhverjum sem ber þann titil sé ljóst að sá hefur tilskilda menntun í þeim fræðum en ekki einhverjum öðrum. Vilji menn ráða annars konar fagfólk til að gegna öðrum störfum innan skólakerfisins er það öldungis frábært en við eigum að bera virðingu fyrir því faglega starfi sem unnið er innan skólanna, hjá Vinnumálastofnun og víðar þar sem náms- og starfsráðgjafa er að finna og gæta þess að nemendur fái eins góða þjónustu og hægt er og þess vegna er mikilvægt að hlutirnir séu kallaðir sínum réttu nöfnum. Náms- og starfsráðgjafar gegna lykilhlutverki við stefnumótandi ákvarðanir sem spara okkur öllum mikla fjármuni með því að beina okkar fólki þá leið sem gefur því bestan árangur, vonandi á sem stystum tíma.

Ég vil því, hæstv. forseti, fagna sérstaklega framlagningu málsins og vona að við berum gæfu til að ljúka því á þessu þingi.

[17:11]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga frá hv. menntamálanefnd um náms- og starfsráðgjafa. Ég vil fagna frumvarpinu því nú er verið að gera tilraun til að lögvernda starfsheitið náms- og starfsráðgjafi og er þá komin lögverndun á flest þau störf sem innan skólakerfisins eru.

Í 1. gr. er tilgreint að sá hafi heimild til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa og fá lögverndun á það heiti sem hlotið hefur viðurkenningu menntamálaráðuneytisins, hafi hann útskrifast úr háskóla. Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að benda á 4. gr. þar sem talað er um að þeir sem stunda það í dag að vera náms- og starfsráðgjafar, en hafa ekki lokið prófi frá háskóla eða af öðru skólastigi, munu geta sótt um leyfisveitingu fyrir því starfsheiti, náms- og starfsráðgjafi, og er það í samræmi við það þegar Kennaraskóla Íslands var breytt í Kennaraháskóla Íslands að þá giltu prófin sem fyrir voru og slíkt hið sama er gert hér.

Þegar illa árar í samfélaginu sækir oft óöryggi á börn og unglinga og þá skiptir afar miklu máli, og kannski ekki síst í því árferði sem nú er, að grunn- og framhaldsskólarnir hafi á að skipa fagmenntuðu fólki til að veita nemendum alla þá aðstoð sem þeir þurfa á að halda, leiðbeina þeim í námi og því að horfa til framtíðar með hagsmuni sína í huga og ekki síst að styðja þá í því starfi sem þeir eru í, því að nemendur eru í námi og nám er vinna. Það skiptir líka máli, hæstv. forseti, að úti í atvinnulífinu veiti hæfir einstaklingar ráðgjöf, eins og málum er háttað í dag sem og alltaf. Það skiptir alltaf máli að fagfólk ráði öðrum heilt.

Ég fagna því að hv. menntamálanefnd skuli samhljóða

koma fram með þetta frumvarp. Ég vænti þess að hv. alþingismenn styðji frumvarpið, styðji það að við lögverndum starfsheitið náms- og starfsráðgjafi með gæði þjónustunnar og heill þeirra sem hennar munu njóta að leiðarljósi. Það er þannig um flestar aðrar stéttir, enginn getur stundað lögmennsku nema sá sem hefur lokið slíku prófi, enginn getur stundað tannlækningar nema sá sem hefur lokið slíku prófi, enginn getur verið viðskiptafræðingur nema sá sem hefur lokið slíku prófi og þannig mætti lengi telja. Ég legg til, hæstv. forseti, að við verndum þetta starfsheiti ekki síður en önnur og fagna frumvarpinu sem hér er lagt fram.

[17:15]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég kem bara hér í ræðustól til að lýsa stuðningi við þetta mál. Ég held að það sé vel til fundið að klára það nú og ég sé að menntamálanefnd flytur málið, þannig að rík samstaða ætti að vera um það hér í þingsal.

Ég vil hins vegar taka sérstaklega undir orð hv. þm. Ragnheiðar Ríkharðsdóttur hér áðan varðandi leyfisveitinguna og það sem kveðið er á um í 4. gr. að þess sé gætt að störf þeirra sem hafa unnið við þessa grein á undanförnum árum — og hafa margir kannski mikla reynslu — séu ekki lögð af til framtíðar heldur fái þeir viðurkenningu á vinnu sinni og þekkingu, því þekking er ekki bara sótt í háskóla, heldur líka í störfin og umgengni við nemendur og þjálfun í því að umgangast fólk. Ég vil því leggja því sérstaklega lið, hæstv. forseti, að til þess sé litið um leið og við lögfestum þetta starfsheiti til framtíðar að gera kröfu til þess að það byggi á ákveðnu námi eins og mörg önnur störf í þjóðfélaginu og ég lýsi einfaldlega stuðningi okkar við þetta mál.

[17:16]

Frsm. menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf):

Frú forseti. Bara örstutt hér í lokin. Ég fagna þeim góðu undirtektum sem þetta frumvarp hefur fengið í umræðunum. Ég held að hér sé um mikilvægt mál að ræða fyrir skólakerfið.

Fólk getur auðvitað haft mismunandi skoðanir á því hvort yfir höfuð eigi að lögvernda störf og það er umræða sem vert er að fara í, en við erum með það kerfi að lögvernda störf og höfum lögverndað flest störf í skólum landsins. Þess vegna er mjög óeðlilegt að hópur eins og náms- og starfsráðgjafar sitji ekki við sama borð og aðrir hópar í þeim efnum.

Það er hárrétt eins og hér hefur verið bent á í umræðunum að leið er opnuð fyrir þá sem hafa starfað við þetta fram að þessu án þess að vera með þá menntun sem hér er gerð krafa um. Þeir geta sótt um viðurkenningu til matsnefndarinnar og þá verður farið yfir þau mál. Ég held að þetta sé afar mikilvægt til að tryggja þá þekkingu áfram í kerfinu sem þar hefur verið. Það má segja að með þessu séum við að stilla öllum hópum sem starfa í grunnskólunum inn á sömu leið og þetta er algjörlega sambærilegt við lögverndun kennaranna, sama fyrirkomulag er sett á þetta þannig að ég trúi ekki öðru en að sú umræða sem hér hefur átt sér stað endurspegli vilja þingheims í málinu og treysti því að við náum að ljúka málinu fyrir þinglok og ég veit að ekki mun standa á menntamálanefnd í þeim efnum.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og menntmn.

Fundi slitið kl. 17:18.

---

105. FUNDUR

þriðjudaginn 17. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 53. mál, þskj. 734. — 3. umr.
3. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 357. mál, þskj. 607. — 3. umr.
4. Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og verðbréfaviðskipti, stjfrv., 358. mál, þskj. 608. — 3. umr.
5. Virðisaukaskattur, frv., 403. mál, þskj. 684. — 3. umr.
6. Ríkisendurskoðun, frv., 416. mál, þskj. 705. — 1. umr.
7. Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda á Reykjanesi, þáltill., 316. mál, þskj. 546. — Fyrri umr.
8. Vextir og verðtrygging, frv., 401. mál, þskj. 682. — 1. umr.
9. Atvinnuleysistryggingar, frv., 287. mál, þskj. 513. — 1. umr.
10. Umferðarlög, frv., 93. mál, þskj. 100. — 1. umr.
11. Almenn hegningarlög, frv., 127. mál, þskj. 138. — 1. umr.
12. Almenn hegningarlög, frv., 342. mál, þskj. 583. — 1. umr.
13. Aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs, þáltill., 419. mál, þskj. 712. — Fyrri umr.
14. Árlegur vestnorrænn dagur, þáltill., 221. mál, þskj. 299. — Fyrri umr.
15. Samráðsfundur sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda, þáltill., 222. mál, þskj. 300. — Fyrri umr.
16. Samráð Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda, þáltill., 223. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
17. Samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum fulltrúum, þáltill., 224. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Ármann Kr. Ólafsson, 4. þm. Suðvest.
Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.

[13:31]

Útbýting:
Fríverslunarsamtök Evrópu 2008, 436. mál, skýrsla ÞEFTA, þskj. 740.
Stjórn fiskveiða, 429. mál, frv. sjútv.- og landbn., þskj. 725.
Verðbréfaviðskipti, 53. mál, þskj. 734.
Verktakavinna fyrir heilbrigðisráðuneytið, 339. mál, svar heilbrrh., þskj. 726.

Störf þingsins.

Kostnaður við stjórnlagaþing.

[13:32]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs undir þessum lið til að vekja athygli á upplýsingum sem komu fram í sérnefnd um stjórnarskipunarmál í gær. Við 1. umr. um frumvarp til stjórnarskipunarlaga var spurt um kostnað við stjórnlagaþing, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og svör fjármálaráðuneytisins komu fyrir nefndina í gær. Til að gera langa sögu stutta er, miðað við þær forsendur sem fjármálaráðuneytið gefur sér, gert ráð fyrir að heildarkostnaður verði 1.176,5 millj. kr. standi þinghald í 10 mánuði. Ef þinghald stendur í 18 mánuði, eins og gert er ráð fyrir sem meginreglu í frumvarpinu, verður kostnaðurinn 1.731,6 millj. kr. og ef þinghald stendur í 24 mánuði, eins og heimilt er samkvæmt frumvarpinu, verður kostnaðurinn 2.148 millj. kr.

Þetta eru talsvert háar tölur og raunar töluvert hærri en ég gerði ráð fyrir. Þegar málið var til 1. umr. reyndum við þingmenn Sjálfstæðisflokksins örlítið að átta okkur á kostnaðinum og ég sló á það með mjög frumstæðum aðferðum að kostnaðurinn gæti verið 1,2–1,5 milljarðar kr. en þessar tölur virðast vera töluvert hærri. Ég vil af þessu tilefni spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformann Samfylkingarinnar, hvort þessar upplýsingar eða upplýsingar í þessa veru hafi legið fyrir þegar þingflokkur Samfylkingarinnar samþykkti framlagningu frumvarpsins, hvort hann telji að upplýsingarnar hefðu breytt einhverju um samþykktina og hvort hann telji að þessi kostnaður sé (Forseti hringir.) réttlætanlegur.

[13:34]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Þær tölur sem hv. þingmaður vísaði til voru lagðar fram á fundi sérnefndar um stjórnarskrána í gærmorgun og gott að fá þær upplýsingar fram. Hins vegar verður að halda til haga í umræðunni, virðulegi forseti, að málið er nú til meðferðar í stjórnarskrárnefnd sem á eftir að afgreiða það. Hver hinn endanlegi kostnaður verður mun alfarið ráðast af því hvernig næsta þing afgreiðir lög um stjórnlagaþingið og útfærir það. Þar mun kostnaðurinn alfarið ráðast en hann er, eins og hv. þingmaður benti á, nefndur á bilinu 1,1 milljarður til 2,1 milljarður þannig að verulegur munur er þar á.

Ég hlýt að spyrja hv. þm. Birgi Ármannsson, sem beinir fyrirspurn til mín, á móti: Hefði einhverju breytt hver þessi tala væri varðandi afstöðu þingmannsins til að setja á fót stjórnlagaþing? Ég held að það skipti miklu máli í umræðunni að hv. þingmaður upplýsi um hvort þessar tölur breyti afstöðu hans til stjórnlagaþings og einnig hvort hv. þingmaður, sem ég tel líklegt að verði á næsta þingi miðað við niðurstöður prófkjörs, muni þá beita sér fyrir því að stjórnlagaþingið sitji skemur eða verði sett upp á annan hátt en gert er ráð fyrir í fylgiskjali með stjórnarskrárfrumvarpinu sem hér liggur fyrir og er til meðferðar í stjórnarskrárnefnd.

[13:36]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Það kemur ekki alveg á óvart að hv. þingmaður eða hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins komi hér upp og vilji ræða þetta mál því þegar álitinu var dreift í nefndinni varð ég vör við að glampi kom í augun á þeim og þeim þótti sennilegt að þarna væri komið gott vopn til að nota í baráttunni gegn stjórnlagaþinginu. En það sem ég vil segja er að í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins kemur fram, með leyfi forseta:

„Erfitt er að meta kostnað við stjórnlagaþingið með nákvæmni."

Þær tölur sem hér eru á blaði eru að miklu leyti getgátur enda geta þær ekki verið neitt annað á meðan ekki hefur verið ákveðið hversu lengi þingið skal starfa og hvort það mun starfa í áföngum o.s.frv. En ég tel nokkuð ólíklegt að það starfi jafnlengi og svigrúmið í frumvarpinu er.

Við skulum hafa í huga að stjórnarskráin á að setja valdinu mörk og það er hreint ekki svo lítið hlutverk og skiptir ekki litlu máli að þessi mörk liggi fyrir og nokkuð góð sátt sé í þjóðfélaginu um hver þau eru. Það var mjög ánægjulegt að sitja nefndarfund í sérnefndinni í morgun þar sem við fengum góða gesti og mikil umræða fór fram um stjórnlagaþingið. Þar kom líka fram að mikilvægt væri að fólkið í landinu kæmi að málum og þess vegna þyrfti upplýsingagjöfin til þjóðarinnar að vera mikil á þeim tíma sem stjórnlagaþing væri að störfum. Ég tek undir það.

Við skulum líka hafa í huga að kostnaður við rekstur Alþingis er alls um 2 milljarðar á ári þannig að þetta eru háar upphæðir sem fjármálaráðuneytið dregur fram en ég endurtek (Forseti hringir.) að það segir að mjög erfitt sé að meta þennan kostnað miðað við litlar upplýsingar um stjórnlagaþingið.

[13:38]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég verð að segja að mér þykir þetta nokkuð hátt metið hjá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og kannski teygt upp í það hæsta sem til greina kemur. Út úr því koma nokkuð háar tölur. Ég átel ekki skrifstofuna fyrir það því forsendurnar eru mjög óljósar eins og þær eru núna. Hlutverk nefndarinnar er að lýsa og skýra þær forsendur.

Að öðru leyti hvarflar hugurinn til miðrar 19. aldar. Þá var bágt ástand í landinu, hnípin þjóð í vanda, en fram voru komnar hugmyndir um að reisa íslenskt samfélag við með því að koma á ráðgjafarþingi og deilt var um hvort það ætti að vera í Reykjavík eða á Þingvöllum. Við höldum nú að

þjóðin hafi slegið sér eindregið saman og fylkt liði um þá hugmynd, svipað og um lágmyndina af Jóni Sigurðssyni, að ryðja veginn upp að Austurvelli og öll þjóðin horft á, en það var ekki svo. Þá sögðu ýmsir hv. bændur og búalið í stíl hv. þm. Birgis Ármannssonar: Er þetta ráð? Við þetta er mikill kostnaður. Ekki er að vita hvað úr þessu verður. Hvaða gagn er að þessu? Eigum við ekki að bíða aðeins og sjá til og leyfa Danskinum að stjórna áfram?

Þannig hefur það verið, forseti, um hverja nýjung, um hverja reisn í stjórnkerfinu að þar hafa komið fram menn eins og hv. þm. Birgir Ármannsson og spurt þessarar góðu spurningar: Já, en kostnaðurinn, forseti, kostnaðurinn, góðir landsmenn, hann er svo mikill að við höfum ekki efni á þessu. Ef hv. þm. Birgir Ármannsson hefði hér eilíflega ráðið hlutunum værum við enn í sporum ofanverðrar 19. aldar, þinglaus, stjórnkerfislaus, (Forseti hringir.) hæstaréttarlaus og atvinnuvegalaus, (Forseti hringir.) vegna þess að kostnaðurinn hefði verið svo (Forseti hringir.) óumflýjanlegur og óyfirstíganlegur.

[13:41]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða neinum tíma í að svara því sem fram kom í síðustu ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar. En ég verð þó að lýsa því yfir að mér finnst mjög miður að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, skuli kjósa að svara ekki þeirri spurningu sem til hans var beint. Spurningunni um það hvort afstaða Samfylkingarinnar og þingflokks Samfylkingarinnar hefði verið önnur ef fyrir hefði legið hver kostnaðurinn við stjórnlagaþingið verður.

Framsóknarmenn fóru fram með málið á þeim grundvelli að kostnaður við stjórnlagaþing yrði 200 millj. til 300 millj. sem eru auðvitað gríðarlegar fjárhæðir. En nú hefur fjármálaráðuneytið lagt mat á það að kostnaður við stjórnlagaþing verði 1.700 millj. til 2.100 millj. og ef ég þekki fjármálaráðuneytið rétt ofmetur það örugglega ekki þann kostnað sem til fellur vegna stjórnlagaþingsins. (Gripið fram í.)

Ég held að talsmenn stjórnlagaþings hljóti nú að endurskoða hug sinn og a.m.k. velta því fyrir sér hvort verjanlegt sé að eyða svona miklum fjármunum í þetta ævintýri. Menn hljóta að velta því fyrir sér hvort ekki sé eitthvað bogið við það að vilja eyða 1.700 millj. til 2.100 millj. af fjármunum skattgreiðenda í að koma á stjórnlagaþingi miðað við ástandið eins og það er í þjóðfélaginu. Ríkissjóður er rekinn með 150 milljarða kr. halla og við slíkar aðstæður hljóta menn að þurfa að forgangsraða fjármunum eftir mikilvægi mála. Ég hefði talið að ríkisstjórnin ætti frekar að einbeita sér að því að bjarga heimilunum í landinu og koma atvinnulífinu á eitthvert ról. Menn verða að átta sig á því að góðæriið er búið. Það eru ekki til endalausir fjármunir (Forseti hringir.) í ríkissjóði. Þessu þurfa menn að fara (Forseti hringir.) að gera sér grein fyrir og einbeita (Forseti hringir.) sér að því sem máli skiptir.

[13:43]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Mjög mikilvægt er að hér verði sett á stjórnlagaþing og það hið fyrsta. Við framsóknarmenn viljum, eins og margir aðrir í samfélaginu, bæði pólitísk öfl og almenningur, aðgreina valdaþættina í íslensku samfélagi. Þeir eru ekki aðgreindir nógu vel í dag og m.a. þess vegna hefur farið illa í mjög mörgum málum. Það þarf að aðgreina löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómsvaldið með betri hætti en nú er gert. Alþingi hefur því miður ekki risið undir því að breyta stjórnarskránni svo nokkru nemi. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar en þær hafa ekki verið mjög veigamiklar þannig að stjórnarskráin er mjög gamaldags og þess eðlis að við erum líklega að sóa talsverðum fjármunum. Við viljum skoða valdaþættina miklu betur og hvernig á að aðgreina þá. Það þarf líka að skoða hlutverk forseta Íslands og ég veit að Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft sérstakan áhuga á því þannig að mikilvægt er að stjórnlagaþing komist á sem fyrst.

Ég velti því líka fyrir mér hversu mikla fjármuni þær máttvana tilraunir, sem hingað til hafa verið gerðar varðandi breytingar á stjórnarskrá, hafa kostað. Hvað ætli þær hafi kostað? (Gripið fram í.) Það er örugglega talsvert há upphæð. Ekki er ég að biðja um útreikninga á því en ég veit að það er talsvert há upphæð.

Virðulegi forseti. Ég treysti því að nefndin, sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir veitir forstöðu og er eina konan í, líti mjög vel yfir útreikninga fjármálaráðuneytisins, sem mér finnast reyndar háir og efast um ýmislegt sem þar kemur fram, eins og háan sérfræðikostnað. Ég tel að það þurfi að horfa á þessa umsögn og að sjálfsögðu að reyna að lækka kostnaðinn eins og hægt er. En við munum ekki komast fram hjá því að stjórnlagaþing mun að sjálfsögðu kosta eitthvað en það á líka að felast mikill sparnaður í því að fá nútímalega stjórnarskrá. (Forseti hringir.) Það er mikill sparnaður í því, virðulegur forseti.

[13:45]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég tel að við verðum að styrkja hv. Alþingi. Við sitjum nefnilega núna á stjórnlagaþingi en stjórnlagabreytingar eru aukaatriði í störfum þingsins og þegar almenningur greiðir atkvæði um stjórnlagabreytingar er það líka aukaatriði fyrir kjósendur. Þessu verðum við að breyta.

Ég tel, og það vantar inn í kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins, að ef sett yrði á laggirnar stjórnlagaþing, þar sem sæti kannski 31 maður, og það starfaði í sex mánuði og gerði ekkert annað ætti það að nást og þá er kostnaðurinn orðinn miklu minni.

Ég tel mjög mikilvægt að gjörbreyta stjórnarskránni, hún er mjög úrelt. Þeir sem hafa lesið hana sjá það. Það sem núverandi þing ætti að gera, og þá vísa því til þeirrar nefndar sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir veitir forstöðu, er að breyta 79. gr. einni, þannig að breyting á stjórnarskrá sé ekki eins þunglamaleg og er í dag og við þurfum ekki að bíða í fjögur ár eftir því að breyta stjórnarskránni. Við þurfum eingöngu að breyta 79. gr. þannig að um stjórnlagabreytingar yrði kosið í almennri kosningu þjóðarinnar og það gætum við samþykkt núna. Ég hugsa að það næðist samstaða um það. Síðan gætum við samþykkt á sumarþingi breytingar um stjórnlagaþing og annað slíkt og sent það til þjóðarinnar í júní/júlí til atkvæðagreiðslu. Þá verða allar

stjórnlagabreytingar miklu liprari.

Hins vegar vil ég taka það fram að hugmyndir sem hafa komið fram hingað til, um að einungis 25% þjóðarinnar þurfi að samþykkja stjórnlagabreytingu, það þykir mér allt of lágt og allt of mikil lítilsvirðing við stjórnarskrána. Ég vil hafa það helst 50% en kannski mundi ég sætta mig við 33%.

[13:48]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Mér finnst það mjög þakkarvert þegar hv. þingmenn koma hér upp og setja fram hugmyndir sem gætu orðið leið til þess að ná samstöðu og þá er ég sérstaklega að tala um það að 31 maður í sex mánuði er eitthvað sem er alveg þess virði að ræða. Það er ekki búið að festa neina ákveðna tölu hvað varðar fjöldann sem mun sitja á hinu margumtalaða stjórnlagaþingi sem ég vona að verði samstaða um að samþykkja frá Alþingi á yfirstandandi þingi.

En aðeins frekar, hæstv. forseti, í sambandi við þessi mál öll. Það eru skiptar skoðanir, því verður ekki neitað, en mér finnst að það sé almenn skoðun þjóðarinnar og þeirra sérfræðinga sem ég hef heyrt setja fram skoðanir á þessu máli að það sé mjög mikilvægt að gera alvöru úr þessum hugmyndum og því sem fram kemur í frumvarpinu. Ég vonast því sannarlega til þess að það geti náðst samstaða um að gera þessa breytingu núna þannig að hægt sé að kjósa til stjórnlagaþings síðar á árinu.

Ég sé ekki hvað er í húfi. Vissulega er umdeilt hversu stórt hlutverk Alþingi á að hafa í þessu öllu saman alveg frá því sem hv. sjálfstæðismenn segja, að Alþingi eigi að vera stjórnarskrárgjafinn (**Gripið fram í:** Það er það.) en það hefur líka komið fram hjá fulltrúum sem komu til nefndarinnar að Alþingi hafi samkvæmt frumvarpinu jafnvel of mikið vald. Þarna er því gríðarlega mikill munur á skoðunum.

En ég segi bara, hæstv. forseti, að ég geri mér enn vonir um að við náum þeim árangri í nefndinni að við (Forseti hringir.) getum orðið sammála um breytingar.

[13:50]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Mér finnst mjög holur hljómur í gagnrýni Sjálfstæðisflokksins á þetta mál. Þegar málið hefur verið rætt opinberlega og hér í þessum sal hefur Sjálfstæðisflokkurinn talað um að það væri kannski í mesta lagi hægt að hafa stjórnlagaþing sem ráðgefandi þing. Ráðgefandi þing, fyrir hverja? Fyrir Alþingi? Það kostar væntanlega jafnmikið að hafa ráðgefandi þing og að hafa heföbundið stjórnlagaþing. Það þarf þá að koma með ráð og tillögur hingað inn. Það kostar væntanlega jafnmikið. Sjálfstæðisflokkurinn vill greinilega ekki missa þau völd sem hann hefur haft á breytingum á stjórnarskrá. Þar liggur væntanlega hundurinn grafinn, virðulegur forseti. Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki missa þau völd sem flokkurinn hefur haft gagnvart breytingum á stjórnarskrá.

Nú ætla sjálfstæðismenn að beita sér á lokasprettinum á þessu þingi gegn því að við færum völdin til fólksins í landinu, að stjórnlagaþing starfi þar sem engir þingmenn verða kosnir inn, þeir verða ekki kjörgengir, hvorki þingmenn né ráðherrar, heldur fólkið í samfélaginu sem hefur örugglega mikla þekkingu og getu til að koma með tillögur um breytta stjórnarskrá og það þing starfi og leggi svo tillögur sínar fyrir þjóðina til synjunar eða samþykktar.

Ég tel þess vegna að við eigum að samþykkja stjórnlagaþing og koma því á sem fyrst og það eigi að taka völdin í sínar hendur varðandi breytingar á stjórnarskrá og þær fari svo í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég tel hins vegar að nefndin sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir veitir forstöðu eigi að skoða allar leiðir til sparnaðar í þessu. Það má t.d. alveg hugsa sér að þingið vinni í áföngum og (Forseti hringir.) það nýti húsnæði Alþingis í sinni vinnu. (Forseti hringir.) Mér finnst að það hljóti að koma til greina til þess að minnka kostnað.

[13:52]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég get ekki tekið undir að það sé holur hljómur í málflutningi okkar sjálfstæðismanna í þessu máli eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir heldur fram. Við erum að benda á að ríkissjóður er nú rekinn með 150 milljarða kr. halla. og því er ljóst að skera þarf niður í ríkisrekstrinum til að endar nái saman. Á sama tíma leggur Framsóknarflokkurinn og ríkisstjórnin til að stofnað verði nýtt þing á Íslandi til hliðar við það sem fyrir er með kostnaði upp á 2 milljarða kr. Einhvers staðar verður að taka þá peninga.

Mér hefur þótt þessi stjórnlagaþingshugmynd nokkuð sérstök, sérstaklega í ljósi þess að við sitjum á stjórnlagaþingi. Hér eru breytingar á stjórnskipunarlögum fluttar, þær eru ræddar og samþykktar eða synjað. Við höfum stjórnlagaþing. Að ætla sér að stofna til nýs stjórnlagaþings með kostnaði upp á 2.000 millj. kr. til hliðar við það sem fyrir er er því ákaflega sérstakt.

Hins vegar er það ómerkilegur málflutningur og verið að slá ryki í augu fólks þegar því er haldið fram að Sjálfstæðisflokkurinn vilji ekki missa einhver völd. Á þessu stjórnlagaþingi munu alls ekki sitja fulltrúar einhverra sjónarmiða eða stjórnmálaflokka. Þetta verði fulltrúaþing og það verði kosið til þess. Ég efast nú ekki um að Framsóknarflokkurinn m.a. muni tilnefna sína menn til setu á stjórnlagaþingi til þess að koma fram þeim sjónarmiðum sem þeir vilja berjast fyrir varðandi breytingar (Forseti hringir.) á stjórnarskránni. Allt er þetta með miklum ólíkindum og (Forseti hringir.) fólk hlýtur að fara að sjá í gegnum málflutninginn sem viðhafður er í þessu máli.

[13:55]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil nefna hér. Í fyrsta lagi tek ég undir með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni vannst ekki tími til að svara þeim spurningum sem ég beindi til hans hér í upphafi og vona ég að hann fái tækifæri til þess síðar.

Í öðru lagi vil ég benda á eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal gerði að við þingmenn Sjálfstæðisflokksins erum mjög opnir fyrir hugmyndum um breytingar á því ákvæði stjórnarskrárinnar sem lýtur að breytingum á stjórnarskrá, m.a. með því að koma þjóðaratkvæðagreiðslum inn í það ferli. Við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnarskrárnefndinni

sem sat 2005–2007 samþykktum ákveðna útfærslu í þeim efnum. Sú útfærsla sem lögð er fram í þessu frumvarpi er allt annars eðlis, er eiginlega bara bútur úr þeirri tillögu sem þá var lögð fram, en við höfum verið tilbúnir til að ræða það.

Varðandi stjórnlagaþing sem slíkt höfum við sjálfstæðismenn bent á ýmsa annmarka á þeim tillögum sem hér liggja frammi. Kostnaðurinn er eitt af þeim atriðum sem við höfum vakið athygli á í því sambandi en alls ekki það eina. Annað atriði sem vekur verulegar spurningar er það að í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er annars vegar gert ráð fyrir þremur efnislegum breytingum á stjórnarskránni og hins vegar er lagt til að sett verði á fót stjórnlagaþing sem hafi það hlutverk, örfáum mánuðum eftir stjórnarskrárbreytingu í vor, að fara í heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Þetta er auðvitað gríðarleg mótsögn sem erfitt er að átta sig á. Kannski er erfiðast að átta sig á því þegar gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að sett verði ný regla um það hvernig breyta á stjórnarskrá og svo, fáum mánuðum síðar, er sett á fót stjórnlagaþing sem á að breyta stjórnarskrá eftir annarri aðferð. Og þá spyr maður: Hvað liggur á að setja inn (Forseti hringir.) ákvæði um hvernig breyta á stjórnarskrá (Forseti hringir.) örfáum mánuðum fyrir heildarendurskoðun stjórnarskrár? (Forseti hringir.) Hvað er eiginlega verið að fara? Er þetta bara ekki hrein vitleysa?

[13:57]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Það er mjög erfitt að svara spurningum í þáskildagatíð, þ.e. hvað hefðum við gert hefðum við haft einhverjar tilteknar upplýsingar á staðnum. (**Gripið fram í:** ... upplýsingar.) Virðulegi forseti. Þessar upplýsingar komu fram á fundi stjórnarskrárnefndar í gær og ég upplýsti hv. þingmann um það. En hv. þingmaður er hins vegar á móti stjórnlagaþingi. (Gripið fram í.) Það er það sem skiptir máli. Hv. þingmaður er á móti stjórnlagaþingi og þetta er svona haldreipi sem hv. þingmaður grípur í til að þurfa ekki koma hér hreint fram og segja að hann sé á móti stjórnlagaþingi.

Það liggur líka fyrir að hv. þingmaður var spurður að því hvað ráðgefandi mundi þing kosta og hvort hann væri með eða á móti því. Það kom ekkert svar fram um það. Hv. þingmaður nefndi líka að Alþingi væri stjórnlagaþing. Að sjálfsögðu er það rétt. Hins vegar er rétt að rifja upp og minna á að allt frá árinu 1944 hefur staðið til að hv. Alþingi endurskoðaði stjórnarskrána en það hefur ekki tekist.

Hér er lögð fram tillaga um að gera þetta á annan hátt og ég tel mikilvægt að um það fari efnisumræða hvort skynsamlegt sé að gera það. Síðan, virðulegi forseti, munu þeir sem hér sitja eftir næstu kosningar setja lög um stjórnlagaþing, verði þessi stjórnarskrárbreyting að veruleika, og þá mun það ráðast hversu mikill þessi kostnaður verður. Og það er ekkert ólíklegt að hv. þm. Birgir Ármannsson verði á þeim vettvangi og taki fullan þátt í umræðunni um hvað þetta kunni að kosta. Hann leggur þá væntanlega sitt á vogarskálarnar í þeirri umræðu og ég vænti þess að hann geri það af stakri prýði.

Umræðu lokið.

Verðbréfaviðskipti, 3. umr.

Stjfrv., 53. mál (yfirtökureglur). — Þskj. 734.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnaðarmálagjald, 3. umr.

Stjfrv., 357. mál. — Þskj. 607.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og verðbréfaviðskipti, 3. umr.

Stjfrv., 358. mál (gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins). — Þskj. 608.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Frv. efh.- og skattn., 403. mál (samræming málsliða). — Þskj. 684.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 53. mál (yfirtökureglur). — Þskj. 734.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörkG, BBj, GuðbH, GAK, GÞÞ, GSv, HHj, HerdÞ, JBjarn, KaJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, VS, ÞBack.

31 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GSB, HSH, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, JM, KVM, KJak, KÓ, KÞJ, ÓN, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 743).

Iðnaðarmálagjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 357. mál. — Þskj. 607.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörkG, BBj, GuðbH, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, JBjarn, JM, KaJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, REÁ, SKK, SF, SVÓ, VS, ÞBack.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GSB, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KJak, KÓ, KÞJ, ÓN, RR, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 744).

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og verðbréfaviðskipti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 358. mál (gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins). — Þskj. 608.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörkG, BBj, GuðbH, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, JBjarn, JM, KaJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, VS, ÞBack.

29 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GSB, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KJak, KÓ, KÞJ, ÓN, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 745).

Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.

Frv. efh.- og skattn., 403. mál (samræming málsliða). — Þskj. 684.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörkG, BBj, GuðbH, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, JBjarn, JM, KaJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, VS, ÞBack.

29 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EMS, EBS, EyH, GHH, GMJ, GSB, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KVM, KJak, KÓ, KÞJ, ÓN, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 746).

Um fundarstjórn.

Þingmál um veiðar á hrefnu og langreyði.

[14:05]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Nú vill svo til að í dag verða ræddd þingmannamál þegar atkvæðagreiðslum um stjórnarfrumvörp er lokið. Það er ánægjulegt að ræða eigi þingmannamál á þinginu, eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vakti athygli á í gær. Ég verð þó að segja að þrátt fyrir að 12 mál séu á dagskrá sakna ég eins þingmannamáls, þ.e. máls frá 36 þingmönnum, tillögu til þingsályktunar um veiðar á hrefnu og langreyði. En einmitt nú er verið að undirbúa veiðar á hrefnu og langreyði. Þetta kom fram í haust með miklum gauragangi og látum í fjölmiðlum en hefur ekki komist á dagskrá þingsins. Þingið hefur raunar ekki haft tækifæri til að ræða ákvörðun fyrrverandi sjávarútvegsráðherra um veiðar á hrefnu og langreyði, jafnvel þótt 36 þingmenn hafi beðið um að þingið ályktaði um það mál. Mér þykir þetta furðulegt vegna þess að annað mál sem svipað var statt um, með hátt málsnúmer og ætti því að vera seint á dagskránni, var tekið sérstaklega í forgang vegna þess að á því voru svo margir þingmenn en það var sami fjöldi, þ.e. 36 þingmenn.

Hverju sætir þetta, forseti? Vilja flutningsmennirnir (Forseti hringir.) ekki að þetta mál sé flutt eða hefur forseti verið að reyna að koma í veg fyrir umræður um veiðar á hrefnu og langreyði?

[14:06]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Nú vill svo óvenjulega til að ég get tekið undir hvert einasta orð sem hv. þm. Mörður Árnason sagði hér. Það gerist ekki oft en ég fagna því að hann skuli hafa vakið athygli á þessu og beini því eindregið til forseta að taka þetta mál á dagskrá sem allra fyrst.

[14:07]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er svolítið óvenjulegt að stjórnarþingmaður komi og biðji um mál frá þingmönnum sem eru úr öllum öðrum flokkum en þeim sem viðkomandi er í, reyndar eru Vinstri grænir ekki heldur á þessu máli þannig að stjórnarflokkarnir eru ekki á málinu, en það eru hv. þingmenn úr öðrum stjórnmálaflokkum á þessu máli. Ég vil því þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að vilja greiða götu þingmannamáls sem framsóknarmenn, sjálfstæðismenn og frjálslyndir standa að og ég tek undir þá ósk sem hann hefur látið í ljós að við tökum málið til umræðu. Þetta er mjög óvenjulegt en ég vil gjarnan taka þátt í því að styðja hv. þingmann í því að við ræða hvalveiðar. Það er alveg ágætishugmynd en kemur mér svolítið á óvart af því að ég hélt að stjórnarflokkarnir legðu meiri áherslu á að ræða mál sem snúa að m.a. efnahag landsins og við (Forseti hringir.) framsóknarmenn höfum flutt tillögur þar um og þær eru á dagskrá seinna í dag. En við getum alveg tekið hvalveiðiumræðu.

[14:08]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill upplýsa að við röðun mála á dagskrá er haft samráð við formenn þingflokka um forgangsröð mála auk þess sem mál frá nefndum hafa verið sett inn. Varðandi það mál sem fyrirspyrjandi ræddi þá hefur tillöguflytjandi ekki

óskað eftir að það væri tekið á dagskrá enn sem komið er en það verður gert um leið og menn eru tilbúnir í þá umræðu og óska eftir henni. Ég ræddi þetta við viðkomandi á sínum tíma og hann lætur mig vita þegar hann óskar eftir að málið komi á dagskrá. Það er engin fyrirstaða fyrir því að taka málið fyrir.

[14:09]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Mér þykir það fráleitt að tillöguflytjandi sé ekki áhugamaður um að málið komist á dagskrá en það eru hins vegar aðrir, hv. þm. Birgir Ármannsson og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sem finnur það að vísu að málinu að það varði ekki efnahag landsins og gengi þjóðarinnar. Ég held hins vegar að þetta mál geri það. Þær upplýsingar sem hafa borist um viðbrögð við ákvörðuninni um veiðar á hrefnu og langreyði eru einmitt þannig að þær varða efnahag þjóðarinnar, orðstír hennar og framtíð Íslands, bæði til skamms tíma og langs. Siv Friðleifsdóttur til upplýsingar og Framsóknarflokknum yfir höfuð, þá varðar ákvörðunin um veiðar á hrefnu og langreyði mjög álit okkar á því hvort Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið eða ekki en skoðun á því er mjög ofarlega á stefnuskrá Framsóknarflokksins.

Þetta mál varðar líka hag ferðaiðnaðarins, hag fisksölunnar og almennan hag Íslendinga sem skiptir okkur mjög miklu máli um þessar mundir. Ég fagna þeim yfirlýsingum sem koma frá þingmönnum og legg til við forseta að þetta mál verði sett á dagskrá sem 18. mál, eða kannski frekar núna strax á eftir til að við getum rætt þetta mikla áhugamál mitt og hv. þingmanna Sivjar Friðleifsdóttur og Birgis Ármannssonar.

[14:10]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins benda hæstv. forseta á að á síðasta fundi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar bar flutningsmaður málsins, hv. þm. Jón Gunnarsson, upp fyrirspurn um hvenær þetta mál yrði tekið á dagskrá á þinginu og hann fékk þau svör hjá formanni nefndarinnar að þetta væri ekki forgangsmál. Ég ætla að koma því á framfæri að þetta var umræðan og á síðasta fundi í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hnykkti hann á því að þetta mál hefði forgang og kæmist á dagskrá vegna þess að að því standa 36 þingmenn á Alþingi. Honum fannst ekki gott að þessu máli væri bara stungið undir stól.

Ég ætla að koma því á framfæri að þetta var umræðan á fundi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

[14:11]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill upplýsa að þessi umræða hefur ekki borist forseta. Það hefur engin fyrirstaða verið á að taka þetta mál til umræðu í þingsal.

[14:11]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég vil ekki að það standi eftir í umræðunni að ég telji hvalveiðar ekki skipta máli fyrir efnahag landsins. Ég tel að þær geri það og ég held að allir sem að tillögunni standa telji að hvalveiðar skipti máli. Þær munu líklega skapa hundruð starfa, þannig að það komist vel til skila.

Ég vil taka fram að forseti tók vel í aðra tillögu sem kom fram á sínum tíma. Það er tillaga sem sú er hér stendur er 1. flutningsmaður að og gengur út á Kyoto-bókunina og íslenska ákvæðið. Meiri hluti þingmanna er á þeirri skoðun að ríkisstjórnin eigi að vinna að því að við höldum íslenska ákvæðinu, útvíkkum það á samningafundinum sem verður haldinn í Kaupmannahöfn síðar á árinu. Ég vil nefna að forseti tók vel í að taka það mál á dagskrá og það var samið um umræðutíma. Ég tek því undir tillögu hv. þm. Marðar Árnasonar um að við getum tekið þessa hvalveiðitillögu á dagskrá líka, í ljósi þess að meiri hluti þingmanna er á tillögunni og við getum þess vegna samið um ræðutímann og bara klárað það mál.

[14:13]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég verð að upplýsa að ástæða þess að þetta frumvarp var ekki tekið inn strax er einfaldlega sú að það á eftir að hljóta þinglega meðferð í nefndinni. Það á eftir að leita umsagna um það og annað slíkt og ég hef ekki lagt neina steina í götu þess. Það er einföld skýring á því. Hins vegar nefndi ég það á nefndarfundi að hér væri fjöldi mála sem hefði forgang umfram þetta og ég veit ekki betur en að sátt væri um þetta mál eftir að hæstv. sjávarútvegsráðherra tók ákvörðun um það í febrúar, ef ég man rétt. (**Gripið fram í:** ... Merði Árnasyni.) Þannig að þetta er alveg á hreinu. Málið er í eðlilegum farvegi og það er ástæðulaust að gera upphlaup út af því hér.

[14:14]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil með öðrum taka undir tillögu hv. þm. Marðar Árnasonar. Það er alltaf gaman að ræða hvalveiðimál og ástæða til að þetta mál fái framgang í þinginu. Ég held að það sé misskilningur hjá hæstv. forseta að það hafi ekki verið borið upp við okkur þingflokksformenn að þetta mál yrði tekið fyrir. Það hefur hins vegar ekki enn gefist færi til þess í dagskrá þingsins. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er 1. flutningsmaður að málinu og ég veit að hann er mikill áhugamaður um að þetta mál verði rætt. Ég fagna því að hv. þm. Mörður Árnason óski eftir að þessi merka tillaga verði rædd, að baki henni er meiri hluti á þingi og það er full ástæða til að ræða þetta mál.

[14:15]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa komið upp og hvatt til þess að þessi umræða verði tekin. Það eru líka mjög merkilegir vinklar á þessu máli sem mér finnst Frjálslyndi flokkurinn þurfa að standa skil á vegna þess að þeir skrifa undir þessa tillögu og eru meðflutningsmenn, allur þingflokkur Frjálslynda flokksins. Í þessari þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir að settur verði kvóti á hrefnuveiðar með nákvæmlega sama hætti og settur var kvóti á þorskveiðarnar 1984, með reglugerð og byggt á veiðireynslu áranna 2006–2008.

Virðulegi forseti. Þarna er Frjálslyndi flokkurinn að leggja til að farin verði sama leið við kvótasetningu og þeir hafa gagnrýnt hingað til og þess vegna tek ég undir hvatningu hv. þm. Marðar Árnasonar til hæstv. forseta um að þetta mál verði tekið upp sem fyrst vegna þess að ég tel að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins þurfi að standa skil á þessu hér í umræðu.

[14:16]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það er dálítið einkennilegt að mál sem borið er fram af ríflegum meiri hluta þingmanna skuli ekki vera sett á dagskrá og tekið til umræðu. Ég held þó að hæstv. forseti hafi sér það til málsbóta að ákvörðun hæstv. sjávarútvegsráðherra var sú að staðfesta fyrri ákvörðun. Það má því segja að hann hafi gefið í skyn að það sem var tilefni til flutnings málsins mundi breyta ákvörðuninni. En það breytir ekki því að betra er að afgreiða málið og gera það að samþykkt þingsins þannig að það bindi hendur ráðherrans betur en núverandi fyrirkomulag.

Mér finnst hins vegar svolítið gaman að fylgjast með hv. þm. Merði Árnasyni sem er í þessu fundaskaki augljóslega bara til að draga athyglina frá þeirri staðreynd, sem er alveg augljós, að hér er ekki hægt að halda uppi þingstörfum með málum frá ríkisstjórninni. Það er ekkert á dagskrá, ríkisstjórnin hefur engin mál til að leggja fyrir þingið. (Forseti hringir.) Hér er verið að ræða þingmannamál sem (Forseti hringir.) ganga aðeins til nefnda og ekki fyrirsjáanlegt að fái síðan frekari afgreiðslu.

[14:17]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég taldi að við værum að ræða hér fundarstjórn forseta en ekki efni máls. En þar sem hv. þm. Katrín Júlíusdóttir fer inn með efni máls er sjálfsagt að gera grein fyrir því að Grétar Mar Jónsson, fulltrúi okkar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, hefur gert fyrirvara um það hvernig úthlutunin eigi sér stað þó að við séum sammála veiðunum. (**MÁ:** Hvar kemur sá fyrirvari fram?) Hv. þm. Mörður Árnason. Þessi umræða fer væntanlega fram að þinni ósk og ég fagna því að þú skyldir hafa komið með þetta en ég ætla að ræða hér um fundarstjórn forseta undir þeim lið og gef einfaldlega þessa skýringu hér. (**MÁ:** Þú gerðir aldrei grein fyrir fyrirvaranum.)

Ríkisendurskoðun, 1. umr.

Frv. GSv o.fl., 416. mál (bættur aðgangur fjárlaganefndar að upplýsingum). — Þskj. 705.

[14:18]

Flm. (Gunnar Svavarsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir einu merkilegasta þingmannamáli sem talað hefur verið fyrir á þinginu þó að talað hafi verið fyrir þeim mörgum áður, virðulegi forseti, en það er örlítil breyting á lögum um Ríkisendurskoðun. Ég vonast til þess þar sem svo víðtækur stuðningur var við málið þegar það var lagt fram að þingið veiti því brautargengi á næstu dögum eða vikum.

Ástæðan er einfaldlega sú að í störfum flutningsmanna þessa frumvarps, sem eru fjárlaganefndarmenn auk mín, hv. þingmenn Ármann Kr. Ólafsson, Ásta Möller, Björgvin G. Sigurðsson, Björk Guðjónsdóttir, Ellert B. Schram, Guðbjartur Hannesson, Guðjón A. Kristjánsson, Illugi Gunnarsson, Jón Bjarnason, Kristján Þór Júlíusson, Magnús Stefánsson og Steinunn Valdís Óskarsdóttir, hefur verið nokkuð víðtæk umræða um E-hluta fyrirtæki í eigu ríkisins.

Ég hef einnig tekið eftir því, virðulegi forseti, að fjölmiðlamenn hafa líka haft gífurlegan áhuga á umræddum E-hluta fyrirtækjum. Ég hef oft kallað þetta ríkin í ríkinu. Eins og alþjóð veit eru E-hluta fyrirtækin gerð upp í ríkisreikningi hverju sinni en síðan er ekki fjallað um þau neitt að ráði í fjárlaganefnd heldur fjallar nefndin hverju sinni þegar kemur að fjárlögum eða fjáraukalögum um A, B, C og D-hluta.

Þegar fjárlaganefnd fer yfir hvort tveggja fjárlög og fjáraukalög eða framkvæmd fjárlaga þá hefur fjárlaganefnd og þar með talið Alþingi því að það er Alþingi sem tekur síðan við því sem fjárlaganefndin hefur fjallað um, ekki tækifæri til að skoða eða fylgjast með því starfi sem fer fram í tengslum við fjárreiður E-hluta fyrirtækjanna.

Til að setja málið í samhengi fyrir þá sem eru að hlusta eða skoða þessa ræðu síðar er rétt að geta þess að E-hluta fyrirtækin eru tæplega 30 og þeim hefur fjölgað núna undanfarið í tengslum við þær breytingar sem orðið hafa á fjármálamarkaði. Þau eru til að mynda Íslandsbanki hf., Nýi Kaupþing banki hf., NBI hf.; áður Nýi Landsbankinn, Keflavíkurflugvöllur ohf. Það eru félögin Austurhöfn-TR ehf. en ríkissjóður á 54% í því félagi, Eignarhlutir ehf., Eignarhaldsfélagið Farice ehf. en ríkissjóður á 38,97% í því félagi. — Nú vonast ég til þess, virðulegi forseti, að ég fari hér með réttar og dagréttar upplýsingar. Ef ekki biðst ég velvirðingar á því ef þær hafa breyst eitthvað á umliðnum dögum. — Það er félögin Flugfjarskipti ehf. en það félag er alfarið í eigu Flugstoða ehf. en ríkissjóður á allt hlutafé í Flugstoðum, Flugkerfi hf. en það félag er alfarið í eigu Flugstoða ehf. en ríkissjóður á eins og áður sagði allt hlutafé Flugstoða, Flugstoðir ohf., Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. sem hefur síðan væntanlega verið lögð inn í Keflavíkurflugvöll ohf. um áramótin, Íslandspóstur hf., Landskerfi bókasafna hf. en ríkissjóður á 52,2% í því félagi, Landsvirkjun en ríkissjóður á 99,9% í því félagi, Matís ohf., Neyðarlínan hf. en ríkissjóður á 73,7% í félaginu, Orkubú Vestfjarða hf., Rannsókna- og háskólanet Íslands hf., Rarik ohf., Ríkisútvarpið ohf., Tæknigarður hf. en ríkissjóður á 56,3% í því félagi, Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf., Vísindagarðurinn ehf. en ríkissjóður á 87,2% í félaginu, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., Öryggisfjarskipti ehf. en ríkissjóður á 75,7% í því félagi.

Ég tel að ég hafi nú sett málið í nokkurt samhengi að því leytinu til að hér liggur þá fyrir hvaða um hvaða félög er að ræða.

Ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að umræddir fjárlaganefndarmenn taka ákvörðun um það að koma fram með þessa lagabreytingu er sú að í tengslum við yfirferð á ríkisreikningi og fjárlögum hvers árs, í samráði við Ríkisendurskoðun og ráðuneyti og jafnvel einstaka aðila í stjórnsýsl-

unni þykir rétt að Alþingi hafi aðgang að þeim gögnum sem Ríkisendurskoðun getur aflað um E-hluta fyrirtækin.

Við 10. gr. laganna — og ég er hér að tala um lög um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997 — mundi bætast ný málsgrein svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun er heimilt að veita fjárlaganefnd Alþingis aðgang að þeim gögnum sem hún aflar skv. 1. mgr. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef ríkisendurskoðandi kveður svo á um."

Þetta gefur Alþingi tækifæri til að fjalla um fjárreiður E-hluta fyrirtækja.

Í greinargerð með frumvarpinu frá hv. þingmönnum segir:

„Í frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um Ríkisendurskoðun sem heimilar stofnuninni að veita fjárlaganefnd aðgang að þeim gögnum sem hún aflar skv. 1. mgr. 10. gr. laganna.

Mikilvægur þáttur í störfum fjárlaganefndar er eftirlit með framkvæmd fjárlaga og að því hefur verið unnið náið með Ríkisendurskoðun og fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Forsenda þess að fjárlaganefnd geti rækt eftirlitshlutverk sitt er að hún hafi greiðan aðgang að upplýsingum og því er tilefni til að bæta aðgang þingsins að upplýsingakerfum ríkisins."

Ég grip hér inn í lestur minn á greinargerðinni að því leyti að það er nauðsynlegt, virðulegi forseti, að koma því til leiðar að fjárlaganefnd og fjárlaganefndarskrifstofan hafi mun greiðari aðgang að upplýsingakerfum ríkisins en nú er. Það er stundum þannig að tölulegar upplýsingar berast allt of hægt. Þetta á sérstaklega við þegar fjárlaganefndin er að fara yfir og endurrýna það sem gengið hefur á mánuðina á undan fjárlagavinnunni, sem tekur yfir mjög skamman tíma og er þá mikið álag á fjárlaganefndarmönnum og þinginu og nefndasviði.

Síðan segir áfram, virðulegi forseti:

„Í fjárreiðulögum eru ríkisstofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins flokkaðar í hluta A, B, C, D og E og hefur aðgangur fjárlaganefndar að upplýsingum um þessa aðila ráðist af því hvaða flokki þau tilheyra. Í lögunum er m.a. gert ráð fyrir að hefðbundnar ríkisstofnanir tilheyri A-hluta en sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira heyri til E-hluta.

Fram til þessa og á grundvelli 3. mgr. 25. gr. þingskapalaga hefur fjárlaganefnd átt þess kost að afla milliliðalaust upplýsinga frá forstöðumönnum ríkisstofnana en öðru máli gegnir um E-hluta fyrirtækin. Tregðu hefur gætt hjá stjórnendum þessara fyrirtækja eða, eftir atvikum, hlutaðeigandi ráðuneytum sem fara með eignarhlut ríkisins til að afhenda upplýsingar um starfsemina. Er því þá jafnan borið við að um sé að ræða viðkvæmar upplýsingar sem með hliðsjón af hagsmunum fyrirtækisins" — ég ítreka að hér er um að ræða fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins — „hluthafa eða viðsemjenda þess sé ekki hægt að afhenda enda beri ekki skylda til með hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga, stjórnsýslulaga og fleiri laga.

Ekki verður því á móti mælt að gæta þurfi varúðar við meðferð ýmissa upplýsinga sem varða umrædd fyrirtæki eða aðila þeim tengda. Þá hagsmuni verður samt sem áður að vega á móti öðrum hagsmunum sem felast í því að fjárlaganefnd taki upplýstar ákvarðanir við rækslu eftirlitsstarfa sinna. Er farin sú leið í frumvarpinu að heimila Ríkisendurskoðun, sem starfar á vegum Alþingis, að veita fjárlaganefnd upplýsingar sem aflað er á grundvelli 10. gr. laga nr. 86/1997. Falla þar m.a. undir öll gögn sem máli skipta í tengslum við endurskoðun hlutafélags, sameignarfélags, viðskiptabanka eða sjóða sem ríkissjóður á helmingshlut í eða meira.

Tilgangur frumvarpsins er ekki að þrengja heimildir fjárlaganefndar til upplýsingaöflunar samkvæmt núgildandi lögum heldur að rýmka með það að leiðarljósi að nefndin eigi þess kost að afla upplýsinga um fyrirtæki sem falla undir E-hluta. Ríkisendurskoðun verði falið vald til að ákveða hvort veita eigi umbeðnar upplýsingar og í því tilviki sem fallist er á beiðni geti ríkisendurskoðandi mælst til þess að nefndarmenn verði bundnir þagnarskyldu um það sem leynt á að fara. Á þessi regla sér hliðstæðu í 24. gr. þingskapalaga.

Telja verður að mikilvægi þessa frumvarps verði ekki síst að skoða í ljósi núverandi efnahagsástands sem gert hefur að verkum að mörg fyrirtæki á markaði eru komin í ríkiseigu."

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en vil ítreka að að þessu máli koma allir fjárlaganefndarmenn auk tveggja hv. þingmanna sem sátu í fjárlaganefnd á síðastliðnu einu og hálfu ári en breytingar urðu á fjárlaganefnd nú í byrjun febrúar. Það eru hv. þingmenn Björk Guðjónsdóttir og Guðbjartur Hannesson. En utan þess stendur öll fjárlaganefnd á bak við þetta frumvarp.

Ég fór hér í upphafi yfir E-hluta fyrirtækin og vil hvetja áhugafólk eða þá sem vilja kynna sér þetta mál betur, hvort heldur það eru hv. þingmenn eða aðrir, virðulegi forseti, að afla sér upplýsinga í ríkisreikningi eða öðrum gögnum. En í ríkisreikningi 2007 sem verður afgreiddur með lokafjárlögum ársins 2007, vonandi á næstu vikum hér á þinginu, er fjallað um rekstrarreikning þessara félaga, efnahag og sjóðstreymi og þar er sundurliðað nákvæmlega hvernig hlutirnir voru á árinu 2007. Síðan þá hafa vissulega bæst við nokkur fyrirtæki, þar með talið viðskiptabankarnir þrír, svo og félagið Keflavíkurflugvöllur ohf. sem stofnað var á síðasta ári.

Virðulegi forseti. Ég mælist til þess að eftir þessa umræðu verði málinu vísað til umfjöllunar í fjárlaganefnd og vonast til þess að það fari þar í umsagnarferli eins og venja er og leitað verði m.a. til Ríkisendurskoðunar og ráðuneyta hvað varðar þetta frumvarp fjárlaganefndar og tveggja hv. þingmanna.

[14:33]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Gunnari Svavarssyni, formanni fjárlaganefndar, sem sagði í upphafi ræðu sinnar að um stórt og merkilegt mál væri að ræða. Mér fannst á mörgum hv. þingmönnum í salnum að þeir litu svo á að þetta hefði verið sagt í einhverjum hálfkæringi, en það er svo sannarlega ekki. Hér er um gríðarlega mikilvægt mál að ræða sem öll nefndin stendur að og flytur sameiginlega. Það snýst um að Alþingi Íslendinga geti rækt eft-

irlitshlutverk sitt sem skyldi. Það er ekki síður mikilvægt á þeim tímum sem við lifum í dag að gagnsæi sé mun meira áberandi en verið hefur. Ég verð að segja alveg eins og er að það var býsna sérstök upplifun að taka sæti í fjárlaganefnd Alþingis fyrir tæpum tveimur árum og rekast á þær hindranir sem í raun og veru mættu fjárlaganefndarfulltrúum varðandi upplýsingagjöf um fjármál fyrirtækja. Það var sérkennilegt að upplifa að koma gjörsamlega að lokuðum dyrum þar sem litlar sem engar upplýsingar fengust um þessi E-hluta fyrirtæki.

Þess vegna tel ég þetta mjög mikilvægt mál. Í upptalningu formanns nefndarinnar áðan kom fram að það eru fjölmörg fyrirtæki, þau skipta tugum, sem eru flokkuð í E-hlutanum. Það er vandkvæðum bundið að sjá rökin á bak við það að Landskerfi bókasafna sé t.d. E-hluta fyrirtæki í ríkisreikningi, Matís, Neyðarlínan, Landsvirkjun, Flugstoðir, Austurhöfn, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Íslandspóstur og svona mætti lengi telja. Nýjustu dæmin eru auðvitað, eins og hv. þm. Gunnar Svavarsson gerði grein fyrir, viðskiptabankarnir og síðan Þróunarfélag Keflavíkur. Þróunin á síðustu árum hefur verið sú að heldur hefur fjölgað í hópi þessara fyrirtækja. Ég tel að starfsemi margra fyrirtækjanna sem þarna eru, að sjálfsögðu ekki allra, sé með þeim hætti að mjög mikilvægt er fyrir fjárlaganefndarfulltrúa Alþingis að hafa greiðar upplýsingar um það sem þar er í gangi, svo ég nefni bara Landsvirkjun og Ríkisútvarpið sem tvö dæmi sem ég tel mjög mikilvægt að fjárlaganefndarfulltrúar geti fengið upplýsingar um.

Ég get líka að sjálfsögðu fallist á það að vissulega getur á stundum verið um viðkvæmar upplýsingar að ræða. Það verður þá að meðhöndla þær upplýsingar sem slíkar og það er einmitt gert ráð fyrir því að Ríkisendurskoðun veiti fjárlaganefnd slíkar upplýsingar og geti þá eftir atvikum krafist þess að með þær upplýsingar verði farið sem trúnaðarmál. Það er grundvallarmunur á því eða eins og staðan er í dag að þetta sé algerlega lokað.

Í sjálfu sér þarf ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta, ég fagna því að þetta er komið fram, ekki síst eins og ég sagði í upphafi á þessum sérkennilegu tímum sem við upplifum núna þar sem traust er í algjöru lágmarki á öllum stofnunum samfélagsins, á fyrirtækjum í ríkiseigu, og þess vegna skiptir máli að gagnsæið sé þannig að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar geti fengið þær upplýsingar sem þeir þurfa hverju sinni.

[14:37]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun. Hv. þm. Gunnar Svavarsson, 1. flutningsmaður og formaður fjárlaganefndar, hefur gert mjög góða grein fyrir frumvarpinu, farið yfir greinargerð og ýmislegt fleira. Ég vil segja að ég tel að um grundvallarmál sé að ræða og tek undir með síðasta hv. ræðumanni, það var ekki í hálfkæringi sagt, held ég, hjá 1. flutningsmanni þegar hann talaði um að þetta væri merkilegt mál því það varðar eitt af grundvallarhlutverkum fjárlaganefndar og þingsins, þ.e. að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga og þeim fyrirtækjum sem ríkið á. Þetta er mikið grundvallarmál.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um málið að öðru leyti en því að taka undir það sem fram hefur komið. Ég legg fyrir mitt leyti mikla áherslu á að frumvarpið verði samþykkt sem fyrst. Það varðar það sem við höfum svo margoft rætt í umræðum, t.d. um fjárlög, þ.e. aðgang fjárlaganefndar að upplýsingum. Ég get talað af nokkurri reynslu um það og ég lýsi þeirri skoðun minni að fjárlaganefnd hefur allt of takmarkaðan aðgang að upplýsingum um framkvæmd fjárlaga hverju sinni, um rekstur stofnana o.s.frv. Upplýsingar berast fjárlaganefnd, ég held ég megi fullyrða alltaf of seint í raun og veru til að það eftirlit sem nefndinni ber að rækja geti virkað eins og skyldi. Ég held í rauninni að mikil orsök þessa sé upplýsingakerfið sem slíkt. Fjárlaganefnd ætti auðvitað að hafa beinan aðgang inn í upplýsingakerfi fjármálaráðuneytisins og geta sótt þangað þær upplýsingar sem nefndin þarf á að halda og henni ber að fá til að rækja hlutverk sitt. Þar held ég að þurfi að gera átak til úrbóta. Ég er ekki eingöngu að tala um þau E-hluta fyrirtæki sem hér eru fyrst og fremst til umræðu, heldur kerfið í heild sinni. Við höfum margoft upplifað það í fjárlaganefnd, að ræða um ríkisfjármálin og okkur skortir hreinlega upplýsingar til að slík umfjöllun geti verið, ég leyfi mér að segja af fullu viti.

Þetta er stórt mál, virðulegur forseti, sem hér er til umfjöllunar. Í tillögugreininni er lagt til að nefndarmenn séu bundnir þagnarskyldu þegar það á við, ég tel það mjög eðlilegt. Þegar við ræðum um þau fjölmörgu fyrirtæki sem hv. þm. Gunnar Svavarsson fór yfir, nánast heilan frumskóg af alls konar fyrirtækjum í eigu ríkisins, liggja ýmsar upplýsingar hjá einstaka fyrirtækjum sem þarf auðvitað að vera þagnarskylda um. Það er bara eðlilegt. Þetta ákvæði er því mikilvægt.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, ég vísa bara í framsögu hv. þm. Gunnars Svavarssonar. Að málinu standa allir þeir sem eru í fjárlaganefnd núna og þar að auki tveir sem voru í henni fyrir áramótin. Þeir hv. þingmenn hafa gert sér fulla grein fyrir málinu og þörf þess að lagabreytingin verði að veruleika. Ég held að aðrir hv. þingmenn geti fullvel treyst þeirri dómgreind sem þessir hv. þingmenn hafa eftir þá reynslu sem þeir hafa farið í gegnum í störfum sínum í fjárlaganefnd.

Ég ítreka, virðulegur forseti, að ég legg áherslu á að frumvarpið fái skjóta afgreiðslu á þessu þingi því að hér er um stórmál að ræða.

[14:42]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég er ekki viss um að þetta frumvarp sé svo mjög mikilvægt eins og hv. 1. flutningsmaður þess sagði. Við höfum samþykkt stærri lög, t.d. neyðarlögin o.s.frv. Þetta er engu að síður mjög mikilvægt mál, alveg sérstaklega núna eftir fallið. Ég held að hv. flutningsmaður hafi kannski ekki gert sér almennilega grein fyrir hvað þetta var mikilvægt. Ég veit ekki betur en að nýju ríkisbankarnir þrír séu ohf., séu alfarið í eigu ríkisins, og þeir eiga svo hins vegar heilan her af fyrirtækjum. Ég nefni að nýbúið er að selja Árvakur. Árvakur var þá ríkisfyrirtæki á þeim tíma sem leið frá hruninu og fram að sölu og hefði þá átt að falla undir þau lög um að Ríkisendurskoðun ætti að endurskoða það.

Það sem vantar inn í lögin sem ég legg til að hv. nefnd skoði er að sett verði breytingartillaga um að skoða — þetta er í 2. mgr. 6. gr., með leyfi frú forseta:

„Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira." Þarna er reyndar talað um „stofnana", það þyrfti að skoða það. Ég vil segja: beint eða óbeint. „Eigi ríkissjóður helmingshlut eða meira í hlutafélagi, sameignarfélagi, viðskiptabanka eða sjóði ..." — beint eða óbeint. Þarna þarf að koma inn ákvæði um beint eða óbeint þannig að ekki sé nóg að endurskoða eitthvert eignarhaldsfélag sem svo eigi fullt af fyrirtækjum undir. Ríkið gæti stofnað eignarhaldsfélag um bankana þrjá og þá kæmist Ríkisendurskoðun ekki í að endurskoða bankana, hvað þá dótturfyrirtæki þeirra sem þeir eiga að fullu núna eftir hrunið, Eimskip o.fl.

Ég spurðist sem formaður efnahags- og skattanefndar fyrir stjórnarbreytinguna fyrir um það hvað ríkið væri búið að eignast mörg fyrirtæki og hvað þau hétu. Ég fékk ekki almennilegt svar við því og hef ekki fengið enn. Það er alveg greinilegt að ríkið er búið að eignast mjög stóran hluta af atvinnulífinu, beint eða óbeint, og ég lít þannig á að hv. fjárlaganefnd sé í rauninni gæslumaður þessara eigna, þ.e. eins konar fulltrúi eigandans, ríkissjóðs. Það er mjög mikilvægt að upplýsingar um allan þennan rekstur berist til eigandans og þess sem hefur eftirlit með því.

Ég legg til að frumvarpið verði afgreitt sem allra fyrst úr þeirri nefnd sem fær það til vinnslu og Alþingi afgreiði þessi lög nú þegar. Það er nefnilega orðið mjög brýnt að komið verði á endurskoðun á öllu þessu batteríi sem ríkið er búið að eignast en ég hugsa að auka þurfi mannskap, bæði hjá Ríkisendurskoðun og líka hjá fjárlaganefnd til að ráða við allt það magn af upplýsingum sem berast.

Fyrst ég er kominn í ræðupúlt, frú forseti, má ég til með að tala um lög um opinber hlutafélög. Mér sýnist sem menn séu ekki að framfylgja þeim. Umræðan síðustu dagana eða síðasta dag um jafnrétti í stjórn Seðlabankans segir mér, þar sem á að fara að kæra það o.s.frv., að menn átta sig ekkert á því að í gildi eru lög um opinber hlutafélög og þau eru svo afdráttarlaus. Þar stendur, með leyfi frú forseta:

„Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum félag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, á að öllu leyti, beint eða óbeint. Slíkum félögum einum er rétt og skylt að hafa orðin opinbert hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ohf. og má tengja orðin eða skammstöfunina heiti eða skammstöfun á hlutafélagi."

Þetta segir mér að ríkisbankarnir eru ohf. Það er bara svo einfalt. Öll fyrirtækin sem þeir eiga, beint, eru ohf., þ.e. ef þeir eiga Eimskip, Árvakur eða hvað þessi fyrirtæki öll heita er þetta ohf. Þá gerist svolítið merkilegt því að í lögunum stendur, þó að ég sé ekki alveg sáttur við svona hausatalningar:

„Við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skal tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar."

Það er dálítið undarlegt að við erum búin að byggja upp heilan jafnréttisiðnað en hann hefur ekki kveikt á þessu. Það er ég sem kveiki á þessu. Ég skora á t.d. Jafnréttisráð að skoða þetta ákvæði í lögunum í báðar áttir, bæði þar sem sitja eingöngu konur, sem er því miður allt of sjaldan, og líka þar sem sitja eingöngu karlmenn, sem er allt of algengt.

Síðan er líka ákvæði um að fulltrúum fjölmiðla sé „heimilt að sækja aðalfund opinbers hlutafélags. Kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir". Þessu hefur ekkert verið framfylgt. Menn setja hér lög út og suður um þetta og hitt, svo er þeim ekkert framfylgt. Það er enginn sem framfylgir þeim. Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra um daginn: Getur verið að allar ákvarðanir bankaráða og bankastjórna séu ógildar, vegna þess að menn hafa ekki farið að lögum við skipun þeirra, hvorki varðandi kynjajafnrétti né það hverjir megi sækja aðalfundinn, að aðalfundirnir séu ólöglegir og þar með sé stjórnin ólögleg og þar með allar ákvarðanir hennar? Mér finnst að menn þurfi að vera agaðri í framkvæmd laga og ég skora á ráðherra að fylgjast með þessu. Hæstv. fjármálaráðherra sagði reyndar í svari til mín að þetta væri til skammtíma ætlað en það stendur ekkert í lögunum um opinber hlutafélög að fyrirtækin sem eru í skammtímaeigu ríkisins séu undanskilin.

Ég held að þetta sé mjög klippt og skorið, lögin eru mjög afdráttarlaus. Þetta eru opinber hlutafélög og menn þurfa að skoða nákvæmlega hvað lögin segja og fara eftir þeim.

[14:49]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Pétri Blöndal um að það er vel þess virði að athuga skipulag og lagagrundvöll þessara nýju ríkisbanka. Ég lýsti því hér í umræðum í gær að ég væri ekki sátt við hversu lengi menn hafa beðið með að líta á lagaumhverfið og innra skipulag bankanna og vísa þá til þess að menn séu að bíða eftir því að þeir fái nýja efnahagsreikninga og það sé hægt að ganga frá uppgjörinu. Ég hef talið að lögin eins og þeim var breytt um opinberu hlutafélögin gangi ekki nógu langt í gagnsæisátt. Þau taka ekki jafnmikið mið af aðgangi almennings til upplýsinga eins og til að mynda dönsku lögin gera. Ég tel að við þurfum að skoða þessi lög um opinber hlutafélög betur og við þurfum að taka á því hvaða lagaramma eigi að setja þessum nýju bönkum. Við getum ekki beðið endalaust eftir því. Það eru komnir fimm mánuðir eins og ég benti á í gær. Fyrst átti að bíða í 30 daga, svo 60, svo 90 og nú eru liðnir fimm mánuðir. Alltaf er því frestað að taka ákvarðanir hvað varðar innra skipulag og ytra lagaumhverfi þessara mikilvægu stofnana.

[14:50]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var eiginlega meðsvar þannig að ég veit ekki hvort ég geti svarað því. En í staðinn fyrir að auka enn frekar á kvaðirnar um opinber hlutafélög þá finnst mér meira um vert að lögunum sé framfylgt, að farið sé eftir þeim heldur en auka það enn frekar.

[14:51]

Flm. (Gunnar Svavarsson) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og ætla

ekki að víkja að lögum um opinber hlutafélög. Hins vegar vil ég ítreka það sjónarmið fjárlaganefndarmanna að það sé mikilvægt að fjárlaganefndin fái þessar upplýsingar. Það geti þá hvílt leynd yfir ákveðnum hluta þeirra ef Ríkisendurskoðun kveður svo á um til þess meðal annars að Alþingi geti notað upplýsingarnar. Auðvitað er það sjónarmið eins og hv. þm. Pétur Blöndal kemur með að þegar umfang til að mynda ríkisbankanna verður orðið það mikið að fjölmörg félög verða þar í umsýslu, eins konar dótturfélög, þá þurfi Alþingi að bera þá ábyrgð að fylgjast með upplýsingum er varðar þau líkt og gerist með önnur félög í meirihlutaeigu ríkisins.

Ég fór yfir það áðan að fjárlaganefndin heldur úti skrá yfir E-hluta fyrirtæki, stjórnir þeirra og framkvæmdastjóra. Vissulega er það þannig að sú skrá getur ekki endilega verið dagrétt samanber umræður um skrár yfirleitt og dagréttingu þeirra en ég nefndi það áðan að nýlega hefðu bæst í þennan hóp fyrirtækin Íslandsbanki hf., Nýi Kaupþing banki hf., NBI hf. sem er hinn nýi Landsbanki, Keflavíkurflugvöllur ohf. og síðan til að mynda félag sem hefur verið til umræðu núna í fjárlaganefndinni, þ.e. Austurhöfn-TR ehf. en ríkissjóður á 54% í þessu félagi.

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn geta nálgast þennan lista úti á nefndasviði hjá fjárlaganefndinni ef áhugi er á því en síðan eru öll þessi félög gerð upp í E-hluta ríkisreiknings og í ríkisreikningi ársins 2008 munu væntanlega þessir þrír nýju ríkisbankar auk annarra félaga sem eru á þriðja tug verða gerð upp í E-hluta ríkisreiknings.

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og þau sjónarmið sem hafa komið fram hjá hv. þingmönnum. Ég mæltist til þess áðan að þessu frumvarpi yrði vísað til fjárlaganefndar sem mundi kalla til stjórnsýslustofnanir og meðal annars Ríkisendurskoðun til að fara yfir málið og fjárlaganefndin er á næstu dögum að fara yfir lokafjárlögin fyrir árið 2007. Það er búið að fara yfir ríkisreikning vegna 2007. Þess vegna væri tilhlýðilegt að afgreiða þetta fljótt og vel því ég er þess fullviss að málið sé í raun jafnstórt og ég vék að í upphafi þó svo það sé kannski ekki eitt af stærstu málum sem hafa verið afgreidd á þinginu. En þetta mál veitir þinginu tækifæri til að fjalla mun frekar um ýmis mál sem tengjast E-hluta stofnunum og hluta af ríkisrekstrinum og ég tel að það sé ekki vanþörf á. Síðan um leið vil ég árétta að það er afar mikilvægt fyrir Alþingi að fá aðgang að upplýsingakerfum ríkisins og að starfsmenn fjárlaganefndar fyrir hönd fjárlaganefndar og þingsins hafi beinan aðgang að kerfunum þannig að hægt sé að fá dagréttar upplýsingar. En upplýsingastreymið eins og það er í dag, þótt allir séu boðnir og búnir til að mynda í ráðuneytunum að taka saman upplýsingarnar, þá er það stundum þannig að þær koma því miður of seint. Við þurfum að vera á tánum í okkar störfum og þar af leiðandi skiptir máli að upplýsingarnar séu sem réttastar og réttastar upplýsingar koma fram ef þær eru dagréttar hverju sinni og með beinum aðgangi að upplýsingakerfunum gætum við náð því fram.

Ég hef sem formaður fjárlaganefndar óskað eftir því ítrekað við fjármálaráðuneytið fyrir hönd fjárlaganefndar og í raun Alþingis. Ég bar þetta mál undir forseta þingsins og forstöðumann nefndasviðsins og allir eru sammála um að þessu þurfi að koma í lag. En þetta er kannski eitt af því sem síðan þarf að taka skrefið fram á við og framkvæma og það er von mín að fyrir lok þessa þings verði þetta komið í lag. Ef ekki þá verði það hlutverk nýs formanns fjárlaganefndar að fylgja þessu eftir fyrir hönd þingsins.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fjárln.

Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda á Reykjanesi, fyrri umr.

Þáltill. BjörkG o.fl., 316. mál. — Þskj. 546.

[14:57]

Flm. (Björk Guðjónsdóttir) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um vöktun samfélagslegra áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Reykjanesi. Flutningsmenn þessarar tillögu auk mín eru hv. þingmenn Kjartan Ólafsson, Árni M. Mathiesen, Árni Johnsen, Grétar Mar Jónsson, Helga Sigrún Harðardóttir og Eygló Harðardóttir.

Tillaga þessi er sambærileg tillögu sem hefur áður verið flutt eða var flutt á 128. löggjafarþingi um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers og virkjunarframkvæmda á Austurlandi þar sem 1. flutningsmaður var fyrrverandi hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir ásamt þeim Hjálmari Árnasyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Guðjóni A. Kristjánssyni og Einari Má Sigurðarsyni.

Tillaga þessi lýtur að því að Alþingi samþykki að fela Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, í samvinnu við Háskóla Íslands að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Reykjanesi mun gæta mest.

Verkefninu verði ætlað fé á fjárlögum í sex ár frá og með árinu 2010. Keilir skili formlegum skýrslum til ráðherra byggðamála í lok árs 2011 og 2013 og síðan í lok verkefnisins. Þá verði Keilir stjórnvöldum til ráðuneytis á tímabilinu verði þess óskað. Einnig verði ráðherra byggðamála falið að vinna að því að Norðurál, sem hyggst reisa álver í Helguvík, og HS Orka, sem mun þurfa að ráðast í umfangsmiklar virkjunarframkvæmdir vegna álversins, komi að þessu verkefni bæði með fjárhagslegum stuðningi við verkefnið og samvinnu varðandi upplýsingar og gagnaöflun eins og þurfa þykir.

Bygging álvers og virkjunarframkvæmdir á Reykjanesi, svo og starfsemi álversins, munu hafa mikil áhrif á samfélags-, byggða- og atvinnuþróun á Reykjanesi. Hversu mikil eða víðtæk þau áhrif verða er ekki vitað. Verkefnið mun hafa einhver áhrif um allt land, nokkur þjóðhagsleg áhrif, annars konar og meiri áhrif á helstu áhrifasvæðum en mest verða þau væntanlega á suðvesturhluta landsins. Þessum framkvæmdum er ætlað að styrkja stoðir atvinnulífs á Reykjanesi og jafnvel víðar. En hver áhrifin verða og hversu víðtæk er ekki vitað með vissu.

Við undirbúning og byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði voru unnar viðamiklar skýrslur um samfélagsleg og efnahagsleg áhrif framkvæmdanna á Austurlandi. Þær skýrslur sem liggja fyrir eftir að álver á Reyð-

arfirði hefur verið rannsakað og samfélagslegu áhrifin eru nú aðgengilegar alþingismönnum. Ekki hafa verið unnar skýrslur um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á Reykjanesi á samfélagið þar og á nærliggjandi svæðum. Nauðsynlegt er að mati flytjenda þingsályktunartillögu þessarar að vakta áhrif verkefnisins, meðal annars á eftirfarandi þætti: Efnahag og möguleika fólks til að afla sér tekna, vinnumarkað, mannfjölda og búsetuþróun, starfsemi sveitarfélaga og þjónustu þeirra, húsnæðismál, almenna þjónustu, opinbera þjónustu, nýtingu lands og auðlinda, ferðaþjónustu, félagsgerð og lífsstíl fólks svo eitthvað sé nefnt.

Ljóst er að bygging álvers í Helguvík mun hafa veruleg áhrif á samfélagið á Reykjanesi og á byggða- og atvinnuþróun langt út fyrir svæðið. Nauðsynlegt er að stjórnvöld fylgist með, rannsaki áhrifin og nýti rannsóknina meðal annars til skynsamlegra inngripa með mótvægisaðgerðum ef það er talið nauðsynlegt. Fylgjast þarf með afdrifum mannfólksins, rétt eins og náttúrunnar, við framkvæmdir sem þessar.

Samfélagið á Reykjanesi er að mörgu leyti frábrugðið öðrum samfélögum á landinu. Reyknesingar bjuggu við það í áratugi að í nágrenni þeirra var bandarískt samfélag varnarliðsmanna og fjölskyldna þeirra. Vissulega hafði þessi sambúð til svo margra ára áhrif á allt samfélagið. Samskipti Reyknesinga við bandarískar fjölskyldur voru alla tíð þónokkur og margir stofnuðu til vináttu við bandarískar fjölskyldur sem jafnvel heldur enn þrátt fyrir að varnarliðið sé nú horfið á brott. Varnarliðið var mjög stór vinnustaður og auðvelt var fyrir Reyknesinga að komast í góð og vel launuð störf án mikillar menntunar. Dæmi eru um fólk sem starfaði hjá varnarliðinu allan sinn starfsaldur. Þegar varnarliðið fór hurfu með því um 900 störf og atvinnuleysi á Suðurnesjum varð það langmesta á landinu við brotthvarf þess. Kjölfestuatvinnurekandi hvarf þar með af svæðinu. Ekki hefur tekist að skapa jafnmörg störf að nýju á Suðurnesjum. En með byggingu álvers mun störfum aftur fjölga á Reykjanesi. Samhliða rannsókn á áhrifum byggingar álvers og virkjunarframkvæmda á hagi fólks á Reykjanesi er eðlilegt að skoða einnig þau áhrif sem brotthvarf varnarliðsins hafði á búsetu- og atvinnumál á Suðurnesjum.

Afar mikilvægt er að safna upplýsingum jafnóðum og framkvæmdir eru í gangi. Í mörgum tilfellum er ógerlegt eða til muna erfiðara að nálgast upplýsingar eftir á. Því er mikilvægt að stjórnvöld feli Keili í samstarfi við Háskóla Íslands hið fyrsta að hefja slíka rannsókn

Ég tel mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að gera þessa könnun eftir að framkvæmdir fara í gang þannig að við fáum raunverulegt mat á því hvernig atvinnumál á þessu svæði, á suðvesturhorninu verða þegar framkvæmdir eru komnar í gang, hvernig atvinnulífið á þessu svæði breytist, hvernig fólk muni haga sínum búsetumálum — munu verða miklir búsetuflutningar af landsbyggðinni á Suðurnes eða mun fólk nýta sér það að búa áfram í sinni heimabyggð en starfa á Suðurnesjum? — auk þessa félagslegu þátta sem ég tilgreindi áðan að þyrfti að skoða.

Eftir þessa umræðu óska ég eftir að iðnaðarnefnd fái málið til umfjöllunar. Nú er í iðnaðarnefnd til umfjöllunar frumvarp um fjárfestingarsamninginn við Norðurál og ég tel að mjög brýnt sé að þetta mál og það mál fái umfjöllun samtímis og ætla ekki að hafa frekari orð um þessa tillögu að þessu sinni.

[15:06]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu og styð þar af leiðandi þetta mál. Ég tel það mjög af því góða að fela Keili að rannsaka og fylgjast með þeirri þróun sem verður á svæðinu. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það en fróðlegt verður að sjá hvaða áhrif álver hefur á svæði eins og Suðurnesin. Þetta er reyndar þekkt varðandi Kárahnjúkavirkjun, fylgst var með — af Háskólanum á Akureyri ef ég man rétt — þróun mála á Austfjörðum og á Héraði. Fylgst var með því hvernig hlutirnir hafa gengið fyrir sig og hver þróunin hefur orðið. Ég held að það sé mjög gott að við á Suðurnesjum fylgjumst vel með þessu og sjáum hvernig mál munu þróast í framtíðinni.

Ég held reyndar að jafnvel megi læra eitthvað af þessu fyrir aðra staði sem munu byggja upp eða fara í stórframkvæmdir eins og álversuppbyggingu eða sambærilegar stóriðjuframkvæmdir. Og ekki þarf endilega að vera um álver að ræða. Stórir vinnustaðir sem taka til sín margt fólk í vinnu geta lært af þessu, það hefur væntanlega í för með sér fjölgun á fólki inn á svæðið — hvaða áhrif hefur það á skóla og skólagöngu og ýmislegt þess háttar. Ég sé ekki ástæðu til að vera að orðlengja þetta. Ég styð þingsályktunartillöguna og vona að hún verði samþykkt hér í þinginu.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og iðnn.

Vextir og verðtrygging, 1. umr.

Frv. GAK og GMJ, 401. mál (frysting hlutfalls verðtryggingar). — Þskj. 682.

[15:09]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um vexti og verðtryggingu. Þetta mál er sérstaklega lagt hér fram í þeim búningi sem það er í með tilliti til þess ástands sem er í þjóðfélaginu. Það er flutt af okkur þingmönnum Frjálslynda flokksins, þeim sem hér stendur og hv. þm. Grétari Mar Jónssyni. Við lögðum þetta mál fram á mánudaginn í síðustu viku, hygg ég að það hafi verið. Málið snýst um að taka á þeim mikla vanda sem við er að fást að því er varðar stöðu fólks, almennra íbúðareigenda í landinu, taka sérstaklega fyrir þá stöðu sem fólk lendir í vegna lána sinna og lántöku til öflunar eigin húsnæðis.

Fyrir einu ári eða svo var mjög auðveldur aðgangur að lánsfé og kannski alveg fram á mitt síðasta ár. Þá var einnig mikil uppsveifla á byggingarmarkaði og íbúðaverð steig hratt. Þó að margir vöruðu við því að það gæti ekki verið til endalausrar framtíðar að byggingakranar væru á Stór-Reykjavíkursvæðinu, eins og skógur í öllum úthverfum, á fullri ferð við að byggja íbúðir, brugðust menn ekki mikið við slíkum viðvörunum. Lítið mark var tekið á þeim sem vöruðu við því að byggingarmarkaðurinn væri keyrður

áfram á miklum fjölda erlendra starfsmanna sem m.a. væru notaðir við að fjölga íbúðarhúsnæði mjög og vinna fyrir verktakafyrirtæki í byggingariðnaði.

Allt þetta samanlagt varð til þess að mikið framboð varð á húsnæði sem enn er óselt, einhverjar þúsundir íbúða sem enn eru óseldar. Það voru líka mikil viðskipti á húsnæðismarkaðnum og auðvelt að fá lán. Svo kom bankakreppan og dæmið hrundi, small á íslensku þjóðinni með þeim afleiðingum sem við vitum nú um.

Það er ekki nýtt, hæstv. forseti, að við í Frjálslynda flokknum flytjum hér í hv. Alþingi tillögur um að afnema verðtryggingu á lánum. Við höfum flutt nokkrum sinnum mál sem snúa að þeim þætti. Meðal annars var flutt og mælt fyrir þingmáli, um afnám verðtryggingar lána, haustið 2006, 10. mál 133. þings. Fyrsti flutningsmaður var Sigurjón Þórðarson, þáverandi þingmaður Frjálslynda flokksins, en meðflutningsmaður ásamt mér var Magnús Þór Hafsteinsson, sem þá var einnig þingmaður flokksins. Það var þingsályktunartillaga um að fela þáverandi viðskiptaráðherra að hefja undirbúning að því að verðtrygging húsnæðislána yrði afnumin.

Þessi upprifjun er til að minna á forgrunn þessa máls. Við í Frjálslynda flokknum höfum sem sagt flutt um það tillögur nokkrum sinnum að menn tækju til við að leggja niður það kerfi sem við erum nánast einir þjóða með, þ.e. að hafa lán verðtryggð. Við bendum á það í greinargerð með þessum tillögum okkar á árunum 2006, sennilega 2005 líka, hæstv. forseti, að eðlilegt sé að líta til þess við afnám verðtryggingarinnar hvernig staðið sé að lánakjörum í nágrannalöndum okkar, Noregi og Danmörku, þar sem fólk er vissulega að kaupa sínar íbúðir o.s.frv., að við reyndum að nálgast þann veruleika sem þar hefur viðgengist árum saman.

Tillögur okkar um þetta fóru í nefnd og voru svæfðar þar eins og gerst hefur með mörg góð mál sem stjórnarandstöðuflokkar hafa flutt hér í hv. Alþingi á undanförnum árum. Betur hefði verið, hæstv. forseti, ef menn hefðu tekið til verka haustið 2006 og farið að skoða það í framhaldi af tillögu okkar hvernig rétt væri að skoða það ferli sem héti verðtrygging lána hér á landi og hvað gæti gerst þegar saman færi mikið þensluskeið og síðan mikið samdráttarskeið eins og við upplifum nú — mikið þensluskeið þar sem menn töldu að allt í lagi væri að kaupa hverja íbúð sem var til sölu vegna þess að verðið mundi hvort sem er hækka og bankastarfsmenn ráðlögðu fólki að það væri ekki mikil áhætta í því að taka bara lán, eignin mundi standa undir því, verð væri hækkandi á byggingarmarkaði og fasteignamarkaðnum almennt.

Núna stöndum við því miður frammi fyrir allt öðrum veruleika, þeim veruleika sem við reynum nú að bregðast við með þessu frumvarpi. Við höfum áður reynt að koma inn með þingsályktunartillögur, ná fram vilja Alþingis til þess að vinna sig í gegn út frá verðtryggingunni og því ferli en það hefur ekki gengið eftir.

Nú höfum við ákveðið að flytja mál sem tekur beinlínis á því ástandi sem ríkir í dag, ástandinu sem venjulegt fólk stendur frammi fyrir, og er full ástæða til að gera það. Við spurðum hæstv. viðskiptaráðherra í gær um hvaða kjör væru og hvaða samningar ættu sér stað í bankakerfinu þegar verið væri að yfirtaka lán frá gömlu bönkunum yfir í nýju bankana. Þó að ekki væri upplýst um aðferðirnar viðurkenndi hæstv. ráðherra að þar færu fram verulegar afskriftir þegar lán væru færð frá gömlu bönkunum yfir í nýju bankana. Ég hef hins vegar ekki orðið var við það og hef ekki fengið upplýsingar um það frá neinum lántakanda íbúðaláns í nýju bönkunum, sem áður voru þeir gömlu þar sem lánin voru tekin upphaflega, að viðkomandi einstaklingar hafi fengið afskriftir eins og þær sem gerðar hafa verið á milli gömlu og nýju bankanna. Ég hef ekki fengið upplýsingar um það, hæstv. forseti, og mér er ekki kunnugt um að bankarnir bjóði fólki almennt greiðsluaðlögun með afskriftum.

Þátturinn sem við ræðum hér, hæstv. forseti, er sá sem snýr að verðtryggingunni, og tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta — þetta er breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/26. maí, 2001:

„Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. um að skuldbindingar séu verðtryggðar á grundvelli vísitölu neysluverðs skal engu að síður á tímabilinu frá 1. janúar 2009 til 1. janúar 2010 miða við 5% hámarkshlutfall. Verðtryggingarálag umfram 5% skal lagt inn á biðreikning."

Ef einstaklingur kýs hins vegar að nýta sér ekki þetta almenna tilboð sem stendur öllum til boða getur hann sagt sig frá því. Þá segir í lagatextanum í 1. gr.:

„Kjósi lántaki að nýta sér ekki þessa heimild getur hann sagt sig frá henni og greitt samkvæmt upphaflegum skilmálum lánanna."

Sem sagt, þetta er almenn regla sem gengur yfir öll verðtryggð íbúðalán þar sem fasteignir eru veðsettar á móti, hvort sem þær eru veittar af Íbúðalánasjóði, lífeyrissjóðunum, bönkunum eða sparisjóðunum. Við leggjum sagt til að sett verði þak á þær miklu álögur sem nú bætast á venjulegt fólk vegna verðbólgunnar og vísitölu verðtryggingar sem fylgir þar á eftir. Það verði beinlínis óheimilt að láta fólk greiða meira en 5% álag ofan á vexti. Vextir hafa svo sem verið breytilegir á undanförnum á árum á íbúðalánum, ef ég man rétt fóru þeir lægst í 4,15% hjá Húsnæðisstofnun og hafa sennilega verið ríflega 6% þegar þeir voru sem hæstir undanfarin ár en með verðtrygginguna til viðbótar. Stundum hefur verið sagt að lánveitendur, sjóðirnir, bankarnir og sparisjóðirnir væru bæði með belti og axlabönd gagnvart þeim sem lánin taka. Viðkomandi lánastofnanir væru alltaf 100% tryggðar gagnvart hækkun lána burt séð frá því hvort lántakinn, íbúðareigandinn, fólkið í landinu gæti staðið við skuldbindingar sínar eða ekki, hvort launakjör í landinu hefðu þróast niður á við, eins og þau hafa gert núna, hvort íbúðaverð hefur hrunið, eins og það virðist vera að gera núna. Alltaf skulu lánin þjóta upp og höfuðstóll þeirra hækka í samræmi við verðtrygginguna.

Þetta er gjörsamlega óþolandi ástand og það verður að bregðast við því. Við leggjum til að staða venjulegs fólks í þessu landi, venjulegra skuldara, sé bætt. Það má kannski orða það svo að við leggjum til að litli maðurinn hafi einhvern aðgang að skuldaívilnun eða færðar verði niður þær greiðsluskuldbindingar sem á hann hafa verið lagðar í núverandi húsnæðislánakerfi. Það hafa verið lagðar á hann

ýmsar aðrar kvaðir, launin hafa ekki fylgt þeim samningum sem búið var að gera, vöruverð hefur hækkað, kaupmátturinn hefur lækkað og fasteignin sem keypt var hefur lækkað í verði. Í mörgum tilfellum er svo komið að þau lán sem tekin voru og þeir fjármunir sem fólk lagði með sér þegar það keypti húsnæðið fyrir einu, tveimur eða þremur árum síðan, eigið fé sem það lagði inn og taldi sig eiga í byrjun, er horfið. Lánið er komið upp fyrir íbúðarverðið í dag og algjört misgengi er orðið á milli lánaskuldbindinganna og eigna fólksins.

Við, þingmenn Frjálslynda flokksins, segjum: Á þessu verður að taka og það er þess vegna sem við leggjum þetta mál fyrir þingið. Ég hygg að þetta mál komi alveg á réttum tíma inn í þingið og vegna hvers? Vegna þess að innan örfárra daga munu væntanlega koma fram verulega góðar upplýsingar frá Seðlabanka Íslands um tekjudreifingu hjá fólkinu, miðað við skuldastöðu þess o.s.frv., og frekari úrvinnsla á skuldum heimilanna en þegar hefur birst frá Seðlabanka Íslands. Ég tel því að fari málið í nefnd á morgun komi það algjörlega á réttum tíma þangað svo að hægt sé að meta hvaða kostnaður fylgi þeirri tillögu sem við leggjum til hér.

Við höfum ekki getað metið það sjálf vegna þess að við getum ekki áætlað nákvæmlega hvernig verðbólgan verður á þessu ári eða hver greiðslugeta fólks og skuldastaða er. Við leggjum til að allt umfram 5% fari á sérstakan biðreikning og bíði þar þar til ný ríkisstjórn hefur verið mynduð í landinu að loknum kosningum sem getur þá tekið heildstætt á málunum fyrir framtíðina. Við leggjum til að sú tillaga sem hér er lögð fram gildi sem bráðabirgðaákvæði allt þetta ár þannig að menn hafi nægan tíma, í sumar og fram á haustið, til að vinna úr þeim gögnum sem okkur berast. Þessi tillaga verður þá væntanlega til þess að koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot fjölskyldna sem nú stefnir í.

Í greinargerð með þessu frumvarpi segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er leitast við að koma til móts við lántakendur sem eru með verðtryggð lán með fasteignaveði og búa við að höfuðstóll lána þeirra hefur hækkað mikið vegna verðbólguskotsins sem nú ríður yfir og má rekja til bankahrunsins sl. haust. Nú er svo komið að greiðslubyrði margra heimila í landinu er orðin svo þung að erfitt getur reynst að ná endum saman. Það er því afar brýnt að gripið sé til aðgerða áður en sjóðir, bankar eða lánastofnanir eignast fjölda íbúða vegna gjaldþrota."

Hvað skyldi nú gerast, hæstv. forseti, ef menn gera ekki neitt og sjóðirnir eignast fjölda íbúða vegna gjaldþrota? Ég tel að verði ekki brugðist við nú af talsverðri festu og ákveðni og komið í veg fyrir það vegna greiðsluerfiðleika fjölda fólks sem keypti sér íbúðir eða hús meðan lánaframboðið var mikið, muni sjóðir og bankar yfirtaka eignir fólks í mörgum tilvikum. Staða margra hefur versnað hratt vegna minni atvinnu og lækkandi tekna jafnvel þó að þeir séu enn þá í fullri vinnu, hvað þá þeirra sem nú eru í hálfu starfi eða atvinnulausir. Vandinn er því mikill nú þegar og hann vex hratt.

Nú eru um 17.000 manns skráðir atvinnulausir hér á landi. Geri menn ekki róttækar almennar ráðstafanir eins og lagt er til af okkur þingmönnum Frjálslynda flokksins í þessu frumvarpi verða Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir, bankar og sparisjóðir fljótlega eigendur að miklum fjölda fasteigna sem venjulegt fjölskyldufólk ræður ekki lengur við að borga afborganir af og sér kannski ekki tilganginn í því að borga þar sem verðmæti eignarinnar er komið langt undir áhvílandi skuldir. Húsnæðisverðið lækkar en vísitala verðtryggingar hækkar öll verðtryggð lán mjög hratt í 17–18% verðbólgu.

Vandinn er mikill og fer vaxandi og það verður að bregðast við honum. Þetta er tillaga okkar í Frjálslynda flokknum til að bregðast við vandanum, að festa hámarkshlutfall niður með 5% verðbótareikningi og gefa nýrri ríkisstjórn nægjanlegan tíma til að vinna úr málunum, en ekki að gera bara eitthvað og henda því í framkvæmd einn, tveir og þrír, nema menn séu þá tilbúnir með hugmyndir og búnir að finna réttar útfærslur og réttar niðurstöður. Það verður auðvitað að leggja mat á þær upplýsingar sem munu berast frá Seðlabankanum væntanlega innan fárra daga eða vikna.

Hæstv. forseti. Til að hægt sé að leysa þann vanda sem við stöndum nú frammi fyrir verður að taka regluverkið til gagngerðrar endurskoðunar. Það þarf vafalaust að setja ný lög og reglur sem samstaða og sátt er um til frambúðar. Frjálslyndi flokkurinn telur brýnt að við þessa endurskoðun verði stefnt að því að afnema verðtrygginguna með öllu. Það er stefna okkar í Frjálslynda flokknum. Við höfum lagt það til í mörg ár að þannig verði unnið að málum. Við samþykktum tillögu um það á landsfundinum okkar í Stykkishólmi að unnið verði að því í algjörum forgangi næstu þrjú árin að afnema verðtrygginguna og koma lánafyrirkomulaginu varðandi íbúðalánin niður á sams konar fyrirgreiðslu og við þekkjum frá helstu nágrannalöndum okkar.

Við lögðum fram mál á sl. hausti sem var 16. mál þingsins. Þar var lagt til afnám verðtryggingar til að tryggja hagsmuni fólksins í landinu sem best. Við sögðum líka: Þangað til heildarendurskoðun hefur farið fram er mikilvægt að koma til móts við lántakendur verðtryggðra lána með aðgerðum. Hér eru þær lagðar til. Hér eru lagðar til aðgerðir um það hvernig taka eigi á vanda fjölskyldna og einstaklinga, vanda litla mannsins í þjóðfélaginu sem einn á að bera allar verðtryggingar og skuldir. Annars staðar afskrifa menn skuldir frá gömlu bönkunum yfir í nýju bankana, gagnvart fyrirtækjum sem lent hafa í vandræðum en ekki hefur verið mótuð slík leið að því er varðar fjölskyldurnar í landinu.

Það er mikilvægt að það verði gert. Þess vegna leggjum við hér til lagabreytingu nú sem gilda á fyrir allt árið 2009 og gefur nýrri ríkisstjórn nægan tíma til að höndla með þessi mál eins og henni sýnist best miðað við allar bestu fáanlegu upplýsingar. Af því að verið er að vinna þær teljum við að þetta mál komi alveg á réttum tíma inn í þingið og til umfjöllunar í nefnd þegar upplýsingar verða tiltækar.

Við teljum að við tímabundna frystingu verðtryggingar veitist ríkisstjórninni nægilegt ráðrúm til framhaldsaðgerða, þ.e. þeirri ríkisstjórn sem tekur við eftir kosningar. Við getum alveg búist við því að jafnvel verði liðið vel á maímánuð þegar búið verður að mynda hér ríkisstjórn og hún er tilbúin til verka. Ef hægt er að taka á málunum fyrr en við gefum ríkisstjórninni svigrúm til að gera, í heilt ár, er það bara af hinu góða enda geta menn alltaf breytt lögum ef

vilji er fyrir því hjá meiri hluta Alþingis.

Það verður að mæta skuldaþenslu heimilanna og finna varanlega lausn á vandanum fyrir framtíðina. Eðli verðtryggðra lána er að sá sem tekur slík lán er með öllu óvarinn á tímum verðbólgu. Aukist verðbólgan hækkar endurgreiðslubyrði lántaka. Samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu er stuðst við vísitölu neysluverðs sem grundvöll verðtryggingarinnar og er hún reiknuð hverju sinni samkvæmt lögum nr. 12/1995. Höfuðstóll láns breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs og sú leið sem lagt er til að farin verði í þessu frumvarpi er að frysta viðmiðunarhlutfall til hækkunar höfuðstóls lána við 5% hámark þannig að það fari aldrei upp fyrir það mark á því tímabili sem tiltekið er í frumvarpi þessu. Sé raungildi viðmiðunarhlutfalls á tímabilinu hins vegar lægra en 5% ber að miða við það, þ.e. ef verðbólgan fer niður, sem væntanlega verður á þessu ári.

Með þeirri reglu að allt verðtryggingarálag umfram 5% leggist inn á biðreikning samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu gefst ríkisstjórninni tóm til raunverulegra aðgerða og er full þörf á því. En það er ekki hægt fyrir fólkið í landinu að bíða eftir því að slíkar reglur taki gildi sem koma í veg fyrir að bankarnir og sjóðirnir verði eignaraðilar að miklum fjölda íbúða. Hvað gerist þá? Halda menn að það muni ekki þurfa að afskrifa skuldir hjá bönkum og sjóðum þegar þeir hafa eignast íbúðir eftir gjaldþrot fólks? Jú, vissulega. Það verður nefnilega ekki undan því vikist að afskrifa eitthvað af þessum skuldum. Það verður að gerast gagnvart fólkinu líka. Nákvæmlega hvernig á að gera það til að allir njóti sem mestar sanngirni og tekið verði tillit til efnahags o.s.frv. — útfærslan verður að bíða þar til menn eru komnir með þær tölur og gögn í hendurnar sem nauðsynleg eru. En það er ekki hægt að bíða áfram eftir því að fólk missi eignir sínar og verði gjaldþrota, það er ekki hægt, hæstv. forseti. Þetta frumvarp er sérstaklega samið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að hér skapist ástand þar sem húsnæði fólksins verði að stórum hluta í eigu sjóða og banka, sem munu þá vissulega þurfa að horfast í augu við að þær eignir verða ekki seldar aftur á sama verði og þær voru teknar inn á. Við teljum að mæta eigi fólki af sanngirni í því ástandi sem núna er, fólkið í landinu bjó ekki til þetta ástand. Það tók vissulega þátt í lántökum undir þeim kringumstæðum sem voru í landinu en það er ekki hægt að ásaka venjulegt fólk í landinu fyrir að hafa búið þessa krísu til. Við verðum að sýna því sanngirni að þessu leyti og ég tel að við getum gert það með þeirri leið sem hér er lögð til.

Í tengslum við gildistöku þessa ákvæðis yrði ríkisstjórnin að láta framkvæma kostnaðarmat vegna frystingarinnar og það yrði að ákvarða hvernig farið yrði með greiðslu þeirra fjármuna sem út af ganga eða afskriftir af þeim sem færðar verða á biðreikninginn. Í ljósi þess að íbúðaverð á landinu lækkar hratt liggur fyrir að endursala eignanna verður ekki auðveld, hún verður þung á næstunni. Að okkar mati er miklu betra að taka til hendinni og stuðla að því að fólkið í landinu komist af þrátt fyrir þá stöðu sem uppi er. Það haldi íbúðum sínum eins og mögulegt er í stað þess að verða þess valdandi að lánastofnanirnar, Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðirnir, sparisjóðirnir og bankarnir, eignist fjölda íbúða. Og hvað gerist svo? Ætla leigusalar á húsnæðismarkaði leigja út íbúðir eða ætla þeir að selja íbúðirnar á mikið lægra verði en þegar þeir tóku þær af fólkinu, þegar fólkið var sett nánast í gjaldþrot vegna þess að það réði ekki við greiðslurnar af íbúðunum?

Það er alveg ljóst, hæstv. forseti, að endursala á eignum sem bankarnir og sjóðirnir mun eignast verður þung. Það vita allir sem vilja vita það, hún verður þung. Það eru engar líkur til þess að þær eignir sem bankarnir og sjóðirnir munu yfirtaka seljist á því verði sem þær eru yfirteknar á eða með þeim veðum og skuldbindingum sem á íbúðunum hvíla. Þannig er það sjálfsagt líka í atvinnulífinu að afskrifa verður eitthvað af skuldum hjá fjölda fyrirtækja til þess að halda atvinnulífinu gangandi. Ef ég hef skilið svör hæstv. viðskiptaráðherra í gær rétt er slíkt ferli hafið þó að ekki hafi hann getað upplýst um þær vinnureglur nákvæmlega sem þar eru í gildi. Enda geri ég ráð fyrir því að þær verði stundum að vera mismunandi alveg eins og í þeim tillögum sem við leggjum fram. Að menn þurfi að móta sér sem samstæðastar reglur að því er varðar fyrirgreiðslu sem stuðlar að eftirgjöf svo að fyrirtækin og fólkið í landinu haldi eignastöðu sinni. Fólk geti haldið áfram að lifa hér mannsæmandi lífi en flýi ekki af landinu vegna þess að það telur sig ekki komast af hér eða sér ekki neinn tilgang í því að greiða af eignum sínum.

Hæstv. forseti. Í lokin vil ég minna á að fyrir örstuttu var á Alþingi samþykkt tillaga — um hvað? Um að fella niður verðtryggingarákvæði gagnvart sveitarfélögum. Það var ekki mikill vandi, menn gerðu það á mettíma, allir studdu það, ég studdi það og hv. þm. Grétar Mar studdi það og margir fleiri. Það sneri að sveitarfélögunum, að ákvæðum í 9. gr. að því er varðar greiðsludrátt o.fl. Nú er hins vegar komið að fólkinu í landinu, litla manninum, og það er nauðsynlegt fyrir okkur að sýna skynsemi og göfuglyndi í því máli sem við ræðum hér. Það er vandasamt. Það er líka vandasamt hjá fólkinu að lifa í landinu við núverandi aðstæður.

[15:39]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef varað hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson við því áður að vera ekki með svona mikið svartnætti því að málflutningur hans er eitt allsherjarsvartnætti og þeim sem leiðast til þunglyndis í skammdeginu er hætta búin, í alvöru.

En mig langar til að spyrja hv. þingmann, þar sem hann er fyrsti flutningsmaður að þessu frumvarpi, út í 14. gr. laga sem gert er ráð fyrir að breyta. Þar stendur:

„Heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé skv. 13. gr. sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs ...“ o.s.frv. Hagstofa Íslands birtir vísitölu neysluverðs mánaðarlega o.s.frv.

Síðan stendur í þessari tillögu hv. þingmanns:

„Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. um að skuldbindingar séu verðtryggðar á grundvelli vísitölu neysluverðs skal engu að síður á tímabilinu frá 1. janúar 2009 til 1. janúar 2010 miða við 5% hámarkshlutfall.“

Mig langar til að vita: Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta að frá og með 1. janúar á þessu ári eigi þetta ekki að hækka nema um 5% út árið? Eða hvað? Svo á þetta að fara á biðreikning og ég spyr: Á hvaða kjörum er þessi biðreikning-

ur? Er hann vaxtalaus og verðbótalaus eða er hann með vöxtum og verðbótum?

Þetta skiptir verulegu máli vegna þess að tilkynningar um verðtryggingu eru í alls konar formi. Sumir eru reiknaðir mánaðarlega en þá nær það sjaldnast, sem betur fer, 5%. Stundum er það hálfsárslega, þá geta þeir alla vega náð 5% síðustu mánuði aftur í tímann o.s.frv. Spurningin er sem sé: Á vísitalan í þessum reikningum ekki að hækka meira en um 5% frá ársbyrjun til ársloka eða er þetta hugsað tólf mánuði aftur í tímann?

[15:41]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í tillögum okkar miðum við við tímabilið frá 1. janúar 2009 til 1. janúar árið 2010, þannig að það sé alveg ljóst. Hins vegar er útreikningur verðtryggingarinnar tvo mánuði fram í tímann í hvert sinn, ef ég man rétt. Við erum auðvitað að miða við að fólk greiði almennt af lánum sínum mánaðarlega og að það sem út af stendur fari á ákveðinn biðreikning, það sé vissulega skráð á það nafn sem biðreikninginn myndar.

En við leggjum ekki til að slíkur biðreikningur bætist síðar allur við höfuðstól lánsins eða verði allur greiddur upp af viðkomandi einstaklingi. Við leggjum beinlínis til að sá möguleiki verði fyrir hendi að eitthvað af þeim skuldbindingum sem lenda á fólkinu — þær virðast aðeins lenda á almenningi — verði færðar niður. Það er eins og afskrifa eigi skuldir hjá flestum öðrum en hinum almenna borgara, hjá atvinnulífinu, frá gömlu bönkunum yfir í nýju bankana o.s.frv. Við leggjum til að nú snúi menn sér að því að reyna að vernda afkomu fólksins í landinu.

[15:42]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta skiptir verulega máli upp á framkvæmdina á þessu. Ef ég skil það rétt á vísitalan ekki að hækka meira í þessum útreikningum en um 5% á árinu, þ.e. hún á þá að vera 351,5 1. janúar 2010. Hún er 334,8 núna og 5% í viðbót gera 351. Þetta vildi ég hafa á hreinu.

Svo vil ég geta þess að sennilega er þetta úrræði tómt vegna þess að vísitalan mun ekki hækka þetta mikið. Verðbólguhraðinn var í október 29%, í nóvember 23%, síðan í desember 20%, í janúar 7%, og í febrúar 6%. Og ég geri ráð fyrir að um næstu mánaðamót verði spáin um 3,6% ef hún verður ekki 0%. Hraði verðbólgunnar er að minnka mjög mikið þannig að ég efast um að vísitalan muni hækka um 5% yfir árið.

Og það er annað, fyrst við töluðum um þetta svartnætti. Gengisvísitalan er undirstaða verðbólgunnar á Íslandi og hefur verið það. Það er engin eftirspurn. Það er bara gengið. Gengið hefur nú verið að styrkjast mjög mikið, um 15–20% frá áramótum. Það þýðir að verðbólgan mun fara mjög hratt niður. Ef einhver samkeppni er í landinu ætti verðbólgan að fara mjög hratt niður þannig að hún er í rauninni farin. Þetta frumvarp kemur því dálítið seint fram.

[15:44]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stundum var sagt í minni sveit þegar menn fluttu góð tíðindi: Guð láti gott á vita. Ég vona svo sannarlega að hv. þingmaður sé spámannlega vaxinn og að verðbólgan muni fara jafnhratt niður og hann segir að hún muni gera.

Hins vegar lækkar verðbótareikningurinn ekki á sama tíma og verðbólgan lækkar. Hann er reiknaður alla vega tvo mánuði fram í tímann. Verði verðbótareikningurinn um mitt ár kominn niður fyrir 5% er það bara í fínu lagi. (Gripið fram í.) Þá er búið að ná þeim markmiðum sem við erum að reyna að setja í þessu frumvarpi, að fólk borgi ekki hærri vexti og verðtryggingu af húsnæðislánum sínum en 9–11% eftir því hvað vextirnir eru háir á viðkomandi lánum. Það er það sem við leggjum til, til að reyna að stöðva álögur á fólkið í þeirri stöðu sem nú er.

Fari svo að verðbólgan verði komin niður fyrir 5% í ágúst hættir biðreikningur að myndast. Þá fer ekkert inn á hann vegna þess að þá er maður kominn niður fyrir viðmiðunina. Þá er vaxtabyrðin hjá fólki væntanlega komin niður fyrir 10%.

[15:46]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Frú forseti. Hér er verið að ræða um verðtrygginguna eina ferðina enn og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson fylgir úr hlaði frumvarpi til laga um breytingu á lögum um verðtrygginguna. Í andsvari áðan sagði hv þm. Pétur H. Blöndal að gætt hefði mikils svartnættis í ræðu hv. þm. Guðjóns Arnars. Því miður er staðan þannig að margir glíma við erfiðleika vegna verðbótalána. Hv. þm. Guðjón Arnar var í raun og veru að segja frá því hvernig ástandið er. Og á meðan hv. þingmaður er í salnum langar mig til að benda á að Guðjón hefur margsinnis komið mjög jákvætt innlegg í umræðuna í þinginu, (Gripið fram í.) ekki síst í sambandi við atvinnumál, hvað hægt er að gera til uppbyggingar atvinnulífs á Íslandi, þannig að sannleikanum sé til haga haldið. En þegar við lýsum því ástandi sem nú er verður því miður að segjast eins og er að það er ekki allt í besta lagi, hv. þm. Pétur H. Blöndal. Sumt fólk hefur lent í vandræðum út af kreppunni og við því bregst Frjálslyndi flokkurinn núna.

Verðtrygging er orð sem felur í sér að sá sem tekur lán skrifar undir það að ef sykur, kaffi eða mjólk hækkar muni lánið hans fylgja þeirri vísitölu, neysluvísitölunni. Núna standa margir frammi fyrir því að þurfa að borga þessi lán og lánin hafa hækkað vegna þess að verð á öllum neysluvörum hefur hækkað mjög mikið. Það var einn maður sem sagði við mig um daginn: Ég átti 8 millj. kr. í íbúðinni minni í fyrra og nú eru þær næstum því horfnar af því að verðtryggingin er búin að éta þær upp og launin mín hafa lækkað. Af hverju vegur það ekki líka inn í vísitöluna? Af hverju eru launin ekki látin fylgja með? Og fyrst launin hafa lækkað svona mikið, hefðu lánin ekki átt að lækka líka og þannig að þar væri jafnvægi á milli? Þetta er það sem mörgum finnst ósanngjarnt. Við munum eftir þeim tíma þegar stofnaður var sérstakur hópur sem hét Sigtúnshópurinn. Það var hópur fólks sem taldi sig hafa farið mjög illa út úr verðtryggingu á lánum og margir misstu húsin sín. Auðvitað er það dapurt og þegar sagt er frá því geta menn litið á það sem svartnætti og svartsýni. Því miður var það bara

staðreynd og vonandi hefur þetta fólk allt komist vel áfram eftir þennan tíma.

Þann 9. apríl 2002, minnir mig, fóru fram umræður í hv. Alþingi um skuldir heimila og ýmis vandræði sem fólk stóð frammi fyrir og voru mjög margir komnir á vanskilaskrá hjá bönkum. Í þeirri umræðu sagði hæstv. viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, að það gengi vart upp að bankar hefðu bæði belti og axlabönd þegar þeir væru með verðtryggð lán sem bæru breytilega vexti og þetta þyrfti að afnema. Ég er ekki alls kostar viss um að búið sé að afnema breytilega vexti af verðtryggðum lánum. En hvað sem um þetta má segja eru mjög margir í landinu sem standa frammi fyrir því að lánin sem þeir tóku við ákveðnar aðstæður, í verðlagi sem menn töldu vera stöðugt og vonuðu að væri í góðu lagi, hafa hækkað langt umfram laun þessa fólks þannig að það er ekkert samræmi á milli launavísitölunnar og lánskjaravísitölunnar. Það er ekkert samræmi á milli t.d. launanna sem verkakonan í Granda fær og lánanna sem hún þarf að greiða. Og hún var að taka á sig launaskerðingar. Ég vona að þeir sem eiga Granda hafi líka skorið niður hjá sér sem því nemur og sýnt þannig siðferðilegan styrk og samstöðu í því máli.

Þetta er ekki alveg nógu gott og það þarf að breyta verðbótunum. Alþingi Íslendinga tók til umfjöllunar frumvarp fyrir þó nokkrum árum sem var um afnám verðtryggingar. Það er nákvæmlega sama stefnan og Frjálslyndi flokkurinn hefur verið með um afnám verðtryggingarinnar. Því frumvarpi var vísað til hæstv. ríkisstjórnar á þeim tíma og ekkert var við gert við það. Ég man ekki betur en að hv. þm. Eggert Haukdal og fleiri hafi verið með á því frumvarpi, þar voru mjög margir alþingismenn. Aftur og aftur með nokkurra ára millibili byrjar þjóðin að tala um að verðtryggingarfyrirkomulag á lánum sé ekki alveg nógu gott vegna þess að þegar fólk heldur að það sé komið í jafnvægi og lánin aðeins byrjuð að lækka, kemur allt í einu mikið verðbólguskot og þá hækka lánin um mörg hundruð þúsund kr. Þá er ekki aftur snúið.

Á gengistryggðum lánum er þetta öðruvísi, eins og við vitum. Svo þegar gengið fellur gríðarlega er það mjög slæmt. Þess vegna vakna ýmsar spurningar upp þegar verið er að tala um að gefa þeim kost á því sem eru með gengistryggð lán, að breyta þeim yfir í íslensk verðtryggð lán þegar gengið er frekar lágt miðað við það sem verið hefur síðustu ár, þá getur það jafnvel verið varasamt. Það er hugsanlega stórhættulegt fyrir fólk að breyta dollaraláni yfir í íslenskt lán þegar gengið á krónunni er svona lágt. En við skulum vona að gengið á krónunni hækki. Ég vona líka að okkur takist að efla atvinnulífið, styrkja ferðamennskuna, styrkja þorskeldi, styrkja kræklingarækt og ýmsa góða vaxtarsprota í atvinnulífinu sem skipta miklu máli og á það viljum við líka horfa. Við viljum horfa á það með bjartsýni og sjá möguleikana sem eru í íslenskri náttúru, íslenskum miðum og íslenskri jörð. En við eigum ekki að horfa fram hjá staðreyndum. Staðreyndin er sú við stöndum frammi fyrir miklum vandamálum og mjög margar fjölskyldur standa frammi fyrir því að verðbótaþáttur lána veldur því að lánin sem hvíla á íbúðunum eru orðin hærri en íbúðarverðið. Við þessu bregst Frjálslyndi flokkurinn núna, með þessu ágæta frumvarpi sem ég vona að verði samþykkt.

[15:55]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á lögum um vexti og verðtryggingu sem flutt er af hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni og Grétari Mar Jónssyni. Ég vil byrja á því að segja að mér líst vel á umræðu um aðgerðir til að laga stöðu heimilanna. Ég spurði að því í andsvari rétt áðan hvort þessi 5% ættu að gilda aftur í tímann eða bara frá áramótum vegna þess að verðbólguskotið sem varð aðallega í október, nóvember og desember kemur illa við fólk. Þá var verðbólguhraðinn nálægt 30% og niður í 20%. Eftir áramót hefur hraði verðbólgunnar lækkað allverulega í hverjum mánuði og ég geri ráð fyrir að við munum jafnvel upplifa verðhjöðnun þegar líður á árið þannig að verðtryggðar skuldir lækka. Það er útbreiddur misskilningur hjá fólki að verðtryggðar skuldir geti bara hækkað eða staðið í stað. Ef verðbólgan lækkar lækka verðtryggðu skuldirnar líka. Hjá flestum innlánsstofnunum verður það aldrei lægra en upphaflega lánið en það er ekki það sem menn óttast í dag. Það getur verið að þegar kemur fram á sumar í júní/júlí að við upplifum að verðtryggðu lánin lækki og afborganirnar sömuleiðis.

Gengisvísitalan hefur lækkað allverulega. Hún lækkaði mikið frá áramótum og fram til stjórnarskipta. Frá stjórnarskiptum hefur hún haldið áfram að lækka nema núna síðustu 2–3 dagana hefur hún hækkað aftur vegna þess að við þurfum að ráða við vexti af útborgun á jöklabréfum. En staðan er sú, frú forseti, að vöruskiptajöfnuðurinn er jákvæður í hverjum einasta mánuði. Þjóðin er hætt að eyða og útflutningurinn malar gull, hann heldur áfram óbrotinn mjög sterkur, eins og ég hef margoft bent á. Það er heilmikil von í því, og ástæða til bjartsýni, að hafa tvöfalt meira ál til að flytja út á þessu ári en í fyrra, tvöfalt meira og jafnmikinn fisk. Reyndar er verðlag á báðum vörunum mjög lágt á heimsmarkaði og er vonandi að það lækki ekki. Vöruskiptajöfnuðurinn er því jákvæður og þannig styrkist gengi krónunnar stöðugt. Við þurfum reyndar að flytja út vexti af jöklabréfunum en ekki jöklabréfin sjálf. Það eru gjaldeyrishöft.

Það hefur í för með sér að vísitalan mun lækka. Það er ekkert sem hvetur hana áfram, ekki eftirspurn, bara gengið. Ef það er samkeppni og ef neytendur gæta þess að vera mjög vandlátir við að krefjast lækkunar mun vísitalan lækka. Gengistryggðu lánin eru strax farin að bæta margt þótt ekki sé nóg að gert en benda verður á að þau lán eru yfirleitt með lágum vöxtum. Þess vegna valdi fólk gengistryggðu lánin.

Talandi um verðtryggingu, mér finnst gæta mikils misskilnings um verðtryggingu. Hverjir eiga verðtryggðar eignir í landinu, frú forseti? Það eru ekki bankarnir. Bankar eiga ekki bankainnstæður. Það er alger misskilningur. Bankar taka peningalán með innlánum sem eru verðtryggð eða með bankabréfum sem eru verðtryggð eða með bankabréfum með öðrum hætti á markaði, kaupa íbúðalánabréf. Það eru lífeyrissjóðirnir, Íbúðalánasjóður og gamalt fólk oft og tíðum sem eiga verðtryggðar innstæður. Vilji menn skerða þær innstæður með því að skerða vísitöluna á einhvern hátt ganga menn á rétt þeirra sem hafa sparað og á lífeyrisréttinn. Ef menn ætla að skerða verðtryggingu er

gamla fólkið með þeim fyrstu sem líða fyrir það, það er með lífeyri. Sumir lífeyrissjóðir eru í þeirri stöðu að þurfa að skerða réttindin í dag og þeir þyrftu að skerða þau enn frekar ef verðtryggingin yrði skert.

Svo er talað um það, og ég er hlynntur því, að verðtryggingin verði afnumin þegar færi gefst til. En væri ekki verðtrygging núna, hvað mundum við þá horfa upp á? Hvað mundu vextirnir þurfa að vera í 18% verðbólgu? Þeir yrðu væntanlega að vera 20%. Nema menn ætli sér að hlunnfara starfs... (**Gripið fram í:** Verðbólgan er hvort sem er 18%.) Einmitt, vextir þyrftu að vera 20% nafnvextir. Það þýðir að maður sem skuldar 30 millj. borgar 6 millj. bara í vexti. Hann gæti það engan veginn en hann gæti nokkuð auðveldlega ráðið við verðtryggt lán. Verðtryggingin er nefnilega á margan hátt góð fyrir skuldarann þó að skuldin hækki að sjálfsögðu sem hún gerir ekki með óverðtryggðu láni.

Verðlag á fasteignum er að lækka. Raunverðmæti fasteigna er að lækka og hefur lækkað um 22% frá því í október 2007 þegar það var hæst. Fara þarf fjögur ár aftur í tímann til að fá sama verðlag á fasteignum, þ.e. allir sem hafa keypt nýja íbúð, sína fyrstu íbúð á síðustu fjórum árum eru að tapa. Eignin hefur lækkað miðað við lánin. Allir hinir sem keyptu fyrir þann tíma eru enn í gróða og allir sem hafa keypt nýja íbúð, þ.e. bætt við sig eða minnkað við sig eða hvort heldur er síðustu fjögur árin eru enn með gróða af gömlu eigninni sem gekk upp í. Ég hugsa að það sé eingöngu það unga fólk sem keypti sína fyrstu íbúð á síðustu fjórum árum sem er virkilega að tapa á verðtryggingunni. Hinir eru að afsala sér gróða sem þeir fengu áður.

Þegar verð á íbúðum hækkaði um 30% á ári og vísitalan ekki um nema 4–5% talaði enginn um þann gífurlega hagnað sem varð þar sem menn hefðu jafnvel getað sleppt því að vinna í tvö, þrjú ár, þar á meðal ég vegna þess að íbúðin mín hækkaði svo mikið. Ég gat reyndar ekki séð það sjálfur en þetta var staðreyndin að íbúðaverð hækkaði óskaplega mikið á tímabili og þá græddu landsmenn heilmikið og þessum gróða eru þeir að tapa núna hægt og rólega. Þetta er ekki alveg svona einfalt. Það að fara að skerða verðtryggingu á öllum lánum, eins og hér er gert ráð fyrir, líka hjá þeim sem eru í gróða frá fyrri tíð er dálítið fráleitt. Svona almennar reglur til að laga stöðu örfárra eða tiltölulega fárra eru mjög hættulegar því að þær koma öllum til góða líka þeim sem þurfa ekkert á því að halda.

Talandi um lækkun á íbúðaverði þá má ég til með koma með það, herra forseti, sem gerist úti á landi og er búið að vera í 30–40 ár. Maður sem byggði nýtt hús á Ísafirði — og það ætti hv. 1. flutningsmaður að vita, ef hann byggði nýtt hús á Ísafirði þá tapar hann um leið — og setti kannski í það 20 millj. kr. gat ekki selt það nema fyrir 10 millj. daginn eftir að hann flutti inn. Eiginfjárstaða hans var komin í mínus 10 millj. bara við það að byggja hús úti á landi. Af hverju kvartaði enginn þá, herra forseti? Af hverju kvarta menn núna? (**KVM:** Þú hefur bara ekki heyrt það.) Hann var ekki eins hávær hópurinn sem krafðist leiðréttinga á þeim tíma en allir sem byggðu nýjar íbúðir úti á landi voru að tapa.

Þá er það spurningin með bölsýnina og svartnættið. Könnun sem ASÍ gerði, sem er reyndar orðið dálítið gömul, sagði að 7% landsmanna hefðu misst vinnuna. Það fer nokkurn veginn saman við þau 9% sem eru orðin atvinnulaus. Hún sagði líka að 14% hefðu lækkað í launum af ýmsum ástæðum, minni yfirvinna o.s.frv. Hvað segir þetta mér? Að tæplega 80% á þeim tíma höfðu hvorki misst vinnuna né lækkað í launum. Nú hefur staðan eflaust versnað síðan. Við skulum gera ráð fyrir því að 75% hafi ekki lækkað í launum eða 70% og 30% hafi lækkað í launum eða misst vinnuna. Gefum okkur það. Þá eru 70% eftir sem ekki hafa lækkað í launum og ekki hafa misst vinnuna. Sumir hafa meira að segja hækkað eitthvað í launum, sérstaklega öryrkjar sem voru hækkaðir um 20% fyrir áramót, lægstu launin úr rúmlega 150 þús. kr. í 180.

Menn þurfa rétt aðeins að gæta sín þegar þeir tala svona í svartnætti. Vissulega er staðan hjá þeim sem eru orðnir atvinnulausir mjög slæm, ég ætla ekki að gera of lítið úr því. Þetta er mikil hörmung, það er mannlegur harmleikur að verða atvinnulaus, jafnvel þó að það sé alveg að ósekju eins og á við um fólkið sem nú er atvinnulaust. Það sem verður atvinnulaust algerlega að ósekju, það var ekkert upp á það að klaga, það var bara tilviljun eins og t.d. hjá bönkunum hverjir unnu í utanlandsdeildinni og hverjir unnu í innanlandsdeildinni. Þeir sem unnu í utanlandsdeildinni misstu vinnuna. Það er mikill vandi og sérstaklega hjá því fólki sem hafði gírað sig upp í, eins og ég þekki dæmi um, milljón króna útgjöld á mánuði og missti svo allt í einu vinnuna. Það er í miklum vandræðum, við skulum ekki gera lítið úr því. Við skulum leysa þann vanda sérstaklega. En að koma með lausnir sem leysa vanda allra, lækka verðtryggingu hjá öllum, líka þeim sem enn eru í gróða með íbúðirnar sínar, finnst mér ekki vera rétt. Það kostar allt of mikið.

Tillögur framsóknarmanna um 20% niðurfellingu skulda er sama marki brennd. Það er verið að lækka skuldir hjá öllum. Fyrir utan það, hvað gerðist ef ég mundi taka núna 100 millj. kr. lán og legði það inn á bankabók með bankabókina sem veð, fengi ég þá 20% lækkun á 100 millj.? Ég bara spyr. Spyr sá sem ekki veit.

Svona almennar og altækar aðgerðir til lausnar á vanda sem betur fer tiltölulega lítils hluta, finnst mér ekki vera rétt. Það eru 20–30% hugsanlega í miklum og mismiklum vanda og við þurfum að passa vel upp á þann hóp. Við þurfum að grípa til aðgerða og það er búið að grípa til aðgerða. Sett hafa verið lög um greiðsluaðlögun þar sem menn borga miðað við hækkun launa en ekki miðað við vísitöluna. Það er búið að taka það inn, það er búið að samþykkja það. Það er búið að gera heilmikið til að minnka kröfur sérstaklega á fyrirtæki um greiðslu á sköttum og öðru slíku. Í morgun var afgreitt úr efnahags- og skattanefnd frumvarp um það að menn geti dreift vörugjöldum og sköttum á lengri tímabil en verið hefur þannig að það er búið að gera heilmikið til að ráða bót á vanda þeirra tiltölulega fáu sem hafa lent í miklum vandræðum. En að fara að búa til algildar reglur sem gilda fyrir 70% líka finnst mér ekki rétt. Mér finnst ekki rétt að lækka verðtryggingu hjá manni sem tók lán og keypti íbúð árið 2004 áður en hækkunin byrjaði og er enn þá í hagnaði. Þá er í rauninni verið auka hagnaðartöku hans. Hann er ekki í vandræðum, ekki út af þessu. Menn eru kannski í vandræðum af því að þeir keyptu sér jeppa eða eitthvað slíkt en það er allt annar handleggur.

Gengistryggðu lánin eru að lagast heilmikið með styrkara gengi og ég vona að sú þróun haldi áfram þannig að þeir sem eru með gengistryggð lán sjái aftur töluvert mikla lækkun.

Herra forseti. Ég fagna allri umræðu um þessi mál og svona tillögu þurfum við endilega að ræða, bæði kosti og galla. Ég hef reyndar nefnt ýmsa galla við hana en kosturinn er sá að hún er náttúrlega altæk og einföld í framkvæmd og lagar stöðuna og hugsanlega og vonandi verður mengi þeirra sem þurfa á þessu að halda núll af því að verðbólguhækkunin í ár verði ekki 5%.

[16:09]

Karl V. Matthíasson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þessara orða hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem voru ágæt, langar mig að spyrja hann þar sem hann vék að afnámi verðtryggingar. Hv. þingmaður talaði um að það væri æskilegt að afnema verðtryggingu þegar kostur væri, ég held að ég hafi skilið það rétt, og þá langar mig að spyrja hv. þingmann hvaða verðbólgustig hann telur að megi vera í landinu til að verðtrygging yrði afnumin.

Ég minnist þess að fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, talaði um að hægt væri að afnema verðbætur á lán og þá væntanlega bara almennt, auðvitað virkar það í báðar áttir, þegar verðbólga væri komin niður fyrir 10%. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvað hann vilji segja um þetta.

[16:10]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum ekki afnumið verðtrygginguna fyrr en verðbólgan er orðin svo lág að greiðslubyrðin af óverðtryggðum vöxtum verði ekki óbærileg. Ef verðbólgan er 10% og vextir eru segjum 6% eða 5% þá erum við að tala um 15% vexti. Það er óbærilegt. Maður sem skuldar 30 millj. borgar engar 4,5 millj. í vexti á ári. Hann getur það ekki. Það er því ekki fyrr en verðbólgan er komin niður í 4--5% eða jafnvel neðar að við getum farið að breyta þessu og við getum ekki breytt því á gildandi samningum. Það er ekki hægt. Það yrði að gilda frá og með deginum í dag að ekki megi lána verðtryggt. Menn geta ekki breytt gildandi samningum, hvorki gagnvart lífeyrissjóðum né öðrum. Þar kemur eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar inn í og líka það að við viljum ekki koma í bakið á lífeyrissjóðunum. Tökum sem dæmi mann með 50 þús. kr. úr lífeyrissjóði og á núna að fara að skerða um 10% vegna hrunsins í haust, ef við ætlum að fara að skerða verðtryggðar eignir lífeyrissjóðsins líka yrðum við að skerða þennan mann enn meira. Mér finnst það ekki sæmandi að skerða fólk sem er með lágar greiðslur úr lífeyrissjóði til þess að bæta stöðu annarra sem eru með miklar eignir.

[16:12]

Karl V. Matthíasson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svarið sem fór aðeins út í annað en það sem spurt var um svona í lokin. Ég skil þingmanninn þannig að ef verðbólga er komin niður í 4% þá sé hægt að vera með lán, bara almennt öll lán óverðtryggð. Ef að líkum lætur ættum við þá að geta séð það á næstunni þegar fer að koma verðhjöðnun og það verður náttúrlega fróðlegt að sjá hvernig það verður. Eins og fram hefur komið virkar verðhjöðnunin þannig að þá lækka eignir og þá gerist það þegar við erum með verðbætur á lífeyriseign að lífeyriseignin minnkar líka vegna þess að verðhjöðnunin hefur þau áhrif. Þannig að þeir tapa sem lenda í verðhjöðnuninni. Það segja margir að sé mjög alvarlegt ástand ef verðhjöðnun verður í einhverju landi. En hv. þm. Pétur H. Blöndal telur að þegar verðbólga er komin í 4% sé í lagi að afnema verðtrygginguna. Við skulum vona að svo verði því að það er náttúrlega kjarni málsins sem Frjálslyndir eru að tala um, þ.e. afnám verðtryggingarinnar. Menn vita þá náttúrlega hver spilin eru á borðinu þegar við erum ekki með verðtryggingu þó að vextir rjúki allt í einu upp og niður.

[16:14]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þeim löndum í kringum okkur sem eru með óverðtryggð lán eins og víðast hvar er og eiginlega alls staðar eru breytilegir vextir. Þeir fara eftir markaðsvöxtum í landinu á hverjum tíma. Þegar verðbólgan fer upp í 4% á evrusvæðinu eins og á síðasta ári hækka þessir vextir. Það getur orðið óbærilegt fyrir fólk. Ef grunnvextirnir eru kannski 3% og síðan bætast við 4% til viðbótar þá erum við að tala um rúmlega 7% vexti og það getur orðið óbærilegt á mjög háum skuldum, 30 millj. og 7% gera 2,1 millj. á ári í vexti. (Gripið fram í.) Það er ekkert auðvelt að borga slíkt, enda kemur það strax í ljós í evrulandinu þegar verðbólgan verður einhver að ráði að lántakendur kvarta. Lántakendur þurfa að selja húsin sín því að þeir ráða ekki lengur við þau og missa þau á uppboði. Það er engin lausn á þeim vanda að hafa óverðtryggða vexti. Fólk lendir alveg jafnmikið í Bretlandi og annars staðar í uppboðum og víðast hvar í Evrópu núna, sérstaklega á Spáni þar sem er mikið verðfall á eignum. Þar er nákvæmlega það sama þó að þar sé ekki verðtrygging. Þetta verðfall á eignum er ekki verðtryggingunni að kenna, þetta er bara markaðurinn. Það er búið að byggja allt of mikið eins og hér var nefnt í framsögu. Það er allt of mikið af byggingarkrönum. Það er búið að byggja allt of mikið og það hlaut að koma fram í lækkun á verði húsnæðis.

[16:15]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Hér ræðum við frumvarp sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni. Fyrsti flutningsmaður, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, hefur farið yfir málin og tilganginn með frumvarpinu. Kannski er því óþarfi að fara yfir það allt saman aftur, en við mismunum fólki. Búið er að fella niður verðtryggingu hjá sveitarfélögum af gatnagerðargjöldum og holræsagerð og öðru þess háttar. Við erum að mismuna, annars vegar sveitarfélögunum og hins vegar fjölskyldunum í landinu. Það er ljóst.

Hv. þm. Pétur Blöndal talar um svartnættisraus og bölsýni — ég á nánast ekki til eitt einasta orð yfir þá afstöðu þingmannsins — þegar við horfum upp á það að 40% af heimilunum í landinu eru lent í mjög verulegum vandræðum og þeim á jafnvel eftir að fjölga og vandræðin að

aukast. 70% af fyrirtækjum í landinu eru í mjög miklum erfiðleikum. Svo tala menn um að þetta sé ekki svo slæmt, það þurfi að horfa á þetta með bjartari — ég veit ekki hvað, björtum augum og framtíðin sé ekki svo slæm. Ég tók eftir því á ferðalögum með fyrrverandi stjórnarþingmönnum um landið að þeir vildu meina að þetta væri smáskúr og á morgun mundi stytta upp og þá yrði allt gott. Ég hef stundum sagt í gamni að þetta sé eins og að stinga hausnum í sandinn og halda að allt sé í lagi, eins og strúturinn gerir, eða þá að ekki dugi að setja sólgleraugu á þessa ágætu menn heldur þurfi þeir að vera með rafsuðuhjálm. Auðvitað er ástandið í þjóðfélaginu mjög slæmt og við höfum aldrei áður — að ég held nánast enginn núlifandi Íslendingur — lent í öðrum eins hremmingum og við göngum í gegnum núna.

Það er sorglegt að hlusta á menn reyna að nálgast þetta með þeim hætti að þetta sé einhver smotterísskúr og það verði komin sól á morgun og allt í góðu lagi. Ég man eftir því að fyrir nokkrum árum — eða ætli þau séu ekki orðin yfir 20 — var hér þingmaður sem hét Eggert Haukdal og barðist fyrir því að ná verðtryggingu af. Honum ofbauð hækkun á lánum í verðbólgu. Hann var hér eins og hróp-andinn í eyðimörkinni, enginn hlustaði á hann eða sárafáir og hagfræðingar gerðu nánast grín að því að hann skyldi voga sér að tala um þetta og alltaf út af því að verið væri að *verja lífeyrissjóðseign fólks og sparnaðinn hjá fullorðna* fólkinu og annað í þeim dúr. Ég veit ekki betur en að margt fullorðið fólk sem hefur sparað allt sitt líf og átti einhverjar krónur, í hlutabréfum, peningasjóðum eða lífeyrissjóðum, hafi alls staðar orðið fyrir skerðingu. Það má benda á að lífeyrissjóðirnir hafa orðið fyrir verulegu áfalli, séreignar-sparnaður í peningasjóðum hefur orðið fyrir verulegu áfalli að ég tali nú ekki um þá sem áttu hlutabréf í bönkunum, það fólk hefur orðið fyrir miklu áfalli því að sá sparnaður sem var í hlutabréfaformi hefur nánast horfið.

Hv. þm. Pétur Blöndal minntist á að gildistími frumvarpsins sé bara frá 1. janúar á þessu ári. Það er auðvitað hægt að skoða og láta hann ná lengra aftur í tímann.

Atvinnuleysi og þær hörmungar sem hrjá þjóðina núna eru það sem við þurfum að reyna að bæta og koma í veg fyrir að aukist. Við höfum ákveðna möguleika til þess, við getum veitt meiri fisk úr sjónum, virkjað og nýtt fallvötnin okkar og orku jarðar og gert ýmislegt til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og búa okkur til gjaldeyristekjur og skaffa fólki atvinnu. Það er auðvitað það sem við þurfum að gera og þetta frumvarp gengur út á það að við hjálpum fjölskyld-unum í landinu og sköpum svigrúm fyrir nýja ríkisstjórn til að geta tekið á því sem þarf að gera til að fólk missi ekki heimili sín og fyrirtækin fari ekki öll í þrot. Út á það gengur þetta frumvarp og skapar ríkisstjórninni, nýrri ríkisstjórn, væntanlega eftir næstu kosningar, tækifæri og tíma og möguleika til að finna út hvernig hún ætlar að mæta — ætlar hún bara að hjálpa þeim sem eru að verða gjaldþrota eða ætlar hún að hafa jafnar aðgerðir til handa öllum? Hvernig ætlar hún að útfæra þá aðstoð sem fólkið í landinu þarf?

Við höfum stundum minnst á það í Frjálslynda flokknum að upphaf efnahagshörmunganna markist af frjálsa framsalinu í kvótakerfinu. Við hvikum ekkert frá því og áttum okkur á því að svo er. Þættirnir eru reyndar fleiri, eins og þegar Íbúðalánasjóður jók lánshlutfall sitt upp í 80% og einkareknu bankarnir lánuðu svo fólki 90% og upp í 100%. Það framkallaði ótrúlega þenslu í samfélaginu sem við súpum nú seyðið af. Við fengum fullt af útlendingum inn í landið til að hjálpa okkur við að byggja húsnæði sem stendur svo autt núna, bæði verslunar- og skrifstofubyggingar og íbúðarhús. Þetta eru allt hlutir sem miklir peningar tínast til og ónýttir peningar standa í þessum húsum. Mikil verðmæti liggja þar og nýtast hvorki einum né neinum.

Aðalatriðið hjá okkur í Frjálslynda flokknum er að við viljum hjálpa heimilum og fyrirtækjum í landinu. Ég hef stundum sagt að það er dálítið sorglegt að horfa upp á að það er alveg sama hvort Samfylkingin er í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki eða Vinstri grænum, í svokallaðri vinstri stjórn með stuðningi Framsóknarflokksins, fjórflokkurinn er alltaf eins, það er ekkert að ske. Það er ekkert verið að gera, við verðum ekki vör við hjá fjölskyldunum í landinu eða fyrirtækjunum að neitt sé að gerast. Meira að segja næst ekki að klára sumt af því sem fyrri ríkisstjórn lagði til og var komin með í gang eða ýta því úr vör þannig að eitthvað verði úr hlutunum. Þetta er sorglegt að horfa upp á. Við í Frjálslynda flokknum eigum þá framtíðarsýn að verðtrygging verði lögð af, en eins og komið hefur hér fram, verður það ekki gert á einni nóttu og þótt teknir yrðu upp nýir skilmálar í lánafyrirgreiðslu kæmu þeir ekki nærri því *strax inn í öll lán. Það þarf að skuldbreyta gömlum lánum* sem eru jafnvel allt til 40 ára. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að það breytist ekkert einn, tveir og þrír. Það er kannski misskilningur hjá mörgum.

En við horfum upp á það að skuldir fyrirtækja í landinu eru skornar niður, gott er dæmið um *Morgunblaðið* eða Árvakur, en það sama er ekki gert fyrir fjölskyldurnar í landinu. Skuldir eru ekki skornar af þeim eða þeim hjálpað. Þótt þetta sé ekki alveg eins er til fólk sem skuldar 40–50 millj. kr. í íbúðarhúsum sínum og á ættingja sem vildu yfirtaka þau ef þeir fengju felldar niður 20–30 millj. kr. af húsinu og fengju að kaupa eign á kannski 20 millj. kr. sem hvíldu á 50 millj. kr. Fyrir þá fjölskyldu væri auðvitað hægt að skipta um kennitölu og fá einhvern uppkominn krakka til að kaupa, en þetta er það sem við búum við, við erum farin að horfa upp á að fyrirtækjum er útdeilt. Ég hef lagt fram frumvarp sem gengur út á það að fjármálastofnanir í eigu ríkisins að hálfu eða öllu leyti muni sjá til þess að allar eignir verði boðnar út eða auglýstar til sölu og allir hafi tækifæri til að bjóða í þær eignir eða hluta af fyrirtækjum eða fyrirtæki til að tryggja það að ríkið og þeir sem hafa lánað í þessi fyrirtæki eða eignir fái sem mest.

Hægt er að ræða margt varðandi þetta frumvarp. Það vekur auðvitað furðu að nú eru í þingsalnum þingflokkur Frjálslynda flokksins og forseti þingsins, sem er nú gamall samherji okkar, (Gripið fram í.) og síðan eru hér hv. þm. Jón Bjarnason, vinstri grænn, og hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir úr Samfylkingunni. Þetta er nú allur hópurinn sem fylgist með (Gripið fram í.) og talar um þessi mál, það eru ekki fleiri sem hafa áhuga á að ræða þau. Hér horfum við á ráðherrabekkina hvorn sínum megin og hér eru engir ráðherrar til að taka þátt í umræðunni. Það er auðvitað sorglegt að vera á þessum vinnustað upp á þau býtti að ekki er meiri áhuga hjá þingmönnum en raun ber vitni til að fylgj-

ast með og taka þátt í umræðum um jafnmikilvægan málaflokk og við leggjum hér til, þ.e. að taka verðtryggingu af lánum og breyta því munstri þannig að hún verði aldrei hærri en 5% á meðan verðbólgan er svona mikil og lækki svo þegar verðbólgan fer niður fyrir 5%.

Þetta höfum við farið yfir og kynnt frumvarpið og komið að ýmsum öðrum þáttum sem tilheyra þessum hörmungartímum. Maður væntir þess að þingmenn sjái sóma sinn í því að veita frumvarpinu brautargengi og tryggja að það fari í gegnum þingið. Fátt viturlegra hefur verið lagt fram á þinginu en þetta frumvarp. Þetta er það frumvarp sem hjálpar fólkinu og mundi hjálpa fjölskyldunum og fyrirtækjunum í landinu strax. Þess vegna skora ég á þingheim — og vonandi er hann einhver staðar að hlusta, en ekki bara að leika sér einhvers staðar úti í bæ eða kynna sig fyrir prófkjör eða kominn í kosningabaráttu — að taka þátt í störfum þingsins og ræða þessi mál.

[16:28]

Útbýting:

Fjárframlög til ferðamála á árunum 1998–2009, 324. mál, svar fjmrh., þskj. 723.

Kosningar til Alþingis, 405. mál, nál. allshn., þskj. 741.

Skaðabótalög, 438. mál, frv. allshn., þskj. 747.

Stjórnarskipunarlög, 439. mál, frv. KHG, þskj. 748.

ÖSE-þingið 2008, 437. mál, skýrsla ÍÖSE, þskj. 742.

[16:29]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem fram hafa farið um þetta mál. Þegar rædd eru mál eins og verðtrygging á lánsfé á Íslandi við núverandi aðstæður sýnist sitt hverjum. Menn hafa ekki sömu sýn á hlutina og ekkert er við því að segja. Menn horfa á þetta frá ýmsum sjónarhornum og velta hlutunum fyrir sér.

Ég vil hins vegar ítreka það hér við lok umræðunnar, um leið og ég þakka þingmönnum fyrir að hafa tekið þátt í henni, að fyrir okkur í Frjálslynda flokknum er þetta ekkert nýtt mál. Ég minni á umræðuna sem fram fór þann 21. nóvember árið 2006 um þingsályktunartillögu okkar um verðtryggingu og afnám hennar. Sú tillaga fól í sér að unnið yrði að því með skipulegum hætti, eftir gaumgæfilega skoðun við málsmeðferð, að finna leið til að afnema verðtrygginguna þannig að við stefndum út úr því ástandi að vera með verðtryggð lán, nánast ein þjóða á norðurhveli jarðar og ekki í neinu samræmi við lánakjör og lánaskilmála í löndunum í kringum okkur. Í þeirri umræðu, í nóvember 2006, bentum við á að æskilegt væri að við tækjum upp svipað fyrirkomulag og í nágrannalöndum okkar að því er varðaði verðtrygginguna. Út á það gekk sú tillaga sem við lögðum fram þá og reyndar nokkur þing þar á eftir.

Hæstv. forseti. Þó að margir hafi ekki tekið eftir þessari umræðu hjá okkur haustið 2006 er ástandið þannig nú að menn hlusta. Menn sjá að verðtryggingin er mikið mál, hún hækkar skuldir heimilanna. Við bentum réttilega á það í umræðunni sem þá var að það ástand gæti komið upp að allt gengi á misvíxl og það er að gerast í dag. Eignaverðið er að lækka en lán fólks, skuldbindingar og kvaðir, eru að hækka og fólk fær ekki undir þessu risið, margt hvert.

Það kann vel að vera rétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að talsverður hluti fólks ráði við að borga af skuldbindingum sínum — guð láti gott á að vita ef svo er, ekki ætla ég að gera lítið úr því. En eins og ég benti á er Seðlabankinn að vinna nákvæmar upplýsingar um eignastöðu fólks, tekjur fólks og skuldastöðu þannig að þetta mál er algjörlega á réttum tímapunkti hér á þinginu, um það þarf að fjalla í nefnd og taka á því með skipulegum hætti.

Hv. þm. Pétur Blöndal benti á það hér í umræðunni að kannski hefði verið eðlilegt að sú tímasetning sem við miðuðum við, 1. janúar 2009, næði lengra aftur í tímann og miðað yrði við október eða nóvember 2008. Ekki ætlum við í Frjálslynda flokknum að hafna því að menn skoði það í nefnd hvort hægt sé að útfæra þetta á þann veg að horft sé lengra aftur í tímann ef það kemur fjölskyldunum betur og hægt er að finna á því skynsamlega útfærslu. Hins vegar er það auðvitað svo að þegar verið er að meta stöðu fólks er hún mismunandi eins og hv. þm. Pétur Blöndal benti á og það er þess vegna sem við leggjum málið upp eins og það er. Við leggjum það þannig upp að reglan taki strax gildi gagnvart öllum og ef menn vilja síðan ekki fá biðreikninginn geti þeir sagt sig frá honum og greitt samkvæmt upphaflegum skilmálum lánanna. En ekki öfugt, að menn þurfi að leita eftir því að fá einhvers konar bið, niðurfellingu eða geymslu, á skuldunum eins og er í dag.

Ég hef hringt í Íbúðalánasjóð og spurt: Hvað er mikið um það og hverju munar það fyrir fólk ef notuð er svokölluð vísitala sem tekur mið af launaþróun eða atvinnuvísitölu? Jú, það munar örfáum prósentum en sárafáir notfæra sér þá leið, hæstv. forseti, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk frá Íbúðalánasjóði. Það er eins og fólk átti sig ekki á því hvaða leið það getur farið. Fjöldamargir kvarta síðan undan því að þeir séu ekki í stöðu til þess að fá frystingu o.s.frv. Ef fólk verður atvinnulaust getur það fengið frystingu, eftir því sem mér skilst af upplýsingum frá Íbúðalánasjóði, en það tekur allt sinn tíma í afgreiðslu og þetta þrengir mjög að hag heimilanna.

Það er því geysilega mikilvægt að taka á þessu á þann hátt að búinn sé til almennur farvegur sem vinnur á þessu um tíma, því að þetta er tímabundin aðgerð sem við leggjum til til þess að gefa nýrri ríkisstjórn tækifæri á að taka skipulega á málunum þegar allar upplýsingar liggja fyrir, varðandi eignastöðuna, varðandi skuldirnar, varðandi tekjur heimilanna o.s.frv., og þegar hægt er að móta skynsamlegar reglur um það hvernig fara eigi í að létta greiðslubyrði fólks að því er varðar þessi lán.

Eins og ég sagði áður, hæstv. forseti, er enginn akkur í því fyrir lánastofnanir í landinu, hvorki Íbúðalánasjóð, sparisjóðina, lífeyrissjóðina eða bankana stóru — sem nú eru reyndar frekar litlir miðað við það sem áður var — að lenda í því að þurfa að yfirtaka fjölda almennra eigna fólks, íbúða, húsa, raðhúsa, einbýlishúsa, og ætla svo að reyna að selja það á markaði þar sem verð er að lækka og ef íbúðir verða teknar af fólki í gjaldþroti eða öðru slíku er ljóst að þær eru ekki söluvara í dag. Fleiri þúsund íbúðir, sérstaklega hér á suðvesturhorninu, eru óseldar.

Fólk talar um að ekki sé hægt að afskrifa gagnvart venjulegum lántakendum vegna þess að það þýði einhverja niðurfærslu eða að bankar og sjóðir tapi einhverju fé en þeir

munu tapa fé í núverandi ástandi. Ef bankarnir og sjóðirnir, Íbúðalánasjóður, sparisjóðirnir, lífeyrissjóðirnir, þurfa að taka yfir fjölda íbúða með því að fara með fólk í gjaldþrot eða taka af því íbúðirnar munu þeir ekki selja þær á því verði sem þeir yfirtaka þær á og ekki heldur með skuldareikningnum og verðbótareikningnum sem bæst hefur á. Það eru bara tölur á blaði, hæstv. forseti, og engin rök geta sýnt fram á að þeir peningar komi til baka inn í viðkomandi lánastofnanir. Menn standa frammi fyrir þeirri staðreynd að það mun þurfa að afskrifa og við leggjum hér til hvernig hægt er að standa að því að taka ákveðinn hluta umfram 5% inn á sérstakan biðreikning og síðan megi meta það, þegar ný ríkisstjórn er komin í landinu og hefur þá nægan tíma, út allt næsta ár, til að skoða það hvernig með eigi að fara með það að markmiði m.a. að afskrifa skuldir fólks, lækka þær.

Ég benti á það áðan, hæstv. forseti, að við vorum að afgreiða hér lög að því er varðar sveitarfélögin og þar vorum við að aflétta verðtryggingu — var það ekki þegar menn skila inn húsgrunnum sem þeir ekki geta notað eða varðandi gatnagerðargjöld og annað slíkt? Ég held að ég muni það rétt, það eru bara fáeinir dagar frá því að þetta var samþykkt. Það stóð ekkert á því að afgreiða það gagnvart sveitarfélögunum.

Ég bendi á grein sem var skrifuð í morgun af Sigrúnu Elsu Smáradóttur sem er borgarfulltrúi. Í niðurlagi þeirrar greinar segir hún, og er þar að tala um skuldir heimila og fyrirtækja o.s.frv., með leyfi forseta:

„Það er afleitt hvað opinberum aðilum reynist auðvelt að nota sameiginlega sjóði til að bæta öllum öðrum en heimilum landsins það tjón sem hlotist hefur af þeirri verðbólgu sem efnahagshruninu hefur fylgt. Meðan ekkert er gert til að skipta tjóninu milli lánveitanda og heimila er algjörlega óþolandi að seilst sé í vasa almennings til að bæta öðrum tjón langt umfram sanngirnissjónarmið." — Hér er verið að tala um verktaka sem gera samninga við Reykjavíkurborg o.s.frv.

Ég vek athygli á þessu, hæstv. forseti, vegna þess að þetta dregur líka fram áherslurnar sem voru hér í samræðum í gær við hæstv. viðskiptaráðherra um það hvers konar afskriftir ættu sér stað í bankakerfinu, eftir hvaða reglum og hvort þær væru raunverulegar og allt slíkt. Hæstv. ráðherra upplýsti að þær ættu sér stað. Hann gat ekki upplýst eftir hvaða reglum en sagði samt að það lægi fyrir að afskrifað væri á milli gömlu bankanna og yfir í nýju bankana. Á þetta hefur verið bent, m.a. af fólki sem skuldar í bönkunum gengistryggð lán.

Það er því mjög margt að gerast hér í þjóðfélaginu sem virðist ekki ná til almennings, hvað þá litla mannsins. Það virðist vera svo að almenningur eigi að bera allar verðtryggingar og allar vaxtahækkanir og allar gengistryggingarhækkanir en hægt sé að vera með alls konar afskriftir eftir ýmsum leiðum gagnvart öðrum í bankastofnunum og sjóðum. Við teljum því meira en tímabært að komið verði til móts við fólkið í landinu með beinni aðgerð, að það þurfi ekki að setjast á biðbekkinn með að fá hlutina í gegn heldur geti gengið að því sem vísu að skorið verði niður og sett inn á biðreikning með það að markmiði, þegar ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum og allar upplýsingar liggja fyrir, að hægt sé að ákveða lækkun afborgana fólks og skuldbindinga að því er varðar húsnæðislánin, lán sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði. Það er tillagan sem við ræðum hér, hæstv. forseti, og snýr að því ástandi sem uppi er í þjóðfélaginu.

Hæstv. forseti. Mig minnir að hv. þm. Pétur Blöndal hafi sagt það hér í umræðunni að það væri kannski fyrst og fremst unga fólkið sem væri að lenda í þessu, fólk sem hefði keypt íbúðir síðustu fjögur ár. Það kann vel að vera en ætli það sé nú ekki nokkur fjöldi sem hefur verið að kaupa sér íbúðir síðustu fjögur ár. Kannski er einhver hluti af þessu fólki hættur að vinna eða hefur ekki vinnu en íbúðalánið hækkar og við það fæst ekkert ráðið og samningar eru ekki í hendi til þess að taka á því.

Einnig var minnst á misgengi lána og launa sem varð fyrir mörgum árum þegar misgengishópurinn var sem öflugastur hér, ég held það hafi verið hæstv. ráðherra Ögmundur Jónasson, þáverandi þingmaður, sem fór fyrir þeim hópi á sínum tíma, svokölluðum misgengishópi, ásamt fleiri þekktum einstaklingum, en þá var slík eignaupptaka í gangi, verðtryggingin og verðbólgan mældu upp lán fólks en kaupið lækkaði og launabæturnar sem áttu að fylgja komu ekki fram og fólk réði ekki við mismuninn á milli hækkandi skuldbindinga og lækkandi launa. Það var eignaupptaka, hæstv. forseti, alveg eins og er að verða núna gagnvart fólki sem skuldar í íbúðunum sínum. Það gekk til þeirra samninga í góðri trú og eftir miklar ráðleggingar fólks í bankakerfinu um það hvernig haga ætti lántökum og lánveitingum og hvað fólk þyrfti að gangast undir, fór í gegnum greiðslumat þar sem lagt var mat á það hvað fólk mætti bera af lánum en þær forsendur eru allar foknar út í vindinn í kjölfar bankahruns og verðbólgu.

Það verður að taka á þessu ástandi, hæstv. forseti, og ég hvet til þess að í hv. nefnd verði þetta mál vandlega unnið og skoðað. Ef menn telja að hægt sé að láta þetta virka lengra aftur en til 1. janúar 2009 hvet ég til þess en vænti þess að þær upplýsingar sem fram munu koma á næstu dögum og vikum, m.a. frá Seðlabanka Íslands, um eignastöðu, teknastöðu og skuldastöðu heimilanna í landinu, dugi til þess að vinna þetta mál skynsamlega með það að markmiði að skaðinn verði sem minnstur. Það verður alltaf einhver skaði en við getum vonandi haldið honum í lágmarki ef við förum þá leið sem hér er lögð til.

[16:44]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta verður bara örstutt. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson rakti hér um nauðsyn þess að taka verðtrygginguna niður. Ég er sammála þeim sjónarmiðum að nú eigi að leita allra leiða til þess að verðtryggingin fari niður og fari út í áföngum. Ég minni á frumvarp sem við fluttum hér, þingmenn Vinstri grænna, fyrr í haust, auk mín hv. þingmenn Ögmundur Jónasson og Katrín Jakobsdóttir, um að vextir af verðtryggðum lánum mættu ekki fara upp fyrir einhverja ákveðna prósentu, við nefndum þar 2%. Þegar menn eru bæði að vega saman háa vexti og háa verðtryggingu er ekki hægt að sjá neitt sérstakt réttlæti í því. Ég tek undir þau sjónarmið að eitt brýnasta mál okkar nú sé að keyra niður vextina. Við skulum vona að verðbólgan sé á niðurleið og fari niður og

þá eru enn minni rök fyrir því að vera með háa vexti.

Ég vona svo sannarlega að á næstu dögum verði stýrivextir, skuldavextir og vanskilavextir — að þetta verði allt saman lækkað því að hvorki heimili né atvinnulíf standa undir þessu gríðarlega vaxtastigi og með lækkun verðbólgu verður það enn óréttlátara. Ég tek alfarið undir þau sjónarmið hjá hv. þingmanni um að eitt brýnasta mál okkar er að keyra niður vexti eins og nokkur kostur er og að allra leiða sé leitað til þess að færa verðtrygginguna niður, afnema hana eða lækka, eða setja á hana þak.

[16:47]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þingmaður er nokkuð sammála okkur um hvernig við leggjum þetta mál upp og fagna því. Ég vil líka vekja athygli á að hæstv. fjármálaráðherra sagði hér í ræðupúltinu fyrir örfáum dögum, sennilega í óundirbúnum fyrirspurnum, að hann teldi að afnema ætti verðtrygginguna og er það í samræmi við það sem hv. þingmaður sagði áðan.

Ég tel að það vandaverk sem við stöndum núna frammi fyrir þurfi að vinnast skipulega og menn verði að ná þeirri lendingu að fara út úr því fari sem við erum í.

Ég held að það sé tvennt í dag sem heldur uppi verðbólgunni í landinu, setur höft á atvinnulífið og eykur atvinnuleysið og vinnur þar af leiðandi gegn hagsmunum þjóðarinnar. Í fyrsta lagi okurstýrivextir sem ég held að viðhaldi atvinnuleysinu og einnig verðbólgunni. Í öðru lagi held ég að það sé verðtryggingin. Þetta samanlagt held ég að skrúfi upp verðlag í landinu og vinni okkur mikinn skaða eins og ástandið er í dag.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Frv. KHG, 287. mál (bætur meðan á námi stendur). — Þskj. 513.

[16:49]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru tvær greinar. Annars vegar gildistökugreinin og hins vegar efnisgreinin sem geymir breytinguna sem lögð er til að verði gerð á lögunum. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 14. gr. bætist ný málsgrein er verði 5. mgr., svohljóðandi:

Vinnumálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum b–e-liðar 1. mgr. þannig að hinn tryggði geti talist vera í virkri atvinnuleit stundi hann nám sem nýtist honum beint í atvinnuleit og er ætlað að veita honum aukin starfsréttindi, auka hæfni hans til starfa og bæta vinnufærni, svo sem iðnnám eða meistaranám. Slíka heimild má þó einungis veita hinum tryggða til tveggja ára og skal hann skila viðunandi námsárangri og uppfylla önnur þau skilyrði sem skilgreind eru í reglugerð, sbr. 6. mgr. Heimildina skal einungis veita búi hinn tryggði ekki þegar yfir þeirri menntun eða réttindum sem um ræðir.“

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi.

Greinargerðin með frumvarpinu skýrir breytinguna sem lögð er til og ég vil leyfa mér að lesa hana, með leyfi forseta:

Frumvarpinu er ætlað að veita atvinnulausum rétt til atvinnuleysisbóta meðan á námi stendur. Lagt er til að Vinnumálastofnun fái heimild til að veita undanþágu frá skilyrði um virka atvinnuleit stundi sá sem tryggður er samkvæmt lögunum nám sem ætlað er að auka við starfsréttindi hans og bæta vinnufærni. Tekið er fram að iðnnám sem veitir starfsréttindi geti fallið undir heimildina sem og meistaranám. Að öðru leyti er ekki gerð frekari afmörkun á því hvaða nám er um að ræða og það eftirlátið félagsmálaráðherra að útfæra slíkt nánar í reglugerð. Með því er einnig gert ráð fyrir svigrúmi til að meta hvert tilvik fyrir sig. Til viðmiðunar eru þó sett þau skilyrði að námið þurfi að nýtast hinum tryggða beint í atvinnuleit hans og veita aukin starfsréttindi ásamt því að auka hæfni til starfa og bæta vinnufærni. Þá er eðlilegt að miða við að heimildin sé einungis nýtt til náms sem leiði til starfshæfni sem líklegt er að þörf sé fyrir í þjóðfélaginu til lengri tíma litið. Með því væri t.d. hægt að opna fyrir möguleika fólks til að hefja háskólanám án þess að þurfa að geyma áunna atvinnuleysistryggingu í samræmi við 25. gr. laganna.

Miðað er við að heimildin sé bundin við viðbótarréttindi eða nám og er einna helst hugsuð fyrir þann hóp atvinnulausra sem einungis býr yfir grunnmenntun til að bæta við nám sitt og auka þannig líkur á að finna starf. Samkvæmt tölum Hagstofunnar frá árinu 2007 voru 28% einstaklinga á vinnumarkaði á aldrinum 20–64 ára án viðurkenndrar starfs- og framhaldsskólamenntunar. Þetta samsvarar 45 þúsund manns. Að sama skapi er hlutfall þeirra mjög hátt meðal atvinnulausra, en tæp 60% atvinnulausra í lok árs 2008 voru einungis með grunnskólamenntun. Mikilvægt er því að bæta úrræði þessara einstaklinga til að auka vinnufærni sína með því að bæta við námsúrræðum.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006, kemur fram að námsúrræði hafi þótt mjög mikilvægt vinnumarkaðsúrræði, en slíkum úrræðum er ætlað að auka vinnufærni atvinnulausra. Þó er einnig tekið fram þar að með námsúrræðum sé ekki átt við hefðbundið framhaldsskólanám eða nám á háskólastigi, samanber einnig reglugerð nr. 13/2009, um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúrræði. Í frumvarpinu er því um víkkun hugtaksins að ræða vegna aðstæðna í samfélaginu og, í samræmi við markmið vinnumarkaðsaðgerða, er gert ráð fyrir að þessi breyting nýtist atvinnuleitendum beint og auki ráðningarmöguleika þeirra til framtíðar.

Sú kvöð er þó lögð á þá sem nýta sér námsúrræði laga um vinnumarkaðsaðgerðir að þeir þurfi að vera tilbúnir að taka þau störf sem þeim bjóðast, sbr. 14. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Með frumvarpinu er opnað fyrir þann möguleika að útfæra nánar vinnumarkaðsúrræðin með því að breyta viðeigandi reglugerðum þannig að til boða standi lengra nám sem ekki þarf að hætta að stunda ef starf

býðst. Slíkt nám nýtist einstaklingum þegar vinnumarkaður tekur við sér að nýju og er einnig þjóðfélaginu til góða þar sem sérþekking og vinnufærni einstaklinga eykst.

Svo hljóðar greinargerðin með frumvarpinu sem ætlað er að lýsa tilganginum með því og svo sem ekki miklu við það að bæta.

Ég hygg að flestir geti verið sammála um að fólk sem komið er út á vinnumarkað og er yfirleitt búið að stofna fjölskyldu og koma sér þaki yfir höfuðið, með tilheyrandi skuldum og skuldbindingum, er ekki vel í stakk búið til að hefja nám þegar það hefur misst vinnuna. Það hefur engar tekjur og þarf að kosta námið eingöngu með láni frá Lánasjóði íslenskra námsmanna ef þau eru í boði. Með þessu móti gefst fólki kostur á að halda atvinnuleysisbótum í tvö ár, sem má segja að séu ígildi tekna eða launa á þeim tíma, og þörf fyrir lántöku verður þá minni sem því nemur. Þannig er líklegra að viðkomandi einstaklingar séu í færum til að kljúfa fjárhagslega að stunda það nám sem þeir hafa kosið sér og er ætlað til þess að auka vinnufærni, eins og það heitir, og gera þeim kleift að stunda störf sem þeir áður höfðu ekki kunnáttu til eða menntað sig til. Aðgerðin sem slík er því skynsamleg. Hún er líklega þjóðhagslega hagkvæm og breytir getu einstaklinga á vinnumarkaði í samræmi við þörfina á hverjum tíma, eða a.m.k. á þeim tíma sem menn sjá fram í tímann.

Þetta er tilgangur málsins. Hann er brýnn núna, sérstaklega þegar fjöldi atvinnulausra er kominn upp í 17 þúsund manns samkvæmt nýjustu tölum og nálgast það 10% atvinnuleysi. Við þær aðstæður er nauðsynlegra en áður að opna slík úrræði fyrir atvinnulausa.

Ég hygg að ef gripið yrði til þessa ráðs, sem auðvitað kostar töluvert fé úr ríkissjóði, muni það þegar til lengri tíma er litið skila sér til baka í vinnuafli sem hefur meiri getu á því sviði sem um er að ræða. Störf eru þá unnin af fólki sem kann til verka og það skapar tekjur fyrir ríkissjóð. Allt snýst þetta um að þessi hringrás nái að snúast og þegar upp er staðið mun ríkissjóður líklega standa vel til lengri tíma, m.a. vegna aðgerða sem þessara.

Ég legg til, virðulegur forseti, að málinu verði vísað til hv. félags- og tryggingamálanefndar að lokinni þessari umræðu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. SVÓ o.fl., 93. mál (forgangsakreinar). — Þskj. 100.

[16:58]

Flm. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum. Auk mín flytja þetta mál hv. þm. Karl Matthíasson, Ólöf Nordal, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Árni Þór Sigurðsson og Ármann Kr. Ólafsson.

1. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 2. gr. laganna bætist ný orðskýring í réttri stafrófsröð, svohljóðandi:

Forgangsakrein:

Akrein sem einungis er ætluð fyrir umferð strætisvagna og leigubifreiða."

2. gr. laganna er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 2. mgr. 13. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Almenn umferð ökutækja um forgangsakreinar strætisvagna og leigubifreiða er óheimil."

Tilgangurinn með þessum breytingum er að skilgreina svokallaðar forgangsakreinar í lögum og frumvarpið er liður í því að efla almenningssamgöngur. Á næstunni er reyndar von á endurskoðuðum umferðarlögum frá samgönguráðuneytinu og hæstv. samgönguráðherra, en engu að síður er þetta mál flutt í von um að það verði samþykkt og verður það þá vonandi skref til þess að fleiri forgangsakreinar verði í umferðinni og að almenningssamgöngur verði raunhæfur kostur í fyllingu tímans.

Málið er, frú forseti, að töluvert hefur borið á því að þessar forgangsakreinar hafi ekki verið virtar, þ.e. að bílar hafi keyrt á þessum merktu akreinum. Má t.d. nefna Miklubraut og Lækjargötu. Það tefur auðvitað fyrir strætó. Vandinn er sá að vantað hefur skilgreiningu í lögunum um forgangsakreinar til þess að lögreglan geti gripið til viðeigandi ráðstafana og beitt sektum eða öðrum úrræðum þegar fólk brýtur þetta bann.

Tilgangurinn með flutningi frumvarpsins er að skilgreina slíkar akreinar. Verði frumvarp þetta að lögum er lögð áhersla á að samgönguráðherra skerpi á sektarheimild vegna brots á ákvæðinu í reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, nr. 930/2006, að fengnum tillögum ríkissaksóknara, sbr. 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga, eins og segir í greinargerðinni.

Um þetta mál þarf ekki að hafa fleiri orð, frú forseti, og læt ég þetta því duga.

Herra forseti. Ég vil biðjast afsökunar á því að hafa ávarpað herra forseta sem frú.

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti gerir engar athugasemdir við slíkt ávarp og veit að það var vel meint.)

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og samgn.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. AtlG og ÞBack, 127. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 138.

og

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. AtlG o.fl., 342. mál (bann við kaupum á vændi). — Þskj. 583.

[17:03]

Flm. (Atli Gíslason) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Meðflutningsmaður

minn er hv. þm. Þuríður Backman.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga orðist svo, með leyfi herra forseta:

„Hver sem gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum."

Í XXII. kafla almennra hegningarlaga er fjallað um kynferðisbrot og er 1. mgr. 194. gr. svohljóðandi, með leyfi herra forseta:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum." Eins og sjá má er lögð megináhersla á verknaðaraðferð, líkamlegt ofbeldi, líkamlega áverka og hótanir. Sú áhersla hefur endurspeglast í rannsóknum nauðgunarmála þar sem andlegum áverkum hefur verið lítill gaumur gefinn. Aukin þekking á afleiðingum nauðgana hefur hins vegar fært okkur vitneskju um að andlegir áverkar eru alvarlegustu afleiðingar nauðgana. Nauðsynlegt er að lögin endurspegli þekkinguna á málum er snerta kynbundið ofbeldi. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á 1. mgr. 194. gr. að áherslan á verknaðaraðferðina verði algjörlega felld út úr textanum enda ljóst að orðalag greinarinnar samrýmist ekki þeirri grundvallarhugsun sem býr að baki mannréttindaákvæðum um friðhelgi einkalífs.

Friðhelgi einkalífs er samheiti ýmissa mannréttinda sem varin eru af stjórnarskrá og mannréttindasáttmálum. Friðhelgin nær yfir heimili, fjölskyldu og persónulega hagi manns, og umfram allt það að hver maður hefur rétt til lífs og rétt til að ráða yfir eigin líkama og sálarlífi, sem eru mikilvægustu einkalífsréttindin. Rétturinn til lífs þarf einnig að samræmast sjálfsvirðingu manna, réttinn til frelsis, mannhelgi og að þurfa ekki að þola ólögmætar þvinganir.

Þrátt fyrir að mannréttindin sem talin eru í mannréttindasáttmála Evrópu séu að meginstefnu réttindi sem vernda einstaklinginn fyrir óþarfa afskiptum og þvingunum af hálfu ríkisins, þá er þess krafist af ríkinu að það tryggi að þessi mannréttindi verði virk í reynd. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur nokkrum sinnum tekið á því og ég vil nefna mál gegn Hollandi. Þar var deiluefnið að ekki var hægt að ákæra mann fyrir kynferðislega misnotkun á andlega fatlaðri stúlku þar sem hollensk refsilög höfðu engin slík ákvæði. Niðurstaða dómsins var sú að athafna ríkisins væri þörf til að gera vernd þessara réttinda virka.

Ég vil í öðru lagi nefna dóm Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem búlgarska ríkið var ekki talið hafa staðið með fullnægjandi hætti að lögregluransókn og meðferð nauðgunarmáls og þar með ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum um að gera mannréttindin virk í raun.

Ég vil geta þess, herra forseti, að að mörgu leyti er staða í nauðgunarmálum áþekk hér á landi og í því máli sem búlgarska ríkið var dæmt brotlegt við mannréttindasáttmálann. Ég kem betur að því síðar.

Í bók sinni „Unwanted Sex: The Culture Of Intimidation And The Failure Of Law" leggur Stephen Schulhofer, lagaprófessor við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum, áherslu á að refsiákvæði um nauðganir ættu að snúast um hugmyndina um kynfrelsi einstaklingsins. Schulhofer skilgreinir kynfrelsi sem kynferðislegan sjálfsákvörðunarrétt, þ.e. „réttinn til að velja og hafna kynferðislegu samneyti, hvar sem er, með hverjum sem er og hvenær sem er", eins og Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, þýðir það í kandídatsritgerð sinni „Nauðgun frá sjónarhóli kvennaréttar". Schulhofer telur að kynferðislegt sjálfræði eða kynfrelsi eigi að vera grundvallarhugtak í lagasetningu um kynferðisofbeldi og að brotið sé gegn kynfrelsi þegar gerandinn sýnir kynferðislega hegðun án þess að tryggja að hann hafi til þess fullgilt samþykki hjá þeim sem hegðunin beinist að.

Konur hafa á grundvelli reynslu sinnar skilgreint nauðgun sem kynferðisofbeldi karla þar sem sjálfsákvörðunarréttur kvenna er virtur að vettugi og réttur þeirra til sjálfsstjórnar brotinn á bak aftur.

Fyrir 4. apríl 2007 var nauðgunarákvæðið orðað nokkurn veginn með þeim hætti að hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manni til holdlegs samræðis. Þessu var breytt 2007 með lögum og þá er talað um að hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung.

Samkvæmt orðalagi beggja þessara ákvæða, bæði fyrri ákvæðanna og ákvæðanna sem lögfest voru 2007, skiptir verknaðaraðferðin meira máli en verndarhagsmunirnir og samþykkið. Í nauðgunarmáli samkvæmt núgildandi lögum þarf ásetningur gerandans að ná til allra efnisþátta nauðgunarákvæðisins og þess virðist krafist að gerandinn hafi gert sér grein fyrir því að verknaðurinn hafi verið framinn gegn vilja brotaþola eða þolandans. Í málum þar sem engir líkamlegir áverkar sjást snýst því sönnunin oft um það hvort gerandinn hafi gert sér grein fyrir því hvort þolandi var samþykkur samræðinu eða ekki.

Það er athyglisvert þegar maður skoðar þessi ákvæði og ber þau saman við önnur hegningarlagaákvæði sem vernda friðhelgi einkalífs. Það kemur til að mynda í ljós þegar maður skoðar bréfleyndarákvæði 228. gr. almennra hegningarlaga að nauðgunarákvæði 194. gr. veitir líkömum og sálarlífi kvenna minni réttarvernd en bréfleyndarákvæði 228. gr. Sama gildir um húsbrotsákvæði 231. gr. almennra hegningarlaga sem segir ef maður ryðst heimildarlaust inn í hús, þar er talað um heimildarlaust. Þar er verið að höfða til samþykkisins. Um þetta hegningarákvæði gildir hið sama og um 228. gr. almennra hegningarlaga Verndarhagsmunirnir eru minni og alls ekki jafnströng skilyrði um verknaðaraðferð og 194. gr. laganna, um nauðgun, kveður á um. Í húsbrotsákvæðinu er beinlínis höfðað til þess að samþykki þurfi að vera til sem er í fullu samræmi við 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs.

Þegar gerður er samanburður á nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga og öðrum líkamsofbeldisgreinum þá kemur hið sama í ljós. Í 211. gr. almennra hegningarlaga segir að hver sem sviptir annan mann lífi skuli sæta fangelsi ekki skemur en fimm ár.

Hér skiptir engu máli hvernig manndráp er framið og líknarmorð eru líka refsiverð. Í líkamsárásarmálum skipta afleiðingarnar einnig mestu varðandi sönnun en ekki verknaðaraðferð. Þær eru refsiverðar jafnt í manndráps- og líkamsárásarmálum, sama hvernig að ofbeldinu var staðið. Af-

leiðingarnar, þ.e. líkið eða líkamstjónið, ráða sönnun finnist gerandinn. Í nauðgunarmálum er hins vegar eins og ég sagði áðan lögð meginhersla á að hægt sé að sanna verknaðaraðferðina, að ofbeldi hafi verið beitt eða hótunum um ofbeldi.

Þessi þrenging miðað við önnur ofbeldisbrot hefur einfaldlega leitt til þess að aðeins hefur verið sakfellt í afar litlum hluta kærumála sem borist hafa lögreglu vegna nauðgana. Á árinu 2003 bárust lögreglu um 105 kærur. Ég held að það hafi verið sakfellt í innan við fimm þeirra. Þetta eru skelfilegar tölur sem er alveg ótrúlegt að skuli birtast í íslensku réttarvörslukerfi.

Það er reyndar svo að réttarvörslukerfið gefur þessum andlegu afleiðingum nauðgana afar lítinn gaum og sú staðreynd er meginhvati þess að þetta frumvarp er flutt. Þessi mismunun eftir ofbeldisbrotaflokkum og núgildandi nauðgunarákvæði standast ekki mannréttindaákvæði um friðhelgi einkalífs.

Afleiðingar nauðgana eru skelfilegar, bæði andlegar og aðrar. Ég ætla að víkja að þeim næst í ræðu minni. Í mars 2005 lýsti mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna yfir áhyggjum vegna ofbeldis gegn konum á Íslandi og þá sérstaklega vegna kynferðisofbeldis. Í athugasemdum eins nefndarmanns, Finna, segir m.a., með leyfi herra forseta:

„Were all the women lying or did authorities just not care? Was the message that women should just not report the cases because they would only get into trouble?" (Forseti hringir.)

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti vill vekja athygli á því að ákveðið hefur verið af forsætisnefnd að þegar vitnað er í erlenda texta eigi það að vera stutt og þýtt jafnóðum á íslenskt mál.)

Herra forseti. Textinn er ekki lengri og ég hélt að örstuttir textar væru leyfilegir en ég mun virða þá reglu sem hæstv. forseti tilkynnir mér hér. Textinn hljóðar í lauslegu þýðingu minni, herra forseti: Voru allar konurnar að ljúga eða var stjórnvöldum alveg sama? Voru skilaboðin þau að konur ættu ekki að kæra vegna þess eins að þær mundu lenda í meiri vandræðum með kærumál?

Ég verð að ítreka að andlegar afleiðingar eru mun meiri, alvarlegri og varanlegri en hinar líkamlegu. Það eru beinlínis löglíkur, ég fullyrði það, löglíkur, lögfull sönnun að öllum sönnunarreglum í opinberum málum að nauðgun hafi verið framin ef fyrir liggur að áliti sérfræðinga að þolandi hafi orðið fyrir slíku áfalli við kynmök að þau andlegu einkenni sem ég mun telja hér upp á eftir eru til staðar ef það kemur fram.

Í skýrslu nauðgunarmálanefndar frá 1989 kemur fram að 48% kvenna veittu enga mótspyrnu við nauðgunina, en í 26% tilvika var mótspyrnan aðallega fólgin í því að reyna að verja sig lítillega og mótmæla verknaðinum. Aðeins fjórðungur kvenna veitti virka líkamlega mótspyrnu.

Frá því er greint í skýrslunni að rúmur helmingur kvennanna hlaut nánast enga líkamlega áverka, hjá þriðjungi þeirra voru áverkarnir minni háttar, rispur, roði á húð, þroti og marblettir. Umtalsverðir líkamlegir áverkar komu fram í aðeins um 10% tilvika. Sönnun verður því ekki sótt í líkamlega áverka nema í minni hluta nauðgunartilvika. Samkvæmt alþjóðlegum sjúkdómsgreiningaskrám er áfallið í kjölfar nauðgunar líkt því sem einstaklingar verða fyrir við stórfelldar náttúruhamfarir, stríðsátök og stórslys. Það er sameiginlegt með þessum aðstæðum að þolandinn hefur það ekki í hendi sér hvort hann lifir eða deyr. Þessum áföllum fylgja oft mjög sterk viðbrögð sem kallast áfallastreituröskun. Almennt getur slík lífsreynsla leitt til viðvarandi ástands.

Líkamleg viðbrögð við nauðgun eru eftirfarandi: Skjálfti, hraður hjartsláttur, kviðverkir, niðurgangur, ógleði. Uppköst og svimi eru mjög áberandi og geta valdið hræðslu og óöryggi, eirðarleysi, grátköst og ótti sömuleiðis. Þessi fyrstu viðbrögð vara mjög stutt. Á þeim tíma geta tilfinningaviðbrögð verið frekar lítil en ekki í samræmi við aðstæður.

Það er eitt alveg öruggt, herra forseti, að þær tímabundnu afleiðingar sem ég hef hér lýst koma ekki fram í kjölfar sjálfviljugra kynmaka og sanna svo ekki verður um villst að nauðgun hefur átt sér stað. Langtímaafleiðingar andlegar eru hins vegar sýnu verri og alvarlegri. Skömm er algengasta afleiðingin, það eru 85% þolenda á móti 55% sem sýna reiði. Þunglyndi eftir nauðgun getur orðið langvarandi, þunglyndi og depurð leiða oft til kvíða, svefntruflana og einangrunar. Einnig er hætta á sjálfsvígstilraunum. Erfiðleikar í kynlífi koma fram og svokallaðar svipmyndir þar sem þolandinn upplifir atburðinn aftur og aftur. Konur deyfa allar tilfinningar um atburðinn og alvarleg hegðunarvandamál og einbeitingarskortur eru þekkt dæmi.

Afleiðingar eru öllu alvarlegri til langs tíma litið, sumir þolendur þróa með sér varanlegan sjúkdóm sem mótar allra þeirra tilveru og fjölskyldna þeirra til frambúðar. Stöðug spenna getur fylgt í kjölfarið og ef ekkert er að gert gefur sig eitthvað, líkamlegt eða andlegt. Fram hefur komið í viðtölum við sérfræðinga að 60–70% kvenna með geðraskanir og kvenna sem missa tök á lífi sínu, lenda til að mynda í neyslu fíkniefna og afbrotum, eiga að baki sögu um kynferðislegt ofbeldi. Ég vil líka taka það fram að kynferðisofbeldi og afleiðingar kynferðisofbeldis er eitt stærsta heilbrigðisvandamál heimsins í dag sem snýr að konum.

Orðalag áður gildandi og núgildandi ákvæða almennra hegningarlaga endurspeglar ekki rétta þróun á sviði mannréttinda. Sama gildir um rannsóknir, sönnunarmat, ákærur og dóma í þessum málaflokki eins og tölulegar staðreyndir staðfesta. Ég ítreka það að af 103 tilkynningum til lögreglu 2003 um nauðganir eða kynferðisbrot leiddu aðeins 5 til sakfellinga fyrir dómi. Þessar tölur segja allt sem segja þarf um réttarvernd kynfrelsis en orðalag ákvæðanna skýrir ekki allt. Það má setja stór spurningarmerki við rannsóknir, sönnunarmat og sönnunarbyrði í kynferðisbrotamálum. Ég held því fram hér, herra forseti, að með því að samþykkja þessi lög sé alls ekki verið að breyta neinum sönnunarreglum heldur að beina sjónum réttarvörslukerfisins til hinna andlegu afleiðinga, til hinna raunverulegu sannana. Ég árétta að tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar nauðgana eru augljósar og þekktar og einatt miklu alvarlegri og síður læknanlegar en líkamlegir áverkar meiri háttar líkamsmeiðinga. Komi þessar andlegu afleiðingar fram eftir kynmök eru fram komnar fullnægjandi sannanir fyrir því að þolandanum hafi verið þröngvað til kynmaka, að ofbeldi hafi verið beitt, andlegu ofbeldi.

Ég ítreka að hér er verið að beina sjónum réttarvörslukerfisins að sönnunargögnum sem það hefur vanrækt að afla í nauðgunarmálum. Frumvarpið gerir alls ekki ráð fyrir að slakað verði á sönnunarkröfum, meginreglum opinbers réttarfars um sönnun, enda engin þörf á því til að ná fram sakfellingum ef réttra aðferða er gætt. Frumvarpið sýnir einnig þann vilja löggjafans að dómstólar þyngi refsingar fyrir kynferðislegt ofbeldi með því að færa lágmarksrefsingu úr einu ári í tvö.

Að öðru leyti, herra forseti, varðandi þetta mál leyfi ég mér að vísa í mjög ítarlega greinargerð sem fylgdi frumvarpi þessu en hún byggir á fræðigrein sem ber heitið „Réttarvernd kynfrelsis" og er eftir Atla Gíslason, sem hér stendur, og Jóhönnu Katrínu Magnúsdóttur og birtist greinin í afmælisriti Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrverandi hæstaréttardómara, *Guðrúnarbók*, sem gefin var út í Reykjavík í júní 2006.

Ég vík þá að síðara frumvarpinu sem ég mæli fyrir, um breytingu á almennum hegningarlögum, en þar eru flutningsmenn auk mín hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Þuríður Backman, Katrín Júlíusdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Eygló Harðardóttir og Helga Sigrún Harðardóttir.

Þar er mælt fyrir því, herra forseti, að við 206. gr. almennra hegningarlaga, 1. og 2. mgr., bætist tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi, með leyfi herra forseta:

„Hver sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Hver sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi barns undir 18 ára aldri skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum."

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði um refsinæmi þess að kaupa vændi. Hér skiptir ekki máli í hvaða formi greiðslan er. Hún getur verið peningar, áfengi eða fíkniefni, hlutir eða eitthvert viðvik, greiði eða þjónusta. Þá er ekki áskilið að greiðslan eða loforð um hana renni til þess sem veitir þjónustuna enda háttsemi milligöngumanns refsiverð samkvæmt 4. mgr. 206. gr. hegningarlaga. Að sama skapi er athæfið saknæmt ef vændið er keypt fyrir þriðja aðila.

Löggjöf af þessu tagi er oft nefnd sænska leiðin og miðar við að það sé hlutverk löggjafans að sporna við sölu á kynlífi, enda sé ekki ásættanlegt að líta á mannslíkamann sem söluvöru. Einnig er gengið út frá því að ábyrgðin á viðskiptunum hvíli á herðum kaupandans en ekki seljandans, enda sé aðstöðumunur þeirra ævinlega mikill. Loks er litið svo á að það sé kaupandinn sem í krafti peninganna hafi eiginlegt val um að kaupa eða kaupa ekki, enda staða hans í langflestum tilvikum miklu sterkari en þess sem selur aðgang að líkama sínum til kynlífsathafna.

Ég vil taka það fram, herra forseti, að sænska leiðin var lögfest í Noregi með lögum nr. 104/2008. Lögin tóku gildi 1. janúar 2009 og þar eru kaup á vændi gerð refsiverð.

Í 4. mgr. 202. gr. hegningarlaga er nú þegar kveðið á um að sá sem greiðir barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök skuli sæta allt að tveggja ára fangelsi. Ákvæðið var lögfest með lögum árið 2002. Í greinargerð segir að refsinæmi brots sé bundið við að barni eða ungmenni yngra en 18 ára hafi verið greitt endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök. Ákvæðið nær þó ekki til þeirra sem greiða öðrum aðila fyrir samræði eða kynferðismök við barn undir 18 ára aldri. Af þessum sökum er lagt til að lögfest sé sérstakt ákvæði um refsinæmi þess að kaupa vændi af barni.

Ég vil taka það fram að frumvarp sambærilegt þessu hefur verið lagt nokkrum sinnum fyrir Alþingi af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingar og Framsóknarflokksins. Að öllum ólöstuðum held ég að ég geti þó þakkað sérstaklega hv. þm. og hæstv. umhverfisráðherra fyrir framgöngu hennar í þessu máli. Hún hefur verið vakin og sofin yfir því og maður er stoltur af því að vera í flokki með konu sem lætur sig þessi mál skipta jafnmiklu og raun ber vitni. Það fellur svo í minn hlut og þeirra meðflutningsmanna minna sem ég hef nefnt að binda vonandi endahnút á þetta verk, fylgja því endanlega til lykta.

Fjöldi umsagna um þetta frumvarp hefur borist áður og er það því fullunnið. Það liggur fyrir vilji einstaklinga og það er mikill meiri hluti umsagnaraðila sem fylgir þessu frumvarpi og styður það mjög eindregið. Umsagnaraðilar bentu á að vændi væri ein birtingarmynd kynferðisofbeldis, réttilega, það væri oftast til komið vegna neyðar og dæmi væru þess að konur hér á landi væru neyddar til vændis ýmist beint eða óbeint. Ég vil líka taka það fram að bann við kaupum á vændi sendir mjög skýr skilaboð út í samfélagið, að það sé litið mjög alvarlegum augum að kaupa sér aðgang að líkama fólks og það sé alls ekki ásættanlegt á Íslandi að nýta sér neyð annarra í kynferðislegum tilgangi.

Ég vil taka það fram sérstaklega að Mannréttindaskrifstofa Íslands benti á í umsögn sinni rannsókn sem sænska félagsmálaráðuneytið lét gera árið 2007. Í þeirri skýrslu koma fram þær jákvæðu afleiðingar sem hin sænsku lög höfðu, þ.e. að götuvændi hafi minnkað verulega og löggjöfin hafi haft fyrirbyggjandi áhrif þannig að ungar stúlkur leiddust síður út í vændi.

Í umsögn Rannsóknastofu Háskóla Íslands í kvenna- og kynjafræðum kom fram að mikill aðstöðumunur væri á kaupanda og seljanda vændis þar sem kaupandi hefði val um það hvort hann kaupir vændið en seljandi þess hefur sjaldnast sama val þar sem vændi væri oftast stundað vegna neyðar. Flestir vita að vændi tengist mjög eiturlyfjanotkun á Íslandi og því miður eru sorgleg dæmi þess að ungar stúlkur afli viðurværis og fjármagni kaup á eiturlyfjum með því að selja líkama sinn. Þetta er auðvitað skelfilegt og sorglegt og sú staða má ekki vera uppi hér á Íslandi.

Ég vil taka það fram að í mars 2007 kannaði Capacent Gallup hug landsmanna til kaupa á vændi og 70% þjóðarinnar voru hlynnt því að sænska leiðin yrði farin hér á landi.

Ég vil líka taka það fram, herra forseti, að við þetta frumvarp er mjög víðtækur stuðningur meðal kvennahreyfinga á Íslandi, víðtækur stuðningur þeirra við að kaup á vændi verði gerð refsiverð. Haustið 2003 sendu 14 samtök þingmönnum áskorun um að leiða slíkt bann í lög. Það voru

Bríet – félag ungra femínista, Femínistafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennaathvarfið, Kvennakirkjan, Kvennaráðgjöfin, Kvenréttindafélag Íslands, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Stígamót, Tímaritið Vera, UNIFEM á Íslandi, Félag kvenna í læknastétt á Íslandi, Landssamband framsóknarkvenna og V-dagssamtökin. Í greinargerð með áskoruninni var lögð áhersla á tengsl klámiðnaðarins og vændis og tekið undir það sjónarmið að vændi væri kynbundið ofbeldi sem bæri að vinna gegn. Það að gera kaup á vændi refsiverð væri virk leið til varnar.

Herra forseti. Ég leyfi mér að halda því fram að umtalsverður meiri hluti þingmanna hér á þingi styðji þetta frumvarp og það verði að lögum fyrir þinglok í þessum mánuði.

[17:29]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Mér er það mikið fagnaðarefni að sjá hér á þskj. 583 mál það sem hv. þm. Atli Gíslason talaði fyrir í seinni hluta ræðu sinnar, þ.e. lagafrumvarp um að kaup á vændi verði gert refsivert á Íslandi. Eins og kom fram í máli hv. 1. flutningsmanns er þetta mál flutt af þingmönnum stjórnarflokkanna tveggja ásamt þingkonum úr Framsóknarflokknum. Sú sem hér stendur hefur barist fyrir því að frumvarp af þessu tagi verði samþykkt og mér er sérstakt gleðiefni að nú sjái fyrir endann á þeirri baráttu. Satt best að segja hefur ríkt óútskýranleg tregða gagnvart þessu máli í heilan áratug hér á Alþingi Íslendinga en ég held að vinna okkar sem höfum verið baráttufólk fyrir þessari sænsku leið sanni að dropinn holi steininn og nú erum við að ná þessari miklu réttarbót í gegn.

Við skulum átta okkur á því að með samþykkt frumvarpsins er Alþingi að viðurkenna að vændi sé ákveðið birtingarform kynbundins ofbeldis. Það er með öðrum orðum staðfest að óásættanlegt sé í samfélagi okkar að líkamar geti gengið kaupum og sölum.

Fyrir nokkrum árum fékkst sú réttarbót í lög að afnumið var úr lögum að þær eða þau sem leiðast út í vændi séu sek og refsinæmi þess að selja aðgang að líkama sínum var afnumið. Það var góð réttarbót en þar með var óljóst hvar ábyrgðin af vændinu og þá um leið hinu kynbundna ofbeldi lægi. Það hefur alltaf verið trú mín að hún liggi einungis hjá þeim sem hefur valdið til að velja að kaupa sér ekki aðgang að líkama annarrar manneskju. Valið sé ekki fórnarlambsins eða þess sem leiðist út í vændi vegna þess að það val er alltaf neyð.

Það er ekki spurning um að fólk velji sér að stunda vændi og hafa það að atvinnu, það er einungis vegna þess að einhverra hluta vegna eru engar aðrar leiðir færar fyrir viðkomandi til að hafa viðurværi. Svo getum við farið út í það að ræða með hvaða hætti við getum aðstoðað og stutt fórnarlömb kynbundins ofbeldis, þar með talið þau sem leiðst hafa út í vændi, til sjálfshjálpar og þess að gerast virkir samfélagsþegnar á nýjan leik.

Mér er gleðiefni að segja frá því að á ríkisstjórnarfundi í morgun var, eins og hefur komið fram í fréttum í dag, kynnt aðgerðaáætlun gegn mansali, sem er líka langþráð, því að í desember 2007 var stofnaður starfshópur sem gert var að semja slíka aðgerðaáætlun. Það hefur tekið á annað ár að koma starfi þess starfshóps í höfn og virkilega ánægjulegt er að á sama degi og mælt er fyrir þessu máli á Alþingi Íslendinga skuli kynnt í ríkisstjórn Íslands aðgerðaáætlun gegn mansali þar sem það er skorinorður hluti af niðurstöðunni að kaup á vændi skuli gert refsivert á Íslandi.

Þetta er að mörgu leyti tímamótadagur því að nú tölum við hér einum rómi, ríkisstjórnin og löggjafarsamkundan, og það er mikið fagnaðarefni því að á það hefur skort hingað til.

Ég tek undir með hv. 1. flutningsmanni að þær áskoranir sem við höfum fengið um að fara þessa leið hafa verið mjög kraftmiklar í gegnum árin. Til viðbótar við þá áskorun sem hv. þingmaður nefndi og getið er um í greinargerð með frumvarpinu má geta þess að þann 6. þessa mánaðar barst þingmönnum áskorun um að banna kaup á vændi eða gera það refsivert. Þar eru gamalkunnug nöfn samtaka sem hafa verið virk í þessari baráttu frá upphafi vega, má segja, og hafa verið frumkvöðlar í þeirri baráttu en þar hafa líka bæst við nýir aðilar. Mig langar til að vitna í texta bréfsins sem við fengum þann 6. mars. Þar segir, með leyfi forseta:

„Því ber að fagna að enn einu sinni er komið fram á Alþingi frumvarp um að banna kaup á vændi. Að þessu sinni eru það nýmæli að þingmenn stjórnarflokkanna tveggja ásamt þingkonum Framsóknarflokks leggja fram frumvarpið og því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að það verði afgreitt og samþykkt. Vændi er ein birtingarmynd kynferðisofbeldis gagnvart konum í vændi og því ber ábyrgðin að vera þeirra sem kaupa sér kynlífsþjónustu. Eftir að lögin voru endurbætt og konur í vændi eru ekki lengur sekar að lögum, sjáum við merki þess að vændi geti orðið útbreiddara en áður. Minnt skal á að útbreiddur og viðurkenndur klámiðnaður og vændi eru forsendur mansals og nær ómögulegt er að greina mansal frá annars konar kynlífsþjónustu. Við þessu þarf að bregðast."

Ég tek heils hugar undir þá fullyrðingu sem hér stendur og er undirrituð af Stígamótum, Bríeti – félagi ungra femínista, Femínistafélagi Íslands, karlahópi Femínistafélagsins, Kvennaráðgjöfinni, Kvennakirkjunni, hópi 39 kvenna í kirkjunni, Kvenréttindafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Samtökum um kvennaathvarf, Neyðarmóttöku vegna nauðgana, Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna, Landssambandi framsóknarkvenna, Mannréttindaskrifstofu, UNIFEM á Íslandi og Samtökum kvenna af erlendum uppruna.

Ég held að baráttа þessara samtaka sé að komast í höfn og þau eiga mikinn þátt í baráttunni. Þar hefur enginn dregið neitt af sér og ánægjulegt var hvernig samtökin brugðust við þegar Norðmenn gerðu svipaða lagabreytingu á síðasta ári, þá sáu íslenskar konur og baráttufólk úr þessum hreyfingum ástæðu til að fagna sérstaklega og kalla til fjölmiðla af því tilefni að Norðmenn höfðu stigið skrefið á eftir Svíum. Ég veit að þau samtök ásamt okkur, baráttufólkinu hér á þessari stofnun, eiga eftir að fagna þegar Ísland kemur í kjölfarið og verður þriðja landið á Norðurlöndum sem gengur alla leið í þeim efnum, að gera kaup á vændi refsiverð með þeim hætti sem hér er lagt til.

[17:37]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Atla

Gíslasyni fyrir þá góðu ræðu sem hann flutti áðan um þessi tvö mál, um nauðgun og refsingu við nauðgunum og það að gera vændi refsivert. Greinilegt er að umræðan um þessi mál hefur vaxið og fólk er farið að sýna þeim meiri áhuga og taka betur eftir ofbeldinu sem fylgir þessum gjörðum.

Ég hugsa líka oft um það og hef stundum heyrt að svo illar athafnir beinist líka gegn börnum og það heyrir náttúrlega undir barnaverndarlög, líka að ungir drengir lendi oft í kynferðislegri misnotkun og kynferðislegum árásum. Reyndar er ekki eins mikið talað um það í dag en það þarf ekki endilega að vera vegna þess að svo lítið sé um það, heldur kannski vegna þess að þeir drengir sem hafa lent í svona árásum eru tregari til að tjá það og segja frá því. Við þurfum líka að hafa augun opin fyrir þessu. En sérstaklega langar mig til að þakka hv. þingmanni fyrir innlegg hans og þá fræðslu og þær upplýsingar sem komu fram í greinargerðinni með frumvarpinu.

Hæstv. forseti. Fyrir sex árum sat ég hér á Alþingi Íslendinga og lagði þá fram þingsályktunartillögu sem hljóðaði svona, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hlutast til um gerð fræðsluefnis fyrir grunnskólastig um misjafnt hlutskipti og kjör kvenna um víða veröld."

Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Alþekkt er hér á landi hversu mikill munur hefur verið á réttindum kvenna og karla. Hægt er að nefna mörg hryggileg dæmi því til stuðnings. Viðhorf til kvenna hefur löngum verið í þá veru að konan eigi ekki að njóta sama réttar, sömu virðingar og sömu sæmdar og karlinn. Til dæmis sést þetta vel þegar við lítum í sögu kosningalöggjafar og menntamála. Núgildandi lög um jafnrétti kynjanna eru góðra gjalda verð en nauðsynlegt er að allir fái inngróna tilfinningu fyrir því að konunni ber sama staða og karlinum í samfélagi voru. Þá fyrst verður um raunverulegt jafnrétti og réttlæti á milli kynjanna að ræða.

Víða um veröldina er hlutur kvenna mjög bágborinn og í sumum löndum ríkir mikil kvennakúgun og konur [frá þessum löndum] ganga sums staðar kaupum og sölum og eru jafnvel þvingaðar í vændi á Vesturlöndum og víðar.

Sífellt er bent á slæma stöðu kvenna í mörgum þróunarríkjum og hversu illa er farið þar með konur. Nefna má mýmörg dæmi um umskurn kvenna og fleira. Frægt viðtal við sómölsku fyrirsætuna Waris Dirie vakti margan af værum blundi og einnig skelfilegar fréttir um konur í Bangladess sem brenndar höfðu verið í andliti með sýru vegna þess að þær hryggbrutu biðla sína.

Á undanförnum missirum hefur umræða aukist um nauðganir, vændi, klám og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og konum. Er það ekki síst vegna fjölgunar ákæra og brota í þessum efnum. Margir telja að tilkoma netsins og aukin og fjölbreyttari fjölmiðlun eigi nokkurn þátt í þessu, þ.e. að virðing fyrir lífi og líkama annarra hafi farið þverrandi og einnig að kærleiksástin njóti ekki sömu viðurkenningar samfélagsins og fyrr. Hægt er að nefna mörg dæmi um sora sem unglingar og jafnvel börn hafa verið vitni að á þessu sviði. Ljóst er að slíkt hefur slæm mótandi áhrif á þá sem á horfa og getur bjagað og afskræmt það sem fallegt er og fagurt í augum Guðs og manna.

Við þessu ber að sporna af alefli. Það verður einungis gert með viðhorfsbreytingu og gæti gerð námsefnis um misjöfn kjör kvenna um víða veröld verið lóð á vogarskálarnar. Það ætti líka að vera vel til þess fallið að vekja börnin almennt til umhugsunar um það hversu skammt maðurinn er kominn á leið sinni í átt til réttlætis og einnig ætti slíkt efni að auka kærleika barna og unglinga í garð hvers annars og benda þeim á hversu hver einstaklingur er mikilvægur í því að skapa betri heim með kærleiksríkri framkomu."

Þetta segir í greinargerðinni sem ég samdi með þingsályktunartillögunni. Hún spratt einmitt upp úr þeirri hugsun, að þegar mikið framboð er á klámi og ungt fólk horfir á klám, alls konar ógeð og viðbjóð, þá fá ungir drengir — t.d. varð ég einu sinni vitni að ungir strákar á fermingaraldri voru að horfa á ömurlegar klámmyndir og ég spurði sjálfan mig: Ungir drengir sem eru 14–15 ára gamlir sem horfa á svona, hvaða hugmyndir og hugsanir fá þeir um eðlilegt samlíf kynjanna? Þegar fólk horfir á svona, þegar unglingar horfa á svona getur það ekki orðið til þess að skapa virðingu og kærleika og ást fyrir hinum.

Síðan getum við hugsað um þessa hluti alla, eins og umræðuna um vændi, og í svona námsefni gæti t.d. verið spurning til drengjanna: Mundir þú vilja að dóttir þín væri vændiskona? Mundir þú vilja að systir þín væri vændiskona? Mundir þú vilja að móðir þín væri vændiskona? Þegar fólk fær svona verkefni í hendurnar og fær þessar hugsanir um lífið og virðinguna fyrir öðrum segir það: Nei, ég vil það ekki. Hvernig á ég að koma fram við aðra og hvernig ber mér að virða annað fólk? Allar slíkar pælingar og það að setja svona inn í námsefni og nálgast það kannski með því að horfa á fjarlægari lönd og færa það svo nær okkur sjálfum er vel til þess fallið að viðhorf og sjónarmið karla til kvenna, verði jákvæðari og þroskaðri en þau eru í mörgum tilvikum. Það þarf að byrja að gera þetta, við tölum hér um þá sem fremja glæpina og þá sem brjóta lögin, brjóta gegn náunga sínum en spurningin er: Er hægt að gera eitthvað til að draga úr þessu, til að þroska einstaklingana, til að auka vitund þeirra gagnvart lífi annarra? Það skiptir líka svo miklu máli.

Það er grundvallaratriði og getur orðið til þess að þessum glæpum fækki. Hvað hafa margir unglingar verið á netinu í dag, frá því kl. 8 í morgun, og séð ýmislegt sem ógeðslegt er, sem enginn fullorðinn veit um? Hvað hafa börnin okkar verið að gera í dag? Geta allir foreldrar svarað því til að þeir viti með vissu hver hefur samband við börnin þeirra í gegnum facebook, msn, tölvupósta og alls konar slíka miðla?

Ég vildi koma þessu inn í umræðuna, herra forseti, en vil alls ekki með þessum orðum draga úr því sem minn góði vinur, hv. þm. Atli Gíslason, leggur hér fram og bendir á með sinni góðu ræðu og sínu góða erindi. Ég vona að þetta verði til þess að fólk fari að hugsa af meiri virðingu hvert um annað í þessu öllu saman og ég ítreka það að lokum að þó að mest sé talað um konur í þessu sambandi vitum við náttúrlega að margir karlmenn verða líka fyrir þessu. Við sáum ekki fyrir löngu myndir um vestræna karlmenn sem fara í sérstakar kynlífsferðir til Tælands þar sem litlir strákar eru misnotaðir, sem er bara ógeðslegt. Þá skiptir svo miklu máli að umræða sé um þetta í samfélaginu og

eitt af því sem verið var að gera hér er hluti af því og mjög gott að svo hafi verið. Af því að vikið hefur verið að öðru hér, þessu ofbeldi sem verður oft í heimi fíkniefna, í heimi áfengissýkinnar og þess ömurlega lífs sem fylgir eiturlyfjum, handrukkunum og vændi, sem er líka notað sem handrukkunartæki.

Það er margt svo ljótt sem á sér stað í tengslum við áfengissýkina og fíkniefnin. Á þessu þurfum við líka að taka, við þurfum að taka mun betur á því þegar 14 ára barn er tekið undir áhrifum áfengis, amfetamíns, kannabiss eða annarra fíkniefna. Hvernig tökum við á þeim málum? Að minni hyggju þurfum við að gera það mun betur, mun markvissar, og fylgja einstaklingnum betur því að sá sem er byrjaður að nota þessi efni er kominn með annan fótinn í undirheimalíf landsins og við þurfum að bregðast við því. Sá sem er kominn með annan fótinn í undirheimana er líka á leiðinni inn í þá vansæmd sem hefur verið nefnd í þessu máli um nauðganir og vændi og alla þá kúgun sem því fylgir. Þess vegna er einn hlutur líka í þessari forvarnafræðslu sá að láta börnin vita það mikið betur að amfetamín er hættulegt og miklu hættulegra en margt annað, eins og t.d. sykur. Börn læra voðalega mikið um hættu sykurs í heilsufræði í skólanum, en læra þau eins mikið um hvað amfetamín er hættulegt? Eða alkóhól sem náttúrlega felur í sér lygina? Við sjáum það svo oft.

Ég ætla ekki að segja meira um þetta að sinni en vil ljúka máli mínu aftur á því að þakka hv. þm. Atla Gíslasyni fyrir að fylgja þessum málum hér úr hlaði.

[17:51]

Útbýting:

Tollalög, vörugjald og virðisaukaskattur, 365. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 750; brtt. efh.- og skattn., þskj. 751.

[17:51]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Herra forseti. Mig langar til að leggja orð í belg og halda lofræðunum áfram og þakka persónulega fyrir hönd systra minna sex og systkinabarna, fyrir hönd dóttur minnar og dótturdóttur, 1. flutningsmanni, Atla Gíslasyni, sérstaklega fyrir það að leggja þessi mál fram í þinginu.

Hér er um að ræða tvö mál sem varða herta refsiramma vegna kynferðisbrota. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki áhugamanneskja um mjög harðar refsingar ef komist verður hjá þeim en ég tel að fleira þurfi að koma til í þessum málum. Ég fagna því jafnframt sem kom fram í máli hæstv. umhverfisráðherra áðan að aðgerðaáætlun gegn mansali hafi verið lögð fram í ríkisstjórn í dag og það er vissulega skref í rétta átt. Ég tel að með þeim málum sem hér eru til umræðu sé mikilvægt og stórt skref stigið í mannréttindabaráttu kvenna og barna hérlendis.

Í máli hv. þm. Atla Gíslasonar kom fram að í mars 2007 hafi Capacent Gallup kannað hug landsmanna til kaupa á vændi. Hann nefndi í máli sínu mjög margar kvennahreyfingar sem hafa veitt þeim málum víðtækan stuðning. Ég leyfi mér að fullyrða að það eru ekki bara kvennahreyfingar í landinu sem styðja mál af þessum toga. Ég þekki mjög marga karla sem gera það líka, enda varða þessi mál þjóðarhag, heilbrigði þjóðarinnar og okkar minnstu bræður og systur. Fátt er mikilvægara en að vernda þá sem minna mega sín og ég tel það hlutverk okkar að gera það og tryggja mannréttindi þeirra sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur í þinginu í gær og ég tel víst að nú hljóti brautargengi þau mál sem hér eru til umræðu í dag og borin fram af hv. þm. Atla Gíslasyni sem hefur verið vakinn og sofinn í hagsmunagæslu í mannréttindamálum og ég ítreka þakkir mínar til hans hvað það varðar.

[17:54]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða tvö mjög mikilvæg mál. Ég þakka hv. þm. Atla Gíslasyni fyrir að koma með þau inn í þingið og leiða umræðuna og flutning málanna. Hæstv. umhverfisráðherra nefndi það fyrr í umræðunni að í morgun samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaáætlun gegn mansali. Það var ákaflega mikilvægur og ánægjulegur viðburður að það skyldi gerast í morgun en í gær kom hópur sem hefur verið að vinna að þessari aðgerðaáætlun á fund minn og færði mér niðurstöður sínar í 25 liðum um það hvernig berjast skyldi gegn mansali á Íslandi. Annað af þessum þingmálum er mikilvægt atriði inn í þá aðgerðaáætlun. Það er mikilvægt að þingið komi að þeirri vinnu eins og gerist nú þegar þingmál um að kaup á vændi verði refsivert, kemur að frumkvæði óbreyttra þingmanna. Mig langar að nefna það hérna vegna þess hve glöð ég er yfir því að þetta mál sé komið til umræðu og hversu mikilvægt ég tel að það verði afgreitt út úr þinginu fyrir kosningar því að við gerum ráð fyrir því í aðgerðaáætlun okkar að þetta atriði verði lögfest fyrir kosningar með samþykkt þessa þingmáls.

Ég ætla ekki að fara yfir þau 25 atriði sem eru í aðgerðaáætluninni þó að ég vildi gjarnan gera það, en mig langar að nefna þrennt sem ég tel mikilvægt í aðgerðaáætluninni. Það er í fyrsta lagi það að forsætisráðuneytið mun hafa forgöngu um að setja siðareglur fyrir Stjórnarráðið og reyndar alla opinbera starfsmenn og þær munu m.a. fela í sér skýlaust bann við kaupum fulltrúa íslenskra stjórnvalda á hvers kyns kynlífsþjónustu. Þarna er verið að leggja af mörkum til að koma í veg fyrir mansal ekki aðeins hér á landi heldur einnig á erlendri grund.

Síðan er annað mál sem líka varðar þingið og það þingmannafrumvarp sem hér er til umfjöllunar. Það er að girða fyrir undanþágumöguleika í lögum um veitingastaði og skemmtanahald þannig að lögin banni alfarið starfsemi nektarstaða. Eins og menn þekkja sem hafa fylgst með þeirri umræðu, þá liggur slíkt þingmál fyrir í allsherjarnefnd og við bindum miklar vonir við að það frumvarp verði einnig afgreitt sem lög frá Alþingi fyrir kosningarnar. Með því yrðu ákveðin atriði í umræddri aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn mansali uppfyllt.

Síðan er auðvitað það mál sem við erum að ræða hér, þ.e. að gera kaup á vændi refsiverð. Með því er fullnaðarsigur unninn í áralangri baráttu fjölmargra kvennasamtaka, mannréttindasamtaka, félagasamtaka og líka þingmanna. Ég ætla ekki að gera lítið úr því en í því skyni hafa ítrekað komið fram frumvörp á þingi. Ég er mjög ánægð með þetta

en ég er einn af þeim þingmönnum sem hafa verið flytjandi að slíkum þingmálum. Þess vegna tel ég þetta mikinn gleðidag fyrir þá þingmenn sem hafa verið að vinna að þessum málum. Þarna fylgjum við fordæmi Svía og Norðmanna en í mörgum öðrum löndum er mikil umræða um sænsku leiðina svokölluðu. Hún er áberandi og ég tel það mikilvægt að þetta atriði sé inni í þessari aðgerðaáætlun og hér sé verið að leggja til að þetta verði lögfest því auðvitað er það þannig að eftirspurn eftir kynlífsþjónustu er megindrifkraftur mansals og það verður því ekki barist gegn mansali nema barist sé gegn kynlífsmarkaðnum í öllum sínum myndum.

Þetta vildi ég að kæmi fram í lok umræðunnar. Ég ítreka enn þakkir til þeirra sem tóku sig til og lögðu fram þetta mikilvæga mál og ég tel mikilvægt að skilaboð Alþingis í þessum efnum séu skýr. Þau verða að vera það. Skilaboðin eru skýr í aðgerðaáætluninni sem ríkisstjórnin samþykkti í morgun. Ég geri ráð fyrir að árið 2012 munum við búa við löggjöf sem ætti að geta að mestu leyti komið í veg fyrir mansal og þau frumvörp sem hér eru rædd eru liður í því.

[18:00]

Flm. (Atli Gíslason) (Vg):

Herra forseti. Það hefur sannarlega orðið viðhorfsbreyting með nýrri ríkisstjórn og það gafst lag sem þingmenn hafa gengið á, meðflutningsmenn að þessum frumvörpum og aðrir, og nú er bara að óska þess að allsherjarnefnd fari með vændiskaupafrumvarpið í gegn.

Ég þakka öllum fyrir sérstaklega góð viðbrögð við þeim frumvörpum sem ég mælti hér fyrir. Ég þakka líka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn og ég þakka þeim sem ruddu brautina, m.a. með vændiskaupafrumvarpinu.

Hvað nauðgunarfrumvarpið varðar hef ég fyrst og fremst sótt leiðbeiningar mínar til starfskvenna Stígamóta og Kvennaathvarfsins og fjölda kvenna sem hafa ráðlagt mér og lesið yfir skrif mín. Þeim er ég öllum afar þakklátur án þess að ég nefni þær á nafn.

Upphaf þess að ég fór að hugleiða afleiðingar nauðgana var reynsla mín úr starfi, af máli þar sem um hópnauðgun var að ræða og ekki var ákært fyrir — það var gjörsamlega ótrúlegt — og málaferli eftir það. Ég nefni líka dæmi af lyfjanauðgun, en þær fara mjög vaxandi, því miður, og ekki var heldur ákært út af því þótt þar hafi komið fram líkamlegir áverkar sem alls ekki stóðust frásögn glæpamannsins sem átti þar hlut að máli. Þá komu allar þessar afleiðingar fram, sem ég lýsti, í skýrslum Neyðarmóttökunnar, þessi skammvinnu eða tímabundnu viðbrögð, skjálfti og hræðsla, uppgangur, niðurgangur, ör hjartsláttur og allt slíkt sem allir vita að eru afleiðingar nauðgunar. Ég las auk þess þessar varanlegu afleiðingar út úr báðum konunum og það snerti mjög réttlætiskennd mína.

Næsta verk okkar er að tryggja þolendum enn betur aðstoð. Auðvitað veita Stígamót og Kvennaathvarfið verulega aðstoð, sérstaklega Stígamót, og þarf að styrkja fjárhagsgrundvöll þeirra. Starf þeirra hefur skilað miklum árangri en það þarf meira til. Það þarf líka endurhæfingarlífeyri og endurhæfingu. Mér er mjög minnisstætt í tilviki sem ég þekkti um konu sem kom út úr svona misþyrmingu gjörsamlega dauð til augnanna, sjálfsvirðingin farin og allt. Hún fékk aðstoð hjá Tryggingastofnun með nokkrum eftirgangsmunum. Það sýndi sig að teymi sérfræðinga gat leitt hana inn á réttar brautir þannig að einn daginn birtist hún mér, einu og hálfu ári síðar, vel til höfð, sjálfsvirðingin komin og lífið hafi kviknað í augum hennar á nýjan leik. Þetta er gríðarlega mikilvægt og ég beini því til hæstv. ráðherra tryggingamála að skoða það að tryggja endurhæfingu og endurhæfingarlífeyri þolenda kynferðislegs ofbeldis.

Stígamót og Kvennaathvarfið og öll þessi samtök sem hafa lagt hér hönd á plóginn og gert kraftaverk, sem maður þakkar fyrir, hafa svo sannarlega sannað gildi sitt. Við eigum í höggi við glæpastarfsemi sem er samofin starfsemi sem tengist og rennur saman í mansal, vændi, klám, eiturlyf og fleira. Þetta er gríðarlega öflug glæpastarfsemi sem teygir anga sína um allan heim og að baki henni standa jafnvel fjölþjóðlegir glæpahringir. Við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur á Íslandi til að vinna gegn því og frumvarpið um bann á vændiskaupum er einn merkur þáttur í því starfi.

Herra forseti. Ég legg til að báðum málum verði vísað til allsherjarnefndar.

Umræðu lokið.

Frumvörpin ganga til 2. umræðu og allshn.

Aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs, fyrri umr.

Þáltill. BJJ o.fl., 419. mál. — Þskj. 712.

[18:05]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs. Flutningsmenn þessarar tillögu eru hv. þingmenn Framsóknarflokksins, en innan flokksins hefur á undangengnum vikum og mánuðum verið unnið mjög markvisst að því að leita leiða að því markmiði okkar að koma til móts við það erfiða ástand sem blasir við íslensku atvinnulífi og íslenskum almenningi.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að útfæra og koma til framkvæmdar eftirfarandi aðgerðum til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs. Þær eru í 18 liðum og mun ég gera nánar grein fyrir hér á eftir.

Herra forseti. Eftir fall bankakerfisins í byrjun október 2008 hefur skapast ástand í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar sem verður að bregðast við af öllu afli. Við óvenjulegar aðstæður eins og nú eru þarf að beita óhefðbundnum aðgerðum sem þessi tillaga felur í sér.

Minnihlutaríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tók til starfa 1. febrúar 2009. Framsóknarflokkurinn hefur heitið því að verja minnihlutaríkisstjórnina vantrausti á Alþingi og setti fyrir því tiltekin skilyrði. Í því fólst fyrst og fremst að þá strax yrði ráðist í efnahagslegar aðgerðir í þágu heimila og atvinnulífs. Framsóknarflokkurinn var þeirrar skoðunar að ekki mætti bíða með aðgerðir til að forða þjóðinni frá frekari áföllum en orðið höfðu. Þegar tillaga þessi er lögð fram

á Alþingi er liðinn rúmlega einn mánuður frá því að minnihlutaríkisstjórnin tók til starfa og telja framsóknarmenn að ríkisstjórnin hafi ekki ráðist í þær nauðsynlegu og aðkallandi aðgerðir sem voru forsendur þess að ríkisstjórnin var mynduð með atbeina Framsóknarflokksins. Af þeim ástæðum er þessi þingsályktunartillaga lögð fram sem framlag Framsóknarflokksins til þess að ráðist verði í raunverulegar aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs og skapa forsendur til endurreisnar efnahagslífinu. Hér á eftir er gerð grein fyrir einstökum liðum tillögunnar, en eins og ég sagði gerum við tillögu um 18 aðgerðir sem eiga að koma til móts við bráðavanda heimilanna í landinu og íslensks atvinnulífs.

Í fyrsta lagi leggjum við til að vextir verði lækkaðir í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Reyndar er það svo að formaður Framsóknarflokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, hefur átt viðræður við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn með rökstuðningi okkar framsóknarmanna um hvers vegna það er þjóðhagslega mjög brýnt að hefja vaxtalækkunarferli. Þær viðræður eru reyndar bundnar trúnaði en Framsóknarflokkurinn hefur unnið mjög ítarlega greinargerð og rökstuðning fyrir því af hverju við eigum að hefja stýrivaxtalækkun nú þegar. Það segir sig sjálft í 18% verðbólgu brennur eigið fé atvinnulífsins upp og heimilin, sem eru mörg hver skuldsett, glíma við gríðarlega háar byrðar vegna skulda sinna og þess vegna er brýnt að við ráðumst í þetta.

Í öðru lagi leggjum við til að lífeyrissjóðum verði veitt heimild til gjaldeyrisviðskipta. Lífeyrissjóðir eiga miklar eignir erlendis og þarf að gera þeim kleift að selja erlendar eignir og fjárfesta innan lands, kjósi þeir svo, með því að heimila þeim að eiga gjaldeyrisviðskipti. Þannig gætu lífeyrissjóðir landsins keypt krónur á hagstæðum kjörum af þeim erlendu aðilum sem eiga krónueignir hér á landi og vilja selja þær. Lífeyrissjóðirnir gætu með þessu móti selt minni hluta erlendra eigna sinna fyrr en ella fyrir sama magn af krónum og þannig nýtt ástandið sér til hagsbóta.

Í þriðja lagi leggjum við til að nú þegar verði samið við erlenda eigendur krónueigna. Talið er að erlendir aðilar eigi eignir í íslenskum krónum sem nemi 350–500 milljörðum kr. Við þess aðila þarf að ræða og við þessa aðila þarf að semja þannig að hægt sé fyrr en síðar að aflétta þeim gjaldeyrishöftum sem síðasta ríkisstjórn lagði á síðasta haust.

Við leggjum í fjórða lagi til að settur verði á fót uppboðsmarkaður með krónur en létta má þrýstingi á krónuna umfram það sem náð verður með fyrrgreindum aðgerðum með því að Seðlabankinn setji á fót uppboðsmarkað með íslenskar krónur. Það mun jafnframt flýta fyrir því að gjaldeyrishöft verði afnumin án þess að hafa í för með sér stórfellda veikingu krónunnar með tilheyrandi vanda fyrir íslensk heimili og fyrirtæki.

Í fimmta lagi leggjum við til að lokið verði við stofnun nýju bankanna fyrir 1. apríl 2009, sem er lykilforsenda þess að bankakerfið geti starfað með eðlilegum hætti, sem er nauðsynlegt til að bankakerfið geti sinnt heimilunum og ekki síst atvinnulífinu. Við framsóknarmenn höfum hér á vettvangi þingsins lýst yfir miklum áhyggjum yfir því hversu mikill seinagangur virðist vera í því að ljúka við stofnefnahagsreikninga bankanna. Þeir munu ekki fyrr geta hafið eðlilega starfsemi gagnvart heimilunum og fyrirtækjunum.

Í sjötta lagi leggjum við til að kröfuhafar fái hlut í nýju bönkunum. Með setningu neyðarlaga á Alþingi þann 6. október 2008 voru innlán gerð rétthærri öðrum skuldum bankanna og bönkunum skipt í gamla og nýja banka. Sá gjörningur gæti hæglega bakað ríkinu gríðarmikla skaðabótaskyldu. Til að koma til móts við kröfuhafa má færa þeim hlutafé í nýju bönkunum sem nemur skerðingu krafna þeirra. Með þessu móti færu einnig saman hagsmunir ríkisins og íslensks efnahagslífs annars vegar og kröfuhafa hins vegar við uppbyggingu bankanna. Kröfuhafar sæju sér hag í því að færa eignir úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju á lægra verði í því augnamiði að styrkja nýju bankana. Ríkið legði svo inn eigið fé og fengi hlutabréf í samræmi við það.

Í sjöunda lagi leggjum við til að sameining og endurskipulagning banka og fjármálastofnana verði hafin. Við höfum spurt forustumenn ríkisstjórnarflokkanna út í hvaða hugmyndir menn hafi í ríkisstjórn Íslands, m.a. um framtíð sparisjóðanna, um fyrirkomulag á íslenskum fjármálamarkaði þar sem ríkið á orðið það að 90% leyti. Hvað ætlar ríkisstjórnin sér í þeim efnum? Við teljum að sameining tveggja ríkisbanka gæti verið fýsilegur kostur. Einnig mætti sameina einn ríkisbanka fjármálastofnun eða stofnunum í einkaeigu, sparisjóðum eða bönkum.

Í áttunda lagi leggjum við til að ríkið ábyrgist lán til skamms tíma á milli banka. Millibankamarkaður með krónur hefur nánast lagst af eftir bankahrunið í október 2008. Það er verulegt áhyggjuefni, herra forseti. Ein afleiðing þess er að fjármálastofnanir þurfa að liggja með meira reiðufé í sjóðum. Það fé liggur því ónotað og bankarnir geta síður lánað fyrirtækjum fé til skemmri tíma vegna þess. Það sem atvinnulífið kallar á í dag er fjármagn. Því miður er mikil tregða í íslensku bankakerfi við að veita íslensku atvinnulífi þann stuðning sem það þarf. Á meðan segja fyrirtækin upp starfsfólki sínu í röðum, við horfum upp á eitt mesta atvinnuleysi um áraraðir og allt stefnir í að hátt í 20 þúsund Íslendingar verði atvinnulausir innan skamms. Við þessu þarf að bregðast, hæstv. forseti.

Í níunda lagi leggjum við til að aukning peningamagns verði í umferð. Eftirspurn í hagkerfinu er í algjöru lágmarki. Verðbólgan stafar fyrst og fremst af mikilli veikingu krónunnar síðastliðið ár. Til að örva eftirspurnina þarf að auka peningamagn í umferð eins og gert hefur verið víðast hvar á Vesturlöndum. Slíkt má til dæmis gera með því að setja upp sjóð sem kaupir eignir af bönkum fyrir ríkisbréf.

Í tíunda lagi leggjum við framsóknarmenn til að heimilt verði að skrá hlutafé í erlendri mynt. Fái hlutafélög heimild til skráningar hlutafjár í erlendri mynt mun það styðja við erlenda fjárfestingu. Enn fremur mun það treysta innlendan hlutafjármarkað og veitir svo sannarlega ekki af því.

Í ellefta lagi leggjum við til að drög að fjárlögum til ársins 2012 verði gerð og það verði farið í þá vinnu hið fyrsta í ljósi þeirra gríðarlegu breytinga sem hafa orðið á umhverfi ríkissjóðs.

Í tólfta lagi leggjum við til að samráðsvettvangi verði komið á fót með útflutningsfyrirtækjum og öðrum atvinnugreinum. Við leggjum til að það verði gert með þeim hætti að komið verði á fót formlegum samráðsvettvangi ríkis-

stjórnarinnar með helstu útflutningsfyrirtækjum og útflutningsatvinnugreinum í því augnamiði að koma í veg fyrir að starfsemi einhverra þeirra fari úr landi, til að örva starfsemi þeirra til lengri tíma og skemmri og leita leiða til að raunvöxtur útflutningsatvinnugreina verði sem mestur.

Í þeirri vinnu sem Framsóknarflokkurinn vann sem endurspeglast í þeim 18 tillögum sem við ræðum hér á vettvangi þingsins fóru sérfræðingar út á akurinn, ræddu við forsvarsmenn íslensks atvinnulífs og satt best að segja kom þeim mörgum á óvart að fulltrúi frá íslenskum stjórnmálaflokki væri kominn á skrifstofu til þeirra til þess að ræða um hvaða aðgerðir þeir sæju til þess að koma til móts við íslenskt atvinnulíf. Núverandi ríkisstjórn og fyrrverandi ríkisstjórn hafa ekki leitað nægilega samráðs til þess að koma til móts við þarfir íslensks atvinnulífs. Það er á þeim samtölum og tillögum sem við byggjum málflutning okkar hér á Alþingi.

Í þrettánda lagi leggjum við til að ríkið verði bakhjarl vegna fjármögnunar útflutnings. Mörg útflutningsfyrirtæki eiga í vanda m.a. vegna þess að tryggingar útgefnar af íslenskum bönkum eru ekki viðurkenndar erlendis. Við þessu þarf að bregðast.

Í fjórtánda lagi leggjum við til aukinn stuðning við rannsókna- og þróunarstarf.

Í fimmtánda lagi leggjum við til aðgerðir til að örva fasteignamarkaðinn.

Í sextánda lagi leggjum við til að stimpilgjöld verði afnumin, og þá m.a. til þess að örva fasteignamarkaðinn.

Í sautjánda lagi leggjum við til að þeim sem eiga óskattlagðar eignir erlendis, sem ekki hefur verið gerð grein fyrir, verði gefinn kostur á að gefa þær upp og greiða af þeim skatta auk vaxta og hugsanlegrar sektar, innan ákveðins frests, og gera þar með hreint fyrir sínum dyrum. Um leið fari fram rannsókn á eignum Íslendinga erlendis og í kjölfarið verði þeir sem ekki gáfu upp skattskyldar eignir beittir viðurlögum. Benda má á að bæði Þjóðverjar og Bretar hafa farið þessa leið. Þessari aðgerð verði komið til framkvæmdar fyrir 1. mars árið 2010.

Og síðast en ekki síst leggjum við til í átjánda lagi að ráðist verði í niðurfellingu á hluta af skuldum heimila og atvinnufyrirtækja. Þess má geta að ýmsir aðilar hafa komið fram með hugmyndir sínar um niðurfærslu skulda. Þar get ég nefnt aðila úr Sjálfstæðisflokki og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, sem hafa lagt til að menn fari í niðurfærslu á skuldum íslenskra heimila. Þau 20% sem við leggjum til að verði niðurfærð af skuldum heimila og fyrirtækja getum við fært til samræmis við verðbólgu síðustu 18 mánaða.

Hvers á einstaklingur að gjalda sem keypti íbúð fyrir 18 mánuðum og hefur horft upp á lánið sitt hækka um 20% á tímabilinu? Er það víst að sá einstaklingur hafi gert ráð fyrir því hruni og þeirri óðaverðbólgu sem geisað hefur í íslensku samfélagi á undanförnum 18 mánuðum? Ég spyr. Á það að vera þannig, herra forseti, að einungis þeir sem óvarlega fóru, fjárfestu mikið og eru þess vegna margir hverjir tæknilega gjaldþrota í dag, fái niðurfærslu á skuldum sínum? Á íslenskur almenningur, sem horfist í augu við gríðarlegt tekjutap, gríðarlegt atvinnuleysi, ekki að njóta neins heldur einungis stórgrósserar sem eru nú þegar að kaupa íslensk fyrirtæki gegn gríðarlegum afskriftum? (**Gripið fram í:** ... Morgunblaðið.) *Morgunblaðið* er nefnt hér í því samhengi þar sem 3.000 milljónir voru afskrifaðar.

Ætla menn ekki að koma til móts við hina venjulegu fjölskyldu sem sér einfaldlega ekki fram úr vandamálum sínum, eða ætla menn að gera eins og Samfylkingin hefur lagt til, að greiðslumeta hvert einasta heimili og hvert einasta fyrirtæki í landinu? Hvaða tíma halda hv. þingmenn að það taki að greiðslumeta öll heimili í landinu? Við verðum komin á aðra hliðina þegar því verki verður lokið. Við höfum varað við því, við framsóknarmenn, að verði ekki gripið til róttækra aðgerða í því umhverfi sem við okkur blasir getur verið hætta á kerfishruni. Ætli menn að fljóta sofandi að feigðarósi og vera með einhverjar smáskammtalækningar gagnvart fyrirtækjum og heimilum getur farið illa. Það þarf róttækar aðgerðir í efnahagsmálum Íslendinga í dag.

Ég vil geta þess hér í fyrri ræðu minni að ég lét hafa samband við fulltrúa allra flokka í efnahags- og skattanefnd til þess að koma og ræða þær tillögur sem Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram. Framsóknarflokkurinn er eini stjórnmálaflokkurinn á Alþingi sem hefur ráðist í þá vinnu að móta heildstæðar lausnir og aðgerðir fyrir heimilin og fyrirtækin. Ég krefst þess að fulltrúar annarra stjórnmálaflokka komi í þessa umræðu. Annars lít ég á það sem merki um ótta, málefnalegan ótta, vegna þess að enginn annar stjórnmálaflokkur á Alþingi hefur lagt fram þingsályktunartillögu um aðgerðir til bjargar (Forseti hringir.) heimilum og fyrirtækjum. Ég fer fram á það, um leið og ég bið hæstv. forseta um að setja mig aftur á mælendaskrá, að fulltrúar annarra stjórnmálaflokka á Alþingi geri hreint fyrir sínum dyrum.

[18:20]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegur forseti. Hér eru til umræðu hugmyndir framsóknarmanna um hvernig megi taka fyrsta skrefið í þeirri viðleitni að koma til móts við tugþúsundir fjölskyldna í landinu. Það er gert vegna þess að þjóðin hefur ekki, síðan löngu fyrir þarsíðustu aldamót, séð það svartara og hér hefur skapast alvarlegt og mjög óvenjulegt ástand sem bregðast þarf við með óvenjulegum aðgerðum.

Hér hefur orðið stórslys og þá duga ekki plástrar. Mestu máli skiptir að koma í veg fyrir frekari slys, en huga þarf að slösuðum, veita þeim fyrstu hjálp og koma þeim undir læknishendur. Þá fyrst er rétti tíminn til þess að sópa saman glerbrotum og hreinsa til á vettvangi og að lokum að reyna að átta sig á því hvað gerðist. Þessi forgangsröðun virðist hafa vafist fyrir mörgum sem ættu að hafa tekið stjórnina á vettvangi og höfðu í raun það hlutverk. Vettvangsstjórarnir, veifandi plástrum, hafa verið uppteknir við að bera hver annan sökum, ákveða hver þeirra á að hringja á sjúkrabíl og einhverjir eru farnir að sópa saman glerbrotum á meðan sjúklingarnir liggja stórslasaðir. Líf sumra þeirra er að fjara út og margir eru enn í lífshættu.

Framsóknarmenn hafa staðið á hliðarlínunni undanfarið með vaska sveit ungra, metnaðarfullra og óþreyttra liðsmanna og gott eitt lagt til. Fyrst var frumvarpið um stjórnlagaþing til að koma á starfhæfu og lýðræðislegu stjórnkerfi og svo nú tillögur um aðgerðir í efnahagsmálum sem

einmitt eru til þess ætlaðar að koma í veg fyrir frekara slys. En vettvangsstjórarnir standa enn og veifa plástrunum sínum. Ekki er búið að tryggja slysstaðinn og frekari slys eru yfirvofandi.

Hér er gert ráð fyrir almennum uppbyggingaraðgerðum, svo sem að vextir verði lækkaðir, samið verði við erlenda eigendur krónubréfa, lokið verði við stofnun nýju bankanna, að farið verði í sameiningu og endurskipulagningu banka og fjármálastofnana, að lögð verði drög að fjárlögum til ársins 2012, að komið verði á samráðsvettvangi með útflutningsfyrirtækjum og atvinnugreinum, að stimpilgjöld verði afnumin, að ráðist verði í aðgerðir til að örva fasteignamarkaðinn og fleira mætti nefna í þeim dúr.

Til viðbótar er einnig um að ræða aðgerðir sem varða niðurfellingu skulda um 20%. Það er til að koma í veg fyrir að snjóflóðið fari af stað. Hengjan er að bresta og það vita þeir sem séð hafa til snjóflóða að þau verða ekki stoppuð í miðri brekku. Sértækar aðgerðir um skoðun á hverju einasta máli, hverri einustu fjölskyldu og hverju einasta fyrirtæki í landinu eru ekki í boði. Við höfum ekki þann tíma. Þeir sem gerst til þekkja fullyrða að það muni taka allt að tvö ár að meta þau mál sem nú þegar eru mæld í metrum og kílóum en ekki stykkjum. Hér er um að ræða lausn sem kemur í veg fyrir að hengjan bresti. Fari hún af stað tekur hún miklu meira með sér og sogar til sín miklu meira en óhætt er að taka áhættu með og meira en verja þarf til að koma í veg fyrir flóðið. Sem betur fer bætast fleiri og fleiri virtir hagfræðingar, sem hafa kynnt sér þessar tillögur vandlega, í hóp þeirra sem taka undir þær. Ég verð að viðurkenna að ég varð að lesa þær aftur og oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, horfa á þær í samhengi og máta þær við fyrirliggjandi upplýsingar um ástandið til að sjá mikilvægi þeirra.

Nú ber svo við að fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru staddir hérlendis fyrir skemmstu til að meta efnahagsástandið og hvernig ríkisstjórninni hefur tekist til með fyrirætlanir sínar. Á fundi með formanni Framsóknarflokksins og fleirum lýstu þeir mikilli ánægju með þessar tillögur. Ekki síst vegna þess að þær eru raunhæfar og framkvæmanlegar. Aðrar tillögur sem gera sama gagn hafa ekki komið fram þó að þjóðin hafi beðið svo mánuðum skiptir. Það er reyndar undarlegt að talsmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafi skipt um skoðun áður en hann veifaði bless á þeim forsendum að hann yrði að styðja sitjandi ríkisstjórn án þess að greiða annan hluta lánsins frá sjóðnum. Sögunni fylgdi að enn stæðu nokkur tæknileg atriðið út af borðinu. Í viðræðum í þinginu í gær upplýsti hæstv. fjármálaráðherra að eitt þessara atriða væri skuldastaða ríkissjóðs. Maður veltir því þá fyrir sér hvort það geti verið að efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar sem beðið er eftir, og beðið og beðið, geti verið ástæða þess að annan hluta lánsins vantar enn þá og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn treysti sér ekki til þess að afhenda núverandi stjórnvöldum þennan hluta og hugsanlega dregst það fram yfir kosningar. Getur verið að hugmyndaskortur ríkisstjórnarinnar og sú staðreynd að hugmyndum okkar framsóknarmanna hefur verið hafnað án þess að lögð séu fram gild rök verði þessari þjóð að falli?

Sértækar aðgerðir og skoðun á hverju máli fyrir sig er ekki tæk leið. Menn hafa ekki þann tíma sem til þarf. Hættuástandið brast á í nóvember og fjölskyldurnar og fyrirtækin geta ekki beðið lengur. Stundum þarf að aflima fólk sem hefur veikst og slasast. Ríkisstjórnin neitar að horfast í augu við það að sjúklingurinn deyr ef ekki verður ráðist í raunverulegar og róttækar aðgerðir strax til að koma í veg fyrir frekara slys. Sjúklingur sem verið er að beita hjartahnoði á vettvangi hefur ekkert gagn af því ef 18 hjóla trukkur ekur yfir hann á meðan á björgunaraðgerðum stendur.

Ljóst er að þessar aðgerðir eru aðeins fyrsta skrefið í viðamiklum og róttækum aðgerðum sem ráðast þarf í, ekki seinna en strax.

[18:26]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög myndlíkingarík ræða og af því að Framsóknarflokkurinn er nú guðfaðir ríkisstjórnarinnar hlýtur hann náttúrlega að bera ábyrgð á henni.

Hv. þingmaður líkti þessu við slys. Við skulum hugsa okkur að þrír lendi í slysi og að þrír aðstoðarmenn eða hjálparmenn séu á staðnum í hjálparsveitinni og fimm áhorfendur. Það sem Framsóknarflokkurinn ætlar að gera er að skófla öllu liðinu á sjúkrahús, láta skera af þeim lappirnar o.s.frv. Ég veit ekki hvort það er mjög gáfulegt.

Hv. þingmaður sagði líka að það sem stæði í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum væri skuldastaða ríkissjóðs. Samt er hér verið að leggja til að skuldastaðan verði aukin, með Íbúðalánasjóði og öðru, upp á hundruð milljarða. Halda menn að það standi ekki dálítið í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum?

Svo er það spurning hvenær þetta á að taka gildi. Spurningin er sú hvort að einhver maður geti nú farið í banka, tekið 100 millj. kr. lán, lagt það inn á bankabók, sem er sett að veði fyrir láninu og það alveg gulltryggt, og fengið 20 millj. kr. afslátt af öllu saman.

[18:28]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir andsvarið. Ef málið væri svo einfalt að sjúklingarnir væru þrír, hjálparmennirnir þrír og áhorfendurnir fimm þá værum við ekki að ræða þessa hluti hér og nú. Við erum að tala um tugþúsundir heimila og fyrirtækja í landinu sem eru við það að fara á hausinn og ég held að hv. þingmaður viti það sjálfur að kerfið ræður ekkert við að afgreiða hvert og eitt slíkt mál.

Hv. þingmaður talaði líka um það sem ég minntist á í ræðu minni, að ástæðan fyrir því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði ekki greitt út annan hluta lánsins væri sú að skuldastaða ríkissjóðs væri óörugg. Hún kemur þessu máli ekkert við og hv. þingmaður veit það líka. Það sem byggt er á í þessum tillögum er einfaldlega það að búið er að afskrifa þessi lán. Lánasöfnin voru tekin yfir í nýju bankana, með allt að 50% afskriftum. Það liggur reyndar ekki fyrir endanleg tala í því, en allt að 50% afskriftum og þar sem búið er að afskrifa lánin um helming, þá ætti að vera borð fyrir báru vegna þess að nýju bankarnir græða heldur ekkert á því ef fólk hættir að borga af lánunum sínum vegna þess að það hefur einfaldlega ekkert upp á sig.

Hvenær þessar tillögur eiga að taka gildi, með 20% nið-

urfellinguna, hv. þm. Pétur Blöndal vildi fræðast um það. Ég held að það hljóti að geta orðið samningsatriði á milli mín og hans, ef hann styður þessar tillögur. Ég mundi halda að hrunið væri sá tímapunktur sem við horfum til.

[18:30]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Íbúðalánasjóður á um 400 milljarða í verðtryggðum lánum til íbúða. Ef lækka á það um 20% þá eru það 80 milljarðar. (**Gripið fram í:** Tæknilegt útfærsluatriði.) — Það er ekkert tæknilegt útfærsluatriði. Þetta er skuld á ríkissjóð, það er ekkert annað, og skattgreiðendur þurfa að borga það. Þannig að það gengur ekki.

Síðan eru það bankarnir. Afskriftasjóðurinn? Bankamenn vita nákvæmlega hvað það er. Það er engin eign í honum. Það er engin eign í afskriftasjóði, og að láta sér detta í hug að erlendu kröfuhafarnir, sem tapað hafa þúsundum milljarða hér á Íslandi, vilji tapa hundruð eða tvö hundruð milljónum í viðbót. (**BJJ:** Þeir gætu tapað öllu.) Það er alveg út í hött.

Könnun sem gerð hefur verið hjá ASÍ sýndi að 7% þeirra sem tóku þátt í henni höfðu misst vinnuna að einhverju eða öllu leyti og 14% höfðu lækkað í launum. Það segir mér að á þeim tímapunkti sem könnunin var gerð höfðu tæplega 80% þjóðarinnar hvorki orðið fyrir tekjumissi né lækkun launa. Þeir höfðu reyndar orðið fyrir lækkun launa vegna verðbólgu en það át upp hækkun launa síðustu tveggja ára um það bil. Þannig að 80% þjóðarinnar á þeim tíma, kannski eru það 70% núna, höfðu ekki orðið fyrir neinum áföllum.

En það á að setja alla á spítala. Það á að lækka skuldirnar hjá öllum, líka hjá þeim sem ekki hafa misst vinnuna og ekki hafa lækkað í launum. Það mun kosta óhemjumikla peninga og venjulegt fólk veit að það er einhver sem borgar. Það veit venjulegt fólk. Ég held að það sé engin stórhætta á kerfishruni þó að 30% þjóðarinnar séu í einhverjum vandræðum og kannski 10% í mjög miklum, þeir sem eru orðnir atvinnulausir.

[18:32]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal vitnar hér í tölur sem varða þann hluta þjóðarinnar sem tilheyrir ASÍ. (**PHB:** Nei.) — Hv. þingmaður minntist á ASÍ og talaði um að 7% félagsmanna hefðu misst vinnuna og 14% hefðu lækkað í launum, ef ég tók rétt eftir. Ég held að þessar tölur séu kannski hærri ef aðrir hópar í samfélaginu eru skoðaðir.

Hann talaði sérstaklega um Íbúðalánasjóð og hv. þingmaður veit að þegar búið er að afskrifa skuldir um 50%, en gert er ráð fyrir að 80% af þeim fáist greidd, (**PHB:** Það er ekki búið að lækka skuldir við Íbúðalánasjóð.) þá er þar borð fyrir báru að taka inn þau lán sem heyra undir Íbúðalánasjóð — ég veit svo sem ekki hvort það hefur nokkuð upp á sig að standa í orðaskaki. Ég heyri að hv. þingmaður hefur ákveðið að hann ætli sér ekki að sjá ljósið í þessum tillögum okkar. Hann er greinilega ósammála þeirri útfærslu sem við berum hér á borð, hann verður að eiga þá skoðun fyrir sig og allt í góðu með það.

Eins og ég sagði áðan þá eru sífellt fleiri hagfræðingar, bæði íslenskir og erlendir, að snúast á sveif með framsóknarmönnum. Þeir sjá að þessar aðgerðir eru vissulega róttækar en þetta eru aðgerðir sem þarf að ráðast í strax. Að öðrum kosti blasir við kerfishrun og ég held að hvorki ég sjálf, hv. þm. Pétur H. Blöndal eða aðrir græði nokkurn skapaðan hlut á því.

[18:34]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil lýsa furðu minni á því að við skulum vera að ræða átján tillögur Framsóknarflokksins, um úrbætur á vanda heimila og fyrirtækja, og hér séu einungis fimm þingmenn í salnum.

Ég auglýsi eftir þingmönnum Samfylkingarinnar sem hafa á bloggi, í blaðagreinum, í sjónvarps- og útvarpsviðtölum gagnrýnt þessar tillögur. Ég vil eiga orðastað við þingmenn Samfylkingarinnar og í raun og veru þingmenn allra flokka. Við höfum kallað eftir heildstæðri stefnu þeirra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi. Hvaða stefnu hafa þeir? Það þýðir ekki að gagnrýna án þess að segja neitt annað.

Ég fer þess því á leit, hæstv. forseti, að þingmönnum í efnahags- og skattanefnd eða öðrum þingmönnum verði gerð grein fyrir því að hér fer fram mjög mikilvæg umræða um málefni heimilanna og málefni fyrirtækjanna. Ég geri einfaldlega þá kröfu að betur sé mætt í þingsal þegar slík umræða fer fram en svo að hér sitji einungis fimm þingmenn.

[18:36]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti hefur í sjálfu sér ekki það vald að kalla þingmenn til þingfundar. Ef óskað er eftir því að fresta umræðunni og taka hana upp síðar, í von um að fleiri sitji hér þá, getur forseti orðið við því.

[18:36]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er brýnt að þetta mál fari hið fyrsta til nefndar þannig að aðilar í samfélaginu geti komið með ábendingar, stuðning eða jafnvel andstöðu, við þær tillögur sem við höfum hér lagt fram. Ég legg mikla áherslu á að þetta mál klárist í kvöld.

Bón mín til hæstv. forseta var sú að þingmönnum yrði gerð grein fyrir því að hér fer fram mjög alvarleg umræða um málefni heimila og fyrirtækja. Þegar fjöldagjaldþrot fyrirtækja blasa við og fólk er unnvörpum að missa húsin sín sýna þingmenn ekki þá lágmarksvirðingu að senda fulltrúa þingflokka sinna til umræðunnar.

Þetta er óboðlegt. Þetta er vanvirðing við vanda heimila og fyrirtækja. Ég fer fram á það við hæstv. forseta að hann geri fulltrúum og formönnum þingflokka sem sæti eiga hér á Alþingi grein fyrir því að þessi mikilvæga umræða eigi sér hér stað og að við framsóknarmenn gerum þá kröfu að fulltrúar allra þingflokka komi að henni.

Það er ekki eins og ástandið úti í samfélaginu sé eðilegt. Það hefur orðið hrun og við þurfum að ræða þessi mál. Við þurfum að ræða þær tillögur (Forseti hringir.) sem við framsóknarmenn höfum lagt hér fram til þess að koma til

(Forseti hringir.) móts við vanda heimila og fyrirtækja.

[18:37]

Karl V. Matthíasson (Fl) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að hv. þingmanni finnist þetta mál gríðarlega mikilvægt en svo getur verið að öðrum finnist það ekki. (Gripið fram í.) Það getur vel verið að öðrum finnist þetta mál ekki vera mikilvægt. Vel má vera að öðrum finnist það svo arfavitlaust að ekki þurfi að ræða það. Menn flytja hér mál sólarhringum saman, dögum saman, án þess að margir þingmenn mæti, t.d. vegna þess að málið tilheyrir ekki þeirra nefndasviði o.s.frv.

Það er alveg ótrúlegt að bjóða upp á afskriftir upp á fleiri hundruð milljarða án þess að farið sé í einstakt mál. Mér fannst hæstv. forsætisráðherra skjóta þetta mál mjög snyrtilega niður um daginn, á glæsilegan hátt. (Gripið fram í.)

[18:39]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í þingsköpum Alþingis, sem eru lög, stendur í 53. gr. 1. mgr.:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina."

[18:39]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseta er kunnugt um þessar reglur þingskapa en hefur ekki vald til að kalla menn inn í þingsal við hverja umræðu fyrir sig. Dagskrá hefur legið fyrir í sólarhring og öllum hefur verið ljóst að þessi umræða færi fram og það er val þingmanna hvort þeir ætla að taka þátt í henni eður ei.

[18:40]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs. Þetta eru á margan hátt mjög góðar tillögur, ég get tekið undir það.

Reyndar hefur verið farið í heilmargar aðgerðir í haust. Fyrrverandi forsætisráðherra, hv. þm. Geir H. Haarde, nefndi hundrað punkta sem farið hefði verið í á hundrað dögum. Þannig að mikið hefur áunnist í þessum efnum og skal ekki vanvirða það. Búið er að setja lög um greiðsluaðlögun lána, lög um mildilega aðför að skuldurum sem lenda í vandræðum o.s.frv. Ég ætla ekki að telja það allt upp.

En hér hefur einn þingflokkur, Framsóknarflokkurinn, lagt á sig mikla vinnu við að koma með tillögur og þær eru margar alveg umræðuhæfar. Þeir kvarta reyndar yfir því að ríkisstjórnin hafi lítið gert en þeir eru nú guðfeður hennar þannig að þeir bera að því leyti ábyrgð á henni. Ég hugsa að þessi ríkisstjórn hefði aldrei verið mynduð nema vegna þess að Framsóknarflokkurinn stakk upp á því.

„1. Vextir verði lækkaðir í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn." — Ég held að þetta sé alveg sjálfgefið. Ég held að verðbólga muni lækka það mikið. Ég nefndi það í ræðu fyrr í dag að verðbólguhraðinn var tæplega 30% í október, 20% í nóvember — þetta er nú samkvæmt minni — aftur 20% í desember og svo 7% í janúar. Verðbólguhraðinn í febrúar var 6% og ég reikna með því að um næstu mánaðamót verði hann 3%. Þannig að verðbólguhraðinn fer mjög hratt lækkandi. Gengisvísitalan hefur líka þróast mjög vel. Gengið var byrjað að falla fyrir ríkisstjórnarskiptin og hefur reyndar hækkað mikið síðustu tvo daga vegna þess að ein greiðsla á jöklabréfunum er í dag, það þarf að borga út 5 milljarða. En svo kemur útflutningurinn og bjargar þessu við á næstu dögum þannig að gengið mun aftur styrkjast. Það þýðir að verðbólgan lækkar, verðtryggðu lánin jafnvel lækka. Ég hugsa að það verði verðhjöðnun og erlendu gengistryggðu lánin verða bærilegri, þau voru orðin gjörsamlega óbærileg. Ég reikna með því fastlega að stýrivextir verði lækkaðir. Þeir voru réttir í verðbólgunni þegar verst lét en eru nú orðnir mjög háir, raunvextir. Ég reikna með því að þeir verði lækkaðir niður í 8% eða 10% og jafnvel neðar en það við næstu ákvörðun, annað væri skrýtið.

„2. Lífeyrissjóðum verði veitt heimild til gjaldeyrisviðskipta." — Ég sé nú ekki alveg þörfina á því en ég held að það sé ágætt fyrir lífeyrissjóðina að hafa átt þessar erlendu eignir þó að þær hafi að einhverju leyti hrunið með verðbréfahruninu út um allan heim.

„3. Samið verði við erlenda eigendur krónueigna." — Það er verið að reyna að gera þetta en þetta er mjög erfitt vegna þess að það eru sennilega um tugþúsundir aðila sem eiga bréfin þó það séu stórir aðilar sem sjá um þau, stórir bankar. Þetta er skynsamlegt.

„4. Settur verði á fót uppboðsmarkaður með krónur." — Strax eftir hrunið lagði ég til að tekið yrði upp tvöfalt gengi, annars vegar vöruskiptagengi og hins vegar uppboðsgengi. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sagði þvert nei við því. Ég lagði þetta til formlega við Seðlabankann en það var sagt þvert nei við því. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn samþykkir ekki tvöfalt gengi þannig að sá draumur er úti. (Gripið fram í.) Ég reyndi þetta, en það getur vel verið að Framsóknarflokkurinn sé öflugri.

„5. Lokið verði við stofnun nýju bankanna fyrir 1. apríl 2009." — Þetta er náttúrlega spurning um hvað menn geta unnið hratt og hve vel gengur að meta þessar eignir og alveg sérstaklega hve vel gengur að mynda þennan sjóð sem menn ætla að ganga í og ausa úr, þ.e. varasjóðinn fyrir kröfunum.

„6. Kröfuhafar fái hlut í nýju bönkunum." — Þeir vilja það ekki. Bankar í Evrópu vilja ekki hlutafé í banka á Íslandi. Þeir vilja ekki eignast hlut í nýju bönkunum. Ég held að það hafi á það reynt. (**KVM:** Af er það sem áður var.) Það getur vel verið. En í núverandi stöðu er ekki mikill vilji hjá þeim til þess að eignast hlut en þetta þarf kannski að skoða enn frekar.

„7. Unnið verði að sameiningu og endurskipulagningu banka og fjármálastofnana." — Það er spurning þegar ríkið á þrjá banka hvort ekki sé hægt að sameina tvo þeirra og kannski sameina einn þeirra við Íbúðalánasjóð o.s.frv. Þannig að ég get alveg tekið undir það.

„8. Ríkið ábyrgist lán til skamms tíma á milli banka." og „13. Ríkið verði bakhjarl vegna fjármögnunar útflutnings." — Ég hef efasemdir um þetta hvort tveggja. Það er nefnilega ekki á bætandi hvað varðar skuldastöðu og ábyrgðir ríkissjóðs. Menn þurfa að vera mjög varkárir í því að hlaða

of miklu á ríkissjóð því að hann hefur takmarkaða getu og við skulum reyna að halda honum tiltölulega hreinum.

„9. Peningamagn í umferð verði aukið." — Það er kannski ágætt að dæla út einhverjum peningum en ég held að sparnaðarviljinn sé orðinn svo mikill hjá þjóðinni og eyðslugleðin svo lítil að erfitt verði að koma því í gang aftur. Enda sé ég ekki alveg tilgang með því, því að það er mjög gott að hafa minni innflutning en verið hefur.

„10. Veitt verði heimild til skráningar hlutafjár í erlendri mynt." — Þetta er eflaust gott en ég sé það ekki sem meginmál.

„11. Gerð verði drög að fjárlögum til ársins 2012." — Þetta er mjög gott og þyrfti endilega að gera, óháð þessari kreppu. Það er ekki verra núna að almenningur og allir viti hvað ríkissjóður skuldar.

„12. Komið verði á fót samráðsvettvangi með útflutningsfyrirtækjum og atvinnugreinum." — Þetta er mjög gott. Þetta er bráðnauðsynlegt og þyrfti að gera meira.

Ég var búinn að ræða 13. liðinn.

„14. Stutt verði við rannsókna- og þróunarstarf." — Þetta er ágætt en ég hef alltaf trú á því að nýsköpunin spretti af sjálfu sér hjá einstaklingum og opinberir aðilar geti ekki stuðlað að nýsköpun.

„15. Fasteignamarkaðurinn verði örvaður." — Eflaust er hægt að gera ýmislegt þar og þyrfti kannski að gera til þess að koma honum í gang aftur en það er náttúrlega gífurlegur fjöldi af íbúðum sem er til sölu.

„16. Stimpilgjöld verði afnumin." — Ég hef löngum lagt til að stimpilgjöldin verði afnumin þannig að það er ljúfur söngur í mínum eyrum.

„17. Skattar verði lagðir á eignir erlendis" — sem gefa mönnum upp sakir. Þetta var reynt í Suður-Afríku og gafst vel. Hér er bent á að bæði Bretar og Þjóðverjar hafi gert þetta og mér finnst sjálfsagt að prófa þessa leið.

„18. Skuldir verði felldar niður að hluta til bjargar skuldsettum heimilum og fyrirtækjum." — Og hefst þá ræða mín, herra forseti. Því miður er mikið liðið á tíma minn. Mér finnst þetta ekki góð tillaga, ég verð að segja eins og er. Eins og ég gat um áðan hefur íbúðaverð lækkað töluvert frá því í október 2007 en fram að því hafði það hækkað óbrotið í fimm, sex eða sjö ár, alveg gífurlega hækkanir og margir búa enn að því. Þeir kannski keyptu íbúð á 20 millj. kr., einbýlishús 2003, og tóku til þess lán. Lánið eiga þeir enn þá, það er kannski 18 millj. kr., en íbúðin fór upp í 50 millj. og hefur lækkað niður í 40 millj. kr. Ef á að fara að lækka þetta lán um 10%, um 2 millj. kr., þá er ég hættur að skilja af því að kaupandinn er enn í dúndurgróða af íbúð sinni.

Því er eins varið með alla þá sem keyptu áður en skiptu svo í þessum toppi, þeir búa enn að hagnaðinum af gömlu íbúðinni. Það er eingöngu þeir aðilar sem keyptu sína fyrstu íbúð á síðustu fjórum árum sem eru að tapa.

Þá vil ég benda á það að úti á landi hefur það viðgengist í áratugi að fólk sem byggði nýtt hús þar — segjum að fjölskylda á Ísafirði hafi byggt nýtt hús fyrir 20 millj. kr. Daginn eftir að þau fluttu inn í húsið var húsið 10 millj. kr. virði og eiginfjárstaðan mínus 10 millj. kr. Þetta hefur viðgengist úti á landi í fjölda ára og enginn sagt múkk. Nú allt í einu á að rjúka til þegar eignir hafa lækkað um 20–30% á Reykjavíkursvæðinu, þá er það orðið eitthvert meginmál.

Herra forseti. Maðurinn sem býr í blokkinni og keypti ekki einbýlishús eins og vinur hans, hann sem keyrir um á litlu dósinni sinni og keypti ekki jeppa fyrir 7 millj. kr. eins og vinur hans, hann sem skuldar núna 1 millj. kr. í staðinn fyrir 100 millj. kr. sem vinurinn skuldar, hann á að fá 200 þús. kall en vinurinn á að fá 20 millj. kr. Ef þetta á að vera réttlæti þá næ ég því ekki. Ég næ ekki svona réttlæti, því miður, herra forseti. (**BJJ:** Hugsanlegt hámark.) Hugsanlegt hámark, segja menn nú, já, já.

Ég næ því ekki að fara eigi að verðlauna það fólk sem fór sér að voða með eyðslu og bruðli með lækkun á skuldum yfir alla línuna án tillits til þarfa. Og hver borgar? Það er að sjálfsögðu maðurinn í blokkinni, á litlu dósinni. Vegna þess að þetta fellur á skattgreiðendur. Að láta sér detta í hug að erlendir kröfuhafar, sem eru búnir tapa óhemjufé, fari að tapa meiru. Þetta verður á einhvern hátt greitt af íslenskum skattgreiðendum, mun auka skuldbindingu ríkissjóðs og gera enn verra að semja við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um lánafyrirgreiðslu þar sem skuldsetning ríkissjóðs verður allt of mikil. Ég gat ekki verið jákvæður í þessu máli.

[18:50]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal kærlega fyrir að koma inn í þessa umræðu með mjög málefnalegum hætti og fyrir stuðning hans, að mér heyrðist, við langflestar þær tillögur sem við höfum lagt fram.

Við hv. þingmaður höfum mjög ólíka sýn á þá aðgerð sem við framsóknarmenn leggjum til, að lækka skuldir heimilanna um 20% eða sem nemur þeirri verðbólgu — því verðbólgubáli, vil ég segja — sem verið hefur hér á landi síðustu 18 mánuði. Skuldabréf íslensku bankanna á erlendri grundu fara á 7–20% af upphaflegu verðgildi þeirra bréfa. Alþjóðasamfélagið hefur sem sagt ekki meiri trú á pappírum íslensku bankanna en 7–20% af verðgildi. Enda er það svo að helmingur af skuldum gömlu bankanna verður færður niður þegar þeir fara yfir í nýju. Það er sem sagt búið að gera ráð fyrir því að afskrifa þurfi lán 50% fyrirtækja og heimila.

Eru ekki hagsmunir kröfuhafanna þeir að við forðumst mögulegt kerfishrun? Það er eins og hv. þingmaður láti það ekki hvarfla að sér að hlutirnir geti þróast með þeim hætti að ekkert verði gert og menn ætli að fara í margra mánaða vinnu við að greiðslumeta hvert einasta fyrirtæki í landinu og hvert einasta heimili, eins og Samfylkingin hefur lagt til. Hefur þingmaðurinn virkilega engar áhyggjur af því að á haustmánuðum eða jafnvel á næsta ári, þegar menn eru búnir að fara í gegnum þessa margra kílómetra þykku bunka sem eru málefni heimilanna, hvers einasta heimilis í landinu, verði vandi íslensks samfélags orðinn of mikill, að þá sé það orðið um seinan? Ef eignir allra hér á landi hrynja í verði og ef atvinnulífið verður máttlaust, er það (Forseti hringir.) þá ekki orðið kerfishrun? Telur hv. þingmaður (Forseti hringir.) enga hættu vera fyrir hendi að slíkt geti gerst?

[18:52]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Seðlabankinn er nú að gera könnun á því hvað vandinn er mikill og ekki seinna vænna því að mér sýnist umræðan vera mjög heiftarleg. Menn gera ráð fyrir kerfishruni. Þó að ég hafi nefnt könnun ASÍ sem gerð var, að ég held, á meðal allra Íslendinga um að 20% þeirra hefðu annaðhvort orðið fyrir tekjumissi eða launalækkun, sem segir mér að 80% séu ekki í vandræðum. Þó að staðan hafi versnað síðan — segjum að það séu 30% sem eru í vandræðum þá eru 70% ekki í vandræðum. (**BJJ:** Hvernig verður staðan í haust?) Ég hef grun um að við séum núna í toppnum hvað það varðar því að í síðasta mánuði var ekki tilkynnt um neinar hópuppsagnir. Ég held því að við séum nú í verstu stöðunni og hún muni batna héðan í frá, enda ganga spár út á það.

Varðandi að búið sé að afskrifa 50%, ég hef ekki séð þær tölur en það á væntanlega við um fyrirtæki sem geta ekki staðið í skilum og þó að skuldirnar séu lækkaðar um 20% munu þau ekki geta borgað þannig að þau verða gjaldþrota hvort sem er. Þá er búið að lækka skuldir hjá öllum hinum sem gátu borgað og hver á að borga það? Það er alveg sama hvernig maður snýr þessu og vendir, þegar menn lenda í vandræðum og þurfa að afskrifa kröfur — að láta sér detta það í hug að sá sjóður sé einhver eign. Halda menn virkilega að þegar bankar mynda sjóð til þess að verjast áföllum að það sé einhver eign og maður geti bara farið að ávaxta þá eign? Það er verið að fella niður kröfur, það er myndaður sjóður til að mæta kröfum sem menn eiga von á því að tapa þannig að það er ekki eign fyrir tíu aura. Að halda að hægt sé að taka hluta af þeirri eign og deila henni út — það er ekki hægt. Þetta verður borgað af skattgreiðendum og þetta mun þýða aukna skattgreiðslu ríkissjóðs sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mun mótmæla.

[18:54]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er grundvallarmisskilningur hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að þetta komi íslenskum skattgreiðendum við.

Erlendir kröfuhafar tapa á fjárfestingum sínum hér á landi og það er hagur þessara kröfuhafa og þeirra sem ekki skulda, m.a. óskuldsettra heimila sem hv. þingmanni er tíðrætt um, að ráðist verði í aðgerðir til að koma íslenska hagkerfinu aftur af stað og forða fjöldagjaldþrotum. Ef stór hluti fólks mun með sama áframhaldi ekki geta staðið undir fasteignalánum og missir húsnæði sitt mun fasteignaverð hér á landi hrynja. Þá lenda fleiri heimili í vandræðum vegna þess að eigið fé þeirra verður neikvætt.

Við núverandi aðstæður hafa bankar og stjórnvöld hvorki getu né tíma til þess að greiðslumeta hvert einasta heimili í landinu. Ég vil spyrja hv. þingmann að því enn og aftur: Telur hann enga hættu á því sem við framsóknarmenn höfum talið, að kerfishrun geti orðið, verði lítið eða ekkert að gert, ef menn ætla að taka sér hálft til eitt ár til þess að fara inn í bókhald tugþúsunda íslenskra heimila? Það er hagur erlendra kröfuhafa að við forðum því að kreppan verði enn dýpri en raun ber vitni. Það er hagur erlendra kröfuhafa að við grípum strax til aðgerða.

Það er ekki hagur fyrir íslenskt þjóðarbú að hafa stjórnmálamenn sem hafa ekki trú á því að hægt sé að sannfæra erlenda kröfuhafa um það. Ef hæstv. forsætisráðherra er sannfærður um, áður en hann gengur til slíkra viðræðna, að þetta sé ekki hægt skulu menn útiloka það fyrir fram. Þá eru það einfaldlega rangir aðilar — og ég á þá líka við sjálfstæðismenn þar — sem „presentera" hagsmuni íslensku þjóðarinnar. (Forseti hringir.) Það eru sameiginlegir hagsmunir erlendra kröfuhafa og almennings (Forseti hringir.) á Íslandi að við forðum frekari kreppu, (Forseti hringir.) enn dýpri kreppu en mögulega getur orðið.

[18:56]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur ekki fram í frumvarpinu hvað þessi niðurfelling muni koma til með að kosta. Ég spái því að hún kosti einhver hundruð milljarða. Ef ég hefði hundrað milljarða, herra forseti, mundi ég borga öllum atvinnuleysingjum einar 400 þús. kr. á mánuði, öllum, 20 þúsund manns, ráða þá alla í vinnu í heilt ár. Það yrði miklu betri aðgerð. Ef ég ætlaði mér að nota hundrað milljarða til einhvers mundi ég gera það þannig. Þá mundi ég ráða 20 þúsund manns í vinnu, borga þeim fimm milljónir hverjum og það eru 100 milljarðar. Það er miklu skynsamlegra. Þá er ég búinn að ráðast að rótum vandans og þetta fólk getur þá borgað.

Að lækka skuldir allra Íslendinga „holt og bolt " yfir línuna, fyrirtækja jafnt sem einstaklinga, það líst mér ekki á, fyrir utan það að verið er að mismuna þeim sem voru ráðdeildarsamir, þeir fá ekki neitt, svo ég tali nú ekki um þá sem eru skuldlausir, þeir fá bara ekki baun. Af hverju eru þeir skuldlausir? Af því að þeir keyptu sér ekki einbýlishús eða jeppa. Það er verið að refsa þeim fyrir það, þessum örfáu sem sýndu ráðdeild og hagsýni og tóku ekki áhættu í miklu gleðinni sem greip þjóðina fyrir tveim, þrem árum.

Framsóknarmenn ætla sér að verðlauna þetta fólk og láta sér detta í hug að einhverjir erlendir kröfuhafar séu tilbúnir til að borga þetta. Ef þeir vilja borga það til að setja líf í atvinnulífið, sem gæti verið skynsamlegt, gera þeir það með öðrum hætti eins og t.d. með því að hækka örorkubætur eða með því að ráða alla atvinnuleysingja í vinnu.

[18:58]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal sagði að ef hann ætti 100 milljarða mundi hann ráða allt atvinnulaust fólk í vinnu í heilt ár. Ég held að hann gleymi að gera ráð fyrir því að það er kviknað í hjá honum og það verður líklega brunnið ofan af honum áður en hann nær að nota þessa peninga.

Honum er tíðrætt um að 20% niðurfelling skulda sé ófær leið á þeirri forsendu að erlendu kröfuhafarnir muni ekki samþykkja það. Ég held að við ættum kannski að spyrja þá fyrst. Það liggur fyrir að nýju bankarnir fengu lánasafn gömlu bankanna með verulegum afslætti. Það gildir ekki bara um lán atvinnulífsins, eins og hv. þingmaður lét liggja að hér, heldur lán heimilanna líka. Það er því ekki ríkið sem tapar á skuldaniðurfærslunni heldur erlendu kröfuhafarnir. Fyrir þá er skaðinn þegar skeður og flestir

þeirra hafa fært niður íslenskar eignir, margir niður í 0%. Þá vil ég gjarnan spyrja hv. þm. Pétur Blöndal einnar spurningar: Ef hann lánar mér hundraðkall og ég lendi svo í vandræðum og tilkynni hv. þingmanni að ég geti ekki borgað honum nema fimmtíukall til baka, hvort tekur hann fimmtíukallinn eða rekur mig í gjaldþrot og fær ekki neitt? Þetta er bein spurning.

Síðan, af því að hv. þingmaður var tiltölulega sanngjarn — og hann er það, sanngjarn og heiðarlegur — þegar hann fór yfir tillögur okkar framsóknarmanna alveg þangað til kom að 20% niðurfellingunni. Þá upplýsti hann um það í fyrri ræðu sinni áðan að hann hefði lagt það til við Seðlabankann að farið yrði í tvöfalda gengisskráningu og að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi hafnað því algjörlega. En þar sem ég veit að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn styður sitjandi stjórnvöld, og það hlýtur að eiga við um Seðlabankann líka, vil ég benda hv. þingmanni á að það var auglýst laust starf í Seðlabankanum ekki alls fyrir löngu.

[19:01]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt við hefðum fengið nóg af stjórnmálamönnum í Seðlabankanum, ég veit því ekki hvernig ég á að taka þessu.

Ég fann margt gott í þessum hugmyndum framsóknarmanna (**Gripið fram í:** Já, já.) en síðasta tillagan reyndi þvílíkt á þolrif skynsemi minnar að allt brast. Ég hafði ekki þol í að kyngja þeim tillögum.

Við ættum að spyrja kröfuhafa. Hefur Framsóknarflokkurinn spurt kröfuhafana hvort þeir séu tilbúnir að afskrifa kröfurnar um 50% þegar þess þarf greinilega ekki. (**Gripið fram í:** Það er búið að því.) Það er ekkert búið að því. Þeir eru ekki búnir að samþykkja eitt eða neitt því það eru kröfuhafarnir sem þurfa að samþykkja þessar niðurfellingar. (**BJJ:** Formenn skilanefndanna hafa talað um það.) Ég vil því spyrja hvort hv. þingmenn Framsóknarflokksins hafi spurt kröfuhafana hvort þeir séu tilbúnir að borga 100–200 milljarða til Íslendinga með því að lækka skuldir allra Íslendinga, bara eins og þeir leggja sig. Ég er viss um að margir Þjóðverjar myndu gjarnan vilja sjá svoleiðis niðurfellingu líka og Hollendingar eða hvar þeir eru.

Hv. þingmaður sagði að lánasöfnin hefðu verið flutt yfir með afslætti. Þau eru flutt yfir með afslætti vegna þess að menn reikna með því að hluti þeirra greiðist ekki, t.d. Morgunblaðið. Það eru fyrirtæki sem skulda eitthvað og eru gjaldþrota. Vandinn er sá að þau eru gjaldþrota engu að síður. Þó að skuldirnar lækki um 20% þá dygði það ekki neitt. Sú hugljómun að menn geti lækkað um 20% og svo fari allt í gang stenst ekki. Það er miklu skynsamlegra að setja þetta allt í Atvinnuleysistryggingasjóð og ráða fólk á 400 þús. kr. laun á mánuði í stað þess að fara þessa leið. En ég held að hvorugt standist vegna þess að peningar eru bara ekki til. Guð almáttugur hefur ekki látið okkur fá þá enn þá.

[19:03]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs. Tillagan er flutt af öllum þingmönnum þingflokks Framsóknarflokksins og hefur hv. þm. Birkir Jón Jónsson gert ítarlega grein fyrir tillögunni sem felur í sér aðgerðir í 18 liðum og kennir þar ýmissa grasa.

Ég vil fyrst segja, virðulegur forseti, að við ræðum mál sem líklega er stærsta viðfangsefnið sem við höfum staðið frammi fyrir, ég ætla nú ekki að fullyrða í sögunni en a.m.k. mjög lengi, þ.e. að vinna okkur út úr gríðarlega erfiðum málum í efnahagslífinu eftir hrun bankanna í byrjun október. Þess vegna vekur það furðu að ekki skuli fleiri hv. þingmenn taka þátt í þessari umræðu því nú gefst kjörið tækifæri til þess fyrir hv. þingmenn og flokka að koma fram og gera grein fyrir hugmyndum sínum um lausnir á vanda okkar. En hér hefur aðeins einn hv. þingmaður, a.m.k. enn þá, tekið til máls, hv. þm. Pétur Haraldsson Blöndal og flutti góða ræðu. Ég þakka honum fyrir það.

Auðvitað er það svo, virðulegur forseti, að þegar lagðar eru fram tillögur í svo ítarlegri mynd eins og hér er gert, þá eru skiptar skoðanir um sitthvað sem þar kemur fram. Af þeim tillögum um aðgerðir sem birtast í þessu skjali hefur mesta umræðan farið fram um 18. liðinn, þ.e. niðurfellingu eða lækkun skulda heimila og fyrirtækja. Þó að ýmsir aðilar hafi gagnrýnt þær hugmyndir mjög harkalega, þar á meðal forustumenn ríkisstjórnarinnar, hafa aðrir lagt upp með ýmsar hugmyndir sem í raun eru hliðstæðar þessum. Ég nefni þar sem dæmi einn frambjóðanda Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Lilju Mósesdóttur, sem hefur komið fram með hugmyndir sem eru ekki óáþekkar þessari tillögu. Í gær birtist einn frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins, Tryggvi Þór Herbertsson, þar sem hann gerði grein fyrir hugmyndum sínum í nákvæmlega sömu veru og færði hann fyrir því rök sem við sáum í Kastljósi í gærkvöldi þar sem rætt var um þetta mál. Fleiri mætti nefna í þessu sambandi sem hafa verið með hugmyndir til lausna sem byggja á svipaðri hugmyndafræði og birtist í tillögu okkar.

Það vakti hins vegar athygli mína, virðulegur forseti, þegar þessar tillögur voru fyrst kynntar fyrir nokkru síðan að fyrstu viðbrögð, t.d. hæstv. forsætisráðherra, voru með þeim hætti að ég a.m.k. fékk það mjög sterkt á tilfinninguna að hún hefði ekki kynnt sér tillögurnar í þaula en engu að síður voru þær skotnar niður, ef ég má orða það þannig, og út af fyrir sig ekkert við því að segja. Það eru bara sjónarmið sem þar birtast. Ég hins vegar hef saknað þess að forustumenn ríkisstjórnarinnar ræði þessi mál efnislega og komi fram með hugmyndir sínar að lausnum. Ríkisstjórnin sem nú starfar var m.a. stofnuð með það að markmiði að ráðast í aðgerðir til að koma til móts við vanda atvinnulífsins og heimilanna í landinu. Ég ætla ekki að halda því fram að ekkert hafi verið gert. Það hefur ýmislegt komið fram, ýmis frumvörp og aðgerðir, en að mínu viti hefur ríkisstjórnin ekki komið með heildstæða aðgerðaáætlun, því miður, til að taka á þessum málum í heild sinni.

Eins og fram kemur í greinargerð okkar með þingsályktunartillögunni er það nú svo að við óvenjulegar aðstæður, eins og nú eru, verður að beita óhefðbundnum lausnum. Þær tillögur sem við höfum lagt fram í umræddu skjali eru að mörgu leyti þannig. Mér finnst hins vegar að núverandi stjórnvöld hugsi ekki þannig, því miður, og allt í lagi með það, það er sjónarmið þeirra. En ég sakna þess að enn þá hafi ekki komið fram róttækar aðgerðir til að taka á þessum

málum. Ekki meira um það.

Við mótun þessara tillagna áttum við framsóknarmenn samstarf við ýmsa sérfræðinga, hagfræðinga og aðra sérfræðinga, bæði innan lands og erlendis og lögðum töluvert mikla vinnu í það að sjálfsögðu, eins og vera ber. Við erum því búin að velta þessum málum mjög vel fyrir okkur og á því byggja tillögur okkar.

Varðandi skuldsett heimili og fyrirtæki hefur komið fram að t.d. ríkisstjórnin telur að frekar eigi að fara þá leið að fjalla um einstakt mál, hvert fyrir sig, í staðinn fyrir að fara í heildstæðar aðgerðir. Ég verð að viðurkenna að miðað við stöðuna eins og hún er, og ég óttast að hún muni verða á næstu mánuðum, verði það varla vinnandi vegur að komast í gegnum það allt saman. Meðal annars þess vegna fórum við þá leið að leggja til flata niðurfærslu skulda í staðinn fyrir að taka á hverju máli fyrir sig. Við erum að tala um þúsundir mála, bæði hjá heimilum og fyrirtækjum.

Við vitum og ræddum það síðast í gær held ég um bankakerfið, að mörg fyrirtæki eru í miklum vanda með rekstur sinn vegna þess að enn þá hefur ekki tekist að veita almenna bankaþjónustu og fjármagna fyrirtækin. Það er ástand sem má ekki vara lengi vegna þess að þá er hættan sú að ýmis fyrirtæki hreinlega stöðvist með tilheyrandi atvinnuleysi o.s.frv. Það er því gríðarlega krítískt ástand uppi. Að sjálfsögðu vonum við öll að úr rætist og að ástandið verði ekki eins alvarlegt og við erum að tala um, mörg hver. Ég leyfi mér hins vegar að vera ekki mjög bjartsýnn núna, því miður, fyrir næstu mánuði og missiri, en ég vona að ég hafi ekki rétt fyrir mér í því.

Virðulegur forseti. Hér kom einn hv. þingmaður áðan í andsvar, núverandi þingmaður Frjálslynda flokksins, og hafði þá skýringu að hér væri ekki mikil umræða, að hv. þingmönnum fyndust þessar tillögur bara arfavitlausar og ekki þess virði að ræða þær, eða ég skildi hann þannig. Það getur verið sjónarmið út af fyrir sig, en við erum að ræða þau mál sem eru brýnust í dag og til framtíðar og eru stærsta úrlausnarefni okkar Íslendinga í heild sinni. Mér finnst menn skauta létt yfir slík mál með því að afgreiða umræðuna núna með þeim hætti. Ég verð að viðurkenna það, virðulegur forseti, og ítreka að ég sakna þess að ekki skuli fleiri taka þátt í henni. Sérstaklega hefði verið fróðlegt að heyra hugmyndir stjórnarliða, hv. þingmanna stjórnarflokkanna, ég tala nú ekki um hæstv. ráðherra, um það hvernig þeir sjá fyrir sér að við vinnum okkur út úr þessum málum. Það er virkilega umræðuefni sem vert væri að fara í gegnum.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, virðulegur forseti. Ég vonast til að a.m.k. sem flestar af þeim aðgerðum sem við leggjum til komist til framkvæmdar. Það eru auðvitað skiptar skoðanir eins og gengur um hvaða leiðir skuli fara en markmið okkar er það að leggja fram hugmyndir okkar, leggja til málanna, koma fram með tillögur til úrlausna og það er megintilgangur okkar framsóknarmanna með flutningi þessa máls.

[19:12]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í greinargerð með tillögunni kemur fram ef ég má lesa hana, með leyfi herra forseta:

„Þegar tillaga þessi er lögð fram á Alþingi er liðinn rúmlega einn mánuður frá því að minnihlutaríkisstjórnin tók til starfa og telja framsóknarmenn að ríkisstjórnin hafi ekki ráðist í þær nauðsynlegu og aðkallandi aðgerðir sem voru forsendur þess að ríkisstjórnin var mynduð með atbeina Framsóknarflokksins."

Í ræðu hv. þingmanns kom fram að hann var mjög óhress með það aðgerðaleysi og að ríkisstjórnin geri bara ekki neitt, (Gripið fram í.) eða mjög lítið. Hún er hefur komið einum seðlabankastjóra frá og búið er að gera svona eitt og annað en ekkert til að bjarga heimilunum í landinu. Nú vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann beri ekki bara upp vantrauststillögu á ríkisstjórnina á morgun.

[19:13]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að koma með andsvar.

Nei, ég tel ekki efni til þess að koma með vantraust á ríkisstjórnina. Við framsóknarmenn höfum heitið því að verja ríkisstjórnina vantrausti og við stöndum við það sem við segjum. (**PHB:** Þó að hún standi ekki við sitt?)

Hins vegar höfum við allan rétt til þess að gagnrýna ríkisstjórnina eins og okkur sýnist þurfa. Það sem kom fram í máli mínu var að ég tel að því miður hafi ríkisstjórnin ekki, a.m.k. enn þá, ráðist í nægjanlegar aðgerðir til þess að taka á vandanum. Ég tók líka fram í ræðu minni að vissulega væri búið að gera ýmislegt í sjálfu sér. Við vitum að ýmislegt er búið að gera, en okkur þykir ekki nóg að gert. Við lögðum mikla áherslu á það þegar ríkisstjórnin var mynduð, og við komum að því með því að heita stuðningi eða verja vantrausti, að ráðist yrði í aðgerðir, alvöruaðgerðir, í þágu heimila og fyrirtækja. Við förum ekkert ofan af því. Það hefur ekkert breyst og við köllum einfaldlega eftir því að ráðist verði í frekari aðgerðir en þegar hefur verið gert. Það er það sem ég á við, hv. þingmaður.

[19:14]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú eru komnar sex vikur síðan króginn fæddist, (**BJJ:** Króginn?) sem hv. þingmaður er guðfaðir að og hann stendur yfir vöggunni en króginn ætlar ekkert að vaxa.

Spurningin er hvort ekki sé kominn tími til (**HSH:** Það er búið að leggja hann á brjóst.) að koma fram með vantraust á ríkisstjórn sem ekki stendur sig betur en þetta. Því að út úr umræðunni hefur skinið í allan dag að ríkisstjórnin stendur sig ekki. Hún kemur ekki með nein mál.

Í greinargerðinni með frumvarpinu kemur líka fram mjög hörð gagnrýni. Það er mjög óvenjulegt af aðila sem styður ríkisstjórnina að svo hörð gagnrýni komi á prenti um hvað ríkisstjórnin stendur sig illa. Ríkisstjórnin er ekki einu sinn mætt hérna í umræðunni. Hún gefur Framsóknarflokknum langt nef með því að tala ekki einu sinni um þetta mál, sem var Framsóknarflokknum heilmikið mál. Ég hef farið í gegnum allar þessar tillögur mjög vendilega og málefnalega. En ríkisstjórnin er ekki mætt og ríkisstjórnarflokkarnir ekki heldur, ekki almennir þingmenn. Mér sýnist því að ríkisstjórnin sé að sýna Framsóknarflokknum mikla

vanvirðingu og gefi honum langt nef, en þrátt fyrir það ætlar Framsóknarflokkurinn ekki að koma fram með vantrauststillögu.

[19:15]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það að segja má að tillögum okkar sé að einhverju leyti sýnd vanvirðing vegna þess að ég hafði átt von á því að hér yrði töluverð umræða um málið, ekki síst að stjórnarliðar kæmu og lýstu skoðunum sínum. Varðandi það að þessi ríkisstjórn hafi ekkert gert held ég, svo alls sannmælis sé gætt, að hún hafi að mörgu leyti staðið sig mun betur en sú fyrri, sem hv. þm. Pétur H. Blöndal studdi, sem var algerlega komin að fótum fram og hafði haft margar vikur frá því að hrunið varð, en því miður var algert aðgerðaleysi ríkjandi. Ég held að þegar upp verður staðið muni reynast þjóð okkar dýrkeypt hversu máttlaus og sundurleit og verklaus fyrrverandi ríkisstjórn var. Þrátt fyrir allt held ég að ríkisstjórnin sem nú starfar hafi þó tekið betur á málum en sú fyrri. (**HSH:** Og leggja þau á brjóst.) Jú, jú, en við teljum ekki nóg að gert. Það er málið og við förum ekkert ofan af því.

Varðandi krógann, eins og hv. þingmaður nefndi, er ég a.m.k. þannig gerður að ég vil hlúa að börnum (Forseti hringir.) og leggja mitt af mörkum til að þau dafni og vaxi úr grasi og leggja þau á brjóst. Ég get það reyndar ekki sjálfur en ég get hlúð að þeim, en svona er þetta, virðulegur forseti.

Ég ítreka það að ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þátt í umræðunni. Hann sýnir meiri skilning á málinu en flestir aðrir og á heiður skilið fyrir það og ég þakka honum fyrir hvernig hann fjallaði um ýmsar tillögur og aðgerðir í plagginu þó svo að ég skilji vel að hann sé ekki nákvæmlega sammála öllu sem þar stendur.

[19:17]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F):

Herra forseti. Ég vil í upphafi annarrar ræðu minnar í kvöld lýsa yfir miklum vonbrigðum með þá staðreynd að hér skuli enginn stjórnarliði vera á mælendaskrá, enginn samfylkingarmaður, enginn þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Reyndar nefndi hv. þm. Jón Bjarnason það við mig áður en umræðan hófst að hann kæmi hugsanlega í hana en hann nefndi ekki hvort fleiri væru væntanlegir í umræðu um bráðavanda heimila og fyrirtækja í landinu. Mér finnst það ekki ofrausn þótt einn þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sé væntanlegur á mælendaskrá til að ræða þann mikla vanda sem blasir við okkur öllum. Það er vanvirðing við ástandið sem nú er í íslensku samfélagi að eins fáir þingmenn séu viðstaddir þessa umræðu og raun ber vitni. Það er hárrétt sem kom fram í skoðanaskiptum hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal og Magnúsi Stefánssyni að manni finnst undarlegt að hv. þingmenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna skuli ekki vera í hópum á mælendaskrá til að ræða þær tillögur sem við framsóknarmenn höfum lagt fram og sérstaklega hafa þingmenn Samfylkingarinnar lagt sig fram við að gagnrýna á öllum öðrum vígstöðvum en hér á Alþingi.

Við sem höfum lagt fram heildstæðar tillögur um málefni heimilanna og fyrirtækjanna og hvernig við ætlum að koma til móts við þau hljótum að eiga rétt á því að geta skipst á skoðunum við hv. þingmenn sem hafa gagnrýnt, stundum með órökstuddum hætti, þær tillögur sem við höfum lagt fram.

Herra forseti. Hvernig má það vera, að aflokinni margra vikna vinnu sérfræðinga og aðila í íslensku atvinnulífi sem komu að því að móta þá tillögu til þingsályktunar sem við ræðum hér, að hæstv. forsætisráðherra þurfti aðeins nokkrar mínútur til að slá þær hugmyndir út af borðinu? Hvernig stendur á því að það var gert? Getur það verið af því að hugmyndir okkar eru ekki runnar úr ranni Samfylkingarinnar? Er það þannig — og eru það ekki stjórnmálin sem við ætluðum að yfirgefa — að ef andstæðingurinn kemur fram með einhverjar hugmyndir séu þær fyrir fram vonlausar? Þetta er eitthvað sem við þurfum að snúa við, stjórnmál sem við þurfum að yfirgefa og í raun og veru sögðum við framsóknarmenn þegar við studdum þessa minnihlutaríkisstjórn og lofuðum því að verja hana vantrausti að við mundum styðja öll góð mál, sama hvort þau kæmu frá stjórn eða stjórnarandstöðu. Við mundum sjálf, ef okkur þættu tillögur og aðgerðir ríkisstjórnarinnar ekki nægilegar, leggja fram okkar eigin tillögur. Þær höfum við lagt fram hér. Það hlýtur því að vera lágmarkskrafa, herra forseti, að fulltrúar ríkisstjórnarinnar mæti í umræðuna og greini frá afstöðu flokka sinna til efnahagstillagna Framsóknarflokksins sem þeir hafa margir hverjir verið svo duglegir við að gagnrýna. Reyndar er það svo, eins og hv. þm. Helga Sigrún Harðardóttir nefndi, að vaxandi stuðningur er í samfélaginu og hjá hagfræðingum innan lands og erlendis við þær hugmyndir okkar framsóknarmanna að við þær sérstöku aðstæður sem blasa við í íslensku samfélagi í dag sé þörf á róttækum aðgerðum. Okkur hv. þm. Pétur H. Blöndal greinir á um hversu róttækar þær eigi að vera, það er einfaldlega þannig, en hv. þingmaður er þó maður að meiri að mæta í umræðuna og skiptast á skoðunum við þingmenn Framsóknarflokksins um þann bráða vanda sem steðjar að íslensku atvinnulífi og íslenskum heimilum.

Þegar maður ræðir um brennandi mál — maður heyrir frá fólki og forsvarsmönnum í íslensku atvinnulífi sem margir eru á barmi örvæntingar í dag — er undarlegt að verða vitni að því að þegar Framsóknarflokkurinn leggur fram tillögur sínar í efnahagsmálum skuli ekki nokkur einasti þingmaður Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vera kominn á mælendaskrá. En ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan að ég á von á hv. þingflokksformanni Vinstri grænna, Jóni Bjarnasyni, í umræðuna og ég vona að hann komi.

Hæstv. forseti. Mér finnst ákveðinn grundvallarmisskilningur liggja í orðum hv. þm. Péturs H. Blöndals þegar kemur að þeirri hugmyndafræði okkar að færa niður skuldir íslenskra heimila sem samsvarar verðbólgu síðustu 18 mánaða. Nýju bankarnir fengu lánasöfn gömlu bankanna með verulegum afslætti. Það er því ekki ríkið sem tapar á skuldaniðurfærslunni heldur erlendu kröfuhafarnir og það er ekki spurning hvort þeir tapi 50% heldur er jafnvel hætta á að þeir tapi 90%, jafnvel öllu ef allt fer á versta veg. Ef við verðum svo lánsöm að hafa stjórnvöld og ríkisstjórn sem hefðu þann metnað og þann dug að sannfæra erlendu

kröfuhafana um að ef ráðist yrði í þann heildarpakka sem við framsóknarmenn höfum lagt fram, sé verið að bæta eignasafn erlendu kröfuhafanna, og þeir fái, þegar öllu er á botninn hvolft, meira vegna þessara fyrirbyggjandi aðgerða. Eins og hv. þm. Helga Sigrún Harðardóttir benti á áðan verður snjóflóðið ekki stoppað í miðri hlíð þegar það er komið af stað. Mér finnst vanta skilning hjá fulltrúum annarra stjórnmálaflokka á því að mögulega geti hlutirnir farið illa hér á landi og við skulum ekki loka augunum fyrir því og það er ábyrgðarhluti ef menn ætla ekki að horfast í augu við raunveruleikann. Er þá ekki betra, hæstv. forseti, að menn hafi ráðist í einhverjar fyrirbyggjandi aðgerðir til að forðast slíkt? Þegar menn spyrja hvað aðgerðirnar kosti, spyr ég á móti: Hver er ávinningurinn fyrir íslensk heimili og íslenskt samfélag að forða mögulegu kerfishruni hér á landi? Hver er ávinningurinn fyrir íslenska þjóð að forðast það að hér geti mögulega ríkt upplausnarástand? Eru það hagsmunir erlendu kröfuhafanna að hlutirnir þróist með slíkum hætti í íslensku samfélagi? Að sjálfsögðu ekki. En það er heldur ekki gott fyrir íslenskan almenning og íslenskt atvinnulíf að hafa stjórnvöld sem sjá þetta ekki og hafa ekki skilning á því að menn þurfa að bregðast við núna. Við höfum ekki tíma til að greiðslumeta hvert einasta heimili eða fyrirtæki í landinu. Það er einfaldlega ekki ráðrúm til þess. Við höfum ekki í lýðveldissögunni upplifað aðra eins tíma og nú.

Ég segi það að mér finnst margir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar fljóta sofandi að feigðarósi þegar kemur að umræðu sem þessari og ég finn vaxandi kröfu hjá almenningi í landinu um að stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar hafi dug og þor í sér til að ráðast í róttækar aðgerðir til að koma til móts við þennan bráða vanda. Framsóknarflokkurinn hefur verið gagnrýndur allhressilega fyrir þær tillögur sem hann hefur lagt fram og pólitískir andstæðingar hafa reynt að setja hlutina í það samhengi að hér sé einhver kosningavíxill Framsóknarflokksins á ferðinni. Mér finnst ábyrgðarhluti hjá stjórnmálamönnum að láta slíkt út úr sér. Við framsóknarmenn erum að leggja til breytingar til hagsbóta fyrir heimilin og fyrirtækin og erum með fyrirbyggjandi aðgerðir ef vera skyldi að hlutirnir færu á versta veg og þá verður ekki aftur snúið, hæstv. forseti.

Ég vil nefna það hér að ég óskaði eftir því að hæstv. forsætisráðherra yrði við umræðuna. Hún hefur löglegar afsakanir fyrir því að vera ekki hér en mér er fyrirmunað að skilja það — um leið og ég bið hæstv. forseta að setja mig aftur á mælendaskrá — að í þessari umræðu skuli ekki vera einn einasti fulltrúi frá stjórnarflokkunum. Það er vanvirðing gagnvart því starfi sem fjöldinn allur af hagfræðingum, sérfræðingum og fulltrúum úr íslensku atvinnulífi hefur lagt hönd á til að búa til þessar tillögur með okkur framsóknarmönnum. Það er alger vanvirðing að fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna skuli ekki koma í umræðuna.

Ég vil minna á það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á um skyldur þingmanna þegar þingfundur stendur. Það er ótrúleg tilviljun ef allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar hafa löglegar afsakanir á fjarveru sinni í þessari umræðu. Þegar eldar brenna um allt land og alla borg þá sést ekki einn einasti þingmaður stjórnarliðsins. Ég kalla það vanvirðingu og vil helst ekki yfirgefa þessa umræðu án þess að fá fulltrúa beggja stjórnarflokka til (Forseti hringir.) að gefa álit sitt á þeim tillögum sem við framsóknarmenn höfum lagt fram á Alþingi Íslendinga.

[19:28]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Það er eitt gott við þessa þingsályktunartillögu að hún skapar umræðu. Hún gefur okkur tækifæri til að ræða um vanda heimilanna í landinu. Það er lítið annað hægt að segja um þetta „ágæta“ plagg, því að það er ýmislegt í því sem kemur sérkennilega fyrir og maður áttar sig reyndar ekki á hvað er í gangi eða hvaða pólitísku keilur verið er að reyna að slá með þessu plaggi.

Í fyrsta lagi er talað um úrlausnir í 18 liðum og hvað eigi að gera og hvernig eigi að bjarga hlutunum.

1. liður hljóðar svo: „Vextir verði lækkaðir í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.“

Eru ekki allir sammála því að lækka þarf vextina í landinu? Er það ekki ljóst? Reyndar er hægt að minna á það sem Vinstri grænir sögðu fyrir jól að það ætti ekki að gera samning við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og það ætti ekki að semja um Icesave-reikningana, það væri óráð. Þetta væru svo miklar skuldir að við gætum ekki greitt þær. Svo þegar þeir fengu stóla í ríkisstjórn með stuðningi Framsóknarflokksins ventu þeir kvæði sínu í kross þannig að í sjálfu sér bera framsóknarmenn ábyrgð á þessari ríkisstjórn, þeir geta ekkert þrætt fyrir það.

2. liður: „Lífeyrissjóðum verði veitt heimild til gjaldeyrisviðskipta.“

Lífeyrissjóðir hafa að hluta til heimild fyrir gjaldeyrisviðskiptum. Væntanlega er þá átt við að það eigi auka það. Er það það sem lífeyrissjóðirnir vilja, vilja þeir fara út í það að vera með allt sitt fé í gjaldeyrisviðskiptum? (**Gripið fram í:** Þeir hafa heimild og ...) Þeir geta það ef þeir vilja og það er hægt að breyta því, en ég er ekki viss um að lífeyrissjóðirnir kæri sig um að gera það. Það var skoðað strax í haust en það virtist ekki vera neinn vilji til þess hjá lífeyrissjóðunum þó að ríkissjóður vildi það eða fyrrverandi ríkisstjórn og væntanlega sjálfsagt sú núverandi líka.

3. liður: „Samið verði við erlenda eigendur krónueigna.“

Menn hafa lagt til að þetta yrði gert en þeir hafa ekki haft neinn áhuga á því að semja við okkur um eitt eða neitt, íslensku þjóðina eða stjórnmálamenn eða ríkisstjórnina.

4. liður: „Settur verði á fót uppboðsmarkaður með krónur.“

Það er fljótandi gengi á Íslandi, hvað eru menn að tala um? Það er markaðsverð á krónunni, reyndar kannski ekki þessa dagana af því að hún er bæði með kút og kork og eitthvað fleira og svo alls konar hömlur á því að það fari fram frjáls viðskipti með krónuna. Menn verða aðeins að átta sig á hvað verið er að tala um í þessum tillögum.

5. liður: „Lokið verði við stofnun nýju bankanna fyrir 1. apríl 2009.“

Er ekki verið að vinna að því að reyna að klára það sem fyrst? (**Gripið fram í:** Í maí?) Ég sé ekki að þessar tillögur séu neitt annað en eitt stórt bull. Ég verð bara að viðurkenna að ég finn ekki flöt á því að sjá nein rök eða lausnir í þessum tillögum.

6. liður: „Kröfuhafar fái hlut í nýju bönkunum.“

Það er búið að bjóða þeim það og þeir hafa hafnað því, kæra sig ekkert um það.

7. liður: „Unnið verði að sameiningu og endurskipulagningu banka og fjármálastofnana."

Hvað er verið að gera? Í hverju er Mats Josefsson, við hvað er hann að vinna? Er hann ekki að reyna að stofna og endurskipuleggja banka og taka fjármuni úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju? Ég sé ekki hvar lausnirnar í þessu eru.

8. liður: „Ríkið ábyrgist lán til skamms tíma á milli banka."

Er verið ekki að reyna að gera þetta allt en gengur illa og hvar á ríkið að taka peninga?

9. liður: „Peningamagn í umferð verði aukið."

Það á sem sagt að prenta meiri peninga sem þýðir meiri verðbólga. Er það lausn? Það getur vel verið að einhverjir haldi það og trúi því, ég hef heyrt hagfræðinga segja það en á móti hefur maður líka heyrt aðra hagfræðinga halda því fram að það sé arfavitlaus gjörningur að prenta bara peninga.

10. liður: „Veitt verði heimild til skráningar hlutafjár í erlendri mynt."

Við breyttum lögum í haust og leyfðum fyrirtækjum að gera upp í erlendum gjaldmiðli þannig að þeir geta verið með hlutafé í öðrum gjaldmiðli líka, evrum eða dollurum eftir því sem þeim sýnist.

11. liður: „Gerð verði drög að fjárlögum til ársins 2012."

Ég get ekki betur séð en að nógu erfitt hafi verið að gera síðustu fjárlög fyrir árið núna, hvað þá heldur að spá fram í tímann tvö eða þrjú ár. Ég sé því ekki hvaða lausnir liggja í þessu og hvað þetta hjálpar fjölskyldunum í landinu.

12. liður: „Komið verði á fót samráðsvettvangi með útflutningsfyrirtækjum og atvinnugreinum."

Þetta er í gangi, það er samráð þarna á milli. Útflutningsfyrirtækin og atvinnugreinarnar — þetta er það sama. Útflutningsfyrirtækin eru að framleiða vörur til útflutnings og selja þær. Þetta er hreinlega bull, þetta er bara þvæla sem stendur hér á prenti. Maður skilur ekki hvað menn eru að fara með þessu.

13. liður: „Ríkið verði bakhjarl vegna fjármögnunar útflutnings."

Það er ekki það sem þarf. Ef verið er að flytja út vörur fæst gjaldeyrir fyrir þær. Það þarf nánari skýringar á því hvað verið er að tala um, maður þarf raunverulega að fá túlk til að útskýra það betur sem stendur hérna, flesta af þessum liðum.

14. liður: „Stutt verði við rannsókna- og þróunarstarf."

Er ekki verið að gera það? Er ekki verið að styðja við bakið á rannsóknum og þróunarstarfi? Ég veit ekki betur en að hæstv. iðnaðarráðherra hafi talað um það að ríkisstjórnin sé að styðja við ýmiss konar rannsókna- og þróunarstarf á mörgum sviðum. Ég spyr: Hvað er verið að tala um fyrir fjölskyldurnar í landinu í þessari upptalningu?

15. liður: „Fasteignamarkaðurinn verði örvaður."

Það er nú kannski eitthvað sem þarf, að bæta við og halda áfram að byggja fleiri hús og íbúðir? Ég skil ekki hvað þetta hjálpar til. Jú, auðvitað ef einhverjir fá vinnu við það, en þegar vantar fólk í 3 þúsund íbúðir, á hvaða vegferð erum við?

16. liður: „Stimpilgjöld verði afnumin."

Það kom fram frumvarp um það í haust frá Frjálslynda flokknum að leggja þau niður og það er búið að leggja þau niður að hluta, ríkisstjórnin gerði það, tímabundið reyndar.

17. liður: „Skattar verði lagðir á eignir erlendis."

Hvaða bull er í gangi? Hvaða möguleika höfum við til að skattleggja eignir erlendis? Það er bara eins og þetta hafi verið gert á einhverju uppboði hjá börnum í barnaskóla, ég er efins um að þau létu sér detta svona vitleysu í hug.

18. liður, sem er kannski það vitlausasta sem í þessu plaggi stendur: „Skuldir verði felldar niður að hluta til bjargar skuldsettum heimilum og fyrirtækjum."

20% er verið að tala um. Ég spyr: Hvað kosta þessar tillögur, hvað er verið að tala um? Það er ekki minnst á það einu einasta orði hvað þessar tillögur kosta þjóðina. Þegar við tökum peninga úr ríkissjóði og setjum þá í eitthvað þurfum við að vita hvað það kostar. Við þurfum að átta okkur á því hvernig á að borga það. Ef gera á svona barbabrellur þarf einhver að borga brúsann. Á að skattleggja almenning til að borga þessar skuldir eða þá peninga sem eiga að fara í þessar aðgerðir?

Nei, því er nú verr og miður, það verður bara að segjast eins og er, hér eru engar raunhæfar tillögur. Ekkert er talað um að nýta betur fiskimiðin okkar eða nýta orkuna í iðrum jarðar eða fallvötnin til að búa til útflutningstekjur. Þetta er kosningavíxill, þetta á að vera eitthvert kosningatrix. Það er verið að plata fólk eins og gert var sínum tíma, eins og framsóknarmenn gerðu á sínum tíma þegar talað var um að hækka lánshlutfallið hjá Íbúðalánasjóði upp í 90% og svo komu bankarnir og toppuðu Íbúðalánasjóð og fóru að lána 90–100% lán til íbúðakaupa. Ég segi bara: Varið ykkur á þessum trixum.

[19:38]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki sé ofsögum sagt að þetta sé ein dapurlegasta ræða sem flutt hefur verið á þessu löggjafarþingi það sem af er. Mér er til efs að þessi ræða hv. þingmanns verði toppuð.

Hv. þingmaður fór í gegnum 18 tillögur sem við framsóknarmenn höfum lagt fram og unnar voru í margar vikur af hagfræðingum, stærðfræðingum, viðskiptafræðingum og lögfræðingum. Hv. þingmanni tókst á 10 eða 15 mínútum að rakka niður hverja einustu tillögu án þess að fara mikið yfir það um hvað hver tillaga er efnislega. Hv. þingmaður talar um að þetta sé bull og þetta sé þvæla og ég mótmæli þessum málflutningi hv. þingmanns harðlega. Þetta er líka móðgun við það ágæta fólk sem vann hörðum höndum að því að móta tillögur til að koma til móts við bráðavanda heimila og fyrirtækja. Ég hef einfaldlega ekki tíma í tveggja mínútna löngu andsvari til að leiðrétta allar þær staðreyndavillur sem komu fram í arfavitlausri ræðu hv. þingmanns.

Hv. þingmaður talaði um og sagði að það væri sérstakur samráðsvettvangur í gangi hjá útflutningsaðilum og atvinnulífinu. Við sendum fulltrúa til að ræða við fulltrúa þessara fyrirtækja sem bentu akkúrat á að það þyrfti meira samráð á milli ríkisins og þeirra, sérstaklega á þessum erfiðu tímum, og við leggjum til að því verði komið á.

Hv. þingmaður gagnrýnir líka að við viljum efla rann-

sóknir og þróun og hann spyr hvort sé ekki verið að gera það. Hv. þingmaður hefði kannski þurft að kynna sér hvað við leggjum til hér, en við leggjum til sérstakan skattafslátt eða ívilnanir fyrir þann geira. Það er ekki verið að leggja það til í dag. Ég bið hv. þingmann og reyndar þingmenn Frjálslynda flokksins, sem hafa talað í þessari umræðu, að gera svo lítið (Forseti hringir.) að kynna sér a.m.k. þá þingsályktunartillögu sem við ræðum hér.

[19:40]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það lagast ekkert þótt hv. þm. Birkir Jón Jónsson komi í andsvar um að hér hafi verið flutt léleg ræða sem hafi efnislega tætt niður allar tillögur framsóknarmanna. Hann svarar ekki því: Hvað kostar þessi pakki? Hvað er verið að tala um háar upphæðir og hvað mun þetta kosta? Hvað kostar að fella niður 20% af öllum skuldum allra heimila í landinu? Hvað er verið að tala um í upphæðum?

Það er alveg ótrúlegt ef einhverjir fræðingar, hvort sem það eru hagfræðingar, lögfræðingar eða stærðfræðingar og jafnvel þó að hann bætti við fiskifræðingum, hversu bættari erum við með því og af hverju getum við ekki fengið að vita hverjar eru áætlaðar kostnaðartölur af þessari tillögu. Hvað kostar þetta þjóðina og hver á að borga brúsann og hvar og hvernig? Það er það sem þetta snýst um.

Það er hægt að vera með einhvern loforðalista um að skera niður 20% af skuldum fólksins í landinu, 20% af skuldum heimilanna, en það þarf að segja hvernig á að borga það, hver á að borga það og hvenær. Það er það sem þetta snýst um. Þetta er sýndarmennska, þetta er kosningavíxill og þetta er kosningatrix. Það er verið að plata fólkið í landinu, verið að reyna að afla sér fylgis með ómerkilegum yfirlýsingum eins og hv. þingmaður kom með og svo gerir hann lítið úr því þegar menn benda á þessa vitleysu sem er í gangi hjá Framsóknarflokknum, þessa vitleysu sem er verið að kynna hérna og reyna að plata fólk í landinu með.

[19:42]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður gagnrýnir allar þessar tillögur og kallar þetta mikinn kosningavíxil. (**GMJ:** Hvað kostar þetta?) Ég vil spyrja hv. þingmann, af því að þingmenn Frjálslynda flokksins ræddu hér um frystingu verðtryggingarinnar fyrr í dag: Hvað kosta þær tillögur?

Það sem við erum að gera ráð fyrir með 20% niðurfellingu er að færa lánin til samræmis við hækkun verðbólgu síðustu 18 mánaða. Hver er munurinn á slíku? Ég spyr hv. þingmann: Hvað kosta þær tillögur sem Frjálslyndi flokkurinn var að enda við að mæla fyrir hér í dag?

Mér þykir miður að formaður Frjálslynda flokksins skuli ekki vera hér við þessa umræðu því að hann er mun málefnalegri en þeir tveir þingmenn flokksins sem hafa tekið þátt í umræðunni, sem hafa kallað þessar tillögur bull og þvælu. Hv. þm. Karl V. Matthíasson sagði að þær væru jafnvel svo vitlausar að ekki dytti nokkrum manni í hug að tjá sig um þær. Ég spyr: Á hvaða plani eru hv. þingmenn Frjálslynda flokksins? Þetta er þeim einfaldlega ekki til sóma þegar við erum hér í efnislegri umræðu um bráðavanda heimila og fyrirtækja og ég vil lýsa yfir sérstakri ánægju með það að hæstv. fjármálaráðherra skuli vera kominn í þingsalinn, væntanlega til að taka þátt í þessari umræðu.

Við þingmenn Framsóknarflokksins höfum talað fyrir því að við þurfum að ná samstöðu á vettvangi Alþingis um að greiða fyrir góðum málum. Ég fer ekkert ofan af því að hv. þingmaður getur ekki komið hér upp og gagnrýnt og sagt að það sé þvæla og bull og vitleysa sem hagfræðingar, stærðfræðingar og aðrir sérfræðingar í íslensku samfélagi hafi komið að á undangengnum vikum. Hv. þingmaður getur einfaldlega ekki leyft sér að koma hér upp og dæma allar þessar 18 efnahagstillögur Framsóknarflokksins, sem sumar kosta ekki krónu heldur eru einungis til hagsbóta fyrir íslensk heimili og fyrirtæki. Ég bið hv. þingmann að gæta orða sinna (Forseti hringir.) þegar hann fellir stóra dóma um þær tillögur sem við ræðum hér og ég bið hann líka (Forseti hringir.) um að kynna sér þær betur en hann hefur gert.

[19:45]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef bersýnilega komið við einhverjar taugar (**BJJ:** Nei, nei, nei.) í hv. þm. Birki Jóni Jónssyni þegar ég sagði að bróðurparturinn af þessu væri bull og þvæla og ekki væri hægt að nota þetta til eins eða neins. Þetta bjargar ekki fjölskyldunum í landinu, þetta hjálpar ekki fyrirtækjunum í landinu og svo á eftir að skýra það út hvað þetta kostar og hvaðan á að taka peninga til þessara gjörninga.

Ef það er eitthvað í þessu sem kostar ekkert til hvers er þá verið að hafa það? Það er málið. Það er nefnilega málið að ef þú ætlar að lækka skuldir á einstaklingum eða fyrirtækjum þá kostar það peninga. (**BJJ:** Þið leggið það til sjálfir.) Við höfum lagt til að lækka verðtryggingu lána. (**BJJ:** Kostar það ekki?) Það kostar. En við gerum ráð fyrir því að ný ríkisstjórn, sem tekur væntanlega við eftir 25. apríl, fái svigrúm og tækifæri til þess að vinna að lausnum og útfærslu á því hvernig á að gera það.

En í þessu plaggi eru ekki til neinir peningar og þess er ekki getið í tillögunni hvað þetta kostar. Þær upplýsingar eru ekki til staðar. Og þegar menn eru að hæla sé af því að þeir séu með hagfræðinga, stærðfræðinga og lögfræðinga í vinnu við að reyna að útfæra þetta og gera þetta á vitrænan hátt þá er lágmarkskrafa að eitthvað sé sagt um (**BJJ:** Kynntu þér málið.) það hvernig eigi að borga brúsann og hvernig eigi að gera þetta. En það er bersýnilega ekkert lagt til í því.

Það er heldur ekki verið að tala um hvort ekki megi nýta auðlindir þjóðarinnar betur en gert hefur verið heldur er bara verið að leggja til einhverjar svona barbabrellur af ódýrustu tegund um að skera niður 20% af skuldum heimilanna í landinu án þess að segja hvaðan taka eigi peningana og það er auðvitað það sem er að í þessari þingsályktunartillögu.

[19:47]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Grét-

ari Mar Jónssyni fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Ég vil hins vegar segja það um ræðu hans hér áðan að ég hugsaði nú þegar leið á ræðuna hvort þetta væri ekki bara eitt allsherjargrín hjá hv. þingmanni. Það getur ekki verið að honum hafi verið full alvara með öllu því sem hann sagði. Þegar hann fór yfir þessa átján liði í tillögunni kom berlega í ljós að hv. þm. Grétar Mar Jónsson hefur ekki lesið greinargerðina sem fylgir. Hann skautaði samt sem áður í gegnum málið og skaut þetta allt niður alveg eins og hæstv. forsætisráðherra gerði, ég held að hún hafi ekki heldur lesið hvað stóð í þessum tillögum.

Ég ætla í mestu vinsemd að beina því til hv. þm. Grétars Mars Jónssonar (**GMJ:** Og forsætisráðherra.) — nei, ég er í andsvari við hv. þingmann — að hann lesi yfir þessa greinargerð og kynna sér málið áður en hann kemur upp í ræðustól með þeim bægslagangi sem hann gerði hér og stóryrðum. Það er miklu málefnalegra hv. þingmaður að taka þannig þátt í umræðu frekar en að vera með þennan bægslagang og þau gífuryrði sem fram komu í ræðu hv. þingmanns.

Hann skaut niður hvern einasta lið af þessum átján en ég saknaði þess að ekki var eitt einasta orð í ræðu hv. þingmanns um það hvaða lausnir Frjálslyndi flokkurinn hefur. Ekki aukatekið orð, ekki eitt. Kannski kemur það fram hér í svari við mínu andsvari.

[19:49]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er bersýnilegt að hv. þingmenn Framsóknarflokksins, sem hér eru staddir í umræðunni, eiga dálítið bágt með að verja þessa þingsályktunartillögu sína sem þeir hafa lagt hér fram og mælt fyrir.

Ég segi enn og aftur: Ég sé satt best að segja engan mun á fyrrverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og svo aftur núverandi stjórnarsamstarfi Samfylkingar og Vinstri grænna með stuðningi Framsóknarmanna.

Ég lít svo á að þessar tillögur séu ekkert annað en einhvers konar kosningatrix, kosningavíxill. Það er verið að blekkja fólkið í landinu. Það er verið að reyna að fá það til að kjósa sig út á þessar hugmyndir. Þetta er sams konar gjörningur um skuldir heimilanna eins og gert var á sínum tíma varðandi íbúðalánasjóðstrixið sem átti að vera. Það hefur valdið mörgum fjölskyldum miklum erfiðleikum og er búið að eyðileggja margar fjölskyldur. Við erum að tala um að 40% af fjölskyldunum og heimilunum í landinu eigi í verulegum erfiðleikum. Þetta kom til út af þessum 80% lánum hjá Íbúðalánasjóði og svo því að hinir nýeinkavæddu bankar fóru, í samkeppni við Íbúðalánasjóð, að lána 90–100% lán til íbúðakaupa.

En það er dálítið gaman að því að þrátt fyrir allt eru Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur, Samfylking og Vinstri grænir, fjórflokkurinn, í því að verja hver annað í þessum gjörningum sem þeir hafa verið að setja á svið og mæra hver annan eins og þeir geta.

[19:51]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að mér finnst þetta — ég biðst afsökunar á að segja það, virðulegi forseti — dapurleg framganga hér hjá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni. Hann hjakkar í sama farinu og í ræðu sinni með sama orðaflauminn og fer út um víðan völl og kemur ekki með neitt innlegg í þessa umræðu, ekki eitt orð um lausnir Frjálslynda flokksins, ekki eitt einasta orð. Það er dapurlegt, virðulegi forseti, vegna þess að hér er auðvitað tækifæri þar sem þessi umræða fer fram að koma nú með lausnirnar. Ekki bara að gagnrýna og skjóta niður það sem aðrir leggja til heldur koma með lausnir, hvaða tillögur viðkomandi hefur. En því er ekki fyrir að fara hjá hv. þingmanni Frjálslynda flokksins.

Þeir hafa tveir tekið hér til máls í dag í þessari umræðu, annar í stuttu andsvari og síðan hv. þm. Grétar Mar Jónsson. Það er allt á sömu bókina lært. Ég hvet hv. þingmenn Frjálslynda flokksins til að kynna sér betur það sem hér er til umræðu, lesa greinargerðina. Þar fást ýmis svör við því sem hv. þingmaður kallaði eftir. Og með því að lesa greinargerðina mun leiðréttast ýmislegt af þeim misskilningi og þeim rangfærslum sem fram komu í máli hans.

[19:53]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er víst dapurleg framkoma að menn skuli voga sér að gagnrýna þessa ágætu þingsályktunartillögu framsóknarmanna. Við höfum lagt til að verðtryggingin verði ekki hærri en 5% og búinn verði til sjóður sem mismunurinn á verðtryggingunni fer í og næsta ríkisstjórn hafi til þess ákveðinn tíma. (**VS:** Hvað kostar það?) Það kostar verulegar upphæðir, það er ljóst. En það er ekki ljóst hvernig — það er ekki verið að skera niður af öllum jafnt. Það er ekki verið að tala um það. Það er verið að tala um að hjálpa þeim sem standa illa og útfærsluleiðirnar eru margar til. Það þarf ekki bara að nefna eina.

En það sem við erum að leggja til, til að hjálpa okkur út úr þeirri kreppu sem við erum í, er að nýta auðlindir þjóðarinnar betur. Við höfum verið hér með tillögu um að innkalla allar veiðiheimildirnar til ríkissjóðs og leigja þær út. Við höfum verið að tala um að afla tekna úr hafinu fyrir 80 milljarða í viðbót. Við höfum verið að tala um að nýta aðrar auðlindir eins og fallvötnin okkar og orkuna í iðrum jarðar til þess að skapa atvinnutækifæri og möguleika. Þessu höfum við verið að hamra á alveg frá því í haust. Við höfum lagt til fleiri leiðir til að hjálpa fólki út úr þessu atvinnuleysi eins og frjálsar handfæraveiðar og ýmislegt, nýta betur þann afla sem við erum að veiða og annað eftir því.

Þið þekkið allar þær tillögur sem við höfum flutt varðandi nýtingu í sjávarútvegi. Þið þekkið líka tillögur okkar varðandi virkjanir. Við höfum stutt bæði álver í Helguvík og álver á Bakka. Við þurfum að virkja auðlindirnar til þess að geta skapað verðmæti. (Forseti hringir.)

[19:55]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F):

Herra forseti. Ég vildi að ég gæti þakkað hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins fyrir innlegg þeirra hér í umræður um bráðavanda atvinnulífsins og heimilanna í landinu. Því að málflutningur hv. þm. Grétars Mars Jónssonar, og í raun og veru líka hv. þm. Karls. V. Matthíassonar, var ekki forsvaranlegur hér í þessari umræðu. Það er ekki málefnalegt

að setja sig fyrir fram upp á móti átján tillögum sem helstu sérfræðingar í íslensku samfélagi hafa lagt til. Ég held að hv. þingmaður sé ekki að bæta stöðu Frjálslynda flokksins í samfélaginu með málflutningi sem þessum, og ekki er nú staða þess ágæta flokks bærileg fyrir.

Herra forseti. Við höfum fengið innlegg frá hv. þm. Pétri H. Blöndal, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, hér í þessari umræðu, og eins og ég sagði áðan lýsi ég yfir mikilli ánægju með það að hæstv. fjármálaráðherra skuli vera kominn hingað til að ræða um vanda heimila og fyrirtækja. Ég á von á því að hann muni blanda sér í þessa umræðu og fyrir það vil ég þakka.

Umræða um efnahagsmál, stöðu heimila og fyrirtækja, á að vera umræða sem snertir alla stjórnmálaflokka. Nú stefnir í að allir stjórnmálaflokkar sem eiga seturétt hér á Alþingi muni leggja orð í belg um vanda heimila og fyrirtækja fyrir utan einn. Það er jafnaðarmannaflokkur Íslands, Samfylkingin, sem veitir minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna forustu.

Eftir síðustu kosningar hlaut Samfylkingin 18 þingmenn hér á Alþingi Íslendinga. Einn þingmaður hefur fallið frá borði og er genginn til liðs við Frjálslynda flokkinn og eftir eru 17 þingmenn Samfylkingarinnar. Nú spyr ég hvort það geti virkilega verið svo að allir 17 þingmenn Samfylkingarinnar hafi málefnalegar ástæður til þess að taka ekki þátt í þessari umræðu um vanda heimila og fyrirtækja. Getur það verið, herra forseti, að um eitthvert samráð sé að ræða hjá þingflokki Samfylkingarinnar? Sá flokkur hefur nú hingað til ekki verið hrifinn af samráði en mér sýnist allt benda til þess að slíkt hafi verið raunin. Ég vil ekki trúa því upp á þann flokk sem fer með stjórn efnahagsmála í landinu, sem fer með forsætisráðuneytið, að hann ætli að láta umræðu um stöðu heimila og fyrirtækja á þessu kvöldi lönd og leið. Maður veltir því fyrir sér hver afstaða Samfylkingarinnar sé til þeirra átján tillagna sem þingflokkur Framsóknarflokksins hefur lagt hér fram.

Mér dettur reyndar ekki í hug, herra forseti, að afstaða Samfylkingarinnar til þeirra átján tillagna sem við höfum lagt hér fram verði með þeim hætti sem þingmenn Frjálslynda flokksins hafa lagt hér til í dag, að vera fyrir fram á móti þeim öllum, tala um að það séu kosningavíxlar og einhver ódýr trix, því að þessar átján tillögur eru lagðar fram af fullum heilindum. Við höfum sagt: Þær eru ekki hafnar yfir gagnrýni. Við þurfum ekki að vera sammála um allt. En við hljótum að geta sammælst um það að fara í frekari aðgerðir, meiri aðgerðir en ríkisstjórnin hefur lagt til. Því það er þannig að það er Alþingi Íslendinga sem hefur valdið. Það er Alþingi Íslendinga sem á á erfiðum tímum að beita sér fyrir róttækum aðgerðum til þess að leysa úr þeim bráðavanda sem steðjar að íslensku efnahagslífi.

Það er því lágmarkskrafa, herra forseti, að fulltrúar Samfylkingarinnar komi hér á þessu kvöldi í umræðu um stöðu heimila og fyrirtækja. Eða getur það verið að 17 manna þingflokkur Samfylkingarinnar hafi ekki áhuga á því að ræða þá tillögu sem við ræðum hér um vanda heimila og fyrirtækja í landinu? Ég vil ekki trúa því.

Hæstv. forseti. Ég hvet hv. þingmenn Samfylkingarinnar, sem vafalaust eru flestir á skrifstofum sínum að fylgjast með þessari umræðu, til að koma hér til umræðunnar í þingsal um leið og ég þakka hv. þingmönnum Vinstri grænna sem eru hér í þessum sal og reyndar hafa nú verið umræður að undanförnu um það að þessir flokkar eigi nú orðið mátulega vel saman málefnalega. Við getum tekist á í ýmsum málum þó að við séum ekki sammála. En það er mjög erfitt að eiga í samstarfi við stjórnmálaflokk sem neitar að koma til umræðu líkt og Samfylkingin hefur gert.

[20:00]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af fullum heilindum, segir hv. þm. Birkir Jón Jónsson, af fullum heilindum lögðum við fram frumvarp um Íbúðalánasjóðinn á sínum tíma. (Gripið fram í.) Af fullum heimildum lögðuð þið fram og hafið stutt kvótakerfi í íslenskum sjávarútvegi í 25 ár.

(**Forseti** (KHG): Forseti vill brýna fyrir þingmönnum að ávarpa forseta eða fundinn en ekki aðra þingmenn.)

Ég biðst afsökunar á þessu, hæstv. forseti. Ég segi enn og aftur: Af fullum heilindum hafa framsóknarmenn í gegnum tíðina staðið að ýmsum gjörningum sem hafa ekki orðið til góðs fyrir íslenskt þjóðfélag. Svo mikið er víst.

Þrátt fyrir að þeir leggi hér fram þingsályktunartillögu sem á að vera til að hjálpa heimilunum og fyrirtækjunum í landinu get ég ekki séð hvar hjálpin er. Án þess að geta sagt hvað þetta kostar, hvað þarf að borga og hvernig á að borga þetta get ég ekki sagt og samþykkt að þetta sé lausn á einu eða neinu. Við horfum fram á kosningavíxla, við horfum fram á ómerkilegt pólitískt trix til að reyna að fá til fylgis við sig fólk sem er kannski ekki of mikið inni í málunum og er kannski ekki of mikið að velta sér upp úr neinu, heldur vill í góðri meiningu trúa því að stjórnmálamenn leggi fram tillögur sem eru til bóta. Þegar grannt er skoðað og farið í gegnum þessar tillögur hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar og flokksfélaga hans eru engar lausnir þar fyrir heimilin nema síður væri og jafnvel að þetta yrði þjóðinni baggi í framtíðinni.

[20:02]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er akkúrat það sem þingflokkur framsóknarmanna er að gera með framlagningu þessa máls, koma með tillögur að lausnum, að lausnum á mjög erfiðri stöðu heimila og fyrirtækja. Það er einfaldlega ekki hægt að rökræða við hv. þingmann sem hefur ekki kynnt sér efnislega þær tillögur sem hér eru lagðar til sem færustu sérfræðingar hafa unnið að um margra vikna skeið. Hv. þingmaður getur einfaldlega ekki leyft sér að koma upp og slá þessar hugmyndir allar út af borðinu að óathuguðu máli, eins og ræða hans bar vott um.

Hv. þingmaður talaði um húsnæðismál og breytingar á lögum þeim sem Framsóknarflokkurinn stóð að á síðasta kjörtímabili. Ég minni hv. þingmann á að þær tillögur sem Framsóknarflokkurinn lagði fram um breytingar á lögum um húsnæðismál voru samþykktar af öllum þingmönnum á vettvangi Alþingis, þar á meðal hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins, þannig að ég held að hv. þingmaður ætti að líta sér nær þegar hann rifjar upp söguna og þegar við ræðum um húsnæðismál hér á landi. (**GMJ:** Ég var ekki ...)

Ég ætla líka að minna hv. þingmann á að það var Fram-

sóknarflokkurinn í stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn sem stóð vörð um Íbúðalánasjóð. Við höfum viljað standa vörð um starfsemi Íbúðalánasjóðs og ætli það sé ekki svo í dag að íslenskur almenningur, húsnæðiseigendur, sé ánægður með að Íbúðalánasjóður sé til staðar í dag. Í raun og veru höfum við farið fram á það að bankakerfið íslenska muni haga sér með þeim hætti, líkt og Íbúðalánasjóður hefur gert gagnvart fólki í greiðsluerfiðleikum, að þær reglur sem gilda hjá Íbúðalánasjóði verði yfirfærðar til annarra ríkisbanka. Það er mikilvægt að menn komi fram af sanngirni við skulduga húsnæðiseigendur hér á landi og þar er Íbúðalánasjóður fyrirmynd, sjóður sem við framsóknarmenn höfum staðið dyggan vörð um og ég veit að hv. þingmaður hefur talað fyrir því að (Forseti hringir.) starfsemi hans verði haldið áfram.

[20:04]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Færustu sérfræðingar hjálpuðu framsóknarmönnunum við að semja þessa þingsályktunartillögu. Höfum við ekki haft færa og hámenntaða sérfræðinga, hagfræðinga og lögfræðinga og alls konar fræðinga, til ráðgjafar í efnahagsmálum síðustu ára? Hver er árangurinn? Gjaldþrota þjóð, gjaldþrota þjóðfélag. Ég veit ekki hvað menn eru að vitna í og ef maður lendir í því að hitta tvo fræðinga eru þeir venjulega hvor á sinni skoðuninni. (**BJJ:** Hvað vill þingmaðurinn?) Það er nú það sem blasir við. Ég minni á orð eins fyrrverandi forsætisráðherra, Ólafs Thors: Guð hjálpi þjóðinni þegar fræðingarnir fara að stjórna öllu. Það eru kannski orð að sönnu. (**VS:** Góðir í bland.) Þeir geta verið ágætir í bland, eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir segir. Auðvitað á að nota þá af skynsemi og fá hjá þeim ráð en oftast þarf að fá ráð frá fleiri en einum til að átta sig á því hvað er eðlilegt að gera.

Ég kem enn og aftur að þessari ágætu þingsályktunartillögu sem er ekki betri en það að hægt er að skjóta niður hvert einasta atriði af 18 í henni sem segir að þetta er ómerkilegt plagg, sýndarmennskuplagg til að reyna að plata fólk til stuðnings við Framsóknarflokkinn. Þetta er plagg sem engin not eru af og það vantar skýringar á hvað þetta kostar, það vantar að vita hver á að borga brúsann og hvernig.

[20:07]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá liggur ljóst fyrir að þingflokkur Frjálslynda flokksins leggst gegn þeim 18 tillögum sem við framsóknarmenn höfum lagt fram til að koma til móts við vanda heimila og fyrirtækja. Hann hefur lýst yfir andstöðu sinni við það, einn stjórnmálaflokka á Alþingi. Reyndar sýnist sitt hverjum um einstakar tillögur og hæstv. fjármálaráðherra hefur til að mynda lagst gegn tillögum okkar um 20% niðurfærsluna en mér er til efs að hæstv. fjármálaráðherra muni koma upp á eftir og dæma allar þessar tillögur dauðar og ómerkar. Ég hugsa að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins verði einir um þá umræðu hér, enda erum við að reyna að koma fram með góð mál til að koma til móts við vanda heimila og fyrirtækja.

Ég vil í seinna andsvari mínu spyrja hv. þingmann hvað þingflokkur Frjálslynda flokksins hafi lagt af mörkum til að koma til móts við þá erfiðu stöðu sem nú er uppi.

Hv. þingmaður hló að því að við framsóknarmenn legðum til að hafin yrði lækkun á stýrivöxtum hið fyrsta. Það eru ekki orðin tóm. Formaður Framsóknarflokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, hefur átt fundi með forsvarsmönnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem við höfum lagt fram greinargerð með rökstuðningi okkar færustu sérfræðinga — sem hv. þingmaður hefur gagnrýnt — um af hverju við eigum að fara í og af hverju við getum nú þegar farið í lækkun á stýrivöxtum.

Ég spyr hv. þingmann: Hefur Frjálslyndi flokkurinn óskað eftir einhverjum viðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn? Við þurfum að tala máli Íslands í þeim viðræðum. Menn þurfa að leggja sig fram. Við höfum lagt mikla vinnu í að rökstyðja af hverju við eigum að ráðast nú þegar í lækkun á stýrivöxtum. Ég spyr hv. þingmann hvort einhverjir af forustumönnum Frjálslynda flokksins hafi rætt við fulltrúa frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hverjar efnahagstillögur Frjálslynda flokksins eru og hvort þær sé einhvers staðar (Forseti hringir.) að finna í heildstæðum pakka líkt og við framsóknarmenn mælum fyrir hér.

[20:09]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Um þessa tillögu vil ég segja að þetta er ágæt upptalning á ýmsum atriðum sem öll eru umræðuverð og snúa að mögulegum aðgerðum til að aðstoða heimili og atvinnulíf. Má kalla þetta ágætan minnislista um ýmislegt sem er að sjálfsögðu á dagskrá í þeim efnum. Flest ef ekki allt af þessu er með einum eða öðrum hætti í farvegi og margt af þessu liggur nú þegar fyrir Alþingi eða kemur inn á mál sem hér hafa verið lögð fram og eru til umfjöllunar í þingnefndum. Ég held að ég geri skást í að hlaupa aðeins yfir nokkra liði þessarar tillögu og lýsa viðhorfum mínum til þeirra ef þingmönnum finnst einhver akkur í því. Ég set þau þá í samhengi við þær aðgerðir sem í gangi eru eða stöðu mála eins og hún kemur mér fyrir sjónir.

Í 1. tölulið er talað um að vextir verði lækkaðir í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, eins og stendur þar. Samkvæmt lögum, þar á meðal nýsamþykktum lögum héðan frá Alþingi, eru það Seðlabankinn og peningastefnunefnd Seðlabankans sem taka ákvarðanir um stýrivexti sem aftur er ætlað að hafa áhrif á vaxtastigið almennt. Það vald verður ekki frá þessum aðila tekið nema með lögum þannig að Alþingi getur að sjálfsögðu ekki mælt fyrir um vaxtalækkun en það getur haft á því skoðun ef það vill og lýst henni.

Það liggur alveg fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnvalda og ég hef sem fjármálaráðherra m.a. hér úr þessum ræðustóli lýst því sem algjöru forgangsverkefni af okkar hálfu að vextir verði lækkaðir. Ég tók af allan vafa um að það væri í forgangi af okkar hálfu að lækka vexti fremur en að létta á gjaldeyristakmörkunum. Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er vel kunnugt um þau mál. Á þremur, ef ekki fjórum, löngum fundum sem ég átti með fulltrúum hans hér bar vaxtamál á góma. Í öllum tilvikum kom ég því skýrt á framfæri að við legðum mikla áherslu á að vextir færu að lækka, allar forsendur væru til staðar og það væri almennt

ákall úr atvinnulífinu og viðskiptalífinu að vaxtalækkunarferli færi af stað. Ég vænti þess að við þurfum ekki að bíða lengur en til fimmtudags að fyrstu jákvæðu fréttirnar komi í þeim efnum. Ég endurtek þó að það er í valdi Seðlabankans, það er hann sem tekur þær ákvarðanir og ber ábyrgð á þeim.

Í öðru lagi er lagt til að lífeyrissjóðum verði veittar heimildir til gjaldeyrisviðskipta. Um það hef ég nokkrar efasemdir. Ég er ekki viss um að það samrýmist vel lögum og hlutverki lífeyrissjóða sem fyrst og fremst er að taka á móti lífeyrissparnaði og ávaxta hann að þeir gerist í þessum skilningi fjármálafyrirtæki eða bankar. Hitt er annað að ég held að það sé æskilegt að þeim aðilum fjölgi sem taka virkan þátt á millibankamarkaði með gjaldeyri. Ég veit um áhuga sjálfstæðra fjármálafyrirtækja á að slík þróun verði og það yrði að sjálfsögðu til góðs að þátttakendum þar fjölgaði og markaðurinn dýpkaði.

Í þriðja lagi er lagt til að samið verði við erlenda eigendur krónubréfa. Ýmsar viðræður hafa verið í gangi um það mál og ýmsar hugmyndir uppi á borðum í þeim efnum sem ég hef áður gert grein fyrir. Seðlabankinn er að skoða þau mál og þau eru í hans höndum en við fylgjumst auðvitað grannt með því, m.a. í fjármálaráðuneytinu. Seðlabankinn telur að sjálfsögðu, þótt hann tali sjálfur fyrir sig, að æskilegt væri að slíkt gæti gerst á viðskiptalegum forsendum þannig að þar gætu orðið viðskipti milli aðila sem þjónuðu þeim tilgangi að festa sem kostur er það lausa fé sem hér er eftir í hagkerfinu þannig að erlendir aðilar tækju stöðu með hagkerfinu í staðinn fyrir að bíða eftir því að fara með sitt fé út.

Það er lagt til í 5. lið að lokið verði við stofnun nýju bankanna fyrir 1. apríl. Það er auðvitað búið að stofna nýju bankana en það sem þá vantar er efnahagsreikningur. Það hefur kannski ekki komið eins mikið að sök og maður áður taldi, einfaldlega vegna þess að Seðlabankinn hefur m.a. veitt þeim fyrirgreiðslu þannig að þeir gætu stundað viðskipti og þeir eru ekki í vandræðum með laust fé. En að sjálfsögðu er mikilvægur liður í að ljúka stofnun þeirra og koma þeim endanlega á fót að þeir fái efnahagsreikning sem nú styttist sem betur fer í. Ég held að það sé ekki raunhæft að hægt verði að standa við þessa dagsetningu en vonandi dregst ekki margar vikur í viðbót að þeir fái efnahagsreikning, að sú endurskoðun á honum sem gert er ráð fyrir hafi farið fram af yfirskoðunarfyrirtækinu og þá er ekkert að vanbúnaði að gefa út þau skuldabréf sem frá ríkinu ganga til að mynda eigið fé nýju bankanna.

Í sjötta lagi er að kröfuhafar fái hlut í nýju bönkunum. Það er að sjálfsögðu til skoðunar og er í viðræðum milli aðila. Þeim viðræðum veitir núna forustu fyrir hönd ríkisins Þorsteinn Þorsteinsson hagfræðingur og með honum til aðstoðar er hið margrómaða ráðgjafarfyrirtæki Hawkpoint þannig að ríkisstjórnin er búin að koma þeim málum í traustan farveg að ég tel og þar er unnið hörðum höndum að því að fá þessa hluti sem mest á hreint. Uppi hafa verið hugmyndir um að kröfuhafar gætu gerst eigendur að a.m.k. einum bankanna og þar hefur verið sýndur viss áhugi. Staðan er þó ólík í öllum þremur tilvikum, um ólíka aðila að ræða sem aðallega eiga kröfur á bankana og ekki víst að það sé raunhæfur kostur nema þá mögulega í einu, hugsanlega tveimur tilvikum.

Ég hleyp aðeins yfir tímans vegna. Í 11. tölulið er talað um að gerð yrðu drög að fjárlögum til ársins 2012. Í raun liggja slík drög fyrir í rammafjárlögum sem hafa fylgt fjárlagafrumvörpum, ég held í tvö síðustu skipti. Það er unnið að nákvæmlega slíku samkvæmt áætlun stjórnvalda í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þ.e. þó að áætlunin sem slík taki til áranna 2009 og 2010 er jafnframt gerð áætlun til svokallaðs meðallangs tíma og hún tekur einmitt til áranna 2011, 2012 og jafnvel 2013. Slík áætlun er í raun og veru hluti af samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og verður m.a. eitt af því sem þar verður skoðað þegar stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins tekur fyrir endurskoðunarskýrsluna frá því nú á dögunum.

Í 13. tölulið er talað um að ríkið verði bakhjarl vegna fjármögnunar útflutnings. Það er að sjálfsögðu fyrirkomulag og hugmynd sem vel getur komið til greina en kallar þá á að stofnaður verði væntanlega einhvers konar útflutningsábyrgðarsjóður. Slík fyrirbæri hafa áður í okkar sögu verið til í mýflugumynd. Aðrar þjóðir hafa gert þetta með skipulagðari hætti, verið með einhvers konar export-kredit-sjóði sem ábyrgjast útflutning í tilteknum tilvikum. Það er að vísu sjaldan þannig að þeir starfi samkvæmt einhverjum almennum reglum, heldur er þá oftast um einhvers konar sértækar ábyrgðir að ræða bundnar við atvinnugreinar eða svið. Slíkt fyrirkomulag mætti að sjálfsögðu hugsa sér og oftast hafa menn þá verið með útflutning á t.d. tæknivörum eða nýsköpunarvörum til að auðvelda slíkum vörum að komast á markað eða í afmörkuðum tilvikum eins og í skipaiðnaði og annars staðar þar sem sérstakar aðstæður eru til staðar.

Að stutt verði við rannsókna- og þróunarstarf — að sjálfsögðu væri æskilegt að geta gert það myndarlegar en þó er gert eða verður mögulegt á næstunni í ljósi þröngrar stöðu ríkisfjármála en það er þó í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar til að örva atvinnulífið eða komið inn á það að reyna að örva nýsköpun með því að beita tilteknum skattalögum til hvatningaraðgerða.

Stimpilgjöld er búið að afnema að hluta og auðvitað gæti verið leið að ganga þar alla leið en þá hverfa einhverjar tekjur af þeim sökum.

Í 17. tölulið — að skattar verði lagðir á eignir erlendis — það vill svo vel til að fyrir þinginu liggur og er í þingnefnd frumvarp um að hluta til þetta, þ.e. að taka hér upp löngu tímabærar svokallaðar CFC-reglur, þ.e. möguleikana á að skattleggja móðurfyrirtæki í skattalandinu, heimalandinu, vegna starfsemi dótturfélaga, t.d. á aflandssvæðum. Það má spyrja: Hvers vegna í ósköpunum var ekki búið að grípa til slíkra ráða fyrir löngu, þar á meðal t.d. meðan flokkur hv. þingmanns var í ríkisstjórn? Það var ekki gert og það þurfti þessa nýju ríkisstjórn og nýjan húsbónda í fjármálaráðuneytinu til að koma þessum hlutum á hreyfingu. Nú er fyrir þinginu mjög mikilvægt frumvarp, satt best að segja, um slík úrræði í skattamálum að styrkja stöðu skattyfirvalda, gera skattlagningu mögulega á starfsemi á aflandssvæðum og taka upp svokallaðan afdráttarskatt á vaxtagreiðslur sem fara úr landi. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** ... fjármálaráðherra?) Nei, en hann hefur kannski getað haft einhver góð áhrif á samstarfsaðila sína. Alltént

sat þetta allt saman fast í fjármálaráðuneytinu, svo undarlegt sem það var.

Að lokum er talað um að fella að hluta niður skuldir til að bjarga skuldsettum heimilum og fyrirtækjum. Ef hér er verið að tala um þá 20% flötu niðurfellingu allra skulda heimila og fyrirtækja sem Framsóknarflokkurinn hefur teflt fram verð ég að ítreka að ég mæli ekki með þeirri aðgerð. Lauslegt mat okkar í fjármálaráðuneytinu bendir til að slíkt mundi kosta um 1.200 milljarða kr. og eru þá ekki talin með dótturfélög íslenskra fyrirtækja sem kannski yrði að lækka skuldirnar hjá af jafnræðisástæðum. Með þeirri niðurfellingu yrði reikningurinn enn þá hærri. Þetta mundi færa niður eigið fé Íbúðalánasjóðs um 110–120 milljarða, kosta lífeyrissjóði 30–40 milljarða þar sem sannanlega engar afskriftir hafa átt sér stað. Hvaða áhrif þetta hefði á eigin fjárhag nýju ríkisbankanna skal ósagt látið. Gögn Seðlabankans sem nú liggja fyrir benda eindregið í gagnstæða átt og mér er ómögulegt að skilja að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi mælt með slíkum aðferðum vegna þess að á löngum og ströngum fundum mátti ég eyða mikilli orku í að sannfæra Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (Forseti hringir.) um að þær ráðstafanir sem núverandi ríkisstjórn er að grípa til, (Forseti hringir.) t.d. í greiðsluaðlögunarjöfnun, væru nógu hnitmiðaðar og markvissar og beindust nógu (Forseti hringir.) nákvæmlega að þeim sem þurfa á stuðningi að halda (Forseti hringir.) til þess að þær væru réttlætanlegar.

[20:19]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir góða ræðu þar sem hann kom inn á velflestar þær tillögur sem Framsóknarflokkurinn leggur til og tók vel í þær. Væntanlega mun málið ganga til nefndar þar sem það fær efnislega umfjöllun og vonandi náum við að koma einhverjum af tillögum okkar til framkvæmda.

Margt áhugavert kom fram hjá hæstv. ráðherra, m.a. að hann eigi von á lækkun á stýrivöxtum á fimmtudag og hann opnar líka á það, sem ég tek mjög vel í, að við komum á fót sérstökum útflutningsábyrgðasjóði til að koma til móts við atvinnugreinar sem eru í gjaldeyrisskapandi starfsemi sem skapa þjóðarbúinu gríðarlega mikla fjármuni og glíma við mikla erfiðleika.

Hæstv. forseti. Af því að hæstv. ráðherra kom inn á þá 20% leið sem við framsóknarmenn höfum mælt fyrir og telur að hún kosti um 1.200 milljarða vil ég minna hæstv. ráðherra á það að nýju bankarnir munu fá, samkvæmt því sem formenn skilanefnda hafa sagt, lánasöfn gömlu bankanna með verulegum afslætti, 50%, og efnahagsreikningar gömlu bankanna voru 6.000 milljarðar og þeir færast þá væntanlega niður í 3.000 milljarða. 20% niðurfærsla af 3.000 milljörðum eru 600 milljarðar en ekki 1.200. Ég mundi því vilja heyra frá hæstv. ráðherra hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér, verði af þessari niðurfærslu.

Í annan stað spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann telji að það muni ekki taka langan tíma, líkt og hæstv. forsætisráðherra hefur talað fyrir, að greiðslumeta flestöll heimili í landinu og flestöll fyrirtæki í landinu, og hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að sá tími sem það tekur geti leitt til þess að þegar brugðist verður við vandanum, trúlega á komandi hausti eða á næsta ári, verði hann orðinn svo mikill að hann verði jafnvel óyfirstíganlegur.

[20:22]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að kynna í dag ný gögn eða samantekin gögn um íslenskan þjóðarbúskap og ríkisfjármál og ég hvet hv. þingmenn, og kannski ekki síst Framsóknarflokksins, til að glugga í þau. Ég held að þau segi okkur heilmikið um þá stöðu sem íslenskur þjóðarbúskapur og íslensk ríkisfjármál eru og verða í á næstunni. Þar er þröngur stakkur skorinn. Það er algerlega augljóst mál að við þurfum að miða allar okkar aðgerðir með mjög hnitmiðuðum og markvissum hætti að því að styðja þá sem mest þurfa á stuðningi að halda og ekki gefa hinum fé sem ekki þurfa á því að halda.

Ég get tekið sem dæmi ágætan kunningja minn hér í þingmannahópnum sem er vel giftur og bæði hann og makinn í góðri vinnu og ráða prýðilega við afborganir af sínum lánum. Þau skulda um 15 milljónir í sínu 50 millj. kr. húsi. Er ástæða til með flatri niðurfellingu skulda heimila að þau fái 3 millj. kr. gjöf á kostnað barnanna okkar, því að einhver mun borga þennan reikning að uppistöðu til? Það er mikill misskilningur að hægt sé að láta skuldir hverfa með einhverjum töfrakúnstum, slíkt gerist yfirleitt ekki. Hægt er að færa þær til en þær munu, því miður, fyrst og fremst færast á okkur sjálf, á okkar sameiginlegu sjóði, á ríkissjóð, á Íbúðalánasjóðinn okkar og á lífeyrissjóðina okkar. Það er skammgóður vermir að fara út í slíkt.

Ég verð að minna hv. þingmann á að umtalsverður hluti útlána til heimilanna, tæpir 600 milljarðar hjá Íbúðalánasjóði og um 150–170 milljarðar hjá lífeyrissjóðunum eru íbúðalán til heimila, fasteignaveðlán. Niðurskrift á þessum stóra lánastabba hjá þessum opinberu og hálfopinberu aðilum verður náttúrlega beint á þeirra kostnað. Það er óumflýjanlegt hvað sem segja má um þessar æfingar í sambandi við það að hægt sé að færa þetta niður í nýju bönkunum, sem er auðvitað ekki eins einfalt og það er látið líta út fyrir að vera af ýmsum, þar á meðal hagfræðilærðum mönnum. Það er náttúrlega ekki þannig. (Forseti hringir.) Enda voru niðurskriftir á fasteignaveðlánum auðvitað miklu lægri en á ýmsum öðrum lánasöfnum þegar fært var á milli bankanna.

[20:24]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ég þurfa að fá skýrari svör frá hæstv. fjármálaráðherra við þeirri spurningu minni: Ef lánasöfnin sem nýju bankarnir fengu eru með þeim afslætti sem formenn skilanefnda bankanna hafa talað um, 50%, er þá ekki rétt að eignasafnið fari úr 6.000 milljörðum niður í 3.000 milljarða, og eins þegar hæstv. ráðherra talaði um hér áðan að aðgerð okkar framsóknarmanna mundi kosta 1.200 milljarða þá kosti hún 600 milljarða? Það er mikilvægt að fá svör við þessu.

Hæstv. ráðherra talar um að verið sé að færa heimilunum gjöf. Síður en svo. Það er verið að færa stöðu lána íslenskra heimila til samræmis við verðbólgu síðustu 18 eða 20 mánuði. Fólk sem gerði áætlanir þá um það hvernig það

ætlaði að standa undir skuldbindingum sínum sá ekki fram á að sú óðaverðbólga sem hefur geisað mundi verða raunin. Ekki er verið að gefa neinum eitt eða neitt en ég vil minna hæstv. ráðherra á að það er mikið tekjufall í íslensku samfélagi og það er mikið atvinnuleysi undirliggjandi.

Hæstv. ráðherra talaði um að hann hefði flutt skýrslu um stöðu þjóðarbúsins í dag. Ég hafði ekki tök á að kynna mér hana, enda hef ég verið upptekinn við skyldustörf á Alþingi í dag. Mér hefði þótt tilhlýðilegt að hæstv. ráðherrar hefðu flutt Alþingi Íslendinga skýrslu um stöðu þjóðarbúsins á þessum tímum þannig að við hefðum heyrt það, hv. þingmenn, á vettvangi Alþingis hver staða þjóðarbúsins er en ekki í fjölmiðlum. Þegar hæstv. ráðherra kemur hér upp og segir að ég hefði átt að vera búinn að kynna mér þetta hefði ég viljað fá að heyra það héðan úr ræðustóli Alþingis hver staða þjóðarbúsins er. Við komum hér upp dag eftir dag og spyrjum spurninga og við eigum ekki að þurfa að hlusta á það í fjölmiðlum hver staða þjóðarbúsins er. (Forseti hringir.) Hæstv. ráðherra á að sjálfsögðu að sýna þinginu þá virðingu að gefa okkur slíka skýrslu fyrst þannig að við þurfum ekki að hlusta á slíkt í fjölmiðlum.

[20:26]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er einhver misskilningur hjá hv. þingmanni. Ég var ekki að kvarta undan því að hann hefði ekki kynnt sér þessi gögn heldur hvetja hann til þess að gera það. Hér hafa verið umræður utan dagskrár um einmitt stöðu efnahagslífsins, atvinnuástandið og margt fleira á undanförnum dögum og vikum. Ég held að þingið geti ekki kvartað undan því að þeir hlutir hafi ekki komið hér til umræðu.

Það sem við vorum að gera í dag var hlutur sem við lofuðum þjóðinni, að taka saman eins staðgóðar upplýsingar og fáanlegar væru um horfur og stöðu eins og hún kemur okkur núna fyrir sjónir — þeir hlutir eru að vísu að breytast, nýjar tölur og ný gögn koma svo að segja vikulega — og kynna þær fjölmiðlum þannig að þeir gætu orðið milliliður fyrir slíkar upplýsingar út í þjóðfélagið. Það er íslenska þjóðin sem þar er verið að hugsa um, að segja henni satt, að segja henni undanbragðalaust hvernig staðan er. Ekki til að draga úr henni kjarkinn, ekki til að mönnum fallist hendur heldur til þess að menn bara viti hvernig hlutirnir standa og hvert verkefnið er sem fram undan er, að rífa Ísland í gegnum þessa erfiðleika og fara að byggja það upp á nýjan leik.

Ég verð svo bara aftur að segja og enn um þessar niðurfellingarhugmyndir varðandi skuldir: Menn geta ekki gleymt í þessu dæmi þeim aðilum sem engar niðurfærslur hafa fengið á einhverjum lánasöfnum frá öðrum, t.d. lífeyrissjóðirnir með 150–170 milljarða í íbúðalánum, sparisjóðirnir og önnur sjálfstætt starfandi fyrirtæki með umtalsverðar upphæðir og Íbúðalánasjóður með hátt í 600 milljarða, opinberir og hálfopinberir aðilar. Það eru útlánin til heimila og útlánin til fyrirtækja sem hér er verið að tala um að afskrifa. Það er auðvitað ekki þannig að lánasöfn hafi færst úr gömlu bönkunum yfir í nýja og hvert einasta lán hafi verið fært niður um einhverjar prósentur, það er mikill misskilningur. Þar er gert ráð fyrir að sum lán tapist jafnvel alveg en önnur séu borguð að fullu þannig að þá yrði niðurskrift á lánum sem þetta mat gerir ráð fyrir að greiðist að fullu. Þann reikning verður alltaf að borga. Ég skil ekki þá hagfræði, ef hagfræði skyldi kalla, (Forseti hringir.) að það sé hægt með nánast einhverjum töfrakúnstum (Forseti hringir.) að láta skuldir hverfa.

[20:29]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína að hæstv. fjármálaráðherra sleppti úr nokkrum liðum í þessari þingsályktunartillögu og væri reyndar ágætt að hann færi yfir þá vegna þess að hann hafði auðvitað ekki of langan tíma í upphafi.

Varðandi 17. liðinn þá talaði ég fyrr í kvöld um að íslensk dótturfyrirtæki sem starfa erlendis eru auðvitað skattlögð. Í 17. lið þessarar tillögu framsóknarmanna stendur:

„Skattar verði lagðir á eignir erlendis."

Hvað eru eignir? Það eru væntanlega húseignir og það vita náttúrlega allir að dótturfyrirtæki sem starfa erlendis eru skattlögð eins og móðurfyrirtækin. Þetta er hlutur sem er kannski rétt að ræða í þessum þætti.

Ég vil svo þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir yfirferð sína og ég sé ekki betur en að ég sé sammála honum þar í flestum atriðum. Það er bara þannig að niðurfellingu skulda er ekki hægt að framkvæma með neinni barbabrellu, einhverjir munu verða að borga. Þess vegna segi ég enn og aftur að þessi tilraun framsóknarmanna til að slá sig til riddara og til að reyna hreinlega að blekkja fólk til stuðnings við sig er ekki heiðarleg. Þeir ættu sjálfir að fara í gegnum þessar 18 tillögur sínar og endurskoða þær og þá með kannski einhverjum öðrum hagfræðingum eða ráðgjöfum en þeir hafa haft.

[20:31]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé út af fyrir sig rétt athugað hjá hv. þingmanni að það er kannski ekki heppilegt orðalag að tala um að skattar verði lagðir á eignir erlendis því að þar held ég að möguleikar okkar séu takmarkaðir. En það er hægt að ná utan um það ef rekstur íslenskra skattaðila í dótturfélögum erlendis kemur ekki til eðlilegrar skattlagningar á Íslandi og það er gert með þessum svokölluðu CFC-reglum sem ég gerði hér aðeins grein fyrir.

Það undarlega er að andvaraleysi íslenskra stjórnvalda í þessum efnum á undanförnum árum hefur fyrst og fremst leitt það eitt af sér að erlendir aðilar hafa fengið skattana en ekki við, þ.e. þetta virkar þannig, og reyndar eins í tilviki afdráttarskatta á vöxtum, að í sumum tilvikum eru tvísköttunarsamningar í gildi og þá falla skattarnir niður. Í öðrum tilvikum er þetta þannig að þeir skattar sem þá eru greiddir á Íslandi koma til frádráttar skattgreiðslunum erlendis. Þannig að það eina sem gerist við breytinguna er að við fáum tekjurnar en ekki hið erlenda ríki eða lágskattasvæði þar sem starfsemin er, (Gripið fram í.) af fyrirtækjunum og tekjum þeirra. Það er gert með því að skattleggja móðuraðilann í heimalandinu og þá er þetta hlutfallsleg skattlagning þannig að ef dótturfyrirtæki er í 100% eigu skattaðilans þá

skal það borga fullan skatt af starfsemi þess hér. Ef það er í hlutaeigu hans þá skal hann borga hlutfallslegan skatt.

Að lokum snýst þetta allt um það að við fáum eðlilegan skatt af þeirri atvinnustarfsemi sem hér er staðsett, sem hér er með skattalegt heimili, og þetta er allt samkvæmt alþjóðlegum, viðurkenndum reglum og oftast á grundvelli samninga milli ríkjanna. Það er ekki eins og við séum að fara einhverjar ótroðnar slóðir eða gera eitthvað sem við ekki megum heldur þvert á móti. Í einstöku tilvikum, og það er fyrst og fremst í skattaskjólunum, mundi þetta þýða skattaaukningu á viðkomandi aðila. En oftast á það ekki við þar sem skattarnir sem hér eru greiddir dragast einfaldlega frá því sem greitt er erlendis.

[20:33]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra um liði sem hann hefði sleppt. Það væri ágætt að fá þá inn í umræðuna og af hverju hann kýs að sleppa þeim.

Hæstv. fjármálaráðherra upplýsti hér að 20% niðurskurður á skuldum heimila og fyrirtækja væru 1.200 milljarðar. Það verður að svara því í þessu máli. Hvernig á að borga þessa 1.200 milljarða? Hver á að gera það? Á að skattleggja fyrir þessu? Á að hækka skatta, tekjuskatt, til að ná þessu niður? Eða hvernig ætla menn sér að fara út úr þessu?

Það er ekkert skrýtið þó að framsóknarmenn séu sárir yfir því þegar spurt er hvað þessar tillögur kosti. Þeir eru með hugmyndir um það og trúa því að þessar tillögur kosti ekki nema 600 milljarða. (**Gripið fram í:** Hvað kosta þínar?) Mínar tillögur kosta ekki minna en þetta sjálfsagt ef þær væru allar teknar í heilu lagi en hafa verður í huga að þar er ekki gert ráð fyrir því að fella niður skuldir af öllum. Ekki er gert ráð fyrir því að fella niður skuldir af þeim sem skuldar eina milljón, fella þær niður um 20%. Það er verið að tala um að vinna þannig í málunum að þeir sem eiga undir högg að sækja, og eiga í erfiðleikum með að borga skuldir sínar, verði réttir af eða þeim hjálpað en ekki þeim sem ekki þurfa það. (**Gripið fram í:** Festa vísitöluna.) — Festa vísitöluna, það má frysta hana. Við gerum ráð fyrir því í tillögum okkar að hún sé fryst frá 1. janúar en það má þess vegna fara með það aftur til 1. september á síðasta ári og stokka hlutina upp með þeim hætti. Það eru heiðarlegri vinnubrögð og eðlilegri.

[20:35]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill minna á að það er rétt að í andsvari víki ræðumenn að því sem fram kom í máli ræðumanns.

[20:35]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þá liði sem ég hafði ekki tíma til að fara yfir þá má t.d. nefna þann lið að peningamagn í umferð verði aukið. Þetta er hagstjórnarlegt spursmál sem auðvitað má ræða. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé okkar mesta vandamál um þessar mundir að komið verði á fót samráðsvettvangi með útflutningsfyrirtækjum og atvinnugreinum, eins og minnst er á 12. lið en að sjálfsögðu má skoða það. Auðvitað er margs konar samráð til staðar. Ríkisstjórnin hefur samráð við aðila vinnumarkaðarins og við hagsmunasamtök, fundar með þeim o.s.frv.

Að fasteignamarkaðurinn verði örvaður. Já, menn hafa vissulega velt möguleikum fyrir sér í þeim efnum en væri það t.d. skynsamleg aðgerð að fara að hækka núna lánshlutfall eða hækka lágmarkslánaupphæðir hjá Íbúðalánasjóði? Hvernig mundi Íbúðalánasjóði ganga að fjármagna það? Það mundi væntanlega þýða aukin útgjöld. Væri það endilega heppilegasta aðgerðin til að koma þar við sögu?

Það er að mörgu að hyggja í þessum efnum og þar á meðal hinni viðkvæmu stöðu á íslenskum skuldabréfamarkaði vegna mikillar fjármögnunarþarfar ríkissjóðs og sveitarfélaga hér innan lands af alkunnum ástæðum og þar fram eftir götunum.

Hvað kosta þessar tillögur og hugmyndir varðandi stórfellda niðurfellingu og almenna niðurfellingu skulda? Í tilviki Íbúðalánasjóðs er augljóst mál að leggja yrði honum til stóraukið eigið fé, annars mundi hann ekki uppfylla kröfur um að lágmarki 5% eiginfjárhlutfall ef ég man það rétt. Hann hefur lægra hlutfall en ýmsar fjármálastofnanir vegna þess að hann er með beina ríkisábyrgð.

Í tilviki lífeyrissjóða mundu þeir verða að skerða réttindi. Það er bara ósköp einfaldlega þannig. Menn skulu ekki gleyma því að í því greiðsluaðlögunarferli sem nú er fyrirhugað — annars vegar gagnvart samningskröfum og hins vegar gagnvart fasteignaveðlánum, og vonandi birtist hér á borðum þingmanna ekki seinna en morgun — er gert ráð fyrir mögulegri niðurfellingu eða afskrift skulda í lok greiðsluaðlögunartímans. En það verður þá bara sannarlega hjá þeim sem þurfa á slíku að halda, hjá þeim sem ekki munu ráða við sitt dæmi að afloknu greiðsluaðlögunartímabilinu nema með einhverri afskrift skulda. Þá er sá farvegur opinn en hann er vel skilgreindur. Hann er afmarkaður, hnitmiðaður og beinist að þeim sem sannarlega þurfa á slíku að halda.

[20:38]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Hér hafa menn talað af nokkurri ýfrótt um þær tillögur sem lagðar hafa verið fram af öllum þingflokki Framsóknarflokksins. Ég get nú bara sagt, herra forseti, að ég vildi glaður vera framsóknarmaður í dag ef Framsóknarflokkurinn endurspeglast að öllu leyti í þeim tillögum sem hér liggja fyrir vegna þess að ég er sammála ákaflega mörgum þeirra.

Þegar ég skoða þessa þingsályktunartillögu sýnist mér reyndar að ekki sé mikil vík milli vina. Mér sýnist að örskammt sé á millum þessara tillagna, að minnsta kosti flestra þeirra, og margs þess sem ríkisstjórnin er að freista. Ég vil taka sérstaklega vel undir sumar tillögur hérna, eins og t.d. tillögu nr. 17 sem hv. þm. Grétar Mar Jónsson var, að mér fannst, að agnúast út í. Ég er þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða tillögu sem er mjög í samhljómi við það sem ríkisstjórnin er að gera. Ríkisstjórnin hefur nýlega fengið til liðs við sig Evu Joly, sem er sérstaklega þekkt fyrir það að hafa upp á eignum og koma þeim í hendur þeirra yfirvalda sem snuðuð hafa verið. Þessi tillaga Framsóknarflokksins

gengur út á það að þeim sem hafa falið eignir sínar í einhvers konar skjólum erlendis verði gefinn kostur á að gefa þær upp, borga af þeim réttmætan skatt og þeim verði þá gefnar upp sakir vegna undanskots. Þetta er svipuð leið og ýmsar aðrar þjóðir hafa farið. Þetta vil ég nú segja alveg sérstaklega vegna þess að þetta mál er mér hugleikið.

Að öðru leyti eru þarna nokkrar tillögur sem tengjast mínu ráðuneyti og þeim ráðuneytum sem ég veiti forstöðu núna. Mig langar sérstaklega að nefna tillögu nr. 14, þ.e. að stutt verði við rannsókna- og þróunarstarf. Þarna er um að ræða tillögu sem Framsóknarflokkurinn hefur flutt nýlega í ítarlega útfærðu formi. Ég tók til máls þá og lýsti yfir stuðningi við þá tillögu. Þarna er um að ræða tillögu um það að fyrirtækjum í nýsköpun verði gefinn kostur á að draga frá skattstofni sínum 200% af því sem þau leggja til rannsókna og þróunar. Ég tel að það sé kannski tiltölulega opinn tékki en ég er meira en til viðtals um að það verði gert gagnvart fyrirtækjum og að rannsókna- og þróunarstarf sé þá vel skilgreint þannig að menn viti nákvæmlega hvað um er að ræða.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson og fleiri sem hér hafa talað nefna sérstaklega nauðsyn á því að koma á fót samráðsvettvangi með útflutningsfyrirtækjum og atvinnugreinum. Mér finnst það fín tillaga. Ég hef að minnsta kosti sem iðnaðarráðherra freistað þess að gera þetta með óformlegum hætti. Ég hef haft samráð við alla helstu forustumenn í okkar stóru og sterku útflutningsfyrirtækjum á sviði nýsköpunar og hátækni og frá þeim hef ég þegið tillögur, sem ég hef lagt fram og ríkisstjórnin hefur samþykkt, sem eru alls ekki óskyldar þeirri útfærslu sem er hér á tillögu Framsóknarflokksins nr. 14. Ég tel að það gæti verið ágætasta hugmynd að formgera það óformlega samráð með einhverjum hætti.

Ég vil svo sérstaklega ræða um þá tillögu að ríkið verði bakhjarl vegna fjármögnunar útflutnings. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nauðaþekkir þetta mál, ég veit ekki betur en að það hafi verið hún, eða þá forveri hennar úr sama flokki, sem kom hér í gegn lögum sem enn eru í gildi og ég man ekki alveg hvað heita. Þau eru sem sagt sérstök ábyrgðardeild á útflutningi og áttu að vera til þess að veita fyrirtækjum sem væru t.d. að skapa sér aukna markaðshlutdeild á sviði hátækniafurða — og sérstaklega minnist ég þess að úr þeirri umræðu voru fyrirtæki á borð við Marel, sem þá var að hasla sér völl í útflutningi á vogum, nefnd. Þessi lög íhugaði ríkisstjórnin í fyrra að fella úr gildi. Vegna þróunarinnar sem hefur orðið þá féll ég sem iðnaðarráðherra frá því. Lögin eru til. Ef þingið sammælist um að fara þessa leið eftir skoðun í viðkomandi nefnd þá er tækið fyrir hendi. Ég vildi bara vekja athygli hv. þingmanna á því.

Sú tillaga sem kannski er þess eðlis að um hana kynni að vera mestur styr, þ.e. tillagan sem er síðust í þessari 18 liða upptalningu hún er — þegar maður skoðar greinargerð með tillögunni þá er frá því greint, af þeim sem flytja þessa tillögu, að fram hafi komið ýmsar misjafnlega útfærðar tillögur af því að fella niður hluta af skuldsettum heimilum og einstaklingum. Í þessari tillögu er mælt sérstaklega fyrir einni útfærslu en vakin er athygli á því að þeir aðilar sem hafa gagnrýnt 20% tillögu Framsóknarflokksins hafi eigi að síður sett fram hugmyndir sem í raun gangi út á hið sama. Ef menn vildu reyna að ná saman um einhvers konar millileið þá sýnist mér að flutningsmennirnir séu að bjóða upp á það. Nú kann ég ekki að skoða hjörtun og nýrun í framsóknarmönnum en svona les ég þetta.

Ég segi eins og hæstv. fjármálaráðherra: Ég er nú þeirrar skoðunar að naumt skammtaða fjármuni ríkisins þurfi að nýta ákaflega vel og ég hef verið þeirrar skoðunar að þetta mundi kosta gríðarlega mikla fjármuni. Hv. þingmanna bíður að minnsta kosti það verk að sannfæra mig og aðra þingmenn, sem ekki hafa lýst fylgi við þessa skoðun, um að þeir hafi á röngu að standa. En ég hefði talið að þeir fjármunir sem við höfum úr að spila yrðu best nýttir til þess að koma þeim til aðstoðar sem verst hafa það.

Ég spyr t.d. hv. þm. Birki Jón Jónsson: Á ég sem hér stend og á enn þá húsnæðisskuldir, sem ég þarf að vísu að borga töluvert minna af eftir hinar ágætu skuldbreytingar sem hægt var að fara í hér um árið — ég hef nú þakkað Framsóknarflokknum fyrir það einu sinni héðan úr ræðustóli fyrir tveimur eða þremur árum — á ég að fara að fá peninga frá ríkinu? Mér finnst það ekki sanngjarnt. Ég verð bara að segja það að ég tel að þeir sem eru bjargálna — að það sé mjög hæpið að eyða fjármunum ríkisins til þess að fara í það verk.

Tvær tillögur eru hér merktar 2 og 3 sem ég tel í reynd að sé útfærslan af einni og sömu hugmyndinni. Við vitum það vel að mesta ógnin við jafnvægi og stöðugleika í hagkerfinu núna eru hin svokölluðu krónu- og jöklabréf. Það er þeirra vegna sem við höfum notað bæði axlabönd og belti, þ.e. við erum með vexti sem eru allt of háir og við erum með mjög ströng höft á flutningi á fjármagni út úr landinu. Leiðin til þess bæði að lækka vextina og að draga smám saman úr þessum gjaldeyrishöftum er auðvitað með einhverjum hætti að „neutralisera" þessi bréf.

Ég get þá greint frá því að tilraunir eru í gangi til þess eins og ég er viss um að hæstv. fjármálaráðherra hefur gert. Það eru bæði tilraunir af hálfu stjórnvalda en líka af hálfu einkaaðila á markaði sem eru að reyna að finna leiðir til þess að fara svipaða leið og er í reynd bakhjarl 2. töluliðar, þar sem lagt er til að lífeyrissjóðum verði veitt heimild til gjaldeyrisviðskipta — og þegar maður skoðar greinargerðina með þeim tölulið þá kemur m.a. í ljós að hv. flutningsmenn eru að velta fyrir sér mjög svipuðum leiðum og ríkisstjórnin og aðilar á markaði eru að reyna að vinna að, þ.e. að skipta á eignum sem Íslendingar eða íslenskir aðilar eiga erlendis og fá í staðinn einhvers konar jöklabréf eða krónubréf eða taka yfir eignir erlendra aðila í krónum innan lands. Með því yrði stórlega dregið úr hættunni á þrýstingi á gjaldeyrisflutningi út úr landinu og þar með þrýstingi á krónuna.

Ég tel að þessar hugmyndir báðar séu jákvæðar en menn eru að reyna að fara þær. Ég verð hins vegar að segja það sem mína skoðun að ég tel að engin alvara hafi komið í þær tilraunir fyrr en skikk komst á Seðlabankann og ný yfirstjórn vegna þess að það er algjörlega nauðsynlegt til að það sé hægt að yfirstjórn og Seðlabankinn spili mjög rækilega með í því.

Að því er varðar fyrsta liðinn, sem er kannski það sem er bráðnauðsynlegast nákvæmlega á þessari stundu, þ.e. að lækka vexti, þá eru auðvitað allir sammála því. Eins og sakir standa verður það ekki gert nema í samræmi við það

samkomulag sem við gerðum á sínum tíma við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. En sem betur fer kemur í ljós að Íslendingar eru, að minnsta kosti til þessa, að vinna samkvæmt áætlun og eru á réttum stað miðað við þá áætlun sem gerð var í haust. Það blasir við að verðbólga er að fara niður, meira að segja hraðar en menn ætluðu áður, krónan er aðeins að stabíliserast og við þessar aðstæður teljum við, ég tel það að minnsta kosti, að það sé rökrétt að vextir lækki mjög hratt héðan í frá.

Að endingu, herra forseti, verð ég að (Forseti hringir.) segja það að ég er grunntóni þessara tillagna samþykkur. Ég gæti þess vegna — eins og forseti hefur stundum verið — verið framsóknarmaður í kvöld.

[20:48]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. þingforseti. Það er einhver flensa í gangi og ég er ekki frá því að hæstv. iðnaðarráðherra hafi smitast þegar hann fer að tala um að hann gæti verið framsóknarmaður, en það er nú annað.

Hæstv. iðnaðarráðherra talar um að ýmislegt sé nothæft í þessu og það sem hann minntist á er nokkuð sem engu máli skiptir, er byrjað á, búið að gera eða er í vinnslu. Svo þegar kom að aðalþættinum í þessu, þ.e. 18. lið um 20% flatan niðurskurð, stoppar hann við eins og allir aðrir þegar hann áttar sig á því að þarna er verið að tala um eitthvað sem er upp á 1.200 milljarða kr. skuld og sem hann áttar sig á að ekki er hægt að ganga í að borga niður. Þá verður að benda á hvar eigi að taka peninga í það en framsóknarmenn hafa ekki gert það.

Það er líka hárrétt hjá hæstv. iðnaðarráðherra að það eru punktar sem auðvitað er hægt að skoða. Þeir eru hins vegar ekki margir og ég hvet hæstv. iðnaðarráðherra til að fara betur yfir þá og skoða áður en hann gefur framsóknarmönnum byr undir báða vængi um að eitthvað af þessu sé nothæft.

Ég ítreka enn og aftur að það er einhver flensa að ganga og þegar hæstv. iðnaðarráðherra talar um að hann gæti verið framsóknarmaður er eitthvað mikið að ske.

[20:50]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er einhver flensa í gangi er það flensa jákvæðni og ég sé líka að sú flensa er smitandi vegna þess að hv. þm. Grétar Mar Jónsson talar hér með allt öðrum hætti en hann hefur gert í sínum fyrri ræðum. Ég vona að það séu áhrif af því að hafa hlustað á mína jákvæðu ræðu.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé sama hvernig kötturinn er á litinn, bara ef hann veiðir mýs. Og mér er sama hvort það eru framsóknarmenn eða frjálslyndir sem koma fram með tillögur, ef þær eru nýtilegar og hægt að nota þær til að hjálpa fólki sem á erfitt er ég til í að skoða það.

Ég er þeirrar skoðunar að margar af þessum tillögum séu jákvæðar og mér finnst sjálfum að margar af þeim séu alls ekki fjarskyldar því sem ríkisstjórnin hefur reynt að vinna að. Það sem hv. þingmaður hefur einkum sett hornin í í ræðum sínum í kvöld, og var að skamma mig fyrir, var að hafa ekki í reynd tekið harðar á 20% tillögu Framsóknarflokksins. Ég held að ég hafi það fram yfir hv. þm. Grétar Mar Jónsson að ég hef lesið bæði tillöguna og greinargerðina, og í greinargerðinni benda flutningsmennirnir á að menn hafi farið misjafnar leiðir til að reyna að ná því markmiði að hjálpa þeim sem skuldsettir eru og eiga mjög erfitt. Hv. flutningsmenn segja beinlínis að þeir lesi hugmyndir gagnrýnenda sinna með þeim hætti að í reynd séu þeir að vinna að hinu sama. Ég lít á það sem boð um útrétta sáttarhönd og ég tek alltaf í slíkar hendur. Jafnvel í lúkuna á hv. þm. Grétari Mar Jónssyni mundi ég taka ef mér byðist það, ef til ófriðar kæmi millum okkar sem auðvitað gerist aldrei.

[20:52]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er að verða nóg komið af umræðu um þessa þingsályktunartillögu og andsvörum við hæstv. iðnaðar- og utanríkisráðherra.

Það er engin spurning að við erum sammála um að 18. liðurinn í þessari þingsályktunartillögu sem gengur út á 20% niðurskurð er barbabrella og kosningavíxill. Þetta er með svipuðum hætti og Íbúðalánasjóður gerði, Framsóknarflokkurinn var með tillögu um 80% lán úr Íbúðalánasjóði sem bankarnir toppuðu síðan með 90–100% lánum. Þetta var fyrir kosningar, Framsóknarflokkurinn fékk á sínum tíma fylgi út á þennan gjörning og mér sýnist (Gripið fram í.) enn og aftur sem framsóknarmenn ætli að slá ryki í augun á fólki og ná sér í fylgi út á svona blekkingar.

Ég minni hv. þm. Birki Jón Jónsson á að —

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti vill minna ræðumann á að hann er í andsvari við hæstv. utanríkisráðherra.)

Já, en ég sit undir því að það eru frammíköll frá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni og þar af leiðandi tel ég allt í lagi að nefna hann á nafn þó að ég sé í andsvörum við hæstv. iðnaðar- og utanríkisráðherra.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til lausnir í þessu málum. Við höfum lagt til (Gripið fram í.) auknar fiskveiðar til að komast út úr þessari kreppu sem við erum í. Enn og aftur út af þessari þingsályktunartillögu tel ég þetta sýndarmennsku og alls ekki til að þjóna hagsmunum þjóðarinnar að boða 20% niðurskurð á skuldum.

[20:54]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Grétar Mar Jónsson hefur hlýtt hjarta. Það er á réttum stað og það slær með þeim sem eiga erfitt. Það held ég að gildi um flesta þingmenn. Ég held að ekki sé hægt að nálgast lausn á þeim vandamálum sem við glímum núna við sem þjóð frá einhverju flokkspólitísku sjónarhorni.

Ég held að í reynd séu lausnirnar sem hinir ýmsu stjórnmálaflokkar setja fram með ýmsum hætti mjög skyldar. Það er ekki til nein flóra lausna á þessum vanda. Lausnirnar felast í því að reyna að búa svo í haginn að vextir lækki. Lausnin felst í því að reyna að „afvikla“ með einhverjum hætti þessi krónubréf sem eru ógn við hagkerfið. (**Gripið fram í:** Afla meiri tekna.) Lausnin felst í því að afla meiri tekna og hér eru allnokkrar tillögur sem stuðla að því. Framsóknarflokkurinn hefur áður lagt til með svipuðum hætti og ég hef sem iðnaðarráðherra lagt til. Það hefur komið fram áður að í þessu efni er ég sammála hugmyndum

Framsóknarflokksins og reyndar eru líka þingmenn úr öðrum flokkum sama sinnis.

Ég tel þess vegna að hv. þingmaður eigi að bregða sér í þann gír sem fer honum best, þ.e. jákvæða gírinn, og hætta þessu naggi út í t.d. iðnaðar- og utanríkisráðherra og taka upp þá fyrri iðju að tala með jákvæðum hætti um þann mann, einn þingmanna. Það er ekki svo oft sem iðnaðar- og utanríkisráðherra finnur stuðningsmenn í hópi stjórnarandstöðu. Ég bið hv. þm. Grétar Mar Jónsson: Ekki láta mig tapa þeim eina sem ég taldi að ég hefði.

[20:56]

Flm. (Birkir Jón Jónsson) (F):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram um tillögu okkar framsóknarmanna um hvernig bregðast megi við vanda íslenskra heimila og atvinnulífs. Sérstaklega þakka ég hæstv. fjármálaráðherra og nú hæstv. utanríkisráðherra fyrir að koma til þessarar umræðu. Það má segja að hæstv. utanríkisráðherra hafi bjargað andliti Samfylkingarinnar í umræðunni og ég þakka honum fyrir það hversu vel hann hefur tekið í hugmyndir okkar framsóknarmanna um hvernig við getum komið til móts við þann bráðavanda sem blasir við okkur.

Ég hef trú á því á grundvelli þeirra umræðna sem hér hafa farið fram á meðal forustumanna stjórnarflokkanna að við munum á vettvangi efnahags- og viðskiptanefndar, þar sem þetta mál verður rætt, afgreiða einhverjar þeirra tillagna sem við höfum eytt mjög miklum tíma í að semja og mæla fyrir á vettvangi Alþingis, að við náum að koma góðum málum til leiðar, til hagsbóta fyrir íslensk heimili og fyrirtæki. Ég legg áherslu á að við framsóknarmenn metum það svo að staða íslenskra efnahagsmála sé með þeim hætti að við verðum að ráðast nú þegar í róttækar aðgerðir, það sé einfaldlega ekki hægt að greiðslumeta hvert einasta heimili í landinu, hvert einasta fyrirtæki í landinu. Það er einfaldlega ekki tóm til þess og við erum eingöngu með þeim tillögum sem við höfum lagt fram hér að leiðrétta óðaverðbólgu síðustu 18–20 mánaða og þar eiga allir að njóta ávaxtanna að mínu viti. Það er verið að afskrifa stóra hluti í atvinnulífinu í dag og við teljum að það þurfi innspýtingu í íslenskt hagkerfi, í íslenskt efnahagslíf, til að koma í veg fyrir að hér verði alvarlegri kreppa en ella hefði orðið (Gripið fram í.) og það er með það að markmiði sem við leggjum þessa tillögu fram.

Ég vil að lokum þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa lagt þessu málefni lið í dag. Ég er sannfærður um að við munum ná að klára eitthvað af þessum málum úr efnahags- og skattanefnd. Og ég er sannfærður um að með tilstyrk hæstvirtra ráðherra og hv. þm. Péturs H. Blöndals munum við koma því í gegn þrátt fyrir andstöðu Frjálslynda flokksins í þessari umræðu.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og efh.- og skattn.

Út af dagskrá voru tekin 14.–17. mál.

Fundi slitið kl. 20:59.

106. FUNDUR

miðvikudaginn 18. mars,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Kosningar til Alþingis, stjfrv., 405. mál, þskj. 687, nál. 741. — 2. umr.
2. Tollalög, vörugjald og virðisaukaskattur, stjfrv., 365. mál, þskj. 617, nál. 750, brtt. 751. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ármann Kr. Ólafsson, 4. þm. Suðvest.
Jóhanna Sigurðardóttir forsrh., 5. þm. Reykv. n.
Mörður Árnason, 2. þm. Reykv. s.
Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.

[12:00]

Útbýting:

Gjaldþrotaskipti o.fl., 281. mál, þskj. 735.

Lán til Icelandic Glacial, 425. mál, svar utanrrh., þskj. 753.

Tölvupóstur til breska fjármálaráðuneytisins, 285. mál, svar viðskrh., þskj. 752.

Kosningar til Alþingis, 2. umr.

Stjfrv., 405. mál (frestir, mörk kjördæma o.fl.). — Þskj. 687, nál. 741.

[12:02]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allsherjarnefndar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis.

Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði við lög um kosningar til Alþingis ákvæði til bráðabirgða um breytingar á ýmsum frestum sem gilda um aðdraganda kosninga í ljósi þessu hversu brátt bar að að boðað var til kosninga. Gert er ráð fyrir að viðmiðunardagur staðfestrar kjörskrár verði fjórar vikur fyrir kjördag í stað fimm vikna. Þá skuli birta almenningi kjörskrá átta dögum fyrir kjördag í stað tíu daga. Mörk kjördæmanna í Reykjavík skuli birta með auglýsingu þremur vikum fyrir kjördag í stað fjögurra vikna. Þá renni frestur til að tilkynna framboð út kl. 12 á hádegi 11 dögum fyrir kjördag í stað 15 daga og skulu auglýsingar á framboðum birtast eigi síðar en fimm dögum fyrir kjördag í stað tíu daga.

Einnig eru í frumvarpinu gerðar breytingar á nokkrum ákvæðum laganna sem eru til frekari skýringar á þeim. Jafnframt er lagt til að gerðar verði lagfæringar vegna breyttra aðstæðna, m.a. er í frumvarpinu uppfærður listi með sveitarfélögum landsins miðað við breytingar sem hafa orðið út af sameiningu sveitarfélaga eða út af breytingum á heitum þeirra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson, Ólöf Nordal og Siv Friðleifsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þingmenn Birgir Ármannsson, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Jón Magnússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, vörugjald og virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 365. mál (greiðsludreifing aðflutningsgjalda). — Þskj. 617, nál. 750, brtt. 751.

[12:04]

Frsm. efh.- og skattn. (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér nefndarálit um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, lögum um vörugjald og lögum um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Snorra Olsen frá tollstjóra, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins og Andrés Magnússon frá Samtökum verslunar og þjónustu. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Ríkisendurskoðun, Seðlabanka Íslands, tollstjóra, Viðskiptaráði Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda og sameiginlega frá Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu.

Í frumvarpinu er lagt til að aðilar sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum og vörugjöldum geti óskað eftir breytingu á fyrirkomulagi gjalddaga vegna uppgjörstímabila á árinu 2009. Einnig er lögð til breyting sem á að tryggja fullan innskattsrétt þrátt fyrir umræddar breytingar á fyrirkomulagi gjalddaga aðflutningsgjalda.

Fram kom á fundi nefndarinnar að frumvarpið væri í samræmi við tillögur Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu sem settar voru fram í ljósi þess að stór hluti fyrirtækja ætti erfitt með að standa í skilum með opinber gjöld vegna efnahagsástandsins. Samtökin óskuðu einnig eftir því að greiðsluaðlögun í anda ákvæða frumvarpsins yrði látin taka til virðisaukaskatts í innanlandssölu.

Eftir ábendingu fjármálaráðuneytis og tollstjóra leggur nefndin til þá breytingu að í stað þess að gera greiðsluaðlögun aðflutningsgjalda og vörugjalda samkvæmt ákvæðum frumvarpsins valkvæða skuli greiðsluaðlögun (þ.e. dreifing gjalddaga) vera hin almenna regla vegna uppgjörstímabila aðflutningsgjalda og vörugjalda á árinu 2009 og gilda sjálfkrafa um þá sem njóta greiðslufrests á tolli. Þannig verður jafnræði með greiðendum meira auk þess sem ekki verður þörf á að reikna vexti frá hefðbundnum gjalddaga til hinna nýju gjalddaga eins og ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir.

Að því gefnu að breytingin verði samþykkt ræddi nefndin um stöðu þeirra greiðenda sem að fullu hafa staðið skil á aðflutningsgjöldum sem koma áttu til greiðslu 15. mars 2009. Nefndin leggur til að frumvarpið gildi afturvirkt frá og með þeim degi og að umræddir aðilar geti farið fram á hlutfallslega endurgreiðslu og þar með hagað greiðslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Vegna samkomulags stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var á fundi nefndarinnar óskað eftir upplýsingum um hver áhrif umræddra breytinga yrðu á tekjur ríkissjóðs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ellert B. Schram var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Björgvin G. Sigurðsson, formaður, framsögumaður, Pétur H. Blöndal, Gunnar Svavarsson, Bjarni Benediktsson, Árni Þór Sigurðsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Jón Bjarnason og Birkir J. Jónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:29]

Brtt. 751,1 (ný 1. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁPÁ, ÁÞS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EMS, EBS, EyH, GuðbH, GÞÞ, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, SF, SVÓ, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

26 þm. (ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BjarnB, EKG, GHH, GMJ, GSB, GAK, GSv, IllG, JóhS, JónG, JM, KÓ, MÁ, ÓN, REÁ, SKK, SJS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [12:13]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er mjög jákvæð breyting á frumvarpinu. Það er verið að gera það almennt og ég styð það eindregið.

Brtt. 751,2 (ný 2. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 751,3 (ný 4. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Kosningar til Alþingis, frh. 2. umr.

Stjfrv., 405. mál (frestir, mörk kjördæma o.fl.). — Þskj. 687, nál. 741.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:31]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

2.–6. gr. og ákv. til brb. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 12:32.

107. FUNDUR

miðvikudaginn 18. mars,
að loknum 106. fundi.

Dagskrá:

1. Kosningar til Alþingis, stjfrv., 405. mál, þskj. 687. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Tollalög, vörugjald og virðisaukaskattur, stjfrv., 365. mál, þskj. 755. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:33]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. beggja dagskrármála. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, 3. umr.

Stjfrv., 405. mál (frestir, mörk kjördæma o.fl.). — Þskj. 687.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:34]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁÞS, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EMS, EBS, EyH, GuðbH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, SF, SVÓ, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

25 þm. (ÁI, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjarnB, EKG, GHH, GMJ, GSB, GSv, IllG, JóhS, JónG, JM, KÓ, MÁ, ÓN, REÁ, SKK, SJS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 756).

Tollalög, vörugjald og virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 365. mál (greiðsludreifing aðflutningsgjalda). — Þskj. 755.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:34]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁÞS, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EMS, EBS, EyH, GuðbH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HerdÞ, HöskÞ, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, PHB, RR, SF, SVÓ, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

25 þm. (ÁI, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjarnB, EKG, GHH, GMJ, GSB, GSv, IllG, JóhS, JónG, JM, KÓ, MÁ, ÓN, REÁ, SKK, SJS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 757).

Fundi slitið kl. 12:35.

---

108. FUNDUR

miðvikudaginn 18. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Til fjármálaráðherra:

2. Meðferð fyrirtækja á vegum ríkisbankanna, fsp. EyH, 333. mál, þskj. 572.

Til iðnaðarráðherra:

3. Ferðaþjónusta á Melrakkasléttu, fsp. ArnbS, 378. mál, þskj. 640.
4. Skýrsla um afhendingaröryggi orku á Vestfjörðum, fsp. EKG, 399. mál, þskj. 680.

Til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

5. Stuðningur við íslenskan landbúnað, fsp. ArnbS, 379. mál, þskj. 641.
6. Efling kræklingaræktar, fsp. ArnbS, 380. mál, þskj. 642.

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra:

7. Framkvæmd samgönguáætlunar, fsp. ArnbS, 382. mál, þskj. 644.
8. Samningur um siglingar yfir Breiðafjörð, fsp. HerdÞ, 387. mál, þskj. 651.

Til heilbrigðisráðherra:

9. Skimun fyrir krabbameini, fsp. ÁI, 396. mál, þskj. 671.
10. Nýtt háskólasjúkrahús, fsp. GÞÞ, 354. mál, þskj. 603.

Til viðskiptaráðherra:

11. Könnun á greiðsluaðlögun fasteignaveðlána, fsp. GÞÞ, 400. mál, þskj. 681.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

[13:32]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég hef nokkrum sinnum á þessu þingi

komið upp og spurst fyrir um þá ályktun mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um að borga ætti tveimur sjómönnum bætur fyrir að á þeim hefðu verið framin mannréttindabrot og að aðrir hafi verið sviptir atvinnufrelsi og annað í þeim dúr. Nú eru liðnir 14 eða 15 mánuðir síðan mannréttindanefndin sendi ályktunina frá sér og þess vegna spyr ég hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem fer með þetta mál fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, hvað málinu líði, hvort ekki eigi að ganga til samninga við þessa ágætu menn og ég trúi ekki öðru en við gerum það. Það er ekki stórt mál og ekki erfitt fyrir hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að semja við hæstv. fjármálaráðherra um að ganga til verksins og borga þessum ágætu sjómönnum bætur, sem ég tel að sé mjög eðlilegt að verði gert. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að þessir menn eiga heiður skilinn fyrir að hafa farið alla leið með þetta og fengið úrskurð. Þetta segir okkur að íslenskt fiskveiðistjórnarkerfi stenst ekki álit mannréttindanefndarinnar og þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað er verið að vinna í þessum málum við að leiðrétta þetta og stendur ekki til að borga þessum ágætu mönnum bætur?

[13:34]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Álit mannréttindanefndarinnar er vel þekkt sem og viðbrögð fyrrverandi ríkisstjórnar við því, viðbrögð sem við í mínum flokki vorum ekki alls kostar sátt við. Við lögðum talsverða vinnu í það á sínum tíma að skoða álitið og sömdum ítarlega greinargerð, sem ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður viti af, þar sem við fórum rækilega yfir það mál. Afstaða okkar var sú að íslensk stjórnvöld hefðu átt að svara með efnislegri hætti en gert var á sínum tíma og fara í efnislegar rökræður við mannréttindanefndina á ítarlegri nótum en viðbrögð þáverandi ríkisstjórnar buðu upp á.

Af málinu er síðan ekki annað að frétta en það að einhver bréf gengu á milli íslenskra stjórnvalda og mannréttindanefndarinnar í tíð fyrri ríkisstjórnar. Rétt í kringum stjórnarskiptin fór bréf til mannréttindanefndarinnar þar sem aðstæður hér voru útskýrðar og rakið hvað á daga Íslendinga hefði drifið frá haustmánuðum, bæði í efnahagslegu tilliti og sömuleiðis upplýst um að stjórnarskipti væru orðin eða væru að verða og nefndin var einfaldlega beðin um að sýna aðstæðunum skilning og því að íslensk stjórnvöld hefðu haft um ýmislegt annað að hugsa og þar með hefði ekki verið mikið unnið í málinu. Það er staðan eins og hún var og í sjálfu sér er. Þetta mál hefur því miður ekki verið efst á lista heldur orðið að víkja fyrir öðrum og kannski brýnni verkefnum sem hafa tengst baráttunni við efnahags- og atvinnumálin og stöðu heimila og fyrirtækja og þar fram eftir götunum. Ég gef hreinskilið svar hvað það varðar að sjálfur hef ég ekki haft aðstöðu til þess að setja mig rækilega inn í málið en það er á verkefnalista mínum og ég mun reyna að koma því að og skoða það með öðrum verkum á næstunni.

[13:36]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Hæstv. forseti. Hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra svarar því til að svo mikið sé að gera að ekki sé hægt að virða mannréttindi á Íslandi eða stuðla að því að setja einn eða tvo menn í það að semja við þessa ágætu menn. En það er hægt að gera ýmislegt annað, m.a. setja peninga í tónlistarhús og svoleiðis sem kostar 14–20 milljarða á sama tíma og við búum við að ekki er hægt að leiðrétta mannréttindabrot á þessum tveimur sjómönnum vestan af fjörðum, sem auðvitað er skammarlegt. Það er sorglegt að vita til þess að þessi ríkisstjórn skuli ekki geta snúið sér að verkum, eins og t.d. að leiðrétta mannréttindabrot, og sjái ekki sóma sinn í því heldur eyði tímanum í eitthvað allt annað. Hluti af því mikla uppgjöri sem þarf að gera á nýju Íslandi er að leiðrétta mannréttindabrot á íslenskum sjómönnum. (Forseti hringir.) Þetta er eitt af því sem við eigum að byrja á að gera.

[13:38]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég svaraði því ekki til að ég hefði svo mikið að gera að ég mætti ekki vera að því að virða mannréttindi. Ég frábið mér slíkar ásakanir. (Gripið fram í.) Það var ekki það sem fólst í svari mínu. Ég gaf heiðarlegt svar um það hver staða málsins væri og rakti hvað í því hefði gerst frá því að álitið kom og hvernig fráfarandi ríkisstjórn hefði meðhöndlað málið og í hvaða stöðu það væri núna.

Það er alveg ljóst að úrbætur til að koma til móts við hina efnislegu gagnrýni mannréttindanefndarinnar kalla væntanlega á umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi fiskveiðistjórnar og lögum um stjórn fiskveiða. (**GMJ:** Ég var að spyrja um bæturnar ...) Ef hv. þingmaður vill vera aðeins rólegur, þá lá alveg fyrir að þessi ríkisstjórn mundi ekki setja slík viðfangsefni í forgang á sínum takmarkaða starfstíma og hefði hvorki tíma né aðstöðu til að fara út í grundvallarbreytingar á þeim hlutum. Slík svör voru gefin í þinginu strax í byrjun.

Varðandi mögulegar bótagreiðslur þá er það annarra í stjórnkerfinu að fjalla um en sjávarútvegsráðherra. Það fer þá í gegnum, eftir atvikum, ríkislögmann eða (Forseti hringir.) þá sem þar hafa um málin að segja.

Endurskoðun samgönguáætlunar og framkvæmdir á Hellisheiði.

[13:39]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um hvað líði endurskoðun á tólf ára samgönguáætlun og fjögurra ára samgönguáætlun.

Við vitum að miklar breytingar hafa orðið í samfélaginu og búast má við einhverri endurröðun og endurskoðun einmitt á þessum málaflokki. Þar sem hæstv. samgönguráðherra hefur setið frá síðustu kosningum, vorkosningum 2007, hlýtur hann að hafa glögga yfirsýn yfir það og hafa undirbúið einmitt þau mál og geta svarað til um endurskoðun þessara áætlana.

Ég vil jafnframt, herra forseti, spyrja ráðherrann að því hvað líði framkvæmdum með Hellisheiðarveg, en í síðustu samgönguáætlun í mars 2007 var samþykkt að fara í tvo plús tvo veg. Þáverandi samgönguráðherra Sturla Böðvarsson ritaði Vegagerð ríkisins bréf í apríl 2007 þar sem Vegagerðinni var falið að hefjast handa með framkvæmdina. Hvernig líður henni? Á hvaða stigi er hún? Má vænta þess að hafist verði handa á yfirstandandi ári?

[13:41]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Sem svar við þessari spurningu má taka undir það sem kom fram og var aðalatriði í málflutningi hv. þingmanns, að miklar breytingar hafa svo sannarlega átt sér stað í þjóðfélaginu og þær krefjast endurskoðunar og endurröðunar á mjög mörgum sviðum þjóðfélagsins ef ekki öllum, þar á meðal í samgönguáætlun.

Hv. þingmaður spyr hvað líður endurskoðun tólf ára samgönguáætlunar, sem hefur ekki verið til og ekki samþykkt. Sú vinna er komin í gang og er verið að vinna á vegum samgönguráðs. Með fjögurra ára áætlunina, gerist það auðvitað líka og er að sjálfsögðu í endurskoðun en hún bíður nýrrar ríkisstjórnar og verður lögð fram fyrir þau ár sem á að bæta við í stuttu áætlunina á komandi haustþingi.

Við vinnum nú eftir þeirri áætlun sem er um 2009 og þeim framkvæmdum sem þar voru settar inn. Þó svo að þær nái ekki allar inn vegna þess að, eins og hv. þingmaður man, var framlag til samgöngumála skorið niður um 6 milljarða kr. í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar. Við engin verk verður hætt heldur frestast sum og fara aftar m.a. vegna þess að þau eru ekki tilbúin til framkvæmda út af skipulagsmálum og öðru þess háttar.

Árið 2008 var mesta framkvæmdaár Íslandssögunnar í vegamálum og árið 2009 verður það næstmesta.

Varðandi seinni hluta spurningar hv. þingmanns um — mér heyrðist hann segja — Hellisheiðarveg, sem ég átta mig ekki alveg á hvað er, en geri ráð fyrir að átt sé við Suðurlandsveg allan. Hann spyr hvort líkur séu á að hafist verði handa þar á þessu ári og svarið við því er já.

[13:42]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Ég fagna því að framkvæmdir við Hellisheiðarveg, sem er í Árnessýslu og er kallaður það í daglegu máli en í þingskjölum Suðurlandsvegur, eigi að hefjast á þessu ári og þá langar mig að spyrja: Hvar verður byrjað? Á hvaða kafla þeirrar löngu leiðar á að byrja? Hvar á að hefjast handa og hvernig er röðunin á framkvæmdaþáttum málsins?

[13:43]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Á þessari stundu er kannski ekki hægt að segja nákvæmlega til um hvar verður byrjað, á hvaða kafla, en ég hygg að innan viku eða tíu daga verði hægt að svara því. Vinna stendur yfir með mjög margt á Suðurlandsvegi, hvernig skuli fara í það og þess vegna er á þessari stundu ekki hægt að segja nákvæmlega til um hvenær verður boðið út og þá hvaða kaflar. Aðalatriðið er að það verður byrjað á þessu ári.

Vinna við fjárlög 2010.

[13:44]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Að afstöðnum kosningum verður kominn maí og þá fara menn að huga að fjárlögum fyrir árið 2010 og þarf raunar að leggja línuna nú þegar fyrir þeim fjárlögum. Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvað þeirri vinnu líður og hvernig menn ætli að ná niður þeim halla á ríkissjóði sem gert er ráð fyrir í samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, sérstaklega með tilliti til þess að ekki hefur náðst fram sá sparnaður í heilbrigðiskerfinu sem áætlaður var og hæstv. menntamálaráðherra hefur tekið ákvörðun um að byggja tónlistarhús sem kostar mjög mikla peninga. Það eina sem fréttist af hinni nýju ríkisstjórn er í rauninni útgjöld. Spurning mín er sú: Hvernig ætla menn að ná þessum halla niður? Því að halli myndast sem mismunur á tekjum og gjöldum og annaðhvort minnka gjöldin verulega og þá er spurningin: Hvar verður það gert? Eða menn auka tekjurnar og þá er spurningin: Hvernig verður það gert?

[13:45]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að það er liðið nokkuð á marsmánuð og það þarf að fara að huga að fjárlagagerð næsta árs. Samkvæmt venju er sú vinna þegar komin í gang. Vinna stendur yfir í fjármálaráðuneytinu nákvæmlega með sama hætti og venjan er á þessum árstíma, að leggja drög að slíku. Reyndar er vinnan tvíþætt núna vegna þess að til viðbótar venjulegri undirbúningsvinnu fyrir fjárlög komandi árs er unnið samkvæmt þeirri áætlun sem hv. þingmaður nefndi og byggir á samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þar eru líka unnar áætlanir til svokallaðs meðallangs tíma. Menn eru því ekki bara að undirbúa fjárlagaárið 2010 heldur líka reyna að stilla rammann af fyrir árin þar á eftir til meðallangs tíma, þ.e. áranna 2011, 2012 og 2013. Þessi vinna er öll í gangi náttúrlega samhliða ýmsu öðru sem á fjármálaráðuneytinu mæðir um þessar mundir. Það er ekkert leyndarmál að vinnuálag þar er gríðarlegt, enda hafa þung og mörg verkefni bæst á ráðuneytið umfram það sem hefðbundið er. Þar má m.a. nefna að fara með forræði í samningaviðræðum um Icesave, að semja við erlenda seðlabanka um lán, að endurskipuleggja bankakerfið og fara með eignarhald ríkisins í bönkunum og þar fram eftir götunum. En það er reynt að sinna þessu öllu samtímis og ég held að ég geti fullyrt að sú vinna sé á eðlilegu róli og með vorinu verði menn á þeim stað sem venjan er á þeim árstíma, að drög liggi fyrir og ráðuneyti komi með tillögur sínar um aðgerðir og sparnað.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi að núverandi ríkisstjórn hafi eytt meiri peningum eða dregið úr áformum um sparnað þá er það rangt. Í heilbrigðisráðuneytinu var t.d. gefin út reglugerð um lyfjakostnað sem sparar ríkinu peninga umfram það sem fyrri ríkisstjórn hafði áformað og í tilviki tónlistarhúss er ekki verið að lofa einni einustu

krónu í framlög frá ríki umfram það sem fyrri ríkisstjórn var búin að skuldbinda í samstarfi við borgina. Það er nákvæmlega sú upphæð sem þar var ráð fyrir gert sem framkvæmdin hvílir á.

[13:47]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Menn hefðu getað hætt við tónlistarhúsið, það er líka valkostur vegna þess að það brustu allar forsendur fyrir útgjöldum ríkissjóðs en mér sýnist að menn séu að skuldbinda ríkissjóð enn meira en gert var ráð fyrir.

Ég spurði ekki að þessu, ég spurði að því hvernig menn ætli að ná niður hallanum. Ætla menn að gera það með því að hækka skatta, auka tekjurnar? Og spurningin er: Hvar eru hin breiðu bök í núverandi þjóðfélagi? Eru það fyrirtækin sem standa sig svo óskaplega vel? Eru það einstaklingar? Þá er það spurningin: Ef ekki á að hækka skatta, kannski í bland, hvar ætla menn að skera niður? Hvernig ætla menn að fara að því að skera niður og það er eiginlega spurningin sem ég beini til hæstv. ráðherra sérstaklega með hliðsjón af því að í heilbrigðiskerfinu hafa menn verið að hverfa frá sparnaðartillögum sem fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra var búinn að setja í gang.

[13:48]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég tel rétt að árétta að í tilviki tónlistarhússins hafa engin fyrirheit verið gefin um frekari fjármuni inn í það dæmi en fyrri ríkisstjórn var búin að gefa og samkomulag ríkis og borgar gerði ráð fyrir. Það er á þeim grunni sem málið er hvílt. Það er að sjálfsögðu sjónarmið að það hefði átt að hætta við áframhaldið og láta þennan kumbalda standa eins og hann var á sig kominn en það var mat manna að því mundi fylgja gríðarlegt tjón. Annaðhvort hefði þá orðið að rífa húsið niður og fjarlægja það eða halda áfram með framkvæmdirnar síðar og það hefði haft í för með sér gríðarlegan viðbótarkostnað. Það getur svo auðvitað verið stefna út af fyrir sig að betra sé að hafa þá 600 iðnaðarmenn sem fá þarna vinnu næstu missirin á atvinnuleysisskrá og það er kannski stefna Sjálfstæðisflokksins.

Varðandi tæknilegar útfærslur hvað varðar fjárlagagerð og tekjuöflun og sparnað á næsta ári verður það auðvitað fyrst og fremst í hendi nýrrar ríkisstjórnar að framkvæma það. Það liggur í hlutarins eðli. En ætli það sé ekki óhætt að segja að líklega verði farin blönduð leið í því. (Forseti hringir.) Ég held að það verði engin kraftaverk gerð á hvora hliðina sem er og þess vegna sé líklegast að menn velji þarna einhverja blandaða leið tekjuöflunar og sparnaðar.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.

[13:50]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Það ber svo vel í veiði að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er jafnframt fjármálaráðherra þannig að það er hægt að fara eina ferð til að fá svar við þessari spurningu.

Erindi mitt hingað er að spyrja hæstv. ráðherra um málefni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri en starfsemi landbúnaðarháskólans er geysilega mikilvæg fyrir íslenskan landbúnað og þess vegna varðar mjög miklu að háskólinn hafi trausta fjárhagslega umgjörð.

Nú lá það fyrir við afgreiðslu fjárlaga vegna þessa árs að mun meiri fjármuni þyrfti inn í rekstur skólans en fjárlög gera ráð fyrir vegna þeirra breytinga og nýrra verkefna sem skólanum er ætlað að sinna og aukinna útgjalda þess vegna. Því vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hafin sé vinna við að greina vandann og stokka spilin upp í þeim tilgangi að tryggja að Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri fái þá fjármuni sem hann þarf til að geta sinnt því mikilsverða og mikilvæga hlutverki sem hann gegnir í landbúnaðinum á Íslandi, í þeirri stóru atvinnugrein. Það skiptir mjög miklu máli að skólinn þurfi ekki að búa við jafnþröngan kost og fjárlög gera ráð fyrir. Það verður að viðurkennast hér að því miður tókst ekki að ljúka þessari vinnu fyrir afgreiðslu fjárlaga. Þess vegna spyr ég hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra hvort á vettvangi ráðuneytanna, og væntanlega í samstarfi við menntamálaráðuneytið, sé hafin vinna í samstarfi við stjórnendur skólans til að tryggja rekstur og starfsemi skólans. (Forseti hringir.)

Fyrrverandi hæstv. menntamálaráðherra gaf yfirlýsingu við afgreiðslu fjárlaga um að það yrði gert og þess vegna spyr ég: Hvar stendur málið?

[13:52]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég er alveg til í að hafa klukkuna í ólagi líka og fá aðeins meiri tíma. Það var reyndar þannig að ég var ekki bókaður í þennan fyrirspurnatíma en hljóp í skarðið af því að aðrir ráðherrar forfölluðust og mér sýnist ekki hafa verið vanþörf á því, því ég er að svara þriðju fyrirspurninni.

Varðandi fjárhagsleg málefni Hvanneyrar skildi fráfarandi ríkisstjórn því miður við það mál afvelta og þegar málefni landbúnaðarskólanna eru skoðuð var þeirri vinnu ekki lokið sem auðvitað hefði átt að fylgja yfirfærslu þeirra frá landbúnaðarráðuneyti yfir til menntamálaráðuneytisins til að koma traustum grunni undir framtíðarstarfsemi þeirra. Hv. þm. Sturla Böðvarsson, stuðningsmaður fyrrverandi ríkisstjórnar, hittir því svolítið sjálfan sig fyrir þegar hann ber þetta mál upp. Það er hins vegar fullgilt og það er sjálfsagt að svara því.

Nú heyra skólarnir undir menntamálaráðherra og því hefur menntamálaráðherra forræði á þessum hlutum og væri kannski eðlilegra að beina fyrirspurninni þangað en það vill svo til að ég er líka kunnugur málinu, bæði sem fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra, og ég get upplýst hv. þingmann um að það er búið að koma þessu máli í farveg. Nefnd þriggja ráðuneyta hóf störf fyrir nokkrum vikum og er að fara yfir stöðu landbúnaðarskólanna, bæði Hvanneyrar og Hóla. Í báðum tilvikum er við mikla erfiðleika að glíma vegna þess að rekstri þeirra hafði ekki verið komið á hreint ef svo má að orði komast eða lagður traustur grunnur að áframhaldandi starfsemi þeirra. Hún er mikilvæg og það verður auðvitað að leita allra leiða til þess að

tryggja að sú mikilvæga starfsemi geti haldið áfram. En um leið þekkjum við þær aðstæður sem við búum við hvað fjárhagsleg skilyrði snertir. Það er ekki þannig að það sé í gilda sjóði að fara til að bæta úr eða borga upp þann skuldahala og þau vandamál sem fráfarandi ríkisstjórn eða ríkisstjórnir og ráðherrar sem báru ábyrgð á þessum málaflokkum skildu eftir sig. En það verður reynt að gera það besta úr þeirri erfiðu stöðu.

[13:54]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra brá ekki vana sínum að beita meinbægni og tilraunum til að skjóta sér á bak við það að allt sem á eftir að gera í Stjórnarráðinu sé fyrrverandi ríkisstjórn og stjórnarflokkum að kenna. Ég lít svo á að þeir ráðherrar sem taka við hverju sinni taki við þeim pakka sem fyrir liggur. Auðvitað var margt ógert í þessum ráðuneytum og þar á meðal að ljúka þeirri vinnu sem lá fyrir og allir viðurkenndu að þyrfti að vinna. Það þarf að tryggja fjárhagslegan grundvöll Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri sem hafði verið breytt m.a. vegna þess að hann var færður á milli ráðuneyta og ég ætla ekki að kenna fyrrverandi ráðherrum sérstaklega um það. Þarna var í gangi vinna. Mér gengur ekkert annað til en að lýsa yfir vilja til að gera það sem ég get gert á Alþingi í samstarfi við ráðherra, ef um það er að ræða, til að tryggja þessum skólum fjárhagslegan grundvöll, sérstaklega hvað varðar landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Og ég treysti því að þrátt fyrir allt hendi ráðherra sér í þetta verkefni.

[13:56]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Hv. þingmaður má kalla það meinbægni að fara með staðreyndir. Það er hægt að leggja á borðið staðreyndirnar um það í hvaða stöðu þessir tveir skólar voru við stjórnarskiptin. (**StB:** Ég gat þess ekki.) Akkúrat, hv. þingmaður viðurkenndi það, nefndi það að þarna hefðu menn skilið eftir óleyst mál og það er úr þeim vanda sem nú er verið að reyna að greiða. Landbúnaðarráðuneytið kemur fyrst og fremst að þessu máli í gegnum rannsóknarsamning sem er alveg frá þeim tíma þegar Rannsóknarstofnun landbúnaðarins rann saman við Hvanneyri. Við höfum verið að fara yfir það að framlengja þann samning og gera á honum breytingar og síðan er að störfum, eins og ég gat um, nefnd fulltrúa þriggja ráðuneyta undir forustu menntamálaráðuneytisins, þ.e. menntamálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið sem setti fulltrúa í nefnd sem eru að skoða stöðu landbúnaðarskólanna sérstaklega og vonandi kemur afrakstur þeirrar vinnu fram í dagsljósið á næstu vikum.

Vegaframkvæmdir í Mýrdal.

[13:57]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. samgönguráðherra og vil ræða við hann um vegalagningu í Mýrdalnum, svæði sem ég er farin að hafa meiri áhuga á eftir því sem dagarnir líða. Það eru skiptar skoðanir á svæðinu um framtíðarlagningu hringvegarins þar um og deilur hafa sett svip sinn á mannlífið í annars friðsælli sveit vegna þessa máls um nokkurra ára skeið. Þar togast á tvö sjónarmið. Það var vilji fyrir því í stjórnkerfi Mýrdalshrepps að hringvegurinn yrði færður af núverandi stað og lagður í göngum undir Reynisfjall og meðfram Víkurfjöru. Það var þó engin samstaða um málið og bændur og aðrir landeigendur í Reynishverfi, Dyrhólahverfi og fleiri vildu að núverandi vegarstæði yrði haldið og að vegurinn yrði lagfærður.

Þessu tengist líka að skiptar skoðanir eru varðandi umhverfismál og svo koma öryggismálin hinum megin frá. Skipulagsnefnd vill leggja hringveginn um Víkurfjöru, í jarðgöngum, um tún og mýrar á mörkum náttúruverndarsvæðis alveg niður við sjóinn og Vegagerðin telur að sú leið kunni að kosta í kringum 3 milljarða. Með jarðgöngum verður talan enn þá hærri. Hin leiðin hefur verið talin kosta samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar í kringum milljarð. Nýr vegur er hins vegar ekki á samgönguáætlun og engin viljyrði hafa verið gefin um framkvæmdina. Mér leikur forvitni á að vita og heyra frá hæstv. samgönguráðherra hvort hann hafi tekið afstöðu til þessa máls sem er viðkvæmt þar í sveit og þá hver afstaða hans sé, hvar málið standi hjá Vegagerðinni og hvort þess er að vænta að Vegagerðin geti leyst þennan hnút á einhvern hátt.

[13:59]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Herra forseti. Já, spurt er um framkvæmdir á Suðurlandi af hv. þingmanni og er ekki óeðlilegt miðað við niðurstöðu helgarinnar. Hún nefndi það réttilega að deilur væru innan sveitarfélagsins. Sannarlega hef ég fundið fyrir því. Það hafa komið til mín hópar sem hafa talað fyrir þeim leiðum sem til greina koma og hvernig skipulagsnefnd hefur klárað sín mál og allt það. Ég hef ekki tekið afstöðu til þess vegna þess að heimamenn eru ekki búnir að því og Vegagerðin er ekki búin að því og Siglingastofnun ekki heldur en Siglingastofnun þarf að koma að þessu líka út af grjótvörn. Þess vegna höfum við leitt saman bæði Vegagerð og Siglingastofnun í þá undirbúningsvinnu sem er í gangi við að finna lausnir og hvaða leið skuli valin. En eins og hv. þingmaður fjallaði um þá er þetta ekki inni á samgönguáætlun. Það eru allir þingmenn meðvitaðir um að samgönguáætlun var skorin niður um 6 milljarða af síðustu ríkisstjórn til nýframkvæmda. Nú er verið að vinna að því sem er hægt að bjóða út á árinu 2009.

Í svari mínu við fyrirspurn frá hv. þm. Kjartani Ólafssyni, sem jafnframt er á þessu svæði, þá gat ég þess að það bíður næstu ríkisstjórnar að klára fjögurra ára áætlun og 12 ára áætlun og leggja þær fyrir Alþingi næsta haust.

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr mig beint hvort ég hafi tekið afstöðu og svar mitt er nei, ég hef ekki gert það. Ég hef hins vegar fylgst vel með þessari vinnu og mun gera það áfram. En mig langar kannski til að snúa þessu við og spyrja hv. þingmann hvort hún hafi tekið afstöðu til hvaða leið eigi að fara í Mýrdalnum.

[14:01]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Nei. Ég get svarað hæstv. ráðherra að ég hef ekki tekið afstöðu til þess máls en ég er að leita mér upplýsinga um það til að kynna mér það. Ég hef skoðað báðar hliðar og mér finnst báðir aðilar hafa nokkuð til síns máls. En það sem skiptir öllu máli er að heimamenn nái farsælli lausn á þessu máli og ég tek undir með ráðherra að ljúka þurfi verkinu þar.

Ég er ánægð að heyra að hæstv. ráðherra hefur áhuga á málinu og hann hafi sett í gang alla vega þá skoðun sem hann nefnir af hálfu Vegagerðar og Siglingastofnunar og fleiri aðila sem að þessu máli koma. Ég mun fylgjast með framvindu málsins eftir því sem tíminn líður.

[14:02]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Það er svo sem ekki miklu við þetta að bæta en ég tek þó undir það sem hv. þingmaður gat um, sem er reyndar grundvallaratriði, að mikilvægt er að reyna að vinna þetta sem mest með heimamönnum og skapa sátt um verkið. Það er aldrei gott þegar deilur verða innan sveitarfélags um hvar vegir skuli liggja. Við höfum fleiri dæmi úr Suðurkjördæmi þar sem því miður er enn þá tekist á um hvar vegur eigi að liggja. Tala ég þar um Hornafjarðarfljót sem ekki hefur komist á framkvæmdaáætlun vegna þess að þar eru deilur.

Við skulum vona að okkur takist að vinna málið áfram með samgöngustofnunum, Vegagerð, Siglingastofnun og öðrum sem að því koma. Ég tek undir með hv. þingmanni að ég tel að nauðsynlegt sé að gera það og reyna að skapa sem mesta sátt og vinna þar með heimamönnum. Að því skulum við vinna.

Meðferð fyrirtækja á vegum ríkisbankanna.

Fsp. EyH, 333. mál. — Þskj. 572.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Eygló Harðardóttir) (F):

Virðulegi forseti. CreditInfo á Íslandi birti fyrir nokkru spá sína um að allt að 3.500 fyrirtæki gætu lent í örðugleikum eða gjaldþroti á næstu vikum og mánuðum. Um tíu fyrirtæki dag hvern næstu tólf mánuði.

Þetta eru ótrúlegar tölur miðað við að 748 fyrirtæki urðu gjaldþrota í fyrra og var þar þó um nýtt met að ræða frá því að mælingar hófust árið 1990. Hvað rauntölur varðar voru 70 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta nú í janúar samanborið við 41 fyrirtæki í janúar 2008. Það jafngildir 71% aukningu á milli ára. Flest gjaldþrotin eru í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, heild- og smásöluverslun og viðgerðum á vélknúnum ökutækjum.

Staðan er því mjög alvarleg, sérstaklega í ljósi þess að nú eru rúmlega 17.000 manns á atvinnuleysisskrá og áfram bætist við þá tölu ef fjöldi fyrirtækja verður gjaldþrota.

Lykilaðilar í að fjármagna rekstur fyrirtækja hér á landi eru ríkisbankarnir. Þeir hafa í hendi sinni fjöregg íslensku þjóðarinnar, sjálft atvinnulífið, og því skiptir miklu að vita hversu hart bankarnir ganga fram í því að krefjast gjaldþrotaskipta fyrirtækja. Sterkur orðrómur er þess efnis að bankarnir séu farnir að ganga æ harðar fram og að ný fyrirtæki hrúgist inn á fyrirtækjasölur á vegum bankanna.

Sem dæmi má nefna að ég hef í höndum tölvupóstssamskipti ríkisbanka við iðnaðarfyrirtæki þar sem starfsmenn bankans bjóða eigendum að bankinn mun greiða kostnað við gjaldþrotabeiðni ef eigandinn er tilbúinn að lýsa fyrirtækið gjaldþrota. Allt til að flýta ferlinu og auðvelda málin, væntanlega fyrir bankann.

Í öðrum tilvikum heyrum við fréttir þar sem nýir eigendur fá afskrifaða fleiri milljarða kr. skuldir líkt og í tilviki útgáfufélags *Morgunblaðsins*. Í einhverjum tilvikum virðist eignum gjaldþrotafélaga hafi verið ráðstafað aftur til fyrri eigenda eins og í tilviki Next og Noa Noa og Humac á Norðurlöndunum.

Því ber ég fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra um meðferð fyrirtækja á vegum ríkisbankanna: Hversu mörg fyrirtæki hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta að beiðni nýju bankanna, sundurliðað eftir bönkum? Hver er heildarupphæð afskrifaðra skulda fyrirtækja hjá nýju bönkunum, sundurliðað eftir bönkum? Í hversu mörgum tilvikum hefur eignum fyrirtækja verið ráðstafað aftur til fyrri eigenda eða tengdra aðila?

[14:06]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Aflað var upplýsinga til að svara þessari fyrirspurn frá bönkunum og er hér byggt á því sem þaðan barst. Í fyrsta lagi er spurt: Hve mörg fyrirtæki hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta að beiðni nýju bankanna, sundurliðað eftir bönkum?

Því er til að svara að Íslandsbanki hefur óskað eftir því að bú þriggja félaga verði tekin til gjaldþrotaskipta frá því að bankinn tók við eignum úr hendi Glitnis banka þann 14. október síðastliðinn. Nýi Kaupþing banki hf. hefur sent eina gjaldþrotabeiðni vegna gjaldþrots fyrirtækja en ekkert félag hefur verið úrskurðað gjaldþrota að beiðni Landsbankans. Þann 12. mars var áætluð fyrirtaka um gjaldþrotaskipti á hendur einu félagi en svar barst frá Landsbankanum daginn áður, þann 11. mars.

Vert er að taka fram að í flestum tilvikum óska stjórnir fyrirtækja sjálfar eftir gjaldþrotaskiptum ef ekki semst um uppgjör á kröfum enda er þeim skylt að gera það lögum samkvæmt eins og kunnugt er.

Í öðru lagi er spurt: Hver er heildarupphæð afskrifaðra skulda fyrirtækja hjá nýju bönkunum, sundurliðað eftir bönkum? Íslandsbanki hefur ekki samþykkt endanlega afskrift neinna útlána frá því að bankinn tók við eignum úr hendi Glitnis þann 14. október síðastliðinn. Engin lán bankans verða afskrifuð endanlega fyrr en í fyrsta lagi eftir að verðmat á þeim eignum sem fluttar voru frá Glitni banka yfir í Íslandsbanka og stofnefnahagsreikningur Íslandsbanka liggur fyrir.

Sama gildir um nýja Kaupþing. Hins vegar hefur bankaráð Landsbankans samþykkt að afskrifa útlán til fyrirtækja að fjárhæð kr. 1.772.311.655 kr. miðað við síðustu áramót.

Í þriðja lagi er spurt: Í hversu mörgum tilvikum hefur eignum fyrirtækja verið ráðstafað aftur til fyrri eigenda eða tengdra aðila? Ekkert tilvik þess efnis er um að ræða hjá Ís-

landsbanka hf. Einstök uppgjörsmál eru ekki komin á það stig að hægt sé að tala um endanlega úrlausn þessara mála og ráðstafanir til fyrri eigenda eða annarra eigenda hjá nýja Kaupþingi. Bankinn mun vinna eftir nýlega samþykktum reglum varðandi úrlausn útlánavandamála fyrirtækja þegar til þess kemur.

Hjá Landsbankanum hefur eignum fyrirtækja ekki verið úthlutað til fyrri eigenda eða tengdra aðila. Hins vegar hefur í nokkrum tilvikum verið samið við hluthafa um að leggja fyrirtækjum til nýtt hlutafé og frysta afborganir lána. Er við það miðað að nýtt hlutafé sé í eðlilegu samræmi við fjárhæð þeirra skulda sem breytt er í hlutafé. Þessar aðgerðir eru í samræmi við stefnu Landsbankans um aðgerðir vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækja.

Loks vildi Landsbankinn vekja athygli á því að ráðstöfun eigna eftir gjaldþrot er að sjálfsögðu ekki á hendi bankans heldur þess bústjóra eða skiptaráðanda sem skipaður er lögum samkvæmt.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Eygló Harðardóttir) (F):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín hefur kannski ekki verið nægjanlega skýrt orðuð. Ég hefði kannski átt að spyrja nákvæmlega um þau bú sem tengjast viðkomandi bönkum og hafa farið í hendur skiptastjóra. Það eru alla vega þessi tvö dæmi sem ég nefndi í ræðu minni. Fram kemur Landsbankinn hafi keypt lagerverslun Next og Noa Noa og hún var síðan seld til fyrirtækis sem heiti Arev N1 og gátu fyrrum eigendur síðan keypt verslanirnar aftur. Mér skilst að það hafi verið eitthvað svipað ferli varðandi Humac en það er spurning hvort bankinn hafi ekki verið orðinn „nýr" í því tilviki af því þetta var svo snemma í ferlinu.

En þetta er hins vegar mikið áhyggjuefni því að þrátt fyrir þær tölur sem koma fram í svari hæstv. fjármálaráðherra er mjög greinilegt af þeim tölvupóstum og fyrirspurnum að dæma sem þingmönnum berast og í gegnum þær upplýsingar sem ég hef síðan aflað mér beint frá fyrirtækjasölum, að það er eitthvað mikið að gerast í málum fyrirtækja hjá bönkunum. Annaðhvort segjast menn ekki fá neina úrlausn sinna mála eða að verið sé að þrýsta á að þeir óski sjálfir eftir gjaldþroti og að bankinn bjóðist til að borga kostnaðinn við það. Í því tilviki er mjög auðvelt fyrir bankann að segja að ekki hafi verið óskað eftir gjaldþrotaskiptum af hans hálfu heldur að hafi eigandinn gert það en bankinn borgi kostnaðinn við það.

Ég bendi á að það er athyglisvert að skoða tölur um þetta þegar það liggur fyrir því að ríkið óskar nú þegar í mörgum tilfellum eftir gjaldþrotaskiptum. (Forseti hringir.) Árið 2008 voru 40% af þeim fyrirtækjum sem tekin voru til gjaldþrotaskipta tekin að kröfu ríkisins.

[14:11]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég hef ekki upplýsingar til að svara nákvæmlega fyrir um þessa þætti mála sem hv. þingmaður nú nefnir. Ég undirbjó mig að sjálfsögðu bara fyrir að svara því sem beint er spurt um í fyrirspurninni og ég treysti því að ég hafi þar borið inn í þingið réttar upplýsingar. En þeirra verður að sjálfsögðu að afla hjá viðkomandi aðilum þannig að ég er milligöngumaður um þær upplýsingar inn í sali Alþingis.

Ég er ekki í aðstöðu til að dæma um hvernig samskiptum illa staddra fyrirtækja og bankanna er háttað í einstökum tilvikum og hvort það er fyrir hvatningu frá viðkomandi banka að menn óski eftir gjaldþrotaskiptum eða hvernig það gerist. Lögin eru hins vegar skýr. Stjórnendum ber að óska eftir skiptameðferð ef ekki er rekstrargrundvöllur fyrir fyrirtækjunum og þau eru komin í tiltekna stöðu eins og við þekkjum. Þá hefur það sinn gang samkvæmt lögum og reglum, oft að undangenginni greiðslustöðvun.

Varðandi gjaldþrot sem ríkið tengist sem kröfuhafi eða að kröfur frá ríki verða þess valdandi að fyrirtæki fara í gjaldþrot eru það væntanlega innheimtumenn eða aðrir slíkir aðilar sem oftast eiga þá í hlut. Þeir starfa samkvæmt skýrum lagafyrirmælum og reglum og þau mál hafa yfirleitt bara sinn gang. Almennt er held ég ekki um það deilt að fara að leikreglunum og þeim verður að hlíta. Þó að það sé oft erfitt að horfast í augu við þann veruleika sem þá rennur upp fyrir mönnum eru leikreglur okkar þannig að ef fyrirtæki eiga sér ekki framtíðarvon, ef ekki er rekstrargrundvöllur fyrir þeim og ef ekki tekst að endurfjármagna þau eða greiða úr þeirra vandamálum með einhverjum slíkum hætti, endar það í þeim farvegi.

Umræðu lokið.

Ferðaþjónusta á Melrakkasléttu.

Fsp. ArnbS, 378. mál. — Þskj. 640.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég legg eftirfarandi fyrirspurn fyrir hæstv. iðnaðarráðherra:

„Hver eru áform ráðherra um stuðning við ferðaþjónustu á Melrakkasléttu?"

Á 133. löggjafarþingi flutti Halldór Blöndal ásamt mér þingsályktunartillögu um úttekt á stöðu og möguleikum á uppbyggingu ferðaþjónustu á Melrakkasléttu og var tillögunni vísað til ríkisstjórnarinnar. Mér leikur forvitni á að vita hvað hafi orðið um þetta mál okkar Halldórs og hvað ráðherra hyggst fyrir þegar kemur að því að styðja ferðaþjónustu á Melrakkasléttu. Hefur t.d. farið fram úttekt á möguleikum á ferðaþjónustu á sléttunni? Mest áríðandi er auðvitað að ljúka veginum til Raufarhafnar, hæstv. ráðherra, en það eru áform um að bjóða það verk út í vor.

Hæstv. forseti. Mikil tækifæri eru fólgin í ferðaþjónustu á Melrakkasléttu, svæðið hefur fjöldamörg sérkenni sem hægt er að byggja á og laða ferðamenn jafnt erlenda sem innlenda að því. Má þar nefna sérstaka náttúru Melrakkasléttunnar sem býður upp á endalausa möguleika fyrir ferðamenn, sólina sem skín með sérstökum hætti þar norður frá og hversu afskekkt svæðið er, sem dregur auðvitað fjöldamarga að því. Fuglalífið er einnig með þeim hætti að það býður upp á mikil tækifæri til fuglaskoðunar. Þar hafa komið fram fullmótaðar hugmyndir en fé skortir til að koma þeim í framkvæmd. Heimamenn hafa nú þegar lagt

mikið á sig til að byggja upp ferðamannaþjónustu á svæðinu og fjöldamargar frambærilegar hugmyndir hafa komið fram umfram þær sem nú þegar hafa komist til framkvæmda. Hins vegar hafa þó nokkrir aðilar hætt við nýsköpunarverkefni í ferðaþjónustu vegna þeirrar miklu vinnu sem fer í styrkumsóknir ýmiss konar og eftirfylgni við það og auðvitað er það bagalegt. Margt hefur þó verið gert.

Er þar rétt að nefna sérstaklega heimskautagerði sem Eiríkur Thoroddsen á Raufarhöfn og fleiri aðilar hafa unnið ötullega að og byggir á samspili þjóðararfsins, m.a. í Völuspá, og sólarganginum. Þarna er merkilegt verkefni á ferðinni og mun gerðið fullgert standa sem minnisvarði um hvernig nýta má hugvitið, söguna og þjóðmenninguna í ferðaþjónustu hér á landi. Í þessum þáttum eru mikil auðæfi fólgin og rétt að nýta. Hafa konur á Raufarhöfn t.d. lagt í það að opna gallerí sem framleiðir minjagripi. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hefur einnig unnið gott starf, m.a. með verkefni tengt strandmenningu og svokallað GEBRIS-verkefni sem hafa vakið upp hugmyndaauðgi heimamanna og hvatt þá áfram til góðra verka. Slík verkefni þarf að halda áfram með.

Að síðustu vil ég nefna fiskveiði í heiðarvötnum sléttunnar, enn önnur hugmynd sem hægt er að byggja á til framtíðar, og í breska blaðinu *Evening Standard* birtist m.a. grein þar sem hinn virti blaðamaður Neil Collins fór lofsamlegum orðum (Forseti hringir.) um reynslu sína af veiði á svæðinu. Ég veit að hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) hefur mikinn áhuga á þessu máli.

[14:17]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Svo sannarlega hef ég mikinn áhuga á þessum málum og ég vil þakka hv. þingmanni fyrir áhuga sinn á málinu líka og með hversu skáldlegum hætti hún lýsir þeim möguleikum sem er að finna fyrir ferðaþjónustu á þessu svæði.

Ég vil segja frá því að á næstunni mun Nýsköpunarmiðstöð opna starfsstöð á Húsavík og þar verður gengið frá ráðningu starfsfólks í næstu viku og það er m.a. meðal helstu verkefna starfsstöðvarinnar að móta klasa ferðaþjónustufyrirtækja í Þingeyjarsýslum og móta stefnu í svæðisbundinni nýsköpun og heilsutengdri ferðaþjónustu.

Ég vil líka nefna það að á grundvelli vaxtarsamnings sem við gerðum við Þingeyinga er nú unnið að stefnumótun í ferðaþjónustu á Norðausturlandi og það má eiginlega segja að það sé í beinu framhaldi af tillögunni sem hv. þingmaður flutti hér á sínum tíma með okkar ágæta fyrrverandi kollega, Halldóri Blöndal. Ég tók þá tillögu svo sannarlega alvarlega, ég tók þátt í umræðu um hana á sínum tíma og lýsti stuðningi við hana, þá í stjórnarandstöðu. Tillagan kom til ríkisstjórnarinnar og ég lagði sérstaka áherslu á einmitt það sem kom fram í þeirri tillögu, þar sem m.a. hluti tillögunnar var að ráðinn yrði sérstakur starfsmaður til að byggja upp ferðaþjónustu á grundvelli fuglaskoðunar á Melrakkasléttu, sem einmitt í tillögu hv. þingmanns og Halldórs Blöndals á sínum tíma voru gerð ákaflega góð skil.

Það sem verkefnið snýst um og er núna í vinnu, og alveg gríðarlega góður og efnismikill árangur sem þegar kemur fram í því, er að kortleggja auðlindir ferðaþjónustunnar á svæðinu sem eru auðvitað náttúra og menning og sú grunngerð sem þar er til staðar. Tilgangurinn er sem sagt að skilgreina nýja sýn á ferðaþjónustu en það teljum við að sé forsenda þess að ná bæði hröðum og góðum árangri í þessari grein til að geta boðið upp á vel skilgreindar afurðir og þá skiptir auðvitað höfuðmáli að búa yfir sterkri ímynd.

Ég get glatt hv. þingmann með því að núna vinnur að þessu teymi sérfræðinga sem er með víðtæka alþjóðlega reynslu á sviði ferðamála. Það er líka gaman að segja frá því að að þessu vinnuferli kemur líka námsfólk á svæðinu og þannig má kannski segja að verið sé að byggja upp reynslu hjá nýrri kynslóð. Þær afurðir sem þarna er um að véla eru að hluta til það sem minnst var á í þeirri þingsályktunartillögu sem hv. þingmaður flutti á sínum tíma með Halldóri Blöndal, þar er t.d. sérstakur fuglastígur og þar er líka vitastígur. Þessi fuglastígur er í reynd verkefni sem felst í því að byggja upp huglægan stíg sem nær frá Langanesi um Melrakkasléttu, fyrir Tjörnes, fram Aðaldal og Reykjadal og að Mývatni. Á þessari leið geta ferðamenn skoðað fugla af öllum gerðum, þarna er bjargfugl, vaðfugl, mófugl og náttúrlega andirnar sem Halldór Blöndal gerði að umræðuefni í ræðum sínum um þetta.

Það er alveg ljóst að Melrakkaslétta gegnir alveg mjög miklu hlutverki í þessu verkefni því að á sléttunni er að finna mjög margar fuglategundir. Þar er t.d. af því að ég gamall sjómaður frá Raufarhöfn, að vísu ekki á Rauðanúp, en þar er einmitt að finna ákaflega gott útsýni yfir súluvarp við Rauðanúp. (**Fjmrh.:** Nei, Langanesið.) Við Langanesið, segir hæstv. fjármálaráðherra.

Þessu til viðbótar vil ég líka segja frá því að í þessari viku veitti Ferðamálastofa styrki til þriggja verkefna á Melrakkasléttu. Þau eru Gönguleiðir og merkingar vegna vitastígs á Norðausturlandi, Skjálftafélagið á Kópaskeri og Melrakkaslétta – upplýsingar og upplifun. Svo vil ég líka rifja það upp að á sínum tíma þegar fyrrverandi ríkisstjórn veitti styrki til svæða sem urðu illa úti vegna skerðingar á veiðiheimildum hlutu fimm ferðaþjónustuverkefni brautargengi á þessu svæði. Það var Skjálftasetrið á Kópaskeri, Fjölskyldugarðurinn á Þórshöfn, sem hv. þingmaður minntist hér á, lagning göngustíga á Langanesi, þróunarstarf vegna veitingastaðar á Þórshöfn og síðan má ekki gleyma útsýnissiglingum um Bakkaflóa.

Ég tek undir með hv. þingmanni að framtíð ferðaþjónustu á þessu svæði á að geta verið björt. Þar þarf hins vegar að vinna ákveðið þróunarstarf. Hv. þingmaður hefur haft ákveðið frumkvæði að því og ríkisstjórnin, iðnaðarráðuneytið, ferðamálaráðherrann reyna að starfa í þeim anda.

[14:22]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp og sömuleiðis hæstv. ráðherra fyrir góð svör. Mér er málið skylt þegar rifjuð eru upp örnefni og aðstæður á mínum heimaslóðum. Ég þakka þann áhuga sem þessu er sýndur að virkja þær vel varðveittu auðlindir sem segja má að norðausturhornið búi yfir í sambandi við ferðaþjónustu, Melrakkasléttu og Langanes, þar sem eru miklir möguleikar sem kannski lítt hafa nýst mönnum enn þá vegna lélegra

samgangna og fjarlægða en eru nú að opnast. Þar eru stórfelldir möguleikar þar sem menn geta lagst á bakið og látið fuglinn verpa upp í sig og sett lófann ofan í læk og veitt upp silung eins og lesa mátti um hér í góðum ritgerðum.

Svo því sé líka til haga haldið er þar hið stórkostlega náttúrufyrirbæri Stóri-Karl undir utanverðu Skoruvíkurbjargi og þar má liggja á maganum á bjargbrúninni og horfa á eina súluvarp sem hægt er að horfa á af landi á Íslandi, sem er sömuleiðis vel varðveittur gimsteinn og á örugglega eftir að nýtast mönnum vel í að draga að ferðamenn.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær undirtektir sem ég fékk hjá hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. fjármálaráðherra líka við þessari fyrirspurn. Ég held að þarna séu mjög mikil tækifæri. Eins og hér hefur komið fram er mikill hugur núna í heimamönnum á Raufarhöfn og reyndar í allri Norður-Þingeyjarsýslu og Öxarfirði og Þistilfirði. Þarna eru gífurlega mikil tækifæri til nýsköpunar í ferðaþjónustu. Þess vegna er mjög brýnt að ríkisstjórnin standi við bakið á því fólki sem er að vinna að þessum málum. Það er mikill akkur í þessu fólki til þess að treysta byggðina á þessum jaðarsvæðum landsins. Nú er unnið að ýmsum merkilegum verkefnum, m.a. er verið að þjálfa upp veiðileiðsögumenn á Melrakkasléttu sem munu starfa með erlendum veiðimönnum. Þeir munu jafnframt safna upplýsingum um vötnin og veiðistaði og samsetningu afla þannig að þarna fer líka fram upplýsingasöfnun um svæðið sem verður síðan hægt að nýta til framtíðar.

Hugmyndir eru uppi um að auka aðgengi að sléttunni með því að setja upp nokkur lappatjöld svokölluð og það verði hægt að fara út á vötnin á árabátum. Eins og ráðherra nefndi er verið að skipuleggja gönguleiðir og síðan er auðvitað verið að nýta sjóinn líka með siglingum norður fyrir heimskautsbaug, sjóstangaveiði og fleira slíkt, hestaleigur og ýmislegt sem menn eru að vinna að sem mun efla ferðaþjónustuna. Einna mestur vaxtarbroddur í atvinnulífinu núna er einmitt ferðaþjónustan og þess vegna er gott að heyra að hæstv. ráðherra hefur þennan áhuga.

[14:25]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég deili sannarlega þeim áhuga sem hv. þingmaður hefur sýnt á þessu máli. Það gladdi mig að heyra hæstv. fjármálaráðherra koma hér og taka þátt í þessari umræðu með þeim lýríska hætti sem hann einn getur gert.

Einungis eitt af því sem hv. þingmaður nefndi í sinni fyrri tölu er ekki verið að vinna að af hálfu þeirra yfirvalda sem að þessu koma og það er hin sérkennilega sól eins og hún blasir við þeim sem eru staddir á þessum stað á landinu. Einar Ben. skáld vildi selja norðurljósin að sagt var en honum tókst það ekki. Í dag eru menn á þessum slóðum eða í grenndinni að selja norðurljósin. Og eitt af því sem menn eiga auðvitað líka að nota sem sívirkan segul er auðvitað sólin á þessum stað sem er einstök, heimskautasólin, það er óvíða sem menn geta farið og notið hennar.

Það er líka rétt sem hv. þingmaður segir að ferðaþjónustan er auðvitað ein af framtíðargreinunum. Menn hafa ekki alltaf gert sér grein fyrir því hvað hún er mikilvæg tekjulind, ekki síst við það að afla gjaldeyris í þjóðarbúið. Nýlega voru lagðir fram þjóðhagsútreikningar á vegum Hagstofunnar sem ferðaþjónustan hafði lengi beðið eftir. Þar kom í ljós svart á hvítu að áður en Fjarðaál t.d. kom inn í stóriðjuna var ferðaþjónustan jafnoki stóriðjunnar við að draga gjaldeyri inn í landið og hún var hálfdrættingur á við okkar forna og trausta atvinnuveg sjávarútveginn. Við vitum líka að það þarf sennilega minnst fjármagn til að skapa hvert starf í ferðaþjónustu ef við tökum flóru atvinnugreinanna. Það sem er gleðilegt er það að hvert starf sem verður til í ferðaþjónustu er líklegt til að skapa fjögur til fimm önnur í afleiddum störfum. Engin önnur grein hefur þá möguleika. Miðað við þá stöðu sem við erum í núna þar sem við þurfum að búa til gjaldeyri og skapa störf verðum við að ýta undir ferðaþjónustu og það er enginn efi í mínum huga að svæðið sem hv. þingmaður er að tala um er eitt af framtíðarsvæðunum.

Umræðu lokið.

Skýrsla um afhendingaröryggi orku á Vestfjörðum.

Fsp. EKG, 399. mál. — Þskj. 680.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fyrir hæstv. iðnaðarráðherra tvær spurningar sem lúta að afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Þetta er auðvitað mjög brýnt og mikið mál fyrir Vestfirði vegna þess að afhendingaröryggi orku er, eins og menn vita, alls ekki nægjanlegt á þeim slóðum. Það hefur hamlað núverandi atvinnulífi og hefur auðvitað líka áhrif á heimilin. Síðast en ekki síst hefur þetta þau áhrif að á meðan afhendingaröryggið er jafnslakt og raun ber vitni þá hefur það neikvæð áhrif á möguleika okkar á frekari atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum. Þetta er eitt af þeim málum sem mjög er hugað að um þessar mundir fyrir vestan. Menn gera sér grein fyrir því að á meðan þetta ástand varir mun það ekki verða líklegt til þess að laða að ný atvinnutækifæri og hefur að auki slæm áhrif á stöðu atvinnufyrirtækja á Vestfjörðum eins og blasir við öllum.

Menn hafa velt mjög mörgu fyrir sér í þessum efnum og beðið hefur verið í ofvæni eftir skýrslu sem ég veit að hefur verið í undirbúningi af hálfu Landsnets, að ég hygg, um afhendingaröryggi og hæstv. iðnaðarráðherra boðaði raunar, í svari við fyrirspurn hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, að væri væntanleg á næstu dögum.

Það er auðvitað þannig að samfélagslegur kostnaður af því að afhendingaröryggi raforku er jafnlélegt og raun ber vitni — ég hef séð útreikninga sem segja að ef skoðuð eru árin 2004–2008 megi segja að samfélagslegur kostnaður, sem menn verða fyrir vegna slaks afhendingaröryggis, svari til svona 100 millj. kr. á ári. Það má segja að heimilin og fyrirtækin, atvinnulífið á Vestfjörðum, verði fyrir því tjóni með beinum hætti af því að rof verði á afhendingu á orku.

Það hefur líka verið reiknað út til lengri tíma hvað þetta

þýðir, á t.d. 20 árum, og þeir útreikningar gefa til kynna að samfélagslegur kostnaður á 20 árum fyrir Vestfirði sé yfir 2,5 milljarðar kr. Þetta eru gífurlega háar upphæðir og gefur auga leið að þetta lendir með einum eða öðrum hætti á notendum, hvort sem það eru fyrirtækin eða heimilin. En umfram allt, það vil ég undirstrika, er það að þetta hefur áhrif á möguleika á atvinnuuppbyggingu í framtíðinni.

Margir kostir hafa verið skoðaðir í þessu sambandi og ég geri ráð fyrir að iðnaðarráðherra fari yfir það hér á eftir. Það hefur m.a. verið skoðað mjög alvarlega með hvaða hætti mætti auka raforkuöryggi með virkjunum á Vestfjörðum, Hvalárvirkjun, og um það hefur verið flutt þingsályktunartillaga sem hefur verið samþykkt og það er auðvitað mjög spennandi kostur. En það er hins vegar ljóst að til þess að hægt sé að fara í slíka virkjun þyrfti að leggja fram fjármagn til þess að greiða fyrir dreifinguna. Það er kostnaður sem er samfélagslegs eðlis og þyrfti að fara í jafnvel þó að farnar yrðu aðrar leiðir og þess vegna hef ég spurt hæstv. ráðherra spurninga sem lúta að þessu tvennu.

[14:31]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég er mikill áhugamaður um að það takist að virkja Hvalá og vil leggja mitt af mörkum til þess að það verði hægt í framtíðinni. Það er alveg rétt sem ég sagði hér í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni fyrir nokkru að það væri að vænta skýrslu frá Landsneti um þessi efni. Ég held að ég hafi lofað henni í þeirri viku. Raunin varð ekki sú og ég verð því miður að segja það við hv. þm. Einar K. Guðfinnsson að skýrslan liggur ekki fyrir í endanlegri gerð. Hún liggur hins vegar fyrir í drögum og var í gær kynnt iðnaðarráðuneytinu í formi draga og reyndar líka Vesturverki sem er framkvæmdaraðili Hvalárvirkjunar.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara í neinum ítarlegum atriðum á þessu stigi yfir smáatriði varðandi þetta. Ég ætla að svara þeim spurningum sem hv. þingmaður varpaði til mín og beinast fyrst og fremst að því með hvaða hætti hið opinbera, þ.e. samfélagið, geti lagt gjörva hönd á þetta verk.

Ég hef þegar svarað fyrstu spurningu hv. þingmanns, hann spyr um það hvenær megi vænta þess að skýrslunni verði lokið, og svarið er sem sagt það að hún verður gefin út í endanlegri mynd á næstu dögum. Hv. þingmaður spyr síðan hvort ég telji koma til álita að styðja sérstaklega við gerð Hvalárvirkjunar til þess að stuðla að auknu raforkuöryggi á Vestfjörðum. Ég hef margsinnis sagt það hér úr þessum ræðustóli að ég tel að það komi til álita. Ég tel að það skipti mjög miklu máli varðandi t.d. möguleika á að fá nýjan iðnað sem mundi henta Vestfjörðum, gagnaver og annað, til að skapa störf. Ég tel að það skipti miklu máli til þess að tryggja afhendingaröryggið á Vestfjörðum sem er miklu verra en annars staðar. Á þetta hef ég lagt mikla áherslu og sömuleiðis að það sé rétt að skoða alla kosti í þessum efnum.

Að því er snýr beint að aðkomu ríkisins að Hvalárvirkjun þá hef ég sagt, og ég ítreka það hér, að ég tel að það komi til álita að styðja sérstaklega við gerð virkjunarinnar að því marki sem lög og fjárhagur ríkisins heimila. En ástæðan fyrir þessu er í reynd þau rök sem komu fram hjá hv. þingmanni í framsögu hans fyrir fyrirspurninni. Hún er sú að í Hvalárvirkjun felst bæði ábati fyrir Landsnet, sem meta má á 500 millj. kr., og sömuleiðis samfélagslegur ábati, sem er metinn á yfir 2 milljarða kr., og það verður auðvitað að bera saman aðra kosti sem eru í þessari stöðu. Af því dreg ég þá ályktun að sá skynsamlegi kostur hljóti að koma til greina að Hvalárvirkjun njóti að minnsta kosti góðs af þeim ábata sem mundi fylgja henni sjálfri. Þá verður í þessum vangaveltum að hafa það í huga að framleiðsla og sala á raforku er samkeppnisstarfsemi þannig að það setur því ákveðnar skorður hversu langt er hægt að ganga í beinum stuðningi við virkjunina.

Ég hef áður sagt að það þurfi að skoða hvað lög heimila á þessu sviði og það er þannig að svigrúmið til þess að taka tillit til þessa samfélagslega ábata er að mínu mati ekki nægilega vítt. Það þrengir þessa möguleika. Í þeirri endurskoðun sem stendur yfir á raforkulögum tel ég að sérstaklega þurfi að skoða þetta atriði. Ég tel sem sagt að þegar menn standa andspænis þeim möguleika að búa til orku með þessum hætti og spara samfélaginu þannig upphæð þá verði það að vera kleift. En það eru mjög þröngar skorður sem slíkum áformum eru settar samkvæmt núgildandi lögum.

[14:35]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og ráðherranum fyrir svör hans. Ég held að það verði seint nógu þung áhersla lögð á það hversu nauðsynlegt það er fyrir þróun byggðar á Vestfjörðum að afhendingaröryggi raforku verði meira en það er nú og hefur verið um margra ára skeið. Til þess að landsvæðið geti haldið velli í samkeppni við aðra landshluta, sérstaklega höfuðborgarsvæðið, þurfa þessir hlutir að vera í góðu lagi. Því miður fer því víðs fjarri að svo sé, fyrst og fremst vegna þess að í fjórðungnum er framleiddur svo lítill hluti af því rafmagni sem þarf að nota og menn treysta um of á rafmagn sem flutt er langar leiðir.

Ég vil láta það koma hér fram að hæstv. iðnaðarráðherra hefur margsinnis sagt það hér á Alþingi að hann styðji framgang þessa máls og ég vænti þess að hann hafi fullan stuðning ríkisstjórnar sinnar (Forseti hringir.) til þeirra verka, eins og þeirrar síðustu, og vil brýna hann til dáða í þessum efnum.

[14:36]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Frú forseti. Ég vil þakka þessa umræðu sem hafin var af hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni og líka fyrir svör hæstv. iðnaðarráðherra sem lýsir yfir miklum vilja sínum og jákvæðni hvað það varðar að Hvalárvirkjun fari í gang og allt sé gert til þess að svo megi verða.

Fyrir sex árum eða svo lagði ég fram þingsályktunartillögu um að gerðar yrðu nauðsynlegar forathuganir á hagkvæmni þessarar virkjunar og nú hefur það komið í ljós. Ég er á þeirri skoðun, frú forseti, að við eigum að gera allt til þess að reyna að koma þessari virkjun á laggirnar því eins og fram hefur komið þá er það grundvallaratriði í því að hafa afhendingaröryggi á rafmagni vestur á fjörðum það er

bara alls ekki nóg í (Forseti hringir.) dag.

[14:38]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ég tek undir orð hæstv. iðnaðarráðherra og hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar um að það sé mjög brýnt að leggja samfélagslegt mat á Hvalárvirkjun og möguleika hennar, bæði til þess að styrkja innviði atvinnulífs og rafmagnsöryggi á Vestfjörðum enda uppfylli það öll umhverfisleg skilyrði.

En afhendingaröryggi er líka háð línulögnum innan fjórðungsins og framkvæmdir á því sviði hafa alls ekki fengið þann nauðsynlega framgang sem þörf var á. Áhersla hefur verið lögð á línulagnir fyrir stóriðju vítt og breitt um landið en Vestfirðir orðið útundan á undanförnum árum. Þar þarf að taka til hendinni nú strax.

Frú forseti. Ég vil spyrja hæstv. iðnaðarráðherra: Er ekki hægt að beita styrk bæði Rariks og (Forseti hringir.) Orkubús Vestfjarða nú þegar til þess að taka þátt í nýsköpun á Vestfjörðum og einnig til þess að styrkja (Forseti hringir.) afhendingaröryggið?

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa umræðu og sérstaklega svör hæstv. iðnaðarráðherra sem mér finnst mjög uppörvandi. Ég veit af hans mikla áhuga á því að styðja við bakið á þessu verki sem við höfum hér verið að tala um.

Það er aðalatriðið að við reynum að finna einhverja framtíðarlausn varðandi afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Það er auðvitað hægt að hugsa sér alls konar smáskammtalækningar, sem menn hafa verið að ræða um, sem til skamms tíma mundu ef til vill kosta minni peninga. En það er hins vegar engin framtíðarlausn og það mundi ekki fullnægja þeim kröfum og óskum sem uppi eru, bæði af hálfu notenda á Vestfjörðum og eins varðandi þá möguleika sem við þurfum að geta boðið upp á varðandi frekari atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum. Þetta mál skiptir gríðarlega miklu máli fyrir þennan landsfjórðung í þeirri atvinnulegu sókn sem þarf að eiga sér stað þar.

Varðandi Hvalárvirkjunina vil ég segja að það er auðvitað mjög spennandi kostur. Við vitum að sú virkjun mun standa og falla með því hvernig okkur tekst að létta tengikostnaðinum af þeirri framkvæmd. Ég tel að full rök mæli með því að tekið sé á því með samfélagslegum hætti. Við vitum það að til þess að tryggja raforkuöryggi og afhendingaröryggi orkunnar mun þurfa að kosta til þess fjármunum. Hlutir eins og það að styrkja vesturlínu eða einhverjar aðrar leiðir eru auðvitað sjálfsagðir en þær munu ekki uppfylla að öllu þær kröfur sem við gerum í þessum efnum.

Ég veit að gríðarlegur áhugi hefur verið á þessu máli, t.d. innan vébanda Orkubús Vestfjarða og þeir hafa verið að vinna heilmikið að þessum málum. Það sama á við um einkafélagið Vesturorku sem hefur nú vatnsréttindin varðandi Hvalárvirkjun. En þetta mun allt saman standa og falla með því hvort hægt sé að velta af þessari framkvæmd kostnaðinum við dreifinguna, tengikostnaðinum sjálfum, og um það snýst þetta mál.

Ég lít þannig á að yfirlýsingar hæstv. iðnaðarráðherra séu til áréttingar á því að hann telji að þetta eigi að vera samfélagslegt verkefni og ég er honum algjörlega sammála. Þetta er eitt af því sem við þurfum að vinna að í kjölfar þess (Forseti hringir.) að nýja skýrslan lítur dagsins ljós vegna þess að búið er að vinna heilmikla undirbúningsvinnu og gríðarlegur áhugi er til staðar hjá þeim framkvæmdaaðilum sem standa að þessu verki.

[14:41]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég tel að það sé samfélagslegt verkefni að sjá til þess að allir landshlutar búi við ásættanlegt orkuöryggi og það hefur margsinnis komið fram hjá mér að ég tel að svo sé ekki í tilviki Vestfjarða. Ég tel sömuleiðis að sú staða hamli uppbyggingu nýrra fyrirtækja í tilteknum greinum og ef hægt væri að bæta úr þessum vanda þá mundi það skipta mjög miklu máli fyrir sköpun starfa og fyrir það að efla grunngerð samfélagsins á þessum slóðum.

Hv. þingmaður spurði mig áðan um meginatriðin í þessari skýrslu. Í fyrsta lagi er farið þar yfir hinn samfélagslega kostnað vegna straumleysis og í öðru lagi er líka farið yfir þær grunnaðgerðir sem Landsnet er að ráðast í núna. Ég hef margsinnis farið yfir þær, m.a. nýlega, en ég get upplýst það hér að slegið er á að þær kosti um það bil 1 milljarð kr. Sömuleiðis eru þar reifaðar ýmsar aðrar mögulegar viðbótaraðgerðir, aðallega þrjár að því er mér finnst.

Það er náttúrlega í fyrsta lagi endurbætt varaafl með því að endurnýja varaaflsstöðvar o.s.frv. Í öðru lagi er það hin hefðbundna styrking flutningskerfisins en þar er það líka reifað, sem sagt tilkoma nýrrar raforkuvinnslu. Þar ræða menn um hugsanlega stækkun Mjólkárvirkjunar. Þar er sömuleiðis drepið á aðra virkjunarkosti en þar eru menn líka að velta fyrir sér þessum möguleika sem felst í Hvalárvirkjun.

Ég tel að það yrði mikið heillaspor ef tækist að koma málum svo fyrir að unnt væri að ráðast í þessa framkvæmd. Ég tel að það yrði heillaspor fyrir Vestfirðina og það skiptir líka máli fyrir ríkisstjórnina að geta tryggt að allir íbúar landsins búi við sambærilegt stig hvað varðar orkuöryggi. Mér hefur oft fundist sem menn skilji ekki að afhending orku og flutningur á orku er partur af samfélagsgerðinni og þegar við erum að tala um grunnþættina eigum við líka að beina sjónum okkar að þessum þætti.

Umræðu lokið.

Stuðningur við íslenskan landbúnað.

Fsp. ArnbS, 379. mál. — Þskj. 641.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Í landbúnaðinum þrengir að eins og annars staðar og ljóst er að grípa verður til aðgerða til að styðja við atvinnugreinina og er bráðavandinn efni í aðra fyrirspurn um þetta efni. Þær aðstæður sem sköpuðust í haust sýndu mörgum skýrar fram á mikilvægi landbúnaðarins og matvælaöryggið, og er það út af fyrir sig jákvætt. En tækifærin til nýsköpunar leynast víða í greininni og ekki þarf

síður að hlúa að því sem fyrir er þannig að það geti þrifist sæmilega áfram.

Við þekkjum dæmi um vel heppnaða nýsköpun í landbúnaði sem á að vera okkur mikil hvatning til frekari verka. Þar má nefna kornrækt sem hefur farið vaxandi og í dag er staðan þannig að helmingur alls byggs sem notað er hér á landi er innlend framleiðsla. Skógræktin er annað dæmi um slíkt en skógarbændur gera sig sífellt meira gildandi og afraksturinn af starfi þeirra verður sýnilegri með hverju árinu. Einnig eru fleiri tækifæri sem rétt er að huga að eins og verkefnið *Beint frá býli*. Ég nefni líka *Austfirskar krásir* og fleiri verkefni mætti nefna sem tengjast möguleikum í ferðaþjónustu.

Hæstv. forseti. Öll nýsköpun og vöruþróun er til lítils ef grunnurinn er ekki traustur. Búreksturinn verður að ganga sæmilega ef menn ætla að færa út kvíarnar og reyna fyrir sér á nýjum slóðum. Þess vegna er brýnt að landbúnaðarráðherra deili með okkur í dag stefnu sinni er varðar stuðning við íslenskan landbúnað til framtíðar. Eru til að mynda einhverjar líkur á því að átt verði við búvörusamningana og undirstöðum þeirra raskað með einhverjum hætti? Geta menn treyst því að ráðherra muni ekki taka upp búvörusamningana og þeir haldi út gildistíma sinn?

Nauðsynlegt er fyrir menn að vita að hverju þeir ganga. Haraldur Benediktsson lýsti því í viðtali við *Bændablaðið* 26. febrúar sl. að hann og fyrrverandi landbúnaðarráðherra, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, hefðu rætt ákveðnar hugmyndir um útfærslu búvörusamninga. Þar lýsir hann því jafnframt að hann hafi kynnt núverandi landbúnaðarráðherra þær hugmyndir og þá spyr ég: Hver er hugur ráðherrans gagnvart þeim hugmyndum? Ekki væri úr vegi að fá þær fram hér. Hvernig ætlar ráðherrann að snúa sér gagnvart bændum í þessu máli? Ég spyr einnig: Hefur ráðherra hugsað sér að fara á undan WTO-samningunum eins og þeir hafa verið að þróast og fara út í grænar greiðslur í meiri mæli en nú tíðkast hér á landi? Grunnspurningin er: Eru stórfelldar breytingar fyrirhugaðar hjá hæstv. ráðherra varðandi undirstöðurnar í landbúnaðinum?

[14:47]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Því er fljótsvarað að það er ekki á stuttum starfstíma núverandi ríkisstjórnar að vænta einhverra meiri háttar stefnubreytinga í málefnum landbúnaðarins. Nægjanlegt er við að glíma það sem flokka má undir það sem hv. þingmaður kallaði réttilega bráðavanda. Ég tek undir með fyrirspyrjanda að mönnum hefur orðið betur ljóst hvert gildi landbúnaðarins og matvælaiðnaðarins er við þær aðstæður sem hafa barið að dyrum á Íslandi, og það er vel. Sömuleiðis er ég sammála því að mikil tækifæri eru í íslenskum landbúnaði um leið og við umtalsverða erfiðleika er að glíma þar ekki síður en í mörgum öðrum atvinnugreinum.

Málefni landbúnaðarins eru kannski umfram flestar og sennilega allar aðrar greinar hvað stefnu stjórnvalda varðar bundin af lögum og samningum. Þau eru í þeim föstu skorðum að á grundvelli laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, eru gerðir samningar, svokallaðir búvörusamningar við Bændasamtökin og einstakar greinar þar. Það er sauðfjársamningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Sá samningur sem nú gildir tók gildi 1. janúar 2008 og gildir til 31. desember 2013 og markmið þess samnings er eins og menn þekkja að efla sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda, stuðla að nýliðun og margt fleira má nefna sem má svo sem deila um hversu vel gengur. Í öðru lagi er samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar sem tók gildi í september 2005 og gildir til 31. ágúst 2012. Í þriðja lagi aðlögunarsamningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða sem tók gildi 1. janúar 2002 og gildir til ársloka 2011. Þá er í gildi svokallaður búnaðarlagasamningur sem undirritaður er af landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra um verkefni samkvæmt búnaðarlögum og hann er í gildi á árabilinu 2006–2010. Stuðningur við loðdýrarækt er í tilteknum farvegi á grundvelli samkomulags ríkisvalds og loðdýrabænda og þannig mætti áfram telja. Landbúnaðarstefnan er því að mjög miklu leyti bundin af hálfu stjórnvalda á grundvelli laga og samninga, löggerninga sem um þetta gilda. Engu að síður hefur svo tekist til að beingreiðslur, samkvæmt þessum sömu búvörusamningum til sauðfjárbænda og mjólkurframleiðenda og reyndar einnig að nokkru leyti stuðningurinn við garðyrkjuna, voru skornar niður í fjárlögum yfirstandandi árs. Ég hef átt viðræður við Bændasamtökin um þá stöðu og þar er mönnum alveg ljóst að ekki eru horfur á að sú skerðing gangi til baka. Fjármunir eru ekki í hendi og engar fjárheimildir til að gefa undir fótinn með slíkt. Engu að síður væri affarasælast fyrir báða aðila ef í anda góðra samskipta þeirra á umliðnum árum tækist að semja um framhald þeirra mála og það er opið af okkar eða minni hálfu sem ráðherra að gera það.

Ríkið hefur frá sinni hlið verið að kanna aðeins stöðu sína í málinu, m.a. lagalega í framhaldi af því að Bændasamtökin hafa látið greina stöðu sína og gera lögfræðiálit. Ég hef boðið upp á það, og er með umboð frá ríkisstjórninni til þess, að þegar slík vinna er búin gætu menn í öllu falli hafið eitthvað sem menn kölluðu óformlegar könnunarviðræður í fyrstu umferð, ef til vill ekki formlegar samningaviðræður fyrr en ljóst væri að einhverjir fletir væru á málum. Ég held að allir mundu að sjálfsögðu gleðjast yfir því að hægt væri að koma þessu út úr heiminum með einhvers konar samningum um framhaldið því báðir þessir aðilar eiga mjög mikið undir því að samskiptin haldist í uppbyggilegum farvegi og séu í sátt.

Gripið hefur verið til tiltekinna ráðstafana, svo sem eins og þeirra að auðvelda bændum uppgjör virðisaukaskatts. Það var gert í samkomulagi landbúnaðarráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins þar sem frestir voru lengdir og vaxtareikningar felldir niður, sem og að þeim tilmælum var beint til skattstjóra að nýta heimildir laga um aukauppgjörsdag á virðisaukaskatti í þágu þeirra sem það hentaði.

Í þinginu er frumvarp um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð þar sem ætlunin er að nýta í einhverjum mæli fjármuni þess sjóðs til að aðstoða bændur við áburðarkaup í vor. Verkefni er að fara af stað sem ætlað er til að auka starfsemi landshlutabundinna skógræktarverkefna í ár svo ekki komi til tilfinnanlegs samdráttar þar og að jafnvel plöntur fari forgörðum sem ella mundi gerast að óbreyttum

fjárveitingum. Ég reikna með að landbúnaðarráðuneytið, Framleiðnisjóður og fleiri aðilar reyni að leggja til einhverja fjármuni í því skyni þannig að það verkefni geti farið af stað og skapað allmörg störf og sömuleiðis hefur verið í skoðun atvinnuátaksverkefni á breiðari grunni á sviði landgræðslu, skógræktar og ýmissa umhverfisverkefna Þannig er ýmislegt verið að reyna að gera, bæði til að aðstoða atvinnugreinina og nýta möguleika innan hennar til að skapa störf og verðmæti.

[14:52]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari umræðu og þakka fyrir að hún skuli vera hafin. Almennt má segja að í landbúnaðinum, þrátt fyrir staðbundna og tímabundna erfiðleika, fari fram fjölbreyttari atvinnusköpun en nokkru sinni fyrr.

Ég vil segja almennt um stuðningsfyrirkomulag við landbúnaðinn að ég veit að tiltekin þróun á sér stað á alþjóðlegum vettvangi, WTO, en skoðun mín er sú að við eigum ekki að hverfa frá framleiðslutengingum sem eru núna í stuðningskerfinu við landbúnaðinn. Framleiðslutengingarnar hafa ákveðið hlutverk til að halda uppi atvinnustarfsemi í sveitum og ég held að mjög mikilvægt sé fyrir okkur að reyna að viðhalda því.

Almennt talað um búvörusamningana þá fagna ég þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra að halda áfram þeim viðræðum sem ég hafði hafið við forustumenn Bændasamtakanna um fyrirkomulag búvörusamninga. Ég held að mjög mikilvægt sé að reyna að tryggja það að þeir fjármunir sem eru til staðar varðandi búvörusamninga nýtist bændum sem best og komi að mestu leyti til bændanna, þ.e. að þeir fjármunir nýtist sem best við búreksturinn sjálfan.

[14:53]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ég er sannfærður um að íslenskur landbúnaður, bændur og innlend matvælavinnsla mun leika lykilhlutverk í endurreisn þess atvinnulífs sem við viljum byggja upp á næstu árum. Þar er mjög mikilvægt að breytt sé um stjórnarstefnu frá því sem áður var og hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra hefur þegar tekið stór skref í þeim efnum.

Ég vil spyrja um það samráð sem hefur verið á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum og aðild Bændasamtakanna að því. Ég man að ég spurði fyrrverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, um þetta og honum fannst ekki ástæða til að vera að hafa þá með í slíku samráði, en ég spyr hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra: Er ekki eðlilegt að bændur og samtök þeirra komi inn á þann samráðsvettvang sem nú tekst á við þau alvarlegu mál sem við stöndum frammi fyrir.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi hug á að hefja könnunarviðræður við Bændasamtökin og halda áfram því starfi sem fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra var byrjaður með.

Ég fékk ekki alveg svör við því hvort hugsanleg stefnubreyting sé hjá hæstv. ráðherra um að hann hafi hug á að fara meira út í grænar greiðslur. Ástæða þess að ég spyr um þetta er sú að því var gefið undir fótinn í viðtali sem haft var við ráðherrann, a.m.k. á þann hátt að nokkrir bændur hafa haft samband við mig og haft af því áhyggjur að þarna væri einhver stefnubreyting fram undan. Mér þætti vænt um að fá einhver svör við því vegna þess að ég hef orðið vör við að þetta hafi valdið nokkrum óróa meðal bænda, að hugsanlega sé á einhvern hátt verið að kippa fótunum undan því kerfi sem nú hefur með ágætu samráði, samvinnu og samningum komist á varðandi þá samninga sem nú eru í gildi við Bændasamtökin, þ.e. um mjólk, sauðfé og grænmeti. Ég held að mjög mikilvægt sé að við fáum að vita hvort nokkur fótur er fyrir því að hæstv. ráðherra ætli að umbylta þessu kerfi á skömmum tíma þannig að bændur geti ekki verið alveg klárir á því hvar þeir standa með sinn rekstur.

[14:57]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég vona að bændur geti verið sæmilega öruggir um hvar þeir hafa mig. Ég hef öflugt bakland og aðhald, m.a. frá fjölskyldu minni þegar kemur að íslenskum bændum, menn þurfa því ekki að óttast að ég sé ekki sæmilega tengdur þar.

Ég geri ráð fyrir að ummæli sem ég lét falla á búnaðarþingi hafi verið tilefni til þessara vangaveltna því þar gaf ég vissulega sterklega til kynna að það væri skoðun mín að í framtíðinni, að sjálfsögðu ekki fyrr en að loknum kosningum og þá í höndum nýrra stjórnvalda, væri ástæða til að hefja stefnumótunarvinnu og horfa lengra fram í tímann. Þá er ég að tala um langt fram yfir gildistíma núverandi búvörusamninga. Ég er að tala um landbúnaðarstefnu til lengri tíma, menn ættu að setjast yfir það verkefni og hafa þá nægan tíma fyrir sér til að leggja línur um framhaldið og ég er áhugasamur um að við þróum kerfi í átt til — já, við getum kallað það grænna greiðslna. Ég hef lengi talið að einhvers konar búsetutengdur grunnstuðningur ætti að vera hluti af stuðningnum við landbúnaðinn til að auðvelda nýliðun í greininni og til að framseljanleg framleiðsluréttindi væru ekki of hár þröskuldur fyrir kynslóðaskiptum, en það þýðir ekki að til standi að fara að hrófla við eða hlaupa frá gildandi samningum. Ég get tekið af allan vafa um að ekkert slíkt er á dagskrá í þeim efnum.

Ég vil taka fram, af því ég kom því ekki að í fyrri ræðu minni, að það hefur sömuleiðis verið ákveðið og er í vinnu í ráðuneytinu að fara yfir allt sem lýtur að sölu og markaðssetningu afurða beint frá býli. Ætlunin er að fyrir vorið verði búið að skýra það regluverk og koma betur á framfæri upplýsingum um hvað menn geta og hvað ekki í þeim efnum. Svo virðist vera að margir óttist að þar sé erfiðara regluverk og fleiri þröskuldar en raunverulega eru til staðar þegar málin eru skoðuð og menn kannski verið of hikandi og hræddir við það að ráðast í slíka hluti af því að þeir hafa gefið sér fyrir fram að það væri torveldara en raun er á.

Varðandi spurningu um samráð ríkisstjórnar við aðila vinnumarkaðarins og hvort Bændasamtökin eigi ekki að vera þar með, þá er mitt svar jú, alveg hiklaust. Það samráð er í höndum forsætisráðherra sem undirbýr þá fundi og velur þá aðila sem þangað koma. Ég get komið þeim skilaboðum (Forseti hringir.) á framfæri og mér finnst það vera í anda þess sem ég held gjarnan á lofti að bændur og landbúnaður lögðu sitt af mörkum (Forseti hringir.) með eftirminnilegum hætti í þjóðarsáttinni á sínum tíma og eru vísir til að gera það aftur ef á þarf að halda. (**Gripið fram í:** ... samkeppnislög.)

Umræðu lokið.

Efling kræklingaræktar.

Fsp. ArnbS, 380. mál. — Þskj. 642.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Nú kannski sem aldrei fyrr þarf að líta til nýrra verkefna sem eflt gætu atvinnulíf okkar Íslendinga. Kræklingarækt er mikil atvinnugrein í Evrópu, árleg neysla kræklings er mjög mikil og nefnd hefur verið talan 2 milljónir tonna. Nú er hins vegar farið að þrengjast um ræktunarsvæði í Evrópu og því eru meiri líkur á að markaðsaðstæður okkar Íslendinga eflist. Í Kanada hefur líka verið unnið markvisst að eflingu kræklingaræktar sem atvinnugreinar og þar hefur náðst góður árangur.

Norður í Eyjafirði og víðar um land hafa einstaklingar lengi reynt að ná tökum á kræklingarækt, margir hafa lagt á sig fórnfúst starf til að ná árangri en framlög hins opinbera hafa hins vegar verið nokkuð takmörkuð í því þróunarferli. Þó hafa verið þróaðar aðferðir við búnað og varnir vegna ræktunarinnar en betur má ef duga skal til að ræktunin geti farið að skila arði og skila okkur störfum.

Þess má líka geta að nú er fram undan hjá Hríseyingum að ráða a.m.k. átta manns til vinnu til viðbótar við þá fimm sem þar eru í vinnu hjá Norðurskel.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur haft þessi mál til athugunar í vetur. Í fyrrahaust fór nefndin vestur á firði og ræddi við aðila sem hafa stundað rannsóknir þar. Í vetur hafa ræktendur komið til nefndarinnar og nú 5. mars sl. komu rannsóknaraðilar og forsvarsmenn rannsóknarsjóða til nefndarinnar. Það er auðvitað ljóst að ýmislegt er óunnið varðandi atvinnugreinina og er það tilefni spurningar minnar til ráðherra, og ekki síður hvort raunverulegur vilji er til staðar í opinbera kerfinu til að veita þessari atvinnugrein þann ramma sem nauðsynlegur er utan um greinina þannig að hún hafi fast land til að standa á.

Það hlýtur því að vera spurning hvort ekki sé komið að því að hið opinbera móti stefnu utan um atvinnugreinina. Nú má segja að það sé komið að nokkrum tímamótum þar sem erlendir aðila hafa sýnt áhuga á að koma og fjárfesta hér í kræklingaræktinni sem atvinnugrein. Ekki hafa allir hjallar verið yfirstignir en margt hefur lærst á löngum tíma og það þarf að gera frekari rannsóknir á ræktunarsvæðum, vöktunarmálum o.fl.

Umsóknir um rannsóknarstyrki í samkeppnissjóði virðast ekki hafa hlotið náð fyrir augum rýninefnda þannig að það er ljóst að það þarf að efla rannsóknir við atvinnugreinina. Ég spyr því hæstv. ráðherra:

1. Hver er staða umhverfisvöktunar vegna kræklingaræktar? Þá er ég að horfa á hitastig, fóður, þörungablóma o.fl.

2. Hefur ráðherra áform um að stuðla að eflingu kræklingaræktar?

[15:03]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég held að það sé kannski sanngjarnt að viðurkenna að kræklingaræktin hafi verið svolítið munaðarlítil, ekki alveg munaðarlaus en ekki nægjanlega vel að henni hugað. Ég ásaka ekki einn eða neinn sérstaklega, ég held einfaldlega að það hafi verið ákveðnar efasemdir, ákveðin vantrú á að þessi grein ætti hér góða framtíðarmöguleika. Menn færðu fram rök eins og þau að héðan væri fjarlægð á markaði það mikil o.s.frv. að hún ætti erfitt með að verða samkeppnisfær. Ég vona að það sé að afsannast. Sá árangur sem menn hafa náð er afar athyglisverður, t.d. í Hrísey eða Eyjafirði eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi. Þar hefur sömuleiðis náðst mikill árangur í gegnum samstarf við Kanadamenn sem hafa komið með verðmæta þekkingu inn í greinina og menn hafa þar af leiðandi getað stytt sér svolítið leið í því mikla þróunarstarfi og þeirri þekkingaruppbyggingu sem þetta frumkvöðlastarf hefur verið.

Hvað varðar umhverfisvöktunina er staðan sú að á undanförnum árum hefur verið ráðstafað á fjárlögum líklega um 3 millj. kr. til rannsókna sem snúa að umhverfisvöktun. Þessar rannsóknir beinast einkum að athugun á mengun, eiturþörungum, þungmálmum og fleiru slíku á fyrirhuguðum ræktunarsvæðum. Matvælastofnun hefur eftirlit með svæðunum og framleiðslunni eftir að heilnæmiskönnun lýkur.

Nefnd á vegum ráðuneytisins vinnur nú að tillögugerð um hvernig stofnanir hins opinbera geti stutt best við rannsóknir sem koma greininni til góða og gert er ráð fyrir að nefndarstarfinu ljúki síðar á þessu ári.

Það eru átta kræklingaræktarsvæði í heilnæmiskönnun í dag og gert er ráð fyrir að rannsókn á fyrstu svæðunum ljúki nú í sumar þannig að framleiðsla gæti þá hafist á þeim svæðum. Þessi svæði eru einkum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi.

Í öðru lagi er spurt: Hefur ráðherra áform um að stuðla að eflingu kræklingaræktar?

Svarið er já, það er þegar komið vel í gang í ráðuneytinu eftir að ég kom þangað. Það hefur m.a. verið fundað með aðilum og sömuleiðis hefur sjávarútvegsnefnd Alþingis sýnt frumkvæði í því máli og formaðurinn verið í samstarfi í framhaldinu við ráðuneytið. Kræklingaræktin hefur haft mjög takmarkaðan aðgang að fé úr opinberum sjóðum, eitthvað lítils háttar úr AVS-sjóðnum, en nú er orðin dálítil breyting þar á því að skipulag rannsóknanna í heild sinni er nú í vinnslu. Ásamt kræklingaræktendum og opinberum stofnunum er unnið að því og mér er nær að halda að þegar sé búið að ákveða að eyrnamerkja nokkurt fé til þess verkefnis þannig að vonandi geti komist meiri skriður á þessi

mál en verið hefur. Ég held að það sé orðið tímabært. Það tilrauna- eða þróunarstarf sem við getum sagt að hetjuleg barátta frumkvöðlanna hafi í eðli sínu verið hefur þegar lagt grunn að því að menn geti farið af stað í þetta sem alvöruatvinnugrein og þá eru möguleikarnir gríðarlegir. Það verða þá væntanlega fyrst og fremst markaðsaðstæðurnar og afkoman sem ráða því í hversu stórum stíl slík ræktun getur farið hér fram. Kræklinginn er hægt að ala mjög víða við landið og aðstæður eru víða ágætar til þess eins og komið hefur í ljós og nógur er sjórinn þannig að við ættum að geta bundið talsverðar vonir við að hér væri að bætast við álitleg stoð í matvælastóriðju okkar sem er samtals sjávarútvegur og landbúnaður hér í landinu og úrvinnsla og framleiðsla matvæla úr þeim greinum, bæði í okkar eigin þágu og til útflutnings.

[15:07]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Herra forseti. Ég fagna því sem fram kemur í máli hæstv. sjávarútvegsráðherra um styrki til þessarar greinar. Mig langar að vekja athygli á því til gamans að þann 20. mars — nú er 18. — árið 2002 lagði ég nákvæmlega sömu fyrirspurnir fyrir þáverandi sjávarútvegsráðherra. (**Gripið fram í:** Sömu svör?) Nei, það voru ekki eins mikil fyrirheit í þeim svörum og eru gefin núna þannig að ég fagna því. Það hefur komið fram að það er alveg gríðarleg neysla á þessari vöru í Evrópu, í hundruðum þúsunda tonna, a.m.k. milljón tonn held ég að ég megi segja, og ég efast um að Íslendingar selji meira en nokkrar skeljar á þennan markað. (Forseti hringir.) Við verðum að taka okkur taki í þessari nýju og mjög góðu grein sem (Forseti hringir.) við höfðum átt að gera mun fyrr og var bent á í þinginu fyrir 10 árum.

[15:08]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég verð að minna á að í tíð minni sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setti ég á laggirnar nefnd til að marka stefnu varðandi stuðning við kræklingaeldi og stefnumótun varðandi það. Sú skýrsla hefur legið fyrir, þeirri vinnu lauk á síðasta ári. Það var að mínu mati tímamótavinna þar sem því var m.a. slegið föstu af þeim sérfræðingum sem þar unnu og fólki úr atvinnulífinu að það væru mjög miklir möguleikar í kræklingaræktinni. Fram undir þetta hafði menn greint á um þetta en þarna var sýnt fram á það svart á hvítu.

Sömuleiðis var lagt á ráðin um það með hvaða hætti hið opinbera ætti að koma að því að styðja við uppbyggingu kræklingaræktar, svo sem eins og með því að standa fyrir vöktun á kræklingaræktarsvæðum og líka stuðning varðandi það hvernig hægt væri með sem skynsamlegustum hætti að flytja þessar afurðir til markaðslandanna. Þessi vinna var öll hafin í minni tíð og ég beindi sömuleiðis þeim tilmælum til AVS-stjórnarinnar að tekinn yrði upp stuðningur við kræklingaræktina í ljósi þess að búið væri að vinna þessa stefnumótunarvinnu og sýna fram á mikilvægi og notagildi kræklingaræktar. Ég hvet (Forseti hringir.) hæstv. ráðherra til að halda því verki áfram vegna þess að sú stefnumótunarvinna er mjög mikilvæg og er grundvöllur þess sem þarf að gera í kræklingaræktinni á Íslandi.

[15:09]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Mér er ánægjuefni að upplýsa það að nýskipuð sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd tók þetta mál föstum tökum á fyrstu tveim fundum nefndarinnar eftir að hún var skipuð. Ný ríkisstjórn tók þessi mál sérstaklega upp að beiðni skelfiskræktenda.

Fyrri fundurinn með þeim leiddi til þess að fundur var haldinn með Hafró, ráðuneytinu og AVS-sjóðnum sem stendur fyrir aukið virði sjávarfangs. Það kom mér á óvart að upplifa að þessi grein hefði verið olnbogabarn og fulltrúar skelfiskræktar sögðu farir sínar ekki sléttar. Það var farið í málið, þeir áttu síðan fund í ráðuneytinu, þeir áttu fund með AVS-sjóðnum og þar hefur aukinn styrkur verið veittur, um að ég hygg upp undir 5 millj. kr., til verksins. Svo er fyrirhugaður fundur um málið í ráðuneytinu á föstudagsmorgun. Ríkisstjórnin og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra munu taka þetta mál föstum tökum og það veitir ekki af. Þarna eru verulega miklir möguleikar og þarna er sprota- og nýsköpunarstarfsemi í gangi.

[15:10]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Þetta er eitt af því góða sem er í gangi í þjóðfélaginu í dag, það að auka atvinnu í kræklingarækt og afla gjaldeyristekna. Það er þetta sem við þurfum að nýta okkur núna, nýta allar auðlindir til sjávar og lands. Það er samt sorglegt að vita um neikvæðni ráðgjafarnefndar hjá AVS-sjóðnum um þessa atvinnugrein og ráðuneytis og annarra opinberra aðila sem hafa komið að þessu. Ein manneskja hjá Hafrannsóknastofnun virðist jákvæð gagnvart þessu og hefur rannsakað þetta.

Frumkvöðlarnir eiga auðvitað heiður skilinn, þeir sem hafa baksað við að gera tilraunir og hafa haldið áfram af litlum efnum en trú á að hægt sé að gera þetta að alvöruatvinnuvegi. Það eigum við að styðja (Forseti hringir.) með ráðum og dáð.

[15:12]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari umræðu um kræklingaræktina. Ég held að ég geti sagt að alla mína tíð sem þingmaður, sem er að verða 10 ár, hef ég dáðst að baráttu þeirra norðanmanna í Hrísey, perlu Eyjafjarðar, forsvarsmanna Norðurskeljar og halla ekki á neinn þótt ég nefni Víði Björnsson. Ég hef dáðst að þrautseigju þeirra við þetta, við það að ganga á milli Pontíusar og Pílatusar í kerfinu — fram að þessu.

Það hefur verið aðdáunarvert hvað þeir hafa dugað vel í því, en það má líka gagnrýna hve illa var tekið undir með þeim framan af þó að það gangi sem betur fer betur loksins núna.

Virðulegi forseti. Þetta er eitt af því sem við áttum auðvitað að vera komin miklu lengra með, ný atvinnugrein, gjaldeyrisskapandi atvinnugrein, og ekki veitir af. Ég fagna umræðunni sem hér hefur farið fram og því hvernig tekið er á þessu máli núna á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að efla þessa starfsemi. Það er það sem við þurfum einmitt (Forseti hringir.) að gera og þetta er einn af

þessum jákvæðu vaxtarbroddum, skulum við segja, sem við erum að sjá í þjóðfélaginu.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Eins og hér hefur komið fram eru mikil tækifæri í þessari atvinnugrein en jafnframt eru ýmsir þröskuldar sem þarf að komast yfir. Ég hvet hæstv. ráðherra til að halda áfram því góða starfi sem hæstv. fyrrverandi ráðherra hafði hafið í þessu efni og því samstarfi sem var komið á við samtök kræklingaræktenda. Þau gegna lykilhlutverki í því að þróa þessa atvinnugrein áfram.

Það er margt sem þarf að huga að, það þarf líka að þróa aðferðir til að flytja kræklinginn á markað þannig að sem hæst verð fáist fyrir hann. Það kom m.a. fram í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd að flutningskostnaður er mjög hár miðað við verðmæti kræklingsins og því þarf að þróa betri aðferðir við að koma þessari afurð á markað þannig að hún sé sem ferskust þegar hún kemur til neytenda.

Að mínu mati þarf einnig að kortleggja þau svæði þar sem hægt er og skynsamlegt er að ráðast í þessa atvinnustarfsemi. Það er engum í hag að hafin verði ræktun á svæðum sem alls ekki eru til þess fallin. Þess vegna er nauðsynlegt að ráðast í grunnrannsóknir á svæðunum þannig að hægt sé að skipuleggja og hreinlega kortleggja þau svæði við landið þar sem er mögulegt að stunda þessa ræktun.

Kræklingarækt svipar kannski meira til landbúnaðar en sjávarútvegs og það þarf að hafa þau svæði nokkuð klár sem eru möguleg til að veita einhverja uppskeru.

Það er hugsanlegt að það þurfi að þróa búnaðinn betur. Mér heyrðist það á þeim kræklingaræktendum sem við töluðum við. (Forseti hringir.) Það er fleira sem þarf að huga að, t.d. skipulagi rannsókna eins og hæstv. ráðherra kom inn á.

[15:15]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er svo sem ekki miklu við þetta að bæta. Ég held að það hafi komið ágætlega fram í umræðunni hver staða málsins er. Ég þakka hv. þingmönnum sem hafa lagt orð í belg, þar á meðal formanni sjávarútvegsnefndar sem hefur upplýst hvernig sjávarútvegsnefnd hefur beitt sér í málinu frá stjórnarskiptum. (**ArnbS:** Frá því fyrir stjórnarskiptin.) Já, já, örugglega líka þar, mér finnst ekki aðalatriðið að menn merki sér hluti. Þeim er það mjög tamt í munni, þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, að menn eigi að halda áfram því góða starfi sem þeir unnu og ég get fúslega sagt það að að því marki sem að þessu var unnið í tíð fyrri ríkisstjórnar er það gott og ég mun halda því áfram. Því miður er starfið ekki allt jafngott annars staðar, ég geri ekki ráð fyrir að menn séu að leggja til að við höldum áfram því góða starfi sem Sjálfstæðisflokkurinn vann á sviði efnahags- og bankamála svo eitthvað sé nefnt. (Gripið fram í.)

Það er enginn vafi á því að á sviði skelfisks eru miklir möguleikar og ég vil leyfa mér að nefna hér, þótt það sé annað mál, annað mikið þróunarstarf sem hefur kostað blóð, svita og tár, það að veiða kúfisk og markaðssetja hann. Heimamenn á Þórshöfn hafa þurft að kosta nánast að öllu leyti allt þróunar- og rannsóknastarf. Það er umhugsunarefni að það verði hlutskipti sumra nýsköpunaratvinnugreina að þurfa í miklu ríkara mæli að kosta grunnrannsóknir sínar sjálfar en á við um ýmsar aðrar greinar. Það er umhugsunarefni fyrir okkur að þannig skuli þessu vera fyrir komið, því miður, en sá er veruleikinn. Hvað varðar gæðaprófanir, mengunarmælingar o.fl. hafa menn í slíkum tilvikum oft þurft að bera þar kostnað sjálfir sem aðrar greinar atvinnulífsins eða jafnvel sjávarútvegsins fá að mestu leyti í gegnum hinar almennu rannsóknir sem kostaðar eru að uppistöðu til af ríkinu.

Þarna eru auðvitað þröskuldar og erfiðleikar. Einn af þeim er fjárbindingin í framleiðslu af því tagi þar sem ferlið er nokkuð langt. Þá kem ég enn að einu áhugamáli mínu sem eru vextirnir. Það mundi t.d. fátt koma nýsköpunarstarfi og þróun af þessu tagi betur en að fjármagnskostnaður lækkaði. Það er mikil fjárbinding í því að kaupa búnað og setja hann niður og bíða síðan eftir því að (Forseti hringir.) skelin vaxi. Það mundi örva svona starfsemi mjög ef jákvæð þróun yrði á því sviði.

Umræðu lokið.

Framkvæmd samgönguáætlunar.

Fsp. ArnbS, 382. mál. — Þskj. 644.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Í fyrsta tölublaði Framkvæmdafrétta Vegagerðarinnar í ár, sem gefið var út þann 26. janúar, birtist grein eftir vegamálastjóra undir heitinu Útboð hefjast að nýju. Þar segir hann frá því að 5 milljarða vanti upp á fjárheimildir ársins til að hægt verði að standa við núgildandi samgönguáætlun hvað nýframkvæmdir varðar. Tilmæli séu um að fyrst og fremst verði farið í verkefni á suðvesturhorninu og að um helmingi fjárheimilda til nýframkvæmda á árinu verði veitt til verkefna á því svæði en afgangurinn dreifist um landið. Þetta staðfesti samgönguráðherra nokkrum dögum síðar í grein í *Morgunblaðinu,* sem birtist föstudaginn 30. janúar. Þar segir hann að 6–7 milljarðar verði veittir til nýrra samgönguframkvæmda á árinu og einnig, með leyfi forseta:

„Við val á verkum hef ég lagt aukna áherslu á suðvesturhorn landsins og á samgöngubætur sem krefjast mikils mannafla. Er í fyrstunni miðað við að um helmingur af þeim 6–7 milljörðum króna sem til ráðstöfunar eru fari í verkefni á Suðvesturlandi og hinn helmingurinn skiptist á önnur landsvæði."

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að nauðsynlegt er að miða við það að mannaflsþörf þeirra verkefna sem ráðist er í sé sem allra mest vegna þess ástands sem nú er í atvinnumálum þjóðarinnar. Ég er hins vegar ekki sammála þegar kemur að forgangsröðun verkefna. Ég sé enga ástæðu til að ýta verkefnum á suðvesturhorni landsins framar í röðina. Ég sé engin rök sem hníga sérstaklega að því. Ég bendi á að starfsemi verktaka er ekki svæðisbundin. Verktakar eru færanlegir á milli landsvæða og mannskapurinn einnig. Ég

nefni dæmi um Suðurverk á Hólmahálsi, Vopnafirði og Landeyjahöfn en höfuðstöðvar þess eru í Kópavogi.

Ég nefni einnig að á Egilsstöðum eru öflug verktakafyrirtæki og Héraðsverk vinnur t.d. í Skagafirði og á Sléttu þannig að verktakarnir eru ekki staðbundnir. Það er sem sagt engin nauðsyn sem rekur til þess að beint samband sé á milli svæðisskiptingar framkvæmda og atvinnuástands á svæðunum. Vinnuaflið er færanlegt, ekki síst í þessum geira þar sem oftar en ekki er unnið á vöktum og úthöldum, og það eitt og sér að vegur sé lagður á svæðið þar sem atvinnuástand er bagalegt er engin trygging fyrir því að það batni. Það eru kannski nokkrar líkur á að slíkt vinnuafl megi nýta til verkefna annars staðar á landinu.

Ég spyr því ráðherrann hvort nokkur þörf sé fyrir aðrar viðmiðanir við úthlutun vegafjár nú en í venjulegu árferði? Hvort ekki sé réttara að miða áfram við það að samgönguframkvæmdir stytti leiðir, auki öryggi og færi byggðir í nánara samband en að þær séu staðsettar í einu kjördæmi frekar en öðru. Ég bið ráðherrann um að reifa fyrir þinginu þau sjónarmið sem liggja að baki ákvörðuninni.

Að auki tel ég brýnt að hann upplýsi okkur um það hvaða sjónarmið gildi í þetta skipti við ákvörðun (Forseti hringir.) framkvæmda og að síðustu spyr ég hvernig hann hyggst ná fram (Forseti hringir.) markmiðum gildandi samgönguáætlunar í ljósi fyrrgreindrar ákvörðunar sinnar.

[15:21]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir hefur beint til mín þessari spurningu: „Hvaða sjónarmið búa að baki þeirri ákvörðun ráðherra að veita einungis tæplega helmingi ráðstöfunarfjár til nýrra samgönguframkvæmda á þessu ári til verkefna í landsbyggðarkjördæmum?"

Ekki er hægt að gefa fullnægjandi svar fyrr en við sjáum betur niðurstöður útboða. En þetta er ekki eins og hér er talað um. Hvert hlutfallið verður kemur í ljós þegar tilboð hafa verið opnuð og útboð hafa öll farið fram og hvort við sjáum þá góðan meiri hluta í þessu, raunverulegan helming, tvo þriðju eða eitthvað annað. Það á eftir að koma í ljós og kemur ekki í ljós, virðulegi forseti, fyrr en útboðin hafa öll verið könnuð.

Þá er það líka spurning um hvað eigi að taka til höfuðborgarsvæðisins. Hin hefðbundna skýring, sem hefur verið hingað til, er að það séu Reykjavíkurkjördæmin bæði og Suðvesturkjördæmið. Við getum spurt okkur að því hvort framkvæmdir, eins og t.d. við Suðurlandsveg eða Vesturlandsveg, hér í næsta nágrenni teljist ekki til höfuðborgarsvæðisins. Þá kemur aftur upp spurning um hvaða hlutfall kemur út úr því.

En líka er rétt að hafa í huga, virðulegi forseti, að á árinu 2009 verðum við með töluvert mikið af uppgjörum við þau verk sem hafa verið í gangi, þau verk sem tekin voru fram fyrir og sett í flýtiframkvæmdir af fyrrverandi ríkisstjórn 10. júlí 2007, ef ég man rétt, vegna skertra aflaheimilda í þorskveiðum á árinu. Þess vegna, virðulegi forseti, hafa jafnmiklar framkvæmdir verið á landsbyggðinni og raun ber vitni.

Líka er rétt að hafa í huga, virðulegi forseti, að einn þáttur kemur auðvitað inn í þetta líka sem er það að aðeins — þótt það séu kannski umferðarmestu æðarnar — 3,5% af lengd þessara vega, þ.e. stofn- og tengivega, eru á hinu hefðbundna og skilgreinda höfuðborgarsvæði.

En ansi margar framkvæmdir hafa verið í undirbúningi og eru að fara í framkvæmd á höfuðborgarsvæðinu og dettur mér helst í hug hringvegurinn í Mosfellsbæ, Álftanesvegur sem er í útboði, Arnarnesvegur og hringvegur milli Bæjarháls og Vesturlandsvegar, en gert er ráð fyrir tvöföldun þar.

Auk þess verða á höfuðborgarsvæðinu boðin út mörg smærri verk, sem unnið hefur verið að að setja í gang, sem eru eingöngu og kannski fyrst og fremst til að bæta umferðarflæði á svæðinu auk þess sem sum þeirra hafa það að markmiði að greiða sérstaklega fyrir almenningssamgöngum.

Virðulegi forseti. Þess vegna ítreka ég enn og aftur og spyr hvernig skilgreina eigi höfuðborgarsvæðið til að ekki sé sífelld togstreita á milli höfuðborgarbúa og landsbyggðarbúa um hvað sé verið að gera. En ég ítreka það sem ég sagði áðan um hver niðurstaðan verður. Ég er alveg sannfærður um að það verður töluvert meira en helmingur.

Útboð standa yfir á Vopnafjarðarheiði og svokallaður Raufarhafnarleggur verður auglýstur í næstu viku sem og Bræðratunguvegur með nýrri brú yfir Hvítá. Tilboð hafa verið opnuð í fyrsta kafla á Vestfjarðavegi og þar á líka að bjóða út framkvæmdir á Haffjarðará og ég minni á framkvæmdir við Landeyjahöfn.

Auk þess vil ég geta þess, virðulegi forseti, að nánast allar framkvæmdir siglingamála eru í landsbyggðarkjördæmunum þremur og eina stóra framkvæmdin í flugmálum að svo stöddu, lenging Akureyrarflugvallar, er í landsbyggðarkjördæmi. Vonandi stendur það til bóta með byggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll.

Í öðru lagi spurði hv. þingmaður: „Hvernig hyggst ráðherra tryggja það að markmið gildandi samgönguáætlunar komi til framkvæmda í ljósi fyrrgreindrar ákvörðunar?"

Þá vísa ég í svar við fyrri spurningunni, fjármálaástandið leiddi til mikils niðurskurðar á fé til samgöngumála og eins og kunnugt er getur samgönguráðherra ekki tryggt að unnt verði að standa við öll fyrirhuguð markmið samgönguáætlunar árið 2009. Ég hef áður sagt að ekki verður hætt við neitt heldur frestast ýmislegt af sjálfu sér, eins og t.d. vegna skipulagsmála þar sem við höfum ekki leyfi til að fara af stað, jafnvel þó að peningar væru til.

Frú forseti. Ekki hefur að öllu leyti verið ákveðið hvaða vegagerðarverkefni verður unnt að bjóða út árið 2009. Heildarfjárveiting til vegamála liggur fyrir á fjárlögum en þróun verðlags hefur haft töluverð áhrif á þau verk sem þegar eru í gangi og þar með á það rými sem verður til nýrra verkefna. Þá munu niðurstöðutölur úr útboðum ársins einnig hafa áhrif á það hvaða fjármagn verður til ráðstöfunar, eins og ég gat um áðan. Þannig að eiginlega má segja, (Forseti hringir.) og ég tek undir það sem hæstv. fjármálaráðherra sagði áðan, að auðvitað er til mikilla bóta fyrir vegaframkvæmdir á landinu (Forseti hringir.) að vextir fari að lækka, sem maður vonar að verði ekki seinna en í þessari viku.

[15:26]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ég vil bara árétta hversu mikilvægt er að bæði stofnframkvæmdum og viðhaldsverkefnum í vegamálum verði dreift sem best um landið. Ég minnist yfirlýsingar frá hæstv. samgönguráðherra um að þótt að þrengdi yrði samt að standa vörð um þau verkefni sem væru úti á landi. Þessi minni verkefni væru mannaflsfrek og hentuðu vel fyrir minni staðbundna verktaka. Ég legg áherslu á að við það verði staðið og treysti hæstv. samgönguráðherra til þess. Því í góðærinu 2006 og 2007 voru vegaframkvæmdir einmitt skornar niður úti á landi vegna þenslu og vegaframkvæmdir voru aldrei minni en árið 2006.

Það er ansi hart (Forseti hringir.) ef landsbyggðin á líka að taka á sig skerðinguna þegar harðnar í ári þannig að ég hvet hæstv. samgönguráðherra til (Forseti hringir.) að standa vörð um þessi mál.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Tilefni fyrirspurnar minnar var einmitt yfirlýsing hæstv. ráðherra um að færa ætti áherslurnar frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og vísað í það að ráðast þyrfti í mannaflsfrekar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu vegna atvinnuástandsins þar.

Ég vil þá enn þá ítreka að það er auðvitað þannig í vegaframkvæmdum að sá mannafli sem nýtist til vegaframkvæmda er ekki bundinn við þau svæði þar sem framkvæmdirnar fara fram. Af þeirri ástæðu er ekki nauðsyn á því að flytja til verkefni enda held ég að þá væri hægt að horfa til atvinnuástands á fleiri stöðum en á höfuðborgarsvæðinu. Því auðvitað þarf víða að huga að því og ég nefni t.d. Héraðið og Egilsstaði en þar er byggt mjög á verktakastarfsemi og öflugir verktakar þaðan hafa verið að vinna um allt land. Nú er slæmt atvinnuástand á Egilsstöðum og er þá ekki rétt að horfa til þess?

Meginmálið er: Er hæstv. ráðherra, eins og kemur fram í yfirlýsingum hans, að breyta um stefnu? Ætlar hann að hverfa frá meginmarkmiðum samgönguáætlunar eingöngu til að framkvæmdirnar geti farið fram í Reykjavíkurkjördæmunum og Suðvesturkjördæmi? Ég held að það sé rangt og áfram eigi að byggja á því að vegaframkvæmdir séu til að stytta leiðir og verið sé að auka umferðaröryggi og færa byggðir í nánara (Forseti hringir.) samband til að byggja upp heildstæðari atvinnu- og búsetusvæði.

[15:30]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og þingmanninum sem tók þátt í umræðunni. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram um hinar mannaflsfreku framkvæmdir og að við efnahagshrunið og það að missa 6 milljarða út úr samgönguáætlun hafi þurft að endurskoða alla áætlunina. Því er heldur ekki að leyna, virðulegi forseti, og ég ætla að ítreka það sem ég sagði áðan, að stærstu óvinir samgönguframkvæmda í dag eru verðbólga, háir vextir og lágt gengi. Þetta kemur verulega í bakið á okkur og tekur töluvert fé. Mörg verk sem eru í gangi verða dýrari en ætlað var. Mörg verk sem við erum að fara að bjóða út hafa hækkað mikið.

En á móti kemur að við erum að fá mjög góð tilboð — og 60% tilboð sem við höfum verið að fá núna. Það má segja það að sá sem hér stendur bíður spenntur eftir 24. mars þegar opnuð verða tilboð í Vopnafjarðarheiði, stórt og mikið verk, sem ég veit að margir verktakar hafa tekið útboðsgögn um og munu bjóða í.

Virðulegi forseti. Ég held að sem betur fer séum við öll sammála á hinu háa Alþingi um það stórátak sem hefur staðið yfir í samgöngumálum bæði 2008 og nú 2009. Áður hefur komið fram að við erum að vinna í bundnum verkum fyrir 15 milljarða á þessu ári og 6 milljarðar bætast við. Áherslurnar á það hvað verið er að gera eru dálítið óvissar. Við þekkjum það í landsbyggðakjördæmunum þar sem menn tala um að búa til veg. Spurningin þar er í raun og veru hvort menn komast milli A og B yfir höfuð ef ófærð er af snjó eða drullu. En hér á höfuðborgarsvæðinu er spurt á hvaða tíma komast menn á milli A og B.

Það hefur verið stórt og (Forseti hringir.) mikið atriði hingað til en inn í þetta blandast svo tölur sem við sjáum í umferðarmælingum, bæði frá Reykjavíkurborg og Vegagerðinni, (Forseti hringir.) þar sem umferð er miklu minni en hún var á „góðæristímanum".

Umræðu lokið.

Samningur um siglingar yfir Breiðafjörð.

Fsp. HerdÞ, 387. mál. — Þskj. 651.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Herdís Þórðardóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hæstv. samgönguráðherra út í ferjusiglingar yfir Breiðafjörð. Fyrir stuttu, þ.e. í lok janúar sl., barst þingmönnum Norðvesturkjördæmis og samgöngunefnd Alþingis ályktun frá bæjarráði Vesturbyggðar þar sem því er harðlega mótmælt að áform séu uppi um að leggja af ferjusiglingar milli Stykkishólms og Brjánslækjar vegna niðurskurðar á ríkisútgjöldum. Samkvæmt upplýsingum frá Sæferðum ehf. varðandi siglingar ferjunnar Baldurs yfir Breiðafjörð telur Vegagerðin að hún geti ekki gengið til samninga við Sæferðir um framlengingu á samningum milli þessara aðila.

Frá árinu 2001 hefur ríkissjóður styrkt ferðir Baldurs með sérstökum samningi við rekstraraðila ferjunnar. Þegar samningurinn var framlengdur árið 2005 var gert ráð fyrir að stuðningi ríkisins mundi ljúka í lok árs 2009 en samkvæmt samningnum var dregið úr stuðningi í fyrrasumar og forsendurnar voru stiglækkandi stuðningur við ferjusiglingar. Samningurinn var sá að vegabætur hefðu orðið á sunnanverðum Vestfjörðum en tafir hafa orðið á þeim úrbótum og eins og við vitum hefur það oft komið fram í umræðunni á Alþingi.

Hinn 24. febrúar sl. voru opnuð tilboð í endurgerð á tæplega 16 km kafla á Vestfjarðavegi frá Þverá í Kjálkafirði að slitlagsenda við Þingmannaá í Vatnsfirði en því verki á að vera að fullu lokið 30. nóvember 2010. Það er því fyrirsjáanlegt að vegaframkvæmdum á þessari leið verður ekki lokið þegar samningnum við Sæferðir lýkur um

næstu áramót.

Samkvæmt því bréfi sem þingmönnum barst kemur fram, ef ég má vitna, með leyfi forseta, í það bréf:

„Mikil hætta er á að ferjunni verði fundin önnur verkefni ef ekki næst að endurnýja samninginn við Vegagerðina. Bæjarráð Vesturbyggðar fer fram á að framlengdur verði samningur milli Vegagerðarinnar og Sæferða ehf. um ferjusiglingar yfir Breiðafjörð og að fjöldi ferða verði færður til þess fyrirkomulags sem var við lýði á árinu 2007."

Það yrði afturför ef siglingar legðust af nú þegar þörf er á að efla ferðaþjónustuna í landinu. Siglingar ferjunnar Baldurs eru gríðarlega mikilvægar fyrir íbúa og ekki síður fyrirtæki á þessu svæði og þá sérstaklega fyrir sjávarútvegsfyrirtæki sem þurfa nauðsynlega að koma afurðum sínum á markað Skiptir þá oft sköpum að koma afurðum sjóleiðina en ferjan hefur tryggt heilsárssamgöngur við sunnanverða Vestfirði undanfarin ár.

Því spyr ég hæstv. samgönguráðherra hvort ekki sé þörf á að ganga til endurnýjunar á samningnum við Sæferðir ehf. og hver afstaða hans sé í þessu máli. Þá lít ég líka til ferðaþjónustunnar í landinu því að íbúar á þessu svæði vilja fá svör, og það skýr svör. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) þessarar spurningar:

Telur ráðherra koma til greina að endurnýja samning Vegagerðarinnar og Sæferða ehf. um siglingar yfir Breiðafjörð þegar núgildandi samningur rennur út um næstu áramót?

[15:36]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Já, samgönguráðherra telur vel koma til greina að endurnýja samning um siglingar yfir Breiðafjörð og er í því sambandi vísað í viljayfirlýsingu Vegagerðarinnar sem ég undirritaði sjálfur, dags. 24. febrúar 2009, um að samningur við Sæferðir ehf. um styrki til ferjusiglinga á Breiðafirði verði framlengdur til loka maí 2011.

Endurnýjun samnings um þennan tíma byggist á því að ekki verður unnt að tryggja umferð þungra bíla á Vestfjarðavegi í Barðastrandarsýslu allt árið um kring vegna takmarkana á öxulþunga fyrr en framkvæmdum er lokið á veginum um Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð annars vegar og frá Kjálkafirði til Vatnsfjarðar hins vegar. Síðarnefndu framkvæmdirnar hafa þegar verið boðnar út en óvissa er enn um framkvæmdir í Þorskafirði vegna málaferla um vegagerð í Teigsskógi.

Að loknum þessum framkvæmdum verður að gera ráð fyrir að ekki verði frekari styrkir til ferjusiglinga yfir Breiðafjörð. Þess má geta, virðulegi forseti, að á árinu 2008 fór Baldur 348 ferðir milli Stykkishólms og Brjánslækjar og flutti tæpa 50.000 farþega. Skipið flutti 11.868 fólksbíla og 851 flutningabíl.

Ég vil ítreka það sem ég hef hér sagt í þessu svari, virðulegi forseti, að þær samgöngur sem Sæferðir hafa innt af hendi um ferjusiglingar á Breiðafirði eru mikilvægar fyrir byggð á sunnanverðum Vestfjörðum og meðan okkur gengur ekki betur og við getum ekki klárað þessar umræddu vegaframkvæmdir þurfum við að halda uppi ríkisstyrktum ferjusiglingum á þessu svæði.

[15:38]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Frú forseti. Ég þakka þessar umræður og sérstaklega gladdist ég við svar hæstv. samgönguráðherra þar sem hann segir að búið sé að gera samning og þetta eigi að vera í góðum málum til 2011. Líka hefur komið fram að það hafi verið tafir á vegaframkvæmdum þarna og ég held að það sé rétt að halda því til haga að það er ekki vegna þess að samgönguráðuneytið eða hæstv. samgönguráðherra hafi staðið í vegi fyrir því, heldur hafa verið málaferli út af vegalagningu yfir Gufufjörð og Djúpafjörð. Ég vona að það verði lagað sem allra fyrst og það fari að komast á hreint.

Engu að síður langar mig til að segja, frú forseti, að ég held að í framtíðinni þegar koma harðir vetur og erfiðir, þó að það sé búið að leggja góða vegi, (Forseti hringir.) muni menn áfram tala um Baldursferðir þótt ekki væri nema bara yfir mestu vetrarmánuðina.

[15:39]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni og þakka það sem hæstv. ráðherra lýsti hér yfir, að hann hefði undirritað viljayfirlýsingu hinn 24. febrúar sl. um að gengið yrði til samninga um að framlengja samninginn við Sæferðir um styrki til siglinga Baldurs yfir Breiðafjörð. Ég skildi svar hæstv. ráðherra svo að það væri ekki búið að gera þennan samning.

Ég fagna þessu, það hefur dregist úr hömlu hjá ráðuneytinu að viðurkenna þá staðreynd að vegaframkvæmdum verður ekki lokið áður en samningurinn rennur út og þar með hefur orðið algjör forsendubrestur í samningnum.

Ég ítreka það sem hér var kynnt frá bæjarráði Vesturbyggðar, að ekki einungis sé nóg að framlengja þennan samning, þ.e. forsendurnar í framlengingunni, miðað við fjölda ferða, að þær sé óbreyttar frá árinu 2007, þ.e. áður en byrjað var að skera niður vegna þessara samgöngubóta sem (Forseti hringir.) ekki eru orðnar að veruleika.

[15:40]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá fyrirspurn sem hér er borin fram og svör hæstv. ráðherra, sem eru ánægjuleg að mörgu leyti. Þó vil ég segja að ég tel þurfa að gera betur í þessum efnum, bæði hvað varðar að tryggja siglingarnar til lengri tíma en út maí 2011 — það er fyrirsjáanlegt að vegabótum verður ekki lokið á þessari leið á þeim tíma — og hins vegar þurfa að vera fleiri ferðir til að þjónusta og aðkoma að þessu svæði sé með þeim hætti sem fólk vill hafa um þessar mundir. Það þurfa að vera ferðir kvölds og morgna, bæði hvað varðar flug inn á svæðið og áætlunarferðir Baldurs, til þess að vel sé. Mér er ljóst að auðvitað kostar það töluvert fé úr ríkissjóði en ég held að það sé það sem raunverulega þarf til að styrkja svæðið og gera það samkeppnishæfara.

[15:42]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda, Herdísi Þórðardóttur, fyrir að vekja máls á þessu og sömuleiðis

fagna ég þeirri yfirlýsingu hæstv. samgönguráðherra sem hann flutti hér áðan. Þó vil ég segja að það er alveg ljóst að það verður auðvitað að framlengja þennan samning enn þá lengur. Það hafa orðið algjörlega óafsakanlegar tafir á vegauppbyggingu við sunnanverða Vestfirði og það er einfaldlega ekki líðandi eins og þetta er.

Vegasambandið þarna er með því allra versta sem þekkist í landinu við þéttbýlisstaði af þessari stærð og þeir vegir sem þarna er ekið um standa einfaldlega ekki undir því nafni að geta kallast vegir, fyrir utan það að fjarskiptasamband á þessari leið er óviðunandi þar að auki. Það er alveg ljóst að við verðum að herða á þessu og það verður að herða á þessum framkvæmdum. Að vísu er að hluta til hægt að afsaka þetta með þeim töfum sem hafa orðið út af, að mínu mati, tilefnislausum málaferlum (Gripið fram í.) en engu að síður þarf að fara þá í framkvæmdir á öðrum svæðum þarna til að hraða þessari uppbyggingu (Forseti hringir.) sem er bráðnauðsynleg forsenda fyrir byggðinni á sunnanverðum Vestfjörðum.

[15:43]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Við getum verið sammála um góð orð í þessum efnum, en framkvæmdirnar hafa ekki gengið eftir með sama hætti. Ferjusiglingar Baldurs eru ein af lífæðum samgangna milli landshluta, milli Vestfjarða yfir Breiðafjörð, Snæfellsnes og aðra landshluta.

Ég nefni skólamálin. Það var mikið framfaraspor þegar hægt var að stofna framhaldsskóladeild aftur á sunnanverðum Vestfjörðum í tengslum við framhaldsskólanám á Snæfellsnesi, í Grundarfirði. Það samstarf er háð því að þessar samgöngur gangi upp og séu í lagi.

Sama á við um ferðaþjónustuna og flutning á fiski eins og hér hefur verið sagt. Ég spyr ráðherra: Hvers vegna er þá ekki gengið þegar í stað til samninga um ferjusiglingarnar úr því að hann er búinn að gefa skipun um það? Við höfum rætt þetta oft, þetta er þriðja, fjórða eða fimmta skiptið á Alþingi, og ekkert gerist. (Forseti hringir.)

Einnig er allt of skammt að þetta sé bara til 2011. Það er framtíðarþörf sem við eigum að horfa til.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Herdís Þórðardóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svör hans. Það var ánægjulegt að fá þær fréttir að þessi viljayfirlýsing skuli hafa verið undirrituð en eins og aðrir sem hafa hér tekið til máls segja er þetta náttúrlega til 2011 og tímasetningin til loka maí, þegar sumarvertíðin er að hefjast, er náttúrlega ekki góð ef við horfum á það.

Hæstv. forseti. Ég tók þetta mál hér upp út af þeim málum sem við íslenska þjóðin erum stödd í í dag í þessari efnahagskreppu. Hvað eigum við að gera til að forgangsraða hlutunum? Við búum hér við erfiðar aðstæður eins og íbúar á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum hafa þurft að búa við, slæma vegi ár eftir ár. Ég man í kosningabaráttunni 2007 þegar ég fór sunnanverða Vestfirði hafði ég farið þessa leið 10 árum áður og ekki var þá orðin mikil bragarbót á vegunum frá því fyrir 10 árum.

Ég tel jafnframt mjög brýnt að ríkisvaldið styðji við ferjusiglingar eins og málum er komið í dag og komi þannig til móts við ferðaþjónustu og atvinnufyrirtæki á þessu svæði. Ég veit að það er heimild í lögum um stuðning við ferjusiglingar vegna ferðaþjónustu. Þess vegna segi ég að það er ekki þungbært fyrir ríkissjóð að styrkja og standa við bakið á ferjusiglingum. Ég hvet hæstv. samgönguráðherra til þess að Vegagerðin gangi (Forseti hringir.) nú þegar til samninga við þessa aðila og það verði (Forseti hringir.) gert til lengri tíma.

[15:47]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér er um ferjusiglingar um Breiðafjörð. Við skulum hafa það í huga sem kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda að samningurinn sem var gerður 2005 var niðurtröppunarsamningur af hálfu þeirrar ríkisstjórnar sem sat 2003–2007, sem átti að ljúka 31.12.2009. Það er auðvitað það verk sem við þurfum að framlengja og það er það sem ég hef gefið leyfi til að verði framlengt.

Síðan getum við aftur haft skoðanir á því hvað á að framlengja þetta til langs tíma. Þarna er sett maí 2011. Við skulum bara vona að okkur takist að vinna hratt í þeim vegaframkvæmdum sem við erum að gera hér að umtalsefni og ég er mjög hlynntur. Ég bendi á það, virðulegi forseti, að fyrsta útboðsverkið hjá Vegagerðinni eftir útboðsstoppið, eftir að við máttum fara að bjóða út á ný, var verkefnið Kjálkafjörður – Vatnsfjörður og fylgir því frá þeim sem hér stendur ákveðin yfirlýsing um mikilvægi þessa verks. Ég hef áður sagt það, virðulegi forseti, að ástand vega á sunnanverðum Vestfjörðum er okkur Íslendingum ekki til sóma og þarna þarf verulega að taka á.

Þess vegna er ég ákaflega ánægður með að þetta verkefni skuli hafa verið fyrsta verkefnið sem var boðið út. Viðræður standa nú yfir við verktaka og verður vonandi undirritaður verksamningur sem allra fyrst.

Þá stöndum við aftur frammi fyrir þverun Djúpafjarðar og Gufufjarðar og veginum í Teigsskógi. Það mál bíður því miður hjá Hæstarétti. Hvort það verður tekið fyrir fyrir dómhlé eða eftir veit ég ekki um, ég óttast að það verði eftir, og þá hafa þessar tafir orðið á því. Af minni hálfu er enginn bilbugur á þeirri framkvæmd, hún á að halda áfram. En málið er sem sagt hjá Hæstarétti og bíður þar þessa æðsta dómstóls sem fjallar um öll verk sem deilur eru um. Það er sárgrætilegt að það skuli vera (Forseti hringir.) deilur um jafnsjálfsagðar framkvæmdir og samgöngufram-kvæmdir. Það er ekki bara þarna vestur á fjörðum, það er á fleiri stöðum.

Að lokum, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) vil ég bara aftur þakka þingmönnum fyrir þessa ágætu samgönguumræðu. (Gripið fram í.)

Umræðu lokið.

Skimun fyrir krabbameini.

Fsp. ÁI, 396. mál. — Þskj. 671.

[15:49]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. 17. mars árið 2007 var samþykkt á Alþingi þingsályktun þar sem hæstv. þáverandi heilbrigðisráðherra var falið að hefja undirbúning að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi og skyldi leitin hefjast á árinu 2008. Þessi samþykkt þingsins átti sér nokkurn aðdraganda. 1. flutningsmaður var Drífa Hjartardóttir, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi, en frá árinu 2000 hafði þingmaðurinn Árni Ragnar Árnason heitinn lagt þessu máli lið og flutti hann m.a. ásamt 17 öðrum þingmönnum úr öllum flokkum þingsályktunartillögu sem var samþykkt á árinu 2002 um að gerðar skyldu tillögur um hvernig staðið skyldi að forvörnum og leitarstarfi að krabbameini.

Þegar ákveðið var á Alþingi að hefja þessa leit á árinu 2008 var byggt á skýrslu landlæknisembættis og var þá miðað við að hefja skyldi leit hjá 50 ára og eldri, bæði körlum og konum og á tveggja ára fresti. Ég spurðist sérstaklega fyrir um það hér á síðasta ári, 6. febrúar 2008, hvað þessu máli liði, þ.e. undirbúningi að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi. Ég fékk þau svör frá hæstv. þáverandi ráðherra að ekki væri fyrirhugað að hefja þessa skimun fyrr en í ársbyrjun á þessu ári sem nú er nýbyrjað, á árinu 2009, og olli það nokkrum vonbrigðum miðað við samþykkt Alþingis sem var eins og ég sagði mjög skýr frá árinu 2007, 17. mars, um að hefja skyldi skimun á árinu 2008. En það var einnig á orðum hæstv. þáverandi ráðherra að skilja að búið væri að þrengja hópinn verulega frá því sem landlæknir hafði mælt með og nú skyldi byrjað á skimun hjá 60–69 ára.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það hversu mikill árangur hefur orðið af hópleit til að mynda að brjóstakrabbameini og hversu mikið er í húfi þegar við erum að ræða um að 134 Íslendingar, karlar og konur, greinast með ristil- og endaþarmskrabbamein á ári hverju en það leggur árlega 55 einstaklinga að velli. Ég hef því spurt hæstv. heilbrigðisráðherra hvað þessu máli líði og hvernig 20 millj. kr. fjárveitingu á síðasta ári var varið í þessu skyni. En ég hef líka spurt hvort fyrirhugað sé að skima fyrir krabbameini í blöðruhálskirtli hjá þeim hópi karla sem boðaður er til leitarinnar því að blöðruhálskirtilskrabbamein leggur mun fleiri karla að velli en ristilkrabbameinið.

[15:52]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli og beina spurningum til mín.

Hv. þingmaður spyr fyrst hvað líði undirbúningi að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi sem hefjast átti í ársbyrjun 2009 og vísar m.a. til ályktunar Alþingis frá 17. mars 2007. Þess má geta að sá sem hér talar átti aðild að þeirri þingsályktunartillögu en samkvæmt henni var gert ráð fyrir því að þessi skimun hæfist 1. júlí það ár en síðan kom síðari dagsetningin til sögunnar sem hv. þingmaður vísar til.

Hér er um að ræða umfangsmikla aðgerð sem snertir fjölda fólks en forveri minn í starfi heilbrigðisráðherra skipaði ráðgjafahóp á miðju síðasta ári undir formennsku sóttvarnalæknis til að sinna þessu verkefni. Í ráðgjafahópnum sátu enn fremur helstu talsmenn skimunar fyrir ristilkrabbameini auk heilsuhagfræðings og prófessors í faraldsfræði við Háskóla Íslands, yfirlæknis heilbrigðisráðuneytisins, formanns sóttvarnaráðs og fleiri. Hópurinn skilaði tillögum í nóvember sl. og lagði til að hafin yrði skimun fyrir ristil- og endaþarmskrabbameini meðal fólks á aldrinum 60–69 ára þar sem því yrði boðið að skila hægðasýnum annað hvert ár og í sýnunum leitað að blóði. Þeim sem reyndust hafa blóð hægðum yrði boðið til ristilspeglunar. Jafnframt var lagt til að sú reynsla sem fengist af þessari skimun yrði lögð til grundvallar á frekari útvíkkun í framtíðinni.

Gert var ráð fyrir að kostnaður af þessari skimun yrði um 60 millj. kr. árlega miðað við verðlag á miðju árinu 2008. Hópurinn veitti einnig ráð um aðrar skimanir og bólusetningar. Alþingi hafði veitt 20 millj. kr. til undirbúnings leitar fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi. Ekki hefur verið greitt fyrir vinnu þessa ráðgjafahóps og er þessi fjárhæð því á safnlið hjá ráðuneytinu þar til ljóst verður að frekari fjárveiting liggi fyrir til að hefja þessa leit. Svo sem kunnugt er hefur engu fé enn þá verið veitt til þessarar skimunar af hálfu Alþingis.

Hv. þingmaður spyr enn fremur hvort fyrirhugað sé að skima fyrir krabbameini í blöðruhálskirtli hjá þeim hópi karla sem boðaðir verða til hópleitar fyrir ristilkrabbameini. Svarið við þessu er neitandi. Engin alþjóðlega samþykkt aðferð er til að mati sérfræðinga heilbrigðisráðuneytisins, og vísa þeir í skýrslur þar að lútandi, sem er nægjanlega nákvæm og markviss til að réttlæta slíka hópleit. Af hálfu ráðuneytisins er vel fylgst með allri umræðu um þennan þátt, þ.e. leit að krabbameini í blöðruhálskirtli karla sem er algengasta krabbamein þeirra. Mikil umræða á sér stað um þetta mál, bæði hérlendis og erlendis. Ágallar þeirra aðferða sem helst koma til greina eru það miklir að mati sérfræðinga ráðuneytisins að hvorki heilbrigðisyfirvöld í nágrannalöndum okkar né Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mæla með að slík skimun sé hafin.

Þetta eru svör við spurningum hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur. Ég tek undir málflutning hennar og áherslur, ég er sammála því að við þurfum að beina sjónum okkar að forvarnastarfi eftir því sem kostur er. Deila má um hvort um slíkt forvarnastarf er að ræða í þeim tillögum sem fram komu hjá sérfræðingahópnum sem vísað er til því þarna er í rauninni um það að ræða að ráðast í rannsókn þegar sjúkdómurinn er farinn að gera vart við sig. Það hafa líka komið fram tillögur frá sérfræðingum eða læknum og þrýstingur í þá veru að einstaklingar á bilinu 50–55 ára fari í speglun. Í báðum tilvikum verum við að tala um gríðarháar upphæðir. En þetta eru sem sagt þau svör sem núna liggja fyrir.

[15:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég er ánægður að

heyra að hæstv. ráðherra hafi þessar áherslur. Forvarnaáherslur eru afskaplega mikilvægar og eins og hér kom fram unnum við ákveðna vinnu í tengslum við þetta. En sá vinnuhópur sem hæstv. ráðherra vísar til forgangsraðar líka þeim forvarnaaðgerðum sem ráðgjafahópur um bólusetningar og skimun leggur til og mælist til að fyrst verði hafin almenn bólusetning gegn pneumókokkasýkingum meðal barna. Ég get ekki í svo stuttri ræðu farið yfir vinnuna en hvet þingmenn til að kynna sér hana. Það komu ráðleggingar um nokkra þætti, HPV-bóluefni fyrir 12 ára stúlkur, bólusetningar gegn pneumókokkasýkingum, skimun fyrir ristil- og endaþarmskrabbameini og skimun fyrir streptókokkasýkingum. Sem betur fer er ekki búið að nýta þessar 20 milljónir en þær duga hins vegar skammt þegar farið er í þessi verkefni en mikilvægt er að við reynum að vera áfram í fremstu röð hvað þetta varðar.

[15:58]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir þessa spurningu. Ég er sammála því sem hv. þingmaður gat hér um að við þurfum að fara í mikla forvarnavinnu í sambandi við skimun á ristil- og endaþarmskrabbameini sem leggur þetta marga að velli, 134 einstaklinga á ári. Það er náttúrlega hræðilegt að horfa upp á það. Jafnframt vil ég koma inn á blöðruhálskrabbameinið og að það verði skylda hjá karlmönnum frá 60–69 ára að fara í ristil- og blöðruhálsskoðun, alveg eins og er hjá konum með leghálsskoðun, og það verði gert árlega á þessum aldri. Ég tel þetta mjög brýnt mál og þess vegna þakka ég hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir þessa spurningu.

[16:00]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svarið en vil lýsa mjög miklum vonbrigðum með það. Greinilegt er að allt síðasta ár hefur ekkert verið að gert til að tryggja framgang samþykktar Alþingis og nota þær 20 milljónir sem voru sérstaklega ætlaðar til að undirbúa þetta framtak.

Í orðum hæstv. ráðherra kom fram að í nóvember hafi komið fram tillaga frá tilteknum ráðgjafahópi ráðuneytisins að ráðast í þetta verkefni fyrir aldurinn 60–69 ára. Hvergi var á það minnst í máli hæstv. ráðherra hvenær þetta ætti að hefjast og af því má ráða — og það veit ég hafandi verið hér fyrir áramótin — að engin tillaga var til fjárveitinga á fjárlögum í þessu skyni. Ég verð líka að segja að í svari þáverandi hæstv. heilbrigðisráðherra í febrúar á síðasta ári var ætlunin að hefja undirbúningsvinnuna innan skamms og kalla til helstu aðila sem málinu tengdust, svo sem fulltrúa frá landlækni, Lýðheilsustöð, Krabbameinsfélagi Íslands o.s.frv. og síðan átti að haga undirbúningnum þannig að formleg skimun gæti hafist í byrjun árs 2009. Ég verð að endurtaka það sem ég segi. Þarna var um allt annan hóp að ræða en þann sem hæstv. ráðherra nú lýsti og verkefnin allt önnur.

Ég vil vekja athygli á bæklingi um karlmenn og krabbamein og verð að segja að dapurlegt er að ekki skuli vera meiri metnaður í þessu efni vegna þess að árangurinn getur orðið umtalsverður. (Forseti hringir.)

Frú forseti. Ég verð að leiðrétta eina tölu sem síðasti (Forseti hringir.) ræðumaður fór með. Árlega greinast að jafnaði 134 Íslendingar með krabbamein í ristli og (Forseti hringir.) endaþarmi en 55 látast af völdum þessara krabbameina.

[16:02]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Þeir sem hlusta á þetta hljóta að komast að þeirri niðurstöðu að hv. þingmaður sem talaði hér á undan hafi farið með rétt mál. Því fer víðs fjarri og ég fer fram á að hæstv. ráðherra leiðrétti fullyrðingarnar sem hér hafa komið fram um að ekkert hafi verið gert til að undirbúa þetta mál. Eins og allir vita urðu miklar breytingar á fjárlögum á síðasta ári. Við þurftum að skera niður um hvorki meira né minna en 6.700 millj. og hæstv. ráðherra fór yfir að þrátt fyrir þetta allt saman hafi verið unnin mjög mikil og góð vinna sem nú er grundvöllur þess að menn hafi eitthvað til að byggja á fyrir þessi mikilvægu verkefni.

[16:03]

Forseti (Guðfinna S. Bjarnadóttir):

Forseti vill minna á að liðurinn Um fundarstjórn forseta er um fundarstjórn forseta. Ég minni hv. þingmann á það.

[16:03]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég ætla fyrst og fremst að þakka fyrir umræðuna. Mjög mikilvægt er að halda henni á lofti, mikilvægi forvarnastarfs verður aldrei of oft til umræðu í þinginu og vil ég þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir að vekja máls á þessu.

Ég hef vísað til undirbúningsstarfs sem unnið hefur verið á vegum heilbrigðisráðuneytisins og hér hefur komið fram að nefnd, sem ég vísaði til, hefur reitt fram skýrslu um forvarnaverkefni og hugsanlega forgangsröðun í þeim efnum og ég vil geta þess að ég mun eiga fund með sóttvarnalækni, Haraldi Briem, fyrir vikulokin til að fara yfir þessi mál.

Það er rétt sem fram kemur hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, eða liggur í orðum hennar, að erfitt er að jafna saman stöðu mála á síðasta ári og því sem nú er uppi við efnahagsþrengingarnar sem við stöndum nú frammi fyrir og þeim niðurskurði sem við þurfum að sæta. En mjög mikilvægt er að við látum ekki hjá líða að sinna forvarnastarfi, því að þegar allt kemur til alls er mestur sparnaður fólginn í því að sinna slíku starfi vel.

Umræðu lokið.

Nýtt háskólasjúkrahús.

Fsp. GÞÞ, 354. mál. — Þskj. 603.

[16:05]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég held að allir landsmenn viti, hvort sem þeir hafa þurft á þjónustu Landspítalans að halda eða þekkja til þar, að afskaplega mikilvægt er fyrir okkur að

bæta húsakost háskólasjúkrahússins. Við vitum að það er eitt stærsta verkefni Íslandssögunnar og mikilvægt að vanda til verksins og einhverjum gæti komið til hugar að við þær aðstæður sem nú eru væri skynsamlegt að fresta slíku. Ég er algerlega ósammála því sjónarmiði, af mörgum ástæðum.

Í fyrsta lagi er um dæmigert verkefni að ræða sem mikilvægt er að ráðast í við aðstæður eins og þessar. Það er mannaflsfrekt og nú er afskaplega hagkvæmt að fara út í aðgerðir sem hefði verið dýrara að gera fyrir nokkrum árum. Einnig er áætlað að þetta spari rekstrarkostnað á Landspítalanum um sem nemur 3–5 milljörðum á ári 2009–2030.

Hins vegar er afskaplega mikilvægt að gera þetta með eins hagkvæmum hætti og mögulegt er og því fól ég, virðulegi forseti, forstjóra Landspítalans — og ég ætla að lesa bréf sem ég sendi henni í janúarmánuði og það hljómar svo, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af viðræðum ráðuneytisins og nýs forstjóra Landspítalans, sem tók við starfi í október 2008, um undirbúningsvinnu vegna byggingar nýs háskólasjúkrahúss og með vísan til bréfs Landspítalans, dagsetts þann 6. janúar 2009, vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Til að tryggja að undirbúningsvinnan verði sem best og hagkvæmust, með það að markmiði að draga úr kostnaði og tryggja að allur undirbúningur verði skilvirkur fellst ráðuneytið á beiðni Landspítalans sem felur í sér eftirfarandi:

1. Landspítalinn nýti meira eigin krafta til allrar vinnu.

2. Landspítali fari yfir stöðuna hvað varðar framkvæmdir og kostnað.

3. Landspítali geri samanburð á núllanalýsu sem Landspítali gerði í nóvember/desember 2008 þar sem engin slík analýsa lá fyrir á þeirri vinnu sem unnin hefur verið.

4. Landspítali komi með a.m.k. tvo möguleika til viðbótar við það sem þegar liggur fyrir, þar sem sýnt er fram á minni kostnað, og framkvæmdaáætlun sem mun tryggja byggingu nýs háskólasjúkrahúss.

Ráðuneytið mun skipa samráðsnefnd um þetta málefni með beinni aðkomu Háskóla Íslands en fellst að öðru leyti á framangreint að því tilskildu að tillögum samkvæmt 4. tölulið verði skilað til ráðuneytisins í lok mars 2009. Landspítalinn skal árlega leggja framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir ráðuneytið og gera ráðuneytinu reglulega grein fyrir framvindu verksins. Skal undirbúningsvinna spítalans vera í samræmi við stefnu heilbrigðisráðherra og ákvörðun hans um byggingu nýs háskólasjúkrahúss.

Að lokum felur samþykkt ráðuneytisins á færslu framhaldsverkefna til Landspítala það í sér að spítalinn leitist við að tryggja góða samvinnu við samtök sjúklinga og aðstandenda og geri tillögu til ráðuneytisins um aðkomu þeirra að undirbúningi og skipulagningu verksins."

Virðulegur forseti. Málið er einfalt. Ég vil kanna hvort hæstv. ráðherra hafi ekki sama áhuga á verkefninu og sá sem hér stendur, og á ég frekar von á því, og kanna hvar málið stendur (Forseti hringir.) og hvort einhverjar breytingar séu fyrirhugaðar eða hvort þetta er í þessu ferli.

[16:09]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Spurt er hvað líði áformum um nýtt háskólasjúkrahús. Þess er að geta að undirbúningur nýs háskólasjúkrahúss hefur verið fluttur til stjórnenda Landspítala, eins og fram kom í máli hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Það var gert að frumkvæði forsvarsmanna Landspítalans og samkvæmt tillögu þeirra en á vegum Landspítala og í samráði við Háskóla Íslands er nú unnið ötullega að því að leita leiða til að koma fram með tillögur sem geta auðveldað framgang þessa nauðsynlega verkefnis.

Unnið er með norskum sérfræðingum í starfsemi sjúkrahúsa að greiningu verkefnisins og að setja fram valkosti fyrir uppbyggingu og áfangaskiptingu. Markmiðið með þeirri vinnu er að leita leiða til að draga úr fjárfestingu og hafa áfangaskiptingu þannig að ávinningur skili sér sem fyrst. Þessari undirbúningsvinnu á að vera lokið um næstu mánaðamót og vil ég geta þess að í gær átti ég fund með forstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss og lækningaforstjóra og fleiri aðilum sem koma að hönnun mannvirkisins og var þar farið yfir málið.

Spurt er hvort stefnubreyting hafi orðið hvað þetta málefni snertir. Því er til að svara að svo er ekki. Uppbygging nýs Landspítala er verkefni sem tekur langan tíma og við megum ekki láta tímabundna erfiðleika í fjármálum þjóðarinnar villa okkur sýn.

Það má draga saman nauðsyn uppbyggingar nýs Landspítala í fjórum meginpunktum, en sum áhersluatriðin komu einmitt fram í máli hv. þingmanns. Við blasir að við Íslendingar drögumst aftur úr öðrum þjóðum og fjarlægjumst ár frá ári skýr markmið laga um heilbrigðisþjónustu, að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði, svo vitnað sé í lögin frá 2007. Það er mat sérfræðinga að núverandi húsakostur standist illa kröfur um nútímasjúkrahúsarekstur. Í öðru lagi er bent á að nauðsynleg endurnýjun tækja sé erfiðleikum háð eða jafnvel ekki gerleg í núverandi húsakynnum spítalans.

Í þriðja lagi er bent á að sífellt erfiðara verði að fá sérmenntað fagfólk heim frá námi eða starfi í útlöndum ef ekki verður boðið upp á nútímalegt umhverfi og starfsaðstæður á háskólasjúkrahúsi okkar. Þetta eru áherslur sem fram koma hjá stjórnendum Landspítalans. Síðan er bent á að Landspítalinn þjóni landsmönnum öllum og hafi við þá skyldur sem sífellt erfiðara verði að standa við á tímum þegar auknar kröfur eru gerðar til heilbrigðisþjónustu á sama tíma og þjóðin eflist hlutfallslega.

Nútímalegt háskólasjúkrahús er eins konar móðurskip heilbrigðisþjónustunnar og nauðsynlegt sem slíkt, en önnur sjúkrahús hafa hlutverki að gegna í héraði og gegna skilgreindum hlutverkum í heilbrigðiskerfinu í heild. Landspítali er eina háskólasjúkrahús landsins og hefur skyldur sem slíkt samkvæmt heilbrigðislögum en getur illa eða ekki staðið undir þeim án verulegra úrbóta í húsnæðismálum. Einnig þetta er áhersluatriði sem fram kemur hjá forsvarsmönnum Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Vísað er til öryggis sjúklinga og að tryggja þurfi það eins vel og kostur er og þar skiptir umgjörðin að sjálfsögðu

mjög miklu máli. Vísað er til þess að smitvarnir séu ófullnægjandi í núverandi húsnæði og sem dæmi megi nefna að margir sjúklingar samnýti snyrtiaðstöðu á legudeildum. Þá er bent á að sjúklingar verði að óbreyttu sendir í auknum mæli til útlanda til greiningar og meðferðar með tilheyrandi óþægindum, áhættu og kostnaði fyrir samfélagið ef ekki verði ráðin bót á húsnæðismálunum. Í þessu sambandi hefur verið tekinn sem dæmi svokallaður PET-skanni sem orðinn er sjálfsagður hluti af tæknibúnaði sjúkrahúsa á borð við Landspítalann og notaður t.d. við að greina umfang krabbameinsæxla og finna meinvörp fyrr en mögulegt er með öðrum aðferðum. Það er bent á að hvergi er hægt að finna slíku tæki stað í núverandi húsakynnum Landspítalans.

Í fjórða lagi segir að þá fyrst sé unnt að ná fram til fulls hagræðingu og sparnaði í rekstri sem sóst var eftir á sínum tíma við sameiningu Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur, og nemur 3–5 milljörðum kr. á ári. Þetta er atriði sem bent hefur verið á af stjórnendum Landspítala – háskólasjúkrahúss (Forseti hringir.) að það sé þegar upp er staðið dýr kostur að gera ekki neitt.

[16:14]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég vil fagna þessari umræðu og þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir að vekja máls á byggingaráformum nýs háskólasjúkrahúss og ég vil að sama skapi fagna svörum hæstv. heilbrigðismálaráðherra um að áfram sé unnið að framkvæmdum og undirbúningi þeirra, sem mörg rök hníga að, eins og hann rakti í máli sínu.

Ég verð að játa að mér brá nokkuð við þegar fréttir bárust af því að byggingarnefnd háskólasjúkrahússins hefði verið lögð niður og það kemur mér í sjálfu sér á óvart að þetta sé komið í hendur á Landspítalanum og Háskóla Íslands, ég hafði ekki heyrt af því.

Auðvitað er nauðsynlegt fyrir okkur að draga saman seglin eins og nú árar. Ég vil minna á að peningarnir fyrir einkavæðingu Símans áttu að borga þessa framkvæmd en þeir hafa, eins og margt annað, trúlega horfið í hítina. (Forseti hringir.) En það skiptir miklu máli að halda áfram undirbúningi þessa verkefnis, ekki síst til að halda uppi atvinnu fyrir verkfræðinga og arkitekta sem eru atvinnulausir í hrönnum.

[16:15]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svörin sem gefin voru hér. Það er alveg ljóst að bygging nýs háskólasjúkrahúss er mjög mikilvæg framkvæmd og ekki hefur alltaf ríkt samstaða um þessa framkvæmd. Ég hef stundum heyrt á mæli einstakra þingmanna að þeir telji að það eigi ekki að fara í þessa framkvæmd en ég tel að það skuli gera og heyri að hæstv. ráðherra er að vinna áfram að þessu máli.

Ég undirstrika að reiknað er með upp undir 15% hagræðingu þegar nýja húsið er komið í gagnið þannig að það er eftir miklu að sækjast með því að koma hér upp nýju háskólasjúkrahúsi. Þetta er framkvæmd sem við skulum reyna að halda áfram með eins og getum. Þrátt fyrir að árferðið sé erfitt varðandi fjármál landsins hef ég fundið fyrir velvilja, alla vega hjá þeim sem hafa haft með heilbrigðismál að gera í landinu og við framsóknarmenn höfum lagt mikla áherslu á að þessu verki verði lokið, (Forseti hringir.) því fyrr því betra.

[16:17]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og lýsi sérstakri ánægju með þau og að ekki sé um stefnubreytingu að ræða. Það er hárrétt sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra að það er dýrt að gera ekki neitt. Menn verða að átta sig á því að ef niðurstaðan verður sú að ekki eigi að fara í þessa framkvæmd þurfa menn að gera eitthvað annað, það er alveg ljóst. Það er alveg ófyrirséð hvað slíkt mundi kosta og er algjörlega ljóst að menn mundu ekki ná þeim hagræðingarþætti sem næst með því að hafa þetta á einum stað.

Þegar sérfræðingarnir frá Noregi verða búnir að meta þessa hluti í lok mars, ef ekkert hefur breyst, koma þeir hugsanlega með hugmyndir, með nýjar og hagkvæmari lausnir, ef svo ber undir. Það er ekkert leyndarmál að það hefur haft áhrif að fá nýjan forstjóra á Landspítalann sem hefur komið að þessum verkefnum annars staðar, nánar tiltekið hjá vinum okkar Norðmönnum, og ég tel að það hjálpi til. Ég held að það skipti máli fyrir okkur að líta út fyrir landsteinana þegar um slík verkefni og önnur heilbrigðistengd mál er að ræða.

Þegar menn fara af stað í verkið þýðir það að hér skapast vinna fyrir 80 arkitekta og verkfræðinga í 18 mánuði. Þeir verða íslenskir. Af hverju? Vegna þess að fyrri nefnd um aðstöðu, undir forustu Ingu Jónu Þórðardóttur, var svo framsýn að sjá til þess að öll útboðsgögn og tungumál verkefnisins yrðu á íslensku, sem skiptir gríðarlega miklu máli vegna þess að þetta er útboðsskylt á hinu Evrópska efnahagssvæði. Það var því mjög framsýn ákvörðun.

Við skulum ekki byrgja okkur sýn þó að það séu tímabundnir erfiðleikar hjá íslensku þjóðfélagi. Við skulum ekki gleyma því að við byggðum Háskóla Íslands, Landspítalann og ýmis fleiri stórar byggingar, skóla og annað slíkt, í erfiðu árferði. Þetta er einmitt verkefni sem við eigum að (Forseti hringir.) ráðast í í ástandi eins og nú er.

[16:19]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég held að það hafi verið mjög góð hugmynd hjá forsvarsmönnum Landspítalans að fá teikningarnar inn á sitt borð og endurmeta þær. Betur sjá augu en auga, segir máltækið. Ég held að það hafi verið góður kostur að fá ferska sýn á málið með hjálp erlendra arkitekta og er þá alls ekki verið að kasta rýrð á starf þeirra sem áður hafa komi að þessum málum.

Áætlaður framkvæmdakostnaður við nýjan Landspítala hefur verið nefndur 70 milljarðar kr. á verðlagi í febrúar 2009 en þá er þess að geta að tekjur af sölu núverandi eigna kæmu að einhverju leyti upp á móti. Núna er, samkvæmt aðgerðaáætluninni, unnið að því að lækka kostnaðinn og áfangaskipta honum og gera framkvæmdina gerlega miðað við þær erfiðu forsendur sem við byggjum á núna.

Þá hefur verið nefnt að endurnýja þurfi tæki og húsbúnað fyrir nýjan Landspítala en þess jafnframt látið getið af hálfu þeirra sem til þessara mála þekkja að það þurfi að gera hvort sem er. Tæki og búnaður eru í stöðugri endurnýjun þannig að það er tilkostnaður sem metinn er á 12 milljarða kr. og þyrfti að koma óháð því hvort ráðist yrði í nýja byggingu.

Sem sagt samandregið hefur ekki orðið nein stefnubreyting í þessu máli. Það er einvörðungu verið að leita leiða til að áfangaskipta verkinu og gera það gerlegt við þær aðstæður sem við nú búum við.

Umræðu lokið.

[16:21]

Útbýting:

Embætti sérstaks saksóknara, 393. mál, nál. allshn., þskj. 760.

Fæðingar í Vestmannaeyjum, 441. mál, fsp. REÁ, þskj. 761.

Grunnskólar, 421. mál, nál. menntmn., þskj. 759.

Tilskipanir Evrópusambandsins um losun koltvísýrings, 391. mál, svar samgrh., þskj. 758.

Tollalög, vörugjald og virðisaukaskattur, 365. mál, þskj. 755.

Þróun efnahagsmála, 300. mál, svar fjmrh., þskj. 749.

Út af dagskrá var tekið 11. mál.

Fundi slitið kl. 16:22.

---

109. FUNDUR

föstudaginn 20. mars,
kl. 2.15 miðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[14:15]

Útbýting:

Aðgerðaáætlun gegn mansali, 440. mál, skýrsla fél.- og trmrh., þskj. 754.

Atvinnuleysistryggingar, 376. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 770.

Barnaverndarlög og barnalög, 19. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 772; brtt. fél.- og trn., þskj. 773.

Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, 420. mál, nál. umhvn., þskj. 767.

Embætti sérstaks saksóknara, 393. mál, brtt. allshn., þskj. 762.

Íslenskur ríkisborgararéttur, 402. mál, nál. allshn., þskj. 764.

Málefni aldraðra, 412. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 769.

Náms- og starfsráðgjafar, 422. mál, nál. menntmn., þskj. 763.

Náttúruvernd, 362. mál, nál. umhvn., þskj. 766.

Notkun lyfsins Tysabri, 442. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 771.

Rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, 20. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 765.

Sjónvarpsútsendingar í dreifbýli, 381. mál, svar samgrh., þskj. 768.

Fundi slitið kl. 14:17.

---

110. FUNDUR

mánudaginn 23. mars,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning frá ráðherra.

Fjarvistarleyfi:

Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:01]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Borist hefur bréf frá þingflokksformanni Samfylkingarinnar, Lúðvíki Bergvinssyni, um að Mörður Árnason, 2. þm. Reykv. s., geti ekki lengur gegnt varaþingmennsku í stað Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. 2. varamaður flokksins í kjördæminu, Kristrún Heimisdóttir lögmaður, tekur sæti hennar á Alþingi í dag. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[13:01]

Útbýting:

Icesave-ábyrgðir og flýtimeðferð, 431. mál, svar utanrrh., þskj. 778.

Lífsýnasöfn, 123. mál, nál. heilbrn., þskj. 777.

Raforkulög, 398. mál, nál. iðnn., þskj. 775.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris-

sjóða, 443. mál, frv. HHj o.fl., þskj. 774.

Vestnorræna ráðið 2008, 444. mál, skýrsla ÍVN, þskj. 776.

Tilkynning frá ráðherra.

Staða fjármálafyrirtækja.

[13:02]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Um nýliðna helgi var orðið endanlega ljóst að ekki væri stætt að halda rekstri SPRON og Sparisjóðabankans, áður Icebank, áfram. Það var samdóma álit Fjármálaeftirlits og Seðlabanka. Því greip Fjármálaeftirlitið inn í rekstur þessara fyrirtækja. Um leið var gripið til samhæfðra aðgerða til að verja hagsmuni viðskiptavina þessara fyrirtækja og sparisjóðanna allra og tryggja bankaþjónustu um land allt.

Með þessum aðgerðum hafa mikilvæg skref verið stigin til að tryggja áframhaldandi starfsemi sparisjóða á Íslandi. Þeim verður þar með gert kleift að taka virkan þátt í endurreisn hagkerfisins. Munu sparisjóðir gegna lykilhlutverki í þjónustu við einstaklinga og smærri fyrirtæki um land allt. Starfsemi þeirra skiptir höfuðmáli í ýmsum byggðarlögum utan höfuðborgarsvæðisins þar sem sparisjóðir hafa verið einir um að veita fjármálaþjónustu.

Staða SPRON hafði verið erfið mjög lengi og til stóð að sameina reksturinn Kaupþingi síðastliðið haust. Staðan versnaði til muna við hrun viðskiptabankanna í október 2008. Hafa SPRON og Sparisjóðabankinn undanfarna mánuði þurft undanþágur vegna mjög slæmrar eiginfjárstöðu og mikla aðstoð vegna lausafjárstöðu. Lausafjárfyrirgreiðsla Seðlabanka var veitt með tveimur skilyrðum: Hið fyrra var að samkomulag næðist við lánardrottna sem mundi leysa eiginfjárvanda fyrirtækjanna með hugsanlegu eiginfjárframlagi frá ríkissjóði. Hið síðara var að fyrirtækin legðu fram fullnægjandi veð þannig að áhætta ríkissjóðs vegna lausafjárfyrirgreiðslu yrði takmörkuð. Það varð sífellt erfiðara. Fyrirtækin áttu í viðræðum við lánardrottna um hugsanlega endurfjármögnun og niðurfellingu skulda en þær skiluðu ekki fullnægjandi niðurstöðu.

Eftir á að hyggja var ef til vill óraunhæft að vonast til að hægt væri að tryggja áframhaldandi rekstur þessara fyrirtækja með slíkum samningum enda vantaði mjög mikið upp á að þau væru rekstrarhæf, m.a. vegna neikvæðs eigin fjár. Lausafjárstaða fyrirtækjanna hélt hins vegar áfram að versna og gerði á endanum ofangreindar ákvarðanir óhjákvæmilegar.

Vegna tæknilegra vandkvæða við flutning innstæðna SPRON til Nýja Kaupþings banka hf. var nauðsynlegt að flytja innstæður aðfaranótt sunnudags til að tryggt væri að viðskiptavinir hefðu aðgang að innstæðum á mánudagsmorgni. Með mikilli og góðri vinnu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins, Nýja Kaupþings, tölvumiðstöðva og fleiri aðila tókst að tryggja að þegar að flutningi loknum á sunnudagsmorgun höfðu viðskiptavinir aðgang að innstæðum í heimabanka Nýja Kaupþings og að öll debet- og kreditkort virkuðu. Reyndist því nauðsynlegt að tilkynna um fyrirhugaðan flutning síðdegis á laugardegi, en vegna þessa er rétt að þakka öllum þeim sem unnið hafa nótt og dag undanfarna sólarhringa til að tryggja að þetta gæti gengið eftir án röskunar fyrir viðskiptavini. Ég vil sérstaklega nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólki FME sem mikið hefur dunið á undanfarna mánuði en það lagði nótt við dag til að tryggja að þetta gæti gengið eftir og raunar einnig fyrir tveimur vikum þegar svipaðar aðgerðir voru vegna Straums.

Það hefði verið óskandi að hægt hefði verið að tilkynna starfsfólki þessara fyrirtækja um aðgerðina fyrr en það reyndist því miður ekki unnt. Unnið hefur verið með stjórnendum og mannauðsstjórnendum vegna starfsmannamála. Hugur okkar allra hlýtur að vera með starfsfólki sem missir störf vegna þrota SPRON og Sparisjóðabankans eins og raunar öðrum sem nú eru atvinnulausir vegna hremminga undanfarinna mánaða.

Virðulegi forseti. Nú virðist sjá til lands í endurskipulagningu íslenska fjármálakerfisins. Þar þarf að vísu enn að vinna mikið verk og ekki allt skemmtilegt en ekkert af því er óviðráðanlegt. Við sjáum því fram á að það muni takast að endurreisa íslenskt fjármálakerfi með heilbrigðan efnahag. Það verður vel starfhæft og þess megnugt að veita íslensku efnahagslífi öflugan stuðning.

Þótt ekkert hafi bent til þess þegar útlitið var hvað verst síðastliðið haust þá virðumst við Íslendingar jafnvel geta orðið með þeim fyrstu í samfélagi þjóðanna sem ná að endurskipuleggja fjármálakerfi sitt og losa það við þau vandamál sem urðu fyrra fjármálakerfi okkar að falli. Það skiptir lykilmáli til að þróttmikil endurreisn íslensks efnahagslífs geti hafist.

[13:07]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Atburður helgarinnar er auðvitað mikið áfall. Fall stærsta sparisjóðs landsins og sú ákvörðun að setja Sparisjóðabankann í greiðslustöðvun er mikið högg fyrir fjármálakerfið almennt en vitaskuld sparisjóðina sérstaklega. Það er ljóst að vandinn sem fram undan er hjá sparisjóðakerfinu er mikill. Samrekstur á ýmsum þáttum á vegum sparisjóðanna skipti afkomu þeirra miklu og þá alveg sérstaklega minni sjóðanna sem á landsbyggðinni starfa.

Þá er ljóst að umtalsvert eigið fé sparisjóðanna er bundið í Sparisjóðabankanum. Staða hans núna er þess vegna mikið áfall fyrir sparisjóðina og er með öðru þess valdandi að þeir verða nú að sækja um fjárhagslega aðstoð frá ríkinu eins og lög kveða á um.

Frá því að best lét í fjármálageiranum hér á landi fyrir tæpu ári lætur nærri að 30% starfsmanna hafi misst vinnu sína. Fyrir ári störfuðu um 5 þúsund manns í fjármálaþjónustunni en nú hefur þeim fækkað um 1.500. Nærri þriðji hver starfsmaður, hvorki meira né minna, hefur misst vinnuna. Þetta er gríðarlegt áfall og hrein blóðtaka fyrir samfélag okkar en þó auðvitað mesta áfallið fyrir fólkið sjálft og fjölskyldur þess.

Þó að margt misjafnt hafi verið sagt um starfsfólk fjármálafyrirtækja undanfarna mánuði skulum við ekki gleyma því að þar hafði byggst upp mikill mannauður. Ef við skoðum núna sérstaklega þann atvinnumissi sem verður vegna lokunar þess gróna sparisjóðs SPRON þá er ljóst að í þeim hópi eru konur í yfirgnæfandi meiri hluta. Áætla má að um

70% þess fólks sem nú er að missa vinnu sína séu konur, margar hverjar með 20–30 ára starfsaldur. SPRON var góður vinnustaður þar sem margir áttu langan starfsaldur og ýmsir þeirra sem nú sjá fram á atvinnumissi hafa kannski unnið mestalla starfsævi sína í þessu gamalgróna fyrirtæki. Ekki síst í ljósi þess ber mjög að harma hvernig staðið var að málum nú um helgina. Auðvitað átti með öllum ráðum að koma upplýsingum til starfsfólks þessara fjármálastofnana, SPRON og Sparisjóðabankans, með öðrum hætti en gert var. Það er einfaldlega ekki fólki bjóðandi að heyra af örlögum sínum í beinni sjónvarpsútsendingu þegar hægt er að standa öðruvísi að málum. Það vekur líka upp þá óhjákvæmilegu spurningu hvort ekki verði staðið að fullu við kjarasamninga gagnvart því fólki sem mun núna að fá uppsagnarbréf og hvort að þeim málum verði ekki staðið með *sambærilegum hætti og hjá því fólki sem missti vinnuna* við fall viðskiptabankanna.

Sparisjóðakerfið er ómetanlegur þáttur í fjármálakerfi okkar. Því hefur oft verið spáð dauðdaga, bæði fyrr og síðar. Stórir og öflugir bankar hafa margsinnis reynt að hrammsa sparisjóðina til sín en hafa sem betur fer ekki haft erindi sem erfiði. Við höfum margfalda reynslu af því að það hefur allur gangur verið á þjónustu stóru viðskiptabankanna við fyrirtæki á landsbyggðinni og skilningur á þörfum og möguleikum utan höfuðborgarsvæðisins verið svona og svona. Inn í excel-skjölin í stóru bönkunum hefur algerlega vantað þær breytur sem taka tillit til sérstöðu landsbyggðarinnar. Það er alveg um tómt mál að tala að ætla að hefðbundnir viðskiptabankar geti komið í stað sparisjóðakerfisins. Reynslan sýnir okkur það. Þess vegna var það mjög þýðingarmikið þegar síðasta ríkisstjórn hafði forgöngu um lagasetningu sem gerir ríkisvaldinu kleift að aðstoða sparisjóðina við að sigla í gegnum þann ólgusjó sem nú er. Þær reglur sem síðan voru settar voru sanngjarnar og líklegar til að tryggja að sparisjóðirnir geti komist í gegnum erfiðleikana.

Það er mjög mikilvægt að sparisjóðirnir geti núna endurskipulagt sig á eigin forsendum. Ég vara mjög eindregið við því að reynt verði að grípa fram fyrir hendurnar á sjóðunum í þeim efnum af hálfu stjórnvalda. Það kann ekki góðri lukku að stýra ef stjórnmálamenn ætla sér þar mikinn hlut að máli. Hitt er annað mál að með þeim aðgerðum sem fram undan eru og með því að ríkið gerist svo stór aðili að sparisjóðunum, mörgum hverjum, er nauðsynlegt að fyrir liggi almenn stefna ríkisvaldsins fyrir þessu formi fjármálafyrirtækja í landinu. Það er mjög nauðsynlegt að hæstv. viðskiptaráðherra kveði upp úr um það hér og nú hver sýn ríkisvaldsins er, hvort ekki megi treysta því að þeirri stefnu verði fylgt áfram sem kostur er að net sparisjóðanna verði um land allt. Ég óttast hins vegar að sú aðkoma sem ríkisvaldið hefur að eflingu sparisjóðanna muni í einhverjum tilvikum ekki verða nægjanleg. Ég teldi þess vegna eðlilegt að ríkisvaldið stuðlaði enn frekar að því að viðhalda sparisjóðakerfinu, t.d. með því að beita tryggingarsjóði sparisjóða til að efla eiginfjárhlutfall þeirra með bakstuðningi ríkisins á meðan fram fer sú endurskipulagning sparisjóðakerfisins sem er fyrirsjáanleg og nauðsynleg.

[13:11]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Það er ljóst að þau tíðindi sem hæstv. viðskiptaráðherra greinir okkur frá nú eru mikil sorgartíðindi og það er mjög slæmt þegar fyrirtæki eins og þau sem hér um ræðir þurfa að fara í þrot. Vissulega hefur það sem hefur verið að gerast á fjármálamörkuðum víða í heiminum einnig náð hingað eins og við öll þekkjum, við vitum hvað hefur verið að gerast frá því í haust þegar stóru viðskiptabankarnir hrundu og síðan hefur þetta gengið koll af kolli. Vonandi er það rétt sem hæstv. viðskiptaráðherra sagði hér að með því sem nú hefur gerst förum við að sjá til lands, þ.e. að byggja upp heilbrigt og eðlilegt fjármálakerfi sem er forsenda þess að okkur takist að reisa atvinnulífið upp á nýjan leik. Auðvitað hlýtur að koma að því að botninum *verði náð og vonandi markar þessi helgi viðspyrnuna um að* okkur takist að byggja fjármálakerfið upp á nýjan leik.

Hæstv. viðskiptaráðherra hefur verið gagnrýndur talsvert fyrir það hvernig að því hefur verið staðið að upplýsa um þrot, sérstaklega þrot þessara tveggja banka, og að starfsmenn hafi ekki fengið nægar upplýsingar. Ekkert skal ég fullyrða um hvort það hefði mátt gera á einhvern annan hátt en hitt er alveg ljóst að aldrei verður greint frá tíðindum af þessum toga þannig að *allir* verði sáttir við það. Mér heyrðist á máli hæstv. viðskiptaráðherra að ástæðan fyrir því að þetta var gert seinni part laugardags væri sú að þannig var hægt að tryggja að eðlileg bankaviðskipti gætu átt sér stað hjá þeim einstaklingum sem áttu viðskipti við þessa tvo banka og forsendan fyrir því var að hægt væri að vinna að þessu aðfaranótt sunnudags þannig að þetta kæmi til með að virka á sunnudag.

Ég vil líka taka undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni þegar hann talaði um mikilvægi þess að tryggja vöxt og viðgang sparisjóðakerfisins. Ég held að það sé mjög mikilvægt að aðilar á landsbyggðinni einkanlega hafi aðgang að fjármálastofnunum sem hafa sérþekkingu á þeirra málum. Mér er bæði ljúft og skylt að rifja það upp hér þegar ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson heitinn börðumst hart gegn því að sparisjóðirnir rynnu inn í stóru viðskiptabankana og tel ég að sú stefna sem þá var mörkuð hafi verið afar skynsamleg og líklega komið í veg fyrir að sparisjóðirnir væru núna allir komnir inn í viðskiptabankana með tilheyrandi afleiðingum. Ég tel, virðulegi forseti, að sá tímapunktur sem við nú stöndum á feli einnig í sér tækifæri til að endurskipuleggja fjármálakerfið og byggja það upp á nýjan og heilbrigðan hátt og það þurfum við að gera saman. Það er alveg ljóst. Þetta eru erfiðir tímar og þjóðin þarf að standa saman í þessari uppbyggingu því að ella mun það ekki takast.

Mér heyrðist á máli hæstv. viðskiptaráðherra að hann væri bjartsýnn á að nú væri farið að styttast í að við gætum gefið það út að við værum með heilbrigt bankakerfi og jafnvel, eins og hann orðaði það ágætlega, séum við í þeirri stöðu að verða fyrst út úr þeim hremmingum sem þjóðir heims hafa verið að ganga í gegnum vegna hrunsins sem gengið hefur yfir má segja heimsbyggðina undanfarna mánuði. Ég segi, virðulegi forseti: Guð láti gott á vita í þeim efnum.

[13:15]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. viðskiptaráðherra og árétta það að vandi þessara tveggja stofnana inn í hverra starfsemi var gripið um helgina var ekki nýr af nálinni og nær í tilviki SPRON sérstaklega jafnvel lengra aftur en til falls viðskiptabankanna í október síðastliðnum. Þannig var eiginfjárhlutfall SPRON komið undir viðeigandi mörk, 8% CAD-hlutfall, þegar á fyrsta ársfjórðungi ársins 2008 og ástæða þessa var einkum verðlækkun hlutabréfa í eigu SPRON, sérstaklega í fyrirtækinu Exista.

Kaupþing veitti SPRON 5 milljarða kr. víkjandi lán strax í apríl 2008 og í kjölfarið var í undirbúningi samruni þessara tveggja fjármálastofnana sem hefði að öllum líkindum farið fram á fjórða ársfjórðungi síðasta árs ef ekki hefði komi til falls Kaupþings. Staða SPRON versnaði að sjálfsögðu til muna við fall Kaupþings í haust.

Í tilviki SPRON á ríkið ekki kröfur á fyrirtækið þannig að þar verður ekki um beint tap að ræða vegna falls sjóðsins, en innstæður SPRON voru nálægt 90 milljörðum kr. og því ekki ólíklegt að ríkið þurfi að leggja aukið eigið fé til Kaupþings í hlutfalli við það. Helsta áhætta ríkisins að öðru leyti tengist því hvort eignir SPRON nægi fyrir innstæðum og skuldum við Seðlabankann en talin er lítil hætta á að svo verði.

Erfiðleika Sparisjóðabankans má hins vegar fyrst og fremst rekja til falls stóru bankanna í október. Sparisjóðabankinn átti um 160 milljarða kr. skuldabréf gefin út á gömlu bankana sem höfðu verið sett að veði í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands. Sparisjóðabankinn gat ekki veitt tryggingar í stað þessara skuldabréfa og þau féllu því á ríkið.

Þegar hefur verið tekinn kostnaður á ríkið sem þessu nemur ásamt um 110 milljörðum kr. til viðbótar hjá öðrum fjármálastofnunum, samtals 270 milljarðar kr. Talið er mögulegt að ríkið muni endurheimta um fjórðung þessara skuldabréfa úr þrotabúum gömlu bankanna en talsverð óvissa er þó um það mat. Ekki ætti að falla frekari kostnaður á ríkissjóð vegna Sparisjóðabankans og það er reyndar rétt að hafa í huga að Sparisjóðabankinn er nú eða fer nú í greiðslustöðvun þannig að í sjálfu sér er allt opið hvað varðar frekari úrvinnslu mála þess fyrirtækis í framhaldinu.

Kostnaður ríkissjóðs vegna aðstoðar við aðra sparisjóði var áætlaður um 25 milljarðar kr. en eftir að SPRON hverfur út úr myndinni verður sú tala a.m.k. sem því nemur lægri eða réttu megin við 20 milljarða. Staða þeirra sparisjóða sem þá eru eftir er mismunandi en unnið er að úrlausn þeirra mála og þegar hafa fjármálaráðuneytinu borist, í samræmi við reglur sem settar voru 17. desember sl., umsóknir frá Sparisjóði Norðfjarðar, Sparisjóði Keflavíkur, Sparisjóði Vestmannaeyja, Sparisjóði Svarfdæla, Sparisjóði Bolungarvíkur og Byr – sparisjóði og verður stefnt að því að hraða úrvinnslu þessara umsókna eins og kostur er. Þær fara til umsagnar hjá Fjármálaeftirliti og Seðlabanka og síðan mun fjármálaráðuneytið vinna úr þeim.

Markmiðið er að sjálfsögðu að treysta það fjármálaumhverfi sem eftir stendur, bæði sparisjóði og sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki. Ég tek undir með hæstv. viðskiptaráðherra, ég held að það sé mikilvægt að árétta að nú vonast menn til að víglínan hafi verið dregin og að það fjármálakerfi sem eftir stendur sé unnt að aðstoða og endurskipuleggja, ekki síst sparisjóðina sem eiga að verða mikilvægur hluti af okkar viðskiptabanka- og fjármálastofnanaumhverfi í framhaldinu.

Það er ýmist búið að gera eða verið að ganga frá samningum við önnur fjármálafyrirtæki í tengslum við endurhverf viðskipti og þar með er það sannfæring okkar að þessari hrinu eigi nú senn að ljúka og við sjáum til lands í þeim efnum að hér verði þá komið á (Forseti hringir.) lífvænlegt og öflugt og fjölbreytt fjármálafyrirtækjaumhverfi.

[13:20]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Þau alvarlegu tíðindi bárust okkur til eyrna um helgina að SPRON og Sparisjóðabankinn hefðu verið yfirteknir og hugur okkar í því samhengi hlýtur að liggja hjá því starfsfólki sem er nú í óvissu vegna framtíðar sinnar á vinnumarkaði, rétt eins og hjá hátt í 20 þúsund öðrum Íslendingum sem hafa misst vinnuna á undanförnum vikum og mánuðum og bíða eftir raunverulegum aðgerðum stjórnvalda. Það hlýtur því að renna stoðum undir þær róttæku tillögur sem við framsóknarmenn höfum mælt fyrir í málefnum heimilanna og fyrirtækjanna um að ráðast þurfi í róttækar aðgerðir til að koma til móts við þann brýna vanda sem blasir við okkur.

Við framsóknarmenn höfum haldið því fram að það sé mikilvægt að standa vörð um sparisjóði landsins. Við skulum rifja það upp að í öllu góðærinu lánuðu ekki stóru viðskiptabankarnir þrír mörgum smáum byggðarlögum á landsbyggðinni heldur voru það litlu sparisjóðirnir sem stóðu vörð um það hlutverk. Í raun og veru gat fólkið einungis leitað til sparisjóðanna í mörgum tilfellum.

Samfélagslegt hlutverk sparisjóðanna er göfugt, sparisjóðirnir hafa á undangengnum árum og áratugum sett milljarða inn í mörg byggðarlög, sérstaklega á landsbyggðinni og styrkt mjög mörg brýn mál þar. Við lítum svo á að í þeirri enduruppbyggingu sem við horfumst í augu við á íslensku efnahagskerfi muni sparisjóðirnir leika lykilhlutverk í lánveitingum til einstaklinga og fyrirtækja. Ég lýsi yfir mikilli ánægju með ræðu hæstv. ráðherra Gylfa Magnússonar þegar hann nefnir það sérstaklega að sparisjóðirnir verði akkúrat í lykilhlutverki í þeirri uppbyggingu sem fram undan er.

Hins vegar getum við ekki, herra forseti, lokað augunum fyrir því að græðgisvæðingin náði inn í vissa sparisjóði, stofnfjárhluthafar náðu miklum fjármunum út úr vissum sparisjóðum og í raun og veru má segja að margir sparisjóðir hafi farið út af leið á síðustu árum í þeirri græðgisvæðingu sem gekk yfir íslenskt samfélag þá.

Við hljótum að tala fyrir því að byggja upp sparisjóðina á þeim gildum sem til þeirra var stofnað, að eiga fyrst og fremst viðskipti við fyrirtæki og einstaklinga og skila arðinum sem af þeim viðskiptum hlýst út í samfélagið. Það er mikilvægt.

Hins vegar vil ég spyrja hæstv. viðskiptaráðherra, herra forseti, hvort ekki hafi komið til greina í ljósi þess að ráðamenn í ríkisstjórn hafa talað um að styrkja þurfi sparisjóðakerfið að innlán SPRON hefðu farið til annarra sparisjóða

til að styrkja tilvistargrundvöll þeirra, og hvort hann hafi rætt ítrekað við forustumenn sparisjóðanna í landinu um mögulegt framtíðarfyrirkomulag sparisjóðakerfisins. Það er brýnt að við eigum mjög virkt samráð við forustumenn sparisjóðanna í landinu til þess að geta styrkt sparisjóðakerfið, til þess að geta reist við marga sparisjóði, kannski ekki hvað síst á landsbyggðinni, sem hafa ötullega unnið að málefnum margra byggðarlaga og styrkt mörg mjög góð málefni og veitt fólki og fyrirtækjum þar mikilvæga aðstoð.

Að lokum þetta, herra forseti: Við framsóknarmenn leggjum höfuðáherslu á að sparisjóðirnir gegna lykilhlutverki við þá enduruppbyggingu fjármálakerfisins sem blasir við okkur. Ég hvet hæstv. ráðherra til dáða í þeim efnum að koma til móts við þarfir sparisjóðanna í landinu. Við megum heldur ekki hugsa til þess að það verði allt ríkisins hér á landi. Ég minni á að sparisjóðirnir eru sjálfseignarstofnanir, oft í eigu einstaklinga í byggðarlögum, og við leggjum mikla áherslu á það að grundvöllur þeirra verði treystur til framtíðar og hvetjum hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) til dáða í þeim efnum.

[13:24]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Sparisjóðirnir hafa oft og tíðum verið burðarásar í atvinnulífi úti um landsbyggðina, hafa verið þær stofnanir þar sem þekking á nærumhverfinu hefur verið til staðar, hafa verið þær stofnanir sem menn hafa getað átt bakhjarl í við að reyna að tryggja rekstur fyrirtækjanna víða á landsbyggðinni. Þetta þekkjum við ágætlega sem höfum starfað og búið á landsbyggðinni um langa tíð. Það skiptir mjög miklu máli að sparisjóðakerfinu verði viðhaldið hér á landi og þó að þessi áföll hafi nú dunið yfir vænti ég þess að sá vilji sem hér hefur verið lýst yfir af ríkisstjórninni og hæstv. viðskiptaráðherra gangi eftir og menn standi vörð um að halda þeim sparisjóðum sem eftir standa og starfsemi þeirra í lagi fyrir framtíðina.

Það er auðvitað sárt að horfa til þess að stofnanir eins og SPRON, sú stofnun sparisjóðanna sem starfaði hér, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, skuli hafa farið með þeim hætti sem hann hefur farið. Í því sambandi má minna á umræðuna sem fór fram fyrir nokkrum árum þar sem talað var mjög hátt, með háværum kröfum, um að fé í sparisjóðum væri fé án hirðis og þyrfti sérstaklega að taka til þess að koma því í annan farveg en þá var.

Ef við lítum aftur í tímann, ætli við sjáum þá ekki að betur hefði farið að hafa sparisjóðina eins og þeir voru, halda þeim tryggum sem stoðum fyrir þá starfsemi sem þeir störfuðu í en að fara þær leiðir sem farnar voru hvað varðar stofnfé og fleira? Það má kannski orða það svo að í dag sé bara hirðirinn eftir, ætli það megi ekki orða það þannig? (Gripið fram í.) Og þá spyr maður: Til hvers var á veginn lagt?

Við urðum auðvitað vör við að stóru bankarnir fóru á fulla ferð við að reyna að eignast sparisjóðina, Sparisjóð Mýra og Borgarfjarðar sem dæmi og marga fleiri. En við höfum líka séð einstaka sparisjóði sem starfa á landsbyggðinni halda sínum gömlu gildum og standa sig ágætlega, standa sig vel fyrir sínar byggðir. Ég vænti þess, hæstv. forseti, að núverandi ríkisstjórn leggi sig sérstaklega fram um að halda sparisjóðunum starfhæfum. Við þurfum á því að halda í landinu og það veitir a.m.k. ekki af því fyrir hagsmuni landsbyggðarinnar mjög víða að sparisjóðirnir séu til staðar og að fólkið í byggðunum geti treyst á að þessar stofnanir — sem hafa oft og tíðum reynst sá bakhjarl sem mátti treysta þegar aðrir höfðu lokað fyrir lánveitingar — verði þar áfram, að fólk geti treyst því og fyrirtækin á svæðunum að þau eigi ákveðinn bakhjarl í sparisjóðunum. Ég vænti þess að það verði þó alla vega niðurstaðan. Það er hörmulegt að sífellt fleira fólk lendi á atvinnuleysisskrá og það er auðvitað að verða alstærsta vandamálið í landinu hvernig við ætlum að taka á atvinnuleysisvofunni. Það mun setja okkur flöt síðari hluta ársins ef sífellt heldur áfram að fjölga um þúsund manns á atvinnuleysisskrá landsmanna.

[13:28]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Það er hörmulegt hvernig komið er fyrir sparisjóðum landsins, en það var líka hörmulegt hvernig ríkisstjórnin stóð að því að yfirtaka þá um helgina og Fjármálaeftirlitið og það er þeim ekki til framdráttar hvernig að því máli var staðið.

Það er tvennt í þessu máli sem mér finnst ástæða til að nefna, annars vegar ábyrgð Seðlabanka Íslands sem vísvitandi og af ráðnum hug notaði Sparisjóðabankann til að koma út peningum til viðskiptabankanna þriggja þegar allar almennar reglur gerðu það ókleift fyrir Seðlabankann að *fjármagna starfsemina meira en orðið var. Sparisjóðabank*inn var notaður sem milliliður til að koma út hundruðum milljarða kr. til viðskiptabankanna til að viðhalda blekkingarleiknum. Menn vissu hvað þeir voru að gera. Það má auðvitað líka segja um eigendur Sparisjóðabankans að þeir upplifa núna að skammvinnur verður oft skjótfenginn gróði. Þeir héldu að þeir væru að taka inn mikinn gróða með því að láta þessa peninga flæða þar í gegn, en þeir sitja uppi með skuldirnar og þeir sparisjóðir sem mest fé höfðu lagt inn í þann banka tapa því fé og þurfa að leita á náðir ríkisins til að halda velli. Það sem upp úr stendur, virðulegi forseti, er að menn fóru út af leið, menn gleymdu því að sparisjóðirnir voru þjónustustofnanir en ekki áhættusæknar stofnanir. Menn héldu að hægt væri að taka til sín fé sem þeir áttu ekki til að innleysa það fé sem var án hirðis í gegnum stofnfé og stofnfjárhlutabréf. Þessi slagur stóð m.a. hér í þingsölum þar sem menn þurftu að slást við þáverandi formann efnahags- og viðskiptanefndar sem gekk manna lengst í því að brjóta niður allar varnir fyrir óprúttna einstaklinga til að taka til sín í gegnum stofnféð það fé sem enginn átti annar en sparisjóðurinn sjálfur. Því fór sem fór, virðulegi forseti.

[13:30]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni um nauðsyn þess að tryggja að réttindi starfsfólks verði varin, m.a. um laun í uppsagnarfresti. Ég á reyndar ekki von á að atbeina ríkisins þurfi þar til vegna þess að *ég tel að SPRON muni eiga fyrir slíkum forgangs*kröfum. Að sjálfsögðu mun ekki standa á mér að veita þar stuðning ef atbeina ríkisvaldsins þarf til.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar um möguleikana á því að færa innlán SPRON til annarra sparisjóða þá reyndist það ekki raunhæf hugmynd, m.a. vegna þess hve mikil upphæðin var. Það hefði einfaldlega ekki verið hægt með góðu móti að koma þessu inn í annan sparisjóð stærðarinnar vegna. Auk þess hefði í reynd ekki annar sparisjóður en Byr komið til greina í ljósi þess að viðskiptavinirnir eru flestir á höfuðborgarsvæðinu.

Ég hef rætt við forsvarsmenn sparisjóðanna, bæði einstakra sparisjóða og sparisjóðasambandsins og reyndar einnig Sparisjóðabankans, um framtíðarsýn fyrir sparisjóðakerfið. Ég held að óhætt sé að fullyrða að skoðanir mínar og þeirra fara að miklu leyti saman og reyndar hafa ýmsir þingmenn hér í dag viðrað svipaðar skoðanir þannig að ég held að ekki sé mikill ágreiningur um það hvers konar sparisjóðakerfi við viljum sjá. Við viljum sjá staðbundna sparisjóði sem sérstaklega þjóna hinum dreifðu byggðarlögum vel, við viljum auðvitað líka hafa a.m.k. einn öflugan sparisjóð á höfuðborgarsvæðinu og við viljum að þessar stofnanir þjóni sérstaklega einstaklingum og smærri fyrirtækjum, séu kannski dálítið íhaldssamar eins og sparisjóðir eiga að vera, séu ekki einhvers konar fjárfestingarbankar svo dæmi séu tekin. Ég held að við munum reyna að standa vörð um stofnfjárkerfið. Það er hægt að draga þá ályktun af því sem gerst hefur undanfarin missiri að hlutafélagavæðing sparisjóðanna var mjög misráðin, þannig að við hljótum að reyna að standa vörð með einhverjum hætti um stofnfjárhugmyndina þótt e.t.v. þurfi að gera einhverjar breytingar á henni til að sparisjóðirnir geti með greiðari hætti aflað sér nýs eigin fjár þegar þess þarf.

Ég legg áherslu á að við stöndum vörð um sparisjóðaformið, litlar fjármálastofnanir sem eru í eigu heimamanna og þjóna fyrst og fremst heimamönnum og gerum það sem þarf til að búa þeim til þá umgjörð sem þarf til að þeir geti starfað undir þeim formerkjum.

Fundi slitið kl. 13:34.

---

111. FUNDUR

mánudaginn 23. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Leikskólar og grunnskólar, frv., 390. mál, þskj. 656. — 3. umr.
3. Grunnskólar, frv., 421. mál, þskj. 714, nál. 759. — 2. umr.
4. Náms- og starfsráðgjafar, frv., 422. mál, þskj. 715, nál. 763. — 2. umr.
5. Embætti sérstaks saksóknara, stjfrv., 393. mál, þskj. 663, nál. 760, brtt. 762. — 2. umr.
6. Tóbaksvarnir, stjfrv., 162. mál, þskj. 190, nál. 679. — 2. umr.
7. Málefni aldraðra, stjfrv., 412. mál, þskj. 700, nál. 769. — 2. umr.
8. Barnaverndarlög og barnalög, frv., 19. mál, þskj. 19, nál. 772, brtt. 773. — 2. umr.
9. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 402. mál, þskj. 683, nál. 764. — 2. umr.
10. Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, frv., 420. mál, þskj. 713, nál. 767. — 2. umr.
11. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 376. mál, þskj. 635, nál. 770. — 2. umr.
12. Náttúruvernd, stjfrv., 362. mál, þskj. 613, nál. 766. — 2. umr.
13. Rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, þáltill., 20. mál, þskj. 20, nál. 765. — Síðari umr.
14. Stjórn fiskveiða, frv., 429. mál, þskj. 725. — 1. umr.
15. Skaðabótalög, frv., 438. mál, þskj. 747. — 1. umr.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Um klukkan hálffjögur í dag, að loknum óundirbúnum fyrirspurnatíma, fer fram utandagskrárumræða um arðgreiðslur í atvinnurekstri. Málshefjandi er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Þá vill forseti láta þess getið um þinghaldið í dag að ekki er gert ráð fyrir atkvæðagreiðslum um dagskrármálin á þessum degi.

[15:02]

Útbýting:

Greiðslur til líffæragjafa, 259. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 781; brtt. fél.- og trn., þskj. 782.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 397. mál, nál. iðnn., þskj. 779; brtt. iðnn., þskj. 780.

Visthönnun vöru sem notar orku, 335. mál, nál. iðnn., þskj. 783.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Kaup Exista á bréfum í Kauphingi.

[15:03]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Þann 10. febrúar 2006, fyrir réttum þremur árum, átti ég fund með forstjóra og lögfræðingi Fjármálaeftirlitsins. Tilefnið var frétt í Markaðnum sem dreift var með *Fréttablaðinu* þann 4. janúar sama ár. Þar stóð,

með leyfi forseta:

„Hagnaður Exista á árinu 2005 verður vart undir þrjátíu milljörðum króna."

Enn fremur stendur: „Exista festi kaup á fjögurra prósenta hlut í KB banka í nóvember sem margir telja að hafi losað um töluverða sölupressu á bréfum í bankanum og jafnframt styrkt stöðu félagsins sem stærsta hluthafans.

Voru öll sölutilboð á verðbilinu 600–650 „hreinsuð upp" ..."

„Félagið gaf út nýtt hlutafé að upphæð tuttugu milljarðar í desember og munu hluthafar hafa fengið mjög skammman tíma til að ganga frá innborgun, sem var notuð meðal annars til að fjármagna hlutafjárkaupin í KB banka."

Hér er um að ræða mjög greinilegt dæmi um „market manipulation", markaðsmisnotkun, og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann kannist við þessa frétt og hvort hann kannist við til hvaða viðbragða Fjármálaeftirlitið greip í kjölfarið þegar þessi frétt birtist í Markaðnum sem er fylgirit *Fréttablaðsins* sem öll þjóðin les. Ég sem formaður efnahags- og skattanefndar bað um sérstakan fund til að benda Fjármálaeftirlitinu á þetta mál.

[15:05]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég man eftir þessari umræðu úr fjölmiðlum en þetta gerðist vitaskuld allnokkru áður en ég varð ráðherra og hafði nokkuð með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins að gera þannig að mér er ekki kunnugt um hver viðbrögð Fjármálaeftirlitsins urðu, ef nokkur, við þessum fréttaflutningi en tek undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal, það er óneitanlega margt sem þarf að rannsaka í hlutafjárviðskiptum með bréf í bönkunum, hvernig þau voru fjármögnuð og í mörgum tilfellum blasir eiginlega við að þar var pottur brotinn.

Ég get ekki tjáð mig um þetta sérstaka mál vegna þess að ég hef engar frekari upplýsingar um það en þær sem fram komu í fjölmiðlum og hv. þingmaður rakti áðan.

[15:06]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Þá vil ég inna hæstv. viðskiptaráðherra eftir því hvort hann hyggist ekki ganga eftir því hvað gert hafi verið í kjölfarið, hvort stjórn Fjármálaeftirlitsins sem hefur mjög víðtækar heimildir, m.a. til að stöðva rekstur fyrirtækja, hafi ekki kannað málið og gengið eftir því hvað væri að gerast, hvort þessi frétt væri algerlega laus úr lofti gripin eða hvort Exista hafi virkilega verið að strauja upp gengið á Kauphingi eins og segir í fréttinni.

[15:07]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Það er alveg sjálfsagt að ég leggi fram fyrirspurn til Fjármálaeftirlitsins um afdrif þessa máls. En ég vil einnig vekja athygli á því að þetta mál og önnur af svipuðum toga hljóta að vera meðal þess sem sérstök rannsóknarnefnd sem starfar á vegum þingsins tekur til skoðunar og ef eitthvað saknæmt gerðist mun það væntanlega koma til kasta sérstaks saksóknara.

Tilvísanakerfi í heilbrigðisþjónustu.

[15:07]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Eins og alþjóð veit þarf að fara í sparnaðaraðgerðir á næstu árum í íslensku samfélagi vegna efnahagsástandsins. Um daginn stóð í fjölmiðlum að þingmenn væru mjög tregir til að ræða sparnaðaraðgerðir og því var líkt við umræðu um bleikan fíl. Ég skora af því tilefni á þingmenn að koma með hugmyndir um hvernig megi spara.

Ég spyr því hæstv. heilbrigðisráðherra aðeins út í sparnaðarhugmyndir í heilbrigðiskerfinu. Hvernig er hægt að nýta það fjármagn sem í dag fer til heilbrigðisþjónustunnar með skynsamlegri hætti án þess að þjónusta skerðist? Ég spyr hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann telji koma til greina að taka upp svokallað tilvísanakerfi í heilbrigðisþjónustunni.

Í nágrannaríkjum okkar ríkir tilvísanakerfi, þ.e. þar er reynt að afgreiða á heilsugæslustigi flesta sjúkdóma sem hrjá fólk og ef með þarf eru sjúklingar síðan sendir til sérfræðilækna. Hér á Íslandi er það þannig að almenningur getur farið beint til sérfræðilækna og ríkið borgar háa prósentu af reikningnum. Það má segja að á landsbyggðinni ríki tilvísanakerfi í dag. Þar eru flest mál afgreidd á heilsugæslustigi og einungis þau alvarlegustu fara til sérfræðilækna. Það má færa rök fyrir því að það kerfi sem við höfum í dag bjóði upp á ákveðna sóun fjármuna og því spyr ég hæstv. heilbrigðisráðherra hvort það komi til greina í þeirri erfiðu stöðu sem við erum í fjárhagslega að taka upp tilvísanakerfi (Forseti hringir.) þannig að það sé tryggt að fólk fái góða þjónustu en fái hana á réttu stigi.

[15:10]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Já, ég tel það koma til greina — og meira en það. Það er ásetningur minn að kanna hvort ekki sé hægt að koma slíku á. Það verður ekki gert á einhverjum dögum eða vikum en ég hef trú á því að sá sem stýrir heilbrigðisráðuneytinu á komandi mánuðum muni fara í slíkar athuganir. Ég er þessu mjög hlynntur fyrir mitt leyti, vil taka upp það sem Danir kalla valfrjálst stýrikerfi. Ég get getið þess að þetta kom til umræðu á landsfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um helgina og var einmitt samþykkt ályktun þar sem kveðið var á um þetta, að við skyldum halda út á þessa braut. Danir búa við valfrjálst stýrikerfi og ég hygg að 98% Dana nýti sér tilvísunarhlutann en 1,5–2% kjósi að leita beint til sérfræðilæknis sem er þá dýrari kostur. Danir hafa þetta val.

Já, ég tel þetta koma til greina. Hins vegar þurfum við að gæta að því að allar forsendur séu fyrir hendi. Þetta byggir á því að grunnheilbrigðisþjónustan sé styrkt samhliða þannig að hún sé í stakk búin til að mynda grundvöllinn undir valfrjálst stýrikerfi sem ég hef reyndar þegar hafið viðræður um við lækna og aðra sem hlut eiga að máli.

[15:11]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég fagna mjög svari hæstv. heilbrigðisráðherra. Það er alveg ljóst að við þurfum að spara tugi milljarða í fjárlögum næsta árs þannig að því fyrr sem

við getum komið af stað skynsamlegri nýtingu fjármuna því betra. Danska kerfið er mjög gott að því leyti að þar getur fólk einmitt valið um að fara inn í tilvísunarkerfið, fara þá fyrst á heilsugæslustigið og fá þar úrlausn mála. Ef ekki er hægt að leysa úr málum þar fara sjúklingar áfram til sérfræðilækna og njóta þá ódýrari þjónustu þar heldur en ef þeir fara beint til sérfræðilækna fram hjá heilsugæslustöðvunum.

Ég tel að við eigum að fara einhverja slíka leið, geri mér samt grein fyrir því að þetta mun hugsanlega krefjast ákveðinna úrbóta á heilsugæslustöðvunum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Það eru a.m.k. á tveimur ef ekki þremur stöðum sem þarf að gera úrbætur til að koma til móts við nýtt kerfi en ég er algerlega sannfærð um það, virðulegur forseti, að til lengri tíma litið mundum við spara (Forseti hringir.) umtalsverða fjármuni í heilbrigðiskerfinu með valfrjálsu tilvísanakerfi (Forseti hringir.) án þess að þjónusta skerðist. Ég fagna því mjög þessu svari hæstv. heilbrigðisráðherra.

[15:13]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Að uppistöðu til er íslenska heilbrigðiskerfið rekið á vegum opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, og það gildir reyndar einnig um sjálfseignarstofnanir sem eru fjármagnaðar með skattfé. Síðan höfum við til hliðar kerfi þar sem sérfræðilæknar koma við sögu sem er reyndar einnig að verulegu leyti fjármagnað með fjármunum úr almannasjóðum.

Þarna er blanda sem Íslendingar hafa unað bærilega við fram til þessa. Átökin á undanförnum árum hafa hins vegar staðið um það hvort færa eigi landamærin til og hvort fara eigi með heilbrigðisþjónustuna í ríkari mæli en verið hefur út á markað. Því hef ég verið alfarið andvígur en ég tel að það eigi að reyna að mynda víðtæka sátt um það í heilbrigðiskerfinu að fara út í þennan farveg. Þetta er hagkvæmara, ódýrara, (Forseti hringir.) tryggir betri nýtingu á fjármunum og gagnast öllum, þeim sem njóta (Forseti hringir.) þjónustunnar og líka þeim sem veita hana.

Skipan sendiherra.

[15:14]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Á dögunum voru afgreidd frá Alþingi ný seðlabankalög sem gerðu ráð fyrir því að skylt væri að auglýsa stöðu seðlabankastjóra. Markmiðið var að veita öllum jöfn tækifæri á að sækja um starf á grundvelli menntunar, reynslu og annarra verðleika. Með þessari lagabreytingu var horfið frá þeim tímum þegar stjórnmálamenn og þá sérstaklega ráðherrar gátu veitt samherjum sínum bitlinga oftar en ekki á forsendum flokksskírteinisins.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að enn er í gildi gamli tíminn innan íslensku stjórnsýslunnar og þá á ég við í utanríkisráðuneytinu þegar kemur að stöðuveitingum sendiherra. Þar er enn ekki skylt að auglýsa þegar sendiherrastöður losna og í raun og veru er það undir viðkomandi ráðherra komið og hans hugarflugi hvern hann vill ráða í það starf hverju sinni án auglýsingar. (Gripið fram í.)

Í ljósi þess að nýr og vörpulegur utanríkisráðherra hefur tekið til starfa langar mig að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hann sé ekki tilbúinn að innleiða ný vinnubrögð í utanríkisráðuneytið með því að sendiherrar verði hér eftir skipaðir á grundvelli auglýsingar og allir hafi möguleika á að sækja um á grundvelli verðleika sinna, þekkingar og menntunar. Þannig gætum við í raun og veru komið til móts við þá kröfu sem er í íslensku samfélagi um að gera íslenska stjórnsýslu opnari en hún hefur verið. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hyggst hann beita sér fyrir því að breyta þeim vinnuaðferðum sem hafa ríkt innan ráðuneytisins á undangengnum áratugum?

[15:16]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Þarna kemur hv. þingmaður að mér gersamlega úr sólarátt. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki hugleitt þetta. Hv. þingmaður spyr mig hvort ég hyggist beita mér fyrir þessu. Í framhaldi af því sem ég sagði honum, að ég hafi ekki hugsað um þetta til þessa, þá get ég ekki sagt að ég hafi áform um það. Hins vegar get ég sagt það að mér finnst þetta athyglisverð tillaga hjá hv. þingmanni. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera gagnsæi og jafnræði í samfélaginu. Ég er líka þeirrar skoðunar að í utanríkisþjónustunni skipti máli, sérstaklega í erfiðum samningum eins og við eigum í núna, að geta sótt í sjóð reynslu þeirra sem hafa mikla þekkingu og hafa lengi verið á vettvangi. Það erum við að gera t.d. varðandi samninga okkar í Icesave-málinu eins og hv. þingmaður veit þar sem við höfum tekið mann sem hefur marghátttaða reynslu af diplómatíu en líka úr stjórnmálum og víðtæk tengsl.

En það sem hv. þingmaður varpar hér fram er hugmynd sem ég skal að minnsta kosti lýsa yfir að er einnar messu virði að skoða mjög rækilega og ég skal lofa honum því að það verður skoðað.

[15:18]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Í raun og veru væri þessi breyting á vinnulagi innan utanríkisráðuneytisins í takt við það sem við höfum verið að samþykkja á Alþingis á undangengnum vikum og sérstaklega þegar við rufum þá áratuga löngu hefð að seðlabankastjórar væru skipaðir á grundvelli flokksskírteinis sem er vissulega eitthvað sem við þurfum að láta af.

Ég tel að það sé kallað eftir því að stjórnmálamenn fari að viðhafa ný vinnubrögð og ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að íhuga þetta mjög vandlega því að sjálfsögðu eigum við að gefa öllum tækifæri til að sækja um til að mynda sendiherraembætti á grundvelli menntunar sinnar og þekkingar. Og ég get ekki séð, herra forseti, að það væri verra fyrir hæstv. ráðherra að hafa úr að spila margar umsóknir frá mjög hæfileikaríku fólki sem gæti tekið það vandasama verk að sér að vera (Forseti hringir.) sendiherra Íslands á erlendri grundu.

[15:19]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Hv. þingmaður kemur fram með mjög

sterkt sjónarmið sem hann rökstyður vel. Eins og ég sagði áðan verður þetta lagt í hugmyndabanka utanríkisþjónustunnar og við munum skoða þessa hugmynd eins og allt sem kemur frá Framsóknarflokknum nú um stundir.

Hins vegar vil ég segja alveg skýrt að það stendur ekki til í utanríkisráðuneytinu að fjölga sendiherrum. (Gripið fram í.) Þar er alveg nóg af sendiherrum og eins og hv. þingmaður veit og hér hefur verið rætt stendur málið þannig af sér að nokkrir þeirra eru fyrir aldurs sakir að láta af störfum á næstu missirum. Það er alveg ljóst að í utanríkisráðuneytinu þurfa menn eins og í öðrum ráðuneytum að leita eftir því að spara og fara með ráðdeild og þar eru engin áform um að fjölga sendiherrum.

MS-sjúklingar og lyfjagjöf.

[15:20]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það að greinast með illvígan sjúkdóm er eitthvert það erfiðasta sem fólk tekst á við í lífinu, einstaklingar og fjölskyldur. Því hefur vakið mig til umhugsunar sú umræða sem verið hefur um MS-sjúkdóminn, sem er einna skæðastur þessara sjúkdóma, og að fram hefur komið að ákveðin brotalöm er í lyfjagjöf til þeirra sem haldnir eru þeim sjúkdómi. Umræðan í samfélaginu á undanförnum vikum og svo bréf sem okkur þingmönnum barst eða afrit af bréfi sem skrifað var til hæstv. heilbrigðisráðherra hreyfði virkilega við mér þar sem ung kona sem fyrir níu árum, þá um tvítugt, greindist með þennan sjúkdóm, greinir okkur frá stöðu sinni og segir m.a., með leyfi forseta:

„Það er ekki auðvelt að takast á við það tvítugur að greinast með alvarlegan sjúkdóm. Það er ekki auðvelt að þurfa að bíða eftir lyfi sem er til og hefur sýnt góðan árangur. Ég á tvö lítil börn sem lifa við það að mamma þeirra er með sjúkdóm og það hryggir mig. Það er því ekki auðvelt að vita af lyfinu og vera búin að fá jákvætt svar en svo gerist ekkert í marga mánuði."

Fyrir rúmi ári síðan urðu mikil þáttaskil í meðferð MS-sjúklinga á Íslandi þegar byrjað var að gefa nýja lyfið Tysabri sem skilar almennt margfalt betri árangri en nokkru sinni hefur verið í meðferð á þessum sjúkdómi.

Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra hvernig málin standa varðandi lyfjagjöf til þessara sjúklinga og hvers við megum vænta á næstu vikum og mánuðum í málefnum þeirra.

[15:22]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem fram kemur í máli hv. þingmanns að hér er um að ræða viðkvæm mál og þegar fram koma lyf sem lina þjáningar sjúkra eða draga úr einkennum tiltekinna sjúkdóma sem leggjast á fólk þá er fullkomlega eðlilegt að fólk bindi miklar vonir við slík lyf.

Hv. þingmaður spyr um stöðu þessara mála hér á landi. Því er fyrst til að svara að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér fá hlutfallslega tvisvar til þrisvar sinnum fleiri sjúklingar þetta lyf en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Þetta er nokkuð sem vert er að hafa til umhugsunar. Hins vegar viljum við gera eins vel í þessum efnum og nokkur kostur er. Við verðum jafnframt að reiða okkur á ráðleggingar okkar bestu lækna varðandi gjöf þessa lyfs sem annarra lyfja. Hins vegar er eðlilegt að það sé aðhald gagnvart stjórnvöldum og einnig gagnvart heilbrigðiskerfinu og það er eðlilegt að samtök sjúklinga beiti sér.

Ég mun eiga fund með forsvarsmönnum MS-félagsins síðar í dag og sérfræðingar ráðuneytisins hafa verið að veita mér upplýsingar. En ég tek jafnframt fram að menn skulu fara fram með varúð áður en þeir kveða upp mjög þunga dóma í þessum efnum. Orðum manna fylgir talsverð ábyrgð hvað það snertir. Ég vil fullvissa hv. þingmann um það að við fylgjumst vel með þessum málum og (Forseti hringir.) og viljum sjá til þess að sjúklingar fái þá allra bestu (Forseti hringir.) meðferð sem völ er á.

[15:24]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Heldur þótti mér þetta innihaldslaust hjá hæstv. heilbrigðisráðherra. Það liggur fyrir í dag að áætlað var að um 50 sjúklingar væru komnir á þetta lyf. Þeir eru ekki nema 45 þannig að það eru fimm enn eftir frá því sem áætlað var og 60 aðrir sem bíða.

Heildarkostnaður við að gefa þessu fólki þetta lyf á ári er áætlaður um 550 millj. eða um 5 millj. á sjúkling á ársgrundvelli. Ég held að hæstv. heilbrigðisráðherra ætti að snúa sér til hæstv. samráðherra sinna í ríkisstjórninni og sjá hvort ekki sé hægt að forgangsraða með einhverjum hætti þannig að hægt sé að mæta þörfum þessa fólks til betra lífs og þjóðfélaginu öllu til styrkingar.

Ef hæstv. heilbrigðisráðherra á í einhverjum vandræðum með þetta get ég gefið honum eitt ráð sem hann og flokksmenn hans hafa nú talað gegn á undanförnum mánuðum og það er t.d. að hætta því loftrýmiseftirliti sem er í gangi yfir landinu og kostar okkur (Forseti hringir.) samkvæmt fjárlögum hundruð milljóna á ári og setja þá peninga frekar í þetta verkefni.

[15:26]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Menn tala nokkuð djarflega og ég velti því fyrir mér hve mikla þekkingu þingmaðurinn hefur á þessum málum. En ég fullvissa hann um að ég tek það af mikilli alvöru að skoða með hvaða hætti við getum veitt þessum sjúklingum þá allra bestu meðferð og læknishjálp sem völ er á. Ég ætla að leyfa mér að lýsa yfir stuðningi við lækna sem annast þessa sjúklinga jafnframt því sem ég óska eftir upplýsingum um hvernig á þessum málum er haldið.

Ég veit að fyrir þinginu liggur fyrirspurn frá hv. þm. Ástu Möller sem væntanlega kemur til umfjöllunar næsta miðvikudag. Ég mun þá eiga orðastað við þingmanninn, fyrrverandi formann heilbrigðisnefndar Alþingis, sem hefur sett fram mjög alvarlegar ásakanir á hendur læknum og stjórnendum sjúkrahúsanna varðandi þennan hóp og segir að þeir (Forseti hringir.) mismuni á grundvelli menntunar. Ég mun á miðvikudaginn fara (Forseti hringir.) fram á það að hv. þm. Ásta Möller geri grein fyrir þeim alvarlegu ásökunum sem hún hefur borið fram.

Hugmyndir Salt Investments í heilbrigðisþjónustu.

[15:27]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég vildi segja það að ég hlakka til að ræða við hæstv. heilbrigðisráðherra um Tysabri á miðvikudaginn. En það sem mig langar að ræða um í dag er að í *Fréttablaðinu* síðastliðinn laugardag er haft eftir hæstv. heilbrigðisráðherra, Ögmundi Jónassyni, að hann sé, með leyfi forseta: „opinn fyrir hugmyndum Róberts Wessman um að fyrirtæki hans, „Salt Investments", flytji sjúklinga hingað til lands í samstarfi við bandarísku heilbrigðisstofnunina Mayo Clinic." Hann setji þó fyrirvara um hlutverk ríkisins í þessu verkefni sem er auðvitað rétt nálgun.

Ég verð að segja að það er ánægjulegt að heyra nýjan og breyttan tón í hæstv. heilbrigðisráðherra og ég spyr hvort hér sé um sama mann að ræða og hefur haft allt á hornum sér gagnvart því að aðrir en opinberir aðilar veiti heilbrigðisþjónustu.

Ég fagna hins vegar orðum hans sem fela m.a. í sér opnunarmöguleika á aukinni notkun á nýjum skurðstofum á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eins og ég skil málið. Mayo Clinic í Bandaríkjunum er ein virtasta heilbrigðisstofnun í heiminum og formlegt samstarf við hana á sviði heilbrigðismála felur í sér mikla viðurkenningu á íslenskri heilbrigðisþjónustu og skapar einstakt tækifæri fyrir íslenskt heilbrigðisstarfsfólk. Við eigum eitt best menntaða heilbrigðisstarfsfólk í heimi og góðan aðbúnað á heilbrigðisstofnunum.

En íslenskt heilbrigðiskerfi getur sinnt fleirum en það gerir í dag. Við höfum umframgetu sem hægt er að nýta í þágu erlendra sjúklinga. Um leið sköpum við fleiri störf hér á landi, öflum okkar mikilvægrar reynslu og þekkingar og fáum gjaldeyristekjur til landsins. Mörg hundruð íslenska lækna eru starfandi erlendis en vildu gjarnan fá tækifæri til að flytja heim. Við stöndum frammi fyrir því að það er yfirvofandi atvinnuleysi meðal íslenskra hjúkrunarfræðinga sem er algjörlega ný staða í íslenskri heilbrigðisþjónustu þar sem hefur verið viðvarandi skortur á hjúkrunarfræðingum til starfa. Og við búum yfir þekkingu og aðstöðu sem hægt er að nýta til gagns fyrir sjúklinga sem eru á biðlista eftir heilbrigðisþjónustu í öðrum löndum.

Ég vil því spyrja hæstv heilbrigðisráðherra um áform hans á útflutningi á íslenskri heilbrigðisþjónustu og hvernig hann sér hlutverk Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í því sambandi.

[15:29]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Eitt vil ég leiðrétta í upphafi. Það er vissulega rétt að ég hef áhuga á að ræða um lyfið Tysabri við hv. þingmann en það sem ég vildi ekki síður ræða voru þær alvarlegu ásakanir og aðdróttanir á hendur læknum og stjórnendum Landspítalans um að mismuna sjúklingum m.a. á grundvelli menntunar. Þetta eru alvarlegar ásakanir sem hv. þingmaður þarf að færa rök fyrir. Ef þær eru sannar þarf að sjálfsögðu að leiða þær fram í dagsljósið og ég vænti þess að hv. þingmaður geri það.

Varðandi Salt Investments hef ég margoft sagt það að öllum landsmönnum, öllum fyrirtækjum er heimilt að setja á fót einkarekna þjónustu einnig á heilbrigðissviði. Enginn bannar Róberti Wessman og fyrirtækjasamsteypu hans að setja á fót einkaspítala á Suðurnesjum eða annars staðar í landinu.

Þegar kemur að því hins vegar að skuldbinda skattborgara til ábyrgðar eða heilbrigðisþjónustuna að öðru leyti þá eru það hlutir sem við þurfum að fá nánari umræðu um vegna þess að sjúklingar verða ekki fluttir landa á milli eins og hver önnur verslunarvara. Þetta er fólk og sjúkt fólk vill öryggi og það vill öryggi í bakhjarli. Ef eitthvað fer úrskeiðis hjá einstaklingi sem gengst hér undir erfiða aðgerð gæti hann hafnað inni á gjörgæsludeild. Sú gjörgæsludeild þarf þá að vera reiðubúin að taka honum opnum örmum.

Það eru slíkir hlutir sem ég vil fá nánari upplýsingar um, en áður en ég gef út einhverjar yfirlýsingar eða tek einhverjar ákvarðanir vil ég einfaldlega að allar upplýsingar verði fram reiddar.

[15:31]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra kýs að taka forskot á umræðuna varðandi Tysabri og ég get alveg sagt það hér að spurningin um jafnræði við úthlutun á Tysabri er ekki komin upp úr mínum huga. Hún kemur upp í samræðum mínum við sjúklinga sem hafa leitað til mín, bæði í því tilviki sem hv. þm. Jón Gunnarsson vísaði til áðan þar sem varpað var fram spurningu um landfræðilega mismunun og jafnframt í því dæmi sem ég hef sérstaklega í huga og varðar MS-sjúkling, unga konu sem spurði þessarar spurningar um menntun. Hún kom upp í umræðu milli hennar og annarra MS-sjúklinga. Ég hlýt sem fulltrúi fólksins að varpa fram þeirri spurningu hvaða viðmiðun sé höfð til hliðsjónar þegar ákvörðun er tekin um hvaða sjúklingar fá þau gæði sem felast í þessu einstaka lyfi sem virðist gagnast um 80% af þeim sem hafa þörf fyrir það.

[15:33]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ef uppi eru efasemdir eða grunsemdir um að læknar og Landspítalinn mismuni fólki á þessum grundvelli er það nokkuð sem þarf að rannsaka. Þegar fyrrverandi formaður heilbrigðisnefndar kveður sér hljóðs á opinberum vettvangi, í Ríkisútvarpinu, til að halda því fram að læknar og stjórnendur Landspítalans mismuni á þessum forsendum er það alvarlegur hlutur og nokkuð sem við eigum að taka alvarlega. (Gripið fram í.) Ef rök eru fyrir þessu er það mjög alvarlegur hlutur en það er líka alvarlegur hlutur að fara með rangt mál eða setja fram ásakanir og dylgjur að órannsökuðu máli. Það er líka ábyrgðarhluti.

Ég er ekki að frábiðja mér umræðu um þessi efni, þetta á allt að vera opið og uppi á borðinu. Ef einhverjar slíkar efasemdir eru uppi þarf að sjálfsögðu að fá sannleikann fram og (Forseti hringir.) þá þarf fólk að standa fyrir máli sínu. (Forseti hringir.) Það er einn og sami maðurinn sem talar um heilbrigðismál hér sem heilbrigðisráðherra (Forseti hringir.) og sem þingmaður hér fyrr á tíð. (Forseti hringir.) Mér er gert og ég ætla mér að standa vörð um hagsmuni skattborgarans og um hagsmuni heilbrigðiskerfisins (Forseti hringir.) í landinu.

Um fundarstjórn.

Upplýsingar um fall SPRON.

[15:34]

Árni Johnsen (S):

Herra forseti. Mér finnst mikilvægt að Alþingi verði upplýst um ákveðna hluti sem varða fall SPRON og Sparisjóðabankans og ég geri kröfu til þess að hæstv. viðskiptaráðherra geri grein fyrir slíku hið fyrsta. Ég ætla ekki að fjalla um uppsagnir í beinni sem hæstv. viðskiptaráðherra stóð fyrir, sem voru forkastanlegar og jaðra við mannvonsku, herra forseti. Ég ætla hins vegar að vekja athygli á því að það er mikil spurning hvers vegna ekki var tekið tilboði kröfuhafa í sparisjóðina um lán til 50 ára með lágum vöxtum til að starfsmenn sparisjóðanna gætu haldið áfram. Þetta mál var uppi á borðinu og það þarf að fá skýringar á því hvers vegna því var ekki tekið eða fjallað um það ítarlega.

Hvað olli því að þessu tilboði var ekki tekið? Það er sýnt að ekki var reynt til hins ýtrasta. Er það stefna (Forseti hringir.) ríkisstjórnarinnar að sporna gegn ávöxtun, er það stefna ríkisstjórnarinnar að (Forseti hringir.) stuðla að því að fella unnvörpum starfandi fólk í landinu?

[15:36]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill beina því til hv. þingmanna að umræða um fundarstjórn forseta á að snúast um fundarstjórn forseta en ekki vera málefnaleg umræða um önnur mál.

Umræður utan dagskrár.

Arðgreiðslur í atvinnurekstri.

[15:36]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Það ráðslag forustu verkalýðshreyfingarinnar að semja við fyrirtæki landsins um að fresta kauphækkun til launafólks um ótiltekinn tíma, 13.500 kr. á mánuði, hefur verið umdeild en varð fyrst í skotlínunni þegar í ljós kom að fyrirtækið HB Grandi ákvað að nýta sér góða afkomu fyrirtækisins, hagnað upp á 2,3 milljarða, til að greiða hluthöfunum út 8% arð, þ.e. þá 184 millj. kr.

Nú má taka undir að það er eðlilegt að hlutafélög greiði eigendum sínum arð við eðlilegar kringumstæður en það má setja spurningarmerki við það fyrirkomulag þegar við búum við sérstakar aðstæður í íslensku efnahagslífi eins og nú er og bæði ríkissjóður og launamenn hafa ákveðið að leggja sitt af mörkum til að gera rekstur atvinnufyrirtækjanna bærilegri þannig að þau geti haldið sjó og staðið áfram í sínum rekstri án þess að veruleg áföll verði. Þessir aðilar leggja því sitt af mörkum til að atvinnureksturinn geti gengið.

Þá verður umdeilanlegt að hluthafarnir líti svo á að þeir geti tekið til sín arðgreiðslur án tillits til framlaga annarra og í raun tekið til sín framlög annarra, bæði launamanna og ríkissjóðs. Það er óeðlilegt, það gagnrýni ég harðlega, virðulegi forseti, og þess vegna hef ég ákveðið að taka þetta mál upp hér á Alþingi og þakka bæði forseta og hæstv. forsætisráðherra fyrir að gera mér það kleift.

Fyrirtækin í sjávarútvegi búa í dag við ríkisstuðning, beinan og óbeinan. Fyrir rúmu ári samþykkti Alþingi lög sem afnámu veiðigjald af þorskveiðum og helminguðu áform af veiðigjaldi í öðrum tegundum þannig að sjávarútvegsfyrirtæki landsins sem áttu að greiða 1.000 millj. kr. á ári í ríkissjóð sem gjald fyrir afnot af veiðiheimildum og aðgang að auðlind landsmanna greiða nú aðeins um 440 millj. kr. Stuðningur ríkissjóðs til þessarar atvinnugreinar er nærri 60% afsláttur. Menn skulu muna að sáttin í umræðunni um sjávarútvegsmálin og stjórn fiskveiða var að hafa óbreytt kerfi gegn því að þeir sem nýttu heimildina og auðlindina borguðu fyrir það. Nú er búið að taka sáttina af.

Fyrirtækið HB Grandi nýtur góðs af þessum stuðningi ríkissjóðs. Það má segja að á þessum tveimur fiskveiðiárum sem eftirgjöf ríkissjóðs stendur yfir njóti fyrirtækið um 120 millj. kr. greiðslu úr ríkissjóði. Það er ríkisstyrkur til þessa fyrirtækis sem er rökstuddur með samdrætti í þorskveiðum úr 190.000 í 130.000 tonn. Nú er aftur búið að auka þorskveiðar um helming af því sem skorið var niður án þess að nokkuð sé hreyft við því sem fyrirtækin eiga að greiða fyrir afnot af auðlindinni sem á að vera í eigu þjóðarinnar allrar.

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Eiga þær leikreglur að gilda áfram hjá nýrri ríkisstjórn að þessir aðilar fái sérmeðferð og þeir leggi ekki sitt af mörkum til að þjóðarbúið geti komist út úr þeim efnahagslegu þrengingum sem við erum í?

Í öðru lagi voru engar breytingar gerðar á reglum um framsal. Sjávarútvegsfyrirtæki landsins geta nú ákveðið að veiða ekki sínar heimildir og látið aðra veiða fyrir sig gegn gjaldi. Þau taka stórfé fyrir það að leyfa öðrum að veiða án þess að skila krónu af því í ríkissjóð. Þess voru dæmi hér á einveldisöld konunga að skattheimtumenn voru fengnir til að innheimta skatta fyrir þá en venjan var þá sú að þeir skiluðu peningunum, fengu umbun fyrir. Í þessu tilviki skila þeir engu, taka allt í sinn vasa. Þetta er einkavædd skattheimta sem er engin ástæða til að þola, virðulegi forseti.

Fyrirtækið HB Grandi gæti ef það vildi leigt sínar veiðiheimildir fyrir u.þ.b. 2.500 millj. kr. á einu fiskveiðiári. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu fyrirtækisins hefur það leigt frá sér um 3.700 þorskígildistonn á síðasta fiskveiðiári og um 1.700 á þessu.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, hafa hlutabréfaeigendur notið sérstakra vildarkjara á umliðnum árum. Þeir borga miklu lægri skatta en aðrir landsmenn, þeir hafa fengið heimild til að flytja arðgreiðslur sínar úr landi án þess að borga skatt af þeim og þeir hafa fengið eftirgjöf af söluhagnaði þannig að arðgreiðslur og tekjuskattur af söluhagnaði voru felld niður með sérstökum lögum. (Forseti hringir.) Ég spyr hæstv. ráðherra: Stendur til af nýrri ríkisstjórn að gera fjármagnseigendur að þátttakendum í endurreisn íslensks þjóðfélags?

[15:42]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að óska eftir umræðu um þetta mál sem í síðustu viku vakti hörð viðbrögð í samfélaginu öllu. Í kjölfar hrunsins á fjármálakerfinu í október sl. hefur mikil umræða átt sér stað í samfélaginu um gildi og siðferði í viðskiptalífinu. Sú umræða hefur ekki einungis átt sér stað hér á landi heldur um heim

allan. Það er ástæða til að nefna það, þetta hefur víða verið til umræðu og nefni ég að Obama, Brown, Merkel og fleiri þjóðarleiðtogar hafa tekið þessi mál til umfjöllunar á innlendum og alþjóðlegum vettvangi og fjallað um breytt gildi og breyttar reglur varðandi skattaskjól og ofurlaun.

Það er vissulega rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni, sjávarútvegurinn nýtur mikils ríkisstuðnings og ekki bara það sem hv. þingmaður nefndi vegna aflasamdráttar, heldur hefur þetta tiltekna fyrirtæki, eins og hann nefndi, og reyndar fleiri sjávarútvegsfyrirtæki, notið ríkisstyrkja, t.d. í formi greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna aflabrests. Þetta tiltekna fyrirtæki fékk þar 17 millj. kr. á síðasta ári. Það er vissulega hægt að taka undir að fjármagnseigendur eigi eins og aðrir að taka þátt í endurreisn efnahagslífsins. Þar eiga allir að leggja sitt af mörkum. Þess vegna var þetta dæmi sem kom upp í síðustu viku mjög sérstakt. Það er ástæða til að t.d. aðilar vinnumarkaðarins hér á landi taki til umfjöllunar á sínum vettvangi þróun samsetningar á launagreiðslum og aukagreiðslum, kaupaukasamningum, bónusum og starfslokasamningum. Ofurlaunakerfið sem átti sinn þátt í að leiða til þeirra efnahagsþrenginga sem við erum að reyna að ná okkur út úr hlýtur að þurfa endurskoðunar með og þeir sem stunda atvinnurekstur verða að bera gæfu til að finna jafnvægi á milli vinnuframlags hins almenna launafólks annars vegar og hagnaðar eigenda hins vegar og ofurlaunakjara sem eru og hafa verið á umliðnum árum úr öllum tengslum og samhengi við það sem stærsti hluti þjóðarinnar býr við og aðbúnað hans.

HB Grandi byggir í dag annars vegar á traustum stoðum vel liðins fjölskyldufyrirtækis og hins vegar á stoðum Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Þeir sem nú stjórna HB Granda hljóta að byggja á þeim gildum sem þessi fyrirtæki hafa lengst af starfað eftir og hefur það oft og iðulega verið til fyrirmyndar. Hér var líka vísað til kjarasamninga fyrir um mánuði. Þá sömdu ASÍ og SA um frestun á endurskoðun kjarasamninga. Ákveðið hafði verið að lágmarkstaxti kjarasamninga hækkaði en þá kom fram í yfirlýsingu samningsaðila að þeir teldu frestunina mikilvægt framlag til stöðugleika í efnahagslífinu. Það er hægt að taka undir það, en auðvitað heyrðust óánægjuraddir með frestun á endurskoðun kjarasamninga þar sem launþegum þótti sárt að missa af launahækkun sem þeir höfðu vænst. Launþegar sýndu líka siðferðislegan þroska og skilning á aðstæðum og féllust á þessar málalyktir. Frestunin tók m.a. til um 140 starfsmanna í landvinnslu hjá HB Granda í Reykjavík og á Akranesi.

Þegar fréttir berast síðan af því að forsvarsmenn HB Granda hyggist greiða hluthöfum arð kallar það eðlilega á mjög hörð viðbrögð í samfélaginu. Mönnum þótti lítið fara fyrir þeim siðferðislegu gildum sem svo mikið eru í umræðunni hér á landi og um allan heim í kjölfar efnahagshrunsins. Að greiða arð til eigenda upp á 184 millj. kr. eins og var gert í þessu tilviki á sama tíma og launabreytingar til láglaunafólks í fyrirtækinu voru frystar er auðvitað algjörlega siðlaust, ekki síst í ljósi þess, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi, að þessi fyrirtæki sem önnur njóta ríkisstyrkja af ýmsum toga. Þess vegna er fagnaðarefni að stjórn HB hefur brugðist við þeirri hörðu gagnrýni sem kom fram í samfélaginu og ég vænti þess að þeir hafi þá dregið lærdóm af því. Þessi fyrirtæki og mörg önnur ráða yfir miklum verðmætum sem aflað er úr takmörkuðum auðlindum okkar og mestur auðurinn felst auðvitað í mannfólkinu sem vinnur hjá þessum fyrirtækjum. Þess vegna var siðlaust með öllu að standa þannig að málum en sem betur fer hefur það breyst.

Ríkið hlýtur nú að skoða hvernig fyrirtæki sem þiggja ríkisaðstoð við þessar sérstöku aðstæður starfi og verji fjármunum sínum. Ég tel að þau og reyndar öll fyrirtæki sem skila hagnaði um þessar mundir hljóti að horfa til þess að verja hagnaði sínum til atvinnuuppbyggingar og fjölgunar starfa frekar en að fara í arðgreiðslur (Forseti hringir.) og stuðla þar með að uppbyggingu til framtíðar í þessum fyrirtækjum.

[15:47]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér arðgreiðslur í atvinnurekstri og tilefni umræðunnar, eins og hér hefur komið fram, var ákvörðun stjórnar HB Granda fyrir nokkru um að greiða hluthöfum út arð af fjárfestingunni á sama tíma og kjarasamningsbundnum launahækkunum hafði verið frestað í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins. Stjórnin var harðlega gagnrýnd og ákvað fyrirtækið eftir viðræður milli samningsaðila að greiða starfsfólki fyrirtækisins þær launahækkanir sem áður hafði verið frestað. Þetta mál vakti talsverða athygli og kannski eðlilega.

Ég get ekki tekið undir að arðgreiðsla sem er gerð samkvæmt lögum og reglum feli í sér siðleysi, en mér finnst þetta hins vegar koma hálfklaufalega út af hálfu fyrirtækisins. Ég var ánægð með að sjá deiluaðila ná niðurstöðu í málinu sem báðir aðilar gátu sætt sig við.

Mér þótti hins vegar mjög miður að sjá hæstv. forsætisráðherra fara strax í gamalkunnugar stellingar og reka fleyg á milli atvinnurekenda og launþega með ásökunum um siðleysi. Mér finnst það mjög slæmt og ekki sæmandi forsætisráðherra sem ætti frekar að leggja sig fram um að skapa sátt á milli aðila. Mér finnst þetta sérstaklega ámælisvert í ljósi þess að íslenskt atvinnulíf á í miklum erfiðleikum um þessar mundir eins og allir vita, trúverðugleiki þess hefur beðið hnekki og traust á milli aðila er í algjöru lágmarki. Forsætisráðherra á því að hvetja til yfirvegunar og samstöðu en ekki ala á tortryggni í garð fyrirtækja og forsvarsmanna þeirra. Á sama hátt verða atvinnurekendur að draga lærdóm af þeim mistökum sem gerð hafa verið og endurvinna trúverðugleika. Það er fyrirtækjum og launþegum báðum til hagsbóta að þetta traust verði endurvakið.

Stóra spurningin sem menn verða að svara varðandi arðgreiðslur í atvinnulífinu er hver ávöxtun fjárfesta, sem leggja fjármagnið til atvinnulífsins, eigi að vera. Á hún kannski að vera engin á meðan hægt er að leggja peninga inn á ríkistryggða bankareikninga með fínni ávöxtun? Hvernig þjóðfélag yrði það? Sennilega þjóðfélag stöðnunar þar sem eina atvinnusköpunin fælist í því að fjölga listamönnum á listamannalaunum frá ríkinu.

[15:49]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu og hyggst fara í

einn alvarlegan vinkil þessa máls. Þá þumalputtareglu lærði ég í bókhaldsnámi og vinnu í þá tíð að viðskiptavild væri metin 10% af ársveltu. Mér er tjáð að einkabankarnir hafi frá árinu 2001 eða 2002 til ársins 2007, og sparisjóðirnir, hækkað þessa viðskiptavild jafnvel upp í 30–50% af ársveltu, myndað þannig tekjur í bókhaldi og hækkað eigið fé sem varð síðan grundvöllur lánstrausts. Þannig hafa þeir skapað loftbóluhagnað og í kjölfarið loftbóluarðgreiðslur og loftbólueigiðfé sem þeir fengu síðan lánað út á. Þetta er auðvitað svindilbrask eins og það var kallað í denn, hreint svindilbrask. Þetta hafi sparisjóðirnir líka gert og ég bið ríkisstjórnina að hafa það vel í huga áður en hún reiðir fram 20% aðstoð við þá að skoða nákvæmlega eigið fé sparisjóðanna 2007 og hvernig það hefur þróast. Ég las frétt um daginn þar sem fram kom að Byr – sparisjóður hefði tekið ákvörðun um það nýlega, fyrir viku eða 10 dögum, að færa viðskiptavild niður um 4 milljarða. Hver hefur þróun viðskiptavildar verið hjá þessum sparisjóði og bönkum sem hafa skapað þennan loftbólugræðgishagnað?

Ég hef að gefnu tilefni, vegna ásakana sem ég varð fyrir frá Byr vegna ummæla í sjónvarpi, sent bæði rannsóknarnefnd Alþingis og hinum sérstaka saksóknara erindi þess efnis að þetta verði sérstaklega skoðað. Ég hygg að mikill hluti af arðgreiðslum úr bönkunum þessi 5–6 ár hafi komið til af þessu. Það er grafalvarlegt og er rannsóknarefni.

[15:51]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu. Fyrirtækið HB Grandi er öflugt fyrirtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Akranesi og Vopnafirði og hefur þar í bæ byggt upp mjög myndarlega starfsemi. Slík fyrirtæki eru okkur mikilvæg á tímum sem þessum. Það er sjálfsagt að fólk fái arð af sparifé sínu almennt, við megum ekki fordæma arðgreiðslurnar sem slíkar, fjárfesting í atvinnustarfsemi er jákvæður hlutur. Við þurfum hins vegar að horfa á þetta mál í því samhengi að miklir erfiðleikar eiga sér stað í íslensku samfélagi, verið er að skerða laun á almennum vinnumarkaði og að sjálfsögðu þarf samspil launakostnaðar og arðgreiðslna að vera í einhverju samhengi sem var ekki í þessu máli. Ég lýsi yfir mikilli ánægju með það, herra forseti, að búið sé að ná sáttum á milli aðila í þessu máli. Við framsóknarmenn höfum lagt mjög ríka áherslu á það að allir eigi að ganga í takt í samfélaginu, það á við um stjórnmálamenn, atvinnurekendur og launafólk. Við þurfum að fara saman í gegnum þá erfiðleika sem blasa við okkur og þess vegna er ég mjög ánægður með að menn skuli hafa náð sátt í þessu máli. Ég get tekið undir það með hv. þingmönnum sem það hafa sagt að málið hafi verið klaufalegt af hálfu atvinnurekenda.

Hæstv. forseti. Við þurfum að tala fyrir sáttum í íslensku samfélagi og það er nöturleg staðreynd að allir þurfa að gera ráð fyrir því að kjör okkar muni að einhverju leyti skerðast á næstu vikum og mánuðum. Það á við um þá sem hafa fjárfest í atvinnustarfsemi, launafólk og samfélagið allt. Við þurfum að standa saman á þessum erfiðu tímum því að í sameiningu eru okkur allir vegir færir, herra forseti, og fyrir því tölum við framsóknarmenn.

[15:53]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Herra forseti. Það er alltaf ánægjulegt þegar fyrirtæki skila hagnaði, það skapar öryggi hjá starfsfólkinu og ákveðna vissu hjá því um áframhaldandi atvinnu. Það er líka ánægjulegt þegar fyrirtæki eru rekin þannig að eigendur þeirra láta sig hag starfsfólksins varða og það skiptir náttúrlega mjög miklu máli hvernig starfsmannastefna fyrirtækja er, líka hvers konar stefnu almennt fyrirtækin reka. Það er eitthvað að ef fyrirtæki hugsa eingöngu um að fá eins mikinn pening og mögulegt er og fá út sem mestan arð, jafnvel með klækjum eins og hv. þm. Atli Gíslason benti á – þegar menn eru farnir að segja að svo og svo mikil viðskiptavild gefi fyrirtækinu svo og svo mikinn hagnað og sýni svo miklar eignir að hægt sé að greiða mikinn arð. Ég vona að þetta verði tekið til umfjöllunar.

Hér var rætt um HB Granda og hvernig það fyrirtæki fór að ráði sínu. Ég vona að önnur sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi geti farið eftir því sem HB Grandi gerði og hækkað laun starfsfólksins. Af því að fiskveiðistjórnarkerfið er nú jafnfrábært og sumir vilja vera láta hlýtur að vera hagnaður á þeim fyrirtækjum og þá hljóta þau að geta greitt verkafólki hærri laun, sem veitir ekki af á þessum tímum.

Ég treysti mér ekki til að tala um viðskiptavild allra fyrirtækja, herra forseti. En ég veit um eitt fyrirtæki sem ég held að hafi mjög góða viðskiptavild, og að sönnu, þó að það sé ekki dýrt í umfangi, en það er pylsuvagninn Bæjarins bestu sem er hér við Reykjavíkurhöfn.

[15:56]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Á þessum dögum á hv. Alþingi er róinn lífróður til að bjarga störfum og til að reyna að bjarga heimilum og fyrirtækjum. Allir leggjast á eitt um að tryggja afkomu fólks og fyrirtækja og endurreisa samfélagið eftir mikið hrun sem hefur átt sér stað. Við búum við mikla kjararýrnun í augnablikinu og við þessar aðstæður hefur ríkisvaldið á síðustu missirum reynt að koma með ívilnandi aðgerðir fyrir fyrirtæki, ekki hvað síst í sjávarútvegi, m.a. með afnámi veiðileyfagjalds eins og hv. frummælandi vakti athygli á. Því kemur mjög á óvart þegar í kjölfarið, þegar afkoman batnar, m.a. vegna þeirra gjaldeyrishafta sem eru í augnablikinu, þess umhverfis sem búið hefur verið til til að reyna að tryggja afkomu fyrirtækja, skuli fyrirtæki leyfa sér að draga þennan arð út úr fyrirtækinu og án þess a.m.k. að gera grein fyrir því að þann arð eigi að nýta til uppbyggingar á öðrum vettvangi.

Þetta gekk gjörsamlega fram af mér og ég er feginn að verkalýðshreyfingin, þ.e. Verkalýðsfélag Akraness, undir stjórn Vilhjálms Birgissonar, vakti athygli á þessu og vakti þar með þjóðarathygli á því með hvaða hætti viðkomandi sjávarútvegsfyrirtæki fór fram og veitti þannig aðhald og varði hagsmuni starfsfólksins með þeim árangri að fyrirtækið hefur ákveðið að greiða út áður umsamdar hækkanir, 13.500 kr., sem áttu að koma til framkvæmda 1. mars, og bæta þar með afkomu viðkomandi starfsmanna.

Megi það verða þannig að þau fyrirtæki sem eru aflögufær hjálpi okkur við að endurreisa samfélagið, búa betur að fólkinu í landinu og þetta megi þá verða upphafið að því að

við aukum siðgæði og látum þann arð sem myndast í samfélaginu verða í almannaþágu í uppbyggingunni.

[15:58]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Hlutafé er lífæð atvinnusköpunar, það eru einstaklingar og fyrirtæki sem leggja atvinnulífinu til fjármagn með þessum hætti og ekki er líklegt að sú verði raunin ef það áhættufé sem lagt er í rekstur skilar ekki arði til einhvers tíma. Það er mikilvægt að regluverkið sé traust og fyrirtæki geti haslað sér völl. Við sérstakar aðstæður í samfélaginu gerðu Samtök atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar samkomulag um að fella niður ákvæði í kjarasamningum til að auka á stöðugleika í efnahagslífinu. Það hefur komið í ljós að þarfir fyrirtækja eru mismunandi við þær aðstæður sem eru í samfélaginu og einhver sjávarútvegsfyrirtæki og vonandi mörg önnur eru þess búin að skila arði í þetta samfélag áfram og geta haldið uppi launagreiðslum þannig að þessir samningar þurftu ekki að taka til allra fyrirtækja.

Siðlaust með öllu, sagði hæstv. forsætisráðherra. Mér finnst það sem hún hefur sagt í umræðunni að sumu leyti vera siðlaust, af hennar hálfu. Það varð sátt um það þegar samningur Granda í þessu tilfelli og verkalýðsfélaganna var endurnýjaður og þeir ákváðu að standa við þær launagreiðslur sem um var samið og það er gott. Það sýnir okkur að sjávarútvegurinn stendur traustum fótum og getur vonandi greitt góð laun í framtíðinni.

Þá komum við að öðrum rekstri, ríkisrekstrinum. Það er eitt fyrirtæki sem er 100% í eigu ríkisins, Íslandspóstur. Íslandspóstur skilaði 78 millj. kr. í hagnað fyrir árið 2008. Ríkissjóður, undir forustu hæstv. forsætisráðherra, lét þetta ríkisfyrirtæki greiða ríkinu 80 millj. kr. í hagnað, í arðsemi af hlutafé. Þetta er u.þ.b. sama prósenta og Grandi lét greiða af nafnvirði hlutafjár hjá sér. Þá spyr ég hæstv. forsætisráðherra: Mun hún ekki setja í gang launasamninga starfsfólks Íslandspósts? Mun hún ekki standa við það að láta Íslandspóst greiða starfsmönnum sínum umsamda samninga (Forseti hringir.) eða gengur þetta siðleysi, sem hæstv. ráðherra kallar svo, bara yfir hin almennu fyrirtæki en ekki fyrirtæki í ríkisrekstri?

[16:00]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Umræðan um arðgreiðslur minnir okkur á hversu mikil ósanngirni hefur verið í samfélaginu á undanförnum árum. Arðgreiðslur og fjármagnstekjur hafa verið miklu lægra skattlagðar — borgað hefur verið hlutfallslega miklu minna af þeim til samfélagsins en t.d. af launum. Við leggjum áherslu á að allir komi að og leggi sitt af mörkum, hver sem getur, í uppbyggingu atvinnulífsins, uppbyggingu samfélags. Þeir gera það með sköttum, þeir gera það með vinnu, þeir gera það með hugviti en þá eiga fjármagnseigendur líka að leggja sitt af mörkum.

Við þingmenn Vinstri grænna höfum ítrekað flutt á Alþingi tillögur um að þeir sem hafa tekjur sínar í formi arðs eigi að greiða hlutfallslega í skatta eins og það væru launatekjur, alls ekki minna. Því hefur ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins aftur á móti á undanförnum árum lagst þvert gegn. Hún hefur staðið sérstakan vörð um fjármagnseigendur og arðgreiðslur. Í *Fréttablaðinu* 17. mars sl. segir forstjóri HB Granda um málið: Fjármagnið umbunar en starfsfólk hefur ekki lagt fram kröfu um að staðið sé við umsamdar launahækkanir. Nei. (Gripið fram í.) Starfsfólkið tók sinn þátt, það ætlaði að axla sína ábyrgð en nauðsynlegt þótti að greiða eigendunum arð. Gott og vel að fyrirtækið skili arði en þá skulu þeir sem greiðslurnar fá líka greiða skatta eins og launafólk og það er það sem mér finnst einna brýnast að hugað sé að.

(Gripið fram í.) Starfsemi Íslandspósts? Ég tel að Íslandspóstur eigi aftur að verða venjuleg þjónustustofnun í eigu ríkisins og þó að komi tekjur af Íslandspósti renna þær beint inn til ríkissjóðs. (Gripið fram í.)

[16:03]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég held að við séum öll sammála um það sem erum í þessum sal að við viljum að fyrirtækin séu rekin með hagnaði, að arður sé af rekstri fyrirtækja. Menn stefna alltaf að því í fyrirtækjarekstri til að geta borgað hærri laun og lagt inn til samfélagsins. Það er akkur í því þannig að auðvitað er það stefnan. Hins vegar er staðan sú í samfélagi okkar nú að við höfum orðið fyrir miklu efnahagsáfalli og fjöldi manns er atvinnulaus. Allir hræðast atvinnuleysi, fólk vill ekki verða atvinnulaust. Í því umhverfi og ástandi náðist samkomulag um að halda aftur af umsömdum launahækkunum þannig að þær eru látnar bíða. Mér finnst verkalýðshreyfingin sýna mikla ábyrgð með því að stíga það skref í staðinn fyrir að krefjast launahækkana sem búið var að semja um. Ákvörðunin verður að skoðast í því ljósi. Hún er tekin í þessu umhverfi og þess vegna er of léttvægt að segja að hún sé klaufaleg. Hún er verri en svo að hún sé bara klaufaleg. Að mínu mati er þetta röng ákvörðun í ljósi þess ástands sem hér ríkir og það er gott að HB Grandi hefur séð að sér og ætlar nú að standa við launahækkanirnar.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sagði áðan að hæstv. forsætisráðherra hefði att mönnum saman og reynt að grafa undan trausti á milli aðila. Er það ekki þannig, virðulegi forseti, að það ríkti traust á milli aðila, það mikið að verkalýðsforustan treysti sér til að biðja fólk sitt að halda aftur af sér í umsömdum launahækkunum? Halda menn að traustið hafi aukist við ákvörðunina um arðgreiðslur, 185 millj. til HB Granda-eigendanna? Nei. Ef einhver grefur hér undan traustinu eru það þeir sem reka fyrirtækið en ekki hæstv. forsætisráðherra. (Gripið fram í.) Alls ekki.

Sem betur fer hafa menn tekið nýja ákvörðun þannig að við skulum vona að þetta mál fái farsælan endi. En ég vona að önnur fyrirtæki falli ekki í sömu gryfju og HB Grandi gerði að þessu leyti.

[16:05]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Til þess að geta borgað arð í fyrirtæki þurfa að vera tekjur umfram skuldir. Er það hægt í öllum fyrirtækjum í dag? Það má kannski segja að hægt sé að teikna eignir inn í fyrirtækið með því að reikna veiðiheimildir á 4.200 kr. kílóið af þorskinum þó svo að gangverð sé

jafnvel innan við þúsund kr. Það er hægt að búa til — ég ætla ekki að fullyrða um ársreikninga hjá einstaka fyrirtækjum en ég veit að mörg sjávarútvegsfyrirtæki í dag eiga ekki fyrir skuldum, eru tæknilega gjaldþrota og þau beita „barbabrellum" í bókhaldinu. Þau hafa reiknað veiðiheimildir á toppverði eins og það var fyrir einu og hálfu ári síðan en síðan eru skuldirnar gerðar upp í evrum. Þau nota ýmiss konar „trix" til að sýna stöðu fyrirtækjanna í betra ljósi svo að hægt sé að greiða arð út úr þeim. Það vita flestir sem þekkja til þessara mála. Þau hafa notið þess að þurfa ekki að borga auðlindagjald nema í litlum mæli og þau hafa fengið að færa milli ára 33% af veiðiheimildum til að halda uppi leiguverði. Þau leigja þorsk í dag á 160–170 kr. kílóið, fyrir áramót var það allt upp í 250 kr., og það er það arðbærasta sem þau gera. En að borga eins og HB Grandi gerir — 3,5% launahækkun er eiginlega ekki mikið og um það snýst málið ekki. Það snýst um hvort eðlilegt sé að fyrirtæki borgi sér arð við þær aðstæður sem eru í dag.

[16:08]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin og ég er algerlega sammála mati hæstv. ráðherra á þessu athæfi sem rætt er um.

Hagnaður upp á 2.300 millj. kr. er mjög góð afkoma á alla mælikvarða við allar aðstæður. Fyrirtæki sem hefur slíka afkomu þarf enga sérmeðferð. Það þarf ekki að vera einhver sérleið í þjóðfélaginu þar sem því er ívilnað með ýmsum hætti umfram það sem gengur og gerist hjá almennum launamönnum. Það er það óeðlilega í þessu máli, virðulegi forseti. Það er ekki óeðlilegt við að borga 8% arð. Ég tek ekki undir gagnrýni á það. En mér finnst óeðlilegt að fyrirtæki sem gengur vel skuli njóta margfaldrar og margháttaðrar ívilnunar af hálfu ríkissjóðs sem sparar fyrirtækinu útgjöld upp á hundruð millj. kr. á ári og gefur því á sama tíma tækifæri til sem það nýtir sér til að afla sér tekna upp á hundruð millj. kr. á hverju ári með leigu veiðiheimilda sem það á ekki og fær afhent frá ríkinu án þess að borga krónu fyrir. Hvers konar viðskiptahættir eru það, virðulegi forseti, að menn fái afhent árlega fullt af verðmætum frá ríkissjóði endurgjaldslaust? Þeir hafa frjálsar hendur með að arðræna hvern þann sem hefur þörf á þessum heimildum um það fé sem mönnum tekst að plokka úr vösunum á þeim atvinnurekendum — því að það eru atvinnurekendur líka, það eru menn í atvinnurekstri, það eru einkaframtaksmenn sem eru þjóðfélaginu nauðsynlegir sem svona er farið með, virðulegi forseti. Það gengur ekki að hafa leikreglurnar í þjóðfélaginu svona og ég lít svo á að það sé eitt af stórum verkefnum næstu ríkisstjórnar á næsta kjörtímabili að leiðrétta þessa skekkju í leikreglunum í þjóðfélaginu.

[16:10]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er alveg óhætt að taka undir það með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að það þarf að leiðrétta leikreglurnar í þjóðfélaginu á margan hátt. Eins og ég nefndi í ræðu minni áðan eru kaupaukar eitt af því sem við þurfum að taka upp og skoða miklu nánar en hefur verið gert núna, og bónusgreiðslur og ofurlaunasamningar og annað í þeim dúr sem viðgengist hefur í gegnum árin. Það er á margan hátt liður í því hruni sem við höfum orðið fyrir. Ég get tekið undir með hv. þingmanni sem talaði áðan, 7. þm. Suðurk., Atla Gíslasyni, að vissulega er hægt að rekja mörg dæmi um það sem hann kallaði loftbóluarðgreiðslur, ég held að það hafi verið orðið sem hv. þingmaður notaði. Það hefur á margan hátt verið gert með þeim aðferðum sem hv. þingmaður skoðaði og er því eðlilegt að þessi umræða sé tekin upp eins og gert hefur verið. Mér finnst þingmenn Sjálfstæðisflokksins taka því mjög sérkennilega að ég skyldi nota orðið „siðleysi" við að greiða arðgreiðslur út með þessum hætti á sama tíma og verið er að frysta samningsbundna launagreiðslu til fólks. Það er auðvitað ekki hægt annað en að kalla það siðleysi og ég veit ekki betur en að ýmsir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi farið nálægt því að kalla þetta siðleysi. Ég man ekki betur en hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, (Gripið fram í.) hafi kallað þessar greiðslur ólíðandi. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að þetta er ólíðandi og það er meira að segja hægt að nota orðið „siðlaust" (Gripið fram í.) um svona greiðslur. (Gripið fram í.) En hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir fer oft miklu nær sannleikanum (Gripið fram í.) en margir þingmenn Sjálfstæðisflokksins (Gripið fram í.) og á hún hrós skilið fyrir það.

Um fundarstjórn.

Stjórnarfrumvörp um efnahagsmál.

[16:13]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Fyrir bráðum fjórum vikum síðan vorum við með til umfjöllunar á þinginu lög um Seðlabanka Íslands. Það stóð þannig á að nokkrir nefndarmenn vildu fá málið til frekari skoðunar í nefnd. Þá kom hæstv. forsætisráðherra og sagði: Málið verður að klárast án tafar vegna þess að brýnar efnahagslegar aðgerðir bíða úrlausnar á þinginu.

Nú eru að verða komnar fjórar vikur síðan hæstv. forsætisráðherra lét þessi ummæli falla. Hér erum við með dagskrá dagsins. Í millitíðinni hafa sannarlega engin mál sem varða brýnar efnahagslegar aðgerðir komið fram í þinginu. Þau eru heldur ekki á dagskrá dagsins í dag. Ég kalla eftir því frá forseta þingsins og auðvitað frá hæstv. forsætisráðherra: Hvaða brýnu efnahagsaðgerðir voru það sem átt var við að biðu þess að seðlabankalögin yrðu kláruð og afgreidd á þinginu? Hvaða aðgerðir voru það sem ekki var hægt að koma fram með vegna þess að lögin höfðu ekki verið afgreidd á þinginu og hvenær koma frumvörpin sem varða almenning, heimilin og atvinnustarfsemina með þessum brýna hætti sem þá var rætt um?

[16:14]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég veit satt að segja ekki hvar hv. þm. Bjarni Benediktsson, 3. þm. Suðvest., hefur verið á umliðnum einum eða tveimur mánuðum. (Gripið fram í.) Hefur farið fram hjá hv. þingmanni allur sá fjöldi mála sem ríkis-

stjórnin hefur flutt bæði vegna aðgerða fyrir heimilin í landinu og fyrir fyrirtækin? Á hv. þingmaður ekki sæti í einni af þeim nefndum sem fjalla um mörg af þessum brýnu málum? Ég er með þennan lista hér fyrir framan mig. Þetta eru yfir 40 mál og ég held að 20 af þeim séu afgreidd en það vantar enn að afgreiða 20. Flest þeirra snerta heimilin og fyrirtækin í landinu og endurreisn almennt á fjármálastofnunum. Einn liður í því, af því að verið er að blanda Seðlabankanum í þetta, var auðvitað að endurvekja traust og trúverðugleika á Seðlabanka Íslands sem sárlega vantaði, og það veit hv. þingmaður — að endurvekja það traust innan lands og ekki síður á alþjóðavettvangi.

Mig undrar það satt að segja að hv. þingmaður skuli halda því fram að engin mál séu lögð fyrir þingið sem snerta atvinnulífið eða heimilin í landinu. (Forseti hringir.) Hvar hefur hv. þingmaður verið? (**Gripið fram í:** Í prófkjöri.) Í prófkjöri, já.

[16:15]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra svaraði alls ekki spurningunni sem kom fram áðan sem er mjög brýnt að verði svarað. (Gripið fram í.) Það er mjög brýnt að þessari spurningu verði svarað. Hún vænir fyrirtæki um siðleysi og ég spyr hvort það gildi eingöngu um einkafyrirtæki en ekki um ríkisfyrirtæki.

Það er ljóst að Íslandspóstur skilaði 78 millj. kr. hagnaði á síðasta ári. Ríkissjóður lét hann greiða sér 80 millj. kr. í arð sem er um 6% arðsemi af nafnvirði hlutafjár. Gildir þetta eingöngu um einkarekstur í landinu en ekki ríkisfyrirtæki?

Ætlar hæstv. forsætisráðherra að beita sér fyrir því að launahækkanir til starfsmanna Íslandspósts verði teknar í gildi? Hæstv. ráðherra verður að svara þessari brýnu spurningu.

[16:16]

Bjarni Benediktsson (S):

Herra forseti. Ég vakti máls á því í ræðu minni áðan að ég saknaði þess að ekki væru fleiri mál á dagskránni sem vörðuðu efnahagslegar aðgerðir. Mér fannst það koma fram í máli hæstv. forsætisráðherra þegar hún lét þau orð falla að seðlabankamálið þyrfti að klárast án tafar vegna brýnna efnahagslegra aðgerða að í rauninni væri seðlabankamálið ekki að stífla nein mál. Það kom ágætlega fram í máli hennar, hún notaði það orðaval til að þrýsta á að málið sjálft yrði klárað, vegna þess að það voru efnisatriði í málinu sjálfu. Það voru engar aðrar efnahagslegar aðgerðir sem biðu þess að seðlabankamálið kláraðist.

Sannarlega liggja ýmis mál fyrir þinginu, mörg þeirra sem eiga rætur í fyrri ríkisstjórn eru enn þá í úrvinnslu í nefndum þingsins. Við sjálfstæðismenn viljum allt til málanna leggja til þess að ljúka meðferð slíkra mála og ljúka nefndarvinnu. En við kvörtum undan því að hér líði hver dagurinn á fætur öðrum án þess að þau mál séu afgreidd (Forseti hringir.) og sífellt koma ný mál sem hafa ekkert með efnahagsstöðuna að gera. Hvað segir Framsóknarflokkurinn um það, sem styður þessa ríkisstjórn (Forseti hringir.) til þess að klára efnahagslegar aðgerðir en sam-þykkir stanslaust önnur (Forseti hringir.) alls óskyld mál? (**Gripið fram í:** Ertu að tala um ...)

[16:18]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta leikrit Sjálfstæðisflokksins er með nokkrum ólíkindum og mjög sérkennilegt að sjálfstæðismenn skuli sakna yfirstjórnar Seðlabankans svo mjög að þeir skuli endurvekja umræður sem fóru fram í þinginu fyrir mörgum vikum. Ég held að okkur hinum finnist ágætt að geta horft til framtíðar og reyna að byggja undir efnahagslega endurreisn í landinu. Það er það sem ríkisstjórnin er að gera með þeim verkum sem unnið er að í þinginu í dag.

Það er alveg ljóst eins og hæstv. forsætisráðherra rakti áðan að það eru tugir mála til meðferðar í þingnefndum og þau munu koma til umræðu eftir því sem þeim vindur fram.

Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki slegið slöku við. Hér hefur verið unnið mjög skipulega að því að koma þessum málum í höfn. Það er unnið að því að ljúka öllum þessum málum sem allra fyrst. Það er athyglisvert (Gripið fram í.) að sjálfstæðismenn skuli stöðugt reyna að drepa málum á dreif og draga athyglina frá því sem mestu máli skiptir. (Gripið fram í.)

[16:19]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Það má bera blak af ríkisstjórninni í þessu máli. Vandinn sem við er að glíma er ærinn og það er alveg vitað að hvort sem það var þessi nýja eða sú gamla þá yrðu menn lengi að finna svörin, lengi að koma málunum fram og það þyrfti nokkurn tíma til þess að afgreiða þau. Það kemur mér ekki á óvart að eitthvað sé óframkomið af málum og eitthvað af þeim sé enn þá til meðferðar í þinginu og eru jafnvel ekki langt komin í vinnu þingsins.

Staðreyndin er sú að kosningarnar eru algerlega ótímabærar. Við sjáum það á þátttöku almennings í þeim prófkjörum með örfáum undantekningum sem fram hafa farið að hún hefur verið mjög dræm og áhugi almennings hefur verið mjög lítill. Ég held að það sé vegna þess að það er ekki enn þá orðið skýrt í hugum manna hver vandinn er, hvernig úr honum verður unnið, hver ber ábyrgð á honum og hver er lærdómur stjórnmálaflokkanna af því sem hefur gerst. Það liggur ekki fyrir fyrr en eftir langan tíma, kannski ár eða svo og fyrr en það liggur fyrir eru kjósendur bara ráðvilltir rétt eins og hver annar þingmaður.

[16:20]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er dálítið sérstakt að sitja hér í salnum um þessar mundir og horfa upp á það að þingmenn rjúka upp með reglulegum hætti til þess að tala út og suður um hin og þessi mál. Núna kýs hv. þm. Bjarni Benediktsson að rjúka upp í umræðu um Seðlabankann og hv. þm. Jón Gunnarsson rýkur upp í umræðu um Íslandspóst og þetta er nú allt saman mjög ankannalegt. Ég hálfvorkenni hæstv. forseta að þurfa að halda utan um störfin við þessar aðstæður.

Það sem er aðalatriðið núna er að þingmenn sýni einhverja lágmarkssamstöðu um að reyna að klára mál sem

hægt er að rökstyðja að séu til bóta. (**Gripið fram í:** Það stendur ekki á okkur.) Stendur ekki á okkur, kallar fulltrúi Sjálfstæðisflokksins hér fram í. (**Gripið fram í:** Og stendur við það.) Fyrir stuttu síðan horfðum við upp á þvílíkt málþóf hjá Sjálfstæðisflokknum en svo sáu þeir að sér sem betur fer. Við framsóknarmenn vildum gjarnan sjá öflugri efnahagsaðgerðir. (Gripið fram í.) Við vildum (Forseti hringir.) gjarnan sjá það og höfum lagt það fram hér. En við ætlum að styðja ríkisstjórnina í þeim góðu málum sem þó er verið að vinna að og við ætlum að halda okkur (Forseti hringir.) að verki.

Þjóðin á heimtingu á því að þingmenn haldi sér að verki við að koma góðum málum fram. (Forseti hringir.) Það er vont til þess vita, virðulegur forseti, að menn þurfi að rjúka upp við og við og eyða tíma þingsins í þetta þras. (Forseti hringir.) Nú eigum við að hætta því.

[16:22]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti vill beina því til þingmanna að þeir eiga að tala um fundarstjórn forseta og forseti aumkar sig ekkert yfir að stjórna þessum fundi. Það var öllu alvarlegra þegar jarðskjálftinn reið yfir í vor. Það var meira mál en að stjórna þessum fundi.

[16:22]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Það er athyglisvert að þegar hv. þm. Bjarni Benediktsson kemur hér upp til að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta þá séu framsóknarmenn sérstaklega krafðir svara um hvað þeim finnist um fundarstjórn forseta. Eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir benti á hafa menn í raun og veru farið út í efnislega umræðu um málefni Seðlabanka Íslands og fleiri mál undir umræðum um fundarstjórn forseta.

Ég hef verulegar athugasemdir við það, herra forseti, að menn skuli nota þetta fundarform um fundarstjórn forseta til að fara í málefnalega umræðu um eitthvað mál sem kláraðist fyrir mánuði síðan. Ég ætla ekki að fara að kynna hér efnahagstillögur Framsóknarflokksins. Ég vil að við klárum þetta þing með skilvirkum hætti. Ég tek undir með þeim sem hafa sagt að Sjálfstæðisflokkurinn hefur í mörgum málum ekki lagt öðrum þingflokkum á vettvangi Alþingis lið í því að hafa störfin skilvirk, til að mynda er hægt að nefna málefni stjórnarskrárinnar í þeim efnum.

[16:24]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins á því að á dagskrá þessa fundar eru að minnsta kosti fimmtán mál og við erum búin með einn lið og eina utandagskrárumræðu.

Ég vil vekja athygli á því að á dagskránni í dag eru nokkur þeirra mála sem hv. þingmenn kalla eftir og varða hag almennings í landinu. Til dæmis varðar mál nr. 7 hag aldraðra og mál nr. 11 varðar hag atvinnulausra. Eins eru mál sem varða þá sem hafa orðið fyrir miklu tjóni vegna slysa, þ.e. mál nr. 15 sem varðar skaðabótalögin, endurgreiðslu á bótum og ég vil líka nefna mál nr. 5, um embætti sérstaks saksóknara.

Ég hef nefnt hér fjögur af fimmtán málum sem eru á dagskrá. Hvað gera sjálfstæðismenn? (Forseti hringir.) Tefja tímann.

[16:25]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Hér kom fram fullkomlega eðlileg spurning til hæstv. forseta um hvenær þau mál sem boðuð voru af hæstv. forsætisráðherra kæmu fram. (Gripið fram í.) Við erum að ræða um fundarstjórn forseta sem auðvitað hefur stjórn á þinginu og hlýtur að óska eftir því að hægt verði að fá þessi mál fram þannig að hægt verði að ljúka þingstörfum eðlilega fyrir kosningar. Þessi viðkvæmni Framsóknarflokksins gagnvart því að hæstv. forseti sé spurður að því hvort hann hafi innt hæstv. forsætisráðherra eftir því hvort hann ætli að leggja fram þau mál sem voru boðuð, einmitt í sambandi við framlagningu málsins um Seðlabanka Íslands.

Ég álít að þetta sé fullkomlega eðlileg spurning og nær væri fyrir hv. þingmenn að óska eftir því að fá þessi mál hér fram þannig að það væri hægt að ræða þau, ræða vanda heimilanna, vanda fyrirtækjanna og efnahagsvandann í landinu. Þannig að við gætum klárað þingið (Forseti hringir.) með sæmilegum brag en værum ekki að ræða einstök mál sem eru svona pjattmál fyrir einstaka þingmenn.

[16:26]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir fór mikinn í ræðustól áðan og talaði um að það hafi verið mikil fyrirstaða hjá sjálfstæðismönnum í einstökum málum í nefndum. Hún bauð þannig upp í dans í allsherjarnefndinni en staðan er þannig þar að þar er til umræðu eitt mikilvægasta málið núna, svokallað frumvarp um greiðsluaðlögun. Mál sem hefur verið í vinnslu í allan vetur. Mál sem ég hygg að sé mikil samstaða um í þinginu almennt. Mál sem Sjálfstæðisflokkurinn styður eindregið. En það er ekki viðlit að koma málinu út úr nefndinni á þeim hraða sem æskilegt hefði verið vegna þess (Gripið fram í.) að Vinstri grænir kjósa að hengja þetta mál við annað mál.

Það getur vel verið að hv. þm. Siv Friðleifsdóttur þyki leiðinlegt að hlusta á þetta. En staðreyndin er auðvitað sú — (**Gripið fram í:** Þetta er óréttlátt.) þetta er ekki óréttlátt, hv. þingmaður. Staðreyndin er sú að þetta er eitt það brýnasta mál sem varðar heimilin í landinu.

Ég veit að það er vilji til þess að víða í nefndinni að þetta mál sé tekið út hið allra fyrsta. Ég vil að það komi fram í þessari umræðu að sjálfstæðismenn (Forseti hringir.) eru ekkert fyrir í því máli og hreint ekki í neinum þeim málum sem hér hafa verið til umræðu. Þannig að því sé til haga haldið, herra forseti.

[16:28]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti vill enn og aftur ítreka að þessi umræða um fundarstjórn forseta á að fjalla um fundarstjórn forseta.

[16:28]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Þessi umræða er komin út um víðan völl þegar hér er rætt um fundarstjórn í allsherjarnefnd eða framkvæmd mála í allsherjarnefnd frekar en fundarstjórn forseta. Það er annar vettvangur til þess sem er umræða um störf þingsins.

Ég held að það sé ekki hægt að leggja mál út með þeim hætti sem hv. þm. Ólöf Nordal gerði hér áðan. Málið um greiðsluaðlögun er í meðförum nefndarinnar og við höldum fund á morgun með það fyrir augum að taka það út úr nefndinni sem og önnur mál. Við erum að ljúka við nefndarálit og ég sé enga ástæðu til að ætla annað en að það klárist.

Ég taldi óhjákvæmilegt að þetta kæmi fram þrátt fyrir að hér sé um að ræða liðinn fundarstjórn forseta.

[16:29]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Það var ágætt að þessar skýringar komu fram hjá hv. þm. Árna Páli Árnasyni. Þetta er einmitt staðan í nefndum þingsins núna, að hv. þingmenn Vinstri grænna og hv. þingmenn Samfylkingarinnar geta ekki komið sér saman um þau mál sem á að taka út úr nefndunum. Það þýðir að við bíðum í ofvæni eftir því að fá þessi góðu mál inn í þingið til þess að geta lokið umfjöllun um þau.

Ég vænti þess að a.m.k. þetta ágæta mál, greiðsluaðlögun, komi hér inn. En það er fjöldi annarra mála í nefndum sem hv. þingmenn stjórnarminnihlutans hafa ekki getað komið sér saman um. Væntanlega munu hv. þingmenn Framsóknarflokksins hjálpa til í því, ef ég þekki þá rétt. Þeir muni hjálpa til við að koma þessum málum út ef þeir ætla að sýna fram á (Gripið fram í.) að þeir séu hluti af þeim stóra stjórnarflokki sem stýrir landinu um þessar mundir.

[16:30]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta og vegna dagskrárinnar sem liggur fyrir. Það er alveg rétt að það er margt hægt að ræða hér og við munum að sjálfsögðu einhenda okkur í það. Hins vegar eru mörg mál sem við söknum eindregið hér. Til dæmis liggur nú þegar fyrir þingskjal með meiri hluta þingmanna, meiri hluta þingsins, sem snertir hvalveiðar á Íslandi. Við fáum málið ekki einu sinni á dagskrá. Það snertir hundruð starfa í landinu en ríkisstjórnin segir: Nei, þetta mál má ekki komast á dagskrá. Þetta er að mínu mati aðfinnsluvert og ég tel að forseti þingsins eigi að skoða þetta sérstaklega hvað þetta mál varðar.

Síðan kom einnig fram athyglisverð athugasemd frá hv. þm. Ólöfu Nordal. Það kom fram í morgun á fundi nefndarinnar að mál um greiðsluaðlögun fékkst ekki tekið út úr nefnd vegna þess að stjórnarflokkarnir komu sér ekki saman um afgreiðslu þess. Mér finnst það stórmál ef stjórnarflokkarnir sjálfir standa í vegi fyrir því að mikilvæg mál sem við sjálfstæðismenn viljum koma út úr þinginu og afgreiða eru (Forseti hringir.) stoppuð í þingnefnd af hálfu þingmanna Vinstri grænna.

Leikskólar og grunnskólar, 3. umr.

Frv. menntmn., 390. mál (réttur forsjárlausra foreldra til upplýsinga). — Þskj. 656.

[16:32]

Frsm. menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf):

Herra forseti. Menntamálanefnd fjallaði um þetta frumvarp á milli 2. og 3. umr. fyrst og fremst vegna þess að borist höfðu ýmsar athugasemdir við frumvarpið og því var ástæða til að taka það á dagskrá aftur og fara yfir það. Ég vil nota þetta tækifæri til að fara örlítið yfir þann misskilning sem fram hafði komið vegna þess að hér er eingöngu verið að gera breytingar á leik- og grunnskólalögum til að tryggja að foreldrar sem ekki fara með forsjá barna hafi aðgang að upplýsingum í leik- og grunnskólum eins og barnalög gera ráð fyrir. Það er verið að tryggja samræmi á milli þessara laga.

Hins vegar hafa komið fram óskir um að gengið verði lengra í þessum breytingum, þ.e. að forsjárlausir foreldrar hefðu aðgang að skriflegum upplýsingum en ekki bara munnlegum eins og gert er ráð fyrir eða túlkað er í barnalögum. Það er hins vegar eðlilegt og er mat menntamálanefndar og fleiri að slíkar breytingar eigi að eiga sér stað í barnalögum þannig að það sé fullt samræmi þar á milli. Hér er eingöngu verið að eyða réttaróvissu sem hugsanlega hefði getað komið upp vegna þess að hægt var að skilja leik- og grunnskólalög á annan hátt en barnalög og þess vegna er verið að taka af allan vafa um að forsjárlausir foreldrar hafa sama aðgang að upplýsingum í leik- og grunnskólum og barnalög tryggja þeim gagnvart öðrum stofnunum.

Það er því niðurstaða menntamálanefndar að það frumvarp sem nefndin lagði fram vegna þessara nauðsynlegu breytinga komi hér til 3. umr. óbreytt.

[16:34]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér í 3. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2008, um leikskóla, og lögum nr. 91/2008, um grunnskóla. Það sem um er að ræða er að misræmi er annars vegar á milli 18. og 27. gr. laga nr. 91/2008 og 9. gr. laga nr. 90/2008 og hins vegar 2. mgr. 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Þetta varðar rétt forsjárlausa foreldra.

Til að taka af allan vafa um að þessa misræmis gæti og til að vilji nefndarinnar þegar lög um leik- og grunnskóla voru samþykkt á þinginu 2008 komi skilyrðislaust fram, er þessi breytingartillaga við lögin lögð fram. Það skiptir máli fyrir barnið sjálft, það skiptir máli fyrir forsjárlaust foreldri að það hafi upplýsingar sem snerta velferð barns síns jafnt í námi sem öðru. Því eru lagðar til breytingar á báðum þessum lögum, nr. 90/2008 og 91/2008, til að réttur forsjárlausra foreldra sé tryggður og ekki ríki réttaróvissa í þessu vegna þess að það er hagur barnsins sem skiptir máli, þ.e. hagur barns umfram hag foreldra og hér er verið að gæta hags barnsins.

Því segi ég, hæstv. forseti, að þetta frumvarp er til bóta, það er til bóta fyrir forsjárlausa foreldra og það er til heilla fyrir barnið sjálft.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskólar, 2. umr.

Frv. menntmn., 421. mál (samræmd könnunarpróf). — Þskj. 714, nál. 759.

[16:36]

Frsm. menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf):

Herra forseti. Menntamálanefnd fjallaði um þetta mál eftir 1. umr. enda var málinu vísað til nefndarinnar. Málið var lagt fram af menntamálanefnd og eftir umræðu um málið í nefndinni leggur hún til að það verði samþykkt óbreytt.

Hér er verið að fjalla um einfaldan hlut, þ.e. að leggja til að bráðabirgðaákvæði V við grunnskólalög falli brott en það gerir ráð fyrir að fram fari á fyrri hluta árs 2009 samræmt könnunarpróf í 10. bekk. Í grunnskólalögum er gert ráð fyrir því að slík próf fari fram að hausti enda meginhugsunin sú að þau séu nýtt til þess að afla upplýsinga bæði fyrir nemendur og skóla um það hvernig bregðast megi við stöðu nemenda, þ.e. að nemendur og skólar hafi aðstöðu til að bæta úr ef einhvers staðar eru veilur í undirbúningi fyrir lok grunnskóla.

Ekki er talin ástæða til að þessi próf fari fram núna og þess vegna er lagt til að þetta ákvæði til bráðabirgða V verði fellt brott. Algjör samstaða er um þetta í menntamálanefnd eins og ég sagði áðan og því leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

[16:38]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni almennt fyrir vel unnin störf í menntamálanefnd í gegnum tíðina og það er greinilegt í þessu máli líka enda náðist víðtæk samstaða um málið.

Engu að síður er samt eitt atriði sem ég velti fyrir mér og það er hver sparnaðurinn verður við það að prófin eru felld niður núna tímabundið. Ég held að hann geti hugsanlega verið 5 eða 10 milljónir en það leiðir auðvitað hugann að öðru og það er náttúrlega stóra myndin. Hver verður stóra myndin á fjármálum ríkisins á næsta ári, hver verður stóra myndin í menntamálunum á næsta ári?

Ég veit að hv. þingmaður er raungóður og raunsær maður á þann tíma sem við lifum núna og það kallar auðvitað á að við fáum hér svör frá hæstv. menntamálaráðherra líka til að við áttum okkur á því hvað framtíðin ber í skauti sér, hvað áætlunargerðin fyrir árið 2010 ber í skauti sér, hvar verður borið niður. Samræmdu prófin einu sinni, ein og sér, könnunarprófin, það dugar ekki að fella þau niður ein og sér, 5–8 milljónir hjálpa ekki menntamálunum í heild sinni. Ég spyr: Hvernig telur hv. þingmaður réttast að fara í þá vinnu að hagræða í menntamálunum til að halda uppi eftir sem áður víðtækri þjónustu, þ.e. að skólarnir verði áfram opnir? Við hljótum öll að vera sammála um að skólarnir verði áfram opnir öllum en um leið verðum við að ná tilætluðum árangri hvað fjárlög ríkisins varðar. Það er risamál fyrir framtíðina. Ég veit að hv. þingmaður er skynsamur maður og getur örugglega veitt mér svör og þó að mínúturnar hér séu bara tvær getum við tekið umræðu um þetta mál á eftir.

[16:40]

Frsm. menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hlý orð í minn garð frá hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni, og ég held að hún muni nokkurn veginn rétt þá tölu sem talað er um að kostnaðurinn sé við hin samræmdu könnunarpróf í 10. bekk, að vissulega er þetta líka sparnaðartillaga, en það er ekki meginástæðan þó að það skipti auðvitað máli. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að þetta eitt og sér dugar ekki til að tryggja rétta niðurstöðu hjá ríkissjóði hvorki á þessu ári né næsta.

Einnig er hárrétt hjá hv. þingmanni að það er afar mikilvægt að vandað sé vel til verka þegar tekið er til í ríkisrekstrinum. Það ábyggilega hægt að taka til í menntakerfinu en það er hins vegar afar mikilvægt hvernig að því er staðið því að ljóst er að við megum ekki við því að draga úr þjónustu í því kerfi, við þurfum að tryggja hana áfram vegna þess að við erum að undirbúa framtíðina í menntakerfinu. Þar eru ýmis verkefni sem við þurfum að efla og styrkja en við þurfum líka að horfa raunsætt á málin. Það er þess vegna það almikilvægasta fyrir íslensku þjóðina að hér verði við völd eftir næstu kosningar ríkisstjórn sem hefur kjark, dug og þor til að taka þær ákvarðanir sem þarf að taka í ríkisfjármálum og þar þarf m.a. — af því að við ræðum hér menntamál — að verja menntakerfið alveg sérstaklega en þar þarf auðvitað líka eins og alls staðar annars staðar að fara vel með fjármuni ríkisins.

Ég trúi því reyndar að í gegnum tíðina hafi það verið gert í hinu íslenska menntakerfi og þar hafi verið gert ýmislegt gott og margt í raun og veru mjög gott á undanförnum missirum. Og svo ég launi hv. þingmanni til baka þau hlýju orð sem féllu í minn garð þá held ég að hv. þingmaður hafi staðið sig býsna vel sem menntamálaráðherra.

[16:42]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta gagnkvæma skjallbandalag fer að verða hættulegt hér en ég vil engu að síður þakka líka hlý orð í minn garð. En ég held að við lítum bæði sömu augum á þann vanda og það viðfangsefni sem við okkur blasir. Við viljum bæði forgangsraða í þágu réttra mála, þ.e. í þágu menntamála, af því að við teljum að menntun og rannsóknir muni stuðla að því að við komumst fyrr út úr þeirri kreppu sem við erum stödd í núna. Og við þurfum að standa vörð um velferðarkerfið en engu að síður þurfum við líka að taka á þeim fjármunum sem í þá málaflokka renna og ég held að það sé mikilvægt að um það náist víðtæk samstaða. Ég held að það verði í rauninni að skapast víðtæk samstaða um það því að ellegar geti orðið allt að því óeirðir og mikil reiði ef við reynum ekki að gera þetta saman þannig að fólk skilji af hverju við þurfum að bera niður á þessum stöðum eins og annars staðar í kerfinu.

Við þurfum alla vega að forgangsraða í þágu menntamála, í þágu rannsókna, og ég held að það sé rétt að við förum betur yfir þessi mál á eftir. Og mér þætti vænt um ef hv. þingmaður gæti miðlað til okkar þeirri reynslu og þekkingu sem hann hefur af áratugavinnu og starfsemi innan menntageirans, miðlað því til okkar hvernig hann sæi því best fyrir komið hvernig við förum í það að hagræða. Eigum við að fara í það að sameina menntastofnanir, háskólastofnanir, rannsóknastofnanir, skólastofnanir á öllum skólastigum? Geta sveitarfélögin líka séð svigrúm til að fara þar í aukna hagræðingu og stuðla þannig að því, og það er það sem skiptir svo miklu máli, að reynt sé að viðhalda þjónustustiginu fyrir sama fjármagn og helst minna? Það er það sem við stöndum frammi fyrir núna og við skulum reyna að gera það sem best og gera það í sameiginlegri vinnu.

Mér þætti gott að heyra það á eftir — og ég geri þá ráð fyrir að hv. þingmaður komi upp í ræðu á eftir — hvernig við förum í þetta mikilvæga mál, þ.e. hvernig við tökum á menntamálunum í þeirri miklu vinnu sem tengist fjárlögum næsta árs.

[16:45]

Frsm. menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel þann mikla áhuga sem hv. þingmaður hefur á menntakerfinu en ég held að það sé eiginlega vonlaust fyrir mig á tæpum tveimur mínútum að fara yfir allar þær tillögur sem ég gæti út af fyrir sig lagt á borðið og gætu nýst við fjárlagagerð næsta árs, ég held að það verði að bíða betri tíma.

Ég held hins vegar að það sem hv. þingmaður nefndi um sameiningu menntastofnana sé eitthvað sem eðlilegt er að skoða í því ástandi sem við lifum við nú. Ég held að sveitarfélögin hljóti einnig að taka þátt í því. Ég minni á að í breyttum lögum sem við samþykktum á síðasta þingi er einmitt opnað á þá leið að sameina leik- og grunnskóla og tónlistarskóla. Ef ég man rétt eru einhver sveitarfélög farin að hugleiða það og sum hafa jafnvel stigið þau skref. Því er eðlilegt að allt slíkt sé skoðað vandlega.

Ég held að við eigum líka að fara yfir stöðu rannsóknastofnana og velta henni fyrir okkur. Ég hef reyndar verið þeirrar skoðunar um nokkurn tíma, svo ég taki sem dæmi, að því sé velt upp t.d. með Hafrannsóknastofnun, að hugsanlegt væri að koma þeirri starfsemi fyrir í háskólum. Þannig mætti dreifa henni á bæði Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri og tryggja hana. Þá væru menn líka búnir að stíga skref sem ýmsir hafa verið að biðja um, að rannsóknastofnanir væru algjörlega sjálfstæðar í háskólastofnunum. Þar gæti þetta bæði verið hagræðing og um leið eflt háskólastofnanirnar sem slíkar.

Ég held því að afar mikilvægt sé að við nýtum þann tíma sem núna er til að skoða alla þessa hluti með opnum huga en með það sem grundvallarstef að tryggja þá þjónustu sem fyrir hendi er og efla hana frekar en hitt þó að við spörum hugsanlega einhverja peninga.

[16:47]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 91/2008, um grunnskóla, þar sem lagt er til að ákvæði til bráðabirgða V við lögin falli brott.

Menn þurfa aðeins að velta fyrir sér að ekki er verið að ræða um samræmdu prófin eins og þau voru á árum áður í 10. bekk. Hér er verið að ræða um samræmt könnunarpróf sem nýju grunnskólalögin leggja til að lögð verði fyrir að hausti til þess að virka sem leiðsagnarmat fyrir nemendur og kennara um það sem betur má fara fyrir nemandann þar til hann lýkur grunnskóla í 10. bekk.

Hér er um samræmt könnunarpróf að ræða sem verið er að leggja til að verði fellt niður einfaldlega vegna þess að það mun ekki undir nokkrum kringumstæðum nýtast nemendum sem leiðsagnarmat né heldur mun það vera til gagns fyrir framhaldsskólann til að rýna í því að þetta próf verður ekki sem inntökupróf í framhaldsskóla, óskylt því sem var áður með eldra samræmda prófið.

Ég held hins vegar, hæstv. forseti, að vert sé að taka aðeins umræðuna um könnunarprófin og að þau voru sett inn í stað samræmdra prófa eins og þau voru áður og leggja áherslu á mikilvægi þess að könnunarpróf eiga að virka sem leiðsagnarmat fyrir nemanda og fyrir kennara til að bæta úr því sem betur má gera nemandanum til heilla áður en hann yfirgefur grunnskólann.

Það sem hins vegar mun skipta enn meira máli, hæstv. forseti, er að nú reynir á sjálfstæði skólanna samkvæmt nýjum grunnskólalögum í að þeir efli námsmatið, að þeir gefi nemendum tækifæri á enn fjölbreyttara námsmati en verið hefur sem sýni betur hæfni einstaklinganna í hverri og einni grein og því sem lýtur að þeim. Einnig skiptir afar miklu máli, hæstv. forseti, að skólarnir, hvar svo sem þeir eru staðsettir á landinu, hugi að því að matið sem þeir setja með nemendum sínum þegar þeir útskrifast úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla standist, að nemandinn standi virkilega undir því mati sem fylgir honum úr hlaði úr grunnskóla á nákvæmlega sama hátt og það er skilyrt að nemendur standi undir því mati sem fylgir þeim sem útskrifast úr framhaldsskóla yfir í háskólann.

Hæstv. forseti. Ég tel ástæðu til að nefna þetta vegna þess að margir hafa litið á samræmdu prófin sem beinan lykil fyrir nemendur inn í framhaldsskólann og ekki treyst skólaeinkunnum. Ég er ekki ein þeirra, ég þekki skólann og ég treysti skólunum en ég veit að nú reynir meira á skólana en nokkru sinni fyrr, að þeir standist þær kröfur sem stigið fyrir ofan setur til skólans, setur til menntunarinnar, setur til nemandans hvort heldur um er að ræða skilin á milli grunn- og framhaldsskóla eða framhalds- og háskóla. Fyrir nemandann verður að vera hægt að treysta því að það mat sem fylgir honum af hvoru skólastigi yfir á hitt sé réttmætt, það sé raunfærnimat og nemandinn standist þær kröfur sem gerðar eru til hans á skólastiginu yfir ofan.

Þetta mun skipta meginmáli í þeim breytingum sem gerðar voru á grunnskólalögum 2008 og því sem við erum hér að fella niður. Grunnskólinn mun þá á hausti komanda 2009 í fyrsta sinn fá inn í skólann samræmt könnunarpróf í 10. bekk, sem er samræmt því sem verið er að gera í 4.–7. bekk, til þess að leggja fyrir nemendur sína í þeirri trú, hæstv. forseti, að skólinn nýti sér síðan þetta próf sem leiðsagnarmat fyrir nemendur því að það mun skipta meginmáli.

Ég styð að sjálfsögðu fram komið frumvarp til breytinga á lögum, eins og menntamálanefndin öll, og vil þakka nefndinni fyrir sérlega gott samstarf í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Eins og öðrum.)

[16:52]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka öllum nefndarmönnum fyrir gott starf unnið í nefndinni. Ég tel þetta vera rétt skref sem tekið er í sátt við alla aðila, að afnema samræmdu prófin sem hefðu ella orðið núna þegar lagaskilin eru að verða og nýja kerfið er að taka við sér. Þetta er því eðlileg og skiljanleg breyting.

Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur fyrir að hafa farið aðeins inn á rökstuðninginn með samræmdum prófum, þau hafa verið umdeild í samfélaginu og sitt sýnist hverjum hvað þau varðar. Ég held í fyrsta lagi að mikilvægt sé fyrir nemandann að hafa aðgang að samræmdum könnunarprófum, hvað svo sem við nefnum þau. Ég held líka að það sé mikilvægt fyrir foreldra, og tala þar af eigin reynslu, að geta fylgst með námsferli barna sinna og að ákveðið gæðaeftirlit sé, samræmt gæðaeftirlit sem nær inn í grunnskólana, og að það verði til þess að skólarnir eflist, foreldrar sjái á hvaða sviðum börnin geta bætt sig en ekki síður hitt að skólarnir eiga að nýta svona próf til að efla og styrkja sitt innra starf. Ég hvet því alla skóla eindregið til þess að gera það, enda hafa þeir staðið sig vel hvað þetta varðar, en nýta sér líka þau tækifæri sem felast í gömlu grunnskólalögunum og í hinum nýju.

Ég minnist þess til að mynda að grunnskólinn á Sauðárkróki náði við síðustu PISA-rannsókn mjög góðum árangri hvað niðurstöður rannsóknarinnar snerti. Fram kom í athyglisverðu viðtali við skólastjórann að hann og stjórn skólans, kennarar og fleiri, hefðu farið gaumgæfilega í það að fullnægja kröfum þágildandi laga um sjálfsmat skóla og það að þeir meti sjálfa sig og fóru mjög gaumgæfilega yfir það hvað hægt væri að gera til að efla starfið, kennsluna, innra starfið og þjónustuna sem er í boði innan skólans. Að mínu mati hefur þetta m.a. skilað þeim árangri að skólinn er nú í fremstu röð þegar kemur að niðurstöðum PISA-rannsóknar hér á landi. Því er hægt að sýna fram á að með markvissum vinnubrögðum innan skólakerfisins er hægt að bæta gæðin.

Ef við lítum yfir öll skólastigin er ljóst að við höfum verið að bæta inn mjög miklum fjármunum í íslenskt skólakerfi og við þurftum líka að gera það. Við þurftum að bæta sérþjónustuna, við þurftum að efla ákveðna grunnþjónustu innan skólakerfisins, á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Við þurftum einnig að taka á öðrum hlutum fyrir nokkrum árum á háskólastigi. Það vita allir hvað ég á við, við þurftum að fjölga háskólanemum. Fyrir um tíu árum vorum við með tiltölulega lágt hlutfall af háskólanemum. Við vildum fjölga þeim, fórum ákveðnar leiðir, blönduðum saman einkarekstri og opinberum rekstri og fjölguðum námstækifærum. Þetta voru pólitískar ákvarðanir undir forustu Sjálfstæðisflokksins sem leiddu til þess að við náðum því takmarki okkar að fjölga háskólanemum þannig að við erum í dag að útskrifa hlutfallslega fleiri háskólanema en þær þjóðir sem við alla jafna miðum okkur við og það er fagnaðarefni.

Það má heldur ekki gefa afslátt af þeim gæðum af skólastarfinu sem við þurfum að fylgja eftir innan skólakerfisins. Um leið og við aukum fjármuni til skólakerfisins verða líka að fylgja alþjóðlegar kröfur um gæði, hvort sem það er á háskólastigi eða öðrum skólastigum í landinu. Þess vegna tel ég mikilvægt að við höldum áfram með samræmd könnunarpróf en með öðrum hætti en við gerðum og höfum gert á undanförnum árum. Við erum að færa þau fram, við erum að færa þau fram í október eða nóvember, þau verða því tekin á þeim tíma, fækka þeim en um leið koma upp ákveðinni viðmiðun fyrir nemendurna, foreldrana og skólana til þess að eflast og styrkjast á lífsins leið.

Ég held því að það hafi verið rétt skref fyrir okkur öll sem við tókum sameiginlega fyrir rúmu ári þegar við samþykktum ný lög um allt skólakerfið í rauninni. Við samþykktum ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Við samþykktum líka lög um lengingu á kennaramenntun, sem ég tel tvímælalaust hafa verið rétt skref, hiklaust rétt skref til að efla kennaramenntunina því allt hangir þetta saman við að halda áfram að útskrifa öfluga og duglega kennara sem geta mætt þeim auknu kröfum sem hafa verið gerðar til skólastarfsins og þá um leið kennarastarfsins sem slíks.

Ég held líka og er sannfærð um að sameining Kennaraháskólans og Háskóla Íslands hafi verið rétt skref enda hafa báðir háskólarnir staðið mjög vel að öllum þeim málum er snerta sameininguna. Þá sameiningu hefur verið nálgast af miklum metnaði og áhuga af hálfu starfsfólksins. Bind ég miklar vonir við að hið nýja menntavísindasvið Háskóla Íslands, sem er í rauninni Kennaraháskólinn, auk uppeldis- og kennslufræðinnar frá Háskóla Íslands, muni leiða til þess að við sjáum áfram fram á öfluga kennaramenntun og fjölda í kennarastétt.

Það er einnig fagnaðarefni að á undanförnum árum höfum við náð að hækka hlutfall fagmenntaðra kennara á öllum skólastigum og er það sérstaklega ánægjulegt þegar litið er til leikskóla og grunnskóla. Þó að það kunni að vera svæðabundið er alveg ljóst að efling kennaramenntunar t.d. á Norðurlandi hefur stuðlað að því að hlutfall leikskólamenntaðra kennara fyrir norðan er með því hæsta sem gerist. Allt er þetta gott og allt er þetta í þágu barnanna.

Við ræddum aðeins í andsvari áðan að vissulega hefði þessi tillaga í för með sér ákveðinn sparnað fyrir menntakerfið, ekki mikinn sparnað en þó ákveðinn sparnað upp á 5–8 milljónir og er það ágætt. Ég held engu að síður að þegar kemur að því að ræða sparnað og hagræðingu í skólakerfinu verði að leita allra leiða til að ná fram slíkri hagræðingu án þess að það bitni á þjónustu við börnin okkar, halda verður uppi kennslu og þjónustu fyrir börn með þroskaraskanir eða börn sem þurfa á ákveðnum stuðningi að halda, sérkennslu o.s.frv. Ég held að við verðum að forgangsraða öllu í skólastarfinu í þágu þessara atriða og það geti gengið snurðulaust fyrir sig. Menn vita þá að það þýðir að taka þarf á málum annars staðar í skólakerfinu og ég trúi ekki öðru en að við getum sammælst um nákvæmlega þessi atriði í forgangi innan skólakerfisins okkar.

Þegar ég fór yfir nefndarálitið, sem allir nefndarmenn menntamálanefndar eru á og er það fagnaðarefni, velti ég því fyrir mér hvort ekki væri ástæða til þess að mennta-

málanefnd, sem kemur sameiginlega með tillögu sem snertir sparnað í skólakerfinu, — um könnunarprófin og það að fella samræmdu prófin niður næsta vor á meðan skil eru á milli nýja og gamla kerfisins — skoðaði líka þróun skólakerfisins á næstu árum með tilliti til þeirrar hagræðingar sem þarf að vera í fjárlögunum öllum. Það skiptir okkur miklu máli að vita hvar borið verður niður og heyra hug fólks og stjórnmálaflokka varðandi niðurskurð í ríkisfjármálum. Máli skiptir að hnífnum sé beitt á réttum stöðum og forgangsraðað sé í þágu velferðar- og menntamála. Þessum málaflokkum verður ekki hlíft algjörlega og við gerum okkur grein fyrir því að margþættar aðgerðir þarf til að mæta erfiðu gati á fjárlögum. Þá hljótum við að spyrja að því hvernig ríkisstjórnin ætlar að mæta kröfum, m.a. Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, varðandi fjárlögin. Við hljótum að spyrja þess og fara fram á, fyrst menntamálanefnd getur komið sameiginlega fram með tillögu, að nefndin fari líka yfir þær aðgerðir og tillögur sem hæstv. menntamálaráðherra mun leggja fram um skólakerfið.

Á að sameina skólastofnanir? Til dæmis Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og Háskóla Íslands? Ég held að þann kost væri fýsilegt að skoða og fara gaumgæfilega yfir því að ég er sannfærð um að þar verði enn frekar hægt að styrkja rannsóknir og skólakerfið með alls kyns aukinni samvinnu á milli stofnana og hugsanlega í framtíðinni að koma alla vega upp fyrrihlutanámi í dýralækningum. Til þess höfum við alla burði ef Háskóli Íslands, Hvanneyri og Keldur leggja saman í púkk.

Líka er hægt að spyrja frekari spurninga: Hvað með Háskólann á Hólum og þá nemendur sem þar eru? Er æskilegt að auka samvinnu Hólaskóla við, til að mynda, Háskólann á Akureyri, fyrst hæstv. menntamálaráðherra hefur slegið út af borðinu tillögur þess efnis að Háskólinn á Hólum verði sjálfseignarstofnun í eigu hagsmunaaðila, Bændasamtakanna, Landssambands hestamanna, heimamanna á Sauðárkróki og því svæði?

Þetta eru allt spurningar sem hv. menntamálanefnd hlýtur að spyrja þegar kemur að fjárlögum og fjárlagagerð. Þetta eru stórar spurningar er snerta öll kjördæmin og þýðingarmikið er að fá svör við. Hvað með framhaldsskólana? Ég lagði ríka áherslu á það í menntamálaráðherratíð minni að auka þjónustuna og koma henni sem næst heimamönnum. Til þess þurfti ákveðnar forsendur, bæði rekstrarlegar og raunverulega aðsókn heimamanna, þ.e. barnanna sem eru að koma upp úr grunnskólum, í viðkomandi skóla. Ég tel mikilvægt að við sjáum fram á ákveðna samvinnu og hugsanlega sameiningu líka á framhaldsskólastigi. Við þurfum að fá þessi svör, m.a. frá hæstv. menntamálaráðherra, og ég mæli eindregið með því að menntamálanefnd fari yfir þær tillögur sem nauðsynlegar eru til að hægt verði að brúa bilið er snertir fjárlög ríkisins, því að sjálfsögðu er langtímahagsmunamál fyrir okkur öll og stóra markmiðið að ríkissjóði verði skilað með afgangi.

Helstu styrkleikar okkar sem þjóðar í þessu hörmulega hruni eru m.a. gott menntakerfi og hinn norski bankastjóri Seðlabanka Íslands hefur dregið fram að það er hluti þess hversu góð viðspyrna okkar er. Það er algjörlega hárrétt, það er gott menntakerfi en ekki síður hitt að ríkissjóði var skilað með afgangi. Ef ríkissjóði hefði ekki verið skilað með afgangi væri staða okkar miklu verri. Hún væri miklu verri ef ríkissjóður hefði ekki verið þokkalega rekinn og þó að eflaust hefði verið hægt að gera betur greiddum við engu að síður niður skuldir, við greiddum niður erlend lán og skiluðum ríkissjóði með afgangi sem þýðir að staða okkar er sterkari í þeim efnahagslegu erfiðleikum sem við stöndum í en annarra þjóða sem glíma nú við nákvæmlega sömu hluti og við.

Við höfum komið okkur upp góðu menntakerfi, herra forseti. Við komum ríkissjóði í þokkalega stöðu og erum með duglegt fólk sem hefur og vill hafa öll tækifæri til vinnu og þess að sækja sér nám og þá verðum við einfaldlega að búa þannig um hnútana að við stjórnmálamennirnir þvælumst ekki fyrir því að hér verði áfram fullur kraftur í atvinnulífinu og fleiri störf sköpuð.

Þess vegna tel ég líka, svo ég fari aðeins inn í umræðuna um fundarstjórn forseta, að við þurfum að koma hér á dagskrá þingsályktunartillögu er snertir hvalveiðar og ýmsar tillögur sem snerta sköpun starfa, til að fólk geti gengið að störfum. En við þurfum líka að setja á dagskrá, alla vega í menntamálanefndinni, hvernig við ætlum að verja það að hafa skólana opna og stuðla að því að námstækifæri verði jafnfjölbreytt og þau eru í dag og hvernig við ætlum að taka á því fjárlagagati sem fram undan er. Þess vegna tel ég mikilvægt að draga það fram, annaðhvort hér í þingsalnum eða í menntamálanefndinni, hvernig við ætlum að stuðla að því að þetta samfélag verði jafnkröftugt og það hefur verið þegar kemur að menntamálum og rannsóknum.

Af því að við tölum um störf og eflingu menntakerfis og rannsókna til að við komumst fyrr út úr kreppunni, tel ég skipta miklu að við hefjum umræður um tillögur er snerta skattkerfið, undanþágur og afslætti þegar kemur að rannsóknum og þróunum, til að mynda innan atvinnugreina og fyrirtækja, sem hafa lagt mikla fjármuni og krafta í það að efla rannsóknir og þróunarstörf. Þar eru dýru störfin, þar eru verðmætu störfin fyrir fólkið okkar, sem nú er í skólum að mennta sig og vill ganga að störfunum gefnum. Þetta er eitthvað sem ég held að brýnt sé að ræða hér í þingsal og snertir okkur öll.

Ég vek aftur athygli á því að menntamálanefnd gat komið sér saman um þetta mál líkt og við lukum saman við lög um leikskóla og grunnskóla, rammalöggjöf um háskóla og nýjar löggjafir um kennaramenntun og opinbera háskóla. Við höfum farið yfir allt menntakerfið. En hvað kemur svo á daginn? Ég frétti í dag að ekki væri möguleiki á að klára frumvarp til laga um framhaldsfræðslu, sem ég mælti fyrir nú á haustdögum og almennt var gerður góður rómur að og allir er tóku til máls vildu sammælast um að koma því máli út úr nefnd, og það mundi daga uppi. Þetta er akkúrat mál sem sem við eigum að klára áður en við förum heim af þingi og að við skulum ekki geta klárað það er frekar dapurlegt því það getur stuðlað að opnara skólakerfi og komið verði til móts við þá sem hafa litla menntun með því að meta færni fólks á vinnumarkaði, sem hefur unnið ýmis störf og aflað sér víðtækrar reynslu og þekkingar, inn í skólakerfið. Mér er mikil spurn af hverju við klárum ekki það mál á þessu þingi. Ég held að það sé grafalvarlegt að fólkið sem þarf á því að halda að komast inn í skólakerfið fær ekki metna reynslu sína og þekkingu. Af hverju getum

við ekki klárað málið á þessu þingi? Er þetta framgangur ríkisstjórnarinnar að klára erfiðu málin og góðu málin sem stuðla að því að fólk fái að njóta hæfileika sinna og segja síðan stopp varðandi framhaldsfræðsluna? Að þegar við höfum náð að endurskoða allt skólakerfið sé framhaldsfræðslan eftir? Það lá ljóst fyrir að semja þurfti um ákveðin atriði.

Ég spyr: Af hverju er það ekki búið? Það lá ljóst fyrir við framsögu og meðferð málsins að klára þurfti ákveðin atriði er snerta vinnumarkaðinn, ASÍ og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Af hverju er ekki búið að því? Af hverju hefur hæstv. menntamálaráðherra eða fjármálaráðherra ekki klárað þau atriði? Þetta frumvarp mun stuðla að því að fólk með litla menntun, minni menntun en aðrir í samfélaginu, geti notið færni sinnar og þekkingar inni í skólakerfinu. Af hverju klárum við ekki heildarendurskoðun á skólalöggjöfinni? Af hverju er hún allt í einu stopp þegar ný ríkisstjórn er komin? Við erum á fleygiferð að endurskoða alla skólalöggjöfina og svo kemur ný ríkisstjórn og þá stoppa svona mál, sem snerta drjúgan hluta þjóðarinnar. Ég tel mjög mikilvægt og brýnt að þetta mál verði klárað til að fólk geti notið sín í skólakerfinu þegar atvinnuleysið blasir við. Þegar við göngum til kosninga á kjördag verða hugsanlega 18.000–20.000 atvinnulausir. Stór hluti þeirra er fólk með litla sem enga menntun.

Við eigum að stuðla að því að í skólakerfinu verði leiðir í boði fyrir það fólk. Það er mikilvægt, hér liggur fyrir frumvarp sem getur stuðlað að því að hjálpa þeim hópi og við eigum að klára það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:12]

Útbýting:

Ábyrgðarmenn, 125. mál, nál. viðskn., þskj. 785; brtt. viðskn., þskj. 786.

Lyfjalög, 445. mál, nál. þskj. 787.

Norrænt samstarf 2008, 446. mál, skýrsla ÍNR, þskj. 788.

Náms- og starfsráðgjafar, 2. umr.

Frv. menntmn., 422. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 715, nál. 763.

[17:13]

Frsm. menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf):

Herra forseti. Menntamálanefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um náms- og starfsráðgjafa sem nefndin lagði sjálf fram en málinu var vísað til nefndarinnar eftir 1. umr. Nefndinni bárust nokkrar umsagnir sem hún fór yfir og ræddi nokkur atriði sem þar komu fram.

Niðurstaða nefndarinnar var að frumvarpið sem slíkt kemur til móts við þær kröfur eða athugasemdir sem fram komu frá umsagnaraðilum og leggur nefndin því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Rétt er að fara örfáum orðum um það sem málið snerist kannski fyrst og fremst um, en segja má að það hafi aðallega verið spurningin um þá sem nú gegna störfum náms- og starfsráðgjafa í skólum án þess að hafa til þess formlega menntun. Niðurstaða nefndarinnar er að eðlilegt sé að þeir geti að sótt um það til matsnefndar að gegna þeim störfum áfram og kalla sig náms- og starfsráðgjafa. Nefndin og síðan ráðherra veita slíka heimild.

Nokkrir stungu upp á því að þetta yrði tímabundið. Nefndin telur hins vegar eðlilegt að lögin geri ekki ráð fyrir slíku en hins vegar sé hugsanlegt að í reglugerðarákvæði sem ráðherra setji sé hægt að fara yfir slíkar heimildir. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að ráðherra geti sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna og þar með reglu um skilyrði fyrir veitingu leyfis og hvernig staðið er að veitingu og afturköllun leyfis. Við teljum eðlilegra að taka slíkt fyrir í reglugerðarákvæði en festa það í lögin sjálf.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er þetta frumvarp lagt fram af nefndinni og hún leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Eins og með önnur mál sem ég hef gert grein fyrir í dag er algjör samstaða í menntamálanefnd um þessa afgreiðslu og frumvörpin. Þar sem þetta er síðasta málið sem ég mæli fyrir frá nefndinni, a.m.k. að sinni, þó að það sé ekki það síðasta, vil ég nota tækifærið og þakka nefndinni fyrir sérstaklega gott samstarf og að í tíð minni sem formaður hennar hafi tekist að ljúka öllum málum í fullri sátt og með algjörri samstöðu nefndarmanna.

[17:16]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér við 3. umr. frumvarp til laga um náms- og starfsráðgjafa. Ég vil af því tilefni nefna að í 1. gr. frumvarpsins stendur, með leyfi forseta:

„Rétt til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa og starfa sem slíkur hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra, sbr. 2. mgr.“

Ég tel hins vegar brýnt af þessu tilefni að nefna að í 4. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra er heimilt að veita þeim sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi leyfi það sem um ræðir í 1. mgr. 1. gr. enda þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 2. mgr. 1. gr.“

Ég vil benda á að þegar Kennaraskólanum var breytt í Kennaraháskóla þá glötuðu ekki þeir sem höfðu hlotið menntun úr Kennaraskólanum sinni menntun þegar Kennaraháskólinn tók við. Ég tel því afar brýnt að á þetta sé lögð áhersla vegna þess að þetta frumvarp er í samræmi við það sem gert var þegar Kennaraskólanum var breytt í Kennaraháskóla. Þeir sem hafa öðlast menntunina glata ekki réttindum sínum þrátt fyrir að námið sem þeir áður stunduðu hafi ekki verið á háskólastigi og verði flutt yfir á háskólastig. *Þeir halda réttindum sínum.* Það er afar brýnt að þetta sé áréttað því að þetta mun skipta þó nokkuð marga aðila máli.

Hæstv. forseti. Að öðru leyti styð ég að sjálfsögðu þetta frumvarp eins og öll menntamálanefndin gerði og vonast til að það verði að lögum frá hv. Alþingi sem fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tóbaksvarnir, 2. umr.

Stjfrv., 162. mál (EES-reglur, varúðarmerking og auglýsingar). — Þskj. 190, nál. 679.

[17:19]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá heilbrigðisnefnd með frumvarpi um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum. Þetta nefndarálit er á þskj. 679, 162. mál.

Nefndin fékk á sinn fund fjölmarga aðila og eins fékk nefndin umsagnir frá mörgum líka hvað varðar þetta frumvarp og voru umsagnir nær eingöngu jákvæðar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að telja upp alla þá sem ýmist komu á fund nefndarinnar eða sendu umsagnir en það er hægt að sjá það á nefndarálitinu.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær efnisbreytingar til samræmis við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins. Önnur varðar heimild ráðherra til að setja ákvæði um varúðarmerkingar tóbaks í formi litmynda en hin útfærslu á undanþágum sem leyfðar eru frá auglýsingabanni tóbaksvarnalaga. Í annan stað eru lagðar til tvær formbreytingar sem varða annars vegar 1. málsl. 4. mgr. 6. gr. og hins vegar 2. mgr. 8. gr. og er vísað til þess í athugasemdum að þær hafi verið tilkynntar til Eftirlitsstofnunar EFTA. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir að heimild Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til að gefa út verðskrá fyrir tóbak falli brott en að því er ekki sérstaklega vikið í athugasemdum frumvarpsins. Nefndinni var tjáð að breytingin kæmi meðal annars til vegna athugasemdar frá Eftirlitsstofnun EFTA og telur nefndin því rétt að benda á að ekki eru lengur ákvæði í lögunum sem kveða á um heimild ÁTVR til að ákveða verð tóbaks í smásölu. Nefndin áréttar jafnframt að ekki er um efnisbreytingu að ræða þar sem ÁTVR verður eftir sem áður heimilt að birta verð á því tóbaki sem stofnunin selur í heildsölu. Enn fremur skal áréttað að verðlisti tóbaks telst ekki vera auglýsing í skilningi laganna og því taka ákvæði um auglýsingabann tóbaks ekki til verðlista ÁTVR.

Á fundum nefndarinnar kom fram að frumvarpið fylgdi eftir þróun tóbaksvarna innan Evrópusambandsins þar sem rannsóknir bentu til þess að varúðarmerkingar í formi litmynda næðu til breiðari hóps en hefðbundnar textamerkingar. Nefndin bendir á að við útfærslu reglna um varúðarmerkingar í formi litmynda verði tekið mið af framkvæmd sem viðhöfð var við setningu reglugerðar nr. 236/2003, um viðvörunarmerkingar á tóbaki og mælingar og hámark skaðlegra tóbaksefna.

Nefndin styður frumvarpið og bendir á að flestar umsagnir hafi verið mjög jákvæðar í garð frumvarpsins, en huga verði að reglugerðarbreytingum samfara afgreiðslu frumvarpsins. Það er þjóðhagslegur ávinningur af því að draga úr tóbaksnotkun og stuðningur til reykleysis er þar mikilvægur þáttur. Upplýsingum um þennan þátt tóbaksvarna væri hægt að koma á framfæri á nýjum merkimiðum tóbaksvara sem seldar eru hér á landi. Loks bendir nefndin á mikilvægi þess að fylgst sé með tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um myndmerkingar á tóbaksvörum hvað varðar form, gerð og stærð litmyndanna og þau tilmæli höfð til hliðsjónar við setningu reglugerða um þetta efni að því leytinu til sem þær hafi ekki náð jafnlangt og reglur Evrópusambandsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Álfheiður Ingadóttir og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta rita sú sem hér stendur, formaður heilbrigðisnefndar og hv. þingmenn Ásta Möller, Ellert B. Schram, Eygló Harðardóttir og Pétur H. Blöndal.

Hæstv. forseti. Hér er í raun verið að heimila eða fella í lög að aðvörunarmerkingar á tóbaksvörum verði í formi texta og litmynda þannig að öllum verði ljóst hvaða skaðsemi tóbaksneysla getur valdið á ýmsum sviðum. Það eru þegar til staðlaðar gerðir slíkra merkinga innan Evrópusambandsins sem heimilt er að nota. Þá er ánægjulegt að minnast þess að hér fyrir nokkrum árum síðan vorum við Íslendingar í fararbroddi hvað varðar merkingar, myndmerkingar á tóbaksvörum. En þó að þær hafi þá ekki verið jafnnákvæmar og þær merkingar sem hér er verið að leggja til vorum við það mikið í fararbroddi að við féllum ekki undir reglur Evrópusambandsins og urðum að hætta að vera þessi frumkvöðlar sem við vorum og setja inn textamerkingar sem þá var ákveðið í reglugerðum Evrópusambandsins. En við höfum skrifað undir alþjóðlegan sáttmála Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn tóbaksnotkun og þar segir til um það hvernig merkingar eiga að vera. Nú er hér vísað til þess í nefndarálitinu að það beri að hafa þessi tilmæli Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar til hliðsjónar og er þá vísað til þess að í þessum málum er ör þróun og rétt að fylgjast með því ef fram koma nýmæli hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni sem við getum tekið upp. Þá gætum við aftur orðið frumkvöðlar og tel ég mikilvægt að við gerum það því að til er mikils að vinna. Tóbakið er einn af hinum mestu skaðvöldum og áhrifaþáttum hvað varðar heilsufar þjóðarinnar. Það hefur margvísleg áhrif, kemur niður á lífsgæðum og veldur sjúkdómum og þar af leiðandi miklum kostnaði í heilbrigðisþjónustunni hjá okkur sem og í öðrum löndum. Þar sem það er orðið vísindalega sannað að þessi aðferð hefur áhrif og dugar til að draga bæði úr því að fólk byrji að reykja og þá sérstaklega unglingar og hvatning öðrum sem hafa hafið notkun tóbaks til að hætta þá tel ég mikilvægt að við tökum hið fyrsta upp þessi nýmæli og leiðum þau í lög.

[17:27]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér er komið til 2. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, með síðari breytingum og varðar þær tvær efnisbreytingar sem hv. þm. Þuríður Backman gerði grein fyrir hér áðan, annars vegar varúðarmerkingar tóbaks á formi litmynda og hins vegar undanþágur er leyfðar eru frá auglýsingabanni tóbaksvarnalaga.

Það verður að segjast eins og er að þetta mál hefur verið að velkjast svolítið í nefndinni. Það hefur fengið ágæta umfjöllun og töluvert mikið af gestum hafa gefið umsagnir sem flestar hafa verið á einn veg, að styðja við þetta mál. Þannig er að löggjöf hér á landi varðandi tóbaksvarnir er með því strangasta sem við þekkjum í heiminum í dag. Við

höfum yfirleitt verið í fararbroddi varðandi nýjar leiðir í tóbaksvörnum og má í raun einnig bæta við að þar höfum við náð ákveðnum árangri. Við höfum náð ákveðnum árangri með því að beita þessum ströngu reglum. Reglulega sjáum við niðurstöður af könnunum um reykingar meðal barna og unglinga og það sýnir sig að þær fara hratt minnkandi. Reykingar meðal unglinga fara hratt minnkandi í skólum landsins. Það er mjög góð lexía fyrir okkur. Við vitum líka að eftir því sem við náum að halda börnum og unglingum lengur reyklausum — það er talað um það meðal annars að ef krakkar eru reyklausir 18 ára eru litlar líkur á að þeir taki upp á því síðar meir að reykja. Það er því til mikils vinnandi því að við þekkjum það nú hvað reykingar eru skaðlegar heilsu manna. Ég tel reyndar að flestir sem reykja í dag segi að ef þeir hefðu vitað hvaða áhrif þetta hefur á heilsuna mundu þeir ekki hafa tekið upp á þeim ósóma — ef ég má orða það svo — á sínum tíma.

Við höfum stigið töluvert mörg skref á síðustu árum sem hafa þá þegar sýnt sig í tölum að það dregur úr reykingum. Reyndar — sem er mjög óvenjulegt hér á landi miðað við önnur lönd — eru reykingar meðal kvenna meiri en meðal karla. Í flestum öðrum löndum er því öfugt farið og það er ákveðið áhyggjuefni hjá okkur og hefur meðal annars verið talið ein af ástæðunum fyrir því að íslenskar konur skora ekki eins hátt varðandi langlífi og karlar í heiminum, þ.e. langlífi íslenskra karla er viðbrugðið. Þeir eru með þeim elstu í veröldinni en íslenskar konur hafa dottið niður á listanum og meðal annars hefur það verið rakið til þess að íslenskar konur reykja meira en karlar.

Ég vil jafnframt nefna að fyrir nokkrum árum voru gerðar breytingar á lögum á hinu háa Alþingi er varða reykingar á veitingastöðum. Það hafði verið deilumál um alllangt skeið hvort fara ætti þá leið að banna reykingar á veitingastöðum. Ég var nú þeirrar skoðunar að það ætti að gera það en þeir sem mæltu fyrir því fengu mikla andstöðu hér í þinginu. Niðurstaðan varð hins vegar sú að reykingar eru núna alfarið bannaðar á veitingastöðum, sem ég tel að flestöllum þyki til bóta. Það er betra andrúmsloft á veitingastöðunum og veitingamenn sjálfir eru mjög ánægðir með þessa ákvörðun sem var tekin á sínum tíma og telja meðal annars að hreinlæti hafi batnað.

Á hinn bóginn má líka segja að umgengni utan veitingastaðanna hefur versnað að sama skapi og ýmislegt kom þar upp í kjölfarið sem þurfti síðan taka á. En slík ákvörðun var náttúrlega ekki tekin nema vegna áeggjanar Samtaka ferðaþjónustu en innan þeirra raða eru veitingamenn og gistihúsaeigendur og það var alfarið þeirra mat að best væri að fara þessa leið og sem ég tel í dag að hafi verið rétt ákvörðun.

Það kom líka upp úr þeirri lagabreytingu að rannsóknir sýndu að það dró úr hjartaáföllum og samkvæmt athugunum meðal annars landlæknis, ef ég man rétt, fækkaði hjartaáföllum á sjúkrahúsunum í kjölfar þessara breytinga. Manni fannst þetta ákveðin fjarstæða, að það væru ekki þau miklu tengsl þar á milli sem var látið að liggja. En þessi rannsókn eða athugun sem var þá gerð hér á landi endurspeglar það sem hefur sýnt sig í öðrum löndum, til dæmis á Írlandi — hvort það var ekki í Noregi líka — að þá sýndu tölur að tíðni hjartaáfalla minnkaði verulega. Það er í sjálfu sér mjög stór áfangi að þetta litla atriði, sem mörgum þótti stórt á sínum tíma, yrði þess valdandi að heilsa manna batnar.

Þetta frumvarp fjallar um tóbaksvarnir, um að setja ákvæði um varúðarmerkingar tóbaks í formi litmynda á tóbaksvörur. Það hafa verið stigin mörg skref á undanförnum árum varðandi útfærslu varúðarmerkinga á sígarettur og á tóbak. Margar þeirra hafa þótt frekar ógeðfelldar og eru til þess fallnar að hræða fólk enda er það sennilega tilgangurinn með því. En það var sem sagt niðurstaða Evrópusambandsins eða ráðs Evrópusambandsins sem kemur fram í tilskipunum Evrópuþingsins að þetta væri rétt leið að fara, þ.e. að í stað svarthvítra mynda ættu litmyndir að koma þar inn í og að það sé árangursríkt sem varúðarmerking og til þess að fæla fólk frá tóbaki.

Segja má að ákveðin forræðishyggja sé í þessu. En út frá þjóðhagslegum mælikvörðum og því sem ég hef meðal annars nefnt hér um heilsu manna og tóbaksneyslu unglinga tel ég að farin hafi verið rétt leið í þessu sambandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 412. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 700, nál. 769.

[17:35]

Frsm. fél.- og trn. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti félags- og tryggingamálanefndar um gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu til að fara yfir málið.

Með frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 431 kr. eða um 6,1% og nemi 7.534 kr. á hvern gjaldanda í stað 7.103 kr. samkvæmt gildandi lögum. Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu kemur fram að hækkunin sé í samræmi við verðlagsbreytingar á tímabilinu desember 2006 til desember 2007 og hækkun byggingarvísitölu á þessu tímabili.

Á fundum nefndarinnar kom meðal annars fram ábending um að leiðrétta þyrfti fjárhæð í 2. mgr. 10. gr. þar sem vísað er til tekjuviðmiðs sem notað er til að ákvarða þá sem undanþegnir eru gjaldinu. Álagningargjaldaviðmið þetta hefur hækkað samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytis og er því mikilvægt að leiðrétta viðmiðið. Auk þess telur nefndin að óeðlilegt sé að vísað sé í lagatexta til tekjuársins 2007.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 1. gr. bætist nýr stafliður er verði b-liður, svohljóðandi:

Í stað orðanna „1.080.067 kr. á tekjuárinu 2007“ í 2. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: 1.143.362 kr. á því ári sem næst er á undan álagningarárinu.

Hæstv. forseti. Ástæða þess að hér er verið að flytja þetta frumvarp er sú að ákveðið er með lögum hvert gjald

skuli vera í Framkvæmdasjóð aldraðra og það gjald er hækkað árlega með hækkunum sem hér eru til nefndar, þ.e. verðlagsbreytingum og hækkun á byggingarvísitölu á þessu tímabili. Alþingi er ekki heimilt að hafa opna heimild til vísitöluhækkana í lögum þannig að árlega ber Alþingi að leggja fram frumvarp um þessa ákveðnu upphæð samhliða afgreiðslu fjárlaga. Við afgreiðslu fjárlaga á þessu ári, í þeim atgangi sem þá var, og núna eftir áramótin láðist að afgreiða þetta mál en það er hér gert með þessum breytingum.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Ármann Kr. Ólafsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið skrifa sú sem hér sendur og hv. þingmenn Helga Sigrún Harðardóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Atli Gíslason.

Ég tel að frumvarpið tali fyrir sig sjálft. Það var flutt af hæstv. heilbrigðisráðherra því að fyrir áramótin féll þessi málaflokkur undir heilbrigðisráðuneytið. Eftir áramótin var þetta flutt yfir til félags- og tryggingamálaráðherra og -ráðuneytis og það er hluti af þeirri skýringu hvers vegna þetta féll niður um áramótin.

[17:39]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð aðeins að fá að leiðrétta hv. þingmann af því að málefni aldraðra, og framkvæmdastjóra aldraðra, voru flutt frá heilbrigðisráðuneyti yfir til félagsmálaráðuneytisins um áramótin þarsíðustu — (**Gripið fram í:** þarsíðustu.) ekki um síðustu áramót, þannig að það var á valdi félagsmálaráðherra að koma þessu fram. Ég ætlaði reyndar að spyrja hv. þingmann um frumvarpið því að það kemur fram á mjög óvenjulegum tíma. Yfirleitt er þetta lagt fram í tengslum við fjárlögin eins og fram kom í máli hv. þingmanns en kemur núna seint á vorþingi. Í sjálfu sér kemur það ekki að sök þar sem gjaldið kemur inn á álagningarskrána fyrir þetta ár þannig að enginn skaði er skeður. Það kom mér mjög á óvart að frumvarpið skyldi ekki koma fram í haust, ekki það að ég hafi sérstaklega verið að leita eftir því en það hefur venjulega komið fram á haustin en ekki á vorin.

Mig langaði í framhaldi af því að spyrja hv. þingmann, vegna þess að yfirleitt þegar þetta mál hefur verið til umræðu, á hverju ári, hefur verið rætt um réttmæti nefskatts. Nefskattur eins og þessi er sem sagt ákveðin upphæð hvers gjaldanda burt séð frá tekjum, hann leggst misþungt á fólk og hefur verið talinn óréttmætur skattur. Meðal annars hefur hæstv. félagsmálaráðherra, sem núna leggur þetta frumvarp fram, hæstv. ráðherra Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, margoft látið hafa eftir sér í ræðum, einmitt um sambærilegt frumvarp, að þetta væri mjög óréttlátur skattur. Þá langaði mig til þess að spyrja hv. þingmann hver hans skoðun sé á þessum skatti sem nefskatti.

[17:41]

Frsm. fél.- og trn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að leiðrétta það sem ég sagði hér áðan, að þessi málaflokkur hafi flust yfir um síðustu áramót, það er alveg rétt, það var um þarsíðustu áramót, en hafði líklega áhrif á að þetta var eitt af þeim málum sem á einhvern hátt datt upp fyrir í þeim atgangi sem var hér við afgreiðslu fjárlaga, tel ég að hafi verið. Alla vega er frumvarpið komið fram og uppfært og uppreiknað með þessum hætti og allar verðbreytingar yfirfarnar af fjármálaráðuneytinu, og ég dreg þær ekkert í efa.

Hvað varðar nefskattinn í Framkvæmdasjóð aldraðra tek ég undir það að þetta er hluti af stærri heild sem þarf virkilega að endurskoða. Málið snertir m.a. greiðslur aldraðra sem nota þjónustu dvalarheimila, greiða þar til heimilisins eftir tekjum, þ.e. einstaklingur heldur eftir ákveðnum tekjum, en þeir sem eru tekjulitlir fá greidda vasapeninga. Þetta er kerfi sem ég tel að við séum ekki tilbúin til þess að láta viðgangast miklu lengur. Þetta er greiðslukerfi sem hefur verið óbreytt um langan tíma og ég heyri ekki betur en að það sé samhljómur hjá öllum stjórnmálaflokkum um að endurskoða þessa greiðsluþátttöku aldraðra í öldrunarþjónustunni og þá sérstaklega hvað varðar dvalarheimilisgjöldin og eins í Framkvæmdasjóð aldraðra, að þetta verði að endurskoða í einni heild. Öðru get ég ekki svarað.

[17:44]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er reyndar um tvö ólík mál að ræða, annars vegar Framkvæmdasjóð aldraðra, sem lagt var upp með til þess að byggja upp hjúkrunarheimilin, hjúkrunarrýmin — þar er ákveðið fjármagn, sem mig minnir að sé um milljarður á ári, til skiptanna til þess að byggja upp hjúkrunarheimili og hjúkrunarrými. Til skamms tíma var hluti af því fjármagni sem fer í Framkvæmdasjóð aldraðra lagður til reksturs en það var aflagt fyrir nokkrum missirum þannig að núna fer það eingöngu til uppbyggingar.

Ég velti því einmitt fyrir mér núna hver sé staðan í uppbyggingu hjúkrunarrýma. Mjög mikið var kallað eftir því um síðustu kosningar að byggja frekar upp hjúkrunarrými og maður veltir því fyrir sér hver staðan er, hvort haldið er áfram þeirri áætlun sem lagt var upp með í ágúst eða september á síðasta ári þar sem gert var ráð fyrir að byggja ætti milli 400 og 500 hjúkrunarrými til ársins 2010. Maður hefur í rauninni afskaplega lítið heyrt af þeim áætlunum, hvort þær muni standa.

Hitt málið sem hv. þingmaður talaði um varðar greiðsluþátttöku aldraðra til reksturs heimilanna og vissulega er ástæða til að skoða það nánar. Það er hins vegar alveg ljóst að ef taka ætti það til gagngerrar endurskoðunar mundi það kalla á aukið fjármagn frá ríkinu og við erum ekki beinlínis í þeirri stöðu að auka greiðslur til reksturs hjúkrunarheimila frá því sem nú er. Á hinn bóginn má auðvitað skoða aðrar áherslur, fækkun hjúkrunarrýma og aukna aðstoð heima, sem er mun betri kostur fyrir mjög marga.

[17:46]

Frsm. fél.- og trn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvörin því að þau gefa tilefni til að ræða þetta örlítið þótt í stuttu máli sé. Eins og ég nefndi áðan þarf að horfa á heildina, hvernig við viljum sinna öldruðum bæði hvað varðar

greiðsluþátttöku aldraðra í þjónustunni eins og dvalarheimilunum, hvernig þau vilja standa að uppbyggingunni og byggingu hjúkrunarheimila. Á nefskatturinn að vera áfram eða á að standa að fjármögnun heimilanna á annan hátt hvað varðar uppbyggingu hjúkrunarheimila eða eigum við að fara út af þeirri braut sem mörkuð hefur verið, að byggja heimili, hjúkrunarheimili, dvalarheimili? Eigum við að leggja miklu meiri áherslu á heimaþjónustu, bæði heimahjúkrun og heimaþjónustu? Á samþætta meira hjúkrun og félagsþjónustu? Hvernig viljum við standa að þjónustu við aldraða yfirleitt, hvað varðar fjármögnunina, kostnað sjúklinganna, kostnað aldraðra við þjónustuna o.s.frv.? Það er verðugt verkefni fyrir okkur öll sem erum í stjórnmálum að móta þetta til framtíðar, að doka aðeins við kröfuna um hjúkrunarheimilin. Vissulega er töluverð þörf á höfuðborgarsvæðinu en það fer líka saman við það hversu öflug heimaþjónustan og heimahjúkrun Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er og burðir til að taka við þessu. En fyrst og fremst held ég að við verðum að horfa á þetta með heildarsýn og að gætt sé aðhalds jafnframt því sem við verjum grunnþjónustu við aldraða.

[17:48]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til að ræða öldrunarmál þó að það sé undir svolítið sérkennilegum lið, um Framkvæmdasjóð aldraðra. En fyrst tilefnið gefst get ég ekki annað en staðið upp og tekið til máls í þessum málaflokki sem ég þekki nokkuð vel.

Áherslur í þessum málaflokki hafa breyst mjög mikið á undanförnum árum. Í gegnum tíðina hefur verið lögð mjög mikil áhersla á byggingu hjúkrunarheimila, hjúkrunarrýma fyrir aldraða, og meira að segja er svo komið að við erum með einna flest hjúkrunarrými miðað við höfðatölu á Norðurlöndum. Það segir okkur að við höfum lagt allt of mikla áherslu á steinsteypuna, á að byggja upp hjúkrunarrými, að stuðla að því að fólk leysi upp heimilið og fari inn á hjúkrunarheimili jafnvel fyrr en ástæða er til. Það segir mér rannsókn sem gerð var í Hafnarfirði fyrir 2–3 árum síðan á vegum nefndar þar sem skoðuð var þörf fyrir hjúkrunarrými í Hafnarfirði og breyttar áherslur í öldrunarþjónustu. Þá voru m.a. einstaklingar, sem voru þegar komnir inn á hjúkrunarheimili, spurðir hvort þeir hefðu treyst sér til að vera lengur heima hjá sér hefðu þeir fengið aukna hjálp. Það kom í ljós að 40% þeirra sem svöruðu og voru þegar komnir inn í hjúkrunarrými töldu sig hafa getað verið lengur heima ef nauðsynleg hjálp hefði verið til staðar. Þau skref sem tekin hafa verið á síðustu missirum varðandi aukna samhæfingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu hafa orðið þess valdandi að hægt er að samhæfa betur þá þjónustu sem fólk þarf á að halda heima hjá sér. Með því móti er hægt að styðja aldraða einstaklinga sem ekki hafa fulla getu til að sjá um heimilið og um eigin þarfir, til að vera lengur heima.

Oft er það öryggisþátturinn sem veldur því að fólk telur sig ekki geta verið lengur heima og stundum þarf ekki mjög flókin ráð til þess að hjálpa fólki. Það þarf ákveðið stuðningskerfi eða öryggi með nærveru og þess háttar og reglulegu innliti. Það sem ég hef séð gerast á síðustu missirum og kannski árum, er að íslensk stjórnvöld gera sér smám saman grein fyrir því að við höfum lagt rangar áherslur í öldrunarþjónustu. Samtök aldraða hafa komist að sömu niðurstöðu, þau voru kannski búin að komast að þeirri niðurstöðu áður en stefnumótun stjórnvalda um þetta mál var gerð því að hinir öldruðu sjálfir og samtök þeirra hafa lagt mikla áherslu á að gera fólki betur kleift að vera lengur heima en verið hefur, lagt áherslu á þjónusturými og slíkt.

Við höfum líka séð að úti á landi eru dvalarrými á undanhaldi. Við erum með um tæplega 3 þúsund hjúkrunarrými í landinu. Það eru sagt um 3 þúsund einstaklingar í hjúkrunarrýmum og eru um það bil 25% þeirra sem eru 80 ára og eldri í hjúkrunarrýmum sem er allt of há tala. Hún er hærri en annars staðar en síðan eru hátt á annað þúsund dvalarrými. Dvalarrýmin eru í raun og veru oft samþætt hjúkrunarrýmunum en fólk sem fer þangað gæti í flestum tilvikum bjargað sér heima með góðum stuðningi. Dvalarrýmin eru á undanhaldi og í þeim sveitarfélögum — sveitarfélögin sjá um dvalarrýmið, ríkið sér um hjúkrunarrýmin gróflega séð. En þar sem sveitarfélög hafa sinnt því hlutverki að bjóða upp á þjónustuíbúð fyrir aldraða, annaðhvort til kaups eða til leigu, hefur eftirspurn eftir dvalarrýmum minnkað mikið því að aldraðir einstaklingar vilja ekki fara á dvalarheimili. Það gefur okkur í raun aukið svigrúm til að koma líka til móts við þá kröfu sem hefur verið mjög sterk á undanförnum árum um einbýli fyrir aldraða. Á mörgum stöðum er ekki boðið upp á einbýli einvörðungu heldur eru aldraðir settir jafnvel með ókunnugum í herbergi og hefur það verið mjög gagnrýnt. Minni áhersla á dvalarrýmin gefur aukið svigrúm til að breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými smám saman, fækka fjölbýlunum og fjölga einbýlunum. Það er í raun og veru mjög hentugt.

Við verðum þá að auka heimaþjónustu við aldraða og má bæta þá þjónustu verulega og auka hana mjög mikið áður en komið er upp í kostnaðinn við hjúkrunarrými. Hjúkrunarrými kostar um yfir 20 millj. í uppbyggingu en það kostar 6 milljónir í rekstri á ári að aðstoða einstakling heima, að maður geta verið heima hjá sér lengur, sú aðstoð þarf að vera býsna mikil áður en hún nær 6 milljónum þannig að hún sé hagkvæmari og þannig í mörgum tilvikum betri fyrir hinn aldraða.

Við ræddum aðeins um lyfið Tysabri fyrr í dag og hefur verið metið að um það bil 100 einstaklingar gætu haft gagn af þessu lyfi. Það eru um 330 MS-sjúklingar í landinu en samkvæmt grein sem birtist í haust eftir Sverri Bergmann og Helga Helgason taugalækna á Landspítalanum eru um 85 einstaklingar, að þeirra mati, af þessum 330 sem geta haft gagn af Tysabri til að bæta líðan og lífsgæði. Kostnaður við hvern einstakling með Tysabri er 5 millj. á ári. Þegar við setjum það samhengi við aldraða einstaklinga sem eru inni á hjúkrunarheimilum hljótum við að spyrja okkur hvort við forgangsröðum rétt ef við erum með of mörg hjúkrunarrými. Við getum fækkað hjúkrunarrýmum og bætt heimaþjónustuna en að sama skapi getum við komið til móts við þann fjölda, um það bil 100 einstaklinga, sem gætu tekið Tysabri sem er ungt fólk og þarf ekki að hafa mörg orð um það hvaða áhrif það hefur á líf þeirra. Þau hafa sagt það sjálf hvernig líf þeirra hefur gerbreyst við að fá þetta lyf en aftur verðum við líka að hafa það í huga að það getur ekki

gagnast alveg öllum og það er kannski það erfiða í þessu.

Hv. þingmaður talaði áðan um greiðslu aldraðra til heimilanna, hvernig þær eru. Almenn sátt er um það í samfélaginu þegar einstaklingur leggst inn á hjúkrunarheimili að þær tekjur sem hann hefur af lífeyrisgreiðslum eða af almannatryggingum falli að einhverju leyti til til að greiða fæði og húsnæði þó að þær fari ekki mikið í að greiða þjónustuna. Ég hef ekki heyrt marga segja að alfarið eigi að leggja niður greiðslur aldraðra til heimilanna. Það verður að segjast eins og er að kjör aldraðra hafa batnað verulega á síðustu árum. Með hverju árinu eru lífeyrissjóðstekjur þeirra hærri og stærri hluti af tekjum þeirra í formi lífeyrissjóðstekna og þá á móti minnkandi tekjur frá almannatryggingunum. En á hinn bóginn höfum við líka gert ákveðnar breytingar í þessa veru á síðustu árum þannig að það sem áður var um 70% af lífeyrissjóðsgreiðslum sem höfðu áhrif á upphæð almannatrygginga, þá fjárhæð sem hinn aldraði eða lífeyrisþeginn fær frá almannatryggingum, hafa eingöngu 25% lífeyrissjóðstekna áhrif á tekjur almannatrygginga. Það eru því til hópar aldraðra sem eru með þokkalegar tekjur og ég held ekki að það sé ágreiningur um að þeir taki þátt í greiðslum að einhverjum hluta hvað varðar húsaskjól og mat sem þeir hefðu annars greitt ef þeir héldu eigin heimili. Ég held að það sé viðmiðunin sem við þurfum að nota. Það á ekki að vera svo að það sé þrýstingur á að fólk fari inn á hjúkrunarheimili vegna þess að það þarf að halda heimili og borga fyrir það að öðrum kosti.

Það eru mörg atriði sem þarfnast skoðunar í þessu og þar sem við erum að ræða um gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra sem hefur verið um það bil 1,2 milljarðar á ári sl. tvö ár — þetta fé hefur komið að verulegu gagni við uppbyggingu og endurbætur á hjúkrunarrýmum og dvalarrýmum. Í ljósi breyttra hugmynda um stuðning við hinn aldraða og upplýsinga og samanburð við Norðurlöndin, hljótum við að draga þá ályktun að við höfum lagt of mikla áherslu á uppbyggingu hjúkrunarrýmanna. Það segir okkur líka að meðallegutími innan hjúkrunarrýmis er um þrjú og hálft ár á meðan að á hinum Norðurlöndum eru það um tvö ár. Það segir jafnframt okkur að fólk fer of fríska inn, við höfum ekki séð því fyrir nægilegum stuðningi til að vera lengur heima. Þetta eru þættir sem við þurfum að taka til skoðunar í þessu sambandi.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um Framkvæmdasjóð aldraðra en tel að sú umræða sem ég tók upp áðan varðandi nefskatt eigi fyllilega rétt á sér. Nefskattur er óréttlátur og hann leggst á alla sem eru á ákveðnum aldri — mig minnir að það séu allir yfir 18 ára eða 16 ára aldri og undir sjötugu — sem borga þessa upphæð á hverju ári, burt séð frá tekjum. Sá sem eru með lágar tekjur greiðir því hlutfallslega hærra í þennan sjóð. Sú umræða hefur komið upp á hverju ári en hún hefur verið réttlætt með því að þarna fari fé í verðug verkefni.

Það er eitt sem ég vildi taka fram að lokum: Það varð töluverð breyting varðandi ákvörðunartöku um innlögn á hjúkrunarheimili eftir áramótin í fyrra, fyrir rúmu ári síðan. Þá var gerð breyting á reglugerð um vistunarmat einstaklinga. Áður gátu hjúkrunarheimilin í rauninni valið úr stórum hópi manna og kvenna. Þeir tóku ákvörðun um hver ætti að fara í hjúkrunarrými eða á hjúkrunarheimili sem varð til þess að oft fór sá sem ekki hafði mesta þörf fyrir innlögn inn á hjúkrunarheimili. Á Landspítala var því stöðugt ákall um að breyta reglum í þá veru að þeir sem veikastir væru færu inn. En þeir sem voru innlyksa á Landspítala, höfðu lokið meðferð við sjúkleika sínum en voru í raun og veru í geymslu, ef ég má orða það þannig, eða í bið eftir að komast inn á hjúkrunarheimili, höfðu ekki forgang inn á hjúkrunarheimili. Það breyttist ekki fyrr en þessari reglugerð var breytt þannig að val hjúkrunarheimila um hverjir færu inn var þrengt verulega. Í staðinn fyrir að geta valið úr nokkrum tugum einstaklinga, þess vegna fólki úti í bæ og ekki í eins mikilli þörf, var eingöngu valið um þrjá einstaklinga. Það hefur því gerbreytt aðstöðunni inni á Landspítala eins og hv. þm. Þuríður Backman veit því að það hefur verið rætt í hv. heilbrigðisnefnd að gangainnlagnir eru ekki lengur til staðar, biðlistar aldraðra eftir þjónustu á hjúkrunarheimilum á spítölunum eru í lágmarki sem hefur þýtt að spítalinn hefur getað sinnt fleiri verkefnum og stytt biðlista í akútaðgerðum eða valkvæðum aðgerðum, m.a. í liðskiptaaðgerðum, augnsteinaaðgerðum, hjartaþræðingum og slíku. Það segir okkur hvað lítil ákvörðun getur haft gríðarlega mikil áhrif og ekki síst áhrif á lífsgæði einstaklinga því að fátt er ömurlegra en að vera aldraður einstaklingur og bíða eftir hjúkrunarrými, búinn að ljúka meðferð og er jafnvel fluttur á milli deilda með viðvarandi óöryggi og þar að auki við aðstæður sem ekki eru boðlegar því að í hjúkrunarrými á fólk að geta verið í sínu eigin umhverfi og í sínum eigin fötum og með eigin hluti í kringum sig. Sjúkrahúslega þýðir náttúrlega lega inni á spítala þar sem fólk er í sjúkrahúsklæðnaði. Það gerist mjög oft að hinum aldraða hrakar verulega meðan hann bíður eftir hjúkrunarrými.

Ég vildi sérstaklega taka þetta fram til að sýna fram á hvað lítil ákvörðun getur haft gríðarlega mikil áhrif innan alls kerfisins og bætt líf margra, ekki bara hinna öldruðu heldur einnig þeirra sem bíða eftir öðrum aðgerðum inni á spítala.

Ég lýk nú máli mínu varðandi nefndarálit frá félags- og tryggingamálanefnd um Framkvæmdasjóð aldraðra þar sem verið er að hækka gjaldið um 6,1% sem mun leiða til hækkunar á framlagi til framkvæmdasjóðsins. Mér er kunnugt um að þegar hefur auglýst verið eftir umsóknum og samkvæmt reglum Framkvæmdasjóðs aldraðra er eingöngu hluti af framkvæmdum fjármagnaður gegnum sjóðinn. Við hljótum að spyrja okkur hvernig þeir sem huga nú að framkvæmdum í uppbyggingu hjúkrunarheimila og hjúkrunarýma, muni fjármagna bygginguna. Þá á ég við sveitarfélög í þeim tilvikum sem þau standa á bak við framkvæmdir en einnig hafa sjálfseignarstofnanir eða einkaaðilar gert það. Aðgangur að fjármagni er ekki hinn sami og hann var áður og því hljótum við að skoða í framhaldi af því hvaða áhrif efnahagsástandið hefur á nákvæmlega þessa þætti. Kannski verður það til að við hugleiðum stefnumótun í öldrunarþjónustu með öðrum hætti og þær breytingar sem ég hef verið að ræða um að þurfi að gera, þær áherslubreytingar gangi þá e.t.v. fyrr fyrir sig sem mundi vera til góða fyrir alla að mínu mati, til góða fyrir einstaklingana og ekki síður fyrir ríkissjóð.

[18:06]

Frsm. fél.- og trn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kaus að fara í stutt andsvar við hv. þm. Ástu Möller, ekki það að ég vilji mótmæla því sem hún sagði heldur til að hnykkja aðeins á varðandi nefskattinn því að vissulega eru nefskattar alltaf meira íþyngjandi fyrir þá sem eru tekjulitlir en tekjumeiri. Það er bara eðli nefskattsins. Ég tel að það sé full ástæða til að skoða þennan tekjustofn og samhliða að horfa til lengri tíma, hvernig við viljum hafa öldrunarþjónustuna hér á landi, hvar áherslurnar eiga að vera, hver aðkoma sveitarfélaganna eigi að vera og hverjar skyldur þeirra, hverjir tekjustofnar sveitarfélaganna eigi að vera ef færa á meira yfir á sveitarfélögin. Þetta er mjög áhugaverð umræða sem væri gott að taka alveg sérstaklega um stefnumótun í þjónustu við aldraða.

Varðandi dvalarheimilin þá reka sveitarfélögin þau í dag. Það þarf sannarlega að styrkja tekjustofna sveitarfélaganna ef þau ætla að standa undir styrkari öldrunarþjónustu en þau gera. Ég tel að þó svo að dvalarheimilisuppbyggingin sé á undanhaldi í þéttbýlinu muni hún þurfa að vera til staðar um einhvern tíma þar sem hinum dreifðu byggðum er þjónað, bara vegna fjarlægðarinnar. Það er mikilvægt að muna eftir því að búseta í miklu dreifbýli langt inn til sveita kallar á annars konar þjónustu eða getur þýtt annars konar þjónustu þegar fólk eldist. Alla vega þurfa sveitarfélögin að vera tilbúin til að veita miklu meiri heimaþjónustu og heimahjúkrun en þau gera í dag ef sinna á því fólki.

[18:08]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það hjá hv. þingmanni að þörfin fyrir dvalarrými er kannski önnur í dreifbýli en í þéttbýli. Á hinn bóginn eru mörg dvalarrými þess eðlis í dag að að þau eru vart boðleg, það er bara þannig, á mjög mörgum stöðum úti um allt land. Ég held að við báðar sem þingmenn höfum heimsótt nokkuð mörg dvalarheimili og hjúkrunarrými um landið og mörg þeirra eru engan veginn boðleg fólki í dag sökum þrengsla og sökum aðstöðu.

Það sem ég benti á í máli mínu áðan var að í þeim sveitarfélögum þar sem boðið er upp á þjónustuíbúðir, leiguíbúðir þess vegna, þá er það mun betri kostur, því að dvalarrýmin eru í rauninni eitt herbergi, oft varla aðstaða fyrir annað en rúmið og oft ekki salerni nema frammi á gangi. Þannig er raunveruleikinn allt of víða um landið, því miður, og jafnvel á hjúkrunarheimilunum einnig. Þetta eru atriði sem þarf að taka til skoðunar. Fjármögnunin getur verið með ýmsu móti. Fólk í dag, langstærstur hluti, yfir 90% aldraðra einstaklinga, á sitt eigið húsnæði. Auðvitað má skoða ýmis úrræði í þá veru, því að fyrst og fremst er fólk að leita eftir öryggi og aðstöðu til þess að njóta ævikvöldsins.

Varðandi nefskattinn og tekjustofna sveitarfélaga. Það er vissulega svo að í þeim tilvikum sem öldrunarþjónusta er alfarið færð yfir til sveitarfélags, sem ég tel reyndar vera mjög æskilegt og horfi m.a. til Hafnar í Hornafirði í þeim efnum, þá segir það sig sjálft að tekjustofnar þurfa að fylgja með. Þegar þjónusta er flutt frá ríkinu til sveitarfélaga þarf að flytja fjármagn með en við höfum líka dæmi um að kröfur um aukið fjármagn verða mjög miklar við slíkan flutning.

[18:11]

Frsm. fél.- og trn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega er það rétt að víða þar sem dvalarheimili eru rekin eru aðstæður ekki sem skyldi. Þetta eru kannski nokkurra ára gömul hús, þau þurfa jafnvel ekki að vera mjög gömul til að uppfylla alls ekki þær kröfur sem gerðar eru í dag. Þá var allt annar hugsunarháttur, það var verið að uppfylla allt aðrar þarfir en við gerum kröfur til í dag.

Ég veit að sveitarfélögin hafa mikinn hug á því að gera þarna breytingar, að þjóna fólki betur, að bjóða upp á einbýli, en það vantar fjármagn til þess. Við þurfum að vera metnaðarfull fyrir hönd aldraðra og tryggja að sveitarfélögin geti sinnt þessari þjónustu eins og annarri.

Ég tel að þetta sé líka spurning um mannréttindi, að aldraðir geti búið í heimabyggð, kjósi þeir svo. Að ekki þurfi að flytja fólk hreppaflutningum á milli sveitarfélaga til að fá betri þjónustu, til að komast í hjúkrunarrými. Það þýðir líka að á dvalarheimili eða í þjónustuíbúðum verður oft breyting og þörf verður fyrir meiri þjónustu og þá þarf að vera hægt, hvort sem það er á dvalarheimili eða í þjónustuíbúðum, að hafa bæði kvöld-, nætur- og helgarvaktir til að hægt sé að uppfylla þá þörf sem fyrir hendi er. Það er ekki nóg að hafa húsnæði og bjóða bara upp á dagþjónustu, það verður að tryggja þetta öryggi.

Þetta snýst líka um mannréttindi, að aldrað fólk geti búið heima og í sinni heimabyggð. Við höfum þess dæmi á allt of mörgum stöðum að þegar fólk þarfnast ákveðins þjónustustigs verði að flytja það burt úr sinni heimabyggð þó að það vilji hvergi annars staðar vera og sveitarfélagið hafi áhuga og vilja til að þjóna þessu fólki en hefur bara ekki fjármagn til að byggja upp það vaktakerfi sem þarf.

[18:13]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega eru mörg dæmi þess að fólk hefur þurft að fara á milli sveitarfélaga til að komast í hjúkrunarrými. Ég tel það reyndar vera á undanhaldi og þau dæmi sem hafa komið upp hafa yfirleitt vakið athygli.

Það sem ég var að tala um áðan, um Framkvæmdasjóð aldraðra og nýtingu á því fjármagni, og þar sem við þekkjum það að víða eru aðstæður ekki nægilega góðar, þá er spurning einmitt núna hvort það fjármagn sem er í framkvæmdasjóðnum verði nýtt í meira mæli til viðgerða og endurbóta en til uppbyggingar hjúkrunarrýma. Þetta þarf Framkvæmdasjóður aldraðra að skoða núna og komast að niðurstöðu um, m.a. með hliðsjón af þeim umsóknum sem liggja fyrir.

Ég talaði um það áðan að við flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga verður oft ákveðinn þrýstingur á aukið fjármagn. Við sáum m.a. að við flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna jókst kostnaðurinn verulega. Og rökin fyrir því að færa þessa þjónustu yfir til sveitarfélaga eru náttúrlega þau að þetta er nærþjónusta og þá er nábýlið milli þess sem veitir fjármagnið og þeirra sem fá þjónustuna

minna. Það leiddi alla vega til þess varðandi grunnskólana að kostnaður jókst mjög mikið, m.a. vegna þess að starfsmannafjöldi jókst verulega. Við þurfum að hafa í huga að kostnaður getur aukist og fólk þarf að gera sér grein fyrir að það þarf að sníða sér stakk eftir vexti í þeim efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:15]

Útbýting:

Útboð vegaframkvæmda, 348. mál, svar samgrh., þskj. 784.

Barnaverndarlög og barnalög, 2. umr.

Frv. KolH o.fl., 19. mál (bann við líkamlegum refsingum o.fl.). — Þskj. 19, nál. 772, brtt. 773.

[18:15]

Frsm. fél.- og trn. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég flyt nefndarálit frá hv. félags- og tryggingamálanefnd um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum og barnalögum, á þingskjali 772.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund fjölmarga aðila og umsagnir frá nokkrum aðilum.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lesa upp alla þá aðila sem komu á nefndarfundinn og sendu inn umsagnir en þær voru í langflestum tilvikum mjög jákvæðar um frumvarpið.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja ýmis réttindi barna og tryggja stöðu þeirra gagnvart foreldrum og forsjáraðilum. Lagt er til að líkamlegar og andlegar refsingar gagnvart börnum verði gerðar óheimilar og kveðið á um refsinæmi slíks verknaðar. Á það við hvort sem ofbeldið er framið af foreldri, forsjármanni eða öðrum umsjónaraðila barns. Þá er lögð til breyting á barnaverndarlögum þar sem hugtökin óviðunandi aðstæður, uppeldisaðstæður og uppeldisskilyrði eru skilgreind og að lokum er lögð til sú breyting að nota orðið vændi í stað lauslætis í 99. gr. barnaverndarlaga sem kveður á um að refsivert sé að hvetja barn til lauslætis.

Allsherjarnefnd vísaði málinu til félags- og tryggingamálanefndar 5. mars sl. í samræmi við 3. mgr. 23. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991. Í júlí sl. skipaði félags- og tryggingamálaráðherra starfshóp sem falið var að meta reynsluna af barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og gera tillögur til breytinga eftir því sem talin yrði ástæða til. Eftir að dómur féll í Hæstarétti í máli nr. 506/2008 22. janúar 2009 fól félags- og tryggingamálaráðherra starfshópnum sérstaklega að meta hvernig heppilegt væri að breyta ákvæðum barnaverndarlaga til þess að taka af öll tvímæli um refsinæmi þeirrar háttsemi að beita börn líkamlegum refsingum á Íslandi. Nefndin fékk formann starfshópsins á fund sinn sem gerði ítarlega grein fyrir vinnu hópsins og sjónarmiðum þeirra. Þær breytingar sem nefndin leggur til á frumvarpinu eru í samræmi við vinnu og álit starfshópsins.

Í dómi Hæstaréttar nr. 506/2008 kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu að með 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga sé ekki lagt fortakslaust bann við því að foreldri eða annar maður með samþykki þess beiti barn líkamlegum aðgerðum til að bregðast við óþægð heldur sé refsinæmi slíkrar háttsemi háð því að gerðir hans séu til þess fallnar að skaða barnið andlega eða líkamlega. Málið snerist um flengingar sem maður notaði til að refsa sonum unnustu sinnar. Frumvarpinu er m.a. ætlað að bregðast við þessum dómi.

Nefndin telur ekki þörf á að breyta 1. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga enda orðalagið í samræmi við ákvæði 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, og skuldbindingar Íslands að þjóðarétti, m.a. samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem fullgiltur var á Íslandi árið 1992, samanber auglýsingu nr. 18/1992. Á Alþingi var samþykkt með þingsályktun 16. mars sl. að undirbúa lögfestingu á samningnum þannig að frumvarp þess efnis liggi fyrir eigi síðar en 20. nóvember 2009. Nefndin telur því réttara, til að taka af öll tvímæli, að breyta orðalagi 2. mgr. 1. gr. og jafnframt, til að tryggja börnum enn frekari vernd, að bannákvæðið taki til þess að beita börn ofbeldi og vanvirðandi háttsemi, sbr. 19. gr., 34. gr. og 37. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um vernd barna gegn m.a. hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, vanrækslu, pyndingum og vanvirðandi meðferð. Nefndin leggur áherslu á að með ofbeldi sé einnig átt við andlegar og líkamlegar refsingar og minnir á að barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur skilgreint líkamlegar refsingar sem allar þær refsingar þar sem beitt er líkamlegu valdi með það að markmiði að valda einhverjum sársauka eða óþægindum, sama hversu smávægilegum. Undir það falli meðal annars að slá barn, þar með talið löðrunga, lemja og rassskella, ýmist með hendi eða öðru. Gengið er út frá því að öll háttsemi af þessu tagi sé skaðleg fyrir börn. Barnaréttarnefndin hefur undirstrikað að ekki þurfi líkamlega snertingu til að refsing eða háttsemi teljist grimmileg og/eða vanvirðandi, undir það falli m.a. að hóta barni eða hræða það, gera lítið úr barni og niðurlægja það. Vert er að geta þess að barnaréttarnefndin gerir sérstakan greinarmun á annars vegar ofbeldi og vanvirðandi háttsemi og hins vegar því að ala barn upp og beita nauðsynlegum aga. Viðurkennt er að foreldrum og öðrum beri að tryggja barni gott uppeldi, umönnun eða leiðsögn og setja því mörk sem stuðla að mestum hugsanlegum þroska barnsins. Einnig er ljóst að uppeldi og umönnun getur verið krefjandi og felur oft í sér meiri líkamlega snertingu og markasetningu en samskipti tveggja fullorðinna. Barnaréttarnefndin telur ljóst að í framkvæmd megi þó gera nokkuð skýran mun á annars vegar jákvæðum, uppbyggilegum aga og hins vegar líkamlegu valdi eða háttsemi sem ætlað er að meiða eða niðurlægja barn. Þá má geta þess að barnaréttarnefndin gerir einnig greinarmun á annars vegar refsingu eða vanvirðandi háttsemi og hins vegar nauðsynlegum líkamlegum viðbrögðum til að forða barni frá því að skaða sjálft sig eða aðra. Félags- og tryggingamálanefnd tekur undir þessi sjónarmið barnaréttarnefndarinnar og bendir einnig á tilmæli Evrópuráðsins til aðildarríkjanna, nr. 19/2006, um stefnu til eflingar foreldrahæfni þar sem lögð er áhersla á jákvæðar uppeldisaðferðir og aga án ofbeldis.

Í 3. gr. barnaverndarlaga eru skýringar á hugtökum og er í frumvarpinu lagt til að óviðunandi aðstæður, uppeldisaðstæður og uppeldisskilyrði verði skilgreind á þann hátt að barn búi við og sé misboðið með vanrækslu, ofbeldi eða annars konar illri meðferð, þar með talið heimilisofbeldi.

Nefndinni hefur verið tjáð að endurskoðun barnaverndarlaga og mat á framkvæmd þeirra standi nú yfir og telur nefndin rétt að bíða með skilgreiningu hugtaksins fram að þeirri endurskoðun, enda snertir skilgreining á óviðunandi aðstæðum grundvöll að öllu barnaverndarstarfi og réttindum og skyldum barnaverndaryfirvalda.

Nefndin telur brýnt að gera breytingu á 18. gr. núgildandi barnaverndarlaga. Í 1. mgr. 18. gr. laganna er mælt fyrir um skyldu til að gefa barnaverndarnefnd kost á að fylgjast með rannsókn máls þegar grunur leikur á að framið hafi verið refsivert brot annaðhvort af eða gegn barni. Í framkvæmd hefur fulltrúa barnaverndarnefndar verið gefinn kostur á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni hjá lögreglu og fyrir dómi enda talið mikilvægt að tryggja með þeim hætti hagsmuni barnsins. Með þessu er einnig tryggt að barnaverndarnefnd fái strax upplýsingar og geti brugðist við til að tryggja öryggi barnsins ef þörf krefur. Þessi framkvæmd á sér m.a. stoð í ákvæði reglugerðar nr. 321/1999, um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af brotaþola yngri en 18 ára, en hún var nýlega felld brott, og að nokkru í lögum um meðferð sakamála. Nefndin fékk þær upplýsingar að ríkissaksóknari hafi nýlega skoðað þær reglur sem gilda um skýrslutökur og talið að ekki væri nægilega sterkur lagagrundvöllur fyrir því að starfsmenn barnaverndaryfirvalda gætu verið viðstaddir skýrslutökur. Nefndinni þykir því ástæða til lögfesta slíka heimild og tryggja í barnaverndarlögum rétt fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddur skýrslutöku af barni hjá lögreglu og fyrir dómi. Í 61. gr. laga um meðferð sakamála er sérstaklega fjallað um skýrslutöku hjá lögreglu af barni sem sakborningi og er vikið að því hér til áréttingar. Mikilvægt er að undirstrika að fulltrúi barnaverndarnefndar eigi einnig óskoraðan rétt á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni sem er brotaþoli eða vitni að broti enda er hér oft um alvarleg mál að ræða.

Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga er refsivert að beita barn refsingum, hótunum eða ógnunum ef ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega og varðar brot gegn þessu sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Með síðari hluta ákvæðisins virðist ætlunin að koma í veg fyrir að öll háttsemi sem hugsanlega geti talist „refsing" barns sé refsiverð enda sé það orð eitt og sér mjög víðtækt og geti vísað til uppeldisaðferða sem ekki eigi að varða refsingu fyrir þann sem beitir aðferðinni, svo sem að setja barni mörk eða takmarka réttindi barna. Hins vegar þykir nefndinni ljóst að ganga megi út frá því að háttsemi sem felst í því að beita barn andlegum og líkamlegum refsingum, vanvirðandi háttsemi, hótunum og ógnunum, sé skaðleg fyrir barn. Nefndin leggur því til með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 506/2008 að í 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga verði tekið fram berum orðum að það varði refsingu að beita barn andlegum eða líkamlegum refsingum eða annarri vanvirðandi háttsemi eða hótunum eða ógnunum. Þá þykir ekki ástæða til að milda refsingu við brotum af þessu tagi enda eigi börn rétt á sérstakri vernd. Nefndin áréttar að ákvæðið komi til fyllingar ákvæðum almennra hegningarlaga um ofbeldi og önnur brot gegn börnum. Nefndin leggur jafnframt til að breyting á 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins þar sem vændi er sett í stað lauslætis verði látin bíða nánari endurskoðunar laganna og beinir því jafnframt til félags- og tryggingamálaráðuneytis að skoða hvort nota eigi hugtakið vændi í stað lauslætis í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með lögum nr. 61/2007 en þá var hugtakið lauslæti afmáð úr lögunum og vændi sett þess í stað.

Með hliðsjón af áðurnefndum dómi Hæstaréttar og til að taka af öll tvímæli leggur nefndin til breytingar á 4. gr. frumvarpsins til að ákvæði barnalaga banni foreldrum að beita barn ofbeldi og vanvirðandi háttsemi, þar með töldum andlegum og líkamlegum refsingum, auk þess að kveða skýrt á um að foreldrum beri að vernda barn sitt gegn ofbeldi eins og nú er mælt fyrir um í lögunum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Ármann Kr. Ólafsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita sú sem hér stendur og Helga Sigrún Harðardóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Atli Gíslason.

Þær breytingartillögur sem lagðar eru til á þingskjali 773 eru svohljóðandi:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Gefa skal fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni sem sakborningi í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, svo og af barni sem brotaþola og sem vitni. Á þetta við hvort sem skýrslutaka fer fram hjá lögreglu eða fyrir dómi. Um skýrslutöku af barni gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð sakamála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

1. mgr. 99. gr. laganna orðast svo:

Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum eða annarri vanvirðandi háttsemi, hótunum eða ógnunum skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Foreldrum er óheimilt að beita barn sitt andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi, þar með töldum andlegum eða líkamlegum refsingum. Þá felur forsjá í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.

Hæstv. forseti. Nefndin leggur til að fá málið til sín aftur milli 2. og 3. umr. Ábendingar hafa borist eftir að nefndin afgreiddi málið og með tilliti til þess tel ég rétt að fara enn rækilegar yfir það og vísa því aftur til nefndar milli 2. og 3. umr.

[18:32]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það frumvarp sem hér liggur fyrir er tiltölulega einfalt og skýrt og eins og fram hefur komið í nefndarstörfum er ekki sérstakur pólitískur ágreiningur um það. Ég þakka framsögumanni nefndarinnar fyrir skýra framsögu.

Ég verð reyndar að játa að mér finnst vangaveltur í nefndaráliti komnar dálítið út fyrir efni frumvarpsins en það er auðvitað álitamál hvernig á að haga því. Mér finnst verið að fara út í atriði sem ekki snerta efni frumvarpsins með beinum hætti.

En af því tilefni og af því að vísað er til vinnu félags- og tryggingamálaráðherra, starfshóps sem er að vinna að heildarendurskoðun barnaverndarlaganna, vil ég spyrja framsögumann nefndarinnar, hv. þm. Þuríði Backman, hvar sú vinna sé stödd, hvort komið hafi fram í störfum félagsmálanefndar hvernig þeirri vinnu miðar.

Í því sambandi velti ég einkum fyrir mér þeim atriðum sem snúa að málum sem geta varðað allsherjarnefnd sem er sú nefnd sem ég á sæti í og kemur að barnalögum með ýmsum hætti. Það er raunar oft álitamál hvort einstök atriði í þessu sambandi eigi fremur heima undir allsherjarnefnd eða félags- og tryggingamálanefnd þótt ekki væri ágreiningur um það í þessu tilviki að þetta mál færi til félags- og tryggingamálanefndar.

En ég vil spyrja hv. þingmann hvað hafi komið fram um starf starfshóps félagsmálaráðherra. Það er auðvitað ljóst að þegar verið er að gera svona einstakar breytingar þá skiptir heildarsamhengið máli og (Forseti hringir.) því er mikilvægt að vita hvernig þau mál standa.

[18:34]

Frsm. fél.- og trn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þetta andsvar. Það gefur tækifæri til þess að gefa eftirfarandi svör: Starfshópnum er ætlað að skila fyrir nóvember 2009, miðað er að því en nú er komið að lokum mars. Meiru get ég í raun og veru ekki svarað en að það er stefnt að þessu. Það skiptir auðvitað miklu máli að við erum nýbúin að samþykkja barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og það er sá grunnur sem við byggjum á.

Eins og hv. þingmaður nefndi er alltaf álitamál í hvorri nefndinni mál af þessu tagi eigi að vera, í allsherjarnefnd eða félagsmálanefnd. Ég legg á það ríka áherslu að við beitum þeim vinnubrögðum við vinnslu slíkra mála að vísa þeim milli nefnda og fá umsögn og að báðar nefndirnar fari yfir þau. Málinu var í upphafi vísað til allsherjarnefndar sem vísaði því til félagsmálanefndar.

En það er mjög mikilvægt að samlesa og skoða þetta út frá mismunandi sjónarmiðum og það var nú ástæðan fyrir því að ég rakti nefndarálitið svona greinilega áðan, frá orði til orðs. Ég tel líka mikilvægt að þar hafi komið fram hugrenningar eða umræður sem fóru fram í nefndinni þó að það væri ekki akkúrat neglt niður eða rammað þröngt inn í efni frumvarpsins því það er náttúrlega margt sem blandast þarna inn. Til dæmis: Hvað er refsing, hvað er ofbeldi og hvar eru skilin þar á milli? Hvað eru ásættanleg uppeldisskilyrði, og fleira? Öllum slíkum skilgreiningum og framhaldi þessarar vinnu vísum við til nefndarinnar og í heildarendurskoðun svo ekki sé verið að kroppa (Forseti hringir.) í þetta hér og þar.

[18:36]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svör hv. framsögumanns félagsmálanefndar. Það er auðvitað rétt sem kom fram í máli hennar að það er mikilvægt að mál sem liggja á mörkunum milli verksviða einstakra nefnda séu rædd í samhengi. Ég játa reyndar að ég minnist þess ekki að farið hafi verið með efnislegum hætti í þetta mál í allsherjarnefnd heldur var málinu vísað yfir til félagsmálanefndar.

Hugsanlega eftir á að hyggja hefði verið eðlilegra að allsherjarnefnd gæfi sér tíma til að fara að einhverju leyti yfir þetta mál efnislega því auðvitað er um mikil tengsl að ræða við þau svið sem allsherjarnefnd hefur með höndum, bæði hvað varðar barnalög og eins varðandi almenn hegningarlög sem auðvitað eru á verksviði allsherjarnefndar. Hún fjallar um refsingar og þar auðvitað er ákveðin þekking og reynsla af því að takast á við slík mál.

Nú kemur það trúlega ekkert að sök í þessum efnum, vonandi ekki. Það kann að vera erfitt að sanna ákveðin brot í þessu sambandi og hugsanlega erfiðara en í mörgum öðrum tilvikum, sérstaklega þegar ekki er um að ræða neina líkamlega áverka eða neitt þess háttar og ekki eru vitni. En engu að síður er mikilvægt að hagsmuna barna sé gætt í þessum tilvikum og að löggjafinn taki skýrt á slíkum málum. Eins og sá dómur sem vitnað hefur verið til í umræðunni og í nefndarálitinu ber vitni um þá hafa lögin trúlega ekki verið nægjanlega skýr að þessu leyti og á grundvelli óskýrra lagaákvæða (Forseti hringir.) er ekki hægt að dæma til refsinga.

[18:38]

Frsm. fél.- og trn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Með þessum breytingum er vissulega verið að bregðast við ákveðnum dómi og það er í raun upphaf þessara breytinga að í ljós kom að ákvæði í lögum voru ekki nægilega skýr. Eins er verið að bregðast við því, eins og hv. þingmaður bendir á, að þegar mál liggja á mörkum nefnda eða þegar verið er að gera hreinsun í ákveðnum lagabálkum þá er alltaf hætta á því að ákvæði falli niður.

Það hafði gerst hvað varðaði barnaverndarnefndirnar, að í millifærslu á lögum féll niður að barnaverndarnefndum væri heimilt eða ættu rétt á að vera við skýrslutöku. Þetta gerðist í hreinsunaraðgerð en var aldrei meiningin að yrði svo. En þetta þarf að vera alveg skýrt, að barnaverndarnefndum sé meira en heimilt, að þær hafi fullan rétt á að vera við skýrslutökur barna yngri en 18 ára svo hægt sé að komast hjá því að börn gefi óþarflega oft skýrslu og fari yfir viðkvæm og óþægileg mál. Því er mikilvægt að fulltrúar barnaverndarnefnda séu viðstaddir skýrslutöku alveg frá upphafi. (Forseti hringir.) Með því er í raun og veru verið að vernda barnið og það var hluti af því sem var tekið tillit til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 376. mál (hlutaatvinnuleysisbætur, auknar upplýsingar, eftirlit o.fl.). — Þskj. 635, nál. 770.

[18:41]

Frsm. fél.- og trn. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá félags- og tryggingamálanefnd, á þskj. 770, 376. mál, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni einnig umsagnir frá nokkrum aðilum sem nefndin fór yfir.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími bráðabirgðaákvæðis til að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli verði framlengdur til 31. desember 2009. Að auki er lagt til að Vinnumálastofnun fái auknar heimildir til að stunda eftirlit með framkvæmd laganna og að kveðið sé nánar á um skyldur atvinnuleitenda til að upplýsa stofnunina um breytingar sem verða á högum þeirra. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar sem varða sjálfstætt starfandi einstaklinga, m.a. þannig að þeir geti talist hlutfallslega tryggðir en ekki ávallt að fullu tryggðir óháð þeim fjárhæðum sem þeir greiða til skattyfirvalda. Skilgreining sjálfstætt starfandi er jafnframt þrengd þannig að hún eigi einungis við þá sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Þeir sem starfa hjá eigin einkahlutafélagi, hlutafélagi eða sameignarfélagi verða því skilgreindir sem launamenn. Auk þessara breytinga er lagt til að sá sem tekur fæðingarorlof geti geymt áunna atvinnuleysistryggingu í 24 mánuði.

Ákvæði um hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli var lögfest í nóvember sl. og ætlað að gilda út apríl 2009. Taldi nefndin við meðhöndlun þess máls rétt að hafa gildistímann afmarkaðan þar sem það byði upp á endurskoðun ákvæðisins miðað við þá reynslu sem fengist á gildistímanum. Nefndin lagði þó jafnframt áherslu á að þrátt fyrir afmarkaðan gildistíma væri vilji nefndarinnar að áframhaldandi úrræðum yrði beitt ef ástandið á vinnumarkaði kallaði á það. Ljóst er að nauðsynlegt er að framlengja gildistíma ákvæðisins enda hefur atvinnuleysi aukist mikið síðustu mánuði. Ákvæðinu er ætlað að hvetja vinnuveitendur til að lækka starfshlutfall starfsmanna frekar en að segja þeim upp og því telur nefndin um þarft vinnumarkaðsúrræði að ræða.

Nefndin telur þó nauðsynlegt að veita Vinnumálastofnun skýrari heimildir til að staðreyna upplýsingar um starfshlutfall þannig að komið sé í veg fyrir að tilgreint sé hærra starfshlutfall í vottorði vinnuveitanda en hinn tryggði gegndi þar sem tryggingahlutfall hans getur aldrei orðið hærra en sem nemur starfshlutfalli á ávinnslutímabili, sbr. 4. mgr. 15. gr. laganna. Á þetta einnig við um þá sem starfa hjá eigin einkahlutafélögum, en þá er miðað við að þeir séu í fullu starfi og hafi fengið greidd laun í samræmi við viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra fyrir reiknað endurgjald í viðkomandi starfsgrein, eins og skattyfirvöld gera ráð fyrir. Er með þessu leitast við að gæta betra jafnvægis milli inn- og útstreymis Atvinnuleysistryggingasjóðs og þá ekki síst á því tímabili þegar tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru greiddar.

Þá leggur nefndin til breytingu á 25. gr. frumvarpsins þannig að sömu reglur gildi um sjálfstætt starfandi einstaklinga og gilda um launamenn hvað varðar ávinnslutímabil og rétt til geymslu áunninnar atvinnuleysistryggingar vegna minnkaðs starfshlutfalls.

Auk framangreindra breytinga er lögð til breyting til leiðréttingar á vísun milli lagagreina. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Á eftir 10. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:

a. Við 2. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar staðreyna skal starfshlutfall hins tryggða sem tilgreint er í vottorði vinnuveitanda skv. 1. mgr. skal Vinnumálastofnun meðal annars líta til þess hvort laun hins tryggða hafi verið í samræmi við tilgreint starfshlutfall á ávinnslutímabilinu og skal þá miða við ákvæði gildandi kjarasamnings í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem hinn tryggði starfaði eða eftir atvikum viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra fyrir reiknað endurgjald í viðkomandi starfsgrein.

b. Í stað orðanna „3. mgr. 19. gr.“ í g-lið 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: 5. mgr. 19. gr.

2. Við 25. gr., er verði 27. gr., bætist nýr efnismálsliður, svohljóðandi: Ákvæði 24. gr. skal þó gilda um alla þá sem nýta sér heimild 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum eftir gildistöku laga þessara.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið skrifar sú sem hér stendur ásamt hv. þingmönnum Helgu Sigrúnu Harðardóttur, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, Ragnheiði Ríkharðsdóttur, Atla Gíslasyni og Kristni H. Gunnarssyni.

[18:47]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem telja verður jákvætt enda hefur ekki verið ágreiningur um það í félagsmálanefnd. Verið er að framlengja til ársloka þetta nýja úrræði, sem tekin var ákvörðun um í haust að koma á. Miðað við þær upplýsingar sem fram hafa komið held ég að það hafi náð að talsvert miklu leyti þeim tilgangi sínum að hvetja vinnuveitendur til að lækka starfshlutfall starfsmanna frekar en segja þeim upp og þess vegna er um jákvætt mál að ræða.

Það segir sig sjálft að það hlýtur að vera eðlilegra og heppilegra að vinnuveitendur fari þessa leið, að lækka starfshlutfall þeirra sem hjá þeim starfa frekar en segja þeim upp, í von um að þeir erfiðleikar sem fyrir hendi eru í efnahagslífinu gangi fljótlega yfir eða alla vega innan einhvers skikkanlegs tíma þannig að unnt verði að hækka starfshlutfallið aftur. Í rauninni ættu báðir að hagnast á þessu, bæði atvinnurekandinn og launamaðurinn. Launamaðurinn er auðvitað í betri stöðu að halda starfi sínu og vinnuveitandinn losnar við að segja fólki upp og þurfa svo hugsanlega að ráða nýtt og óvant fólk í staðinn þegar betur árar. Þetta er auðvitað mikilvægt og gott úrræði og mikilvægt að taka þá ákvörðun sem verið er að gera með frumvarpinu, þ.e. að framlengja þennan tíma.

Nú á ég ekki sæti í félagsmálanefnd þannig að ég hef ekki haft tækifæri til að fylgjast með framgangi málsins en það eru nokkrar spurningar sem vakna þegar þetta nefndarálit og breytingartillögur eru skoðaðar. Í fyrsta lagi velti ég því fyrir mér hvort í starfi nefndarinnar hafi komið fram upplýsingar um það af hálfu tillöguflytjenda hvort skoðað hafi verið hvort ástæða hefði verið til að framlengja gildistímann lengur en til ársloka. Það er kannski eðlilegt að þetta ákvæði sæti endurskoðun með nokkuð reglulegu millibili en ég velti fyrir mér hvort það hafi ekki komið til skoðunar að hafa gildistímann lengri en þarna er gert ráð fyrir, sérstaklega með tilliti til þess að hætt er við að sá samdráttur sem nú á sér stað í atvinnulífinu vari lengur en til ársloka — í fljótu bragði gæti maður ímyndað sér að þörf yrði á þessu úrræði, ekki bara til áramóta heldur því miður á næsta ári líka. Ég velti fyrir mér hvort þetta atriði hefur verið rætt í störfum nefndarinnar og bið hv. framsögumann nefndarinnar að svara því, eða aðra úr nefndinni sem voru viðstaddir umræðuna.

Annað atriði sem þarna er lagt til er að Vinnumálastofnun fái auknar heimildir til að stunda eftirlit með framkvæmd laganna og að nánar sé kveðið á um skyldur atvinnuveitenda til að upplýsa stofnunina um breytingar sem verða á högum þeirra. Þetta er auðvitað mjög jákvætt. Það er mjög nauðsynlegt í tilvikum sem þessum að Vinnumálastofnun, sem er sá aðili sem með þennan málaflokk fer, hafi nægilegar heimildir til að stunda eftirlit þannig að ekki sé um misnotkun að ræða eins og alltaf er viss hætta á í sambandi við ívilnandi aðgerðir af þessu tagi. Það er auðvitað þannig að því fleiri sem misnota svona úrræði því síður er hægt að koma til móts við þá sem raunverulega þurfa á því að halda þannig að allir eiga að geta verið sammála um að það sé mikilvægt að hafa úrræði sem sporna við misnotkun á ákvæðum af þessu tagi. Við minnumst þess að þegar umræður fóru fram um þetta mál á haustþingi vöktu ýmsir hv. þingmenn máls á því að þarna kynni að verða um ákveðna misnotkun að ræða. Sjálfsagt eru einhver dæmi um það, ekki þekki ég það, en ég held engu að síður að full ástæða sé til að taka jákvætt í viðleitni af hálfu nefndarinnar og tillöguflytjanda til að þrengja þetta með þeim hætti að unnt sé að koma í veg fyrir eins og hægt er að misnotkun eigi sér stað.

Þriðja atriðið sem ég vildi spyrja um í þessu sambandi — og beini því bæði til hv. þm. Þuríðar Backman og eftir atvikum til hv. þm. Atla Gíslasonar, sem einnig á sæti í nefndinni — er hugsunin á bak við þá breytingu sem hér er gert ráð fyrir varðandi skilgreiningu á sjálfstætt starfandi einstaklingum. Þarna er verið að breyta þessu á þann veg að þeir sem starfa hjá eigin einkahlutafélagi, hlutafélagi eða sameignarfélagi verði miðað við þessi lög skilgreindir sem launamenn og ég velti fyrir mér hver rökin á bak við það eru. Þarna verður sem sagt annars vegar um það að ræða að þeir sem starfa við atvinnurekstur í eigin nafni eru skilgreindir sem sjálfstætt starfandi en hins vegar eru þeir sem starfa hjá eigin einkahlutafélagi, sem í dag eru, eins og við þekkjum, afskaplega margir af þeim sem við venjulega lítum á sem sjálfstætt starfandi — þeir starfa hjá einkahlutafélagi sem hugsanlega er alfarið í þeirra eigu eða fjölskyldu þeirra. Ég velti fyrir mér hvaða hugsun sé á bak við þessa breytingu. Það kann vel að vera að fyrir henni séu góð og gild rök en ég sé ekki í fljótu bragði að það komi fram í nefndarálitinu.

Í fjórða og síðasta lagi velti ég því fyrir mér — það er í lok annarrar málsgreinar nefndarálitsins og snertir þá breytingu sem varðar fæðingarorlofið — hvers vegna þessi tala, 24 mánuðir, er valin í þessu sambandi. Talað er um að sá sem tekur fæðingarorlof geti geymt áunna atvinnuleysistryggingu í 24 mánuði. Ég spyr: Við hvaða tímafresti er miðað í þessu sambandi? Af hverju er miðað við 24 mánuði? Ég segi þetta ekki af því að ég hafi í sjálfu sér einhverjar athugasemdir við það en mér finnst ekki liggja ljóst fyrir hvers vegna þessi viðmiðun er valin.

[18:55]

Frsm. fél.- og trn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson beindi til mín nokkrum spurningum sem ég ætla að reyna að svara. Þetta er vissulega nýtt úrræði sem var sett á í haust þegar efnahagskerfið okkar, bankakerfið okkar, hrundi og séð var fram á það að atvinnuleysi mundi aukast fram eftir vetri. Nú hefur komið í ljós að þessi aukning mun halda áfram, við erum alla vega ekki komin yfir einhvern tímabundinn kúf. En ég tel að við viljum öll halda í þá von að við munum komast út úr þessu og þá er það bara spurning hvenær. Mér finnst líka mikilvægt að við förum með þær breytingar sem við erum að gera núna sem tímabundnar breytingar. Þetta er nýtt hjá okkur og við skulum þá frekar meta það aftur fyrir næstu áramót hvernig þetta hefur reynst og hvort ástæða sé til að halda þessum úrræðum áfram.

Ég tel að burt séð frá þessu hruni sem við stöndum nú í sé þetta æskilegt. Ákveðnar atvinnugreinar eru sveiflukenndar og í staðinn fyrir að segja upp fólki og ráða inn nýtt fólk, með þeirri umbyltingu sem verður og þeim áhrifum sem það hefur á starfsemi fyrirtækja að vera að fá inn nýtt fólk, getur það verið góður kostur að lækka starfshlutfallið í staðinn fyrir að segja fólki upp og halda í reynslu þeirra sem hafa verið í vinnu.

Vinnumálastofnun þarf sannarlega við þessar aðstæður að hafa meiri möguleika og það lögbundið til að skoða skattskýrslur og annað til að sannreyna að farið sé rétt með.

[18:58]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Þuríður Backman muni svara öðrum spurningum í síðara andsvari. Þetta voru margar spurningar og andsvarsformið er of knappt til að ræða jafnmargar spurningar í viðamiklu máli og hér um ræðir. Við erum sammála um að þetta er jákvætt úrræði og mikilvægt. Það hafa komið fram skýringar á því af hverju talið er eðlilegt að miða við árslok í þessu sambandi. Ég get alveg fallist á að ástæða sé til þess fyrir jólin að hugsa þetta. En ég ítreka hins vegar þær áhyggjur sem ég hef af því að ekki verði síður þörf á þessu úrræði á næsta ári eins og á þessu ári. Þó að við vonum að farið sé að hylla undir það að landið geti farið að rísa í sambandi við efnahagsmálin — vonandi sjáum við jákvæða þróun í haust — óttast ég að atvinnuleysið verði enn mikið þegar kemur

fram á næsta ár þannig að þetta úrræði verður áfram mikilvægt.

Ég get alveg fallist á að það getur verið mikilvægt og jákvætt að endurskoða þessi lagaákvæði í ljósi reynslunnar og sérstaklega í ljósi þess að þær breytingar sem verið er að fara með í gegnum þingið hafa verið gerðar á stuttum tíma, bæði af hálfu ráðuneytisins og nefndarinnar. Það kann vel að vera að ástæða sé til að fara í meiri endurskoðunarvinnu og ítarlegri yfirferð á málinu þegar kemur fram á haustið og meiri reynsla er fengin af þessu úrræði.

[19:00]

Frsm. fél.- og trn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Birgi Ármannssyni fyrir góðar undirtektir við þetta mál. Sannarlega held ég að gott sé að hafa ákvæðið einungis bundið til næstu áramóta, þetta er nýtt úrræði hjá okkur. Ég óttast, eins og hv. þingmaður, að tímabilið verði lengra, en þá gefur það okkur líka tilefni til að fara yfir hvernig það hefur reynst, hvernig Vinnumálastofnun hefur höndlað þetta og hvernig þetta skilar sér. Hvort bæði starfsmenn og atvinnurekendur notfæra sér þetta úrræði o.s.frv. Ég held að mikilvægt sé að gera það.

Varðandi það að meta megi 24 mánuði aftur í tímann, þá er það oft svo hjá einyrkjum og sjálfstætt starfandi að þeir verða ekki skyndilega atvinnulausir heldur hefur hugsanlega smám saman dregið úr atvinnu hjá þeim og því ekki talið réttmætt að miða bara við síðustu tólf mánuði heldur skoða hvernig kjör og laun sjálfstætt starfandi einstaklinga hafa verið á lengra tímabili og ástandið fyrir tveimur árum gefur kannski raunhæfari mynd en síðasta ár. Það er hugmyndin sem liggur að baki.

Hvað varðar einyrkjana, þá vinna þeir sem eru sjálfstætt starfandi undir eigin kennitölu en þeir sem vinna undir kennitölu fyrirtækisins eru nefndir launamenn og réttindi þeirra miðast við það. Ársmenn eru svo áfram bændur og listamenn sem hafa takmarkaðar tekjur og geta greitt tryggingagjald einu sinni á ári, en þetta (Forseti hringir.) er viðmiðunin sem kom fram í nefndinni.

[19:02]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Ég get alveg fallist á þau atriði sem komu fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman. Ég átta mig samt ekki á síðasta atriðinu sem varðar breytta skilgreiningu þeirra sem teljast sjálfstætt starfandi vegna þess að auðvitað er um það að ræða, eins og við vitum, að fjölmargir sem starfa á eigin vegum og eru sjálfstætt starfandi í öllum almennum skilningi þeirra orða eru með rekstur sinn í formi einkahlutafélags — einkahlutafélög eru algengust þó að dæmi séu um hlutafélög eða sameignarfélög í því sambandi. Einkahlutafélögum hefur fjölgað mjög mikið á undanförnum árum, eins og við vitum, og mörg þeirra eru einmitt félög sem eru í rauninni bara utan um atvinnurekstur eins manns. Það á m.a. við um iðnaðarmenn, trillukarla, ráðgjafa og sérfræðinga af öðru tagi.

Ég velti fyrir mér hvers vegna verið er að breyta þessari skilgreiningu og þrengja hana að þessu leyti. Þá hlýtur maður auðvitað að velta fyrir sér um leið hvaða áhrif sú breyting mun hafa, hvort hún geti leitt til þess að fleiri eigi þess kost að falla undir hlutabæturnar eða hvort þeim fækki og ég velti þá fyrir mér að hvaða leyti það mál hefur verið rætt í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Embætti sérstaks saksóknara, 2. umr.

Stjfrv., 393. mál (rýmri rannsóknarheimildir). — Þskj. 663, nál. 760, brtt. 762.

[19:04]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allsherjarnefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 135 frá 11. desember 2008, um embætti sérstaks saksóknara.

Með frumvarpinu er lagt til að afmarkaðar verði með skýrari hætti og rýmkaðar þær heimildir sem sérstakur saksóknari hefur til öflunar upplýsinga og gagna vegna rannsóknar einstakra mála. Þá er einnig lagt til að skylt sé að verða við kröfu embættisins um að láta í té upplýsingar og gögn þótt þau séu háð þagnarskyldu samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem felur í sér að vikið verði frá skyldu 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, til að auglýsa störf hjá embætti sérstaks saksóknara til að ekki þurfi að fara í þungt ferli til að ráða starfsmenn til starfa hjá embættinu. Slíkir starfsmenn eru, eftir því sem fram kom hjá hinum sérstaka saksóknara þegar hann kom fyrir allsherjarnefnd, einkum hjá embætti efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og auðgunarbrotadeildar lögreglustjóraembættisins á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem embætti hins sérstaka saksóknara er tímabundið eru menn ekki ráðnir þangað til langframa og unnt þarf að vera að kalla menn til verkefna án mikillar fyrirhafnar og tíma við að fara í gegnum umsóknarferli. Ákvæðið tekur mið af heimild sem rannsóknarnefnd þingsins hefur til ráðningar fólks. Ekki er þó ætlunin með þessum breytingum að víkja frá málefnalegum sjónarmiðum og gagnsæi, sem eftir sem áður þarf að gæta við ráðningu starfsmanna. Það kom sérstaklega fram í umræðum í nefndinni að mikilvægt væri að gætt yrði, sem kostur er, að öllum slíkum faglegum sjónarmiðum við ráðningu starfsmanna eftir sem áður þótt auglýsingaskyldunni væri létt af hinum sérstaka saksóknara í þessu efni.

Þá leggur nefndin einnig til smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem tengjast frumvarpi viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem fyrir þinginu liggja á þskj. 693, en þar eru lagðar til breytingar á hugtökum og er nauðsynlegt að taka þær breytingar upp í þetta frumvarp til að gæta samræmis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

Hv. þm. Ólöf Nordal og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita, auk þess sem hér stendur, hv.

þingmenn Álfheiður Ingadóttir, Birgir Ármannsson, Árni Þór Sigurðsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Siv Friðleifsdóttir og Jón Magnússon.

[19:07]

Björn Bjarnason (S):

Herra forseti. Ég vil fagna því að þetta frumvarp er komið til 2. umr. og að um það ríkir samstaða í hv. allsherjarnefnd. Ég tel mikilvægt að gengið sé til þess að ljúka meðferð málsins hér í þinginu en vildi engu að síður nota þetta tækifæri til að segja nokkur orð um embættið og framvindu mála, því mér finnst að í nokkru hafi verið vikið að embættinu á ómaklegan hátt í umræðum, ekki hér á hinu háa Alþingi, heldur í fjölmiðlum og annars staðar á undanförnum dögum. Sérstaklega hefur það vakið athygli mína og undrun að að því hefur verið vikið að draga megi í efa hæfi hins sérstaka saksóknara vegna þess að hann hafi verið sýslumaður á Akranesi og látið í veðri vaka að þeir sem hafi gegnt sýslumannsembætti utan höfuðborgarsvæðisins séu kannski ekki til þess fallnir að sinna verkefni eins og því sem hér um ræðir.

Ég vil eindregið mótmæla slíkum málflutningi og fagna því að fá tækifæri til þess hér í þingsalnum að andmæla öllu slíku tali, sem ég tel algjörlega ómaklegt, sérstaklega við þennan ágæta embættismann, en almennt líka gagnvart sýslumönnum, að láta eins og málum sé þannig háttað að þeir sem gegni störfum sýslumanna utan höfuðborgarsvæðisins séu ekki til þess fallnir að takast á við erfið viðfangsefni. Raunar er það svo, hæstv. forseti, að með stækkun umdæma lögreglustjóra og breytingu á embættum sýslumanna hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið flutt verkefni úr sínum véböndum til sýslumanna víðs vegar um landið, flókin og viðkvæm verkefni sem þeir sinna vegna lögfræðilegrar þekkingar sinnar eða sérkunnáttu á því sviði og vegna þess að þessi embætti eru mikilvæg og nauðsynleg til að halda uppi allsherjarreglu í þjóðfélaginu og sinna þeim þjónustuverkefnum sem þeim ber að sinna gagnvart öllum borgurum landsins. Virðulegi forseti, ég vildi sérstaklega fá tækifæri til að segja þetta af því að mér finnst að ómaklega hafi verið vegið að hinum sérstaka saksóknara að þessu leyti.

Hitt er síðan ánægjuefni að samstaða er í hv. allsherjarnefnd um að veita hinum sérstaka saksóknara auknar heimildir. Ég lét þess getið þegar ég tók til máls við 1. umr. þessa frumvarps að ágreiningur hefði verið í fyrrverandi ríkisstjórn um þessar heimildir á milli dómsmálaráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins og ég hefði sem dómsmálaráðherra, til þess að stuðla að framgangi málsins, samþykkt að ganga ekki eins langt og við í dómsmálaráðuneytinu töldum nauðsynlegt í upphafi varðandi heimildirnar. Reynslan hefur sýnt, sem og þetta frumvarp og sú samstaða, sem er um það hér í þinginu og kemur fram í áliti hv. allsherjarnefndar, að skilningur er á því hér í þinginu að veita þær víðtæku heimildir sem mælt er fyrir um í frumvarpinu og nú á að lögfesta eftir meðferð nefndarinnar. Þær breytingar sem hv. formaður nefndarinnar gerði grein fyrir, eins og hann sagði varðandi þennan þátt frumvarpsins, eru smávægilegar og tengjast frumvarpi viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Þarna hefur því myndast góð samstaða um þetta og er það mikilvægt um framvindu mála hjá þessu embætti.

Einnig fagna ég því að nefndin hefur við meðferð málsins tekið ákvörðun um að vikið skuli frá skyldu 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, til að auglýsa störf hjá embætti sérstaks saksóknara og vill þannig stuðla að því að ekki þurfi að fara í þungt ferli til að ráða starfsmenn sem nú eru einkum hjá embætti efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og auðgunarbrotadeildar lögreglustjóraembættisins á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er líka mikilvægt skref til að auðvelda hinum sérstaka saksóknara að fjölga starfsmönnum, því eins og fram hefur komið í umræðum var alltaf litið þannig á að með þeim fjórum starfsmönnum sem lagt var upp með væri í raun verið að stíga fyrsta skrefið og síðan mundi koma í ljós við framvindu mála hvað starfsmennirnir þyrftu að vera margir.

Það er einnig fagnaðarefni að þegar hefur tekist að skapa alþjóðleg tengsl, eins og fram hefur komið hefur hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra beitt sér fyrir því að semja við hinn heimskunna franska saksóknara, Evu Joly, um samstarf, og þá er líka þá búið að leggja grunn að alþjóðlegu samstarfsneti, sem er mikilvægt.

Ég vil einnig vekja athygli á því við þessar umræður að tengslafulltrúi Íslands hjá Europol í Haag, Arnar Jensson, hefur í ársskýrslu sinni fyrir síðasta ár, sem hefur verið birt núna, vakið athygli á því að þar eru líka kostir til að efla alþjóðlegt samstarf á samningsbundnum grunni þar sem algjör trúnaður ríkir á milli rannsakenda. Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir hinn sérstaka saksóknara og aðra sem koma að þessum rannsóknum að nýta sér tengslin við Europol og tel að það eigi í raun og veru að fella það undir ákvarðanir um fjárveitingar til rannsókna á þessu sviði að sjá til þess að unnt verði að halda úti starfsemi hjá Europol og leggja í því starfi áherslu á þann þátt sem snertir efnahagsrannsóknir, peningaþvætti og annað slíkt.

Einnig hefur komið í ljós, virðulegi forseti, eins og við vitum, að tengslafulltrúinn í Haag hefur skipt miklu varðandi uppljóstrun á fíkniefnamálum. Þegar farið er inn á rannsóknir á efnahagsbrotum og alþjóðlegum tengslum er ákaflega mikilvægt að gera það í samskiptum við alþjóðastofnanir sem hafa áunnið sér traust og starfa samkvæmt skýrt þróuðum og skilgreindum reglum. Þess vegna er mikilvægt að litið verði til tengsla hins sérstaka saksóknara við embætti tengslafulltrúans hjá Europol í Haag. Það finnst mér að eigi að hafa í huga þegar um þessi mál er rætt, nú þegar þetta er komið á þennan rekspöl og sá stuðningur fæst við störf hins sérstaka saksóknara sem felst í þeirri samstöðu hér í þinginu um að víkka heimildir hans og auðvelda honum mannaráðningar.

Þá fagna ég því líka sérstaklega að fram hefur komið hjá hæstv. fjármálaráðherra að hann muni beita sér fyrir auknum fjárveitingum til embættisins, því þegar lagt var af stað sl. haust og þessi mál voru reifuð og rædd og gerðar tillögur um embættið var ákveðin tortryggni í garð þeirra sjónarmiða að fjárheimildir ættu að vera rúmar og var sátt um það innan ríkisstjórnarinnar að miða við 50 millj. kr. Nú hefur komið fram að hæstv. núverandi fjármálaráðherra lítur þannig á og vafalaust talar hann þar með samþykki forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar allrar, a.m.k. miðað við þau

vinnubrögð sem ég þekki við ákvarðanir sem þessar, og hefur lýst yfir stuðningi við að auka þær fjárveitingar. Ég geng líka út frá því sem vísu að eðlilegt samráð hafi verið haft við fjárlaganefnd þingsins þegar slíkar yfirlýsingar eru gefnar þannig að ekki eigi að vera neinn hnökri á því að taka síðan ákvarðanir um að tryggja það fjármagn sem þarf til að þessar rannsóknir geti orðið með þeim hætti að allir séu sáttir við framgöngu mála.

Mér finnst þetta hafi þróast á þann veg, virðulegi forseti, og að frumvarp og afgreiðsla hv. allsherjarnefndar sé á þann veg að víðtæk pólitísk samstaða sé um að þetta embætti vaxi og dafni og geti sinnt verkefnum sínum með þeim hætti sem við teljum nauðsynlegt í ljósi atburða og upplýsinga. Þess vegna mæli ég eindregið með því að við greiðum götu þessa máls hér í þinginu og það verði lögfest.

Ég vil, virðulegi forseti, áður en ég lýk máli mínu spyrjast sérstaklega fyrir um þennan fjárlagaþátt, hvort um það hafi verið fjallað í hv. allsherjarnefnd hvernig haga þyrfti fjárveitingum til að ná þeim markmiðum sem nefndin hefur vafalaust rætt á fundum sínum varðandi embættið og hvort það liggi fyrir hjá hv. nefndarmönnum hvaða hugmyndir hæstv. fjármálaráðherra hefur um fjárveitingar til embættisins eða þróun þess að öðru leyti með auknum fjárheimildum.

[19:18]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því að hv. þm. Björn Bjarnason sagði hér, eins og í fyrri ræðu, þegar við ræddum þessi mál við 1. umr., að ágreiningur hefði verið í fyrri ríkisstjórn um heimildir. Hv. þm. Björn Bjarnason hefði viljað ganga lengra en hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sem var viðskiptaráðherra á þeim tíma.

Það var mjög sérstakt að hlusta á ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar, bæði núna og líka þegar við ræddum þetta við 1. umr., og ég hjó sérstaklega eftir þessu og spurði hæstv. utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, út í þetta en hann bar þetta allt meira og minna af sér gagnvart Samfylkingunni. Ég hef síðan rætt þetta mál á opinberum vettvangi við hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson og hann sagði að þetta væri ekki rétt. Mér þótti heldur verra að sitja undir því að vera sökuð um að fara með rangt mál þar sem ég taldi að hv. þm. Björn Bjarnason hefði fullyrt þetta í þingsal. Ég vil því gjarnan inna hv. þm. Björn Bjarnason eftir því hvort hann geti verið nákvæmur í orðum sínum varðandi það um hvað þessi ágreiningur snerist og um það hvort ekki sé rétt skilið hjá þeirri sem hér stendur að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson vildi ekki veita víðtækar heimildir á sínum tíma og því stöndum við í þeim sporum sem við stöndum í í dag að þurfa að kalla eftir þessum heimildum í þinginu.

Hvaða rök hafði hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson fyrir sér á sínum tíma? Er þetta rétt? Telur hv. þm. Björn Bjarnason að þessi niðurstaða hafi tafið rannsókn bankahrunsins?

[19:20]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég stend í þeirri meiningu að hv. allsherjarnefnd hafi fengið minnisblöð sem lágu fyrir í ráðuneytunum um þetta mál þannig að það liggur alveg fyrir skjalfest um hvað þessi ágreiningur var. Það er líka ljóst að þetta ákvæði í frumvarpinu sem við erum að fjalla um núna gengur lengra en við vorum að velta fyrir okkur í dómsmálaráðuneytinu á sínum tíma. Það sýnir aðeins, eins og ég sagði í minni ræðu áðan, að menn hafa við meðferð málsins og við nánari athugun á hlutverki hins sérstaka saksóknara áttað sig á því að eðlilegt væri að hann fengi þessar heimildir. Það getur vel verið að það hafi þurft allar þær umræður sem orðið hafa á opinberum vettvangi og annars staðar til að opna augu fleiri en okkar sem vorum að sýsla með þetta mál í dómsmálaráðuneytinu á sínum tíma, opna augu manna fyrir því að eðlilegt væri að veita þessar heimildir.

Ég get ekki sagt annað um þetta en það að þess vegna tók ég þetta fram þegar málið var til 1. umr. og ítreka það hér að ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar að það ætti að veita hinum sérstaka saksóknara heimildir á borð við þær sem nú er verið að fjalla um. Ég hef líka verið eindreginn talsmaður þess allt frá því á fyrstu dögunum eftir bankahrunið að menn ættu að líta á bankaleyndina að því leyti að sumt af henni væri örugglega sögulegt viðfangsefni og ætti ekki að skjóta sér á bak við hana við rannsókn eða umræður um þessi mál. Mér heyrist að það sjónarmið sé líka að ávinna sér meiri stuðning en var í upphafi og menn séu farnir að miðla meiri upplýsingum, ekki aðeins til hins sérstaka saksóknara heldur einnig á opinberum vettvangi, en gert var í upphafi og ég fagna því einnig.

[19:22]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að orð hv. þm. Björns Bjarnasonar staðfesti það sem ég hef verið að segja varðandi þessi mál að ágreiningurinn á milli fyrrum stjórnarflokka hafi orðið til þess að heimildirnar eru ekki nógu sterkar og þess vegna stöndum við hér og erum að veita víðtækari heimildir. Þetta er að mínu mati frekar alvarlegt mál af því að núna situr hinn sérstaki saksóknari og kallar eftir endurskoðunarskýrslum bankanna hjá Fjármálaeftirlitinu og fær þær ekki. Hann hefur kallað eftir þeim ítrekað, fjórum til fimm sinnum, það kom fram í máli hans fyrir allsherjarnefnd. Fjármálaeftirlitið hefur ekki svarað þessum beiðnum þannig að núna þarf að fá þessar heimildir gegnum þinglega meðferð til að Fjármálaeftirlitið afhendi loksins þessar skýrslur. Sérstakur saksóknari telur, og það hefur komið fram opinberlega, mikilvægt að fá þessar skýrslur til að átta sig á baksviðinu þegar bankarnir hrundu, hvað átti sér stað þessa daga. Hann telur að hann þurfi að fá heildarmynd af því á meðan manni sýnist að Fjármálaeftirlitið vilji að einhverju leyti grisja úr endurskoðunarskýrslum bankanna einhverjar upplýsingar og afhenda svo sérstökum saksóknara einhverja útgáfu B, eða útgáfu 2, af endurskoðunarskýrslum bankanna. Það er auðvitað ekki eðlilegt, virðulegur forseti.

Það er leitt til þess að vita að fyrrum viðskiptaráðherra hafi komið málum þannig fyrir að sérstakur saksóknari hefur ekki getað hafið almennilega rannsókn á bankahruninu af því að hann fær ekki aðgang að gögnum. Yfirleitt er það þannig að lögreglan fær aðgang að gögnum og er sjálf þess bær að sía úr hvað er mikilvægt að nýta og hvað ekki.

[19:24]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en tekið undir með hv. þingmanni. Að sjálfsögðu var það alltaf ætlan okkar sem stóðum að því að leggja drög að þessu embætti og ýta því úr vör að það hefði víðtækar heimildir til að stunda þær rannsóknir sem eru nauðsynlegar til þess að það geti sinnt sínum störfum. Eins og hv. þingmaður hefur vafalaust kynnt sér í allsherjarnefnd — ég á ekki sæti þar og ég veit ekki hvaða umræður fóru þar fram en ég tel mig hafa vitneskju um að m.a. hafi verið lögð fyrir nefndina minnisblöð sem eiga að sýna um hvað þessi ágreiningur snerist sem hv. þingmaður er að tala um og þá ætti nefndin að kalla eftir því og kynna sér hvaða sjónarmið þetta voru.

En nú tel ég að það sé í raun og veru búið að ýta öllum slíkum hindrunum úr vegi með því að þetta frumvarp er að verða að lögum og fallist er á það meginsjónarmið sem ég var með og dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur verið með allan tímann, að þessi ágæti sérstaki saksóknari eigi að hafa rúmar heimildir. Ég hef heldur ekki hitt hann og ekki hlustað á hvað hann sagði fyrir hv. allsherjarnefnd en ef það hefur komið fram í máli hans, eins og hv. þingmaður sagði, að hann hafi ekki fengið endurskoðunarskýrslur og önnur gögn þá sýnir það að hendur hans hafa verið bundnar með ósæmilegum hætti miðað við þær ríku skyldur sem lagðar eru á hann við rannsókn þessara mála.

[19:26]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Með því frumvarpi sem hér kemur til 2. umr., eftir umfjöllun í hv. allsherjarnefnd, er rutt úr vegi þeim hindrunum sem hafa komið í veg fyrir eðlilega öflun upplýsinga hjá hinu sérstaka embætti saksóknara sem sett var á laggirnar með sérstökum lögum til að rannsaka aðdraganda og afleiðingar bankahrunsins, hina saknæmu þætti sem þar kynnu að leynast.

Með frumvarpinu er skilanefndum gömlu bankana, bankaráðum nýju bankanna, Fjármálaeftirlitinu og þeim sem vinna að greiðslustöðvun, nauðasamningum eða gjaldþrotaskiptum gert skylt að afhenda hinum sérstaka saksóknara og embætti hans þau gögn sem hann óskar eftir, þar á meðal skýrslur, minnisblöð, bókanir og samninga og það eins þótt þau séu háð þagnarskyldu. Það er gríðarlega mikilvægt að við veitum þessar heimildir og ég vil taka undir það sem hv. þm. Björn Bjarnason sagði áðan, það er mikilvægt að um þetta mál er full samstaða í hv. allsherjarnefnd og það er mikilvægt að Alþingi afgreiði þetta mál sem lög hið fyrsta.

Það verður að segja eins og er að það hefur valdið miklum vonbrigðum og undrun í samfélaginu að horfa upp á það að þeir aðilar sem ég taldi upp áðan, m.a. Fjármálaeftirlitið og skilanefndirnar — menn hafa á þeim bæjum beitt fyrir sig bankaleynd þegar óskað hefur verið eftir upplýsingum frá hinu sérstaka embætti saksóknara. Ég er sannfærð um það að þeir þingmenn, sem ég held að hafi verið allir, sem samþykktu að setja lög um stofnun þessa sérstaka embættis hinn 11. desember 2008 hafa ekki ætlast til þess að menn settu slíka þröskulda í veg fyrir rannsóknina. En um leið og frumvarpið sem hér er verður að lögum geta menn ekki gert það lengur vegna þess að með þessu frumvarpi er bankaleyndin að því er þetta embætti varðar lögð af, öll gögn skulu fara þarna inn. Það er mjög mikilvægt að þetta embætti verði sem sjálfstæðast og algerlega óháð eins og mögulegt er, og þess vegna var gott að heyra um helgina fyrirheit frá ríkisstjórninni sem fjármálaráðherra flutti um auknar fjárheimildir til embættisins. Það gefur fyrirheit um að með því verði tryggður greiður framgangur rannsóknar hins sérstaka saksóknara á bankahruninu.

Aðkoma Evu Joly, sem hér var nefnd áður, hefur líka vakið vonir um að þetta verði raunveruleg og öflug rannsókn, ekki síst vegna reynslu hennar og þeirra tengsla sem hún hefur út um allan heim.

Í þriðja lagi vil ég nefna að sérstök rannsóknarnefnd sem Alþingi skipaði til að rannsaka bankahrunið, aðdraganda þess og afleiðingar, er í þessari viku að kalla fyrir sig aðalleikendurna í bankahruninu, bankaeigendurna og bankastjórana eftir því sem fréttir herma.

Loks vil ég nefna fréttir af því að nú er verið að loka, ekki bara á Íslandi heldur víða um heim, fyrir skattundanskot og loka þessum skattaskjólum og opna það sem áður var hjúpað leynd, m.a. í löndum sem hafa verið til umræðu í tengslum við bankahrunið, og þar á ég við Lúxemborg og Sviss. En það hafa líka verið gefin fyrirheit um að vinna verði lögð í það að endurheimta það sem stolið hefur verið og skotið undan í þessi skattaskjól og það er líka mjög mikilvægt. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að þessi mál verði hreinsuð upp bæði siðferðislega en ekki síður ef um er að ræða hegningarlagabrot. Það er verkefni embættis hins sérstaka saksóknara sem ég styð eindregið að verði eflt til þess að gegna störfum sínum.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–10. mál.

Fundi slitið kl. 19:32.

---

112. FUNDUR

þriðjudaginn 24. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Leikskólar og grunnskólar, frv., 390. mál, þskj. 656. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Grunnskólar, frv., 421. mál, þskj. 714, nál. 759. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Náms- og starfsráðgjafar, frv., 422. mál, þskj. 715, nál. 763. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Tóbaksvarnir, stjfrv., 162. mál, þskj. 190, nál. 679. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Málefni aldraðra, stjfrv., 412. mál, þskj. 700, nál. 769. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Barnaverndarlög og barnalög, frv., 19. mál, þskj. 19, nál. 772, brtt. 773. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 376. mál, þskj. 635, nál. 770. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Embætti sérstaks saksóknara, stjfrv., 393. mál, þskj. 663, nál. 760, brtt. 762. — Frh. 2. umr.

10. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 402. mál, þskj. 683, nál. 764. — 2. umr.

11. Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, frv., 420. mál, þskj. 713, nál. 767. — 2. umr.

12. Náttúruvernd, stjfrv., 362. mál, þskj. 613, nál. 766. — 2. umr.

13. Rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, þáltill., 20. mál, þskj. 20, nál. 765. — Síðari umr.

14. Lífsýnasöfn, stjfrv., 123. mál, þskj. 133, nál. 777. — 2. umr.

15. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 397. mál, þskj. 675, nál. 779, brtt. 780. — 2. umr.

16. Raforkulög, stjfrv., 398. mál, þskj. 676, nál. 775. — 2. umr.

17. Visthönnun vöru sem notar orku, stjfrv., 335. mál, þskj. 575, nál. 783. — 2. umr.

18. Ábyrgðarmenn, frv., 125. mál, þskj. 135, nál. 785, brtt. 786. — 2. umr.

19. Greiðslur til líffæragjafa, stjfrv., 259. mál, þskj. 419, nál. 781, brtt. 782. — 2. umr.

20. Stjórn fiskveiða, frv., 429. mál, þskj. 725. — 1. umr.

21. Skaðabótalög, frv., 438. mál, þskj. 747. — 1. umr.

22. Lyfjalög, frv., 445. mál, þskj. 787. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

23. Árlegur vestnorrænn dagur, þáltill., 221. mál, þskj. 299. — Fyrri umr.

24. Samráðsfundur sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda, þáltill., 222. mál, þskj. 300. — Fyrri umr.

25. Samráð Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda, þáltill., 223. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.

26. Samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum fulltrúum, þáltill., 224. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n.
Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
Steingrímur J. Sigfússon fjmrh., 4. þm. Norðaust.

[13:30]

Útbýting:

Bjargráðasjóður, 413. mál, nál. samgn., þskj. 789.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Um klukkan fjögur í dag fer fram utandagskrárumræða um framgang samgönguáætlunar. Málshefjandi er hv. þm. Ólöf Nordal. Hæstv. samgönguráðherra Kristján L. Möller verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Störf þingsins.

ESB-aðild – álver í Helguvík – sparnaður í heilbrigðiskerfinu – verðhjöðnun.

[13:31]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs í dag til að ræða örlítið um atriði sem tengjast stjórnmálaástandinu. Um síðustu helgi var haldinn landsfundur hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og þar var ályktað um ýmis efni, m.a. um það hvernig sá flokkur sér fyrir sér stjórnarsamstarf á næsta kjörtímabili og verður að segjast að skýrara bónorð pólitískt hefur ekki komið fram mér vitanlega, alla vega ekki á síðari árum hér á landi. Nú verður gaman að sjá hvort Samfylkingin svarar þessu bónorði á landsfundi sínum um næstu helgi og í ljósi þess að greinilega er mikill vilji innan beggja flokka til að starfa saman eftir kosningar hlýtur maður að velta fyrir sér hvernig þeir ætla að nálgast Evrópumálin.

Vinstri grænir ályktuðu nokkuð um þetta og það hefur verið nokkuð skrautlegt að sjá hvaða túlkanir hafa komið úr röðum Samfylkingarinnar á þeim ályktunum. Það verður ekki kallað annað en skapandi túlkanir af hálfu samfylkingarmanna þar sem mikið er lesið í fá orð. Ég vildi spyrja hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sem skrifaði athyglisverða grein á vefritið Pressuna í gær, út í þetta en hann tekur í þessari grein þá afstöðu að það sé brýnasta málið fyrir okkur í sambandi við efnahagsmálin að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Í viðtali á vefsjónvarpi Morgunblaðsins í gær tjáði formaður Vinstri grænna sig um sama mál og hann tók þannig á því máli þar að það séu mörg ár fram undan í það að við getum farið inn í Evrópusambandið og tekið upp evruna og hann segir:

„Það sem ég hef sagt um Evrópusambandsmálin væri mjög hættulegt ef menn segðu bara: Já, heyrðu, við ætlum bara að leysa þetta með því að ganga í Evrópusambandið, og hölluðu sér aftur á bak og tækjust ekki á við verkefnin sem hér eru í okkar samfélagi."

Þetta sagði formaður Vinstri grænna og (Forseti hringir.) og ég vildi spyrja hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hvort hann telji að í þessum orðum felist mikil opnun af hálfu Vinstri grænna á Evrópusambandsaðild.

[13:34]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég held að í landsfundaráætlun vinstri grænna hafi falist heilmikil opnun á Evrópumálin. Þeir opna á þau þar eins og ég les það að haldin verði tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarumsókn að Evrópusambandinu og í því tel ég vera mikla opnun.

Þessi afstaða vinstri grænna markar að því leyti tímamót og leggur að mínu mati grunninn að veigamesta skrefinu og því mikilvægasta í íslenskum stjórnmálum um áratugaskeið sem er að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Af hverju? Jú, til að koma hér upp samkeppnishæfri mynt, samkeppnishæfum gjaldmiðli og verði aftur á krónuna.

Hv. þm. sjálfstæðismanna, Bjarni Benediktsson, tók í sama streng um liðna helgi, á laugardaginn, og Samfylking og Framsókn og sagði í viðtali við Fréttablaðið að umsókn um aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru sé besti kosturinn í stað krónu og kollsteypu, eins og Bjarni Ben. orðaði það í viðtalinu við *Fréttablaðið*. Þess vegna undrar mig mjög að Evrópusambandið sé ekki nefnt einu orði, eins og kemur fram í frétt í dag, í drögum Sjálfstæðisflokks að landsfundarályktunum sínum um leið og endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins vill að Íslendingar gangi í Evrópusambandið. Þar er sagt berum orðum að endurreisnarnefndin leggi til að sótt verði nú þegar um aðild að Evrópusambandinu og evrópska myntbandalaginu með það að markmiði að ganga í Evrópusambandið o.s.frv. Þetta segir endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins. Um leið er Evrópusambandið ekki nefnt í drögum að landsfundarályktunum. Í þriðja lagi lýsir formannsframbjóðandinn Bjarni Benediktsson því yfir að hann vilji taka upp evru í stað krónu og kollsteypu eins og hann orðar það í viðtali við *Fréttablaðið*. Ég tek undir með Bjarna Benediktssyni, ég tek undir með Framsóknarflokknum og ég er að sjálfsögðu sammála því sem Samfylkingin hefur barist fyrir um árabil, að sækja um aðild, semja og koma með samninginn fyrir þjóðina. Á það opna Vinstri grænir á landsfundi sínum og það þóttu mér mikil tímamót og þess vegna er beðið eftir því að sjá hvort Sjálfstæðisflokkurinn samþykkir það sem Bjarni Benediktsson sagði í Fréttablaðinu á laugardaginn eða þegir þunnu hljóði og tekur einu sinni enn flokkshagsmuni fram yfir þjóðarhagsmuni í þessu mikilvæga máli.

[13:36]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ég vil bara árétta þau orð formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, um að það eru brýnni mál að fást við á næstunni en að fara að takast á um inngöngu í Evrópusambandið. Hins vegar er stefna Vinstri grænna alveg skýr í þessu efni, við teljum að Íslandi sé betur borgið utan Evrópusambandsins og ályktanir og vinna sem hefur farið í gang t.d. af hálfu Bændasamtakanna og fleiri slíkra samtaka styðja það mjög afdráttarlaust.

Hins vegar gerum við okkur líka grein fyrir því að það fer eftir meirihlutavilja þjóðarinnar í þeim efnum, komi málið til hennar, og þá er það svo að þingstyrkur og styrkur Vinstri grænna fyrir þennan málstað ræður m.a. áhrifum flokksins hér á þingi í þeim efnum. Við þekkjum vilja Samfylkingarinnar eða a.m.k. þess hluta hennar sem talar fyrir inngöngu í Evrópusambandið og við þekkjum líka vilja Framsóknarflokksins um að gera það. Við bíðum eftir því hvað Sjálfstæðisflokkurinn gerir, hann virðist ekki enn þá hafa gert það upp við sig en ég árétta það (**PHB:** ... Eruð þið að biðja um Sjálfstæðisflokkinn?) Nei, ég er bara að vekja athygli á því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki mótað stefnu í þessu máli, hann hyggst gera það á næsta landsfundi, vonandi, en ... (**Gripið fram í:** Hver er stefna Vinstri grænna?) Hún er skýr, við teljum okkur best borgið utan Evrópusambandsins og til þess liggja mörg og sterk rök. En við gerum okkur líka grein fyrir því að fari málið það langt þá er það að sjálfsögðu þjóðarviljinn og þjóðaratkvæðagreiðslan sem ræður. Við óttumst ekki heldur þjóðaratkvæðagreiðslu hvað ESB varðar, við erum svo sannfærð um að meiri hluti þjóðarinnar tekur þar rétta ákvörðun.

[13:38]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Ég er ekki viss um að það hafi verið mikil þörf á því að ganga á Samfylkinguna og kalla eftir stefnu hennar í málefnum Evrópusambandsins. Það er frekar að maður setji spurningarmerki við áherslur þeirra sem eru að bjóða sig fram til formennsku í Sjálfstæðisflokknum, hvaða stefnu þeir ætla að bera fram fyrir flokksmenn sína. Mér finnst að þeir tali meira fyrir aðild og séu jákvæðari gagnvart henni en ætla má að vilji standi til innan flokksins og ég mundi halda að á flokksþinginu um næstu helgi komist menn að því að það er enginn vilji til þess af hálfu flokksmanna Sjálfstæðisflokksins að ganga í Evrópusambandið, hvað þá að hefja aðildarviðræður.

Ég held að menn verði að átta sig á því, virðulegi forseti, að aðild að Evrópusambandinu getur auðvitað verið ávinningur við vissar aðstæður en er líka fórn og hún er sú að menn ákveða að fela öðrum að taka ákvarðanir sem sjálfstæð þjóð gerir að öllu jöfnu sjálf. Við fáum engin töframeðul með inngöngu í Evrópusambandið sem við höfum ekki yfir að ráða í dag. Við fáum aðeins það eitt, mat okkar sjálfra að aðrir séu færari um að leysa úr erfiðum efnahagsvandamálum en okkar eigið fólk. Mér finnst það vera slæm niðurstaða og er ekki tilbúinn til að skipa mér í hóp þeirra sem vilja halda því fram að við þurfum að sækja mannvit til erlendra ríkja til að stjórna okkar í efnahagsmálum. Ég vil halda því fram að þrátt fyrir að ýmislegt hafi gengið á í sögu lýðveldisins hafi okkur í heildina tekið miðað það vel áfram að það sé vandfundin sú þjóð sem hafi gert betur.

[13:41]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að tala um Evrópusambandið eða aðild að Evrópusambandinu. Ég ætlaði heldur ekki að tala um þorskkvóta. (Gripið fram í.) Ég ætlaði að tala um Helguvík og ég ætla að spyrja hv. þingmann, formann efnahags- og skattanefndar, hvort það sé ekki ljóst að haldið verði áfram með álverið í Helguvík og við getum treyst því, Suðurnesjamenn, að það verði að lögum á þessu þingi.

[13:42]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Enn og aftur kemur þessi umræða inn í þingið með þessum hvað eigum við að kalla það, skotgrafarhætti og það er það sem er að fara með Evrópuumræðuna hér á landi, þ.e. skotgrafirnar sem við erum í. Það er kominn tími til þess, virðulegi forseti, að þjóðin fái að vita um

hvað Evrópusambandsaðild snýst. (Gripið fram í.) Ég veit það alveg að já-hreyfingin á það til að fara fullgeyst í málflutningi sínum. Nei-hreyfingin gerir það líka. Það hefur aldrei komið skýrt fram hvað það er sem við munum fá út úr aðildarviðræðum vegna þess að það hefur ekki verið gengið til samninga. (**GÞÞ:** Helguvík.) Og það er ekki fyrr en, virðulegi forseti, að það er ljóst að þessi samningur — hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson er mjög órólegur og það er ekkert undarlegt miðað við fortíð þeirra við stjórn landsins þar sem þeir lokuðu augunum fyrir þeim gríðarlega mikla vanda sem blasir núna við þjóðinni hvað varðar gjaldmiðilinn.

Virðulegi forseti. Þegar stjórnmálamenn loka augunum (Gripið fram í.) fyrir því að við eigum í gjaldmiðilsvanda eru þeir að vanrækja hagsmuni þjóðarbúsins í heild. Og það er ekki ástæðulausu sem bæði Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og fleiri samtök og samtök launþega, hafa kallað á það að Evrópuumræðan verði tekin hér af krafti.

Virðulegi forseti. Heimilin og fyrirtækin eru í gríðarlegum vanda og við megum ekki endalaust karpa á þennan sama hátt um þessi Evrópumál. Við erum í gríðarlegum gjaldmiðilsvanda. Við verðum að fara að leysa þau mál, við verðum að fara að leiða þau til lykta. Þess vegna fagna ég því sem fram kemur í ályktun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá síðasta landsfundi þeirra að landsfundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggi áherslu á að aðild Íslands að Evrópusambandinu eigi að leiða til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu. (Forseti hringir.) Það er akkúrat það, virðulegi forseti, sem við þurfum að gera. Nú eigum við þingmenn að taka okkur saman og setja málið í þann feril og ég treysti Samfylkingunni til að ná slíkri niðurstöðu með Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

[13:44]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Það hefði óneitanlega verið gaman ef hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, sem er formaður iðnaðarnefndar, hefði komið aðeins inn á Helguvíkurmálið en henni gefst væntanlega kostur á því seinna.

Ég vildi aðeins koma því á framfæri að það er ekki að ástæðulausu sem vakið er máls á þessu hér við umræðuna í dag. Það er vegna þess að annar flokkurinn í ríkisstjórninni talar til Brussel og hinn talar sig burt frá Brussel. Það er skýrt. Það kom skýrt fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar, formanns þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, áðan. Það kom raunar líka mjög skýrt fram í viðtalinu sem ég vitnaði til áðan við Steingrím J. Sigfússon í vefsjónvarpi Morgunblaðsins í gær þar sem hann leggur þunga áherslu á það að við eigum að vinna okkur út úr þeim vanda sem við Íslendingar erum í og menn finni engar töfralausnir í Evrópusambandsaðild eða evruupptöku einhvern tíma í framtíðinni. Steingrímur lagði þunga áherslu á þetta og það er eiginlega alveg óskiljanlegt að þingmenn Samfylkingarinnar skuli reyna að láta í veðri vaka að staðan sé ekki með þeim hætti að flokkarnir séu að tala algerlega hvor í sína áttina. Þetta er athyglisvert vegna þess að annar flokkurinn segir að á næsta kjörtímabili og helst í byrjun næsta kjörtímabils sé umsókn um Evrópusambandsaðild stærsta málið. Hinn flokkurinn segir að þetta eigi að bíða fram í framtíðina og við sjáum að ástarsambandið á milli þessara tveggja flokka er alla vega í orði kveðnu þannig að þeir ætla nánast að ganga sameinaðir til kosninga. Þetta er eitthvað skrýtið og það er auðvitað ekki að ástæðulausu að við reynum að fá skýringar á þessu í dag.

Það sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson og fleiri hafa sagt um að mikil stefnumörkun sé fólgin í því af hálfu Vinstri grænna að málið eigi að leiða til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu er náttúrlega eins og hvert annað grín vegna þess að í 15 ár frá því að EES-samningurinn (Forseti hringir.) var tekinn upp hefur enginn stjórnmálamaður á Íslandi talað öðruvísi en svo að málið yrði leitt til lykta með þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að tilvísun (Forseti hringir.) til þessa er algerlega út í hött og sýnir enga stefnubreytingu í þessum málum.

[13:46]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég beini spurningu til hv. formanns heilbrigðisnefndar, og af ástæðu. Þetta er afskaplega stórt mál og þau gerast ekki stærri. Eins og menn vita samþykktum við fjárlög hér upp á að setja 7.000 millj. kr. minna í heilbrigðismálin en áætlað var.

Við þekkjum að síðasta ríkisstjórn ákvað að fara út í sameiningar og skipulagsbreytingar sem eru, eins og allir vita, erfið mál en það var gert til þess, virðulegi forseti, að vernda heilbrigðisstarfsfólkið og þjónustuna. Svo kemur ný ríkisstjórn og nýr heilbrigðisráðherra sem hefur allan rétt á að breyta því sem ákveðið var.

Það sem við höfum farið fram á, en ekki hefur verið svarað þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um, er að fá að vita hvað á að gera. 20. janúar kom hæstv. heilbrigðisráðherra á fund nefndarinnar og hafði engin svör, virðulegi forseti, engin svör. Síðan erum við á hverjum einasta nefndarfundi búin að biðja um upplýsingar um það hvernig framkvæmdir fjárlaga gangi og hvað eigi að gera. Ég hef séð í fjölmiðlum að hópar voru settir af stað sem áttu m.a. að skila af sér mjög stórum niðurstöðum 12. mars. Nú er 24. mars. Það að menn fá ekki svör við þessu er afskaplega slæmar fréttir fyrir heilbrigðisstarfsfólk og afskaplega slæmar fréttir fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda.

Virðulegi forseti. Það er ekki boðlegt að fund eftir fund vilji meiri hlutinn ekki ræða þetta. Hann vill ekki ræða þetta grundvallarmál. (**Gripið fram í:** Þú ert svo mikill ...) Þess vegna fer ég fram á hér, í þingsal, að við fáum upplýsingarnar sem eru nauðsynlegar en mér sýnist sem menn ætli að ýta vandanum á undan sér sem eru skelfilegar fréttir fyrir heilbrigðisstarfsfólk og skelfilegar fréttir fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda.

[13:49]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég skil vel áhyggjur hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, fyrrverandi heilbrigðisráðherra. Hann samþykkti hér og gekk frá fjárlögum þessa árs með tæplega 7.000 millj. kr. niðurskurði til heilbrigðisþjónustunnar svo ég skil vel áhyggjur hans. Hv. þingmaður hafði sem ráðherra einnig undirbúið skipulagsbreytingar í heilbrigðisþjónustunni með tilliti til þessa.

Þegar ný ríkisstjórn tók til starfa 1. febrúar komu áhyggjur hv. þingmanns og fyrrverandi ráðherra glögglega í ljós og hann óskaði strax eftir því að hæstv. ráðherra kæmi fyrir nefndina. Við því var orðið eins fljótt og hægt var þannig að 20. febrúar kom hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir nefndina og gerði henni grein fyrir skipulagsbreytingum og þeirri stöðu sem vinnan við þær var í á þeim tíma. Þær höfðu tekið töluverðum breytingum. Það að gera grein fyrir framkvæmd fjárlaga út árið hlaut að taka mið af þeim breytingum sem voru þá í undirbúningi.

Hv. þingmaður hefur nokkrum sinnum óskað eftir því að fá upplýsingar um framkvæmd fjárlaga, m.a. á síðasta fundi nefndarinnar. Þá strax talaði ég við heilbrigðisráðherra og óskaði eftir því að hann kæmi á næsta fund nefndarinnar og gerði grein fyrir stöðunni með tilliti til framkvæmdar fjárlaga eins og staðan er í dag. Ráðherra eða ráðuneytisfólk mun koma á fund nefndarinnar á fimmtudagsmorgun sem er næsti reglulegi fundur nefndarinnar og vonandi fáum við þá, nefndin öll, (Forseti hringir.) góðar upplýsingar um það hvernig hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin ætla að standa að framkvæmd fjárlaga.

[13:51]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég sakna þess að hæstv. heilbrigðisráðherra skuli ekki vera hér í salnum þegar við ræðum m.a. um heilbrigðismál þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Þekki ég það mætavel, hv. þm. Árni Páll Árnason. Hér erum við að ræða undir liðnum um störf þingsins um heilbrigðiskerfið þar sem skera þarf niður 7.000 millj. kr. á þessu ári.

Þrír mánuðir eru liðnir af þessu fjárhagsári og ekkert bólar á því hvernig hæstv. heilbrigðisráðherra ætlar að klára sig af þeim 7.000 millj. kr. sem niðurskurður í heilbrigðiskerfinu verður fyrir. Þrír mánuðir eru liðnir.

Er þetta ekki lýsandi dæmi, hæstv. forseti, um kjarkleysi hæstv. heilbrigðisráðherra? Hann og hans flokkur ætla sér í kosningarnar 25. apríl án þess að hafa tekið á þeim mikla vanda sem er í heilbrigðiskerfinu til að geta sagst síðar meir hafa verið skilinn eftir með 7.000 millj. kr. niðurskurð.

Þetta er kjarkleysi, hæstv. forseti. Það þarf að grípa til ráðstafana. Þetta er vandi heilbrigðiskerfisins. Þetta er vandi innan fjárhagsáætlunar 2009. Það þarf að gera þetta, hæstv. forseti, og ég harma kjarkleysi hæstv. heilbrigðisráðherra og flokks hans, Vinstri grænna, í þeim heilbrigðismálum sem við stöndum nú frammi fyrir. Ég skora á hæstv. heilbrigðisráðherra að gera þinginu grein fyrir því með hvaða hætti hann hyggist taka á þeim mikla vanda sem við blasir og ekki láta það bíða til 25. apríl eða bíða nýrrar ríkisstjórnar að loknum kosningum. Það, hæstv. forseti, er meira en kjarkleysi, það er dugleysi.

[13:53]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Það er varla hægt að bæta nokkru við þau orð sem komu frá hv. þingmanni hér á undan. Fyrir rúmum mánuði tókum við umræðu á hinu háa Alþingi um skýrslu heilbrigðisráðherra um heilbrigðismál. Það var fátt um svör og eiginlega afar fátt um svör, það var með því fátæklegra sem maður hefur heyrt um ævina. Ekki hafa svörin skýrst í dag frá hv. þm. Þuríði Backman.

Það sem stóð eftir af umræðunni fyrir mánuði var að allur þungi sparnaðar ætti að leggjast á Landspítala – háskólasjúkrahús. Hann átti að taka niður 2,7 milljarða kr. Það var fallið frá því að sameina heilbrigðisumdæmin, það var fallið frá því að sameina stofnanir og samstarf sjúkrahúsanna í kraganum var sett í biðstöðu.

Afleiðingin er sú að starfsfólk Landspítalans situr uppi með þá tilfinningu að það eitt eigi að taka á sig sparnað og aðrar heilbrigðisstofnanir í kringum Reykjavík eru í lausu lofti. Þær hafa ekki fengið leiðbeiningar frá heilbrigðisráðuneytinu um hvernig þær eigi að ná niður kostnaði. Fjórðungur af árinu er liðinn og engar tillögur liggja fyrir.

Ég vil líka nefna annað mál, sameiningu heilbrigðisstofnana á Austurlandi sem hv. þm. Þuríður Backman þekkir mætavel til. Á fundi heilbrigðisnefndar í síðustu viku var m.a. rætt um Heilbrigðisstofnun Austurlands og m.a. voru stjórnendur stofnunarinnar inntir eftir því hvort það hefðu verið mistök að sameina stofnanirnar á sínum tíma. Það var eindregin skoðun þeirra — þau voru afdráttarlaus í þeim svörum — að þetta hefði verið rétt skref, það hefði verið gott fyrir þjónustuna, fyrir skipulagið, fagfólkið og sjúklingana.

Þess vegna spyr ég hv. þingmann: Telur hann að það að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur horfið frá sameiningu heilbrigðisumdæma í Héraði hafi verið mistök, hann sé með því móti að taka af þessum svæðum (Forseti hringir.) tækifæri til að bæta heilbrigðisþjónustuna? Er það (Forseti hringir.) niðurstaðan? Er það það sem hæstv. heilbrigðisráðherra vill gera?

[13:55]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það er hálfhjákátlegt, eiginlega pínlegt, að fylgjast með fulltrúum Samfylkingarinnar ræða málin í þingsal. Það er alveg sama hvaða þjóðþrifamál eru rædd hér, hagsmunir heimilanna eða atvinnulífsins, alltaf koma stöðluð svör frá Samfylkingunni um að lausnin felist í því að ganga í Evrópusambandið.

Hér kom hv. þm. Grétar Mar Jónsson og spurði þeirrar einföldu spurningar hvort til stæði að halda áfram framkvæmdum í Helguvík. Hv. (Gripið fram í.) þingmaður, formaður iðnaðarnefndar, sá ekki ástæðu til að svara þeirri einföldu spurningu, heldur fór að ræða um Evrópumálin eða spurði hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. (Gripið fram í.)

Það virðist sem Samfylkingin eigi bara stöðluð svör við öllum spurningum sem til hennar er beint: Að ganga í Evrópusambandið. Og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson er orðinn svo illa haldinn af Evrópuveikinni að hann er farinn að lúslesa drög að landsfundarályktunum Sjálfstæðisflokksins og endurreisnarskýrslu Sjálfstæðisflokksins í þeirri von að hann hafi náð einhverjum árangri í að smita okkur sjálfstæðismenn af Evrópuveiki sinni. Og nú hafa þeir snúið sér að Vinstri grænum sem eru töluvert að gefa eftir í málinu. Þessir tveir flokkar ætla síðan að ganga hönd í hönd til kosninga og það verður dálítið gaman að sjá hvernig það kosningabandalag mun virka. Vinstri grænir munu tala gegn aðild að Evrópusambandinu á meðan Samfylkingin vill ganga inn. Samt sem áður halda þeir því fram að ekki

slitni slefan á milli þeirra í pólitík.

Það er rangt sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði ekki mótað sér stefnu í Evrópumálum. Stefna Sjálfstæðisflokksins (Forseti hringir.) er sú að það þjóni hagsmunum Íslands best (Forseti hringir.) að standa utan Evrópusambandsins og það viðhorf (Forseti hringir.) viðraði hv. þm. Bjarni Benediktsson (Forseti hringir.) í viðtali við *Fréttablaðið* sem hér var vitnað til.

[13:58]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það hlýtur að vera svolítið önugt hlutskipti fyrir Vinstri græna að um leið og þeir samþykkja ályktanir sínar á flokksþingi taki við einhvers konar pólitískir fréttaskýrendur, þingmenn Samfylkingarinnar, (Gripið fram í.) sem útskýra fyrir þjóðinni hvað Vinstri grænir hafi í raun og veru meint. Þegar þeir samþykktu t.d. að þeir væru á móti Evrópusambandinu komu þingmenn Samfylkingarinnar og sögðu: Þetta þýðir að þeir eru að opna leiðina inn í Evrópusambandið. Þetta er einhvers konar kollhnísufréttaskýring sem er engu lagi lík og hlýtur að slá öll met.

Þá liggur fyrir að formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur talað mjög afdráttarlaust um að þeir séu á móti því að fara inn í Evrópusambandið gagnstætt því sem fréttaskýrendur í Samfylkingunni halda fram. Svo var önnur samþykkt gerð á flokksþingi Vinstri grænna og hún var sú að núna ætti að fara í vinstri stjórn eftir kosningar og það væri stjórn með Samfylkingunni. Það liggur fyrir afdráttarlaus vilji forustumanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þeim efnum en þá vaknar einföld spurning: Mun VG gera Evrópumálin að úrslitaatriði? Er þetta eitthvert umsemjanlegt mál, eitthvað sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð ætlar sér síðan eftir kosningar að semja um og komast að einhverri annarri niðurstöðu svo þeir geti þjónað fréttaskýrendunum í Samfylkingunni?

Vinstri hreyfingin – grænt framboð verður eftir þessa umræðu að fara að tala miklu skýrar. Þeir verða að segja okkur hvort þetta verði gert að úrslitaatriði, hvort þetta sé eitthvert svona mál sem menn geti samið um í einhverju bixi eftir kosningar. Eða ætlar Vinstri hreyfingin – grænt framboð að standa í lappirnar? Þora þeir, geta þeir, vilja þeir? Er viljinn til að sitja á ráðherrastólunum með Samfylkingunni, mesta Evrópustefnuflokki á Íslandi, e.t.v. svo sterkur að þeir ætli að semja um þetta mál? Er þetta eitthvert skítabixmál sem þeir geta bara (Forseti hringir.) samið um til þess að sitja sem ráðherrar áfram? (Gripið fram í.)

[14:00]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég ætla að tala um allt annað. Þann 5. mars hélt ég ræðu og var þar fullbjartsýnn og sagði að verðhjöðnun mundi verða um næstu mánaðamót sem varð tilefni til þess að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir átaldi mig og sagði, með leyfi herra forseta:

„Ég veit að það er ljótt að fara að draga niður þann jákvæða tón sem kom fram hjá hv. formanni efnahags- og skattanefndar" — sem ég var reyndar ekki — „en raunveruleikinn er bara sá að þetta er allt saman mjög þungt hjá okkur, Íslendingum, og verður eflaust áfram."

Nú hefur orðið verðhjöðnun. Reyndar bárust mjög slæm tíðindi síðustu helgi varðandi sparisjóðina en við verðum að halda uppi hinum jákvæðu tíðindum sem koma fram. Verðhjöðnun þýðir að verðtryggðar skuldir heimilanna lækka. Verðtryggðar greiðslur af lánum lækka og raunvextir stýrivaxta Seðlabankans verða óheyrilega háir, þeir eru farnir að nálgast 30% sem þýðir það í mínum huga að Seðlabankinn mun lækka stýrivexti umtalsvert á næsta ákvörðunardegi. Hann mun væntanlega lækka þá niður í 8–10%. Ég mundi ráðleggja mönnum það til þess að raunvextirnir verði ekki óbærilegir.

Þetta eru jákvæð tíðindi, herra forseti. Ég held að þingið verði líka að koma með jákvæðar fréttir út í þjóðfélagið svona til viðbótar við sólskinið sem skín úti — þetta er ekki allt saman einn táradalur. Ég vildi gjarnan minna á það aftur að verðhjöðnun frá Hagstofunni, lækkun á verðtryggingu, er einmitt það sem skuldug heimili í landinu þurftu, smáglætu um það að skuldirnar hækki ekki endalaust, séu loksins farnar að lækka eilítið.

[14:02]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að fá að svara jákvæðum fyrirspurnum eins og þeirri sem kom fram hjá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni áðan um álverið í Helguvík. Þannig vill til að efnahags- og skattanefnd afgreiddi í morgun umsögn um fjárfestingarsamninginn um álverið í Helguvík. Þar segir að nefndin hafi rætt mikilvægi framkvæmdarinnar fyrir atvinnustig á Suðurnesjum og suðvesturhorninu og þær jákvæðu breytingar sem það mundi hafa í för með sér, eins og komið hefði fram hjá fulltrúum sveitarfélaga á svæðinu — um þau jákvæðu áhrif sem það hefði á tekjustofna sveitarfélaga, húsnæðismarkað og atvinnumarkað með margvíslegum hliðaráhrifum.

Efnahagsáföllin hafa haft neikvæð áhrif á mannvirkja- og þjónustugeira og mikill slaki hefur myndast í hagkerfinu og samdráttur er fyrirsjáanlegur. Því má almennt reikna með að álversframkvæmdir muni hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið, sérstaklega atvinnu- og framleiðslustig, og leggur efnahags- og skattanefnd til að iðnaðarnefnd samþykki frumvarpið um fjárfestingarsamninginn í Helguvík. (Gripið fram í.)

Þetta eru að sjálfsögðu mjög jákvæðar fréttir og þær á að draga fram líka, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi hér áðan. Því er mér ánægjuefni að svara hv. þm. Grétari Mar Jónssyni, fulltrúa frjálslyndra í nefndinni — hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, áheyrnarfulltrúi, var samþykkur frumvarpi þessu. Ég tel, af því að þingmaðurinn spurði beint, *líkur á því að Norðurál takist að halda áfram að* byggja upp álverið sem skóflustunga var tekin að í byrjun júní í fyrra og það muni ganga vel. Þeim hefur tekist að endurfjármagna framkvæmdirnar eftir að íslensku bankarnir féllu í haust, það voru gífurlega jákvæð tíðindi. Ég hef átt reglubundin samtöl við þá eins og margir aðrir hér um framvindu þessara mála og ég er bjartsýnn á að framkvæmdirnar við álversskálann í Helguvík verði komnar á

hástig í haust. Við getum þannig horft björtum augum fram á það að mjög jákvæðar fréttir komi inn í atvinnulífið hér á suðvesturhorninu og á Suðurnesjunum sem er framhald framkvæmda við álverið í Helguvík.

Umræðu lokið.

Tilhögun þingfundar.

[14:05]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Þrátt fyrir ákvæði 4 mgr. 10. gr. þingskapa, um lengd þingfunda, er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðum um dagskrármálin er lokið. Er óskað eftir atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? (**Gripið fram í:** Til miðnættis?) Gæti orðið lengur samkvæmt þessu. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir óskar eftir atkvæðagreiðslu og síðan taka við aðrar atkvæðagreiðslur í framhaldi þannig að kallað verður til atkvæðagreiðslu. — (Gripið fram í.) Þar til dagskrá er lokið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:08]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram í skýringum hæstv. forseta að hann ætli að halda fundi áfram fram yfir miðnætti. Við teljum það ekki ráðlegt í ljósi þess að hér eru mörg mál sem þurfa vandaða umfjöllun og óþarfi að verið sé að ræða þau í skjóli nætur. Við erum tilbúin til að vera hér til miðnættis en ekki fram yfir miðnætti. Ég skil atkvæðagreiðsluna svo að hæstv. forseti sé að leggja til næturfund, sem sagt fund fram yfir miðnætti. Við greiðum atkvæði gegn því.

[14:09]

Árni Páll Árnason (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Á þriðja tug mála liggja fyrir á dagskránni hér í dag. Hægt miðaði með dagskrá þingsins í gær. Það liggur fyrir að fólkið í landinu bíður eftir að við komum þessum málum frá okkur og það er mjög mikilvægt að í störfum þingsins haldist taktur á næstu dögum. Við þurfum að vinna okkur í gegnum þessi mál (Gripið fram í.) og það verður einfaldlega að vera þannig að við göngum frá málum og klárum mál sem eru á dagskránni. Þingmönnum er engin vorkunn að vinna sig í gegnum þau mál sem hér liggja fyrir. (Gripið fram í.) Þessi mál þurfa afgreiðslu og ekki á að draga það að klára mál þegar þau eru tilbúin, þau liggja hér á dagskránni. (Gripið fram í.) Fólkið í landinu á það skilið að þingmenn standi vaktina og ljúki (Gripið fram í.) vinnu við þessi mál.

[14:10]

Pétur H. Blöndal (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Á dagskránni eru 26 mál. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið fylgjandi því að keyra í gegn mál sem varða hag heimila og fyrirtækja í landinu. Ég ætla að telja upp nokkur mál sem eru á dagskrá: Íslenskur ríkisborgararéttur, ég sé ekki að það mál breyti hag íslenskra heimila nokkuð. Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja. (Gripið fram í.) Náttúruvernd, rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, lífsýnasöfn, raforkulög, visthönnun vöru sem notar orku og síðan samráðsfundur sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda, samráð Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda og samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum fulltrúum. Þessi mál ætlum við að ræða fram yfir miðnætti.

Afbrigði um 4. mgr. 10. gr. þingskapa, um lengd þingfundar, samþ. með 26:15 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, EyH, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KHeim, LB, MS, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, EKG, GMJ, GÞÞ, IllG, JM, KÓ, PHB, REÁ, SKK, StB.

22 þm. (ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjörkG, GHH, GSB, HHj, HerdÞ, HöskÞ, JónG, KÞJ, KLM, ÓN, RR, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:12]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Vegna ummæla sem hér féllu áðan (Gripið fram í.) — herra forseti, get ég fengið þögn, takk fyrir.

Við erum hér með langa dagskrá, það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Árna Páli Árnasyni. En eins og er hjá ríkisstjórninni almennt ægir hér öllu saman. Inni á milli eru vissulega brýn mál sem varða hagsmuni heimila og fyrirtækja í landinu, þau eru nokkur. Við sjálfstæðismenn höfum lýst því yfir að við viljum gjarnan afgreiða þau. Meiri hluti þessara mál er hins vegar ekki í neinu samhengi við efnahagsvandann sem við eigum við að stríða. Þetta sýnir í hnotskurn þann mikla vanda sem ríkisstjórnin glímir við, henni er gersamlega ómögulegt að forgangsraða, henni er gersamlega ómögulegt að skipuleggja sig þannig að þingið geti gengið til þeirra verka sem mikilvægust eru.

[14:13]

Jón Magnússon:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal rakti með hvaða hætti dagskrá er skipað hér í dag og sýndi fram á þarfleysi þess að vera að draga umræðuna og heimila umræður fram yfir miðnætti eða þess vegna fram á nótt.

Vandamálið felst í því að ríkisstjórnarflokkarnir eru ekki samstiga um það með hvaða hætti skuli afgreiða mál. Mikilvæg mál standa föst og eru ekki afgreidd út úr nefndum. Þess vegna kemur það þannig út að mikilvæg mál, sem snúast um hagsmuni heimila og taka á þeim bráðavanda sem við er að glíma í þjóðfélaginu, eru ekki á dagskrá, en miða á við það að ganga frá og leggja fram ákveðin gælumálefni sem hafa ekkert að gera með þann brýna vanda sem um er að ræða.

Ég segi því nei við því að dagskráin sé lengd fram yfir miðnætti en er tilbúinn að vera hér til (Forseti hringir.) miðnættis til þess að afgreiða þau mál sem þarf að afgreiða og tel (Forseti hringir.) þá rétt að menn forgangsraði dagskrármálum eðlilega.

[14:14]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Það er til skammar að hæstv. forsætisráðherra skuli ekki gera þinginu grein fyrir því af hverju mikilvæg mál sem varða heimilin og fyrirtækin í landinu eru ekki rædd hér í þingsal.

Hugsanlega getur sjálfskipaður blaðafulltrúi hæstv. forsætisráðherra, Árni Páll Árnason, gert það, sem sagði að hér væru mikilvæg mál á ferðinni fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. Hvaða mál eru það? Eru það lífsýnasöfn? Er það visthönnun vöru sem notar orku? Er það árlegur vestnorrænn dagur? (Gripið fram í.) Er það samráðsfundur sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda? (Gripið fram í.) Er það samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum fulltrúum?

Hvers konar vitleysa er þetta eiginlega? Það er verið að fylla dagskrána af alls kyns málum sem engu skipta hvað varðar þau brýnu viðfangsefni sem fólkið í landinu bíður eftir að ríkisstjórnin taki á. Hæstv. forsætisráðherra verður að fara að (Forseti hringir.) svara því hvenær þau mál koma fram, herra forseti.

[14:16]

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. 26 mál eru á dagskrá. Þar af leyfi ég mér að fullyrða að allt aftur til máls 22, ég veit ekki um þau sem eru nr. 23 og aftar, eru samkomulagsmál. Það er enginn ágreiningur um þau. En ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að fara í ágreining um það að aflétta bankaleynd og auka heimildir til hins sérstaka saksóknara? (**SKK:** Af hverju ...?) Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að stöðva frumvarp um ábyrgðir? Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að stöðva frumvarp um breytingu á skaðabótum — eða hvað? Hvað eru menn að tala um hér?

Það er enginn vandi, áheyrandi þingmenn Sjálfstæðisflokksins, ef þið nennið að vinna vinnuna ykkar að klára (Gripið fram í.) þessa dagskrá fyrir miðnætti. Hér hefur verið fullyrt að það sé til skammar fyrir okkur sem styðjum þessa ríkisstjórn að vilja (Forseti hringir.) halda áfram að vinna. Ég segi bara að Sjálfstæðisflokknum er greinilega ómögulegt að sinna vinnunni sinni ef hann getur ekki sætt sig við dagskrá (Forseti hringir.) sem er fullt samkomulag um. (Gripið fram í.)

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla þingmála o.fl.

[14:18]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir var með orð sem eru ekki við hæfi og ekki í neinu samræmi við raunveruleikann. Ég hvet núna, virðulegi forseti, bæði forseta og þennan meiri hluta, minni hluta öllu heldur, á bak við þessa ríkisstjórn til að halla sér aftur og hugsa hvernig þessir ágætu þingmenn létu þegar þeir voru sjálfir í stjórnarandstöðu. (**Gripið fram í:** Er það ...?)

Virðulegi forseti. Ég held að það væri mjög skynsamlegt ef ...

(**Forseti** (GuðbH)**:** Ég bið hv. þingmenn að gefa hljóð í salnum svo menn geti lokið máli sínu.)

Virðulegi forseti. Ég held að það væri mjög skynsamlegt ef forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar og forseti mundu setjast niður með stjórnarandstöðunni og taka út þau mál sem virkilega skipta máli og reyna að klára þingstörf, gera þetta almennilega. (Gripið fram í.) Það stendur ekki á okkur sjálfstæðismönnum. Við höfum hvað eftir annað lýst yfir vilja okkar til að hjálpa til með að nauðsynjamál fari í gegnum þingið. (Forseti hringir.) Af hverju gera menn það ekki í staðinn fyrir að standa (Forseti hringir.) að þessum eilífa kjánaskap sem er uppi núna?

[14:19]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Ég bið forseta um upplýsingar um hvers vegna ekki er á dagskrá þingsályktunartillaga um hvalveiðar sem hér hefur verið rekið eftir að yrði tekin fyrir. Hvenær hyggst hæstv. forseti taka fyrir það mál?

[14:20]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég geri athugasemd við þá fundarstjórn forseta að þegar hv. þm. Álfheiður Ingadóttir leyfði sér að segja í þingsal til þingmanna Sjálfstæðisflokksins að þeir nenntu ekki að vinna vinnuna sína skyldi hæstv. forseti ekki lemja í bjöllu og áminna þingmanninn fyrir að ganga þannig á heiður þingmanna Sjálfstæðisflokksins.

Hæstv. forseti. Mér er verulega brugðið við það að þingmaður Vinstri grænna, Álfheiður Ingadóttir, væni mig um það að ég vinni ekki vinnuna mína. Ég tel það hámark dónaskapar og vanvirðu af hálfu hv. þingmanns og ég krefst þess að hún biðji mig í það minnsta afsökunar á því vegna þess að hér hef ég verið að vinna vinnuna mína frá því að ég var kjörin á þing þann 12. maí 2007. Ég frábið mér svona málflutning, hæstv. forseti, og ég hefði kosið að forseti hefði barið í bjöllu og áminnt þingmanninn.

[14:21]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Hér hefur það gerst að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa hvatt til þess að reynt yrði að forgangsraða málum þannig að áhersla yrði lögð á að reyna að afgreiða þau mál sem snúa að hag heimilanna, atvinnulífinu sjálfu og efnahagsmálunum í heild. Það er það sem við höfum farið fram á og það er þá varla stórmannlegt að bregðast við eins og stjórnarliðarnir hafa gert í ræðum sínum áðan, að segja að það bendi til þess að þingmenn Sjálfstæðisflokksins nenni ekki að vinna. Við hvetjum þvert á móti til þess að við reynum að snúa saman bökum um að ljúka þeim málum sem brýnust eru. En þá er því mætt með þvílíkum hroka og mannalátum að það er varla hægt að rifja upp nokkurt dæmi álíka þessu.

Ríkisstjórnin getur ekki mannað sig upp í að forgangsraða málum, m.a. vegna þess að það er ágreiningur á milli stjórnarflokkanna sem m.a. veldur því líka að sum brýn mál eru hreinlega á vergangi í nefndum þingsins vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir geta ekki komið sér saman. Það er vandamálið sem við er að glíma. Við erum tilbúin til að

vinna að (Forseti hringir.) þessum málum en þá þýðir ekki að setja hér á langa fundi um mál sem varða ekki (Forseti hringir.) þau brýnustu mál sem við erum hér að reyna að fjalla um.

[14:22]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Mér er ljúft og skylt að biðja hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur og aðra þingmenn Sjálfstæðisflokksins í salnum afsökunar á þeim orðum mínum að þeir nenni ekki að vinna vinnuna sína. Mér hljóp kapp í kinn undir þeim yfirlýsingum og árásum sem við sátum hér undir og ég biðst forláts á því.

Mitt erindi var í rauninni það að segja að við ættum að geta lokið þessari dagskrá með góðu móti fyrir miðnætti miðað við þá dagskrá sem hér liggur fyrir og þá samstöðu sem er milli allra flokka og þingmanna á þinginu um fyrirliggjandi mál.

Leikskólar og grunnskólar, frh. 3. umr.

Frv. menntmn., 390. mál (réttur forsjárlausra foreldra til upplýsinga). — Þskj. 656.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BBj, EKG, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, IllG, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KHeim, LB, MS, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack.

23 þm. (ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörkG, EMS, GHH, GSB, HHj, HerdÞ, HöskÞ, JónG, KÓ, KÞJ, KLM, ÓN, SF, SJS, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 791).

Grunnskólar, frh. 2. umr.

Frv. menntmn., 421. mál (samræmd könnunarpróf). — Þskj. 714, nál. 759.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Náms- og starfsráðgjafar, frh. 2. umr.

Frv. menntmn., 422. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 715, nál. 763.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Tóbaksvarnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 162. mál (EES-reglur, varúðarmerking og auglýsingar). — Þskj. 190, nál. 679.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Málefni aldraða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 412. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 700, nál. 769.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]

Brtt. í nál. 769 samþ. með 42 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Barnaverndarlög og barnalög, frh. 2. umr.

Frv. KolH o.fl., 19. mál (bann við líkamlegum refsingum o.fl.). — Þskj. 19, nál. 772, brtt. 773.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]

Brtt. 773,1 (ný 1. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 773,2–4 (nýjar 2.–4. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til fél.- og trn.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 376. mál (hlutaatvinnuleysisbætur, auknar upplýsingar, eftirlit o.fl.). — Þskj. 635, nál. 770.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:29]

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

2.–10. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 770,1 (tvær nýjar greinar, verða 11.–12. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

11.–24. gr. (verða 13.–26. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 770,2 samþ. með 40 shlj. atkv.

25. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

26. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 22. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Embætti sérstaks saksóknara, frh. 2. umr.

Stjfrv., 393. mál (rýmri rannsóknarheimildir). — Þskj. 663, nál. 760, brtt. 762.

[14:32]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Við höldum hér áfram umræðu um frumvarp um embætti sérstaks saksóknara vegna þess banka- og efnahagshruns sem við urðum fyrir á liðnu hausti. Eins og hv. þingmenn muna var víðtæk samstaða um það á sínum tíma að stofna til þessa embættis. Vissulega komu fram ákveðnar athugasemdir við það enda hefði verið hægt að fara einhverjar aðrar leiðir í þessu sambandi en engu að síður varð niðurstaðan sú að það var góð samstaða í þinginu um að fela sérstökum saksóknara að hafa með höndum rannsóknir á hugsanlegu saknæmu atferli í tengslum við bankahrunið

Nú er embættið tekið til starfa og það er í því samhengi sem hér liggur fyrir þetta frumvarp sem fjallar um valdheimildir embættisins og eins og kom fram í umræðu í gær og rétt er að rifja upp er meginefni frumvarpsins tvíþætt. Annars vegar að afmarkaðar verði með skýrari hætti og rýmkaðar þær heimildir sem sérstakur saksóknari hefur til öflunar upplýsinga og gagna vegna rannsóknar einstakra mála. Hins vegar að lagt er til að skylt sé að verða við kröfu embættisins um að láta í té upplýsingar og gögn þó að þau séu háð þagnarskyldu samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja.

Hér er vissulega verið að ganga nokkuð á svig við það sem almennt hefur gilt í íslenskum rétti, þagnarskyldan hefur verið rík, en hér er meðvitað verið að draga verulega úr vægi hennar með það að markmiði að upplýsa þau mál sem kunna að varða við refsiákvæði laga og tengjast bankahruninu.

Þetta hvort tveggja er afar mikilvægt. Það er mikilvægt að embætti sérstaks saksóknara hafi þau tæki sem nauðsynleg eru til þess að hann nái markmiði sínu eða markmiði laganna um sérstakan saksóknara. Það er mikilvægt og um það er ekki pólitískur ágreiningur að nauðsynlegt er að rannsaka til hlítar þau mál sem tengjast bankahruninu. Það er nauðsynlegt að þau yfirvöld sem fara með rannsókn þeirra mála hafi víðtækar heimildir og þess vegna er full ástæða til að styðja þetta mál alveg eindregið.

Frumvarpið felur líka í sér og það tengist þessu að það ferli að ráða fólk til starfa verður einfaldað hjá embætti sérstaks saksóknara. Í rauninni er verið að veita undanþágu frá ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um auglýsingaskyldu til að tryggja að ekki þurfi að fara í gang þungt ferli til að ráða starfsmenn. Staðreyndin er sú að þeir starfsmenn sem embætti sérstaks saksóknara hefur áhuga eða þörf á að fá eru í dag annaðhvort hjá stofnunum eins og efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra eða auðgunarbrotadeild lögreglustjóraembættisins á höfuðborgarsvæðinu og slíkum embættum. Þar af leiðandi hafa viðkomandi starfsmenn vissulega farið í gegnum ákveðið ráðningarferli áður en til þessarar tilfærslu kemur.

Það er líka rétt að hafa í huga í þessu sambandi að embætti sérstaks saksóknara er hugsað sem tímabundið embætti og þeir sem þangað eru ráðnir koma þar aðeins til tímabundinna starfa en ekki varanlegra. Engin leið er að segja til um á þessu stigi hversu lengi þetta embætti þarf að vera við lýði. Við vonum auðvitað að rannsókn mála gangi hratt en hins vegar segir reynslan það að þegar um er að ræða stór og umfangsmikil og jafnvel mjög flókin brotamál eins og geta verið í tengslum við efnahagsbrot getur tekið verulegan tíma að rannsaka mál og fylgja þeim eftir í gegnum allt ferlið. Því er ljóst að þetta embætti er ekki til einhverra mánaða en það er hins vegar tímabundið og þess vegna er hugsanlega ástæða til að víkja frá þeim ströngu skilyrðum sem almennt gilda í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins til að greiða fyrir því að þetta embætti geti farið að starfa af fullum krafti og til þess að ekki verði meiri tafir á verkefnum þess en óhjákvæmilegt er.

Vísað er til þess í nefndarálitinu að þetta ákvæði tekur mið af heimild sem rannsóknarnefnd þingsins vegna bankahrunsins hefur til ráðningar fólks. Það hefur ekki verið ágreiningur um það og þarna er um sambærilegt ákvæði að ræða þannig að ekki er ástæða til að gera athugasemdir við það. Þvert á móti er rétt að vekja athygli á því að þessi vilja bæði ráðuneytisins og allsherjarnefndar til að létta á ferlinu í sambandi við þær skyldur sem lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafa í för með sér vekur mann til umhugsunar um þær ósveigjanlegu reglur sem gilda í þeim lögum almennt. Án þess að ég vilji fara lengra út í þá umræðu er auðvitað umhugsunarefni að það þurfi sérstakar lagabreytingar til að víkja frá þessum reglum og hlýtur að kalla á það að mínum dómi að hugað verði að breytingum á lögunum sjálfum, lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þannig að svigrúm til að bregðast við aðstæðum eins og eru uppi varðandi hinn sérstaka saksóknara

verði aukið og hugsanlega svigrúmið í þeim lögum almennt.

Þetta eru efnisatriði frumvarpsins. Við sjálfstæðismenn í allsherjarnefnd höfum stutt þetta mál og munum gera það í gegnum þingið. Við teljum að þetta sé til framfara. Það er eitt atriði til viðbótar sem ég vildi geta um hér sem eðli málsins samkvæmt er ekki innifalið í frumvarpinu en hefur þó náin tengsl við það og það eru spurningar um fjárheimildir embættisins. Þegar upphaflegt frumvarp um sérstakan saksóknara var samþykkt í þinginu fyrir jólin, í desember ef ég man rétt, gátum við þess í nefndaráliti allsherjarnefndar að tryggja þyrfti að fjárskortur stæði ekki í veginum fyrir því að þetta embætti gæti náð markmiðum sínum í sínu starfi. Þar sem hæstv. dómsmálaráðherra er viðstaddur umræðuna vildi ég beina þeirri spurningu til ráðherrans hvernig staðan sé varðandi fjármál þessa embættis. Það var ákveðinn rammi samkvæmt fjárlögum, spurningin er hvort fyrirsjáanlegt sé að sá rammi haldi eða hvort nauðsynlegt sé að auka við fjárveitingar til embættisins og þá hversu viðamikil aukning verður þar um að ræða.

Ég vil taka það fram til að fyrirbyggja allan misskilning að þrátt fyrir að ég telji að víða þurfi að spara og gæta aðhalds í hinum opinbera rekstri um þessar mundir tel ég að við verðum, fjárveitingavaldið á Alþingi, að verja fjármunum til rannsókna hugsanlegra brota í þessum málaflokki og að fjárskortur megi ekki standa í vegi fyrir því að mál verði upplýst og leidd til lykta fyrir dómstólum með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir.

[14:41]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður beindi til mín spurningu sem varðar fjármál embættisins. Í fjárlögum ársins 2009 er gert ráð fyrir 50 millj. kr. fjárveitingu til embættisins sem byggist á þeim forsendum að þar séu þrír, fjórir starfsmenn í byrjun en síðan verði í lok ársins níu starfsmenn. 76 milljónir að mig minnir á árs grundvelli.

Farið hefur fram endurskoðun á rekstraráætlun embættisins sem ég kynnti í ríkisstjórn í morgun sem miðar að því að auka fjölda starfsmanna embættisins. Áætlunin gengur út á það að þar séu 16 fastir starfsmenn auk erlendra ráðgjafa. Var mér falið ásamt forsætisráðherra og fjármálaráðherra að ganga frá málinu til ákvörðunar í ríkisstjórn á föstudag. Það er ljóst að kostnaður við vinnu erlendra sérfræðinga er enn þá nokkuð óljós og þarf að athuga hann betur en það liggur fyrir að ef embættið hefði á að skipa 16 starfsmönnum kostaði það á ársgrundvelli u.þ.b. 170 milljónir. Hér er auðvitað um verulega aukningu að ræða en ég held að það sé alveg nauðsynlegt að búa þannig að embætti sérstaks saksóknara að hann geti sinnt rannsókn brota í tengslum við bankahrunið af fullum krafti.

[14:43]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir þessi svör. Ég vek athygli hv. þingmanna á því að hér er um talsverð tíðindi að ræða. Hér er bæði gert ráð fyrir verulegri aukningu fjármuna til embættisins og um leið er gert ráð fyrir að starfsmannafjöldi verði aukinn umtalsvert. Ég hef ekki forsendur til að draga í efa eða leggja mat á þær forsendur um upphæðir sem lagðar eru til grundvallar í þessu máli en mér finnst hins vegar full ástæða til að fagna því að þessi skref hafa verið stigin, bæði hvað varðar eflingu embættisins og fjárheimildir, sem ég þykist vita að séu ákveðnar eða lagðar til á grunni góðra upplýsinga. Ég vil bara lýsa þeirri skoðun minni að ég tel afar mikilvægt að við þingmenn stöndum við bakið á þessu verkefni, á þessu embætti og tryggjum því það svigrúm og afl sem það þarf til að ljúka sínum mikilvægu verkum.

[14:44]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill beina athygli hv. þingmanns að því að klukkan í ræðupúltinu er biluð eins og er þannig að þessi niðurtalning á tveimur mínútum á ekki við ræðu hv. þingmanns og hann getur verið rólegur í ræðustól.)

Þýðir það, frú forseti, að það sé ótakmarkaður ræðutími fyrir þingmanninn?

(**Forseti** (ÞBack): Það vill nú ekki svo vel til fyrir hv. þingmann. Kannski ekki eins vel fyrir þingið. En klukkunni verður komið í lag.)

Þakka þér fyrir það frú forseti. Ef ég hefði ótakmarkaðan tíma hefði ég óskað eftir því að fá að sækja fleiri gögn til þess að styðjast við í ræðu minni sem ég ætla að flytja um þetta mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara, sem er auðvitað breyting á lögum sem við samþykktum hér þann 11. desember 2008.

Fullseint, sögðu margir og þar á meðal við sjálfstæðismenn. Eins og kunnugt er lét fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra semja það frumvarp og flutti og mælti fyrir því hér í þinginu eftir að hafa með nokkrum harmkvælum náð að fá það samþykkt í þingflokki Samfylkingarinnar sem einhverra hluta vegna á þeim tíma stóð á móti þessu frumvarpi og fann því ýmislegt til foráttu þrátt fyrir að vera í stjórnarsamstarfi með Sjálfstæðisflokknum. Það var auðvitað dálítið sérstakt á þeim tíma eftir bankahrunið þegar menn vildu finna sökudólga sem eðlilegt er, meinta sökudólga sem haldið var fram að bæru ábyrgð á bankahruninu. En á endanum varð það frumvarp að lögum.

Nú ræðum við breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara sem hefur það fyrst og fremst að markmiði að auka heimildir embættisins til þess að kalla eftir upplýsingum og gögnum, að minnsta kosti að gera þær heimildir skýrar og ótvíræðar.

Það er ekkert launungarmál að við sjálfstæðismenn, þingflokkurinn allur og fulltrúar flokksins í hv. allsherjarnefnd, styðjum það frumvarp. Við styðjum þá viðleitni sem fram kemur í frumvarpinu, að styrkja embætti sérstaks saksóknara þannig að því verði enn frekar gert kleift að upplýsa, rannsaka og eftir atvikum gefa út ákærur í málum sem falla undir lög nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara. Enda er það kannski meginkjarninn í málflutningi flokksins að nauðsynlegt sé að rannsaka aðdraganda og orsakir bankahrunsins og fela þar til bærum yfirvöldum þau tæki sem nauðsynleg eru til þess að sú rannsókn geti farið fram.

Það er auðvitað ekkert bundið við þetta mál. Við í Sjálfstæðisflokknum höfum, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, lagt töluverða áherslu á að heimila og veita lögreglunni og yfirvöldum þau tæki sem nauðsynleg eru til þess að rannsaka mál og til að mynda berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Það var viðleitni í þá átt og fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, hefur flutt frumvörp varðandi t.d. greiningardeild ríkislögreglustjóra. Hann hefur flutt frumvarp um breytingar á lögum til þess að berjast gegn mansali og skipulagðri glæpastarfsemi. Í hvert einasta skipti sem slík mál hafa verið flutt af hálfu Sjálfstæðisflokksins hafa vinstri menn hér í þingsalnum brugðist illa við öllum slíkum tilburðum. Það er dálítið sérstakt þegar menn gefa því annars vegar undir fótinn að eðlilegt sé að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi en vilja síðan ekki veita yfirvöldum þær heimildir sem nauðsynlegar eru til að gera það.

En það er auðvitað annað mál. Í þessu frumvarpi erum við ekki beint að fjalla um skipulega glæpastarfsemi heldur hugsanleg lögbrot sem urðu til í aðdraganda bankahrunsins.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er lagt til í fyrsta lagi að afmarkað verði með skýrum hætti í lögum þær heimildir sem hinn sérstaki saksóknari hefur til öflunar upplýsinga og gagna gagnvart þeim stofnunum og aðilum sem vísað er til í frumvarpinu, þ.e. Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu, skattrannsóknarstjóra ríkisins og öðrum eftirlits- og réttarvörslustofnunum, skilanefndum og öðrum sem vinna að greiðslustöðvun, nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum fjármálafyrirtækja. Undir það tek ég, þetta eru breytingar sem að mínu mati eru nauðsynlegar.

Það sama má segja um þá tillögu sem fram kemur í frumvarpinu, að leggja til rýmri heimildir embættisins til upplýsinga og gagnaöflunar og þar undir falli skilanefndir gömlu bankanna og aðrir sem vinna að gjaldþrotaskiptum, greiðslustöðvun eða nauðungarsamningi fjármálafyrirtækja. Þannig eru tekin af öll tvímæli um þá skyldu nýju bankanna þriggja, sem stofnaðir voru um hluta af rekstri Glitnis hf., Kaupþings hf. og Landsbankans hf., til að afhenda hinum sérstaka saksóknara gögn.

Það er nauðsynlegt í ljósi þess að gera má ráð fyrir því að þeir aðilar sem ég hef nefnt kunni að hafa undir höndum mikilvægar upplýsingar eða gögn sem hinn sérstaki saksóknari telur að geti nýst embættinu í starfi sínu. Það segir sig auðvitað sjálft að til þess að þau úrræði sem við fjöllum um hér um þjóni tilgangi sínum og til þess að hinn sérstaki saksóknari geti sinnt störfum sínum þarf hann að hafa fullnægjandi heimildir og fullnægjandi aðgang að mikilvægum upplýsingum og gögnum svo að hægt verði að leiða sannleikann um það hvers vegna fór sem fór, fram í dagsljósið. Það eru auðvitað mikilvægar heimildir sem hér eru færðar fram og skýra umfram það sem gert var í lögunum eins og þau voru þegar þau voru samþykkt þann 11. desember 2008.

Það er krafa um það í þjóðfélaginu að rannsókn þessara mála gangi hratt og vel fyrir sig og að helstu álitamál því tengd verði leidd til lykta. Við sjálfstæðismenn höfum alveg frá upphafi verið reiðubúnir til þess að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til þess að slík rannsókn geti gengið eins snurðulaust fyrir sig og mögulegt er.

Við umfjöllun um málið í hv. allsherjarnefnd komu fram ábendingar um að gera þyrfti breytingar á því lagaumhverfi sem embætti sérstaks saksóknara starfar í. Þessar breytingartillögur vörðuðu starfsmannahald og í framhaldi af því lagði nefndin til að frumvarpið yrði samþykkt með breytingu. Hún felur í sér að vikið yrði frá skyldu laga nr. 7/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, til þess að auglýsa störf hjá embætti sérstaks saksóknara svo að ekki þurfi að fara í þungt ferli til þess að ráða starfsmenn sem nú eru einkum hjá embætti efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og auðgunarbrotadeildar lögreglustjóraembættisins á höfuðborgarsvæðinu.

Sérstakur saksóknari er tímabundið embætti og því eru menn ekki ráðnir þangað til langframa. Unnt þarf að vera að kalla menn til verkefna án mikillar fyrirhafnar og tíma til að fara í gegnum umsagnarferlið og ákvæðið tekur mið af heimild sem rannsóknarnefnd þingsins hefur til ráðningar fólks. Hins vegar er ekki ætlunin með þessum breytingum að víkja frá málefnalegum sjónarmiðum og gagnsæi sem eftir sem áður þarf að gæta við ráðningu starfsmanna.

Sú breytingartillaga sem lögð er til og þingmenn allra stjórnmálaflokka á Alþingi, utan Frjálslynda flokksins sem ekki á fulltrúa í nefndinni, standa að, felur í sér ákveðin tímamót vegna þess að hér er verið að leggja til undanþágu frá lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Verið er að sveigja af þeirri leið sem mörkuð hefur verið varðandi ráðningarmál opinberra starfsmanna og veita afslátt af þeim meginreglum sem fram koma í lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. En það er afsláttur sem til að mynda hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa fram til þessa aldrei verið reiðubúnir til að taka til umræðu.

Nú veit ég ekki hvort þessi breyting felur það í sér að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verði til viðræðu um að gera einhverjar breytingar á opinberu vinnumarkaðslöggjöfinni og séu reiðubúnir til þess að liðka fyrir á þeim hluta vinnumarkaðarins. Vonandi er það nú þannig enda hefur það staðið rekstri ríkisins töluvert fyrir þrifum hversu erfitt er að gera breytingar í starfsmannahaldi þar, án þess að ég nefni sérstök dæmi. En þetta er lítið skref í þá átt af hálfu hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að gera opinbera vinnumarkaðinn sveigjanlegri. Að minnsta kosti kýs ég að líta svo á og tel á að þau sjónarmið búi þar að baki þangað til annað kemur í ljós. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Ég tók eftir því að hæstv. dómsmálaráðherra hélt blaðamannafund fyrr í dag. Tilkynnt var að gerðar væru breytingar á starfsmannahaldi hins sérstaka saksóknara á þá leið að starfsmönnum hjá embættinu yrði fjölgað. Ef ég man rétt og get endursagt fréttina rétt kemur fram að starfsmenn embættisins verði 16 talsins en að auki hafi *embættið heimildir til þess að ráða til sín erlenda sérfræðinga*. Ef ég tók rétt eftir kom fram í andsvari hæstv. dómsmálaráðherra áðan að starfsmenn embættisins kynnu að verða allt að 20 talsins.

Það er út af fyrir sig ánægjuefni og ég fagna því sérstaklega að hæstv. dómsmálaráðherra sé reiðubúin til þess að leggja meira í embætti sérstaks saksóknara en ráð var fyrir gert í upphafi. Við höfum fengið ábendingar um að það

þyrfti fjölmennara og öflugra starfslið hjá embættinu til þess að takast á við það risavaxna verkefni sem hrun fjármálakerfisins og rannsókn á því er. Og hæstv. dómsmálaráðherra hefur nú stigið það skref.

Ég minnist þess t.d. að hin fræga kona, Eva Joly, sem mun vera frambjóðandi vinstri grænna til Evrópuþingsins, er það ekki, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir? Hún hefur lýst því yfir að embætti sérstaks saksóknara sé, eins og upphaflega var gert ráð fyrir, hálfgert grín. Það þyrfti meiri mannafla til að rannsaka þau mál sem embættinu er ætlað að rannsaka og hæstv. dómsmálaráðherra hefur nú brugðist við því.

Það kom líka fram í andsvari hæstv. dómsmálaráðherra að upphaflega hefðu fjárframlög til þessa embættis verið áætluð um 50 millj. kr. Ég er, eins og hv. þm. Birgir Ármannsson sem talaði á undan mér, auðvitað talsmaður þess að við Íslendingar skerum niður í ríkisrekstri og verðum að gera það. Þegar ríkissjóður er rekinn með 150 milljarða kr. halla er augljóst mál að menn geta ekki leyft sér hvað sem er og einhvers staðar þarf að skera niður. En ég er hins vegar þeirrar skoðunar þegar kemur að löggæslumálunum og réttarvörslukerfinu á Íslandi að það sé sá málaflokkur sem síst má við niðurskurði. Það þarf að halda hér uppi lögum og rétti og til þess þarf auðvitað að kosta töluverðum fjármagni.

Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra, og eftir atvikum hv. þingmenn stjórnarliðsins, geti verið sammála mér um að það sé mun mikilvægara að veita fjármuni til hins sérstaka saksóknara til þess að efla það embætti jafnvel enn frekar og styrkja. Og hugsanlega má fella undir þann hatt þá rannsóknarnefnd sem þingið skipaði að veita þessum aðilum aukna fjármuni til sinna starfa frekar en að verja allt að 2.000 millj. til þess að koma á stjórnlagaþingi á Íslandi. Er nú ekki brýnna verkefni fyrir samfélag okkar að standa þannig að málum að hinn sérstaki saksóknari geti svo vel sé sinnt embætti sínu eða hlutverki og rannsakað aðdraganda og orsakir bankahrunsins? Er það ekki mikilvægara en að stofna nýtt þing við hliðina á því sem fyrir er?

Það hefði ég talið, ef menn vilja góða forgangsröðun í kerfinu öllu. Ég hefði talið að skynsamlegra væri að nota þá fjármuni sem Framsóknarflokkurinn og stjórnarflokkarnir vilja nota, 2.000 millj. kr., til að stofna til stjórnlagaþings, til verkefna eins og þeirra sem sérstaka saksóknaranum er ætlað að sinna.

Þegar menn bera saman annars vegar þann kostnað sem ætlaður er til starfsemi embættis sérstaks ríkissaksóknara og kostnaðinn vegna stjórnlagaþingsins eins og fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins metur hann, er sérstaka saksóknaranum ætlaðar 50 millj. kr. en stjórnlagaþinginu 2.000 millj. kr.

Að mínu mati er þeim fjármunum betur komið — eða að minnsta kosti hluta þeirra — hjá sérstaka saksóknaranum og eftir atvikum hjá rannsóknarnefndinni. Þetta er eitt af brýnustu málunum sem þarf að sinna í samfélaginu. Það er mikil krafa uppi um að þau mál sem sérstaki saksóknarinn og rannsóknarnefndin eiga að sinna verði upplýst og við verðum einfaldlega að gefa þessum embættum í stjórnkerfi okkar möguleika á því að sinna verkefnum sínum með sómasamlegum hætti og það munum við sjálfstæðismenn styðja. En við eigum að setja ýmis önnur gæluverkefni til hliðar sem ekki skipta jafnmiklu máli og þetta verkefni. Það starf sem embætti sérstaks saksóknara vinnur og sú rannsóknarnefnd sem stofnað var til er grunnurinn að því að hægt sé að endurheimta það traust sem glataðist í tengslum við fall og hrun fjármálakerfisins. Það viljum við öll endurheimta.

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur áður varpað þessum hugmyndum fram opinberlega sem ég reifa hér. Ég hlýt að ætla að menn taki slíkar hugmyndir til alvarlegrar skoðunar, sérstaklega þegar staðan í fjármálum ríkisins er með þeim hætti að menn verða að forgangsraða og geta ekki leyft sér hvað sem er. Þeir þurfa því að setja sum mál í meiri forgang en önnur.

En að öðru leyti, frú forseti, lýsi ég mig fylgjandi þessu máli og sömuleiðis þeirri breytingartillögu sem hv. allsherjarnefnd leggur til á frumvarpinu. Ég mun beita mér fyrir því að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi eins hratt og örugglega og mögulegt er.

[15:05]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Til að taka af öll tvímæli kem ég í pontu og fullvissa hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson um að stuðningur Vinstri grænna við að falla frá auglýsingaskyldu í þessu tiltekna máli er ekki fyrirheit um stefnubreytingu á vegum flokksins. Við styðjum af heilum hug kröfu um auglýsingar í opinber embætti og störf eins og margoft hefur komið fram. Ég minni á margítrekaðar kröfur þeirrar sem hér sendur um að ekki verði látið dragast lengur að auglýsa eftir bankastjórum og öðrum lykilstjórnendum í nýju bönkunum. Ástæðan fyrir því sem lagt er til af hálfu hv. allsherjarnefndar, og þar á meðal tveggja fulltrúa Vinstri grænna sem þar eiga sæti, er að hér er um sérstakt tímabundið embætti að ræða og menn eru því ekki ráðnir þar til langframa eins og skýrt kemur fram í nefndaráliti. Enn fremur þarf að vera unnt að kalla menn til verkefna án mikillar fyrirhafnar og tíma við að fara í gegnum umsóknarferli.

Ég vil nota þetta tækifæri og fagna því að ríkisstjórnin hefur frá því að hún tók við völdum sett nauðsynlegan og aukinn kraft í starf þessa embættis sem við ræðum nú og ég fagna yfirlýsingu hæstv. dómsmálaráðherra um bættan og styrkari fjárhagsgrundvöll til þess að tryggja öflugra starf embættisins.

[15:07]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir skýrt svar um að hún telji að í þessari tillögu sem hér liggur fyrir og allsherjarnefnd leggur til felist ekki nein grundvallarbreyting á þeim sjónarmiðum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð og hv. þingmenn þess flokks hafa haft uppi varðandi meginreglur sem gilda á vinnumarkaðsrétti á opinberum markaði. Það er auðvitað sjónarmið út af fyrir sig að telja að það eigi ekki að breytast.

En mig langar hins vegar að spyrja hv. þingmann hvort hún telji að við þær aðstæður sem uppi eru á íslenskum vinnumarkaði, þar sem mörg fyrirtæki og stofnanir berjast í

bökkum fjárhagslega, ríkissjóður á í geysilegum fjárhagslegum erfiðleikum, sé ekki ástæða til að taka vinnumarkaðslöggjöfina til endurskoðunar, til hvaða niðurstöðu sem sú endurskoðun kann að leiða. Hagfræðingar hafa verið sammála um að eitt af lykilatriðum fyrir þjóðfélög til að rífa sig upp úr þrengingum sé að vinnumarkaður og vinnumarkaðslöggjöf séu sveigjanleg. Hún er það ekki á Íslandi í dag, a.m.k. ekki hvað varðar opinbera vinnumarkaðinn. Ég legg svo sem ekki sjálfur til einhverjar tillögur í því sambandi, ég tek það fram. En ég spyr: Telur hv. þingmaður að við þær óvenjulegu aðstæður sem uppi eru í samfélaginu og á vinnumarkaðinum núna hvort ekki sé ástæða til að gefa sér tíma til að renna yfir vinnumarkaðsréttinn og vinnumarkaðslöggjöfina og athuga (Forseti hringir.) hvort það megi ekki bæta?

[15:10]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nei, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Ég tel það ekki brýnt verkefni með tilliti til ástandsins sem nú er í samfélaginu að fara í að umbylta vinnulöggjöfinni á Íslandi, langt í frá. Ég tel að við þær óvenjulegu aðstæður sem hér ríkja þurfum við að einbeita okkur að öðrum hlutum. Í mínum huga er endurskoðun á lagaumhverfi í viðskiptalífinu og í lagaumhverfi eins og hér hefur verið rætt um, um nýju bankana, miklum mun mikilvægara verkefni. Ég held að þeir opinberu starfsmenn og þeir sem sinna nú störfum með minna kaup og undir meira álagi í velferðarþjónustunni okkar eigi ekki að beina kröftum sínum í að stokka upp lagaumhverfið heldur þvert á móti á að leyfa fólki að vinna sín störf í friði og ró að því leytinu til.

[15:11]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil koma því á framfæri að ég var ekki að leggja það til að vinnulöggjöfinni yrði umbylt, síður en svo. Það voru hvorki mín orð né tillaga að réttarreglum á opinberum vinnumarkaði yrði umbylt. Ég var að velta því fyrir mér í ljósi þess að við gerum nú ákveðnar tilslakanir á þeim meginreglum sem gilda á opinberum vinnumarkaði og öll nefndin stendur að, hvort hv. þingmaður teldi að ástæða væri til að líta yfir vinnumarkaðslöggjöfina og kanna hvort á henni þyrfti að gera breytingar með hliðsjón af þeim óvenjulegu aðstæðum sem uppi eru á vinnumarkaði.

Ég get alveg tekið undir það með hv. þingmanni að það eru ýmis önnur verkefni sem eru þarfari og brýnni eins og endurreisn bankakerfisins og að reyna að koma atvinnulífinu í gang til að verja þau störf sem fyrir eru og búa til ný svo sporna megi gegn atvinnuleysi, svo fólk hafi vinnu, svo það geti greitt af lánum sínum o.s.frv. Því miður hefur talsvert skort á að núverandi ríkisstjórn sinni þeim málum og eins og við ræddum í upphafi þessa þingfundar eru önnur mál sem varða bankana, fyrirtækin og heimilin til umfjöllunar á þessum þingfundi. En menn hljóta a.m.k. að íhuga það að þegar aðstæður eru svona óvenjulegar í samfélaginu, þar á meðal á vinnumarkaðnum, hvort ástæða sé til þess að fara yfir vinnulöggjöfina. Ég er ekki viss um að nauðsynlegt sé að gera breytingar á henni en ég varpaði þessu sjónarmiði fram til umhugsunar. En ég get alveg fallist á það með hv. þingmanni Álfheiði Ingadóttur að það eru önnur og brýnni verkefni sem bíða úrlausnar á þinginu en sú yfirferð.

[15:14]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég kom inn á í andsvari áðan kynnti ég breytta rekstraráætlun sérstaks saksóknara fyrir ríkisstjórn í morgun. Endanleg ákvörðun verður væntanlega ekki tekin fyrr en á föstudag en mér var falið ásamt forsætisráðherra og fjármálaráðherra að vinna áfram að málinu. Það er alveg ljóst að ef af verður er um að ræða töluverð útgjöld og í því samhengi þarf að skoða hvort finna megi einhverja samlegðarþætti, að skoða hvort hinir erlendu sérfræðingar geti nýst bæði Fjármálaeftirliti og hjá hinum sérstaka saksóknara. Það þarf að athuga hvernig við getum notað peningana á sem skynsamlegastan hátt.

Í því samhengi vil ég segja þá skoðun mína að ég tel að það sé mjög brýnt að rannsóknarnefnd þingsins og hinn sérstaki saksóknari skiptist á upplýsingum. Rannsóknarnefndin láti saksóknaranum í té upplýsingar sem gagnast geta rannsókn hans eftir því sem henni er unnt en það er alveg ljóst að verksvið þessara tveggja stofnana er mismunandi.

Varðandi það sem kom fram í ræðu hv. þingmanns að forgangsraða þurfi í ríkisrekstri vil ég kynna að ég hef ákveðið að setja á fót vinnuhópa í dóms- og kirkjumálaráðuneyti til að fara yfir hin ýmsu svið í dóms- og kirkjumálaráðuneyti til að athuga hvort hægt sé að finna einhverja samlegðarþætti, annaðhvort í stofnunum eða í verkefnum þannig að unnt sé að nýta fjármagnið sem best.

[15:16]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það þarf svo sem ekki að hafa langt mál um þetta. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir þær upplýsingar sem hér hafa verið veittar varðandi þá breyttu rekstraráætlun sem hún hefur kynnt. Eins og ég sagði áðan tel ég að það sé til sóma og mikilla bóta að fjölga starfsliði hjá hinum sérstaka saksóknara. Ég fagna þeim fyrirætlunum hæstv. dómsmálaráðherra og ég hygg að við sjálfstæðismenn munum allir standa á bak við þá breytingu. Ég tel að fjölgun hjá sérstökum saksóknara sé mikilvægari en fjölgun ýmissa annarra aðila sem eiga að fara á launaskrá hjá ríkinu sem ég veit að hv. þm. Pétur H. Blöndal mun fjalla hér um í ræðu sinni á eftir.

Þetta eru forgangsatriðin sem við eigum að fjalla um. Þetta er forgangsröðin. Við eigum að forgangsraða í krafti þeirra hagsmuna sem í húfi eru og hér eru verulegir hagsmunir í húfi.

Ég vil enn og aftur þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir frumkvæði hennar í þessu máli sem við sjálfstæðismenn munum að sjálfsögðu styðja.

[15:17]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til að þakka fyrir þær málefnalegu umræður sem átt hafa sér stað um þetta frumvarp. Af því að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir er hér í salnum, og talaði um að ekki stæði á sér að vinna vinnuna

sína, finnst mér eðlilegt að vekja athygli á því að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir er eini stjórnarþingmaðurinn í salnum auk virðulegs forseta. Það er spurning hvort það er mælikvarði, ég reikna með að þingmenn vinni vinnuna sína með öðrum hætti. En það er hins vegar athyglisvert að enginn þeirra þingmanna sem greiddu atkvæði með því að hér yrði settur á lengri fundur, fram á kvöld og þess vegna fram á nótt, er hér í salnum nema hv. þm. Álfheiður Ingadóttir. Aðrir eru horfnir á braut, þá til einhverra annarra hluta. Mér finnst eðlilegt að vekja athygli á því vegna þeirra orða sem látin voru falla fyrr í dag, en þakka síðan hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir afsökunarbeiðnina sem hún sendi, m.a. mér, vegna ummæla sinna. Ég tek henni að sjálfsögðu með þökkum.

Varðandi ummæli hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur um bankaleynd og að hér væri fjallað um frumvarp sem fæli í sér að verið væri að afnema bankaleynd þá er það ekki rétt. Það er verið að heimila víðtækari rannsóknarheimildir fyrir það sérstaka embætti sem hér er um að ræða, þ.e. embætti sérstaks saksóknara. Það er eingöngu um það að ræða en ekki almennt frumvarp til þess að breyta að einhverju leyti ákvæðum laga eða reglna um bankaleynd. Þær eru eftir sem áður hinar sömu og verið hafa og um það hefur verið rætt að nauðsynlegt væri að gera breytingar á þeim reglum. Ég hygg að víðtæk samstaða sé um það hér í þinginu að unnið sé að því að gera breytingar á reglum um bankaleynd og aflétta henni í þeirri mynd sem hún er. Boðaðar breytingar af hálfu ríkisstjórnarinnar, af hálfu viðskiptaráðherra, hvað það varðar hafa ekki komið fram, á því stendur. Engin tillaga liggur hér fyrir til umfjöllunar um að vinna eigi að afnámi bankaleyndar sem er vissulega tímabært.

Að gefnu tilefni vil ég taka fram að ég tel að þær reglur sem verið hafa við lýði um bankaleynd séu gjörsamlega fráleitar eins og nú háttar til og hafi því miður verið ákveðið skjól fyrir brotastarfsemi, þar á meðal alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi. Ég er ekki að tala um að eitt eða neitt af íslensku fjármálafyrirtækjunum hafi verið slíkt skjól en það er alveg ljóst að þessi leynd hefur virkað gegn þeim hugmyndum sem ætlunin var að vernda og snúist upp í það að vera til þjóðfélagslegs tjóns. Brýna nauðsyn ber til að gera þarna breytingar á og þess vegna hefði verið æskilegt að fyrir þinglok hefði verið hægt að afgreiða frumvarp til laga þar sem breytingar yrðu gerðar hvað þetta varðar.

Ég lít þannig á að það sé eitt það brýnasta sem um er að ræða varðandi það að koma breytingum og nýskipan á mál er tengjast fjármálastarfseminni í landinu, þ.e. að sett sé öðruvísi regluverk um fjármálastofnanirnar þannig að þær þurfi að gæta sömu sjónarmiða og hagsmuna og um er að ræða að öðru leyti í viðskiptalífinu og þurfi að standa opnar fyrir rannsóknaraðilum og gefa upplýsingar um það sem hugsanlega getur verið nauðsynlegt að fá upplýsingar um til að saksóknarar og/eða þeir sem eru að rannsaka mál geti myndað sér skoðun um það hvort um brotastarfsemi hafi verið að ræða eða ekki.

Bæði hv. þm. Birgir Ármannsson og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gerðu grein fyrir því að góð samstaða hefði verið um stofnun embættis sérstaks saksóknara og það er í sjálfu sér rétt svo langt sem það nær. Ég gerði hins vegar athugasemdir við það á sínum tíma þegar þetta sjónarmið var fyrst orðað hér í þinginu, áður en frumvarp um embætti sérstaks saksóknara kom til afgreiðslu, að það gæti verið spurning hvort ekki væri heppilegra að styrkja meir embætti þeirra sem hefðu með rannsóknir á efnahagsbrotum að gera eða hvort betra væri að fara þá leið sem síðan var farin, þ.e. með stofnun embættis sérstaks saksóknara.

Þegar við gengum frá því frumvarpi og allsherjarnefnd fór yfir það og gerði nauðsynlegar ráðstafanir og breytingar á því töldum við að þar væri um að ræða — og hefði verið samið um og gengið frá víðtækum heimildum til handa sérstaks saksóknara og hann gæti rækt starf sitt sem best og gæti komið áfram þeim málum sem nauðsyn ber til að gera í sambandi við efnahagshrunið sem hefur orðið á Íslandi og þeim afbrotum sem hugsanlega eru tengd því.

Það liggur hins vegar fyrir að það þarf að veita embætti hins sérstaka saksóknara mun rýmri heimildir og er góð samstaða um að standa þannig að málum og er ekkert annað en gott um það að segja. Varðandi það nefndarálit sem fylgir þessu máli frá allsherjarnefnd liggur fyrir að allir viðstaddir nefndarmenn, þar á meðal sá sem hér stendur, standa að nefndaráliti um þá lagabreytingu sem hér er til umræðu og leggjum við til að hún verði samþykkt. Það geri ég.

Ég tel mjög gott að ná fram þeirri rýmkun sem hér er um að ræða og tel hana nauðsynlega. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort ekki sé nauðsynlegt að hafa sams konar ákvæði almennt í lögum þannig að sömu heimildir gildi um aðra saksóknara svo að þeir hafi þær heimildir sem hér er fjallað um, að geta óskað eftir atriðum sem þýðingu geta haft við rannsókn sakamáls eða ákvarðanatöku um það hvort rétt sé að hefja slíka saksókn og annað í þeim dúr, þ.e. að þeir geti haft, án sérstakra dómsúrskurða og sérstakra aðgerða, þær heimildir sem verið er að fjalla um að veita hinum sérstaka saksóknara. Ég hefði talið mjög æskilegt að þannig væri farið að, að heimildir hvað þetta varðar til upplýsingaöflunar yrðu mjög rýmkaðar. Í ljósi þeirra aðstæðna sem við búum við tel ég mikilvægt að við höfum réttarfarsákvæði einsleit, að við búum ekki til sérstök atriði fyrir eitt embætti sem gildir ekki fyrir annað. Ég hefði því talið í fyrsta lagi, og taldi á sínum tíma þegar afgreitt var mál um sérstakan saksóknara, að varðandi heimildir til þess að falla frá kæru eða veita afslátt af refsingu hefði átt að miða við þau ákvæði sem gilda í almennum hegningarlögum hvað það varðar, sem eru hin almennu ákvæði um það atriði. Ef breytingar hefði átt að gera hefði verið eðlilegt að gera breytingar á almennum hegningarlögum til þess að það sama gilti um alla hvað þetta varðar.

Mér hefði fundist eðlilegt að hafa þá umgjörð, þ.e. að um hinn sérstaka saksóknara giltu sömu atriði og gilda almennt við réttarvörslu og réttarframkvæmd í landinu. Það sama tel ég að eigi við hér, það sé mjög mikilvægt að hið sama gildi um hinn sérstaka saksóknara og aðra saksóknara í þessu landi, að þeir hafi víðtækar rannsóknarheimildir, ekki minni rannsóknarheimildir en hér er lagt til, í því frumvarpi sem hér er til umræðu, að veitt sé embætti hins sérstaka saksóknara. Það fyndist mér eiginlega höfuðatriði og ég beini því til hæstv. dómsmálaráðherra, sem hér er, að hún hlutist til um það að láta útbúa frumvarp til breytingar á lögum hið fyrsta þar sem miðað er við það að sú almenna

regla gildi að saksóknarar geti fengið sömu heimildir og hér er lagt til hvað varðar hinn sérstaka saksóknara.

Það skiptir gríðarlega miklu máli að sem gleggstar og bestar upplýsingar geti legið fyrir við rannsókn sakamála. Það skiptir máli hvort ákvörðun er tekin um að ákæra einstakling eða gera það ekki og að þær ákvarðanir byggist á traustum gögnum og málefnalegum grundvelli. Eins og það var orðað á sínum tíma þegar — ég hygg að það hafi verið þegar lagt var til að stofnað yrði embætti sérstaks saksóknara á sínum tíma en þá var talað um að stofna embætti ríkissaksóknara vegna þess að áður fyrr heyrði það mál undir dómsmálaráðherra. Þegar lagt var fram frumvarp til laga um að stofnað yrði embætti sérstaks saksóknara sem skyldi vera ríkissaksóknari ræddi flutningsmaður um að það skipti gríðarlega miklu máli að heimildir saksóknara til upplýsingaöflunar væru rúmar og ræddi sérstaklega í því sambandi, ef mig rekur rétt minni til, að það væri mjög mikilvægt að þeir sem ekkert hefðu til saka unnið en lægju undir grun gætu losnað við það að ákæra væri gefin út á hendur þeim. Þannig hefur það því miður oft verið í íslenskri réttarframkvæmd að menn hafa mátt þola að fá á sig ákærur, algjörlega að tilefnislausu eða tilefnislitlu. Það er einn af mikilvægustu hlutum í sambandi við réttarríkið að til þess þurfi ekki að koma nema í sem allra fæstum tilvikum. Ég lít á það sem eitt mikilvægasta atriðið í því sambandi að rannsóknaraðilar geti þá aflað sér þeirra gagna, viðhlítandi gagna, sem gerir þeim fært að taka málefnalega afstöðu til þess hvort ákæra skuli eða ekki.

Nú háttar svo til að í þjóðfélaginu, frá því að efnahagshrunið varð, hafa óendanlega miklar sögusagnir og samsæriskenningar verið á sveimi og margir hafa verið bornir mjög þungum sökum, þar á meðal ýmsir ráðamenn þjóðarinnar. Það skiptir því miklu máli að mál fáist rannsökuð sem allra fyrst og með sem öruggustum hætti. Ég verð að lýsa ánægju minni yfir því að hæstv. dómsmálaráðherra skuli hafa upplýst þjóðina um það að meiningin sé að styrkja mjög embætti hins sérstaka saksóknara með þeim ummælum sem hún viðhafði á blaðamannafundi í dag þar sem rætt var um að saksóknari fengi 16 fastráðna menn sér til aðstoðar við sitt vandasama starf, auk þess sem fjallað er um að til þess kunni að koma að þar þurfi aukinheldur að ráða sérfræðinga að málum.

Ég reikna því miður með að sá fjárlagarammi sem er skammtaður þessu embætti verði þannig að Alþingi þurfi að bæta við fjárheimildum til þess að saksóknarinn geti þá unnið það verk sitt svo sem til er ætlast og miðað við þann aukna starfsmannafjölda sem um er að ræða.

Það að fjölga svo í starfsliði hins sérstaka saksóknara hefur að mínu viti grundvallarþýðingu í sambandi við það að embættið hafi frumkvæði að því að kanna mál. Ég gat ekki séð, miðað við það hvernig embættið virtist fara af stað, annað en að miklu víðtækari hlutir, sem ég hygg að bæði núverandi hæstv. dómsmálaráðherra og fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra hafi fúslega viljað leggja embættinu til, þyrftu að koma til — það væri nauðsynlegt að miða við að þetta embætti hefði jafnvel frekar en önnur embætti saksóknara í landinu frumkvæði að því að fara að kanna mál, skoða hvort einhver fiskur lægi undir steini þannig að nauðsynlegt væri að velta steininum við. Ég lít svo á, virðulegi forseti, að það sé mjög mikilvægt í þessu þjóðfélagi miðað við það sem um hefur verið að ræða að hverjum einasta steini verði velt við, það verði með skjótum hætti gengið úr skugga um það hvort um afbrot hafi verið að ræða eða ekki, afbrot sem leitt gætu til kæru og refsingar.

Þrátt fyrir að ég hafi haft ákveðinn fyrirvara varðandi það að embætti sérstaks saksóknara yrði sett á laggirnar, þar sem ég velti fyrir mér hvort heppilegra væri að styrkja það embætti sem fyrir var, en það var alveg ljóst að það var eindreginn vilji mikils meiri hluta þingsins að fara þá leið sem farin var. Þá stöndum við frammi fyrir því og okkur ber að tryggja það að hinn sérstaki saksóknari í þessum brotaflokki hafi sem víðtækastar heimildir og hafi sem rýmst fjárráð og möguleika til að ráða til sín löglærða aðila sem eru sérfræðingar í bankamálum, bankarétti og öðru, til að hægt sé að ljúka rannsóknum og hafa þær á sem málefnalegustum grunni.

Ég kom aðeins að skoðun á máli sem bandaríska skatteftirlitið hafði til meðferðar en það snerti bankamál og bankalegar tilfærslur. Í ákveðnu einbýlishúsi á vesturströnd Bandaríkjanna bjuggu hjón sem höfðu rekið mjög viðamikla svikastarfsemi og þurfti mikinn mannafla til að rannsaka málið í þaula, fá upplýsingar og ná niðurstöðu um hvað þar hefði raunverulega gerst. Þar sá ég að til þess að ganga þannig frá málum og koma þeim fjármálaviðskiptum sem þar voru til skoðunar tryggilega í höfn — til þess að reyna að fela slóðina fyrir þeim sem kynnu að rannsaka var um að ræða allt að 40–60 tilfærslur varðandi hverja einustu færslu. Miðað við það sem maður hefur séð og það sem upplýst hefur verið upp á síðkastið hafa þeir hlutir gerst í íslensku fjármálakerfi sem maður hafði hreinlega ekki hugarflug, ekki ímyndunarafl, til að láta sér detta í hug að gæti verið um að ræða og menn gætu staðið í. Þess vegna, virðulegi forseti, tel ég mjög brýnt að við afgreiðum þetta frumvarp sem allra fyrst sem lög frá Alþingi.

Ég skora á hæstv. dómsmálaráðherra að halda áfram með sama hætti og hún boðaði á fréttamannafundi í dag, að styðja við og styrkja embætti sérstaks saksóknara svo að það nái þeim árangri sem til er ætlast.

[15:37]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við ræðum þetta mál í tvennu lagi, 2. umr. hófst síðdegis í gær og henni var frestað í miðjum klíðum kl. 20 mínútur fyrir 8 í gærkvöldi þannig að það er ekki nema von að það slitni nokkuð samhengið.

Í ræðu minni í gær, í umfjöllun um þetta mál, tók ég skýrt fram að hér væri verið að upphefja bankaleynd gagnvart hinum sérstaka saksóknara. Hér er að sjálfsögðu ekki verið að ræða um almennt afnám bankaleyndar. Við erum að ræða afmarkað mál, hv. þm. Jón Magnússon.

Það sem kom öllum, held ég, í opna skjöldu var að þeir aðilar sem með frumvarpinu eru skikkaðir til að veita upplýsingar til embættis sérstaks saksóknara, eins þótt um þau atriði ríki bankaleynd — sem sagt skilanefndir, nýju bankaráðin, Fjármálaeftirlitið og þeir sem vinna að greiðslustöðvun, nauðasamningum og gjaldþrotum — skuli hafa beitt fyrir sig bankaleynd í rannsókn á hruninu. Það er fráleitt og ekki verður of oft ítrekað að nauðsynlegt er að koma þessu

máli í gegnum þingið og það strax.

[15:39]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þannig háttar til, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, að enginn ágreiningur er á milli okkar um þetta atriði. Ég gat þess í ræðu minni áðan að hér væri ekki um að ræða almennt frumvarp til þess að afnema eða aflétta bankaleynd heldur væri í þessu tilviki eingöngu verið að fjalla um það með þeim hætti sem þar greindi.

Ég gerði þetta að gefnu tilefni. Ég taldi að af skýringu hv. þingmanns fyrr í dag og ummælum hennar mætti skilja að til umræðu væri frumvarp þar sem almennt væri verið að upphefja bankaleynd og vildi leiðrétta þann misskilning. Ég gerði mér fyllilega grein fyrir því að þessi ummæli féllu í hita og þunga dagsins og voru kannski ekki nánar skýrð þá en það hefur ekki vafist fyrir mér að um þetta afmarkaða frumvarp væri að ræða og verið væri að veita rúmar rannsóknarheimildir í þessu ákveðna einstaka tilviki. Það hefur aldrei hvarflað að mér annað en að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir væri mjög meðvituð um að þannig væri málum háttað þó að hugsanlega hefði mátt misskilja orð hennar.

Ef ég hef viðhaft þau orð áðan að þau hefði mátt skilja á þann veg að þingmaðurinn hefði farið með eitthvert fleipur hvað þetta varðar þá var það að ósekju því að ég átti ekki við það. Ég var eingöngu að gera grein fyrir því að þarna hefðu kannski fallið orð sem hefðu verið úr samhengi og hefðu þess vegna getað misskilist því að hér væri ekki um að ræða neina almenna upphafningu á bankaleynd.

[15:41]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en má til með að koma nokkrum atriðum að. Þegar hrunið varð í október nefndi ég að það væri mjög brýnt að ausa bátinn og koma atvinnulífinu í gang aftur, neyðarlögin o.s.frv. Síðan væri mjög mikilvægt að rannsaka hvað hefði valdið því hruni sem varð og að síðustu að kannað yrði hvort eitthvað hafi átt sér stað sem brýtur í bága við lög. Ég varð því mjög ánægður þegar lög voru sett um sérstakan saksóknara og ég tel að það sé mjög brýnt.

Fréttir undanfarinna mánaða eru hins vegar þannig að málið er eiginlega miklu brýnna en ég átti von á. Ég hafði alltaf reiknað með því að — þegar menn lenda í ógöngum við gjaldþrot og annað slíkt þá verður tilhneiging og freisting til að henda góðum peningum á eftir slæmum og ganga út á ystu nöf í samræmi við lög og reglur. En þær fréttir sem okkur hafa borist benda því miður til þess að gott betur en það hafi gerst, alveg ótrúlegar fréttir um gífurlegar lánveitingar í Kaupþingi o.s.frv., og þá er það kannski spurning hvort slíkt varði yfirleitt við lög. Ef svo er ekki finnst mér mjög brýnt að menn breyti lögum.

Hér hefur aðeins verið rætt um að fjölga starfsmönnum og menn hafa talað um það almennt. Menn hafa talað um að fjölga listamönnum, kannski um 30 manns eða eitthvað slíkt og það kosti 107 millj. kr., en ég mundi miklu frekar vilja sjá fjölgun hjá umræddu embætti — listamenn eru ágætir út af fyrir sig en hér er verið að vinna starf sem ég tel mjög mikilvægt. Af hverju er það mikilvægt, frú forseti? Vegna þess að það er svo mikið atriði fyrir atvinnulífið að við byggjum aftur upp traust. Þegar menn verða vitni að þeim ósköpum sem fréttir undanfarinna daga, vikna og mánaða bera með sér veikist óneitanlega traust manna á atvinnulífinu, traust fjárfesta, traust lánveitenda og traust starfsmanna. Ég held því að mjög brýnt sé að koma á góðu skikki og góðum siðum. Atvinnulífið gengur fyrir heiðarleika. Það eru margir sem halda því öndverða fram en það er ekki rétt. Til þess að geta átt viðskipti við einhvern þarf maður að treysta honum og til að geta treyst honum þurfa báðir aðilar að hafa heiðarleika að leiðarljósi.

Það hefur stundum verið sagt að fallið mikla hafi verið vegna einhvers hugtaks sem menn kalla nýfrjálshyggju. Nú höfum við aðhyllst ákveðin trúarbrögð sem heita kristin trú en við höfum líka upplifað rannsóknarréttinn á Spáni, þar sem framin voru ofbeldisverk og glæpaverk í skjóli kristinnar trúar, og í krossferðunum var trúin höfð að fyrirslætti sem í sumum tilvikum leiddi til mikilla ógnana og ofbeldis. Kristin trú leið fyrir þessi ofbeldisverk sem voru framin í nafni hennar og það er svipað með nýfrjálshyggjuna sem menn kalla svo. Það sem gerðist víða um heim, víðar en á Íslandi, er að menn misnotuðu það kerfi sem byggt hafði verið upp. Það var illilega misnotað af vissum aðilum. Til að koma upp um það og hindra að slíkt geti gerst í framtíðinni er mikilvægt að sérstakur saksóknari fái þær heimildir sem hann þarf.

Ég má til með að nefna í leiðinni að ég hef lagt fram frumvarp, ég lagði það fram 3. mars, um gagnsæ hlutafélög sem er form sem er ætlað að koma í veg fyrir þá misnotkun á atvinnulífinu sem við höfum orðið vitni að. Þar er reynt að koma á kerfi sem kemur í veg fyrir þessa hringferð fjármuna, þ.e. þar sem fyrirtæki lánar til að kaupa í sjálfu sér, þar sem fyrirtæki kaupa gagnkvæmt hvort í öðru, þar sem peningarnir fara í hring, þar sem fyrirtæki kaupir jafnvel í heilli keðju af fyrirtækjum sem endar svo hjá því sjálfu. Slíkt er mjög skaðlegt og kannski miklu skaðlegra en menn átta sig á. Þannig er verið að búa til eigið fé, að búa til völd og það er verið að taka völd og áhrif frá upphaflegum fjárfestum. Ef það kemur í ljós við rannsókn sérstaks saksóknara að eitthvað slíkt sé ekki saknæmt finnst mér sjálfsagt að menn bregðist við því með því að banna það, og þá væntanlega til framtíðar, við getum ekki breytt lögum afturvirkt. Við þurfum að læra af starfi sérstaks saksóknara hvað það er sem er mjög skaðlegt og jaðrar við — við skulum segja ósiðlegt, frú forseti. Ef ekki er um að ræða lögbrot í gildandi lögum þarf að læra af því og breyta lögunum þannig að það verði saknæmt.

Ég fagna þessu frumvarpi. Þetta er eitt af þeim brýnu málum sem varða fjölskyldur í landinu. Af hverju segi ég fjölskyldur í landinu? Sumir kunna að segja að það skipti engu máli fyrir fjölskyldurnar hvort saksóknari kanni mál. En það skiptir vissulega máli vegna þess að þegar hann kannar mál og kemur á góðu siðferði og trausti í atvinnulífinu fær atvinnulífið aftur hlutafé og lánveitingar erlendis og innan lands og getur farið að fjölga störfum. Þá minnkar atvinnuleysið og hagur heimilanna batnar. Aðalmeinsemdin í dag er atvinnuleysið og þær hörmungar sem því fylgja fyrir einstaklinga og fjölskyldur.

[15:48]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það sem hefur komið fram hér í umræðunni að það er mjög mikilvægt að embætti sérstaks saksóknara fari vel af stað og geti farið að rannsaka mál. Embættið hefur ekki náð miklu flugi hingað til og er ekki við sérstakan saksóknara að sakast í því sambandi heldur lagaumgjörðina sem við héldum að væri í lagi en kemur svo í ljós að er alls ekki. Á sínum tíma þegar við samþykktum lögin virðist hafa átt sér stað mikil togstreita á milli ráðherra um hvaða heimildir sérstakur saksóknari ætti að fá og vil ég aðeins gera það að umtalsefni.

Þegar við vorum að ræða hér málið við 1. umr. kom fram hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni að þegar hann var í embætti dómsmálaráðherra hefði hann viljað fá meiri heimildir til sérstaks saksóknara strax í upphafi en að það hafi ekki *fengist vegna andstöðu þáverandi hæstv. viðskiptaráðherra*, Björgvins G. Sigurðssonar. Mér fannst þetta mjög sérstakt og það urðu hér nokkur andsvör af þessu tilefni þar sem mér fannst frekar óljóst hvað væri rétt og hvað væri rangt í þessum málum.

Síðan tókum við málið til vinnslu í allsherjarnefnd og þar kemur í ljós að sérstakur saksóknari hefur verið að óska eftir gögnum sem hann ekki fær af því að lagaumgjörðin er of veik. Þar kemur fram og það kemur líka fram í fjölmiðlum að sérstakur saksóknari, Ólafur Þór Hauksson, sem er að rannsaka eða á að rannsaka bankahrunið og hvort þar hafi verið saknæmt athæfi á ferðinni, þ.e. að hans embætti hefur óskað eftir gögnum og ekki fengið hjá Fjármálaeftirlitinu. Þessi gögn sem sérstakur saksóknari hafði óskað eftir voru endurskoðunarskýrslur bankanna sem Fjármálaeftirlitið hefur haft á sínu borði. Óskað var eftir þessum skýrslum formlega 13. febrúar, 15. febrúar og 17. febrúar og svo var sent ítrekunarbréf síðast 25. febrúar. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að það hafi ekki borist formlegt svar frá Fjármálaeftirlitinu varðandi þessar beiðnir sérstaks saksóknara.

Það er auðvitað, virðulegur forseti, fyrir neðan allar hellur að mínu mati að upplifa það að embætti sem við teljum að sé mjög mikilvægt fái ekki gögn sem embættið sjálft telur vera mikilvægt að fá til að átta sig á baksviði bankahrunsins. Það hefur komið fram hjá sérstökum saksóknara, Ólafi Þór Haukssyni, opinberlega að hann leggi áherslu á að embættið fái aðgang að þessum skýrslum og segir orðrétt, svo vitnað sé hér í blaðaviðtal, með leyfi virðulegs forseta:

„*Þetta er glugginn inn í starfsemi bankanna dagana sem þeir féllu.*"

Skýrslurnar hafa því gildi í sjálfu sér og það er alveg ljóst að sérstakur saksóknari telur ekki að það sé nóg að fá skýrslurnar hreinsaðar, þ.e. að fá þær í hendurnar eftir að Fjármálaeftirlitið hefur síað einhverjar upplýsingar úr þeim heldur telur hann mikilvægt að fá þær eins og þær líta út þegar þær koma frá endurskoðunarfyrirtækjunum. Það er því allt með miklum ólíkindum, virðulegur forseti, hvernig málin hafa þróast.

Það er alveg ljóst að Fjármálaeftirlitið hefur verið að bera fyrir sig bankaleynd. Væntanlega er tregðan við að afhenda gögnin vegna bankaleyndar eða þagnarskyldu og þess vegna erum við núna að veita sérstökum saksóknara víðtækari heimildir til þess að hann þurfi ekki að grípa jafnvel til mjög drastískra aðgerða eins og að haldleggja gögn. Það hefði jafnvel verið hugsanleg leið fyrir sérstakan saksóknara að mæta inn í Fjármálaeftirlitið og bara taka gögnin. En menn geta séð fyrir sér hvaða uppnám það hefði vakið í samfélaginu.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið skýrt á um þetta, með leyfi virðulegs forseta:

„Sé þess óskað skulu þessar stofnanir, svo og skilanefndir og aðrir sem vinna að greiðslustöðvun, nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum fjármálafyrirtækja, láta hinum sérstaka saksóknara í té upplýsingar um stöðu annarra mála en greinir í 1. málsl. og gögn sem þessir aðilar hafa undir höndum og hinn sérstaki saksóknari telur að hafi þýðingu við rannsókn sakamáls eða ákvarðanatöku um hvort rétt sé að hefja slíka rannsókn."

Varðandi það hvaða *stofnanir* „þessar *stofnanir*" eru þá er þar meðal annars Fjármálaeftirlitið undir en einnig Samkeppniseftirlitið, skattrannsóknarstjóri ríkisins og fleiri.

Það er tekið fram hérna að með þessum gögnum er meðal annars átt við skýrslur, minnisblöð, bókanir og samninga. Svo kemur hérna kannski aðalatriðið. Það er svona, með leyfi forseta:

„Skylt er að verða við kröfu hins sérstaka saksóknara um að láta í té upplýsingar eða gögn þótt þau séu háð þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, og er slík afhending óháð því hvort meint brot hafi verið kærð til lögreglu."

Þótt þessi gögn séu því háð þagnarskyldu þá skal Fjármálaeftirlitið hér eftir veita hinum sérstaka saksóknara þessi gögn.

Ég kallaði eftir því, virðulegur forseti, í allsherjarnefnd að fá bakgrunnsgögn varðandi þá orðræðu sem átti sér stað hér á milli hv. þm. Björns Bjarnasonar og hæstv. utanríkisráðherra Össurar Skarphéðinssonar við 1. umr., um hvort það væri rétt eða rangt að viðskiptaráðuneytið undir forustu hæstv. viðskiptaráðherra Björgvins G. Sigurðssonar á sínum tíma — þ.e. hvort það væri rétt að hv. þm. Björn Bjarnason hefði sem dómsmálaráðherra viljað fá víðtækari heimildir eða ekki. Gögnin bárust ekki inn í nefndina en mér tókst síðan að fá nefndarritara til að útvega þessi gögn og mig langar aðeins að vitna í þau gögn. Þetta er minnisblað frá viðskiptaráðuneytinu til dómsmálaráðuneytisins frá 3. nóvember 2008 varðandi frumvarp til laga um sérstakan saksóknara og valdheimildir.

Ég ætla ekki að taka tíma í að lesa upp úr þessu minnisblaði mikið. Það er kaflaskipt og nokkuð ítarlegt. Af því öllu má ráða, hvar sem maður ber niður í þessu minnisblaði, að viðskiptaráðuneytið var nú ekki að liðka fyrir því að sérstakur saksóknari fengi miklar heimildir. Þarna er verið að tala um valdmörk á milli stofnana, tala um að það sé allt mjög óskýrt þetta frumvarp sem verið er að vinna í dómsmálaráðuneytinu og svo framvegis þannig að það er því alveg greinilegt að hælarnir eru niðri, ef það má orða það þannig, í viðskiptaráðuneytinu gagnvart valdheimildum sérstaks saksóknara.

Í lok minnisblaðsins kemur það sem er mest klippt og skorið í þessu máli varðandi þagnarskylduna og það sem við erum núna að veita sérstökum saksóknara með laga-

frumvarpinu sem við erum að fjalla um. Mig langar að lesa niðurlag minnisblaðsins sem kemur frá viðskiptaráðuneytinu til dómsmálaráðuneytisins. Það er svona, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að þeir aðilar sem afhenda Fjármálaeftirlitinu viðkvæm trúnaðargögn, sem kann að vera að [á] hvíli „bankaleynd" á grundvelli 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, geti áfram treyst því að um slík gögn gildi áfram þagnarskylda. Eðlilegra er að embætti sérstaks saksóknara afli slíkra gagna sjálft, a.m.k. á frumstigi mála og þegar mál berast embættinu með öðrum leiðum heldur en frá Fjármálaeftirlitinu."

Hér er því, virðulegur forseti, alveg svart á hvítu frá viðskiptaráðuneytinu verið að segja að ef það kann að hvíla bankaleynd á málum þá verða fjármálafyrirtæki að geta áfram treyst því að um slík gögn gildi áfram þagnarskylda. Þá skal sko ekki sérstakur saksóknari með nokkrum hætti einhvern veginn koma sér inn í það mál, ef maður bara les þetta á mannamáli.

Það er því greinilega alveg rétt sem kom fram hér hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni við fyrri umræðu þessa máls að viðskiptaráðuneytið undir forustu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar vildi ekki veita heimildir, vildi halda sig við þagnarskylduna og ekki veita sérstökum saksóknara þessar heimildir. Þá er það bara útkljáð mál og ágætt að það sé bara upplýst hér.

Núna ætlum við að sjálfsögðu að stíga þetta skref þannig að sérstakur saksóknari getur þá fengið þessar endurskoðunarskýrslur um bankana og getur þá farið að vinna í þessum málum og getur líka náð í fleiri gögn ef honum þykir þurfa að kíkja á þau. Það er því ágætt að þetta sé komið á hreint og vonandi getur þá sérstakur saksóknari farið að vinna af krafti í þessum málum og ná árangri í að komast að niðurstöðu varðandi það hvort hér hafi verið eitthvað saknæmt á ferli eða ekki, sem að sjálfsögðu margt bendir til (Forseti hringir.) eins og Eva Joly sérstakur ráðgjafi hefur ...

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill spyrja hv. þingmann hvort mikið sé eftir af ræðu hans.)

Nei, ég skal stytta mál mitt. Ég veit að það er að fara fram utandagskrárumræða hér núna. Ég vil bara að lokum, virðulegur forseti, segja að ég fagna því sem fram kom á blaðamannafundi í dag hjá hæstv. dómsmálaráðherra, að það eigi að fjölga starfsmönnum hjá sérstökum saksóknara. Það hefur verið nefnt að þar eigi líklega að vera 16 starfsmenn að störfum og ég fagna því sérstaklega. Við verðum að setja öflugar rannsóknir í gang og það verður ekki gert nema með miklum mannskap. Ég vil líka brýna hæstv. dómsmálaráðherra til að nýta sér Evu Joly í sínum störfum til að við fáum meira traust á því að verið sé að rannsaka mál hér með eðlilegum og kraftmiklum hætti.

[16:00]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hafa leitt það mál til lykta sem hún hefur verið að glíma við frá því við hæstv. utanríkisráðherra áttum í orðaskiptum við upphaf þessa máls og að hún sé sátt við niðurstöðuna. Þau orð sem fram komu í ræðu hennar staðfesta það sem ég sagði að ágreiningur var á milli ráðuneyta um málið og dómsmálaráðuneytið vildi ganga lengra en viðskiptaráðuneytið. Hv. þingmaður hefur nú lesið upp skjöl því til staðfestingar.

[16:01]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég lagði í þennan leiðangur vegna þess að mér brá nokkuð þegar hv. þm. Björn Bjarnason kom með þessar upplýsingar í 1. umr. að ágreiningur hefði verið um valdheimildir sérstaks saksóknara. Ég reyndi að grafast fyrir um málið og ræddi það á opinberum vettvangi við hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson á þeim nótum. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sakaði þá er hér stendur um rógburð og ég kann því frekar illa að vera sökuð um það, virðulegur forseti.

Með því að fá þessi gögn, lesa þau og sjá þetta svart á hvítu þá er það svo að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, sem því miður er ekki staddur hérna núna, getur ekki komist upp með það að segja að farið sé með rangt mál. Viðskiptaráðuneytið vildi greinilega ekki að þagnarskyldan mundi víkja þannig að sérstakur saksóknari gæti komist í gögn. Hér með er það þá staðfest að þannig liggja málin. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson var ráðherra yfir viðskiptaráðuneytinu og vissi því hvað þar fór fram og blessaði þá pappíra sem þaðan fóru á milli ráðuneyta. Ég held að það sé þá ágætt að menn bara viti það að í upphafi var ekki verið að fara fram með þær heimildir sem hv. þingmaður og þáverandi hæstv. dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, vildi.

Við erum að koma því í betri farveg núna. Rétt skal vera rétt og þá er búið að upplýsa það hér.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Framganga samgönguáætlunar.

[16:03]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Mig langar að eiga orðastað við hæstv. samgönguráðherra og spyrja út í og ræða við hann um framgang samgönguáætlunar. Eins og við þingmenn vitum hefur ótal margt breyst frá því að við veturinn 2007–2008 börðumst við aflabrest vegna þorskkvóta og ákváðum að auka verulega við fjármagn til samgönguframkvæmda auk þess sem stórauknum fjármunum hefur verið varið til samgöngumála um nokkurt skeið undanfarin ár.

Í dag eru forsendur gjörbreyttar. Sú samgönguáætlun er þó enn í gildi þar sem gert er ráð fyrir ýmsum framkvæmdum víða um land. Um er að ræða stórkostlegar bætur í vegamálum og áform eru um jarðgöng víða. Við getum nefnt Norðfjarðargöng, Vaðlaheiðargöng, einkaframkvæmd, Sundabraut í Reykjavík o.fl. þar sem áformin voru mikil en væntanlega munu þær hremmingar sem þjóðin hefur lent í hafa veruleg áhrif á hvernig með þessi mál skal fara.

Á fjárlögum ársins var í upphafi gert ráð fyrir að á fjórða tug milljarða króna yrði varið til samgöngumála en í haust eftir hrunið blasti við að nauðsynlegt yrði, og hæstv.

samgönguráðherra var knúinn til þess, að skera niður í samgönguráðuneytinu til samgöngumála, herra forseti. Mig minnir að sú krafa hafi verið gerð til samgönguráðuneytisins að skorið yrði niður um 6.000 millj. kr. Það eru verulegir fjármunir en við skulum þá hafa í huga, eins og ég sagði áðan, að menn hafa verið að auka fjármagn verulega til samgöngumála, *við höfum gert mjög margt á undanförnum* árum, vegabætur hafa orðið miklar, en nú blasir þessi niðurskurður við.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst bera sig að í þeim niðurskurði, hvaða meginsjónarmið verða lögð til grundvallar af hálfu hæstv. samgönguráðherra þegar að þessu kemur. Við vitum að víða um land eru ærin vandamál. Ekki þarf að tiltaka hvernig ástandið er á höfuðborgarsvæðinu þar sem byggingariðnaðurinn er nánast í rúst. Við þekkjum það líka víðar um land að verktakar kveinka sér verulega. Það á við t.d. í Norðausturkjördæmi og víðar. Verkefnið er því ærið og hæstv. samgönguráðherra nokkur vandi á höndum þegar litið er til þess hvar eigi að drepa niður fæti.

Að mínum dómi er engu að síður nauðsynlegt fyrir hæstv. ráðherra að líta til þess hvernig megi skapa byggingariðnaðinum nauðsynlegt súrefni, hvort hægt sé að beita framkvæmdum í samgöngumálum þannig að hægt sé að styðja við byggingariðnaðinn, styðja við verktakana, vegna þess að þarna er um verulegan mannafla að ræða og fyrirsjáanlegt er að ekki verður nein sérstök bót á byggingarmarkaði á næstunni. Við sjáum ekki fram á það. Þvert á móti sjáum við fram á að öflugustu verktakafyrirtækin í landinu eru í slíkum vanda að þau munu jafnvel hverfa inn í bankana. Það eru ekki góð tíðindi.

Ég vil þess vegna beina því til hæstv. samgönguráðherra hvort hann sjái fyrir sér að forgangsraða þurfi fjármunum eftir svæðum. Telur ráðherrann t.d. að veita þurfi aukið fé inn á höfuðborgarsvæðið? Það var auðvitað ekki gert þegar um var að ræða niðurskurð vegna þorskheimildanna, þá var náttúrlega litið sérstaklega til þeirra svæða þar sem niðurskurður var fyrir hendi.

Um leið og horft er til höfuðborgarsvæðisins þarf líka að líta til þess að víða um land eru gríðarleg vandræði. Á Austurlandi hafa menn bundið miklar vonir við jarðgangagerð. Áform eru uppi um jarðgöng til Norðfjarðar og menn hafa beðið töluvert eftir vegabótum þar og jafnframt um Hólmahálsinn og víðar. Það er því spurning hvernig ráðherrann hyggst bregðast við því á þessari stundu.

Er ætlunin af hálfu samgönguráðuneytisins að beina sérstaklega augum að mannfrekum framkvæmdum? Er ætlunin að fara í brúarverkefni í auknum mæli? Er ætlunin að gera breytingar á samgönguáætlun í þá veru? Hvernig lítur hæstv. samgönguráðherra á þær fyrirætlanir sem voru í fyrra og hittiðfyrra um jarðgöng, Sundabraut og Norðfjarðargöng o.fl.?

[16:09]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ólöfu Nordal fyrir að taka þetta mál til umræðu utan dagskrár á þinginu. Ljóst er að efnahagsvandinn í haust setti áætlanagerð um samgöngumál í nokkurt uppnám eins og aðrar áætlanir í fjárfestingum hjá hinu opinbera. Engu að síður hefur verið unnið eftir þeirri áætlun sem fyrir liggur, sérstaklega hvað varðar undirbúning, hönnun og skipulagsmál. Mikilvægt er að vekja sérstaklega athygli á þessum þáttum þar sem undirbúningsvinna undir verk getur tekið allt að tvö, þrjú ár, en ekki er fyrirsjáanlegt hvaða verk komast á dagskrá hvort *sem við tölum um þessi ár eða næstu ár.*

Ljóst er að þegar slíkur vandi blasir við í efnahagsmálum þarf að endurmeta hlutina. Meginsjónarmið varðandi samgönguframkvæmdir er vitanlega að láta ekki deigan síga. Stjórnvöld verða að leggja sitt af mörkum til að halda uppi atvinnu og þess vegna ríkir það sjónarmið hvað varðar samgönguframkvæmdir m.a. að leggja áherslu á mannaflsfrekar framkvæmdir. Engu að síður varð að skera niður á vegáætlun um 6 milljarða kr. eins og kom fram hjá hv. þingmanni.

Við þurfum einnig að horfa mjög til forgangsröðunar. Segja má að bæði forgangsröðun og umfang framkvæmda ráði miklu um hvað verður fyrir valinu, á hvaða svæðum er þörfin brýnust og hvar gætu samgönguframkvæmdir létt undir með atvinnuástandi og efnahag í byggðum landsins. Mikilvægi samgönguframkvæmda er ótvírætt fyrir hina umfangsmiklu atvinnugrein sem verktaka- og byggingariðnaðurinn er. Þróun síðustu ára er sú að verktakar um land allt hafa í síauknum mæli boðið í verk hvar sem er á landinu sem sést best á því að um og yfir 20 tilboð bárust í tvö síðustu útboð Vegagerðarinnar, Vestfjarðaveg og Rangárvallaveg. Þá eru nokkur umfangsmikil brúarvinnuverkefni fram undan eins og t.d. ný brú yfir Hvítá, en útboð hennar hefur nú þegar verið auglýst.

Þess má geta, virðulegi forseti, að klukkan kortér yfir tvö í dag voru opnuð tilboð í göng undir Vopnafjarðarheiði og þar bárust 13 tilboð. Kostnaðaráætlun var 1.440 millj. kr., lægsta boð var 738 milljónir eða 51% af kostnaðaráætlun.

Heildarfjárveiting til framkvæmda í vegamálum á árinu liggur fyrir, rúmlega 21 milljarður til nýframkvæmda. Bróðurparturinn af því fé fer í framkvæmdir sem komnar voru í gang í fyrra, þ.e. verk sem eru í gangi vítt og breitt um allt landið. Til nýframkvæmda á árinu eru, eins og áður sagði, sirka 6 milljarðar til ráðstöfunar. Ekki hefur að öllu leyti verið ákveðið hvaða vegagerðarverkefni verður unnt að bjóða út í ár. Þróun verðlags getur haft töluverð áhrif á þau verk sem þegar eru í gangi og þar með á það rými sem verður til nýrra verkefna. Þá munu niðurstöðutölur úr útboðum ársins einnig hafa áhrif á það hvaða fjármagn verður til ráðstöfunar.

Við þetta er að bæta, virðulegi forseti, að við þau þrjú verk sem hafa verið boðin út og tilboð opnuð í núna eftir að útboðsheimild var gefin aftur eftir hrun, voru kostnaðaráætlanir 2,1 milljarður kr. Boðin voru rétt tæpur milljarður þannig að við sjáum að þarna hafa sparast um 1.100 millj. kr. en auðvitað er fyrirvari á því að ekki er kannski alltaf tekið lægsta boði.

Mörg stór verkefni eru í gangi eins og Bolungarvíkurgöng og *Héðinsfjarðargöng sem vissulega taka mikla pen*inga og þær framkvæmdir halda áfram. Nýjustu áætlanir gera ráð fyrir að báðum þessum verkum ljúki um mitt sumar 2010. Eins og komið hefur fram er undirbúningi vegna

Norðfjarðarganga og Dýrafjarðarganga svo gott sem alveg lokið og aðeins spurning hvenær hægt verður að bjóða út þau verk, en sem dæmi eru Norðfjarðargöng um 8 milljarða kr. verk.

Hér var líka getið um Vaðlaheiðargöng en hafa verður í huga að þau eru hugsuð öðruvísi, að hluta til eru þau einkaframkvæmd og eru má segja spennandi viðræður í gangi um hvort tekst að fjármagna þau göng á annan hátt en gert hefur verið ráð fyrir hingað til.

Virðulegi forseti. Vegaframkvæmdir eru yfirleitt með arðbærustu verkefnum í nútímaþjóðfélagi. Samgöngubætur eru til þess fallnar að stytta leiðir, auka öryggi og stuðla að sameiningu byggðar. Þetta er enn mikilvægara þegar efnahagur þrengist og leggur okkur þær skyldur á herðar að vanda valið við röðun framkvæmda.

Þá vil ég geta þess, virðulegi forseti, að í burðarliðnum er samningur milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar um mörg verkefni sem verða þá sameiginleg verkefni Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar, verkefni sem eru hugsuð til þess að auka umferðarflæði og afar spennandi verkefni eins og að búa til nýjar akreinar fyrir strætisvagna til þess að stuðla að greiðari umferð, en við getum kannski komið betur að því í seinna svari mínu.

[16:14]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Ólöfu Nordal fyrir að hafa forgöngu um þessa umræðu í þinginu.

Á fundi samgöngunefndar 18. desember sl. var farið yfir ýmis samgöngumál eins og gefur að skilja í þeirri nefnd. Á þeim fundi var nefndin að reyna að átta sig á stöðu mála því að eins og allir muna urðu miklar breytingar á fjárlagafrumvarpinu frá því að það kom fram í byrjun október og þar til yfir lauk og alls óvíst um afdrif mjög margra mála.

Á fundinum komu fram upplýsingar frá fulltrúum samgönguráðuneytisins um að haldið yrði áfram með hönnun og undirbúning verka sem eru á samgönguáætlun auk ýmissa fylgiverkefna, eins og það var orðað, svo sem rannsóknar-, þróunar- og tilraunaverkefni og staðlagerð. Hæstv. samgönguráðherra hefur staðfest að þetta hafi verið þau verkefni sem lögð var áhersla á.

Ég vil spyrja hæstv. samgönguráðherra hvaða verkefni það eru sem helst er unnið að á þessu sviði og ég mundi gjarnan vilja spyrja hann líka um hvað sé að frétta af ýmsum málum, t.d. vegamálum sem eru í samgönguáætluninni. Þar sem ekki hefur komið fram ný samgönguáætlun er ekki vitað hvað verður um þau mörgu verkefni sem þar eru miðað við niðurskurðinn sem farið var í. Ég mundi gjarnan vilja vita hvort það er rétt sem heyrst hefur að horfið hafi verið frá 2+2 útfærslu á Suðurlandsvegi og búið sé að taka ákvörðun um að fara í 2+1 veg á milli Reykjavíkur og Hveragerðis. Þá væri gott að vita í framhaldinu hvernig á að fjármagna þann veg og hvort umferðaraðar út frá höfuðborgarsvæðinu hafi eitthvað verið skoðaðar í þessu samhengi og þá er mér efst í huga Vesturlandsvegur.

Eitt tæknilegt atriði var sérstaklega tekið upp í nefndinni, sem ég tel nauðsynlegt að hæstv. samgönguráðherra taki til athugunar ef hann hefur ekki gert það nú þegar, en það er að ríki og sveitarfélög eru að vinna í samgönguverkefnum á ýmsum sviðum og væri eflaust (Forseti hringir.) gott fyrir ríki og sveitarfélög að taka sig saman um að (Forseti hringir.) samstilla verkefni þannig að mannafli og tæki nýtist sem best í sumar.

[16:16]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Framkvæmd vegáætlunar skiptir gríðarlega miklu máli fyrir atvinnulíf og búsetu um allt land, hvort sem er í dreifbýli eða þéttbýli. Nú þegar við horfum fram á að það þurfi að forgangsraða fjármunum, m.a. til samgöngumála, held ég að við hljótum að horfa til þess hvar þörfin er mest, bæði til að tryggja jöfnuð og jafnrétti í samgöngum óháð búsetu og einnig til að efla og styrkja atvinnulíf í landinu öllu.

Ég var mjög sammála þeim áherslum sem hæstv. samgönguráðherra lagði hér fram fyrr á árinu og aftur nú, samgöngumannvirki eiga að miða að því annars vegar að vera vinnuaflskrefjandi þannig að það sé hægt að skapa með því atvinnu og jafnframt að þetta séu smærri verk sem tryggi minni verktökum atvinnu og verkefni vítt og breitt um landið. Hins vegar er atriði að það sé bæði innlendur tækjabúnaður og annað sem þar nýtist. Ég legg líka áherslu á, eins og hæstv. ráðherra hefur gert, vegaframkvæmdir úti um land, safn- og tengivegi og stofnbrautir sem hafa verið mjög fjársveltar á undanförnum árum.

Verum minnug þess þegar vegaframkvæmdir voru skornar niður á landsbyggðinni vegna þenslu á höfuðborgarsvæðinu. Það má ekki henda að þessir sömu landshlutar verði aftur fyrir niðurskurði og skerðingu þegar kreppir að.

Ég minnist mikilvægra vegarkafla á Vesturlandi, Norðurlandi, norður um Strandir, í uppsveitum Borgarfjarðar og vítt og breitt um landið, líka inni í sveitum landsins. Ég skora á hæstv. ráðherra að setja þessar vegaframkvæmdir (Forseti hringir.) núna í algjöran forgang.

[16:18]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það er af nógu að taka í verklegum framkvæmdum sem snúa að vegagerð á Íslandi. Svo margt eigum við ógert. Hins vegar höfum við staðið frammi fyrir því að þurfa að skera niður í framkvæmdunum. Samt sem áður er alveg ljóst að það fé sem við ráðstöfum núna til vegagerðar mun að öllum líkindum nýtast okkur mun betur en það gerði á þenslutímanum. Það hefur komið í ljós í þeim tilboðum sem Vegagerðin hefur fengið í þau verk sem hafa verið boðin út að undanförnu.

Það er ekki sami samdráttur í verklegum framkvæmdum og þeim fjárhæðum sem við höfum vissulega þurft að skera niður í núverandi árferði. Okkur miðar áfram og ég fagna alveg sérstaklega þegar unnið er að varanlegum lausnum í vegagerð.

Það þótti nokkuð bratt þegar við lögðum það til í Frjálslynda flokknum að gera 14 jarðgöng á Íslandi og fara með allt þjóðvegakerfið niður fyrir 200 metra hæð yfir sjó. Það eru varanlegar lausnir á samgöngum fólks milli landshluta.

Ég held að flestir séu búnir að sjá það eftir tilkomu Hvalfjarðarganga, Vestfjarðaganga, Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarganga og fólk mun líka sjá það þegar Héðinsfjarð-

argöng koma og Bolungarvíkurgöng að öryggið eykst margfalt.

Sem betur fer höfum við notið þess að ekki hafa orðið slys í þeim göngum sem tekin hafa verið í notkun. Þar hefur orðið mikið og aukið umferðaröryggi. Við eigum að stefna að slíkum lausnum. Við eigum að stytta vegina með því að gera jarðgöng, við eigum að þvera firðina þar sem við getum komið því við án þess að valda neinum náttúruskaða og við eigum að stytta vegalengdir og búa til öruggari vegi. Það er framtíðin.

[16:20]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Það ber ekki allt upp á sama daginn í samgöngumálum á Íslandi. Nú kemur það í hlut hæstv. samgönguráðherra og hv. þm. Jóns Bjarnasonar að skera niður framkvæmdir samkvæmt samgönguáætlun sem ég lagði fram sem samgönguráðherra á sínum tíma og fékk samþykkta á Alþingi. Það er auðvitað erfitt að þurfa að standa frammi fyrir því en svona er tilveran og minnist ég þeirrar umræðu sem hér fór fram þegar samgönguáætlunin var samþykkt.

Hins vegar liggur fyrir að það eru mörg verkefni sem við þurfum að líta til. Samkvæmt samgönguáætlun var gert ráð fyrir að byggja samgöngumiðstöð við Reykjavíkurflugvöll og í samgönguáætlun var sérstök fjáröflun ætluð í það, 1,5 milljarðar árið 2008 og sama upphæð árið 2009. Enn bólar ekkert á þeirri framkvæmd.

Með sama hætti eru fjölmörg verkefni úti um allt land og hér á höfuðborgarsvæðinu sem þarf að sinna. Í svari til hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar frá hæstv. samgönguráðherra kemur fram að mjög fá verkefni og engin tengivegaverkefni eru í undirbúningi núna t.d. í Norðvesturkjördæmi hvað varðar útboð. Tvö verkefni eru nefnd og hv. þingmenn geta skoðað þau hér í þingskjölum, einungis Vestfjarðavegur og brú á Haffjarðará eru nefnd.

Það verður að koma fleiri verkefnum af stað í því kjördæmi. Það eru til fjármunir fyrir þeim. Eitt sem ég vildi nefna alveg sérstaklega og ber að harma lýtur að forgangsröðun, gert er ráð fyrir að skera niður um 180 millj. kr. í umferðaröryggisáætlun á þessu ári, því miður. Ég hef þær tölur staðfestar. Það er skorið niður um 180 millj. kr. í umferðaröryggisaðgerðum á þjóðvegum landsins. Það hefði vafalaust verið nær að hægja á (Forseti hringir.) einhverjum öðrum verkefnum en að skera niður (Forseti hringir.) umferðaröryggisaðgerðir.

[16:23]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Við ræðum framkvæmd samgönguáætlunar og auðvitað sýnist þeim þingmönnum sem hér hafa komið upp sitt hverjum. Eins og komið hefur fram í umræðunni þurfti að skera töluvert niður frá fjárlögum, um 6 milljarða kr. Engu að síður eru þeir fjármunir sem ætlaðir eru til vegagerðar núna mjög miklir. Ef ég man rétt telst þetta annað mesta framkvæmdaár Íslandssögunnar í samgöngumálum þannig að því sé til haga haldið.

Eftir kosningar tekur við ný ríkisstjórn sem markar nýja stefnu og setur fram nýja samgönguáætlun. Ég held að við verðum að horfast í augu við þá grafalvarlegu stöðu sem blasir við í efnahagsmálum á fjárlögum núna og því að koma saman fjárlögum fyrir næsta ár. Ég held að þar sé óhjákvæmilegt að líta til þess að ekki verði eins miklir fjármunir settir í samgöngur og verið hefur. Þá skiptir afar miklu máli að forgangsröðunin sé rétt. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram varðandi mannaflsfrekar framkvæmdir og ég vil líka að það komi skýrt fram sem mín afstaða að menn eigi að líta til höfuðborgarsvæðisins á næsta ári, ekki síst vegna þess að hér er atvinnuleysið hið mesta.

Ég skoðaði atvinnuleysistölur í dag. Kreppan skellur á af mestum þunga á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Að sjálfsögðu eigum við að nota þá fjármuni á næstu árum sem við setjum í samgöngur til samgöngumannvirkja, vegagerðar, umferðaröryggismála og almenningssamgangna þar sem fjármunirnir nýtast best. Og það er hér á þessu svæði.

[16:25]

Eygló Harðardóttir (F):

Hæstv. forseti. Hæstv. samgönguráðherra hefur verið duglegur bæði fyrir síðustu sem og komandi kosningar að lofa umfangsmikilli jarðgangagerð í Norðausturkjördæmi, enda ljóst að hæstv. samgönguráðherra er í nánu og góðu sambandi við hv. þm. Kristján Möller sem er eftir allt saman kosinn af íbúum Norðausturkjördæmis til að gæta hagsmuna þeirra.

Hæstv. samgönguráðherra hefur einmitt verið þekktur fyrir að þurfa ekki neina aðstoð við að útdeila fjármunum ríkisins, a.m.k. ekki í kjördæmi sínu. Því verð ég að viðurkenna að önnur augabrúnin lyftist þegar ég las grein um hvernig staðið var að framgöngu samgöngumála fyrir Vestmannaeyjar. Þar heldur aðstoðarmaður samgönguráðherra því fram að hann hafi nánast einn síns liðs náð að knýja fram Landeyjahöfn, nánast þvert á vilja ráðherra, í kjölfar áherslu og eindreginna ráðlegginga aðstoðarmannsins til ráðherra. Ráðherrann skipaði einnig starfshóp um Landeyjahöfn samkvæmt fyrirmælum aðstoðarmannsins. Svo segir í greininni, með leyfi forseta:

„Eftir rúmt ár verður ný höfn tilbúin og siglingar hefjast. Verkin tala."

Aðstoðarmaðurinn heldur svo áfram.

„Landeyjahöfn og útboð og smíði nýs Herjólfs hefur verið mitt meginverkefni fyrir Eyjarnar en ég hef engu að síður komið að fjöldanum öllum af verkefnum sem tengjast Vestmannaeyjum, stórum og smáum ...

Hér tæpi ég á nokkrum verkum sem ég hef komið að persónulega og gleymi eflaust einhverju. Þetta eru verk sem unnin eru í hljóði og af ánægju ..."

Mesta furða er að aðstoðarmaðurinn hafi nokkurn áhuga á að setjast á þing þar sem hann hefur getað gert meira en margur þingmaðurinn á þeim stutta tíma sem hann hefur verið aðstoðarmaður samgönguráðherra. Spurningin er bara: Hvað var samgönguráðherra að gera á þessum sama tíma?

[16:27]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Það voru nokkur atriði sem ég vildi inna hæstv. ráðherra eftir varðandi framkvæmd samgönguáætl-

unar, svo sem að spyrja út í flugvellina. Það hefur verið gagnrýnt að þjónusta á ákveðnum flugvöllum hafi verið skorin niður en einnig eru framkvæmdir í gangi og ánægjulegt að vita um framkvæmdir eins og við flugvöllinn á Akureyri. Það var líka ráðgert að kanna möguleika á lengingu t.d. flugvallarins á Bíldudal sem var samþykkt á Alþingi. Ég vildi spyrja hann út í það og eins um fleiri flugvelli.

Ég legg áherslu á að samgöngumálin, hvort sem um er að ræða flug eða vegi, skipta miklu máli í atvinnulegu tilliti. Tökum t.d. ferðaþjónustuna. Það þarf að gæta að forgangsröðun þegar farið er út í niðurskurð og hvar hann kemur niður.

Við samgönguráðherra höfum báðir verið miklir áhugamenn um jöfnun flutningskostnaðar og hvar á vegi hún sé stödd. Hún var líka eitt af verkefnum fyrrverandi ríkisstjórnar og ætti að vera áhersluefni áfram.

Það er ánægjulegt að heyra að margar vegaframkvæmdir sem nú er verið að bjóða út skuli í sjálfu sér vera með hagstæð tilboð sem eru að koma. Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort þarna skapist ekki aukið svigrúm til að taka fyrir jafnvel fleiri vegaframkvæmdir en ráðgert var eftir að niðurskurðartillögurnar komu, að með hagstæðum tilboðum verði hægt að draga úr þeim (Forseti hringir.) niðurskurði sem samgöngumálin hafa orðið að taka á sig (Forseti hringir.) í þessum hremmingum.

[16:29]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra þingforseti. Ég hef hér nokkrar spurningar til hæstv. samgönguráðherra Kristjáns L. Möllers, fyrst um það sem lýtur að Bakkafjöru. Er búið að tryggja nóg fé í bryggjuframkvæmdir og hafnargerð í Landeyjahöfn? (**EyH:** Róbert er búinn að því.) Síðan veit ég að það er ekki frágengið með að láta bjóða út og gera tilboð í nýtt skip sem á að sigla þarna milli lands og Eyja.

Það eru fleiri þættir sem maður er forvitinn að vita hvernig tekst til með í samgöngum, sérstaklega á þessu ári, varðandi t.d. Suðurlandsveginn. Hvað er fyrirhugað þar? Einnig varðandi Reykjanesbrautina í gegnum Hafnarfjörð og Reykjanesbrautina að vestanverðu frá því sem hún var og þar sem tvöföldunin endar í dag.

Síðan er Suðurstrandarvegurinn, er til fjármagn í að halda þar áfram? Mikil vegagerð er í gangi við Höfn í Hornafirði, hvað líður því? Síðan erum við að tala um einbreiðar brýr víða í Suðurkjördæmi. Ég held að ég hafi talið eitthvað ríflega 30 einbreiðar brýr síðast þegar ég fór þar um. Hvað líður þeim?

Síðan eru umferðaröryggismál. Það er sorglegt að við skulum skera þar niður um 180 millj. á sama tíma og ég hefði viljað sjá reynt að koma upp ökugerðum til að þjálfa unga ökumenn víða um land.

[16:32]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Ég vil þakka þessa umræðu um samgöngumál. Margar spurningar brenna á þingmönnum og margt sem kemur fram í svona umræðu sem ekki verður hægt að tæma hér, geri ég ráð fyrir. Það sem vakir fyrst og fremst fyrir mér er að fá fram hvaða forsendur verða lagðar til grundvallar þegar skera þarf niður í samgöngumálum. Það er meginatriðið að við áttum okkur á því hvar eigi að skera niður.

Nú hefur hæstv. samgönguráðherra sagt að áherslan sé á mannaflsfrekar framkvæmdir og það er vel. Hann hefur jafnframt sagt að áhersla sé á undirbúning og hönnun verka. Það bendir til þess að að hægt sé að fara í verkefni þegar betur árar og það er í sjálfu sér ágætt.

Ég finn og heyri að Norðfjarðargöngin eru greinilega komin á rekspöl hvað varðar hönnun og undirbúning. En hvað með önnur verk, t.d. Sundabraut? Hvernig gengur undirbúningur þar? Er það verk sem hugsanlega væri hægt að hafa tilbúið þegar betur árar? Ég kalla enn eftir því og bið hæstv. samgönguráðherra að reyna að svara því betur hvar við sjáum fyrir okkur að niðurskurður verði á komandi ári. Nú kemur í ljós að mun lægri kostnaður er við einstök verk en ráð var fyrir gert, sem auðvitað skýrist af efnahagsástandinu, og þá kann að vera svigrúm til að fara frekar í smærri verk. Mig langar að vita hvort hæstv. ráðherra veltir slíku fyrir sér.

Grundvallaratriðið er að þegar við vitum að við komumst ekkert hjá áframhaldandi niðurskurði í samgöngumálum er gríðarlega brýnt fyrir þingheim að átta sig á því hver meginstefna hæstv. samgönguráðherra og samgönguyfirvalda verður þegar kemur að þessum niðurskurði. Hvar á að bera niður? Á að taka af öll stærstu verkin eða einbeita sér að smærri verkum? Hvernig sjá menn þetta fyrir sér?

[16:34]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka enn á ný bæði fyrirspyrjanda og þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu um framkvæmd samgönguáætlunar. Það er eins og gengur og gerist að sitt sýnist hverjum og umræður eru alltaf líflegar og góðar. Ég held að ekki sé mikill ágreiningur hér á hinu háa Alþingi um mikilvægi samgönguframkvæmda, heldur frekar um röðunina. Þannig hefur það verið alla þá tíð sem ég hef setið á Alþingi og ég þekki vel til þeirrar umræðu eftir að hafa setið í samgöngunefnd alla þingtíð mína.

Hér hafa að sjálfsögðu komið fram margar spurningar, sem því miður er ekki hægt að svara á þeim tveimur mínútum sem mér eru ætlaðar. Með forgangsröðun er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni með minni verktaka og minni verk, hugsunin á bak við þau stóru verk sem boðin eru út núna eru þau góðu tilboð sem við fáum og það sparast þá til annarra verka. Minni verkin fara að koma til útboða þegar við sjáum fyrir endann á stærstu verkunum sem við erum að bjóða út, og talað hefur verið um.

Hér hefur líka verið rætt um samgöngumiðstöð. Ég á von á því, virðulegi forseti, að innan eins til tveggja daga takist okkur að klára nýtt samkomulag við borgarstjórann í Reykjavík um það mikla og brýna verk. Vonandi gengur það eftir sem við erum að vinna að.

Ég hef auðvitað sagt að aukið svigrúm skapist með þessu, en hv. fyrirspyrjandi spyr hvar skera skuli niður. Það er vandamál næstu missira, við vitum ekki núna hvaða peninga við fáum til samgöngumála á næsta ári og næstu árum

þar á eftir. Nú sjáum við hins vegar fyrir okkur að skera ekki beint niður, heldur fresta ýmsum verkum vegna þess að þau eru ekki tilbúin. Aðalatriðið, virðulegi forseti, er að geta þess að þrátt fyrir (Forseti hringir.) þetta vandræðaástand sem er í þjóðfélaginu verður þetta ár annað mesta framkvæmdaár Íslandssögunnar hvað varðar vegamál. (Forseti hringir.) Það mesta var í fyrra og ég held að þetta séu góð skilaboð frá hinu háa Alþingi vegna þeirra miklu verka sem þarf að vinna í samgöngumálum á Íslandi.

Embætti sérstaks saksóknara, frh. 2. umr.

Stjfrv., 393. mál (rýmri rannsóknarheimildir). — Þskj. 663, nál. 760, brtt. 762.

[16:37]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs var hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra í salnum og ég ætlaði að spyrja ráðherrann um mál varðandi það embætti þannig að ég vil biðja hæstv. forseta að kanna hvort ráðherrann sé hér eða geti komið og verið við umræðuna.

(**Forseti** (KHG)**:** Ráðherrann er ekki í húsinu en ráðstafanir verða gerðar til að koma boðum til ráðherrans og óska eftir nærveru hans hið fyrsta.)

Á ég að gera hlé á máli mínu og bíða eftir því eða ætlar forseti að gera hlé á fundinum meðan beðið er, eða hvernig á að haga þessu?

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti telur rétt að gera hlé á þessari umræðu og biður hv. þingmann að gera hlé á máli sínu. Á meðan beðið er eftir hæstv. dómsmálaráðherra hyggst forseti freista þess að halda áfram með dagskrá fundarins.)

Umræðu frestað.

Íslenskur ríkisborgararéttur, 2. umr.

Stjfrv., 402. mál (próf og gjaldtökuheimild). — Þskj. 683, nál. 764.

[16:39]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um íslenskan ríkisborgararétt sem lúta að undirbúningi og framkvæmd prófa í íslensku. Lagt er til að ráðherra geti falið Námsmatsstofnun eða öðrum sambærilegum aðila að annast undirbúning og framkvæmd prófa í íslensku og að ráðherra verði veitt heimild til að ákvarða prófgjald sem ætlað er að standa undir kostnaði við prófin og undirbúning þeirra, en ákvæði um þetta efni láðist að setja inn á sínum tíma.

Fram kom að umsækjendur um ríkisborgararétt geta þreytt prófin án þess að hafa undirbúið sig formlega, þ.e. með setu námskeiðs o.s.frv. Gert er ráð fyrir að prófgjaldið standi undir kostnaði við prófin og verði hóflegt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Hv. þingmenn Ólöf Nordal og Árni Þór Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita, auk þess sem hér stendur, hv. þingmenn Álfheiður Ingadóttir, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Siv Friðleifsdóttir og Jón Magnússon.

[16:40]

Björn Bjarnason (S):

Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð um þetta mál til að vekja athygli á því að hér er verið að hrinda í framkvæmd skipan sem var ákveðin við breytingar á ríkisborgaralögunum 2007. Þá var ákveðið að taka upp að þeir sem sæktu um ríkisborgararétt á Íslandi skyldu gangast undir próf í íslensku. Þegar Alþingi samþykkti þá breytingu á ríkisborgaralögunum var gefinn frestur til áramóta, eða 1. janúar 2009, til að hrinda því í framkvæmd að þau próf kæmu til sögunnar.

Virðulegi forseti. Greinilegt var á síðasta ári þegar dró að því að þetta ákvæði kæmi til framkvæmda að — menn sjá tölur um það hvað margir sóttu þá um ríkisborgararétt. Ef ég veit rétt hafa nálægt þúsund manns öðlast þennan rétt á undanförnum árum, 700–1.000 manns, og því er um nokkuð umfangsmikið verkefni að ræða þegar litið er til þess að undirbúa og framkvæma próf fyrir þá sem sækja um íslenskan ríkisborgararétt.

Þegar við unnum að því í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að hrinda þessu í framkvæmd var okkur ljóst að nauðsynlegt væri að huga að kostnaði við það að efna til prófanna og alveg frá upphafi hefur verið gengið út frá því að þannig verði um hnúta búið að kostnaður falli á þá sem prófin þreyta. Þess vegna er verið að breyta lögunum á þennan veg til að heimild verði í lögum til að ráðherra geti falið Námsmatsstofnun eða öðrum sambærilegum aðila að annast undirbúning og framkvæmd prófa og greiðist kostnaðurinn vegna þess með gjaldi sem ráðherra ákveður.

Tvíþætt ákvörðun er sem sagt kynnt í þessu frumvarpi, annars vegar að Námsmatsstofnun eða annar sambærilegur aðili annist undirbúning og framkvæmd prófanna og hins vegar að kostnaður greiðist með gjaldi sem ráðherra ákveður. Það atriði að kostnaður greiðist með gjaldi sem ráðherra ákveður er í raun lykilatriði í frumvarpinu, að heimild fáist frá Alþingi til að hafa þá skipan mála að heimilt verði að innheimta sérstakt gjald vegna prófanna.

Ég fagna því, virðulegi forseti, að samstaða er í allsherjarnefnd þingsins um að ganga til verka á þennan hátt og að í áliti nefndarinnar er lagt til að frumvarpið verði samþykkt.

Eitt er að hafa þessa skipan, annað er, sem var ákveðið árið 2007, að setja þetta sem skilyrði. Vissulega voru raddir og umræður á þinginu þegar þetta mál um breytingu á ríkisborgararéttarlögunum, sem upphaflega voru sett árið 1952, var til umræðu um hvort eðlilegt væri að gera kröfu um að þeir sem gerðust íslenskir ríkisborgarar tækju próf í íslensku. Ég tel að reynsla undanfarinna ára, reynsla þingmanna og allra sem að þessum málum hafa komið, sé á þann veg að bæði sé sjálfsagt og eðlilegt að gera kröfu af þessu tagi því að sannreynt er — og við Íslendingar höfum öðlast nýja reynslu varðandi flutning útlendinga til lands

okkar á undanförnum árum — að besta tækið til að auðvelda fólki að laga sig að íslenskum háttum er að það öðlist vald á tungumálinu. Mörgum hrýs að sjálfsögðu hugur við því að læra nýtt tungumál, sama frá hvaða landi menn koma og hvaða tungumál er um að ræða, og sumir telja að það sé kannski ekki, ef ég má orða það svo, praktískt að leggja mikið á sig til að læra íslensku. En vilji menn búa á Íslandi og verða íslenskir ríkisborgarar finnst mér sjálfsagt að þessi krafa sé gerð og að sú skylda sé lögð á þá sem vilja gerast íslenskir ríkisborgarar að taka próf og leggja nokkuð á sig til að læra tungumálið áður en ríkisborgararétturinn er veittur.

Ég tel líka að það falli að íslenskri málstefnu, sem er nýsamþykkt hér á þingi, því að vissulega voru söguleg tímamót þegar Alþingi samþykkti hér ályktun um íslenska málstefnu. Fram til þess höfðu menn talið að vitundin um gildi íslenskrar tungu og sú staðfesting okkar að viðhalda tungunni dygði án þess að það væri lögbundið eða til væri sérstök samþykkt Alþingis. Sú ákvörðun hefur nú verið tekin í góðri samstöðu hér á þingi að samþykkja sérstaka ályktun og sérstaka málstefnu og ég tel að það falli að þeirri stefnu og sé í samræmi við þá stefnu og þá ákvörðun sem Alþingi hefur þegar tekið að þetta frumvarp og þessi breyting á ríkisborgaralögunum hafi komið til framkvæmda, sem þetta frumvarp staðfestir.

Ég fagna því, eins og ég hef sagt, virðulegi forseti, að málið er komið á þetta stig og árétta mikilvægi þess að algjör samstaða var um málið í allsherjarnefnd þingsins og þess vegna ekki ágreiningur á milli manna eftir stjórnmálaflokkum um það hvernig standa ætti að málinu, sem var umdeilt á sínum tíma þegar ákveðið var að setja það sem skilyrði að menn þyrftu að standast próf í íslensku til að öðlast ríkisborgararétt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Embætti sérstaks saksóknara, frh. 2. umr.

Stjfrv., 393. mál (rýmri rannsóknarheimildir). — Þskj. 663, nál. 760, brtt. 762.

[16:47]

Björn Bjarnason (S) (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til að gera hlé á máli mínu og taka upp þráðinn að nýju þegar hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra er komin í salinn því ég vil beina orðum mínum sérstaklega til hæstv. ráðherra þegar við ræðum þetta mál. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni um málið í gærkvöldi — en þá var hæstv. ráðherra því miður ekki hér — þá er ég ekki með neinn ágreining varðandi þetta mál og ég tel mjög mikilvægt og það hefur komið fram í umræðunum að þess vegna séu þessar umræður mikilvægar, til þess að fá fram þann víðtæka stuðning sem er hér í þingsalnum við það að hinn sérstaki saksóknari fái umræddar heimildir. Það hefur einnig verið upplýst hér — og ég vil þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sérstaklega fyrir að hafa unnið í því að upplýsa, skýra og útskýra hvers vegna þetta ákvæði er komið fram sem sérstakt mál í þingið og var ekki hluti af frumvarpinu um sérstakan saksóknara sem ég kynnti og flutti fyrir áramót. Þetta hefur orðið til þess að skýra málið betur, við höfum gefið okkur tíma til að ræða það og ég er viss um að allir þeir sem bera hag þessa embættis fyrir brjósti átta sig á því eftir þessar ítarlegu og gagnlegu umræður að það er fullur stuðningur stjórnmálamanna og þingmanna við það að embættið vaxi og dafni.

Þess vegna var það, miðað við það sem rætt var í gærkvöldi, sérstakt gleðiefni að í dag kynnti hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra á blaðamannafundi þá ákvörðun að fjölga mætti starfsmönnum embættisins úr 4 í 16. Einnig hefur komið fram í fréttum að nú í vikunni sé hinn franski saksóknari Eva Joly væntanleg hingað aftur til skrafs og ráðagerða um framvindu embættisins.

Það sem ég vildi fá tækifæri til að spyrja hæstv. ráðherra um, og þess vegna bað ég sérstaklega um að hæstv. ráðherra yrði viðstödd þegar ég flyt ræðu mína, er hvort hún geti ekki útskýrt betur fyrir okkur hér í þingsalnum hvernig hæstv. ráðherra sér framvindu mála varðandi fjölgun starfsmanna hjá embættinu úr 4 í 16, hvaða samsetning af fólki er fyrirhuguð þar og hvers vegna talan 16 er valin en ekki einhver önnur tala, hvað býr þarna að baki? Ég gat ekki verið viðstaddur fyrri hluta umræðunnar og kannski hefur þetta þegar komið fram, ég veit það ekki, en ég vildi mjög gjarnan að hæstv. ráðherra útskýrði þetta fyrir okkur.

Ef ég reikna rétt er væntanlega líka verið að tala um með þessu að hækka fjárveitingar til embættisins úr 50 milljónum í 200 milljónir á ári, ef ég átta mig á þeim stærðum sem um er að ræða. Þetta er kannski ekki alveg svona há upphæð, líklega var hluti upphæðarinnar, þ.e. 50 milljónanna, stofnkostnaður, ég veit það ekki. Það væri fróðlegt að vita hvort samráð hefur verið haft við þingmenn úr fjárlaganefnd um þetta, eins og eðlilegt er, eða hvernig sú ákvörðun var tekin að auka fjárveitingar með þessum hætti.

Mig langar einnig að vita hvaða áform eru um samstarf við hinn sérstaka franska ráðgjafa um framvindu málsins. Ég tel að það sé til þess fallið að styrkja embættið enn frekar í sessi að hæstv. dómsmálaráðherra upplýsi um þessa þætti og það eigi ekki að leggja það á hinn sérstaka saksóknara að þurfa að sitja og svara spurningum fjölmiðlamanna um starfsumhverfi sitt og mál af þessu tagi. Að mínu mati er mjög brýnt að búa þannig um hnútana að hinn sérstaki saksóknari geti sinnt störfum sínum af öryggi án þess að fjölmiðlamenn séu í sjálfu sér að skipta sér af því og krefja hann svara um það hvort hann ætli að gera þetta eða hitt eða hvort starfsmennirnir séu 4 eða 16. Hið pólitíska umhverfi ætti að skapa honum það öryggi sem þarf til þess að hann geti sinnt störfum sínum. Frumvarpið sem hér er til umræðu gerir það, með því er verið að veita honum meiri heimildir en áður.

Eins og ég sagði í ræðu minni í gær tel ég mjög ómaklega að hinum sérstaka saksóknara vegið þegar gefið er til kynna að vegna þess að hann hafi verið sýslumaður á Akranesi sé hann verr til þess fallinn en einhverjir aðrir að sinna verkefnum af þessu tagi. Ég tel því fulla ástæðu til þess að skapa þann múr af trausti í kringum embættið að öruggt sé að það geti siglt áfram á þann veg sem við allir þingmenn væntum og sem við væntum enn frekar eftir að búið verður að breyta lögum á þann veg sem hér er verið að gera og

einnig þegar ákveðið hefur verið að fjölga starfsmönnum við embættið jafnmikið og raun ber vitni.

Það var þetta sem ég vildi spyrja um. Ég vil í raun og veru líka gefa, ef ég má orða það svo, virðulegi forseti, hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra færi á því hér í salnum að greina frá því hvaða ákvarðanir hafa verið teknar því það er þingið sem hefur skapað þetta embætti með samþykkt þessara sérstöku laga. Það hefur líka komið skýrt fram, og hæstv. ráðherra og við höfum fylgst með umræðum sem hafa verið miklar og efnislegar um þetta mál, að það er eindreginn stuðningur í þinginu við embættið og eindreginn vilji til þess að það geti sinnt störfum sínum.

Ég vil, virðulegi forseti, enn í lok máls míns þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir að ljúka því sem mátti skilja sem óupplýst mál í upphafi umræðnanna vegna orðaskipta sem urðu við 1. umr. málsins og draga það fram með þeim hætti sem hún gerði, hvað menn ræddu í aðdraganda frumvarpsins, upphaflega, og hvaða sjónarmið voru uppi milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins annars vegar og viðskiptaráðuneytisins hins vegar.

[16:54]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birni Bjarnasyni fyrir spurningarnar. Hvað varðar hinn sérstaka saksóknara og væntingar til hans verður að hafa í huga að hinn sérstaki saksóknari hóf störf 1. febrúar sl. þegar nokkur tími var liðinn frá bankahruninu. Hann hóf störf sín í rauninni í því andrúmslofti að menn voru mjög óþolinmóðir að sjá strax árangur af störfum hans. Auðvitað þarf hinn sérstaki saksóknari að fá færi til að kynna sér málin og fara ofan í þau og hefja rannsókn. Það hefur ekki verið um það deilt að einhvers staðar verði menn að byrja og þetta embætti byrjaði eins og áætlað var með þremur til fjórum starfsmönnum.

Síðan varð ljóst þegar embættið hóf störf að það þurfti ríkari heimildir til þess að geta sinnt starfinu og það frumvarp sem nú er til umræðu gerir einmitt ráð fyrir þeim heimildum. Þá samþykkti ríkisstjórnin 10. mars sl. að óska eftir aðstoð Evu Joly sem ráðgjafa vegna rannsóknar á brotum í tengslum við bankahrunið og í kjölfar þess er gert ráð fyrir að rannsóknin verði mun alþjóðlegri og að aðkeypt sérfræðiþjónusta verði stóraukin.

Hinn sérstaki saksóknari hefur komið á minn fund og kynnt endurskoðaða rekstraráætlun og kynnt mannaflaþörf embættisins. Ég taldi því ekki annað í stöðunni en að kynna ríkisstjórninni það í morgun. Sú áætlun sem unnin er í samvinnu við hinn sérstaka saksóknara með aðkomu Evu Joly var kynnt fyrir ríkisstjórn og þar er gert ráð fyrir 16 föstum starfsmönnum auk þess sem þrír til fjórir erlendir sérfræðingar ynnu með embættinu. Þetta yrðu allt að 20 manns.

Eins og ég greindi frá á blaðamannafundinum í dag var mér falið af ríkisstjórn að vinna að málinu nánar ásamt forsætisráðherra og fjármálaráðherra með það fyrir augum að koma með niðurstöðu á föstudag. Ég vonast að sjálfsögðu eftir jákvæðum undirtektum en ég taldi nauðsynlegt að gera grein fyrir þessum fyrirætlunum.

Endurskoðuð rekstraráætlun — svo ég fari nákvæmar ofan í það sem er þar uppi á borðinu og enn liggur fyrir í drögum, en útgangspunkturinn hjá mér er að 16 fastir starfsmenn verði við embættið. Auk saksóknarans verða fimm lögfræðingar, tveir löggiltir endurskoðendur, sex lögreglumenn auk tveggja skrifstofumanna. Um hina erlendu sérfræðinga þarf að ræða nánar og aðkomu þeirra og á hvaða tímapunkti og verður haft samráð við Evu Joly um það. Hún er ráðgjafi ríkisstjórnarinnar um rannsókn þessara brota og hún hefur víðtæk tengsl í alþjóðlegt samfélag þeirra sem rannsaka efnahagsbrot og hefur þar mikið til málanna að leggja. Það er hennar aðkoma á þessum tímapunkti. Hún mun koma hingað til landsins á morgun og þá verður þetta rætt frekar með aðkomu erlendra sérfræðinga og ég vonast til þess að hægt verði að ganga frá þessu fyrir vikulokin. Ég tel það mjög brýnt að saksóknarinn þurfi einmitt ekki að svara spurningum um þessi atriði, þ.e. að það sé bara á hreinu, hann geti sinnt störfum sínum og gert það af myndugleika og krafti og hann er þegar byrjaður á því. Samkvæmt mínum upplýsingum er nóg að gera hjá hinum sérstaka saksóknara, allir starfsmenn þar sinna störfum sínum af fullum krafti og ekki vanþörf á að auka starfsmannafjöldann mjög bráðlega og helst ekki síðar en í næstu eða þarnæstu viku.

[16:59]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör og það var gagnlegt að fá þessar upplýsingar gefnar í þingsalnum.

Ég vakti máls á því í gær og ég vil gjarnan fá tækifæri til þess að spyrja hæstv. ráðherra að því nú: Kemur ekki til álita fyrir utan að nýta þau tengsl sem hinn franski saksóknari getur skapað, að líta einnig á tengsl Íslands inn í alþjóðlegt rannsóknarsamfélag í gegnum Europol og nýta þetta tækifæri, ef ég má orða það svo, eða þessar aðstæður til þess að tryggja örugglega að Íslendingur starfi hjá Europol og komi þá meira að efnahagsrannsóknum nú meðan þetta gengur yfir á þennan veg?

Eins og ég sagði í ræðu minni í gær er út af fyrir sig gott að fá ráðgjöf frá sérfræðingum eins og hér hefur verið lýst en ég tel ákaflega miklu skipta að það sé tryggt að hinn sérstaki saksóknari hafi aðgang inn í viðurkennt rannsóknarumhverfi. Eitt er Interpol en Europol skiptir mjög miklu máli því að Europol er örugglega að þróa mjög með sér rannsóknir á sviði efnahagsbrota og peningaþvættis og annarra slíkra þátta. Ég hvet þess vegna eindregið til að ekki verði einblínt, ef ég má orða það svo, á hin sérstöku tengsl við hinn franska saksóknara heldur verði einnig lögð rækt við að nýta þau tengsl sem eru við Europol og við þær alþjóðlegu lögreglustofnanir sem við höfum því þær eru viðurkenndar og þarf enga sérstaka vottun, ef svo má segja, fyrir lögmæti þeirra eða aðgangi þeirra að upplýsingum.

Ég hvet ráðherrann til að huga að þessu þegar verið er að endurskipuleggja og fara yfir nýtt tengslanet fyrir hinn sérstaka saksóknara.

[17:02]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ljóst er að þessi umræða um emb-

ætti sérstaks saksóknara og umræða um aukningu á starfsmannaliði hans kallar á umræður um ýmsa þætti rannsóknarinnar. Vel getur verið að við þurfum ekki einungis að huga að aðkeyptum sérfræðingum og því að veita fé til þeirra, heldur þurfi líka að huga að því að veita fjármagn í aukin tengsl eða viðvarandi tengsl við Europol, en fjárheimildir hafa ekki gert ráð fyrir að hafa þar fastan starfsmann út árið. Ég held að þessi umræða um sérstakan saksóknara sé einmitt tækifæri til að skoða öll svona sambönd til hlítar og tel að einmitt megi huga að því að búa til tengsl og njóta sérfræðiaðstoðar, bæði með því að fá hingað erlenda sérfræðinga en líka að leita út fyrir landsteinana til góðra manna og kvenna sem þar eru.

[17:03]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka ráðherranum fyrir þessar jákvæðu undirtektir. Ég tel að skoða eigi þetta allt saman og huga að Interpol, sem hlýtur að fjalla um svona mál, og ekki síður að velta fyrir sér t.d. Eurojust, sem er samstarf saksóknara á evrópskum grundvelli og Ísland er aðili að í gegnum Schengen-samstarfið, og nýta þannig öll tækifæri. Mjög mikilvægt er, held ég, að nýta þau tækifæri sem felast í aðild okkar að alþjóðlega viðurkenndum rannsóknarstofnunum, því í málum eins og þessum er trúverðugleikinn og traustið og spurningar sem koma frá evrópskum stofnunum, t.d. gagnvart Lúxemborg eða öðrum Evrópulöndum — ef það kemur í gegnum þessar stofnanir, þótt íslenskir aðilar geti haft mikla vigt, hefur það ekki síður mikla vigt að geta beitt sér í gegnum sameiginlegar evrópskar stofnanir sem allir vita eftir hvaða reglum starfa og hvaða reglur gilda um.

Ég hvet því eindregið til þess þegar farið verður í þetta starf, sem hæstv. ráðherra lýsir og fjallað er um þessa dagana, að menn hugi að þeim þáttum. Við vitum um nána samvinnu okkar við Norðurlöndin, en ég hvet til þess að menn hugi að þessum Evrópuþáttum og tengi rannsóknirnar inn í þær stofnanir eftir því sem efni og ástæður leyfa og nýti þá krafta sem þar eru til að auðvelda okkur að koma að þessum málum.

[17:05]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Ég á ekki sæti í nefndinni sem fjallar um það mál sem hér er verið að ræða en hef hlýtt á umræðuna sem hefur átt sér stað og verið mjög gagnleg.

Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs um þetta mál er sú að ég hef átt sæti fyrir hönd Alþingis Íslendinga í Norðurlandaráði og tekið þátt í því starfi eins og vera ber og verið í nefnd sem heitir meðborgaranefnd, en sú nefnd hefur einmitt fjallað um málaflokka af þeim toga sem hér um ræðir, rannsóknir á hvers konar glæpastarfsemi, mansali, eiturlyfjum, peningaþvætti o.s.frv. Ég hef átt þess kost að heimsækja bæði Eurojust og Europol í Haag í Hollandi og reyndar líka Alþjóðadómstólinn sem þar er. Þar eru fulltrúar frá Norðurlöndunum og Norðurlöndin hafa ákveðið samstarf og samstarfsvettvang innan þessara stofnana og við lögregluna í viðkomandi löndum, þannig að ég held að það hljóti að vera alveg einboðið að við nýtum okkur þá þekkingu og mig grunar að það hafi verið gert í einhverjum mæli í öðrum og annars konar málum en við fjöllum um hér.

Þá get ég nefnt að þessi meðborgaranefnd hefur heimsótt Varsjá í Pólland, þar sem höfuðstöðvar Schengen-mála eru og það er gríðarlega stór og stækkandi stofnun með gríðarlega öflugt lið og þetta fléttast allt saman við lögreglu í heimalöndunum. Þar eiga Norðurlöndin einmitt fulltrúa sem tengir starfið sem þar er unnið og, eins og ég sagði áðan, stækkar ört hópurinn sem vinnur að þeim málum í Varsjá. Gríðarlegir fólksflutningar eru frá Asíu, Írak, Íran, Úkraínu og löndunum sem snúa að Póllandi þannig að mikil ásókn er í að komast inn í þennan vestræna heim okkar. Líka er verið að smygla fólki og það er stóriðnaður ekki síður en eiturlyfja- og klámiðnaðurinn, það er iðnaður að flytja fólk og smygla því inn í þau lönd sem standa að EES og Evrópubandalaginu.

Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi fram og hvet til þess að þær leiðir sem við höfum í gegnum Norðurlandaráðssamstarfið verði nýttar í þessu tilfelli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:08]

Útbýting:

Gjaldþrotaskipti o.fl., 281. mál, frhnál. allshn., þskj. 790.

Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, 2. umr.

Frv. umhvn., 420. mál (flutningur yfirstjórnar málaflokksins til umhverfisráðuneytis). — Þskj. 713, nál. 767.

[17:09]

Frsm. umhvn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar. Þetta geri ég, virðulegi forseti, fyrir hönd umhverfisnefndar í fjarveru formanns hennar og framsögumanns.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til sín fjölmarga gesti og fjölmargar umsagnir um þetta mál. Markmiðið með þessu frumvarpi er að færa rafmagnsöryggissvið, sem hefur verið hjá Neytendastofu, yfir til Brunamálastofnunar. Til að tryggja þetta eru lagðar til breytingar á lögum um brunavarnir, nr. 75/ 2000, sem heyra undir umhverfisráðuneytið, og tvennum lögum sem heyra undir viðskiptaráðuneytið, þ.e. lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, og lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að almennt virðist vera sátt um yfirfærsluna hjá hlutaðeigandi ráðuneytum sem og velflestum þeim aðilum sem nefndin ræddi við. Það var þó settur fyrirvari af hálfu Neytendastofu við yfirfærsluna sem sneri aðallega að fjárhagslegum atriðum. Það var

þó að öðru leyti almenn samstaða um að þetta skyldi gert enda tengist rafmagnsöryggi bygginga óhjákvæmilega brunavörnum vegna þess að eldur kviknar jú æði oft, ef ekki í velflestum tilfellum, út frá rafmagni.

Þess vegna telur nefndin eðlilegt að málaflokkurinn eigi betur heima hjá Brunamálastofnun og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Karl V. Matthíasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta rita hv. þingmenn Helgi Hjörvar, Atli Gíslason, Eygló Harðardóttir, Katrín Júlíusdóttir, Kjartan Ólafsson, Árni M. Mathiesen, Jón Gunnarsson og Kristinn H. Gunnarsson.

[17:11]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um frumvarpið sem hér um ræðir, um breytingar á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar.

Ég hef átt sæti í umhverfisnefnd, bæði á þessum og síðasta vetri, þannig að ég þekki málið nokkuð vel og það á sér miklu lengri sögu en kemur fram í greinargerð um frumvarpið og ég vil aðeins rekja það. Árið 2002 var byrjað að undirbúa málið en þó ekki í þeim búningi sem við sjáum nú heldur var verið að undirbúa ný skipulagslög og lög um mannvirki, mannvirkjalög sem svo voru kölluð. Þetta voru lagabálkar sem við höfðum til umfjöllunar á Alþingi síðasta vetur en náðu ekki fram að ganga. Þar var einmitt ætlað að þessi tiltekna breyting, sem við förum yfir hér, ætti sér stað með stofnun nýrrar stofnunar sem mundi heita mannvirkjastofnun og Brunamálastofnun yrði þá innan hennar.

Ekki var sátt um þessi skipulags- og mannvirkjalög á Alþingi, fyrst og fremst vegna III. kafla, ef ég man rétt, sem fjallaði innan skipulagslaga um landsskipulagsáætlanir sem sveitarfélögin voru afskaplega mikið á móti. Landsskipulagsáætlanirnar áttu að taka yfir skipulagsvald hjá sveitarfélögunum og vera æðra því skipulagsvaldi sem sveitarfélögin hafa haft og jafnframt átti landsskipulagsáætlunin að taka yfir skipulagsþátt hálendisins. Mikil ósamstaða var um þetta, sérstaklega meðal sveitarstjórnanna á landinu og þess vegna var þetta frumvarp ekki afgreitt frá Alþingi, hvorki í fyrravor né á haustþinginu í september, en það þing var nýlunda, eins og forseta er kunnugt um. Þetta fór ekki fram og því hefur þessi breyting ekki orðið eins og hún er lögð fyrir hér.

Síðan hefur áfram verið unnið að frumvörpum á þessum vetri en þau hafa ekki náð fram að ganga og ekki verið lögð fram að nýju af hæstv. umhverfisráðherrum, hvorki þeim sem var í fyrri ríkisstjórn né hæstv. núverandi umhverfisráðherra, Kolbrúnu Halldórsdóttur. Með mannvirkjafrumvarpinu var ætlað að mikil fjölgun starfsmanna yrði og mikið skráningarkerfi sett upp og talað um að það mundi kosta allt að 200 milljónir að koma þeirri stofnun upp í fullri stærð og fullum búningi með öllum þeim tölvugögnum og grunngögnum sem þyrftu að koma inn í það kerfi, þannig að það mál hefur ekki farið fram og ég sé ekki að miðað við aðstæður okkar sé nauðsynlegt að fara í þá miklu breytingu. Fyrir utan það að margir þingmenn Sjálfstæðisflokksins vildu að þetta yrði ein stofnun, þ.e. skipulags- og mannvirkjastofnun. Við teljum að það yrði skilvirkara og ódýrara að hafa þetta undir einni stofnun heldur en tveimur.

Herra forseti. Ég held að við þurfum að endurmeta þá löggjöf og það frumvarp sem hefur verið í smíðum allt frá 2002 með tilliti til þess að það hæfi þeim ferlum sem eru í gangi í dag. Augljóst er að allra næstu ár verður ekki byggt í nándar nærri þeim mæli á Íslandi eins og var síðustu fimm eða sjö árin, þannig að við þurfum að taka þetta niður og sníða okkur stakk eftir vexti.

Þess vegna er þetta litla, saklausa frumvarp mjög jákvætt og ég held að sjálfsagt og eðlilegt sé að það fari í gegnum Alþingi og verði samþykkt. Ég tel svo vera enda erum við sjálfstæðismenn með á nefndarálitinu og styðjum málið, en ég vildi alla vega koma því að hér að þetta er tengt miklu stærra máli en einungis þessari litlu breytingu.

Það er kannski rétt að nefna það að hv. umhverfisnefnd átti þess kost að fara í kynnis- og fræðsluferð til Skotlands á haustdögum þar farið var yfir með þarlendum yfirvöldum hvernig málum væri háttað hvað varðar skipulags- og mannvirkjalög í Skotlandi. Þá kom í ljós að sá þáttur er varðaði landsskipulagsáætlanir er þar í landi miklu meira unninn með íbúum, fyrirtækjum og sveitarfélögum og í raun unnið frá grasrótinni og upp úr og reynt að aðlaga skipulagið að aðstæðum þeirra fyrirtækja og þeirrar starfsemi sem menn óska eftir að hafa á viðkomandi svæðum. Hér var meira verið að byggja regnhlíf yfir, þar sem ríkisvaldið átti að hafa hönd yfir öllu og hafa æðsta vald um landsskipulagsáætlanir og notkun í landinu.

Eins og ég sagði áðan varðaði það líka miðhálendið, en þar hefur verið starfandi nefnd og sveitarfélögin hafa komið að starfi skipulagsmála miðhálendisins og þar hafa menn unnið þarft verk, m.a. farið yfir mörk, eins og t.d. við Þjórsá, og ég hygg að heimaaðilar á hverju svæði fyrir sig séu að ná nokkuð góðri lendingu með skipulagsþáttinn. Má þá t.d. nefna Vatnajökulsþjóðgarð, mál er varðar náttúruverndaráætlun sem liggur inni í umhverfisnefnd núna. Þar koma vissulega inn skipulagsmál og þættir er varða skipulagslögin og við þurfum að ná að búa til góða sátt um nýtingu og verndun þess lands sem þar um ræðir. Þar eru jafnframt Þjórsárver sem eru og hafa verið ákveðin átakamál milli þeirra sem vilja friða og þeirra sem vilja nýta það land og þau gæði sem eru umhverfis Þjórsárverin, en allir eru í rauninni á einu máli um að vernda Þjórsárver, eins og þau þurfa að fá að vera og geta nýst sem merkileg náttúruvist.

Ég vil sem sé, herra forseti, mæla með því að við samþykkjum þetta frumvarp sem lög og vildi einungis gera grein fyrir því að þetta er hluti af miklu stærra máli sem við höfum rætt og unnið með allt frá árinu 2002. Þetta er bara örlítill partur af því máli og því held ég að skynsamlegt sé að við klárum þetta og samþykkjum en við verðum að skoða virkilega vel aðra þætti er tengjast þessum stóra lagabálki, sem eru skipulags- og mannvirkjalögin. Mjög mikilvægt er að það sé ekki slitið í sundur.

[17:21]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég var búin að gera viðvart um að ég óskaði eftir því að hæstv. umhverfisráðherra yrði á staðn-

um. Nú er verið að ræða tvö mál sem heyra undir hæstv. umhverfisráðherra og ég vil fá að heyra frá forseta hvernig gengur að fá ráðherra á staðinn. Nú er einn þingmaður stjórnarflokkanna hér, hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, en aðrir stjórnarliðar sjást ekki við þessa umræðu sem talin er mjög mikilvæg. Ég dreg ekki úr því og óska eindregið eftir að hæstv. umhverfisráðherra verði við umræðuna. Ég vil fá að heyra frá forseta hvernig gangi að fá hæstv. umhverfisráðherra til að mæta.

[17:22]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill upplýsa að umhverfisráðherra hefur komið þeim boðum til forseta að hún sé væntanleg hingað innan fárra mínútna.

[17:22]

Frsm. umhvn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta svolítið sérkennileg bón hjá hv. formanni þingflokks sjálfstæðismanna. Mikið hefur verið talað um ráðherraræði í þessu landi og að þingið hafi of lítið vægi. Núna er þetta mál í meðförum þingsins. Það er búið að fá ítarlega umfjöllun í nefnd og kemur út í fullkominni sátt allra nefndarmanna, líka þeirra hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem í nefndinni sitja. Málið hefur fengið gríðarlega góða umfjöllun og ég lít svo á að þegar mál er komið í þingnefnd, hefur fengið þar umfjöllun og er síðan komið aftur út til þingsins sé það á forsjá þingsins og ekki lengur í höndum ráðherra. Það að kalla eftir ráðherra finnst mér vera öfugmæli og gera lítið úr þinginu, virðulegi forseti, svo ég segi alveg eins og er. Það er í okkar meðförum, í okkar höndum, og allir þingmenn sem sitja í hv. umhverfisnefnd flytja saman breytingartillögu við frumvarpið.

[17:23]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þingmaður gera býsna lítið úr því að hæstv. umhverfisráðherra er líka þingmaður á löggjafarþinginu og fer auk þess með þennan málaflokk. Það hefur komið fram í umræðunni að þetta er hluti af stærra máli sem ég trúi að hæstv. umhverfisráðherra sé einmitt að vinna að þessa dagana. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að hæstv. umhverfisráðherra láti svo lítið að hlýða á umræður sem eiga sér stað um málið.

Við erum í löggjafarþinginu og umhverfisráðherra er hluti af því (Gripið fram í.) og tekur eðlilega þátt í þeirri umræðu sem fjallar um málasvið hennar, að sjálfsögðu. Því ekki? Það að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir líti á það sem einhverja vanvirðu við þingið að fá ráðherra hingað (Forseti hringir.) til að ræða málin finnst mér mjög (Forseti hringir.) óeðlileg afstaða hjá hv. þingmanni.

(Forseti (KHG)**:** Forseti hyggst fresta þessari umræðu og vill gjarnan að mál komist áfram á þinginu og að meiri tími fari í að ræða málin og minni tími í að ræða fundarstjórn forseta. Ef ekki eru athugasemdir við það mun forseti fresta umræðu um 11. dagskrármálið í stutta stund.)

Umræðu frestað.

Náttúruvernd, 2. umr.

Stjfrv., 362. mál (gjaldtökuheimild). — Þskj. 613, nál. 766.

[17:25]

Frsm. umhvn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

Virðulegi forseti. Það er eins með þetta mál og það mál sem rætt var hér á undan að um það er alger sátt í umhverfisnefnd. Allir hv. þingmenn umhverfisnefndar rita undir álitið án fyrirvara og um málið var fjallað ítarlega í nefndinni sem fékk til sín gest, Loga Kjartansson frá umhverfisráðuneytinu, sem og umsagnir frá fjölmörgum aðilum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landmælingum Íslands, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Náttúrufræðistofnun Íslands, Félagi landfræðinga, Landvarðafélagi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Landvernd og Umhverfisstofnun.

Málið fékk talsverða umfjöllun en það snýst um að lögfesta gjaldtökuheimild fyrir námskeið fyrir landverði sem Umhverfisstofnun annast. Þá er í frumvarpinu lagt til að viðkomandi þurfi að hafa lokið námskeiði Umhverfisstofnunar um landvörslu til að mega starfa sem landvörður. Þó er stofnuninni veitt heimild til að veita öðrum réttindin hafi þeir öðlast menntun sem samsvarar efnisþáttum þessa umrædda námskeiðs.

Stöðugildum landvarða hefur fjölgað talsvert frá árinu 2008 og samhliða því ásókn í námskeið Umhverfisstofnunar um landvörslu. Stofnunin hefur innheimt námskeiðsgjald án þess að til þess væri ótvíræð lagaheimild. Tekjur af gjaldinu hafa þó ekki staðið undir kostnaði. Nefndin telur því rétt að lögfest sé gjaldtökuheimild, enda sé kveðið á um að gjaldið sé ekki hærra en nemi kostnaði við námskeiðið.

Þó telur nefndin að ekki eigi að gera það að skilyrði fyrir rétti til að starfa sem landvörður að viðkomandi hafi lokið námskeiðinu, enda sé óeðlilegt að Umhverfisstofnun sem haldi námskeið fyrir landverði setji jafnframt reglur um námskröfur þeirra. Um þetta var, virðulegi forseti, öll nefndin sammála.

Þá er til staðar reglugerð umhverfisráðherra sem kveður á um námskröfurnar og ekkert er því til fyrirstöðu að halda því fyrirkomulagi. Jafnframt er að mati umhverfisnefndar óeðlilegt að Umhverfisstofnun sé falið það hlutverk að meta menntun sem samsvarar efnisþáttum námskeiðsins án þess að stofnuninni séu settar skýrar reglur um slíkt mat. Samkvæmt frumvarpinu er ráðherra ekki lengur skylt að setja reglugerð um nánari ákvæði er varða nám og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum, m.a. landvarða, heldur eingöngu heimilt, ekki skylt. Nefndin leggur því til að óbreytt fyrirkomulag verði haft á þessu þannig að umhverfisráðherra setji í reglugerð að fengnum tillögum stofnunarinnar nánari ákvæði um menntun og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum. Þá verði felld brott skilyrði um að hafa lokið landvörslunámskeiði Umhverfisstofnunar til að öðlast rétt til að starfa sem landvörður. Auk þess leggur nefndin til að við bætist ný málsgrein sem kveði á um skyldu Umhverfisstofnunar til að

halda námskeið í landvörslu í samræmi við reglugerð ráðherra. Ákvæðið veitir stofnuninni jafnframt heimild til gjaldtöku fyrir námskeiðið í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins.

Því leggjum við til að frumvarpið verði samþykkt með einni breytingu með leyfi forseta:

„1. gr. orðist svo:

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Umhverfisstofnun skal halda námskeið í landvörslu í samræmi við reglugerð umhverfisráðherra, sbr. 2. mgr. Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir námskeið í landvörslu og próftöku sem þátttakendur greiða. Upphæð gjalds má ekki vera hærri en sá kostnaður sem hlýst af námskeiðshaldi og vinnu vegna próftöku. Ráðherra setur gjaldskrá að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar."

Virðulegi forseti. Karl V. Matthíasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir álitið rita hv. þm. Helgi Hjörvar, sú er hér stendur, Atli Gíslason, Eygló Harðardóttir, Kjartan Ólafsson, Árni M. Mathiesen, Jón Gunnarsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Virðulegi forseti. Þetta mál fór sem sagt í gegnum nefndina í fullri sátt eins og málið hér á undan og nú undra ég mig á því sem mér finnst vera að gerast í þessum sal. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þingmenn hafi áðan gert einhvern ágreining um málið sem slíkt þegar kallað var eftir hæstv. umhverfisráðherra, að hún sæti undir þessari umræðu sem hefur farið mjög málefnalega fram í þingnefnd og skilað þeirri niðurstöðu að það er fullkomin samstaða í umhverfisnefnd um bæði þessi mál. Ég velti þess vegna fyrir mér hvað vaki fyrir hv. þingmönnum. Eru þeir að gera ágreining um þessi mál sem tekin voru út í fullkominni sátt eða hvað er það sem hv. þingmenn gera kröfu um að hæstv. ráðherra svari hér umfram það sem svarað hefur verið í nefndinni sem skilaði þessari sáttaniðurstöðu?

Ég velti fyrir mér, virðulegi forseti, hvort hér sé eina ferðina enn verið að setja af stað einhverja leiksýningu í aðdraganda kosninga.

[17:31]

Kjartan Ólafsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti og kollegi. Ég held að hæstv. forseta hafi orðið á í messunni þegar hann hleypti framsögumanni hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur að af því að ég bað um orðið um fundarstjórn forseta á undan. Þá ber forsetum að hleypa viðkomandi að um fundarstjórn forseta.

Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir óskaði eftir því fyrr á fundinum að umhverfisráðherra yrði til staðar við umræðuna og nú sé ég að umhverfisráðherra er komin. Að þessu leyti til læt ég því málið niður falla en óska jafnframt eftir að fá að taka til máls um frumvarpið.

[17:32]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að alla jafnan er ég afskaplega ánægð með sitjandi forseta. Hann fellir góða dóma í stjórn sinni á þinginu og er alltaf, mundi ég segja, réttsýnn og tekur tillit til allra aðstæðna. En núna varð hæstv. forseta verulega á í messunni og við það vil ég gera athugasemdir. Í þessu tilfelli getum við rætt sérstaklega fundarstjórn forseta vegna þess að það var alveg augljóst að hv. þm. Kjartan Ólafsson var á undan hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur og hann fékk ekki að njóta þess réttar síns að fá að ræða fundarstjórn forseta. Ég óska eftir því að hæstv. forseti taki það til vinsamlegrar athugunar að verða ekki á slík mistök aftur.

[17:33]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill segja að allt orkar tvímælis þá gert er. En eins og málið leit út fyrir forseta var hann búinn að gefa framsögumanni málsins orðið þegar hann varð var við ósk hv. þm. Kjartans Ólafssonar um að fá að taka til máls um fundarstjórn forseta og forseti lítur svo á að slík beiðni rjúfi ekki fyrri ákvörðun um að veita framsögumanni orðið þannig að það stóð.

Hins vegar vill forseti taka fram að hv. þingmaður fékk orðið um fundarstjórn forseta, hann komst að vísu ekki að þegar hann óskaði eftir því en hann kom athugasemd sinni að. Það hefur líka hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir gert og verður það tekið til athugunar.

[17:34]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Bændur landsins eru landverðir landsins. Hér fjöllum við um frumvarp til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum. Frumvarpið kemur inn á landvörslu, námskeið, próftöku og greiðslu fyrir slík námskeið.

Það er margt sem er í kringum svona frumvarp, margt sem varðar landvörsluna líkt og frumvarpið sem við ræddum áðan, um rafföngin, sem tengdist skipulags- og mannvirkjalögunum sem við höfum verið að vinna með. Hæstv. umhverfisráðherra hefur átt sæti í umhverfisnefnd og þekkir þess vegna mjög vel þá vinnu sem búið er að leggja í það mál allt frá árinu 2002, að ég hygg. Það frumvarp sem við ræðum frekar á eftir fjallar um skipulags- og mannvirkjalögin. Þetta mál er afleggjandi þar af vegna þess að þarna er vitnað í athugasemdum við lagafrumvarpið í stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, stærsta þjóðgarðs í Evrópu sem við afgreiddum frá hinu háa Alþingi og var stofnaður árið 2008. Þar er að fjölga starfsfólki, eðli málsins samkvæmt. Þetta frumvarp er tilkomið vegna þess að starfsfólkinu fjölgar og það þarf að fá fagmenntað fólk til að taka upp þau störf sem heyra undir þjóðgarðinn.

Það er einn þáttur sem ég vil nefna sem kemur að sjálfsögðu ekki fram í frumvarpinu, hann varðar starfsstöð og staðsetningu starfsfólks Vatnajökulsþjóðgarðs. Nú birtist hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sem var hæstv. umhverfisráðherra þegar ráðið var í forstöðumannsstöðu Vatnajökulsþjóðgarðs. En í þeirri lagasetningu var gert ráð fyrir að þessar fjórar undirstjórnir væru skipaðar heimamönnum, þ.e. að starfsstöðvar þær sem eru við þjóðgarðinn væru að mestu skipaðar heimamönnum og síðan væri mynduð ein stór stjórn þjóðgarðsins. Meiningin var að starfsstöð yfirstjórnar væri úti á landsbyggðinni á einhverjum af þeim stöðum þar sem Vatnajökulsþjóðgarður hefði starfsstöð. Í því tilliti var oftast nefnt að Höfn í Hornafirði eða það svæði mundi sjá um reksturinn.

Ég nefni þetta vegna þess að komið hefur svo fram í framkvæmdinni að starfsstöð og skrifstofa fyrir Vatnajökulsþjóðgarð er í Reykjavík en ekki á landsbyggðinni þannig að flestar þær ákvarðanir sem hafa verið teknar hafa ekki snúið að því að starfsfólkið væri á landsbyggðinni. Nú vildi ég gjarnan fá að heyra hjá hæstv. umhverfisráðherra hvort ekki sé öruggt að þær starfsstöðvar og stöðugildi sem tengjast þeirri greinargerð sem eru athugasemdir með frumvarpinu, verði þar sem störfin eru unnin, þ.e. við Vatnajökulsþjóðgarð og í honum, og hvort ekki liggi fyrir að sá aðili sem er yfir Vatnajökulsþjóðgarði muni flytja starfsstöð sína austur. Ég held að það sé mjög gagnlegt að við fáum að heyra um það vegna þess að í aðdraganda þeirrar lagasetningar átti ég sæti í umhverfisnefnd. Þá töluðu sumir um að starfsstöðin ætti að vera hér í Reykjavík, hér væri fólkið sem mundi heimsækja garðinn. En eins og ég sagði í upphafi máls míns, frú forseti, eru bændur landsins búnir að vera landvörslumenn þessa lands í þúsundir ára. Það eru þeir sem hafa ræktað landið, nýtt það og hirt um það og ég hygg að okkur hafi farnast vel þar með.

Hins vegar hafa vatnsföll, eldgos og eyðingaröfl verið erfið fyrir gróðurlendi landsins en við erum nú að snúa því til betri vegar og sjáum batnandi náttúru og gróðurfar og er því sérstaklega fyrir að þakka hvað okkur hefur tekist að beisla jökulárnar. Jökulárnar eru þau vatnsföll sem hafa eytt mestum gróðri á Íslandi undangengin ár og áratugi en með beislun vatnsfalla eins og t.d. Markarfljóts, Þverár, Rangánna í Rangárvallasýslu, höfum við uppskorið eitthvert besta landbúnaðar- og ræktunarland landsins. Eftir að lagður var vegur yfir Skeiðarársand, brúaðar ár og settir upp varnargarðar, hefur öflugur gróður vaxið gríðarlega á austurhluta Skeiðarársands og við eigum eftir að sjá skóg vaxa fyrir sunnan þjóðveginn einmitt vegna þess að búið er að binda vatnsföllin. Þetta er það sama og við höfum gert á hálendinu með virkjunum. Þar beislum við vatnsföllin og græðum upp og gróðurinn fær frið fyrir vatnsföllunum. Þar verður mikil gróðurvin á næstu árum og þar er verkefni sem tekin hefur verið ákvörðun um hér, frú forseti, á hinu háa Alþingi. Það heitir Hekluskógar og skilar mjög góðu hvað landgræðslu varðar.

Allt tengist þetta vörslumönnum landsins, bændunum, þeim sem vinna með landinu og því ágæta fólki sem fer á þau námskeið sem frumvarpið snýst um. Það fjallar um að fá fólk til að kynnast náttúrunni, læra á það hvernig hugsa megi sem best um náttúruna og kynna þær náttúruperlur þar sem starfsstöðvar okkar í þessum málum eru. Það er af hinu góða. Ég, ásamt öðrum í umhverfisnefnd, styð þessa tillögu en ég frábið mér það sem kom fram hjá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, þ.e. þótt og ef við séum sammála frumvörpum gefist okkur þingmönnum ekki tækifæri að ræða málin. Það er af og frá. Það er öðruvísi en áður var þegar vinstri grænir voru á móti öllum mögulegum málum. (Gripið fram í.) Mér finnst skrýtið ef þeir þingmenn sem koma hér upp, taka til máls og fara yfir verk sem unnin hafa verið í viðkomandi nefnd og eru sammála því sem lagt hefur verið fram í frumvarpi, megi ekki tjá sig um mál af því að þeir eru ekki á móti þeim. Það eru einmitt þeir nýju stjórnarsiðir sem virðist eiga að taka upp á Alþingi.

Við sjálfstæðismenn höfum sagt að við viljum styðja að öll góð mál sem heyra til heilla fyrir fjölskyldur og fyrirtæki og við höfum lagt á það áherslu að þau mál fái forgang í þinginu, en að ráðast á okkur þegar við tökum jákvætt undir mál — mér finnast það ekki eðlileg vinnubrögð. Það eru ekki þau vinnubrögð sem ástunduð voru í fyrri ríkisstjórnum þegar menn töluðu í þrjá og upp í fimm, sex klukkutíma til að tefja þingstörf. Ég hef talað í tíu mínútur á jákvæðan hátt um frumvarp en verið skammaður af hv. stjórnarsinnum fyrir að voga mér að leggja gott til.

[17:43]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Kjartani Ólafssyni fyrir jákvæðar undirtektir varðandi það mál sem hér er til umfjöllunar og mér dettur að sjálfsögðu ekki í hug að hv. þingmaður sé að reyna að tefja þingstörf þótt hann hafi reyndar farið örlítið út fyrir efnið í ræðu sinni og fjallað um Vatnajökulsþjóðgarð sem í sjálfu sér er ekki kjarni þess máls sem við fjöllum um hér.

Mig langar til að svara hv. þingmanni því til að Vatnajökulsþjóðgarður hefur nýverið auglýst tugi starfa laus til umsóknar. Þar eru nokkuð margir landverðir og allar þær stöður sem auglýstar voru, eru og verða í þjóðgarðinum.

Varðandi síðan starfsstöð framkvæmdastjóra þjóðgarðsins er það ekki á prjónunum einmitt núna á þessu augnabliki að flytja hana austur, enda er ekki búið að sjá hvar kjarnarnir verða niður komnir að endingu. Þeir verða fleiri en einn, eins og hv. þingmanni er kunnugt, og þann 16. apríl mun ég fara austur á Fljótsdalshérað og taka fyrstu skóflustungu að gestastofu að Skriðuklaustri sem verður ein af a.m.k. fjórum gestastofum í kringum garðinn. Það er svo sannarlega verið að vinna að málefnum Vatnajökulsþjóðgarðs á vegum umhverfisráðuneytisins og í umhverfisráðuneytinu og við erum að reyna að gera það besta úr málum miðað við niðurskurðinn sem varð á síðustu fjárlögum, fjárlögum yfirstandandi árs. Við höfum fengið færða til fjármuni yfir í rekstur til að geta haldið þeim dampi sem þingheimur allur hefur lýst miklum vilja yfir að verði haldið.

Varðandi vörslumenn landsins sem hv. þingmanni var tíðrætt um tek ég hjartanlega undir með honum heils hugar. Landverðir, bændur og aðrir vörslumenn landsins eiga að fá andrými til að starfa og stuðning frá Alþingi (Gripið fram í.) og það hafa þessir einstaklingar og aðilar alltaf fengið, frá a.m.k. þeirri sem hér stendur.

[17:46]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir þau svör sem hér voru færð fram. Ég harma kannski fyrst og fremst að hæstv. ráðherra sjái ekki fyrir sér hvenær flytja megi starfsstöð þess forstöðumanns sem er fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Ég held að það væri mjög gott ef hæstv. ráðherra gæti svarað því greinilegar í seinna andsvari hvenær það sæist fyrir að sú staða yrði flutt austur. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt. Heimaaðilarnir skipta gríðarlega miklu máli. Samstarf og samvinna við heimaaðila skiptir miklu máli og það vitum við varðandi skipulagsmálin. Þau eignarlönd sem þurfa að færast í auknum mæli und-

ir Vatnajökulsþjóðgarð — það skiptir gríðarlega miklu máli að tengingin við heimaaðila sé mjög góð.

Auðvitað skiptir frumvarpið, hæstv. umhverfisráðherra, miklu máli þó að það beinist ekki beint að Vatnajökulsþjóðgarði því það er hann sem er forsenda þess að setja þarf löggjöf um námskeiðin og hvernig tilhögun þeirra er höfð. Ég vil taka það mjög skýrt fram að mér finnst að Vatnajökulsþjóðgarður sé miðjumöndullinn í þessu máli og utan á það hleðst svo aftur þetta frumvarp og ýmis önnur verkefni sem þarf að vinna.

Ég vil fyrst og fremst þakka fyrir svörin en vildi gjarnan fá að heyra betur og frekar um það hvenær hæstv. umhverfisráðherra telur að starfsstöð forstöðumannsins flytjist austur.

[17:48]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki svarað hv. þingmanni um það hvenær starfsstöð framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs flyst austur. Það sem ég get hins vegar sagt hv. þingmanni núna er að ef ég fæ einhverju um það ráðið í nánustu framtíð mun ég taka stjórnsýslu þjóðgarða og friðlýstra svæða á Íslandi til endurskoðunar. Mín sýn í þeim efnum gengur út á það að stofnuð verði yfirstofnun yfir umsýslu þjóðgarða og friðlýstra svæða. Hún gæti svo sem verið hvar sem er á landinu en það verði einhvers konar hjarta yfir umsýslu allra þjóðgarðanna og þá er ég með Þingvallaþjóðgarð undir því. Ég held að það skipti verulegu máli að það sé stofnun sem samræmir alla stjórnsýslu á þessum friðlýstu svæðum okkar, þjóðgörðum, fólkvöngum, þjóðskógum og friðlýstum svæðum. Þetta eru gríðarleg verkefni sem hafa týnst í sameinaðri Umhverfisstofnun og mér hefur þótt það mjög miður.

Ég mælti gegn því á sínum tíma á Alþingi Íslendinga þegar Náttúruverndarráð var lagt niður og ég hef gagnrýnt það að náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar hafi ekki fengið byr í vængina. Ég kem til með að beita mér fyrir því, ef ég fæ einhverju um það ráðið, að stjórnsýsla þjóðgarða og friðlýstra svæða almennt verði efld mjög mikið.

Ég mun líka beita mér mjög kröftuglega fyrir því að öll náttúruvernd og verndaráætlun sé unnin í miklu samstarfi við heimamenn. Við vitum að við höfum misstigið okkur mjög þegar litið er til baka, hvernig okkur hefur mistekist í því að fá fólk á band náttúruverndar og hvernig okkur hefur mistekist að fá það samtal fram sem nauðsynlegt er. Okkur hefur hins vegar farið mjög mikið fram í því á síðustu árum að eiga þetta nauðsynlega samtal og reyna að efna til sátta og samstarfs um þau friðlýstu svæði og náttúruverndarsvæði sem komið er á á Íslandi og ég treysti því að við getum haldið áfram á þeirri góðu braut.

[17:50]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get aftur þakkað hæstv. umhverfisráðherra fyrir það sem hér kom fram. Ég vil hins vegar nefna það hér að við skulum ganga hægt um gleðinnar dyr varðandi það að ætla að taka alla þjóðgarða á einu bretti undir eina stjórn. Hvers vegna segi ég það? Það er einmitt það að slíta ekki stjórnunina frá heimaaðilunum. Ég tel það vera mikilvægt að heimaaðilarnir komi að málum og stjórni málum á viðkomandi svæðum. Ég óttast það að þá yrði einn allsherjarkontór í Reykjavík sem færi að hafa yfirstjórn með öllum þjóðgörðum hvar svo sem þeir væru.

Ég efast ekkert, frú forseti, um vilja og áhuga hæstv. umhverfisráðherra á að gera vel í málaflokknum en við verðum samt að horfa til nýtingarsjónarmiða og verndunarsjónarmiða. Á það hefur stundum skort í samtölum okkar, hæstv. umhverfisráðherra og mín, og mér finnst að nýtingarsjónarmiðin verði að vera sterkari inni. En ég er, hef alltaf verið og mun verða áfram mikill náttúruverndarsinni og sérstaklega mikill gróðurunnandi og skógræktarmaður og þess vegna gef ég ekkert eftir hvað það varðar.

[17:52]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég stóðst ekki mátið fyrst hv. þm. Kjartan Ólafsson beindi orðum sínum til mín áðan. Í tilefni þess sem hann sagði síðast í þessum ræðustóli um nýtingu vil ég geta þess að verndun er ein tegund nýtingar og getur haft jafnmikið samfélagslegt, fjárhagslegt og efnahagslegt gildi og það sem felst í hefðbundnum skilningi á íslenska orðinu nýtingu.

Hér er svolítið rætt um Vatnajökulsþjóðgarð og þar sem málið er mér og núverandi hæstv. umhverfisráðherra nokkuð skylt vil ég geta þess að það var stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs sem réði sér framkvæmdastjóra. Garðurinn hefur ekki forstjóra eða neitt slíkt heldur hefur stjórn garðsins, yfirstjórn hans, framkvæmdastjóra og hann er staðsettur í Reykjavík, það er alveg rétt. En það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að því megi breyta. En þjóðgarðurinn er settur saman af fjórum svæðisráðum á fjórum svæðum og hæstráðandi á hverju svæði er þjóðgarðsvörður og hann ræður til sín landverðina sem nú er búið að auglýsa eftir og þegar starfsemi þjóðgarðsins verður komin á fulla fart þá verða tugir manna við störf úti í þjóðgarðinum. Ekki færri en 40 í sumar ef ég man þetta rétt og erum við þá ekki farin að telja öll afleiddu störfin og allt það sem fyrirtæki á borð við þjóðgarð færir með sér inn í byggðirnar sem í honum eru og öll þau atvinnutækifæri sem þjóðgarður á borð við Vatnajökulsþjóðgarð býr til úti á landsbyggðinni. Ég fer ekki ofan af því að Vatnajökulsþjóðgarður er eitt besta og stærsta atvinnusköpunarverkefni sem stjórnvöld hafa farið í og það er sjálfbært atvinnusköpunarverkefni.

[17:54]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir þetta andsvar. Hún fór yfir stofnun, framkvæmdastjórn og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs og þessar fjórar starfsstöðvar. Það hafði ég reyndar gert í máli mínu. Það kom fram hjá hv. þingmanni að verndun gæti verið nýting. Að sjálfsögðu getur það verið nýting og er nýting, það er engin spurning, og það getur líka verið „omvendt". Þetta styður hvað annað og við þurfum að ná samstöðu á hinu háa Alþingi meðal þjóðarinnar.

Þannig háttar til að undangengin ár hefur verið gríðarleg þensla á vinnumarkaði. Við höfum verið að flytja inn hátt í

20 þús. manns, einkum og sér í lagi frá Póllandi, til að vinna störf í byggingariðnaði og öðrum atvinnugreinum. Nú bregður svo við að þessir ágætu vinir okkar sem hafa sótt landið heim eru að mestu leyti farnir og hér eru þúsundir Íslendinga atvinnulausar. Á þeim tímapunkti fer fólk að ræða hvernig nýta megi auðlindir. Við erum að fara í hvalveiðar, við erum að fá gjaldeyri, við erum að skapa störf. Við öflum auðvitað gjaldeyris og sköpum störf með því að fá ferðamenn til landsins, það er ekki nokkur spurning, þannig að það er mjög jákvætt. Við eigum að horfa á þetta jákvætt í heild sinni vegna þess að nýtingar- og verndarsjónarmið eiga vel að geta farið saman. Það má ekki blokkera sig upp við vegg og segja að þetta séu andstæður, alls ekki. Hv. þingmaður talaði um að verndun geti verið nýting og það er fyrst og fremst fyrir ferðaþjónustuna sem skapar okkur mikinn gjaldeyri, við þurfum að vernda þá starfsemi hvort heldur eru hótel, skemmtistaðir eða áningarstaðir úti á landsbyggðinni.

[17:56]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hygg að við hv. þm. Kjartan Ólafsson séum í grunninn sammála um að hvort tveggja geti farið saman, verndun og nýting. Það er bara spurning um það hvernig við skipuleggjum þá starfsemi og nýtingu og verndun sem fram fer, hvort sem það er á miðhálendinu eða annars staðar á landinu eða þá á höfuðborgarsvæðinu.

Mér finnst mjög mikilvægt að við tölum þannig og gerum okkur grein fyrir því að ríkisstofnun á borð við Vatnajökulsþjóðgarð og þjóðgarða landsins er stofnun allra landsmanna. Við sem búum á mölinni eigum jafnmikið í þeim stofnunum og þeir sem búa í hinum dreifðu byggðum eða á svæðum þjóðgarðanna. Þjóðgarðar eru fyrir alla landsmenn. Þjóðgarðar eru líka fyrir ferðamenn, hvort sem þeir eru útlendir eða innlendir. Við þurfum líka að passa okkur á því að búa ekki sífellt til þessa togstreitu á milli suðvesturhorns og landsbyggðar. Nóg er samt þegar verið er að ráðast í verkefni sem að langstærstum hluta skapa ný, verðmæt og góð störf á landsbyggðinni. Um það snýst Vatnajökulsþjóðgarður ekki síst, atvinnusköpun á landsbyggðinni. Gerum ekki lítið úr því þó að þannig vilji til að framkvæmdastjóri stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs sé staðsettur í Reykjavík. Það er, eins og áður var bent á, eitthvað sem hægt er að breyta þegar aðstæður skapast til og ekkert sem útilokar að það geti orðið með öðrum hætti í framtíðinni.

[17:58]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið og get tekið undir það sem hér kom fram. Vatnajökulsþjóðgarður mun skapa mikil tækifæri í ferðaþjónustu og mörg störf sem tengjast því. Þetta er flétta, fléttulisti eins og sumir kannast við, þar sem ferðaþjónustuaðilar af ýmsum toga koma saman og nýta og njóta hver um sig, hvort heldur þeir sem leigja bíla, rútur eða matsölustaðir, hótel o.s.frv. og margföldunaráhrifin eru mikil.

Ég vil leggja áherslu á það, frú forseti, að við þurfum að ná samstöðu um þetta. Fyrr í dag talaði hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson um að álit væri að koma frá efnahags- og skattanefnd um fjármögnunarsamning fyrir álverið í Helguvík.

Ég gerðist svo djarfur, frú forseti, að kalla fram í og spyrja hvar ætti að virkja af því að hv. þingmaður hefur verið alfarið á móti því að virkjað væri í neðri hluta Þjórsár. Hann vill samt skaffa rafmagn og þá verðum við að spyrja hvaðan það eigi að koma. Það þarf að vera samsvörun þegar við erum að ræða þessi mál í þinginu á milli þess sem við erum að segja í hinum ólíku flokkum. Það er ekki hægt að banna öðrum megin en vilja heimila framkvæmdir hinum megin þannig að við þurfum að ná þessari samsvörun. Við þurfum að ná sátt í þessum málaflokki og við þurfum að afla sem mests gjaldeyris fyrir þessa þjóð, hvort sem það er af auðlindunum sem eru náttúruauðlindir, vatnsafl, sjávarútvegur eða náttúruperlurnar, (**Gripið fram í:** Landbúnaðurinn.) eða landbúnaðinum o.s.frv.

[18:00]

Útbýting:

Listamannalaun, 406. mál, nál. 1. minni hluta menntmn., þskj. 795.

[18:00]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég má til með að fara aðeins inn á Vatnajökulsþjóðgarð af því að hann var nefndur í andsvörum á undan. Ég vil byrja á því að óska hæstv. umhverfisráðherra til hamingju með það að hún skuli vera að fara að taka fyrstu skóflustunguna að gestastofu á Skriðuklaustri 16. apríl. Þarna er komið í framkvæmd eitt af þeim stefnumálum sem við höfðum, ríkisstjórnin sem á undan sat, og það er ábyggilega ánægjulegt fyrir hæstv. umhverfisráðherra að koma þessu til framkvæmdar. Ég tek algjörlega undir að það skiptir máli að Vatnajökulsþjóðgarður er orðinn að veruleika og að þar verði til fjöldi starfa í þjónustu við ferðamenn.

Mér er það minnisstætt að þegar við fjölluðum um Vatnajökulsþjóðgarð fór það dálítið á taugarnar á sumum þingmönnum, sérstaklega höfuðborgarsvæðisins, að þessi svæðisráð skyldu vera sett á stofn. Ég tel það hins vegar mjög mikils virði að þau séu til staðar þannig að tengingin við heimamenn og sveitarstjórnir á hverju svæði fyrir sig geti haft nokkuð um það að segja hvernig þjóðgarðinum er stýrt. Sú hugmynd að setja stjórnskipulagið þannig upp kom fram í þingmannanefnd sem ég átti m.a. sæti í með öðrum góðum þingmönnum. En þegar við fórum um landið til að fara yfir það hvernig menn sæju helst fyrir sér að þjóðgarðurinn gæti bæði litið út og hvernig hann gæti orðið til atvinnusköpunar úti í héruðum, þá fundum við einmitt þetta tengslaleysi sem hæstv. umhverfisráðherra nefndi hér að hefði oft komið upp, tengslaleysi við heimamenn, sveitarstjórnir, fólk sem ætlaði að starfa við þjóðgarðinn og við ferðaþjónustu sem ætlaði að nýta þá þjóðgarða sem þá voru til staðar. Þess vegna kom upp sú hugmynd að hafa skipulagið með þessum hætti, að svæðisráðin yrðu þessi tenging.

Nú boðar hæstv. umhverfisráðherra það að hún vilji skoða það að hafa eina yfirstofnun yfir þjóðgörðum landsins. Ég tel í sjálfu sér að það megi skoða og ætla alls ekki

að leggjast gegn því en ég hef hins vegar miklar efasemdir um að Þingvellir eigi að vera inni í slíkri stofnun. Ég held að við eigum að halda því fyrirkomulagi sem er búið að þróast og þroskast í kringum Þingvelli. Þingvellir hafa ákveðna sérstöðu sem þessi nánast heilagi staður fyrir okkur Íslendinga og mér finnst mjög eðlilegt að við höfum sérstakan ramma um það hvernig við stýrum og skipuleggjum starf á Þingvöllum. Þingvellir eru annars eðlis en aðrir þjóðgarðar. Ég mun halda því sjónarmiði mínu á lofti, hvort sem það verður innan þings eða utan, þegar hæstv. umhverfisráðherra kemur með frumvarp í þessa veru.

Enn og aftur óska ég hæstv. umhverfisráðherra til hamingju með það hversu vel henni gengur að fá fram þessi verk. Sem Austfirðingur fagna ég því auðvitað að þarna séu að fara af stað framkvæmdir á mínu heimasvæði.

Hæstv. forseti. Það sem við erum hér með til umræðu er frumvarp um breytingu á lögum um náttúruvernd þar sem verið er að lögfesta heimild Umhverfisstofnunar til gjaldtöku vegna námskeiðs í landvörslu. Sömuleiðis heimild Umhverfisstofnunar til að halda slík námskeið. Til að fara aðeins yfir það hefur þessi heimild verið til staðar frá 1990, í reglugerð, en er með frumvarpinu nú lagt til að verði lögfest.

Ég tel það í sjálfu sér jákvætt skref en það sést í umsögnum sem bárust til umhverfisnefndar að ekki eru allir algjörlega sáttir við þau skref sem eru tekin og þess vegna er rétt að reifa þau.

Í frumvarpi umhverfisráðherra er fjallað um helstu efnisatriði slíks námskeiðs og þau eru reglur varðandi umhverfi og náttúruvernd, stígagerð, fræðsla gesta á náttúruverndarsvæðum og öryggismál tengd þessum svæðum. Umhverfisnefnd leggur hins vegar til að sú málsgrein frumvarpsins falli á brott þar sem þetta er og núverandi fyrirkomulag, þ.e. að ráðherra sé skylt að kveða á um þetta í reglugerð, verði áfram í gildi. Ég tel þetta í raun til bóta fyrir frumvarpið.

Samkvæmt frumvarpinu yrði skilyrði þess að fá að starfa sem landvörður að hafa klárað þetta námskeið Umhverfisstofnunar. Yrði þó opið fyrir þann möguleika að fólk geti fengið samþykkt til slíkra starfa ef það hefur öðlast menntun sem innifelur sömu efnisþætti og námskeið Umhverfisstofnunar. Yrði það þá háð mati Umhverfisstofnunar hverju sinni hvernig þau námskeið ættu að vera.

Nefndin leggur einnig til breytingu á þessu efnisatriði og rökstyður það með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Nefndin telur að ekki eigi að gera það að skilyrði fyrir rétti til að starfa sem landvörður að viðkomandi hafi lokið námskeiðinu enda sé óeðlilegt að Umhverfisstofnun sem haldi námskeið fyrir landverði setji jafnframt reglur um námskröfur þeirra. Þá er til staðar reglugerð umhverfisráðherra sem kveður á um námskröfurnar og ekkert því til fyrirstöðu að halda því fyrirkomulagi."

Ég tel þessa tillögu umhverfisnefndar einnig vera til bóta og það er óeðlilegt að gera kröfu um að hafa lokið einhverju tilteknu námskeiði á vegum eins aðila til að öðlast rétt til að gegna starfi á vegum hins opinbera og láta síðan sömu stofnun meta hvort annars konar menntun sé sambærileg við þau námskeið sem þar er boðið upp á.

Nauðsynlegt er að slíkt mat sé á höndum óháðs aðila, hvort sem það er ráðuneytið sjálft eða einhver annar aðili sem er þá hlutlaus. Það skiptir í sjálfu sér ekki höfuðmáli en mestu skiptir að þarna sé aðskilið á milli þess aðila sem heldur námskeiðið og hins sem metur hvers konar nám annað skuli teljast sambærilegt.

Hæstv. forseti. Það er að mínu mati ákaflega mikilvægt ákvæði að hafa í lögunum að opið sé fyrir þann möguleika að annað nám en námskeið Umhverfisstofnunar veiti mönnum réttindi til að starfa við landvörslu enda kemur það í veg fyrir möguleika Umhverfisstofnunar til einokunar á menntun sem þessari. Það væri slæmt fyrirkomulag. Menntastofnunum og jafnvel einkaaðilum á að vera frjálst að bjóða upp á menntun af þessu tagi, ef þeim sýnist svo, að gefinni ákveðinni forskrift varðandi innihald og gæðakröfur til slíks náms. Það væri ótækt ef ríkisstofnun eða Umhverfisstofnun hefði einhvern einkarétt á þessu.

Mikill fjöldi sækir þessi námskeið í dag. Í umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpi hæstv. umhverfisráðherra segir að á milli 15 og 20 hafi sótt þessi námskeið Umhverfisstofnunar hvert ár. Það er nokkur fjöldi en segir ekki alla söguna því að nemendur í ferðamálafræði við Hólaskóla hafa einnig möguleika á að útskrifast með landvarðarréttindi og það byggist á samkomulagi skólans við Umhverfisstofnun.

Fordæmi fyrir þessu fyrirkomulagi er þannig til staðar í dag og ljóst að ekkert er því til fyrirstöðu að námið fari fram annars staðar en hjá Umhverfisstofnun sjálfri.

Annars konar nám mætti einnig nefna sem mögulega gæti verið til þess fallið að búa menn undir störf í landvörslu en ofangreint námskeið Umhverfisstofnunar og ferðamáladeildar Hólaskóla. Ber þar hæst leiðsögumannanám ýmiss konar og einnig nám í jarðfræði, landfræði og jafnvel líffræði. Það má ekki gera kröfur til námskeiðssetu of þröngar.

Hæstv. forseti. Þá vil ég víkja nokkrum orðum að gjaldtökunni. Í umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins segir að miðað við núverandi fyrirkomulag vanti um hálfa milljón upp á að náist upp í kostnað við námskeiðahaldið miðað við þær upphæðir sem Umhverfisstofnun rukkar fyrir námskeiðahaldið í dag. Það er nauðsynlegt að bregðast við þessu enda eðlilegt að stofnunin hafi upp í kostnað við námskeiðahaldið en það er jákvætt að veita stofnuninni ótvíræða heimild til að rukka gjald fyrir námskeiðin þannig að þetta náist í höfn.

Enn fremur er mjög mikilvægt að hámarka þá upphæð sem stofnunin má rukka inn hverju sinni við þann kostnað sem hlýst af námskeiðahaldinu enda eru námskeiðin auðvitað ekki haldin með gróðasjónarmið í huga. Þess ber að geta að Landvarðafélagið tekur fram í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Landvarðafélag Íslands bendir á að engin önnur starfsstétt sem starfar fyrir ríkisstofnun greiðir fyrir menntun sína á þennan hátt. Færa má rök fyrir því að gjaldtakan sé einungis réttlætanleg ef sá sem sækir námskeiðið ætlar sér ekki að starfa sem landvörður. Landvarðafélag Íslands gerir það að tillögu sinni að hófleg gjaldtaka verði heimiluð með það að skilyrði að námskeiðsgjald verði endurgreitt að fullu þeim sem ráðnir eru til starfa sem landverðir."

Í þessu samhengi vil ég inna ráðherra eftir því hvort hún

hafi velt því fyrir sér að taka tillit til slíkra athugasemda og einnig formann nefndarinnar hvort menn hafi velt þessu fyrir sér í nefndinni hvort þarna væri um óeðlilega gjaldtöku að ræða á þá starfsmenn sem eru komnir til starfa hjá þessari ríkisstofnun. Þetta eru atriði sem mér finnst mjög vert að velta fyrir sér. Það kemur einnig fram í fleiri umsögnum að menn eru ekki alveg sáttir við þessa útfærslu hérna. Ef ég vitna t.d. í athugasemdir frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins varða þær það hverjir mega halda námskeiðin og þar segir, með leyfi forseta:

„Umsagnaraðilar [SA og SI] mótmæla því að lögfest verði að Umhverfisstofnun haldi námskeiðin. Hætta er á hagsmunaárekstrum verði frumvarpið að lögum því stofnunin mun hafa tekjur af námskeiðahaldi og henni verður í hag að auka umsvif námskeiða með auknum kröfum til nemenda og umsækjenda. Einnig er óeðlilegt að einn og sami aðilinn ákveði menntunarkröfurnar, haldi námskeið og próf, veiti samþykki fyrir öðru jafngildu námi, veiti réttindi, taki svo gjald fyrir allt saman og ráði stærstan hluta þátttakenda í vinnu hjá sér."

Það er ljóst að með breytingu nefndarinnar var tekið tillit til hluta af þessum athugasemdum en ekki að öllu leyti. Ég vek athygli á því. Svo segir hér áfram í athugasemdum Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins, með leyfi forseta:

„Viðurkenndar menntastofnanir hafa yfir að ráða þekkingu og reynslu á þessu sviði og má nefna sem dæmi Ferðamálaskólann og Leiðsöguskólann. Eðlilegt er að gefa slíkum aðilum kost á að halda námskeið fyrir þennan hóp. Kröfur um efni námskeiðs eru settar fram í reglugerð nr. 61/1990 og leggja umsagnaraðilar til að Umhverfisstofnun verði falið að hafa eftirlit með að námskeið sem haldin eru standist kröfurnar."

Það er eitt og annað sem kom fram hjá umsagnaraðilum sem menn hafa við þetta að athuga og ég spyr því formann nefndarinnar hvort þetta hafi allt verið skoðað og íhugað við vinnslu málsins.

Landvernd tekur þann jákvæða punkt í þessu sem ég get alveg tekið undir — hún segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hafa stjórnvöld skapað fjölmörg tækifæri til atvinnusköpunar í tengslum við landvörslu, leiðsögn og aðra þætti sem tengjast ferðaþjónustu. Atvinnutækifærin er að finna í öllum sveitarfélögum sem eiga land að þjóðgarðinum og er því stofnun hans afar jákvæð með tilliti til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni. Ein af forsendum þess að vel geti tekist til í þessum efnum er gott bakland og viðeigandi menntun á meðal heimamanna og annarra sem að málum koma. Frumvarpið styrkir grundvöll fræðslustarfseminnar sem til þarf og telur Landvernd þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu vera til bóta."

Ég vildi að síðustu vitna aðeins í umsögn Náttúrufræðistofnunar sem er ekki alveg ánægð með frumvarpið og segir m.a. í umsögn hennar, með leyfi forseta:

„Hins vegar virðist frumvarpið vera afar takmarkað og ónákvæmt þegar kemur að menntun landvarða og jafnvel afturför frá því sem stefnt hefur verið að í mörg ár."

Síðan kemur hér skýring á landvarðarstarfinu frá Náttúrufræðistofnun, með leyfi forseta:

„Landvarsla er starf sem felur í sér sambland margra þátta. Það sem er grunnþáttur í starfinu og sameinar aðra þætti er náttúruvernd. Til að geta starfað að landvörslu á Íslandi með náttúruvernd að markmiði eru tveir þættir sem verða að vera fyrir hendi. Annars vegar grunnþekking á náttúru Íslands og hins vegar hæfileikar til að nota þá þekkingu til fræðslu svo sem við umhverfistúlkun (Environmental Interpretation) en einnig þarf kunnáttan að nýtast til að „kenna" og til að fræða um náttúruvernd vegna t.d. þjónustu við ferðamenn, eftirlits og umsjónar með náttúruverndarsvæðum og landinu almennt. Öryggi ferðamanna, stígagerð og verkkunnátta á ýmsum sviðum er einnig nauðsynleg til landvörslu en flokkast samt til undirþátta þótt aldrei megi vanmeta þá. Aðrir en landverðir geta sinnt þessum þáttum. Öryggi ferðamanna hér á landi er t.d. samvinna milli margra aðila og fer eftir svæðum t.d. landvarða í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum, lögreglu, lækna og björgunarsveita en getur aldrei verið aðalþáttur í starfi landvarða. Starf björgunarsveitamanna þarfnast t.d. mikillar sérþekkingar og reynslu sem ekki er hægt að ætlast til að allir landverðir hafi að fullu en skyndihjálp hefur t.d. verið kennd í áraraðir á landvarðanámskeiðum. Þekking á lögum og reglum um náttúruvernd og uppbyggingu náttúruverndarmála innan lands sem á alþjóðavettvangi er nauðsynleg.

Víða erlendis er landvarðanámskeið mun umfangsmeira en hér á landi og sums staðar sérstakt nám til nokkurra ára þar sem verknám er mjög mikilvægur þáttur í náminu." — Svo, hæstv. forseti, bið ég menn að hlýða á þetta: „Frumvarpið, þegar kemur að námi landvarða, hefur öll einkenni þess að forgangsraða náminu rangt og leggja áherslu á reglur, öryggi og stígagerð en" — og síðan feitletrar Náttúrufræðistofnun hér — „gleymir hreinlega að nefna annan grundvallarþáttinn sem landverðir þurfa að kunna skil á, þ.e. náttúru Íslands."

Hæstv. forseti. Þetta eru alvarlegar athugasemdir í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og ég hlýt að spyrja hvort þessar athugasemdir hafi verið vegnar og metnar til að geta komið til móts við athugasemdir frá þeim aðilum sem hafa hvað mesta þekkingu á þessu starfi.

Að öðru leyti geri ég ekki aðrar athugasemdir en ég hef reifað hér (Forseti hringir.) hvað varðar námskeiðin og fyrirkomulag þeirra.

[18:20]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eftir yfirferð hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttir á umsögnum sem komu fram við málið, þá er ljóst að athugasemdirnar sem hún reifaði hafa verið það vel skoðaðar í nefndinni að farið er eftir ábendingum sem koma í umsögnunum og voru reyndar komnar fram, eins og kannski hv. þingmann rekur minni til, í 1. umr. um málið. Í þeirri umræðu óskaði ég eftir því við nefndina að nokkur þeirra álitamála sem hreyft er í umsögnunum fengju sérstaka skoðun nefndinni. Mér er kunnugt að svo var gert enda ber breytingartillaga nefndarinnar þess glöggt merki. Mér sýnist líka ljóst að nefndin hafi farið vel yfir þessar tillögur og

náð niðurstöðu því að allir þingmenn nefndarinnar, úr öllum flokkum, skrifa undir nefndarálitið án fyrirvara, þar með flokksbræður hv. þingmanns, Kjartan Ólafsson, Jón Gunnarsson og Árni M. Mathiesen. Ég sé ekki neina ástæðu til að draga það í efa að nefndin hafi náð einróma niðurstöðu um breytingartillöguna sem nefndin flytur og ég vil að það komi fram hér að ég er mjög sátt við þá tillögu. Ég geri ekki athugasemd við breytingartillögu nefndarinnar vegna þess að mér finnst það vera vel rökstutt, bæði í nefndarálitinu og umsögnunum sem hv. þingmaður vitnar til, hvernig breytingartillagan er vaxin.

Varðandi það að með breytingartillögunni verði umhverfisráðherra skylt að setja reglugerð um þær kröfur sem gera á til þeirra sem stunda landvörslu, þá verður auðvitað áfram litið til þeirra umsagna sem hv. þingmaður nefnir, eins og t.d. umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um að taka þurfi fram í slíkri reglugerð að landverðir og þeir sem veljist til landvörslu þurfi að kunna skil á náttúru Íslands.

[18:23]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka þetta svar. Ég veit að hæstv. ráðherra hefur allan metnað til þess að sníða reglurnar þannig að komið sé til móts við þessi sjónarmið. En hæstv. ráðherra svaraði ekki þeim athugasemdum sem komu frá Landvarðafélaginu, um að landverðir séu þeir einu sem þurfi að greiða fyrir námskeið sem eru beinlínis aðgöngumiði að starfi þeirra og fara í rauninni á námskeiðin á vegum þessara stofnana. Ég vildi fá að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra hvað þetta varðar því að þetta er, a.m.k. eins og það birtist í umsögn þeirra, býsna sérkennileg útfærsla á þessu og spurning af hverju landverðir fá ekki þá starfsþjálfun í starfi sínu hjá þessum stofnunum eins og aðrar starfsstéttir.

[18:24]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ástæða þess að þessu námskeiði er fyrir komið með þeim hætti sem raun ber vitni á sér nokkuð langa sögu, ég get a.m.k. rakið hana aftur til 26. janúar 1990 þegar gildandi reglugerð var sett. Margt hefur breyst síðan sú reglugerð var sett, bæði hefur stöðum landvarða fjölgað gríðarlega mikið og eins hafa kröfurnar sem gerðar eru til þeirra sem sinna þessum störfum verið auknar. Ferðaþjónustunni hefur vaxið fiskur um hrygg og ferðamönnum fjölgað gríðarlega mikið. Þörfin hefur að hluta til kallað á breytt landslag í þessum efnum og breyttar kröfur til landvarða. Núgildandi reglugerð sem undirrituð var 26. janúar 1990 er í sjálfu sér löngu fallin úr gildi en þar er sagt að Náttúruverndarráð eigi að standa fyrir námskeiðum í náttúruvernd þar sem meginhersla sé lögð á Ísland, náttúrufar og þjóðlíf, á náttúruvernd almennt, umhverfisrétt, dagleg störf landvarða og umhverfisfræðslu og umhverfistúlkun. Þetta er hin sögulega skýring.

Ég er hins vegar tilbúin til þess að skoða umsögn Landvarðafélagsins. Ég veit ekki betur en að það tíðkist núna að landverðir sem fara í gegnum námskeiðið og fá starf hjá Umhverfisstofnun við landvörslu, fái endurgreitt a.m.k. hluta af námskeiðsgjaldinu. Ég skal ekki fullyrða þetta en ég skal lofa hv. þingmanni því að ég mun skoða þetta atriði úr umsögn Landvarðafélagsins og sjá til þess að þessum málum verði fyrir komið á eins réttlátan hátt og mögulegt er.

[18:26]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir þetta. Ég bendi þó á að það hafa gefist full tækifæri til að koma til móts við þetta hjá Landvarðafélaginu nú þegar. Hæstv. ráðherra hefði því getað hugað að þessu þegar frumvarpið var lagt fram. Þegar stéttarfélag leggur fram slíkar athugasemdir er líka spurning hvort samtök þeirra og BHM hafi skoðað þessa stöðu landvarðanna sem er óneitanlega nokkuð sérstök. En ef landverðir fá þetta námskeið endurgreitt þegar þeir hefja störf kemur það í sjálfu sér í sama stað niður en ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til að skoða þetta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:27]

Útbýting:

Erlent eignarhald á íslenskum fyrirtækjum, 447. mál, fsp. KHG, þskj. 796.

Hækkun á eigin fé fjármálafyrirtækja, 448. mál, fsp. KHG, þskj. 797.

Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, frh. 2. umr.

Frv. umhvn., 420. mál (flutningur yfirstjórnar málaflokksins til umhverfisráðuneytis). — Þskj. 713, nál. 767.

[18:28]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp sem gerir ráð fyrir að færa rafmagnsöryggissvið Neytendastofu til Brunamálastofnunar og þar með yfirstjórn málaflokksins frá viðskiptaráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Það er umhverfisnefnd sem flytur þetta mál og verður að segjast eins og er að þetta er mikill bandormur sem umhverfisnefnd leggur til en í greinargerð með frumvarpinu, sem ég reikna með að hafi verið samið í umhverfisráðuneytinu en að nefndin flytji málið til að flýta því, segir að það sé mat ráðuneytanna, umhverfisráðuneytis og viðskiptaráðuneytis, að málaflokkurinn falli mun betur að þeim verkefnum sem tilheyra Brunamálastofnun en Neytendastofu þar sem rafmagnsöryggi bygginga tengist brunavörnum.

Er á hinn bóginn lagt til að Neytendastofa sinni áfram því hlutverki sem snýr að markaðseftirliti með rafföngum sem ekki eru varanlega tengd mannvirkjum. Þá vil ég vekja athygli á umsögn Samorku sem segir m.a. í umsögn sinni, með leyfi hæstv. forseta, í 3. gr. frumvarpsins, lið a:

„Neytendastofa framkvæmir markaðseftirlit með rafföngum sem ekki eru varanlega tengd mannvirkjum. Við

bendum á að hugtakið „varanlega tengd mannvirkjum“ er ekki afdráttarlaust hugtak og býður upp á ágreining. Það eru ýmis tæki, þar á meðal heimilistæki, sem bjóða upp á val um fasttengingu eða lausa tengingu við raflögn húsa. Við þær aðstæður gæti eftirlit fallið undir báðar eða hvoruga stofnunina.“

Þetta er atriði sem hafa verður í huga og Samorka vekur athygli á því. Síðan segir þar áfram:

„Vegna þess skamma tíma sem gefinn er til athugasemda við frumvarpið gerum við ekki tillögu um orðalagsbreytingu varðandi hugtakið „varanlega tengd mannvirkjum“ í 3. gr. en vænti þess að þegar frumvarpið um Byggingarstofnun verður lagt fram gefist tækifæri til að endurmeta 3. gr. þessara laga.

Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði gera athugasemd og segja í umsögn sinni að þeir hafi mælt með því að málaflokkurinn verði fluttur til Byggingarstofnunar. Þá verða væntanlega draumar margra að veruleika. Þeir segja jafnframt, hæstv. forseti:

„Við mælum jafnframt nú með fyrirhuguðum flutningi málaflokksins til Brunamálastofnunar hvort heldur sem það verður til framtíðar eða sem millilending á leiðinni í Byggingarstofnun. Staða rafmagnsöryggissviðsins innan Neytendastofu er að okkar mati óviðunandi.

Afstaða samtakanna til þeirra hugmynda að skipta upp raffangaeftirliti milli stofnananna hefur jafnframt komið skýrt fram í öllum okkar erindum til stjórnvalda en þar mælum við eindregið gegn þeim hugmyndum og teljum að raffangaeftirlitið í heild sinni eigi að fylgja málaflokknum, í þessu tilfelli til Brunamálastofnunar.

Við teljum hins vegar meiri hagsmuni fólgna í því að frumvarpið nái fram að ganga á þessu þingi ...“

Þeir leggjast ekki gegn þessu af þeim orsökum að þeir telja betra að þessi skref séu stigin en benda jafnframt á að raffangaeftirlitið í heild sinni ætti að vera undir sömu stofnun.

Ég vildi í tilefni af þessu frumvarpi skýra sjónarmið sem ég hef áður haldið á lofti en það varðar svokallaða rafmengun. Það er ástæða þess að ég bað um að hæstv. umhverfisráðherra væri við þessa umræðu, ég bendi henni eindregið á að huga að þeim málum.

Rafmengun er nokkuð algengt vandamál víða um land. Leiddar hafa verið líkur að því að rafmengun eigi þátt í ýmsum heilsufarslegum vandamálum fólks en mikil þörf er á rannsóknum á áhrifum rafmengunar á mannslíkamann. Tíðni krabbameins og hvítblæðis auk margra óvenjulegra sjúkdóma hefur hækkað og leiddar hafa verið líkur að því að rafmengun eigi mikinn þátt í því. Þetta þarf að rannsaka og Ísland er mjög ákjósanlegur vettvangur til slíkra rannsókna fyrir margra hluta sakir. Á þetta bendi ég núna, hæstv. forseti og hæstv. ráðherra, í tilefni af því að ríkisstofnanir þær sem haft hafa eftirlit með þessum málum hafa ekki sinnt þessu. Þær hafa ekki sinnt því að skoða hvernig frágangi á rafmagnsmálum hefur verið háttað og þess vegna er það von mín að þegar þessi mál flytjast yfir til Brunamálastofnunar verði gerð bót á þessu. Ég tel þetta mjög alvarlegt mál og ítreka að það er ástæða þess að ég bað hæstv. ráðherra að vera við umræðuna.

Í vestrænum samfélögum nútímans söfnum við í kringum okkur tækjum og tólum sem nota sífellt meiri raforku. Þessari tæknivæðingu heimila og fyrirtækja fylgir rafmengun og útgeislun rafsegulbylgna frá raflagnakerfum mannvirkja. Miklu skiptir því að frágangur rafkerfa sé með þeim hætti að sem minnst rafmengun verði eftir í umhverfi okkar. Rafmengun sést ekki með berum augum en auðvelt er að mæla hana með réttum mælitækjum. Fólk lætur þó ekki mæla hjá sér rafmengun alveg upp úr þurru, það er helst ef ljósaperur eru farnar að springa í óeðlilega miklum mæli, ef raftæki ganga ekki eðlilega eða ef tölvur frjósa eða hvað svo sem kemur upp á í því samhengi — þegar allt þetta er farið að valda pirringi er kannski farið að skoða málin í einhverri alvöru. Þarna hefur komið í ljós að það eru jarðtengingar sem skipta þarna miklu máli og ekki hefur verið fylgst nægilega vel með því.

Veikindi sem ekki verða útskýrð með öðrum hætti en með rafóþoli verða stundum til þess að fólk kallar á sérfræðinga til að mæla hjá sér rafmengun en líkur hafa verið leiddar að ákveðnu sambandi rafmengunar og tiltekinna heilsufarslegra vandamála einstaklinga. Það eru fjöldamargar sögur þekktar þar sem krankleiki manna hefur skánað til muna við að komist hefur verið fyrir rafmengun á heimilum þeirra.

Vandamálin eru oftast tengd rafskautum mannvirkja og hvernig frá þeim er gengið. Í eldra húsnæði hafa jarðskaut stundum verið aftengd þegar skipt er um lagnakerfi í húsum en í nýrri húsum er oft ekki gengið rétt frá þessum hlutum í upphafi.

Þá vil ég nefna skýrslu Orkulausna um spennujöfnun og jarðbindingu mannvirkja eftir Hall Karlsson og Svanbjörn Einarsson en þar er bent á ýmislegt í reglugerðarumhverfi okkar sem betur má fara. Þar er einnig bent á að túlkun á reglugerðum er mismunandi á milli orkufyrirtækja og jafnframt er hönnun rafkerfa húsa og mannvirkja oft ábótavant í meira lagi ef fylgja á reglugerðum sem í gildi eru.

Þær aðferðir sem Brynjólfur Snorrason hefur þróað hafa dugað mjög vel til að uppræta og fyrirbyggja rafmengun. Hann hefur stundað rannsóknir á fyrirbærinu í fjölda ára og tekist að þróa lausnir til að draga úr rafsegulsviði og yfirtíðni í byggingum ásamt því að minnka leiðni hita í búnaði rafmagnstaflna.

Í skýrslu Orkulausna sem áður var getið er gerð grein fyrir nokkrum verkefnum þar sem aðgerðir Brynjólfs hafa orðið til að gera húsnæði nothæft hvað varðar tölvubúnað og fleiri tæki og einnig í landbúnaði þar sem t.d. í kjúklingabúum hefur verið ráðist gegn kampýlóbakter, júgurbólgu í kúm og sauðfé og fleira en þetta hefur oft einu nafni verið nefnt húsasótt. Húsasótt er sótt sem þarf að rannsaka hvort sem okkur líkar betur eða verr, en því hefur ekki verið sinnt.

Fyrrv. hæstv. viðskiptaráðherra lofaði mér í svari sínu til mín að ganga í þetta mál. Ég hef reyndar ekki séð efndir á því en þori þó ekki að fullyrða að það hafi ekki orðið. Þegar menn vilja laga þessa hluti hafa ekki allir aðgang að Brynjólfi Snorrasyni og þeim félögum í Orkulausnum. Það er því spurning um hvernig neytendavernd er háttað þegar um svo tæknilegt mál er að ræða og í raun ósýnilegt svið fyrir almenning. Það er mjög mikilvægt að hafa það í huga — ef hæstv. umhverfisráðherra vill hlýða á mál mitt — að

almenningur er mjög berskjaldaður vegna ósýnileika vandamálsins. Það sem ég er með í huga eru hagsmunir almennings. Það er ekki hægt að sjá þetta með berum augum. Það er eingöngu þegar fólk fer að finna þetta á sér að brugðist er við og þarf því fagaðila til að geta unnið úr þessum málum. Í grunninn er það mjög jákvætt að verkefni séu nú komin yfir til Brunamálastofnunar. Ég held að þeim verði vel fyrir komið þar og yfirstjórnin, sem nú færist frá viðskiptaráðuneyti og yfir til umhverfisráðuneytisins, henti mun betur. Ég vonast þess vegna til að hæstv. umhverfisráðherra veiti þessu máli athygli og beiti sér fyrir aðgerðum hvað þetta varðar.

Öryggi og vönduð vinnubrögð við frágang rafmagns eru mjög brýn, bæði út frá áðurnefndri hættu á mengun en ekki síður vegna eldhættu vegna rafmagnsins. Ég legg áherslu á að rafmengun er þáttur sem ekki má gleymast þegar þessu eftirliti er sinnt af Brunamálastofnun, bæði rafmengun og eldhætta, og þarna er ekki síður um öryggismál að ræða. Þetta er tæknilegt atriði, eins og ég hef sagt. Allt ferlið þarf að vera sem skýrast og einfaldast gagnvart einstaklingum og sá aðili sem fer með eftirlitsskylduna gætir þess að halda fólki upplýstu um hættuna á rafmengun. Það að menn taki þetta til alvarlegrar athugunar og þetta verði kennt í skólum — ef hæstv. ráðherra vildi hlýða á það líka (**Umhvrh.:** Ég er að hlýða á hv. þingmann.) þegar þessi mál eru til athugunar verður auðvitað að koma þeim inn í menntakerfið þannig að þeir aðilar sem sinna þessu, rafvirkjar, tæknifræðingar og þeir sem sinna því að hanna rafkerfi, átti sig á þeirri hættu sem þarna er til staðar. Það er atriði sem verður auðvitað líka að hafa í huga, að upplýsa almenning og að tryggja að það fari inn sem kennsluefni til þeirra sem ganga frá þessum kerfum. Ég treysti því að hæstv. ráðherra taki þetta alvarlega og sinni þessu máli, þ.e. rafmengun.

[18:43]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Ég fer í seinni ræðu mína um frumvarpið sem við ræðum hér núna. Þar sem hæstv. umhverfisráðherra var ekki til staðar þegar ég talaði fyrst langar mig fyrst og fremst að koma tveimur spurningum að, sem ég get kannski formað sem eina.

Hyggst hæstv. umhverfisráðherra leggja fram frumvörp um skipulagslög og mannvirkjalög, sem tengjast því frumvarpi sem við erum að samþykkja hér, á þessu þingi eða munu þau liggja áfram? Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni voru þessi mál í raun sett í vinnslu árið 2002. Nú vil ég rétt heyra hvernig haldið er að þau þróist á þessu þingi.

[18:45]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem orðið hefur um málið. Ég vil fyrst og fremst undirstrika það að umhverfisnefnd flytur þetta mál en ekki ríkisstjórnin eða ég fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Ég vil þakka hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur fyrir þá yfirlýsingu sem hún gaf varðandi stuðning við málið eftir að hafa kynnt sér umsagnir, en það er sama niðurstaða og flokksbræður hennar komust að eftir vinnu í nefndinni.

Þrír fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í umhverfisnefnd skrifa undir álit nefndarinnar og ekki með fyrirvara þannig að ég sé ekki betur en að nefndin hafi komist að sameiginlegri niðurstöðu um að þessa bragarbót þurfi að gera, að færa markaðseftirlit með rafföngum yfir til Brunamálastofnunar sé það varanlega tengt mannvirkjum.

Varðandi hugmynd Samorku um að orðalagið orki tvímælis er ég sammála þeirri niðurstöðu sem Samorka kemst að um að þar sem vonandi er skammur tími þar til stóra frumvarpið um mannvirki og skipulag fer í gegnum þingið getum við gefið okkur tóm til að meta þetta orðalag á nýjan leik þegar það fer í gegn. Eins og hv. þm. Kjartan Ólafsson gat um hefur málið verið unnið frá 2002 og ég er fimmti umhverfisráðherrann sem kem að því.

Mikil sátt er um breytinguna. Mælt er fyrir henni í stóru lagabálkunum í skipulagsfrumvarpinu og mannvirkjafrumvarpinu. En þeir sem starfa að þessu eftirliti núna eru í sjálfu sér komnir „pro forma" undan Neytendastofu nú þegar. Þannig að þessir starfsmenn hafa verið í þessum yfirfærslufasa allt of lengi og það varð að ráði milli umhverfisráðuneytis og viðskiptaráðuneytis að þessi breyting yrði í raun og veru að ganga í gegn, jafnvel þó að frumvörpin tvö færu ekki lengra á þessu þingi.

Nú er öllum þingmönnum hér kunnugt um þær sérstöku aðstæður sem við búum við og báðir þeir hv. þingmenn sem hér hafa talað, Kjartan Ólafsson og Arnbjörg Sveinsdóttir, hafa lagt áherslu á að einungis forgangsmál ríkisstjórnarinnar fari í gegnum þingið. Ég hef hins vegar reynt að pressa á að fá skipulags- og mannvirkjalögin í gegn hjá ríkisstjórninni. En ríkisstjórnin hefur verið einhuga um það, og sammála stjórnarandstöðunni, að mál af þessu tagi verði að bíða á þessu þingi og þar sem stuttur tími er fram að kosningum sé ekki forsvaranlegt að setja þessi stóru mál hér í gegn.

Vera kann að svo beri svo við að hv. þingmenn séu mér ósammála eða ósammála ríkisstjórninni. Ég hefði gjarnan viljað koma skipulagslögunum og mannvirkjalögunum í gegn sem allra fyrst. Mér hefur fundist taka ótæpilega langan tíma að klára að vinna þau og koma þeim alla leið í höfn.

Búið var að vinna þessi mál mjög vel á síðasta þingi, eins og hv. þm. Kjartani Ólafssyni er mjög vel kunnugt, en þá sátum við tvö saman í umhverfisnefndinni. Það sem út af stóð á þeim tíma var fyrst og fremst ákvæðið um landsskipulagið og voru deilur um það í umhverfisnefndinni. Eftir að þingi lauk síðastliðið vor var haldið áfram að vinna í því máli og það endaði svo að samband sveitarfélaga og skipulagsyfirvöld komu með málamiðlunartillögu sem nú er búið að formúlera inn í nýtt frumvarp. Sömuleiðis hafa allar breytingartillögur frá umhverfisnefnd frá síðasta vetri verið settar inn í nýja frumvarpið. Þannig að ég tel að það frumvarp, sem nú liggur fyrir og er tilbúið og liggur inni í þingflokkum ríkisstjórnarinnar, hafi náð þeim málamiðlunum sem mögulegar eru í báðum þessum stóru málum.

Svo vil ég segja að í ljósi þeirra aðstæðna sem við störfum við núna hefur ríkisstjórnin óskað eftir því að málið verði látið bíða í þingflokkum stjórnarliða þar til öll forgangsmál ríkisstjórnarinnar eru komin í gegn. Nú sýnist mér að mjög sé pressað á forgangsmálin og ég verði þar af leiðandi að lúta í lægra haldi hvað þetta varðar og sætta mig

við að þessi mál komist ekki í gegn á þessu þingi.

Ef ég fæ umboð til að gegna áfram embætti umhverfisráðherra mun ég að sjálfsögðu beita mér fyrir því að koma þessum málum alla leið í höfn. Því það er alveg gríðarlega mikilvægt að gera þær úrbætur í skipulagsmálum og mannvirkjamálum sem þau mæla fyrir.

Að síðustu vil ég segja, hæstv. forseti, um þá umræðu sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir hóf hér um rafmengun að þá ætti hv. þingmanni að vera vel kunnugt um sjónarmið mín í þeim efnum því við höfum staðið saman að þingmálaflutningi undir forustu hv. fyrrverandi þingmanns Drífu Hjartardóttur og lögðum fram þingsályktunartillögu um aðgerðir gegn rafsegulmengun nokkur ár í röð. Þannig að ég tek undir þau sjónarmið sem hv. þingmaður ræddi hér og tel að það hafi opnast fyrir meiri skilning á þessum málum og alvarleika rafmengunar og rafsegulmengunar ýmiss konar en kannski á þeim árum þegar við hófum að flytja þetta mál í félagi. Þannig að ég held að talsvert hafi þokast í þeim efnum.

Til marks um það get ég nefnt að nýbúið er að láta taka út húsnæði umhverfisráðuneytisins með tilliti til rafmengunar og það kom á daginn að það er ekki alveg í lagi þar og úrbætur verða gerðar. Ég held því að barátta okkar, þótt við höfum ekki komið þingsályktunartillögunni í gegn á sínum tíma, hafi skilað talsverðum árangri.

Ég heiti síðan hv. þingmanni því að ég held áfram að vakta mál af því tagi og er hjartanlega sammála þingmanninum um að verulegra úrbóta er þörf í þessum efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:52]

Útbýting:

Barnaverndarlög og barnalög, 19. mál, þskj. 793.

[Fundarhlé. — 18:51]

Lífsýnasöfn, 2. umr.

Stjfrv., 123. mál (skil milli þjónustusýna og vísindasýna o.fl.). — Þskj. 133, nál. 777.

[19:32]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. heilbrigðisnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund fjölmarga gesti auk þess sem málið var sent víða til umsagnar og bárust fjölmargar umsagnir sem allar voru jákvæðar og nokkrar með athugasemdum sem tekið hefur verið tillit til.

Í frumvarpinu er lagt til að varsla, nýting, meðferð og eftirlit lífsýnasafna byggist á skýrri aðgreiningu lífsýna, þ.e. eftir því hvort þeirra er aflað í vísindalegum tilgangi eða vegna þjónustu við sjúklinga. Skilin þarna á milli hafa ekki verið skýr í gildandi lögum sem valdið hefur erfiðleikum við framkvæmd. Helstu breytinga er getið í almennum athugasemdum frumvarpsins, m.a. að heimilt verði að varðveita þjónustulífsýni með persónuauðkennum.

Nefndin bendir á að umsagnir sem henni hafa borist séu almennt jákvæðar í garð frumvarpsins og það talið horfa til bóta. Þó hafa komið fram athugasemdir við einstaka efnisþætti, eins og ég sagði hér áðan, hæstv. forseti.

Nefndin ræddi ábendingu sem fram kom um að í sumum tilvikum væri eðlilegra við framkvæmd þjónusturannsóknar að lífsýnagjafi væri spurður beint hvort hann óskaði eftir að takmarka viðbótarnotkun lífsýnis í stað þess að hann þyrfti að tilkynna þessa ósk sína til landlæknis. Þetta gæti til að mynda átt við þegar sýni væru send til rannsókna erlendis en þá getur verið tafsamt að kanna hvort takmarkanir lífsýnagjafa komi fram í skrá landlæknisembættisins. Nefndin telur með hliðsjón af 9. gr. laganna um notkun lífsýna að umrædd athugasemd gefi ekki tilefni til breytinga en leggur til að fyrirkomulag við sendingu sýna til útlanda verði nánar útlistað í reglugerð.

Með hliðsjón af framansögðu áréttar nefndin einnig mikilvægi þess að lífsýnagjafar séu upplýstir um ætlað samþykki sitt og jafnframt að við gerð eyðublaða sem landlæknir annast skv. 4. mgr. 7. gr. laganna verði þeim gert kleift að binda bann við viðbótarnotkun við tilgreindar rannsóknir í stað þess að það taki undantekningarlaust til allra lífsýna.

Nefndin vekur athygli á að við umfjöllun málsins lýsti vísindasiðanefnd þeirri skoðun sinni að sérstök ástæða væri til að þjónustusýni væru varðveitt án persónuauðkenna en eins og áður segir er ein helsta breyting frumvarpsins sú að heimila varðveislu þjónustulífsýna með persónuauðkennum. Togast hér á tvenns konar sjónarmið, annars vegar krafan um leynd persónuupplýsinga og hins vegar um áreiðanleika upplýsinga.

Nefndin vekur athygli á því sem fram kom við umfjöllun hennar að í ákveðnum tilvikum getur verið ómögulegt að dulkóða persónuauðkenni á rannsóknarsýnum. Var í því sambandi rædd umsögn Krabbameinsfélags Íslands þar sem fram kemur að dulkóðun leghálsstrokusýna á glerplötum geti valdið ruglingshættu og dregið úr öryggi þeirra kvenna sem þangað leita. Nefndin vill taka fram að skv. 5. gr. frumvarpsins er í undantekningartilvikum, með leyfi Persónuverndar, heimilt að afhenda lífsýni með persónuauðkennum til vísindarannsókna.

Nefndin ræddi þá tilhögun frumvarpsins að fela vísindasiðanefnd eftirlit með starfsemi lífsýnasafna. Lög um lífsýnasöfn gera ráð fyrir að landlæknir annist eftirlit með lífsýnasöfnum að því leyti sem það er ekki í höndum Persónuverndar og vísindasiðanefndar. Tekur nefndin undir sjónarmið í umsögn vísindasiðanefndar um að ástæða sé til að setja skýrar verklagsreglur um eftirlitið.

Nefndin leggur loks til í samræmi við ábendingar Persónuverndar að orðin „að jafnaði“ í 5. gr. frumvarpsins falli brott þar sem ekki verður séð að þau þjóni neinum tilgangi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu: Orðin „að jafnaði“ í 1. efnismálsl. 5. gr. falli brott.

Ásta Möller og Álfheiður Ingadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita sú sem hér stendur, formaður, framsögumaður, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ellert B. Schram,

Guðlaugur Þór Þórðarson, Pétur H. Blöndal, Eygló Harðardóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

[19:36]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér er komið til 2. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um lífsýnasöfn, með síðari breytingum, eftir umfjöllun í nefnd. Eins og kom fram hjá hv. þingmanni í framsögu fyrir nefndarálitinu er megintilgangur frumvarpsins að gera greinarmun milli lífsýna sem eru annars vegar tekin í vísindaskyni og hins vegar sem hluti af þjónustu við sjúkling og hluti af rannsóknum við greiningu sjúkdóma.

Frumvarpið byggir á lögum frá árinu 2000 og því er komin ákveðin reynsla á framkvæmd þessara þátta við meðhöndlun lífsýna. Í núgildandi lögum er ekki gerður greinarmunur á lífsýnum vegna vísindarannsókna og lífsýnum vegna þjónusturannsókna en með frumvarpinu er verið að gera greinarmun á þessu og skilgreina þessar tvær tegundir sýna, þ.e. annars vegar lífsýni sem eru tekin eingöngu *í vísindalegum tilgangi til að undirbyggja* ákveðnar rannsóknir og hins vegar þjónustusýni sem við þekkjum velflest og eru lífsýni sem tekin eru vegna heilbrigðisþjónustu við einstakling. Þar af leiðandi er gerður greinarmunur á lífsýnasafni vegna vísindasýna og lífsýnasafni vegna þjónustusýna og gerðar mismunandi kröfur til hvors tveggja.

Vandinn sem hv. heilbrigðisnefnd stóð frammi fyrir var sá að í ýmsum tilvikum gerist það að lífsýni sem tekin eru vegna heilbrigðisþjónustu við einstakling eru síðan notuð sem vísindasýni í framhaldinu. Þetta kom m.a. fram í umsögnum, t.d. frá læknadeild Háskóla Íslands þar sem þessum vanda var lýst fyrir okkur og jafnframt í umsögn frá Krabbameinsfélagi Íslands. Að öðru leyti voru umsagnir um málið frá hinum ýmsu aðilum almennt jákvæðar. En það vinnulag var haft við vinnslu frumvarpsins að nefndin sem samdi frumvarpið var samsett af mjög mörgum af okkar bestu sérfræðingum á þessu sviði ásamt fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins. Drög að frumvarpinu voru síðan send 17 aðilum til umsagnar sem gáfu gagnlegar ábendingar sem tekið var tillit til.

Samt voru ákveðin atriði sem þurftu sérstakrar skoðunar við. Í umsögn læknadeildar Háskóla Íslands um frumvarpið kemur m.a. fram að þær breytingar á lögum um lífsýnasöfn sem koma fram í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar séu allar til bóta. Mikilsvert sé að greint er betur milli vísinda- og þjónustulífsýnasafna og að viðeigandi ákvæði eru sett um mismunandi lífsýni í þeim. Lögð er áhersla á nauðsyn þess að hægt sé að geyma þjónustusýni með persónuauðkennum svipað og önnur gögn sem tengjast sjúkraskrá og hætta á misnotkun sé hverfandi miðað við áreiðanlegri sýnamerkingar og varðveislu sýna. Þessar breytingar bæti því lögin og sniði af þeim vankanta sem hafa komið fram við uppsetningu og rekstur lífsýnasafna.

Í umsögn frá Krabbameinsfélaginu kemur það sjónarmið fram sem fékk hljómgrunn innan nefndarinnar og mikinn skilning meðal annarra umsagnaraðila að Persónuvernd hafi krafist þess samkvæmt túlkun á lögum um lífsýnasöfn að lífsýni á lífsýnasafni Frumurannsóknastofu leitarsviðs Krabbameinsfélags Íslands skuli varðveita án persónuauðkenna. En eins og kemur fram í umsögn Krabbameinsfélagsins geymir þetta lífsýnasafn leghálssýni. Það var sjónarmið Krabbameinsfélagsins að það væri óheppilegt að geyma slík sýni ópersónugreinanleg, það væru ótvíræðir öryggishagsmunir þeirra kvenna sem tekin hafa verið leghálssýni hjá að sýnið sé varðveitt með kennitölu. Þeir telja, og það kemur einmitt fram í nefndaráliti hv. heilbrigðisnefndar, að dulkóðun slíkra persónueinkenna séu fallin til þess að auka flækjustig og hættu á mistökum sem geti verið afdrifarík þegar verið er að bera saman fyrri og seinni sýni úr sömu konu. Það segir sig sjálft að hafa þarf samanburð á milli sýna, ef kona hefur farið í rannsókn þar sem tekið var leghálssýni á fyrri stigum og aftur síðar þá þarf að vera hægt að bera saman viðkomandi sýni og ef þau eru án persónuauðkenna getur það leitt til ruglings.

Krabbameinsfélagið lagði áherslu á að það væri til mikilla bóta að gerður skuli skýr greinarmunur á milli lífsýna sem tekin eru í þjónustuskyni og þeirra sem tekin eru til vísindarannsókna. Það varð niðurstaða nefndarinnar að taka bæri tillit til þessara sjónarmiða.

Það kom fram í umsögn frá Jóni Jóhannesi Jónssyni, f.h. læknadeildar Háskóla Íslands, en Jón er, ef ég man rétt, forstöðumaður á rannsóknadeild við Landspítalann og starfar við læknadeild Háskóla Íslands sem fræðimaður og kennari, að í lögum um lífsýnasöfn eru gerðar kröfur um að landlæknir skuli geyma dulkóðaða úrsagnaskrá yfir sjúklinga sem hafa tilkynnt til landlæknis ákvörðun sína um að þeir vilji ekki að tiltekin lífsýni verði notuð til rannsókna. Í umsögninni kemur fram að mjög óhagkvæmt sé að framkvæma þetta með þessum hætti, að fólk tilkynni í eitt skipti fyrir öll til landlæknis að það vilji ekki að lífsýni þeirra séu notuð í vísindaskyni og það eigi þá við um allar vísindarannsóknir og öll sýni. Það sé mjög óheppilegt og ópraktískt að leita þurfi til slíkrar skrár í öllum tilvikum, sérstaklega þegar verið er að taka sýni til sendingar og rannsókna erlendis því að oft sé það svo með sýni sem send eru utan að óskað er eftir að þau verði síðan notuð til vísindarannsókna í tilteknu skyni og því sé óheppilegt að þurfa að leita til lífsýnaskrár landlæknis hverju sinni.

Töluverð umræða varð um þetta innan nefndarinnar og niðurstaða hennar var í raun og veru sú að lög um lífsýnasöfn væru nægilega skýr en skoða þyrfti sérstaklega framkvæmdina gagnvart sjúklingi þannig að hægt væri að koma því við að sjúklingur væri spurður hverju sinni hvort slíkt væri heimilt því að um væri að ræða frekar afmörkuð tilvik.

Frumvarpið er í raun og veru frekar tæknilegs eðlis og sérhæft, eins og ég sagði áðan, og tekur fyrst og fremst mið af reynslu síðustu ára. Lögin sem samþykkt voru á árinu 2000 voru nýmæli á þeim tíma en afskaplega nauðsynleg og hafa núna verið notuð sem grunnur varðandi lífsýni sem nú með þessu frumvarpi eru aðgreind, annars vegar sem vísindasýni og hins vegar þjónustusýni.

Ég tel að ég hafi að mestu gert grein fyrir því sem kom til umræðu í nefndinni út frá okkar sjónarmiði og læt hér með ræðu minni lokið.

[19:47]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um

breytingar á lögum um lífsýnasöfn með síðari breytingum. Ég vil byrja á því að gera ákveðna athugasemd við það að verið sé að ræða þetta mál svona seint að kvöldi og alveg sérstaklega hvernig dagskráin er uppsett. Það eru 26 mál á dagskrá og af þeim eru ekki nema fjögur sem mér sýnist að varði heimilin í landinu og hag þeirra. Mér finnst skorta á réttar áherslur, að menn taki þau mál fyrir sem virkilega skipta máli. Það er náttúrlega vegna þess að mál eru annaðhvort stopp í nefndum eða hjá ríkisstjórn eða hafa hreinlega ekki komið fram. Ég geri því ákveðna athugasemd við þetta, að af 26 málum eru fjögur sem varða fjölskyldurnar í landinu og þeim er dreift svona hingað og þangað. Ég hef þá náttúrlega mestan áhuga á málinu um ábyrgðarmenn sem leysir mikinn vanda, en ábyrgðarmannakerfið hefur valdið miklu tjóni.

Ég ætla að ræða frumvarpið sem hér er á dagskrá. Frumvarpið er í sjálfu sér nokkuð tæknilegt. Gerður er munur á því hvort lífsýna er aflað í vísindatilgangi eða vegna heilbrigðisþjónustu við einstakling. Ég spurðist fyrir um það í nefndinni hvort skýr skil væru þar á milli og menn, gestir og aðrir, fullvissuðu mig um að þetta væri skýrt afmarkað. Menn gátu hins vegar ekki svarað þeirri spurningu hvað gerist ef lífsýni, sem tekið er vegna heilbrigðisþjónustu við einstakling, er svo notað í tölfræðilegri úrvinnslu um einhver allt önnur mál löngu seinna. Þá breytist það úr því að vera þjónustusýni yfir í það að vera vísindasýni og segja má að sú aðgreining sem menn vilja stefna að í frumvarpinu náist ekki.

Ég nefni blóðgjafir sem dæmi, þar er væntanlega um þjónustusýni að ræða. Ég reikna með því að blóðgjafi gefi almennt blóð til þess að aðstoða fólk sem lendir í slysum og þarf blóð. Síðan eru gerðar á því athuganir, kannanir, t.d. hvað varðar blóðflokka og annað slíkt, og jafnvel mætti nota það til efnarannsókna en þá er það spurning hvers eðlis lífsýnið er. Í frumvarpinu stendur að þá eigi að halda því aðgreindu en mér sýnist að þjónustulífsýni geti mjög auðveldlega breyst í vísindalífsýni og öfugt. Maður getur ímyndað sér að verið sé að rannsaka lífsýni í vísindatilgangi og þá komist menn að því að eitthvað alvarlegt er að viðkomandi einstaklingi, þ.e. að rannsóknin leiði það í ljós að eitthvað mikið er að honum. Menn geta þá lent í vandræðum því að þau sýni skal geyma ópersónugreinanleg.

Mikill siðferðislegur vandi gæti komið upp ef í ljós kemur að einstaklingurinn er haldinn einhverjum ólæknandi sjúkdómi eða læknanlegum sjúkdómi sem getur orðið hættulegur ef hann uppgötvast ekki. Vísindamaður gæti líka komist að því að einstaklinginn mætti lækna en getur ekki brotið kóðann sem oft og tíðum er þó hægt, öll mannanna verk má jú afkóða. Þessi kóði er væntanlega geymdur hjá Persónuvernd eða annars staðar. Ef vísindamaður kemst að því að einhver maður er haldinn læknanlegum sjúkdómi sem uppgötvast í gegnum lífsýnið þá þarf hann að fara til baka.

Þetta var svo sem rætt mikið í sambandi við gagnagrunninn fræga hjá Íslenskri erfðagreiningu sem illu heilli varð aldrei að því verðmæti sem menn ætluðu. En mér sýnist menn oft ganga ansi langt í því að gæta einhverrar ímyndaðrar persónuverndar og ég veit í rauninni ekki til hvers. Það er eins og sjúkdómar séu eitthvað sem menn þurfi að skammast sín fyrir. En þannig er það yfirleitt ekki og ég held að flestir sjúkdómar hafi misst þann karakter að vera eitthvað sem menn tala ekki um, jafnvel krabbamein. Það eina sem kannski situr eftir eru geðsjúkdómar.

Í umræðum í nefndinni var farið í gegnum umsagnir sem flestar voru jákvæðar. Reyndar var það bara ein umsögn sem benti á það atriði sem ég er að benda á, þ.e. að þessi mörk séu alls ekki skýr á milli vísindatilgangs og þjónustutilgangs. Það kom reyndar fram að prufur hjá Krabbameinsfélaginu sem hafa verið teknar sem sýni og eru ætlaðar til þess að þjónusta viðkomandi sjúkling eru jafnframt notaðar í vísindalegum tilgangi og þess vegna er ákveðin undantekning sett inn í frumvarpið. Það finnst mér einmitt sanna það sem ég er að tala um að það getur verið mjög erfitt að aðgreina vísindasýni og þjónustusýni.

Frumvarpið kemur mjög nálægt því sem öll heilbrigðisþjónustan er í rauninni þjökuð af sem er þessi persónuvernd. Nú horfum við upp á það að með rafrænni sjúkraskrá er í rauninni búið að sameina allt heila kerfið undir einum hatti, á einum stað. Við erum allt í einu komin með, herra forseti, gagnagrunn eins og að var stefnt í kringum Íslenska erfðagreiningu. En það gerist með því að sameina allt undir opinbera aðila. Nú segja sumir að mikill munur sé á því hvort einkafyrirtæki eigi slíkan grunn eða opinberir aðilar. En sagan segir manni að opinberir aðilar séu síst hættuminni en einkaaðilar og jafnvel hættulegri, það eru þá ekki opinberir aðilar til að tékka þá af og hindra þá í því sem þeir eru að gera með þennan grunn ef eitthvað illt er á bak við það.

Það var líka nokkuð mikið rætt að menn geti sett stopp á notkun á lífsýnum sínum, að vissir aðilar megi ekki komast í þau o.s.frv. Þetta getur maður á vissan hátt skilið. Ef sjúklingurinn á t.d. einhvern nákominn sem er í vísindum eða sem veitir heilbrigðisþjónustu vill hann kannski ekki að sá nákomni ættingi fái að vita um sögu hans eða lífsýni og geti rakið úr því í síauknum mæli alls konar sjúkdóma og annað sem viðkomandi er haldinn. Þetta geta verið fyrrverandi makar og aðrir slíkir sem menn vilja kannski ekki að komist í þessi lífsýni. Nýleg dæmi um hnýsni af þessu tagi ættu að vara menn við og minna þá á að vera varkárir á þessu sviði.

Ég er í sjálfu sér hlynntur frumvarpinu. Ég held að það skýri vel þann mun sem er á þjónustulífsýnum og vísindalífsýnum og það er til bóta. Menn skulu hins vegar ekki láta sig dreyma um að hér sé einhver endanleg lausn á þessum vanda vegna þess að lífsýni getur breyst úr því að vera þjónustulífsýni yfir í að vera vísindalífsýni og öfugt, eins og ég hef getið um.

Ég legg til að menn skoði lögin um persónuvernd að ýmsu leyti. Í fyrsta lagi að það verði auðveldara að gera ýmsar kannanir sem í dag eru nánast útilokaðar vegna þess að Persónuvernd heldur stíft á málum. Að mínu mati heldur hún allt of stíft á málum og er allt of smásmuguleg eða bannar of margt sem manni finnst ekki ástæða til að banna. Mér finnst hins vegar að það þurfi að vera — út af þessu siðferðislega vandamáli sem ég gat um áðan — leið til baka. Þegar búið er að gera sýnið persónulega ógreinanlegt, þ.e. þegar búið er að dulkóða það, þarf að vera leið til baka og það er alveg hægt. Þessi dulkóðun er náttúrlega alltaf til

staðar. Ef kennitalan er dulkóðuð á einhvern hátt þá getum við yfirleitt afkóðað hana. Persónuvernd þyrfti að koma sér upp kerfi sem gerði það að verkum að hægt væri að fara til baka. Í vísindarannsóknum sem gerðar yrðu löngu seinna gæti það t.d. komið upp að ákveðið lyf sé hreinlega hættulegt og þá þarf að finna það út hvaða einstaklingar tóku það lyf. Eins gæti það komið í ljós, eftir að við hefðum aflað okkur einhverrar þekkingar sem við höfum ekki í dag, að ákveðin erfðasamsetning geti verið hættuleg og þá getur sömuleiðis þurft að fara til baka og finna þá einstaklinga sem eru í hættu.

Mér finnst það siðferðisleg skylda Persónuverndar að hafa þessa lykla sína þannig að þeir séu rekjanlegir til baka svo að vísindamaðurinn sitji ekki uppi með þá vitneskju að einhvers staðar sé einstaklingur sem er í hættu en hann geti í rauninni ekkert gert. Það finnst mér mest um vert. Þegar maður horfir á þetta þannig þá eru öll þessi sýni persónugreinanleg eða ættu að vera það. Sum með miklum vandkvæðum eða mikilli bremsu eins og vísindasýnin og svo þjónustusýnin sem eru undir kennitölu viðkomandi.

Þegar viðkomandi sjúklingur fellur frá þá er það spurning hvað gerist með lífsýnin. Ég hef ekki fengið svar við þeirri spurningu enda gekk ég ekki fast eftir svari. Það er hugmynd sem ég hef fengið síðar hvað varðar lífsýnin, hvað gerist með þau. Formaður nefndarinnar getur kannski svarað því hvað gerist með þjónustusýni sem tilheyra sjúklingi sem er látinn, hvort það á þá að eyða þeim sjálfvirkt eða hvernig er staðið að því, hvort menn fylgist með því hvort sjúklingur sé látinn og séu þá vakandi yfir því að eyða sýnunum. Ég veit að til eru reglur um það að vissum sýnum eigi að eyða eftir ákveðinn tíma, ég þekki það reyndar ekki í sambandi við blóðgjafir og annað slíkt, en það væri ágætt að fá upplýsingar um það.

Þó að það komi þessu máli kannski ekki endilega við þá hef ég margoft gagnrýnt að haldin sé skrá yfir fóstureyðingar. Ég hef aldrei skilið af hverju sú skrá er geymd og meira að segja undir kennitölu. Hún getur ekki haft læknisfræðilegt gildi í sjálfu sér en í henni felast afskaplega viðkvæmar persónuupplýsingar sem mér finnst að ríkisvaldið eigi ekki að geyma. Þetta er að mínu mati atriði sem kemur viðkomandi einstaklingi einum við og hefur ekkert að gera með læknisfræði eða slíkt enda vitum við að fóstureyðing er ekki læknisverk.

[20:01]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Í fyrri ræðu minni láðist mér að fara yfir eitt atriði sem ég tel nauðsynlegt að komi fram, það varðar álit vísindasiðanefndar á frumvarpinu. Í nefndaráliti hv. heilbrigðisnefndar er sérstaklega vakin athygli á því að við umfjöllun málsins lýsti vísindasiðanefnd þeirri skoðun sinni að sérstök ástæða væri til að þjónustusýni væru varðveitt án persónuauðkenna en ein helsta breyting frumvarpsins er sú að heimila varðveislu þjónustulífsýna með persónuauðkennum. Eins og kemur fram í nefndarálitinu togast þarna á tvenns konar sjónarmið. Annars vegar krafan um leynd persónuupplýsinga og hins vegar um áreiðanleika upplýsinga.

Í umsögn vísindasiðanefndar er sérstaklega vakin athygli á 1. mgr. 8. gr. þeirra laga sem við nú störfum eftir um lífsýnasöfn og varðar varðveislu lífsýna. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Lífsýni skulu tryggilega geymd og merkt, en varðveitt án persónuauðkenna. Tengsl lífsýna við persónuauðkenni skulu vera í samræmi við staðla sem Persónuvernd ákveður."

Vísindasiðanefnd heldur áfram í röksemdafærslu sinni og telur að það séu augljós rök sem liggi til grundvallar þeirri meginreglu að lífsýni í lífsýnasöfnum skuli varðveitt án persónuauðkenna. Hún leggur sem sagt áherslu á að lífsýni jafnvel þau sem eru þjónustusýni verði varðveitt án persónuauðkenna þar sem þau feli í sér viðkvæmar upplýsingar um heilsu viðkomandi sem er mikilvægt að vernda vegna hagsmuna lífsýnagjafans og fjölskyldu hans. Hún segir áfram í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Sérstök ástæða er til að varðveita þjónustusýni án persónuauðkenna, enda eru og verða þau varðveitt í lífsýnasafni þjónustusýna á ætluðu samþykki, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga 110/2000. Til grundvallar varðveislu vísindasýna liggur hins vegar upplýst samþykki. Vísindasiðanefnd telur mikilvægt að halda þeirri meginreglu óbreyttri að lífsýni í lífsýnasöfnum séu varðveitt án persónuauðkenna. Ef geyma á þjónustusýni lengur en fimm ár og flytja þau í lífsýnasafn þjónustusýna þarf að mati vísindasiðanefndar að afmá persónuauðkenni sýnanna séu þau fyrir hendi. Ef nauðsyn krefur í vissum tilvikum og við sérstakar aðstæður að vista þurfi sýni með persónuauðkennum þá er rétt að mati nefndarinnar að setja þau skilyrði í lög, að leyfi vísindasiðanefndar þurfi til að koma."

Þarna koma fram þau sjónarmið sem bent er á í nefndarálitinu, að þessi tvö sjónarmið rekast á. Annars vegar krafan um leynd persónuupplýsinga og hins vegar um áreiðanleika upplýsinga. En eins og kemur fram í frumvarpinu er það meginreglan að þjónustulífsýni verði hér eftir varðveitt með persónuauðkenni.

Hitt atriðið sem rétt er að benda á varðar eftirlit með starfsemi lífsýnasafna vísindasýna en gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að það verði hjá vísindasiðanefnd, en eftirlitið með starfsemi lífsýnasafna þjónustusýna verði hjá embætti landlæknis, þ.e. að eftirlit með vísindasýnum verði hjá vísindasiðanefnd en þjónustusýnum hjá landlækni.

Það kemur fram það sjónarmið að vísindasiðanefnd telji heppilegra að eftirlit með lífsýnasöfnum sé á einni hendi og að það fyrirkomulag sé kostnaðarminna og öruggara og nefndin leggur til að eftirlitið verði hjá landlækni. Þarna er verið að færa ákveðin verkefni yfir til vísindasiðanefndar sem hún hefur ekki haft á hendi áður og leggur hún áherslu á að setja þurfi nánari reglur um framkvæmdina.

Í nefndaráliti hv. heilbrigðisnefndar er tekið undir þessi sjónarmið að það þurfi að setja skýrari verklagsreglur um eftirlitið. Það má að sumu leyti taka undir þessi sjónarmið að það er örugglega heppilegra og öruggara að þetta hvort tveggja sé á einni hendi en þau sjónarmið urðu samt sem áður ofan á að fara þá leið sem frumvarpið leggur til, þ.e. að setja þetta í hendur tveggja aðila.

Þetta voru þau atriði sem ég vildi bæta við fyrri ræðu mína. Almennt má segja um þetta frumvarp að vissulega er það tæknilegs eðlis en að öðru leyti snertir það mjög mikil-

væga þætti sem varða persónuvernd einstaklinga. Við stöndum frammi fyrir því að það er hægt með ýmsum hætti að afla sér upplýsinga um einstaklinga með aðgangi að t.d. niðurstöðum úr rannsóknum sem gerðar eru til að rannsaka heilbrigði fólks eða veikindi og aldrei er of varlega farið í að standa vörð um slíkar upplýsingar. Hins vegar er það svo að upplýsingakerfi á heilbrigðisstofnunum eru með þeim hætti í dag, sem betur fer, að hægt er í ríkari mæli en áður að halda utan um aðgengi að slíkum upplýsingum. Við höfum m.a. rætt það af öðru tilefni, þ.e. varðandi rafræna sjúkraskrá sem er frumvarp sem liggur fyrir Alþingi og hefur verið afgreitt úr hv. heilbrigðisnefnd. Þar kemur m.a. fram að sett verði þau skilyrði að aðgangur að sjúkraskrá sé skráður með þeim hætti að alltaf megi rekja það hverjir hafi skoðað upplýsingar sem eru í sjúkraskrá tiltekins sjúklings. Með þessu móti er hægt að veita ákveðið aðhald á sjúkrastofnunum varðandi persónuvernd, miklu betra aðhald en áður hefur tíðkast þar sem það var yfirleitt þannig að sjúkraskrár lágu inni á deildum sjúkrahúsanna og aðgangur að þeim var í sjálfu sér ekki takmarkaður nema af reglum. Eftirlitið hefur verið með þeim hætti að vakthafandi einstaklingur hefur haft það verkefni með höndum að passa það að enginn óviðkomandi fari í þau gögn. Með nýrri tækni og aukinni þróun á þessu sviði hefur verið hægt að taka þau skref að vernda upplýsingar um einstaklinga innan heilbrigðiskerfisins í ríkari mæli en hingað til hefur verið hægt.

Eitt atriði vildi ég draga fram en það segir í umsögn um frumvarpið um breytingu á lögum um lífsýnasöfn að ekki sé gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum. Það kom m.a. fram hjá umsagnaraðilum að erfitt væri að sjá að það leiði ekki til ákveðins kostnaðarauka. En við þær aðstæður sem við búum í dag verður auðvitað að gera ráð fyrir því að sjúkrastofnanir leiti leiða til að draga úr kostnaði m.a. vegna lífsýnasafna og setji framkvæmdina í þann farveg sem er praktískastur á hverjum tíma og nái þeim tilgangi sem lögin gera ráð fyrir en greiði jafnframt aðgang að upplýsingum sem heilbrigðisstarfsmenn þurfa nauðsynlega aðgang að á hverjum tíma til að veita sjúklingum sem eru í þeirra umsjá viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

[20:11]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, með síðari breytingum.

Það er skemmst frá því að segja að þetta er mál sem ætti að geta verið góð sátt um. Þetta er mál sem varðar mikilvæga þætti í heilbrigðisþjónustunni. Ég held að óhætt sé að segja að þetta sé tæknilegt mál en samt sem áður er það þess eðlis að upp koma margar áleitnar spurningar og oft tengist þetta siðferðislegum spurningum. Ég tel hins vegar að þetta sé gott dæmi um mál sem hefur fengið afskaplega góðan undirbúning og góða umfjöllun. Ég talaði sem heilbrigðisráðherra fyrir þessu máli á síðasta ári, á haustþinginu, en málið hafði þá lengi verið í undirbúningi undir forustu Guðríðar Þorsteinsdóttur frá heilbrigðisráðuneytinu, ef ég man það rétt.

Þetta er ekki mál sem kostar beina fjármuni því það er ekki gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum. Það gengur í rauninni út á það að lagt er til að varsla, nýting og meðferð lífsýnasafna byggist á skýrri aðgreiningu lífsýna. Það fer eftir því hvort þeirra er aflað í vísindalegum tilgangi eða vegna þjónustu við sjúklinga. Skilin þarna á milli hafa ekki verið skýr í gildandi lögum sem valdið hefur erfiðleikum við framkvæmd. Helstu breytinganna er getið í almennum athugasemdum frumvarpsins, m.a. að heimilt verði að varðveita þjónustulífsýni með persónuauðkennum. Þarna er í rauninni komið að kjarna máls sem er að þegar er komið að því að vinna með sýni, sem er mjög nauðsynlegt ef menn ætla að ná framgangi í heilbrigðisþjónustu, þá verða að vera skýrar og einfaldar verklagsreglur fyrir heilbrigðisstarfsfólk og þá sem nýta þau í vísindalegum tilgangi. Það verða að vera alveg skýrar verklagsreglur því hvort tveggja er nauðsynlegt.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um að það er afskaplega nauðsynlegt að það séu skýrar og einfaldar reglur þegar kemur að því að taka lífsýni. Það er eitthvað sem við verðum öll vör við þegar við förum til læknis eða förum í skoðun hjá heilbrigðisstofnunum að oftar en ekki er tekið lífsýni. Við Íslendingar og aðrir erum komin á það stig í þróuninni að það er hægt að misnota slík lífsýni og það er hægt að gera ýmislegt við lífsýni sem við kærum okkur kannski ekkert um. Það er að minnsta kosti afskaplega mikilvægt að persónulegar upplýsingar um okkur, og þær verða ekki mikið persónulegri en lífsýnin, liggi ekki á glámbekk eða séu notaðar í einhverjum annarlegum tilgangi. Þess vegna er mjög mikilvægt eins og ég nefndi að verklagsreglurnar séu skýrar og það sé alveg ljóst að ef nota á upplýsingarnar í vísindalegum tilgangi hvernig megi nota þær og eftir hvaða reglum beri að fara. Einnig að vel sé aðgreint hvenær er um þjónustu við sjúklinga að ræða og hvenær er um vísindastarf að ræða. Þar erum við með sérnefnd eða stofnun, má í rauninni segja, þar sem nefndir eins og vísindasiðanefnd — sem er miklu meira en að einungis sé um það að ræða að nokkrir einstaklingar séu í nefnd með ritara, þetta er orðnar stofnanir — þær fjalla sérstaklega um þennan þátt mála, þ.e. ef viðkomandi einstaklingur eða stofnun hefur áhuga á því að gera vísindarannsóknir þá þarf alla jafnan að sækja, í það minnsta á heilbrigðissviðinu, til vísindasiðanefndar sem tekur þá bæði afstöðu til erindisins og setur sömuleiðis reglur um það hvernig að rannsókninni skuli standa. Það telja menn mjög mikilvægt af augljósum ástæðum og þarf ekki að tilgreina helstu rök fyrir því. Það er eðli málsins samkvæmt til að ekki verði um neina misnotkun að ræða því við erum komin svo langt í þróuninni að ýmsar upplýsingar eru þess eðlis að það er hægt að nota þær í fjárhagslegum tilgangi og jafnvel hægt að nota þær þannig að það geti komið viðkomandi einstaklingi sem veitir lífsýnið illa.

Til þess er farið í þessa vinnu, þess vegna var vísindasiðanefnd sett á laggirnar með öllu því sem henni tilheyrir. Við erum sömuleiðis vonandi að samþykkja frumvarp sem lög sem munu einfalda þessa vinnu fyrir alla aðila þannig að þeir viti að hvaða verklagsreglum þeir ganga og að aðgreiningin verði skýr.

Það er skemmst frá því að segja að almennt voru umsagnir um þetta frumvarp jákvæðar. Það má kannski segja að þó að þetta sé tæknilegt mál og margar athugasemdir hafi komið fram þá held ég að mest áberandi hafi verið að menn höfðu ákveðnar áhyggjur af því að þetta væri samt sem áður ekki nógu skilvirkt. Það var álitið að þarna mætti jafnvel ganga enn lengra þegar kemur að þeim þáttum en þó held ég að það sé óhætt að segja að það voru ekki miklar deilur á milli umsagnaraðila. Það er svolítið sérstakt að vera í þeirri stöðu að flytja málið fyrst sem ráðherra og fylgja því síðan eftir í heilbrigðisnefnd. Það er reyndar ágætishlutverk og ágætt að fá að vinna með þetta alla leið en ég held að óhætt sé að segja að við höfum fyrst og fremst fengið mjög jákvæð viðbrögð við frumvarpinu og flestar umsagnirnar sem nefndin fékk voru mjög jákvæðar sem er afar ánægjulegt. Síðan er sá vinkill sem var þó nokkuð áberandi líka í umsögnum og í umræðu nefndarinnar, þ.e. hvernig best sé að standa að því að fólk geti hafnað því að lífsýni þess séu notuð til rannsókna. Um það segir eftirfarandi í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Nefndin ræddi ábendingu sem fram kom um að í sumum tilvikum væri eðlilegra við framkvæmd þjónusturannsóknar að lífsýnagjafi væri spurður beint hvort hann óskaði eftir að takmarka viðbótarnotkun lífsýnis í stað þess að hann þyrfti að tilkynna þessa ósk sína til landlæknis. Þetta gæti til að mynda átt við þegar sýni væru send til rannsókna erlendis en þá getur verið tafsamt að kanna hvort takmarkanir lífsýnagjafa komi fram í skrá landlæknisembættisins. Nefndin telur með hliðsjón af 9. gr. laganna um notkun lífsýna að umrædd athugasemd gefi ekki tilefni til breytinga en leggur til að fyrirkomulag við sendingu sýna til útlanda verði nánar útlistað í reglugerð.

Með hliðsjón af framansögðu áréttar nefndin einnig mikilvægi þess að lífsýnagjafar séu upplýstir um ætlað samþykki sitt og jafnframt að við gerð eyðublaða sem landlæknir annast skv. 4. mgr. 7. gr. laganna verði þeim gert kleift að binda bann við viðbótarnotkun við tilgreindar rannsóknir í stað þess að það taki undantekningarlaust til allra lífsýna."

Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Nefndin vekur athygli á að við umfjöllun málsins lýsti vísindasiðanefnd þeirri skoðun sinni að sérstök ástæða væri til að þjónustusýni væru varðveitt án persónuauðkenna en eins og áður segir er ein helsta breyting frumvarpsins sú að heimila varðveislu þjónustulífsýna með persónuauðkennum. Togast hér á tvenns konar sjónarmið, annars vegar krafan um leynd persónuupplýsinga og hins vegar um áreiðanleika upplýsinga."

Þetta er það sem við þurfum að fjalla um og skoða vel þegar kemur að máli eins og þessu. Það er afskaplega mikilvægt að hér sé umhverfi sem gerir okkur kleift að stunda rannsóknir, virðulegi forseti, en rannsóknir eru oft og tíðum vanmetnar af ýmsum ástæðum. Ef við ætlum að ná fram þróun hvort sem það er á heilbrigðissviði eða annars staðar þá verðum við að geta rannsakað og nú getur einhver sagt: Er það ekki alveg sjálfsagt? En það er ekki sjálfsagt því það er hægt að búa til bæði reglugerðarumhverfi og annað umhverfi sem er þess eðlis að það getur verið mjög snúið. Við Íslendingar eigum mikla möguleika þegar kemur að rannsóknum og það eru nokkrar ástæður fyrir því.

Í fyrsta lagi eigum við vel menntað fólk sem er mjög vel að sér í þessum efnum og hefur náð árangri á heimsmælikvarða og það á sérstaklega við á heilbrigðissviðinu, um rannsakendur á heilbrigðissviðinu. Menn vita kannski almennt ekki að ein helsta vísindastofnun landsins er Landspítalinn – háskólasjúkrahús. Ef við skoðum hlutfall tímaritsgreina, vísindagreina sem birtast í vísindatímaritum sem er einn mælikvarðinn, þá held ég að ég fari rétt með það, virðulegi forseti, að 40% af öllum vísindagreinum sem birtast í erlendum fræðiritum koma með einum eða öðrum hætti frá Landspítalanum, 40% og það er ekki lítið. Við erum líka í einstakri aðstöðu til að stunda rannsóknir, ekki bara út af því að við eigum þetta góða fólk, við eigum sömuleiðis heilbrigðisþjónustu á heimsmælikvarða og svo hjálpar smæðin og fámennið okkur líka alveg gríðarlega hvað þetta varðar. Við eigum möguleika á að ná til miklu fleiri aðila með miklu einfaldari hætti en í öðrum samfélögum ef við sköpum umhverfi sem skerðir það ekki. Með öðrum orðum: Ísland er að mörgu leyti kjörland fyrir vísindarannsóknir og í því felast gríðarleg tækifæri.

Það er líka afskaplega mikilvægt fyrir okkur að vita hvort við erum að ná árangri með þeim rannsóknum og mælingum sem eru stundaðar. Það er auðvitað slæmt að vera í þeirri stöðu að setja fjármuni í einhverja hluti, virðulegi forseti, eða fara út í einhverjar aðgerðir og geta ekki verið viss um að þær skili þeim árangri sem ætlað er. Þetta hangir allt saman og þess vegna er mjög mikilvægt að klára þetta mál og gera það að lögum. Ef við ætlum að vera í fremstu röð, og við eigum alla möguleika til þess, ef við ætlum að nýta þau tækifæri sem Ísland hefur upp á að bjóða hvað varðar rannsóknir og þróun þá verður allt umhverfið að vera í lagi. Við verðum að hafa gott fyrirkomulag hvað þessa hluti varðar. Við verðum að vera með öflugar menntastofnanir og veita þeim aðilum sem þar starfa og nema tækifæri til rannsókna og við þurfum að hafa umgjörð laga og reglugerðir þannig úr garði gerðar að það sé eins einfalt og mögulegt er fyrir þá sem stunda rannsóknir. Samt sem áður höfum við ekki áhuga á því að skerða persónufrelsi manna eða í þessu tilfelli að hægt sé að misnota lífsýnaupplýsingar fólks en það eru mjög persónulegar upplýsingar. Þetta er það verkefni sem við vorum með þegar nefndin fjallaði um frumvarpið. Þetta er það verkefni sem nefndin sem skrifaði frumvarpið var með. Ég tel að sú umfjöllun sem málið hefur fengið sé þess eðlis að hæpið sé að einhver sjónarmið hafi ekki komið fram í meðförum nefndarinnar, hvorki í meðförum nefndarinnar sem undirbjó frumvarpið og skrifaði það né í meðförum hv. heilbrigðisnefndar.

Ég held að við höfum unnið þetta vel og það sést kannski á niðurstöðu nefndarinnar að það er aðeins lögð til ein breyting á öllu málinu. Það segir okkur að hér hafi menn náð góðri sátt án þess að kasta til höndunum við vinnuna. Ég veit að það var afar hæft fólk sem samdi þetta frumvarp — þó svo að hæft fólk geti alveg skrifað frumvarp sem nefndir breyta mikið og þá er ég að vísa í nefndir þingsins — og ég vonast til þess að í þessu tilfelli sé það alveg rétt ákvörðun hjá hv. heilbrigðisnefnd að gera þessa einu breytingu, þ.e. að taka orðin „að jafnaði" í 1. efnis-

málslið 5. gr. brott en það eru ekki fleiri breytingartillögur með nefndarálitinu. (**Gripið fram í:** Ertu ekki jafnaðarmaður?) Virðulegi forseti. Ég heyrði ekki hvað hv. þingmaður var að segja en ég er nokkuð viss um að hefði ég heyrt það væri ég ósammála því.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er sérstakur áhugamaður um lífsýnasöfn og ég veit að hann mun örugglega halda góða ræðu á eftir þar sem hann fer yfir afstöðu sína til málsins enda hefur hann oftar en ekki farið yfir þessi mál í þingsölum.

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða mjög mikilvægt mál. Það snýst um að við séum með skýra aðgreiningu á lífsýnum, hvort þeirra er aflað í vísindalegum tilgangi eða vegna þjónustu við sjúklinga. Oft og tíðum fer þetta saman, þ.e. að lífsýni eru tekin í þeim tilgangi að veita sjúklingum þjónustu en eru síðan notað áfram í vísindalegum tilgangi. Það skiptir miklu máli að það sé skýrt aðgreint annars vegar hvenær það snýr að þjónustu við sjúklinga og hins vegar hvenær það er í vísindalegum tilgangi. Í langflestum tilfellum er þetta tiltölulega einfalt. Það getur verið flóknara í sumum tilfellum og það er farið sérstaklega yfir það í nefndaráliti. Ég ætla ekki að fara yfir nefndarálitið ég veit að það var farið vel yfir það í heilbrigðisnefndinni. Ég held að menn hafi fundið jafngóða fleti á því og mögulegt er en það er einmitt markmiðið með frumvarpinu að hafa þennan skýra mun. Og hví skyldu menn vilja hafa þennan skýra mun? Jú, vegna þess að það er verið að hugsa um persónulegan rétt fólks, að það sé ekki gengið á hann, að það sé ekki hægt að misnota lífsýni fólks. Síðan er það hitt, virðulegi forseti, að sjá til þess að hér sé auðvelt að rannsaka og að hér sé umhverfi sem gerir því góða fólki sem starfar við heilbrigðisþjónustu og rannsóknir og þróun hér á landi kleift að stunda vinnu sína og rannsóknir.

Eins og ég nefndi áðan tel ég að við höfum ekki lagt nógu mikla áherslu á að við getum gert jafnvel enn betur í dag en við höfum gert og þarna eru gríðarleg sóknarfæri. Íslendingar eru í samstarfi við ýmsa aðila, bæði heilbrigðisstofnanir eða menntastofnanir á þessu sviði og við eigum að stefna að því að styrkja slíkt samstarf. Í því felast gríðarleg tækifæri sem okkur ber skylda til að nýta og ég er sannfærður um að það er góð sátt um það meðal okkar þingmanna og þjóðarinnar allrar að gera það. Við þurfum að ganga þannig fram að við séum með umhverfi sem allra best sátt er um og ég tel að þetta mál sem ég mælti fyrir sem ráðherra á sínum tíma sé þess eðlis. Ég þakka hv. heilbrigðisnefnd fyrir gott starf hvað þetta varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 2. umr.

Stjfrv., 397. mál (styrkir til breyttrar orkuöflunar og orkusparnaðar). — Þskj. 675, nál. 779, brtt. 780.

[20:32]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað ítarlega um málið og fengið til sín gesti og sömuleiðis tekið á móti og farið yfir þó nokkrar umsagnir um málið. Frumvarpinu er ætlað að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum og draga úr kostnaði ríkissjóðs til lengri tíma litið við að niðurgreiða húshitunarkostnað og hvetja til atvinnuskapandi verkefna. Þá eru lagðar til breytingar sem gera ráð fyrir að afnema takmörkun á hámarki niðurgreiðslna vegna raforkunotkunar á varmadælur til húshitunar, gera mögulegt að styrkja breytta orkuöflun til húshitunar og styrkja endurbætur á íbúðarhúsnæði á köldum svæðum. Til að mæta kostnaði vegna þessa er lagt til að 3% af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til styrkja til nýrra hitaveitna verði veitt til orkusparnaðaraðgerða í stað 1% eins og er í gildandi lögum. Verið er að hækka þennan þátt úr 1% í 3%. Gert er ráð fyrir að verði hlutfall þetta hækkað muni framlögum til verkefna innan fjárlagaliðar 11-373, Niðurgreiðslur á húshitun, verða forgangsraðað á þann veg að minna fé fari í stofnstyrki til nýrra hitaveitna og jarðhitaleitar auk þess sem verkefni um hagkvæmniúttekt á varmadælum og smávirkjunum er lokið.

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að niðurgreiðslur falli niður vegna orkusparnaðar. Vísað er til þess að við undirbúning frumvarpsins hafi ekki verið gert ráð fyrir að niðurgreiðslur skyldu falla alveg niður heldur hafi verið gert ráð fyrir að lækka niðurgreiðslur í samræmi við þann árangur sem aðilar ná með öðrum orkugjöfum. Nefndin tekur undir þessa athugasemd og leggur því til breytingar á orðalagi 4. gr. frumvarpsins. Gerð er sérstök grein fyrir breytingartillögunum þremur á sérstöku þingskjali.

Einnig komu fram athugasemdir um að hugtakið „umhverfisvæn orkuöflun“ í 1. gr. frumvarpsins sé óljóst og ekki nægilega vel skilgreint og geti svo almennt orðalag kallað á umsóknir um styrki sem ekki er gert ráð fyrir að lögin nái yfir. Fellst nefndin á þetta viðhorf og leggur til að við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem „vistvæn orkuöflun“ verði skilgreind. Samkvæmt breytingartillögunum er hún skilgreind á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Með vistvænni orkuöflun er í lögum þessum átt við hagkvæma nýtingu endurnýjanlegra orkulinda til húshitunar.“

Virðulegi forseti. Í umsögn Orkustofnunar kom fram ábending um að rétt sé að setja í núgildandi lög ákvæði um að niðurgreiðslur geti verið mismunandi eftir svæðum og jafnframt verði tryggt í lögunum að olíukynding geti ekki orðið ódýrari en rafhitun. Fellst nefndin á þau sjónarmið og leggur til breytingu á 6. gr. laganna til að tryggja að niðurgreiðslur geti verið mismunandi eftir svæðum svo að fyrir olíukyndingu húsnæðis verði ekki borgað minna en fyrir rafhitun húsnæðis.

Virðulegi forseti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita Katrín Júlíusdóttir, sú er hér stendur, Álfheiður Ingadóttir, Eygló Harðardóttir, Grétar Mar Jónsson og Helgi Hjörvar.

Kristján Þór Júlíusson, Herdís Þórðardóttir og Björk

Guðjónsdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara. Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[20:37]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í Sovétríkjunum til forna var töluvert mikið um ríkisbúskap, fimm ára áætlanir og annað slíkt, þar sem menn niðurgreiddu og framkvæmdu gjörsamlega án tillits til kostnaðar.

Ég sakna þess í máli hv. frummælanda að heyra hvaða skekkju menn eru í rauninni að gera á markaðskerfinu með því að niðurgreiða húshitunarkostnað. Hverjar eru afleiðingarnar? Afleiðingarnar eru þær að með því að niðurgreiða húshitunarkostnað úti á landi þurfa menn að styrkja framkvæmdir sem eru í eðli sínu eðlilegar, náttúrulegar og skynsamlegar, eins og hitaveituframkvæmdir, jarðvarmadælur og annað slíkt. Menn byrja á því að skekkja kerfið og koma svo með aðrar ráðstafanir til þess að laga það. Ekki er orð um þetta hjá hv. þingmanni né í greinargerð með frumvarpinu.

Ég hefði viljað sjá að menn skoðuðu aðrar leiðir, eins og t.d. þær að borga búsetustyrki á viðkomandi stað. Þá ráða menn hvort þeir vilja setja dýran pening í rafmagnshitun eða ódýrari pening í hitaveitu, sem þá borgar sig því hún keppir þá á réttum grundvelli við markaðsverð á rafmagni. Niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði eru ekkert annað en skekking á markaðsbúskapnum og þess vegna spyr ég hv. þingmann hvort það hafi yfirleitt ekki verið rætt í nefndinni að skoða aðrar leiðir, eins og búsetustyrki á svona svæðum í stað þess að vera annars vegar að niðurgreiða og skekkja markaðinn og hins vegar að styrkja eðlilegar framkvæmdir í samkeppni við niðurgreiðsluna.

[20:39]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. iðnaðarnefnd fjallaði um þetta mál og málefni um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði hafa verið til umfjöllunar lengi. Menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að fara þessa leið til að gæta jafnræðis í búsetu á Íslandi. Við erum gríðarlega rík, íslenska þjóðin, af hita, jarðhita og jarðvarma og erum svo lánsöm að geta að langmestu leyti hitað húsin okkar með jarðvarma. Ef það er ekki hægt beint höfum við gripið til þeirra ráða að nýta raforku sem líka kemur úr endurnýjanlegum orkugjöfum til að hita upp húsin. Því má segja að við náum mestmegnis að hita húsin okkar á gríðarlega umhverfisvænan hátt og nýta náttúruauðlindir okkar til þess.

Jarðlög Íslands eru mismunandi og menn búa misnálægt sprungusvæðum þar sem mesti hitinn er. Þess vegna höfum við komist að þeirri niðurstöðu, og um það hefur ríkt sátt í þinginu, að fara þá leið að gæta jafnræðis með þeim hætti sem hér er gert. Það sem jafnframt er verið að gera í frumvarpinu er að leggja af stað í nýjan leiðangur, má segja, í þessum efnum með því að hvetja til orkusparnaðar og fara nýjar leiðir í því að hita upp húsnæði þannig að til lengri tíma litið megi lækka húshitunarkostnað og þar með líka lækka niðurgreiðslurnar. Því er verið að fara nýjar leiðir, virðulegi forseti, til þess að ná því markmiði sem hv. þingmaður fjallaði um.

[20:41]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst hv. þingmaður ekki skilja það sem ég átti við. Menn byrja á því að niðurgreiða rafhitun og vegna þess að það er ekkert sem getur keppt við það í rauninni, hitaveita eða annað slíkt, þá fara menn að niðurgreiða hitaveiturnar í samkeppni við þessa niðurgreiddu raforku í staðinn fyrir að borga bara búsetustyrki, deila þeim 1.000 milljónum sem veittar eru í þetta á ári út til þeirra sem njóta þeirra í dag í krónutölu eftir íbúafjölda á svæðum, og leyfa svo fólkinu sjálfu að ráða, þ.e. að borga raforku sína að fullu og ráða því hvort það fer út í hitaveituframkvæmdir vegna þess að þá eru þær orðnar samkeppnishæfar. Það geta líka verið til aðrar leiðir, t.d. að nota rekavið, fjarhitun eða annað slíkt, þ.e. menn mundu nota þá orkugjafa sem eru á staðnum. En allt þetta sofnar því það getur ekki keppt við niðurgreiðsluna.

Verið er að búa til vandamál á einum stað en leysa þau síðan með meiri fjárveitingum á hinum staðnum, í stað þess að láta bara venjulega mannlega skynsemi ráða. Láta menn borga fyrir raforkuna það sem hún kostar og ef það er of dýrt fyrir íbúana þá finna þeir sjálfir leiðir með fjarvarmaveitu, hitaveitu eða einhverju öðru í staðinn fyrir að vera að styrkja hvort tveggja.

Ég held að menn ættu að fara að skoða þetta og iðnaðarnefnd ætti virkilega að skoða hvort ætti ekki að setja þessar 1.000 milljónir, sem þjóðin á ekkert allt of mikið af núna, í búsetustyrki á þessum svæðum.

[20:42]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég velti því upp hvort þetta sé orðin stefna Sjálfstæðisflokksins í þessum málum vegna þess að undir nefndarálitið rita líka fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í hv. iðnaðarnefnd, (Gripið fram í.) reyndar með fyrirvara sem þau munu gera grein fyrir á eftir.

Eins og ég sagði, bæði í máli mínu og fyrra andsvari, miðar frumvarpið að því að gera ákveðnar breytingar á þessum niðurgreiðslum og hvernig þeir fjármunir eru nýttir sem í þetta fara. Því er ætlað að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum, þetta er til þess gert og leiðangurinn farinn, og draga þannig úr kostnaði ríkissjóðs til lengri tíma litið.

Hingað til hefur 1% af því fé sem veitt er á fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun, farið til orkusparnaðaraðgerða en hér er verið að leggja til 3%. Meira fé verður því nýtt til þess.

Ég tel, virðulegi forseti, að hér sé verið að stíga mjög heillavænlegt skref til breytinga hvað varðar niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði. Hér er líka verið að ganga ákveðinn atvinnuskapandi veg vegna þess að beinlínis er verið að hvetja til nýsköpunar í húshitun á þeim svæðum sem flokkast undir að vera svokölluð köld svæði. Ég held að hv. þingmaður ætti að fagna þessu eins og hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem í nefndinni eru og fjölluðu um þetta mál, gerðu.

[20:45]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum. Í fyrsta lagi er verið að afla heimilda til að veita styrki til að taka í notkun varmadælur og aðra umhverfisvæna tækni sem nota má til húshitunar á svæðum sem því miður búa ekki við hitaveitu og eru á svokölluðum köldum svæðum.

Í öðru lagi er verið að afla heimilda til að veita styrki til endurbóta á íbúðarhúsnæði og almennt til orkusparandi aðgerða. Á undanförnum árum hafa stjórnvöld greitt út þúsund milljónir króna vegna styrkja til nýrra hitaveitna en alls hafa um 2.000 íbúðir farið af rafhitun og yfir á hitaveitu. Sem dæmi um stór verkefni sem styrkt hafa verið á grundvelli ákvæða laga nr. 78/2002 eru Hitaveita Stykkishólms, Hitaveita Dalabyggðar og Hitaveita Eskifjarðar. Þá hafa mörg minni verkefni einnig hlotið styrki.

Þótt enn séu einhver smærri og minni verkefni í farvatninu verður að teljast ólíklegt að unnt verði að koma upp hitaveitum á köldum svæðum þar sem strjálbýlt er og kostnaðarsamt að finna jarðhita og dreifa til notenda. Því er talið rétt að skoða aðrar leiðir til að draga úr húshitunarkostnaði og styrkveitingum tengdum slíkum verkefnum. Styrkveitingar byggðar á sama grunni og styrkir til nýrra hitaveitna munu til lengri tíma litið geta dregið úr kostnaði ríkissjóðs vegna niðurgreiðslna og lækkað verulega orkukostnað þeirra sem búa ekki við hitaveitu. Í dag eru 9% heimila í landinu raforkukynt en áætlað er að heimili í landinu séu um 100.000.

Á þessu ári er heildarfjárveiting til þessara verka á fjárlögum 1.177 millj. kr. Eins og lög kveða á um er gert ráð fyrir að um 950 millj. kr. renni til að greiða niður rafmagn og rafhitun. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að í fyrsta lagi verði heimilt að verja 3% af fjárlagaliðnum til orkusparnaðar í stað 1% eins og nú er. Það felur í sér að 35 millj. kr. yrðu til ráðstöfunar í staðinn fyrir 12 millj. kr. ef lögin stæðu óbreytt.

Á árinu 2005 vann Ragnar K. Ásmundsson hjá Íslenskum orkurannsóknum skýrslu fyrir Orkustofnun um hagkvæmni þess að setja upp varmadælur á Íslandi. Í skýrslunni er tekið saman yfirlit yfir notkun varmadælna til húshitunar hérlendis, virkni varmadælna og helstu útfærslum og niðurstöðum hagkvæmnismats lýst miðað við þágildandi raforkuverð. Í skýrslunni kemur fram að hár stofnkostnaður og lágt raforkuverð vegna niðurgreiðslu til húshitunar séu tvær meginástæður þess hversu lítið varmadælur eru notaðar á Íslandi.

Þessi nýjung, sem er vonandi að ryðja sér til rúms hér á landi, felst í því að nýta varmadælur til að breyta varma úr t.d. lofti, sjó og vatni í rafmagn og ég sé ekki annað en að það sé af hinu góða fyrir neytendur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lagt verði til að heimilt verði gegn mótframlagi frá húseigendum að nýta hluta þeirra fjármuna sem í dag eru notaðir til niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar í að styrkja húseigendur á köldum svæðum til endurbóta á húsnæði þegar um óeðlilega mikla orkunotkun er að ræða, og ekki veitir af.

Gert er ráð fyrir að með þessu frumvarpi skapist um 50–100 störf, ef vitnað er til orða hæstv. iðnaðarráðherra við 1. umr. um frumvarpið hér í þinginu fyrir nokkrum dögum. Þá er gert ráð fyrir því að þetta muni skapa iðnaðarmönnum vinnu og sé atvinnuskapandi og okkur veitir ekki af í dag að styðja við bakið á því, eins og málum er nú komið hjá okkur.

Í fylgiskjali frá fjármálaráðuneytinu með frumvarpinu segir:

Markmiðið með frumvarpinu er í fyrsta lagi að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum, draga úr kostnaði ríkissjóðs til lengri tíma litið við að niðurgreiða húshitunarkostnað og hvetja til atvinnuskapandi verkefna, eins og ég kom að rétt áðan. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem gera ráð fyrir að afnema takmörkun á hámarki niðurgreiðslna vegna raforkunotkunar á varmadælur til húshitunarkostnaðar, gera mögulegt að styrkja breytta orkuöflun til húshitunar og styrkja endurbætur á íbúðarhúsnæði á köldum svæðum Lagt er til að 3% af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslu á kostnaði við húshitun og styrktar nýjum hitaveitum verði notuð til að mæta kostnaði vegna þessa, eins og formaður nefndarinnar gat um áðan.

Hæstv. forseti. Við minni hlutinn í iðnaðarnefnd erum með athugasemdir við þetta og teljum tækifæri á landvinningum á sviði hitaveitna hér á landi vera hverfandi. Næstu skref til orkusparnaðar og betri og bættari orkunýtingar ættu að felast í að horft sé til þeirra 9% heimila í landinu sem eru kynt með raforku. Minni hlutinn telur að nýjar leiðir felist m.a. í endurbótum á húsnæði og með nýrri tækni, svo sem á sviði varmafræði, eins og ég sagði áðan. Þá telur minni hlutinn mörgum spurningum ósvarað, t.d. um hver sé þörfin, hvað muni sparast, hvernig eigi að forgangsraða þessum verkefnum, hver árangurinn verði og hvenær verkefninu ljúki. Jafnframt vill minni hlutinn benda á að ef ekki kemur til hækkunar á þeim liði fjárlaga sem vísað er til muni þessi breyting væntanlega valda hækkun á húshitunarkostnaði hjá notendum með niðurgreiðslur. Minna fé verður þá eftir til beinna niðurgreiðslna þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir að sú verði niðurstaðan á árinu 2009.

Frú forseti. Þetta er mikilvægt mál sem við sjálfstæðismenn styðjum í hv. iðnaðarnefnd. Ef ég kem aðeins inn á nefndarálitið sem formaður nefndarinnar, hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, kom inn á áðan er gert ráð fyrir að verði hlutfall þetta hækkað muni framlögum til verkefna innan fjárlagaliða 11-373 Niðurgreiðslur á húshitunum verða forgangsraðað á þann veg að minna fé fari í stofnstyrki til nýrra hitaveitna og jarðhitaleitar auk þess sem verkefni um hagkvæmniúttekt á varmadælum og smávirkjunum er lokið.

Hæstv. forseti. Hér kom þingmaður okkar, Pétur H. Blöndal, upp og talaði um búsetustyrki. Ég spyr jafnframt: Hvort er ódýrara fyrir íslenska ríkið að vera með búsetustyrki eða niðurgreiða rafmagn á þessum köldu svæðum þar sem fólk býr við hátt raforkuverð og er ekki á samkeppnisgrundvelli eins og við sem búum á þessum heitu svæðum á Suðurlandi, en köldu svæðin eru aðallega Vestfirðir og Austfirðir?

Enn og aftur vil ég geta þess að við sjálfstæðismenn í iðnaðarnefnd teljum þetta ágætismál en erum samt með fyrirvara. Spurningar hafa vaknað hjá okkur í umræðu um

málið. Hver er sparnaðurinn? Við skrifum undir álitið með fyrirvara sem við munum gera betur grein fyrir. Við styðjum þetta mál, hæstv. forseti.

[20:56]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp um breytingar á lögum um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar. Með frumvarpi þessu er ætlunin að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum sem ekki njóta hitaveitna. Það er einnig ætlunin að draga úr kostnaði ríkissjóðs til langs tíma litið varðandi niðurgreiðslu til húshitunar og einnig til að stuðla að fjölgun starfa meðal iðnaðarmanna.

Hér er verið að gera m.a. þær breytingar að mögulegt verði að styrkja breytta orkuöflun til húshitunar, m.a. með varmadælum. Það getur verið öflugur kostur til upphitunar húsnæðis á þeim stöðum þar sem ekki er hitaveita því varmadælur leiða til betri orkunýtingar.

Varmadælur eru mismunandi að gerð og spara mismikla orku. Hámark niðurgreiðslna vegna notkunar raforku á varmadælur felur ekki í sér neina hvatningu þar sem ekki svarar kostnaði fyrir íbúðareiganda að setja upp slíkan búnað.

Tækifærin í nýjum hitaveitum á köldum svæðum eru hverfandi og því er hér verið að fara nýjar leiðir og veita stofnstyrki til íbúðareigenda sem hyggjast nýta sér varmadælur til að minnka húshitunarkostnað til lengri tíma litið. Einnig er verið að leggja til að styrkja íbúðareigendur á köldum svæðum sem vilja leggja í breytingar á húsnæði sínu í sama tilgangi, þ.e. að ráðast í endurbætur sem leiða til orkusparnaðar, t.d. endurglerjun húsa, bættrar einangrunar og fleiri aðferða sem lúta að betri einangrun og bættri orkunýtingu í húshitun á köldum svæðum.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Hagkvæmnisathuganir á varmadælum benda til þess að slíkir kostir séu ekki samkeppnisfærir við niðurgreitt rafmagn til húshitunar nema stofnkostnaður sé að hluta niðurgreiddur. Niðurgreiðslur á rafhitun fela í raun í sér að húshitunarkostnaði er skipt á milli ríkis og íbúðareiganda. Það ætti því að vera sameiginlegt hagsmunamál beggja aðila að draga úr rafhitunarkostnaði. Núverandi niðurgreiðslukerfi dregur hins vegar úr hagkvæmni fjárfestinga, svo sem í varmadælum og viðarkyndingu, þar sem stofnkostnaður lendir allur á íbúðareiganda, en sparnaðurinn skiptist á milli ríkis og íbúðareiganda. Með frumvarpi þessu um breytingar á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar er opnað á möguleika ríkisins til að taka þátt í stofnkostnaði við umhverfisvæna orkuöflun sem dregur úr rafhitun eða olíukyndingu. Þannig greiðir ríkið fyrir sinn hluta af framreiknuðum sparnaði sem af framkvæmdinni hlýst. Slík breyting ætti að virka mjög hvetjandi á íbúðareigendur og auka áhuga á fjárfestingum sem draga úr rafhitun þar sem styrkirnir mundu draga verulega úr stofnkostnaði framkvæmda. Á móti kemur að fjárveitingar ríkisins vegna niðurgreiðslna ættu að lækka þegar til lengri tíma er litið."

Það er í þeim tilgangi sem lagt er til að 3% af fjárveitingu til þessa liðar verði varið til umrædds verkefnis og til endurbóta á húsnæði og minna fari í stofnstyrki nýrra hitaveitna og jarðhitaleitar. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir 1% til orkusparandi verkefna. Þessi breyting felur í sér að 35 millj. kr. verða til ráðstöfunar í stað 12 millj. kr. samkvæmt núgildandi lögum.

Það verður að teljast ólíklegt að unnt verði að koma upp hitaveitum á köldum svæðum þar sem strjálbýlt er og kostnaðarsamt að finna jarðhita og dreifa til notenda. Þess vegna er ég sammála því að leita beri annarra leiða til að draga úr kostnaði vegna húshitunar á köldum svæðum. Þær leiðir sem hér eru boðaðar eru að mörgu leyti góðar og skapa atvinnu á þessum stöðum, sérstaklega meðal iðnaðarmanna. Hins vegar skrifuðum við þrjú undir nefndarálitið með fyrirvara, þ.e. auk mín hv. þm. Kristján Þór Júlíusson og Herdís Þórðardóttir.

Athugasemdir okkar lúta m.a. að því að spurningum varðandi það hversu mikil þörfin er er ósvarað og ekki liggur fyrir áætlun um líklegan sparnað til lengri tíma litið. Ekki er heldur ljóst hvernig eigi að forgangsraða verkefnum né hvaða væntingar eru varðandi árangurinn. Og hvenær mun verkefninu ljúka?

Næstu skref til orkusparnaðar og til betri og bættari orkunýtingar ættu að felast í að horft sé til þeirra 9% heimila í landinu sem enn eru kynt með raforku. Við teljum að nýjar leiðir felist m.a. í endurbótum á húsnæði og með nýrri orkusparandi tækni. Að því leytinu til erum við sammála þeim leiðum sem frumvarpið boðar.

En minni hlutinn vill einnig benda á að ef ekki kemur til hækkunar á þeim lið fjárlaga sem vísað er til í nefndarálitinu mun þessi breyting væntanlega valda hækkun á húshitunarkostnaði hjá notendum með niðurgreiðslu. Minna fé verður eftir til beinna niðurgreiðslna þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir að það verði niðurstaðan á árinu 2009. En nokkuð ljóst er að bæði húseigendur og ríkissjóður geta þegar til lengri tíma er litið haft hag af verkefnum sem draga úr orkunotkun vegna húshitunar þar sem slíkt leiðir bæði til lækkunar húshitunarkostnaðar og niðurgreiðslna ríkissjóðs vegna húshitunar.

Í máli hæstv. iðnaðarráðherra við 1. umr. um þetta mál kom fram afar athyglisvert atriði varðandi orkusparnað og sýnir að margt jákvætt er að gerast í orkusparnaðarmálum á ýmsum sviðum. Hæstv. iðnaðarráðherra gerði grein fyrir því að á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar fer fram viðamikil athugun á því hvort hægt sé að nota varmadælur til húshitunar í Vestmannaeyjum. Hafnar eru tilraunir til að freista þess að beisla varmalindina sem þar er. Sjórinn við suðurhluta Íslands er það hlýr að með tækni sem verið er að útfæra og þróa af hálfu útibús Nýsköpunarmiðstöðvar í Vestmannaeyjum og með sérfræðingum í höfuðstöðvum telja menn hugsanlegt að í framtíðinni verði hægt að hita upp töluverðan hluta Vestmannaeyjabæjar með þessum hætti. Ég tel það sem kom fram hjá hæstv. iðnaðarráðherra afar athyglisvert.

Einnig mætti líta til þess hlutverks sem Orkusetur hefur sem er að stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um skilvirka orkunotkun og möguleika til orkusparnaðar. Að mínu mati mætti leggja meiri áherslu á þetta hlutverk Orkusetursins á komandi árum, með því að vekja fólk til umhugsunar um orkusparnað.

Við sjálfstæðismenn erum með á nefndarálitinu og

styðjum málið þó með þeim fyrirvörum sem ég hef gert hér grein fyrir. Það mál sem hér um ræðir er að mínu mati gott mál, það er orkusparandi, það dregur úr styrkveitingum ríkisins til húshitunar á köldum svæðum til lengri tíma litið og það er atvinnuskapandi.

Virðulegi forseti. Ég læt máli mínu hér með lokið og tel að ég hafi gert grein fyrir þeim fyrirvörum sem við gerðum við málið.

[21:07]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Eins og fram hefur komið erum við að ræða hér frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 78/2002, lög sem eru orðin nokkurra ára gömul, um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar með síðari breytingum. Ég á ekki sæti í iðnaðarnefnd þessa stundina og hef ekki tekið þátt í störfum nefndarinnar. En það eru örfá atriði sem mig langar aðeins að nefna.

Ég tek eftir því að mikið er talað um umhverfisvæna orkuöflun þannig að það sem hér er verið að gera er afskaplega grænt og fallegt áferðar að sjá. En stóri græni flokkurinn er ekki með nokkurn einasta fulltrúa nema frú forseta í þingsal. Það tekur enginn þátt í umræðu af hálfu þess stjórnmálaflokks. (Gripið fram í.) Það kemur mér nokkuð á óvart.

Mig langar aðeins að víkja að þeirri niðurgreiðslu sem hér er til umræðu því í fleiri lögum og fleiri stöðum í fjárlögum eru niðurgreiðslur. Meðal annars eru niðurgreiðslur til ylræktarbænda sem ekki er komið inn á í þessu frumvarpi. Þannig háttar til að þeir hafa fengið niðurgreiðslur til framleiðslu á grænmeti innan lands sem ætti nú að teljast aldeilis umhverfisvæn framleiðsla. Það er okkar græna stóriðja. En nú ber svo við að þrátt fyrir að það séu ákveðnir samningar þá hækkar Rarik gjaldskrá sína gríðarlega frá síðustu áramótum. (**Gripið fram í:** 25%.) Mig langar, frú forseti, með leyfi, að lesa upp úr bréfi sem ég er með frá Bláskógabyggð hvað þetta varðar en þar segir:

„Byggðaráð Bláskógabyggðar mótmælir þeirri ákvörðun stjórnar Rariks um 15% hækkun verðs á dreifingu og flutningi á raforku frá og með áramótum. Jafnframt hefur verið ákveðið að hækka orkuverð um 7–14%. Ákvörðun ríkisins á skerðingu á niðurgreiðslum á dreifingu rafmagns til garðyrkjubænda ásamt umræddum hækkunum valda því að rafmagnskostnaður ylræktenda eykst um 25–30%. Það er því ljóst að umræddar ákvarðanir koma sérstaklega illa niður á rekstri ylræktenda og setja í raun rekstrarforsendur þeirra í uppnám. Einnig eykur þessi ákvörðun verulega byrðar þeirra heimila sem ekki hafa aðgang að hitaveitu og nýta raforku til húshitunar. Byggðaráð hvetur stjórn Rariks og ríkisvaldið til að endurskoða þessar ákvarðanir."

Svo mörg voru þau orð sem komu fram í bréfi byggðaráðs Bláskógabyggðar, dagsettu 17. mars. Þetta mál þyrfti að taka inn í þetta frumvarp. Að sjálfsögðu vil ég spyrja hv. flutningsmann hvort nefndin hafi ekkert farið yfir það mál sem bréfið fjallar um, hvort það hafi ekki komið til tals að þessar niðurgreiðslur færu þarna jafnframt því sem hér er í þessu frumvarpi.

Málið snýst nefnilega um hvort hér verði framleitt grænmeti með íslenskri vistvænni orku, þ.e. heitu vatni til upphitunar og raforkunni til lýsingar og að þessi matvæli verði eins fersk og góð og holl og þau eru hér á markaði eða hvort þessi framleiðsla muni falla niður og við þurfum að fara að eyða gjaldeyri til að kaupa slíka vöru annars staðar frá þar sem jafnframt er verið að nota alls konar hjálpar- og aukaefni við framleiðsluna.

Mér finnst afskaplega nauðsynlegt að við fáum svör við þessu þegar verið er að fara yfir frumvarp og lagabálk sem lýtur að nákvæmlega sömu þáttum sem ég er hér að spyrja um. Þess vegna held ég að það sé afskaplega mikilvægt að við fáum dálitla umræðu um þau mál um leið og við ræðum þetta frumvarp.

Ég vil jafnframt beina þeirri spurningu til hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins, kollega minna þar, hvort þeir hafi heyrt af þessu máli og hafi jafnvel haft fyrirvara sinn á nefndarálitinu vegna þessa. Það kynni að vera að menn hafi haft hugmynd um þetta.

[21:12]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni ræðu hans og spurningar til okkar. Það vill þannig til að það var haldinn fundur í iðnaðarnefnd sérstaklega um þetta mál, um þær hækkanir sem hann vék að og komu fram í bréfi frá Bláskógabyggð. Þar kölluðum við til orkufyrirtækin og orkusölufyrirtækin og fórum yfir þessar hækkanir. Það var nefnilega ekki bara Rarik sem hækkaði verðið um 15% heldur hækkuðu fleiri raforkusalar gjaldskrár sínar. Þetta hefur verið að gerast um allt land og fyrir því eru margar ástæður.

Þetta er auðvitað eitthvað sem við verðum að skoða þegar horft er til uppbyggingar í atvinnulífinu á næstunni. Það er verið að skoða verðskrá til þessara aðila sem hv. þingmaður nefnir. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að fara vel í gegnum þau mál og iðnaðarnefnd er byrjuð á því með því að kalla þessa aðila til sem hafa farið yfir sína hlið málsins með okkur.

Ég tel hins vegar ekki og við töldum ekki að þetta mál kæmi því beint við heldur væri hluti af stærra samhengi. Eins og hv. þingmaður kom inn á eru fleiri aðilar en eingöngu hið opinbera, þetta eru líka raforkusölufyrirtæki sem þarna eiga hlut að máli og allt helst þetta jú í hendur.

Ég tek undir áhyggjur hv. þingmanns vegna þessa háa kostnaðar hjá garðyrkjubændum. Ég held að við ættum í sameiningu að geta farið betur yfir þau mál en nefndin hefur gert nú þegar, hugsanlega með öðrum nefndum sem í hlut eiga. Ég lýsi yfir vilja til þess að gera það og iðnaðarnefnd hefur nú þegar hafið slíka skoðun og við eigum án efa eftir að gera meira í því gefist okkur tími til þess.

[21:14]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar frá formanni iðnaðarnefndar, hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, og ég tel að við megum þá vænta þess að hér komi einhver mál í þá veru sem um var rætt, að það verði tekið á þessu jafnframt því sem lýtur að öðrum atvinnugreinum, í þessu tilliti garðyrkjunni.

Ég álít þá að sú skoðun sem kom fram hjá þingmannin-

um sé að nefndin muni skoða þetta frekar, kalla til aðila og fara yfir málið með tilliti til þess að þetta mætti lagfæra samkvæmt þeim samningum sem ríkið hefur nú þegar gert við atvinnugreinina.

[21:15]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsti yfir vilja og áhuga mínum á að skoða þessi mál enn frekar en nefndin hefur nú þegar gert. Við höfum bara náð því skrefi að kalla til þessa aðila, þ.e. orkusöluaðila, til að fara yfir umrædd mál og þessar hækkanir með okkur. Lengra höfum við í nefndinni því *miður ekki komist. Ég veit ekki* og get ekki lofað því að okkur takist fyrir þinglok að ljúka umfjöllun um jafnviðamikið mál og þetta er. Hins vegar vona ég að við berum gæfu til þess á nýju þingi að gera það, strax að loknum kosningum, takist okkur það ekki nú.

Ég ætla ekki að gefa neinar falsvonir um að okkur muni takast það á þessu þingi vegna þess að mér finnst það því miður afar hæpið en ég vona að ég og hv. þingmaður og fleiri munum eiga gott samstarf um það á nýju þingi og að menn megi almennt á nýju þingi ná góðri samstöðu um að fara vel yfir þessa þætti máls. Ég tel að þetta skipti afar miklu máli. Þetta er náttúrlega stórt byggðamál, þetta er stórt atvinnumál og líka stórt sanngirnismál og skiptir gríðarlega miklu máli í þeirri uppbyggingu sem fram undan er, að við förum ofan í alla þætti sem mögulega geti gefið tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar á Íslandi. Ég tel klárlega að þetta sé einn af þeim þáttum sem við verðum að skoða mjög vel í því samhengi.

[21:17]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Þetta er í raun afar merkt mál sem við fjöllum um, niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Við búum í landi sem er þannig gert að okkur er kleift að nýta þann mikla hita sem býr í iðrum jarðar til húshitunar. Þetta felur auðvitað í sér mikla búbót fyrir stærstan hluta heimila í landinu vegna þess hversu almennt ódýrar hitaveitur eru. Stærstu hitaveiturnar í landinu er mjög ódýrar.

Það búa þó ekki allir við þann kost að geta nýtt þessar ódýru hitaveitur. Sumir landsmenn búa á svokölluðum köldum svæðum sem þurfa að treysta á aðrar og dýrari leiðir til að kynda ofna og halda hita í húsum sínum. Til að jafna stöðu þessa fólks gagnvart þeim sem búa á heitu svæðunum svokölluðu hafa verið sett þau lög sem hér eru til umfjöllunar og kveða á um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, lög nr. 78/2002.

Þegar við horfum til þess hvernig búsetukostir í landinu *eru — þrátt fyrir að við getum svo sem verið sammála um* að niðurgreiðslur í einu eða öðru formi er ekkert sérstaklega gott form — er það bara þannig að ekki er hægt að bjóða íbúum landsins upp á svo mismunandi búsetukosti varðandi það hvernig þeir liggja við þeim miklu náttúruauðlindum sem við höfum hér á landi og getum nýtt til að hita húsin okkar, sem er stór þáttur í því hversu góð lífskjör eru hér á landi.

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra sem hann hefur lagt fram til breytinga á umræddum lögum. Frumvarpið gerir í fyrsta lagi ráð fyrir að heimila veitingu styrkja til að taka í notkun varmadælur og aðra umhverfisvæna tækni sem hægt er að nota til húshitunar á köldum svæðum landsins og í öðru lagi að heimila styrkveitingar til að endurbæta íbúðarhúsnæði á köldum svæðum með orkusparandi aðgerðir í huga.

Ég hef átt sæti í nefndum sem hafa fjallað um þessar niðurgreiðslur og hvernig best sé að huga að því að horfa til lengri tíma til að fleiri geti nýtt óhagkvæmari hitaveitur á köldum svæðum þar sem jarðhiti er þó til staðar. Einnig að gera fólki kleift að endurbæta hús sín þar sem ekki er möguleiki á ódýrum húshitunarkostum, jafnvel að fólk þurfi að nýta olíu til upphitunar á íbúðarhúsnæði, sem er aftur á móti leið sem við viljum reyna að forðast sem mest við getum, þ.e. að nýta olíu, sem er innfluttur mengandi orkugjafi. Eins og tíðarandinn er er eðlilegra að við reynum að nota jarðhitann og raforku. Raforkan hefur hins vegar þá ókosti að vera dýrari og þess vegna eru tilkomin þau ákvæði að greiða niður rafhitunina og þá aðra dýrari orkukosti.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að markmið þeirra breytinga sem lagðar eru til séu þríþættar, í fyrsta lagi að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á svæðum sem ekki eru búin hitaveitu, í öðru lagi að draga úr kostnaði ríkissjóðs til lengri tíma litið og í þriðja lagi að ýta undir atvinnuskapandi verkefni. Þetta eru í sjálfu sér góð markmið ef við horfum á hvað er til þess að draga úr kostnaði ríkissjóðs til lengri tíma litið, þ.e. ef tekst að draga úr húshitunarkostnaði *á köldum svæðum þar sem fólk nær að einangra hús sín eða* gera þau þannig úr garði að þau nýti minni orku og síðan þeir styrkir sem hafa verið til hitaveitna. Mér sýnist að þarna sé stefnt að því að draga úr því til lengri tíma og gera menn þá væntanlega ráð fyrir að á einhverjum ákveðnum tíma verði búið að virkja á köldu svæðunum þannig að þeir kostir verði í rauninni fullnýttir á einhverju ákveðnu árabili. Þetta eru virðingarverð markmið og jafnvel nauðsynleg á þeim umbrotatímum sem við nú lifum að taka til þeirra ráðstafana að ýta undir atvinnuskapandi verkefni.

Hér kemur fram breytingartillaga frá iðnaðarnefnd um að styrkirnir skuli lækka í réttu hlutfalli við orkusparnað og/eða bætta orkunýtingu í stað þess að þeir falli alveg niður. Þetta er þá væntanlega í samræmi við umsagnir sem komu frá Rarik og fleiri aðilum sem fjölluðu um þetta mál og hafa séð um framkvæmd á a.m.k. rafhitunarþættinum.

Nefndin gerir athugasemdir við hugtakið umhverfisvæna orkuöflun sem er að finna í 1. gr. frumvarpsins og telur það of almennt orðað og leggur til frekari skilgreiningu á hugtakinu. Ég get alveg tekið undir að mjög nauðsynlegt er að gera það. Þetta er mjög til bóta enda er það kappsmál að hlutir sem þessir séu sem skýrast fram settir til að girða fyrir allan misskilning sem getur hæglega komið upp sé um illa skilgreind hugtök að ræða. Það eigum við almennt að forðast við lagasetningu. Ég tel þetta mjög til bóta hjá nefndinni að hafa tekið tillit til þessa og mjög nauðsynlegt að skýra þetta betur.

Að lokum taldi nefndin rétt að taka tillit til umsagnar sem barst frá Orkustofnun sem vildi fá sett inn í núgildandi lög ákvæði sem gengur út á að niðurgreiðslur geti verið mismunandi eftir svæðum og tryggt verði að olíukynding

geti ekki orðið ódýrari en upphitun með rafmagni. Ég set spurningarmerki við það að niðurgreiðslan verði mismunandi eftir svæðum, ég held að almennt þar sem eru köld svæði eða þar sem fólk kemst ekki í tæri við ódýra orkugjafa eigi menn að vera jafnsettir fyrir því hvar sem þeir búa. Væntanlega er einhver skýring á því að menn hafa séð ástæðu til að taka tillit til þessa.

Norðurorka skilaði inn umsögn til nefndarinnar vegna frumvarpsins og þar er dregið fram atriði sem nefndin tekur ekki afstöðu til að því er ég fæ best séð, hvorki í breytingartillögunni né nefndaráliti. Í umsögn Norðurorku segir, með leyfi forseta:

„Norðurorka hf. vill árétta að fyrirtækið hefur á síðastliðnum árum unnið að uppbyggingu nýrra veitna og stækkað veitur á þjónustu svæði sínu. Hefur verið farið í þessar framkvæmdir á grundvelli samninga um að niðurgreiðslur gangi til framkvæmdanna í samræmi við þau lög sem hér eru til umfjöllunar. Um verulega fjárfestingu hefur verið að ræða í hlutfalli við stærð fyrirtækisins. Af þessu tilefni vill Norðurorka hf. enn og aftur minna á og gera athugasemdir við það verklag sem hefur tíðkast þegar kemur að greiðslu á hlut ríkisins í þessum framkvæmdum. Er þá vísað til þess mikla dráttar sem iðulega hefur orðið á því að ríkið greiði sinn hlut í framkvæmdunum, sem hefur leitt til þess að Norðurorka hf. hefur þurft að bera verulegan fjármagnskostnað sem skekkir allar forsendur viðkomandi framkvæmdar, ekki síst í ljósi þeirra lánskjara sem í boði eru og þeirrar áhættu sem getur verið fólgin í lántöku.

Í þessu ljósi kann það að skjóta skökku við að verið sé að draga fjármuni til annarra verkefna á þessu sviði með þeim hætti sem lagt er til, þótt þau séu í eðli sínu góðra gjalda verð. Er því mikilvægt að nauðsynlegir fjármunir til verkefnanna verði tryggðir og þá þar með talið til þeirra úrræða sem frumvarpið gerir ráð fyrir nái það fram að ganga.

Í þessu samhengi verður einnig að leggja áherslu á að fram fari skoðun á öllum kostum í hverju falli, þannig að uppbygging og stækkun veitna sé ekki slegin út af borðinu of fljótt, þótt aðrir kostir séu til í stöðunni, eins og réttilega kemur fram í frumvarpinu.“

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að halda þessu sjónarmiði á lofti hér í umræðunni. Þarna er bent á atriði sem vert er að skoða og hafa í huga við afgreiðslu málsins. Ég vildi gjarnan heyra frá formanni nefndarinnar hvort þetta hefði verið skoðað og hvaða afleiðingar þetta gæti haft, þessi áherslubreyting sem þarna verður, einmitt vegna uppbyggingar á nýjum veitum. Fyrirtæki eins og Norðurorka hefur lagt mikið á sig til að stækka sitt svæði og ná til svæða þar sem ekki hefur áður verið kostur á hitaveitu. Ég vildi gjarnan heyra frá formanni nefndarinnar hversu vel var farið ofan í þessi atriði hjá nefndinni.

Mér finnst líka aðeins skorta á — ég sé það a.m.k. ekki í gögnum málsins eða þeim sem ég hef séð — að það sé metið hvernig þetta kemur við heimilin. Er breyting á niðurgreiðslunum sem fara beint til heimilanna? Mun þetta hafa áhrif á þann kostnað sem heimilin verða fyrir á köldum svæðum? Er verið að draga fjármagn út úr beinu niðurgreiðslunum til að — ég sé a.m.k. að hér er vísað til fjárlaganna — krónutala þeirra sé alltaf miðuð við fjárlögin? Þess vegna vildi ég heyra hvort verið væri að lækka beinu niðurgreiðslurnar til heimilanna þannig að þetta gæti haft áhrif á það hvernig hagur heimilanna á köldum svæðum kemur út úr þessum breytingum.

[21:32]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Eftir hið mikla áfall sem Íslendingar lentu í sl. haust ríður á miklu að finna aðrar lausnir, hugsa út úr kassanum, sjá aðrar lausnir en viðgengist hafa og þetta er ein af þeim. Þegar Sovétríkin voru upp á sitt besta, ég tek það alltaf sem dæmi, fóru menn í framkvæmdir og iðnvæddu án tillits til kostnaðar. Þá var styrkur hérna og styrkur þarna og það kom í ljós að allt heila kerfið var óarðbært og Sovétríkin bjuggu til mikla fátækt í fyrsta lagi og svo hrundi allt kerfið eftir 70 ára tilraunastarfsemi.

Húshitunarstyrkurinn er af svipuðum meiði. Menn hafa komist að því að það er miklu dýrara að hita hús úti á landi en í Reykjavík eða á öðrum stöðum, t.d. á Sauðárkróki þar sem er verulega ódýrt að hita og hugsanlega mætti skoða þar auðlindagjald í því sambandi en ég ætla kannski ekki endilega að leggja það til. Þá detta menn niður á billegustu lausnina og það er að niðurgreiða húshitunarkostnaðinn, það er alls staðar til rafmagn og menn fara að niðurgreiða rafmagnshitun til húshitunar.

Rafmagnshitun er ekki endilega ódýrasta leiðin til að hita hús, langt í frá. Það þarf að byggja spennivirki, það þarf að leiða rafmagn yfir heiðar og það er heilmikill kostnaður fólginn í því að koma orkunni til neytandans þannig að svona niðurgreiðslur skekkja notkunina. Eitthvað sem kostar heilmikið í reynd er gert ódýrt og eftirspurninni haldið uppi með lágu verði. Sem betur fer er ekki mikið um svona niðurgreiðslur á Íslandi þar sem kostnaðarvitundin er tekin úr sambandi, þetta eykur eftirspurnina eftir þessari orku og gerir aðra möguleika vonlausa. Til dæmis borgar sig ekki að leita eftir heitu vatni af því að raforkan er svo ódýr. Menn nota ekki rekavið eða aðra orkugjafa sem eru oft á staðnum, eða fara í fjarhitun vegna þess að raforkan er svo ódýr að hún er í rauninni ekki samkeppnisfær eftir að búið er að niðurgreiða hana. Varmadælur og önnur slík tækni sem hugsanlega mætti nota í þessum dæmum er ekki nýtt vegna þess að rafmagnið er niðurgreitt. Hvað gera menn þá, herra forseti? Þá fara menn að niðurgreiða þessa samkeppnisorkugjafa, þ.e. menn fara að styrkja borun eftir heitu vatni, menn fara að styrkja varmadælur og annað slíkt til að gera það sem er kannski skynsamlegast á staðnum sem er að nota aðra orkugjafa en rafmagn af því að rafmagnið er í reynd miklu dýrara. Menn setja upp alls konar flókin kerfi til þess að styrkja eða spara í fimm ár eða sjö ár og alls konar reglur og ríkið styrkir gerð slíkra orkugjafa.

Það væri miklu einfaldara að reikna út á hvaða svæðum við ætlum að hafa styrki og hafa t.d. búsetustyrki miðað við hvern íbúa eða rúmmetra í íbúðarhúsnæði eða eitthvað slíkt, einhver hlutlæg viðmið. Síðan fengju menn bara sína, hvað á að segja, milljón á ári eða hver sem styrkurinn er, hver fjölskylda, ég þekki það ekki. Þetta eru þúsund milljónir, ef um er að ræða þúsund fjölskyldur þá er þetta milljón á fjölskyldu, það má örugglega leiðrétta mig í því en það skiptir ekki máli. Það mætti láta fólkið fá þessa peninga og þá gæti það keypt sitt rafmagn og væri nákvæmlega eins

sett að meðaltali og sennilega miklu réttlátar, og þeir sem vilja gætu einangrað húsin betur. Það sparar líka pening og þegar orkan er svona dýr eiga menn að sjálfsögðu að gera það. Þeir geta farið að leita að öðrum orkugjöfum í samkeppni sem geta þá keppt við þetta dýra rafmagn. Svona niðurstaða mundi leiða til eðlilegrar notkunar og leitun að orku á því svæði sem um ræðir en ekki svona skipulagi ofan frá, frá græna borðinu eins og í Sovétríkjunum. Þess vegna held ég að menn þurfi núna þegar þjóðin lendir í svona áföllum að leita leiða til að spara þennan pening, 1.000 millj. kr. því að það er mikill peningur og getur hugsanlega leitt til betri lífskjara á viðkomandi svæði. Til dæmis að einangra hús betur og spara orkuna kostar fjárfestingu fyrir einstaklinginn og hann fer ekki út í það ef bæði rafmagnið er niðurgreitt og líka samkeppnisorkugjafinn. Þá er bara orkan of ódýr miðað við það sem hún kostar raunverulega því ríkið er að borga hvort tveggja, bæði hitaveituna með styrkjum og líka raforkuna. Þá kemur aldrei í ljós hvað orkan kostar í rauninni, hvað það kostar að hita húsin. Það getur vel verið að á vissum svæðum borgi sig að setja töluverða peninga í einangrun vegna þess að orkan er svo dýr. Þetta er eitt af því sem gerist þegar menn fara að skekkja markaðinn. Ég held að núna þegar þjóðin hefur lent í þessum áföllum þá þurfi menn að fara virkilega að leita að skynsamlegri leiðum, t.d. með búsetustyrkjum o.s.frv.

Ég ætla ekki að tefja þetta mál en ég mátti til með að koma þessu að. Þetta er reyndar gömul plata. Ég spilaði hana fyrir svona sex árum en hún er ekkert verri núna og á sérstakt erindi eftir þau áföll sem þjóðin hefur lent í.

[21:39]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þó að ég sé að öllu jöfnu mjög sammála hv. þm. Pétri Blöndal, jafnvel um áherslur hans og yfirleitt alltaf um nauðsyn samkeppni og að við eigum ekki að fara út í einhvers konar sovétkerfi þá held ég samt sem áður að þetta sé ekki þess eðlis. Þetta er ekki þannig að eftirspurn sé haldið uppi fyrir dýrri orku niðurgreiddri. Þetta er einfaldlega spurning um hvað er mögulegt á hverju svæði. Hv. þingmaður nefndi að það væri verið að hindra nýtingu annarra orkugjafa en í þessu tilfelli er þetta spurning um að aðrir orkugjafar eru ekki til staðar. Hins vegar hafa verið alls konar átök uppi og það hefur verið reynt að leggja áherslu á að leita að hita á svokölluðum „köldu svæðum", dálítið einkennilegt að orða það þannig en þetta eru svæði sem eru aðallega á Vestfjörðum og Austfjörðum. Þar hefur verið lagt í töluvert mikla vinnu og ég get fullyrt það og fullvissað hv. þingmann um að sveitarfélögin hafa almennt lagt á sig mikinn kostnað til að leita að hita á þessum köldu svæðum og sums staðar hefur það tekist. Ég nefni t.d. Eskifjörð þar sem er komin hitaveita núna.

Af hverju eru menn að leggja þetta á sig á þessum köldu svæðum? Það er einfaldlega vegna þess að þetta er spurning um lífsgæði, lífsgæði þeirra íbúa sem þarna búa því það eru lífsgæði að hafa hitaveitur og auðvitað vilja menn leggja í töluverðan kostnað við það að búa þegnum sínum þessi lífsgæði.

[21:41]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Greinargerð með frumvarpinu eða athugasemdir við frumvarpið svara því sem ég er að segja. Það stendur á síðu 4, með leyfi hæstv. forseta:

„Hagkvæmnisathuganir á varmadælum sem og viðarkyndingu benda til þess að slíkir kostir séu ekki samkeppnisfærir við niðurgreitt rafmagn til húshitunar nema stofnkostnaður sé að hluta niðurgreiddur."

Það er niðurgreiðsla öðrum megin sem gerir það að verkum að það þarf að niðurgreiða hinum megin líka. Þetta er galið, herra forseti. Síðan stendur að orkunotkun húsa á köldum svæðum hafi verið skoðuð sérstaklega og að á orkuþingi 2006 hafi sérfræðingar kynnt niðurstöður könnunar á raforkunotkun til hitunar íbúðarhúsnæðis á köldum svæðum. Sérfræðingarnir við grænu borðin eru sem sagt að hanna fyrir íbúana möguleika á því að einangra húsin betur.

Af hverju í ósköpunum gera íbúarnir þetta ekki sjálfir? Vegna þess að orkan er niðurgreidd. Ef orkan væri ekki niðurgreidd væri þetta ekki vandamál, þá mundu menn einangra sjálfir af því að það borgaði sig. Þá mundu menn búa til varmadælur og viðarkyndingu af því að það borgaði sig. En vegna þess að menn niðurgreiða og skekkja markaðinn þá er búið að skemma hvöt íbúanna til að einangra og leita að öðrum lausnum. Þess vegna eru menn að niðurgreiða á báðum endum í staðinn fyrir að taka upp búsetustyrki þar sem maðurinn fær bara sína milljón eða hvað það nú er og má ráðstafa því eins og hann vill, annaðhvort að búa við minni hita í íbúðinni, einangra betur, nota viðarkol eða varmadælu eða bara hvað sem honum dettur í hug og nota sína peninga sjálfur en ekki vera að niðurgreiða af öðrum endanum og þurfa svo að niðurgreiða af hinum endanum líka.

[21:43]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Allt eru þetta göfug markmið. Ég er alveg sammála því að það á ekki að vera að niðurgreiða það sem ekki er þörf á að niðurgreiða. En ætli hlutföllin séu ekki þannig að hv. þm. Pétur Blöndal borgi svona 5 þús. kr. á mánuði fyrir húshitun í Reykjavík meðan ég borga 15 þúsund kr. fyrir húshitun mína austur á Seyðisfirði, meira að segja niðurgreidda? Ég skal taka það fram fyrir hv. þingmann að ég hef lagt eina til tvær millj. kr. í kostnað við að einangra húsið mitt til að eyða minna í húshitunarkostnaðinn og þá minni peningum frá ríkinu í niðurgreiðslurnar, en þetta eru hlutföllin. Það er þetta mikið dýrara að hita hús úti á landsbyggðinni og þessi tilraun ríkisvaldsins, sem ég er í þessu tilfelli algerlega sammála, snýst um að jafna búsetukosti. En það tekst ekki betur en svo að hlutföllin eru sennilega þannig að kostnaður á höfuðborgarsvæðinu er sennilega einn þriðji hluti af því sem kostar að hita húsnæði úti á landi. Þannig eru þessi hlutföll og auðvitað má segja að það eigi að bíða eftir að menn finni lausnir á þessu en það er ekki raunveruleikinn að menn séu búnir að finna þær lausnir. Meðan svo er þá styð ég þessar niðurgreiðslur varðandi húshitunarkostnað hjá þeim sem ekki eiga annarra kosta völ í húshitun.

[21:45]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekkert að leggja til að þetta yrði afnumið. Ég var bara að tala um annars konar greiðslur, menn fengju búsetustyrki miðað við stærð fjölskyldu.

Ég hugsa að þegar hv. þingmaður talar um 5.000 á móti 15.000 þá sé hinn raunverulegi kostnaður 5.000 á móti 60.000, eða alla vega 30.000, ég þekki það ekki nákvæmlega. Ef fólk færi að borga 50.000 kr. á mánuði, við skulum segja það, kemur verulegur hvati bæði til að auka einangrun og leita að öðrum leiðum. En fólkið fengi (Gripið fram í.) peningana engu að síður. Það fengi það sem beingreiðslu, búsetustyrk fyrir að búa á þessu kalda svæði.

Ég er ekkert að tala um að spara þennan milljarð. Ég er bara að velta því fyrir mér að borga þetta til fólks og síðan borgi það fullt orkuverð og þá er hvati til þess bæði að nota viðarkyndingu og þá kosti sem nefndir hafa verið með fjarhitun, einangrun og annað. Það kæmi af sjálfu sér. Það myndi gerast í kjölfarið. Ekki þyrfti að niðurgreiða það líka, það er það sem ég á við. Menn niðurgreiða fyrst orkuna og skekkja samkeppnina og svo niðurgreiða þeir aftur á móti samkeppnisorku, í staðinn fyrir að láta fólk fá þessa peninga og svo getur það ráðstafað því sjálft. Þá er ég viss um að mönnum myndi ofbjóða að borga 50.000 kr. í kostnað við hitun og mundu leita logandi ljósi að leiðum til að bæði einangra betur og leita að öðrum orkugjöfum eins og fjarhitun eða eitthvað slíkt.

[21:47]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins koma aftur upp og gera grein fyrir þeim umsögnum sem iðnaðarnefnd bárust um frumvarp um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Ég vil líka geta þess að það er dýrt að búa á Íslandi, við verðum að gera okkur grein fyrir því. Það er erfitt fyrir fólk sem býr á Vestfjörðum og Austfjörðum að vera í samkeppni við okkur sem búum á heitu svæði. Það er dýrt að kynda húsin og með frumvarpinu tel ég að við séum að jafna búsetukostnaðinn.

Mig langaði aðeins til að vitna í umsögn sem barst frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lögfræðisvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur yfirfarið frumvarpið og haft samráð við formann Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum um efni þess. Sambandið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt."

Þetta segir nú svolítið mikið um það hvað þetta skiptir gríðarlega miklu máli fyrir Samtök sveitarfélaga sem náttúrlega vinna til hagsbóta fyrir þau sveitarfélög sem eru á þessum svæðum, og það höfum við tekið til umfjöllunar í iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd fékk jafnframt bréf um olíukyndingu, óhagkvæmni hennar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Því miður má enn finna olíukyndingar á köldum svæðum landsins, bæði í heimahúsum sem og félagsheimilum og þaðan af miklu stærra iðnaðarhúsnæði. Algengur fylgifiskur olíukyndingar eru gamlir og lúnir brennarar þar sem allt frá 20–50% af orkuinnihaldi olíunnar tapast út um skorsteininn.

Nýlega var skipt úr olíuhitun yfir í varmadælur í húsakynnum Ísnets á Höfn í Hornafirði. Við reiknum með að orkunotkunin falli niður í u.þ.b. 1/5 af því sem áður var og fylgjumst að sjálfsögðu með hvort sú spá gengur eftir.

Annað nýlegt dæmi er bærinn Vigdísarstaðir skammt frá Hvammstanga. Sigurgeir Magnússon hefur verið að nota um 4.000 lítra af olíu árlega sem kostaði hann um 400.000 kr. á síðasta ári."

Hæstv. forseti. Við búum á Íslandi við jarðvarma sem er nánast um allt land og við hitum upp híbýli okkar með jarðvarma. Ég veit ekki betur en að alls staðar úti í heimi sé horft til okkar á Íslandi, hvað við búum vel og hvað við séum öflug að orku. En ef við ætlum að halda uppi byggð í landinu verðum við að styrkja við þessi köldu svæði á landinu til þess að þau verði sambærileg því heita svæði sem við búum á. Í allri þeirri þenslu sem verið hefur hér undanfarin ár hafa þessi svæði út um landið ekki tekið þátt í darraðardansinum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og öllu því bruðli sem átt hefur sér stað hjá landsmönnum. Landsbyggðin, eins og oft hefur verið sagt, er 20 árum á eftir höfuðborgarsvæðinu hvað varðar framfarir og annað.

Ég vildi aðeins koma þessu að aftur þó að ég hafi verið búin að tala og koma máli mínu áleiðis, herra forseti.

[21:52]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá góðu umræðu sem verið hefur um þessar niðurgreiðslur. Það er ljóst að nokkuð góð samstaða er um þá leið sem verið er að fara. En ég var sein að gefa forseta merki um að ég vildi svara hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur — hún var að velta því upp, ef ég man það rétt, hvaða áhrif það hefði á íbúa og þá sem þetta þiggja að hækka hlutfall þess sem nýtt er, þ.e. úr 1% í 3%, af því sem eyrnamerkt er í fjárlögum til þessara niðurgreiðslna, sem þá er notað til þess að draga úr þessum húshitunarkostnaði og það til orkusparandi aðgerða.

Í frumvarpinu er verið að gera breytingar, það er verið að breyta forgangsröðun. Á undanförnum árum hafa áherslur verið að breytast og aðstæður almennt hafa verið að breytast sem gerir það að verkum að menn telja rétt, og við teljum rétt, að hækka þetta hlutfall til þess að styrkja nýjar hitaveitur og sömuleiðis til þess að styrkja þessar orkusparandi aðgerðir.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld verið að greiða út eitthvað um 1.000 millj. kr. vegna styrkja til nýrra hitaveitna og alls hafa um 2.000 íbúðir farið af rafhitun og yfir á hitaveitu á undanförnum árum. Þarna eru tekin, t.d. í greinargerð með frumvarpinu, dæmi um stór verkefni sem hafa verið styrkt á grundvelli ákvæða laga nr. 78/2002. Það eru t.d. Hitaveita Stykkishólms, Dalabyggðar, Eskifjarðar og síðan hafa líka mörg önnur minni verkefni hlotið styrki.

Enn eru í farvatninu bæði stærri og minni verkefni til þess að reyna að færa sem flest heimili í landinu úr rafhitun og yfir í hitaveitu en auðvitað verður að teljast afar ólíklegt að hægt verði að koma upp hitaveitum á köldustu svæðunum, þar sem er strjálbýlt og kostnaðarsamt að finna jarðhita og dreifa til notenda. Þess vegna verða alltaf einhverjir sem ekki er hægt að setja almennt yfir í hitaveitukerfið og við verðum að horfast í augu við það. Þá er spurningin með

hvaða hætti við getum gripið til orkusparandi aðgerða til handa þessum heimilum, til þess að draga úr kostnaði bæði fyrir íbúa og líka fyrir hið opinbera og til að draga úr þessum niðurgreiðslum. Því er ákveðið að fara í þessar aðgerðir og þess vegna er talið rétt að skoða aðrar leiðir til að draga úr þessum húshitunarkostnaði og sömuleiðis styrkveitingum tengdum slíkum verkefnum. En styrkveitingar byggðar á sama grunni og styrkir til nýrra hitaveitna munu til lengri tíma litið geta dregið úr kostnaði ríkissjóðs vegna niðurgreiðslna og lækkað verulega orkukostnað þeirra sem búa ekki við hitaveituna.

Í frumvarpinu er þess vegna verið að leggja til að heimilt verði að veita styrki vegna breyttrar orkuöflunar til húshitunar. Eins og ágætlega kom fram í máli hv. þm. Herdísar Þórðardóttur og Bjarkar Guðjónsdóttur hafa varmadælur og viðarkynding verið talsvert til umræðu og þá kannski varmadælurnar ekki síst eins og hv. þm. Björk Guðjónsdóttir tók ágætt dæmi af úr Vestmannaeyjum. Aðrar leiðir komu auðvitað einnig til greina og þess vegna er þetta ákvæði algjörlega opið og menn eru nú að stíga þessi skref til þess að ná því markmiði sem getið er um í frumvarpinu, að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum, draga úr kostnaði ríkissjóðs til lengri tíma litið og hvetja til atvinnuskapandi verkefna.

Þá komum við einnig að því sem hv. þm. Pétur Blöndal fjallaði aðeins um áðan en hann fór hér að fjalla um lélegan húsakost, þ.e. sem ekki væri nægilega vel einangraður og annað. Það er alveg hárrétt hjá honum að oft hefur það verið tilfellið en það er auðvitað þannig að orkuverð hefur áhrif á hagkvæmni endurbóta og almennan vilja fólks til endurbóta. Þess vegna hefur verið sett þak eða hámark á niðurgreiðslu vegna rafhitunar og bundið við 40.000 kílóvattstundir á ári. Það hefur verið gert hingað til og það hefur ekki verið talið ráðlegt að hækka þakið meira þar sem notkun umfram þau mörk telst óeðlilega mikil og skýrist þá af lélegri einangrun og illa stilltum hitakerfum eða slíkum þáttum. Þess vegna, virðulegi forseti, er lagt til í frumvarpinu að heimilt verði, gegn mótframlagi frá húseiganda, að nýta hluta þessara fjármuna sem í dag eru notaðir til að niðurgreiða húshitunarkostnað í að styrkja húseigendur á köldum svæðum til endurbóta á húsnæði þegar um óeðlilega mikla orkunotkun er að ræða.

Að öllu þessu samandregnu, virðulegi forseti, tel ég að við eigum að geta náð því marki að draga úr kostnaði allra hlutaðeigandi aðila; íbúanna, ríkisvaldsins og þeirra sem nýta þessar niðurgreiðslur og þurfa á þeim að halda. Eins og komið hefur fram í þessari umræðu þá hefur það verið stefna hér á Alþingi Íslendinga að tryggja jafnræði til búsetu um landið allt og þetta er liður í því. Við erum auðvitað aldrei búin að komast niður á hina einu sönnu lausn en við erum þó að stíga skref í rétta átt til breyttrar forgangsröðunar og lægri kostnaðar og sömuleiðis erum við hér að stíga græn skref í orkunýtingu.

[21:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstvirtur forseti. Ég er nú kannski ekki alveg búin að ná þessu, hvernig þetta er hugsað, en eins og ég skil orð hv. þingmanns þá mun þetta til skamms tíma — er verið að tala núna um það að draga úr þeirri krónutölu sem fer til hvers heimilis á hverja kílóvattstund. Ef taka á frá 1% upp í 3% yfir í orkusparandi aðgerðir, sem ég er í sjálfu sér ekki á móti, þá erum við að tala um að það sem er til ráðstöfunar til beinna niðurgreiðslna muni lækka sem þýðir að hver kílóvattstund er niðurgreidd minna en áður hefur verið.

Til lengri tíma þá getur þetta orðið — ef menn taka það almennt upp að fá sér varmadælur og breyta notkun sinni hvað það varðar að nýta orkuna betur sem mér finnst alveg eðlileg stefna. Ef þetta er hins vegar réttur skilningur hjá mér þá verður að gera betur grein fyrir því að þetta geti haft áhrif á orkureikning á hverju heimili núna til skamms tíma, þar til fólk hefur þá ráðist í þær aðgerðir að fá sér varmadælu og breyta orkunotkun sinni til húshitunar (Forseti hringir.) sem vissulega er mögulegt.

[22:00]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ef hv. þingmaður skoðar fylgiskjal með frumvarpinu fái hún svör við þeim spurningum. Það er fylgiskjal frá fjármálaráðuneytinu og fjárlagaskrifstofunni og þar er farið yfir markmið frumvarpsins og þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem gera ráð fyrir að afnema takmörkun á hámarki niðurgreiðslna vegna raforkunotkunar á varmadælur til húshitunarkostnaðar, gera mögulegt að styrkja breytta orkuöflun til húshitunar og styrkja endurbætur á íbúðarhúsnæði á köldum svæðum. Til að mæta kostnaði vegna þessa er lagt til að 3% af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til styrkja til nýrra hitaveitna verði veitt til orkusparnaðaraðgerða í stað 1% eins og er í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að verði hlutfall þetta hækkað muni framlögum til verkefna innan fjárlagaliðar 11-373, niðurgreiðslur á húshitun, verða forgangsraðað á þann veg að minna fé fari í stofnstyrki til nýrra hitaveitna og jarðhitaleitar auk þess sem verkefni um hagkvæmniúttekt á varmadælum og smávirkjunum er lokið."

Hér er um breytta forgangsröðun að ræða. Nú er þessum stærri verkefnum, þar sem farið er úr rafhitun yfir í hitaveitur, að ljúka og menn sjá fyrir endann á þeim. Því er verið að breyta áherslunum og setja þessa fjármuni í auknum mæli til köldustu og strjálbýlustu svæðanna, þar sem slíkt er ekki gerlegt, til að menn beiti þar í auknum mæli orkusparandi aðgerðum. Svarið er að finna hér og ég tel það vera skýrt, þetta mun ekki hafa áhrif á niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði til þeirra sem njóta þeirra styrkja í dag.

[22:02]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er verið að taka úr pottinum. Núna fer 1%, eins og stendur hér í umsögn fjármálaráðuneytisins, til þessara orkusparandi aðgerða og stofnstyrkja, en það á að breyta því í 3%. Það þýðir að 3% af þessum 1.176 millj. kr. fara nú í þær aðgerðir. Það þýðir að minna verður eftir og bara 97% úr pottinum fara til beinna niðurgreiðslna eins og kerfið er. Peningarnir koma hvergi annars staðar frá inn í kerfið. Þannig að það hlýtur að hafa áhrif á beinu niðurgreiðsluna þegar 3% fara í þessar séraðgerðir.

Áður fóru sem sagt 99% úr pottinum í beinu niðurgreiðslurnar, en nú verða það 97%. Þannig að ekki getur annað verið en að þetta hafi áhrif á það sem fer beint til notenda. Þessi 3% eru nýtt til sérverkefna, sem varða það að byggja upp nýjar hitaveitur og í verkefni til að fara í ýmiss konar orkusparandi aðgerðir. Þannig að það sem fer beint til heimilanna hlýtur að minnka og húshitunarkostnaður hvers heimilis að hækka.

[22:05]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel þetta ekki vera rétta túlkun hjá hv. þingmanni vegna þess að það sem hér um ræðir er að fjármunum verður forgangsraðað og í stað þess að vera stofnstyrkir til hitaveitna í þeim mæli sem þeir hafa verið verður þeim varið til að mæta orkusparandi aðgerðum í dreifðari og strjálbýlli byggðum. Þetta tel ég að hafi komið skýrt fram.

Ég held, virðulegi forseti, að þetta muni ekki og eigi ekki að hafa mælanleg áhrif á niðurgreiðslu til íbúanna sjálfra þar sem verið er að breyta áherslum í ljósi breyttra aðstæðna og þess að uppbygging er langt komin, þ.e. tilfærsla íbúða frá raflögn eða rafhitun yfir í hitaveitur er langt komin. Nú eru þessi verkefni eftir, þ.e. að bæta bæði húsnæði, eins og hv. þingmaður Pétur H. Blöndal kom inn á áðan, einangra það betur og mæta kostnaði við slíkt og mæta orkusparandi aðgerðum. Þetta á ekki að hafa mælanleg áhrif á rafmagnsreikninga þeirra sem hafa notið þessara niðurgreiðslna. (Gripið fram í.)

[22:06]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna frekar en held að þarna séu atriði sem skipta verulegu máli og þess vegna legg ég til að málið verði tekið aftur inn í iðnaðarnefnd og þetta gert alveg skýrt. Því auðvitað skiptir mjög miklu máli hvernig orkukostnaður heimilanna kemur út á þeim svæðum þar sem niðurgreiðslurnar skipta raunverulega máli.

Ég veit alveg hversu mikil umræða er um þetta atriði á köldu svæðunum þar sem orkureikningurinn hefur gífurlega mikil áhrif á hag hvers heimilis. Þannig að ég held að ekki sé hægt að skilja við þetta mál hér á Alþingi án þess að við höfum gert okkur fullkomlega grein fyrir því hvaða áhrif þetta hefur á orkureikning heimilanna.

Eins og ég sagði áðan er ég sammála því að menn fari í aðgerðir til að reyna að hvetja til notkunar annarra orkugjafa. Þessi tækni varðandi varmadælu er greinilega nokkuð sniðug lausn, eins og hún hefur verið kynnt í þessu máli. En ég held að jafnframt sé mikil nauðsyn á því að taka upp kynningarátak hvað þetta varðar. Því ég er viss um að almennt þekkja menn ekki þá leið og ef þarna er góður kostur til að spara hitakostnað til framtíðar á auðvitað að hvetja til þess. En til þess þarf fólk að þekkja þennan kost.

Sjálf hef ég tekið þátt í því að hvetja til orkusparandi aðgerða. Við settum af stað átak í heimabyggð minni í samvinnu við Rarik um orkusparandi aðgerðir á heimilum, bæði varðandi það hvernig stilla mætti hitakerfi betur og eins einangrun. Á þeim tíma var að koma upp ný tækni í glergerð þannig að með glerjun húsa var hægt að spara mjög verulega í húshitunarkostnaði. Þannig að allt eru þetta atriði sem hægt er að ráðast í. En eins og ég segi þarf fólk að þekkja þetta. Ég hvet þá til þess að menn fari í svona kynningarátak og kynni möguleika í þessa veru fyrir íbúum á köldum svæðum. Þannig að það komi fram

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta meira, en óska eftir því að málið verði tekið aftur inn í iðnaðarnefnd og alveg verði skýrt hvaða áhrif þetta mál hafi á heimilisbuddur þeirra sem búa við þessar aðstæður og heimilin verða auðvitað að hafa einhverja hugmynd um hvort orkureikningar þeirra hækka. Ég veit til þess að sérstaklega úti á landi þar sem fullorðið fólk situr jafnvel eftir í stórum húsum eru aðstæður víða þannig að menn geta ekki minnkað við sig. Þar fer orkunotkunin oft og tíðum töluvert yfir þær 40.000 kílóvattstundir sem eru niðurgreiddar og um leið og farið er yfir þær hækkar orkureikningur þeirra íbúa hlutfallslega mjög mikið.

Eins og ég segi. Það eru ýmis ráð til þess að bæta úr þessu og nauðsynlegt að það verði gert. En til þess þarf fólk að þekkja þetta og við hér á Alþingi þurfum jafnframt að vita hvaða fjárhagslegu áhrif þessi breyting mun hafa fyrir heimilin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Visthönnun vöru sem notar orku, 2. umr.

Stjfrv., 335. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 575, nál. 783.

[22:12]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. iðnaðarnefnd um frumvarp til laga um visthönnun vöru sem notar orku. Nefndin fékk til sín gesti á fund auk þess sem hún hefur farið yfir umsagnir sem nefndinni hafa borist um málið.

Frumvarpinu er ætlað að stuðla að þróun og notkun orkunýtinna vara með það að markmiði að tryggja visthönnun vöru með minni orkunotkun og draga úr áhrifum orkunotkunar á umhverfið Þá er frumvarpinu ætlað að tryggja frjálst flæði slíkra vara um EES-svæðið. Því er ætlað að taka til hvers konar vöru sem notar orku að undanskildum farartækjum og tækjum sem þegar hafa verið tekin til notkunar, markaðssett eða verið flutt inn við gildistöku laga samkvæmt frumvarpinu.

Frumvarpið byggist á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB, um vistvæna vöruþróun. Við samningu frumvarpsins voru höfð til hliðsjónar lög nr. 51/2000, um orkunýtnikröfur, lög nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., auk danskra og sænskra laga um visthönnun vöru sem notar orku. Markmiðið er að draga úr raforkunotkun innan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Frumvarpið felur ekki í sér efnisreglur um orkunýtnikröfur og umhverfisálag heldur er lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilt að setja reglugerðir um orkunýtni einstakra vöruflokka sem byggjast á áðurnefndri Evróputil-

skipun. Lögin skapa svo grunninn að þessu fyrirkomulagi.

Með frumvarpinu er lagt til að eftirlit með því að vörur uppfylli kröfur laganna og reglugerða settra á grundvelli þeirra verði falið Neytendastofu samkvæmt þeim heimildum sem henni eru veittar með lögum um öryggi og opinbera markaðsgæslu. Samkvæmt þeim lögum fara Neytendastofa og viðeigandi eftirlitsstjórnvöld með opinbera markaðsgæslu og taka stjórnvaldsákvarðanir í samræmi við ákvæði laganna. Einnig skulu þau hafa eftirlit með því að vörur á markaði hverju sinni uppfylli settar reglur um öryggi. Við markaðseftirlitið er heimilt að fela faggiltri skoðunarstofu að annast skoðun þeirra vörutegunda sem hún hefur faggildingu fyrir og annast auk þess skipulega öflun upplýsinga um vörur á markaði sem taldar eru hættulegar.

Á fundum sínum ræddi nefndin fjölmörg atriði, m.a. um gildissvið og inntak laganna, um hugtök og hugtakanotkun, um samræmismat og eftirlit opinberra aðila með CE-samræmismerkingum áður en vara er sett á markað.

Fyrir nefndinni kom fram athugasemd við það að í frumvarpinu var notað hugtakið „háð orkuílagi". Var það mat nefndarmanna að það væri óþekkt í hugtakanotkun hér á landi. Við viljum stuðla að skýrri lagasetningu, skiljanlegri lagasetningu sem er aðgengileg þeim sem hana vilja nota og þess vegna teljum við að svona orðalag beri að einfalda og hafa skýrara og því tökum við undir þessa athugasemd og leggjum til að í stað þessa hugtaks komi „nýtir orku" þegar fjallað er um vöru sem notar orku.

Þá var því einnig hreyft fyrir nefndinni að orðin „eða vara til framleiðslu, flutnings og mælingar á slíkri orku" í a-lið 3. gr. feli í sér að frumvarpið nái einnig til búnaðar sem vinni orku eða er notaður til framleiðslu orku. Vegna athugasemda og umsagna sem nefndin fékk og þar sem mönnum kom ekki saman um hvað þetta merkti áréttar hún að frumvarpið er um visthönnun vöru sem notar orku en tekur ekki til búnaðar til raforkuflutnings eða til raforkuframleiðslu. Leggur nefndin því til að sá liður í setningunni verði felldur brott úr ákvæðinu til þess að skýra málið.

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að Neytendastofu einni væri falið eftirlit og dagleg stjórnsýsla eins og fjallað er um í 10. gr. frumvarpsins. Nefndin bendir á að Neytendastofa fer með almenna markaðsgæslu og hefur eftirlit með því hvort tilteknar vörur uppfylli skilyrði og beri CE-samræmismerkingar. Ef vara sem notar orku ber ekki slíka merkingu tekur Neytendastofa vöruna til skoðunar. Komi upp tilvik þar sem markaðsgæslan leiðir í ljós hugsanlegt brot á lögunum getur Neytendastofa leitað álits hjá öðrum aðila sem hefur sérþekkingu á viðkomandi vöru. Nefndin áréttar að þessi þáttur frumvarpsins var sendur til ráðgjafarnefndar forsætisráðuneytis um opinberar eftirlitsreglur og gerði nefndin engar athugasemdir. Nefndin telur því að þessari athugasemd hafi verið svarað og það er þá skýrt hér í nefndarálitinu að hún telur að Neytendastofa eigi að leita sér sérfræðiaðstoðar og muni gera það ef með þarf. Þá komu fram athugasemdir um að hugtakið „tekin til notkunar" sé óljóst og ekki nægilega skilgreint í frumvarpinu. Nefndin leggur áherslu á að með frumvarpinu er verið að setja nýjar grunnkröfur sem vörur sem nota orku skulu uppfylla svo að þær fái CE-samræmismerkingar. Eins og kemur fram í inngangi greinargerðar með frumvarpinu er því ekki ætlað að taka til vöru sem er búið að framleiða, flytja inn, markaðssetja og taka til notkunar fyrir gildistöku laganna. Skýrt er í nefndarálitinu og greinargerðinni að þetta er sá skilningur sem nefndin og þeir sem sömdu frumvarpið leggja í þau orð í lagatextanum.

Nefndin telur nauðsynlegt að frumvarpið verði að lögum til að tryggja samræmda löggjöf innan EES og til að koma í veg fyrir að í framtíðinni verði hingað fluttar inn vörur sem uppfylla ekki kröfur annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta er einnig neytendamál og mikilvægt fyrir neytendur til að þeir geti verið upplýstir að vörur séu rétt og vel merktar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

A-liður 3. gr. orðist svo: Vara sem notar orku: Vara sem, þegar henni hefur verið komið á markað og/eða hún tekin í notkun, nýtir orku (rafmagn, jarðefnaeldsneyti eða endurnýjanlega orkugjafa) til að virka sem skyldi eða vara til flutnings og mælingar á slíkri orku, þar með taldir hlutir, sem nýta orku og ætlunin er að setja í vöru sem notar orku og fellur undir lög þessi, sem eru settir á markað og/eða teknir í notkun sem stakir hlutir fyrir notendur og unnt er að meta sérstaklega að því er varðar vistvænleika.

Virðulegi forseti. Við teljum að með þessu höfum við náð að skýra þau atriði sem voru helst gagnrýnd í umsögnunum fyrir að vera óskýr og óljós, bæði með breytingartillögunni og ekki síður með þeim skýringum sem fylgja í nefndarálitinu.

[22:23]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp um visthönnun vöru sem notar orku. Frumvarpið byggir á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um vistvæna vöruþróun. Markmiðið með frumvarpinu er að stuðla að þróun og notkun orkunýtinna vara með það að markmiði að tryggja visthönnun vöru með minni orkunotkun og draga úr áhrifum orkunotkunar á umhverfið. Þá er frumvarpinu ætlað að tryggja frjálst flæði slíkra vara um EES-svæðið. Hér eru þó undanskilin farartæki og tæki sem þegar hafa verið markaðssett og tekin til notkunar eða flutt inn við gildistöku laganna. Athugasemd kom í umsögn varðandi óskýrt orðalag í 3. grein um vöru sem notar orku og leggur nefndin til þær breytingar að sá liður verði felldur niður og er sérstaklega áréttað í því sambandi í nefndaráliti að frumvarpið er um visthönnun vöru sem notar orku en tekur ekki til búnaðar til raforkuflutnings eða raforkuframleiðslu.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að lítið reyni á lögin hér varðandi framleiðslu tækja þar sem lítið sé hér framleitt af vöru sem falli undir lögin. Í umsögn Tæknimiðstöðvar Íslands kemur fram að þetta gæti breyst á stuttum tíma því að nú sé í einkaleyfisferli fyrsti hverfillinn sem fundinn hefur verið upp hér á landi og stefnt er að framleiðslu hans hérlendis. Það er því nauðsynlegt að hnykkja á þessu atriði í nefndarálitinu. Það er auðvitað mikilvægt að stuðla að þróun og notkun orkunýtinnar vöru með það að markmiði að tryggja visthönnun vöru með minni orkunotkun og draga þar með úr áhrifum orkunotkunar á umhverfið. Einnig er mikilvægt að íslenskir framleiðendur tryggi að

vörur þeirra uppfylli kröfur sem almennt eru settar á EES-svæðinu í þessum efnum. Hins vegar eru næstum engir framleiðendur hér á landi að þeim vörum sem tilskipunin nær til en það kann þó að breytast í náinni framtíð og því er mikilvægt að sömu reglur gildi hér á landi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu um visthönnun vöru sem notar orku.

Við 1. umr. málsins kom fram í ræðu hæstv. iðnaðarráðherra að framkvæmdastjóri Evrópusambandsins hafi lagt fram vinnuáætlun sem hefur að geyma það sem kalla má leiðbeinandi lista yfir vörur sem eiga að hafa forgang við setningu reglna um orkunýtni. Nefndi hann sem dæmi loftræstikerfi, ýmis matreiðslutæki, auk fleiri hluta. Meðal þess sem hæstv. iðnaðarráðherra taldi upp eru varmadælur, sem hafa verið að ryðja sér til rúms t.d. í Svíþjóð til að lækka húshitunarkostnað þar í landi. Slíkar dælur væri hægt að nota hér á landi á köldum svæðum til að draga úr húshitunarkostnaði og minnka þörf á niðurgreiðslum til húshitunar til lengri tíma litið.

En hvað er visthönnun vöru? Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram, með leyfi forseta:

„Margar skilgreiningar eru á því hvað felist í visthönnun vöru en megininntak hennar er að hún sé athöfn sem skilgreinir umhverfislega þætti vöru og samþættir þá inn í fyrstu stig þróunar vörunnar. Aðrir þættir, svo sem virkni, kostnaður, afköst, gæði, lagalegir og tæknilegir þættir, verða einnig að vera teknir til greina við þróun vörunnar. Markmið visthönnunar vöru er því að draga úr notkun óendurnýjanlegra orkugjafa og lágmarka umhverfisáhrif ásamt því að stuðla að vitundarvakningu meðal almennings um þeirra náttúrulega umhverfi og hvernig best sé að varðveita það. Oft er litið á visthönnun vöru sem tæki til að tryggja sjálfbærni. Visthönnun vöru hefur mest vægi hvað varðar þróun vöru á sviði þungaiðnaðar og leikur vistferlismatið þar stórt hlutverk til að greina umhverfisáhrif mismunandi hönnunarmöguleika.

Almennt er litið á visthönnun vöru sem lausn við aðsteðjandi umhverfisvá á alþjóðavísu, þ.e. örum vexti atvinnulífsins, mikilli fjölgun íbúa heimsins, eyðingu náttúruauðlinda ásamt óbætanlegu tjóni á vistkerfum og líffræðilegri fjölbreytni. Með visthönnun vöru er mögulegt að afstýra þessari hættu með því að finna upp nýjar hönnunarlausnir og aðferðir í iðnaði sem leiða til minna álags á umhverfið. Í þessu sambandi er hægt að taka til greina að bæði bílar og vörur geta verið hönnuð með það að markmiði að hægt sé að gera við þau og einnig taka þau í sundur til endurvinnslu. Einnig er mikilvægt að tæki séu búin til úr endurvinnanlegum og endurnýjanlegum efnum. Ef rétt er farið að má gera ráð fyrir að slíkar vörur verði að fullu sambærilegar í verði og vörur sem ekki eru hannaðar á grundvelli visthönnunar vöru."

Virðulegi forseti. Orkusparnaður virðist mjög fjarlægur okkur Íslendingum og spurning hvort ekki þurfi með einhverjum ráðum að koma af stað hugarfarsbreytingu hvað það varðar hér á landi. Í gegnum tíðina hefur verið hægt að ná árangri í ýmsum málum þar sem æskilegt hefur verið að breyta hegðunarmunstri mannfólksins með því að hrinda af stað átaki í þeim efnum, t.d. með auglýsingum í blöðum og ljósvakamiðlum. Kannski er kominn tími á slíkt átak hér á landi, átak í orkusparnaði, átak í að brýna fyrir fólki nauðsyn þess að spara orku og að leiðbeina því og benda á ýmis ráð um hvernig hægt sé að að spara orku, eins og við ræddum reyndar áðan í málinu um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar á köldum svæðum.

Að lokum, virðulegi forseti, tek ég undir að nauðsynlegt er að frumvarp þetta verði að lögum til að tryggja samræmda löggjöf innan EES og koma í veg fyrir að í framtíðinni verði fluttar inn vörur sem uppfylla ekki kröfur annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Við sjálfstæðismenn í iðnaðarnefnd, sem eru auk mín hv. þingmenn Herdís Þórðardóttir og Kristján Þór Júlíusson, erum með á nefndarálitinu og styðjum málið.

[22:32]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um visthönnun vöru sem notar orku.

Frumvarpið byggist að meginstefnu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 6. júní 2005.

Tilgangur þessa frumvarps er eins og fram kemur í 1. gr. að stuðla að þróun og notkun orkunýtinnar vöru með það að markmiði að tryggja visthönnun vöru með minni orkunotkun og draga úr áhrifum orkunotkunar á umhverfið.

Frumvarpinu er líka ætlað að tryggja frjálst flæði vöru af þessum toga um EES-svæðið. Frumvarpinu er ætlað að taka til hvers konar vöru sem notar orku, þó ekki farartækja eða tækja sem þegar hafa verið tekin í notkun og það gengur líka út á það að koma í veg fyrir að hér sé markaður með vöru sem ekki er heimilt að nota á hinu Evrópska efnahagssvæði. Hér á landi eru næstum engir framleiðendur að þeim vörum sem tilskipunin nær til. En við þurfum samt að innleiða þessa tilskipun. Hins vegar er mikilvægt að sömu reglur gildi hér og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu þannig að ekki (Gripið fram í.) sé hægt að flytja vörur til landsins sem ekki má markaðssetja í öðrum EES-ríkjum.

Framkvæmdastjóri Evrópusambandsins hefur lagt fram vinnuáætlun fyrir árin 2009–2011 sem hefur að geyma það sem kalla má leiðbeinandi lista yfir vörur sem eiga að hafa forgang við setningu ítarlegra reglna um orkunýtingu. Þær vörur sem við erum að tala um geta meðal annars verið vörur sem byggjast á talsverðri orkunýtingu eins og loftræstikerfi, kynditæki, varmadælur, matreiðslutæki og annar rafbúnaður sem við notum hér. (Gripið fram í.)

Markmið tilskipunarinnar er að draga úr álagi vara sem nota orku á umhverfið með því að hvetja framleiðendur til að haga hönnun sinni þannig að hún taki mið af umhverfislegum sjónarmiðum. Samkvæmt tilskipuninni verða framleiðendur að sýna fram á áhrif vörunnar á umhverfið, hafa hliðsjón af niðurstöðum greiningar á vistferli vöru og bjóða neytendum upplýsingar um áhrif vöru á umhverfið. Allt þetta gefur til kynna að framleiðandi skuli nálgast þróun vörunnar út frá umhverfislegu sjónarmiði allt frá upphafi með það að leiðarljósi að bæta umhverfisleg áhrif framleiðslunnar og vörunnar sjálfrar.

Frumvarpið stuðlar að bættri orkunýtingu og gerir fólk meðvitaðra um náttúrulegt umhverfi þess og hvernig best sé að varðveita það og viðhalda því. Það hefur verið reiknað út hvað hægt sé að ná gríðarlega miklum árangri varðandi

sparnað á orku ef fólk er meðvitað um hvað hægt sé að spara í orku eins og kom fram í ræðunni hér á undan hjá hv. formanni nefndarinnar. Varðandi það að spara orku þá er það bæði ljósanotkun í heimahúsum og annað sem fólk spáir ekki í dag og telur sjálfsagðan hlut, þ.e. allt í lagi þó ljós séu alls staðar. Enginn spáir í það af því að við höfum nóg af þessu. Þess vegna segi ég að breyting þarf að verða í hugsunarhætti fólks. Það þarf að gera fólk meðvitaðra um hvar hægt sé að spara orku og hvernig hægt sé að draga úr orkunotkun og um leið og fólk gerir það þá sparast um leið peningar.

Í umsögn um frumvarpið sem hv. iðnaðarnefnd barst frá Viðskiptaráði Íslands tekur það undir mikilvægi þess að stuðla að þróun og notkun orkunýtinnar vöru í því markmiði að tryggja visthönnun vöru með minni orkunotkun og draga þar með úr áhrifum orkunotkunar á umhverfið. Eðlilegt er að íslenskir framleiðendur tryggi að vörur þeirra uppfylli kröfur sem almennt eru settar á EES-svæðinu í þessum efnum.

Líkt og fram hefur komið mun frumvarpið ekki hafa mikil áhrif á framleiðendur á Íslandi og er þörfin að vissu leyti takmörkuð þar sem mestöll staðbundin orkunotkun byggist á orku frá endurnýjanlegum orkulindum. Hins vegar er lagasetning nauðsynleg til að tryggja samræmda löggjöf EES-svæðisins og til að koma í veg fyrir að hingað sé hægt að flytja vörur sem ekki uppfylla kröfur annars staðar á EES-svæðinu.

Hæstv. forseti. Í nefndaráliti sem hér kom fram áðan kemur fram að þessu frumvarpi er ætlað að taka til hvers konar vöru sem notar orku að undanskildum farartækjum og tækjum sem þegar hafa verið tekin til notkunar, markaðssett eða verið flutt inn við gildistöku laga samkvæmt frumvarpinu.

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að Neytendastofu einni væri falið eftirlit og dagleg stjórnsýsla eins og fjallað er um í 10. gr. frumvarpsins. Nefndin bendir á að Neytendastofa fer með almenna markaðsgæslu og hefur eftirlit með því hvort tilteknar vörur uppfylli skilyrði og beri CE-samræmismerkingar. Ef vara sem notar orku ber ekki CE-merkingu tekur Neytendastofa vöruna til skoðunar. Komi upp tilvik þar sem markaðsgæslan leiðir í ljós hugsanlegt brot á lögunum getur Neytendastofa leitað álits hjá öðrum aðila sem hefur sérþekkingu á viðkomandi vöru. Nefndin áréttar að þessi þáttur frumvarpsins var sendur til ráðgjafarnefndar forsætisráðuneytis um opinberar eftirlitsreglur og gerði nefndin engar athugasemdir.

Nefndin telur nauðsynlegt að frumvarpið verði að lögum til að tryggja samræmda löggjöf innan EES og til að koma í veg fyrir að í framtíðinni verði hingað fluttar inn vörur sem uppfylla ekki kröfur annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Við, fulltrúar minni hluta í hv. iðnaðarnefnd, leggjum til að þetta frumvarp verði samþykkt. Í umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessa frumvarps er að stuðla að þróun og notkun orkunýtinna vara með það að markmiði að tryggja visthönnun vöru með minni orkunotkun og draga úr áhrifum orkunotkunar á umhverfið. Auk þess er frumvarpinu ætlað að tryggja frjálsa för slíkra vara um EES-svæðið. Frumvarpið byggir á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/32/ESB, um vistvæna vöruþróun.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð."

Eins og ég gat um áðan höfum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarnefnd, hv. þingmenn Kristján Þór Júlíusson og Björk Guðjónsdóttir tekið þá afstöðu að líta jákvætt á þetta frumvarp og við erum því samþykk.

[22:42]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég hef hlustað á mjög merkar ræður allt frá því að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir mælti fyrir þessu máli og ég hóf að skoða það í framhaldi af þessu. Þarna komu fyrir eyru alls kyns hugtök og sjónarmið sem maður á ekki að venjast í almennu lagamáli. Ég velti fyrir mér meiningu ákveðinna hluta og hvaða tilgangi þeir þjóna, hvort þarna sé auðskilið hvað við er átt eða hvort þarna sé verið að semja lög sem stuðli að því að menn úr minni starfsstétt, þ.e. lögmennsku, geti fyrir dómstólum haft ærinn starfa af því að velta fyrir sér hvernig skýra eigi einstök hugtök sem koma fram í þessu ágæta frumvarpi.

Nú skal það tekið fram að það skal jú virða viljann fyrir verkið. Þarna eru ákveðin sjónarmið og hlutir sem eru góðra gjalda verðir. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort menn nái þeim árangri sem að er stefnt með því að t.d. í 1. gr. — svo að ég bendi á ákveðna hluti sem þar koma fram — segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að visthönnun vöru sem notar orku."

Með þessu segjum við að ekki eigi að stuðla að visthönnun vöru sem ekki notar orku eða er þetta eingöngu bundið við slíkar vörur og þá með það að markmiði að efla hönnun, framleiðslu og notkun á vöru sem eru umhverfisvænar? Má þá ekki efla hönnun, framleiðslu og markaðssetningu eða visthönnunarvöru sem nota orku sem ekki eru umhverfisvænar? Má ekki framleiða vöru sem ekki er umhverfisvæn? Með hvaða hætti á að skilja og skilgreina einstök hugtök í þessu sambandi? Þarna eru orð og orðalag sem að vísu eru skilgreind með ákveðnum hætti í 3. gr. en það er þó alls ekki tæmandi.

Fjallað er um visthönnun í 3. gr. og þar er og skilgreining á henni sem felur í sér að fella umhverfisþætti inn í vöruhönnun í því skyni að bæta vistvænleika vöru allan vistferil hennar. Hvað þýðir þetta í raun, að fella umhverfisþætti inn í vöruhönnun í því skyni að bæta vistvænleika vöru allan vistferil hennar?

Ég verð að viðurkenna, virðulegi forseti, að það þvælist dálítið fyrir mér að setja þessa skýringu í vitrænt samhengi og með hvaða hætti eigi að ná þeim markmiðum að visthönnun geti í öllum tilvikum fest umhverfisþætti inn í vöruhönnun í því skyni að bæta vistvænleika vöru allan vistferil hennar.

Hvað er átt við með öllum vistferli vöru? Ég get ekki skilið það með öðrum hætti en að átt sé við það sem til er ágætt orð yfir á íslensku, þ.e. líftíma vörunnar, þann tíma sem varan er í notkun.

Síðan er skilgreining í f-lið í 3. gr. sem er vistferill, það eru samfelld og samtengd stig í ferli vöru, þannig að ef ekki

er um samtengt stig en samt samfellt er ekki um vistferil að ræða, samkvæmt þessari orðaskýringu. Ég velti því satt að segja fyrir mér hvort þessi orð og hugtakanotkun séu eðlileg og hvort rétt sé að afgreiða lög með þessu orðalagi frá Alþingi. Markmiðssetningin í 1. gr. í lagafrumvarpinu er þar að auki nokkuð snúin.

Ég man eftir því þegar ég var í þýskunámi í menntaskóla var þar setning sem náði yfir tæpa blaðsíðu. Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um markmiðssetningu en 1. gr. öll er ein setning upp á þrjár línur sem gerir það að verkum að hún verður mjög snúin, torskilin og illskiljanleg:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að visthönnun vöru sem notar orku með það að markmiði að efla hönnun, framleiðslu, markaðssetningu og notkun á vörum sem eru umhverfisvænar, með minni orkunotkun og umhverfisálag að leiðarljósi. "

Ég verð að segja að mér hefði fundist ástæða til þess að fá einhvern góðan íslenskumann, virðulegi formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, til þess að yfirfara þennan texta og hafa hann á almennilegri og viðunandi íslensku. Ég bendi á ágætan mann, Mörð Árnason, sem er í sama flokki og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, hann er mjög orðspakur og hefur ekki legið á liði sínu hér á Alþingi. Hann gæti væntanlega komið markmiðssetningargreininni í 1. gr. á eðlilega íslensku á stuttum tíma þannig að þar væri eðlileg setningaskipan og vel frá henni gengið svo að venjulegt fólk geti skilið hvað verið er að tala um.

Ég hef nú alltaf gaman að því þegar menn búa til samansettar setningar með alls kyns nýyrðaflaumi eins og hér er gert en það er ekki til þess fallið að gera lagasetningu einfaldari eða gagnsærri. Það er miklu frekar til þess fallið að valda erfiðleikum í framtíðinni.

Síðan segir í 2. gr. að í lögum þessum sé að finna grunnkröfur sem vörur sem nota orku skuli uppfylla.

Kemur það ekki fram í lögunum sjálfum? Þarf að taka fram að það sem komi fram í lögunum sé með þeim hætti sem um getur í fyrstu setningu 2. gr.? Er ekki eðlilegt að stytta lögin og láta lögin tala fyrir sig sjálf? Af hverju setja menn svona inn í lagasmíð?

„Í lögum þessum er að finna grunnkröfur sem vörur sem nota orku skulu uppfylla svo að setja megi þær á markað og taka í notkun."

Það kemur fram í lögunum og þarf ekki að taka það sérstaklega fram í þessari setningu að ákveðnir hlutir komi fram í lögunum. Ég vek athygli á þessu af því að mér finnst að nefndinni hafi sést þarna yfir hvernig eðlilegt er að afgreiða hluti frá sér þannig að það sé gert með sem einföldustum hætti.

Ég átta mig á því að hér er meira og minna verið að þýða ákveðin ákvæði og vísað til og reynt að setja inn ákveðna tilskipun Evrópusambandsins með því að búa til orðaflaum eins og sjá má í þessu frumvarpi. Mér finnst örla á því í mörgum málum að þess sé ekki gætt að nota einfalt orðalag sem sé skiljanlegt venjulegu fólki. Ég fer fram á að nefndin hugi að því hvernig megi koma þessu frumvarpi í það horf að það sé á almennri íslensku, ekki á einhverjum hugtakagrundvelli sem eingöngu sérhæfðir orðasmiðir og hugtakafræðingar geta áttað sig á hvað þýðir.

Ef haldið er áfram segir þarna, með leyfi forseta:

„Ef ekki er annað tekið fram er með hugtakinu vara í lögum þessum eingöngu átt við vöru sem notar orku, sbr. skilgreiningu í 3. gr."

Hér vantar greinilega inn orð: „Ef ekki er annað tekið fram er með hugtakinu vara í lögum þessum eingöngu átt við vöru sem notar orku, samanber skilgreiningu í 3. gr." Þá á væntanlega að koma, ef ekki er annað tekið fram í orðalaginu, „vara í lögum þessum er eingöngu átt við vöru sem notar orku samanber skilgreiningu 3. gr." Ég reikna með því að „er" sé orðið sem vantar en eins og setningin er í frumvarpinu er þetta óskiljanlegt. Þetta er ekki eðlilegt samhengi. En ég reikna með að þarna hafi bara fallið út orð þannig að það megi leiðrétta. Ég sé ekki í nefndarálitinu að vikið sé að þessu en þarna sýnist mér að hefði þurft að koma inn breyting.

Þá segir í seinni málsgrein eða 2. mgr. 2. gr.

„Lögin taka til nýrrar vöru og íhluta og undireininga hennar, sem nýta orku, og flutt er inn, tekin í notkun eða framleidd hér á landi eftir gildistöku laga þessara."

Það þýðir það að lögin taka ekki til vöru eða íhluta eða undireininga sem nýta orku og flutt er inn eða tekin í notkun eða framleidd fyrir gildistöku laganna.

Af hverju á að gera þennan greinarmun? Er ekki um visthönnun vöru að ræða sem notar orku og geta lögin ekki tekið tillit til þess og samkvæmt eðli máls og aðstæðum haft gildi sem slík? Þá er undantekning þess efnis að lögin taka ekki til farartækja eða vöru sem notar orku og hefur þegar verið tekin í notkun.

Þá velti ég því fyrir mér hvort þessi málsgrein eigi nokkurn rétt á sér miðað við 2. mgr. 2. gr., hvort hún tæmir ekki það að þessum hluta líka. Þannig að lögin taka til nýrrar vöru og íhluta og undireininga hennar, sem nýta orku, og flutt er inn, tekin í notkun eða framleidd hér á landi eftir gildistöku laga þessara. Nei, það er að vísu misskilningur. Það tæmir ekki þannig að þessi athugasemd á ekki við.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þetta frumvarp að sinni og ég er nú ekki mikill sérfræðingur í þeim málum sem frumvarpið fjallar um. Ef dæma má af greinargerð frumvarpsins mun þetta vera vel nýtanlegt fyrir neytendur þessa lands og hlýt ég þá að fagna því að hag þeirra skuli vera betur borgið en ella hefði verið. Ég get því í sjálfu sér sætt mig við að svo fari fram sem iðnaðarnefnd, að Einari Má Sigurðarsyni fjarverandi, leggur til, að þetta frumvarp verði samþykkt með þeirri breytingu sem þar er fjallað um.

Ég hefði þó talið eðlilegt að nefndin tæki málið til skoðunar aftur með tilliti til þeirrar orðanotkunar sem ég hef gert að umtalsefni hér og léti hreinlega yfirfara frumvarpstextann til þess að setja hann á eðlilega íslensku og reyna eftir fremsta megni að nota orð og orðasambönd sem eru svona í samræmi við íslenska setningafræði sem mér finnst í sumum tilvikum nokkuð skorta á hvað varðar orðalag og samtengingar í þessu frumvarpi.

Af því hv. þm. Katrín Júlíusdóttir formaður nefndarinnar er komin í salinn þá ítreka ég það sem ég ræddi áðan, mér sýnist að í annarri setningu 1. mgr. 2. gr. þar sem fjallað er um gildissvið, vanti inn orð en þar segir:

„Ef ekki er annað tekið fram er með hugtakinu vara í lögum þessum eingöngu átt við vöru sem notar orku, sam-

anber skilgreiningu í 3. gr.“

Þá sýnist mér að þarna vanti orðið „er“ til þess að það komi í eðlilegu samhengi inn í setninguna.

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. iðnaðarnefnd að mæla með því að þetta frumvarp verði samþykkt en mælist til þess við nefndina að hún taki málið til nefndar á milli 2. og 3. umr. til þess að endurskoða orðalag og orðaval í frumvarpinu.

[22:58]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður flutti mjög einkennilega ræðu. Ég vonaðist til að þessi mikli neytendafrömuður sem hann er kæmi upp og fagnaði þessu máli vegna þess að það er til þess fallið að nú á að gera neytendum kleift að sjá það með merkingum hvaða vörur eru hannaðar á þann hátt að þær spari þeim orku, að neytandinn geti mögulega farið að velja sér vörur til að lækka hjá sér rafmagnsreikninginn. Um það snýst málið. Ég saknaði þess í málflutningi hv. þingmanns að farið væri yfir þau mál og hann kæmi með sína sýn sem fyrrverandi neytendafrömuður og formaður Neytendasamtakanna. Almennilegar merkingar á vörum hefur algerlega skort hér á landi þannig að íslenskir neytendur geti valið sér vöru út frá þekkingu og góðum merkingum. Um það snýst málið.

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður gagnrýnir ýmislegt. Ég sagði í upphafi máls míns þegar ég fór yfir nefndarálitið að nefndin hefði tekið málið sérstaklega til skoðunar, þ.e. hugtakanotkun og fjölmargar umsagnir, ef hv. þingmaður hefði gefið sér tíma til að kynna sér það, nefndarálitið og þær breytingartillögur sem við leggjum til í nefndarálitinu. Þar má glöggt sjá að um þessa hugtakanotkun var töluvert fjallað og gerir nefndin talsverðar breytingar á hugtakanotkuninni í frumvarpinu og í breytingartillögum sem fylgja nefndarálitinu, þar með talið það sem hv. þingmaður talaði um, þ.e. 1. málslið í 2. gr., þar sem tekið er á því sérstaklega þegar við gerum breytingu á orðalagi 3. gr. sem skilgreinir hvaða vara notar orku og hvað þar er við átt.

[23:00]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hlustaði mjög grannt eftir, sennilega hefur hún ekki gert það, enda orðin langþreytt eftir langa dvöl í þinghúsinu eins og hún rakti í ræðustól áðan þegar hún byrjaði að mæla fyrir röngu frumvarpi. En það er ósköp skiljanlegt og afsakanlegt.

Ég talaði um það og lauk ræðu minni meira að segja á því að mæla með því að frumvarpið yrði samþykkt og fór fram á það að reynt yrði að koma viðunandi orðfæri á þetta ef þess væri kostur. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir upplýsti að ítarleg umræða hafi farið fram um málið í nefndinni, a.m.k. að nefndarmenn hafi skilið við hvað væri átt, og á það bent að þarna væri um að ræða hluti þar sem almennt væri verið að setja umbúðir utan um almennar merkingar á orkusparandi vörum. Af hverju kemur það ekki fram í heiti frumvarpsins? Af hverju heitir frumvarpið Um visthönnun vöru sem notar orku? Af hverju heitir frumvarpið ekki Um merkingar á orkusparandi vörum? Væri það ekki eðlilegra og væri það ekki auðskiljanlegra fyrir venjulegt fólk ef frumvarpið bæri það heiti sem það á að fjalla um heldur en vera með einhvers konar nýyrðaflaum eins og þarna er um að ræða.

Það eina sem ég gerði athugasemdir við var — ég eyddi meginhlutanum af ræðu minni fyrir utan það að lofa frumvarpið og nauðsynlegt væri að samþykkja það — að 1. gr., þ.e. markmiðssetningargreinin, væri mjög óglögg. Það sem hv. þm. Katrín Júlíusdóttir talaði um að væri meginmarkmið greinarinnar var miklu gleggra og skiljanlegra eins og hún orðaði það í andsvari sínu áðan. Af hverju notum við ekki það orðalag frekar?

[23:02]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því er auðvelt að svara. Það er vegna þess að frumvarpið nær til fleiri þátta en eingöngu merkinganna. Ég tók merkingarnar sérstaklega fram vegna þess að ég hélt að þær væru mögulega á áhugasviði hv. þingmanns. Ég veit að það eru áhugasvið okkar beggja að neytendur á Íslandi geti valið sér vörur á upplýstan hátt sem sparar þeim bæði orku og ekki síst peninga.

Virðulegi forseti. Frumvarpið tekur til fleiri þátta eins og kemur glöggt fram þegar það er lesið. Til dæmis er farið yfir orkunýtnikröfur, fjallað er um samræmismat, hvatt er til þess að framleiðendur stuðli að þróun á notkun orkunýtinnar vöru með það að markmiði að tryggja visthönnun vörunnar með minni orkunotkun.

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta mjög skýrt og ég held að nefndin hafi farið þó nokkuð vel í gegnum þessa orðanotkun. Eins og ég benti hv. þingmanni á gerum við breytingartillögu um að felld verði út t.d. aukasetning í a-lið 3. gr. Við gerum breytingartillögu um að ekki sé notað orðskrípi eins og orkuílag sem ég er viss um að hefði angrað hv. þingmann mjög og gerir það án efa þegar hann les frumvarpið yfir. Við erum að gera slíkar breytingar í nefndarálitinu með það að markmiði að skýra textann og gera hann aðgengilegri fyrir þá sem síðar ætla að nota hann. Ég vona að hv. þingmanni líki þær breytingartillögur sem nefndin gerir í þessu efni vegna þess að það var fyrst og fremst gert til að skýra orðalagið í lagatextanum. Þetta eru ekki efnisbreytingar.

[23:04]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók alveg sérstaklega eftir þessari nauðsynlegu og góðu breytingu sem nefndin gerir við a-lið 3. gr. og gerði þess vegna ekki hið sérkennilega orð orkuílag að neinu atriði í máli mínu áðan. Ef ég hefði ekki séð breytingartillöguna og áttað mig á henni hefði ég vafalaust eytt nokkrum tíma í að ræða um orkuílagið en það sem sagt varð ekki.

Ég tek undir með hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur að máli skiptir með hvaða hætti og hvernig vörur eru merktar, að sjálfsögðu skiptir það máli. Á það hefur skort á íslenskum neytendamarkaði í fyrsta lagi að þess væri gætt að vörur væru nægilega vel merktar og í öðru lagi að til væri lagaleg umgjörð um það hvernig skyldi merkja vörur. Það hefur að mínu viti m.a. háð okkur að hluta til varðandi útflutnings-

vörur okkar að við skyldum ekki hafa strangari og ákveðnari kröfur á innanlandsmarkaði fyrir íslenska neytendur til að skapa aðhald að framleiðslunni innan lands þannig að hún gæti verið og mundi verða líklegri til að ná framgangi á neytendamörkuðum erlendis þar sem ríkari kröfur eru gerðar. Ég deili því alveg tvímælalaust þeim sjónarmiðum og þessu meginmarkmiði með hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur og þakka henni fyrir að benda sérstaklega á það og það markmið sem verið er að tala um með þessari lagasetningu.

Ég vildi eingöngu vekja athygli á því að mér fyndist samt sem áður, ég leyfi mér að ítreka það í lok andsvarsins, að ástæða væri til að endurskoða markmiðssetninguna til að koma henni á auðskiljanlegri íslensku.

[23:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið en ég sé ástæðu til að taka undir orð hv. þm. Jóns Magnússonar um það hvernig frumvörp eru hreinlega orðuð, þau frumvörp sem eiga uppruna sinn í alls konar Evróputilskipunum og koma hingað í gegnum Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins. Þar er búið að venja sig á orðfæri sem er mjög sérstakt og sérstaklega notað í þeim frumvörpum sem koma sem tilskipanir frá Evrópusambandinu og er verið að yfirfæra í íslensk lög.

Ég tek undir að full ástæða er til að nefndir þingsins skoði þau vinnubrögð við þýðingarnar vel og reyni að koma frumvörpunum á skiljanlegt mál þannig að allur almenningur eigi þess kost að skilja um hvað frumvörpin fjalla. Hið ágæta orð visthönnun er orð sem ég t.d. hafði ekki heyrt áður. Það getur vel verið að við þurfum að taka upp mörg nýyrði en þau verða þá líka að vera þannig að fólk hafi einhvern skilning á því hvað þau fela í sér. Það þarf að lesa sig í gegnum greinargerð frumvarpsins til að ná skilningi á því um hvað þessi texti fjallar. Hann er býsna tyrfinn. Beina ætti því til Þýðingamiðstöðvarinnar og þeirra sem setja saman slíkan lagatexta í grunninn að þeir reyni að velja orðalag sem er skiljanlegt fyrir allan almenning. Ég heyrði það á ágætum hv. þm. Jóni Magnússyni sem er margreyndur lögmaður, að hann taldi ástæðu til að gera þetta að umtalsefni og er þó enginn nýgræðingur í því að lesa lagatexta. Hann telur ástæðu til að benda á þetta.

Ég vil taka undir það að hér er um neytendamál að ræða og þess þá heldur ætti lagatextinn að vera á því formi að neytendur hafi einhverja möguleika á að skilja þann texta og hann geti í raun orðið framlag til neytendamála hér á landi.

Það var eingöngu þetta, hæstv. forseti, sem ég vildi benda á og taka undir en ætla að öðru leyti ekki að lengja umræðuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Raforkulög, 2. umr.

Stjfrv., 398. mál (frestun gildistöku ákvæða um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi). — Þskj. 676, nál. 775.

[23:11]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá iðnaðarnefnd um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að framkvæmd ákvæða raforkulaga varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta verði frestað til 1. janúar 2010. Ákvæði þau sem hér um ræðir voru samþykkt á Alþingi með lögum nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, en þau lög fólu m.a. í sér breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, í þá veru að gerð er krafa um að samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi orkufyrirtækja verði rekin í aðskildum fyrirtækjum frá og með 1. júlí 2009.

Frumvarpinu er ætlað að breyta því, þ.e. lengja þetta um hálft ár til 1. janúar nk. Í kjölfar lagabreytinganna átti sér stað 1. janúar 2009 — þetta snertir aðallega tvö fyrirtæki, virðulegi forseti — formleg uppskipting Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orka hf., sem annast virkjanir og raforkusölu, og HS Veitur hf., sem annast veitustarfsemi fyrirtækisins. Fram kom á fundi nefndarinnar að uppskiptingu væri ekki að fullu lokið hjá Hitaveitu Suðurnesja. En þó væri hugsanlegt að því gæti lokið fyrir 1. júlí þó svo væri ekki orðið nú.

Orkuveita Reykjavíkur óskaði eftir því með bréfi 20. febrúar sl. að iðnaðarráðherra flytti frumvarp til laga um frestun gildistöku breytingar á 14. gr. raforkulaga. Taldi Orkuveita Reykjavíkur varhugavert að skipta fyrirtækinu upp meðal annars með vísan til þess að frá því að lögin um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði tóku gildi hafi orðið verulegar breytingar á fjárhagslegu umhverfi orkufyrirtækja, gengi íslensku krónunnar hafi veikst og erlendar skuldir Orkuveitu Reykjavíkur hafi hækkað mikið og eiginfjárhlutfall lækkað milli áranna 2008–2009. Þá telji Orkuveita Reykjavíkur að breytingar á rekstrarumhverfi hennar áður en fjármögnun er lokið kunni að tefja fyrir gerð lánasamninga.

Virðulegi forseti. Nefndin telur í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru á fjármálamörkuðum og viðkvæmrar stöðu orkufyrirtækjanna varðandi fjármögnun að eðlilegt sé að fresta tímabundið framkvæmd ákvæða 14. gr. raforkulaga og veita aukið svigrúm til að aðskilja sérleyfis- og samkeppnisþætti orkufyrirtækjanna til 1. janúar 2010.

Nefndin er algerlega einróma í afstöðu sinni til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn iðnaðarnefndar, Katrín Júlíusdóttir, sú er hér stendur, Álfheiður Ingadóttir, Eygló Harðardóttir, Helgi Hjörvar, Herdís Þórðardóttir, Kristján Þór Júlíusson, Björk Guðjónsdóttir og Grétar Mar Jónsson.

[23:14]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp um að fresta lagaákvörðunum varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sér-

leyfisþátta til 1. janúar 2010. Þessi frestun snertir aðallega Orkuveitu Reykjavíkur en hitt fyrirtækið, Hitaveita Suðurnesja, sem er langt komið í að skipta upp fyrirtækinu Hitaveitu Suðurnesja í HS Orku hf. og í HS Veitur hf., er nú á lokasprettinum í að skipta fyrirtækinu upp. Staðan hjá fyrirtækinu er því sú að verið er að ljúka samningum við lánastofnanir og það er það síðasta sem fyrirtækið þarf að gera til að skipta fyrirtækinu endanlega upp. Þá er aðeins eitt sem stendur út af, þ.e. að einn forstjóri er yfir báðum fyrirtækjunum, þ.e. HS Orku hf. og HS Veitum hf. Það getur þó eflaust frestast til 1. janúar 2010 að klára þær breytingar. Eflaust hefði Hitaveita Suðurnesja kosið að óskir um breytingar hefðu komið fyrr fram þannig að Hitaveita Suðurnesja hefði getað hægt á þessu ferli, uppskiptingarferli sem hefur kostað fyrirtækið töluvert fjármagn en fram kom á fundi í iðnaðarnefnd að beinn útlagður kostnaður vegna uppskiptingar Hitaveitu Suðurnesja í þessi tvö fyrirtæki er um 40 milljónir.

Þetta snertir að mestu leyti Orkuveitu Reykjavíkur en við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarnefnd styðjum málið og munum samþykkja þessa breytingu.

[23:18]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við höfum hér til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum. Það hefur komið hér fram að allir nefndarmenn styðja frumvarpið. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé kannski nauðsynlegt fyrir eitt fyrirtæki, Orkuveitu Reykjavíkur. En það vakti athygli mína að í umsögn frá Orkusölunni kemur fram að þar telji menn að hér sé um að ræða mál sem geti raskað samkeppnisstöðu Orkusölunnar. Ég vil spyrja hv. þingmann um það. Og kannski hefði verið áhugavert ef hæstv. iðnaðarráðherra hefði verið við þessa umræðu en hann hefur fjallað hvað mest um Orkuveitu Reykjavíkur og má sjá það af ýmsum skrifum hans að það er fyrirtæki sem hann hefur haft mikinn áhuga á, að ég tali nú ekki um dótturfyrirtækið REI sem hefur orðið tilefni mikilla skrifa hjá hæstv. ráðherra. Við höfum ekki notið þess í kvöld að hæstv. iðnaðarráðherra sæi sér fært að vera við umræðuna. Má vera að hann hafi einhverjar gildar afsakanir fyrir því að vera ekki viðstaddur umræðu um þau merku mál sem hann hefur lagt fram í þinginu en við allar venjulegar aðstæður hefði verið eðlilegt að hann væri hér til staðar.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill upplýsa að hæstv. ráðherra er í húsinu og það er verið að sækja hann í salinn.)

Hann hefur a.m.k. ekki sést hér í þingsalnum, það get ég vottað. Það má vel vera að hann sé í húsinu og það þykir mér vænt um. Hann hlýðir þá væntanlega á mál þingmanna þar sem hann er staddur, hvar sem það er.

Hæstv. forseti. Ég vil fara hér yfir umsögn Orkusölunnar og til að það komi fullkomlega í ljós hvað Orkusalan segir ætla ég að lesa beint upp úr umsögninni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við yfirferð á nýjum þingskjölum á vef Alþingis hefur komið í ljós frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Orkusalan ehf. er dótturfyrirtæki Rariks ohf. og er tilgangur þess meðal annars að annast framleiðslu og sölu á raforku. Með breytingum á raforkulögum í janúar 2005 var sala á raforku gefin frjáls, gagngert í þeim tilgangi að innleiða samkeppni í raforkusölu. Orkusalan ehf. starfar einungis á samkeppnismarkaði og er með næstmestu markaðshlutdeild í raforkusölu á almennum markaði á eftir Orkuveitu Reykjavíkur, auk þess að reka nokkrar virkjanir víða um land. Þær breytingar sem gerðar voru á raforkulögum er varða fyrirtækjaaðskilnað milli einkaleyfis og samkeppnisstarfsemi var ætlað að stuðla að virkari samkeppni á raforkumarkaði. Sú breyting var fagnaðarefni, m.a. fyrir Orkusöluna ehf.

Það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi um frestun á 14. gr. raforkulaga um 6 mánuði veikir og getur haft skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu Orkusölunnar ehf. Orkusalan ehf. hefur í nokkurn tíma haft áhyggjur af því sem gæti talist til óeðlilegrar samtvinnunar á einkaleyfisstarfsemi annars vegar og samkeppnisstarfsemi hins vegar. Með 14. gr. raforkulaganna var ætlunin að koma í veg fyrir slíka samtvinnun og tryggja með því skilvirkari samkeppni á raforkumarkaði.

Þá gagnrýnir Orkusalan ehf. þau vinnubrögð sem nú eru viðhöfð við breytingu á raforkulögunum. Það að ekki sé leitað álits hjá hagsmunaaðilum eins og Orkusölunni ehf. um frumvarpið verður að teljast sérkennilegt. Átelur Orkusalan ehf. þessi vinnubrögð."

Undir umsögnina ritar Magnús Kristjánsson framkvæmdastjóri.

Hæstv. forseti. Það kemur í ljós að einhver flýtibragur hefur verið á þessu frumvarpi þegar ekki var leitað álits helstu orkufyrirtækja í landinu þegar þetta frumvarp var lagt fram og unnið í nefndinni. Ég dreg ekkert úr því að það geti vel verið að Orkuveitan hafi átt við þannig mál að stríða að undanförnu að þeim hafi illa tekist að ganga frá sínum málum samkvæmt þeim lagafyrirmælum sem fyrir lágu í raforkulögunum en það er jafnframt ljóst að hæstv. iðnaðarráðherra hefur talið sér skylt að verða við þeirri ósk Orkuveitunnar að flytja þetta mál og fresta gildistökunni. Ef ég má vitna í ræðu hæstv. iðnaðarráðherra við framlagningu þessa máls þá segir hann þar m.a., með leyfi forseta:

„Í síðasta mánuði fór Orkuveita Reykjavíkur þess hins vegar á leit við iðnaðarráðherra að hann beitti sér fyrir því að gildistöku þeirra ákvæða raforkulaga sem lúta að aðskilnaði samkeppnis- og sérleyfisþátta yrði frestað frá 1. júlí nk. til 1. janúar 2010. Orkuveitan gaf upp sem ástæðu fyrir ósk sinni að orðið hefðu breytingar á fjárhagslegu umhverfi orkufyrirtækja eins og annarra fyrirtækja í landinu. Það var mat forsvarsmanna fyrirtækisins að uppskipting á þessum tíma gæti hugsanlega tafið fyrir gerð lánasamninga. Hins vegar standa vonir til að fyrirtækið ljúki fjármögnun og gerð nýrra lánasamninga á síðari hluta þessa árs."

Það er sem sagt tekið tillit til þessa, hæstv. forseti, en ekki til þess að önnur fyrirtæki eru á þessum samkeppnismarkaði sem líta svo á að þarna sé verið að ganga á rétt þeirra og samkeppnisstöðu þeirra sé ógnað með þessari breytingu.

Það má ljóst vera að sum fyrirtæki hafa tekið þarna harðar á til að ljúka lagaskyldu sinni við uppskiptinguna en Orkuveita Reykjavíkur sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir þekkir líka vel til, og af því að hún er stödd í salnum núna

(Gripið fram í.) væri gott að fá skýringar frá henni sem margreyndum stjórnarmanni í Orkuveitu Reykjavíkur. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá raunhæfar skýringar á því hvað þarna er á ferðinni og af hverju ekki var tekið tillit til annarra orkufyrirtækja.

Fyrst hæstv iðnaðarráðherra er kominn í salinn væri jafnframt áhugavert að fá að heyra frekari útlistanir hjá honum um stöðu Orkuveitu Reykjavíkur sem hann hlýtur að hafa skoðað mjög gaumgæfilega í tengslum við framlagningu þessa máls. Það kemur fram í þingskjölum og í ræðu hæstv. ráðherra að Orkuveitan hafi átt í erfiðleikum með að fjármagna sig. Er það svo að þarna sé kannski einhver vá fyrir dyrum hjá þessu stóra fyrirtæki sem Orkuveita Reykjavíkur er? Það skiptir auðvitað mjög miklu máli hvernig sem á það er litið, bæði fyrir Reykvíkinga og fyrir þjóðarbúskap okkar allan. Þetta er risastórt fyrirtæki með stór og mikil verkefni sem það stendur í núna og auðvitað skiptir máli hvernig virkjanaframkvæmdir til takast hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Ég tala nú ekki um þar sem til stendur að Orkuveitan sjái álverinu í Helguvík fyrir raforku. Er einhver hætta þarna á ferðinni, hæstv. ráðherra raforkumála? Er einhver hætta á ferðinni að Orkuveita Reykjavíkur geti ekki staðið við þau virkjunaráform sem Orkuveitan hefur til að sjá Helguvík fyrir raforku?

Í því ástandi sem nú er horfa menn til þessara orkufreku framkvæmda og að þær geti orðið til þess að hér verði til störf sem sárlega vantar um þessar mundir. Auðvitað er það svo að ekki eru báðir stjórnarflokkarnir þeirrar skoðunar. En ég verð að lýsa því yfir að ég er mjög ánægð með að Samfylkingin virðist ætla að halda sínu striki varðandi það að klára samninga um álverið í Helguvík og ef Samfylkingin eða a.m.k. hæstv. iðnaðarráðherra í þeim flokki getur knúið það fram að við klárum þann samning hér í gegnum Alþingi.

Nú hagar þannig til að málinu var í rauninni vísað til iðnaðarnefndar en tefst þar einhverra hluta vegna óeðlilega mikið, a.m.k. hafa menn ekki getað svarað því hér hvenær á að afgreiða málið úr nefndinni. (**Gripið fram í:** ... í gær.) Það er alla vega gott að því er lýst hér yfir í framhjáhlaupi að það eigi að klára málið. Það hefur ekki verið hægt að fá þau svör í dag. (Gripið fram í.) Það er búið að spyrja að því undir liðnum Störf þingsins. (Gripið fram í.) Ég bendi hv. þingmanni á það ...

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ekki framhjáköll.)

... að hún getur komið hér bæði í ræðu og andsvar og svarað þessari spurningu. Ætlar hv. formaður iðnaðarnefndar að klára málið í iðnaðarnefnd eða ætla hv. þingmenn Vinstri grænna að koma í veg fyrir að hægt verði að ljúka afgreiðslu málsins? Alla vega liggja fyrir yfirlýsingar um það, eins og við vitum auðvitað, að hv. þingmenn Vinstri grænna styðja ekki þetta mál.

Það getur vel verið að þetta verði skýrt hér í umræðunni og væri fengur að því að fá þau svör. Ég veit að mjög margir bíða eftir því að fá þau svör hvort það sé einlægur vilji stjórnarflokkanna að ljúka því máli á þinginu. Boðað hefur verið til kosninga eftir stuttan tíma og ef ekki á að ljúka þessu máli erum við í slæmum málum varðandi það að skapa störf hér á landi.

Ég trúi ekki öðru en að menn hafi einlægan vilja í þessu fyrir utan auðvitað hv. þingmenn Vinstri grænna sem eru almennt á móti því að nýta orkuauðlindir okkar (**ÁI:** Almennt á móti ruglinu, já.) Já, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir getur kallað það rugl að nota orkuauðlindir okkar til raforkuframleiðslu og til atvinnusköpunar. Ég reikna ekki með því að mjög margir aðrir deili þeirri skoðun nema hugsanlega harðasti kjarninn í stuðningsmannaliði Vinstri grænna. En almennt held ég að það sé skoðun Íslendinga að nýta beri orkuauðlindir til atvinnusköpunar. Það er sú meginskoðun sem menn hafa að nýta beri orkuauðlindir til að skapa störf.

Ég vonast til að fá svör við því hér í fyrsta lagi: Hver var meiningin með því að leita ekki til Orkusölunnar sem lítur svo á að verið sé að mismuna fyrirtækjum á samkeppnismarkaði? Og í öðru lagi af því að staða Helguvíkurmálsins svokallaða spannst inn í þessa umræðu: Ætla stjórnarflokkarnir að gera það kleift að hægt verði að klára það mál fyrir þinglok?

Það liggur fyrir einlægur vilji Sjálfstæðisflokksins til að styðja það mál. (**Gripið fram í:** Iðnaðarráðherra styður það.) Iðnaðarráðherra hefur lýst því yfir og ég treysti því að hann hafi stuðning í sinni ríkisstjórn. (**Iðnrh.:** Þetta er minnihlutastjórn ...) Þetta var gott innlegg hjá hæstv. iðnaðarráðherra. Við eigum kannski von á að fá einhverja samninga um það hvernig og hvenær þetta mál fer í gegnum þingið þannig að við getum sem fyrst farið að horfa til þess að þarna verði eðlileg atvinnusköpun þar sem nýting orkuauðlinda er forsenda.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta meira og treysti því að fá skýr svör hjá hæstv. iðnaðarráðherra um þau mál sem ég reifaði hér.

[23:36]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð að segja að mér finnst hv. þingmaður, sem er þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, tala af miklu gáleysi um það merka fyrirtæki sem Orkuveita Reykjavíkur er. Að koma hingað og tala með þeim hætti að einhver sérstök vá standi fyrir dyrum hjá því orkufyrirtæki umfram önnur getur veikt stöðu þess. Í máli hv. þingmanns hefur komið fram að fyrirtækið stendur nú í samningum um endurfjármögnun. Hv. þingmaður veit það eins og ég bara af lestri dagblaða að það fyrirtæki og önnur orkufyrirtæki hafa átt í erfiðleikum varðandi fjármagn. Í fjölmiðlum kom fram að fyrirtækið sem hér um ræðir átti í erfiðleikum með að fá ákveðin lán, sem góðu heilli er nú búið að ganga frá aftur.

Ég vil í tilefni af orðum hv. þingmanns lýsa yfir fullum stuðningi við forustumenn Orkuveitu Reykjavíkur, sem ég hef átt gott samstarf við, og ég tel að Hjörleifur Kvaran og aðrir sem stýra því fyrirtæki geri það ákaflega vel við mjög erfiðar aðstæður. Allir vita hvernig heimskreppan og þrengingar á alþjóðlegum lánamarkaði hafa farið með íslensk fyrirtæki og þar er ekkert undanskilið. Sem betur fer vinnur það fyrirtæki mjög vel úr sínum málum. Það er hins vegar rétt hjá hv. þingmanni að fyrirtækið taldi nauðsynlegt að fá sex mánaða frest á þessu tiltekna ákvæði. Ég hafði fullan skilning á því og það sem meira er, félagar hv. þingmanns

hafa fullan skilning á því. Sjálfstæðismenn í hv. iðnaðarnefnd eru sammála þessu. Þeir hafa farið yfir þetta og ég vil verja þingmenn Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarnefnd, en formaður þeirra kemur hér og snuprar þá í hverju málinu á fætur öðru og leyfir sér síðan að tala af ábyrgðarleysi og gáleysi um eitt af þeim fyrirtækjum sem skiptir mjög miklu máli fyrir velferð almennings í Reykjavík.

Ég mótmæli því að formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins skuli með þessum (Forseti hringir.) hætti tala um eitt af burðarfyrirtækjunum (Forseti hringir.) í Reykjavík.

[23:38]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil mótmæla því mjög að ég hafi talað gáleysislega. Ég vitnaði í framsöguræðu hæstv. iðnaðarráðherra (Gripið fram í.) við framsögu þessa máls. (**Iðnrh.:** Ég sagði aldrei að það væri vá fyrir dyrum, eins og þingmaður sagði.) Ég bara spurði, það má leiða líkur að því miðað við það sem segir í þessari framsöguræðu og hvernig hæstv. ráðherra skýrir framlagningu málsins að þarna hafi einhver vá verið fyrir dyrum vegna gerð lánasamninga. Er ekki eðlilegt, hæstv. forseti og hæstv. ráðherra, að fá á þessu eðlilegar skýringar?

Ég vil jafnframt óska eftir því að hæstv. ráðherra skýri stöðu Orkusölunnar í þessu, því hér kemur fram að Orkusalan telur að þetta frumvarp muni hafa skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu sína. Orkusalan er auðvitað fyrirtæki sem er undir ráðuneyti hæstv. iðnaðarráðherra og því hlýtur hann að hafa fylgst með afstöðu fyrirtækisins, sem sendi inn athugasemd við frumvarpið, sem hæstv. ráðherra mælti fyrir. (Forseti hringir.) Þannig að einhver núningur er þarna, hæstv. ráðherra, (Forseti hringir.) og gott væri að (Forseti hringir.) fá skýringar á því.

[23:40]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er dapurlegt að sjá að forustumaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins virðist lifa á allt annarri plánetu en aðrir Íslendingar. Veit hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir ekki að Íslendingar eru í einhverri dýpstu kreppu sem á fjörur þeirra hefur rekið? (**ArnbS:** ... Sjálfstæðisflokksins.) Það varðar hag og afkomu hvers einasta fyrirtækis á Íslandi, ekki síst þeirra sem þurfa að endurfjármagna sig og semja um lán á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum. Það gildir um orkufyrirtækin.

Það að koma hingað og ganga erinda eins tiltekins fyrirtækis, eins og hv. þingmaður gerir, og segja að tillaga um að fresta tilteknum gerningi um sex mánuði ríði einhvern baggamun um framtíð Orkusölunnar, er bara vitleysa. Það er ekki bara mitt mat að það sé vitleysa, það er líka mat þeirra hv. þingmanna sjálfstæðismanna sem sitja í iðnaðarnefnd, hafa farið yfir þessi mál og komist að því að fullkomlega réttmæt rök liggi til grundvallar því að samþykkja þessa tillögu. Menn geta svo haft aðrar skoðanir á því en menn geta hins vegar ekki komið hingað, eins og formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins gerir, og talað með þeim hætti að það getur beinlínis skaðað orðstír eins af helstu orkufyrirtækjum Íslendinga.

Orkuveita Reykjavíkur hefur, að mínu viti, verið í fararbroddi á heimsvísu við þróun jarðhitanýtingar og nýtur álits en Orkuveita Reykjavíkur hefur, alveg eins og önnur orkufyrirtæki, lent í kröppum dansi varðandi endurfjármögnun. Það kemur skýrt fram í framsöguræðu minni að af þeim sökum sé verið að létta undir með fyrirtækinu og reyndar öðrum fyrirtækjum í svipaðri stöðu. Það er einungis verið að tala um sex mánuði þannig að það getur nú ekki riðið baggamuninn varðandi samkeppni á orkumarkaði. Það er fráleitt að halda því fram.

Varðandi Helguvík þá veit ég ekki um neitt sem varðar orkuframleiðslu (Forseti hringir.) hjá Orkuveitu Reykjavíkur sem getur dregið það mál. Ég held að aðrir hlutir (Forseti hringir.) gætu komið (Forseti hringir.) upp á en varla það.

[23:42]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir það að hann gat á endanum svarað spurningunum sem hér voru lagðar fyrir. En mér finnst algjör óþarfi hjá hæstv. ráðherra að svara með einhverjum skætingi þegar ég vitna í skjöl sem fyrirtæki á hans vegum senda inn, athugasemdir við mál sem hann sjálfur flytur. (Gripið fram í.)

Hæstv. ráðherra hlýtur að skilja það (Gripið fram í.) að við þingmenn verðum að fá svör og algjör óþarfi er að svara því með einhverjum skætingi. (**Iðnrh.:** Þetta er bara syfjulegt mál.) Hæstv. forseti. Það er lágmarkskrafa að hæstv. ráðherra geti svarað með málefnalegum hætti þegar hann er spurður spurninga varðandi þau þingskjöl sem hér liggja frammi og þær ræður sem hæstv. ráðherra hefur haldið hér á Alþingi.

Þetta er ekki flóknara mál en það að ég spyr um það og hæstv. ráðherra svaraði á endanum að þetta hefði engin áhrif á Helguvík og það þykir mér gott að heyra og það var gott að fá þau svör. Það skýrir heilmikið það sem við erum með í höndunum og algjör óþarfi að svara því með einhverjum skætingi. Þetta eru einfaldar spurningar sem eru bornar upp til að skýra þau mál sem við afgreiðum hér í kvöld. Hvurslags eiginlega er það að ráðherrann geti ekki látið svo lítið að svara hér án þess að vera með skæting. Á endanum komu nú svörin en með því formi að hann þurfti að hnýta við einhverjum leiðinda (Forseti hringir.) skætingi. (Gripið fram í.)

[23:44]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Erindi mitt í þennan ræðustól er að leiðrétta orð hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur. Ég hef aldrei átt sæti í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og hef þess vegna hvorki langa né mikla reynslu af stjórnarsetu þar eins og þingmaðurinn fullyrti.

[23:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég biðst afsökunar á að hafa borið hv. þm. Álfheiði Ingadóttur það á brýn að hafa setið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Það er einfaldlega misminni hjá mér að hún hafi setið þar í stjórn og ég bið hana innilega afsökunar á þessu.

[23:45]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir að sjá af dýrmætum tíma sínum til að fylgjast með umræðu um þetta mál, svo sem farið var fram á, og hafa þegar tekið til máls og sett sitt mark á umræðuna með afgerandi hætti þó að ekki væri það að öllu leyti málefnalegt frekar en von er og vísa þegar svo áliðið er dags sem raun ber vitni.

Það frumvarp sem hér er um að ræða er mjög einfalt og fjallar um að fresta ákveðnum ákvæðum sem Alþingi samþykkti í júní 2008. Gerð var krafa um að samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi orkufyrirtækja yrði rekin í aðskildum fyrirtækjum. Þarna var sett fram ákveðin krafa af hálfu löggjafarvaldsins um sérgreiningu sem væri til hagsbóta fyrir neytendur þar sem ekki væri ruglað saman samkeppnisþáttum sem ættu að vera á almennum markaði og ekki endilega undir handhöfn opinberra fyrirtækja eða hálfopinberra fyrirtækja eins og þau orkufyrirtæki sem hér ræðir um og var sérstaklega minnst á í frumvarpinu, greinargerð með því og nefndarálitum, þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. Það má ekki rugla saman hreinlega fjárhagslegum hagsmunum á milli samkeppnisþáttanna sem komu ekki grunnþjónustunni við sem skiptir mestu máli fyrir almenna neytendur að sé í lagi og sé seld með eðlilegum hætti og sem ódýrust. Og það verður að segja það alveg eins og það er, hæstv. iðnaðarráðherra, að með fullu tilliti og virðingu fyrir því ágæta fyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur fór það á sínum tíma, undir stjórn R-listans í Reykjavík þar sem ágætur framsóknarmaður veitti forstöðu stjórn Orkuveitunnar, Alfreð Þorsteinsson, út í margháttaðan samkeppnisrekstur, m.a. risarækjueldi auk margra annarra hluta þar sem miklum fjármunum Orkuveitunnar var varið í alls konar gæluverkefni R-listans. Ég skal fúslega taka undir það með hæstv. iðnaðarráðherra að eftir því sem ég best fæ séð sinnir hinn ágæti forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur í dag, Hjörleifur Kvaran, starfi sínu með miklum ágætum og nær væntanlega að rétta af það sem misfórst á þeim tíma þegar R-listinn, þ.e. flokkur hæstv. iðnaðarráðherra ásamt nokkrum öðrum, stóð að stjórnun þessa fyrirtækis. Þá fór margt aflaga, m.a. vegna þess að ekki var um aðskilnað að ræða á milli grunnþjónustunnar og samkeppnishluta fyrirtækisins. Það hefði verið æskilegt að hafa þennan aðskilnað löngu fyrr og að löggjafinn hefði gripið inn í þegar farið var í þær ævintýraferðir sem R-listinn fór í með Orkuveitu Reykjavíkur með því að leggja út í alls kyns hluti og starfsemi sem alls ekki var á sviði Orkuveitunnar að hafa nein afskipti af. Ég veit að hæstv. iðnaðarráðherra er mér algerlega sammála um að þar var illa staðið að málum, og ógætilega, og þeir fjármunir sem þannig var hent á bál vegna óígrundaðra fjárfestinga til annarra hluta en sem skiptu orkuneytendur í Reykjavík máli eru núna grunnurinn að vanda Orkuveitu Reykjavíkur sem fram kemur í greinargerð með lagafrumvarpinu og nefndarálitinu sem hér fylgir.

Það verður þó að segja, virðulegur forseti, að það er svolítil rökvilla í frumvarpinu eins og athugasemdir eru settar fram í greinargerð. Í fyrsta lagi er gerð grein fyrir því að Orkuveita Reykjavíkur hafi farið þess á leit við iðnaðarráðuneytið með bréfi 20. febrúar að ráðherrann hlutaðist til um að flutt yrði frumvarp til laga um frestun gildistöku breytingar á 14. gr. raforkulaganna. Núna mánuði síðar erum við að fjalla um þetta frumvarp. Látum það nú vera, en hvað er talið mæla með því að fresta gildistökunni?

Í fyrsta lagi er gerð grein fyrir því að Orkuveita Reykjavíkur hafi 7. júní hafist handa við að gera nauðsynlegar breytingar og eins og kemur fram í bréfinu frá 20. febrúar að stjórn og starfsmenn hefðu unnið að undirbúningi skiptingar fyrirtækisins í samræmi við áskilnað laganna og yfirfarið þær leiðir sem til greina koma við útfærslu hennar. Þetta var sem sagt þar. Fyrst þar var unnið svona hörðum höndum að því að gera þá uppskiptingu sem um var að ræða milli samkeppnisþáttarins og grunnþarfanna væri eðlilegt að Alþingi væri gerð glögg grein fyrir undirbúningnum og hvaða störf hefðu verið unnin hvað varðar þennan aðskilnað. Mér finnst alla greinargerð fyrir því skorta í því frumvarpi sem hér liggur fyrir eða greinargerð með því. Það er engan veginn sagt frá því hvaða hlutir hafi verið unnir af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur til að aðskilja þessar tvær rekstrareiningar. Samkvæmt því sem Orkuveitan gerir grein fyrir í bréfinu frá 20. febrúar hefur þarna bara verið byrjað að vinna vinnuna en þess er ekki getið að í bréfinu hafi komið neitt fram um það með hvaða hætti því verki miðaði þannig að það lægi fyrir að þarna væri í raun um einhverja alvöruvinnslu á málinu að ræða í samræmi við lögin. Það eina sem kemur fram í greinargerðinni með frumvarpinu er að í bréfinu komi fram að stjórn og starfsmenn hafi unnið að undirbúningi skiptingar fyrirtækisins í samræmi við áskilnað laganna og yfirfarið þær leiðir sem til greina koma við útfærslu hennar.

Ég hlýt að spyrja: Var bara það gert af hálfu Orkuveitunnar og er hæstv. iðnaðarráðherra kunnugt um það í hvaða hlutum aðgerðir Orkuveitunnar og starfsmanna hennar fólust í þessu sambandi? Var það eingöngu fólgið í því sem kemur fram í greinargerðinni, að vinna að undirbúningi að skiptingu fyrirtækisins? Var ekkert annað gert en að vinna að undirbúningi? Ef unnið var að undirbúningi, með hvaða hætti var þá unnið að honum?

Þegar um rekstrareiningar er að ræða er í sjálfu sér hægt að ganga frá skiptingu fyrirtækisins, þ.e. skipta því milli grunnþjónustu og samkeppnisrekstrarins, án þess að það hafi einhver veruleg fjárútlát í för með sér eða rugli lánafyrirgreiðslu fyrirtækisins eða fjárþörf þess. Það er mælt fyrir um það og það rökstutt í greinargerðinni þannig að hins vegar kunni breytingar á rekstrarumhverfi fyrirtækisins áður en fjármögnun er lokið að tefja fyrir gerð lánasamninga. Ég hlýt að spyrja vegna þessara ummæla í greinargerð, hæstv. iðnaðarráðherra, að hvaða leyti breytingar á rekstrarumhverfi fyrirtækisins áður en fjármögnun er lokið geti tafið fyrir gerð lánasamninga. Fjárþörf fyrirtækisins er varla til komin 20. febrúar. Það liggur alveg fyrir hvernig hefur þurft að fjármagna fyrirtækið til lengri eða skemmri tíma þannig að það dettur ekkert ofan úr himninum hvað það varðar. Það er bara spurningin um að hvaða leyti breytingar á rekstrarumhverfi fyrirtækisins geti tafið fyrir gerð lánasamninga. Við erum að tala um sama fyrirtækið. Það er eingöngu verið að aðskilja ákveðna rekstrarþætti. Það er ekki verið að rýra eignir fyrirtækisins, það er ekki verið að takmarka getu fyrirtækisins til að standa við fjárskuldbindingar sínar. Hvernig í ósköpunum ættu þá breytingar á rekstr-

arumhverfi hvað þetta varðar að tefja gerð lánasamninga?

Ég hlýt að gera kröfu til þess að gerð verði nákvæm grein fyrir því með hvaða hætti það getur tafið fyrir gerð lánasamninga að ákvæði laga taki gildi á þeim tíma sem löggjafarvaldið ákvað 7. júní 2008 að ætti að gerast. Eitt fyrirtæki getur ekki bara gert kröfu vegna þess að það sér fram á erfiðleika við að standa við lög sem hafa verið sett á Alþingi, að fara þá fram á frestun gildistöku á ákvæði sem var löngu tímabært að yrði sett í lög og yrði að veruleika. Það skiptir miklu máli fyrir okkur neytendur og hefði þurft að komast á, virðulegi forseti, fyrir mörgum árum áður en R-listinn fór í þá hættulegu vegferð með Orkuveitu Reykjavíkur sem neytendur í Reykjavík súpa nú seyðið af. (**Iðnrh.:** Er þetta árás á Guðlaug Þór Þórðarson?) Nei, ég sagði áður, ég sagði í tíð R-listans. Hæstv. iðnaðarráðherra hlýtur að vita að það var ekki Guðlaugur Þór Þórðarson sem stóð að R-listanum eða var þar sporgöngumaður, heldur voru þar ákveðnir stjórnmálaflokkar, aðeins til upprifjunar fyrir hæstv. iðnaðarráðherra (Gripið fram í.) voru það stjórnmálaflokkarnir Samfylking, flokkur hæstv. iðnaðarráðherra, Vinstri grænir og Framsóknarflokkurinn sem mynduðu R-listann. Það var á þessum tíma sem var lagt út í alls kyns samkeppnisrekstur og samkeppnishluti sem voru algjörlega óviðkomandi grunnþörfum og grunnþáttum og því sem Orkuveitan hafði byggst á og á að byggjast á, þ.e. þjónustu við orkukaupendur í Reykjavík og að selja neytendum í Reykjavík raforku á lágmarksverði. Það var þar sem hlutirnir gerðust og fóru að fara úrskeiðis, virðulegi forseti. Það er það sem ég gerði að umtalsefni.

Í andsvari hæstv. iðnaðarráðherra áðan við hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur sneri hann eiginlega hlutunum nokkuð á haus með því að vísa til þess sem nú er að gerast í staðinn fyrir það hvaða upphaf hefði í raun valdið því ófremdarástandi í fjármögnun sem Orkuveitan stendur frammi fyrir að leysa í dag. Það er til komið fyrir löngu og er ekki nýr vandi. Hins vegar hafði gengisfall íslensku krónunnar að sjálfsögðu verulega þýðingu vegna þess að lánasamningarnir eru flestir í dollurum, reikna ég með, með svipuðum hætti og í Landsvirkjun en það var líka nokkuð sem stjórnendur orkufyrirtækja og fleiri í þessu landi máttu sjá fyrir, gengi íslensku krónunnar var svo gjörsamlega allt of hátt skráð og það hlaut að koma til þess að um verulegt fall hennar yrði að ræða fyrr en síðar.

Efnahagshrunið á Íslandi byrjaði með falli gjaldmiðilsins, bankahrunið kom á eftir, m.a. vegna þess að gjaldmiðillinn hafði fallið og það var ekki til gjaldeyrir til að standa við skuldbindingar sem fjármálastofnanirnar höfðu bundið sér. Sami vandi hrjáir núna í raun orkufyrirtækin vegna þess að vegna ofurvaxta í íslenskri krónu voru líka fyrirtækin hrakin út úr því að nota íslenskan gjaldmiðil til lántöku, hrakin í það að taka lán í erlendri mynt með þeim afleiðingum sem þau eru nú að uppskera, en á þeim tíma sem þau gerðu það og gátu notið vaxtamunarins á milli erlends gjaldmiðils og hávaxtagjaldmiðilsins, íslensku krónunnar, nutu þau forréttinda sem íslenskir neytendur nutu ekki.

Þessir hlutir og þessi röksemdafærsla fyrir frestuninni finnst mér satt að segja vera nokkuð rýr í roðinu, hæstv. iðnaðarráðherra, og í niðurlagi greinargerðar með frumvarpinu segir:

Í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru á fjármálamörkuðum og viðkvæmrar stöðu orkufyrirtækjanna varðandi fjármögnun má fallast á að rétt sé að fresta tímabundið framkvæmd ákvæða 14. gr. raforkulaga varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja.

Þá hlýt að spyrja: Hvaða aðstæður eru nú á fjármálamörkuðum sem réttlæta það að fresta tímabundið þeirri nauðsynlegu aðgerð að greina að þá þætti í starfsemi raforkufyrirtækja að tryggja að allir raforkuframleiðendur sitji við sama borð í samskiptum sínum við þau fyrirtæki sem annast dreifingu á raforku — eins og markmið laganna kveður á um? Ég spyr: Hvaða atriði eru það á fjármálamörkuðum sem réttlæta frestun aðgreiningar þessara þátta í starfsemi raforkufyrirtækja sem tryggja að allir raforkuframleiðendur sitji við sama borð?

Er það ekki grundvallaratriði í samkeppnisréttinum? Er það ekki grundvallaratriði í neytendaréttinum, einmitt að tryggja þessa hluti? Nú kann vel að vera, virðulegi forseti, að þær ástæður séu fyrir hendi sem geti réttlætt frestun á máli eins og þessu. Í því nefndaráliti sem fylgir er ljóst að hv. þingmenn sem sitja í iðnaðarnefnd hafa fallist á þau sjónarmið og þau rök sem þar lágu fyrir og mæla með því að frumvarpið verði samþykkt. Þeir hafa haft ákveðnar forsendur fyrir því og hugsanlega upplýsingar sem liggja ekki hér fyrir. Þess vegna spyr ég hæstv. iðnaðarráðherra þeirra spurninga sem hér hafa komið fram, mér finnst ekki alls kostar rökrænt samhengi á milli þess sem segir í greinargerðinni og þess frumvarps sem hér er flutt til frestunar.

Ég verð að spyrja líka, virðulegi forseti, hvort það sé eðlilegt að fresta því að allir raforkuframleiðendur sitji við sama borð sem var markmið þessa ákvæðis sem hér er verið að mæla fyrir frestun á. Það er höfuðatriðið. Í mínum huga þurfa að koma til mjög ríkar ástæður til að maður geti réttlætt það að samþykkja það frumvarp sem hér liggur fyrir. Eins og þau mál koma fyrir í greinargerð með frumvarpinu, og mátti skilja af framsögumanni iðnaðarnefndar áðan, hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, fékk ég ekki fyllri greinargerð með því sem á að liggja til grundvallar því að þetta frumvarp verði samþykkt svo sem iðnaðarnefnd leggur til. Eins og ég gat um áðan kunna að vera fyrir því málefnaleg rök þó að þau komi ekki fram í greinargerð með frumvarpinu og komi ekki fram í nefndaráliti eða framsögu nefndarformanns iðnaðarnefndar sem réttlætir það að við víkjum frá þeirri jafnræðisreglu sem raforkulögin miða að að verði komið á með 14. gr. raforkulaganna, nr. 65/2003. Þess vegna, virðulegi forseti, spyr ég þessara spurninga og vænti þess að hæstv. iðnaðarráðherra gefi greinargóð svör við því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[00:06]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því nú þegar nokkuð er komin fram yfir miðnætti hversu lengi standi til að halda áfram þessum fundi. Ég vek athygli á að fundir hafa staðið í þinginu í allan dag. Nefndafundir hófust

klukkan hálfníu í morgun og gert er ráð fyrir að margar nefndir komi til starfa klukkan hálfníu í fyrramálið. Mér leikur hugur á að vita hvað forseti hyggst fara langt í dagskránni áður en þingfundi lýkur.

[00:07]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti aflaði heimildar fyrr í dag að fara fram yfir miðnætti og hefur ekki tekið ákvörðun um hversu lengi verður haldið áfram. Við höfum heimild til þess að ljúka þeim málum sem eru á dagskrá. En við skulum sjá hvað nóttin endist.

[00:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Það hlýtur að vera stóra spurningin núna hversu nóttin endist. Það hefur gengið býsna vel á dagskrána í dag. En það hefur komið fram að menn eru orðnir býsna lúnir. Nefndarformenn, sem hafa þurft að standa hér og passa upp á mál lengi dags, hafa bent á að það væri ekki nægilega gott þegar menn væru orðnir svo þreyttir að þeir færu að rugla saman málum og hlutirnir ganga ekki alveg eðlilega fyrir sig þegar menn eru orðnir svona lúnir.

Á það er líka bent að það verða nefndafundir í fyrramálið sem þingmenn þurfa að taka þátt í og það hlýtur að vera spurning hvort það er meining (Forseti hringir.) hæstv. forseta að óska eftir því að þeim fundum verði frestað.

[00:08]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki fyllilega á því hvað var samþykkt hér í dag. (**Gripið fram í:** Varstu þá vakandi?) Og er enn hv. þingmaður. En það er nú þannig að það eru boðaðir nefndafundir klukkan hálfníu í fyrramálið og síðan áfram, a.m.k. hvað mig varðar. Þá hlýtur maður náttúrlega að spyrja hve meiningin er að halda lengi áfram fram á nótt.

Hæstv. forseti talaði um að það ætti að skoða hvað nóttin mundi endast. Og nóttin endist náttúrlega þangað til að morgunn rís. En það verður að setja ákveðið mark á þessar umræður. Það er ekki hægt að halda áfram og halda þingmönnum hér í nótt, að þeir fái ekki eðlilega hvíld áður en þeir ganga til ábyrgðarstarfa í fyrramálið. Ég hlýt að gera kröfu til þess að það verði sett ákveðin viðmiðun um það með hvaða hætti og hvenær þingfundi verði lokið.

Við erum loks komin að umræðu um ákveðið frumvarp og það er mjög mikilvægt frumvarp sem er næst á dagskrá, um ábyrgðarmenn, sem ég hefði kosið að fengi afgreiðslu sem fyrst. En (Forseti hringir.) spurningin er hvort hægt sé að ná samkomulagi um að ljúka fundinum með (Forseti hringir.) þeim hætti og láta þingfundi lokið þegar umræðunni um ábyrgðarmannafrumvarpið lýkur?

[00:10]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom í máli forseta áðan að hér var samþykkt með atkvæðagreiðslu við upphaf þingfundar að heimilt væri að halda áfram fram yfir miðnætti. Ég minni hæstv. forseta á að það var heimild en ekki skylda. Það er í mati forseta hvort hann nýtir þetta eða hversu lengi. Ég verð að taka undir með þeim sem hér hafa talað og vakið athygli á því að fundurinn er búinn að dragast lengi. Hér hefur gengið töluvert á dagskrána.

En það er eðlilegt að spurt sé á þessari stundu hversu lengi forseti hyggist halda áfram. Svör hans voru ekki mjög skýr hvað það varðar og því finnst mér rétt að ganga aðeins betur eftir því.

Eins langar mig til að spyrja hvaða áform séu (Forseti hringir.) um þinghaldið fram undan ef það liggur svo mikið á að klára þau mál sem eru á dagskrá (Forseti hringir.) í kvöld eða nótt. Er það í einhverju (Forseti hringir.) samhengi við áformuð þinglok? Hefur forseti einhverjar upplýsingar að færa okkur þingmönnum (Forseti hringir.) í því sambandi?

[00:11]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti hefur svarað því áður að stefnt yrði að því að ljúka þingi fyrir dymbilviku. Það hefur einnig komið fram að við erum með sérstaka þingfundaviku vegna óska um að hér verði ekki fundur á fimmtudaginn. Því er áríðandi að nýta tímann vel, eins lengi og við getum. Þess vegna ætlum við að nýta tímann eitthvað fram á nótt. En það hefur ekki verið ákveðið nákvæmlega hversu lengi.

[00:12]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Við erum enn einu sinni að verða vitni að því að ákveðinn stjórnmálaflokkur er í málþófi. Er að tefja hér umræðuna eins og hefur skeð síðustu vikur. Ég geri athugasemd við það að ef menn vilja að við förum heim fyrir klukkan sex í fyrramálið þá fari menn að hætta því málþófi sem hér fer fram. Ég hvet sjálfstæðismenn til að hætta þessu málþófi. Það er komið nóg í bili.

[00:13]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Mig undrar mjög hvernig sjálfstæðismenn haga sér hér í kvöld. Það eru ekki nema nokkrar vikur síðan ég var með þeim í ríkisstjórn. Þá komu þeir hér upp og hæddu og spottuðu þá þingmenn stjórnarandstöðunnar sem ekki töldu unnt að vinna svolítið fram á nótt. Ég skil þetta satt að segja ekki. Það er ábyrgðarleysi af Sjálfstæðisflokknum hvernig hann hefur hagað sér hér í vetur eftir að hann lenti í stjórnarandstöðu. Hann hefur staðið fyrir linnulausu málþófi alveg eins og hann hefur gert í kvöld bara til þess að koma í veg fyrir að ríkisstjórnin nái fram þjóðþrifamálum.

Hér talaði gamall sjómaður, hv. þm. Grétar Mar Jónsson. Hann vílar það ekkert fyrir sér að vaka til að vinna þau verk sem honum ber skylda til. Okkur ber skylda til þess að hlýða því sem þingið samþykkir. Þingið samþykkti að vinna fram á nótt.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að það er minnihlutastjórn sem nú er við völd. Það er ekki meirihlutastjórn Það er ekki þannig að ríkisstjórnin sé að troða einhverjum vinnuskyldum á þingið. Nei, það var stjórnarliðið ásamt flokkum sem eru utan stjórnar sem tóku ákvörðun (Forseti

hringir.) um þetta. Vilja hv. þingmenn ekki hlýða því sem (Forseti hringir.) þingið samþykkir?

[00:14]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég hlýt náttúrlega að andmæla því algerlega að þetta sé eitthvert málþóf. Ég mótmæli því að þær ræður sem ég hef haldið í kvöld séu annað en efnislegar. Ég hef rætt um niðurgreiðslu raforku til húshitunar og það er mér sérstakt mál. Ég er á móti slíkum sovétaðferðum.

En ég hef bent á að á dagskránni í dag eru 26 mál, flest afskaplega þunn og varða ekkert hag fjölskyldna, (Gripið fram í.) fyrirtækja eða atvinnunnar eða eru til þess að bjarga málum. Það vantar mál frá ríkisstjórninni. Það er allt í lagi að vaka yfir slíkum málum sem skipta máli.

Það eru tvö mál eftir sem mér finnst skipta máli og sem ég ætla að ræða um en ekki sem málþóf, t.d. mál eins og ábyrgðarmennirnir sem ég hef barist lengi fyrir og er mitt hjartans mál. Mér finnst það mál skipta máli. En hérna er fjöldinn allur af málum, t.d. samkomulag milli Íslands og Grænlands um að skipta á útsendum fulltrúum, hvaða máli skiptir það um miðja nótt?

[00:15]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan finnst mér skipta mjög miklu máli að menn hafi einhverja skilgreiningu á því hvernig eigi að standa hér að verkum. Ég tek undir með hv. þm. Pétri Blöndal að mér finnst mjög mikilvægt að við náum að ræða frumvarpið um ábyrgðarmenn sem fyrst og ég tek undir það og tel mjög brýnt að ræða um breytingar á skaðabótalögum. Það eru þau tvö mál sem mér finnst mjög brýnt að verði afgreidd á þeim tíma sem eftir er af þessari dagskrá. Ég hefði viljað mælast til þess við virðulegan forseta að það væri hreinlega ákveðið að þannig yrði staðið að málum, að þau tvö mál skyldu afgreidd, það eru þau sem eru brýn, og yrði gengið frá því.

Við hv. þm. Grétar Mar Jónsson vil ég segja þetta: Ég hef nú talað í tveimur málum og flutt mjög merkar og góðar ræður og komið með mjög mikið og málefnalegt innlegg, það er ekki málþóf. Og þó að þingmaðurinn sé orðinn þreyttur á að hlusta er það bara þannig (Forseti hringir.) að á Alþingi á að (Forseti hringir.) ræða málin til þess að gengið sé frá vandaðri lagasetningu. (Forseti hringir.) Það er liður í vandaðri lagasetningu (Forseti hringir.) að þingmenn vinni og séu vel vakandi við þau störf sem þeir (Forseti hringir.) vinna.

[00:17]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Það er alveg makalaust hvað mönnum finnst það leitt að rætt sé um þau mál ríkisstjórnarinnar sem verið hafa til umræðu. Það er nú meiri óskapaviðkvæmnin sem grípur fólk þannig að það sé með einhver fúkyrði yfir því að hér fari fram málefnaleg umræða. Það er svo fjarri því að hér hafi verið haldið uppi einhverju málþófi eða talað lengi um mál. Ég get upplýst hæstv. iðnaðarráðherra, sem er margreyndur í málþófi hér á Alþingi, um að þingmenn Sjálfstæðisflokksins gætu haldið uppi málþófi. Við erum 26 og við hefðum getað staðið hér og rætt eitt mál allan þann tíma sem við höfum haft núna en við erum komin í 17. mál. (Forseti hringir.) Það getur ekki talist (Forseti hringir.) málþóf og ég vil jafnframt spyrja (Forseti hringir.) hæstv. forseti, af því að hæstv. ráðherra nefndi að hann væri í minnihlutastjórn (Forseti hringir.) sem semja þyrfti um niðurstöður mála: (Forseti hringir.) Var það samningurinn við Framsóknarflokkinn að mæta ekki (Forseti hringir.) til Alþingis? Það væri gott að fá þær upplýsingar frá hæstv. iðnaðarráðherra.

[00:18]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Herra forseti. Mig langar aðeins að gera athugasemdir við að hér hafa nokkrir þingmenn vegið og metið mikilvægi mála. Ég verð að segja að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með hv. alþingismenn Sjálfstæðisflokksins, hvað þeir hafa talað og í rauninni orðið sér til gífurlega mikillar skammar og ósóma og sýnt góðum nágranna, vinum okkar ... (Gripið fram í.) Gæti ég fengið þögn hérna? (**GMJ:** Vertu ekki að kalla fram í, Arnbjörg.) (**ArnbS:** Hlustaðu á umræður ...) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðbH)**:** Ég óska eftir því að hv. þingmaður fái tækifæri til þess að ræða málið um fundarstjórn forseta.)

Ég verð að segja það að það er venjan að Vestnorræna ráðið kemur saman til aðalfundar einu sinni á ári og gerir sameiginlega samþykkt sem að standa sex þingmenn landsþinganna Færeyja, Grænlands og Alþingis Íslendinga. (Gripið fram í.) Svo koma þingmenn Sjálfstæðisflokksins og hrækja á þetta mál með mikilli fyrirlitningu (Gripið fram í.) og það er (Forseti hringir.) til mikillar skammar. Og það gerðu þið bæði í dag og nú. Þið ættuð að skammast ykkar. (Forseti hringir.)

[00:20]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Mér finnst umræðan rétt áðan sýna hvað menn eru orðnir þreyttir og pirraðir. Og það er það sem ég óttast ef við þurfum að ræða þetta mikilvæga mál, um ábyrgðarmenn, að einbeitni og athygli þingmanna sé ekki nægilega mikil.

Ég vil gjarnan ræða það mál í dagsbirtu og ég vil gjarnan að menn séu útsofnir þegar þeir ræða það mál því að það skiptir verulegu máli að ekki sé kastað til höndunum í umræðu um það mál. Þess vegna finnst mér ekki góður bragur á þessari umræðu, að við ræðum bæði það mál og skaðabótalögin sem mér finnst skipta verulegu máli fyrir heimilin í landinu, að verið sé að ræða þau mál klukkan hálfeitt að nóttu. Við höfum svo sem oft gert það og ég skorast ekki undan því en ég er hræddur um að umræðan sé ekki eins markviss og skörp þegar menn eru dauðþreyttir að vinna svona mikilsverð mál sem skipta heimilin miklu máli.

Ábyrgðarmenn, 2. umr.

Frv. LB o.fl., 125. mál (heildarlög). — Þskj. 135, nál. 785, brtt. 786.

[00:21]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er afskaplega hreykin yfir því að standa hér og mega vera framsögumaður fyrir þessu góða máli. Enda þótt langt sé liðið fram á kvöld og komið fram á nótt vona ég svo sannarlega að við munum eiga hér góð skoðanaskipti og umræður um þetta mikilvæga mál og leiða það hér til lykta í 2. umr. og gera það að lögum sem fyrst.

Ég segi hreykin, ekki vegna þess að ég hafi komið sérstaklega að þessu máli heldur vegna þess að um er að ræða mál sem hefur verið flutt einum átta sinnum á 12 til 13 ára bili og þetta er þingmannamál. Ég vil leyfa mér að fullyrða að afgreiðsla þessa máls út úr hv. viðskiptanefnd, en hún er einróma eins og reyndar öll önnur mál sem hér hafa verið á dagskrá og til umræðu í dag, marki ákveðin tímamót í störfum þingsins.

Mætti ég fá hljóð, herra forseti.

Hér er að mínu viti um að ræða þingmál sem skiptir sköpum í þingsögunni. Þetta er langstærsta svokallaða þingmannafrumvarpið, þingmannamálið, sem ég hygg að hafi verið afgreitt hér nái það afgreiðslu sem ég vona svo sannarlega. Ég vil leyfa mér, eins og ég gerði reyndar við 1. umr., að hrósa flutningsmönnum þessa máls um ábyrgðarmenn fyrir þá staðfestu sem þeir hafa sýnt í gegnum öll árin. Ég vil leyfa mér að telja flutningsmenn þessa frumvarps hér upp en það eru hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson, Ögmundur Jónasson, Jón Magnússon, Pétur H. Blöndal, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðni Ágústsson og Ágúst Ólafur Ágústsson.

Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem er sérislenskt í raun. Það ábyrgðarmannakerfi sem hér hefur vaxið og viðgengist um árabil á sér engan sinn líka í nálægum löndum. Markmið frumvarpsins sem hér liggur fyrir er að draga úr vægi persónulegra ábyrgða og stuðla að því að lánveitingar miðist við greiðslugetu manna, greiðslugetu lántakandans sjálfs, og hans eigin tryggingar en ekki persónulegar ábyrgðir einhverra annarra. Með frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlöggjöf um ábyrgðarmenn en svo undarlegt sem það má virðast þá er ekki í lögum að finna neinar reglur um ábyrgðir og hvernig skuli staðið að slíkri samningsgerð.

Árið 1998 var gert samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og viðskiptaráðuneytið hafði aðkomu að því samkomulagi við Neytendasamtökin og Samtök fjármálafyrirtækja. En sá galli er á gjöf Njarðar að ekki eru öll aðildarfélög Samtaka fjármálafyrirtækja aðilar að því samkomulagi.

Ég mæli hér, herra forseti, fyrir nefndaráliti hv. viðskiptanefndar um þetta frumvarp til laga og nefndarálitið er að finna á þskj. 785. Í upphafi þess kemur fram að einir þrettán gestir hafi komið fyrir nefndina og nefndinni bárust fjórtán umsagnir um málið. Í þeim mörgum kom fram að samþykkt frumvarpsins hefði víðtæk áhrif á fjármálamarkaðinn íslenska. Til hins betra, sögðu sumir. Til hins verra, sögðu aðrir. Þó svo að menn hafi ekki endilega verið sammála í því mati sínu þá mælti í rauninni enginn því í mót að sett yrði löggjöf um ábyrgðir. Ég vil leyfa mér að vitna til umsagna Samtaka fjármálafyrirtækja og Seðlabanka Íslands og fleiri sem leggja því lið.

Nefndin hlustaði grannt á alla gesti sem fyrir hana komu og fór vandlega yfir umsagnir. Ég vil leyfa mér að segja að þær breytingartillögur sem hér fylgja, á þskj. 786, séu til þess að skerpa enn frekar á yfirlýstum tilgangi frumvarpsins og skýra réttarstöðu ábyrgðarmanna, lántaka og lánveitenda.

Eins og ég sagði áðan þá hefur það frá upphafi verið markmið flutningsmanna frumvarpsins að draga úr vægi ábyrgða. Við heyrðum að samþykkt þessa frumvarps gæti haft það í för með sér að ábyrgðarkerfinu yrði kollvarpað, og ég verð að segja það, herra forseti, að frétt sem birtist í Ríkisútvarpinu um klukkan tvö í dag er í rauninni dánarvottorð yfir ábyrgðarmannakerfinu. Því að staðreyndin er sú að einn aðili hefur þegar greitt atkvæði um frumvarpið og það er Kaupþing sem í dag tilkynnti að bankinn hefði aflagt ábyrgðarmannakerfið. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa frétt sem birtist í Ríkisútvarpinu fyrr í dag og var svohljóðandi:

„Nýja Kaupþing hefur ákveðið að leggja niður ábyrgðarmannakerfið. Viðskiptavinir fá því framvegis aðeins lánað í takt við eigin greiðslugetu.

Í tilkynningu frá Kaupþingi kemur fram að þetta auðveldi fólki að takast á við fjármálakreppuna og dragi úr hættu á að fjárhagserfiðleikar smiti út frá sér. Reynsla bankans af ábyrgðarmannakerfinu sé ekki góð. Innheimta hafi gengið illa og skapað bankanum óvild. Breytingin tekur þegar gildi en er ekki afturvirk."

Hér er að mínu viti um nokkur tímamót að ræða og vil ég leyfa mér að tengja þessa ákvörðun bankans vitneskjunni um það að búið er að afgreiða þetta langþráða mál í fullri sátt út úr hv. viðskiptanefnd og að vonir standi til þess að þingið nái að afgreiða það fyrir lok þings í vor.

Ég vil, herra forseti, hlaupa örstutt á ítarlegu nefndaráliti og gera stuttlega grein fyrir þeim breytingum sem nefndin leggur til að gerðar verði á frumvarpinu. Í I. kafla frumvarpsins er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Þar er gert ráð fyrir því að frumvarpið taki til stofnana og fyrirtækja sem stunda útlánastarfsemi. Í breytingartillögu við 2. gr. eru taldar upp þær stofnanir sem um ræðir en þar segir, með leyfi forseta:

„Stofnanir og fyrirtæki geta m.a. verið viðskiptabankar, sparisjóðir, greiðslukortafyrirtæki, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, vátryggingafélög, lífeyrissjóðir, Íbúðalánasjóður og Lánasjóður íslenskra námsmanna."

Í þessari sömu breytingartillögu eða efnisgrein er fjallað um það við hvað sé átt með ábyrgðarmanni. Þar segir, með leyfi forseta, í breytingartillögu við 2. gr:

„Með ábyrgðarmanni er átt við einstakling sem gengst persónulega í ábyrgð eða veðsetur tilgreinda eign sína til tryggingar efndum lántaka enda sé ábyrgðin ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans."

Í þessum síðustu orðum er í rauninni fólgin áherslubreytingin, þ.e. að ákvæði frumvarpsins eiga ekki við um

tilvik þegar einstaklingur tekst á hendur ábyrgð í eigin þágu.

Í þessari sömu breytingartillögu er gerð tillaga um það að viðskiptaráðherra verði heimilt með reglugerð að undanskilja tiltekin form ábyrgða gildissviði laganna og má þar nefna sem dæmi þegar ábyrgðarmaður hefur gengist í ábyrgð fyrir lánveitingu sem síðan er ráðstafað til kaupa á hans eigin íbúðarhúsnæði — afsakið, herra forseti, hér mislas ég, hér er ég að vísa til þess að þetta taki ekki til ábyrgðar í eigin þágu. Hvað varðar reglugerðarheimildina þá er vísað til þess að til greina komi að ráðherra beiti heimild sinni hvað varðar tilgreindar ábyrgðir sem til stofnast við framsal kröfuréttinda eða á grundvelli annarra málefnalegra ástæðna.

Í II. kafla frumvarpsins er mælt fyrir um stofnun, efni og form ábyrgðarsamninga og þar er gengið út frá því að lánveitanda beri að tryggja tiltekna formfestu við samningsgerðina og brestur í þeim efnum geti orðið til þess að ábyrgðarmaður verði laus úr ábyrgð sinni.

Í ljósi þess, herra forseti, að raunhæf viðmið skortir við framkvæmd greiðslumats leggur nefndin til að við 1. mgr. 4. gr. verði bætt heimild til handa viðskiptaráðherra til að setja reglugerð þar að lútandi. Þar verði m.a. heimilt að kveða á um að skylda til greiðslumats geti verið undanþæg nái ábyrgðarsamningur ekki tilgreindri lágmarksfjárhæð en þessi tillaga kom fram í einni umsögn sem nefndinni barst.

Ég vil víkja, herra forseti, að III. kafla frumvarpsins sem tekur til réttarsambands lánveitanda og ábyrgðarmanns en nefndin gerir nokkrar breytingartillögur við 7. gr. frumvarpsins. Þar er um lagfæringar að ræða í takt við ábendingar sem nefndinni bárust og efnislega er þó ein ný málsgrein viðbót sem verði 2. mgr., svohljóðandi:

„Ábyrgðarmaður skal vera skaðlaus af vanrækslu lánveitanda á tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. og ef vanræksla er veruleg skal ábyrgð falla niður.“

Hér er vísað til þess að ef lánveitandi ekki uppfyllir þær kröfur sem 7. gr. laganna gerir til hans um mat á greiðslugetu viðkomandi og tilkynningarskyldu til ábyrgðarmanns, um breytta stöðu lántaka, þannig að um vanrækslu sé að ræða, verði ábyrgðarmaður skaðlaus.

Herra forseti. 8. gr. frumvarpsins fékk hvað ítarlegasta umfjöllun í nefndinni en í henni er kveðið á um að lánveitandi geti ekki gert aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans og að lánveitandi geti ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns.

Hér er um allverulega breytingu að ræða og var talsvert fjallað um þýðingu þessarar greinar í umfjöllun nefndarinnar. Því var haldið fram að þessi grein mundi girða fyrir notkun ábyrgða og af því tilefni vill nefndin ítreka, og kemur fram hér í nefndaráliti, að umrætt ákvæði nær aðeins til persónulegrar ábyrgðar en á ekki við um það þegar ábyrgðarmaður veitir veðleyfi í fasteign sinni. Enn fremur miðast ákvæðið við það að sú fasteign þar sem ábyrgðarmaður og fjölskylda hans heldur heimili skuli undanþegin aðför.

Nefndin telur að eigi það markmið að undanþiggja heimili ábyrgðarmanns aðför að nást verði jafnframt að takmarka möguleika lánveitanda til þess að krefjast gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns. Gjaldþrotaskiptum verður því ekki viðkomið á búi ábyrgðarmanns á grundvelli fjárnáms sem er árangurslaust sökum þess að eignin er undanþegin aðför enda ekki um eignaleysi að ræða hjá gerðarþola, þ.e. ábyrgðarmanni, í slíkum tilvikum. Þess meðalhófs er gætt að komi til gjaldþrotaskipta ábyrgðarmanns af öðrum ástæðum getur lánveitandi að sjálfsögðu lýst ábyrgðarkröfu í búið.

Herra forseti. Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um ýmsar takmarkanir á ábyrgð og í 3. mgr. 9. gr. er fjallað um áhrif skuldaeftirgjafar á stöðu ábyrgðarmanns. Það er gert í ljósi þess að fyrir allsherjarnefnd er nú til umfjöllunar mál um greiðsluaðlögun. Því er hér sú breyting lögð til sem gerir ráð fyrir að þessir gerningar, þ.e. greiðsluaðlögun, eftirgjöf skuldar eða hluta skuldar hafi sömu áhrif og nauðasamningur eða önnur eftirgjöf. Með leyfi forseta þá segir af þessu tilefni í 5. breytingartillögu á þskj. 786, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 60. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal nauðasamningur eða önnur eftirgjöf, þ.m.t. nauðasamningur til greiðsluaðlögunar, sem kveður á um lækkun kröfu á hendur lántaka hafa sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.“

Herra forseti. Ég vil vekja sérstaka athygli á 12. gr. frumvarpsins en nokkuð var fjallað um það í umsögnum og í umfjöllun nefndarinnar að þar væri um afturvirkt ákvæði að ræða. Nefndin leggur til að þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að stofnun, efni og formi ábyrgðarsamninga gildi ekki um ábyrgðarsamninga sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna, og það sama eigi við um þau ákvæði frumvarpsins sem takmarka aðför og gjaldþrotaskipti á búi ábyrgðarmanns. Breytingin er lögð til að gættum sjónarmiðum um afturvirkni laga og friðhelgi einkaréttar, þ.e. þessi ákvæði, herra forseti, eru ekki afturvirk. En með hliðsjón af því að ábyrgðarsamningar eru oft gerðir til langs tíma telur nefndin eðlilegt að önnur ákvæði frumvarpsins nái til samninga sem þegar hafa verið gerðir enda séu þau í anda framkvæmdar sem viðhöfð hefur verið á grundvelli samkomulags um ábyrgðir og íþyngi lánveitendum ekki um of.

Herra forseti. Í ákvæði til bráðabirgða leggur nefndin til að við bætist ákvæði þess efnis að heimilt verði að víkja ábyrgð til hliðar í heild eða að hluta á grundvelli 36. gr. samningslaga og að teknu tilliti til þeirra atvika er leiddu til setningar neyðarlaganna í haust. Ákvæðið er svohljóðandi, með leyfi forseta. Nýtt ákvæði til bráðabirgða 8. breytingartillaga á þskj. 786.

„Heimilt er að víkja ábyrgð til hliðar í heild eða að hluta á grundvelli 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, og að teknu tilliti til þeirra atvika er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008.“

Lagagreinin veitir dómstólum m.a. heimild til þess að lýsa óskuldbindandi löggerninga sem í upphafi voru gildir vegna atvika sem upp komu eftir gerð þeirra. Nefndin telur að með upptöku umræddsákvæðis til bráðabirgða felist áréttingá að við mat á beitingu heimildarinnar verði í tilviki ábyrgðarmanna litið til þeirra aðstæðna á fjármálamarkaði sem voru undanfari neyðarlaganna.

Nefndin bendir á nýlega bráðabirgðagreiningu Seðla-

banka Íslands frá 11. mars 2009 um áhrif yfirstandandi fjármálakreppu á efnahag heimilanna en hún gefur tilefni til þess að ætla að svigrúm ábyrgðarmanna til að standa undir skuldbindingum lántaka sé verulega takmarkað. Er sýnt að mati nefndarinnar að staða margra heimila er viðkvæm vegna hækkunar á greiðslubyrði og lækkandi eignaverðs auk þess sem atvinnuleysi hefur aukist mjög.

Herra forseti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali, nr. 786.

Birgir Ármannsson, Höskuldur Þórhallsson og Árni M. Mathiesen skrifa undir álit þetta með fyrirvara. Birkir Jón Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Gunnar Svavarsson, Birgir Ármannsson, Lúðvík Bergvinsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Höskuldur Þórhallsson, Árni M. Mathiesen og Jón Magnússon.

[00:40]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég segi nú: Loksins, loksins! Þetta mál hefur verið flutt mjög oft og lengi. Ég hef verið á því frá fyrstu tíð og barist fyrir framgangi þess þannig að ég gleðst mjög yfir þessu máli. Og þegar ég er búinn að halda mína ræðu þá munu menn skilja af hverju ég er svo áhugasamur um þetta mál.

Þetta mál er á margan hátt athyglisvert. Það er í fyrsta lagi þingmannamál og það er alveg í samræmi við það sem ég ætla mér að breyta, þ.e. að breyta starfsháttum Alþingis þannig að meira verði samþykkt af þingmannamálum og málum nefnda þannig að vægi framkvæmdarvaldsins minnki eins og krafa hefur verið um og vægi Alþingis aukist. Þegar dregur úr valdi framkvæmdarvaldsins þá vex jafnframt vægi þingmanna gagnvart flokksræði.

Málið er því á margan hátt mjög jákvætt. Eini gallinn við það er, frú forseti, er að það er búið að flytja það allt of oft og það er allt of seint samþykkt. En það er kannski dæmi um ákveðna vakningu sem er í gangi einmitt til þess að þingmenn séu metnir sem slíkir og séu löggjafarvaldið eins og stjórnarskráin segir.

Varðandi þetta mál, þennan ósið í íslensku fjármálakerfi sem ábyrgðir eru, þá er þetta einkenni á íslenskum lánamarkaði. Þetta er nánast óþekkt í útlöndum, ekki alveg óþekkt en mjög sjaldgæft. Það er mjög lítið notað fyrirbæri að láta annað fólk ábyrgjast skuldir einhvers í staðinn fyrir að skuldarinn beri sjálfur ábyrgð á sínum skuldum. Þetta er eflaust hluti af því að bankarnir voru áður í ríkiseigu og menn vildu bara skauta létt fram hjá því að bera ábyrgð á lánveitingunum. Það var svo auðvelt að fá einhvern annan til þess að bera ábyrgð og þá urðu bæði lánveitandi og lántakandi ábyrgðarlausir og allt lánakerfið var mjög óagað, agalaust, og það mun koma í ljós þegar ég lýsi á eftir þeim dæmum sem ég hef upplifað í gegnum tíðina, því miður, allt of mörg dæmi sem ég gjarnan hefði ekki viljað upplifa.

Nú er í gangi ákveðin krafa um gagnsæi og heiðarleika. Ég má til með að nefna, frú forseti, að ég hef flutt þingsályktunartillögu um að taka upp nýtt form á hlutafélögum, þ.e. gagnsæ hlutafélög sem koma í veg fyrir það sem við erum að upplifa þessa dagana, að hlutafélög eru að lána eigendum sínum, kaupa í eigendum sínum og alls konar svoleiðis óeðli í hlutafélagaforminu sem leiðir til þess að peningar fara í hring og mynda krosseignarhald og þess háttar sem tekur í burt áhrif upprunahluthafa. Þetta frumvarp er hluti af því að koma meiri skýrleika á kerfið, meiri aga og meiri ábyrgð í allt heila kerfið. Og það er svo merkilegt að frumvarp til laga um ábyrgðarmenn sem á að minnka vægi ábyrgðarmanna er í rauninni krafa um að auka ábyrgð hjá öðrum en ábyrgðarmönnum, auka ábyrgð lánveitenda, auka ábyrgð lántakenda sérstaklega.

Ég ætla að nefna nokkur dæmi. Ég lofaði því. Stuttu eftir að ég hóf störf hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna fyrir langalangalöngu — það hefur verið 1978 eða 1979 — þá rak á fjörur mínar mál sem var þess eðlis að ung stúlka hafði verið í sambandi við ungan mann og hann langaði í bíl. Það varð úr að hún gat fengið lán til að kaupa bíl hjá lífeyrissjóðnum gegn því að útvega veð. Hvað gerði stúlkan? Hún labbaði til ömmu sinnar sem átti íbúð í Smáíbúðahverfinu og fékk lánað hjá gömlu konunni veð. Það er erfitt að neita barnabarninu um slíka bón. Svo kaupir ungi maðurinn bílinn og svo hætta þau saman, parið. **(Gripið fram í:** Svo ók hann í burtu á bílnum.) Svo ók hann í burtu á bílnum og það var bara ekki grín. Lífeyrissjóðurinn þurfti að ná í sína peninga. Hann gat ekki gefið fólki peninga. Hvað gat hann gert annað en hann innheimti bréfið og ungi maðurinn bara hló. Honum fannst þetta sniðugt. Honum bara kom þetta ekkert við. Hann ók bara á sínum bíl og það var ekkert hægt að ná í hann eða hann sagði að honum kæmi þetta ekki við, enda var ekkert á hann að sækja. Þá er gengið að veðinu. Þar er gamla fólkið, amman og afinn og þau segja líka að þeim komi þetta ekkert við og þau bara loka, ansa ekki dyrabjöllunni þegar á að fara að innheimta og gera kröfu. Þetta er í hávaðavandræðum þetta mál. Sem forstjóri talaði ég við — þó ég þyrfti þess ekkert í rauninni — þá talaði ég við drenginn og það var ekki tauti við hann komandi. Ég talaði við foreldra stúlkunnar, hvort þau væru tilbúin að borga eitthvað. Nei, þau gátu það ekki. Þau voru ekki það vel stæð. Á endanum talaði ég um málið við foreldra drengsins og þau, hvernig á ég að orða það, svona fengust til þess, svo ég segi ekki hunskuðust til þess að borga af láninu og koma því í skil og standa við það eftir það og innheimta það hjá drengnum. Þannig bjargaðist það mál. En það var komið að uppboði á húsi gamla fólksins. Þannig var málum komið. Þetta fannst mér ekki skemmtileg reynsla, frú forseti. Ég gaf út bækling fyrir hönd lífeyrissjóðsins þar sem ég varaði eindregið við uppáskriftum fólks við svona lánum. Það var 1980 hefur það verið um það bil. Það eru sem sagt komin nærri 30 ár síðan. Allan þann tíma hefur þetta kerfi verið í gangi.

Svo frétti ég af því — það hringir í mig gömul kona, vinkona mín, og segir að hún hafi skrifað upp á lán hjá bankastjóra Landsbankans, hún hafi talað við hann þrisvar. Málið var að það var fyrirtæki sem stóð í stórframkvæmdum uppi í Breiðholti — þá var verið að byggja Breiðholtið — og ungur maður ætlaði að flytja inn sement til að fleyta á gólf, þ.e. flotsteypu fyrir nokkur hundruð íbúðir. Þetta var mjög góður bisness fyrir drenginn. Hann ætlaði að vinna þetta sjálfur og þetta leit ljómandi vel út. Gamla konan fór þrisvar og talaði við bankastjórann og spurði hvort þetta

væri ekki allt saman öruggt með þetta fyrirtæki sem stóð í þessum byggingarframkvæmdum og allt það. Þessi bankastjóri man örugglega eftir þessu. Hann fullvissaði hana um það af því að það stóð til að hún skrifaði upp á fyrir unga drenginn, barnabarnið sitt sem hún og gerði. Hann flytur inn efnið, drengurinn og svo fleytir hann gólfið og vinnur við þetta allt sumarið. Um haustið fer fyrirtækið sem byggði blokkirnar á hausinn og varð frægt gjaldþrot og það hljóta að hafa verið einhver merki um það þegar gamla konan skrifaði upp á. Ég get ekki ímyndað mér annað. Þetta fór á hausinn. Ungi maðurinn fór til Suður-Ameríku gjaldþrota og gamla konan missti íbúðina. Maðurinn hennar dó úr hjartaáfalli. Hún tengdi það saman. Ég er ekki alveg viss um það, frú forseti. Þetta var harmsaga. Hringir svo ekki gamla konan í mig — ég veit ekki hvort ég á að segja frá því — og sagði að hún hefði lánað dóttur sinni milljón og hvort hún þyrfti að tilkynna það til búsins. Þá, frú forseti, varð ég óheiðarlegur og sagði: „Þú hefur ekki talað við mig, vinan. En þú gefur þetta lán ekki upp.“ Þá var heiðarleikinn hjá henni svo mikill gagnvart bankanum að hún ætlaði að fara að gefa upp lán sem var bara munnlegur samningur við dóttur hennar til að minnka kröfur bankans, til að gangast inn á kröfur bankans. En bankinn var gersamlega óheiðarlegur að mínu mati. Þetta er eitt dæmi.

Síðan frétti ég af fyrirtæki í nágrenni Reykjavíkur sem stefndi í gjaldþrot. Þá eru stjórninni settir þeir kostir af bankanum sínum, sem ég held að hafi verið — ég man ekki alveg hvaða banki það var. Ég ætla ekki að nefna það — að koma með ábyrgðarmenn fyrir 20 milljónum, annars færi fyrirtækið í þrot og fjöldi manns yrði atvinnulaus. Stjórnarmennirnir gera það. Þeir fara út um allan bæ í sveitarfélaginu og ná í ættingja og vini og það er skrifað upp á. Þessi upp á 3 milljónir og þessi upp á 4 og svo framvegis. Þrem mánuðum seinna setur bankinn fyrirtækið í gjaldþrot. Hann vissi allan tímann að hann ætlaði að fara í gjaldþrot. Hann notaði þetta fólk til að minnka sínar skuldir, minnka það sem hann var búinn að koma í óefni. Þetta er afskaplega ósiðlegt, frú forseti.

Svo er dæmi um mann sem átti viðskiptavin. Þeir unnu saman tveir í fyrirtæki og skrifuðu upp á hvor fyrir annan. Annar féll frá og hinn þurfti að borga allt tjónið sem voru miklar skuldir sem sá hafði persónulega allt annars staðar og hann vissi ekkert af. Til eru alls konar svona dæmi. Einn vinur minn skrifaði upp á fyrir dóttur sína og þau talast ekki lengur við, námslán. Það eru mörg svona dæmi.

En svo er ég með alveg flunkunýtt dæmi, frú forseti, flunkunýtt á facebook sem ég heyrði bara fyrir tveim dögum eða fyrir viku. Þar er ung kona. Ja ung, hún er reyndar 40 ára núna, eða rúmlega það. 19 ára gömul er hún einstæð með tvö börn og með íbúð. Bróðir hennar tekur lán sem hún skrifar upp á. Það er svo erfitt að neita bróður sínum. Lánið fer í vanskil. Bróðirinn borgaði aldrei af því. Hvað skyldi gerast, frú forseti. Í 18 ár er þessi kona hundelt af bankanum. Hún missir húsnæði sitt, missir íbúðina. Hún er einstæð með tvö börn. En það er aldrei gengið á bróðurinn. Hún er búin að vera á vanskilaskrá núna í 18 ár og herra forseti, veistu hvað gerðist? Í nóvember síðastliðinn fær hún að vita að hún er laus. Eftir 18 ára skuldafangelsi. Hún sagði að hún hefði gjarnan viljað vera dæmd í fangelsi í tvö ár. Þá sæti hún þar alla vega bara í tvö ár og losnaði (Gripið fram í.) og náttúrlega helst á Kvíabryggju. Þar er huggulegt. En að vera í 18 ár og geta ekki keypt neitt og ekki gert neitt af því að maður er á vanskilaskrá og í rauninni gjaldþrota, það eru hörmuleg örlög og hið merkilega er að bróðirinn fór aldrei á vanskilaskrá. Það var ekki einu sinni litið við honum. Það var gengið beint á þann sem átti íbúð og eftir að hann var búinn að missa íbúðina var haldið áfram að þjösnast á honum. Svo segir gestur hjá hv. nefnd að þetta kerfi hafi gengið þokkalega. (Gripið fram í.) Hann segir virkilega að þetta hafi gengið þokkalega. Er ég að lýsa einhverju þokkalegu kerfi? (**Gripið fram í:** Þokkalega viðkvæmt.) Fyrir hvern? Já, akkúrat. Þetta eru harmsögukerfi og alveg með ólíkindum að þetta skuli hafa liðist allan þennan tíma. Hverju er þetta í rauninni að lýsa? Þetta er að lýsa því að bankarnir velta ábyrgðinni af sér yfir á eitthvert fólk sem á fasteign og þar með þurfa þeir ekkert að spekúlera í því meir. Þeir eru gjörsamlega ábyrgðarlausir gagnvart lánveitingunni. Því fylgir nefnilega heilmikil ábyrgð að veita lán. Og lántakandinn verður líka algjörlega ábyrgðarlaus og núna sem betur fer þá varð fagnaðarefni í dag þegar tilkynning kom frá Kaupþingi um að þeir ætli að fara að hætta þessum ósið og fara væntanlega að stunda ábyrgar lánveitingar. Guði sé lof fyrir lánakerfið, frú forseti, guði sé lof fyrir lánakerfið. Það stendur þá væntanlega betur eftir að þar eru ábyrgar lánveitingar en ekki verið að lána í einhverja bölvaða vitleysu eins og hefur verið hingað til með því að fá einhvern til að skrifa upp á. Það er svo erfitt fyrir kærasta, ömmu eða einhvern slíkan að neita ættingjanum eða ástvininum um uppáskrift af því að það virðist vera svo auðvelt.

Ég hef reyndar alltaf haft þá reglu, frú forseti, ef einhver biður mig að skrifa upp á að þá bara segi ég: Á ég ekki að gefa þér það. Það hefur reynst miklu betur. Það vilja menn ekki þiggja. Þess vegna hef ég sjaldan eða aldrei skrifað upp á, eiginlega aldrei. En ég áttaði mig strax á því hvað það þýðir. Það er sama sem. Maður getur alveg eins bara gefið peninginn eins og að skrifa upp á.

Ég ætla ekki að fara út í nánari útlistun á þessu. Hér var mikil umræða um íbúðina og það er kannski einmitt þar sem hnífurinn stendur í kúnni að bankarnir spyrja alltaf ef það er bílalán eða hvað sem er: Áttu íbúð? Ef þú átt ekki íbúð þá spyrja þeir: Þekkirðu einhvern sem á íbúð? Ef þú segir já, pabbi á íbúð, amma á íbúð og svona: Geturðu ekki talað við hann um að fá ábyrgð hjá honum? Þetta er gangurinn. Svona gengur lánveitingin fyrir sig. Það er ekki spurt: Geturðu keypt bílinn? Nei. Það er spurning: Áttu íbúð? Og þar með þarf bankinn ekkert að hugsa meir. Hann er ábyrgðarlaus, agalaus og ábyrgðarlaus.

Ég ætla að vona að samþykkt þessa frumvarps og frumkvæði Kaupþings í dag sem ég er mjög ánægður með og að aðrir bankarnir koma í kjölfarið leiði til þess að inn í íslenskan lánamarkað komi meiri ábyrgð og meiri agi en verið hefur undanfarið þannig að þvílíkar harmsögur sem ég hef verið að lýsa — og þetta er örugglega ekki nema lítið brot. Þetta er eitthvað sem berst mér eiginlega af tilviljun. Ég var ekkert að leita eftir þessu. Ég er ekki að auglýsa eftir slíkum dæmum og í rauninni veit ég ekki hvort ég kæri mig um að fá að heyra mikið fleiri því það er ekki skemmtilegt

að upplifa þetta. En þetta er nokkuð sem bankakerfið hefur búið til og er vonandi núna á undanhaldi. Ég ætla að vona að þetta frumvarp brjóti í blað að mörgu leyti, í fyrsta lagi að þetta skuli vera þingmannafrumvarp, í öðru lagi að nefndin skuli taka það til mikillar og vandlegrar umræðu og fara mjög vandlega gegnum það. Ég held að þetta sé mjög vel unnið frumvarp að mörgu leyti. Ég er mjög ánægður með það. Það eina sem ég er óánægður með, frú forseti, og eiginlega dálítið mikið óánægður með er að ég skuli vera að ræða klukkan eitt um nótt svona mikilsvert mál. Ég hefði verið skarpari — þó veit ég það ekki — yfir daginn. (**Gripið fram í:** Þú ert búinn að vera mjög skarpur.) Mjög skarpur. Ég þakka þér fyrir það. Næturgöltrið kemur þá ekki niður á gildi málsins. Ég er nú einu sinni þannig gerður að ég ber það mikla virðingu fyrir svona máli að ég vildi gjarnan vinna það við dagsljós, yfir daginn.

Ég tel að þetta sé eitt af þeim málum sem skiptir fjölskyldurnar og heimilin í landinu verulegu máli. Ég held að til framtíðar þurfum við núna að hanna nýtt kerfi. Atvinnulífið þarf að gjörbreytast. Til framtíðar þurfum við að líta á atvinnulíf sem er gagnsætt og með ábyrgð og aga. Ráðdeild og sparsemi eru stikkorðin sem við þurfum til að horfa til framtíðar vegna þess, eins og við höfum séð undanfarna daga, að atvinnulífið okkar hrundi, bankarnir hrundu og meira og minna allt atvinnulífið vegna þess að það var óagað og það voru veilur í því, menn misnotuðu það, peningar fóru í hringi og bankarnir voru eiginlega holaðir að innan með lánveitingum til eigenda sinna. Í staðinn fyrir að vera þykkir í gegn voru þeir holir og allt kerfið var mjög valt. Allt er þetta vegna agaleysis og ábyrgðarleysis. Ég held að það sé núna kall tímans og það sem við eigum að læra af þessu öllu saman fyrir utan það að við þurfum náttúrlega að sjálfsögðu að finna það ef einhver hefur brotið lög. Það er búið að gera heilmikið í því. Við vorum einmitt að ræða það í gær eiginlega, um sérstakan saksóknara. Reyndar er þingfundur búinn að standa síðan en það var í gær. Við þurfum að sjálfsögðu að finna ef einhver hefur brotið lög. En við þurfum líka að læra af því sem fór miður og ég held að það sem við þurfum sérstaklega að læra sé að það þarf að koma á gagnsæi í alla þessa ákvarðanatöku og sanngirni og heiðarleika því að heiðarleikinn hefur mikið verðmæti. Heiðarleikinn hefur verðmæti fyrir þann sem er heiðarlegur og aðrir vita það. Hann hefur líka verðmæti fyrir fyrirtækin sem eru heiðarleg og sanngjörn og hann hefur verðmæti líka fyrir heilu samfélögin. Heilu þjóðirnar geta verið heiðarlegar, aðrar þjóðir óheiðarlegar og hjá þeim heiðarlegu blómstrar efnahagslífið og hjá þeim óheiðarlegu er allt í rúst þó þar séu bæði auðlindir og góð menntun.

Ég legg til að þetta verði afgreitt sem fyrst frá Alþingi því þetta kemur fjölskyldum í landinu mest til góða.

[01:00]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég tek undir mjög margt af því sem fram kom í máli hv. þm. Péturs Blöndals. Ég ætla fyrst að nefna, til að hafa nefnt það, að ég er sammála honum um að auðvitað er vont að þurfa að ræða þetta hér í náttmyrkrinu en það leiðir til þess að ég stytti mál mitt miðað við það sem kannski hefði ella orðið.

Ég tek fyrst og fremst til máls til að taka undir þau sjónarmið sem hafa komið fram að mál þetta er almennt mikið framfaramál og í sjálfu sér mjög æskilegt að þróunin verði í þá átt sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að mjög verulega dragi úr persónulegum ábyrgðum í sambandi við lánveitingar. Í því ljósi geri ég eins og aðrir ræðumenn hér í kvöld og fagna þeirri yfirlýsingu sem kom í dag frá Kaupþingi og vona að fleiri lánveitendur fylgi í kjölfarið

Ég held að það sé alveg hárrétt sem hefur komið fram hér, bæði af hálfu formanns nefndarinnar og hv. þm. Péturs Blöndals, að það sem frumvarpið felur í sér í meginatriðum er auðvitað það að lánveitendur þurfa að gæta sín betur og sýna meiri ábyrgð í sambandi við lánveitingar. Þeir þurfa að íhuga betur greiðslugetu þess sem þiggur lánið og geta ekki baktryggt sig með því að fara einhverjar krókaleiðir ábyrgðarmanna sem geta, eins og lýst hefur verið, leitt til mjög sorglegra og óheppilegra tilvika, eins og hv. þm. Pétur Blöndal rakti mörg dæmi um. Slík dæmi eru fjöldamörg og fjölbreytileg og í mörgum tilvikum alveg óskaplega sorgleg.

Þess vegna fagna ég ákvæðum frumvarpsins og tel að þau horfi til framfara. Ég vil taka fram að við yfirferðina í nefndinni sýndist mér og ég taldi að breytingartillögurnar sem gerðar voru séu til þess fallnar að koma til móts við margar af þeim athugasemdum sem fram komu í störfum nefndarinnar.

Ég og fleiri nefndarmenn gerðum fyrirvara við nefndarálitið, þó að við styddum það að taka málið út úr nefndinni og styddum málið í heild gerðum við ákveðna fyrirvara. Í mínu tilviki var það sérstaklega varðandi 8. gr. Það er ekki á þeirri forsendu að mér finnist reglan, sem þar er lögð til, ósanngjörn. En ég játa að þegar málið kom til afgreiðslu í nefndinni hafði ég og hef raunar enn nokkrar áhyggjur af lagatæknilegum þáttum í þessu sambandi, einkum í ljósi athugasemda frá bæði Lögmannafélaginu og réttarfarsnefnd, sem lúta sérstaklega að því ákvæði og mundi í ljósi þess fyrirvara sem ég gerði áskilja mér rétt til að óska eftir því við atkvæðagreiðslu að málið gangi aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. út af því tiltekna atriði til að betra ráðrúm gefist til að átta sig á þeim lagatæknilegu þáttum sem snúa sérstaklega að ákvæðinu.

Í nefndarálitinu er ýmsum röksemdum, sem fram koma í álitum réttarfarsnefndar og laganefndar Lögmannafélagsins, svarað, en ég væri persónulega rólegri að afgreiða frumvarpið ef ég hefði aðeins meira ráðrúm til að átta mig á þeim þáttum. Ég er ekki að biðja um að málið gangi til nefndar núna, en áskil mér rétt til að gera það hugsanlega við atkvæðagreiðslu ef nánari athugun af minni hálfu leiðir það í ljós.

Að öðru leyti fagna ég þessu máli og fagna að það er komið á þetta stig og vonast eindregið til að við náum að ljúka afgreiðslu þess sem fyrst, eða að minnsta kosti á meðan þetta þing starfar.

[01:06]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en tekið undir það sem hér hefur komið fram og lýst mikilli ánægju með að þetta mál skuli vera komið út úr nefnd. Sá er hér stendur

hefur flutt þetta mál átta sinnum á undanförnum 12–13 árum þannig að það er mikil ánægja að málið skuli vera komið svo langt sem raun ber vitni.

Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt, einkanlega af formanni nefndarinnar og hv. þm. Pétri Blöndal, sem hefur, að því að ég man best, sennilega flutt málið með mér í öll skiptin utan eins eða tveggja á þessum 12–13 árum. Þannig að hann hefur verið öflugur og góður liðsmaður í því að koma málinu áfram.

Í mínum huga hefur íslenska ábyrgðarmannakerfið verið allt að því krabbamein í íslensku viðskiptalífi, ef svo má að orði komast. Þótt það megi kannski kalla öfugmæli held ég að ábyrgðarmannakerfið sem slíkt hafi í reynd dregið úr ábyrgð í íslensku viðskiptalífi, þ.e. það hefur dregið úr ábyrgð þeirra sem raunverulega hafa átt viðskipti og raunverulega gert samninga sín í millum. Þeir hafa ekki þurft að bera fulla ábyrgð á gerningi sínum heldur treyst því að þriðji aðili úti í bæ tryggði að efndir gengju eftir. Eins og hefur komið fram í umræðunni er jafnvíðfeðmt og mikið notað ábyrgðarmannakerfi sennilega ekki til í veröldinni.

Árið 1996 var gerð ákveðin úttekt á þessu sem leiddi í ljós að tæplega 50% Íslendinga 18 ára og eldri voru í persónulegum ábyrgðum fyrir fjárskuldbindingum annarra. Það eitt, virðulegi forseti, segir okkur á hvaða villigötur við vorum komin í þessu. Því er það mikið framfaraskref að eftir allan þennan tíma skuli nú stefna í að Alþingi afgreiði hér frumvarp um ábyrgðarmenn sem verði að lögum.

Ég vil líka sérstaklega fagna yfirlýsingu Kauphings í dag, þar sem því er lýst yfir að Kauphing hafi ákveðið að falla frá því að nota ábyrgðarmannakerfið hvað varðar lánveitingar til einstaklinga, sem er mjög ánægjulegt. Það sem fylgdi yfirlýsingunni er mjög athyglisvert en þar sagði að ábyrgðarmannakerfið hafi reynst illa, skapað mikla óvild gagnvart bankanum og innheimta hafi gengið afar illa. Það dregur kannski fram í raun og veru þá galla sem á kerfinu eru.

Ég vil líka nefna það að frumvarpið sem við ræðum hér tekur einnig til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og í athugasemdum sem fram komu hjá lánasjóðnum kemur í raun og veru fram að verði þetta að lögum sé ljóst að Lánasjóður íslenskra námsmanna þurfi að breyta vinnureglum sínum og leita nýrra leiða í útlánum sínum. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að við sem fjárfestum í framtíð þjóðarinnar með menntun ungs fólks hljótum að fagna því að slík fjárfesting eigi sér stað á þeirri forsendu að fólk hafi náð árangri sem gerir það að verkum að lánasjóðurinn treystir sér til að veita lán en ekki að lán séu veitt á þeirri forsendu að foreldrar eða ættingjar vilji skrifa upp á, sem líka hefur gert upp á milli fólks, því ekki er víst að allir hafi haft aðgang að fólki til að skrifa upp á til að tryggja frekari námsframvindu. Þannig að ég held að sá þáttur málsins sé ekki síst mikilvægur en eins og hér hefur komið fram hafa hv. þm. Pétur Blöndal og Álfheiður Ingadóttir farið yfir stóran hluta þessa máls og ég vil lýsa ánægju minni með það.

Mig langaði að nefna, virðulegi forseti, eitt til tvö atriði þessu til skýringar. Þegar ég samdi þetta frumvarp á sínum tíma hafði ég í huga að það væru þó undanþágur frá þessu, þ.e. annars vegar þegar einstaklingur gengst í ábyrgð fyrir eigin atvinnurekstur, ef svo má að orði komast, þ.e. þegar einstaklingur gengst í ábyrgð fyrir fyrirtæki þaðan sem hann hefur laun sín eða stærstan hluta þeirra. Í slíkum tilvikum gengst einstaklingurinn að einhverju leyti í ábyrgð fyrir sjálfan sig og hefur fulla yfirsýn yfir fyrirtækið og stöðu þess og getur metið áhættu sína út frá því að þegar um er að ræða til að mynda — ég get bara nefnt það og það hefur verið talsvert í umræðunni að hlutafélög hafa greitt mun lægri skattprósentu en einstaklingar og ýmsir hafa kannski breytt daglegri starfsemi sinni, sem þetta snýst fyrst og fremst um, og farið frá því að greiða skatta eins og einstaklingar yfir í það að taka laun og tekjur í gegnum hlutafélög og eru slík tilvik undanþegin frá frumvarpinu. Í nefndaráliti viðskiptanefndar kemur einnig fram að þessar undanþágur beri að skýra þröngt. Þær beri að skýra þannig að þær eigi við í tilvikum eins og þeim sem ég hef rakið hér og eins þegar um er að ræða ábyrgðir sem eru sérstaklega í þágu viðkomandi ábyrgðarmanns, eins og nefnt er í nefndarálitinu.

Þar er tekið dæmi um að lán sé tekið þar sem viðkomandi gengst í ábyrgð, en fjármunirnir eru í reynd notaðir til að kaupa íbúð fyrir viðkomandi ábyrgðarmann. Í slíkum tilvikum, virðulegi forseti, er eðlilegt að slíkar lánveitingar séu undanþegnar. En lykilatriðið er að slíkar undanþágur ber að skýra mjög þröngt og fyrst og fremst í þeim tilvikum þar sem viðkomandi ábyrgðarmaður þiggur annars vegar laun frá því félagi sem hann gengst í ábyrgð fyrir, kannski meginhluta tekna sinna, og hins vegar að hann hafi sérstakan fjárhagslegan hag af því að gangast í slíka ábyrgð.

Ég tel, virðulegi forseti, að ég þurfi ekki að hafa langt mál um þetta en vil þó nefna vegna ræðu hv. þm. Birgis Ármannssonar, sem hafði sérstakar athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins og athugasemdir Lögmannafélagsins og réttarfarsnefndar sem lutu til að mynda að því hvað gerðist í tilvikum þar sem aðför væri gerð og í reynd væri um að ræða árangursleysi, að sú regla sem hér er vísað til gerir ráð fyrir því að ekki verði gerð aðför eða fjárnám í heimili ábyrgðarmanns. Þá er spurt: Þegar gerð er árangurslaus aðför hvort það þýði að hægt sé að krefjast gjaldþrotaskipta á grundvelli slíkrar niðurstöðu. Svarið er augljóslega nei, því aðförin er árangurslaus sökum þess að óheimilt er að gera aðför í viðkomandi eign. Þar af leiðandi er ekki um að ræða eignaleysi og gjaldþrotalögin gera ekki ráð fyrir því að eignamenn verði teknir til gjaldþrotaskipta.

Þannig að þó að fjárnámið verði árangurslaust vegna þess að óheimilt er að gera fjárnám þá stendur það ekki undir því að hægt sé að gera kröfu um gjaldþrotaskipti. Mjög mikilvægt er að þetta liggi fyrir enda staðreyndin sú að í slíkum tilvikum er ekki um það að ræða að um eignaleysi sé um að ræða og því fráleitt að gera ráð fyrir því að slík aðför leiði til þess að hægt sé að gera kröfu um gjaldþrotaskipti.

Þetta var kannski það atriði sem mest var rætt og mest um deilt í meðförum nefndarinnar en ég tel að þetta atriði eigi ekki að vera þannig eða hafa nokkur áhrif á að það sé hægt að afgreiða þetta mál frá þinginu.

Að þessum orðum sögðum vil ég þakka nefndarmönnum í viðskiptanefnd fyrir vel unnin störf. Ég vil þakka formanni nefndarinnar sérstaklega fyrir það hversu vel hún

keyrði þetta mál áfram. Ég tel, virðulegi forseti, að hér sé verið að brjóta í blað. Hér er verið að afgreiða stórt þingmannamál, heildarlög, og ég reyndar man ekki eftir að heildarlög af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir hafi verið afgreidd að minnsta kosti ekki frá því að ég kom til þings. Ég tel einnig, þótt ég yfirgefi þennan vettvang fljótlega, að mjög mikilvægt sé að þróunin í framtíðinni verði sú að þingið fari að semja og samþykkja sín lög og taka löggjafarvaldið meira til sín. Því það er ein meginforsendan fyrir því að þingið öðlist þá virðingu og þá reisn sem því ber að hafa.

Því miður, og það þarf svo sem ekkert að hafa um það mörg orð því það er þekkt að um það bil 97–98% ef ekki meira af þeim málum sem eru afgreidd í þinginu eiga rót sína að rekja til ráðuneyta og ráðherra. En mjög mikilvægt er að þingið fari að taka til sín þetta vald og öðlast sjálfstraust til að treysta sér til að afgreiða mál. Hér er þingið að afgreiða stórt mál, mjög stórt mál, sem skiptir heimilin miklu máli. Ekki þarf að hafa mörg orð um það hvílíkar hörmungar hafa nú riðið yfir heimilin vegna þess kerfis sem hér er. Hv. þm. Pétur Blöndal nefndi örfá dæmi, en slík dæmi eru mýmörg og ekki ástæða til að rekja þau hér. En ég vil enn og aftur, virðulegi forseti, lýsa ánægju minni með að þetta mál skuli vera komið svona langt og ég vonast til að það verði að lögum strax á næstu dögum.

[01:18]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, og formanns viðskiptanefndar, hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur, sem voru rakin hér. Ég tel að hér hafi verið fluttar málefnalegar ræður um það frumvarp sem um er að ræða og hef litlu við það að bæta.

Ég tek undir það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni sagði í lok ræðu sinnar þegar hann hvatti til þess að frumvarpið yrði samþykkt og gerði grein fyrir því með hvaða hætti hann hefði staðið að þessu máli. Ég vil ekki ljúka máli mínu um þetta frumvarp án þess að þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir það hvernig hann hefur unnið að því að koma þessu máli fram alveg frá fyrsta kjörtímabili sínu.

Neytendur á Íslandi hafa haft mikinn á áhuga á þessum málum og Neytendasamtökin hafa lengi barist fyrir því að frumvarpið næði fram að ganga. Gert var samkomulag við Samtök fjármálafyrirtækja til að reyna að ná fram einhvers konar stöðu til að tryggja rétt ábyrgðarmanna en alltaf hefur verið ljóst að það skorti sérstök lög til að lánastarfsemi hvað þetta varðar yrði með svipuðum hætti og í nágrannalöndum okkar. Nú sér fyrir endann á þeirri baráttu, það er að vinnast sigur með því að Alþingi samþykki það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Ég tel að gerðar hafi verið verulega miklar breytingar til bóta í meðferð nefndarinnar á frumvarpinu og málið sé nú í þeim farvegi að það skipti miklu að reyna að ganga frá því og samþykkja það þannig að það verði að lögum sem fyrst.

En ég vil ítreka það að ég tel að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson eigi miklar þakkir skildar fyrir það hvernig hann hefur staðið að þessu máli og unnið ötullega að framgangi þess.

[01:21]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns og ítreka það sem ég sagði fyrr að staðfesta þingmannsins Lúðvíks Bergvinssonar og annarra flutningsmanna hér um árabil hefur orðið til þess að málið er nú komið út úr nefnd og vonandi verður það að lögum innan örfárra daga.

Að mínu viti er þetta frumvarp stórt skref í átt til heilbrigðari viðskiptahátta hér á landi og ég vil leyfa mér að fagna þeirri samstöðu sem er um málið. Það er mikil þörf á því að styrkja stoðir heilbrigðs efnahagslífs og fjármálamarkaðar á Íslandi. Ég vil eins og aðrir sem hafa tekið til máls fagna ákvörðun Kauphings frá í dag um að fella niður ábyrgðarmannakerfið og vænti þess að sjálfsögðu að aðrar lánastofnanir feti í fótspor bankans.

Ég vil taka undir þakkir til hv. nefndarmanna í viðskiptanefnd en ég vil líka þakka öllum umsagnaraðilum, öllum þeim sem komu á fund nefndarinnar, og ekki síst starfsmönnum nefndasviðs sem aðstoðuðu nefndina við lagasmíðina því að eins og bent hefur verið á er hér um nokkuð óvanalega vinnu að ræða, ný heildarlög um ábyrgðarmenn sem eru unnin algerlega á forsendum þingsins sjálfs og innan þess en koma ekki frá framkvæmdarvaldinu. Það eru jú önnur tímamót sem ber að fagna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skaðabótalög, 1. umr.

Frv. allshn., 438. mál (frádráttarreglur). — Þskj. 747.

[01:23]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á skaðabótalögum. Frumvarpið lætur ekki mikið yfir sér en felur í sér mikla réttarbót sem beðið hefur verið eftir lengi.

Forsaga málsins er sú að skaðabótalögum frá 1993 var breytt 1999 og sú breyting hafði almennt séð mikla réttarbót í för með sér. Hins vegar voru þá jafnframt lögleiddar frádráttarreglur vegna greiðslna frá þriðja aðila sem hafa komið nokkuð hart niður á alvarlega slösuðu fólki og ekklum og ekkjum.

Alvarlega slasað fólk sem metið er með meira en 50% varanlega örorku á rétt örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem verst eru settir eiga einnig rétt á ýmiss konar viðbótargreiðslum, svo sem tekjutryggingu, tekjutryggingarauka, heimilisuppbót, bensínstyrk o.s.frv. Fyrir breytinguna árið 1999 voru greiðslur af þessum toga ekki dregnar frá skaðabótum. Eftir breytinguna hafa slíkar bætur hins vegar verið dregnar frá þessum hópi sem hefur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér þar sem það er alls ekki öruggt að viðkomandi fái greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins um ókomna framtíð. Það getur m.a. ráðist af hjúskaparstöðu viðkomandi tjónþola og lagabreytingum á síðari stigum eins og alkunna er. Reynslan sýnir að miklar breytingar geta verið á því hver vilji löggjafans er í bótafjárhæðum af þessum toga og einnig tekjutengingum þeirra.

Þá geta tekjur tjónþola haft áhrif til skerðingar, bæði launatekjur og fjármagnstekjur.

Þessi breyting hafði annað í för með sér sem var að bætur til eftirlifandi maka voru lækkaðar verulega þannig að nú eru dregnar frá bótum til eftirlifandi maka ímyndaðar greiðslur sem hinn látni maki fær ekki en miðast við hefði hann lifað, þ.e. ef viðkomandi hefði lifað af slysið hefði hinn látni átt rétt á bótum frá almannatryggingum og lífeyrissjóði vegna örorku. Þær greiðslur fær hann ekki en samkvæmt ákvæðinu eins og það stendur í dag á að taka tillit til þessara greiðslna eins og þær hefðu verið greiddar út og draga þær frá áður en tjón makans er reiknað út. Þessi ótrúlegu öfugmæli eru engu að síður réttarstaðan eins og hún hefur verið síðustu 10 árin hér á landi.

Með hliðsjón af þessu og almennum sanngirnissjónarmiðum leggur allsherjarnefnd til tvenns konar breytingar á skaðabótalögunum. Annars vegar að í 4. mgr. 5 gr. laganna verði kveðið á um að eingöngu eingreiddar örorkubætur almannatrygginga, þ.e. sem eru meira en 10% og minna en 50%, dragist frá bótum til tjónþola í stað greiðslna frá almannatryggingum eins og í gildandi lögum. Þá er í 2 gr. frumvarpsins lagt til að orðunum „án frádráttar" verði bætt við ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna til að koma í veg fyrir að bætur frá almannatryggingum og lífeyrissjóði verði dregnar frá bótum til eftirlifandi maka, eins og ákvæðið er samkvæmt gildandi lögum. Með þessu verður komið í veg fyrir frádrátt frá bótum í þeim tilvikum þegar um er að ræða alvarlega slasaða einstaklinga og ekkjur og ekkla.

Virðulegi forseti. Þessi lagabreyting hefur í nokkur ár verið í einhverjum velkingi á vettvangi allsherjarnefndar. Samstaða náðist um það í nefndinni nú að gera þessa breytingu á skaðabótalögunum. Fyrri tilraunir til breytinga hafa strandað á því að menn hafa staðnæmst við ýmis fleiri atriði sem þyrfti mögulega að taka á í skaðabótalögunum. En það var niðurstaða nefndarmanna nú að ekki væri rétt að láta þetta brýna réttlætismál bíða slíkrar heildarendurskoðunar. Að mínu áliti er einnig nokkur hugsunarvilla í þeirri framkvæmd sem verið hefur. Í framkvæmdinni hingað til hefur það verið þannig að bætur frá almannatryggingum hafa verið látnar koma til frádráttar bótum sem tjónvaldur á að greiða tjónþola vegna tjóns sem hann er bótaskyldur fyrir. Auðvitað þarf ávallt að hafa samspil milli almannatrygginga og skaðabótaréttar en mér finnst vera byrjað á vitlausum enda þarna. Það er mun eðlilegra að tjónvaldur bæti ávallt tjón sem hann veldur og að þær greiðslur sem hann innir þannig af hendi komi þá frekar til frádráttar bótum úr almannatryggingakerfi, úr hinum sameiginlegu sjóðum landsmanna. Að sá sem sannanlega valdi tjóni greiði fyrir það að öllu leyti en að hinir sameiginlegu sjóðir landsmanna njóti þess þá í því að á móti dragist frá bótum almannatrygginga.

Virðulegur forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Það hefur beðið nógu lengi og mikilvægt að það fari hratt í gegnum þessa umræðu og áfram til 2. umr. Þar sem málið er flutt af allsherjarnefnd er samkvæmt þingsköpum ekki skylda til að vísa því til nefndar. Ég geri ekki ráð fyrir að því verði vísað til nefndar og nefndin gerir ekki ráð fyrir því heldur þannig að við búumst við hröðum framgangi málsins í gegnum þingið.

Ég þakka nefndarmönnum öllum góða vinnu við málið og skilvirk vinnubrögð sem leiddi til þess að við gátum tekið frekar fljótt á þessu máli og tekið ákvörðun um það í nefndinni að flytja þetta frumvarp.

Að síðustu vil ég einnig nefna að ég tel að sá háttur sem hefur verið að komast á í nokkrum málum, í miklum þjóðþrifamálum á síðustu vikum að þingnefndir ýmist flytji mál, sem horfir til mikilla framfara, eða hlutist til um það að koma í gegn löngu tímabærum þingmannamálum eins og ábyrgðarmannafrumvarpinu sem rætt var hér á undan, sé til mikillar fyrirmyndar og sýni styrk þingræðisins en geri líka kröfur til þingsins. Það kallar auðvitað á að þingið hafi enn sterkara starfslið og enn betur búið starfslið til að styðja við virka löggjafarstarfsemi af hálfu þingsins eins og þessi mál bera vitni um.

[01:31]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú hef ég miklar áhyggjur af þessu máli og af því hvað liðið er á nótt og af því hve fáir eru í þingsal. Við ræðum hér afskaplega flókið mál og afskaplega stórt mál og þessi mál, eins og ég kem inn á í ræðu minni á eftir, eru bæði oftrygging og vantrygging. Á vissan hátt eru bótaþegarnir hlunnfarnir og á vissan hátt eru þeir oftryggðir.

Nú veit ég ekki hvað nefndin hefur kannað málin vel og það fylgir því að sjálfsögðu mikil ábyrgð þegar nefndir fara að flytja mál að þær leiti mjög vandlega umsagna allra aðila sem um málið geta fjallað og koma til með að framkvæma það. Ég ætla því að spyrja hv. þingmann hvort ekki hafi örugglega verið leitað til Félags tryggingafræðinga til þess að fara yfir þann þáttinn, hvort ekki hafi örugglega verið leitað til tryggingafélaga sem greiða út þetta tjón og hvort ekki hafi örugglega verið leitað til sjúklingasamtaka og annarra slíkra sem eru hinum megin. Það að nefndir fari að flytja frumvörp veltir ákveðinni ábyrgð yfir á nefndirnar á því að frumvörpin séu vel unnin. Það er það sem veldur mér dálitlum áhyggjum, herra forseti, að hér er verið að ræða þetta þunga, erfiða og flókna mál klukkan 25 mínútur í tvö að nóttu.

[01:33]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður verði að eiga við félaga sína í Sjálfstæðisflokknum hvað varðar tímasetningu þessarar umræðu. Hér hefur mikil umræða farið fram í kvöld um kannski aðeins síður mikilfengleg mál en þetta, en ég held að okkur sé ekkert að vanbúnaði að ræða þetta mál hér. Við höfum vitað að það væri hér á dagskrá frá því að tekin var ákvörðun um framgang þingfunda upp úr hádegi í dag.

Ég tel að undirbúningur málsins hafi verið mjög vandaður. Þetta mál kom fyrst fyrir allsherjarnefnd á árinu 2005 og fékk þá ítarlega umfjöllun og ítarlegar umsagnir og aftur á árinu 2006. Frá þeim tíma liggja fyrir mjög vandaðar umsagnir og greinargerðir og það var ákvörðun nefndarinnar nú að gera ekki frekari kröfur um umsagnir á þessu stigi en kalla fyrir nefndina helstu aðila, fulltrúa tryggingafélaga, prófessor í tryggingarétti og þá lögmenn sem útfærðu hug-

myndir að þessum breytingum. Fyrir lá greining á vandanum, greining á afleiðingunum. Fyrir lá tryggingastærðfræðileg úttekt frá fyrri umsögnum og í ljósi þeirra gagna var það sameiginlegt mat nefndarmanna allra að ekki væri ástæða til að kalla eftir frekari umsögnum.

Það er vissulega ljóst að alltaf koma upp einhver markatilvik við löggjöf sem þessa en það mikla óréttlæti sem leiðir af óbreyttri löggjöf var að áliti nefndarinnar talið réttlæta það að taka á þessu máli sérstaklega (Forseti hringir.) þótt ekki væri um heildarendurskoðun að ræða á skaðabótalöggjöfinni.

[01:35]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir miður að hv. þingmaður skuli tala svona niður til mín. Ég má alveg gagnrýna það að hér sé verið að ræða klukkan hálftvö að nóttu mjög flókið mál. Ég sem tryggingafræðingur átta mig á hvað þetta er flókið mál og hvað þetta getur haft mikil áhrif út og suður. Ég sat fund nefndarinnar og það var heilmikið athugavert við þá vinnu sem þar var unnin, ég verð bara að segja eins og er. Ég hlýt að gagnrýna það. Ég frábið mér, herra forseti, að hér hafi ekki verið fluttar málefnalegar ræður í allan dag, því sit ég ekki undir. Ég stend við hvert einasta orð sem ég hef sagt hér í ræðustólnum og mótmæli þessu. Ég kann ekki að meta það að talað sé niður til fólks með þessum hætti. Það getur vel verið að hv. þingmaður sé gáfaðastur af öllum og bestur í öllum fögum og viti allt best en hann þarf ekki endilega að segja öllum það.

Það mál sem hér um ræðir, eins og ég kem inn á á eftir, er mjög flókið. Það eru eingreiðslur sem menn fá, það er miðað við 4,5% vexti sem fólk nær yfirleitt ekki og fólk getur ekki ávaxtað þessa peninga, það er mínusinn. Plúsinn er að kannski er miðað við of litlar bætur frá Tryggingastofnun, of hátt tjón, fyrir utan það að maðurinn ber áhættuna af tjóninu því að örorkumatið er alltaf byggt á líkum. Þegar maður er metinn 45% öryrki þá eru 45% líkur á því að hann verði algjör öryrki. Það er mjög erfitt að meta það og kemur ekki í ljós fyrr en að ævilokum hvernig til tókst.

Þetta er því ekki léttvægt mál sem við getum kastað höndunum til klukkan hálftvö að nóttu, og að það sé einhvern veginn mér að kenna að mörg mál hafi verið á dagskrá í dag og mjög ítarleg umræða orðið, (Forseti hringir.) ég frábið mér það.

[01:37]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég rakti áðan í fyrra andsvari varð það niðurstaða nefndarinnar að þrátt fyrir öll þau atriði sem hv. þingmaður rekur hér, sem er auðvitað alveg rétt — að útreikningur skaðabóta er ávallt háður mikilli óvissu í ljósi framtíðartekjuöflunarmöguleika, í ljósi ávöxtunar, í ljósi eingreiðslu, í ljósi allra þessara þátta sem hann rekur alveg réttilega — er það engu að síður mat nefndarinnar, í ljósi fyrirliggjandi umsagna og allrar þeirrar vönduðu vinnu sem farið var í í nefndinni á árunum 2005–2006, að eðlilegt væri að taka sérstaklega á þessu mikla réttlætismáli og taka það út fyrir sviga ef svo má segja.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að auðvitað á að taka þetta heildarsamspil lífeyriskerfisins, almannatryggingakerfisins og skaðabótaréttarins til endurskoðunar og ég held að margar hugmyndir sem t.d. aðilar vinnumarkaðarins hafa verið að þróa sín á milli um breytingar á lífeyriskerfinu geti verið mjög athyglisverðar í þessu samhengi og t.d. hvað það varðar að meta örorku upp á við en ekki niður á við.

Ég tel í sjálfu sér ekki þörf á að hafa fleiri orð um tilurð þessa máls eða þann vandaða bakgrunn sem að baki því liggur. Hv. þingmaður kann að hafa þá skoðun að þetta mál hefði þurft aðra og vandaðri meðferð. Nefndin var ekki þeirrar skoðunar og hans ágætu flokkssystkin, sem sitja í nefndinni, voru einhuga í þeirri afstöðu að þetta mál væri fullkannað og vel unnið, um það var full eining í nefndinni. Það var mat nefndarinnar. Hv. þingmaður kann að hafa annað mat og til þess hefur hann heimild og ég ætel hann ekkert fyrir það. Hann má hafa þær skoðanir eins og hann vill. Þetta er mat nefndarinnar og hann verður þá að ráðstafa atkvæði sínu eins og hann telur eðlilegt í ljósi undirbúnings málsins og forsögu þess.

[01:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég ákvað að koma hér upp til þess að ræða um fundarstjórn forseta. Þau orð sem féllu hér af vörum hv. þm. Árna Páls Árnasonar, um að það væri Sjálfstæðisflokknum að kenna að hér væri verið að ræða alvarleg mál að nóttu til — það er nú einu sinni þannig að það er hæstv. forseti sem raðar hér upp dagskrá og það er hans að ákveða hvernig við höldum hér á málum fram eftir nóttu.

Ég frábið mér að hér sé endurtekið verið að tala um að við sjálfstæðismenn megum ekki ræða þau mál sem eru á dagskrá. Það er með fullkomnum ólíkindum hvernig hv. þm. Árni Páll Árnason og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, sem þó bað afsökunar á orðum sínum hér í dag, (Gripið fram í.) leyfa sér að tala niður (Forseti hringir.) til þingmanna sem ræða mál málefnalega. (Forseti hringir.) Ég skora á hv. þingmann að fara yfir þær umræður því að hann hefur ekki sést hér í salnum í dag, það er víst ábyggilegt.

[01:41]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt að ég hafi ekki sést í salnum í dag, ég er búinn að vera hér margoft og síðan hef ég fylgst með umræðum í gegnum vefinn í öðrum störfum í kvöld.

Ég tel fullkomlega eðlilegt að maður hafi orð um það, ef maður vill, hvernig umræður eru í þinginu. Ég sé ekki að ég þurfi að biðjast afsökunar á því gagnvart nokkrum manni og ég skil ekki þetta upphlaup og þennan æsing. Það er málfrelsi í þingi og þingmenn hljóta að mega tjá skoðanir sínar og í því felst enginn áfellisdómur. Hv. þingmaður, sem hér var að ræða áðan, gerði athugasemd sem mátti skilja að lyti að tímalengd umræðu. Ég benti einfaldlega á að það fer ekkert fram hjá þeim sem fylgst hafa með umræðum hér í kvöld að ræður Sjálfstæðisflokksins hafa verið óvenjulangar og efnisríkar. Ég var bara að vísa til þess.

[01:42]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er dálítið leiðigjarnt að sitja undir því að menn séu í málþófi. Við erum með mjög langa dagskrá, það eru 26 mál á dagskrá. Ég skora á hv. þingmann að benda á þann stað í ræðum mínum í kvöld og í allan dag þar sem um málþóf er að ræða. Ég legg málþóf ekki í vana minn og er á móti því. Hins vegar erum við að ræða hér mjög þung og mikil mál. Það getur vel verið að hv. þingmaður leggi ekki mikið á sig og þyki það ekki merkilegt, en ég hef t.d. rætt um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar sem ég líkti við sovétkerfi. Ég hef mikla skoðun á því máli, herra forseti. Ég má hafa þær skoðanir og tjá þær ef ég tel að niðurgreiðslan sé mjög skaðleg fyrir íslenskt atvinnulíf og þjóðlíf.

[01:43]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Þau orð sem féllu af vörum hv. þm. Árna Páls Árnasonar lýsa honum best — af því má sjá hvernig menn vinna, hverjar skoðanir menn hafa og hvernig menn leyfa sér að tala hér í þingsal. Það lýsir þingmanninum hvernig það er gert af hans hálfu.

Ég vil skora á hv. þingmann að fara yfir þær umræður sem átt hafa sér stað hér í dag og benda á það hvar málþóf hefur átt sér stað af hendi okkar sjálfstæðismanna því að þess sér ekki stað. Umræður hafa verið málefnalegar og það hefur verið rætt — þeir þingmenn sem hafa komið að málum. Ég frábið mér að verið sé að halda uppi (Forseti hringir.) umræðum um að hér sé málþóf.

[01:44]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki gera athugasemd í þeim skilningi við fundarstjórn forseta enda tel ég að forseti hafi stjórnað þessum fundi af stakri prýði.

Ég vildi hins vegar vekja athygli á því að fyrir tólf tímum eða svo fór fram ágæt umræða hér í þinginu um dagskrána og eins og hér hefur komið fram eru 26 mál á dagskrá. En í þeirri umræðu sem fór fram fyrir hálfum sólarhring héldu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins því talsvert fram að það væru fá merk mál á dagskrá. Því má kannski segja sem svo að það hafi komið á óvart að umræðan hafi tekið jafnlangan tíma og raun ber vitni.

Hér hafa vissulega verið efnisríkar umræður og ég ætla ekki að gera lítið úr því, en það kom líka á óvart að þingmennirnir þyrftu, kannski tveir til þrír, að lesa upp nefndarálit sem aðrir höfðu lesið upp áður. Ekki er ég að gera lítið úr nefndarálitum sem án efa hafa verið innihaldsrík (Forseti hringir.) og ekki veitir af að nefna nokkrum sinnum. Það er kannski þetta sem mér finnst skipta máli því að við sam-þykktum, virðulegi forseti, að vera (Forseti hringir.) fram yfir miðnætti. Nú er rétt komið fram yfir miðnætti (Forseti hringir.) og ég held að við eigum kannski þó nokkurn tíma eftir enn þá.

[01:46]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vísa til mín þegar hann talaði um að menn hafi sagt og bent á það í upphafi fundar að hér væru fá mál. Það er ekki rétt, ég sagði að það væru fá mál sem vörðuðu hag heimilanna og fyrirtækjanna í landinu. Brýnustu málin sem þjóðin bíður eftir aðgerðum með eru fjögur á dagskránni. Ég get ekki séð að veiting ríkisborgararéttar skipti heimilin í landinu stóru máli eða velti þar þungu hlassi eða fjöldamörg önnur mál sem við höfum rætt, en þau geta verið jafnerfið og viðamikil fyrir því eins og niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar og annað slíkt. En það er ekki eitthvað sem veltir hlassi varðandi stöðu heimilanna og fyrirtækjanna í landinu. Það var það sem ég kvartaði undan, herra forseti, að það koma engin mál frá þessari ríkisstjórn. Hún afkastar bara ekki neinu, það er vandinn. Það er það sem fólkið í landinu bíður eftir. Ég er alveg til í að tala mikið um þau mál sem skipta þjóðina máli en mörg þeirra mála sem við ræðum hér í dag velta ekki þungu hlassi þar.

[01:47]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir nokkuð til um þetta uppnám þingmanna Sjálfstæðisflokksins því að þeir klifa á því og átelja mig fyrir að hafa ásakað þá um málþóf en ég minnist þess ekki að hafa nokkru sinni nefnt orðið málþóf. Einu þingmennirnir sem hafa gert málþóf að umtalsefni eru þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

Ég tel hins vegar mjög mikilvægt, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal nefnir, að tala um þjóðþrifamál. Það er þjóðþrifamál til umræðu, frumvarp til skaðabótalaga sem ég hef beðið eftir í þrjá daga að mæla fyrir og þigg glaður þetta tækifæri að mæla fyrir því og fyrst ekki bauðst tími fyrr en nú er mér engin vorkunn að standa hér og ræða þetta mál. Ég hlakka til að ræða það áfram og ég held að við eigum að nýta tímann vel.

[01:48]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég þakka fyrir það að ræða þetta mál. Í nefndinni reifaði ég nokkur — ég var staddur þar af tilviljun sem varamaður — mál sem skipta máli í þessu tilefni. Þau eru fjöldamörg og ég er ekki viss um að ég geti rakið þau öll núna.

Í fyrsta lagi. Þegar menn verða fyrir tjóni þarf að skilja á milli tjónvalds og tjónþola. Það er mjög mikilvægt. Klippa þarf á milli þeirra með einni aðgerð, einni summu, það þarf einhvern veginn að gera málið upp þannig að tjónþoli þurfi ekki að vera betlandi á tjónvaldi alla tíð. Þetta er fyrsta atriðið og það skiptir verulegu máli.

Í öðru lagi er spurningin: Hver er áhætta tjónþolans? Hún er umtalsverð í núverandi kerfi og menn ætla ekkert að laga það. Dæmi: Maður er metinn 30% öryrki sem segir að það eru 30% líkur á því að hann verði 100% öryrki. Kannski verður hann það ekki. Kannski vinnur hann fulla starfsævi og veikist ekki neitt. Þá græðir hann á tjóninu. En svo getur hann orðið 100% öryrki daginn eftir úrskurðinn og þá tapar hann 70%. Hann er látinn bera þessa áhættu, herra forseti.

Í tjóninu er reiknað með 4,5% vöxtum umfram verð-

bólgu, ekki umfram laun, herra forseti. Það er nánast útilokað fyrir mann, einstakling, að ná 4,5% vöxtum umfram laun en það er það sem verið er að tryggja. Maðurinn sem verður fyrir tjóni missir laun. Þess vegna á ekki að reikna með nema í hæsta lagi 2% vöxtum umfram laun. Það mundi hins vegar þýða að tjónaupphæðin mundi stórhækka. Við erum að tala um afvöxtun á þessari upphæð í 30–40 ár hjá ungu fólki og enn þá meira hjá mjög ungu fólki, börnum. Þá erum við að tala um jafnvel 60 ár, 70 ár sem þarf að afvaxta peningana á. 2% vextir í staðinn fyrir 4,5% getur þýtt tvöföldun á upphæðinni eða meira en það. Þá áhættu er maðurinn látinn bera. Enginn veltir vöngum yfir því, ég veit ekki til þess að nefndin hafi rætt það. Mér finnst þetta ábyrgðarleysi.

Og svo það sem er verst, þegar búið er að reikna út þessa upphæð, segjum 7 millj., fær maðurinn hana inn á reikning í einu lagi. Allt í einu er hann orðinn ríkur og hann eignast fullt af vinum. Mín reynsla segir mér það, herra forseti, að á mjög skömmum tíma verða þessar 7 millj. farnar og það sem meira er, maðurinn eru yfirleitt kominn með skuld vegna þess að hann er búinn að ofkeyra í neyslunni og er kominn með skuld. Því miður, ég er búinn að sjá þessi dæmi aftur og aftur. Það getur vel verið að ég sé með forsjárhyggju eða eitthvað slíkt en þetta er það sem maður sér. Þetta er áhættan sem maðurinn ber og ég sé ekki að nefndin hafi neitt skoðað það, ekki neitt. Það er svo léttúðlega skautað yfir þetta allt saman að það er með ólíkindum. Þess vegna sagði ég að það er ekki gott að ræða þetta kl. 2 að nóttu.

Þetta eru örfá atriði sem ég vil nefna um oftryggingu og vantryggingu í þessu dæmi og mér finnst það ekki einfalt mál að taka afstöðu til þess. Menn tala ekki einu sinni við tryggingafræðinga sem þó eru sérfræðingar á þessu sviði og það vill svo til að ég er tryggingafræðingur. Þess vegna get ég talað um þetta sem ég efast um að aðrir nefndarmenn geti með sama hætti og tala ég þá ekki niður til þeirra eins og sumir gera hérna. Þetta er með ólíkindum. Það getur fokið í mann þegar maður heyrir svona ummæli eins og maður sé einhver fábjáni.

Það sem hefur verið lagt til og ég hef lagt til er að þessi eingreiðsla sem skilur á milli tjónþola og tjónvalds verði greidd inn í sjóð, örorkutryggingagreiðslusjóð, sem gæti tengst áfallatryggingasjóði sem verkalýðshreyfingin ásamt með Samtökum atvinnulífsins er að byggja upp í kringum lífeyrissjóðina. Hann taki að sér endurhæfingu og virkni sjóðfélagans og komi í veg fyrir þá hryllilegu þróun á Íslandi sem er hve öryrkjum fjölgar mikið. Það vill enginn vera öryrki en kerfið hefur brugðist þessu fólki gersamlega hvað varðar endurhæfingu. Endurhæfingin er í skötulíki. Öryrkjum fjölgar sífellt og það er ekkert gert í því. Þetta er einn angi af því, menn ætla ekki að gera neitt í málunum. Menn komast bara að einhverri niðurstöðu — bang, eitthvað gert og það er smíðaður einn plástur í viðbót. Þetta er ekkert annað en plástur sem menn eru að setja hérna. Allt í einu gera menn einhverjar breytingar og laga eitthvað og um leið búa þeir til vanda annars staðar. (**Gripið fram í:** Hvar?) Það er nefnilega málið, hvar? Það sé ég ekki, ég hef ekki haft tíma til að fara í gegnum málið. Ég legg því til, herra forseti, að málinu verði vísað til nefndarinnar þó að menn þykist svo borubrattir að þeir séu búnir að fara yfir málið alveg í hörgul, og til nefndarinnar verði boðið tryggingafræðingum báðum megin frá, þeim sem reikna út svona tjón fyrir tjónþola og svo hinum sem greiða þau út fyrir tryggingafélögin. Það er nefnilega þannig að allt þetta er greitt af einhverjum, allar bætur eru greiddar af einhverjum. Í þessum tilfelli eru það yfirleitt bíleigendur sem borga hærri iðgjöld en ella.

Menn geta sagt að tryggingafélögin eigi að borga þetta. Vissulega, en þau taka alltaf nettóiðgjaldið af hinum tryggða og þó að það sé mikil samkeppni á meðal þeirra verður það alltaf á endanum tryggingatakinn sem borgar þetta, þ.e. almenningur í landinu með skyldutryggingum sínum eða skipaútgerðir sem tryggja áhafnir og annað slíkt, atvinnurekendur. Það er alltaf einhver sem greiðir og þetta er svo mikið atriði að hvorki sé um oftryggingu að ræða né vantryggingu. Vantrygging er slæm vegna þess að hún kemur niður á tjónþolanum. Oftrygging er slæm vegna þess að hún kemur niður á almenningi og lífskjörum í landinu. Því er svo mikilvægt að finna á þessu réttláta og raunhæfa lausn. Það gerist ekki nema með því að vextirnir verði miklu lægri, 2%, þ.e. upphæðin miklu hærri og miðað sé við raunveruleg laun hjá fólki. Til dæmis ef börn verða öryrkjar að þá séu ekki miðað við lágmarkslaun heldur einhver meðallaun í þjóðfélaginu. Það liggur náttúrlega fyrir að barn sem verður öryrki og lendir í tjóni mundi ná einhverjum meðallaunum að meðaltali. Það mundi fara menntaveginn með ákveðnum líkum, það mundi fá ákveðnar tekjur með ákveðnum líkum. Þetta er allt hægt að reikna út og það á að miða við meðallaun en ekki lágmarkslaun.

Það er svo margt sem þarf að laga í þessu dæmi að mér finnst allt að því verið að kasta til höndunum hvernig vinnubrögðin eru. Ég legg til að þetta mál fari til nefndarinnar aftur og hún sendi það til tryggingafræðinga báðum megin frá sem reikna þetta út og þeir fari í gegnum það hvort ekki sé til einhver lausn sem lagar þau vandkvæði sem ég gat um, eingreiðsluna, það að menn séu búnir með upphæðina innan skamms tíma, einnig að vextirnir séu nær raunveruleikanum, 2% í staðinn fyrir 4,5% og loks að miðað sé við meðallaun en ekki lægstu laun. Hér er svo margt sem þarf að laga. Mér finnst þetta ekki góð vinnubrögð þó að ég hafi ekki sökkt mér neitt djúpt ofan í málið, herra forseti, enda klukkan tvö að nóttu, og málið hefur ekki legið lengi inni í þinginu. Það eru fjölmörg mál sem þarf að vinna og gefst ekki mikill tími til að sökkva sér ofan í fræðileg frumvörp eins og þetta.

[01:58]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla harðlega þeim orðum hv. þingmanns að hér sé skautað yfir mál. Það kom skýrt fram í vinnu nefndarinnar og orðum formanns hv. allsherjarnefndar áðan að menn telja mikla þörf á því að endurskoða skaðabótalöggjöfina. Meðal annars með tilliti til þeirra þátta sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur nefnt.

Það er hins vegar algert réttlætismál að leiðrétta þann ágalla, sem varð til við það er menn nú kalla handvömm og mistök í lagasmíðinni frá 1998 og bitnar mjög illa á takmörkuðum hópi sem er mjög illa settur, þ.e. mjög illa slös-

uðum öryrkjum, jafnvel frá barnsaldri, og ekkjum og ekklum sem misst hafa maka sinn í slysi. Þetta er það sem frumvarpinu er ætlað að bæta, ekkert annað. Það er ekki mjög flókið mál. Það er ekki verið að breyta margfeldisreglunni, það er ekki verið að breyta reglum um útreikning örorkumats. Það er ekki verið að endurskoða útreiknireglu bóta hjá tryggingafélögunum, ekki verið að breyta ákvörðunum um ávöxtunarkröfu og ekki verið að taka á áhættu tjónþola eða margt annað það sem gera þarf. Ég get verið hv. þingmanni sammála um að þessi atriði og jafnvel mörg, mörg fleiri þurfi að athuga og vinna upp á nýtt í skaðabótalöggjöfinni en ég get ekki verið sammála hv. þingmanni um það að við eigum að bíða í önnur 10 ár til að leiðrétta það sem við erum hér að gera. Það má ekki gerast. Það er allt í lagi að kalla þetta plástur, jú, við erum að plástra. Við erum að leiðrétta misrétti og mistök í lagasetningu.

Hv. þingmaður sagði að ef eitthvað væri bætt á einum stað kæmi upp skaði annars staðar og spurði hvar skaðinn lenti og nefndi bílatryggingar og þá sem greiða iðgjöld bílatrygginga. Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að eitt af því sem fram kom fyrir nefndinni er að afskaplega fá tjón valda jafnmikilli örorku og hér um ræðir, þ.e. yfir 40–50% örorku. Á árunum 1993–1999 voru að meðaltali sex tilfelli á ári sem höfðu í för með sér meira en 40% varanlega örorku. Jafnvel þótt reiknað sé með mikilli fjölgun slysa í takt við fjölgun bíla og íbúa er alveg ljóst að þessi fáu tilfelli á ári munu ekki skipta sköpum varðandi iðgjöld í útreikningi tryggingafélaganna.

Það sem er verst í þessu dæmi er að tryggingafélögin — og það var líka upplýst fyrir nefndinni vegna þess að nefndin kastaði ekki til höndunum við undirbúning þessa máls — láta sér ekki lengur nægja að draga útreiknaðar bætur langt fram í tímann frá eingreiðslunni til þeirra sem eru metnir 40 eða 50% öryrkjar heldur eru þau jafnvel farin að seilast niður í 15% örorku. Eins og hér hefur komið fram í kvöld er þetta ekki einungis örorkulífeyririnn heldur allar aðrar bætur, jafnvel þær sem eru háðar hjúskaparstöðu og hversu margir eru í heimili hjá viðkomandi. Eins geta þessar bætur horfið einn góðan veðurdag af reikningi viðkomandi vegna þess að lögum hefur verið breytt hér á hv. Alþingi. Tekjur viðkomandi, ef mönnum skyldi auðnast það að afla sér einhverra tekna, dragast líka frá þeim bótum sem þó er búið að reikna honum til tekna út lífið, þar á meðal vaxtatekjur af þeim bótum sem hann fær með eingreiðslunni. Það er svo hlálegt, herra forseti, að ekkjur og ekklar geta endað í skuld við tryggingafélögin vegna þeirra ímynduðu bóta sem látinn maki hefði fengið hefði hann lifað og dregnar eru frá skaðabótunum. Það er þetta misrétti sem við erum að leiðrétta og það er ekki verið að kasta höndunum til neins hér, herra forseti.

Ég vil nefna eitt í viðbót sem þarf að laga og vil taka undir það sem hv. þm Pétur Blöndal sagði um að mjög mikilvægt væri að breyta þessu með eingreiðsluna og tengja útgreiðslu skaðabóta bótum lífeyrisgreiðslna í stað eingreiðslunnar. Ég þekki sjálf dæmi þess hvernig stórar og miklar slysabætur hafa ekki til bætt viðkomandi lífið heldur gert honum það erfiðara. Þannig að ég tek undir það að við endurskoðun á þessu regluverki og skaðabótalöggjöfinni þarf að horfa til þess að greiða slysabætur ekki með eingreiðslu.

Ég vil nefna eitt atriði til viðbótar, sem hv. þingmaður nefndi ekki, og það er að í útreikningi tryggingafélaganna á slysabótum er ekki tekið tillit til þeirra auknu útgjalda sem alvarleg fötlun og örorka hefur í för með sér. Það er ekki metið inn í bæturnar, inn í framfærslukostnaðinn, heldur aðeins tekjuöflunarmöguleikarnir sem viðkomandi hefur til framtíðar og það jafnvel með mjög umdeilanlegum hætti, eins og við höfum séð á dæmum um börn sem slasast illa. Þannig að margt þarf að athuga í þessari löggjöf og enn fleira sem þarf að athuga í framkvæmd löggjafarinnar. En, herra forseti, við ætlum okkur ekki þá dul að geta gert það á örfáum dögum og ég verð að segja að þrátt fyrir að lögmennirnir á nefndasviði Alþingis séu miklir kraftaverkamenn mundi heildarendurskoðun á skaðabótalöggjöfinni taka ansi mikið af starfskröftum þeim sem þar eru og þeir gerðu ekki mikið meira á meðan.

Að lokum vil ég nefna það að öll þessi ár frá því að þessi mistök voru gerð við lagasetninguna, hafa þrír nafngreindir hæstaréttarlögmenn og kannski fleiri, sem hafa unnið fyrir tjónþola í skaðabótamálum reynt að rétta hlut þeirra. Þeir hafa margoft komið til Alþingis, til ráðuneytis, til að reyna að fá leiðréttingu, ekki sinna mála heldur þeirra sem lögin misgera gagnvart. Ég hlýt að þakka þeim fyrir staðfestu þeirra í málinu og ég leyfi mér að vona að hv. þm. Pétur Blöndal treysti samflokksmönnum sínum í hv. allsherjarnefnd sem eru einróma á þessu máli og hafa verið alveg frá því að upplýst var um afleiðingar lagasetningarinnar. Ég vil minna á að það mun hafa verið á árinu 2005 sem hv. þm. Bjarni Benediktsson, þáverandi formaður allsherjarnefndar, flutti samsvarandi nefndartillögu hér inni í þinginu. Þinginu auðnaðist ekki að ljúka afgreiðslu þess máls og ég vil skora á hv. þm. Pétur Blöndal að vinna með okkur að því að bæta órétt sem þarna er á ferð og svo skulum við taka höndum saman um að endurskoða skaðabótalöggjöfina, við höfum bara ekki tíma til þess núna fyrir vorið.

[02:08]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var aðallega að gagnrýna hvernig þetta er rætt og líka það að svo mikið af hrópandi göllum eru í núverandi kerfi sem ekki eru lagaðir. Ég tala aftur og aftur við öryrkja sem eru bótalausir en fengu eingreiðslu, fyrir kannski 7 árum, sem er löngu horfin. Eingreiðslan er horfin en tjónið er eftir. Menn eru ekkert að laga það neitt. Ætla þeir að bíða í 100 ár eða hvað? Þetta væri hægt að gera á þremur mánuðum ef menn ynnu virkilega í einni (Gripið fram í.) beit.

Ef menn hugleiddu hvað eingreiðslan er mikill skaðvaldur fyrir tjónþolann, (Gripið fram í.) miklu betra er fyrir manninn eða barnið eða hvern sem er að fá bætur mánaðarlega eftir því sem þörfin krefur. Og það að endurhæfing sé líka byggð inn í kerfið þannig að maðurinn sé ekki tekinn úr sambandi við atvinnulífið er mjög mikilvægt atriði, sem ekki er leyst. Það alvarlegasta eru kannski 4,5% vextirnir, þar sem fólkið er hlunnfarið um helming eða meira.

Þannig að ég er að benda á bæði oftryggingu og vantryggingu, kosti og galla og menn eru ekkert að leysa þetta. Það er bara gripið í, eitthvert smotterí lagað og kannski gerist nákvæmlega það sama og 1999 að menn gera mistök. Ég

veit það ekki. Hættan er sú þegar unnið er svona. Menn eiga að taka sér 3–4 mánuði með nefndasviði Alþingis og tryggingafræðingum og öðrum og gera þetta þannig að það sé þokkaleg trygging fyrir bótaþegana varðandi vextina, eingreiðsluna, kostnaðinn og endurhæfingu, miskabætur o.s.frv. (Forseti hringir.)

[02:10]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka bara það sem ég sagði áðan að ég lýsi því hér yfir að hv. allsherjarnefnd, allir þeir sem flytja þetta mál hér, eru á einu máli með hv. þm. Pétri Blöndal um að endurskoða þarf skaðabótalöggjöfina, en við berjum ekki höfðinu við steininn. Við gerum okkur grein fyrir því að við höfum ekki tíma til þess fyrir vorið. Við erum að reyna að koma þessu mikla réttlætismáli í gegn á þeim örfáu dögum sem við höfum til stefnu. Það er enginn skaði skeður, þvert á móti, hv. þm. Pétur Blöndal, það er mikið réttlætismál að leiðrétta þann órétt sem þessi hópur býr við.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Lyfjalög, 1. umr.

Frv. heilbrn., 445. mál (gildistaka greinar um smásölu). — Þskj. 787.

[02:11]

Frsm. allshn. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Þetta er eitt af þeim málum sem ég tel að skipti fjölskyldurnar í landinu miklu máli, þá sérstaklega sjúklinga og aldraða. Þetta frumvarp á þskj. 787, 445. mál, er flutt af heilbrigðisnefnd. Um er að ræða breytingu á 42. gr. lyfjalaga sem fjallar um bann við veitingu afsláttar á lyfjum þannig að bannið eigi ekki við um smásala, heldur einungis lyfjaframleiðendur og lyfjaheildsala. Nefndin flutti fyrir jól frumvarp sem frestaði gildistöku þessa banns hvað varðar smásalana enda var nýtt greiðsluþátttökukerfi lyfja í smíðum. Útséð er að það kerfi verður ekki tilbúið 1. apríl og lagt er til að ákvæði um smásalana verði frestað enn á ný. Heilbrigðisnefnd hefur áður flutt samsvarandi frestun á gildistöku þess að bannað væri að heimila afslátt af smásölum á lyfseðilsskyldum lyfjum og nú leggur hv. heilbrigðisnefnd til að síðari málsliður 13. gr. laganna, sbr. lög nr. 120/2008, skuli orðast svo:

„Þó skal ákvæði 10. gr., hvað varðar smásöluaðila, taka gildi 1. janúar 2010.“ Og 2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Með frumvarpinu er lagt til að frestað verði enn hluta gildistöku 10. gr. laga nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994. Frestunin varðar eingöngu smásölu lyfja.

Gildistökunni hefur í tvígang verið frestað, fyrst með lögum nr. 120/2008, um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, og þá til 1. janúar 2009. Með lögum nr. 146/2008 var gildistöku ákvæðisins að nýju frestað til 1. apríl 2009. Þá tók Hæstiréttur nokkra daga. Þegar það var gert var í undirbúningi nýtt greiðsluþátttökukerfi lyfja og ráðgert að það kæmi til framkvæmda í síðasta lagi 1. apríl 2009. Jafnframt var talið mikilvægt að afnám afsláttа af lyfjum í smásölu héldist í hendur við innleiðingu hins nýja greiðsluþátttökukerfis. Nú er ljóst að það mun ekki líta dagsins ljós þann 1. apríl nk. og er því lagt til að gildistökunni verði frestað að nýju til áramóta svo svigrúm skapist til að ljúka vinnu við nýtt greiðsluþátttökukerfi.

Hæstv. forseti. Hér er vísað til þeirrar nefndar sem hv. Pétur H. Blöndal hefur leitt í nokkurn tíma til að endurskoða þátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði og heilbrigðisþjónustu. Nú mun þessi nefnd skila af sér en það verður haldið áfram að vinna með þann þátt sem snýr að lyfjunum og nú vonum við að nýtt kerfi hafi tekið gildi fyrir 1. janúar 2010, a.m.k. leggur nefndin til að þessi ákvæði um bann við heimild til að smásalar veiti afslátt af lyfseðilsskyldum lyfjum verði ekki sett á heldur frestað til 1. janúar 2010.

Hæstv. forseti. Þar sem nefndin flytur málið tel ég rétt að vísa því til 2. umr. og afgreiðslu. Það er ekki ástæða til að senda málið til umsagnar. Nefndin er einhuga um að endurflytja frumvarpið í sömu mynd og áður.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu

Út af dagskrá voru tekin 13., 18.–19. og 23.–26. mál.

Fundi slitið kl. 02:17.

---

113. FUNDUR

miðvikudaginn 25. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Til heilbrigðisráðherra:

2. Fæðingar í Vestmannaeyjum, fsp. REÁ, 441. mál, þskj. 761.

3. Notkun lyfsins Tysabri, fsp. ÁMöl, 442. mál, þskj. 771.

Til umhverfisráðherra:

4. Innsöfnun, endurnýting og endurvinnsla, fsp. SF, 367. mál, þskj. 619.

Til forsætisráðherra:

5. Tillögur Norðausturnefndar, fsp. ArnbS, 384. mál, þskj. 646.

Til félags- og tryggingamálaráðherra:

6. Staða á íbúðamarkaði, fsp. GÞÞ, 349. mál, þskj. 597.

Til viðskiptaráðherra:

7. Könnun á greiðsluaðlögun fasteignaveðlána, fsp. GÞÞ, 400. mál, þskj. 681.

Tilkynning frá þingmanni.

Starfslok á Alþingi.

[13:32]

Geir H. Haarde (S):

Herra forseti. Ég hef beðið um orðið við þetta tækifæri þar sem þetta er síðasti dagurinn minn á Alþingi, a.m.k. að sinni. Ég læt af störfum sem formaður Sjálfstæðisflokksins næstkomandi sunnudag og verð síðan fjarverandi það sem eftir lifir þingtímans af persónulegum ástæðum.

Ég hef átt sæti á Alþingi sl. 22 ár, þar af verið þingflokksformaður í sjö ár og setið á ráðherrabekkjunum í tæp 11 ár. Það eru mikil forréttindi að fá að gegna störfum svo drjúgan hluta starfsævinnar á vettvangi elstu og æðstu stofnunar landsins. Mér þykir afar vænt um þessa stofnun og vil að sómi hennar sé sem mestur. Mér þykir miður að ekki skuli hafa náðst í þinginu samkomulag um þinglok fyrir kosningar og að hætta sé á alvarlegum deilum, m.a. um sjálfa stjórnarskrána. Það mun koma í annarra hlut að greiða úr þeim deilum og ég heiti á alla að standa þannig að því að heiður Alþingis verði ekki fyrir borð borinn.

Að svo mæltu þakka ég alþingismönnum öllum fyrir samstarf liðinna ára og sömuleiðis skrifstofustjóra og starfsfólki þingsins. Ég óska Alþingi allra heilla sem og þeim sem hér eiga eftir að starfa í framtíðinni.

[13:34]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill við þetta tækifæri þakka hv. þm. Geir H. Haarde fyrir góð orð og góðar óskir til Alþingis og alþingismanna. Mér er kunnugt um að hann getur ekki sótt þingfundi, eins og fram kom í ræðu hans, í næstu viku þar sem hann er á förum til útlanda vegna læknismeðferðar. Ég óska honum góðs bata og að hann komist fljótt og vel yfir veikindin og geti tekið til við ný viðfangsefni með óskertum kröftum.

Það eru vissulega tímamót þegar forustumaður flokks kveður Alþingi, fyrrverandi forsætisráðherra og þingmaður til 22 ára. Hann hefur sannarlega sett svip sinn á störf Alþingis þá rúma tvo áratugi sem hann hefur átt hér sæti. Ég veit að ég mæli fyrir hönd okkar alþingismanna allra þegar ég þakka samstarfið við hann og óska honum alls góðs í framtíðinni og honum og fjölskyldu hans farsældar á komandi árum.

Tilhögun þingfundar.

[13:35]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill vekja athygli á því að ráðgerðir eru þrír fundir í dag og hefst annar fundurinn þegar að loknum þeim fyrsta um kl. hálffjögur. Hlé verður á þingfundi milli kl. 4 og 6 meðan þingflokksfundir standa yfir en að þeim loknum verður þingfundi fram haldið.

[13:35]

Útbýting:

Atvinnuleysistryggingar, 376. mál, þskj. 794.

Jarðgöng undir Fjarðarheiði, 449. mál, þáltill. ArnbS o.fl., þskj. 799.

Málefni aldraðra, 412. mál, þskj. 792.

Tekjuskattur, 410. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 798.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Afgreiðsla mála fyrir þinglok.

[13:36]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Nú er svo komið í þinghaldinu að það stefnir í þinglok og því er títt spurt í þinginu hvaða mál áhersla verði lögð á að klára fyrir þinglok. Í tilefni af því að hæstv. forsætisráðherra er til svara vil ég beina spurningum til hennar varðandi forgangsatriði ríkisstjórnarinnar í þessu sambandi. Ég minnist þess að fyrir sennilega tveimur vikum gat hæstv. forsætisráðherra þess á blaðamannafundi að allmörg mál hefðu verið afgreidd út úr ríkisstjórn og þar af væru níu mál sem vörðuðu hag fyrirtækja og heimila. Ég velti fyrir mér hvort þessi listi, sem áður var níu mál, hafi lengst, hvort fram hafi komið eða væntanleg séu ný mál af hálfu ríkisstjórnarinnar sem varða hagsmuni fyrirtækja og heimila. Ég óska þess að hæstv. forsætisráðherra svari því hvort þau mál sem varða hagsmuni fyrirtækja og heimila séu ekki þau mál sem ríkisstjórnin leggur mest kapp á að klára fyrir þinglok.

Ástæðan fyrir því að ég spyr á þessum degi er ekki síst sú að í sjónvarpsfréttum kl. 10 í gærkvöldi var rætt við formann Framsóknarflokksins, Sigmund Davíð Gunnlaugsson sem kalla má guðföður ríkisstjórnarinnar, og þar gagnrýndi hann ríkisstjórnina harðlega fyrir skort á aðgerðum til að styðja heimili og fyrirtæki. Hann talaði um að það vantaði róttækari aðgerðir til að bregðast við efnahagsvandanum. Hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Við þessar aðstæður er spurningin ekki sú hvernig gangi að koma í gegn ýmsum almennum málum sem vel geta beðið fram yfir kosningar. Spurningin er sú hvers vegna ekki er búið að koma með þessar bráðaaðgerðir til að taka á vandanum.“

[13:38]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmaður veit væntanlega héldu formenn stjórnmálaflokkanna fund með mér í gær þar sem farið var yfir stöðu mála í þinginu. Ég lagði lista fyrir formenn flokkanna þar sem farið var yfir stöðu mála og var um að ræða 22 mál sem við lögðum áherslu á. Að auki voru fleiri mál í þinginu sem við fórum yfir líka en í stórum dráttum eru þetta um 22 mál sem við leggjum áherslu á og þar af eru um 12 mál sem snerta endurreisn efnahags- og atvinnulífs og ein fimm mál sem okkur telst til að séu enn í þinginu og snerta aðgerðir fyrir heimilin í landinu. Síðan eru það þau mál sem eru umdeild, sem hv. þingmaður þekkir, t.d. stjórnarskrármálið, mál sem snerta sér-

stakan saksóknara, varnir gegn sókn í skattaskjól og nokkur önnur mál. Í heildina eru þetta um 22 mál.

Við munum hittast aftur síðar á þessum degi, formenn flokkanna ásamt mér, þar sem við förum yfir stöðu mála eftir að þingflokkar hafa fjallað um þennan lista sem lagður hefur verið fram og ég tel ekki ástæðu til þess að rekja einstök mál. En þetta eru mjög brýn mál, ekki síst þau sem snerta greiðsluaðlögun fyrir heimilin í landinu, bæði samningsveðið og að því er varðar fasteignaveðlánin. Ég hlýt líka að mótmæla því sem fram kom í fréttum kl. 10 í gær hjá formanni Framsóknarflokksins að ekkert hefði verið gert frá því að ríkisstjórnin komst til valda. Ef hv. þingmaður fer yfir þann lista sem lagður hefur verið fram sér hann að lögð hafa verið fram mjög mörg mál sem snerta heimilin í landinu. Greiðsluaðlögunin er t.d. mjög mikilvæg vegna þess að hún tekur á vanda skuldugustu heimilanna, ekki bara með flatri 20% afskrift heldur með miklu róttækari hætti ef um er að ræða mikinn vanda hjá heimilunum.

[13:40]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég vil orða spurningu mína aðeins skýrar. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir upplýsingar um listann sem kynntur hefur verið fyrir formönnum og forustumönnum stjórnmálaflokkanna og fagna því að enn eru viðræður í gangi um framgang mála á þinginu. Ég held að ég geti talað fyrir munn okkar þingmanna allra þegar ég segi að við viljum í störfum okkar hér leggja höfuðáherslu á að klára þau mál sem með skýrum hætti hafa jákvæð áhrif á stöðu efnahagsmála og hagsmuni heimila og fyrirtækja í landinu.

Eins og hæstv. forsætisráðherra vék að eru fleiri ágreiningsmál uppi í þinginu og ég spyr, og vildi kalla eftir afstöðu forsætisráðherra til þess, hvort ekki sé tilefni til þess, í ljósi þess að hér eru að bresta á kosningar eftir nákvæmlega mánuð og fáir dagar eru eftir af þingstörfum, að við einhendum okkur í þau mál sem varða hagsmuni fyrirtækja og heimila og geymum önnur ágreiningsmál til næsta þings.

[13:41]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um það að við eigum að einhenda okkur í brýn mál og afgreiða þau á þingi, mál sem snerta heimilin og fyrirtækin í landinu. En það er ekki sama mat hjá hv. þingmanni, og þá væntanlega Sjálfstæðisflokknum, og stjórnarflokkunum á því hvað eru brýn mál. Við teljum lýðræðisumbætur, sem við leggjum mikla áherslu á, þ.e. breytingu á stjórnarskránni, brýnt mál sem mikilvægt sé að afgreiða á þessu þingi. Það á ekki að vera neitt nýtt fyrir hv. þingmanni vegna þess að við höfum lagt áherslu á það frá upphafi, og það kemur fram í verkáætlun okkar, að fá þau mál afgreidd sem snerta stjórnlagaþingið, sem snerta auðlindirnar, sem snerta aðferðir við að breyta stjórnarskránni og þjóðaratkvæðagreiðslu.

Enn er þetta allt undir hjá okkur og þó að aðgerðir fyrir heimilin og atvinnulífið séu brýnastar og beri að leggja áherslu á að hraða þeim vel í gegnum þingið þá eru lýðræðisumbæturnar í okkar augum ekki síst mikilvægar fyrir lýðræðið í landinu.

ASÍ og framboðsmál.

[13:43]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég vil inna hæstv. félagsmálaráðherra eftir því hvort hún telji að ASÍ sé að brjóta vinnumarkaðslöggjöfina og hvort ASÍ sé að brjóta jafnræði milli fólks, milli starfsmanna sinna. Ég spyr vegna þess að Vigdísi Hauksdóttur lögfræðingi, sem er í 1. sæti Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður og er lögfræðingur hjá ASÍ, var neitað um launalaust leyfi fram yfir kosningar og var gert að hætta störfum hjá ASÍ. Á sama tíma er Magnús Norðdahl, yfirlögfræðingur hjá ASÍ, í 6. sæti Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. (**KJúl:** Það er ekki búið að samþykkja neinn lista ...) Síðan segir í fjölmiðli að Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, segi að venjan sé að gefa fólki frí til að taka þátt í prófkjöri en þegar fólk sé komið í nokkuð öruggt þingsæti hafi meginreglan verið að veru þess ljúki hjá ASÍ.

Nú er mjög erfitt að kveða upp úr um það hvort einhver sæti eru örugg þingsæti eða ekki en a.m.k. er alveg ljóst að miðað við lög um stéttarfélög og vinnudeilur er atvinnurekendum óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir síns fólks og afskipti þess af stjórnmálafélögum, m.a. með uppsögn eða hótunum um uppsögn.

Ég sé ekki annað, virðulegi forseti, en að hér hafi ASÍ neitað Vigdísi Hauksdóttur framsóknarkonu um launalaust leyfi vegna stjórnmálaafskipta en veitt Magnúsi Norðdahl, lögfræðingi ASÍ, launalaust leyfi vegna stjórnmálaskoðana. Ég vil inna hæstv. félagsmálaráðherra, sem fer með málefni verkalýðsfélaga, eftir því hvort ASÍ er að brjóta lög um vinnumarkaðinn og hvort ASÍ er að brjóta jafnræði meðal fólks. (Forseti hringir.) Eins og þetta mál er vaxið verð ég að segja, virðulegur forseti, að það lyktar (Forseti hringir.) af pólitískum nornaveiðum og þess vegna vil ég gjarnan fá upplýsingar hjá (Forseti hringir.) hæstv. ráðherra um þetta mál.

[13:45]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Nú þekki ég þetta mál ekki en sá á forsíðu dagblaðs í morgun að verið var að fjalla um það. Ég á mjög erfitt með að svara hv. þingmanni ítarlega um lagagreinar hvað þetta varðar. Ég er tilbúin til að láta skoða þetta í félagsmálaráðuneytinu ef hv. þingmaður telur ójafnræðis hafa verið gætt eða að þetta varði jafnréttislög og þá er ég líka tilbúin til að láta Jafnréttisstofu skoða þann þátt. Ég get ekki svarað þessu frekar að svo stöddu þar sem ég hef hvorki efnisatriði né lagagreinar fyrir framan mig.

[13:46]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og geri mér grein fyrir því að kannski er erfitt að bregðast við án þess að hafa miklar upplýsingar um málið. Það er nokkur

hefð fyrir því að forustumenn og starfsfólk í verkalýðshreyfingunni taki þátt í stjórnmálastörfum og taki sæti á lista. Gylfi Arnbjörnsson er m.a. dæmi um það, hann hefur verið áberandi áhrifamaður innan Samfylkingarinnar og var m.a. orðaður við formennsku í þeim flokki um tíma og ætlaði að fara í prófkjör en hætti við. Allt gott og blessað með það. Að mínu mati er hins vegar mjög sérstakt að Vigdís Hauksdóttir sem er í Framsóknarflokknum fái ekki launalaust leyfi á meðan Magnús Norðdahl sem er í Samfylkingunni fær launalaust leyfi. Ég sé ekki annað en að þarna skipti stjórnmálaskoðanir máli, a.m.k. þarf annars að færa einhver rök fyrir því að svo sé ekki. Mér finnst grafalvarlegt ef skilaboðin frá ASÍ eru þau (Forseti hringir.) að þeir sem taka þátt í stjórnmálum séu eitthvað verri en aðrir og eigi að víkja. (Forseti hringir.) Það er grafalvarlegt og ég skora á hæstv. ráðherra að fá svör við þessum spurningum hið fyrsta. (**Gripið fram í:** ... BSRB.)

Losunarheimildir á koltvísýringi í flugi.

[13:47]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra um losunarheimildir á koltvísýringi í flugi. Tilskipunin um að fella flug í Evrópu undir viðskiptakerfi með útblástursheimildir á koltvísýringi á að taka gildi 1. janúar 2012 en fer strax að hafa áhrif 1. janúar 2010 því að þá hefst tímabil þar sem flugfélög safna reynslu sem veitir hlutfallslegan aðgang að potti 85% ókeypis heimilda. Gildistakan er í raun eftir níu mánuði og eftir það verður ekkert svigrúm til samninga við ESB. Þess vegna er mikilvægt að samningsmarkmiðin séu klár og verði sett fram áður en það verður of seint. Þess vegna spyr ég hæstv. umhverfisráðherra hvort hún telji ekki mikilvægt að sótt verði um undanþágur á kvótakerfinu fyrir innanlandsflugið.

Ég spyr einnig hvort hún telji ekki nauðsynlegt að fella Færeyja- og Grænlandsflugið undir skilgreiningu um innanlandsflug.

Hæstv. forseti. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir íbúa þessa lands. Innanlandssamgöngukerfið byggist að stórum hluta á flugi og kostnaður við kaup á kvóta lendir á endanum á þeim sem nýta sér innanlandsflugið, sem flestum finnst kosta nógu miklar fjárhæðir nú þegar. Flugfarseðlar þyrftu sem sagt að hækka verulega til að greiða fyrir losunarheimildir ef ekki verður brugðist við og sótt um undanþágur.

Fyrir utan það meginmarkmið ESB að draga úr losun koltvísýrings á flugi er það eitt markmiða með kvótasetningunni að umferð frá flugi á stuttum vegalengdum færist yfir á aðrar umhverfisvænni samgöngugreinar eins og járnbrautarlestir og áætlunarbifreiðar. Það á ekki við á Íslandi og þess vegna er mjög mikilvægt að við fáum að halda innanlandsfluginu þannig að þetta raski því ekki.

Það sjá allir að mun umhverfisvænna er að nýta innanlandsflugið (Forseti hringir.) en að beina allri umferð á vegi og fólksbíla, (Forseti hringir.) við þær aðstæður sem hér eru.

[13:50]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur að við Íslendingar förum á næstunni undir þetta losunarbókhald Evrópusambandsins hvað varðar flugið. Unnið er í því hvernig það verður útfært. Meðal þess sem er til skoðunar eru möguleikar á undanþágum frá innanlandsfluginu, þ.e. hvernig þetta verður aðlagað í þrepum því að þetta hellist auðvitað ekki allt yfir á einum degi.

Það er líka verið að kanna millilandaflugið og kannski ekki síður það. Við búum við þær aðstæður að vera á eylandi og getum ekki leyst samgöngumálin með rafknúnum lestum, eins og nágrannalönd okkar geta gert. Núna er verið að skoða á hvern hátt þessi sérstaða Íslands, Færeyja og Grænlands kemur út í heildarsamhenginu. Engar niðurstöður hafa náðst í þeim viðræðum, þær eru til skoðunar en ég fullvissa hv. þingmann um að hagsmuna Íslands verður að sjálfsögðu gætt í hvívetna í þeim viðræðum.

[13:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka umhverfisráðherra fyrir svörin og inni hana enn og aftur eftir því hvort hún muni ekki leggja sérstaka áherslu á innanlandsflugið. Við vitum og þekkjum umræðuna um millilandaflugið. Ég held að allir vinni að því markmiði að fá þær undanþágur og sérstaða Íslands verði tekin þar sérstaklega til greina. Það skiptir líka gífurlega miklu máli að innanlandsflugið verði tekið sérstaklega fyrir og umhverfisráðuneytið og embættismenn þar leggi sig sérstaklega fram í málinu. Það hefur borið við að þar séu kannski einhverjar fyrirstöður og ég vil því enn og aftur inna umhverfisráðherra eftir því hvort hún hafi einhverjar athugasemdir við það (Forseti hringir.) að sótt verði um undanþágu fyrir innanlandsflugið.

[13:52]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Við höfum undirgengist ákveðnar skuldbindingar, í fyrsta lagi 1992 þegar við undirrituðum loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna og svo í framhaldi af því, og skuldbindingar okkar ganga út á það að við ætlum að gera það sem í okkar valdi stendur til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, ekki hvað síst frá samgöngum. Það gildir um allar samgöngur.

Meðal þess sem ríkisstjórnin og sérfræðinganefnd sem hefur starfað á vegum umhverfisráðuneytisins eru að skoða er á hvern hátt við getum dregið úr losun frá samgöngum. Þar er flugið meðtalið og samgöngur á vegum heyra líka þar undir.

Samgönguráðuneytið er það ráðuneyti sem kemur ekki síst að því hvernig við komum til með að geta unnið í sameiningu að þeim markmiðum okkar að draga úr losuninni. Undanþáguheimildir frá þessum ákvæðum eru ekki vinsælar, get ég sagt hv. þingheimi, og við Íslendingar (Gripið fram í.) komum ekki (Forseti hringir.) til með að fá neinar sérstakar ívilnandi undanþágur sem öðrum þjóðum standa ekki til boða, (Forseti hringir.) ef við erum að tala um sambærilegar aðstæður. (**ArnbS:** Er ekki ...?) (**Gripið fram í:** Niðurgreiða reiðhjól fyrir landsbyggðina.)

Vinnuhópur um eftirlitshlutverk þingsins o.fl.

[13:54]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Eins og þingheimi er kunnugt skipaði forsætisnefnd á síðasta ári sérstakan vinnuhóp til að fara yfir ákvæði er varða eftirlitshlutverk þingsins, þar á meðal og sérstaklega ráðherraábyrgð. Skipuð var nefnd undir forustu Bryndísar Hlöðversdóttur, aðstoðarrektors á Bifröst, en með henni í nefndinni eru Andri Árnason hæstaréttarlögmaður og Ragnhildur Helgadóttir prófessor. Þetta ágæta fólk hefur unnið hörðum höndum að því að stilla upp tillögum og skýrslu sem forsætisnefnd og þinginu hefði verið fært og í framhaldinu var gert ráð fyrir að vinna að breytingum á lögum.

Nú bárust fréttir um það í gær að forsætisráðherra hafi skrifað forseta Alþingis og gert kröfu um að þessi nefnd tæki til meðferðar mál sem henni var falið í fyrra með bréfi forsætisnefndar. Framkvæmdarvaldið er með öðrum orðum að hlutast til um verkefni sem unnið er af miklum heilindum og fullri alvöru á vettvangi forsætisnefndar.

Þess vegna spyr ég: Hvað er hér á ferðinni? Er þess að vænta að á vegum ríkisstjórnarinnar komi fram annað frumvarp um breytingar á stjórnarskránni? Er þess að vænta að við fáum tillögur sem ríkisstjórnin hefur unnið og undirbúið við hlið þeirrar nefndar sem vinnur núna á vettvangi Alþingis?

[13:56]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Mér finnst þetta, virðulegi forseti, óþarfaviðkvæmni hjá hv. þingmanni og fyrrverandi forseta Alþingis. Málið liggur einfaldlega þannig að í verkáætlun ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að endurskoða skuli lög um ráðherraábyrgð. Eins og hv. þingmaður nefndi, er starfandi nefnd sem er að fara yfir eftirlitshlutverk þingsins, það er alveg rétt. Við vissum af henni og töldum rétt, í stað þess að skipa sérstakan vinnuhóp í það að endurskoða lög um ráðherraábyrgð og landsdóm, að óska eftir því að þessari nefnd yrði sérstaklega falið að skoða lög um ráðherraábyrgð og landsdóm í þeirri vinnu sem hún er í og hafa hliðsjón af hliðstæðum lögum í nágrannalöndunum. Hér voru ekki settar fram neinar kröfur af hálfu forsætisráðuneytisins, heldur einungis ósk um að nefndin mundi sérstaklega skoða lögin um ráðherraábyrgð sem ég veit ekki hvort var sérstaklega getið um, held þó ekki, í því bréfi sem þessir sérfræðingar fengu frá forsætisnefnd, að því er varðar vinnu nefndarinnar.

Ég taldi bara eðlileg vinnubrögð að nefndin sem væri að skoða þetta væri með þetta verkefni, lögin um ráðherraábyrgð, sem er á verkáætlun ríkisstjórnarinnar í stað þess að setja nýja nefnd í málin. Ég tel það bara eðlileg vinnubrögð og skil ekki í þessari viðkvæmni hv. þingmanns í þessu efni.

[13:57]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Það kann að vera að það sé á verkáætlun ríkisstjórnarinnar að breyta stjórnarskránni en til þess þarf ýmislegt að gerast. Til að upplýsa hæstv. forsætisráðherra get ég vitnað hér í ágæta blaðagrein sem formaður vinnuhópsins skrifaði 4. mars í *Fréttablaðið* þar sem segir, með leyfi forseta:

„Vinnuhópnum er meðal annars ætlað að skoða ákvæði stjórnarskrárinnar sem lúta að eftirlitshlutverki þingsins, ákvæði þingskapa, lög um ráðherraábyrgð og landsdóm ...“

Það fer ekkert á milli mála að forsætisnefndin fól nefndinni að skoða þá hluti sem ríkisstjórnin kemur nú fram með og ætlast til að hún taki fram fyrir hendurnar á forseta Alþingis og forsætisnefnd. Hvað er eiginlega að gerast hér?

[13:58]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég skil ekki enn þá af hverju hv. þingmaður ber málið svona fram. Það er ekkert sem meinar ríkisstjórn að láta endurskoða lög, hvort sem það eru lög um ráðherraábyrgð (Gripið fram í.) eða eitthvað annað. Framkvæmdarvaldið undirbýr líka frumvörp sem eru lögð fyrir Alþingi, eins og hv. þingmaður veit. Ég skil ekki af hverju hv. þingmanni finnst sérkennilegt verklag að við vísum þessu máli til þessarar nefndar (Gripið fram í.) frekar en að setja nýja nefnd sérstaklega í þetta mál. Ég get upplýst hv. þingmann um það að áður en við sendum þetta bréf töluðum við við formann nefndarinnar um þetta mál vegna þess að við ætluðum að setja sérstaka nefnd í málið. Niðurstaðan varð sú að þau vinnubrögð væru miklu eðlilegri að ríkisstjórnin afgreiddi þetta mál, sem er í verkáætlun, frá sér með þessum hætti og þá kæmi líka fram (Forseti hringir.) hvaða áherslur hún hefði í málinu og (Forseti hringir.) m.a. væri höfð hliðsjón af sambærilegum lagaákvæðum annars staðar á Norðurlöndunum.

Barnabætur.

[14:00]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Íslendingar eru skuldug þjóð og skuldugasta kynslóðin á Íslandi í dag er fólk á aldrinum 25–45 ára, fólk sem hefur börn á framfæri, fólk sem margt hvert hefur misst atvinnuna og fólk sem berst fyrir því að halda íbúðarhúsnæði sínu og fjölskyldu sinnar.

Það vakti því mikla gleði þegar fyrri ríkisstjórn tilkynnti þann 8. desember að uppi væru áform um að hefja mánaðarlegar greiðslur barnabóta á þessu ári. Með þessari yfirlýsingu voru skapaðar miklar væntingar hjá þessu fólki og það sá fram á betri tíð með mánaðarlegum greiðslum barnabóta, en ekki greiðslum fjórum sinnum á ári eins og verið hafði.

Nú er svo komið að núverandi ríkisstjórn hefur gefið út að fallið hafi verið frá þessum mánaðarlegu greiðslum, sem reyndar áttu að hefjast þann 1. apríl næstkomandi — sem er frekar óheppileg dagsetning í ljósi þess að menn hafa hætt við þetta, spurning hvort um eitthvert aprílgabb hafi verið að ræða — en það er gert á þeim forsendum að mánaðarlegar greiðslur hefðu komið verr út fyrir fjölskyldur í landinu og betra sé að viðhalda gamla kerfinu.

Nú spyr ég hæstv. forsætisráðherra, sem átti sæti í síðustu ríkisstjórn: Gerðu þáverandi ráðherrar í ríkisstjórn Íslands sér ekki grein fyrir því hvað þessi kerfisbreyting mundi þýða fyrir þetta fjölskyldufólk? Var það meðvituð ákvörðun að hefja mánaðarlegar greiðslur á barnabótum?

Vissu menn hvaða afleiðingar það mundi hafa fyrir barnafólk eða ekki? Það er búið að vekja upp miklar falsvonir hjá barnafjölskyldum í landinu sem er ljótur leikur og við hljótum því að spyrja hæstv. forsætisráðherra, sem átti sæti í síðustu ríkisstjórn: Vissi síðasta ríkisstjórn ekki neitt hvað hún var að gera? Og hvernig ætlar hæstv. ráðherra þá að breyta barnabótakerfinu til hagsbóta fyrir fjölskyldur eða er það virkilega svo að núverandi ríkisstjórn ætli ekki að gera neinar breytingar á barnabótakerfinu (Forseti hringir.) til hagsbóta fyrir barnafjölskyldur í landinu?

[14:02]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Fyrir stuttu síðan var akkúrat þetta mál, sem hv. þingmaður tekur hér upp, rætt á fundi í fyrirspurnatíma og þessari fyrirspurn var beint til fjármálaráðherra og eftir því sem ég best heyrði var hæstv. ráðherra fjármála að skoða þetta mál. En það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að þetta mál á sér tvær hliðar. Sá sem fær þetta greitt fjórum sinnum á ári, og þá þrjá mánuði væntanlega í einu, getur ávaxtað peningana á þeim tíma ef hann þarf ekki að nýta þá en ef hann þarf að nýta þá reglulega, sem flestir þurfa að gera, geta greiðslur á hverjum mánuði verið heppilegri. En ég held ekki að þetta breyti mjög miklu fyrir barnafjölskyldur. Ég held að þarna hafi fyrst og fremst verið spurning um hvort fólk hefði val um hvort það tæki barnabæturnar út mánaðarlega eða fjórum sinnum á ári eins og er í lögum.

Hv. þingmaður veit að ekki verður farið mikið út í það að auka barnabætur á þeim stutta tíma sem eftir lifir af þessu þingi. Við höfum farið út í ýmsar aðgerðir sem skipta máli fyrir unga fólkið í landinu, ekki síst aðgerðir sem skipta máli fyrir húsnæðislán ungs fólks. Við höfum líka farið í mál sem skiptir ekki síst máli fyrir ungt fólk með miklar skuldir sem er aukning á vaxtabótum. Við hækkum þær um 25% og það þýðir að hjá hjónum með árstekjur á bilinu 3–8 millj. hækka vaxtabætur um 170 þús. kr. og það er ekkert smátt, þegar það verður gert. En hv. þingmaður er alltaf á hálum ís þegar hann talar um barnabætur vegna þess að þær voru skertar í tíð Framsóknarflokksins á tímum mikillar uppsveiflu og góðæris í samfélaginu, (Gripið fram í.) þannig að hv. þingmaður er á hálum ís þegar hann minnist á barnabætur.

[14:04]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Mér þykir það miður að heyra málflutning hæstv. forsætisráðherra í þessum efnum, þegar margar barnafjölskyldur í landinu horfa fram á gríðarlega erfiðleika í rekstri heimila sinna. Það eina sem hæstv. forsætisráðherra hefur fram að færa er einhver upprifjun á sögunni. Mér finnst vanta skýra framtíðarsýn og hæstv. ráðherra svaraði ekki mjög einfaldri spurningu áðan um þær væntingar sem ríkisstjórn sem hún sat í áður gaf barnafólki í landinu. Það á ekki að gera neinar breytingar á barnabótakerfinu barnafólki til hagsbóta. Það liggur fyrir.

Hæstv. forsætisráðherra má rifja upp gamlar sögur en það sem ég kom upp til að ræða við hæstv. forsætisráðherra um er framtíðin. Hvaða framtíðarsýn hefur hæstv. forsætisráðherra gagnvart barnafólki í landinu? Ætlar hæstv. ráðherra að beita sér fyrir breytingum á þessu kerfi til hagsbóta fyrir barnafjölskyldur í landinu eða á að viðhalda óbreyttu kerfi, eins og hæstv. ráðherra hefur boðað? Ég hef staðið í þeirri trú að menn hafi ætlað að koma til móts við skuldsett heimili, sérstaklega barnafólkið í landinu. Þess vegna eru svör hæstv. forsætisráðherra mér mikil vonbrigði, það eru mikil vonbrigði að heyra þetta hér. Hæstv. forsætisráðherra getur komið hér aftur (Forseti hringir.) upp í söguupprifjun en það mun ekki gleðja fjölskyldufólk í landinu, því miður.

[14:06]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil minna á að hv. þingmaður hóf mál sitt á því að segja að fyrri ríkisstjórn hefði svikið barnafjölskyldur í landinu. Ég var bara að minna hv. þingmann á fortíð hans í þessu efni með sama hætti og hv. þingmaður minnti mig á að síðasta ríkisstjórn hefði svikið þetta að því er varðar barnabæturnar, sem skiptir ekki miklu máli hvort greiddar eru út einu sinni í mánuði eða á þriggja mánaða fresti. (Gripið fram í.) En ef horft er til fortíðar hefðu barnakortin sem Framsóknarflokkurinn lofaði fyrir 8 árum skipt máli fyrir barnafjölskyldur og væru það 50–60 þús. kr. á mánuði fyrir hvert heimili í landinu, ef við þau hefði verið staðið og það hefði munað töluverðu fyrir heimilin.

Ég get líka fullvissað hv. þingmann um það að ef sú sem hér stendur verður í ríkisstjórn eftir næstu kosningar verða barnabæturnar sérstaklega skoðaðar og í þeim mikla niðurskurði sem við þurfum alveg örugglega að fara í á næsta ári (Forseti hringir.) munum við skoða barnabæturnar sérstaklega, m.a. með það í huga að hafa það í forgangi í þeim niðurskurði að hlífa þeim sem helst þurfa á að halda, fólki með lágar og meðaltekjur.

Fæðingar í Vestmannaeyjum.

Fsp. REÁ, 441. mál. — Þskj. 761.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra og varðar hún fæðingarþjónustu í Vestmannaeyjum. Nýverið var lagt til af hálfu forsvarsmanna Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja að loka skurðstofunni á Heilbrigðisstofnuninni um sex vikna skeið í sumar í sparnaðarskyni til að mæta kröfum um niðurskurð. Áætlað er að í kringum 10 millj. kr. sparist við þessa aðgerð en stofnuninni er gert að hagræða um í kringum 70 millj. kr. á fjárlögum þessa árs.

Ég geri ekki lítið úr því risavaxna verkefni sem niðurskurður á kostnaði ríkisins til heilbrigðismála er og veit að hæstv. heilbrigðisráðherra er ekki öfundsverður af því verkefni. En alltaf er þetta spurning um forgangsröðun og að öryggi notenda heilbrigðisþjónustunnar sé ævinlega tryggt.

Ég vil því sérstaklega spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra um það hvernig heilbrigðisyfirvöld hyggjast tryggja öryggi fæðandi kvenna í Vestmannaeyjum á umræddu tímabili. Einnig vil ég spyrja hæstv. ráðherra um hversu margar fæð-

ingar séu áætlaðar á tímabilinu.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um landfræðilega sérstöðu Vestmannaeyja hvað samgöngumál varðar. Hún er öllum kunn. Kona í barnsnauð er ekki líkleg til að hafa tíma til að skipuleggja sjóferð með Herjólfi með nægum fyrirvara og jafnvel um hásumar er heldur engin trygging fyrir því að alltaf sé hægt að fljúga til og frá Vestmannaeyjum, eins og dæmin sanna. Með lauslegri athugun á tölum um flug í júní og júlí á árunum 2000–2007 má gera ráð fyrir því að ófært sé með flugi að meðaltali 2–4 heila daga í mánuði auk þeirra daga sem ófært er hluta úr degi. Ég tek fram að þetta eru meðaltalstölur og ályktanir mínar, en ekki mjög vísindalega reiknað.

En það er ekki hægt að fullvissa fæðandi konur í Vestmannaeyjum um að ævinlega verði hægt að koma þeim undir læknishendur á umræddu tímabili og því vandséð hvernig öryggi þeirra verður tryggt. Lokun skurðstofunnar þýðir því í raun að fæðingarþjónustan leggst af í Eyjum á þessu tímabili og í raun á mun lengra tímabili þar sem náttúran er nú einu sinni þannig að ekki er hægt að dag- eða tímasetja barnsfæðingar með fullkominni nákvæmni. Þetta hefur í för með sér að tilvonandi foreldrar þurfa að fara með nægum fyrirvara upp á land til að vera nálægt þjónustunni með öllu því raski fyrir fjölskyldur, kostnaði og vinnutapi sem því fylgir. Eyjamenn hafa ekkert val í þessu sambandi því samgöngurnar eru einfaldlega þannig að ekki er alltaf hægt að tryggja þær vegna náttúrulegra aðstæðna. Það þarf því mikla dirfsku að taka þá ákvörðun að loka skurðstofunni og bera þá ábyrgð sem í þeirri ákvörðun felst. Ég fagna því að hæstv. heilbrigðisráðherra tilkynnti í gær um að fæðingarþjónusta á Suðurnesjum og á Suðurlandi verði áfram tryggð óbreytt og það eru góðar fréttir. Í ljósi sérstöðu Vestmannaeyinga hljóta þeir að gera sömu kröfu til hæstv. ráðherra og fara fram á það að lokun skurðstofunnar í Eyjum verði dregin til baka. Ég skora því á hæstv. ráðherra að leita leiða til að ná viðlíka samkomulagi í Vestmannaeyjum þannig að öryggi íbúanna verði áfram tryggt.

Þess má geta að þetta er alls ekki í fyrsta sinn sem lokun skurðstofunnar í Eyjum hefur verið lögð til sem sparnaðaraðgerð (Forseti hringir.) og það hefur ætíð þurft mikla baráttu Eyjamanna í þessu samhengi. Það hefur áður gerst í þessum ræðustól að heilbrigðisráðherra hefur afturkallað slíka sparnaðaraðgerð. Ég minni á að Jón Kristjánsson, þáverandi heilbrigðisráðherra, (Forseti hringir.) dró slíka aðgerð til baka og ég skora á hæstv. heilbrigðisráðherra að íhuga að gera slíkt hið sama.

[14:11]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ragnheiði E. Árnadóttur fyrir fyrirspurnir sínar um fæðingar í Vestmannaeyjum. Ég er sammála mörgu í málflutningi hv. þingmanns og þá ekki síst því að þegar gripið er til sparnaðaraðgerða í heilbrigðiskerfinu eigi að forðast allt sem teflir öryggi fólks í tvísýnu og það á ekki síst við um barnshafandi konur.

En það er rétt sem fram kom að stjórnendur Heilbrigðisstofnunarinnar í Vestmannaeyjum hafa í hyggju að draga saman starfsemi skurðstofunnar í sumar og hv. þingmaður spyr hvernig heilbrigðisyfirvöld hyggist tryggja öryggi fæðandi kvenna í Eyjum á meðan sex vikna sumarlokun skurðstofunnar þar stendur yfir.

Ég var nýlega á ferð í Vestmannaeyjum og ræddi við starfsfólk og stjórnendur Heilbrigðisstofnunarinnar í Vestmannaeyjum og þar var mér tjáð að þessi ákvörðun hefði verið tekin. Hún var ígrunduð og byggir ekki á dirfsku heldur yfirvegun og ég treysti stjórnendum og starfsfólki til að taka yfirvegaða ákvörðun af þessu tagi án þess að tefla öryggi fólks í tvísýnu.

Það er spurt hversu margar fæðingar séu áætlaðar í Vestmannaeyjum. Á tímabilinu sem um ræðir er áætlað að fimm fæðingar geti átt sér stað. Sú áætlun byggist bæði á því sem vitað er úr mæðraeftirliti í Vestmannaeyjum en einnig er fjöldinn mjög nálægt meðaltali fæðinga sem reikna má með á sex vikna tímabili miðað fjölda á ári undanfarin ár. Öryggi þeirra kvenna sem munu fæða þessar sex vikur mun ekki síst byggjast á góðri mæðravernd sem rekin hefur verið í Vestmannaeyjum um áratugaskeið þannig að engin þekkt áhætta verði tekin ef konan velur að fæða í Vestmannaeyjum þrátt fyrir lokaða skurðstofu. Ég legg áherslu á að þótt skurðstofa sé ekki aðgengileg er ekki þar með sagt að engin fæðing geti átt sér stað. Ég vísa t.d. til stórra svæða á norðausturhorni og suðausturhorni landsins í því efni. Hins vegar gildir öðru máli ef um áhættu er að ræða og ef til þess kemur að flytja þarf konu á aðra heilbrigðisstofnun t.d. Landspítalann mun öruggt sjúkraflug vera tryggt. Þar er bæði um að velja hið hefðbundna sjúkraflug sem staðsett er í Vestmannaeyjum, sem og aðgengi að björgunarþyrlum Landhelgisgæslunnar. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að um er að ræða hásumartímann þar sem erfiðleikar í samgöngum ættu að vera í algjöru lágmarki miðað við þessa flutningsmöguleika. Þá má einnig minna á að víða um land fæða konur án þess að þar séu fullmannaðar skurðstofur, eins og ég gat um áður. Enn og aftur stendur þetta og fellur með öflugri mæðravernd þar sem leit fer fram að áhættuþáttum og konum er beint í réttan farveg.

[14:15]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Þar sem ég hef átt orðastað við hæstv. heilbrigðisráðherra úr þessum ræðustóli varðandi Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, m.a. um nýtingu á skurðstofum, vil ég fagna því að gengið hefur verið til baka með þær breytingar sem áttu að verða og að vaktþjónustu á skurðdeildum verði haldið áfram. Það má ekki bara eyða peningum, það þarf að skera niður við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Sé það rétt, sem ég las út úr frétt í *Morgunblaðinu* í morgun, að niðurskurðurinn náist með því að starfsfólk taki á sig launaskerðingu og aukið álag verð ég að segja að ég ber mikla virðingu fyrir starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sem leggur slíkt á sig í þágu almennings á Suðurnesjum.

[14:16]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Það er rétt að árétta varðandi þær tvær heilbrigðisstofnanir sem nefndar hafa verið að það er aldrei

öruggt með flug frá Vestmannaeyjum þó að vél sé staðsett þar þegar veðuraðstæður eru þannig. Það er aldrei öruggt, það er ekki rétt að halda því fram. Það er þess vegna mikið í húfi að þessi lágmarksþjónusta sé tryggð (Gripið fram í.) og hún er ekki tryggð nema þessi þjónusta sé til staðar. Sérstaða Vestmannaeyja er mjög klár og kvitt, það er ekki vegasamband við fastalandið og til þess verður að taka tillit.

Varðandi heilbrigðisþjónustuna á Suðurnesjum er það hlutur sem bögglast hefur verið með of lengi og þarf að taka snarpari tökum. Sparnaðurinn má ekki vera þannig að það sé eingöngu starfsfólk stofnunarinnar sem tekur á sig byrðar. (Forseti hringir.) Það verður líka að horfa til þess, hæstv. heilbrigðisráðherra.

[14:17]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því sem fram hefur komið í máli hæstv. heilbrigðisráðherra að reynt verði að tryggja eins og hægt er allt öryggi varðandi fæðingar í Vestmannaeyjum. Ég fagna því líka sem fram kom í fjölmiðlum í gær að það á að reyna að verja stöðu fæðandi kvenna á Suðurlandi. Þar voru tilgreindir staðir — ég vil nefna hér sérstaklega Selfoss, ég sá að hæstv. ráðherra var á fundi þar og á Suðurnesjunum. Það er mikilvægt að við gerum allt sem við getum til þess að tryggja öryggi fæðandi kvenna.

Á sama tíma vitum við að það þarf að hagræða í heilbrigðiskerfinu. Á næstu árum verður krafan um tugmilljarða króna hagræðingu í íslensku samfélagi og að sjálfsögðu þarf að líta þar til allra möguleika, þar á meðal innan heilbrigðiskerfisins. Það er mjög eðlilegt að við reynum að finna leiðir til þess að gera það þannig að öryggi verði samt tryggt sem best og því kaus ég nú fyrir stuttu að koma fram með þær hugmyndir að setja upp svokallað tilvísunarkerfi í heilbrigðisþjónustunni (Forseti hringir.) valfrjálst, og það eru örugglega fleiri leiðir sem má nota til að spara, en ég tel að hæstv. heilbrigðisráðherra sé alla vega á réttri leið með þessi mál.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en verð þó að lýsa miklum vonbrigðum með þau. Ég var að vona að ráðherrann hefði betri fréttir að færa Vestmannaeyingum.

Ráðherra talaði um öfluga mæðravernd og ég er ekki að gera lítið úr henni, þvert á móti. En við vitum að í þessum aðstæðum getur brugðið til beggja vona. Ég þekki það af eigin raun að áhættan getur verið mikil og konur enda í keisaraskurði þó að allt líti vel út. Ráðherra talaði um sjúkraflug og eins og hv. þm. Árni Johnsen benti á kemur það ekki að gagni þegar er ófært.

Mig langar að ítreka hvatningu mína til hæstv. heilbrigðisráðherra um að endurskoða þessa ákvörðun og ganga fram fyrir skjöldu með það mál og færa þessa ákvörðun til baka. Mig langar líka til að spyrja hann um samráð við bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum, sem hann nefndi hér áðan — við hittumst nú á flugvellinum í Vestmannaeyjum ekki alls fyrir löngu þegar hann var að kynna sér þessi mál. Er eitthvað nýtt að frétta af þeim viðræðum, sem mér skilst m.a. af fréttum að snúist um þann vilja Eyjamanna og bæjaryfirvalda, að taka yfir rekstur heilbrigðisstofnunarinnar og færa þannig forræði hennar í hendur heimamanna? Ég tel að það gæti verið mikilvægur liður í þessu samhengi vegna þess að ég tel víst að forgangsröðunin yrði önnur ef heimamenn færu með yfirráðin þarna. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort eitthvað sé að frétta af þeim viðræðum sem hann hefur átt við bæjaryfirvöld.

[14:21]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Þeirri hugmynd hefur vissulega verið teflt fram af hálfu bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum að Vestmannaeyjabær taki yfir heilsugæsluna, við höfum rætt það. Það var gert í öðru samhengi jafnframt að setja þessa hugmynd fram. Það var í bland í tengslum við mótmæli bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum gegn því að Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja yrði sameinuð Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Færð hafa verið mjög góð rök fyrir því að það sé ekki hyggileg leið enda ekki samkvæmt óskum Vestmannaeyinga og var ákveðið að falla frá þeim fyrirætlunum.

Varðandi yfirtöku á heilsugæslunni erum við sammála um að láta hana bíða og skoða nánar því að þetta snýst allt um peninga. Mun aukið fjármagn fylgja slíkri yfirtöku? Það er það sem ég hef ákveðnar efasemdir um á þessari stundu. Um þetta eru einfaldlega viðræður og ekkert nema gott um það að segja.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Björk Guðjónsdóttur, sem fór lofsamlegum orðum um starfsfólk á Suðurnesjum og heilbrigðisstofnunum annars staðar, sem og orð hv. þm. Árna Johnsens, sem gerði það líka. Hann benti réttilega á að slíkur sparnaður og niðurskurður má ekki bitna á starfsfólkinu þegar til lengri tíma er litið. Ég vil líka taka undir með honum þegar hann segir: Það er aldrei hægt að tala um fullkomið öryggi í flugi og samgöngum. Þar hlusta ég að sjálfsögðu á fólk sem hefur miklu meiri og aðra reynslu af þessu en ég. Þá er spurning hvernig þetta öryggi verði tryggt með öðrum hætti. Það er gert með því að treysta á heilbrigðisstarfsmenn í Vestmannaeyjum, dómgreind þeirra, og mæðraverndina en að sjálfsögðu er það (Forseti hringir.) síðan rétt, sem fram kemur hjá hv. þm. Ragnheiði E. Árnadóttur, að við getum aldrei séð fyrir allt sem kann að gerast þegar fæðingar eru annars vegar, það er alveg rétt. (Gripið fram í.) Ég held að ekki sé verið að tefla öryggi fólks í tvísýnu með þessum ákvörðunum og ber fullt traust til (Forseti hringir.) stjórnenda heilbrigðisþjónustunnar í Vestmannaeyjum.

Umræðu lokið.

Notkun lyfsins Tysabri.

Fsp. ÁMöl, 442. mál. — Þskj. 771.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller) (S):

Virðulegi forseti. Í umræðum hér í þingsal sl. mánudag sagði hæstv. heilbrigðisráðherra, með leyfi forseta:

„Mér er gert og ég ætla mér að standa vörð um hagsmuni skattborgarans og um hagsmuni heilbrigðiskerfisins."

Með spurningu minni hér í dag, hæstv. forseti, horfi ég á málið út frá sjónarhóli sjúklinga, út frá hagsmunum þeirra fyrst og fremst og þörf þeirra til að fá svör við spurningum sem þeir sjálfir eru að velta fyrir sér. Það tel ég vera frumskyldu okkar þingmanna þegar rætt er um þessi mál.

Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur sakað mig um að kasta rýrð á störf heilbrigðisstarfsfólks í umræðu um þessi mál og það er rangt og það er fjarri mér. Við stöndum frammi fyrir því að til er nýtt lyf sem getur skipt sköpum um starfshæfni, líðan og lífsgæði MS-sjúklinga. Eins og er geta ekki allir fengið lyfið. Fyrir því eru gefnar ástæður sem ég inni hér eftir.

Margir MS-sjúklingar bíða í eftirvæntingu eftir því að fá niðurstöðu um hvort og hvenær röðin komi að þeim að fá lyfið. Í sumum tilvikum geta slíkar væntingar verið óraunhæfar. Hlutfallslega fleiri MS-sjúklingar hafa fengið þetta lyf á síðustu mánuðum hér á landi í samanburði við önnur lönd og hafa sumir þeirra lýst undraverðum áhrifum lyfsins á framgang sjúkdómsins. Undirbúningur að notkun lyfsins á Landspítala var vandaður og klínískar leiðbeiningar settar um notkun þess, m.a. til að tryggja jafnræði milli sjúklinga. Með tilkomu þessa lyfs stöndum við frammi fyrir nýjum aðstæðum. Ekki hafa allir fengið lyfið sem hafa fengið vilyrði fyrir því eða hafa væntingar um það. Þetta kallar á forgangsröðun sjúklinga, kannski tímabundið en e.t.v. varanlega. Þess vegna er gagnsæi í ákvarðanatöku um hver fær lyfið mjög mikilvægt. Við þessar aðstæður er eðlilegt að fólk leiti skýringa á biðtíma og geri samanburð á aðstæðum sínum og annarra sem þegar hafa fengið lyfið.

Í bréfi til þingmanna í síðustu viku velti ung kona úti á landi fyrir sér hvort landfræðilegar ástæður væru fyrir því að það hefði dregist fjórum mánuðum lengur að hún fengi lyfið en áætlað var. Aðrir MS-sjúklingar hafa haft samband við mig í sama tilgangi og deilt með mér svörum sem þeir hafa fengið bæði frá fagfólki og öðrum MS-sjúklingum. Þeirra hugrenningar eiga fullt erindi í umræðuna og ég tel rangt að draga úr gildi þeirra.

Af þessum sökum varpa ég fram spurningu til hæstv. heilbrigðisráðherra um lyfið Tysabri:

1. Hve margir MS-sjúklingar eru taldir geta haft gagn af lyfinu Tysabri við sjúkdómi sínum? Hve margir hafa þegar hafið slíka lyfjameðferð og hve margir eru á biðlista eftir henni?

2. Hver er kynja-, aldurs- og landfræðileg skipting þeirra sem hafa þegar fengið lyfið og þeirra sem eru á biðlista?

3. Hvaða ástæður eru fyrir því að MS-sjúklingar, sem talið er að geti haft gagn af lyfinu, hafa ekki hafið meðferð?

4. Hvaða viðmiðanir eru lagðar til grundvallar þegar ákvörðun er tekin um hvaða sjúklingar fá lyfið Tysabri og hvernig er jafnræði tryggt í vali milli sjúklinga?

5. Hver er árlegur kostnaður við lyfjameðferð með Tysabri í samanburði við önnur viðurkennd lyf við MS-sjúkdómnum?

[14:27]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. þingmanni, að ég sagði hér í umræðu í þinginu um daginn að á mínu ábyrgðarsviði væri að gæta hagsmuna heilbrigðiskerfisins, en hvað er heilbrigðiskerfið? Heilbrigðiskerfið er fyrst og fremst fólk sem sinnir fólki. Að sjálfsögðu viljum við standa eins vel við bakið á þeim sem eru sjúkir og þurfa að leita til heilbrigðisþjónustunnar og nokkur kostur er og að allt sé gert til þess að auðvelda líf þeirra og færa þeim lækningu. Við viljum jafnframt að þeim sem sinna störfum innan heilbrigðisþjónustunnar sé sýnd sanngirni og að þeir sem gagnrýna kerfið geri það af ábyrgð.

Hv. þm. Ásta Möller beinir til mín einum fimm spurningum, ítarlegum spurningum, og ég vil þakka henni fyrir að lyfta þeim hingað inn í þingsalinn því að við erum að fjalla hér um sjúkdóm sem er alvarlegur og sem ber að leita allra leiða til að veita lækningu við. Svarið við yfirgripsmiklum spurningum þingmannsins verður að vera í stikkorðastíl.

45 sjúklingar eru í Tysabri-meðferð samkvæmt þeim upplýsingum sem mér eru veittar. Auk þeirra er hafinn undirbúningur að því að gefa lyfið á Akureyri, það er gefið hér í Reykjavík. Alls eru 50 sjúklingar í Tysabri-meðferð á mismunandi stigi. Enginn getur sagt til um með vissu hversu margir MS-sjúklingar gætu haft gagn af lyfinu enda er það háð læknisfræðilegu mati og kemur strangt til tekið ekki í ljós fyrr en sjúklingurinn er farinn að taka lyfið.

Um skiptingu eftir landsvæðum kemur fram að 5 sjúklingar utan höfuðborgarsvæðisins taka lyfið en þá er á það að líta að margir MS-sjúklingar flytjast til Reykjavíkur eftir greiningu þannig að það er svolítið erfitt að henda reiður á hvernig þessum málum er farið. Meðalaldur þeirra sem hafa byrjað meðferð er 45,5 ár og aldursdreifingin er þannig að 4 eru undir þrítugu, á aldrinum 30–39 ára eru 8 sem taka lyfið, 40–49 ára eru 15 talsins, á aldrinum 50–59 ára eru 14 og 4 eru eldri en sextugt. Af því sem hér hefur verið sagt er ekki hægt að svara því hver landfræðileg skipting þeirra er sem hugsanlega fengju lyfið.

Í upphafi var ákveðið eftir vandlega skoðun færustu sérfræðinga að gefa 50 einstaklingum lyfið Tysabri. Það þýðir að hlutfallslega fá þrisvar til fjórum sinnum fleiri sjúklingar þetta lyf hér á landi en í grannlöndum okkar. Þarna hafa komið fram ýmsar misvísandi tölur inn í hina opinberu umræðu. Ég hef átt fund með forsvarsmönnum MS-félagsins og læknum sem sinna fólki sem er með þennan sjúkdóm og þeir staðhæfa að við gerum að mörgu leyti betur en aðrar þjóðir, eins og ég hef hér vikið að, en við viljum gera eins vel og nokkur kostur er. Þess vegna hef ég óskað eftir því að fá greinargóða skýrslu frá sérfræðingum um stöðu þessara mála.

Meginástæðan fyrir þeirri töf sem varð á lyfjagjöfinni sem vísað hefur verið til er, svo að ég vitni orðrétt til lækningaforstjóra Landspítala, með leyfi forseta:

„Dauðsföll eftir gjöf Tysabri erlendis sem gáfu tilefni til aukinnar varfærni. Af 45 sjúklingum sem hafa fengið lyfið hérlendis hafa þrír þurft að hætta meðferð vegna ofnæmisviðbragða."

Þá hefur aðstaðan á dagdeild taugalækningadeildar Landspítalans verið nýtt til hins ýtrasta við gjöf á Tysabri og felst í þessu að sú aðstaða mætti vera betri. Þetta er nokkuð sem við þurfum að huga að.

Vegna spurningarinnar um jafnræði skal tekið fram að byggt er á mati færustu sérfræðinga sem við eigum á þessu sviði lækninga og ég verð að segja að mér finnst það vera mjög alvarlegt að fullyrða eða láta í veðri vaka, eins og hv. þingmaður hefur gert, að matið byggist á einhverju öðru en faglegu mati. Það sem stjórnar því hverjir fá meðferðina er læknisfræðilegt mat sérfræðinga auk niðurstaðna úr ákveðnum rannsóknum á sjúklingum.

Ég legg (Forseti hringir.) áherslu á að það er mjög mikilvægt að ræða þessi mál og ef grunur leikur á því að verið sé að mismuna á einhverjum öðrum forsendum en læknisfræðilegum (Forseti hringir.) þarf það að koma inn í umræðuna en það þarf þá að vera byggt á vönduðum rökum og upplýsingum.

[14:32]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Tysabri lyfjameðferðin er við MS-sjúkdómnum og gagnast helst MS-sjúklingum sem hafa ákveðin einkenni, þ.e. fá síendurtekin köst. En það er einnig mikilvægt að taka tillit til aldurs sjúklinganna og það er sérstakt greiningarteymi sem metur þá sjúklinga sem koma til greina fyrir þessa lyfjatöku. Það á aftur á móti ekki að taka tillit til búsetu þeirra sem greinast með þennan sjúkdóm og þurfa meðferð. Allir eiga að eiga jafnt aðgengi og því er mikilvægt að nýta þá aðstöðu sem er á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Þar er þekking og þar er tilbúin aðstaða til að veita meðferð og eftirlit.

Einnig þarf að bæta aðgengi á Landspítalanum svo að hægt sé að taka við fleirum. En það skiptir líka máli að meta það að þetta er dýr meðferð. Hún gagnast ekki öllum. (Forseti hringir.) Það koma fram aukaverkanir og við verðum að treysta faglegu mati sérfræðinga og (Forseti hringir.) það er vegna þeirra miklu aukaverkana sem koma fram. Það þarf líka að hafa það í huga að það þarf að vera góður tækjabúnaður til þess að taka við þessum einstaklingum.

[14:34]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það var 29. nóvember 2007 sem varaþingmaður Framsóknarflokksins, Jón Björn Hákonarson, spurði fyrst um notkun lyfsins Tysabri. Hann spurði á þeim tíma hvort það stæði til að hefja notkun á lyfinu hér á landi og ef svo væri hvenær.

Það var svo í janúar 2008 að við hófum að gefa þetta lyf. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að lyfið gagnast mörgum. En það hentar alls ekki öllum. Ég hef aldrei orðið vör við neitt annað en að það hafi verið notað á faglegum forsendum.

Þess vegna fannst mér mjög sérstakt þegar hv. þm. Ásta Möller fór fram í fjölmiðlum ogýjaði að því að lyfið væri gefið á grundvelli annars en faglegs mats, þ.e. að þeir sem væru betur menntaðir fengju frekar lyfið. En ég heyri að hv. þingmaður fer talsvert varlegar hér í ræðustóli núna.

Ég held að það sé mjög (Forseti hringir.) mikilvægt að grafa ekki undan heilbrigðiskerfinu með vangaveltum af þessu tagi. Ég get eiginlega fullvissað þingheim um (Forseti hringir.) að það er verið að taka ákvarðanir út frá faglegum forsendum varðandi þetta mál og mörg önnur heilbrigðismál og öll önnur heilbrigðismál.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. En ég tek hins vegar eftir því að hann hefur ekki svarað öllum mínum spurningum og vænti þess þá í seinna svari hans varðandi þær spurningar hvaða viðmiðanir eru lagðar til grundvallar þegar ákvörðun er tekin um hvaða sjúklingur fær lyfið og um árlegan kostnað.

Hins vegar er alveg ljóst að hér hefur verið ágætlega og mjög vel staðið að því að innleiða þetta lyf og við höfum verið mjög framarlega í því að gefa sjúklingum með MS kost á því að njóta þess að fá þetta lyf. Hins vegar verð ég að segja það, af því tilefni sem hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra, að ég tel enga ástæðu til þess að bera brigður á það sem fólk er að segja sjálft, hvort sem það er tilfinning eða staðreynd. Í þeim tilvikum sem hafa borist á borð okkar þingmanna, meðal annars í pósti sem barst til okkar allra í síðustu viku, eru dregnar fram ákveðnar spurningar um landfræðilega þætti. Ég tel enga ástæðu til að draga í efa orð fólks sem er sérfræðingar í sínum eigin sjúkdómi og umgengst fólk með sama sjúkdóm, eða að umræður þeirra á milli séu talaðar niður. Ég tala hér í umboði þessa fólks. Það hefur mjög margt haft samband við mig eftir viðtalið við mig sem sýnt var á Stöð 2 á laugardaginn var.

Að sama skapi verð ég líka að segja að ég ber fullt traust til heilbrigðisstarfsmanna og að þeir taki ábyrgar ákvarðanir. En ég verð að leggja áherslu á að upplýsingar séu allar uppi á borðinu og að gagnsæi sé í ákvarðanatöku. Fólk er í þeirri aðstöðu að það horfir væntingaraugum á ákveðna meðferð, ef til vill í sumum tilvikum eru þær væntingar ekki raunhæfar og að það hafi ekki möguleika á að fá þetta lyf en þá verða slíkar upplýsingar að liggja á borðinu og ekki má gefa neinar falsvonir í þeim efnum.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) muni svara seinni spurningum mínum hér í seinna svari sínu.

[14:38]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Það er rétt að ég átti eftir að svara tveimur spurningum, annarri sem lýtur að jafnræði og hinni sem snýr að kostnaðinum.

Það sem stjórnar því hverjir fá meðferðina er læknisfræðilegt mat sérfræðinga auk niðurstaðna úr ákveðnum rannsóknum á sjúklingnum. Til þess að fá þessa meðferð þarf að uppfylla atriði sem tilgreind eru nákvæmlega í klínískum leiðbeiningum spítalans og byggjast á gagnreyndum rannsóknum. Það er í þessu sem jafnræðið felst.

Hv. þingmaður spurði enn fremur um heildarkostnað vegna lyfsins Tysabri á árinu 2008. Hann var um 82 millj. kr. en það er ríflega tvöfalt eða þrefalt meiri kostnaður en við hefðbundna lyfjagjöf.

Ég ítreka að þetta er mjög alvarlegur sjúkdómur — mér er fullkunnugt um það — og ég vil taka allar ásakanir eða vangaveltur um að ekki sé eðlilega staðið að málum mjög alvarlega. Það geri ég. Ég hef einnig fengið bréf og ábendingar frá fólki í öngum sínum, annaðhvort sjálft með þennan sjúkdóm eða á aðstandendur sem eru hrjáðir af honum.

Ég hef látið gera á þessu rannsókn og er að ganga úr skugga um hvernig að þessum málum almennt er staðið. Ég ber fullt traust til starfsmanna sjúkrahúsanna í þessu efni. En mér finnst eðlilegt að heilbrigðiskerfinu á þessu sviði sem öðrum sé veitt eðlilegt aðhald og það eiga þingmenn að sjálfsögðu að gera líka. Þegar þeir heyra vangaveltur af þessu tagi þá byrja þeir náttúrlega ekki — eins og ég lít á málin — að kveðja sér hljóðs í fjölmiðlum. Þeir byrja á að afla sér upplýsinga. Þeir óska eftir því að málið sé tekið til umfjöllunar í fagnefndum þingsins (Gripið fram í.) og síðan er eðlilegt (**Gripið fram í:** Svaraðu málefnalega.) að taka málið upp á vettvangi þingsins þegar slíkra upplýsinga hefur verið aflað. Það gerði hv. þm. (**Gripið fram í:** Svaraðu málefnalega.) Ásta Möller ekki, (Forseti hringir.) því miður.

Umræðu lokið.

Tillögur Norðausturnefndar.

Fsp. ArnbS, 384. mál. — Þskj. 646.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Þann 23. janúar 2008 skipaði þáverandi forsætisráðherra Geir H. Haarde nefnd sem var ætlað að fjalla um leiðir til þess að styrkja atvinnulíf í smærri sveitarfélögum á Norðaustur- og Austurlandi og þeirra sem eiga undir högg að sækja í atvinnulegu tilliti. Nefndin starfaði hratt og örugglega og leitaði víða fanga. Í maí sama ár skilaði nefndin af sér skýrslu þar sem niðurstöður vinnunnar voru kynntar og hugmyndir útfærðar til atvinnuuppbyggingar á þessum svæðum. Í skýrslu nefndarinnar er að finna úttekt á þróun og stöðu búsetu og atvinnulífs á svæðinu. Síðan eru raktar nokkrar leiðir sem hið opinbera getur farið til þess að styrkja atvinnulíf á þessum svæðum og þá um leið að treysta búsetu enda er forsenda búsetu að íbúar hafi fasta atvinnu sér og sínum til framfærslu.

Í skýrslunni er gerð tillaga að tveimur þáttum sem gagnast gætu til þess að styrkja stoðir þeirra samfélaga sem þarna eru. Í fyrsta lagi sem varðar flutning opinberra starfa og verkefna til svæðisins og hins vegar styrkingu á innviðum samfélaganna í gegnum þá þætti sem nú þegar eru til staðar, þ.e. samgangna, menntakerfis, heilbrigðiskerfis, löggæslu og flutnings raforku. Allir skipta þessir þættir máli og ljóst að aðeins með samþættingu þeirra allra má treysta búsetuskilyrði á svæðinu til framtíðar litið.

Í fyrirspurn minni hér í dag ætla ég þó að spyrja sérstaklega um atvinnuuppbygginguna, þ.e. flutning opinberra starfa og verkefni til landsbyggðarinnar og uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra. Í viðauka við skýrsluna er að finna 17 útfærðar og kostnaðargreindar hugmyndir um það hvernig fjölga megi opinberum störfum og auka opinbera þjónustu á svæðinu. Þarna er að finna margar forvitnilegar hugmyndir sem skapa ekki aðeins störf á þeim svæðum sem þeim er ætluð staðsetning heldur hafa þau mörg hver möguleika á því að smita út frá sér með þeim hætti að skapa grundvöll fyrir enn þá fleiri störf með því að nýta möguleika svæðanna betur en nú er og ýta undir frumkvöðlakraft og hugmyndaauðgi heimamanna.

Við þekkjum öll stöðuna í atvinnumálum. Þar er síður en svo bjart yfir. Það er mikil þörf á því að skapa hér störf. Í umræddri skýrslu höfum við tilbúnar hugmyndir að störfum á þessum svæðum þar sem hvert starf skiptir máli og það munar um minna. Ég tel því brýnt að forsætisráðherra nýti þær tillögur sem þarna koma fram. Þær fréttir sem við höfum af þessu starfi núna eru að þær tillögur sem voru settar í hendur heimamanna — sérstaklega eru tilnefndar þrjár tillögur — hafa unnist mjög hratt og örugglega. En þær tillögur sem iðnaðarráðuneytið ætlaði að vinna áfram og vísa til Nýsköpunarmiðstöðvarinnar — þar eru margar góðar tillögur, meðal annars tillaga sem er verið að vinna með Alcoa um álframleiðslu — (Forseti hringir.) þessar tillögur eru stopp þó svo að þær muni ekki kosta fé úr opinberum sjóðum.

[14:44]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Um mitt sumar fól fyrrverandi forsætisráðherra Norðausturnefndinni að fylgja tillögum eftir gagnvart viðkomandi ráðuneytum. Tillögurnar voru misjafnlega vel útfærðar og undirbúningur verkefna mislangt á veg kominn. Ríkisstjórnin sá til þess að fjármunir til einstakra verkefna yrðu færðir inn í frumvarp til fjáraukalaga 2008 og í frumvarp til fjárlaga árið 2009. Gert var ráð fyrir 100 millj. kr. í hvoru frumvarpi fyrir sig til að mæta tillögum sem settar eru fram í skýrslu nefndarinnar. Jafnframt var fulltrúum frá forsætis-, fjármála-, iðnaðar- og menntamálaráðuneyti falið að gera tillögur um útfærslu þeirra fjárhæða í einstök verkefni.

Upphaflega var samkvæmt skýrslu nefndarinnar gert ráð fyrir 17 afmörkuðum verkefnum og fullyrða má hér að öll nema eitt verði að veruleika. Mörg verkefni eru komin á fullan skrið. Má þar fyrst nefna stofnun starfsstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands fyrir Þingeyjarsýslu á Húsavík og á Austurlandi. Hvort tveggja er nú í fullum undirbúningi ásamt svæðisbundinni nýsköpun í tengslum við starfsstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Unnið er að ráðningu fimm sérfræðinga og mun starfsemin hefjast fyrri hluta árs 2009. Einnig má nefna að skrifað hefur verið undir samning við Langanesbyggð sem tekur að sér rekstur Þórshafnarflugvallar og verður einn starfsmaður ráðinn vegna verkefnisins.

Drög að samkomulagi liggja nú fyrir hjá menntamálaráðuneytinu um fornleifa- og sagnagarð í Þingeyjarsveit til að efla rannsóknir, menningu og fræðslu innan Þingeyjarsveitar og utan. Verður starfsmaður í hálfu starfi í tengslum við það verkefni. Verið er að auglýsa laust til umsóknar starf sérfræðings við rannsóknar- og vísindasetur við Mývatn. Gert hefur verið ráð fyrir að viðkomandi hefji störf í byrjun júní á þessu ári. Þá hefur Náttúrustofa Norðausturlands ráðið sérfræðing til að sjá um vöktun fuglalífs í Þingeyjarsýslum.

Þá er nú á fullri ferð undirbúningur stofnunar mennta-, menningar- og nýsköpunarseturs á Vopnafirði. Setrið skal hafa umsjón með námskeiðum, fjarnámi og stuðningi við rannsóknarstarf á svæðinu, umsjón með menningartengdum þróunarverkefnum og stuðningi við frumkvöðla og atvinnu-

þróun á svæðinu. Undirbúningur að verkefninu er þegar hafinn og verður ráðið í eitt og hálft stöðugildi verkefnastjóra setursins. Gert er ráð fyrir 8 millj. kr. fjárframlagi til verkefnisins. Þá er gert ráð fyrir framlagi til skrifstofu menningar- og ferðaþjónustu, Tækniminjasafns Austurlands, Skaftafells, miðstöðvar myndlistar á Austurlandi og miðstöðvar menningarfræða á Austurlandi með samstarf stofnananna að leiðarljósi. Nú er verið að undirbúa ráðningu starfsmanns á Seyðisfirði til að sinna verkefninu og er fjárframlag til verkefnisins 8 millj. kr. Þá hefur þegar verið opnað á Breiðdalsvík safn og fræðasetur tileinkað breska jarðfræðingnum George Walkers til að efla jarðfræðirannsóknir og tryggja rekstrargrundvöll jarðfræðisetursins og er fjárframlag til verkefnisins 8 millj. kr.

Loks var lagt til að framhaldsskólanum á Laugum verði falið að skoða möguleika á að nýta kosti fjarkennslu í bland við staðbundið lotunám. Það verkefni er á áætlun og er gert ráð fyrir einum umsjónarmanni í verkefnið og er fjárframlag til verkefnisins 10 millj. kr.

Skýrslan gerir ráð fyrir verulegri fjölgun opinberra starfa og aukinni opinberri þjónustu á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Eins og áður hefur komið fram var upphaflega samkvæmt skýrslu nefndarinnar gert ráð fyrir 17 afmörkuðum verkefnum og sem fólu í sér 19,5 stöðugildi. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytunum er nú unnið að ráðningu í flest störfin. Eins og staðan er nú hefur aðeins eitt verkefni ekki orðið að veruleika en það er efling heilabilunardeildar Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Þetta eru þó jákvæðar fréttir, að fjölgað sé um 15 stöðugildi á ýmsum stöðum og það er von mín og trú að flest þessara verkefna leiði til enn frekari fjölgunar starfa í framtíðinni. Á þeim tímum sem við nú göngum í gegnum ber okkur að róa að því öllum árum að efla sem fjölbreyttust atvinnutækifæri og nýsköpun um land allt þar sem byggt er á íslensku hugviti og sérfræðiþekkingu. Það er jafnframt ánægjulegt við þessi verkefni að þau byggja á sögu landsins og sérkennum, menningu og náttúru okkar sem er einstök.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er alla vega upplifun heimamanna að þetta gangi ekki alveg jafn vel og ráðherra nefndi hér en ég ætla að vona að þetta sé allt saman að hrökkva í gang. Það er samt sem áður tekið fram að sérstaklega þau verkefni sem snúið að menntamálaráðuneytinu hafi gengið vel en að illa hafi gengið að koma á fót Nýsköpunarmiðstöðinni. Þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til þess að sjá til þess og ýta á eftir því að þessi verkefni verði að veruleika.

Ég tel að það starf sem þarna var unnið hafi verið mjög mikilvægt, þar var unnin mikil greiningarvinna sem mun nýtast mjög vel áfram. Ég held að ef vilji er fyrir því hjá ríkisstjórninni að nýta þarna hugmyndir megi búast við þó nokkuð mörgum störfum sem hægt væri að koma á fót án þess að til þess þyrfti að kosta miklu fé. Ég nefndi hér áðan að verið er að vinna með Alcoa að áframvinnslu áls og það er verkefni sem á að geta skilað mjög góðum árangri til framtíðar.

Ég hvet einnig ráðherra til þess að hafa samband við heilbrigðisráðherra um eflingu á heilabilunardeildinni á Seyðisfirði, sem hefur fengið þá einkunn að vera ein besta heilabilunardeild á landinu og sett verði af stað (Forseti hringir.) sú vinna sem gefin voru fyrirheit um og gert var ráð fyrir fjármagni til á fjárlögum.

[14:51]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það svar sem ég gaf hv. þingmanni áðan er byggt á svörum sem við fengum úr viðkomandi ráðuneytum sem áttu að sjá til þess að þessum verkefnum yrði hrint í framkvæmd, m.a. frá iðnaðarráðuneytinu, af því að hv. þingmaður dregur það sérstaklega fram. Ég get ekki séð betur af svörum iðnaðarráðuneytisins en að þar sé allt í fullum gangi eins og í öðrum þeim ráðuneytum sem við fengum svör frá, m.a. það verkefni sem hv. þingmaður nefndi. Nefndin lagði til að Þróunarfélagi Austurlands væri gert kleift að kanna áfram, í samvinnu við aðila á Seyðisfirði og Fjarðaál, hagkvæmni þess að setja upp verksmiðju á Seyðisfirði til að fullvinna álvír sem framleiddur er hjá Alcoa Fjarðaáli og byggja upp tengsl við erlenda úrvinnsluaðila sem hafa þekkingu og reynslu af framleiðsluferlinu og aðgang að sérhæfðum mörkuðum. Þar var gert ráð fyrir einu stöðugildi í það verkefni og ég sé ekki annað af svörunum en að það mál sé í fullum gangi.

Varðandi Heilbrigðisstofnun Austurlands og eflingu heilabilunardeildar þar, er sú skýring gefin á því að hún skuli ekki vera orðin að veruleika að erfitt hefur reynst að koma rekstri stofnunarinnar innan ramma fjárlaga. Því hefur ekki orðið fjölgun á deildinni eins og ætlað var en fjárveitingin nýtist þó til að verja starfsemi deildarinnar gegn frekari niðurskurði. Það er sú skýring sem ég fékk á þessu verkefni. Það voru tvö ný störf á heilabilunardeild Heilbrigðisstofnunar Austurlands og nú er vitað að ekki verður ráðið í þau. Ég tek undir það með hv. þingmanni að auðvitað er mjög mikilvægt að heilabilunardeildin á Heilbrigðisstofnun Austurlands geti starfað með eðlilegum hætti en það hefur verið erfiðleikum bundið að hún starfi innan ramma fjárlaga þannig að sú fjárveiting sem til þess var ætluð (Forseti hringir.) var þá notuð til þess að hægt sé að verja starfsemi deildarinnar gegn frekari niðurskurði.

Umræðu lokið.

[14:53]

Útbýting:

Aðför, nauðungarsala og gjaldþrotaskipti, 322. mál, nál. allshn., þskj. 800; brtt. allshn., þskj. 801.

Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, 366. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 804.

Innsöfnun, endurnýting og endurvinnsla.

Fsp. SF, 367. mál. — Þskj. 619.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég beini hér tveimur fyrirspurnum til hæstv. umhverfisráðherra:

1. Er hafin innsöfnun og endurnýting á raftækjum eins og til stóð frá 1. janúar sl.?

2. Er ætlunin að hvetja til endurvinnslu á hjólbörðum?

Hefja átti móttöku á raftækjum um síðustu áramót. Eins og ég hef skilið stöðu mála hefur það gengið frekar hægt og mig langar að inna hæstv. umhverfisráðherra eftir því hvort það sé rétt og hvað standi til að gera til úrbóta ef svo er.

Sveitarfélögin áttu að vera í samstarfi við einkaaðila á þessum markaði og þeir áttu að leysa sameiginlega innköllun raftækja og koma kerfinu heildstætt á laggirnar. Ég vil sem sagt spyrja hæstv. umhverfisráðherra um stöðu mála varðandi raftækin.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. ráðherra að því hvort til standi að hvetja til endurvinnslu á hjólbörðum en árlega falla til rúmlega fjögur þúsund tonn af dekkjum eða hjólbörðum á landinu. Þau hafa verið flutt úr landi en núna skilst mér að nýta eigi undanþáguákvæði um að urða dekkin, nota þau sem einhvers konar drenlag á urðunarstað Sorpu, þannig að það á að farga dekkjunum í jörð, sem er kannski ekki besta leiðin í endurvinnslu, alla vega ekki ef einhverjar aðrar og betri leiðir gefast. Mér er kunnugt um að það eru áhugasamir aðilar sem vilja gjarnan athuga annars konar endurvinnslu á dekkjunum, þ.e. að búa til hráolíu úr þeim og eiga þeir erindi inni í umhverfisráðuneytinu varðandi það mál. Ég inni hæstv. umhverfisráðherra eftir því hvort henni hafi gefist tími til þess að skoða það verkefni. Ef svo er, hvort ráðherra hæstv. telji að rétt sé að fara lengra með slíkar hugmyndir, af því að það hlýtur að vera hagkvæmara, miðað við þær upplýsingar sem ég hef, að fara í endurvinnslu þannig að hægt sé að búa til hráolíu úr dekkjunum í stað þess að urða þau, en þá verða auðvitað að vera fjárhagslegar forsendur fyrir því. Alla vega hef ég heyrt rök um að þær forsendur séu fyrir hendi.

Ég vildi því gjarnan spyrja hæstv. umhverfisráðherra (Forseti hringir.) hvort hún hyggist hvetja til slíkrar endurvinnslu.

[14:57]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr um hvort hafin sé innsöfnun og endurnýting á raftækjum eins og til stóð frá 1. janúar sl.

Skilakerfi eða -kerfum ber að taka við raf- og rafeindatækjaúrgangi sem til fellur á söfnunarstöðum sveitarfélaganna í samræmi við lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, en samkvæmt 14. gr. þeirra laga skulu söfnunarstöðvar sveitarfélaganna bjóða upp á aðstöðu fyrir móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum. Í 5. gr. reglugerðar nr. 1104/2008, um raf- og rafeindatækjaúrgang, er kveðið á um að söfnunarstöðvar sveitarfélaga skuli leggja til gámastæði fyrir skilakerfi á söfnunarstöðvunum.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 55/2003 ber skilakerfi að tryggja söfnun og móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum á söfnunarstöðvum sveitarfélaga og í samráði við sveitarfélög alls staðar á landinu. Þannig lúta skyldur sveitarfélaga að því að leggja til aðstöðu fyrir söfnunarílát fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang en skyldur skilakerfanna snúa að því að leggja til gáma á söfnunarstöðvunum, ákveða gerð þeirra, flytja þá til og frá söfnunarstöðvum og tryggja að förgun úrgangsins sé í samræmi við lög.

Það hefur tekið nokkurn tíma að koma í framkvæmd framangreindu kerfi um raf- og rafeindatækjaúrgang, það er rétt hjá hv. þingmanni. Enda var ljóst í upphafi, eins og kom fram í umfjöllun umhverfisnefndar á sínum tíma, að það væri umfangsmikið verkefni að koma á svokallaðri framleiðendaábyrgð vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs en undir það gengumst við með Evrópusambandstilskipun fyrir tveimur, þremur árum. Í því verki er og nauðsynlegt að allir aðilar sem hlut eiga að máli vinni saman og séu samtaka í verkefninu. Þar á ég við alla framleiðendur rafeindatækja sem á endanum verða að úrgangi, innflytjendur rafeindatækja og sveitarfélögin.

Á fyrstu dögum mínum í umhverfisráðuneytinu tóku hagsmunaaðilar upp mál við mig vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs. Nýja skilakerfið, RR-skil, hefur verið í sambandi við mig, Samband íslenskra sveitarfélaga sömuleiðis, og mér hefur verið gerð grein fyrir því að það hafi verið ákveðnir erfiðleikar við að koma kerfinu á. En úr því sem komið er tel ég að reyna verði til þrautar að koma á þessu kerfi. Til að liðka fyrir framkvæmdinni og leiða saman hagsmunaaðila hefur Umhverfisstofnun átt reglulegt samráð við fulltrúa frá stýrinefndum raf- og rafeindatækjaúrgangs og frá skilakerfinu til að fara yfir stöðu mála hjá þessum aðilum.

Ég hef upplýsingar um að samráðið hafi verið gagnlegt og komið málinu vel áleiðis. Fyrirhugað er að halda þessu samráði áfram þar til framkvæmdin er að fullu komin á og jafnvel eftir það svo að tryggja megi að innleiðingu kerfisins og þessarar nýju nálgunar verði fylgt eftir til frambúðar.

Reglugerð nr. 1104/2008, um raf- og rafeindatækjaúrgang, var sett um miðjan nóvember sl. og gjaldskrá um afnot skilakerfa af aðstöðu fyrir móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum var undirrituð í upphafi þessarar viku. Allt er þetta liður í að koma kerfinu á og gera það skilvirkt.

Innsöfnun og endurnýting á raftækjum hefur verið í gangi undanfarin missiri hjá stærstu sveitarfélögum landsins og það hefur ekki orðið neitt rof á því við gildistöku nýju lagaákvæðanna 1. janúar sl. Því hefur í sjálfu sér ekki skapast neinn umhverfisvandi eða millibilsástand vegna tafa á endanlegri innleiðingu ákvæða laganna. Útfærslan á þessari innsöfnun og endurnýtingu er sem sagt í endanlegri framkvæmd og ég geri ráð fyrir því að samráðið við þá sem ég nefndi áðan varðandi endanlega innleiðingu eigi eftir að skila okkur að lokum í góða höfn.

Varðandi hjólbarðana og endurvinnslu á þeim er það rétt sem hv. fyrirspyrjandi segir, það hafa verið ákveðnir erfiðleikar í framkvæmd lagaákvæða í sambandi við það en í samræmi við ákvæði í lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, er úrvinnslugjald lagt á hjólbarða sem fluttir eru til landsins hvort sem þeir eru nýir eða sólaðir, stakir eða sem hluti af ökutækjum. Úrvinnslusjóður annast þessa framkvæmd og er úrvinnslugjaldinu ætlað að standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutningi hans á söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýjunarstöðvar og þá er gjaldinu ætlað að standa undir endurnýtingu úrgangs og förgun eftir því sem við á.

Nú eru aðstæður á mörkuðum þannig í útlöndum að

hjólbarðaefnið hefur fallið gríðarlega mikið í verði svo það er að verða mjög örðugt um vik fyrir okkur að koma þessum úrgangi í verð í útlöndum. Þess vegna hefur verið brugðið á það ráð sem fyrirspyrjandi nefndi, að kurla hjólbarðana og nota þá sem drenlögn á urðunarstöðum. Ég er sammála fyrirspyrjanda að það er ekki ákjósanleg aðferð og ég er að (Forseti hringir.) leita leiða til þess að geta gert eitthvað annað eða meira við þá. En það er líka mjög kostnaðarsamt að koma upp einhverjum iðnaði til þess að vinna endanlega (Forseti hringir.) nýtilegt efni úr hjólbörðum.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég hef skilning á því að hlutirnir geta dregist af því að það er verið að koma á nýju kerfi en ég heyrði varðandi raftækin að verið væri a.m.k. að reyna að leiða aðila saman og liðka fyrir því að hægt væri að koma kerfinu á. Ég vona að það takist sem fyrst og vil gjarnan inna hæstv. ráðherra eftir því í seinna svari hvort hæstv. ráðherra sjái einhvern tímapunkt fyrir sér í því sambandi, þ.e. hvenær kerfið verði komið á ef það er hægt að nefna það.

Varðandi seinni hluta svarsins, um hjólbarðana, heyri ég að hæstv. ráðherra er sammála því að það er alls ekki ákjósanleg leið að þurfa að urða hjólbarðana. Það er léleg nýting. Auðvitað er það nýting að einhverju leyti en ekki góð nýting og þetta er undanþáguákvæði sem er verið að nýta. Það er ákjósanlegt að reyna að finna aðrar leiðir til að nýta hjólbarðana. Hæstv. ráðherra talaði um að það gæti verið dýrt að koma slíkum úrræðum í gagnið en mér er kunnugt um að það er a.m.k. vilji aðila á markaði til að koma slíkum úrræðum í gang. Þar hefur verið nefnd hráolíuframleiðsla og það er erindi um það í umhverfisráðuneytinu. Ég hvet hæstv. ráðherra til að láta skoða það erindi mjög vel og athuga hvort hægt sé að styðja eitthvað við bakið á slíkum hugmyndum. Auðvitað er ekki eðlilegt að fara út í einhverja vinnslu ef hún er ekki arðsöm. Það hafa a.m.k. verið færð rök fyrir því að svona vinnsla gæti verið arðsöm og að það mætti jafnvel nota þessa hráolíu á farartæki, það þyrfti ekki að nota hana alla til húshitunar eða brennslu í ofnum. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvort ekki sé eðlilegt að skoða (Forseti hringir.) þetta erindi og gera allt sem í valdi ráðuneytisins stendur til að liðka fyrir því að hjólbarðarnir verði ekki urðaðir í framtíðinni.

[15:04]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég er ekki með gögnin hjá mér en ef ég man rétt eru tvö erindi hjá ráðuneytinu frá aðilum sem gjarnan vilja sjá þessum hjólbarðamálum fyrir komið með öðrum hætti en nú er. Þau bæði útheimta talsverð fjárútlát, meira að segja meiri en svo að ráðstöfunarfé ráðherra til loka árs nægi fyrir framlögum í þær hugmyndir. Þannig er ástandið, ráðstöfunarfé ráðherra í umhverfisráðuneytinu er sáralítið, það var skorið niður í fjárlögum þessa árs og það er búið að taka af því ákveðnar upphæðir, ég held að ég fari með rétt mál þegar ég segi að u.þ.b. 3 millj. séu eftir til loka ársins. (Gripið fram í.)

Umhverfisráðherra kemur til með að reyna að skilja eitthvað eftir. Nú líður að kosningum og ég ætla ekki að eyða þessum 3 millj. áður en að kosningum kemur. Ég hef því ekkert svigrúm til að setja fjármuni í þær hugmyndir sem hafa verið sendar inn til ráðherra í þessum efnum. Hins vegar er ég öll af vilja gerð til að reyna að sjá út einhverja möguleika á því að nýta hjólbarðana með öðrum hætti en með því að kurla þá og nota þá í drenlögn.

Hins vegar eru upplýsingar mínar frá markaðnum í raun og veru þær að þær tilraunir sem hafa verið gerðar með endurnýtingu hjólbarða hafi t.d. reynst of dýrar og þá er ég t.d. að tala um að steypa hellur úr hjólbörðum sem mér hefur alltaf fundist ákjósanleg aðferð. Það hefur reynst mjög dýrt og erfitt að koma því í verð eða verðleggja það svo viðunandi sé. Síðan hefur Sementsverksmiðjan oft verið nefnd sem mögulegur notandi hjólbarðanna. Búnaður sem hefur verið viðunandi í þeim efnum hefur ekki verið settur upp í Sementsverksmiðjunni og það hefur verið ákveðin tregða í því að brenna hjólbarða beinlínis til að framleiða orku í Sementsverksmiðjunni. Allir þessir hlutir eru engu að síður enn þá til skoðunar í ráðuneytinu og ég fullvissa hv. þingmann um að ég mun leita leiða til að nýta hjólbarðana með öðrum hætti.

Umræðu lokið.

Staða á íbúðamarkaði.

Fsp. GÞÞ, 349. mál. — Þskj. 597.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla að beina fyrirspurn til hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra. Ástæðan fyrir því að ég er með þessa fyrirspurn ætti öllum að vera ljós, við þekkjum að það er mikill vandi á húsnæðismarkaði og mikið frost á fasteignamarkaðnum. Það er mikilvægt fyrir okkur að leita allra leiða til að losa um frostið á sama hátt og það er afskaplega mikilvægt að við sjáum til þess að fólk geti greitt af lánum sínum sem eru í flestum tilfellum fasteignalán. Ég ætla að ræða þau við annan ráðherra hér á eftir.

Við erum með ýmis tæki til að fylgjast með íbúðamarkaðnum og húsnæðismarkaðnum og mín tilfinning er sú að það hafi ekki verið gert, a.m.k. ekki með nægilega áhrifaríkum hætti og ekki eins og ætti að vera, og ég held að flestum finnist það sama. Við erum í þeirri stöðu núna, virðulegi forseti, að það virðist vera mjög mikið offramboð af húsnæði og þá sérstaklega hér, á þéttbýlasta svæði landsins. Bæði á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess horfum við upp á mikið af nýbyggðu húsnæði sem er oft ekki fullklárað, og í þeirri stöðu að það er autt og að því er virðist litlar líkur á að verði keypt á næstunni og notað sem íbúðarhúsnæði.

Eins og ég nefndi er það félags- og tryggingamálaráðuneytið sem sér um húsnæðismálin. Sömuleiðis erum við með öfluga stofnun sem heitir Íbúðalánasjóður og þessar tvær stofnanir eru þeir aðilar sem ættu að hafa bestu yfirsýnina og þekkinguna á þessum málum. Það sem ég vildi kanna, virðulegi forseti, og beini þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra er hvort ráðherra hafi látið kanna hvernig best sé

að bæta stöðuna á íbúðamarkaði á helstu þéttbýlissvæðum landsins, t.d. með úttekt á stöðunni á íbúðamarkaði og greiningu á framtíðarhorfum.

Ég held að af svo mörgum ástæðum hljóti að vera afskaplega mikilvægt að við gerum þetta. Við þurfum eðli málsins samkvæmt að koma í veg fyrir að hér sé mikið af húsnæði sem er ekki notað af ástæðum sem þarf ekki að nefna. Við þurfum að sjá til þess að markaðurinn fari aftur af stað og við þurfum að sjá til þess að fólk geti greitt af lánum sínum og skuldbindingum. Það er augljóst í mínum huga miðað við þá stöðu sem uppi er að það hefur ekki verið gert og þess vegna spyr ég hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra, sem er í rauninni húsnæðismálaráðherra, hvort þetta hafi verið gert og ef svo er hver staðan sé á þessum málum.

[15:10]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson spyr hvort ég hafi látið kanna hvernig best væri að bæta stöðuna á íbúðamarkaði á helstu þéttbýlissvæðum landsins. Ég get upplýst að Íbúðalánasjóður hefur með reglubundnum hætti fylgst með horfum á íbúðamarkaði í samræmi við lagaskyldu sína.

Í ljósi þeirrar stöðu sem komin var upp á íbúðamarkaði í upphafi árs 2008 óskaði stjórn sjóðsins eftir því að Íbúðalánasjóður hefði um það forgöngu að skoða stöðu og horfur á íbúðamarkaði á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, Miðausturlandi og Norðurlandi. Þessar úttektir voru gerðar á síðasta ári nema á Norðurlandi en fyrirhugað er að slík könnun verði gerð þar á vormánuðum í ár. Greinargerðirnar eru yfirgripsmiklar og til þess fallnar að meta áhættu Íbúðalánasjóðs á einstökum markaðssvæðum.

Niðurstöður úttektanna hafa haft áhrif á regluverk sjóðsins, þ.e. aðferðir við að meta stöðu umsækjenda við afgreiðslu leiguíbúðalána. Einnig herti sjóðurinn reglur um eiginfjárframlag leigu- og byggingarfélaga. Sjóðurinn beitti sér einnig fyrir strangari reglum um leiguíbúðalán og er húsaleigusamningur nú skilyrði fyrir lánveitingu vegna leiguhúsnæðis. Markmiðið með breytingu á regluverki sjóðsins er að bregðast við og draga úr útlánahættu sjóðsins ásamt því að bregðast við fyrirsjáanlegu offramboði á fasteignamarkaði.

Sem dæmi má nefna voru 3.348 íbúðir fullbúnar á árinu 2007, sem eru tvöfalt fleiri íbúðir en voru byggðar á árinu 2001. Í árslok 2007 voru 6.242 íbúðir í byggingu, þ.e. tæplega 20 íbúðir á hverja 1.000 íbúa. Til samanburðar má geta þess að fullgerðar íbúðir hér á landi hafa að meðaltali verið 6,8 á hverja 1.000 íbúa en voru 10,4–10,7 íbúðir á hverja 1.000 íbúa á árabilinu 2003–2007. Leita verður aftur til 8. áratugar síðustu aldar til að sjá sambærilegar tölur.

Virðulegi forseti. Eftir þessa skoðun á íbúðamarkaðnum á stórhöfuðborgarsvæðinu er ljóst að stíga verður varlega til jarðar í frekari uppbyggingu, ekki síst þegar horft er til þess að önnur sveitarfélög á stórhöfuðborgarsvæðinu allt frá Árborg til Akraness hafa einnig verið í mikilli uppbyggingu og mikið af íbúðarhúsnæði er þar óselt. Velta á fasteignamarkaði hefur ekki verið minni í mörg ár sem endurspeglar vissulega að nýbyggingarnar seljast ekki. Það má e.t.v. segja að þetta séu afleiðingar þess að sveitarfélögin höfðu ekki nægilegt samráð sín í milli í skipulagsmálum en vonandi lærum við af reynslunni í þessu efni sem öðru.

Í stefnumótunarhópi í húsnæðismálum sem starfandi er á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins hefur m.a. verið rætt um nauðsyn þess að koma á upplýsingakerfi um úthlutun lóða sem gagnast gæti ríki, sveitarfélögum og byggingaraðilum. Ég fer ekki með nein ný sannindi hér, ég geri ráð fyrir að flestum sem hér sitja hafi verið þetta nokkuð ljóst. Við munum að sjálfsögðu fylgjast áfram náið með stöðu mála eins og lög gera ráð fyrir og í því sambandi get ég upplýst hér að til stendur að Íbúðalánasjóður uppfæri greinargerðirnar sem ég nefndi í upphafi og gefi út í einni skýrslu sem heimild um uppbyggingu á íbúðamarkaði á undanförnum árum þannig að til sé heildstætt yfirlit yfir eina mestu nýbyggingauppbyggingu sem farið hefur fram á Íslandi.

[15:15]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Ég vil láta þess getið varðandi þessa umræðu að ég lagði fram fyrirspurn á Alþingi og fékk skriflegt svar frá hæstv. samgönguráðherra um fjölda íbúðarhúsa í byggingu og tilbúinna íbúða í landinu. Ég fékk skriflegt svar rétt eftir áramótin um hvað til væri. Það er svo mikilvægt fyrir okkur að vita hver efnahagur okkar er varðandi byggingar sem eru í smíðum og byggingar sem eru tilbúnar.

Því miður er það ekki til í okkar landi að við höfum þann efnahagsreikning að geta vitað um fjölda íbúða á lager. Bankastofnanirnar vita það ekki, Íbúðalánasjóður veit það ekki, samgönguráðherra sem er með sveitarstjórnarmálin hefur ekki upplýsingar um það. Okkur vantar gjörsamlega þessar tiltæku upplýsingar og þess vegna er mjög mikilvægt, rétt eins og við fáum að sjá efnahagsreikning hinna nýju banka, að þessar upplýsingar og þessi gögn (Forseti hringir.) verði fáanleg og liggi fyrir.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Þetta snýr í rauninni ekki að þeim einstaklingi sem nú er ráðherra vegna þess að hann hefur tiltölulega nýverið hafið störf sem slíkur en ég fagna því að hæstv. ráðherra ætli að gera á þessu úttekt. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er þetta lagaskylda undirstofnunar húsnæðismála eða félags- og tryggingamálaráðuneytisins og eitt af markmiðunum var að taka þetta út reglulega til þess að bregðast við offramboði. Ég held að við getum ekki komist að neinni annarri niðurstöðu en þeirri að yfirsýnin verður að vera hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, hún getur ekki verið neins staðar annars staðar og menn geta ekki bent á neina aðra í því samhengi. Við getum ekki komist að neinni annarri niðurstöðu en að þar hafi félags- og tryggingamálaráðuneytið og fyrirrennarar hæstv. ráðherra gjörsamlega brugðist. Ástandið getur ekki orðið verra og er alveg augljóst að ekkert var gert til að bregðast við þessu, ekki neitt. Þvert á móti má færa full rök fyrir því að það sem stjórnvöld gerðu undir forustu fyrrverandi fé-

lags- og tryggingamálaráðherra miðaði allt að því að hella meiri olíu á eldinn og menn komast ekkert hjá því að sjá ástandið eins og það er.

Við sitjum nú uppi með þetta. Það er ljóst að menn hafa ekki nýtt undirstofnanir eða þau tæki sem þeir hafa til þess að gera áætlanir, til þess að meta stöðuna, og nú sitjum við uppi með mikið offramboð af nýbyggðu húsnæði, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, með öllum þeim vandræðum sem því fylgja. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um að það er afskaplega slæm staða og ég treysti því að hæstv. ráðherra — og veit það að á meðan hæstv. ráðherra er í embætti mun hann gera þær ráðstafanir sem mögulegar eru til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig þó svo að það vandamál muni koma upp aftur, því miður, en eftir mörg ár.

[15:18]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það að félags- og tryggingamálaráðuneytið á að hafa yfirsýn yfir þessi mál og það er einmitt það sem Íbúðalánasjóður gerir með úttekt sinni á íbúðarhúsnæði sem ég nefndi í ræðu minni áðan. Ég geri ráð fyrir að þegar búið verður að gera allar úttektirnar — en eins og kom fram í máli mínu er ekki búið að gera úttektina á Norðurlandi — ætti að vera nokkuð þokkaleg yfirsýn yfir þessa stöðu.

Aftur á móti vil ég nefna að það er ekki hægt að kenna fyrirrennara mínum um að ekki hafi verið gripið til aðgerða. Menn hafa ekki haft yfirsýn hjá sveitarfélögunum um lóðaúthlutanir og hvað verið var að byggja upp mikið. Það er alveg ljóst að þarna skorti á samráð milli sveitarfélaganna og var byggt allt of mikið af húsnæði, eins og fram kemur í þeim tölum sem ég nefndi áðan.

Auðvitað munum við í ráðuneytinu halda áfram því starfi sem verið er að vinna þar, að koma á upplýsingakerfi um úthlutanir lóða þannig að það gagnist bæði ríki og sveitarfélögum og þeim sem eru að byggja. Ég efast ekki um að það muni koma að góðum notum en það er alveg ljóst, eins og kom fram í fyrri ræðu minni, að til er allt of mikið af húsnæði sem er ónýtt og jafnvel óselt en Íbúðalánasjóður bregst vissulega við. Það sýna þær úttektir sem ég upplýsti um og sömuleiðis þær aðgerðir sem gripið hefur verið til með því að þrengja kröfurnar um lán, sérstaklega varðandi leiguíbúðir.

Umræðu lokið.

Könnun á greiðsluaðlögun fasteignaveðlána.

Fsp. GÞÞ, 400. mál. — Þskj. 681.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Þessi fyrirspurn snertir sama málaflokk og fyrirspurnin sem ég kom með áðan þó að hún sé til annars hæstv. ráðherra, þær snúa báðar að heimilunum í landinu. Það liggur fyrir og kom fram í góðum svörum hæstv. ráðherra að hér hefur ekki verið nein yfirsýn yfir húsnæðismarkaðinn og lánastefna banka og ríkisins hefur aukið vandann mikið. Menn geta ekki litið á öðruvísi á en þar beri stjórnvöld, og þá sérstaklega þeir sem fara með félags- og tryggingamálin, mikla ábyrgð. Ég held að þegar rifjaðar eru upp þær umræður sem verið hafa sé alveg ljóst að menn höfðu enga yfirsýn yfir þessi mál þar sem hún átti að vera. Menn gerðu í rauninni þvert á það sem þeir hefðu átt að gera í þessum málum.

Það þýðir lítið að dvelja við það. Við erum í þessari stöðu núna og vitum að það er ákveðinn hópur fólks sem er í vanda. Það er afskaplega mikilvægt að við bregðumst við honum eins hratt og mögulegt er til að koma í veg fyrir gjaldþrot þessara einstaklinga og í veg fyrir verðfall á fasteignum. Þess vegna beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra hvort hann hafi látið látið kanna hvaða leiðir eru færar við greiðsluaðlögun fasteignaveðlána, svo sem með frystingu lána að hluta eða fullu og skiptingu lána í eingreiðslu og hefðbundin fasteignaveðlán.

Miðað við þær upplýsingar sem ég hef — og þá vísa ég í skýrsluúttekt Seðlabanka Íslands — virðist þetta sem betur fer eiga við tiltölulega lítinn hóp fólks sem er í miklum vanda, eftir því sem ég best veit, þó að upplýsingarnar séu reyndar frá síðustu áramótum. Þess vegna er verkefnið afmarkað og ættum við að taka sérstaklega á því. Ég hef velt upp hugmyndum sem miða að því að taka ákveðinn hluta lánsins, það sem er umfram fasteignamatið, og setja það í svokallað eingreiðslulán og geyma það fram yfir kreppuna, ef þannig má að orði komast. Mér er í rauninni nákvæmlega sama hvaðan góð hugmynd kemur. Aðalatriðið er að við tökum á þessum málum en eins og við þekkjum hefur þessi ríkisstjórn, sem ætlaði sér að ganga í verkin, látið það bíða, og við sem störfum í þinginu sjáum ekki fram á miklar aðgerðir þessa dagana.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort hann muni láta kanna þessar leiðir og hvort einhvers nýs sé að vænta hvað þetta varðar því að það er mikilvægt fyrir heimilin í landinu og nauðsynlegt að bregðast við því.

[15:24]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Ég þakka fyrirspurn hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og tek undir með honum um mikilvægi þess að fundin sé lausn á vanda þess stóra hóps sem glímir nú við erfiða greiðslubyrði af fasteignalánum.

Fyrst ber að taka fram að greiðsluaðlögun heyrir undir dómsmálaráðherra og er því rétt að beina fyrirspurn um greiðsluaðlögun fasteignaveðlána til hennar. En að því er varðar frystingu fasteignaveðlána að hluta eða fullu og skiptingu lána í eingreiðslu og hefðbundin fasteignaveðlán hefur viðskiptaráðuneytið beint því til þeirra aðila sem veitt *hafa lán í erlendri mynt að bjóða lántakendum upp á að* frysta greiðslur af þeim þar til fundin hefur verið varanleg lausn á aukinni greiðslubyrði vegna húsnæðislána í erlendri mynt.

Þá hefur verið unnið í viðskiptaráðuneytinu að varanlegum lausnum í stað frystingar sem ætlað er að létta greiðslubyrði gengistryggðra fasteignaveðlána m.a. í samráði við Samtök fjármálafyrirtækja, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Seðlabankann. Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að von er á tillögum frá ráðuneytinu og þessum samráðsaðil-

um á allra næstu dögum. Þær tillögur munu ekki fela í sér skiptingu í eingreiðslur og hefðbundin fasteignaveðlán eins og hv. þingmaður lagði til, en munu þó hafa um sumt sambærileg áhrif. Ekkert er þó því til fyrirstöðu, mér vitanlega, að lánveitendur og lántakendur semji um þá skiptingu sem hv. þingmaður leggur til, standi hugur þeirra til þess. Sú leið hefur bæði kosti og galla. Helsti gallinn að mínu mati er að hætt er við að síðar þurfi að endursemja til að gera lántaka kleift að ráða við eingreiðsluna. Í einhverjum tilfellum kann þetta þó að vera góð lausn en að mínu mati er slík skipting ekki vænleg sem almenn lausn á vanda þeirra sem nú ráða illa við mánaðarlegar afborganir.

Viðskiptaráðuneytið hefur einnig, ásamt félags- og tryggingamála- og forsætisráðuneyti, unnið að því að gera samkomulag við lánastofnanir um að þær bjóði lántakendum að beita þeim úrræðum sem Íbúðalánasjóður hefur vegna greiðsluerfiðleika lántaka húsnæðislána.

[15:26]

Jón Bjarnason (Vg):

Frú forseti. Ég tek undir áhyggjur hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar fyrirspyrjanda varðandi stöðu íbúðareigenda og þeirra sem eru með mikil og há lán og í greiðsluerfiðleikum sem ófyrirséð er hvernig margir þeirra bjarga sér frá.

Ég vil þó vekja athygli á því hversu mikilvægt það er að við skulum hafa Íbúðalánasjóð. Íbúðalánasjóður var bitbein hjá síðustu ríkisstjórn og þeirri þar á undan líka þar sem rætt var um að leggja hann niður, selja hann og einkavæða. Hversu mikið happ var að það skyldi ekki gerast? Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki sé rétt núna að afturkalla beiðnina til ESA sem síðasta ríkisstjórn og bankarnir stóðu að, um að banna Íbúðalánasjóði að starfa á þessum vettvangi. Sú beiðni held ég að standi enn.

Ég vil aðeins spyrja hæstv. ráðherra varðandi endurskoðun á vísitölugrunninum, frú forseti, (Forseti hringir.) hvað líði hugsanlegri endurskoðun á vísitölugrunninum sem verðbæturnar og verðbólgan eru byggðar á. Getur hæstv. ráðherra upplýst okkur eitthvað um það?

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Það kom svo sem ekki á óvart að hæstv. ráðherra og hv. þingmaður hefðu líka áhyggjur af stöðu heimilanna og þeim stóra hópi sem horfir fram á vanda núna. Ég var að vonast til þess, sérstaklega vegna þess að þessi fyrirspurn er búin að liggja hér í nokkrar vikur, að það yrði meira um svör, virðulegi forseti. Þessi ríkisstjórn sem sett var á laggirnar átti að ganga í hlutina hratt og vel og fara í bráðaaðgerðir sem snúa að heimilunum og fyrirtækjunum.

Það er gott að það er von á lausnum. Ég heyrði að hæstv. ráðherra gat fundið ýmislegt til foráttu þeirri hugmynd sem ég lagði til og það er allt í lagi, að því gefnu að það komi betri lausnir. Fram kom í máli hæstv. ráðherra að verið er á taka á því sem snýr að erlendu lánunum en hæstv. ráðherra talaði um að uppi væru tillögur sem ég vona að snúi að fleirum en bara þeim sem eru með erlend lán því að þeir eru ekki eina fólkið sem á í greiðsluerfiðleikum miðað við þá stöðu sem er núna.

Ég er ekki sammála því að gallarnir felist í því að endursemja þurfi um eingreiðslurnar. Það er útfærsluatriði en það vantar ef til vill samkeppni um hugmyndir. Ef núverandi ríkisstjórn og hæstv. ráðherra eru með góðar hugmyndir hvet ég hæstv. ráðherra til að liggja ekki á þeim, heldur að koma þeim í framkvæmd. Ég lofa því að við sjálfstæðismenn munum styðja góðar hugmyndir hvað þetta varðar. Við erum búin að lýsa því yfir hvað eftir annað að við erum tilbúin til þess að flýta málum sem lúta að því að hjálpa heimilunum í landinu en því miður hefur ekki reynt á það. Ég vonast til þess að ekki líði allt of margir dagar þangað til þær hugmyndir koma fram því að það liggur svo sannarlega á og menn hafa haft (Forseti hringir.) drjúgan tíma til þess að vinna úr málum.

[15:30]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Vegna orða hv. þm. Jóns Bjarnasonar um hvort rétt sé að draga til baka beiðni til ESA um að kanna lögmæti starfsemi Íbúðalánasjóðs og sérstaklega hvort þar sé einhver óeðlileg samkeppni við viðskiptabankana eða aðrar innlendar lánastofnanir, er mér ekki kunnugt um að nein umræða um það hafi verið innan núverandi ríkisstjórnar þótt augljóslega séu forsendur gerbreyttar frá því að bankarnir drógu í efa lögmæti Íbúðalánasjóðs fyrir hrunið. Ég tel að það sé í sjálfu sér ekki slæmt að fá úrskurð þannig að það liggi fyrir hver lagaramminn er og ef það kemur þá í ljós að lagaramminn er ekki fullnægjandi, verði honum breytt. Hins vegar held ég að það efist enginn um það núna að það var mikið gæfuskref að halda Íbúðalánasjóði og eiga hann að núna.

Ég get hins vegar ekki mikið sagt um fyrirspurn hv. þm. Jóns Bjarnasonar um útreikning á vísitölugrunninum enda er það á forræði Hagstofunnar sem ég hef ekki mikið yfir að segja.

Ég vil að endingu þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir að koma fram með þessa hugmynd. Það er kannski ofmælt að segja að ég hafi fundið henni allt til foráttu, ég tel að hún geti átt rétt á sér í einhverjum tilfellum og er ekkert því til fyrirstöðu að menn semji um þetta. En ég tel að aðrar lausnir væru betri sem almenn lausn á þessum vanda og það verður meðal það sem kynnt verður þegar þær fyrirætlanir sem ég ræddi í fyrri ræðu minni koma fram í dagsljósið.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 15:32.

114. FUNDUR

miðvikudaginn 25. mars,
að loknum 113. fundi.

Dagskrá:

1. Aðför, nauðungarsala og gjaldþrotaskipti, stjfrv., 322. mál, þskj. 554, nál. 800, brtt. 801. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
2. Embætti sérstaks saksóknara, stjfrv., 393. mál, þskj. 663, nál. 760, brtt. 762. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 402. mál, þskj. 683, nál. 764. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, frv., 420. mál, þskj. 713, nál. 767. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Náttúruvernd, stjfrv., 362. mál, þskj. 613, nál. 766. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Lífsýnasöfn, stjfrv., 123. mál, þskj. 133, nál. 777. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 397. mál, þskj. 675, nál. 779, brtt. 780. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Raforkulög, stjfrv., 398. mál, þskj. 676, nál. 775. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Visthönnun vöru sem notar orku, stjfrv., 335. mál, þskj. 575, nál. 783. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Ábyrgðarmenn, frv., 125. mál, þskj. 135, nál. 785, brtt. 786. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Gjaldþrotaskipti o.fl., stjfrv., 281. mál, þskj. 735, frhnál. 790. — 3. umr.
12. Grunnskólar, frv., 421. mál, þskj. 714. — 3. umr.
13. Náms- og starfsráðgjafar, frv., 422. mál, þskj. 715. — 3. umr.
14. Tóbaksvarnir, stjfrv., 162. mál, þskj. 190. — 3. umr.
15. Málefni aldraðra, stjfrv., 412. mál, þskj. 792. — 3. umr.
16. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 376. mál, þskj. 794. — 3. umr.
17. Bjargráðasjóður, stjfrv., 413. mál, þskj. 701, nál. 789. — 2. umr.
18. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 688, nál. 795. — 2. umr.
19. Rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, þáltill., 20. mál, þskj. 20, nál. 765. — Síðari umr.
20. Greiðslur til líffæragjafa, stjfrv., 259. mál, þskj. 419, nál. 781, brtt. 782. — 2. umr.
21. Lyfjalög, frv., 445. mál, þskj. 787. — 2. umr.
22. Stjórn fiskveiða, frv., 429. mál, þskj. 725. — 1. umr.
23. Árlegur vestnorrænn dagur, þáltill., 221. mál, þskj. 299. — Fyrri umr.
24. Samráðsfundur sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda, þáltill., 222. mál, þskj. 300. — Fyrri umr.
25. Samráð Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda, þáltill., 223. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
26. Samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum fulltrúum, þáltill., 224. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Atli Gíslason, 7. þm. Suðurk.
Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í 1. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Aðför, nauðungarsala og gjaldþrotaskipti, 2. umr.

Stjfrv., 322. mál (bætt staða skuldara). — Þskj. 554, nál. 800, brtt. 801.

[15:35]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför, lögum um nauðungarsölu og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., eða réttarfarsbandorminum en undir því nafni hann hefur gengið í meðförum allsherjarnefndar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar með það að markmiði að bæta stöðu skuldara við gjaldþrotaskipti og frestun á nauðungarsölu svo skuldari fái tækifæri til að endurskipuleggja fjármál sín. Lagt er til að aðfararfrestur verði lengdur, nauðungarsölu frestað og að kveðið verði skýrar á um almenna leiðbeiningarskyldu dómara varðandi þau úrræði sem skuldurum standa til boða.

Í kjölfar þess að málið var tekið út úr nefnd í morgun var samstaða um að leita eftir því og reyna að haga málum svo að unnt væri að gera þetta frumvarp að lögum í dag í ljósi þess að þetta úrræði skiptir marga miklu máli. Það má ekki tefjast að óþörfu hér að breytingin taki gildi, sérstaklega að því er varðar frestun á nauðungarsölu. Ég mun hlaupa hér á helstu atriðum í nefndarálitinu.

Lagt er til að almennur aðfararfrestur verður lengdur úr 15 dögum í 40 daga. Í nefndaráliti er jafnframt gert ráð fyrir að ekki verði hér eftir um sérstök ákvæði að ræða um fyrningarfrest krafna við gjaldþrot. Ástæða þess er annað úrræði sem er til meðferðar á lokastigum í þinginu sem er frumvarp til laga um greiðsluaðlögun. Í því úrræði felst að hin almenna regla geti orðið að skuldarar sem vilja taka ábyrgð á skuldbindingum sínum geti í gegnum greiðsluaðlögun lokið kröfum á hendur sér með greiðslu þess sem þeir geta mögulega innt af hendi í samræmi við greiðslugetu. Það er því ekki eðlilegt í ljósi þess úrræðis að hafa sérstakan fyrningarfrest krafna við gjaldþrot því að slíkt gæti einfaldlega verið til þess að umbuna þeim þrotamönnum sem ekki vilja axla ábyrgð á eigin skuldbindingum.

Eitt mikilvægasta ákvæði bandormsins er síðan það sem ég rakti hér í upphafi, um frestun á byrjun uppboðs eða nauðungarsölu eigna. Nefndin leggur til breytingartillögu

sem miðar að því að sú frestun gildi lengur en ráð var fyrir gert í upphaflegu frumvarpi. Í upphaflega frumvarpinu var miðað við 31. ágúst en þar sem Alþingi situr ekki þegar sá frestur rennur út var talið rétt að þessi frestun gilti til 31. október í ár.

Jafnframt er í breytingartillögum nefndarinnar að finna sérreglu um vaxtareikning skulda hins opinbera. Ástæða þess er sú að þegar til frestunar nauðungarsölu kemur, segir í upphaflegu frumvarpi að kröfur skuli bera þá vexti sem þær ella hefðu borið. Opinberar kröfur bera hins vegar enga vexti nema dráttarvexti þegar komið er að vanskilum. Það er því að höfðu samráði við tollstjóra og fjármálaráðuneytið orðin sú niðurstaða að nefndin flytji breytingartillögu sem kveði á um sérstaka opinbera vanskilavexti sem verði nokkru lægri en dráttarvextir og í hinum opinberu vanskilavöxtum felist ákveðið fyrirheit af hálfu hins opinbera um vaxtalækkun og að þeir verði 15%. Þá vaxtaákvörðun megi þá líka skilja sem væntingu hins opinbera um að vaxtastig fari lækkandi eftir því sem líður á árið.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar í ljósi eðlis málsins og þess að miklu skiptir að koma málinu hratt í gegn og vísa að öðru leyti til nefndarálits.

[15:40]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Árna Páls Árnasonar, formanns allsherjarnefndar, að mikilvægt er að þetta mál fái fljóta afgreiðslu í þinginu enda eru í því ákvæði sem verulegu máli skipta fyrir tiltekinn hóp einstaklinga og heimila og þess vegna höfum við sjálfstæðismenn stutt afgreiðslu þess og meðferð í allsherjarnefnd af öllum mætti. Vissulega hefur verið farið efnislega vel yfir þetta mál í nefndinni og fjallað um þau álitamál sem þar komu upp, sem reyndar voru allmörg. Sum af þessum álitamálum voru leidd til lykta með breytingartillögum sem samstaða er um en önnur eru hugsanlega óleyst vegna þess að um er að ræða álitamál sem snúa að almennum reglum um fyrningar og fullnusturéttarfar sem þetta frumvarp hefur vissulega áhrif á.

Þau ákvæði sem kannski skipta mestu máli og valda því að ástæða er til að styðja framgang málsins að mínu mati eru auðvitað þau sem gera mönnum kleift að fresta fullnustuaðgerðum opinberra aðila fram yfir vonandi mestu erfiðleika og gefa mönnum lengri aðlögunartíma og svigrúm til að bregðast við því höggi sem hefur komið í efnahagsmálum þjóðarinnar og mörg heimili og fjölskyldur finna nú fyrir. Í ljósi þess skora ég á þingheim að veita þessu máli brautargengi og fyrir mitt leyti hef ég lagt til hliðar ýmis svona lagatæknileg álitamál sem snúa að einstökum greinum þarna í ljósi þess að við erum að tala um mjög sérstakar aðstæður og þetta frumvarp er sannarlega flutt og borið fram í þeim tilgangi að koma til móts við stóran hóp fólks sem á í erfiðleikum um þessar mundir.

[15:42]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Það kom mér satt að segja á óvart að þetta mál skyldi vera á dagskrá núna miðað við það sem hafði verið boðað og gert grein fyrir hvað dagskrána varðar. Þetta mál hefði þarfnast ákveðinnar umræðu en ég vil hins vegar ekki fara að taka mjög langan tíma í það vegna þess að þingmenn gerðu ráð fyrir að dagskráin væri með öðrum hætti og það liggur fyrir að við sjálfstæðismenn viljum greiða fyrir framgangi góðra mála og gerum það, höfum gert og munum gera.

Spurningin hér er hins vegar um ákveðin ákvæði þessa frumvarps, hvort hér er um gott mál að ræða eða ekki. Þá er ég fyrst og fremst að tala um 1. gr. frumvarpsins sem er um frestun eða lengingu á aðfararfresti. Það orkar mjög tvímælis hvort það sé til bóta að lengja aðfararfrestinn vegna þess að aðfararfresturinn, þ.e. að geta gert aðför, er fyrst og fremst spurningin um að ná fram ákveðnum tryggingarrétti, að kröfuhafi geti náð fram ákveðnum tryggingum. Mér finnst gæta nokkurs misskilnings hvað þetta varðar.

Ég get haft fulla samúð með því og tel raunar ákveðna nauðsyn bera til að taka fyrir það sem fjallað er um í II. kafla frumvarpsins sem er breyting á lögum um nauðungarsölu, þannig að því verði frestað að gengið verði að þeim veðum sem um er að ræða, en það hljóta allir að hafa hagsmuni af því að ná fram tryggingu fyrir þeim kröfum sem þeir eiga. Við skulum átta okkur á að það eru ekki fyrst og fremst fjármálastofnanir sem þarna koma til eða stórir kröfuhafar, þarna getur verið um það að ræða að tryggja vinnulaunakröfur fólks. Þess vegna getur verið spurning um hvort ekki sé verið að fara ranga leið með því að lengja aðfararfrestinn.

Að öðru leyti er ég sammála því nefndaráliti sem kemur frá allsherjarnefnd en vegna þeirra athugasemda sem ég hef sett hér fram mun ég greiða frumvarpinu atkvæði en fer fram á að málið verði kallað aftur til nefndar milli 2. og 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁPÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, HHj, JóhS, KaJúl, KolH, KÞJ, LB, PHB, REÁ, RR, SF, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (JM) greiddi ekki atkv.

30 þm. (AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, BJJ, BjarnB, EyH, GHH, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KVM, KJak, KÓ, KHG, KLM, KHeim, MS, ÓN, SKK, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 801,1 samþ. með 36 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 801,2 (5. gr. falli brott) samþ. með 37 shlj. atkv.

6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 801,3 (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 801,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 45 shlj. atkv.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Út af dagskrá voru tekin 2.–26. mál

Fundi slitið kl. 15:49.

---

115. FUNDUR

miðvikudaginn 25. mars,
að loknum 114. fundi.

Dagskrá:

1. Aðför o.fl., stjfrv., 322. mál, þskj. 807. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Embætti sérstaks saksóknara, stjfrv., 393. mál, þskj. 663, nál. 760, brtt. 762. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 402. mál, þskj. 683, nál. 764. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, frv., 420. mál, þskj. 713, nál. 767. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Náttúruvernd, stjfrv., 362. mál, þskj. 613, nál. 766. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Lífsýnasöfn, stjfrv., 123. mál, þskj. 133, nál. 777. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 397. mál, þskj. 675, nál. 779, brtt. 780. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Raforkulög, stjfrv., 398. mál, þskj. 676, nál. 775. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. *Visthönnun vöru sem notar orku*, stjfrv., 335. mál, þskj. 575, nál. 783. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Ábyrgðarmenn, frv., 125. mál, þskj. 135, nál. 785, brtt. 786. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Gjaldþrotaskipti o.fl., stjfrv., 281. mál, þskj. 735, frhnál. 790. — 3. umr.
12. Grunnskólar, frv., 421. mál, þskj. 714. — 3. umr.
13. Náms- og starfsráðgjafar, frv., 422. mál, þskj. 715. — 3. umr.
14. Tóbaksvarnir, stjfrv., 162. mál, þskj. 190. — 3. umr.
15. Málefni aldraðra, stjfrv., 412. mál, þskj. 792. — 3. umr.
16. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 376. mál, þskj. 794. — 3. umr.
17. Bjargráðasjóður, stjfrv., 413. mál, þskj. 701, nál. 789. — 2. umr.
18. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 688, nál. 795. — 2. umr.
19. Rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, þáltill., 20. mál, þskj. 20, nál. 765. — Síðari umr.
20. Greiðslur til líffæragjafa, stjfrv., 259. mál, þskj. 419, nál. 781, brtt. 782. — 2. umr.
21. Lyfjalög, frv., 445. mál, þskj. 787. — 2. umr.
22. Stjórn fiskveiða, frv., 429. mál, þskj. 725. — 1. umr.
23. Árlegur vestnorrænn dagur, þáltill., 221. mál, þskj. 299. — Fyrri umr.
24. Samráðsfundur sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda, þáltill., 222. mál, þskj. 300. — Fyrri umr.
25. Samráð Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda, þáltill., 223. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
26. Samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum fulltrúum, þáltill., 224. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Aðför o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 322. mál (bætt staða skuldara). — Þskj. 807.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, HHj, HerdÞ, JóhS, JBjarn, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

18 þm. (ÁI, ÁKÓ, ÁJ, ÁÞS, BjarnB, EyH, GHH, HöskÞ, IllG, JónG, JM, KVM, KJak, KLM, SKK, StB, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 808).

Tilhögun þingfundar.

[15:51]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Þrátt fyrir 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfundar er það tillaga forseta að þingfundir geti staðið lengur í dag eða þar til umræðum um dagskrármálin er lokið.

Embætti sérstaks saksóknara, frh. 2. umr.

Stjfrv., 393. mál (rýmri rannsóknarheimildir). — Þskj. 663, nál. 760, brtt. 762.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Brtt. 762,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 762,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Íslenskur ríkisborgararéttur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 402. mál (próf og gjaldtökuheimild). — Þskj. 683, nál. 764.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, frh. 2. umr.

Frv. umhvn., 420. mál (flutningur yfirstjórnar málaflokksins til umhverfisráðuneytis). — Þskj. 713, nál. 767.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–14. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Náttúruvernd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 362. mál (gjaldtökuheimild). — Þskj. 613, nál. 766.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]
Brtt. í nál. 766 (ný 1. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Lífsýnasöfn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 123. mál (skil milli þjónustusýna og vísindasýna o.fl.). — Þskj. 133, nál. 777.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 777 samþ. með 43 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
6.–8. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til heilbrn.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 397. mál (styrkir til breyttrar orkuöflunar og orkusparnaðar). — Þskj. 675, nál. 779, brtt. 780.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 780,1 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 780,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 780,3 samþ. með 45 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
5.–10. gr. (verða 6.–11. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til iðnn.

Raforkulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 398. mál (frestun gildistöku ákvæða um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi). — Þskj. 676, nál. 775.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Visthönnun vöru sem notar orku, frh. 2. umr.

Stjfrv., 335. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 575, nál. 783.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 783 samþ. með 43 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
4.–14. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til iðnn.

Ábyrgðarmenn, frh. 2. umr.

Frv. LB o.fl., 125. mál (heildarlög). — Þskj. 135, nál. 785, brtt. 786.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:04]

Árni Páll Árnason (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við göngum nú til atkvæða um frumvarp til laga um ábyrgðarmenn. Frumvarpið á sér langa forsögu og er full ástæða til að hrósa hv. 1. flutningsmanni Lúðvíki Bergvinssyni fyrir þrautseigjuna í þessu efni. Mér telst svo til að þetta sé níunda þingið sem hann hefur fyrir því að leggja þetta frumvarp fram. Það er fyrst nú sem sátt er orðin um það í þingsölum að mikilvægt sé að leggja af hið ósanngjarna og óréttláta ábyrgðarmannakerfi sem hefur viðgengist allt of lengi, kerfi sem stuðlað hefur að óábyrgum lánveitingum lánastofnana og kallað ótölulegar hörmungar yfir fjölda fólks.

Það er sérstakt hróssefni að loks skuli hafa náðst samstaða um að afnema þetta óréttláta kerfi. Þetta er til vitnis um gott starf þingsins sjálfs að leiða slík þjóðþrifamál til lykta án þess að til þess komi frumkvæði af hálfu ríkisstjórnar og ég vil hrósa sérstaklega hv. 1. flutningsmanni Lúðvíki Bergvinssyni aftur fyrir þrautseigjuna.

[16:06]

Birgir Ármannsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. þm. Árni Páll Árnason sagði að þetta frumvarp hefur átt sér mjög langan aðdraganda og 1. flutningsmaður og fleiri flutningsmenn hafa sýnt mikla þrautseigju við að koma málinu áleiðis. Mér finnst málið vera að færast í mjög góðan búning og ég tel að það þjóni mikilvægum markmiðum.

Ég vil hins vegar ítreka það sem ég nefndi í umræðunum í gærkvöldi að það eru ákveðnir lagatæknilegir þættir sem ég vildi gjarnan fá tækifæri til að fara betur yfir í nefndinni og ég vil því nota þetta tækifæri til að óska eftir því að málið gangi til nefndar milli umræðna.

[16:07]

Pétur H. Blöndal (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp sem á að afnema þann ósið í íslensku fjármálakerfi sem viðgengist hefur í marga áratugi, þ.e. að láta einhvern annan en lántaka bera ábyrgð á láninu. Þetta hefur í fyrsta lagi stuðlað að miklu ábyrgðarleysi bæði hjá lánveitendum og lántökum en ekki síður hefur það valdið ótölulegum harmleikjum hjá fólki sem hefur borið ábyrgð á lánum. Ég er mjög hlynntur þessu máli og hef reyndar verið með á því frá upphafi.

Þetta frumvarp eykur ábyrgð og gagnsæi í viðskiptalífinu og það er mín sýn til framtíðar að það sé einmitt það sem við á hv. Alþingi þurfum að vinna að, að auka gagnsæi, sanngirni og réttlæti og heiðarleika í viðskiptum. Þetta er skref í þá átt og ég styð málið mjög eindregið.

[16:08]

Jón Magnússon (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er mikið fagnaðarefni að þetta frumvarp skuli nú koma til efnislegrar afgreiðslu við 2. umr. Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa verið með atkvæðaskýringu og þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir þá þrautseigju sem hann hefur sýnt með því að standa að *þessu mikla baráttumáli neytenda í meira en áratug, til* þess að við fengjum svipaða skipan lánamála og gerist í okkar heimshluta. Ábyrgðarmannakerfið eins og það hefur viðgengist í þjóðfélagi okkar er sérískenskt fyrirbrigði. Með því frumvarpi sem hér er verið að ganga til atkvæða um er verið að koma svipaðri skipan á og gildir hjá nágrannaþjóðum okkar. Með þeim reglum sem vonandi verða samþykktar á eftir er verið að koma skipan lánamála í mun eðlilegra horf en verið hefur. Ég fagna því að frumvarpið skuli vera komið til efnislegrar afgreiðslu.

[16:09]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Það er gleðilegur atburður sem nú á sér stað í sölum Alþingis, að við skulum loks ætla að afnema það ábyrgðarmannakerfi sem hefur viðgengist hér á landi síðustu ár. Ég vil sérstaklega hrósa flutningsmönnum frumvarpsins, hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, sem og öðrum þingmönnum sem hafa komið að þessu. Ég vil benda sérstaklega á að fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, Guðni Ágústsson, er meðflutningsmaður að þessu máli. Við framsóknarmenn styðjum þetta eindregið. Á erfiðum tímum er oft hægt að gera stórar breytingar og með því að samþykkja það frumvarp sem hér um ræðir erum við að afnema sérískenskt fyrirbrigði. Vonandi verður þetta til þess að auka réttlæti, að íslenskt fjármálakerfi verði réttlátara gagnvart viðskiptamönnum. Við framsóknarmenn leggjum eindregið til að þetta verði samþykkt á vettvangi þingsins og styðjum málið heils hugar.

[16:10]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Þetta er ákaflega hjartnæm stund. Hér hafa fulltrúar, ég held flestra ef ekki allra þingflokka komið upp og lokið miklu lofsorði á þetta mál og þá kviknar bara ein spurning: Hvernig í ósköpunum stendur á því að það þurfti níu tilraunir til að koma þessu þarfa réttlætismáli í gegn, sem allir lofa nú hér mjög?

Kannski er það tímanna tákn að réttlætið nái fram að ganga í ríkari mæli en fyrr og við skulum vona að svo sé. Einhver klakabönd hafa greinilega brostið af og farnar þær hindranir sem áður hafa væntanlega verið í vegi þess að þetta ágæta frumvarp næði fram að ganga, en ég þykist muna að hafa verið einhvern tíma meðflutningsmaður að því. Þetta veit vonandi á gott.

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, HerdÞ, JBjarn, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SF, SJS, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

23 þm. (AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁMöl, BjarnB, EKG, EyH, GHH, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KolH, KLM, KHeim, SKK, SVÓ, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:11]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Fyrir tveimur árum héldu Neytendasamtökin þing sitt og lögðu sérstaka áherslu á að þrjú mál gengju fram, þ.e. að sett yrðu lög um ábyrgðarmenn, lög um innheimtur og lög um greiðsluaðlögun. Með því máli sem er til umræðu í dag hillir undir að öll þessi þrjú mál hafi náð fram að ganga á örfáum mánuðum á Alþingi. Það eru að sjálfsögðu tímamót í baráttu fyrir réttlæti og neytendamálum og neytendavernd. Því ber að fagna þeim fullnaðarsigri sem ég veit að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og meðflutningsmenn vinna með þessu frumvarpi eftir níu tilraunir og baráttu fyrir því í hátt á annan áratug í í þingsölum. Um leið hljóta þeir sem berjast fyrir bættum neytendarétti að fagna því alveg sérstaklega að þetta réttlætismál nái fram að ganga, enda er með því bæði ósiðlegt og annarlegt kerfi lagt af. Þetta eru tímamót sem við hljótum öll að fagna.

Brtt. 786,1 (ný 2. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 786,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 786,3 samþ. með 45 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 786,4 samþ. með 45 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 786,5 samþ. með 45 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 786,6 samþ. með 45 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 786,7 samþ. með 45 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 786,8 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til viðskn.

[Fundarhlé. — 16:17]

Út af dagskrá voru tekin 11.–26. mál.

Fundi slitið kl. 18:02.

---

116. FUNDUR

miðvikudaginn 25. mars,
að loknum 115. fundi.

Dagskrá:

1. Embætti sérstaks saksóknara, stjfrv., 393. mál, þskj. 809. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 402. mál, þskj. 683. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, frv., 420. mál, þskj. 713. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Náttúruvernd, stjfrv., 362. mál, þskj. 810. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Raforkulög, stjfrv., 398. mál, þskj. 676. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Gjaldþrotaskipti o.fl., stjfrv., 281. mál, þskj. 735, frhnál. 790. — 3. umr.
7. Grunnskólar, frv., 421. mál, þskj. 714. — 3. umr.
8. Náms- og starfsráðgjafar, frv., 422. mál, þskj. 715. — 3. umr.
9. Tóbaksvarnir, stjfrv., 162. mál, þskj. 190. — 3. umr.
10. Málefni aldraðra, stjfrv., 412. mál, þskj. 792. — 3. umr.
11. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 376. mál, þskj. 794. — 3. umr.
12. Bjargráðasjóður, stjfrv., 413. mál, þskj. 701, nál. 789. — 2. umr.
13. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 688, nál. 795 og 815. — 2. umr.
14. Rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, þáltill., 20. mál, þskj. 20, nál. 765. — Síðari umr.
15. Greiðslur til líffæragjafa, stjfrv., 259. mál, þskj. 419, nál. 781, brtt. 782. — 2. umr.
16. Lyfjalög, frv., 445. mál, þskj. 787. — 2. umr.
17. Stjórn fiskveiða, frv., 429. mál, þskj. 725. — 1. umr.
18. Árlegur vestnorrænn dagur, þáltill., 221. mál, þskj. 299. — Fyrri umr.
19. Samráðsfundur sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda, þáltill., 222. mál, þskj. 300. — Fyrri umr.
20. Samráð Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda, þáltill., 223. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
21. Samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum fulltrúum, þáltill., 224. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:05]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1.–5. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Embætti sérstaks saksóknara, 3. umr.

Stjfrv., 393. mál (rýmri rannsóknarheimildir). — Þskj. 809.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:05]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EBS, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JM, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, KLM, KHeim, LB, PHB, RR, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

26 þm. (ArnbS, AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, BjarnB, BBj, EyH, GHH, GMJ, GAK, GÞÞ, HHj, IllG, JónG, KVM, KÓ, KHG, MS, ÓN, REÁ, SKK, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 822).

Íslenskur ríkisborgararéttur, 3. umr.

Stjfrv., 402. mál (próf og gjaldtökuheimild). — Þskj. 683.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:06]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EBS, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JM, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, KLM, KHeim, LB, PHB, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

26 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, BjarnB, BBj, EyH, GHH, GMJ, GAK, GÞÞ, HHj, IllG, JónG, KVM, KÓ, KHG, MS, ÓN, REÁ, RR, SKK, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 823).

Breyting á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, 3. umr.

Frv. umhvn., 420. mál (flutningur yfirstjórnar málaflokksins til umhverfisráðuneytis). — Þskj. 713.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:06]

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EBS, GuðbH, GSB, GSv, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JM, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, KLM, KHeim, LB, PHB, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

27 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, BjarnB, BBj, EyH, GHH, GMJ, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, IllG, JónG, KVM, KÓ, KHG, MS, ÓN, REÁ, RR, SKK, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 824).

Náttúruvernd, 3. umr.

Stjfrv., 362. mál (gjaldtökuheimild). — Þskj. 810.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EBS, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JM, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, KLM, KHeim, LB, PHB, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

26 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, BjarnB, BBj, EyH, GHH, GMJ, GAK, GÞÞ, HHj, IllG, JónG, KVM, KÓ, KHG, MS, ÓN, REÁ, RR, SKK, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 825).

Raforkulög, 3. umr.

Stjfrv., 398. mál (frestun gildistöku ákvæða um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi). — Þskj. 676.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EBS, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JM, KJak, KaJúl, KolH, KÞJ, KLM, KHeim, LB, PHB, RR, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

25 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, BjarnB, BBj, EyH, GHH, GMJ, GAK, GÞÞ, HHj, IllG, JónG, KVM, KÓ, KHG, MS, ÓN, REÁ, SKK, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 826).

Tilhögun þingfundar.

[18:10]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Varðandi fundarhöld í kvöld vill forseti geta þess að það verður hlé á fundinum á milli klukkan sjö og hálfátta vegna nefndafunda en að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir frekari atkvæðagreiðslum á þessu kvöldi þannig að það sé vitað.

Gjaldþrotaskipti o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 281. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 735, frhnál. 790.

[18:10]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir framhaldsnefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., eða greiðsluaðlögunarfrumvarpinu.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umr. til að nefndin gæti farið yfir álitamál sem upp hefðu komið og þá sérstaklega um þann möguleika að verkefni umsjónarmanns með greiðsluaðlögun yrðu falin sýslumönnum. Við meðferð málsins fyrir nefndinni komu fram upplýsingar um að þetta nýja hlutverk gæti skarast við innheimtuhlutverk sýslumanna og nauðsynlegt væri að hafa lengri tíma til að undirbúa þá breytingu þar sem slík breyting kallaði á tilfærslu verkefna milli sýslumannsembætta. Þetta gæti jafnframt kallað á frekari endurskoðun verkefna milli sýslumanna svo sem á þann veg að eitt embætti á höfuðborgarsvæðinu gæti sinnt þjónustuverkefnum gagnvart almenningi. Nefndin leggur því til þá breytingu á frumvarpinu að ráðherra verði heimilt að fela einum sýslumanni eða opinberri stofnun umsjón með nauðasamningi um greiðsluaðlögun í stað þess að vera það skylt eins og nefndin lagði til í fyrri breytingartillögu sinni.

Mikið ríður á að greiðsluaðlögunarferlið geti hafist sem allra fyrst. Það var því mat nefndarinnar að eðlilegt væri að lögmenn hafi þetta hlutverk með höndum fyrst um sinn eins og lagt er til í frumvarpinu. Þar er nú þegar fyrir hendi, í stétt lögmanna, reynsla af búskiptum og þrotameðferð, sem nýtist vel í störfum umsjónarmanns. Vegna sérstakra aðstæðna við þetta úrræði telur nefndin einnig rétt að leggja til að kostnaður umsjónarmanns sem greiðist úr ríkissjóði verði háður ákvörðun dómara, þó með þeim hætti að greiðsla fyrir umsjón með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar geti að hámarki orðið 200 þús. kr. Það er jafnframt tillaga nefndarinnar að sú greiðsla verði innt af hendi í einu lagi eftir að starfi umsjónarmanns lýkur til þess að þrýsta enn frekar á að umsjónarmenn vinni störf sín með hröðum og skilvirkum hætti og setja þannig hvata til þess að vel og hratt sé unnið. Viðmælendur umsjónarmanna eru auðvitað skuldarar sem eru í nokkuð erfiðri stöðu með sín fjármál og eiga erfitt með að sækja rétt sinn.

Nefndin fjallaði einnig um stöðu ábyrgðarmanna og tengsl greiðsluaðlögunarúrræðisins við ábyrgðarmannafrumvarpið sem hér er nú á lokastigum í meðförum Alþingis. Sérstaklega þurfti að taka tillit til þeirrar aðstöðu sem skapast ef skuld er felld niður á hendur aðalskuldara í greiðsluaðlögunarferli og þá hvort kröfuhafi ætti að geta beint kröfu um greiðslu heildarfjárhæðarinnar, upprunalegri kröfu, á hendur þriðja manni sem gengist hefði í ábyrgð. Það varð niðurstaða nefndarinnar að svo ætti ekki að vera. Ástæðan er eðli þriðjamannsábyrgða og forsendan sem liggur að baki þriðjamannsábyrgðum er sú að ábyrgðarmaður geti innt af hendi greiðslu en eigi síðan endurkröfu á hendur aðalskuldara. Ef hins vegar er búið að lækka kröfuna á hendur aðalskuldara með greiðsluaðlögun er þessi endurkröfumöguleiki ábyrgðarmanns því fallinn niður sem því nemur. Því er óhjákvæmilegt að áliti nefndarinnar að lækkun kröfu í greiðsluaðlögun hafi í för með sér samsvarandi lækkun heildarkröfu gagnvart ábyrgðarmanni. Þessi skilningur mun vera staðfestur í ábyrgðarmannafrumvarpinu en það er fjallað um það í greinargerð að nefndin deili þeim skilningi.

Þá leggur nefndin til að lögin öðlist gildi 1. apríl næstkomandi svo að nokkrir dagar gefist til undirbúnings áður en þetta úrræði taki gildi.

Full eining var um þessar breytingar í nefndinni og undir nefndarálitið rita auk mín hv. þingmenn Álfheiður Ingadóttir, Birgir Ármannsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ólöf Nordal, Árni Þór Sigurðsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Siv Friðleifsdóttir og Jón Magnússon.

[18:15]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Við fjöllum um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti og fleira, það sem lýtur að greiðsluaðlögun, nú í 3. umr. Formaður nefndarinnar, hv. þm. Árni Páll Árnason, hefur gert grein fyrir framhaldsnefndaráliti vegna málsins sem endurspeglar, eins og fram kemur, afstöðu allrar nefndarinnar til málsins. Um þetta mál hefur verið prýðileg samstaða í nefndinni á öllum stigum þess. Það hefur vissulega verið um það að ræða að í ferli málsins hefur þurft að fjalla um marga tiltölulega flókna þætti sem lúta að fullnusturéttarfari og skyldum atriðum réttarins. Þetta eru atriði sem að sumu leyti fara nokkuð í bága við hefðbundið fullnusturéttarfar. Um frávik er að ræða sem auðvitað krefjast sérstakrar umhugsunar.

Greiðsluaðlögunin er nýtt úrræði í okkar réttarfari. Eins og fram kom skýrt við 2. umr. málsins þá var um það að ræða að menn stóðu frammi fyrir þeirri spurningu hvort fjalla ætti um greiðsluaðlögun í sérstökum lögum eða hvort fella ætti breytingar inn í aðra lagabálka. Eftir að menn höfðu velt því töluvert fyrir sér varð sú niðurstaða sem hér birtist.

Í þessu máli kom upp sú tillaga milli 1. og 2. umr. að breyta því hver færi með hlutverk umsjónarmanns með greiðsluaðlögun. Fram komu hugmyndir um að þetta verkefni yrði á hendi sýslumanns eða sýslumanna og voru vangaveltur um það að ákveðnir þættir í þessu gætu fallið vel að verksviði sýslumanna og eins væri ákveðið öryggi fyrir þá sem leita eftir þessu úrræði að geta átt samskipti við opinberan embættismann í þessu sambandi. Það væri meiri möguleiki á því að um samræmda málsmeðferð yrði að ræða og trygging fyrir því að viðkomandi gæti fylgt málum eftir frekar heldur en ef málið færi út til lögmanna eins og á náttúrlega við þegar um er að ræða aðstoðarmenn í greiðslustöðvun og umsjónarmenn með frjálsum nauðasamningum og svo framvegis. Þessi hugmynd var rædd töluvert í nefndinni, að fá sýslumenn í þetta hlutverk, og má segja að það hafi verið afgreitt út úr nefndinni milli 1. og 2. umr. kannski í aðeins of miklu snarhasti. Að minnsta kosti fengum við ýmsir í nefndinni ákveðna bakþanka út af þessu og óskuðum þess vegna eftir því við 2. umr. að málið kæmi aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. sem var gert.

Eins og formaður nefndarinnar gerði grein fyrir í framsöguræðu sinni þá var þetta atriði helst til skoðunar í störf-

um nefndarinnar, spurningin um það hvort verkefnið ætti í rauninni, bara til að gera hlutina einfaldari, hvort verkefni ætti að liggja hjá sjálfstætt starfandi lögmönnum eða hjá sýslumönnum.

Niðurstaðan var sú að sú breyting að fela sýslumanni eða sýslumönnum þetta hlutverk varðandi þetta nýja réttarúrræði þarfnaðist meiri undirbúnings heldur en hér hafði átt sér stað, það þyrfti að skoða útfærsluna á þessu betur og undirbúa breytinguna betur og þess vegna væri ekki ráðlegt fyrst um sinn að stíga þetta skref. Þess vegna má segja að nefndin hafi tekið að minnsta kosti hálft skref til baka frá því sem gerðist milli 1. og 2. umr. og ákveðið að fela sjálfstæðum lögmönnum þetta verkefni fyrst um sinn án þess þó að útiloka að sýslumenn geti komið að þessu verkefni síðar þegar undirbúningsvinna hefur átt sér stað eins og nauðsynlegt er. Rökstuðninginn fyrir þessari niðurstöðu er að finna í fyrsta kafla nefndarálitsins þar sem vísað er til þess að mikið ríði á að greiðsluaðlögunarferlið geti hafist sem allra fyrst og því teldi nefndin rétt að lögmenn hafi þetta hlutverk með höndum fyrst um sinn og vísað til reynslu þeirra *af búskiptum og þrotameðferð sem nýtist vel í störfum umsjónarmanns*.

Síðan er gerð grein fyrir ákveðinni breytingu, að það er sett hámark á greiðslu fyrir umsjón með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar. Reyndar er gert ráð fyrir því að dómari hafi með höndum ákvörðun þessarar greiðslu en upphæðin verði þó ekki meiri en 200 þús. kr. Þarna er um að ræða ákveðna varnaðarreglu gegn því að þeir sem gegna hlutverki umsjónarmanns í þessum tilvikum geti, ef svo má segja, skammtað sér laun sjálfir fyrir þessa vinnu, að það sé ekki ótakmarkað hvað sé hægt að taka í þessu sambandi. En ef við veltum fyrir okkur þeim mismunandi málum sem kunna að koma upp í þessu sambandi þá liggur fyrir að greiðsluaðlögunarmál geta verið misjafnlega flókin og umfangsmikil eftir aðstæðum þeirra sem leita eftir greiðsluaðlögun. Það getur bæði verið um tiltölulega mjög einföld mál að ræða og eins mjög flókin. Auðvitað koma þau til með að krefjast mismikillar vinnu og þess vegna er eðlilegt að það sé ákveðið svigrúm sem dómari hafi frekar heldur en að hafa fasta upphæð. Hámarkið hins vegar ætti ekki að þurfa að koma að sök vegna þess að það má ætla að verkefnið muni fyrst og fremst verða á hendi lögmanna eða lögmannsstofa sem sérhæfa sig á þessu sviði og verða þess vegna tiltölulega fljótar að koma sér upp mikilli reynslu í þessu. Því má ætla að margir þættir í störfum umsjónarmanna að þessu leyti verði tiltölulega rútíneraðir, ef svo má segja, og eigi ekki að taka langan tíma. Hins vegar er alltaf umhugsunarefni að setja svona upphæðir inn í löggjöf. En fyrst um sinn alla vega var nefndin sammála um að setja þetta 200 þús. kr. hámark. En auðvitað verður Alþingi að vera tilbúið til þess að taka slíkar upphæðir til endurskoðunar síðar meir ef fram koma rök fyrir því að þessi upphæð sé ekki í samræmi við þá vinnu sem liggur að baki þessum málum.

Við erum að stíga ný skref hér á landi í þessum efnum. Við erum að fara út í að bjóða upp á nýtt úrræði og þess vegna eru ákveðnir óvissuþættir í sambandi við framkvæmdina, í sambandi við útfærsluna. Við kunnum að standa frammi fyrir því eftir nokkurra mánaða eða árs reynslu eða hvað það verður að einstök útfærsluatriði sem við setjum fram í lögunum að þessu sinni þarfnist endurskoðunar. Við eigum þá að vera reiðubúnir að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru. En þetta 200 þús. kr. hámark er alla vega sú tillaga sem allsherjarnefnd telur eðlilegt að leggja til hér við 3. umr. og leggur fyrir þingið.

Í nefndarálitinu er einnig gert ráð fyrir mjög áhugaverðri umræðu sem átti sér stað á vettvangi nefndarinnar milli 2. og 3. umr. Að þessum málum hafði nú reyndar verið vikið líka í fyrri nefndarstörfum um málið. Þá er ég að vísa til umræðu um réttaráhrif nauðasamnings til greiðsluaðlögunar gagnvart þriðja manni. Vakin var athygli þarna á ákveðnu samspili við frumvarp um ábyrgðarmenn sem viðskiptanefnd var með í meðferð á þessum sama tíma og við vorum reyndar að greiða atkvæði um hér áðan eftir 2. umr. Vakin var athygli á því að það þyrfti að skoða samspil þessara frumvarpa því ætla má að þau muni verði lögfest bæði á svipuðum eða sama tíma. Efnislega eiga þau margt sameiginlegt þannig að reynt getur á ákvæði þeirra beggja.

Niðurstaða nefndarinnar í þessu atriði var sú að eðlilegt væri ef við erum að tala um stöðu ábyrgðarmanns í þessu efni að ef greiðsluaðlögun leiddi til þess að krafa yrði lækkuð gagnvart aðalskuldara eða skuldaranum sjálfum þá mundi krafan lækka með sama hætti gagnvart ábyrgðarmanni. Þar er auðvitað um það að ræða að í þessu tilviki virðist það rökrétt niðurstaða vegna þess að ella gæti skapast sú staða að ábyrgðarmaður ætti endurkröfurétt á aðalskuldara vegna allrar upphæðarinnar og það mundi leiða til þess að greiðsluaðlögunin sem slík næði ekki tilgangi sínum, þetta væri komið í hálfgert öngstræti miðað við markmið frumvarpsins og þessa úrræðis.

Hins vegar verður að hafa í huga, eins og nefndin vekur athygli á í þessu sambandi, að sú breyting sem þarna er lögð til haggar í engu rétti kröfuhafa samkvæmt gildandi löggjöf til að beina kröfum fyrst að þeim skuldara sem hann telur líklegastan til að greiða kröfu. En þar getur auðvitað í ákveðnum tilvikum verið um ábyrgðarmenn að ræða enda er litið svo á að ábyrgðarmenn sem ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð séu skuldarar til jafns við hinn eiginlega lántakanda eða skuldara.

Það verður að viðurkennast að þetta kann auðvitað að leiða til þess að kröfuhafar sem telja minni líkur á því að hinn eiginlegi skuldari eða lántakandi sé borgunarmaður fyrir kröfunni muni áfram geta beint kröfu sinni að ábyrgðarmanni sem talinn er líklegri borgunarmaður. En fram hjá því verður ekki komist í þessu þó það sé ástæða til að hafa í huga að staða ábyrgðarmanna breytist að mörgu leyti með nýrri löggjöf um ábyrgðarmenn sem þingið er að ljúka við nú akkúrat á þessum dögum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjalla nánar um þetta frumvarp að svo stöddu. Ég vil undirstrika að það hefur verið samstaða um það í nefndinni að vinna að því markmiði að hægt yrði að bjóða upp á greiðsluaðlögun sem úrræði fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum hér á landi, þar væri um að ræða úrræði sem kæmi til þegar skulda- og greiðslustaða manna er erfið og staðan jafnvel orðin svo slæm að gjaldþrot blasi við. En auðvitað þegar þetta úrræði er komið þá er hægt að fara miklu vægari leið heldur en gjaldþrotaleiðina, leið sem er auðveldari fyrir skuldarann en um leið

til þess fallin að tryggja að hagsmunir kröfuhafa verði ekki fyrir borð bornir og ekki síst að greiðsluvilja skuldarans sé viðhaldið þannig að greiðsluviljinn, sem er auðvitað og mikilvæg forsenda fyrir eðlilegum lánaviðskiptum, verði áfram til staðar því auðvitað getur sú staða komið upp þegar menn eru komnir í öngstræti með sín fjármál og horfa fram á gjaldþrot og langvarandi erfiðleika að greiðsluviljinn falli niður og þá kann meira að tapast en ella. Þess vegna er mikilvægt, sérstaklega á tímum þeirra efnahagsþrenginga sem við eigum við að glíma í dag, að boðið verði upp á þetta (Forseti hringir.) úrræði.

[18:31]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Hér erum við í 3. umr. um eitt af þeim málum sem skipta verulega miklu máli fyrir heimilin í landinu. Það hefur verið kallað eftir að það fái skjótan framgang í þinginu og við munum væntanlega afgreiða það núna. Málið hefur verið til umfjöllunar í hv. allsherjarnefnd um margra vikna skeið og ég tel að þær breytingar sem gerðar hafa verið á því séu allar til mikilla bóta. Ég vísa til þess að þetta er einungis hluti af þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur undirbúið vegna þeirrar miklu skuldabyrði sem hvílir á heimilum í landinu eftir 18 ára stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins. Ég minni á frumvarp sem varð að lögum í dag, um frestun á aðför, um gjaldþrot o.fl., lög sem einnig skipta verulega miklu máli.

Þessu máli sem við hér ræðum við 3. umr., um greiðsluaðlögun, er ætlað að aðstoða einstaklinga sem eiga í verulega miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Eins og fram hefur komið er verið að taka inn í íslenskan rétt úrræði sem er að finna í norrænum rétti og einkum hefur verið litið til Noregs í því sambandi. Þessi greiðsluaðlögun til nauðasamninga, eins og úrræðið heitir, er til þess fallin að gera þeim sem skulda kleift að greiða af skuldum sínum miðað við greiðslugetu.

Ég vek sérstaklega athygli á því að í upphaflega frumvarpinu var að finna bráðabirgðaákvæði um greiðsluaðlögun fasteignaveðlána. Í því ákvæði var reiknað með svipuðu úrræði en þá aðeins fyrir þá sem væru með fasteignaveðlán sín í höndum hinna nýju ríkisbanka. Fram hefur komið að hv. allsherjarnefnd lagði til, og var það samþykkt eftir 2. umr. hér, að umrætt bráðabirgðaákvæði yrði fellt úr frumvarpinu en þess í stað mundi nefndin sjálf flytja frumvarp til greiðsluaðlögunar fasteignaveðlána og er nú verið að leggja lokahönd á það mál í nefndinni. Ég legg mikla áherslu á að þó að þessi mál beri hér að hvort á sínum tímanum og þetta mál til almennrar greiðsluaðlögunar sé nokkuð fyrr á ferðinni en hitt er um samhliða úrræði að ræða. Það er reiknað með því að ef einstaklingar þurfa á hvoru tveggja að halda, almennri greiðsluaðlögun og greiðsluaðlögun fasteignaveðlána, fari sami umsjónarmaður með bæði málin.

Í þessum málum er reiknað með að kostnaður falli að verulegu leyti á ríkissjóð. Það er reiknað með því að Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna verði efld og henni gert kleift að sinna aðdraganda og undirbúningi að greiðsluaðlöguninni og eins er hér gert ráð fyrir í sérstakri breytingartillögu að umsjónarmaður fái greidda þóknun úr ríkissjóði sem skal þó aldrei vera hærri en 200.000 kr. Er það gert, eins og hér hefur komið fram, með skírskotun til þess að undirbúningur málsins á að vera lengra kominn en almennt er þegar til nauðasamninga kemur vegna aðkomu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Í nefndinni var milli 2. og 3. umr. mikið rætt um aðkomu sýslumanns eða sýslumannsembætta að þessari greiðsluaðlögun og þá varð ljóst, eins og hér hefur verið rakið, að slíkt þarfnast frekari undirbúnings. Eins og hér er gert ráð fyrir í breytingartillögu stendur eftir heimild til dómsmálaráðherra að fela sýslumönnum eða opinberri stofnun umsjón með nauðasamningi um greiðsluaðlögun. Á þessu, herra forseti, vildi ég vekja athygli.

Loks vil ég víkja hér svo sem eins og einu orði að því sem einnig hefur verið nokkuð rætt, þ.e. þriðjamannsábyrgðinni, og að niður falli sá hluti ábyrgðar sem felldur er niður með lækkun kröfu við greiðsluaðlögun. Hér hefur verið vikið að því að í frumvarpi um ábyrgðarmenn sem var til umræðu í nótt og atkvæðagreiðslu fyrr í dag eftir 2. umr. er gert ráð fyrir því að þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 60. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal nauðasamningur eða önnur eftirgjöf, þar með talinn nauðasamningur til greiðsluaðlögunar — eins og við erum hér að fjalla um — sem kveður á um lækkun kröfu á hendur lántaka hafa sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni. Þetta ákvæði skiptir verulega miklu máli þegar litið er til stöðu ábyrgðarmannsins sem eftir greiðsluaðlögun á auðvitað ekki fulla endurkröfu á skuldarann þar sem upphafleg skuld hefur verið lækkuð. Þetta er í samræmi við það sem gert er í þeim norræna rétti um greiðsluaðlögun sem ég vísaði til, þar er það skuldin sem slík sem fer í greiðsluaðlögun en ekki einstaklingurinn.

Herra forseti. Ég ítreka að þetta er eitt af þeim málum sem skiptir heimilin í landinu verulega miklu máli og hefur verið kallað eftir. Ég treysti því og þykist vita — við höfum fengið upplýsingar um það í hv. allsherjarnefnd — að Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna sé tilbúin til að aðstoða menn til þess að nýta sér þetta úrræði sem allra best.

[18:38]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mjög margt af því sem fram kom í ræðu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur er í góðu samræmi við það sem áður hefur komið fram, bæði í stuttri ræðu minni og í ræðu hv. þm. Árna Páls Árnasonar, og lýsir því að ekki er um að ræða ágreining innan nefndarinnar um málið.

Hins vegar er eitt atriði í ræðu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur sem mér finnst óhjákvæmilegt að gera athugasemdir við og það var hennar pólitíska skot um að það ástand sem við byggjum við í dag væri því um að kenna að Sjálfstæðisflokkurinn hefði verið í 18 ár við völd í landinu. Ekki skal ég neita því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í 18 ár við völd í landinu, raunar allan tímann með öðrum, og ekki skal ég víkjast undan því að á þeim tíma hafa áreiðanlega oft verið teknar rangar ákvarðanir. Hins vegar verð ég að benda hv. þm. Álfheiði Ingadóttur á að við erum að ganga í gegnum dýpstu efnahagskreppu í hinum vestræna heimi í sennilega ríflega mannsaldur, við erum að tala um kreppu sem á sér helst samjöfnuð í kreppunni miklu á 4. áratugnum

og þrátt fyrir að áhrif Sjálfstæðisflokksins séu mikil held ég að við getum ekki skýrt kreppu í Ungverjalandi, Lettlandi, löndum Evrópusambandsins, Bandaríkjunum eða Bretlandi með þeim. Þótt Sjálfstæðisflokkurinn sé áhrifamikill held ég að hann hafi ekki orsakað kreppuna þar þannig að við verðum að horfa á málin í heildarsamhengi þegar við ræðum þetta.

[18:40]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum heyrt það nokkrum sinnum áður að fall Lehman Brothers í Bandaríkjunum sé ekki Sjálfstæðisflokknum á Íslandi að kenna. Ég var hér einungis að lýsa minni skoðun og ég held að í þeirri stöðu sem við erum í megi menn ekki vera of viðkvæmir fyrir því.

Ég ítrekaði aðeins að við erum hér að bregðast við verulegum vanda sem blasir við. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa á undanförnum dögum kallað hátt og í hljóði eftir því að afgreidd verði út úr þinginu þau mál er varða heimilin í landinu hvað mestu. Þeir hafa auðvitað vitað með vinnu sinni í nefndum þingsins að víða er unnið að þessum málum. Ég vakti athygli á því að hér er eitt af mörgum málum, vonandi, til lykta leitt og ég lýsti þeirri skoðun minni að það væri mikilvægt að halda þeim málum og þeirri vinnu áfram, í þeirri stöðu sem við erum í, til að bregðast við þeim skuldaklafa sem á þjóðinni hvílir. Það er mín skoðun að Sjálfstæðisflokkurinn og sú stefna sem hann hefur rekið síðustu 18 árin beri þar allmikla ábyrgð.

[18:42]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Ég ætla ekkert að ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni, þegar við veltum fyrir okkur ábyrgð á efnahagskreppunni hér á landi og í hinum vestræna heimi getum við haft ýmsar skoðanir á því. Varðandi aðra þætti í þessu svari hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur get ég tekið undir að þetta er eitt af þeim málum sem raunverulega hefur þýðingu varðandi hagsmuni heimilanna í landinu og er þess vegna eitt af þeim málum sem í hugum allra þingmanna, held ég, þarf að setja í forgang. Auðvitað hefur mikil vinna verið unnin í nefndinni eins og við þekkjum sem þar sitjum og ég held að hún hafi verið mjög málefnaleg og góð og orðið til þess að færa frumvarpið til betri vegar og að frumvarpið sé betur til þess fallið að skila þeim árangri sem að er stefnt. Um það er enginn ágreiningur og ekki ágreiningur um að ástæða sé til að klára þetta eins fljótt og unnt er. Málið er sem sagt að komast á lokastig í þinginu og góð samstaða um það.

Það sem hins vegar hefur komið fram og er út af fyrir sig ástæðulaust að ræða við þessa umræðu sérstaklega er að það hefur dálítið þvælst fyrir þingstörfum undanfarna daga að ríkisstjórnarflokkarnir eru ekki bara ákafir í að koma í gegn þeim málum sem lúta að hagsmunum heimilanna og fyrirtækjanna, heldur einnig mjög mörgum öðrum málum. Það hefur gert það að verkum að dagskrá þingsins hefur verið löng og þar hefur verið blandað saman brýnum hagsmunamálum og svo öðrum málum sem enginn skaði væri af að biðu fram yfir kosningar. Það hefur gert störfin hér í þinginu þyngri en ella.

Um þetta mál eru hins vegar allir sammála, (Forseti hringir.) því þarf að ljúka, það þarf að klára og gera að lögum sem allra fyrst.

[18:44]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Svo ég taki upp mál þar sem frá var horfið varðandi svör og andsvör hjá hv. þm. Birgi Ármannssyni og hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, þá er þetta frumvarp ekki og á ekki að vera einhver viðbrögð við efnahagshruninu sem varð hér í október heldur er um að ræða sjálfsagða breytingu á lögum sem í raun hefði átt að eiga sér stað löngu fyrr.

Það var dálítið merkilegt að þetta sjálfsagða réttarúrræði, þ.e. breyting á lögum um gjaldþrotaskipti þannig að greiðsluaðlögun væri tekin upp, skyldi vera tekið upp sem hluti af aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar, eins og það var orðað, vegna þess að hér er einfaldlega um að ræða nauðsynlega breytingu og réttarbót sem fólk hefði átt að fá á Íslandi fyrir meira en áratug síðan.

Lög um greiðsluaðlögun voru sett á hinum Norðurlöndunum, að vísu síðast í Finnlandi, sem ég mun víkja að síðar í ræðu minni, en í Svíþjóð, Danmörku og síðar Noregi fyrir alla vega 15–20 árum síðan.

Frá þeim tíma hafa ýmis samtök, m.a. Neytendasamtökin, barist mjög ákveðið fyrir því að samþykkt yrðu lög um greiðsluaðlögun og hafa ályktað um það á þingum sínum ár eftir ár og skorað á Alþingi og ríkisstjórnir að hlutast til um að slík lög yrðu sett.

Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson minntist í umræðum hér fyrr í dag á að hann hefði lofað því á þingi Neytendasamtakanna fyrir tæpu ári síðan að gengið yrði frá nýrri löggjöf hvað varðar innheimtulög, lög um ábyrgðarmenn og greiðsluaðlögun og lýsti sig ánægðan með að innheimtulög hefðu tekið gildi. Lög um ábyrgðarmenn voru samþykkt fyrr í dag við 2. umr. og lög um greiðsluaðlögun eru hér til 3. umr.

Vissulega er kærkomið fyrir mig sem hef lengi verið í neytendabaráttunni að sjá að þessi hluti af löggjöfinni er svo gott sem að ná fram að ganga. Það er merkilegt skref í rétta átt. En ég ítreka að hér er ekki um að ræða og á ekki vera um að ræða hluta af einhverjum viðbrögðum við þeim vandamálum sem við er að glíma í íslensku efnahagslífi og ekki á að líta á þetta sem einhvern hluta af aðgerðapakka ríkisstjórnar. Hér er einfaldlega um réttmæta og eðlilega breytingu á löggjöf að ræða, eins og ég sagði áðan, sem hefði átt að koma fram fyrir rúmum áratug eða meira.

Við sem höfum um árabil barist fyrir því að fá þessa löggjöf samþykkta bentum á það í umræðunni að það skipti þá sem lentu í greiðsluerfiðleikum gríðarlega miklu máli að geta komist út úr þeim án þess að vera knúnir í gjaldþrot. Það hefði þýðingu fyrir hvern og einn að geta haldið lífi og störfum óhikað og óhindrað áfram þótt einhverja erfiðleika gæti borið að dyrum. Þá væri kostur að hafa greiðsluaðlögun þar sem í raun væri kveðið á um að viðkomandi greiddi það sem hann væri fær um að greiða en fengi annað fellt niður, því meira væri hvort sem ekki út úr viðkomandi að hafa.

Því var helst fundið þessu til foráttu á sínum tíma að

þetta þýddi ekkert annað en að þarna mundu fjármunir tapast í stórum stíl. En reynslan hefur sýnt að svo er ekki. Engir fjármunir eru að tapast. Þar sem greiðsluaðlögun hefur verið í gildi um langa hríð hefur reynslan sýnt að engir fjármunir tapast. Þegar einstaklingar hafa hér verið knúnir í gjaldþrotameðferð hefur sjaldnast komið ein einasta króna úr þrotabúinu og jafnvel ekki dugað fyrir skiptakostnaði, hvað þá að fengist hafi upp í einhverjar kröfur kröfuhafa.

Þegar um greiðsluaðlögunaraðgerð er að ræða hafa menn aftur á móti möguleika á að kanna vel fjárhag skuldarans og þeir sem leita eftir greiðsluaðlögun eru þá þeir sem vilja koma nýrri skipan á fjármál sín. Mjög mikilvægt er að gefa þeim þann kost að geta notið þeirrar réttarverndar sem þessi lög, þegar þau hafa verið samþykkt frá hinu háa Alþingi, geta gefið. Reynslan á hinum Norðurlöndunum hefur sýnt að ákveðið hlutfall skulda hefur greiðst þar sem ekkert greiddist áður.

Mér þykir miður að ekki skyldi nást samstaða um það í allsherjarnefnd að víkka út gildissvið frumvarpsins. Ég hefði viljað og mælti með því við meðferð málsins í allsherjarnefnd að ekki væru settar allar þær takmarkanir sem kveðið er á um í a-lið 1. gr. frumvarpsins þar sem segir í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Lögin ná ekki til einstaklinga sem undangengin þrjú ár hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem þeir hafa lagt stund á hana einir eða í félagi við aðra, nema því aðeins að atvinnurekstri hafi verið hætt og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans.“

Ég hefði viljað losna við þetta ákvæði þannig að greiðsluaðlögunin eða möguleikinn á að fara í greiðsluaðlögun hefði náð til allra. Ég lít þannig á að það verði að líta til þess að einyrkjar í atvinnurekstri eða þeir sem reka smáfyrirtæki þurfi á sams konar eða sambærilegri réttarvernd að halda og þeim möguleikum sem kveðið er á um í frumvarpinu og launþegar. Þess vegna hefði ég viljað og vildi ná fram þeirri breytingu að þetta tæki líka til þeirra sem hefðu rekið smáatvinnurekstur. Þetta hefði haft þýðingu t.d. fyrir bændur og marga fleiri.

Það skal tekið fram að þetta gildir nú samt sem áður. Þetta er með svipuðum hætti og lagt er til á hinum Norðurlöndunum. En ég taldi að aðstæður hér væru með þeim hætti að æskilegt væri að fara þá leið sem ég lýsti hér að gildissvið laganna væri víðtækara en hér um ræðir og lagt er til, þannig að atvinnurekendur væru ekki undanskildir og gætu leitað eftir greiðsluaðlögun líkt og aðrir einstaklingar.

Það liggur fyrir að hér er ekki um algjöra eftirgjöf skulda að ræða heldur ber því yfirvaldi sem fer ofan í málið að skoða hvaða möguleika viðkomandi skuldari á á því að greiða þær kröfur sem um ræðir. Þar koma til sérstök skilyrði þar sem um er að ræða að hafna ber kröfu um greiðsluaðlögun ef ákveðnar aðstæður eru fyrir hendi. Ekki er verið að mæla með því eða miða við það að fólk sem hefur hagað sér gáleysislega í fjármálum geti haldið áfram eða fái þetta réttarúrræði. Réttarúrræðið er fyrst og fremst miðað við þá sem hafa lent í ákveðnum ógöngum af ýmsum ástæðum, m.a. vegna veikinda eða atvinnumissis eða annars slíks. En hins vegar er sérstaklega tekið fram í d-lið, tölulið 2–6, að þetta gildi ekki fyrir þá sem hafa hagað sér gáleysislega í fjármálum. Þannig er tekið fram að skuldari sem hefur hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað getur ekki leitað eftir þessu úrræði og heldur ekki ef hann hefur stofnað til skulda þegar hann var greinilega ófær um að standa við fjárskuldbindingar sínar.

Fleiri atriði koma til sem valda því að menn geta ekki hagað sér af ábyrgðarleysi í fjármálum og leitað síðan í það skjól sem þessi lög kveða á um. Hér er fyrst og fremst verið að tala um ákveðna réttarbót þannig að fólk sem lendir í erfiðleikum geti komist frá þeim og haldið áfram að starfa sem gildir borgarar í nútímasamfélagi.

Þetta hefur líka þýðingu hvað það varðar að koma í veg fyrir það sem iðulega hefur átt sér stað á undanförnum árum að fólk hefur verið með skattskuldir árum saman og þurft að flýja í skjól til að komast hjá því að allt sem það vann sér inn yrði hreinlega rifið í burtu og það hefði ekki framfærslueyri til þess að geta dregið fram lífið með sómasamlegum hætti. Það hefur verið vandamál sem hefur ekki verið leyst en hér er alla vega um að ræða löggjöf sem gæti komið til móts við og leyst þann vanda hjá öllu venjulegu fólki.

Ég tel að allsherjarnefnd hafi unnið mjög gott starf og gert nauðsynlegar lagfæringar og breytingar á því frumvarpi sem hér um ræðir, en ég get hér eingöngu um það sem ég er enn ósáttur við í frumvarpinu, þ.e. að ég hefði viljað að greiðsluaðlögunin næði einnig til einstaklinga sem hafa stundað atvinnurekstur og hefði fundist það eðlilegt sanngirnismál.

Þeirri spurningu hefur verið varpað fram hversu margir muni nýta sér það ákvæði sem hér um ræðir. Við rennum nokkuð blint í sjóinn með það en höfum þó ákveðnar vísbendingar frá reynslu Finna sem tóku þetta ákvæði upp síðar en aðrir. Þegar Finnar settu á reglur um greiðsluaðlögun gengu þeir í gegnum alvarlega stöðu í fjármálum heimilanna, þótt hún hafi ef til vill ekki verið jafnalvarleg og sú sem við erum í eftir efnahagshrun okkar. En þá var um að ræða alvarlega stöðu og ljóst að um mjög mikla erfiðleika var að ræða og mjög margir leituðu eftir þessu úrræði þannig að búast má við því að hér verði mjög svipaðir hlutir uppi á teningnum. Þegar þetta lagafrumvarp verður að lögum mun reyna mjög á ákvæði þess á fyrstu tímabilunum sem hér um ræðir og það skiptir gríðarlega miklu máli að kerfið sé tilbúið til að taka við því sem þarf og gera þá þær ráðstafanir.

Tími minn leyfir ekki lengri ræðu þannig að ég verð að koma að því í síðari ræðu varðandi þetta mál og víkja þá sérstaklega að breytingartillögunum og hlutverki umsjónarmanns og breytingu varðandi ábyrgðarmenn, sem ég (Forseti hringir.) verð nú að láta bíða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskólar, 3. umr.

Frv. menntmn., 421. mál (samræmd könnunarpróf). — Þskj. 714.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náms- og starfsráðgjafar, 3. umr.

Frv. menntmn., 422. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 715.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:01]

Tóbaksvarnir, 3. umr.

Stjfrv., 162. mál (EES-reglur, varúðarmerking og auglýsingar). — Þskj. 190.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 412. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 792.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 376. mál (hlutaatvinnuleysisbætur, auknar upplýsingar, eftirlit o.fl.). — Þskj. 794.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Listamannalaun, 2. umr.

Stjfrv., 406. mál (heildarlög). — Þskj. 688, nál. 795 og 815.

[19:33]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 1. minni hluta menntamálanefndar en í honum eru, auk þess sem hér stendur, hv. þingmenn Þuríður Backman, Katrín Júlíusdóttir og Björgvin G. Sigurðsson.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðnýju Helgadóttur frá menntamálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Fjármálaeftirlitinu, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Rithöfundasambandi Íslands, stjórn listamannalauna.

Með frumvarpinu er lagt til að þeim mánaðarlaunum sem úthlutað er sem starfslaunum til listamanna fjölgi á þriggja ára tímabili um alls 400 þannig að á árinu 2012 verði samtals 1.600 mánaðarlaun til ráðstöfunar til starfslauna og styrkja í stað 1.200 mánaðarlauna nú. Þá er lögð til sú breyting að mánaðarlaun starfslauna verði ákveðin upphæð, 266.737 kr., sem komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga hvert ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum launasjóðum, þ.e. fyrir hönnuði og sviðslistafólk, og að heiti á Tónskáldasjóði verði breytt í Launasjóð tónlistarflytjenda. Þá er enn fremur lagt til að stjórn listamannalauna fái heimild til að flytja umsóknir á milli launasjóða og að breyting verði á störfum stjórnarinnar, m.a. varðandi áherslur við úthlutun og mótun stefnu.

Við meðferð frumvarpsins í nefndinni kom í ljós að í 13. gr. þarf að laga tilvísun þar sem ekki er vísað til 11. gr. um launasjóð tónskálda. 1. minni hluti gerir því breytingartillögu til lagfæringar á þessum lagatæknilegu mistökum.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að í stað „6.–10. gr.“ í 13. gr. komi: 6.–11. gr.

Við afgreiðslu málsins voru hv. þingmenn Jón Magnússon, Höskuldur Þórhallsson og Björk Guðjónsdóttir fjarverandi.

[19:36]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er gert ráð fyrir að fjölga störfum hjá ríkinu, þ.e. fjölga ríkisstarfsmönnum væntanlega. Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvar sé gert ráð fyrir þessu á fjárlögum og hvort svona útgjöld — sem væntanlega kemur fram sem skuld af því að það eru ekki til peningar í ríkissjóði — koma þá ekki fram sem krafa á börnin okkar, hvort ekki sé nægilega mikið á þau lagt þó ekki sé verið að bæta á þau með þessum hætti.

[19:37]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa ágætu fyrirspurn vegna þess að í andsvari hv. þingmanns kristallast ákveðinn misskilningur sem ég hef orðið var við hjá

nokkrum hv. þingmönnum. Málinu er þannig háttað að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinum aukaútgjöldum á árinu 2009. Fjárlög yfirstandandi árs koma þar af leiðandi ekkert við sögu þessa máls.

Fyrir árin 2010 og 2011 eru fjármunir til staðar í menntamálaráðuneytinu og hæstv. menntamálaráðherra gerði grein fyrir því í framsögu við 1. umr. að þannig væri málum háttað. Hins vegar er það rétt að fyrir árið 2012 þarf væntanlega að auka fjármuni og ákveða það á fjárlögum fyrir árið 2012. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég vonast nú til þess að þá verði aðstæður allar aðrar í þjóðarbúinu en nú eru. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Pétur Blöndal sé sammála mér um að allar líkur eru til þess að við munum þá geta veitt meira fjármagn í þetta. Verði það ekki er að sjálfsögðu alltaf möguleiki á að gera breytingar á þeim árum. En meginatriðið er að ekki er aukið fjármagn árið 2009 og fyrir hendi er fjármagn vegna frumvarpsins fyrir árið 2010 og 2011.

[19:38]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skýtur dálítið skökku við að á sama tíma og 150 milljarða halli er á ríkissjóði — honum þarf að ná niður á um þremur árum eða fyrr að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, það verður ekki gert nema með því að fækka ríkisstarfsmönnum, lækka launin þeirra eða á einhvern hátt segja þeim upp að hluta til vegna þess að útgjöld ríkissjóðs eru 70% laun — eru menn að auka byrðarnar á þessum enda. Ég veit ekki hvað heilbrigðisstarfsmenn og aðrir starfsmenn í menntamálaráðuneytinu segja þegar á að fara að lækka launin þeirra eða segja þeim upp og á meðan er verið að auka útgjöldin hér.

Einnig er önnur leið til að ná fram afgangi á ríkissjóði, þ.e. að hækka skatta og þá kemur upp sú spurning hversu ánægðir íslenskir launþegar, sem margir hverjir hafa orðið illa úti vegna ýmissa atvika, t.d. verðbólgu og annars slíks, eru með að auka skatta enn frekar út af þeirri aðgerð sem hér er lögð til. Mér finnst málflutningur hv. þingmanns ekki fullnægjandi í þeirri stöðu sem þjóðarbúið er núna, að auka útgjöld og ég óttast að sá kostnaður lendi á einhvern máta á börnunum okkar.

[19:40]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði í fyrra svari mínu er ekki gert ráð fyrir að auknum útgjöldum í ríkissjóði árin 2009, 2010 og 2011. Hins vegar verður það væntanlega árið 2012. Þá vona ég að forsendur verði aðrar. Verði það ekki er að sjálfsögðu eðlilegt að á þessu máli verði tekið eins og öllum öðrum þegar fjárlög fyrir árið 2012 verða afgreidd.

Einnig er mikilvægt í þessu sambandi að taka tillit til þess að fest var ákveðin tala í launum sem ekki var hækkuð. Miðað við ástandið í þjóðlífinu má því segja að hún hafi í raun verið lækkuð, þ.e. kaupgeta þessara launa er minni en áður. Það var auðvitað rætt sérstaklega hvort bæri að hækka launin eða ekki til samræmis. Niðurstaðan varð sú að eðlilegra væri að fjölga frekar, þannig að fleiri listamenn gætu bæst við eins og staðið hefur til í langan tíma.

Í þessu samhengi er kannski rétt að minna á að hugmyndin og þetta frumvarp varð til hjá fyrrverandi menntamálaráðherra, ágætri flokkssystur hv. þingmanns. Hér er í raun verið að halda áfram með mál sem var að mestu leyti fullunnið í tíð fyrrverandi menntamálaráðherra. Sú leið var ákveðin að fjölga í hópnum frekar en hækka launin og samtök listamanna eru sátt við það. Ég held að það sé afar mikilvægur áfangi. Þetta er vissulega hluti af viðleitni ríkisstjórnarinnar til að reyna að fjölga störfum og þarna er sem sagt verið að vonast til þess að menn geti fjölgað um 400 störf þegar þetta verður allt komið til framkvæmda árið 2012.

[19:42]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá 2. minni hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um listamannalaun.

Farið hefur verið yfir efnisatriði frumvarpsins en þar er lagt til að fjölga mánaðarlaunum sem er úthlutað sem starfslaunum úr 1.200 í 1.600 eða um 400 mánaðarlaun.

Þá er og lögð til sú breyting að mánaðarlaun starfslauna verði ákveðin upphæð, 266.737 kr., sem komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga hvert ár með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tveimur nýjum launasjóðum, fyrir sviðslistafólk og hönnuði, þá er og lagt til að stjórn listamannalauna fái heimild til að flytja umsóknir á milli launasjóða og lagðar til breytingar á störfum stjórnarinnar, m.a. varðandi stefnumótun og áherslur við úthlutun.

Helsta ákvæðið sem hefur áhrif á útgjöld ríkisins er fjölgun mánaðarlauna um 400 og miðað við að fyrirhuguð mánaðarlaun verði eins og áður sagði 266.737 kr. þýðir það 107 millj. kr. aukningu á útgjöldum ríkisins. Einnig er talið að útgjöld ríkisins gætu aukist vegna aukinnar umsýslu vegna fjölgunar mánaðarlauna og vinnu við stefnumörkun þó að taka beri fram að sú upphæð er örugglega ekki mjög há.

Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum ársins 2009, þ.e. á yfirstandandi ári, né í áætluðum útgjöldum næstu fjögur árin. Því þarf vegna mikils halla ríkissjóðs að fjármagna útgjöldin með lántökum.

Annar minni hluti fellst ekki á að það sé raunhæf leið til atvinnu- og verðmætasköpunar að auka útgjöld ríkisins með þessum hætti.

Annar minni hluti leggur til að ekki verði hróflað við núgildandi lögum um listamannalaun.

Ég vil aðeins árétta í þessu sambandi að 2. minni hluti er ekki í sjálfu sér að mæla gegn því að gera ýmsar þær breytingar sem í frumvarpinu felast eins og t.d. að opna möguleika fyrir sviðslistafólk og hönnuði né heldur er verið að leggjast gegn þeim hugmyndum sem settar eru fram í frumvarpinu að stjórn listamannalauna fái heimild til að flytja umsóknir á milli launasjóða eða lagðar séu til breytingar á störfum stjórnarinnar o.s.frv. Það sem við teljum hins vegar mjög gagnrýnisvert er hvernig að þessum málum er staðið. Verið er að leggja fram hugmyndir sem fela í sér talsverða aukningu á útgjöldum ríkisins í því skyni að búa til störf

með þeim hætti sem hérna er verið að leggja til. Það á að fjármagna með dýrum lánum og opinberum lántökum til að standa straum af þeirri sérstöku atvinnusköpun að fjölga listamönnum á launaskrá ríkisins. Þetta er auðvitað algerlega ábyrgðarlaus stefna. Þetta er stefnumótun inn í framtíðina á sama tíma og verið er að tala um að fram undan sé mjög erfið fjárlagagerð. Hæstv. fjármálaráðherra opnar ekki svo munninn, hvort sem það er úr þessum ræðustóli eða öðrum, nema kveinka sér undan því ábyrgðarmikla starfi sem hann hefur tekist á hendur sem er að ná saman jöfnuði í ríkisfjármálum.

Í morgun sat ég fund í Viðskiptaráði þar sem hann hafði yfir eina af sínum grátræðum þar sem hann kveinkaði sér undan þessu verkefni sínu. Hér er hins vegar verið að vinna þvert gegn því risavaxna verkefni hæstv. fjármálaráðherra sem er að reyna að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. Þó að þetta séu ekki hinar stóru tölur sem velta um ríkisfjármálunum eða fjárlagagerðinni þá er þetta stefnumótun í þá átt miðað við mjög sérstakar aðstæður þar sem verið er að leggja til auknar lántökur til atvinnusköpunar eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég undirstrika að af hálfu okkar sjálfstæðismanna í minni hluta menntamálanefndar erum við ekki að andmæla í sjálfu sér ýmsum af þeim breytingum sem verið er að leggja til. En við erum hins vegar að leggjast gegn þeirri óábyrgu stefnu við núverandi aðstæður að leggja fram tillögur sem fela í sér skuldbindingar til framtíðar litið á sama tíma og við glímum við stóran fjárlagahalla. Þetta er á vissan hátt fugl í skógi, getum við sagt, vegna þess að væntanlega þarf að afla heimilda í fjárlögum á hverju ári fyrir þessari upphæð og enginn veit á þessari stundu hvernig mönnum mun vegna í þeirri vinnu þegar við stöndum frammi fyrir erfiðleikum í fjárlagagerð.

Ég veit að hæstv. menntamálaráðherra þekkir vel til í því hvernig hún stendur frammi fyrir margs konar útgjaldavanda menntamálaráðuneytisins. Þó að einhvers staðar hafi fundist matarholur í því ráðuneyti sem ætlunin er að nota á þessu ári hefði mátt hugsa sér að nýta það með öðrum hætti. Það er hins vegar pólitísk stefnumótun sem ég út af fyrir sig ætla ekki að gera að umræðuefni. Ég er eingöngu að árétta að óábyrgt er að leggja fram frumvarp á sama tíma og vaxtastigið í landinu er á þriðja tug prósenta, og ætla sér að fjármagna þessi útgjöld með aukinni sókn inn á lánsfjármarkaði í landinu við mjög þröngar aðstæður.

[19:48]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Þegar maður skoðar þetta frumvarp og heyrir í ráðherrum ríkisstjórnarinnar ... Herra forseti. Það eru a.m.k. tveir fundir í gangi.

(**Forseti** (GuðbH): Ég vil biðja hv. þingmenn að gefa ræðumanni tækifæri til að flytja ræðu sína.)

Þegar maður les þetta frumvarp og niðurstöðu meiri hlutans og þegar maður heyrir hæstv. ráðherra tala, t.d. samgönguráðherra sem er að fara í miklar framkvæmdir, heilbrigðisráðherra sem er að hætta við niðurskurð, menntamálaráðherra sem er að halda áfram með tónlistarhús, þá virðist vera til nóg af peningum. Það er eins og ekkert hafi gerst. (**Gripið fram í:** Það þarf ...) En það er eins og mig minni að í október hafi eitthvað gerst, þá hrundi bankakerfið og við erum núna undir leiðsögn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hallinn á þessu ári, herra forseti, er 150 milljarðar. Það er áætlun í gangi í fyrsta lagi um að skera niður um 7 milljarða í heilbrigðiskerfinu. Ég sé ekki að það gerist. Það er áætlun í gangi um að ná þessum halla niður á 2–3 árum sem þýðir gífurlegan niðurskurð í velferðarkerfinu. Það þarf að fækka opinberum starfsmönnum, segja þeim upp að hluta til sem ég vona að verði niðurstaðan eða lækka launin þeirra vegna þess að launin eru 70% af útgjöldum ríkissjóðs. Svo þurfa menn væntanlega að hækka skatta. Á sama tíma eru menn að gusa út peningum í tónlistarhús. Ég hef ekki einu sinni fengið að sjá hvað það kemur til með að kosta ríkissjóð á endanum allan tímann. Þetta er skuldbinding nákvæmlega eins og lántaka, á hverju einasta ári þarf ríkissjóður að borga. Það hefur hvergi komið fram í fjárlögum, það hefur hvergi komið fram. (Gripið fram í.) Mér er alveg sama, ég gagnrýndi það líka þá og ég gagnrýni það núna. Það hefur hvergi komið fram í fjárlögum og kemur hvergi fram að ríkissjóður þarf að borga eitthvað um 400 millj. á ári í 30–35 ár. (**Gripið fram í:** Þetta er búið að gagnrýna í mörg ár.) Þetta er í rauninni eins og lántaka, það þarf að borga af láninu á hverju ári og ætti að sjálfsögðu að fara undir fjárlög. Það virðist voða auðvelt að halda áfram með þetta. Það er bráðnauðsynlegt að eyða gjaldeyri í það að kaupa einhvern glervegg frá Kína, dýrum gjaldeyri, júan. Hann er mjög dýr eins og stendur og við eigum lítið af gjaldeyri og gengi krónunnar stendur illa akkúrat núna.

Síðan kemur heilbrigðisráðherra og hann er góður við alla. Hann kemur í sjónvarpið kvöld eftir kvöld og er svo góður við alla að það er alveg makalaust, opnar deildir hér og opnar deildir þar sem búið var að loka. Hann er svo góður að nú ætlar hann að lækka launin sín líka, eins og það lagi nú þennan gífurlega halla á ríkissjóði, ekki nokkurn skapaðan hlut, þetta er bara sýndarmennska. Og hvað stendur ekki líka í umsögn fjármálaráðuneytisins? (**Gripið fram í:** Ekki ...) Vegna mikils halla á ríkissjóði mun þurfa að fjármagna útgjöldin með lántöku, sem segir mér að það verður enn þá meiri halli á ríkissjóði og endar sem skuldbindingar á börnin okkar. Hvert er fólk eiginlega að fara? Eru menn algerlega veruleikafirrtir eða hvað, herra forseti, bæði hæstv. ríkisstjórn og hv. þingmenn sem um þetta hafa fjallað? Eru menn veruleikafirrtir? Grípa menn ekki að það er eitthvað að gerast? Það er atvinnuleysi í þjóðfélaginu o.s.frv. Væri ekki skynsamlegra t.d. að lengja í atvinnubótum, hækka þær eða gera eitthvað slíkt eða auka atvinnu, raunverulega atvinnu, atvinnusköpun? Nei, ekkert slíkt er gert. Ríkisstjórnin er öll meira og minna í því að eyða, hún er gjörsamlega óábyrg.

Hér er eitt lítið dæmi um það, lítið dæmi reyndar, að menn ætla sér að halda áfram eins og ekkert hafi gerst, herra forseti.

[19:52]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að segja af því að síðasti ræðumaður, hv. þm. Pétur Blöndal, fór að nefna tónlistarhúsið, sem sá ráðherra sem hér stendur hafði ekki forgöngu um að byggja og var búið að leggja 10 milljarða í

þegar framkvæmdir þar stöðvuðust. Ég heyri ekki betur en hv. þingmaður vilji helst rífa það niður fyrir fleiri hundruð milljónir og eyða þar með hátt á 11. milljarð í það að hafa ekkert á hafnarbakkanum. Ekki hefði mér dottið í hug sjálfri að fara út í svona dýra framkvæmd. En þegar verkið er hafið og komið jafnlangt hefði mér líka þótt ábyrgðarlaust að láta það standa óklárað, sem eilífur minnisvarði um það góðæri sem hér var en ekki beint aðdráttarafl, get ég ímyndað mér, fyrir þá ferðamenn sem við ætlum að reyna að sækja hingað til að koma með gjaldeyri, ekkert annað en ömurlegur minnisvarði um erfiða tíma. Mér finnst ábyrgðarleysi að segja: Það á bara að láta það standa, það á að rífa margra milljarða fjárfestingu. Gott og vel. Þetta finnst mér merkileg hagfræði hjá hv. þingmanni.

Ef við ræðum síðan aðeins um raunverulega atvinnu sem hv. þingmaður ræddi áðan. Á ekki að eyða peningum í raunverulega atvinnu? Það er gott að heyra hvaða álit hv. þingmaður hefur á rithöfundum þessa lands, tónlistarmönnum, öllum þeim listamönnum sem þó standa eftir núna þegar við höfum bankakerfi sem er hrunið. Fjármálaparadísin Ísland — var það ekki framtíðarsýnin? Hvað er það sem við eigum þegar við komum á erlenda grund? Hvað er það sem við eigum? Ég er að segja ykkur það, við eigum menninguna, við eigum íslenska tónlist, bókmenntir, við eigum okkar listamenn, það hefur ekki hrunið í þessu hruni. Þar erum við með inneign sem er í lagi. Hvernig er staðan hjá þessum listamönnum núna? Hvernig er hún? Hún er, vægast sagt, ekki góð, því að þeir hafa auðvitað reitt sig mjög á og sótt sér mjög fjármagn til einkageirans sem núna heldur að sér höndum. Hann er ekki í því að greiða þeim laun núna. (**Gripið fram í:** Er það vont?) Það er ekki vont, það er gott að einkageirinn styrkir listirnar þegar vel árar. Núna árar ekki vel og ætlum við þá að segja: Þá sitjið þið bara eftir, þið skuluð bara fara á atvinnuleysisbætur? Ég get sagt ykkur það, hv. þingmenn sem hér sitjið í salnum, að ég hef fengið nokkur bréf undanfarna daga út af þessu frumvarpi og fólk spyr: Af hverju lætur ekki bara þessa listamenn vera á atvinnuleysisbótum, þeir gera hvort eð er ekki neitt? Vildum við verða af því sem þeir gera? Vildum við verða af þeim bókum sem þeir skrifa? Svo dæmi sé tekið. Erum við ekki alltaf að ræða um íslenska tungu í þessum sal? Ég veit ekki hversu oft er búið að ræða hana í vetur og fyrravetur. Hvernig ætlum við að efla hana? Með engu? Gott og vel.

Ég skil hins vegar að fólk hafi áhyggjur af peningum. Mér finnst það verðugt verkefni að eyða þeim í menningu þegar þeir eru til. Ég skil að fólk hafi áhyggjur af því. Hins vegar vill svo til að í þessu frumvarpi sem lá reyndar fyrir í drögum inni í ráðuneytinu þegar ég kom þar inn og lá meira að segja fyrir tillaga um hækkun á þessum launum, sem ég þó ákvað að hafa ekki inni í þessu, þá lá fyrir að til væru 89 millj. í ónýttum heimildum í þeim sjóðum sem veitt er úr til listamanna. Heildarkostnaðurinn við þetta verkefni er hins vegar í kringum 107 millj. Það er því rétt að árið 2012 kallar þetta á 17 millj. aukalega úr ríkissjóði, 17 millj. af því að við erum með ónýttar heimildir. Þetta er matarhola eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson nefndi áðan. En ég lít líka svo á að við verðum að velta því fyrir okkur hvernig við verjum peningunum okkar. Þegar við verjum peningum í menningu, hvort er þeim betur varið í það t.d. að byggja enn fleiri menningarhús eða nýta þá í fólk?

Nú vil ég hrósa forvera mínum í starfi, hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, en undir hennar stjórn var farið í menningarsamninga um land allt og þeir hafa reynst gríðarlega mikilvægir fyrir menningarstarf á landsbyggðinni. Ég styðst við það núna af því að ég er ný í þessu embætti að fólk um allt land segir að þetta hafi skipt höfuðmáli fyrir búsetuskilyrði að hafa þessa menningarsamninga, að hafa fjármagn í menningu í heimabyggð breyti öllu um það hvernig er að búa þar. Þess vegna segi ég: Þetta er jákvætt og þetta er gott, við erum að nýta fólkið sem þarna býr í menningarstarf.

Það er eins með listamannalaunin sem hefur ekki verið fjölgað síðan 1997, ekki verið fjölgað í 12 ár, þar erum við að nýta fólkið okkar. Við erum að nýta fólkið okkar í áframhaldandi sköpun. Við erum að nýta fólk sem skapar fleiri störf í kringum sig með þeirri vinnu sem það er að gera. Við erum að leggja áherslu á skapandi hugsun — sem ég held að ekki sé vanþörf á til að koma okkur út úr þessu hruni — að reiða okkur á sköpunarkraftinn í samfélaginu. Þess vegna lít ég svo á að þetta sé í raun ábyrg nýting fjármagns því að við erum að efla menninguna. Við erum að efla grunnstoðirnar sem er fólkið, það er mannauðurinn. Við erum að tala um að skapa störf, við erum að tala um atvinnuástand og þá held ég að skipti máli að fólk fari einmitt út þarna, að við hjálpum þeim að fara út og það virki fleiri með sér í menningarstarfsemi, í skapandi starfsemi.

Það er alveg rétt, ég hefði getað ákveðið að skera þetta niður, þessar ónýttu heimildir og spara þannig en ég held að það séu vænlegri leiðir annars staðar til niðurskurðar. Ég held að þetta sé góð nýting á fjármagni, að halda fólki að störfum fyrir í raun ekki há mánaðarlaun, þetta eru 266 þús. (Gripið fram í.) Hér erum við að tala um viðbótarframlag árið 2012 upp á 17 millj. sem auðvitað er ákvörðun þess þings sem þá situr í ljósi efnahagsástands, enda er sérstaklega kveðið á um það þegar rætt er um fjárhæð þessara launa. Ég vek athygli á því að hún á að miðast m.a. við efnahagsástand. Hvað verður eftir 2012 er síðan líka ákvörðun sem ber að taka. Það er alveg rétt, ég get ekki spáð fyrir um það hvernig efnahagsástandið verður þá, ég get ekki spáð fyrir um það hvernig árar þá og hvort við munum hafa fjármuni til að halda þessu áfram en ég lít svo á að við megum ekki horfa á þetta samfélag staðna af því að við eigum í erfiðleikum. Ég lít ekki svo á að við verðum að segja: Hér er stopp út af þessu.

Ég verð að segja af því að hér var rætt um tónlistarhúsið að það var ekki auðveld ákvörðun að klára það. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að þetta er alveg geysilega dýr framkvæmd, 400 millj. í 35 ár er geysilega dýrt. Við rökstuddum það bæði með því að þarna stendur húsið hálfklárað og það skiptir máli að þar eru 600 störf. Hér horfum við á 33 ársverk sem verða til í lokin á þessu tímabili og aukafjárveitingin sem þarf við það eru 17 millj. Mér finnst það vera sæmileg nýting á fjármagni af því að ég er þess fullviss að það sem kemur okkur út úr þessu ástandi er m.a. skapandi hugsun, að hugsa hlutina upp á nýtt og það gerum við t.d. með því að efla listirnar hér á landi.

Ég hef farið aðeins yfir það hvernig þetta horfir við fjárheimildum menntamálaráðuneytis, þeim 89 millj. sem þar eru ónýttar í sjóðum. Ég lít svo á að við verðum að hugsa hvernig við nýtum þetta fé. Þetta er atvinnusköpun, það er í fyrsta lagi málið, og þetta er atvinnusköpun í skapandi geiranum sem hefur ekki fengið að fljóta með þegar við ræðum um atvinnusköpun í hinum hefðbundnu geirum, þegar við ræðum um að byggja hús, um mannaflsfrekar viðhaldsframkvæmdir sem eru mikið uppáhaldsorð allra stjórnmálaflokka. Þetta er atvinnusköpun í skapandi geiranum og þetta er tiltölulega lág fjárhæð miðað við mjög margt annað sem við erum að gera.

Ég vona að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hafa komið hér upp og andmælt þessu taki það líka til greina þegar þeir skoða þetta mál. Ég fagna því að fólki sé annt um ríkisfjármálin og velti fyrir sér hverri krónu en ég held, og ég ítreka það, að sköpun starfa í skapandi geiranum gæti verið einn af lyklunum fyrir okkur út úr því ástandi sem við erum komin í.

[20:01]

Frsm. 2. minni hluta menntm. (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst gott að hæstv. menntamálaráðherra hefur staðfest það sem mig grunaði, að hún kom að góðu búi frá forvera sínum í menningarmálum. Hún sagði réttilega að hæstv. fyrrverandi menntamálaráðherra hefði sýnt menningarmálunum mikinn áhuga og beitt sér á margvíslegan hátt í þeim efnum, m.a. með uppbyggingu menningarhúsa úti á landsbyggðinni. Mér er að vísu kunnugt um að þar vantar enn þá fjármagn sem gæti líka verið hluti af því að efla skapandi hugsun og skapandi vinnu á þessu sviði á landsbyggðinni. Í öðru lagi sagði hæstv. ráðherra að þegar hún hefði komið í ráðuneytið hefðu verið fullar hirslur fjár til að mæta þessum útgjöldum sem hæstv. ráðherra er núna að leggja til.

Það breytir ekki því að í mati fjármálaráðuneytisins sem er fylgiskjal með þessu frumvarpi er vakin athygli á því að þetta muni leiða til þess að það þurfi að afla sérstaks lánsfjár við þessar aðstæður vegna þess að ríkissjóður er rekinn með miklum halla. Það er ekki sjálfgefið að þó að peningar finnist í menntamálaráðuneytinu sé þeim varið með þessum hætti. Það er spurning sem hæstv. ráðherra þarf að svara og hefur svarað. Það gerir það þá væntanlega að verkum að ýmsir aðrir hlutir verða að sitja á hakanum og það er auðvitað bara þannig.

Aðalatriðið er þá þetta: Ég gagnrýndi ekki að það væri reynt að styðja við skapandi hugsun. Öðru nær, ég vakti athygli á því að við fögnuðum í sjálfu sér ýmsu af því sem þarna væri lagt til. Við töldum skynsamlegt að opna á þessar leiðir fyrir sviðslistafólk og hönnuði. Við fögnuðum líka möguleikanum á að flytja fjármuni á milli launasjóða o.s.frv. þannig að aðfinnslur okkar í þessum efnum lúta alls ekkert að því sem var meginmál hæstv. menntamálaráðherra; að búa sem best að listamönnum og þeim starfa við það sem hæstv. ráðherra kallaði skapandi störf á þessu sviði.

Við vöktum einfaldlega athygli á þeim aðstæðum sem núna eru uppi þar sem fjárhag ríkisins eru svona þröngar skorður settar. Fjármálaráðuneytið leggur mat á þessa hluti og ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. menntamálaráðherra hafi farið af stað með frumvarp þar sem liggur fyrir mat fjármálaráðuneytisins ef það væri í óþökk hæstv. menntamálaráðherra. Við verðum að taka það sem gefna staðreynd sem stendur í því sem fylgir þessu frumvarpi. Það liggur þá fyrir að mat fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpi hæstv. ráðherra er að þetta muni verða fjármagnað, ef ekki (Forseti hringir.) á þessu ári þá a.m.k. á næstu árum með lántökum.

[20:04]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni þessar athugasemdir. Ég held að það sé alveg rétt sem hann segir að þetta snýst líka um ákveðna forgangsröðun, það er alveg rétt og það eru ekki peningar á hverju strái. Mitt mat er að peningar til menningarmála nýtist best í það að virkja fólkið í þeim geira og þannig vil ég þá nýta þær heimildir sem þó eru til staðar.

Það er líka hárrétt hjá hv. þingmanni að seinna meir á tímabilinu kann að koma til lántakna. Þessi lög liggja þá fyrir núna fram í tímann, til 2012. Þau þarf hugsanlega að endurskoða. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að þau verði endurskoðuð út frá því.

Ég tel að núna verðum við að horfa á hið erfiða atvinnuástand og hvað við getum gert í þessum skapandi greinum. Þar sem þessar heimildir eru fyrir hendi fór ég fram með þetta frumvarp af því að ég tel að þarna muni fjármagnið nýtast.

[20:05]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eiginlega dálítið dapurlegt að heyra hæstv. ráðherra tala, hún talar um að það sé búið að setja 10 milljarða kr. í þetta tónlistarhús og ég veit ekkert um það. Það er svo merkilegt að þetta er allt sveipað einhverri dulúð. Er ríkisábyrgð á þessum 10 milljörðum? Var ríkisábyrgð á þeim? Voru einhverjir kröfuhafar sem hefðu hirt bygginguna? Ég veit ekkert um það. Er meira í þessu en bara tónlistarhús? Er það líka ráðstefnuhús? Ég veit ekkert um það.

Ráðherra hefur tekið ákvörðun um svona stórt dæmi fyrir hönd þjóðarinnar til allrar framtíðar í því árferði sem við lifum í núna þar sem við erum að berjast við að halda ríkisstarfsmönnum í vinnu, velta ekki of miklum skuldum á börnin okkar og skattleggja ekki fólk úr landi, unga fólkið úr landi. Á sama tíma taka menn svona ákvörðun um tónlistarhúsið. Ég veit ekkert meir og kannski getur hæstv. ráðherra upplýst mig um hvað allt dæmið kostar á endanum og hvort það hafi verið ríkisábyrgð á þessum 10 milljörðum sem komnir eru í þetta. Það er ekki búið að setja þetta í fjárlög. Kannski áttu bara kröfuhafar þetta. Verði þeim að góðu. Mér finnst þetta mjög stór ákvörðun.

Svo varðandi þessi listamannalaun, ég minni á að 300 manns misstu vinnuna um síðustu helgi. Á sama tíma eru aukin útgjöld til fólks sem er jú reyndar skapandi — kannski eru hinir ekki skapandi, ég veit það ekki — listamenn og eru með tekjur nú þegar, einhverjar, kannski

miklu minni en verið hefur. Mér finnst þetta ábyrgðarhluti vegna þess að þetta er allt fjármagnað með lánum. Og þó að einhvers staðar hafi verið (Forseti hringir.) óhafnar fjárveitingar eru þær líka peningar.

[20:07]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er það rétt hjá hv. þingmanni að þetta eru líka peningar og þetta er spurning um forgangsröðun eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu við hv. þm. Einar Kristin Guðfinnsson.

Hvað varðar tónlistar- og ráðstefnuhúsið snýst sú ákvörðun í raun um að halda áfram eða standa við þær skuldbindingar sem ríki og borg voru búin að gangast í vegna þess húss til 35 ára. Ekkert umframfé er sett í það hús.

Ég tel að málið hafi verið rætt í fjárlaganefnd þingsins. Ég er sammála hv. þingmanni um að það á að ræða svona ákvarðanir í fjárlaganefnd. Ríkisendurskoðun skilaði að vísu því áliti sínu að sú ákvörðun að halda áfram með húsið hefði ekki þurft staðfestingu þingsins. Mér finnst það hins vegar eðlileg spurning hjá hv. þingmanni hvort ákvörðunin hefði ekki átt að þurfa staðfestingu þingsins. Mér finnst það til marks um að við eigum að velta fyrir okkur áfram hvernig fjárlögin eru unnin. Þar tel ég að mun betur megi vanda til verka. Hins vegar liggur fyrir að hér er hvorki verið að auka við skuldbindingar ríkis né borgar hvað varðar tónlistarhúsið.

[20:08]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar stendur, með leyfi herra forseta:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Ég spyr: Hvar eru þessir 10 milljarðar sem eru komnir á — að mér skilst á hæstv. ráðherra, þeir eru orðnir skuldbinding fyrir ríkissjóð — fjárlögum eða fjáraukalögum, þessir 10 milljarðar? Hvar finn ég þá? (**Gripið fram í:** Hver var aftur fjármálaráðherra ...?) Mér kemur ekkert við, herra forseti, hver var fjármálaráðherra, ég gagnrýndi það á þeim tíma líka. Ég spyr af því að hér er tekin ný ákvörðun um enn meiri útgjöld. Ég spurði líka hver þessi enn meiri útgjöld væru. Hvað eru þau í heildina? (Gripið fram í.) Þetta er ekki búið, húsið er ekki búið. Það vantar glerhjúpinn, það vantar gjaldeyri fyrir júaninn, það þarf að kaupa júan til að flytja inn glerhjúpinn, allt hreinn gjaldeyrir. Mér sýnist húsið ekki búið þannig að eitthvað er eftir. Ég vil fá að vita um heildardæmið. Er eitthvað meira í þessum pakka? Mér finnst það eðlileg spurning.

Varðandi listamannalaunin sem við erum að tala um hérna, grunninn. Hér eru útgjöld ríkissjóðs aukin með skuldabréfi til barnanna okkar á sama tíma og alls staðar þarf að skera niður, í heilbrigðismálum, menntamálum, alls staðar þarf að skera niður og þá er hér aukið í. Er þetta fyrir kosningar eða hvað er þetta?

[20:10]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. 33 ársverk á þremur árum, það er ekki kosningatékki mundi ég segja, a.m.k. ekki miðað við þá sem ég hef séð tíðkast hér í stjórnmálum. (**Gripið fram í:** Í vissum hópum.) Þetta eru 33 dagsverk, hv. þm. Pétur Blöndal.

Hvað varðar tónlistar- og ráðstefnuhúsið sagði ég það áðan og ég get sagt aftur að ekki er verið að auka við skuldbindingar (**PHB:** Og hver eru ...?) ríkis sem er þetta 400 millj. kr. framlag á ári í 35 ár. Það er það sem — (**Gripið fram í:** 14 milljarðar?) 400 millj. kr. á ári í 35 ár. Svo borgar Reykjavíkurborg annað eins eða lítillega lægra hlutfall inn í þetta sameiginlega félag Austurhafnar þegar farið er af stað með þessa ákvörðun. Ég skal bara viðurkenna það fyrir hv. þingmanni að ég er ekki sérfræðingur í ríkisfjármálum. Ég er í raun og veru nýgræðingur á þinginu þegar farið er af stað með þetta í þessu félagi Austurhafnar, Reykjavíkurborgar og ríkis. Meðal margra spurninga sem ég spurði í ákvarðanatökuferlinu var: Hefur þetta í för með sér auknar skuldbindingar af hálfu ríkisins? Ég hef fengið þau svör að svo sé ekki og Ríkisendurskoðun byggir mat sitt á ákvarðanatökunni á að þarna séu ekki auknar skuldbindingar ríkisins í húsið. (**PHB:** Hvar er þetta í fjárlögum?) Málið hefur verið til umræðu í fjárlaganefnd, það er búið að fara mjög nákvæmlega yfir verkferlana. Þetta virðist samræmast þeim reglum sem hér hafa verið iðkaðar. Hvort það eigi að endurskoða þær reglur er síðan önnur spurning sem þingið þarf auðvitað að svara.

[20:12]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Hér fer fram athyglisverð umræða og vissulega er ástæða til að taka þátt í henni. Ég vil þakka bæði hv. þingmönnum sem hér hafa talað og hæstv. ráðherra fyrir þær hliðarbrautir og þau hliðarspor sem hér var farið inn á, eins og menningarsamninga og tónlistarhús, því allt tengist þetta með beinum og óbeinum hætti því viðfangsefni sem hér er verið að fjalla um, sem er frumvarp til laga um listamannalaun.

Ég lýsti skoðun minni við 1. umr. á þann veg að ég teldi annars vegar að viðbótin sem hér er verið að veita heimild til væri æskileg, þ.e. að ekki séu einungis rithöfundar og myndlistarmenn, tónlistarflytjendur og tónskáld á listamannalaunum heldur væri bætt við öðrum listamönnum, svo sem þeim sem fást við hönnun. Ég tel að þetta sé allt af hinu góða.

Viðfangsefnið er á hinn bóginn, og hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson og hv. þm. Pétur H. Blöndal hafa réttilega vakið athygli á því, að hér er tjaldað til einnar nætur. Það er farið út í að breyta lögunum og bæta við hópi og nýta til þess þá sjóði sem eftir sátu frá fyrrverandi ríkisstjórn og fyrrverandi menntamálaráðherra til að greiða það sem þarf til að byrja með. Síðan er gert út á lán.

Þetta er það sem er gagnrýnivert. Ég styð hæstv. menntamálaráðherra fyllilega í því að gera þessar breytingar á grundvallarlögunum til að koma til móts við þá aðila sem á að bæta hér inn vegna þess að ég tel að það sé fram-

tíðarverkefni og -viðfangsefni og muni í framtíðinni ef vel tekst til skapa atvinnu og það sem þeir fást við sem vinna á vettvangi þessara listamannalauna muni skapa gjaldeyri og þjóðartekjur.

En það verður eðlilega að gera þá kröfu, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal talar hér um, að við tryggjum þetta til langframa, að sjálfsögðu eins og hægt er með tekjum. Ég hefði talið eðlilegt að hæstv. menntamálaráðherra fengi svigrúm til að skjóta stoðum undir þessa starfsemi, ef svo mætti segja, innan þess ramma sem ríkisstjórnin hefur og Alþingi veitir.

En því miður er það ekki gert og menntamálaráðherra verður að treysta á guð og lukkuna og góða þingmenn að loknum kosningum til að þetta geti orðið að veruleika. (**Gripið fram í:** Skattgreiðendur framtíðarinnar.) Og skattgreiðendur framtíðarinnar. Þetta er að vísu kannski ekki stór baggi að bera eða binda en margt smátt gerir eitt stórt þegar kemur að því að leggja saman í blessuðum ríkissjóði.

En hvað um það. Ég hvet hæstv. menntamálaráðherra til að leggja nú á djúpið og ræða við hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra, sem virðist hafa yfir að ráða alveg óskaplegum og óendanlegum fjársjóðum miðað við hvernig hæstv. forsætisráðherra talar að jafnaði, og finna lausn til að við finnum varanlegri útfærslu á tekjuöflun í þessu samhengi.

Þar er af mörgu að taka í ríkisrekstrinum. Ég þekki það eftir að hafa setið heil átta ár í fjárlaganefnd, m.a. á þeim tíma þegar ríkisreksturinn var allra verst settur 1991, 1992, 1993 þegar við sátum við að skera niður útgjöld í heilbrigðismálum og menntamálum og vorum, eins og sagt var þá, blóðug upp fyrir axlir í niðurskurði. Það var erfitt. Síðan bar stjórnarstefna stjórnarflokkanna, fyrst Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks og síðan Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, þann ávöxt að þjóðartekjur og þjóðarframleiðsla fóru vaxandi og við gátum farið að gera mjög margt. Byggja upp þetta samfélag, innviði samfélagsins í heilbrigðismálum, menntamálum, samgöngumálum o.s.frv. Það var vegna þess að við tókum á málum þá, skárum niður og sköpuðum ríkissjóði þær aðstæður að hann væri rekinn með afgangi. Greiddum niður skuldir og lækkuðum þess vegna vaxtakostnað. Á þetta allt saman þarf að minnast og rifja upp vegna þess að það er ekki í fyrsta sinn nú sem taka hefur þurft á í ríkisfjármálum.

En hvað um það. Hér er eitt lítið og nett og gott lagafrumvarp sem ég get að þessu leyti stutt en hvet hæstv. menntamálaráðherra til að gera þá kröfu að svigrúm verði skapað innan ríkisútgjaldanna þannig að þetta komist þar fyrir.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um þau tvö atriði önnur sem voru nefnd í tengslum við umræðu um þetta mál. Í fyrsta lagi menningarsamningana. Vegna þess að ég tel að öðrum þræði geti umræða um menningarsamningana sem hafa verið gerðir tengst þessu frumvarpi. Það er nú þannig að ég tel mér það til tekna að bera ábyrgð á því að menningarsamningar voru gerðir milli sveitarfélaganna og ríkisins.

Við, þáverandi menntamálaráðherra og sá sem hér stendur sem ráðherra ferðamála, gerðum að áhugamáli okkar að reyna að efla menningu úti um landið með því að gera samninga um samstarf á sviði menningarmála og veita styrki til að efla ferðaþjónustu og byggja upp menningartengda ferðaþjónustu. Þessir menningarsamningar voru byggðir á mikilli vinnu sem var unnin undir forustu þáverandi formanns Ferðamálaráðs, Tómasar Inga Olrichs, síðar menntamálaráðherra og nú sendiherra. Hann ásamt öðru góðu fólki vann mjög athyglisverða skýrslu og tillögur um menningartengda ferðaþjónustu. Þar voru m.a. gerðar margs konar tillögur og ég hvet hæstv. menntamálaráðherra til að kynna sér það merka rit, þá merku útgáfu, sem til er í samgönguráðuneytinu ef vel er leitað. Kannski hefur það verið flutt yfir í iðnaðarráðuneytið með ferðamálapakkanum. Alla vegana á ég þetta rit, ef allt um þrýtur, til að láta hæstv. menntamálaráðherra fá. (Gripið fram í.)

Ég hvet hana líka til að kynna sér það sem þarna var lagt til og unnið vegna þess að mjög vandlega var farið ofan í hvar möguleikar okkar Íslendinga til að efla menningu í þágu ferðaþjónustu og atvinnuuppbyggingar eru. Þess vegna voru menningarsamningarnir gerðir og ég tel að fjármagnið sem var sett í það hafi skilað sér með margvíslegum hætti í menningarlegu tilliti í þágu fólks um allt land til að auðga mannlíf og ekki síður til þess að efla tilteknar stofnanir. Litlar einingar sem sinna menningu hafa sprottið upp, söfn og ýmis konar setur sem mætti nefna og fjárlaganefndarmenn þekkja prýðilega vegna þess að forsvarsmenn þessara litlu eininga koma stundum á fund fjárlaganefndar til að gera grein fyrir rekstri sínum. Þannig að ég hvet hæstv. menntamálaráðherra núverandi til að fylgja í þau fótspor sem gengin voru af mikilli fyrirhyggju og reyna að tryggja að menningarsamningarnir verði ekki slegnir af. Vegna þess að ég tel að þeir séu fjárfesting til góðs.

Þá kem ég að hinu málinu sem var nefnt. Ég tel mér skylt að koma inn í umræðuna eftir að hafa hlýtt á það sem fór hér fram vegna þess að ég var einn þeirra ráðherra sem skrifuðu undir samning um tónlistar- og ráðstefnuhúsið. Ekki má gleyma því og alveg nauðsynlegt er að hæstv. núverandi menntamálaráðherra sé vel upplýstur, sem ég veit að hún er um þessi mál öll. Ákvörðun var tekin í bullandi góðæri eftir langvarandi stjórnarþátttöku Sjálfstæðisflokksins um að fara í þessa uppbyggingu við Austurhöfn, þessa bjartsýnu framkvæmd að byggja upp ráðstefnu- og tónlistarhús til að efla menningu á Íslandi og styrkja ferðaþjónustu á Íslandi. Það var tilgangurinn.

Við töldum að þetta væri skynsamleg ákvörðun. En auðvitað hefur ýmislegt breyst síðan, því miður. Við lentum í þessu veraldarbankahruni sem skellur yfir okkur eins og aðra og við þurfum auðvitað að takast á við það verkefni og ljúka byggingu ráðstefnu- og tónlistarhússins hér við Austurhöfn þannig að okkur verði til vegsauka og það verði að veruleika sem að var stefnt að þarna verði iðandi menningar- og listamiðstöð og góð aðstaða til að taka á móti ferðamönnum, halda ráðstefnur o.s.frv. Við megum ekki missa móðinn þótt á móti blási. Það eru mín skilaboð til hv. þingmanna hvað þetta varðar.

Vissulega eru það miklir fjármunir sem ríkissjóður og borgin ætla sér að leggja í rekstur og endurgreiðslu á kostnaði við menningar- og tónlistarhúsið. En ég er alveg sannfærður um að þegar fram líða stundir verður þakkað fyrir það að menn skyldu hafa kjark til að fara í þá framkvæmd.

Menn mega ekki gleyma því heldur að farið var út í þetta á þeim nótum að efnt var til samkeppni og því átti ekki að koma neinum manni á óvart á Íslandi að þetta stæði til. Margsinnis hefur verið farið yfir það og það kann vel að vera og alveg hárrétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að betur hefði þurft að búa um fjáröflunina hvað varðar ríkissjóð en var gert með 6. gr. heimild. En hins vegar er alveg ljóst að Ríkisendurskoðun hefur úrskurðað að það hafi dugað. En ég er alveg sammála hv. þingmanni, auðvitað áttum við að fjalla um það hér og fara nánar ofan í það með hvaða hætti við ætluðum að greiða þetta. En ríkissjóður og borgarsjóður hafa tekið þetta verkefni að sér og við eigum að sjálfsögðu að finna bestu og ódýrustu lausnina til að ljúka þessu. Í hverra þágu? Í þágu barnanna okkar og þeirra sem hér eiga eftir búa og byggja þetta land.

[20:25]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langaði að þakka hv. þm. Sturlu Böðvarssyni fyrir innlegg hans hér. Því þetta eru auðvitað erfiðar spurningar sem þarf að svara þegar erfiðir tímar eru í efnahagsástandi og kemur að úthlutun fjármuna. Erfitt er að taka ákvarðanir um að halda áfram svo dæmi sé tekið með þetta tónlistar- og ráðstefnuhús.

En út frá því sem hann sagði um börnin okkar og barnabörnin og komandi kynslóðir og þetta hús er gaman að líta til sögunnar og rifja upp annað hús, Þjóðleikhúsið, sem var mjög umdeilt á sínum tíma. Enda voru tímarnir kannski ekki beysnir heldur þegar það var byggt. Mikil andmæli voru við alla byggingu þess. Nú búum við auðvitað að því að eiga Þjóðleikhúsið. Þannig að þótt þessi framkvæmd sé dýr þá tek ég undir með hv. þingmanni að auðvitað verður að leita hagkvæmustu leiða til að klára húsið og unnið er að því hvernig hægt er að spara í útfærslum og hvernig verði hægt að nýta húsið og finna því virkni og tryggja að þar verði dagleg starfsemi og þetta verði lifandi tónlistarhús fyrir allan almenning í landinu.

En ég vil þakka hv. þingmanni fyrir orð hans í þessu því ég held að þau undirstriki bæði mikilvægi menningar og nauðsyn þess að við forgangsröðum fjármunum á erfiðum tímum.

[20:26]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Allt var rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra um að við þurfum að forgangsraða. Það er nú þetta erfiða viðfangsefni okkar í stjórnmálunum að forgangsraða og það vefst æðioft fyrir okkur.

Ég held hins vegar hvað varðar tónlistar- og ráðstefnuhúsið að erfitt verði að axla það vegna þess hruns sem hefur orðið í tekjum ríkissjóðs og þess vegna þurfum við að sníða okkur stakk eftir vexti. Vegna þess að við höfum tekið ákvarðanir um útgjöld eins og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhússins getum við ekki lagt á ráðin um að fara eins og ekkert sé í stórfelldar framkvæmdir eða útgjöld á öðrum sviðum. Við verðum að hafa kjark og kraft og þor til að takast á við breytingar í ríkisrekstrinum. Annars lendum við í vandræðum. Annars lendum við á skeri í okkar mikilvægu starfsemi á vettvangi ríkisins.

En ég minnist þess að þegar ég kom fyrst í þingið sem varamaður árið 1984 var verið að fjalla um Þjóðarbókhlöðuna, sem stóð óklárað ansi lengi. (**Gripið fram í:** Tíu ár.) Það var fundin leið til að fjármagna hana og settur á sérstakur þjóðarbókhlöðuskattur sem Sverrir Hermannsson, þáverandi menntamálaráðherra, fann upp, (Gripið fram í.) ef ég fer rétt með. En sá skattur var hins vegar lagður á löngu eftir (Forseti hringir.) að búið var að byggja Þjóðarbókhlöðuna og varð að umræðuefni (Forseti hringir.) hér í þinginu sem ódrepandi skattur. (Gripið fram í.)

[20:29]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Listamannalaun, heiðurslaun listamanna, Þjóðarbókhlaðan, bygging hennar tók 10 ár, eða tónlistarhús sem hefur komið inn í umræðuna, eru allt hlutir sem við höfum ekki efni á eins og stendur. Þetta er tákn um bruðl sem við verðum að hætta. Að bæta við peningum í listamannalaun, klára tónlistarhúsið og eyða í það 14–20 milljörðum, eru hlutir sem ekki ganga upp við þær aðstæður sem við búum við í dag. Ég hef hvatt til þess áður úr þessu ræðupúlti að við frestum þessu og notum peningana í alvöruatvinnuuppbyggingu sem skapar gjaldeyristekjur og fólki atvinnu. Vissulega fá einhverjir störf við að byggja tónlistarhúsið en þetta er af þeim meiði að við verðum að byrja á að spara peninga. Þetta er eins og með utanríkisþjónustuna og ýmsa þætti í samfélagi okkar sem við höfum ekki efni á að setja peninga í dag. Við verðum að horfast í augu við það að ástandið í íslensku þjóðfélagi er mjög alvarlegt. 40–50% af fjölskyldum í landinu eru að fara í þrot eða orðnar eignalausar, 70% af fyrirtækjunum í landinu eru í miklum erfiðleikum, flest tæknilega gjaldþrota. Við getum ekki verið að setja peninga í umræddda hluti, því er nú verr.

Auðvitað væri gaman að eiga fallegt og flott tónlistarhús. Auðvitað væri gott að geta styrkt listamenn en aðstæður leyfa það ekki nú um stundir. Að setja upphæðir í tónlistarhúsið eins og ég nefndi áðan, 14–20 milljarða, gengur ekki. Ég ætla rétt að vona að núverandi stjórnvöld sjái sóma sinn í því að hætta þessu bruðli og reyni að gera þetta á þann hátt að þessar eignir eyðileggist ekki. Það getur vel verið að setja þurfi nokkrar milljónir í að tryggja það að eignir eyðileggist ekki en ekki er hægt að setja slíkar upphæðir á næstu árum í þetta eins og fyrirhugað er. Ég á þá sérstaklega við tónlistarhúsið. Við getum heldur ekki aukið við peninga í listamannalaun eða annað eins og ég nefndi áðan. Í þjóðfélaginu er víða verið að bruðla, víða er verið að setja peninga í eitthvað sem við höfum ekki efni á að gera. Við þurfum að einhenda okkur í að reyna að skapa atvinnu, setja peninga í gjaldeyrisöflun og atvinnu fyrir fólk sem skilar arði.

[20:32]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Eftir síðustu ræðu þarf ég varla að tala en hún var eins og töluð út úr mínu hjarta.

Þannig var að hæstv. ráðherra sagði: Það er gaman að hafa svona tónlist fyrir börnin okkar. En það er verra ef börnin okkar búa ekki lengur á Íslandi. (**Gripið fram í:** Og

ef börnin fara ekki að koma.) Það er verra ef foreldrar þeirra eru fluttir til útlanda vegna þess að búið er að skerða velferðarkerfið svo mikið eða hækka skatta svo mikið að fólk telur sér ekki fært að búa lengur á Íslandi.

Þetta er alvörumál, herra forseti. Þetta er ekki gamanmál. Þótt búið sé að setja 10 milljarða í eitthvert hús á að henda 14 milljörðum í þetta eins og hér var nefnt. Húsið kostar í heildina 25 milljarða fyrir ríki og borg, þá er ég að tala um báða aðila. Þetta er að sjálfsögðu allt borgað af Reykvíkingum eða Íslendingum. Þetta er alvörumál. Á sama tíma er fjöldi fyrirtækja að hætta við að byggja hús sem þau ætluðu að byggja, um alla borg standa hálfkláruð íbúðarhús. Á sama tíma eru einstaklingar að hætta við að byggja húsin sín, íbúðina sína, verða að hætta við það af því að þeir hafa ekki skattgreiðendur framtíðarinnar til að ávísa á. Þess vegna hætta þeir við.

Ég vil benda á að lánshæfismat Íslands er orðið töluvert laskað og menn ætla að skuldbinda það enn frekar í þessari stöðu með tónlistarhúsið, með listamannalaunin þótt lítið sé, allt eru þetta smáteikn um það að menn eru bara ábyrgðarlausir. Hæstv. ríkisstjórn er ábyrgðarlaus. Á sama tíma og sagt var að skera ætti niður um 7 milljarða í heilbrigðiskerfinu, þá er ekkert gert, bakkað er út úr því sem búið var að gera. Menn eru hættir við að spara það sem er búið að ákveða. Menn eru góðir alla daga við alla og á endanum þýðir þetta að hækka þarf skatta, skerða velferðarkerfið mjög verulega sem hvort tveggja getur leitt til þess að aðalauðlind þjóðarinnar, mannauðurinn, unga fólkið, fari úr landi. Það er auðvitað það alskaðlegasta sem gæti gerst. Þess vegna þurfum við að sýna aðhald, fyrirhyggju og sparsemi og ráðdeild alls staðar, líka í tónlistarhúsinu, líka í listamannalaunum. Það er allt í lagi borga listamannalaun ef menn eiga fyrir því en að borga listamannalaun og skrifa þau á bakið á börnunum okkar, sem hugsanlega verða þá komin til Svíþjóðar eða Noregs, finnst mér ekki vera ábyrgðarfullt.

Í rauninni er staðan nokkuð góð ef allir sýna ráðdeild, sparsemi og hagsýni og passa sig á útgjöldunum. Þá getum við hugsanlega ráðið við þetta, sérstaklega ef snillingarnir sem semja við Breta um Icesave-reikningana ná þokkalegum samningum. (**Gripið fram í:** Eða semja ekki.) Eða semja ekki. Þá eru öll teikn um að það fari að birta til. En þá má ríkissjóður heldur ekki hegða sér ógætilega því hann getur svo sett þetta allt á hvolf. Það er nefnilega þannig. Þess vegna finnst mér þetta tónlistarhús og listamannalaunin og allt það sem verið er að gera merki um ábyrgðarleysi, herra forseti. Ef menn sýna ábyrgð þá er þetta í lagi, þá er þetta vinnanlegt.

Ég hef ákveðna sýn á framtíðina sem er alls ekki slæm en hún byggir líka á því að menn séu ráðdeildarsamir, sparsamir og gætnir í fjárfestingum og átti sig nákvæmlega á hvað þeir eru að gera í hverju einasta skrefi. (**Gripið fram í:** Og nýti möguleikana.) Já, og nýti alla möguleika. Það er allt í lagi að ríkið fjárfesti í fyrirtækjum og stuðli að atvinnustarfsemi sem skapar störf, t.d. álverum, hvalveiðum eða einhverju slíku. Það skapar störf. Það byggir síðan upp störf í kringum sig eða eitthvað annað sem hægt er að nota orkuna í, t.d. gagnageymslur eða eitthvað slíkt. Ég væri til í að setja peningana í það sem skapar störf til framtíðar sem síðan gefa af sér önnur störf. Það er allt annar handleggur. En ég sé ekki tónlistarhúsið skapa mörg störf til framleiðslu á Íslandi eða hagnað inn í þjóðarbúið. Við skattleggjum ekki tónlistarhúsið mjög mikið í framtíðinni. Ég sé það ekki og ég hef hvergi nokkurs staðar séð reksturinn á því. (**Gripið fram í:** Reksturinn ...) Ætli það ekki, ætli hann verði ekki dýr, það vantar líka inn í dæmið. Hver á að borga það? Einnig vantar börnin okkar sem vonandi búa á Íslandi.

[20:38]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir það áhugaverð söguskoðun hjá hv. þm. Pétri Blöndal að tala um að staðan sé nokkuð góð, staðan nokkuð góð ef við pössum okkur á því að eyða ekki í listamannalaun og tónlistarhús. (Gripið fram í.) Ég segi, hv. þingmaður, að eftir stjórnarsetu Sjálfstæðisflokksins í 18 ár tökum við við samfélagi sem er í rúst og þá er ég að tala um ótrúlega skuldsetningu í atvinnulífi og hjá heimilum. (Gripið fram í.) Ég bendi á að hv. þingmaður kemur hér upp og segir að staðan sé nokkuð góð en setur það í samhengi við umræðu um listamannalaun, að það sé jafnvel sú litla þúfa sem muni velta hlassinu. Ég verð að segja við hv. þingmann að við erum auðvitað í mjög alvarlegri stöðu og verðum að taka á því með ábyrgum hætti. En að setja það í þetta samhengi að staðan væri annars nokkuð góð ef ekki kæmi til bruðl í menningarmálum, þá verð ég að segja að þar erum við að horfa upp á atvinnusköpun, eins og ég fór yfir áðan, sem einmitt skapar af sér fleiri störf sem skiptir máli til að styrkja ímynd Íslands á alþjóðavettvangi, sem skiptir máli sem útflutningsvara þó að fólk vilji bara horfa á álið eða fiskinn sem eru auðvitað hinar hefðbundnu framleiðslugreinar og sjálfsagt að ræða. En við skulum líka velta því fyrir okkur að ætlum við að stóla á ferðamennsku, ætlum við að stóla á það að ímynd Íslands verði ólöskuð, þá held ég t.d. að íslensk menning muni skipta þar meira máli en hvalveiðar, hv. þingmaður.

[20:40]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að Sjálfstæðisflokkurinn sat í 18 ár í ríkisstjórn á Íslandi. Ég er búinn að heyra þetta mörgum sinnum en það er ekki allsherjar-„alibí“ fyrir alls konar dellu sem núverandi ríkisstjórn er að gera. Hún getur ekki skotið sér á bak við það endalaust (**Gripið fram í:** Og gert hvað?) þegar verið er að fara út í listamannalaun, sem er ágætt og fínt ef það er ekki borgað með skuldum, en þetta er borgað með skuldum, það stendur í frumvarpinu. Menn eru því ekki að fara út í eitthvað sem þeir eiga fyrir. Á sama tíma er fólk að missa vinnuna og fara á atvinnuleysisbætur. Það fær atvinnuleysisbætur í þrjá mánuði, og hvað svo? Þá fer það á grunnatvinnuleysisbætur sem eru mjög lágar. Á sama tíma á að fara að dæla út peningum í — hvað á ég að segja? Ég hugsa að þetta minnki ekki atvinnuleysið neitt. Þetta fólk er starfandi hvort sem er. Ég sé það ekki þannig að þeir sem fara á listamannalaun — eru þeir á atvinnuleysisbótum í dag? Ég veit það ekki. Engin könnun hefur verið gerð á því.

Mér finnst þetta vera ábyrgðarhluti ásamt með mörgu

öðru. Ég nefndi tónlistarhúsið sem er alveg óskaplegur baggi og ég nefndi heilbrigðisráðuneytið sem er að draga til baka allar sparnaðarráðstafanir. Það er eins og ekkert hafi gerst. Það er eins og menn sjái ekkert fram undan. Það er það sem ég er að gagnrýna. Við þurfum að viðurkenna vandann og þó að menn vilji gjarnan tala um ábyrgð hjá ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins þá er vandinn þarna samt sem áður. Hann getur hafa komið vegna Sjálfstæðisflokksins, hann getur hafa komið vegna þess að verðbréfamarkaðurinn í Wall Street hrundi eða eitthvað svoleiðis, ég get tekið líka ábyrgð á honum ef menn vilja, en vandinn er samt sem áður til að leysa. Ég sé ágætar lausnir til að leysa hann ef við sýnum ráðdeild og pössunarsemi alls staðar.

[20:42]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég hef tekið þátt í umræðunni um frumvarpið, bæði við 1. umr. og núna við 2. umr., og lagt mig fram um að gera það á málefnalegan hátt og taka málefnalega afstöðu til þessara viðfangsefna sem lúta að listamannalaunum. Ég vil lýsa alveg sérstakri óánægju minni með að hæstv. menntamálaráðherra, eins og reyndar ráðherrar ríkisstjórnarinnar og ekki síst ráðherrar Vinstri grænna, nota hvert einasta tækifæri til að reyna að berja því inn í höfuðið á þjóðinni að bankahrunið og allt það vandamál sem hefur fylgt því sé Sjálfstæðisflokknum að kenna. Er það Sjálfstæðisflokknum að kenna að bankarnir í Danmörku og í Bandaríkjum Norður-Ameríku hafa hrunið hver af öðrum um alla Evrópu? Er það Sjálfstæðisflokknum að kenna? (**KVM:** Nei, frjálshyggjunni.) Hv. þingmaður sem nú er genginn til liðs við Frjálslynda flokkinn, Karl V. Matthíasson, hefur skýran skilning á þessu öllu saman. Það er mjög gott að geta kennt einhverjum um. Það hefur aldrei verið stórmannlegt og ég vil rifja það upp í tengslum við þessa umræðu og mótmæla aftur málflutningi hæstv. menntamálaráðherra. Sjálfstæðisflokkurinn stóð fyrir uppbyggingu samfélagsins og byggði upp innviði vegna breytinga á samfélaginu þar sem lögð var áhersla á að skapa verðmæti og sinna skynsamlegum ríkisrekstri og reyna að hafa hóf á útgjöldum ríkisins. Þess vegna tókst okkur að borga niður skuldir og þess vegna stóð ríkissjóður betur til að takast á við það hrun og þau vandræði sem fylgdu hinni alþjóðlegu bankakreppu.

Það er alveg nauðsynlegt að hamra á þessu vegna þess að ég er ansi hræddur um að hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar núverandi ríkisstjórnar og stuðningsmenn hennar eigi eftir að átta sig á því að í mörg horn er að líta við stjórn samfélagsins og þeir eiga eftir að finna það á eigin skinni að ekki er endalaust hægt að kenna Sjálfstæðisflokknum um.

Ég hvet hæstv. menntamálaráðherra til að ganga fram á málefnalegri hátt þegar verið er að ræða um hluti eins og menningarmál og menntamál og spara sér þá sérstöku ánægju að gera tilraun til að kenna sjálfstæðismönnum um allt sem afvega hefur farið á undanförnum árum. Ég er stoltur af því sem við sjálfstæðismenn höfum staðið fyrir við uppbyggingu íslenska samfélagsins og ég læt ekki Vinstri græna brjóta það niður.

[20:45]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Það er sorglegt að fólk skuli verja tónlistarhúsið og að hæstv. menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir skuli treysta sér til að verja það að 200–300 störf skapist við að byggja — (**Menntmrh.:** 600.) þó að þau væru 600 — þetta tónlistarhús á sama tíma og hægt væri að vera með mörg störf í alls konar uppbyggingu bæði til sjávar og sveita sem mundi skila okkur gjaldeyristekjum og alvöruatvinnu til framtíðar litið. Þegar þetta ágæta tónlistarhús verður fullbyggt kostar sennilega 2–3 milljarða á hverju ári að reka það. Það verða sáralitlar eða engar tekjur á móti og ég efast um að stór hópur Íslendinga hafi efni á að njóta tónlistar í þessu húsi fyrstu árin, á meðan atvinnuleysið er jafnmikið og það er í dag. Það á væntanlega eftir að aukast, a.m.k. á næsta ári, og síðan koma aðrir þættir til, að Íslendingar flytji í burtu, hér fækki fólki og annað út af atvinnuástandinu og hversu dýrt verður að búa á Íslandi næstu árin.

Það er sorglegt að horfa upp á þetta og að þingmenn og ráðherrar Vinstri grænna skuli treysta sér til að setja peninga í svona sem er raunverulega ekkert annað en montverkefni meðan fullt er af fátæku fólki sem hefur varla til hnífs og skeiðar.

Til að lifa og geta haldið velferðinni gangandi þurfum við að afla tekna og skapa fólki atvinnu. Þetta vita allir. Hvort sem við settum þá peninga sem fara í tónlistarhús í grasköggla verksmiðju eða áburðarverksmiðju til að spara gjaldeyri, eða kræklingarækt eða eitthvað sem vantar peninga í til að geta skapað gjaldeyri og tryggt atvinnu til framtíðar væri þeim betur varið í ýmiss konar svona starfsemi, þess vegna niðurgreiðslu á rafmagni til garðyrkjubænda. Það eru þessir þættir sem ég hef aldrei skilið hjá vinstri grænum, hvernig þeir geta varið það að vilja gera allt fyrir alla í velferðarkerfinu en gera aldrei ráð fyrir að það þurfi að afla neinna tekna á móti, halda að það verði hægt að gera allt fyrir alla án þess að afla tekna. Hlutirnir ganga ekki þannig fyrir sig. Ég skil ekki hvernig hægt er að hafna því að nýta orkuauðlindir landsins okkar, fallvötnin, orkuna í iðrum jarðar eða fiskinn í sjónum og ýmislegt annað sem við getum nýtt okkur, til að skapa atvinnu og gjaldeyristekjur.

Ég sagði um daginn í ræðu að þessi ríkisstjórn væri hálfgerð hundasúruríkisstjórn sem ætlaði ekki að hreyfa við neinum steinum og að ekki mætti raska neinu í landinu en allir ættu að lifa á því að tína hundasúrur eða eitthvað álíka upp til fjalla en ekki að fara í alvöruatvinnustarfsemi af því að hún gæti haft áhrif á umhverfi okkar.

Það er líka sorglegt að horfa upp á það að hér kemur fyrrverandi forseti Alþingis og fyrrverandi samgönguráðherra, hv. þm. Sturla Böðvarsson, ber blak af og reynir að verja gjörðir Sjálfstæðisflokksins í gegnum tíðina. Síðustu 18 ár hafa sjálfstæðismenn stjórnað hér, reyndar í 12 ár ásamt Framsóknarflokknum og nú síðustu 18–19 mánuði með Samfylkingunni. (**StB:** Gleymdu ekki Alþýðuflokknum.) Ha? (Gripið fram í.) Reyndar með Alþýðuflokknum frá 1991–1995 svo öllu sé rétt til haga haldið, og niðurstaðan er sú að hér er Ísland verr statt en nokkurn tíma áður. Við erum búin að stúta efnahagskerfinu á Íslandi og setja skuldir á íslenskan almenning til langs tíma, og langt inn í

framtíðina munu hér verða verri lífskjör en annars staðar á Norðurlöndunum, verri lífskjör en víða í heiminum. Hér mun fólk þurfa að borga miklu meira fyrir alla þjónustu, borga hærri skatta og annað í þeim dúr þannig að velferðarkerfið verður dýrara en nokkurs staðar annars staðar og afkoma fólks verður verri en hjá flestum Evrópuþjóðum. Þrátt fyrir allt og þrátt fyrir bankakreppur í öðrum löndum er þetta út af því að efnahagsstjórnunin hjá sjálfstæðismönnum og þeirra meðreiðarsveinum, hverjir sem það hafa verið, var ekki betri en raun ber vitni.

Hér sváfu menn á vaktinni, hér sváfu menn við stýrið og stýrðu beint í strand. Það er niðurstaðan. Í dag er ekki hægt að tala um það, hv. þm. Sturla Böðvarsson, að það hafi verið kreppa erlendis. Það var kreppa hér, menn sáu hana ekki fyrir og tóku ekki mark á upplýsingum sem þeir höfðu um stöðu mála, stöðu bankanna okkar og annað í þeim dúr. Þeir hlustuðu ekki á einn eða neinn og ef þeir fengu einhverjar upplýsingar var skýrslunum venjulegast stungið undir stól og ekkert gert með þær. Þetta er það sem við stöndum frammi fyrir og sjálfstæðismenn eiga að skammast sín fyrir það hvernig þeir skilja við þjóðina núna og hvernig þeir hafa valdið því að ástandið hjá þjóðinni er jafnslæmt og raun ber vitni.

Við horfum líka upp á nýja ríkisstjórn núna, Vinstri grænir og Samfylkingin eru í ríkisstjórn með stuðningi framsóknarmanna. Við sjáum reyndar ekki miklar breytingar, satt best að segja engar. Það er allt gert á hraða snigilsins og það skeður lítið. Fjölskyldurnar í landinu finna ekki neinn mun á því hvort íhaldið er hér við stjórn eða vinstri grænir. Þeir sem reka fyrirtækin finna ekki heldur fyrir því að það sé neinn munur. Það getur vel verið eitthvað í pípunum og eitthvað á leiðinni en við höfum ekki orðið vör við það og fólkið verður ekkert vart við það enn þá. (Gripið fram í.) Og það er ein vika eða 10 dagar þangað til þing verður sent heim þannig að maður sér ekki alveg að þessi fjórflokkur sem hefur ráðið ríkjum hjá þjóðinni síðustu 100 árin, liggur við að sé hægt að segja, standi sig. Ég hvet kjósendur til að hafna þessum fjórflokki og gefa öðrum tækifæri til að koma að stjórnun mála.

Ég segi, eins og ég hef oft sagt áður, að flokkar eiga að vera fyrir fólk en ekki öfugt.

[20:54]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur átt sér stað um hið merka frumvarp um listamannalaun. Margt hefur borið á góma eins og eðlilegt er þegar slík mál eru til umræðu og ég þakka sérstaklega þá miklu þátttöku sem hér hefur orðið í umræðunni. Hún hefur verið upplýsandi, m.a. hefur komið fram að þær miklu tölur sem sumir hv. þingmenn nefndu í upphafi eru ekki eins stórar og menn óttuðust heldur er hér um hugsanlegar 17 millj. að ræða árið 2012 sem gæti komið til að menn þyrftu að velta fyrir sér við fjárlagagerð þess árs.

Þó að sumir hv. þingmenn hafi talað eins og þetta væru fjármunir sem færu bara út og ekkert skilaði sér til baka má ekki gleyma því að menningarstarfsemi aflar einnig tekna. Þeir fjármunir sem hér fara út munu að sjálfsögðu skila sér til baka í ríkissjóð eftir ýmsum leiðum.

Ég vildi rétt minnast á nokkur mál. Það var athyglisvert þegar hv. þm. Sturla Böðvarsson rifjaði upp veru sína í fjárlaganefnd um átta ára skeið og stór hluti þess tímabils var við miklar þrengingar. Ég lifði önnur átta ár í þeirri ágætu nefnd en það var við allt aðrar aðstæður, tímabil sem menn kölluðu góðæri eða þenslu. Það hefur að vísu komið í ljós að það var kannski ekki full innstæða fyrir öllu þessu mikla fjármagni, þetta var mikið blásið út og var kannski að mestu leyti blaðra. Það hefði, held ég, verið árangursríkara ef stundum hefði verið hlustað á okkur sem mynduðum minni hluta fjárlaganefndar og hvöttum til meira aðhalds þó að töluvert væri af fjármagninu. Menn blésu ýmislegt út sem er erfiðara að snúa til baka með en ef menn hefðu örlítið reynt að vanda sig. Þegar mikið innstreymi er af fjármagni er vandinn að þá gleyma menn sér og fara að nota fjármunina í ýmsa hluti sem menn mundu t.d. ekki gera í dag.

Ég held að það sem mest var rætt í umræðunni svona til hliðar, þ.e. hið merka menningarhús, sé dæmi um það þegar menn voru næstum búnir að gleyma sér algerlega. Ég held að það sé hárrétt bæði hjá hv. þm. Pétri Blöndal og hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að vinnubrögðin öll í kringum það — nú er ég ekki að ræða framkvæmdina sem slíka sem er út af fyrir sig sérumræða. Það er eiginlega skelfilegt að niðurstaðan eftir mikla skoðun á þeim, þ.e. með 6. gr. heimild, skuli vera að þau standist fjárreiðulögin. Það segir okkur fyrst og fremst að við þurfum að breyta þeim lögum. Auðvitað gengur ekki að slík framkvæmd, sama hversu góð eða slæm hún er, skuli ekki fá fulla umræðu í þingsal. Skuldbinding við ríkissjóð er í slíkum upphæðum að það er eiginlega fáránlegt að umræðan skuli ekki eiga sér stað svo það sé hægt að skiptast á skoðunum.

Mér er mjög minnisstætt að andstaðan við að þetta væri afgreitt með þeim hætti sem var gert var nokkuð yfir flokkslínur. Andstaðan í stjórnarflokkunum þáverandi var þó ekki nægjanleg til að stoppa málið og vil ég þá minna á að m.a. talsmaður Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd hafði miklar efasemdir og athugasemdir við það sem gert var, en því miður hafði hann ekki stuðning í sínum flokki til að það mál fengi, að því er okkur mörgum fannst, eðlilega þinglega meðferð. Þess vegna hefur m.a. verið staðið að því máli með þeim hætti sem gert var.

Nóg um það, hér var einnig rætt um afar mikilvæga samninga sem eru menningarsamningar. Ég held að þeir séu að mörgu leyti andstaðan við tónlistarhúsið. Við munum kannski mörg eftir því hvernig þetta mál tengdist þessu, þ.e. hugmyndum um að byggja menningarhús vítt og breitt um landið. Sem betur fer, vil ég segja, höfðu íbúar svæðanna vit fyrir stjórnvöldum í því efni og það varð eiginlega uppsteytur mjög víða við þeirri hugmynd að reisa eitt stórt hús, menningarhús, sem átti að bjarga að því er mörgum fannst allri menningu. Það hefur komið fram í umræðunni og ég tek undir það að menningin snýst miklu frekar um fólkið sem stundar menninguna en það að byggja eitthvað úr steinsteypu. Þess vegna var þessu m.a. breytt þannig að mjög víða um land hefur verið sköpuð aðstaða á miklu ódýrari hátt, á fjölbreyttari hátt og víðar en ætlað var með því að gera upp gömul hús, nýta það sem var fyrir og

þannig fara miklum mun betur með það fjármagn sem til notkunar var af þessu tilefni.

Menningarsamningarnir hafa síðan mjög víða um land gert mjög góða hluti og ég tek undir það sem hér hefur komið fram í máli nokkurra hv. þingmanna að það er afar mikilvægt að þeir séu varðir í því erfiða ástandi sem nú er og er því miður fram undan.

Herra forseti. Að lokum ítreka ég þakkir mínar til þeirra hv. þingmanna sem hér hafa tekið þátt í umræðunni og vil einnig nota tækifærið og þakka ágætt samstarf í menntamálanefnd. Ég geri ráð fyrir að sú nefnd hafi lokið störfum á þessu þingi. Þetta var síðasta málið sem við afgreiddum út úr nefndinni. Samstarfið í nefndinni hefur verið afar gott og árangursríkt og ég þakka það sérstaklega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[21:00]

Útbýting:

Aðför o.fl., 322. mál, þskj. 807.

Aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði, 43. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 817.

Aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum, 30. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 816.

Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 101. mál, nál. samgn., þskj. 806.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 407. mál, nál. iðnn., þskj. 818.

Fjöldi háskólanema, 388. mál, svar menntmrh., þskj. 803.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 389. mál, svar menntmrh., þskj. 802.

Listamannalaun, 406. mál, nál. 2. minni hluta menntmn., þskj. 815.

Ný skattþrep í tekjuskatti einstaklinga, 450. mál, fsp. BÁ, þskj. 819.

Skipun skiptastjóra, 451. mál, fsp. HSH, þskj. 820.

Stjórnarskipunarlög, 385. mál, brtt. HHj o.fl., þskj. 805.

Utanríkis- og alþjóðamál, 452. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 821.

Bjargráðasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 413. mál (heildarlög). — Þskj. 701, nál. 789.

[21:02]

Frsm. samgn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um Bjargráðasjóð. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga gesti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ný heildarlög um Bjargráðasjóð. Lagt er til að Bjargráðasjóður starfi áfram í breyttri mynd, breyting sú sem lögð er til snýr að því að sveitarfélögin hætti aðkomu að sjóðunum og fái greiddan út eignarhlut sinn.

Breyting þessi byggist meðal annars á því að hlutverk sjóðsins hefur breyst verulega frá stofnun hans, fjölmörg úrræði sem ekki voru til staðar við setningu upphaflegra laga um Bjargráðasjóð eru nú fyrir hendi til að bæta áföll sem einstök landsvæði kunna að verða fyrir. Bent hefur verið á að verkefni sjóðsins sé ekki tengt sveitarstjórnarmálum heldur atvinnumálum og því sé eðlilegt að ráðuneyti landbúnaðarmála fari með málefni sjóðsins í samvinnu við Bændasamtökin.

Unnið hefur verið að úttekt og endurmati á verkefnum og framtíðarhlutverki sjóðsins í nokkurn tíma en sú vinna skilar sér í þessu frumvarpi. Niðurstaðan er að hætt verði lögskyldri aðild sveitarfélaganna að sjóðnum og miðar frumvarp þetta að því að breyta reglum sjóðsins á þann veg. Gert er ráð fyrir að hlutur sveitarfélaganna í sjóðnum renni til Sambands íslenskra sveitarfélaga og að sú stjórn sjóðsins sem skipuð var 29. desember 2006 starfi þar til uppgjöri á hlut sveitarfélaganna hefur verið lokið.

Loks eru í frumvarpinu ákvæði sem heimila að Bjargráðasjóður geti veitt bændum stuðning til að draga úr hættu á uppskerubresti sem gæti leitt af sér óæskilegan samdrátt í búvöruframleiðslu. Vegna hins alvarlega ástands sem uppi er í íslensku efnahagslífi eru blikur á lofti varðandi áburðarkaup bænda og líkur á því að hækkandi áburðarverð og lausafjárskortur leiði til þess að fjöldi bænda geti ekki fjármagnað áburðarkaup.

Á fundum sínum ræddi nefndin skipulag sjóðsins og áhrif þessara breytinga á starfsemi hans og framtíðarhorfur, telur nefndin frumvarpið farsæla lausn á málefnum Bjargráðasjóðs. Samstaða hefur náðst milli helstu hagsmunaaðila um þá niðurstöðu að sveitarfélögin hætti þátttöku í sjóðnum. Einnig er samstaða um þá ráðstöfun að málefni sjóðsins flytjist í kjölfar þessara breytinga frá samgönguráðuneyti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Þar sem mikilvægt er að hægt sé að koma til móts við bændur og draga úr yfirvofandi uppskerubresti sem fyrst með aðkomu sjóðsins gerir nefndin breytingartillögu um gildistöku frumvarpsins á þann veg að lögin öðlist gildi nú þegar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Fyrri málsliður 16. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sturla Böðvarsson skrifar undir álitið með fyrirvara og Guðjón A. Kristjánsson skrifar undir álitið með fyrirvara um að ekki ætti að ganga alla leið hvað varðar brotthvarf sveitarfélaganna úr sjóðunum í einu lagi.

Karl V. Matthíasson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álitið rita auk þeirrar sem hér stendur Árni Þór Sigurðsson, Björgvin G. Sigurðsson, Helga Sigrún Harðardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara, Sturla Böðvarsson, með fyrirvara, og Ólöf Nordal.

[21:04]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Hér fer fram 2. umr. um frumvarp til laga um Bjargráðasjóð. Hv. samgöngunefnd hafði málið til meðferðar og fór rækilega yfir það. Hér er komin niðurstaða sem ég get fallist á í öllum aðalatriðum. Ég skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara vegna þess að ég vildi vekja athygli á því að Bjargráðasjóður, sem hefur gegnt

mikilvægu hlutverki í áratugi, sérstaklega fyrir íslenskan landbúnað, er með þeim breytingum sem hér á að gera skertur að því leyti að sveitarfélögin greiða ekki lengur inn í sjóðinn. Sú breyting er gerð í samstarfi við sveitarfélögin og í samstarfi við Bændasamtökin.

Hins vegar er alveg ljóst að væntanlega þyrftu fjármunir að aukast til þess að sjóðurinn gæti staðið við þær skuldbindingar sem kunna að skapast, sem maður vonast auðvitað til að ekki verði. En sveitarfélögin hafa greitt verulegan hluta af þeim tekjum sem sjóðurinn hefur haft í gegnum tíðina.

Engu að síður er komið samkomulag um þetta á milli aðila og gert ráð fyrir að þær eignir sem sveitarfélögin í landinu eiga í sjóðnum greiðist til þeirra og þær verði nýttar til þess að kaupa fasteign í höfuðborginni. Það er síðan spurning út af fyrir sig hvort skynsamlegt sé að nýta fjármuni sem safnast hafa upp í slíkum neyðarsjóði með því að setja þá í fasteign. Það verður hins vegar að vera ákvörðun sveitarfélaganna hvort þau gera það og ég geri ekki neinn ágreining um það, þetta er þeirra ákvörðun. En ég vonast svo sannarlega til þess að sveitarfélögin nýti sér þá eign eins vel og kostur er.

Ég vil einnig gera að umtalsefni atriði í bráðabirgðaákvæði IV en þar segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er stjórn sjóðsins heimilt á árinu 2009 að ráðstafa fjármunum úr almennri deild sjóðsins til að draga úr hættu á uppskerubresti sem gæti leitt af sér óæskilegan samdrátt í búvöruframleiðslu.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um þessa sérstöku ráðstöfun, svo sem um skilyrði fyrir úthlutun og hve hárri fjárhæð skal varið til verkefnisins, en gæta skal þess að greiðslur á þessum grundvelli skerði ekki hlut sveitarfélaga í uppgjöri samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I og II.“

Það kom fram við meðferð málsins í nefndinni af hálfu Bændasamtakanna að þau töldu að æskilegt væri að þetta bráðabirgðaákvæði færi inn í 8. gr. og væri þar með fast sett þar. En það komu ábendingar og í rauninni beiðni frá ráðuneytinu um að svo yrði ekki og á það féllst meiri hluti nefndarinnar. Það var því ekki fallist á óskir og tillögur Bændasamtakanna hvað þetta varðar.

Vonandi mun ekki til þess koma að nýta þurfi fjármuni sjóðsins í þessu skyni og auðvitað óskar maður helst þess að sjóðurinn þurfi sem minnst að gera. En engu að síður kom þess ábending fram frá fulltrúa Bændasamtakanna og ég vildi halda því til haga við umræðuna.

Að öðru leyti tel ég að þetta mál sé af hinu góða og afgreiðsla þess. Það er gert ráð fyrir að málefni sjóðsins gangi til umsýslu hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu sem ég tel eðlilegra í ljósi þess að sveitarfélögin eru ekki lengur með þetta á sinni könnu. Það er þá alltaf hægt að hringja í hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem er ekki að hlusta á umræðuna en er hér í hliðarsal að svara í símann, ef á þarf að halda þegar kemur til úrlausnar hvað þetta varðar.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. En ég vænti þess að þetta frumvarp, sem væntanlega verður að lögum, geti orðið öflug viðspyrna fyrir landbúnaðinn í landinu ef á þarf að halda.

[21:10]

Útbýting:

Ábyrgðarmenn, 125. mál, frhnál. viðskn., þskj. 827.

[21:10]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um Bjargráðasjóð og nefndarálit um það. Ég sakna þess að nefndin hefur ekkert fjallað um gjaldtöku af landbúnaði yfirleitt, þ.e. búvörugjaldið sem stendur undir Bjargráðasjóði. Það er bara skorinn einn endi af, þ.e. framlag sveitarfélaganna til Bjargráðasjóðs sem er í rauninni erfitt að rökstyðja og hefur numið 35–40 millj. síðustu árin. Það er skorið af og eigninni skipt en restin skilin eftir í limbói.

Þegar þjóðin verður fyrir slíku áfalli eins og hún hefur orðið fyrir hefði maður talið að menn tækju allt til endurskoðunar, öll gjöld og alla sjóði og athugaði hvort þetta væri nauðsynlegt eða ekki. Það hefur nefndin ekki gert og skautað svona frekar létt yfir þetta mál, finnst mér.

Fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu, sem er dómstóll sem dæmir um mannréttindi, er mál um iðnaðarmálagjald. Ég held að málið verði tekið fyrir annaðhvort 24. mars eða 24. apríl, ég man ekki hvort heldur, en það er sem sagt mjög stutt í að þar verði fjallað um það hvort iðnaðarmálagjald, sem ríkissjóður innheimtir nákvæmlega eins og búvörugjaldið, standist mannréttindi, þ.e. varðandi félagafrelsi og skoðanafrelsi. Eins og þegar mönnum er gert að greiða t.d. í BSRB, opinberum starfsmönnum er gert að greiða í BSRB, og síðan er formaður BSRB pólitískur leiðtogi á Alþingi, ráðherra, og hann er að tjá alls konar skoðanir í blöðum, skoðanir sínar að sjálfsögðu en um leið var hann formaður BSRB og var í rauninni að tjá skoðanir alls þess fólks sem er neytt til að borga í félagið og gat verið á öndverðum meiði og var yfirleitt á öndverðum meiði vegna þess að vinstri grænir hafa undir 20% fylgi eða um það bil, þ.e. 80% opinberra starfsmanna, getur maður ályktað, eru á öðru máli en samt er þeim gert að borga í stéttarfélag opinberra starfsmanna sem nálgast það að vera pólitískur flokkur. Þetta snertir mál sem kom upp í morgun þar sem einn starfsmaður ASÍ sem er í Framsóknarflokknum var rekinn af því að hann tók þátt í pólitísku starfi og er efsti maður á lista í einhverju kjördæmi. Sem er mjög athyglisvert líka því að þessi starfsmaður var ekki einu sinni framkvæmdastjóri og hvað þá formaður stjórnar eins og verið hefur hjá BSRB í öll þessi ár.

Þetta tengist vegna þess að við erum að tala um gjald, búnaðargjaldið, sem er lagt á með lögum frá Alþingi, innheimt með öllu því valdi sem ríkisvaldið hefur, fangelsunum o.s.frv. ef menn ekki borga. Það eru mjög hörð ákvæði og gjaldið rennur til félagasamtaka einstaklinga, þ.e. ekki til ríkisins. Þetta er ekki skattur í þeim skilningi. Þarna er ríkið, ég kalla það misnotað til að innheimta félagsgjöld.

Bændasamtökin hafa ekki verið neitt sérstaklega pólitísk og ég dáist að þeim fyrir það. Önnur samtök, t.d. Samtök iðnaðarins eru mjög pólitísk varðandi Evrópusambandsaðild. Það er ekkert víst að allir þeir sem er gert að borga iðnaðarmálagjald séu sammála þeirri stefnu. Ekki allir, hver og einn einasti, en þeir þurfa samt að borga fyrir stefnuna með gjöldum sínum. Þeir borga fyrir áróður gegn sinni eigin

skoðun, það er skoðanakúgun, og þeim er gert að gera það með lögum.

Þetta tengist líka búnaðargjaldinu. Ég skil ekki hvernig hv. landbúnaðarnefnd getur fjallað um þetta mál án þess að skoða þetta allt, vitandi að það eru málaferli hjá Mannréttindadómstólnum o.s.frv. Fyrir Alþingi liggur frumvarp eða lá fyrir löngu síðan sem ég flutti á 135. þingi um afnám búnaðargjaldsins einmitt með þeim rökum að þetta bryti mannréttindi.

Varðandi Bjargráðasjóð einan sér, hann hefur starfað nokkuð lengi, og það sem maður rekur augun í við hann er afskaplega hár kostnaður. Rekstrargjöld eru 20–25 millj. á ári sem er um 33–50% af styrkjum sem sjóðurinn veitir. Þetta er óskaplega mikill kostnaður. Þetta er mjög dýrt apparat. Til dæmis er það sem bændur borga inn í þetta, sem er búnaðargjaldið sem hefur verið svona 28 millj., minna en kostnaðurinn. Búnaðargjaldið stendur ekki einu sinni undir kostnaðinum við sjóðinn. Þetta mun væntanlega verða enn verra þegar framlag sveitarfélaganna dettur úr en það hefur nánast staðið undir kostnaðinum. Þess vegna finnst mér að nefndin hefði átt að skoða sjóðinn í heild sinni, hver eigi að borga kostnaðinn þegar þessi tekjustofn dettur út. Mér finnst nefndin hafa skautað dálítið létt yfir þetta þegar maður sér þetta svona.

Svo má færa rök fyrir því að allt það sem Bjargráðasjóður geri sé hægt að tryggja annars staðar. Annaðhvort í viðlagatryggingu eða bara á frjálsum markaði. Það eru til tryggingar fyrir þessu öllu saman og spurning hvers vegna verið er að skattleggja bændur, alla bændur, líka fátæka bændur, og bændur sem hafa engar tekjur eru líka skattlagðir því að búvörugjaldið er skattur á veltu búsins burt séð frá tekjum. Þetta er afskaplega ófélagslegur skattur, ég hef stundum kallað þetta skatt á fátækt vegna þess að bændur sem eru fátækir og hafa litlar tekjur, kannski dálitla veltu en mjög lítinn arð af búskapnum, eru látnir borga en þeir eru svo fátækir að þeir fá ekki lán. Þeir fengu ekki lán úr lánasjóðnum þegar hann var til og þeir njóta ekki þeirra trygginga og þess sem kerfið er að byggja upp, en þeir skulu borga. Ríkir bændur og sterkir fengu lánin og fengu út úr kerfinu. Ég hef því stundum kallað þetta skattlagningu á fátækt og þótti fyrrverandi hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðna Ágústssyni, það ekki skemmtilegt enda get ég alveg trúað því.

Ég sakna þess að menn hafi ekki skoðað hvað verður um Bjargráðasjóð eftir þessa breytingu. Ég sakna þess líka að menn skuli ekki hafa skoðað þetta gjald, búnaðargjaldið, sem var uppistaðan við hliðina á framlagi sveitarfélaganna — það er reyndar framlag ríkissjóðs líka, skattgreiðenda — að menn skuli ekki hafa skoðað þetta allt saman í samhengi. Allt er þetta borgað af einhverjum. Og þessi gífurlegi kostnaður hjá sjóðnum sem eru rekstrargjöld upp á 25 millj., menn taka ekkert á því í nefndarvinnunni hver eigi að standa undir þeim kostnaði og hvort það sé eitthvert réttlæti í því að halda þessum sjóði áfram. Það er ekki spurning um það, það er bara klippt hér að hluti af eigninni fari til sveitarfélaganna og auðvitað ekki til sveitarfélaganna heldur til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Það er alltaf sama hugsunin — það eru alltaf samböndin, það er alltaf búnaðarfélagið eða samböndin eða einhver sem fær peningana en aldrei þeir sem borguðu, þ.e. bændur. Auðvitað átti að endurgreiða bændum þetta eða endurgreiða sveitarfélögunum í hlutfalli við það sem þau greiddu kannski síðustu þrjú árin eða eitthvað slíkt. Þau áttu bara að fá eignina heim til sín og geta ráðstafað henni sjálf, sveitarfélögin. Nei, nefndin gerði það ekki og fór auðveldu leiðina og frumvarpið gerir það líka. Það fer auðveldu leiðina og lætur þetta inn í Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ég ætla ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta. Ég held að við þurfum núna ... (Gripið fram í.) Já, það er líka sérkapítuli, ég gæti talað um Fiskræktarsjóð og ég gæti talað allt kvöldið í rauninni um alls konar svona óeðli og óeðlilegar greiðslur sem búið er að setja inn í kerfið sem einhverjir aðilar hafa komið inn til að auðvelda sér lífið með því að láta ríkið innheimta félagsgjöld. Þegar þjóðin verður fyrir svona áfalli eins og núna þurfa menn að fara að skoða þetta allt saman. Er þörf á þessu eða er þörf á hinu? Allt eru þetta álögur, í þessu tilfelli á bændur sem eru ekkert voðalega rík stétt eða tekjuhá. Það þekkir hv. þm. Jón Bjarnason. Iðnaðarmálagjaldið er lagt á öll iðnfyrirtæki. Fiskiræktargjaldið er lagt á orkuver. Kárahnjúkavirkjun er að borga fiskiræktargjald eins og það sé einhver padda þarna uppi í lóninu. (Gripið fram í.) Ég efast um það. Þetta er alveg með ólíkindum. (**JBjarn:** ... og Landsvirkjun neita að borga.) Samkvæmt lögum eiga þeir að borga fiskiræktargjald en þeir geta reynt að neita því. (**JBjarn:** Svo er búið að breyta lögunum.)

Svo eru það gjöldin í sjávarútveginum sem er alveg kafli út af fyrir sig og sumir hv. þingmenn hér í salnum þekkja betur en aðrir. Það er mjög mikið af svona gjöldum. STEF-gjöldin. Er mönnum t.d. ljóst að lagt er STEF-gjald á hverja einustu tölvu? 1% af verði tölvu rennur til STEF með þeim rökum að það kynni að vera að menn spili hljómplötur á tölvuna. Það sem ég nota mest í tölvunni minni sem hefur höfundarrétt eru forrit en þeir höfundar fá ekki neitt. Svo eru það líka ljósmyndir sem ég hef tekið og ég á sjálfur og á höfundarrétt að og ég fæ ekki neitt. Ég hef bara ekki spilað tónlist í dálítinn tíma á tölvuna mína en ég skal borga 1% af tölvunni til STEF. Þarna eru menn búnir að grípa inn og nota löggjafann til að innheimta fyrir sig félagsgjöld út og suður. Þegar þjóðin verður fyrir svona áfalli eins og núna finnst mér að menn eigi að skoða þetta allt saman. Eigum við að hækka verð á tölvum í landinu um 1% til að hjálpa STEF? Er virkilega þörf á því? Þeir hafa höfundalögin til að innheimta STEF-gjöldin fyrir utan það að þau eru innheimt líka af allri tónlist á útvarpsstöðvum út um allt.

Það er heilmikið verk að vinna hjá Alþingi að skera niður alla þessa óþarfa, hvað eigum við að segja, skavanka af þjóðarlíkamanum þannig að menn geti farið að vinna á heilbrigðan hátt. Iðnfyrirtækin geta borgað félagsgjald þau sem það vilja. Bændur geta borgað félagsgjald til sinna stéttarfélaga eða samtaka ef þeir vilja og sjómenn sömuleiðis.

Þetta frumvarp er einn smáangi af þessu og ég mátti til með að koma inn í umræðna vegna þess að nefndin sem um þetta fjallaði tók bara verkefnið frá ríkisstjórninni, afgreiddi það, það átti að gera þetta svona og hún skoðaði ekkert meir, hvorki búnaðargjaldið í heild sinni né örlög sjóðsins,

hvað verður um hann. Því er bara ýtt til hliðar og framtíðin sker úr því. En auðvitað þurfum við að taka á öllu núna af öllum okkar kröftum í þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir og þeim hallarekstri ríkissjóðs sem þarf að laga á næstu þremur árum.

[21:24]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hlusta á einn af helstu leiðtogum Sjálfstæðisflokksins tala um félagshyggju og samhjálp og úthúða þeim hugtökum, hv. þm. Pétur Blöndal, sem ég held að hafi verið númer þrjú í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og verður að skoðast sem einn af andlegum leiðtogum flokksins. Það að heyra hv. þingmann tala svona niður til samtaka, sjóða og félagshyggjukrafta sem hafa í rauninni staðið að baki og stutt við uppbyggingu þjóðarinnar og atvinnuvega hennar á undanförnum árum, einn af leiðtogum þess flokks sem hefur með stefnu sinni leitt efnahagshrun yfir land og þjóð — (**Gripið fram í:** Voru það ekki 18 ár?) 18 ára samfelld stjórnartíð, jú — þar lýsti sér vel sú stefna í því hvernig talað var niður til samtryggingar og samhjálparkerfis eins og Bjargráðasjóður er.

Það var líka athyglisvert að heyra annan hv. þm. Sjálfstæðisflokksins, Sturlu Böðvarsson, mæla hér fyrir og taka upp varnir fyrir Bjargráðasjóð og hlutverk hans og það hvernig hann hefur reynt að verja sjóðinn fyrir frjálshyggjuöflunum í sínum eigin flokki og vafalaust undir forustu hv. þm. Péturs Blöndals, eins af bæði fyrrverandi og framtíðarleiðtogum Sjálfstæðisflokksins samanber nýafstaðið prófkjör.

Ég held að það sé þokkalega góð lexía fyrir þjóðina að hlusta á hv. þm. Pétur Blöndal, einn af leiðtogum Sjálfstæðisflokksins, tala niður til félagshyggjunnar. (Forseti hringir.) Ég vil spyrja hv. þingmann: Er það með þessum hætti (Forseti hringir.) sem á að endurreisa Ísland í nafni Sjálfstæðisflokksins?

[21:26]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ríkisvæðing félagshyggjunnar er ekki góð. Þegar fólk binst samtökum og stofnaði stéttarfélög í árdaga var það mjög góð og mjög nytsöm og þörf félagshyggja. En þegar stéttarfélögin stofnanagerðust og eignuðust hluti í lífeyrissjóðum og fóru að hugsa miklu meira um fjármagn og annað slíkt og sjóði þá hætti félagshyggjan. Hún var ríkisgerð og hún var stofnanagerð. Ég óttast það, þó að ég þekki það ekki nákvæmlega, að Bjargráðasjóður sé eins. Hvernig stendur eiginlega á þessum mikla kostnaði hjá þessum sjóði? Hvað er hann eiginlega að gera? Hann borgar styrki upp á 74 millj. og það kostar 20–25 millj. að borga þessa styrki. Hvað er eiginlega að í þessu? Er þetta sú félagshyggja sem hv. þingmaður vill? Ég mótmæli því. Ég tel mjög margt þarft í félagshyggju en stofnanagerð og ríkisvædd félagshyggja þar sem menn eru komnir á jötuna og byrja á því að mjólka ríkissjóð og þegar þetta er orðið stofnun fer ljóminn af þessari félagshyggju.

[21:28]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Heldur reyndi hv. þingmaður að draga í land núna og viðurkenna að félagshyggja gæti átt rétt á sér. Það var gott að heyra. Ég minni á að þetta er einn af leiðtogum Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Pétur Blöndal, sem stóð fyrir og leiddi einkavæðingu og græðgisvæðingu bankanna, helmingaskipti á eigum þjóðarinnar í bönkum landsins sem var aðdragandi að því sem við nú upplifum í efnahagshruninu. Mér vitanlega hafa forustumenn Sjálfstæðisflokksins ekki beðist afsökunar á þeirri einkavæðingu og græðgisvæðingu sem þeir leiddu þar yfir.

Hins vegar er hægt að koma upp í ræðustól hv. Alþingis og fjargviðrast yfir samtryggingu og félagshyggju sem er grunnurinn að stofnun Bjargráðasjóðs og sá sjóður hefur oft komið þjóðinni og íbúum hennar, sérstaklega hinum dreifðu byggðum vel. Það má vel vera að í græðgisvæðingu og einkavæðingu undanfarinna ára hafi staða Bjargráðasjóðs aðeins færst til hliðar. Við erum núna að færa okkur aftur til hinnar gömlu og góðu félagslegu gilda og Bjargráðasjóður er einn hluti af þeim.

Það er mjög athyglisvert fyrir þjóðina að heyra einn af leiðtogum Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Pétur Blöndal, sem var númer þrjú í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík (**Gripið fram í:** Hver var númer sjö?) tala niður til félagshyggju og samhjálpar meðal þjóðarinnar. Ég vek athygli á því að einkavæðing og frjálshyggjustefna Sjálfstæðisflokksins undir forustu hv. þm. Péturs Blöndals hefur leitt okkur í ógöngur. Hv. þingmaður (Forseti hringir.) ætti að biðjast afsökunar á hlut sínum í því. (Gripið fram í.)

[21:30]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill svo til að 30. október sl., stuttu eftir hrunið, tók ég mína ábyrgð á því sem varðar lagasetningu. (Gripið fram í.) Ég sagði í þeirri ræðu að ég tæki ábyrgð á þeim göllum sem væru í lagasetningu sem reyndar kæmi mestöll frá Evrópusambandinu.

En þetta er eins og biluð plata hjá hv. þingmanni Vinstri grænna og ráðherrum. Það er alltaf talað um 18 ára valdasetu Sjálfstæðisflokksins, græðgisvæðingu og það er bara allt því að kenna, (**JBjarn:** Auðvitað.) líka vandamálin í barnaverndarmálum o.s.frv. (Gripið fram í.) Það er bara nákvæmlega eins og sumir þingmenn sem geta ekki talað um mál án þess að segja að það sé kvótanum að kenna. (Gripið fram í.) Svo eru aðrir hjá Samfylkingunni sem geta ekki fundið aðra lausn á neinu máli en að ganga í Evrópusambandið. (**Gripið fram í:** Ætlarðu að biðjast afsökunar?) Ég gerði það 30. október, minn kæri. (Gripið fram í.) Þetta er eins og biluð plata hjá hv. þingmanni.

Það sem við erum að tala um hérna eru álögur á bændur. Ég vildi gjarnan að hv. þingmaður hlustaði núna af því að sumir kjósenda hans eru bændur. Það eru álögur sem eru lagðar á alla bændur óháð tekjum. Það er skattlögð velta búsins. Við vitum að á litlum búum getur verið dágóð velta en engar tekjur, og þau skulu borga búvörugjald, búnaðargjald skulu þau borga og þau skulu borga það inn í Bjargráðasjóð og halda uppi miklum kostnaði þar, þetta fátæka fólk. Það er þetta sem ég á við. Þessi félagshyggja hefur

snúist upp í andhverfu sína. Hún er orðin skattur á fátækt og þá finnst mér heldur vera farið að hvína í félagshyggjunni. Þá er hún orðin dálítið skrýtin og menn þurfa virkilega að skoða það hverju einasta sinni hvort stéttarfélögin séu orðin of stofnanagerð, hvort þau séu orðin stofnanir. Lítum t.d. á BSRB eða ASÍ, eru þetta stofnanir? Lítum á lífeyrissjóðina. Hver ber ábyrgð þar? (Gripið fram í.) Lífeyrissjóðirnir eru stofnaðir af stéttarfélögum og Samtökum atvinnulífsins (Forseti hringir.) og starfa eftir félagslegum prinsippum.

[21:33]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur allt á hornum sér gagnvart sjóðum, sjóðum sem fólk hefur safnað peningum í og eru núna, þegar hallar undan fæti hjá fólki, mjög af því góða. Í dag er gott að til er sjóður sem heitir Bjargráðasjóður sem verður sennilega til þess að hjálpa bændastéttinni við áburðarkaup í vor. Það er ekki við hæfi að gera lítið úr sjóðum. Stundum hefur verið sagt að hér hafi menn gengið illa um sjóði, m.a. eytt þeim öllum í vitleysu í staðinn fyrir að eiga þá til vara þegar í harðbakkann slær.

Við eigum lífeyrissjóði og þeir eru góðir þrátt fyrir að ýmsu megi breyta þar eins og því hverjir eru skipaðir í stjórn og eins útgreiðslum úr sjóðum með ýmsum hætti, og lögum og reglum í kringum lífeyrissjóði má breyta. Við eigum sjúkrasjóði í flestum stéttarfélögum landsins sem koma sér vel þegar fólk verður sjúkt og þarf að leita aðstoðar. Við erum með Atvinnuleysistryggingasjóð sem borgar atvinnuleysisbætur og það er borgað í hann þegar vel gengur og vel árar og allir borga hluta af honum. Það er ótrúlegt að leggja svo að jöfnu greiðslur sem ríkið borgar og svo aftur það sem er tekið af atvinnugreininni sem slíkri, eins og hv. þingmaður hefur stundum gert. Ég hef hlustað á hann tala um búnaðarþing og hverjir borguðu það og rekstur á Búnaðarsambandinu annars vegar og svo aftur það sem er t.d. í greiðslumiðlunarsjóði sjávarútvegsins sem er 1% af útflutningstekjum. (Forseti hringir.) Það er auðvitað ýmislegt sem þarf að skoða (Forseti hringir.) í þessu sambandi en sjóðirnir eru af því góða.

[21:35]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður sagði: Sjóðir sem fólk hefur safnað peningum í. Það er ekki rétt. Þetta eru sjóðir sem fólk hefur verið látið safna peningum í með lögum og með skyldu. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því, það getur verið skynsamlegt ef það er ekki orðið stofnanagert. Ég er ansi hræddur um að Bjargráðasjóður sé einmitt dæmi um sjóð sem er stofnanagerður. Það er of mikill kostnaður, of lítill sveigjanleiki. Ég vara við því vegna þess að gjaldið er lagt á alla bændur, er lagt á fátæka sem ríka bændur, tekjuháa sem tekjulága. Það eru sérstaklega þeir tekjulágu sem hugsanlega eru að borga mjög mikið þannig að þetta gjald getur orðið mjög ófélagslegt. Þeir fá kannski ekki fyrirgreiðslu úr Bjargráðasjóði og fengu ekki á sínum tíma úr Lánasjóði landbúnaðarins af því að þeir voru ekki nógu ríkir, þeir höfðu ekki veð.

Ég hef gagnrýnt búnaðargjaldið af þessum sökum, ég gagnrýni líka lífeyrissjóðina vegna þess að lýðræðið er svo veikt í þeim. Nú kemur í ljós að þeir tapa helling. Ber einhver ábyrgð þar, herra forseti? Ég spyr hv. þingmann: Ber einhver ábyrgð á lífeyrissjóðunum? Hvernig eru stjórnirnar kosnar? Þetta eru félagsleg fyrirbæri. Það eru stéttarfélög og Samtök atvinnulífsins sem tilnefna stjórnir lífeyrissjóðanna. Hvernig er á báðum þessu stöðum valið í stjórnir? Koma sjóðfélagar eitthvað að því?

Það er eins með sjúkrasjóðina. Hver skipar stjórnir í sjúkrasjóðina? Atvinnuleysistryggingasjóður er reyndar að verða tómur og svo gleymdi hv. þingmaður ríkissjóði. Hann stendur vel. Eftir góðærið, 18 ára góðæri, var ríkissjóður nánast skuldlaus og afskaplega vel í stakk búinn til að taka á móti þeim áföllum sem yfir þjóðina hafa dunið.

[21:37]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók það fram áðan um lífeyrissjóðina að þar mætti breyta ýmsu varðandi stjórn, þá sérstaklega því að launþegarnir eiga náttúrlega að vera einir í stjórn en ekki atvinnurekendur (Gripið fram í.) vegna þess í fyrsta lagi að stéttarfélögin og launþegarnir eiga peningana í lífeyrissjóðunum en ekki atvinnurekendur. Síðan má breyta ýmsum reglum varðandi sjóðina á hinum mörgu sviðum. Sjúkrasjóðirnir eru þannig skipaðir að á fundum í stéttarfélögum er kosið í sjúkrasjóði eða það er a.m.k. svoleiðis í mínu gamla stéttarfélagi. Það er lengi hægt að tala um það.

Varðandi Bjargráðasjóð hefur hann oft og tíðum hjálpað bændum þegar eitthvað óvænt hefur komið upp á. Það hefur ekki þurft nema kal í túni eða eitthvað þess háttar til að valda bændum miklu tjóni og þeir hafa getað fengið styrki og bætur úr Bjargráðasjóði. Bjargráðasjóður og Lánasjóður landbúnaðarins, sem var og hét, eru svo algjörlega ósambærilegir sjóðir.

Það er skrýtið þegar menn ráðast gegn öllu sjóðakerfi þó að nú um stundir, eftir 18 ára valdasetu Sjálfstæðisflokksins, sé Atvinnuleysistryggingasjóður tómur. Hv. þingmaður minntist á að ekki væri allt þeim að kenna en það er búið að borga í þennan sjóð til margra ára, Atvinnuleysistryggingasjóð, og síðan er hann að verða tómur núna út af atvinnuástandinu í þjóðfélaginu og út af því efnahagshruni sem sjálfstæðismenn hafa borið stærsta ábyrgð á síðustu 18 árin. Þeir eru búnir að fara illa að ráði sínu hvað þessi mál varðar.

[21:39]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða er komin dálítið út um víðan völl og ég sé að hv. frjálslyndir þingmenn eru byrjaðir með tugguna hjá vinstri grænum um 18 ára valdasetu Sjálfstæðisflokksins. Þetta er farið að verða hjá hv. þingmanni bæði kvótinn og 18 ára valdaseta Sjálfstæðisflokksins. (**GMJ:** Ég hef ekki minnst á kvótann.) Nei, ég sagði að kvótinn væri farinn að víkja fyrir 18 ára valdasetu Sjálfstæðisflokksins.

Hv. þingmaður nefndi lífeyrissjóðina, vandamálið með þá er t.d. að sjóðfélagarnir hafa ekki beina aðild að kosningu stjórnar. (**GMJ:** Það er rétt.) Ég hef lagt það til á Alþingi nokkrum sinnum að skilgreint verði í lögum að lífeyr-

issjóðir séu eign sjóðfélaga. Það var kolfellt, mjög fagurrauð taflan. Ég hef líka lagt til á Alþingi að sjóðfélagar kysu stjórn beint. Það mátti ekki heldur, það var líka kolrauð tafla. Kannski hefur eitthvað breyst núna í kjölfar kreppunnar og kannski vilja menn fá meiri ábyrgð stjórnar lífeyrissjóðanna gagnvart sjóðfélögum með því að heimila beina kosningu. Það getur vel verið að nýtt þing sem hefur fengið endurnýjað umboð taki sér tak og skoði þessa sjóði alla, hvort þörf sé á þeim því að það stendur nefnilega í greinargerð með frumvarpi að það hafi verið rætt rækilega um þann kost að leggja sjóðinn niður og færa almenna deild hans undir Viðlagasjóð. Sá sjóður gæti tekið við hlutverkinu.

Þetta er allt til skoðunar, allt er mögulegt og ég held að þessi sjóður sé algjörlega óþarfur af því að við erum með viðlagatryggingu og við erum með önnur tryggingafélög sem gætu tekið við restinni.

[21:41]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um Bjargráðasjóð. Mig langar að blanda mér aðeins í þessa umræðu, þó á nokkuð öðrum nótum en hv. þm. Pétur Blöndal. Það vill svo til að ég hef setið í samgöngunefnd frá því um vorið 2007 og á síðasta þingvetri var til umræðu í þinginu frumvarp sem snerist um að fella brott lög um Bjargráðasjóð. Það frumvarp fékk ekki framgang í samgöngunefnd vegna þess að það kom í ljós í meðförum nefndarinnar að það var verulegur uggur í hópi bænda vegna þeirra fyrirætlana að leggja sjóðinn niður. Þetta frumvarp er kannski viðbragð við því. Hins vegar lá fyrir að sveitarstjórnarmenn töldu ekki þörf á því að þeir hefðu aðkomu að Bjargráðasjóðnum og það var kannski ekki síst þess vegna sem frumvarpið kom fram í fyrra.

Í vetur kom þetta nýja frumvarp fram og eins og fram kemur á nefndarálitinu frá samgöngunefnd stöndum við sjálfstæðismenn að málinu. Ég skrifaði undir nefndarálitið án fyrirvara, ég hef ekki fyrirvara við efnisatriði málsins en mér finnst það samt þess eðlis að mig langar til að rekja nokkur atriði í því hvernig til þess kom að svona mikil breyting varð á málinu frá síðasta vetri.

Margt má segja um sjóði af ýmsum toga eins og hv. þm. Pétur Blöndal ræddi áðan. Hann hefur mikinn áhuga á því skipulagi öllu saman en Bjargráðasjóður er um margt mjög merkilegur sjóður. Hann er aldinn mjög, stofnaður með lögum árið 1913 og það er dálítið skondið við núverandi aðstæður, í þeim erfiðleikum sem nú steðja að, að hann var einmitt settur á laggirnar í þeim tilgangi að hjálpa landsmönnum í hallæri eða til að afstýra því.

Hallæri er það að sveitarfélag sé svo illa statt að það megni ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli.

Þetta orðalag er tímanna tákn árið 1913 en þegar maður les þetta núna og hugsar um þau ósköp sem dunið hafa yfir getur vel verið að við séum í mörgu öðru tilliti að vinna að löggjöf sem minnir um margt á Bjargráðasjóð þótt í þessu tilviki sé verið að losa sveitarfélögin undan sjóðnum, eins og ég nefndi áðan.

Strax árið 2007 kom fram mikil ósk um það frá sveitarfélögunum að þessi sjóður yrði leystur upp. Vandinn hins vegar var töluvert fólginn í því hvernig ætti að gera það og það hvernig ætti síðan að fara með þetta fé sem sveitarfélögin hafa sett í sjóðinn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Samband íslenskra sveitarfélaga í Borgartúni, þar sem Bjargráðasjóður hefur líka haft aðsetur sitt, hafi forkaupsrétt að þeirri fasteign. Það er verið að tryggja að það sé þá til hagsbóta fyrir sveitarfélögin.

Eignarhlutur hvers og eins sveitarfélags í Bjargráðasjóði hefur aldrei verið skilgreindur en í frumvarpinu er miðað við að hlutur sveitarfélaganna renni til Sambands íslenskra sveitarfélaga í heild sinni. Ég held að í sjálfu sér sé eðlilegt að það sé gert svona vegna þess að var ekki hægt að átta sig á því hvernig ætti að fara með hvert einstakt sveitarfélag. Ég verð að vera ósammála því sem kom fram áðan, ég held að það sé ekki óeðlilegt við þessar aðstæður að gera þetta svona og ég styð aðferðina í frumvarpinu.

Hvað svo verður um Bjargráðasjóð í framtíðinni er erfitt að spá. (**Gripið fram í:** Það er ekki hægt.) Það er svo margt sem dynur yfir þjóðina þessa dagana og ekki síst bændur landsins, það er vont að átta sig á því hvað um sjóðinn verður. Ég held þó í ljósi þess hversu mikla áherslu bændur leggja á að B-hluti sjóðsins sé þeim til hagsbóta sé eðlilegt að hann sé tryggður áfram sem og það hlutverk búnaðardeildarinnar eða B-deildarinnar að bæta meiri háttar tjón hjá einstaklingum og félögum vegna sjúkdóma og óvenjulegs veðurfars og slysa sem orðið geta. Allt umfang og allt eðli málsins er mjög til þess fallið að mínu mati að styðja við bændur í landinu. Ég held að það sé eðlilegt, eins og ég sagði áðan, og að mörgu leyti í ljósi atburða þessa vetrar að frumvarpið verði að lögum núna þótt málið sé töluvert eldra, einmitt til þess að passa upp á að áfram sé haldið til haga þeim sjónarmiðum sem hafa ríkt gagnvart Bjargráðasjóði um áratugaskeið þar sem horft er sérstaklega til bændastéttarinnar og áður til minni sveitarfélaga þótt það hafi raunar breyst núna.

Ég segi fyrir mína parta, og þess sér stað, eins og ég sagði áðan, í niðurstöðu nefndarinnar, að ég er ánægð með að þetta mál skyldi hafa verið leyst með þessum hætti og að við skyldum hafa getað klárað það að í stað þess að leggja sjóðinn niður, eins og við ætluðum að gera í upphafi, höfum við fundið leið til að hann muni áfram nýtast bændum, a.m.k. núna um nokkurt skeið til viðbótar.

[21:48]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Við ræðum hér í 2. umr. frumvarp til laga um Bjargráðasjóð sem hv. samgöngunefnd afgreiddi nær einróma fyrir utan einhverja fyrirvara, sem mér sýnist að einstakir þingmenn Samfylkingar, Frjálslynda flokksins og Sjálfstæðisflokks hafi á þessu máli og hafa væntanlega gert grein fyrir eða munu gera grein fyrir í umræðunni.

Ég vil í upphafi orða minna lýsa, herra forseti, yfir sérstakri ánægju minni með ræðu hv. þm. Ólafar Nordal, sem er nú í framboði í öðru Reykjavíkurkjördæmanna og verður sárt saknað úr hinu mikla landbúnaðarhéraði Norðausturkjördæmi. Ég er mjög ánægður með að þrátt fyrir að hv. þingmaður skuli hafa skipt um vettvang og sé farin úr Norðausturkjördæmi á höfuðborgarsvæðið, skuli hún hugsa

hlýtt til bændastéttarinnar og þeirra mikilvægu hagsmuna sem þar liggja. Til fróðleiks er hægt að segja að ekki bera allir samflokksmenn hv. þingmanns hér á höfuðborgarsvæðinu jafnhlýjar tilfinningar til bændastéttarinnar og hv. þingmaður lét af hér áðan þannig að ég á von á því að framboð hennar og tilvist í Reykjavíkurkjördæmunum muni efla mjög íslenska bændastétt og gott að vita til þess að í röðum sjálfstæðismanna í Reykjavík skuli vera svo öflugur talsmaður fyrir þessa stétt, því að hún er mjög mikilvæg og miklu máli skiptir á þessum síðustu og verstu tímum að standa vörð um íslenskan landbúnað og innlenda matvælaframleiðslu.

Það fer ekki fram hjá neinum að hluti af því frumvarpi sem hér um ræðir á m.a. að koma til móts við þá grafalvarlegu stöðu sem er uppi nú, þetta frumvarp á að draga úr hættu á uppskerubresti, raunverulegri hættu í ljósi þess að verð á áburði hefur stórhækkað á undangengnum tveimur árum. Bóndi í Eyjafirði sagði mér á dögunum að í fyrra hefði áburðarreikningur hans hækkað um 80% og nú liti út fyrir að til viðbótar yrði 50% hækkun á áburðarverði í ár. Það gerir um 170% hækkun á einungis tæpum tveimur árum, sem segir sig náttúrlega segir sjálft í ljósi erfiðs árferðis að hlýtur að bitna á starfsemi bænda og getur jafnvel stefnt því í hættu að þeir geti ræktað land sitt með eðlilegum hætti. Ef bændur hafa ekki nægileg fjárráð til að kaupa sér áburð getur það leitt til uppskerubrests og þetta frumvarp á að stuðla að því að Bjargráðasjóður geti mætt þessum erfiðleikum bænda með því að deila út fjármunum til stéttarinnar til að koma til móts við þessar miklu hækkanir.

Nú er það svo að margir gætu haldið að hér séu stjórnvöld að gera bændum einhvern sérstakan greiða eða verið sé að færa fjármuni úr ríkissjóði til þessarar mikilvægu atvinnustéttar, en svo er ekki. Bændur hafa um áratugaskeið greitt mikla fjármuni í Bjargráðasjóð og það sem verið er að gera með þeirri breytingartillögu sem hér er lögð til og við framsóknarmenn styðjum mjög einarðlega er að bændur fá nú að hluta til baka þá fjármuni sem þeir hafa lagt Bjargráðasjóðs til í gegnum árin. Það framlag sem hér um ræðir kemur í raun og veru ekki rekstri ríkissjóðs við, hér er um eign bændastéttarinnar að ræða sem búnaðarþing hefur oftsinnis ályktað um og nú síðast að eigi að renna til kaupa á áburði í ljósi stöðu mála.

Gert ráð fyrir því að kostnaðarauki bænda vegna áburðarkaupa á þessu ári geti verið um 700 millj. kr. Það segir sig sjálft þegar bændastéttin stendur frammi fyrir því að búvörusamningar voru í raun og veru skertir um 700–800 millj. kr. að stéttin þolir ekki fleiri áföll og það getur haft mjög alvarleg áhrif fyrir innlenda matvælaframleiðslu ef við bregðumst ekki við þeim vanda sem blasir við. Við hljótum líka að velta fyrir okkur með þessu áframhaldi í ljósi gengis krónunnar hvort það fari að verða hagstæðara fyrir bændastéttina að selja afurðir sínar úr landi frekar en á innanlandsmarkað. Við höfum heyrt það frá aðilum innan greinarinnar að margir eru jafnvel farnir að horfa til þess valkosts að skoða útflutning á íslenskum landbúnaðarafurðum í miklu meira mæli en er í dag.

Hvaða afleiðingar, herra forseti, gæti slíkur útflutningur, ef við gefum okkur að hann yrði í massavís, haft fyrir íslenskt þjóðarbú? Jú, við yrðum væntanlega að kaupa meira erlendis frá og flytja inn í landið. Ég held að menn verði að huga að því, sérstaklega á þeim tímum sem við lifum nú á, hversu mikilvæg innlend matvælaframleiðsla er, því að með því að efla innlenda matvælaframleiðslu höldum við fjármunum inni í efnahagskerfinu, en ef við værum háð miklum innflutningi yrðum við að borga hann dýrum dómum, sem mundi þýða að fjármunir streymdu úr íslenska hagkerfinu til erlendra aðila í stað þess sem við búum við núna að með öflugri innlendri matvælaframleiðslu haldast fjármunir innan lands sem skiptir mjög miklu máli, sérstaklega á þeim krepputímum sem blasa við okkur nú.

Herra forseti. Ég vildi í örfáum orðum fjalla um þetta mál sem er hér til 2. umr. og aðalumræðu vegna þess að hér er um mjög stórt hagsmunamál að ræða, ekki bara fyrir íslenska bændur og bændastéttina heldur líka neytendur og íslenskt hagkerfi. Við leggjum aldrei nógsamlega áherslu á það, sérstaklega eins og nú stendur á, að tryggja fæðuöryggi íslenskrar þjóðar. Fyrir því höfum við framsóknarmenn talað á undangengnum árum, vorum m.a. með landbúnaðarráðuneytið um tólf ára skeið þar sem við reyndum að standa vörð um starfsemi landbúnaðarins og það fæðuöryggi sem ég hef nefnt í ræðu minni. Reyndar er það svo að sumir ónefndir flokkar hafa haft mikinn áhuga á því að stuðla að gríðarmiklum innflutningi á matvælum og þar með jafnvel að veikja undirstöður íslensks landbúnaðar.

Ég finn í dag, herra forseti, mikinn samhljóm á milli íslenskra stjórnmálaflokka um að standa beri vörð um íslenskan landbúnað og tala ég þá til ágætra félaga minna hér í salnum sem tilheyra Samfylkingunni, hæstv. ráðherra Össurar Skarphéðinssonar og hv. þm. Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, sem ég er fullviss um að vilja veg íslensks landbúnaðar sem mestan. Það er ákveðinn sigur hér í umræðunni, í umræðu um íslenskan landbúnað og störf bænda, að samhljómur skuli vera um að íslenskur landbúnaður sé þýðingarmikill og að við eigum að leita allra ráða til að styrkja grundvöll hans, styrkja íslenska, innlenda matvælaframleiðslu og tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Það er ákveðin söguleg sátt sem mér finnst ég greina í umræðunni í dag og fyrir það ber í raun og veru að þakka því að þjóðin hefur á undangengnum áratugum oftar en ekki skipst í tvær fylkingar, sumir hafa viljað veg bænda og innlendrar matvælaframleiðslu sem mestan en aðrir hafa viljað hömlulausan innflutning sem hefði í sjálfu sér gert stöðu greinarinnar miklu verri en hún er í dag. Ég loka ekkert augunum fyrir því, herra forseti, að staða þessarar stéttar er mjög viðkvæm í dag og ríkjandi stjórnvöld verða að leita allra leiða og lausna til að styrkja við atvinnugreinina sem, eins og ég hef farið hér yfir í örstuttu máli, er okkur öllum svo mikilvæg.

Ég hef einungis rætt að hluta til um þær breytingar sem lagðar eru til í þessum lagabálki og ætla svo sem ekki að setja á langa ræðu hér vegna þess að ég talaði um þetta mál í 1. umr., en mér finnst við ekki geta lagt nógsamlega áherslu á að standa verður vörð um innlendu matvælaframleiðslu, eins og ég hef svo margoft talað hér um, og í dag slær hjartað á réttum stað, held ég, hjá öllum þingmönnum gagnvart þessari atvinnugrein og það skiptir miklu máli.

Við framsóknarmenn höfum talað hér á þingi fyrir því að reyna að ná sem breiðastri sátt um breytingar til handa heimilum og fyrirtækjum og vissulega þurfum við að hlúa

að bændastéttinni og hún á ekki að gleymast nú á erfiðum tímum og því leggjum við mikla áherslu á að þetta mál verði samþykkt sem og svo margt annað sem við höfum rætt um, svo sem lækkun stýrivaxta, sem eru að drepa atvinnulífið og kannski ekki síst skuldug bú víða um landið og þá aðallega mjólkurbúin. Við þurfum að ráðast að raunverulegum meinsemdum í íslenska efnahagskerfinu, sem eru þessir himinháu stýrivextir, og því miður höfðu margir bændur skuldsett sig í erlendri mynt og horfa því margir fram á gjaldþrot verði ekkert að gert og það segir sig sjálft að við þurfum að taka mjög róttækt á vanda þeirra búa sem eru skuldug og því miður duga tekjur þeirra engan veginn til til að standa undir þeim miklu skuldum.

Þess vegna höfum við framsóknarmenn talað fyrir mjög róttækum hugmyndum þegar kemur að leiðréttingu á skuldum heimila og fyrirtækja, leiðréttingu vil ég segja, og það er mikilvægt í þessari umræðu að við megum ekki festast í því að ætla að beita einhverjum smáskammtalækningum á heimili eða fyrirtæki á þessum sögulega erfiðu tímum sem við stöndum frammi fyrir. Ég brýni ríkisstjórnina og aðra stjórnmálaflokka hér á Alþingi til að koma með okkur framsóknarmönnum í þá vegferð að leita róttækra lausna á því hvernig við komum til móts við vanda heimilanna og fyrirtækjanna. (Gripið fram í.)

Ég man að í umræðu um efnahagstillögur okkar framsóknarmanna hér eitt kvöldið þar sem við töluðum langt fram eftir kvöldi kom hæstv. iðnaðarráðherra kófsveittur niður á þing, nýkominn úr sturtu, hljóp vasklega inn í salinn, kom í ræðustól þingsins og lýsti yfir eindregnum stuðningi við þær hugmyndir sem við framsóknarmenn höfðum lagt fram. Reyndar var það stuðningur við þau markmið sem við höfum sett fram, (Gripið fram í.) og flest allt, en leiðirnar sem hann vildi fara að þessum markmiðum voru að einhverju leyti ólíkar því sem við lögðum til, en við settum fram mjög róttækar hugmyndir á sviði efnahagsmála til að kalla fram umræðu um það hvernig við ætluðum að takast á við þau brýnu efnahagslegu vandamál sem blasa *við þjóðinni*.

Það góða er að efnahagstillögur Framsóknarflokksins eru nú komnar inn í efnahags- og skattanefnd, búið er að senda tillögurnar út í íslenskt samfélag til umsagnar og ég vonast til þess að þær verði afgreiddar í góðu samstarfi við Samfylkinguna, Sjálfstæðisflokkinn, Vinstri græna — reyndar ekki Frjálslynda flokkinn sem eftirminnilega hafnaði öllum 18 tillögunum sem við framsóknarmenn lögðum fram. Hv. þm. Grétar Mar Jónsson hélt vægast sagt hörkuræðu þar sem hann skaut hverja einustu tillögu sem færustu sérfræðingar þjóðarinnar á sviði efnahagsmála höfðu legið yfir um margra vikna skeið Hann kom hér upp, hélt 15 mínútna langa ræðu og sló allar 18 tillögurnar sem við framsóknarmenn höfðum lagt til til að koma til móts við vanda heimila og fyrirtækja, út af borðinu. (Gripið fram í.) Ekki ein tillaga á mínútu, fimmtíu og eitthvað sekúndur á tillögu og þvílíkt afrek, sem hv. þingmaður Frjálslynda flokksins vann úr ræðustóli Alþingis, verður seint apað eftir og ég vona reyndar að hv. þingmaður hafi lesið ræðuna sem hann flutti yfir á eftir og jafnvel leiðrétt eitthvað af því sem hann sagði þar. (Gripið fram í.) Ég vona að hv. þm. Grétar Mar Jónsson hafi eitthvað skipt um skoðun eftir þetta slæma kvöld sem hann átti hér í umræðum um efnahagstillögur Framsóknarflokksins.

Herra forseti. Allt hnígur þetta í sömu átt. Við hljótum að vilja, sama hvar í flokki við stöndum, koma til móts við heimilin og atvinnustarfsemina í landinu. Markmið frumvarpsins sem við ræðum hér er að koma til móts við bændur vegna áburðarkaupa og reyndar er kveðið á um margar aðrar breytingar á skipulagi Bjargráðasjóðs í þessu frumvarpi sem ég ræddi við 1. umr. En ég kom í þessa umræðu til að leggja áherslu á það að framsóknarmenn standa heils hugar á bak við frumvarpið sem við ræðum hér og ég ítreka að hér er ekki verið að rétta íslenskum bændum neina ölmusu, þetta eru fjármunir sem þeir hafa lagt til Bjargráðasjóðs á undangengnum árum og áratugum og við erum einungis að liðka til svo fjármunir geti runnið úr þessum sjóði og komið til móts við erfiða stöðu í íslenskum landbúnaði.

[22:03]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson, sem rétt í þessu lauk máli sínu, hafði nokkur orð um að það væri fagnaðarefni að væntanlegur þingmaður Reykvíkinga, hv. þm. Ólöf Nordal, væri mikill talsmaður landbúnaðarins og bænda. Það þarf ekki að koma á óvart, hvorki það sem snýr að hv. þm. Ólöfu Nordal — við þekkjum öll sjónarmið hennar og jákvæð viðhorf gagnvart landbúnaðinum — en einnig að við vitum að landbúnaðurinn hefur, þó margir ímyndi sér eitthvað annað, notið mikils stuðnings þingmanna á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur komið glögglega fram.

Í þeim umræðum sem farið hafa fram á undanförnum árum um landbúnaðarmál hefur komið mjög skýrt fram hér í þinginu að það er mikill vilji til þess að styðja vel við íslenskan landbúnað. Menn gera sér mjög vel grein fyrir þýðingu hans, ekki síst við þær aðstæður sem við búum við núna.

Ég hef því aldrei borið kvíðboga fyrir því að ekki sé mikill pólitískur vilji til þess að styðja vel við íslenskan landbúnað. Við vitum að vísu að oft er uppi neikvæður áróður gagnvart landbúnaðinum og hann ekki mjög sanngjarn. En það hefur ekki breytt því að þegar til stykkisins hefur komið hafa menn staðið saman um að verja hagsmuni landbúnaðarins vegna þess að það eru hagsmunir þjóðarinnar líka.

Af því að hv. þingmaður setti þetta sérstaklega í samhengi við Reykjavík, þar sem menn láta sér kannski ekki detta landbúnaður strax í hug þegar við ræðum um atvinnuvegi Reykvíkinga, vil ég nú samt sem áður vekja athygli á því að Reykjavík er samt sem áður landbúnaðarhérað því að með sameiningu við Kjalarnes hefur orðið til heilmikill landbúnaður í Reykjavík. Hann er kannski ekki endilega hefðbundinn í þeim skilningi sem menn leggja í það orð. (**Gripið fram í:** Jú, líka.) En þar er þó stundaður mjög mikilvægur landbúnaður sem margir að vísu vildu feigan. Uppi voru miklar hugmyndir, m.a. hjá Samfylkingunni, um að hverfa frá stuðningi við hvíta kjötið en sem betur fer varð það ekki niðurstaðan.

Eftir sem áður heldur landbúnaður á þessu sviði áfram sem skiptir mjög miklu máli. Menn skulu líka átta sig á því

að ef veikja á samkeppnisstöðu hvíta kjötsins mun það hafa áhrif á stöðu annarrar kjötframleiðslu í landinu, fyrir utan það sem formaður Bændasamtakanna, Haraldur Benediktsson, sagði í setningarræðu á búnaðarþingi 1. mars síðastliðinn. Hann vakti athygli á því að þegar grannt væri skoðað mætti ætla að um 1.400 manns — ef ég man þessar tölur rétt — hefðu beina afkomu sína af starfsemi sem tengdist landbúnaði með einum eða öðrum hætti á höfuðborgarsvæðinu, bæði með hefðbundnum landbúnaði og úrvinnslu, markaðssetningu og ýmsu öðru sem honum tengdist. Það segir okkur að þýðing landbúnaðarins er meiri en menn gera sér almennt grein fyrir.

En ég vil líka árétta að það er mjög þýðingarmikið að við reynum að styðja sem mest við landbúnað, sérstaklega við þær aðstæður sem núna eru. Það er alveg rétt sem komið hefur fram í þessari umræðu, tilefni þess að við ræðum þessi mál nú er að aðföng til landbúnaðarins hafa hækkað svo mikið en því miður hefur ekki verið hægt að velta þeim kostnaði af herðum bænda út í verðlagið eða að mæta honum með öðrum hætti. Þess vegna hafa bændur af mjög litlum efnum orðið að taka þessar verðhækkanir á sig.

Ég vil líka segja, eins og ég nefndi þegar ég tók til máls við 1. umr. þessa máls, að það er fagnaðarefni að þessi niðurstaða skuli þó vera komin varðandi löggjöfina um Bjargráðasjóð. Uppi voru hugmyndir um að leggja þennan sjóð algerlega niður en það hefði ég talið mikið feigðarspor. Í tíð síðustu ríkisstjórnar starfaði nefnd þar sem sátu m.a. fulltrúar ráðuneyta og hagsmunaaðila sem fóru yfir framtíðarhlutverk Bjargráðasjóðs. Í miðju starfi þeirrar nefndar var ákveðið mjög skyndilega að taka verkið úr höndum nefndarinnar og leggja fram frumvarp sem hefði falið í sér að sjóðurinn yrði lagður niður í þáverandi mynd, sem hefði að mínu mati verið mjög óheppilegt ef það hefði náð fram að ganga, einfaldlega vegna þess sem komið hefur fram, að það er ríkur vilji, m.a. í landbúnaðargeiranum, að halda áfram starfsemi Bjargráðasjóðs þótt í breyttri mynd sé.

Við vitum að heilmikill ágreiningur hefur verið um starfsemi Bjargráðasjóðs. Það hefur t.d. ekki verið algerlega ágreiningslaust meðal bænda hvernig starfsemi hans eigi að vera háttað eða hvort hann eigi yfir höfuð rétt á sér. Mikill meiri hluti íslenskra bænda vill viðhalda starfsemi Bjargráðasjóðs þótt það verði ef til vill í nokkuð breyttri mynd. Við vitum líka að sveitarfélögin hafa talið að aðkoma þeirra að fjármögnun þessa sjóðs sé óeðlileg. Ég tel að þegar allt er skoðað sé sú niðurstaða sem fengist hefur hér í meginatriðum skynsamleg. Hún byggist á ákveðinni sátt um að sveitarfélögin fari úr sjóðnum, taki á sig tilteknar skuldbindingar og fái með sér þær eignir sem þeim ber. Eftir sem áður starfar sjóðurinn, í breyttri mynd þó þannig að hann hefur tvenns konar tekjustofna, annars vegar framlag ríkisins þar sem ríkið kemur að tryggingarsjóðnum — við getum sagt að það sé fyrir landbúnaðinn að nokkru leyti — og síðan er hann fjármagnaður með hluta af búnaðargjaldi, eins og allir vita, sem er innheimt af söluvörum landbúnaðarins. Landbúnaðurinn stendur því í sjálfu sér undir tekjustreymi til sjóðsins.

Það held ég að sé eðlilegt fyrirkomulag og við vitum að oft og tíðum hefur Bjargráðasjóður verið mjög mikilvægur, t.d. í harðindaárum, kalárum, og hefur þá komið þar að málum sem ella væri ekki hægt að bæta. Við vitum að þegar svona hlutir gerast, eins og t.d. kal í túnum eða eitthvað álíka, er ekki hægt að kaupa sér tryggingar út á slíkt. Þess vegna er nauðsynlegt að við höfum til staðar einhver úrræði til þess að bregðast við og koma íslenskum bændum til hjálpar.

Ég tel því að þetta sé skynsamleg niðurstaða sem fengist hefur og er hún mjög í samræmi við það sem menn hafa verið að tala um innan landbúnaðarins. Ég lýsti því strax yfir við 1. umr. málsins að ég væri jákvæður gagnvart þeim breytingum sem verið væri að kynna.

Það er alveg rétt sem komið hefur fram í þessari umræðu, og ég drap reyndar aðeins á, að ein ástæðan fyrir því að við ræðum þessi mál er að það hafa orðið gríðarlegar hækkanir á aðföngum til landbúnaðarins. Þar vegur þyngst hækkun á áburðarverði þótt ýmislegt annað komi til. Við vitum að hækkun eldsneytisverðs hefur haft mjög neikvæð áhrif fyrir landbúnaðinn. Eldsneytið er mikilvægur þáttur í dreifbýlum héruðum þar sem menn þurfa oft og tíðum að nota framleiðslutæki og fara um langan veg og þegar eldsneytið hækkar kemur það illa niður á landbúnaðinum. Síðan hafa orðið hækkanir á ýmsum öðrum aðföngum, korni og fóðri og slíku, og hafa verið mjög íþyngjandi fyrir landbúnaðinn.

Að einhverju leyti hefur verið brugðist við þessu með þeirri opinberu verðlagningu sem átt hefur sér stað á mjólk þar sem menn hafa getað verðlagt afurðir sínar til að mæta þessu þó að það hafi aldrei verið gert að fullu. En við vitum að í öðrum greinum eins og t.d. í lambakjötsframleiðslunni hafa verðhækkanirnar því miður ekki dugað til þess að vega upp á móti þeim kostnaðarauka sem orðið hefur í sauðfjárræktinni. Þolir sú grein síst af öllu að taka á sig óbættar eða lítt bættar kostnaðarhækkanir sem hafa verið mjög íþyngjandi.

Síðast en ekki síst hefur áburðurinn hækkað gífurlega á undanförnum árum. Hann hefur ekki bara hækkað um 700 millj. kr. á þessu ári, á milli ára, ef við skoðum þar tveggja ára tímabil, í fyrra og núna, má áætla að kostnaðarauki landbúnaðarins vegna hækkandi áburðarverðs sé í kringum 2 milljarðar kr.

Í minni tíð sem landbúnaðarráðherra var farið mjög rækilega yfir, m.a. í samráði og samstarfi við Bændasamtökin, hvort hægt væri með einhverjum hætti að koma til móts við bændur, t.d. með því að niðurgreiða áburðarverð. Við treystum okkur ekki til þess að fara í þá aðgerð, ekki vegna þess að það væri ekki pólitískur vilji til staðar eða að menn teldu það eftir sér að grípa til slíkra úrræða. Það sem menn höfðu mestar áhyggjur af var að ekki var hægt að tryggja að inngrip ríkisins í áburðarverðið, t.d. með niðurgreiðslum, skilaði sér endilega til bændanna sjálfra.

Við þurfum að gefa því gaum nú þegar við ræðum breytingar á lögum um Bjargráðasjóð. Breytingarnar fela ekki aðeins í sér að sveitarfélögin fari út úr starfsemi sjóðsins og ríkið og bændur taki yfir hana að öllu leyti. Gert ráð fyrir því að opnað verði á nýjar heimildir fyrir Bjargráðasjóð til að koma landbúnaðinum til hjálpar, ekki bara með þeim hætti sem tíðkast hefur undanfarin ár og áratugi heldur með því að Bjargráðasjóður geti greitt niður áburðarverð, þótt tímabundið sé, til þess að takast á við þann hækk-

anakúf sem myndast hefur vegna mikilla hækkana á áburðarverði.

Stóra hættan er að niðurgreiðslurnar nýtist ekki bændunum sjálfum heldur geti þær lent í höndum milliliðanna sem skili þeim ekki í formi lækkandi verðs til bænda sjálfra. Það er það sem stjórnvöld og bændur þurfa að reyna að tryggja að gerist ekki. Menn verða að vinna að því að það gerist ekki vegna þess að til þess er leikurinn gerður, að tryggja að landbúnaðurinn sjálfur njóti þessara áburðarniðurgreiðslna sem þarna er gefin heimild fyrir, sem ég tel skynsamlegt og réttlætanlegt við þessar aðstæður. Það er ef til vill auðveldara við núverandi aðstæður, sérstaklega á þessu ári. Nú liggur fyrir útgefið listaverð á áburði frá áburðarsölunum í landinu þannig að við vitum hvert áætlað söluverð er. Þess vegna ætti verða hægt að tryggja það með skilvirkari hætti að greiðslurnar renni beint til bændanna. Og það er auðvitað það sem við verðum að leggja okkar traust á.

Menn mega þó ekki búast við of miklu af þessari lagasetningu. Það er alveg ljóst mál að þeir fjármunir í Bjargráðasjóði sem menn ætla til þessa verkefnis eru ekki mjög miklir í hlutfalli við þær gríðarlegu hækkanir sem ég vakti athygli á. Við náum alls ekki að mæta þeirri 2 milljarða hækkun á áburðarverði sem dunið hefur yfir íslenska bændur. Hér er um að ræða miklu lægri tölur. En auðvitað má segja að þetta sé góð viðleitni til þess að bregðast við. Þetta eru þau úrræði sem m.a. Bændasamtökin hafa bent á og ég tók undir á sínum tíma. Ég lýsti mig reiðubúinn að vinna að því á sínum tíma þegar ég var landbúnaðarráðherra þótt mig þryti örendið til að ljúka því máli áður en það var fullbúið.

Ég er almennt séð jákvæður gagnvart þessu frumvarpi eins og ég lýsti í 1. umr. og lýsi yfir stuðningi við það. Ég tel að það sé til gagns eins og það er lagt fram.

Ég vil líka vekja athygli á því að þegar við ræðum þessi mál verðum við að fjalla um afkomu landbúnaðarins í heild og í einhverju samhengi. Við vitum að afkoma landbúnaðarins hefur alls ekki verið viðunandi á undanförnum árum. Að vísu hafa margir jákvæðir hlutir gerst í landbúnaðinum upp á síðkastið. Hann hefur orðið æ fjölbreyttari, bændur hafa leitað sér nýrra tekjumöguleika og það þekkjum við. Það hefur, ásamt öðru, orðið til þess að líf hefur kviknað í sveitunum og bændur hafa tekist á við ný verkefni sem eru spennandi og gefið mönnum nýjar tekju- og atvinnumöguleika. Þrátt fyrir að heföbundinn búskapur, sauðfjárbúskapur og kúabúskapur, hafi breyst og framleiðsluheimildir hafi þjappast saman hafa menn fundið sér nýja tekjumöguleika sem hægt væri að telja upp í alllöngu máli.

Það breytir ekki því að afkoma bænda hefur verið slök. Þegar bankahrunið varð í byrjun október hafði ég samband við forustumenn bænda til þess að ræða þau mál, hvernig við gætum reynt í þeim darraðardansi að tryggja sem best fæðuöryggi þjóðarinnar, framleiðslumöguleika landbúnaðarins og afkomumöguleika greinarinnar. Við vitum auðvitað að það hefur verið heilmikil fjárfesting í landbúnaðinum sem er forsenda þeirra framfara sem þar hafa orðið. Ungir bændur hafa verið að hasla sér völl og auka framleiðslurétt sinn. Þeir hafa fjárfest í nýrri tækni á mörgum sviðum sem hefur leitt til framfara í landbúnaðinum. Það hefur hins vegar orðið til þess að mörg býli eru skuldug, sum með erlend lán, og auðvitað vonum við að styrking krónunnar til lengri tíma — þótt hún hafi gengið eitthvað til baka í þessari viku — verði til þess að þær skuldir lækki að nýju. En það breytir ekki því að menn sitja uppi með þessar drápsklyfjar, annars vegar af erlendri skuldsetningu og hins vegar af hinum dýru lánum sem eru í boði núna.

Í framhaldi af viðræðum okkar við Bændasamtökin fóru fulltrúar landbúnaðarráðuneytisins og Bændasamtakanna á fund allra viðskiptabankanna þriggja, ríkisbankanna, til þess að ræða almennt um stöðu landbúnaðarins. Það er skemmst frá því að segja að viðbrögð bankanna voru mjög jákvæð. Þeir gerðu sér grein fyrir þýðingu landbúnaðarins og þess að við héldum áfram öflugri matvælaframleiðslu hér á landi og ber vissulega að þakka það. Þeir gera sér grein fyrir því að landbúnaðurinn er öflug og lífvænleg atvinnugrein sem nauðsynlegt er að styðja við bakið á.

Ég veit ekki betur en að það hafi verið gert t.d. með því að frysta erlend lán og með skuldbreytingum og öðrum slíkum aðgerðum sem bankarnir hafa á sínu færi og með því að tryggja að landbúnaðurinn fái fjárhagslega fyrirgreiðslu, t.d. til þess að standa undir áburðarkaupum.

Ég hvatti hæstv. landbúnaðarráðherra við þessa umræðu á sínum tíma til að ræða um þetta á ný fyrir vorið til að tryggja að kaup á aðföngum sem núna eru í landbúnaðinum geti gengið snurðulaust fyrir sig. Það er ákaflega þýðingarmikið til þess að halda á floti þessari mikilvægu atvinnugrein og styrkja hana.

Segja má að það sé skammgóður vermir að fá lánafyrirgreiðslur við þessar aðstæður þegar vextir eru á þriðja tug prósenta og maður gerir sér grein fyrir því að við svo búið má ekki standa lengi. Við sjáum núna að verðbólga fer mjög ört minnkandi í landinu. Hún minnkar miklu hraðar en menn gerðu ráð fyrir. Það mun í fyrsta lagi valda því að sú skerðing sem við urðum að grípa til við fjárlagagerðina núna í haust verður minni en ella. Það er alveg ljóst að verðlagsforsendur verða betri þegar líður á þetta ár en menn unnu að fjárlagagerð á síðastliðnu hausti. Hin raunverulega skerðing vegna ákvarðana okkar í fjárlögum á síðastliðnu hausti verður því hlutfallslega minni en menn höfðu áætlað og er það vel. Það var það sem við höfðum vonast til.

Skerðingin verður hlutfallslega minni en jafnvel bjartsýnustu menn þorðu að vona. Það er auðvitað jákvætt. Lækkun á verðbólgunni, eins og gerðist í verðhjöðnuninni í síðasta mánuði, mun gera það að verkum að það verður óhjákvæmilegt að hin nýja, merka peningamálastefnunefnd Seðlabankans sem á að koma saman núna eftir fáeina daga manni sig upp í að efna til alvörulækkunar á stýrivöxtum sem mun þá lækka vaxtakostnað heimila og atvinnulífsins, ekki síst landbúnaðarins. Við skulum ekki gleyma því að til að mynda afurðastöðvar landbúnaðarins eru býsna fjármagnsfrekar. Framleiðslan í sláturhúsunum og afurðastöðvunum fer fram á tiltölulega skömmum tíma og menn þurfa að bera háan birgðakostnað af því. Þess vegna skiptir mjög miklu máli fyrir atvinnulífið í heild ef hægt er að lækka vaxtastigið í landinu en alveg sérstaklega fyrir landbúnaðinn og afurðastöðvar hans.

Virðulegi forseti. Hægt væri að hafa nokkuð langt mál um allt það sem ég hef gert að umræðuefni. Það ætla ég mér ekki að gera enda er tími minn brátt á þrotum. Ég vildi

fyrst og fremst árétta að ég styð frumvarpið eins og það er lagt fram. Það er mjög í samræmi við það sem ég talaði sjálfur fyrir á sínum tíma. Ég fagna því alveg sérstaklega að með þessu frumvarpi er horfið frá þeim ásetningi sem uppi var um að leggja Bjargráðasjóð niður. Það hefði ég talið mikið feigðarflan og óheillaspor. Þess vegna fagna ég því að þetta frumvarp hafi slegið allar slíkar hugmyndir út af borðinu, að minnsta kosti um stundarsakir, svo lengi sem Alþingi tekur ekki einhverja aðra ákvörðun, sem væri þá röng ákvörðun.

En aðalatriðið er að við gerum að lögum frumvarp sem í fyrsta lagi festir í sessi hlutverk Bjargráðasjóðs sem er það að koma til liðs við bændur við sérstakar aðstæður sem gerð er grein fyrir í frumvarpinu. Verið er að skera í burtu hlut sveitarfélagsins og munu ríkið og landbúnaðurinn þá standa að baki sjóðnum. Eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu skipa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Bændasamtökin stjórn sjóðsins, sem er eðlilegt, og hafa þeir með framkvæmd þessara laga að gera.

Ég ítreka að með þessu er verið að reyna að lækka kostnað af hinum miklu hækkunum á áburðarverði. Það er mjög mikilvægt að það sé gert með þeim hætti að niðurgreiðslurnar berist til bændanna sjálfra, þær lendi ekki í höndunum á milliliðunum heldur nýtist bændunum sjálfum til hagsbóta.

[22:23]

Frsm. samgn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka öllum þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu fyrir mjög málefnaleg innlegg og segja í upphafi að mér heyrist mjög þverpólitísk sátt um að þetta mál nái fram að ganga. Ég get í sjálfu sér tekið undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa rætt hér um mikilvægi þessara breytinga og ég tel að það hafi verið mikið heillaspor þegar málinu var kippt hér út á síðasta þingi. Þá kom fram mjög mikil gagnrýni á að alfarið ætti að leggja Bjargráðasjóð niður í núverandi mynd. Það var reyndar í óþökk Bændasamtakanna og Bændasamtökin mótmæltu því þannig að málinu var einfaldlega kippt til baka og það unnið áfram.

Það er rétt að geta þess að aðdragandinn að þessu máli er sá að Samband íslenskra sveitarfélaga óskaði eftir því við samstarfsaðila sína að fara út úr þessum sjóði. Þannig fer málið af stað, enda vandséð í raun og veru sú réttlæting að sveitarfélögin í landinu komi sérstaklega að rekstri Bjargráðasjóðs. Verkefni sjóðsins er alls ekki tengt sveitarstjórnarmálum, heldur atvinnumálum og því er auðvitað skiljanlegt að sveitarfélögin vilji fara út úr sjóðnum.

Hv. þm. Pétur Blöndal gat um búnaðargjaldið sem stendur undir Bjargráðasjóði, hv. þingmaður gagnrýndi nefndina töluvert fyrir að hafa ekki skoðað máli heildstætt. Það var einfaldlega ákvörðun okkar í nefndinni að taka þetta mál og vinna það út frá gefnum forsendum í þessu. Ég vil þó ítreka að af hálfu aðila og landbúnaðarráðuneytisins, sem fer nú í framhaldinu með verkefni sjóðsins, stendur til heildarendurskoðun á Bjargráðasjóði. Í ljósi þess taldi hv. samgöngunefnd ekki tilefni til að fara sérstaklega í heildarendurskoðun núna, en auðvitað er hægt að taka undir margt af því sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði um sjóðinn að því leytinu til að þingnefndir og þingmenn eiga alltaf að setja spurningarmerki við mál þegar þau koma inn. Það á auðvitað að skoða þetta í heild sinni en það var einfaldlega niðurstaða okkar núna að gera þetta svona.

Það er líka rétt að geta þess að þeir fjármunir sem sveitarfélögin hafa sett inn í Bjargráðasjóð, um 40 millj. kr. á ári, eru auðvitað tekjumissir fyrir Bjargráðasjóð. Síðan er sérstök ákvörðun á fjárlögum hverju sinni hvort ríkisvaldið ákveður að setja í framhaldinu frekari fjármuni inn í Bjargráðasjóð. Það er ákvörðun sem bíður fjárlaga hverju sinni. Mér sýnist miðað við útgjöld sjóðsins — það er rétt að halda því til haga að útgjöld sjóðsins hafa á stundum verið þó nokkur þó að það hafi líka komið ár þar sem lítið hefur farið út úr sjóðnum — að auðvitað kunni að koma til þess að ríkisvaldið þurfi að leggja inn fjármuni til viðbótar. Það er þá bara ákvörðun þess tíma þegar og ef að því kemur, en þessi athugasemd hv. þm. Péturs Blöndals á vissulega rétt á sér varðandi þetta með heildarendurskoðunina. Ég ítreka þó að það kom fram í nefndinni að í framhaldinu væri ætlunin að skoða Bjargráðasjóð algjörlega í heild sinni. Þá vænti ég þess að ný samgöngunefnd, sem tekur til starfa eftir næstu kosningar, fái það mál til umfjöllunar og geti farið yfir það í heild sinni. Það var samhljóða niðurstaða allra nefndarmanna að gera þetta núna með þessum hætti og ég hygg að um það sé nokkuð þverpólitísk sátt í samgöngunefnd.

Ég ítreka þakkir fyrir ágætar og málefnalegar umræður um málefni Bjargráðasjóðs.

[22:28]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Hv. þingmaður sagði að framtíð Bjargráðasjóðs væri til skoðunar í nefndinni. Ég held að þetta sé einmitt vandinn í hnotskurn, herra forseti. Menn eru að skoða og menn eru að velta fyrir sér og spekúlera en það er svo lítið um ákvarðanir, það er svo lítið um að menn taki á málum. Það er einmitt það sem þjóðin bíður eftir, hún er að bíða eftir að tekið sé á málum.

Búnaðargjaldið er skattur sem lagður er á alla bændur og rennur að hluta til inn í búnaðarþing Bændasamtaka Íslands sem kostar hundruð milljóna á ári. Þau hundruð milljóna eru borguð af bændum með skattlagningu. Maður hlýtur að spyrja: Væri ekki betra fyrir bændur að ráða því sjálfir hvort þeir vilja borga félagsgjald til einhvers stéttarfélags, einhvers búnaðarsambands eða einhvers annars stéttarfélags? Mundu þeir e.t.v. vilja stofna sérstéttarfélag frekar en að láta rífa þetta af sér með ríkisvaldinu, með öllu afli ríkisvaldsins, skattheimtuvaldi og meira að segja fangelsi ef ég man rétt ef menn greiða ekki og leyfa þeim sem sagt sjálfum að hafa þessi peninga?

Þetta er spurningin sem nefndin hefði átt að velta fyrir sér. Þetta þurfa menn að ræða kannski í 3–4 vikur í nefndinni og taka svo ákvörðun og leggja gjaldið af eða ekki. Ef rök eru með því að viðhalda þessari skattlagningu á alla bændastéttina gera menn það og taka af henni hundruð milljóna af því að hún er svo rík og voldug og getur svo auðveldlega borgað þetta eða þá að menn segja: Það er ekki skynsamlegt að skikka bændur til að borga þetta og leggja búnaðargjaldið niður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, síðari umr.

Þáltill. VS o.fl., 20. mál. — Þskj. 20, nál. 765.

[22:31]

Frsm. utanrmn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um tillögu til þingsályktunar um rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Í tillögu þessari er lagt til að fela ríkisstjórn Íslands að setja á stofn rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál. Það er m.a. gert í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á alþjóðlegu umhverfi Íslands, eins og það er kallað, og stöðu Íslands í umheiminum á undanförnum tveimur áratugum. Þau áhrif eru óumdeild, hrun Sovétríkjanna, brotthvarf hersins og aðrar þær breytingar sem hafa átt sér stað, svo sem aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og Schengen-svæðinu.

Víða erlendis, þar með talið annars staðar á Norðurlöndum, starfa rannsóknarstofnanir sem sérhæfa sig í alþjóðamálum og þróun þeirra. Hérlendis starfaði öryggismálanefnd á árunum 1978–1991. Við Háskóla Íslands starfar Alþjóðamálastofnun sem sett var á laggirnar árið 1990 og hefur hún unnið ágætt starf.

Þá hefur þverfaglegur starfshópur um áhættumat fyrir Ísland nýlokið störfum. Sjálfstæð rannsóknarstofnun í utanríkis- og öryggismálum getur m.a. haft hliðsjón af störfum öryggismálanefndar og áhættumatshópsins.

Meiri hluti utanríkismálanefndar telur að tengsl Íslands við alþjóðasamfélagið hafi sjaldan verið jafnmikilvæg. Einn af lykilþáttum uppbyggingar eftir efnahagshrunið hérlendis er að endurvinna traust á alþjóðavettvangi og eiga náið samstarf við vinaþjóðir. Meiri hlutinn tekur því undir efni tillögunnar og leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að kanna grundvöll þess að setja á stofn sjálfstætt rannsóknarsetur á sviði utanríkis- og öryggismála.

Undir þetta nefndarálit rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þingmenn Árni Þór Sigurðsson, Siv Friðleifsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Kristinn H. Gunnarsson og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur til líffæragjafa, 2. umr.

Stjfrv., 259. mál (heildarlög). — Þskj. 419, nál. 781, brtt. 782.

[22:33]

Frsm. fél.- og trn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félags- og tryggingamálanefndar um frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið ýmsa gesti á sinn fund. Nefndin hefur auk þess fengið umsagnir frá völdum aðilum.

Í frumvarpinu er kveðið á um að líffæragjöfum sem eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði eða stunda nám verði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum veittur réttur til tímabundinna greiðslna geti þeir ekki stundað vinnu sína eða nám vegna gjafarinnar. Lifandi líffæragjafar þurfa jafnan að leggja niður störf tímabundið eða, eftir atvikum, gera hlé á námi með tilheyrandi röskun og tekjutapi.

Þau atriði sem fengu hvað mesta umfjöllun í nefndinni voru heiti frumvarpsins og markmið þess, greiðslur til líffæragjafa sem verða óvinnufærir að hluta, greiðslur til lífeyrissjóða sem og framkvæmd greiðslna samkvæmt frumvarpinu. Þá var lyfjakostnaður líffæragjafa og annar kostnaður sem fylgir líffæragjöf talsvert ræddur ásamt réttindum námsmanna sem gefa líffæri, gildistíma frumvarpsins og fjárhagslegum grundvelli þess.

Í athugasemdum frumvarpsins er þess getið að alvarleg bilun lífsnauðsynlegra líffæra sé vaxandi heilbrigðisvandamál og eru nýru þau líffæri sem oftast eru grædd í sjúklinga. Í skýrslu vinnuhóps um stöðu lifandi líffæragjafa kemur fram að með hverri líffæragjöf sparist þjóðfélaginu mikið fé. Þá hefur nefndin fengið upplýsingar frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti sem sýna fram á að nýrnaígræðsla sé mun ódýrari kostur en skilunarmeðferð á sjúkrahúsi. Þá þarf að tryggja að fjárhagslegt tap sem tímabundin óvinnufærni vegna líffæragjafar hefur í för með sér letji ekki fólk frá því að gefa líffæri sé þess kostur og þörf. Nefndin fagnar því að líffæragjafar fái fjárhagslegan stuðning hins opinbera ef til launataps kemur. Nefndin telur eðlilegt að vísa í heiti til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar í stað greiðslna enda ekki um að ræða eiginlegar greiðslur fyrir gjöfina heldur til að bæta fjárhagslegt tap sem verður af óvinnufærni gjafans. Þá telur nefndin eðlilegt að í heiti frumvarpsins sé vísað til þess að um lifandi gjafa sé að ræða.

Hæstv. forseti. Nefndarálitið sem er nokkuð ítarlegt liggur frammi þingmönnum til kynningar og auðvitað á vef þingsins eins og önnur þingskjöl. Ég læt nægja að ljúka tölu minni um þetta mál með því að ítreka vilja nefndarinnar og skilning hennar á því hversu gott mál er hér á ferðinni. Þetta er spurning um líf og heilsu og lífsgæði þeirra sem í hlut eiga. Ef fólk á þess kost að fá gefið nýra, þ.e. þeir sjúklingar sem fara í skilunarvél, og einhver þeim nákominn getur gefið nýra þá léttir það mjög stöðu líffæragjafans að fá a.m.k. greitt vinnutap sitt, sem verður eðlilega við líffæragjöfina. Að auki telur nefndin engum blöðum um það að fletta að til langs tíma sé það þjóðhagslega hagkvæmt, eins og það er orðað, og spari þjóðfélaginu umtalsverða fjármuni í heilbrigðiskerfinu að gera þetta með þessum hætti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem liggja fyrir og gerð er grein fyrir í þingskjali frá félags- og tryggingamálanefnd.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nefndarálit rita auk þeirrar er hér stendur Þuríður Backman, Magnús Stefánsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Atli Gíslason og Kristinn H. Gunnarsson.

[22:38]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd, félags- og tryggingamálanefnd, sem fjallaði um það frumvarp sem hér er til umfjöllunar og tók ekki þátt í 1. umr. en ég á hins vegar sæti í heilbrigðisnefnd. Það er eitt atriði sem olli mér ákveðinni undrun, dálítið sérstakt ákvæði sem er 5. gr. Þar segir að félags- og tryggingamálaráðherra ákveði með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara. Það er dálítið óvenjulegt að ekki er sagt til um hverjir skuli halda utan um þetta verkefni. Það eru í sjálfu sér ekki margir aðilar, kannski um 20 manns á ári. Það hlýtur að hafa verið einhver umræða í nefndinni um það hver skyldi halda utan um þetta, hvort það sé einhver tiltekin stofnun sem er nú þegar starfandi eða hvort einhver aðili mundi taka þetta að sér, hugsanlega ný stofnun.

Mig langaði líka til að spyrja um atriði í 8. gr. Þar er talað um að sérfræðilæknir sem annast líffæragjöfina gefi vottorð vegna líffæragjafarinnar. Hvað ef þessi tiltekni sérfræðilæknir er erlendur og líffæragjöfin fer fram erlendis? Þetta hlýtur að hafa verið rætt í nefndinni. Það er eins og gert sé ráð fyrir að þessi líffæragjöf fari einungis fram hér á landi.

[22:40]

Frsm. fél.- og trn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Því er til að svara að ráð er fyrir því gert að Tryggingastofnun ríkisins sjái um þessar greiðslur og að þeim sé þá háttað með svipuðum hætti og öðrum greiðslum sem þar eru inntar af hendi, þ.e. að menn þurfa auðvitað að sækja um og sækja þann rétt sinn. Ekkert í umfjöllun um málið í nefndinni eða í þeim umsögnum og upplýsingum sem fengust frá félags- og tryggingamálaráðuneyti benda til þess að það sé skilyrði fyrir því að líffæragjöfin fari fram hérlendis. Hér er einvörðungu verið að ræða um að bæta líffæragjafanum sem hingað til hefur ekki fengið slíkar bætur, að bæta vinnutap sem augljóslega verður eða getur orðið vegna þess óhagræðis sem viðkomandi verður fyrir við það að gefa líffæri. Það er í raun og veru tilgangur þessa frumvarps, að leiða það í lög með þessum hætti. Það hvar, á hvaða sjúkrahúsi eða hvernig nákvæmlega sú aðgerð er gerð er ekki innan efnissviðs þessa frumvarps.

[22:42]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig fullkomlega á efni frumvarpsins en í 8. gr. segir að það þurfi að liggja fyrir vottorð sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina um hvenær líffæragjafinn varð óvinnufær vegna líffæragjafarinnar sem og í hversu langan tíma hann verði óvinnufær. Það er þetta atriði í 8. gr. sem ég er að spyrja um, af því að það er eins og gert sé ráð fyrir að það sé eingöngu íslenskur sérfræðingur, það er ekki svo auðvelt að nálgast það með öðrum hætti.

Það er annað atriði sem mig langaði að spyrja um mér til upplýsingar. Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að heilbrigðisráðherra hyggist breyta ákvæðum tveggja reglugerða, annars vegar reglugerðar um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og hins vegar reglugerðar um ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda þeirra innan lands, í því skyni að tryggja að líffæragjafar sem eru sjúkratryggðir hér á landi þurfi hvorki að greiða hlutdeild sjúkratryggðs í heilbrigðisþjónustu né óhjákvæmilegan ferðakostnað.

Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort honum sé kunnugt um að þessi reglugerð liggi þegar fyrir eða hvernig því sé háttað.

[22:43]

Frsm. fél.- og trn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei, mér er ekki kunnugt um að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi breytt reglugerðinni, félags- og tryggingamálanefnd bárust ekki upplýsingar um það.

Hvað varðar vottorð frá sérfræðilækni kemur í raun og veru ekkert fram, hvorki í frumvarpinu né í nefndarálitinu eða öðrum gögnum málsins sem segir að sá hinn sami, sérfræðilæknirinn, þurfi að vera íslenskur eða starfa á íslensku sjúkrahúsi. Það er ekki hægt að ályktа að þannig sé í þessu máli.

[22:44]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér er komið til 2. umr. frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa. Eins og kom fram í andsvari mínu á undan átti ég þess ekki kost að taka þátt í 1. umr. málsins við framlagningu þess og langaði því sérstaklega núna að nota tækifærið til að fjalla um það nokkrum orðum. Þetta mál hefur verið í umræðunni um nokkuð langt skeið og þótti afar mikilvægt vegna þess að þarna er um að ræða líffæragjafa sem af örlæti sínu taka ákvörðun um að gefa líffæri til aðstandanda eða einhvers annars aðila til að framlengja líf viðkomandi. Það er náttúrlega alveg ljóst að af því leiðir ýmisleg óþægindi og vinnutap eins og kemur fram í frumvarpinu og greinargerð með því. Óþægindin verða að sjálfsögðu ekki bætt að neinu marki varðandi undirbúning aðgerðarinnar en á hinn bóginn leiðir af frumvarpinu að reynt er að koma til móts við viðkomandi til að bæta honum upp hugsanlegt vinnutap vegna aðgerðar og eftirmeðferðar líffæragjafarinnar.

Fyrir tveimur árum, nánast upp á dag, sendi ég fyrirspurn til heilbrigðisráðuneytisins og til Tryggingastofnunar ríkisins varðandi líffæragjafir og um rétt einstaklinga til þess að fá bætur eða öllu heldur hvaða rétt slíkur einstaklingur hefði innan tryggingakerfisins, hvort hann væri til staðar og hver hann væri. Ég spurði þriggja spurninga:

Hvernig er tekið á málefnum nýrnagjafans í tryggingakerfinu í dag? Hefur hann einhvern rétt og þá hvaða? Eru einhverjar breytingar í farvatninu og eru einhverjar leiðir utan tryggingakerfisins þar sem komið er til móts við nýrnagjafann með einhverju móti?

Í bréfinu sem ég sendi til þessara tveggja stofnana kemur einmitt fram það sem ég segi að fólk sem gefur frá sér nýra er oft lengur að jafna sig en nýrnaþeginn þar sem viðbrigðin eru neikvæð fyrir hann en jákvæð fyrir nýrnaþegann. Það má til sanns vegar færa því að nýrnaþeginn er að fara úr ástandi sem er honum slæmt, hann er kominn í þá stöðu að nýrun virka ekki eins og þau eiga að gera með við-

eigandi áhrifum á önnur líffærakerfi og þegar hann fær nýtt nýra skiptir það sköpum um líðan hans og allar aðstæður. Á hinn bóginn eru áhrifin fyrir nýrnagjafann, ef eitthvað er, neikvæð. Nýrnagjafi getur þannig orðið fyrir töfum frá vinnu og tekjutapi vegna nýrnagjafarinnar.

Í svari frá heilbrigðisráðuneytinu og frá Tryggingastofnun ríkisins, sem annaðist þessi mál sérstaklega á þessum tíma, var með sjúkratryggingarnar sem eru reyndar komnar núna inn í nýja stofnun, Sjúkratryggingar Íslands, kemur m.a. fram að í lögum um almannatryggingar eða reglugerðum settum samkvæmt þeim er ekki að finna neinar sérreglur um líffæragjafa. Því gilda almennar reglur um þá sem verða óvinnufærir af þessum sökum. Nokkur dæmi eru um að lifandi líffæragjafar hafi sótt um sjúkradagpeninga samkvæmt 38. gr. laga um almannatryggingar og fallist hefur verið á greiðslu sjúkradagpeninga í slíkum tilvikum að öðrum skilyrðum uppfylltum, t.d. þeim að viðkomandi sé sjúkratryggður á Íslandi, verði algjörlega óvinnufær og launatekjur falli niður. Það segir sig sjálft að sjúkradagpeningar eru ekki há upphæð og bættu lítið tekjutap sem viðkomandi hefði orðið fyrir.

Í svörum þessara tveggja stofnana sem voru nánast samhljóða segir að sjúkratryggður líffæragjafi fái læknishjálp og sjúkrahúsþjónustu á sama hátt og aðrir sjúkratryggðir þrátt fyrir að líffæragjöf sé strangt til tekið ekki sjúkdómur. Ef líffæragjöf veldur langvarandi óvinnufærni getur líffæragjafinn átt rétt á bótum úr lífeyristryggingum almannatrygginga að skilyrðum laganna uppfylltum. Sem betur fer er það í undantekningartilvikum að nýrnagjafi eða líffæragjafi verði fyrir þeim skaða við líffæragjöfina að það valdi honum örorku en örugglega eru þó einhver tilvik til um það.

Síðan segir áfram að í lögum um sjúkratryggingar sé líffæragjöfum tryggður réttur til bóta ef þeir verða fyrir tjóni sem getur verið afleiðing brottnáms líffæris. Vægari sönnunarkröfur eru gerðar varðandi líffæragjafa en ella samkvæmt lögunum. Það má því segja að hinar almennu reglur hafi gilt um líffæragjafa en engar sértækar eins og gert er ráð fyrir með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

Jafnframt kemur fram vegna fyrirspurnar minnar um hvort það væru einhverjar breytingar í farvatninu — ég bendi á að þetta er fyrir kosningar 2007 — að það hafi verið umræða í gangi um hvort greiða eigi frekari bætur vegna tekjutaps lifandi líffæragjafa en bent er á að breyta þurfi lögum til að heimila frekari bætur og á þeim tíma var ekki tekin ákvörðun um það.

Þriðja spurningin var á þá leið hvort einhverjar leiðir væru utan tryggingakerfisins þar sem komið sé til móts við nýrnagjafann með einhverju móti. Þá kemur einmitt fram sem jafnframt kemur fram í greinargerð með frumvarpinu og kemur reyndar fram í bréfinu að í flestum tilvikum hafi líffæragjafar gert samninga við vinnuveitendur um að fá laun í fjarveru sinni og að einhverju leyti hafi sjúkrasjóðir stéttarfélaga greitt líffæragjafa laun vegna þessa.

Það er því ljóst að það hefur orðið töluverð hreyfing á þessu máli frá því að ég sendi þessa fyrirspurn fyrir réttum tveimur árum og því fagna ég því að hér er komið til 2. umr. frumvarp um greiðslur til líffæragjafa sem er til þess að bæta þá stöðu sem líffæragjafar voru í. Ég fagna því jafnframt að hv. félags- og tryggingamálanefnd hefur tekið ákvörðun um að breyta fyrirsögn frumvarpsins þannig að eftir að breytingartillögur sem hafa verið samþykktar eftir 2. umr. mun frumvarpið heita „Frumvarp til laga um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar" sem má segja að sé meira lýsandi fyrir efni frumvarpsins en fyrirsögnin sem frumvarpið var kynnt með, frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í nóvember 2007 hafi verið skipaður sérstakur vinnuhópur til að kanna stöðu lifandi líffæragjafa og einkum með tilliti til greiðslna vegna tímabundinnar óvinnufærni eftir líffæragjöf. Það má segja að það hafi verið rökrétt niðurstaða að félags- og tryggingamálaráðherra hefði umsjón með þessu frumvarpi sem síðar yrði að lögum enda væri verið að færa þarna eða hafa til hliðsjónar við samningu frumvarpsins réttindi fólks til greiðslna vegna fjarveru af vinnumarkaði sem væru fjármagnaðar úr ríkissjóði. Kemur fram í greinargerðinni að höfð var hliðsjón af lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum, enda sé um ákveðna hliðstæðu þarna að ræða.

Jafnframt kemur fram í greinargerðinni ákveðinn fræðilegur kafli og útskýringar á hvað liggur að baki þessu frumvarpi sem er í þá veru að á síðari árum hefur þróast tækni til líffæraflutninga. Meðal annars er þar nefnt að sjúkdómar tengdir bilun í hjarta, lifur, lungum og nýrum hafa verið vaxandi heilbrigðisvandamál á Vesturlöndum en jafnframt því sem tæknin hefur leyft slíka líffæraflutninga með öruggari hætti en áður hefur framboð af líffærum ekki að sama skapi aukist. Í tilviki nýrna hafa nýru bæði verið notuð úr lifandi líffæragjöfum og látnum hér á landi en til langs tíma fóru nýrnaflutningar fram erlendis, ýmist í Kaupmannahöfn eða Gautaborg, ef ég man rétt, en líffæraflutningar vegna hjarta og lungna hafa ekki verið gerðir hér á landi. Nýrnaígræðslur hafa verið framkvæmdar hér á landi á Landspítalanum frá 2003. Að meðaltali voru gerðar fimm nýrnaígræðslur á ári en frá þeim tíma hefur þeim fjölgað og frá árinu 2005 til þess tíma er vinnuhópurinn skilaði skýrslu hafði farið fram 31 ígræðsla frá lifandi gjöfum og 11 ígræðslur frá látnum gjöfum, sem sagt 42 ígræðslur á þeim tíma. Í ársbyrjun 2008 voru um 30 einstaklingar á ýmsum stigum undirbúnings fyrir ígræðslu.

Við stöndum frammi fyrir miklum framförum og það þarf í raun og veru ekki að hafa mörg orð um það hve miklu máli það skiptir fyrir fólk að hafa aðgang að líffærum frá hvort heldur lifandi eða látnum gjöfum til að framlengja líf og auka lífsgæði fólks.

Frumvarpið fjallar fyrst og fremst um greiðslur eða réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar til þess að mæta vinnutapi. Má segja, eins og ég sagði áðan, að þetta sé í samræmi við þau réttindi sem aðstandendur langveikra barna eða alvarlega fatlaðra barna hafa og viðmiðanir, bæði lágmörk og hámörk, taka mið af því, jafnframt sem höfð er hliðsjón af réttindum fólks í fæðingarorlofi. Stærsti hluti frumvarpsins fjallar jafnframt um ýmsar takmarkanir, hvaða þættir leiða til frádráttar og hverjir veita þau réttindi sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Mig langaði í lokin að nefna aðeins það sem ég ræddi í

byrjun sem snýr að sjúkrasjóðum. Sjúkrasjóðir verkalýðsfélaga — og þetta kemur nú við mitt hjarta þar sem ég var til langs tíma forustumaður í verkalýðsfélagi, Félagi hjúkrunarfræðinga um tíu ára skeið og sjúkrasjóðir komu m.a. þar til umræðu — hafa starfað þannig á síðustu árum að þeir hafa verið mjög virkir í því að bæta fólki tekjutap eða bæta við réttindi frá opinberum aðilum vegna veikinda. Þeir hafa tekið mörg merkileg skref fram á við en margir þættir sem voru teknir upp í sjúkrasjóðunum hafa síðan færst yfir á hið opinbera. Nefni ég þar m.a. styrki vegna ættleiðinga sem voru teknir upp hjá sjúkrasjóðunum á sínum tíma en hafa síðan verið færðir í löggjöf. Á sama máta voru á ákveðnu tímabili og jafnvel enn þann dag í dag réttindi fólks til fæðingarorlofs, sérstaklega áður en réttur til fæðingarorlofs var samræmdur milli almenna markaðarins og hins opinbera, en þá greiddu sjúkrasjóðirnir ákveðnar greiðslur til mæðra sérstaklega til að bæta þeim tekjutap í fæðingarorlofi. Þessi réttur var síðan uppfærður með lögum um fæðingarorlof sem Sjálfstæðisflokkurinn átti frumkvæði að á sínum tíma, í kringum árið 2000, og var verulega mikil réttarbót. (Gripið fram í.) Ég heyrði ekki hvað hv. þingmaður kallaði fram í en þetta voru mikilvæg réttindi sem bæði konur og karlar fengu í fæðingarorlofi.

Fleiri atriði ætlaði ég ekki að ræða nema kannski aðeins í blálokin vildi ég nefna að það var niðurstaða í nefndinni að gildistaka þessara réttinda yrði um næstu áramót í stað þess að þau tækju gildi strax, m.a. með hliðsjón af því að ekki væri gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009. Talið er að kostnaðurinn við það að hrinda frumvarpinu í framkvæmd að fullu sé um 21,5 millj. og er þá miðað við að flestir sem falla undir skilyrði frumvarpsins nýti sér rétt sinn til greiðslu.

Ég tel að æskilegt hefði verið að þetta tæki strax gildi, ekki síst með hliðsjón af því að núna eru um 30 manns — reyndar í ársbyrjun 2008, ég hef ekki upplýsingar um hve þeir eru margir í dag — sem hafa hafið undirbúning fyrir ígræðslu. Þó að þetta sé ekki há upphæð erum við í þannig stöðu akkúrat núna að við höfum ekki mikið svigrúm til að auka við fjárlögin eða bæta inn fjármagni sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum, enda stöndum við frammi fyrir mun stórtækari niðurskurði en við höfum nokkurn tíma upplifað á síðari árum.

Ég vil að lokum fagna því að þetta frumvarp er fram komið og að sjá fram á að það verði afgreitt fyrir lok vorþings. Ég veit að það mun leiða til ákveðinna réttarbóta fyrir þessa aðila en eins og ég sagði í ræðu minni í morgun er þarna um að ræða einstaklinga sem hafa af mikilli fórnfýsi tekið ákvörðun um að gefa ættingjum eða öðrum annað nýra sitt og jafnvel í einhverjum tilvikum hluta úr lifur með öllum þeim óþægindum sem því fylgir og það væri náttúrlega lágmark að einstaklingarnir biðu ekki skaða af því fjárhagslega.

[23:03]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér erum við að fjalla um mikilvægt mál sem varðar greiðslur til líffæragjafa. Ég hef ekkert út á það mál að setja né í raun ræðu hv. þingmanns í aðalatriðum. En ég hjó eftir því — að vísu skal ég viðurkenna, hæstv. forseti, að það er nú orðið liðið á kvöld og maður er svona við það að sofna hérna í stólnum. En ég hrökk upp við það að hv. þingmaður sagði að Sjálfstæðisflokkurinn hefði átt frumkvæðið að því að hér voru sett lög um fæðingarorlof sem eru mjög róttæk og mikilvæg og hafa vakið athygli víða um heim (**Gripið fram í:** Það er rétt.) sem varða rétt feðra sérstaklega.

Þetta er ekki rétt og mikilvægt fyrir mig að fá hérna tækifæri til að leiðrétta það vegna þess að það var nú Framsóknarflokkurinn sem átti frumkvæðið að þessari löggjöf og í raun var Sjálfstæðisflokkurinn mjög þungur í samstarfi um að setja þessi lög og Samband ungra sjálfstæðismanna ályktaði gegn lögunum. Engu að síður varð þetta nú niðurstaðan og ég held að það sé nokkuð sem við getum verið mjög stolt af.

Þetta vildi ég nú að kæmist hér á framfæri bara til þess að sagan sér rétt skrifuð.

[23:04]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú ekki svo langt liðið á kvöld að maður muni ekki þessa hluti. Ég átti nú meðal annars þátt í þeirri umræðu sem fór fram innan Sjálfstæðisflokksins í þessa veru. Umræða um sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs kviknaði meðal kvenna í Sjálfstæðisflokknum ekkert síst. Auðvitað var mikil umræða í gangi um þetta og ekki voru (**Gripið fram í:** ... voru á móti málinu.) allir sáttir við þessa niðurstöðu. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að ákveðnir aðilar innan flokksins voru ekki sammála þessu. Samt sem áður varð þessi niðurstaða ofan á og það voru konur í Sjálfstæðisflokknum ekki síst sem börðust fyrir því að þetta frumvarp og þessi lög færu í gegn.

Ég er hins vegar alveg tilbúin að gefa Framsóknarflokknum það kredit (Gripið fram í.) að hann var í ríkisstjórn þegar þetta fór í gegn. En ég man það, þar sem þetta var nú á mínu fyrsta kjörtímabili hér á þinginu, að baráttan var löng og hún var ströng. En hún hafðist og það var fyrst og fremst að frumkvæði Sjálfstæðisflokksins sem það ákvæði varð að lögum er varðaði feðraorlof, þ.e. sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs svo ég komi þessu rétt út úr mér.

Á þeim tíma og enn í dag þykir þetta eitt stærsta mál í jafnréttisbaráttu karla og kvenna innan sem utan heimila og það hefur sýnt sig að þetta frumvarp, þessi lög hafa gjörbreytt aðstæðum inni á heimilum meðal fjölskyldna, gefið körlum tækifæri til þess að kynnast börnum sínum með öðrum hætti heldur en áður og bera ábyrgð (Forseti hringir.) á heimilum með öðrum og ábyrgari hætti en áður.

[23:06]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég vil bara halda til haga því sem ég sagði áðan af því ég þekki þessa sögu ákaflega vel og sat í ríkisstjórn. Þar var þetta mál mikið til umfjöllunar og mér er mjög vel kunnugt um það hvernig áherslur lágu milli flokkanna.

En þetta er bara svona eins og gengur og gerist að hv. þingmenn vilja þakka sér góð mál. Þetta er eitt af þessum góðu málum sem allir geta verið stoltir af. Mér er það

minnisstætt að Sjálfstæðisflokkurinn vildi ekki horfa á málið út frá hagsmunum móðurinnar en frekar horfa til annarra þátta. En þetta endaði nú allt saman vel og ég held að við eigum bara vera stolt af því.

[23:07]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að það var í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem þetta mál var leitt til lykta. En frumkvæðið kom frá Sjálfstæðisflokknum. Ég ætla sko ekki að bakka (**Gripið fram í:** Ásta mín, hættu þessu.) með það. Ég held því fram, ég held því statt og stöðugt fram vegna þess að ég tók þátt í þeirri umræðu.

En hins vegar eins og ég sagði hér áðan þá var ekki fullkomin sátt innan flokksins um þetta. Meðal annars var horft í kostnaðinn. En niðurstaðan var þessi og það var sérstaklega sigur kvenna, sjálfstæðiskvenna að þetta mál fór í gegn gagnvart mínum flokki.

Ég endurtek að það voru tveir flokkar í ríkisstjórn á þessum tíma (**Gripið fram í:** Nú var það?) þannig að málið var leitt til lykta í ríkisstjórnarsamstarfi þessara tveggja flokka og þeir mega vera báðir afar stoltir af þessu framtaki.

[23:09]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Við ræðum frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa. Eftir að hafa fjallað um málið í félags- og tryggingamálanefnd meðal annars komu fram tillögur um að breyta titli frumvarpsins og tala um greiðslur eða fjárhagsaðstoð til lifandi líffæragjafa því um það fjallar þetta frumvarp.

Tvennt skiptir hér meginmáli, þ.e. að með þessu frumvarpi er bundið í lög að þeir fórnfúsu aðilar sem tilbúnir eru að gefa öðrum líffæri eða hluta úr líffæri þurfi ekki að bera af því fjárhagslegt tjón á nokkurn hátt.

Lagt er til í þessu frumvarpi að þeim sem séu reiðubúnir í slíka líffæragjöf sé með frumvarpinu tryggð fjárhagsleg aðstoð frá ríkinu. Það skiptir líka máli hæstv. forseti að þetta nær til allra sem starfandi eru á vinnumarkaði. Þetta nær einnig til þeirra sem eru atvinnulausir. Þetta nær og til þeirra sem eru í námi. Þetta nær til allra þeirra sem eru tilbúnir að veita eða gefa líffæri eða hluta úr líffæri öðrum til lífsbjargar.

Það skiptir líka máli, hæstv. forseti, að þetta er fjárhagsleg aðstoð. Þetta er ekki greiðsla fyrir líffæri. Þetta er fjárhagsleg aðstoð fyrir þá sem fara í slíkar aðgerðir þannig að þeir geti staðið straum af eðlilegri framfærslu á meðan á slíku stendur. Það er líka mikilvægt í þessu frumvarpi, hæstv. forseti, að horft er til þess að þrátt fyrir fjárhagslega aðstoð skerðist ekki réttindi líffæragjafa í sjúkrasjóð því það er oft með þeim hætti varðandi þann sem veitir og gefur líffæri að sjálf líffæragjöfin getur tekist vel en eftirkvillar gera vart við sig og þá skiptir máli að líffæragjafinn hafi aðgang að sínum sjúkrasjóði og veikindaleyfi ef til slíkra eftirkvilla kemur. Nefndin bendir á að það skipti máli að það komi skýrt fram hver sé vilji löggjafans hvað það varðar að aðilinn haldi sínum réttindum í sjúkrasjóði þrátt fyrir að fá þessa fjárhagslegu aðstoð og geti ef upp koma, eins ég sagði, eftirkvillar, að þá geti hann átt rétt inn í sinn sjúkrasjóð og nýtt sér þá þann veikindarétt sem hann hefur áunnið sér.

Hins vegar er ástæða til þess að benda á 12. gr., um það að líffæragjafi greiðir að lágmarki 4% af greiðslum samkvæmt 8, 10 og 11. gr. í lífeyrissjóð og ríkissjóður greiðir 8% mótframlag, þ.e. að þetta á ekki við um þá sem eru í A-deild eða B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkis og bæja. Þarf að huga sérstaklega að því þegar umræddur líffæragjafi þiggur slíka fjárhagslega aðstoð svo ekki verði rof á greiðslum hans í þessa sjóði. Það eru dæmi um það í öðrum tilvikum og ber að hafa í huga að það þurfi að gera það með áþekkum hætti.

Frumvarpið er framfaraspor, ekki bara hvað varðar fjárhagsaðstoð til þeirra sem tilbúnir eru að gefa líffæri eða hluta úr líffæri. Þetta er líka að mínu mati, ef svo mætti að orði komast, hugsanleg hvatning fyrir þann sem er reiðubúinn að veita og gefa líffæri þannig að hann þurfi ekki samhliða þeirri fórnfúsu gjöf að verða fyrir fjárhagslegu tjóni. Þetta er kannski ekki hvatning til líffæragjafa. En þetta er að minnsta kosti skref í þá átt að sá sem veitir hina fórnfúsu gjöf beri ekki skarðan hlut frá borði fjárhagslega í það minnsta.

Þess má og geta, hæstv. forseti, um þær greiðslur sem hér eru lagðar til úr ríkissjóði eða fjárhagsaðstoð, að er ekki gert ráð fyrir þeim í núgildandi fjárlögum ársins 2009. Nefndinni þótti ekki, þrátt fyrir að ljóst sé — í það minnsta hvað varðar nýrnasjúklinga — að í heildina verður sparnaður fyrir ríkissjóð ef líffæragjafi er tilbúinn að gefa nýra og fyrir er líffæraþegi. Þá verður sparnaður af hálfu ríkissjóðs miðað við þann kostnað sem felst í því að nýrnasjúklingur þarf að koma á Landspítalann kannski tvisvar til þrisvar í viku vegna sinna sjúkdóma. Engu að síður, hæstv. forseti, taldi nefndin ekki hægt að ganga á svig við fjárlögin og setja gildistökuna fyrr en hér er ákveðið í frumvarpinu þannig að áætlað er að frumvarpið taki gildi 1. janúar 2010 og er því beint til þeirra sem koma að fjárlagagerð fyrir það ár að þeir taki mið af þessu frumvarpi og veiti því þá að sjálfsögðu brautargengi í fjárlögunum 2010. Þá er hægt að skoða og meta hvernig sé hægt að draga úr kostnaði á öðrum sviðum.

Hæstv. forseti. Frumvarp til laga um fjárhagsaðstoð til lifandi líffæragjafa er hér til umræðu. Ég vona að hv. Alþingi taki þessu frumvarpi fagnandi, veiti því brautargengi og styðji þannig við bakið á þeim fórnfúsu aðilum sem eru tilbúnir að gefa líffæri eða hluta úr líffæri til lífsbjargar öðrum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, 2. umr.

Frv. heilbrn., 445. mál (gildistaka greinar um smásölu). — Þskj. 787.

[23:17]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp um breytingu á lyfja-

lögum kemur frá hv. heilbrigðisnefnd og mælt var fyrir því síðustu nótt klukkan 2:08, ef ég man rétt. Ég var þá ekki á staðnum en kannaði í morgun hvort það hefði farið áfram. Frumvarpið er sem sagt flutt af hv. heilbrigðisnefnd og varðar gildistöku 10. gr. laga og frestunin varðar eingöngu smásölu lyfja.

Gildistökunni er varðar smásölu lyfja hefur í tvígang verið frestað, fyrst til 1. janúar 2009, en frumvarp um breytingu á lyfjalögum sem þetta atriði varðar var samþykkt, ef ég man rétt, á vordögum í fyrra, á síðasta degi þingsins, og átti þetta atriði að taka gildi þá um haustið, 1. október, um leið og ný lyfjalög áttu að taka gildi, en þessu ákvæði var frestað fyrst til 1. janúar 2009 og síðan til 1. apríl 2009. Þetta hangir saman við undirbúning á nýju greiðsluþátttökukerfi lyfja sem var ráðgert að kæmi til framkvæmda í síðasta lagi 1. apríl 2009 og hafði verið talið alveg frá byrjun að afnám afsláttar af lyfjum í smásölu héldist í hendur við innleiðingu hins nýja greiðsluþátttökukerfis. En nú er ljóst að þetta kerfi mun ekki taka gildi 1. apríl nk. og því er lagt til að gildistökunni verði frestað til áramóta svo svigrúm skapist til að ljúka vinnu við nýtt greiðsluþátttökukerfi.

Nýtt greiðsluþátttökukerfi almennings vegna heilbrigðisþjónustu átti sem sagt að taka gildi síðasta haust en vinnan tafðist við það. Síðan tók við ný ríkisstjórn 1. febrúar sl. og hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa oftar en einu sinni innt nýjan heilbrigðisráðherra, Ögmund Jónasson, eftir því hvenær þetta nýja greiðsluþátttökukerfi eigi að taka gildi en fátt hefur verið um svör. Er það miður vegna þess að ljóst er að það greiðsluþátttökukerfi sem við búum við í dag er óréttlátt og mikil þörf er á endurskoðun á því. Fram fór töluvert mikil vinna í nefnd, sem var undir formennsku hv. þm. Péturs H. Blöndals, til þess að koma nýju greiðsluþátttökukerfi í gagnið og er mjög miður að það hafi ekki tekist.

Núverandi kerfi greiðsluþátttöku er mjög flókið og tekur til ýmissa þátta. Sjúklingar greiða gjöld vegna heilbrigðisþjónustu mjög víða, m.a. á sjúkrahúsum, á bráðamóttökum, einnig vegna rannsókna, röntgenrannsókna, þeir borga inn á dagdeildir, göngudeildir, þeir borga ferliverk, þ.e. þeir greiða fyrir aðgerðir á sjúkrahúsum sem eru gerðar án innlagnar sem þeir að öðrum kosti hefðu ekki greitt hefði um innlögn verið að ræða.

Sjúklingar greiða jafnframt fyrir heilsugæslu, bæði móttökugjald og rannsóknir, þeir greiða fyrir læknisvottorð, þeir greiða fyrir lyf samkvæmt ákveðnum reglum háð tegundum sjúkdóma, tekjum og stöðu, og þeir greiða fyrir sérfræðiþjónustu utan spítala, fyrir tannlæknaþjónustu og fyrir sjúkrabíla. Það er því víða borið niður. Þessum kostnaði er náttúrlega safnað saman og sjúkratryggingar gefa út afsláttarkort sem gerir það að verkum að viðkomandi greiðir þá lægri upphæð en ella með ákveðnu hámarki, en það breytir því ekki að sumir og sérstaklega langveikir virðast stundum greiða býsna mikið.

Samt sem áður er það svo að greiðsluþátttaka sjúklinga hér á landi er með því lægsta meðal OECD-ríkja þegar á heildina er litið. Þannig er að á bilinu 16–18% kostnaðar við heilbrigðisþjónustu kemur beint úr vasa einstaklinga eða heimilanna en rúmlega 80% er greitt úr ríkissjóði. Hlutur heimilanna er lægri en almennt gengur og gerist innan OECD-ríkja en að sama skapi er heilbrigðiskostnaður hér á landi með því hæsta sem gerist í heiminum. En almennt séð hefur okkur tekist að halda kostnaði heimilanna niðri en það breytir því ekki að kostnaður heimilanna vegna lyfja hefur aukist verulega á síðustu árum, sem m.a. má sjá af því að á árinu 2004 borguðu heimilin um 40% af lyfjakostnaði en hið opinbera borgaði um 60% af heildarkostnaði lyfja. Á árinu 2007 var heildarlyfjakostnaður um 16 milljarðar kr. en þar af var hluti Tryggingastofnunar um 7 milljarðar. Ef marka má þessar tölur virðist það hafa snúist við, þ.e. að á árinu 2004 borguðu einstaklingar eða heimilin um 40% af lyfjakostnaði en á árinu 2007 var lyfjakostnaður heimilanna nær 60%.

Nú er ég ekki með sambærilegar opinberar tölur nema frá árinu 2004 en ég dreg þá ályktun af opinberum tölum um heildarlyfjakostnað sem hægt er að finna í upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins þar sem, eins og ég sagði, kostnaður vegna lyfja, heildarlyfjakostnaður var 16 milljarðar en Tryggingastofnun þar af með 7 milljarða. Með grófum reikningi má segja að þetta sé rétt en þó með þeim fyrirvara að ég hef ekki séð þær tölur settar fram með þessum hætti öðruvísi en að ég set þetta fram hér sjálf með því að horfa á þessar tölur. Því er ljóst að taka þarf sérstaklega á kostnaði heimilanna vegna lyfjamála. Í því greiðsluþátttökukerfi sem átti að taka gildi núna 1. apríl, en hefur verið lagt til hliðar af núverandi heilbrigðisráðherra, er það óbreytt að verulegt ójafnræði er hjá heimilum vegna kostnaðar við heilbrigðisþjónustu.

Í gögnum sem ég hef fengið frá hv. þm. Pétri Blöndal þar sem gögnum var safnað saman frá öllum heimilum landsins um kostnað við heilbrigðisþjónustu utan tannlæknakostnaðar kemur fram — talað er um að milli 40–50 þúsund fjölskyldur séu í landinu — að 11.500 fjölskyldur hafi greitt meira en 100 þús. kr. á árinu 2007 vegna heilbrigðisþjónustu og þá er tannlæknakostnaður undanskilinn, en inni í þessu er lyfjakostnaður. Um þúsund fjölskyldur hafa greitt meira en 200 þús. kr., 500 fjölskyldur hafa greitt meira en 250 þús. kr., 100 fjölskyldur hafa greitt meira en 340 þús. kr., 20 fjölskyldur hafa greitt meira en 480 þús. kr., og fimm fjölskyldur meira 760 þús. kr. Því er ljóst að það greiðsluþátttökukerfi sem við búum við núna þarfnast endurskoðunar og meðan þeirri vinnu er ekki lokið og ákvarðanir teknar í kjölfarið á því verður þetta ójafnræði áfram í kostnaði fjölskyldna í landinu vegna heilbrigðisþjónustu.

Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Pétur H. Blöndal muni koma hér fram á eftir með sína ræðu og ræða frekar um nýtt greiðslukerfi, en eitt af því sem því er ætlað að gera er að einfalda kerfið. Eins og ég nefndi áðan er það mjög flókið og víða er mjög mismunandi greitt fyrir meðferð og rannsóknir innan kerfisins. Þá á ég sérstaklega við að á sjúkrahúsum, ef sjúklingur er lagður inn, borgar hann ekki fyrir meðferðina en ef hann er ekki lagður inn getur hann þurft að greiða allt að 25 þús. kr.

Það er líka mikilvægt markmið að hindra sóun í kerfinu en ljóst er að töluverð sóun er í heilbrigðiskerfinu, m.a. varðandi lyfjamál. Þannig vill til að ég hélt í haust erindi á morgunverðarfundi Rannsóknarstofnunar um lyfjamál þar

sem m.a. var verið að velta fyrir sér hvort nýta mætti betur skattfé til lyfjamála. Ég talaði m.a. um að greiðsluþátttökukerfið getur haft áhrif á söun lyfja en eins og kom ... (Forseti hringir.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér hljóð, ég hélt að hann ætlaði að stoppa mig, en þakka honum fyrir, ég hélt að ég væri kannski að tala við sjálfa mig og þakka hv. þingmönnum fyrir að gefa mér hljóð.

Ljóst er að það greiðsluþátttökukerfi sem var við lýði vegna lyfjakostnaðar stuðlaði að ákveðinni söun, þ.e. í gangi voru afsláttarkjör til sjúklinga, afsláttarkjör sem leiddu til þess að eftir því sem sjúklingurinn fékk stærri skammt afgreiddan því minna þurfti hann að greiða. Það var því ákveðin söun þarna í gangi og vissulega hægt að spara eitthvað af þeim 16 milljörðum sem fóru á árinu 2007 til lyfjamála. Ég vil nefna að lyfjakostnaður Tryggingastofnunar ríkisins á árinu 2008 var 9,3 milljarðar og samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2009 er hann tæpir 10 milljarðar. Því er mjög líklegt að ef haldið yrði sama hlutfalli milli heimilanna og ríkisins færi lyfjakostnaður landsmanna hátt yfir 20 milljarða á þessu ári. Það eru gríðarlegar upphæðir. Það sem einnig er ákveðið áhyggjuefni er að neysla lyfja, sérstaklega geðlyfja, hefur aukist verulega, hún hefur aukist jafnt og þétt. Við hljótum því að spyrja okkur hvort ákveðin oftrú sé á gagnsemi lyfja, hvort ákveðin sókn sé í lyf. Þó að greiðsluþátttaka almennings vegna lyfjakaupa hafi aukist á undanförnum árum hefur hún ekki náð að hemja aukna neyslu í lyfjum.

Með þessu er ég ekki að draga í efa gildi lyfja, öðru nær, en við hljótum að horfa á t.d. aukna neyslu á geðlyfjum, þar eru önnur ráð til sem geta ekki síður verið virk og krefjast ekki inngripa með lyfjum, þá á ég m.a. við sálfræðilega hjálp. Við þurfum að átta okkur á að lyfjakostnaður er mikill og lyf eru ekki í öllum tilvikum lausn á vanda.

Á síðustu árum höfum við jafnframt gert breytingar á lyfjalögum sem gerir það að verkum að betur er hægt að fylgjast með lyfjaávísunum lækna, bæði með lyfjagagnagrunni og með auknu eftirliti landlæknis. Í vetur spurði ég hæstv. heilbrigðisráðherra um notkun á lyfjagagnagrunninum og hvernig hann hefði gagnast. Kom í ljós að lyfjagagnagrunnurinn felur í sér slíkar upplýsingar að það hefur leitt til aukins eftirlits landlæknis með lyfjaávísunum lækna og þar liggja jafnframt upplýsingar sem læknar hafi aðgang að og geti þá metið hegðun sína varðandi lyfjaávísanir við lyfjaávísanahegðun annarra lækna og það í sjálfu sér hefur ákveðið gildi.

Einnig var á síðasta hausti tekin ákvörðun um það með breytingu á lyfjalögum að setja bindandi lyfjalista hjá heilbrigðisstofnunum sem getur stuðlað að betri nýtingu lyfja og minni útskiptingu á lyfjum. Það hefur því ýmislegt verið gert á síðustu missirum til að hemja þróun í aukinni lyfjanotkun og auknum lyfjakostnaði. En einn sá þáttur sem ég hef sérstaklega lagt mig eftir að skoða er meðferðarheldni, þ.e. hvernig hægt er að auka líkur á að sjúklingar nýti lyfin rétt. Það hefur m.a. verið metið að aðgerðir til að auka líkur á að sjúklingurinn taki rétt lyf á réttum tíma og samkvæmt þeim ábendingum sem gefnar eru til að sporna við einkennum sjúkdóma eða við sjúkdómnum sjálfum, hafa meiri áhrif á lýðheilsu en nokkur nýjung í sértækri læknisfræðilegri meðferð. Þetta var niðurstaða Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar á árinu 2003. Með þeim upplýsingum sem ég hef yfir að ráða kemur fram að á bilinu 30–50% sjúklinga, sem eru t.d. með háþrýsting, nota lyfin rétt.

Fyrrnefnd ræða mín um breytingu á lyfjalögum varðandi frestun á ákvæði um bann á afsláttum í smásölu lyfja varð tilefni þess að ég taldi ástæðu til að ræða um lyfjamál á hinu háa Alþingi og leggja áherslu á að skoða þarf með meiri alvöru en núverandi heilbrigðisráðherra gerir nýtt greiðsluþátttökukerfi sjúklinga, því að það hefur sýnt sig að það kerfi sem nú er við lýði veldur því að ákveðnir hópar sjúklinga, ekki síst þeir sem eru langveikir, greiða margir hverjir óhemjumikinn kostnað vegna heilbrigðisþjónustu og er þá ekki tannlæknakostnaður meðtalinn. Ég hvet því hæstv. heilbrigðisráðherra til þess að taka upp þær hugmyndir sem voru í smíðum undir forustu hv. þm. Péturs H. Blöndals til að koma á réttlátara og einfaldara greiðsluþátttökukerfi þar sem m.a. lyf eru hluti af slíku kerfi.

[23:37]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegur forseti. Við erum hér að ræða frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, eins og fram hefur komið og hv. þm. Ásta Möller fór ágætlega yfir. Hv. þm. Ásta Möller fór hér mikið yfir það sem rétt er að ástæðan fyrir því að menn fresta þessu er sú að núverandi ríkisstjórn og núverandi ráðherra treystu sér ekki til að klára það verk sem hafið var, hið mikla réttlætismál sem unnið var undir forustu hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem var formaður þeirrar nefndar en varaformaður var hæstv. núverandi félagsmálaráðherra, og miðaði einfaldlega að því að gera greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu réttlátari en nú er.

Hvað þýðir það? Nálgunin var einfaldlega sú að þeir sem þurfa mikið á þjónustunni að halda greiddu minna á meðan þeir sem þurfa endrum og sinnum á þjónustu að halda greiddu meira. Það er þessi einfalda hugmyndafræði sem menn lögðu af stað með og voru að vinna úr og það er auðvitað mikill skaði, virðulegi forseti, afskaplega mikill skaði að þessar hugmyndir hafi verið lagðar á hilluna og ekki sé verið að vinna í þessu mikla réttlætismáli. Það þýðir bara að það fólk sem þarf mikið á þjónustunni að halda getur lent í því núna, eins og hv. þm. Ásta Möller fór ágætlega yfir, að þurfa að greiða mjög mikið fyrir þjónustuna.

Það eru fleiri þættir í þessu, þetta er ein af þeim aðgerðum sem nú er verið að fresta sem tengist aðgerðum sem voru gerðar á lyfjamarkaðnum í tíð minni sem ráðherra og hafa haft þau áhrif að lyfjakostnaður hér á Íslandi hefur lækkað gríðarlega. Allar úttektir sem gerðar hafa verið hafa sýnt fram á að hlutfall frumheitalyfja í lyfjanotkun landsmanna sé miklu hærra en annars staðar á kostnað samheitalyfja, sem hefur leitt af sér að hér hefur verið mun hærra verð og lítil samkeppni, lokaður markaður og lyfjaverð hefur verið mun hærra en það sem gengur og gerist í öðrum löndum. *Í tíð minni sem ráðherra ákvað ég að ganga í það* verk að ná fram lækkun á lyfjakostnaði, bæði fyrir ríkið, sem greiðir stærsta hluta kostnaðarins, og líka fyrir þá sem þurfa á lyfjunum að halda.

Þetta gekk mjög vel og þær aðgerðir, sem gengið var í á síðasta ári, skiluðu sér í sem svarar eins og hálfs milljarðs

kr. lækkun á lyfjakostnaði bara á því ári og sá kostnaður mun halda áfram að lækka núna. Stærsta einstaka ákvörðunin sem leiddi af sér lækkun lyfjaverðs, þó að farið væri í mjög margar, — raunar fórum við í allar þær aðgerðir sem við töldum að væru nauðsynlegar og líklegar til að lækka lyfjaverð og ætla ég ekki að fara yfir þær allar núna, virðulegi forseti, heldur einbeita mér frekar að því sem snýr að þessu máli — er að við afnámum svokallaða afslætti í heildsölu og í rauninni smásölu líka, sem við erum að fara að fresta núna. Hvað þýðir það? Það þýðir að við gerðum lyfjaverð gegnsærra og markaðinn opnari.

Einhver kynni að spyrja. Hvernig í ósköpunum er það gert með því afnema afslætti eða heimila ekki afslætti af lyfjaverði i heildsölu? Þá er skemmst frá því að segja að markaðurinn á Íslandi er þannig og það hefur komið fram í úttekt samkeppnisyfirvalda að tveir stórir aðilar eru með 70–80% af markaðnum. Það er augljóst að þeir heildsalar sem ætluðu að koma vörum sínum á markað þurftu að veita þessum aðilum meiri afslætti en smærri aðilum sem kepptu við þá og sú var reyndin. Afslættirnir skiluðu sér ekki til neytenda en með því að breyta þessu á þann veg að veita þyrfti sama verð til allra aðila jókst í raun verðsamkeppnin og kostnaður lækkaði. Það er stærsta einstaka ástæðan fyrir því að kostnaður lækkaði um einn og hálfan milljarð.

Þetta var ekki hugmynd sem sérfræðingar ráðuneytisins og þeir sérfræðingar sem kallaðir voru til til að vinna þetta komust að upp á eigið einsdæmi, þetta er eitthvað sem stærri þjóðir gerðu líka, bæði Þjóðverjar og Danir, og alltaf með sama árangri, þ.e. að lyfjaverð lækkaði.

Ástæðan fyrir því að ég tek þetta hér upp, þó að málið fjalli ekki um afslætti í heildsölu heldur afslætti í smásölu, er sú að einn ágætur hagsmunaaðili sendi tölvupóst til allra þingmanna þar sem hann fór fram á það að ákvæðinu sem heimilaði ekki afslætti í heildsölu yrði frestað. Ef einhver þingmaður skyldi fá þá hugmynd að þetta væri eitthvað sem ætti að gera, þ.e. að taka þetta út líka, þá er það bein ávísun á hækkað lyfjaverð. Þó að mjög margt gott hafi verið gert í lyfjaverðsmálum í tíð minni sem ráðherra í síðustu ríkisstjórn, þá er þetta það sem án nokkurs vafa hafði mestu áhrifin.

Þetta er hins vegar, eins og ég nefndi, bara einn liður í því að lækka verð og það er málefnalegt og eðlilegt að bíða með að afnema afslætti í smásölunni, eins og við erum að gera hér, og ástæðan er sú að við höfum kannski ekki jafnmikla vissu og við viljum hafa fyrir því að slík aðgerð mundi skila sér til neytenda og erfitt væri að leiðrétta það ef einhver brotalöm yrði á því þegar þing er ekki starfandi því að við viljum ekki skapa neinn óróa eða valda því fólki sem þarf á lyfjum að halda því að það mundi hugsanlega ekki njóta jafnhagstæðs verðs á einhverjum lyfjum og mögulegt er.

Þess vegna er alveg málefnalegt og eðlilegt og við sjálfstæðismenn tökum þátt í því að fresta gildistöku þessara laga fram á 1. janúar 2010. Það er mjög mikilvægt að það verk sem unnið hefur verið að baki brotnu undir forustu hv. þm. Péturs H. Blöndals verði klárað. Þar var ekki ekki bara verið að taka lyfjamálin heldur voru menn að taka allan kostnað heilbrigðisþjónustunnar, vegna þess að ef fólk verður veikt og langveikt þarf það á margvíslegri þjónustu að halda. Það breytir engu, virðulegi forseti, hvað kostnaðurinn heitir. Aðalatriðið er að ef fólk er langveikt þarf það að leggja út fjármuni og þess vegna var lagt af stað í þá vinnu að jafna kostnaðinn þannig að þeir sem þurfa mest á þjónustunni að halda greiði eins lítið og mögulegt er og að þak sé á slíku alveg sama hver kostnaðurinn er og hvort hann er í tengslum við sjúkrahús, eða í tengslum við heilsugæslu, sérfræðinga eða lyfjameðferð.

Það er afskaplega slæmt að eitt af því fyrsta sem núverandi heilbrigðisráðherra gerði var að leggja þessi áform á hilluna. Það gerir það að verkum, virðulegur forseti, eins og ég nefndi hér áðan, að það fólk sem þarf mest á þjónustunni að halda er enn og aftur í þeirri stöðu að þurfa hugsanlega að greiða verulegar fjárhæðir fyrir læknis- og lyfjaþjónustu. Það eru engin málefnaleg rök fyrir því að hafa frestað þessu, nákvæmlega engin.

Ég hef heyrt, hæstv. ráðherra — því miður er enginn úr stjórnarliðinu hér til að ræða þessi mál og skiptast á skoðunum við okkur og því þurfum við bara að tala til þjóðarinnar í þessu máli og það er mjög mikilvægt að skilaboð okkar komist áleiðis — en ég held að ég fari alveg rétt með þegar ég túlka sjónarmið hæstv. ráðherra, að hann segir að málið hafi ekki verið komið nógu langt og umræðan í nefndinni hafi ekki verið í nógu góðum farvegi. Gefum okkur það, umræðunnar vegna að það sé rétt, að einhverra hluta vegna hafi vinnan í nefndinni verið þess eðlis að hún hafi ekki verið komin nógu langt eða segjum bara að hún hafi verið komin í öngstræti. Þá hefur hæstv. ráðherra alla möguleika á að gera þær mannabreytingar á nefndinni sem þarf eða gera allt til þess að rétta þann kúrs, ef hæstv. ráðherra trúir því að það hafi verið meinið. Það var ekki gert, virðulegi forseti. Það sem var gert var — og hér er hv. þm. Pétur H. Blöndal og hann leiðréttir mig bara úr sæti ef ég hef rangt fyrir mér — að nefndin var lögð niður. (**PHB:** Nefndin var beðin um að skila.) Hv. þingmaður kallar hér fram að nefndin hafi verið beðin að skila, væntanlega einhverri áfangaskýrslu því það átti ekki að gera neitt með niðurstöðuna.

Það er svolítið sérstakt þegar vinstri stjórn, sem kennir sig við fögur og háleit markmið, og ég held að flestir fái þá tilfinningu þegar þeir hlusta á vinstri menn tala að þeir beri fyrst og fremst umhyggju fyrir þeim sem minnst mega sín. Ég held að það sé óhætt að halda því fram að þannig tali vinstri menn. Hér er akkúrat dæmi um það að það er fyrst og fremst tal. Hvað er hægt að finna meira, hvaða mál er þess eðlis að það snerti meira þá einstaklinga sem minnst mega sín en nákvæmlega þetta mál? Virðulegur forseti. Ég á mjög erfitt með að átta mig á því.

Hér er einfaldlega um það að ræða að unnið hefur verið að í marga, marga mánuði og miklu hefur verið til kostað til að lækka kostnað á þeim sem þurfa mest á heilbrigðisþjónustu að halda að færa þann kostnað sem á að greiðast af kerfinu í auknum mæli yfir til þeirra sem þurfa endrum og eins á því að halda. Nei, virðulegi forseti, nefndinni sem hafði unnið þetta í langan tíma, kallað til fjölda sérfræðinga, aflað mikilla upplýsinga, var gert bara að skila áliti og hún send heim og engar áætlanir um að neitt yrði gert í þessa veru.

Að vísu, virðulegur forseti, heyrði ég einhvers staðar í

yfirlýsingu ráðherra að það sem ætti að taka sérstaklega út væru lyfjamálin og það ætti að koma með kerfi sem átti að taka gildi 1. apríl sem átti bara að vera fyrir lyfjamálin. Hér er náttúrlega enginn til svara af stjórnarliðinu, hér erum bara við sem erum í stjórnarandstöðunni en enginn af þeim aðilum sem styðja þessa minnihlutastjórn er hér til svara. En eftir því sem ég best veit bólar ekkert á (**GMJ:** Forseti styður ríkisstjórnina.) neinni kerfisbreytingu varðandi endurgreiðslu fyrir lyf.

Hv. þm. Grétar Mar Jónsson kallaði hér fram að forseti styðji ríkisstjórnina. Virðulegi forseti. Það hefur ekkert komið fram í umræðunni í kvöld sem bendir til þess og því skulum við bara leyfa virðulegum forseta að njóta vafans. Sem betur fer gerist það stundum að hv. þingmenn þroskast frá villu síns vegar og sjá að sér og nú er kominn nokkur flótti í þingmenn Samfylkingarinnar — já, það er best í umræðunni um lyfjamál, virðulegur forseti, að detta ekki alveg inn í þetta. En ég hef alveg ágæta trú á því að einn daginn muni virðulegur forseti sjá að sér hvað þetta varðar. Hvort það verður í kvöld eða núna næstu daga hef ég ekki hugmynd um, en virðulegur forseti og hv. þm. Einar Már Sigurðarson er svo skynsamur maður að það eru mjög miklar líkur á því að hann verði ekki alla tíð í Samfylkingunni.

Hér erum við hins (Gripið fram í.) vegar að ræða lyfjamálin. (Gripið fram í.) Hv. þm. Grétar Mar Jónsson, fyrrverandi varaþingmaður fyrir Alþýðuflokkinn segir að ekki fari virðulegur forseti í íhaldið og er þá að vísa í gamalt nafn á Sjálfstæðisflokknum eða sem sagt fyrirrennara hans en Sjálfstæðisflokkurinn er sameinaður úr tveim flokknum, Íhaldsflokknum og Frjálslynda flokknum, og það voru þá tveir hægri flokkar. Nú eru líka tveir hægri flokkar, Sjálfstæðisflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn, og úr því að hv. þm. Grétar Mar Jónsson gat ratað frá Jafnaðarmannaflokki Íslands yfir í Frjálslynda flokkinn er ekkert útilokað í þessum heimi. Hann getur kannski í umræðu einhvern tíma útskýrt það fyrir okkur af hverju hann fór frá vinstri til hægri en ég veit ekki hvort það gerist núna í umræðunni um lyfjalögin.

Það er hins vegar athyglisvert og kannski var það ástæðan, að hv. þm. Grétar Mar Jónsson sá þegar hann var að vinna með vinstri mönnum að hér voru menn kannski fyrst og fremst frekar að tala um, eins og hér, að bæta hag þeirra sem minna mega sín en þegar kom til efndanna var minna um þær, eins og þetta mál er gott dæmi um.

Við sjálfstæðismenn styðjum hins vegar þessa breytingu vegna þess að við teljum að það sé skynsamlegt að klára þetta verk sem var unnið undir forustu hv. þm. Péturs Blöndals og undir varaformennsku núverandi hæstv. félagsmálaráðherra, Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Ég verð að viðurkenna, svo að maður beri nú blak af fyrrverandi samstarfsflokki, að ég varð ekki var við annað en að mikill áhugi væri innan Samfylkingarinnar á að klára þessa kerfisbreytingu, þetta mikla réttlætismál. Hins vegar tóku Vinstri grænir sig til og sneru Samfylkinguna augljóslega niður í þessu máli og Samfylkingin þurfti bara að lúta í gras hvað þetta mál varðaði og sömuleiðis varðandi ýmis önnur mál eins og Evrópumálin og ýmislegt annað. Það er bara svo að Samfylkingin játaði sig sigraða. Ég veit ekki til þess að frá samfylkingarþingmönnum hafi heyrst eitt einasta orð um þetta mál, en þeir töluðu mikið og héldu langar ræður um mikilvægi þess að þessu kerfi yrði breytt, bæði í þingsölum og annars staðar.

Fyrir þann sem horfir á þetta úr fjarska, ég held að viðkomandi aðili geti ekki komist að neinni annarri niðurstöðu en að Samfylkingin hafi verið mjög sátt við að þessu hafi öllu verið stungið undir stól og að allri þeirri vinnu sem lögð var í þetta og var komin á það stig að hægt var að fara að klára málið, hafi verið stungið ofan í skúffu í ráðuneytinu. Og það er fullt af slíkum málum í skúffum í ráðuneytinu. Ég leit á það sem mitt hlutverk að taka þetta úr skúffunum og koma til framkvæmda en hér er ekki um slíkt að ræða og þess vegna erum við að ræða þetta mál.

Við höfum náð gríðarlegum árangri í lyfjamálunum, við höfum náð gríðarlegum árangri þegar kemur að kostnaðinum og það var gert í tíð síðustu ríkisstjórnar. Núna erum við hins vegar að fresta máli, eins og ég nefndi, vegna þess að núverandi ríkisstjórn ákvað að láta þetta mikla réttlætismál bara bíða, í besta falli. Ég er ansi hræddur um, miðað við hvernig hæstv. heilbrigðisráðherra hefur talað að það verði miklu meira en að bíða, þetta gangi út á það að láta málið deyja og eru það slæmar fréttir, virðulegur forseti, fyrir þá sem þurfa mest á þjónustunni að halda og bera núna gríðarlega mikinn kostnað.

Virðulegi forseti. Það eru ekki margir viðstaddir til að taka þátt í umræðu um þetta hér í kvöld en það breytir ekki eðli málsins.

[23:57]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að leiðrétta hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson, ég var aldrei varaþingmaður hjá Alþýðuflokknum en ég hætti í Alþýðuflokknum út af óréttlátu fiskveiðistjórnarkerfi sem Alþýðuflokkurinn treysti sér til að styðja og Samfylkingin hefur stutt að stærstum hluta. Með Sjálfstæðisflokknum í ríkisstjórn í 18 eða 19 mánuði hefur Samfylkingin stutt óréttlátt fiskveiðistjórnarkerfi sem er að mínu mati ekki boðlegt.

Ef hann vill vita hvar ég flokkast í pólitík er ég kannski fyrst og fremst lýðræðissinni og mannréttindasinni og kannski hægri jafnaðarmaður í þeim skilningi en það vantar jafnaðarmenn á Alþingi Íslendinga. Jafnaðarmannaflokkur, sem þykist vera jafnaðarmannaflokkur en tekur þátt í því að brjóta mannréttindi á fólki, eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert, og virðir ekki mannréttindanefndarálit Sameinuðu þjóðanna, það er auðvitað mjög alvarlegt mál. Það eru ekki bara Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur sem hafa gert það, Samfylking og Vinstri grænir treysta sér heldur ekki til þess að virða mannréttindi og reyna að koma sér undan því.

Það er dálítið gaman að því í þessari umræðu í kvöld að það eru nánast engir frá stjórnarflokkunum í salnum — inn kemur hæstv. forseti þingsins. (Gripið fram í.) Á eftir munum við ræða sjávarútvegsmál og við horfum upp á að eins og er eru fjórir þingmenn í salnum.

[23:59]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá fengum við upplýsingar frá hv. þm.

Grétari Mar Jónssyni um hvar hann stendur í pólitík og ef ég skil hv. þingmann rétt er hann hægri krati, jafnaðarmaður. Hann upplýsti líka — og hér erum við að tala um innanbúðarmann úr vinstri flokkunum — að það væru ekki lengur neinir jafnaðarmenn á þingi, í það minnsta ekki fyrir Samfylkinguna og Vinstri græna og það er auðvitað athyglisvert að heyra það.

Sjálfstæðisflokkurinn er enginn jafnaðarmannaflokkur og hefur aldrei verið. Hann byggir á tvennu, hann byggir á því að við teljum að hér búi ein þjóð í einu landi og við teljum að hagsmunir þjóðarinnar fari saman, undir kjörorðinu „stétt með stétt". Þarna erum við í grundvallaratriðum ósammála þeim aðilum sem hafa talað fyrir sósíalisma eða jafnaðarstefnu og sömuleiðis er okkar stefna byggð á kristnu siðferði þar sem segir einfaldlega að okkur er ekki sama um okkar minnstu meðborgara. Á sama hátt erum við fylgjandi frelsinu og því frelsi fylgir ábyrgð og það er kannski eitthvað sem nokkuð hefur skort á á undanförnum árum og er eitthvað sem þarf að laga. Hins vegar er frelsi ekki bara forsenda framfara, það er líka forsenda lífshamingju og fyrir því berjumst við.

Mér þykir athyglisvert að heyra fyrrverandi forustumann í Alþýðuflokknum, ég held að ég megi fullyrða það, í það minnsta vissi ég að hv. þm. Grétar Mar Jónsson væri alþýðuflokksmaður án þess að hafa nokkurn tíma séð það félagatal. (Forseti hringir.) fullyrða að það séu engir jafnaðarmenn í vinstri flokkunum á þinginu í dag.

[00:01]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. „Stétt með stétt" eru einhver mestu öfugmæli í Íslandssögunni, að horfa upp á sjálfstæðismenn halda því fram að það sé stétt með stétt. Við skulum fara í grunnatvinnuvegi þjóðarinnar, annars vegar sjávarútveg með kvótakerfi og leiguliða, hins vegar landbúnað með kvótakerfi og leiguliða. Þetta er stétt með stétt eins og Sjálfstæðisflokkurinn túlkar það. Þeir kenna sig við markaðslögmál og segjast vilja frelsi markaðarins. Hvar er það þegar kemur að sölu á fiski eða sölu á landbúnaðarafurðum? Er þar eitthvert frelsi eða eru markaðslögmálin látin ráða þar? Hvernig er með leigu á veiðiheimildum sem er leyfileg? Þar eru það aðalhagsmunaaðilarnir, sægreifarnir, sem hafa hana á sinni hendi og geta nánast ákveðið hvaða verð er í gangi. Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki kennt sig við þetta og haldið því fram að það sé stétt með stétt. Það er rangt af þeim að gera það því að raunveruleikinn er ekki þannig. Frelsi til athafna og gjörða í grunnatvinnugreinum þjóðarinnar, bæði sjávarútvegi og landbúnaði, er ekki til staðar. Það er sorglegt þegar þingmenn reyna að halda svona hlutum fram og segja fólki raunverulega að svart sé hvítt. Það er með ólíkindum hvernig menn bera hlutina fram og ég segi bara enn og aftur af þessu tilefni að það er langur vegur frá því að sjálfstæðismenn geti sagt þetta, stétt með stétt, það er algjörlega úti á túni.

Fjórflokkurinn opinberar sig með þeim hætti hérna þessa dagana, hann er (Forseti hringir.) ekki lýðræðis- og mannréttindasinnaður.

[00:04]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg útilokað að halda því fram að sjálfstæðismenn hafi ekki í gegnum tíðina borið hagsmuni allra stétta fyrir brjósti. (**GMJ:** Eigum við ...?) Virðulegi forseti. Ég endurtek, vegna þess að hv. þingmaður greip fram í fyrir mér, að sjálfstæðismenn hafa ávallt borið hag allra stétta fyrir brjósti, ávallt. Hér vísar hv. þingmaður í ákveðna útfærslu á fiskveiðistjórnarkerfinu. Fiskveiðistjórnarkerfið á það sameiginlegt með lýðræðinu og ýmsu öðru að þetta er algerlega meingallað kerfi. (**GMS:** Er lýðræðið gallað?) Hv. þingmaður, lýðræðið er mjög gallað. Winston Churchill nefndi þetta ágætlega, lýsti þessu þannig að lýðræðið væri gallaðasta kerfi sem mannskepnan hefði fundið upp, ef undan væru skilin öll hin. Nákvæmlega það sama á við um fiskveiðistjórnarkerfið, það sem vantar er hins vegar annar og betri valkostur. Ég er hins vegar sammála hv. þingmanni varðandi leiguna, það eitt og sér er afskaplega gallað og mér finnst virkilega koma til greina að taka á því þótt væri ekki annað því að ég held að sá þáttur kerfisins sem er í gangi núna kalli bæði á sóun og óréttlæti. (Gripið fram í.)

Virðulegur forseti. Þetta er nokkuð sem ég hef margoft haldið fram á þingi og í sjávarútvegsnefnd þingsins þannig að það er ekkert nýtt í því og ég veit að þetta á mjög vel við í umræðum um lyfjamál.

Varðandi landbúnaðarkerfið held ég að fáir flokkar hafi haldið uppi eins mikilli gagnrýni á landbúnaðarkerfið og sjálfstæðismenn. Enn og aftur vek ég athygli á því að fyrrverandi forustumaður (Forseti hringir.) úr Alþýðuflokknum nefnir að hér eru engir jafnaðarmenn lengur í vinstri flokkunum á Íslandi, virðulegur forseti.

[00:06]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum lítið mál. Reyndar vil ég benda herra forseta á að klukkan er komin fram yfir miðnætti og við gætum farið að velta vöngum yfir því hvort ástæða sé til að halda umræðunni mikið lengur áfram.

Ég ætla að tala um þetta frumvarp sem lætur lítið yfir sér og felst eiginlega í því að fresta gildistöku ákveðins ákvæðis til 1. janúar 2010. Á bak við þetta eru hugmyndir um nýja greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðisþjónustunni þannig að í raun og veru sé verið að fresta þeirri hugsun þannig að það megi taka hana upp seinna.

Ef ég á að fara í gegnum það mál allt saman skipaði hæstv. fyrrverandi heilbrigðisráðherra nefnd fyrir einu og hálfu ári, haustið 2007, og fól henni að breyta greiðsluþátttöku almennings í lyfjum og almennt í heilbrigðiskerfinu. Nefndin tók til starfa og ég hafði þá hugmynd að líta á heilbrigðiskerfið frá sjónarhorni notandans í heild sinni. Það er hann sem lendir í áföllum eða greiðslum á meðan núverandi kerfi horfir á heilbrigðiskerfið og þátttöku þess eftir ýmsum sjónarmiðum, m.a. sjónarmiðum sjúkdóms. Sumir sjúklingar með ákveðna sjúkdóma borga ekki neitt eða lítið, t.d. krabbameinssjúklingar, en aðrir borga mikið, t.d. gigtarsjúklingar og hjartasjúklingar. Þá er líka litið á þetta frá sjónarhorni lyfja. Sum lyf eru ókeypis, S-merkt lyf, önnur lyf kosta mikið o.s.frv. Svo er líka horft á þetta frá sjónar-

horni afgreiðslu þannig að lyf sem er afgreitt í þremur skömmtum er miklu dýrara en lyf sem er afgreitt í einum skammti, þ.e. 600 pillur geta verið miklu ódýrari en þrisvar sinnum 200 pillur.

Allt þetta kerfi hefur óskaplega mörg neikvæð áhrif, t.d. þetta síðasta. Það leiðir til sóunar vegna þess að læknirinn sem veit af þessu og hugsar um hag sjúklingsins skrifar þá 600 pillur þó að sjúklingurinn þurfi kannski ekki nema 150 og restinni er þá bara hent.

Kerfið er líka óskaplega dýrt í vinnslu vegna þess að þeir sem eru að afgreiða lyf, vinna á spítölum og annað slíkt þurfa að læra á mjög flókið kerfi. Það voru gefin út lyfjakort, gul, rauð, blá, brún og ég veit ekki hvað, og allt heilbrigðisstarfsfólk eða þeir sem sjá um móttöku greiðslna og hvernig á að fara með greiðslur og kostnað þurfa að þekkja allt þetta geysilega flókna regluverk. Þessi á að borga svona af því að hann er með þetta kort, hinn á að borga hinsegin af því að hann er með öðruvísi litt kort. Svo eru náttúrlega sumir sem hafa engin kort, þurfa þá að sækja um o.s.frv. Hins vegar situr í Tryggingastofnun her af fólki við að gefa út þessi kort, tékka á þeim og fara eftir þessu. Allt er þetta mjög dýrt í framkvæmd.

Það sem er verra í þessu er að þegar fólk kemur inn í svona kerfi sem það í rauninni skilur ekki, almenningur skilur mjög lítið í því og í rauninni ekki neitt, hverfur öll kostnaðarvitund. Maður kemur til augnlæknis, eins og ég lenti í, fær reikning upp á 8.000 kr. fyrir heimsóknina og Tryggingastofnun borgar 4.362 kr. eða eitthvað svoleiðis. Ég veit ekkert um það þegar ég kem inn að ég eigi að borga 8.000 kr. og síst af öllu vissi ég að ég fengi styrk frá ríkinu upp á rúmar 4.000 kr. til að mæta þessu eina áfalli sem ég hef lent í í tvö eða þrjú ár. Ég fékk þarna sem sagt styrk frá ríkinu og tel mig ekki í neitt sérstaklega mikilli þörf fyrir hann. (**Gripið fram í:** Þáðirðu hann?) Vegna þess að ég veit ekki hvað ég kem til með að borga og ég skil það ekki gerir þetta það að verkum að ég er í rauninni ekkert að pæla í þessu, ég bara tek því sem að mér er rétt og öll kostnaðarvitund hverfur. Ef ég hefði rekist á annan augnlækni sem hefði tekið 6.000 kr. hefði ég ekkert endilega valið hann af því að ég vissi ekki hvort ég fengi greiddar til baka 3.000 kr., 8.000 kr. eða hvað það er. Ég fæ auðvitað ekki 8.000 kr. til baka ef kostnaðurinn er 6.000 en ég gæti hugsanlega hafa fengið 5.000. Vegna þess hvað þetta er flókið veltir fólk ekki fyrir sér samkeppnissjónarmiðum og verðskynið hverfur. Það er mjög margt þunglamalegt í þessu kerfi. Meira að segja greiðsluþátttaka í lyfjum er kennd við háskólann, þetta er orðið það flókið.

Þegar ég byrjaði að kynna hugmyndir mínar um þannig kerfi að það væri litið á allt heila kerfið frá sjónarhorni sjúklingsins mættu þær mjög fljótt mjög miklum velvilja alls staðar. Ég heyrði ekki einn einasta mann hafa á móti því fyrr en í ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundar Jónssonar þann 5. febrúar, þá heyrði ég sjónarmið á móti þessu sem ég kem inn á á eftir.

Það var sérstaklega mikill velvilji í apótekum. Menn sáu fyrir sér verulega mikla einföldun í vinnuferlum. Það var mikil ánægja með þetta í heilbrigðisstofnunum. Þannig er í dag að maður sem leggst inn á spítala borgar ekki neitt. Hann fær rúm, herbergi, fæði o.s.frv. og borgar ekki neitt. Ef hann fer hins vegar í svokallað ferliverk sem er sama þjónustan, hann er jafnvel skorinn upp í gegnum kviðsjárskoðun, og fer svo heim eftir aðgerð borgar hann helling. Þá borgar hann sérfræðinginn, aðgerðina og alls konar ferliverk sem kosta helling og fær minni þjónustu, hann fær ekki herbergi, ekki rúm og ekki mat. Samt borgar hann meira. Ef hann er svo „heppinn" að vera lagður inn borgar hann ekki neitt. Þetta finnst heilbrigðisstarfsmönnum mjög erfitt að útskýra og framkvæma af því að þetta er svo hræðilega óréttlátt. Það hefur meira að segja frést af því að börn hafi verið lögð inn til að spara foreldrunum þann kostnað sem ég nefndi og af því að það er betra fyrir barnið að fara heim og það þarf ekki að liggja inni fer það heim en er engu að síður með herbergi sem er mjög furðulegt og þýðir í rauninni að herbergið er tekið frá og ekkert notað. Það er líka ofnotkun á heilbrigðisþjónustunni.

Þetta er sem sagt mjög slæmt. Eiginlega allir vildu taka upp einfaldara kerfi. Ég heyrði engar raddir um annað neins staðar. Þetta var kynnt mjög ítarlega fyrir sjúklingasamtökum. Nefndin vann, vil ég segja, mjög ítarlega, talaði við sjúklingasamtök aftur og aftur, svaraði fyrirspurnum, það voru haldin fræðsluerindi um þetta hjá lyfjafræðingum, hjá Öryrkjabandalaginu og mjög víða, þeir sem óskuðu eftir fengu fræðslu um þetta nýja kerfi. Hugmyndin var sú að settur yrði í gang einhver gagnabanki einhvers staðar sem læsi kennitölu og kostnað manna af ákveðinni aðgerð og eitthvert kennileiti um hvers eðlis kostnaðurinn væri, hvort það væri sjúkrabíll, lyf, sérfræðingur eða heimilislæknir eða hvað það nú væri, og kerfið mundi svo segja: Þessi maður er staddur svona og hann er búinn að borga þetta mikið áður og nú á hann að borga þetta mikið eða ekki neitt. Það kemur sjálfvirkt. Menn sáu fyrir sér mjög mikla einföldun í öllu þessu kerfi.

Kerfi voru skoðuð í Danmörku og Svíþjóð sem eru dálítið flókin en með tiltölulega lítilli breytingu náðist fram hugmynd sem er eftirfarandi: Menn borga að fullu á hverju 12 mánaða tímabili upp að ákveðinni upphæð, við skulum segja 30.000, maður borgar það bara að fullu hvenær sem það kemur til innan tímabilsins. Síðan borgar hann 25% eða 20% af því sem umfram er en þó aldrei meira en 60.000 á ári, á þessum 12 mánuðum. Þetta er ein hugmynd sem kom upp og þeir stuðlar, að borga upp að 20.000 kr. að fullu, eða 30.000 kr. eftir atvikum, eru fengnir þannig að kerfið kosti sjúklinginn 17% af heildarkostnaði. Þetta var eitt markmiðið með breytingunni sem nefndin setti sér. Sú kerfisbreyting á ekki að breyta kostnaðarþátttöku ríkisins í öllu heila dæminu. Í lyfjum er kostnaðarþátttakan 66%, í lyfjunum einum, en í heilbrigðisþjónustunni í heild sinni er hún 83% og sjúklingurinn borgar 17%.

Fyrst vann nefndin þannig að hún tæki bara lyfin. Þá kom upp dálítið merkilegt sem hæstv. heilbrigðisráðherra ætti að hafa í huga núna þegar hann ætlar að taka lyfin fyrst. Það er nefnilega þannig að vissir sjúklingahópar borga ekki lyf, krabbameinssjúklingar og sykursýkissjúklingar, ég held að ég fari rétt með, en þeir borga helling af öðrum kostnaði. Krabbameinssjúklingar þurfa t.d. að borga rannsóknir, myndatökur og alls konar. Það er ekki lítið, herra forseti. Ef lyfin yrðu eingöngu tekin þyrfti þetta fólk að borga lyfin upp að 40.000 kr. eða hvað það nú er, það er

reyndar töluvert lægra fyrir lyfin ein sér, og borga hinn kostnaðinn áfram. Út af þessu ákvað nefndin að taka allan kostnaðinn fyrir í einu sem tafði reyndar starf nefndarinnar eitthvað. Þetta er meginhugsunin.

Svo var reyndar rædd önnur hugmynd frá mér um að menn borguðu á hverju sex mánaða tímabili aldrei umfram ákveðin mörk, fljótandi tímabili sem breyttist í stöðugt. Það er dálítið flóknara en sýndi sig töluvert miklu réttlátara. Þá erum við að tala um í heildarkerfinu eitthvað um 5.000–6.000 kr. á mánuði, það borgaði enginn meira. Maður sem veiktist í fyrsta skipti borgaði þá sex sinnum 6.000, þ.e. 36.000 kr., en svo borgaði hann ekki meira umfram 6.000 kr. á mánuði eftir það. Það bættist alltaf við nýr og nýr mánuður eftir því sem á leið.

Þetta eru sem sagt þær tvær leiðir sem nefndin ræddi. Hún vann mjög kerfisbundið, byrjaði á því að afla gagna frá lyfjaverslunum, við fengum heilmikil gögn um það hvað hver einasti Íslendingur hefði greitt í lyf í hverjum einasta mánuði og það var notað til að finna út hve háir stuðlarnir þyrftu að vera. Það voru um 230.000 manns sem komu að kerfinu. Við náðum nánast öllu landinu.

Þá verður að segjast að samskipti við Persónuvernd voru afskaplega erfið. Hún gerði ansi miklar kröfur að mínu mati, ja, ég skildi þær a.m.k. ekki, ég sá ekki hvað var svona ógurlega hættulegt í þessu dæmi og skildi ekki hvað tortryggnin var mikil gagnvart mér. Ég mátti t.d. ekki taka að mér að verða ábyrgðarmaður fyrir dæmið, mér var ekki treyst. Krafa var gerð um að heilbrigðisráðuneytið yrði ábyrgðaraðili og alls konar furðulegar kröfur sem gerðu það að verkum að öflun gagna tafðist ansi mikið, um fleiri mánuði og kostaði miklu meira en ella hefði verið, sennilega nokkrum milljónum. Persónuvernd taldi eitthvað stórhættulegt að vita hvað maðurinn hafði keypt af lyfjum í ákveðnum mánuði, ekki í hvaða apóteki eða hvaða lyf, heldur bara að hann hefði keypt lyf fyrir 6.300 kr. í apríl 2007. Þetta var svo mikið leyndarmál að það þurfti að gera allt sem mögulegt var til að ekki væri hægt að rekja það til persónu. Inn í þetta komu náttúrlega líka samkeppnissjónarmið á milli apótekanna þannig að því þarf að halda líka til haga. En mér fannst tortryggnin ganga ansi langt.

Þessara gagna var aflað. Svo fórum við út í að afla gagna frá Rauða krossinum um sjúkraflutninga, frá spítölunum, Landspítalanum um allar innlagnir og allt sem sjúklingurinn hafði kostað og borgað. Við fengum sem sagt upplýsingar um þetta, ekki alveg fullkomlega yfir alla en við fengum ansi mikið magn af gögnum. Það kom í ljós að það er töluvert margt fólk sem borgar bara umtalsvert mikið, herra forseti. Það kom t.d. í ljós að 500 manns borguðu á árinu 2007 yfir 250.000 kr. vegna kostnaðar í heilbrigðisþjónustu þrátt fyrir öll þessi kort, alla vega lit, og þrátt fyrir allan þennan her af fólki sem var að vinna í þessum kortum og reikna út greiðsluþátttöku og ég veit ekki hvað og hvað.

Kerfið í dag er afskaplega ófélagslegt, það er hreinlega óréttlátt. Nú veit ég ekkert um þetta fólk, þessa 500 aðila, hvernig staða þess er, ég veit ekkert hvort það er tekjuhátt eða tekjulágt fólk, á miklar eignir eða ekki. (Gripið fram í.) Maður veit í rauninni ekkert um það, en ég hef grun um það og við höfum upplýsingar um að góður hluti af þeim sé öryrkjar og ellilífeyrisþegar. Þær upplýsingar liggja fyrir, nefndin á eftir að skila af sér og ég fer í gegnum það af hverju það er.

Ef tekið yrði upp nýtt kerfi væri tryggt að enginn borgaði umfram ákveðna upphæð, t.d. 60.000 kr., sem mér finnst mjög réttlátt. Þeir sem eru sjaldan veikir og fá styrki í dag, eins og ég nefndi áðan með gleraugun, mundu bara borga það að fullu af því að þeir ná ekki 60.000 kr. á 12 mánuðum eða 36.000 kr. á hverju sex mánaða tímabili. Aðrir sem eru stöðugt veikir, eins og gigtarsjúklingar sem taka stöðugt lyf, kannski í áratugi, eru tryggðir fyrir því að borga aldrei meira en 60.000 kr. á hverjum 12 mánuðum eða ef við tökum dansk/sænsku leiðina 6.000 kr. á mánuði, eða 7.000 kr. á mánuði ef við förum þá leið sem ég stakk upp á. Fólk yrði tryggt miklu betur en er í dag.

Þá er spurning um örlög þessa verkefnis. Eins og kunnugt er varð hrun hérna í byrjun október. Þá hafði verið meiningin að þetta kerfi tæki gildi um áramót. Við hrunið fóru menn að sinna einhverju allt öðru en þessu, þar á meðal ég, undirritaður. Ég fór að sinna einhverju allt öðru, ég var formaður efnahags- og skattanefndar og það var ansi mikið að gera þannig að þetta verkefni datt upp fyrir út af hruninu. Svo fór ég í gang með það í desember og reyndi að koma því á því að ég taldi það sérstaklega mikilvægt, einmitt eftir kreppuna. Þegar fólk er í miklum vandræðum þarf að tryggja það enn frekar en núverandi kerfi gerir. Ég var eiginlega kominn með niðurstöðu nefndarinnar, það munaði kannski viku eða tveim vikum að nefndin hefði lokið störfum. Þá urðu stjórnarskipti. Þá var allt saman upp í loft 1. febrúar og enginn vissi í rauninni hvaða vilji væri til að halda þessu fram.

Síðan var fyrirspurn þann 5. febrúar þegar sem hv. þm. Ásta Möller spyr hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmund Jónasson um þetta. Þá segir hann að þetta sé gott kerfi og gott starf en sá „þáttur í þessu starfi hefur verið mjög að mínu skapi," þ.e. að dreifa kostnaðinum. „Hins vegar verð ég að segja að umræðan hefur beinst í farveg sem ég hef verið mjög gagnrýninn á, þ.e. að búa til ákveðinn grunn en opna síðan á markaðsvætt kerfi. Þetta er nokkuð sem ég hef verið gagnrýninn á. Ég vil taka það besta úr þessu starfi og beina því í ásættanlegri farveg en þetta starf hefur verið að þróast í."

Þarna kemur einhver ótti í hæstv. ráðherra — sem var í nefndinni — og starfið var slegið af. (Forseti hringir.) Nú ætlar hann að taka bara lyfin einhvern tímann.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. sjútv.- og landbn., 429. mál (frístundaveiðar). — Þskj. 725.

[00:27]

Frsm. sjútv.- og landbn. (Valgerður Sverrisdóttir) (F):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum

Málið er flutt af sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þingsins. Ástæða þess að ég mæli fyrir frumvarpinu er sú að formaðurinn er veikur og varaformaðurinn er ekki lengur hluti af stjórnarflokkunum heldur genginn yfir í annan flokk, sem ég geri mér ekki grein fyrir hvort styður málið lengur. En ég tók að mér að flytja þessa ræðu, m.a. vegna þess að hér er um atvinnumál að ræða og þau vekja alltaf áhuga minn og ég tel að það þurfi að koma þessari starfsemi inn í ákveðinn ramma sem þetta frumvarp gengur út á að gera.

En hæstv. forseti. Í frumvarpinu er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum um stjórn fiskveiða:

Ráðherra fái heimild til að leyfa takmarkaðar veiðar í fræðsluskyni.

Settar verði ítarlegar reglur um frístundaveiðar sem fara fram á vegum ferðaþjónustuaðila.

Leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í veiðar úr gullkarfa og djúpkarfa.

Viðamesta breytingin lýtur að skipan frístundaveiða.

Frístundaveiðar við Ísland er nýr vaxandi þáttur í ferðaþjónustu hér við land en veiðar á frístundafiskibátum eins og þekkjast í dag hófust að marki á Vestfjörðum árið 2006. Fyrir liggja allnákvæmar upplýsingar um afla. Heildarveiði þessara báta var um 200 tonn árið 2007 og var þorskafli þar af um 180 tonn. Árið 2008 var heildaraflinn um 250 tonn og var þorskafli þar af um 220 tonn. En fjöldi skráðra frístundabáta nú er 43. Nokkrir aðilar sem selja skoðunarferðir á sjó bjóða einnig upp á sjóstangaveiði samhliða skoðunarferðunum, annaðhvort sem hluta afþreyingar í skoðunarferðum eða sem sérstakar veiðiferðir á sjóstöng. En líkt og með frístundafiskveiðarnar hefur slík ferðaþjónusta verið vaxandi undanfarin ár.

Þann 20. febrúar 2008 skipaði þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Einar K. Guðfinnsson starfshóp sem samkvæmt skipunarbréfi hafði það hlutverk að fara yfir starfsumhverfi frístundabáta og greina hvort og með hvaða hætti unnt væri að taka tillit til sérstöðu útgerðar frístundaveiðibáta með hliðsjón af gildandi ákvæðum fiskveiðistjórnarlaga um nýtingu og verndun nytjastofna sjávar. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til ráðherra í janúar 2009 og þess má geta að formaður starfshópsins var hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir.

Við samningu þessa frumvarps var að miklu leyti tekið mið af niðurstöðum og tillögum starfshópsins. Meginþættir tillagna nefndarinnar eru að veiðar frístundabáta verði leyfisbundnar og að þeir fái mjög takmarkaða heimild til þess að veiða fisk sem ekki reiknist til aflamarks þess báts sem hann veiðir. Í starfi nefndarinnar var uppi sú hugmynd að á hvert færi á báti sem leyfi hefði til veiða samkvæmt 1. tölul. 4. mgr. 6. gr., samanber 2. gr. frumvarpsins, mætti veiða fimm fiska daglega en bátum sem leyfi hefðu samkvæmt 2. tölul. 4. mgr. sömu greinar væri heimilt að landa 10 kg utan kvóta daglega en eins og áður er sagt ræðst það af mati ráðherra og er þetta aðeins nefnt hér til skýringar. Þess má geta, hæstv. forseti, að þau ákvæði sem ég fór yfir núna eru umdeild og þess vegna hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hug á því að fá þetta mál aftur til nefndarinnar og fjalla frekar um það á fundi í fyrramálið.

Leyfi til frístundaveiða samanber 3. mgr. eru tvenns konar. Það er í fyrsta lagi leyfi til veiða tiltekins fjölda fiska af kvótabundnum fisktegundum á hvert handfæri eða sjóstöng dag hvern og reiknast sá afli ekki til aflamarks viðkomandi báts. Ekki er heimilt að nota fleiri en fimm sjóstangir og/eða færarúllur samtímis. Óheimilt er að selja eða fénýta á annan hátt afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.

Í öðru lagi er það leyfi til veiða sem takmarkast af aflamarki eða krókaaflamarki viðkomandi báts.

Ráðherra ákveður með reglugerð hversu miklu magni hverjum báti sem stundar veiðar samkvæmt þessum tölulið er heimilt að landa daglega af ákveðnum kvótabundnum tegundum, sem ekki reiknast til aflamarks/krókaaflamarks viðkomandi báts. Óheimilt er að selja eða fénýta á annan hátt afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.

Innan sama fiskveiðiárs er einungis heimilt að veita báti leyfi annaðhvort samkvæmt 1. tölul. 4. mgr. eða 2. tölul. 4. mgr.

Ekki er heimilt innan sama fiskveiðiárs að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni á báti sem fengið hefur leyfi til frístundaveiða. Þó er Fiskistofu heimilt að veita bátum tímabundin leyfi til frístundaveiða sem gildi fyrir tímabilið 1. maí til 31. ágúst, enda stundi þeir ekki veiðar í atvinnuskyni innan þess tímabils.

Ráðherra setur í reglugerð frekari skilyrði og reglur um frístundaveiðar, þar með talið um skil á skýrslum vegna veiða frístundaveiðibáta og á sjóstangaveiðimótum.

Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Til að styðja við ferðaþjónustu í byggðarlögum þar sem gerðir eru út bátar til frístundaveiða. Í öðru lagi bætist við ný málsgrein, svohljóðandi: Ráðherra skal áætla fyrir hvert fiskveiðiár það heildaraflamark sem ráðstafað er til frístundaveiða.

Þarna var ég að fara með ákvæði sem eru í 3. gr.

En í 5. gr. kemur fram að frá og með fiskveiðiárinu 2009/2010 skal skipta leyfilegum heildarafla í karfa upp í gullkarfa og djúpkarfa.

Hæstv. forseti. Eins og ég nefndi þá mun nefndin fara yfir þetta mál frekar á fundi í fyrramálið þannig að ég mælist til þess að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. nefndar að lokinni þessari umræðu.

[00:35]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Hér ræðum við frumvarp um frístundaveiðar, kvótasetningu á frístundabáta. Inni í þessu frumvarpi voru reyndar aðrir þættir eins og um að ekki þyrfti að borga veiðileyfagjald á rækju nema á þá rækju sem væri veidd.

Það má auðvitað segja að sorglegt er hvað menn ætla að ganga langt í því að setja á kvóta þrátt fyrir aðvaranir um að það sé brot á mannréttindanefndaráliti Sameinuðu þjóðanna að fara þá leið. Frístundabátar voru á síðasta ári í verulegri samkeppni við aðrar trillur og smábáta um leigu á veiðiheimildum. Ég hefði viljað sjá að þessar frístundaveiðar væru ekki kvótasettar. Þær væru fyrir utan kvóta og þar af leiðandi ekki í samkeppni við aðrar trillur sem eru á handfæraveiðum eða krókabáta.

Það er auðvitað brandari að tala um fimm fiska á stöng, tíu kíló. Hvað erum við komin út í? Hvað með þá sem eru að veiða með stöngum á ströndinni? Eða á bryggjusporðum? Í hvað erum við komin og hvað ætlum við að ganga langt í þessu rugli? Eftir því sem mér sýnist í þessu frumvarpi er með ólíkindum hvað menn ætla að ganga langt.

Ég er auðvitað feginn að þetta frumvarp komst hér í þingið og að við getum rætt kosti og galla þess og rætt kannski fiskveiðistjórnarkerfið líka samhliða þessu, vegna þess að þetta er hluti af því og hluti af því sem útgerðarmenn, handhafar kvótans, sægreifarnir svokölluðu vilja alls ekki og það er að hleypa nýjum aðilum inn, þótt það séu frístundabátar sem veiði samtals 250 tonn á ári, sem er brotabrot af öðru, brottkasti eða öðrum kvóta. Við erum með 500 tonn til fiskeldis, (Gripið fram í.) þorskeldis, svokallaðs áframeldis, þar sem smáfiskur er veiddur og látinn stækka. Þar er úthlutað 500 tonnum. Þetta er svo lítil upphæð og þetta eru svo fá tonn og þetta er svo lítill hluti af heildarveiðinni hjá okkur að með ólíkindum er hvað menn treysta sér að ganga langt.

Fyrir nefndina komu Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, og hafði raunverulega allt á móti þessum gjörningi og talaði þar fyrir, eins og við í Frjálslynda flokknum, frjálsum handfæraveiðum. Þar kom líka Magnús Daníelsson, sem er að gera út á sjóstöng, hvalaskoðun og fuglaskoðun, og lýsti sig mjög óhressan með þetta frumvarp.

Þangað kom líka fulltrúi frá LÍÚ en eins og venjulega vilja LÍÚ-menn setja allt í kvóta og deila og drottna yfir veiðiheimildunum, hvernig sem á það er litið.

Við í Frjálslynda flokknum fluttum fyrir nokkrum vikum frumvarp um frjálsar handfæraveiðar og töldum að ef því kerfi væri komið á í íslenskum sjávarútvegi féllu frístundaveiðarnar undir þau lög og reglur sem við vildum að væru þar. Tekið yrði mið af stærð skipa, jafnvel vélarafli og ýmsar takmarkanir yrðu, helgarfrí og annað þess háttar, til þess einfaldlega að byrja að virða álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem telur að fiskveiðistjórnarkerfið hjá okkur sé óeðlilegt, því þar sé fáum útvöldum úthlutað veiðiheimildum og þeim leyft að leigja þær, selja og veðsetja og að þeir sjómenn sem fóru með þetta alla leið fyrir mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna eigi að fá bætur.

Við horfum upp á það að bæði fyrri ríkisstjórn og núverandi ríkisstjórn ætla ekki að virða þetta á neinn hátt og þar af leiðandi er ekki hægt að kalla þá stjórnmálamenn sem í þessum fjórflokki eru lýðræðissinna eða mannréttindasinna. Þetta ágæta fólk í þessum flokkum, bæði þingmenn og ráðherrar, virðir ekki mannréttindi eins og það ætti að gera.

Ýmislegt fleira hefur verið gert á síðustu missirum og hefur verið samþykkt hér í þinginu. Geymsluréttur á milli ára var t.d. aukinn úr 20% í 33% sem leiðir það af sér að leiguverð á kvóta er hærra en ella. Veiðileyfagjald sem átti að vera 1.100 millj. kr. fyrir tveimur árum síðan er komið niður í 400 millj. kr. vegna niðurskurðar á þorski, en þótt því hafi verið breytt aftur og við séum nú að veiða 160.000 tonn en ekki 130.000 tonn af þorski er veiðileyfagjald óbreytt.

Þeim ráðherrum og þingmönnum, sem hafa staðið að þessum gjörningum og ætla sér að standa að þeim gjörningum að koma frístundaveiðunum í lög og stuðla þar með að enn frekari brotum á mannréttindum en nú er, verður að refsa í kosningum. En það er spurning hvort ekki verði líka að refsa því fólki fyrir dómstólum sem hefur skrifað undir mannréttindasáttmála en virðir hann ekki og ætlar ekki að virða hann.

Álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna kveður á um að við eigum að fara út úr kvótakerfinu en ekki auka kvótasetningu á skip og báta og fleiri tegundir. En ekkert er hugsað um það og við sýnum ekki neinn vilja til að reyna að laga okkur að áliti mannréttindanefndarinnar.

Það má náttúrlega segja að sjávarútvegur á Íslandi síðustu hundrað árin hafi byggt upp Ísland. Illu heilli tókum við upp svokallað kvótakerfi 1984 og höfum búið við það og unnið eftir því síðan. Þetta kerfi hefur rústað mörgum sjávarbyggðum hringinn í kringum landið og leitt af sér mikla óhamingju og ófarir fyrir fullt af fólki sem á um sárt að binda út af því.

Það er dálítið kaldhæðnislegt að tala við fólk á sumum þessum stöðum í dag þegar efnahagur íslensku þjóðarinnar er nánast hruninn, því þá segir fólkið: Þetta gerðist nú hjá okkur fyrir tíu árum síðan að þegar kvótinn var tekinn í burtu hrundi efnahagur okkar. Þetta gerðist fyrir fimmtán árum þegar kvótinn var seldur og svo koll af kolli.

Það hafa verið nánast hamfarir í sumum sjávarbyggðum á Íslandi í gegnum tíðina frá því að þetta fiskveiðistjórnarkerfi var sett á laggirnar. Þetta gjafakvótakerfi þar sem fáir útvaldir fá leyfi til að leigja kvóta, selja kvóta og veðsetja kvóta.

Hver er svo staðan í dag? Íslenskur sjávarútvegur er yfirveðsettur og stórskuldugur og getur í raun ekki staðið undir þeim væntingum sem til hans eru gerðar. En þrátt fyrir þessar ófarir höldum við auðvitað áfram að veiða fisk, þótt nýir aðilar komi til með að gera það eða jafnvel einhverjir sem hafa skipt um kennitölu eða munu skipta um kennitölu á næstu vikum eða mánuðum. En afleiðingarnar eru svo hrikalegar að öllum alþingismönnum og ráðherrum ætti að vera ljóst hvað við höfum leitt yfir þjóðina með þessu fiskveiðistjórnarkerfi.

Þrátt fyrir að 85% þjóðarinnar segist ekki vilja þetta fiskveiðistjórnarkerfi heldur breytingar og kvótann til þjóðarinnar þrjóskast þingmenn og ráðherrar við og halda áfram. Nú ætla þeir að bæta gráu ofan á svart og bæta við frístundabátum sem veiða með sjóstöngum og hvalaskoðunarbátum sem eru með nokkrar stangir og stoppa kannski í klukkutíma í ferð til að leyfa nokkrum að prófa að veiða fáa fiska.

Svo telja menn að þetta frumvarp sé nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, ég veit ekki hvað, rányrkju. Þetta snýst reyndar um að menn eru að verja svokallaða eign eða yfirráðarétt sægreifanna á fisknum í sjónum. Höldum ekki áfram þegar við erum komin með þetta allt í klessu. Höldum ekki áfram að gera svona vitleysu. Leiðréttum okkur. Snúum frekar við og breytum til batnaðar en höldum ekki áfram á þeirri villigöngu sem við erum á.

Frístundabátar mega ekki stunda aðrar veiðar. Í frumvarpinu er að ekki má fara og bjarga sér á þessum bátum yfir vetrartímann. Þannig að ég skil ekki hvað vakir fyrir þeim stjórnmálamönnum sem vilja breyta þessu með þess-

um hætti og leggja fram þetta frumvarp og styðja það heilshugar.

Maður hefði í gegnum tíðina trúað þessu upp á Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn. En maður á vont með að trúa að Samfylkingin standi að þessu og Vinstri grænir. Vinstri grænir sem þykjast vera lýðræðissinnaðir mannréttindasinnar eru harðastir í að fylgja frumvarpinu úr hlaði. Hv. þm. Atli Gíslason, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, er sá harðasti í að fylgja þessu eftir ásamt fyrrverandi sjávarútvegsráðherra hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni sem er nú í sjávarútvegsnefndinni eða hefur setið fundi þar upp á síðkastið. Þannig að hér siglum við eiginlega strönduðu skipi enn þá meira í strand og í stað þess að reyna að bakka út úr strandinu er allt sett í botn áfram. Það hefur reyndar stundum heppnast þegar menn stranda í sandi en ekki þegar klöpp eða grjót er í fjörunni.

Eins og ég sagði og hef sagt hér er með ólíkindum hvað menn ætla að ganga langt í þessum málum. Við verðum að hætta að auka á vandræðin og gera vont verra. Við verðum að snúa við og reyna að byrja á því, eins og við í Frjálslynda flokknum vildum, að taka inn í þessa umræðu um frístundaveiðar frjálsar handfæraveiðar og reyna að snúa ofan af vitleysunni en ekki bæta við hana.

Það eru raunverulega engin rök fyrir þessu frumvarpi önnur en þau að þjónka sægreifunum. Þjónka þeim sem eiga veiðiheimildirnar og fengu þær gefins í upphafi og geta í dag leigt þær, selt eða veðsett.

Auðvitað væri þörf á því að fara hér yfir hversu illa íslenskur sjávarútvegur er staddur og fara yfir það hverslags barbabrellur eru í gangi í dag í íslenskum sjávarútvegi, sem er hreint hörmulegt að horfa upp á.

[00:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var fullkomlega óskiljanleg ræða hjá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni. Hér erum við að ræða frumvarp um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Hv. þingmaður á sæti í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Hv. þm. Grétar Mar Jónsson er flutningsmaður að þessu frumvarpi og ég hef satt að segja sjaldan heyrt aðra eins ræðu frá flutningsmanni máls eins og hér var flutt. Er eitthvert atriði í þessu frumvarpi sem hv. þingmaður flytur sem hann er sammála? Hvers lags eiginlega málflutningur er þetta?

Er þingmanninum fullkomlega fyrirmunað að standa við það sem hann ákveður í nefnd þegar hann er kominn í þingsalinn? Ber þingmaðurinn ekki ábyrgð á málinu eða er hann ekki fær um að bera ábyrgð á nokkru einasta máli? Þetta er alveg óskiljanlegt, hæstv. forseti. Ég á von á því að þeir sem sátu í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þegar ákvörðun var tekin um að flytja málið hafi reiknað með því að þar væri fullkomin samstaða. Annars hefði málið ekki verið flutt.

Hv. þm. Grétar Mar Jónsson tekur þátt í að flytja þetta mál en þegar komið er inn í þingsal heyrir maður algjörlega fullkomlega óskiljanlega ræðu frá þessum hv. þingmanni.

[00:52]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál var tekið á dagskrá í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd fyrir u.þ.b. hálfum mánuði. Ég gerði strax athugasemdir við þætti í þessu frumvarpi, m.a. hvað sneri að karfa og rækju.

Þegar málið var aftur tekið fyrir á mánudaginn var alveg skýr afstaða mín á móti þessu frumvarpi. Ég boðaði það en ég fagnaði því samt að frumvarpið færi inn í þingið þannig að hægt væri að ræða sjávarútvegsmál við þingmenn úr öðrum flokkum eins og Sjálfstæðisflokknum sem þjónka sægreifunum stanslaust og hafa alltaf gert, bæði ráðherrar og einstaka þingmenn. Fyrrverandi formaður í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd gerði það svo vel á meðan hún var formaður, síðustu 18–19 mánuðina, og hefur þjónkað sægreifunum sýknt og heilagt í öllu sem snýr að sjávarútvegsmálum.

Það má benda á breytinguna úr 20% í 33% geymsluréttinn. Það má tala um veiðileyfagjaldið sem var lækkað úr 1.100 milljónum niður í 400 milljónir og það má taka eitt og annað sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir hefur gert. Það er þörf á að ræða þetta því að það sýnir og sannar hvers lags vitleysa er í gangi varðandi íslenskan sjávarútveg og íslenska fiskveiðistefnu þegar komið er með þetta mál með þessum hætti í þingið. Þetta var alveg ljóst á síðasta fundi sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir var á með mér í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, vilji minn var alveg skýr og það fór ekki fram hjá neinum sem þar var inni að ég var á móti þessu frumvarpi og vildi ekki samþykkja nein atriði í því.

[00:54]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki lagaðist það við þetta svar. Hv. þingmaður ákvað að flytja málið og málið var lagt fram í Alþingi. Nei, svo er haldinn fundur í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og þá fer hann að lýsa einhverjum allt öðrum skoðunum, og lýsir einhverjum allt öðrum skoðunum hér en komu fram í frumvarpinu sem hann sjálfur flytur. Hann flytur þetta mál og málið var komið inn í Alþingi. Það var búið að leggja það fram í þinginu þegar kom bara U-beygja hjá hv. þingmanni og hann ákvað að þetta væri gjörsamlega ónýtt frumvarp.

Ég hlýt að spyrja þingmanninn: Vissi hann ekkert um innihald þess frumvarps sem hann flutti? Vissi hann ekkert hvaða mál hann var að styðja? Hvar var vinna hv. þingmanns þegar kom að því að leggja þetta frumvarp fram? Þingmaðurinn ákvað það, það var hans ákvörðun og hann bar fulla ábyrgð á því að nefndin ákvað að flytja þetta mál. Honum tókst ekki að standa undir þeirri ábyrgð. Það er kannski eins og ýmislegt sem sýnir sig kannski í störfum Frjálslynda flokksins hvers lags flokkur það er að þingmaðurinn gat ekki staðið við ákvörðun sína í eina viku.

[00:56]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vildi svoleiðis til að fulltrúar hagsmunaaðila komu á fund sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar á mánudaginn. Þar komu umsagnir frá hvalaskoð-

unarfyrirtækjum, fulltrúar frá hvalaskoðunarbát og sjóstangaveiðibát komu — (**ArnbS:** Ertu eða ertu ekki flytjandi á málinu?) Ég er ekki flytjandi að þessu máli og þegar þessir ágætu aðilar voru búnir að koma og segja — (**ArnbS:** Ertu ekki í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd?) Ég sit í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd en ég er ekki stuðningsmaður þessa frumvarps og eftir ræðu Arthurs Bogasonar á fundi nefndarinnar, eftir ræðu Magnúsar Daníelssonar, eftir umsögn frá Fiskistofu, Þórði Ásgeirssyni, var alveg ljóst að það þarf að setja einn eftirlitsmann á hverja stöng um borð í bát og það kostar fleiri tugi þúsunda eða jafnvel milljónir bara í auknu eftirliti að fylgjast með því sem er að ske um borð í þessum bátum.

Það er sorglegt að þingmaðurinn skuli reyna að hanga á þessu en það kemur ekki á óvart að þessi ágæti þingmaður, Arnbjörg Sveinsdóttir, geri þetta því að henni finnst auðvitað sárt að vera kölluð strengjabrúða sægreifanna í gegnum tíðina, hafa þjónkað og finnast allt í lagi að brjóta mannréttindi, virða ekki mannréttindi og styðja brot á saklausu fólki og sjómönnum á Íslandi í gegnum tíðina. Þetta er kannski stóra málið og þú vilt halda áfram að kvótasetja, núna frístundabáta, frístundabáta sem veiða 200–250 tonn á ári. En þú horfir fram hjá öllu brottkasti (Forseti hringir.) á Íslandsmiðum.

[00:58]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Ég bið hv. þingmenn að ávarpa með viðeigandi hætti.

[00:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Þetta var makalaust. Hv. þingmaður var flytjandi þessa máls og lagði það fram hér í Alþingi þar sem, eins og hann nefnir, var verið að setja reglur (**GMJ:** Ég var með fyrirvara, Arnbjörg. Ég var með fyrirvara.) Hv. þingmaður var ekki með fyrirvara þannig að því sé nú til haga haldið þrátt fyrir hans frammíköll hérna.

Hæstv. forseti. Við fjöllum hér um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða sem fjallar að mestu leyti um frístundaveiðar. Þó eru önnur atriði í þessu frumvarpi sem snúa þá að því að — og kannski rétt að tiltaka það fyrst — þarna er verið að fjalla um það að sá afli sem fæst við veiðar í fræðsluskyni sé undanþeginn aflamarki.

Hér hefur verið nefnt að settur hafi verið á fót starfshópur til þess að fara yfir það hvernig rétt væri að setja regluverk í kringum svokallaðar frístundaveiðar. Ljóst er að mikil nauðsyn er á því að þessi vaxandi atvinnugrein, frístundaveiðarnar, þ.e. að í kringum þær veiðar og í kringum ferðaþjónustuna þar sem verið er að nýta auðlindina til þess að veita ferðamönnum afþreyingu sé nauðsynlegt að setja eitthvert regluverk. Lagt var fram frumvarp á síðasta þingi sem ekki náði fram að ganga og kom í ljós í vinnu við það frumvarp að mörg atriði þyrfti að skoða og fara yfir vegna þessara frístundaveiða. Hæstv. þáverandi sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson ákvað því að setja á fót starfshóp sem var gert 20. febrúar 2008. Í starfshópnum áttu sæti Hrefna Gísladóttir frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Eyþór Björnsson frá Fiskistofu, Elías Guðmundsson frá Hvíldarkletti, Finnur Jónsson frá Sumarbyggð og Eydís Aðalbjörnsdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Síðar tók Steinar Ingi Matthíasson við starfi Hrefnu Gísladóttur sem fór í leyfi og lauk hann starfinu með okkur. Ég sjálf átti sæti í þessum starfshópi og veitti honum formennsku.

Það sem við ákváðum að gera í þessum starfshópi var að reyna að fá yfirsýn yfir þá sem bjóða upp á sjóstangaveiði fyrir ferðamenn. Við komumst að því að kannski mætti skipta þessari ferðaþjónustu í fjóra flokka. Í fyrsta lagi eru það þá veiðarnar á frístundafiskiskipunum sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Í öðru lagi má nefna bátaleigur sem bjóða viðskiptavinum að leigja sjóstöng og veiða á sjóstöng. Í þriðja eru það lagi farþegaskip og hvalaskoðunarskip sem bjóða einnig sjóstangaveiði. Í síðasta lagi er það strandveiðin svokallaða.

Við vorum sammála um að hluti af þessum aðilum stunda veiðar í svo litlu magni að ekki er tilefni til þess alla vega að svo stöddu að búa til sérstakt kerfi til að halda utan um þessar veiðar. Því var tekin ákvörðun um að skipta þessum ferðaþjónustuaðilum í tvo flokka. Annar flokkurinn nær til aðila í ferðaþjónustu, þeirra sem nú í dag bjóða upp á ferðir til veiða á frístundafiskiskipum, þ.e. aðilum eins og Sumarbyggð og Hvíldarkletti, þeim fyrirtækjum á Vestfjörðum sem bjóða þá þjónustu og þar sem eru markvisst stundaðar fiskveiðar. Hinn flokkurinn nær til þeirra sem bjóða blandaðar ferðir þar sem sjóstangaveiði er mjög óverulegur þáttur í þeim ferðum sem þeir aðilar bjóða upp á. Enn fremur var tekin ákvörðun um að halda strandveiði algerlega utan við þetta viðfangsefni.

Viðfangsefnið er þetta, ferðaþjónustan og það ber að horfa á þetta mál út frá því sjónarhorni, þ.e. í raun eingöngu 2. gr. sem má segja að í frumvarpinu stafi frá þessari vinnu okkar í starfshópnum.

Frístundaveiðar eru sjávartengd ferðaþjónusta og það er vaxandi eftirspurn eftir henni. Ísland sem er mjög eftirsótt ferðamannaland hefur auðvitað alla burði til þess að geta orðið mjög leiðandi í sjávartengdri ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan hefur vaxið umtalsvert undanfarin ár og er orðin ein af meginatvinnugreinum þjóðarinnar og hefur ýmsa möguleika til að eflast enn frekar. Ferðaþjónustan sem slík hefur jafnframt verið einn helsti vaxtarbroddur og drifkraftur atvinnulífs og atvinnuþróunar á landsbyggðinni. Henni fylgir meiri fjölbreytni í framboði á þjónustu, afþreyingu og menningu en ella væri. Til þessa hefur samt langstærstur hluti ferðamanna verið á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni við það. Frístundaveiðar á Íslandi eru ný tegund af ferðaþjónustu og í þeirri þjónustu felast því einnig mjög mikil tækifæri fyrir ferðaþjónustuna.

Vestfirðir hafa haft frumkvæði og forustu í þessu máli og þá ber sérstaklega að nefna þessi tvö fyrirtæki, Sumarbyggð og Hvíldarklett. Varðandi þjóðerni þeirra ferðamanna sem helst sækja á Vestfirði til þess að stunda þessar veiðar þá gera það Norðmenn og Danir en sérstaklega Þjóðverjar. Þýskir sjóstangveiðimenn eru þeir veiðimenn sem oftast fara til útlanda til þess að veiða á sjóstöng og þeir eru stór hluti þeirra ferðamanna sem koma til þessara fyrirtækja.

Ég hefði gjarnan viljað fjalla aðeins meira um þessa

stöðu sem skiptir mjög miklu máli, þ.e. hvaða stöðu ferðaþjónustan hefur í byggðaþróun. Þarna eru mjög miklir möguleikar til þess að efla byggð og efla ferðaþjónustu til þess að hún geti orðið atvinnuskapandi í sjávarbyggðum landsins. En þess vegna er mjög nauðsynlegt að menn viti á hvaða grunni þeir standa þegar stofnuð eru fyrirtæki sem eiga að byggja á því að selja aðgang að auðlindinni og fyrirtæki sem ætla að reka sjávartengda ferðaþjónustu.

Ég hef nokkuð fjallað hérna um þau fyrirtæki tvö sem skara fram úr á þessu sviði. Þau eru Hvíldarklettur og Sumarbyggð. Afli þeirra hefur verið um 250 tonn eða þar um bil og má segja að þorskur í þeirra afla sé um 220 tonn. Aðrar tegundir eru mjög óverulegar.

Þegar við horfum aftur til umfangs veiða í hvalaskoðun og sjóstangaveiði þá er sagan nokkuð önnur. Nokkur fyrirtæki í ferðaþjónustu reka báta og bjóða upp á skoðunarferðir á sjó. Ekki er óalgengt að einnig sé boðið upp á veiðar með sjóstöng í slíkum ferðum þar sem hvalaskoðun er annars vegar og sjóstangaveiði er hins vegar. Það er mjög mismunandi hvernig þessu er háttað. Hvalaskoðun er til dæmis stór hluti margra fyrirtækja en þeir taka samt með sjóstangir. Við fengum dæmi um að um borð í slíkum skipum gætu verið allt að 30 sjóstangir en hversu mikill afli kemur um borð er ekki vitað. Eitt af því sem við lögðum áherslu á var að menn settu upp skráningarkerfi þannig að þeir hefðu einhverja hugmynd um hversu mikið magn væri í raun verið að veiða bæði hjá þeim sem bjóða sjóstangaveiði og þeim sem bjóða þessar blönduðu ferðir, þ.e. hvalaskoðun og sjóstangaveiði.

Við komumst sem sagt að þeirri niðurstöðu að skipta þessum veiðum í tvo flokka en við vildum líka leggja áherslu á að menn hafi þessi leyfi á hreinu og það verði gefin út leyfi til þess að stunda þessa atvinnugrein og að þessi leyfi séu þá tvenns konar.

Hæstv. forseti. Ég sé að tími minn er að renna út en ég vil nefna það að þessi leyfi eru þannig að annars vegar er um að ræða leyfi til aðila í ferðaþjónustu sem bjóða upp á blandaðar ferðir og hins vegar leyfi til þeirra sem bjóða upp á sérstakar ferðir til fiskveiða með sjóstöng og þann afla má sem sé fénýta. Hann fer á vigt og fer um hann að öllu leyti eftir þeim reglum sem gilda um þá sem stunda atvinnuveiðar. Hér er því auðvitað um verulegan mun að ræða á þessum aðilum.

Ég vil taka fram líka hér í restina af því að tími minn er búinn að við í hópnum lögðum mikla áherslu á að skýrsluskil yrðu að vera nokkuð nákvæm hjá þeim aðilum sem stunda þessar veiðar, þ.e. blandaðar sjóstangaveiðar. En ég sé að í frumvarpinu, sem var samið í ráðuneytinu, er ekki lögð jafnmikil áhersla á það. Hins vegar er tekið inn í frumvarpið ákvæði um að byggðakvóta megi nýta í þessu skyni. Það var (Forseti hringir.) aftur á móti ekki atriði sem við í starfshópnum fjölluðum um. Þess vegna kemur mér nokkuð á óvart að þetta (Forseti hringir.) sé hér inni með þessum hætti.

[01:14]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég óskaði eftir því við hv. formann sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, Atla Gíslason, að hann ræddi frjálsar handfæraveiðar samhliða þessu frumvarpi. Það var látið líta þannig út að þetta frumvarp ætti að vera samið af nefnd sem hv. þm. Einar Guðfinnsson skipaði meðan hann var sjávarútvegsráðherra. Svo kemur í ljós hér hjá hv. þingmanni sem var formaður í nefndinni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, að frumvarpið var samið í ráðuneytinu þrátt fyrir að hún væri formaður í nefnd, í starfshópi sem skipaður var af hv. þm. Einari Guðfinnssyni um þessi mál.

Það skrýtna við þennan starfshóp er að hann leitaði álits tveggja manna sem eru í þessum ferðamannageira en hann hafði ekki samráð við hvalaskoðunarútgerðir eða fuglaskoðunarútgerðir sem eru samhliða með sjóstangaveiði. Á Suðurnesjum hefur verið gert út á sjóstangaveiði í sennilega 15 ár að minnsta kosti, litla báta, og þeir hafa verið líka í hvalaskoðun og fuglaskoðun og ýmsu. Þetta eru auðvitað mjög óvönduð vinnubrögð hjá þessum starfshópi sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir leiddi.

Það kemur ekkert á óvart hvernig að þessum málum er staðið. Við horfum upp á það að fjórflokkurinn, sem reyndar eru nú fáir úr hérna í salnum núna — satt best að segja eru nú bara þrír þingmenn staddir í salnum og það er ömurlegt þegar verið er að ræða svona mál að þeir sem eru í landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd skuli ekki láta sjá sig og alls ekki sjávarútvegsráðherra heldur.

[01:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Það er eitt sem ég get tekið undir með hv. þm. Grétari Mar Jónssyni, það er ekki nokkur einasti bragur á því að við skulum vera að ræða þetta frumvarp hér um miðja nótt. Það er náttúrlega algjörlega fráleitt að þannig skuli vera staðið að málum hér í Alþingi að mál sem varðar svona mikla hagsmuni sé rætt við þessar aðstæður.

Hv. þm. Grétar Mar Jónsson átaldi starfshópinn sem ég stýrði fyrir að hafa ekki leitað álits allra þeirra aðila sem stunda sjávartengda ferðaþjónustu. Ég bendi á að í starfshópnum var fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar sem auðvitað hafði það hlutverk og gerði það algjörlega með sóma, sem lagði fram gögn um það hverjir — eftir því sem hægt var miðað við að ekki hafa verið settar skýrar reglur í kringum þessa atvinnugrein lagði fram í starfshópnum upplýsingar um það hvernig málum væri háttað hjá bæði sjóstangaveiðifyrirtækjum og hvalaskoðunarfyrirtækjum. Einnig áttum við viðtöl við aðila sem reka slík fyrirtæki. Ég frábið mér það að við höfum ekki staðið vel að verki hvað þetta varðar en það var alveg fullkomlega ljóst að þegar við skiluðum skýrslunni okkar gerðum við ráð fyrir því að upp úr slíkri vinnu yrði samið frumvarp (Forseti hringir.) sem yrði síðan lagt fram með eðlilegum hætti og leitað umsagna (Forseti hringir.) hjá þeim hagsmunaaðilum sem málið varðar. Það eru eðlileg vinnubrögð við lagasetningu.

[01:18]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir segir að þetta hafi þá sem sagt ekki verið unnið með eðlilegum hætti, að frumvarpið ætti ekki að koma frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd með þeim hætti sem gert var. Það var lagt fram, það var óskað eftir umsögn nokkurra aðila. Þeir

mættu síðan á fund, Fiskistofa, hagsmunaaðilar, þ.e. Landssamband smábátaeigenda, Arthur Bogason fyrir þeirra hönd, og svo Magnús Daníelsson útgerðarmaður úr Njarðvíkum. Þeir fundu þessu frumvarpi raunverulega allt til foráttu. Hafi menn viljað leggja frumvarpið fram í góðri trú hlutu þeir að skipta um skoðun eftir að hlusta á þá og taka tillit til þeirra sjónarmiða, bæði Arthurs Bogasonar og Magnúsar Daníelssonar, og ekki síst Þórðar Ásgeirssonar hjá Fiskistofu sem sagði að við eftirlit með þessum bátum, með kvótasetningu þessara báta, frístundabáta, þyrfti verulega að bæta við fjárveitingum til Fiskistofu sem er eitt af fáum fyrirtækjum sem hefur ekkert verið skorið niður hjá. Það er spurning hvort Fiskistofa á rétt á sér með 840 milljónir í fjárframlög á ári á sama tíma og fíkniefnalögreglan fær 300 milljónir. Það er dálítið skrýtið að líta þannig á að sjómennirnir séu hættulegri en fíkniefnainnflytjendur.

Ég ætlaði samt ekki að ræða um það, ég ætlaði að ræða frekar það álit Þórðar Ásgeirssonar á því að það mundi kosta mikla peninga að kvótasetja þessa báta. Þess vegna segi ég: Drögum þetta frumvarp til baka.

[01:20]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv forseti. Starfshópurinn sem var skipaður af sjávarútvegsráðherra — ef hv. þingmaður vildi aðeins hlýða á — var skipaður í framhaldi af því að við höfðum fjallað um mál í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd á síðasta þingi og þegar það mál var lagt fram var ljóst að það þyrfti víðtækari skoðun á hvernig hægt væri að standa að því að setja lög og reglur í kringum frístundaveiðarnar. Það var okkar verkefni að skoða þetta umhverfi og koma með tillögur.

Hvert áttum við að skila þessum tillögum? Ekki til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, þetta var hópur sem starfaði fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og skilaði áliti sínu í skýrslu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Það var síðan ákvörðun þeirra stjórnarflokka sem nú fara þar með húsráð að í ráðuneytinu var samið frumvarp. Það var svo sannarlega byggt á vinnu starfshópsins sem ég stýrði en það var ósk núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd mundi flytja þetta mál. Ég hélt satt að segja, hæstv. forseti, að hv. þm. Grétari Mar Jónssyni væri fullkomlega ljóst hvernig þessu væri háttað því að hann er flutningsmaður að frumvarpinu. Þess vegna er öll þessi ræða hans hér og málflutningur í kvöld — eða í nótt því að það er nú nokkuð liðið á nóttina — (Forseti hringir.) fullkomlega óskiljanlegur, (Forseti hringir.) fullkomlega óskiljanlegt hvernig hv. þingmaður hefur flutt mál sitt hér.

[01:23]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Það er endalaust hægt að rífast um það hvort ég hafi verið flutningsmaður að málinu. Ég ætlaði að vera það í upphafi en eftir að gestir komu á fund nefndarinnar taldi ég það ótækt. Reyndar var ég strax í upphafi með fyrirvara, bæði við rækjuþáttinn og eins karfaþáttinn í frumvarpinu. Ég gat stutt það að skólaskip eins og Dröfnin sem sigla með skólakrakka þyrftu ekki kvóta og ég gat líka stutt það að Hafrannsóknastofnun þyrfti ekki kvóta þó að hún fái verulega kvóta til rannsóknarverkefna sinna. Mér fannst það allt í lagi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Eftir að hafa hlustað á umsagnir Fiskistofu og þessara ágætu gesta, Arthurs Bogasonar fyrir hönd Landssambands smábátaeigenda og svo Magnúsar Daníelssonar, útgerðarmanns í Njarðvíkum, sá ég ekki möguleika á að styðja þetta með einum eða neinum hætti í þingi. Ég hafði óskað eftir því við formann nefndarinnar, hv. þm. Atla Gíslason, að þetta yrði tekið með í umræðunni um frjálsar handfæraveiðar. Ég vissi ekki betur um tíma en að til stæði að gera það. Svo var því einhverra hluta vegna breytt og ekki gert. Það hefði farið betur ef það hefði verið gert, við hefðum lagt vinnu í að útfæra frjálsar handfæraveiðar og taka þá þær aðgerðir sem eru lagðar til í frumvarpinu um að kvótasetja frístundabáta inn í frumvarpið um frjálsar handfæraveiðar. Það hefði rúmast þar vel, á alveg heima þar og þess vegna finnst mér ótrúlegt að menn skuli ætla að halda áfram.

Ég átti svo sem ekki von á öðru frá Sjálfstæðisflokknum en að hann vildi það, ég átti líka von á því að Samfylkingin vildi litlu breyta þar sem hún hefur ekki sýnt neina burði til að vilja breyta fiskveiðistjórnarkerfinu upp á síðkastið, en kannski fannst mér afstaða Vinstri grænna verst. Ég hélt úr því að þar væru menn sem höfðu lýst yfir stuðningi við frumvarp okkar í Frjálslynda flokknum um frjálsar handfæraveiðar, eins og hv. þm. Jón Bjarnason og fleiri, að þá yrði frumvarpið um frjálsar handfæraveiðar tekið til umræðu. Það hefur ekki fengist afgreitt út úr nefndinni og ekki einu sinni umsagnir um það enn þá þannig að ég veit ekki hvar málið er statt en það liggur enn þá í nefndinni og eftir því sem mér sýnist er meiningin að afgreiða það ekki út úr henni. Það er ekki hægt að sjá eða skilja neitt annað en að það sé með þeim hætti.

Þegar frjálsa framsalið var sett á og braskið byrjaði upphófst, eins og margir ágætir hagfræðingar benda á, ógæfan í íslenskum fjármálum, þ.e. með frjálsa framsalinu í íslenskum sjávarútvegi. Menn byrjuðu að veðsetja fiskinn í sjónum óveiddan, leigja hann og selja, eins og Þorvaldur Gylfason hagfræðingur hefur sagt. Fleiri ágætir hagfræðingar hafa haldið því fram að ógæfan hafi byrjað þar og því finnst mér ótrúlegt að menn ætli enn að halda áfram að kvótasetja.

Ég minntist á Vinstri græna. Þegar Alþýðubandalagið var og hét var þar þingmaður sem er núna formaður í Vinstri grænum og heitir Steingrímur J. Sigfússon, núna hæstv. ráðherra. Þegar hann var í ríkisstjórn 1990 greiddi hann atkvæði með frjálsa framsalinu. Hann tók þátt í að innleiða kvótabrask á Íslandi, hann studdi það. Eftir það, frá 1991–1995, var hann formaður í minni hluta í sjávarútvegsnefnd. Hann hefði örugglega ekki fengið þann heiður sem alþýðubandalagsmaður að vera formaður sjávarútvegsnefndar í minni hluta þegar Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur voru í meiri hluta nema gera sem þeim líkaði. (Forseti hringir.) Með þessum hætti má segja að kannski séu komnar allar skýringarnar á því af hverju fjórflokkurinn er (Forseti hringir.) eins og hann er.

[01:28]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Herra forseti. Hér er verið að ræða frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Fyrst þegar frum-

varpið var lagt fram bað formaður sjávarútvegsnefndar um gott veður fyrir málinu vegna þess að svo margt mikilvægt væri í því, t.d. mikilvægi þess að komið yrði á regluverki í sambandi við ferðaþjónustu, þ.e. fiskveiðar í tengslum við ferðaþjónustuna, og að ákveðnar reglur þyrfti að hafa um það.

Málið mætti velvilja okkar allra í sjávarútvegsnefnd, þar með talið mín og hv. þm. Grétars Mars Jónssonar. Reyndar *var þar líka ákvæði, sem sást mjög glöggt strax, um að þeir* sem hafa haft rækjukvóta þyrftu ekki að greiða veiðigjald nema af lönduðum afla rækju. Smáumræða fór fram um það og m.a. minnt á að ýmsir hefðu óskað eftir því að fá að veiða rækju þegar menn hirtu ekki um það, svokallaðir handhafar kvótans, þeir sem áttu kvótann vildu ekki leyfa að veiða hann nema þeir fengju pening fyrir. Síðan þegar þeir sjá hag í því vegna lækkandi olíuverðs, gríðarlega lækkandi olíuverðs og ýmislegs annars, að hagkvæmt er orðið að veiða rækjuna þá vildu þeir komast hjá því að greiða venjubundið veiðigjald. Við bentum á þetta og þá var ákveðið að það yrði ekki haft með í málinu.

Í 1. gr. er einnig rætt um að mönnum sé heimilt að veiða í svokölluðu fræðsluskyni og það er mjög gott mál sem við erum öll sammála um. Til eru menn sem hafa haft áhuga á því að leyfa ungum drengjum sérstaklega, og sjálfsagt ungum stúlkum líka í einhverjum tilvikum, að koma um borð í bátinn sinn og kenna þeim að veiða, kenna þeim handbrögð til sjós en það hefur ekki verið hægt vegna þess að ekki hefur verið kvóti fyrir því. Þetta er líka mjög gott mál.

Einnig er mjög gott þegar menn greina á milli karfategunda, ef frumvarpið verður samþykkt eða þessi liður laganna, því að áður var alltaf horft á karfann sem eina tegund en núna er verið að tala um annars vegar gullkarfa og hins vegar djúpkarfa, og það er ágætt.

Síðan kemur að þessum nýja atvinnuvegi. Segja má að þar hafi verið svolítill gambítur eða að það atriði hefði mátt skoða betur. Ég viðurkenni fyrir mitt leyti að ég hefði viljað skoða það betur áður en ég gerðist flutningsmaður þessa frumvarps. Fyrir nefndina komu hagsmunaaðilar svokallaðir og bentu á ýmis atriði í frumvarpinu sem í raun er mjög erfitt að samþykkja, þ.e. að samþykkja frumvarpið ef það verður algjörlega óbreytt, ekki síst með tilliti til þess sem forstjóri (Gripið fram í.) Fiskistofu sagði, að það þyrfti nánast einn eftirlitsmann til að fylgjast með á hvern bát sem væri að veiða, ég tala nú ekki um ef bara má veiða fimm fiska á stöng eða tíu kíló. Við sjáum að það er náttúrlega atvinnuskapandi, það er ekki bara atvinnuskapandi í ferðaþjónustunni heldur líka fyrir eftirlitsiðnaðinn. En við sjáum auðvitað að þetta er orðin ein allsherjarvitleysa.

Síðan vil ég geta þess, herra forseti, að talað hefur verið um tvö fyrirtæki í þessari grein og er annað þeirra nefnt Hvíldarklettur. Það fyrirtæki er núna til sölu. Ég vona að það sé samt ekki vegna þess að það hafi gengið illa rekstrarlega, mér er í sjálfu sér ekki kunnugt um það. Hins vegar þegar við hugsum um þessa nýju atvinnugrein og þær aðstæður sem núna eru í landinu vaknar sú spurning hvort ekki væri rétt að bíða með þessi ákvæði, herra forseti, vegna þess að kreppa er í landinu og núna eru allt aðrar aðstæður en þegar frumvarpið var fyrst lagt fram af fyrrverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einari Kristni Guðfinnssyni. Bankahrun hefur orðið og 15 þúsund manns eru atvinnulausir á Íslandi. Við þurfum því að gera allt sem við getum til þess að efla atvinnuvegina. Því mætti alveg eins spyrja hvort þessi 200 tonn sem hafa verið veidd mættu ekki koma sem styrkur til þessarar atvinnugreinar með sama hætti og 500 tonnin koma í þorskeldið, áframeldi á þorski. Segjum að við mundum leggja þessi 200 tonn sem styrk inn í atvinnugreinina, við erum að tala um fjárhæð *sem nemur 30 millj. kr., þá væri hægt að byggja atvinnu*greinina betur upp frekar en að selja þurfi fyrirtæki, vegna þess að vextir hafa hækkað og skuldir, sem eru sjálfsagt í erlendri mynt, hafa aukist og lán hafi líka hækkað vegna verðtryggingar. Ég held að það ætti að koma til íhugunar í nefndinni, þegar við skoðum málið aftur, að þetta mundi vera sérstakur styrkur til eflingar atvinnugreininni sem er ein glæsilegasta sprotagrein í íslenskri ferðaþjónustu í dag og mundi gefa mönnum byr undir báða vængi í því að vilja ganga inn í greinina og starfa á þeim vettvangi.

Eitt einkennir þetta líka, það er það sem kom fram í máli, að því er mig minnir, Friðriks J. Arngrímssonar, framkvæmdastjóra LÍÚ, ég held að hann sé framkvæmdastjóri, þ.e. sú hugsun að ekki megi synda fiskur í sjónum án þess að hann sé eign einhvers. Ef fiskur syndir í hafinu þarf hann að vera eign einhvers útgerðarmanns. Þetta minnir á vangavelturnar um að fé geti ekki verið án hirðis. Það má eiginlega segja að yfirfært sé þetta: Fiskur getur ekki verið án útgerðarmanns, án eiganda. Þetta er í huga mínum nokkur meinloka.

Í nefndinni kom fram spurningin: Hvað á að gera ef menn standa á ströndinni með sex metra langa sjóstöng, henda út færi og veiða allt í einu tvö, þrjú hundruð kíló af fiski? Mega þeir fara með hann heim, flaka hann, salta hann og selja hann — eða verður að setja það inn í kvótakerfið líka? Í nefndinni komu upp vangaveltur um eftirfarandi, þ.e. tvær konur sem reru til fiskjar og fóru með fiskinn til Mæðrastyrksnefndar og gáfu hann til fátækra. Spurningin var: Er þetta löglegt eða ólöglegt? Ég man ekki betur en að svarið hafi verið: Líklega er þetta ólöglegt. Þá sjáum við hvernig kerfið okkar er orðið í þessu.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að við höfum ekkert ráð á því í dag í samfélagi þar sem hrun hefur orðið, þar sem yfir 10 þúsund manns eru atvinnulausir, að leyfa ekki fólki að fara út á sjó á þriggja, fjögurra, fimm tonna trillum. Það er allt til reiðu, þekkingin er til reiðu og tækin eru til reiðu, nema það eitt að menn geta ekki hugsað sér að leyfa þrjú, fjögur hundruð trillum af þessari stærð að sigla út á flóana, út á firðina okkar til að veiða og bjarga sjálfum sér, til að hafa atvinnu, til að hafa eitthvað að gera og líka til að afla tekna. Nei, það má ekki vegna þess að mennirnir eða konurnar sem ætla að gera þetta verða að borga 200 kr. í leigugjald fyrir það til útgerða, sem eru margar hverjar algjörlega á hausnum, ekki vegna þess að eitthvert sérstakt bankahrun hafi komið heldur líka vegna þess að þær hafa leiðst út í margan annan rekstur en útgerð.

Ég tek undir með hv. þm. Grétari Mar Jónssyni að dapurlegt er að Alþingi Íslendinga skuli ljúka störfum án þess að afgreiða frumvarp frjálslyndra um frjálsar handfæraveiðar. Það er ekki verið að tala um að veiða hundruð tonna á bátana, eins og gert er á sumum öflugum línubátum, heldur

nokkra tugi tonna, 30 tonn. Hvað gerir það fyrir einn mann? Það eru 6 milljónir. Það stendur undir rekstri báts og tveir geta verið um borð. Miðað við það að við samþykktum lög fyrir hrunið um að flytja mætti aflaheimildir um 30% á milli ára getum við í því ljósi meira að segja afturkallað það ef það er svo erfitt út af fiskverndarsjónarmiðum, við getum þá bara afturkallað það og sett yfir á trillurnar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta en minni á orð hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur, sem flutti málið áðan, sem sagði að auðvitað færi það aftur til nefndar og þyrfti aukna og meiri umfjöllun. Hv. þingmaður er flutningsmaður þessa máls og er þá nema von að fleiri mæli þessi orð hér í þingsalnum í dag og menn jafnvel skrifi undir það en þá með fyrirvörum, ekki síst í ljósi þess að fólk kom til nefndarinnar sem benti á ýmis atriði sem betur mættu fara. Við eigum að hafa það sem betra er og réttara frekar en að binda okkur við einhvern bókstaf sem getur jafnvel verið vitleysa.

[01:42]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að benda á að hv. þm. Karl V. Matthíasson er flutningsmaður að málinu. Hann samþykkti að málið væri lagt fram í hans nafni sem nefndarmanns í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd en þegar málið kemur hér inn og við ræðum það um miðja nótt kemur fram að hann segist vera með einhverja fyrirvara. Hann lagði málið fram í þinginu og fram komu engir fyrirvarar. (**GMJ:** Til hvers þá að hlusta á gesti í nefndinni?)

Hæstv. forseti. Málið kom fram með samþykki þeirra nefndarmanna sem eru í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, annars hefði málið ekki komið fram. Maður hlýtur að ætlast til þess að þeir þingmenn sem sitja í nefndinni sýni þá ábyrgð að standa við þau mál. Það getur vel verið að menn komist að því við vinnslu málsins að menn vilji breyta málinu (Gripið fram í.) en ekki er hægt að segja eftir á að menn hafi einhverja fyrirvara við málið. Það hefði þá þurft að koma fram í nefndinni áður en málið var lagt fram. (**Gripið fram í:** Það var óskað eftir frjálsum ... inn í umræðuna.)

[01:44]

Karl V. Matthíasson (Fl) *(andsvar)*:

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur að ég er á þessu máli. Síðan gerist það að fólk kemur til nefndarinnar, m.a. fiskistofustjóri, sem benti á það eða lét að því liggja að það þurfi nánast eftirlitsmenn, alveg gríðarlegan fjölda eftirlitsmanna til að hægt sé að framkvæma þetta ef vel á að vera. Hv. þingmaður veit það. Svo komu ýmis önnur mál fram, ýmsar aðrar ábendingar um að þetta væri ekki algjörlega nauðsynlegt.

Þegar við fáum fólk til nefnda er það til þess að vinna málin betur, gera málin betri og þegar sérfræðingar og hagsmunaaðilar sem hafa komið til nefndarinnar benda á að það kunni að vera mistök í málinu þá bara hlýði ég því, þá hlusta ég á það. Það er það sem ég er að segja. (**ArnbS:** Segðu það þá með þeim orðum en ekki að þú hafir haft fyrirvara um málið ...) Ég sagði það aldrei, hv. þingmaður, ég sagði aldrei að ég hefði haft fyrirvara á þessu máli. Ég sagði að ég mundi gera athugasemdir (Gripið fram í.) við það í ljósi þessa. Ég vona að hv. þingmaður sé lýðræðissinni og hafi umburðarlyndi fyrir því að menn geri frekar það sem rétt er en að hanga á einhverju bara af því að þeir skrifuðu upp á það. Svo sjá þeir kannski að það var ekki alveg rétt, menn eiga náttúrlega að fara eftir því sem rétt er.

[01:46]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins koma aftur eingöngu til að ræða örfá atriði sem ég komst ekki í að ræða rétt áðan. Það væri synd að segja, hæstv. forseti, að hér hefði farið fram markviss umræða um þetta annars ágæta og merka mál því að hér er ekki einu sinni framsögumaður málsins til að ræða það. Hér vantar algjörlega sjónarmið formanns nefndarinnar og til dæmis sjónarmið úr Samfylkingunni því að þeir þingmenn eru einfaldlega ekki til staðar.

Eins og ég sagði eru mörg atriði sem þyrfti að ræða og skýra betur af því að það er hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd sem flytur málið og ber ábyrgð á því. Þess vegna hefðu þurft að koma fram sæmilegar skýringar á einstökum þáttum málsins sem ekki gefst nú tími til. Ég vildi, hæstv. forseti, benda á að eitt af því sem þetta mál felur í sér er að m.a. er gert ráð fyrir því að hægt sé að veita smábátum, sem stunda atvinnuveiðar sem smábátar, samkvæmt þessum tillögum tímabundið leyfi á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst til að stunda frístundaveiðar og fá leyfi til þess að stunda þær, en eingöngu með því skilyrði að þeir stundi ekki veiðar í atvinnuskyni á því sama tímabili. Ég held að það sé rétt að þetta komi fram þannig að það eru ekki eingöngu svokallaðir frístundaveiðibátar sem eru sérstaklega til þess ætlaðir sem geta fengið þetta frístundaveiðileyfi. Þetta er eitt af þeim atriðum sem við vitum að getur verið umdeilt og þyrfti að ræða betur.

Hér var Fiskistofa nefnd og áhyggjur fiskistofumanna af því hvernig væri hægt að fylgjast með þessum veiðum. Því er rétt að nefna að fulltrúi Fiskistofu var einmitt í starfshópnum og hann sá ekki þessa annmarka sem menn eru að reyna að lýsa á því hvernig væri hægt að hafa eftirlit með þessu. Sérstaklega var farið að tillögum hans um það hvernig rétt væri að gefa út leyfin og hvernig væri möguleiki á að fylgjast með veiðunum. Til þess nutum við auðvitað ráðlegginga frá þeim fulltrúa sem kom frá Fiskistofu.

Við erum að tala um nýja atvinnugrein, við erum að tala um ferðaþjónustugrein og við tókum það sérstaklega fram í skýrslu starfshópsins. Við vildum benda á að í vinnu okkar hafi komið fram að það væri mikilvægt að Ferðamálastofa mótaði reglur um þessa nýju atvinnugrein á sviði ferðamála. Það verður þá leitast við að halda uppi og viðhalda gæðum og ímynd þeirrar þjónustu og atvinnustarfsemi sem hér um ræðir. Það skiptir nefnilega miklu máli þegar það starf sem nú þegar hefur verið unnið við það að byggja upp þessa atvinnugrein og búa til ímynd að ferðaþjónustan standi undir þeirri ímynd og þeim gæðum sem nú þegar hafa verið byggð upp og mótuð. Hún hefur verið sú söluvara sem erlendir ferðamenn sækjast eftir og það er brýnt að erlendir ferðamenn, og Íslendingar auðvitað líka, geti gengið að þessum gæðum vísum þegar þeir koma til landsins til að stunda þessar veiðar.

[01:51]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns vill forseti geta þess að hv. þm. Atli Gíslason, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, hefur fjarvistarleyfi í dag vegna veikinda.

[01:52]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ræðu hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur fagna ég því að hún skuli vilja skoða málið betur, það er auðvitað mjög gott. Ég minni hana á að þessi ferðaþjónustugrein sem þarf að leigja sér veiðiheimildir upp á 250 tonn — ef við gefum okkur að það verði svipuð veiði og svipað umfang á ferðaþjónustunni á þessu ári og því síðasta — er leiguverðið miðað við gangverð á kvóta í dag upp á 37,5 milljónir. Þessi fyrirtæki, kannski tvö fyrir vestan sem mest eru í því að leigja veiðiheimildir og gerðu það á síðasta sumri, munar um minna. Þetta er þeim íþyngjandi líka. Þegar þau voru búin að fá pantanir og það var búið að bóka hjá þeim skip þurftu þau að hafa þennan kvóta því að þau máttu ekki fara kvótalaus á sjó. Þessi ferðaþjónustufyrirtæki spenntu verðið upp umfram það sem kannski eðlilegt var á kostnað atvinnu sjómanna, á kostnað þeirra sem eru raunverulegir trillukarlar og þurfa að leigja til sín veiðiheimildir.

Það er sorglegt að vita til þess að hér eru nánast bara fjórir þingmenn í sal til að ræða þessi mál. Það er ótrúlegt. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir hefur verið með útúrsnúninga um stuðning við þetta frumvarp og tekur ekkert tillit til fyrirvara, tekur ekki tillit til óska minna um að frjálsar handfæraveiðar yrðu ræddar með. Hún hefur verið í þrasi og þvargi út af því að hana skortir rök. (Forseti hringir.)

[01:54]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki ég sem raða upp dagskrá þingsins. Hafi hv. þingmaður óskað eftir því að ræða frjálsar handfæraveiðar er það ekki mín sök að það er ekki gert hér í kvöld. (**GMJ:** ... formann sjávarútvegsnefndar.) Það vill nú þannig til að hv. formaður sjávarútvegsnefndar hefur heldur ekkert með það að gera hvernig dagskránni er raðað upp í þinginu þannig að hv. þingmaður mun eiga það við forseta þingsins hvernig menn ræða mál hér. Það hefur a.m.k. stundum verið þannig að Frjálslyndi flokkurinn hefur stutt það ríkisstjórnarsamstarf sem núna er í landinu þannig að það mætti búast við því að Frjálslyndi flokkurinn hefði getað fengið eins og eitt mál rætt í þinginu. Ekki ætla ég að koma í veg fyrir það og hef ekki reynt það.

Hæstv. forseti. Ég tek fram að það var algjör samstaða um það í starfshópnum, og mér heyrist almennt vera samstaða um að þeir sem bjóða upp á sérstakar ferðir til fiskveiða með sjóstöng og þar sem umfangið er svo mikið sem raun ber vitni muni þurfa að eiga aflamark til að hafa á móti þeim veiðum. Það er ekkert óeðlilegt við að þeir sem stunda þessa atvinnustarfsemi þurfi að hafa aflamark eða krókaaflamark á þeim bátum sem (Forseti hringir.) stunda slíkar veiðar því að magnið er þó (Forseti hringir.) þetta mikið.

[01:56]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Áframeldi, 500 tonnum úthlutað til áframeldis þar sem er veiddur smár fiskur, settur í kvíar og alinn upp í kjörstærðir til slátrunar. Brottkast á íslenska flotanum, hugsanlegt kvótasvindl með ýmsum hætti, Hafró-afli, upp á 5% af aflamarki skips má vera Hafró-afli, fyrir utan byggðakvóta, línuívilnun og ýmislegt annað sem er innbyggt í fiskveiðistjórnarkerfið. Við erum að tala um tugþúsundir tonna. Þá á raunverulega að íþyngja þessari nýju atvinnugrein, sem lofar góðu, með því að hún þurfi að leigja til sín veiðiheimildir.

Við eigum að láta þessa ferðaþjónustugrein, þennan sprota í ferðaþjónustunni, sprotafyrirtæki sem er að byrja að gera þetta með þessum hætti, afskiptalausa og ekki neyða fyrirtækin til að leigja sér veiðiheimildir.

Svo á hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir náttúrlega að horfa á það sem snýr að mannréttindanefndaráliti Sameinuðu þjóðanna, eins og ég hef margoft komið inn á. Okkur öllum er hollt að horfa á það og skoða það í ljósi þess sem sumir vilja samþykkja og gera að lögum. Við ætlum að ganga lengra í að brjóta mannréttindi en við höfum gert í núverandi kerfi, við erum að setja fleiri inn í þetta bannsetta fiskveiðistjórnarkerfi, þetta kvótakerfi. Það er það sem er verst við þetta frumvarp. Drögum það til baka, gerum það ekki að lögum, þess þarf ekki.

[01:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt enn og aftur að benda á að hv. þingmaður var flutningsmaður þessa máls sem felur það í sér að það þarf að leigja til sín aflaheimildir til að stunda þessar veiðar. (**GMJ:** Vertu ekki að þessum útúrsnúningum alltaf.) Hv. þingmaður, ef hann vildi hlusta á mál mitt án þess að vera með einhvern orðhengilshátt hér í salnum, þannig er þetta nú. Hann flutti þetta mál og að sjálfsögðu er það eðlilegt. Þeir sem stunda þessa atvinnugrein eru sáttir við þetta kerfi. Það er a.m.k. töluvert á sig leggjandi þegar þeir aðilar sem hafa byggt upp atvinnugreinina vilja hafa kerfið þannig, (Gripið fram í.) en þeir vilja hafa ramma utan um starfsemina.

Öll ferðaþjónustan óskar eftir því að fá laga- og regluramma utan um starfsemina sem er mjög vaxandi og mjög fjölbreytileg. Það er nauðsynlegt að utan um þessa starfsemi verði settur reglurammi. Þeir sem stunda þessa atvinnustarfsemi, hvort sem það er blönduð starfsemi eða þar sem markvisst er lögð stund á fiskveiðar, svokölluð magnveiði, kalla eftir regluverki í kringum atvinnugreinina. Samtök ferðaþjónustunnar hafa lagt á það mikla áherslu að utan um þetta verði sett regluverk sem þessi atvinnugrein getur stundað starfsemi sína innan og menn viti þá að hverju þeir ganga og á (Forseti hringir.) hvaða lagagrundvelli þeir standa. (**GMJ:** Hættu að djóka ...)

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sjútv.- og landbn.

Árlegur vestnorrænn dagur, fyrri umr.

Þáltill. KVM o.fl., 221. mál. — Þskj. 299.

og

Samráðsfundur sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda, fyrri umr.

Þáltill. KVM o.fl., 222. mál. — Þskj. 300.

og

Samráð Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda, fyrri umr.

Þáltill. KVM o.fl., 223. mál. — Þskj. 301.

og

Samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum fulltrúum, fyrri umr.

Þáltill. KVM o.fl., 224. mál. — Þskj. 302.

[02:01]

Flm. (Karl V. Matthíasson) (Fl):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns fagna því að þessar tillögur til þingsályktunar eru komnar til umfjöllunar í þinginu. Þær eru í raun og veru afurð ársfundar Vestnorræna ráðsins sem haldinn var í Grundarfirði í sumar. Ársfundur vestnorræna ráðsins er þannig uppbyggður að sex þingmenn frá Færeyjum, sex frá Grænlandi og sex frá Íslandi koma saman til að fjalla um sameiginleg mál þessara landa, Vestur-Norðurlandanna, Íslands, Grænlands og Færeyja. Á hverjum ársfundi er venjan að koma með tillögur, þingsályktanir, sem síðan eru bornar upp í hverju þinganna í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Nú þegar er búið að samþykkja þessar tillögur í þjóðþingum Grænlands og Færeyja og nú eru þær bornar hér upp. Flutningsmenn eru sá sem hér stendur, Árni Johnsen, Guðbjartur Hannesson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Gunnarsson og Birkir J. Jónsson, en þessir alþingismenn eru í Vestnorræna ráðinu, Íslandsdeild vestnorræna ráðsins. Einnig er flutningsmaður hv. þm. Jón Bjarnason frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og flutningsmenn eru því úr öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi Íslendinga.

Fyrsta tillagan fjallar um það að landsstjórnir Færeyja, Grænlands og Íslands haldi vestnorrænan dag. Áskorun Vestnorræna ráðsins til landsstjórnanna þriggja var að þær stofnuðu til vestnorræns dags einu sinni á ári sem gæti verið útfært þannig að eitt árið yrði hann haldinn hátíðlegur á Íslandi og þá mundi sá dagur vera notaður til að minna á mikilvægi okkar góða samstarfs við Grænland og Færeyjar. Fá mætti alls konar listamenn til að vera með menningarviðburði frá þessum löndum, flytja mætti erindi um margvísleg efni og margt fleira mæti kynna á samkomum sem miða að því að tengja löndin betur saman og vekja athygli á þeim, menningu, sögu o.s.frv. en ekki síst til að auka vinarþel og vináttu á milli þessara landa. Lagt er til að þessi dagur sé haldinn í ágúst á hverju ári, til skiptis á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum.

Annað mál sem samþykkt var á fundi Vestnorræna ráðsins í Grundarfirði 27. ágúst sl. var um aukið samráð á sviði sjálfbærrar nýtingar lifandi náttúruauðlinda, þar með talið fugla- og fiskstofna, auk spendýra. Það lýtur að því að þessi þrjú lönd tali betur saman um það hvernig þau eigi að standa saman að því að nýta náttúruauðlindir sínar á sjálfbæran hátt, veiðar og eldi og hvers konar samstarf. Það er ánægjulegt hve mörg verkefni hafa verið unnin á sviði loftslagsrannsókna á Vestur-Norðurlöndum hin síðari ár. Vestnorræna ráðið hvetur stjórnvöld til að tryggja að fyrir hendi séu áætlanir á milli landanna sem ætlaðar eru til að upplýsingar berist vel á milli og áhugi fyrir samstarfi skapist.

Hagkerfi Vestur-Norðurlanda byggist að miklu leyti á nýtingu náttúruauðlinda. Vestur-Norðurlönd eiga því sameiginlegra hagsmuna að gæta þegar kemur að því að tryggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda þjóðanna. Þess vegna er þessi tillaga m.a. komin fram og líka til að koma í veg fyrir misskilning og rangtúlkanir annarra ríkja á því hvernig við göngum um náttúruna.

Mig langar að nefna eitt dæmi. Grænlendingar veiða sel sér til matar, þeir borða bæði kjöt og spik og svo hafa þeir notað skinnið, feldinn, ef svo má að orði komast, til að búa til ýmsar vörur og hafa selt þær. Nú heyrast raddir um að ekki eigi að leyfa sölu á varningi úr selskinni. Þær koma frá löndum sunnarlega í Evrópu þar sem fólk hefur kannski ekki næga þekkingu á þessu og heldur að um ofveiði á sel sé að ræða og það koma jafnvel einhver tilfinningaleg rök inn í málið. Þetta á líka við um hvalveiðar.

Ég ætla ekki að fjalla frekar um þetta en tillagan hljóðar svo:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um aukið samráð á sviði sjálfbærrar nýtingar lifandi náttúruauðlinda, þ.m.t. fugla- og fiskstofna, auk spendýra.“

Þá langar mig til að koma að þriðju tillögunni sem er um árlegan samráðsfund sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda, og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um árlegan samráðsfund sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda. Á samráðsfundunum yrði fjallað um sjávarútveg og veiðar í löndunum þremur og stefnu landanna í sjávarútvegsmálum gagnvart Evrópusambandinu.“

Nýlegar fréttir frá því í gærkvöldi benda einmitt til þess að ekki veiti af því að við höfum gott samráð og samstarf við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um nýtingu auðlinda í hafinu og það væri mjög gott ef við gætum mótað sameiginlega stefnu í þessum málum, herra forseti, og sýnt þannig samstöðu til að vekja skilning á okkar málum. Einnig getur það orðið til þess að samráð okkar og samskipti við önnur ríki eins og t.d. í Evrópusambandinu yrðu á betri nótum og við mundum hafa meira vægi í umræðunni um fiskstofnana, um flökkustofna, t.d. hvernig við eigum að afgreiða málið með makrílinn og hvað eigi að gera ef íslenskir fiskstofnar fara allt í einu að synda yfir í lögsögu annarra ríkja. Hafa þau ríki fullan rétt til þess að veiða upp

þá stofna eða getum við gert einhverja kröfu?

Auðvitað þarf þetta að vinnast í samkomulagi og samráði á milli þjóðanna og því er mjög gott að Ísland, Grænland og Færeyjar komi sér saman um sín svæði og hafi ákveðna stefnu til að þau geti líka rætt við aðrar nágrannaþjóðir og við getum unnið málin í meira samkomulagi og förum ekki of geyst í það þó að einhver fiskstofn komi inn í okkar lögsögu og teljum ekki að við eigum hann bara ein o.s.frv. Við þurfum náttúrlega að haga okkur á siðaðan hátt í þessu sambandi. Þess vegna er þessi tillaga m.a. komin fram og er í raun og veru mjög lík annarri tillögu sem kom fram í fyrra og var samþykkt á hinu háa Alþingi. Það var tillaga um að Ísland, Grænland og Færeyjar mundu auka rannsóknasamstarf sitt. Var ánægjulegt hve Hafrannsóknastofnun Íslands tók vel undir þetta og það var einmitt í tengslum við það sem sumir kalla sjóræningjaveiðar á flökkustofnum. Aukið samráð, aukið samstarf og svona fundir geta einmitt orðið til þess að við förum að mæta hver annarri, þjóðirnar, með meiri skilningi en verið hefur.

Ég ætla ekki að fjalla meira um þessa tillögu, herra forseti, en að lokum er hér fjórða tillagan og hún tengist náttúrlega þessu samstarfi og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórn Grænlands um að löndin skiptist á útsendum sendifulltrúum. Færeyjar og Grænland eru jafnframt hvött til að skiptast á opinberum sendifulltrúum.“

Við vitum það, herra forseti, að komið hefur verið á fót *hér á landi sendistofu, sendiráði*, Færeyingar eru með sendiráð á Íslandi sem kallast sendistofa. Margt gott hefur gerst í framhaldi af stofnun þessarar sendistofu á milli landanna og það hefur aukið samskiptin. Það hefur verið mun þægilegra fyrir Færeyinga sem búa hér að hafa þessa sendistofu og einnig fyrir okkur Íslendinga vegna ýmissa viðskipta, vegna ferðalaga og margra annarra samskipta á milli þessara þjóða. Hér er verið að leggja það til að ríkisstjórnir landanna beiti sér fyrir því að við komum upp sams konar sendistofu af hálfu Grænlendinga, þ.e. að Grænlendingar hafi sams konar sendistofu og Færeyingar eru með hér. Við sjáum hve þetta yrði jákvætt, ekki síst í tengslum við aukna ferðamennsku, bæði til Íslands og til Grænlands og tengslanna á milli Íslands og Grænlands. Vekur það líka upp hugsanir um þá umræðu sem verið hefur um björgunarmál, sameiginleg björgunarmál þessara þjóða og viðbúnað vegna þess að aukin skipaumferð er á hafinu milli landanna vegna hlýnunar og betra sjólags. Því er mjög brýnt að samskiptin aukist og að menningartengslin verði sterkari. Við höfum líka fundið það, herra forseti, eftir að við fengum á okkur þennan mikla skell, eftir að kreppan skall á, hve þessar þjóðir hafa reynst okkur sannir vinir. Sannaðist það best með drenglyndi Færeyinga þegar þeir voru fyrstir þjóða til að lýsa yfir að þeir mundu rétta okkur hjálparhönd og er það vinarbragð sem seint verður þakkað en ávallt minnst hér á landi.

Herra forseti. Ég geri það svo að tillögu minni að þessum fjórum þingsályktunartillögum verði vísað til hv. utanríkismálanefndar.

[02:16]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég verð að segja að það sem þessi nefnd okkar undir forustu Karls V. Matthíassonar hefur gert er mjög jákvætt og lofar góðu til framtíðar litið. Aukið samstarf við þessar frændþjóðir okkar á án efa eftir að skila okkur á margan hátt mörgu góðu. Að halda vestnorrænan dag er auðvitað hið besta mál og að halda samráðsfund með sjávarútvegsráðherrum þessara landsstjórna er auðvitað gott mál og mun hugsanlega geta búið til samstarfsverkefni á ýmsum sviðum í framtíðinni.

Oft og tíðum er það þannig að ekki er hægt að sigla til eða frá Grænlandi í lengri tíma en hægt væri að stunda víða fiskveiðar í lögsögu þeirra þrátt fyrir það. Það mætti hugsa sér að vinna aflann í samráði við Grænlendinga og skapa okkur þannig ávinning og þeim líka af því samstarfi. Auðvitað er hugsanlegt að vera í ýmsu samstarfi við Grænlendinga. Við sinnum og hjálpum Grænlendingum nú þegar töluvert þegar kemur að heilbrigðisþjónustu. Ferðamannaiðnaðurinn á án efa eftir að njóta góðs af samstarfi þessara landa og það mun þýða gjaldeyristekjur fyrir allar þjóðirnar ef þær standa saman og vinna saman að því að markaðssetja vestustu löndin í Evrópu, þ.e. Færeyjar, Ísland og Grænland — sem er reyndar kannski ekki í Evrópu. Við eigum möguleika á að nýta ýmislegt sameiginlega.

Fyrir ári síðan kom iðnaðarnefnd grænlenska þingsins í heimsókn til okkar og ég tók þátt í því að taka á móti henni. Fyrirhugað er að byggja álver á Grænlandi og ýmislegt er þar í gangi sem gæti þýtt að þjónusta frá Ísafirði með flugi — og ýmislegt annað varðandi atvinnuuppbyggingu þeirra gæti þýtt ákveðna góða hluti til framtíðar. Eftir því sem við getum unnið meira og betur saman á öllum sviðum getur það skapað bæði atvinnu og gjaldeyristekjur fyrir allar þjóðirnar, sérstaklega í því sem varðar ferðamannaiðnaðinn og eins í sambandi við fiskveiðar og fiskvinnslu og hugsanlega þjónustu á öðrum sviðum og þá er ég að tala um Grænlendinga.

Við eigum líka og höfum átt gott samstarf við Færeyinga og getum sjálfsagt aukið það á mörgum sviðum, sérstaklega í ferðamannaiðnaðinum. Eftir því sem þessar þjóðir standa betur saman að því að vinna að sínum málum, kynningarmálum og öðru, því betra fyrir þær allar. Auðvitað er mjög gott að við getum tekið þátt í *rannsóknarverk*efni um sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda og furðulegt raunar að það skuli ekki hafa verið í gangi meira en raun ber vitni. Við erum hér á norðurslóðum og höfum mikla sameiginlega hagsmuni á öllum sviðum. Hugsanlegt er að Grænlendingar fari að vinna olíu eins og hugsanlega við Íslendingar. Færeyingar eru byrjaðir að vinna olíu og segja má að við höfum kannski lært aðeins af þeim varðandi undirbúning á þessum rannsóknarverkefnum og aðeins horft til þeirra hvað þau mál varðar.

Möguleikarnir varðandi samstarf þessara þjóða eru miklir og ég verð að segja að ég held að þetta geti lofað mjög góðu fyrir framtíðina og styð auðvitað þingsályktunartillögurnar og vil enn og aftur þakka Karli V. Matthíassyni, sem hefur verið í forsvari fyrir þessa nefnd, fyrir vel unnin störf.

Umræðu lokið.
Tillögurnar ganga til síðari umræðu og utanrmn.

Fundi slitið kl. 02:22.

117. FUNDUR

mánudaginn 30. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Gjaldþrotaskipti o.fl., stjfrv., 281. mál, þskj. 735, frhnál. 790. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Grunnskólar, frv., 421. mál, þskj. 714. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Náms- og starfsráðgjafar, frv., 422. mál, þskj. 715. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Tóbaksvarnir, stjfrv., 162. mál, þskj. 190. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Málefni aldraðra, stjfrv., 412. mál, þskj. 792. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
7. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 376. mál, þskj. 794. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Bjargráðasjóður, stjfrv., 413. mál, þskj. 701, nál. 789. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 688, nál. 795 og 815. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, þáltill., 20. mál, þskj. 20, nál. 765. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
11. Greiðslur til líffæragjafa, stjfrv., 259. mál, þskj. 419, nál. 781, brtt. 782. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Lyfjalög, frv., 445. mál, þskj. 787. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Ábyrgðarmenn, frv., 125. mál, þskj. 814, frhnál. 827. — 3. umr.
14. Aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum, þáltill., 30. mál, þskj. 30, nál. 816. — Síðari umr.
15. Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 366. mál, þskj. 618, nál. 804. — 2. umr.
16. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 407. mál, þskj. 691, nál. 818. — 2. umr.
17. Tekjuskattur, stjfrv., 410. mál, þskj. 695, nál. 798. — 2. umr.
18. Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, stjfrv., 101. mál, þskj. 108, nál. 806. — 2. umr.
19. Aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði, þáltill., 43. mál, þskj. 43, nál. 817. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Helga Sigrún Harðardóttir, 3. þm. Suðurk.
Jóhanna Sigurðardóttir forsrh., 5. þm. Reykv. n.
Katrín Jakobsdóttir menntmrh., 4. þm. Reykv. n.
Kolbrún Halldórsdóttir umhvrh., 5. þm. Reykv. s.
Kristinn H. Gunnarsson, 9. þm. Norðvest.
Össur Skarphéðinsson utanrrh., 2. þm. Reykv. n.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Borist hefur bréf frá þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins, Arnbjörgu Sveinsdóttur, um að Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s., geti ekki sótt þingfundi á næstunni sökum læknismeðferðar. 1. varamaður Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, Dögg Pálsdóttir, tekur sæti á Alþingi í dag. Hún hefur áður setið á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[15:04]

Útbýting:

Almenn notkun íslensks merkis fyrir ábyrgar fiskveiðar, 430. mál, svar sjútv.- og landbrh., þskj. 834.

Ábyrgðarmenn, 125. mál, þskj. 814.

Embætti sérstaks saksóknara, 393. mál, þskj. 809.

Evrópuráðsþingið 2008, 453. mál, skýrsla ÍÞER, þskj. 828.

Félagsleg aðstoð, 51. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 833.

Icesave-ábyrgðir og flýtimeðferð, 432. mál, svar fjmrh., þskj. 835.

Íslandsstofa, 455. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 831.

Lífsýnasöfn, 123. mál, þskj. 811.

Náttúruvernd, 362. mál, þskj. 810.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 397. mál, þskj. 812.

Veiting ríkisborgararéttar, 454. mál, frv. allshn., þskj. 829.

Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, 157. mál, nál. allshn., þskj. 839.

Visthönnun vöru sem notar orku, 335. mál, þskj. 813.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Gengi krónunnar og efnahagsaðgerðir.

[15:05]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. fjármálaráðherra. Ég vil í fyrsta lagi kalla eftir því frá hæstv. ráðherra hvort hann kunni sérstaka skýringu á því að nú gefur gengi íslensku krónunnar þó nokkuð eftir sem hlýtur að vera okkur mjög mikið áhyggjuefni, bæði vegna þess að það veldur skuldaaukningu hjá þeim sem skulda í erlendum gjaldeyri, eykur greiðslubyrðina og getur sett verðbólguþrýsting á hagkerfið.

Í öðru lagi spyr ég hvort þess sé að vænta að ríkisstjórnin tefli fram frumvarpi um skattahækkanir eða nýja skatta ef ekki er komið samkomulag milli ríkisstjórnarflokkanna í því efni. Ljóst er að það er eitt af meginmálum hæstv. fjármálaráðherra að auka skattbyrðina enda telur hæstv. ráðherra að það sé líklegasta leiðin til að stoppa í fjárlagagatið.

Í þriðja lagi vil ég kalla eftir því hvort núverandi ríkisstjórn hyggst tefla fram ákveðnum tillögum um hagræðingu og sparnað í ríkisrekstrinum. Öll erum við sammála um að eitt brýnasta verkefni þingsins sé að finna leiðir til að hagræða og spara, endurraða í ríkisrekstrinum þannig að við nýtum fjármuni sem allra best. Koma á þessu þingi ein-

hverjar markverðar tillögur frá ríkisstjórninni í því mikilvæga máli?

Loks vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort við höfum mætt öllum skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um framvindu í ríkisfjármálum, sem nauðsynlegt er að gera til að tryggja áframhaldandi fyrirgreiðslu sjóðsins. Ef svo er ekki, hvað er það þá í framvindu ríkisfjármála sem ekki gengur nægilega vel? (**Gripið fram í:** Það er að moka flórinn.)

[15:07]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Þetta voru fimm örlitlar spurningar sem ég á að svara á tveimur mínútum og miðað við þann tíma og þau mál sem hv. þingmaður hefur áhuga á að hér verði afgreidd þarf þingið að starfa í nokkrar vikur í viðbót. Af hverju gefur gengi krónunnar eftir? Aðalskýringin er væntanlega sú að undanfarnar vikur hafa verið stórir gjalddagar og miklar vaxtagreiðslur hafa farið út úr landinu. Nú er þeim að mestu leyti lokið og ekki von á sambærilegum tíma fyrr en þá í júní eða júlí í sumar þannig að vonir standa til að gengi krónunnar styrkist á nýjan leik en einnig verður að viðurkennast að sennilega leka gjaldeyrisskilareglur eitthvað þannig að það fyrirkomulag sem var sett upp í haust heldur ekki að fullu.

Í öðru lagi um skatta. Aldrei hefur staðið til að þessi ríkisstjórn, á þessum stutta tíma, breytti sköttum og engin áform eru um slíkt né hafa ákvarðanir verið teknar um slíkt í framhaldinu. Sjálfstæðisflokkurinn hafði forustu um að hækka skatta fyrir áramót, tekjuskatt og útsvar samanlagt um 1,6%, eða um það bil 11,5 milljarða kr. ef sveitarfélögin hefðu nýtt sér það að fullu, þannig að Sjálfstæðisflokkurinn brást þegar þannig við í kjölfar bankahrunsins að hækka skatta, væntanlega vegna þess að ella hefði halli á ríkissjóði orðið enn meiri en hann þó er og stefnir í að verða 150–170 milljarðar kr. á þessu ári. Það er arfleifð Sjálfstæðisflokksins í ríkisfjármálum. Þannig skilur hann við ríkissjóð eftir tæplega 18 ára ráðsmennsku.

Ég lýsi eftir uppbyggilegum hugmyndum um hvernig við ætlum að ná þessum halla niður úr 150–170 milljörðum kr. á þessu ári í 10% samdrætti þjóðartekna og áætluðum núll hagvexti á næsta ári öðruvísi en fara þar einhverjar blandaðar leiðir sem fela bæði í sér sparnað og ráðdeild í rekstri hins opinbera — og svara ég þar með þeirri spurningu — en um leið eftir atvikum einhverri sanngjarnri tekjuöflun. Ég hef ekki heyrt slíkar tillögur frá Sjálfstæðisflokknum og ef hann ætlar að ná niður 170 milljarða ríkissjóðshalla með niðurskurði einum saman þætti mér fróðlegt að sjá tillögur um hvar og hvernig á að skera.

Svarið við síðustu spurningunni er já. Ég tel að íslensk stjórnvöld hafi skilað öllu og séu að skila öllu því sem þarf til þess að áætlunin (Forseti hringir.) í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn gangi eftir.

[15:10]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég lýsi ánægju minni með það að samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn virðist ganga vel og ekki séu neinir hnökrar á því samstarfi vegna þess að við eigum mikið undir því að hvorki hiksti né hik komi í stuðninginn sem við treystum þar á.

Varðandi skattahækkanir Sjálfstæðisflokksins er það í sjálfu sér rétt að gerðar voru breytingar þær sem hæstv. fjármálaráðherra rakti en fyrir alla þá sem eru með 400 þús. kr. eða minna í laun er skatturinn óbreyttur vegna þess að frítekjumarkið hækkaði um áramótin og engin aukin skattbyrði var lögð á alla þá sem eru á þessu tekjubili þannig að rangt er að koma hér upp og halda því fram að Sjálfstæðisflokkurinn hafi aukið skattbyrði á þennan tekjuhóp. Þvert á móti telur Sjálfstæðisflokkurinn að með þeim breytingum sem gerðar hafa verið sé nóg að gert og við eigum ekki að auka byrðar atvinnustarfsemi og heimila í landinu á þessum viðkvæmu tímum. (Forseti hringir.) Við eigum þvert á móti að að styðja við atvinnustarfsemina. Með því að styðja við atvinnustarfsemi í landinu (Forseti hringir.) tryggjum við að ríkissjóður eigi von á einhverjum tekjum (Forseti hringir.) með tekjuskatti en ekki með því að taka vandamálin yfir eða ríkisvæða þau.

[15:11]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og tímann, þótt naumur sé, þar sem ég hafði ekki tíma til þess í fyrri ræðu minni að óska nýkjörnum formanni Sjálfstæðisflokksins hjartanlega til hamingju og bjóða hann velkominn til starfa sem forustumann síns flokks. Við væntum að sjálfsögðu góðs af samstarfi við hann.

Ánægjulegt er að Sjálfstæðisflokkurinn viðurkennir að hann hækkaði skatta fyrir áramótin. Hann hækkaði skatta fyrir áramótin, samanlagða álagningarprósentu tekjuskatts og útsvars um 1,6% sem hefði gefið að fullu nýtt 11,5 milljarða kr. Það er staðreynd. Það var löngu áður í tengslum við kjarasamninga búið að ákveða skattleysismörk eins og þau mundu verða á gildistíma kjarasamningsins þannig að það er eftiráskýring hjá Sjálfstæðisflokknum að með því hafi hann ekki hækkað skatta.

Ég lýsi þá eftir því að Sjálfstæðisflokkurinn útlisti fyrir kosningar hvernig hann ætlar að ná 170 milljarða kr. sparnaði í rekstri ríkissjóðs með niðurskurði einum saman. (Gripið fram í.) Hvað verður eftir af velferðarkerfinu ef Sjálfstæðisflokkurinn fær að fara um það með niðurskurðarsveðjuna, (Gripið fram í.) ef hann hafnar því [Frammíköll í þingsal.] algerlega (Forseti hringir.) að afla einhverra tekna upp í þetta gat. (**Gripið fram í:** Eigum við að vinna vinnuna fyrir þig?)

Stjórnarsamstarf eftir kosningar.

[15:13]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Nú hafa stjórnmálaflokkarnir haldið landsfundi sína og línur eru farnar að skýrast. Ljóst er að stjórnarflokkarnir eru svolítið eins og ástfangnir unglingar á vorin. Það er rafmagnað samband má segja og stjórnarflokkarnir virðast ekki alveg sjá þann vanda sem við þjóðinni blasir. Alla vega höfum við framsóknarmenn, að okkar mati, ekki fengið nógu góðar umræður um efnahagstillögur okkar (Gripið fram í.) og hæstv. forsætisráðherra hefur m.a.

skotið niður tillögu okkar um 20% leiðréttingu til heimilanna. (Gripið fram í.)

Ég vil því spyrja vegna þess að hæstv. sjávarútvegsráðherra og formaður vinstri grænna hefur sagt að Vinstri hreyfingin – grænt framboð vilji stjórnarsamstarf við Samfylkinguna eftir næstu kosningar og hæstv. forsætisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, segir einnig að hún geti alveg séð þetta samstarf fyrir sér áfram ef þessir tveir flokkar fá meiri hluta.

Þannig að ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé nú ekki bara heiðarlegt og eðlilegt í ljósi þess að allir vilja nú hafa allt uppi á borðinu að stjórnarflokkarnir núverandi, sem segjast ætla að vinna saman eftir kosningar fái þeir hreinan meiri hluta, eigi að sýna okkur stjórnarsáttmálann. Á ekki að sýna þjóðinni hvort hér verða almennar skattahækkanir? Hvað á að gera í atvinnumálum þjóðarinnar? Hvar á að skera niður? Hvernig á að lenda ESB-málinu?

Mér finnst, virðulegur forseti, eðlilegra að þeir sem segjast ætla að starfa saman eftir kosningar fái þeir til þess meiri hluta svari þessu frekar en að svara engu og heimta svör frá öðrum. Það hafa auðvitað allir flokkar sína skoðun á þessum vandamálum. En mér finnst eðlilegt þegar gefið er svona sterkt í skyn að það eigi að vera hrein vinstri (Forseti hringir.) stjórn eftir kosningar að menn eigi að segja hvað í því felst.

[15:15]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir samlíkinguna að stjórnarflokkarnir séu eins og hvað var það? Ástfangnir unglingar, já. Mér finnst það mjög skemmtileg samlíking sérstaklega þegar í hlut eiga flokkar sem við leiðum, ég og hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, sem erum nú einmitt unglingarnir hér í þingreynslu eins og kunnugt er og ætlum okkur langa framtíð enn samanber það sem nýkjörinn formaður Samfylkingarinnar — sem við óskum líka til hamingju — sagði þegar hún rifjaði upp atorku ömmu sinnar.

Það er alveg hárrétt að á fundum beggja flokka sveif sá andi yfir vötnum að samstarfið hefur gengið vel og menn hafa fullan hug á því að halda því áfram. Menn vilja að hér verði áfram (**Gripið fram í:** Þið hafið ekkert gert.) við völd félagshyggju- og vinstri stjórn og menn vilja að Sjálfstæðisflokkurinn komist ekki aftur til valda. (Gripið fram í.) Það er markmið í sjálfu sér. Það er markmið í sjálfu (Gripið fram í.) sér, stutt af dómi reynslunnar, hv. þingmenn. Það hefur ekki farið mjúkum höndum um íslenskt samfélag að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ráðið því of lengi. (**Gripið fram í:** ... svara spurningunum.)

Framsóknarflokkurinn gerir að sjálfsögðu upp við sig hvar hann vill vera í þeirri mynd. Ég hef tekið skýrt fram að ég útiloka ekkert í þeim efnum. Ég tek eftir því hvernig forustumenn Framsóknarflokksins tala margir hverjir og yfirleitt þannig að þeir vilja að breyttu breytanda frekar telja sig til hins félagslega hluta litrófsins og sjá sig frekar inni í myndinni þannig en í samstarfi og náðarfaðmi Sjálfstæðisflokksins. Enda þekkir enginn íslenskur stjórnarflokkur betur af biturri reynslu en Framsóknarflokkurinn hvernig það getur farið með flokka að vera þar í vist. (Gripið fram í.)

Varðandi áherslur fyrir kosningarnar verða þær væntanlega ekki tæmdar hér á tveimur mínútum. Flokkarnir tefla fram stefnuskrám sínum. Þannig er það. Þeir eiga að segja hvað þeir ætla að gera og það er eitt sem er mjög mikilvægt. Menn eiga að segja heiðarlega fyrir kosningar hvað þeir telja að þurfi að gera eftir kosningar en ekki reyna að blekkja eins og Sjálfstæðisflokkurinn er að reyna að blekkja, (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) að hægt sé að gera það sem ekki er hægt. (Forseti hringir.)

[15:17]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ljóst er að rafmagnað samband er á milli stjórnarflokkanna og það er álit þeirrar er hér stendur að þetta rafmagnaða samband þurfi jarðtengingu. Það væri ekki til bóta ef hér yrði í landinu hrein vinstri stjórn eftir kosningar. [Kliður í þingsal.] Það þarf jarðtengingu og það er alveg rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra, formanni Vinstri grænna, að framsóknarmenn hafa talað fyrir miðjustjórn. Það er alveg rétt og það hefur formaður flokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, gert.

Við teljum nefnilega mjög brýnt að hér verði öflugt atvinnulíf. Það á að skapa þjóðinni tekjur og við teljum ekki að erlendar skuldir verði greiddar með almennt hærri sköttum. Það þarf að auka framleiðsluna til að auka gjaldeyristekjurnar. Þar hafa vinstri flokkarnir verið mjög tvístígandi. Þannig að það er rétt sem hæstv. (Forseti hringir.) ráðherra segir, við viljum tala fyrir miðjustjórn (Forseti hringir.) en þá þarf góða jarðtengingu á þessa vinstri sveiflu sem nú er í samfélaginu.

[15:18]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er út af fyrir sig vel boðið hjá Framsóknarflokknum að bjóðast til þess að verða jarðskautið. Enda er jörðin yfirleitt guli og græni þráðurinn í rafmagnsköplunum og það þarf að tengja þá einhvers staðar. En straumurinn kemur eftir hinum þráðunum. [Hlátur í þingsal.] Krafturinn kemur eftir hinum þráðunum þannig að mikilvægt er að hafa það í huga.

Að sjálfsögðu vilja allir flokkar öflugt atvinnulíf. Að sjálfsögðu er baráttan gegn atvinnuleysi eitt mikilvægasta forgangsverkefni íslenskra þjóðmála. Að sjálfsögðu verðum við að reka þjóðarbúið á næstu árum með miklum afgangi í viðskiptum við útlönd, öðruvísi ráðum við aldrei við skuldirnar. Þetta leiðir allt af sjálfu sér.

Það er engin leið og hvaða ríkisstjórn sem er mun þurfa að fara einhverja blandaða leið í glímunni við ríkisfjármálin. Öðruvísi er þetta ekki hægt. Það er veruleikinn. Veruleikinn mun taka af mönnum völdin og ég vara Sjálfstæðisflokkinn við því að ætla að reyna að fara inn í þessa kosningabaráttu þannig að hann telji mönnum trú um að það sem ekki er hægt sé hægt. [Hlátur í þingsal.] Það sem er ekki hægt sé ekki hægt.

Og (Forseti hringir.) ég vara alla flokka við því að reyna að fara á einhverjum ódýrum (Forseti hringir.) forsendum í gegnum kosningabaráttuna og hafa það á bakinu ef þeir (Forseti hringir.) skyldu komast til valda.

Gjaldeyrishöft og jöklabréf.

[15:20]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Til að koma okkur út úr því kreppuástandi sem nú ríkir þarf að leysa nokkur brýn verkefni. Eitt þeirra tengist gjaldeyrishöftum og svokölluðum jöklabréfum.

Sem kunnugt er voru samþykktar á Alþingi undir lok síðasta árs breytingar á lögum um gjaldeyrismál. Í kjölfarið voru sett á gjaldeyrishöft til að koma í veg fyrir víðtækan fjármagnsflótta. Gjaldeyrishöftin eru bölvun í íslensku atvinnulífi, þau skerða athafnafrelsi og rýra samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Einnig eru í gildi umtalsverðar takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila hérlendis.

Virðulegi forseti. Frjálsir fjármagnsflutningar eru forsenda þess að íslensk fyrirtæki geti tekið þátt í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Gjaldeyrishömlur virka afar neikvætt á samkeppnishæfni fyrirtækja. Þannig aukast líkur á enn fleiri gjaldþrotum fyrirtækja hér á landi með geigvænlegum áhrifum á atvinnustig og afkomu heimilanna í landinu. Baráttan við atvinnuleysi er eitt mesta forgangsverkefnið, ég tek undir það með hæstv. fjármálaráðherra.

Til að losa um gjaldeyrishöftin þarf að leysa vandann sem tengist jöklabréfunum, því ein helsta réttlætingin fyrir gjaldeyrishaftastefnu felst í því að háar fjárhæðir eru útistandandi í jöklabréfum. En sem kunnugt er eru jöklabréf skuldabréf sem erlendir aðilar hafa gefið út í íslenskum krónum. Því spyr ég hæstv. viðskiptaráðherra þriggja spurninga: Hver er upphæð jöklabréfanna? Það er svolítið á reiki. Í öðru lagi: Eru lausnir í augsýn og ef svo er hverjar eru þær? Í þriðja lagi: Hvernig hyggst viðskiptaráðherra beita sér fyrir því að leysa málefni tengd jöklabréfunum og losa þannig um gjaldeyrishöftin?

[15:22]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðfinnu S. Bjarnadóttur þessa fyrirspurn og get raunar tekið undir margt ef ekki allt í forsendum hennar, þ.e. ég tek undir það að þessi gjaldeyrishöft eru afar óæskileg og geta verið mjög óþægileg fyrir samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Það var álitamál síðastliðið haust hvort koma ætti þessum höftum á. Það var auðvitað ekki gert fyrir minn atbeina þá en ég tjáði mig þá um það í fjölmiðlum að ég væri ekki mjög hrifinn af hugmyndinni og hrifning mín hefur ekki aukist síðan.

Hins vegar er það staðreynd að við erum með þessi höft núna og þurfum að vinna okkur út úr þeim og ég held að það sé í grundvallaratriðum hægt. En eitt af því sem torveldar það eru jöklabréfin sem hv. þingmaður minntist á. Reyndar kannski ekki endilega sjálf jöklabréfin heldur innstæður og íslensk verðbréf sem erlendir aðilar hafa eignast í tengslum við þessi jöklabréfaviðskipti.

Því miður liggur ekki nákvæmlega fyrir hver upphæðin er í raun og veru enda er stundum dálítið erfitt að greina á milli innlendra og erlendra aðila því sumir þeirra sem eru á pappírunum erlendir eru kannski grunsamlega íslenskir þegar nánar er að gáð. Þess utan getur vel verið að einhverjir íslenskir aðilar vilji koma sér úr landi með fé sitt þegar höftunum verður aflétt.

En lausnirnar eru í grundvallaratriðum fólgnar í því að skipta þessu óþolinmóða fé sem vill fara úr landi út fyrir þolinmótt fé og Seðlabankinn og fleiri hafa hugsað upp ýmsar leiðir til þess sem þó hefur ekki verið hrint í framkvæmd, m.a. hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ekki verið sáttur við allar þær lausnir sem lagðar hafa verið til. En tímans vegna næ ég ekki (Forseti hringir.) að rekja í smáatriðum hver útfærslan hefði átt að vera.

[15:24]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka þetta stutta svar sem takmarkast af þeim tíma sem við höfum hér í ræðustól. En mig langar að inna ráðherrann eftir þessum lausnum. Vegna þess að ljóst er að hægt er að leysa þetta vandamál. Í umræðunni hafa aðallega verið tvenns konar lausnir, annars vegar að kaupa þessi jöklabréf og þá, eins og hæstv. ráðherra benti á, þær innstæður og íslensku verðbréf sem búið er að kaupa fyrir þessi jöklabréf og þá hugsanlega vextina af þeim. En að kaupa þau með miklum afslætti.

Hins vegar að fá lífeyrissjóði, íslensk fyrirtæki, fjárfesta og einstaklinga sem eiga eignir erlendis til að taka stöðu með íslensku krónunni. Fara í einhvers konar skipti þannig að eigendur jöklabréfanna fái erlendan gjaldeyri, markaðsbréf eða aðrar auðseljanlegar eignir frá þeim íslensku aðilum sem gætu mögulega tekið stöðu með krónunni.

[15:25]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Það er rétt að ein lausn eða hluti af lausn gæti einmitt falið í sér slík eignaskipti, þ.e. að aðilar sem eiga erlendar eignir, hvort sem það eru íslenskir lífeyrissjóðir eða aðrir, skipti á þeim fyrir þessi krónubréf eða innstæður í krónum eða aðrar eignir sem núna eru fastar vegna gjaldeyrishaftanna. Ég sjálfur er hlynntur þeirri leið. Hún gæti að minnsta kosti verið hluti lausnarinnar.

Önnur lausn eða hluti af lausn gæti verið að bjóða út skuldabréf til einhvers tíma sem eru þess eðlis að þegar þau koma á gjalddaga er hægt að skipta þeim út fyrir evrur eða annan erlendan gjaldmiðil og færa úr landi. Það er leið sem Seðlabankinn hefur verið að kanna og ég held að báðar þessar leiðir gætu í sjálfu sér verið leiðir út úr þessu. En hvorugri hefur verið hrint í framkvæmd.

Frumvarp um endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.

[15:27]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Herra forseti. Fyrir þingi liggur frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja sem felur það í sér að þetta hlutafélag gæti tekið að sér að reka ýmis fyrirtæki sem eru nú komin í slæm mál og eru í vörslu banka. En það stendur ekki í frumvarpinu, hvorki í lagagreinum né greinargerð, um hvers konar fyrirtæki gæti verið um ræða.

Því langar mig til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann geti komið með nánari útlistanir á þessu. Erum við að tala um flugfélög? Erum við að tala um verslun? Er-

um við að tala um útgerðarfélög? Um hvað er fjallað í frumvarpinu sem hann leggur hér fyrir?

[15:28]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Þetta frumvarp er unnið upp úr tillögum sem alþjóðlegir ráðgjafar, sem fengnir voru til starfa eftir bankahrunið, settu fram og er að alþjóðlega þekktri fyrirmynd og mörg önnur lönd sem lent hafa að einhverju leyti í hliðstæðum aðstæðum hafa farið þessa leið og með henni er mælt af alþjóðlegum ráðgjöfum og innlendum aðilum.

Mikilvægt er að taka það fram að fyrirtækinu er ekki ætlað að eiga og reka þessi fyrirtæki, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, heldur þvert á móti að endurskipuleggja þau og standa að endursölu þeirra og koma þeim út í lífið á nýjan leik. Lögin eru tímabundin og eignaumsýslufélagið skal hafa lokið verkefnum sínum og skal vera slitið innan fimm ára.

Það er skilgreint í greinargerð frumvarpsins hvað átt er við með þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki. Þar er fyrst og fremst verið að tala um fyrirtæki sem eru með svo mikilvæga starfsemi sem tengist öryggishagsmunum, innviðum samfélagsins, almannaþjónustu eða öðru slíku að rík áhersla er til að tryggja að ekki komi rof í þá starfsemi ef þau eru í vanda, og ef það verður niðurstaðan að vænlegra sé að greiða úr málum þeirra í höndum slíks sérhæfðs eignaumsýslufélags heldur en að viðskiptabankarnir, sem jafnframt eru í eigu ríkisins, geri það hjá sér.

Að sjálfsögðu er þar með augljóst að hér er ekki verið að smíða frumvarp utan um einhver tiltekin fyrir fram ákveðin fyrirtæki og þaðan af síður einhvern tiltekinn fjölda eða af tiltekinni stærð heldur ræðst það af aðstæðum hverju sinni. Ætlunin er að útfæra nánar þessar viðmiðunarreglur og frumvarpið gerir ráð fyrir að það sé gert í samráði við Seðlabanka Íslands og aðila vinnumarkaðarins sem gera tillögur um nánari skilgreiningu á þeim viðmiðunum sem þar yrði starfað eftir.

[15:30]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir svarið en spurning mín var um hvort hægt væri að nefna einhver dæmi um fyrirtæki. Hæstv. ráðherra gerði það ekki heldur talaði almennt um málið eins og það kemur fyrir í frumvarpinu. Mér leikur hugur á að vita, ef þingið á að fara að samþykkja þetta, ætli menn teldu þá nauðsynlegt að ríkið ræki útgerðina í landinu að einhverju leyti eða verslunina? Segjum bara að Bónus fari á hausinn og Krónan líka, hvernig mundum við bregðast við því? Ég vona að verslunin standi vel undir sér og allt það en spurningin er um þetta: Um hvers konar rekstur er að ræða? Er þetta einhver almennur rekstur eða hvað? Getur þetta verið útgerð, geta þetta verið flugfélög, skipafélög, eða hvað er um að ræða, svo að talað sé beint út?

[15:31]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég held að hv. þingmaður, fyrirspyrjandi og aðrir hljóti að átta sig á að það væri ekki hæfi að fara að nefna nöfn fyrirtækja en … (**KVM:** Atvinnugreinar.) Já. En þessu er hins vegar nokkuð vel lýst í greinargerð með frumvarpinu, að ég held. Af sjálfu leiðir þegar talað er um þjóðhagslega mikilvæga starfsemi sem tengist öryggi eða innviðum samfélagsins, almannaþjónustu, fæðuöryggi eða öðru slíku, geta menn hugsað að það séu þá líklega fyrirtæki t.d. á sviði samgangna, fjarskipta, fæðuöryggis og annarra slíkra sviða þar sem starfsemin er þannig í eðli sínu að hún skiptir sköpum og er undirstaða einhverrar annarrar og almennrar starfsemi í félaginu. Það er síður ætlunin og í raun ekki gert ráð fyrir því nema í einhverjum undantekningartilvikum að hefðbundin atvinnufyrirtæki í samkeppnisrekstri, eitt af 20–30 á þessu sviði kæmi inn til svona fyrirtækis þannig að ætlunin er að hafa inngripið eins lítið og mögulegt er. Má ég minna á að það er eingöngu spurning um fyrirkomulag hvort banki í eigu ríkisins (Forseti hringir.) greiðir úr málunum sjálfur, (Forseti hringir.) eftir atvikum í eign umsýslufélaga á sínum vegum, eða hvort það er fært yfir til (Forseti hringir.) eignaumsýslufélags í eigu hins sama ríkis.

Arðgreiðslur og laun hjá Íslandspósti.

[15:33]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegur forseti. Það var á dögunum að hæstv. forsætisráðherra talaði um siðleysi hjá fyrirtækjum þegar þau greiddu út arðgreiðslur á ávöxtun á hlutafé við þær aðstæður sem eru í samfélaginu. Það fyrirtæki sem helst var gagnrýnt fyrir þetta af hæstv. forsætisráðherra — og ég held að hæstv. fjármálaráðherra hafi tekið undir þessa gagnrýni — var að greiða sér 8% ávöxtun á nafnverð hlutafjár, sem tæplega getur talist há ávöxtun í því vaxtaumhverfi sem við búum við í dag.

Íslandspóstur er fyrirtæki sem er 100% í eigu ríkisins og þar er hlutafé á milli 1.400 og 1.500 millj. Á árunum 2006 og 2007 skilaði Íslandspóstur um það bil 270 millj. kr. hagnaði á rekstri sínum hvort ár. Þá lét ríkissjóður Íslandspóst greiða sér arð af nafnvirði hlutafjár um 7–8%, um 90 millj. Þær 180 millj. sem eftir voru af hagnaði frá fyrra ári fékk fyrirtækið að nota við uppbyggingu á starfsemi sinni úti um land, til að auka atvinnu.

Árið 2008 var hagnaður af rekstri Íslandspósts 78 millj. kr. Hæstv. fjármálaráðherra lét fyrirtækið greiða ríkissjóði 80 millj. í arð eða um 6% af ávöxtun á nafnfé hlutafjár. Fyrst við tölum um siðleysi, sem síðan var það í raun ekki þegar viðkomandi fyrirtæki hækkaði laun starfsmanna, vil ég spyrja (Forseti hringir.) hæstv. fjármálaráðherra hvort ekki standi til í ljósi þessa (Forseti hringir.) að hækka laun starfsmanna Íslandspósts eins og (Forseti hringir.) kjarasamningar segja til um.

[15:35]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég held að öllum sé ljóst hvers vegna þau ummæli féllu sem raun ber vitni um ákveðin fyrirtæki sem höfðu á sama tíma ekki hækkað laun í samræmi við kjarasamninga en greiddu sér síðan út arð. Það er samhengi málsins, geri ég ráð fyrir, sem menn höfðu í huga þegar um

þetta var rætt.

Varðandi Íslandspóst þekki ég að sjálfsögðu ekki né ber ég ábyrgð á arðgreiðslum þess fyrirtækis undanfarin ár og ekki heldur á þessu því að það hefur væntanlega verið ákveðið í fjárlögum yfirstandandi árs af fráfarandi ríkisstjórn. Ég veit að þar er bara um eina heildartölu að ræða, áætlun um sundurliðun á þeim arðgreiðslum er væntanlega til bæði hjá fjárlaganefnd og uppi í fjármálaráðuneyti. Eftir því sem ég best veit um Íslandspóst er nú gert ráð fyrir lægri arðgreiðslum á þessu ári en var árin á undan. Hvort það svarar hv. þingmanni og gerir hann sáttari en ella veit ég ekki en málið hefur ekki verið í mínum höndum, það hefur ekki komið til minna kasta og var ekki ákveðið af mér þar sem fjárlög þessa árs voru afgreidd og eru á ábyrgð fyrri ríkisstjórnar.

[15:36]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Hæstv. fjármálaráðherra reynir að hlaupa undan þessu máli og afsala sér ábyrgð núverandi ríkisstjórnar á því að láta Íslandspóst greiða til sín arð. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við að Íslandspóstur greiði út þennan arð, 80 millj. Hagnaður síðasta árs var reyndar 78 millj. og teknar eru 80 millj. af. Spurningin er þessi: Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsætisráðherra og, ef ég man rétt, hæstv. fjármálaráðherra gagnrýndu þessi fyrirtæki fyrir siðleysi, að láta greiða sér út arð á sama tíma og kjarasamningar voru ekki látnir gilda. En þessi fyrirtæki tóku upp á því að láta starfsmennina njóta þess líka að afkoman hefði verið góð á síðasta ári (Gripið fram í.) með því að láta gildistaka kjarasamningana. Því spyr ég: Stendur til hjá hæstv. fjármálaráðherra að láta starfsmenn Íslandspósts njóta þess sama? Einfalt svar.

[15:37]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég vísa aftur til þess sem ég sagði. Eftir því sem ég best veit eru arðgreiðslur Íslandspósts áætlaðar á þessu ári líklega helmingi lægri en þær voru á árinu á undan. (**Gripið fram í:** Það voru 90 millj. 2007 …) Íslandspóstur hefur reynt að hækka laun lægst launuðu starfsmannanna enda eru þeir margir hjá Íslandspósti. Samkeppni Íslandspósts um starfsfólk var eins og hún var á þeim tímum sem fylliríið stóð, eins og allir vita, þannig að ég held að það verði ekki sérstaklega sakast við Íslandspóst í þessum efnum. (**JónG:** Ef þetta er siðleysi hjá einkafyrirtæki er þetta þá ekki siðleysi hjá ríkisfyrirtæki?) Ég held að það fyrirtæki hafi þrátt fyrir allt reynt að bæta kjör þeirra sem þar starfa og hafa haft lægstu launin. (**JónG:** En siðleysi, nær það bara yfir einkafyrirtæki, ekki ríkisrekin fyrirtæki?) Ég er að hugsa um að leyfa Sjálfstæðisflokknum að klára ræðutímann hérna, þetta er svo uppbyggilegt hjá þeim. Það er að sjálfsögðu ekki þannig að fjármálaráðherra skipi fyrirtækjunum fyrir um hvað þeir gera í sínum launamálum. Það fer eftir öðrum reglum. Eða er hv. þingmaður að biðja um að ég taki upp á mitt borð að ákveða launagreiðslur allra opinberra starfsmanna?

Um fundarstjórn.

Umræða um utanríkismál.

[15:39]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil geta þess að í dag eru liðin 60 ár frá því að Alþingi samþykkti aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Það var mikið gæfuspor fyrir íslenska þjóð og um leið eru 60 ár frá því að gerð var árás á Alþingishúsið. En meiri hluti þingsins stóð fast í lappirnar og tók þá mikilvægu ákvörðun að stilla Íslandi í hóp lýðræðisþjóða og segja já við frelsinu en nei við helsinu, nei við okinu og áformum sem m.a. fylgdu kommúnismanum. NATO hefur síðan verið hornsteinn utanríkisstefnu okkar farsællega í 60 ár og menn geta ímyndað sér hvað hefði gerst ef við hefðum ekki tekið þá ákvörðun að vera með í þessu friðarbandalagi. Það var mikilvægt skref hjá framsýnum og kjarkmiklum forustumönnum að taka þessa ákvörðun þegar þeir stóðu gegn öllu þessu ati á Alþingishúsið. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Af hverjum ræðum við ekki skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál sem er lögbundin? (Forseti hringir.) Það hefði verið vel við hæfi ef hæstv. forseti hefði beitt sér fyrir því að ræða skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál einmitt á þessum degi. Þá hefðum við sýnt þeim sómamönnum og -konum sem tóku þetta farsæla spor fyrir 60 árum og sagt: Takk fyrir að vera í hópi vestrænna lýðræðisþjóða.

[15:41]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Gengið er til dagskrár … (Gripið fram í.) Forseti er spurður að því hvort ekki hefði verið við hæfi að ákveðið mál hefði verið sett á dagskrá í dag. Hann setti það ekki á dagskrá. Málið verður ekki sett á dagskrá í dag þannig að svarið er komið með dagskránni. Forseta var ekki kunnugt um þetta 60 ára afmæli aðildar Íslands að NATO og Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki gert honum sérstaklega grein fyrir því. Aftur á móti eru engin áform um að sniðganga skýrsluna um utanríkismál. (Gripið fram í.) Það hefur engin ósk komið um að þetta væri tekið á dagskrá í dag þannig að fleiri virðast hafa gleymt þessu. (**Gripið fram í:** Hvenær á að ræða það?)

[15:41]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Mér finnst það eiginlega alveg makalaust að forseti þingsins skuli ekki einu sinni hafa leitt hugann að þessu merka gæfuspori í íslenskri utanríkissögu, 60 ára afmæli aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Gott og vel. En það liggur líka ljóst fyrir að það er lögbundið að ræða utanríkismál, skýrslu utanríkisráðherra. Ég spyr því einfaldlega og vonast til þess að fá svar frá hæstv. forseta: Hvenær verður rætt um skýrslu utanríkisráðherra í þessum sal þannig að við getum frætt hæstv. forseta um hversu gott og mikið gæfuspor það var að gerast aðili að NATO fyrir 60 árum síðan?

[15:42]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vekur athygli á að næsta dagskrármál er að velja hvort við höldum þingfundi áfram lengur í dag en lög gera ráð fyrir og það ræðst m.a. af því hversu langan tíma við gefum hverju dagskrármáli hvenær við getum tekið önnur mál á dagskrá þannig að ég hef ekki dagsett hvenær utanríkisskýrslan kemur á dagskrá. Ég lagði fram lista yfir þær skýrslur sem liggja fyrir þinginu og vakti athygli á að tvær þeirra þyrftu að komast í umræðu áður en þingi lýkur. Það er skýrsla umboðsmanns Alþingis og skýrsla um utanríkismál. Þessar skýrslur voru báðar lagðar fram. Önnur þeirra hefur fengið umfjöllun í nefnd þannig að það eru áform um að taka hana á dagskrá en ekki er hægt að segja hvenær þær komast á dagskrá. Það ræðst af öðrum dagskrármálum sem eru til umræðu.

[15:43]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það veldur vonbrigðum að við skulum ekki nota þennan afmælisdag samningsins um Atlantshafsbandalagið til að ræða (Gripið fram í.) um utanríkismál en forseti hefur upplýst okkur um að skýrsla utanríkisráðherra verði rædd á næstu dögum ásamt öðrum skýrslum. En mig langar til að spyrja: Hyggst hæstv. forseti ekki fjalla um skýrslu Ríkisendurskoðunar?

Ég vil benda hæstv. forseta á það, úr því að þessa dagana virðist ýmislegt fara fram hjá honum, þar á meðal ýmsir stórviðburðir, að í lögskýringargögnum með lögum um Ríkisendurskoðun er sérstaklega tekið fram að þá skýrslu eigi að taka til umræðu á þinginu. Ég heyri að hæstv. forseti virðist ekki ætla að fara eftir þeim skýringum sem koma fram í lögum um Ríkisendurskoðun. Mig langar líka til að spyrja hvort ekki eigi að ræða um störf alþjóðanefnda. Við sem sitjum hér á þingi sitjum í alþjóðanefndum og (Forseti hringir.) höfum frá ýmsu að segja sem við erum að sýsla (Forseti hringir.) á vegum þingsins og á vegum þjóðarinnar … (Forseti hringir.) Get ég fengið að klára hérna? — Víða um heim.

[15:44]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti upplýsir að í morgun var fundur í forsætisnefnd. Mál voru rædd í forsætisnefnd og síðan meðal formanna þingflokka. Þar var farið yfir lista yfir þær skýrslur sem liggja fyrir þinginu og munu þær verða ræddar áfram ef sérstakar óskir eru um að þessar skýrslur verði teknar fyrir áður en þingi lýkur. Mun forseti þá að sjálfsögðu skoða það. Hann hefur lagt þetta fram til að vekja athygli á hverjar lagalegar skyldur okkar eru og það hefur verið rætt í báðum þessum stofnunum forseta, í forsætisnefnd og hjá þingflokksformönnum.

[15:45]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég lít ekki á það sem eitthvert samkomulagsatriði hvort hér verði tekin til umræðu skýrsla Ríkisendurskoðunar eða ekki. Það eru lög í gildi í landinu, þau gilda fyrir forsætisnefnd þingsins, fyrir hæstv. forseta Alþingis og eftir þeim verður að fara. Það þarf því að ræða hér um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Á þessum tímum í samfélaginu, þegar fjármálakerfið er hrunið og stórar spurningar hafa vaknað um ýmis mikilvæg mál, að hæstv. forseti þingsins dragi lappirnar um það að hér sé rædd skýrsla Ríkisendurskoðunar á Alþingi Íslendinga finnst mér fyrir neðan allar hellur, ég verð að segja það.

Þetta eru mál sem þarf að taka til umfjöllunar og umræðu og ég krefst þess af hæstv. forseta að hann hlutist til um það að skýrsla Ríkisendurskoðunar verði rædd hér. (Gripið fram í.)

[15:46]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég tek undir orð þeirra hv. þingmanna sem hafa óskað eftir því að skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál verði rædd hér og sérstaklega á þessum degi þegar enn ríkir svo djúpstæður ágreiningur á milli okkar þingmannanna, eftir 60 ár í NATO, um skilgreininguna á því hvers konar fyrirbæri NATO er, hvort það er friðarbandalag, eins og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir nefndi, eða hernaðarbandalag eins og ég skilgreini NATO. Ég held að það sé því rétt, hæstv. forseti, að við gefum okkur góðan tíma til að ræða um skýrslu utanríkisráðherra og sjáum í hvers konar félagsskap við höfum verið.

[15:47]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson vék hér að skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun gefur árlega út ársskýrslu sína en ég kannast ekki við, virðulegur forseti, að sú skýrsla sé komin út. En ef hún er komin út ber hins vegar að senda hana strax til umsagnar hjá fjárlaganefnd. Eftir að fjárlaganefnd hefur fjallað um skýrsluna skilar fjárlaganefnd frá sér áliti og hún er þá tekin hér yfirleitt strax á dagskrá. Ef skýrslan er nýlega komin út óska ég eftir því, virðulegur forseti, að hún sé send fjárlaganefnd til umsagnar þannig að við getum rætt hana. Það er vaninn að ræða hana á vorþingi og ég held að fjárlaganefnd geti öll staðið á bak við það að ræða ársskýrslu Ríkisendurskoðunar sem fjallar um starfsemi Ríkisendurskoðunar, starfsmannahald og ýmislegt sem fer fram (Forseti hringir.) hjá Ríkisendurskoðun á ári hverju.

[15:49]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur fyrir að vekja sérstaka athygli á því að í dag skuli vera liðin 60 ár frá því að við stigum það gæfuspor að ganga í Atlantshafsbandalagið sem hefur sýnt og sannað að var eitt það réttasta sem við gátum gert í utanríkismálum og skipuðum okkur þar með í sveit með lýðræðisþjóðum gegn okinu, gegn ófrelsinu. Það hefði verið vel við hæfi að þessa dags hefði verið minnst sérstaklega, a.m.k. að hæstv. forseti Alþingis gerði sér grein fyrir hvað gerðist á þessum degi fyrir 60 árum.

Út af ummælum hv. þm. Þuríðar Backman, ég hélt fyrst að það mundi enginn verða til andsvara og þingheimur ætlaði að samsinna með hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnars-

dóttur um að það hefði verið ótvírætt gæfuspor að ganga í Atlantshafsbandalagið en það var ein rödd sem sagði: Nei, við höfum ekki enn þá fundið út úr því hvers konar bandalag Atlantshafsbandalagið er. En við höfum fundið út (Forseti hringir.) úr því, hin sögulega reynsla hefur sýnt fram á að það var hárrétt spor sem við stigum (Forseti hringir.) og það var það eina sem við áttum að gera, að skipa (Forseti hringir.) okkur í sveit með frelsinu gegn helsinu.

[15:50]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ég tel í hæsta máta eðlilegt að Alþingi ræði þær skýrslur sem hér er verið að nefna, skýrslu utanríkisráðherra, skýrslu umboðsmanns Alþingis og skýrslu alþjóðanefnda og það sé bara hluti af eðlilegum þingstörfum. Ég vitna til orða hæstv. forseta að þetta kom til tals á fundi með þingflokksformönnum fyrr í dag og gert er ráð fyrir að málið verði síðan skoðað í ljósi framvindu þingsins.

Vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn lofar hér inngöngu í NATO og forsvarsmenn Sjálfstæðisflokksins hafa verið að biðjast afsökunar á hinum og þessum misgjörðum eða óheppni í verkum á undanförnum árum þá velti ég því fyrir mér hvenær Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að biðjast afsökunar á hlut sínum í innrásinni í Írak. Ég held að það sé orðið fyllilega tímabært að Sjálfstæðisflokkurinn biðjist afsökunar á því að (Forseti hringir.) hafa dregið Ísland með á lista viljugra þjóða í innrásinni í Írak. (Forseti hringir.) Hvenær fáum við þá afsökunarbeiðni, herra forseti?

[15:52]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Á þessum merkisdegi vil ég náttúrlega að það komi fram að Framsóknarflokkurinn er hlynntur aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og hefur verið það alla tíð og er einn af hinum svokölluðu lýðræðisflokkum á Íslandi og ekki fleiri orð um það.

Ég segi eins og aðrir hér að ég hlakka mjög mikið til að fá að ræða skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál, m.a. vegna þess að þar gefst möguleiki til að ræða Evrópumálin og þau eru náttúrlega í brennidepli í dag eins og reyndar hefur verið lengi. Flokkarnir eru smátt og smátt að móta stefnu í þeim málaflokki nema stefna Sjálfstæðisflokksins virðist vera mjög óljós. Og af því að það var varaformaður Sjálfstæðisflokksins sem hóf þessa umræðu og óskar eftir að fá að ræða skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál held ég að það geti verið mjög áhugavert að hlusta á þingmenn Sjálfstæðisflokksins fjalla um Evrópumál á hv. Alþingi, svona áður en við förum heim.

[15:53]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég held að það sé rétt að halda því til haga að það var tekið upp á fundi formanna þingflokka að hér skyldu ræddar skýrslur þær sem lögbundið er að séu ræddar hér í þinginu. Ég reikna með því, miðað við þær undirtektir sem hér hafa orðið við því að ræða skýrslu utanríkisráðherra, að hún verði rædd hér mjög ítarlega af því að það var boðað að það þyrfti að fara í grundvallarumræðu um ýmis merk utanríkismál.

Ég vil benda á að það er lögbundið að þessar skýrslur séu ræddar og þess vegna hlýt ég að reikna með því að forseti taki þessar ábendingar alvarlega og að skýrslurnar verði ræddar og það væri þá gott að fá skýr svör frá hæstv. forseta um hver áform hans eru í því efni.

[15:54]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég vil koma hér upp til að taka undir með þeim félögum mínum sem hafa talað á undan mér, að í dag er svo sannarlega merkisdagur og mér finnst í rauninni með ólíkindum að hér skuli enn þá finnast fólk sem dregur í efa að aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu hafi verið okkur Íslendingum til gæfu. Mér finnst það hreint með ólíkindum og hvet fólk til að fara aðeins yfir sögubækurnar sínar með opnum huga.

Ég kem hér upp ekki síst sem formaður Íslandsdeildar NATO-þingsins og ég vil hvetja til þess að við tökum fyrir skýrslur alþjóðanefndanna og ég tel mjög mikilvægt í ljósi þessarar umræðu að við gerum það. Mér sýnist ekki vanþörf á því að fara yfir það hér á hinu háa Alþingi hvaða verkefnum er verið að sinna á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, hvernig það kemur okkur Íslendingum til góða að vera þátttakendur í því samstarfi og hvernig það tengist hagsmunum Íslands beint að vera aðili að því ágæta friðarbandalagi, eins og hefur komið fram.

[15:55]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. 60 ára afmæli Atlantshafsbandalagsins eru vissulega merkileg tímamót en ég get ekki sagt að þessi dagur í dag sé neinn sérstakur hátíðisdagur. Það má margt af sögu þessa dags læra um það hvernig eigi að haga ákvörðunum í alþjóðasamskiptum, að skapa samstöðu og brúa bil frekar en að efna til ófriðar.

Að því er varðar hins vegar áhyggjuefni sjálfstæðismanna af umræðu um skýrslu utanríkisráðherra og skýrslur alþjóðanefnda fagna ég nýtilkomnum áhuga Sjálfstæðisflokksins á að ræða þau mál sem almennt liggja fyrir þinginu. Hingað til höfum við heyrt hér geipað um það af hálfu sjálfstæðismanna dag eftir dag að einungis eigi að ræða brýnustu efnahagsaðgerðir í págu heimilanna en nú er það þannig að málþófsflokkurinn mikli vill fá að halda áfram að þæfa og tala og tala og tala. Það er gott, við fögnum því. Okkur er ekkert að vanbúnaði að halda þingstörfum áfram vel fram í aprílmánuð. (Gripið fram í.)

[15:57]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu um afmæli Atlantshafsbandalagsins sem ég tel þó að hafi verið vel við hæfi að vekja athygli á á þessum stað á þessum degi.

Ég vildi hins vegar nota þetta tækifæri vegna þess að hér hefur nokkuð verið vikið að verkefnum sem liggja fyrir þinginu og spyrja hæstv. forseta hvort fyrir liggi áform eða áætlanir um þingstörf í þessari viku og lengur, hvort forseti geti gefið okkur upplýsingar um hvernig hann hyggst haga

þingstörfum þannig að þingmenn geti skipulagt sig. Ég held að öllum þingmönnum sé ljóst að hér eru ýmis verkefni sem á eftir að sinna en ef hæstv. forseti gæti útskýrt það fyrir okkur á þessari stundu hver áform hans eru væri það til mikils gagns.

Ég vil líka taka undir það sem áður hefur verið sagt að það eru ákveðnir liðir, t.d. skýrsla Ríkisendurskoðunar og skýrsla umboðsmanns Alþingis, sem jafnan (Forseti hringir.) hafa verið teknir fyrir og ræddir í þinginu, og eins og (Forseti hringir.) hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson vék að áðan er alveg skýrt í lögskýringargögnum að þegar frumvörpin (Forseti hringir.) voru samþykkt var ætlast til þess að þær væru ræddar hér í þinginu.

[15:58]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það er svolítið sérkennilegt hversu viðskotaillir þingmenn stjórnarliðsins verða þegar þeir eru minntir á þá einföldu staðreynd að það beri að ræða þessar skýrslur sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni. Hvað er það sem kemur svona illa við kaunin á hv. þingmönnum? Er það sú staðreynd að þeim ber að ræða skýrslu um utanríkismál, skýrslu Ríkisendurskoðunar, skýrslu umboðsmanns Alþingis? Er þetta eitthvert dæmi um málþóf eins og hv. þm. Árni Páll Árnason, formaður utanríkismálanefndar, sagði áðan? Hann lét í veðri vaka að við værum að reyna að halda hér uppi málþófi af því að við færum fram á það við hæstv. forseta, sem hefur verið að móast við út af þessu máli, að staðið yrði við það verkefni sem Alþingi ber að sinna. Er það Alþingi sem ætlar að ganga fram fyrir skjöldu í því að sinna ekki lögbundnu hlutverki sínu?

Þetta er alveg stórfurðulegt og það er undarlegt að hvenær sem komið er að því að ræða svona mál bregðast hv. þingmenn stjórnarliðsins svona illa við. Það er auðvitað þannig að okkur ber að ræða þessi mál og við eigum að finna okkur tíma og ég tel að hæstv. forseti ætti núna eftir þessa umræðu, (Gripið fram í.) þegar það liggur fyrir, virðulegi forseti, að það er vilji þingmanna úr öllum stjórnmálaflokkunum nema helst kannski í Samfylkingunni (Forseti hringir.) að ræða þessi mál, að hæstv. forseti setjist niður með formönnum þingflokka í forsætisnefnd og ákveði tafarlaust (Forseti hringir.) að ræða þessi mál og finna til þess eðlilegan tíma, t.d. á morgun.

[15:59]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Mér finnst það alveg sjálfsagt mál að finna fyrir það tíma í störfum þingsins á næstunni að ræða allar þær skýrslur sem sjálfstæðismenn vilja ræða og nokkrar í viðbót þess vegna og taka góðan tíma í það enda þinginu ekkert að vanbúnaði að vera hér áfram við störf um sinn.

Hitt finnst mér fulllangt gengið að vera að skakast hér á forseta fyrir að hafa ekki hjálpað Sjálfstæðisflokknum til að halda hér einhverja hyllingarsamkomu í þágu hernaðarbandalagsins NATO. Mér finnst að sjálfstæðismenn geti bara haldið hana sjálfir í Valhöll ef þá ekki bara suður á Keflavíkurflugvelli, ég held að það sé búið að opna offíserabarinn og sjálfstæðismenn geta bara farið þangað og haldið upp á aðdáun sína og dýrkun á NATO. Við hin mundum svo kannski hittast einhvers staðar annars staðar og ræða um framferði NATO í Íran og Afganistan og víðar þar sem NATO eða NATO-þjóðir hafa tekið til hendinni þannig að óbreyttir borgarar í þeim löndum vita vel hvað þar er á ferðinni.

[16:01]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Það var verið að ræða hér um samþykkt sem gerð var á Alþingi fyrir sextíu árum. Ef ætti að minnast þeirrar samþykktar væri eðlilegt að það væri gert á Alþingi. (**Gripið fram í:** Um fundarstjórn forseta?)

En það er eitt sem hæstv. fjármálaráðherra kom inn á og blandaði saman og mér finnst dálítið sérkennilegt að maður sem hefur lagt sig í líma við að kynna sér utanríkismál jafnvel og hæstv. fjármálaráðherra skuli rugla stöðugt saman Atlantshafsbandalaginu og átökunum í Írak.

Honum til upplýsingar skal þess getið að Atlantshafsbandalagið hefur ekkert að gera með þá innrás sem gerð var í Írak á sínum tíma. Það er bara allt annað mál. (Gripið fram í.) Það sem við erum að tala um hér — ég var að svara hæstv. fjármálaráðherra, ágætu þingmenn Samfylkingarinnar, með sama hætti og þið rædduð áðan. Þannig að þessi vankunnátta hæstv. fjármálaráðherra í utanríkismálum kemur mér satt að segja á óvart. Manninum sem hefur (Forseti hringir.) látið hvað hæst og látið sem mest fara frá sér af illyrðum (Forseti hringir.) í garð Atlantshafsbandalagsins.

[16:02]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Það hefur verið með sérkennilegum hætti hvernig menn hafa rætt þessar skýrslur sem við erum að óska eftir að verði ræddar hér, ekki af því að við höldum endilega uppi einhverju málþófi, heldur bendum við einfaldlega á að það er lögbundið að ræða þessar skýrslur. (Gripið fram í.) Við getum jafnframt farið í samanburð á lögbundnum skyldum alþingismanna og þingsins að ræða skýrslurnar og mörgum þeirra mála sem menn hafa eytt tíma þingsins í að ræða hér.

Þannig að ef menn vilja skoða það og bera þau mál saman held ég menn verði margs vísari um áherslumál ríkisstjórnarflokkanna og hvernig þeir raða málum sínum upp. Það (Forseti hringir.) er hins vegar lögbundið að ræða hér um skýrslu utanríkisráðherra (Forseti hringir.) en jafnframt er nauðsynlegt að skoða þann tíma (Forseti hringir.) sem þingið hefur valið til annarra mála, (Forseti hringir.) sem ekki eru jafnnauðsynleg og þessi.

[16:03]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill að gefnu tilefni skýra frá því að hann gerði formönnum þingflokka grein fyrir því að hér ætti að vera þingfundur í þessari viku samkvæmt dagskrá. Gert verður ráð fyrir kvöldfundum og vill forseti vekja athygli á því að þingmönnum ber að sækja þingfundi og mál verða tekin á dagskrá eftir því sem þau liggja fyrir og eftir því sem tækifæri gefst til í umræðunni.

Forseti ræður ekki hversu lengi menn ræða mál eða

hversu lengi fundir dragast þannig að það verður að taka afstöðu til þess jafnóðum og þetta skýrist. Þannig að það liggur hreinlega fyrir hvenær fundartímar verða í vikunni og eitt af þeim málum sem liggur fyrir er að fá leyfi til að halda fundi hér fram eftir kvöldi ef þingheimur heimilar það.

[16:04]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég tel sjálfboðið að hæstv. forseti verði við eindregnum tilmælum sjálfstæðismanna um að fá að ræða NATO-skýrsluna. Ég legg til, hæstv. forseti, að það verði gert í kvöld og skýrslan sett á dagskrá og að menn taki jákvætt undir þessi afar brýnu tilmæli og fari í þessa umræðu sem svo miklu máli skiptir. Málið verði sett á dagskrá, eins og formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins hefur óskað eftir, og fleiri.

Ég tel að þingmönnum sé ekkert að vanbúnaði að fara í þá umræðu og skora á hæstv. forseta að boða til nýs fundar með nýrri dagskrá þegar þessari dagskrá er lokið.

[16:05]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég er dálítið undrandi á þessari umræðu vegna þess að ég veit ekki betur en að hæstv. forseti hafi gert grein fyrir því áðan í svari við fyrirspurn, sem hér kom fram, að þessar skýrslur verði ræddar í þinginu. Ég skil ekki hvað mönnum liggur á. Enn eru 26 dagar til kosninga þannig að nægur er tíminn hér í þinginu.

Við erum með á dagskrá í dag gríðarlega mikilvæg mál eins og t.d. lokaumræðu um frumvarp um að afnema eigi ábyrgðarmenn, gríðarlega mikilvægt mál. Við erum einnig með önnur mikilvæg mál fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu sem við gerum vonandi að lögum í dag og á morgun. Við skulum einhenda okkur í að ljúka þeim málum sem hér liggja fyrir og hætta þessum leik sem á sér stað hér þar sem menn gefa í skyn að hæstv. forseti ætli ekki að fara að lögum og fjalla um skýrslur sem lögbundið er að fjalla um.

Auðvitað verður það allt saman gert. Ég alla vegana vona að forseti standi upp og lýsi því yfir og staðfesti það og endurtaki fyrir þá sem ekki virðast ekki hafa viljað heyra það. (Forseti hringir.) Þetta verður allt saman rætt. Við höfum nægan tíma. (Forseti hringir.) Það eru enn 26 dagar til kosninga.

[16:06]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Þetta eru undarlegar umræður. En ég vil óska Atlantshafsbandalaginu til hamingju með afmælið. Ég lýsi yfir vonbrigðum með sjálfstæðismenn að þeir skuli standa í einhvers konar málþófi enn eina ferðina þegar þeir hafa komið hér trekk í trekk og talað um að mikilvægt sé að ræða hér efnahagsmál og slæma stöðu heimilanna.

En mig langar til að vekja athygli á athugasemd sem kom frá hv. þm. Birgi Ármannssyni þar sem hann spurði virðulegan forseta um það hvernig dagskrá Alþingis væri næstu viku. Þá vil ég benda á það að forseti Alþingis stöðvaði hér umræðuna einn dag vegna þess að eitt einstakt mál tafðist um tvo daga í þinginu. Ég vænti þess að hæstv. forseti svari þessari spurningu og skýri fyrir okkur hvernig dagskráin verður næstu daga.

[16:07]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti hefur svarað þessu og sagt frá því að fundurinn verði samkvæmt dagskrá eins og venja ber til þessa viku, þ.e. að við fundum hvern dag og tökum þau mál á dagskrá sem liggja fyrir þinginu og koma út úr nefndum. (Gripið fram í.) Þannig að talað er um að funda fram að helgi að minnsta kosti.

Forseti gaf út strax í upphafi að hér mundum við fyrst og fremst starfa eftir vetrarþingsreglum, sem eru um það að þing starfi til 4. apríl. Verði á því lenging verður það gert í samráði við formenn þingflokka og þingmenn. Ósk forseta er að þinginu ljúki í þessari viku en við skulum sjá hvað okkur endist tími til. Eindregnar óskir hafa komið fram um að við tökum um tíu skýrslur á dagskrá áður en þingi lýkur þannig að einsýnt er að við náum því ekki fyrir 4. apríl. Þá er það vilji þingsins að við verðum fram í næstu viku og forseti mun ekki skorast undan því. Þannig að það verður þá rætt af þingflokksformönnum.

Þetta er nýtt mál og kom ekki fram á formannafundi þingflokkanna í morgun. (**Gripið fram í:** Ég mótmæli því …) Þar kom fram að tvær skýrslur yrðu settar fram fyrir og aðrar yrðu hugsanlega látnar bíða enda er samkvæmt upplýsingum sem forseti hefur skoðað ekki skylt að taka þær skýrslur fyrir. Sé það þannig mun forseti að sjálfsögðu verða við þeim óskum að taka þær allar á dagskrá og setja þær skipulega inn þótt forseti verði að biðja þingmenn að virða það að hann getur ekki sagt úr ræðustóli hvenær það verður. Forseti ítrekar það að þingmenn eiga að vera hér til reiðu til að ræða málin á þeim tímum sem þingfundir eru.

[16:09]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það er sérkennilegur orðaleikur að kalla það allt í einu málþóf þó að hv. þingmenn tali hér í innan við hálftíma um og knýi á um það að hér séu rædd mál sem ber að ræða á Alþingi. Það er einfaldlega þannig að hvernig sem menn líta á málin hljóta þeir að telja að skýrsla hæstv. utanríkisráðherra um utanríkismál sé eitt af burðarmestu málum sem hægt sé að ræða. Þetta er ósköp einfalt, við erum að reyna að fara fram á það að fá svar frá hæstv. forseta um hvenær þessi skýrsla og aðrar þær skýrslur sem hér hafa verið nefndar komast á dagskrá.

Ég vil hvetja hæstv. forseta til að reyna að stuðla hér að góðri samvinnu í þinginu og að hann setjist niður með forsætisnefnd og formönnum þingflokka til að komast að niðurstöðu um hvenær þessi mál verða tekin á dagskrá.

Þetta er enginn leikur. Þetta er ekki málþóf eins og hv. þingmenn Samfylkingarinnar, sem hafa allt á hornum sér í þessari umræðu, hafa talað um. Þetta er einfaldlega þannig að Alþingi ber að ræða þessi mál og eðlilegur framgangsmáti er að það sé gert í góðri sátt og reynt verði að komast að samkomulagi um það að gefa þessu eðlilegt rými hér í þinginu. Ég kann illa við þær hótanir hæstv. forseta að þetta geti verið einhvers konar afgangsstærð sem eigi þá bara að ræða einhvern tíma þegar honum hentar. (**Gripið fram í:** Málþóf.)

[16:10]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti biðst undan því að hafa sagt að þetta væri afgangsmál. Það hefur ekki komið fram í ræðu hér og biðst hann velvirðingar hafi svo verið. Aftur á móti hefur forseti leitað eftir því við þingflokksformenn að raða málum inn ásamt forsætisnefnd og hefur verið leitast við að gera það af besta mætti. Hafi menn óskir um að við fundum um þetta síðar í dag þá skal það verða gert og þá verður rætt hvenær menn setja þetta á dagskrá.

Það er nýtt fyrir forseta að þessi mál eigi öll að koma nú áður en menn ljúka þingi. Ekki er langt síðan að menn óskuðu eftir því að þingi lyki hér 12. mars. Skömmu síðar var settur ákveðinn forgangur, sem forseti hefur hlustað á úr þinginu, hvaða mál við tækjum fyrir. Því hefur verið dreift hér í dag og forseti hlýtur að sjálfsögðu að meta þær óskir sem koma fram hjá þingmönnum um hvaða mál eru rædd hér í þinginu og mun hlusta vel eftir því og fylgja þeim reglum sem um það gilda.

Óvenjulegt er að hér séu kosningar í apríl og kannski ekki tími til að ljúka öllum málum. En það er líka stutt í sumarþing, þar sem gefst þá tækifæri til að taka fyrir ýmis mál sem ekki næst að ljúka fyrir 4. apríl eða þann tíma sem settur var.

En forseti óskar að sjálfsögðu eftir góðu samstarfi um það með hvaða hætti þingið verður starfandi og tekur við öllum góðum tillögum sem koma um fundarstjórn forseta og störf þingsins.

[16:12]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég vona að þetta innlegg mitt flokkist ekki sem málþóf. En ég var að koma af mjög öflugum landsfundi og þar hitti ég fólk utan af landi sem spurði hvenær þingmenn kæmu heim í hérað til að ræða um komandi kosningar. (Gripið fram í.) Það má vel vera að þingmenn hér á Reykjavíkursvæðinu þurfi ekki eins langan tíma. En í stórum kjördæmum úti á landi er það mjög brýn nauðsyn og eiginlega ekki forsvaranlegt að menn hafi ekki meira en þrjár vikur til þess að undirbúa kosningar.

Svo vil ég benda á það að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu ætlar að kanna kosningar á Íslandi, hafa kosningaeftirlit. Ég er hræddur um að það þyki ekki góð lenska að þingmenn hafi ekki tíma til að kynna kjósendum sínum það sem þeir eiga að kjósa um. Ég hugsa að það sé ekki nægilega gott fyrir lýðræðið ef menn ætla að halda þing alveg fram á kosningadag.

[16:13]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Í ljósi orða hæstv. forseta hér áðan vil ég taka fram að áherslur þingflokks sjálfstæðismanna hafa ekkert breyst í þá veru að auðvitað viljum við leggja áherslu á málefni heimila og fyrirtækja í landinu.

En á hinn bóginn er það þannig og á það hefur verið bent hér í dag að ákveðin lagaskylda liggur við að ræða skýrslur utanríkisráðherra, Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis. Við viljum halda lögum og reglum á þessu þingi og þess vegna viljum við benda á þetta og leggjum þunga áherslu á að við höldum áfram þeim störfum og tekið sé tillit til orða okkar og hæstv. forseti virði lögin í landinu.

Tilhögun þingfundar.

[16:14]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag eða þar til umræðum um dagskrármálin er lokið. Er óskað eftir atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? Svo er ekki og skoðast hún þá samþykkt.

Gjaldþrotaskipti o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 281. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 735, frhnál. 790.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:16]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Það er frumskylda þeirrar ríkisstjórnar sem nú starfar í landinu að beina öllum sínum kröftum í að koma hjólum atvinnulífsins í gang og verja heimilin í landinu. Því miður hefur sú ríkisstjórn sem nú starfar ekki sett alla krafta sína í þessi verkefni heldur hefur hún beint athyglinni í aðrar áttir. (Gripið fram í.)

Það mál sem við greiðum atkvæði um nú, greiðsluaðlögun, var samið að frumkvæði Sjálfstæðisflokksins í tíð hv. þm. Björns Bjarnasonar í dómsmálaráðuneytinu, samið af réttarfarsnefnd og er eitt af þeim málum sem mun koma heimilunum í landinu vel. Slík mál mættu vera fleiri frá ríkisstjórninni og það væri óskandi að svo væri (Forseti hringir.) en við sjálfstæðismenn styðjum þetta góða frumvarp og munum greiða því atkvæði okkar.

[16:17]

Árni Páll Árnason (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Það eru mikil tímamót að við skulum nú vera að ganga frá þessu frumvarpi til samþykktar. Það eru komin hátt í 20 ár síðan barátta páv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, hófst fyrir því að greiðsluaðlögun yrði komið í íslensk lög. Það hefur tekið langan tíma að koma þessu þjóðþrifamáli í gegn en hefur nú tekist.

Ég vil að síðustu þakka góða samvinnu sem tekist hefur um málið á vettvangi allsherjarnefndar sem er til fyrirmyndar og ég bind miklar vonir við að þetta úrræði komi fjölda fólks til hjálpar nú þegar harðnar á dalnum í efnahagslífinu. Það hefði verið betra ef menn hefðu drattast til að koma þessu úrræði í lög þegar fyrst voru flutt um það frumvörp, 1994 og 1995, frekar en að bíða eins lengi og raun ber vitni.

[16:18]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegur forseti. Það er svolítið sérstakt að hlusta á þingmenn hælast um hverjir hafi komið fyrst með málin, en

það er nú þannig að Framsóknarflokkurinn flutti hér mál um greiðsluaðlögun á þessu þingi á undan hinum flokkunum, svo því sé til haga haldið. (Gripið fram í.) Það er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er að góð samstaða hefur tekist um að fara með málið hér í gegnum þingið, og þó að þetta mál sé ekki nákvæmlega eins og það sem Framsóknarflokkurinn flutti hér er þetta mál til bóta og þess vegna munum við segja já, virðulegur forseti.

Eins og allir vita vildum við fá, og viljum fá 20% leiðréttingu til að hægt sé að leiðrétta skuldir heimilanna og ég tel að við eigum að fara í þá aðgerð. Þetta mál er hins vegar eigi að síður brýnt og sérstaklega núna þegar við sjáum fram á þetta efnahagshrun þá er þörf fyrir að ákveðinn hópur fólks fari í greiðsluaðlögun. Við segjum því já, virðulegur forseti.

[16:20]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Það er sama hvaðan gott kemur. Ég er hér komin til þess að árétta að það frumvarp sem við samþykkjum nú, um greiðsluaðlögun, er aðeins einn hluti af þeim aðgerðapakka sem núverandi ríkisstjórn hefur lagt fram og kominn er til framkvæmda. Þá vil ég minna á að við höfum lokið við og orðin er að lögum frestun á gjaldþrotum á íbúðarhúsnæði, fram til 1. október næsta haust og að í morgun ákvað hv. allsherjarnefnd að flytja hér inn í þingið frumvarp um greiðsluaðlögun fasteignaveðlána. Þetta þrennt, almenn greiðsluaðlögun, frestun gjaldþrota, sem þegar er komin til framkvæmda, og greiðsluaðlögun fasteignaveðlána, mun koma heimilum, ofurskuldsettum heimilum í landinu mjög til góða.

Brtt. í nál. 790 samþ. með 48 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, KHeim, MS, ÓN, PHB, REÁ, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

17 þm. (ÁKÓ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GÞÞ, HSH, JóhS, JónG, KJak, KolH, KHG, LB, RR, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 845).

Grunnskólar, frh. 3. umr.

Frv. menntmn., 421. mál (samræmd könnunarpróf). — Þskj. 714.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:22]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, EKG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

17 þm. (ÁKÓ, BÁ, BJJ, BjörgvS, DPál, EMS, EyH, GÞÞ, HSH, JóhS, JónG, KJak, KolH, KHG, RR, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 846).

Náms- og starfsráðgjafar, frh. 3. umr.

Frv. menntmn., 422. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 715.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:22]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.

16 þm. (ÁKÓ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GÞÞ, HSH, JóhS, JónG, KJak, KolH, KHG, RR, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 847).

Tóbaksvarnir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 162. mál (EES-reglur, varúðarmerking og auglýsingar). — Þskj. 190.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:22]

Ásta Möller (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Hér er komið til atkvæðagreiðslu eftir 3. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og varðar það tvær efnisbreytingar sem annars vegar varða varúðarmerkingar tóbaks á formi litmynda og hins vegar undanþágur sem eru leyfðar frá auglýsingabanni tóbaksvarnalaga. Þessar breytingar eru í samræmi við ábendingar Evrópuráðsins og tilskipanir ESB.

Hér er gengið lengra í varúðarmerkingum en hefur verið gert hingað til en ráðstafanir sem hafa verið gerðar á síðustu árum til þess að stemma stigu við tóbaksnotkun hafa reynst árangursríkar, jafnvel þó að í mörgum tilvikum hafi þær reynst vera umdeildar. Árangurinn hefur verið sá að tóbaksneysla hefur almennt farið minnkandi á síðustu árum og ekki síst meðal ungmenna. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins í heilbrigðisnefnd standa að baki nefndaráliti heilbrigðisnefndar.

[16:23]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegur forseti. Ég tel að það sé sérstakt fagnaðarefni

að verið sé að heimila að settar verði upp litmyndir á sígarettupakkana til varnar þeim sem tóbakið nota. Eins og menn muna fór hér fram mikil umræða á sínum tíma um að það ætti ekki að leyfa reykingar á veitinga- og skemmtistöðum. Þá kom upp mikil frelsisumræða og talað var um að menn ættu að hafa frelsi til þess að reykja á veitinga- og skemmtistöðum. Sem betur fer stóð þingheimur saman um að verja þá sem vinna á veitinga- og skemmtistöðum gagnvart tóbaksreyk frá öðrum. Það er því mikið fagnaðarefni að nú eru tekin mörg jákvæð skref gegn tóbaksreykingum af því að tóbaksreykingar eru afar skaðlegar, þær eru svo skaðlegar að ég á von á því munum taka enn þá stærri skref á næsta kjörtímabili. Við höfum náð miklum árangri í tóbaksvörnum og þetta mál er eitt af mörgum sem eru í þá áttina. Ég segi já.

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EBS, EyH, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

1 þm. (GMJ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁKÓ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GÞÞ, HSH, JóhS, JónG, KJak, KolH, KHG, RR, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 848).

Málefni aldraðra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 412. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 792.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:25]

Ásta Möller (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Hér er komið til atkvæðagreiðslu eftir 3. umr. frumvarp til breytinga á lögum um málefni aldraðra hvað varðar gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Það felur í sér u.þ.b. 400 kr. hækkun á nefskatti á árinu 2009 frá fyrra ári og tekur hækkunin mið af verðlagsbreytingum. Þeir sem eru á aldrinum 16–70 ára greiða eftir samþykkt frumvarpsins 7.534 kr. á árinu 2009 til sjóðsins, þó þannig að þeir sem falla undir ákveðna tekjuviðmiðun, sem er rétt undir 100 þús. kr. á mánuði, eru undanþegnir gjaldinu.

Frumvarpið er á forræði hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra og kemur á fremur óvenjulegum tíma því venjulega er þetta frumvarp afgreitt í tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Áætlaðar tekjur til sjóðsins á árinu 2009 nema um 1.400 millj. kr. og er þeim ráðstafað úr sjóðnum til uppbyggingar vegna þjónustu við aldraða. Jafnvel þó að það sé umdeilt að nota nefskatt í þessum tilgangi og hefur komið til umræðu í hvert sinn sem þetta mál hefur komið inn í þingsali teljum við að þessum peningum sé vel varið til uppbyggingar á þjónustu við aldraða. Ég segi já.

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

16 þm. (ArnbS, ÁKÓ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GÞÞ, HSH, JóhS, JónG, KJak, KolH, KHG, RR, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 849).

Atvinnuleysistryggingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 376. mál (hlutaatvinnuleysisbætur, auknar upplýsingar, eftirlit o.fl.). — Þskj. 794.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:27]

Pétur H. Blöndal (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Hér er verið að framlengja lög sem eru í rauninni einstæð tilraun til að taka upp hlutaatvinnuleysisbætur og ég tel það mjög brýnt. Þetta hefur verið rætt í mínum þingflokki og þar voru menn einróma sammála um að samþykkja þetta og ég samþykki þetta fyrir mitt leyti líka.

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JBjarn, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, SKK, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

17 þm. (ArnbS, ÁKÓ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GÞÞ, HSH, JóhS, JónG, KJak, KolH, KHG, RR, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 850).

Bjargráðasjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 413. mál (heildarlög). — Þskj. 701, nál. 789.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:28]

Sturla Böðvarsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Áður en gengið er til atkvæða um þetta frumvarp vil ég vekja athygli á því að um leið og sveitarfélögin hætta þátttöku og eru ekki lengur aðilar að starfsemi Bjargráðasjóðs er tekin ákvörðun um verulega lækkun á framlögum til sjóðsins auk þess sem hann er veiktur verulega með því að út úr honum eru teknar allar eigur og eignir og eignarhlutur sveitarfélaganna. Ég vil vekja athygli á þessu en tel frumvarpið að öðru leyti í lagi en sjóðurinn

verður veikari en áður var og ég tel algjörlega nauðsynlegt að farið verði vandlega og rækilega yfir hvernig megi tryggja tekjur og þar með stöðu sjóðsins til þess að gegna sínu mikilvæga hlutverki, sem er fyrst og fremst til þess að verja og bæta upp áföll (Forseti hringir.) sem verða í íslenskum landbúnaði.

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 789 samþ. með 47 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. I–IV samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Listamannalaun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 406. mál (heildarlög). — Þskj. 688, nál. 795 og 815.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:31]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Í þessu frumvarpi er skynsamlegt að opna leiðir fyrir sviðslistafólk og hönnuði eins og gert er ráð fyrir. Það er jafnframt ástæða til að fagna því að verið sé að opna á möguleika til þess að flytja fjármuni á milli launasjóða.

Hins vegar er sá ljóður á ráði þessa frumvarps að það gerir ráð fyrir því að það sé fjármagnað með lántökum, dýrum lánum eins og kemur glögglega fram í mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og þess vegna er útilokað við þessar aðstæður að styðja þetta frumvarp eins og það er úr garði gert. Þess vegna sit ég hjá.

[16:32]

Þuríður Backman (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Hér er vissulega verið að fjölga þeim listamönnum sem á næstu þremur árum hafa möguleika á að hljóta listamannalaun samkvæmt reglum sem þar eru settar. Þessi aukning kemur ekki til á þessu ári, hún kemur til á næsta ári og næstu þremur árum. Það er því ekki verið að leggja fjölgunina til í ár heldur með vísan til fjárlagagerðar fyrir næstu þrjú ár, svo að það sé alveg ljóst.

1. gr. samþ. með 20:6 atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, EBS, GuðbH, GSv, HHj, HöskÞ, JBjarn, KLM, KHeim, LB, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
nei: GMJ, JM, KÓ, KÞJ, PHB, SKK.

18 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GAK, HerdÞ, IllG, MS, REÁ, SF, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁKÓ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GSB, GÞÞ, HSH, JóhS, JónG, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, ÓN, RR, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:33]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Síðastliðið haust varð íslenska þjóðin fyrir áfalli. Það er gífurlegur halli á ríkissjóði, það þarf að ná þessum halla niður með öllum tiltækum ráðum til þess að við uppfyllum skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Á sama tíma eru menn að skuldbinda ríkissjóð eins og hann eigi nóg af peningum. Á sama tíma ætla menn að hætta að skerða heilbrigðiskerfið, menntakerfið o.s.frv. og hér er verið að auka útgjöldin. Ég segi nei, herra forseti.

2.–12. gr. samþ. með 20:6 atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, EBS, GuðbH, GSv, HHj, HöskÞ, JBjarn, KLM, KHeim, LB, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
nei: GMJ, JM, KÓ, KÞJ, PHB, SKK.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GAK, HerdÞ, IllG, MS, ÓN, REÁ, SF, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁKÓ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GSB, GÞÞ, HSH, JóhS, JónG, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, RR, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 795 samþ. með 20:6 atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, EBS, GuðbH, GSv, HHj, HöskÞ, JBjarn, KLM, KHeim, LB, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
nei: GMJ, JM, KÓ, KÞJ, PHB, SKK.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GAK, HerdÞ, IllG, KVM, MS, ÓN, REÁ, SF, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁKÓ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GSB, GÞÞ, HSH, JóhS, JónG, KJak, KaJúl, KolH, KHG, RR, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 20:6 atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, EBS, GuðbH, GSv, HHj, HöskÞ, JBjarn, KLM, KHeim, LB, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
nei: GMJ, JM, KÓ, KÞJ, PHB, SKK.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GAK, HerdÞ, IllG, KVM, MS, ÓN, REÁ, SF, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁKÓ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GSB, GÞÞ, HSH, JóhS, JónG, KJak, KaJúl, KolH, KHG, RR, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

14.–15. gr. og ákv. til brb. I–III samþ. með 20:6 atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, EBS, GuðbH, GSv, HHj, HöskÞ, JBjarn, KLM, KHeim, LB, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
nei: GMJ, JM, KÓ, KÞJ, PHB, SKK.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GAK, HerdÞ, IllG, KVM, MS, ÓN, REÁ, SF, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁKÓ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GSB, GÞÞ, HSH, JóhS, JónG, KJak, KaJúl, KolH, KHG, RR, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, frh. síðari umr.

Þáltill. VS o.fl., 20. mál. — Þskj. 20, nál. 765.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:36]

Björn Bjarnason (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram í umræðum fyrr í dag, m.a. í orðum hæstv. forseta, að vitaskuld er þörf á því að ræða um utanríkismál og upplýsa þjóðina um utanríkismál og stóra atburði utanríkissögunnar. Ég tel því að í sjálfu sér sé það verðugt verkefni að koma á laggirnar rannsóknarsetri á sviði utanríkis- og öryggismála. En ég er þeirrar skoðunar að þetta sé ekki rétti tíminn til þess að taka ákvarðanir um það að setja slíkar stofnanir á fót og þess vegna mun ég skila auðu við þessa atkvæðagreiðslu.

[16:37]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Hér er komin til lokaafgreiðslu þingsályktunartillaga sem er flutt af okkur þingmönnum Framsóknarflokksins og ég er 1. flutningsmaður og lýsi mikilli ánægju með að þessi tillaga skuli vera komin til lokaafgreiðslu. Í raun er hún ekki í upphaflegu formi og hef ég ekkert út á það að setja. Tillagan er flutt snemma þessa vetrar áður en ósköpin skullu á og þess vegna er eðlilegt að álykta með þeim hætti sem hér er lagt til, þ.e. að þessari rannsóknarstofnun skuli ekki umsvifalaust komið á fót heldur er sagt hér, með leyfi forseta:

„kanna grundvöll þess að setja á stofn sjálfstætt rannsóknarsetur á sviði utanríkis- og öryggismála.“

Ég held að sé mjög eðlilegt svigrúm en það væri mjög áhugavert ef slíkt setur gæti komist hér á legg þar sem Íslendingar búa yfir mikilli þekkingu á þessu sviði.

Brtt. í nál. 765 (ný tillögugr.) samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, EBS, EyH, GuðbH, GSv, HHj, HöskÞ, JBjarn, KVM, KaJúl, KLM, KHeim, LB, MS, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack.

23 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, DPál, EKG, GMJ, GSB, GAK, HerdÞ, IllG, JM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SKK, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁKÓ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GÞÞ, HSH, JóhS, JónG, KJak, KolH, KHG, RR, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, EKG, EBS, EyH, GuðbH, GSv, HHj, HöskÞ, JBjarn, KVM, KaJúl, KLM, KHeim, LB, MS, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack.

22 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BjarnB, BjörkG, BBj, DPál, GMJ, GSB, GAK, HerdÞ, IllG, JM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SKK, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁKÓ, BÁ, BJJ, BjörgvS, EMS, GÞÞ, HSH, JóhS, JónG, KJak, KolH, KHG, RR, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 853).

Greiðslur til líffæragjafa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 259. mál (heildarlög). — Þskj. 419, nál. 781, brtt. 782.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:40]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 782,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 782,2–5 samþ. með 47 shlj. atkv.
11.–19. gr., svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 782,6 (ný fyrirsögn) samþ. með 46 shlj. atkv.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Lyfjalög, frh. 2. umr.

Frv. heilbrn., 445. mál (gildistaka greinar um smásölu). — Þskj. 787.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:42]

Ásta Möller (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Hér er komin til 2. umr. breyting á lyfjalögum en með frumvarpinu er lagt til að frestað verði á ný hluta af gildistöku 10. gr. laga nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994. Fresturinn varðar eingöngu smásölu lyfja og er til næstu áramóta. Það er hv. heilbrigðisnefnd sem flytur tillöguna og er samstaða um málið.

Frestur nú er vegna þess að nýju greiðsluþátttökukerfi lyfja sem fyrirhugað var að tæki gildi 1. apríl nk., eða eftir tvo daga, hefur verið frestað. Hlutur heimilanna í heildarlyfjakostnaði hefur aukist á undanförnum árum og er full ástæða til að taka þessi mál til endurskoðunar. Jafnframt hefur verið sýnt fram á ákveðið ójafnræði milli sjúklingahópa varðandi lyfjakostnað. Þingflokkur sjálfstæðismanna leggur ríka áherslu á að vinnu við nýtt greiðsluþátttökukerfi verði hraðað, það er mikið hagsmunamál fyrir fólkið í landinu.

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Ábyrgðarmenn, 3. umr.

Frv. LB o.fl., 125. mál (heildarlög). — Þskj. 814, frhnál. 827.

[16:44]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti um frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, á þskj. 827.

Nefndin ræddi á fundum sínum einkum 8. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í fyrra nefndaráliti hefur sú grein verið mest rædd, þ.e. ákvæði greinarinnar um að ekki verði gert fjárnám í heimili ábyrgðarmanns og hvaða afleiðingar það kunni að hafa gagnvart gjaldþrotakröfu.

Af þessu tilefni vill nefndin taka sérstaklega fram að árangurslaust fjárnám vegna þess að óheimilt er að gera fjárnám í fasteign er annars eðlis en árangurslaust fjárnám sökum eignaleysis gerðarþola. Í slíkum tilvikum er ekki um eignaleysi að ræða hjá gerðarþola heldur er aðför árangurslaus sökum þess að óheimilt er að gera aðför. Gjaldþrotalögin gera ekki ráð fyrir því að eignafólk verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Þá áréttar nefndin að greinin nær aðeins til persónulegra ábyrgða en á ekki við þegar ábyrgðarmaður hefur veitt veðleyfi í fasteign sinni. Jafnframt ítrekar nefndin að greinin nær ekki til ábyrgðarsamninga sem hafa verið gerðir fyrir gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum, það er sem sé ekki afturvirkt, sbr. 12. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Enn fremur vill nefndin taka fram að með eigin atvinnurekstri er átt við atvinnurekstur þar sem viðkomandi þiggur meginhluta launa sinna. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Guðfinna S. Bjarnadóttir og Höskuldur Þórhallsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[16:46]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur verið lengi á leiðinni af hálfu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Það eru mörg ár síðan tímabært varð að fylgja þessu máli eftir og klára það. Þessi aðgerð með ábyrgð á íbúðakaupum bitnaði oft og tíðum á eldra fólki sem hafði búið við sinn hag og sitt öryggi í sveita síns andlits og bankarnir ólu á þessum skepnuskap, herra forseti. Þetta er eitt af mörgum dæmum um vinnubrögð bankanna á undanförnum árum sem má nefna, á löngu árabili þar sem menn voru plataðir til að taka þátt í undirskriftum og bankarnir gátu leikandi séð fyrir fram að dæmið gat ekki gengið upp nema allt væri skothelt. Þeir vissu að það var ekki skothelt.

Þetta voru ólög og það er mikið fagnaðarefni að þetta baráttumál Lúðvíks Bergvinssonar skuli vera að koma til framkvæmda. Því ber að fagna sérstaklega að þetta gangi nú fram og að slík ósvinna sem hefur viðgengist í þessum efnum muni ekki tíðkast áfram.

[16:48]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég tek undir þessi orð hv. þm. Árna Johnsens. Það er vert að þakka þá þrautseigju sem þeir þingmenn með hv. þm. Lúðvík Bergvinsson í broddi fylkingar hafa sýnt á þeim 12 árum frá því að þessu máli var fyrst hreyft hér en þetta mun vera í áttunda sinn sem það er flutt sem þingmannamál og lítur nú út fyrir að það verði að lögum í dag.

Það er engum vafa undirorpið að þessi lagasetning mun hafa víðtæk áhrif á íslenskan fjármálamarkað og ég tel að hún verði til þess að skjóta stoðum undir heilbrigðara viðskiptalíf en tíðkast hefur.

[16:49]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég lýsi yfir mikilli ánægju með það hversu mikil samstaða hefur náðst hér í þinginu um að fylgja þessu máli um ábyrgðarmenn fram, svo sem komið hefur í ljós og kom í ljós við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. Ég ítreka þakkir mínar til 1. flutningsmanns frumvarpsins, hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, fyrir þá miklu þrautseigju sem ítrekað hefur komið fram að hann hefur sýnt varðandi þetta mál.

Þetta mál hefur verið eitt af helstu baráttumálum varðandi lagasetningu af hálfu Neytendasamtakanna þar sem áhersla var lögð á það hve miklu máli skiptir að koma því út úr íslensku lánakerfi sem við höfum haft, að hér væri miðað við að alltaf væru kallaðir til ábyrgðarmenn í staðinn fyrir að gera eins og gerist með siðuðum þjóðum þar sem bankaviðskipti eru þróaðri en hér hefur verið, það sé miðað við líklega greiðslugetu sjálfs lántakandans og hvort sú fjárfesting sem hann ræðst í sé eðlileg.

Það ábyrgðarmannakerfi sem við höfum búið okkur til í íslenskum fjármálaheimi hefur m.a. stuðlað að óábyrgri afstöðu íslenskra lánveitenda þar sem þeir hafa horft til þess að þess vegna afi og amma, eins og hv. þm. Pétur Blöndal lýsti svo sérstaklega í frábærri ræðu sem hann flutti hér við 2. umr., gætu þurft að greiða vegna óábyrgra fjárfestinga lántakandans. Við eigum ekki að miða við slíkt og ekki hafa lánakerfið þannig.

Við erum í sjálfu sér ekki að afnema ábyrgðarmannakerfið eins og kom fram í ræðu áðan. Við erum að setja ákveðnar reglur um samskipti neytandans og fjármálastofnunar. Á sínum tíma tókst samkomulag með Neytendasamtökunum og sumum fjármálastofnunum um að koma á ákveðnum vísireglum hvað varðar ábyrgðarmenn. Það var gott svo langt sem það náði. Ýmsar fjármálastofnanir hafa hins vegar verið utan þess kerfis, m.a. ýmsir aðilar sem hafa lánað bílalán þannig að samkomulagið sem slíkt var gott svo langt sem það náði en var hins vegar ekki fullnægjandi. Þar af leiðandi var brýnt að setja löggjöf um málið til að koma eðlilegum viðmiðunum inn í íslenskt fjármálalíf hvað þetta varðar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, virðulegi forseti, en vildi ekki láta hjá líða við 3. umr. málsins að ítreka stuðning minn við þetta frumvarp og tel að með því að samþykkja það sé náð mjög merkum áfanga til þess að bæta stöðu neytenda á Íslandi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:53]

Pétur H. Blöndal (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa

rætt þetta frumvarp mjög oft og eru mjög hlynntir framgangi þess, telja að það auki aga og ábyrgð í fjármálakerfinu og styðja það eindregið.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, BBj, DPál, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HHj, HöskÞ, JBjarn, JM, KVM, KÓ, LB, MS, PHB, REÁ, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack.

31 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, GÞÞ, HSH, HerdÞ, IllG, JóhS, JónG, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, ÓN, RR, SKK, StB, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:54]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að afgreiðsla þessa máls skipti miklu máli fyrir íslenskt fjármálalíf og sé stór liður í því að breyta þeim kúltúr, ef svo má að orði komast, sem hefur þróast hér til áratuga, þ.e. að þeir sem stunda viðskipti beri ekki ábyrgð á þeim sjálfir heldur kalli til þriðja aðila til að bera ábyrgðina. Vissulega er eðlilegt að þetta gerist í einhverjum tilvikum en því miður var það þannig á Íslandi að þetta varð að meginreglu. Það er nokkuð sem ég og við höfum lagt til að verði breytt og mér sýnist vera vilji til þess.

Eins og komið hefur fram hefur tekið dálítinn tíma að gera þetta að veruleika og ég þakka þeim fjölda þingmanna sem hefur stutt þetta í yfir áratug. Það yrði of langt mál að telja þá alla upp, virðulegi forseti, en ég segi örugglega já.

[16:55]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla að gera grein fyrir atkvæði mínu. Ég greiði atkvæði með þessu. Þetta frumvarp kemur í veg fyrir ósið sem hefur verið við lýði á Íslandi, ósið sem hefur rústað fjölskyldubönd, rústað vinabönd og gert það að verkum að lántakandi og lánveitandi eru ábyrgðarlausir en ábyrgðarmennirnir sem eiga fasteignir eru dregnir til ábyrgðar, oft án þess að þeim sé gerð nægilega mikil grein fyrir því.

Málið var mikið rætt og var lengi í vinnslu. Ég hef verið meðflutningsmaður þess og barist fyrir því að það næði fram að ganga. Ég gleðst yfir árangrinum og tel að þetta muni strax hafa verulega mikil áhrif til bóta á fjármálamarkaðinn og koma í veg fyrir þessa miklu harmleiki, virkilegu harmleiki sem hafa átt sér stað á þessum markaði. Ég segi já.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 855).

Aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum, síðari umr.

Þáltill. SF o.fl., 30. mál. — Þskj. 30, nál. 816.

[16:57]

Frsm. fél.- og trn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum. Hv. félags- og tryggingamálanefnd hefur fjallað um málið og fengið um það umsagnir.

Í tillögunni er kveðið á um að Alþingi skuli ályktа að félagsmálaráðherra feli Jafnréttisstofu að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum. Mikið hefur verið rætt um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum á undanförnum missirum og árum. Sveitarstjórnarkosningar verða haldnar vorið 2010, eins og allir vita, og telur nefndin rétt að leggja í aðgerðir fyrir þær, enda hefur hlutur kvenna í sveitarstjórnum aukist hægt á umliðnum árum.

Nefndin hefur kynnt sér sjónarmið umsagnaraðila og í stuttu máli sagt leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Flutningsmenn hennar eru þingmenn úr öllum flokkum, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, 1. flutningsmaður, og undir nefndarálitið rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Þuríður Backman, Atli Gíslason, Helga Sigrún Harðardóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins úr félags- og tryggingamálanefnd voru hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson, Árni Johnsen og Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

[16:58]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er sú tillaga sem hér er til umræðu allra góðra gjalda verð. Það væri virkilega ánægjulegt ef það næðist fram að hlutur kvenna væri jafn á við hlut karla, hvort sem væri í sveitarstjórnum eða á Alþingi. Þannig virðast hlutir hafa skipast á mörgum framboðslistum til Alþingis við næstu alþingiskosningar að búast má við, og vonandi verður það, að hlutur kvenna aukist verulega þannig að það þokist í átt til fullnægjandi jafnréttis. (**Gripið fram í:** Meinarðu þetta?) Ég meina það, já, ég vænti þess að þannig verði hlutirnir og þannig þróist þetta þjóðfélag. Töluvert mikil og undarleg sjónarmið hafa oft ríkt hvað varðar stöðu kvenna og að staða kvenna ætti að vera með einhverjum hætti önnur en staða karla þegar kemur að ýmsum meiri háttar embættum eða þátttöku í stjórnmálum. Það er hlutur og hugsun sem er á leið út úr þjóðfélaginu sem betur fer.

Að sjálfsögðu tók tíma að vinna bug á þeim fordómum sem voru fyrir hendi og við skulum athuga að þegar veraldarsagan er skoðuð er ekki svo ýkja langt síðan konur fengu kosningarrétt, það er ekki svo ýkja langt síðan það var talið eðlilegt að helmingur þjóðarinnar hefði ekki kosningarrétt á grundvelli kynferðis. Okkur finnst svo gjörsamlega fráleitt í dag að slíkar skoðanir hafi verið réttlættar ár eftir ár og að konur víða um lönd, m.a. ekki síst í Bretlandi, hafi þurft að heyja mjög harða baráttu fyrir því að ná fram þessum sjálfsögðu mannréttindum. Ég styð þá hugsun sem kemur fram í þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér ræðir um.

Það er fyrst og fremst spurningin um að ná fram viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu. Ég lít þannig til að það sé ekki mikilvægasti hluturinn til að ná fram bættum rétti kvenna í þjóðfélaginu eða aukinni jafnstöðu að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum eða á Alþingi þó að það sé markmið sem ég er samþykkur. Skórinn kreppir varðandi kynjamisréttið virkilega fyrst og fremst, eftir því sem ég best skynja það í þjóðfélaginu, gagnvart stöðu láglaunakvenna,

með hvaða hætti þeim er búin staða, og sést á þeim mismun sem er iðulega á vinnustöðum þar sem konur eru settar hjá varðandi stöðuhækkanir og því að geta notið þægilegri vinnu og hærri launa en karlinn sem vinnur við hlið þeirra. Þar hefur mér sýnst skórinn kreppa að og einmitt í láglaunastörfunum þyrfti helst að bæta stöðu íslenskra kvenna til að ná raunverulegri jafnstöðu kvenna og karla.

Þess vegna hefði mér fundist forgangsatriði að hafa hér þingsályktunartillögu sem segði að Alþingi ályktaði — (Gripið fram í.) já, ég skal gera það með hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur þess vegna — að fela Jafnréttisstofu það verkefni að koma á jafnstöðu kvenna á við karla á öllum sviðum þjóðfélagsins, sérstaklega með tilliti til kvenna sem vinna lægst launuðu störfin. Við erum komin á síðustu daga þingsins og ég átta mig á því að það hefur litla þýðingu að leggja fram tillögu til þingsályktunar hvað þetta varðar á þessu stigi. Ég stend hér upp fyrst og fremst til að vekja athygli á þessu sjónarmiði. Kvennabaráttan á síðustu árum hefur e.t.v. um of verið miðuð við og miðað að hagsmunum þeirra kvenna í þjóðfélaginu sem betur eru settar, sem gegna stjórnunarstöðum og hafa háskólamenntun. Því miður hefur að nokkru leyti gleymst að taka tillit til þess þar sem skórinn kreppir virkilega að í kvennabaráttunni. Þar sem um er að ræða lakari menntun og lægri laun hefur einmitt verið meira um það að ræða að konur hafa verið settar til hliðar og ekki notið jafnstöðu. Það eru þau sjónarmið sem ég vek athygli á.

Varðandi atriði eins og þau að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum, og ég lít svo á að það sé verið að tala um það almennt í pólitík, með hvaða hætti í ósköpunum á Jafnréttisstofa að gera það? Ég tek undir og segi að þessi tillaga til þingsályktunar sé allra góðra gjalda verð en þegar kemur til kosninga velja kjósendurnir sjálfir fulltrúa sína. Viljum við taka valdið úr höndum kjósenda? Það er athyglivert að í tillögunni til þingsályktunar og nefndarálitinu koma ekki fram neinar tillögur um það hvernig á að vinna þetta verkefni, það eru engar vísireglur um það hvað eigi að gera, heldur eingöngu falinn einhver óbundinn opinn pakki um að Jafnréttisstofa eigi að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Ég hlýt að spyrja: Hvað á Jafnréttisstofa að gera í þessu sambandi? Mér finnst dálítið sérkennilegt að engar skýringar skuli koma fram varðandi þessa tillögu til þingsályktunar um hvað ætlast sé til að gert verði í þessu skyni. Á Jafnréttisstofa að gangast fyrir auglýsingaherferð eða gera tillögu til lagabreytinga um að ákveðin ákvæði séu sett í lög varðandi kynjahlutföll þeirra sem valin eru til sveitarstjórna eða er það með einhverjum öðrum hætti?

Það sem mér finnst skipta mestu máli, og það er kannski ágætt verkefni fyrir Jafnréttisstofu, er að á öllum stigum og sviðum þjóðfélagsins sé stuðlað að viðhorfsbreytingu í þá átt að það sé við það miðað að sá grundvallarskilningur nái fram að ganga að það séu sjálfsögð mannréttindi að allir borgarar, óháð kynferði, njóti sama réttar. Það finnst mér skipta mestu máli, að allir borgarar óháð kynferði njóti sama réttar. Þess vegna ætla ég enn einu sinni að taka upp það atriði að ég tel að ég sé sviptur ákveðnum rétti miðað við það að ákveðnir borgarar þessa þjóðfélags hafa helmingi meira vægi atkvæða en ég. Þá á ég við atkvæðavægi milli kjósenda eftir einstökum kjördæmum þar sem vægi atkvæða kjósenda í höfuðborgarkjördæmum, Reykjavíkurkjördæmi suður, Reykjavíkurkjördæmi norður og Suðvesturkjördæmi, er helmingi minna en atkvæðavægi kjósenda í ýmsum öðrum kjördæmum.

Þegar við tölum um jafnrétti, borgaraleg réttindi og mannréttindi verðum við að skoða þessa hluti heildstætt og á sama hátt og ég tek undir þau sjónarmið sem liggja að baki þeim hugmyndum sem koma fram í þingsályktunartillögunni finnst mér hún því miður um of óskýr. Það er ekki vísað til þess hvernig á að standa að þeim hlutum sem hér um ræðir. Hugsunin sem á bak við býr er góðra gjalda verð því að barátta fyrir jafnstöðu kvenna er barátta fyrir mannréttindum og ég styð þá baráttu.

[17:08]

Frsm. fél.- og trn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir innlegg í umræðu um þetta þjóðþrifamál og mikilvægi þess að fjölga konum í stjórnmálum og annars staðar í samfélaginu þar sem ráðum er ráðið og teknar eru mikilvægar ákvarðanir um hagsmuni samfélagsins, hvort sem er í sveitarstjórnum, á Alþingi, í opinberum stofnunum eða stjórnsýslunni.

Það hefur lengi verið talað um viðhorfsbreytingu í þessum málaflokki. Reynslan sýnir okkur eftir 5.000 ára karlaveldi og tæplega 100 ára baráttu fyrir réttindum kvenna, sem enn er ekki lokið víðast um heim, að það verður að taka um það pólitískar ákvarðanir að jafna rétt kynjanna í samfélaginu. Þess vegna hafa gildandi jafnréttislög það að markmiði að jafna stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi og þess vegna vinna stjórnvöld í þeim anda að beita áhrifum sínum og valdi til að fjölga konum, hvort heldur er í sveitarstjórnum eða á Alþingi.

Það breytir auðvitað ekki því að þegar tekið er sérstaklega til stjórnmálaþátttöku kvenna er ábyrgð stjórnmálaflokkanna mest í því að stilla þannig upp á framboðslista sína að þar sé hlutur kvenna tryggður. Reynslan sýnir okkur einfaldlega að það gengur mjög hægt og hefur í raun staðið í stað á Íslandi í u.þ.b. 10 ár. Þess vegna stöndum við frammi fyrir því núna að hlutur kvenna í sveitarstjórnum er aðeins tæplega 36% og hlutur kvenna á Alþingi tæplega 32% og það hefur ekki hreyfst mikið í 10 ár.

[17:10]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir að taka undir þau meginviðhorf sem ég setti hér fram varðandi kvennabaráttuna. Ég sé ekki að við séum neitt á öndverðum meiði hvað varðar þetta mál að öðru leyti en því að hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir heldur fram að viðhorfsbreytingin gangi mjög hægt. Hún fór 5.000 ár aftur í söguna. Það skal tekið fram að af þeim 5.000 árum sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir vísaði til var þróunin í algjörri kyrrstöðu í 4.900 ár. Það er ekkert lengra síðan, fyrir rúmum 100 árum varð einhver þróun í þessu, og þróun í átt til jafnstöðu karla og kvenna er ekki nema í kringum 30 ára gömul.

Hvenær komu fyrstu lögin um jafnstöðu karla og

kvenna? Ég man eftir því þegar um þau var rætt, sá merki alþingismaður og ráðherra dr. Gunnar Thoroddsen barðist hatramlega fyrir því að sett yrðu lög um jafnstöðu karla og kvenna. Á þeim tíma sem hann kom fram með þær hugmyndir, fyrir um 30 árum, mættu þær töluverðri andstöðu, ekki bara í einum stjórnmálaflokki heldur fleirum. Slík lög mundu hvergi mæta andstöðu í dag, heldur mundu þau teljast sjálfsagður hlutur. Við skulum bara athuga að það er ekki lengri tími en þetta síðan hlutirnir fóru á töluverða ferð.

Í þessari tillögu til þingsályktunar sem hér fylgir, í greinargerðinni, kemur einmitt fram hver hlutur kvenna var t.d. 1950 og hver hann var árið 2006. Við sjáum að það er stöðug stígandi í þessu sem betur fer, hlutur kvenna eykst stöðugt.

[17:13]

Frsm. fél.- og trn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við skulum þakka fyrir að það sé stöðug stígandi í jafnréttisbaráttunni en árangur sem náðst hefur í jafnréttismálum hér á landi og annars staðar hefur svo sannarlega ekki náðst vegna þess að menn hafi bara hallað sér aftur í sætinu og haldið að þetta kæmi af sjálfu sér. Það sem ég ítreka og tel þess vegna brýnt er að með samþykkt þessarar tillögu fá Jafnréttisstofa og ráðherra umboð til þess að hrinda af stað átaki sem væntanlega vekur fólk og flokka til umhugsunar um það í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga að konur og karlar þurfi að vera jafnmörg á framboðslistum stjórnmálaflokkanna og annarra sem bjóða fram, að við verðum áfram að beita okkur með þeim hætti í baráttunni.

Það gerðist ekkert í þessum málum á Íslandi fyrr en konur tóku sig saman og buðu fram Kvennalista, bæði til sveitarstjórna og Alþingis. Það var ekki fyrr en þá að þunglamalegir gamlir stjórnmálaflokkar, sem hafði verið stýrt af körlum og ráðið af körlum árum og áratugum saman, tóku við sér, sáu sitt óvænna og ákváðu að leyfa konunum að vera með. Það var ekki vegna þess að þeir fyndu hjá sér sjálfir þá vitundarvakningu eða vöknuðu upp einn morguninn og hygðu að það væri góð hugmynd. Það var vegna þess að konur gripu til róttækra aðgerða og mynduðu þrýsting í samfélaginu og þannig varð sú þróun sem við höfum sem betur fer fylgst með hér á landi í rúmlega 30 ár, og tæplega 30 ár í framboðum til sveitarstjórna og Alþingis. Við skulum ekki gera lítið úr því að hvert eitt skref sem fengist hefur í jafnréttisbaráttunni hefur fengist fyrir baráttu kvenna fyrir réttindum sínum. Hvert eitt skref (Forseti hringir.) sem náðst hefur er hægt að taka til baka ef menn standa ekki vaktina.

[17:15]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir ákveðna upprifjun en hins vegar má ekki slíta hluti úr eðlilegu sögulegu samhengi. Það var ekki vegna Kvennalistans sem straumhvörf urðu hvað varðar réttindi kvenna í íslensku samfélagi. (Gripið fram í.) Hugmyndir um jafnstöðu kvenna eru eldri en saga Kvennalistans. Það urðu einfaldlega viðhorfsbreytingar, sérstaklega urðu þær mjög hratt upp úr 1970. Við getum m.a. séð á töflunni sem kemur fram með greinargerðinni um hlut kvenna í sveitarstjórnum hvernig hann eykst strax eftir 1970. (Gripið fram í.) Í fyrsta skiptið sem konur ná yfir 20% múrinn er 1982 og þær eru komnar yfir 30% múrinn nokkru síðar.

Það var síður en svo eingöngu fyrir baráttu kvenna sem árangur náðist. Ég tek fram að ég hef fullan skilning á því réttlætismáli að konur njóti jafnstöðu við karla. En ég lít ekki á það sem sérstakt kvennamál og ég lít ekki á það sem eitthvert sérstakt hlutverk kvenna að berjast fyrir. Ég lít á það sem hlutverk allra þeirra sem vilja hafa eðlileg mannréttindi og að borgararnir í þjóðfélaginu séu jafnsettir óháðir kyni, búsetu og öðrum takmörkunum. Það finnst mér skipta miklu máli.

Þess vegna lít ég þannig til, hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir, að það sé jafnmikil skylda mín að berjast fyrir hagsmunamálum kvenna og jafnstöðu kvenna og karla og kvenna í stjórnmálum. Það er einfaldlega skylda allra þeirra sem vilja berjast fyrir eðlilegu og réttlátu samfélagi.

[17:17]

Útbýting:

Barnaverndarlög og barnalög, 19. mál, frhnál. fél.- og trn., þskj. 832.

Bjargráðasjóður, 413. mál, þskj. 851.

Stjórn fiskveiða, 429. mál, nál. meiri hluta sjútv.- og landbn., þskj. 841.

Visthönnun vöru sem notar orku, 335. mál, brtt. KaJúl, þskj. 830.

[17:17]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, formanni félags- og tryggingamálanefndar, fyrir framsögu með þessu nefndaráliti og tek undir það sem hv. þingmaður sagði áðan, það að auka hlut kvenna í stjórnmálum er sífelld barátta og ekkert hefst án hennar. Ef menn hætta baráttunni virðist hluturinn minnka aftur, við höfum upplifað og séð það svart á hvítu í þinginu að þegar umræðan og baráttan var ekki lengur eins sterk og hún var á sínum tíma vegna verkefnis sem við erum einmitt núna að ræða varðandi sveitarstjórnarstigið minnkaði aftur hluturinn, því miður. Þetta er barátta og umræða sem þarf alltaf að vera í gangi.

Því miður hafa karlmenn verið of mikið fjarverandi í þessari umræðu. Það er bara þannig, því miður, og kannski er það af því að einhverjum þeirra finnst umræðan vera ógn við eigin stöðu. Allir vita að talsverð valdabarátta hefur verið milli kynja innan flokka en auðvitað fer líka fram valdabarátta milli kvenna innbyrðis og karla innbyrðis. Konur hafa hins vegar því miður oft beðið lægri hlut í þeirri baráttu.

Eftir að Kvennalistinn kom til skipti hann verulegu máli. Hann hafði þau áhrif að flokkarnir urðu sjálfir ansi hræddir um að þarna væri komið eitthvert afl sem mundi sópa til sín konum þannig að með tilkomu Kvennalistans vöknuðu flokkarnir svolítið til lífsins í þessu og konur fengu framgang, sem betur fer, innan allra flokka að einhverju leyti. Kvennalistinn var snjallt baráttutæki á sínum tíma. (Gripið fram í.)

Neyðarstjórn kvenna íhugaði að fara í framboð fyrir alþingiskosningarnar í vor. Þær tóku þátt í búsáhaldabyltingunni hérna fyrir utan og voru brattar með að fara í framboð en ákváðu síðan að beita sér innan flokkanna. Ég held að það hafi verið rétt baráttuaðferð hjá þeim og nú er að sjá hver hlutur kvenna verður í vor þegar talið verður upp úr kjörkössunum á Alþingi.

Sú er hér stendur flutti þingsályktunartillögu um sambærilegt mál á sínum tíma um að fara í aðgerðir til að auka hlut kvenna á þinginu. Sú tillaga var samþykkt. Það var mjög mikið gleðiefni því að það er ekki oft sem almennir þingmenn fái samþykktar tillögur yfirleitt. Það verkefni skilaði mjög miklum árangri, hlutur kvenna jókst meðan það verkefni stóð yfir. Sú er hér stendur var fyrsti formaður nefndar sem stýrði því verkefni. Hlutur kvenna jókst um 10 prósentustig, hann fór úr 25,4% upp í tæp 35%. Síðan lauk þessu átaksverkefni og hlutur kvenna á þinginu hrapaði eftir það um 5 prósentustig. Það varð bakslag og hlutur kvenna fór niður í rúm 30%. Í síðustu alþingiskosningum, 2007, jókst hann um 1,5 prósentustig þannig að við erum enn þá talsvert frá því að ná þeim árangri sem náðist eftir átaksverkefnið. Það er brýnt að svona verkefni séu alltaf í gangi, bæði sem snúa að sveitarstjórnarstiginu og þinginu. Sú tillaga sem við erum að fjalla um núna snýr sérstaklega að sveitarstjórnunum og það er vegna þess að það eru næstu kosningar sem átti að halda. Sú er hér stendur taldi að það yrðu næstu kosningar í röðinni, þetta mál var flutt fyrir nokkru síðan og þá var ekki ljóst að kosið yrði svo snemma sem 25. apríl árið 2009. Það kom á óvart.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Magnússyni áðan þegar hann sagði að valdið væri tekið úr höndum kjósenda lít ég alls ekki svo á að við séum að því. Það er verið að reyna að hafa áhrif á kjósendur með upplýstri umræðu og átaki þannig að kjósendur átti sig betur á því hvað það er mikilvægt að konur og karlar starfi til jafns í pólitík, bæði á sveitarstjórnarstigi og auðvitað í þinginu líka.

Hv. þingmaður fann líka að því að ekki væri verið að lýsa beinum aðgerðum í tillögunni sjálfri. Í greinargerðinni er vísað í aðgerðir sem fyrri nefnd fór í og ég held að mjög margir muni eftir þeim. Það er handhægt að skoða hvað sú nefnd gerði og það er hægt að nýta margt áfram úr þeirri vinnu. Það er hægt að fara í umræðufundi um allt land eins og gert var. Það er hægt að fara í umræðu um þetta í sjónvarpi, eins og gert var þá, og það er líka hægt að fara í auglýsingar. Það var nefnt hérna. Það var gert þá. Hér voru miklar auglýsingar þar sem forustumenn flokkanna tjáðu sig um hvað það væri mikilvægt að konur væru til jafns við karla í stjórnmálum. Þetta er allt til.

Við höfum víða séð árangur af auknum hlut kvenna í stjórnmálum og ég vil nefna að t.d. í prófkjörunum sem fóru fram um daginn kom margt athyglisvert í ljós. Sums staðar náðu konur ekki þeim árangri sem þær stefndu að og urðu að lúta í lægra haldi fyrir körlum í prófkjörunum. Það var t.d. eftirtektarvert að engin kona sóttist eftir því að leiða lista í Reykjavíkurkjördæmunum hjá Sjálfstæðisflokknum, því miður. Þar varð kona í fjórða sæti ef ég man rétt.

Hins vegar vil ég nefna að í mínum flokki, Framsóknarflokki, var prófkjör í Suðvesturkjördæmi og þar urðu fimm konur í efstu fimm sætunum. Síðan komu fimm karlar í þeim fimm sætum sem voru þar á eftir. 10 tóku þátt í prófkjörinu. Við vorum með kynjakvóta sem var aðallega hugsaður til að tryggja hlut kvenna af því að konur eru í minni hluta í þinginu. Kynjakvótinn kom þó þannig út miðað við hvernig honum var beitt hjá okkur að tvær konur færðust niður fyrir tvo karla. Þetta voru Una María Óskarsdóttir og Bryndís Bjarnason sem hafa báðar verið í forustu LFK og miklir talsmenn jafnréttis. Það var svolítið sérstakt að upplifa það að þessar hörkustjórnmálakonur færðust niður listann fyrir karla. Við ákváðum að beita kynjakvótanum í báðar áttir og þess vegna fór það svona.

Ég tel mjög mikilvægt, virðulegur forseti, að við samþykkjum þessa þingsályktunartillögu sem fyrst og ég þakka félagsmálanefnd fyrir skörulega vinnu. Hún stóð vel að verki, skoðaði málið vel og lagði síðan til að við afgreiddum það. Það er alveg ljóst að við verðum að fara í átaksverkefni til að tryggja að hlutur kvenna í sveitarstjórnum aukist í næstu kosningum en minnki alls ekki. Hann á að aukast. Núna eru fulltrúar í sveitarstjórnum 65% karlar og það er eðlilegt að þetta kynjahlutfall jafnist betur út.

[17:25]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að vera hér til að greiða atkvæði um þetta mál en því miður náði ég því ekki. Ég gat ekki verið við upphafið. Ég gæti sagt margar reynslusögur, bæði í nútíð og fortíð. Þetta mál kom fram snemma á þinginu og ef menn hefðu vitað það í haust þegar þeir lögðu málið fram að hér yrðu alþingiskosningar 25. apríl hefði málið væntanlega verið um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, þ.e. sveitarstjórnum og Alþingi, líkt og hv. flutningsmaður Siv Friðleifsdóttir nefndi. Síðasta dæmisaga hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur segir meira en margt um það að þessi þingsályktunartillaga hefði allt eins getað breyst þannig að hún væri um að jafna hlut kynja í sveitarstjórnum miðað við þá prófkjör framsóknarmanna í Suðvesturkjördæmi um daginn.

Ég man eftir vinnunni sem fór af stað í kringum síðustu aldamót um að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Það var víðtæk vinna af hálfu félagsmálaráðuneytisins. Fáir karlmenn tóku þátt í henni en hjá þeim sem kynntu sér átaksverkefnið leiddi það til þess að menn tóku upp breytta hætti í þeim stjórnmálaflokkum sem kynntu sér það og settu m.a. niður leiðarlínur í þeim efnum, jafnvel þær að reyna að hafa hlutinn sem jafnastan á milli kynjanna eins og menn hafa sett í samþykktir flokkanna. Ég þekki það hjá mínum flokki, Samfylkingunni, að þar var sett strax upp úr síðustu aldamótum að hluturinn skyldi vera 40:60.

Jafn hlutur er til skipta, þar sem tveimur er skipt er 50:50 en oftar en ekki er verið að skipta þremur eða fimm eða annarri oddatölu og þess vegna er lagt upp með 40:60 í þeim tilfellum. Þetta er svipað og við þekkjum í ýmsum reiknireglum þegar við erum með óvissumörk í útreikningum.

Í sjálfu sér er ekkert meira um það að segja, virðulegur forseti, en að þessir hlutir hafa þróast á síðustu árum. Menn geta svo sem hver um sig sagt að allir vildu Lilju kveðið hafa í þeim efnum, m.a. tekið þátt í kvennafrídeginum 1975 eins og ég og fleiri hér gerðum á þeim tíma eða stutt við

bakið á einstaka stjórnmálaflokkum.

Auðvitað er þetta eins og með mörg önnur mál, hugarfarið skiptir mestu máli og það þarf að verða hugarfarsbreyting hjá þeim sem ráða för. Við vitum alveg hvernig þetta hefur gerst í kosningum, það eru stjórnmálaflokkarnir sjálfir sem taka ákvarðanir um leikreglur þegar valið er á framboðslistana. Ég hef alla tíð verið á móti því að setja upp einhvers konar girðingar sem búa til einhver hliðarskilyrði nema það sé þá ákvörðun meiri hluta hverju sinni að gera slíkt.

Þær leikreglur sem ég hef séð virka hvað best eru til að mynda þau sjónarmið sem felast í þessum 60–40% skiptingarreglum og hafa haft það í för með sér að menn hafa getað komist í gegnum það skammlaust. Ég er nýkominn af landsfundi Samfylkingarinnar, virðulegi forseti, og get því vottað að þriðja landsfundinn í röð njóta karlmenn þess að vera fluttir upp í framkvæmdastjórn vegna þess að þeir hefðu annars ekki náð kjöri. Þar af leiðandi er það kostur þegar við erum með reglur um að jafna hlut karla og kvenna í þátttöku í stjórnmálum. Annars hefði það þýtt síðustu sex árin, þrjá síðustu landsfundi Samfylkingarinnar, að karlmenn hefðu ekki getað tekið jafnríkan þátt í störfum framkvæmdastjórnar flokksins. Þetta er þekkt úr öðrum stjórnmálahreyfingum, ekki kannski öllum en ég veit að stjórnmálaflokkarnir eru hver um sig að reyna að búa til leikreglur sem miða að því að jafna hlut kynjanna til þátttöku.

Það má kannski segja að átaksverkefni eins og þetta þurfi ekki einungis að vera um að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum, heldur líkt og ég sagði áðan að jafna hlut beggja kynja í sveitarstjórnum og á Alþingi. Þetta verkefni gæti verið sífellt í gangi og leyst þá Jafnréttisstofu af hólmi. Í umfjöllun um stjórnarfrumvarp um persónukosningar eins og hér er til umræðu þarf að tryggja að þessi sjónarmið komi fram. Nú þekki ég ekki nákvæmlega, virðulegi forseti, hvernig sú umræða hefur farið fram í allsherjarnefnd en ég álykta sem svo — (**Gripið fram í:** … félagsmálanefnd.) Félagsmála? Með persónukjörið? Persónukjörið er í allsherjarnefnd. Ég veit ekki hvort Jafnréttisstofa gaf þar umsögn. Ég hefði átt að vera búinn að kynna mér hvort Jafnréttisstofa gaf umsögn áður en þessi umræða fór af stað. Hugsanlega get ég, virðulegur forseti, kynnt mér þá umsögn áður en atkvæðagreiðsla verður um þetta mál. Þetta fer auðvitað saman, ef við breytum kosningalöggjöfinni tengist það einmitt þessu máli hér.

Ég hef verið talsmaður þess að þessir hlutir séu skoðaðir ítarlega og hef verið um langt skeið eins og ég sagði áðan. Ég tel margt hafa áunnist en það þarf að gera ýmislegt mun betur en við höfum gert. Hlutirnir hafa kannski ekki verið alveg nógu samræmdir og við sjáum að þetta snýst ekki eingöngu um aðgerðir til að auka hlut kvenna, heldur snýst þetta líka um aðgerðir til að jafna hlut kynjanna í þátttöku í stjórnmálum, hvort sem er í sveitarstjórnum eða á Alþingi.

Eins og kemur fram í þessari tillögu til þingsályktunar þarf Jafnréttisstofa eðlilega auknar fjárveitingar, eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Fjárveitingar til Jafnréttisstofu þyrftu að aukast samhliða slíkum aðgerðum.“

Það liggur þá fyrir þinginu þegar það kemur saman í sumar eða haust að afgreiða fjáraukalög þessu tengt ef þessi tillaga hlýtur brautargengi frá Alþingi. Ég vona sannarlega að hún geri það.

Að lokum, virðulegur forseti, svo ég lengi ekki þessa umræðu eins og jafnan er sagt, held ég að einnig verði að skoða á næstu mánuðum og árum að fara í sambærilegar aðgerðir til að auka hlut nýbúa í stjórnmálum. Nýbúar eru vissulega sá hópur sem á erfitt uppdráttar innan stjórnmálaflokkanna, á oft og tíðum erfitt með að koma sér á framfæri í prófkjörum eða forvali eða einhverju slíku. Við sjáum það einfaldlega á þátttöku þeirra og við þekkjum það úr svo fjölmörgum félagsstörfum og jafnvel þátttöku nýbúa í íþrótta- og æskulýðsstarfi að það þarf að fara fram með markvissari aðgerðir til að auka hlut þeirra í hvoru tveggja, sveitarstjórnum og Alþingi annars vegar og hins vegar á ýmsum öðrum sviðum.

Ég vona sannarlega, virðulegur forseti, að aðgerð eins og þessi verði til lengri tíma litið sagan ein því að hugarfarið verði orðið þannig að aðgerða sé ekki þörf en horfi hins vegar til þess að á næstu árum verði Alþingi að beita sér fyrir því, jafnt sem sveitarstjórnir, að koma fram með verkefni sem auka hlut nýbúa í stjórnmálum. Ef ég hefði tækifæri til að styðja slíkt verkefni sem færi af stað á vegum Alþingis, ráðuneyta og/eða sveitarstjórna mundi ég sannarlega gera það.

Ég þekki til nokkurra slíkra verkefna þar sem ég bý í Hafnarfirði. Þar hafa nokkur nýbúaverkefni gengið fram með ágætum. Hins vegar held ég að þau verkefni þurfi alltaf að vera uppi á dekki nú á dögum. Ef við styðjum ekki við bakið á þeim verða þau á undanhaldi. Sá hópur hefur því miður ekki haft tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum ríkt á framfæri svipað og konur lentu í fyrir áratugum þegar þær höfðu engin tækifæri. Því hvet ég, virðulegur forseti, alla þá sem vilja huga að þeim málum að horfa til þess til framtíðar að slík átaksverkefni séu á sambærilegan hátt sett af stað.

Virðulegur forseti. Ég hef gert grein fyrir máli mínu. Ég styð að sjálfsögðu þessa þingsályktunartillögu þó að ég hefði viljað hafa hana með örlítið öðrum hætti, þá þannig að hlutur kynjanna væri jafnaður, bæði í sveitarstjórnum og á Alþingi, að þetta væri átaksverkefni sem við horfum ekki bara til vegna kosninganna 2010, heldur til lengri framtíðar. Við þurfum þá að huga að því í kjölfarið að auka fjárveitingar til Jafnréttisstofu til að hún geti stutt þetta verkefni. Það verður þá væntanlega gert í kjölfarið í fjáraukalögum fyrir árið 2008. Í þriðja lagi, virðulegur forseti, vék ég að því að hægt væri að fara fram með sambærilegt verkefni — svo fremi að það sé ekki nú þegar í gangi — við að auka hlut nýbúa í þátttöku í stjórnmálastarfi, sveitarstjórnum og Alþingi.

[17:37]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Það má taka undir margt sem hér hefur verið sagt við framgang þessa máls sem er til umfjöllunar og afgreiðslu. Ég vil byrja á því að vara við samlíkingu hv. þm. Jóns Magnússonar þar sem hann fjallaði um atkvæðavægi. Það má tala um atkvæðavægi alveg eins og þegar menn tala um hlutfall kynja í þátttöku í samfélaginu

ef menn velja þann kostinn en hv. þingmaður kvartaði yfir því að vægi atkvæða eftir kjördæmum væri mismunandi og táraðist sérstaklega fyrir hönd Reykjavíkurkjördæmanna tveggja.

Þegar talað er um vægi og hlutfall orkar margt tvímælis. Það er engin spurning að hinir ágætu íbúar höfuðborgarinnar búa við ákveðin forréttindi, forréttindi í aðgengi að mörgum þáttum hvort sem það er á sviði samgangna, menningar, menntunar eða heilsugæslu. Þeir eiga stuttar leiðir að öllum þessum þáttum velferðarsamfélagsins og þurfa ekki að hugsa langt út fyrir þann ramma að öllu jöfnu.

Þetta vægi er allt annað úti á landsbyggðinni þar sem fólk býr við lokun flugvalla á ákveðnum tímum dagsins, ófærð á vegum, fjarlægðir og margt sem heftir för. Þetta er hlutur sem þarf að meta í öllum þessum þáttum og taka tillit til.

Það skiptir miklu máli að menn rugli ekki saman efnum í þessum þáttum því að það er alveg klárt mál að íbúar hinnar ágætu höfuðborgar Íslands mundu ekki kunna að meta það ef Ártúnsbrekkunni yrði lokað kl. 6 á kvöldin eða Reykjanesbrautinni. Það er einfaldlega hlutur sem kæmi ekki til greina en margir íbúar landsbyggðarinnar verða að láta sér lynda að búa við takmarkanir á mörgu er lýtur að þeim þáttum öllum sem ég nefndi áðan.

Að auka hlut kvenna í stjórnmálum í sveitarstjórnum er auðvitað virðingarvert sjónarmið. En ég held að það sé miklu mikilvægara, eins og hv. þm. Jón Magnússon kom inn á áðan, að auka og styrkja hlut kvenna á hinum almenna vinnumarkaði á Íslandi, kvenna í fiskverkun, iðnverkakvenna, kvenna í þjónustu á sjúkrahúsum o.s.frv. Konurnar sem vinna hljóðlátu en mikilvægu verkin og oft og tíðum erfiðustu verkin í samfélaginu, langsamlega erfiðustu, detta niður milli skips og bryggju í hjalinu um þessa styrkingu á hlutdeild kvenna í samfélaginu.

Í mínu sveitarfélagi vandist ég því að aldrei var gerður munur á karli og konu til verka, aldrei. Það spannst úr því eins og verkast vildi, eftir því hvort konur eða karlar vildu ganga til ákveðinna verka. Það var fullkomið traust þarna á milli, fullkomið jafnvægi. Í stuttu máli má segja að í þeim stóra vertíðarbæ Vestmannaeyjum stjórnuðu konur í landi, karlarnir á sjó. Jafnvel þó að karlar hefðu fororð í mörgum þáttum var það þannig að í reyndinni réðu konurnar æðimiklu. Þetta var átakalaust, þetta var eðlilegt, þetta var unnið af brjóstviti og skynsemi og ekki með neinum tilkynningarreglum eða tilviljun.

Við höfum dæmi úr prófkjörum síðustu vikna þar sem notaður var kynjakvóti að þar var kannski erfitt að fá ákveðið kyn í ákveðið sæti og menn leituðu logandi ljósi að einhverjum sem vildi fara í öruggt sæti á meðan aðrir frambjóðendur af öðru kyni, hugsjónamenn, reynsluboltar, menn með framsæknar hugmyndir o.s.frv. vildu líka fara í þessa röð en fengu ekki vegna kyns. Hvaða glóra er í þessu? Auðvitað er engin glóra í þessu, virðulegi forseti. Ef ég ætti að velja skipstjóra á bát og hefði um að velja hv. þingmenn Arnbjörgu Sveinsdóttur og Grétar Mar Jónsson mundi ég auðvitað velja Grétar Mar Jónsson. Hann hefur reynsluna og þekkinguna sem skipstjóri þó að Arnbjörg kynni að verða mikil aflakona líka en þannig hljóta menn að velja til verka eftir því hvernig einstaklingurinn er í stakk búinn, ekki af hvoru kyninu hann er. Hvergi í heiminum hefur gengið að hafa þann útgangspunkt að velja til verka eftir kyni þó að það sé æskilegast að sem flestir af báðum kynjum taki þátt í þeim verkum sem vinna þarf í samfélaginu.

Það er nú svo og á við um hv. Alþingi eins og marga aðra vinnustaði að hér eru tveir hópar í stórum dráttum, kerlingar og konur, og ég vil þá undirstrika að einu kerlingarnar sem ég hef hitt um ævina eru karlar. (**Gripið fram í:** … skilgreindur sem kerling?) Ég sagði í megindráttum. (**Gripið fram í:** Hvað þýðir þá að vera kerling?) Orðið kerling hefur margs konar merkingu og þess vegna er hægt að nota það í svona orðatiltæki.

Gott dæmi um það af hverju það er svo mikilvægt að styrkja þátt fólksins í landinu, almennings, fólks sem vinnur hörðum höndum er að fólk verður að byggja á hugviti sínu og verkviti, því að það gleymist æðimikið í allri þessari umræðu að það sem skiptir mestu máli í öllu er lýtur að þátttöku í verkefnum fyrir samfélagið er verkvitið. Verkvit er ekki eitthvað sem menn læra með því að babla á bók. Verkvit er þáttur í brjósti hvers og eins og byggir á reynslu hvers og eins. (**VS:** Verkvitið er svo fallegt.) Það er alveg rétt, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, verkvitið er fallegt því að það kemur beint frá hjartanu og frá reynslu þess einstaklings sem um ræðir.

Það var sláandi dæmi um vöntun á þessari umhyggju fyrir almennu fólki í landinu að lesa auglýsingar fyrir nokkrum dögum í landsmálablöðunum þar sem nærri 300 einstaklingar skrifuðu undir hvatningu til þess að Ísland gengi í Evrópusambandið. Það kom svo sem ekkert á óvart að menn mundu raða sér og safna sér þannig saman þó að augljóst væri að margir þar á blaði hefðu örugglega ekki skoðað mikið rökin fyrir því sem þeir voru að sækjast eftir, kostina og gallana. En það sem vakti athygli við þessar auglýsingar með nöfnum nærri 300 Íslendinga þar sem allir voru tilgreindir með starfsheiti eða stöðu var að þarna var enginn verkamaður, engin verkakona, enginn sjómaður, engin húsmóðir, enginn rafvirki, enginn smiður, enginn pípulagningameistari, engin skúringakona — sem nú heitir víst ræstitæknir — enginn tónlistarmaður, engin hjúkrunarkona, ekkert skáld, ekkert nema fólk sem tjaldaði titlum.

Þetta var auglýsing með hvatningu um að ganga í Evrópusambandið. (**VS:** Hafa ekki allir einhverja titla?) Nei, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, fæstir landsmenn tjalda titlum. Þannig er það nú og ætti hv. landsbyggðarþingmanni að vera kunnugt um það. Það var heldur enginn bóndi á þessu blaði, þar var enginn af þeim sem við köllum í daglegu tali venjulega Íslendinga, enginn. Þetta var flestallt fólk sem er í skjóli opinberra stofnana eða öflugra fyrirtækja.

Þetta er áhyggjuefni. Það ætti auðvitað að vera miklu meira forgangsverkefni að styrkja stöðu þessa fólks og ekki síst kvenna sem vinna þau mikilvægu störf í samfélaginu og ég vék að áðan, vinna slorstörfin, erfið hjúkrunarstörf, erfið störf til allra átta, á erfiðum vöktum, á þungu bónuskerfi til að hafa eitthvert roð við þeim sem hafa búið sér betur í haginn í samfélaginu.

Það hefur komið fram í ræðum á hv. Alþingi þegar fjallað er um að jafna hlut karla og kvenna að þá er eins og mál-

flutningurinn byggist stundum á kynhatri sem er auðvitað afskaplega slæmt í öllum samfélögum, ekki síst litlu og persónulegu samfélagi eins og Ísland er. Þetta eru þættir sem við þurfum að huga miklu meira að, leggja meiri rækt við og sinna grasrótinni í okkar samfélagi, fólkinu sem vinnur með það eitt að leiðarljósi að hafa verkvit og vilja. Þarna höfum við slugsað, þetta er ekki viðmiðunin í áhersluatriðum stjórnvalda, þetta er ekki einu sinni viðmiðunin í áhersluatriðum margra verkalýðsfélaga sem virðast vera búin að kyngja því að vera metin sem annars flokks fólk af því að það tjaldar ekki titlum í skjóli þess að vitna í það að kunna og hafa skriflega staðfestingu á því að geta bablað á bók.

Við höfum verk að vinna á mörgum þáttum og þetta er kannski spor sem vonandi verður til gagns, en þetta er ekki það spor að mínu mati sem ætti að vera forgangsatriði. Þar ættum við að sinna miklu, miklu betur fólkinu okkar hvar sem er á landinu, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni og ekki síst þar því að þar er stakkurinn þrengri og svigrúmið minna og meiri ástæða til að hvetja til þess að rækta garðinn.

Einn hluti af þessu dæmi að styrkja stöðu ekki síst kvenna er að horfast í augu við það hver mismunurinn er á menntunarmöguleikum í dreifbýli og þéttbýli. Í dreifbýlinu er mun meira brottfall nemenda til að mynda í menntaskólum en í þéttbýlinu. Þetta er hlutur sem þarf að hugsa um, þegar brottfall meðal nemenda er allt upp í 40%, virðulegi forseti, þá er eitthvað að í menntakerfinu. Þetta hleypur á bilinu 25–40% sem er gríðarlega mikið og við gætum þess ekki einu sinni að fylgja því fólki eftir sem af ýmsum ástæðum hefur horfið frá námi, gætum þess ekki að hvetja það áfram til náms því að nákvæmlega þar, í menntun okkar fólks liggja möguleikarnir í að auka hlut og jafnvægi beggja kynja, hvort sem er til þátttöku í stjórnmálum eða stjórnun af hvaða tagi sem er.

Maður byrjar ekki á hjartaaðgerð á lokastiginu, það verður að byrja á slíkri aðgerð á réttum stað og fara síðan faglega yfir allt sviðið þannig að það sé von til þess að aðgerðin heppnist. Þess vegna þurfum við að hugsa þetta frá grunni og leggja áherslu á að við tryggjum jafnræði fólksins í landinu hvar sem það stendur, tryggja því jafnræði til að nýta upplag sitt, vilja og væntingar til heilla fyrir samfélagið og við getum ekki gert það með því að byrja einhvers staðar í miðju kafi. Það er ekki vænleg aðferð til að hún haldi til lengdar. Reyndar eins og hér hefur verið bent á, þegar eitthvað hefur náðst fram með ákveðnu átaki í að rétta hlut kvenna til þátttöku í stjórnmálum og stjórnun, þá kemur síðan bakslag. Það er auðvitað vegna þess að grunnurinn er ekki í lagi. Það skiptir öllu máli að konur ekki síður en karlar hafi sama rétt og sama möguleika til að sækja fram til þeirra verkefna sem hugur þeirra stendur til. Það gerum við ekki nema með því að breyta ákveðnu hugarfari, ákveðnu verklagi þannig að það vinnist með einhverju verkviti en ekki tilviljanakenndum niðurstöðum úr skýrslum hinna annars ágætu fræðinga landsins. Við þurfum hversdagssvitann, hversdagsreynsluna, reynslu fólksins sem vinnur störfin í þjóðfélaginu út frá þeirri forsendu að hver einasti Íslendingur er jafnmikilvægur og við eigum að geta unnið út frá því.

Þó að menn séu mishæfir til verka eins og eðlilegt er hefur hver sitt svið til brunns að bera og ef við ræktum það ekki, ef við hlúum ekki að því, ef við tryggjum ekki að rétt sé hjálparhönd og lið þar sem má bæta úr og breyta til að nýta vél og hugmyndir og möguleika allrar vélarinnar, alls mannaflans, þá stöðnum við. Þetta er hlutur sem ég held að við þurfum að leggja mikla áherslu á því að þetta er lykillinn að því að við náum árangri í því að styrkja þennan grunn sem þjónar sama markmiði og þau lög sem hér eru til umræðu hafa — að jafna þátttöku. Að vísu með þeim fyrirvara að það er grundvallarsjónarmið mitt að það eigi fyrst og fremst að velja hæfasta einstaklinginn til hvers verks óháð kyni, en það er æskilegast að fólk af báðum kynjum taki þátt í sem flestum verkum en það á ekki að vera á kostnað hæfileikanna. Hæfileikarnir eru það sem skilar okkur árangri og það þarf að styrkja stöðuna þannig að hæfileikar allra þróist í þá átt að þeir nýtist þeim betur en ella við að vinna úr því sem fyrir liggur og þeir vilja leggja áherslu á í sínu lífi, virðulegi forseti.

[17:58]

Útbýting:

Hlutafélög og einkahlutafélög, 356. mál, nál. 1. minni hluta viðskn., þskj. 843; brtt. 1. minni hluta viðskn., þskj. 844.

Ráðgjafarstofa fyrirtækja í greiðsluörðugleikum, 459. mál, þáltill. EyH o.fl., þskj. 842.

[17:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þetta mál er komið fram til afgreiðslu. Ég er einn af flutningsmönnum þessa máls og var jafnframt flutningsmaður á máli því sem hefur verið tíundað í umræðunni og sagt að hafi verið til mikils gagns frá 1998 um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum. Það hefur verið vitnað mjög til starfs þeirrar þverpólitísku nefndar sem þá var sett á stofn og tók satt að segja verkefni sitt mjög alvarlega. Sú nefnd fór í heilmörg verkefni og sjálf átti ég sæti í þeirri nefnd allan tímann. Eins og kom fram í máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur var hún í upphafi formaður nefndarinnar og ég held að hún hafi sem formaður lagt mjög góðan grunn að starfi þeirrar nefndar og það var mjög ánægjulegt að taka þátt í því. Við fórum í fundaferðir og meðal þess sem við gerðum á þeim tíma var að fara í viðræður við ritstjóra blaða og stjórnendur ljósvakamiðla.

Það kom fram í starfi þeirrar nefndar að hlutur kvenna og hvernig þær eru kynntar í fjölmiðlum hefur líka áhrif. Það kom fram þegar við ræddum við ritstjóra blaðanna og fórum yfir þetta mál mjög vandlega með þeim að þeir höfðu ekkert endilega lagt mjög mikla vinnu í að skoða hver ábyrgð þeirra var í þessu máli. Eftir að búið var að fara yfir það með t.d. ritstjóra Morgunblaðsins, Styrmi Gunnarssyni, mátti sjá verulega breytingu á framsetningu Morgunblaðsins í umræðum um jafnréttismál, að konur sem tóku þátt í stjórnmálum voru kallaðar til til þess að segja álit sitt á málum, þannig að við töldum a.m.k. á þeim tíma að þetta hefði haft veruleg áhrif á það hvernig fjölmiðlar tóku á jafnréttismálum, þátttöku kvenna í stjórnmál-

um og hvernig hlutur kvenna var almennt dreginn fram.

Í þessari tillögu, hæstv. forseti, er lagt til að Jafnréttisstofa muni gera þetta að þessu sinni, muni sjá um að hrinda af stað aðgerðum til að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum. Ég tel rétt að fá Jafnréttisstofu í þetta verkefni. Kannski má spyrja hvort það eigi ekki að vera viðvarandi verkefni Jafnréttisstofu að gera þetta. Það má líta svo á. Í umsögn Jafnréttisstofu um þetta mál segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, hafa það að markmiði að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins, sjá 1. mgr. 1. gr. Enn fremur segir í sömu mgr. að allir einstaklingar skuli eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Þessu markmiði á meðal annars að ná með því að, eins og fram kemur í b. og c. lið 1. gr., vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla í samfélaginu og bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu.“

Síðan vitnar Jafnréttisstofa, hæstv. forseti, í þingsályktunartillöguna og segir að hlutur kvenna í sveitarstjórnum hafi aukist fremur hægt eins og kemur fram í greinargerðinni og segir svo:

„Eitt af því sem skiptir miklu máli til að ná ofangreindum markmiðum jafnréttislaga er að konur komi að því til jafns á við karla að taka ákvarðanir um sitt nærumhverfi, ákveða hvernig þjónustu, t.d. félagsþjónustu, í sveitarfélögum skuli háttað og hvernig fjármagn sveitarfélags er notað. Ljóst er því að aðgerða er þörf til að bæta stöðu kvenna á sveitarstjórnarstiginu.“

Hæstv. forseti. Það er sannarlega rétt að það er mikil nauðsyn á því. Jafnréttisstofa bendir jafnframt á það í umsögn sinni að hún sé tilbúin til að taka að sér þetta verkefni, enda sé málefnið brýnt en segir svo jafnframt:

„Ljóst er þó að til að svo geti orðið þarf að auka fjárveitingar til Jafnréttisstofu.“

Ég hefði því viljað spyrja ef formaður nefndarinnar væri einhvers staðar nærlendis hvort fram hefði farið eitthvert fjárhagslegt mat á því hvað þessar aðgerðir muni kosta. Það kemur ekki fram í umsögn Jafnréttisstofu hvað hún telur þurfa mikið fjármagn til að hleypa þessum aðgerðum af stað. Það kemur jafnframt fram í umsögn Viðskiptaráðs að það telur að á þessum tíma sé ekki rétt að ráðast í slíkar aðgerðir þar sem nú þurfi að öðru leyti að ráðast í mikinn niðurskurð. Það segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að auki er almennt vafasamt að ætla að auka opinber útgjöld á þessum afar erfiðu tímum í íslensku efnahagslífi þó þau séu vissulega minni háttar í þessu tilfelli. Margt smátt gerir hins vegar eitt stórt og nú stendur ríkissjóður frammi fyrir því að þurfa að skera niður útgjöld um 40 milljarða kr. eða auka skattheimtu sem því nemur eða um 2,4% af landsframleiðslu. Aukin skattheimta er ekki valkostur að mati Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð telur eðlilegast og líklegast til árangurs að stjórnmálaflokkarnir taki það upp með sjálfum sér að útfæra og framkvæma hugmyndir þær sem þverpólitíska nefndin lagði til á sínum tíma og fjallað er um í tillögunni. Ef sveitarstjórnir og Alþingi eiga að endurspegla ákveðinn þverskurð mannlífsins, t.a.m. hvað kynjahlutföll varðar, þá liggur beinast við að fulltrúar þeirra sem fylla sæti sveitarstjórna og Alþingis reyni eftir fremsta megni að tryggja slíkan þverskurð.“

Hæstv. forseti. Af þessum sökum leggur Viðskiptaráð til að tillagan nái ekki fram að ganga en ég ítreka að það væri áhugavert að fá að vita hversu gaumgæfilega nefndin hefur farið yfir málið og þann kostnað sem af því hlýst. Ég veit að starf fyrri þverpólitísku nefndarinnar kostaði nokkurt fé, þótt það hafi ekki verið mjög mikið, en það er nauðsynlegt á þessum tímum að gera sér fulla grein fyrir slíku.

Ég vil jafnframt, hæstv. forseti, vekja athygli á umsögn Alþýðusambands Íslands. Alþýðusambandið fagnar tillögunni sem fulltrúar allra flokka á Alþingi flytja en þar segir, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í greinargerð er fylgir tillögunni þá hefur hlutur kvenna í sveitarstjórnum aukist mjög hægt undanfarinn áratug. Því er mikilvægt að beita markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnum í aðdraganda næstu sveitarstjórnarkosninga 2010.“

Kannski hefði verið áhugavert að heyra frá formanni nefndarinnar hvort það hefði verið athugað sérstaklega hvað ASÍ á við þarna. Svo segir, með leyfi forseta:

„ASÍ telur Jafnréttisstofu réttan aðila til að veita slíkum aðgerðum forustu, en bendir á að nauðsynlegt er að Jafnréttisstofa kalli á þá aðila sem sinna jafnréttismálum á faglegum forsendum og aðra áhugahópa um jafnrétti kvenna og karla.“

Ég átta mig ekki alveg á því hvort þetta er eitthvert vantraust frá Alþýðusambandinu gagnvart Jafnréttisstofu. Ég trúi því þó varla. Hafi þetta komið fram við meðferð málsins þegar Alþýðusambandið kom til viðræðu við nefndina hefur það væntanlega verið skýrt fyrir nefndinni hvað Alþýðusambandið á við í þessu tilfelli.

Af því að Kvenréttindafélagið er með svo fallega og góða umsögn vildi ég aðeins vitna í hana líka. Kvenréttindafélagið segir varðandi stuðning við málið að það hafi haldið málþing undir yfirskriftinni *Uppröðun á framboðslista – ábyrgð stjórnmálaflokkanna* og að í lok málþingsins hafi verið samþykkt ályktun þar sem segir, með leyfi forseta:

„„Það var samróma álit málþingsins að hvetja stjórnmálaflokkana til að hafa kynjajafnrétti að leiðarljósi við uppröðun á framboðslista fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar árið 2010. Einnig að hvetja Alþingi sérstaklega til að bregðast við því misræmi sem gætir í hlutfalli kynjanna á framboðslistum almennt með því að taka til umfjöllunar þingsályktunartillögu Sivjar Friðleifsdóttur o.fl. um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum, sem og önnur sambærileg þingmál sem geta leitt til aukinnar þátttöku kvenna í stjórnmálum.“

Eitt af markmiðum KRFÍ er að berjast fyrir því að konur fái aukin áhrif í samfélaginu. Ójöfn staða kynjanna endurspeglast m.a. í því að misræmis gætir í þeim fjölda karla og kvenna sem sitja í sveitarstjórnum. KRFÍ fagnar því sérstaklega að komin er fram þingsályktunartillaga sem tekur mið af þessu og er ætlað að leita leiða til að gera konum í auknum mæli kleift að koma að sveitarstjórnmálum.“

Þetta segir í umsögn KRFÍ og við getum verið sammála um það. Það er þó einn ókostur í þessari stöðu sem margir

stjórnmálaflokkar hafa fjallað um, prófkjörin. Framgangur kvenna hefur ekki verið nægilega góður eins og allir hafa þó að markmiði að verði með prófkjörunum. Það er eins og að alltaf verði eitthvert þak. Við töluðum á árum áður um glerþakið og það má segja að við höfum sjaldan komist upp fyrir það. Það var kannski 1999 og 2003 í alþingiskosningum en almennt hefur framgangur kvenna ekki verið nægilega góður. Ég hefði t.d. viljað sjá í prófkjöri Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi að hv. formaður nefndarinnar hefði náð betri framgangi í prófkjörinu þar, mætur þingmaður sem hefur látið margt gott af sér leiða á Alþingi. Það hefði verið gott að sjá framgang hennar meiri. Kannski má segja að þeir flokksmenn sem taka þátt í prófkjörum hugi ekki nægilega vel að þessu.

Við höfum tekið þessa umræðu í kringum frumvarpið um persónukjör. Stjórnarflokkarnir hafa lagt fram frumvarp um persónukjör og í því máli er heldur ekki nægilega gert ráð fyrir því að taka þurfi tillit til jafnréttissjónarmiða. Ég tel, eins og við sjálfstæðismenn höfum gjarnan talað fyrir, kannski eina ráðið að vinna að hugarfarsbreytingu. Ég er þess vegna eindreginn stuðningsmaður þessara aðgerða sem á að ráðast í og að við beinum því til Jafnréttisstofu að gera það. Ég vitna jafnframt í umsögn Landssambands sjálfstæðiskvenna sem styður þetta eindregið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Landssamband sjálfstæðiskvenna fagnar tillögunni og telur mikilvægt að beitt verði markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnum. Landssamband sjálfstæðiskvenna er sammála því sem kemur fram í tillögunni að Jafnréttisstofa ætti að annast slíkar aðgerðir.“

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir er komin, formaður félags- og trygginganefndar, og þess vegna vil ég endurtaka þá spurningu sem ég bar fram í upphafi máls míns um það hvort nefndin hafi hugað að kostnaði við málið. Hugsanlega kom það fram þegar nefndin kallaði fyrir sig gesti við vinnslu málsins en svo ég endurtaki það bara kemur fram í umsögn Jafnréttisstofu að það þurfi auknar fjárveitingar til Jafnréttisstofu. Þess vegna hlýt ég að spyrja hvort gert hafi verið ráð fyrir því og hvort fyrir liggi einhverjir útreikningar á því eða hugsanlega hugmyndir um fjárframlög til Jafnréttisstofu, hversu mikið þessar aðgerðir muni kosta, þær aðgerðir sem við munum vissulega stofna til með samþykkt þessa frumvarps. Við erum að leggja á Jafnréttisstofu að taka að sér aukin verkefni og þá er nauðsynlegt að við höfum einhverja hugmynd um hvað það kostar. Reyndar er gert ráð fyrir því í þingsköpum að eitthvert fjárhagslegt mat liggi fyrir á því hvað þingmál kosti við samþykkt á Alþingi en það væri áhugavert að fá að heyra þetta.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu meira. Ég tel þetta áhugavert og mikilsvert mál en á þeim tímum sem við lifum núna, við væntanlegan niðurskurð í ríkisfjármálum þó að við höfum ekki fengið tillögur ríkisstjórnarinnar þar um, er mikilvægt að huga að því hvað svona aukin verkefni muni kosta.

[18:16]

Frsm. fél.- og trn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hvað varðar kostnaðarhluta þessa máls liggur það þannig að flutningsmenn þingsályktunartillögunnar eru úr öllum flokkum á Alþingi og er þverpólitísk samstaða um málið. Því er hins vegar vísað til fjáraukalagagerðar ellegar fjárlagagerðar fyrir næsta ár að finna fjármagn til verkefnisins. Það verður að teljast eðlileg afgreiðsla miðað við aðstæður í samfélaginu og miðað við að það eru kosningar eftir mánuð að gera það með þessum hætti. Verði þessi þingsályktunartillaga samþykkt, sem ég vona að verði einróma, á hinu háa Alþingi, geri ég ráð fyrir að hæstv. ráðherra, hver sem það verður, taki mið af vilja Alþingis og fylgi því eftir við gerð fjáraukalagatillagna ellegar fjárlagatillagna fyrir árið 2010. Ég hygg að við séum sammála um að í slíkri aðgerð sé hægt að fá mikið fyrir peningana, eins og þar stendur, það þurfi engar býsna háar upphæðir til þess að koma af stað skilaboðum eða koma skilaboðum á réttan stað.

Hvað hina spurninguna varðar, um umsögn Alþýðusambandsins, skil ég hana þannig, og ég vænti þess að aðrir nefndarmenn skilji hana eins, að það sé einfaldlega eðlileg ábending um að Jafnréttisstofa hafi samráð við aðila, hvort sem þeir eru í verkalýðshreyfingunni, innan stéttarfélaganna eða félagasamtaka eins og Kvenréttindafélagsins og Femínistafélagsins, um framkvæmd svona átaks og að þessir aðilar verði kallaðir til við undirbúning. Enda hygg ég að það séu í raun eðlileg vinnubrögð og get ekki annað séð en að það væri eitt það fyrsta sem gerðist þegar Jafnréttisstofa færi í þá vinnu.

[18:19]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég er ekki alveg ánægð með svarið þó að við séum sammála um mikilvægi þessa verkefnis, og ég ætla síst að draga úr því að það er mjög mikilvægt að jafna stöðu kynjanna í sveitarstjórnum og hafa áhrif á að menn leggi töluvert á sig til þess og stuðli að hugarfarsbreytingu sem svona átak snýr aðallega að. Það snýr að því að vekja athygli á því hversu döpur staða þetta er í sveitarstjórnum, en þetta kostar peninga. Við eigum að sýna þá ábyrgð, ekki síst á þessum tímum, og kanna hvað svona samþykktir kosta, annaðhvort að koma með tillögur um niðurskurð á móti eða að benda á einhvers konar leiðir til þess að fjármagna þetta átak. Ég held að það sé afar mikilvægt.

Ég skil það sem svo að ekki hafi verið farið í rannsókn á því hvað verkefnið kostaði eða að afgreiðslu nefndarinnar fylgdu einhverjar tillögur um hvað það megi kosta. Ég hlýt að spyrja hv. formann að því hvort ekki hafi verið kallaðir til gestir til þess að fara yfir þessar umsagnir og skýra þær betur en þar kemur fram álit margra á málinu. Það hefði skýrt það betur og kemur betur fram í nefndarálitinu hvað liggur þarna að baki. Til dæmis er ekki minnst á fjárhagsþáttinn (Forseti hringir.) í nefndarálitinu.

[18:21]

Frsm. fél.- og trn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur að auðvitað skiptir kostnaðurinn máli í þessu. Með afgreiðslu tillögunnar liggur vonandi fyrir skýr vilji alls Alþingis um að fara í slíkt verkefni og við þekkjum það að

síðan fer hún til framkvæmdarvaldsins. Því verður þá fylgt eftir á Alþingi, hvort heldur það er á sumarþingi eða haustþingi á þessu ári, að fá til þess fjármagn.

Ég hygg að hér sé ekki um slíkar upphæðir að ræða að þær megi ekki færa af öðrum liðum, hvort heldur það er af liðum félags- og tryggingamálaráðuneytis eða einhverjum öðrum liðum í fjárlagagerðinni. Eins og hv. þingmaður veit vel er mörg matarholan í þeirri fjárlagagerð. Ég hygg að það sem skipti mestu máli sé að fyrir liggi þverpólitískur vilji fyrir slíku átaki til þess að stuðla að viðhorfsbreytingu. Og hvar þarf helst að stuðla að viðhorfsbreytingu? Ætli það sé ekki innan hinna hefðbundnu stjórnmálaflokka þar sem raðað er á framboðslista hvort heldur er til sveitarstjórna eða Alþingis? Við verðum auðvitað, ekki síst hv. þingkonur, að horfast í augu við að það er oftast við rammastan reip að draga innan stjórnmálaflokkanna þegar kemur að þeirri viðhorfsbreytingu, hvað sem menn segja síðan á hátíðarstundu.

Varðandi hina spurningu hv. þingmanns: Nei, umsagnaraðilar voru ekki kallaðir til fundar við nefndina. Nefndin var sammála um að afgreiða þetta mál, um það voru engar deilur í nefndinni. Við komumst einfaldlega að samkomulagi um að afgreiða þingsályktunartillöguna, enda væru á henni þingmenn allra flokka og ljóst að hún hefði stuðning þingsins.

[18:23]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég dreg ekki úr stuðningi mínum við tillöguna en við skulum jafnframt muna að þessi tillaga var lögð fram hér á Alþingi fyrir 6. október, þannig að það voru allt aðrar efnahagslegar aðstæður á þeim tíma. Þó að ég sé einn af flutningsmönnum tillögunnar hafði ég satt að segja gert ráð fyrir því, jafnvel fyrir 6. október, að kannað yrði með hvaða hætti væri hægt að fjármagna málið. Jafnframt að farið yrði út í einhvers konar útreikninga á því hvað þessar aðgerðir mundu kosta Jafnréttisstofu og hvort til þyrfti að koma aukið fjármagn til þess að standa undir slíku átaki. Það held ég að séu bara eðlileg vinnubrögð hjá okkur þingmönnum, hvort sem er á góðæristímum eða krepputímum. Við eigum alltaf að sýna ábyrgð í því hvernig farið er með skattfé. Við verðum alla vega mjög vel meðvituð um það á hverjum tíma hver kostnaðurinn er í þeim tillögum sem við leggjum til á Alþingi að verði samþykktar og tillögur sem við ætlumst til að sé ráðist í. Við verðum að vita hvað þær kosta.

[18:25]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér erum við að ræða um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum. Flutningsmenn tillögunnar eru þingmenn úr öllum flokkum sem sýnir í raun samstöðu um málið.

Hér er afar verðugt verkefni til umræðu og það vekur athygli að af sjö flutningsmönnum voru þrír flutningsmanna jafnframt flutningsmenn sambærilegrar tillögu um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum almennt sem var flutt á 122. löggjafarþingi. Það eru hv. þingmenn Siv Friðleifsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir sem standa að báðum tillögunum. Niðurstaðan af þeirri þingsályktunartillögu og framkvæmd hennar var á þann veg að það vakti eftirtekt og árangur í alþingiskosningunum 1999. Eftir að framkvæmdaáætlun um að auka hlut kvenna í stjórnmálum hafði starfað með eftirminnilegum hætti í aðdraganda alþingiskosninganna 1999 skilaði það 10% fjölgun kvenna á Alþingi frá kosningunum þar á undan eða úr 25,4%, sem var hlutfall kvenna á þingi sem voru kosnar til alþingis 1995, upp í tæplega 35% sem var hlutfall kvenna af öllum þingmönnum sem voru kjörnir á Alþingi 1999.

En það verður að segjast líka eins og er að hlutur kvenna í stjórnmálum hefur þrátt fyrir allt aukist jafnt og þétt bæði í sveitarstjórnum og á Alþingi. Ef við horfum þó ekki sé nema 30 ár aftur í tímann þá voru á árinu 1979 5% þingheims konur en 2006 voru þær komnar upp í tæp 32%. Strax á árinu 1983 var hlutfall kvenna á þingi 15% sem má ekki síst þakka tilkomu Kvennalistans á þeim tíma. Við það urðu ákveðin skil. Þá náðist yfir ákveðinn þröskuld sem vakti aðra stjórnmálaflokka til umhugsunar um hlut kvenna í stjórnmálum.

Það má líka segja að núna á 27 ára tímabili frá 1982 hefur hlutfall kvenna í sveitarstjórnum aukist úr 12,4% í um 36% eða þrefaldast í raun og veru á 24 árum frá 1982 til 2006. En hlutverk þessarar nefndar sem mælt er fyrir í þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér er til umræðu er fyrst og fremst að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Ég sæti í framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins. Það hefur tekið saman tölulegar upplýsingar um konur og karla í stjórnmálum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem eru nýlegastar eru konur 18% þingmanna í heiminum. Hæst hlutfall er í Rúanda eða um 50%. Mig minnir að það sé komið rétt yfir 50% núna en var 49% fyrir um það bil ári síðan. Næst kemur Svíþjóð með 47%. En samkvæmt þeim tölum sem ég skoðaði þá, reyndar kannski ekki alveg þeim nýjustu, var Ísland í þrettánda sæti. Rúanda kom á nýju þingi og tók algjörlega tillit til ráðlegginga Alþjóðaþingmannasambandsins varðandi hlutfall kvenna og karla í þingum og varð þeirrar gæfu aðnjótandi að koma þeim hugmyndum í gegn þannig að helmingur þingheims í því stríðshrjáða landi Rúanda er konur en það voru ekki síst konur sem fóru illa út úr átökum þar.

Hlutfall kvenna á þjóðþingum hefur aukist jafnt og þétt, ekki bara á Íslandi heldur almennt í heiminum. Frá 1995 hefur hlutfallið aukist úr 11% í eins og ég sagði í 18% og mest hefur það aukist í Evrópuríkjunum. Þó er það þannig að í Evrópuríkjunum eru ekki nema 19% þingmanna konur.

Eitt af því sem Alþjóðaþingmannasambandið hefur beitt sér fyrir er að gera könnun á mismunandi stöðu kvenna og karla í stjórnmálum og þá út frá viðhorfum þeirra. Mjög athyglisverð rannsókn var birt á síðasta ári um jafnrétti í stjórnmálum, könnun karla og kvenna í þingum heims. Niðurstaðan sem þar kom fram er að mínu mati einn besti rökstuðningur fyrir því af hverju konur og karlar eigi að vera til jafns kosin í ráðandi stöður í hverju landi fyrir sig.

Það kemur til dæmis í ljós að afar mismunandi þættir letja konur og karla til þátttöku í stjórnmálum. Viðhorf karla og kvenna til stjórnmála eru mjög mismunandi og menn standa frammi fyrir mjög mismunandi aðstæðum. Þannig kemur fram í þessari könnun sem ég vísaði til hér

að framan að þegar konur eru spurðar að því hvaða þættir komi í veg fyrir að þær taki þátt í stjórnmálum þá vegur fjölskylduábyrgðin mest af fyrstu fjórum þáttunum sem nefndir eru. Í öðru lagi eru það ríkjandi viðhorf gagnvart hlutverki kvenna í samfélaginu, í þriðja lagi skortur á stuðningi fjölskyldu og í fjórða lagi skortur á sjálfstrausti.

Þegar við skoðum hins vegar þá þætti sem letja karla til þátttöku í stjórnmálum þá líta þeir allt öðruvísi út en hjá konum. Þannig er til dæmis fjölskylduábyrgð, sem er í fyrsta sæti hjá konum, í ellefta sæti hjá körlum og skortur á stuðningi fjölskyldu er í áttunda sæti hjá körlum en í þriðja sæti hjá konum. Því er alveg ljóst að fjölskylduábyrgð og stuðningur fjölskyldu við ákvörðun um þátttöku í stjórnmálum vegur mjög þungt hjá konum en ekki að sama skapi hjá körlum.

Jafnframt má segja að áherslur karla og kvenna í stjórnmálum eru samkvæmt þessari könnun afar mismunandi. Þannig eru í fyrsta sæti hjá körlum utanríkismál sem vega mjög hátt, í öðru lagi efnahags- og viðskiptamál og í þriðja lagi menntun. Hjá konum eru hins vegar utanríkismálin í sjöunda sæti. Í fyrstu sætum hjá konunum eru málefni kvenna, jafnréttismál, félagsleg málefni í þriðja sæti, fjölskyldutengd málefni í fjórða sæti og menntun í fimmta sæti. Af þessu má sjá að viðhorf karla og kvenna til hlutverka sinna í mótun samfélagsins í heiminum eru mjög ólík. Það segir okkur að til þess að við getum skapað réttlátt samfélag og gert öllum sjónarmiðum jafnhátt undir höfði er mikilvægt að bæði karlar og konur komi að þingstörfum og ráðandi störfum í samfélaginu.

Hv. þingmönnum sem hafa talað á undan mér hefur verið tíðrætt um þau prófkjör sem hafa farið fram upp á síðkastið til þess að velja á lista fyrir alþingiskosningar. Ég hjó eftir því meðal annars hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem er flutningsmaður málsins að hún taldi eða dró það sérstaklega fram að konur í Sjálfstæðisflokki hefðu ekkert sérstaklega óskað eftir því að fá að leiða lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Ég ætla að leiðrétta hv. þingmann af því að þetta eru nú tvö sæti, fyrsta og annað sæti á listum flokksins, til að leiða hvort sitt kjördæmið og það voru fleiri en tvær og fleiri en þrjár konur sem sóttust eftir sætum frá öðru sæti og upp úr. Mismunandi var þó að hverju var stefnt. En það er ekki hægt að segja með réttu að konur hafi ekki sóst eftir að leiða lista í Reykjavík. Það er hreinlega rangt. Ég tek hins vegar fram að gengi kvenna hefði mátt vera betra en raun varð á og þá á ég sérstaklega við í Reykjavík.

Á hinn bóginn hefur oft verið rætt um að prófkjör henti körlum og konum mismunandi vel. Ég hef oft verið mjög hugsi yfir því og tel að prófkjör í mörgum tilfellum séu aðferð sem hentar körlum mun betur en konum til að ná árangri í stjórnmálum, til þess að komast á lista í stjórnmálum. Á hinn bóginn hljótum við að horfa á að það er mjög mismunandi milli kjördæma hver árangur kvenna hefur verið í Sjálfstæðisflokknum. Prófkjör voru nú notuð um allt land til þess að raða á lista og ég verð að segja að í Suðurkjördæmi náðu konur ágætum árangri. Þrjár konur eru í fyrstu fjórum sætum í Suðurkjördæmi. Sama má segja í Suðvesturkjördæmi, sem er hinn frægi kragi. Þar eru þrjár konur í fimm fyrstu sætunum. Í Norðvesturkjördæmi þar sem konur hafa á undanförnum árum átt frekar erfitt uppdráttar í prófkjörum flokksins eru núna tvær konur í fyrstu fjórum sætunum, í þriðja og fjórða sæti sem er mun betri árangur en við höfum séð á undanförnum árum. Ef ég held áfram með stöðu innan Sjálfstæðisflokksins þá vorum við að ljúka landsfundi í gærkvöldi, glæsilegum landsfundi flokksins. Í gær var kosið í miðstjórn flokksins og í sex af þeim ellefu sætum sem voru í boði voru konur kjörnar.

Eitt sem við þurfum að skoða sérstaklega er að svo virðist, og ekki bara hér heldur víða um heim, sem konur komi síðar inn í stjórnmál en karlar. Meðal annars af þeim ástæðum sem ég nefndi hér á undan, fjölskylduástæðum og fjölskylduábyrgð, þá detta konur að mörgu leyti víða út af vinnumarkaði og draga sig í hlé frá vinnumarkaði á barneignaaldri. Þó nú séu aðeins breyttari aðstæður á síðustu árum eftir að ný lög um fæðingarorlof tóku gildi þá verður ekki fram hjá því horft að konur koma að sumu leyti seinna inn í stjórnmálin og það er ákveðið rannsóknarefni hvort líftími þeirra í stjórnmálum sé styttri. Það er eitt af því sem ég hef ekki haft aðstöðu til að skoða sérstaklega. En það tel ég vera sérstakt rannsóknarefni fræðimanna, að velta fyrir sér hvort líftími kvenna sé styttri heldur en karla.

Ég hef tekið saman nokkra punkta um valdastöðu kvenna hjá hinu opinbera. Ég var í þeirri aðstöðu að bera saman stöðu kvenna annars vegar 2008 og hins vegar 2004. Þegar ég var að undirbúa fyrirlestur um þetta efni fyrir nokkrum mánuðum kom mér óvart hvað það hafði verið mikill árangur á þó ekki lengri tíma en fjórum árum á ýmsum sviðum. Þannig var, eins og hefur komið fram hér áður, að sveitarstjórnarmenn eða konur sem sveitarstjórnarmenn voru 36% kjörinna fulltrúa. En það hafði farið úr 31% frá sveitarstjórnarkosningum 2004 og konur sem bæjarstjórar eða sveitarstjórar og oddvitar voru sem sagt 28% af þessum stöðum, höfðu farið upp um 10% frá 2004. Þetta er heimild frá Hagstofu Íslands. Á þessum stutta tíma hafa konur sótt í sig veðrið í ýmsum valdastöðum innan stjórnmálanna. Það hljótum við að meta og það hlýtur að vera okkur hvatning til frekari dáða.

Jafnframt verð ég líka að draga fram að konum meðal ráðuneytisstjóra hefur fjölgað verulega frá árinu 2004. Þær voru 15% árið 2004 en voru orðnar 33% árið 2008 og í nefndum og ráðum hafði þeim fjölgað úr 30% í 36% milli reyndar áranna 2004 og 2007. Það er framför þarna. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru konur sem eru sendiherrar 14% í árslok 2007 en höfðu verið 3% árið 2004. Það er langt í land víða en ég segi það aftur að við mjökumst nokkuð áleiðis í þessum efnum.

Innan atvinnulífsins hefur hlutur kvenna verið tiltölulega rýr og það er sérstakt áhyggjuefni, ekki síst kvenna í fyrirtækjum, í rekstri fyrirtækja því það hefur sýnt sig með rannsóknum að þar sem konur eru stjórnendur og þar sem konur eru í stjórnum fyrirtækja þá virðist sem fyrirtækin séu betur rekin og spjara sig betur en ef það eru einkynja stjórnir eða stjórnendur. Bæði innlendar og erlendar rannsóknir benda til þessa þannig að í raun ætti markaðurinn að svara því með því að ráða fleiri konur til stjórnunarstarfa ef það sýnir sig að fyrirtækin skila meiri arði og ná meiri árangri með slíkri samsetningu. Það segir sig sjálft að með aukinni fjölbreytni í aldri, kyni, menntun, bakgrunni hljóta

fleiri sjónarmið að koma fram og fyrirtækin hljóta að sama skapi að mæta betur þörfum neytenda, markhópsins.

Eitt mesta áhyggjuefnið í þessum efnum er að konur hafa ekki sama aðgang að fjölmiðlum og karlar. Margítrekaðar rannsóknir bæði hérlendis og erlendis hafa sýnt það. Við horfum náttúrlega sérstaklega á rannsóknir sem hafa verið gerðar hér heima. Þar sýnir sig að konur í umræðuþáttum fjölmiðla fyrir kosningar 2003 voru eingöngu 24% viðmælenda. Konur eins og karlar eru háðar því að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og ég tel að það sé nokkuð augljós staðreynd að eftir því sem fólk er meira í fjölmiðlum því meira áberandi er það og því meiri líkur eru á því að fólk þekki það til að kjósa það síðan hvort heldur er í prófkjörum eða kosningum. Þessar tölur, 24% kvenna fyrir kosningarnar 2004, endurspegla kannanir sem voru gerðar áður. Það var gerð stór könnun á konum í fjölmiðlum. Mig minnir að það hafi verið 1998 eða 1999 og það er áhyggjuefni að hlutfallið var nánast hið sama, 24–25%, fjórðungur viðmælenda í umræðuþáttum fjölmiðla eru konur, 75% karlar. Að sama skapi kom það líka fram að karlar eru 70% fréttamanna og konur um 30%. Það er athugunarefni hvort það sé bein fylgni þarna á milli sem ég tel vera. Af einhverjum ástæðum telja fjölmiðlar að karlar séu áhugaverðari kostur í umræðu. Því þurfum við að reyna að breyta.

Ég ætla ekki að hafa þessa umræðu hér lengri. Þessi þingsályktunartillaga er fullrar athygli verð. Ég fagna því að hún er komin á lokastig og verði samþykkt innan nokkurra daga eða innan tíðar. Vonandi tekst okkur að hrinda henni í framkvæmd með þeim hætti að við sjáum sambærilegan árangur varðandi fjölgun kvenna í framboði til sveitarstjórnarkosninga á næsta ári og við sáum árangur af sambærilegu átaki sem gert var fyrir alþingiskosningarnar 1999.

Ég tel að vitundarvakningin sem fór af stað fyrir alþingiskosningarnar 1999 hafi verið afar gagnleg. Hún skilaði, eins og ég segi, mælanlegum árangri. Hún var ekki bara gagnleg fyrir konur sjálfar, hvatning til að hugsa um það sem valkost að bjóða sig fram til ábyrgðarstarfa í stjórnmálum heldur var þetta líka ákveðin vitundarvakning fyrir stjórnmálaflokkana sjálfa sem er mjög mikilvægt. Ég dreg aftur fram að ég tel að fjölmiðlarnir standi núna mjög illa gagnvart þessum þáttum og þurfi verulega að taka sig á meðal annars á þeim mánuði sem fram undan er fram að alþingiskosningum.

[18:45]

Dögg Pálsdóttir (S):

Forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum. Það er full ástæða til að fagna þeirri tillögu þó að vissulega hefði ég kosið að hún væri efnismeiri varðandi þær aðgerðir sem menn vilja hrinda af stað í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum og þá fyrst og fremst í næstu kosningum sem verða að ári.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er tafla sem sýnir þróun á hlut kvenna í sveitarstjórnum síðustu 60 árin eða þar um bil. Þar kemur fram að við höfum farið úr næstum því núlli og upp í 36% miðað við kosningarnar 2006. Það er vissulega árangur en við konur erum óþolinmóðar og viljum láta hlutina gerast hraðar. Það segir sig sjálft að konur eru helmingur landsmanna og helmingur kjósenda og við teljum þess vegna eðlilegt að hlutur kvenna í sveitarstjórnunum sé sem jafnastur því að bæði kynin þurfa að koma að sjónarmiðum sínum. Eins og hér hefur verið bent á sýna rannsóknir að þegar til stjórnmálaþátttöku kemur eru mismunandi áherslur sem kynin hafa og sá fjölbreytileiki þarf að sjást í sveitarstjórnunum og á Alþingi.

Þegar við veltum fyrir okkur aðgerðum hefur verið minnst á hugarfarsbreytingu og ég held að hún sé mjög nauðsynleg. En þá kemur hin stóra spurning sem ég ætla ekki einu sinni að reyna að svara til hlítar þótt ég ætli að gera smátilraun til þess: Hvernig breytum við hugarfari þjóðar? Hvernig breytum við hugarfari kjósenda? Hvernig breytum við hugarfari stjórnmálaflokka? Allt þetta kemur til skoðunar þegar kemur að því að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum. Ég segi „stjórnmálaflokka“ af því að það eru þeir sem velja á listana með einum eða öðrum hætti og hér hafa prófkjörin verið nefnd. Þau hafa ekki, að minnsta kosti ekki með nægilega skilvirkum hætti, skilað konum góðum árangri þótt kannski séu vísbendingar um annað í þeim prófkjörum eða forvölum sem átt hafa sér stað fyrir þingkosningarnar í vor. Þar hafa verið skemmtilegar undantekningar. En engu að síður virðast prófkjörin sem meginstefna frekar vera hindrun fyrir konur en hvatning.

Ég segi „kjósendur“ því að það eru náttúrlega kjósendur, stuðningsmenn flokkanna, sem taka þátt í prófkjörunum fyrst og síðan eru það kjósendur sem kjósa listana. Þegar maður skoðar árangur flokka virðist ekki endilega skipta miklu máli þegar kemur að því að kjósa stjórnmálaflokk hvað sem hann heitir, hvernig samsetningin er á listanum. Þá er ég að tala um efstu sætin en ekki heildarlistann því að að mínu mati skiptir ekki máli þótt hægt sé að segja að helmingur frambjóðenda séu konur ef maður horfir á allan listann því að ef maður horfir á efstu sætin sem líkleg eru til að verða kosin inn eru hlutföllin kannski 20:80, öðru hvoru kyninu í vil og oftast karlmönnunum. En kjósendur virðast ekki velta því mikið fyrir sér þegar kemur að því að kjósa stjórnmálaflokka, hvort sem það er til sveitarstjórna eða þingsins, hvernig samsetningin er á listunum. Þá er spurningin þessi: Hvernig breytum við þessu hugarfari? Og önnur spurning: Skiptir þetta kjósendur engu máli? Það er kannski spurning sem við þurfum að velta fyrir okkur. Finnst hinum almenna kjósanda það ekki skipta neinu máli hvort kynjahlutfallið er sem jafnast á listunum? Það sem ég sagði er ákveðin vísbending um að svo sé ekki. Ég hygg þó og held því fram að flestir kjósendur telji þetta mikilvægt en þeir telja það kannski ekki nægilega mikilvægt til að þeir kjósi frekar flokk A frekar en flokk B eftir því hvernig samsetningin er á listunum.

Minnst var á fjölmiðla og auðvitað skipta þeir miklu máli þegar kemur að hugarfarsbreytingu því að fjölmiðlar eru ákaflega skoðanamyndandi afl. Þá tel ég að það skipti ekki bara máli að talað sé bæði við karla og konur. Það á að vera svo sjálfsagt að það á ekki að þurfa að taka það fram. Viðhorfið sem kemur fram í fjölmiðlum og umræðum í fjölmiðlum skiptir líka máli. Þá vil ég víkja að því sem er aðalástæðan fyrir því að ég kem í pontu. Það sem fyrst og fremst skiptir máli þegar kemur að því að efla og auka hlut

kvenna, hvort sem það er í sveitarstjórnum eða landsmálum, er að við jöfnum foreldraábyrgðina. Ég held, og ég hef haldið því fram og m.a. úr þessum stól hér, að fullt jafnrétti milli kynjanna náist ekki fyrr en foreldraábyrgðin verður jöfn.

Þegar ég tók sæti á Alþingi haustið 2007 flutti ég frumvarp til laga um breytingu á barnalögum sem m.a. hafði það markmið að gera ýmsar breytingar sem ég tel hjálpa til að jafna foreldraábyrgð. Ég ætla að endurflytja það þótt ég nái ekki að mæla fyrir því. Fyrir utan það að við þurfum að jafna foreldraábyrgðina ætla ég líka að leyfa mér að halda því fram, þó að ég baki mér jafnvel óánægju ýmissa kynsystra minna, að við konur sjálfar þurfum að horfa í eigin barm þegar kemur að árangri okkar og kynsystra okkar í pólitík og þegar kemur að jafnri foreldraábyrgð.

Ég hef í höndum niðurstöður rannsóknar sem Alþjóðaþingmannasambandið beitti sér fyrir og var birt á síðasta ári. Þar voru tilgreindir þættir sem letja konur til þátttöku í stjórnmálum. Það er mjög sláandi að þeir þættir sem nefndir eru hjá konunum eru í fyrsta lagi fjölskylduábyrgðin, í öðru lagi ríkjandi viðhorf gagnvart hlutverki kvenna í samfélaginu og í þriðja lagi skortur á stuðningi fjölskyldu.

Hjá karlmönnum er skortur á stuðningi fjölskyldu í áttunda sæti, fjölskylduábyrgðin í ellefta sæti og ríkjandi viðhorf gagnvart viðhorfi karla í 13. og næstsíðasta sæti. Þá spyr ég: Hver hefur sett á konur þá hlekki að fjölskylduábyrgðin sé ein þeirra? Ég vil taka það fram til að forðast misskilning að ég er að tala um kringumstæður þar sem foreldrar eru báðir virkir og í fullu standi til að sinna börnum. Eru það ekki líka kröfur kvennanna sjálfra? Eru konur ekki allt of uppteknar af því að telja sjálfa sig bera fjölskylduábyrgðina og vilja stjórna þar? Heimilið er sá vettvangur sem konur hafa haft stjórn á lengst af, alla vega síðustu áratugina, og það er eins og konur séu svo ragar, tregar, ófúsar — ég veit ekki hvaða orð ég á að nota — til þess að sleppa þessum taumum. Ég leyfi mér að halda því fram að ef konur mundu í vaxandi mæli gera þá kröfu að karlar axli jafna ábyrgð á t.d. foreldrahlutverkinu — þær eru vissulega farnar að gera þessar kröfur til barnsfeðra sinna — mundi hitt koma mikið af sjálfu sér. Ég tek fram að þar sem ég þekki til vilja flestir ungir menn í dag ólmir komast að og fá að vera virkari og meiri þátttakendur í lífi barna sinna, koma þar meira að málum. Ég held nefnilega að um leið og við konur förum að virkja karlana betur í fjölskylduábyrgðinni og foreldraábyrgðinni gerist tvennt: Þeir hafa minni tíma til að sinna hlutum eins og stjórnmálum og konurnar hafa meiri tíma. Kynin fara að hafa jafnari tíma til að sinna hlutum eins og stjórnmálum

Ég hef haldið því fram að mesta vannýtta auðlind samtímans þegar kemur að umönnun barna sé tími karlanna. Og það stendur engum nær en okkur konunum að gera þá kröfu til karlanna, barnsfeðranna, að þeir axli þá ábyrgð og þeir eru algerlega tilbúnir. Þeir vilja það, þeir biðja um það, þeir kalla eftir því og ég held að það sé tími til kominn að við svörum því kalli. Þess vegna held ég, af því að við erum að tala um gera eigi, að ein af þeim aðgerðum sem Jafnréttisstofa á að grípa til í tengslum við þá hugarfarsbreytingu sem við erum að tala um, séu þessi skilaboð til kvenna: Virkið feðurna meira til að ala upp börnin.

Ég nefndi áðan að þátturinn sem skorar næsthæst þegar kemur að því að letja konur til þátttöku í stjórnmálum er ríkjandi viðhorf gagnvart hlutverki kvenna í samfélaginu. Þar þurfum við konur að horfa í eigin barm af því að okkur sjálfum finnst svo sjálfsagt að aðrar konur sinni börnum. Ég hef sem lögmaður mikið sýslað við að hjálpa fólki að skilja, að gera samninga um hvernig það ætlar t.d. að haga uppeldi barnanna eftir skilnað. Ég verð vör við að konur sem vilja í anda jafnréttisbaráttu og fulls jafnréttis t.d. skipta umönnun barnanna til jafns, eru litnar hornauga af samfélaginu. Þær eru litnar hornauga af öðrum konum. Þær fá jafnvel bágt fyrir frá kynsystrum sínum að þær skuli leyfa sér að hleypa feðrunum svona að og eru spurðar hvort þær séu ekki alveg með réttu ráði. Þarna þurfum við konur líka að horfa í eigin barm. Við ætlumst til að fá jafna hlutdeild í ýmsum völdum í þessu samfélagi. Við verðum þá líka að horfast í augu við að þar sem við höfum haft völdin hingað til, á heimilunum og gagnvart uppeldi barna, þurfum við á móti að hleypa körlunum að. Ég held, eins og ég sagði áðan, að ef við konur tökum okkar dálítið tak og gerum í fyrsta lagi þessar kröfur til karlanna gagnvart foreldraábyrgðinni og fjölskylduábyrgðinni og ef við hættum að vera svona gagnrýnar gagnvart öðrum konum sem eru brautryðjendur hvað þetta varðar er ég nokkuð viss um að annað fylgir á eftir.

En við erum alltaf að tala um þetta, við erum alltaf að tala um hvað þarf að gera. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var með metnaðarfullar yfirlýsingar í jafnréttismálum um jafna stöðu kynjanna í ráðum og nefndum og hvað það hét allt saman. En þegar kom að aðgerðunum endurtók sama sagan sig, hlutföllin voru ójöfn, voru annaðhvort engar konur eða engir karlar í ráðum og nefndum. Þetta er líka eitthvað sem við þurfum að skoða betur því að ég held því fram að ef við virkilega viljum ná árangri á þessu sviði sé það miklu minna mál en við höldum. Við erum svo óskaplega upptekin af því að tala um það í staðinn fyrir að gera það sem þarf.

Af því að ég nefndi hér nefndir og ráð eru örugglega fleiri en ég sem tóku eftir því ekki fyrir löngu síðan að meira að segja þingið gerði mistök þarna. Þegar kom að því að velja í stjórnarskrárnefndina var ein kona valin í hana. Hvaða skilaboð eru það út í samfélagið? Ég hefði sagt nákvæmlega það sama ef þetta hefðu mest verið konur og bara einn karl. Sama gerðist með eitt bankaráðið. Sama gerðist um daginn hjá samgönguráðherra, minnir mig, sem skipaði einhverja úrskurðarnefnd. Þar voru eingöngu konur í nefndinni.

Ég vil ljúka þessu á því sama og ég byrjaði: Til þess að aðgerðir af því tagi sem við ræðum í þessari þingsályktunartillögu, aðgerðir sem við ætlum að fela Jafnréttisstofu — jafnágæt og hún er — nái árangri verðum við að byrja á hugarfarsbreytingunni. Við verðum að byrja á okkur sjálfum, konur og karlar. Við sem erum á miðjum aldri erum afsprengi ákveðinna hefða sem við ólumst upp við. Við verðum þess vegna daglega og oft á dag að hugsa: Setjum við örugglega brautina að jafnara samfélagi fyrir bæði konur og karla með þeim aðgerðum sem við höfum gripið til? Við skulum hætta að tala um þetta og byrja að framkvæma. Það er það sem er nr. eitt, tvö og þrjú sem Jafnréttisstofa þarf að gera og verður spennandi að sjá hvað það verður. Ég hefði

kosið að það væru meiri upplýsingar um það í þessari tillögu en ég ber fullt traust til Jafnréttisstofu til þess að gera þetta og segi bara: Því fyrr því betra. En lokaorð mín verða þessi: Við konur skulum líka horfa á okkur sjálfar því að á meðan við gerum ekki þá kröfu til okkar að við hleypum feðrunum betur að t.d. uppeldi barna, getum við ekki ætlast til þess að karlarnir hleypi okkur að, t.d. í stjórnmálunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:02]

Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 366. mál (styrkari skattframkvæmd og hömlur gegn skattundanskoti). — Þskj. 618, nál. 804.

[19:32]

Frsm. efh.- og skattn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efnahags- og skattanefnd á þskj. 804 um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Nefndin hefur fjallað um þetta mál á allmörgum fundum, fengið fjölda aðila á sinn fund og sömuleiðis margar umsagnir um málið.

Helstu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru:

1. Að vaxtagreiðslur íslenskra skattaðila til aðila sem ekki hafa heimilisfesti hér á landi og bera því takmarkaða skattskyldu verði skattlagðar.

2. Að eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningi um greiðsluaðlögun skuli ekki teljast til skattskyldra tekna.

3. Að heimilt verði að skattleggja tekjur félags sem heimilisfesti hefur á lágskattasvæði með tekjum íslensks skattaðila sem á eða fer með umráð yfir því félagi.

4. Að sjálfvirk upplýsingaskylda banka og fjármálafyrirtækja gagnvart skattyfirvöldum verði útvíkkuð frá því sem verið hefur frá samþykkt laga nr. 164/2008 og að hún taki til hvers kyns vaxtaberandi eigna og hvers kyns skulda.

5. Að íslensku móðurfélagi verði skylt að veita skattyfirvöldum upplýsingar um viðskipti erlendra dótturfélaga eða útibúa sinna sem varða íslenska skattaðila eða lögaðila í lágskattaríkjum.

6. Að aðilum sem veita alþjóðlega skattaráðgjöf verði skylt að halda skrá yfir viðskiptavini sína sem skattyfirvöldum sé heimill aðgangur að.

Á fundum nefndarinnar var um það rætt hvort skattlagning vaxta úr landi í samræmi við 1. gr. frumvarpsins væri almenn regla í skattalöggjöf í okkar heimshluta eins og haldið er fram í almennum athugasemdum frumvarpsins. Reyndar töldu sumir sem komu á fund nefndarinnar þvert á móti að þessi skattlagning væri undantekning en í yfirferð fjármálaráðuneytisins kom fram að í ljósi tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert væri óhætt að tala um almenna reglu í þessu sambandi.

Rædd voru þau sjónarmið sem fram komu, að skattlagning vaxtagreiðslna úr landi mundi torvelda aðgang innlendra fyrirtækja að erlendu lánsfé. Að fengnum upplýsingum frá fjármálaráðuneyti bendir nefndin á í þessu sambandi að vegna tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert megi ætla að erlendi lánveitandinn muni í flestum tilvikum ekki bera neinn íslenskan skatt.

Nefndin ræddi einnig um röksemdir sem liggja að baki skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi, m.a. í ljósi þess að slíkum hugmyndum hafa stjórnvöld áður hafnað. Þá var rætt hvort ástæðulaust hefði verið að taka upp skattlagningu af þessum toga ef hér á landi giltu reglur um lágmarks eigið fé fyrirtækja. Nefndin vekur athygli á því að yfirlýstur tilgangur 1. gr. frumvarpsins er að draga úr undanskotum frá skatti, koma á meira jafnræði í skattframkvæmd og auka tekjur ríkissjóðs.

Þá má segja að á fundum nefndarinnar hafi komið fram almenn ánægja með að eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningi um greiðsluaðlögun yrði skattfrjáls, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Hins vegar voru gerðar athugasemdir við þau ummæli í athugasemdum að 3. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt bæri að skilja samkvæmt orðanna hljóðan og á það bent að á liðnum árum hefði niðurfelling afskriftanefnda fjármálafyrirtækja ekki verið talin til skattskyldra tekna.

Að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti og ríkisskattstjóra og í ljósi núverandi aðstæðna í efnahagsmálum leggur nefndin til að umrædd grein tekjuskattslaga verði skýrð nánar og að ráðherra fái heimild til að samræma matsferli skuldaeftirgjafar, þar með talið afskriftir afskriftanefnda fjármálafyrirtækja þannig að uppfyllt séu skilyrði umræddrar undanþágu, í því tilviki þegar eignir eru ekki til fyrir skuldum.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að svokallaðar CFC-reglur (Controlled Foreign Corporation) frumvarpsins sem fjallað er um í 3. gr. þess væru ekki eins skýrar og vera bæri og í ljósi þess hversu sérhæft og flókið svið skattaréttarins þær snertu hefði verið æskilegt að viðhafa meira samráð við atvinnulífið við gerð þeirra. Vísað var til þess að óljóst orðalag greinarinnar gerði íslenskum skattaðilum erfitt fyrir að meta hvaða fjárfestingar féllu þar undir og að huga þyrfti að því að beiting þeirra samrýmdist meðalhófi.

Í athugasemdum sem nefndinni bárust frá ríkisskattstjóra kemur fram að þessar reglur séu mikilvægar í baráttunni við skattundanskot og þann feluleik sem viðgengist hefur í kringum eignarhald á íslenskum lögaðilum. Telur nefndin í því ljósi og, ekki síður í skugga efnahagshruns, tímabært að þessar reglur verði lögfestar.

Nefndin bendir á að málefni tengd skattaskjólum hafa lengi verið til umfjöllunar og í því sambandi er m.a. bent á skýrslu um umfang skattsvika sem kynnt var á Alþingi árið 2004. Þá hafi komið fram að lögfesting þessara reglna sé í samræmi við þróun innan OECD-ríkja og byggist á norskri fyrirmynd sem falli vel að uppbyggingu tekjuskattslaganna hér á landi.

Nefndin leggur til í ljósi athugasemda sem fram hafa komið að í reglugerð sem ráðherra setur á grundvelli lokamálsgreinar 3. gr. frumvarpsins verði m.a. tilgreind þau ríki og svæði sem greininni er ætlað að taka til og að nánar verði gerð grein fyrir hugtökunum eignarhald og stjórnunarleg yfirráð. Það var sem sagt niðurstaða nefndarinnar í umfjöllun að það væri eðlilegt að slíkur listi væri birtur í reglugerðinni.

Í tengslum við 5. gr. frumvarpsins komu fram athuga-

semdir þar sem áréttað var mikilvægi þess að upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja væri ekki umfram það sem skattyfirvöld hefðu eðlilega eftirlitshagsmuni af. Samtök fjármálafyrirtækja tóku jafnframt fram að upplýsingar sem fyrirtækin búa yfir um viðskiptamenn sína væru viðkvæmar persónuupplýsingar sem almennt væri talið að væru bundnar þagnarskyldu starfsmanna, sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Nefndin bendir á að Persónuvernd hafi talið að 5. gr. frumvarpsins ætti við gild rök að styðjast en lagt jafnframt til, að gættum sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs, að ákvæðinu yrði markaður gildistími til þriggja ára.

Fram komu athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins, um upplýsingaskyldu móðurfélags, að a-liður gæti skarast á við löggjöf í heimaríki þess dótturfélags sem hlut ætti að máli, en þau rök komu fram fyrir ákvæðinu að móðurfélög væru ráðandi um starfsemi dótturfélaga sinna og gætu þar af leiðandi ráðið því hvernig miðlun upplýsinga væri háttað þeirra í milli. Til að hægt væri að afla upplýsinga um viðskipti íslenskra aðila við útibú íslenskra fjármálafyrirtækja þyrfti ákvæðið að vera í lögum. Hins vegar þyrfti að skoða í hverju tilviki fyrir sig hvort þetta ákvæði færi í bága við löggjöf í ríki dótturfélagsins.

Einnig komu fram athugasemdir við 6. gr. að því er lýtur að upplýsingaskyldu aðila sem veita skattaráðgjöf, að bliður væri ósamrýmanlegur þeim trúnaðarskyldum sem aðilar sem undir ákvæðið heyra bera gagnvart viðskiptavinum sínum. Þá var vísað til þess að aðilar sem krafnir væru upplýsinga af skattyfirvöldum ættu lögvarinn rétt til að bera faglegan ágreining undir dómstóla, samanber ákvæði laga um tekjuskatt. Einnig kom fram að trúnaðarskyldan væri grundvöllur í viðskiptum endurskoðenda, lögmanna og fjármálafyrirtækja og því gæti ákvæðið orðið til þess að fyrirtæki sem veita hér alþjóðlega skattaráðgjöf flyttust úr landi.

Í umsögn frá skattrannsóknarstjóra um þetta álitaefni kemur hins vegar fram að við rannsókn ætlaðra refsiverðra brota hafi embættinu verið neitað um afhendingu gagna og upplýsinga, til að mynda af hálfu endurskoðenda og lögmanna. Nefndin bendir jafnframt á að upplýsingaskylda bliðar 6. gr. sé skýrt afmörkuð og að baki henni búi ríkir almannahagsmunir sem gangi framar ákvæðum um trúnaðar- og þagnarskyldu umræddra stétta.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði þess um upplýsingaskyldu og upplýsingagjöf komi þegar til framkvæmda sem hafa mun þýðingu við rannsókn bankahrunsins. Þau ákvæði sem varða skattskyldu sem ekki voru áður fyrir hendi koma til framkvæmda síðar að teknu tilliti til sjónarmiða um afturvirkni laga.

Efnahags- og skattanefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í nefndarálitinu og ég ætla að reifa stuttlega:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Eignaauki“ í 3. tölul. kemur: eða aukning ráðstöfunartekna.

b. Við 3. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við um eftirgefnar skuldir sem mælt er fyrir um í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar skv. X. kafla í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með áorðnum breytingum, eða á annan fullnægjandi hátt er sannað að eignir eru ekki til fyrir, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o.fl.

2. Við 3. gr. Við lokamálsgrein greinarinnar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra skal birta lista yfir þau lönd og svæði sem skattlagning samkvæmt þessari grein tekur til.

3. Við bætist ný grein, er verði 5. gr., svohljóðandi:

Í stað orðanna „5.–8. tölul.“ í 3. mgr. 75. gr. laganna kemur: 5.–9. tölul.

4. Við 11. gr. Á eftir orðinu „Ákvæði“ í 4. mgr. komi: 5.

Pétur H. Blöndal og Ólöf Nordal skrifa undir álitið með fyrirvara. Gunnar Svavarsson og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og styður þetta álit.

Nefndarálitið er dagsett 24. mars 2009 og undir það skrifa Árni Þór Sigurðsson, Björgvin G. Sigurðsson, formaður nefndarinnar, Pétur H. Blöndal, með fyrirvara, Ellert B. Schram, Jón Bjarnason, Helga Sigrún Harðardóttir og Ólöf Nordal, með fyrirvara.

Ég vil aðeins segja í þessari umræðu, herra forseti, að ég tel ákaflega þýðingarmikið mál á ferðinni. Frumvarpinu er fyrst og fremst ætlað að styrkja skattframkvæmd og vinna gegn skattundanskotum. Eins og kom fram í þeim töluliðum sem ég rakti í upphafi um breytingar á frumvarpinu eru allir þeir liðir einmitt ætlaðir til þess að styrkja skattframkvæmdina. Ég hygg að um þetta mál sé nokkuð góður samhljómur jafnvel þó að ólík sjónarmið hafi komið fram um einstaka þætti í umræðum í nefndinni og í álitum umsagnaraðila og á fundum nefndar. Ég hygg að varla nokkur maður telji ekki rétt og eðlilegt að við gerum allt sem við getum til að styrkja skattframkvæmdina og koma í veg fyrir undanskot á skatti. Ríkir almannahagsmunir eru í húfi.

Það má kannski spyrja sig þeirrar spurningar hvers vegna breytingar eins og hér eru lagðar til á tekjuskattslögunum og lögunum um staðgreiðslu opinberra gjalda hafi ekki verið gerðar fyrir löngu. Það er kannski ekki alveg einfalt að svara því. Sjálfur tel ég að fullt tilefni hefði verið til að gera þessar breytingar fyrir löngu. Á þeim tímapunkti sem við erum nú, eftir hrun bankakerfisins og þau áföll sem við höfum orðið fyrir í fjármálalífinu og efnahagslífinu hygg ég að það sé gríðarlega þýðingarmikið að við látum verða af því að samþykkja þær breytingar sem lagðar eru til á þessum lögum. Ég held að það megi þess vegna orða það þannig að þær séu tvímælalaust liður í því, fyrir utan markmið frumvarpsins sjálfs með skattframkvæmdina á skattundanskotum, að ná meiri sátt í samfélaginu um þessi málefni og vissulega einn liður af mörgum í því að gera upp, ef svo má segja, við efnahagshrunið, það kerfi allt saman og það sem olli efnahagshruninu. Ég held að við séum að stíga mjög mikilvægt og rétt skref í þessu efni og ég fagna því sérstaklega að um þetta mál var prýðilega góð samstaða í hv. efnahags- og skattanefnd. Þótt tveir nefndarmenn hafi undirritað álitið með fyrirvara sem þeir munu væntanlega gera grein fyrir í umræðunni um málið er samhljómur um að þetta mál beri að afgreiða. Nefndin var einnig samhljóða

í breytingartillögum sínum við frumvarpið og þar held ég að stærsta efnisbreytingin, ef svo má segja, lúti að skattleysi eftirgjafa skulda samkvæmt ákvæðum um greiðsluaðlögun í lögum um gjaldþrotaskipti og sömuleiðis þegar um er að ræða eftirgjöf skulda sem afskriftanefndir fjármálafyrirtækja taka ákvarðanir um á grundvelli reglna sem gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji.

Ég held að þetta sé mikilvægt, ekki síst í ljósi þeirra aðstæðna sem núna eru í íslensku efnahagslífi. Það er mikilvægt að það sé engin réttaróvissa um skattalega meðferð slíkra hluta og þess vegna taldi nefndin mikilvægt að kveða skýrt á um það, bæði í lagatextanum sjálfum og eins í nefndaráliti eins og ég hef þegar rakið.

Virðulegur forseti. Ég þakka nefndarmönnum í efnahags- og skattanefnd fyrir ágæta samvinnu um þetta mál og þeim fjölmörgu sem komu að vinnslu nefndarálitsins, starfsmönnum nefndasviðs, þeim sem komu til fundar við nefndina og þeim sem sendu umsagnir til nefndarinnar um málið og hafa m.a. átt þátt í því að gera það enn þá betur úr garði en upphaflega var þegar mælt var fyrir því við 1. umr.

[19:48]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt sem á að laga ýmislegt sem hefur komið í ljós að er ekki nægilega gott í efnahagslífi okkar. Ég vil taka það fram að ég styð þetta frumvarp mjög eindregið og hef lagt mig fram um að flýta afgreiðslu þess í hv. nefnd eins og hægt er. Það eru þó nokkur atriði sem ég skrifa undir með fyrirvara, það er aðallega eitt atriði og kannski annað sem skiptir minna máli, en það sem ég gerði athugasemd við varðar afdráttarskatta af vöxtum og vaxtagreiðslur úr landi. Þetta skiptir yfirleitt ekki máli þegar um er að ræða vexti sem greiddir eru til ríkis sem hefur gert tvísköttunarsamning við Ísland, svona yfirleitt ekki. En þó er hægt að sjá fyrir sér ýmiss konar dæmi þar sem vaxtagreiðslurnar eru notaðar til þess að greiða aðrar vaxtagreiðslur, röð af vaxtagreiðslum sem hafa mismunandi tímafaktor, þá er hægt að sjá fyrir sér að slík skattlagning geti verið mjög óréttlát.

Það sem vantar inn í frumvarpið er að geta um þær vaxtagreiðslur til ríkja sem ekki hefur verið gerður tvísköttunarsamningur við. Þar vil ég nefna nokkur ríki sem eru mjög veigamikil í uppsprettu fjár, þ.e. sem eiga mikla gjaldeyrisvarasjóði, eru rík. Þetta eru ríki sem hafa tekið aðra stefnu en íslenska þjóðin á undanförnum 20 til 30 árum, verið með stöðugan meiri útflutning en innflutning, stöðugt jákvæðan vöruskiptajöfnuð og viðskiptajöfnuð, andstætt við Íslendinga sem hafa löngum verið með neikvæðan vöruskiptajöfnuð og viðskiptajöfnuð. Þar vil ég t.d. nefna Japan sem ekki hefur verið gerður tvísköttunarsamningur við en á mikið af peningum, einnig Taívan og Arabaríkin. Þetta eru bara dæmi valin af handahófi, herra forseti. Það er ljóst að nú þegar sverfur að að fá lán í útlöndum fyrir íslensk fyrirtæki, banka og aðra — og ríkið, þurfa menn að leita þangað líka og þá gerist það að þessi skattgreiðsla hækkar vexti innlendra fyrirtækja vegna þess að það er ótrúlegt að íslensk fyrirtæki geti haft áhrif á markaðsvexti í Japan eða Taívan eða Arabaríkjunum, ég held að það sé alveg útilokað og því þurfa Íslendingar að borga skattinn. Þessi erlendu ríki vilja fá sína vexti og engar refjar og ef það er skattur á vextina borgast það af innlenda aðilanum. Það sem undirstrikar þetta ákvæði er það sem í 1. gr. stendur:

„Ákvæði þetta gildir þó hvorki um vexti sem greiddir eru af Seðlabanka Íslands né þá vexti sem greiðast erlendum ríkjum, alþjóðastofnunum …“

Það er sem sagt verið að undanskilja Seðlabankann þessum lögum sem segir manni það að ef það hefði engin áhrif þá þyrfti þess ekki en hann er samt undanskilinn.

Ég held ég sé þá búinn að nefna það sem ég hef helst haft athugasemdir við, þ.e. að þetta muni hækka vexti á þau fyrirtæki sem eru að leita að lánum í löndum sem ekki eru með tvísköttunarsamning.

Að öðru leyti þar sem eru tvísköttunarsamningar þá flyst eiginlega skattbyrðin eða skattgreiðslan til íslenska ríkisins — og það er í sjálfu sér jákvætt — frá hinu erlenda, og í sjálfu sér ekkert við því að segja og bara gott mál.

Þá er það CFC-löggjöfin sem mikið var rædd og er mjög nauðsynleg og ætti að auka gagnsæi í viðskiptum. Ég held, herra forseti, þegar maður lítur yfir sviðið og á það sem gerðist á Íslandi að meginmeinsemdin sé að koma í ljós núna. Það eru lánveitingar til eigenda, það er gagnkvæmt krosseignarhald og alls konar hringir sem menn bjuggu til í efnahagslífinu sem spóluðu upp eigið fé sem ekki var til, bjuggu til arð sem ekki var til, ekki var forsenda fyrir, og bjuggu til völd sem ekki áttu að vera til. Þetta er ekki íslenskt fyrirbæri, þetta er alþjóðlegt fyrirbæri, gagnkvæmt eignarhald er því miður um allan heim. Það sem gerðist hjá okkur var mjög öfgafullt og það var mjög mikið um þetta sem gerði það að verkum að atvinnulífið var mjög háð hvað öðru, fyrirtækin voru mjög háð hvert öðru, þegar eitt byrjaði að rúlla átti það í öðru sem líka rúllaði o.s.frv. þannig að keðjuverkunin var mjög mikil.

Til að vinna bug á þessu má í þessu sambandi nefna að ég hef flutt tillögu til þingsályktunar um nýja tegund af hlutafélögum sem eiga að heita gagnsæ hlutafélög. Þar er gert ráð fyrir því að slík félög megi ekki lána eigendum sínum eða kaupa hlut í þeim og þau mega ekki fjárfesta nema í gagnsæjum hlutafélögum og eiga að gefa upp allar sínar dætur eða dótturfélög og ef hlutafélag á í slíku gagnsæju hlutafélagi, sem ekki er gagnsætt, nýtur það hvorki arðs né atkvæðisréttar. Ég hygg að eftir mjög stuttan tíma með þannig hlutafélag mundi þetta form taka yfir markaðinn vegna þess að lánveitendur mundu treysta slíkum félögum miklu betur en þeim ógagnsæju sem eru í dag og fjárfestar mundu sömuleiðis treysta slíkum félögum miklu betur. Fyrirtæki sem ekki væru gagnsæ hlutafélög ættu þar með mjög erfitt uppdráttar og það með réttu, að mínu mati.

Ég held að það sem við þurfum að gera á næstunni — og sýn mín í því er alveg kristaltær — sé að auka gagnsæi og heiðarleika í atvinnulífinu og það gerum við með því að skilgreina svona hlutafélög sem eru gagnsæ. En það þarf að gera meira, það þarf að koma í veg fyrir og rekja það sem er gert saknæmt. Það þarf að leggja áherslu á það eins og við höfum reyndar gert með sérstökum saksóknara og það þarf að fylgja því eftir og þó að það kosti mikið verðum við að leggja í þann kostnað því að það er í rauninni ákveðin

hreinsun út úr kerfinu að fylgja eftir þeim lögbrotum sem hafa átt sér stað.

Síðan og ekki síst er kannski mikilvægast að læra af því sem gert var, t.d. mistökum sem eru í lagasetningunni. Ég fer ekkert ofan af því þó að ég hafi heyrt áváning af því, og það hefur reyndar verið í umræðu í allan dag, að komið hafi skýrsla frá finnskum sérfræðingi sem segir að lagasetningin eigi ekki sök á hruninu, þá er ég ekki alveg sammála því. Ég held að lagasetningin eigi sína sök á hruninu en það er ekki sérislensk lagasetning, það er alþjóðleg lagasetning, Evrópulagasetning sem veldur því að fyrirtækin hrundu hér og eru að hrynja um allan heim. Það er vegna þessa gagnkvæma eignarhalds og lána til eigenda, þ.e. þar sem peningar fara í hring. Það er eitthvað sem þarf að berjast gegn. Ég sé þetta frumvarp sem lið í þeirri baráttu, sem lítinn lið reyndar en mjög mikilvægan og ég held að nýtt form, gagnsæ hlutafélög, mundi gera slíkt frumvarp óþarft.

Svo er eitt lítið mál sem er svona meira praktískt, það er það að menn gefi upp kennitölur þeirra sem hafa leitað ráðgjafar hjá þeim. Það má sjá fyrir sér að einhver ætlar að fara að gera eitthvað sem ekki má og hringir í ráðgjafarstofu þar sem sagt er: Ef ég veiti þér ráðgjöf þarf ég að gefa upp kennitöluna þína. Þá segir hinn: Nei heyrðu, það gengur ekki. Þá bara skreppa þeir upp í flugvél til London og ráðgjöfin á sér stað þar á hóteli einhvers staðar og … (Gripið fram í.) maður sér ekki alveg hvernig menn ætla að koma í veg fyrir það. Það er þá stofnað eitthvert lítið hlutafélag einhvers staðar úti í heimi sem sér um þetta. En það getur vel verið að menn séu ánægðir með þetta. Ég held að það sé í sjálfu sér ágætt að þetta sé gefið upp, menn eiga ekki að hafa neitt að fela í sambandi við þessi mál en ég bendi á bara þetta.

Að öðru leyti er flest jákvætt við þetta frumvarp nema þetta sem ég benti á með vextina sem kann að valda því að íslensk fyrirtæki þurfi að borga hærri vexti en ella, sérstaklega ef þau leita eftir fjármagni til landa sem ekki hafa gert tvísköttunarsamning við Ísland.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 2. umr.

Stjfrv., 407. mál (hærra endurgreiðsluhlutfall). — Þskj. 691, nál. 818.

[19:59]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Við fjölluðum um málið og fengum á okkar fund Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneyti ásamt því sem okkur bárust nokkrar umsagnir um málið. Þessum endurgreiðslulögum var síðast breytt árið 2006. Upphaflega endurgreiðsluhlutfallið var 12% og það var síðan hækkað í desember 2006 úr 12% í 14%. Með þessu frumvarpi leggjum við til að gengið verði enn lengra og að endurgreiðsluhlutfall vegna kvikmyndagerðar á Íslandi verði hækkað úr 14% í 20%. Ekki er um aðrar breytingar á þessum lögum að ræða.

Þá er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að þeir sem fengið hafa vilyrði fyrir endurgreiðslu fyrir gildistöku laga þessara eigi þess kost að sækja um aftur eftir að endurgreiðsluhlutfallið hefur verið hækkað ef framleiðsla kvikmyndar eða sjónvarpsefnis er ekki enn hafin þegar þessi lög verða samþykkt. Markmið breytinganna er að jafna samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart sambærilegri starfsemi í öðrum ríkjum og laða að fleiri erlend verkefni.

Nefndin telur mjög mikilvægt að efla kvikmyndagerð á Íslandi og eðlilegt að horft verði til hennar á næstunni þar sem verkefni af þessum toga eru atvinnuskapandi, gjaldeyrisskapandi og jafnframt eru þau mikilvæg jákvæð landkynning sem getur skilað auknum fjölda ferðamanna til landsins. Það liggur fyrir að í samanburði við önnur lönd er endurgreiðsluhlutfallið hér á landi of lágt og til að mynda má nefna að á Írlandi sem hefur staðið framarlega í þessum efnum er endurgreiðsluhlutfallið allt að 28%. Breytingin í desember 2006 þegar hlutfallið var hækkað úr 12% í 14% hefur ekki náð að laða að fleiri erlend kvikmyndaverkefni eins og vonast var til.

Það varð talsverð umfjöllun í nefndinni um það hvernig fyrirkomulagi á þessum greiðslum væri háttað og því ákváðum við að draga það saman í nefndarálitinu. Í núgildandi lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar er kveðið á um þau skilyrði sem uppfylla þarf til að hljóta endurgreiðslu samkvæmt lögunum og hvert umsóknarferlið er. Eitt af skilyrðum laganna er að senda skal umsóknir til iðnaðarráðuneytis áður en framleiðsla kvikmyndar eða sjónvarpsefnis hefst. Í framkvæmd hefur aldrei verið vikið frá þessu skilyrði, og umsóknum sem berast eftir að framleiðsla er hafin er undantekningarlaust hafnað.

Næsta stig í ferlinu er að nefnd sem skipuð er fulltrúum frá iðnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og Kvikmyndamiðstöð fer yfir umsóknina og metur hvort öll skilyrði laganna eru uppfyllt. Í framhaldinu er gerð tillaga til iðnaðarráðherra um afgreiðslu málsins. Teljist öll skilyrði laganna uppfyllt gefur iðnaðarráðuneytið út vilyrði fyrir endurgreiðslu. Í vilyrðinu kemur fram að endurgreiðslufjárhæð sé ekki greidd út fyrr en framleiðslu kvikmyndaverkefnis er lokið og uppgjör og ársreikningur liggja fyrir. Endurgreiðslufjárhæðin er því aldrei greidd út fyrr en uppgjör liggur fyrir og hin sérstaka endurgreiðsla er oft í reynd síðasti liður í uppgjörsferlinu vegna framleiðslu kvikmyndar.

Samkvæmt rannsóknum sem kynntar voru fyrir nefndinni og unnar hafa verið fyrir iðnaðarráðuneytið á áhrifum endurgreiðslnanna á ríkissjóð, fyrst af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands árið 2006 og af Fjárfestingarstofu á þessu ári, er talið að ríkissjóður beri ekki byrði vegna endurgreiðslnanna og er þar horft til þess að skatttekjur ríkissjóðs eru samkvæmt þessum rannsóknum að öllum líkindum meiri en sem nemur endurgreiðslunum. Telja verður að þær tekjur sem ríkið hefur af framleiðslunni falli að mestu til á framleiðslutímanum í gegnum staðgreiðslu launa og óbeina

skatta, svo sem virðisaukaskatt af aðföngum til framleiðslunnar.

Talsverð umræða spannst í nefndinni um að í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið kemur fram að vegna halla á ríkissjóði muni að óbreyttu þurfa að fjármagna viðbótarútgjöld með lántökum. Nefndin telur orðalagið óheppilegt vegna þess að það gefur til kynna að reiknað sé með halla á ríkissjóði vegna endurgreiðslnanna. Í því samhengi bendir nefndin á að ef horft er til þeirra skatttekna sem skapast með aukinni veltu vegna kvikmyndaverkefna er ekki rétt að líta á endurgreiðslurnar eingöngu sem viðbótarútgjöld. Þegar um er að ræða stór verkefni getur tíminn frá útgáfu vilyrðis og fram til útborgunar endurgreiðslunnar verið á bilinu 1–2 ár eða jafnvel lengri. Ríkissjóður ætti því að hafa fengið til sín stærstan hluta skatttekna vegna framleiðslunnar þegar til endurgreiðslu kemur.

Nefndin telur að sú ráðstöfun sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu geti orðið veruleg lyftistöng fyrir íslenskan kvikmyndaiðnað og skapað fleiri sóknarfæri á þessu sviði. Nefndin bendir á mikilvægi þess að nýta öll úrræði í landinu sem geta fjölgað störfum og aukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar og teljum við þetta mál svo sannarlega vera eitt þeirra og leggjum til að frumvarpið verði samþykkt. Við gerum engar tillögur til breytinga á því enda málið einfalt og skýrt.

Eygló Harðardóttir og Grétar Mar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nefndarálitið rita sú er hér stendur, Katrín Júlíusdóttir, formaður og framsögumaður, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, Helgi Hjörvar og Kristrún Heimisdóttir. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í nefndinni, þær Björk Guðjónsdóttir, Herdís Þórðardóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir, rita undir álitið með fyrirvara sem þær munu án efa gera grein fyrir.

Mig langar í lokin, virðulegi forseti, til að koma inn á það að fyrsta árið sem greiddir voru út styrkir vegna þessara laga var 2001 og það ár fengust tveir styrkir greiddir. Þeir geta verið æðimismunandi. Það er ánægjulegt að segja frá því að á síðasta ári var þessi fjöldi styrkja orðinn 12. Þrátt fyrir að jafnmörg verkefni hafi verið styrkt og raun ber vitni og gerð er grein fyrir í greinargerð með frumvarpinu eru eingöngu tvö þeirra erlend. Við vonumst til að með þessum lögum getum við örvað þessa starfsemi, laðað fleiri erlend verkefni hingað til lands og skapað gjaldeyristekjur.

Það er töluverð samkeppni á milli landa og jafnvel fylkja og borga um heim allan til að fá erlenda framleiðendur til að taka upp hjá þeim kvikmyndir, sjónvarpsefni og fleira myndefni, eins og t.d. auglýsingar og tónlistarmyndbönd. Það eru nokkrar ástæður fyrir því. Eins og ég sagði áðan er ástæðan fyrir því að við viljum fá þessi verkefni hingað sú að þetta skapar mjög fjölbreytt störf og hefur í för með sér fjölbreytta starfsemi. Sömuleiðis fylgja gjaldeyrir og gríðarleg jákvæð landkynning. Þau ríki sem eru með þessar ívilnanir, hvort sem það eru fylki í Kanada eða Bandaríkjunum eða annars staðar, hafa áttað sig á þessu.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjárfestingarstofu eru helstu samkeppnislönd Íslands á þessu sviði þau lönd sem bjóða upp á svipaðar aðstæður og finnast hér á landi, þá helst snjó, jökla, græn tún, dali og mikla víðáttu án þess að endilega séu mannvirki í bakgrunni. Fleiri atriði hafa þó áhrif, t.d. ívilnanakerfi viðkomandi lands sem og verð og framboð á aðföngum og þjónustu. Það er óhætt að fullyrða að íslenska kvikmyndaendurgreiðslukerfið sem við erum að breyta, þótt bara örlítið sé, hefur það fram yfir ýmis önnur kerfi að vera mjög einfalt í sniðum. Það jákvæða sem hefur líka gerst hér á undanförnum árum er að mikil þekking á kvikmyndagerð og þjónustu henni tengdri hefur skapast hér á landi á undanförnum árum. Í þessu felast gríðarleg verðmæti sem ásamt íslenskri náttúru eiga að geta skapað okkur sóknarfæri á sviði kvikmyndagerðar. Það er von mín að svo verði og að þetta góða mál eigi eftir að renna ljúflega í gegnum þingið og verða þessum mikilvæga og stóra iðnaði til framdráttar, ná að örva hann og lokka hingað erlenda aðila til upptöku kvikmynda.

[20:09]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Breytingin er sú að hlutfall endurgreiðslu framleiðslukostnaðar kvikmyndagerðar á Íslandi sem heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði verði hækkað úr 14% í 20%. Markmiðið með breytingunni er að gera Ísland samkeppnishæfara gagnvart kvikmyndaiðnaði í nágrannalöndum okkar, sérstaklega í Evrópu.

Þeir sem veittu nefndinni umsagnir um málið gerðu ekki athugasemdir heldur vonuðu að frumvarpið yrði samþykkt og töldu að breytingin gæti orðið mikil lyftistöng fyrir kvikmyndaiðnað á Íslandi. Þeir sem að þessu máli koma og tengjast kvikmyndaiðnaði hér á landi virðast á einu máli um að nauðsynlegt sé að gera Ísland samkeppnishæft við önnur lönd á þessu sviði sem við höfum ekki verið fram að þessu og þess vegna hafi lítið verið um að erlendir aðilar hafi tekið upp kvikmyndir eða sjónvarpsþætti hér á landi á undanförnum árum.

Ég rita undir nefndarálitið með fyrirvara líkt og hv. þm. Herdís Þórðardóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir. Fyrirvarinn lýtur að því að hvorki er gert ráð fyrir auknum útgjöldum í fjárlögum ársins 2009 né í áætluðum útgjöldum næstu fjögur árin. Eins og segir í umsögn fjármálaráðuneytisins má að einhverju marki búast við að skatttekjur gætu komið af framleiðslunni á móti en vegna mikils halla á ríkissjóði muni að óbreyttu þurfa að fjármagna viðbótarútgjöld með lántökum. Í því felst fyrirvarinn, þ.e. að til lántöku þurfi jafnvel að koma.

Í nefndarálitinu er vikið að þessu áliti fjármálaráðuneytisins og orðalagið talið óheppilegt vegna þess að það gefur til kynna að reiknað sé með halla á ríkissjóði vegna endurgreiðslnanna en ekki sé rétt að líta á endurgreiðslurnar eingöngu sem viðbótarútgjöld. Miðað við það ferli sem rakið er í nefndarálitinu ætti ríkissjóður að vera búinn að fá til sín stærstan hluta skatttekna vegna framleiðslunnar þegar til útborgunar kemur. Á þeim forsendum sem í nefndarálitinu er lýst teljum við okkur geta stutt frumvarpið.

Þar sem ég geri ráð fyrir að frumvarpið nái fram að ganga og verða að lögum tel ég að það muni án efa hafa jákvæð áhrif á kvikmyndaiðnað hér á landi en hér hefur skapast mikil þekking á þessu sviði og vonandi mun frumvarpið hafa þau áhrif sem ætlast er til, að erlend kvikmyndafyrir-

tæki sjái sér hag í því að framleiða kvikmyndir og sjónvarpsefni hér á landi.

Á árinu 2005 var á vegum bandarísks kvikmyndaframleiðanda tekin upp stórmynd á Reykjanesi. Áhrifin á Reykjanesi vegna þessa voru umtalsverð, það umtalsverð að ekki fór fram hjá nokkrum manni, a.m.k. ekki í Reykjanesbæ, að mikið var umleikis. Allt upp í 1000 manns tóku þátt í verkefninu á einn eða annan hátt. Áhrif á þjónustugreinar á svæðinu voru umtalsverð, hótelin voru vel nýtt á þeim tíma sem upptökur stóðu yfir og veitingastaðir sáu fram á aukna veltu. Þeir sem gæta öryggis og selja slíka þjónustu voru þátttakendur og jafnvel björgunarsveitir á svæðinu fengu verkefni við framleiðslu kvikmyndarinnar og það skaut styrkari stoðum undir starfsemi þeirra á þeim tíma. Fyrirtækið sem að þessu verkefni stóð þurfti bílaleigubíla, eldsneyti og ýmsa aðra þjónustu sem í boði var á Reykjanesi. Þar að auki var nauðsynlegt að semja við landeigendur á Reykjanesi og ekki veit ég til annars en að landinu þar sem upptökur áttu sér stað hafi verið skilað aftur án nokkurra eftirmála.

Ég get því fyllilega tekið undir það að verkefni af þessum toga eru atvinnuskapandi innan sjálfs kvikmyndageirans, auk þess sem slík verkefni eru vel til þess fallin að styrkja innviði ýmissa annarra þjónustugreina. Hins vegar taka verkefni af þessum toga mislangan tíma og í því tilfelli sem ég hef gert að umræðuefni var sá starfsmaður sem lengstu ráðninguna fékk aðeins á launaskrá í um 100 daga.

Til kvikmyndaverkefnisins sem hér um ræðir voru á árinu 2005 áætlaðar 80 millj. bandaríkjadala. Þetta var nokkuð stórt verkefni á þeim tíma, auk þess sem enginn vafi leikur á því að umtalsvert fjármagn varð eftir í samfélaginu. Margt af því fólki sem tók þátt í verkefninu leit á þátttökuna sem ævintýri og spennandi reynslu sem vonandi á eftir að nýtast betur ef erlend stórfyrirtæki í kvikmyndaiðnaði sjá sér nú hag í því að koma hingað til lands með verkefni eða taka þátt í verkefnum hér á landi sem Íslendingar hafa frumkvæði að. Jafnvel er mögulegt að íhuga hvort það borgi sig fyrir okkur Íslendinga að gera beinlínis út á þessi mið eins og margar þjóðir í kringum okkur hafa gert á síðustu árum. Náttúra Íslands er stórbrotin. Þeir sem hingað koma þurfa aðeins að vita að við ráðum við allt sem upp á getur komið í kvikmyndaframleiðslu — nema veðrið. Það getur auðvitað verið hamlandi fyrir kvikmyndaiðnaðinn í einhverjum tilvikum.

Hér á landi byrjuðu stórhuga aðilar með þekkingu á kvikmyndaiðnaði að hugsa stórt á þessu sviði fyrir ekki svo löngu síðan en líkt og með margt annað sem í bígerð var þegar bankahrunið átti sér stað hefur hægt á áformum í þessa átt eða þau dottið alveg upp fyrir. Með þessum breytingum er jafnvel skapaður nýr grunnur til að hugmyndir á þessu sviði geti byggst upp að nýju og jafnvel orðið umfangsmikil atvinnugrein hér á landi í framtíðinni.

Kvikmyndagerð hér á landi hefur byggst upp og áunnið sér alþjóðlegar viðurkenningar og virðingu á síðustu árum sem styður það að erlend fyrirtæki á þessu sviði ættu nú að horfa hingað til lands eftir fagþekkingu og þjónustu og ekki síður til þess að fá að kvikmynda í okkar stórbrotnu náttúru. Hver einasta kvikmynd sem tekin er upp hér á landi er gríðarleg auglýsing fyrir land og þjóð og vekur áhuga á ferðalögum til Íslands sem er gott fyrir ferðaþjónustuna og gjaldeyrisskapandi. Það er ekki auðvelt að meta til fjár öll þau áhrif sem ein kvikmynd framleidd hér á landi getur haft.

Þrátt fyrir þann fyrirvara sem ég set við nefndarálitið lít ég svo á að náist þau markmið sem hér er stefnt að geti breytingin haft þau áhrif að verða atvinnu- og gjaldeyrisskapandi fyrir þjóðarbúið og þess vegna er ekki hægt að vera andvígur málinu við þær aðstæður sem við búum við hér á landi. Við þurfum á því að halda að bæta atvinnuástandið eins og sakir standa og ég mun styðja þetta frumvarp, virðulegi forseti.

[20:17]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Mig langar til að leggja nokkur orð í belg út af þessu máli, frumvarpi til laga um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Ástæðan er einfaldlega sú að ég hef áhuga á málinu og kvikmyndaiðnaðinum á Íslandi, ég þekki hann ágætlega og hef fylgst með honum. Ég tók þátt í vinnu við að breyta þessum lögum á árinu 2006 sem hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, framsögumaður nefndarálits, gerði grein fyrir.

Ég þarf varla að taka fram að ég er ánægður með það sem kemur fram í frumvarpinu. Það gleður mig að menn ætli sér að hækka endurgreiðsluhlutfall vegna kvikmyndagerðar úr 14% í 20%. Með því er verið að gera Ísland samkeppnishæfara varðandi kvikmyndaframleiðslu í samkeppni við önnur lönd. Ég held að það sé mikið heillaskref vegna þess að ljóst er að menn þurfa að leita allra leiða til að reyna að styrkja og efla kvikmyndaiðnaðinn á Íslandi. Það er sá iðnaður sem ég held að eigi mikinn möguleika á að vaxa og dafna.

Gríðarleg gróska hefur verið á þessu sviði á undanförnum árum hvort sem er í kvikmyndagerð, auglýsingagerð, þáttagerð eða öðru slíku. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn og allt það fagfólk sem kemur að vinnslu auglýsinga, kvikmynda eða annars myndefnis er að hasla sér völl sem hið færasta fólk í heimi á því sviði. Ég held að það sé alveg óhætt að fullyrða. Við höfum séð að íslenskir aðilar hafa verið að vinna til verðlauna eða tilnefndir til verðlauna á alþjóðlegum vettvangi vegna vinnu sinnar í kvikmyndageiranum. Á Íslandi er mikil þekking og mikill mannauður sem við þurfum að virkja og koma með úrræði til að reyna að hvetja erlenda aðila til að koma með fleiri verkefni hingað til Íslands. Ég er þeirrar skoðunar að á sínum tíma þegar farið var út í þær ráðstafanir hafi menn stigið heillaskref og núna er verið að ganga enn lengra en gert var á sínum tíma.

Segja má að hér sé á ferðinni skattaleg samkeppni á milli landa. Fram kom hjá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur að endurgreiðsluhlutfallið á Írlandi væri 28%. Við erum í þessu máli að hækka það úr 14% í 20% og taka þá virkan þátt í samkeppninni við Íra. Ég hef alltaf verið mikill talsmaður skattalegrar samkeppni á milli landa. Hún er gríðarlega mikilvæg og geysilega mikilvægt að lönd standi vel skattalega séð ef þau vilja styrkja og efla hagkerfi sitt og þá starfsemi sem fram fer í löndunum.

Hins vegar hefur það verið þannig innan Evrópusambandsins, svo ég blandi því nú aðeins inn í málið, að stofnanir Evrópusambandsins hafa alltaf verið á móti þessari

skattalegu samkeppni milli landa. Það kom t.d. fram í tilmælum sem samþykkt voru á fundi í Nice einhvern tímann í upphafi þessara aldar að Evrópusambandið vildi berjast gegn skattalegri samkeppni og samræma allar skattareglur innan Evrópusambandsins þannig að skattprósenta á öllum sviðum væri sú sama.

Ég er á móti slíkri miðstýringu og ég tel að lönd eigi að keppa um verkefni sín á milli með því að bjóða góð kjör, þar á meðal á þessu sviði. Ég fagna því að íslensk stjórnvöld taki þátt í þeirri skattasamkeppni á milli landa og vilji leggja sitt af mörkum til að vera framarlega í flokki á þessu sviði.

Það er mikið til þess að vinna, herra forseti, að sú breyting sem hér er lögð til nái tilgangi sínum og vonandi mun hún hafa jákvæð áhrif á kvikmyndaiðnaðinn. Það eru geysilega mörg störf í húfi. Margir starfa að kvikmynda-, auglýsinga- og þáttagerð á Íslandi. Segja má að í rauninni komi afar margar stéttir manna að gerð kvikmynda, allt frá því að vera mjög sérhæfðir tækni- og tökumenn til þess að vera iðnaðarmenn, t.d. smiðir sem vinna að leikmyndagerð, og allt þar á milli. Það eru því gríðarlega mörg störf sem hér eru undir. Ef þessi breyting mun hafa þau áhrif sem að er stefnt og laða hingað til lands erlenda aðila til að framleiða og taka upp kvikmyndir á Íslandi, þá felast í því gríðarlega mikil verðmæti fyrir fólkið í landinu.

Það eru einmitt svona úrræði sem við sjálfstæðismenn höfum verið að hvetja til að gripið verði til, þ.e. að ráðast í lagasetningu sem hefur það að markmiði að skapa störf í landinu. Þegar slík mál koma fram stendur ekki á okkur að styðja þau.

Hvað þetta svið varðar held ég að ég leyfi mér að segja að kvikmyndagerðarmenn eiga um þessar mundir undir högg að sækja. Það þarf svo sem ekki að hafa langt mál um að aðgangur að fjármagni, sama í hvaða geira það er, er ákaflega takmarkaður um þessar mundir. Það kemur niður á kvikmyndaframleiðslunni. Kvikmyndaframleiðsla er mjög áhættusöm og þeir sem þó hafa úr einhverjum fjármunum að spila til að setja í verkefni setja ekki fjárfestingu í kvikmyndagerð efst á sinn lista. Ég held að það megi fullyrða.

Ég þekki það úr störfum mínum í starfshópi, sem ég var skipaður í á síðasta ári af hálfu menntamálaráðherra, sem var ætlað að fara yfir og kortleggja auglýsingamarkaði í sjónvarpi og útfæra reglur um hugsanlega takmörkun á fyrirferð Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði, að í þeirri miklu vinnu sem þar var unnin kom fram að þeir sem starfa í kvikmyndagerðargeiranum voru mjög uggandi um hag sinn vegna þess að verkefnunum hefur fækkað. Fjármagnið í umferð til að framleiða kvikmyndir og sjónvarpsefni hefur minnkað og menn lýstu yfir miklum áhyggjum af því að hugsanlegt væri að í þessum geira yrði töluvert mikið atvinnuleysi og erfiðleikar fram undan. Ég tel því að mikilvægt sé að menn reyni að sporna við þeirri þróun sem margir vilja meina að sé komin af stað í atvinnugreininni og það skref sem hér er stigið er skref í rétta átt.

Hv. þm. Björk Guðjónsdóttir spurði áðan í sinni ágætu ræðu hvort Íslendingar ættu að vera að gera út á það að fá erlenda aðila til landsins til að framleiða hér kvikmyndir. Svar mitt við þeirri spurningu er afdráttarlaust já. Auðvitað eiga Íslendingar að reyna að gera út á það sem þeir hafa fram að færa í þessum iðnaði. Við eigum mjög gott fólk sem getur unnið að kvikmyndagerð hvort sem það er tæknifólk, tökumenn, leikarar, iðnaðarmenn eða hverjir sem eru. Við höfum einstaka náttúru sem engin ástæða er til að fela og gríðarlega reynslu og hæfileika á þessu sviði og ráðist hefur verið í fjárfestingar af hálfu þeirra sem í greininni starfa. Mér finnst því engin spurning að við Íslendingar eigum að gera út á það að reyna að laða erlenda aðila til landsins til kvikmyndagerðar. Þurfi stjórnvöld að ganga lengra til að hækka þetta endurgreiðsluhlutfall mun ég styðja viðleitni í þá átt ef það er til þess fallið að laða enn frekari verkefni hingað til lands.

Það liggur því fyrir, herra forseti, að ég er ánægður með málið, ég styð það og hef áhuga á því. Ég vona að það verði samþykkt bæði hratt og vel frá þinginu og það verði góðar fréttir fyrir kvikmyndaiðnaðinn á Íslandi.

[20:29]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 409. mál, nál. viðskn., þskj. 857.

Staða Icesave-samningaviðræðna, 460. mál, fsp. GSB, þskj. 856.

[20:29]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég held að það sé óhætt að segja að dagsverkið sé orðið býsna drjúgt á Alþingi í dag. Við erum komin að 16. lið í dagskrá og að máli sem, eins og síðasti ræðumaður ítrekaði vel, skiptir stóran hóp manna, sérhæfða einstaklinga á sviði kvikmyndagerðar, mjög miklu máli auk þess sem þessi aukning á niðurfellingu getur skilað afleiddum störfum og mun meiri tekjum í ríkissjóð en úr honum fara til endurgreiðslunnar.

Ég renndi augum yfir dagskrá fundarins og ég get ekki stillt mig um að geta þess hér, herra forseti, áður en ég segi örfá orð um 16. dagskrármálið að okkur hefur tekist í dag frá því um kl. 3 eða kannski var hún að verða hálffimm, fimm þegar umræður um dagskrána loksins hófust, að fara í gegnum almennu greiðsluaðlögunina, við höfum afgreitt málefni aldraðra, við höfum fest í sessi hluta atvinnuleysistrygginga, með Bjargráðasjóði erum við að tryggja stöðu bænda og áburðarkaup. Það er verið að fjölga þeim sem fá listamannalaun, það er verið að setja takmarkandi reglur um ábyrgðarmenn og það er verið að koma í veg fyrir undanskot opinberra gjalda í skattaskjól. Að öllum öðrum málum ólöstuðum sem ég vildi vekja athygli á tel ég að dagsverkið sé orðið æðidrjúgt og er þó nokkuð ótalið, enn eru tveir liðir á dagskrá þessa fundar þegar þessu máli lýkur.

Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi eins og fram hefur komið. Til stendur að hækka úr 14% í 20% endurgreiðslu á heildarframleiðslukostnaði við gerð kvikmynda í landinu en eins og fram hefur komið er endurgreiðsluhlutfallið hér á landi talið of lágt. Það var hækkað fyrir nokkrum árum úr í 12% í 14% en hafði ekki tilætluð áhrif. Því er lagt til að auka það nú enn svo nemur tæpum helmingi, úr 14% í 20%. Markmiðið er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart öðrum nálægum og sambærilegum ríkjum og laða að fleiri er-

lend verkefni. Það er til mikils að vinna eins og hér hefur verið bent á.

Ég get tekið undir það sem hv. formaður iðnaðarnefndar sagði áðan og vitnaði í nefndarálitið hvað varðar orðalag í umsögn fjármálaráðuneytisins en af orðalaginu má skilja að vegna halla á ríkissjóði muni að óbreyttu þurfa að fjármagna viðbótarútgjöld með lántökum, sem líklega er satt, en það er alls ekki svo í þessu tilviki. Þvert á móti er eðlilegt að ekki sé gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna lögfestingar þessa frumvarps, enda hefur komið fram að afleiddar tekjur af þessari starfsemi geta skilað allt að þreföldum styrkjunum í ríkissjóð og það veitir svo sannarlega ekki af. Það er því ljóst, herra forseti, að lögfesting þessarar hækkunar endurgreiðslunnar mun ekki kosta útgjöld úr ríkissjóði heldur þvert á móti auka skatttekjurnar, bæði í staðgreiðslu af atvinnutekjum þeirra sem við þennan kvikmyndaiðnað og við kvikmyndirnar starfa en einnig af óbeinum sköttum af alls kyns þjónustu, mat og gistingu. Það er gríðarlega mikilvægt skref ef vel tekst til eins og atvinnuástandinu er háttað í landinu.

Mig langar til að nefna hér eitt lítið dæmi vegna þess að í bígerð er gerð enn einnar stórmyndarinnar, íslenskrar myndar undir leikstjórn Baltasars Kormáks, sem bandarískir framleiðendur eru að. Sú mynd mun gerast bæði á Íslandi og Írlandi og bandarískir framleiðendur þessarar myndar spyrja eðlilega af hverju ekki sé rétt að taka alla myndina upp á Írlandi þar sem endurgreiðslan er tvöföld á við það sem hér er. Ég tel að lögfesting frumvarpsins og þessi hækkaða endurgreiðsla geti í þessu tilviki breytt verulega miklu og orðið til þess að möguleikar Íslands til að fá kvikmyndagerðina á þessari mynd hingað til lands séu stóraukn-ir.

Ég vil benda á að í máli hv. þm. Bjarkar Guðjónsdóttur áðan kom fram að kostnaðaráætlun vegna einnar stærstu erlendu myndar sem hér hefur verið framleidd og var tekin 2006 á Suðurnesjum, hefði verið um 80 millj. dollarar. Samkvæmt mínum upplýsingum voru tökudagar í þeirri kvikmynd, sem er ein sú stærsta sem hér hefur verið gerð, 37. Til samanburðar erum við að tala um fjóra mánuði í beinum tökum á þeirri mynd sem ég nefndi áðan sem þýðir að hún er þrefalt til fjórfalt umfangsmeiri en ameríska stórmyndin sem hv. þingmaður nefndi. Það er eftir miklu að slægjast hér, herra forseti, og mikilvægt að styðja við kvikmyndagerð í landinu.

Það er ánægjulegt til þess að vita að nú hefur verið flutt hingað heim sýning um sögu íslenskrar kvikmyndagerðar. Á háaloftinu í Þjóðmenningarhúsinu, sem fagnaði 100 ára afmæli sínu á laugardaginn var, var opnuð sýning þar sem raktar eru allar íslenskar kvikmyndir í 105 ára kvikmyndasögu Íslands en fyrsta íslenska kvikmyndin rekur sig aftur til ársins 1904. Á loftinu í Þjóðmenningarhúsinu má sjá í fullri lengd fleiri tugi þessara mynda auk þess sem unnt er að sjá myndbrot af mörgum myndum til viðbótar á tilteknum tímabilum sem íslensku kvikmyndasögunni er skipt niður í. Það var gaman og ánægjulegt að vera við opnun þessarar sýningar á laugardaginn og það var greinilegt að listamenn og þeir sem vinna við kvikmyndaiðnaðinn í landinu fylgjast grannt með því sem gert er á Alþingi og hvöttu eindregið til þess, þeir sem ég heyrði í þar, að þetta frumvarp fengi skjótan framgang og eins reyndar frumvarpið sem var fyrr á dagskrá í dag um listamannalaunin.

Það er gott að hafa hlustað á talsmenn Sjálfstæðisflokksins hér því að það hefur sýnt sig í þessari umræðu að meiri samstaða er um þetta mál en nefndarálitið gefur til kynna en þar skrifuðu hv. nefndarmenn Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarnefnd undir álitið með fyrirvara. Sá fyrirvari hefur verið skýrður hér og er ljóst að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, munu styðja þetta mál og er það vel.

[20:38]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mig langar til að inna hv. þingmann eftir því, af því að ég man ekki betur en að hæstv. heilbrigðisráðherra sem þáverandi þingmaður, Ögmundur Jónasson, hafi barist mikið gegn skattasamkeppni milli landa og hér er einmitt um eina slíka samkeppni að ræða, hvort ekki sé samstaða í þingflokknum eða hvort menn taki bara U-beygjur eins og í mörgu öðru, eins og varðandi Icesave, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn o.s.frv.

Svo langar mig til að spyrja hv. þingmann hvað því viðvíkur — ég er í sjálfu sér ekkert á móti þessu frumvarpi sem slíku og að lokka hingað til landsins starfsemi — að í rauninni erum við að niðurgreiða kostnað fyrir auðhringa, bandarísk stórfyrirtæki sem græða þá bara þeim mun meira með því að spila á það að lönd eru að bjóða þeim í samkeppni sífellt lægri skatta. Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort þetta sé eitthvað sem flokkur hennar styður, að styrkja auðhringa en leggja skatta á Íslendinga í staðinn, íslenskt launafólk, eins og lýst hefur verið yfir að eigi að gera.

Svo er það líka spurningin um skattaskjól sem mikið hefur verið talað um að koma í veg fyrir. Er þetta ekki eins konar skattaskjól þegar farið er að endurgreiða 20% af kostnaðinum? Er það ekki bara svipað og sumir hafa verið að gera með heldur dapurri niðurstöðu fyrir íslenskt efnahagslíf?

[20:40]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tel að hv. þingmaður verði að inna hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmund Jónasson eftir afstöðu hans til þess máls sem hér er á dagskrá. Hann er ekki viðstaddur og er víst erlendis eftir því sem ég best veit. En ég kannast ekki við það að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi greitt atkvæði gegn þessu máli á fyrri stigum.

Hvað varðar niðurgreiðslu kostnaðar fyrir auðhringa sem hv. þingmaður nefndi, þá vil ég ítreka það sem ég sagði áðan að virðisaukinn af þessari starfsemi er það mikill að hann þrefaldar trúlega, eftir því sem menn sem til þekkja telja, þá niðurfellingu sem hér um ræðir. Þess vegna er eðlilegt að efla þennan iðnað og atvinnusköpun og listsköpun í landinu með þessum hætti. En, herra forseti, það er annað sem skiptir verulega miklu máli og það er að þessi niðurgreiðsla á kostnaði býðst öllum sem uppfylla tiltekin skilyrði. Niðurfelling skatta á álfyrirtæki sérstaklega, og ég tala nú ekki um eitt álfyrirtæki sérstaklega í Helguvík umfram önnur álfyrirtæki og umfram öll önnur iðnfyrirtæki í

landinu, er þeirri sem hér stendur ekki að skapi.

[20:42]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson er ekki við en kannski verður hann kominn þegar við greiðum atkvæði um þetta að lokum þannig að hann geti fjallað um þetta, og ég mun þá inna hann eftir því ef ég man eftir því.

En ég vil benda á að hér er verið að veita afslátt sem ekki öll íslensk fyrirtæki fá, alls ekki. Ég veit ekki til þess að frystihús fái svona niðurfellingu á kostnaði eða bara hvaða fyrirtæki annað sem ég nefni fái niðurfellingu á kostnaði. Það eru nefnilega bara fyrirtæki í kvikmyndaiðnaði sem fá þessa niðurfellingu, bara þau, ekki hljómsveitir, ekki aðrir listamenn sem koma til landsins, þeir fá ekki þessa niðurfellingu. Með nákvæmlega sama hætti er hægt að segja að bara þau fyrirtæki sem eru í álvinnslu fái niðurfellingu og með sömu rökum, af því að álfyrirtækin búa til svo mikið af störfum og svo mikla veltu í kringum sig og skila þjóðhagslegum hagnaði fyrir þjóðfélagið, mætti sennilega dúndra tekjuskatti þeirra niður í núll og samt myndi íslenska ríkið græða á því að fá þau til landsins. Ég næ bara ekki þessum rökstuðningi þó að ég sé í sjálfu sér hlynntur þessu frumvarpi vegna þess hvernig staðan er í efnahagsmálum. En þetta er niðurgreiðsla til auðhringa, bandarískra auðhringa, á sama tíma og flokkur hv. þingmanns er að segja úti um allt að hann vilji auka skatta á íslenskt launafólk.

[20:43]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hér er ólíku saman að jafna. Í þeim fjárfestingarsamningi sem liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir ríkisstyrk til Norðuráls, Century Aluminum, að upphæð a.m.k. 1,6 milljarðar króna. (**PHB:** Skilar örugglega …) Það eru áhöld um það, hv. þingmaður, og fer eftir ýmsu og þær forsendur liggja ekki á lausu sem kunnugt er. (Gripið fram í.) Hér erum við þvert á móti að ræða um 157 millj. kr. niðurfellingu, mögulega, á ári í stað 125 millj. og eins og ég segi hefur verið upplýst að þetta eru ekki bein útgjöld úr ríkissjóði heldur er þetta þvert á móti til þess fallið að hækka verulega á móti skatttekjur ríkissjóðs, auka atvinnu í fjöldamörgum greinum fyrir utan það að styrkja kvikmyndaiðnað á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 2. umr.

Stjfrv., 101. mál (öryggi frístundaskipa). — Þskj. 108, nál. 806.

[20:45]

Frsm. samgn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Nefndin fjallaði um málið og fékk marga gesti á sinn fund, umsagnir bárust einnig frá fjölmörgum aðilum.

Tilgangur frumvarpsins er að efla öryggi og setja reglur um frístundafiskiskip. Lagt er til að frístundafiskiskip verði sérstaklega skilgreind í lögunum auk þess sem gerðar eru ákveðnar kröfur um hæfi þeirra sem stjórna slíkum skipum og ber eigandi frístundafiskiskips ábyrgð á því að stjórnendur hafi fullnægjandi réttindi á skipið. Loks er lagt til að ráðherra hafi heimild til að setja nánari reglur um frístundafiskiskip í reglugerð.

Á fundum nefndarinnar kom fram að þau skip sem notuð eru við frístundaveiðar falla flest í þann flokk að krafist er 30 tonna réttinda til að stjórna þeim. Einnig kom fram að ef gerðar verða kröfur um slík réttindi af stjórnendum frístundafiskiskipa verður grundvellinum kippt undan fyrirtækjum sem stunda þann atvinnurekstur að leigja út fiskiskip til ferðamanna. Þessi fyrirtæki eru flest lítil sprotafyrirtæki á landsbyggðinni og telur nefndin mikilvægt að styðja við atvinnusköpun og uppbyggingu í ljósi erfiðra aðstæðna í efnahagslífi þjóðarinnar.

Gerðar voru athugasemdir þar sem bent var á nauðsyn þess að tryggja jafnræði milli sjófarenda hvort heldur sem um er að ræða veiðar í atvinnuskyni eða frístundaveiðar og mikilvægi þess að ekki sé dregið úr kröfum. Nefndin bendir á að málefni frístundaveiða hafa verið í ólestri frá upphafi veiðanna árið 2005 og hefur verið litið svo á að þar sem um frístundaiðju sé að ræða þurfi engin tilskilin réttindi til að stjórna frístundafiskiskipi. Nefndin vekur því athygli á að með frumvarpi þessu er verið að lögfesta hæfisreglur fyrir stjórnendur frístundafiskiskipa þar sem gerðar eru ríkari kröfur til aðila en áður, auk þess sem settur er lagarammi utan um þessa starfsemi sem hingað til hefur staðið fyrir utan kerfið.

Í ljósi þessa telur nefndin frumvarpið vera skref í rétta átt og mikilvægt að það verði að lögum sem fyrst þannig að lagaramminn sé fyrir hendi þegar veiðitímabil frístundaskipanna hefst. Nefndin hvetur þó til áframhaldandi vinnu að þessum málum og beinir því til ráðuneytis að regluverk þetta verði tekið til endurskoðunar sem fyrst með öryggi og jafnræði sjófarenda að leiðarljósi.

Við leggjum til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þingmenn Karl V. Matthíasson, Árni Þór Sigurðsson, Árni Johnsen og Guðjón A. Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nefndarálit skrifa, auk þeirrar sem hér stendur, hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, Helga Sigrún Harðardóttir, Sturla Böðvarsson og Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði, síðari umr.

Þáltill. EBS og SJS, 43. mál. — Þskj. 43, nál. 817.

[20:48]

Frsm. fél.- og trn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um til-

lögu til þingsályktunar um úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði.

Hv. félags- og tryggingamálanefnd fjallaði um málið og fékk umsagnir frá fjölmörgum hagsmunasamtökum.

Tillögunni er ætlað að fela félags- og tryggingamálaráðherra að gera úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði með hag fatlaðra, aldraðra, barnafólks og annarra sem þarfnast bætts aðgengis, í huga. Á úttektin að vera gerð með það að leiðarljósi að þessum einstaklingum verði gert kleift að búa lengur í íbúðum sínum en nú er hægt eða festa kaup á hentugum íbúðum í eldra húsnæði.

Nefndin fagnar tillögunni enda mikilvægt að skapa öllum aðgengilegt samfélag og ryðja úr vegi þeim hindrunum sem aldraðir og fatlaðir einstaklingar búa við. Nefndin áréttar mikilvægi þess að allir hafi jafnan rétt til þátttöku í daglegu lífi og til að velja búsvæði sitt eða búa áfram á heimili sínu, breytist aðstæður. Í þessu sambandi áréttar nefndin mikilvægi þess að reglur um aðgengi gildi jafnt í nýbyggingum sem eldra húsnæði þar sem því verður við komið. Þá telur nefndin mikilvægt að úttektin leiði til aðgerða og leggur því til að bætt verði við tillögugreinina að ráðherra skuli að lokinni úttekt leggja fyrir Alþingi tillögur til úrbóta á aðgengi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

Við tillögugreinina:

a. Orðin „mikilvægi þess að bæta“ falli brott.

b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt verði ráðherra falið að leggja fyrir Alþingi tillögur til úrbóta.

Hv. þingmenn Ármann Kr. Ólafsson, Árni Johnsen og Ragnheiður Ríkharðsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nefndarálit skrifa hv. þingmenn Þórunn Sveinbjarnardóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Þuríður Backman, Atli Gíslason, Helga Sigrún Harðardóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 20:50]

[22:00]

Útbýting:

Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, 359. mál, nál. þskj. 860.

Fjármálafyrirtæki, 409. mál, brtt. þskj. 858.

Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, 461. mál, frv. þskj. 859.

Fundi slitið kl. 22:01.

118. FUNDUR

þriðjudaginn 31. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum, þáltill., 30. mál, þskj. 30, nál. 816. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
3. Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 366. mál, þskj. 618, nál. 804. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 407. mál, þskj. 691, nál. 818. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, stjfrv., 101. mál, þskj. 108, nál. 806. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði, þáltill., 43. mál, þskj. 43, nál. 817. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
7. Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, frv., 461. mál, þskj. 859. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
8. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 454. mál, þskj. 829. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
9. Bjargráðasjóður, stjfrv., 413. mál, þskj. 851. — 3. umr.
10. Réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, stjfrv., 259. mál, þskj. 854. — 3. umr.
11. Lyfjalög, frv., 445. mál, þskj. 787. — 3. umr.
12. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 397. mál, þskj. 812, frhnál. 861. — 3. umr.
13. Visthönnun vöru sem notar orku, stjfrv., 335. mál, þskj. 813, brtt. 830. — 3. umr.
14. Lífsýnasöfn, stjfrv., 123. mál, þskj. 811. — 3. umr.
15. Barnaverndarlög og barnalög, frv., 19. mál, þskj. 793, frhnál. 832. — 3. umr.
16. Stjórn fiskveiða, frv., 429. mál, þskj. 725, nál. 841. — 2. umr.
17. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 356. mál, þskj. 606, nál. 843 og 862, brtt. 844 og 863. — 2. umr.
18. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, stjfrv., 359. mál, þskj. 610, nál. 860. — 2. umr.
19. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 409. mál, þskj. 693, nál. 857, brtt. 858. — 2. umr.
20. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, frv., 157. mál, þskj. 183, nál. 839. — 2. umr.
21. Félagsleg aðstoð, frv., 51. mál, þskj. 51, nál. 833. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnar Svavarsson, 2. þm. Suðvest.
Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
Katrín Jakobsdóttir menntmrh., 4. þm. Reykv. n.
Kolbrún Halldórsdóttir umhvrh., 5. þm. Reykv. s.
Össur Skarphéðinsson utanrrh., 2. þm. Reykv. n.

Heillaóskir til stjórna stjórnmálaflokka.

[13:35]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Ég vil í upphafi þingfundar nota tækifærið og óska nýkjörnum formanni Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarna Benediktssyni, til hamingju með kjör hans á landsfundi flokksins um síðustu helgi og vona að við eigum gott og farsælt samstarf meðan við erum í okkar embættum.

Enn fremur vil ég óska hæstv. forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, til hamingju með kjör hennar sem formaður Samfylkingarinnar. Ég vona líka að samstarf okkar verði jafngott og ánægjulegt og verið hefur fram að þessu.

Þessi orð og hamingjuóskir láðist mér að flytja héðan úr forsetastóli í gær. Ég hafði aðeins fært þær persónulega hinum nýju flokksformönnum og ég bið alla velvirðingar á þessari yfirsjón minni. Öðrum hef ég svo óskað sérstaklega til hamingju annars staðar.

[13:36]

Útbýting:

Hlutafélög og einkahlutafélög, 356. mál, nál. 2. minni hluta viðskn., þskj. 862; brtt. 2. minni hluta viðskn., þskj. 863.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 397. mál, frhnál. iðnn., þskj. 861.

Réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, 259. mál, þskj. 854.

Störf þingsins.

Aðstoð við VBS og Saga Capital.

[13:37]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég óska þess að ræða hér um VBS og Saga Capital. Þannig var að nýendurkjörinn formaður Vinstri grænna kom út af landsfundi þeirra í miklu stuði og lýsti því yfir að nú væri kominn tími til að leggja meiri álögur á íslenskan almenning og draga saman í íslensku samfélagi. En hann var varla búinn að sleppa orðinu þegar hann tilkynnti að þetta gilti að vísu bara um íslenskan almenning og íslensk heimili því að hann ætlaði að fella niður skuldir tveggja fjármálafyrirtækja um 8 þúsund millj. kr. og gerði það með því að breyta verðlitlum verðbréfum í verðtryggt lán til sjö ára með aðeins 2% vöxtum. Ástæðan fyrir þessu góða tilboði hæstv. fjármálaráðherra voru verðlausar tryggingar og að Seðlabankinn hafði árangurslaust reynt að bæta úr veðunum hjá þessum fyrirtækjum. Enginn annar samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, hefði veitt þessum fyrirtækjum lán, hvað þá á þessum kjörum en ef einhver hefði kannski hugsað sér að veita þeim lán hefðum við kannski verið að tala um 12% vexti verðtryggða frekar en 2%. Þetta þýðir raunar að þarna var verið að afskrifa þriðjung af kröfunum sem ríkið hefur á þessi fyrirtæki.

Ég ætla að endurtaka þetta. Þarna var spurning um afskriftir, niðurfellingu á skuldum fyrirtækja. Sami ráðherra hefur síðan ... (**Gripið fram í:** Er það ekki það sem Framsókn vill?) Já, það er einmitt það sem Framsókn vill, en þessi sami ráðherra hefur hins vegar verið í því að úthúða hugmyndum um niðurfellingu lána almennings, sem sagt leiðréttingu á verðtryggingu eða gengisbreytingu síðustu mánaða. Og hæstv. forsætisráðherra hefur talað um að ef eitthvað svoleiðis yrði gert til að koma til móts við heimilin væri það stærsta millifærsla fjármagns af einstaklingum til fyrirtækja sem sögur fara af.

Hins vegar vil ég nefna hér einfalt dæmi og það væri áhugavert að heyra hvað formaður viðskiptanefndar segir um þetta: Ef húsnæðislán sem eru að meðaltali til 20 ára og bera 4,5% vexti mundu í staðinn fá þessi kjör, mundi það þýða 20% lækkun á höfuðstóli þeirra. (Forseti hringir.) Hver er ástæðan fyrir því að hægt er að koma til móts við svona loftbólufyrirtæki en ekki heimilin í landinu?

[13:39]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Hv. þm. Eygló Harðardóttir endurtekur hér orð sín sem hún flutti á bloggsíðu sinni 26. mars undir fyrirsögninni „Steingrímur J. passar auðvaldið.“ (Gripið fram í.) Þetta er mikill misskilningur hjá hv. þingmanni. Ég vil ítreka úr þessum stól að hér er ekki um það að ræða að einhverjir fjármunir hafi farið úr ríkissjóði til þessara tveggja fyrirtækja. Það er hvorki verið að leggja þeim til né lána þeim nýtt fé. Hér er um að ræða uppgjör á skuld sem varð til í svokölluðum endurhverfum viðskiptum eða „repó“-viðskiptum smærri lánastofnana við Seðlabanka Íslands frá því fyrir hrun. En þessar minni fjármálastofnanir keyptu þá skuldabréf af gömlu bönkunum og veðsettu síðan sjálf bréfin aftur í Seðlabankanum.

Við hrunið urðu þessir pappírar verðlausir eins og allir vita og Seðlabankinn upphóf veðköll á þessi bréf. Mér er mjög minnisstætt hve hv. þingmenn Framsóknarflokksins gagnrýndu það harðlega í þingsal.

Þau tvö fyrirtæki sem hér um ræðir skulda ríkissjóði vegna þessa 41 milljarð kr. en um miðjan febrúar sl. tók þáverandi ríkisstjórn og ríkissjóður þessi lán yfir og setti skuldabréf í Seðlabankann til að bjarga eiginfjárstöðu bankans. Var þetta tapað fé? Er þetta tapað fé? Kannski. En með því að breyta þessari kröfu í lán til sjö ára á lágum vöxtum, 2% vöxtum ofan á verðtryggingu er von til þess að ríkissjóður fái þessa peninga til baka, er von til þess að þeir ríflega 100 einstaklingar sem vinna hjá þessum fyrirtækjum haldi vinnunni, er von til þess að þessi fyrirtæki geti staðið við skuldbindingar sínar. Það er heila málið. (**Gripið fram í:** Hvað með heimilin í landinu?)

[13:41]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Á sama tíma og hæstv. fjármálaráðherra grípur til þessara ráðstafana gegn tveimur fyrirtækjum án þess að lækka eigið fé þeirra, án þess að lækka hlutafé þeirra setur hann þrjú önnur fyrirtæki á hausinn, Straum, SPRON og Sparisjóðabankann, sem voru með fjölda starfsmanna. Þar er ekki talað um að veita lánafyrirgreiðslu sem hér er talað um.

Fyrirgreiðslan. Ég mundi segja að gegn svona veðum ætti maður að tala um 15–25% ávöxtunarkröfu því að þetta eru handónýt veð. Við ættum að tala um 35% og upp í 50% afskriftir af þessum skuldum sem er verið að gefa þessum

fyrirtækjum, þannig að fyrirtækið VBS sem er með 2 milljarða í eigið fé fær a.m.k. 10 milljarða gefins og hlutafé í fyrirtækinu er ekki skrifað niður eins og maður hefði talið eðlilegt að einhverju leyti. Ég hlýt að gagnrýna þetta mjög mikið og á sama tíma eru gerð þau mistök sem sumir kalla að setja önnur fyrirtæki í gjaldþrot.

Þessi fyrirtæki eru svo í samkeppni við MP Verðbréf sem voru að kaupa SPRON og buðu meira að segja á móti þeim með þennan styrk, þannig að hæstv. fjármálaráðherra er líka að skemma samkeppni. En það skyldi nú ekki vera að það sé vegna þess að Saga Capital er í kjördæmi hæstv. ráðherra?

[13:43]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Já, hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon er að passa auðvaldið. Það er algerlega á hreinu. Ríkið er að hygla fjármagnseigendum og stórskuldugum fyrirtækjum en vill ekki koma til móts við þau heimili sem skulda. Það er nefnilega þannig að það mætti, alveg eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir kom inn, gera það sama fyrir heimilin í landinu, mætti einmitt greiða fyrir húsnæðislán gömlu bankanna með skuldabréfum með vöxtum undir markaðsvöxtum til að ná afslætti og skila því síðan til heimila nákvæmlega eins og verið er að gera hér.

Menn hafa reiknað út að um 20% af því eigin fé sem ríkissjóður ætlar að leggja nýju bönkunum til fari í að greiða tap vegna útborgunar úr peningamarkaðssjóðum. Síðan er það þannig að við ábyrgjumst allar innstæður í bönkum með neyðarlögunum og erum því sífellt að hygla fjármagnseigendum, fólki sem á peninga en við erum ekki að gera neitt fyrir fólk sem setti sína peninga í fasteignir. (Gripið fram í.) Hæstv. fjármálaráðherra er ekki að gera neitt. Ríkisstjórnin er ekki að gera neitt fyrir heimilin í landinu. (**Gripið fram í:** Allt í boði Framsóknarflokksins.) Við erum að reyna að gera okkar besta til þess að það sé eitthvað gert hérna. Við höfum lagt fram okkar eigin tillögur en það hefur ekkert verið tekið undir þær. (Gripið fram í.) Menn hafa ekki verið tilbúnir til að skoða neinar almennar aðgerðir fyrir heimilin í landinu, bara sértækar aðgerðir. (**Gripið fram í:** Bara nafnlaust.) Og það er hlálegt þegar það kemur síðan fram í greinargerðinni með greiðsluaðlögunarfrumvarpinu sem var verið að samþykkja að svo virðist sem ríkisstjórnin geri ráð fyrir að 100–200 manns þurfi á greiðsluaðlögun að halda í landinu. Trúið mér, það verða ekki bara 100–200 manns sem þurfa á aðstoð að halda. Ég segi því að hæstv. fjármálaráðherra er að búa til sitt eigið safn af ólígörkum, eitthvert sambland af Jeltsín og Pútín, þar sem hann ætlar að velja úr þá sem eiga að lifa af og þá sem eiga ekki að lifa af. (**Gripið fram í:** Hver gerir þetta allt saman?) Þetta er mjög mikið áhyggjuefni og sérstaklega mikil vonbrigði að þetta skuli koma frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

[13:45]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Pétri Blöndal að Steingrímur J. Sigfússon eða einhverjir sérstakir einstaklingar eða aðrir í ríkisstjórninni hafi sett þessi fyrirtæki sem hann hér nefndi á hausinn. Þau gerðu það einfaldlega sjálf. Það var stefna fyrri ríkisstjórnar og 18 ára stefna og störf Sjálfstæðisflokksins í þessu landi ásamt áhættusækinni framgöngu þessara fjármálastofnana sem settu þær lóðbeint á hausinn og eru í raun að kollsigla efnahag íslensku þjóðarinnar um leið. Þetta er því mikill misskilningur hjá hv. þm. Pétri Blöndal. Ég veit að hann er betur að sér en svo að hann tali af heilum hug um þetta sem lánafyrirgreiðslu sem hér er um að ræða.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, og rifja upp að hér fóru engir fjármunir á milli. Þetta er uppgjör á gamalli skuld í þeirri von að eitthvað fáist upp í tapið sem er nú orðið ærið hjá ríkissjóði.

Þau kjör sem þarna um ræðir eru einnig þannig að sett eru afar ströng skilyrði. Það eru sett afar ströng skilyrði um það hvernig þessar fjármálastofnanir mega starfa á tímabilinu og lánin verða gjaldfelld með 30 daga fyrirvara ef þau skilyrði eru ekki haldin.

Ég vil líka vekja athygli á því að allt sem snertir þetta mál er uppi á borðum. Allt heila samkomulagið er inni á heimasíðu fjármálaráðuneytisins þannig að hér eiga menn ekkert að velkjast í vafa. Allt uppi á borðum er okkar mottó. (Gripið fram í.)

[13:47]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég kem í þessa umræðu fyrst og fremst til að mótmæla því sem hér er sagt, að það sé ekkert verið að gera fyrir heimilin í landinu vegna þess að það er einfaldlega ekki satt. Það vita hv. þingmenn sem hér koma og halda þessu fram. Vitaskuld getum við rætt lengi um það hvort gert sé nægilega mikið. Menn geta auðvitað haft mismunandi skoðun á því. En það er rangt að halda því fram og ósanngjarnt með öllu að það sé ekkert verið að gera fyrir fjölskyldurnar í landinu, að það sé ekkert verið að gera fyrir heimilin í landinu.

Við höfum verið að afgreiða frumvörp, m.a. um greiðsluaðlögun sem hér hefur verið vakið máls á og sagt að það séu ekki nema 100–200 einstaklingar sem mundu njóta góðs af því. Það kom fram í umræðum bæði í allsherjarnefnd þar sem málið var til umfjöllunar og sömuleiðis í umræðum í þingsal að það voru gamlar tölur sem verið var að notast við í greinargerð með frumvarpinu sjálfu, og af hálfu nefndarinnar kom fram að þetta yrðu miklu, miklu fleiri einstaklingar, sennilega tíföld sú tala sem um væri að ræða. Það er því rangt að halda þessu fram.

Við höfum verið að ræða hér og fjalla um að hækka vaxtabætur, mál sem efnahags- og skattanefnd hefur verið með til umfjöllunar eftir frumvarp frá fjármálaráðherra. Kemur það sér ekki vel fyrir heimilin í landinu? Hvernig geta menn komið hér og sagt (Gripið fram í.) að það sé ekkert verið að gera þegar það er beinlínis rangt? Menn geta að sjálfsögðu komið hér og sagt að það sé ekki gert nóg eða að ekki séu gerðir réttir hlutir og þá skulum við ræða það. En það er ekki sanngjarnt að halda þessu fram og ekki þeim til sóma sem gera það.

Ef það er skoðun gervalls Framsóknarflokksins að ekki sé verið að gera neitt fyrir fjölskyldurnar í landinu þegar Framsóknarflokkurinn lýsti því yfir að hann ætlaði að

styðja þá ríkisstjórn sem hér situr til allra góðra verka, ef það er skoðun Framsóknarflokksins að (Forseti hringir.) það sé ekkert verið að gera þá er spurningin hvort hann ætli ekki bara að standa að vantrausti á þessa ríkisstjórn (Forseti hringir.) sem í hans augum er ekkert að gera fyrir fjölskyldurnar í landinu. (Gripið fram í.)

[13:50]

Dögg Pálsdóttir (S):

Forseti. Það er auðvitað eins og hver annar útúrsnúningur hjá hv. formanni viðskiptanefndar að halda því fram að hér hafi engir fjármunir farið á milli. Þeir fóru á milli og það á að borga þá. Þeir fóru ekki á milli núna, þeir fóru á milli í haust. Þannig að við skulum ekki halda því fram að engir fjármunir hafi farið á milli. Þetta er skuld þessara fyrirtækja við ríkissjóð.

En mig langar til að setja þetta mál í samhengi við það hvernig hinn almenni borgari sem skuldar skatta er meðhöndlaður af sama fjármálaráðuneyti. Ef búið er að gera fjárnám hjá einstaklingi en hann vill samt reyna að koma sér hjá gjaldþroti og borga sína skattaskuld getur hann samið við innheimtumann ríkissjóðs um að borga á sex mánaða tímabili vextina plús eitthvað inn á höfuðstólinn á 15–25% vöxtum. (Gripið fram í.) Fyrirgefið, á 25% vöxtum núna en það er talið að þeir muni lækka niður í 15% frá og með morgundeginum. Þetta eru upplýsingar frá innheimtumanni ríkissjóðs.

Síðan er sérstök heimild í 3. mgr. 113. gr. skattalaga um það að ef innheimtumaður telur að hægt sé að gera samning við skuldara, skattaskuldara, megi gera við hann lánssamning til allt að 10 ára á verðtryggðum vöxtum eins og þarna er verið að gera en vextirnir eru 5,9%. Og það er fasteignaveð. Ég veit ekki til að það séu nokkur veð hjá þessum aðilum, og það er ekki einu sinni, eins og hv. þm. Pétur Blöndal benti á, skert hlutafé þessara eigenda. Þetta hlýtur að kalla á spurningar um hvað eigi þá gera fyrir allan almenning í landinu ef hægt er að gera þetta fyrir örfáa eigendur hlutafjár í þessum fyrirtækjum.

[13:52]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég ætlaði eiginlega að taka upp þráðinn þar sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson skildi við hann þegar hann var að ræða um aðgerðir í þágu heimila og fyrirtækja. Það er reyndar þannig að afar margir eru sammála um að þessi ríkisstjórn hafi ekki gert nægilega mikið fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. Það erum ekki bara við sem erum í stjórnarandstöðu sem erum þeirrar skoðunar. Sú skoðun hefur, eins og kom fram hér í umræðunni, komið fram af hálfu Framsóknarflokksins (Gripið fram í.) og Framsóknarflokkurinn er í þeirri undarlegu stöðu að segjast vera í stjórnarandstöðu en er samt í flestum málum einhvers konar fylgiflokkur eða fylgihnöttur ríkisstjórnarinnar.

Hins vegar sagði formaður Framsóknarflokksins í viðtali í sjónvarpinu á dögunum — og ég tek það fram að formaður Framsóknarflokksins hefur verið í sérstöku sambandi við forustumenn ríkisstjórnarinnar og átt með þeim fundi og fengið upplýsingar um þau mál sem þar eru í deiglunni, þannig að hann ætti að þekkja betur til málefna ríkisstjórnarinnar en venjulegir stjórnarandstæðingar — en hann sagði í viðtali við sjónvarpsfréttir 24. mars síðastliðinn um verkefni ríkisstjórnarinnar:

„Það vantar þau þingmál sem þessi stjórn var mynduð um. Sérstaklega vantar róttækari aðgerðir til að bregðast við efnahagsvandanum.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson lýsti síðan alvarlegum vandamálum, bæði í efnahags- og atvinnumálum, sem við er að glíma og endaði viðtalið á orðunum:

„Við þessar aðstæður er spurningin ekki sú hvernig gangi að koma í gegn ýmsum almennum málum sem vel geta beðið fram yfir kosningar. Spurningin er sú hvers vegna ekki er búið að koma með þessar bráðaaðgerðir til að taka á vandanum.“

Síðan þetta viðtal var flutt hefur ekki komið neitt nýtt mál inn í þingið frá ríkisstjórninni. Þetta var sá dómur sem formaður Framsóknarflokksins sem fylgist sérstaklega vel með málefnum ríkisstjórnarinnar felldi um störf hennar á þessu sviði.

[13:54]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Eitt af þeim málum sem eru á verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar er frumvarp um greiðsluaðlögun fasteignaveðlána. Það tókum við í allsherjarnefnd að okkur að flytja. Það er að koma til 1. umr. á eftir þannig að það mál er þó alla vega komið hér inn.

Varðandi það sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson sagði áðan þá vil ég taka undir með honum. Ríkisstjórnin hefur gert margt og það er ekki sanngjarnt að stilla málum þannig upp að ekki hafi verið gripið til aðgerða til að bregðast við vanda heimila í landinu. Varðandi umræðu sem hefur verið í fjölmiðlum í dag þá er mikilvægt að það komi fram að gamlar tölur sem var vissulega að finna í frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun miðuðu við að mjög fáir mundu nýta sér þetta úrræði. En við þær aðstæður sem nú eru í efnahagslífi er auðvitað augljóst að fleiri munu nýta sér það.

Það er mjög mikilvægt að við höldum vel utan um þessi úrræði og vísum veginn áfram fyrir fólk út úr þeim erfiðleikum sem það er í núna. Þessi úrræði saman og öll þau úrræði sem ríkisstjórnin hefur verið að setja fram vegna þeirra erfiðleika sem við stöndum frammi fyrir núna mynda eina heild og þau eiga að gera flestum kleift að komast yfir brú, að við gefum fólki einhvers konar brú yfir það ólgurót sem fram undan er þannig að fólk komist heilu og höldnu í gegnum þá erfiðleika sem fram undan eru. Þeir sem missa atvinnu, þeir sem verða fyrir verulegu tekjutapi nái þannig að halda lánum sínum í skilum, að þeir nái að halda húsnæði sínu og þeir missi ekki fótfestu í lífinu þó að bjáti á. Það hlýtur að vera grundvallarmarkmið okkar, það hlýtur að vera forgangsverkefni okkar vegna þess að við höfum úr takmörkuðum fjármunum að spila, við höfum ekki digra sjóði að ganga í til þess að sækja mikla peninga og dreifa þeim vítt og breitt um samfélagið við þessar aðstæður. (Gripið fram í.) Við verðum að horfast í augu við það að (Forseti hringir.) við þurfum að nýta peningana þar sem mestu varðar. Þess vegna skiptir líka aukið framlag til vaxtabóta gríðarlega (Forseti hringir.) miklu máli.

[13:56]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég hef ekkert á móti því að ríkisstjórnin haldi fyrirtækjum gangandi með ódýrum lánum en ég er á móti mismunun. Ég er á móti því að ríkissjóður fari inn í fyrirtæki án þess að krefjast eignarhlutar eða niðurskriftar á hlut fyrri eigenda. Það er það sem ég geri kröfu um að ríkissjóður geri. Að hann krefjist þess að eignast hlut í fyrirtækinu og að eignarhluti fyrri eigenda verði niðurskrifaður ef ekki niður í núll þá alla vega töluvert mikið.

En á sama tíma er sú mismunun að Straumur, sem ég hef svo sem enga sérstaka samúð með, var í þeirri stöðu að vera með góða eiginfjárstöðu. Hann vantaði bara lausafé og fór á hausinn af því hann vantaði lausafé. Ég er viss um að smáinnspýting frá ríkissjóði með þessum vöxtum gegn því að eignast fyrirtækið nánast alfarið hefði getað bjargað Straumi. Svo ég nefni nú ekki SPRON og Sparisjóðabankann þar sem menn fullyrða að gert hafi verið samkomulag við kröfuhafa og að það samkomulag hafi verið eyðilagt með aðgerðum ríkisvaldsins. Þar hefði niðurskrift á eignarhlut eigenda og breyting á kröfum ríkissjóðs og eignarhlutur ríkissjóðs í fyrirtækinu getað breytt því að það góða fyrirtæki lokaði og þeir góðu starfsmenn sem voru hjá SPRON hefðu ekki misst vinnuna og hefðu ekki farið á vergang.

Ég gagnrýni þessa mismunun á milli fyrirtækja, að ég tali nú ekki um þegar maður lítur á auðvaldið gagnvart almenningi og verkafólki í landinu. Það er náttúrlega alveg ótrúlegt hvernig menn gera við þessi tvö fyrirtæki, að hlutafé eigendanna er ekkert niðurskrifað.

[13:58]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Það er alveg hárrétt. Á eftir verður rætt 7. mál á dagskrá, greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Þetta er ekki ríkisstjórnarfrumvarp heldur er það allsherjarnefnd sem flytur frumvarpið með fulltingi allra flokka og það er vel.

Við skulum bara fara yfir þetta og hafa þetta einfalt í staðinn fyrir það orðagjálfur sem kemur frá stjórnarmeirihlutanum. Hefur gengið styrkst? Nei, það hefur ekkert styrkst. Það hefur lækkað. Hafa vextir lækkað gríðarlega hjá hinni verklausu ríkisstjórn? (Gripið fram í.) Nei, um heilt 1%. Bankarnir — eru þeir komnir í betra horf? (Gripið fram í.) Eru bankarnir komnir í betra horf? Einföld spurning. Nei, Straumur er farinn á hausinn og aðrir bankar eru í erfiðleikum. Hvað með ríkisfjármálin? Það er ekkert tekið á þeim.

Það kemur ekkert frá ríkisstjórninni. Jú, hvað er sett á dagskrá? Nektardansstaðir. Það eru málin frá ríkisstjórninni. (**Gripið fram í:** … græða á því.) Kynjuð hagstjórn. Nei, við skulum ræða þessi mál (**Gripið fram í:** Lífsýnasöfn.) á nýju þingi. Það er sjálfsagt mál.

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti óskar eftir því að þingmenn gefi ræðumanni gott tóm til að koma máli sínu fram.)

Það er svolítill taugatitringur í gangi þegar þessi mál eru nefnd. Mér finnst ágætt að hv. framsóknarmenn skuli hafa dregið fram þessi verk sem engin eru hjá ríkisstjórninni. Það er ágætt að draga þetta fram. En þannig er þetta einfaldlega: Bankarnir eru ekki komnir í lag. Gengið er ekki í lagi. Vextirnir eru ekki í lagi. Hvaða verk hafa komið frá ríkisstjórninni sem virkilega snúa hjólum atvinnulífsins aftur? Engin. Við erum að tala um kynjaða hagstjórn og nektardansstaði. Ég vil fá önnur mál. Alvörumál hér. (Gripið fram í.)

[14:00]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð ræða hjá hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og hér var farið með frasana úr fjallræðunni miklu sem flutt var á landsfundi Sjálfstæðisflokksins um helgina þar sem Messías færði fram boðskapinn og þingfulltrúar á landsfundi Sjálfstæðisflokksins klöppuðu fyrir lausnara sínum. (**Gripið fram í:** Þetta er málefnalegt.)

Sjálfstæðisflokkurinn sýndi á spilin á landsfundi sínum um helgina. Hann sýndi að hann hefur engin svör. Hann getur ekki veitt atvinnulífinu sem er að kafna undan gjaldeyrishöftum (Gripið fram í.) og háum vöxtum svör um hvernig komast á út úr því öngstræti. Þvert á móti er haldið áfram með þann boðskap að skella í lás, halda landinu einangruðu, leita ekki nýrra leiða út úr þessari stöðu.

Það er engin leið einföld núna til að lækka vexti eða til að létta af gjaldeyrishöftum. Grundvallarforsenda til þess að það sé hægt með skilvirkum hætti er auðvitað aðildarumsókn að Evrópusambandinu. [Hlátrasköll í þingsal.] En þá kjósa vinir okkar í Sjálfstæðisflokknum að loka augunum fyrir augljósum staðreyndum. (Gripið fram í.) Þeir gefa atvinnulífinu í landinu engin fyrirheit um það hvernig haga má hagstjórninni á næstu missirum. Þeir hafa enga peningamálastefnu til að bjóða þjóðinni upp á. Það er satt að segja alveg ótrúlegt að þessi stjórnarandstöðuflokkur skuli treysta sér í kosningabaráttu með enga peningastefnu og enga stefnu í milliríkjaviðskiptum. Hann gat ekki markað stefnu um það hvernig taka ætti á endurreisn bankakerfisins. Hann gat ekki markað stefnu um það hvernig komast ætti út úr öngþveitinu. Hann sat verklaus í ríkisstjórn. Embættismannaliðið sem hann hafði raðað í kringum sig var líka verklaust. Hann hafði enga sýn um það hvernig fara ætti út úr þokunni og hann er enn þá fastur í þokunni með Messíasi sínum.

Umræðu lokið.

Tilhögun þingfundar.

[14:03]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Þrátt fyrir ákvæði 4 mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundir geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðum um dagskrármálin er lokið. Er óskað eftir atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? (**Gripið fram í:** Já.) Þá fer hún fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:04]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Ný þingskapalög eru í gildi og þau eru

góð og gild og voru mikilvægt framfaraspor fyrir þingið, til að gera það betra og skilvirkara og allt það. Ég fagna þeim, ágætt að vinna undir þeim en engu að síður er að mínu mati óljóst hvort við erum að greiða atkvæði um að vera með þingstörfin fram til miðnættis eða fram yfir miðnætti. Við munum að sjálfsögðu greiða atkvæði með því að vera hér fram að miðnætti. Það er eðlilegt, við munum fara yfir málin enda margt mikilvægt að ræða en ég vil fá á hreint hvort við förum fram yfir miðnætti með þessari atkvæðagreiðslu.

[14:04]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vekur athygli á ákvæðum 10. gr. Þar er forseta veitt heimild til að ákveða að þingfundir geti staðið til miðnættis á þriðjudögum. Þarf hann því ekki að leita atkvæða eða samþykkis fundarins fyrir því þannig að þessi atkvæðagreiðsla snýst um að fá heimild til að fara fram yfir miðnætti.

Afbrigði um 4. mgr. 10. gr. þingskapa, um lengd þingfundar, samþ. með 25:19 atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, EyH, GuðbH, GAK, HSH, HHj, JBjarn, KaJúl, KHG, KLM, KHeim, LB, MS, SF, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMM, BÁ, BjörkG, BBj, DPál, GSB, HerdÞ, JónG, JM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, StB, ÞKG.

19 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, EKG, GMJ, GÞÞ, GSv, HöskÞ, IllG, JóhS, KVM, KJak, KolH, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 7. og 8. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum, frh. síðari umr.

Þáltill. SF o.fl., 30. mál. — Þskj. 30, nál. 816.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, HSH, HHj, HerdÞ, JBjarn, JónG, JM, KaJúl, KÓ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

21 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, GSv, HöskÞ, IllG, JóhS, KVM, KJak, KolH, KHG, KÞJ, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 867).

Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 366. mál (styrkari skattframkvæmd og hömlur gegn skattundanskoti). — Þskj. 618, nál. 804.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 804,1 (ný 2. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 804,2 samþ. með 45 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 804,3 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EMS, EBS, EyH, GuðbH, GSB, HSH, HHj, HerdÞ, JBjarn, JónG, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

19 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, EKG, GMJ, GÞÞ, GSv, HöskÞ, IllG, JóhS, KVM, KJak, KolH, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

5.–10. gr. (verða 6.–11. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 804,4 samþ. með 46 shlj. atkv.

11. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til efh.- og skattn.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 407. mál (hærra endurgreiðsluhlutfall). — Þskj. 691, nál. 818.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:11]

Katrín Júlíusdóttir (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Ég fagna því mjög að þetta mál skuli vera komið svo langt að vera í atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. vegna þess að hér er um gríðarlega mikilvægt og gott mál að ræða. Bæði er þetta mál atvinnuskapandi og gjaldeyrisskapandi og getur jafnframt kallað á gríðarlega góða og mikla landkynningu ef vel tekst til.

Þannig er að við höfum í þó nokkurn tíma eða í nokkur ár búið við endurgreiðslur til kvikmyndagerðar hér á landi

upp á 12% og síðan frá árinu 2006 upp á 14%. Það hefur sýnt sig að þetta hefur ekki nægt vegna þess að ríki, sem við erum í samkeppni við um að fá stór verkefni, stórar kvikmyndir til upptöku, hafa boðið mun betri skattakjör og til að mynda hefur eitt af samkeppnisríkjum okkar, Írland, verið með allt að 28% endurgreiðslu. Þetta þýðir með öðrum orðum að við erum orðin samkeppnishæf á heimsvísu í þeim bransa að laða til okkar stór kvikmyndaverkefni sem eru gríðarlega mikil í umsvifum og eru atvinnuskapandi og skapa hér fjölbreytt, mikilvæg (Forseti hringir.) og góð störf fyrir utan gjaldeyristekjurnar sem þau geta aflað okkur og því styður (Forseti hringir.) Samfylkingin auðvitað þetta frumvarp.

[14:12]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Með þessu frumvarpi er verið að leggja það til að endurgreiðsluhlutfall vegna kvikmyndagerðar á Íslandi verði hækkað úr 14% í 20%. Með því teljum við sjálfstæðismenn að verið sé að skapa skilyrði til að laða til landsins erlenda kvikmyndagerðarmenn til að taka hér upp og framleiða kvikmyndir. Það er ákaflega jákvætt fyrir þá fjölmörgu sem starfa í kvikmyndaiðnaðinum. Margar stéttir þar eiga undir högg að sækja og því er mikilvægt að stjórnvöld sýni vilja sinn í verki til að reyna að styðja við bak þeirrar atvinnugreinar. Hér er Ísland að taka þátt í skattasamkeppni milli landa, samkeppni sem t.d. Evrópusambandið hefur alltaf verið á móti en við sjálfstæðismenn erum fylgjandi. Við erum fylgjandi þeim málum sem eru til þess fallin að efla (Forseti hringir.) atvinnuuppbyggingu í landinu og við styðjum þetta mál.

[14:13]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Hér er eins og fram hefur komið verið að hækka endurgreiðslu á öllum framleiðslukostnaði kvikmynda sem teknar eru og framleiddar á Íslandi úr 14% í 20%. Þetta er stórt skref fyrir íslenskan kvikmyndaiðnað og einnig er mikilvægt að koma Íslandi á kortið þannig að við getum verið samkeppnishæf við önnur lönd í þessum efnum.

Það skiptir líka miklu máli fyrir ríkissjóð í þeim þrengingum sem hann á í að opna hér möguleika á tekjuskapandi verkefnum vegna þess að hver króna sem lögð er í verkefni af þessu tagi er talin geta skilað sér þrefalt til baka í ríkissjóð. Þetta er mikið framfaraskref og við styðjum það heils hugar.

[14:14]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir lýsa ánægju með að hér sé stigið enn eitt skref í sambandi við það að laða til Íslands kvikmyndagerðarfólk og er það mjög mikilvægt fyrir efnahagslíf okkar og hefur sýnt sig að skapar heilmikil umsvif. Þetta er eitt af þessum góðu málum sem Framsóknarflokkurinn byrjaði með, bara til að halda því til haga, (Gripið fram í.) og hefur svo þróast. Það var byrjað í 12% og svo farið í 14% og nú er það komið í 20%.

Af því að ýjað var að því áðan, og í raun er það rétt, að hér er um ákveðna ríkisstyrki að ræða þá er það nú þannig að ómögulegt er að láta þetta gerast nema Eftirlitsstofnun EFTA samþykki það, þannig að þetta er allt saman undir kontról.

[14:15]

Björk Guðjónsdóttir (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með öðrum sem hafa talað á undan að hér er mjög mikilvægt mál á ferðinni um niðurgreiðslu varðandi framleiðslukostnað í kvikmyndaiðnaði. Við sjálfstæðismenn í nefndinni skrifuðum undir nefndarálitið með fyrirvara og það var vegna þess að það var ekki gert ráð fyrir þessari útgjaldaaukningu í fjárlagafrumvarpinu 2009 né í áætluðum útgjöldum næstu fjögurra ára. Ég lýsti því í ræðu í gær að málið væri þannig vaxið og eftir útskýringar í nefndaráliti mundum við styðja þetta ágæta mál.

1. gr. samþ. með 40:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BjörkG, BBj, DPál, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, HSH, HHj, HerdÞ, JBjarn, JónG, KaJúl, KÓ, KHG, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

nei: KÞJ.

1 þm. (JM) greiddi ekki atkv.

21 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EKG, GAK, GÞÞ, GSv, HöskÞ, IllG, JóhS, KVM, KJak, KolH, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég segi já við þessu eins og frumvarpinu í heild sinni en bendi á að hér er um að ræða skattasamkeppni milli landa sem sumir þingmenn Vinstri grænna hafa varað við, sérstaklega hæstv. heilbrigðisráðherra. Hér er líka um að ræða undanþágu sem íslensk fyrirtæki fá ekki og mundu gjarnan vilja fá. Ég bendi á að svo verður náttúrlega reynt að fara fram hjá þessu með því að einhver ætlar að halda rokktónleika og af því að hann tekur þá upp er það kvikmyndagerð og þá fær hann niðurfellingu líka.

Svo er þetta auðvitað styrkur til auðhringa, eins og vitað er eru það auðhringar sem standa að kvikmyndagerð. Það er það sem Vinstri grænir eru að styrkja á sama tíma og þeir leggja til að auka skatta á almenning í landinu. Ég segi já af því að þetta er gott mál. [Hlátrasköll í þingsal.]

2. gr. og ákv. til brb. samþ. með 42:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, HSH, HHj, HerdÞ, JBjarn, JónG, KaJúl, KÓ, KHG, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

nei: KÞJ.

1 þm. (JM) greiddi ekki atkv.

19 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, EKG, GAK, GÞÞ, GSv, HöskÞ, IllG, JóhS, KVM, KJak, KolH, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 101. mál (öryggi frístundaskipa). — Þskj. 108, nál. 806.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

2.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EMS, EBS, EyH, GuðbH, GSB, HSH, HHj, HerdÞ, JBjarn, JónG, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
1 þm. (GMJ) greiddi ekki atkv.
19 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjarnB, EKG, GAK, GÞÞ, GSv, HöskÞ, IllG, JóhS, KVM, KJak, KolH, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til samgn.

Aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði, frh. síðari umr.

Þáltill. EBS og SJS, 43. mál. — Þskj. 43, nál. 817.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
Brtt. í nál. 817 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, HSH, HHj, HerdÞ, JBjarn, JónG, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
18 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjarnB, EKG, GAK, GÞÞ, GSv, HöskÞ, IllG, JóhS, KVM, KJak, KolH, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:20]

Ellert B. Schram:

Herra forseti. Þetta mál lætur ekki mikið yfir sér en hér er um að ræða tillögu til þingsályktunar flutta af undirrituðum og Steingrími J. Sigfússyni fyrr á þessu þingi. Tillagan gengur út á að gerð verði úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði sem miðar að því að gera einstaklingum kleift að búa lengur í íbúðum sínum eða festa kaup á hentugu íbúðarhúsnæði í eldra húsnæði.

Ég bendi á að hér er ekki aðeins verið að greiða fyrir þessu heldur er hugsanlega líka verið að auka við atvinnu. Ég þakka nefndinni fyrir afgreiðslu á þessu máli og þakka þingheimi jafnframt fyrir að greiða götu þess til þess að hægt sé að fullvinna málið og koma því til framkvæmda í þágu aldraðra, öryrkja og raunar vinnumarkaðarins í heild.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjörkG, BBj, DPál, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, HSH, HHj, HerdÞ, JBjarn, JónG, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack.
22 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EKG, GAK, GÞÞ, GSv, HöskÞ, IllG, JóhS, KVM, KJak, KolH, SKK, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 869).

Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, 1. umr.

Frv. allshn., 461. mál (heildarlög). — Þskj. 859.

[14:24]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Við meðferð allsherjarnefndar á frumvarpi því sem varð að lögum í gær, um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., öðru nafni greiðsluaðlögunarfrumvarpinu, ræddi nefndin ítarlega hvort og að hvaða marki væri rétt að láta greiðsluaðlögun ná til veðlána. Ástæða umræðunnar var að í því frumvarpi var bráðabirgðaákvæði sem gerði ráð fyrir því að greiðsluaðlögun næði einnig til veðlána sem Íbúðalánasjóður og ríkisbankarnir hefðu veitt um tiltekinn tíma. Við meðferð málsins í nefndinni kom hins vegar fram að sérstök sjónarmið giltu að sumu leyti um veðkröfur og greiðsluaðlögun þeirra og þyrfti að svara því með öðrum hætti en um samningskröfur og því væri rétt að lagatextinn tæki með ótvíræðum hætti á þeim álitamálum sem sköpuðust ef veðkröfur féllu undir úrræði af þessum toga.

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti vill beina því til þingmanna að gefa ræðumanni betra tóm en honum heyrist vera í þingsalnum.)

Í umræðu nefndarinnar var m.a. litið til fordæmis í norskum lögum um greiðsluaðlögun þar sem greiðsluaðlögun tekur einnig til veðkrafna. Eftir umræður í nefndinni beindi ég því til dóms- og kirkjumálaráðuneytis og réttarfarsnefndar að leitað yrði leiða til að útfæra með fullnægjandi hætti almenna greiðsluaðlögun veðkrafna á þann veg að skuldsettu fólki í hóflegu húsnæði sem ekki réði við greiðslubyrði sína yrði gefið tækifæri til greiðsluaðlögunar án hefðbundinna nauðungarsölu- og gjaldþrotaúrræða. Með þessu móti næðist sá árangur að kröfuhafar héldu greiðsluflæði fyrir hluta áhvílandi skulda í stað þess að þurfa að afskrifa þær að fullu og öllu og mundu losna við kostnað af yfirtöku fullnustueigna. Skuldarar næðu með þessu úrræði

að standa í skilum og forðast gjaldþrot. Ljóst væri að umtalsverður hluti skuldara væri í þeirri stöðu að skulda meira en sem næmi verðmæti eignar í yfirstandandi kreppu en úrræðið ætti einungis að taka til þeirra sem ekki hefðu greiðslugetu til að standa skil á skuldum. Það var því ekki ætlunin að þetta úrræði tæki til þeirra sem væru einungis með neikvæða eiginfjárstöðu, heldur væri skert greiðslugeta skilyrði fyrir því að þetta úrræði nýttist.

Í kjölfar þessa hófu dóms- og kirkjumálaráðuneytið og réttarfarsnefnd undirbúning þess frumvarps sem hér er lagt fram. Allsherjarnefnd samþykkti að leggja frumvarpið fram í meðferð fyrri greiðsluaðlögunar málsins, enda tilurð þess byggð á þeirri vinnu sem fram hafði farið á vettvangi nefndarinnar. Af þessu tilefni vek ég athygli á því að hér er um að ræða mjög óvenjulega aðferð við lagasetningu. Ég þakka sérstaklega dóms- og kirkjumálaráðuneyti og réttarfarsnefnd fyrir góða samvinnu við gerð þessa frumvarps. Það er mjög óvenjulegt að þingnefnd taki frumkvæði að lagasetningu með þessum hætti og slíkt reynir auðvitað á miðað við það kerfi sem við búum við í dag. Það kom auðvitað í ljós í þessari vinnu hversu vanbúið þingið er til að styðja við löggjafarfrumkvæði af hálfu nefnda að þessu leyti. Nefndin þurfti þar af leiðandi að reiða sig á ráðuneytið og réttarfarsnefnd við útfærslu málsins. Þetta er lexía sem við eigum að læra af fyrir þróun þingræðisins á næstu árum til að styrkja frekar getu þingnefnda til að flytja frumvarp að eigin frumkvæði.

Það er rétt að minna á það að á síðasta áratug, alveg frá 1995, hafa verið flutt frumvörp, fyrst af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem gerðu ráð fyrir að leidd yrðu í lög greiðsluaðlögunarúrræði. Var í flestum tilvikum gert ráð fyrir að það úrræði tæki einnig til veðlána að þessari norsku fyrirmynd. Í stuttu máli felst eðli úrræðisins í því að heimilt er að mæla fyrir um tímabundna greiðsluaðlögun greiðslna fasteigna á veðkröfum þegar skuldari getur sannanlega ekki nýtt sér önnur greiðsluerfiðleikaúrræði sem honum bjóðast. Er úrræðinu ætlað að vera tímabundið og getur staðið í allt að fimm ár. Það felst í því að skuldarinn getur leitað eftir tímabundinni greiðsluaðlögun vegna skulda sem hvíla á íbúðarhúsnæði því sem skuldari býr í. Skuldbindingarnar breytast þá með þeim hætti að gjalddögum þeirra skuldbindinga sem skuldari getur ekki greitt er frestað svo lengi sem greiðsluaðlögunin stendur. Í frumvarpinu er lögð til sú leið að greiðslubyrðin af verðtryggðum fasteignaveðkröfum verði tímabundið löguð að getu skuldara til greiðslu skuldanna en þó þannig að greiðslubyrði nemi að lágmarki fjárhæð hæfilegrar húsaleigu á almennum markaði fyrir þá fasteign sem um ræðir. Meðan á greiðsluaðlögunartímabili stendur falla því ekki dráttarvextir, vanskilagjöld eða innheimtukostnaður á veðkröfur, en vanskilaþáttur kröfunnar sem ekki fæst greiddur leggst við ógjaldfallinn höfuðstól kröfunnar. Á lánstíminn að lengjast sem því nemur til jafnlengdar þeim tíma sem greiðsluaðlögunin stendur.

Eins og ég rakti áðan tengist tilurð þessa úrræðis frumvarpinu um almenna greiðsluaðlögun. Það frumvarp sem hér er flutt mun vinna með því úrræði og verða því til fyllingar. Unnt er að sjá fyrir sér að hægt sé að leita greiðsluaðlögunar samkvæmt báðum úrræðunum í senn eða leita eftir greiðsluaðlögun eftir hvoru um sig eftir aðstæðum skuldara. Þannig hljóðar hin almenna greiðsluaðlögun upp á aðlögun samningsskulda en þetta úrræði gæti átt við ef um er að ræða fólk sem einungis er í vandræðum vegna greiðslubyrði fasteignaveðlána en hefur samningsskuldir að öðru leyti í skilum. Þá er einnig líklegt að fólk verði í vandræðum með báða þætti á sama tíma og þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að hægt sé að leita eftir úrlausn með samningsveðkröfur og fasteignaveðkröfurnar á sama tíma.

Virðulegi forseti. Við núverandi aðstæður sjáum við að vaxandi fjöldi fólks á í vanda með greiðslubyrði fasteignaveðlána og það hlýtur að vera forgangsverkefni löggjafans að greiða fyrir því að fólk sem lendir í tímabundnum erfiðleikum við að láta enda ná saman lendi ekki í erfiðari stöðu en nauðsyn ber til við þær aðstæður sem nú eru uppi. Því er þetta úrræði hugsað sem nokkurs konar brú yfir erfiðasta tímabilið og hér er fyrst og fremst horft til greiðslugetu fólks og hvort það geti staðið undir greiðslubyrðinni. Margir verða nú annaðhvort fyrir tekjusamdrætti vegna atvinnuleysis eða minnkandi atvinnutekna sem geta í mörgum tilvikum grafið undan greiðslugetu fólks, jafnvel þótt það hafi ekki með nokkrum hætti stofnað til skulda með ámælisverðum hætti eða reist sér hurðarás um öxl. Það er mikið áfall fyrir fólk þegar, svo dæmi sé tekið, bæði hjón eru útivinnandi og í ágætlega launuðum störfum og annað missir vinnuna. Sú staða getur grafið undan greiðslugetu fjölskyldunnar. Þessu frumvarpi er ætlað að finna einfalda lausn á slíkri stöðu, veita ákveðið fyrirheit um stöðugleika út þann tíma sem greiðsluaðlögunin varir og fyrirheit um lausn að tímabilinu loknu.

Virðulegi forseti. Í 12. gr. frumvarpsins er fjallað um hvernig fara skuli með skuldastöðuna, stöðu veðskulda að loknu greiðsluaðlögunartímabilinu. Þar er gert ráð fyrir að skuldari geti óskað eftir því við lok tímabilsins, ef ljóst er að hann muni ekki um fyrirséða framtíð geta staðið í fullum skilum með greiðslu þeirra skulda sem tryggðar eru með veði í eigninni, að veðréttindum verði létt af eigninni umfram 110% af markaðsvirði eignarinnar. Hér er farið að norskri fyrirmynd, horft til verðmætis eignarinnar og bætt við 10 prósentustigum. Ástæðan er sú að úrræðið á ekki að leiða til óréttmætrar eignaaukningar á kostnað kröfuhafa en á móti er úrræðinu ætlað að greiða fyrir því að kröfuhafar horfist í augu við raunverulegt tap á kröfum sem engar horfur eru á að fáist greiddar. Sú leið sem lögð er til í frumvarpinu felur í sér að við þessar aðstæður verði veðréttindum aflétt en krafan standi eftir sem áður sem samningskrafa á hendur skuldara. Við þær aðstæður er skuldara veittur sá kostur að leita eftir greiðsluaðlögun samningsskulda, þ.e. þeirra skulda sem umfram eru. Þá hefur veðum verið aflétt af eigninni sem eru umfram það sem eignin mun líklega standa undir til lengri tíma litið og skuldari getur þá fengið greiðsluaðlögun samningsskulda til að gera sér kleift að standa undir því sem hann raunverulega getur staðið undir til greiðslu samningsskulda að þessu tímabili loknu.

Grundvallarhugsunin í frumvarpinu er að halda aðskildum annars vegar greiðslum vegna samningsskulda og hins vegar greiðslum vegna veðskulda, enda er gengið út frá því í hinni almennu greiðsluaðlögun að þar sé reiknaður húsnæðiskostnaður skuldara sem tæki mið af eðlilegri húsaleigu miðað við fjölskyldustærð. Þess vegna er mikilvægt

að það sé samfella í báðum þessum úrræðum. Markmið frumvarpsins er þá að að loknu þessu tímabili tímabundinnar greiðsluaðlögunar verði greiðslubyrði af fasteignahlutanum þannig að skuldari fái undir honum risið, það sem umfram standi teljist til samningsskulda og skuldari geti fengið þær skuldir aðlagaðar samkvæmt hinum almennu viðmiðum um greiðsluaðlögun samningsskulda sem felast í frumvarpinu sem við gerðum að lögum á Alþingi í gær.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara um þetta fleiri orðum en þakka þó í lokin fyrst og fremst allsherjarnefnd fyrir góða samvinnu í útfærslu þessa máls. Eins og ég rakti hefur oft verið rætt á vettvangi þingsins um þörf á greiðsluaðlögun veðskulda en aldrei hefur það mál komist á verulegan rekspöl. Það er sérstakt hróssefni að á þessum erfiðleikatímum skuli fulltrúar allra flokka í allsherjarnefnd hafa náð að lyfta sér yfir flokkspólitískar þrætur, koma þessu þjóðþrifamáli inn í þingið og ná fullri samstöðu um að leggja fram þetta frumvarp. Það boðar gott og er mikilvægt að þakka þessa samstöðu. Vonandi á frumvarpið greiða leið í gegnum þingið á næstu dögum og verður að lögum fyrir vikulok. Ég er þess sannfærður að fjöldi fólks bíður eftir að þetta úrræði verði að lögum og telur miklu varða að sjá úrræði sem þetta taka gildi. Því er rétt að ítreka óskir og vonir um að þingheimur sjái sér fært að afgreiða þetta mál hratt og örugglega í vikunni.

[14:38]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er vissulega fagnaðarefni þegar kemur að einhverju máli sem tengist hagsmunum heimilanna, og þótt fyrr hefði verið. Því ætla ég ekki að eyða mörgum orðum í það en held að flestir sem hlustuðu á framsöguræðuna séu kannski ekki miklu nær um út á hvað þetta mál gengur. Ég vildi bara spyrja tveggja einfaldra spurninga.

1. Hvað kostar þetta ríkissjóð?

2. Hvað þýðir þetta mál fyrir þennan venjulega einstakling eða fjölskyldu í vandræðum?

[14:39]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að svara þessum spurningum eins skilmerkilega og mögulegt er. Fyrir það fyrsta verður kostnaður ríkissjóðs ekki verulegur af þessu frumvarpi þar sem ekki er ætlast til mikilla útgjalda af hálfu ríkisins vegna þessa. Gert er ráð fyrir að úr ríkissjóði verði greiddur kostnaður umsjónarmanns sem verður 200.000 kr. að hámarki í hverju og einu tilviki. Þó á eftir að koma í ljós hversu mörg tilvikin verða.

Hvað þýðir þetta fyrir hvern og einn skuldara? Jú, ef við horfum á tilvik þar sem fólk býr við þær aðstæður að t.d. önnur fyrirvinnan hefur misst vinnuna eða eina fyrirvinnan hefur misst vinnuna og viðkomandi fjölskylda býr í hóflegu íbúðarhúsnæði kveður frumvarpið á um að unnt sé að fá greiðslubyrði lagaða að greiðslugetu í allt að fimm ár. Það þýðir í sjálfu sér að skapaðar eru forsendur fyrir því að fólk geti haldið húsnæði sínu í gegnum dýpsta öldudalinn og við þurfum ekki að horfa upp á fleiri nauðungarsölur, uppbrot fjölskyldna eða aðra slíka erfiðleika sem oft geta fylgt húsnæðismissi. Að loknu þessu fimm ára tímabili verði greitt fyrir því með aflýsingu veðsins sem er umfram verðmæti hússins að áhvílandi byrðar á húsinu séu í samræmi við greiðslugetu viðkomandi til lengri tíma litið. Þetta er eins einfalt og ég get haft það.

[14:41]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svörin. Hann segir að þetta sé ekki verulegur kostnaðarauki fyrir ríkissjóð og nefnir að hámarkskostnaður fyrir tilsjónarmann sé 200.000 kr. Það fer þá væntanlega eftir því hversu margir þeir eru hvort þetta verður verulegur kostnaður.

Ef ég skil málið rétt gengur það út á að lengja í lánum, ekki að taka skuldina af heldur lengja í lánum með einhverjum hætti. Hv. þingmaður leiðréttir mig ef það er rangt. Þetta snýst um það að ef ég er í þeirri stöðu að geta ekki borgað af lánum mínum einhverra hluta vegna er greiðslubyrðin lækkuð en það er ekkert tekið af heldur er þetta fyrst og fremst lenging. Það væri ágætt að fá að vita hjá hv. þingmanni hvort þetta sé rétt nálgun eða hvort um einhverjar niðurfellingar sé að ræða. Það er stóra málið, er þetta einhvers konar niðurfelling eða er þetta bara lenging?

Í öðru lagi spyr ég hvort þetta hafi verið kostnaðargreint. Miðað við þær upplýsingar sem maður hefur frá Seðlabankanum sem eru samt sem áður ekki nýjar er ekki ólíklegt að margir þyrftu á einhvers konar fyrirgreiðslu að halda þannig að þær gætu orðið nokkuð margar, 200.000 krónurnar, og ef um það er að ræða í ofanálag, til viðbótar við kostnað í tengslum við lánin sjálf, gæti það oltið á einhverju. Það væri gott að fá að vita kostnaðarmatið og er þetta bara lenging eða er einhver niðurfelling í þessu?

[14:43]

Frsm. allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er í sjálfu sér lenging með ákveðinni tegund af niðurfellingu. Fyrst og fremst er um það að ræða að greiðslubyrðin er löguð að greiðslugetu skuldara. Það sem ekki er greitt af helst í skilum þannig að á það falli ekki dráttarvextir og þannig er ekki um að ræða að lánið safnist upp með sama hætti og ef um hreina lengingu væri að ræða. Afborganir sem ekki er greiðslugeta fyrir gjaldfalla ekki.

Að loknu tímabilinu er opnaður möguleiki til að létta veðum af eigninni umfram verðmæti hennar og þar með greitt fyrir því að það sem umfram er verði fellt niður. Sá stabbi fer þá inn í almenna greiðsluaðlögun og lúkning mála í þeirri almennu greiðsluaðlögun fer eftir greiðslugetu skuldarans samkvæmt frumvarpinu sem við samþykktum í gær. Það frumvarp felur í sér aðferðafræði og forsendur fyrir niðurfellingu þannig að hér er fyrst og fremst um að ræða að lánum á þessu tímabili sem getur verið allt að fimm árum er haldið í skilum. Þau safna ekki dráttarvöxtum, fólk greiðir í samræmi við greiðslugetu. Þegar komið er að lokum þessa fimm ára tímabils eru skapaðar forsendur fyrir því að það sem stendur út af verðmæti eignarinnar verði fellt inn í niðurfellingarferli, lækkunarferli sem er ferlið sem mælt er fyrir um í almennum greiðsluaðlögunarlögum. (**GÞÞ:** Kostnaðurinn?)

Það hefur ekki verið kostnaðargreint enda rennum við auðvitað við núverandi aðstæður nokkuð blint í sjóinn með það hversu margir munu lenda í þessu. Það fer eftir því hversu löng dýfan verður. Það fer eftir því hversu lengi þetta mikla atvinnuleysi varir. Það fer eftir því hversu fljótt fólk kemst aftur til vinnu. Það er mjög erfitt að spá fyrir um það (Forseti hringir.) en ég tel að kostnaði sé mjög stillt í hóf með þeirri grunnreglu að (Forseti hringir.) greiðslan verði miðuð við 200.000 kr. til umsjónarmanns.

[14:46]

Útbýting:

Listamannalaun, 406. mál, brtt. EMS, þskj. 865.
Ríkisendurskoðun, 416. mál, nál. fjárln., þskj. 866.

[14:46]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Þau orðaskipti sem urðu hér áðan milli hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og hv. þm. Árna Páls Árnasonar lýsa því úrræði sem um er að ræða. Þetta er nokkuð flókið úrræði þegar maður lýsir því fyrir fólki, þarna er um að ræða tæknilega hluti sem þarf að taka tillit til þegar við skoðum fullnusturéttarfarið.

Ef ég reyni að útskýra í stuttu máli hvað verið er að gera með greiðsluaðlögunarúrræðinu, hvort sem um er að ræða þetta úrræði eða frumvarpið sem nýlega varð að lögum, snýst það fyrst og fremst um að sjá hvað viðkomandi aðili getur borgað. Við byrjum eiginlega á öfugum enda þegar við skoðum þessi úrræði: Hvað getur viðkomandi aðili borgað? Hverjir eru tekjumöguleikar hans? Hverjar eru heimilistekjurnar? Hverjar eru skuldirnar? Við stillum okkur af miðað við ákveðna tölu sem talið er að viðkomandi geti innt af hendi á því tímabili sem úrræðið gildir. Þegar sú tala liggur fyrir er farið að stilla af gagnvart einstökum skuldum og þeim þáttum sem úrræðið þarf að taka til. Ég held að það sé grundvallaratriði sem við þurfum að hafa í huga þegar við skoðum þetta úrræði, það snýst fyrst og fremst um hvað viðkomandi getur innt af hendi.

Þetta mál er nokkuð merkilegt hér á þingi. Um er að ræða frumvarp sem varð til hjá allsherjarnefnd og er rétt sem fram kom hjá hv. þm. og framsögumanni, Árna Páli Árnasyni, að allsherjarnefnd var nokkur vandi á höndum þegar málið vaknaði innan nefndarinnar. Menn vildu bregðast við því frumvarpi sem þá lá fyrir nefndinni um almenna greiðsluaðlögun vegna þess að möguleikar þingsins til þess að setja af stað vinnu um lagafrumvörp eru ekki mjög styrkir. Þegar málið tók að þróast á vettvangi allsherjarnefndar var vilji til þess að tryggja að fasteignaveðlán yrðu hluti af þessu úrræði. Lá fyrir að ekki yrði hægt að hjálpa heimilunum öðruvísi en að taka mið af þeim gríðarlegu skuldum sem hvíla á fasteignum Íslendinga og reyndi allsherjarnefnd fyrst að móta sjálf tillögur í þá veru að bregðast við því.

Ég held að við þingmenn sameinumst um að efla þingið þegar kemur að svona málum svo að það þurfi ekki strax að snúa sér til framkvæmdarvaldsins um hvernig standa eigi að gerð þeirra. Við gerðum það í þessu tilviki, við leituðum til dómsmálaráðuneytisins með þann vanda sem við töldum liggja fyrir með ósk um að málið yrði skoðað á vettvangi dómsmálaráðuneytis og réttarfarsnefndar. Í samvinnu allsherjarnefndar, dómsmálaráðuneytis og réttarfarsnefndar varð málið til í þeim búningi sem það er í nú. Var eindregin vilji allrar allsherjarnefndar, bæði fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna og þeirra sem eru í minni hluta, að standa að þessu máli þannig að ég held að hér sé mál sem við höfum verið að bíða eftir og við viljum öll styðja til þess að hjálpa fólkinu í landinu.

Úrræðið snýr fyrst og fremst að því að stilla af greiðslubyrði. Þetta er tímabundið úrræði til fimm ára og við erum búin að koma veðkröfunum í það form að þær eru orðnar samningskröfur eins og þessi hugmynd gengur út á. Við áttum okkur á því að þegar þeim tíma lýkur munu væntanlega margir af þeim sem úrræðið velja fara í almenna greiðsluaðlögunarúrræðið. Við sjáum því fyrir okkur að þær fjölskyldur eða þeir fasteignaeigendur sem munu velja þetta úrræði geta núna um nokkurt árabil leyst úr sínum málum.

Meðan sá valkostur er í gildi á þessu fimm ára tímabili hefur fasteignareigandinn ekki mjög mikið vald yfir því veði sem um er að tefla. Búið er að taka úr sambandi möguleika viðkomandi til að veðsetja eignina frekar en jafnframt er gengið frá því að ekki muni falla dráttarvextir eða aðrir vextir og kostnaður á kröfuna. Fasteignin verður heldur ekki tekin til uppboðsmeðferðar á meðan úrræðið býðst. Allar eðlilegar og venjulegar aðgerðir, þegar um er að ræða greiðsluerfiðleika, eru því teknar úr sambandi og í staðinn fyrir þær eru fjölskyldur settar í tímabundna meðferð, ef svo má segja, til þess að reyna að skapa möguleika fyrir það til að búa áfram í húsunum sínum og reyna að þessum tíma liðnum að ná vopnum sínum á ný. Það er mjög líklegt að þeir sem verða hvað harðast úti og eru með gríðarlega háar skuldir á fasteignum sínum — þeir hafa kannski verið fullbjartsýnir þegar þeir tóku lán og keyptu stórar eignir — séu sama fólkið og orðið hefur fyrir miklum tekjumissi og vandræðum á vinnumarkaði.

Í því sambandi er mjög áhugavert að fara yfir og velta fyrir sér þeirri vinnu sem nú fer fram hjá Seðlabankanum þar sem verið er að skoða hvernig skuldir heimilanna eru. Nú er starfshópur starfandi á vegum Seðlabankans sem reynir gera sér grein fyrir því hversu stór vandinn er. Við í allsherjarnefnd fengum fulltrúa Seðlabankans til okkar til nefndarinnar til að reyna að varpa ljósi á vandann vegna þess að það er svo erfitt að átta sig á því hversu umfangsmikill þessi vandi er. Við vitum í raun og veru ekki hversu margir þeir eru sem eiga í miklum vanda og þurfa að fara þessa leið. Við vitum ekki hversu margar fjölskyldur hafa slíkar skuldir á bakinu að ekki sé önnur leið til að bjarga þeim en að velja þetta úrræði.

Seðlabankinn hefur safnað gögnum til þess að gera sér grein fyrir stöðu mála. Hann hefur nú skilað tveimur bráðabirgðaniðurstöðum, fyrst upplýsingum um skuldir, bílaskuldir og alls kyns neysluskuldir og nú síðast, 27. mars, komu fleiri niðurstöður starfshóps Seðlabankans um skuldir heimilanna. Þá var verið að velta því fyrir sér hvernig dreifing húsnæðisskulda eftir eigna- og skuldahópum er háttað. Í framhaldinu ætlar Seðlabankinn að afla dulkóðaðra gagna um tekjur heimila að fengnu samþykki ríkisskattstjóra og þegar þau gögn liggja fyrir er hægt að gera sér enn frekar grein fyrir í hvaða stöðu þessir hópar eru.

Þær skuldbindingar sem Seðlabankinn hafði til hliðsjónar þegar verið var að skoða hversu stórir þessir hópar eru heildarfasteignaveðlánaskuldir í gagnagrunni sem samanstendur af gögnum frá Nýja Kaupþingi, Nýja Landsbankanum, Íslandsbanka, Íbúðalánasjóði, sparisjóðunum og öðrum minni fjármögnunarfyrirtækjum, en þær eru um 1.260 milljarðar kr. Fasteignaveðlán frá lífeyrissjóðunum eru ekki innifalin en þau gætu numið allt að 170 milljörðum kr. til viðbótar þannig að heildarhúsnæðisskuldir gætu verið um 1.530 milljarðar kr. Öll lán sem eru að baki þessu eru með veð í húsnæði sem skilgreind eru sem fasteignaveðlán. Þegar talað er um fasteignaveðlán í frumvarpi um greiðsluaðlögun fasteignaveðlána er átt við öll lán sem tryggð eru með veði í fasteignum. Þetta eru ekki endilega lán sem eru tekin til kaupa á fasteignum, þau eru tryggð með veði í fasteignum.

Við vitum að á undanförnum árum var töluvert meira um að tekin væru annars konar lán út á fasteignaveð en við þekktum áður. Það er hins vegar ekki gert ráð fyrir því í þessu úrræði að annars konar veð séu tekin til grundvallar þarna. Ekki er um að ræða veðlán vegna frístundahúsa eða neins slíks, sumarbústaða eða annars sem er í skipulögðum frístundabyggðum, í þessu samhengi. Það er því alveg hægt að hugsa sér að sum þeirra heimila sem orðið hafa hvað verst úti hafi líka tekið lán vegna slíkra fjárfestinga en þá þarf fólk að leysa úr því sjálft.

Þegar maður horfir á dreifingu húsnæðisskulda eftir eigna- og skuldahópum hjá Seðlabankanum sýna niðurstöðurnar að heimili sem eiga mikinn húsnæðisauð, þ.e. stórar eignir, eru með hlutfallslega stóran hluta af heildarhúsnæðisskuldunum. Það sem mig grunar, án þess að vita það hreint út, og það sem við bíðum eftir að heyra um frá Seðlabankanum er að þeir sem eru með hæstu veðskuldirnar á stórum eignum séu fólk sem hefur tekið mikla áhættu. Ég óttast mjög að tekjurnar sem þar eru að baki séu ótryggar.

Stóru húsnæðisskuldirnar eru ekki bara í íslenskum krónum heldur er oft um að ræða erlend lán þannig að við komum alltaf aftur og aftur að því að það er mikill munur á þeim sem tóku lán í íslenskum krónum og þeim sem tóku lán í erlendri mynt. Þar er sá vandi sem við höfum talað um í vetur.

Tæplega þriðjungur húseigenda er með húsnæðiseign umfram 30 millj. kr. en sá hópur er með næstum helming allra húsnæðisskulda. Hins vegar eru 68% húseigenda með húsnæðiseign fyrir minna en 30 milljónir og er með rúman helming af því í húsnæðisskuldum. Þegar litið er til heimila með neikvæða eiginfjárstöðu í húsnæði kemur í ljós að rúmlega 6% heimila í gagnagrunninum eru með um 5 milljónir í neikvæðri eiginfjárstöðu en eru með tæplega 20% af heildarhúsnæðisskuldum. Þetta eru tæplega fimm þúsund heimili og þau eru í afar erfiðri og viðkvæmri stöðu og í mikilli hættu á því að fara í þrot ef þau verða fyrir tekjumissi og ráða ekki við greiðslubyrðina. Hins vegar eru u.þ.b. 60% heimila með meira en 5 millj. kr í jákvæðri eiginfjárstöðu en eru þá með 44% af húsnæðisskuldum.

Ég held að þarna sé sá hópur sem við höfum hvað mestar áhyggjur af og við höfum rætt það í þinginu og reynt að slá á hversu fjölmennur sá hópur er. En þegar við horfum á þessar tölur blasir við að á meðan við gerum okkur ekki almennilega grein fyrir því hvernig tekjuhliðin er, er erfitt að gera sér grein fyrir hversu mikill vandinn er. Ég býst við því að þegar menn leita í þetta úrræði — ég á von á því að margir muni kanna hvort þessi úrræði henti þeim — munum við sjá sæmilega vel hversu víðtækur vandinn er.

Við höfum nú þegar samþykkt almenna greiðsluaðlögunarúrræðið þannig að væntanlega fáum við betri upplýsingar um það hvernig það hefur gengið þegar það fer að virka betur, en ég held að afar erfitt sé að gera sér grein fyrir því núna hversu mikill vandinn er.

Það var viðtal í *Morgunblaðinu* við hæstaréttarlögmann hér í bæ sem taldi að þingið vanmæti þörfina stórlega. Þar var um ákveðinn misskilning að ræða vegna þess að allsherjarnefnd hefur ekki gert sér fullkomlega grein fyrir því hversu mikill vandinn er, eins og ég hef sagt, en það er útilokað fyrir nokkurn að slá á hversu margir það verða. Við höfum þær upplýsingar ekki á takteinum, hvert okkar gæti haft einhverjar óljósar skoðanir en það er útilokað að við getum að óreyndu áttað okkur á því hversu mikill vandinn er.

Þetta úrræði felur í sér, eins og fram kom hjá hv. þm. Árna Páli Árnasyni, blandaða aðferð þar sem um er að ræða lengingu og síðan getur verið um einhverja niðurfellingu að ræða á einstaklingsbundnum grunni. Starfshópur Seðlabankans skoðaði nokkuð þær tvær tillögur sem verið hafa í umræðunni í þjóðfélaginu um hvernig hægt væri að bregðast við vanda heimilanna. Þá er annars vegar um að ræða 20% flatan niðurskurð á skuldum og hins vegar lækkun um 4 millj. kr. Það er áhugavert að lesa skoðun bankans á þessu. Ég skil auðvitað að bankinn er ekki í aðstöðu til þess að lýsa skoðun sinni, hann tekur enga pólitíska afstöðu til málsins heldur bendir á að það sé erfitt að átta sig á því hversu vel slík úrræði nýtast þegar við höfum ekki heildarmyndina.

Ég verð samt að segja að í þeim vanda sem við erum í er fásinna að slá slíkar hugmyndir út af borðinu og ræða þær ekki. Ég held að það sé skylda okkar fyrir heimilin í landinu, fólkið okkar, fjölskyldurnar, ungt barnafólk — maður sér fyrir sér fullt af ungu barnafólki sem í bjartsýni sinni tók lán fyrir of stórum íbúðum, fyrir endurbótum á íbúðum, en hefur nú jafnvel misst vinnuna og stendur frammi fyrir gríðarlegum vanda. Þetta fólk getur flúið úr landi, sem við getum ekki hugsað okkur að gerist. Við slíkar aðstæður verðum við öll að tala saman um þær hugmyndir sem geta hjálpað. Ég vil ekki vera svo örugg með mig að segja að þessi aðferðin sé ómöguleg og hin sé betri, sérstaklega ekki þegar við erum í raun ekki komin með neina almennilega mynd af því hvaða úrræði henta best.

Þetta vil ég segja vegna þess að hér í salnum áðan var rætt um 20% niðurfellingu á skuldum og ég held að almennt séð eigum við þingmenn að ræða þessa hluti: Hvað getum við gert til að hjálpa því fólki sem er nú svefnlaust af áhyggjum vegna skulda? Atvinnutækifærin eru ekki fyrir hendi og ef það er eitthvert verkefni sem við eigum að sinna hér á Alþingi er það þetta. Hér er komið mál sem er mjög gott innlegg í þá umræðu, þetta er mál sem Sjálfstæðisflokkurinn stendur heils hugar á bak við.

[15:01]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Það er rétt sem fram hefur komið að forsaga málsins er frekar sérstök af því að upphaflega var í frumvarpinu um almenna greiðsluaðlögun, sem varð hér að lögum í gær, bráðabirgðaákvæði sem laut að veðlánum á íbúðarhúsnæði en ákveðið var að taka það bráðabirgðaákvæði út og skoða í nefndinni betur þessar veðkröfur almennt og flytja mál sem sneri sérstaklega að þeim. Þannig er forsagan að þessu máli. Ég vil líka undirstrika að mjög ánægjulegt var að finna þann samhug sem var í nefndinni um málið þar sem allir liðkuðu fyrir svo hægt væri að koma því áfram í þinglega meðferð. Þetta frumvarp hangir á málinu sem við afgreiddum í gær.

Frumvarpið er 13 greinar, margar þeirra eru frekar flóknar og svolítið langar og það er mjög sérstakt að þingnefnd flytji mál af þessu tagi. Hér í salnum situr hv. þm. Pétur Blöndal sem hefur margoft gagnrýnt það að þingið flytji ekki slík mál nema eftir beiðni frá ráðherrum. En það verður að segjast eins og er að ráðuneytið kom verulega að samningu þessa frumvarps og hæstv. ráðherra beitti sér líka og jafnframt réttarfarsnefnd. Það var ekki þannig að þingmenn sjálfir sætu og skrifuðu frumvarpið upp frá orði til orðs, alls ekki. Það var mikla aðstoð að fá við samningu frumvarpsins og má eiginlega segja að það hafi meira og minna verið samið í ráðuneytinu. Við flytjum það eigi að síður til að liðka hér fyrir og koma þessu á réttan kjöl eins hratt og hægt er.

Ég ætla ekki að grípa niður í einstakar greinar, virðulegur forseti, en heildartilgangur frumvarpsins er að reyna að tryggja virkara úrræði fyrir þann hóp sem er í greiðsluvanda. Þetta er stækkandi hópur og verið er að reyna að gefa einstaklingum möguleika á að endurskipuleggja fjármál sín með það að markmiði að þeir geti búið áfram í fasteign sinni ef þess er nokkur kostur. Það eru auðvitað ákveðin sjónarmið sem gilda varðandi lánveitingar og það er stjórnarskrárvarinn eignarréttur kröfuhafa sem njóta veðtryggingar í fasteignum skuldara. Það þarf því aðeins að huga að því eins og augljóst er, en takist vel til með svona lagasetningu er hægt að gæta hagsmuna bæði skuldara og kröfuhafa, enda geta þessir hagsmunir farið saman. Það er engum í hag, sem á veðkröfu, að skuldarinn fari í þrot og verði gerður gjaldþrota og allar kröfur falli þá bara niður og sá sem á kröfuna sitji uppi með húsnæðið. Það er ekki alltaf honum í hag að koma því þannig fyrir. Það geta því verið mjög sterk rök fyrir því að reyna að aðstoða skuldarann svo hann geti verið áfram í húsnæði sínu og greitt það sem hann getur tímabundið en síðan þurfi að skoða málin þegar þeim tíma lýkur. Hér er verið að stefna að greiðsluaðlögunarferli sem tekur til fimm ára.

Í 3. gr. eru tilgreind þau gögn sem sá sem ætlar í greiðsluaðlögun þarf að reiða fram. Í 4. gr. er svolítið farið yfir það með hvaða hætti héraðsdómari getur hafnað beiðni. Þar kemur fram að ef fjárhagur skuldara er slíkur að hann geti staðið í fullum skilum án greiðsluaðlögunar þá á að sjálfsögðu ekki að veita honum greiðsluaðlögun. Maður þarf að fara í gegnum ákveðið nálarauga til að geta fengið slíkt úrræði. Einnig á þetta við ef ljóst er að skuldaranum yrði ófært að standa undir lágmarksfjárhæð fastrar mánaðargreiðslu, eins og felst í 5. gr. í frumvarpinu. Viðkomandi má því ekki vera of vel staddur og heldur ekki of illa staddur, ef þannig má að orði komast. Það má heldur ekki veita skuldara greiðsluaðlögun gagnvart veðlánum ef skuldari hefur hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað. Þeir sem hafa farið mjög óvarlega og illa að ráði sínu og hægt er að sanna að þeir gátu hvort eð er ekki staðið undir þeim lánum sem þeir voru að taka á sínum tíma geta ekki fengið þetta úrræði. Þetta úrræði á að vera má segja réttlætisúrræði, þ.e. ef eitthvað óvænt hefur komið upp á geta menn komist í gegnum þessi skilyrði og farið í greiðsluaðlögun. Það á ekki að hygla neinum sem hafa tekið rangar ákvarðanir heldur er það meira þannig að ef eitthvað óvænt hefur komið upp á — eins og er nú alveg ljóst með bankahrunið og efnahagsástandið eins og það er í dag, margt mjög óvænt er þar á ferð sem enginn gat séð fyrir — eiga einstaklingar rétt á því að fara í gegnum greiðsluaðlögunina.

Það er rétt sem kom fram hjá báðum þeim hv. þingmönnum sem hafa talað fyrr í umræðunni, Árna Páli Árnasyni og Ólöfu Nordal, að Seðlabankinn kom með upplýsingar til nefndarinnar sem við þurfum að skoða nánar. Það er frekar erfitt að gera sér grein fyrir hvað margir munu fara í gegnum þetta úrræði og þar af leiðandi er erfitt líka að gera sér grein fyrir kostnaðinum. Í frumvarpinu sem var samþykkt í gær, af því að það var aðeins gert að umtalsefni áðan, var talið að 100–200 manns mundu nýta sér það úrræði. Það kom strax fram í nefndinni að sú tala var algjörlega vanáætluð. Fram kom hjá þeim sérfræðingum sem við fengum til okkar að reikna mætti með að það yrðu a.m.k. tíu sinnum fleiri, 1.000–2.000 manns hvað varðar almenna greiðsluaðlögunarfrumvarpið. Það er því erfitt að henda reiður á því hvað margir munu nýta sér þetta úrræði.

Framsóknarmenn hafa talið mikilvægt að grípa til frekar róttækra aðgerða í efnahagsástandinu eins og það er núna og grípa til óvenjulegra aðgerða. Við höfum talað fyrir hinni svokölluðu 20% leiðréttingarleið, þ.e. að hægt væri að leiðrétta upp á 20% fyrir öllum þeim óvæntu uppákomum sem hafa átt sér stað síðan í október á síðasta ári. Vinstri grænir, a.m.k. Lilja Mósesdóttir hagfræðingur, frambjóðandi Vinstri grænna, hefur talað fyrir leið sem er í ætt við 20% leiðréttingarleiðina, þ.e. að hægt sé að fella niður 4 milljónir, upp undir 4 milljónir af húsnæðisskuldum. Seðlabankinn mat báðar þessar leiðir og taldi reyndar að 4 millj. kr. leiðin væri dýrari fyrir ríkissjóð en 20% leiðin, en við framsóknarmenn höfum viljað undirstrika að við gerum ráð fyrir að kröfuhafar afskrifi þannig að ríkissjóður og samfélagið allt á að bera hag af þeirri leið að lokum. Í stað þess að allir sogist niður í þessum efnahagsþrengingum verði leiðrétt um 20% fyrir þá sem bera lán svo við getum komið hjólum atvinnulífsins í gang aftur. Allir græða á því þegar upp er staðið og við getum haldið við störfum o.s.frv.

Ég verð að segja að ég fagna því sem hv. þm. Ólöf Nordal sagði áðan um báðar þessar leiðir. Hv. þingmaður sagði að ekki ætti að sópa svona tillögum út af borðinu. Það hefur

hv. þingmaður, nýkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, líka sagt og Vinstri grænir eru að hugsa á svipuðum nótum. Það er eiginlega bara, virðulegur forseti, Samfylkingin sem hefur meira eða minna skotið þessar hugmyndir niður og mér þykir það nokkuð miður að þeir í Samfylkingunni hafi gert það. Þeir hafa ekki viljað skoða þetta neitt frekar og telja að greiðsluaðlögun sé — eins og ég skil það — nægjanleg. Við höfum ekki talið að svo sé og verði 20% leiðin farin að lokum, sem margir segja að verði farin — hérna er bara verið að ströggla í einhvern tíma, þetta mun fara fram að lokum, þessi 20% leiðrétting — er ljóst að samt munu einhverjir þurfa á greiðsluaðlögun að halda. Þó að þetta mál fari hér í gegn útilokar það ekki að aðrar góðar hugmyndir, sem eru að margra mati mjög nauðsynlegar, verði afgreiddar með einhverjum hætti síðar.

Framsóknarflokkurinn stendur fyllilega á bak við þetta frumvarp eins og frumvarpið sem við afgreiddum í gær, þetta er svona fylgifrumvarp með því. Við vonum að það verði sem fyrst að lögum svo fólk geti farið að leita sér upplýsinga um hvort það passi inn í þessi skilyrði til að athuga hvort það geti þá frekar haldið húsnæði sínu ef það hefur greiðslugetu til þess að standa undir, a.m.k. hluta af skuldum sínum.

[15:11]

Útbýting:

Listamannalaun, 406. mál, þskj. 852.

Náttúruverndaráætlun 2009–2013, 192. mál, nál. umhvn., þskj. 864.

Þróun raforkuverðs í dreifbýli og þéttbýli, 325. mál, svar iðnrh., þskj. 840.

[15:12]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Mér rennur blóðið til skyldunnar að fjalla hér um þetta frumvarp til laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði sem hv. allsherjarnefnd Alþingis flytur, einfaldlega af þeirri ástæðu að ég á sæti í nefndinni og er þar af leiðandi einn af flutningsmönnum málsins.

Frumvarpið felur í sér aðgerð til þess að reyna að vernda heimilin í landinu, veita þeim tímabundna greiðsluaðlögun vegna fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Um helgina hélt Sjálfstæðisflokkurinn landsfund sinn, fjömennan og glæsilegan landsfund þar sem flokkurinn lagði fram þær meginlínur sem hann hyggst berjast fyrir og leggja áherslu á í aðdraganda komandi alþingiskosninga. Eitt af þeim lykilatriðum sem fram koma í stjórnmálaályktun fundarins er að flokkurinn vill tryggja vernd heimilanna í landinu og einkum þeirra sem skuldsett eru. Það er einmitt af þeirri ástæðu sem við treystum okkur til að standa að þessu máli. Þau efnisatriði sem koma fram í því eru fyllilega í samræmi við þau sjónarmið sem landsfundur okkar og forusta Sjálfstæðisflokksins hefur lagt áherslu á við þær aðstæður sem nú eru uppi í samfélaginu.

Það kom fram í upphafi umræðunnar þegar hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson fór í andsvar við framsögumann málsins, hv. þm. Árna Pál Árnason, að það liggja ekki fyrir nægjanlegar upplýsingar um þann kostnað sem til fellur vegna málsins eða þá fjármuni sem ríkið þarf að reiða af hendi vegna samþykktar þessa máls. Ég hef litið þannig á að þó svo að þetta mál sé brýnt sé mikilvægt að fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins verði fengið það hlutverk að fara yfir málið og kostnaðargreina það eins og öll önnur mál.

Það er rétt sem kom fram í umræðu um frumvarpið um almennu greiðsluaðlögunina, sem varð að lögum í gær, að menn eru býsna ósammála um hversu margir muni leita greiðsluaðlögunar. Í kostnaðarmati sem fylgdi því frumvarpi komu fram tölur sem m.a. Samtök atvinnulífsins gagnrýndu mjög í umræðu um það mál. Samtök atvinnulífsins töldu að sá fjöldi sem fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins hefði metið varðandi þörfina og fjölda þeirra sem mundu leita eftir þessu úrræði væri stórlega vanmetinn og sömu sjónarmið koma fram á forsíðu *Morgunblaðsins* í dag hjá Eiríki Elísi Þorlákssyni hæstaréttarlögmanni.

Ég tel að þegar þessari umræðu er lokið sé okkur skylt að taka málið inn í nefnd á milli umræðna til að fá þessar upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu. Ég tel það óumflýjanlegt, ekki síst vegna þess, eins og fram hefur komið í þessu máli, að það er ekki einungis verið að lengja í lánum heldur má segja að við tilteknar aðstæður megi gera ráð fyrir að einhverjar skuldir verði felldar niður. Slík niðurfelling felur auðvitað í sér að ríkisvaldið þarf að taka á sig ákveðnar fjárhagsbyrðar eða með öðrum orðum fær ekki til baka það sem áður hafði verið lánað. Ég tel því eðlilegt að gerð verði úttekt á þessum hluta málsins.

Um frumvarpið sem slíkt og uppbyggingu þess þá er það í samræmi við hið almenna greiðsluaðlögunarfrumvarp, sem samþykkt var sem lög frá Alþingi í gær, og það er í samræmi við þau sjónarmið sem forusta Sjálfstæðisflokksins hefur á fyrri stigum lagt áherslu á í frumvarpi um skuldaaðlögun sem hv. þm. Björn Bjarnason lét semja og lagði fram á Alþingi. Við í Sjálfstæðisflokknum getum fyllilega fallist á þá uppbyggingu sem er á frumvarpinu og teljum að hún gangi lagalega upp, enda er þetta frumvarp samið, ef svo má segja, af sömu mönnum og komu að samningu frumvarpsins um hina almennu greiðsluaðlögun, þrátt fyrir að fram hafi komið efasemdir við meðferð málsins í nefndinni við einstakar greinar og kannski fyrst og síðast við 12. gr. frumvarpsins sem málsmetandi aðilar í lögfræðiheiminum töldu að væri ábótavant og gengi í rauninni ekki upp eins og henni var fyrir komið í upphafi.

Af þeirri ástæðu hefði ég talið að vinna þyrfti örlítið betur í þessu máli þrátt fyrir að ég sé samþykkur efnisatriðum þess, en ég tel að þetta mál sé þess eðlis og það sama á við um frumvarpið um almenna greiðsluaðlögun, sem samþykkt var sem lög frá Alþingi í gær eins og áður sagði, að þessi mál þurfi að vera til stöðugrar endurskoðunar og eftirlits varðandi framkvæmd og framgang hjá Alþingi. Ég tel mikilvægt að þingið sjálft fylgist mjög vel með því hversu margir leita eftir því að komast í þetta úrræði vegna vandamála sinna og það sama eigi við um fasteignaveðkröfurnar.

Auðvitað er það fagnaðarefni að fulltrúar allra stjórnmálaflokka leggi þessu máli lið. Þetta mál er ekki stjórnarfrumvarp heldur er þverpólitísk sátt um það innan þingsins að reyna að fara þessa leið til að vernda heimilin í landinu,

þó þannig að það eru auðvitað sett ákveðin skilyrði fyrir því að héraðsdómari geti veitt og tekið afstöðu til beiðni um að greiðsluaðlögun verði veitt. Héraðsdómari getur, eins og segir í 4. gr. frumvarpsins, hafnað beiðni um greiðsluaðlögun ef tilteknar aðstæður eru uppi. Því er í sjálfu sér ekki verið að veita dómstólum landsins óútfylltan tékka sem býðst öllum. Þar er t.d. tekið fram að héraðsdómari geti hafnað beiðni um greiðsluaðlögun þegar þannig stendur á að skuldari hefur hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað. Í annan stað segir að hafi til skulda verið stofnað á þeim tíma sem skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar geti héraðsdómari hafnað slíkri beiðni. Það sama á við hafi skuldari bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu.

Með öðrum orðum fela þessi skilyrði og þetta ákvæði það í sér að flutningsmenn frumvarpsins eru reiðubúnir til þess að leggja sig fram um það að tryggja að heimilin í landinu og þeir sem hafa reynt að haga fjárhagsmálum sínum með skynsamlegum hætti eigi kost á þeim úrræðum sem hér eru til umfjöllunar. En hafi menn hagað sér óskynsamlega eða haft uppi háttsemi sem kann að varða þá refsingu eða jafnvel skaðabótaskyldu eiga þeir ekki kost á þessum úrræðum. Ég tel að þetta sé ábyrg afstaða löggjafans varðandi þessi úrræði og undirstrikar þann vilja okkar að koma til móts við þá sem þurfa á þessu úrræði að halda og eiga rétt til þess.

Við höfum aflað okkur gagna um húsnæðisskuldir heimilanna. Það eru áhugaverðar upplýsingar sem fram koma í þeim gögnum sem nefndin hefur kallað eftir. Settur hefur verið á stofn sérstakur starfshópur í Seðlabanka Íslands sem fjallar um skuldir heimilanna. Hann lagði fram á fundi nefndarinnar samantekt frá 27. mars árið 2009 sem er mjög upplýsandi um dreifingu húsnæðisskulda eftir eigna- og skuldahópum. Þar kemur fram að heildarfasteignaveðlánaskuldir í gagnagrunni sem starfshópurinn hefur undir höndum og samanstendur af gögnum frá Nýja Kaupþingi, Landsbankanum eða NBI, Íslandsbanka, Íbúðalánasjóði og sparisjóðunum og öðrum minni fjármálafyrirtækjum eru 1.260 milljarðar kr. Fasteignaveðlán frá lífeyrissjóðunum eru þar ekki innifalin en þau gætu numið 170 milljörðum kr. til viðbótar þannig að heildarhúsnæðisskuldir yrðu um 1.430 milljarðar kr. Öll lán, segir í plagginu, þar sem á bak við er veð í húsnæði eru skilgreind sem fasteignaveðlán. Af fasteignaveðlánum í grunninum eru 198 milljarðar í erlendri mynt, þar af 78 milljarðar kr. í svissneskum frönkum og 87 milljarðar kr. í japönskum jenum.

Í þessu plaggi er farið yfir það hvað afskriftir fasteignaveðlána mundu kosta ríkissjóð og þar eru tilteknar þær tvær aðgerðir sem helst hafa verið í umræðunni. Annars vegar 20% afskrift allra húsnæðisskulda og hins vegar 4 millj. kr. lækkun húsnæðisskulda hvers heimilis. Það er athyglisvert að fara yfir niðurstöðuna en hún er sú að sú leið að afskrifa skuldir hvers heimilis um 4 millj. kr. virðist vera dýrari en 20%-leiðin. Þetta er allt saman útskýrt í þessu plaggi og að sama skapi hvaða hópum þessar leiðir mundu nýtast. Ég ætla svo sem ekki að fara nánar út í þetta skjal, það er ágætt til síns brúks og þetta er mjög mikilvæg vinna sem þessi starfshópur Seðlabanka Íslands sem kom á fundi nefndarinnar hefur verið að vinna um skuldir heimilanna. Ég tel að hún komi ekki í staðinn heldur sé til viðbótar við þá kostnaðargreiningu sem þarf að fara fram, það kostnaðarmat sem þarf að fara fram af hálfu fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins vegna þessa máls. Þetta er, eins og ég sagði áðan, mikilvægt mál, það felur í sér mikilvæga aðgerð til þess að vernda heimilin í landinu. Það kann hins vegar að vera að á því séu ágallar sem þarf að lagfæra og ég tel því nauðsynlegt að áður en að samþykkt þess kemur verði farið formlega í það að kostnaðargreina málið fyrir þingmenn. Ég held að það verði erfitt fyrir okkur að standa að því að taka afstöðu til málsins áður en þeirri vinnu hefur verið lokið.

[15:27]

Útbýting:

Eiturefni og hættuleg efni, 456. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 836.

Erfðabreyttar lífverur, 458. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 838.

Meðhöndlun úrgangs, 457. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 837.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 15:28]

[17:31]

Útbýting:

Tollalög og gjaldeyrismál, 462. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 870.

[Fundarhlé. — 17:44]

Út af dagskrá voru tekin 8.–21. mál.

Fundi slitið kl. 18:32.

---

119. FUNDUR

þriðjudaginn 31. mars,
að loknum 118. fundi.

Dagskrá:

Tollalög og gjaldeyrismál, stjfrv., 462. mál, þskj. 870. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:35]

Of skammt var liðið frá útbýtingu eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 58 shlj. atkv.

Tollalög og gjaldeyrismál, 1. umr.

Stjfrv., 462. mál (útflutningsviðskipti í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 870.

[18:35]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á tollalögum og lögum um gjaldeyrismál. Eins og þingmönnum er í fersku minni var samþykkt á Alþingi 28. nóvember sl., í góðri samvinnu allra sem hér sátu með hliðsjón af mikilvægi málsins, breyting á lögum um gjaldeyrismál sem ætlað var að sporna gegn hættu á verulegri gengislækkun íslensku krónunnar. Með lögunum var Seðlabanka Íslands veitt tímabundin heimild til að setja reglur sem takmarka fjármagnsflutninga milli landa en tilgangur þeirra er að takmarka útflæði gjaldeyris, m.a. með reglum um skilaskyldu gjaldeyris.

Nú er svo komið að gengi krónunnar hefur lækkað talsvert síðustu vikur og eru allsterkar vísbendingar um að það markmið að byggja upp gjaldeyrisforða með skilaskyldu gjaldeyris gangi ekki eftir þótt vissulega komi fleira til eins og gjalddagar á lánum og umtalsverðar vaxtagreiðslur úr landi. Helsta ástæðan virðist vera sú að útflutningsaðilar eru ekki skuldbundnir til að selja afurðir sínar í erlendum gjaldmiðli. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands og tollyfirvöldum eru vísbendingar um að verðmæti útfluttra vara sem greitt er fyrir með íslenskum krónum á tímabilinu janúar til mars á þessu ári sé nærri 2 milljörðum meira en á sama tíma árið 2008, þar af í marsmánuði einum hefur útflutningur í íslenskum krónum — um 20. mars sl. nálgast hann 1.400 milljónir í stað 160–170 milljóna í sama mánuði fyrir ári.

Það er rétt að taka fram að stóru útflutningsaðilarnir, t.d. stóru sjávarútvegsfyrirtækin, eru ekki þátttakendur í þessum krónuútflutningi og hafa spilað samkvæmt þeim leikreglum sem ætlunin er að fylgt sé á grundvelli laga um skilaskyldu gjaldeyris.

Það er einnig mjög mikilvægt að leggja á það áherslu að þetta ástand er óviðunandi, ekki bara vegna þeirra afleiðinga sem það hefur og áhrifa á gengi krónunnar, heldur líka vegna þess að það bjagar samkeppnisstöðu og getur orðið dýrkeypt vegna undirboða og fleiri vandræða á markaði.

Innflutningur til landsins hefur dregist mikið saman sem ætti við eðlilegar aðstæður að gefa grundvöll fyrir styrkingu krónunnar. Lækkun gengis krónunnar gefur því vísbendingar um að einhverjir útflytjendur fái greitt fyrir vörur sínar innan lands með íslenskum krónum en að kaupandinn greiði, annaðhvort beint eða í gegnum millilið, í erlendum gjaldmiðli til aðila utan landsteinanna. Þannig er dregið mjög úr áhrifamætti gjaldeyrisreglna Seðlabankans.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum sem ætlað er að koma í veg fyrir að dregið sé úr áhrifamætti laga og reglna um gjaldeyrismál sem að öllu öðru leyti eru óbreyttar.

Breytingarnar fela í sér að nýju bráðabirgðaákvæði verði bætt við lög um gjaldeyrismál sem kveði á um að útflutningsviðskipti vöru og þjónustu skuli fara fram í erlendum gjaldmiðli. Samhliða er lögð til breyting á tollalögum sem felur í sér að á útflutningsskýrslu skuli viðskiptaverð vöru skráð í erlendum gjaldmiðli. Lagt er til að breytingarnar verði tímabundnar til 30. nóvember 2010 sem er sama tímabil og áætlun Íslands um efnahagsstöðugleika vegna lánsumsóknar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum tekur til.

Það er rétt að fram komi að í hádeginu kynnti ég málið fyrir forustumönnum útvegsmanna og fiskvinnslunnar og sömuleiðis Samtaka atvinnulífsins og eru menn þar sammála um að óhjákvæmilegt sé að bregðast við aðstæðunum þó að þeir aðilar séu ekki endilega eftir atvikum sáttir við þær takmarkanir sem settar voru á í haust.

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, virðulegi forseti, að mikilvægt er að gera breytingar sem þessar hratt og fumlaust og þannig að hinar nýju reglur taki tafarlaust gildi og er gildistökuákvæði frumvarpsins þannig úr garði gert. Ég er því þakklátur fyrir ef samstarf getur tekist um að haga þannig afgreiðslu málsins og vænti þess að allir hv. alþingismenn, burt séð frá deilum um aðra og óskylda hluti, skilji þær aðstæður sem hér eru uppi. Lokað var fyrir móttöku tollskýrslna á rafrænu formi fyrir kl. fjögur í dag og vandséð að gjaldeyrismarkaðir yrðu opnaðir án vandræða í fyrramálið nema þessar breytingar verði um garð gengnar. Ég vænti þess að hv. þingnefnd og þingheimur allur sýni góðan skilning á þessum aðstæðum og að þessar aðgerðir eru brýnar og óumflýjanlegar og mjög hliðstæðar því sem menn töldu óumflýjanlegt að gera á liðnu hausti eða snemma vetrar og þingmenn sýndu þá skilning.

Að þessu mæltu, virðulegi forseti, legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

[Fundarhlé. — 18:41]

[22:18]

Útbýting:

Hlutafélög og einkahlutafélög, 145. mál, nál. viðskn., þskj. 873; brtt. viðskn., þskj. 874.

Lokafjárlög 2007, 408. mál, nál. fjárln., þskj. 871; brtt. fjárln., þskj. 872.

Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, 366. mál, þskj. 868.

Tollalög og gjaldeyrismál, 462. mál, nál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 875.

Fundi slitið kl. 22:19.

120. FUNDUR

þriðjudaginn 31. mars,
að loknum 119. fundi.

Dagskrá:

Tollalög og gjaldeyrismál, stjfrv., 462. mál, þskj. 870, nál. 875. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:21]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Tollalög og gjaldeyrismál, 2. umr.

Stjfrv., 462. mál (útflutningsviðskipti í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 870, nál. 875.

[22:21]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992 með síðari breytingum, frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ögmund Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Þóru Margréti Hjaltested frá viðskiptaráðuneyti, Högna S. Kristjánsson og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneyti, Arnór Sighvatsson og Tómas Örn Kristinsson frá Seðlabanka Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Árna Huldar Sveinbjörnsson frá Fjármálaeftirlitinu, Snorra Olsen frá embætti tollstjórans í Reykjavík, og Rósmund Guðnason frá Hagstofu Íslands. Einnig ræddi nefndin símleiðis við Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Tilgangur frumvarpsins er að treysta markmið laga um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, samanber breytingu sem gerð var á þeim með lögum nr. 134/2008, um styrkingu íslensku krónunnar, samanber einnig reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál frá 15. desember 2008. Þar var kveðið á um skilaskyldu gjaldeyris og er í frumvarpinu rennt styrkari stoðum undir hana með því að kveða á um að greiðslur vegna útflutnings vöru og þjónustu skuli skilyrðislaust fara fram í erlendum gjaldmiðli. Þá kemur fram að til standi að eftirlitsstofnunum Evrópska efnahagssvæðisins verði tilkynnt um þá ráðstöfun sem í frumvarpinu felst.

Á fundi nefndarinnar kom fram að vart hefði orðið tilhneigingar til að fara í kringum skilaskyldu gjaldeyris og að sú þróun gæti leitt til frekari veikingar á íslensku krónunni. Frumvarpinu væri ætlað að fyrirbyggja þetta.

Meiri hlutinn telur að frumvarpið samræmist anda laga nr. 134/2008 og sé þeim lögum til styrkingar. Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja skilvirkt eftirlit með því að skilaskyldan verði virt og að embætti tollstjórans í Reykjavík og Seðlabanki Íslands vinni saman að því markmiði.

Meiri hlutinn leggur til þrenns konar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi tæknilega breytingu á 3. efnismálslið 1. gr., í öðru lagi orðalagsbreytingu á 1. efnismgr. 3. gr. og í þriðja lagi breytingu á 3. efnismgr. 3. gr. þess efnis að við hana bætist nýr málsliður sem ætlað er að skerpa á heimild eftirlitsaðila til að fylgja því eftir að skilaskyldan verði virt.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum.

Við 1. gr. 3. efnismálsliður orðist svo: Sé ekki ljóst af sölureikningi hver sé gjaldmiðill viðskiptanna skulu þau skráð í evrum eða bandaríkjadölum á útflutningsskýrslu.

Við 3. gr. Í stað orðanna „öll útflutningsviðskipti með“ í 1. efnismgr. komi: greiðslur vegna útflutnings.

Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er ráðherra heimilt að mæla fyrir um skyldu aðila til að skila, með reglubundnum hætti, skýrslu um útflutningsviðskipti, um ráðstöfun söluandvirðis og um önnur atriði er lúta að útflutningi.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið skrifa Björgvin G. Sigurðsson, framsögumaður, Árni Þór Sigurðsson, Ellert B. Schram, Gunnar Svavarsson, Jón Bjarnason og Birkir J. Jónsson.

[22:25]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Nú er þetta mál gengið til nefndar og umsagnaraðilar hafa fengið að tjá sig um það. Það má kannski segja að það sé lýsandi fyrir þær umsagnir sem berast að menn telja að það sjái ekki á svörtu. Það sé vont að vera með gjaldeyrishöft en vegna þess að þau leka og skila ekki tilætluðum árangri megi svo sem fallast á það að frumvarpið eins og það liggur fyrir geti að einhverju marki stoppað í götin og hjálpað til við að ná þeim markmiðum sem stefnt var að með lögum nr. 134 frá 2008 og reglum Seðlabankans um skilaskyldu gjaldeyris sem fylgdu í kjölfarið.

Það sem verður hins vegar að segjast í tengslum við þetta mál er að það er auðvitað mjög lýsandi fyrir þá staðreynd að ríkisstjórninni er að mistakast að létta á þrýstingnum sem er á íslensku krónuna. Það er hið raunverulega vandamál sem við erum að fást við. Það var raunveruleg ástæða þess að við komum hér saman 28. nóvember síðastliðinn og settum nefnd lög, eins og sagði í greinargerð með því máli.

Í greinargerð með frumvarpinu sem við ræðum hér segir, með leyfi forseta:

„Talin var hætta á því að aðilar sem áttu verulegar fjárhæðir í krónum, bæði á innlánsreikningum og í verðbréfum, mundu leggja allt kapp á að selja slík bréf og kaupa gjaldeyri til að koma fjármunum sínum úr landi um leið og færi gæfist.“

Þessi ríkisstjórn sem boðaði það þegar hún tók við völd-

um að hún ætlaði að grípa til brýnna efnahagsaðgerða getur ekki gert meira gagn en að létta á þrýstingi á íslensku krónuna. Við söknum þess auðvitað verulega að einhverjar markverðar, trúverðugar aðgerðir komi, að við fáum einhverja von um að í náinni framtíð verði hægt að létta á höftunum og að þeim þrýstingi sem er á íslensku krónuna verði aflétt.

Ýmsar aðferðir til þess hafa verið í umræðunni, til að mynda að setja á fót uppboðsmarkað með íslenskar krónur, en það virðist vera ágreiningur um það við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Stefna ríkisstjórnarinnar í því máli er ekki skýr og ekki liggur fyrir hvort sú leið verði farin áður en gengið verður til kosninga í vor.

Það hefur líka verið rætt að breyta innlánum í langtíma-ríkisskuldabréf þannig að þessu vandamáli, þessum þrýstingi, yrði fleytt nokkur ár fram í tímann, fimm árum, sjö árum, tíu árum, allt er hægt að ræða. Það liggur ekkert fyrir um hvort ríkisstjórnin er að vinna að einhverri slíkri leið eða hvort slík leið er í sjónmáli.

Það hefur líka verið rætt um, nú síðast í fjölmiðlum í þessari viku, að mögulega væri hægt að semja við einhverja af þessum aðilum um að breyta skuldbindingum sínum eða kröfum á íslenskar krónur hér á Íslandi í langtímaskuldbindingar til nýrra verkefna. Við fáum engar fréttir af því í þinginu að einhver árangur sé að nást í þeim viðræðum. Þannig að með öðrum orðum er ekki nokkurt tilefni til að ætla að þessari ríkisstjórn sé að takast það mikilvæga verkefni að létta þrýstingnum á krónuna, sem er ástæðan fyrir því að við erum með gjaldeyrishöft, sem er ástæðan fyrir því að við þurfum nú að ganga lengra í því verkefni að stoppa í götin.

Hættan er auðvitað sú og augljóst er að aðilar á markaði munu finna leiðir fram hjá þessu máli alveg eins og fundnar voru leiðir til að fara fram hjá reglunum sem Seðlabankinn setti í desember. Hvað ætla menn þá að gera? Fyrst setti Alþingi lög og síðan setti Seðlabankinn reglur á grundvelli þeirra í desember.

En hvað ætla menn að gera ef fundnar verða leiðir fram hjá þessum aðferðum? Þá er hætta á því að við endum hér með gjaldeyriseftirlit. Við förum bara lengra og lengra inn í hafta- og eftirlitsumhverfið sem getur ekki endað í öðru en hreinum hörmungum. Þannig að þetta er auðvitað óhagkvæm leið. Þetta er leið sem við komum á síðasta haust til að bregðast við bráðavanda. Þetta er leið sem við erum örugglega öll hér í salnum sammála um að við viljum hafa til skamms tíma og bara tímabundið. En við ætlumst þá auðvitað til þess af ríkisstjórninni að hún tefli fram einhverjum trúverðugum hugmyndum til að létta þrýstingnum sem er á krónuna og skapar þörf fyrir reglurnar.

Á meðan engar slíkar trúverðugar hugmyndir eru ræddar hér í þinginu þrátt fyrir að kallað sé eftir því eða einhver von gefin um að við getum losað okkur út úr gjaldeyrishöftunum þá þykir okkur í Sjálfstæðisflokknum ekki mikil ástæða til að styðja við þær hugmyndir sem verið er að nota í millitíðinni.

Við munum hins vegar ekki standa í vegi fyrir afgreiðslu þessa máls vegna þeirrar óvenjulegu og erfiðu stöðu sem er uppi og ætlum ekki að valda óróa og ójafnvægi á gjaldeyrismörkuðum á morgun.

[22:31]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Þann 28. nóvember sl. setti ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar haftalög á Alþingi vegna gjaldeyrisviðskipta. Það frumvarp sem við ræðum hér er afleiðing þeirrar löggjafar. Við erum í raun og veru að lappa upp á þá löggjöf eða það sem misfórst í löggjöf á þeim tíma.

Við framsóknarmenn vorum mjög á móti því hvernig að setningu haftalaganna var staðið á sínum tíma. Það voru einnig Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Hún er minnisstæð sú nótt þegar við hv. þingmenn þurftum að fjalla um málið í nefndinni og hlustuðum á gesti sem komu á fund nefndarinnar sem lýstu því að ekkert samráð hefði verið haft við þá um útfærsluna á þeim miklu höftum sem þá voru innleidd. Enda fór það svo að við framsóknarmenn gátum ekki samvisku okkar vegna stutt það frumvarp sem þá var keyrt í gegn yfir eina nótt og greiddum því ekki atkvæði.

Hins vegar í ljósi þess að við höfum sagt það hér að við séum tilbúin að greiða götu mála sem við teljum vera af hinu góða, viljum við styðja þær breytingar sem verið er að gera á þessum haftalögum í kvöld. Hér er verið að koma í veg fyrir að gengi íslensku krónunnar veikist enn frekar en nú er, því að það er ljóst og okkur berst það til eyrna að einhverjir útflytjendur fái greitt fyrir vörur sínar innan lands með íslenskum krónum en kaupandinn greiði annaðhvort beint eða í gegnum millilið í erlendum gjaldmiðli til aðila utan landsteinanna og þannig hefur verið dregið mjög úr áhrifamætti gjaldeyrisreglna Seðlabankans. Ég hefði því viljað sjá hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem komu að því að setja þessi haftalög á sínum tíma standa með öðrum þingmönnum að því að reyna að bæta þá löggjöf sem þá var samþykkt í þinginu og stuðla að aðgerðum sem vonandi munu leiða til þess að gengi íslensku krónunnar styrkist. Það er óhugnanlegt að sjá hversu veik íslenska krónan er í dag og við þurfum að leita allra leiða til að styrkja gjaldmiðilinn okkar.

Eins og fram hefur komið, bæði á fundum nefndarinnar og í umræðum í sölum Alþingis þegar umrædd löggjöf var sett á sínum tíma, leiða höft oftar en ekki til frekari hafta. Það er ekki nýtt í sögunni og það er það sem við horfumst í augu við í dag, herra forseti.

Við skulum líka horfa til þess að við erum með aðgerðum okkar hér á landi í mörgum málum að brjóta EES-sáttmálann og við skulum huga að því hvort það geti leitt til þess að samstarf verði í uppnámi í framtíðinni, hvort þolinmæði muni bresta gagnvart okkur Íslendingum. Fyrir okkur sem viljum eiga samstarf við aðrar þjóðir þegar kemur að alþjóðaviðskiptum er þetta mikið áhyggjuefni.

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn styðjum efnislega það frumvarp sem lagt hefur verið fram, frumvarp sem er í raun og veru afsprengi löggjafar sem sett var á síðasta ári og fólst í haftalögunum. Þetta er breyting sem á að leiða til þess að gengi krónunnar verði sterkara en ella, ef við hefðum ekki ráðist í þessar breytingar og þess vegna styðjum við þetta mál. Hins vegar minni ég á það, herra forseti, að við framsóknarmenn höfðum lagt fram í þinginu ítarlegar tillögur í efnahagsmálum sem snerta heimilin og fyrirtækin

í landinu. Þörf er á róttækum aðgerðum í þeim efnum. Því miður sýnist mér allt stefna í það að við séum ekki að ná þeim árangri sem við ætluðum í því efni að ná samstöðu um þau mál. Við teljum að grípa þurfi til róttækra aðgerða þegar kemur að vandanum í efnahagslífinu. Sú lausn sem við erum að tala um hér er ekki róttæk í eðli sínu en hún mun þó vonandi leiða til þess að gengi krónunnar verði sterkara en ella því að við vitum að atvinnulífið og heimilin í landinu, mörg hver, eru með gengistryggð lán og þau lán eru að fara upp úr öllum hæðum. Við þurfum að skjóta styrkari stoðum undir gjaldmiðilinn okkar, undir efnahagslífið og þetta frumvarp er alla vega markmið að því að styrkja stöðu íslenskra efnahagsmála, styrkja stöðu krónunnar og þar með heimilanna og fyrirtækjanna í landinu.

[22:37]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Bara örstutt til að bregðast við því sem fram kom í máli hv. þm. Birkis J. Jónssonar um EES-samninginn þar sem hann segir að með þeim lagaákvæðum sem hér hafa verið til umræðu og voru með lögunum frá því í nóvember sé verið að brjóta EES-samninginn, þá er rétt að geta þess og það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Þegar heimild var veitt til takmarkana á fjármagnshreyfingum við gildistöku laga nr. 134/2008, um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, tilkynntu íslensk stjórnvöld að gripið væri til verndarráðstafana skv. 43. gr. EES-samningsins þar sem telja mátti að takmarkanirnar gengju gegn meginreglu 40. og 41. gr. EES-samningsins um frjálst fjármagnsflæði.“

Þessi ráðstöfun var tilkynnt aðilum EES-samningsins og það kom fram hjá fulltrúum utanríkisráðuneytisins á fundi nefndarinnar í kvöld að engar athugasemdir hefðu komið frá samstarfsaðilum okkar innan EES-samningsins við því að beitt væri ákvæðum 43. gr. EES-samningsins í þessu samhengi. Íslensk stjórnvöld, utanríkisráðuneytið, mundu að sjálfsögðu jafnframt tilkynna sömu aðilum um þær breytingar sem verið væri að gera nú til að hnykkja á þeim lögum sem sett voru í nóvember og það væri svo sem ekkert hægt að girða fyrir það að einhverjar athugasemdir kæmu í þetta skipti en það væru heldur engin teikn á lofti um að svo yrði.

Ég vildi hnykkja á þessu, virðulegi forseti, að það er ekki litið svo á að verið sé að brjóta EES-samninginn heldur er verið að beita verndarráðstöfunum í samræmi við 43. gr. þess samnings.

[22:39]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Undanfarið hefur maður fylgst með hryllingi með gengisskráningu krónunnar. Hún hefur fallið mjög mikið síðustu tvær vikurnar og hafa verið færð fyrir því ýmis rök og ástæður. Við þessu hefur ríkisstjórnin brugðist með því að flytja frumvarp um breyting á lögum um gjaldeyrismál og samkvæmt eðli slíkra mála ber að afgreiða það áður en markaðir opna í fyrramálið. Þess vegna sitjum við hér og verðum að klára þetta mál í kvöld og ég ætla að gera mitt besta til að svo geti orðið. En það sem meira er, við verðum eiginlega að samþykkja þetta líka, það er nú það versta, og ekki vinnst tími til að breyta einu né neinu og það er líka slæmt. (Gripið fram í.) Þær breytingartillögur koma ekki frá þingmönnum, herra forseti.

Haldinn var fundur í hv. efnahags- og skattanefnd og þar komu fram mörg mismunandi sjónarmið. Harðasta sjónarmiðið kom frá fulltrúa ASÍ sem benti á að við værum að fara út í fen sem yrði varla aftur snúið frá. Nú vill svo til að ég man þá tíð að ekki var svo brotist inn í hús í Reykjavík að ekki væri stolið gjaldeyri, svo og svo miklum, vegna þess að almenningur hamstraði gjaldeyri. Fólk keypti gjaldeyri af ferðamönnum hvar sem í hann náðist. Það var vegna þess að þá voru mjög mikil gjaldeyrishöft, það voru höft á gjaldeyri út og suður. Sem betur fer tókst okkur að brjótast út úr því kerfi en mér sýnist og ég óttast að við séum að fara inn í það kerfi aftur. Hér er verið að setja lög sem skerpa á lögunum sem sett voru í nóvember og ég býst við því að innan nokkurra mánaða verði aftur sett lög sem skerpa á þessum lögum og ég mun nefna af hverju.

Ég tel, eftir upplýsingum sem komu fram í nefndinni, að hér gæti verið um yfirdrifin viðbrögð að ræða, þ.e. að menn bregðist of harkalega við einhverri stöðu vegna þess að þeir hafi kannski ekki áttað sig alveg á hvað var að gerast. Það hefur verið nefnt að stór pakki af jöklabréfum hafi verið á gjalddaga og að verið sé að flytja út vexti af þeirri upphæð sem er heimilt samkvæmt núgildandi lögum. Þarna sé um að ræða 15 milljarða kr. sem er umtalsverður hluti af veltunni á markaðnum. Það er því ekki skrýtið þó að gengið gefi eitthvað eftir. Á sama tíma sé það fyrirbæri sem menn óttast, þ.e. að menn kaupi krónur í útlöndum og flytji til landsins, eitthvað um einn milljarður. Mig grunar að þarna bregðist menn of harkalega við og ástæðan fyrir þessu gengisfalli sé þessi greiðsla af jöklabréfum sem er í eitt skipti og kemur næst aftur í júní/júlí, skilst mér, þannig að gengið hefði getað lagast þangað til. Svo vil ég nefna það að vextir eru náttúrlega háir í dag en ekki endilega háir raunvextir og þótt verið sé að borga 15 milljarða af jöklabréfunum eru það ekki raunverulegir peningar, það er verðbólga í krónunni eins og þekkt er, enn sem komið er.

Ég benti á það í haust að menn ættu að taka upp tvöfalt gengi, vöruskiptagengi sem við sjáum í dag og síðan ætti Seðlabankinn að vera með frjálst gengi og skilaskylda á útflutningi væri 90%, eða 80% gæti maður líka hugsað sér, þannig að það sé hvati fyrir útflytjendur að koma með gjaldeyrinn heim því að þeir megi selja hluta af honum á mjög háu verði til að mæta jöklabréfaútgreiðslunum. Núna sitjum við uppi með það að hér er margfaldur gjaldeyrismarkaður, sennilega hundraðfaldur. Úti um alla Evrópu geta menn keypt krónur. Ég tel að það hefði verið miklu heilbrigðara að Seðlabankinn héldi utan um þetta á einum markaði þannig að það myndaðist markaðsverð með frjálsar krónur og það væru þá vöruskiptakrónur og svo frjálsar krónur. En þetta er eitthvað sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn má ekki heyra nefnt og þess vegna var þessari hugmynd minni hafnað í haust.

Ég ætla að nefna dæmi hvernig auðvelt er að fara fram hjá þessum reglum og þessi breyting breytir engu um það. Við skulum hugsa okkur að á Ítalíu sé tannlæknir sem tók þátt í ævintýrinu með jöklabréfin. Hann tók lán í jenum og

lagði inn í banka á Íslandi og hann á núna einhvern helling af krónum í banka á Íslandi og skuldar svo í Japan. Staðan er afskaplega slæm hjá honum því að jenið hefur hækkað en krónan hefur snarlækkað og sennilega er maðurinn orðinn gjaldþrota. Einhvers staðar nálægt honum býr fiskkaupandi sem langar til að kaupa fisk á ódýru verði. Hann vill helst græða sem mest. Hann er Ítali líka og hann kaupir krónurnar af þessum náunga, þessum tannlækni. Krónurnar eru geymdar í Landsbankanum. Svo fer hann til Íslands og tekur út krónurnar og kaupir fisk á Íslandi fyrir þessar krónur. Það er verið að kaupa íslenskan fisk á íslenskum markaði eða í íslenskri fiskbúð með íslenskum krónum, algerlega löglegt. Svo flytur hann þetta út, hann fyllir út útflutningsskýrslu og setur einhverjar evrur þarna miðað við eitthvert gengi, hvort sem það er gengið sem hann borgaði eða ekki, það skiptir ekki máli. Svo á hann að skila þessum gjaldeyri en honum finnst það sniðugt og hlær því að hann er bara á Ítalíu og kemur aldrei aftur. Næst kemur bróðir hans og þar næst kemur frændi hans. Þetta er afskaplega auðveld leið til að komast fram hjá þessu.

Önnur leið er t.d. ferðaskrifstofa á Ítalíu við hliðina á tannlækninum fræga og umræddа. Þessi ferðaskrifstofa ætlar að flytja 20 ítalska túrista til Íslands. Hún gerir nákvæmlega það sama, hún kaupir krónurnar af umræddum tannlækni á afskaplega lágu verði. Fer með hóp til Íslands, tekur út úr Landsbankanum eða hvar sem krónurnar eru geymdar og borgar hótelið og allt saman með þeim. Um þetta veit ekki nokkur einasti maður, ekki frekar en þegar Íslendingar fara um landið. Ég sé, því miður, ekki að þessar reglur breyti yfirleitt nokkrum sköpuðum hlut, herra forseti, um þetta. Það næsta sem maður sér náttúrlega er gjaldeyrislöggregla o.s.frv. til að hafa enn meira eftirlit með þessu.

Ég man þá tíð líka að menn voru með tvöfalda reikninga. Innflytjendur þóttust borga hærra verð fyrir innflutninginn, það var gefinn út hærri reikningur og svo annar lægri sem þeir borguðu raunverulega og mismunurinn var færður inn á reikning í Sviss. Þetta er lögbrot en afskaplega erfitt að tékka á því. Svo eru útflytjendur, þeir ætla kannski að selja fisk á 100 þúsund evrur á Ítalíu og þá semja þeir við kaupandann um að hann skrifi út reikning upp á 80 þúsund evrur og það er það sem þeir flytja til Ísland, 20 þúsund evrur fara inn á banka í Sviss og heita ráðgjafarlaun, laun fyrir ráðgjöf. Það er mjög erfitt að komast að þessu því að þessi útflytjandi á Íslandi er sérfræðingur í því að steikja þorsk og veitir um það dýrmæta ráðgjöf. Þetta er það sem kemur næst, ég lofa því. Við erum að fara út í mjög slæma stöðu. Ég held að menn ættu í alvöru að ræða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, sem gat ekki komið á fund nefndarinnar, um að taka upp það sem ég nefndi, takmarkaða skilaskyldu, 80–90%, þannig að það sé hvati fyrir menn að koma með gjaldeyri til landsins, og hafa svo opinbert frjálst gengi á krónunni í staðinn fyrir að hafa þetta úti um alla Evrópu á alls konar gengi.

Sumir hér geta aldrei geta tekið til máls án þess að minnast á evru og Evrópusambandið og inngöngu í það og halda að það leysi allan vanda. Segjum að við göngum í Evrópusambandið, þá sýnist mér að það líði svona 10 ár þangað til við uppfyllum Maastricht-skilyrðin og sérstaklega ef Evrópusambandið kúgar okkur enn meira til að ganga til samninga um Icesave-reikningana því að það er að kúga okkur til þess. Það gæti liðið æðilangur tími þangað til við tækjum upp evru með þessum hætti. Ég veit ekki hvar þessir evrusinnar eru núna en þeir eru ekki í salnum. En sumir geta aldrei flutt neina ræðu, hvort sem það er um barnaverndarmál eða hvað sem er, án þess að finna lausnina í því að ganga í Evrópusambandið. (Gripið fram í.) Það er rétt en hann er ekki eins mikill evrusinni og margir aðrir, hæstvirtur. (**Gripið fram í:** Þú ert búinn að tala um evru í allri ræðu þinni.) Nei, nei, það var bara rétt undir lokin.

Ég vil endilega að þetta mál fari í gegn og þess vegna ætla ég ekki að tala miklu lengur en ég treysti mér ekki til að standa að þessu vegna þeirra galla sem ég nefndi og að þetta séu hugsanlega yfirdrifin viðbrögð. Ég mun sitja hjá en ég veit að þetta verður að afgreiðast núna.

[22:48]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á tollalögum og lögum um gjaldeyrismál. Mér finnst eiginlega frekar sorglegt að standa hérna og ræða þessi mál. Ég hélt í einlægni fyrir nokkrum mánuðum að ég mundi aldrei lifa þá tíma að við værum að ræða höft á gjaldeyri og að frjáls viðskipti væru ekki nokkuð sem við gætum tekið (Gripið fram í.) sem sjálfsagðan hlut.

Gjaldeyrishöftin frá því í haust voru ömurleg en enn ömurlegra finnst mér þó að standa hér og styrkja þau í sessi. Það hefur drepið niður hjá mér þá von að þetta verði, eins og til stóð, einungis tímabundin ráðstöfun þar sem markmiðið var að verja krónuna. Eins og sést á þessu hefur það ekki dugað til.

Markmiðið með breytingunni er að stoppa í gat sem myndast hefur. Það er í rauninni verið að setja fötuna undir lekann í staðinn fyrir að gera við þakið sjálft sem er lekt. Eins og fram kom hjá formanni Sjálfstæðisflokksins áðan, við upphaf umræðunnar, er þetta augljóst dæmi um það að núverandi ríkisstjórn, þessari minnihlutastjórn, hefur mistekist að leysa þann undirliggjandi vanda sem við er að glíma, þ.e. að létta þrýstingnum af íslensku krónunni sem gjaldeyrishöftin í haust voru sett á til að tryggja.

Þetta vandamál er klárlega til staðar og það kom fram á fundi efnahags- og skattanefndar í kvöld. Þeir gestir sem komu tóku undir að þetta er vandamál sem íslensk fyrirtæki glíma við núna. Það er afar bagalegt ef þetta er farið að skaða hagsmuni fyrirtækja, sérstaklega íslenskra fiskútflytjenda. Það var talað sérstaklega mikið um fiskútflytjendur og ekki var svo sem komið með nein dæmi úr öðrum atvinnugreinum. Það er mjög bagalegt ef þetta er farið að skaða hagsmuni þeirra, lækka afurðaverð á erlendum mörkuðum og skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja í þessum greinum.

Ég væri að sjálfsögðu til í að taka þátt í að lagfæra slíkt ástand og mundi ekki skorast undan því en ég hef miklar efasemdir um að sú lagabreyting sem við erum að ræða hér dugi til. Ég óttast að við séum einungis að færast lengra inn í það tímabil hafta og stöðnunar sem nú blasir við án nokkurrar áætlunar og án þess að nokkuð liggi fyrir sem styrki okkur í þeirri trú að við komumst einhvern tímann út úr þessu. Það er ekki fengist við undirliggjandi vanda.

Eins og hv. þm. Pétur Blöndal nefndi á undan mér var fulltrúi Alþýðusambandsins kannski harðorðastur um þessi mál og talaði um að það væri engin landsýn í rauninni málinu, við græfum okkur dýpra og dýpra í fenið ef við féllumst á að styrkja þessi höft. Þetta leysir ekki málið og það var mikið rætt í nefndinni hvernig ætti að hafa eftirlit með þessu, hvort það væri einhver leið til að tryggja að þessi lagabreyting mundi breyta einhverju um það ástand sem nú hefur skapast. Breytingartillaga var lögð fram sem meiri hluti nefndarinnar getur um í nefndaráliti sínu og hún kveður helst á um að skikka útflytjendur til að skila skýrslum inn í Seðlabanka eða eitthvert til að hægt sé að tékka á þessu en ég leyfi mér að hafa efasemdir um að það verði nokkur á hinum endanum til að fara yfir skýrslurnar. Þetta verður allt saman frekar flókið.

Það sem við ættum að vera að ræða hér er hvernig við förum út úr þessu í staðinn fyrir að fara hænuskref fyrir hænuskref eins og framkvæmdastjóri og formaður Alþýðusambandsins nefndi, hænuskref fyrir hænuskref inn á leið haftastefnu. Hvað leggur ríkisstjórnin til að við gerum, þótt ekki sé nema hænuskref fyrir hænuskref, til að komast út úr þessari haftastefnu? Hvernig getum við lagt af þessi gjaldeyrishöft? Hvernig á að leysa undirliggjandi vanda sem, eins og hér hefur komið fram og kom vel fram í nefndinni, felst í krónubréfunum? Hvernig á að komast út úr þeim vanda?

Ég tek undir með þeim félögum mínum sem hér hafa talað að ég get ekki stutt þetta mál vegna þess hvernig það er fram borið og eins og við höfum talað um ágallana sem eru á málinu. Ég held að það sé rétt að ríkisstjórnin, minnihlutastjórnin, beri ábyrgð á þessu sjálf vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að hún beri mikla ábyrgð á því að ekki sé búið að koma málum þannig fyrir að hægt sé að leysa þau á farsælli veg. Þess vegna mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

[22:55]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur auðvitað borið að með nokkuð sérstökum hætti. Það hefur ekki verið einsdæmi í vetur en hins vegar er þetta óvenjulegt og í sjálfu sér er skiljanlegt út frá efni frumvarpsins að það þurfi að koma til með þessu móti. Auðvitað er líka skiljanlegt að þung áhersla sé lögð á það af hálfu ríkisstjórnarinnar að meðferð þess gangi hratt fyrir sig eftir að það er komið fram. Það allt saman á sér eðlilegar skýringar, enda er ekki heppilegt að þetta mál liggi einhvern veginn í lausu lofti lengi til að það hafi ekki óheppileg áhrif á markaði.

Eins og fram hefur komið í þessari umræðu er auðvitað um það að ræða að þetta mál er fram borið til að loka ákveðnum götum varðandi gjaldeyrisviðskiptin sem menn hafa uppgötvað á þeim tíma sem liðinn er frá því að gjaldeyrishöftin voru sett á í nóvember sl. Það er í sjálfu sér í samræmi við þær áhyggjur sem við margir höfðum þegar gjaldeyrishöftunum var komið á í nóvember. Ég tók sem nefndarmaður í viðskiptanefnd þátt í því á sínum tíma að fjalla um það mál og afgreiða það. Ég studdi það á þeim tíma. Það var þó með þeim hætti að við höfðum margir hverjir áhyggjur af því út á hvaða braut við værum að fara. Við litum á þetta sem neyðarráðstöfun í ljósi þess ástands sem þá var uppi og töldum að undir þeim kringumstæðum sem þá voru í sambandi við gjaldeyrismál okkar væri óhjákvæmilegt að stíga það skref sem þar var gert. Það kom þó skýrt fram af okkar hálfu, minni hálfu og fleiri þingmanna Sjálfstæðisflokksins, að við litum á þetta sem fullkomna neyðarráðstöfun til bráðabirgða og lýstum því að við vildum komast út úr þessu fyrirkomulagi sem allra fyrst. Það var alveg skýrt af okkar hálfu.

Eitt af því sem við horfðum til í nóvember var að í gjaldeyrisreglum Seðlabankans var gert ráð fyrir ákveðinni endurskoðun núna í mars. Við bundum vonir við það að á þeim tíma sem leið, frá nóvember og fram í mars, hefðu skapast einhver skilyrði til að unnt yrði að feta brautina frá gjaldeyrishöftunum, stíga skref í þá átt að létta þær reglur sem þá voru fyrir hendi. Því miður erum við núna í þeirri stöðu sem er viðbragð við óheppilegri þróun að við erum með tillögur um að herða reglurnar. Það eru mikil vonbrigði að ástandið sé með þeim hætti.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að gjaldeyrishöft eru óheppileg og fullkomlega á skjön við þær hugmyndir sem við höfum um frjáls viðskipti. Þess vegna verða menn að líta á allar ákvarðanir í þá átt sem skammtímaráðstafanir og við eigum að reyna eftir öllum mætti að komast út úr slíku fyrirkomulagi eins fljótt og auðið er frekar en að sökkva sér dýpra í það.

Hættan er sú, eins og bent hefur verið á í umræðunni, þar á meðal af hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur, að frumvarpið sem slíkt skili ekki þeim árangri sem ætlast er til. Við gerum okkur grein fyrir því að það getur leitt til þess að við þurfum í framhaldi að samþykkja nýjar reglur, jafnvel einhvern tímann í náinni framtíð, sem gerir það að verkum að einhverjum öðrum holum er lokað og þannig er hætta á að við flækjumst lengra inn í haftafyrirkomulagið. Það er töluvert alvarlegt mál. Reynslan frá fyrri árum og áratugum og reyndar frá öðrum löndum líka er sú að það er miklu auðveldara að koma sér inn í svona haftafyrirkomulag en að losna út úr því. Þess vegna hefur maður vonda tilfinningu fyrir því að fara lengra inn á þessa braut.

Það hefur líka komið fram í umræðunni og full ástæða til að leggja áherslu á það að auðvitað er fyrst og fremst eitt atriði sem mætti verða til þess að losa um þær aðstæður sem gera það að verkum að þessi höft eru óhjákvæmileg. Við vitum að það er spurningin um krónubréfin sem eru hér inni og hugsanlega hættu á miklu gengisfalli ef höftunum verður létt af í einu vetfangi. Eins og menn hafa talað um er kannski brýnasta verkefnið, og það mikilvægasta til að komast út úr þessu ástandi, að stjórnvöld og Seðlabanki reyni með einhverjum hætti að ná samkomulagi við þá sem eiga þessi bréf og tryggja að þeir losi sig annaðhvort smám saman út úr stöðu sinni hér á landi í krónum eða fallist á að halda þessu inni í landinu til lengri tíma þannig að þeir geymi það að selja krónurnar þangað til efnahagsleg skilyrði eru orðin önnur og betri en um þessar mundir.

Hvaða leið sem verður farin er skilyrðið það að ná samkomulagi við handhafa krónubréfanna. Ég hef ekki forsendur til að meta hvernig viðræður hafa gengið milli íslenskra stjórnvalda annars vegar og eigenda krónubréfanna hins vegar. Það liggur þó fyrir að lítið hefur áunnist í þeim efn-

um sem eru mikil vonbrigði því að það hefur legið fyrir mánuðum saman að þetta væri mikilvægt viðfangsefni og verkefni. Ég hef ekki forsendur til að skýra hvers vegna það er, en hvernig svo sem á það er litið er mikilvægt að í því máli verði unnið og lausn fundin í þeim efnum þannig að við eigum möguleika á að komast út úr þessu fyrirkomulagi.

Staðan er sú að við Íslendingar höfum reynslu af því að búa við gjaldeyrishöft og víðtæk höft á erlendum viðskiptum. Við vitum að þau höft sem hér voru bæði vardandi fjármagnsflutninga og aðra þætti í utanríkisviðskiptum okkar á síðustu öld voru með þeim hætti að það tók okkur ár og jafnvel áratugi að losna út úr því. Við verðum að gæta þess vandlega að lenda ekki í slíkri stöðu aftur.

Í því ljósi og með þau viðvörunarorð í huga tel ég rétt fyrir okkur að stíga skref sem fyrst í þá átt að losa um þetta og í ljósi þeirrar afstöðu og í ljósi þess að ég hef nokkrar efasemdir um að þau úrræði sem eru lögð til í þessu frumvarpi skili árangri mun ég gera eins og hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir lýsti áðan, sitja hjá við afgreiðslu málsins. Við sjálfstæðismenn munum ekki leggjast gegn málinu en við teljum hins vegar ekki ástæðu til að taka á okkur ábyrgð á þeirri stöðu sem upp er komin í þessum efnum núna.

[23:04]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það hefur komið fram í máli þriggja ræðumanna að hér sé verið að breyta og auka þau gjaldeyrishöft og þær gjaldeyrisskilareglur sem settar voru á í haust. Það er misskilningur. Þær standa að öllu leyti óbreyttar, þær eru í boði Sjálfstæðisflokksins. Hér er verið að gera tæknilega breytingu á útfyllingu útflutningsskýrslna til að tryggja að gjaldeyrisskilareglurnar haldi, að þær nái tilgangi sínum, að ekki sé farið fram hjá þeim, menn fari ekki hjáleið á gráu svæði eða sporna gegn leka í því kerfi sem Sjálfstæðisflokkurinn hafði forustu um að setja á í haust til að reyna að styrkja krónuna.

Gjaldeyristakmarkanirnar sem lúta að fjármagnshreyfingum til og frá landinu standa að öllu leyti óbreyttar og þetta hefur engin áhrif á þær og gjaldeyrisskilareglurnar eru sömuleiðis algerlega óbreyttar. Hér er í raun eingöngu um tæknilega breytingu að ræða sem er ætlað að koma í veg fyrir þann leka sem sannanlega er í kerfinu og þingmenn hafa tekið undir að sé alvörumál.

Eins og ég fór yfir í ræðu minni í dag hefur útflutningur í krónum margfaldast milli mánaða á þessu ári og hinu síðasta. Sést það best með því að skoða það sem af er marsmánuði. Þegar tölur voru teknar saman var útflutningur í fyrra upp á 160 milljónir kr. en stefnir núna í um 1.400 milljónir og voru þá þó nokkrir dagar eftir af marsmánuði.

Þingmenn hafa talað um að það sé óumflýjanlegt að taka á þessu og virðist vera samstaða um það. Engu að síður treystir Sjálfstæðisflokkurinn sér ekki til að styðja þessar lagfæringar á sinni eigin löggjöf frá því í haust. Það er athyglisvert, satt best að segja mjög athyglisvert, ekki síst í ljósi þess að útflytjendur, samtök útgerðarmanna og fleiri aðilar, mæla eindregið með því að gripið sé til þessara ráðstafana. Ég fagna því að sjálfsögðu að til þess kemur ekki, eins og virtist stefna í í dag, að hreint neyðarástand skapist í fyrramálið. Það er gott að Sjálfstæðisflokkurinn sá að sér í þeim efnum og ég held að það væri hyggilegt fyrir okkur öll að ljúka þessari umræðu í anda þess sem var í haust þegar (Forseti hringir.) yfirleitt bara einn talaði frá hverjum flokki og menn greiddu götu þess að mál gengju hratt fram. Því fyrr sem við gerum þetta að lögum, þeim mun fyrr verður hægt að birta Stjórnartíðindin og tryggja að (Forseti hringir.) þetta gangi snurðulaust fyrir sig í fyrramálið.

[23:06]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að skattyrðast við hæstv. fjármálaráðherra um ábyrgð einstakra flokka í þessu sambandi. Ég lýsti því í ræðu minni að við hefðum talið ákveðin skref nauðsynleg í haust og litið á það sem bráðabirgðaástand. Ég lýsti því að ég teldi að það væri miklu affarasælla að við færum í þá átt að reyna að létta af þessum gjaldeyrishöftum og reyndum að stuðla að þeim breytingum að það yrði unnt. Ég held að við hæstv. fjármálaráðherra getum í sjálfu sér verið sammála um það.

Ég minnist þess heldur ekki að hæstv. fjármálaráðherra eða flokkur hans hafi haft miklar efasemdir um þær reglur sem voru settar í nóvember. Ég minnist þess að í þeirri umræðu sem þá fór fram litu flestir svo á að þetta væri til bráðabirgða og menn lýstu almennt þeim vilja að það væri rétt að reyna að losa sig út úr því sem fyrst.

Varðandi skýrsluskil og þess háttar má vera að einhver bót verði af þeim reglum sem þarna er um að ræða. Ég tek hins vegar undir með félögum mínum í hv. efnahags- og skattanefnd, ég er efins um að það muni raunverulega hafa mjög mikil áhrif. Ég er ekki gamall maður en ég upplifði það á mínum unglingsárum að starfa nokkur sumur í gjaldeyriseftirliti Seðlabankans þar sem maður var við það frá morgni til kvölds alla daga að færa pappíra á milli skjalaskápa og færa alls konar tölur inn í bækur sem enginn skoðaði. Ég held að á þeim tíma hafi menn akkúrat áttað sig á því að svona reglur voru til langframa óframkvæmanlegar og það skipti kannski ekki höfuðmáli hvaða skýrsluskil voru uppi í þeim efnum, það hafði ekki þau áhrif (Forseti hringir.) sem menn kannski ætluðu sér.

[23:08]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það eru örugglega einhverjir úti í þjóðfélaginu þingmönnum Sjálfstæðisflokksins þakklátir fyrir kennslustundir í því hvernig hægt sé að komast fram hjá þessum reglum, og öllum reglum í þessum efnum eins og við heyrðum í ræðu hv. þm. Péturs Blöndals sem hélt lærðan fyrirlestur um það hvernig menn gætu mögulega farið fram hjá þessu. Var að hluta til undir tekið það áðan.

Ég vek athygli manna á því að það að gjaldeyrisskilareglurnar haldi er mikilvægt innlegg í að við getum linað gjaldeyristakmarkanir hvað varðar fjármagnshreyfingar úr landi og að við getum þá tappað af þeim þrýstingi sem vera jöklabréfanna og lauss fjár í eigu erlendra aðila er í hagkerfinu, er hér á fóðrum og tekur ærna vexti með sér út úr landinu mánaðarlega.

Það er jákvæður viðskiptajöfnuður upp á umtalsverðar fjárhæðir í hverjum mánuði og ef þær gjaldeyristekjur skila sér inn í landið auðveldar það okkur að sjálfsögðu að létta þrýstingnum af takmörkunum á fjármagnshreyfingum og með öðrum aðgerðum sem til þess eru ætlaðar mun það auðvelda okkur að komast út úr þeirri stöðu. Ég vona að hv. þingmenn, og þar á meðal þingmenn Sjálfstæðisflokksins, skilji það.

Það er okkur lífsnauðsynlegt að njóta þessa jákvæða viðskiptajöfnuðar og fá þann gjaldeyri inn í landið til að styrkja gengi krónunnar, til að byggja upp gjaldeyrisforða, til að við getum síðan tekist á við ójafnvægið sem leiðir til jafnvægis. Viðskiptajöfnuðurinn var jákvæður samtals um yfir 10 milljarða króna á tveimur fyrstu mánuðum ársins. Í ljósi þess hve lítil veltan er á gjaldeyrismarkaði ætti það að hjálpa umtalsvert til við styrkingu krónunnar ef allt væri með felldu. Það hefur hins vegar ekki gerst og ástæða er til að ætla að þessi leki eigi sinn þátt í því. Það sem hér er verið að gera er einmitt að búa í haginn til að menn geti náð eðlilegu ástandi á hlutina á nýjan leik.

[23:10]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þess umræðu meira en orðið er en ég held að við hæstv. fjármálaráðherra getum verið sammála um að það er æskilegt að við ræðum saman og finnum leiðir til að losa okkur út úr því ástandi sem er á gjaldeyrismarkaðnum. Við þurfum að vinna í því í sameiningu og ég held að það væri æskilegt ef við tækjum þá umræðu upp í þinginu í einu eða öðru formi og fengjum til þess aðstöðu og næði. Ég held að það væri mjög mikilvægt fyrir okkur að gera það. Ég mun hins vegar ekki við þetta tækifæri lengja umræðuna sjálfur vegna þessara mála og held að það væri gott fyrir okkur að gera það þegar við höfum haft aðeins meiri tíma til að átta okkur á stöðunni og þá líka hugsanlegum áhrifum þessara breytinga.

[23:11]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Þrátt fyrir að hæstv. fjármálaráðherra kunni að mislíka að maður hafi við það athugasemdir held ég að menn ættu að hafa þolinmæði til að eyða nokkrum mínútum í þinginu í þau gjaldeyrishöft sem hér eru til umræðu.

Það er skelfilegt að þurfa að leiða í lög reglur sem þessar og enn verra er að frumvarp eins og það sem hér er til umfjöllunar þurfi að fara á slíkum ljóshraða í gegnum þingið eins og við erum að upplifa, með jafnmikilli hraðsuðu og lítilli umræðu og við verðum vitni að. Þá skiptir engu máli hvort það er núverandi ríkisstjórn sem flytur slíkt mál eða sú sem fyrir var. Það breytir því ekki að verklagið er ákaflega óheppilegt, sérstaklega þegar um svo mikilvæg mál er að ræða. Eins og komið hefur fram voru sett hér lög um gjaldeyrishöft, þau voru að mínu mati alveg skelfileg og þetta frumvarp bætir ekki stöðuna. Það er eins og formaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarni Benediktsson, sagði: Það sér ekki á svörtu.

Ég hef reyndar ekki heyrt nægilega sannfærandi rök fyrir því að það sé nauðsynlegt að klára þetta mál í kvöld. Hvað mundi gerast ef þetta frumvarp yrði ekki klárað strax? Hvað mundi gerast á morgun? Ég kalla eftir upplýsingum um það frá þeim sem flytja málið. Ég sat ekki sjálfur í nefndinni sem fjallaði um þetta mál á örskömmum tíma en mér skilst að þau svör sem fengust við spurningum eins og þeirri sem ég flutti hér fram hafi verið æðiloðin. Ef hægt er að setjast betur yfir það frumvarp sem hér er til umræðu væri mikið til vinnandi að gera það.

Ég hef miklar áhyggjur af því að með því fyrirkomulagi sem hér er mælt fyrir um og var upphaflega ákveðið fyrir áramót með því að setja á gjaldeyrishöft sökkvum við enn dýpra. Við sökkvum dýpra og dýpra í það fen sem við vorum þegar komin í og endum hér með gjaldeyriseftirlit eins og talað hefur verið um.

Þessi lög eru að mínu mati neyðarlög sem er ætlað að bregðast við veikingu krónunnar. Það er kannski ástæða til að fara aðeins yfir það að allur gjaldeyrir sem fer út úr landinu fer í gegnum íslenska gjaldeyrismarkaðinn, þ.e. innflutningur á vöru og þjónustu, vaxtagreiðslur til erlendra aðila o.s.frv. Hins vegar fer gjaldeyririnn í gegnum þrjá markaði, þ.e. íslenska gjaldeyrismarkaðinn, þennan opinbera, gráa markaðinn og síðan inn í gömlu bankana. Ef við byrjum aðeins á opinbera markaðnum fara flest félög í gegnum hann sem ekki vilja brjóta gjaldeyrislögin. Grái markaðurinn hefur verið virkur fyrir fyrirtæki frá því að lögin tóku fyrst gildi. Það hefur verið sagt að tveir innlendir fjárfestingarbankar hafi aðstoðað fyrirtæki með viðskipti sem ekki eru lengur starfandi í slíkum viðskiptum. Eftir að þeir lokuðu dró nokkuð úr þessu en samt virðast þau aukast jafnt og þétt aftur. Þriðji markaðurinn er síðan gömlu bankarnir en fyrirtæki sem eru skuldug þar vegna afleiðusamninga fá að afhenda myntirnar í stað þess að gera upp samningana í íslenskum krónum.

Með því að allur gjaldeyririnn sem fer út úr landinu fari í gegnum opinbera markaðinn — einungis hluti af þeim gjaldeyri sem kemur inn í landið rennur þar í gegn — er augljóst að það er meiri eftirspurn eftir gjaldeyri en framboð og þar af leiðir að krónan veikist stöðugt.

Reyndar hafði Seðlabankinn frumkvæði að því að selja bankanum gjaldeyri í janúar og febrúar sem kom í veg fyrir veikingu krónunnar, en síðan þá hefur lítið sem ekkert komið frá Seðlabankanum. Seðlabankinn var gagnrýndur í vikunni af greiningardeildum bankanna fyrir þetta.

Að mínu mati væri besta lausnin við veikingu sú að lækka stýrivexti og lækka þar með vexti sem við erum að greiða erlendum aðilum. Við erum með höft á nánast öllu öðru.

Ég held að þau úrræði sem við erum að fjalla um hér virki að hluta til, þ.e. á gráa markaðinn sem ég nefndi áðan, en hins vegar er ekki ljóst hvort þau nái þeim tilgangi sínum að styrkja krónuna. Það er ekki ráðist á vandamálin, sem eru innstæður og skuldabréf erlendra aðila í íslenskum krónum og vaxtagreiðslur af þeim. Það gæti leitt til þess að við þyrftum alltaf að eltast við skottið á sjálfum okkur með því að bæta inn breytingum til að stoppa þennan leka. Það væri nærtækast að reyna að ná samkomulagi við eigendur þessara bréfa og innstæðna um hvernig leysa eigi vandann en ekki bara að ráðast á sjúkdómseinkennin.

Ég ætla ekki að fjalla mikið um tvöfalda gengið sem hv.

þm. Pétur Blöndal nefndi og hv. þm. Bjarni Benediktsson einnig en svo virðist sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn komi algjörlega í veg fyrir að hægt sé að taka hér upp slíkt kerfi. Við þurfum að fá upplýsingar um það við nánari umræðu um þessi mál.

Aðalatriðið er að ég held að þetta frumvarp sem við ræðum hér leysi ekki þann vanda sem við eigum við að etja. Ég hef reynt að skýra það út að þetta frumvarp er að mínu mati miklu frekar viðbrögð við þeirri þróun sem hefur átt sér stað, seinvirk viðbrögð, plástur á sárið í stað þess að ráðist sé að rót vandans. Án þess að maður komi með einhverjar leiðir eða útlisti þær held ég, eins og aðrir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, að menn muni fara fram hjá þessum reglum eins og öðrum. Þetta er engin lausn á vandanum til frambúðar.

Mín skoðun er sú að þetta frumvarp sem við ræðum hér sé sönnun þess að ríkisstjórninni, minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, hafi mistekist það verkefni að koma á stöðugleika í gjaldmiðilsmálum og létta á þrýstingnum sem er á krónunni. Það er viðurkennt í greinargerð með frumvarpinu að staðan í þessum efnum hefur versnað frá því að þessi ríkisstjórn tók við. Textinn í greinargerð með frumvarpinu er besta sönnun þess að köppunum sem settust í þessa ríkisstjórn og höfðu svo stór orð um það hvernig við sjálfstæðismenn og okkar ráðherrar héldu á málum þegar við vorum í ríkisstjórn hefur ekki tekist betur upp, heldur verr.

Ég mun eins og aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þetta mál. Þetta er skelfilegt mál, það er agalegt til þess að vita að við Íslendingar séum komnir í þá stöðu sem við erum í núna. (Gripið fram í.) Frammíköll frá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni gera málið ekki betra. Það breytir því ekki að það er sorglegt og alls ekki gleðiefni að við séum komin í þá stöðu sem hér er uppi. Ég ítreka að ég held að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar leysi ekki þann vanda sem við er að etja, það lækkar ekki þrýstinginn á gjaldmiðlinum og það þarf að grípa til annarra og virkari úrræða en þeirra sem fram koma í frumvarpinu.

[23:21]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt að þessi löggjöf er mikið neyðarbrauð. Hún stafar auðvitað af þeirri erfiðu stöðu sem gjaldmiðillinn er í og nú er það þannig að við höfum reynt að lifa við þennan gjaldmiðil síðustu mánuði, með þessum miklu höftum og það er orðið ljóst að sú staða er erfið og gríðarlega flókið að láta gjaldmiðilinn virka, jafnvel með þessum miklu höftum, og auðvitað er það þannig í frjálsum viðskiptum að menn leita að glufum. Þess vegna eru höft afar óæskileg fyrirbæri.

Það sem vekur hins vegar athygli í öllu þessu er að til þess að komast út úr þessum haftabúskap þurfa menn að hafa framtíðarsýn og sýn á lausnir (Gripið fram í.) og þar finnst mér hv. þingmaður skauta nokkuð létt yfir sviðið og ekki koma með skýra sýn um hvernig eigi í reynd að vera hægt að losna við þessi höft. (**Gripið fram í:** Evrópusambandið.) Hvaða peningamálastefna á að geta lyft okkur upp úr þessari stöðu? (**PHB:** Evrópusambandið.) Það er sú spurning — Evrópusambandið stingur hv. þm. Pétur H. Blöndal upp á, það er kannski umhugsunarefni. (Gripið fram í.) Gott að hann er nú farinn að sjá ljósið í því efni. (Gripið fram í.) En ég hlýt að spyrja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson hvaða lausnir hann sér. Hvaða peningamálastefna er það sem á að gera okkur kleift að komast út úr þeim haftabúskap sem Sjálfstæðisflokkurinn leiddi yfir okkur?

[23:23]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla aðeins að benda hv. þingmanni á þegar hann talar um haftabúskapinn sem Sjálfstæðisflokkurinn leiddi yfir okkur, að hv. þingmaður var hluti af þeim stjórnarmeirihluta sem samþykkti, lagði fram og mælti fyrir því frumvarpi sem við höfum fjallað hér um, þ.e. gjaldeyrishöftunum. Þannig að hann er ekki alveg saklaus af þessu.

En það er gaman að upplifa það að hv. þm. Pétur Blöndal gat sér rétt til áðan í ræðu sinni, þegar hann spáði því að einhver af Evrópusinnunum í Samfylkingunni kæmi hingað upp til að ræða um Evrópusambandið og aðild Íslands að því í tengslum við þetta mál. Ég hef sagt að við þurfum að horfa til framtíðar í gjaldmiðilsmálum en ég er ósammála hv. þingmanni um að innganga Íslands í Evrópusambandið leysi allan þann vanda sem við er að glíma og alls ekkert endilega þennan gjaldmiðilsvanda. Það liggur fyrir að með aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evru í kjölfarið mundi okkur ekki takast að gera það fyrr en eftir svona 8 eða 9 ár. Þannig að ég hef verið talsmaður þess að við skoðum aðrar og greiðari leiðir í gjaldmiðilsmálum, eins og einhliða upptöku alþjóðlegs gjaldmiðils, annaðhvort til lengri tíma eða skemmri, hugsanlega sem fyrsta skref inn í myntráð líkt og Hong Kong búar gerðu árið 1983 með góðum árangri. Þannig að ég hef nú lagt mig fram um að vera með alls kyns hugmyndir í þeim efnum en því miður hefur hv. þm. Árni Páll Árnason verið svo blindur á eina leið að hann hefur ekki verið (Forseti hringir.) reiðubúinn til að ræða aðrar.

[23:26]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem er áhyggjuefni og hlýtur auðvitað að vera öllum Íslendingum áhyggjuefni í kvöld er sú staða sem upp er komin að gjaldmiðillinn skuli vera í þetta veikri stöðu og að við skulum vera að leiðast út í það að búa til ný höft á eftir öðrum höftum til að reyna að halda í honum lífi.

Hv. þingmaður áttar sig ekki á að kosturinn sem felst í aðildarumsókn að Evrópusambandinu fyrir verðmyndun á gjaldeyri er sá að í slíku ferli er hægt að grípa strax til aðgerða og leita eftir samvinnu við Evrópusambandið um aðgerðir til að styrkja verðmyndun á gjaldmiðlinum til að auðvelda afléttingu gjaldeyrishafta. Það er vandalaust að finna þar ýmis úrræði sem hægt er að hugsa sér og hægt væri að ná samkomulagi um strax í upphafi aðildarviðræðna til að styrkja verðmyndun á gjaldmiðlinum og auðvelda okkur að búa við krónuna til skemmri tíma.

Valkosturinn sem hv. þingmaður hefur sett fram um einhliða upptöku evru er jafnvitlaus og núverandi ástand sem

við búum við vegna þess að sá kostur gerir okkur algjörlega varnarlaus gegn útflæði fjár, sem er vandamálið sem við stöndum frammi fyrir núna, og mundi setja okkur í viðvarandi erfiða stöðu gagnvart árásum spekúlanta á þann sjóð sem íslenska þjóðin hefði af evrum og mundi því ekki ná að skapa okkur með nokkrum hætti sama ávinning og full aðild að evrunni. Þetta eru staðreyndir sem leiddar hafa verið fram og rökstuddar vel af færum hagfræðingum. Það sem skiptir mestu máli og það sem menn verða að læra af þessari bitru reynslu undanfarinna mánaða er að jafnvel með kút og kork, jafnvel stífuð af í barnalauginni, lifir þessi króna illa af nema í samvinnu við (Forseti hringir.) nágrannaríki okkar og með því að við leitum fjölþjóðlegra lausna á gjaldmiðilsvanda okkar. (Gripið fram í.)

[23:28]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Það er dálítið merkilegt, herra forseti, að hv. þm. Árni Páll Árnason neitar að skoðar aðra möguleika sem í boði eru og kallar eina þeirra hugmynda sem ég nefndi, einhliða upptöku alþjóðlegs gjaldmiðils á Íslandi, galna eða kolvitlausa. Ég veit ekki hvort hv. þingmaður er reglulegur lesandi tímaritsins *Economist*, sem er líklega eitt virtasta hagfræðiblað í heimi og fjallar um málefni eins og þessi. Í nýjasta leiðara *Economist* er Austur-Evrópuþjóðunum sem gengið hafa í Evrópusambandið en ekki fengið að taka upp evruna bent á þá leið sem ég nefndi hér, einhliða upptöku á alþjóðlegum gjaldmiðli, sem góðan kost í þeirri slæmu stöðu og þeirri neyð sem þau eru í. Vel má vera að hv. þm. Árna Páli Árnasyni þyki sú leið heimskuleg og vitlaus en það vill nú bara þannig til að ég hef tilhneigingu til að hlusta frekar á sjónarmið leiðarahöfunda í *Economist* en þau sjónarmið sem hv. þingmaður ber hér fram. Það er alla vega mín skoðun.

Það sorglega í þessu máli, og það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, er að sú ríkisstjórn sem hv. þm. Árni Páll Árnason styður hefur sofið á verðinum. Ástandið í þessum málaflokki og þessum málum hefur versnað á vakt þessarar ríkisstjórnar. Ástandið hefur orðið alvarlegra með ríkisstjórn (Forseti hringir.) Samfylkingarinnar og Vinstri grænna en það var eftir að fyrri gjaldeyrislögin voru sett og þeirri stöðu verða menn að svara.

[23:30]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram mjög athyglisverð umræða sem endurspeglar kannski vanda manna við að gera upp við hugmyndir sem hafa ekki reynst sem skyldi og við stöndum frammi fyrir ákveðnu gjaldþroti og skuldabúi sem hefur hellst yfir þjóðina. Sér ekki á svörtu, sagði formaður Sjálfstæðisflokksins og átti þá við að hið svarta væru höftin eða gjaldeyristakmarkanirnar sem settar voru á sl. hausti og nú væri verið að betrumbæta þær þannig að það væri verið að setja svart ofan á svart.

Í mínum huga er málið öðruvísi og ég er ekki sammála honum um að það sé hið svarta í málinu. Hið svarta sem við sitjum uppi með er frelsið sem ríkti árum saman eftir að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var gerður. Hið takmarkalausa frelsi fjármagnsins án ábyrgðar sem veitti aðilum möguleika til að fara með þeim hætti að þeim tókst að skuldsetja sig langt umfram það sem þeir gátu staðið undir. Það var frelsið sem var vandinn og orsökin fyrir því, skortur á reglum, ekki að það þurfi að afnema frelsið heldur það að hafa frelsi án ábyrgðar, frelsi án takmarka, frelsi án nokkurrar skuldbindingar við þjóðfélag sem menn bjuggu í. Menn fengu algert frelsi til að gera það sem þeim datt í hug og það var ýtt undir það. Mönnum var færð löggjöf og ívilnanir og nýir möguleikar til að það væri alveg öruggt að það væri á engan hátt verið að takmarka frelsi manna vegna þess að menn trúðu því að það væri þjóðinni fyrir bestu að þeir sem væru í fjármálageiranum hefðu sem mest frelsi því það skapaði mestan ábata. Það var trúarsetningin sem var unnið eftir árum saman. Það er það sem er skipbrotið í málinu að frelsið var of mikið. Það vantaði ábyrgðina og menn fóru illa með frelsið og við sitjum uppi með skuldirnar. Við sitjum uppi með skuldirnar en þeir sem fóru illa með frelsið eru farnir úr landi og við vitum ekki hvað þeir fóru með með sér úr landi af þeim eignum sem þeir gátu komist yfir — í krafti frelsisins.

Það sér ekki á svörtu, sagði formaður Sjálfstæðisflokksins. Í mínum huga er hið svarta hið takmarkalausa frelsi. Menn gengu of langt í því að ýta undir ábyrgðarlausa hegðun í nafni frelsisins. Það er það sem við þurfum að glíma við og ég hef enga trú á því að hvorki hérlendis, í Evrópu né Ameríku muni stjórnvöld komast að þeirri niðurstöðu að það eigi að endurreisa gamla frelsið. Þegar ríkissjóðir allra landa eru búnir að skuldsetja skattgreiðendur sína upp í rjáfur fyrir skuldunum sem urðu til vegna frelsisins þá hef ég enga trú á því að þegar menn fara yfir reglur fjármálamarkaðarins að stjórnvöld komist að því að það eigi að endurvekja óbreytt það frelsi sem var. Nei, ég hef trú á því að stjórnvöld komist að þeirri niðurstöðu að frelsið eigi að vera með ábyrgð, með reglum sem tryggja almannahag, sem gefa einstaklingum og aðilum svigrúm til athafna en innan þeirra ramma þeirra reglna sem stjórnvöld setja sem eiga gæta almannahagsmuna. Það heitir að gæta almannahagsmuna að setja reglur sem eiga að koma í veg fyrir að nokkrir aðilar geti farið svo að ráði sínu að skuldasúpan hellist yfir alla þjóðina. Ég lít ekki svo á að þeir sem eru í athafnalífinu eigi rétt á frelsi til að skuldsetja aðra fyrir gjörðum sínum. Þess vegna eiga menn ekki að tala um að það sjái ekki á svörtu. Menn eiga að tala um hvernig frelsi menn vilja hafa á komandi árum. Þeir sem vilja starfa og reka þjóðfélag á grundvelli frelsis í atvinnulífinu og trúa því að það sé betra en annað fyrirkomulag.

Ég lít svo á og tel sjálfan mig hlynntan því fyrirkomulagi að styðja við frelsi og einkaframtak en ég tel að það geti ekki gengið án ábyrgðar. Þeir sem eru að starfa verða að axla ábyrgð á því sem þeir gera og þeim verður að setja skorður þannig almannahagsmuna sé gætt og þeir fari ekki þeim að voða. Það er það sem hefur gerst. Fáir hafa farið með hagsmuni margra að voða. Það varð niðurstaðan þegar við stóðum frammi fyrir þeim vanda að skuldirnar voru meiri en við réðum við að við yrðum að fá aðstoð, við gætum ekki ráðið fram úr þeim vanda sem var búið að steypa okkur í hjálparlaust og þess vegna var leitað til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Þá var tvennt í stöðunni. Annars vegar að taka skellinn

allan strax í botn með því að keppast við að borga út allar skuldbindingarnar og fella reikninginn á þjóðina í formi hærri skulda einstaklinga á fyrirtæki vegna þess að gengið mundi falla svo mikið. Það var önnur leiðin. Hin leiðin var að gera það ekki heldur freista þess að komast frá málinu á nokkrum árum sem þyddi minni gengisfellingu, minni skuldabyrði en lengri tíma til að komast frá málinu. Það varð niðurstaða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og stjórnvalda að fara þá leið og stjórnvöld á þeim tíma voru Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn. Þess vegna geta þingmenn Sjálfstæðisflokksins ekki komið upp og sagst ekki styðja þetta mál. Þetta er þeirra mál. Þetta var þeirra leið sem varð ofan á, að gera hlutina með þessum hætti vegna þess að menn komust að þeirri niðurstöðu að það væri illskárri leið fyrir almannahagsmuni, fyrir almenning í landinu.

Hér er ekki verið að taka upp ný höft. Hér er verið að endurbæta reglusmíðina þannig að takmarkanirnar virki í almannaþágu. Það er það sem er verið að gera og menn geta ekki hlaupið frá því. Þingmenn sem í haust settu þessar takmarkanir verandi þá í stjórn, geta ekki hlaupið frá því núna og sagt: Það sér ekki á svörtu. Það svarta sem þeir tala um er þá það sem þeir gerðu í haust. Það sem mér finnst vera athugavert við þennan málflutning er að þeir sem svona tala eru að mæla ábyrgðarlausri hegðun bót. Þeir mæla bót hegðun þeirra aðila í þjóðfélaginu sem grafa undan reglunum, sem grafa undan almannahagsmunum, sem trúa því að þeir, eins og var á tímum þessa góðæris þá gætu menn verið á sérleið, menn gætu farið fram hjá reglunum, tekið til sín aukinn gróða og varpað skuldunum yfir á almenning. Þannig höguðu menn sér fyrir nokkrum árum og alveg fram að bankahruni. Þannig haga þessir aðilar sér, þeir sem hafa leitt til þeirrar stöðu að nauðsynlegt var að leggja fram þetta frumvarp. Það eru aðilar sem vita það vel til hvers reglurnar eru settar. Þær eru settar til að halda genginu sæmilega háu og það er til að skuldir heimila og fyrirtækja rjúki ekki upp úr öllu valdi. En þessir aðilar kjósa sér sérleið. Þeir vilja ekki vera með okkur hinum í þjóðfélaginu. Með því grafa þeir undan því sem stjórnvöld eru að gera, með því að fara fram hjá reglunum, taka í sinn eigin vasa meiri pening sem leiðir til þess að gengið fellur meira og skuldirnar falla á almenning.

Menn mæla þessu bót. Formaður Sjálfstæðisflokksins mælir þessu bót. Þessir sem haga sér svona haga sér engu betur en glæpamenn. Menn verða að sameinast um að gera mönnum ljóst að þeir búa í þessu þjóðfélagi, þeir bera ábyrgð á því með okkur hinum og þeir geta ekki ætlast til þess að fá að leika hér sóló og fara sína eigin leið, taka til sín peninga á annarra kostnað. Þeir tímar eru liðnir, virðulegi forseti, og ég trúi því ekki að það sé meining þingmanna Sjálfstæðisflokksins að hampa þeim sem svona haga sér, þeim sem hækka skuldir almennings. Það er það svarta sem verið er að gera í dag og menn eiga að sameinast um að taka á því og koma í veg fyrir það. Það er löngu komið nóg af hinni hegðuninni sem var mælt bót og þeir sem hafa stjórnað fjármálaráðuneytinu á undanförnum árum bera mikla ábyrgð. Þeir gerðu ekkert í því að stöðva þá ábyrgðarlausu hegðun sem menn ástunduðu, að fara til útlanda með peningana án þess að borga af þeim skatta, fela þá þar. Þeir létu það líðast að menn gætu árum saman komið sér undan því að taka þátt í því að borga kostnaðinn af þessu þjóðfélagi. Fjármálaráðherrar undanfarinna ára bera mikla ábyrgð og þeir bera kannski meiri ábyrgð en nokkrir aðrir í ríkisstjórn á þessum árum. Hvað átti það að þýða að una því, leyfa mönnum að komast upp með að fara með hundruð milljarða úr landi og fela þá í Cayman-eyjum og Tortólu og allt hvað eina? Hvers vegna var ekki gripið til aðgerða? Hvers vegna var ekki sett löggjöf hér á landi? Hvers vegna voru íslensk skattyfirvöld ekki rekin áfram til að fá upplýsingar frá þessum ríkjum? Hvað skýrir athafnaleysi manna á þessum árum? Hvað vakti fyrir fjármálaráðherrum undanfarinna ára með því að láta þetta líðast og gera ekkert til að þessir menn, auðjöfrar, væru með okkur hinum í íslensku þjóðfélagi? Þegar menn tala núna með þeim hætti eins og nokkrir þingmenn hafa gert, þá segi ég kannski í annarri meiningu en formaður Sjálfstæðisflokksins sagði áðan: Það sér ekki á svörtu, því menn eru að viðhalda hinni svörtu hugsun, hinni svörtu hegðun og grafa undan þjóðfélaginu. Að mínu viti á forusta Sjálfstæðisflokksins að huga að því að snúa við blaðinu og taka þátt í því sem hún hóf með lagasetningunni sl. haust, þ.e. að verja almannahagsmuni fyrir sérhagsmunum. Það er ábyrgðarhluti að hlaupa frá málinu og ætla sér að sitja hjá og tala gegn þessu.

Skelfilegt mál, sagði einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Já, það er skelfilegt mál að menn láti það viðgangast að grafið sé undan almannahagsmunum. Höft gjaldeyristakmarkana er niðurstaðan af hinu skelfilega máli, er niðurstaðan af hinni ábyrgðarlausu hegðun. Það er það sem við þurfum að stoppa og ég skora á þingmenn Sjálfstæðisflokksins að sjá að sér í þessu máli fremur en að hlaupast frá sínum eigin verkum sem þeir hófu og ég studdi þá vegna þess að það var rétt skref. Það var ekkert annað hægt að gera á þeim tíma en setja þessar reglur til að vernda almannahagsmuni. Við sitjum uppi með þær næstu árin og verðum að hafa þrek til að klára málið eftir þeirri vegferð sem menn ákváðu að fara. Það er ekki hægt að skipta um leið í miðju kafi.

Hér var spurt, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson spurði: Hvernig á að leysa vandann? Það er mjög einfalt mál. Það á að borga hann. Við verðum að borga vandann. Til að það geti gerst, án þess að of þungar byrðar lendi á almenningi verða allir að vera með. Þá getum við ekki leyft nokkrum mönnum að haga sér þannig að þeir taki ekki þátt í því vegna þess að þeir finna leiðir fram hjá kerfinu, komast í burtu frá skuldbindingunum með sína peninga en skilja skuldirnar og afleiðingarnar eftir hjá almenningi og fyrirtækjum landsins. Við megum ekki láta það gerast og við þurfum að taka á því og það er alveg rétt afstaða hjá LÍÚ að styðja þetta mál. Þeir gera sér grein fyrir ábyrgðinni sem hvílir á þeim og öðrum í þjóðfélaginu. Þeir gera sér greinilega grein fyrir því að þeir eru þátttakendur í íslensku þjóðfélagi og þeir geta ekki hlaupist frá þessu máli og látið eins og það komi þeim ekkert við. Þess vegna er ég sammála þeim og ánægður með afstöðu forustumanna LÍÚ í þessu máli, sem ég er reyndar ekki í öllum öðrum málum, svo ég taki það fram, virðulegur forseti.

[23:48]

Útbýting:

Dýrafjarðargöng og nýr vegur um Dynjandisheiði, 463. mál, þáltill. KHG og GAK, þskj. 876.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:48]

Brtt. í nál. 875,1 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GAK, GÞÞ, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KHG, KLM, KHeim, LB, SF, SJS, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DPál, GSB, HerdÞ, IllG, JónG, JM, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SKK, StB) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BjörkG, BBj, EKG, EyH, HHj, HöskÞ, KJak, KÓ, KolH, MS, RR, SVÓ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KHG, KLM, KHeim, LB, MS, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DPál, GSB, GÞÞ, HerdÞ, IllG, JónG, JM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SKK, StB, ÞKG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BjörkG, BBj, EKG, EyH, HHj, HöskÞ, KJak, KolH, RR, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KHG, KLM, KHeim, LB, MS, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DPál, GSB, GÞÞ, HerdÞ, IllG, JónG, JM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SKK, StB, ÞKG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BjörkG, BBj, EKG, EyH, HHj, HöskÞ, KJak, KolH, RR, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 875,2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KHG, KLM, KHeim, LB, MS, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DPál, GSB, GÞÞ, HerdÞ, IllG, JónG, JM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SKK, StB, ÞKG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BjörkG, BBj, EKG, EyH, HHj, HöskÞ, KJak, KolH, RR, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KHG, KLM, KHeim, LB, MS, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DPál, GSB, GÞÞ, HerdÞ, IllG, JónG, JM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SKK, StB, ÞKG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BjörkG, BBj, EKG, EyH, HHj, HöskÞ, KJak, KolH, RR, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KHG, KLM, KHeim, LB, MS, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DPál, GSB, GÞÞ, HerdÞ, IllG, JónG, JM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SKK, StB, ÞKG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BjörkG, BBj, EKG, EyH, HHj, HöskÞ, KJak, KolH, RR, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 23:51.

---

121. FUNDUR

þriðjudaginn 31. mars,
að loknum 120. fundi.

Dagskrá:

1. Tollalög og gjaldeyrismál, stjfrv., 462. mál, þskj. 877. — 3. umr. *Ef leyft verður*.

2. Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, frv., 461. mál, þskj. 859. — Frh. 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:53]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

Tollalög og gjaldeyrismál, 3. umr.

Stjfrv., 462. mál (útflutningsviðskipti í erlendum gjaldmiðli). — Þskj. 877.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:53]

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, KVM, KaJúl, KHG, KLM, KHeim, LB, MS, SF, SJS, SVÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

21 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DPál, GSB, GÞÞ, HerdÞ, IllG, JónG, JM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SKK, StB, ÞKG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BjörkG, BBj, EKG, EyH, HHj, HöskÞ, KJak, KolH, RR, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 878).

Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 461. mál (heildarlög). — Þskj. 859.

[23:54]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég ætla stuttlega að gera grein fyrir afstöðu okkar vinstri grænna til frumvarpsins en hún er í raun sú ein að við fögnum því að það er hér fram komið.

Ég vil vekja athygli á því að hér hafa sex línur í bráðabirgðaákvæði úr frumvarpi um almenna greiðsluaðlögun sem varð að lögum í gær orðið að sextán blaðsíðna frumvarpi. Þetta mál er eitt af mörgum málum sem skipta verulegu máli fyrir heimilin í landinu. Auk almennu greiðsluaðlögunarinnar vil ég minna á lög um frestun og aðför og um gjaldþrot og fleira.

Ég bind miklar vonir við framkvæmd þessa máls og tel að það að innleiða í lög þennan norræna rétt um greiðsluaðlögun, bæði almenna greiðsluaðlögun, sem þegar hefur verið gert og greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna, eins og hér stendur til að gera, sé mikil réttarbót.

Auðvitað er erfitt að setja slíka löggjöf við þær afbrigðilegu aðstæður sem ríkja í samfélaginu. Það eru hagsmunir beggja aðila, bæði skuldara og kröfuhafa, að eitthvað greiðist inn á skuldir kröfuhafans og skuldarinn viðhaldi greiðslugetunni og geti haldið í eign sína og greitt af henni eins og hann mögulega getur.

Hér er reiknað með því að menn geti gert samning til nauðasamninga um greiðsluaðlögun sem gildi í allt að fimm ár og að þeim tíma liðnum yrði metið hversu mikið stendur út af veðkröfunum miðað við söluverðmæti eignarinnar að viðbættum 10%. Sá hluti sem út af stendur yrði þá felldur niður, veðböndin tekin af þeirri skuld ef sýnt þykir að skuldari getur ekki staðið við skuldbindingar sínar til lengri tíma.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta mál, en vil fagna því að það er hér fram komið. Þetta frumvarp er unnið að frumkvæði hv. allsherjarnefndar og er eitt af mýmörgum dæmum um hin nýju vinnubrögð sem upp hafa verið tekin hér í þinginu með því væntanlega að hér er bæði minnihlutastjórn og starfsöm stjórn og starfsamar þingnefndir.

[23:57]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með að þetta frumvarp sé komið til umræðu og afgreiðslu og að samstaða skuli hafa náðst í allsherjarnefndinni um nauðsynlegar breytingar á því og sérstaklega varðandi það að taka upp nauðsynleg ákvæði í 4. gr. sem tryggja að það geti ekki hver sem er beðið um greiðsluaðlögun heldur þurfi til að koma ákveðnar aðstæður, sem var nauðsynlegt til að það væri ekki nánast sjálfkrafa verið að veita greiðsluaðlögun. Ég vek sérstaklega athygli á ákvæði 4. töluliðs í 4. gr. þar sem talað er um að sem skilyrði fyrir því að fá greiðsluaðlögun er hér um að ræða að viðkomandi aðili sem hennar beiðist hafi ekki af ráðnum hug gert ákveðnar ráðstafanir, síðan áfram að skuldari hafi ekki hagað fjármálum sínum verulega á ámælisverðan hátt eða stofnað til skulda á þeim tíma sem hann var greinilega ófær, auk ýmissa annarra ákvæða sem þarna komu inn í.

Það var alveg ljóst að hér var um að ræða töluvert inngrip varðandi veðréttinn og það var nauðsynlegt að setja ákveðna varnagla hvað það varðaði og það var forsenda þess að ég styddi það frumvarp sem hér var um að ræða, að tekin væru upp þau ákvæði í 4. gr. laganna sem fjallað er um í 4., 5., 6., 7. og 8. tölulið þeirrar greinar. Með því er fyrir það girt að greiðsluaðlögun komi til greina fyrir þá sem hafa hagað fjármálum sínum með ámælisverðum hætti. Hins vegar er verið að tryggja að fólk sem lendir í ákveðnum erfiðleikum, m.a. vegna veikinda eða vegna atvinnumissis, njóti þess hagræðis sem greiðsluaðlögun býður upp á. Fyrirmynd hvað þetta varðar er m.a. norskur réttur og það er mjög gott að þetta mál skuli vera komið í þann farveg sem hér um ræðir.

Ég tel mjög brýnt að reynt sé að hraða því sem mest má verða að þetta frumvarp verði að lögum. Ég lít þannig á að nái frumvarpið fram að ganga hafi á þessu þingi náð fram að ganga helstu baráttumál Neytendasamtakanna um langt árabil um aðgerðir til réttarbóta fyrir neytendur í landinu. Þetta eru aðgerðir sem hafa verið á óskalista Neytendasamtakanna í mismunandi langan tíma, þ.e. lög um innheimtustarfsemi, lög um greiðsluaðlögun og það sem er um að ræða hér, þ.e. um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Í raun má segja að um sé að ræða ákveðið tómarúm ef þessi lög eru ekki sett til hliðar við ákvæðin um greiðsluaðlögun til að þeim ákvæðum sem þar er getið um sé fullnægt, með það í huga hvernig skuldasamsetning íslenskra heimila er. Þetta er líka mjög mikilvægt með tilliti til þess að við höfum aðra lánaumsetningu hér en víðast hvar annars staðar vegna verðtryggingarinnar og þar af leiðandi er það brýnna hér en annars staðar að veita það réttarúrræði sem ákvæði þessara laga um greiðsluaðlögun vegna fasteignaveðlána kveður á um.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, sér í lagi tímans vegna, að fjalla nánar um þetta en hefði viljað gera það ef eðlilegri efnisröð hefði verið haldið á Alþingi, ef ekki hefði verið klippt á þessa umræðu. En ég tel ástæðu til þess að þakka fyrir það góða starf sem allsherjarnefnd hefur látið vinna með því að gera þetta frumvarp að veruleika og flytja það hér og tel mjög brýnt að það nái fram að ganga.

[00:02]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum hér afskaplega merkilegt mál í

tvennum skilningi. Það er í fyrsta lagi nefnd sem flytur málið, fullbúið lagafrumvarp og það er þáttur í því að auka vægi Alþingis og minnka vald ráðherraræðis, vald ráðherra, framkvæmdarvaldsins og um leið líka flokksræðisins vegna þess að þarna er það nefndin sjálf, allir þingmenn úr öllum flokkum sem flytja málið og það gerir það að verkum að hinir kjörnu fulltrúar koma að samningu málsins, sem er afskaplega mikilvægt. Á þetta hef ég lagt alveg sérstaka áherslu í prófkjöri sjálfstæðismanna sem ég tók þátt í, að þetta ætti að gerast.

Um leið og þetta er gert þarf nefndin náttúrlega að átta sig á því að hún er að brjóta ísinn á nýrri braut og hún þarf að kanna hvað hún þarf að gera í því skyni að ryðja þá braut sem ég vona að allar nefndir þingsins taki upp, jafnt gagnvart ráðuneytum sem og öðrum aðilum. Ég sé það þannig fyrir mér í framtíðinni að nefndir semji eða hafi umsjón með samningu flestallra þingmála sem verða að lögum og að ráðuneyti, félagasamtök, einstaklingar og fyrirtæki geti beðið nefndina um að flytja mál um eitt og annað og nefndin tekur um það ákvörðun, hvort hún fellst á að flytja málið eða ekki. Ef hún fellst á að flytja það þá lætur hún nefndasvið Alþingis semja það eða einhverja undirnefnd úr nefndinni. Þá er þeim falið að ritstýra og semja svona frumvarp. Þá vantar náttúrlega sérfræðinga til að semja frumvörp og til þess þyrfti Alþingi að veita fé til nefndasviðs, stórauka það, flytja í rauninni sérfræðingana frá ráðuneytunum inn í nefndasvið Alþingis til að semja frumvörp. Nefndasviðið yrði nokkuð viðamikið en mundi um leið undirstrika aukið vægi Alþingis í stjórnun ríkisins.

Sú nefnd sem um þetta fjallaði þyrfti að gæta að því að hún væri að ryðja braut og þá er það spurningin hvernig hún vinnur það. Til dæmis skilst mér að sérfræðingar ráðuneytisins hafi samið frumvarpið að einhverju leyti í stað þess að starfsmenn Alþingis hafi gert það. Það vantar líka mat á kostnaði við frumvarpið eða verðandi lög frá fjármálaráðuneytinu sem nefndin hefði að sjálfsögðu átt að afla áður en frumvarpið var flutt.

Ég hefði líka talið eðlilegt að eftir að nefndin var búin að semja frumvarpið hefði hún vísað því til viðkomandi ráðuneytis til umsagnar þannig að það lægi fyrir og síðan þyrfti nefndin eftir 1. umr. í þinginu að vísa því til umsagnar. Málið þarf í rauninni að ganga til nefndarinnar aftur. Allt eru þetta atriði sem menn þurfa að ræða við þessa miklu breytingu, að flytja samningu lagafrumvarpa inn í nefndirnar. Þetta var um tilurð frumvarpsins sem ég tel vera nokkuð byltingarkennda.

Þá kem ég að frumvarpinu sjálfu sem líka er mjög gott og fer eftir því mottói að það er betra að beygja reyrinn en brjóta hann. Það er betra að menn brotni ekki, verði ekki gerðir gjaldþrota því við gjaldþrot tapast óhemjufjármunir og fólk missir viljann og löngunina til að bjarga sér og það er öllum til tjóns. Hér er tekið á því máli að menn geti farið í greiðsluaðlögun. Það er fundið út hvað menn geta borgað og það borga þeir og ekkert umfram það.

Það eru nokkur atriði sem ég mundi vilja líta á. Það er talað um að kostnaðurinn sé 200 þús. kr. að hámarki við greiðslumat. Það má vel vera að það sé nærri lagi en ég tel að það eigi að færast aftast á veðröðina við viðkomandi fasteign þannig að ríkissjóður eigi möguleika á að fá þetta greitt ef allt gengur upp og maðurinn getur greitt allar sínar skuldir, þá sé ég enga ástæðu til að ríkissjóður niðurgreiði dæmið. Hins vegar ef það ekki dugar til og maðurinn getur aldrei borgað af íbúðinni og lánið yrði niðurskrifað þá tapist þessi peningur og þá tapar ríkissjóður upphæðinni.

Það var sitthvað fleira sem ég hafði athugasemdir við, við fyrstu sýn. Það hefur ekki gefist langur tími til þess, herra forseti, að lesa þetta frumvarp en það er eitt sem ég rak augun í. Það er t.d. að eftir að aðlögunartímanum er lokið á að afmá þær upphæðir sem standa umfram 10% af verðmæti fasteignarinnar miðað við það sem maðurinn getur borgað. Þarna getur komið upp dálítið skrýtið dæmi. Segjum t.d. að á eigninni séu áhvílandi 20 millj. kr., maðurinn gæti staðið undir 15 millj. kr. og verðmæti eignarinnar sé 9 millj. kr. Þá yrðu skuldirnar afskrifaðar niður í 10 millj. kr. þó að maðurinn gæti staðið undir 15 millj. kr. Þetta þyrfti að laga í nefndinni milli 1. og 2. umr. Ég held því að mjög brýnt sé að málið fari til nefndarinnar eftir umræðu. Nú sakna ég þess að frummælandi málsins er ekki viðstaddur.

Hér hefur dálítið verið rætt um það hversu margir munu lenda í þessu. Það er reyndar hægt að slá á það. Þeir sem tapa núna, þeir sem gætu lent í þessu, er fólk sem hefur keypt sína fyrstu íbúð á síðustu fjórum árum. Verðfall á fasteignum á Reykjavíkursvæðinu er eitthvað um 25% frá því að það var hæst í október 2007 og það svarar til um það bil þess verðs sem var fyrir um það bil fjórum árum. Það má segja að allir sem hafa keypt sína fyrstu íbúð á síðustu fjórum árum séu að tapa hlutfallslega. Það er ekki þar með sagt að þeir geti ekki borgað, alls ekki. En skuldirnar hafa vaxið hraðar en eignin. Hinir, sem hafa áður keypt íbúð, munu flestir vera enn í gróða, enn þá hafa hagnað. Það eru ekki nema þeir sem hafa keypt sína fyrstu íbúð á síðustu 4–5 árum og bara á Reykjavíkursvæðinu. Úti á landi gildir þetta ekki. Tökum sem dæmi mann úti á landi sem átti 5 millj. kr., tók 15 millj. kr. lán og byggði hús úti á landi fyrir 20 millj. kr. Daginn eftir að hann flutti inn gat hann ekki selt það nema fyrir 10 millj. kr. Í staðinn fyrir að eiga 5 millj. kr. á hann núna mínus 5 millj. kr. Hann skuldar 15 millj. kr. og getur selt íbúðina á 10 millj. kr. Slík dæmi eru löngu þekkt úti á landi, þ.e. að fólk lendi í mínus eiginfjárstöðu. En það hefur enginn verið að kvarta neitt sérstaklega mikið yfir því, sennilega vegna þess að það er ekki á Reykjavíkursvæðinu. Allir eru svo uppteknir af því sem gerist hérna. Þessi staða hefur verið í áratugi úti á landi, fólk sem byggði þar lendir í því að vera með mínus eiginfjárstöðu. En það hefur ekkert með það að gera að fólk getur yfirleitt engu að síður borgað af skuldum sínum, enda hefur það farið í greiðslumat.

Ef við reynum að slá á það hve margir það eru sem hafa keypt sína fyrstu íbúð á síðustu fjórum árum á Reykjavíkursvæðinu þá er árgangurinn u.þ.b. 4.000 manns, þ.e. 2 þúsund pör. Segjum að 1.500 manns séu á Reykjavíkursvæðinu og á fjórum árum gæti sá hópur verið um 6.000 manns. Það gætu verið 6.000 heimili af u.þ.b. 100.000 heimilum í landinu í þessari stöðu. Þar með gætu 6% af þjóðinni hugsanlega verið í vandræðum en samt ekki endilega. Það getur nefnilega verið að greiðslumatið standist þó að menn lendi í mínus eiginfjárstöðu. Hér vantar inn í þá sem tóku ákvörð-

un um að taka gengistryggt lán til að kaupa íbúð. Það er einhver hópur líka sem er í verulegum vandræðum og enn meiri vandræðum en ég nefndi áðan með verðtryggðu lánin. Ég hugsa að kannski u.þ.b. 10 eða 15% af þjóðinni gætu verið í þessum vanda. Það þýðir að 85–90% af þjóðinni eru ekki í þessum vanda sem við erum að tala um en allt kemur það í ljós þegar könnun Seðlabankans leiðir hið sanna í ljós. Vissulega gæti verið um einhverjar þúsundir manna að ræða sem væru í vandræðum. Frumvarpið sem við ræðum er mjög góð leið til að meta stöðu hvers og eins og niðurskrifa þær kröfur eða flytja þær til eftir því sem persónuaðstæður hvers og eins segja til um. Þannig er horft á stöðu hvers og eins og hver einstaklingur fær þá lækkun á skuldum sínum að hann geti risið undir þeim.

Ég held ég hafi þetta ekki lengra en vil benda á þessi tvö atriði. Í fyrsta lagi að þetta frumvarp er flutt af nefnd og það er verið að ryðja nýja braut í störfum Alþingis sem ég vona og ætla að berjast fyrir að verði reglan á Alþingi. Svo er hins vegar um afskaplega gott mál að ræða sem gengur út á að koma í veg fyrir að menn missi íbúðina sína með gjaldþroti sem þýðir ekkert annað en tap fyrir alla aðila, jafnt fjölskylduna, bankann og aðra kröfuhafa. (**Gripið fram í:** Það vantar kostnaðarmatið.) Já, ég nefndi það áðan að það vantaði kostnaðarmat. Nefndin hefði átt að leita eftir kostnaðarmati við samningu frumvarpsins og senda það auk þess til ráðuneytisins til umsagnar. Mér skilst að það hafi verið starfsmenn ráðuneytisins sem sömdu frumvarpið. En í framtíðinni vil ég sjá það þannig að nefndasvið Alþingis semji frumvarpið sem síðan sé sent til ráðuneytisins til umsagnar áður en það er lagt fram á Alþingi. Það held ég að væru hin skynsamlegu og réttu vinnubrögð. Þá mundi ráðuneytið kanna hvernig gengur að framkvæma lögin enda er framkvæmdarvaldið að framkvæma lög alla daga á meðan nefndasvið Alþingis mundi semja lögin og það er mjög mikilvægt.

Sá sem semur texta, semur lögin í upphafi ræður endanlegu útliti laganna og því miður er það oft þannig að þær stofnanir, Samkeppnisstofnun eða skattstofur sem hafa mest vit á hlutunum, mesta þekkingu, semja oft lög til að vinna eftir sem er alveg stórhættulegt því þær gætu freistast til að smíða vopn í hendurnar á sér gegn borgurunum og mörg lagasetningin ber þess vissulega merki.

Allir sem kæmu að málinu seinna þurfa að rökstyðja breytingar, hvort sem það er ráðuneytið sjálft, t.d. ef um væri að ræða samkeppnislög sem Samkeppnisstofnun hefði samið þá þyrfti ráðuneytið að rökstyðja breytingar í ráðuneytinu og fyrir þeim sem samdi frumvarpið. Eftir það þarf ríkisstjórnin að rökstyðja breytingar ef hún vill gera breytingar á frumvarpinu. Þingflokkar stjórnarliðanna þurfa að rökstyðja breytingar, nefndin þarf að rökstyðja breytingar sem gerðar eru á frumvarpinu en upphafshöfundurinn að frumvarpinu þarf ekki að rökstyðja neitt hvernig hann setti textann upp. Þess vegna er þetta mjög mikilvægt. Það skiptir verulegu máli hver það er sem semur textann, hver það er sem ritstýrir upphaflegum texta sem seinna verður að lögum. Ég vil að það séu þingnefndir Alþingis.

[00:16]

Útbýting:
Tollalög og gjaldeyrismál, 462. mál, þskj. 877.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Fundi slitið kl. 00:16.

---

122. FUNDUR

miðvikudaginn 1. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
1. Störf þingsins.
Til fjármálaráðherra:
2. Erlent eignarhald á íslenskum fyrirtækjum, fsp. KHG, 447. mál, þskj. 796.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Kjartan Ólafsson):
Um kl. 2.15 í dag fer fram utandagskrárumræða um verðbætur á lán. Málshefjandi er hv. þm. Karl V. Matthíasson. Hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Störf þingsins.

Opinn fundur í fjárlaganefnd – afgreiðsla sérnefndar á frumvarpi um stjórnarskipunarlög.

[13:31]

Kristján Þór Júlíusson (S):
Virðulegi forseti. Í morgun var haldinn opinn fundur í fjárlaganefnd þar sem hæstv. fjármálaráðherra mætti til fundar í nefndinni og átti nefndin orðastað við hæstv. ráðherra um stöðu efnahagsmála og framvindu samkomulags við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Í sjálfu sér voru þetta ágæt skoðanaskipti en upplýsingarnar sem nefndinni voru bornar voru engar. Það fengust engin svör frá hæstv. fjármálaráðherra um framvindu fjárlagaársins 2009. Það fengust engin svör um það hvers vænta mætti varðandi skattahækkanir eða niðurskurð í útgjaldapóstum fyrir fjárlögin 2010 og því síður um áform stjórnvalda til ársins 2011 og 2012.

Þetta er að því leytinu til alvarleg staða sem hér er uppi

að það er innan við mánuður til kosninga og að sjálfsögðu eiga kjósendur í landinu sem og stjórnmálaöflin öll rétt á því að fá þær upplýsingar frá hæstv. fjármálaráðherra sem gera okkur kleift að ræða við kjósendur í aðdraganda alþingiskosninga. Hæstv. fjármálaráðherra upplýsti hins vegar að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur allar þessar upplýsingar undir höndum. Áform minnihlutastjórnarinnar eru um þessa svokölluðu blönduðu leið skattahækkana og niðurskurðar en engin ástæða er talin til að upplýsa Alþingi Íslendinga um þau áform, því miður. Við reiknum því með því að þau atriði sem þarna eru inni geri ráð fyrir því að skattahækkanir verði lagðar á eldri borgara og öryrkja, ungt fólk og atvinnulausa o.s.frv.

Ég skora á hv. þm. Jón Bjarnason, varaformann fjárlaganefndar, að upplýsa það á hinu háa Alþingi hvort hann ætli að bera blak af þessum vinnubrögðum og hvort hann telji þau ekki í algerri mótsögn (Forseti hringir.) við þann málflutning sem hann hefur sjálfur haldið uppi á undanförnum árum á þingi.

[13:33]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Það var hárrétt hjá hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni að við áttum mjög góðan fund með fjármálaráðherra, ráðuneytisstjóra og þeim sem höfðu umsjón með fjárlagagerð í fjármálaráðuneytinu, þetta var mjög upplýsandi og góður fundur. Þar var m.a. upplýst að fyrstu tvo mánuði þessa árs væri ríkissjóður að nokkru innan fjárlaga hvað útgjöld varðaði en að tekjur væru nokkru minni en ráð var fyrir gert.

Varðandi spurningu hv. þingmanns um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var það upplýst unnið væri eftir þeim samningum sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins gerði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í haust og þeim forsendum sem lagðar voru upp þar. Þar kom líka fram að þær forsendur og þau viðmið sem sett voru í samningum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn stæðu enn og að eftir þeim væri unnið. Fyrir mér er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn engin góðgerðarstofnun en talið var nauðsynlegt í haust að ganga til samninga við hann með þessum hætti.

Varðandi síðan þær upplýsingar sem hv. þingmaður spyr um upplýsti hæstv. fjármálaráðherra um að send hafi verið staðfesting til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, m.a. á þeim viðmiðum sem sett voru, en ákveðin atriði sem lytu einkum að (Forseti hringir.) skuldastöðu ríkisins væru enn óljós. Herra forseti, skuldir ríkisins sem hvíla á þjóðinni frá stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins (Gripið fram í.) eru hörmulegar.

[13:36]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umræður á milli Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna um skattahækkanir en hins vegar vil ég lýsa því yfir sem formaður fjárlaganefndar að fundurinn í morgun var um margt upplýsandi. Þar voru málefnalegar spurningar og svörin frá ráðuneytinu voru alla jafnan þannig að varpað var ljósi á það sem í gangi er. Auðvitað vinnum við eftir fjárlögum. Ekki hafa komið fram nein ný fjárlög hér á þinginu og þar af leiðandi er það ljóst að sá rammi sem við vinnum eftir er sá sem samþykktur var í desember. Það er hins vegar mjög mikilvægt, eins og fram kemur í nefndaráliti með lokafjárlögunum sem eru til umræðu í dag, að framkvæmd fjárlaga skal vera með því verklagi sem við óskum öll eftir, að ríkisstofnanir almennt virði þau ákvæði og þær leikreglur sem lagt er upp með í fjárlögum hverju sinni.

Ég vil gera örlitla grein fyrir því erindi sem fjárlaganefnd barst á þessum fundi. Samkvæmt 33. gr. fjárreiðulaga skal fjármálaráðherra gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir ófyrirséðum greiðslum úr ríkissjóði strax og ákvörðun hefur verið tekin um það. Hér liggur fyrir bréf til fjárlaganefndar sem fjárlaganefndarmenn hafa fengið sent um hugsanlegar breytingar á útgreiðslum varðandi vaxtabætur en í niðurlagi bréfsins kemur fram að áhrif hækkunar vaxtabóta með hliðsjón af lögum sem hér eru til umfjöllunar munu verða liður í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2009 sem lagt verður fyrir síðar á árinu.

Ég taldi rétt að gera þinginu grein fyrir þessu þar sem það hefur verið í umræðunni, virðulegi forseti, og þessi tilkynning var lögð fram á fundi fjárlaganefndar í morgun.

[13:38]

Magnús Stefánsson (F):

Hæstv. forseti. Fundurinn í morgun í fjárlaganefnd var ágætur, góð skoðanaskipti og þess háttar. Það sem mér finnst hins vegar standa upp úr, bæði eftir þann fund og þegar ég lít til baka er aðgangur Alþingis að upplýsingum. Það virðist vera alveg útilokað að fá að vita hvað er í gangi milli stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Úr því þarf að bæta að mínu viti og það er ekki nýtt.

Síðan varðandi framkvæmd fjárlaga. Það hefur allt of mikið verið um það undanfarin ár að fjárlaganefnd hefur hreinlega ekki fengið upplýsingar um framvindu fjárlaga fyrr en allt of seint þannig að eftirlitshlutverk fjárlaganefndar og þingsins er í raun og veru ekki virkt þess vegna. Það verður að vinda bráðan bug að þessum málum, bæði að þjóðþingið og einstaka nefndir fái að vita meira um — jafnvel í trúnaði — hvaða samskipti eiga sér stað milli stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það er ekki nógu gott að þjóðþingið fái ekki að vita hvað þar er í gangi fyrr en eftir að stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur fjallað um málið. Fyrir mitt leyti geri ég hreinlega kröfu um það að þessum vinnubrögðum verði breytt.

Síðan vil ég minnast á framkvæmd fjárlaga. Við höfum margoft rætt hana hér og hæstv. fjármálaráðherra gaf munnleg svör við einstökum spurningum en að mínu viti voru þau ekki mjög beinskeytt. Fjárlaganefndin þarf því að fá miklu gleggri upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu um það hvernig framkvæmd fjárlaga gengur. Liðnir eru þrír mánuðir, fyrsti ársfjórðungur er liðinn og fjárlaganefnd hefur ekki enn þá fengið nein gögn til upplýsinga um það hvernig framkvæmd fjárlaga miðar á þessu ári í því ástandi sem nú ríkir.

[13:40]

Björn Bjarnason (S):

Herra forseti. Ég vil skýra þingheimi frá því undir þessum lið, Störf þingsins, að sá óvenjulegi atburður gerðist í

morgun í sérnefnd um stjórnarskrármál að þar var tekið út mál án þess að samstaða næðist um það í nefndinni. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir okkar sjálfstæðismanna til að skapa samstöðu um þetta mál í stjórnarskrárnefndinni var því algerlega hafnað. Þetta er í þriðja sinn í sögu þingsins sem mál er tekið út með þessum hætti og stofnað til þess hér í þriðja sinn að taka stjórnarskrármál fyrir í ágreiningi eins og hér er uppi.

Ég tel að sá atburður sem gerðist í morgun og framvinda málsins í sérnefndinni sé með þeim hætti að full ástæða sé til þess að þingheimur fái að heyra hvernig að málum var staðið. Þegar að því var komið að mál höfðu verið kynnt í nefndinni, gögn lögð fram og rætt við þá sem til kallaðir höfðu verið og við sjálfstæðismenn hófum að benda á hvað við gætum gert til þess að ná sátt í málinu, sá formaðurinn í nefndinni enga ástæðu til að gefa tíma til slíkra viðræðna. Málið snerist þá fyrst og fremst um að ljúka fundinum og taka málið út.

Ég met umræðurnar í nefndinni í morgun þannig, virðulegi forseti, að hægt hefði verið með vilja að ná samkomulagi í þessu máli. En úr því að formaðurinn kaus þessa leið, að taka málið út án þess að reyna til þrautar að ná samkomulagi, sé ég ekki annað en að harðar deilur verði um málið í þingsalnum.

[13:42]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil mótmæla því sem hér kom fram af hálfu hv. þm. Björns Bjarnasonar að minni hlutinn, þ.e. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, hafi gert ítrekaðar tilraunir til að ná samkomulagi í nefndinni. Það var aldeilis ekki þannig. Það var fyrst á 11. fundi sem haldinn var núna í hádeginu sem kom fram einhver samningsvilji, aldrei áður hafði hann komið fram, ekki í tveggja manna tali og heldur ekki í minni hópum.

Fyrir tveimur dögum ákváðum við að leita leiða til að ná samkomulagi þannig að reynt yrði að gera það í minni hópum og við færum í óformlegar viðræður. Það sem gerðist á þeim degi var að nefndarmenn neituðu að taka þátt í slíkum umræðum. (Gripið fram í.) Sama má segja um formann þingflokks sjálfstæðismanna (Gripið fram í.) sem neitaði að fjalla um mögulegt samkomulag í nefndinni um þetta mikilvæga mál.

Ég tel að það hafi verið komið að því að ekki var um annað að ræða en að taka málið út. Við erum búin að kynna breytingartillögur sem munu koma inn í þingið og verður tekin afstaða til þeirra eftir 2. umr. Þær eru allar hugsaðar þannig að komið er til móts við sjálfstæðismenn en engin viðbrögð voru við þeim tillögum. Það var því ekki annað að gera en afgreiða málið frá nefndinni og það var afgreitt núna í hádeginu með 5 atkvæðum gegn 4. Svo er bara að sjá hvernig umræðan fer fram. Ég efast ekki um að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins ætla að fara í málþóf í þessu máli en hvort það verður þeim til framdráttar í kosningabaráttu (Forseti hringir.) er svo allt annað mál.

[13:44]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hv. 5. þm. Norðausturkjördæmis hóf máls á í upphafi má segja að efnahagsstefna næstu ára liggi nokkuð ljós fyrir í samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þar eru þær útlínur sem við höfum skuldbundið okkur til að vinna eftir á næstu árum þannig að hvað ríkisfjármál og annað varðar liggur það fyrir. Hins vegar er eðlilegra að kalla eftir því að ríkisstjórnarflokkarnir leggi á borðið áætlanir sínar til að ná fram þeim markmiðum sem þar er lýst og menn hafa undirgengist að vinna að.

Annar stjórnarflokkurinn, sem var í raun andsnúinn þessu samkomulagi, verður auðvitað að beygja sig undir það og hefur gert það og þess vegna er eðlilegt að kalla eftir því að ríkisstjórnin geri kjósendum og þinginu grein fyrir því hvernig hún hyggst ná fram markmiðum sínum um að færa saman tekjur og gjöld ríkissjóðs á næstu árum þannig að jöfnuður náist. Við vitum að það verða ekki auðveldar aðgerðir. Þó að við séum örugglega viss um að landsmenn komist í gegnum þessa erfiðleika á nokkrum árum verða erfiðleikarnir töluverðir og tilfinnanlegir fyrst í stað. En það verður að fara í það verkefni og er eðlilegt að stjórnarflokkarnir geri grein fyrir því hvernig þeir hyggjast fara í það mál og leggi spilin á borðið: Að hve miklu leyti á að hækka skatta, að hve miklu leyti á að draga saman útgjöld, hvaða þjónustu á að skerða o.s.frv.

Það þarf auðvitað að liggja fyrir í aðdraganda kosninga svo þær veiti þeim flokkum sem mynda ríkisstjórn eitthvert umboð til þeirra aðgerða sem þeir ætla að grípa til á næstu árum. En því miður er útlitið þannig að ekki er líklegt að flokkarnir muni leggja spilin á borðið núna. Þegar mynduð verður ný ríkisstjórn að loknum kosningum hefur hún því í raun ekkert umboð til þeirra verka sem hún síðan ætlar að vinna vegna þess að hún hefur ekki kynnt áform sín og ekki lagt þau fyrir kjósendur þannig að þeir geti tekið afstöðu til þeirra á réttum tíma.

[13:46]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Í umræðum á Alþingi þann 9. mars 2007 sagði hæstv. utanríkisráðherra, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“

Ég tek undir þessi orð hæstv. utanríkisráðherra Össurar Skarphéðinssonar sem hann lét falla árið 2007 en mig grunar að hæstv. ráðherra sé búinn að gleyma þessum orðum núna. Ekkert síður en hæstv. heilbrigðisráðherra sem sagði við sama tækifæri, með leyfi forseta:

„Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga en framganga Framsóknarflokksins, sérstaklega í þessu máli, ber öll þess merki.“

Nú er það að gerast að minnihlutastjórnin hér á Íslandi ætlar sér að breyta stjórnarskrá lýðveldisins í mikilvægum efnisatriðum. (Gripið fram í.) Í dag birtist frétt á visir.is þar sem fram kemur að Ragnhildur Helgadóttir, lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík, segist telja að breið samstaða verði að vera um breytingar á stjórnarskránni eigi þær að ganga í gegn og ég hygg að ræða hv. þm. Björns Bjarnasonar hér áðan sýni að svo er ekki.

Í umsögn sinni segir Ragnhildur Helgadóttir lagaprófessor að ákvæði frumvarpsins, sem lúta að eignaskilgreiningum á náttúruauðlindum annars vegar og þjóðaratkvæðagreiðslum hins vegar, verði ekki tekin í stjórnskipunarlög núna nema um þau náist sátt allra flokka. Að öðrum kosti sé opnað fyrir pólitískan leik með stjórnarskrána, sem ekki hafi tíðkast áður á Íslandi, og ástæða sé til að vara við.

Ég ætla að taka undir þessi orð lagaprófessorsins. Ég held að það sé ástæða til þess að vara ríkisstjórnina við að ætla að nota stjórnarskrá Íslands, grundvallarlög samfélags okkar, í (Forseti hringir.) pólitískum leik. Ég held að stjórnarskráin eigi annað og betra skilið.

[13:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með síðasta ræðumanni en segi að það sé ekki stjórnarskráin heldur íslenska þjóðin sem eigi betra skilið en að farið sé í pólitískan leik með stjórnarskrána.

Við funduðum í fjárlaganefnd í morgun, virðulegi forseti, og ég verð að viðurkenna að ég var ansi vongóður fyrir þann fund. Ég sá í *Morgunblaðinu* á mánudaginn eins og aðrir að Vinstri grænir, nánar tiltekið fjármálaráðherra sagði:

„Við munum segja þjóðinni það fyrir kosningar sem við teljum óhjákvæmilegt að gera eftir kosningar. Við munum segja þjóðinni frá því.“

Það kom þess vegna spánskt fyrir sjónir að vera í einn eða tvo tíma á opnum fundi í fjárlaganefnd þar sem enn og aftur var haldið aftur af upplýsingum um raunverulega stöðu mála. Það er ekki enn komið fram hvernig menn ætla að framkvæma fjárlög árið 2009. Það er ekki enn komið fram, virðulegi forseti, hvaða upplýsingar menn eru búnir að leggja á borðið fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn en treysta sér ekki til að leggja fyrir Alþingi og er þar t.d. vísað til skattamála. Engar upplýsingar eru heldur komnar fram um það hvernig menn eru að vinna fjárlögin fyrir árið 2010.

Það er því augljóst að leikurinn er ekki bara með stjórnarskrána. Hann gengur líka út á það að reyna að halda öllu því leyndu sem hægt er fyrir þinginu og fyrir þjóðinni fram yfir kosningar, og það er gríðarlega alvarlegt og það er þessari ríkisstjórn til vansa. Svo að því sé til haga haldið þá eru menn búnir að fresta sparnaðaraðgerðum og segja ekki frá því hvernig þeir ætla að ná þeim með öðrum hætti. Það er allt í lagi að fresta en (Forseti hringir.) það er enn alvarlegra að menn skuli ekki segja frá því.

[13:51]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að bregðast við ummælum sem féllu af hálfu hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar hér áðan þegar hann ræddi um skattamál og hélt því fram að boðskapur fjármálaráðherra, hæstv. formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, væri bersýnilega að hækka skatta á aldraða, öryrkja og ungt fólk.

Nú er það auðvitað svo að sú staða sem blasir við í efnahagsmálum eftir átján ára stjórn Sjálfstæðisflokksins í þeim málaflokki er með þeim hætti að grípa verður til marghátt-aðra aðgerða til þess að bregðast þar við. Við höfum sagt skýrt af okkar hálfu að við horfumst í augu við þá döpru staðreynd að það þarf bæði að fara í hagræðingu og samdrátt í ríkisútgjöldum en það þarf líka að leita leiða til þess að auka tekjur ríkissjóðs með sanngjörnum hætti.

Þegar höfð er í huga reynslan af Sjálfstæðisflokknum í skattabreytingarmálum á undanförnum árum þá vitum við hvernig hann stendur að þeim. Ef skattar eru lækkaðir þá er það á þá sem mest hafa fyrir en skattar eru hækkaðir á lágtekjufólki. Formaður Sjálfstæðisflokksins, Geir H. Haarde, sagði hér laust fyrir áramót, þegar hann var í embætti forsætisráðherra og líka formaður í Sjálfstæðisflokknum, að ekki væri hægt að útiloka skattahækkanir. Hvað meinti hann með því? Hvað meinti Sjálfstæðisflokkurinn með því? Á hverjum átti þá að hækka skattana? Gamla fólkinu? Unga fólkinu, öryrkjana eða hvað? Getur Sjálfstæðisflokkurinn svarað því? Nú kemur hann hér eins og hvítþveginn engill og lætur eins og það hafi aldrei hvarflað að honum að auka þyrfti tekjur ríkissjóðs. (**Gripið fram í:** Hann er farinn …) — Er hann ekki hér? Nei, hann er farinn. Og þá getur Sjálfstæðisflokkurinn skipt um stefnu.

Við höfum sagt það af okkar hálfu í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við teljum mikilvægt að skattbyrðinni sé dreift með réttlátum hætti og skattkerfið notað markvisst til tekjujöfnunar. Það er stefna okkar. Hún var mörkuð á landsfundi okkar. Við höfum sagt þjóðinni frá (Forseti hringir.) því hverjar áherslur okkar eru í þessu efni.

[13:53]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Á opnum fundi með fjárlagaráðherra í morgun komu fram upplýsingar sem gera það að verkum að full ástæða er til að hafa áhyggjur af áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að reisa við efnahagslegan stöðugleika hér á landi. Það kom fram að í 15. lið viljayfirlýsingar um áform íslenskra stjórnvalda vegna fjárhagslegra fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að hann þurfi að fara yfir umgjörð ríkisfjármála og leggja fram tillögur þar að lútandi og að fjármagn sveitarfélaga verði að samræmast betur áformum í ríkisfjármálum. Það kom fram á fundinum með fjármálaráðherra í morgun að þessi vinna er ekki farin af stað. Nefndin sem átti að skoða þetta lauk störfum fyrir viku eða tíu dögum síðan Og þessar upplýsingar áttu að liggja fyrir á þeim tíma. Hún er farin og nefndin sem átti að skoða þetta var skipuð í síðustu viku.

Við hljótum líka að velta fyrir okkur að í síðustu viku var einnig skipuð nefnd til þess að skoða rammafjárlögin, hagræðingu og endurskipulagningu í ríkisbúskapnum. Þetta er vinna sem átti að liggja fyrir áður en nefndin frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum kæmi til Íslands. Við hljótum því að velta því fyrir okkur hver staða þessarar áætlunar sé. Nú stöndum við frammi fyrir því að önnur greiðsla átti að koma á þessum dögum eða væri handan við hornið. En það upplýstist í morgun að annarrar greiðslu væri fyrst að vænta í júní nk. og maður veltir fyrir sér: Hver eru áhrifin á endurskipulagningu á ríkisbúskapnum hér á landi? Hvaða áhrif hefur það á ríkisfjármálin? Hvaða áhrif hefur það á efnahagslífið hér á landi?

Það sem kom fram í morgun veldur mér miklum áhyggjum. Það er alveg ljóst að áætlun Alþjóðagjaldeyris-

sjóðsins á Íslandi er farin úr skorðum, tímaáætlanir standast ekki með ófyrirséðum afleiðingum fyrir íslenskt efnahagslíf.

[13:55]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Hún er dálítið undarleg þessi viðkvæmni gagnvart þeirri umræðu sem hér er varðandi skattahækkanir. Það hefur aldrei verið lokað á nokkurn skapaðan hlut í þeim efnum. Fyrst og fremst er verið að kalla eftir áformum minnihlutastjórnarinnar sem, samkvæmt upplýsingum hæstv. fjármálaráðherra, munu ekki verða lýðum ljósar fyrr en í fyrsta lagi eftir að stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur þóknast að fara yfir þau gögn sem koma frá Íslandi. Það er í fyrsta lagi um miðjan apríl, níu eða tíu dögum fyrir kosningar. Hvers lags framkoma er þetta gagnvart fólki? Það er engin furða þó að uppi séu einhverjar getsakir varðandi það með hvaða hætti standa eigi að skattlagningu. Það er engin furða þó að menn gæli við það í herbúðum Vinstri grænna að leggja eignaskatt á eldra fólk sem býr í skuldlausu húsnæði — þá gerið þið svo vel að upplýsa það.

Það er engin furða þó að kallað sé eftir því hverjar áherslur stjórnarinnar séu varðandi niðurskurð útgjalda þegar upplýst er að búið er að setja á fót þriggja manna vinnuhópa til þess í fyrsta lagi að skoða niðurskurð rekstrar, í öðru lagi að skoða niðurskurð á tilfærslum og í þriðja lagi að skoða niðurskurð á framkvæmdum. Er nokkur furða þó að kallað sé eftir þessum upplýsingum (Gripið fram í.) svo að landsmönnum gefist tækifæri til þess að ræða þær hugmyndir sem minnihlutastjórnin gengur á? — Vel kann að vera að frjálslynda þingmanninn, hv. þm. Grétar Mar Jónsson, langi að fara heim að sofa. Þá skal hann bera gera það því að ekki hefur hann lagt neitt til málanna hér í þingsölum varðandi það með hvaða hætti taka eigi á fjármálum ríkisins.

En meginatriðið er þetta: Það er kallað eftir upplýsingum og það er lýðræðisleg skylda þessarar minnihlutastjórnar að upplýsa þingheim um það með hvaða hætti hún hyggst taka á þeim erfiðu málum sem fram undan eru. Það liggur fyrir að niðurskurður útgjalda þarf, samkvæmt upplýsingum hæstv. fjármálaráðherra, að vera (Forseti hringir.) 35–55 milljarðar. Ef nást á sátt um það verkefni verður að ríkja traust í (Forseti hringir.) samfélaginu.

[13:57]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Það er hreint með ólíkindum að heyra talsmenn Sjálfstæðisflokksins tala — flokkurinn sem hefur ráðið hér ríkjum síðastliðin átján ár, flokkurinn sem skilar búinu þannig að 170–180 milljarða kr. halli er á fjárlögum ársins í ár. Það eru hinar miklu skattahækkanir sem lagðar eru á íbúa landsins og áfram næstu tvö til þrjú árin.

Hann kemur ekki einu sinni auðmjúkur og biðst afsökunar. Nei, það er eins og hann sé að stæra sig af þessu. Þetta er flokkurinn sem lét hvað hæstu skattbyrðina lenda á lægstu tekjunum. Þegar sköttum var breytt í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins var það gert með flötum hætti þannig að þeir sem voru með lægstu tekjurnar báru hlutfallslega hæstu skattana. Þeirri stefnu verður breytt.

Ég get lofað þingmönnum Sjálfstæðisflokksins því að tekin verður upp gjörbreytt forgangsröðun við fjárlagagerð verði Vinstri grænir áfram í ríkisstjórn eftir kosningar, sem við treystum á að verði. Þá verður ekki lögð meginálersla á einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu eða Sjúkratryggingastofnun upp á hundruð milljóna kr. eða Varnarmálastofnun, gæluverkefni, upp á 1,5 milljarða. Nei, þá verður lögð áhersla á velferðarmálin, jöfnuð og jafnrétti þannig að kjör þeirra sem hafa lægstu tekjurnar verði varin en ekki eins og ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins gerði að ráðast fyrst á þá sem máttu sín minna.

Stefna þessara flokka er býsna ljós. Við Vinstri græn höfum staðið hér í brúnni og gagnrýnt þessa gjaldþrotastefnu Sjálfstæðisflokksins sem nú er, og það veit þjóðin. Vill þjóðin fá Sjálfstæðisflokkinn aftur yfir sig? Stefna hans er óbreytt eins og hún hefur verið undanfarin átján ár, það heyrðum við hjá hv. þm. Guðlaugi Þór (Forseti hringir.) Þórðarsyni, áframhaldandi einkavæðing í heilbrigðiskerfinu. Nei, hér verður breyting á, herra forseti, að kosningum loknum. (Forseti hringir.) Ég lofa því.

[14:00]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að ræða fundinn í morgun. Þetta var um margt prýðilegur fundur og ágæt nýbreytni í störfum Alþingis. Ástæða er til að þakka ráðherra og ráðuneytismönnum fyrir prýðilegar upplýsingar og býsna greinargott yfirlit yfir þá flóknu stöðu sem uppi er nú af því að það er ekki allt fyrirsjáanlegt í henni en þeir fóru að mínu mati mjög vel yfir hana. Annar þáttur umræðunnar á þessum fundi sem ekki hefur verið ræddur í þingsalnum í dag heldur hafa menn þrasað um hvort og með hvaða hætti hækka eigi skatta, voru atvinnumálin og hvernig megi efla atvinnustigið og auka framleiðsluna í landinu. Þetta ræddu nokkuð margir þingmenn á nefndarfundinum í morgun og ráðherrann brást prýðilega við því í lokin með því að vísa á helstu sprotana þar, ferðaþjónustu og ýmislegt annað. (Gripið fram í.) Þá gerðist sá ánægjulegi atburður í iðnaðarnefnd í beinu framhaldi af þessum fundi að þar var afgreitt frumvarp iðnaðarráðherra um fjárfestingarsamning vegna álversins í Helguvík. Gangi þau áform eftir má búast við að á þriðja þúsund Íslendinga verði að störfum í kringum þá framkvæmd á haustdögum, bæði í kringum þjónustu og mannvirkjagerð ýmiss konar. Þetta eru áfangar sem við eigum að fagna og taka utan um, styðja við bakið á og ganga úr skugga um að verði að veruleika og ná samstöðu um.

Margt annað jákvætt gæti gengið eftir með sama hætti og ráðherra nefndi sem varðar gagnaver og ýmsa aðra uppbyggingu. Þá upplýsti ráðherrann einnig að viðræður standa yfir á milli ráðuneyta og grænu stóriðjunnar — garðyrkjunnar og ylræktarinnar í landinu — um að lækka rafmagn til ylræktar og grænnar stóriðju á Íslandi. Það er mikið fagnaðarefni af því að það er vaxtarsproti sem á að hlúa að og taka utan um. Við eigum að einblína á það sem hægt er að gera og verið er að gera með jákvæðum hætti þannig að strax á þessu ári megi fjölga störfum á Íslandi svo þúsundum skiptir.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla sérnefndar á frumvarpi um stjórnarskipunarlög.

[14:02]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég sé mig tilknúna til að koma upp undir þessum lið, um fundarstjórn forseta, þar sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hefur í tvígang sagt í þessum ræðustól að ég hafi hafnað því að ræða við hana um það hvernig ljúka ætti umræðu um stjórnarskrármál í sérnefnd um stjórnarskrármálin. Þessu hafna ég alfarið. Hið sanna er að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kom til mín þar sem ég sat hér í sæti mínu og beið eftir umræðu og nefndi að hún þyrfti að eiga fund með mér. Ég tók því afar vel eins og ég tek slíkum tilboðum gjarnan. Síðan fór ég í mína ræðu og þegar ég kom aftur úr ræðustólnum var hv. þingmaður horfin úr salnum og horfin úr húsinu og hefur ekki óskað frekar eftir því að fá að ræða við mig um þessi mál. Ég veit að það er hv. þingmanni ekki eðlislægt (Forseti hringir.) að segja svona rangt frá en ég vildi gjarnan leiðrétta það í þessu tilfelli vegna þess að hún er búin að tvítaka það hér (Forseti hringir.) að ég hafi hafnað viðræðum við hana.

[14:04]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Mér leiðist frekar að þurfa að koma hér upp til að halda þessari umræðu áfram en ég tel mig tilknúna til þess vegna þess að hv. þingmaður segir ekki alveg rétt frá. Því var bókstaflega hafnað að ræða hvernig við gætum tekið þetta stóra mál út úr nefnd sem varðar stjórnarskrána. Hún hótaði eiginlega málþófi, ég get bætt því við það sem ég sagði áðan fyrst hún vill halda áfram umræðu um þetta. Það var ekkert um það að ræða að hún vildi tala við mig um þetta. Það er líka ákveðin taktík sem maður tekur eftir að Sjálfstæðisflokkurinn beitir og er ekkert nýtt, ég þekki þetta t.d. frá Davíð Oddssyni, fyrrverandi formanni, það er að reyna ekkert að semja og vilja helst ekkert tala um neina möguleika eða neina fleti á samkomulagi fyrr en á síðustu stundu. Og síðasti fundur, 11. fundur í nefndinni í morgun var með þeim hætti að þá voru þingmenn (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokksins allt í einu tilbúnir að fara að ræða eitthvert samkomulag. (Forseti hringir.) Það var bara einfaldlega of seint.

[14:05]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ekki ætla ég að fara náið út í það hvað fór á milli hv. þingmanna Valgerðar Sverrisdóttur og Arnbjargar Sveinsdóttur. Ég veit það eitt að á mánudaginn þegar hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir var að ræða þessi mál var ég sjálfur upptekinn af persónulegum ástæðum. Það var líka vitað að formenn stjórnmálaflokkanna ætluðu að hittast um kvöldið og við sögðum hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur það, sjálfstæðismenn, að okkur þætti eðlilegt að þær viðræður ættu sér stað á þeim tímapunkti til þess að menn gætu rætt þetta mál í samhengi við lok mála í þinginu almennt.

Ég vil geta þess líka að margt hefur verið með miklum ólíkindum í sambandi við þetta mál. Eins og hv. þm. Björn Bjarnason rakti hér fyrr í dag vorum við að fá gesti til nefndarinnar alveg fram á síðustu stundu þannig að mikil efnisleg umræða um málið hafði ekki átt sér stað án þess að gestir væru viðstaddir og það skýrir auðvitað hvers vegna málin voru komin í þennan farveg í morgun.

Það er hins vegar athyglisvert að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir (Forseti hringir.) kaus að (Gripið fram í.) höggva á hnútinn í morgun og hafna (Forseti hringir.) því að leita frekari leiða til að ná samkomulagi í málinu.

[14:06]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Mér finnst það í sjálfu sér alvarlegt mál þegar svona kemur upp. Ég hvet hv. þingmenn sem hófu þessa umræðu, Arnbjörgu Sveinsdóttur og Valgerði Sverrisdóttur, til að reyna að leysa þetta sín á milli þannig að menn fari ekki inn í sumarið með þennan misskilning. Það er alltaf leiðinlegt fyrir hv. þingmenn að standa frammi fyrir því að hafa misskilið hver annan í málum eins og þessu. Ég þekki báða hv. þingmenn, virðulegi forseti, af góðu einu, hef starfað með þeim hér í a.m.k. tvö ár og ég er þess fullviss að báðir hv. þingmenn munu geta leyst þetta þannig að við lítum björtum augum til sumarsins því að ekki vil ég horfa fram á það, virðulegi forseti, að bera þetta á bakinu (Forseti hringir.) inn í sumarið og páskafríið.

Erlent eignarhald á íslenskum fyrirtækjum.

Fsp. KHG, 447. mál. — Þskj. 796.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson) (U):

Virðulegi forseti. Í nýjasta fréttablaði ríkisskattstjóra, *Tíund,* er á forsíðu fyrirsögnin „Skattasmugur frítekjumanna“ og mynd af þekktum eyjum úr umræðunni hér, Cayman-eyjum, Tortóla og Guernsey svo nokkur dæmi séu nefnd. Þar er grein eftir Aðalstein Hákonarson, sem starfar hjá embættinu, og í útdrætti á henni segir, með leyfi forseta:

„Þá hafa íslenskir bankar þjónustað aðila sem skattskyldir eru á Íslandi við að flytja tekjur sem þeim bar að greiða skatta af hér á landi inn fyrir virkisgarð dótturfélaga sinna erlendis.“

Með öðrum orðum, þarna er vakin athygli á því að íslenskar fjármálastofnanir hafa beinlínis aðstoðað fyrirtæki og skattskylda aðila við að flytja innlent fé til útlanda til að komast hjá skattlagningu. Það minnir mig á grein eftir fyrrverandi ríkisskattstjóra, Indriða H. Þorláksson, sem birtist á heimasíðu hans í marsmánuði 2008 og heitir „Eignarhald á íslenskum fyrirtækjum – Hvert rennur hagnaður þeirra og skattar?“ Hann vekur athygli á því að samkvæmt athugunum sem hann hefur framkvæmt þá hafði bein fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi margfaldast á aðeins fjórum árum. Árið 2002 var erlend fjármunaeign 64 milljarðar kr. en í árslok 2006 var fjárhæðin 538 milljarðar kr. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að þessi erlenda fjármunaeign hér á landi sé að stórum hluta fjármunir í eigu íslenskra aðila sem hafi flutt fé sitt til útlanda og notað það þaðan til að fjárfesta á Íslandi. Enn fremur að líklegt sé að menn komi sér undan því að greiða skatta af fénu sem sé upprunnið hér á landi með því að flytja það út, t.d. til Hollands, og skrá það formlega þar.

Hann segir, með leyfi forseta, í grein sinni:

„Af þessum sökum rennur verulegur hluti af hagnaði af starfsemi félaga hér á landi til erlendra aðila og hagnaður af starfsemi íslenskra fyrirtækja erlendis sem eru í eigu þessara félaga ílendist ekki hér. Þá hefur þetta fyrirkomulag veruleg áhrif til lækkunar á skatttekjum hér á landi …“

Hann segir jafnframt líka, með leyfi forseta:

„Erlent eignarhald á íslenskum félögum, hvort sem það er raunverulega erlent eða dulið íslenskt eignarhald, hefur mikil áhrif á tekjur ríkissjóðs“

Af því að nú ber svo vel í veiði að greinarhöfundur er orðinn tímabundið ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu og þá eru hæg heimatökin hjá hæstv. fjármálaráðherra að kynna sér þessi mál, hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Hver eru talin hafa verið áhrif erlends eignarhalds á íslenskum félögum á tekjur ríkissjóðs og hver er helsta skýringin á þeim?“

[14:11]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er kærkomið að fá tækifæri til að fara aðeins yfir það hvernig skattlagningu fyrirtækja í eigu erlendra aðila er háttað hér á landi. Ábatinn af starfsemi þeirra felst fyrst og fremst í launum starfsmanna, hagnaði fyrirtækisins og vöxtum af fjármagni en mestur hluti ábatans rennur til hins erlenda eiganda, þ.e. annar en laun starfsmanna og skattur af hagnaði af starfsemi hér. Innlendur ábati af starfsemi í eigu erlendra aðila ræðst því að verulegu leyti af því hvernig staðið er að skattlagningu.

Öll atvinnustarfsemi erlendra aðila hér á landi fellur undir íslensk skattalög og eru fyrirtæki erlendra aðila skattskyld af þeim tekjum sem hér verða til, það er almenna reglan. Að auki getur erlendum eigendum félaga verið gert að greiða afdráttarskatt af þeim arði sem þeir taka til sín af félaginu. Skatttekjur af erlendri fjárfestingu í formi lána hafa hins vegar engar verið hér og vextir sem greiddir eru úr landi hafa ekki verið skattlagðir hér ólíkt því sem er í flestum öðrum ríkjum.

Skattaleg meðferð virðisauka af erlendri fjárfestingu hér á landi er mjög mismunandi. Sá hluti virðisaukans sem fer í laun sætir að jafnaði mestri skattlagningu. Hagnaður félaga er skattlagður mun vægar og vextir til erlenda aðila hafa eins og áður sagði verið skattfrjálsir. Þótt íslenskar reglur um skattlagningu tekna erlendra aðila séu að formi til sambærilegar því sem er í öðrum löndum er sköttum hér beitt í minna mæli til að tryggja innlenda hlutdeild í þeim virðisauka sem hér skapast. Með lækkun á tekjuskatti félaga á undanförnum árum, lækkun fjármagnstekjuskatts, skattfrelsi á arðgreiðslum milli félaga og fleiri breytingum hefur hlutdeild landsins í þessum virðisauka verið minnkuð umtalsvert og engar sérstakar ráðstafanir hafa verið til staðar til að hindra að slíkur arður renni óskattlagður úr landi. Framangreint á ekki aðeins við framleiðslufélög í eigu erlendra aðila svo sem álver heldur einnig um fjármálafélög og eignarhaldsfélög sem erlendir aðilar eiga hér á landi. Þær reglur sem á þessum vettvangi gilda gera það að verkum að bæði sá hagnaður sem þessi félög fá erlendis frá og af innlendri starfsemi þeirra á greiða leið úr landi án þess að veruleg skattlagning komi til.

Eins og kunnugt er eru öll stóriðjuver á Íslandi í eigu erlendra aðila. Reikna má með að tekjuskattur eins álvers af þeirri stærð sem algeng er hér á landi geti verið um einn og hálfur milljarður dala í meðalári. Þess ber þó að geta að vegna hagstæðra afskrifta greiða álverin að jafnaði engan tekjuskatt fyrstu sjö til tíu árin. Þannig greiða væntanlega einungis tvö álver tekjuskatt á næstu árum og er hann reyndar um helmingi lægri nú en hann hefði verið án þeirra breytinga á sköttum félaga sem gerðar hafa verið síðustu ár. Þau og orkuverin sem sjá þeim fyrir raforku eru fjármögnuð með erlendu fé og skatttekjur af því hér á landi eru engar.

Þá er einnig kunnugt að fjölmörg íslensk fyrirtæki, einkum á fjármálasviði, hafa verið beint eða í gegnum millilið í eigu erlendra félaga. Á það við hið sama og að framan segir að skattur hér á landi er ekki verulegur hluti þess hagnaðar sem þau hafa aflað hér og enginn skattur greiðist af þeim hagnaði erlendra dótturfélaga þeirra sem þau kunna að hafa tekið til sín í formi arðs. Ekki liggja fyrir tölur um þann hagnað sem hér um ræðir en ljóst er að hann er umtalsverður. Erlendir skráðir eigendur áttu meiri hluta þeirra fjármálafyrirtækja sem umsvifamest voru hér á landi og ljóst að samsvarandi hluti af hagnaði þeirra félaga féll til erlendra eigenda. Sé einnig svo, eins og ýmsir hafa haldið fram að undanförnu, að hinir raunverulegu eigendur hinna erlendu eignarhaldsfélaga séu íslenskir menn eða félög er ljóst að lág skattlagning hefur þó ekki dugað til að halda þeim hér á landi og þeir hafa talið sig þurfa að bæta hlut sinn enn ofan á lága skatta hér með hreinni skattasniðgöngu.

Ég vil svo að lokum bæta við að hendur hafa verið látnar standa fram úr ermum í þessu efni í fjármálaráðuneytinu frá 1. febrúar sl. og þess sér m.a. stað í frumvarpi sem ég vænti að bíði nú 3. umr. og lokaafgreiðslu hér á þingi, frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu, með síðari breytingum. Þar er m.a. lagt til að tekin verði upp skattlagning vaxta sem erlendir aðilar fá greiddan héðan frá landinu, svonefndir afdráttarskattar, sem fyrst og fremst hafa það í för með sér að hluti slíkra skatttekna rennur til ríkissjóðs Íslands í staðinn fyrir að renna óskertur úr landi og koma öðrum ríkjum til góða. Sömuleiðis er í þessu frumvarpi að finna upptöku svonefndra CFC-reglna til þess að samskatta móðurfélög og dótturfélög á aflandssvæðum þannig að hluti slíkra skatttekna (Forseti hringir.) komi sömuleiðis okkur Íslendingum og ríkissjóði okkar til góða.

[14:16]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Það er hárrétt að þau fyrirtæki sem eru með eignarhald víða um heim og sérstaklega í þessum Jómfrúreyjum og öðrum eyjum, koma sér undan því að borga skatta til ríkisins en það er ekki aðalvandinn. Aðalvandinn er sá að eignarhaldið er líka dulið og mjög margt er svipað hulu með þessum fyrirtækjum og það skaðar atvinnulífið miklu meira. Krosseignarhald getur verið dulið á þennan hátt, keðjueignarhald o.s.frv.

Síðast á dagskrá fundarins í dag er þingsályktunartillaga

frá mér um að búa til hlutafélög með gagnsæju eignarhaldi. Ég held að það sé lausn okkar á þessum vanda og lausn okkar á þeim vanda sem fjármálamarkaðurinn og atvinnulífið hefur liðið fyrir og hugsanlega hefur valdið því hruni sem varð í haust. Ég held að svarið sé heiðarleiki og gagnsæi.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir svörin og hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir framlag hans til umræðunnar. Ég er sammála því sem fram kom í máli hans. Ég held að það verði ekki nógsamlega dregið fram og hamrað á því á næstunni að við verðum að læra af þeim vítum sem við sjáum liggja í fortíðinni í þessum efnum. Það er alveg greinilegt að niðurstaða hæstv. fjármálaráðherra er í meginatriðum sú sama og Indriði H. Þorlákssonar komst að í greinargerð sinni í mars 2008. Þær ályktanir hans eru því nú orðnar skoðun ráðherra sem hefur auðvitað miklu meira vægi og ber að taka af fullum þunga alvarlega og ráðherrann hefur líka möguleika á að koma fram breytingum til að fyrirbyggja að áframhald verði á því athæfi sem gagnrýnivert er. Ráðherrann hefur lýst því að hér í þinginu eru til meðferðar breytingar sem að nokkru leyti eiga að stemma stigu við þeirri óheillaþróun sem varð.

Ég mundi vilja beina því til hæstv. ráðherra að hann setti í gang athugun á því hvað íslenska ríkið er talið hafa tapað miklum fjármunum á síðustu 3–4 árum vegna þess að íslenskir aðilar nutu leiðbeininga íslenskra fjármálafyrirtækja, eins og banka og endurskoðunarfyrirtækja, til að komast fram hjá eðlilegum leikreglum í þjóðfélaginu að borga sína skatta. Það dugði ekki til að skattarnir væru lágir eins og fjármagnstekjuskattur því að græðgin var svo mikil að menn tímdu ekki einu sinni að borga það og notuðu þessa leið til að komast hjá því að taka þátt í að leggja sinn skerf í þjóðfélaginu og leggja sitt fram til að halda uppi velferðarþjóðfélagi. Í mínu ungdæmi voru þeir sem svona höguðu sér kallaðir aumingjar og það mega þeir heita, þessir ágætu menn.

[14:20]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Pétri Blöndal. Það er alveg laukrétt að vandamálið er tvíþætt þegar þetta eignarhald á aflandssvæðum í gegnum keðju félaga, dótturfélaga, eignarhaldsfélaga, skúffufélaga á í hlut. Það er ekkert síður það sem stingur í augu að þarna er verið að dylja eignarhald og fela hina raunverulegu eigendur um leið og yfirleitt er einhver viðleitni í gangi til að komast undan sköttum og hvort tveggja á auðvitað að stoppa. Það má þá kannski kalla það lán í óláni að fátt sé svo með öllu illt að nú er í gangi mikil þróun á alþjóðavettvangi að taka á þessu af því að nú hafa menn lært af ósköpunum og sjá hversu óheilbrigt og skaðvænlegt þetta umhverfi var sem búið var til og staðinn var dyggur vörður um af ýmsum, t.d. Bretum, Bandaríkjamönnum og fleirum í anda þeirrar nýfrjálshyggju sem sveif yfir vötnunum þar sem allt átti að vera svo himnafrjálst og líka frjálst að borga ekki skatta og dylja eignarhald og annað í þeim dúr.

Ég held að það sé ástæða til að rifja það upp að skattstjórar, bæði núverandi og fyrrverandi, skattrannsóknarstjórar og ýmsir fleiri aðilar hafa á undanförnum árum verið að hvetja til aðgerða í þessum efnum. Það liggja fyrir margar góðar skýrslur um þau mál en það var ekkert gert af hálfu framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins, ekki neitt. Það er stórmerkilegt að uppgötva að það skyldi ekki einu sinni vera innleidd hér á landi sambærileg löggjöf og eiginlega alls staðar er búið að gera í kringum okkur, t.d. í sambandi við afdráttarskatta, vaxtagreiðslur úr landi og í sambandi við sérreglur í skattlagningu gagnvart lágskattasvæðum.

Ég legg áherslu á að það er mikilvægt að fá það frumvarp afgreitt sem nú liggur fyrir Alþingi. Þar er verið að taka á tveimur þessara þátta, mjög fortakslaust. Ég vil einnig láta koma fram að það er vinna í gangi í ráðuneytinu til þess að stórefla eftirlit í þessum efnum og til að styðja við bakið á skattyfirvöldum í staðinn fyrir að halda aftur af þeim í því að sinna starfi sínu með skilvirkum hætti og það verður gert á meðan ég hef eitthvert húsbóndavald í fjármálaráðuneytinu.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 14:22]

[14:38]

Útbýting:

Árleg ráðstefna á Akureyri um málefni heimskautasvæðanna, 464. mál, þáltill. VS o.fl., þskj. 879.

Umræður utan dagskrár.

Verðbætur á lán.

[14:39]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Frú forseti. Ég vek hér máls á því fyrirbæri sem kallast verðbætur á lán eða verðtrygging en ætti í raun og veru að heita peningatrygging. Þetta fyrirkomulag felur það í sér að sá einstaklingur sem tekur lán með verðbótum verður að greiða ofan á lánið fjárhæð sem tengist verðlagsbreytingu í landinu miðað við svokallaða vísitölu neysluverðs. Þetta kerfi var búið til í því skyni að þeir sem tóku lán borguðu verðmæti þess til baka sem og að þeir sem lögðu peninga inn á banka sæju ekki peninga sína brenna upp á báli verðbólgunnar.

Vissulega er þetta eðlileg hugsun. Nú er þjóðin þó búin að hafa reynslu af þessu verðbótakerfi í næstum þrjá áratugi og hefur það a.m.k. tvisvar sinnum leitt til þess að fjöldi fjölskyldna hefur misst húsin sín og jafnvel orðið gjaldþrota eða stefnir nú í gjaldþrot.

Hópur sem varð fyrir barðinu á verðtryggingunni á 9. áratug síðustu aldar var stofnaður og kenndur við aflagðan skemmtistað sem hét Sigtún því að þar kom þetta fólk saman. Baráttumál Sigtúnshópsins náðu ekki fram að ganga, því miður, og núna horfir fjöldi fjölskyldna fram á það að lenda í sömu sporum og margir sem voru í Sigtúnshópnum.

Þessi erfiða staða fjölda fólks er til orðin vegna þess að breytingar og viðmið verðtryggðra lána eru ranglát og gefa í raun og veru ekki rétta mynd af því sem er að gerast.

Hvers vegna er þessu ekki breytt? Það fólk sem greiddi mánaðarlega af lánum sínum ákveðna fjárhæð fyrir einu ári og sér nú þessar greiðslur hækka og hækka á meðan tekjur þess standa í stað eða jafnvel lækka til mikilla muna eða þá að það er orðið atvinnulaust spyr spurningarinnar: Hvers vegna eru þessu ekki breytt?

Allt frá því að þetta kerfi var tekið upp hefur það sætt mikilli gagnrýni en valdhafar hafa ekki viljað breyta því, e.t.v. af óttanum við að þurfa sjálfir að glíma við hagstjórnarvandann með aga og festu.

Frú forseti. Áður en fólk tók þessi verðtryggðu húsnæðislán var gert greiðslumat og ef viðkomandi taldist hæfur til lántökunnar var gerð svokölluð greiðsluáætlun þar sem greiða átti tiltekna upphæð hvern mánuð. Lántakandi og banki gengu að samkomulaginu sem tók mið af þessari áætlun. Fjöldi fólks sem keypti sér íbúðarhúsnæði í hófsemd og forsjálni og lagði fram eigið fé ásamt lánsfé til kaupanna sér allt í einu að afborganir af lánum eru nú orðnar miklu hærri en gert var ráð fyrir í samningnum. Í sumum tilvikum er skuldin orðin hærri en veð íbúðarinnar og mánaðargreiðsla orðin miklu hærri en um var samið. Fólk sem lagði sparifé í húsnæði sitt í þessum tilvikum hefur tapað því. Hvað á að gera, bíða og vona eða á það að skila lyklunum og koma sér í burt þar sem annað eins rugl er ekki við lýði?

Frú forseti. Í grein Haralds Líndals Haraldssonar hagfræðings sem birtist í *Fréttablaðinu* fyrir skömmu kemur fram að skuldir heimilanna í landinu hækkuðu vegna vísitölunnar um 100 milljarða kr. á fjórum síðustu mánuðum síðasta árs. Það gerðist eftir bankahrunið og fullyrða má að enginn tók lán á þessum tíma og einnig að mjög dró úr allri neyslu. Þetta undirstrikar vitleysuna og rangindin sem felast í því hvernig lánin hækka og hækka.

Með vísan til þessa sem ég hef sagt vil ég spyrja: Hafa stjórnvöld rætt um það að koma til móts við þessa skuldara með leiðréttingu? Launþegasamtökin gerðu samning við atvinnurekendur um að fresta umsaminni hækkun launa sem átti að koma í síðasta mánuði. Það var gert þar sem talið var að fyrirtæki gætu ekki tekið á sig fleiri hækkanir.

Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvort honum finnist eðlilegt að hinn almenni launþegi sem hefur tekið á sig launalækkun, samið sig frá umsaminni launahækkun eða jafnvel misst vinnuna eigi að standa skil á sínum lánum með fullum verðbótum sem byggjast á mjög vafasömum forsendum og beinlínis hægt að færa rök fyrir að séu rangar.

Að lokum þakka ég fyrir að hæstv. ráðherra er hér til andsvara og vona að svör verði góð og skýr.

[14:44]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu rétt og skylt að ræða við hv. þingmann um þetta mál á almennum nótum, eins og hér er gert, um sjálf grundvallarviðmiðin í þessum efnum. Hv. málshefjandi fór yfir sögu verðtryggingarinnar og hvernig hún kom til sögunnar eftir að umtalsverð verðbólga var tekin að geysa og sparnaður brann upp. Á sama tíma fengu þeir sem fengu lán, eins og það var þá kallað og litið á sem happ eða hnoss, lánin hratt skrifuð niður í verðbólgunni sem óverðtryggð lán á þeim tíma. Verðtrygging var svo tekin upp til að takast á við þetta en festist í sessi. Til urðu aðstæður, m.a. þær sem hv. málshefjandi nefndi þegar misgengishópurinn svonefndi sætti því á ákveðnu árabili, eftir stjórnarskiptin 1983, að vísitölubinding launa var afnumin eða skert mjög verulega en verðtrygging lána hélst að fullu. Þannig varð til hið illræmda misræmi sem margir áttu um sárt að binda út af lengi á eftir.

Ég tel að mikil mistök hafi verið gerð í kjölfar þjóðarsáttarinnar og þess ásetnings sem þá var uppi um að nota tækifærið um leið og verðbólga hefði náðst niður með þeim fórnum sem það kostaði á sínum tíma og hefja afnám verðtryggingar. Yfirlýsingar stóðu til þess en það var síðan ekki gert þrátt fyrir ágætar aðstæður til þess á árunum eftir 1990 sem sköpuðust á grundvelli stöðugleika og lágrar verðbólgu.

Það er rétt að árétta að auðvitað er meginvandinn hér verðbólgan sjálf, þensla sem fer úr böndum. Vísitölutengingin mælir eingöngu það jafnvægisleysi sem þá myndast en hefur hins vegar ýmsar verkanir. Um vísitölumælinguna sjálfa hefur mikið verið rætt og spurning er um þann grunn sem þar er lagður og það hvort utanaðkomandi og óskyldir hlutir eiga að hafa áhrif á hækkun höfuðstóls lána eins og við vitum að gerist. Þó verður líka að hafa í huga að það er ekki hægt að breyta slíkum viðmiðunartölum bara af handahófi eða eftir geðþótta um hvað hentar hverju sinni, samanber t.d. umræðu um það að húsnæðiskostnaður eigi ýmist að vera inni í vísitölunni eða ekki. Þar verður að miða við einhverja stöðuga og sanngjarna mælikvarða.

Mikið hefur verið rætt um skuldavanda heimila og atvinnulífs og verðtryggingin kemur þar að sjálfsögðu inn í, sérstaklega í tilviki heimilanna. Mér finnst þó rétt að minna á að skuldir og skuldavandi heimila og atvinnulífs á Íslandi er ekki nýtilkominn með síðasta verðbólguskoti og hruni bankanna. Þegar á árunum 2004–2006 voru bæði íslensk heimili og íslenskt atvinnulíf þegar orðin þau skuldsettustu meðal allra aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD.

Stjórnvöld hafa gripið til ýmissa ráðstafana að undanförnu sem koma til móts við þennan vanda, svo sem eins og þau greiðslujöfnunar- og greiðsluaðlögunarúrræði sem ýmist hafa þegar verið framkvæmd með lagasetningu á Alþingi eða eru hér til umfjöllunar. Stórhækkun vaxtabóta er viðleitni til að mæta kostnaði fólks vegna hás fjármagnskostnaðar og verðtryggingar lána. Ýmsir vilja ganga lengra og menn tala jafnvel um almenna niðurfærslu höfuðstólsins. Þó er nú á það að benda að verðtrygging getur virkað í báðar áttir eins og við fengum dæmi um um síðustu mánaðamót þegar verðbólga hreinlega hvarf og verðlækkun varð. Þá lækkar líka höfuðstóll verðtryggðra lána og þá viljum við væntanlega að það fái að virka til að taka höfuðstólinn niður. Ef ég man rétt lækkaði höfuðstóll verðtryggðra lána um 14 milljarða kr. miðað við mælinguna milli síðustu mánaða.

Í skilningi núverandi ríkisstjórnar hafa engar framtíðarákvarðanir verið teknar í þessum efnum og verða væntanlega ekki á þessum stutta tíma. Ég hef styrkst í þeirri trú, svo ég fái aðeins að tala fyrir mig persónulega en ekki fyrir hönd stjórnvalda, að við eigum að stefna að því að vinda

ofan af verðtryggingunni og nota tækifærið um leið og fullnægjandi stöðugleika til þess hefur verið náð. Það getum við til að mynda gert með því að lengja lágmarkslánstíma þeirra lána sem mega vera verðtryggð, færa hann verulega upp þannig að lán til styttri tíma en kannski 15 ára megi ekki sæta verðtryggingu og að bjóða upp á óverðtryggð lán með nafnvöxtum sem valkost. Verðtrygging gæti eftir sem áður verið til staðar sem valkostur fyrir þá sem frekar vilja taka slík lán og dreifa greiðslubyrðinni yfir langan tíma í gegnum það eins og eðli verðtryggingar er fremur en að taka lán með breytilegum nafnvöxtum eða t.d. erlend lán eins og menn voru komnir út í að gera og er hið mesta böl.

Þetta snýst um þá oftryggingu fjármagnsins sem hér hefur verið þar sem verðtryggð lán með breytilegum vöxtum hafa verið við lýði. Áhættan er öll lántakandans en (Forseti hringir.) lánveitandinn er bæði með belti og axlabönd. Það er fyrirkomulag sem við verðum að hverfa frá og að því marki sem (Forseti hringir.) lán eru verðtryggð yfir höfuð eiga þau að vera á föstum og lágum vöxtum.

[14:50]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að hafa í huga að verðtryggingin er aðferð og leið til að lifa við afleiðingar verðbólgu. Hún er ekki leið til að leysa verðbólguvandann. Það má jafnvel færa fyrir því rök að við vissar aðstæður geti verðtryggingin allt að því magnað upp verðbólguvandann með því að ýta undir óhófleg útlán og ábyrgðarlausa útlánastefnu. Of mikil trygging getur verið vandi.

Ég fagna orðum hæstv. fjármálaráðherra sem lýsti því yfir að hann væri reiðubúinn til þess, þá væntanlega fyrir hönd síns flokks, að reyna að finna leiðir til að draga úr verðtryggingu. Við sjálfstæðismenn bentum á landsfundi okkar á þær leiðir sem við teljum mögulegar til þess einmitt að draga úr notkun verðtryggingarinnar. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. fjármálaráðherra, að það var óhapp og ógæfa að okkur tókst ekki í kjölfar þjóðarsáttarinnar að draga úr verðtryggingunni. Annað tækifæri er að myndast núna vegna þess að verðbólgan er að fara niður og stýrivextir hljóta að fara niður á næstu mánuðum ef ekki verða einhver sérstök afglöp í stjórn efnahagsmála.

Við eigum að nýta þetta tækifæri, líka vegna þess að það er augljóst í mínum huga að hér verður ekki komið við neinni skynsamlegri hagstjórn, þá sérstaklega í stjórn peningamála, nema við vinnum okkur út úr allri þessari verðtryggingu. Það er útilokað mál að stýrivextir Seðlabankans hafi það gildi og það vægi sem þeir þurfa að hafa ef við erum áfram með stærstan hluta af skuldbindingum landsmanna fastan í verðtryggðum krónum og hinn hlutann í óverðtryggðum en það er einmitt á þann hlutann sem stýrivextirnir beita sér fyrst. Um leið og við komumst út úr þessu haftakerfi, komumst í eðlilegt umhverfi og aftur fer að reyna meira á stýrivextina sem hluta af hagstjórnartæki til að koma í veg fyrir verðbólgu verðum við að hafa nýtt tímann. Við verðum að hafa nýtt þetta tækifæri sem nú er fram undan til að geta búið áfram við íslenska krónu. Ég held að allir séu sammála um að það verður hlutskipti okkar á næstu missirum og mánuðum, sama hvað mönnum finnst um Evrópusambandið (Forseti hringir.) munum við þurfa að gera þetta og þá verðum við að geta notað stýritæki Seðlabankans þannig að það virki.

[14:52]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa mikilvægu umræðu vegna þess að verðtryggingin, ef eitthvað er, er mikill bölvaldur fyrir mörg heimili í landinu, hefur lagst og leggst mjög þungt á húsnæðislán hinna venjulegu vinnandi Íslendinga. Þess vegna er gríðarlega mikilvægt að við finnum raunhæfar leiðir til að afnema verðtrygginguna og losa íslensk heimili út úr þessu ástandi. Þá verðum við að horfa í kjarnann á peningastefnunni. Eitt stærsta verkefni stjórnmálanna á næstunni er að endurskoða og marka nýja peningamálastefnu. Það er ekki neitt launungarmál að við í Samfylkingunni lítum þar til upptöku evru í gegnum aðild að ESB vegna þess að það er alveg klárt að það er raunhæf leið. Þannig skapast skilyrði fyrir sambærilega vexti á íbúðalán og er í öðrum löndum og með því mun verðtryggingin klárlega heyra sögunni til. Fram að því þurfum við að leggjast á eitt til að draga úr áhrifum verðtryggingarinnar í íslensku samfélagi og í því efni er ég sammála þeim sem hafa talað á undan mér.

Virðulegi forseti. Það er ekki nóg að horfa bara til framtíðar. Þetta er núna mjög mikill vandi hjá heimilunum í landinu, akkúrat núna þar sem við stöndum á deginum í dag. Þess vegna hefur sú ríkisstjórn sem nú situr gripið til þess að auka mjög fjármuni til vaxtabótakerfisins þannig að þar verði um 10 milljarðar kr. ef frumvarp sem liggur fyrir þinginu verður að veruleika, auka þannig við vaxtabótakerfið til að endurgreiða þennan gríðarlega kostnað sem heimilin verða fyrir út af háum vöxtum og háum verðbótum. Verði þetta frumvarp að lögum, virðulegi forseti, munu hjón sem eru hvort með sínar meðaltekjur, 330.000 kr. hvort, fá um 45% af vaxtakostnaði sínum til baka ef þau eru með um 15 millj. kr. húsnæðislán. Þetta skiptir Íslendinga gríðarlegu máli. (Forseti hringir.) Vaxtabótakerfið þarf að vera öflugt núna þegar við mætum þessum bráðavanda til að endurgreiða þennan óréttláta skatt (Forseti hringir.) sem heimilin verða fyrir í gegnum verðbótakerfið.

[14:54]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Karli V. Matthíassyni fyrir að taka þetta brýna mál til umræðu. Okkur framsóknarmönnum er eins og flestum öðrum í nöp við verðtrygginguna. Við höfum ályktað um þau mál og þar segir að til lengri tíma sé nauðsynlegt fyrir alla hagstjórn að hlutfall verðtryggðra skuldbindinga minnki og leikur framtíðarfyrirkomulag gjaldmiðilsmála þar lykilhlutverk. Á síðasta flokksþingi okkar ræddum við þessi mál ofan í kjölinn og ég verð að segja eins og er að ég sé ekki fyrir mér að krónan sé framtíðargjaldmiðill okkar Íslendinga. Krónan er of óstöðugur og of lítill gjaldmiðill. Við ályktuðum um að Ísland ætti að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið og gera það með ákveðnum skilyrðum. Þangað til tekin yrði afstaða til þess hvort við gengjum inn eða ekki þyrfti að brúa bilið varðandi það að geta tekið upp evruna. Við þyrftum að reyna að tengja íslensku krónuna við evru

með sama hætti og gert er með dönsku krónuna.

Virðulegur forseti. Ég vil einnig nota tækifærið og spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í bankana. Nú er alveg ljóst að íslensku bankarnir hafa hækkað kjör á almenning. Vaxtakjörin hækkuðu nýlega og eru komin í 800–900 punkta á skuldugan almenning. Við vitum að ríkisbankarnir eru ekki að borga neitt af erlendum lánum. Á þinginu erum við að samþykkja lög um greiðsluaðlögun fyrir almenning og um leið eru ríkisbankarnir að hækka álögur sínar. Er þetta ekki öfugsnúið, hæstv. fjármálaráðherra? Er stefna ríkisstjórnarinnar í hnotskurn sú að ríkisbankarnir hækka svona álögurnar á sama tíma og við erum að reyna að koma til móts við almenning með greiðsluaðlögun?

Ég spyr einnig hæstv. fjármálaráðherra um þá ákvörðun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar að niðurgreiða tap áhættufjárfesta í peningamarkaðssjóðum eins og menn þekkja. (Forseti hringir.) Maður hlýtur að spyrja: Eiga skuldarar þessa lands að endurgreiða þessi útgjöld ríkissjóðs með þessum auknu álögum sem (Forseti hringir.) bankarnir hafa ávaxtað á lánum?

[14:57]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Þegar vatnið sýður skiptir ekki máli hvort hitastig á því er mælt á Celsíus eða Fahrenheit. Það er það sama þó að tölurnar séu ólíkar af því að mælikvarðinn er hvor sinn. Niðurstaðan er sú sama, það er sama hitastig. Ég vara við því að menn gefi í skyn að með því að afnema verðtrygginguna sé hægt að lækka vexti almennt hjá þeim sem skulda. Vextirnir skipta bara um nafn. Rannsóknir sýna að grípi menn til þess ráðs að styðjast eingöngu við óverðtryggða vexti verða þeir hærri og að jafnaði ívið hærri en verðtryggðir vextir eru í dag þannig að það er — (Gripið fram í.) já, samanlagðir vextir á verðtryggingu og raunvextir borið saman við óverðtryggða þýðir einfaldlega að það hallar á skuldara að skipta úr verðtryggða kerfinu. Sú er niðurstaðan. Menn mega mín vegna banna verðtryggingu en menn bæta ekki hag skuldara.

Menn þurfa líka að gæta að því að heimili landsins eiga eignir sem eru u.þ.b. þrisvar sinnum meiri en skuldir. Heimili landsins eiga þannig mest undir því að fjármagnið sé tryggt, sé ekki lánað út með neikvæðum vöxtum, og ef eitthvað mun halla á eigendur fjármagns í þessum breytingum munu heimilin tapa mestu í þeim efnum í formi sparifjár, lífeyrisréttinda og annars slíks. Menn eru alltaf að velta krónunni á milli sömu aðila og heimili landsins græða ekki mikið á þessum málflutningi.

Ég bendi líka á að á undanförnum árum hefur kaupmáttur launa hækkað mun meira en nemur verðtryggingunni þannig að það hefur verið ávinningur fyrir þá sem reikna á þennan veg. Má þá spyrja: Var þá fjármagnið vantryggt ef það er oftryggt á því tímabili sem gerist núna, (Forseti hringir.) að kaupmáttur fellur og verður því minni (Forseti hringir.) en sem nemur ávöxtun fjár?

[14:59]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst hvað er að gerast í okkar þjóðfélagi að því er varðar lántegundir með verðtryggð lán. Íbúðalán sem fólk hefur tekið á undanförnum árum hækka en það sem gerist á hinn veginn er að íbúðaverð lækkar. Það verður mikið misgengi á milli þess hvernig lánin mælast upp og hvernig eignirnar á bak við lækka í verði. Þar að auki er svo minnkandi kaupmáttur og skerðing á afkomu fólks. Við höfum fyrir framan okkur það vandamál sem við í Frjálslynda flokknum höfum réttilega varað við í nokkur ár. Við höfum lagt það oft til í þinginu að menn færu í þá vinnu að skoða með hvaða hætti væri hægt að taka verðtrygginguna burt af lánaskuldbindingum. Við auglýstum fyrir kosningarnar 2003 eitthvað á þessa leið: Verður þú gjaldþrota? Við spurðum: Hvað gerist ef verðbólgan fer af stað o.s.frv.? Því miður erum við á þeim stað núna með fjöldamörg heimili.

Þess vegna er svo komið að margir stjórnmálaflokkar eru farnir að taka undir þessar ábendingar okkar á undanförnum árum, að það verði að skoða verðtryggingarútfærsluna og vísitöluna. Ég fagna því, hæstv. forseti, að svo sé komið að menn séu orðnir tilbúnir til að skoða það fyrirkomulag sem við höfum hér á landi.

Í Noregi og Danmörku geta menn annaðhvort tekið lán með breytilegum vöxtum eða föstum vöxtum. Lántakendurnir geta meira að segja skipt um vaxtafyrirkomulag á lánstímanum, þ.e. ef þeir hafa tekið breytilega vexti geta þeir breytt yfir í fasta. (Forseti hringir.) Það er hægt að semja um það við lánastofnunina að ábyrgðinni sé skipt og menn (Forseti hringir.) geta sett þak á ábyrgðir. Slíkt fyrirkomulag er ekki til staðar hér á landi og það er mikil þörf á því að við lagfærum ástandið.

[15:01]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir þá umræðu sem hér fer fram um verðtrygginguna sem fyrirbæri á lánum hér á landi. Það er kunnara en frá þurfi að segja að verðtryggingin er frekar óvenjulegt fyrirbæri. Það er ekki algengasti hátturinn sem hafður er á lánum ef við horfum á löndin í kringum okkur. Það má segja að þetta sé tiltölulega sérislenskt fyrirbrigði, því hin almenna regla er að sjálfsögðu sú að menn semji um skuldbindingar sínar með annaðhvort breytilegum eða föstum vöxtum eftir atvikum og auðvitað væri ákjósanlegast að við byggjum líka við þá stöðu hér á landi.

Verðtryggingunni var komið á fyrir um þremur áratugum með svokölluðum Ólafslögum og við hana höfum við búið allar götur síðan. Því hefur verið haldið fram, og ég hygg með talsvert réttu, að erfitt sé að vinda ofan af verðtryggingunni á meðan verðbólgan er jafnmikil og hún er um þessar mundir. Það var ástæðan fyrir því að menn einsettu sér í kjölfar þjóðarsáttarsamninganna í kringum 1990 að afnema verðtrygginguna þegar verðbólgan færi niður og aðstæður sköpuðust til þess. Við það var ekki staðið, því miður, og ég er sannfærður um að við værum í betri stöðu ef það hefði verið gert.

Hins vegar er vandinn sem blasir við íslenskum heimilum og atvinnulífi í dag fyrst og fremst greiðslubyrðin, það sem menn borga af lánunum í dag og há verðbólga og háir vextir valda því.

Auðvitað er það óviðunandi ástand með öllu að sá sem

tekur lán skuli vera algjörlega óvarinn gagnvart verðtryggingunni á tímum verðbólgu en sá sem veitir lán skuli alltaf vera bæði með belti og axlabönd.

Þess vegna er mikilvægt, eins og hér hefur komið fram, að við leitum allra leiða nú á næstunni til að lækka höfuðstól húsnæðislána, frysta hluta hækkunar höfuðstólsins t.d. vegna (Forseti hringir.) verðbólguskotsins og að stjórnvöld geri tímasetta áætlun um afnám verðtryggingar. Ég skildi (Forseti hringir.) hæstv. fjármálaráðherra þannig að það væri ásetningur að gera það.

[15:04]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Karli V. Matthíassyni fyrir að hefja umræðurnar hér. En verðtrygging er í raun breytilegir vextir og vextir þar ofan á eru þá í rauninni vaxtavextir.

Fljótt í kjölfar bankahrunsins, eða nánar tiltekið þann 16. október síðastliðinn, bar ég fram fyrirspurn til þáverandi félagsmálaráðherra og núverandi hæstv. forsætisráðherra sem fjallaði um vísitöluhækkun lána. Þar reifaði ég þá hugmynd að í ljósi aðstæðna yrði tekin upp sérstök hamfaravísitala eða verðtrygging á lán yrði reiknuð með öðrum hætti á meðan holskeflan gengi yfir. Með þessu hefði verið hægt að koma í veg fyrir skyndilega hækkun lána í kjölfar snöggrar veikingar krónunnar og þess að lánin hækkuðu gríðarlega vegna þeirrar lækkunar

Með öðrum orðum lagði ég til að byrðar á skuldara, þá sem skulda, og fjármagnseigendur, þá sem eiga fjármagn, yrðu jafnaðar. Því að við lentum jú öll í þessu og þess vegna er eðlilegt að dreifa byrðunum. Því miður sá hæstv. forsætisráðherra og þáverandi félagsmálaráðherra ekki ástæðu til að fylgja þeirri hugmynd eða tillögu minni eftir.

Í kjölfarið hefur það síðan gerst að mikil umræða hefur verið um það að leiðrétta vísitöluna vegna bankanna og þá hefur einnig verið mikil umræða um það að lækka lán eða höfuðstóla lána flatt um ákveðna prósentutölu.

Ég ætla að halda því fram, hæstv. forseti, að ef tillaga mín sem sett var fram tíu dögum eftir bankahrunið hefði gengið eftir væri staða okkar mun betri í dag og eins og ég kom inn á áðan væri staða þeirra sem skulda og þeirra sem eiga fjármagn miklu jafnari.

Að lokum vil ég segja að markmiðið hlýtur auðvitað að vera að afnema vísitölubindinguna og ýta þannig undir aukna varkárni lánveitenda og lántakenda og um leið að styrkja í raun stýrivaxtatæki Seðlabankans. En við getum samt ekki litið fram hjá því að ef við leggjum vísitöluna af, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom inn á hér áðan, verða náttúrlega teknir upp breytilegir (Forseti hringir.) vextir og þessir breytilegu vextir munu elta vísitöluna (Forseti hringir.) því eins og ég sagði við upphaf ræðu minnar, hæstv. forseti, er vísitalan sem slík auðvitað breytileg eftir (Forseti hringir.) lánum einstakra aðila.

[15:06]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Frú forseti. Ætli menn að setja fram tímasetta áætlun um afnám verðtryggingar hlýtur að fylgja þeirri tímasetningu afskaplega róttæk breyting á fyrirkomulagi peningamála þegar við blasir að vandinn er ekki verðtryggingin sjálf heldur það fyrirkomulag sem hún er sett inn í til að verja í raun bæði skuldara og þá sem veita lánin fyrir ójafnvægi og verðbólguskotum.

Stóra spurningin er hvernig við nálgumst jafnvægi lágra vaxta, stöðugs gengis og afnáms verðtryggingar. Þá þurfum við að ræða um raunhæfar leiðir til að ná því markmiði. Það er ekki hægt að slengja því fram að hægt sé að afnema verðtrygginguna og þá sé vandinn frá. Því fer bara einfaldlega víðs fjarri, því miður.

Óstöðugleiki og fyrirkomulag peningamála eru vandinn. Segi menn það af fullri alvöru korteri fyrir kosningar að þeir ætli að setja fram tímasettar áætlanir um afnám verðtryggingar hljóta þeir að segja B fyrst þeir sögðu A og skýra hvernig þeir ætla að breyta fyrirkomulagi peningamála. Það er bara svoleiðis. Þetta eru staðreyndir sem menn komast ekkert hjá.

Vonandi erum við að lifa síðasta ójafnvægis- og verðbótaskeiðið. Ég held að það sé ekki spurning um hvort horfið verði frá núverandi fyrirkomulagi verðtryggingar og peningamála heldur hvernig. Það hlýtur að vera eitt af stóru verkefnum komandi kosninga og næstu missira hvernig stjórnvöld ætla að ná sátt um fyrirkomulag peningamála og þar með verðtryggingar og annarra grundvallarþátta í fyrirkomulaginu öllu.

Þegar krónan hrundi í febrúar, mars í fyrra um 30% á einum degi, daginn fyrir skírdag, þegar við vorum að ganga inn í páskahléið þá hófst það verðbólguskeið og sá hrunadans sem nú stendur yfir og nú sýpur íslensk alþýða seyðið af þeim óstöðugleika sem er innbyggður í fyrirkomulag okkar og hagstjórn síðustu 10–15 ára. Við hljótum öll að læra af reynslunni og spyrja okkur: Hvernig setjum við fram tímasetta áætlun (Forseti hringir.) um afnám verðtryggingar? En um róttæka breytingu á stjórnun peningamála?

[15:08]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Karli V. Matthíassyni fyrir að hefja þessa umræðu, en hún er afar brýn og felur líka í sér lausn til að mæta þeim vanda sem stór hluti heimilanna í landinu glímir við í augnablikinu. 50% heimila eru tæknilega gjaldþrota og þá verða stjórnvöld að hafa hugrekki og kjark til að taka stórar ákvarðanir til að forða heimilum frá gjaldþroti.

Ég hef talað fyrir því að færa vísitöluna aftur á mitt síðasta ár. Það mun vissulega fela í sér að þeir sem eiga innlán og í lífeyrissjóðum tapa einhverju af áföllnum vöxtum en höfuðstóllinn mun ekki minnka að neinu mati.

Við framsóknarmenn höfum talað fyrir því að leiðrétta skuldir heimilanna og færa þær niður um 20%. Það er tillaga sem við höfum lagt fram og ég vil taka fram að ég varð fyrir vonbrigðum áðan þegar hæstv. fjármálaráðherra kom hér og sagði að ríkisstjórnin hefði í sjálfu sér ekki markað framtíðarstefnu hvað varðar peningamálin. Ég gat ekki skilið hæstv. ráðherra öðruvísi og heldur ekki aðra þingmenn stjórnarinnar sem sögðu að mikilvægt væri að finna raunhæfar leiðir og endurskoða þyrfti og meta og marka nýja peningastefnu.

Nú er tíminn. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við var þetta vandamál til staðar og það var algert skilyrði af hálfu Framsóknarflokksins að ríkisstjórnin tæki ákvarðanir til þess að (Forseti hringir.) koma heimilum og fólkinu í landinu út úr þeim vandræðum sem það glímir við í augnablikinu.

[15:11]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hafa farið hér fram og fyrir þau svör sem ráðherra gaf og lýsi yfir ánægju minni með þau sjónarmið hans og annarra hér í umræðunni að afnema beri verðbótaþáttinn. Ýmislegt athyglisvert kom fram eins og t.d. þegar hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson nefndi hamfaravísitöluna og einnig vil ég benda á tillögur sem Frjálslyndi flokkurinn hefur komið með í sambandi við vöxtinn sem hefur verið á verðtryggingunni.

En staðreyndin er sú, frú forseti, að venjulegt heimili greiðir núna miklu hærri afborganir af lánum en verið hefur. Ég veit t.d. um eitt heimili sem greiðir nú 90 þús. kr. á mánuði í stað 70 þús. kr. fyrir tæpu ári. Til að hægt sé að greiða þennan mikla mun hefðu laun fjölskyldunnar þurft að hækka um 20–30 þús. kr. En það hefur ekki gerst og launin þurfa að hækka meira því náttúrlega eru líka teknir skattar af launum.

Við verðum að taka á þessum málum með alvöru, taka á þeim þannig að fólk sjái fram úr því að geta greitt lánin og haldið áfram að eiga húsin sín og líka vegna þess að fólk hefur oft litið svo á að það að kaupa sér hús sé í raun og veru ævisparnaðurinn. Þegar fólk kaupir íbúð er það ekki bara að hugsa um að eiga húsnæði heldur hefur húsnæðið líka verið viss sparnaður í huga fólks, eign sem fólk á skuldlaust eftir ævina. En þegar svo er komið að skuldirnar eru orðnar miklu hærri en íbúðarhúsnæðið erum við í mjög slæmum málum.

[15:13]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Hér hefur ýmislegt athyglisvert komið fram. Ég held að við verðum að hafa í huga að vandinn er jafnumfangsmikill og hann er, annars vegar vegna þess að íslensk heimili og íslenskir atvinnuvegir, þótt við ræðum hér aðallega um heimilin, voru fyrir mjög skuldsett. Í öðru lagi þá súpum við náttúrlega seyðið af þeirri miklu fasteignabólu sem hér varð sem lyfti fasteignaverðinu upp og jók veðrými á húsnæði og verð var mjög hátt og leiddi til mikillar skuldsetningar. Fróðlegt væri fyrir hv. þingmenn að bera saman kennitölur í þessum efnum, annars vegar hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem þessi mikla bóla varð, og hins vegar hvernig skuldsetningu er háttað víða á landsbyggðinni þar sem kannski rólegra og heilbrigðara ástand ríkti á fasteignamarkaði, þrátt fyrir allt.

Ég tek undir með hv. þm. Illuga Gunnarssyni að verðtryggingin og umfang hennar í hagkerfinu er að sjálfsögðu eitthvað sem þarf líka að líta til í hagstjórnarlegu tilliti. Enginn vafi er að það dregur úr virkni stýritækja Seðlabankans og annarra aðila sem fara með hagstjórn að verðtryggingin er jafnumfangsmikil og raun ber vitni og þeim mun meira umhugsunarefni er það kannski að við höfum síðan 2001 byggt á löggjöfum Seðlabankans þar sem verðlagsstöðugleikamarkmið eitt er lagt til grundvallar. Ég er þeirrar skoðunar að það sé úrelt í ljósi reynslunnar og hvernig til tókst og að t.d. gengisstöðugleikamarkmiðið eigi að koma þar með.

Ég tek undir með hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur að vaxtabæturnar eru þar mikilvægar og eru besta tækið sem við höfum til að stýra endurgreiðslu á einhverjum hluta þess kostnaðar til þeirra hópa sem eru í mestri þörf fyrir það, þ.e. tekjulægstu hópanna. Það er athyglisvert ef Framsókn er nú orðið mjög í nöp við verðtryggingu því fyrrverandi foringi þeirra Ólafur Jóhannesson, formaður Framsóknarflokksins, var eiginlega guðfaðir hennar með Ólafslögunum frá 1979 þar sem hún var fest í sessi og endanlega ákveðin.

Varðandi bankana sem hér var spurt um þá kannast ég ekki við að þeir hafi af einhverjum ásetningi hækkað álögur, en auðvitað bitnar hið háa vaxtastig og aðstæður á fjármálamarkaði á getu bankanna til að veita þjónustu á kjörum. Þeir (Forseti hringir.) bíða eftir vaxtalækkun engu síður en aðrir, það veit ég fyrir víst. Bankakerfið bíður eftir því að geta tekið vextina niður.

Að lokum kalla ég það bara oftryggingu á fjármagni að vera með verðtryggð lán með breytilegum vöxtum, það eru bæði belti og axlabönd á fjármagninu.

Fundi slitið kl. 15:16.

---

123. FUNDUR

miðvikudaginn 1. apríl,
að loknum 122. fundi.

Dagskrá:

1. Réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, stjfrv., 259. mál, þskj. 854. — 3. umr.
2. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 407. mál, þskj. 691. — 3. umr.
3. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 397. mál, þskj. 812, frhnál. 861. — 3. umr.
4. Visthönnun vöru sem notar orku, stjfrv., 335. mál, þskj. 813, brtt. 830. — 3. umr.
5. Lífsýnasöfn, stjfrv., 123. mál, þskj. 811. — 3. umr.
6. Lyfjalög, frv., 445. mál, þskj. 787. — 3. umr.
7. Barnaverndarlög og barnalög, frv., 19. mál, þskj. 793, frhnál. 832. — 3. umr.
8. Náttúruverndaráætlun 2009–2013, stjtill., 192. mál, þskj. 239, nál. 864. — Síðari umr.
9. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 852, brtt.

865. — 3. umr.
10. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 409. mál, þskj. 693, nál. 857, brtt. 858. — 2. umr.
11. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 356. mál, þskj. 606, nál. 843 og 862, brtt. 844 og 863. — 2. umr.
12. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, stjfrv., 359. mál, þskj. 610, nál. 860. — 2. umr.
13. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 145. mál, þskj. 161, nál. 873, brtt. 874. — 2. umr.
14. Lokafjárlög 2007, stjfrv., 408. mál, þskj. 692, nál. 871, brtt. 872. — 2. umr.
15. Stjórn fiskveiða, frv., 429. mál, þskj. 725, nál. 841. — 2. umr.
16. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, frv., 157. mál, þskj. 183, nál. 839. — 2. umr.
17. Félagsleg aðstoð, frv., 51. mál, þskj. 51, nál. 833. — 2. umr.
18. Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2007, álit, 346. mál, þskj. 593. — Ein umr.
19. Ríkisendurskoðun, frv., 416. mál, þskj. 705, nál. 866. — 2. umr.
20. Veiðar á hrefnu og langreyði, þáltill., 299. mál, þskj. 528. — Fyrri umr.
21. Hlutafélög með gagnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi, þáltill., 375. mál, þskj. 634. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Katrín Jakobsdóttir menntmrh., 4. þm. Reykv. n.

Réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, 3. umr.

Stjfrv., 259. mál (heildarlög). — Þskj. 854.

[15:17]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Eins og ég nefndi í 1. umr. málsins er ég í sjálfu sér hlynntur því að fólki sem verður fyrir tekjumissi vegna þess að það gefur líffæri sé bættur upp sá tekjumissir og annar kostnaður sem það verður fyrir. Hins vegar hafði ég nokkrar efasemdir um þá aðgreiningu milli lífsýna sem notuð eru til að þjónusta viðkomandi sjúkling og annarra lífsýna sem notuð eru til rannsókna vegna þess að það er svo erfitt að greina þarna á milli. Lífsýni sem geta verið notuð til þjónustu sjúklingsins, t.d. blóðgjafir, geta seinna meir orðið rannsóknarefni fyrir einhvern (Forseti hringir.) sem ætlar að kanna …

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill beina því til hv. þingmanns hvort hann hafi athugað að hann sé að ræða um réttan dagskrárlið. Dagskrárliðurinn er um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar.)

Já, ég er raunar að ræða það. Ég kom inn á það að t.d. þegar menn gefa blóð hefur ekki verið greitt fyrir það á Íslandi, það er reyndar gert í öðrum löndum. Ég tel að mjög brýnt sé að viðhalda þeirri hugsun að menn fái ekki greitt fyrir slík góðverk vegna þess að ég held að þegar kominn er inn í þetta fjárhagsstuðningur litist málið af því. Hins vegar þegar um er að ræða líffæragjafir, t.d. nýrnagjöf eða eitthvað slíkt, þá verða menn sannanlega fyrir tekjutapi og það finnst mér eðlilegt að borga, þó að ég nefndi blóðgjöfina í þessu sambandi.

Þegar litið er á þetta dæmi í heild sinni, t.d. þegar maður fær nýra, þá sparar ríkið sér í rauninni mjög mikil útgjöld af því að fara í nýrnaskipti. Oft á tíðum er það þannig að svona líffæragjöf sparar ríkinu kostnað sem ella yrði umtalsverður bæði í heilbrigðisþjónustunni og annars staðar, og þess vegna held ég að þetta sé í sjálfu sér mjög jákvætt mál fyrir ríkissjóð líka og skattheimtuna, að sem mest verði um slík dæmi. Þess vegna lýsti ég yfir stuðningi við þetta mál í nefndinni þó að ég hafi bent á þetta sambærilega við blóðgjöf, að ekki sé æskilegt að borga fyrir blóðgjöfina. En hér er um að ræða greiðslu fyrir sannanleg útgjöld sem menn verða fyrir, tekjumissi og annan kostnað og ég styð málið að því leyti.

[15:20]

Dögg Pálsdóttir (S):

Forseti. Við ræðum frumvarp til laga um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, eins og frumvarpið heitir nú í 3. umr. Eins og fram kemur í þingskjölum hét frumvarpið við framlagningu: Frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa. Ég fagna sérstaklega þessari nafnbreytingu sem undirstrikar það sem hv. þm. Pétur Blöndal var einmitt að leggja áherslu á, að hér er verið að tala um fjárstuðning vegna tekjutaps líffæragjafa. Það er alls ekki verið að innleiða með einum eða öðrum hætti greiðslur fyrir líffæragjöf og það er ákaflega mikilvægt atriði að undirstrika það.

Eins og fram kemur á þingskjölum hefur þörf fyrir líffæragjöf vaxið mjög á síðustu árum. Fyrir því eru auðvitað ýmsar ástæður. Fólk getur þurft á líffærum að halda vegna veikinda, alls konar atvik sem verða, og þá eru það í vaxandi mæli lifandi líffæragjafar sem koma til þegar að líffæragjöfinni kemur. Eins og ítarlega er rakið í þingskjölum er það verulega hagkvæmt fyrir heilbrigðiskerfið að einstaklingur, lifandi einstaklingur sé tilbúinn að færa þá stóru fórn, því að auðvitað er ekki hægt að tala um þetta með neinum öðrum hætti en sem stóra fórn, sé tilbúinn til að gefa líffæri til þess einstaklings sem á þarf að halda.

Af hverju segi ég að þetta sé hagkvæmt fyrir heilbrigðiskerfið eða réttara sagt kannski þá frekar fyrir þann sem ber kostnaðinn af heilbrigðiskerfinu? Það er jú út af því að um leið og líffæraþeginn fær heilbrigt líffæri hættir hann að baka samfélaginu, heilbrigðiskerfinu, þann umtalsverða kostnað sem hann hefur gert fram að þeim tíma. Þess vegna skiptir það verulegu máli að einstaklingar séu tilbúnir til að gefa líffæri sín. Það eru fyrst og fremst nýru og lifur sem hér koma til, um önnur líffæri er tæpast að ræða gagnvart lifandi líffæragjöfum. Það er athyglisvert og í samræmi við það sem fram hefur komið að slíkum aðgerðum hefur fjölgað mjög verulega hér á landi á síðustu árum. Það kemur fram að frá árinu 2005 og fram til 2008 hefur verið 31 ígræðsla frá lifandi gjöfum hér á Íslandi. Það er auðvitað frábært að þessar aðgerðir skuli hafa skilað sé inn í landið. Áður var það svo að líffæraþegarnir og líffæragjafarnir þurftu að fara til útlanda.

Þær reglur sem settar eru með frumvarpinu snúa að því

að líffæragjafinn fái bætt það tekjutap sem hann verður fyrir vegna fjarveru úr vinnu vegna líffæragjafarinnar. Eins og ég nefndi í upphafi er mjög mikilvægt að ekki er gert ráð fyrir því að líffæragjafinn hagnist með neinum hætti á þeirri ákvörðun að gefa líffærið. Þannig er líka gert ráð fyrir því að ef um er að ræða að hann sé í vinnu hjá vinnuveitanda sem er tilbúinn til að leyfa honum að fara í fríið sem aðgerðin kallar á, á launum eins og í hverju öðru veikindafríi, fær viðkomandi ekki þessar greiðslur. Fjarvera úr vinnu af þessum ástæðum er yfirleitt ekki skilgreind sem veikindi og við þær aðstæður sem við búum við í dag á vinnumarkaði er tæpast hægt að ætlast til að atvinnurekendur sýni slíkan skilning þó að líffæragjafinn sé að færa stóra fórn og oftast að bjarga lífi þess sem líffærið þiggur.

Eins og fram kemur í breytingartillögu sem samþykkt var við 2. umr. er ekki gert ráð fyrir að þessi lög öðlist gildi fyrr en 1. janúar 2010. Það er auðvitað bagalegt að ekki skuli hægt að láta þau taka gildi þegar í stað. Fyrir því eru auðvitað eðlilegar ástæður, fyrst og fremst sú að þetta eru útgjöld sem ríkissjóður er að taka á sig. Það var ekki gert ráð fyrir þessum útgjöldum við fjárlagagerðina fyrir árið 2009. Það þýðir auðvitað að þeir einstaklingar sem á þessu ári hafa ákveðið að færa þá fórn að gefa líffæri njóta ekki góðs af þessum greiðslum. Það er auðvitað alltaf slæmt þegar slík skil myndast en hjá því verður auðvitað ekki komist í ljósi þeirra kringumstæðna sem við búum við núna.

Það er líka vonandi þegar þetta frumvarp verður að lögum, sjálfsagt eftir þessa umræðu, að frumvarpið eða þær reglur sem hér verða settar og eiga að öðlast gildi um næstu áramót, verði ekki fyrstu reglurnar sem verða svo fyrir þeim niðurskurði sem fyrirsjáanlegt er að verði á ríkisútgjöldum á næsta ári. Það hefur margsinnis komið til tals í þinginu og raunar kallað eftir því í umræðunni áðan að þingmenn vildu sjá í hvaða veru niðurskurður á ríkisútgjöldum ætti að vera á næsta ári. Það væri sérstaklega bagalegt ef nýsamþykkt lög um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar yrðu eitt af því fyrsta sem skorið yrði niður. Þá er í raun betur heima setið en af stað farið því að þá væri með samþykkt frumvarpsins verið að vekja upp væntingar um stuðning við þann hóp sem hér um ræðir sem síðan yrði tekinn til baka aftur án þess að nokkur hefði nokkurn tíma fengið að njóta hagræðisins sem frumvarpinu og lögunum, eftir að frumvarpið hefur verið samþykkt, fylgir.

Ég undirstrika að ég tel að hér sé um hið besta mál að ræða og tel mikilvægt að ljúka umræðunni um þetta frumvarp með því að árétta að þetta eru greiðslur vegna kostnaðar sem líffæragjafinn verður fyrir, þetta er ekki greiðsla fyrir það að hann gefur líffærið.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 15:28]

[18:03]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 342. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 885; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 886.

Icesave-ábyrgðir og flýtimeðferð, 433. mál, svar viðskrh., þskj. 883.

Lífsýnasöfn, 123. mál, brtt. ÞBack, þskj. 887.

Stjórnarskipunarlög, 385. mál, brtt. meiri hluta stjórnarskrárn. s., þskj. 882.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:04]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 887. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Tilhögun þingfundar.

[18:06]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag þar til umræðum um dagskrármál er lokið. Er óskað eftir atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? Ef svo er ekki skoðast hún samþykkt.

Réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 259. mál (heildarlög). — Þskj. 854.

[18:06]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér er komið til 3. umr. frumvarp til laga um greiðslu til líffæragjafa. Markmiðið með frumvarpinu er að tryggja líffæragjöfum tímabundna fjárhagsaðstoð ...

(**Forseti** (GuðbH)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að gefa hljóð í þingsalnum svo að hv. þingmaður geti flutt ræðu sína.)

Markmiðið með frumvarpinu er að tryggja líffæragjöfum tímabundna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna líffæragjafar. Í frumvarpinu er lagt til að líffæragjafi sem verður óvinnufær vegna líffæragjafar geti átt rétt á tekjutengdum greiðslum í allt að þrjá mánuði. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekjutengdar greiðslur til launamanns nemi 80% af meðaltali heildarlauna yfir viðmiðunartímabil sem tekur til 12 mánaða. Í umsögn frá fjárlagaskrifstofunni kemur fram að greiðslur muni aldrei nema meiru en 535.700 kr. á mánuði, sem er sama hámark og í greiðslum sem gilda innan fæðingarorlofskerfisins. Jafnframt kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að greiðslur til líffæragjafa í námi skuli nema um 130 þús. kr. á mánuði en sú fjárhæð er höfð til hliðsjónar við réttindi foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Frumvarpið og þær upphæðir sem koma þar fram taka mið af réttindum sem eru annars vegar í fæðingarorlofskerfinu og hins vegar með hliðsjón af réttindum foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna.

Segja má að frumvarpið hafi verið nokkuð lengi í umræðunni áður en það kom fram á hinu háa Alþingi. Löngum

hefur verið bent á að réttur líffæragjafa, vegna líffæragjafarinnar sjálfrar og til að bæta fyrir vinnutap, hefur verið afar lítill innan almannatryggingakerfisins og ekki tekið tillit til sérstöðu líffæragjafa í þeim efnum. Réttur þeirra hefur verið afskaplega lítill, engu meiri en annarra einstaklinga sem hafa verið sjúkir en benda verður á að líffæragjafi er ekki sjúkur heldur er hann að gefa heilbrigt líffæri til sjúks aðila. Því hefur verið talið rétt að hafa hliðsjón af því og skapa sérstakan rétt til líffæragjafa, bæði til að bæta honum vinnutap sem hann verður fyrir vegna þess gjörnings að gefa líffæri til annars aðila til að bæta líf hans, og jafnframt til að bæta líffæragjafa ákveðin óþægindi.

Fyrsta líffæraígræðslan sem bar árangur var framkvæmd í Bandaríkjunum árið 1954. Því eru ekki nema um 55 ár síðan líffæraígræðslur voru hafnar í heiminum. Við höfum séð töluvert miklar framfarir á undanförnum árum á þessu sviði og mikla þróun. Það sem áður þótti vera einstakt og sérstakt er núna talið vera einn af þeim valkostum sem fólk stendur frammi fyrir sem meðferð við sjúkdómum á lokastigi á nauðsynlegum líffærum. — Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst ansi mikill hávaði í salnum.

(**Forseti** (GuðbH)**:** Forseti mun gera ráðstafanir til að reyna að minnka truflunina í hliðarsölunum.)

Virðulegi forseti. Líffæri til ígræðslu eru fengin fyrst og fremst frá látnum einstaklingum en einnig fást nýru í verulegum mæli frá lifandi gjöfum. Reyndar á það einnig við um lifur. En til að geta nýtt líffæri frá látnum gjafa þarf að úrskurða hann látinn, þ.e. þegar heiladauði á sér stað, en þó þannig að líffæri eru numin á brott áður en blóðrás til lífsnauðsynlegra líffæra hefur stöðvast.

Ný lög voru sett á árinu 1991 sem mörkuðu ákveðin tímamörk í þessum efnum en þar var sett fram ný skilgreining á dauða. Við höfðum áður ekki tækifæri til að gefa líffæri til annarra aðila við dauða vegna skilgreiningar á dauða. Skilgreining á dauða áður var á þann veg að hjartað þurfti að stöðvast. Um leið og hjartað stöðvast stöðvast blóðrás til annarra líffæra og skemmast. Samkvæmt þeim lögum sem sett voru á árinu 1991, þar sem kom fram ný skilgreining á dauða, telst maður látinn þegar óafturkræf stöðvun hefur orðið á allri heilastarfsemi. Fram til þess tíma höfðu þiggjendur líffæra hér á landi fengið líffæri úr líffærabanka erlendis frá en að sama skapi vegna lagaákvæða, sem með lögum frá 1991 var breytt, höfðu Íslendingar ekki lagt líffæri til samlanda sinna eða til einstaklinga úti í heimi til að endurgjalda fyrir fengin líffæri. Íslendingar höfðu því í raun ekki lagt til líffæri á móti.

Skortur á líffærum er stærsta vandamálið sem steðjar að ígræðslulækningum enda hafa algengir sjúkdómar sem leiða til bilunar líffæra eins og hjarta, lifrar, lungna og nýra farið ört vaxandi í vestrænum samfélögum. Biðtíminn eftir líffærum er langur og árlega deyja í heiminum þúsundir sjúklinga sem eru á biðlista en á sama tíma með þróun tækninnar hefur eftirspurn eftir líffærum til ígræðslu haldið áfram að aukast en fjöldi líffæragjafa hefur haldist svipaður.

Í *Læknablaðinu* árið 2005 birtist grein eftir Sigurbjörn Kárason og samstarfsmenn hans þar sem skoðað var brottnám líffæra til ígræðslu frá látnum gjöfum á Íslandi á árunum 1992–2002, á 10 ára tímabili. Niðurstaða athugana þeirra vakti töluverða athygli. Mesta athygli vakti að samþykki fyrir líffæragjöf var einungis veitt í 60% tilvika þar sem óskað var eftir henni og fór tíðni neitunar vaxandi er leið á tímabilið. Virtist vera sem fólk væri ekki tilbúið að gefa eftir líffæri jafnvel þó að einstaklingurinn, ættinginn væri úrskurðaður látinn, með hliðsjón af þeirri skilgreiningu sem ég nefndi áðan um heiladauða. Þessi staða endurspeglar stöðuna í mörgum öðrum löndum og er sambærileg við það sem gerist annars staðar.

Það er staðreynd að eftirspurn er meiri en framboð á líffærum og því standa stjórnvöld víða á hverjum tíma frammi fyrir því vandamáli og því úrlausnarefni hvernig þau eiga að auka framboð á líffærum innan ramma laganna. Ýmis úrræði hafa verið rædd og mismunandi úrræði hafa verið reynd. Nokkur lönd hafa t.d. breytt þeim í þá veru að í stað ætlaðrar neitunar fyrir líffæragjöf, eins og núgildandi lög hér á landi kveða á um, og þá einungis þegar liggur fyrir samþykki líffæragjafar eða ættingja hans verði líffæragjöfin heimiluð og er þá gert ráð fyrir ætluðu samþykki. Það þýðir að ef líffæri í látnum einstaklingi er talið henta til líffæragjafar er það notað nema fyrir liggi skýr afstaða um að viðkomandi einstaklingar eða ættingjar hafa sett sig á móti því. Spánn hefur t.d. farið þessa leið, þ.e. að ganga út frá ætluðu samþykki. Þar er staðan aðeins öðruvísi þar sem einungis í 20% tilvika er neitað um líffæragjöf í stað 40% tilvika hér landi.

Önnur lönd eins og Austurríki og Belgía hafa farið sömu leið og eru líffæragjafar þar fleiri en þar sem gert er ráð fyrir ætlaðri neitun í lögum. Þar er reyndar ekki gert ráð fyrir samráði við ættingja sem gert er hins vegar á Spáni. En í þessu sambandi verður líka að spyrja hvort eingöngu sé um áhrif löggjafarinnar að ræða eða hvort menningarleg áhrif komi einnig til. Sú umræða hefur komið upp hér á landi en jafnan komið sú niðurstaða að réttast væri að breyta ekki íslenskum lögum í þessa veru og í öllum tilvikum sé rétt að hafa fullt samráð við viðkomandi aðila sem málið snertir, sem sagt ganga út frá ætlaðri neitun enda er um tilfinningalega ákvörðun að ræða.

Runólfur Pálsson læknir fjallaði um þetta í *Læknablaðinu*, 5. tbl. 2005. Segir hann eftirfarandi um ástæðu fyrir neitun líffæragjafar hér á landi, með leyfi forseta:

„Vissulega ber að hafa í huga að þetta er afar viðkvæmt málefni því fjölskylda mögulegs líffæragjafa upplifir mikla sorg og missi á sama tíma og óskað er eftir að hún gefi líffæri hans. Hugsanlega hefur fræðslu fyrir almenning um líffæragjöf verið ábótavant. Einnig þarf að hyggja að því hvernig staðið er að öflun samþykkis fyrir líffæragjöf, einkum hvort læknar og annað starfslið gjörgæsludeilda sem annast þetta erfiða hlutverk hafi fengið næga þjálfun og hvernig henni er viðhaldið.“

Segja má að þessi efnisgrein sem höfð er eftir Runólfi Pálssyni, sérfræðingi í nýrnalækningum, lýsi töluvert niðurstöðu þeirrar umræðu sem orðið hefur hér á landi, þ.e. að efla frekari upplýsingagjöf heldur en að ganga út frá ætluðu samþykki. En ýmsar aðrar leiðir hafa verið farnar til að fjölga líffæragjöfum og sumar hafa verið umdeildar. Þannig er t.d. mjög vinsælt í Bandaríkjunum eða viðtekin venja að gefa út sérstök líffæragjafakort eða að ósk um að vera líffæragjafi hafi verið skráð í ökuskírteini. Sú umræða hefur

ratað inn á hið háa Alþingi. Meðal annars man ég eftir því að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson kom með tillögu í þá veru, þ.e. að líffæragjafi skrái ósk sína í ökuskírteini. En það verður að segjast eins og er að hvorki sú aðgerð né líffæragjafakort, sem hægt er að nálgast hjá landlækni, hefur fengið fylgi hér á landi, enda má segja að þegar til kastanna kemur eru það yfirleitt ættingjarnir sem hafa síðasta orðið ef viðkomandi hefur ekki aðstöðu til þess sjálfur.

Landlæknisembættið hefur staðið fyrir útgáfu fræðslubæklings til líffæragjafa sem inniheldur líffæragjafakort, en óljóst er hve miklum árangri það hefur skilað. Einnig hefur verið bent á að í Bandaríkjunum hafa líffæragjafakort ekki haft áhrif til fjölgunar líffæragjafa þar sem þessari leið er haldið að fólki með upplýsingagjöf.

Á síðustu árum hafa komið fram hugmyndir um fjárhagslegan stuðning til að hvetja einstaklinga til að gerast líffæragjafar eða aðstandendur þeirra til að gefa líffæri að þeim látnum. Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar er angi af þeim toga. Þó er ekki gengið svo langt að styðja einstaklinga fjárhagslega til líffæragjafar — eftir því sem ég kemst næst var töluverð umræða einmitt um það innan nefndarinnar og að mótstaða væri túlkuð með nokkrum hætti í þá veru — heldur er eingöngu um það að ræða að bæta hugsanlegt fjárhagslegt tjón af völdum líffæragjafarinnar.

Hér á landi erum við svo gæfusöm að hlutfall lifandi gjafa er með því hæsta sem gerist. Um 70% allra nýrnagjafa á síðustu 15–20 árum eru úr lifandi gjöfum, sem er mjög hátt hlutfall miðað við annars staðar. Það er því töluverður vilji hér á landi, velvilji, fórnfýsi og samhygð sem gerir það að verkum að Íslendingar ganga lengra en margar aðrar þjóðir að gefa nýru frá lifandi líffæragjafa. Nýrnaígræðslur hafa verið framkvæmdar hér á landi á Landspítalanum frá 2003. Að meðaltali voru gerðar fimm nýrnaígræðslur á ári, frá 2003–2005, en síðan hefur þeim eitthvað fjölgað. Við stöndum því frammi fyrir miklum framförum og það var mikil gæfa þegar nýrnaígræðslur voru færðar hingað heim. Ekki þarf að hafa mörg orð um hve miklu máli skiptir fyrir fólk að hafa aðgang að líffærum frá hvort heldur lifandi eða látnum gjöfum til að framlengja líf og auka lífsgæði fólks.

Með því frumvarpi sem hér er til 3. umr. er verið að bæta réttinn til lifandi nýrnagjafa og líffæragjafa hér á landi. Gert er ráð fyrir að honum verði bætt fjárhagslegt tjón vegna vinnutaps í tengslum við líffæragjöfina samkvæmt ákveðnum reglum þar um.

Gengið hefur verið eftir þessum réttarbótum um nokkurt skeið og fagnaðarefni er að það sé nú að komast í höfn. Nú þegar er kostnaður líffæragjafa vegna nýrnagjafar enginn en undirbúningur fyrir líffæragjöf fer að jafnaði fram á Landspítala. Í frumvarpinu felst að bæta líffæragjafa, sem að sínu leyti tekur ákvörðun um að gefa líffæri til aðstandanda eða einhvers annars aðila til að framlengja líf viðkomandi, fjárhagslegt tap sem leiðir af þeirri ákvörðun. Einstaklingur sem tekur slíka ákvörðun verður óhjákvæmilega fyrir ýmsum óþægindum en þau verða að sjálfsögðu ekki bætt að neinu marki varðandi undirbúning aðgerðarinnar, aðgerðina sjálfa eða eftirmeðferðina. Á hinn bóginn leiðir af frumvarpinu að reynt er að koma til móts við viðkomandi til að bæta honum upp hugsanlegt fjárhagslegt tap vegna fjarveru frá vinnu vegna aðgerðar eða eftirmeðferðar líffæragjafarinnar.

Ég tek undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal sem sagði áðan að ef frumvarpið verður til þess að auka möguleika á að fólk gefi nýru sín til annarra aðila þá er það náttúrlega mun ódýrari kostur, fyrir utan heilsufræðileg áhrif á einstaklinginn, fyrir samfélagið og því til mikils að vinna.

Ég vil að lokum fagna því að frumvarp þetta er fram komið og sjá fram á að það verði afgreitt í dag eða á morgun. Ég veit að það mun leiða til réttarbóta fyrir þessa aðila en eins og ég sagði í ræðu minni er um að ræða einstaklinga sem hafa af mikilli fórnfýsi tekið ákvörðun um að gefa ættingjum eða öðrum annað nýra sitt og jafnvel í einhverjum tilvikum hluta úr lifur með öllum þeim óþægindum sem því fylgir og lágmark væri að einstaklingurinn biði ekki skaða af því fjárhagslega.

[18:21]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér við 3. umr. frumvarp til laga um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar. Gildissvið þessara laga segir til um réttindi til líffæragjafa og til fjárhagslegrar tímabundinnar aðstoðar þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna líffæragjafar.

Er tími til kominn að það fórnfúsa fólk sem tilbúið er að gefa líffæri eða hluta úr líffæri til bjargar öðrum þurfi ekki að bera skarðan hlut frá borði fjárhagslega séð. Það er sómi fyrir hv. Alþingi að það skuli á þennan hátt koma til móts við það fórnfúsa fólk.

Samkvæmt 4. gr. er það félags- og tryggingamálaráðherra sem fer með yfirstjórn greiðslna til líffæragjafa. Félags- og tryggingamálaráðherra getur síðan ákveðið hver verður framkvæmdaraðili, hverjum hann felur framkvæmd þessara laga. Verði ekki orðið við ósk líffæragjafa um fjárhagsaðstoð vegna líffæragjafar, þegar því stigi er lokið, hefur hann, eins og lög gera ráð fyrir, kæruheimild til úrskurðarnefndar. Það er þá úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála sem tekur við kærumálum hvað líffæragjafa snertir. Það skipti hér meginmáli að við tryggjum með lögum þessum fjárhagslega, tímabundna aðstoð til þeirra sem eru tilbúnir að leggja slíkt á sig.

Það skiptir máli líka að við notum hér orðin „tímabundin, fjárhagsleg aðstoð“ og tölum ekki um greiðslur því að slíkt væri hægt að mistúlka þannig að menn teldu að hægt væri að selja líffæri og fá greiðslur fyrir. Um það er ekki að ræða í þessu frumvarpi heldur er verið að veita fólki, eins og áður hefur komið fram, tímabundna fjárhagsaðstoð vegna aðgerða sem fólk þarf að fara í. Það þarf að hverfa frá vinnu og vinnuveitendur hleypa fólki ekki alltaf í launalaust leyfi. Þá taka við þessi lög.

Það skiptir og máli, hæstv. forseti, að frumvarpið nær til námsmanna ekki síður en þeirra sem eru virkir á hinum almenna vinnumarkaði. Það skiptir líka máli að hér er tekinn af allur vafi um ósk hv. nefndar í þá veru að sá sem þiggur tímabundna fjárhagsaðstoð vegna líffæragjafar skerðir ekki réttindi sín í sjúkrasjóð stéttarfélags síns ef svo færi að einhver eftirköst yrðu vegna líffæragjafarinnar. Ég held að það

skipti miklu máli.

Þar að auki vil ég benda á að í 12. gr., þar sem talað er um uppsöfnun lífeyrisréttinda og stéttarfélagsgjöld, verða menn að hafa í huga að sú grein nær ekki til þeirra sem greiða í B- og A-deild LSR. Þarf því að fara með þá aðila eins og gert er í sambærilegum málum.

Virðulegi forseti. Frumvarpið er spor í rétta átt innan heilbrigðisgeirans og innan félags- og tryggingamála. Það er skref í rétta átt að veita þeim tímabundna fjárhagsaðstoð sem tilbúnir eru að láta af hendi líffæri eða hluta úr líffæri til bjargar öðrum einstaklingum. Slíka fórnfýsi er vart hægt að meta til fjár en það gengur ekki að sá sem að slíkt gerir þurfi að bera fjárhagslegan skaða af slíku.

Þess vegna fagna ég þessu frumvarpi, hæstv. forseti, og vænti þess að hv. Alþingi ljúki því með atkvæðagreiðslu eftir 3. umr.

[18:26]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég er afskaplega ánægður að sjá þetta mál hér fram komið. Það er unnið úr niðurstöðu skýrslu sem ég sem heilbrigðisráðherra og þáverandi félagsmálaráðherra settum á laggirnar á sínum tíma, nánar til tekið 28. nóvember 2007. Þar voru menn frá aðilum vinnumarkaðarins og aðrir sem þekkja til og hafa hagsmuna að gæta og ræddu þetta mikilvæga mál sem snýr að því hvernig hægt er að bæta fólki upp vinnutap þegar það gefur líffæri.

Oft og tíðum er besta og eina leiðin til þess að bjarga fólki að græða í það líffæri. Almenna reglan er sú að það er gert eftir að viðkomandi líffæragjafi er fallinn frá. En hins vegar eru tilvik þar sem heilbrigðir lifandi einstaklingar gefa nýru eða hluta lifrar. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, virðulegi forseti, hversu göfugt það er af viðkomandi einstaklingum að gera slíkt vegna þess að í aðgerðum felst alltaf áhætta og þegar viðkomandi einstaklingur hefur gefið hluta af líffæri eða meira verða gjafirnar ekki mikið stærri, eðli málsins samkvæmt. Í flestum tilfellum er um að ræða fjölskyldumeðlimi sem fá líffæri og er það gert til þess að bjarga lífi viðkomandi eða í það minnsta til að auðvelda líf viðkomandi mjög mikið.

Það er því afskaplega mikilvægt, virðulegi forseti, að tryggt sé í þjóðfélaginu að þeim sem gefa líffæri sé gert lífið eins auðvelt og mögulegt er. Þá verður fólk fyrir vinnutapi og stundum hefur verið erfitt að fá það bætt fjárhagslega. Sem betur fer er tæknin það góð að aðgerðir af þessu tagi ganga almennt mjög vel.

Það er alls ekki svo að ekki hafi verið reynt að koma til móts við líffæragjafa. Það hefur verið gert í gegnum sjúkra- og styrktarsjóði stéttarfélaga í einhverjum tilfellum, þrátt fyrir að um slíkt sé ekki getið í samþykktum þeirra. En sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaganna eru svolítið sérstakt fyrirbæri. Það er önnur saga að ræða um þá og er alveg augljóst að menn hefðu getað vandað sig betur þegar lagt var upp í þá vegferð því að oft og tíðum er lítið samræmi milli réttinda fólks í styrktar- og sjúkrasjóði eftir því í hvaða stéttarfélagi það er í.

Sá þingmaður sem mikið hefur rætt um það er hér í salnum, hv. þm. Pétur Blöndal. Hann hefur oft bent á að það er lítið samræmi á milli réttinda í sjúkra- og styrktarsjóði stéttarfélaganna og svo sannarlega mikill munur á hversu miklir fjármunir eru í sjóðunum. Til dæmis er sjúkrasjóður VR mjög öflugur sjóður sem hefur mikil og góð réttindi fyrir félagsmenn sína en síðan eru dæmi um sjúkra- og styrktarsjóði á sumum stöðum á landsbyggðinni sem standa mjög illa.

En hvað sem því líður hafa ekki verið skýrar reglur um þetta og ekki skýrt kveðið á um hvernig bæta eigi þeim líffæragjöfum sem gefa líffæri sín — annaðhvort hluta lifrar eða nýra — upp vinnutapið og er ljóst að þegar kemur að sjálfstæðum atvinnurekendum er gloppa hvað þetta varðar. Ég fékk kynningu á málinu sem heilbrigðisráðherra og sem betur fer hafa vinnuveitendur almennt verið afskaplega skilningsríkir þegar komið hefur að þessu. Er það vel og segir okkur að í þjóðfélagi okkar eru sem betur fer hin góðu gildi ríkjandi, hið kristilega siðferði sem við byggjum þjóðfélag okkar á er til staðar þrátt fyrir að það sé ekki strangur lagabókstafur sem kveður á um það.

En hvað sem öðru líður, virðulegi forseti, er málið þess eðlis að engin ástæða er til að taka neina áhættu varðandi það. Það er auðvitað mjög bagalegt ef upp koma tilvik þar sem einhver er svo göfugur að gefa frá sér líffæri en lendir síðan í peningavandræðum í kjölfarið vegna þess að það er ekkert sem hjálpar viðkomandi eða bætir þann tekjumissi sem hann verður svo sannarlega fyrir við að fara í aðgerð eins og raun ber vitni.

Ef ég man rétt eru líffæragjafar að meðaltali sex vikur frá vinnu en í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að greidd séu laun í allt að þrjá mánuði. Enda er meðaltal auðvitað bara meðaltal, það geta komið upp alls kyns aðstæður og er skynsamlegt að vera við því búinn.

Við eigum afskaplega góða heilbrigðisþjónustu og hér á Íslandi höfum við alltaf sett markið hátt þegar kemur að henni. Nýrnaígræðslur frá lifandi gjöfum hafa verið framkvæmdar á Landspítala frá árinu 2003. Fram til ársins 2005 voru að meðaltali gerðar fimm nýrnaígræðslur árlega í sjúklinga sem sjúkratryggðir eru hér á landi en þeim hefur fjölgað nokkuð. Á árinu 2005 og fram til dagsins í dag hefur samkvæmt vinnuhópnum, sem og ég nefndi hér áðan og skilaði skýrslu, verið gerð 31 ígræðsla frá lifandi gjöfum og 11 ígræðslur frá látnum gjöfum.

Niðurstaða hópsins er sú að gera má ráð fyrir að sjúklingum sem þarfnast ígræðslu nýra fjölgi á næstu árum. Til marks um það benti vinnuhópurinn, sem ég minntist á áðan, á að í ársbyrjun 2005 hafi 30 einstaklingar á ýmsum stigum hafið undirbúning fyrir ígræðslu. Í ársbyrjun 2008 hafa um 30 einstaklingar verið á ýmsum stigum undirbúnings fyrir ígræðslu.

Hér er augljóslega þörf á þessu regluverki og lögum og var mjög ánægjulegt að sjá það, en kom samt ekki á óvart, að umsagnir voru almennt mjög jákvæðar um þetta mál. Það er mín skoðun að við höfum unnið málið mjög skynsamlega. Það var unnið með því að ég sem heilbrigðisráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra settum vinnuhóp sem fór vel yfir málið og skilaði góðri og ítarlegri skýrslu, bæði um ástand mála og tillögur um hvernig vinna eigi málið áfram. Í kjölfar þess var unnið frumvarp til laga sem fékk góða umfjöllun í hv. heilbrigðisnefnd. Sömuleiðis hafa allir þeir sem vildu og höfðu áhuga á að veita umsögn um

málið gert það.

Ég á ekki von á öðru en að góð sátt verði um málið. Það er mjög ánægjulegt að sjá þegar góð mál komast í höfn og þegar unnið er skipulega, vel og faglega, skilar það oftar en ekki árangri á hinu háa Alþingi. Umræðan um Alþingi og ef til vill líka um alþingismenn og hæstv. ráðherra er oftar en ekki á neikvæðu nótunum og kannski réttilega stundum. En ég held að það sé erfitt að halda því fram í máli eins og þessu. Þetta er gott mál sem hefur verið unnið faglega og fær án nokkurs vafa góða niðurstöðu.

Það væri betra ef þannig væri með öll mál en þannig er það ekki, því miður. Kannski er þjóðin að átta sig á, eftir að hafa séð þessi faglegu vinnubrögð þar sem menn reyna að vinna og ná sátt um mál, að þau hafa ekki verið viðhöfð á síðustu dögum og vikum. Því miður er þeim sem halda utan um stjórn þingsins og minnihlutastjórninni með stuðningi Framsóknarflokksins ekki umhugað um að ná sátt um mál, hvað þá um vinnulag og verklag. Kemur það niður á verklagi þingsins og ýmsum öðrum þáttum. Ég er ansi hræddur um að við munum þurfa að ræða það eitthvað á næstunni. Þegar ég stend hér núna rennur upp fyrir mér að í dag hafa ýmsir skrýtnir hlutir gerst á vettvangi þingsins og því miður er mjög mikið um kauðsleg og klaufaleg vinnubrögð sem algjör óþarfi var að viðhafa og eru engum til gagns en afskaplega mörgum til ógagns.

Þetta mál hins vegar er dæmi um hið gagnstæða við það sem við höfum séð á síðustu klukkustundum sem er þess eðlis að ég fullyrði að þeir sem lengst hafa verið á þingi hafi ekki séð annað eins. Eru engar afsakanir fyrir því að þannig sé á málum haldið. Það varpar skugga á umræðuna um þetta góða mál sem búið er að vinna jafn vel og raun ber vitni. Hér er verið að taka á máli sem ég held að allir Íslendingar séu sammála um. Það er í grunninn það að þeir sem eru svo göfugir — ég vil nota það orð, það er stórt orð — að gefa líffæri úr sér til þeirra sem þurfa á því að halda, sé tryggt nauðsynlegt öryggisnet þannig að þeir lendi ekki í neinum fjárhagslegum áföllum. Við erum með heilbrigðisþjónustu sem miðar að því að það sé eins lítil áhætta eins og mögulegt er af því þegar fólk fer í slíkar aðgerðir. Sem betur fer stöndum við mjög framarlega á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum.

Þetta er nokkuð sem við munum sjá meira af og þótt ekki hljótist hár kostnaður þar af í samanburði við ýmislegt annað skulum við horfast í augu við að um einhvern kostnað verður að ræða. Eins og ég vísaði til áðan voru í ársbyrjun 2008 um 30 manns á einhverju stigi í undirbúningi fyrir nýrnaígræðslu samkvæmt nýjustu tölum sem ég hef.

Það er líka ljóst að með hverjum deginum sem líður fjölgar þeim úrræðum sem við höfum í heilbrigðisþjónustunni. Við setjum markið hátt og viljum vera með heilbrigðisþjónustu eins og hún gerist best í heiminum og við munum ekkert hvika frá því. Ég trúi ekki öðru en það sé full pólitísk samstaða um það. Það liggur hins vegar fyrir að við þurfum að ræða betur hvernig við ætlum að ná því marki. Og því miður eru mörg teikn á lofti — og reyndar er sú ríkisstjórn sem nú starfar hreinlega búin að leggja í þá vegferð að lengja biðlista. Það er algerlega ljóst að um þó nokkra þjónustuskerðingu verður að ræða og biðlistar lengjast.

Við höfum náð gríðarlega góðum árangri á síðustu 20 mánuðum í að ná niður biðlistum. Það er afskaplega slæmt þegar farin er öfug leið í því vegna þess að ef menn eru tilbúnir til að taka nauðsynlegar en erfiðar ákvarðanir er hægt að halda uppi þjónustustiginu. En ný ríkisstjórn ákvað að fara ekki þá leiðina.

En virðulegi forseti. Í stuttu máli er hér um mjög gott mál að ræða. Ég fagna því og persónulega finnst mér gaman að sjá það þar sem ég kom að því sem ráðherra að setja þetta mál af stað og vonast til að um það verði góð sátt.

[18:42]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég kem hér aftur upp til að ræða aðeins frekar um réttindi líffæragjafa. Eins og kom fram í fyrri ræðu minni áðan er alvarleg bilun nauðsynlegra líffæra, svo sem hjarta, lifrar, lungna og nýrna, vaxandi heilbrigðisvandamál á Vesturlöndum. Ígræðsla líffæris er þá í mörgum tilvikum besta meðferðarúrræðið sem völ er á. Í því tilviki sem við höfum rætt sérstaklega, varðandi nýrnaígræðslur, hefur verið nefnt að áhættan sem fylgir slíkri nýrnaaðgerð, líffæragjöf, nýrnagjöf, sé frekar lítil. Samt sem áður felur hún í sér töluverð óþægindi. Líffæragjafi sem er á lífi verður í flestum tilvikum óvinnufær í tengslum við líffæragjöf og þarf því að leggja tímabundið niður störf sé hann virkur þátttakandi á vinnumarkaði.

Það kemur meðal annars í greinargerð með frumvarpinu að réttur launafólks til launa í veikindaforföllum samkvæmt kjarasamningum hefur ekki verið talinn ná til þessara tilvika, enda ekki um eiginlegt sjúkdómstilfelli að ræða. Á hinn bóginn hafa líffæragjafar yfirleitt notið einstakrar velvildar vinnuveitenda sinna og margir hverjir geta gengið að launum sínum vísum í ákveðinn tíma. Umræðan hefur hins vegar verið slík að eðlilegra sé að líffæragjöfum sé tryggð tímabundin fjárhagsaðstoð með þeim hætti sem þetta frumvarp leggur til.

Þá hafa til viðbótar því sem atvinnurekendur hafa stutt við viðkomandi aðila sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaganna í einhverjum tilvikum veitt félagsmönnum sínum fjárhagslegan stuðning eða greitt dagpeninga vegna ólaunaðrar fjarveru frá vinnu í tengslum við líffæragjöf á grundvelli sérstakra heimilda enda þótt ekki sé kveðið beint á um slík tilfelli í reglum þeirra. Þeir líffæragjafar sem hafa gefið nýru á undanförnum árum hafa miklu frekar verið háðir velvild annars vegar vinnuveitanda síns og hins vegar sjúkrasjóða verkalýðsfélaga án þess að sá réttur hafi verið skilgreindur. Það veldur náttúrlega ákveðinni óvissu hjá viðkomandi aðilum.

Eins og kom fram í ræðu minni við 2. umr. þá spurði ég um þessa þætti á árinu 2007. Fyrir réttum tveimur árum sendi ég spurningar til Tryggingastofnunar ríkisins og heilbrigðisráðuneytisins um hvernig tekið væri á málefnum nýrnagjafa í tryggingakerfinu í dag, hvað rétt hann hafi, hvort einhverjar breytingar væru í farvatninu og að lokum hvort einhverjar leiðir fyndust utan tryggingakerfisins þar sem komið væri til móts við nýrnagjafa með einhverju móti.

Ég fékk þau svör frá heilbrigðisráðuneytinu og Tryggingastofnun sem annaðist sérstaklega þessi mál áður en sjúkratryggingar voru fluttar yfir til Sjúkratrygginga Ís-

lands, að það kemur fram í lögum um almannatryggingar og reglugerðum settum samkvæmt þeim að ekki er að finna neinar sérreglur um líffæragjafa og því gilda almennar reglur um þá sem verða óvinnufærir af þessum sökum.

Eins og ég sagði áðan hafa líffæragjafar sótt um sjúkradagpeninga samkvæmt 38. gr. laga um almannatryggingar og fallist hefur verið á greiðslu sjúkradagpeninga í slíkum tilvikum að öðrum skilyrðum uppfylltum, til dæmis þeim að viðkomandi sé sjúkratryggður á Íslandi, verði algjörlega óvinnufær og launatekjur falli niður. Öllum má þó vera ljóst að sjúkradagpeningar frá almannatryggingakerfinu eru fremur rýrar.

Frá þessum tíma, frá árinu 2007, hefur umræðan farið í þennan farveg og nú sjáum við fram á ákveðna réttarbót hjá líffæragjöfum. Þeir falla núna inn í kerfið og eru þá ekki lengur háðir velvild vinnuveitenda eða sjúkrasjóða eða háðir því að sækja um sjúkradagpeninga sem eru, eins og við þekkjum, fremur lélegir innan almannatryggingakerfisins.

Við sem stöndum hér hljótum því að fagna því að þetta mál er komið í höfn. Um leið hljótum við líka að fagna því að ákveðin umræða um líffæragjafir fari fram í framhaldi af því og hvaða reglu- og lagarammi er utan um slíkt.

[18:47]

Útbýting:

Sjúkraskrár, 170. mál, nál. heilbrn., þskj. 880.

Skaðabótalög, 465. mál, frv. allshn., þskj. 888.

Stjórnarskipunarlög, 385. mál, nál. meiri hluta stjórnarskrárn. s., þskj. 881.

[18:47]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill upplýsa að gert er ráð fyrir matarhléi kl. 19.30 til 20.00.

[18:47]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni gleymdi ég nokkrum atriðum sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson minnti mig á og það eru sjúkrasjóðirnir. En fyrst vil ég tala um þá fórnfýsi að gefa líffæri — ég hef ekki viljað að greitt sé fyrir það, ekki frekar en fyrir blóðgjafir og annað slíkt. Ég vil nefnilega að þetta sé fórnfúst. Það hefur líka komið fram að atvinnulífið á Íslandi er miklu samfélagslegra sinnað en af er látið og maður veit dæmi þess að atvinnurekendur hafa greitt mönnum laun þó að þeir eigi kannski ekki rétt á því samkvæmt kjarasamningi þegar þeir gefa líffæri.

Ég vildi tala um sjúkrasjóðina. Í kjölfar þeirrar kreppu sem skall á í haust þurfa menn að taka á þeim og samræma reglurnar sem þeir vinna eftir og sérstaklega þarf að setja um þá lög þannig að þeir komi af fullu afli inn í velferðarkerfið eins og þeim er ætlað. Það eru lög frá Alþingi sem kveða á um að greitt skuli í þessa sjóði. Um leið og Alþingi setur slík lög, um að greitt sé í einhverja sjóði, verður það að segja hvað gera eigi við peningana, það er lágmark.

Nú vita menn eingöngu að þetta er sjúkra-eitthvað. Reglur sjóðanna eru mjög mismunandi, það er mjög á reiki hvað þeir eiga að greiða og getan til að greiða er líka mjög mismunandi. Ég tel því mjög brýnt að setja um þetta lög og samræma það á hvern hátt þeir koma inn í velferðarkerfið.

Þessu vildi ég koma að, herra forseti, af því að ég gleymdi því í fyrri ræðu minni.

[18:49]

Dögg Pálsdóttir (S):

Forseti. Mér láðist að nefna nokkur atriði í fyrri ræðu minni um þetta mál sem ég tel þó skipta miklu. Eins og fram hefur komið erum við að tala um stuðning til lifandi líffæragjafa og það er gott mál og bráðnauðsynlegt eins og fram hefur komið. En ég tel ekki hjá því komist að í tengslum við þessa umræðu sé bent á mikilvægi þess að aukning verði á líffæragjöfum úr látnum einstaklingum.

Eins og fram kom hjá hv. þm. Ástu Möller hefur rannsókn, sem hér var gerð, sýnt að í um það bil 40% tilvika er mögulegri líffæragjöf úr látnum einstaklingi hafnað af aðstandendum. Ég tel að hér sé um að ræða ákveðna vanþekkingu, hræðslu hjá aðstandendum. Það mætti losa aðstandendur undan þeirri kvöð að þurfa að taka slíka ákvörðun með því að kynna úrræðið betur fyrir ungu fólki — staðreyndin er jú sú, og slæmt að þurfa að segja það, að úr ungu fólk sem deyr með voveiflegum hætti er hugsanlega hægt að taka líffæri til gjafar.

Í ljósi þess hve líffæragjafir eru mikið framfaraspor og hve það skiptir marga einstaklinga miklu máli að geta fengið líffæri þegar völ er á þeim hlýtur það að vera brýnt að gera allt sem hægt er til að hvetja alla einstaklinga til að hugsa þetta mál meðan þeir geta tekið afstöðu til þess og gefið yfirlýsingar um að þeir heimili að líffæri séu tekin úr þeim ef þeir látast skyndilega og mögulegt er að nýta úr þeim líffæri.

Ég má líka til með að rifja það upp af því að hér kom fram að þau lög sem allt þetta byggist á — það er eiginlega lagatvenna, það eru lögin um ákvörðun dauða og lögin um brottnám líffæra sem bæði voru sett árið 1991. Þessi lög voru ákaflega mikil framfaralög og svo skemmtilega vill til að sú sem hér stendur var ritari nefndarinnar sem samdi bæði frumvörpin. Mér er það sérstaklega minnisstætt að menn höfðu áhyggjur af því að þegar þessi frumvörp yrðu lögð fyrir virðulegt Alþingi, sérstaklega frumvarpið um ákvörðun dauða, mundu spretta miklar deilur um skilgreininguna á dauðahugtakinu. Eins og hv. þm. Ásta Möller kom inn á fólst veruleg breyting í því sem þar var lagt fram, þ.e. að heimila heiladauðaskilgreininguna sem var algert nýnæmi hér á landi en hafði rutt sér til rúms í nágrannalöndunum.

Það merkilega gerðist að heiladauðaskilgreiningin — sem er líka mjög siðferðilegt mál og hafði valdið miklum deilum í öllum nágrannalöndum okkar — fór þegjandi og hljóðalaust, umræðulaust, í gegnum þingið. Það er merkilegt hvað við sýndum mikla framsýni. Hún fór umræðulaust í gegnum þingið. Alger samstaða var með öllum flokkum um að setja þessi nýju heildarlög, annars vegar um ákvörðun dauða og hins vegar um brottnám líffæra. Ég hef alltaf haldið því fram að skýringin á því að Alþingi Íslendinga sýndi þessa miklu víðsýni — hversu framsýnt það getur verið þegar allir taka höndum saman — hafi verið sú að nokkrum mánuðum áður hafði Íslendingur, ungur maður, fengið hjarta og lunga að gjöf. Um það hafði mikið verið fjallað í íslenskum fjölmiðlum. Allir Íslendingar skildu um

hvað málið snerist, og þar með Alþingi og málið flaug í gegn.

Ég skora á heilbrigðisráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra að taka aftur höndum saman eins og þeir gerðu vegna þess máls sem við ræðum hér og skipa nefnd sem fái það verkefni að kanna leiðir til að almenningur í landinu taki í lifanda lífi afstöðu til þess hvort hann gæti hugsað sér að gefa líffæri úr sér ef sú staða kæmi upp. Þá yrðu aðstandendur losaðir undan þeirri kvöð og ég hygg að það mundi leiða til þess að við fengjum fleiri líffæri til notkunar öðrum til heilla.

[18:55]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég heyri það á máli þingmanna að góð sátt er um þetta mál og þetta hafa verið góðar umræður. Hv. þm. Dögg Pálsdóttir fór yfir mjög mikilvægt mál sem snýr að því hvernig best sé að haga líffæragjöf almennt. Það er auðvitað mjög stórt mál og hv. þm. Dögg Pálsdóttir vísaði í það hvernig best væri að haga þessu og vísaði í staðreyndir um það hvernig við stöndum í samanburði við önnur lönd þegar kemur að líffæragjöf. Sem betur fer stöndum við nokkuð vel. Það land sem stendur best hvað þetta varðar er Spánn en við erum í flokki landa sem koma næstbest — ef ég man rétt, virðulegi forseti, þá erum við framarlega á þessu sviði þó svo að við, eins og hv. þm. Dögg Pálsdóttir kom inn á, ættum að setja markið hærra því að hér er um gríðarlega mikilvæga hluti að ræða.

Ég setti á fót starfshóp til að skoða þessi mál sérstaklega í minni ráðherratíð og skoða það sérstaklega hvort skynsamlegt væri að setja um það lög að það væri skylda að gefa líffæri nema viðkomandi hefði tekið það fram að hann væri því ekki fylgjandi. Eftir að vinnuhópurinn hafði skoðað þetta, undir forustu Sveins Magnússonar, yfirlæknis í heilbrigðisráðuneytinu — hafði m.a. kynnt sér reynslu annarra landa, t.d. Spánar — kom í ljós að almenna reglan er sú að jafnvel þó að lagasetning af því tagi sé til staðar í landi, eins og er t.d. á Spáni, er hún samt sem áður ekki notuð. Ekki eru tekin líffæri úr þeim sem falla frá nema aðstandendur gefi samþykki sitt. Niðurstaðan í þeim vinnuhópi var sú að til staðar yrðu vel þjálfuð teymi, og ýmislegt annað sem því tilheyrir, til að bregðast við þegar aðstæður af þessum toga koma upp, mest var lagt upp úr því.

Virðulegi forseti. Þetta tengist auðvitað því máli sem hér er á dagskrá. Þetta eru mikilvæg mál og við ættum að gera meira af því að ræða mál eins og þessi í þinginu. Það einstaka mál sem hér er á dagskrá snýr hins vegar að — og ég heyri það á mæli þingmanna að góð sátt er um það — fjárhagslegri afkomu þeirra sem leggja það á sig í lifanda lífi að gefa líffæri, og þá er ýmist um að ræða nýra eða hluta lifrar. Í þessu máli er verið að reyna að koma í veg fyrir að viðkomandi einstaklingur verði fyrir tekjutapi ef hann er svo göfugur, svo ég noti það orð, að gefa úr sér líffæri.

Ég vona að frumvarpið, verði það að lögum, tryggi að slíkt muni ekki gerast, að fólk sem gefur líffæri geti verið öruggt um að það beri ekki af því fjárhagslegan skaða. Ég tel það afskaplega mikilvægt. Ég get ekki lýst því nógu vel hversu ánægður ég er með þetta mál, enda tengist ég því. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir veit að frumvarpið er byggt á niðurstöðu hóps sem ég, sem ráðherra, og félags- og tryggingamálaráðherra settum á laggirnar í nóvember 2007. Þó það nú væri að þessi minnihlutastjórn stoppi ekki það mál, virðulegi forseti. Þetta mál er runnið undan rifjum ríkisstjórnar sem stóð sig miklu betur en sú verklitla ríkisstjórn sem er til staðar núna.

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki alveg það mál sem við ræðum nú en því miður er ég hræddur um að við þurfum að ræða það mál eins og önnur sem tengjast vinnubrögðum. Við sjáum hér í dag mun alvarlegri vinnubrögð en við höfum séð í langan tíma hér á Alþingi Íslendinga, og kannski aldrei áður. Öll dagskráin og vinnubrögðin eru þess eðlis að það hjálpar ekki til fyrir fólkið í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 3. umr.

Stjfrv., 407. mál (hærra endurgreiðsluhlutfall). — Þskj. 691.

[19:00]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Það vakti athygli í gær og ég var spurður hvers vegna ég hefði greitt atkvæði gegn þessu máli á þingi í gær. Ég skal með ánægju skýra það út í ræðunni sem ég ætla að halda um þetta annars ágæta mál. Eðli málsins samkvæmt hefði verið afar auðvelt að styðja málið út frá innihaldinu í því eins og það liggur hér fyrir. Þetta er í sjálfu sér hið besta efni, að veita ákveðinni atvinnugrein, þ.e. kvikmyndagerð á Íslandi, tækifæri til að búa betur um sig, koma sér betur fyrir, eiga meiri möguleika til þess að framleiða kvikmyndir með þeim hætti að breyta lögum sem í gildi eru um endurgreiðslu á framleiðslukostnaði kvikmyndagerðar á Íslandi úr 14% í 20%. Með því frumvarpi sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að þetta verði gert þannig að það verði heimilað að ríkissjóður endurgreiði eða þetta hlutfall verði hækkað. Auk þess er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða í þessu frumvarpi að þeir sem hafa fengið vilyrði fyrir endurgreiðslu fyrir gildistöku þessara laga eigi kost á því að sækja aftur um endurgreiðsluhlutfallið eftir að það hefur verið hækkað, enda sé þá framleiðsla viðkomandi efnis ekki hafin.

Í kostnaðargreiningu fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er sagt að markmiðið með þessari breytingu sé að jafna samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart sambærilegri starfsemi í öðrum ríkjum og laða að fleiri verkefni og þessi styrking með hækkuðu endurgreiðsluhlutfalli kæmi þá til viðbótar gengislækkun íslensku krónunnar sem orðið hefur á undanförnum missirum og er vissulega mikil.

Meginatriðið í afstöðu minni sem ég byggði þátttöku mína í atkvæðagreiðslunni í gær á og greiddi atkvæði gegn þessu kemur fram í síðari hluta umsagnar fjárlagaskrifstofunnar sem ég ætla að fá að lesa hér. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að

hækka þurfi fjárheimild til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi að jafnaði um 32 millj. kr. á ári eða úr 125 millj. kr. í 157 millj. kr. Er þá reiknað með að umfang kvikmyndaframleiðslu á Íslandi verði svipað á næstu árum og það hefur verið frá árinu 2006 en ef umfangið eykst má búast við því að endurgreiðslurnar hækki að sama skapi. Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum ársins 2009 né í áætluðum útgjöldum næstu fjögur árin. Að einhverju marki gætu komið skatttekjur af framleiðslunni á móti en vegna mikils halla á ríkissjóði mun að óbreyttu þurfa að fjármagna viðbótarútgjöld með lántökum.“

Á þessum grunni byggði ég afstöðu mína í atkvæðagreiðslunni í gær og tel algjörlega ófært að standa þannig að málum í dag, miðað við þau vandamál og þau verkefni sem uppi eru í fjárlagagerð íslenska ríkisins, að við getum undirgengist það með þessum hætti að ganga þannig til verka að taka eina atvinnugrein út fyrir sviga og veita henni frekari ívilnanir þegar fyrir liggur að fjölmargar atvinnugreinar í landinu mundu þiggja sambærilega fyrirgreiðslu og hér um ræðir.

Í því sambandi gætum við nefnt sprotafyrirtæki af ýmsum toga sem berjast í bökkum við að ná fjármögnun á þau verkefni, mörg hver mjög góð, sem í gangi eru. Við getum jafnframt nefnt tiltekin svæði á landinu sem stríða við mikið og vaxandi atvinnuleysi. Í stærra samhengi mætti nefna hér stórt mál sem væntanlega kemur til afgreiðslu fyrr en síðar á hinu háa Alþingi sem er fjárfestingarsamningurinn fyrir Norðurál í Helguvík, gríðarlega stórt mál og miklu meira að umfangi en þetta hér. Af ýmsum toga er því hægt að taka þessa umræðu ef maður vill ganga til þess verkefnis.

Eins og gefur að skilja voru þær umsagnir sem leitað var eftir og bárust iðnaðarnefnd vegna þessa máls gríðarlega jákvæðar. Hver þiggur það ekki á þessum tímum að fá aukna ívilnun, betri fyrirgreiðslu, þægilegra starfsumhverfi þegar allt er fremur þungbúið og frystir fremur að í þessum nýju greinum? Við fengum t.d. í iðnaðarnefnd umsögn frá stjórn SÍK, Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda, sem fagnaði gríðarlega tilkomu þessa frumvarps og lýsir að sjálfsögðu yfir eindregnum stuðningi við það og metur það sem svo að þetta geti orðið veruleg lyftistöng fyrir íslenska kvikmyndagerð og samhliða fjölgað störfum í greininni.

Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands fagnar þessu sömuleiðis og vonast til að frumvarpið verði samþykkt.

Í greinargerð frá iðnaðarráðuneyti kemur fram í minnisblaði, í texta þar, að þar hafi í gegnum tíðina verið unnin rannsókn á því fyrir iðnaðarráðuneytið hver áhrif endurgreiðslna ríkissjóðs á ríkissjóðinn væru af þeim lögum sem hér um ræðir. Fyrst var slík rannsókn unnin af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands árið 2006 og síðar af Fjárfestingarstofu árið 2009. Ég ætla að fara aðeins yfir minnisblaðið síðar í ræðu minni en samanlagt er talið og er niðurstaða þessara tveggja stofnana — ég vil koma því mjög heiðarlega á framfæri — að þær telja að ríkissjóður beri ekki endilega byrði vegna endurgreiðslunnar og þar er horft til þess að skatttekjur ríkissjóðs, eins og segir, „eru að öllum líkindum hærri en sem nemur endurgreiðslunum“. — Og þá voru þetta úttektir sem miðuðust annars vegar við 12% endurgreiðsluhlutfall og hins vegar miðaðist úttektin hjá Fjárfestingarstofu sem var unnin 2009 við 20% endurgreiðsluhlutfall. — „Telja verður að þær tekjur sem ríkið hefur af framleiðslunni falli að mestu til á framleiðslutímanum í gegnum staðgreiðslu launa og óbeinna skatta, svo sem virðisaukaskatt af aðföngum til framleiðslunnar.“

Að sjálfsögðu á þetta við um hverja og eina atvinnugrein, ekki síður um aðrar atvinnugreinar en kvikmyndagerð og mætti færa rök fyrir þessu og gera þetta víðar eins og ég hef nefnt hér fyrr í ræðu minni.

Það kemur fram í rannsókninni sem Fjárfestingarstofa gerði og er mjög fróðlegt að skoða þann rökstuðning sem þar er teflt fram og tiltekin ákveðin verkefni. Það er gríðarlega mikill kostnaður sem felst í einu slíku stóru verkefni, þetta er dæmi um kvikmyndagerð á árinu 2005, heildarkostnaður verkefnisins er rétt um 864 millj. kr. sem er sundurliðaður í þeirri rannsókn sem hér er tilgreind. Áætluð staðgreiðsla og tryggingagjald vegna þessa verkefnis eru allt í allt 172 millj. kr. Samkvæmt gömlu og fyrstu reglunum þar sem endurgreiðsluhlutfallið var 12% mátti ætla að afkoma ríkisins væri þannig í 12% reglunni að ríkið hefði í tekjur af þessu 73 millj. kr. sem kemur til vegna þess að staðgreiðslan og tryggingagjaldið í krónum talið eru einhvers staðar um 176 millj. kr. en endurgreiðsluhlutfallið, 12%, væri um 103 millj. kr.

Við þessa hækkun aftur á móti hefði þetta verkefni farið þannig að afkoma ríkisins hefði verið nokkurn veginn á núlli, þ.e. við það að endurgreiðsluhlutfallið hefði hækkað úr 12% upp í 20% hefði ríkið þurft að fara að greiða til baka 173 millj. kr. en eins og áður sagði voru tekjurnar ætlaðar rétt um 176 millj. kr. þannig að þetta er nokkurn veginn á núlli.

Ábatinn í krónum talinn fyrir ríkið er í rauninni enginn en hins vegar má hafa í huga þegar menn meta þetta og vilja tala með málinu að afleidd áhrif af þessu, velta undirverktaka og eyðsla erlendra starfsmanna, ef því er að skipta, eru vissulega fyrir hendi og ber að meta.

Annað dæmi var tiltekið sem var miklu stærra verkefni sem var byggt á áætlunum frá því núna í mars 2009 þar sem talað var um að endurgreiðsluhæfur kostnaður verkefnis á Íslandi væri rétt um 3,3 milljarðar. Þá var gert ráð fyrir að áætluð staðgreiðsla og tryggingagjald sem er sá grunnur sem ríkið fær til sín í sköttum beint, staðgreiðsla af launum og vinnu, aðkeyptri þjónustu, innflutningskostnaður líka, rekstur bifreiða, áhalda og tækja o.s.frv. og annar kostnaður — þá má ætla að tekjur ríkisins af þessum þáttum væri um 737 millj. kr. Ef við gæfum okkur að þetta frumvarp væri orðið að lögum og endurgreiðsluhlutfallið væri orðið 20% kæmu í hlut framleiðendanna, þ.e. endurgreitt kæmi í þeirra hlut 655 millj. kr. sem þýddi að afkoma ríkisins af þessu verkefni þrátt fyrir þessa hækkun væri um 82 millj. kr.

Allar tölur í þessum dæmum eru, og það ber að undirstrika, án virðisauka og gert er ráð fyrir því í þessu stóra dæmi að verkefnið er þannig vaxið að það er gríðarlega umfangsmikið, það er gert ráð fyrir að þarna væri um að ræða 300 manns fyrir utan aukaleikara sem á sumum dögum er ætlað að gætu orðið um 300 einnig, þannig að um 600 manns væru hugsanlega á launaskrá suma daga í þessu.

Áætluð ársverk væru á bilinu 95–120 og gistinætur — þá erum við að tala um þennan afleidda kostnað og afleidda ábata — 19.300 í heildina tekið.

Vissulega má halda því til haga að það er margt gott við þetta. Það sem ég hef bent á er að fyrir það fyrsta er fjárhagurinn með þeim hætti að það er ábyrgðarhluti að ávísa fram í framtíðina endurgreiðslu vegna þessa og þótt þetta sé í rauninni ekki ýkja há fjárhæð í stóra samhenginu er vissulega ákveðið fordæmisgildi fólgið í þessu.

Ég vil nefna hér að þetta eru tímabundin lög og gert er ráð fyrir að þau falli niður í árslok 2011. Hins vegar ber að hafa það í huga að þessi endurgreiðsla var sett í lög fyrir rúmum tveimur árum ef ég man rétt, nei, 2001 og þá var endurgreiðsluhlutfallið 12% og var hækkað á árinu 2006 í 14% og þá voru bundnar mjög miklar vonir við það að þessi hækkun á endurgreiðsluhlutfallinu mundi laða fleiri erlend verkefni að. Það er skemmst frá því að segja að við spurðumst fyrir um þetta í nefndinni og svörin frá ráðuneytinu voru þau, og kemur raunar fram í greinargerð með frumvarpinu, að við þessa hækkun á endurgreiðslustyrknum fjölgaði erlendu verkefnunum ekki nokkurn skapaðan hlut. Ábatinn af þessari hækkun úr 12 í 14% var í rauninni enginn. Hins vegar liggur fyrir að á árunum 2001–2008 hefur fjöldi styrkja samtals verið 59, heildarendurgreiðsla 980 millj. kr.

Þetta ber að hafa í huga þegar við ræðum þetta mál og ég get fullyrt að við höfum heldur ekki tryggt í hendi að við það að hækka endurgreiðsluhlutfallið úr 14% í 20% munum við njóta þess og sjá hér fleiri erlend verkefni koma og verða að veruleika í okkar annars ágæta fallega landi.

[19:15]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég má til með að koma í 3. umr. um þetta mál vegna þess að ég hef sætt dálitlu ámæli fyrir að hafa greitt því atkvæði í 2. umr. Vegna þess að þetta brýtur náttúrlega öll prinsipp sem ég hef haft og minn flokkur um að hafa skattstofna breiða og undantekningar fáar. Hins vegar hef ég sagt við fólk að undanfarið hafi menn þurft að brjóta ansi mörg prinsipp, bæði þeir sem trúa á markaðsviðskipti og frjálsa samkeppni og eins hinir sem vilja stuðla að velferðarkerfinu og því að hækka bætur. Ég er ansi hræddur um að báðir aðilar þurfi að sveigja af leið um ansi margt.

Þannig er að ég hef t.d. þurft að standa að því að stofna þrjá ríkisbanka og setja gjaldeyrishöft, sem er með ólíkindum. Ég reyndar sat hjá við síðustu breytingu sem dýpkaði enn frekar þau gjaldeyrishöft sem við stóðum að. Þannig að nú í kjölfar kreppunnar þurfa menn að gera ýmislegt sem ekki þykir gott, en það er náttúrlega vegna þeirra aðstæðna sem við búum við.

Þetta er eitt þeirra mála sem eykur atvinnu og þá grípur maður það fegins hendi þótt það brjóti öll prinsipp. Í fyrsta lagi er þetta mjög sértæk aðgerð, hluti af skattasamkeppni á milli landa, sem sérstaklega þingmenn Vinstri grænna hafa barist mikið gegn og ég nefni þar sérstaklega hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmund Jónasson sem margoft hefur sagt að Ísland eigi ekki að taka þátt í skattasamkeppni. En ég geri ráð fyrir að hann hafi stuðlað að þessu frumvarpi með þeim rökum sem ég gat um að nú bryti nauðsyn lög. Þetta er náttúrlega greinilega skattasamkeppni.

En það sem er verra og ætti kannski sérstaklega að vera verra fyrir þá flokka sem standa að þessari ríkisstjórn, sem eru velferðarflokkar og kannski vinstri sinnaðir, er að þeir sem njóta styrkjanna eru aðallega stórfyrirtæki og auðhringar. Á sama tíma skerða menn velferðarkerfið og leggja eða boða skatta á bæði tekjur og eignir fyrirtækja og einstaklinga. Þannig að á sama tíma og svona frumvarp kemur fram sem greiðir 20% af öllum kostnaði stórfyrirtækja ætla menn að leggja skatta á einstaklinga og fyrirtæki og jafnvel láglaunafólk, þótt menn muni eflaust að reyna að hlífa þeim eins og hægt er í þeim darraðardansi sem fyrir dyrum stendur.

En eins og alltaf þegar menn gera undantekningar lenda menn í vandræðum með aðgreiningu og ég hugsa að sá vandi verði enn meiri. Segjum að ég ætli að gera veruleikaþátt eða fræðsluþátt um þann hluta menningar Íslendinga að hingað komi stórstjörnur frá útlöndum og haldi tónleika, þ.e. ég fel málið undir þeim möttli að þetta eigi að vera heimildarmynd um komu frægs tónlistarmanns. Svo kemur tónlistarmaðurinn til Íslands og ég tek kvikmynd af tónleikunum og þá er allt í einu 20% af öllum kostnaði greiddur af ríkinu og þar á meðal laun listamannsins, þessarar stórstjörnu sem fær nú ekki lítið í laun. Þannig að við erum þá farin að niðurgreiða laun stórstjarna sem eru með ofboðsleg ofurlaun, eins og við köllum. Þá er ríkissjóður farinn að greiða ofurlaun þessara manna hér á landi, þannig að ýmsar skrýtnar hliðar eru á málinu og menn geta falið venjulega rokktónleika í Egilshöll undir möttli kvikmyndagerðar.

Þetta eru aðgreiningarvandamálin. En vandamálin sjálf eru að hér koma væntanlega stórstjörnur til að leika í kvikmyndum sem eru með rosalega há laun og af því að þau laun eru hluti af heildarkostnað yrðu þau væntanlega niðurgreidd af ríkissjóði Íslands. Þannig að þetta er allt saman dálítið skrýtið.

En ég benti líka á það við 1. umr., þótt ég ætli kannski ekki að endurtaka mig, að með nákvæmlega sömu rökum gæti maður nánast tekið hvaða atvinnugrein hingað til landsins, bílaframleiðslu eða bara hvað sem er sem ekki er til í landinu nú þegar og sagt að það auki umfang og atvinnu hér á landi og þar með sé réttlætanlegt að niðurgreiða kostnaðinn.

Ég nefndi líka ál — þó að álfyrirtæki njóti ekki sérstakrar fyrirgreiðslu nema þeirrar að þeim eru tryggðir ákveðnir skattar í 20 ár og ég hugsa að mörg íslensk fyrirtæki mundu nú gjarnan vilja að fá svoleiðis tryggingu — að þá er nákvæmlega sama hugsunin þar á bak við og í þessu frumvarpi. Þannig að ég ætti í rauninni að vera á móti þessu frumvarpi, herra forseti, en er það ekki vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem eru á Íslandi núna og svo vegna þess að þetta frumvarp rennur út í árslok 2011, samkvæmt bráðabirgðaákvæði sem fylgir lögunum.

[Fundarhlé. — 19:21]

[20:02]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Ís-

landi. Ég tek til máls hér við 3. umr. og fagna þessu máli og tel að það geti orðið mikil lyftistöng fyrir kvikmyndagerð á Íslandi.

Ég skrifaði ásamt öðrum sjálfstæðismönnum í nefndinni undir nefndarálitið með fyrirvara. Var það vegna umsagna fjármálaskrifstofu þar sem talið var að ekki væri gert ráð fyrir viðbótarfjárveitingum vegna þessa máls í fjárlögum ársins og að jafnvel þyrfti að koma til lántöku.

Í nefndaráliti hefur málið verið skýrt og var það ástæðan fyrir því að við hv. þingmenn, Herdís Þórðardóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir og ég, gátum samþykkt þetta mál. En í nefndarálitinu var það skýrt að eitt af skilyrðum laganna sé að senda inn umsóknir til iðnaðarráðuneytisins áður en framleiðsla kvikmyndar eða sjónvarpsefnis hefst. Í framkvæmd hefur aldrei verið vikið frá þessu skilyrði laganna og umsóknum sem berast eftir að framleiðsla er hafin, er hafnað.

Í ferlinu fer nefnd sem skipuð er fulltrúum frá iðnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti ásamt Kvikmyndamiðstöð, yfir umsóknirnar og metur hvort öll skilyrði laganna séu uppfyllt. Í framhaldinu er gerð tillaga til iðnaðarráðherra um afgreiðslu málsins og teljist öll skilyrði laganna uppfyllt gefur iðnaðarráðuneytið út vilyrði fyrir endurgreiðslu. Í vilyrðinu kemur fram að endurgreiðslufjárhæð er ekki greidd út fyrr en framleiðslu kvikmyndaverkefnisins er lokið og uppgjör og ársreikningur liggur fyrir. Endurgreiðslufjárhæðin er því aldrei greidd út fyrr en uppgjör liggur fyrir og hin sérstaka endurgreiðsla er oft síðasti liður í uppgjörsferlinu vegna framleiðslu kvikmynda. Í reynd er því verið að endurgreiða kostnaðinn jafnvel einu til tveimur árum eftir að framleiðslu kvikmyndar er lokið. Ríkissjóður ætti því að hafa fengið til sín stærstan hluta skatttekna vegna framleiðslu þegar til útborgunar kemur. Með þessari skýringu lít ég svo á að við getum stutt þetta mál og munum gera það.

Niðurgreiðsla sem þessi getur orðið mikil lyftistöng fyrir kvikmyndaiðnaðinn hér á landi, hún er bæði atvinnuskapandi og gjaldeyrisskapandi. Ef við fáum hingað til lands stór verkefni skiptir það gríðarlega miklu máli því að eins og atvinnuástandið er í dag þurfum við nauðsynlega á nýjum atvinnutækifærum að halda. Er eftir miklu að slægjast ef við gerum út á þessi mið því að þar geta skapast fjölmörg störf og kvikmyndaiðnaðurinn getur eflst.

Þegar herstöðinni á Keflavíkurflugvelli var lokað á sínum tíma komu fram margar hugmyndir um nýtingu á því húsnæði sem til féll þegar varnarliðið fór. Ein hugmyndin var einmitt sú að fara þá leið sem farin hefur verið í mörgum löndum og jafnvel sums staðar þar sem herstöðum hefur verið lokað, hefur þeim verið breytt í kvikmyndaver með góðum árangri.

Fram komu stórhuga aðilar sem höfðu hug á og vildu gjarnan festa sér húsnæði á gamla varnarsvæðinu til að byggja upp kvikmyndaver og átti að vera eftirsóknarvert fyrir stóra framleiðendur að koma til Íslands til þess að taka upp kvikmyndir. En því miður hefur lítið orðið af því vegna bankahrunsins og ýmissa annarra aðstæðna sem hafa hægt svolítið á þessu ferli. En þetta frumvarp, ef það verður að lögum, gæti þó orðið til þess að hugmyndir sem þessi fái aftur byr undir báða vængi.

Stór kvikmynd sem tekin var upp á Reykjanesi árið 2005 hafði gríðarlega mikil áhrif á Suðurnesjum og tók um tvo mánuði að vinna það verkefni. Það var stórmyndin *Flags of Our Fathers* sem var tekin upp þar og hafði gríðarlega mikil áhrif á samfélagið þar sem þjónusta var mikið sótt til Reykjanesbæjar. Á ýmsu þurfti að halda, hótelherbergjum og fleira, og sáu veitingastaðaeigendur fram á aukna veltu. Kvikmyndagerðarmennirnir þurftu einnig bílaleigubíla og ýmsa aðra þjónustu sem til féll sem hægt var að fá keypta í Reykjanesbæ.

Um 1000 Íslendingar fengu vinnu við þá kvikmynd þótt í stuttan tíma væri og hljóðaði fjárhagsáætlunin fyrir kvikmyndina sem gerð var, upp á 80 millj. dollara, ef ég man rétt. En nú er verið að tala um margfalt stærra verkefni sem hugsanlega gæti komið hingað til lands frekar en til Írlands, það er mun stærra en verkefnið sem tekið var upp á Reykjanesi árið 2005.

Kvikmyndir sem teknar eru upp á Íslandi í okkar stórbrotnu náttúru hljóta jafnframt að vera gríðarlega mikil auglýsing fyrir landið og fjölga þeim sem vilja koma og heimsækja okkur. Við höfum upp á margt að bjóða sem gæti verið góður bakgrunnur í kvikmyndaheiminum. Við höfum snjó og jökla, við höfum græn tún og dali og við höfum víðáttuna. Ég hef sagt áður að við höfum allt hérna og getum eflaust bjargað öllu sem þarf að bjarga varðandi kvikmyndaupptökur. Það eina sem þessir erlendu aðilar þurfa að vita er að við ráðum ekki við veðráttuna hér á landi sem getur auðvitað haft hamlandi áhrif á kvikmyndagerð. Þegar veður eru vindasöm hefur það efalaust mikil áhrif, að minnsta kosti á útimyndatökur.

Virðulegi forseti. Mikil þekking á kvikmyndagerð og þjónustu henni tengdri hefur skapast á Íslandi á undanförnum árum og í því felast verðmæti sem, ásamt íslenskri náttúru, geta skapað sóknarfæri á sviði kvikmyndagerðar. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa fengið ýmis verðlaun á erlendri grundu fyrir íslenskar kvikmyndir og þykja þeir mjög flinkir og eftirsóttir í sinni grein. Það er því eftir mörgu að slægjast hér. Þess vegna tel ég að það sé alveg nauðsynlegt að fara þá leið að hækka endurgreiðsluhlutfallið úr 14% í 20% til þess að við séum þar samkeppnishæf við löndin í kringum okkur. Sagt er að Írland sé það land sem greiði hæsta endurgreiðsluhlutfallið en með því að hækka okkur upp í þessi 20% erum við á sama róli og flest lönd í kringum okkur.

Ég tel, virðulegi forseti, að þetta sé hið besta mál. Það er atvinnuskapandi og aflar landinu gjaldeyris og ég tel að þetta hafi mikil áhrif á ferðaþjónustuna í landinu, að ferðamannaþjónusta muni aukast við að fá fleiri til að taka upp kvikmyndir hér á landi. Því tel ég að við mættum hugsa það mál vel, við Íslendingar, hvort ekki sé full ástæða til að sækja á þessi mið þar sem eftir miklu er að sækjast. Hér í landinu er mikil fagþekking sem við eigum að nýta sem best.

[20:15]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Ég missti því miður af 2. umr. á dögunum en hér er á ferðinni mál sem er sérstaklega ánægjulegt að taka þátt í að ræða og eiga tök á að styðja. Ég held að hér sé einmitt á ferðinni mál sem skiptir miklu máli við þær að-

stæður sem eru á Íslandi um þessar mundir þar sem þeir aðilar sem muni geta komið inn í kvikmyndaiðnaðinn sem vonandi vex hér eru einmitt þeir sem hafa kannski minni möguleika til atvinnu akkúrat þessa dagana.

Ég er viss um að þessi hækkun á endurgreiðslu til að hvetja erlend kvikmyndafyrirtæki til að koma hingað og taka myndir mun skipta miklu máli fyrir ferðaþjónustuna hér á landi. Við skulum ekki gleyma því að ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein, mikilvæg grein fyrir okkur, verulega gjaldeyrisskapandi og einmitt núna, þegar Ísland hefur skyndilega og mjög hratt orðið mun ódýrari viðkomustaður en áður var, nokkuð sem höfðum ekkert sérstaklega sóst eftir, eru enn þá meiri tækifæri til að reyna að kalla hingað verkefni sem henta vel á Íslandi þar sem saman fer atvinnusköpun, öflun gjaldeyristekna, verkefni sem harmónera vel við landið sjálft þar sem við auglýsum og kynnum okkar góða og fallega land, víðáttuna, okkar fallegu fossa og dali, einmitt mál sem er þannig að það kallar fram það skemmtilegasta og besta sem er að finna á Íslandi.

Þess vegna finnst mér þetta mál, þótt það láti lítið yfir sér við fyrstu sýn og frumvarpið sé einungis tvær greinar, ljómandi gott og í samræmi við þau mál sem Alþingi ætti núna að vera að fjalla um sem eru til þess fallin að skapa hér, eins og ég sagði áðan, auknar gjaldeyristekjur. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þessum lögum sem eru frá 1999 er breytt. Á árinu 2006 var lagt fram á þinginu frumvarp þar sem ætlunin var að endurgreiðslur eða ívilnanir yrðu færðar upp úr 12%. Í meðförum þingsins var það hækkað upp í 14% en reynslan hefur samt verið sú, og menn virðast vera sammála um það, að betur megi ef duga skal og það sé á það reynandi og æskilegt að hækka endurgreiðsluhlutfallið upp í 20%. Þá veltir maður auðvitað fyrir sér hvernig þetta samræmist reglum á Evrópska efnahagssvæðinu, hvernig þetta samræmist ríkisstyrkjareglum. Það er ágætlega gerð grein fyrir því í frumvarpinu að í EES-samningnum er undanþáguákvæði í 61.–63. gr. og Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur litið svo á hvað kvikmyndaframleiðslu varðar að hægt sé að fara í slíkar endurgreiðslur. Nú vitum við að Noregur hefur um nokkurt skeið velt fyrir sér tilraunaverkefni af þessu tagi og eins og ég skil málið eru þeir að velta fyrir sér styrkjum sem yrðu þá 15% af þeim kostnaði sem til verður í Noregi. Mér er ekki kunnugt um að þetta verkefni sé farið af stað en áform eru uppi um það.

Á Írlandi hins vegar, því ESB-landi, er um að ræða 28% styrk eða endurgreiðslu af þeim útgjöldum sem þar skapast. Hefur það reynst nokkuð vel, a.m.k. virðist vera vaxandi ásókn í að taka kvikmyndir á Írlandi.

Hvatt hefur verið til þess á undanförnum árum og við höfum fengið töluvert af auglýsendum hingað til að taka auglýsingar. Við höfum séð ýmis alþjóðleg bílafyrirtæki hér uppi á fjöllum taka myndir af fínum sportbílum og við sjáum, þar sem við erum kannski stödd í útlöndum, allt í einu glitta í Herðubreið eða önnur falleg fjöll á Íslandi þannig að þar hefur verið vaxtarbroddur. Maður heyrir á þeim sem starfa í þeim greinum, auglýsendum, kvikmyndatökumönnum, leikurum, öllum þeim fjölmörgu aðilum sem koma að gerð einnar auglýsingar, að þarna er um að ræða vaxtarbrodd, frú forseti, sem sjálfsagt er að reyna að gera meira út á.

Við Íslendingar höfum yfirleitt verið frekar dugleg að leita okkur að tækifærum og finna leiðir til að afla okkur atvinnu og hvetja fólk til að gera ýmislegt hérna heima. Þegar saman fer sköpunin, náttúran og frumkvöðlamátturinn hefur oft gengið vel hér. Og í þessum efnum, þegar um er að ræða kvikmyndagerðarlistina held ég að þetta henti okkur alveg skínandi. Það er áhugavert að velta fyrir sér hvernig þetta er í öðrum löndum þar sem menn hafa styrkt slíka starfsemi eða verið með ívilnandi kerfi. Við skulum líta til Bandaríkjanna, við þurfum ekkert að fjölyrða um það að kvikmyndaiðnaður þar hefur um áratugaskeið staðið í miklum blóma en ekki hef ég nokkra trú á því að það hafi gerst af sjálfu sér. Auðvitað hafa menn sem hafa haft miklar hugmyndir, verið stórir í sniðum og tekið mikla áhættu komið að þessu en auðvitað hafa líka einstök fylki í Bandaríkjunum ýtt verulega undir til að gera þessa starfsemi sem öflugasta hjá sér. Það kemur líka fram í greinargerðinni að endurgreiðsluhlutfallið í Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi og Nýfundnalandi sé á bilinu 15–55%. Það kemur raunar ekki fram og væri sannarlega áhugavert að heyra hvort það hefði komið fram í nefndinni hvar þetta 55% hlutfall er. Ég sá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, formann nefndarinnar, á göngunum áðan, ég veit ekki hvort hún heyrir til mín en það væri virkilega áhugavert að vita hvort það væri kannski í einstökum löndum og í hvaða löndum menn hafa gengið svona langt að vera með 55% endurgreiðslu á þeim kostnaði sem til fellur í viðkomandi landi.

Ég er viss um að þau okkar sem hafa áhuga á kvikmyndagerð og hafa fylgst með kvikmyndum hafa tekið eftir því að það er stöðugt vaxandi hópur kvikmynda sem er einmitt tekinn í þeim löndum, Nýja-Sjálandi og Nýfundnalandi. Börnin okkar hafa mörg hver horft á þær myndir sem eru hvað frægastar þegar kemur að þessu. Ég nefni hér *Hringadróttinssögu* sem hefur, má segja, skipt verulegu máli á Nýja-Sjálandi við það að kynna landið sem merkilegan ferðamannastað.

Þarna held ég að við Íslendingar gætum lært af Nýsjálendingum á þessu sviði og svo mörgum öðrum. Við höfum oft og tíðum litið til Nýja-Sjálands með ýmsa hluti og finnst mér mjög áhugavert að þeir skuli hafa gengið svona langt, bæði á Nýja-Sjálandi og Nýfundnalandi, í að laða til sín þessa starfsemi. Það er ekki endilega augljóst við fyrstu sýn að menn fari til Nýfundnalands að taka myndir og eflaust finnst mörgum það sama um Ísland, að það sé ekki augljóst að hingað muni menn leita. En það hafa menn gert.

Á undanförnum árum hafa menn komið hingað til að taka hluta úr myndum í okkar fallegu náttúru, á Jökulsárlóni og víðar uppi á fjöllum og jafnvel í Reykjavík, niðri í miðborg þótt okkur finnist mörgum hverjum mjög sérkennilegt að það sé sá staður sem gæti selt í þessu efni. Hann hefur samt sem áður gert það. Oft er glöggt gests augað og við þurfum að kalla hingað fólk til að velta fyrir sér hvort þessi staður uppi á Íslandi sé heppilegur í þessu efni.

Til þess að svo sé verðum við að leggja eitthvað af mörkum. Þarna er gerð tilraun til þess að fara í ívilnandi aðgerð með því að hækka þetta um 6 prósentustig. Sú lagasetning sem frumvarpið byggir á, frá 1999, virðist vera tímabundin aðgerð og þessi ívilnun eigi að falla úr gildi 31. desember árið 2011. Ég hvet hæstv. iðnaðarráðherra, og þá

alþingismenn sem hafa áhuga á þessu máli, til að fylgjast vel með hvernig málinu vindur fram og hvort á tímabilinu sé ástæða til að ganga enn lengra eða að framlengja lagasetninguna til þess að meiri reynsla komi á málið. Sannleikurinn er sá að þegar við förum í svona langtímaverkefni, frú forseti, eins og það að sækja sér ný verkefni út í hinn stóra heim tekur það ákveðinn tíma. Þolinmæðin skiptir öllu í því og við megum ekki vera of fljót að láta hlutina ganga til baka og þá jafnvel tapa þeim tækifærum sem kunna að hafa verið handan við hornið. Þarna skulum við velta fyrir því okkur hvort ástæða sé til að framlengja eða jafnvel ganga lengra og ég á von á að menn muni fylgjast vel með því, þeir aðilar sem í greininni starfa munu væntanlega þrýsta á að það verði gert og ég held að við stjórnmálamenn ættum að velta því fyrir okkur, vegna þess að við vitum að þarna er ekki farið á svig við neinar samkeppnisreglur að þarna sé vel á málum haldið.

Það kom fram í niðurstöðu nefndarálitsins að hv. þingmenn Björk Guðjónsdóttir, Herdís Þórðardóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir hafa haft fyrirvara á málinu og gerð hefur verið ágætlega grein fyrir þeim fyrirvara. Bæði gerði Björk Guðjónsdóttir grein fyrir honum áðan og eins var eitthvað um það rætt í aðdraganda málsins. Ég skil það þannig að fyrirvarinn hafi fyrst og fremst verið af því hvort þarna væri með einhverjum hætti aukin óeðlilega útgjöld ríkissjóðs, nokkuð sem við horfum núna mjög til að ekki megi gera of mikið af. Ég get ekki betur skilið en svo þegar maður skoðar umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að geri menn ráð fyrir því að tekjurnar af þessari starfsemi séu svo miklar að þær muni á tímabilinu vega upp á móti og vonandi skila þessu máli heilu í höfn með aukum tekjum.

Hvaða hópar munu græða og njóta góðs af því að fá fleiri verkefni af þessum toga? Við vitum að mörg þessara verkefna eru tímabundin verkefni. Það tekur tíma að koma þessu svo langt fram að það komi alltaf hvert verkefnið á fætur öðru þannig að núna erum við kannski meira að tala um akkorðsverkefni. Við erum að tala hér um alla leikarastéttina, kvikmyndagerðarmenn, alls konar leikstjóra af minni gerðinni — ég geri ráð fyrir að aðrir komi að utan — sminkur, við erum að tala um svo margt fólk sem að þessu kemur, fleiri hundruð manns. Það þarf að skaffa þessu fólki húsnæði, þetta styrkir hótelrekstur og gistihús, það þarf að skaffa bíla, það þarf allt að vera til staðar og við þurfum að tryggja að svo sé.

Ég held að fyrir ferðaþjónustuna skipti þetta verulega miklu máli. Víða um land er búið að byggja óskaplega vel upp ferðaþjónustu. Ég get nefnt t.d. Mývatn þar sem gríðarleg stórvirki hafa verið unnin í ferðaþjónustu á undanförnum árum. Varla er hægt að hugsa sér fegurri stað á Íslandi en Mývatn og þar hefði maður haldið að hægt væri að hvetja menn til að koma, frú forseti, og taka myndir af ýmsum toga. Þar eru komin jarðböð, alveg stórkostleg jarðböð. — Það þýðir ekkert að hlæja eins og hv. þm. Kristján Þór Júlíusson. — Það er ýmislegt þar sem gaman er að skoða. — Það þýðir ekkert að kalla fram í einhverja brandara og rugla mann í ríminu þegar maður er að segja frá þessu merkilega máli.

Ég vil bara ítreka það vegna þess að þetta hefur ekki verið rætt á fyrri stigum málsins. Ég ítreka að hér er um að ræða mál sem er verulega mikilvægt fyrir okkur núna. Um leið og við hvetjum til þess að við göngum fram með stór atvinnutækifæri fyrir þjóðina, um leið og við viljum sjá aukna áherslu á stærri mannfrek verkefni eru líka minni verk, verk sem virka kannski minni við fyrstu sýn, sem skipta feikilega miklu máli. Oft og tíðum er þar um að ræða greinar sem eiga nú verulega undir högg að sækja. Ég held að því miður sé það svo að einmitt á því sviði, hjá auglýsendum eða þeim sem starfa á auglýsingastofum og koma að gerð ýmiss konar auglýsinga, og leikstjórum hafi menn dregið verulega saman eftir að fór að kreppa að.

Við vitum ekki hvernig fer núna með innlenda kvikmyndagerð, ég vona svo sannarlega að hún muni ekki bera skarðan hlut frá borði í því kreppuástandi sem ríkir. Þá eigum við að sameinast um það hér að gera allt sem við getum til að ýta undir þessar greinar, passa upp á það fólk sem hefur atvinnu af þessu, passa líka upp á þessa menntun sem við höfum fjárfest svo mjög í þegar kemur að þessum hlutum. Við höfum á Íslandi fjárfest verulega í allri hönnun, Listaháskólinn stendur blómlegur sem aldrei fyrr, þessu megum við ekki glutra niður og einmitt núna er svo mikil hætta á að akkúrat það gerist þegar menn þurfa að horfa í hverja einustu krónu og eiga að horfa í hverja einustu krónu. Menn eiga að gera það en á sama tíma að passa sig að leita alltaf að nýjum tækifærum, nýjum verkefnum og ekki síst horfa til mála eins og þess máls sem hér er og styðja vel við það. (Forseti hringir.) Við sjálfstæðismenn munum styðja þetta mál.

[20:30]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Það er alveg laukrétt hjá hv. þm. Ólöfu Nordal að við sjálfstæðismenn styðjum þetta mál og viljum að það nái framgangi. Ég segi að það er sérstök ástæða til að fagna því frumvarpi sem hér liggur fyrir um hækkun á endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar úr 14% í 20%. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en ég tel rétt að fara nokkrum orðum um kvikmyndagerð og kvikmyndaiðnaðinn á Íslandi sem er einn af þeim sprotum sem geta orðið mikilvægir í þeirri atvinnuuppbyggingu sem fram undan er. Við verðum að horfa til nýrra átta og þarna er mikilvægt tækifæri. Ef rétt er á málum haldið ætti að geta skapast umtalsverður fjöldi starfa í kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinum og þessi lagabreyting er einn liður í að stuðla að þeirri uppbyggingu.

Þau lög sem hér eru til umfjöllunar og breyting á þeim voru upphaflega sett í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og þau hafa haft veruleg áhrif, bæði til eflingar á innlendri kvikmyndagerð en einnig í uppbyggingu þjónustuiðnaðar við erlend kvikmyndafyrirtæki. Það er það mikilvæga í þessu að erlend kvikmyndafyrirtæki hafa komið hingað til að taka upp kvikmyndir og ég vil nefna sama verkefni og hv. þm. Björk Guðjónsdóttir nefndi. Eitt mjög eftirminnilegt verkefni var þegar Clint Eastwood kom hingað með mikið lið til þess að taka upp mynd sína *Flags of Our Fathers* fyrir nokkrum árum. Ég vil einnig nefna að á mínum heimaslóðum var tekin upp kvikmyndin *Kaldaljós*. Þegar verið var að taka hana upp

heima á Seyðisfirði hafði það mjög mikil áhrif á bæjarlífið og var atvinnuskapandi í bæjarfélaginu. Það er einmitt þannig með þessi verkefni, oft og tíðum eru þetta verkefni sem eru unnin úti á landsbyggðinni og hafa atvinnuskapandi áhrif þar. Við skulum ekki vanmeta það hversu mikil byggðarleg áhrif slík verkefni hafa.

Það er ljóst að á undanförnum árum hefur skapast umtalsverð þekking í landinu á þjónustu við þessi erlendu kvikmyndafyrirtæki og íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa náð mjög góðum árangri í þjónustu, vil ég segja, við mjög kröfuharða viðskiptavini sem eru þessi erlendu kvikmyndafyrirtæki. Samkeppnin er hörð um þessi verkefni og því er mjög mikilvægt að Ísland geti verið samkeppnisfært og því er sú breyting sem hér um ræðir mjög mikilvæg.

Við teljum hins vegar einnig mjög mikilvægt að uppbygging kvikmyndaiðnaðarins sé skoðuð í heild sinni. Kvikmyndagerð og kvikmyndamenning á Íslandi hefur þróast með mjög sérstökum hætti. Það má skipta þeirri sérstöðu upp í fimm þætti.

Í fyrsta lagi skal nefna að hér hefur alla tíð verið mjög sterk kvikmyndahúsamenning. Allt frá því að fyrsta kvikmyndahúsið var stofnsett hér á landi, 1906, hafa Íslendingar sótt meira í bíó en aðrar Evrópuþjóðir. Þar höfum við góðan samanburð. Bíóin hafa þannig verið mikilvægur félagslegur þáttur í íslenskri menningu og eru það enn í dag þótt sérstaðan sé ekki eins afgerandi og áður þar sem fleiri þættir hafa komið við sögu í afþreyingu landans.

Í öðru lagi má nefna að við vorum töluvert á eftir öðrum Evrópuþjóðum að setja á stofn íslenskt sjónvarp. Ríkissjónvarpið var stofnað 1966 og Stöð 2 1986. Meginhlutverk sjónvarpsstöðvanna hefur alla tíð verið að endurvarpa erlendu efni og viðamikil innlend dagskrárgerð hefur alla tíð verið í miklum minni hluta. Sterkar vísbendingar um breytingar í þeim efnum hafa komið fram síðustu tvo vetur þar sem leiknar sjónvarpsseríur hafa náð miklum vinsældum. Það er mjög ánægjulegt að sjá að nú hefur jafnvel verið talað um að íslenska sjónvarpsvorið væri hafið.

Í þriðja lagi má nefna að Íslendingar voru langt á eftir flestum þjóðum heims að hefja reglubundna framleiðslu leikinna bíómynda í fullri lengd. Það var ekki fyrr en með lögunum um Kvikmyndasjóð 1978 að reglubundin framleiðsla hófst.

Í fjórða lagi vil ég nefna að þrátt fyrir nokkuð stutta og veika sögu hefur þróast upp nokkuð harðskeyttur og hugmyndaríkur hópur kvikmyndagerðarmanna sem hefur náð að halda uppi háu framleiðslustigi á bíómyndum, heimildamyndum og auglýsingum sem líka skipta miklu máli í þessu samhengi. Gæði þessarar framleiðslu er í mörgum tilvikum fyllilega sambærileg við það sem gerist best erlendis.

Í fimmta lagi má nefna að hér hefur þróast upp nokkuð öflugur þjónustuiðnaður við erlend kvikmyndafyrirtæki sem til landsins koma til þess að mynda. Þá hafa verið stofnuð hér framsækin nýsköpunarfyrirtæki í myndmiðlaiðnaðinum sem sótt hafa fram á erlendum vettvangi. Þar ber fyrst og fremst að nefna Latabæ og CCP.

Hæstv. forseti. Styrkleikar Íslendinga liggja í því að hafa haft aðgang að því vinsælasta sem þekkist í bíóhúsum og sjónvarpi á hverjum tíma. Þeir liggja einnig í því að vinnukarakterinn virðist henta þessari starfsgrein, þ.e. vinnukarakter okkar Íslendinga, við erum tarnafólk, við höfum mikla sköpunarhæfileika og einnig töluvert viðskiptavit. Þetta passar allt ágætlega saman inn í þessa flóru. Veikleikarnir liggja í stuttri sögu og mjög veikri innlendri sjónvarpsdagskrárgerð. Þeir liggja einnig í því að formlegt umhverfi greinarinnar er mjög ómótað. Þar megum við taka okkur á. Fagfélög greinarinnar hafa t.d. óljósa stöðu og óljóst hlutverk.

Almennt má segja að þótt við státum ekki af hundrað ára sögu og rótgrónum iðnaði, eins og t.d. Danir og Svíar, höfum við byggt upp öflugan grunn. Stjórnvöld hafa einnig aukið stuðning sinn verulega við greinina og er þar bæði átt við aukningu í fjárframlögum til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og endurgreiðslukerfi iðnaðarráðuneytisins sem er hér til umfjöllunar. Iðnaðurinn stendur þó enn á brauðfótum og vöxtur greinarinnar hefur verið mjög hægur undanfarin ár. En sé litið til framtíðar eru möguleikar til uppbyggingar mjög margir. Sé miðlaiðnaðurinn í heiminum skoðaður í heild sinni, þ.e. sjónvarpsframleiðsla, framleiðsla á netinu, tölvuleikirnir og bíómyndirnar, þá er um gífurlegan vöxt að ræða og virðist þar ekkert lát ætla að verða á. Sjónvarpsstöðvarnar víðast hvar í heiminum hafa til að mynda mætt samkeppni frá netinu með stóraukinni framleiðslu. Þróunin virðist vera í þá átt að auka gæði og styrkja dreifinguna.

Hæstv. forseti. Það eru tvenns konar skyldur sem þetta leggur á íslenska kvikmyndagerðarmenn. Annars vegar er það að ná enn betri árangri í innlendri framleiðslu með aukningu á magni og gæðum í samkeppni við erlent efni og hins vegar að hasla sér völl á erlendum vettvangi. Í raun er ekkert því til fyrirstöðu að við framleiðum efni fyrir erlenda markaði og segja má að Latibær hafi sýnt okkur það og sannað að þar getum við átt verulega mikið erindi.

Við verðum því að horfa heildstætt yfir sviðið ef við ætlum að stuðla að uppbyggingu, hæstv. forseti. Það er algjörlega nauðsynlegt að við tökum þetta svið, þ.e. kvikmyndaiðnaðinn og kvikmyndagerð á Íslandi, og mótum nýja stefnu. Ég vil nefna hér að það er mjög mikilvægt að styðja við bakið á Kvikmyndaskóla Íslands sem hefur gegnt mikilvægu starfi í menntun kvikmyndagerðarmanna mörg undanfarin ár. Það er mjög mikilvægt að þeir fjármunir sem renna til sjónvarpsins og RÚV séu nýttir sem best til uppbyggingar greinarinnar. Allt verður þetta að spila saman. Það er einnig mjög mikilvægt að hugað sé að samkeppnisstöðu einkasjónvarpsstöðvanna þannig að þær geti stundað öfluga innlenda dagskrárgerð og þannig má áfram telja. Við munum umræðuna sem hér fór fram fyrir áramótin um framtíð Skjás eins og við vitum í sjálfu sér ekki hvort það fyrirtæki er endanlega komið fyrir vind. Að minnsta kosti er það ánægjuefni að það fyrirtæki skuli enn þá vera starfandi.

Hæstv. forseti. Fleira mætti telja upp en aðalatriðið er hins vegar að ef rétt er á málum haldið getur íslensk kvikmyndagerð orðið mjög mikilvæg atvinnugrein. Þess vegna er þetta mjög mikilvægt skref sem stigið er í frumvarpinu og eins og fram hefur komið erum við Sjálfstæðismenn einhuga um að styðja það.

Ég vil enn og aftur minna á mikilvægi Kvikmyndaskóla Íslands en það er skóli sem starfar á framhaldsskólastigi og

býður upp á skapandi starfsmenntanám sem er mjög mikilvægt. Hér hefur einnig verið minnst á stöðu Listaháskóla Íslands sem hefur útskrifað einstaklinga sem starfa í greininni. Kvikmyndaskóli Íslands er sjálfstæður sérskóli sem í raun starfar í samkeppni við erlenda skóla. Það er skóli sem sækir fyrirmyndir sínar víða að og starfar á mörgum sviðum. Hann sækir hugmyndir frá t.d. margmiðlunarskólum, rithöfundaskólum og leiklistarskólum og samtvinnar þetta í mjög skemmtilega námskrá sem hefur nýst íslenskum nemendum ákaflega vel. Það er gífurlega mikil aðsókn í Kvikmyndaskólann sem sýnir auðvitað að íslensk ungmenni hafa mikinn áhuga á að hasla sér völl á þessu sviði. Það er ekki síst áhugavert að fylgjast með því ef við höfum þá stefnu að við ætlum að styðja við íslenska kvikmyndagerð og íslenskan kvikmyndaiðnað til framtíðar og líta til þess að þarna eru miklir vaxtamöguleikar og mörg störf sem hægt væri að skapa ef heildarumhverfi greinarinnar er með þeim hætti að hún fær notið sín. Eins og ég nefndi hafa nemendur sem komið hafa komið úr Kvikmyndaskólanum haft mjög mikil áhrif, og ég veit til þess að þeir fá stundum ekki að ljúka námi sínu við skólann af því að það er svo mikil eftirspurn eftir þeim bæði til innlendra og erlendra kvikmyndaverkefna. Þessir nemendur hafa því haft mikil og góð áhrif á það að mögulegt er að flytja inn verkefni og við getum horft til þess að greinin geti vaxið áfram.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en vildi einungis koma hér til að nefna það hversu mikil áhrif þessi atvinnugrein hefur hér á landi.

[20:45]

Herdís Þórðardóttir (S):

Frú forseti. Hér er til 3. umr. frumvarp til laga um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, lögum frá 1999. Sú breyting sem frumvarpið felur í sér er að endurgreiðsluhlutfallið hækki úr 14% í 20%, sem kemur fram í frumvarpinu. Með því er verið að jafna samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar og er þá horft til sambærilegrar starfsemi í öðrum ríkjum og ekki síst í öðrum Evrópuríkjum eins og kom fram í máli þeirra sem hér hafa talað á undan mér. Á Írlandi er endurgreiðsluhlutfallið t.d. um 28%.

Síðast var þessum lögum breytt árið 2006. Þá var endurgreiðsluhlutfall laganna hækkað úr 12% í 14%. Þá var haldið að sú breyting yrði til þess að laða að fleiri erlend kvikmyndaverkefni. En sú hækkun náði ekki tilætluðum árangri. Erlendum verkefnum í kvikmyndagreininni hefur ekki fjölgað frá því að sú breyting tók gildi. Margir telja að það sé mjög eftirsóknarvert og skjóti styrkari stoðum undir kvikmyndaiðnaðinn og í leiðinni efli þá möguleika sem skapa tekjur fyrir þjóðarbúið.

Hér á landi hefur skapast mikil þekking í kvikmyndagerð og sömuleiðis á allri þeirri þjónustu er henni fylgir. Kvikmyndaframleiðsla er áhættusöm grein. Gríðarleg gróska hefur verið í kvikmyndaiðnaði hér á undanförnum árum bæði hvað varðar gerð kvikmynda og auglýsinga og svo vegna þáttagerðar. Við vitum að á Íslandi er mikil þekking sem okkur ber að virkja og þá í leiðinni að hvetja erlenda aðila til að koma með fleiri verkefni hingað til lands. Vonandi hefur sú breyting að hækka endurgreiðsluhlutfall úr 14% í 20% það í för með sér að hér skapist fleiri störf. Þá á ég við kvikmyndaauglýsingar, þáttagerð og annað.

Ég get tekið undir að verkefni af þessum toga eru mjög atvinnuskapandi. Þar af leiðandi skapast mörg afleidd störf. Ef frumvarpið verður að lögum er gert ráð fyrir því að það skapi atvinnu fyrir fjölda fólks. Við sjálfstæðismenn höfum tekið þá afstöðu að styðja öll góð verkefni sem ríkisstjórnin hefur á prjónunum og ætlar að koma fram og við teljum að með þessu sé verið að skapa atvinnu fyrir fólk í þessum iðnaði og það verði þá hvetjandi fyrir þá erlendu kvikmyndaframleiðendur sem ætla sér að koma hingað til Íslands. Við erum náttúrlega mjög stolt af því hvað við eigum hreint og ósnortið land sem við höfum verið öfunduð af úti um allan heim. Ég tel að það séu forréttindi að fá að búa hér á Íslandi. Það eru forréttindi hvað við eigum hreint og ósnortið land og þess vegna er upplagt fyrir okkur og fyrir þá sem starfa í kvikmyndaiðnaði að laða hingað til lands erlenda aðila til þess að kynna landið okkar og í leiðinni að skapa störf.

Frú forseti. Ég tel að það séu góðar fréttir fyrir kvikmyndaiðnaðinn á Íslandi ef þetta frumvarp nær fram að ganga og í leiðinni á það að leiða til þess að atvinnuástandið verði betra hér á landi. Við, hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarnefnd, Kristján Þór Júlíusson og Björk Guðjónsdóttir, höfum verið með fyrirvara á þessu máli. Það hefur komið fram. Hv. þm. Björk Guðjónsdóttir er búin að gera grein fyrir því. En með þeim fyrirvara töldum við að þetta yrði íþyngjandi fyrir ríkið og kostnaðarsamt nú í öllum þeim niðurskurði sem á sér stað í íslensku þjóðfélagi. Við þurfum að skera niður á ótal sviðum og þess vegna ákváðum við að vera með fyrirvara í þessu máli. En þegar betur var að gáð sáum við hvaða atvinnuskapandi tækifæri þetta væru, þegar við horfum til annarra landa, þegar við horfum yfir til Írlands, horfum yfir til Noregs og sjáum hvað þessi lönd eru að gera eins og kom fram áðan í máli hv. þm. Ólafar Nordal þegar hún talaði um Nýja-Sjáland. Ég tel þrátt fyrir þennan fyrirvara að til lengri tíma litið þá verði þetta til góðs fyrir íslenskan kvikmyndaiðnað. Ekki ætlum við sjálfstæðismenn að standa í vegi fyrir atvinnuskapandi verkefnum. Það er svo langt frá því. Það eru náttúrlega mikil einstaklingsbundin verkefni líka í þessu. Þetta skapar afleidd störf og er landkynning. Þetta verður mjög góð landkynning fyrir okkur. Eins og hefur komið fram hafa margir bílaframleiðendur mikinn áhuga á því að taka auglýsingamyndbönd hér á landi. Tískufyrirtæki hafa verið hér með fegurðardrottningar og annað og myndað hér og við skulum ekki gleyma því þegar James Bond myndin var tekin upp fyrir austan og sýndi Vatnajökul og allt það fallega landsvæði sem við eigum þar ósnortið þegar James Bond brunaði þar um á íshellunum.

Þess vegna vil ég enn og aftur segja að sjálfstæðismenn standa ekki í vegi fyrir að góð mál nái fram að ganga á Alþingi. Við höfum hvatt til þess að ríkisstjórnin komi fram með atvinnuskapandi fyrirtæki og atvinnuskapandi stefnu sem liðki til fyrir þau fyrirtæki sem nú þegar starfa í landinu. Við teljum að til lengri tíma litið verði þetta mjög gott mál fyrir kvikmyndaframleiðslu hér á landi og alla þá sem starfa við þessa atvinnugrein.

Ég segi enn og aftur að við teljum þetta gott mál og við í iðnaðarnefnd styðjum það og vonum að það nái fram að ganga og verði að lögum.

Umræðu frestað.

Lyfjalög, 3. umr.

Frv. heilbrn., 445. mál (gildistaka greinar um smásölu). — Þskj. 787.

[20:55]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Við tökum til 3. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum, um breytingu á lyfjalögum, sem fjallar um að framlengja heimild til að veita afslætti við afgreiðslu lyfja í smásölu.

Hæstv. forseti. Nefndin hefur að eigin frumkvæði fjallað um frumvarpið á milli 2. og 3. umr. í tilefni af því að ekki tókst að taka það til 3. umr. áður en gildisfrestur sem því er ætlað að framlengja rann út. Öðrum þræði má rekja þessi mistök til þess að frumvarpið var óvænt tekið út af dagskrá þingfundar í gær þegar Alþingi tók til umfjöllunar mikilvægt mál sem varðaði breytingar á lögum um gjaldeyrismál. Að athuguðu máli kom fram sá skilningur innan nefndarinnar, eftir að hún hafði ráðfært sig við lögfræðinga þingsins og fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins, að framlenging frestsins sé ívilnandi gagnvart hlutaðeigendum, þ.e. smásöluaðilum lyfja sem fá samkvæmt frumvarpinu áframhaldandi heimild til að veita afslætti án þess að tilkynna það til lyfjagreiðslunefndar. Að sama skapi ætti þetta að koma sjúklingum til góða.

Með hliðsjón af framangreindu leggur framsögumaður áherslu á að frumvarpið verði samþykkt og birt sem lög svo fljótt sem verða má.

[Fundarhlé. — 20:56]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:06]

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HerdÞ, JóhS, JBjarn, JM, KaJúl, KÓ, KolH, KÞJ, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

29 þm. (ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DPál, EKG, EMS, EyH, GAK, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KVM, KJak, KHG, KLM, SJS, SVÓ, StB, ÞKG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:04]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegur forseti. Við sjálfstæðismenn styðjum þetta mál og höfum stutt það, en þetta er kannski birtingarmynd af klúðrinu hérna í þinginu og hvernig þessi vinnubrögð hafa leitt okkur í svo mjög sérkennilega hluti. Nú er málið þannig að — (**Gripið fram í:** Málþóf?) Virðulegur forseti. Af hverju vilja hv. þingmenn ekki heyra hvernig í málinu liggur? Í morgun — (Gripið fram í.) (Gripið fram í.) Virðulegur forseti. Heldurðu að það sé möguleiki á að …?

(**Forseti** (RR)**:** Forseti biður hv. þingmenn að gefa ræðumanni tóm til að tala.)

Virðulegur forseti. Við erum að greiða atkvæði um bann sem tók gildi í morgun og við erum að bjarga okkur fyrir horn í kvöld vegna þess að það gleymdist að ganga frá málinu í gær eða fyrradag. Þetta hefur legið fyrir í fleiri vikur, en út af klúðrinu hérna og stjórnleysi í þinginu erum við að bjarga okkur fyrir horn. Við styðjum málið en þetta er ein birtingarmyndin af því að þegar menn vinna ekki saman, vinna ekki með stjórnarandstöðunni og eru ekki einbeittir í því að vinna vel að málum sem skipta máli verða svona slys. (**Gripið fram í:** Hvenær lýkur málþófinu?)

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 890).

Réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 259. mál (heildarlög). — Þskj. 854.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:07]

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BjörkG, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GÞÞ, HerdÞ, JóhS, JBjarn, JM, KaJúl, KÓ, KolH, KÞJ, KHeim, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

29 þm. (ÁÓÁ, ÁI, ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DPál, EKG, EMS, EyH, GAK, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KVM, KJak, KHG, KLM, SJS, SVÓ, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 891).

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 407. mál (hærra endurgreiðsluhlutfall). — Þskj. 691.

[21:07]

Árni M. Mathiesen (S):

Frú forseti. Það er auðvitað svolítið óvenjulegt að umræður séu brotnar upp, tekin fyrir önnur mál og farið í atkvæðagreiðslur í miðri umræðu um mál. Hins vegar ætla ég ekki að kvarta yfir því að það skuli vera gert að þessu sinni, sérstaklega þar sem mér sýnist það hafa leitt til þess að miklum mun fleiri þingmenn eru í salnum til að hlýða á mál mitt en annars hefði verið. (**GMJ:** Þeir fara út um leið og þú byrjar að tala.) Ég veit að hv. þm. Grétar Mar Jónsson hefur ekki sérstakan smekk fyrir málflutningi mínum þannig að það getur vel verið að hann fari út. Það getur líka verið að það sé eins gott fyrir mig því að þá losna ég við hans eilífu frammíköll sem fræg eru orðin og reyndar farin að verða til hálfgerðs vansa eins og þau hafa verið upp á

síðkastið. (**Gripið fram í:** Nei, nei.)

Ég reyndi, frú forseti, að tala um þetta mál á jákvæðum nótum. Ég held að þetta sé afskaplega jákvætt mál sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur lagt fram. (**Iðnrh.:** Sem við studdum, ráðherrarnir.) Við höfum reyndar báðir, eins og kemur fram hjá hæstv. ráðherra, stutt málið í langan tíma. Ég hef farið yfir sögu þess þó að gera mætti það ítarlegar því að fleiri hv. þingmenn sem og hæstv. ráðherrar hafa komið að málinu og hægt væri að hafa um það talsvert langt mál. (**GMJ:** … þekkir málið.) Ég held að hv. þm. Grétar Mar Jónsson hafi aldrei komið að þessu máli þannig að hann hefur ekki mikið til sögu málsins að leggja, a.m.k. ekki að þessu sinni, ekki nema hann vilji koma í ræðustólinn, halda ræðu og fara yfir málið þar og láta okkur, aðra hv. þingmenn, njóta þess á eðlilegan hátt að sitja í salnum, horfa á hann og hlusta þar sem hann tjáir sig úr ræðustólnum frekar en að tjá sig eilíft úr sæti sínu.

Reyndar var líka farið talsvert yfir umfang málsins, hvernig því hefur verið komið fyrir hjá okkur, einnig um umfang málsins annars staðar og um fyrirkomulag þess á öðrum vettvangi. Ýmis álitamál hafa komið upp í þessu samhengi og hefur verið fjallað ítarlega um það af öðrum hv. ræðumönnum í umræðunni og auðvitað um þær takmarkanir sem geta verið á því að beita reglum og ívilnunum af þessu tagi. Ýmislegt fleira hefur verið farið yfir.

Ljóst er af nefndarálitinu að mjög góð samstaða er um þetta, allir þeir sem eru á því eru málinu samþykkir. Þó voru tveir hv. þingmenn fjarverandi, hv. þm. Eygló Harðardóttir og títtnefndur hv. þm. Grétar Mar Jónsson. Hann var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hann á sinn þátt í sögu þess en þann helst að hafa verið fjarverandi þegar málið var afgreitt, það er helsta tillegg hans til málsins.

Ég dreg þá ályktun, frú forseti, að sú samstaða sem kemur fram og sú umfjöllun sem hér hefur verið vísi öll í þá átt að um gott mál sé að ræða og það muni duga íslenskri kvikmyndagerð vel eins og það hefur reyndar gert í fortíðinni, á ákveðnum tímabilum þegar það var vel stillt af.

Það eru önnur atriði sem ég vil sérstaklega nefna, þ.e. að ég tel málið og það fyrirkomulag sem hér um ræðir skilgetið afkvæmi alþjóðavæðingarinnar. Við fjöllum um alþjóðlegan iðnað, kvikmyndaiðnaðinn, sem er virkur um nánast allan heim, hefur auðvitað mismikla virkni eftir löndum, en á þessu tímabili hinnar miklu alþjóðavæðingar hefur kvikmyndaiðnaðurinn breitt úr sér, fært sig land úr landi og lagt undir sig víðari lendur en áður var. Ég held að það sé fullkomlega rökrétt að tala þar af leiðandi um þetta mál sem skilgetið afkvæmi alþjóðavæðingarinnar því að það að svona mál skuli vera lagt fram leiðir af því hvernig málin hafa þróast og eins ýtir það undir frekari þróun og frekari alþjóðavæðingu þessa iðnaðar.

Í þessu tilfelli snýst málið í hnotskurn um skattasamkeppni. Það er samkeppni á milli landa um að skapa sem hagkvæmast skattumhverfi til að laða til sín starfsemina og ýta undir að starfsemin blómstri, dafni og aukist og verði umfangsmeiri, vindi upp á sig og skili þar af leiðandi meiru í kassann en annars hefði verið. Eins og kemur fram í nefndarálitinu koma þeir skattar sem afsláttur er veittur af eða felldir niður til baka og líkast til heldur meira en það sem hugsanlega má orða að hafi tapast. Þetta er jákvætt. Lægri skattar, minni skattlagning hefur þessi jákvæðu áhrif. Það er í samræmi við kenningar ýmissa hagfræðinga um að lágir skattar ýti undir hagkerfið, starfsemina, auki veltuna og auki á endanum skatttekjurnar í heild en að skatttekjur tapist í raun ekki.

Það sem er í þessu máli og gæti verið gagnrýnisvert er að hér er valin úr ein tiltekin atvinnugrein og skattar lækkaðir á henni en ekki öðrum atvinnugreinum sem vissulega gætu notið þessarar sömu ívilnunar og skilað sams konar ávinningi í formi meiri veltu, fleiri starfa og meiri skatttekna. Það verður hins vegar að segjast líka að rökin fyrir því að hægt sé að gera þetta í þessari atvinnugrein en hugsanlega ekki í öðrum atvinnugreinum geta falist í því að þessi alþjóðlega kvikmyndagerð, kvikmyndastarfsemi, er færanleg. Hér er um það að ræða að kvikmyndafyrirtækin og framleiðendurnir geta valið um það hvar þeir láta starfsemina fara fram. Þetta er tímabundin starfsemi sem notar færanlegan tækjabúnað, færanlega hluti, stundum hluti sem eru kannski eingöngu notaðir í þessu eina tilviki og þar af leiðandi er starfsemin ekki bundin við einhverja tiltekna starfsstöð. Þess vegna er hægt að færa rök fyrir því að hægt sé að gera þennan hlut þarna en ekki annars staðar. Í því felst samkeppnin, það er verið að draga starfsemina á tiltekið svæði tiltekins lands, eða tiltekins fylkis í tilfelli Bandaríkjanna, þar sem skattaívilnanir geta verið mismunandi hvað þetta varðar.

Ef við veltum aðeins fyrir okkur þeim áhrifum sem við töluðum um áðan um lægri skatta sem hefðu jákvæð áhrif hafa lægri skattar ekki bara þessi áhrif á færanlega starfsemi. Þessi áhrif eru líka á starfsemi sem er bundin tilteknum stöðum og það eru þau sömu jákvæðu áhrif sem lægri skattar, meiri velta og þá meiri skatttekjur hafa.

Ljóst er að við höfum á undanförnum árum verið í ákveðinni alþjóðlegri samkeppni hvað það varðar að skapa aðlaðandi skattumhverfi fyrir fyrirtæki þannig að þau vildu vera hjá okkur en ekki annars staðar, bæði til að laða fyrirtæki annars staðar að og eins, sem er ekki síður mikilvægt, að reyna eftir mætti að tryggja að fyrirtækin yrðu hjá okkur en færðu sig ekki í eitthvert jákvæðara skattumhverfi. Sú skattasamkeppni sem við höfum verið í og hefur leitt til þess að við höfum lækkað skatta hér á landi, bæði á einstaklinga og fyrirtæki, virðisaukaskatt og þar fram eftir götunum, nánast má nefna hvaða skatts sem er því við höfum leitast við að lækka þá, hefur verið mikið gagnrýnd, ekki síst af öðrum stjórnarflokknum í dag, Vinstri grænum. Hún hefur mikið verið gagnrýnd af þeirra hálfu og mikið gert úr því að við höfum ekki gætt að því að passa upp á skattstofnana. Staðreyndin er hins vegar sú að við höfðum svigrúm til að lækka skattana og ef eitthvað er, ég held að menn þurfi ekki að velta því mikið fyrir sér, hefur það leitt til þess að skatttekjurnar jukust vegna aðgerðanna sem við fórum út í. Það breytir engu um þótt við höfum síðan lent í ákveðnum erfiðleikum sem reyndar hafa gengið yfir heimsbyggðina alla en verið okkur þungbærari en flestum öðrum og breytt stöðu okkar.

Til að ná fram þeim jákvæðu áhrifum af því að lækka skatta á veltuna og síðan skatttekjurnar verður að vera til svigrúm til skattalækkana, annaðhvort í því að afgangur sé af ríkissjóði til að nota í skattalækkanir eða möguleikar til

að skuldsetja tímabundið ríkissjóð til að ná fram þessum áhrifum. Jafnvel þótt staðan sé eins og hún er í okkar tilfelli í dag hér á landi, ekki mikið svigrúm til að lækka skatta vegna stöðunnar, er alveg ljóst að það að hækka skatta hefur neikvæð áhrif. Það er andstaðan við að lækka þá sem hefur jákvæð áhrif, eykur veltuna og skatttekjurnar, en það að hækka skattana hefur neikvæð áhrif á hagkerfið og veltuna og getur mjög líklega leitt til þess að skatttekjurnar lækki, þær verði minni en þær hefðu annars verið. (**Gripið fram í:** Þú hækkaðir …) Skattar voru lækkaðir í minni tíð sem fjármálaráðherra á hverju einasta ári. Á allan þorra almennings lækkuðu skattarnir, meira að segja um síðustu áramót lækkaði tekjuskattur á allan þorra almennings.

Það sem mér finnst vera merkilegt við þetta mál, sérstaklega merkilegt — þetta er kannski orðinn dálítið langur formáli að því að nefna það — er að núverandi ríkisstjórn skuli leggja fram þetta frumvarp til lækkunar skatta sem á að hafa jákvæð áhrif vegna þeirra jákvæðu áhrifa sem skattalækkunin hefur. Mér finnst auðvitað jákvætt að það skuli vera gert en vildi óska þess að ríkisstjórnin drægi almennan lærdóm af frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra um það hvað hægt er að gera með því að lækka skatta og hvað ber að forðast í því að hækka skattana. Það hefur öfug áhrif að lækka þá, það er jákvætt að lækka skatta fyrir hagkerfið og fyrirtækin, það er neikvætt að hækka þá fyrir hagkerfið og fyrirtækin.

[21:22]

Útbýting:

Barnalög, 466. mál, frv. DPál o.fl., þskj. 889.

[21:22]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill taka fram að ekki verða fleiri atkvæðagreiðslur á þessum kvöldfundi.

[21:23]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef marglýst því yfir að ég er mjög hlynntur þessu frumvarpi og tel að það sé bara af því góða. Ég kynnist því dálítið þegar Clint Eastwood var við kvikmyndagerð í Sandvík á Reykjanesi fyrir þrem, fjórum árum síðan að það var mikil innspýting á okkar svæði, þ.e. Suðurnesjasvæðið. Það sneri að hótelum, veitingastöðum, og svo voru margir sem höfðu af þessu annars konar atvinnu meðan á verkefninu stóð.

Það skiptir ekki aðeins máli fyrir þetta svæði að búnar séu til stórmyndir heldur líka auglýsingar. Það er mikið um það á Suðurnesjum að búnar séu til auglýsingar, t.d. í Bláa lóninu og víðar á okkar svæði.

Það er sorglegt til þess að vita að fyrrverandi fjármálaráðherra, sem er nú búinn að sigla íslensku skútunni í strand, orgar svo á strandstað og vælir yfir nánast öllu — hann hefur verið í málþófi af verstu tegund — fer að tala um að ekki megi mismuna í skattlagningu á Íslandi. Hvað með niðurgreiðslur í landbúnaði? Hvað með gjafakvótakerfið? (**Gripið fram í:** Hvað með sjómannaafsláttinn?) — Sjómannaafsláttinn og ríkisstyrkinn í íslenskum sjávarútvegi, þ.e. gjafakvótakerfið, að leyfa mönnum að afhenda öðrum fiskinn í sjónum ókeypis sem þeir geta svo leigt, selt og veðsett. Það er dapurlegt að horfa upp á svona í málþófi eins og sjálfstæðismenn eru í núna.

[21:25]

Árni M. Mathiesen (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er greinilegt að hv. þm. Grétar Mar Jónsson vill marka sín spor í kvikmyndasögunni með því að láta í ljósi jákvætt álit sitt á þessu máli. Ég gat ekki betur heyrt en að það færi í öllum meginatriðum saman við það sem ég var að reyna að segja áðan. Hann hefur eitthvað misskilið það þegar ég var að tala um að verið væri að velja úr ákveðna atvinnugrein til þess að hygla.

Ég gerði ekki neina athugasemd við að það væri gert, færði meira að segja rök fyrir því hvers vegna það væri hægt í þessu tilfelli. Ég dró hins vegar almennar ályktanir af því góða sem er hægt að gera fyrir þessa atvinnugrein og færa það almennt yfir á allar atvinnugreinar.

En ég vil hins vegar segja að það hefði nú verið dálítið gaman ef maður hefði getað verið með þeim félögunum, hv. þm. Grétari Mar Jónssyni og Clint í Sandvíkinni. Það hefði getað verið skemmtilegt að spássera þar með þeim.

[21:26]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var nú reyndar minnst á það í iðnaðarnefnd, þegar við lögðum til að þetta yrði samþykkt, að nefndarmenn þar gengju fyrir þegar valið yrði í hlutverk fyrir næstu kvikmynd sem taka ætti upp á svæðinu. En ekki voru nú allir sammála um hverjir ætti að vera í aðalhlutverkum og hverjir ættu að vera í aukahlutverkum. (**ÁJ:** Þú getur verið James Bond.)

Það væri nú létt verk fyrir mig, hv. þm. Árni Johnsen, að taka að mér hlutverk James Bonds ef hann kæmi hérna en ég ætla ekki að leggja það til núna. Ég nefni þetta bara af því að hv. þm. Árni Mathiesen talaði um að ekki mætti mismuna í skatti. Ég benti á að við gerum það nánast í hverri einustu atvinnugrein, varðandi raforkuverð til stóriðju og raforkuverð til garðyrkjubænda. Við mismunum meira og minna á öllum sviðum hvað skatta varðar.

(Gripið fram í.) Samkeppni milli atvinnuvega? Jú. Það er alveg rétt. En það er með ýmsum hætti sem ríkið og sveitarfélög og aðrir koma að fyrirtækjum og aðstoða þau.

Hv. þingmaður minntist á að ég hefði ekki verið í nefndinni. Það er ekki rétt. Ég er búinn að vera á öllum fundum í iðnaðarnefnd þegar þessi mál hafa verið tekin fyrir, að undanskildu einu skipti. Og það vill nú svo til að ég er í þremur nefndum og stundum eru nefndirnar að störfum á sama tíma. Svo þarf ég að mæta á aðra fundi sem tengjast þinginu sem (**Gripið fram í:** Þingflokksformaður.) þingflokksformaður. En ég er sammála þessu og skrifa upp á frumvarpið, ég styð eindregið að það verði gert að lögum.

[21:28]

Árni M. Mathiesen (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er greinilega mjög mikið að gera hjá hv. þingmanni, öll þessi nefndastörf og þingmannsformennska og fleira. Ég veit eiginlega ekki hvernig hann ætlar að bæta því ofan á það að leika James Bond. (**GMJ:** Ég fer létt með það.)

[21:29]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum. Frumvarpið sem slíkt er afar stutt en það er margt sem þarf að segja um tilgang og afleiðingar þess sem hér er verið að gera.

1. gr. fjallar um það að endurgreiðsluhlutfallið sem um ræðir hækki úr 14% í 20%. Við Íslendingar leitumst við það hér að aðlaga löggjöf okkar að því sem gerist í mörgum nágrannalöndum okkar sem eru á þessu bili þó svo að Írar séu með heldur hærra hlutfall eða 28% endurgreiðslu og þeim hefur orðið ágengt hvað þetta varðar og þess vegna hafa þeir kannski náð fleiri tækifærum til sín. Við erum sem sagt að feta okkur í skrefum í átt til þeirra þjóða sem hafa verið að fikra sig áfram hvað þetta varðar.

Ég átti sæti í iðnaðarnefnd þegar endurgreiðsluhlutfallið var hækkað úr 12% í 14% og minnist þess vegna umræðunnar sem þá fór fram þar sem þessi mál voru mjög vel skoðuð og farið í gegnum lög sem giltu um þetta í nágrannalöndum. Nú er verið að gera enn betur og við teljum að það sé mjög jákvætt fyrir þessa atvinnugrein. Á þeim tíma var skipuð nefnd með fulltrúum frá iðnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti og Kvikmyndamiðstöð Íslands. Ég átti jafnframt sæti í menntamálanefnd á þessum tíma og þá var einmitt verið að koma á fót Kvikmyndamiðstöð Íslands sem var nýjung. Þannig að á þeim tíma sem m.a. Sjálfstæðisflokkurinn átti aðild að ríkisstjórn var í raun verið að þróa þessi mál með lagasetningu um Kvikmyndamiðstöð Íslands og Kvikmyndasjóð og þeirri lagaumgjörð sem hér um ræðir.

Það er rétt að rifja það upp í sögulegu samhengi hve ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks vannst mikið í þessum málaflokki og kom mörgu góðu til leiðar hvað þetta varðar. Þetta ætlum við Íslendingar auðvitað að nota til að skapa atvinnu í auknum mæli og afla gjaldeyris fyrir þjóðina. Við þurfum virkilega á því að halda núna að skapa störf og afla gjaldeyris.

Í nýsköpun í myndmiðlunariðnaði á Íslandi er talað um að skapa megi hugsanlega 3.000 ný störf árið 2012. Við erum því að tala um gríðarlega uppbyggingu og mikla möguleika hvað þetta varðar. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að fara nokkrum orðum um það sem hér er verið að gera. Að sjálfsögðu er um gríðarlega lyftistöng að ræða fyrir þá sem stunda þessa atvinnugrein hér á landi. Þetta mun stuðla að því að hér verða til störf, sérhæfð störf sem heyra undir kvikmyndagerð í víðum skilningi. Kvikmyndagerð er ekki bara gerð kvikmynda sem við þekkjum frá bæði sjónvarpi og kvikmyndahúsum heldur getur verið um að ræða kynningarmyndbönd og auglýsingar hvers konar, og um leið og við erum farin að laða slíka vinnu og starfsemi að landinu sem skapar eins og áður sagði gjaldeyri, skapast ýmis afleidd störf í landinu.

Ég get vitnað um það að í því kjördæmi sem ég kem frá, Suðurkjördæmi, hefur verið þó nokkuð um kvikmyndagerð allt frá Reykjanestá og austur á Hornafjörð, á Skógarsandi, Skeiðarársandi, Jökulsárlóni og allt austur að Hornafirði. Þetta spannar allt kjördæmið og hefur haft geysilega mikla þýðingu fyrir ferðaþjónustuna. Oftar en ekki hafa þessar upptökur átt sér stað yfir vetrartímann þegar tiltölulega lítið er um að vera í ferðaþjónustu og þá er það kærkomin aukaafurð fyrir ferðaþjónustuna að fá að þjónusta og þjóna því fólki sem tekur þátt í kvikmyndagerðinni, bæði tæknimönnum og öllum sem þar að koma. Þetta er þar af leiðandi mjög jákvætt fyrir landsbyggðina vegna þess að kvikmyndagerðin sem slík, auglýsingamyndir og annað, fer oftar en ekki fram úti í náttúrunni, úti í íslenskri náttúru. Og þar sem ég hef nefnt að þetta hafi mjög jákvæð áhrif á ferðaþjónustu er það náttúrlega ekki síður mikil landkynning þegar kvikmyndir eru gerðar í íslenskri náttúru og hafa þar af leiðandi margföldunaráhrif fyrir ferðaþjónustuna og eru mikil landkynning í það heila tekið og það skiptir miklu máli.

Íslensk náttúra er eins og við þekkjum er einstök þegar kemur að kvikmyndagerð og með því að fá erlenda aðila og reyndar íslenska líka til að stunda þessa iðju, þessa iðngrein hér í náttúrunni erum við annars vegar að koma því fólki sem sér viðkomandi myndir og myndbönd í samband við okkar samfélag og okkar náttúru og ekki síður því fagfólki sem vinnur að einstökum verkefnum. Það fólk áttar sig auðvitað enn betur á í návígi við íslenska náttúru hvað hún býður upp á og hvernig megi nota hana til kvikmyndagerðar. Þess vegna verða margháttuð margföldunaráhrif af því að taka upp frekari endurgreiðslur hvað þetta varðar en áður hefur verið gert. Við sjáum að þrátt fyrir þá endurgreiðslu sem var í lögunum hefur það ekki dugað okkur nægjanlega til þess að sú aukning yrði sem menn ætluðu þegar lögunum var breytt 31. desember 2006 þar sem þetta gjald var hækkað úr 12% í 14%. Nú er verið að taka stærra skref enda er allur markaðurinn á Íslandi orðinn miklu þroskaðri. Hér er Kvikmyndaskólinn, það er til margt iðnmenntað fólk sem getur tekið að sér hin ólíkustu verkefni og verktakar sem þar geta komið að. Það er til meira af hvers konar tæknibúnaði þannig að við höfum verið að undirbúa okkur virkilega vel undir það að taka við aukningu hvað þetta varðar.

Á undangengnum árum hefur landsbyggðin verið að byggja upp aðstöðu, hótelaðstöðu, nefna má Ferðaþjónustu bænda í því sambandi, sem getur auðveldlega tekið við stórum hópum og sinnt svona verkefnum og þetta yrði mikil búbót, sérstaklega ef þetta yrði utan hefðbundins ferðamannatíma sem er miðsumarið á Íslandi, það er mikil búbót þegar um er að ræða verkefni sem falla utan þess hefðbundna ferðamannatíma.

Nú reyna menn að átta sig á því, frú forseti, hvaða áhrif sú kreppa sem við annars vegar búum við núna og hins vegar kreppan á heimsvísu hefur hugsanlega á kvikmyndagerð í það heila tekið. Það er hlutur sem ég treysti mér ekki til að svara úr þessum ræðustól núna en það er áreiðanlegt að staða íslensku krónunnar ætti að vera hvati auk þess sem hérna er verið að auka endurgreiðsluhlutfall. Það ætti að vera hvati fyrir erlenda aðila að koma til Íslands þar sem það er ódýrara að starfa hér og búa með stórt tökulið. Það má því ætla að þær aðstæður sem eru bæði hér á landi og í umheiminum verði til þess að auka enn frekar áhuga þessara aðila, þessarar iðngreinar á því að koma til Íslands og taka upp hvers konar kvikmyndir, myndbönd, auglýsingar,

fræðsluefni og hvaðeina. Ég held að það sé augljóst að við munum njóta þess og að þarna geti verið sóknarfæri sem við eigum auðvitað að nýta okkur við þær aðstæður sem uppi eru í landinu núna.

Ég nefndi það áður, frú forseti, að önnur lönd eru að feta sig í sömu átt með endurgreiðslu og það kemur fram í athugasemdum við frumvarpið að Norðmenn hafi áform um að ráðast í tilraunaverkefni sem er líkt því styrkjakerfi sem þekkt er erlendis og við erum að koma hér á. Í því tilliti er talað um að Norðmenn séu að huga að 15% endurgreiðslu. Þannig er þetta svolítið mismunandi. Jafnframt segir í athugasemdum við frumvarpið, með leyfi forseta:

„Í ýmsum fylkjum í Bandaríkjunum, á Nýja-Sjálandi og Nýfundnalandi, svo að dæmi séu tekin, eru ívilnanakerfi þar sem endurgreiðsluhlutfallið er hátt eða á bilinu 15–55%. Kerfin eru þó mismunandi, m.a. hvað skilyrði fyrir endurgreiðslu varðar. Þar sem Ísland er aðili að EES-samningnum og bundið af þeim reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um ríkisstyrki er ekki raunhæft að Ísland geti keppt við sum þessara kerfa.“

Við þurfum að hafa í huga að það er mikil samkeppni á heimsvísu hvað þennan iðnað varðar. Við verðum því með ýmsum öðrum hætti hugsanlega en bara með því lagafrumvarpi sem hér um ræðir að koma til móts við þá aðila sem hafa hug á að koma til Íslands til að taka upp hvers konar myndefni og við þurfum að vera sívakandi yfir því hvað megi gera betur. Eins og ég hef áður sagt er ljóst að við höfum verið að feta skrefið frá því að byrjað var að endurgreiða ákveðið hlutfall af kostnaði og nú er verið að ræða um að fara upp í 20% af þeim kostnaði sem um ræðir. Ég held að þetta sé í réttum farvegi og við séum að feta okkur rétta leið. Þetta hefur verið gert á undangengnum árum, þetta er ekki að koma sem eitthvert kosningaloforð vegna þess að það eru kosningar á Íslandi í vor, heldur er þetta langur undirbúningur. Menn eru að vinna og búa í haginn fyrir þessa atvinnugrein á löngum tíma og það á að skila sér. Við eigum að hugsa þetta verkefni rétt eins og landgræðslu- eða skógræktarverkefni, þetta tekur langan tíma og þá munum við ná árangri.

[21:44]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Það er magnað og spennandi mál sem hér er til umræðu, það er ekki bara fortíðin heldur framtíðin líka. Það skiptir miklu máli að missa ekki af lestinni í þeim möguleikum sem eru til listrænnar sköpunar á vettvangi kvikmyndanna, á vettvangi sögunnar og ekki síst til atvinnusköpunar. Þetta eru allt lykilatriði sem fylgja þarf eftir og hugsa vel um.

Eins og hér hefur komið fram hafa nokkur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu nýtt sér reglur og sett reglur um styrki vegna kvikmyndaframleiðslu. Það er nokkuð mismunandi á milli landa og byggist ugglaust mest á því hve mikinn metnað menn hafa í þessum efnum og hve mörg sóknarfæri þeir sjá. Við Íslendingar höfum oft verið aftarlega á merinni hvað það varðar að nýta tækifæri líðandi stundar, tækifæri nýrrar þróunar, tækifæri nýrrar stefnu sem ryður sér rúms í fjölnotamenningu og mikilli ásókn í allt er lýtur að tækniefnum á þeim vettvangi.

Það hefur til að mynda komið fram að á Írlandi er miðað við 28% endurgreiðslu af tilföllnum kostnaði. Við erum að tala hér um 20% en við eigum auðvitað að ganga eins langt og við getum í þessum efnum án þess þó að vera að borga með verkefnunum. Það er engin spurning að á meðan verið er að vinna stöðu á þessum vettvangi, alþjóðlega stöðu hvað varðar hina mörgu möguleika sem Ísland býður upp á fyrir auga kvikmyndavélarinnar, þurfum við að gæta þess að ganga heldur nær strikinu en skemur. Það er mín skoðun að það væri ekki óhyggilegt að miða þennan afslátt við u.þ.b. 25% og leggja þannig áherslu á að við viljum í fullri alvöru freista þess að ná mörgum af snillingum kvikmyndaheimsins til Íslands, ná þeim hingað heim til þess að virkja þá og nýta.

Menn hafa talið hér upp dæmi um það sem Ísland hefur upp á að bjóða, að oft sé það svipað og í öðrum löndum sem bjóða upp á svipaðar aðstæður og finnast hér — snjó, jökla, túnin græn, dali, mikla víðáttu án þess að mannvirki séu í bakgrunni, fossa, vötn, firði, svarta sanda og að ég tali nú ekki um Rauðasand sem er einn af gullperlum Evrópu svo að eitthvað sé nefnt. En það hefur enginn fjallað um það mesta og mikilvægasta sem Ísland hefur upp á að bjóða varðandi listræna og áhrifamikla kvikmyndagerð og það er birtan á Íslandi, það er birtan sem speglast við bjarg og sand, birtan sem er síbreytileg frá einni mínútu til annarrar og gefur ótrúlega möguleika við gerð lifandi kvikmyndar.

Það eru allmörg ár síðan til stóð að gera hér mikla stórmynd, *Enemy Mine*, og farið var að vinna við gerð þeirrar myndar hér á landi, nánar tiltekið úti í Vestmannaeyjum. Þar unnu erlendir kvikmyndagerðarmenn í tvo mánuði við undirbúning. Aðalverkefni þeirra, það sem þeim fannst mikilvægast og forvitnilegast, var birtan. Þeir þurftu að eyða mörgum vikum í að ná tökum á birtunni og birtuspilinu. Þetta undirstrikar að það leynist margt í okkar ranni sem kann að vera verðmætt og það er þess virði að styrkja öll aðföng og allar leiðir til þess að nýta þessa möguleika til atvinnusköpunar og fjárfestingar á Íslandi. Ekki varð af þeirri myndatöku sem ég nefndi af fjárhagslegum ástæðum erlendis en engu að síður var þessi undirbúningur unninn.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson velti því fyrir sér hve mikil áhrif kreppan hefði á gerð kvikmynda á alþjóðamarkaði. Kreppu fylgja leiðindi, kreppu fylgir súrt yfirbragð. Það er ugglaust það sem hv. þm. Kjartan Ólafsson hefur verið að hugsa um, að menn þyrftu að huga að því hvað væri til ráða til að vinna gegn áhrifum kreppunnar á þessa alþjóðlegu listgrein — og ekki hvað síst hvort það mundi raska eitthvað þeim áformum sem hér eru um að reyna að opna dyrnar fyrir kvikmyndagerðarmenn að Íslandi.

Reynslan sýnir að í kreppu bregst fólk við á ákveðinn hátt. Það bregst við með því að klæða sig betur, að reyna að skemmta sér meira, þó að allt sé það í hófi, og þetta er ekkert nýtt af nálinni. Ég man að ég heyrði þetta, virðulegi forseti, fyrst af vörum skólastjóra míns og kennara, dr. Brodda Jóhannessonar sálfræðings, í Kennaraskóla Íslands. Hann lagði einmitt ríka áherslu á það hvernig mannskepnan brygðist við þegar áhrifin væru neikvæð og umhverfið svona hraglandi eða myglingur eins og þeir mundi segja í Vestur-Skaftafellssýslu. Þetta eru hlutir sem við skulum reyna að nýta. Við skulum reyna að nýta þessa reynslu. Og

kvikmyndin er ekki bara listrænt form, hún er kannski fyrst og fremst skemmtiform, form til að skemmta fólki, létta því stundir, byggja það upp, slaka því frá nöprum kreppuveruleika og lyfta því í hæðir, gera gott úr stund og stað svo að menn njóti þess að vera til án þess að vera fastir í súrskyrinu.

Þetta er verðugt verkefni að vinna að og það er þess vegna bráðgott mál sem hér er til umræðu, að hliðra til fyrir kvikmyndagerðarmenn, sem gæti laðað þá hingað. Ég held að það sé mjög mikilvægt að breyta þessu frumvarpi á þann veg að hlutfallið fari í a.m.k. 25% til þess að vera nær þeim sem best bjóða. Það á ekki að þýða neinn útlagðan kostnað fyrir Ísland en mundi skapa atvinnu á Íslandi, auglýsingu fyrir Ísland, og í nánast öllum tilvikum slíkrar myndgerðar yrði það jákvæð auglýsing. Við þurfum ugglaust frekar á því að halda en hitt að styrkja ímynd Íslands og stöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Um leið og það er gert er það fyrst og fremst markaðssetning á landinu sjálfu, markaðssetning á því sem við bjóðum upp á, á því sem við framleiðum og seljum til að afla gjaldeyris og til þess að lifa í samfélagi sem við höfum myndað okkur ákveðinn ramma um og viljum gjarnan vernda af alefli. Það er því mjög mikilvægt að fylgja þessu máli fast eftir.

Bent hefur verið á að um nokkurt skeið hafi Norðmenn áformað að ráðast í tilraunaverkefni af hálfu norska ríkisins sem feli í sér styrkjakerfi í þessum efnum fyrir erlenda kvikmyndaframleiðslu og þar er áætlað að styrkurinn verði 15%. Það kemur svo sem ekkert á óvart að Norðmenn skeri frekar við nögl en hitt því að með allri virðingu fyrir Norðmönnum þá eru þeir náttúrlega svo nísk þjóð að þeir trúa ekki einu sinni á líf fyrir dauðann. Við getum ómögulega miðað okkur við þessa vænu frændur okkar í Noregi, Norðmenn, sem hýsa stærsta framsóknarflokk í heimi. (Gripið fram í.)

Ég held að við þurfum að teikna þetta svolítið lipurlega og glaðlega upp. Við þurfum að bjóða upp á hluti sem (Gripið fram í.) — já, nú gengur hv. þm. James Bond, Grétar Mar Jónsson, í salinn, þó að sumir hefðu frekar haldið að þar færi maður sem gæti með mikilli reisn leikið hlutverk Goldfingers. (Gripið fram í.) Þetta er nú allt af hinu góða og sýnir hve breiddin er mikil og oft getur það snúið upp sem snýr niður með stuttum fyrirvara.

Það er mjög mikilvægt að við fylgjum þessu vel eftir og skipulega. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa gert garðinn frægan. Þó að við flöskum stundum á því, Íslendingar, að halda að við séum stórþjóð eigum við að vera vakandi yfir því þegar okkar bestu menn í ýmsum þáttum gera verulega góða hluti á alþjóðavettvangi. Það hafa íslenskir kvikmyndagerðarmenn gert, bæði í gerð leikinna mynda og heimildarmynda og ekki síst á vettvangi heimildarmynda.

Auðvitað ræður þar nokkru að þar eru náttúrubörn á ferðinni, snjallir kvikmyndagerðarmenn sem hafa auga fyrir náttúrunni, sem eru hluti af náttúrunni og kunna að lifa í takti við hana í einu og öllu. Stundum veit maður ekki hvort þeir eru menn, fugl eða blóm. Gott dæmi um slíkan kvikmyndagerðarmann er Páll Steingrímsson sem hefur gert margar afburðamyndir með góðum kvikmyndagerðarmönnum eins og til að mynda Friðþjófi Helgasyni. Þetta eru verðmæti, þessir menn er sagnaritarar nútímans, þeir eru Snorri Sturluson okkar tíma, og við eigum að skilja það og meta það og styrkja framgang þeirra á þeim vettvangi þar sem þeir hafa sýnt að úr miklu er að moða. Við eigum líka að vera hvetjandi fyrir unga fólkið okkar sem er vítt og breitt um heiminn að nema kvikmyndagerðarlist og getur þá komið sér í færi og sambönd við þekkta kvikmyndagerðarmenn erlendis þannig að ný reynsla og gömul geti hljómað saman.

[21:59]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Við ræðum ansi merkt mál. Í anda þess að við sjálfstæðismenn höfum sagt að við styðjum ríkisstjórnina til allra góðra verka munum við standa með ríkisstjórninni í þessu máli. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 43/1999 þar sem um er að ræða tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Markmið þeirra breytinga sem lagðar eru til er ekki síst að jafna samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart sambærilegri starfsemi í öðrum ríkjum, ekki síst Evrópuríkjunum, eins og segir í greinargerð. Verið er að leggja til eina breytingu á lögunum, þ.e. að endurgreiðsluhlutfallið hækki úr 14% í 20%. Ég styð þetta mál ekki síst á þeim grundvelli að um atvinnumál er að ræða og í árferði eins og nú er er mjög mikilvægt að við beitum öllum brögðum og nýtum öll tækifæri sem við mögulega höfum til að ýta undir atvinnusköpun. Eins og fyrr segir er verið að bæta samkeppnisstöðu íslenskrar kvikmyndagerðar, sjónvarpsþáttagerðar og auglýsingagerðar og er það mjög mikilvægt eins og staðan er í dag. Ef talað er sérstaklega um auglýsingagerð þá hefur hún dregist saman en það er því miður fylgifiskur þeirrar niðursveiflu sem við erum að fara í gegnum. Þess vegna er afar mikilvægt fyrir þá sem starfa í faginu að fá tækifæri til að ná í aukaverkefni til að halda sér við og til að geta haldið rekstri sínum í gangi.

Það er mjög mikilvægt í þeim bransa sem kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð er að hér séu samkeppnisfær skilyrði eða jafnvel betri en annars staðar gerist, en eins og komið hefur fram er þar mikil samkeppni á heimsvísu. Hv. þm. Árni Johnsen sem talaði á undan mér vildi eins og honum einum er lagið ganga lengra en frumvarpið leggur til og hækka endurgreiðsluhlutfallið í 25%. Það er að sjálfsögðu eitthvað sem mætti taka til skoðunar en ég fagna því skrefi sem tekið er að hækka það úr 14% í 20%.

Vegna þess að hér hefur verið talað um samkeppnisskilyrðin langar mig aðeins, með leyfi forseta, að lesa upp úr greinargerðinni sem gripið hefur verið niður í fyrr í umræðunni. Mér þykir rétt að við fáum heildarsamhengið og því ætla ég að lesa stuttan kafla sem varðar samkeppni og stöðu þessara mála í öðrum Evrópuríkjum. Í greinargerðinni á bls. 3 segir, með leyfi forseta:

„Nokkur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa sett sér reglur um styrki vegna kvikmyndaframleiðslu. Reglurnar eru nokkuð mismunandi milli landa sem gerir samanburð erfiðan. Alþjóðasamtök kvikmyndamiðstöðva (AFCI) og einkafyrirtæki í Bretlandi hafa útbúið sérstakar vefsíður þar sem hægt er að gera samanburð milli landa til að auðvelda kvikmyndafyrirtækjum að velja heppilega tökustaði út frá ívilnunum.“

Á þessum upplýsingum sést að um mjög virka samkeppni er að ræða. Eins og hér hefur komið fram hefur Írland gengið einna lengst í þessum málum og segir í greinargerð að kvikmyndaverkefni á Írlandi geti öðlast styrk fyrir allt að 28% af útgjöldum sem stofnað hefur verið til á Írlandi að gefnu samþykki Evrópusambandsins og hafa Írar tryggt sér fyrirkomulagið til 2012. Þessi tímabundna ívilnun sem um er að ræða rennur út árið 2011, ef mig misminnir ekki. Þetta er því eitthvað sem við verðum að taka upp aftur væntanlega þegar því lýkur, þ.e. 31. desember 2011. Þetta skarast því að einhverju leyti.

Mikil samkeppni er í þessum geira og ef við ætlum að ná árangri og hvetja íslenska kvikmyndaframleiðslu til dáða þurfum við að vera með í þessu. Það er ekki bara að mikilvæg störf skapist við kvikmyndatökuna og vinnsluna sjálfa heldur er verið að flytja gífurlega mikilvæga þekkingu til landsins með þeim erlendu sérfræðingum sem koma hingað og vinna við þær erlendu kvikmyndir sem þessu máli er ætlað að laða hingað til lands. Sú þekking mun og hefur orðið til þess að bæta íslenska kvikmyndaiðnaðinn. Við sjáum það á þeirri miklu grósku sem hefur verið í íslenskri kvikmynda- og þáttagerð með nýjum íslenskum sakamálaþáttum á a.m.k. tveimur íslenskum sjónvarpsstöðvum og hafa verið sýndir að undanförnu. Við sjáum að þetta hefur þegar haft mikil áhrif á íslenska kvikmynda- og þáttagerð. Ég held að með því að hækka endurgreiðsluhlutfallið muni það einungis koma til með að bæta þetta allt til mikilla muna.

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða tímabundnar endurgreiðslur og þær gilda til loka árs 2011. Frá því að þetta var tekið upp hefur verið endurgreiddur tæpur 1 milljarður af virðisaukaskatti, mismunandi mikið eftir árum. Ef litið er til upplýsinga sem liggja fyrir í greinargerð var áberandi mest greitt til baka árið 2005 eða 307 millj. kr. og lýsir því að stórar erlendar kvikmyndir voru teknar á því ári. Í kostnaðarmatinu sem fylgir frumvarpinu má sjá að verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að hækka þurfi fjárheimildir til endurgreiðslnanna um 32 millj. kr. á ári og segir hér að það hækki úr 125 millj. kr. í 157 millj. kr. Þetta er að vísu erfitt að áætla og alls óvíst hvert umfang kvikmyndagerðar verður og hversu miklar tekjur koma á móti. Að mínu mati eru þessi útgjöld réttlætanleg í ljósi þess að verið er að skapa störf, þarna koma miklar tekjur á móti og sem liður í atvinnusköpun og atvinnuuppbyggingu finnst mér þetta mjög mikilvægt.

Það má í raun bera þetta saman við annað frumvarp sem varð að lögum ekki alls fyrir löngu, sem undirbúningur var reyndar hafinn að í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar, en það eru breytingar á lögum um virðisaukaskatt þar sem heimilað er að hækka endurgreiðslur á virðisaukaskatti í úr 60% í 100%, þegar um er að ræða viðhald og vinnu manna á byggingarstað við eigið íbúðarhúsnæði. Reyndar voru lögin, sem á endanum voru samþykkt, víkkuð talsvert meira út en lagt var til í upphafi og átti þetta m.a. við um frístundahús, framkvæmdir á vegum sveitarfélaga, hönnun arkitekta og fleiri framkvæmdir. Þessi tvö frumvörp eru sambærileg að því leyti að verið er að endurgreiða úr ríkissjóði með það að markmiði að hvetja til atvinnusköpunar. Eins og staðan er í dag eru svona verkefni ákaflega mikilvæg vegna þess að margt smátt gerir eitt stórt og vonandi leggjast þarna til nokkur störf sem mikilvægt er að skapa hér á landi.

Virðulegi forseti. Ég hef í ræðu minni ekkert komið að því sem aðrir ræðumenn hafa lagt mikla áherslu á og það er það sem gerir Ísland að ákjósanlegum stað til að taka upp kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Það er ekki nóg að vera með endurgreiðslur á skattinum. Það er eitthvað annað sem laðar menn hingað til að upplifa og tek ég svo sannarlega undir með hv. þm. Árna Johnsen, sem talaði á undan mér, að birtan á Íslandi leikur þar stórt hlutverk. Ég hef oft sagt það við erlenda vini mína þegar þeir spyrja mig í hverju sérstaða Íslands felist að hún snúist um samspil ljóss og lita og skiptir ekki máli hvort um er að ræða fallega vetrarbirtu eða langa sumarnótt. Það er fátt sem keppir við íslenska birtu og sannarlega hef ég skilning á því að hingað til lands vilji kvikmyndatökumenn koma sem hafa næmt auga fyrir fegurð lands. Þeir fá sannarlega að upplifa fyrir allan peninginn sérstakar aðstæður sem við Íslendingar þekkjum svo vel.

Virðulegur forseti. Þetta frumvarp er eitt af örfáum góðum málum sem minnihlutastjórnin, sem nú ríkir í landinu, leggur fram og því höfum við sjálfstæðismenn ákveðið að styðja við bakið á frumvarpinu og greiða fyrir því í gegnum þingið og það verði að lögum fljótlega.

Ég vil að lokum hvetja ríkisstjórnina til að fara yfir verkefnalistann, skoða verkefnalistann sem liggur fyrir og taka út sambærileg mál sem sannarlega geta orðið til að skapa hér störf og koma hjólum atvinnulífsins í gang að nýju og einbeita sér að þessum málum og hætta að eyða tímanum í önnur ómerkari mál sem hafa ekki neina þýðingu aðra en eyða tíma okkar og athygli og gera ekkert til að aðstoða heimilin og fyrirtækin í landinu við að koma sér út úr þeim vandræðum sem þau eru í núna.

Virðulegi forseti. Ég fer að ljúka máli mínu en ítreka hvatningu mína til hæstv. ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar að leggja sig fram um að koma með þau mál sem geta skipt einhverju máli til uppbyggingar í þjóðfélaginu.

[22:13]

Útbýting:

Heimild til samninga um álver í Helguvík, 394. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 884.

[22:14]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Einn helsti gallinn við þá ríkisstjórn sem nú starfar í landinu er sá að henni hefur ekki tekist að standa við stóru orðin um að slá skjaldborg um heimilin og fyrirtækin í landinu. Hún hefur verið verklítil, (**Gripið fram í:** Verklaus.) allt af því verklaus, og það má best sjá á þeirri dagskrá sem liggur fyrir þessum fundi. Við sjálfstæðismenn höfum sagt að við munum greiða fyrir öllum góðum málum sem gagnast heimilunum og fyrirtækjunum í landinu. Þegar maður dvelur við þá dagskrá sem liggur fyrir þessum fundi þá eru teljandi á fingrum annarrar handar frumvörp sem hafa eitthvað með málefni heimilanna og fyrirtækjanna í landinu að gera. Þau eru afar fá.

Hér eru reyndar mál eins og listamannalaun, náttúruverndaráætlun, frumvarp um visthönnun vöru sem notar

orku, það er einnig áformað að ræða um skýrslu umboðsmanns Alþingis, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og svona ýmis dægurmál. Dægurmál sem þingmenn og ráðherrar sem fylgja núverandi ríkisstjórn hafa mikinn áhuga á að flytja sem væri kannski eðlilegt er ef þeir væru búnir að klára þau veigamiklu verkefni sem þeir stefndu að í upphafi þegar stofnað var til þessa ríkisstjórnarsamstarfs, þ.e. að koma heimilunum til bjargar, endurreisa bankakerfið og tryggja að hjól atvinnulífsins fari að snúast á nýjan leik.

Undantekningin frá þeirri meginreglu sem ég fór yfir er það mál sem við fjöllum um núna. Mál sem er mér mjög hjartfólgið og varðar breytingar á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Ríkisstjórnin getur hins vegar ekki gortað sig af þessu máli. Hún fylgir nefnilega í kjölfar þeirrar stefnumörkunar sem við sjálfstæðismenn í samstarfi við Framsóknarflokkinn lögðum upp með fyrir nokkrum árum, að taka upp endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Mig rekur minni til þess að þegar lögunum var breytt árið 2006, þegar endurgreiðsluhlutfallið var hækkað úr 12% í 14%, hafi þáverandi hv. þingmaður og formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, Ögmundur Jónasson, greitt atkvæði gegn þeirri breytingu. Af þeirri ástæðu er auðvitað merkilegt að sá hinn sami hv. þingmaður eða hæstv. ráðherra skuli núna standa að því að ganga lengra í endurgreiðslunum til kvikmyndagerðar og hækka hlutfallið úr 14% í 20%.

Ég leyfi mér hins vegar að fagna því og það gerum við sjálfstæðismenn eða að minnsta kosti langflestir, við fögnum því að endurgreiðsluhlutfallið sé hækkað. Ástæðan er sú að þetta mál er til þess fallið að laða til Íslands verkefni á sviði kvikmyndagerðar og kvikmyndaframleiðslu sem kvikmyndaiðnaðurinn þarf sárlega á að halda.

Þegar ég var formaður menntamálanefndar Alþingis á árunum 2004 eða 2005 til 2008 komu inn á mitt borð fjölmörg verkefni sem vörðuðu kvikmyndagerð og kvikmyndaiðnaðinn í landinu og þær menntastofnanir þar sem lögð er stund á kvikmyndagerð og ýmsar greinar því tengdar. Þá voru menn heldur upplitsdjarfari í kvikmyndaiðnaðinum en þeir eru nú. Það fann ég sem nefndarmaður eða fulltrúi í starfshópi sem menntamálaráðherra skipaði á haustdögum sem var ætlað að fjalla um auglýsingar á sjónvarpsmarkaði. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég verð var við að stjórnarliðar eru heldur órólegir og sitja órólegir undir ræðu minni en ég hyggst halda henni áfram engu að síður. (**Gripið fram í:** Þeir eru ekki margir.) Þeir eru reyndar örfáir hér í salnum en þeir ættu að fara varlega vegna þess að þeir átta sig kannski ekki á því í hvers konar stöðu kvikmyndaiðnaðurinn er í dag og allur sá fjöldi fólks sem starfar í þeirri grein. Það er alveg ljóst að verkefnum á sviði kvikmyndagerðar og kvikmyndaiðnaðar og auglýsingagerðar mun fara fækkandi, einfaldlega vegna fjárskorts. Af þeirri ástæðu er afar mikilvægt að grípa til aðgerða eins og við lögðum til að gert yrði árið 2006 og samþykkt var og verið er að gera núna.

Slíkar breytingar og ný verkefni á sviði kvikmyndagerðar varða ekki einungis kvikmyndagerðarmenn heldur stóran hóp manna, smiði, leikara, tæknimenn, klippara, alla þessa hópa (**Gripið fram í:** Klæðskera.) og jafnvel klæðskera eins og hér er kallað inn í. Í þessu máli kemur fram vilji til að stuðla að atvinnuuppbyggingu í landinu.

En úr því að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson heyrði ekki upphaf ræðu minnar þá lýsti ég því yfir að þegar maður fer yfir dagskrá fundarins eins og hún liggur fyrir þá er þetta líklega eina málið á dagskránni sem er til þess fallið að auka atvinnusköpun á Íslandi. Hv. þingmaður getur hugsanlega fundið eitt eða tvö önnur mál af þeim 21 sem eru á dagskrá en þau eru sárafá. Það er vandinn við þessa ríkisstjórn, hún hrúgar inn alls kyns málum á dagskrá þingsins sem hafa ekkert með vandamál samfélagsins að gera. Ekki nokkurn skapaðan hlut. En ríkisstjórnin getur ekki gortað sig af því að hafa átt frumkvæði að þessu máli því eins og ég sagði áðan og hæstv. fjármálaráðherra sem nú er genginn í salinn heyrði mig segja, þá á þetta mál auðvitað rætur sínar að rekja til ríkisstjórnar sem Sjálfstæðisflokkurinn átti aðild að. (**Fjmrh.:** Viltu ekki segja það aftur?) Nei, ég ætla ekki að segja það aftur.

En ég ætla að koma að öðru vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra hefur belgt sig nokkuð út í fjölmiðlum á síðustu vikum. (Gripið fram í.) Hann hefur greint frá áformum — (Gripið fram í.) Nú verð ég að biðja (Forseti hringir.) hv. þm. Lúðvík Bergvinsson um að hafa sig hægan, getur hæstv. forseti beðið hv. þingmann um að hafa sig hægan svo ég geti haldið hérna áfram ræðu minni?

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég vil biðja hv. þingmann um að halda áfram ræðunni og aðra þingmenn að gefa honum hljóð.) (Gripið fram í.)

Þakka þér fyrir það, frú forseti. Ég ætla að víkja að öðrum þætti þessa máls úr því að hæstv. fjármálaráðherra er kominn í salinn (**Gripið fram í:** Tilvonandi.) og tilvonandi forsætisráðherra, segir hann. Já, það er nefnilega það. (**Gripið fram í:** Vinstri slysin …) Vinstri slysin eru víða. En það skyldi þó ekki vera að hann sé búinn að semja við Jóhönnu Sigurðardóttur, núverandi hæstv. forsætisráðherra, um að hann taki við af henni í næstu ríkisstjórn?

En ég ætlaði að koma að því að núverandi hæstv. fjármálaráðherra hefur í fjölmiðlum á síðustu vikum lýst yfir eindregnum vilja sínum til þess að hækka skatta í landinu. Hækka skatta, taka upp hátekjuskatt og gera ýmsar breytingar í skattkerfinu sem munu leiða til þess að skattar verði hækkaðir. Ég veit ekki alveg hvar hann ætlar að bera niður, hvort það verða aldraðir og öryrkjar sem þurfa að greiða hærri skatta, t.d. í formi eignarskatta sem við sjálfstæðismenn afnámum. Hæstv. ráðherra á eftir að skýra út hver áform hans eru varðandi skattahækkanirnar. En það er sjálfsagt mál að kalla eftir þeim áformum í þessari umræðu. (**Fjmrh.:** Hvað með niðurskurðinn ykkar?) Það er ástæða til þess að kalla eftir tillögum hæstv. fjármálaráðherra um hvernig hann ætlar að hækka skatta. Hann hefur nefnilega sjálfur lýst því yfir að einhvern veginn þurfi að brúa fjárlagagatið (Gripið fram í.) og ætlar þess vegna að hækka skattana. Þess vegna kemur manni á óvart,

(**Forseti** (ÞBack)**:** Gefið þið hv. þingmanni hljóð.)

að á sama tíma og hæstv. fjármálaráðherra boðar skattahækkanir á íslenska einstaklinga, á íslenska skattgreiðendur, líklega á eldri borgara með álagningu eignarskatts, eins og Lilja Mósesdóttir, frambjóðandi Vinstri hreyfingarinnar

– græns framboðs hefur boðað, á sama tíma og þau áform eru uppi flytur hæstv. fjármálaráðherra frumvarp um skattalækkanir fyrir erlenda aðila sem koma hingað til lands til þess að stunda kvikmyndagerð. (Gripið fram í.)

Þá veltir maður auðvitað vöngum — (**Fjmrh.:** Er þingmaðurinn á móti því?) Þingmaðurinn er ekki á móti því. (**Gripið fram í:** Nú?) Nei, nei, nei. Þingmaðurinn er ekki á móti því. Sá sem hér stendur er fylgjandi því frumvarpi sem hér er til umræðu og ég hef margoft lýst því yfir. (Gripið fram í.) Ég er hins vegar ósammála Lilju Mósesdóttur og hæstv. fjármálaráðherra um það að hér eigi að taka upp eignarskatta og hækka skattana á fólkið í landinu. Ég get ekki sætt mig við það í því ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu, þar sem vextir eru himinháir og verðbólgan líka, fólk er að missa vinnuna eða lækka í launum, að komandi vinstri stjórn ætli að hækka skattana á fólkið í landinu og láta því líða enn verr en því líður í dag. (**Fjmrh.:** Varstu ekki að tala um kvikmyndagerðarfrumvarpið?) Jú, ég var að tala um kvikmyndir. Þess vegna velti ég vöngum yfir því hvernig stendur á því að hæstv. fjármálaráðherra getur staðið að því að lækka skattana á þá sem stunda kvikmyndagerð á Íslandi en í hinu orðinu talar hann og hans fólk um skattahækkanir. (**Fjmrh.:** Örva atvinnulífið.)

Frú forseti. Það er nefnilega það sem við sjálfstæðismenn höfum verið að segja. Það þarf að endurreisa bankana hér á Íslandi til þess að hjól atvinnulífsins fari að snúast svo fólk hafi vinnu til þess að það hafi tekjur svo það geti greitt af lánum sínum. Þetta er í rauninni einfalt dæmi sem þarf að fara í og manni virðist núverandi ríkisstjórn ekki skilja hver viðfangsefnin eru vegna þess þegar maður les dagskrá þessa þingfundar þá er nánast ekkert á dagskránni, þó svo að málin séu 21, ekkert mál á þessari dagskrá sem hefur með þessi brýnu verkefni að gera. (**Gripið fram í:** Þetta kallar á mikla umræðu.) Þess vegna kalla ég eftir því að hæstv. ríkisstjórn fari að kynna fyrir okkur hvaða áform hún hefur uppi varðandi vernd heimilanna og uppbyggingu atvinnulífsins að öðru leyti en því sem kemur fram í þessu máli. Að öðru leyti en því. (**Fjmrh.:** Þið hækkuðu skattana fyrir jólin.) Það er rétt og það voru mistök. Ég get alveg lýst því yfir hér að ég tel að það hafi verið mistök af hálfu síðustu ríkisstjórnar að hækka skattana. En ég get hins vegar sagt hæstv. fjármálaráðherra að við máttum teljast heppnir, held ég, og skattgreiðendur þessa lands að þeir voru ekki hækkaðir meira vegna þess að samstarfsflokkur hæstv. fjármálaráðherra í ríkisstjórn, (Gripið fram í.) Samfylkingin vildi ganga miklu lengra í því að hækka skattana. Ég er þó ærlegur með það.

En, herra forseti. Þetta er gott mál. Þetta mál er atvinnuskapandi. Við sjálfstæðismenn höfum alltaf stutt alla tilburði í þá átt að byggja upp atvinnu á Íslandi og ég tel að kvikmyndaiðnaðinum veiti ekki af því eins og staðan er núna (Forseti hringir.) og af þeirri ástæðu munum við styðja þetta mál.

[22:29]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fyrst af öllu vil ég lýsa aðdáun minni á hv. ræðumanni Sigurði Kára Kristjánssyni og þeirri yfirburðaþekkingu sem hann hefur á því viðfangsefni sem hér er til umfjöllunar. Hann stóð sig frábærlega í því orðaskaki sem hann átti við þá hv. þingmenn sem sýndu honum þá kurteisi að vera hér með eilíf frammíköll, (Gripið fram í.) hæstv. fjármálaráðherra og hv. þingflokksformann Samfylkingarinnar sem hafa ekkert betra við tímann að gera en að eyða þessu fallega og góða kvöldi til þeirra óþarfaverka sem þeir dunduðu sér við hér í kvöld í stað þess að leggja frekari drög að bata í atvinnulífi landsins með því að einhenda sér til vinnu við tillögur og úrræði sem betur ættu heima í þingsölum en þetta annars ágæta mál.

Tilefni mitt til að koma í pontu er afstaða flokksbróður míns og félaga, hv. þm. Sigurðar Kára. Ég tók eftir að hann blimskakkaði á mig augunum áðan úr ræðustóli þegar hann lýsti því yfir að flestir hefðu fagnað málinu við atkvæðagreiðslu í gær. Sá sem hér stendur var einn þeirrar gerðar í gær að greiða atkvæði gegn þessu á þeirri forsendu að við værum hér að fjármagna viðbótarútgjöld ríkissjóðs með lántökum. Satt best að segja hefði ég aldrei trúað því upp á minn ágæta félaga og vin að hann tæki máli sem þessu fagnandi, allra síst á þeim tímum sem nú eru uppi, og í ljósi viðvarana hæstv. fjármálaráðherra um afkomu ríkissjóðs nú um stundir hefði ég talið eðlilegt að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson stæði með mér í þeirri staðföstu vinnu að verja ríkiskassann áföllum þegar vinstri stjórnin sækir að sameiginlegum sjóði landsmanna.

[22:31]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill áminna hv. þingmenn um að ávarpa þingmenn með fullu nafni.

[22:31]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni að auðvitað væri miklu meiri bragur á því ef hæstv. fjármálaráðherra og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson eyddu tímanum sem þingið hefur í að ræða brýn viðfangsefni heimila og fyrirtækja í landinu og létu þá svo lítið að taka þátt í umræðum um mál hér í þinginu í stað þess að standa hálfflissandi í hliðarsölum og stunda frammíköll gagnvart okkur, þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, sem erum að reyna að ræða þessi mál efnislega. Það væri auðvitað það sem hæstv. fjármálaráðherra lagði til umræðunnar áðan og sömuleiðis formaður þingflokks Samfylkingarinnar. Slíkur málflutningur er auðvitað ekki til þess fallinn að leggja neitt til málsins.

Ég get tekið undir með hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni að lántökur vegna þessa máls eru að sjálfsögðu vafasamar. Hv. þm. Björk Jakobsdóttir sem tók þátt í vinnslu þessa máls lýsti því hér í umræðunni að þeir fyrirvarar sem sjálfstæðismenn hefðu gert hefðu lotið að því máli. Ég held að þeir fyrirvarar hafi verið eðlilegir og skýrðir út í nefndaráliti. Ef í ljós kemur að þessir þættir málsins hafi ekkert breyst verð ég að bregða mér til hliðar með hv. þingmanni, (Forseti hringir.) fá mér kaffi með honum og athuga hvort (Forseti hringir.) afstaða mín til málsins vegna þessa kunni hugsanlega að breytast.

[22:34]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég leiðrétta hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, Björk er Guðjónsdóttir og aukinheldur er hún frænka þess sem hér stendur, ættuð úr Svarfaðardal. Það ber að hafa í huga þegar menn ræða alvarlega hluti sem þessa.

Heldur þykir mér þunnur þrettándinn þegar menn reyna að skauta yfir það að það sé gott mál að byggja upp atvinnu í landinu, eins og þetta mál gerir ráð fyrir, en á þeim grunni að við tökum þá lán út á ríkissjóðinn til að halda úti þeirri atvinnu. Það er nokkuð sem ég get ekki fellt mig við og hef ekki sæst á þær röksemdir sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson lagði hér fram til stuðnings máli sínu. Ég tek því að sjálfsögðu fagnandi að fá tækifæri til að eiga við hann skoðanaskipti um málið utan ræðupúlts og skal upplýsa hann nákvæmlega um afstöðu mína varðandi það atriði sem ég hef mótmælt hér fyrr í dag og fyrr í kvöld.

Ég hvet hann til að halda áfram andróðri sínum, eða ég vil kannski fremur kalla það hvatningu til forustumanna ríkisstjórnarinnar um að þeir ágætu einstaklingar fari að leggja gott til málanna og taki þátt í þessari gríðarlega mikilvægu umræðu sem við eigum og höfum átt um þetta mál, sem ég skal viðurkenna að er mikilsvert, að þeir komi til þeirrar umræðu sem boðið er upp á.

Því miður sjást þess lítil merki og af því að hér rak inn nefið áðan hv. þm. Jón Bjarnason, varaformaður fjárlaganefndar, hefði verið gott að eiga tækifæri á orðastað við hann um þetta gagnmerka efni.

[22:36]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er náttúrlega gallinn við þá umræðu sem hér á sér stað og hv. þm. Kristján Þór Júlíusson nefndi að stuðningsmenn málsins og þeir sem flytja það hér fram eru ekki við umræðuna. Þeim bregður hér fyrir öðru hverju þar sem þeir skjótast inn í salinn til að hreyta einhverjum ónotum í okkur sjálfstæðismenn, eru með frammíköll, ómálefnaleg frammíköll sem eru frekar til þess fallin að reyna að fipa þann ræðumann sem hér stendur hverju sinni en að leggja eitthvað gott til málanna.

Fulltrúar stjórnarminnihlutans væru mun sæmdari af því að koma í þingsalinn og ræða þau mál sem þeir hyggjast leggja til grundvallar á næstu dögum í þinginu, þessi brýnu hagsmunamál heimila og fyrirtækja í landinu. Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, og ég hygg að hv. þm. Kristján Þór Júlíusson hafi tekið undir, er einn helsti gallinn við þá ríkisstjórn sem starfar í landinu núna — og það sést á dagskrá fundarins hér í kvöld, að þótt þar sé 21 mál á dagskrá tekur nánast ekkert þeirra á þeim brýnu vandamálum sem fólkið í landinu bíður eftir að verði leyst.

Á meðan sú staðreynd blasir við standa þeir hér kapparnir og stunda frammíköll, frú forseti.

[22:38]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér hefur mikið verið rætt í dag og kvöld er á allan hátt hið merkilegasta og vekur upp ýmsar minningar hjá manni, bæði sárar og skemmtilegar, en ég skal viðurkenna í ljósi þeirra orða sem hér hafa verið flutt af miklu hyggjuviti að þetta hefur kannski vakið upp hjá manni efasemdir um að sú afstaða sem maður hafði hér við atkvæðagreiðsluna í gær væri hin eina rétta. Þegar maður heyrir og hlýðir á lýsingar þingmanna á þeim mikilsverðu verkefnum sem bíða úrlausnar er í sjálfu sér kannski ekki óeðlilegt þótt maður hugsi öðruvísi um hlutina.

Ég er þó ekki búinn að gefa það eftir að halda í þessa afstöðu mína og mér var áðan bent á að þetta væri kannski í rauninni ekki annað en eftirgjöf á ákveðnum sköttum sem ríkissjóður fengi af þessum verkefnum. Hitt er annað, að afleiddi ábatinn af kvikmyndagerðinni er gríðarlega mikill og hér voru nefnd fyrr í kvöld í ræðum áhrifin á t.d. ferðaþjónustu, myndataka af landslagi sem fer síðan í kvikmyndir sem sýndar eru um víða veröld — (**ÓN:** Norðausturkjördæmi.) Úr Norðausturkjördæmi sérstaklega, var þá nefnt, ég þakka hv. þingmanni fyrir ábendinguna, gríðarlega fallegt umhverfi þar og náttúra og rík kvikmyndahefð. Ég minnist þess t.d. þegar ég var ungur drengur og sótti kvikmyndasýningar í Dalvíkurbíói þar sem Hjalti heitinn Þorsteinsson sýndi kvikmyndir og Stefán Jónsson. Þar vorum við ungir krakkar oft og tíðum á sunnudögum að koma til sýninga og horfðum þar á Roy Rogers og Tarzan, gríðarlega skemmtileg verkefni. Ég átti að vísu við það mein að stríða að — (**KÓ:** Voru það fyrirmyndirnar?) Það voru fyrirmyndir í gamla daga, já, ég skal viðurkenna það, hv. þm. Kjartan Ólafsson, að þetta sótti maður í og svo lékum við þessar myndir út vikuna þar til næsta sýning fór fram. Þetta var mjög þroskandi og gott, ég efast ekki um að þetta gæti styrkt margan ungan og efnilegan Íslendinginn í uppvextinum, eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu hafa 59 verkefni fengið stuðning á þeim tíma sem þessir styrkir hafa verið veittir. Stuðningurinn er 980 millj. kr. þannig að hér er vissulega um gríðarlega mikil verkefni að ræða sem sótt er í af alls kyns fólki sem byggir upp atvinnu og vöxt í kringum sig. Því ber að fagna.

Aftur að kvikmyndasýningunum frá því í gamla daga. Það eru kannski ekki svo mjög mörg ár, ekki nema rúmir fjórir áratugir — (**ÓN:** Öll mín ævi.) Öll ævi sumra hv. þingmanna, og enn lifir þetta svo ljóslega í minningunni þannig að ég tel að það mál sem hér er lagt af stað með eigi örugglega eftir að ylja mörgum einstaklingum um hjartarætur þegar fram líða stundir og menn sjá þau verkefni sem munu njóta góðs af þessum efnum.

Ég vek þó athygli hv. þingmanna á því sem undir þessari umræðu sitja að ekkert samasemmerki er á milli þess að hækka endurgreiðsluna og að erlendum verkefnum fjölgi. Reynslan af hækkun endurgreiðslunnar úr 12% í 14% í lok ársins 2006 var sú að ekkert nýtt verkefni kom. Það kann vel að vera að hækkun úr 14% í 20% kunni að skila einhverjum verkefnum. Menn horfa sérstaklega á eitthvert eitt tiltekið stórt kvikmyndaverk og Ísland keppir þar við einhver önnur samanburðar- eða samkeppnislönd og hefur (Gripið fram í.) Írland verið nefnt í því efni. Þá segi ég fullum fetum: Af hverju skoða menn ekki að ganga aðeins lengra og stúta þá samkeppnislöndunum með enn hærri endurgreiðslu? Ég skora á þá þingmenn, sem vilja ganga þennan veg, að ljá þá máls á því. Ef meiri hluti á Alþingi, eins og virtist vera í atkvæðagreiðslunni í gær, er fyrir því

að slá lán út á framtíðarskattgreiðendur til að styðja verkefni sem þessi munar ekki um einn kepp í sláturtíðinni. Þetta eru ekki margar milljónir í viðbót sem þyrfti að bæta við þessa lántöku ef menn vilja ganga veginn til enda og slá við samkeppnislöndum Íslands um þessi góðu gildu verkefni.

Ég hef byggt afstöðu mína á þeim fyrirvara sem ég hef reynt að vera trúr í fjárlaganefnd þar sem ég á sæti (Forseti hringir.) við fjárlagagerð og hyggst halda því áfram að öllu óbreyttu.

[22:43]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Við höldum hér áfram að ræða frumvarp um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Ég hef hlustað á þessa umræðu hér í kvöld og heyri ekki annað en að menn séu nánast allir hlynntir frumvarpinu. Fólk er auðvitað að tjá sig um málið og á því eru margar hliðar, en útilokað er að koma hér upp og nefna ekki að hér hafa komið í dyr alþingissalarins hæstv. fjármálaráðherra og þingflokksformaður Samfylkingarinnar, eins og áðan þegar hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson var að tala, með frammíköll og gaspur, ómálefnalegt, einvörðungu til að skemma þá umræðu sem hér er. Ég skora á þessa forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar að koma í þingsal og tala í þessu máli, fara yfir hvað þeir vilja og hvaða sýn þeir hafa. Við erum að skoða og fara yfir dagskrá þessa þingfundar og það er sáralítið sem varðar gjaldeyrisöflun þjóðarinnar eða atvinnumálin á dagskránni. Þetta eru brýnustu verkefni ríkisstjórnarinnar, að tefja með frammíköllum í svona málum. (Gripið fram í.)

Það er ótrúlegt mál, (Gripið fram í.) hér erum við að tala um — nú, hér kemur einn gasprarinn í viðbót, hv. þm. Atli Gíslason. Ég held að hv. þingmaður ætti bara að biðja um orðið og ræða málið á málefnalegan hátt og fara yfir það.

Við erum að reyna að hleypa að öllum góðum málum, sem við teljum að séu atvinnuskapandi og gjaldeyrisskapandi, og við erum að ræða þau mál hér. Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að þá tali þessir stjórnarliðar í málunum og leyfi þeim þingmönnum að tala sem hafa áhuga og vilja koma skoðunum sínum á framfæri á jákvæðan hátt. Það er öðruvísi en þegar hér voru vinstri grænir í hverri klukkutímaræðunni, 3–4 klukkutíma, það var málþóf, alltaf á móti öllum málum, sama hvað málið snerist um, þeir voru alltaf á móti öllu. Það er málþóf.

Ég vil segja, frú forseti, að það eru örfá atriði sem ég kom ekki að í fyrri ræðu minni sem ég vildi nefna, sem skipta máli varðandi einmitt þetta litla frumvarp og sýna hvaða áhrif það getur haft á jákvæðan hátt, ýmis hliðaráhrif af þeim verkefnum sem við erum að reyna að laða til landsins.

Ferðaþjónustan í það heila tekið, ég nefndi hana áðan, Ferðaþjónusta bænda sem staðsett er vítt og breitt um landið hefur þarna gríðarleg sóknarfæri og möguleika, bæði í gistiaðstöðu og sölu á mat, hestaleigur hafa verið notaðar við kvikmyndatökur, flutningur á þessum gripum, það eru bílaleigubílar og rútur. Svo ótal margt tengist kvikmyndagerðinni sem við sjáum ekki í fljótu bragði og þess vegna erum við að færa inn í landið verðmætasköpun, atvinnu og fjármuni. Ég minnist þess að þegar tekin var mynd á Jökulsárlóni fluttu tveir trukkar grenitré frá Hallormsstað þangað og þeim var nánast plantað í ísinn á Jökulsárlóni til að búa til skóg á tilteknu svæði. Fyrir þetta var auðvitað greitt, fyrir að fella trén og koma þeim á staðinn, þetta eru allt umsvif og margföldunaráhrif sem koma inn í kvikmyndagerðina. Þess vegna eigum við að leggja mikla áherslu á það og ég er í rauninni hissa á að þeir aðilar sem mest hafa talað á móti stóriðju og orkufrekum iðnaði skuli ekki reyna að slá sér upp á því að tala um þennan atvinnuveg og reyna að fylgja því fast eftir að þessi mál fái umræðu og tíma á jákvæðan hátt á þinginu.

Ég legg að lokum til, frú forseti, að þetta frumvarp verði samþykkt.

[22:48]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér enn frumvarp um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og það hefur verið mjög fróðlegt að hlusta á ræður hv. þingmanna í kvöld. Margt hefur komið fram í þeim og er alveg ljóst að hv. þingmenn binda miklar vonir við að 20% hlutfall af kostnaði sem á að endurgreiða kvikmyndafyrirtækjum verði til þess að erlend stórfyrirtæki á sviði kvikmyndagerðar muni sjá sér hag í því að koma hingað til lands og taka upp kvikmyndir hér.

Ég get tekið undir með hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni, sem talaði fyrir stuttri stundu, að auðvitað er þetta bara von um að þessir hlutir geti gerst og auðvitað vonum við öll að það verði að veruleika að hér geti skapast iðnaður á þessu sviði og að störfum fjölgi, því að við þurfum svo sannarlega á því að halda eins og sakir standa.

Við höfum, hv. þingmenn, í ræðum okkar í kvöld minnst á fjölda kvikmynda og verkefna sem hafa verið tekin upp hér á landi á undanförnum árum og fjallað um hvaða áhrif það hefur haft á þeim svæðum sem þessar kvikmyndir hafa verið teknar upp. Ég nefndi í fyrri minni ræðu í kvöld hvaða áhrif þetta hafði á Suðurnesjum þegar stórmynd var tekin þar upp árið 2005 og hvaða áhrif þetta getur haft á ferðaþjónustuna í landinu, sem er auðvitað mjög jákvætt því að hver einasta kvikmynd sem tekin er upp hér á landi í okkar stórbrotnu náttúru hlýtur að vera veruleg auglýsing fyrir landið gæti gert það að verkum að útlendingar fengju frekari áhuga á að heimsækja okkur.

Eitt er það fyrirtæki sem við höfum ekki minnst neitt á í ræðum okkar í kvöld, það byrjaði smátt en er orðið stórfyrirtæki hér á landi, þetta er ævintýrið í kringum Latabæ. Latibær hefur í raun sannað að það er ekkert því til fyrirstöðu að við getum framleitt hér á landi hágæða iðnaðarframleiðslu sem á erindi víða um heim. Það er auðvitað mikilvægt að hafa í huga að þetta gerist ekki af sjálfu sér, það tekur langan tíma að byggja upp „concept“ eins og Latibær er orðinn og það verður að hefjast handa nú þegar til að undirbúa það sem tekur við þegar Latabæjarævintýrinu lýkur, því að öllum ævintýrum lýkur og það hlýtur að koma að því með Latabæjarævintýrið eins og önnur. Byggð hefur verið upp þekking meðal starfsmanna og fjárfestingar hafa verið gerðar í tækjabúnaði og aðstöðu. Þessa þekkingu þarf að nýta áfram til frekari sóknar.

Okkur hefur orðið tíðrætt í kvöld einmitt um þá þekk-

ingu og reynslu sem skapast hefur hér á landi á undanförnum árum í þessum iðnaði og sú þekking og reynsla er ekki síst í þessu fyrirtæki, Latabæjarfyrirtækinu. Það ætti því að vera markmið okkar á Íslandi að allt árið um kring störfuðu nokkur svona „latabæjarfyrirtæki“ sem skila af sér framleiðslu með reglubundnum hætti á alþjóðamarkað, (Forseti hringir.) virðulegi forseti.

[22:54]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Mig langar að leggja aðeins frekar orð í belg varðandi það ágæta mál sem við ræðum hér og höfum rætt í kvöld. Fjölmargar afar athyglisverðar ræður hafa verið fluttar og margt mjög fróðlegt komið fram og margt skýrst í þessu máli.

Mig langar aðeins að ræða það sem fram kom hjá hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni, um að hvorki sé gert ráð fyrir þeim auknu útgjöldum, sem ég ræddi um í fyrri ræðu minni, 32 millj. kr., í fjárlögum ársins 2009 né í ætluðum útgjöldum næstu fjögur árin og hv. þingmaður gerði hér að umtalsefni, sem ég get vel skilið og að mörgu leyti tekið undir vegna þess að það getur hljómað ankannalega að greitt sé fyrir atvinnusköpun með lántökum. Það segir sem sagt í kostnaðarmatinu að vegna mikils halla á ríkissjóði muni að óbreyttu þurfa að fjármagna viðbótarútgjöld með lántökum.

Það er alveg rétt sem fram kom hjá þingmanninum að þetta er ekki gott og er kannski það verkefni sem fyrir okkur þingmönnum liggur fyrst og síðast að snúa þessum halla í afgang, það er stóra verkefnið sem við stöndum frammi fyrir. Einmitt af þessari ástæðu skrifuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, hv. þingmenn Björk Guðjónsdóttir, Herdís Þórðardóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir, undir nefndarálitið með fyrirvara. Vikið er að þessu atriði í nefndarálitinu og þar segir að ordalagið sé talið óheppilegt vegna þess að það gefi til kynna að reiknað sé með halla á ríkissjóði vegna endurgreiðslanna en ekki sé rétt að líta á endurgreiðslurnar eingöngu sem viðbótarútgjöld. Miðað við það ferli sem rakið er í nefndarálitinu ætti ríkissjóður að hafa fengið til sín stærstan hluta skattteknanna vegna framleiðslunnar þegar til útborgunar kemur.

Það var á þeim forsendum sem ég var að rekja að þær stöllur, fyrrnefndir sjálfstæðismenn í iðnaðarnefnd, töldu sig geta stutt þetta frumvarp þrátt fyrir þann augljósa annmarka sem þarna hefur verið bent á varðandi lántökurnar. Ég get tekið undir þessi sjónarmið og tel að þetta sé, eins og ég rakti í fyrri ræðu minni, réttlætanlegt vegna þeirrar atvinnusköpunar, verðmætasköpunar og þekkingarsköpunar sem frumvarpið getur haft í för með sér.

Hv. þm. Björk Guðjónsdóttir rakti í ræðu sinni hér á undan afar gott dæmi um Latabæ. Ég get tek undir það af heilum hug með þingmanninum vegna þess að það er dæmi um verkefni sem hefur notið þessara endurgreiðslna. Ég leyfi mér að fullyrða að sá ábati sem ríkissjóður og þar með þjóðin hefur haft af því verkefni er margfalt meiri en sá kostnaður og endurgreiðslur sem hafa verið greiddar úr ríkissjóði. Vegna þess að þetta er ekki bara þáttagerðin sjálf heldur öll sú atvinnusköpun sem fylgir í kjölfarið, allir þeir sérfræðingar, allir þeir hugmyndaríku og frjóu einstaklingar sem hafa komið að því verkefni og þarna sést nákvæmlega hve góður ábati getur verið af þessu (Forseti hringir.) fína verkefni sem ég styð heils hugar.

[22:59]

Dögg Pálsdóttir (S):

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum. Það eru tíu ár síðan þessi lagasetning sem við erum nú að breyta var fyrst sett og þess vegna er sérstakt tilefni til að fara aðeins yfir aðdraganda laganna, hver hvatinn að lagasetningunni var og hvernig til hefur tekist, ekki síst í ljósi þess að hér er lagt til að endurgreiðslurnar verði hækkaðar.

Tilgangurinn með lagasetningunni á sínum tíma var að setja á fót sérstakt hvatakerfi til eflingar kvikmyndaiðnaði á Íslandi. Tilgangurinn með kerfinu var að endurgreiða ákveðið hlutfall framleiðslukostnaðar sem félli til vegna kvikmyndagerðar hér á landi þegar verkinu lyki. Upphaflega var lagt upp með að þetta væri tímabundin ráðstöfun og það varð raunar svo en hún var framlengd árið 2006 og við búum enn við þetta kerfi. En það sem menn höfðu í huga og hafa enn í huga er að við lýði sé einfalt og gagnsætt kerfi sem þjóni innlendum og erlendum kvikmyndaframleiðendum, hvetji til uppbyggingar greinarinnar í nútíð og framtíð og efli innlenda kvikmyndagerð og laði um leið erlend fyrirtæki til að koma og gera kvikmyndir sínar hér á landi.

Það regluverk sem var sett upp með lögunum frá 1999 hafði það að leiðarljósi að aðgerðirnar ykju áhuga erlendra kvikmyndafyrirtækja á starfsemi hérlendis og að aukin útgjöld ríkissjóðs mundu í raun dekkast af þeim auknu tekjum sem fylgdu þessari auknu starfsemi. Að reglurnar væru einfaldar og gagnsæjar og fyllsta jafnræðis yrði gætt gagnvart þeim sem fengju þennan stuðning. Aðgerðirnar væru tímabundnar en þó nægilega lengi í gildi til að hafa áhrif á greinina varðandi fjárfestingar og náttúrlega síðast en ekki síst að þær efldu innlendan kvikmyndaiðnað.

Megintilgangurinn var auðvitað númer eitt, tvö og þrjú að efla innlenda kvikmyndagerð með því að gera íslenskum kvikmyndagerðarmönnum kleift að auka þekkingu sína, m.a. í samstarfi við erlenda starfsbræður og með því að laða hingað erlenda kvikmyndagerðarmenn fengju íslenskir kvikmyndagerðarmenn og fagfólk á þessu sviði ómetanlega viðbótarþekkingu við þá góðu þekkingu sem þeir höfðu fyrir.

Allt þetta gekk eftir og eins og áður var sagt voru þessi lög nr. 43/1999 sett og áttu að gilda til ársloka 2006. Raunar frestaðist nú aðeins gildistaka þeirra vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA. Við þurftum aðeins að fínpússa lagagerðina. Engu að síður hafa þessar endurgreiðslureglur verið í gildi frá árinu 2001.

Þegar reglurnar áttu að renna úr í árslok 2006 var málið skoðað á ný í iðnaðarráðuneytinu og m.a. gerð mjög merk athugun á því hvaða reynsla væri af lögunum og hvaða áhrif þau hefðu haft, sem var auðvitað mjög mikilvægt að vita vegna framhalds málsins.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fékk það verkefni að skoða áhrif laganna og niðurstaðan varð sú, sem er auðvitað

það athyglisverða, að nettókostnaður ríkissjóðs hefði sennilega verið enginn. Því þegar horft var til þess hversu atvinnuskapandi þessi nýju verkefni, sem hingað komu og hefðu ella ekki farið af stað, voru þá voru nettóáhrifin sem sé enginn kostnaður fyrir ríkissjóð.

Við endurskoðunina 2006 var ákveðið að hækka endurgreiðsluhlutfallið úr 12% upp í 14%. Það var talið nauðsynlegt til að hvetja enn frekar til verkefna af þessu tagi hér á landi. En eins og fram kemur í því frumvarpi sem við ræðum virðist sú hækkun ekki hafa laðað erlend verkefni hingað, því þeim fjölgaði ekkert og hefur ekkert fjölgað frá því að sú hækkun tók gildi um áramótin 2006/2007.

Hins vegar sýnir tafla í greinargerðinni að talsverðar endurgreiðslur voru á síðasta ári en þær skýrast fyrst og fremst af mikilli grósku í innlendri kvikmyndagerð og væntanlega er sú gróska að einhverju leyti líka afleiðing af því góða samstarfi sem hér hefur komist á milli innlendra og erlendra kvikmyndagerðarmanna í tengslum við önnur og fyrri verkefni sem hingað hafa komið.

Það sem lagt er til með því frumvarpi sem við ræðum hér er að hækka aftur endurgreiðsluhlutfallið og taka nú talsvert stærra skref, fara úr 14% upp í 20%. Aftur er tilgangurinn sá að jafna samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart sambærilegri starfsemi í öðrum ríkjum og laða enn frekari erlend verkefni hingað. Staðreyndin er nefnilega sú að við erum auðvitað ekkert ein um það í heiminum að hafa séð að með stuðningi af þessu tagi komi kvikmyndagerðarverkefni til landsins.

Eins og ítarlega er rakið í greinargerð með frumvarpinu er mikil samkeppni milli landa og meira að segja á milli fylkja í sumum löndum. Ástæðan er augljós og þeir sem á undan mér hafa talað hafa farið yfir það. Stór kvikmyndagerðarverkefni kalla á mikinn fjölda starfsmanna, bæði innlendra og svo þeirra sem koma á vegum erlendra framleiðenda, ef um erlenda framleiðendur er að ræða. Síðan eru það öll hliðaráhrifin sem af þessu skapast. Ferðamannaiðnaðurinn nýtur góðs af, því þegar kvikmyndir eru teknar hér á landi er auðvitað sýnd jákvæð og góð mynd af okkar fallega landi, sem getur orðið til þess að ferðamenn hafi meiri áhuga á að koma hingað en áður. Ferðamannaiðnaðurinn er iðnaður sem er mikill vaxtarbroddur hjá okkur og við eigum þar talsverð sóknarfæri og með verkefnum af þessu tagi er enn byggt undir hann.

Varðandi þessar endurgreiðslur og út af þessu frumvarpi núna var aftur gerð úttekt á áhrifunum á því tímabili sem endurgreiðslurnar hafa verið við lýði. Nú var það stofnun sem kölluð er Fjárfestingarstofa sem sá um úttektina og hún komst að sömu niðurstöðu og Hagfræðistofnun hafði komist að árið 2006 að þegar upp væri staðið væri endanlegur kostnaður ríkissjóðs enginn, vegna þess að skatttekjur ríkissjóðs vegna þeirra hliðaráhrifa sem af þessu væru væru meiri en endurgreiðslurnar sem lögin tiltaka.

Þannig að þetta er auðvitað mjög mikilvægt og raunar er ekki bara um skatttekjur að ræða heldur er líka alls konar gjöld og virðisaukaskattur sem kemur á aðföng og slíkt.

Þess vegna er svo mikilvægt að hækka þessa prósentu af því að samanburður milli landa á endurgreiðslum sýnir að núverandi endurgreiðsluprósenta okkar, 14%, er í lægri kantinum og jafnvel þó að við förum upp í 20% erum við ekki að yfirbjóða þau lönd sem best gera og það er auðvitað eitt af því sem við þurfum kannski að skoða.

Þótt við teljum að Ísland sé fallegasta land í heimi og hér sé allt stórkostlegast og frábærast og að engin náttúra slái íslenskri náttúru við þá er það nú engu að síður svo að önnur lönd í heiminum bjóða upp á svipaðar aðstæður og finnast hér á landi. Í fjölmörgum löndum í heiminum eru snjór og jöklar og víðlendi og víðátta án þess að augað sé truflað af mannvirkjum og sum þeirra landa sem bjóða upp á slík náttúrugæði eru með ívilnanakerfi eins og það sem við ræðum hér og jafnvel betri ívilnanakerfi. Þess vegna hljótum við í framhaldinu að þurfa jafnvel að skoða hvort taka þurfi enn eitt viðbótarskrefið á þessu sviði og miðað við þær úttektir sem gerðar hafa verið virðist slíkt ekki vera mjög hættulegt í ljósi þess að nettóáhrifin eru ekki kostnaður fyrir ríkissjóð heldur kemur ríkissjóður út á sléttu ef svo má að orði komast.

Forseti. Þetta mál hlýtur að teljast eitt af þeim atvinnuskapandi málum sem ríkisstjórnin, minnihlutastjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar, hefur lofað að beita sér fyrir. Auðvitað væri betra og æskilegra að fyrir þinginu væru heildstæðar aðgerðir þar sem atvinnuskapandi verkefni væru kynnt heildstætt en ekki í einhverjum pörtum og bútum. Það verður auðvitað tilefni til sérstakrar umræðu að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur lofað fyrirtækjum og heimilum í landinu láta svo sannarlega eftir sér bíða og er þó orðið stutt í kosningar.

En kannski má ekki vanþakka það litla sem ríkisstjórnin gerir þó á þessu sviði og þetta mál er eitt af því og þess vegna styðja sjálfstæðismenn það, því við höfum sagt að öll mál sem styrkja atvinnulífið og skjóta styrkari stoðum undir það séu studd af okkar flokki. En vissulega bíðum við enn eftir því að sjá með hvaða hætti ríkisstjórnin ætlar að skapa 18.000 störf fyrir þá sem nú eru atvinnulausir.

En þetta mál, virðulegi forseti, er þó jákvætt. Þetta er smáviðleitni þótt hún mætti vera meiri og þess vegna ber að fagna henni og þess vegna munum við greiða atkvæði með þessu máli og veita því framgang.

[23:14]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Þegar tími minn var á þrotum í fyrri ræðu átti ég nokkur atriði eftir sem ég vildi nefna í þessu samhengi. Það má segja að það sé dálítið merkilegt hvað EFTA, EES og Evrópusambandið og reyndar fleiri þjóðir leggja mikið upp úr þessum aðgerðum hvað þennan málaflokk og atvinnugrein varðar. Þau eru með um þetta viðamiklar reglur um hvað má og hvað má ekki. Að sumu leyti finnst mér það ansi rúmt ef mið er tekið af öðrum þáttum, en það merkilega er auðvitað hvað (Gripið fram í.) það er mikil samkeppni í þessu innan þess þó víða ramma sem þar er leyfður. Það er þó nokkur munur á ríkjum og jafnvel má segja að ríki utan EES-svæðisins eða utan EFTA og ESB séu með jafnvel enn þá meiri möguleika til að styrkja og ívilna en á EES-svæðinu og geri þar af leiðandi enn þá meira til að taka þátt í samkeppninni og draga til sín þessa starfsemi.

Ýmis lönd voru nefnd og sérstaklega vekur athygli að það er nefndur munur á fylkjum í Bandaríkjunum. Ég

heyrði í fréttum í dag þar sem fjallað var um skattaskjól og vilja forustumanna G20-hópsins, a.m.k. sumra þeirra, til að ganga mjög hart til verks þar að þar var talað um að jafnvel tiltekin fylki í Bandaríkjunum teldust vera skattaskjól. Það var m.a. vitnað í forsætisráðherra Lúxemborgar sem héldi þessu fram og hann hélt því fram vegna þess að uppi voru ásakanir um að Lúxemborg, Austurríki og Belgía, lönd sem sérstakar reglur giltu um hvað varðar vexti og vaxtaafdrátt vegna vaxtagreiðslna, væru í rauninni skattaskjól líka. Þá velti ég fyrir mér þeirri umræðu sem hér hefur verið um skattaskjól hvort þetta regluverk og þetta kerfi sem búið hefur verið til leiði til þess að ríkin sem lengst ganga í þessum efnum séu raunverulega einhvers konar skattaskjól fyrir þessa starfsemi.

Við erum, eins og kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni í dag, með tiltölulega lágt hlutfall sem má endurgreiða, meira að segja lægra en Noregur og eru Norðmenn ekkert sérstaklega áfjáðir í svona hluti, að ég hélt. Þegar farið er upp í endurgreiðsluhlutfall yfir 50% og jafnvel upp í 55% eins og í sumum fylkjum Bandaríkjanna velti ég því fyrir mér hvort þetta sé orðið sambærilegt. Þá velti ég líka fyrir mér hvað með þessa ríkisstjórn sem vill ganga mjög hart fram í sumum þessum hlutum, að hún skuli leggja þetta til þar sem við förum þá kannski í samkeppni um hluti sem eru sums staðar gerðir á svipuðum forsendum og skattaskjól.

Ég vil samt undirstrika að ég held að það sem við erum að gera sé langt frá því og miklu meira í anda þeirrar heilbrigðu samkeppni sem við höfum viljað hafa í skattamálum (Forseti hringir.) og ég tel að sé alla jafna öllum til góðs.

[23:20]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Kvikmyndir eru galdur þegar gætt er að. Það skiptir miklu máli að leggja rækt við þennan nýja þátt heimsmenningarinnar sem er vart nema um 100 ára gamall. Við eigum marga snillinga hérlendis í kvikmyndaiðninni og með því að létta gjöldum jafnt af framleiðslu stórkvikmynda sem smárra á Íslandi erum við að styrkja nýtingu og þekkingu þessa fólks, vilja og hugsjón og skapa því aukin tækifæri. Ég nefndi fyrr í ræðu minni í kvöld Pál Steingrímsson og Friðþjóf Helgason. Það má, með leyfi forseta, nefna Baltasar Kormák, Friðrik Þór Friðriksson, Hilmar Oddsson, Ara Kristinsson, Guðnýju Halldórsdóttur, Kristínu Jóhannesdóttur, Hrafn Gunnlaugsson, Dag Kára, Óskar Jónasson, Ragnar Bragason, Ágúst Guðmundsson, Þráin Bertelsson, Ólaf Jóhannesson, Ásdísi Thoroddsen og Silju Hauksdóttur. Þetta eru allt snillingar sem við þurfum að hlúa að og huga að og skapa meiri möguleika til framtíðar til að nýta þekkingu þeirra og hugmyndaflug.

Við eigum margt ógert í kvikmyndum á Íslandi. Náttúran er perlufestin okkar sem við erum kannski hvað stoltust af. Það var ekki hugsað um náttúruna nema að takmörkuðu leyti á tímum ritunar Snorra-Eddu, Njáls sögu, Skáld-Helga sögu og fleiri snilldarbókmennta sögunnar.

Við horfum svolítið á náttúruna eins og Grænlendingar horfa á veðrið, þeir spá aldrei í veðrið vegna þess að það kemur hvort eð er. Þannig hefur okkar íslenska náttúra verið, hún er þarna hvort sem er.

En nú horfa menn til hennar öðrum augum, til nýtingar inn í nýja tækni og nýja möguleika kvikmyndagerðarinnar. Og það er margt óunnið í þessum efnum, sögulega, náttúrulega, og tækifærin eru við hvert fótmál. Hugsum okkur til að mynda Skagafjörðinn með kvöldsettu sólsetri þar sem í Drangey blundar fugl við brún og blóðrauð sólin tinar. Kvikmynd um þetta dýrlega svæði gæti byrjað með þessu erindi, virðulegi forseti:

> — Bababamm bababamm bababamm bamm bamm. —
> Það var kátt hérna um laugardagskvöldið á Gili,
> það kvað við öll sveitin af dansi og spili,
> það var hó! það var hopp! það var hæ!
> Hann Hofs-Láki, æringi austan af landi
> úti í túnfæti dragspilið þandi,
> hæ, dúddelí, dúddelí, dúddelí, dæ!

Það yrði ekki leiðinleg kvikmynd sem hæfist á þessu erindi. Þannig liggja möguleikarnir í ótal áttir. Það er okkar hlutverk að horfa til nýrra möguleika á nýjum tímum, ekki síst erfiðum tímum. Nýja í Suðurgarði sem ól mig upp sagði gjarnan: Berðu þig þeim mun betur sem verr gengur. Og þannig munum við standa af okkur brælurnar, gera gott úr þeim, sigla inn í framtíðina vegna þess að léttleikinn er lífsspursmál tilverunnar, lykillinn að tilverunni, léttleikinn sem er sá möguleiki sem kvikmyndin á svo gott með að fanga og spila úr, virðulegi forseti. Við skulum líta þetta jákvæðum og skemmtilegum augum og gæta þess að hita upp og tryggja möguleikana sem eru fyrir hendi.

[23:25]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Ég fór yfir það í fyrri ræðu minni hversu miklu það skiptir fyrir ferðaþjónustuna á Íslandi, fyrir auknar gjaldeyristekjur, atvinnusköpun að frumvarp sem þetta sé lagt fram og gata þess greidd á Alþingi. Mig langar í síðari ræðu minni að fara örlítið út í það hversu skammt og stutt er síðan Íslendingar hófu sjálfir kvikmyndaframleiðslu og þess vegna langar mig í þessari stuttu ræðu að drepa rétt aðeins á það efni.

Það eru örfáir áratugir síðan Íslendingar fóru að staðaldri að framleiða kvikmyndir í fullri lengd og auðvitað þurftu menn í því efni að leita til útlanda, sóttu alla sína menntun út fyrir landsteinana og það skipti miklu máli að ná sambandi við erlenda framleiðendur til að létta undir hér heima þegar stóru myndirnar okkar voru gerðar.

Við munum öll hversu stór sú stund var í sögu íslensks kvikmyndaiðnaðar þegar mynd Friðriks Þór Friðrikssonar, *Börn náttúrunnar,* var tilnefnd til Óskarsverðlauna og við Íslendingar vorum öll stolt þegar við sáum Friðrik Þór á rauða dreglinum í Hollywood og okkur þótti ótrúlegt að á þessum stutta tíma hefði þessum mikla árangri verið náð.

Sú mynd ruddi brautina. Það er alveg ábyggilegt að framlag hans og þeirra manna sem hvað stærstu myndir hafa gert hafa skipt miklu máli í því að kynna Ísland sem stað til að taka kvikmyndir. Um leið og við þökkum fyrir það og fögnum því að þessi ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórnir — þetta mál kom fyrst fram árið 1999 í ríkisstjórnarsamstarfi sjálfstæðismanna og framsóknarmanna — það er náttúrlega vegna frumkvæðis og frumkvöðlahugsunarháttar

þeirra manna sem lifa í kvikmyndaheiminum að þetta mál er orðið til. Öðruvísi hefði það aldrei orðið til. Þess vegna finnst mér gott og mikilvægt fyrir okkur að átta okkur á þessu, á samhengi þess að hefja göngu kvikmyndagerðar á Íslandi, samhengi þess að þessir menn kölluðu síðan útlendinga til Íslands, kynntu þá fyrir Íslandi. Við skulum ekki gleyma því að *Börn náttúrunnar* er líka öðrum þræði mynd af íslenskri náttúru, íslenskum bæjum, meira að segja íslenskum þjóðvegum og stöðum á Íslandi sem Íslendingum þykir ekki endilega þeir mest spennandi en í því undri sem verður til kvikmyndinni kviknar eitthvert annað líf.

Þess vegna held ég að með þessu frumvarpi séum við á margan hátt að færa til Íslands þekkingu utan frá til að hjálpa íslenska kvikmyndaiðnaðinum núna þegar við óttumst það ábyggilega mörg að það þrengist verulega um gerð íslenskra mynda. Við vonum að svo sé ekki en auðvitað erum við hrædd um það, auðvitað vitum við að það er erfiðara að fá peninga núna og við þurfum á öllum okkar peningum að halda. Við þurfum að sækja peninga til útlanda, þar þurfum við að keppa við mörg önnur verkefni. Við erum ekki ein í þessum vandræðum, það kreppir að um allan heim, það kreppir líka að hjá erlendum kvikmyndaleikstjórum sem þurfa að sækja í sama brunn, í sömu sjóði, sama fólkið.

Þetta mál og sú hugsun sem í þessu býr, að leiða saman kvikmyndalistina og atvinnugreinar sem tengjast allri þjónustu hingað til Íslands, eflir gjaldeyristekjur þjóðarinnar, atvinnusköpun o.s.frv.

Við vitum hversu mikil áhrif þetta mun hafa á íslenska ferðaþjónustu, veitingastaði, gististaði. Við Íslendingar höfum áhyggjur af því að það hafi dregist verulega saman á innlendum markaði hvað þetta varðar, jafnvel þótt við áttum okkur á því að við þær þrengingar sem við okkur blasa er Ísland orðið ákjósanlegur ferðamannastaður af því að landið er orðið ódýrara. Þá skapast líka tækifæri til að bjóða þessu fólki, bjóða þeim sem hafa áhuga á að taka myndir í hrjóstrugu landslagi þar sem spennandi hlutir eru að gerast að koma hingað með listgrein sína.

Þess vegna, enn og aftur, held ég að svona mál skipti svo miklu máli þegar til lengri tíma er litið.

[23:31]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegur forseti. Við ræðum hér um frumvarp til laga um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum. Megininntak frumvarpsins er að hækka endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar á Íslandi úr 14% í 20%. Ekki þarf að fjölyrða um það að þetta getur orðið mikil lyftistöng fyrir þennan iðnað á Íslandi og laðar vonandi til landsins enn fleiri erlenda aðila sem munu hafa áhuga á að kvikmynda hér og færa á filmu til að sýna úti um allan heim, hvort sem eru heimildarmyndir eða aðrar gerðir kvikmynda.

Í frumvarpinu er reynt að jafna samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart sambærilegri starfsemi í öðrum ríkjum, ekki síst öðrum Evrópuríkjum. Það sem mér finnst aðeins skjóta skökku við í þessu — af því að kvikmyndagerð er stór og mikill iðnaður og það að gera alvöru-kvikmyndir þarfnast mikils undirbúnings, langs undirbúnings, frá því að ákveðið er að fara af stað í handritagerð og alla þá undirbúningsvinnu sem þarf þar til að út kemur endanleg vara sem sýnd er í kvikmyndahúsum eða sjónvarpi um allan heim — er sá tímarammi sem settur er. Ég hefði helst viljað sjá að hér væru stigin skref af fullri alvöru til að láta þetta lagafrumvarp virka sem lyftistöng fyrir þennan iðnað og til að laða erlenda aðila að slíkri starfsemi hér á landi. En þessi tímamörk gilda til 31. desember 2011. Ég hræðist að lagabreytingin nái ekki tilgangi sínum út af þessum tímamörkum.

Nú eru níu mánuðir eftir af árinu 2009, virðulegi forseti. Ég fullyrði að einhverjir aðilar úti í heimi, sem munu geta hugsað sér að líta til Íslands í þessu sambandi, við handritagerð og undirbúning fyrir kvikmyndagerð, munu hverfa frá því verkefni og þeim áætlunum út af þeim tímaramma. Ég skil ekki af hverju hann er, hann er íþyngjandi og er ekki í samræmi við markmiðið. Ég legg til, virðulegi forseti, að þetta verði skoðað.

Íslensk náttúra er ótrúleg og eitt helsta aðdráttarafl lands gagnvart þessum iðnaði. Við eigum mikið af íslenskri ósnortinni náttúru, miklu meira en margar þær þjóðir sem við keppum við í þessu sambandi, þ.e. að laða að erlendan kvikmyndaiðnað. Við höfum í raun stigið stærri skref en margar aðrar þjóðir í því að vernda íslenska náttúru. Fyrir stuttu stofnuðum við stærsta þjóðgarð í Evrópu, Vatnajökulsþjóðgarð. Við ætlum að setja í það heilmikla fjármuni að gera þann þjóðgarð að veruleika og hafa þar myndarlega starfsemi. Hann þekur um 12% af flatarmáli landsins. Fyrir eru aðrir þjóðgarðar og verndarsvæði sem þekja um 8% af landinu. Við erum búin að taka frá u.þ.b. 20% af landinu, það er stærra svæði og stærra hlutfall en nokkur þjóð hefur gert, fullyrði ég. Það er alveg ljóst í mínum huga að ef við spilum vel úr þessu og tökum það til skoðunar að hafa ekki þessi tímamörk í lögunum munu þessi svæði vera þungavigt í framtíðinni þegar kemur að því að velja Ísland sem stað fyrir kvikmyndatöku. En tilbúin íslensk náttúra er ekki síður spennandi fyrir þennan vettvang, þ.e. þær náttúruperlur sem hafa orðið til vegna aðgerða okkar mannanna, vegna virkjanaframkvæmda og nýtingar náttúruauðlinda. Er þar helst að minnast á Bláa lónið sem er orðið sá staður sem mestur fjöldi ferðamanna sem til Íslands kemur sækir, og hefur slegið við hinum gullna hring, Gullfossi og Geysi. Það hefur verið og verður örugglega vettvangur kvikmyndagerðar í framtíðinni. Öll stöðuvötnin, allt frá Elliðavatni, Mývatni og Þingvallavatni, allar þessar tilbúnu náttúruminjar munu nýtast í þessum tilgangi líka.

Sérstök tilfinning fylgir því að fara í kvikmyndahús og horfa á íslenska kvikmynd sem unnin er og kvikmynduð á Íslandi. — Virðulegi forseti, já, það getur verið kómískt líka, ég átta mig á því. Ég reikna með að virðulegum forseta detti í hug einhver kvikmynd sem ég man ekki eftir og einhver skemmtileg atriði í henni sem vekja hlátur forseta. Það er partur af því líka að gleðjast þegar maður fer í kvikmyndahús, vissulega er það hárrétt. Tek ég undir það með virðulegum forseta að stundum hlær maður í bíó og aldrei er gert nóg af því í sjálfu sér.

Að sjá myndir eins og James Bond myndina sem var unnin hérna og ræða svo um hana við útlendinga, horfa á mynd eins og, svo ég sletti aðeins, *Flags of Our Fathers*,

sem var unnin á Suðurnesjum af Clint Eastwood — það er ákveðið stolt og ákveðin upplifun að sjá það umhverfi á þeim vettvangi. Að sitja síðan heima í stofu með fjölskyldunni og geta bent börnum og barnabörnum á hina og þessa þætti, ég tala nú ekki um ef maður hefur orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að vera beinn eða óbeinn þátttakandi í því með einhverjum hætti, er mikil upplifun.

Ég fagna því skrefi sem stigið er með frumvarpinu. Ég fagna því að vinstri flokkarnir í ríkisstjórn skuli vera samstiga okkur sjálfstæðismönnum í að sjá þetta sem möguleika í framtíðinni og sjá að liðka þarf fyrir þessari starfsemi með ýmsum möguleikum, laða að ameríska kvikmyndagerð, laða hingað Hollywood-stjörnur. Reyndar er ákveðin mótsögn í því þegar ég hugsa um vinstri græna annars vegar og ameríska Hollywood-kvikmyndagerð hins vegar, mér finnst það svolítið kómískt en vissulega er það ánægjulegt. Svo læra menn auðvitað.

Ég hef, virðulegi forseti, ákveðna reynslu af því að taka þátt í þessu. Mikil atvinnusköpun og mikil verðmæti eru fólgin í þessu. Íslenskur kvikmyndaiðnaður fær að vonum ríkulegan ávöxt af þessari starfsemi, íslenskt kvikmyndagerðarfólk fær tækifæri til að starfa við hlið heimsþekktra framleiðenda og afla sér reynslu og þekkingar, sem er ómetanlegt, auk þeirra beinu tekna sem þessu fylgja. Það eru síðan alls konar aðilar í samfélaginu sem njóta þess líka að hafa af því tekjur og fá við þetta vinnu. Þegar ég var í forustu við björgunarsamtök landsins kom ég oft að þessu með beinum og óbeinum hætti á þeim vettvangi. Vinsælt svæði í kvikmyndagerð hefur verið svæðið í Öræfasveit og þar um slóðir og oft og tíðum hefur þetta verið drjúg fjáröflunarstarfsemi fyrir t.d. björgunarsveitir á upptökusvæðum til að sinna öryggisgæslu og öðrum mikilvægum þáttum í kringum starfsemina sem ekki væri hægt að flytja inn en við búum svo vel að eiga þetta fólk, þessa þjálfun og þennan búnað til að geta lagt umræddum verkefnum lið. Til dæmis léku björgunarsveitirnar lykilhlutverk við framleiðslu stórmyndarinnar *Flags of Our Fathers*, sem framleidd var af Clint Eastwood á Suðurnesjunum. Ég hafði mjög gaman af því að fara suður eftir og hitta þetta fræga fólk, m.a. kvikmyndaleikstjórann sjálfan. Þarna sinntu sveitirnar miklum öryggisþáttum, stóðu sólarhringsvaktir og voru með báta og búnað til taks ef eitthvað bæri út af í öllum sjóatriðum og þær höfðu af þessu umtalsverðar tekjur. Þetta var mikil lyftistöng fyrir þá starfsemi. Þannig getur þetta haft alls konar hliðarverkanir sem eru jákvæðar fyrir okkur líka.

Ekki er hægt að tala um þetta án þess að nefna þá mikilvægu landkynningu sem í þessu felst. Það var dálítið gert úr því að við ætluðum fyrir þetta ár, ef ég man rétt, virðulegi forseti, að setja u.þ.b. 100 millj. kr. í aukaframlag til ferðaþjónustunnar til að mæta þeim samdrætti sem hefur orðið. Hundrað milljónir eru ekki upp í nös á ketti í markaðssetningu erlendis, það dugar kannski í sæmilega auglýsingaherferð í Skandinavíu, ef það dugar þá til þess. En við getum rétt ímyndað okkur hvað það þýðir fyrir fræga kvikmynd sem fer um heiminn, byrjar í kvikmyndahúsi af því að þannig er ferlið, stórmyndir byrja allar í kvikmyndahúsum, síðan fara þær í sjónvarpsstöðvar sem eru greiddar og áskriftarstöðvar, síðan fer þetta yfir í opið sjónvarp og svo vídeó þar sem fólk getur leigt sér myndirnar. Það eru milljónir, tugir milljóna og jafnvel hundruð milljóna sem sjá svona myndir. Við getum ímyndað okkur landkynninguna sem felst í því. Það er kannski þess vegna, þegar taflan er skoðuð yfir þessi framlög, sem við sjáum hvað aukningin á þessum verkefnum frá árunum 2003–2004 er í raun mikil. Það er kannski þess vegna sem við horfum upp á að ferðamannastraumur til landsins hefur aldrei vaxið eins mikið og frá árinu 2004 til dagsins í dag, aldrei vaxið eins mikið, og það þrátt fyrir hvalveiðar á sama tíma.

[23:46]

Dögg Pálsdóttir (S):

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Mig langar til að taka upp þráðinn frá því sem hv. þm. Jón Gunnarsson nefndi áðan og taka undir áhyggjur hans af þeim tímaramma sem skapast af því að við síðustu breytingar 2006 var ákveðið að þessum tímabundna stuðningi skyldi haldið áfram í fimm ár í viðbót.

Ég tek undir það sem hv. þingmaður sagði að það hlýtur að verða verkefni iðnaðarráðherra mjög fljótlega að láta kanna hvort ekki sé ástæða til að framlengja lögin enn frekar. Ekki síst í ljósi þess stóra skrefs sem hér er verið að taka varðandi hækkun á endurgreiðsluhlutfallinu. Það kemur nefnilega fram í öllum gögnum málsins að það litla skref sem tekið var 2006 úr 12% upp í 14% skilaði ekki því sem vænst var, að minnsta kosti ekki hvað það varðaði að laða hingað frekar erlenda kvikmyndagerðarmenn.

Menn hafa verið að ræða ýmislegt í tengslum við kvikmyndir og það er auðvitað svo merkilegt til þess að hugsa hversu gífurleg þróun hefur orðið í íslenskum kvikmyndum, sérstaklega fyrir okkur sem komin erum á miðjan aldur og höfum upplifað hana. Mér er það mjög minnisstætt þegar íslenskar kvikmyndir komu fyrst fram þegar ég var yngri, það voru auðvitað ekki fyrstu kvikmyndirnar sem hér voru gerðar, þær komu miklu fyrr. En þessar fyrstu myndir af því sem kallað er venjulegri kvikmyndalengd og voru auðvitað börn síns tíma. Hljóðið var eins og það var og það var alltaf eitthvað tæknilegt að en alltaf fórum við samt á hverja einustu íslensku mynd sem var frumsýnd. Síðan hefur margt gerst og mikið breyst og þessi iðnaður er orðinn alvöruiðnaður og er samkeppnisfær við það besta sem gerist í útlöndum. Það er meira að segja orðið þannig núna að það er ekkert sjálfgefið að fara að sjá allar íslenskar kvikmyndir frekar en það er sjálfgefið að fara á allar erlendar kvikmyndir sem hér eru sýndar.

Eins og hér kom til tals áðan þá er eðli kvikmyndanna þannig að í bíói hlæjum við mjög oft og grátum jafnvel líka. Það frábæra við kvikmyndir er líka það að þær sýna okkur að við eigum listafólk á heimsmælikvarða. Við eigum leikara sem eru ekki síður góðir og jafnvel enn þá betri en margir þeir færustu erlendis. Þetta sýna kvikmyndirnar okkur.

Á þá endurgreiðsluleið sem farin var með lögunum 1999 er komin tíu ára reynsla og það er svo merkilegt að geta horft núna til baka og metið hver árangurinn var af þeim aðgerðum sem þarna var gripið til. Árangurinn er nákvæmlega sá að þessi iðnaður, kvikmyndaiðnaðurinn, er

orðinn atvinnugrein sem veltir milljörðum króna. Atvinnugrein sem er með margfeldisáhrif af því að það er talið að hver króna sem lögð er í þennan iðnað skili tveimur krónum og fimmtíu aurum í margfeldisáhrif því þessu fylgir alls konar þjónusta og margvísleg störf. Það þarf að sinna þeim hópum sem hingað koma. En það sem er það besta af þessu öllu saman er að hingað hafa komið verkefni á landsvæði þar sem kannski ekki hefði verið svo margt um að vera ella. Enn ein hliðaráhrifin er ferðaþjónustan og þau áhrif sem þar hafa komið fram.

Ég held að þetta sé dæmi um stuðning við atvinnustarfsemi sem heppnast vel. Ég held að það sé mikilvægt á þeim tímum sem við lifum þegar atvinnuleysi er í þeim stigum sem raun ber vitni, að ríkisstjórnin ætti að vinda sér í það að kanna hvort það væru kannski einhverjar svipaðar atvinnugreinar sem hægt væri að koma á stuðningi við sem mundi með jafngóðum hætti efla og styðja viðkomandi atvinnugrein. (Forseti hringir.) En síðast en ekki síst yrði það að vera með gegnsæjum og öruggum hætti.

[23:51]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Því miður náði ég ekki að koma inn á alla þætti málsins í fyrri ræðu minni í umræðunni um þetta mál. Ekki síst vegna þess að þeim stjórnarliðum sem þá voru í salnum, hæstv. fjármálaráðherra og hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, formanni þingflokks Samfylkingarinnar, leið eitthvað hálfilla undir lestri mínum og voru með sífelld frammíköll. Þeir eru nú horfnir af vettvangi og ætla ekki að hlýða á þessa umræðu frekar hvað þá að taka þátt í henni. Ég fæ því tækifæri til að ræða það atriði sem út af stóð, nú í seinni ræðu minni.

Það varðar skattalega samkeppni á milli landa. Árið 1998 hélt Evrópusambandið ríkjaráðstefnu (Gripið fram í.) í Nice í Frakklandi, um skattalega samkeppni. Niðurstaða þeirrar ríkjaráðstefnu varð sú að Evrópusambandið sendi út tilmæli til aðildarríkja sinna um að stunda ekki slíka samkeppni heldur voru lögð drög að því að skattareglur í öllum löndum álfunnar yrðu hin sömu.

Ástæðan fyrir þessum tilmælum Evrópusambandsins til aðildarríkjanna voru skattareglur sem Írar höfðu sett. En Írar felldu inn í löggjöf sína ákvæði um lægri tekjuskatt til fyrirtækja en þá þekktust í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Sú reglusetning fór ákaflega mikið fyrir brjóstið á skriffinnunum í Brussel sem vildu steypa allt í sama horf og standa enn þá við þá skoðun sína. Samfylkingin hefur verið þeirrar skoðunar að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið og hefur þar með tekið undir sjónarmið Evrópusambandsins um að það eigi ekki að ríkja skattaleg samkeppni á milli ríkja.

Ég er mótfallinn því. Ég tel að það sé heilbrigt og eðlilegt að ríki stundi skattalega samkeppni sín á milli, séu í samkeppni um að búa fólki og fyrirtækjum sem hagfelldust lífs- og rekstrarskilyrði. Það mál sem við ræðum hér, sem varðar tímabundnar endurgreiðslur til kvikmyndagerðar á Íslandi, er dæmi um að við Íslendingar viljum taka þátt í skattalegri samkeppni á milli ríkja. Þetta mál er viðleitni í þá átt að reyna að búa kvikmyndafyrirtækjum og kvikmyndaframleiðendum hagstæðari framleiðslu og rekstrarskilyrði en önnur lönd og áhrifin eiga að vera þau að draga hingað og laða að erlend kvikmyndafyrirtæki til atvinnuuppbyggingar.

Það er af þeirri ástæðu sem ég styð þetta mál. Ég tel að við Íslendingar ættum jafnvel að ganga lengra í viðleitni okkar til þess að laða að slík verkefni. Ég velti því fyrir mér hvort ríkisstjórnin ætti ekki að taka þetta mál upp og hugleiða hvort endurgreiðslan ætti að vera enn hærri en þetta frumvarp kveður á um.

Það er nefnilega þannig að jafnvel þó svo að við færum endurgreiðsluhlutfallið upp í 20% þá liggur fyrir að Írar greiða 28% til baka til kvikmyndaframleiðendanna. Ég hef upplýsingar um það frá fyrstu hendi, herra forseti, að við Íslendingar séum að missa stór kvikmyndaverkefni úr landi og til Írlands. (**Gripið fram í:** Þá þarf að bregðast við því.) Ef það er svo þarf að bregðast við því enda væri slík þróun skref aftur á bak fyrir íslenskan kvikmyndaiðnað.

Ég vildi í seinni ræðu minni koma þessum ábendingum á framfæri til ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) og hæstv. forseta svo ríkisstjórnin geti brugðist við (Forseti hringir.) ef þær fréttir sem ég hef fært fram eru réttar.

[23:57]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns, að það algerlega nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnina að bregðast við því ef verkefni eru að fara úr landi vegna þess að Írar gera betur í endurgreiðslum. Það væri áhugavert að fá svör hæstv. fjármálaráðherra sem er hér einhvers staðar í hliðarsölum og hann mundi kannski svara því hvernig ríkisstjórnin ætlar sér að bregðast við þessu atriði nákvæmlega. Því að við megum nú satt að segja ekki á þessum tímum við því að missa eitt einasta starf úr landi vegna þess að ríkisstjórnin bregst ekki nógu hratt við. Það er nauðsynlegt að minna á að hún ætti að taka til sinna ráða í þessu efni.

Hæstv. forseti. Það að ég kem hér aftur í ræðu er vegna þess að mér láðist að geta þess að ég hef undir höndum skýrslu frá 2007 þar sem er bent á að það er hægt að skapa 3.000 ný störf fyrir árið 2012 í myndmiðlaiðnaðinum á Íslandi. Ég held að það sé virkilega athugunarefni að skoða þessa skýrslu mjög vel og fara ofan í það hvernig þessi nýju störf gætu orðið.

Höfundur skýrslunnar er Böðvar Bjarki Pétursson, framkvæmdastjóri og eigandi Kvikmyndaskóla Íslands. Í henni er greining á myndmiðlaiðnaðnum sem má í grófum dráttum skipta upp í sex svið: Það er þannig að hjá sjónvarpsstöðvum RÚV, 365, Skjá einum og Omega eru um 800 ársverk. Síðan eru framleiðslufyrirtæki eins og Latibær og CCP og fleiri sem eru með 300 ársverk. Þá eru framleiðslufyrirtækin Sagafilm, Pegasus, Basecamp og fleiri með 200 ársverk. Framleiðslufyrirtæki sem eru með megináherslu á gerð leikinna bíómynda eru með 150 ársverk og framleiðslufyrirtæki með megináherslu á smærri verkefni, heimildarmyndir og kynningarmyndir og svoleiðis nokkuð eru með 100 ársverk. Í sjötta lagi eru þjónustufyrirtæki sem sinna sérhæfðum þáttum í iðnaðinum með 70 ársverk. Samtals eru þetta 1.620 ársverk. Það er sem sagt möguleiki á að fjölga þessum störfum um 3.000 sem finna má í þessum sex þáttum myndmiðlaiðnaðarins sem ég held að sé full ástæða

til að líta til á þessum tímum.

Einnig eru miklir möguleikar í því að flytja störf út á land, eins og hér hefur reyndar komið töluvert fram í umræðunni í dag. Ég hlýt að leggja áherslu á að menn nýti menningarlandslag okkar og menningarumhverfi til þess að byggja frekar ofan á þessa atvinnugrein.

Hæstv. forseti. Það er nú búið að fara mjög vel yfir þetta mál í dag en það eru hins vegar töluverð vonbrigði að ráðherrar skuli ekki vera hér til að hlýða á þessi mál. Sem betur fer er hér kominn formaður iðnaðarnefndar sem ég veit að hefur fylgst af áhuga með umræðunum í dag en hefði gjarnan mátt bregðast við þeim spurningum sem hefur verið beint til formannsins. En hún gerir það kannski í ræðu í lok umræðunnar og væri full ástæða til þess að hún svaraði einhverju af þessum spurningum. Ég hlýt (Forseti hringir.) að reikna með því að fá (Forseti hringir.) einhver svör frá formanninum vegna þeirra spurninga sem hér hafa (Forseti hringir.) komið fram í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[00:02]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp í stólinn til að benda hæstv. forseta á að nú er komið fram yfir miðnætti og við höfum lokið máli nr. 2 á dagskrá, sem eru endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, sem er 407. mál. Því hafa verið gerð nokkuð góð skil en ég held að nú sé akkúrat ástæða til, af því að þetta hefur verið vinnusamur dagur hjá okkur, að gera skil í dagskránni og taka til við að ræða næstu dagskrármál á fundi á nýjum degi. Ég bendi hæstv. forseta á að í fyrramálið eru nefndafundir sem þingmenn þurfa að vera viðstaddir (Forseti hringir.) auk þess að undirbúa sig undir aðrar umræður á morgun. (Forseti hringir.) Ég beini því til forseta hvort hann muni ekki fara að ljúka fundi núna.

[00:04]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Úr því að forseti svaraði ekki spurningu hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur hlýt ég að endurtaka spurninguna og spyrja hæstv. forseta hvernig hann sjái framhald þessa fundar fyrir sér, hvort hann ætli að halda fundahöldum áfram mikið lengur eða ljúka þingstörfum í dag. Klukkan er orðin meira en tólf, það er komið fram yfir miðnætti. Ég segi bara fyrir mína parta að ég þyrfti að fá upplýsingar um það frá hæstv. forseta hvernig hann sér að þingstörfum verði hér fram haldið svo ég geti gert ráðstafanir. Af persónulegum ástæðum þarf ég nauðsynlega að fá að vita (Gripið fram í.) hvernig forseti sæll sér fram á framhald þessa fundar.

[00:05]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti getur upplýst að hann hefur hugsað sér að halda fundi áfram eitthvað um sinn og taka fyrir þau mál sem liggja fyrir. Það er greinilega mikil þörf á að ræða þau mál og sjálfsagt að gefa hv. þingmönnum tækifæri til þess. Það líður að lokum þings og rétt að nýta tímann sem allra best, ef það svarar fyrirspurnunum.

[00:05]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Í sjálfu sér er ágætt að heyra forseti svara því að halda eigi áfram enn um sinn og halda áfram með dagskrána, en það vill nú svo til að 19 mál eru á dagskrá þessa fundar.

Á morgun er opinn fundur í viðskiptanefnd klukkan hálftíu. Þingmenn sem þar eru þurfa að undirbúa sig. Aðrir fundir eru líka á morgun og við eigum alveg eins von á því að stórt mál verði til umræðu hér á þingi á morgun sem þingmenn þurfa einnig að undirbúa sig undir. Það dugar því ekki sem svar, ég tala nú ekki um fyrir fjölskyldufólk sem þarf að gæta að börnum á nóttunni, að hér eigi að halda áfram enn um sinn þegar 19 mál eru órædd á dagskránni. Það væri mjög mikil bót og bragur af hálfu forseta, herra forseti, ef hann gæti gefið einhver nánari fyrirheit um það hversu langan tíma er verið að tala um. Er verið að tala um klukkutíma, tvo klukkutíma eða hefur hæstv. forseti hugsað sér að halda áfram hér alveg undir morgun?

[00:07]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég botna ekkert í þessari umræðu vegna þess að þegar þingfundur hófst í dag óskaði hæstv. forseti samkvæmt þingsköpum eftir því að hér yrði haldið áfram þar til dagskrá yrði tæmd. Við því var engum mótmælum hreyft, engum, í þessum sal þannig að öllum mátti vera ljóst að ætlunin var að ljúka því 21 máli sem hér er á dagskrá.

Það er ekki sök okkar þingmanna, sem höfum áhuga á því að þingstörf gangi greiðlega fyrir sig og menn klári hér þjóðþrifamál sem eru á dagskrá, eins og umræður um barnaverndarlög, fjármálafyrirtæki, stjórn fiskveiða, niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar og fleiri góð mál, þótt þingmenn Sjálfstæðisflokksins ákveði að standa hér í pontu og þylja upp íslenska leikstjóra aftur í tímann og lesa aðra hluti upp í pontu sem hafa ekkert með málið að gera, ekki neitt.

Ég krefst þess, virðulegi forseti, að við höldum áfram með dagskrána þannig að við sem höfum beðið hér í allt kvöld eftir að fá að ræða mikilvæg mál förum líka að fá að komast heim. Hættið þið svo þessu helvítis væli, (Forseti hringir.) afsakaðu orðbragðið, virðulegi forseti.

[00:08]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Ég bið hv. þingmenn að gæta orða sinna. (Gripið fram í.)

[00:08]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það orðbragð sem hér er viðhaft sæmir ekki þinginu. Ég vil benda forseta á að það er vítavert, a.m.k. í minni orðabók. Ég ætla að biðja hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur að hafa sig hæga og halda ró sinni. Mér finnst

furðulegt að hún lýsi því hér yfir að hún botni ekkert í þessari umræðu. Hv. þingmaður hefur gefið sig út fyrir að vera fjölskyldukona og vilja hag fjölskyldunnar mikinn. Ég er líka fjölskyldumaður og þarf að fá upplýsingar um það frá forseta hvort ég þarf að gera frekari ráðstafanir varðandi heimilishald mitt inn í nóttina. Þegar forseti upplýsir um að fundi verði haldið áfram eitthvað um sinn nægja þær upplýsingar mér ekki.

Forseti skildi reyndar eftir fleiri spurningar en fyrir voru þegar hann svaraði fyrirspurn minn. Hann sagði að senn liði að þinglokum (Forseti hringir.) eða lokum þingfunda. Getur hæstv. forseti upplýst mig um það hvenær þingfundum verður lokið hér á hinu háa Alþingi?

[00:10]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég furða mig á ummælum hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur. Ég hef ekki langa þingreynslu en aldrei hef ég orðið vitni að þessu og ekki heldur áður en ég kom hingað. Þessi hv. þingmaður kennir sig við umræðupólitík ef ég man rétt. Hún taldi upp einhver mikilvæg mál sem eru til umræðu, en það er líka hægt að benda hér á mikilvægt málefnaval Samfylkingar og Vinstri grænna, eins og um visthönnun vöru sem notar orku og lífsýnasöfn og listamannalaun og fleira sem er á þessum lista og er greinilega mikilvægara en hagur heimilanna og atvinnulífsins.

Ekki er nú mikill áhugi stjórnarþingmanna á þessari umræðu hér. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir er, að undanskildum hæstv. forseta, eini þingmaður stjórnarflokkanna sem situr í salnum. (**Gripið fram í:** Neyðist til að vera hérna.) Neyðist til að vera hérna og er farin að ausa úr skálum reiði sinnar með svívirðingum yfir þá þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem taka þátt í umræðum. (Gripið fram í.) Það er alveg með ólíkindum að láta sér detta þetta í hug.

[00:11]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég verð nú að segja að ummæli hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur styðja ágætlega við það sjónarmið okkar sjálfstæðismanna, sem hér hefur komið fram, að þessum fundi skuli ljúka hið fyrsta vegna þess að ég þekki ekki hv. þingmann að því að viðhafa slíkt orðbragð og tel að þetta hljóti að vera vegna þess að þingmaðurinn er orðinn þreyttur. Þess vegna legg ég til að forseti íhugi vel og vandlega hvort ekki sé kominn tími til að slíta fundi eða a.m.k. láta okkur vita — ég tek undir það með öðru fjölskyldufólki sem hér er, að það er ágætt að vita hvenær við komumst heim til barna okkar sem sum hver þurfa næringu um miðjar nætur.

[00:12]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég hlýt að vekja athygli forseta á því að búið er að leggja fyrir hann spurningar um það hvenær eigi að ljúka hér fundum. Á það hefur verið bent að þingmenn hafa fjölskylduskyldum að gegna og þurfa að fara heim og sinna börnum sínum. Þó svo að ég sjálf sé ekki í þeirri stöðu held ég að það sé sjálfsögð kurteisi hjá forseta að svara fjölskyldufólkinu hér einhverju um það hvenær hv. þingmenn megi búast við því að komast heim til barna sinna.

Í öðru lagi hefur verið bent á það að á morgun er opinn fundur viðskiptanefndar þar sem er gert ráð fyrir efnismiklum umræðum sem þingmenn þurfa að undirbúa sig undir auk þess sem (Forseti hringir.) fleiri nefndarfundir eru á dagskrá morgundagsins (Forseti hringir.) þannig að mjög vel væri við hæfi að forseti (Forseti hringir.) svaraði þessum spurningum.

[00:13]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill vekja athygli hv. þingmanns á því að hann bauð að hér yrði lokið 3. umr. málunum og farið heim að þeim loknum. Það var gert fyrir tveimur tímum síðan. Þar eru þá eftir mál nr. 3, 4, 5, 7 og 9 og þetta eru allt saman mál sem eru til 3. umr. og hafa hlotið umfangsmikla umfjöllun í 2. umr. Það var eðlilegt markmið að ljúka þessum málum áður en við lykjum fundi, ef það svarar spurningunni, en ég ræð ekki hversu mikinn tíma menn nýta til að ræða mál.

[00:14]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það sitja enn þungt í mér viðbrögð hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur hér áðan. Hún lýsti því yfir að hér væru mjög mörg brýn mál sem þyrfti að ljúka og við ættum að klára umræðu um hér í nótt. Gott og vel, ég verð samt að segja, virðulegi forseti, að áhugi stjórnarþingmanna á þessum málum virðist vera ansi takmarkaður ef marka má áhuga þeirra á umræðunni sem fer hér fram. Þau sjást hér tvö í þingsalnum núna og það er í fyrsta skipti, hæstv. forseti, í langan tíma sem við sjáum stjórnarliða hér í salnum við þessa umræðu.

Miðað við það hvað þau virðast vera orðin þreytt, eða hvað annað heldur þeim frá þessu, sýnir ekki beint að hér sé um mjög brýn mál að ræða og ég held að það væri þá rétt að hæstv. forseti (Forseti hringir.) tæki fundarhlé og kannaði áhuga þessara þingmanna á að fylgja eftir þeim mikilvægu málum sem hér er talað um.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 3. umr.

Stjfrv., 397. mál (styrkir til breyttrar orkuöflunar og orkusparnaðar). — Þskj. 812, frhnál. 861.

[00:16]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er gott að við getum haldið áfram þessari umræðu og farið að vinna okkur niður málalistann, sem er brýnn. Við erum hér í 3. umr. og ræðum um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum, og ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti frá iðnaðarnefnd.

Í 2. umr. um málið komu upp efasemdir hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur sem olli því að hún kallaði málið inn til nefndar milli umræðna. Ég tel að það hafi verið á ákveðnum misskilningi byggt og var ákveðið af nefndinni

að málið yrði skýrt í nefndaráliti. Það er gott að við skyldum gera það vegna þess að þá liggur það líka fyrir að þetta mál á ekki að leiða til þess að beinar niðurgreiðslur til húshitunarkostnaðar verði skertar, þ.e. til notendanna sjálfra, heldur er eingöngu verið að taka úr potti sem lýtur að öðrum málum eins og ég mun gera grein fyrir hér. Ég geri nú grein fyrir nefndarálitinu, virðulegi forseti.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur nefndin fjallað um málið að nýju.

Nefndin ræddi sérstaklega þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu að hlutfallið sem varið skuli til orkusparnaðaraðgerða verði hækkað úr 1% í 3%.

Nefndin áréttar að í frumvarpinu er, eins og fram kemur í athugasemdum við það, lagt til að afnema takmörkun á hámarki niðurgreiðslna vegna raforkunotkunar á varmadælur til húshitunar, gera mögulegt að styrkja breytta orkuöflun til húshitunar og styrkja endurbætur á íbúðarhúsnæði á köldum svæðum.

Samkvæmt lögum nr. 78/2002 njóta niðurgreiðslur á húshitun forgangs þegar kemur að ráðstöfun þeirrar heildarfjárveitingar sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði, stofnstyrkja til nýrra hitaveitna, jarðhitaleitar og annarra verkefna sem kveðið er á um í lögunum. Í lögunum er kveðið á um hverjir geti notið niðurgreiðslna og ekkert hámark sett á hversu stórt hlutfall heildarfjárveitingarinnar má renna til að greiða niður húshitunarkostnað, utan þess að 1% af heildarfjárveitingunni skal fara til orkusparnaðaraðgerða. Þessu til viðbótar er í lögunum að finna heimildarákvæði um að auk þess að veita fé til niðurgreiðslna á húshitun og orkusparnaðaraðgerða sé heimilt að veita að hámarki 20% af heildarfjárveitingunni til stofnstyrkja vegna nýrra hitaveitna og að hámarki 5% af heildarfjárveitingunni til jarðhitaleitar. Þessar heimildir hafa verið nýttar á undanförnum árum og hluta heildarfjárveitingarinnar því verið varið til þessara verkefna, en í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að á undanförnum árum hafa stjórnvöld greitt út um 1.000 millj. kr. vegna styrkja til nýrra hitaveitna og að alls hafa um 2.000 íbúðir farið af rafhitun og yfir á hitaveitu. — Þannig að margt hefur gerst virðulegi forseti í þessum efnum á undanförnum árum.

Eins og fram kemur í kostnaðarumsögn með frumvarpinu voru fyrir árið 2009 veittar 1.176 millj. kr. í fjárlögum á lið 11-373. Miðað við þá fjárhæð má gera ráð fyrir að verði hlutfall vegna orkusparnaðaraðgerða hækkað úr 1% í 3% kunni framlög til þeirra að hækka úr 12 millj. kr. í 35 millj. kr. Á móti þessari hækkun kemur að verkefnum um hagkvæmnisúttekt á varmadælum og smávirkjunum er lokið, en til þeirra fóru árlega 10 millj. kr. af heildarfjárveitingunni. Þá verður kostnaði vegna þess að framlag til orkusparnaðaraðgerða er hækkað úr 1% í 3% mætt með því að minna fé fer í stofnstyrki til nýrra hitaveitna og jarðhitaleitar og því sem upp á vantar mætt með því að minna fé fer í stofnstyrki til nýrra hitaveitna og jarðhitaleitar. Því mun ekki koma til lækkunar á beinum niðurgreiðslum húshitunarkostnaðar í tengslum við breytingarnar. Nefndin áréttar að breytingin hefur engin áhrif á rafmagnsreikninga þeirra heimila sem eru með rafhitun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt en undir nefndarálitið rita sú er hér stendur og hv. þingmenn Álfheiður Ingadóttir, Eygló Harðardóttir, Herdís Þórðardóttir, Kristján Þór Júlíusson, Björk Guðjónsdóttir og Grétar Mar Jónsson.

Ég vona, virðulegi forseti, og held að þetta hafi skýrt málið og það er jákvætt að við höfum fengið tækifæri til þess í framhaldsnefndaráliti.

[00:21]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þetta framhaldsnefndarálit sem skýrir vissulega töluvert það sem við ræddum hér við 2. umr. Ég sé að nefndin hefur alla vega talið, eftir þá umræðu sem hér átti sér stað, ástæðu til þess að gera viðamikið framhaldsnefndarálit sem sýnir að þetta var engan veginn nægilega vel skýrt í fyrra nefndarálitinu. Framhaldsnefndarálitið skýrir málið og kostnaðargreininguna á þessu mun betur. Þakka ber fyrir það að nefndin skyldi leggja í þessa vinnu og koma með þessar upplýsingar í framhaldsnefndaráliti.

Ég vil spyrja hv. formann iðnaðarnefndar í framhaldi af þessu, af því að hér kemur fram að gerð hafi verið hagkvæmnisúttekt á varmadælum og smávirkjunum, hvort nefndin hafi kannað hvað hafi komið út úr þeim úttektum. Eru verulegir möguleikar á því að hægt sé að lækka hitunarkostnað heimila með nýrri tækni í varmadælum? Eru í þessum smávirkjunum, sem úttekt var gerð á, verulegir möguleikar í orkuframleiðslu þá bæði (Forseti hringir.) inn á landsnetið og til einstakra (Forseti hringir.) bæja og sveitarfélaga?

[00:23]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þakkirnar fyrir að við skyldum hafa skýrt þetta. Það var náttúrlega alveg ljóst að þegar jafnvanur landsbyggðarþingmaður og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir áttaði sig ekki á hvað hér var á ferðinni þyrfti að skýra málið betur. Í umræðum sagði hv. þingmaður, með leyfi forseta:

„Áður fóru sem sagt 99% úr pottinum í beinu niðurgreiðslurnar, en nú verða það 97%. Þannig að ekki getur annað verið en að þetta hafi áhrif á það sem fer beint til notenda.“

Í annan stað, virðulegi forseti, sagði hv. þingmaður í umræðunni:

„Þannig að það sem fer beint til heimilanna hlýtur að minnka og húshitunarkostnaður hvers heimilis að hækka.“

Þennan grundvallarmisskilning þurfti að skýra vegna þess að ekki vildum við að þeir sem á þann virta landsbyggðarþingmann hlýddu héldu að þetta ætti raunverulega að gerast, það mátti auðvitað ekki skilja eftir opið hér í umræðunni. Staðreyndin er sú að þessum fjárlagalið er skipt með þeim hætti að 26% fara í stofnstyrki og orkusparandi aðgerðir og hafa gert það hingað til. Það er verið að tala um tilfærslur og nýja forgangsröðun innan þess hlutfalls en ekki þeirra 74% sem hingað til hafa farið beint til niðurgreiðslna hjá heimilunum.

Varðandi varmadælur og aðrar orkusparandi aðgerðir — til þess er leiðangurinn gerður — hafa hagkvæmnisúttektir

sýnt að menn telja rétt að fara út í það. Menn hafa líka verið að skoða fleiri leiðir til orkusparandi aðgerða og eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu þá eru menn líka að fara í það verk á köldu svæðunum að mæta kostnaði við það t.d. að einangra betur húsnæði og grípa til annarra slíkra ráðstafana sem geta sparað orku.

[00:25]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt enn og aftur að þakka hinum virta formanni iðnaðarnefndar sem er svo vel heima í niðurgreiðslu á rafhitunarkostnaði að ekki tókst að skýra málin fyrir mér eða öðrum þingmönnum hér í salnum þegar við ræddum þetta við 2. umr. Það var augljóst mál að hv. þingmaður þurfti að vinna betur í málinu til þess að koma fram með upplýsingar í framhaldsnefndaráliti. Ég hlýt að þakka fyrir það að þingmaðurinn, hv. formaður iðnaðarnefndar, lagði það á sig.

Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að það er alltaf nauðsynlegt að endurskoða það hvernig þessi hlutföll fara inn í niðurgreiðslurnar, bæði hvað það varðar að skoða nýja tækni, sem getur hjálpað til við (Forseti hringir.) húshitunarkostnaðinn, og hins vegar að skoða hvernig (Forseti hringir.) beinu niðurgreiðslunum er varið.

[00:27]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af þessum ummælum — um að hér hafi menn ekki skilið nokkurn skapaðan hlut, ef það var það sem hún var að gefa í skyn — (Gripið fram í.) vil ég benda hv. þingmanni á að undir hið fyrra nefndarálit rituðu þrír hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins ásamt þeirri er hér stendur og töldum við okkur skilja málið ágætlega.

Ég held að hér í umræðunum, en langt var liðið á kvöld, hafi orðið til einhver misskilningur sem hefur verið leiðréttur í þessu nefndaráliti sem jafnframt er undirritað af hv. þingmönnum sem sitja í iðnaðarnefnd og eru fulltrúar hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur í þingflokki sjálfstæðismanna. Einhverra hluta vegna ákvað hún þetta kvöld að taka ekki vinnu þeirra góða og gilda. Það var allt í lagi með það, við skýrðum málið betur.

[00:28]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti þarf að biðjast afsökunar á þeim mistökum að hann hélt að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefði óskað eftir ræðu en hann hafði óskað eftir andsvari. Enn eru því þrír þingmenn sem eiga eftir að veita andsvar og styttist þá ræðutíminn í eina mínútu í hvorri umferð.

[00:28]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók þátt í umræðu um frumvarpið fyrst hér á þessu þingi og kom ég fram með fyrirspurn til hæstv. formanns nefndarinnar, Katrínar Júlíusdóttur, varðandi raforkuniðurgreiðslu til grænnar stóriðju, til garðyrkjubænda.

Ég vitnaði í bréf frá Bláskógabyggð þar að lútandi og ég man ekki betur en það hafi komið fram í svari hv. formanns nefndarinnar að til stæði að kalla þá aðila til fundar í iðnaðarnefnd, það stæði ekkert á henni með það. Ég tók eftir því í dag, í ræðu hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni, að hann taldi einboðið og sjálfsagt að niðurgreiðsla á raforku til þessara aðila yrði aukin.

Nú er spurningin: Hvers vegna sér þess ekki stað í þessu nefndaráliti?

[00:29]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einfalt að svara því hvers vegna þess sér ekki stað í þessu nefndaráliti. Það er vegna þess að frumvarpið fjallar um niðurgreiðslu til húshitunarkostnaðar og orkusparandi aðgerða, þ.e. hækkun á því hlutfalli.

Það er rétt, sem hv. þingmaður segir, að ég hafi tekið vel í það að við héldum fundi. En ég get svo sem sagt það aftur sem ég sagði þá við hv. þingmann að við hefðum kallað til þá orkusöluaðila sem höfðu hækkað gjaldskrá sína. Við höfum nú þegar kallað þá á fund iðnaðarnefndar og ég held að það hafi verið — þið verðið að afsaka þó ég muni það ekki nákvæmlega, en mig minnir að það hafi verið í byrjun febrúar sem það hafi verið gert. Ég er sannfærð um, og ég sagði það við hv. þingmann, að þessi vinna, þessi skoðun nefndarinnar á verðlagsmálum í raforkunni, verði að halda áfram. En ég gat ekki lofað honum því að við næðum því fyrir þinglok og við það held ég, virðulegi forseti.

[00:30]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg einboðið að við tökum þetta mál fyrir fyrir þinglok. Hér hafa fleiri þingmenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna kynnt það sem stefnumið sín að taka á þessum tilteknu málum fyrir kosningar, eða á bara að tala um þau fyrir kosningar? Á einungis að falbjóða málið fyrir kosningar í kosningabaráttunni og gera svo ekkert með það? Ég vil fá skýringar á því, frú forseti, hvort það eigi hér að falbjóða kjósendum þetta, rétt eins og skattahækkanir og aðra hluti sem verið er að tala um hér á Alþingi.

[00:31]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað á ekki að gera það en við höfum verið mjög upptekin í iðnaðarnefnd og haldið marga aukafundi upp á síðkastið en hv. þingmaður situr ekki í þeirri nefnd og veit kannski ekki hvað þar hefur verið á ferðinni. Við höfum setið við og verið að reyna að vinna vel þingmálinu um heimild til að ganga til samninga um álver í Helguvík og það hefur tekið allan tíma nefndarinnar. Við kláruðum það mál út til 2. umr. í hádeginu og þar með losnaði um tíma iðnaðarnefndar nema einhverjir hér kalli málið til nefndarinnar á milli 2. og 3. umr.

Vegna þess að frá því að við töluðum saman hér í ræðustól síðast hefur losnað svo um hjá nefndinni að möguleiki er á að við höfum tækifæri og tíma til að fara betur yfir þessi mál. Hér er enginn neitt að grínast, virðulegi forseti, og ég held að hv. þingmaður verði að átta sig á því að hér er enginn að grínast þegar hann segir að alla hluti verði að skoða og þar á meðal raforkuverð til garðyrkjubænda (Forseti hringir.) þegar talað er um atvinnuuppbygginguna sem er nauðsynleg í þeirri vegferð sem fram undan er.

[00:33]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður, framsögumaður og formaður hv. nefndar, sagði að alla hluti ætti að skoða. Samt hefur ekki verið skoðað í nefndinni það sem ég nefndi í 2. umr. að þyrfti að skoða, beingreiðslur, búsetugreiðslur til þeirra sem njóta þessara styrkja, þannig að ekki sé annars vegar verið að niðurgreiða raforkuna og hins vegar að niðurgreiða samkeppnisorku. Þetta er bara eins og ég nefndi, þetta er eins og í gamla Sovét og hvergi er minnst á þessa ræðu í framhaldsnefndaráliti, það er eins og ég hafi ekki haldið neina ræðu. Nú er ég ekki í hv. iðnaðarnefnd en mér finnst gert dálítið lítið úr umræðunni þegar ekki er tekið neitt mark á því sem sagt er og haldið áfram með þetta sovéska kerfi sem vitað er að er mjög óhagkvæmt. Það er vitað að Sovétríkin fóru á hausinn út af svona kerfi. Þetta er mjög dýrt og menn eiga að skoða allar leiðir.

[00:34]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Já, virðulegi forseti, það er rétt og þakkarvert að hv. þingmaður lagði hér fram mjög gott innlegg og vangaveltur inn í umræðuna sem varð hér við 2. umr. Staðreyndin er hins vegar sú að þegar við skiluðum málinu hingað til 2. umr. var umfjöllun nefndarinnar lokið. Síðan var málið kallað inn af þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins, sem er þingflokksformaður hv. þingmanns, og ástæður sem fyrir því voru gefnar og það sem óskað var eftir að yrði skoðað sérstaklega í nefndinni var það sem ég gerði hér grein fyrir í nefndaráliti en ekki það sem hv. þingmaður fjallar um.

Líka kom fram, virðulegi forseti, við 2. umr. að hv. þingmaður virtist standa einn í sínum flokki með þessa skoðun, a.m.k. hvað varðar þá fulltrúa sem hér tóku þátt í umræðunni. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir fór hér í andsvör við hv. þingmann og mótmælti eða var andvíg hugmyndum hans og nálgunum og því taldi ég ekki ástæðu til að taka þetta mál upp á milli 2. og 3. umr. (Forseti hringir.) inni í nefndinni, en ég trúi því að Alþingi hljóti að gera það og hv. þingmaður hlýtur þá fyrst að ætla að vinna þessum skoðunum sínum fylgi innan flokks síns.

[00:35]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hlýt að mótmæla þessari flokksræðishugsun sem hv. þingmaður er haldinn. Ég er hér sem þingmaður en ekki sem einhvers konar flokksþjónustuaðili eða eitthvað slíkt. (**Gripið fram í:** Þú ert nú kosinn af flokknum.) Nei, ég er kosinn af kjósendum. (**Gripið fram í:** Ráðherraefni flokksins.) Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir en fyrst þurfum við náttúrlega að komast í stjórn en kannski verður það.

Ég mótmæli því að ég geti ekki haft mína skoðun enda á ég að hafa hana samkvæmt stjórnarskránni. Mig langar að spyrja hv. þingmann, fyrst hann tók ekki tillit til þess sem rætt var hér í 2. umr., hvort hann viti hversu mörg heimili njóta niðurgreiðslu í dag svo ég geti reiknað út hve mikil niðurgreiðslan er á hvert heimili.

Það sýnir sig að þrátt fyrir niðurgreiðsluna hefur raforkan hækkað og hækkað langt umfram vísitölu og þrátt fyrir niðurgreiðsluna er munurinn 90 þús. kr. á heimili.

[00:36]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar ef ég hef móðgað hv. þingmann með því að telja hann til þingflokks sjálfstæðismanna með jafnafgerandi hætti og ég gerði. Þetta mál hins vegar, virðulegi forseti, er þess eðlis að ég held að sátt ríki um það hér í þingsölum að við viljum að jafnræði sé í búsetu á Íslandi og þeir sem búa á köldu jaðarsvæðunum og hafa ekki aðgang að hitaveitum geti notið raforku og hita sem þá er rafknúinn eða knúinn með öðrum hætti. Um það, virðulegi forseti, tel ég að ríki sæmileg sátt í þessum sal. Þetta er sú leið sem hefur verið ákveðið að fara, þ.e. að niðurgreiða húshitunarkostnað með þessum hætti og vilji hv. þingmaður breyta því legg ég til að hann leggi hér fram þingmál þess efnis og þá getum við rætt það.

Fram að þessu og héðan í frá lít ég svo á að samstaða sé um þessa leið á meðan annað er ekki (Forseti hringir.) formlega lagt fram.

[00:37]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að þau orðaskipti sem hafa átt sér stað hér í andsvörum sýni að ekki var vanþörf á því að taka þetta mál til nefndar milli 2. og 3. umr. Þrátt fyrir það virðist svo vera að ýmsum spurningum sé enn ósvarað og ýmis góð og gild efnisatriði sem fram komu í 2. umr. virðast ekki hafa verið tekin til gagngerrar umræðu inni í nefndinni, a.m.k. skila þau sér ekki í framhaldsnefndarálitinu sem hér liggur fyrir.

Mig langar til að endurtaka þá spurningu sem hv. þm. Pétur H. Blöndal beindi til formanns iðnaðarnefndar, hvað taka niðurgreiðslurnar til margra heimila? Í öðru lagi, á hvaða landsvæðum eru þessi heimili helst? Ef hægt væri að sundurgreina það í grófum dráttum (Forseti hringir.) fyrir mig væri ég nokkuð ánægður með það.

[00:39]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég fagna þeim áhuga sem hv. þingmaður sýnir þessu mikilvæga máli. Ég verð hins vegar að fá heimild til að fá að senda honum þetta skriflega vegna þess að ég er hreinlega ekki með þetta á mér nákvæmlega sundurgreint, eins og hann óskar eftir, en ég skal svo sannarlega verða við því og senda honum það.

[00:39]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég bað nú ekki um nákvæmar upplýsingar um það hvernig fjöldi heimila á hverju landsvæði væri sundurgreindur heldur grófa útlistun á því hvernig niðurgreiðslurnar deilast á milli landsvæða. Ég geri ráð fyrir að við séum að tala um það að flest heimilin séu á norðausturhorninu og eitthvað vestur á fjörðum, þannig að ég væri þakklátur fyrir að fá einhverja sundurgreiningu á því og sætti mig svo sem alveg við að fá þær upplýsingar sendar til mín.

Hefur hv. þingmaður einhverjar upplýsingar um það til

hversu margra heimila þessar niðurgreiðslur ná?

Í lokin vil ég benda á að áhugi minn á þessu máli er ekki nýtilkominn vegna þess að ég átti hér um árið eða um árin sæti í iðnaðarnefnd (Forseti hringir.) og hef fjallað töluvert um þessi mál þannig að áhugi minn á þeim og aðkoma eru ekki alveg ný.

[00:40]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef mig rekur rétt minni til, vegna þess að ég er ekki með þessi gögn hér, eru um 9% heimila með rafhitun. Ég tel að mig minni rétt um að þannig sé ástatt fyrir 9% heimila í landinu.

[00:41]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að hér á sér stað viðamikil umræða um húshitunarkostnað á landsbyggðinni. Þannig háttar til að hæstv. iðnaðarráðherra fer jafnframt með byggðamál í landinu þannig að ég held að það væri þessari umræðu mjög til framdráttar og gæti jafnvel stytt hana ef hæstv. iðnaðarráðherra gæti komið hér og verið við umræðuna og jafnvel svarað spurningum sem snúa að því hvernig hann hyggst hjálpa til við að jafna búsetukosti í landinu. Þetta eru allt spurningar sem koma upp í umræðunni, hafa þegar komið upp og ég veit að áhugasvið þeirra þingmanna sem eiga eftir að tala snúa að þessu. Þess vegna væri mjög áhugavert og ég eiginlega bara reikna með því að hægt verði að kalla á hæstv. iðnaðarráðherra. Eða (Forseti hringir.) er hann kannski hér í húsinu og gæti komið og verið í salnum við umræðuna?

[00:42]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti tekur undir orð hv. þingmanns um að þetta sé mjög mikilvæg umræða fyrir byggðir landsins og dreifbýlið og mun gera ráðstafanir til að gera hæstv. iðnaðarráðherra aðvart um að þessi umræða fer hér fram og við höldum þá áfram að ræða þetta mikilvæga mál.

[00:43]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér rétt til að þakka hæstv. forseta fyrir það hversu vel hún brást við þessu og hún gæti kannski svarað því hvort hæstv. iðnaðarráðherra er enn í húsinu og hvort hann verði við umræðuna núna strax, því að því er ég best veit er hv. þm. Kristján Þór Júlíusson með næstu ræðu og hann mun fara mjög vel yfir þessi mál og mjög nauðsynlegt er að hæstv. iðnaðarráðherra hlýði á þau sjónarmið sem koma fram í máli hans. Þannig vill til að hv. þm. Kristján Þór Júlíusson er einnig fulltrúi okkar í stjórn Byggðastofnunar og ég veit að byggðamál almennt eru mjög á hans borði og þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. iðnaðarráðherra, sem er, eins og ég tók fram áðan, líka ráðherra byggðamála — þannig að mjög áhugavert væri að vita hvort hæstv. (Forseti hringir.) ráðherra er í húsinu.

[00:44]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti getur upplýst það að hæstv. iðnaðarráðherra er ekki skráður inn í hús og vill minna á það að hæstv. iðnaðarráðherra leggur fram þetta frumvarp og því tel ég mjög líklegt að hæstv. iðnaðarráðherra og byggðamálaráðherra þekki til málsins. Því finnst mér mikilvægt að við höldum áfram umræðunni. (**Gripið fram í:** Er hægt að bíða eftir ráðherranum?)

[00:45]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem spannst áðan um æskilega viðveru iðnaðarráðherra hæstv. og ráðherra byggðamála upplýsi ég þá skoðun mína að það komi svo sem ekki að stórri sök þó að hæstv. ráðherra sé (Gripið fram í.) ekki viðstaddur upphaf minnar gagnmerku ræðu við framlagningu þessa máls. En fullgild sjónarmið að baki þeirri ósk sem hér hefur komið fram um að æskilegt sé að ráðherra þeirra mála sem hér um ræðir sé viðstaddur umræðu sem þessa eru mjög góð sjónarmið og eiga fullan rétt á sér. Ég tek heils hugar undir þau.

En eins og komið hefur fram í umræðum í kvöld er þetta dálítið afbrigðilegur fundartími og hefur greinilega ekki verið unnt að verða við óskum þeirra þingmanna sem óskað hafa eftir því að gera hlé á þingstörfum og halda umræðu áfram á morgun. Því er geta þingmanna til að sinna þeirri umræðu sem hér fer fram mismunandi. Formaður iðnaðarnefndar á heiður skilinn fyrir að hafa tekið þátt í þeirri umræðu sem farið hefur fram. Og þó svo að þreyta og löng fundarseta séu farnar að segja örlítið til sín vænti ég þess að við látum það allt saman líða létt um æðar okkar og jöfnum okkur á því öllu saman.

Varðandi það mál sem liggur fyrir hefur töluvert verið spurt um með hvaða hætti þetta snerti heimili landsins. Hér hefur komið fram, eins og var upplýst af hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, formanni iðnaðarnefndar, að um 9% heimila landsins sem kynda húsnæði sitt með rafhitun. Það er því töluvert stórt mál á þá vísu sem lýtur að því hvernig við viljum byggja landið og búa fólki sem víðast um land sem jöfnust búsetuskilyrði og möguleika til þess að hafa þokkalega afkomu.

Ríkið niðurgreiðir á hverju ári með regluverki sínu kyndingarkostnað þessara heimila og kostnaður við það nemur rétt um einum milljarði á hverju ári. Og af því að hér var spurt hvar þessi heimili væru er rétt að undirstrika að þetta er ekki eingöngu bundið við veitufyrirtæki og veitusvæði úti á landi. Það eru líka heimili sem falla undir þessar niðurgreiðslur á orkuveitusvæði stóru veitnanna hér fyrir sunnan. Það eru því heimili sem ekki eru tengd hitaveitum og nýta raforku til kyndingar.

En uppistaðan í þessu er að sjálfsögðu fyrst og fremst á byggðum fyrir austan, á Austfjörðum, og á syðri hluta Vestfjarða. Meginatriðið og skilin á milli byggðarlaga og húsa í þessum efnum eru þau þar sem ekki hefur tekist að bora og virkja heitt vatn og þar er um að ræða þessar niðurgreiðslur sem hér um ræðir.

Það dylst engum hverslags búbót það er fyrir sérhvert byggðarlag að unnt sé að bora og komast niður að heitu vatni. Það hafa flestir þingmanna á hinu háa Alþingi upplifað á sjálfum sér. Í það minnsta man sá sem hér stendur glöggt eftir því þegar hitaveita var fyrst lögð í hans heima-

sveit á Dalvík á árum áður. Það var gríðarlegur léttir fyrir alla sem áttu þess kost að tengjast hitaveitunni. Og enn þann dag í dag sér maður þær breytingar sem verða á samfélögum við þá búbót sem af því hlýst þegar unnt er að tengja heitt vatn inn á veitukerfin.

Úrræðum eða tækifærum á þessu sviði fer þó fækkandi. Stærri þéttbýli eru flestöll komin með hitaveitu og möguleikar stærri þéttbýlisstaða til þess að tengjast hitaveitu eru ekki jafnmiklir eins og þeir voru. Síðustu stóru veiturnar sem komið hafa að þessu verki eru í Stykkishólmi, Dalabyggð og á Eskifirði, vænti ég. Síðasta hitaveitan tel ég að hafi verið sú sem tengd var frá Reykjum í Fnjóskadal út á Grenivík, Reykjaveita svo kölluð.

Úrræðum fer fækkandi. Þeim póstum, þ.e. hvað varðar niðurgreiðslu á raf- og olíukyndingu, að spara og leggja þá hitunarkosti af og taka upp hitaveitu í staðinn, fer fækkandi þannig að nú er farið að leita annarra leiða.

Eins og frumvarpið ber með sér er gert ráð fyrir því að þær breytingar verði gerðar á að styrkir til þess að draga úr orkukostnaði verði auknir. Þar er horft sérstaklega til tveggja þátta, annars vegar nýrra leiða varðandi varmadælur og hins vegar þess sem á að leiða til rafmagnssparnaðar vegna þess að það eru svæði sem eiga enga aðra kosti en þá að vera bundin rafmagni eða olíukyndingu. Væntanlega viljum við frekar horfa á rafmagn í þeim efnum og verðum þá bundin af því um ókomna framtíð að hita húsnæðið með rafmagni. Þá eigum við þá kosti að finna nýja tækni til upphitunar og horfa menn í þessu sambandi til varmadælu sem dregur úr raforkukostnaði sem nemur tveimur þriðju hlutum af kostnaðinum, og hins vegar endurbóta á húsnæði.

Það eru þeir kostir sem verið er að skoða. Hér var rætt töluvert um hvort það kæmi fram með þeim hætti að dregið yrði úr niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði þeirra sem fyrir væru. Eins og kom fram í orðaskiptum hv. þingmanna áðan komu upp spurningar við 2. umr. sem ollu því að málinu var vísað til nefndar vegna þess að málið var dálítið óljóst. Skyldi engan undra vegna þess að í umsögn m.a. frá Rarik er ákveðinn fyrirvari sem laut að 8. gr. frumvarpsins eins og það lá fyrir, það á við styrkveitinguna eða endurgreiðsluna. Í staðinn fyrir að tekið sé 1% af stóru fjárhæðinni, sem 1.176 millj. kr., til þessara rannsókna, fara 3%. Það er sem sagt hækkað úr 1% í 3%. Athugasemd Rariks er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ef ekki kemur til hækkun á þeim lið fjárlaga sem vísað er til, mun þessi breyting væntanlega valda hækkun á húshitunarkostnaði hjá notendum með niðurgreiðslur. Minna fé verður eftir til beinna niðurgreiðslna, þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir að það verði niðurstaðan á árinu 2009.“

Það er í sjálfu sér mjög eðlilegt að menn setjist yfir þá athugasemd sem kemur frá þessu fyrirtæki, Rarik, af öllum fyrirtækjum, einfaldlega vegna þess að þar innan búðar hafa menn mjög mikla þekkingu á þessum málum. Sömuleiðis er þetta það fyrirtæki sem hefur hvað besta tengingu við þennan þátt mála og þjónusta, vænti ég, og hefur flesta notendur í þessu efni. Það var því einboðið að sérstaklega yrði gefinn gaumur að þessum þætti í umræðu nefndarinnar og yfirferð.

Það var gert, eins og kom fram í máli formanns nefndarinnar, áðan hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur, þar sem undirstrikað er það álit og sú niðurstaða nefndarinnar og ítrekað í framhaldsnefndarálitinu. Ég fagna sérstaklega áherslunni sem á það hefur verið lögð að orðrétt stendur í framhaldsnefndarálitinu, þrátt fyrir að þessar breytingar sem af frumvarpinu leiða séu og verði gerðar, með leyfi forseta:

„Því mun ekki koma til lækkunar á beinum niðurgreiðslum húshitunarkostnaðar í tengslum við breytingarnar. Nefndin áréttar að breytingin hefur engin áhrif á rafmagnsreikninga þeirra heimila sem eru með rafhitun.“

Svo mörg voru þau orð þannig að sá skilningur og sú afstaða liggur mjög ljós fyrir í því nefndaráliti sem hv. formaður iðnaðarnefndar kynnti áðan.

Við getum því í rauninni sagt og viðurkennt að eins og málin standa í dag hafa verið veittir gríðarlega öflugir og miklir styrkir, svokallaðir stofnstyrkir, af þessum fjárlagalið á undanförnum mörgum árum til þess að stuðla að því að draga úr rafmagns- eða olíukyndingu húsa vítt um land og styrkir veittir úr þessum sjóði til þess að standa straum af því að stofnsetja nýjar hitaveitur.

Í greinargerðinni með frumvarpinu og nefndaráliti er undirstrikað að náðst hafi verulega miklir og stórir áfangar í þessum efnum á undanförnum árum og er það vel. Það er m.a. eitt af þeim verkum sem ég vil telja fyrrverandi ríkisstjórnum til tekna að hafa unnið mjög markvisst og öflugt að. Það er ágætisdæmi um að hér er ekki allt í rúst eins og sumir vilja halda fram, eftir átján ára stjórnarforustu þess stjórnmálaflokks sem ég tilheyri. Það er langur vegur frá að svo sé á mörgum sviðum þjóðlífs og þetta er eitt þeirra.

Við erum búin að fara yfir þær breytingar og áherslur sem ég vil leggja áherslu á og er sammála, ég er mjög áfram um að þetta mál gangi fram. Ég er sammála því að við eigum að þreifa okkur inn á aðrar lausnir en hingað til hafa verið uppi á borðum og ég spurði um það í umræðum í nefndinni hvernig menn hugsuðu þetta mál til enda. Ég tel að það skorti kannski örlítið upp á í vinnslu ráðuneytisins að greina betur hver þörfin fyrir þær breytingar sem hér eru boðaðar er í raun á öllu landinu.

Hvernig er ætlunin að vinna þetta verk? Hvernig á að gera þetta? Fram kom við þær spurningar að Orkusetur Orkustofnunar á að hafa forgöngu um og annast þetta verkefni og halda utan um það. Væntanlega verður þessum spurningum þá svarað af ágætum starfsmönnum þeirrar stofnunar. Á hvað löngum tíma gera menn ráð fyrir að niðurgreiðslurnar sem um ræðir falli út? Flestir vilja örugglega sjá það gerast sem fyrst.

Loks vil ég spyrja — og hef áður spurt um — hver forgangsröðunin í þessum efnum á að vera. Hvað á að ráða því hvar fyrst á að byrja? Hver á að ráða því hvar í landinu fyrst á að bera niður? Hvaða úrræði eigum við að bjóða heimilum sem undir þetta falla? Þegar við erum búin að setja þetta niður fyrir okkur, sem ég vænti að verði gert, getum við kannski kallað eftir einhverju mati á því hvaða árangri á að ná með þeim aðferðum sem menn boða í því frumvarpi sem liggur fyrir. Eftir því hljótum við að kalla.

Samandregið má segja að niðurstaða mín varðandi þetta mál sé sú að í eðli sínu sé það gott. Ég tel þó vanta einhverja áætlun um hvernig á að ná árangri, tímasetja það og ábyrgðarsetja.

[01:00]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum langflest mjög sammála hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni í þeim áherslum sem hann dró hér fram varðandi mikilvægi þess að jafna húshitunarkostnað í landinu og gefa sem flestum möguleika og tækifæri til að grípa til aðgerða í þá átt.

Sú áhersla sem lögð hefur verið á það hér landi að leita eftir heitu vatni til að hita hús og hve stór hluti húsnæðisins er hitaður upp með heitu vatni á sér sjálfsagt vart hliðstæðu í heiminum. Þess vegna er mjög mikilvægt að ekki sé slegið slöku við að leita jafnvel nýrra leiða til þess að þeir sem ekki hafa tök á að ná í heitt vatn geti fundið aðrar leiðir til hagræðingar í kyndingu.

Ég vil t.d. benda á hversu óréttlátt þetta er að í fyrirspurn til skriflegs svars sem ég lagði fyrir iðnaðarráðherra fyrir skömmu kom fram að í Reykjavík kostar um 60 þús. kr. á ári að hita hús sem er á annað hundrað fermetra en 147 þús. kr. að hita tilsvarandi hús á Skagaströnd þar sem hitað er upp með rafmagni. Við sjáum því hversu gríðarlegur aðstöðumunur og kjaramunur felst í (Forseti hringir.) húshitunarkostnaði. Orkan í landinu er sameign okkar allra að mínu mati og (Forseti hringir.) við eigum að sitja við sama borð þar.

[01:02]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þingmaður hefur lesið málið eins og það liggur fyrir og greinargerðina með því þá liggur það fyrir í athugasemdum við frumvarpið að talið er ólíklegt að unnt verði að koma upp hitaveitum á köldum svæðum þar sem er strjálbýlt og kostnaðarsamt að finna jarðhita og dreifa til notenda.

Tilgangurinn og markmiðið með frumvarpinu eins og það liggur fyrir er í rauninni þrír þættir. Í fyrsta lagi að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum. Í öðru lagi að draga úr kostnaði ríkissjóðs til lengri tíma við niðurgreiðslur. Og í þriðja lagi er einfaldlega spurningin um það að hvetja til atvinnuskapandi verkefna þannig að allir eiga að „græða“ á þessu máli, en það kann að vera að það orð falli hv. þm. Jóni Bjarnasyni ekkert sérstaklega vel í geð, að tala um að „græða“ á einhverju máli.

Ég held að meginmarkmiðin og tilgangurinn með þessu máli sé einfaldlega að mæta þeim óskum m.a. sem hv. þingmaður kynnti hér og um það er ágætissamstaða meðal allra stjórnmálaafla á hinu háa Alþingi. Ég bendi á að í nefndinni er fullkomin samstaða um þetta mál án þess að við höfum endilega þurft að fá einhvern atbeina þess stjórnmálaflokks sem hv. þingmaður gegnir nú þingflokksformennsku fyrir af fullri sæmd og af gríðarlegri atorku.

[01:04]

Jón Bjarnason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Orkan leynist víða og hjá hv. þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins líka. Já, það að græða, það er kannski helst að flokkur hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar hafi komið óorði á hugtakið að græða. Bændur græða landið. Við hv. þm. Kjartan Ólafsson þekkjum það vel og við höfum líka lagt fram tillögu um að sjómenn græði hafið. Það að græða eitthvað með þessum hætti er mjög lofsvert og ég held einmitt að við (**Gripið fram í:** … ekki grætt …) eigum að hugsa það sama um húshitunina eins og hv. þingmaður lagði hér áherslu á.

Ég ítreka það að okkur ber félagsleg og samfélagsleg skylda til þess að íbúar landsins búi við sem jöfnust skilyrði hvað húshitun varðar og allar aðgerðir sem hægt er að grípa til í þá veru eru afar mikilvægar. Þess vegna dró ég einmitt fram þessa stöðu af því að við þekkjum báðir vel til á Skagaströnd og það er þangað sem við viljum endilega að ráðist verði í að leggja hitaveitu til að auka og bæta búsetuskilyrði þar. Ég tel það mjög brýnt. Dæmið sem ég nefndi um mismun í kyndingarkostnaði á íbúðarhúsi á Skagaströnd og íbúðarhúsi í Reykjavík er einmitt sláandi fyrir það um hve mikla mismunun getur verið að ræða í búsetu fólks og samkeppnishæfni (Forseti hringir.) búsetu fólks. Þetta er einnig atvinnuskapandi og orkusparandi (Forseti hringir.) fyrir þjóðarbúið í heild og þetta frumvarp er góður liður í þá veru þótt ekki séu skrefin neitt ofboðslega (Forseti hringir.) stór.

[01:07]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil undirstrika að það er enginn ágreiningur um þær áherslur sem fylgja þessu frumvarpi. (Gripið fram í.) Það er fullkomin samstaða um það meðal allra stjórnmálaflokka á Alþingi að búa íbúum landsins sem jöfnust skilyrði til búsetu. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Jón Bjarnason að reyna að eigna þau sjónarmið einhverjum tilteknum stjórnmálaflokki.

Þar sem hann nefnir Skagaströnd sérstaklega og að það eigi ekki að mismuna íbúum einstakra svæði hvort heldur í Reykjavík eða á Skagaströnd, vil ég nefna það að í fjárlögum sem samin voru af fyrrverandi ríkisstjórn og staðfest — hversu góð eða vond sú ríkisstjórn var að mati hv. þingmanns — var sérstök fyrirgreiðsla til hitaveituframkvæmda einmitt á Skagaströnd og langt umfram fyrirgreiðslu sem íbúar annarra sveitarfélaga hafa fengið. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt einhver mótmæli frá hv. þingmanni við þessari sértæku aðgerð til íbúa þessa ágæta sveitarfélags Þetta er bara gott mál. (Gripið fram í.) Ég heyrði aldrei neitt á það minnst þegar það var gert og þar sem svo vill til að þetta er í ákveðnu kjördæmi sem hv. þingmaður þekkir þokkalega vel að þá hef ég ekki heyrt hann kvarta mikið undan þeirri mismunun sem þarna átti sér stað og geri þar af leiðandi ráð fyrir að hún sé af hinu góða því að flest mál sem þannig háttar til um eru lítt rædd af því stjórnmálaafli sem hv. þingmaður tilheyrir.

[01:09]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Farið var fram á það áðan að hæstv. iðnaðarráðherra væri við umræðuna og forseti hét því að beita sér fyrir því að hæstv. ráðherra kæmi til umræðunnar. Nú hefur það gerst að hv. þm. Jón Bjarnason, þingflokksformaður Vinstri grænna, hefur lýst vantrausti á hæstv. iðnaðarráðherra vegna frammistöðu hans í orkumálum og stuðningi við það að jafna búsetukosti í landinu.

Ég mundi segja, hæstv. forseti, að þetta væru töluvert al-

varlegar ásakanir frá hv. þingflokksformanni Vinstri grænna á hendur iðnaðarráðherra sem er í þeirri ríkisstjórn sem hann hefur stutt. Og hvað gerist hér í umræðunni? Hv. þm. Kristján Þór Júlíusson þarf að standa upp og verja hæstv. iðnaðarráðherra. (Forseti hringir.) Ég tel að það sé fullkomin ástæða til (Forseti hringir.) að hæstv. iðnaðarráðherra komi hér til umræðunnar og svari fyrir sig.

[01:10]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill geta þess að gerðar voru ráðstafanir til að koma skilaboðum til hæstv. iðnaðarráðherra um að nærveru hans væri óskað.

[01:10]

Jón Bjarnason (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Mér sýnist að það sé farið að slá út í fyrir hv. þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins. (**ArnbS:** Af hverju segirðu þetta?) Að hafa ekki fylgst betur með. Ég var einmitt að hæla bæði hæstv. iðnaðarráðherra mjög fyrir það að nýta þá möguleika sem þarna voru til að leggja þetta frumvarp fram og líka hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni, (**Gripið fram í:** En Sjálfstæðisflokknum?) í Sjálfstæðisflokknum fyrir mjög góða ræðu og góðar undirtektir og meðferð á þessu máli og allan þann stuðning sem hann lýsti að hann hefði veitt þessum málaflokki. Það tekur mig því frekar sárt að heyra hv. þingflokksformann misskilja málið með þessum hætti. En hafi þingflokksformanninum fundist orðin liggja í þá veru biðst ég innilega afsökunar á því, því að (Forseti hringir.) bæði hæstv. iðnaðarráðherra og hv. þm. Kristján Þór Júlíusson eiga allt mitt hrós skilið fyrir það mál sem hér er til umræðu. (Forseti hringir.) Ég bið frú forseta að hjálpa mér til að leiðrétta þennan misskilning sem hv. þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins hefur lent í. Þetta er svo frábært mál frá báðum þessum aðilum, bæði (Forseti hringir.) hæstv. ráðherra og hv. þingmanni að ég get ekki (Forseti hringir.) nógsamlega lýst því með orðum.

[01:12]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseta þykir miður að þurfa að óska eftir því að hv. þingmaður ljúki þessari lofræðu.

[01:12]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir tekur starf sitt sem þingflokksformaður mjög alvarlega og kemur hér upp á milli sérhvers ræðumanns til að lengja aðeins í tímanum augljóslega.

Mig langaði bara að benda á og taka aðeins upp hanskann fyrir hv. þm. Jón Bjarnason sem flutti ágætisathugasemdir við ræðu hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar og einmitt hrósaði þeirri vinnu í hárstert sem unnin hefur verið. Ég veit að við erum öll sammála hér inni um hvaða leiðir skuli fara, við viljum öll jafna búsetuskilyrði í landinu algerlega óháð því hvar menn búa. Ég held að menn ættu ekki að gera fólki upp skoðanir í þessum efnum vegna þess að akkúrat í þessu máli höfum við náð samstöðu.

Ég tel hins vegar og virði hv. þm. Jóni Bjarnasyni það til vorkunnar að auðvitað hefði hann líka viljað koma þessari skoðun sinni að með einum og öðrum hætti vegna þess að níu hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa nú raðað sér á mælendaskrá og það er ekkert auðvelt að komast á mælendaskrána, virðulegi forseti, áður en menn fara hér án efa — ég ætla bara að gera mér það í hugarlund að eftir kannski þrjár ræður verði menn (Forseti hringir.) farnir að telja hér upp virkjanir og virkjanakosti og önnur álíka efnislega (Forseti hringir.) mikilvæg efni sem þessu tengd. Ég skil hv. þingmann mætavel að hafa viljað koma upp núna (Forseti hringir.) og lýsa þessari skoðun sinni í athugasemd.

[01:14]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég endurtek spurningu mína um hvað dvelji hæstv. iðnaðarráðherra. Hvað varðar ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar gat ég ekki betur heyrt en að hann kvartaði sárlega undan mismunandi húshitunarkostnaði í landinu og ég met það svo að hann sé þá að lýsa vantrausti á það að hæstv. iðnaðarráðherra (Forseti hringir.) hafi ekki tekið sér það fyrir hendur að …

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti bendir hv. þingmanni á að ræða um fundarstjórn forseta.)

Já, þess vegna er ég að benda á hversu nauðsynlegt er að hæstv. iðnaðarráðherra sé við umræðuna þegar slíkar ásakanir frá hv. þingflokksformanni Vinstri grænna (Forseti hringir.) liggja hér fyrir og þá er auðvitað nauðsynlegt að hæstv. ráðherra komi hér og verji hendur sínar vegna þess að þetta getur náttúrlega getur ekki legið óvarið í þessari umræðu.

[01:15]

Forseti (Þuríður Backman):

Hv. þingmaður ávarpar forseta. Forseti getur ekki svarað því hvar hæstv. iðnaðarráðherra er. En skilaboðunum hefur verið komið til hans.

[01:16]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða frumvarp um breytingar á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar á köldum svæðum. Það er ekki laust við að hálfgerður kuldahrollur sé í manni þegar klukkan er farin að ganga tvö og við erum búin að vera hér í allan dag, þetta er orðinn langur dagur, þrátt fyrir að við séum í heitu húsnæði sem kynt er með hitaveitu sem ekki er niðurgreidd. En svona getur það verið að þrátt fyrir að maður sé í heitu húsnæði, þegar þreytan fer að segja til sín dugar það oft og tíðum ekki.

Virðulegi forseti. Með frumvarpi þessu er ætlunin að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum sem ekki njóta hitaveitna. Það er einnig ætlunin að draga úr kostnaði ríkissjóðs til langtíma litið varðandi niðurgreiðslu til húshitunar.

Það hefur komið fram að tækifærin í nýjum hitaveitum á köldum svæðum eru hverfandi og því er hér verið að fara nýjar leiðir og veita stofnstyrki til íbúðareigenda sem hyggjast nýta sér varmadælur til að minnka húshitunarkostnað til lengri tíma litið. Það verður nefnilega að teljast

ólíklegt að unnt verði að koma upp hitaveitum á köldum svæðum þar sem er strjálbýlt og kostnaðarsamt að finna jarðhita og dreifa til notenda.

Það er einnig verið að leggja til að styrkja íbúðareigendur á köldum svæðum sem vilja leggja í breytingar á húsnæði sínu í þeim tilgangi að spara orku. Íbúðareigendur sem færu að ráðast í endurbætur sem leiða til orkusparnaðar, t.d. að endurglerja húsin sín, bæta einangrunina og fleiri aðgerðir sem lúta að betri einangrun og bættri orkunýtingu á þessum köldu svæðum.

Þær leiðir sem hér eru boðaðar eru að mörgu leyti mjög góðar og skapa atvinnu á þessum stöðum, sérstaklega meðal iðnaðarmanna. Við sjálfstæðismenn höfum sagt það að við erum tilbúin að styðja mál sem varða fyrirtæki og heimili og geta með einhverjum hætti styrkt atvinnulífið og þetta frumvarp leiðir m.a. til þess að iðnaðarmönnum á þessum köldu svæðum gæti verið sköpuð atvinna. Þess vegna styðjum við þetta frumvarp.

Ég geri þó ráð fyrir að það frumvarp sem við erum nýlega búin að samþykkja í þinginu, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af viðhaldi húseigna, gæti eflaust átt við þetta mál einnig, þ.e. ef íbúðareigendur á köldum svæðum ákveða að fara í endurbætur á húsum sínum til að draga úr orkunotkun.

Hér er einnig verið að gera þær breytingar að mögulegt er að styrkja breytta orkuöflun til húshitunar m.a. með varmadælum. Þær geta verið öflugur kostur til upphitunar húsnæðis á þeim stöðum þar sem ekki eru hitaveitur þar sem varmadælur leiða til betri orkunýtingar. Varmadælurnar eru misjafnar að gerð og spara mismikla orku.

Hér á landi er ekki komin mikil reynsla á notkun á varmadælum en eftir því sem mér skilst þá er full ástæða til þess að nýta okkur reynslu Svía í þeim efnum sem hafa notað þessa tækni töluvert á undanförnum árum og fengið nokkra reynslu í því og telja að varmadælur séu orkusparandi og því góður kostur fyrir okkur á köldum svæðum.

Virðulegi forseti. Umræðan um orku og orkusparnað leiðir hugann einnig að því hvernig við Íslendingar getum hugsanlega sparað orku. Það er ekki hefð fyrir því á Íslandi að spara orku og yfirleitt leiða Íslendingar ekki hugann mikið að því að það sé mögulegt að gera.

Allt önnur viðhorf gagnvart orkusparnaði eru t.d. í Evrópu þar sem það virðist beinlínis vera innprentað í Evrópubúa að nauðsynlegt sé að spara orku. Þar er t.d. viðtekin venja að fólk kyndir jafnvel aðeins þau herbergi í íbúðum sínum sem það notar hverju sinni eða situr í hverju sinni. Til dæmis þegar fólk situr inni í stofu á kvöldin þá er öllum gluggum og öllum hurðum lokað til þess að halda hitanum inni og spara þannig orku. Hið sama gildir um lýsingu, það er ekki verið að tendra ljós í öllu húsnæðinu þegar það er alger óþarfi þar sem fólk situr fyrir framan sjónvarpið og þarf ekki að vera með lýsingu nema í einu herbergi.

Þetta þekkjum við Íslendingar ekki. Við teljum okkur eiga nóg af orku og teljum okkur ekki þurfa að spara á þessu sviði en auðvitað þurfum við að hugsa til þess þó að við eigum hér á landi nægar orkulindir í fallvötnum og jarðhita er ekki þar með sagt að við þurfum ekki að spara.

Á heimasíðu Orkusetursins kennir ýmissa grasa og þar er hægt að fá ýmsar upplýsingar um sparnað á þessu sviði. Ég hef oft hugsað til þess að það þyrfti að fara í einhvers konar herferð til að kenna Íslendingum og benda þeim á með hvaða hætti hægt er að spara orku. Á heimasíðu Orkusetursins kemur ýmislegt fram hvað það varðar, eins og ég sagði áðan. Það kom fram spurning um það fyrr í kvöld hvað væru mörg heimili í landinu sem kynda híbýli sín með raforku. Það kemur fram á heimasíðu Orkusetursins að það eru 9% heimila í landinu sem nota rafhitun og njóta flest þeirra heimila niðurgreiðslna til húshitunar. Meðalheimili á Íslandi eyðir árlega í kringum 200–300 þús. kr. í orkukaup. Þeir hjá Orkusetrinu segja að með auðveldum hætti megi draga verulega úr þeim kostnaði, með því að spara orku í formi hita, rafmagns og olíu.

Á heimasíðunni má finna leiðbeiningar varðandi það hvernig við getum sparað og það er gaman að renna í gegnum þær leiðir hvernig við best spörum við eldavélina og hvernig við best spörum í þvottum. Síðan er talað um lýsingu og hvernig við eigum að haga okkur með uppþvottavélina, ísskápinn og ýmislegt fleira sem eru gagnlegar upplýsingar fyrir Íslendinga sem virkilega vilja taka á í orkusparnaði.

Við erum að tala hér um niðurgreiðslur í húshitun og 9% heimila í landinu kynda enn með rafmagni og kannski ekki mikil breyting á því hjá þeim heimilum þar sem eins og áður hefur komið fram að tækifærin í nýjum hitaveitum á köldum svæðum eru hverfandi og það er ólíklegt að unnt verði að koma upp hitaveitum á köldum svæðum þar sem strjálbýlt er og kostnaðarsamt að finna jarðhita og dreifa til notenda.

Hitaveita er mjög mikill, það má segja, lúxus. Ég man þá tíð þegar ég var að alast upp að það var ekki komin hitaveita á heimaslóðum mínum á Suðurnesjum og á mínu heimili var kynt með rafmagni. Mér eru minnisstæð öll þau vandamál sem hlutust af því varðandi baðvatn og annað því það tók oft sinn tíma að hita upp vatn til þess að það væri nægjanlega heitt vatn til þess að fara í bað.

Nú er öldin önnur og við sem búum svo vel að vera með hitaveitu þurfum svo sannarlega ekki að hafa áhyggjur af þessu. Þess vegna viljum við gjarnan gleyma því að fara vel með þessa auðlind. Eins og ég sagði hér áðan að þó svo að við eigum nægar orkulindir þá er ekki þar með sagt að við þurftum ekki að spara þær. Það borgar sig að fara vel með svona hluti. Að lokum vil ég segja að ég held að það væri ágætismál að fara í gegnum það að kenna Íslendingum að spara orku. Það sé nauðsynlegt til lengri tíma litið.

[01:31]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hér eru haldnar margar tímamótamarkandi ræður um orkunýtingu í kvöld og ég fagna því auðvitað og er ákaflega ánægður með að heyra það á hv. þingmönnum sem hér hafa talað í kvöld að þeir ljúka miklu lofsorði á það frumvarp sem hér er til umræðu.

Ég varð satt að segja næstum því snortinn af því að heyra hv. þingmann sem hér talaði á undan greina frá því að þetta frumvarp leiddi til þess að menn mundu bæta orkunýtni og þess vegna mundi hún styðja það. Hv. þingmaður greindi líka frá því að þetta mundi skapa atvinnu og þess

vegna mundi Sjálfstæðisflokkurinn styðja það og ég fagna því. Ég fagna öllum þeim sem vilja leggja góða hönd að verki og styðja iðnaðarráðherra í þeim efnum sem horfa til framtíðar.

Það kemur fram hjá þeim ágætu mönnum sem hér hafa talað fyrir Sjálfstæðisflokkinn í kvöld að þeir bara — með orðbragði Eyjamanna mundi maður segja að þeir mega vart vatni halda ánægju og fögnuði yfir þessu. Það er að vonum. Þetta frumvarp byggist á tilraunaverkefni úr kjördæmi hv. þm. Herdísar Þórðardóttur. Það miðar að því að geta hjálpað Vestmannaeyingum meðal annars til þess að fjármagna varmadælur í framtíðinni og þar fer nú fram tilraun undir forustu einnar af stofnunum iðnaðarráðuneytisins sem hefur starfsstöð í Vestmannaeyjum sem er á heimsmælikvarða. Ef það reyndist mögulegt, sem við teljum að sé hægt, að vinna varma hafsins til hagsbóta fyrir almenning í Vestmannaeyjum þá er líka hægt að gera það annars staðar.

Frú forseti. Ég velti því fyrir mér hvar hv. þm. Kristján Þór Júlíusson sé. Ég var beðinn sérstaklega að koma hingað til að eiga orðastað við hann. Ég veit í sjálfu sér að það er ósatt vegna þess að frumvarpið er skrifað af einni af þeim stofnunum sem hann hefur hvað mestan dyn og þokka á, þ.e. Orkusetrinu á Akureyri. (Gripið fram í.)

Ég spyr, frú forseti: Hvar er formaður þingflokks sjálfstæðismanna sem taldi það ákaflega brýnt að geta varpað til mín spurningum? Hún er ekki í salnum. Má ég biðja um að formaður þingflokks sjálfstæðismanna verði þegar í stað kallaður til fundarins. (Forseti hringir.)

[01:33]

Björk Guðjónsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég fagna orðum hæstv. ráðherra og jú, ég get, eins og ég hef sagt áður, tekið undir með hæstv. iðnaðarráðherra að hér er um gott mál að ræða. Það skapar atvinnu. Við sjálfstæðismenn höfum hér talað lengi í kvöld um annað frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra varðandi endurgreiðslu á kvikmynda ... (Gripið fram í.) Endurgreiðslu til ... (**Gripið fram í:** ... vegna kvikmyndagerðar.) Maður er orðinn svo þreyttur. Það er svo langt liðið á nóttina að maður er hættur að muna. Það er til kvikmyndagerðar. Og það frumvarp munum við sjálfstæðismenn einnig styðja sem er mjög gott og atvinnuskapandi og gjaldeyrisskapandi. Ég held því að hæstv. iðnaðarráðherra geti bara verið ánægður með okkur sjálfstæðismenn því við erum svo sannarlega að styðja hér frumvörp sem hann leggur fram. (Gripið fram í.)

[01:34]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er alltaf ánægður með Sjálfstæðisflokkinn þegar hann talar á þennan veg og ég hef yfirleitt verið ánægður með Sjálfstæðisflokkinn að því er varðar atvinnumál og hef átt mjög gott samstarf við þann flokk í þeim efnum. Það þarf ekkert að kvarta undan honum, ekki öllum, hluta hans.

Hv. þingmaður talar um það hér að hún gæti vart mælt sökum þreytu því nú væri langt liðið á nóttu. Nú skal ég trúa hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins fyrir því að þó að klukkan sé hálftvö að nóttu þá telur iðnaðarráðherra að það sé ekki of seint til þess að mæla af nokkrum þrótti og þess vegna lengi nætur. Þetta er bara partur af eðlilegum starfsdegi þeirra sem að hafa for.. (Gripið fram í.) Já, (**Gripið fram í:** Hjá iðnaðarráðherra.) hjá iðnaðarráðherra. (Gripið fram í.) Það getur vel verið en iðnaðarráðherra er bara vakinn og sofinn yfir þeim verkefnum sem honum er trúað fyrir.

Hins vegar kom mér það svolítið á óvart að heyra hv. þingmann lýsa yfir mikilli ánægju sinni með það frumvarp sem hún nefndi að hefði verið til umræðu hér áðan um endurgreiðslu vegna kostnaðar af kvikmyndagerð á Íslandi. Ég veit mætavel að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins margir hafa stutt það. En ýmislegt kom mér á óvart hér í kvöld. Sá sem fyrstur tók til máls um það mál var fyrrverandi fjármálaráðherra. Hvernig skyldi nú standa á því, frú forseti, að það frumvarp var ekki lagt fram og komst ekki í gegnum ríkisstjórn fyrr en það var komin ný ríkisstjórn? Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, veit það kannski betur en margir hér í salnum. Það var nú einfaldlega þó það væri breiður vilji fyrir því meðal margra góðra þingmanna Sjálfstæðisflokksins þá (Gripið fram í.) var sá vilji ekki í sama mæli endurspeglaður af ráðherrum flokksins. Því fór sem fór.

Ég fagna því auðvitað að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru, alla vega sumir, með ráði og rænu í nægilegum mæli til þess að koma hér upp og fagna hverju málinu á fætur öðru sem kemur úr ranni iðnaðarráðuneytisins. Það sýnir mér nú bara að batnandi mönnum er best að lifa. En almennir (Gripið fram í.) þingmenn flokksins hafa (Forseti hringir.) miklu betra skyn á framfaramálum en sumir þeirra sem verið hafa í forustu flokksins.

[01:37]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Við erum að ræða um niðurgreiðslur húshitunar, um niðurgreiðslu á kostnað. Það var mjög sérstakt að hér skyldi hæstv. iðnaðarráðherra mæta og fara í andsvör við síðustu tíu, fimmtán ræðumenn sem hér hafa verið í kvöld (Gripið fram í.) og var snöggur að. Það var mjög sérstakt. Það fór mörgum sögum af því þegar fyrrverandi kollegi okkar Guðni Ágústsson var í salnum og talaði um hið margfræga næturblogg hæstv. iðnaðarráðherra. Þannig að hann hefði getað haft einhver orð um það nú.

Það sem ég vildi koma inn á, herra forseti, er að við erum búin að ræða í kvöld einmitt tvö mál frá hæstv. ráðherra og bæði þessi mál hafa verið unnin lengi og mönnum er tíðrætt um átján ára setu Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn. Þetta eru mál sem bæði hafa verið í þróun í mörg ár og það er verið að bæta góð mál. Það er það sem er verið að gera. Það er það sem verið er að gera bæði með endurgreiðslu varðandi kvikmyndaiðnaðinn ... (**Gripið fram í:** Framsóknarflokkurinn átti það.) Hann átti það jafnframt. Ég var í (Gripið fram í.) iðnaðarnefnd og menntamálanefnd þegar þessi frumvörp voru búin til þannig að mér er vel kunnugt um það. En það voru fleiri. Já, það er rétt. Framsóknarflokkurinn átti þann heiður líka ásamt Sjálfstæðisflokknum. Ég er að benda á að mörg mál sem við erum að vinna hér í þinginu hafa verið í þróun í gegnum árin og við erum að bæta þau. Við erum að styrkja okkur og það er nákvæmlega

með þetta frumvarp sem hér er. Þannig er það líka. Við erum að bæta í. Við erum að hækka orkusparnaðaraðgerðirnar úr 1% í 3%. Þar er vel að verki staðið. Við þekkjum það að það eru alger forréttindi fyrir þær byggðir á Íslandi sem búa við þann kost að hafa aðgang að heitu vatni eða hitaveitu.

Á undangengnum átján árum, svo við höfum það nú sem markið, þá hefur verið hitaveituvætt gríðarlega víða á landinu. Það er ekkert að byrja nú. Ég þekki það í mínu kjördæmi að þar eru búnar að vera gríðarlegar framfarir sem hafa styrkt byggðirnar, gefið möguleika á nýjum atvinnutækifærum og nýrri búsetu. Þær aðgerðir sem við erum að bæta hér núna hafa því verið við lýði lengi. Við erum einungis að gera gott mál enn betra. Þess vegna fagna ég þessu máli og styð að það sé haldið áfram á þessum vettvangi.

Það eru einkum þrír þættir dregnir fram í athugasemdum við þetta lagafrumvarp. Það eru einkum þrír þættir sem er lögð áhersla á að þetta frumvarp skili, þ.e. að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum, draga úr kostnaði ríkissjóðs til lengri tíma litið miðað við niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar og hvetja til atvinnuskapandi verkefna. Þetta eru þeir þrír meginþættir sem frumvarpinu er ætlað að ná fram. Það verkefni að hvetja til atvinnuskapandi verkefna lýtur að endurbótum á húsnæði með einangrun og því að bæta húsnæði þannig að það þurfi minni orku. Síðan er hitt að fara inn á köldu svæðin og leita að þeim möguleikum sem eru í farvatninu varðandi aðra orku.

Þá langar mig aðeins að nefna það að hér kemur fram í framhaldsnefndaráliti að gerð hafi verið úttekt á hagkvæmni á varmadælum og smávirkjunum. Smávirkjanir voru hér í eina tíð, hér áður fyrr, mikið notaðar á landsbyggðinni, sérstaklega í því kjördæmi sem ég þekki best til, í Suðurkjördæmi, í Skaftafellssýslum, sérstaklega í Vestur-Skaftafellssýslu þar sem miklir smiðir smíðuðu sínar virkjanir og komu þeim upp sjálfir. Svo var jafnframt á öðrum stöðum á landinu þar sem menn voru duglegir að nýta vatnsaflið heima á býlum og það hefur verið í auknum mæli núna undangengin ár að menn hafa tekið til við að endurgera litlar rafstöðvar og jafnvel byggja nýjar. Það eru miklar framfarir á því sviði og menn eru að bæta búsetuskilyrðin verulega með því að koma þessum litlu rafstöðvum, vatnsaflsstöðvum af stað aftur.

Jafnframt má geta þess að sumar þessara stöðva eru verulega stórar og selja inn á Landsnet eða inn á netið hjá Rarik þannig að það er þá tvíþættur tilgangur með því að byggja þessar smávirkjanir upp sem svo hafa verið nefndar.

Ég gerði örlítið að umtalsefni í fyrri ræðu við 2. umr. mál sem varðar kostnað sem hefur farið mjög hækkandi bæði á raforkuverði og dreifingu rafmagns. Mig langar aðeins að lesa upp úr bréfi til skýringar á máli mínu. Það er bréf sem skrifað er 17. mars 2009 frá byggðaráði Bláskógabyggðar. Þeir segja svo, með leyfi forseta:

„Byggðaráð Bláskógabyggðar mótmælir þeirri ákvörðun stjórnar Rariks um 15% hækkun verðs á dreifingu og flutningi á raforku frá og með áramótum. Jafnframt hefur verið ákveðið að hækka orkuverð um 7–14%. Ákvörðun ríkisins á skerðingu á niðurgreiðslum á dreifingu rafmagns til garðyrkjubænda ásamt umræddum hækkunum valda því að rafmagnskostnaður ylræktenda eykst um 25–30%.“ — Nú frá síðustu áramótum. — „Það er því ljóst að umræddar ákvarðanir koma sérstaklega illa niður á rekstri ylræktenda og setja í raun rekstrarforsendur þeirra í uppnám. Einnig eykur þessi ákvörðun verulega byrðar þeirra heimila sem ekki hafa aðgang að hitaveitu og nýta raforku til húshitunar. Byggðaráð hvetur stjórn Rariks og ríkisvaldið til að endurskoða þessar ákvarðanir.“

Það var akkúrat þetta, herra forseti, sem ég átti við þegar ég fór í andsvör við hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, formann iðnaðarnefndar, nákvæmlega þetta að það er að gerast að orkuverð til atvinnufyrirtækja er að hækka um 25–30%, atvinnufyrirtækja sem framleiða matvæli á Íslandi, ylræktarbændur, framleiða matvæli inn á íslenska markaðinn.

Það hlýtur að teljast athugunarvert þegar svo miklar hækkanir eru á þessari einu grein sem raun ber vitni þegar stjórnarflokkarnir, sérstaklega Vinstri grænir, og reyndar ræddi hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson það hér í dag að stuðla bæri að því að þessar atvinnugreinar fengju raforku á sambærilegu verði og stóriðjan. En svo er aldeilis ekki. Það er verið að snarhækka orkuverð til þessara aðila núna og látið er í veðri vaka af hv. stjórnarþingmönnum, bæði úr Samfylkingu og Vinstri grænum, Atla Gíslasyni, að nú eigi að bjarga þessu, það sé bara ekki tími til þess fyrr en eftir kosningar. Það er sérkennilegt og hefur komið fram úr þessum ræðustól að það þarf að vinna að þessu máli að þeirra mati en það þarf að gera eftir kosningar. Þannig er umræðan. Þannig er kynningin og það er ekki þannig sem ég vil sjá þetta gerast.

Nú vil ég fá þessa aðila til að kalla hagsmunaaðila á fund iðnaðarnefndar eins og lofað var og fara yfir málið og gefa hrein og klár svör við því hvernig menn ætla að halda þessu máli áfram. Það er augljóst að þær atvinnugreinar sem þurfa jafnmikið á raforku að halda og þarna um ræðir ráða ekki við þessar hækkanir. Þær ráða ekki við þær. Hvað gerist þá, herra forseti? Þá gerist það að þessi starfsemi leggst af og við þurfum að fara að flytja þessar afurðir inn til landsins og eyða gjaldeyri í staðinn fyrir að spara gjaldeyri. Það er ansi hart þegar atvinnugrein sem framleiðir jafnumhverfisvæna og vistvæna vöru og grænmetið er hefur ekki efni á að borga raforkureikninga sína.

Nú sé ég að hv. formaður iðnaðarnefndar heyrir það sem ég er að segja og ég ítreka að það verði ekki seinna en á morgun að þessir hagsmunaaðilar verði kallaðir á aukafund iðnaðarnefndar og farið yfir málið þannig að menn viti að hverju þeir eiga að búa. Það er ekki hægt að hafa þessa atvinnugrein í þeirri óvissu sem hún býr við núna. Það er verið að tala um það hér að það eigi að gera ráðstafanir til þess að bjarga heimilunum og atvinnulífinu. Þarna er klárt dæmi sem þarf að taka á. Nú gengur hæstv. iðnaðarráðherra í salinn. Ég mundi gjarnan vilja heyra hæstv. iðnaðarráðherra svara því úr ræðustóli Alþingis hér og nú hvernig hann hyggist ráða bót á þessu máli sem upp er komið og svara því hvort þessir atvinnurekendur geti búist við því að búa við það raforkuverð sem þeir geta greitt fyrir.

Herra forseti. Ég sé að það er margt gott eins og ég nefndi hér í upphafi máls míns í þessu frumvarpi. Við erum að feta okkur inn á braut sem er til þess fallin að jafnaður verði aðstöðumunur milli íbúa þessa lands. Auðvitað þarf

að gæta þess að það sé gert með því hófi að menn fari ekki út í eitthvert fen með þann kostnað sem getur hlotist af því að koma upp hitaveitu eða öðrum hitagjöfum en almennt gerist á þessu landi. En þá verðum við að búa við það að greiða niður raforkukostnaðinn til þeirra íbúa sem ekki eiga möguleika á öðrum þáttum sem um ræðir. Eins og við þekkjum hafa mörg byggðarlög eins og Dalirnir og Eskifjörður og fleiri staðir fundið heitt vatn og verið hitaveituvæddir á undangengnum árum og það er mjög gott. Ég ætlaði að nefna Stykkishólm. Það var það sem stóð aðeins í mér að muna eftir að þar var samstarfsverkefni sem gerði það að verkum að þar var hægt að hitaveituvæða og það er mjög jákvætt. Í fleiri byggðum er verið að ná slíkum árangri og í þeim sýslum sem ég þekki best til hefur verið unnið gríðarlegt átak á þessum síðustu átján árum, á valdatíma Sjálfstæðisflokksins og þeirra flokka sem með honum hafa unnið. Við skulum ekki gleyma því að það hefur gerst á þeim árum og það hafa verið gríðarlega miklar framfarir einmitt hvað þetta varðar. Því fagna ég auðvitað. Ég mundi gjarnan vilja heyra frá hæstv. iðnaðarráðherra um orkuverð inn í framtíðina.

[01:51]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef jafnan, eftir því sem ég hef getað, lagt lið þeim sem hafa barist fyrir því að bæta hag ylræktarbænda. En mig langar að spyrja hv. þm. Kjartan Ólafsson: Hvar hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið í því efni síðustu 18 árin? Er það ekki Sjálfstæðisflokkurinn sem meira og minna hefur verið með það ráðuneyti sem vélar um umbúnað ylræktarbænda? Ég veit ekki betur. (Gripið fram í.) Nei, nákvæmlega landbúnaðarráðuneytið. Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með landbúnaðarráðuneytið og það er Sjálfstæðisflokkurinn sem eðlilega hefði átt að hafa frumkvæði að því að bæta haga ylræktarbænda með þeim hætti sem hv. þingmaður ræddi hér.

Ég spyr hv. þingmann: Hvernig í ósköpunum stendur á því að það er fyrst núna, eftir að hann er kominn í stjórnarandstöðu, sem hann vaknar upp við vondan draum og sér að á síðustu 18 árum hefur Sjálfstæðisflokkurinn ekki staðið í stykkinu að því er þetta varðar? Mig langar að spyrja hann að því. Hvernig stendur á því að hann kemur loksins auga á þetta núna eftir að hafa verið í ríkisstjórn og stutt landbúnaðarráðherra Sjálfstæðisflokksins? Ég man ekki eftir því að þessi ágæti þingmaður hafi haldið slíkar ræður yfir hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni þegar hann vélaði um þessi mál.

Hins vegar er rétt að halda því til haga að á síðasta ári voru veittar 100 millj. kr. aukalega til þess að greiða niður rafmagnsverð til ylræktarbænda og það var ekki iðnaðarráðherra sem hafði frumkvæði að því, það var hv. þingmaður og þáverandi landbúnaðarráðherra, Einar Kristinn Guðfinnsson, sem gerði það með miklum sóma. Hann lagði sömuleiðis til að á þessu ári væru 100 millj. kr. sérstaklega veittar til þess að greiða þetta niður. En það komu engar aðrar tillögur frá Sjálfstæðisflokknum.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson hefur aldrei komið með neinar tillögur um málið. Svo kemur hann hingað og rífur sig niður í rass af því að hann fær þá dagskipan að standa hér í málþófi. Hvar voru tillögur hv. þm. Kjartans Ólafssonar á meðan hann var (Forseti hringir.) í stjórnarliðinu?

[01:53]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að hæstv. iðnaðarráðherra hefur ekki mikla þekkingu á þessum málaflokki. Ég var um tíu ára tímabil formaður þessara samtaka og veit mætavel við hvað þau bjuggu hvað varðar raforkuverð og aðrar aðstæður í samfélaginu.

Ég gerði ásamt Bændasamtökum Íslands svokallaðan aðlögunarsamning við ríkið og það voru þáverandi fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, og Guðni Ágústsson sem undirrituðu þann samning. Nú hefur verið gengið á svig við hann. Það er það sem ég þekki og veit. Ég var að lýsa því í ræðu minni hér áðan að það er um 25–30% hækkun á raforku.

Ég held að hæstv. iðnaðarráðherra ætti að kynna sér þann aðlögunarsamning sem gerður var. Hann var gerður þannig að þá fengu menn í þessari atvinnugrein raunverulega sams konar aðstæður og kollegar þeirra í Kanada, Noregi og Finnlandi. Við erum að sveigja út af þeirri leið núna og það er þess vegna sem ég spyr hæstv. ráðherra. Ég vil að staðið verði við þennan aðlögunarsamning af hálfu ríkisins.

[01:54]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður á hrós skilið fyrir frumkvæði sitt að þessum aðlögunarsamningi. Það var samningur sem var umdeildur á sínum tíma, m.a. í röðum landbúnaðarins. Ég og fleiri sem höfum talað fyrir auknu frelsi í landbúnaðarmálum studdum þetta dyggilega. Hv. þingmaður hafði bæði þekkingu og reynslu og þá framsýni sem leiddi til samningsins. Í kjölfar hans stórjókst sala á innlendum afurðum. Ef ég man rétt tvöfaldaðist sala á tómötum á þriggja eða fjögurra ára tímabili. Ég held að sala hafi líka aukist verulega á ýmsum öðrum afurðum þeirra þannig að samningurinn var svo sannarlega skref í rétta átt.

Ef hv. þingmaður telur að verið sé að víkja frá þessum samningi verður hann að svara spurningunni sem ég lagði fyrir hann. Það eru ekki nema 6 eða 8 vikur tæpar, 7 vikur, frá því að hv. þingmaður var í stjórnarliðinu. Hvar voru tillögur hv. þingmanns um það að bæta stöðu ylræktarbænda á meðan hann var í ríkisstjórn? Það hefur ekkert sérstakt gerst síðan þá sem hefur kollvarpað stöðu þeirra.

Nú skal ég fúslega viðurkenna að landbúnaðurinn er, eins og aðrar greinar í samfélaginu, í erfiðri stöðu. Það er allt atvinnulíf í landinu. Menn reyna að koma til móts við það eftir því sem þeir geta. Hitt liggur ljóst fyrir að ef hv. þingmaður, sem hefur verið í forustu fyrir samtökum þessara framleiðenda, hafði einhverjar galdralausnir í þessu máli hafði hann ekki fyrir því að koma þeim á framfæri við Alþingi Íslendinga. Ekki kom hann hingað og skammaði fyrrverandi landbúnaðarráðherra fyrir að hafa staðið sig illa. Nei, öðru nær, hann bar blak af honum aftur og aftur.

Það skýtur því skökku við að nú skuli hv. þingmaður koma og telja að himinn og jörð séu að farast í þessum efn-

um. Skýringin er augljóslega sú — það vita hana allir sem eru hér í þessum sal, þeir sem eru með ráði og rænu, sem eru kannski ekki allir sökum syfju — að Sjálfstæðisflokkurinn er í málþófi hérna. (Forseti hringir.) Hann er að búa sig undir langa stjórnarandstöðu, þetta er svona eins konar skóli í málþófi. (Forseti hringir.) Það er sjálfsagt að ég taki þátt í því, herra forseti, að miðla af gamalli reynslu í þeim efnum. En ég mundi haga mér allt öðruvísi ef ég væri ...

[01:57]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er greinilegt að hæstv. iðnaðarráðherra fylgdist ekki með ræðu minni hér áðan. (Gripið fram í.) Nei, nákvæmlega ekki, hæstv. iðnaðarráðherra, vegna þess að ég las upp úr bréfi sem mér hefur borist og reyndar nokkrum öðrum aðilum, m.a. Rarik, iðnaðarráðuneytinu, samgönguráðuneytinu, iðnaðarnefnd Alþingis, SAS, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þingmönnum Suðurkjördæmis og fjölmiðlum. Bréfið er dagsett 17. mars, það er þá sem þessir aðilar taka málið upp við okkur þingmenn.

Ég fylgist ekki dag frá degi með því hvernig Rarik verðleggur þjónustu sína og rafmagn en það er þetta bréf sem ég er að vitna í og það er skrifað 17. mars. Þá er verið að fara yfir það hvernig hefur verið gengið á svig við þann aðlögunarsamning sem er í gildi.

[01:58]

Árni Johnsen (S):

(**Gripið fram í:** Hefst nú söngurinn. Nýtt lag.) Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að staðna ekki í hinu þekkta heldur leita til hins óþekkta. Þar liggja möguleikarnir, væntingarnar og vonirnar. Þar liggja auðlindir sem eru óbeislaðar. Og við Íslendingar erum svo lánsamir að búa við djarfsækinn iðnaðarráðherra svo að þar er allra veðra von.

Ugglaust hefur hæstv. iðnaðarráðherra dottið í hug eins og mér að það væri til að mynda ástæða til þess að virkja „tungufall“ hæstv. fjármálaráðherra Steingríms J. Sigfússonar því að mikið afl hefur farið í súginn í „tungufalli“ þess ágæta manns í gegnum tíðina og sjaldan verið virkjað til góðs sérstaklega. En það kann að vera erfitt að nýta slíkt sem orkuskapandi þátt í landinu.

Það eru þó ákveðnir möguleikar, ákveðnar auðlindir sem eru vannýttar í umhverfi okkar og náttúru, þ.e. hafið, sjávarföllin og vindurinn. Það er ekkert smávegis afl sem býr í þessum þáttum íslenskrar náttúru.

Til að stikla á nokkrum atriðum var fyrir fáum árum byggð brú í Kolgrafarfirði sem breytti mjög samgöngum á Snæfellsnesi. Undir þessa brú renna sjávarföllin, aðfall og útfall frá firði innan brúar. Þar er feykilegt afl á ferðinni nætur og daga ár eftir ár óvirkjað. Á Breiðafirði eru straumrastir á sjávarföllum sem kögra margar eyjarnar. Þar er ótrúlegt afl óvirkjað. Við Vestfirði eru víða straumrastir sem menn hafa barist við í gegnum aldirnar á siglingu fyrir landi. En aldrei hefur verið lagt í að skoða til hins ýtrasta möguleika á að virkja þessar straumrastir.

Ein frægasta röstin er Látraröst við Látrabjarg á þröngu svæði sem væri ugglaust mjög spennandi svæði til þess að gera tilraunir til virkjana. Skammt frá Látrabjargi er Rauðisandur þar sem var bærinn Sjöundá og þau bjuggu þar Bjarni Bjarnason og Steinunn sem um getur í *Svartfugli* Gunnars Gunnarssonar, örlagasögu þeirra elskenda. Þar er líka orka í föllum út og suður.

Í *Rauðsendingadansi* Jóhannesar úr Kötlum um þau Bjarna og Steinunni segir, með leyfi forseta:

> Úti fyrir dunar
> hinn djúpblái mar:
> eilíf er sorgin
> í stóra hjartanu þar.
> Við skulum dansa fram í dauðann.

Í öðru erindi:

> Skepnan öll er getin í synd
> og skapað er henni að þjást:
> að fellur og út fellur
> hatur og ást.
> Við skulum dansa fram í dauðann.

Þetta er bara vísbending um að alls staðar eru öfl að verki og þar sem unnt er að virkja þau eigum við að beita okkur til hins ýtrasta. Álar og lænur eru í djúpfjörðum allt í kringum landið. Álar og lænur sem búa við straumbönd sem fara á margra mílna hraða á klukkustund.

Við Vestmannaeyjar, við Stórhöfða, við Faxasker, vestur á Skönsum við Heimaey, í Beinakeldu eru gríðarlega miklar straumrastir sem gæti verið fróðlegt að kanna virkjunarmöguleika á.

Vesturfallið við Suðurland gengur með allt upp í 15 mílna hraða á álnum milli lands og Eyja. Það er gríðarlegt orkufall sem er á ferðinni þar. Reykjanesröstin er eitt svæðið en kannski eitt það erfiðasta sem mætti beisla. Þetta undirstrikar að við eigum auðlindir sem við höfum ekki nýtt og ekki lagt í að nýta, ekki einu sinni lagt í rannsóknarþáttinn af neinu viti. Svo búum við Íslendingar við einna mestu möguleika í heiminum í fjölbreytni slíkra sjávarfalla, í röstum, í lænum, í straumum.

Við ættum að taka upp samstarf við Færeyinga í þessum efnum. Við ættum að sýna okkar vænu og góðu bræðrum í Færeyjum þá virðingu og þann metnað að taka upp samstarf við þá um mögulega virkjun á straumföllum milli eyjanna, straumföllum þar sem sjórinn skilur að eyjarnar átján. Og einnig þar geta straumrastirnar farið á sjávarföllum upp í 17 mílna hraða.

Það eru svo sterk straumbönd á siglingaleiðinni milli Færeyja að þeir þurfa að gefa út sérstök sjávarkort, straumkort, til þess að bátar sem eru á ferð séu ekki í stórhættu og kunna að varast leiðir straumbandanna. Þetta er allt óbeisluð orka og þess vegna væri mjög spennandi og hvetjandi að taka til hendinni við þessa möguleika.

Þess vegna vil ég hvetja hæstv. iðnaðarráðherra til þess að setja nú hrygg í málið og vera frumkvöðull í þessum efnum á okkar hlýju jörð, frumkvöðull í því að nota það sem maður getur kallað í þessum efnum eilífðarvélina, að virkja eilífðarvélina.

Eilífðarvélin og þyngdaraflið eru eitt og hið sama, það er bara spurning hvaða orð maður notar yfir það. Það eru öfl sem eru við fætur okkar. Af hverju ekki að reyna að beisla þau þó að þau virki ógnvænleg og erfið til að sækja í nýtingarsjóð þjóðarinnar?

Ég ætla ekki að ræða sérstaklega um annan þátt sem er ótrúlega óbeislaður við Ísland og það er vindaflið. Þrír vindasömustu staðir á jörðinni eru Suðurskautið, Keflavíkurflugvöllur og Stórhöfði í Vestmannaeyjum. (Gripið fram í.) Það eru þrjú öflugustu vindasvæðin með snörpustu vindana. Við höfum fylgst með því hvernig til að mynda Danir hafa virkjað vindaflið víða á ströndum við Danmörku. Af hverju ættum við ekki að skoða þann möguleika líka, til að mynda á ákveðnum svæðum suðurstrandar Íslands?

Ekki vantar nú vindana undir Eyjafjöllunum og allt er þetta óbeislað afl. Þetta er óbeislað afl sem spannar öll svæði landsins. Þess vegna getur það verið sérstaklega spennandi til að styrkja og efla mannlíf og búsetu á landsbyggðinni, efla þar fjárfestingu, framfarir og framþróun sem skjóta styrkum stoðum undir mannlíf um Ísland allt.

Við verðum að komast út úr ákveðnum höftum sem hafa verið að þrengja að. Það fer ekkert á milli mála í okkar ágætu höfuðborg að það er mikill undirliggjandi pirringur, þreyta, tortryggni og stundum leiði, umfram það sem þekkist og allt annað en þekkist úti á landsbyggðinni. Það er auðvitað áhyggjuefni því að þetta er nákvæmlega eins og þegar einhverri fjölskyldu líður ekki vel þarf að gera eitthvað. Þannig þarf nú að hlúa að höfuðborgarsvæðinu af því það fer ekkert á milli mála að því líður illa og hefur gert um árabil. En það er hlutur sem er á öðrum væng en möguleikar okkar í virkjunarauðlindunum sem eru svo ótrúlega öflugir og spennandi ef menn þora að ganga til verks og freista þess að nýta þetta afl. Það er engin spurning að það mun kosta einhver mistök um tíma því að með allri slíkri þróun hlaðast upp mistök en síðan kemur árangurinn.

Það er margt óunnið. Við höfum rætt um köldu svæðin og heita vatnið. Það er alltaf verið að hrekja kenninguna um köldu svæðin, síðast fyrir nokkrum vikum í Skaftafelli þar sem upp kom heitt vatn á ísköldu svæði við borun niður á 300 metra og nýtilegt vatn fyrir þjóðgarðinn og þá starfsemi sem þar er. Við skulum því aldrei segja aldrei þegar við ræðum um möguleikana á heitu vatni á Íslandi.

En þetta eru hlutir sem ég vil hvetja hæstv. iðnaðarráðherra, sem aldrei hefur verið verkkvíðinn maður í neinu í neinu er lýtur að framförum, til þess að taka upp og fylgja eftir fast og ákveðið.

[02:11]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Árni Johnsen er efnilegur til stjórnarandstöðu. Hann flytur að minnsta kosti skemmtilegar og hnyttilegar málþófsræður og ég þakka honum sérstaklega fyrir að leiða inn í umræðuna bæði Gunnar Gunnarsson og Jóhannes úr Kötlum. Hv. þingmaður lagði fast að mér að gera hrygg (**Gripið fram í:** Setja hrygg.) — setja hrygg í nokkur þjóðþrifamál og nú get ég trúað hv. þingmanni fyrir því að búið er setja hrygg í bæði þessi mál í iðnaðarráðuneytinu.

Ég get t.d. sagt honum frá því að þeir möguleikar sem felast í því að beisla þyngdaraflið og gang himintungla í gegnum sjávarföllin eru þegar meira en á umræðustigi í iðnaðarráðuneytinu. Iðnaðarráðuneytið hefur lagt 10 millj. kr. í rannsóknir í Breiðafirði til þess að geta í framtíðinni virkjað þann ógnarkraft sem er að finna í sjávarföllum þar og víðar á landinu líka. Hv. þingmaður nefndi eina manngerða framkvæmd, þ.e. (**Gripið fram í:** Kolgrafarfjörð.) Kolgrafarfjörð og þá má hann heldur ekki gleyma Gilsfirðinum. En það er reyndar sá ráðherra sem hér stendur sem á sínum tíma heimilaði þá brú.

En sami ráðherra lagði líka drög að því að reynt yrði að beisla kraftinn sem þar fer í gegnum. Það hlaut nú ekki náð fyrir þeim stofnunum sem um það ráða. En ég get líka sagt honum frá því að ég var að koma frá Bretlandi þar sem ég reifaði í annað skipti möguleika á samstarfi Breta og Íslendinga á þessu sviði. Bretar eru sennilega næstlengst komnir í heiminum á þessu sviði. Við höfum þegar skoðað sjávarfallavirkjanir í Skotlandi og þar er fullur vilji til samstarfs. Þetta ræddi ég t.d. við utanríkisráðherra Breta í gær ásamt ýmsum öðrum jafnvel mikilvægari málum. Gæti ég fleira sagt af því kannski í seinni ræðum mínum í kvöld, (Forseti hringir.) herra forseti.

[02:14]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég hlýt að gagnrýna það að ég sé í einhverju málþófi. Ég er ekki í neinu málþófi heldur er ég að ræða atriði sem virðist ekki hafa skilist í 1. umr., a.m.k. skildi formaður nefndarinnar ekki það sem ég var að fara og ætla ég þá að reyna að útskýra það betur. Ég sé ekki formann nefndarinnar, er hann hugsanlega farinn?

Það sem ég nefndi var að í Sovétríkjunum voru menn með alls konar niðurgreiðslur út og suður, þ.e. verðið sem menn borguðu fyrir vöru og þjónustu var ekki í neinu samræmi við framleiðslukostnaðinn. Því var í rauninni um að ræða niðurgreiðslu og öll eðlileg verðmyndun hvarf. Þannig gerðist það að farið var út í virkjanir, framkvæmdir og annað slíkt sem engan veginn stóðu undir sér, það gat kannski verið dýrara að flytja kolin á milli staða en verðmæti kolanna var.

Við erum í þeirri stöðu að raforkan er greidd niður eftir óskaplega flóknum reglum. Það eru mælagjöld og hitt og þetta. Ég hef reynt að setja mig inn í hvernig það er uppbyggt, en þetta er mjög flókið og mér sýnist að virðisaukaskattsútreikningurinn sé óleysanlegur. Það segja mér a.m.k. þeir sem þurfa að reikna hann út, að ekki sé hægt að leysa það stærðfræðivandamál og þeir hafa grátbeðið um að það verði einfaldað.

Fyrst er orkan niðurgreidd, þ.e. raforkan, eingöngu raforkan, ekki önnur orka, og svo þarf að niðurgreiða samkeppnisorku eins og hitaveitu sem hugsanlega færi í gang og annað slíkt með afskaplega flóknum reglum, stofnkostnaður er borgaður sem nemur sjö ára niðurgreiðslu o.s.frv. Mér skilst að bændur sem eru með heimaveitur, rafveitur, fái líka niðurgreiðslu á stofnkostnaði og öðru slíku, þetta er svo flókið að það er með ólíkindum, í stað þess að horfa bara á dæmið heildstætt ofan frá og segja: Við styrkjum hvert heimili. Mér skilst að um 10 þúsund heimili séu í þessari stöðu, tæplega 30 þúsund manns, um 10% af heimilum í landinu. Styrkurinn er um milljarður þannig að þetta mundi vera svona 100 þús. kr. á hvert heimili.

Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk kostar um 60 þús.

kr. að hita hús í Reykjavík og eftir niðurgreiðslu kostar 150 þús. kr. að hita hús á Skagaströnd. Þetta var svar frá hæstv. iðnaðarráðherra við fyrirspurn hv. þm. Jóns Bjarnasonar núna í vetur. Það þýðir að það kostar í rauninni samkvæmt þessum grófu útreikningum mínum um 250 þús. kr. að hita húsið á Skagaströnd. Þá er spurningin hvort íbúarnir mundu ekki fara á fleygiferð, ef það kostar 250 þús. kr. að hita húsið, að finna einmitt þær lausnir sem er verið að niðurgreiða með þessu frumvarpi, þ.e. varmadælur, betri einangrun, finna og virkja vindorku eða fara bara einhverjar aðrar leiðir til að ná kostnaðinum niður, nota t.d. útblástur á húsinu, þ.e. þegar loftað er út sé það loft notað til að hita loftið sem kemur inn, það er líka til kerfi utan um þetta. Ég nefndi varmadælur og sitthvað fleira sem hægt er að nota.

Þetta gera menn allt saman þegar þeir þurfa að borga 250 þús. kr. á ári fyrir húshitun en gera það kannski ekki ef þeir borga 150 þús. kr. Þá leita menn síður að slíkum kostum. Ég vil að menn skoði það hreinlega að fara einföldu leiðina, að styrkja hvert heimili, finna út annaðhvort stuðla eftir flatarmáli eða íbúafjölda eða eitthvað slíkt. En þá segja menn að fólk fari að skrá sig sem íbúa. Þjóðskráin á að geta fylgst með því að fólkið búi á staðnum sem mundi njóta niðurgreiðslunnar.

Ég vildi koma þessu á framfæri vegna þess að mér finnst menn ekki hafa skilið þessa hugsun. Þetta mundi gera kerfið allt saman miklu, miklu einfaldara. En, herra forseti, það sem næðist ekki fram væri raforkusala frá Rarik og öðrum raforkuveitum sem selja orkuna. Þær njóta þess nefnilega að til að menn fái styrkinn, þennan hundraðþúsundkall á heimili, verða þeir að kaupa raforku, þeir fá styrkinn ekki ella. Þetta er einmitt það sem liggur oft að baki því að menn búa til styrkjakerfi, þ.e. að geta selt vöru sína. Þess vegna er það mjög varasamt að fela þeim aðilum sem standa í því að selja orkuna eða vöruna að búa til kerfin um niðurgreiðsluna.

Ég ætla að vona að það hafi skilist í þetta skiptið hvernig ég hugsa þetta kerfi og ég mundi gjarnan vilja að hv. iðnaðarnefnd tæki þá hugsun til umfjöllunar og athugaði hvort þetta væri ekki miklu einfaldara, fyrir utan það að raforka til húshitunar hefur hækkað undanfarin ár töluvert umfram verðlag. Þrátt fyrir niðurgreiðsluna fer kostnaðurinn síhækkandi sem er sennilega vegna þess að orkan er niðurgreidd og menn þurfa ekki að halda eins mikið í — það er svo lítil samkeppni og lítið kostnaðareftirlit og kostnaðaraðhald vegna þess að góður hluti af orkunni er borgaður af ríkinu. Þetta er allt saman þekkt. Þetta var þekkt í Sovétríkjunum og þetta er þekkt alls staðar þar sem um niðurgreiðslu er að ræða og ætti að vera þekkt líka á Íslandi.

Ég skora því á formann nefndarinnar að skoða það að fara út í svona dæmi. Ég get svo sem líka búið til þingsályktunartillögu þar sem Alþingi skorar á nefndina að fara út í þá vinnu að skoða að vera með beingreiðslur eða búsetustyrki til íbúa á köldum svæðum, sem kæmi miklu betur út og mundi væntanlega valda því að meiri hvati yrði til þess að fólk leitaði að ódýrari lausnum, frekar en að ríkið sé í rauninni fyrst að niðurgreiða orkuna og svo að niðurgreiða leit fólksins að ódýrari orkugjöfum. Fyrir utan það að menn nýta þá ekki aðra möguleika eins og sjávarfallavirkjanir, vindorku o.s.frv. Varmadælur væri alveg rakið að nota t.d. í Grímsey þar sem er stutt í sjó vegna þess að þær þurfa einhvers staðar jafnan hita til að nota til að ná í orkuna. Þær virka jú eins og öfugur ísskápur, þær hita í staðinn fyrir að kæla. Ísskápurinn þarf að ná hitanum út með því að kæla með kælielementum aftan á ísskápnum, hann hitar í rauninni rýmið í kringum sig á meðan varmadæla hitar húsið en kælir umhverfið og þess vegna þarf að vera ákveðin orka þar, varmaorka, sem er dælt inn í húsið.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra. Ég ætlaði bara að koma með þessa hugmynd aftur af því að hún virðist ekki hafa skilist.

[02:22]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða af hálfu hv. þingmanns kom skýrt fram við 2. umr. og núna við 3. umr. Hann hefur jafnframt rætt við mig á göngum þinghússins þessa hugmynd sína og tillögu.

Virðulegi forseti. Við 2. umr. var komið í andsvar við hv. þingmann. Jafnframt tók ég fram í ræðu þar sem ég tók umræðuna saman í lokin, og það kom skýrt fram, að enginn þingmaður í salnum, hvorki ég sem hér stend né heldur þingmenn Sjálfstæðisflokksins eða annarra þeirra flokka sem hér töluðu — það tók bara einfaldlega enginn undir þá tillögu hv. þingmanns vegna þess að menn telja að þetta sé ekki raunhæf leið eins og staðan er í dag.

Ef hv. þingmaður ætlar að halda áfram að halda því fram að menn skilji ekki tillöguna sína einfaldlega vegna þess að þeir eru ekki sammála henni og eru ekki sammála því að fara þá leið sem hv. þingmaður boðar, þá eru samræður á ansi miklum villigötum. Ég hvet hv. þingmann til þess að leggja fram þingsályktunartillögu eða frumvarp um að fara þessa leið og þá verður hægt að taka hana til efnislegrar umfjöllunar og annaðhvort að samþykkja hana ef hv. þingmaður nær að vinna henni fylgi eða fella hana. Það er einfaldlega þannig að það tókst ekki í 2. umr. og ekki heldur núna. Þó að fólk sé ekki sammála hans leið þá bið ég hv. þingmann að brigsla því ekki um að skilja hana ekki eða annað slíkt.

Hv. þingmaður er vandur að virðingu sinni og hann vill að hér sé komið fram við hann af virðingu. Ég tel að svo hafi verið gert í þessu máli. Þessu hefur verið svarað af þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins og af þeirri sem hér stendur við 2. umr. Ég tel ekki að við þurfum að dvelja lengur við það. Við höfum rætt þetta, (Forseti hringir.) virðulegi forseti.

[02:24]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór í þessa umræðu í kvöld af því að þessa er ekki getið hið minnsta í nefndaráliti nefndarinnar og þess vegna taldi ég að menn hefðu bara ekki skilið málið, en það getur vel verið að hv. þingmaður hafi skilið þetta til fullnustu. Ég held hins vegar að menn séu mjög litaðir af þeirri stöðu sem er í dag. Menn þekkja kerfið eins og það er í dag, þeir taka því sem gefnu og geta ekki séð breytingar á því. Það er því miður mjög oft þannig ef menn búa við ákveðin kerfi.

Ég nefndi t.d. örorkulífeyriskerfið á Íslandi, þar er talað

er um 75% örorku. Mjög margir geta ekki séð fyrir sér kerfi eins og er í Þýskalandi og víðast hvar annars staðar sem byggir bara á allt, allt öðrum prinsippum, menn geta hreinlega ekki séð það af því að þeir eru svo samdauna og vanir því kerfi sem þeir búa við og hafa ætíð búið við.

Það kerfi sem við búum við í sambandi við niðurgreiðslu á raforku til húshitunar er mjög gamalt og hefur verið mjög lengi við lýði en menn sjá bara þetta kerfi og virðast ekki vilja sjá, og skilja kannski ekki, aðrar lausnir. Svo getur vel verið að einhver galli sé í þessari lausn minni en ég minni bara á að svona niðurgreiðslukerfi þar sem menn eru farnir að niðurgreiða hitaveitur á móti vegna þess að raforkan er niðurgreidd hlýtur að kveikja eitthvert ljós hjá mönnum þegar þeir sjá hversu óskaplega flókin kerfi þeir eru að búa til. Þetta er alveg ótrúlega flókið.

[02:26]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála hv. þingmanni um að þetta sé alveg ótrúlega flókið. Ef við skoðum grannt það mál sem liggur fyrir, og þingheimur virðist mestmegnis vera sammála um, er einmitt verið að feta þá braut að reyna að lækka niðurgreiðslukostnaðinn með því að setja tímabundið aukna fjármuni til þess að leita orkusparandi leiða til húshitunar. Sú leið sem núna er verið að fara er að leggja af stað í nýjan leiðangur, þ.e. að lækka kostnaðinn með orkusparandi aðgerðum. Ég tel það vera farsæla leið, virðulegi forseti, í þeirri stöðu sem við erum í í dag og þess vegna styð ég hana. Ég tel að nefndin sé algjörlega einróma í málinu eftir að hafa fjallað um það nokkuð ítarlega bæði hér í þingsölum og innan nefndarinnar.

Við teljum þetta vera rétt skref. Það hefur einnig komið fram í máli fjölmargra þingmanna við umræðuna að verið er að stíga heillaskref og þetta er næsta skref. Núna er búið að eyða miklum krafti í að hitaveituvæða þau heimili sem hægt er að hitaveituvæða. Nú er komið að því skrefi að finna orkusparandi leiðir fyrir það íbúðarhúsnæði og þau heimili sem eru á allra köldustu svæðum og eru fjærst sprungunni sem liggur í gegnum landið þar sem hitann er að finna og eru á þessum svokölluðu köldu svæðum. Þetta er sá leiðangur, virðulegi forseti, sem náðst hefur samstaða um og ég tel vera heillavænlega og eigi að skila okkur orkusparnaði og þar af leiðandi lækkuðum niðurgreiðslum af hálfu hins opinbera og lækkuðum hitaveitukostnaði hjá íbúunum sjálfum.

[02:28]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Fyrst þetta er svona svakalega einfalt hlýtur hv. þingmaður að geta útlistað fyrir landslýð hvernig þessum þúsund milljónum er dreift til landsmanna, hvernig niðurgreiðslan fer fram í gegnum rafmagnsveiturnar, eftir hvaða taxta er farið o.s.frv. Það væri mjög gaman að heyra þá útlistun. Ég skil þetta nefnilega ekki.

Sérstaklega verður gaman að heyra — þegar hv. þingmaður verður búin að útlista þetta á einfaldan hátt þannig að allir skilji og viti nákvæmlega hvernig þessum þúsundum milljónum verður dreift út — hvernig virðisaukaskatturinn er reiknaður út, vegna þess að ég talaði nefnilega við tvo sérfræðinga sem sögðust ekki geta fundið á því stærðfræðilega lausn, hvorki meira né minna. Svo „einfalt“ var nú kerfið. Þeir gátu ekki reiknað virðisaukaskattinn út sem þeir áttu samt að gera og þetta var starf þeirra sérfræðinga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Visthönnun vöru sem notar orku, 3. umr.

Stjfrv., 335. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 813, brtt. 830.

[02:30]

Frsm. iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Við erum í 3. umr. um frumvarp til laga um visthönnun vöru sem notar orku. Um þetta var rætt nokkuð ítarlega við 2. umr. og í kjölfar þess var óskað eftir því að málið kæmi aftur til nefndar. Ástæðan var sú að menn vildu, þingflokkur Sjálfstæðisflokksins, að farið væri betur yfir orðalag og orðanotkun og hugtakanotkun í frumvarpinu.

Nefndin fór yfir málið að nýju og sá ekki ástæðu til að gera frekari breytingar en gerðar voru á orðalagi við 2. umr. málsins og skilar því ekki sérstöku nefndaráliti. Engu að síður var það jákvætt að við skyldum fá málið til nefndarinnar vegna þess að við nánari skoðun kom í ljós að í 11. gr. frumvarpsins kemur fram að við meðferð mála vegna brota á ákvæðum laganna eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skuli fara að hætti opinberra mála. Þann 1. janúar tóku hins vegar gildi lög nr. 88/2008, um meðferð sakamála, sem námu úr gildi lög um meðferð opinberra mála. Með lögunum var grundvallarhugtakinu „opinber mál“ breytt í sakamál og með hliðsjón af þessu leggjum við í nefndinni til breytingar á 11. gr. frumvarpsins í þá veru að þar segi:

„Síðari málsliður 11. gr. orðist svo: Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála.“ — En ekki opinberra mála eins og áður var.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög með gagnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi, fyrri umr.

Þáltill. PHB, 375. mál. — Þskj. 634.

Enginn tók til máls.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Út af dagskrá voru tekin 5. og 7.–20. mál.

Fundi slitið kl. 02:32.

124. FUNDUR

fimmtudaginn 2. apríl,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 407. mál, þskj. 691. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 397. mál, þskj. 812, frhnál. 861. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Visthönnun vöru sem notar orku, stjfrv., 335. mál, þskj. 813, brtt. 830. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 385. mál, þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882. — 2. umr.
6. Tekjuskattur, stjfrv., 410. mál, þskj. 695, nál. 798. — 2. umr.
7. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 409. mál, þskj. 693, nál. 857, brtt. 858. — 2. umr.
8. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, stjfrv., 359. mál, þskj. 610, nál. 860. — 2. umr.
9. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 664, nál. 884. — 2. umr.
10. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 852, brtt. 865. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 10. þm. Reykv. n.

[11:01]

Útbýting:

Stjórnarskipunarlög, 385. mál, nál. minni hluta stjórnarskrárn. s., þskj. 892.

Tilkynning um dagskrá.

[11:01]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Um kl. 1.30 í dag fer fram utandagskrárumræða um uppbyggingu atvinnulífs og stöðu ríkissjóðs. Málshefjandi er hv. þm. Birkir J. Jónsson. Hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Fyrningarleið í sjávarútvegi.

[11:02]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég beini spurningu til hæstv. forsætisráðherra. Nokkra athygli hefur vakið að stjórnarflokkarnir í minnihlutastjórninni hafa náð saman um málefni, sem er í sjálfu sér athyglisvert. Það málefni er fyrningarleið í sjávarútvegi og hafa þeir lofað að koma henni í framkvæmd að því gefnu að þeir fái tækifæri til þess á næsta kjörtímabili.

Ég vildi, virðulegi forseti, spyrja hæstv. forsætisráðherra, sem þekkir þessi mál mjög vel, hvaða áhrif hæstv. forsætisráðherra telur að fyrningarleiðin, eins og Samfylkingin og Vinstri græn leggja hana upp og þá kannski sérstaklega Samfylkingin, hafi á greiðslugetu sjávarútvegsins. Eins og við þekkjum, virðulegi forseti, skulda sjávarútvegsfyrirtækin um 400–500 milljarða kr. í íslensku bönkunum.

Virðulegi forseti. Ég held að áhugavert væri að fá að vita hvaða áhrif hæstv. forsætisráðherra telur að þetta hafi á greiðslugetu sjávarútvegsins.

[11:04]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að Samfylkingin hefur sett fram ákveðna stefnu í sjávarútvegsmálum og ég held að flestir, ég veit að vísu ekki með sjálfstæðismenn, séu sammála því að það þurfi að breyta fiskveiðistefnunni og taka upp nýja sáttargjörð að því er varðar hana og við höfum nefnt þessa fyrningarleið. Hugmyndir hafa verið settar fram um að fara í fyrninguna á allt að 20 árum og það er spurning á hve löngum tíma farið verður í þetta en við viljum gera þetta með hagsmunaaðilum og með þeim hætti að þetta sé leið sem bæti fiskveiðistefnuna en ekki öfugt. Ég trúi ekki að sjálfstæðismenn vilji viðhalda þessu óréttláta kvótakerfi sem við höfum búið við þar sem leiguliðum eru búin ofurkjör og þeir eru algerlega háðir kvótaeigendum, þannig að mjög mikilvægt er að fara í breytingar. Við þurfum líka að skoða framsalið og hvernig hægt er að fara í breytingar á því, það er mjög mikilvægt, en hvaða áhrif þetta hefur nákvæmlega sjáum við ekki fyrr en við höfum lagt línuna með hagsmunaaðilum og öðrum um það á hve löngum tíma við förum í þessar breytingar. En ég held að nauðsynlegt sé að fara í þær og við verðum að fara í breytingar sem uppfylla t.d. skilyrði um jafnan aðgang að veiðiheimildum og uppfylla þar með kröfur mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Þetta eru allt hugmyndir sem við þurfum að leggja upp með og ef við förum þessa fyrningarleið, sem er alveg nauðsynleg, viljum við stofna auðlindasjóð sem sjái um að varðveita og ráðstafa fiskveiðiréttindum þjóðarinnar.

[11:06]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Þetta var afskaplega rýrt svar hjá hæstv. forsætisráðherra og í rauninni ekkert svar, en ég spurði hvaða áhrif hún teldi að stefna Samfylkingarinnar hefði á greiðslugetu sjávarútvegsins, því að með leyfi, virðulegi forseti, segir í samþykkt landsfundar Samfylkingarinnar um fiskveiðistefnu:

„Allar aflaheimildir í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi verði innkallaðar eins fljótt og auðið er og að hámarki á 20 árum. … Auðlindasjóður bjóði aflaheimildir til leigu.“

Þetta er skýr stefna og það er alveg skýr stefna hjá Vinstri grænum að fara sömu leið. Það er líka algerlega ljóst að íslenskur sjávarútvegur skuldar 400–500 milljarða kr. í íslensku bönkunum. (**Gripið fram í:** 500–600 millj-

arða.) Þar sem stefnan er skýr er mjög eðlilegt að spyrja hvaða áhrif þessi fyrningarleið, — því menn hljóta að hafa skoðað það hjá Samfylkingunni — þessi skýra stefna, hefur á greiðslugetu sjávarútvegsins og þar af leiðandi á íslenska bankakerfið? (Forseti hringir.) (**Gripið fram í:** Sjávarútvegurinn er ... gjaldþrota.)

[11:07]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að sjávarútvegurinn er skuldum vafinn og auðvitað þarf að vinda ofan af því með ákveðnum hætti og skapa meiri sátt um fiskveiðistefnuna. Það er auðvitað svar sem er alveg boðlegt að setja hér fram að við viljum ekki búa við óbreytta fiskveiðistefnu og ég hygg að sjálfstæðismenn séu þeir einu sem vilja búa áfram við óbreytta fiskveiðistefnu, sem fyrst og fremst hyglar örfáum kvótaeigendum á kostnað leiguliða. Það er ekki boðlegt að það sé með þeim hætti og framsalið er eitthvað sem við verðum að fara í að afnema eins mikið og hægt er og við þurfum líka að stefna að því að allur fiskur fari á markað. Allar þær breytingar sem ég tala um stuðla að réttlátara og betra kvótakerfi og það eitt er öruggt að ekki er hægt að búa við það að engar breytingar verði á því.

Hatton-Rockall svæðið og deilur við Breta.

[11:08]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Á síðasta ári var hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson nokkuð brattur og sagði að hann vildi ekki að Bretar kæmu hingað til lands í desember til að sinna loftrýmiseftirliti af því að það mundi misbjóða íslensku þjóðarstolti og sagði hæstv. ráðherra að þeim skilaboðum hefði verið komið áleiðis til NATO. Nú sjáum við fyrirsagnir í blöðunum sem segja að stefni í stríð á milli Íslands og Bretlands um Hatton-Rockall svæðið og þar kemur fram, sem rétt er, að samningaviðræður hafa staðið árum saman og að svæðið er auðugt af olíu. Nú hefur Bretland lagt inn umsókn hjá Sameinuðu þjóðunum um full yfirráð yfir Hatton-Rockall svæðinu í Norður-Atlantshafinu og það stefnir í einhvers konar stríð milli Íslands og Færeyja annars vegar og Bretlands hins vegar og Írland á einnig aðild að þeim samningaviðræðum.

Við erum einnig í miklum vanda gagnvart breskum stjórnvöldum og höfum reynt að nálgast þau varðandi Icesave-reikningana og ekki er búið að leysa þau mál. Ég veit að hæstv. utanríkisráðherra hefur átt fund með utanríkisráðherra Breta um það þannig að ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, í hvaða stöðu við erum núna varðandi Hatton-Rockall svæðið, þar sem við sögðum við Breta fyrir stuttu síðan að við vildum ekki sjá þá hér og að það misbyði íslensku þjóðarstolti að fá þá til Íslands í loftrýmiseftirlit, og svo erum við í miklum vanda vegna samninga um Icesave, sem vonandi fara að leysast.

En ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra: Hvað nú? Hvað mun Ísland gera í þessari stöðu og hvernig eigum við að nálgast Breta með þetta mál úr því sem komið er?

[11:10]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti, hv. þingmaður hóf mál sitt með því að segja að utanríkisráðherra hefði verið giska brattur á síðasta ári. Ég get trúað hv. þingmanni fyrir því að utanríkisráðherra er enn nokkuð brattur þótt ekki sé langt liðið á hið nýja ár. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir að við höfum átt í langvinnum samningum um Hatton-Rockall svæðið. Við teljum að þar séu fólgin töluverð verðmæti í jörðu undir hafsbotni. Einnig hefur það mörgum sinnum komið fram í máli mínu á síðustu árum að ég tel að þar séu líka annars konar verðmæti í formi lifandi auðlinda á miklu dýpi, sem við þurfum að gera tilkall til. Bretar hafa nú komið fram með ákveðna kröfu til viðeigandi alþjóðastofnana. Hins vegar er þetta mál algerlega bundið í tiltekna samninga sem segja hvað einstakar þjóðir geta leyft sér og hvað ekki. Það er alveg ljóst að Bretar geta ekki fengið hljómgrunn gagnvart þessari kröfu og sett hana fram með þeim hætti sem þeir gera nema Ísland, Færeyjar og hugsanlega fleiri þjóðir heimili það og við munum ekki heimila það. Við undirbúum nú þegar svar okkar við þessu og það verður afhent eigi síðar en í næsta mánuði. Það liggur meira og minna fyrir og hér er um að ræða mál sem hefur verið í deiglu árum saman og miklum fjármunum hefur verið varið í undirbúning þess af hálfu íslenskra stjórnvalda, m.a. af hálfu stofnana iðnaðarráðuneytisins

Þetta mál er óskylt deilu okkar um Icesave-reikningana. Hitt er rétt sem hv. þingmaður sagði að við höfum átt viðræður út af þeim málum og þau eru í betri farvegi en áður. Menn eru að skoða ákveðna hluti sem Íslendingar hafa komið með inn í þá deilu og við erum að reyna að leita pólitískra lausna þannig að það mál sé ekki eingöngu í samningum milli fjármálaráðuneyta þjóðanna. Nú er það þannig að utanríkisráðuneytin hafa líka komið að því og ég er vongóður um (Forseti hringir.) að á þessu ári náist lausn í því máli sem verði ekki (Forseti hringir.) óhagkvæm þeim tveimur þjóðum sem deila.

[11:13]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það getur verið mjög auðvelt fyrir hæstv. ráðherra að standa hér og segja að þetta séu tvö óskyld mál en það er eigi að síður svo að við erum í viðkvæmri samningagerð við Breta um að fá hjá þeim góð lánakjör vegna Icesave-skuldbindinganna og þar eru alveg gífurlega háar upphæðir á ferðinni. Á sama tíma og við erum í slíkum samningaviðræðum kemur þetta Hatton-Rockall mál upp þannig að það er sú staða sem við erum í, virðulegur forseti.

En ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvort það sé þá rétt skilið, miðað við þau orð hans að við munum ekki heimila Bretum að gera þetta, eins og hér var sagt áðan, að Ísland ætli þá að mótmæla ákvörðun Breta? Þannig að við erum þá væntanlega að fara í hart við Breta vegna þeirrar ákvörðunar sem þeir hafa tekið um að leggja inn umsókn hjá Sameinuðu þjóðunum um full yfirráð yfir Hatton-Rockall svæðinu. (Forseti hringir.) Miðað við þau orð sem mér heyrist hæstv. ráðherra segja munum við sem sagt segja stórt nei (Forseti hringir.) við því.

[11:14]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Hv. þingmaður á sæti í utanríkismálanefnd og gerþekkir þetta mál af umfjöllun síðustu ára. Hún veit að landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur ekki vald til að fjalla um greinargerðir einstakra ríkja um umdeild hafsvæði nema með samþykki allra deiluaðila. Þess vegna er vandséð að þessar einhliða greinargerðir Breta og Íra þjóni nokkrum tilgangi. Það liggur fyrir bæði í svari mínu og reyndar fyrr og meðal annarra þjóða að hvorki Ísland né Danmörk fyrir hönd Færeyja munu veita slíkt samþykki. Nefndin mun þess vegna alls ekki fjalla um þessar greinargerðir Bretlands og Írlands þannig að hv. þingmaður getur velt því fyrir sér hvort þetta er stórt eða lítið nei, en það er nei.

Breytingar á stjórnarskrá.

[11:15]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Á dagskrá þingsins í dag er frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Ég get ekki annað en komið hingað upp og spurt 1. flutningsmann þess máls hvort hæstv. forsætisráðherra ætli að verða fyrsti forsætisráðherrann í 50 ár til þess að leiða fram breytingar á stjórnarskránni í ágreiningi hér á þinginu.

Ef það er einlægur ásetningur hæstv. forsætisráðherra að leiða fram breytingar á stjórnarskránni í ágreiningi er þá verið að velja heppilegasta tímann til þess þegar 20 dagar eru til kosninga? Þegar þjóðin öll kallar á aðgerðir til þess að bregðast við skuldavanda heimilanna og rekstrarvanda fyrirtækjanna, er þetta þá tíminn til þess að efna til ágreinings um stjórnarskrána?

[11:16]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það hafa legið fyrir allan tímann frá því að ríkisstjórnin var mynduð breytingar og lýðræðisumbætur sem eru í verkáætlun ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin lagði áherslu á það að þessi mál yrðu afgreidd áður en þingið færi heim og yrði frestað þannig að það á ekki að koma á óvart. Við höfum lagt okkur fram um að reyna að ná samstöðu um þær breytingar sem við höfum lagt áherslu á og um helgina var mjög komið til móts við ýmis þau sjónarmið sem sjálfstæðismenn hafa sett fram í þessu máli. Eftir því sem ég best veit hafa verið haldnir 11 fundir um þessar stjórnarskrárbreytingar. Það er ekki eins og mörg af þessum málum sem þarna koma fram séu ný mál heldur hefur verið fjallað um þau í langan tíma af stjórnmálaflokkunum, eins og auðlindir í þjóðareign og sú tillaga sem var lögð fram í upphafi hefur tekið verulegum breytingum til þess að koma til móts við sjónarmið sjálfstæðismanna, og reyndar hafa nokkrar aðrar breytingartillögur verið lagðar fram við þau fjögur efnisatriði sem eru í frumvarpinu.

Hv. þingmaður kallar eftir því að afgreiða þurfi hér mikilvæg mál sem snerta heimilin í landinu og það er alveg hárrétt hjá honum. En sum af þessum málum komast ekki að af því að sjálfstæðismenn þurfa að ræða hér langtímum saman um einstaka mál sem algjör samstaða er um, eins og var t.d. hér í gærkvöldi að það komust þrjú mál áfram á fimm eð sex klukkutímum. Hér var verið að ræða um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar, sem enginn ágreiningur var um, hvorki við 2. umr. né 3. umr., og engin breytingartillaga var lögð fram. Samt gátu sjálfstæðismenn verið að ræða þetta mál í fjóra klukkutíma og komust þá ekki m.a. að ýmis mál sem voru á dagskránni (Gripið fram í.) og snerta heimilin í landinu. (**Gripið fram í:** Hvaða mál?) Það voru ýmis mál á þeirri dagskrá, ég held að það hafi verið 30 mál á þeirri dagskrá og það voru þrjú afgreidd á þeim sex til sjö (Forseti hringir.) klukkutímum sem sjálfstæðismenn voru að þrasa hér um mál sem algjört samkomulag er um, sem þýðir það að (Forseti hringir.) þeir eru að tefja afgreiðslu mála og tefja það að þingið geti farið heim.

[11:19]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég hafna því alfarið að Sjálfstæðisflokkurinn sé að tefja afgreiðslu brýnna mála. Því miður var dagskrá dagsins í gær þannig saman sett að þar var að uppistöðu til að finna þingmannamál og önnur mál sem varða ekki það sem brýnt er að verði afgreitt hér á þinginu. (Gripið fram í.) Sem betur fer er forsætisnefnd þingsins aðeins að átta sig á þessu vegna þess að nú fáum við í fyrsta sinn dagskrá í dag þar sem er að finna mál sem hafa eitthvað með þetta að gera en vandinn er sá að á undan er stillt upp aðalágreiningsmálinu á þinginu, stjórnarskipunarlögunum, og ég get ekki skilið hæstv. forsætisráðherra öðruvísi en svo að hann hyggist beita sér fyrir breytingum á stjórnarskránni í ágreiningi hér í þinginu í stað þess að nýta tímann í brýn mál.

Ég skora á hæstv. forsætisráðherra að fella úr stjórnarskrármálinu öll ákvæði önnur en 79. gr. til þess að við getum farið hér að ræða það sem brýnt er að gert verði fyrir heimili og fyrirtæki.

[11:20]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það vill svo til að fjórir flokkar hér á Alþingi eru sammála um það að breyta stjórnarskránni í fjórum meginatriðum. (Gripið fram í.) Hvers vegna í ósköpunum eiga þessir fjórir flokkar, sem hafa hér meiri hluta, að fallast á þá einu breytingartillögu sem Sjálfstæðisflokkurinn vill gera í þessu máli og láta þar við sitja? Mér finnst það bara ekki koma til greina. Þetta eru mál, eins og ég sagði hér áðan, sem hafa verið mikið rædd af stjórnmálaflokkum gegnum árin en þingið hefur aldrei getað klárað þessi mál. Það getur vel verið að við stöndum bara frammi fyrir því að það þurfi að afgreiða stjórnarskrána — sem er óvanalegt, ég viðurkenni það — án þess að allir flokkar séu sammála um það.

Auðlind í þjóðareign er t.d. mjög mikilvægt að ná hér fram. Það er líka mjög mikilvægt að ná hér fram þjóðaratkvæðagreiðslunni og mál sem við höfum lagt áherslu á líka sem er stjórnlagaþingið. Við höfum komið verulega til móts við Sjálfstæðisflokkinn (Forseti hringir.) sem vill ekki sjá þær lýðræðisumbætur sem (Gripið fram í.) við viljum ná fram á stjórnarskránni, (Forseti hringir.) sem fólkið í landinu vill — (Gripið fram í.) Sjálfstæðisflokkurinn stendur

einn eftir (Forseti hringir.) að vilja ekki lýðræðisumbætur á stjórnarskránni.

Bætur til Breiðavíkurdrengjanna.

[11:22]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Öll þekkjum við málefni Breiðavíkurdrengjanna sem hafa verið í deiglunni síðustu tvö árin, um að borga þeim skaðabætur, en það hefur látið á sér standa að klára þau mál. Ég spyr þess vegna hæstv. forsætisráðherra hvað því líði, hvar málið sé statt, hvers sé að vænta, hvort við megum búast við því að fyrir kosningar verði búið að ganga frá samningum og bótum við þessa ógæfusömu drengi sem lentu í þeim hörmungum að vera sendir þangað, rifnir frá fjölskyldum sínum og sendir í betrunarvist, eða hvað á að kalla það, á Breiðavík.

Breiðavíkurmálið er stór, svartur blettur á íslensku þjóðinni og við eigum að sjá sóma okkar í því að laga það og borga þessum drengjum bætur. Ég spyr því hæstv. forsætisráðherra hvað því máli líði.

[11:23]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er mjög brýnt að fara að fá lyktir í þetta mál og ganga frá þeim bótum sem eru ásættanlegar í þessu máli. Ég tek undir það að þetta er svartur blettur á þjóðinni og við þurfum að fá lyktir í það mál. Við höfum átt fund með forsvarsmönnum Breiðavíkursamtakanna í forsætisráðuneytinu til þess að ræða ásættanlega lausn en eins og hv. þingmenn þekkja voru þeir óánægðir með þá niðurstöðu sem kom úr nefnd sem fjallaði um þetta mál.

Við áttum ágætan fund með þeim og ræddum ýmsa möguleika á lyktum í þessu máli. Það er kannski hálfur mánuður eða þrjár vikur síðan við ræddum við þá og þá settum við fram ákveðnar hugmyndir til þeirra sem við höfum ekki enn fengið svar við en ég er að vonast til þess að við getum lokið þessu með ásættanlegri niðurstöðu sem allra fyrst. Það stendur ekki á okkur í þessu máli að ræða við forsvarsmennina og reyna að fá ásættanlega niðurstöðu. Boltinn er núna hjá þeim og ég vonast til þess að við heyrum í þeim sem fyrst og getum þá lokið þessu máli. Ég held að það sé hægt að ljúka þessu með öðrum hætti en frá var gengið í nefndinni og það er verið að skoða önnur heimili líka. Við þurfum að skoða það að niðurstaðan sem þeir fá núna sé þá a.m.k. ekki lakari en gæti komið að því er varðar niðurstöðu hvað varðar önnur heimili.

[11:25]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir þessi svör og ég vænti þess að þetta muni leiða það af sér að viðunandi niðurstaða fáist í málið fyrir kosningar. Það er mikið atriði fyrir þá einstaklinga sem þarna eiga í hlut, hvað sem þeir eru margir, 150 eða 160, að þeir fái einhverja niðurstöðu í sín mál.

Mannréttindi voru brotin á þessum drengjum á sínum tíma og það mjög alvarlega. Það eru auðvitað fleiri mannréttindabrot sem ríkisstjórnin þyrfti að huga að og nota tækifærið á meðan þeir hafa til þess völd að kippa í liðinn eins og mannréttindabrot gegn íslenskum sjómönnum.

Staðgöngumæðrun.

[11:26]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. heilbrigðisráðherra er ekki í salnum. Ég mundi gjarnan vilja fá hann í salinn áður en ég hef mál mitt.

(**Forseti** (GuðbH)**:** Hæstv. ráðherra er hér í hliðarsal og kemur eftir augnablik.)

Ég vil fá að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvað líði störfum vinnuhóps sem skoða á siðfræðileg, lögfræðileg og læknisfræðileg álitaefni varðandi staðgöngumæðrun og hvort leyfa eigi staðgöngumæðrun hér á landi.

Forsaga málsins er sú að í september beindi ég fyrirspurn til þáverandi hæstv. heilbrigðisráðherra um þetta mál og ákvað ráðherra þá í framhaldinu að hópurinn skyldi settur á laggirnar. Skipan hópsins dróst þó eitthvað vegna þeirra aðstæðna sem upp komu fljótlega þar á eftir en ég veit til þess að hann var svo skipaður í janúar.

Staðgöngumæðrun er eitt þeirra úrræða sem konur, sem af einhverjum ástæðum geta ekki eignast börn, hafa til þess að grípa til. En þetta er ekki einfalt mál og þarf að skoða það út frá ýmsum hliðum áður en gerð er lagabreyting hér á landi eða ákvörðun tekin um það hvort þetta skuli leyft eða ekki og þess vegna var þessi hópur skipaður. Það er mjög mikilvægt, ef ákvörðun yrði tekin um það að fara í breytingar af þessu tagi, að almenn sátt ríki um það og þess vegna er mikilvægt að sem flestir aðilar komi að því að skoða þetta áður en þetta fer í almenna umræðu. Við þurfum að geta farið yfir þessi mál fordómalaust og með allar upplýsingar fyrir framan okkur áður en ákvörðun um breytingar — ef við viljum gera breytingar — verður tekin, um að þetta verði leyfilegt. Eins og staðan er nú geta konur og tilvonandi foreldrar farið til útlanda og gert þetta. Ég vil því spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort niðurstöðu umræddrs starfshóps sé að vænta.

[11:28]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég hefði verið betur undir það búinn að svara þessu ef ég hefði fengið að vita um fyrirspurnina áður. Þetta er hins vegar óundirbúinn fyrirspurnatími þannig að ég þarf að skoða málið nánar til að vita hvar það er statt eins og hv. þingmaður innir mig eftir. Hv. þingmaður vísar í starfshóp sem er að skoða ýmsar hliðar á þessum málum.

Ég tek undir það með hv. þingmanni að það er mjög mikilvægt að þetta málefni fái rækilega skoðun og rækilega umræðu. Ég þakka fyrir að vakið skuli máls á málefninu hér í sölum Alþingis. Ég mun ganga eftir því að fá í hendur upplýsingar um hvar málið er á vegi statt eins og hv. þingmaður óskar eftir.

[11:29]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að

koma hér í ræðustól og segja mér að hann hafi ekki verið undirbúinn undir óundirbúna fyrirspurn. Ég get svo sem alveg haft samúð með því, þetta er ekki mál sem maður fylgist með frá degi til dags og ég þakka fyrir þann tón sem var í ræðu hæstv. ráðherra, þ.e. að hann ætli að afla sér upplýsinga og koma þeim til mín.

Við erum sammála um að þetta þurfi að fara í rækilega skoðun en ég vil þó ítreka það sjónarmið við hæstv. ráðherra að sú rækilega skoðun má ekki taka of langan tíma vegna þess að fólk sem er að bíða eftir þessu úrræði hefur eðli málsins samkvæmt, vegna þess hvernig náttúran virkar, ekki langan tíma.

Ég veit af mörgum einstaklingum og pörum sem bíða í startholunum eftir því að þetta úrræði verði leyft. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til þess að (Forseti hringir.) koma þeim upplýsingum til mín sem hann lofaði og vona að það taki ekki langan tíma.

[11:30]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með hv. þingmanni að margir bíða niðurstöðu í þessari athugun og skoðun og ég mun koma umbeðnum upplýsingum á framfæri við þingmanninn.

Tilhögun þingfundar.

[11:31]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundir geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðum um dagskrármálin er lokið. Er óskað atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? Svo er ekki og skoðast hún samþykkt.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 407. mál (hærra endurgreiðsluhlutfall). — Þskj. 691.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:38]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, BBj, DPál, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JM, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GAK, GÞÞ, HHj, IllG, JónG, KVM, KJak, KHeim, REÁ, RR, SVÓ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:32]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Við sjálfstæðismenn höfum stutt þetta mál við 1. og 2. umr. og gerum það að sjálfsögðu við 3. umr., um er að ræða mál sem er atvinnuskapandi. Miklar líkur eru á því að aukið innstreymi á gjaldeyri muni verða við samþykkt þessara laga. Við styðjum þetta mál eindregið, ekki síst í ljósi þess að kvikmyndagerð, sjónvarpsþáttagerð, hefur aukist mjög á undanförnum árum og skapað mörg verðmæt störf við það að efla annars vegar Kvikmyndamiðstöðina og hins vegar með því að koma á fót endurgreiðslu til kvikmyndagerðar. Við segjum því já.

[11:33]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna mjög þeirri samstöðu sem virðist vera orðin um þetta mál í salnum. Þegar atkvæði voru greidd við 2. umr. voru tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins ekki fylgjandi málinu. Ég var líka farin að velta vöngum yfir því í gærkvöldi hver stefna Sjálfstæðisflokksins væri í málinu eftir þessa löngu umræðu vegna þess að þar kom ýmislegt fram þar sem menn töldu, að því er virtist, að málið væri vanreifað við 3. umr.

Ég fagna þessari samstöðu, virðulegi forseti, vegna þess að hér getur verið um verulega gjaldeyrisskapandi atvinnuveg fyrir okkur Íslendinga að ræða og þetta er mikið framfaraskref. Ég fagna því mjög að loksins skuli, eftir þessa löngu umræðu, sjálfstæðismenn, (Gripið fram í.) allir sem einn, hafa stokkið á vagninn með okkur í þessu þjóðþrifamáli. Að sjálfsögðu segjum við öll já.

[11:34]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Ég styð frumvarpið sem við greiðum hér atkvæði um enda greiðir það fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu og er rökrétt skref í þá átt sem við sjálfstæðismenn héldum m.a. á árinu 2006 og 1999, hygg ég, í samstarfi við Framsóknarflokkinn.

Við höfum rætt þetta mál og komið sjónarmiðum okkar á framfæri og ég sé að þau hafa skilað sér. Allir hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar í salnum greiða nú málinu atkvæði. Það er annað en gerðist árið 2006 þegar m.a. hæstv. heilbrigðisráðherra, Ögmundur Jónasson, sem ekki hefur tekið þátt í þeirri merku umræðu sem hefur átt sér stað í dag og í gær, greiddi atkvæði gegn endurgreiðslum til kvikmyndaiðnaðarins. Það væri athyglisvert að fá það upplýst hvað það var sem leiddi til þess að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur snúið af leið og skipt um skoðun í þessu máli.

[11:35]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir fagna þeirri miklu samstöðu sem hér skapaðist við langvinnar umræður fram til kl. 3 í nótt, m.a. um þetta mál. Það kom í ljós að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins taka rökum, sérstaklega rökum hver annars. Það kom skýrt fram að jafnvel þeir í röðum sjálfstæðismanna sem í tíð fyrri ríkisstjórnar voru ekki sammála því að þetta mál ætti að fara í gegn lustu upp fagnaðarópum og iðnaðarráðherra mátti sitja undir skjalli langt fram eftir nóttu sökum þess hversu gott þetta frumvarp væri.

Í öllu falli, herra forseti, er hér um að ræða sögulegt frumvarp og tímamót í sögu íslenskrar kvikmyndagerðar. Við erum aftur að ná samkeppnisstöðu sem hafði glutrast

niður. Það er hárrétt, sem hér kom fram, það var Framsóknarflokkurinn sem var upphafsflokkur að þessari merku stefnu (Gripið fram í.) og barði hana í gegnum Sjálfstæðisflokkinn eins og ég reyndi að gera í tíð síðustu (Forseti hringir.) ríkisstjórnar en tókst ekki. Í tíð þessarar ríkisstjórnar (Forseti hringir.) … (Gripið fram í.) eins og (Forseti hringir.) fram hefur komið vill Sjálfstæðisflokkurinn (Forseti hringir.) bæta þetta frumvarp. Það gefst væntanlega tóm til þess á sumarþinginu.

[11:37]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér stendur hinn mikli frumkvöðull að þessu máli og ég held að það sé ágætt (Gripið fram í.) — það var þannig að þegar ég kom í iðnaðarráðuneytið höfðu lög verið sett um þetta efni, 12% afsláttinn, en þau náðu ekki samþykki ESA þannig að taka þurfti lögin upp sem gert var í minni tíð og þeim var komið í þann farveg sem þau eru í í dag.

En það hefur átt sér stað þróun og það tók sinn tíma, eins og hér hefur komið fram, að fá Sjálfstæðisflokkinn inn á málið (**Gripið fram í:** En Vinstri græna?) en með seiglunni náðist það. Síðan var þetta hækkað upp í 14% í tíð síðustu ríkisstjórnar, þá var ég reyndar komin í annað ráðuneyti eins og gengur. En nú er stórkostlegur árangur að nást. Við erum að verða virkilega vel samkeppnishæf með því að fara í þessi 20%. Það mun örugglega þýða einhver ný störf á Íslandi og ekki veitir af.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 893).

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 397. mál (styrkir til breyttrar orkuöflunar og orkusparnaðar). — Þskj. 812, frhnál. 861.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:39]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mjög merkt mál í sama anda og fyrra mál sem hér var rætt. Ber að fagna því að hæstv. iðnaðarráðherra lagði leið sína í þingsal í nótt til að efna til skoðanaskipta um málið. Þetta tekur til 9% heimila landsins. Menn eru að þreifa sig inn á aðrar brautir því að það liggur fyrir að farið er að draga úr möguleikum þess að hita upp þéttbýli með hitaveitu og þá verðum við að leita annarra leiða.

Athugasemd sem kom við þetta frumvarp við 2. umr. laut að því að menn óttuðust að það drægi úr niðurgreiðslum til þeirra sem þeirra nytu í dag. Í því nefndaráliti sem hér liggur fyrir er það ítrekað að svo er ekki og því ber að fagna að um þetta mál er mikil og góð samstaða.

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BBj, DPál, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JM, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

24 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GAK, GÞÞ, HHj, IllG, JónG, KVM, KJak, KHeim, REÁ, RR, SVÓ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 894).

Visthönnun vöru sem notar orku, frh. 3. umr.

Stjfrv., 335. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 813, brtt. 830.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:40]

Brtt. 830 samþ. með 39 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, BBj, DPál, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HSH, HerdÞ, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JM, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

24 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörkG, EKG, EMS, EyH, GAK, GÞÞ, HHj, IllG, JónG, KVM, KJak, KHeim, REÁ, RR, SKK, SVÓ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 895).

Stjórnarskipunarlög, 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882.

[11:41]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Dagskrá dagsins liggur fyrir um mál 6–9. Ég vil sérstaklega vekja athygli á þeim. Við þekkjum öll 5. dagskrármálið, stjórnarskipunarlögin, en mál 6–9, t.d. 6. dagskrármálið um tekjuskatt vegna vaxtabóta — en síðast en ekki síst er 9. málið afar brýnt að okkar mati, þ.e. heimild til samninga um álver í Helguvík, að við fáum það í umræðuna.

Ég kem hingað upp til að undirstrika það að við sjálfstæðismenn viljum forgangsraða dagskrá þingsins í þágu atvinnumála, í þágu verðmætasköpunar og í þágu efnahagsmála. Við undirstrikum það með því að fara fram á það við hæstv. forseta að breyta dagskrá þingsins á þann veg að við komum mikilvægu málunum, málunum sem hægt er að ná sátt um — sem leiða til uppbyggingar fyrir atvinnufyrirtækin í landinu, sem slá skjaldborg um heimilin sem allir eru að tala um en lítið verður úr — áfram í þinginu og látum þá neðar á dagskrána þau mál sem munu eðlilega sæta mikilli umræðu á næstu klukkustundum.

[11:43]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Það liggur fyrir að þegar frumvörp til stjórnarskipunarlaga eru til umræðu á Alþingi þá kallar það á mikla umræðu.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir er lagt fram í miklu ósætti innan þingsins og hjá þeim aðilum sem leitað hefur verið álits hjá úti í samfélaginu er mikið ósætti um marga þætti þess. Það er því óhjákvæmilegt fyrst málið er að koma til 2. umr. að það verði rætt ítarlega og rökræður fari fram um það fram og til baka. Það er óhjákvæmilegt. Stjórnarskipunarlög eru grundvallarlöggjöf og krefjast mikillar umræðu.

Mér finnst það sæta furðu að hæstv. forseti skuli hafa sett mál sem ætla mætti að góð samstaða gæti náðst um, mál sem gætu fengið hraða afgreiðslu í þinginu, á dagskrá á eftir stjórnarskipunarlögunum. Eðlilegra væri að breyta röðinni á þann veg að við tökum þessi brýnu atvinnumál og hagsmunamál heimilanna fyrir og geymum stjórnarskipunarlögin þar til við erum búin að ljúka þeim brýnu verkefnum.

[11:44]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég á ekki von á því að mál sem góð samstaða hefur ríkt um fái hér skjóta afgreiðslu frekar en hingað til. Við höfum ekki verið að ræða eitt einasta ágreiningsmál í þinginu undanfarna daga. Það er samstaða um mál úr nefndum — allir fulltrúar allra flokka — samstaða um nefndarálit og allt á hreinu. (Gripið fram í.) Engu að síður hafa við 3. umr. hafist langar einræður um þessi mál eins og um eitthvert ósætti væri að ræða.

Mitt erindi að öðru leyti í þennan ræðustól, herra forseti, er að vekja athygli á því að ég á eftir að fá tóm til að skrifa og gera minnihlutaálit vegna 9. dagskrármálsins og óska eftir að tekið verði tillit til þess að það megi ná útbýtingu áður en það mál kemur til umræðu.

[11:45]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Við erum að verða vitni að því hér að Sjálfstæðisflokkurinn reynir að setja stjórnarskrármálið í einhvern búning sem á að forsvara málþóf af þeirra hálfu. Það er alveg greinilegt og þau reyna að segja að það sé eðlilegt.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki hegðað sér með nokkru móti eðlilega í þessu máli. Sem dæmi um það horfðum við upp á það í fyrradag að inn kom mál um að ná gjaldeyri inn í landið sem á að skila sér, mál sem þurfti að afgreiða mjög hratt og allir vissu það og að lokum var það afgreitt hratt. En þá tóku sjálfstæðismenn upp á því að taka það mál í gíslingu (Gripið fram í.) og það sýnir hvað þetta eru óeðlileg vinnubrögð. Það átti að blanda stjórnarskrármálinu inn í það.

Virðulegur forseti. Það er ekkert annað að gera en að vinda sér í dagskrána eins og hún liggur fyrir og ég skora á hæstv. forseta að standa við hana og svo verðum við bara að sjá hvað eðlilega langur tími þýðir í munni sjálfstæðismanna. (Gripið fram í.)

[11:47]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst óþarfi af hv. þingmanni Framsóknarflokksins að leggja okkur sjálfstæðismönnum línurnar. Það er eðlilegt og öll þjóðin veit að þegar á að gera breytingar á stjórnarskránni, grundvallarlögum lýðveldisins, er eðlilegt að um það sé rætt. Hv. þingmaður hefur skrifað undir eið að stjórnarskránni og á að virða hana og það ætlum við sjálfstæðismenn að gera og ræða um þau mál.

Gallinn við stjórnarskipunarmálið er að það leysir ekki vanda heimilanna. Það hefur ekkert með skuldir heimilanna að gera og ekkert með málefni atvinnulífsins að gera. Á forsíðu Morgunblaðsins í gær var farið yfir það að 13 þúsund námsmenn verða án vinnu í sumar. Ég ræddi þau mál við (Gripið fram í.) stúdenta á fundi Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta, í háskólanum í gær þar sem fram komu miklar áhyggjur. Væri ekki vænlegra fyrir ríkisstjórnina (Forseti hringir.) og hv. þm. Álfheiði Ingadóttur að ræða frekar atvinnumál ungs (Forseti hringir.) fólks í landinu sem fyrirséð er (Forseti hringir.) að muni mæla göturnar ef ekkert verður (Forseti hringir.) að gert, frekar en ræða um stjórnarskrána.

[11:48]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er mikilvægt hlutverk forseta Alþingis að leita sátta í þinginu þegar deilt er. Þess vegna vil ég hvetja hæstv. forseta eindregið til að taka tillit til þeirra ábendinga sem hér hafa komið fram í þeim tilgangi að við náum að ræða önnur mál en stjórnarskipunarmálin sem hér eru á dagskrá, mikilvæg atvinnumál áður en við tökum til við að ræða þá mikilvægu breytingu sem lagt er til að gera á stjórnarskipunarlögunum. Stjórnarskipunarlög fyrir íslenska lýðveldið hlýtur að verða að ræða og við hljótum að taka tillit til þess og þess vegna á forseti að efna til fundar með forustumönnum stjórnmálaflokkanna og reyna að ná sátt um breytingar á dagskránni og ég hvet hann til þess.

[11:49]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að hlutverk forseta er að stuðla að því að sátt verði náð um það með hvaða hætti og hvernig dagskrá sé hagað og ég tek undir með þeim þingmönnum sem hér hafa talað að það eigi að setja atvinnumálin í forgang. Uggvænlegt er að horfa á það, miðað við þær tölur sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson greindi frá, að um 13 þúsund námsmenn eru án vinnu. Þegar eru 18 þúsund manns atvinnulausir í þjóðfélaginu þannig að þessir 13 þúsund námsmenn bætast þar við. Það er alveg ljóst að þetta er mesta og alvarlegasta vandamálið sem við glímum við í dag. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir talar um að tafist hafi að afgreiða mál varðandi aukin og hert gjaldeyrishöft. Eðlilega þurfti að taka tíma til að skoða hvort flötur væri á því fyrir okkur sjálfstæðismenn að standa að þeim hlutum. Við vildum ekki standa gegn því þegar upp var staðið, (Forseti hringir.) en þetta braut að hluta til í bága við þá meginskoðun, (Forseti hringir.) sem ég og við höfum talað fyrir um að

gjaldeyrishöftunum ætti að létta (Forseti hringir.) af sem fyrst og helst að afnema þau með öllu. (Gripið fram í.)

[11:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Hér hefur spurningu verið beint til hæstv. forseta um það hvort hann væri ekki til í að raða dagskrá þingsins upp þannig að mikilvæg atvinnumál megi koma á dagskrá. Hér eru einnig mikilvæg skattamál sem eru síðar á dagskránni. Það hlýtur að vera eðlileg spurning til hæstv. forseta hvort hann vilji ekki taka tillit til þeirra sjónarmiða sem hér hafa komið fram og ég minni á að hæstv. forseti, eins og kom fram í máli hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, hefur það hlutverk á Alþingi að leita sátta um hvernig megi ná fram málum.

Nú óska ég eindregið eftir því að hæstv. forseti svari því hvort hann ætlar að raða dagskránni upp á nýtt og taka fyrir þau mikilvægu atvinnumál sem eru hér, eins og heimild til samninga um álver í Helguvík, (Forseti hringir.) skattamál (Forseti hringir.) og þau mál sem skipta heimilin (Forseti hringir.) og fyrirtækin máli. (Gripið fram í.)

[11:52]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti getur upplýst að hann er búinn að gera dagskrá fyrir daginn og hún stendur en hann er ávallt reiðubúinn til að ræða frekar við þingflokksformenn um dagskrárgerð. Það var gert síðast nýlega þar sem rætt var um þau mál sem þyrfti að ljúka og forseti mun ávallt vera tilbúinn til að skoða það ef óskað er eftir og sátt er um að tryggja að framgangur mála verði hraður. Um það náðist ekki samkomulag fyrr en seint að taka þrjú mál af tuttugu í gegn í gærkvöldi og það var því ákvörðun forseta að hafa þessa röð mála í dag til að hleypa mjög mikilvægu máli inn í umræðu í þinginu. (Gripið fram í.)

[11:53]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að við sjálfstæðismenn viljum ræða önnur brýnni mál en stjórnarskrána, sem verður greinilega afgreidd í miklu ósamkomulagi. En það liggur líka fyrir að forseti þingsins á að hugsa annars vegar um þingið og virðingu þess og hins vegar um þjóðina. Hann hefur nú ákveðið að við eigum ekki að ræða mál sem snerta þjóðina og hagsmuni hennar beint. Forsetinn hefur ákveðið að forgangsraða dagskránni þannig að atvinnumálin eru síðar á dagskránni. (Gripið fram í.) Forseti þingsins hefur annars vegar ákveðið það (Gripið fram í.) og hins vegar að forgangsraða stjórnlagaþinginu og breytingu á stjórnarskránni. Hvað þýðir stjórnlagaþingið? (Gripið fram í.) Stjórnlagaþingið þýðir að verið er að rýra völd þingsins, það er verið að rýra virðingu þingsins, það er verið að taka frá þinginu helsta tæki þess, sem er að setja og samþykkja stjórnarskrá. Núverandi forseti þingsins verður að gera sér grein fyrir því að hann er ekki bara upp á punt heldur á hann að standa vörð um stjórnarskrána, hann á að standa vörð um þingið og hann á að standa vörð um atvinnusköpun fyrir þjóðina. (**Gripið fram í:** Hann er forseti allra þingmanna.)

[11:54]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill taka fram að þingið ræður en ekki forseti þannig að það sé á hreinu. (**Gripið fram í:** Ha?) (**ÞKG:** Veistu ekki hvernig þú átt að gera þetta?) Forseti er að stjórna fundi og hefur raðað upp dagskrá í samráði við þá sem þar koma að. (**ÞKG:** Hverjir eru það?) Það eru þingflokksformenn sem hafa setið að því að ræða … (**ÞKG:** Forsætisráðherra? Eða hverjir eru það?)

[11:54]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla sérstaklega þeim orðum sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir létu falla í salnum áðan þar sem þær sögðu að við framsóknarmenn vildum ekki ræða um Helguvík og að við vildum ekki ræða um atvinnumál. Það er af og frá. (Gripið fram í.) Umræðan um stjórnlagaþingið er afar brýn vegna þess að í ljós kom (**Gripið fram í:** Kom í ljós …) við bankahrunið að (Gripið fram í.) eftirlitskerfið stóra virkar ekki og það verður einfaldlega að fara í gegnum það. (Gripið fram í.) Ég hvet sjálfstæðismenn til, í staðinn fyrir að boða málþóf þar sem þeir fara væntanlega í andsvör hver við annan og ræða þetta í 2–3 daga, (Gripið fram í.) að klára það mál og fara svo í brýnni mál. Þetta er afar brýnt mál. (Gripið fram í.) Mig langar til að spyrja hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur þegar við ræðum atvinnumál. Hvar var Sjálfstæðisflokkurinn þegar sparkað var í verkefnið á Bakka? Var það ekki atvinnusköpun? (Forseti hringir.) Af hverju stóð Sjálfstæðisflokkurinn ekki í lappirnar (Forseti hringir.) þegar [Frammíköll í þingsal.] fyrrverandi umhverfisráðherra (Forseti hringir.) kvað upp úrskurð (Forseti hringir.) sem braut öll lög (Forseti hringir.) og reglur?

[11:56]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill biðja hv. þingmenn að gefa ræðumönnum tækifæri til að flytja mál sitt og jafnframt að virða tímamörk.

[11:56]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegur forseti. Sjaldan hefur verið meira áríðandi að ræða fundarstjórn forseta. Hér er forseti ekki að vinna með forsætisnefnd og hér eru menn hreint og klárt að setja mál sem alls ekki var lagt upp með að þessi ríkisstjórn mundi gera. (Gripið fram í.) Enginn hefur gagnrýnt það meira en formaður Framsóknarflokksins, en hann benti réttilega á að ekki hefur verið farið í þessar nauðsynlegu efnahagsaðgerðir. Enn og aftur stöndum við hér, virðulegi forseti, með dagskrá þar sem menn eru ekki með þau mál sem skipta mestu máli. Það þýðir ekki fyrir menn að koma hér og segja að stjórnlagaþingið (Gripið fram í.) hafi eitthvað með Fjármálaeftirlitið eða Seðlabankann að gera, (Gripið fram í.) enda er það ekki það brýnasta núna. Það liggur hreint og klárt fyrir að brýnt er að fara í nauðsynlegar efnahagsaðgerðir. Það er það sem formaður Framsóknarflokksins hefur m.a. sagt hvað eftir annað og bent réttilega (Gripið fram í.) á að þessi ríkisstjórn er ekki að gera neitt í því. En enn og

aftur erum við með mjög sérkennilega dagskrá og enn og aftur er forseti þingsins að gera eitthvað allt annað en að reyna að hjálpa fólkinu í landinu sem þarf (Forseti hringir.) á aðstoð að halda nákvæmlega núna.

[11:57]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa því yfir að forsetinn stendur sig með eindæmum vel í því sem hér á sér stað.

Virðulegi forseti. Ég er sammála sjálfstæðismönnum hvað það varðar að öll þau mál sem eru á dagskrá frá 5–9 eru afar brýn. Hv. sjálfstæðismenn hafa komið hér upp og sagst ætla að ræða stjórnarskrána og stjórnarskrárbreytingar mjög mikið. Ég er sammála því. Hv. þingmenn hafa líka sagt að þau efnahagsmál sem síðar eru á dagskránni séu mikilvæg og ég er sammála því. Á hinn bóginn verð ég að segja eins og er að það kemur mér á óvart að hv. þingmenn, þ.e. minni hluti þingsins, skuli tala á þann hátt að þeir eigi skilyrðislaust að hafa dagskrárvald yfir þinginu. Hæstv. forseti hefur sett fram dagskrá með mjög mikilvægum málum. Vel má vera að einhverjir þingmenn telji að númeraröð hefði átt að vera á annan hátt en allt eru þetta afar mikilvæg mál og mikilvægt að þau komist í umræðuna. (Gripið fram í.) Það er mikilvægt að sjónarmiðin fái að heyrast (Forseti hringir.) og það er mikilvægt, virðulegi forseti, að hægt sé að hefja (Forseti hringir.) þessa umræðu. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Það er meginatriðið, herra frammíkallari.

[11:59]

Frsm. minni hluta stjórnarskrán. s. (Björn Bjarnason) (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir orð hv. þm. Sturlu Böðvarssonar og áskorun hans til forseta um að leita sátta um dagskrána. Það er alveg augljóst að þingstörfum er þannig háttað núna að nauðsynlegt er að forseti Alþingis taki þannig á málum að leitað sé sátta um meðferð mála.

Hér hefur komið fram mjög eindregin og hörð gagnrýni á það hvernig málum er raðað á dagskrána og ég undrast að hæstv. forseti skuli ekki verða við eindreginni áskorun um að setjast niður með forustumönnum þingsins í von um að sátt takist um það hvernig dagskrá dagsins verður háttað. Það er alveg augljóst að dagskránni er raðað þannig að hin brýnu mál — enda kom það fram í máli hv. þm. Framsóknarflokksins, Höskulds Þórhallssonar, að hann taldi að brýnni mál væru til afgreiðslu heldur en þetta stjórnarskrármál — (Gripið fram í.) þannig að ég tel, hæstv. forseti, að það sé skylda forseta við þessar aðstæður að gera hlé á fundinum og leita sátta til að þessi dagskrá nái fram að ganga í dag.

[12:00]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að þegar hæstv. forseti raðaði upp dagskránni gerði hann það í þeim anda sem um var rætt á fundi með þingflokksformönnum. Þar vildu allir þingflokksformenn byrja á stjórnarskrármálinu, setja það fyrst á dagskrá, (**Gripið fram í:** Allir?) nema þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins. (Gripið fram í.) Á þá þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins að ráða dagskránni? Það gengur ekki upp, virðulegur forseti, þannig að þetta er bara útrætt varðandi þann fund. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** … keyra í …) (**Gripið fram í:** … valta …)

Sjálfstæðisflokkurinn stýrir ekki dagskrá þingsins hér lengur, virðulegur forseti, en hann sóttist eftir tvöföldum ræðutíma um stjórnarskrármálið sem var ósköp eðlilegt. Þingflokkar eiga rétt á því og við förum í tvöfaldan ræðutíma. En það sem verður fróðlegt að sjá (Forseti hringir.) er hvað eðlilega löng umræða þýðir hjá Sjálfstæðisflokknum. (Forseti hringir.) Hvað þýðir það? Að sjálfsögðu ræðum við þetta mál en (Forseti hringir.) við vonumst til þess að sjá ekki málþóf því að þá komast hin málin ekki á dagskrá sem eru þar á eftir. (**Gripið fram í:** Hvað þýðir málþóf?)

[12:02]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegur forseti. Ég hef verið hér í tvö ár. Umburðarlyndi mitt er löngu landsþekkt, ég hef aldrei nokkurn tíma gert athugasemdir við dagskrá þingsins og mun ekki gera það heldur að þessu sinni, enda er þetta spurning um huglægt eða hlutlægt mat í þeim efnum.

Nákvæmlega á sama hátt ræddum við hér á mánudaginn. Þá kom hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og óskaði eftir því að hér yrði tekin til umræðu skýrsla Ríkisendurskoðunar. Ég kom í pontu í þeirri umræðu og óskaði eftir því að umrædd skýrsla yrði send fjárlaganefnd. Ég komst síðan að því að hún hafði þegar verið rædd á þinginu og/eða þá að ný skýrsla Ríkisendurskoðunar er ekki komin út þannig að stundum er það þannig — (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** … huglægt.)

Ég ætla að biðjast afsökunar á þessu frumhlaupi mínu, virðulegur forseti, (Forseti hringir.) því að ég stóð í þeirri meiningu að skýrslan ætti að vera hér til umræðu (Forseti hringir.) en ítreka að við vorum búin að ræða hana og/eða þá að hin nýja skýrsla er ekki komin út.

[12:03]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég held að forseti — sem eins og komið hefur fram í þessari umræðu er ekki forseti ríkisstjórnarinnar eða forseti meiri hlutans á þingi heldur forseti alls þingsins — ætti að leggja sig fram við að ná einhverri niðurstöðu í þessu máli í sátt. Ég held að það mundi greiða fyrir störfum þingsins ef menn gætu sest hérna niður og rætt um það, t.d. formenn þingflokka, hvernig haga ætti þessum málum. Ég held að þær athugasemdir sem komið hafa hér fram af hálfu okkar sjálfstæðismanna við þá dagskrá sem sett er upp í dag séu ósköp eðlilegar í ljósi áherslu okkar á forgangsröðun. Menn geta verið ósammála um hvort mál sem varða atvinnuuppbyggingu og hagsmuni heimilanna séu brýn, menn geta haft þá skoðun að þau séu það ekki, en ég tel og við sjálfstæðismenn að þau mál sem eru á dagskránni nr. 6–9 séu þess eðlis að við ættum að geta farið hratt í þau og afgreitt þau. Það er hins vegar alveg ljóst að auðvitað verður mikil umræða um stjórnarskipunarlög hérna eins og alltaf þegar verið er að ræða grundvallarbreytingar á stjórnarskrá Íslands.

[12:05]

Jón Bjarnason (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Þetta mál um stjórnarskipunarlög snýr að nokkrum megingrundvallaratriðum, í fyrsta lagi að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar eignarrétti verði skilgreindar (**Gripið fram í:** … fundarstjórn forseta?) í þjóðareigu.

Í öðru lagi snýst þetta um þjóðaratkvæðagreiðslu, rétt fólks til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um mál. (**Gripið fram í:** Tengist þetta fundarstjórn forseta?)

Í þriðja lagi snýr það að því að sérstakt stjórnlagaþing verði kosið til að vinna að endurskoðun á stjórnarskránni. (**Gripið fram í:** Tengist þetta fundarstjórn einhvern veginn?) Þetta tengist fundarstjórninni af því að forseti fylgir hér eftir ákvörðun sem var tekin á fundi með formönnum þingflokka.

Ég skil ekki af hverju sjálfstæðismenn óttast umræðuna um þjóðaratkvæðagreiðslu, óttast að málum (Forseti hringir.) verði breytt í þá veru að þjóðaratkvæðagreiðslur fái aukinn rétt. (Forseti hringir.) Mér finnst rétt að við göngum þá beint til efnislegrar umræðu (Gripið fram í.) um málið en dveljum ekki við eitthvert (Forseti hringir.) málþóf um fundarstjórn forseta sem er prýðileg. (Gripið fram í.)

[12:06]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Björn Bjarnason kom með þá tillögu að gert yrði hlé og athugað með að endurraða dagskránni. Ég gat ekki skilið orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, þingflokksformanns Samfylkingarinnar, þegar hann ræddi um það að hér væru á dagskrá mál með töluliðum 6–9 sem skiptu miklu máli öðruvísi en svo að hann tæki í raun undir að það skipti miklu máli að þessi mál fengjust rædd í dag.

Ég tek því undir með hv. þm. Birni Bjarnasyni, hvet forseta til að gera nú þegar hlé á þingfundum og boða til fundar þingflokksformanna til að leita samkomulags um það með hvaða hætti dagskrá þingsins verður í dag þar sem forgangsraðað verði til hagsbóta fyrir heimili og atvinnulíf í landinu þannig að sem fyrst megi draga úr því víðtæka atvinnuleysi sem hér er orðið og er alvarlegasta mengunin, alvarlegasti hluturinn sem blasir við íslenskri þjóð.

[12:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka forseta fyrir að gefa mér orðið, sem var reyndar óumbeðið, en það er rétt að vekja athygli á því að þau mál sem hér hafa verið rædd eru þess eðlis að það er nauðsynlegt að þau komist á dagskrá. Ég undrast mjög að hæstv. forseti skuli ekki við þessar aðstæður leita leiða til að við getum rætt þau mikilvægu atvinnumál sem hér eru fyrir á dagskránni. Það er búið að koma fram á mörgum fundum með hæstv. forseta að við sjálfstæðismenn höfum beðið um tvöfaldan ræðutíma. Við munum ræða mjög vandlega um stjórnarskrána vegna þess að við berum stjórnarskrána mjög fyrir brjósti. (**SVÓ:** Það munu allir …) Þess vegna skiptir miklu máli að hún sé rædd hér mjög vandlega. Þetta var forseta ljóst þegar hann raðaði upp dagskránni og ákvað að taka stjórnarskipunarmálin á undan atvinnumálunum, á undan efnahagsmálunum, á undan skattamálunum, þeim málum sem skipta (Forseti hringir.) hag heimilanna máli.

[12:09]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Við sjálfstæðismenn viljum ræða hér um málefni heimilanna, skuldir heimilanna og uppbyggingu atvinnulífsins. (**Gripið fram í:** … tillögur?) Já, við erum með tillögur. Við viljum ræða um álverið í Helguvík (**Gripið fram í:** En á Bakka?) frekar en — já, já, við getum líka rætt um álverið á Bakka. Við viljum ræða um atvinnuuppbyggingu í landinu. Breyting á stjórnarskrá hefur ekkert með það að gera að byggja upp atvinnu á Íslandi. (Gripið fram í.) Við munum ekki umgangast stjórnarskrána eins og hér er lagt til, að hún verði afgreidd á einhverjum handahlaupum eins og mér heyrist hv. þm. Lúðvík Bergvinsson leggja hér til. Það munum við ekki líða, við berum meiri virðingu fyrir stjórnarskránni en svo.

Við viljum líka ræða um atvinnuleysi ungs fólks. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kallaði hér fram í: Það er fyndið að sjá hvernig þeir láta, og átti við okkur sjálfstæðismenn. Er það fyndið að 13.000 námsmenn gangi um atvinnulausir og að við viljum ræða þann vanda? Hvað er svona fyndið við það? Ég hugsa að námsmönnum sem sjá fram á atvinnuleysi (Forseti hringir.) finnist það ekkert sérstaklega fyndið eins og hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Það er sorglegt, herra forseti, (Forseti hringir.) sem er nú skólastjóri sjálfur, að hann (Forseti hringir.) vilji ekki leggja til að þessi mál verði (Forseti hringir.) tekin til umræðu frekar en stjórnarskráin og stjórnlagaþing.

[12:11]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill benda á að klukkan hálftvö í dag fer fram utandagskrárumræða um uppbyggingu atvinnulífs og stöðu ríkissjóðs þannig að þá gefst færi á að ræða atvinnumál. Hann vill jafnframt verða við þeirri ósk hv. formanns þingflokks Sjálfstæðisflokksins að funda með þingflokksformönnum í matarhléi klukkan eitt. Þá getum við farið yfir stöðu mála. Að öðru leyti verður dagskránni fylgt.

[12:11]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að heyra hvernig menn tala og mér finnst menn hafa afhjúpað sig illilega. Þjóðin vill eðli málsins samkvæmt ræða um atvinnuuppbyggingu. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kallar þetta númeraröð og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gaf hugtakinu hroka nýja vídd þegar hún sagði að þegar 26 þingmenn af 63 vildu forgangsraða fyrir heimilin í landinu væri það mál bara útrætt.

Ég vil fá að vita, virðulegi forseti, af hverju forseti þingsins — ég er búinn að sitja hér í nokkur ár og ég sá forseta þingsins, hv. þm. Sturlu Böðvarsson og hv. þm. Halldór Blöndal, hvað eftir annað boða fundarhlé til að fara yfir dagskrána með þingflokksformönnum þegar svo bar undir — getur ekki orðið við því núna að funda með þingflokksformönnum. Af hverju er virðulegur forseti svo harður á því? Hann segist ætla að halda fund í matarhléinu en ætli

samt sem áður að halda áfram með dagskrána. Hvers vegna finnst núverandi forseta, virðulegi forseti, bara ekki koma til greina að setjast yfir með fulltrúum 26 af 63 þingmönnum og fara yfir dagskrá þingsins? Ég hef aldrei séð þessi vinnubrögð áður, virðulegi forseti, og ég vil gjarnan fá svör frá virðulegum forseta um af hverju þetta er svona algjörlega út úr myndinni.

[12:13]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég ítreka að það eru mjög mikilvæg mál á dagskránni í dag. Þau eru það öll.

Mér reynist hins vegar dálítið erfitt að skilja hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu vegna þess að þeir voru tilbúnir til þess fyrir tæpum tveimur sólarhringum að gera neyðarlög um gjaldeyrismál að einhvers konar skiptimynt fyrir stjórnarskrármálið. Þeir gerðu ákveðna kröfu um ákveðna tilhliðrun í því máli svo að þeir mundu veita afbrigði. Svo mikilvægt var stjórnarskrármálið. (Gripið fram í.) Í annan stað hafa þeir líka óskað eftir tvöföldum ræðutíma, svo mikilvægt er stjórnarskrármálið. Þegar það kemur á dagskrá, virðulegi forseti, (Gripið fram í.) forðast þeir umræðuna.

Það er ekki nema von, virðulegi forseti, að maður eigi dálítið erfitt með að skilja þennan málflutning. Ég held að það sé afar mikilvægt að við getum hafið umræðuna um stjórnarskrárbreytingarnar og síðan farið í efnahagsmálin í kjölfarið. Allt eru þetta afar mikilvæg mál. Við hreyfumst hins vegar ekkert úr stað ef við stöndum hér og þrefum (Forseti hringir.) um fundarstjórn forseta sem að mínu mati er með afbrigðum góð.

[12:14]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það er krafa að þegar stjórnarflokkur sem var í stjórn, Sjálfstæðisflokkurinn, er kominn í stjórnarandstöðu og stendur fyrir málþófi sé hann a.m.k. málefnalegur og fari rétt með. Ég sagði áðan að öll þau mál sem væru á dagskrá væru brýn. Ég sagði ekki, eins og hv. þm. Björn Bjarnason kom inn á í ræðu sinni, að þau mál væru mikilvægari en stjórnarskrármálið.

Mér finnst líka undarlegt að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sé orðinn búktalari formanns Framsóknarflokksins. Það er rétt að hann hefur lagt mikla áherslu á efnahagsmál og við köllum eftir alvöruefnahagstillögum frá ríkisstjórninni (**Gripið fram í:** Heyr.) en það var skilyrði af hálfu Framsóknarflokksins að það yrði farið í breytingu á stjórnarskránni, það yrði sett á fót stjórnlagaþing. (**Gripið fram í:** Er það mikilvægara?)

[12:15]

Frsm. minni hluta stjórnarskrán. s. (Björn Bjarnason) (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég lýsi undrun minni yfir því að hæstv. forseti hefur ekki orðið við óskum um að gera hlé á fundinum til þess að reyna að greiða úr þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir. Það er alveg ljóst að þetta mál leysist ekki nema virðulegur forseti taki á málinu, ræði það og leiti lausna á því.

Við sjálfstæðismenn höfum beðið um lengri ræðutíma og við höfum hvað eftir annað lýst því yfir í þessum umræðum að við ætlum okkur að taka langan tíma í að ræða stjórnarskipunarmálin enda er það eðlilegt miðað við eðli þeirra og miðað við það hvernig að málum hefur verið staðið.

Við bendum hæstv. forseta á að það þarf að greiða fyrir því að mál sem eru annars eðlis og miklu brýnni fyrir fjölskyldur og fyrirtæki í landinu fái forgang á dagskránni í dag til þess að þau megi afgreiða, af því að við höfum í huga að ræða mjög lengi um stjórnarskrármálið og höfum beðið um lengri ræðutíma til þess. Hæstv. forseti hefur þau tilmæli okkar að engu að breyta dagskránni og lætur undir höfuð leggjast að verða við óskum um að halda (Forseti hringir.) fund til þess að leysa málið.

[12:17]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill ítreka að hann hefur óskað eftir að hitta þingflokksformenn í hádegisverðarhléi. Þegar sagt er að þessari dagskrá verði ekki breytt þá er átt við fram að þeim tíma. Við sjáum svo til hvað gerist seinni partinn.

[12:17]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. forseti hefur gefið ádrátt um að funda með formönnum þingflokka í matarhléinu eins og hér hefur komið fram og ætlar að ganga til dagskrár á meðan. Nú er klukkan orðin 20 mínútur yfir 12 og áætlað matarhlé er klukkan 1. Það er því deginum ljósara að umræðan sem fram fer í millitíðinni verður mjög ómarkviss og sundurleit svo að ekki sé meira sagt.

Ég legg því til, eins og fleiri félagar mínir hafa gert hér, að fundurinn verði haldinn nú þegar — að hæstv. forseti geri hlé á þessum þingfundi og haldi formannafund nú þegar til þess að koma skikki á þetta. Í anda þess að við sjálfstæðismenn erum alltaf tilbúnir að hugsa í lausnum og greiða fyrir þingstörfum þá er líka annar möguleiki í stöðunni og það er að flýta matarhléinu og taka það núna þannig (Forseti hringir.) að hægt sé (**Gripið fram í:** Góð hugmynd.) að hafa dagskrána svolítið betri.

[12:18]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessa brýnu umræðu um dagskrá dagsins í dag heldur horfa nokkra daga fram í tímann. Þannig vill til að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu ætlar að hafa kosningaeftirlit á Íslandi og það er spurning hvernig það lítur út ef íslenskir frambjóðendur geta ekki kynnt kjósendum sínum stefnumál sín í lengri tíma en tvær vikur fyrir kosningar. Það er spurning hvort það sé ekki alvarlegt brot á lýðræði í landinu og gæti orðið tilefni til athugasemda í þessu kosningaeftirliti.

Ég ætla að spyrja hæstv. forseta að því beint: Hvenær lýkur þinginu og hvenær geta þingmenn farið og kynnt kjósendum stefnumál sín?

[12:19]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

lagði hér fram tillögur til forseta um að breyta dagskrárröðun í dag til þess að koma mætti að umræðu um mjög brýn mál, mál sem snerta fólkið í landinu og mál sem fólkið í landinu bíður eftir afgreiðslu á. Þess í stað er stjórnarskrármálið sett fyrst sennilega, miðað við þá umræðu sem hér er, fyrst og fremst til að stríða sjálfstæðismönnum, það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi.

Það liggur fyrir að málið var knúið og neytt út úr nefnd í gær í fullri andstöðu við sjálfstæðismenn. Við erum hér með umsagnir frá tugum einstaklinga og aðila sem vara við því að breyta stjórnarskránni með þessum hætti. Hér ætlar naumur meiri hluti þingsins að koma fram við stjórnarskrána eins og hvert annað ómerkilegt plagg. Stjórnarskráin er grundvallarlög og það hefur verið venja að henni sé breytt í samvinnu við alla (Forseti hringir.) stjórnmálaflokka. Það er til verulegs vansa fyrir þann (Forseti hringir.) meiri hluta sem hér er að ætla að standa svona að málum.

[12:20]

Árni M. Mathiesen (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það er bara ekki alveg í lagi hvernig menn hugsa þessar umræður hér um stjórnarskrána. Það er eins og menn telji að þeir geti rumpað þeim af og helst skotið þeim á milli umræðu um önnur mál og önnur dagskráratriði. Við 1. umr. var umræðan klofin upp þannig að fulltrúi Sjálfstæðisflokksins komst ekki til þess að flytja mál sitt á fyrsta degi umræðunnar.

Nú er verið að leggja upp með það að hefja umræðuna hér í dag og þá á fyrst að kljúfa umræðuna upp með því að gera hádegishlé og síðan á að kljúfa umræðuna upp með því að vera með utandagskrárumræðu. Ég held það væri affarasælast ef hæstv. forseti færi að ráðum hv. þm. Ragnheiðar Elínar Árnadóttur og flýtti hádegishléinu og héldi þá fundinn og hefði þá betri samfellu í umræðunni um málið.

[12:22]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrán. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég vonast til þess að þessum aðdraganda umræðunnar fari að ljúka þannig að við getum einhent okkur í umræðuna sjálfa því að hún er vissulega mikilvæg. En ég veit ekki hvað menn þurfa að vera lengi hér á hv. Alþingi til þess að átta sig á því að það er alltaf gefið hádegisverðarhlé og það er ekkert nýtt. Ég vonast til þess að ég nái að flytja nefndarálit meiri hlutans fyrir hádegisverðarhlé og að minni hlutinn geti jafnvel gert það líka.

En það virðist vera að sjálfstæðismenn treysti sér ekki í þessa umræðu í dagsbirtu. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Vissulega eru mikilvæg mál neðar á dagskránni en ég legg áherslu á að þetta er líka mikilvægt mál og fólkið í landinu bíður líka eftir þessu máli. Samkvæmt könnunum er gríðarlegur áhugi á stjórnlagaþingi og við þurfum að færa meiri völd til fólksins (Forseti hringir.) eftir það hrædilega ástand sem hefur skapast hér eftir hrun bankanna í október.

[12:23]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek mjög eindregið undir þau sjónarmið að umræðan um stjórnarskrármálið verði ekki slitin í sundur hér í dag og hvet þess vegna til þess að hæstv. forseti taki til greina þær ábendingar sem komið hafa fram.

Ég vil auk þess aftur hvetja til þess að leitað verði sátta um dagskrána hér í dag. Það er alveg augljóst að svo miklar athugasemdir koma fram við breytingar á stjórnarskránni að við eigum að gefa öðrum málum forgang hér í dagskrá þingsins þannig að hægt sé að ræða til hlítar atvinnumál og önnur mál sem varða hag heimilanna í landinu umfram stjórnarskipunarlögin. (Forseti hringir.) Ég hvet því hæstv. forseta til þess að taka tillit til þessara óska.

[12:24]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðuleg forseti. Eins og bent hefur verið á er afar óheppilegt að taka umræðu um jafnmikilvægt mál og stjórnarskrána í mörgum hlutum og hv. þm. Árni M. Mathiesen fór vel yfir það.

Ég vil leyfa mér að horfa á þetta mjög praktískt. Núna er klukkan orðin 27 mínútur yfir 12 og við (Gripið fram í.) bíðum hér eftir — framsögumaður nefndarinnar, sem talar fyrir nefndarálitinu, hefur 60 mínútur til þess að mæla fyrir nefndarálitinu sem er upp á einar 6 bls. Ég veit ekki hvort hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kæri sig yfirleitt um að slíta nefndarálit sitt og framsöguræðu í marga parta. Ég leyfi mér að halda að þetta hljóti að vera mjög merkileg ræða frá formanninum. Það er því ómögulegt að hún sé flutt hér í mörgum hollum. (Forseti hringir.) Ég ítreka því mitt ágæta sáttatilboð til forseta og vil biðja (Forseti hringir.) hann um að gefa mér álit sitt á þeirri hugmynd að flýta matarhléinu.

[12:26]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það er einkennilegt að sitja undir þeirri umræðu sem hér á sér stað. Það er með ólíkindum að verða vitni að því að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, framsögumaður fyrir meirihlutaáliti, sitji hér úti í sal og klappi fyrir orðum einstakra þingmanna, það ber kannski vott um það hvers lags skrípaleikur uppsetning á þessu máli er. (Gripið fram í.) Jafnframt er því lýst yfir af hennar hálfu að sjálfstæðismenn þoli ekki að ræða þetta mál í dagsbirtu. Ég veit ekki betur — hv. þingmaður getur þá fylgst með klukkunni hér — en að það sé bjart úti. Hér er bjartur dagur og sjálfstæðismenn kinoka sér ekkert við að ræða þetta mál. Langur vegur frá.

Málið er þeim mun mikilvægara að við höfum unnið eið að stjórnarskránni og viljum umgangast það grundvallarplagg af virðingu. Ég undrast það í ljósi þeirra orða sem ég hef áður heyrt frá þingflokksformanni Samfylkingarinnar, hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, að hann skuli ekki hafa málið betur í heiðri en raun ber vitni hér í þessum umræðum.

[12:27]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég skil ekki þessa tregðu að fresta ekki fundi núna og kalla saman fund með þingflokksformönnum klukkan hálfeitt. Eins og dagskrá liggur fyrir er gert ráð fyrir að matarhlé sé klukkan 13. Það er alveg ljóst að það er ófært fyrir framsögumann nefndarálits að gera grein fyrir nefndaráliti á hálftíma.

Er það sá bragur sem minnihlutaríkisstjórnin með atbeina framsóknarmanna vill hafa á umræðu um stjórnarskrána? Eða hversu langt vill þessi meiri hluti ganga í því að láta stjórnarskrána gjalda fyrir hefndarhug í garð sjálfstæðismanna?

Það er undarlegt að sú mikla reiði sem virðist búa hér í mönnum gagnvart sjálfstæðismönnum þurfi endilega að bitna á stjórnarskrá lýðveldisins. Hvers konar vinnubrögð eru þetta, herra forseti? Hvernig stendur á því að forseti getur ekki orðið við einfaldri bón um að kalla saman formenn þingflokka, halda stuttan fund og átta sig á því hvernig best sé að koma dagskrá hér fyrir í dag?

[12:28]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil taka undir orð annarra þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem beðið hafa forseta um að gera hlé á fundi nú þegar. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði að almenningur og þjóðin í landinu biði í ofvæni eftir stjórnlagaþingi. Það getur vel verið. (Gripið fram í.) En ég held að þjóðin bíði í enn meira ofvæni eftir því að fá að vita hvernig á að bjarga henni út úr þeim aðstæðum sem eru í landinu. Ég held að hún bíði í enn meira ofvæni eftir því.

Það vill svo til að í þeim gögnum sem við höfum fengið, í umsögnunum — í umsögn frá ekki ómerkari aðila en Sjómannasambandi Íslands, sem er nú ein af grunnatvinnugreinunum, er lýst verulegum efasemdum um stjórnlagaþing. Ég held að það væri ráð að þessi minnihlutastjórn, sem studd er af Framsóknarflokknum, færi að hlusta á það að breyta uppröðun dagskrárliða og ræða fyrst brýnu málin. Við getum þá bara rætt (Forseti hringir.) stjórnarskrána fram að kosningum ef það er það sem menn vilja.

[12:29]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna orða hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar sem sakar menn um það hér í þingsal að virða ekki stjórnarskrána eða umgangast hana ekki á þann hátt sem rétt sé að gera. Það er alveg lágmark, virðulegi forseti, að viðkomandi færi rök fyrir máli sínu eða biðjist afsökunar. Málflutningur af þessu tagi á ekki að líðast hér í þinginu og er full ástæða til að setja ofan í við þingmenn sem tala á þennan hátt. (Gripið fram í.)

Hitt vil ég segja við hv. þm. Ólöfu Nordal að þær stjórnarskrárbreytingar sem hér er verið að leggja upp með hafa í þeim skilningi ekkert með einhvern hug til sjálfstæðismanna að gera og hafa aldrei haft. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti, eru menn ekki eitthvað að ofmeta sjálfa sig, eru menn ekki fullsjálfhverfir í umræðunni? Sjálfstæðismenn hafa nákvæmlega ekkert með það að gera að auðlindir verði í almannaeign. Sjálfstæðismenn hafa ekkert með það klassíska viðhorf jafnaðarmanna að gera (Forseti hringir.) að almenningur í þessu landi geti knúið á um þjóðaratkvæðagreiðslur. (Forseti hringir.) Það hefur verið klassískt baráttumál í áratugi. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Þetta hefur nákvæmlega ekkert (Forseti hringir.) með Sjálfstæðisflokkinn að gera nema hvað hann hefur oft þvælst fyrir góðum málum.

[12:31]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég er nú ekki nefndarmaður í þeirri nefnd sem fjallað hefur um breytingar á stjórnarskipunarlögum en mér skilst að umsagnaraðilar séu mjög mótfallnir því, flestir hverjir, að gengið sé í þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ég verð að segja að mér finnst vinnubrögðin vera ólýðræðisleg. Það passar ekki að þegar svokallaðar lýðræðisumbætur eiga að fara fram í svo stórum stíl sem við erum að tala um núna séu vinnubrögðin ólýðræðisleg.

Ég verð líka að minna okkur á að við erum eins og molbúar við Íslendingar þegar við ræðum nú rétt fyrir kosningar um að breyta grundvallarplagginu, því sem við stöndum öll á. Ég er reyndar fylgjandi því að breyta stjórnarskránni, en ekki með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru. Ég er fylgjandi miklum lýðræðisumbótum og ég er ekki (Forseti hringir.) andvíg ráðgefandi (Forseti hringir.) stjórnlagaþingi, en ég er (Forseti hringir.) svo ósátt við það sem er að gerast hér á þinginu núna að (Forseti hringir.) mig svíður undan því.

[12:32]

Árni M. Mathiesen (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það er alveg örugglega ekki hlutverk hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að setja ofan í við aðra þingmenn hér í salnum. Hann getur hugsanlega gert það við þingmenn í þingflokki sínum þar sem hann er formaður en hann hefur ekkert með það að gera að setja ofan í við aðra. Ég veit hins vegar ekki hver á að setja ofan í við hæstv. forseta sem því miður varð það á að leyfa hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að tala þrisvar í þessari umræðu en hann átti víst einungis að fá að tala tvisvar.

Ég veit ekki hvernig hæstv. forseti ætlar að bregðast við þessu en hann gæti alveg örugglega gert það í góðri sátt við þá þingmenn sem hér taka þátt í umræðunni ef hann frestaði fundi og héldi fund með þingflokksformönnum, sem hann hefur sjálfur boðað að verði haldinn, hvort sem hann kallar það matarhlé eða eitthvað annað. Það gæti farið vel á því að hafa þá matarhlé í leiðinni.

[12:34]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill benda á að það er rétt, sem fram kom, að þau mistök voru gerð að einn ræðumaður fékk að tala þrisvar og getur þá fallist á að formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins fái að ræða málið í þriðja skiptið ef hann óskar eftir því. (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei.)

Að öðru leyti er fylgst með þessu hér í bókhaldinu og ekki verða leyfðar fleiri en tvær ræður á þingmenn hér í salnum.

[12:34]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil ítreka spurningu mína til hæstv. forseta um það hvenær þingið fari heim til þess að kynna kjósendum sjónarmið sín fyrir kosningar. Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins töluðu þó nokkrir við mig, sérstaklega utan af landi þar sem erfitt er yfirferðar og langt í kjósend-

ur, og veltu því fyrir sér hvenær í ósköpunum þingmenn landsbyggðarinnar færu út á land. Þetta átti nú reyndar ekki við í mínu kjördæmi því að þar er stutt á milli.

Menn höfðu áhyggjur af því að þeir fengju ekki að hitta þingmanninn sinn og fengju ekki að stunda neina kosningabaráttu. Ég veit ekki hvað Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu segir við því ef grunnatriði lýðræðis er ekki sinnt, þ.e. að kosningabarátta geti átt sér stað.

[12:35]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að fundarstjórn hæstv. forseta verði með þeim hætti að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fái ekki að koma upp í fjórða sinn undir þessum umræðum þó svo ég hafi nokkur orð um þetta mikilsverða mál.

Mér finnst með ólíkindum að hæstv. forseta skuli ekki lánast það verk að leiða þingflokka Alþingis saman og ná samkomulagi um það með hvaða hætti ræða eigi þetta mál. Látum vera grundvallarágreining um innihaldið, en það er illur bragur á starfsháttum Alþingis að ekki skuli nást um það sátt og er enginn flokkur þar undanskilinn. Ég álít það leikaraskap að hafa með höndum þetta starfslag.

[12:36]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það er 17.700 manneskjur atvinnulausar á Íslandi. Það eru 13.000 námsmenn atvinnulausir. Það eru 600 börn sem búa við það að hvorugt foreldra þeirra hefur vinnu.

Við þessar aðstæður finnst mönnum hér hið brýnasta mál að setja á fót stjórnlagaþing til þess að fara að gera breytingar á stjórnarskránni og það vilja menn gera á síðustu stundu. Ýta öllum málum aftur fyrir, taka öll þau atvinnumál sem á dagskránni eru og setja þau aftar, vitandi það að málið er í ágreiningi og vitandi það að þeir þingmenn sem hér eru í stjórnarandstöðu munu nýta sér lýðræðislegan rétt til að ræða stjórnarskrána. Þetta finnst þessari minnihlutastjórn, með dyggum stuðningi framsóknarmanna, vera til sóma. Verði þeim að góðu með það.

[12:37]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Í ræðu minni áðan kom fram að ég tel ófært að nota svo ólýðræðisleg vinnubrögð við að koma á svokölluðum lýðræðisumbótum. Ég er á þeirri skoðun að fara þurfi í að breyta stjórnarskránni, ég held að við getum öll verið sammála um það. Hér þarf að fjalla um aðferðafræði. Hvernig viljum við standa að því og hvers konar virðingu berum við fyrir stjórnarskránni?

Væri ekki nær að við hugsuðum aðeins víðar heldur en bara þetta heimóttarlega sem við horfum á einmitt núna að breyta stjórnarskránni í flýtimeðferð? Hvernig mundi þetta t.d. líta út gagnvart Evrópuráðsþinginu og öðrum þeim stofnunum sem standa vörð um mannréttindi og lýðræði í hinum vestræna heimi og í Evrópu? Hvernig lítur þetta út gagnvart þessari stofnun sem við erum aðilar að, þ.e. þau vinnubrögð sem við viðhöfum hér? (Forseti hringir.) Ég bara velti því fyrir mér og ég tel að við séum heimóttarleg og (Forseti hringir.) — ég ætla að leyfa mér að segja, þó að virðulegur forseti sé búinn að slá í bjölluna — (Forseti hringir.) hallærisleg.

[12:39]

Björk Guðjónsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Mér finnst ákaflega sérkennilegt hvernig minnihlutastjórnin raðar málum á dagskrána. Mér finnst það skipta gríðarlega miklu máli að þetta stóra hagsmunamál okkar Suðurnesjamanna, frumvarpið um álverið í Helguvík, komist hér á dagskrá.

Veit hæstv. forseti ekki að mesta atvinnuleysið á landinu er á Suðurnesjum? Íbúar á Suðurnesjum eru einhuga um það að fá álver á svæðið og bíða nú spenntir eftir því að umræðan fari af stað hér í þinginu um þetta mál og það nái fram að ganga á þessu þingi. Íbúar á Suðurnesjum óttast að ef þetta mál nær ekki fram að ganga á þessu þingi og Vinstri grænir komast í stjórn á næsta þingi verði þetta mál slegið af. Ég tel það afar brýnt, hæstv. forseti, (Forseti hringir.) að þetta mál verði nú þegar tekið til umræðu hér.

[12:40]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrán. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að biðja forseta afsökunar á því að ég óttast að ég sé bæði heimóttarleg og hallærisleg — (**Gripið fram í:** Nei.) ég á kannski ekki rétt á að tala hér úr þessum ræðustóli.

Það sem vekur athygli mína í þessari umræðu er það þegar sjálfstæðismenn koma hér upp og nota stór orð um ástandið í þjóðfélaginu. Hvað eru margar vikur síðan þessi flokkur fór frá völdum og skildi þjóðina (Gripið fram í.) eftir í því ástandi sem raun ber vitni?

(**Forseti** (GuðbH): Ég vil biðja hv. þingmenn að gefa ræðumanni tækifæri til að ljúka máli sínu.) (Gripið fram í.)

Þó að sú ríkisstjórn sem nú situr, hæstv. forseti, sé ekki gallalaus þá er hún snöggtum betri en sú sem skildi við. Það ætla ég að segja hér úr þessum ræðustól. (Gripið fram í.)

En hæstv. forseti. Það er talað um að stjórnlagaþing sé ekki brýnt mál. Ég mótmæli því og ég fullyrði (Forseti hringir.) að stjórnlagaþing nýtur mikils fylgis — (Forseti hringir.) ég missti svo mikinn tíma áðan — hjá íslensku þjóðinni (Forseti hringir.) og það mun jafnvel vekja athygli um víða veröld ef Ísland fer þessa (Forseti hringir.) leið.

[12:42]

Herdís Þórðardóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu dagskrá þingsins. Forseti er búinn að koma hér fram og tala til þingsins og segja að forseti ráði engu, það sé þingið sem ráði. Ég fer því fram á að forseti geri hlé á þingstörfum svo að hægt sé að koma skikkan á þau mál sem hér eru til umræðu.

Við í iðnaðarnefnd vorum að ljúka því að koma Helguvíkurmálinu út, sem er brýnt mál fyrir hagsmunaaðila í þessu landi. Við stöndum uppi með fullt af fólki sem er atvinnulaust. Hvað gerist ef við komum þessu máli um Helguvík ekki í gegn? Er þetta ekki atvinnuskapandi fyrir íslenska þjóð?

Ég fer því fram á það við hæstv. forseta að hann sjái sóma sinn í því að gera hlé á þingstörfum og taki tillit til

sjónarmiða Sjálfstæðisflokksins. Við erum hér 26 þingmenn sem höfum komið hingað upp og kvartað yfir fundarstjórn forseta. Ég óska þess að forseti taki tillit til okkar (Forseti hringir.) málflutnings.

[12:43]

Björk Guðjónsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég lýsti því yfir hér áðan að ég er furðu lostin yfir þessari dagskrá og vænti þess að sjá frumvarpið um álverið koma á dagskrána á undan stjórnarskipunarlögunum. Ég lýsti því yfir að mikið atvinnuleysi er á Suðurnesjum og Suðurnesjamenn vilja að þetta mál verði tekið á dagskrá hér í þinginu í dag og verði klárað sem allra fyrst. Ég vil fá skýrt svar við því frá hæstv. forseta hvað hann hyggst gera í þessu máli.

[12:44]

Herdís Þórðardóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil beina orðum mínum til hv. þingmanna Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.) Hér eru stjórnarskipunarlög á dagskrá. Hv. þingmenn Framsóknarflokksins verja þessa minnihlutastjórn falli og eru stoltir af því. (Gripið fram í.) Hvað sagði formaður Framsóknarflokksins? Það væri brýnast fyrir landið að koma atvinnumálunum í gang, og hann lagði ríka áherslu á það að þingi mundi ljúka 12. mars. Hvaða dagur er í dag? 2. apríl.

Þarna sést hvaða áhrif formaður Framsóknarflokksins hefur í þingflokki Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.) Ég hef alltaf staðið í þeirri trú að Framsóknarflokkurinn mundi tala fyrir atvinnumálum hér í landinu. (**Gripið fram í:** Hann gerir það.) Þess vegna finnst mér brýnt að Helguvíkurmálið (Forseti hringir.) komist hér á dagskrá á undan stjórnarskipunarlögunum.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:46]

Umræður utan dagskrár.

Uppbygging atvinnulífs og staða ríkissjóðs.

[13:54]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að ræða við hæstv. fjármálaráðherra um uppbyggingu atvinnulífs og stöðu ríkissjóðs í því samhengi.

Atvinnuleysi á Íslandi í dag er að nálgast 10%. Um 18 þúsund einstaklingar eru atvinnulausir í samfélaginu. Atvinnuleysisbætur sem greiddar voru í gær námu um 2 milljörðum kr. Umsnúningur á rekstri ríkissjóðs er þess vegna gríðarlegur. Fari fram sem horfir getur greiðsla atvinnuleysisbóta á þessu ári numið 25–30 milljörðum kr. Að sama skapi hefði þetta fólk, ef það hefði haft atvinnu, getað greitt sína skatta og skyldur til samfélagsins sem hefði mögulega getað numið á þriðja tug milljarða kr. Atvinnuleysið bara af þeim sökum skiptir því ríkissjóð og rekstur hans verulegu máli. Um 45–50 milljarða kr. viðsnúningur blasir við rekstri ríkissjóðs á þessu ári ef þróunin heldur áfram sem horfir.

Jafnframt blasir atvinnuleysi við 13 þúsund nemendum við Háskóla Íslands sem sitja núna í setuverkfalli við skrifstofu rektors Háskóla Íslands. Atvinnuleysi blasir jafnframt við þúsundum framhaldsskólanema og háskólanemum í öðrum háskólum landsins þannig að staðan er grafalvarleg, hæstv. forseti. Námsmenn hafa takmörkuð réttindi gagnvart töku atvinnuleysisbóta, fólk sem hefur ætlað sér að vinna fyrir framfærslu sinni og námi á þess ekki kost eins og staðan er í dag. Margir námsmenn munu því þurfa að leita til sveitarfélaganna eftir fjárhagsaðstoð. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að sveitarfélögin í landinu séu í stakk búin til að takast á við það verkefni að aðstoða þúsundir námsmanna í sumar vegna framfærslu, því að þau hafa mjög takmarkaðan rétt til atvinnuleysisbóta eins og ég rakti áðan.

Mig langar líka að spyrja hæstv. ráðherra út í nokkrar af þeim tillögum sem við framsóknarmenn höfum lagt fram á sviði efnahagsmála sem snerta bæði hag heimilanna og fyrirtækjanna. Í ljósi þess að fyrirsjáanlegt er að fjárfestingu skortir mjög í íslensku atvinnulífi vil ég spyrja ráðherrann hver sé skoðun hans á því að settur verði á fót sérstakur uppboðsmarkaður með krónur sem Seðlabankinn héldi utan um. Það má létta af þrýstingi krónunnar umfram það sem náð verður með öðrum aðgerðum með því að Seðlabankinn setji á fót uppboðsmarkað með íslenskar krónur. Það flýtti fyrir því að gjaldeyrishöft yrðu afnumin án þess að hafa í för með sér stórfellda veikingu krónunnar með tilheyrandi vanda fyrir íslensk heimili og fyrirtæki. Í slíkum uppboðum mundi erlendum aðilum gefast kostur á að selja krónur en lífeyrissjóðum, erlendum aðilum og ríkinu gefast kostur á að kaupa krónur. Uppboðin gætu verið reglulega eins og nánar er vikið að í okkar efnahagstillögum.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann vilji skoða þessa leið sérstaklega og í því ljósi gætu íslenskir lífeyrissjóðir komið heim með mikla erlenda fjármuni inn í íslenskt hagkerfi og fjárfest í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Það mundi skipta gríðarlega miklu máli í ljósi þeirrar erfiðu stöðu sem er uppi í samfélaginu.

Hæstv. forseti. Staðan er grafalvarleg og við getum einfaldlega ekki horft fram hjá því að það verður að grípa til einhverra fyrirbyggjandi aðgerða þannig að heimilin í landinu verði ekki fyrst keyrð í þrot og síðan verði þeim veitt hjálparhönd. Þetta snýst einfaldlega um mannlega reisn, snýst um að fjölskyldurnar og heimilin fái tækifæri til að komast í gegnum það erfiða skeið sem blasir við okkur án þess að lenda í greiðsluerfiðleikum og fjöldagjaldþrotum.

Fyrirtækin fara nú hvert af öðru í gjaldþrotameðferð og mörg stefna í sömu átt og ég spyr: Hvar endar það? Hvenær verðum við komin í svo djúpan öldudal að ekkert verður við ráðið? Þetta eru eðlilegar spurningar, hæstv. forseti, sem ekki aðeins við þingmenn spyrjum okkur að heldur allur almenningur og atvinnurekendur.

Eins og frægt er orðið lögðum við framsóknarmenn fram efnahagstillögur sem kváðu á um að leiðrétta skuldir heimila um 20% og að sama skapi leiðrétta skuldir fyrirtækja um annað eins og semja um það við erlenda kröfuhafa þannig að íslenskir skattgreiðendur þyrftu ekki að greiða reikninginn vegna þessa. Ég spyr hæstv. ráðherra í ljósi þess að hann hefur ekki tekið vel í tillögur okkar fram-

sóknarmanna í þessum efnum: Hvaða tillögur hyggst hann leggja til í þeirri alvarlegu stöðu sem nú er uppi í íslensku samfélagi?

[14:00]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég bjó mig undir þessa umræðu í samræmi við yfirskrift hennar, þ.e. staða ríkissjóðs og aðgerðir í atvinnumálum, en ekki kannski að svara einstökum kosningaáherslum Framsóknarflokksins sérstaklega. En það er sjálfsagt mál að gera það og ég mun reyna að gera hvort tveggja, hvort sem það snýr að heimilum eða öðru.

Um ríkissjóð má segja að … (**Gripið fram í:** Hætta að borga?) Ég fékk beiðni um það, virðulegur forseti, að ræða hér um stöðu ríkissjóðs og atvinnumál. Ég fékk engar aðrar upplýsingar um það mál fyrr en fyrir fimm mínútum hér við borðið (**BJJ:** Ég sendi …) að hv. málshefjandi rétti mér ýmsar spurningar sem eru m.a. um einstakar tillögur Framsóknarflokksins varðandi skuldavanda heimila. Ég er boðinn og búinn að ræða það en það er ágætt að vita aðeins um það fyrir fram hvað maður á að taka fyrir á fimm mínútum sem maður hefur til ráðstöfunar.

Um stöðu ríkissjóðs er það að segja að í lok árs 2003 voru heildarskuldir ríkissjóðs 230 milljarðar. Það stefnir í að heildarskuldir ríkissjóðs í árslok þessa árs verði 1.100 milljarðar kr. Á tveimur árum versnar staðan sem sagt sem þessu nemur og það er að uppistöðu til hin beinu áhrif bankahrunsins á ríkissjóð sem þar eru að koma fram og afleidd áhrif í hagkerfinu og efnahagslífinu.

Ef við lítum á stöðuna fyrstu tvo mánuði þessa árs er hún þannig að innheimtar tekjur á þessum tíma eru tæplega 91 milljarður samanborið við tæplega 97 milljarða kr. á síðasta ári. Samdrátturinn er því um 6 milljarðar kr. eða 6,2% að nafnvirði. Þetta segir sína sögu um það hvernig samdrátturinn í hagkerfinu er farinn að skila sér með þungum hætti inn í ríkissjóð strax núna í byrjun árs. Sem betur fer eru útgjöld einnig aðeins lægri þannig að gatið eða frávikið er nokkru minna en sem þessu nemur, kannski upp á 3 til 4 milljarða kr. eða svo. Hallinn á þessu ári eins og gengið var frá fjárlögunum er liðlega 150 milljarðar kr. en ég hef gefið það út að því miður megi búast við að hann verði jafnvel meiri eða um 170 milljarðar.

Verkefnið fram undan er strax í fjárlögum næsta árs að ná þessum halla niður og þar hef ég aftur gefið út áætlunartölu af stærðargráðunni 35–50 milljarðar kr. og síðan að ná þessum halla hvað frumjöfnuðinn snertir niður í núll á árinu 2011 og heildarjöfnuð á árinu 2013. Þetta er ramminn utan um það sem fram undan er. Betri upplýsingar hef ég ekki í mínum höndum og þær hafa verið veittar þrátt fyrir allt nöldur um annað.

Um atvinnumálin vil ég segja að þar hefur ríkisstjórnin gert ýmislegt til þess að reyna að örva atvinnulífið og kljást við atvinnuleysi. Það má nefna hlutagreiðslur til atvinnulausra. Það má nefna hækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts. Það má nefna þá gjalddagaaðlögun fyrir atvinnulífið sem hér var samþykkt og gert að lögum fyrir nokkru síðan. Það má nefna ívilnanir til bænda til að gera upp virðisaukaskatt. Það má nefna sem lið í atvinnumálum þau gjaldeyrislög sem hér voru samþykkt í fyrradag til að tryggja að íslenskur útflutningur búi við eðlileg samkeppnisskilyrði. Það má nefna það að lækka dráttarvexti með lögum úr 25% í 15% og það má nefna margar fleiri ívilnandi eða mildandi aðgerðir. Þær hafa að vísu, því miður, flestallar það einkenni að þær eru að einhverju leyti á kostnað hægara tekjustreymis til ríkissjóðs, lægri vaxtagreiðslna til ríkissjóðs eða annað slíkt. Gjalddagaaðlögunin byggir t.d. á því að hún er ekki vaxtareiknuð. Sú ívilnun til fyrirtækjanna er án vaxtakostnaðar af hálfu ríkisins.

Það hlýtur öllum að vera ljóst í ljósi þeirra talna sem ég nefndi í upphafi að svigrúm ríkisins er afar takmarkað til að leggja af mörkum í þeim efnum, hvað þá ef það á að fara að bera byrðarnar af stórfelldri almennri niðurfellingu skulda, og svo ég svari þeirri spurningu: Já, ég hef gagnrýnt þessar hugmyndir vegna þess að ég tel þær ekki raunhæfar og ég tel ekki rétt að senda skilaboð um eitthvað óraunhæft út í samfélagið. Og einu get ég lofað hv. þingmönnum að það finnst enginn erlendur kröfuhafi á Íslandi sem er tilbúinn til að gefa okkur mikla peninga í viðbót við það sem hann er búinn að tapa á okkur. Ég hef hitt þá reglulega og fundað með þeim, oft á erfiðum fundum, (Gripið fram í.) og ég hef ekki trú á því að erlendir kröfuhafar, sem samtals eru búnir að tapa eitthvað af stærðargráðunni 5.000–7.000 milljörðum kr. á Íslandi í heild, séu tilbúnir til að gefa okkur mörg hundruð milljarða í viðbót. (Gripið fram í.)

Einnig er mikilvægur hluti af aðgerðunum að endurreisa bankakerfið. Mér er það ljóst, svo að ég svari spurningu hv. þingmanns, að það mun reyna mjög á sveitarfélögin ekkert síður en ríkissjóð í þessum efnum og það er mikilvægt að takast á við atvinnumál námsmanna. Það er verið að skoða þá hluti og hluti af aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum miðar einmitt að því að skapa sumarstörf þannig að menn hafa verið sér vel meðvitaðir um það að mikill fjöldi háskólanema og framhaldsskólanema kemur inn á (Forseti hringir.) vinnumarkaðinn með vorinu og það er að sjálfsögðu æskilegt að sem flestir þeirra fái annaðhvort (Forseti hringir.) störf eða að sumarnám verði í boði þannig að menn hafi eitthvað fyrir stafni.

[14:05]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér er sett á dagskrá að frumkvæði framsóknarmanna. Ég minni þó á að í umræðu um atvinnumál og ríkisfjármál lagði þingflokkur framsóknarmanna fram 13. mars tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs í 18 liðum og einungis eitt atriði að hluta hefur gengið eftir, þ.e. 1% lækkun stýrivaxta. Það er árangurinn af öllu þessu starfi. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að þegar þessi tillaga er lögð fram á Alþingi er liðinn rúmlega einn mánuður frá því að minnihlutastjórnin tók til starfa og telja framsóknarmenn að ríkisstjórnin hafi ekki ráðist í þær nauðsynlegu og aðkallandi aðgerðir sem voru forsendur þess að ríkisstjórnin var mynduð með atbeina Framsóknarflokksins. Ábyrgð málshefjanda er því nokkur á þeirri stöðu sem uppi er en ekki skal standa á okkur að kalla á aðgerðir til lausnar þeim vanda sem við er að glíma. Ég bendi í því sambandi á dagskrá þingsins í dag að þar eru mikil mál á dagskrá, sérstaklega má nefna verkefni varðandi byggingu álvers við Helguvík og hvet

menn til að leggja sitt af mörkum til þess að það mál komist sem fyrst af stað.

Hins vegar liggur það fyrir eftir opinn fund í fjárlaganefnd í gær að tillögur minnihlutastjórnarinnar að úrbótum í þessum efnum eru engar. (Gripið fram í.) Það eru engar upplýsingar um með hvaða hætti á að taka á málum. Það liggur fyrir að blanda á saman skattahækkunum og niðurskurði en útfærslur á því liggja engar fyrir. Hins vegar er alveg ljóst, og það eru ákveðin skilaboð til þeirra 13 þúsund námsmanna sem nú standa frammi fyrir því að mæla götunar, að tekin hefur verið upp ný launastefna hjá ríkisvaldinu nú um stundir. Það liggur fyrir að fyrir fjögurra daga vinnu er ríkisstjórnin tilbúin til að borga 1.300 þús., 325 þús. kr. á dag, til Evu Joly og það eru ákveðin skilaboð til þeirra 13 þúsund námsmanna sem nú standa úti á (Forseti hringir.) götum og kalla eftir einhverjum aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar. (Gripið fram í.)

[14:07]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir þessa umræðu. Hún er afar mikilvæg og hv. þingmaður dró ágætlega fram hversu alvarleg staðan er. Þess vegna finnst mér ekki við hæfi að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem eru að afhenda öðrum valdstjórnina eftir 18 ár skuli tala á þann hátt sem hér var gert áðan.

Meginatriðið er þetta, virðulegi forseti, að fram undan er það verkefni að skapa a.m.k. 30 þúsund störf á næstu árum, það er algjört lykilatriði ef við ætlum ekki að missa fólk úr landi. Það er alveg ljóst að sjávarútvegur og landbúnaður og þær grunngreinar sem við höfum lengi byggt á munu ekki skapa þessi störf. Það er líka alveg ljóst að þessi störf verða ekki sköpuð nema við fáum aðgang að erlendu fjármagni.

Í dag er staðan einfaldlega sú að íslenskir bankar hafa nánast engan aðgang að erlendu fjármagni til þess að byggja hér upp atvinnulíf. Þetta er eitt af þeim lykilatriðum sem við þurfum að horfa til og í augnablikinu sé ég ekki annað nema tvo valkosti í því, annars vegar að erlendir kröfuhafar eignist banka eða a.m.k. þá banka sem mögulegt er að taka yfir og ég nefni þá Glitni og Kaupþing í því samhengi eða að ganga til viðræðna um aðild að Evrópusambandinu. Ég sé ekki aðrar leiðir fyrir okkur í augnablikinu til að nálgast erlent fjármagn til að byggja hér upp atvinnulíf.

Ég vil líka nefna það, virðulegi forseti, af því að við höfum hér skamman tíma að við hljótum að þurfa að skoða það einnig í þeirri miklu umræðu sem nú er um aflabrögð hringinn í kringum landið að auka við aflaheimildir. (**Gripið fram í:** Af hverju er það ekki gert?) Það er t.d. mjög athyglisvert (**Gripið fram í:** Síldveiðar.) ef ég nefndi Vestmannaeyjar sérstaklega, þar eru (Forseti hringir.) hefðbundnir vertíðarbátar búnir með sínar aflaheimildir um miðjan mars, (Forseti hringir.) en alla jafna hefur vertíðin staðið fram í maí. Og aðeins það og sú umræða sem fram hefur farið hjá sjómönnum (Forseti hringir.) hlýtur að kalla á skoðun á því að auka við aflaheimildir.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn um að gæta tímans.)

[14:10]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Birki J. Jónssyni fyrir að hefja þessa umræðu. Hv. þingmaður talaði um námsmenn sem væru atvinnulausir og eru að koma úr skólunum. Ég vil bara segja í því tilefni að þegar ég var í Háskóla Íslands að læra guðfræði fór ég á hverju vori vestur að Hellnum til að róa á minni trillu og var á skaki þar. Ég vil bara hvetja til þess að menn gefi frjálsar handfæraveiðar því að mörg hundruð manns gætu fengið vinnu við það að hrinda bátum úr vör sem eru algjörlega verkefnalausir, græjurnar, tækin, þekkingin og allt er fyrir hendi, en það má ekki leyfa nokkrum mönnum og þó að það væru tvö, þrjú hundruð manns að veiða á skaki af því að það er búið að loka sjávarútvegskerfinu alveg. Nei, við skulum frekar láta þá sem þetta geta vera atvinnulausa því að fiskveiðstjórnarkerfið okkar er heilagt. Þetta er eitt af því fyrsta sem við gætum gert og það mundi líka skapa von, það mundi skapa öryggi og gleði í mörgum sjávarbyggðum ef við færum út í þessa einföldu aðgerð. Ég nefni bara þetta sem dæmi.

Mig langar til að nefna annað. Það væri hægt að lækka verð á rafmagni til þeirra sem eru með gróðurhús. Norðmenn eru farnir að spyrja um það hvort Íslendingar geti selt þeim grænmeti. Það gefur gjaldeyri, það gefur vinnu og margar konur sem eru atvinnulausar og hafa unnið í bönkum og öðru gætu örugglega hugsað sér að koma að slíkri atvinnu. Ég gæti talið upp lengi en sekúndurnar sem ég á eru fáar eftir, átta og núna sjö svo ég læt máli mínu lokið.

[14:12]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Án nokkurs vafa verða næstu mánuðir og eitt, tvö ár mjög erfið fyrir íslenska þjóðarbúið þó svo að það sé mikilvægt að menn missi ekki móðinn þegar horft er til lengri tíma. Vandinn sem er að hellast yfir okkur er vissulega mikill þó að hann sé ekki óyfirstíganlegur gefi menn sér nokkurn tíma til að vinna sig frá honum. Atvinnumálin skipta auðvitað miklu máli þegar atvinnuleysi er orðið svo mikið sem raun ber vitni og þá skiptir líka miklu máli að þeir sem eru við stjórnvölinn séu tilbúnir til þess að nýta þau tækifæri sem mönnum eru opin um þessar mundir. Má ég minna á möguleika eins og þá sem felast í hvalveiðum? Ekki verður séð að það mál eigi greiða leið í gegnum þingið og hefur mætt töluverðri andspyrnu að ýta þeirri atvinnugrein úr vör á nýjan leik.

Í öðru lagi eiga menn óhikað að nýta þá möguleika sem unnt er að nota í stóriðju. Má ég minna á það mál sem liggur fyrir þinginu um Helguvík og ekki virðist eiga greiða leið í gegnum þingsali? Menn verða að leggja til hliðar fyrri afstöðu til atvinnuuppbyggingar og nýta þá möguleika sem fyrir hendi eru, þegar við sjáum fram á 17 þúsund manns án atvinnu geta menn ekki bundið sig fasta í kreddur sem ráðið hafa ríkjum á undanförnum árum.

Ég vil líka vara við því, virðulegi forseti, að menn séu með óraunhæfar lausnir til þess að komast frá þeim vanda sem margir hafa komið sér í í sínum eigin fjármálum. Það er engin lausn fólgin í því að velta skuldaböggum af einum yfir á herðar annarra. Þetta eru skuldbindingar sem menn

hafa tekist á hendur að uppfylla og menn verða í meginatriðum (Forseti hringir.) að axla þær.

[14:14]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda, Birki Jóni Jónssyni, fyrir að hefja máls á þessu brýna máli. Ég vil líka þakka hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni fyrir brýningu varðandi það að koma brýnum málum í gegnum þingið. Sú brýning tel ég að sýni skopskyn af bestu gerð þar sem sjálfstæðismenn nota hér öll tækifæri sem gefast þessa dagana og ganga vaktir í því að tefja mál og þæfa og þvæla þau. Ég geri því ráð fyrir að þingmaðurinn hafi fyrst og fremst verið að tala til flokkssystkina sinna.

Hlutverk ríkisvaldsins er að búa til umgjörð í atvinnulífinu til að þar þrífist starfsemi og tryggja að stoðir velferðarsamfélagsins séu styrkar. Það gerir ríkisvaldið með því að sjá til þess að borgararnir fái nauðsynlega grunnþjónustu í gegnum ríkisreksturinn og umgjörðin í hinu frjálsa atvinnulífi þarf að vera sanngjörn og gagnsæ.

Svo virðist sem tillögur ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum séu enn þá stilltar á 2007 þar sem menn velta því fyrir sér í alvöru hvort þeir eigi að nýta náttúruauðlindir til að skapa störf. Jafnframt telja þeir að nægur tími sé til að meta þörf heimilanna og fyrirtækjanna fyrir aðgerðir á meðan hitastigið á vinnumarkaðnum nálgast alkul og hvert fyrirtækið á fætur öðru lognast út af og deyr drottni sínum með tilheyrandi aukningu á atvinnuleysi. Það hefur komið hér fram að 18 þúsund manns ganga um án atvinnu og fá greiddar bætur úr ríkissjóði, 2 milljarðar voru greiddir út í gær og eins og allir vita er nýgengi örorku mun meira meðal þessa hóps en annarra með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið.

Ríkisstjórnin með fjármálaráðherra þar fremstan og í fylkingarbrjósti telur best að sjá til þess að þeir örfáu sem enn geta séð fyrir sér og borgað af lánunum sínum, án þess þó að það sé víst að það vari til eilífðar, verði örugglega skattpíndir í drep og fái örugglega ekkert sem auðveldar þeim að taka þátt í því að snúa hjólum atvinnulífsins af stað aftur.

Ég leyfi mér að fullyrða að hin ískalda krumla sem stundum hefur verið kennd við kommúnisma hefur verið reidd á loft og ekkert annað en þjóðnýting blasir við. Löppin er sett fyrir þá sem vilja og eru að reyna að bjarga sér og sínum í nafni umhverfisverndar og ég leyfi mér að halda því fram að þar verði fólkið (Forseti hringir.) að njóta vafans. Það er ekki eins og atvinnutækifærin séu tínd upp af götunni.

[14:17]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hérna utan dagskrár um uppbyggingu atvinnulífs og stöðu ríkissjóðs. Þetta er grundvallarmál og dæmi um mál sem við eigum einmitt að ræða á hinu háa Alþingi og reyndar alls staðar í þjóðfélaginu, sérstaklega núna þegar 23 dagar eru til kosninga og okkur sem erum fulltrúar ólíkra sjónarmiða í stjórnmálum ber skylda til að greina fólkinu í landinu frá þeim ólíku sjónarmiðum sem við stöndum frammi fyrir í þessum málum.

Hæstv. fjármálaráðherra talaði áðan um þær aðgerðir sem ríkisstjórnin er að vinna vegna atvinnumála. Þær aðgerðir voru allar á kostnað ríkisins og hvergi minntist hæstv. ráðherra á orðið atvinnusköpun. Þetta sýnir mér best að hér er einfaldlega á ferðinni hugmyndafræðilegur ágreiningur. Kosningabaráttan og þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir núna eru gamaldags hægri/vinstri ágreiningsmál sem er mjög mikilvægt að við ræðum opinskátt fyrir kosningar.

Vinstri menn reyna að láta líta svo út sem þeir beri hag atvinnulífsins fyrir brjósti núna, 23 dögum fyrir kosningar. Hið rétta er að eina hugmynd vinstri manna, og vinstri grænna sérstaklega, um atvinnulífið er að þar sé á ferðinni mögulegur skattstofn fyrir hressilegar skattahækkanir, svo ég noti hugtak ráðuneytisstjórans í fjármálaráðuneytinu, aðalskattasérfræðings ríkisstjórnarinnar eftir því sem mér best skilst, hressilegar skattahækkanir. Það er þannig sem vinstri grænir líta á atvinnulífið, sem mögulegan skattstofn.

Nei, atvinnumálin eru mikilvægustu málin sem við eigum að fjalla um hérna. Við eigum að nota tækifærin sem eru allt um kring og við eigum ekki þvælast fyrir þeim eins og flokksmenn Vinstri grænna hafa t.d. gert í því máli sem sú sem talaði á undan mér nefndi, Helguvíkurmálinu. Ég vona sannarlega að við komum til með að ræða það (Forseti hringir.) strax á eftir og koma því í gang. Það er dæmi um atvinnumál (Forseti hringir.) sem kemur með lausnir en ræðst ekki að (Forseti hringir.) hluta af vandanum.

[14:19]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég hef áður vikið að því að það væri mjög mikilvægt fyrir okkur að reyna að koma fjármagni á hreyfingu. Það skiptir öllu máli en auðvitað er fjármagn ekki á hreyfingu nema það sé til staðar. Til þess að það verði til staðar þarf m.a. að örva atvinnulífið, og atvinnulífið þarf að fá örvun til að þetta spili allt hvað á móti öðru.

Þrátt fyrir að við eigum núna í erfiðleikum líkt og í kringum síðustu aldamót og kringum 1990 eru erfiðleikarnir meiri núna. Við erum að endurrýna og endurgera ýmislegt í stofnkerfinu. Hins vegar er stofngrunngerðin hér á landi mjög góð og þar af leiðandi held ég að við förum mun hraðar upp en mörg önnur þjóðríki sem hafa lent í svipuðu.

Hins vegar finn ég fyrir því í þessari umræðu að markmið allra hinna ólíku stjórnmálaflokka er að örva atvinnulífið og skapa enn frekara atvinnustig. Það er kostur. Það er enginn ágreiningur þar um. Mér líður stundum eins og í góðri sveitarstjórn þar sem allir í atvinnumálanefnd eru sammála um einhvers konar breytingu varðandi atvinnustig.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti að síðan geta verið ólíkar áherslur gagnvart einstaka atvinnugreinum. Það sem skiptir þó meginmáli er að hvaða atvinnulíf sem er þegar til staðar hér á landi fái tækifæri til að eflast enn frekar í tengslum við bankakerfið sem hefur tekið breytingum. Síðan munu koma nýir sprotar, hvort sem sveitarfélög eða ríki koma að því, en atvinnulífið sem er til staðar — sem er víðast hvar blómlegt — verður að fá stuðning, hvort sem er frá ríki eða sveitarfélögum, (Forseti hringir.) og ekki hvað síst

verður það að fá lausnir í bankakerfinu. Það skiptir meginmáli. (Forseti hringir.) Það leiðir í raun og veru til þess að við fáum enn frekari (Forseti hringir.) aukningu í atvinnustigi á næstu mánuðum.

[14:22]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Vandamálið sem við búum við um þessar stundir er alveg augljóst, 18.000 manns á atvinnuleysisskrá og horfir illa fram á við næstu vikur og mánuði. Það sem við getum gert er að nýta betur sjávarauðlindina okkar, við getum aukið veiðar með ýmsum hætti og aukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar, sennilega um 70–80 milljarða, án þess að taka nokkra áhættu.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til að innkalla allar veiðiheimildir sem gætu gefið þjóðinni tekjur. Við höfum lagt til að hafa frjálsar handfæraveiðar sem hægt væri að gera 1, 2 og 3, strax og þar af leiðandi skapa bæði atvinnu og gjaldeyristekjur.

Það er ekki bara í sjávarútvegi sem við getum sparað og aukið gjaldeyristekjurnar, við getum sparað gjaldeyri í landbúnaði. Við getum komið á fót grasköglaverksmiðju og áburðarverksmiðju. Við getum aukið kornrækt og garðyrkju, ég tala nú ekki um með því að semja þar um lægra raforkuverð.

Við höfum ýmsa möguleika. Við getum leyft heimaslátrun sem skapar auknar tekjur heima í héraði eða á býlum landsins. Síðan er ferðaþjónustan sem við getum aukið með ýmsum hætti. Ýmis afþreying tengist ferðaþjónustunni, m.a. frístundaveiðar. En þá eigum við ekki að íþyngja frístundaveiðum með því að kvótasetja upp á 40 millj. kr. á ári þær veiðiheimildir sem frístundaveiðimenn þurfa að fá.

Hvalveiðar getum við og ætlum að hefja og síðast en ekki síst getum við aukið viðhald á fiskiskipaflotanum (Forseti hringir.) okkar með ýmsum öðrum hætti. Við getum líka sparað peninga með því að setja ekki í (Forseti hringir.) tónlistarhúsið 14–20 milljarða.

[14:24]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu. Við ræðum hér mikilvægt mál sem snertir sérstaklega atvinnumálin, hag heimilanna og fyrirtækjanna í landinu og við eigum að ræða slík mál á vettvangi þingsins.

Mér fannst hins vegar hæstv. fjármálaráðherra vera örlítið pirraður, greinilega, á ræðu minni. Hann nefndi í því samhengi að þetta væru hálfgerð kosningaloforð Framsóknarflokksins. Til þessarar umræðu er stofnað með það að markmiði að hefja umræðu á vettvangi þingsins og hvort við getum ekki komið okkur upp úr skotgröfum með því að sammælast um einhverjar raunverulegar aðgerðir til hjálpar heimilunum og fyrirtækjunum í landinu.

Þúsundir íslenskra heimila eru í dag með neikvætt eigið fé. Þúsundir íslenskra heimila eru þar með talin tæknilega gjaldþrota. Það er ekkert grín, hæstv. forseti, þegar fólk missir atvinnuna og er í stórskuldugu húsnæði. Ætlum við að koma til móts við þetta fólk með því að koma hjólum atvinnulífsins af stað á ný? Ég get nefnt Helguvíkurdæmið á Reykjanesi. Ég get nefnt sem dæmi 300 störf á Reykjanesi við mögulega uppbyggingu heilbrigðisþjónustu þar. Vilja menn stuðla að því og skoða þann möguleika? Það er 13,5% atvinnuleysi á Suðurnesjum og auðvitað þurfum við að skoða þessi mál en mér finnst við þurfa að hífa okkur upp úr því hjólfari að þótt hugmyndir komi frá tilteknum flokkum þurfi þær ekki að vera vitlausar.

Ég vil segja það, hæstv. forseti, að frambjóðendur Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks hafa akkúrat líkt og við frambjóðendur Framsóknarflokks talað fyrir flatri niðurfellingu, talað jafnvel fyrir kostnaðarmeiri leiðum en Framsóknarflokkurinn hefur lagt til. Um leið og ég lýk þessari umræðu hér fyrir hönd okkar framsóknarmanna vil ég segja að Framsóknarflokkurinn er til í að koma að þessum erfiðu málum en við þurfum þá jafnframt að horfa á málin með opin augun og (Forseti hringir.) varast einhverja sleggjudóma um störf og stefnur einstakra stjórnmálaflokka.

[14:26]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég fagna þessari umræðu. Hún er um mjög mikilvæg atriði og ég vildi gjarnan að við hefðum lengri tíma til að ræða þetta saman. Það eina sem ég vék að í upphafi var að ég fékk óvænt spurningar um aðra hluti en ég hélt að meiningin hefði verið að yrði aðalandlag umræðunnar, þ.e. staða ríkissjóðs og atvinnulífið sem slíkt en ekki sérstaklega skuldavandi heimilanna. Ég gerði mitt besta til að svara þeim í leiðinni. Svo ég svari spurningunni um hina erlendu eigendur krónubréfanna eru þau mál í höndum Seðlabankans. Hann er að samræma aðgerðir í þeim efnum og innan skamms vonast ég eftir tíðindum af því sem þar verður gert.

Það er að sjálfsögðu ljóst að eigi að ná niður því atvinnuleysi sem þegar er orðið á Íslandi og finna störf fyrir þá sem munu bætast á vinnumarkaðinn á næstu árum þurfa að verða til mörg störf á Íslandi á næstu áratugum. Ég tek ekki svo til orða, eins og sumir hafa tamið sér, að það eigi að skapa, eins og drottinn almáttugur, 15.000, 18.000 eða 30.000 störf. Það þurfa að verða til 15.000, 18.000 eða 30.000 störf. Það er munur á þessu, eins og sú hugsun sé gild að stjórnvöld ofan frá framleiði störfin eða (Gripið fram í.) einstakir stjórnmálaflokkar framleiði á flokksskrifstofum sínum störf. Það er misskilningur. Það þarf að skapa það umhverfi, það þarf að búa með aðgerðum til möguleika fyrir vextinum. (**Gripið fram í:** Frjálshyggjan …) Störfin þurfa að verða til. (**Gripið fram í:** Frjálshyggjan …) Þau þurfa að verða til. Það er mikilvægt til að höggva í atvinnuleysið.

Ríkisstjórnin kynnti í febrúarmánuði áætlanir um 4.000–6.000 ársverk með fjölþættum aðgerðum, í byggingariðnaði, við snjóflóðavarnir, við gróðursetningu og grisjun, orkuviðhald, orkusparnað, ferðaþjónustu, kvikmyndagerð, frumkvöðlasetur, átaksverkefni o.s.frv. Sum þeirra taka til sumarsins.

Svo þakka ég hv. þm. Gunnari Svavarssyni fyrir málefnalega ræðu. Það er hárrétt hjá honum, ég held að enginn stjórnmálaflokkur og engir stjórnmálamenn séu til sem ekki (Forseti hringir.) vilja örva atvinnulífið. Það er dapurlegt að heyra fólk koma í ræðustól og halda því beinlínis fram að einhverjir bregði fæti fyrir slíkt af ásetningi. (Forseti hring-

ir.) Okkur getur greint á um leiðir og einstök verkefni en við eigum ekki að þurfa að rífast um að við viljum landinu almennt vel.

Um fundarstjórn.

Umræða um dagskrármál.

[14:29]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Fyrir hádegishlé fór fram umræða um það hvort forseti Alþingis mundi reyna að leita leiða til að greiða fyrir þingstörfum og leita samkomulags um hvernig við mundum haga dagskránni í dag. Við sjálfstæðismenn höfum komið með tillögur um að 9. mál á dagskrá yrði rætt, heimild til samninga um álver í Helguvík. Okkur finnst mikilvægara að ræða það á þessari stundu frekar en að stjórnarskipunarlögin verði tekin á dagskrá, sem er 5. mál á dagskrá. Skemmst er frá því að segja að á fundi okkar formanna þingflokka núna í hádeginu var því hafnað að málið um Helguvík yrði tekið á dagskrá. Reyndar var því borið við að ekki væri komið nefndarálit í málinu frá hv. þingmönnum Vinstri grænna og var þá boðið upp á að 6. málið, sem er um vaxtabætur, yrði rætt en tekið skal fram, hæstv. forseti, að því var jafnframt hafnað. En ég vil spyrja hæstv. forseta sem er núna á forsetastóli hvort hann muni íhuga að breyta röð á dagskrá.

[14:31]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti hefur ekki tekið þá ákvörðun að breyta þeirri röð sem hér er á dagskránni eftir þann fund sem forseti átti með þingflokksformönnum í hádeginu og stendur sú dagskrá sem hér er þar til annað verður ákveðið.

[14:31]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég hlýt að harma það að forseti skyldi ekki íhuga að breyta þessari dagskrárröðun. Því liggur fyrir einlægur ásetningur þeirra flokka sem nú eru í ríkisstjórn og þeirra sem styðja ríkisstjórnarflokkana, þ.e. Framsóknarflokksins, að rædd verði stjórnarskrármál en ekki atvinnumál. Það liggur sem sagt fyrir áhugaleysi, m.a. Framsóknarflokksins, á því að hér verði rædd mikilsverð mál sem snúa að því að skapa atvinnu í landinu.

Reyndar tók hv. þm. Grétar Mar Jónsson undir tillögu mína og vil ég þakka honum það að tekið var undir þá tillögu að meira máli skipti að ræða málefni Helguvíkur en að ræða stjórnarskrármál. Hins vegar veit ég ekki hvort hann vill fylgja þeirri skoðun sinni eftir og lýsa henni úr ræðustólnum. En það liggur a.m.k. fyrir að menn vilja frekar ræða stjórnarskrármál en alvarleg atvinnumál.

[14:33]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill taka fram að þegar ekki næst samkomulag á fundum er ekki um samkomulag að ræða. Hér eru sex dagskrárliðir á dagskrá sem á eftir að ræða. Þar af eru fimm sem snúa beint að atvinnumálum og ég sem forseti hvet til þess að umræða um 5. dagskrármálið verði skipulögð og góð umræða. Og þannig haldið á málum verði hægt að fara í þau mál sem eru síðar á dagskrá og við munum svo meta það seinna í dag hvernig fundi verður fram haldið. (**ArnbS:** Er verið að hvetja til 1. umr. um stjórnarskrármálið?)

[14:34]

Dögg Pálsdóttir (S):

Frú forseti. Það er dapurlegt að heyra að fundurinn í hádeginu skyldi engan árangur bera í þá veru sem við sjálfstæðismenn báðum um fyrr í morgun. Það hlýtur að skjóta sérstaklega skökku við að Framsóknarflokkurinn, sem var að enda við að ljúka utandagskrárumræðu um atvinnumál, vilji ekki (**Gripið fram í:** ... stjórnarskrármálið.) stuðla að því að halda áfram að ræða hin brýnu atvinnumál sem hann þykist bera svo fyrir brjósti. (**Gripið fram í:** Hvað er að frétta?) Við viljum (Forseti hringir.) tala um hin brýnu atvinnumál, við erum að biðja um það, og það hlýtur að vera ábyrgðarhluti hjá Framsóknarflokknum því hann greinilega veit ekki hvaða stefnu hann hefur í málinu. Formaður hans, sem hefur ítrekað kallað eftir umræðu um brýn atvinnumál, er að vísu ekki þingmaður. Hann greinilega stjórnar engu í þingflokknum og þingflokkurinn ber nákvæmlega enga virðingu fyrir formanni sínum. Það er algerlega augljóst hér.

[14:35]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Þegar mikil mótmæli urðu á götum úti í samfélaginu upp úr áramótum til að mótmæla óstjórn Sjálfstæðisflokksins, efnahagshruninu sem Sjálfstæðisflokkurinn ber ábyrgð á, var að sjálfsögðu verið að krefjast aðgerða í þágu heimila, verið var að krefjast aðgerða í þágu atvinnulífs og verið var að krefjast aukins lýðræðis. Allt voru þetta kröfur utan úr samfélaginu og krafist var nýrrar ríkisstjórnar. Allt gekk þetta að mestu leyti eftir. Það kom ný ríkisstjórn sem er að vinna í samræmi við stefnuskrá sína og í samræmi við vilja þjóðarinnar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur engan áhuga á því að ræða lýðræðismálin. Sjálfstæðisflokkurinn hefur engan áhuga á því að ræða breytingar á stjórnarskrá í takt við það sem þjóðin hefur verið að krefjast. Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki mæta þjóðinni. Hann vill ekki auðlindirnar í þjóðareign þrátt fyrir að hafa verið með það í stefnuskrám ríkisstjórna áður fyrr. (Forseti hringir.) Hann vill ekki að fólk geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er það sem blasir við þjóðinni í málflutningi Sjálfstæðisflokksins.

[14:36]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvenær hv. þm. Árni Þór Sigurðsson fékk umboð til að tala fyrir hönd þjóðarinnar eða tala fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins.

Virðulegur forseti. Hann talar um vilja þjóðarinnar. Vilji þjóðarinnar, hæstv. forseti, kemur að jafnaði fram í kosningum. Þá kemur vilji þjóðarinnar (**ÁÞS:** Bara þá.) fram gagnvart hinu háa Alþingi. Kosningar verða 25. apríl, (**Gripið fram í:** ... lýðræði ... Sjálfstæðisflokksins.) þá verður kosið og þá kemur í ljós hvernig þjóðin ákveður að skipa þingmönnum í þessum sal. Það hefur enginn þing-

maður hvorki Vinstri grænna né annarra heimild til að tala í heild fyrir þjóðina. Þeir eru fulltrúar þeirra kjósenda sem að baki þeim standa, hæstv. forseti, og þeir ættu að láta sér nægja það umboð þar til annað kemur í ljós.

[14:37]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Ég harma það eins og aðrir þingmenn að hæstv. forseta þingsins hefur ekki tekist að ná sátt um meðferð mála. Eitt er að forseta þingsins mistekst að ná sátt um meðferð mála, annað er að hv. þingmenn, eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, standi upp og hefji umræður undir þessum dagskrárlið, um fundarstjórn forseta, á þann veg sem gert var. Það er vísasti vegurinn, virðulegi forseti, til þess að umræður um þennan lið, um fundarstjórn forseta, verði langar þegar gengið er fram með þessum hætti.

Ég sé mig knúinn til að koma aftur upp, virðulegi forseti, og hvetja til þess að virðulegur forseti beiti sér fyrir því að staðið verði þannig að málum að unnt verði að vinna þingstörfin í sæmilegri sátt. Þegar hv. þm. Árni Þór Sigurðsson gengur fram með þessum hætti er búið að rjúfa þann frið sem var þó verið að reyna að mynda væntanlega í hádeginu. Ég sé ekki annað en málið sé komið í algert óefni aftur og ég hvet hæstv. forseta til að gera nú hlé á fundinum til að reyna að koma þingstörfunum í sæmilegt horf.

[14:38]

Kjartan Ólafsson (S):

Frú forseti. Ég hef farið varlega í það að tala undir þessum dagskrárlið þar sem ég á sæti í forsætisnefnd og er 1. varaforseti þingsins. Þess vegna hef ég sparað að fara upp undir liðnum um fundarstjórn forseta og fara yfir málin. En nú þegar hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hefur farið yfir málin og lýst sjónarmiðum sínum og þegar maður jafnframt horfir á netmiðlana, þar sem búið er að boða til nýrrar búsáhaldabyltingar fyrir utan Alþingi eftir einhvern tíma í dag — það á sem sagt að kalla saman Alþingi götunnar til að berja á Alþingi áfram, þetta kemur fram í netmiðlunum akkúrat núna, að verið er að hvetja fólk til að koma með búsáhöldin sín og standa fyrir utan og mynda sem mestan hávaða — sjáum við hver hefur skipulagt og stjórnað þeim aðgerðum og hver ræður í samfélaginu núna.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882.

[14:40]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseta hefur borist svohljóðandi bréf frá Arnbjörgu Sveinsdóttur, þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins, dagsett 1. apríl 2009:

„Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins óskar eftir því að ræðutími við 2. umr. þingmáls 385, stjórnarskipunarlög, verði tvöfaldaður, sbr. 4. mgr. 55. gr. þingskapa, vegna mikilvægis málsins.“

Mun því ræðutími verða tvöfaldaður við 2. umr. málsins.

[14:40]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Nefndarálitið er frá meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál.

Nefndin hefur fjallað um málið um málið og fengið á sinn fund Björgu Thorarensen, forseta lagadeildar Háskóla Íslands, Bryndísi Hlöðversdóttur, forseta lagadeildar Háskólans á Bifröst, Gísla Tryggvason, talsmann neytenda, Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Ragnhildi Helgadóttur, prófessor við Háskólann í Reykjavík, Sigurð Líndal, prófessor við Háskólann á Bifröst, Hafstein Þór Hauksson, skrifstofustjóra hjá umboðsmanni Alþingis, Ragnar Aðalsteinsson hrl., Magnús Thoroddsen hrl., Ágúst Þór Árnason, aðjúnkt við Háskólann á Akureyri, Karl Axelsson hrl., Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Arthur Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda, Helga Áss Grétarsson frá Lagastofnun Háskóla Íslands, Guðrúnu Gauksdóttur frá Háskólanum í Reykjavík, Aðalheiði Jóhannsdóttur frá Háskóla Íslands, Eirík Tómasson, prófessor við Háskóla Íslands, Styrmi Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóra, Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökunum, Gústaf Adolf Skúlason frá Samorku, Elínu Smáradóttur lögfræðing frá Orkuveitu Reykjavíkur, Birgi Þór Runólfsson frá Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál, Harald Birgisson frá Viðskiptaráði, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Þorlák Karlsson frá Háskólanum í Reykjavík, Ólaf Þ. Harðarson, Gunnar Helga Kristinsson og Svan Kristjánsson, alla frá Háskóla Íslands, Þór Saari frá Samtökum um lýðræði og almannahag, Guðjón Bragason og Jönu Friðfinnsdóttur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Evu Bryndísi Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands.

Umsagnir bárust um málið frá Ragnhildi Helgadóttur, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Davíð Þorlákssyni, Landvernd, Davíð Þór Björgvinssyni, Landsvirkjun, Norðuráli, Norðurorku, Sjómannasambandi Íslands, Sigurði Líndal, Svani Kristjánssyni, Birgi Þór Runólfssyni og Ragnari Árnasyni, Samtökum um lýðræði og almannahag, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Samorku, HS Orku, Rarik, Félagi umhverfisfræðinga á Íslandi, Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurakademíunni, Landssambandi smábátaeigenda, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ágústi Þór Árnasyni og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til ferns konar breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í fyrsta lagi að bætt verði við hana nýrri grein sem fjalli um eignarhald og nýtingu á náttúruauðlindum sem ekki eru háðar einkaeignarrétti, sem og ákvæði um rétt til umhverfis sem stuðlar að heilbrigði og að líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið. Í öðru lagi er lagt til að fyrirkomulagi þess hvernig breytingar á stjórnarskránni eru samþykktar verði breytt þannig að þær verði

framvegis bornar undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar eftir samþykki Alþingis. Í þriðja lagi er lagt til að fest verði í stjórnarskrána ákvæði þess efnis að Alþingi skuli láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varða almannahag ef tiltekinn fjöldi kjósenda krefst þess. Loks er lagt til að við stjórnarskrána bætist ákvæði um stundarsakir þess efnis að forseti Íslands skuli boða til stjórnlagaþings til endurskoðunar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Nefndin ræddi frumvarpið og efnisatriði þess ítarlega á fundum sínum. Þau atriði sem hvað mesta umfjöllun fengu varða hugtökin þjóðareign og náttúruauðlindir í 1. gr. frumvarpsins, hugtökin sjálfbær þróun og líffræðileg fjölbreytni í sömu grein, afmörkun á því um hvaða lög eða málefni kjósendur geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu og með hvaða hætti slík krafa skuli höfð uppi, sem og hlutverk og störf stjórnlagaþings.

Vík ég þá að 1. gr. frumvarpsins. Í greininni er kveðið á um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign. Tekið er fram að ríkið fari með forsjá þeirra, vörslu og ráðstöfunarrétt og hafi eftirlit með nýtingu þeirra eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Þá segir að allar náttúruauðlindir beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar og að náttúruauðlindir í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi. Loks segir í greininni að allir eigi rétt til umhverfis sem stuðli að heilbrigði og þar sem líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið.

Athugasemdir komu fram hjá nokkrum umsagnaraðilum þess efnis að ekki væri nægilega skýrt hvað fælist í hugtakinu þjóðareign. Í því sambandi ítrekar meiri hlutinn að með hugtakinu þjóðareign er átt við sérstaka tegund eignarhalds til hliðar við hefðbundinn einkaeignarrétt einstaklinga og lögaðila, og er hér byggt á skilgreiningu auðlindanefndar frá árinu 2000. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu felst í þessu að ríkinu er samkvæmt lögum fenginn hinn sérstaki eignarréttur á náttúruauðlindum í skjóli þess að enginn annar lögaðili eða einstaklingur hefur getað sannað eignarrétt sinn á þeim. Meiri hlutinn telur hugtakið þjóðareign skýrt og ítrekar að ákvæðinu er ekki ætlað að hrófla við beinum eða óbeinum eignarréttindum sem menn hafa þegar öðlast á náttúruauðlindum.

Fram hefur komið hjá nokkrum umsagnaraðilum að eðlilegra væri að tillögu um auðlindaákvæði yrði vísað til þeirrar heildarendurskoðunar stjórnarskrárinnar sem fyrirhugað er að fari fram á stjórnlagaþingi. Í því sambandi bendir meiri hlutinn á að lengi hefur verið til umræðu hér á landi að auðlindaákvæði verði fært inn í stjórnarskrána og mikil vinna farið fram í því sambandi, einkum á vegum auðlindanefndar sem skilaði skýrslu sinni árið 2000 og á vegum nefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar sem skilaði áfangaskýrslu árið 2007. Til að stuðla að sátt landsmanna um eignarhald á náttúruauðlindum telur meiri hlutinn einsýnt að ekki verði beðið lengur með setningu auðlindaákvæðis á borð við það sem lagt er til í frumvarpinu.

Þá telur meiri hlutinn efnisrök hníga til þess að ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þess efnis að náttúruauðlindir í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi fari betur sem 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. og leggur til breytingu á frumvarpinu þess efnis.

Meiri hlutinn telur veigamikil rök hníga að því að sérstakt ákvæði um rétt til umhverfis verði sett í stjórnarskrá og bendir á að umhverfismál verða æ veigameiri þáttur í lífi almennings sem þorri manna lætur sig miklu skipta. Vægi þeirra mun fyrirsjáanlega ekki minnka á komandi árum. Þegar litið er til framtíðar má því búast við að gerðar verði meiri kröfur um að þessum mikilvæga málaflokki verði gert nægjanlega hátt undir höfði með því að setja um hann sérstakt ákvæði í stjórnarskrá. Að teknu tilliti til sjónarmiða umsagnaraðila og þess að réttur manna til umhverfis hefur ekki hlotið jafnlanga og ítarlega umræðu og eignarhald á náttúruauðlindum telur meiri hlutinn þó heppilegra að afstaða verði ekki tekin að þessu sinni heldur bíði stjórnlagaþings. Í því sambandi bendir meiri hlutinn jafnframt á hugtakið sjálfbæra þróun sem, þrátt fyrir að hafa rótgróna merkingu í alþjóðlegum rétti, hefur ekki hlotið jafnmikla umræðu og skýringu í íslenskum rétti. Meiri hlutinn leggur því til breytingu á frumvarpinu þess efnis að 2. og 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins falli brott, en þar er m.a. að finna ákvæði um að allar náttúruauðlindir beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar og kveðið á um rétt til umhverfis sem stuðli að heilbrigði og þar sem líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið. Þó skuli 2. málsl. 2. mgr. ekki falla brott heldur flytjast í 1. mgr. eins og að framan greinir.

Kem ég þá að 2. gr. frumvarpsins. Í greininni er lagt til að fyrirkomulagi þess hvernig staðið skuli að breytingum á stjórnarskránni verði breytt. Í stað þess að fjallað verði um frumvarpið á tveimur þingum og kosningar fari fram milli þinganna er gert ráð fyrir að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um frumvarp til breytinga á stjórnarskránni eftir samþykkt Alþingis. Þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins. Hljóti frumvarpið meiri hluta gildra atkvæða, þó minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, skuli það staðfest af forseta Íslands og öðlast gildi sem stjórnskipunarlög.

Eins og frumvarpið hljóðar er gert ráð fyrir að frumvarp til stjórnarskipunarlaga verði rætt við þrjár umræður á Alþingi eins og önnur lagafrumvörp. Til að hnykkja enn frekar á sérstöðu stjórnarskipunarlaga leggur meiri hlutinn til að slík frumvörp verði rædd við fjórar umræður og að minnst vika líði á milli umræðnanna. Jafnframt telur meiri hlutinn rétt að atkvæðagreiðsla um stjórnarskipunarlög geti farið fram í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir samþykkt frumvarps á Alþingi til að tryggja að nægjanlega mikil og víðtæk umræða geti farið fram í samfélaginu um fyrirhugaðar breytingar. Meiri hlutinn leggur því til breytingar á frumvarpinu hvað þessi tvö atriði varðar.

Kem ég þá að 3. gr. frumvarpsins. Í greininni er lagt til að ákveðinn hluti kjósenda, 15 af hundraði, geti kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu að frumkvæði þjóðarinnar. Atkvæðagreiðslan getur verið um málefni sem varða almannahag eða tiltekin lög. Þó eru undanskilin fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi þegar hún fjallar um gildi tiltek-

inna laga og ef meiri hluti gildra atkvæða er fylgjandi tillögunni, þó minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá.

Ákvæðinu er ætlað að stuðla að beinu og milliliðalausu lýðræði og færa valdið í hendur þjóðarinnar í ríkara mæli en áður hefur þekkst. Í því umhverfi sem Íslendingar búa nú við er það skýlaus krafa almennings að þátttaka hans í ákvarðanatöku í veigamiklum málum sé tryggð, sem og frumkvæði til að ákveða hvað lagt verði fyrir þjóðina til samþykktar eða synjunar. Til að undirstrika að þjóðarfrumkvæðinu sé ætlað að tryggja aðkomu þjóðarinnar að veigamiklum málum leggur meiri hlutinn til að bætt verði við textann skilyrði um að atkvæðagreiðslunnar sé einungis hægt að krefjast um mikilvægt málefni sem varðar almannahag. Meiri hlutinn áréttar jafnframt að undanskilin þjóðaratkvæðagreiðslu eru málefni sem varða einkamálefni og einkahagsmuni fólks eða minnihlutahópa.

Þó svo að þjóðaratkvæðagreiðsla um gildi tiltekinna laga sé bindandi, náist fyrir því gildur meiri hluti, eru þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg málefni það ekki. Meiri hlutinn telur mikilvægt að lögfest sé leið fyrir almenning til að koma að viðhorfum sínum í mikilvægum málum en jafnframt að þjóðin búi við lagafestu og öryggi. Atkvæðagreiðsla sem krafist er um tiltekið mál getur á einn eða annan hátt varðað lögbundin réttindi eða skyldur manna. Því er nauðsynlegt að Alþingi hafi úrslitavald um hvort niðurstaða atkvæðagreiðslu leiði til lagabreytinga þegar ekki er kosið um gildi laga. Þá er nauðsynlegt að stjórnarskrárvarin réttindi séu ávallt höfð í hávegum. Einsýnt er að þegar fylgi þjóðarinnar við tiltekið málefni er afgerandi á einn veg muni Alþingi hlusta á kröfu þjóðarinnar og leita leiða til að breyta samkvæmt henni.

Í ákvæðinu er kveðið á um að nánari reglur varðandi kröfur kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skuli settar með lögum. Meiri hlutinn ræddi ítarlega útfærslu atkvæðagreiðslu að þjóðarfrumkvæði, sem er nýmæli hér á landi, og leggur áherslu á að vandað verði til þeirrar lagasetningar. Þá verður að telja mikilvægt að slík lög verði sett svo fljótt sem unnt er verði ákvæðið að stjórnarskipunarlögum. Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að í lögum þurfi m.a. að útfæra hvernig staðið er að söfnun undirskrifta og hvernig spurning er sett fram í atkvæðagreiðslu. Meiri hlutinn tekur undir þetta enda skiptir miklu að stuðnings við þjóðarfrumkvæði um tiltekið mál sé aflað með öruggum og réttmætum hætti. Því áréttar meiri hlutinn að settar verði skýrar leiðbeinandi reglur um form spurninga þannig að þær verði ekki villandi eða leiðandi fyrir almenning. Slíkar reglur skuli jafnframt gilda bæði um þá spurningu sem verið er að afla fylgis til að fá fram atkvæðagreiðslu um tiltekið mál og um þá spurningu sem sett er fram í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að spurningin sé þess eðlis að kjósanda verði gert að svara einungis játandi eða neitandi. Þannig verði tryggt að kjósandi geti að fullu gert sér grein fyrir því hvaða spurning og málefni er til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þegar reglur um þetta efni hafa verið lögfestar þarf að meta hvort spurningar uppfylli kröfur laganna. Lagt er til að Alþingi verði falið að staðfesta hvenær spurning er tæk til þjóðaratkvæðagreiðslu. Meiri hlutinn telur eðlilegt að tiltekinni nefnd þingsins verði falið þetta hlutverk og vekur athygli á að hugsanlega þarf að breyta þingsköpum til samræmis verði frumvarp þetta að lögum. Með þessu er jafnframt tryggt að spurningar sem varða einstaklinga og einkamálefni þeirra fari ekki til þjóðaratkvæðagreiðslu eða stuðnings verði aflað til slíkrar atkvæðagreiðslu. Þá er lagt til að nánar sé kveðið á um það í ákvæðinu hvað mælt skuli fyrir um í almennum lögum um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að stuðnings við að tiltekið málefni fari til þjóðaratkvæðagreiðslu sé aflað með lögbundnum og tryggum hætti þannig að sá sem styður slíka kosningu geri sér að fullu grein fyrir því um hvaða mál sé að ræða. Meiri hlutinn telur því eðlilegt þegar undirskriftum er safnað um tiltekið mál að það verði gert þannig að sá sem skrifar undir slíkt skjal þurfi að mæta á tiltekinn stað þar sem hægt sé að sannreyna og votta undirskrift hans, enda segir í ákvæðinu að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu skuli vera staðfest. Í því skyni má hugsa sér að kveðið verði á um að undirskriftalistar liggi fyrir hjá opinberum aðila, til að mynda hjá sýslumanni eða á starfsstöð sveitarstjórnar. Meiri hlutinn telur jafnframt eðlilegt að settur verði tímarammi um slíka undirskriftasöfnun. Sá frestur sem gefinn er til söfnunar undirskrifta þarf þó að veita nægilegt svigrúm til að almenningur geti gert vilja sinn ljósan og má ekki skapa hindrun fyrir virku þjóðarfrumkvæði.

Nokkuð var rætt um það hlutfall kosningarbærra manna sem krafist gæti þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni. Fram komu sjónarmið þess efnis að tryggja þyrfti að hlutfallið væri nægilega hátt til að komið yrði í veg fyrir að sérstakir hagsmunahópar gætu til að mynda náð að stöðva alla eftirlitslöggjöf sem að þeim snýr. Þá væri hlutfallið of lágt í frumvarpinu þar sem tiltölulega auðvelt væri að safna undirskriftum. Meiri hlutinn telur ekki þörf á að hækka það hlutfall sem kveðið er á um í greininni enda gerir hún ráð fyrir að settar verði skýrar reglur um hvernig afla megi stuðnings við þjóðaratkvæðagreiðslu sem og um undirskriftasöfnun sem tengist henni.

Vík ég þá að 4. gr. frumvarpsins.

Í greininni er lagt til að efnt verði til kosninga um stjórnlagaþing sem skuli endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þjóðin skuli kjósa 41 fulltrúa á þingið og verði mælt fyrir um kjörgengi og kosningu í sérlögum. Þá eru í greininni útfærðar reglur um meðferð frumvarps að stjórnarskrá og er kveðið á um að stjórnlagaþing skuli senda frumvarpið til Alþingis sem geti sent það með rökstuddri tillögu aftur til stjórnlagaþings. Er lagt til að þá þurfi aukinn meiri hluta stjórnlagaþings til að samþykkja frumvarpið og senda í þjóðaratkvæðagreiðslu, ella teljist það fellt. Geri Alþingi ekki rökstudda tillögu fari frumvarpið til þjóðaratkvæðagreiðslu og þurfi meiri hluta gildra atkvæða, þó a.m.k. 25 af hundraði kjósenda á kjörskrá, til að það verði að gildum stjórnarskipunarlögum.

Því hefur verið haldið fram að með því að setja á stofn sérstakt stjórnlagaþing sé vegið að sjálfstæði og áhrifum Alþingis sem farið hefur með hlutverk stjórnarskrárgjafa um árabil. Eðlilegt sé að það hlutverk verði áfram í höndum Alþingis auk þess sem stofnsetning stjórnlagaþings sé kostnaðarsöm og tímafrek framkvæmd. Meiri hlutinn bendir í þessu sambandi á að vinna við endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur staðið nánast óslitið yfir frá lýðveldisstofn-

un árið 1944 með takmörkuðum árangri. Aðstæður í þjóðfélaginu eru auk þess með þeim hætti eftir bankahrunið í október 2008 að almenningur kallar eftir gagnsæi og trausti í störfum ráðamanna. Stjórnarskránni er m.a. ætlað að kveða á um valdmörk Alþingis og því óeðlilegt að það setji sér sjálft þau mörk. Krafan um að Alþingi stígi til hliðar þegar að því kemur að setja þær nýju leikreglur samfélagsins sem felast í nýrri stjórnarskrá er því svo rík að réttlætanlegt verður að teljast að stjórnarskrárgjafarvaldið verði tímabundið fært frá Alþingi til annars stjórnarskrárgjafa sem sérstaklega er kosinn til þess starfs.

Meiri hlutinn leggur til þó nokkrar breytingar á ákvæði um stjórnlagaþing. Sjálfstæði þingsins og hlutverk þess er áfram haft í hávegum en breytingunum er ætlað að styrkja stoðir stjórnlagaþings, einfalda ákvæðið, stytta starfstíma þingsins, skapa meira svigrúm til útfærslu á störfum þess með almennum lögum og draga úr kostnaði við þingið.

Hlutverk þingsins er samkvæmt greininni að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í reynd er þinginu þó ætlað að semja frumvarp að nýrri stjórnarskrá og er endurskoðun stjórnarskrárinnar einungis liður í því starfi. Leggur meiri hlutinn því til breytingar þessu til samræmis.

Mikilvægt er að á stjórnlagaþingi verði opnar umræður og sem flestir geti komið ábendingum sínum og skoðunum á framfæri á einfaldan og opinskáan hátt. Fram hefur komið hjá nokkrum umsagnaraðilum að eðlilegt sé að tryggja aðkomu hagsmunasamtaka, fræðimanna og sérfræðinga að þinginu. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að þjóðin fái að kjósa til þingsins en jafnframt að samræður fari fram milli fulltrúa þingsins annars vegar og fræðimanna og sérfræðinga hins vegar. Er það til þess fallið að auka og dýpka skilning á lýðræði og inntaki þess. Slíkar orðræður og skoðanaskipti ættu jafnframt að verða til þess að stytta þann tíma sem þingið þarf til starfa. Þá má ætla að þrengri tímarammi gæti orðið til að gera vinnu þingsins markvissari. Með hliðsjón af þessu og þeirri gagnrýni sem beinst hefur að þeim langa tíma sem þinginu er ætlaður leggur meiri hlutinn til að kosið verði til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningum vorið 2010, þingið komi saman 17. júní 2010 og ljúki störfum eigi síðar 17. júní 2011. Með þessu næst jafnframt fram töluverður sparnaður þar sem ekki þarf að kosta til sérstakra kosninga ásamt því sem styttri starfstími sparar launa- og rekstrarkostnað þingsins. Þá telur meiri hlutinn ekki sýnt að fulltrúar þingsins þurfi að vera í fullu starfi á stjórnlagaþingi. Allt eins er hægt að rökstyðja fyrirkomulag þings sem væri með þeim hætti að þing hittist fáeina daga í senn nokkrum sinnum yfir starfstímann en í millitíðinni væru starfshópar eða vinnustofur að störfum um afmarkaðri efni og starfsfólk og sérfræðingar ynnu að tillögum þingfunda og starfshópa. Meiri hlutinn telur því einsýnt að frekar verði unnið að þeim drögum að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing sem kynnt hafa verið og skerpt á þeim ramma sem um þingið skal gilda. Áréttar meiri hlutinn að slíkur rammi megi ekki þrengja að sjálfstæði þingsins heldur sé honum einungis ætlað að gera vinnu þess markvissari. Eftir sem áður verði það stjórnlagaþingsins sjálfs að setja sér starfsreglur.

Í drögum að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing sem er fylgiskjal með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er lagt til að kosið verði persónukjöri á þingið. Meiri hlutinn leggst ekki gegn slíkri kosningu en áréttar þó mikilvægi þess að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar. Ný stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mun verða stjórnarskrá þjóðarinnar allrar. Enda þótt aðkoma almennings alls verði tryggð, t.d. með opnum fundum, upplýsingagjöf og málþingum og að auðvelt verði að senda inn umsagnir, þarf jafnframt að tryggja að á þinginu sjálfu sitji þjóðin öll eða fulltrúar hennar. Meiri hlutinn telur því mikilvægt að reglur um persónukjör verði með þeim hætti að tryggt verði að fulltrúar landsbyggðar og landshluta fái sæti, hvort sem það verður gert með ríkari reglum um kjör eða reglum um einhvers konar jöfnunarsæti. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að reglur um kjörið verði með þeim hætti að tryggt verði eins og hægt er jafnt kynjahlutfall á þinginu.

Reglum sem finna má í áðurnefndum drögum er m.a. ætlað að tryggja sjálfstæði stjórnlagaþings gagnvart Alþingi og öðrum handhöfum ríkisvalds. Telur meiri hlutinn rétt að þetta sjálfstæði þingsins sé tryggt með stjórnarskrárákvæði um stjórnlagaþing og leggur því til breytingu þess efnis að ekki verði gert ráð fyrir því að frumvarp stjórnlagaþings til nýrrar stjórnarskrár fari tvisvar til Alþingis, en það gefi þó umsögn sína um það. Þetta sparar töluverðan tíma og kostnað. Þess í stað er lagt til að ávallt þurfi 2/3 hluta fulltrúa stjórnlagaþings til að samþykkja frumvarpið, án tillits til afstöðu Alþingis, áður en það fari í venjulegan farveg þjóðaratkvæðagreiðslu. Jafnframt er lagt til að Alþingi setji nánari ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu enda skal það setja slíkar reglur um þjóðaratkvæði skv. 2. og 3. gr. frumvarpsins. Þessar reglur verða mjög sambærilegar, og telur meiri hlutinn eðlilegt að stjórnlagaþingið fái að einbeita sér að kjarna málsins — að semja nýja stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Meiri hlutinn leggur einnig til smávægilegar orðalagsbreytingar á frumvarpinu til leiðréttingar á texta auk þess sem lagt er til að felld verði brott sú kvöð að kosningarbærir menn þurfi að vera í landinu til að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Búið er að tryggja möguleika manna erlendis til að kjósa og telur meiri hlutinn því tímabært að leiðrétta þetta.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita ásamt þeirri sem hér stendur hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson, Ellert B. Schram, Guðjón A. Kristjánsson og Atli Gíslason.

[15:09]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þessarar umræðu verði minnst sem ákveðins niðurlægingartímabils í sögu Alþingis þegar hér koma upp þingmenn eins og hv. síðasti ræðumaður sem telur sjálfsagt að Alþingi stígi til hliðar, að Alþingi gefi frá sér stjórnarskrárvaldið, og ég held að Alþingi hafi í raun og veru, virðulegi forseti, aldrei komist á það stig að hér standi í þessum ræðustól, í þessum sal, þingmenn sem lýsi því sem sjálfsögðum hlut að Alþingi stígi til hliðar. Að standa í þessum ræðustól og telja það sjálfsagt og eðlilegt að óska eftir því að meiri hluti Alþingis samþykki að Alþingi stígi til hliðar, að Alþingi gefi frá sér

stjórnarskrárvaldið eins og hv. þingmaður lagði til. Eins og ég segi, ég tel að þetta sé einhver mesta niðurlæging sem komið hefur inn í þessa sali enda hefur engum manni dottið þetta áður í hug. Það hafa komið fram hugmyndir um stjórnlagaþing, ráðgefandi stjórnlagaþing, en ég fullyrði að það hefur enginn ræðumaður staðið hér og flutt meirihlutatillögu frá nefnd um stjórnarskrármálið sem gengur út á það að Alþingi stígi til hliðar og Alþingi gefi frá sér stjórnarskrárvaldið. Þetta eru mikil tíðindi og ill í sögu Alþingis. Þau eru enn verri vegna þess að þegar hv. þingmenn taka sæti á Alþingi skrifa þeir undir drengskaparheit þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ég undirskrifaður/uð, sem kosin(n) er þingmaður til Alþingis Íslendinga, heiti því, að viðlögðum drengskap mínum og heiðri, að halda stjórnarskrá landsins.“

Þetta er það sem þingmenn skrifa undir. Hér heyrum við síðan þingmenn standa og flytja tillögu frá meiri hluta nefndar um það að Alþingi gefi frá sér stjórnarskrárvaldið. Telja þingmenn virkilega að slíkar yfirlýsingar séu í samræmi við þetta drengskaparheit sem þeir hafa undirritað með því að setjast á þingið? Ég ítreka það, virðulegi forseti, að þetta er niðurlægingartími í sögu Alþingis sem við lifum hér. Þetta var niðurlægingarræða fyrir Alþingi sem hv. þingmaður flutti og ég er undrandi á því að fleiri skuli leggja þessu máli lið sem er til stofnað vegna þess að það þurfti að fá stuðning Framsóknarflokksins við minnihlutastjórn. Við minnihlutastjórn sem var mynduð með þeim hætti að það er fullkomlega réttmæt stjórnskipuleg gagnrýni á myndun stjórnarinnar að ekki hafi verið farið að stjórnskipunarvenju við myndun stjórnarinnar, að það skuli hafa verið farið út í það strax á fyrsta degi að ráðast í að mynda minnihlutastjórn er líka brot á öllum stjórnskipunarvenjum sem hér hafa gilt og þarf þá kannski ekki að undra að þetta fólk sem þannig stendur að verki vilji hafa stjórnlögin í höndum einhverra annarra. Er greinilega alveg sama um stjórnlögin, alveg sama og segir bara: Alþingi á að stíga til hliðar, Alþingi á að gefa frá sér stjórnarskrárvaldið, og leggur það til og telur að það sé hluti af einhverri kröfu almennings. Hvar hefur það komið fram að krafa almennings sé um það að Alþingi gefi frá sér þetta vald? Ég spyr: Til hvers er verið að boða til kosninga 25. apríl ef menn á sama tíma samþykkja að Alþingi gefi frá sér valdið til að ákveða hvað er í stjórnarskránni? Stjórnlagaþingið gæti ákveðið að Alþingi yrði lagt niður. Stjórnlagaþingið gæti gert tillögur um það og samþykktir um það að Alþingi hyrfi úr sögunni. Er það það sem hv. þingmenn stefna að og vilja að stjórnlagaþingið geri eftir að Alþingi hefur stigið til hliðar? Tillagan sem hér er flutt getur jafngilt því að það sé beinlínis lagt til að Alþingi sé lagt af, það stígi ekki aðeins til hliðar heldur sé lagt af, því að stjórnlagaþingið hefur fulla heimild til að gera hvað sem það vill við endurskoðun á stjórnarskránni og gæti þess vegna lagt þetta til.

Virðulegi forseti. Þetta eru einkennilegir tímar og dæmalaust að telja að það sé krafa og hluti af endurreisn Íslands við núverandi aðstæður að leggja til frumvarp sem gerir ráð fyrir því að Alþingi stígi til hliðar og að unnt verði að semja stjórnlög án þess að Alþingi eigi þar síðasta orðið, taki ákvarðanir, leggi til tillögur og móti þær í þingsalnum eftir ráðgjöf frá öðrum. Virðulegi forseti, við sjálfstæðismenn erum á móti þessu máli eingöngu vegna þess að okkur er annt um virðingu Alþingis. Okkur er annt um það heit sem við gefum þegar við setjumst á þing og skrifum undir, að við ætlum að halda stjórnarskrá Íslands í heiðri, en það gerum við með því að standa vörð um Alþingi. Við gerum það með því að standa vörð um stjórnarskrárvaldið í höndum Alþingis þannig að ég tel að þeir hv. þingmenn sem að þessu óheillaverki standa séu á villigötum, hafi látið blekkjast og leiða sig út í ógöngur. Þess vegna erum við sjálfstæðismenn á móti þessu frumvarpi og leggjum til að því verði vísað frá.

Hvað lesum við svo? Við lesum það í vefmiðli í dag að boðað sé til nýrrar búsáhaldabyltingar fyrir utan Alþingishúsið síðdegis til að mótmæla því að við ræðum þetta mál. Það er komin hvatning til að stofna til slíks hávaða úti á götunni að við getum ekki rætt málið.

Þann 20. janúar varði lögreglan Alþingi og störf Alþingis. Þá kom lögreglan og stóð vörð um þingið þannig að við gætum haldið áfram störfum. Nú stöndum við inni í þessum sal og þurfum að verja heiður Alþingis vegna þess að inni í salnum er fólk sem leggur til að Alþingi gefi frá sér stjórnarskrárvaldið. Svo ætlar fólk að koma hér og boðar í nafni lýðræðis og einhverrar — ég veit ekki hvers — borgarahreyfingar, eins og það heitir, að við getum ekki talað um þetta og svo mikill hávaði verði utan dyra síðdegis og í kvöld að við getum ekki talað um þetta. Þetta er það sem meiri hluti nefndarinnar er að verða við með því að leggja til að við gefum frá okkur stjórnarskrárvaldið. Er þetta það ástand sem menn vilja? Ég sé ekki betur en að ef ekki er veitt fyrirstaða og tekið á málum af þeim þunga sem þarf verði Alþingi ýtt til hliðar í eitt skipti fyrir öll en ekki bara í þessu eina máli, þannig að ég hvet hv. þingmenn til að huga að því sem hér er að gerast og skoða málið í því ljósi.

Sagt er að verið sé að bregðast við kalli sem hefur komið og kom hér þegar lögreglan þurfti að verja Alþingishúsið og síðan þegar við ætlum að ræða þetta mál er fólk boðað aftur til að trufla störf þingsins, til að svo mikill hávaði verði í þingsalnum að við getum ekki talað. Þetta er ástandið sem hv. þingmenn stuðla að og þess vegna lögðum við þingmenn Sjálfstæðisflokksins til fyrr í dag að tóm yrði gefið til að ræða, taka á og fara yfir önnur mál frekar en að stofna til þess ófarnaðar í þingsalnum og þeirrar niðurlægingar fyrir Alþingi sem hér er lögð til og kemur fram í áliti meiri hluta nefndarinnar þegar sagt er að hér sé orðið við kröfu um að Alþingi stígi til hliðar og verið sé að bregðast við þeirri kröfu með þeim tillögum sem hér eru fluttar að Alþingi víki sæti og aðrir taki að sér að móta og ákveða stjórnarskrá landsins. Um það snýst þetta mál og var krafa Framsóknarflokksins til að þessi stjórn yrði til. Forsenda þess að stjórnin yrði til var að flokkarnir sem standa að minnihlutastjórninni samþykktu þessa kröfu Framsóknarflokksins. Þetta eru stjórnarhættirnir. Svo þegar heiðvirðir þingmenn, sem auðvitað blöskrar þessi framganga öll, eru spurðir: Hvers vegna látið þið þetta yfir ykkur ganga? Þá er svarað: Við verðum að þjóna Framsóknarflokknum. Hann veitir ríkisstjórninni stuðning. Þess vegna verðum við að láta þetta yfir okkur ganga. Í raun og veru er alveg ótrúlegt að við skulum standa hér og þurfa að ræða þetta á síðustu dögum þingsins að aðalmálið sé að þjónka Framsóknar-

flokknum með þessum hætti, Framsóknarflokknum sem stóð að því að styðja þessa stjórn eða veita henni skjól fyrir vantrausti á þeirri forsendu að tekið yrði á brýnustu málum þjóðarinnar og þinginu lyki 12. mars. Það var loforðið sem Framsóknarflokkurinn gaf þegar hann hóf stuðning við þessa ríkisstjórn að hún einbeitti sér að brýnustu málunum sem snertu hag heimila og fyrirtækja og þinginu lyki 12. mars svo kostur gæfist á því að fara í kosningabaráttu og leggja mál fyrir þjóðina.

Nú erum við hér 2. apríl og enginn veit hvenær þinginu lýkur og langar umræður hafa farið fram í dag um að nauðsynlegt væri að færa önnur mál framar á dagskrána af því að þetta mál skipti hag heimila og fyrirtækja engu. Það hefur verið haft að engu. Út af hverju, hv. þingmenn? Vegna þess að enn er verið að þjóna Framsóknarflokknum. Enn er verið að láta undan kröfu Framsóknarflokksins um að þvæla þessu máli og kröfunni um það að Alþingi stígi til hliðar. Á þeim forsendum var þessi ríkisstjórn mynduð að Alþingi stigi til hliðar, að Alþingi léti frá sér stjórnarskrárvaldið til að hægt væri að mynda minnihlutastjórn sem færi á skjön við þingræðisregluna og héldi síðan þinginu með þeim hætti sem við höfum kynnst og síðan þurfum við að standa hér og er neitað um að laga dagskrá þingsins að eðlilegum kröfum þingmanna til að taka fyrir önnur mál en umræðuna um að Alþingi stígi til hliðar. (**Gripið fram í:** Hver er krafan?) Að verða við kröfunni um að Alþingi stígi til hliðar og svo er birt í netfrétt: Ef þið talið lengi þá komum við og lemjum og verðum með svo mikinn gauragang fyrir utan að ekki verði hægt að tala saman í salnum. Þá verður lögreglan að koma aftur.

En lögreglan ver bara húsið að utan en ekki það sem gerist í salnum, það er undir okkur þingmönnum sjálfum komið. Ætlum við virkilega að túlka það sem hefur gerst á þann veg að við eigum að slá af þetta vald Alþingis og gefa frá okkur stjórnarskrárvaldið? Er það niðurstaðan? Vorum við kjörin til þingsins á þeim grundvelli? Var það þess vegna sem við undirrituðum drengskaparheit um að standa vörð um stjórnarskrána til að láta undan og stíga til hliðar þegar þessir atburðir gerðust og segja: Þingið verður að stíga til hliðar til að bankarnir komist á skrið? Það er nýbúið að birta skýrslu eftir einhvern Finna sem fór yfir málin og hann bendir ekki á neitt sem rökstyður að nauðsynlegt sé að Alþingi gefi frá sér stjórnarskrárvaldið til að takast á við það sem gerðist í bankahruninu. Hann víkur hvergi að því, ekki einu orði. Ég er viss um að maðurinn hefur ekki haft hugmyndaflug til að láta sér detta í hug að leiðin til að bjarga bankakerfinu væri sú að Alþingi stigi til hliðar og gæfi frá sér stjórnarskrárvaldið. Engum hefur dottið það í hug nema framsóknarmönnum og þeim sem stóðu að því að mynda þessa ríkisstjórn og töldu það úrslitaatriði til að stjórnin gæti starfað að tekið yrði á málum með þessum hætti.

Virðulegi forseti. Það er niðurlæging að þurfa að standa hér og ræða þetta mál á þessum forsendum. Það er niðurlægjandi fyrir Alþingi að málum skuli þannig komið núna að við þurfum að ræða þetta að ósk Framsóknarflokksins til að stjórnin haldi lífi, þrátt fyrir skilyrði Framsóknarflokksins um að rjúfa hafi átt þingið 12. mars og við erum hér 2. apríl og vitum ekki enn hvenær þinginu lýkur. Það sýnir hvers lags stjórnarhættir hafa verið í þessu landi með þessari hörmulegu niðurstöðu að því er varðar sjálft Alþingi og stöðu þess í stjórnskipan landsins.

Við sjálfstæðismenn í sérnefndinni höfum skilað áliti sem ég ætla að lesa, virðulegi forseti, og þar segir:

„Við meðferð þessa máls hefur verið gengið gegn þeirri venju að undirbúa breytingar á stjórnarskrá á þann veg að leitað sé samstöðu allra flokka. Þá hefur verið haldið þannig á málinu í sérnefnd um stjórnarskrármál að tillögu minni hluta nefndarinnar um leið til sátta í henni hefur verið hafnað. Á síðasta fundi sérnefndarinnar lýsti formaður hennar því einfaldlega yfir að tími sátta væri liðinn. Minni hluti sérnefndarinnar gagnrýnir þessa málsmeðferð harðlega og telur hana eina svo ámælisverða að vísa beri frumvarpinu frá að lokinni 2. umræðu um málið og flytur hér tillögu um það efni.“

Virðulegi forseti. Í 1. mgr. þessa álits er vísað til þeirrar venju sem hér hefur gilt við frágang stjórnarskrárbreytinga. Hér er áfangaskýrsla nefndar um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands frá því í febrúar 2007, lögð fram af þáverandi forsætisráðherra. Í þeirri skýrslu er m.a. að finna greinargerð eða Viðauka II, Ágrip af þróun stjórnarskrárinnar, sem er samin af sérfræðinganefnd um endurskoðun stjórnarskrárinnar, Eiríki Tómassyni prófessor, Björgu Thorarensen prófessor, Gunnari Helga Kristinssyni prófessor og Kristjáni Andra Stefánssyni sendifulltrúa.

Niðurstaðan í þessum athugunum er á þessa leið, með leyfi virðulegs forseta:

„Áhersla hefur yfirleitt verið lögð á að þróa stjórnarskrána í samstöðu helstu stjórnmálaafla. Í raun má segja að eina grein stjórnarskrárinnar, sem breytt hefur verið í andstöðu við nokkurn hluta þingmanna, hafi verið 31. grein hennar sem fjallar um fyrirkomulag alþingiskosninga. Aðrar stjórnarskrárbreytingar hafa verið unnar í samstöðu helstu stjórnmálaafla. Forsenda þeirrar samstöðu hefur verið að stjórnarskrárbreytingarnar hafa fjallað um vel afmarkaða þætti stjórnskipunarinnar.“

Síðan er farið yfir þær tillögur og breytingar sem gerðar hafa verið og því nákvæmlega lýst hvernig að þessum málum hefur verið staðið. Aðeins tvisvar sinnum frá 1918 hefur verið ágreiningur á milli flokka, 1934 og 1959. Hver var ástæðan? Meirihlutaflokkarnir voru að breyta stjórnarskránni til að draga úr misræmi í atkvæðavægi og breyta kosningafyrirkomulagi sem var sérstaklega í hag þeim flokki sem var á móti. Þannig var það og ég man vel eftir kosningabaráttunni 1959 eftir að þingið hafði í fyrri umferð samþykkt breytingu á stjórnarskránni og síðan var efnt til kosninga um sumarið og kosið aftur haustið 1959. Ég man vel eftir hvað það var hörð kosningabarátta. Sjálfstæðisflokkurinn klofnaði m.a. um þetta því að þingmenn í Sjálfstæðisflokknum utan Reykjavíkur lögðust eindregið gegn því að þessi stjórnarskrárbreyting næði fram að ganga því að þeir töldu að það væri réttmætt að mismuna í þágu íbúa utan höfuðborgarsvæðisins og utan þéttbýlisins. Engu að síður náði þessi kosningabreyting og stjórnarskrárbreyting fram vegna þess að menn tóku höndum saman og það var ágreiningur. Mér finnst það eðlilegur ágreiningur. Mér finnst eðlilegt að menn greini á þegar tekist er á um breytingar á fyrirkomulagi eins og því og það liggur í hlutarins

eðli að það hljóti að vera ágreiningur ef einn flokkur telur sig hafa hag af því að viðhalda einhverju óréttlæti við jafnvægi atkvæða og kjördæmaskipan og þá er sá flokkur að sjálfsögðu á móti því að réttlætis sé leitað og eðlilegt að deilt sé um það. En eftir þetta hefur einnig verið leitað samkomulags um slíkar breytingar, eins og við vitum, og reyndar hafa sumir sagt að ef síðasta breyting, að skipta Reykjavík í tvö kjördæmi og annað slíkt, hefði verið borin undir þjóðaratkvæðagreiðslu hefði það örugglega ekki verið samþykkt, þar hafi þingmenn og þeir sem um það sýsluðu líklega farið fram úr sér miðað við viðhorf almennings. Það er álitaefni og eins og kemur fram í greinargerð okkar erum við ekki á móti því að breyting á stjórnarskrá verði borin undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu en við erum á móti þessari aðferð, enda stangast hún á við allt það sem gert hefur verið til þessa og það sem sérfræðingar sögðu árið 2007 eða rituðu hér, þetta er dagsett 2005 og kemur í skýrslu sem er dagsett í febrúar 2007 þannig að það hefur verið meginþema í allri viðleitni við breytingar á stjórnarskrá að ná sem víðtækastri samstöðu, sérstaklega á stjórnmálavettvangi og einnig annars staðar.

Við segjum í áliti okkar:

„Minni hlutinn telur einsýnt að þessa flausturslegu aðferð við afgreiðslu frumvarpsins megi rekja til pólitískra aðstæðna, sem sköpuðust við myndun minnihlutastjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur þegar Framsóknarflokkurinn féllst á að verja hana vantrausti gegn því að ákveðið yrði með breytingu á stjórnarskrá að afsala Alþingi stjórnarskrárvaldinu og afhenda það stjórnlagaþingi. Minni hlutinn er eindregið andvígur því að þannig sé vegið að valdi og áhrifum Alþingis.“

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þeir stjórnlagafræðingar og lögfræðingar sem koma að því að fjalla um stjórnarskrármál eru á einu máli um að það beri að gefa sér tíma við undirbúning breytinga á stjórnarskrá og það beri að leita samstöðu og samráðs. Þannig sagði Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur og varaþingmaður Samfylkingarinnar, í útvarpsviðtali 29. mars að með þeirri leið, sem valin er í frumvarpinu, væri verið að „leita skyndilausna“ og hún bætti við: „Alveg eins og útrásaræðið var æði og peningaæðið var æði, þá er kannski komið nýtt æði.“ Þetta „nýja æði“ felist í því að boða í skyndi til stjórnlagaþings í stað þess að leggja fé í rannsóknir á stjórnarskránni. Fellur þetta sjónarmið að þeirri almennu skoðun þeirra sem ræða um stjórnarskrármál á fræðilegum grunni að það beri að standa þannig að öllum málum varðandi stjórnarskrána, að ekki sé verið að skapa fleiri lögfræðileg vandamál með breytingum eða óljósum skýringum á efni einstakra ákvæða. Hvert orð þurfi í raun að vega og meta og skýra samhengi þeirra með skýrum rökum á fræðilegum grunni. Öll slík meginsjónarmið voru höfð að engu við gerð og afgreiðslu þessa frumvarps. Núverandi ríkisstjórn kallaði til þriggja manna hóp á eigin vegum til að vinna að þessu máli. Sjálfstæðisflokknum var ekki gefinn kostur á að tilnefna mann í hópinn og því ekki gefinn kostur á að taka þátt í því að semja upphaflegu drögin. Þegar hópurinn hafði unnið saman skamma hríð var lagt fram blað á fundi formanna allra flokka með hugmyndum hans, án þess að óskað væri eftir viðbrögðum Sjálfstæðisflokksins. Þessar tillögur voru ekki lengur óbreyttar heldur var þeim enn breytt nokkrum dögum síðar án þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefði færi á því að koma þar að máli. Enn var málinu breytt í þriðja sinn án nokkurs samráðs við Sjálfstæðisflokkinn.“

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í umræðunum að menn hafa hælt sér af þessari málsmeðferð og það kom fram í sérnefndinni um stjórnarskrármál að það væri bara gott á Sjálfstæðisflokkinn að hafa ekki verið með í ráðum. Það var eiginlega talað þannig til okkar nefndarmanna að okkur væri það bara mátulegt, við hefðum í svo langan tíma haft svo mikil áhrif að nú væri kominn tími til þess að ýta okkur svolítið til hliðar. Það endurspeglaðist náttúrlega í gerð frumvarpsins og endurspeglaðist í öllum störfum nefndarinnar. Það brýtur í bága við öll skynsamleg rök til þess að komast að skynsamlegri niðurstöðu um efni stjórnarskrárbreytinga, brýtur í bága við hefðirnar, brýtur í bága við þær ábendingar sem hv. þm. Kristrún Heimisdóttir setti fram í útvarpsviðtali 29. mars. Það má vitna ítarlegar í það ef vill og gefst vafalaust tækifæri til þess í umræðunum. Það brýtur sem sagt í bága við allt það sem menn hafa talið skynsamlegt og best, ekki bara hér heldur hvarvetna annars staðar þar sem menn fjalla um mál af þessum toga.

Það var t.d. athyglisvert að heyra hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur lýsa því í fyrrnefndu viðtali hvernig Thomas Jefferson hefði farið að því að semja bandarísku stjórnarskrána og mátti næstum því halda að hún hefði þar verið viðstödd þegar þeir atburðir gerðust, sem var að vísu ekki, en það kom fram að hún hefði farið á slóðir hans og kynnst bókasafni hans og séð hvernig hann vann og ef ég man rétt kom það fram í viðtalinu líka að hann hefði setið að skriftum öllum stundum — jafnvel þegar hann var á ferðalögum til þess að reyna að skýra hugmyndir sínar og komast að þeirri niðurstöðu sem skynsamlegust væri.

Hér er ekki gefinn tími til slíks. Hér má ekki skrifa neitt og má ekki einu sinni leita sátta í nefndinni sjálfri, hv. formanninum lá svo mikið á að hann gaf ekki einu sinni tóm til þess í nefndinni að ræða málið til hlítar.

Við segjum síðan í greinargerð okkar, virðulegi forseti:

Frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem nefndin hefur haft til umfjöllunar var vísað til nefndarinnar 11. mars sl. Takið eftir því, virðulegir þingmenn, þessu var vísað til nefndarinnar 11. mars. Það er dagurinn sem átti að vera síðasti þingdagurinn að mati Framsóknarflokksins. Framsóknarflokkurinn stóð að því að mynda þessa stjórn eða veita henni hlutleysi sitt á þeim grunni að þingið sæti ekki lengur en til 12. mars og þá fengju menn að ganga til kosningabaráttu. En það var ekki fyrr en 11. mars sem þetta frumvarp var sent nefndinni en það var þó ekki kosið í nefndina fyrr en daginn eftir og fyrsti fundur nefndarinnar var föstudaginn 13. mars, daginn eftir að Framsóknarflokkurinn hafði sett það sem algjört skilyrði að þinginu væri lokið. Þá kemur þessi nefnd saman og kýs framsóknarmann formann sinn til þess að hefja störf.

Um kvöldið á föstudeginum 13. mars — maður heldur að þessi dagur 13. mars hafi verið óheilladagur, það virðist vera eins og oft getur verið, föstudagurinn 13., það hefur greinilega verið í þessu dæmi þegar við lítum á það sem síðan hefur gerst — er þetta sent út og umsagnaraðilar fá beiðni nefndarinnar um kvöldmatarleytið föstudaginn 13.

mars. Og hvað er þeim gert að gera? Að skila áliti sínu á þessum hugmyndum í síðasta lagi fyrir föstudaginn 20. mars. Viku fá þeir til þess og þar af er laugardagur og sunnudagur náttúrlega innifalinn.

Enda var það svo, virðulegir þingmenn, að allir sem komu á fund nefndarinnar og lýstu áliti sínu töldu að frestur inn væri allt of skammur og það hefði ekki gefist neitt ráðrúm til þess að skoða málið. Laganefnd Lögmannafélags Íslands lýsir því yfir að þetta sé svo flaustur slega unnið að hún geti á engan hátt lagt því lið að þetta mál nái fram að ganga, m.a. vegna þess að það sé enginn tími gefinn. Hvaða tími er það að senda út óskir um umsagnir að kvöldi föstudagsins 13. mars og heimta að þeim sé skilað 20. mars?

Síðan segir í áliti okkar:

Eiginleg umfjöllun um málið hófst ekki fyrr en mánudaginn 16. mars. Augljóst er að nefndin hefur haft mjög takmarkaðan tíma til að fjalla um málið og er það einstaklega ámælisvert þegar gera á breytingar á grundvallarlöggjöf. Laganefnd Lögmannafélags Íslands leggst gegn frumvarpinu og vekur athygli á því að breytingarnar þurfi frekari athugunar við, og þetta geta menn kynnt sér í umsögn nefndarinnar sem er hér lögð fyrir í fylgiskjölum. Minni hlutinn bendir á að ekki hafi verið gefinn tími til slíkrar athugunar og minni hlutinn tekur undir með Ragnhildi Helgadóttur, prófessor við Háskólann í Reykjavík, sem áréttar mikilvægi þess að farið sé hægt við breytingar á stjórnarskránni.

Eins og segir hér var það ekki einungis nefndinni sem var skammtaður stuttur tími enda gera margir umsagnaraðilar athugasemdir við þann skamma tíma sem þeim er gefinn til að taka afstöðu til svo stórs máls sem stjórnarskrárbreyting er og jafnumfangsmikils frumvarps og hér er um að ræða. Þar nægir að vísa til umsagnar Davíðs Þórs Björgvinssonar, Sigurðar Líndals, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Viðskiptaráðs Íslands, Samorku, Rariks ohf. og Landssambands smábátaeigenda. Þá eru dæmi þess að umsagnaraðilar hafa einfaldlega talið umsagnarfrest of stuttan til að gera vandaðar efnislegar athugasemdir, og má þar nefna Reykjavíkurakademíuna, Ágúst Þór Árnason frá Háskólanum á Akureyri. Hann segir að hann telji ekki forsvaranlegt að senda skriflega umsögn vegna skamms tíma sem til þess sé gefinn.

Þannig segir hér og við bendum á það, minni hluti nefndarinnar:

Málsmeðferð hefur verið verulega ábótavant. Ekki er nema rétt um mánuður liðinn frá því að frumvarpið var lagt fram á Alþingi og umfjöllun nefndar um málið nær ekki þremur vikum. Þrátt fyrir að 11 fundir hafi verið haldnir hefur málið alls ekki hlotið nægilega umfjöllun í meðförum nefndarinnar. Á síðasta fundi hennar taldi formaður ekki ástæðu til að gefa nefndarmönnum tóm til að ræða til hlítar hvort ná mætti samstöðu um einhver ákvæði frumvarpsins. Umsagnaraðilum var ekki heldur gefinn nægur tími til að skýra sjónarmið sín, hvað þá að fjalla um breytingartillögur meiri hlutans, sem sumar eru veigamiklar, svo sem varðandi stjórnlagaþing. Sökin á hinni hroðvirknislegu málsmeðferð liggur hjá meiri hluta nefndarinnar.

Það liggur alveg ljóst fyrir, virðulegi forseti, að hér hefur verið ákaflega illa að verki staðið. Ekki aðeins hefur verið brotin meginregla að leita eftir samkomulagi allra stjórnmálaafla eins og talið var nauðsynlegt í áliti sérfræðinganefndar frá 2005 heldur hefur verið staðið þannig að máli að umsagnaraðilum hefur beinlínis verið stillt upp við vegg vegna tímaskorts. Þeim hefur verið skammtaður svo naumur tími að þeir áhugamenn um stjórnarskrána eins og Ágúst Þór Árnason frá Háskólanum á Akureyri, sem hefur í mörg ár fjallað um málefni stjórnarskrárinnar, segir bara: Ég treysti mér ekki til þess að taka þátt í þessum leik, þetta er of skammur tími og ég ætla ekki að láta bjóða mér að taka þátt í þessu. Þannig má lesa álit hans því að honum var greinilega nóg boðið þegar hann fékk þennan skamma tíma.

Við segjum í 3. tölulið í áliti okkar, sem við köllum rökvillu:

3. Rökvilla: þremur greinum breytt og heildinni svo vísað til stjórnlagaþings. Í frumvarpi því sem nefndin hefur haft til umfjöllunar er gerð tillaga að fjórum ákvæðum. Þar af snúast tvö þeirra um hvernig fara skuli með breytingar á stjórnarskrá þar sem í 2. gr. er lagt til að lögfest verði sú regla að breyting á stjórnarskrá skuli borin undir þjóðaratkvæði í stað þess að tvö þing þurfi að samþykkja hana með kosningum á milli. Hitt ákvæðið er um að Alþingi skuli framselja vald sitt sem stjórnarskrárgjafi til stjórnlagaþings. Hlutverk stjórnlagaþings verði að skrifa nýja stjórnarskrá. Það skýtur því skökku við að þau tvö ákvæði frumvarpsins sem eftir standa feli í sér stórar efnislegar breytingar. Fjalla þau ákvæði annars vegar um auðlindamál og hins vegar þjóðaratkvæðagreiðslu að frumkvæði 15 af hundraði kosningarbærra manna.

Hvað felst í þessu, virðulegi forseti? Þarna erum við að benda á það að á sama tíma og lagt er til að Alþingi gefi frá sér stjórnarskrárvaldið er verið að leggja til tvær efnisbreytingar á stjórnarskránni. Að sjálfsögðu er það rökvilla að standa þannig að málum. Treysta menn stjórnlagaþinginu t.d. til að afnema Alþingi ef svo bæri undir en treysta því ekki til þess að taka ákvarðanir um náttúruauðlindir og þjóðareign á þeim? Hvaða mat liggur þarna að baki? Hvers vegna nálgast menn þetta á þennan veg, að greina þarna á milli og taka út ákveðin efnisatriði og fela ekki stjórnlagaþinginu að fjalla um þau?

Síðan segir í greinargerð okkar:

Stjórnlagaþingi er ætlað að endurskoða stjórnarskrána og mundi því taka þessi ákvæði til endurskoðunar eins og önnur. Sé traust borið til þess að þingið muni valda starfi sínu og skila niðurstöðu verður að teljast eðlilegt að ekki séu jafnframt gerðar efnislegar breytingar á ákvæðum stjórnarskrárinnar á þessu stigi. Ekki verður heldur séð að slíkar breytingar hafi mikið gildi, enda skal stjórnlagaþing ljúka störfum 17. júní 2011. Gildistími ákvæðanna yrði mjög stuttur og vart séð að um svo brýnar breytingar sé því að ræða. Ákvæðin yrðu ný í stjórnarskrá þegar stjórnlagaþingið tæki þau til endurskoðunar og telur minni hlutinn að með þeirri aðferð sem hér er beitt sé lýst yfir vantrú á að þingið skili tilætluðum árangri. Þá telur minni hlutinn ekki rökrétt að lýsa yfir vantrausti á almenning með því að taka fyrir í þessu frumvarpi efnisatriði, án þess að unnt sé að bera þau undir þjóðaratkvæði. Á fundum nefndarinnar kom auk þess fram að Alþingi gæti unnið að frekari breytingum á stjórnarskránni þar til stjórnlagaþing lyki störfum.

Verði þetta samþykkt eins og þetta liggur hérna fyrir núna er t.d. ekki unnt að bera ákvæðið um þjóðareign undir þjóðaratkvæðagreiðslu því þá mundi Alþingi nú taka ákvörðun um að breyta því ákvæði og síðan mundi væntanlega nýtt þing staðfesta stjórnarskrána og stjórnarskrárbreytingarnar þegar það kæmi saman og þá væri búið að taka spurninguna um þjóðareign út úr meðferð stjórnlagaþingsins og líka taka það út úr því ferli sem hæfist ef við samþykktum bara breytingar á 79. gr. stjórnarskrárinnar, sem mundi leiða til þess að framvegis yrðu breytingar á stjórnarskránni bornar undir þjóðaratkvæði.

Þeir sem eru því hér að gagnrýna okkur sjálfstæðismenn fyrir að þora ekki að leggja mál undir þjóðaratkvæði og að við þorum ekki að taka þátt í þessum umræðum vegna þess að við séum hræddir við þjóðaratkvæði, eru að leggja til breytingar á stjórnarskránni sem koma í veg fyrir að það fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um t.d. þjóðareignina, þetta umdeilda mál. Þeir þora ekki að leggja það undir þjóðaratkvæði. Þeir þora ekki að leggja mál undir þjóðaratkvæði heldur taka út úr einhver gæluverkefni sín og setja inn í þessar breytingar til þess að koma í veg fyrir að það fari undir þjóðaratkvæði. Þannig horfir málið við, virðulegi forseti, en ekki þannig að við sjálfstæðismenn séum hræddir við að bera mál undir þjóðaratkvæði. Það liggur fyrir að verði þessi breyting samþykkt eins og meiri hlutinn leggur til verði þetta ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum ekki borið undir þjóðaratkvæði. Það verður tekið sér, tekið út úr, og það er hræðslan sem kemur fram við þjóðaratkvæðagreiðslu við afgreiðslu þessa máls en ekki afstaða okkar sjálfstæðismanna.

Síðan er í greinargerð okkar vikið að einstökum ákvæðum frumvarpsins og við hefjum þann kafla á þeim orðum:

Minni hlutinn gerir verulegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Ótal álitamál og túlkunaratriði standa út af varðandi ákvæðin og þau fullnægja á engan hátt hinni eðlilegu lögfræðilegu kröfu til ákvæða í stjórnarskrá, að þau og skýring þeirra sé tæmandi en ekki opin á þann veg að leiði til lagaóvissu. Með slíkum ákvæðum vex auk þess hætta á því að lagasetningarvald færist frá Alþingi til dómstóla.

Hvað felst í þessum orðum, virðulegi forseti? Í þessum orðum felst mjög alvarleg áminning til stjórnarskrárgjafans um að vanda alla lagasetningu þegar um stjórnarskrána er að ræða. Hættan er sú að með þeim opnu ákvæðum og opnu heimildum sem er að finna í einstökum ákvæðum í þessu frumvarpi sé verið, ekki aðeins að færa vald stjórnarskrárgjafans yfir til stjórnlagaþings heldur að færa lagasetningarvaldið úr höndum Alþingis yfir í dómstólana. Það er hættan með svona opnum ákvæðum.

Á 100 ára afmæli lagakennslu á Íslandi kom hingað til landsins hæstaréttardómarinn Antonin Scalia og lýsti því í smáatriðum hve mikils virði það væri fyrir Bandaríkjamenn að eiga þá stjórnarskrá sem samin var með þeim aðferðum sem hv. þm. Kristrún Heimisdóttir lýsti og fara eftir henni og reyna að fylgja henni og hvað væri nauðsynlegt að fylgja henni vegna þess að menn yrðu að setja sig í þær stellingar sem menn voru í þegar hún var samin og átta sig á því. Löggjafinn yrði síðan að koma og bæta við og setja löggjöf sem samræmdist kröfum á hverjum tíma en ekki ætti að framselja það vald í hendur dómurum sem þyrftu ekki að standa neinum reikningsskil og þyrftu aldrei að kalla einn eða neinn fyrir heldur gætu þeir dæmt, fengið sér kaffisopa og látið eins og ekkert hefði í skorist.

Það er miklu nær að huga að því sem lagasetningarvaldið segir heldur en að lagasetningarvaldið sé að færa vald sitt í hendur dómaranna — að kenna slíkt við lýðræðisbyltingu er fráleitt, gjörsamlega fráleitt. Þess vegna er andinn í frumvarpinu, eins og það er samið og eins og það er upplagt, með öllu andstæður því að menn séu að styrkja lýðræðið þegar þeir hafa slík opin ákvæði og eru að fela dómurum að hafa meira svigrúm en ella væri ef ákvæðin væru betur samin. Raunar á þetta við um öll þessi ákvæði sem lúta að efnisþáttum og það eru þessi tvö ákvæði sem lúta að efnisþáttum, þ.e. ákvæðin sem lúta að þjóðareigninni og ákvæðin sem lúta að almennum reglum um þjóðaratkvæðagreiðslur. Bæði þessi ákvæði hafa að geyma orð og setningar sem eru þess eðlis að hægt er að túlka þau á margvíslegan hátt.

Við gagnrýndum það sérstaklega, virðulegi forseti, að með greininni um þjóðaratkvæðagreiðslur væri ekki lögð fram að minnsta kosti beinagrind að löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslur, og það væri skýrt betur þannig að Alþingi hefði meiri vitneskju en ella til þess að átta sig á því hvað fælist í því ákvæði sem þar er um að ræða.

Um 1. gr. segjum við: Verulegur vafi leikur t.d. á því hvort hugtakið „þjóðareign“ sem notað er í 1. gr. frumvarpsins hefur einhverja lagalega merkingu. Í því sambandi vísast m.a. til umsagnar Sigurðar Líndals þar sem fram kemur að ekki sé hægt að leggja hefðbundna merkingu eignarréttarins í orðið og álitamál hvort nýtt eignarréttarhugtak hafi verið mótað. Fyrir nefndinni benti Sigurður einnig á að þjóð gæti sem slík ekki verið eigandi nokkurrar eignar þar sem hún gæti ekki verið aðili í lagalegum skilningi þess hugtaks. Undir þetta sjónarmið taka Viðskiptaráð Íslands og Davíð Þorláksson í umsögnum sínum. Birgir Þór Runólfsson og Ragnar Árnason telja skerðingu eignarréttar leiða til óhagkvæmni og að ákvæðið feli í sér þjóðnýtingu og valdi efnahagslegu tjóni. Samtök um lýðræði og almannahag gagnrýna aftur á móti að hugmyndir um einkaeignarrétt hér á landi gangi nokkuð langt. Augljóst er því að málið er engan veginn útrætt enda leggja menn mismunandi skilning í hugtakið. Landssamband íslenskra útvegsmanna gerir athugasemdir við óskýra hugtakanotkun og varar við réttaróvissu sem slíku fylgi. Samorka tekur undir með þeim og bendir jafnframt á að um ákvæðið hafi ekki farið fram sú almenna umræða í samfélaginu sem eðlileg sé þegar um er að ræða stjórnarskrárbreytingar. Í sama streng tekur Norðurál. Minni hlutinn telur einsýnt að ræða verði hugtakið til hlítar þannig að merking þess liggi skýr fyrir og ítrekar ábendingar sínar um málsmeðferð sem ekki hefur gefið tækifæri til slíkrar umræðu. Fulltrúar, sem áttu sæti í auðlindanefnd, en hún lauk störfum árið 2000, komu á fund nefndarinnar og lýstu stuðningi við að ákvæði um þjóðareign yrði stjórnarskrárbundið en þessi grein frumvarpsins tæki þó ekki nema að hluta mið af tillögu nefndarinnar.

Virðulegi forseti. Það kemur fram að engin sátt er um hvað felst í hugtakinu þjóðareign. Menn geta sagt sem svo að það séu hagsmunaaðilar, það séu útgerðarmenn eða orkufyrirtæki eða slíkir aðilar sem dragi í efa að þetta hug-

tak sé rétt skilgreint og að þeir séu að gæta sinna eigin hagsmuna. En ég segi þá við hv. þingmenn, sem vilja nálgast málið þannig að þetta sé einhver óeðlileg hagsmunagæsla, — þá bendi ég hv. þingmönnum, sem þá skoðun hafa, á að lesa álit Orkustofnunar. Orkustofnun hefur engra hagsmuna að gæta annarra en þeirra að átta sig á því hvernig best er staðið að því að nýta þessar auðlindir sem hún er að rannsaka og hvernig hún eigi að koma að því. Það er Valborg Steingrímsdóttir lögfræðingur sem skrifar undir það álit og mér finnst það einhver gleggsta lýsingin á þeim vanda sem við er að glíma þegar um er að ræða skilgreiningu á því hvað felst í hugtakinu þjóðareign. Ég vil því hvetja hv. þingmenn til þess að kynna sér það álit sérstaklega því þeir geta örugglega lesið það án þess að vera haldnir þeirri skoðun að verið sé að gæta hagsmuna einhvers sem á einhverra sérstakra hagsmuna að gæta, hvort sem það eru útgerðarfyrirtæki eða orkufyrirtæki. Ég hvet menn til þess að lesa það og mun lesa það ef tíminn leyfir hér á eftir.

Þá telur minni hlutinn að hugtakið „náttúruauðlindir“ sem einnig er notað í 1. gr. frumvarpsins sé afar opið og óskilgreint með öllu hvað í því felst. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til skilgreiningar á auðlindum í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem og hugtaksins nytjastofnar á Íslandsmiðum samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, og auðlinda á, í eða undir hafsbotninum, utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Þegar litið er til framtíðar má hins vegar búast við því að fram komi fjölmargar nýjar auðlindir sem hugsanlega verða skilgreindar sem náttúruauðlindir, og þá bendi ég aftur á umsögn Orkustofnunar. Engin tilraun er gerð í frumvarpinu eða af hálfu meiri hlutans til þess að ná utan um eða skilgreina með nokkrum hætti í hverju þær nýju auðlindir gætu falist. Minni hlutinn getur með engu móti fallist á að ljúka vinnu við þetta ákvæði í þessari óvissu.

Við víkjum síðan að hugtökum eins og „sjálfbær þróun“ og „líffræðileg fjölbreytni“. Látið er í veðri vaka að með því að fella brott greinar sem fjalla um sjálfbæra þróun og líffræðilega fjölbreytni sé verið að koma til móts við okkur sjálfstæðismenn. Í hinu orðinu er sagt að engin efnisumræða hafi farið fram í nefndinni. Þetta stenst ekki. Það var engin efnisumræða hafin í nefndinni þegar meiri hlutinn ákvað að taka þessar greinar út. Hvers vegna? Vegna þess að þær sættu svo harðri gagnrýni af hálfu allra umsagnaraðila og það vöknuðu fleiri spurningar en átti að svara þegar menn fóru að ræða um hvað fælist í hugtökunum „sjálfbær þróun“, „umhverfi sem stuðlar að heilbrigði“ og „líffræðileg fjölbreytni“ að meiri hlutinn ákvað einhliða að fella þetta niður án nokkurs samráðs við okkur sjálfstæðismenn og ekki í neinu samkomulagsskyni við okkur. Við vorum ekki farnir að tjá okkur neitt annað en að spyrja út í hvað þetta í ósköpunum þýddi og þeir sem hlýddu á þau svör hlutu að komast að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að setja þetta í stjórnarskrá. Það dytti engum í hug að setja þetta í stjórnarskrá. Ég skil ekki í ráðgjafarnefndinni, sem vill þó láta taka sig alvarlega, að hún skyldi setja þetta í stjórnarskrá. Mér dettur helst í hug að þetta ákvæði hafi verið sett í stjórnarskrá til þess að gleðja hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, og þá eru menn nú illa settir að eltast við slík sjónarmið og ætla að koma þeim í stjórnarskrá enda er það það fyrsta sem fellur út. En auðvitað á eltingarleikurinn við Framsóknarflokkinn að leiða til þess að menn sjái að sér og felli ákvæðið um stjórnlagaþingið út. Það liggur í augum uppi.

Varðandi 2. gr. þá er þar lagt til að lögfest verði sú regla að breytingar á stjórnarskrá séu bornar undir atkvæði þjóðarinnar þar sem meiri hluta atkvæða þarf til að samþykkja slíkar breytingar, þó þannig að ávallt þurfi hið minnsta atkvæði 25 af hundraði kosningabærra manna. Er með þessu ætlunin að tryggja að breytingar nái lágmarksstuðningi kjósenda. Hjá umsagnaraðilum kom m.a. fram að rökstuðning skorti fyrir því að þessi leið væri valin og bent á ýmsar aðrar leiðir. Þar er Davíð Þór Björgvinsson nefndur til sögunnar í áliti okkar og einnig Ragnhildur Helgadóttir prófessor.

Telur minni hlutinn að lágmark samkvæmt ákvæðinu sé sett of lágt enda sé hætta á að stjórnarskrárbreytingar nái þannig fram að ganga með einungis stuðningi fjórðungs þjóðarinnar. Þá telur minni hlutinn að nauðsynlegt sé að lögfesta í ákvæðinu reglur sem tryggi vandaða málsmeðferð frumvarps til stjórnarskipunarlaga á Alþingi — vandaðri málsmeðferð en nú fer fram þar sem farið er á svig við öll meginsjónarmið um vandaða málsmeðferð. Þá yrði það lögfest og stjórnarskrárbundið að menn yrðu skyldugir til þess að ástunda hér vandaða málsmeðferð og spurning hvort þau ákvæði þurfi ekki að vera harðari en við lögðum til miðað við þá reynslu sem við höfum haft af störfum í þessari nefnd og hvernig menn hafa viljað traðka á stjórnarskránni og traðka á rétti Alþingis til að setja stjórnarskrá. Dæmalaust!

Þannig þurfi að setja skýrar og afmarkaðar reglur sem ætlað er að tryggja að svo verði, að meðferð við stjórnarskrá verði vönduð. Það veitir ekki af eftir að við höfum kynnst þeim leik sem við erum að ganga í gegnum núna. Með breytingartillögum meiri hlutans er lagt til að frumvörp til breytinga á stjórnarskrá fari í gegnum fjórar umræður á þingi og ein vika hið minnsta líði milli umræðna. Minni hlutinn telur þetta vera langt frá því að tryggja að slíkt frumvarp fái þá umfjöllun og meðferð sem eðlilega verði að krefjast. Til þess þurfi til að mynda að líða lengri tími milli umræðna til að tryggja þingnefnd nægilegan tíma til að fjalla um málið. Það er það sem við höfum reynt hér á undanförnum vikum og séð og heyrt kvartanir umsagnaraðila, að enginn tími sé til að skoða þetta mál eða búa sér til ígrundaða afstöðu. Þá verður að tryggja að lýðræðislega kosnir fulltrúar á Alþingi séu slíku máli fylgjandi til að það nái fram að ganga og því telur minni hlutinn hugsanlegt að gera þá kröfu að aukinn meiri hluti stjórnarskrárgjafans sé fylgjandi breytingu á stjórnarskrá til að slík breyting fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. — Við höfum frá upphafi verið fúsir til þess að taka þessa grein sérstaklega og ganga frá henni við afgreiðslu þessa máls. Við höfum margoft lýst okkur fúsa til þess. Reynsla okkar í þessari málsmeðferð núna segir okkur að búa þarf mjög vel um hnútana í þessu til að tryggja eðlilega aðild og aðkomu allra, og betra þá að hafa slíkt ákvæði í stjórnarskránni að menn geti ekki vaðið hér

fram eins og gert hefur verið við þessar breytingar.

Um 3. gr. segjum við: Minni hlutinn telur mikið skorta á að ákvæði 3. gr. frumvarpsins hafi verið rætt til hlítar í nefndinni. Mörg atriði þess eru óljós og óskýr, einkum þó hvað fallið getur undir skilgreininguna „tiltekin lög eða mikilvægt málefni sem varðar almannahag“, eins og meiri hlutinn leggur til í 1. mgr. 3. gr. — Það kemur fram hjá okkur að nokkrir umsagnaraðilar geri athugasemdir við ákvæðið og við teljum að í ákvæðinu þurfi að skýra nánar, með afmörkuðum dæmum, hvaða lögum eða hvers konar mikilvægum málefnum sé eðlilegt að vísa til samþykktar eða synjunar þjóðarinnar. Gerðar eru athugasemdir við prósentur, hve margir geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu og annað. Samtök atvinnulífsins eru með sín sjónarmið og fleiri samtök eru með sjónarmið varðandi þetta sem ég ætla ekki að ítreka hér. Ég tel að 3. gr. sé efnisgrein sem eigi að bíða stjórnlagaþings ef menn ætla á annað borð að ryðja þessu hér í gegn, og þá ráðgefandi líka þegar þetta er efnisatriði sem á að taka fyrir eftir að við höfum samþykkt 2. gr. frumvarpsins um breytingar á 79. gr.

Síðan er það 4. gr., virðulegi forseti, sem ég hef gert hér að umfjöllunarefni þar sem ég hef talað um niðurlægingu Alþingis, að ætla sér að standa á því að Alþingi stígi til hliðar eins og meiri hlutinn vill — ýta Alþingi út og skapa þær aðstæður hér í þjóðfélaginu að það síðasta sé tekið frá Alþingi sem er lokavald til að ákveða hvernig staðið er að breytingum á stjórnarskránni. Að telja sér trú um að það sé það brýnasta sem nú blasir við þjóðinni að svipta Alþingi þessu valdi er dæmalaust, og að menn sem hafa ritað undir drengskaparheit að stjórnarskránni skuli flytja slíkar tillögur hér í þingsalnum, að svipta Alþingi þessu valdi.

Ég hélt, virðulegi forseti, satt að segja að ég þyrfti aldrei að standa hér í ræðustól og ræða mál á þessum grunni. En þetta mál er tilkomið til þess að þessi ríkisstjórn yrði til. Til þess að orðið yrði við óskum Framsóknarflokksins um að mynda þessa minnihlutastjórn þvert á þingræðisregluna. Ég ætla ekki, virðulegi forseti, í sjálfu sér að rekja þetta hér því að það er náttúrlega líka búið að hnoða og teygja og toga þessar hugmyndir um stjórnlagaþingið á þann veg að það er ómögulegt að botna í því. Síðan er farið að búa til einhverjar reiknireglur í kringum það til þess að lækka kostnað sem var talinn 2.100 millj. kr., troða honum niður í 400–600 millj. kr., og síðan á að spara með því að hengja þetta utan á sveitarstjórnarkosningar. Að leggja það á fólk þegar það er að kjósa til sveitarstjórna árið 2010 að fara þá að kjósa persónukjöri fólk á stjórnlagaþing og varpa þannig skugga á sveitarstjórnarskosningarnar. Það er nýjasta tillagan. Af því það er talið að það muni kosta 25 millj. kr. í stað þess að kosningar almennt kosta á bilinu 160–200 millj. kr. Nei, þá er það fundið upp, án þess að bera það undir Samband íslenskra sveitarfélaga á nokkurn hátt eða nokkurn mann. Nefna það í aukasetningu á fundum nefndarinnar og láta síðan eins og haft hafi verið samráð við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga þegar að því er fundið að þetta hafi ekki verið rætt. Þá er bara sagt: Ég nefndi það á fundi. Þeir sögðu að þetta hefði verið nefnt en það hefði komið svo á þá að þeir hefðu náttúrlega ekkert getað sagt. Ef litið er á þá þögn sem samþykki sýnir það best hvers lags hráskinnaleikur er hér leikinn vegna þessa máls.

Staðreyndin er að þetta er mjög illa unnið og illa undirbúið og í öllum flokkum eru andstæðingar þess að umrædd leið verði farin, ég fullyrði það. Sem betur fer eru hér þingmenn í öllum flokkum sem er misboðið þegar flutt er á þingi frumvarp sem miðar að því að þingið stígi til hliðar og láti stjórnarskrárbreytingar ekki framar til sín taka.

Virðulegi forseti. Ég les það sem segir í nefndaráliti okkar:

Minni hlutinn undrast, í ljósi þess að á undanförnum árum hefur verið rætt um veg og virðingu Alþingis og spurninguna um stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu, að þeir sem mest hafa talað um að verið sé að styrkja stöðu Alþingis og efla á alla lund skuli standa að tillögu sem miðar að því að veikja Alþingi meira en nokkru sinni — að svipta Alþingi valdinu til að breyta stjórnarskránni. Það er hornsteinninn í valdastöðu Alþingis í stjórnskipulagi lýðveldisins að Alþingi hafi vald til að breyta stjórnarskránni. Nú koma þeir sem talað hafa um það að verið sé að setja Alþingi niður og flytja tillögu um að svipta Alþingi þessum rétti og fela það einhverjum öðrum. Með þessu eru komandi þing svipt stjórnskipulegu hlutverki sínu, samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar, eins og það ákvæði hefur verið allt frá lýðveldisstofnun.

Virðulegi forseti. Hvert er þetta vald flutt? Það er flutt í hóp manna sem aldrei mun bera ábyrgð gagnvart neinu. Hann verður kosinn í eitt skipti, breytir stjórnarskránni, getur gert það sem honum dettur í hug að því er virðist og fer svo. Þingmenn sitja þá hér og þurfa að berjast fyrir því ef þeir bjóða sig fram að ná endurkjöri. Þessi hópur þarf ekki að bera ábyrgð gagnvart nokkrum, hann bara kemur og ákveður, hann minnir svolítið á dómara. Þeim ber þó að fara að lögum, það er þó meginreglan að þeim ber að fara að lögum. En þessum mönnum ber bara að fara að því sem þeim dettur í hug og lögð er áhersla á að þeir kunni ekki neitt fyrir fram. Og deilur eru í ráðgjafarhópi ríkisstjórnarinnar um hvort þessir menn eigi að koma að auðu borði eða leggja eigi fyrir þá tillögur sem hafa verið unnar af sérfróðu fólki.

Fulltrúi Framsóknarflokksins í ráðgjafarhópnum vill að hópurinn komi að auðu borði, ekkert liggi fyrir, hann komi bara að auðu borði, setjist niður og segi: Ja, nú eigum við að semja nýja stjórnarskrá en hvaða aðferð eigum við að beita? Þetta vill fulltrúi Framsóknarflokksins. Fulltrúinn í ráðgjafarhópnum sem er löglærður og prófessor í lögfræði var þó þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að semja einhver gögn og leggja fyrir stjórnlagaþingið til þess að menn vissu þó kannski þegar þeir kæmu til þingsins hvað þeir ættu að ræða um. Fulltrúi Framsóknarflokksins í ráðgjafarhópnum taldi það ástæðulaust, það ætti bara að koma að auðu borði.

Við teljum að það sé með eindæmum hvernig að þessu máli er staðið og sama hvar drepið er niður. Við erum andvígir því að standa þannig að máli varðandi stjórnlagaþingið, teljum að það megi segja í greinargerð eða nefndaráliti, að ef hér yrði samkomulag gætu menn breytt 79. gr. stjórnarskrárinnar og sett það síðan að fela komandi þingi að taka ákvörðun um hvort það vilji kalla saman ráðgefandi stjórnlagaþing og það verði á valdi Alþingis að taka ákvörðun um það en Alþingi verði ekki svipt réttinum í málinu.

Virðulegi forseti. Samantekt okkar um málið er þannig:

Sérnefnd um stjórnarskrármál hefur undanfarna daga haft til umfjöllunar frumvarp flutt af fulltrúum fjögurra þingflokka á Alþingi þar sem lagðar eru til þrjár breytingar á stjórnarskrá auk viðbótarákvæðis um stjórnlagaþing. Frumvarpið er flutt sem liður í pólitískum hrossakaupum við myndun núverandi ríkisstjórnar til að fá Framsóknarflokkinn til að verja ríkisstjórnina vantrausti.

Í umræðum um málið og málsmeðferð nefndarinnar hefur orðið ljóst að:

a. málið er vanbúið enda gáfust sérfræðinganefnd einungis þrjár vikur til að vinna tillögur um málið og fjórar vikur hafa gefist til þinglegrar meðferðar,

b. ekki er fyrir hendi víðtæk samstaða um málið og afgreiðslu þess eins og jafnan hefur verið undanfarin 50 ár. Þvert á móti er málið flutt og afgreitt úr nefnd í miklu ósætti,

c. ekki er fyrir hendi samstaða meðal umsagnaraðila málsins um gildi þess,

d. fjölmörg sjónarmið og athugasemdir hafa komið fram frá sérfræðingum við frumvarpið sem þarfnast að mati minni hlutans frekari skoðunar,

e. fjölmargir umsagnaraðilar vekja athygli á óljósri hugtakanotkun og vafa við túlkun einstakra ákvæða, sem valdið geti réttaróvissu og málarekstri fyrir dómstólum,

f. ekki er nein samstaða innan nefndarinnar um greiningu á kostnaði við lagasetninguna.

Með hliðsjón af þessu viljaleysi meiri hlutans til að leita samkomulags við minni hlutann og því að skammur tími er nú til loka þings og mörg mikilvæg mál á dagskrá þess fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu telur minni hlutinn ekki raunhæft að ljúka með fullnægjandi hætti efnislegri umfjöllun og ná sameiginlegri niðurstöðu um ákvæði frumvarpsins að svo stöddu.

Minni hlutinn leggur því til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Þar sem færð hafa verið gild rök fyrir því að ekki sé raunhæft að ljúka með fullnægjandi hætti efnislegri umfjöllun og ná sameiginlegri niðurstöðu um ákvæði frumvarpsins að svo stöddu samþykkir Alþingi að málinu verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. apríl 2009. Björn Bjarnason, Sturla Böðvarsson, Birgir Ármannsson og Jón Magnússon. — Þetta er álit okkar.

Ef þessar umræður hefðu farið fram í gær, 1. apríl, hefði maður kannski haldið að þetta væri aprílgabb, en því miður er þetta ekki aprílgabb, þetta er miklu alvarlegra mál en svo. Þetta er í rauninni gabb gagnvart þjóðinni fyrst og síðast. Með þessu er látið eins og verið sé að bjarga einhverjum málum sem komu hér upp vegna bankahruns, það er stóra gabbið í þessu. Það sem er hins vegar verið að gera með þessu er að bjarga þeirri lélegu ríkisstjórn sem hér situr og tryggja að Framsóknarflokkurinn, sem sagðist standa að henni til að ljúka málum á þinginu 12. mars, hangi þó með henni til 2. apríl eða ég veit ekki hve lengi. Því ég trúi ekki og ég heiti á hv. þingmenn að koma í veg fyrir að þessi ósköp gangi yfir Alþingi, að þessi tillaga meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrá nái fram að ganga og það verði fleiri en ég sem átti sig á því að vegið er að sjálfri stjórnskipuninni með þeim hætti að við hv. þingmenn brjótum í bága við það drengskaparheit sem við gáfum þegar við settumst hér. Ein hátíðlegasta stundin á þingi er þegar nýir þingmenn koma til setu í þingsalnum og gengið er til þeirra með möppu og þeir beðnir um að undirrita drengskaparheitið. Það er ein hátíðlegasta stundin sem við erum vitni að hér í þessum sal.

Nú stöndum við hér og fjallað er um tillögu sem gengur þvert á það heit okkar að standa vörð um stjórnarskrána. Við erum að vega að stjórnarskránni, við erum að vega að stjórnskipuninni, við erum að grafa undan virðingu Alþingis og við erum að vega að heiðri Alþingis. Það stendur í áliti meiri hluta nefndarinnar að það sé eðlileg krafa að Alþingi víki til hliðar, stígi til hliðar þegar sjálf stjórnarskráin er annars vegar og ekki er gefinn neinn tími til að fjalla um málið. Það á bara að koma því í gegn og valta yfir okkur í minni hlutanum. Ekki er einu sinni gefinn tími til þess að ræða um önnur mál miklu brýnni fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu til að þoka málum áfram. Nei, allt kapp er lagt á að þetta mál komi á dagskrá til að hægt sé að halda áfram að valta yfir okkur sjálfstæðismenn.

Menn átta sig ekki á því að þeir eru að valta yfir heiður Alþingis, valta yfir þeirra eigin undirskriftir um drengskaparheitið við stjórnarskrána þegar þeir standa að málum með þessum hætti. Er það virkilega svo að sómakennd þingmanna sé þannig að þeir ganga í senn á svig við sín eigin heit og gabba þjóðina, láta eins og með þessu séu þeir að koma til móts við einhver meginsjónarmið sem hafi komið upp meðal þjóðarinnar?

Ég tek undir það sem kom fram í útvarpsviðtali við hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur — það er engu líkara en að runnið hafi eitthvert æði á fólk, æði sem birtist núna í því að Alþingi sé ýtt til hliðar, það sé það brýnasta sem þurfi að gera í landinu. Hverjir hafa bent á það? Hvaða aðilar hafa komið að máli við hv. þingmenn eða aðra og bent á að nú sé það eina málið sem þjóðinni sé til bjargar að Alþingi stígi til hliðar?

Virðulegi forseti. Ég legg eindregið til að frumvarpið verði fellt og að þessum umræðum verði lokið sem fyrst svo við þurfum ekki að verja tíma okkar í þetta.

[16:10]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef hlýtt á ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar sem kvartaði undan því að illa hafi verið farið með hann í sérnefnd um stjórnarskrá og ekki hafi verið hlýtt nægilega vel á þau sjónarmið sem minni hlutinn hafði þar fram að færa.

Ég ætla ekki að elta ólar við það en ætla hins vegar að mótmæla því harðlega að það frumvarp sem hér liggur fyrir fari í bága við gildandi stjórnarskrá. Það er algjörlega fráleitt og þeir þingmenn sem að þessu standa undirrituðu eiðstaf að stjórnarskránni, drengskaparheit, og það stendur. Það er á engan hátt vegið að því heiti.

Hins vegar vil ég líka nefna, virðulegi forseti, að Alþingi hefur aldrei samið frá grunni nýja stjórnarskrá, aldrei nokkurn tíma, og það þekkir hv. þm. Björn Bjarnason þrátt fyrir þá orðræðu sem hann lét frá sér fara. Sú hugmyndafræði eða sú hugsun sem hér býr að baki gengur út á það að

þjóðin sjálf hafi endanlega um það að segja hvort ný stjórnarskrá verði samþykkt eða ekki. Það er lykilatriði vegna þess að mér fannst í ræðu hv. þingmanns, sem ég hlustaði nokkuð vandlega á bæði hér í sal og í sjónvarpi, koma fram að Alþingi væri uppspretta valdsins en ekki þjóðin, ekki fólkið í landinu. Það þótti mér mjög athyglisvert vegna þess að vissulega er valdið fengið frá þjóðinni sjálfri og þó að þjóðin kjósi á þing á fjögurra ára fresti eða minna ef verða vill er valdið, uppspretta valdsins, hjá þjóðinni. Sú hugsun eða sú hugmyndafræði sem hér býr að baki — vissulega geta menn haft á henni einhverja skoðun og hafa það, en það er á engan hátt verið að vega að þeirri grundvallarhugsun að valdið sprettur frá þjóðinni og þannig er hugmyndafræðin um að verði ný stjórnarskrá samþykkt þá er það þjóðarinnar að gera það á endanum og þannig á það að vera.

[16:12]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að ef ég stæði að því frumvarpi sem meiri hlutinn stendur að væri ég að brjóta drengskaparheit mitt. Aðrir geta haft aðra skoðun á því, það er hvers og eins, enda stendur það í stjórnarskránni að þingmenn skuli fara að samvisku sinni og hún getur að sjálfsögðu verið mismunandi.

Ég vil hins vegar andmæla því að við séum að koma í veg fyrir að þjóðin geti sagt álit sitt á stjórnarskránni. Við erum hlynntir 2. gr. frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir að Alþingi leggi tillögur um breytingar á stjórnarskránni undir þjóðaratkvæðagreiðslu og þjóðin komi þannig að því að taka lokaákvörðun um efni stjórnarskrárinnar beint, ekki með þeim hætti sem nú er að þing verði rofið og boðað til þingkosninga og síðan komi nýtt þing saman til þess að samþykkja.

Við erum hlynntir því að þessu verði breytt. Á tillögur okkar og viðleitni okkar til að ná sáttum á þessum punkti hefur ekki verið hlustað, því miður. Sagt að tími sátta sé liðinn, á einhverju skeiði í þessu ferli hafi verið reynt að ná sáttum við okkur en ekki tekist, en þetta er allt tómur misskilningur, hv. þingmaður. Við erum tilbúnir að breyta því ákvæði stjórnarskrárinnar sem gerir þjóðinni kleift að koma beint að málinu. En við erum ekki tilbúnir til þess að afsala Alþingi valdinu til að leggja þessar tillögur fyrir þjóðina og móta þær.

Í umsögnum kemur hins vegar fram, ef hv. þingmaður les þær, að kannski séu minni líkur á því að stjórnarskránni verði breytt ef þessi þjóðaratkvæðagreiðsluleið sé farin. Það er sjónarmið sem fræðimenn leggja fram. Við erum hlynntir því að þjóðin eigi síðasta orðið og að stjórnarskrárákvæðunum verði breytt á þann veg. Þess vegna er það algjörlega rangt og rangfærslur hinar mestu að við viljum ekki að þessi mál fari að lokum í hendur þjóðarinnar.

[16:14]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Af ræðu hv. þingmanns að dæma mátti ráða að þetta frumvarp væri svo afleitt að hvergi væri hægt að koma nálægt því, þannig flutti hv. þingmaður mál sitt. Nú segir hann hins vegar að hann sé tilbúinn að styðja aðrar greinar, (Gripið fram í.) já, já, ég er að segja það, nú segir hv. þingmaður að hann sé tilbúinn að styðja 2. gr. og leggur til að sett verði á laggirnar ráðgjafarþing um endurskoðun á stjórnarskránni. Hv. þingmaður er þá einnig þeirrar skoðunar að vert sé að leggja í vinnu um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Þá eru tvö ákvæði eftir, þ.e. þjóðareign á auðlindum, og væntanlega er þá hv. þingmaður að tala gegn því að auðlindir verði færðar í þjóðareign, sem er þó tíu ára gömul umræða sem upphaflega á rót sína að rekja til starfs auðlindanefndar sem skilaði skýrslu árið 2000, og sá er hér stendur átti sæti í. Hv. þingmaður talar gegn því þrátt fyrir að í tveimur síðustu ríkisstjórnum, sem hv. þingmaður átti sæti í, var í stjórnarsáttmálanum kveðið á um að slíkt ákvæði yrði sett.

Hitt ákvæðið sem hv. þingmaður er þá væntanlega á móti, ef marka má ræðu hans áðan, er að þjóðin eða almenningur geti knúið á um að setja tiltekin mál í þjóðaratkvæði með tilteknum hætti. Í grunninn er hv. þingmaður að segja, eftir alla þessa orðræðu sem hér var flutt upp undir klukkustund eða meira, að hann sé fyrst og fremst andvígur því að auðlindir komist í þjóðareign og þjóðin fái rétt til þess að setja ákveðin mál í þjóðaratkvæði og segja álit sitt á því. Svona skil ég hv. þingmann eftir að hafa hlýtt á hann í einar 60 mínútur flytja mál sitt eins og hann gerði áðan.

[16:16]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég greindi á milli efnisatriða og formseða tæknilegra atriða eins og ber að gera þegar fjallað er um þetta mál. Ég tel að 2. gr. sé um, ef ég má orða það svo, tæknilegt mál, þ.e. hvernig verður staðið að því að breyta stjórnarskránni. Ég tel að það sé mál sem við gætum leyst ef einhver vilji væri til þess að verða við óskum okkar um að leita sátta í málinu.

Ég tel hins vegar, eins og ég sagði, að ef verið er að mynda eitthvað sem heitir þjóðareign, af hverju er það tekið út fyrir sviga? Af hverju er ekki 2. gr. breytt fyrst og síðan farið í það ferli sem hún heimilar að fara í eftir að henni hefur verið breytt og það ákvæði um þjóðareign borið undir þjóðina? Af hverju er það tekið sérstaklega fyrir og haldið þannig á því að það verður aldrei borið undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu? Hvaða hagsmunir eru að því?

Einnig þetta með þjóðaratkvæðagreiðsluna, sem er efnisatriði, af hverju er það ekki tekið út líka og borið undir þjóðina hvort hún vilji fá heimildir til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu? Af hverju búum við ekki til farveginn þannig að hægt sé framvegis að leggja þessar efnisgreinar undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu? Það er það sem ég er að segja. Ég skil ekki þá þörf meiri hlutans að leggja alltaf út af orðum okkar sjálfstæðismanna á þann veg að við séum á móti einhverju sem við teljum að afgreiða eigi á annan veg. Það er leið í þessu tækifæri núna (Gripið fram í.) til að koma málum þannig fyrir að breyta tæknilegri hlið og breytingu á stjórnarskránni og efnisatriðin bíði þá hins nýja umhverfis sem verði mótað með þessum hætti. Það er tillaga okkar. Ef menn vilja endilega rífast um eitthvað annað en hana geta þeir gert það en þeir breyta henni ekki.

[16:18]

Ellert B. Schram (Sf):

Herra forseti. Hér hefur mikið gengið á — kröftug mótmæli af hálfu stjórnarandstæðinga hér á þingi fyrr í dag vegna dagskrár fundarins og nú fyrr í vikunni vegna nauðsynlegra breytinga á gjaldeyrismálum. Það mál var sett í hálfgerða gíslingu vegna þess frumvarps sem nú er á dagskrá og fyrirsjáanleg er löng og mikil umræða um frumvarpið. Hv. þm. Björn Bjarnason flutti hér mikla og eftir atvikum skörulega ræðu og komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri hápunktur niðurlægingar Alþingis. Gott ef ekki fyrr og síðar.

Ég vil í því sambandi nota tækifærið og vísa því á bug að við í meiri hluta, sem styðjum ríkisstjórnina, séum að efna til einhverrar búsáhaldabyltingar hér fyrir utan til þess að trufla störf Alþingis. Ég vísa þeim ásökunum algerlega á bug og tel raunar þann málflutning vera harla ankannalegan í sjálfu sér vegna þess að hér er um að ræða breytingar sem snúa að stjórnarskránni en fela það fyrst og fremst í sér að verið er að auka aðkomu almennings að lýðræðislegum breytingum sem snerta bæði þing og þjóð. Kjarni málsins er sá að hver sem niðurstaðan verður af þessum umræðum og þessari afgreiðslu þá er ekki verið að taka eitt eða neitt frá Alþingi vegna þess að það er að sjálfsögðu þjóðin sjálf sem hefur síðasta atkvæðið þegar að þessum breytingum kemur og hvort þær verða samþykktar eða ekki.

Til þess að nálgast þetta viðfangsefni, að greiða fyrir því að almenningur, þjóðin og kjósendur, fái aukna aðild að ákvarðanatöku, er verið að flytja frumvarp sem felur í sér fjórar greinar: 1. gr. fjallar um að staðfest sé að náttúruauðlindir séu þjóðareign, 2. gr. felur í sér aðferð til þess að auðvelda breytingar á stjórnarskránni, 3. gr. er um það að hægt sé að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu ef tiltekinn fjöldi kjósenda fer fram á það og í 4. gr. er gert ráð fyrir því að boðað sé til stjórnlagaþings þar sem fjallað verður um hugsanlegar breytingar á eða endurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins og þar er um að ræða tímabundið leyfi. Það er ekki verið að taka þennan rétt af Alþingi heldur er verið að stofna til þessa stjórnlagaþings í tiltekinn stuttan tíma þar sem því er gert mögulegt að leggja fram tillögur um breytingar á stjórnarskránni og Alþingi hefur aðkomu að því máli með því að segja álit sitt á því, jafnvel tvisvar frekar en einu sinni. Og hvað sem stjórnlagaþingið segir fara slíkar tillögur, ef þær ná þá meiri hluta og jafnvel 2/3 meiri hluta á stjórnlagaþingi, í almenna þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég vil rifja það upp, herra forseti, að stjórnarskrá íslenska lýðveldisins á ætt sína að rekja allt aftur til þess tíma sem við heyrðum undir hið danska konungdæmi. Breytingar voru að sjálfsögðu gerðar við stofnun lýðveldisins en að meginhluta hefur sú stjórnarskrá sem nú er við lýði verið sú sama í rúma öld. Samkvæmt stjórnarskránni sjálfri er ekki hægt að gera á henni breytingar nema að frumkvæði Alþingis, tillögu og samþykktar frá því. Síðan verður að bera það undir þjóðina í almennum kosningum og síðan aftur að samþykkja breytingarnar á því þingi sem næst er kosið. Þessi ferill á stjórnarskrárbreytingum hefur haft það í för með sér, það sýnir reynslan í rúma heila öld, að einungis hafa verið gerðar breytingar á stjórnarskránni sem taka til kosninga og kjördæmaskipunar.

Margoft hafa verið gerðar tilraunir til þess að breyta stjórnarskránni en það hefur sjaldnast leitt til neins árangurs. Í fyrsta lagi vegna þess að ávallt hefur verið lögð áhersla á sátt og samkomulag á milli allra aðila og í öðru lagi vegna þess að stjórnmálaflokkarnir sem hafa átt fulltrúa á Alþingi hafa ekki komið sér saman, ýmist af pólitískum ástæðum eða vegna hagsmunaárekstra. Raunar má segja að í slíkum tilvikum sé um að ræða hálfgert neitunarvald í krafti eiginhagsmunagæslu. Valdið hefur með öðrum orðum verið í höndum Alþingis og þeirra flokka sem þar eru fyrir. Þetta vald hefur ekki verið úti í þjóðfélaginu heldur í höndum þingmanna stjórnmálaflokka sem hafa stjórnað og stýrt framkvæmdarvaldinu og innleitt ráðherraræði í vaxandi mæli. Valdið í þjóðfélaginu hefur með öðrum orðum færst til. Valdið í þjóðfélaginu hefur fjarlægst hinn almenna kjósanda og þar með lýðræðið. Og þetta er löngu viðurkennd staðreynd sem við verðum að horfast í augu við.

Herra forseti. Svo gerist það á Íslandi að þjóðfélagið og stoðir þess hrynja á einni nóttu — hrynja bókstaflega til grunna. Nú er ég ekki að segja að banka- og fjármálakreppan eigi sér skýringar í vitlausri stjórnarskrá eða úreltri. Hún ein og sér hefur ekki valdið þessu hruni. Hitt er nær sanni að ein skýringin sé sú, og þá staðreynd verðum við að horfast í augu við, að þingræðið hefur látið undan gagnvart framkvæmdarvaldinu og vægi almennings hefur verið afar takmarkað þegar kemur að stjórn landsins og stjórnsýslunni, leikreglunum og lögunum. Og það þrátt fyrir að það gefi augaleið að í upplýstu og menntuðu þjóðfélagi eigi þekking og skoðanir hins óbreytta borgara að leika miklu stærra hlutverk í almennri stjórnun á landinu. Þannig hefði þróunin átt að vera, að færa sem sagt valdstjórnina meira í þá lýðræðisátt sem að öðru leyti væri í samræmi við tíðaranda og almenna og eðlilega þátttöku þjóðarinnar í allri ákvarðanatöku.

Þetta ástand hefur leitt til miklu minna aðhalds gagnvart stjórnvöldum hverju sinni og eitt af því sem gerðist í haust, og var kannski þyngst á vogarskálunum, var sá sannleikur sem rann upp fyrir flestum að völdin á Íslandi voru í höndum fólks og flokka sem höfðu vanrækt að breyta þessum leikreglum, eða fóru þá ekki eftir þeim. Yfirlæti, kæruleysi og valdhroki í krafti þessarar stöðu sem stjórnendur þjóðarbúsins, atvinnulífsins, stjórnsýslunnar, fjölmiðla og allar aðrar ráðandi stéttir tóku þátt í olli því að kerfið og þeir sem héldu um stjórnartaumana veittu ekki nægilegt aðhald. Þeir gátu stjórnað af eigin geðþótta, látið sér fátt um finnast um hvað fólkið á götunni sagði eða sagði ekki, menn skákuðu sér og sínum til á taflborðinu, hirtu ekki um að setja sér skýrar reglur og deildu og drottnuðu í skjóli þess valds sem bæði atkvæði í kosningum og yfirburðarstaða í stjórnkerfinu öllu hafði fært þessum sömu mönnum. Þetta tímabil hefur einkennst af hollustu, þjónkun og meðvirkni. Andóf var kæft í fæðingu, bitlingum var úthlutað, sérhagsmunir varðir, kunningjakapítalismi var stundaður fyrir opnum tjöldum. Menn sofnuðu á verðinum af því að þeir þurftu ekki að verjast neinum nema sjálfum sér.

Hér er ég auðvitað fyrst og síðast að tala um Sjálfstæðisflokkinn og það valdanet sem hann hefur byggt upp í kringum sig og með sínu fólki. Endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins hefur öðrum þræði viðurkennt þetta og landsfund-

ur þessa sama flokks játaði þessa sök eða þessa ábyrgð upp á sig. Með þessu er ég ekki að segja að kjósendur eða stjórnendur Sjálfstæðisflokksins séu eitthvað verri en gengur og gerist eða verri en við öll hin. En kjósendur, stuðningsmenn og stjórnendur Sjálfstæðisflokksins urðu innlyksa í þessum valdaaðli og í þessum hagsmunatengslum og það er engin tilviljun að landsfundur Sjálfstæðisflokksins í Laugardalshöllinni hló og klappaði þegar fyrrverandi formaður flokksins gerði gys að andstæðingum sínum og þeim sem honum eru ekki þóknanlegir og kastaði smjörklípum í allt og alla. Sá hlátur var nefnilega bergmál þess hugsunarháttar sem því miður hefur ríkt og ráðið, að allir hinir sem ekki standa í þessari sömu halarófu séu eins og álfar út úr hól.

Þegar þjóðin vaknaði upp við þann vonda draum að kerfið var hrunið í krafti þess veruleika sem við þjóðinni blasti hófust útifundir — það hófst búsáhaldabylting sem var í rauninni ekkert annað en útrás fyrir reiði, kvíða og örvæntingu. Ég er ekki viss um að almenningur hafi strax þá gert sér grein fyrir orsökunum og ástæðunum fyrir þessari stöðu — hann vissi eiginlega ekki hverjir voru sökudólgarnir, fólk var ráðvillt og ruglað. Að undanförnu hefur athyglin beinst að einhverjum meintum sökudólgum, svo sem útrásarvíkingum og bankamönnum sem höfðu eignast auðæfi og aðstöðu til þess að mata krókinn. Ég legg engan dóm á það hvort þeir hafi brotið lög eða ekki brotið lög en þeir nýttu sér frelsið til að spila á leikreglurnar og fara fram hjá þeim, frelsi sem var og er án allrar ábyrgðar.

Það var í raun eftirtektarverður og sorglegur framhaldsþáttur sem átti sér stað á Alþingi fyrr í vikunni þegar til stóð að herða gjaldeyrishöftin af því að enn gengu menn lausir og reyndu að nýta sér leka og galla í þeirri löggjöf. Kannski löglegt en siðlaust. Þeir nýttu sér holurnar í lögunum sem gerðu þeim enn og aftur kleift að hagnast og misnota lög og reglur. Og á kostnað hverra? Á kostnað fjöldans. Enn og aftur heyktust sjálfstæðismenn hér á þingi á því að greiða atkvæði með lagabreytingunni á sínum eigin lögum um gjaldeyrishöftin sem voru til þess ætluð að koma í veg fyrir þennan leka. Og ekki verður nema ein ályktun dregin af þeirri afstöðu, Sjálfstæðisflokkurinn er enn við sama heygarðshornið og skilur ekki og áttar sig ekki á því hvar vandinn liggur.

Það er hins vegar áríðandi, herra forseti, og þess vegna nefni ég þetta, að Íslendingar átti sig á því að það eru ekki svokallaðir útrásarvíkingar eða bankamenn eða aðrir slíkir sem eru sökudólgarnir einir og sér. Ræturnar og forsendurnar fyrir hruninu voru þær að valdið og stjórn þjóðfélagsins var orðin rotin í samþjöppuðu og áralangri drottnun hjá sama valdahópnum. Það verður líka að halda því til haga, og ekki láta það liggja milli hluta, að aðrir flokkar stigu þennan dans — voru hækjur í þessum samfellda valdaferli. Alþýðuflokkurinn á sínum tíma, Framsóknarflokkurinn í 12 ár og nú síðast Samfylkingin. Sjálfstæðisflokkurinn gat pikkað út þá sem honum sýndist og sennilega hefur enginn pólitískur máttur getað stöðvað þessa hraðlest enda datt engum í hug að efna til búsáhaldabyltingar á meðan þessi hrunadans átti sér stað.

Nú ætla ég ekki að fara að halda því fram, herra forseti, að þetta sé einasta ástæðan fyrir hruni bankanna og skipbroti þjóðarinnar. Ég ætla heldur ekki að halda því fram að Sjálfstæðisflokkurinn sem slíkur sé einn og sérstakur blóraböggull. Þetta getur í raun og veru átt sér stað að því er varðar hvern og einn stjórnmálaflokk sem fer of lengi með of mikil völd. Þetta er sagt af minni hálfu við þessa umræðu til aðvörunar og umhugsunar, til þess að við getum lært af þessari dýrkeyptu reynslu. Ég held að það frumvarp sem hér er flutt sé afsprengi þeirrar reynslu sem dregin er af ferlinum og sögunni að undanförnu. Þessar vangaveltur mínar eru ekki settar fram til að efna til deilna við þingmenn eins eða annars stjórnmálaflokks né heldur ætla ég að ríghalda í þessar skoðanir sem einhvern stórasannleika, aðrar söguskoðanir verða ugglaust bornar fram. En ég vil hins vegar koma þessum sjónarmiðum á framfæri hér í þingtíðindum nú þegar ég er á förum af þingi innan nokkurra daga. Megi það svo verða viðfangsefni sagnfræðinga framtíðarinnar að rýna í þessa dapurlegu atburðarás í íslensku stjórnmála- og efnahagslífi.

Herra forseti. Það er deginum ljósara að þegar þjóðin stendur frammi fyrir þessu áfalli og þarf í rauninni á áfallahjálp að halda er ekki óeðlilegt að upp komi kröfur um endurskoðun og uppgjör við þessa fortíð og við þá aðila sem setið hafa við stjórnvölinn og haldið um stjórnartaumana. Þjóðin stendur á tímamótum og heimtar að menn axli ábyrgð, og m.a. er þar krafa um uppstokkun á stjórnkerfinu, á lögunum, eftirlitinu og hinum pólitísku öflum þar á meðal hér á Alþingi. Er nema von að þessi krafa sé sett fram og er við öðru að búast? Það er við þessar kringumstæður og í ljósi þessara aðstæðna sem það frumvarp sem hér er til umræðu er borið fram. Í frumvarpinu er gerð tilraun til að koma til móts við þá lýðræðiskröfu, við samtímann, og til móts við fálmkennd og örvæntingarfull viðbrögð fólksins í landinu á þann veg að aðkoma almennings og hins óbreytta borgara verði auðveldari og sjálfsagðari, að rödd hins óbreytta borgara heyrist, að Alþingi sitji ekki eitt að þeim völdum að breyta stjórnarskrá eða efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Bæði vegna þess að Alþingi hefur ekki staðið undir þeim væntingum að breyta stjórnarskránni og líka af því að Alþingi á ekki að vera einrátt um að hafa forustu eða frumkvæði að nýjum og öðrum leikreglum.

Þetta frumvarp er flutt og borið fram til að koma til móts við þjóðina, ekki til að móðga einn eða neinn eða til að brjóta gamlar hefðir um einhverja ímyndaða allsherjarsátt um slíkar breytingar, allt slíkt tal er að mínu mati út í hött. Andstæðingar þessa frumvarps verða að skilja að fortíðin er að baki, hefðir víkja fyrir þeim algeru tímamótum sem við stöndum frammi fyrir. Það er nýtt þjóðfélag sem þarf að rísa upp úr þessum rústum og almenningur vill og verður að fá að taka þátt í hinu nýja samfélagi og hið nýja lýðræði verður að hafa nýja skírskotun sem ekki verður umflúið.

Eins og ég rakti í upphafi er þetta frumvarp tiltölulega einfalt í sniðum. Þetta eru fjórar greinar, fyrst og fremst framsal ákvarðanatöku og tilraun til þátttöku íslensku þjóðarinnar í mótun nýrrar stefnu. Hún vill fá að taka þátt og eiga rétt á því að hafa frumkvæði að því að breyta reglum og lögum og, eftir atvikum, stjórnarskránni sjálfri. Í þessum þáttum frumvarpsins eru greinar sem kveða á um einfaldari leiðir til þess að breyta stjórnarskránni, beita þjóðarat-

kvæðagreiðslu og til að skapa vettvang til að ræða og leggja til hvernig stjórnarskránni skuli breytt.

Fyrir utan þessar lýðræðislegu kröfur er lagt til í 1. gr. að staðfest sé í stjórnarskránni að náttúruauðlindir séu í þjóðareign. Þær má ekki láta af hendi eða selja með varanlegum hætti. Þetta ákvæði í 1. gr. er ekki nýtt af nálinni, auðlindanefndin síðan lagði þetta til fyrir um tíu árum, formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafa lagt fram frumvarp sama efni. Nú standa fjórir stjórnmálaflokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi að þessari tillögu um að staðfest sé í stjórnarskrá að náttúruauðlindirnar séu og verði í þjóðareign, enda hlýtur það að vera sjálfsögð krafa að eignarhald þjóðarinnar á þessum auðlindum verði staðfest í sjálfri stjórnarskránni. Íslenska þjóðin háði ekki þorskastríð sín til annars en að endurheimta og slá eign sinni á fiskinn í sjónum eða halda menn að þau átök og samhugur Íslendinga á sínum tíma hafi verið vegna þess að þessi verðmæti yrðu síðan eign annarra en þjóðarinnar allrar?

Andstæðingar þessa frumvarps halda því fram að ekki megi breyta stjórnarskránni nema í fullri sátt og auðvitað væri það æskilegast. En ef þessari skoðun er haldið til streitu og hún gerð forsenda fyrir stjórnarskrárbreytingum er að mínu mati næsta víst að sú sátt er langt undan og varla miklir möguleikar á að neinar breytingar verði gerðar á stjórnarskrá, að minnsta kosti á meðan fulltrúar sérhagsmunagæslunnar eiga fulltrúa á þingi og innan stjórnmálaflokkanna. En hvað sem líður allri sátt og allsherjarsamkomulagi hefur reynslan sýnt það í gegnum árin og áratugina að það samkomulag strandar langoftast á og vegna sérhagsmunagæslu í stjórnmálaflokkunum sem hafa enn sem komið er úrslitaorð um hvort að breytingar verða gerðar eða ekki.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að breytingar á stjórnarskránni geti borið að og orðið að veruleika með auðveldari hætti en nú tíðkast og ég heyri það, bæði í umræðunni og í nefndinni, að það er ekki mikið ágreiningsatriði og er sjálfsagt lýðræðislegt framfaraspor.

Í 3. gr. er svo opnað fyrir að tiltekinn fjöldi landsmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er í samræmi við þann málflutning sem ég hef haldið uppi, að aðkoma almennings eigi að vera auðveldari og meiri að slíkum breytingum en að lög gera ráð fyrir eins og er.

Í 4. gr. frumvarpsins er síðan fjallað um stjórnlagaþingið og ég viðurkenni það hreinskilnislega í þessari umræðu að ég hef haft mínar efasemdir um útfærslu og skipulag á þessu þingi að því er varðar bæði tíma og starf. Nú hafa verið gerðar breytingar á þessu ákvæði sem eru allar í rétta átt. Í grundvallaratriðum styð ég hugmyndina um stjórnlagaþing að því leyti að mér finnst það svara kalli tímans og er þá um leið djörf hugmynd um að koma hreyfingu á umræðu og tillögur um breytingar á stjórnarskrá. Það er kannski í og með vegna þess að Alþingi hefur einfaldlega ekki ráðið við það verkefni og flokkarnir ekki heldur. Það umboð sem stjórnlagaþingið fær er tímabundið, settir eru varnaglar um aðkomu Alþingis og rétt þess til þess að koma fram með athugasemdir og aðrar tillögur eftir atvikum. Ég held því að það sé bæði með axlabönd og belti. Það sem skiptir kannski langmestu máli í þessari grein, sem og í öllum hinum, er að það er þjóðin sem hefur síðasta orðið.

Ég vil að lokum gera athugasemd við ummæli hv. þm. Björns Bjarnasonar áðan um að við séum að skjóta okkur í fótinn með því að það sé ekki samræmi í greinum um breytingar á stjórnarskrá vegna ákvæðisins um stjórnlagaþingið. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög auðvelt að gera efnislegar breytingar og það standist alveg að gerðar séu efnislegar breytingar á stjórnarskipunarlögum nú á þessu þingi. Það fer síðan í almennar kosningar og er það verkefni næsta þings að staðfesta þær breytingar ef sú verður niðurstaðan. Síðan á næsta ári, eða hvenær sem það verður dagsett, verða breytingarnar lagðar fyrir þingið til meðferðar og það hefur sinn gang, eins og frumvarpið gerir að öðru leyti ráð fyrir.

Herra forseti. Ég lýsi því yfir sem flutningsmaður að þessu meirihlutanefndaráliti að ég styð framgang þessa frumvarps.

[16:44]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér varð hugsað til fyrri tíðar hv. þm. Ellerts B. Schrams þegar hann tók þátt í stjórnmálum fyrir nokkrum áratugum, og mér fannst lítið leggjast fyrir kappann. Það er alveg augljóst að samviska hans er afar slæm sem stuðningsmanns þessa frumvarps. Hann valdi þann kost að ráðast gegn Sjálfstæðisflokknum með dylgjum og alveg ótrúlega órökstuddum fullyrðingum og lagði ekki í þann víking að verja svokallaða útrásarvíkinga. Það skyldi þó ekki vera að hann kunni og hafi kunnað sérstaklega vel við sig í þeim hópi sem svokallaðir útrásarvíkingar fylla? Ég vísa hins vegar algerlega á bug (Forseti hringir.) fullyrðingum í ræðu hans um Sjálfstæðisflokkinn því að þær voru stóryrði, dylgjur sem eru ekki svaraverðar.

[16:45]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég hef sagt hér í ræðustól er samkvæmt bestu samvisku og ég hef ekki vanið mig á að tala tungum tveim. Ef hv. þm. Sturlu Böðvarssyni líkar ekki það sem ég hef fjallað um, þar á meðal um Sjálfstæðisflokkinn, ber ég fulla virðingu fyrir þeim sjónarmiðum en það breytir ekki afstöðu minni. Ég er hér með heiðarlegum og einlægum hætti að reyna að finna orsakir og ástæður fyrir því mikla skipbroti sem íslenska þjóðin hefur orðið fyrir. Ég nefndi þetta eitt sem ég tel mjög veigamikið, um stöðu valdaflokks í skjóli hagsmuna og kjörfylgis, það er rétt, og þeirrar þjónkunar sem leiðir af því að menn geta skýlt sér á bak við (Forseti hringir.) stóra og sterka valdaaðila.

[16:46]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vill þannig til að Sjálfstæðisflokkurinn hefur aldrei haft hreinan meiri hluta á Alþingi. Allt tal hv. þingmanns um ofurvald Sjálfstæðisflokksins dæmir sig því sjálft, gagnvart þeim sem hafa setið á Alþingi og verið í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn, dæmir þá ef til vill þá sem hafa unnið með Sjálfstæðisflokknum fremur en Sjálfstæðisflokkinn.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft mikið fylgi og hefur mikið fylgi meðal íslensku þjóðarinnar vegna hugsjóna

flokksins, vegna þeirrar stefnu sem flokkurinn hefur fylgt og það er ekki sú stefna sem hefur valdið veraldarhruni á bankamarkaði. Hugleiðingar þingmannsins um vald eða það að Sjálfstæðisflokkurinn hafi farið ótæpilega með vald sitt eru algerlega órökstuddar og ómálefnalegar og þingmanninum til skammar.

[16:47]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Ellert B. Schram virðist hafa gleymt því að jafnaðarmenn hafa stjórnað landinu einn þriðja hluta þeirra 18 ára sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið við völd. Engu að síður reyndi hv. þingmaður að kenna Sjálfstæðisflokknum um allt það sem aflaga fór og mér þótti miður að hlusta á hv. þingmann hvítþvo útrásarvíkingana sem bera mikla ábyrgð á því efnahagshruni sem hér átti sér stað. Ég vil benda á að Sjálfstæðisflokkurinn er eini stjórnmálaflokkurinn á Íslandi sem sett hefur spurningarmerki við það sem útrásarvíkingarnir gerðu. Það hefur Samfylkingin ekki gert, (Gripið fram í.) ekki í fyrri Borgarnesræðunni, ekki þeirri síðari og núna kemur hv. þm. Ellert B. Schram, fyrsti fulltrúi (Gripið fram í.) Samfylkingarinnar í þessari umræðu, (Forseti hringir.) og hvítþvær útrásarvíkingana. Það finnst mér sorglegt, frú forseti, sorgleg framganga þessa gamla vinar okkar sjálfstæðismanna í þessari umræðu.

[16:49]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vill svo til að ég var með ræðu mína meira og minna skrifaða og hún er svo tekin upp á band þannig að ef viðkomandi hv. þingmaður getur sýnt mér fram á að ég sé að hvítþvo útrásarvíkingana biðst ég afsökunar á þeim orðum, en til þess var ræðan ekki haldin. Þvert á móti var ég með mínum hætti að benda á að samfelld valdaaðstaða hvaða flokks sem væri gæti verið hættuleg þjóðfélaginu þar sem sá flokkur starfar. Ég var ekki að gera lítið úr hugsjónum eða hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins per se, ég sagði bara að valdið slævði dómgreindina og ylli ákveðinni þjónkun og hollustu og meðvirkni sem hefði m.a. haft þau áhrif að allt hrundi hjá okkur. Ég tók líka fram að aðrir flokkar hefðu tekið þátt í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum (Forseti hringir.) og ættu sína sök og sína ábyrgð. Ég dró ekkert undan með það.

[16:50]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Það er alveg rétt að hv. þingmaður nefndi aðra flokka til sögunnar og nefndi að þeir bæru einhverja ábyrgð en undirtónninn í ræðu hv. þingmanns fannst mér ósmekklegur, afar ósmekklegur og ekki honum sæmandi. Mér fannst ósmekklegt að reyna að klína allri sök á Sjálfstæðisflokkinn eins og hann gerði. Sjálfstæðisflokkurinn er eini stjórnmálaflokkurinn á Íslandi sem hefur sett spurningarmerki og gert athugasemdir við framferði stórra auðhringja á Íslandi. Hann hefur í þeirri viðleitni sinni þurft að eiga við stjórnmálaflokk eins og Samfylkinguna sem alltaf hefur gripið til varna (Gripið fram í.) fyrir þessa aðila. Það gerði hv. þm. Ellert B. Schram, líkt og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, gerði í frægum Borgarnesræðum sem hún hélt. (Forseti hringir.) Og það er miður (Gripið fram í.) að þetta sé erindi Samfylkingarinnar í þessari umræðu. Það er mjög miður.

[16:51]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er á dagskrá frumvarp um breyting á stjórnarskipun. Þær breytingar ganga út á það að veita almenningi meiri aðkomu að ákvarðanatöku og veita fyrir vikið meira aðhald gagnvart stjórnvöldum. Hér hefur orðið mikið hrun sem fólk hefur upplifað og við sjálf erum líka að viðurkenna að aðkoma og aðhald hefur verið of takmarkað af hálfu hins óbreytta borgara og aðila úti í bæ. Þess vegna útskýrði ég nauðsyn þess að þetta frumvarp væri lagt fram og samþykkt, til að bregðast við skipbrotinu og hruninu sem ég reyndi síðan að útskýra að hvaða leyti og af hverju dundi yfir okkur. Það er vegna ástæðna sem ég rakti í ræðu minni og beinist náttúrlega að Sjálfstæðisflokknum að einhverju leyti (Forseti hringir.) en er skýring sem menn verða að taka alvarlega og horfast í augu við.

[16:52]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að sleppa því að svara hnútukasti hv. þm. Ellerts B. Schrams í garð Sjálfstæðisflokksins og reyna frekar að átta mig á efni málsins. Það er rétt að við erum að ræða frumvarp til stjórnarskipunarlaga og við eigum að halda okkur við það. Ég velti fyrir mér hvert samhengið er í þeim árásum á Sjálfstæðisflokkinn sem fólust í ræðu hv. þingmanns og nauðsyn á breytingum á þessum tilteknu ákvæðum stjórnarskrár sem hér er um að ræða. Ég átta mig ekki alveg á því.

Það sem ég vildi aðallega spyrja hv. þingmann um er að jafnvel þótt við séum sömu skoðunar og hv. þingmaður, að atburðir vetrarins kalli á breytingar á stjórnarskrá spyr ég: Hvað veldur því að þessar tilteknu breytingar eru nauðsynlegar núna fyrir þinglok, hvað kallar á þær núna, hvers vegna getum við ekki látið okkur nægja að breyta ákvæðinu í stjórnarskránni sem fjallar um breytingar á stjórnarskrá og taka okkur (Forseti hringir.) góðan tíma til að fjalla um hina þættina?

[16:54]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar stjórnarskipti urðu, af ástæðum sem ég ætla ekki að rekja og okkur öllum eru ljósar, var mynduð ný ríkisstjórn sem kom sér saman um verkefni, bæði sem snúa að efnahagsmálum og lýðræðislegum breytingum. Það er verið að efna og hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem ríkisstjórnin kom sér saman um, ásamt með Framsóknarflokknum sem studdi þessa ríkisstjórn, a.m.k. gegn vantrausti. Þetta mál er því sett hér fram í fullu samræmi við þá stefnuskrá og ég get í raun og veru ekki séð nauðsynina til þess að draga það miklu lengur ef á annað borð er ljóst að þetta er tiltölulega einfalt mál í sniðum og er í kjarna tilraun til að koma til móts við aðkomu almennings að ákvarðanatöku í stærri málum.

[16:55]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég spurði hv. þingmann hvaða nauðsyn bæri til þess að afgreiða þessi mál núna fyrir þinglok, þær efnislegu breytingar sem hér eru á stjórnarskrá. Rökstuðningurinn er fyrst og fremst sá að þetta hafi verið á verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar og það sé bara verið að hrinda því í framkvæmd. Þetta finnst mér ekki góður rökstuðningur. Þetta er ekki rökstuðningur sem ég kaupi og þessi rökstuðningur hefur greinilega ekki haft áhrif á mjög marga af þeim umsagnaraðilum sem um þetta hafa fjallað, sem einmitt vara stranglega við því að farið sé út í stjórnarskrárbreytingar nú í einhverju óðagoti.

Eins og ég segi, það getur vel verið og það má vel rökstyðja að atburðirnir í vetur leiði til þess að við eigum að endurskoða einhverja þætti í stjórnarskránni en þeir réttlæta ekki þetta óðagot, flaustursleg vinnubrögð og óvandvirkni sem einkennir alla meðferð þessa máls.

[16:56]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Okkur hefur orðið tíðrætt um að það þurfi að standa vörð um hagsmuni heimila og fyrirtækja og fólksins í landinu. Vissulega er það mikið forgangsmál, en það sem snýr að lýðræðislegri breytingu og aðkomu almennings að stjórnsýslu og völdum í þjóðfélaginu er ekki minna eða léttara á vogarskálunum. Við leggjum það að jöfnu og ég held að þetta mál hafi mikla þýðingu, að fólk fái það á tilfinninguna og sjái fram á að Alþingi bregst við og réttir út sáttarhönd til fólksins í landinu um að það geti komið að og fengið að ræða um völdin, um sérhagsmunina, um stöðu sína þannig að Alþingi sitji ekki eitt að því að mega taka ákvörðun um það hvort einhverjum þóknast að breyta stjórnarskránni. Þetta er bara svar við kalli tímans. (**BÁ:** En verða menn þá ekki að vanda sig?)

[16:57]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þeir 17.700 Íslendingar sem nú eru atvinnulausir, þau 600 börn sem búa við það að báðir foreldrar eru atvinnulausir gefa ekki mikið fyrir þessi síðustu orð hv. þm. Ellerts B. Schrams vegna þess að í þeirra huga skiptir án efa mestu að tryggja atvinnumöguleikana. Það er það eina sem skiptir máli við þessar aðstæður. Þegar fyrir liggur að umsagnir eru nánast allar á þann veg að málið sé hroðvirknislega unnið, umsagnaraðilar hafa ekki tækifæri til að setja sig inn í það, umsagnaraðilar höfðu ekki tækifæri til að skoða það vel — sumir eru kannski illa læsir, það kann að vera — spyr maður að því, og það á að kjósa eftir nokkra daga: Var ekki nóg að breyta 79. gr. og leyfa nýju þingi að fara af stað í að breyta stjórnarskránni sem var þá hægt að bera beint undir þjóðina? Var það ekki nóg í huga hv. þingmannsins?

[16:58]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Jú, jú, það er alveg hægt að taka undir það að hvert og eitt ákvæðið er mikilvægt og gæti út af fyrir sig staðið eitt og sér. Ef niðurstaðan í nefndinni hefði orðið sú að samþykkja með atkvæðum allra að taka út þetta tiltekna ákvæði sem hv. þingmaður nefndi hefði ég staðið að því. Það var bara ekki samkomulag um það, það var búið að leggja fram frumvarp með ákveðnum tillögum — (**Gripið fram í:** Hverjir voru á móti því?) Ég sagði að það hefði ekki verið samkomulag um það og læt mér nægja að svara því þannig eins og ég gerði áðan, að allir stjórnmálaflokkarnir komu að þessu máli og með tilliti til þess samstarfs og þeirrar samvinnu sem þar er höfð, milli þeirra fjögurra flokka sem standa að frumvarpinu varð þetta niðurstaðan og auðvitað stend ég með mínum meiri hluta, minni stjórn og mínum flokki.

[16:59]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér þykir afar miður að heyra að það hefði verið samningsgrundvöllur til að halda eftir 79. gr. og þannig hefðu menn sameinaðir getað gengið betur frá stjórnarskránni. Mér þykir mjög miður að menn hafi ekki reynt að vinna í þá átt og komast að sameiginlegri niðurstöðu allra flokka, afskaplega miður. Sérstaklega þegar núna kemur í ljós, og það væri gott að vita hvernig sú umræða varð í nefndinni, að ekki sé líklegt að stjórnlagaþingið, ef af verður, muni verða að veruleika fyrr en einhvern tímann á næsta ári, jafnvel ekki fyrr en um mitt ár 2010. Þess þá heldur spyr maður: Til hvers þurfti endilega að setja það af stað núna? Af hverju var ekki hægt að láta nýtt þing ræða það gaumgæfilega þannig að umræðan í þjóðfélaginu gæti farið fram. Það eru afskaplega fáir sem átta sig á því í hverju þetta stjórnlagaþing felst. Við skuldum líka fólkinu það að það taki þátt í umræðunni og við séum ekki núna að æða langt á undan því við breytingu á stjórnarskránni þegar umræðan um þetta hefur ekki farið fram í stofnunum þjóðfélagsins.

[17:00]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er búinn að gera grein fyrir skoðunum mínum og sjónarmiðum í alllangri ræðu og þarf ekki að endurtaka það. Ég get sagt það eitt út af viðbrögðum hv. þingmanns að ég er líka leiður yfir því að ekki skyldi hafa náðst samkomulag í allri nefndinni um afgreiðslu á þessu máli. Því miður er það ekki veruleikinn og þá verður hver að ganga sinn veg.

[17:01]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Komið hefur fram mjög eindregin andstaða þingmanna Sjálfstæðisflokksins við málið. Það fer ekki á milli mála. Beitt er málþófi í ólíklegustu málum og það nýmæli felst í því málþófi að því er beitt í málum sem Sjálfstæðisflokkurinn styður.

Fram kemur hávær gagnrýni á formsatriði og undirbúning að þessu frumvarpi. En ég vil nota tækifærið, frú forseti, og fjalla um efnisatriði því að ég tek undir orð hv. þm. Ellerts B. Schrams, að vilji til sátta var fyrir hendi og meira en svo. Ég sá í hendi mér að hægt væri að ná sátt um málið ef sjálfstæðismenn hefðu haft á því hug. Ég ætla að fara

nokkrum orðum um það og víkja að greinum frumvarpsins. Tökum 1. gr. sem kveður á um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign og þær megi ekki selja eða framselja með varanlegum hætti.

Er efnislegur ágreiningur um þessa grein? Hún byggir á þrotlausu og mjög vönduðu starfi auðlindanefndar. Hún felur í sér skýrt lögfræðilegt inntak. Færustu sérfræðingar okkar í lögfræði velkjast ekki í vafa um hvað er í húfi. (**Gripið fram í:** Þeir deila mjög um …) Og í tveimur stjórnarsáttmálum Sjálfstæðisflokksins hefur verið eindreginn ásetningur og vilji flokksins með þáverandi samstarfsflokkum sínum til að setja í stjórnarskrána slík ákvæði, um að náttúruauðlindir væru þjóðareign.

Síðast kom þessi eindregni vilji og von Sjálfstæðisflokksins fram í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem lagt var fram á 133. löggjafarþingi 2006–2007, á þskj. 1064 sem var 683. mál þingsins. Í því segir nákvæmlega það sama efnislega: Náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign. Sá munur er á að þar var ekki framsalsákvæði. Það hefur breyst frá þeim stjórnarsáttmálum sem Sjálfstæðisflokkurinn átti aðild að og frá þessu frumvarpi.

Það er rétt að segja frá því að andstaða við þetta frumvarp var fyrst og síðast um 1. gr. Hún var fyrst og síðast (Gripið fram í.) um 1. gr. frá þeim sem umsagnir gáfu. Það geta allir séð sem kynna sér umsagnir málsins og í samantekt um umsagnir sem hinir ágætu nefndarstarfsmenn tóku saman fyrir nefndina. Ég vil nota tækifærið til að þakka ritturum nefndarinnar sérstaklega fyrir vel unnin störf á þessum vettvangi. Þar var mjög hörð gagnrýni gagnvart 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins í upphaflegum búningi um að nýta náttúruauðlindir á grundvelli sjálfbærrar þróunar, og gagnvart 3. mgr. um að allir eigi rétt á umhverfi sem stuðlar að heilbrigði og lífffræðilegri fjölbreytni.

Kjarni gagnrýni í umsögnum kom fram á þessi ákvæði. Þessi ákvæði eru hins vegar í takt við réttarþróun allt frá Stokkhólmsráðstefnunni 1973, Ríó-ráðstefnunni 1991–1992 og Árósasamningnum frá 1998. Þessi ákvæði um sjálfbæra þróun, heilbrigði og líffræðilega fjölbreytni endurspeglast svo í nýlegum tilskipunum ESB og hafa verið tekin upp í norsku og finnsku stjórnarskránni. En þetta er réttarþróun á sviði mannréttinda sem komin er heldur styttra á veg hér á landi þó að orðin „sjálfbær þróun“ hafi verið í íslenskri löggjöf að ég hygg nú um sextán ára skeið, allt frá því að lögin um Evrópska efnahagssvæðið voru sett.

En umræða um þessi tvö ákvæði hefur ekki þroskast með sama hætti á Íslandi og vonandi verður þetta frumvarp til þess að það geri það, en vel að merkja til sátta. Til að draga úr þeirri gagnrýni sem fram kom ákvað meiri hluti nefndarinnar að einbeita sér að 1. mgr. um náttúruauðlindir í þjóðareign, málefni sem allir flokkar á þingi höfðu áður eða nú lýst vilja sínum til að færa inn í stjórnarskrá. Maður spyr þá sjálfan sig: Af hverju er þessi breyting núna?

Sumir héldu því fram og halda því fram að með því að leggjast gegn þessu ákvæði vilji menn færa fiskveiðiauðlindirnar endanlega undir ættarveldi eða undir fáa einkaeignaraðila. Þeir hafa nýtingarrétt sem auðvitað má breyta eða minnka eða auka með málefnalegum, eðlisrökréttum hætti en þeir hafa ekki beinan eignarrétt að auðlindinni. Maður spyr sig hvort svo sé.

Að því er varðar 2. gr. verður að segja alveg hið sama. Ég las það að minnsta kosti út úr umræðum í nefndinni, sem sjálfstæðismenn gáfu því miður ekki mikið færi á að ræða efnislega — ég kallaði eftir því á fleiri en einum fundi nefndarinnar að þetta yrði rætt efnislega. En því miður varð það ekki svo.

Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru þó sammála þessu ákvæði og hafa lýst því í ræðu. Það var eingöngu hin tæknilega útfærsla, orðalag, sem sætti gagnrýni. Og hvernig brást þá hv. formaður nefndarinnar, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, við? Ég vil að gefnu tilefni taka fram að hún stóð sig með mikilli prýði við formennskustörfin og ég þakka henni hér og nú fyrir þau störf. Það er eðlilegt og sjálfsagt að það komi líka inn í þingsöguna. Það segi ég vegna þess að hv. þingmaður varð í störfum nefndarinnar fyrir mjög ómaklegri gagnrýni sem mér fannst óréttmætt og ósmekklegt og ég harma það. Ég gagnrýndi það á fundi nefndarinnar.

Það er sem sé sátt um 2. gr. og hv. formaður nefndarinnar hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hafði forgöngu að því til sátta að færa orðalagið til þess vegar sem hún taldi að nefndarmenn Sjálfstæðisflokksins gætu betur við unað. Hún færði orðalagið í þá veru sem það kom frá stjórnarskrárnefnd á vegum fyrri ríkisstjórnar og reyndar alls Alþingis, sem var starfandi á árunum 2005–2007, ef ég man rétt. Þar var tekið upp þetta orðalag. Það er því sátt um 2. gr. Þá vék ég að 3. gr., að Alþingi skuli láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg málefni ef ákveðið hlutfall kjósenda krefst þess.

Slík ákvæði er jafnframt að finna í stjórnarskrám þeirra landa sem við berum okkur saman við. Á því eru ýmsar útgáfur og ég skildi nefndarmenn Sjálfstæðisflokksins ekki betur en svo að þeir féllust á að eðlilegt væri að slíkt ákvæði kæmi inn í stjórnarskrána. Þá varð það aftur tæknilegt atriði, spurning um orðaval eða spurning um útfærslu um það grundvallaratriði að geta, eins og aðrar þjóðir hafa gert, fært valdið til þjóðarinnar í umræðum um mikilsverð málefni. Ég hygg að báðar þessar greinar, 2. gr. og 3. gr., séu einkar mikilvægar í ljósi framtíðar Íslands og þeirrar stefnu sem við munum taka í framtíðinni.

Flestar lýðræðisþjóðir sem við viljum bera okkur saman við hafa sem sé ákvæði um að færa þjóðinni það vald að taka ákvarðanir um mikilsvert mál í þjóðaratkvæði. Það kallast, ef ég man rétt, millilíðalaust lýðræði.

Þá er komið að 4. gr. um stjórnlagaþingið. Þar var skýr efnislegur ágreiningur um hvort þingið ætti að hafa stjórnarskrárvaldið, valdið til breytinga, eða ætti að vera ráðgefandi. Um það má eflaust deila og um það má eflaust ná sátt ef menn vilja, að samspilið milli Alþingis og stjórnlagaþings sé annað og meira.

En aðkoma Alþingis að breytingunum er trygg að mínu mati. Vilji þingmenn Sjálfstæðisflokksins tryggja það betur er eðlilegt að koma með gagntillögur í þá veru. Ég minni líka á þann hemil eða þá girðingu sem sett er í ákvæðinu um að það þurfi tvo þriðju hluta stjórnlagaþingsins til að samþykkja breytingar eftir að hafa fengið umsögn Alþingis. Og ekki nóg með það, síðan á eðlilega að færa hina endanlegu niðurstöðu til þjóðarinnar í atkvæðagreiðslu. Ekki er það flóknara.

Umræðan hér er að mínu mati afar sérstök að því leyti að hún fjallar allt of mikið um form og fer allt of mikið í málþóf á meðan vilji er fyrir hendi. (**SKK:** Hver er í málþófi?) Ég ætla að nefna, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, umræðuna í gærkvöldi og fram á nótt sem ég hélt í fyrstu að væri aprílgabb þangað til hún stóð fram yfir miðnætti. (**Gripið fram í:** Var það málþóf? …) Já, það var málþóf því að hv. þm. Kjartan Ólafsson lýsti því yfir að hér væri beitt því nýmæli sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs (Gripið fram í.) hefðu ekki beitt áður, að vera með málþóf í máli sem þeir væru með. (**Gripið fram í:** 20 mínútur. Hvernig væri að þingmaðurinn … í staðinn fyrir að vera hér með einhverja sleggjudóma?) Efnið snýst um að ræða aðkomu þingmanna Sjálfstæðisflokksins að málinu, hina formlegu ástæðu, og ræða hana efnislega.

Hér er verið að færa vald til þjóðarinnar. Það er meginatriðið, og ákvæðunum er ætlað að stuðla að milliliðalausu lýðræði enn fremur. Það hefur líka sýnt sig og það hefur líka reynst þannig að til þessa stjórnlagaþings er beinlínis kosið í þeim eina tilgangi að semja tillögur til breytinga á stjórnarskrá. Það er eina verkefni þessa þings sem Alþingi hefur reynst erfitt í gegnum árin að koma fram með.

Ég vil síðan, frú forseti, vísa til greinargerðarinnar hvað þetta varðar. Þar stendur orðrétt með leyfi frú forseta:

„Því hefur verið haldið fram að með því að setja á stofn sérstakt stjórnlagaþing sé vegið að sjálfstæði og áhrifum Alþingis sem farið hefur með hlutverk stjórnarskrárgjafa um árabil. Eðlilegt sé að það hlutverk verði áfram í höndum Alþingis auk þess sem stofnsetning stjórnlagaþings sé kostnaðarsöm og tímafrek framkvæmd. Meiri hlutinn bendir í þessu sambandi á að vinna við endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur staðið nánast óslitið yfir frá lýðveldisstofnun árið 1944 með takmörkuðum árangri. Aðstæður í þjóðfélaginu eru auk þess með þeim hætti eftir bankahrunið í október 2008 að almenningur kallar eftir gagnsæi og trausti í störfum ráðamanna. Stjórnarskránni er m.a. ætlað að kveða á um valdmörk Alþingis og því óeðlilegt að það setji sér sjálft þau mörk. Krafan um að Alþingi stígi til hliðar þegar að því kemur að setja þær nýju leikreglur samfélagsins sem felast í nýrri stjórnarskrá er því svo rík að réttlætanlegt verður að teljast að stjórnarskrárgjafarvaldið verði tímabundið fært frá Alþingi til annars stjórnarskrárgjafa sem sérstaklega er kosinn til þess starfs.“

— Hefur ekki önnur verkefni. Það er kjarni málsins. Það er kjarni málsins að eftir efnahagshrunið 6. október á síðasta ári búum við í nýjum raunveruleika, ekki bara efnahagslega heldur þurfum við að endurskoða öll gildi, okkar lýðræðislegu hugmyndir og hugsjónir, öll gildi og lýðræðið frá botni.

Því er líka haldið opnu að umræðan og verklag stjórnlaganefndarinnar verði fyrir opnum tjöldum, að tíðkað verði opið lýðræði með beinni aðkomu almennings þannig að sem flestir geti komið ábendingum sínum og skoðunum á framfæri á einfaldan og opinskáan hátt. Að það skapist lýðræðisleg og kvik umræða meðal þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Þetta er nýjung í löggjafarstarfi á Íslandi og hefur verið reynd áður og þarf að þróa áfram. (Gripið fram í.) Frú forseti. Hv. þingmenn sem grípa fram í hafa ræðutíma á eftir, (Gripið fram í.) og ættu að sýna ræðumönnum hér í stólnum, þeim sem hafa andstæða skoðun, þá virðingu að vera ekki að grípa fram í. (Gripið fram í.)

Aðalatriðið er þetta, frú forseti, að verið er að færa valdið til þjóðarinnar.

[17:18]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Atli Gíslason lýsti því undir lok ræðu sinnar að vegna aðstæðna í þjóðfélaginu væri nauðsynlegt að taka stjórnarskrárvaldið og færa það sérstöku stjórnlagaþingi. Því spyr ég: Finnst honum samræmi í því að segja þetta og leggja hér fyrir þrjár efnislegar breytingar á stjórnarskránni til viðbótar við þetta stjórnlagaþing og fela þessum þingmönnum, sem hann hefur lýst sem óhæfum eða vanhæfum til þess að takast á við stjórnarskrárbreytingar, að afgreiða þær?

Ef hv. þm. Atli Gíslason trúir á hugmyndina um stjórnlagaþing, ef hann hefur trú á því að hún virki, hefði ég haldið að hann teldi að stjórnlagaþingið ætti að fjalla um þau atriði sem þarna koma fram. Ég hlýt því að spyrja hv. þingmann: Kemur hann ekki auga á þá mótsögn sem er fólgin í því að vera annars vegar með 1.–3. gr., sem fela í sér breytingar á núgildandi stjórnarskrá, og leggja um leið til að sett verði á fót stjórnlagaþing í náinni framtíð sem hefur það hlutverk að hafa með höndum heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar?

Þetta er í mínum huga mótsögn. Þetta er í mínum huga algjör rökleysa. Lögmannafélag Íslands er sammála mér um þetta og fleiri umsagnaraðilar. Fleiri umsagnaraðilar taka undir þetta en ég sé ekki að í málflutningi eða nefndaráliti meiri hlutans í sérnefndinni sé með nokkru móti reynt að svara þessum sjónarmiðum. Ég velti því líka fyrir mér hvort hv. þm. Atli Gíslason taki ekkert mark á þeim fjölmörgu umsagnaraðilum sem leggja áherslu á að vanda verði til verka, standa vel að undirbúningi og afgreiðslu stjórnarskrárfrumvarpa og reyna að ná um þau sem víðtækastri sátt. Finnst honum þau sjónarmið engu máli skipta?

[17:20]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Hv. þm. Birgir Ármannsson hefur uppi stór orð um rökleysu, að vald sé tekið frá Alþingi og þar fram eftir götunum. Ég verð að ítreka það að þetta stjórnlagaþing er lýðræðislega kosið. Það er lýðræðislega kosið, (Gripið fram í.) hefur algjöra jafnstöðu um þetta, fær þetta sérverkefni.

Mótsögn í því að Alþingi sé að setja þrjár reglur sem stjórnlagaþingið geti breytt — ég rakti það í ræðu minni áðan, hv. þm. Birgir Ármannsson, að þingið væri, miðað við forsögu málsins og umfjöllun, sammála um að setja ákvæðin sem eru í 1., 2. og 3. gr. Eina sem væri væri hvernig ætti að orða greinarnar — efnisinntakið væri í lagi. Ég hef enga trú á því að stjórnlagaþing og ráðgjafarnir, þeir bestu sem við höfum haft okkur til ráðuneytis, muni leggja til á stjórnlagaþingi að þeim ákvæðum verði breytt, jafnsjálfsögð sem þau eru. Þjóðareignin, atkvæðagreiðslur um stjórnarskrána og vald þjóðarinnar í mikilvægum málum — ég hef enga ástæðu til þess að vantreysta fólki eða þjóðinni.

[17:22]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Atla Gíslasyni finnst alveg sjálfsagt og eðlilegt að breyta greinum stjórnarskrárinnar sem kveðið er á um í 1.–3. gr. í frumvarpinu. Þar á meðal er grein sem felur í sér aðferð við að breyta stjórnarskránni. Það liggur mjög mikið á, það má ekki bíða með að setja þá grein í stjórnarskrána, grein sem felur í sér að breytt verði aðferð við að breyta stjórnarskránni. Á sama tíma er verið að setja ákvæði um stjórnlagaþing sem á að breyta stjórnarskrá.

Ég velti fyrir mér hver þörfin sé á því að setja, ef við ætlum að setja málin í hendur stjórnlagaþings, þetta ákvæði um aðferðina við að breyta stjórnarskrá núna? Hver er þörfin núna? Er það vegna þess að menn hafa uppi einhverjar ráðagerðir um að breyta stjórnarskránni á meðan stjórnlagaþing er að störfum? Dettur mönnum það virkilega í hug? Finnst mönnum fara vel á því að setja á fót stjórnlagaþing til þess að fjalla um breytingar á stjórnarskrá og láta Alþingi á sama tíma, eftir einhverri allt annarri aðferðafræði, (Forseti hringir.) vera að breyta stjórnarskránni? Ég vildi gjarnan heyra afstöðu hv. þingmanns til þess.

[17:23]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Hv. þingmaður. Já, mér finnst fara ágætlega á því, vegna þess að hér er gripið til hálmstráa og formástæðna.

Ég hef óskað eftir því, (Gripið fram í.) hv. þm. Birgir Ármannsson, að eiga samræður við þingmenn Sjálfstæðisflokksins um efnisatriði þessa máls og komast að sameiginlegri niðurstöðu. (Gripið fram í.) Ég hef eindregið óskað eftir því. (Gripið fram í.) Á fyrsta fund nefndarinnar komu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gráir fyrir járnum mótþróa og þannig héldu fundirnir áfram og gengu svo langt í formlegri umfjöllun að orðum var beint að formanni nefndarinnar, sem hv. þingmenn ættu að draga til baka, ósmekkleg umræða. (Gripið fram í.) Ekki var nokkur vilji til að ræða þetta vitsmunalega. Það er hangið í forminu, (Gripið fram í.) hangið eins og hundar á roði og hvert hálmstráið á fætur öðru tínt til. (Forseti hringir.)

Umsagnaraðilar töldu að skammur tími væri til stefnu en þeir lögðust fæstir (Forseti hringir.) efnislega gegn þessum ákvæðum sem nú eru lögð hér fram.

(**Forseti** (RR)**:** Forseti vill minna hv. þingmenn á að beina máli sínu til forseta en ekki til einstakra þingmanna í salnum.)

[17:25]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmanni finnst eðlilegt að sett sé í stjórnarskrána ákvæði um náttúruauðlindir í eigu þjóðarinnar. Segjum að þetta stjórnlagaþing, sem hann hyggst setja í gang, og flestir vilja nú, komist að annarri niðurstöðu, hafi bara ekki þessa skoðun hv. þingmanns og ætli sér ekkert að setja þetta ákvæði í stjórnarskrána. Hvers vegna í ósköpunum er verið að breyta því núna og svo er það tekið aftur út? Af hverju er verið að grípa fram fyrir hendurnar á stjórnlagaþinginu? Ætla menn ekkert að halda stjórnlagaþing? Getur það verið að það sé í bakhöndina, að það sé ekki meiningin að hafa neitt stjórnlagaþing?

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Hann starfar núna á stjórnlagaþingi og ég reikna með að allir þingmenn hér starfi á stjórnlagaþingi og ég reikna með að hver einasti þingmaður tali í þessu máli af því að þeir eru á stjórnlagaþingi. Það verða auðvitað tvö stjórnlagaþing samtímis til staðar í landinu. (Gripið fram í.) Jú, það verða tvö stjórnlagaþing starfandi hvort við hliðina á öðru þennan tíma. (Gripið fram í.) Nei, bæði verða — Alþingi er stjórnlagaþing (Gripið fram í.) og getur breytt stjórnarskránni hvenær sem er. Og það gæti verið að þegar búið er að breyta 79. gr. afnemi Alþingi seinna stjórnlagaþingið — þetta nýja. Það gæti gert það og borið það undir þjóðina. Svo gæti líka gerst að nýja stjórnlagaþingið ákveði að afnema Alþingi og bæri það undir þjóðina.

Hvað eru menn eiginlega að gera? Það eru komnir tveir aðilar sem geta breytt stjórnarskránni, hlið við hlið. (Gripið fram í.) Þetta er hárrétt hjá mér. Við erum ekkert að afsala okkur stjórnlagavaldinu með því að setja á fót þetta stjórnlagaþing. Hvort um sig getur afnumið hitt. (Gripið fram í.) Jú. (**Gripið fram í:** Nei.) Vissulega. Nýja stjórnlagaþingið getur breytt 79. gr. og gamla Alþingi, sem er búið að starfa frá 930, og við erum búin að sverja eið að, samkvæmt stjórnarskrá þess, það getur sett í stjórnarskrá nýtt ákvæði sem tekur úr gildi þetta bráðabirgðaákvæði um nýtt stjórnlagaþing.

[17:27]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel fullkomlega eðlilegt að setja inn náttúruauðlindaákvæði í stjórnarskrána vegna þess að efnislega eru allir flokkar sammála því. Allir flokkar eru sammála því, ef ég tek það fram, að fiskveiðiauðlindin verði ekki einkaeign. Þar gildi nýtingarréttur en ekki beinn einkaeignarréttur.

Ef stjórnlagaþingið kemst að annarri niðurstöðu, þá það, en þetta er eitt hálmstráið í viðbót. Ef stjórnlagaþingið ætlar að afnema Alþingi eða hafa einn þingmann — hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal ekki meiri trú á þjóðinni og þeim mannauði sem í henni býr og sérfræðingum í stjórnlagaskipan? Hefur hv. þm. Pétur Blöndal ekki lesið það upplegg sem stjórnlagaþingi er sett varðandi þá efnisþætti sem það á að fjalla um? Við ætlum að byggja á lýðræði, þrískiptingu ríkisvalds. Ætlar hv. þm. Pétur H. Blöndal stjórnlagaþingi að ganga þvert á það og afnema þingræði og lýðræði? Hvers konar þjóð heldur hv. þingmaður að hann eigi við? Þekkir hann ekki þjóð sína? Treystir hann ekki þjóð sinni?

[17:29]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég var að benda á að það yrðu tvö stjórnlagaþing starfandi samtímis. Alþingi Íslendinga er ekkert að afsala sér heimild til að breyta stjórnarskránni með frumvarpinu, alls ekki, og nýja þingið hefur heimild til þess að breyta stjórnarskránni, (**Gripið fram í:** Nei.) sem verður borið undir Alþingi en Alþingi hefur ekkert um það að segja, ekki samkvæmt nýjustu útgáfunni.

Þó að hv. þingmaður, og kannski flestir flokkar í landinu, sé hlynntur því að setja inn eitthvert nýtt ákvæði um

auðlindir getur verið að nýja stjórnlagaþingið — ekki veit ég hvað því dettur í hug — vilji ekkert hafa þetta í stjórnarskránni. Þá þurfa þeir að fara að taka til baka breytingar sem hv. þingmaður er að leggja til. Þetta finnst mér vera rökleysa. Ef menn ætla að hafa nýtt stjórnlagaþing þá á ekki að vera að breyta stjórnarskránni rétt áður, bæði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu og eins varðandi þetta ákvæði um þjóðareignina.

Það eina sem þarf að breyta rökfræðilega er 79. gr. og svo þarf þetta að sjálfsögðu að vera ráðgefandi þing en má ekki geta breytt stjórnarskránni einhliða.

[17:30]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins leita víða fanga í andmælum sínum. Rökin sum eru alveg úti við sjóndeildarhring og fela í sér miklar hártoganir að mínu mati. (Gripið fram í.) Það er leitað og leitað að einhverju sem getur gengið gegn þessu með hártogunum. (Gripið fram í.)

Hér er verið að samþykkja bráðabirgðaákvæði um hlutverk stjórnlagaþings. Þetta ákvæði þarfnast síðan samþykktar nýs þings þegar það kemur saman eftir kosningar. Það verða ekki tvö stjórnlagaþing starfandi (Gripið fram í.) samtímis eftir það, hv. þm. Pétur H. Blöndal.

[17:31]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér mislíkaði þegar hv. þm. hélt því fram að ég hefði stundað málþóf í gær þegar ég talaði um hugðarefni mín í 20 mínútur en ég ætla ekki að elta ólar við hv. þingmann um það.

Ég hjó eftir því að hv. þm. Atli Gíslason hélt því fram að orðin „náttúruauðlindir í þjóðareigu“ væru skýr og inntak þeirra orða væri skýrt. Ég veit að hv. þingmaður er ekki bara alþingismaður, hann er líka hæstaréttarlögmaður og ég geri ráð fyrir því að hann hafi fylgst með umræðu um hugtakið „þjóðareign“ sem verið hefur á síðustu tíu árum. Það hafa verið gefnar út bækur um þessi mál.

Ég hef lesið þær umsagnir sem borist hafa þinginu þar sem því er haldið fram, m.a. af Sigurði Líndal prófessor í lögfræði, að merking þessara orða og hugtaka sé óljós og taka fleiri undir þessi sjónarmið. Ég velti því fyrir mér hvernig hv. þingmaður getur faglega staðið undir þeim yfirlýsingum sem hann gaf í ræðu sinni og hvort hann er virkilega þeirrar skoðunar að hugtakið „þjóðareign“ í skilningi þessa frumvarps sé svo skýrt að inntak þess sé hafið yfir allan vafa, eins og hér hefur verið haldið fram.

Hv. þingmaður hefur verið talsmaður þess að verkferlar hér á Alþingi séu faglegir og að hér séu viðhöfð vönduð og gegnsæ vinnubrögð, ekki síst lýðræðisleg vinnubrögð. Ef við skoðum þær umsagnir sem liggja fyrir í þessum málum vara nánast allir umsagnaraðilar við því að stjórnarskránni sé breytt með þeim hætti sem hv. þingmaður leggur hér til. Ég hlýt að spyrja hann í ljósi þeirra orða sem fram koma í þessum umsögnum, fyrir utan umsögn BSRB, (Forseti hringir.) hvort hann telji verjanlegt og eðlilegt gagnvart stjórnarskránni að henni sé breytt (Forseti hringir.) með þeim hætti sem þingmaðurinn leggur til.

[17:33]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, já, ég tel það verjandi, enda stend ég að þessu meirihlutaáliti.

Að því er varðar málþófið í gærkvöldi um kvikmyndastuðninginn komu hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins í ræðustól hver á fætur öðrum og margsinnis sumir hverjir til þess eins að styðja stjórnarfrumvarp. Ég hef aldrei orðið vitni að því áður. Ég hélt að það væri 1. apríl-gabb þangað til komið var fram yfir miðnætti.

Inntakið í „þjóðareign“ er algjörlega skýrt í mínu augum, það vil ég taka fram. Ég ber mikla virðingu fyrir Björgu Thorarensen prófessor sem var í ráðgjafarnefndinni, sem skýrði fullkomlega fyrir mér það sem ég taldi mig vita áður um það inntak. Ég velkist ekki í neinum vafa um það inntak fremur en Geir H. Haarde, fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, og Jón Sigurðsson, fyrrverandi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, þegar þeir lögðu fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga á þinginu 2006–2007 um að náttúrauðlindir Íslands skyldu vera þjóðareign. Svo orðaðist það þannig að gætt yrði réttinda einstaklinga samkvæmt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Það velkist ekki fyrir mér og ég hef engar áhyggjur af því. Með þeirri þjóðareign er hvergi vegið að réttindum einstaklinga, einstaklingsfrelsi eða eignarréttarhugtökum sem stjórnarskráin byggir á.

[17:35]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég sat í sérnefnd um stjórnarskrármál þegar það frumvarp sem hv. þingmaður vísaði til var til meðferðar á Alþingi árið 2007. Þar var verið að fjalla um hugtakið þjóðareign á náttúruauðlindum. Ég get upplýst hv. þingmann um að þar kom hver lögfræðingurinn og sérfræðingurinn á fætur öðrum inn í nefndina og það var hver höndin upp á móti annarri varðandi túlkun á þessu ákvæði. Það sama segir í þeim umsögnum sem hér koma fram.

Ég velti því fyrir mér hvernig í ósköpunum hv. þingmaður, sem er hæstaréttarlögmaður og veit hvaða virðingu dómstólarnir og aðrar lykilstofnanir bera fyrir stjórnarskrá Íslands, getur varið það þegar það liggur fyrir að allir umsagnaraðilar fyrir utan BSRB, sem Ögmundur Jónasson hæstv. heilbrigðisráðherra og flokksbróðir hv. þingmanns er formaður fyrir, vara mjög við því að menn gangi svona hratt um gleðinnar dyr við breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins, (Forseti hringir.) grundvallarlögum íslenskrar stjórnskipunar. Ég trúi því ekki (Forseti hringir.) að hv. þingmaður sé virkilega þessarar skoðunar, ekki síst í ljósi þess hvernig hann hefur talað um verklag (Forseti hringir.) hér á þingi í fyrri ræðum í öðrum málum.

(**Forseti** (RR): Ég bið hv. þingmenn að virða þann tíma sem þeir hafa.)

[17:37]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hugtakið þjóðareign og náttúruauðlindir o.fl. er margyfirfarið í auðlindanefnd af fræðimönnum og öðrum. Hér er ekki verið að breyta stöðu eignarréttar sem hann hefur samkvæmt stjórnarskránni.

Umsagnaraðilar deildu ekki á þetta ákvæði. Flestir um-

sagnaraðilar deildu á skamman undirbúning og meðferð málsins en efnisatriðin, nei. (Gripið fram í.) — Nei. Og hinn skammi (Gripið fram í.) undirbúningur að auðlindaákvæðinu, (Gripið fram í.) umræðan um það, (Gripið fram í.) hefur staðið samfellt í nánast (Gripið fram í.) tíu ár. Skrifaðar hafa verið ítarlegar skýrslur, (Gripið fram í.) fræðimenn þjóðarinnar hafa allir tekið þátt í þeirri umræðu og við erum bara komin á enda, nú er bara að segja já eða nei: Vilja sjálfstæðismenn að fiskurinn í sjónum verði einkaeign fáeinna útvalinna aðila? (Gripið fram í.)

[17:38]

Útbýting:

EES-samningurinn, 205. mál, svar forsrh., þskj. 896.

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, 404. mál, svar fél.- og trmrh., þskj. 898.

Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda á Reykjanesi, 316. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 899.

[17:38]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Við erum tekin til við 2. umr. um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins eftir að hafa setið marga fundi um málið, sérstaklega í nefnd sem sett var á laggirnar til að fjalla um stjórnskipunarmál og það frumvarp sem kom inn í þing, flutt af fjórum stjórnmálaflokkum. Það mál hefur mikið verið rætt og er svo sem alveg skýrt hvernig áherslur liggja í því.

Ég tel að um 1. gr. ríki ekki mikill efnislegur ágreiningur. Hún er orðuð eins og verið hefur að meginhluta til í allri umfjöllun sem ég hef fylgst með síðastliðin ár, alveg frá því að auðlindanefndin fjallaði um þetta mál á sínum tíma. Ég vil hins vegar taka fram að Frjálslyndi flokkurinn átti ekki aðild að auðlindanefnd og kom ekki að því máli þegar það var afgreitt þaðan. En ég tók þátt í störfum stjórnarskrárnefndar á árunum 2005–2007 og þar var þetta atriði talsvert rætt. Það er auðvitað rétt sem komið hefur fram í ræðum manna að auðlindaákvæði hefur verið í stjórnarsáttmálum ríkisstjórna og forustumenn í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks lögðu fram tillögu á þingi einmitt um þetta atriði, auðlindir í þjóðareign. Sú umræða er orðin nokkuð löng og er hægt að teygja hana og toga í allar áttir en ég held að það sé hægt að tala um þetta í tiltölulega einföldu máli.

Málið snýst um hvernig tryggja á að að þjóðin eigi auðlindir sínar í framtíðinni en þeir sem þær vilja nýta hafi aðgangsrétt að auðlindinni og geti fengið hann eftir þeim reglum sem þjóðfélagið setur á hverjum tíma, hvort sem það er með lögum eða öðrum reglum eins og heimilt er samkvæmt lagabókstafnum, þ.e. settar eru reglur um hvernig nýta beri auðlindirnar, hverjir nýti þær o.s.frv. Það er hins vegar búið að vera mikið deilumál að því er varðar fiskinn í sjónum og sýnist sitt hverjum um það hvernig það skuli skipað en ég held að öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi, þar með talið Frjálslynda flokknum, sé það algjörlega ljóst að menn þurfa að hafa nýtingarrétt til þess að gera út til fiskveiða. Og þrátt fyrir að við höfum talað í mörg ár fyrir verulegum breytingum á fiskveiðistjórninni höfum við aldrei talað fyrir því að útgerðarmenn geti ekki gert út til fiskveiða og eigi ekki rétt til þess. Það þarf að hafa einhverjar reglur um það.

Ég hef leyft mér að segja að útgerðarmenn þurfi að vita hvaða nýtingarrétt þeir hafa, hvað svo sem kerfið heitir á hverjum tíma, hvort sem það er kvótakerfi með aflahlutdeild, dagakerfi, sóknarkerfi eða tímabilakerfi þar sem menn gera út skip í ákveðinn tíma. Til að útskýra það nánar er tímabilakerfi án kvótasetningar, t.d. grásleppuveiðar sem stundaðar eru í ákveðinn tíma, það voru 50 dagar en hæstv. sjávarútvegsráðherra lengdi tímabilið núna í 55 daga. Þar er enginn kvóti en það eru tímabil og þau eru misjafnlega löng. Menn hafa val um tímabilið, hvenær þeir hefja veiðarnar, en þegar þær eru hafnar ber að ljúka þeim eftir 55 daga.

Ég hugsa að miðað við hvernig tilskipanir okkar og lög um fiskveiðar í íslenskri landhelgi eru í dag, megi segja að fyrirkomulag grásleppuveiðanna sé sennilega það mannlegasta sem í boði er. Útgerðarmenn grásleppubáta vita að þeir hafa nýtingarrétt, þeir vita að þeir geta gert út til grásleppuveiða vítt og breitt í kringum landið á ákveðnum dögum eða ákveðnu tímabili, en þeir ráða því sjálfir hvenær þeir hefja veiðina innan ákveðins tíma. Þegar þeir hafa hafið veiðarnar ber þeim hins vegar að ljúka þeim eftir ákveðinn dagafjölda sem voru 50 en verða núna 55. Þar er enginn magnkvóti og þar af leiðandi losnum við við þá ljótu erfiðleika sem fylgja magnkvótum, þar er ekkert val, menn velja þá ekki úr aflanum vegna þess að hann er bundinn í kílóum. Þetta er sú aðferð sem er tímabilabundin fiskveiðistjórn án þess að hámarksafli sé takmarkaður. Ég endurtek að eins og nú er komið í stjórn fiskveiða á Íslandi er þessi leið sennilega sú mannlegasta og besta fyrir náttúruna og náttúrunýtinguna sem í boði er, að því er varðar nýtingu á grásleppunni því að mönnum eru ekki settar neinar skorður í kílóum og þurfa þar af leiðandi ekki að henda hluta af grásleppuaflanum.

Síðan eru alls konar aðrar veiðar eins og við vitum. Það eru síldveiðar með kvótum og tímabilum og síðan eru auðvitað veiðar eins og loðnuveiðarnar sem eru yfirleitt tímabundnar miðað við hegðun loðnunnar og algerlega háðar því að mönnum takist að mæla eitthvert ákveðið magn í sjónum. Hafrannsóknaskipin mæla það og mönnum er leyft að halda til veiða ef metið er að magnið sem þurfi til að viðhalda stofninum sé nægilega mikið. Það má segja að þetta gildi kannski frekar um uppsjávarfiskana en hina almennu botnfiskstofna, svo maður skýri það nú aðeins.

Þannig að viðhorfin til þeirrar náttúrunýtingar að nýta auðlindir sjávar eru auðvitað misjöfn og mismunandi og aðferðirnar eru misjafnar eftir því hvaða fisktegund er um að ræða og hvernig veiðunum er hagað. Mönnum er t.d. ekki alveg sama um það á nótaveiðum hvort aflinn er tekinn með nót eða hvort hann er tekinn með togveiðarfærum. Um það hafa verið verulegar deilur t.d. að því er varðar nýtingu á síldarstofnum, eins og menn vita. Margir skipstjórnarmenn halda því fram að togveiðar á síld séu ekki besta nýtingaraðferðin sem viðgengist getur vegna þess að togveiðar valdi spjöllum á síldarstofninum og áhrifum sem teljast neikvæð.

Breytileikinn er sem sagt mikill, hæstv. forseti, en öllum er þó skipað með þeim hætti að menn hafa einhvers konar nýtingarrétt eftir hvaða aðferð sem sett er fram um það hvernig menn nýta þessa náttúruauðlind. Hér erum við að

segja og ítreka að þjóðin eigi náttúruauðlindirnar. Náttúruauðlindirnar séu þjóðareign en nýtingunni skuli skipað með ákveðnum hætti og það sé þá bundið í lögum á hverjum tíma og við þekkjum jú lög um stjórn fiskveiða sem kveða á um að fiskurinn í sjónum sé sameign íslensku þjóðarinnar og notkun á honum myndi ekki varanlegan eignarrétt o.s.frv.

Þetta vildi ég taka fram, hæstv. forseti, og tel að þetta ákvæði styrki stöðu þess að náttúruauðlindir í sjónum séu líka eign þjóðarinnar, en þær megi vissulega nýta.

En í þessu ákvæði sem fært er yfir í 1. mgr. og er í tillögum meiri hlutans stendur að náttúruauðlindir í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi. Það er sem sagt verið að skilgreina það í stjórnarskránni að nýtingarréttur á náttúruauðlindum sé til staðar en ekki afhending til varanlegrar eignar eða sölu. Þannig að ég tel að við séum að gera þessi ákvæði skýrari en eftir stendur auðvitað að þeir sem starfa í atvinnugreininni þurfa að vita hvernig þeir megi gera út.

Ég hef farið yfir nokkur dæmi í því sambandi, hæstv. forseti, til að skýra það að nýtingarrétturinn getur verið mjög breytilegur eftir því hvaða aðferð er notuð við að úthluta honum. Þannig að hann er ekki bara einn og sér einhver prósenta af viðkomandi stofni í hafinu o.s.frv. Margar aðrar aðferðir eru notaðar og margar betri að mínu mati en það að láta menn hafa ákveðna hlutdeild, sem þýðir að menn veiða eftir kílóum og velja fisk eftir kílóum vegna þess að þar er verðið og peningurinn.

Ég ætla að láta þetta nægja um 1. gr., hæstv. forseti. Ég tel að um hana sé í raun og veru ekki efnislegur ágreiningur en mönnum sem vilja vera á móti tekst náttúrlega að halda uppi ágreiningi um allt. Við sem flytjum þetta mál erum alveg klár á því og skiljum það eins og það hefur þróast á þeim ellefu fundum sem við höfum haldið um þessi mál í nefndinni. Þannig er það.

Um 2. gr. ætla ég ekki að hafa langt mál. Ég tel að um hana ríki sátt, þ.e. að þjóðin skuli vera stjórnarskrárgjafinn og greiða atkvæði um stjórnarskrárbreytingar og samþykkja þær eða fella eftir atvikum og það verði gert í sérstökum atkvæðagreiðslum en ekki þvælt við alþingiskosningar eins og verið hefur þannig að menn hafa nú stundum ekki vitað hvað þeir voru sérstaklega að samþykkja um stjórnarskrána. Það hafa kannski verið svo heit pólitísk mál að menn hafa algerlega drukknað í stjórnarskrárumræðunni og bara gleymt henni þegar hitinn hefur verið mestur í pólitísku umræðunni.

Þannig að ég tel að mjög gott sé að gera það sem hér er lagt til að þjóðin verði stjórnarskrárgjafinn og greiði atkvæði um stjórnarskrárbreytingar beint og afgreiði þær með synjun eða samþykki. Um það held ég að sé ekki ágreiningur eða alla vega þá grein sem menn hafa tjáð sig sammála um.

3. gr. kveður hins vegar á um að þjóðin fái aukið lýðræði og aukin völd frá því sem verið hefur. Það verði sem sagt fært í vilja þjóðarinnar eftir ákveðnum leikreglum, sem vissulega er búið að gera dálítið stífar í þessari útfærslu á 3. gr., að þjóðin geti krafist þess með undirskriftasöfnun að atkvæðagreiðsla fari fram um ákveðin atriði. Ef svo fer að ákveðinn fjöldi manna tekur þátt í þeirri atkvæðagreiðslu, meira en 25% kosningarbærra manna, og samþykki það verði slíkt fullmarkandi til breytinga en hins vegar þyrfti að móta málsmeðferð að því er varðar kröfu kjósenda þannig að alveg ljóst sé hvað kjósandinn er að kjósa um og geti kosið já eða nei og Alþingi kemur auðvitað að því.

Þetta ákvæði verður ekki að veruleika og verður ekki í virkni nema því aðeins að menn skrifi undir slíka kröfu, ekki bara á bensínstöðvum eða í tölvupósti, heldur skrifi raunverulega undir slíka kröfu að mál skuli ganga til þjóðaratkvæðis með sannarlegum og öruggum hætti með því að mæta hjá sýslumanni, með því að mæta á bæjarskrifstofu og/eða að mæta á lögreglustöð einhvers staðar þar sem listinn liggur frammi og sannreynt er að viðkomandi maður er sá sem kemur og skrifar undir og sýnir persónuskilríki sín og það sé staðfest. Það séu þá starfsmenn íslenska ríkisins í þessu tilfelli lögreglumenn, lögreglustjórar, sýslumenn eða starfsmenn sýsluskrifstofa eða þess vegna á bæjarskrifstofum þar sem líka eru starfsmenn fólksins í viðkomandi bæjarfélagi.

Þetta held ég að ætti að vera nægilega tryggt, hæstv. forseti, til að gera það að verkum að raunverulegan vilja þurfi hjá þjóðinni til að ná fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðin meini það að hún vilji fá að taka afstöðu til ákveðinna mála. Ég sé það alla vega ekki fyrir mér að ekki þurfi að hafa dálítið fyrir því að fá mikinn fjölda fólks til að skrifa undir það að mál skuli ganga til þjóðarinnar. Í þessu sambandi erum við að tala um 15% kosningarbærra mann og það þýðir að gerð er krafa til þess að um það bil 30.000 manns skrifi undir slíkt skjal.

Ég geri alla vega ráð fyrir því, hæstv. forseti, að menn fái nú ekki 30.000 manns á Íslandi til að mæta á sýsluskrifstofur, lögreglustöðvar eða hjá bæjaryfirvöldum eða borgaryfirvöldum til að skrifa undir ákveðið skjal og sýna þar skilríki sín öðruvísi en á bak við búi mikill vilji meðal þjóðarinnar og ásetningur um að þjóðin fái að taka afstöðu. Ég lít svo á að 15 af hundraði séu algerlega nægjanlegt hlutfall til að tryggja að þegar svo er í pottinn búið sé full meining á bak við og mikill vilji meðal þjóðarinnar eins og ég hef lýst að því er varðar undirskriftirnar. Þannig að ég lít svo á að hér séum við að tala um að þjóðin vilji alveg sérstaklega fá að taka afstöðu til ákveðinna mála.

Hins vegar er takmarkað hvað þjóðin getur fengið að gera og það er talið upp hér eins og fjárlög og fjáraukalög og fleiri atriði og skattalög sem ekki er talið að þjóðin eigi að geta breytt enda eru það málefni sem menn fjalla um og varða miklu um rekstur ríkisins og afkomu innan hvers árs o.s.frv. og jafnvel um lengri tíma, hæstv. forseti. Þannig að ég tel að búið sé að búa um þetta með nokkuð tryggilegum hætti og sem sagt orðið ásættanlegt hvernig þetta er skrifað hér í tillögur að lagatexta sem væntanlega verður að lokum staðfestur og settur í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins.

Þá erum við í raun og veru komin að 4. gr. en ég ætla hins vegar að segja það, hæstv. forseti, að mér er kunnugt um það að sjálfstæðismenn hafa miklar athugasemdir við þessa 3. gr. Það hefur komið fram í málflutningi þeirra. En mér finnst það hins vegar nokkuð napurt gagnvart þjóðinni að geta ekki fallist á það að verulegur fjöldi Íslendinga sem leggur það á sig að skrifa á sérstakt blað og fara sérstaka ferð til þess geti ekki fengið að greiða atkvæði eða þjóðin

geti ekki fengið að greiða atkvæði um mál sem mönnum finnst mjög miklu skipta.

Ef svo er að aðeins þessi 30.000 vilja þetta nær málið ekki samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það þurfa að vera töluvert fleiri vegna þess að það er samþykkt eða lagt til að 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá samþykki málið. Þannig að miklar girðingar eru að mínu viti settar fyrir þessu en allt að einu er verið að opna dyr fyrir almenning svo hann geti orðið virkur þátttakandi í því að taka afstöðu til ákveðinna laga, ákveðinna málefna sem honum finnst miklu skipta.

Ég verð að segja alveg eins og er að mig undrar það að menn skuli vera á móti þessu í útfærslunni. Það væri þá betra að menn kæmu þá bara með tillögur til breytinga. En mér finnst fara illa á því að vera á móti því að íslenska þjóðin skuli fá að fjalla um málið. Mér finnst það mjög miður að menn skuli hafa þá skoðun.

Síðan er það stjórnlagaþingið, hæstv. forseti, þar er lagt til að þjóðin fái að koma að því að semja nýja stjórnarskrá, taka fyrir umfjöllun stjórnarskrárinnar og því verði fundinn farvegur og í það verði sett sérstök lög o.s.frv. og í raun og veru væri bundið í lög hvernig með eigi að fara. Þar er einnig skilyrt að málið gangi til Alþingis og geri Alþingi athugasemd til stjórnlagaþingsins skal samþykkja það með tveimur þriðju atkvæða á stjórnlagaþingi áður en það gengur til þjóðarinnar. Þannig að ýmsar girðingar eru settar í þessu máli, hæstv. forseti.

En auðvitað kann það að vera að við nánari útfærslu þegar menn fara að setja lögin i kringum þetta sjái menn einhverjar aðrar betri útfærslur til að fylgja eftir að því er varðar lög um stjórnlagaþing og starfshætti þess. En ég held að eins og þetta er í pottinn búið séu þarna talsvert miklar girðingar og þröskuldar, hæstv. forseti.

Mér er ljóst að sjálfstæðismenn eru andvígir stjórnlagaþinginu, eins og það er sett upp hér og þannig liggur það mál. Ekki hefur verið leyst úr því á þeim ellefu fundum sem við höfum átt í stjórnlaganefndinni um það og við sitjum uppi með það, hæstv. forseti, að um þetta mál er ágreiningur. Ég held að hann sé lítill, eins og ég hef farið yfir í máli mínu, um 1. og 2. gr. en talsverður um 3. gr. þótt ég verði að lýsa undrun minni á því að menn skuli vera á móti því að þjóðin fái að koma að þessum málum og vel kann að vera að menn þurfi að ræða betur einhver útfærsluatriði að því er varðar 4. gr. Og nú er búið að færa útfærsluna á því að talsverðu leyti inn í lagabálk þótt hér séu skrifaðar ákveðnar meginreglur.

[18:00]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Ég vildi gjarnan spyrja: Ef þessi breyting verður samþykkt mun Alþingi samkvæmt 80. gr. geta breytt stjórnarskrá eftir sem áður. Hvenær sem er. Hið nýja stjórnlagaþing getur líka breytt stjórnarskrá. Segjum að þetta stangist á. Segjum að sett verði tvö stjórnlagaþing sem breyta stjórnarskránni og segjum að það stangist á. Hvernig sér hv. þingmaður fyrir sér lausnina á því? Segjum að Alþingi samþykki að leggja stjórnlagaþingið niður og þjóðin samþykki það. Er þá stjórnlagaþingið farið?

Ég spyr hv. þingmann: Það eru þarna þrjár greinar sem fjalla í fyrsta lagi um náttúruauðlindir og í öðru lagi um kosningar, þjóðaratkvæðagreiðslur. Segjum að stjórnlagaþingið, sem ég býst við að hv. þingmaður ætli sér að setja í gang, komist að því að þetta eigi að vera öðruvísi. Segjum að kvótakóngar komist allir á stjórnlagaþingið og þeir ákveði að hafa þetta öðruvísi. Af hverju er verið að breyta þessu áður en stjórnlagaþingið tekur til starfa? Hvað er á bak við það? Er verið að taka fram fyrir hendurnar á því? Treysta menn ekki stjórnlagaþinginu, þessu nýja? Af hverju getur stjórnlagaþingið nýja ekki tekið á þessu með þjóðaratkvæðagreiðslurnar? Er það ekki eðlilegt? Og þeir kannski vilja hafa þetta 10% í staðinn fyrir 15%, sem hér er lagt til, sem mörk. Hvers vegna er verið að taka fram fyrir hendurnar á stjórnlagaþinginu? Ætla menn ekkert að halda það? Getur verið að það sé grunnurinn á bak við þetta að menn ætli sér ekkert að setja þetta stjórnlagaþing í gang?

[18:02]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Varðandi fyrri spurninguna, um það að Alþingi muni taka fram fyrir hendurnar á stjórnlagaþinginu og það verði tvö stjórnlagaþing — það kann að vera fræðilegur möguleiki að þetta sé rétt hjá hv. þingmanni, en raunverulegur möguleiki felst eingöngu í því að Sjálfstæðisflokkurinn yrði með meiri hluta eftir næstu kosningar. Þá teldi ég hættu á því að menn notuðu þetta vald. Að öðru leyti tel ég að ekki sé hætta á því og þjóðin eigi það víst að geta fjallað um sín mál og komist að niðurstöðu.

Hitt atriðið, um það að svo geti farið að kvótakóngum — sem enn eiga eitthvað eftir af peningum, sem þeir hafa ekki látið í bankann og tapað þar, eða farið með í útrásarvíking og tapað þar — muni takast, fyrir sakir fjármuna sinna, sem þeir hafa fengið gefins frá íslensku þjóðinni á undanförnum árum, að sitja allir á kvótaþingi, en þá er ég alveg viss um að þjóðin mun kolfella slíka tillögu frá kvótakóngunum.

[18:04]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þá kemur þessi athyglisverði þáttur inn. Þá gæti vel verið að Alþingi mundi vilja leggja nýja stjórnlagaþingið af ef sú yrði niðurstaðan. Þá ætla ég að spyrja næstu spurningar. Í breytingartillögunum segir, með leyfi frú forseta:

„Um kjörgengi og kosningu á þingið og skipulag þess skal mælt fyrir í sérstökum lögum þar sem m.a. verði settar reglur til að jafna sem mest hlutföll á milli kynjanna í hópi þingfulltrúa.“

Hvernig sér hv. þingmaður yfirleitt fyrir sér reglurnar um kjörgengi og kosningar til stjórnlagaþingsins? Hvernig verða kosningarnar? Verða það flokkar sem bjóða fram? Listar? Einstaklingar? Verða 10.000 einstaklingar þarna í boði? Munu allir fulltrúar á landsfundi Sjálfstæðisflokksins geta verið þarna í framboði? (Gripið fram í.) Eða allir hjá Framsókn? Gætu þeir allir verið í framboði? Hvernig sjá menn þessar kosningar fyrir sér?

Ekki er orð um þetta í greinargerðinni. Ég fann það alla vega ekki. Strax eftir tíu vikur, þegar búið er að setja saman

nýja stjórn, kemur þing saman aftur og þá á það að setja reglur um þetta í einum hvelli. Hvernig sér hv. þingmaður það fyrir sér? Hverjir verða í framboði? Hvernig ætla menn að setja þetta upp? Verða það flokkarnir sem bjóða fram? Verða það kvótakóngar sem bjóða fram? Eða hvernig sér hann þetta fyrir sér? (**GAK:** Ekki kvótakóngar.)

[18:05]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hæstv. forseta og mér, og ég held örugglega flestum þingmönnum, er það algerlega ljóst að þjóðin er samansett af hópum fólks með mjög ólíkar skoðanir. Fólk safnast í alls konar félög, líknarfélög, bridgefélög, pókerfélög — er það ekki það nýjasta? — og vinnur að alls konar málefnum og hefur alls konar áherslur. Sumir mynda sterk samtök um hagsmuni sína alveg eins og kvótakóngarnir, mjög sterk samtök um hagsmuni sína. Ég heyrði af ályktun Sjálfstæðisflokksins á síðasta fundi að hann er alveg eindregið á því að vernda þá hagsmuni, standa með þeim, tryggja þá.

Það er algerlega ljóst, hæstv. forseti, að það verða mjög fjölbreyttir hópar sem munu sækjast eftir því að komast inn á stjórnlagaþing. Það verður sem sagt blanda af þjóðinni. Það er reyndar alveg eins og þegar við erum í annarri kosningabaráttu að það verður væntanlega blanda af þjóðinni, af ýmsum fulltrúum, sem bjóða sig fram og ef svo verður í framtíðinni, sem ég vona, að menn geti boðið fram óraðaða lista, verður enn meiri blöndun af þjóðinni og það er gott.

[18:07]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F):

Hæstv. forseti. Þetta er áhugaverð umræða sem hér fer fram um mikilvægt mál. Eins og komið hefur fram mælti ég hér fyrir nefndaráliti meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál. Því miður náðist ekki samstaða um það mikilvæga mál í hv. nefnd og mér dettur í hug að aldrei hafi staðið til af hálfu minni hlutans, eða hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins, að nálgast meiri hlutann í málinu. Mér fannst samstarfsviljinn ekki vera nægjanlega mikill í nefndinni og það voru miklar þagnir þegar orðið var gefið laust um málið, og ekki komu fram nein skýr skilaboð til meiri hlutans um það hvert minni hlutinn vildi fara.

Meiri hlutinn er skipaður fulltrúum fjögurra stjórnmálaflokka og ég leyfi mér að segja fjögurra ólíkra stjórnmálaflokka. Það að fimmti flokkurinn sem á fulltrúa á Alþingi Íslendinga skyldi ekki hafa meiri vilja til þess að standa að afgreiðslu málsins á sér eflaust ýmsar skýringar en ég efast um, eftir það sem þegar hefur komið í ljós í umræðunni, að þær muni allar koma fram í þessari umræðu.

Ég ætla að koma inn á nokkur af þeim atriðum sem ég tel að sjálfstæðismenn hafi lagt því til grundvallar að geta ekki stutt frumvarpið og heldur ekki í þeirri mynd sem það var í lokin þegar breytingartillögur höfðu komið fram. Þá er það í fyrsta lagi það að ekki eigi að breyta stjórnarskránni án samstöðu á milli stjórnmálaflokkanna. Þá er kannski eðlilegt að spurt sé á móti hvort það sé þá eðlilegt að einn stjórnmálaflokkur á Alþingi geti að einhverju leyti tekið stjórnarskrána í gíslingu og hafnað öllum breytingum, eða réttara sagt hafnað þeim breytingum sem þeim eru ekki að skapi. Einmitt þetta atriði gerir það, að mínu mati, algjörlega nauðsynlegt að kjósa til stjórnlagaþings þar sem þjóðin sjálf vinnur að heildarendurskoðun á þeirri stjórnarskrá sem samþykkt var við lýðveldisstofnun og er að stofni til stjórnarskrá Dana.

Eftir lýðveldisstofnunina var þjóðinni lofað að hún fengi nýja stjórnarskrá en þrátt fyrir tilraunir sem gerðar hafa verið af hálfu Alþingis með ákveðnu millibili allan þann tíma sem liðinn er frá árinu 1944 hefur ekki tekist á hinu háa Alþingi að ná samkomulagi um heildarendurskoðun á stjórnarskránni.

Þess má geta að þegar einstaka greinum stjórnarskrárinnar hefur verið breytt á síðustu 50 árum hefur það nær eingöngu verið þegar Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í forustu íslenskra stjórnmála. Því kann að vera að það eitt að Sjálfstæðisflokkurinn er ekki í forustu fyrir þeirri vinnu sem farið hefur fram á síðustu vikum, við undirbúning og vinnslu frumvarpsins sem hér um ræðir, geti verið næg ástæða til þess að sjálfstæðismenn standa ekki að afgreiðslu málsins. Þeir líta einfaldlega of stórt á sig til þess að geta verið það sem kallað er meðflutningsmenn á máli, þeir þurfa að vera í forustu fyrir málinu.

Hæstv. forseti. Ég segi þetta vegna þess að í meðferð frumvarpsins í sérnefndinni kom ekki fram vilji hjá sjálfstæðismönnum til að ná saman við meiri hlutann nema ef vera skyldi á 11. nefndarfundi, síðasta nefndarfundinum, sem fór fram í hádeginu í gær. Þá kom skyndilega fram sú skoðun að með frekari vinnu í nefndinni væri mögulegt að ná saman í málinu. Í því sambandi vil ég segja að ef sá vilji er enn til staðar og ef sjálfstæðismenn sýna þann vilja í verki í þeirri umræðu sem nú er hafin þá er ekki of seint að setjast niður og skrifa sameiginlegt nefndarálit fyrir 3. umr. Sjálfstæðismenn verða að gera sér grein fyrir því að það samkomulag getur ekki byggst á því að meiri hlutinn gefi allt eftir gagnvart minni hlutanum. Svo vanir eru sjálfstæðismenn því að vera í meiri hluta og svo oft hafa þeir látið þau orð falla hér á hv. Alþingi að meiri hlutinn ráði þegar til kastanna komi að þetta hlýtur að vera þeim algjörlega ljóst.

Nokkuð hefur verið vitnað til Ragnhildar Helgadóttur, prófessors við Háskólann í Reykjavík, í umfjöllun um þetta mál. Ragnhildur átti fund með nefndinni og skilaði umsögn um það. Í máli Ragnhildar kom m.a. fram, þegar hún kom til nefndarinnar, að hún vildi fá flest þessara atriða inn í stjórnarskrána. Hún sagði einnig að vegna eðlis stjórnarskráa hefði hún áhyggjur af ef efnisatriðum yrði breytt án samstöðu. Öðru máli gegndi um þá þætti frumvarpsins sem eru breytingar í þá átt að þjóðin ákveði, eins og hún orðaði það. Þetta þýðir að hún hefur eingöngu áhyggjur af því ef 1. gr. er samþykkt í ágreiningi.

Förum þá aðeins yfir ágreininginn um 1. gr. frumvarpsins, þ.e. svokallaðan ágreining. Fyrsta grein frumvarpsins, eins og frumvarpið var lagt fram, fjallaði í fyrsta lagi um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign, í öðru lagi um að allar náttúruauðlindir beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir, Í þriðja lagi um að náttúruauðlindir í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi, í fjórða lagi um að allir

eigi rétt til umhverfis sem stuðli að heilbrigði, í fimmta lagi um rétt almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það og í sjötta lagi um að almenningur eigi að eiga kost á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið.

Hæstv. forseti. Með þeim breytingartillögum sem meiri hlutinn hefur lagt fram er ekkert eftir af 1. gr. frumvarpsins annað en 1. og 3. liður af því sem ég taldi upp hér áðan, sem sagt tveir liðir af sex. Greinin hljóðar svo núna, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti eru þjóðareign. Ríkið fer með forsjá þeirra, vörslu og ráðstöfunarrétt og hefur eftirlit með nýtingu þeirra í umboði þjóðarinnar eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Náttúruauðlindir í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi.“

Er Sjálfstæðisflokkurinn á móti þessu ákvæði? Nei, hann er ekki á móti þessu ákvæði. Í fyrsta lagi samþykktu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í svokallaðri auðlindanefnd sambærilegt ákvæði árið 2000 og þess má geta að Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, skipaði þá nefnd. Þess má einnig geta að vissulega kom ýmsum á óvart þegar hann skipaði Styrmi Gunnarsson í nefndina og töldu menn að í því fælust ákveðin skilaboð. Styrmir hafði sem ritstjóri Morgunblaðsins skrifað mjög skýrt um það í blað sitt eða blað Sjálfstæðisflokksins að hann vildi að auðlindaákvæði um þjóðareign yrði sett inn í stjórnarskrá og því má segja að Sjálfstæðisflokkurinn hafi með því að skipa hann í auðlindanefndina strax sent út þau skilaboð að hann vildi sættir í því máli, að minnsta kosti sættir innan Sjálfstæðisflokksins, kannski skipti minna máli um þjóðina.

Einnig má minna á að Sjálfstæðisflokkurinn hefur í tvígang átt aðild að stjórnarsáttmálum ríkisstjórna þar sem var ákvæði um að auðlindaákvæði um þjóðareign yrði sett inn í stjórnarskrá. Auk þess lagði fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins Geir H. Haarde fram frumvarp með Jóni Sigurðssyni, fyrrverandi iðnaðarráðherra og formanni Framsóknarflokksins, vorið 2007 þess efnis að auðlindaákvæðið færi inn í stjórnarskrá. Það hefur því verið stefna Sjálfstæðisflokksins að þetta skuli gert. Eða er ekkert að marka Sjálfstæðisflokkinn yfir höfuð? Styður hann ekki eigin frumvörp.

Hæstv. forseti. Samkvæmt þessu styður Sjálfstæðisflokkurinn 1. gr. frumvarpsins eða hefur gert það. Þá erum við komin að 2. gr. Hún snýst um að breyta aðferð við breytingu á stjórnarskrá. Verði 2. gr. frumvarpsins að lögum fara breytingar á stjórnarskrá sem samþykktar hafa verið á Alþingi beint í þjóðaratkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar. Séu breytingarnar samþykktar af meiri hluta þjóðarinnar, en þó minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, öðlast breytingin gildi.

Eins og ég skil sjálfstæðismennina þá eru þeir ekki á móti þessari grein enda stóðu fulltrúar flokksins að samkomulagi í stjórnarskrárnefnd undir forustu Jóns Kristjánssonar, fyrrverandi ráðherra og alþingismanns, um að aðferðafræðinni við breytingar á stjórnarskrá yrði breytt í þessa átt. Þar var vissulega um miklu flóknari aðferð að ræða og fleiri þröskulda.

Ef ég skil talsmann Sjálfstæðisflokksins, sem talaði hér áðan, rétt þá styðja þeir greinina en það kom fyrst skýrt fram hér í andsvari á Alþingi. (Gripið fram í.) Þetta kom aldrei skýrt fram í nefndinni. Það var þá talað í kringum það að 2. gr. væri alveg þess efnis að það mætti skoða hana. En það kom aldrei skýrt fram. Það kannski segir meira en mörg orð um það hve erfitt var að eiga samskipti við fulltrúa minni hlutans í hv. nefnd.

Síðan eru það 3. og 4. gr., sem snúast um að færa ákvörðunarvald til þjóðarinnar og færa þjóðfélagið í lýðræðisátt með aukinni þátttöku fólksins í landinu í sambandi við ákvarðanatöku og einnig að fela þjóðkjörinni samkomu að gera tillögur til þjóðarinnar um nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland.

Eins og hér hefur komið fram hefur Alþingi umsagnarrétt í sambandi við frumvörp sem unnið er að á svokölluðu stjórnlagaþingi og það hefur líka verið gagnrýnt í umsögnum og af hálfu gesta sem komið hafa fyrir nefndina að aðkoma Alþingis hafi verið of mikil eins og frumvarpið var lagt fram. En svo tek ég það fram að ýmsir eru líka þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að hafa þarna meiri aðkomu en það fór minna fyrir slíkum athugasemdum í sambandi við þær umsagnir sem okkur bárust.

Eftir það mikla áfall sem þjóðin hefur orðið fyrir er mikilvægt að einhvers konar nýtt upphaf geti átt sér stað og þó að kosningar séu vissulega mikilvægar í sambandi við alla lýðræðisþróun þarf meira til. Ég leyfi mér að rifja upp að á flokksþingi Framsóknarflokksins sem haldið var í janúar var ályktað að koma skyldi á stjórnlagaþingi og að kjósa skyldi til stjórnlagaþings til að vinna að breytingum á stjórnarskránni þegar Framsóknarflokkurinn í janúarmánuði bauð vinstri flokkunum að verja slíka ríkisstjórn vantrausti gegn því m.a. að kosið yrði 25. apríl næstkomandi — og er það staðreynd og nokkuð sem liggur fyrir að kosið verður þann 25. apríl, eftir liðlega þrjár vikur.

Hins vegar eru margir sem halda því fram að kosningar sem almennt fara fram á fjögurra ára fresti séu ekki nægileg aðkoma almennings að stjórn landsins og að lýðræði þurfi að felast í möguleikum til frekari valda hins óbreytta Íslendings. Með þetta í huga höfum við framsóknarmenn ályktað, eins og ég fór yfir hér áðan, og síðan lögðum við fram frumvarp á Alþingi þess efnis.

Hæstv. forseti. Mig langar í þessu sambandi að vitna í viðtal á kosningavef RÚV við prófessor við Háskóla Íslands, Vilhjálm Árnason heimspeking, sem var spurður að því hvort ekki þyrfti eitthvað miklu meira en kosningar til að breytingar gætu átt sér stað á Íslandi. Þessari spurningu er svarað svo á bloggsíðu Láru Hönnu Einarsdóttur, með leyfi forseta:

„… jú. Það þarf hugarfarsbyltingu, siðferðisbyltingu, miklar atferlisbreytingar hjá almenningi, þingmönnum, í stjórnsýslunni ... ja, bara um allt þjóðfélagið. Það þarf líka miklu meiri samlíðun með náunganum, tillitssemi og viðurkenningu á því, að við búum hér öll saman og rassinn á manni sjálfum er enginn gullrass sem sjálfsagt er að hlaða undir á kostnað annarra. Við myndum samfélag sem þarf nú að endurskoða gildismat sitt frá grunni. Og við þurfum margfalt meira aðhald — ekki síst af hendi fjölmiðla.“

Ég viðurkenni að þetta með gullrassinn er mér dálítið ofarlega í huga núna eftir upplifun síðustu vikna í svokall-

aðri sérnefnd um stjórnarskrá. En hvað er það sem sjálfstæðismenn hafa sérstaklega (Gripið fram í.) á móti stjórnlagaþingi? Hlutverk stjórnarskrár er að setja valdinu mörk. Hlutverk stjórnarskrár er því einnig að setja Alþingi valdmörk. Því er það afar eðlilegur farvegur fyrir þær breytingar sem gera þarf á stjórnarskrá að sú vinna sé í höndum þjóðkjörinna fulltrúa sem kosnir eru beinni kosningu á grundvelli eigin ágætis og áhuga á því að koma að þeirri vinnu sem hér um ræðir.

Alþingi hefur ekki staðið sig í því að færa þjóðinni nýja stjórnarskrá, það hefur verið svikið alveg frá lýðræðisstofnun. Sjálfstæðismenn segja að það sé niðurlæging fyrir Alþingi að taka vald stjórnarskrárgjafans frá því. Við framsóknarmenn segjum að meiri niðurlæging sé fyrir Alþingi að hanga á því valdi eins og hundur á roði og treysta ekki þjóðinni til verksins. Þetta þýðir ekki að við viljum tala mikilvægi stjórnmálaflokkanna niður. Stjórnmálaflokkar eru lykill að fulltrúalýðræðinu og að sjálfsögðu munum við áfram byggja á slíku fyrirkomulagi í stjórnskipan okkar eins og aðrar lýðræðisþjóðir.

Í þeim breytingum á 4. gr. sem meiri hlutinn leggur til er m.a. lagt til að stjórnlagaþing starfi í skemmri tíma en upphaflegar tillögur gerðu ráð fyrir. Lagt er til að kosið verði til þingsins samhliða sveitarstjórnarkosningum vorið 2010 og að þingið hefji störf 17. júní sama ár og starfi í mesta lagi í eitt ár, þ.e. ljúki störfum eigi síðar en 17. júní 2011. Meiri hlutinn gerir ekki ráð fyrir að fulltrúar á stjórnlagaþingi verði í fullu starfi enda starfi þingið í lotum, þó má reikna með að formenn nefnda hafi frekara hlutverki að gegna og muni verða í fullu starfi. En þetta eru náttúrlega hlutir sem á eftir að útfæra frekar af nýju Alþingi og það verður gert með lögum. Áfram er gert ráð fyrir að fulltrúar verði 41 talsins og lögð er áhersla á sem jafnast kynjahlutfall og einnig að fulltrúar verði úr öllum kjördæmum.

Nokkuð hefur verið rætt um kostnað við þinghaldið og var það eitt þeirra atriða sem sjálfstæðismenn hugðust nota til að slá hugmyndina út af borðinu. Fyrstu hugmyndir fjármálaráðuneytisins um kostnað voru upp á um 2 milljarða kr. að hámarki. Þar var farin allra dýrasta leiðin sem hugsast gat. (Gripið fram í.) Í kostnaðarumsögn sem unnin var í framhaldi af breytingartillögum meiri hlutans gerði ráðuneytið ráð fyrir að kostnaður gæti orðið frá 424 millj. til 524 millj. kr. eftir því hversu lengi þingið mundi starfa.

Ráðuneytið áréttar í seinni umsögn sinni að erfitt sé að meta með nákvæmni kostnað við stjórnlagaþing hvort heldur sé um að ræða upphaflega tillögu eða þá sem liggur fyrir af hálfu meiri hlutans.

Hæstv. forseti, viðbrögð sjálfstæðismanna við því frumvarpi sem hér um ræðir eru mér enn nokkur ráðgáta. Talsmaður flokksins í umræðunni, hv. þm Björn Bjarnason, flutti hér heilmikla ræðu og hafði, að mér fannst, allt á hornum sér. En þó skýrðist afstaða til annarrar greinar betur í þeirri ræðu en inni í nefndinni.

Hv. þingmaður gekk svo langt að segja að nú stæði yfir sérstakur niðurlægingartími á Alþingi Íslendinga og ástæðan mun vera sú að mati hv. þingmanns að með þeirri ákvörðun að Alþingi ákveði að þjóðin kjósi til sérstaks þings, sem hafi það hlutverk að semja nýja stjórnarskrá sem allir kosningabærir Íslendingar hafa í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu tækifæri til að samþykkja eða synja, sé verið að niðurlægja Alþingi.

Við framsóknarmenn lítum einfaldlega ekki þannig á málið. Við berum virðingu fyrir Alþingi en engu að síður viljum við tímabundið færa stjórnarskrárgjafann frá Alþingi og til stjórnlagaþings. Sérstaklega vegna þess að Alþingi hefur ekki tekist að sinna því mikilvæga hlutverki sínu og standa við það loforð sem gefið var við lýðveldisstofnun að færa þjóðinni nýja stjórnarskrá.

[18:27]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Miðað við ræðuhöld hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur virðist ekki veita af að við sjálfstæðismenn gerum aðeins skýrari grein fyrir málflutningi okkar hér því það virðist alveg hafa farið fram hjá henni að kjarninn í málflutningi okkar frá upphafi hefur verið sá að sú aðferð sem lagt er upp með í sambandi við þessar stjórnarskrárbreytingar sé ótæk. Þetta er skólabókardæmi um hvernig á ekki að standa að stjórnarskrárbreytingum. Það á ekki að gera stjórnarskrárbreytingar með þessum hætti. Þetta er ekki einkaskoðun sjálfstæðismanna. Ég hef vísað hér áður í laganefnd Lögmannafélagsins sem segir, með leyfi forseta:

„Laganefnd áréttar mikilvægi þess að allar breytingar á stjórnarskránni séu gerðar að vel athuguðu máli og í mikilli sátt allra aðila, ekki síst þegar um grundvallarbreytingu er að ræða.“

Í umsögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ragnhildar Helgadóttur, prófessors í Háskólanum í Reykjavík, og fjölda margra annarra umsagnaraðila koma þessi sjónarmið fram. En (Forseti hringir.) hv. þingmenn meiri hlutans láta (Forseti hringir.) þetta sem vind um eyru þjóta hvað eftir annað.

[18:28]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður talar um að þetta sé skólabókardæmi um hvernig eigi ekki að breyta stjórnarskrá. Staðreyndin er sú að allt er með mjög óvenjulegum hætti á Íslandi í dag og óvenjulegar aðferðir geta átt við í dag, svo einfalt er það.

Hvað varðar Ragnhildi Helgadóttur þá kom það fram hjá henni að hún taldi ekki gott að breyta efnisatriðum stjórnarskrár í ósátt. En þegar væri verið að færa vald til þjóðarinnar taldi hún ekki að ástæða væri til að gera athugasemdir við það þótt ekki væri um fullkomið samkomulag að ræða.

[18:29]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að rífast um orð Ragnhildar Helgadóttur. Þau liggja hér fyrir á pappír og við getum farið yfir þau á eftir. En það sem auðvitað er kjarni málsins er að allir sem hafa fjallað um stjórnarskrárbreytingar á undanförnum árum, áratugum jafnvel lengri tíma eru sammála um að stjórnarskrárbreytingar eru annars eðlis en aðrar lagabreytingar. Það þarf að vanda betur undirbúninginn. Það þarf að ná víðtækari sátt.

Það er ekki tilviljun að allir þessir umsagnaraðilar nefna þetta. Það er ekki vegna meinbægni í garð ríkisstjórnarinnar eða vegna þjónkunar við Sjálfstæðisflokkinn. Það er vegna þess að þeir aðilar sem þetta setja frá sér hafa fræðilegan áhuga á málinu. Hafa þekkingu á málinu og hafa vilja til að Alþingi standi vel að verki í sambandi við stjórnarskrárbreytingar.

Ég bendi t.d. á það sem Ragnhildur Helgadóttir segir, með leyfi forseta:

„Það er skoðun mín að, með því að naumur meiri hluti á þingi samþykki stjórnarskrárbreytingar í andstöðu við stóran stjórnmálaflokk sé stjórnarskráin færð í hringiðu stjórnmálanna. … Þannig getur stjórnarskráin orðið óstöðugri og pólitískari en verið hefur, sem er óæskileg þróun.“

[18:31]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar ég vitna í Ragnhildi Helgadóttur vitna ég ekki síður í það sem kom fram í máli hennar þegar hún kom sem gestur fyrir nefndina. Það var þá sem hún lét þau orð falla sem ég vitnaði til áðan og ég neita því ekki að mér finnst vera annar tónn í þeirri umsögn sem liggur hér fyrir skriflega. (Gripið fram í.) Ég sagði ekki eitt einasta orð um það að einhverjir hefðu skrifað eitthvað vegna þess að þeir vildu þóknast Sjálfstæðisflokknum. Ég sagði ekki eitt einasta orð um það en það getur verið að hv. þingmaður líti svo á að það geti verið mögulegt.

Aðalatriðið er að þær breytingar sem eru gerðar á frumvarpinu eru til þess að færa vald til þjóðarinnar og til að auka lýðræði og standa að ákveðnum lýðræðisumbótum sem er mjög kallað eftir í þjóðfélaginu. Við viljum hlusta á þjóðina og ég óttast það kannski að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins séu bara ekki (Forseti hringir.) í nægilega góðu sambandi við þjóð sína.

[18:32]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. formaður nefndarinnar hefur nú flutt tvær ræður hér og seinni ræðan sýnir vel hvers vegna ekki náðist samkomulag í nefndinni. Afstaða hv. þingmanns til Sjálfstæðisflokksins og til þess sem við höfum verið að segja og skilningsleysi hv. formanns nefndarinnar á tillögum okkar og öllu okkar máli í þessu frá upphafi sýnir að það var í raun og veru tilgangslaust að vinna nokkuð innan nefndar undir formennsku hv. þingmanns.

Síðan er komið hér og látið í það skína að við þingmenn Sjálfstæðisflokksins lítum of stórt á okkur til að taka þátt í eðlilegu samstarfi og talað í þessum dúr áfram, sem sýnir aðeins að hv. formaður, sem ég hef sagt og endurtek hér, hafði ekki neina burði til að veita þessari nefnd formennsku (**Gripið fram í:** Hvers konar málflutningur er þetta?) og leiða málið til lykta. Málflutningurinn hér er á þann veg að það var aldrei neinn vilji af hálfu formannsins (Forseti hringir.) að leita eftir samkomulagi við Sjálfstæðisflokkinn.

[18:33]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mótmæli því að ekki hafi verið vilji til staðar en neita því ekki að það var eitthvert sambandsleysi í nefndinni sem að gerði það að verkum að það var lítið um það að ræða að þessir tveir hópar nálguðust hvor annan. En það er ekki of seint að gera það ef vilji er fyrir hendi. Ef þessi vilji, sem ég vildi að hefði komið í ljós fyrir löngu, er nú allt í einu til staðar til að fara að ræða um það hvort við eigum möguleika á því að ná saman, þá er viljinn til staðar hjá okkur í meiri hlutanum. Það er ekki nokkur vafi á því.

[18:34]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem stendur í vegi fyrir samkomulagi um þetta mál er sú einhliða krafa að Alþingi stígi til hliðar, að stjórnarskrárvaldið verði tekið af Alþingi. Það stendur í vegi fyrir því að hér verði samkomulag. Meðan sú krafa er uppi verður ekki unnt að semja um neitt. Þessi krafa er sett fram af Framsóknarflokknum og hún var skilyrði þess að Framsóknarflokkurinn lýsti yfir stuðningi við núverandi ríkisstjórn. Ef einhver hangir á einhverju eins og hundur á roði, ef ég má nota orðalag sem formanni nefndarinnar þótti sæma að nota um okkur, þá er það Framsóknarflokkurinn sem hangir á því að það eigi að afsala Alþingi þessu valdi og það kalla ég niðurlægingu þingsins. Þess vegna tala ég hér um niðurlægingu og mun tala svo lengi sem einhver leggur það til í þessum sal að Alþingi afsali sér þessu valdi.

[18:35]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sætti mig ekki við að því sé haldið fram að við sem erum þeirrar skoðunar að stjórnarskrárgjafi skuli tímabundið vera hjá stjórnlagaþingi, viljum niðurlægja Alþingi. Ég mótmæli því. Það er alls ekki svo en höfum það í huga að upphaf valdsins kemur frá þjóðinni. Við erum ekki upphaf alls þó að við sitjum tímabundið á hv. Alþingi og held ég reyndar að ég hafi setið lengur en hv. þm. Björn Bjarnason.

[18:36]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í 79. gr. sem verður 81. gr. verður heimild til Alþingis að breyta stjórnarskrá og í ákvæði til bráðabirgða er heimild til að setja stjórnlagaþing sem eigi að breyta stjórnarskránni. Það eru sem sagt tvö þing sem eiga að breyta stjórnarskránni samtímis.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann aftur: Af hverju eru menn að breyta stjórnarskránni ef það stendur til að breyta henni, t.d. varðandi auðlindirnar og varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu?

Þá langar mig líka til að spyrja hversu bundið er hið nýja þing og hversu bundið er Alþingi, sem fær endurnýjað umboð eftir 3 vikur, af þeim reglum sem settar eru, á síðu 33, um nýtt lagafrumvarp um kosningar til stjórnlagaþings?

Til dæmis það að ekki skuli vera orð um mannréttindi í tilgangi þingsins, þar er ekki orð um mannréttindi sem ég held að sé aðalatriði stjórnarskrár?

[18:37]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mannréttindi eru mikilvæg og mikilvæg ákvæði um mannréttindi voru sett inn í stjórnarskrá 1995, minnir mig. Það er ekki nokkur vafi á því að allir telja mikilvægt að stjórnarskráin fjalli um mannréttindi.

Hversu bundið er Alþingi af þeim drögum að frumvarpi sem þarna liggur fyrir? Ég held að það geti fyrst og fremst orðið leiðbeinandi. Þetta eru ekki orðin lög. En svo er það sem hv. þingmaður veltir mikið fyrir sér og varðar það hvort stjórnarskrárgjafinn sé beggja vegna, hvort hann sé bæði hjá Alþingi og hjá stjórnlagaþinginu. Ég skil þetta þannig að ekki sé útilokað að samþykkt yrði á Alþingi breyting á stjórnarskrá, eftir að sú breyting sem við erum að fjalla um núna hefur verið staðfest, sem yrði síðan send til þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[18:38]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þá langar mig að spyrja hv. þingmann: Hvort er rétthærra stjórnlagaþingið eða Alþingi þegar Alþingi breytir stjórnarskrá og stjórnlagaþingið ætlar að breyta stjórnarskrá sömuleiðis?

Mig langar að spyrja um það frumvarp sem fylgir hér sem fylgiskjal. Hversu bundið er nýtt Alþingi, sem verður kosið eftir 3 vikur, af þessu gamla Alþingi? Það kemur nýtt Alþingi með nýtt umboð, hefur það algerlega frjálsar hendur um að setja þessar reglur eða getur það hugsanlega sleppt því?

[18:39]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég hlustaði kannski ekki alveg nógu vel á hv. þingmann en ef hann er að spyrja um það sama og hann gerði áðan hvað varðar þetta frumvarp. (**PHB:** Hvort er rétthærra Alþingi eða stjórnlagaþingið?) Stjórnlagaþingið breytir ekki stjórnarskránni eitt og sér. (**Gripið fram í:** Nú?) Það gerir tillögur. (**Gripið fram í:** Hver samþykkir breytingar?) Það verður ekki að nýrri stjórnarskrá fyrr en þjóðin (Gripið fram í.) hefur staðfest (Gripið fram í.) niðurstöðu stjórnlagaþings með minnst 25 af hundraði kosningarbærra manna. Stjórnlagaþingið sem slíkt hefur ekki síðasta orðið í sambandi við breytingar á stjórnarskránni.

[18:40]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að halda því til haga í þessari umræðu eftir ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttir að það var framsóknarmaður sem stýrði þeirri nefnd sem vann að endurskoðun stjórnarskrárinnar á síðasta kjörtímabili.

Hv. þingmaður gerir mjög mikið úr því að haldnir hafi verið 11 fundir í nefndinni. Það er rétt að halda því til haga jafnframt að á nær öllum þeim fundum var verið að kalla eftir umsögnum aðila sem komu til nefndarinnar en þar fór ekki fram efnisleg umræða (Gripið fram í.) og mun ég væntanlega koma betur að því í ræðu minni síðar.

Ég vildi spyrja hv. þingmann vegna þess að það kom fram hjá henni: Hefur eitthvað nýtt komið upp sem gefur tilefni til þess sem hv. þingmaður sagði, að það væru möguleikar á að ná samkomulagi og er ekki bara rétt að fresta þessari umræðu og reyna að leita þess samkomulags?

[18:41]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég get ekki sagt að margt nýtt hafi komið upp annað en það að mér fannst það skýrara núna, eftir að hv. þm. Björn Bjarnason hafði talað, að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins ætla sér að styðja 2. gr. eða ég skildi það þannig. En til að sýna einskæra lipurð vil ég alltaf halda því opnu að hægt sé að ná saman um breytingar ef vilji er til þess.

Hvað það varðar að framsóknarmaður hafi stýrt þeirri nefnd sem síðust starfaði — í raun er hún enn að störfum, ég veit ekki til þess að umboðið hafi verið lagt niður eða sú nefnd — þá var ég að tala um að sjálfstæðismenn hefðu verið í forustu í nánast öll þau skipti sem stjórnarskránni hefur breytt á síðustu 50 árum.

[18:42]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni, sjálfstæðismenn hafa látið sig stjórnarskrána varða á Alþingi svo það er ekkert undarlegt að sjálfstæðismenn hafi verið í forustu fyrir þeim mikilvægu breytingum sem hafa verið gerðar í gegnum árin. Og þá er rétt að minna hv. þingmenn Framsóknarflokksins á að það hafa verið gerðar breytingar á stjórnarskránni, vegna þess að þeir hafa sumir hverjir látið að því liggja að aldrei hafi verið gerðar breytingar á stjórnarskránni. (**Gripið fram í:** Hverjir eru það?) Hv. þm. Eygló Harðardóttir sagði það hér í ræðu og fleiri hafa gert það.

Ég vil bara undirstrika og endurtaka þá ábendingu til hv. þingmanns, formanns sérnefndarinnar, að hún beiti sér þá fyrir því að leitað verði samkomulags og að því komi einnig aðrir fulltrúar frá stjórnarflokkunum þannig að gerð verði alvara úr því að ná samkomulagi um þetta mikilvæga mál í staðinn fyrir að halda því fram eins og (Forseti hringir.) gert hefur verið og gera tilraun til þess að efna til mikils ófriðar í þinginu.

[18:44]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér um afskaplega mikilvægt mál sem ekki hefur farið fram hjá neinum sem hefur hlýtt á umræðurnar að ekki er sátt um hér í þingsalnum. Það er ekki sátt um það með hvaða hætti breyta eigi stjórnarskránni en 1. flutningsmaður málsins, hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, gerir ekki mikið með það samkvæmt umræðum sem fóru fram fyrr í dag þótt nú stefni í að meiri hlutinn á þinginu þvingi fram, þrátt fyrir ósætti milli stjórnmálaflokkanna, breytingar á stjórnar-

skránni í fyrsta sinn í 50 ár við þær aðstæður. Í hálfa öld hefur ekki verið gerð breyting á stjórnarskránni án þess að um hana væri sátt í þinginu. Það vekur því mikla furðu að þetta mál skuli vera komið til 2. umr. án þess að fullreynt sé að sátt geti tekist um það milli stjórnmálaflokkanna en auðvitað vekur það ekki minni furðu að við skulum ræða þetta mál hér yfir höfuð þegar einungis eru rúmir 20 dagar til kosninga og það sem raunverulega brennur á fólki í þjóðfélaginu eru mál sem snerta efnahaginn, efnahag heimilanna og rekstrarumhverfi fyrirtækjanna í landinu. Síðast í þessari viku fjölluðum við um gjaldmiðilsmálin, höft á frjálsum viðskiptum með gjaldmiðilinn og undirliggjandi í þeirri umræðu var auðvitað sú dapurlega staðreynd að það er gríðarlegur þrýstingur á íslensku krónuna og við erum hér í björgunarleiðangri til að rétta efnahaginn við. Það vekur því mikla furðu að við skulum vera hér að efna til umræðu um jafnstórt mál og jafnumdeilt og breytingar á stjórnarskránni.

Mig langar til að byrja á því að leggja áherslu á eitt, Sjálfstæðisflokkurinn sem hér hreyfir andmælum er þeirrar skoðunar að breyta þurfi stjórnarskránni. Við erum þeirrar skoðunar að réttast sé á þessum tímamótum að breyta 79. gr. sem tekur breytingar á stjórnarskránni úr þeim farvegi að ávallt þurfi að ganga til kosninga í kjölfar breytinga á stjórnarskrá. Ég held að það sé óumdeilt að hugmyndin um stjórnlagaþing sem Framsóknarflokkurinn hefur teflt hér fram og tefldi reyndar fram sem þingmáli til að byrja með en ríkisstjórnin tók síðan og gerði að sínu máli ásamt með nokkrum öðrum breytingum á stjórnarskránni, þvingaði þannig Framsóknarflokkinn til fylgilags við sig um aðrar breytingar sem aldrei var lagt upp með í upphafi, (Gripið fram í.) sú hugmynd er síðan í janúar. Það vill þannig til að í nefnd um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands sem skilaði af sér áfangaskýrslu í febrúar árið 2007 og þeir sem hafa kynnt sér efni þeirrar skýrslu og aðdraganda þess að sú nefnd var skipuð munu fljótt sjá að þar var vandað til undirbúnings að breytingum á stjórnarskránni. Þar var opnuð heimasíða og öllum almenningi í landinu gefinn kostur á að koma að sínum sjónarmiðum. Þar var efnt til málþinga, þar var öllum stjórnmálaflokkum gefinn kostur á að koma að sínum sjónarmiðum og þó að vinna nefndarinnar hafi ekki gengið nægilega hratt fram liggur eftir nefndarstarfið mjög mikilvæg skýrsla þar sem saman eru tekin þau helstu sjónarmið sem hreyft var vegna þeirra kafla sem sérstaklega voru skoðaðir, þ.e. 1., 2. og 5. kafla stjórnarskrárinnar.

Þegar nefndin skilaði af sér í febrúar 2007 var ljóst að ekki tókst samkomulag í nefndinni um neina heildartillögu að nýrri stjórnarskrá en upp var lagt með að nefndin skyldi starfa áfram. Nokkru síðar tefldu hæstv. þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, og hæstv. þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, sem var formaður Framsóknarflokksins á þeim tíma, fram frumvarpi til stjórnarskipunarlaga þar sem gerð var tillaga sem er áþekk þeirri sem er að finna í þessu frumvarpi, um að náttúruauðlindir Íslands skuli vera þjóðareign. Það kemur fram í því máli að mismunandi sjónarmið hafi verið í nefndarstarfinu um endurskoðun stjórnarskrárinnar hvort tillaga auðlindanefndarinnar frá árinu 2000 að breytingu á stjórnarskránni sem var efnislega í sömu átt fæli í sér breytingu eða staðfestingu á núverandi réttarástandi. Í frumvarpinu frá árinu 2007 er það rakið á hvaða forsendum sé verið að gera þessar tillögur og það er farið yfir lög um stjórn fiskveiða þar sem er að finna orðalagið að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Þar er farið yfir lagagrundvöllinn eða dómaframkvæmdina og sérstaklega vísað í Vatneyrarmálið en í Vatneyrardómnum má segja að það hafi verið áréttað að ákvæði um sameign þjóðarinnar í lögum um stjórn fiskveiða feli það í sér, þ.e. ákvæðið um sameign þjóðarinnar á nytjastofnunum, að — já, það má segja að ákvæðið hafi að geyma almenna stefnuyfirlýsingu um skynsamlega nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar sem háð sé mati löggjafans á hverjum tíma. Þetta geta menn allt saman lesið í greinargerðinni, þ.e. í fyrsta lagi er farið yfir lög um stjórn fiskveiða, í öðru lagi um dómaframkvæmdina, þá er sérstaklega vísað í Vatneyrardóminn, og síðan á grundvelli þessarar dómaframkvæmdar og baksviðslaganna um stjórn fiskveiða er teflt fram breytingu á stjórnarskránni þar sem náttúruauðlindir Íslands eru lýstar þjóðareign og útskýrt nákvæmlega í greinargerð að ekki sé ætlunin að hreyfa við réttarstöðunni.

Í umræðum í stjórnarskrárnefndinni á sínum tíma voru eins og ég rakti rétt áðan deildar meiningar um það hvort ákvæði auðlindanefndarinnar væru þess eðlis að verið væri að gera breytingar á réttarástandinu. Það sama er uppi núna vegna 1. gr. þessa frumvarps, það er nokkuð óljóst hvort ætlunin er með 1. gr. þessa frumvarps að gera breytingar á réttarástandinu og það læðist að manni sá grunur að hér sé enn einu sinni í umræðunni verið að þvæla saman hugtökunum fullveldisrétti og eignarrétti. Af þeirri ástæðu er ekki einkennilegt að það skuli berast jafnmargar athugasemdir við nefnda grein og raun ber vitni vegna þess að þetta hlýtur að skipta grundvallarmáli þegar ákvæði af þessum toga er fest í stjórnarskrá. Athugasemdir í þessu efni sem borist hafa nefndinni eru ekki einungis um þetta mikilvæga atriði, þ.e. hvort hér sé verið að festa í sessi einhverja réttarskipan eða hvort verið sé að breyta einhverri réttarskipan eða hvort staðreyndin sé kannski sú að þegar búið er að flysja af þjóðareignarhugtakinu hýðið standi í raun eftir ein sú hugsun, þ.e. að auðlindir undir forræði íslenska ríkisins beri að nýta til hagsbóta þjóðinni allri. Er það í raun og veru það sem verið er að segja með þjóðareignarhugtakinu?

Mér býður í grun að svo sé. Af greinargerð með lögum um stjórn fiskveiða má sjá að í raun og veru er sameignaryfirlýsingin sem þar er að finna hugsuð á þá lund, þ.e. skyldan til að nýta auðlindirnar með sem hagkvæmustum hætti og til hagsbóta allri þjóðinni.

Þegar menn ákveða að tefla fram breytingum á stjórnarskránni í aðdraganda kosninga og gefa umræðunni ekki nægilegan tíma til að þroskast og öllum sjónarmiðum tækifæri til að komast að er ekki nema von að menn verði óttaslegnir og geri kröfu um að atriði af þessum toga sem geta varðað eina mikilvægustu atvinnugrein okkar, sjávarútvegsinn, réttarstöðu hennar, að slík ákvæði séu fullkomlega skýr. Ég geri athugasemdir við það þrátt fyrir að gerðar hafi verið breytingar á 1. gr. frumvarpsins í meðförum nefndarinnar sem eru vissulega til bóta, að menn skuli ekki hafa lagt meira á sig til að komast að sameiginlegri niðurstöðu um jafnmikið grundvallaratriði og þetta er.

Ég leyfi mér að grípa hérna bara af handahófi í umsagn-

ir sem bárust nefndinni og við skulum bara taka sem dæmi, með leyfi forseta, það sem segir í áliti Landssambands smábátaeigenda:

„LS finnst mjög miður hversu knappan tíma það hefur til umsagnar um þetta mikilvæga mál.“

Síðar segir: „Það vefst fyrir LS hver hugmyndafræðin er að baki 1. gr. frumvarpsins og hvað hún þýðir í raun og framkvæmd.“

Það var nákvæmlega þetta sem rætt var um í stjórnarskrárnefndinni sem ég vísaði til áðan, nefnd um endurskoðun stjórnarskrárinnar, að þegar fæðst hafði tillaga þar í nefndinni, svona til að grundvalla frekari vinnu á, var það alveg skýrt að fram þurfti að fara lögfræðileg og hagfræðileg úttekt á því að festa slíkt ákvæði í lög. Það fer hins vegar lítið fyrir áhyggjum um slík afbrigði við þessa meðferð málsins, það þykir vera í lagi eftir að umsagnir hafa borist — ég vek athygli á því að umsagnarfrestur rann út um miðjan mars, tveimur vikum síðar eru menn búnir að komast að niðurstöðu um þetta mikilvæga atriði sem stjórnarskrárnefndin var ekki einu sinni búin að ræða til fulls, nákvæmlega sama atriðið. Þess vegna vekur það ekki furðu að ekki einungis Landssamband smábátaeigenda skuli senda inn athugasemd við þetta heldur líka virtir prófessorar eins og Sigurður Líndal, prófessor emeritus í lögfræði, þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Ég tel að skoða þyrfti 1. gr. frumvarpsins betur vegna óljósrar merkingar orða og hugtaka sem þar eru notuð.“

(Gripið fram í.) Sérstaklega er vísað til þjóðareignarhugtaksins í þessu áliti. Ég læt duga að vísa í þetta tvennt, að stjórnarskrárnefndin var ekki búin að klára umræðu um þetta en stjórnarskrárnefnd Alþingis lætur duga að staldra við jafnstórt mál og þetta í tvær vikur.

Ég ætla þá að færa mig yfir í önnur ákvæði frumvarpsins en ég ítreka það sem ég sagði áðan, það hafa þó verið gerðar breytingar á 1. gr. frumvarpsins sem eru til bóta.

Í 2. gr. frumvarpsins er að finna tillögu um að breyta 79. gr. laganna og þar er stóra breytingin í málinu. Mér finnst mikilvægt að undirstrika að það er grein sem ég held að sé mjög auðvelt að ná samstöðu um hér á Alþingi, ekki einungis var það þannig í stjórnarskrárnefndinni sem ég hef ítrekað vísað til að menn voru sammála þar, heldur sýnist mér að menn séu í sjálfu sér sammála um það líka hér í þinginu, að það væri skynsamlegt að taka breytingar á stjórnarskránni upp úr þeim farvegi að ganga þurfi til kosninga eftir að breytingar hafa átt sér stað. Mér finnst það rangt sem ég hef orðið var við í umræðunni, að menn túlki vilja til að gera þessa breytingu á þann veg að menn séu almennt sammála um að auðvelda þurfti breytingu á stjórnarskránni. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé eitthvað sérstaklega eftirsóknarvert að auðvelda breytingarnar. Mér finnst hins vegar mikilvægt að færa þær yfir í annan farveg og gera þjóðina að beinum þátttakanda í breytingum með því að bera breytingarnar undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu, það er mikill eðlismunur á því hvort þingið staðfestir breytingarnar í tvígang eða hvort þingið gerir það einu sinni og málið gangi síðan eftir það til þjóðarinnar. Þetta kalla ég ekki að auðvelda breytingar á stjórnarskránni, ég kalla þetta að breyta forminu.

Þetta skiptir hins vegar miklu máli vegna þess að reynslan sýnir okkur að þegar jafnmikið er undir og heildarendurskoðun á stjórnarskránni virðist núverandi fyrirkomulag vera til trafala. Það má kannski nota það bara sem sérstakt dæmi í því sambandi að fyrrverandi ríkisstjórn, sú sem skilaði umboði sínu um mánaðamótin janúar/febrúar hugðist vinna áfram að breytingum á stjórnarskránni en málið var ekki á dagskrá á fyrri hluta kjörtímabilsins vegna þess að það lá fyrir að ganga þyrfti til kosninga eftir að starfinu lyki. Það eru auðvitað vísbendingar í framkvæmd um að fyrirkomulagið eins og það er í dag hafi mjög mikil áhrif á það hvernig verkið vinnst. Ég held að það hafi ekki verið til gagns en dæmin sýna auðvitað að okkur hefur margoft á undanförnum árum tekist að ná góðu samkomulagi um einstakar breytingar en þegar stjórnarskráin í heild sinni er undir sýnist mér að núverandi fyrirkomulag sé óheppilegt. Niðurstaðan er sú að allir eru sammála um að gera breytingar á 79. gr., færa staðfestingu um breytingu á stjórnarskránni í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þegar maður getur sett þessa staðreynd í samhengi við hugmynd framsóknarmanna sem ég held að segja verði bara að alveg hreint út að Framsóknarflokkurinn fær sem gagngjald fyrir að lýsa ekki yfir vantrausti á minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, þegar maður setur þessa tvo hluti í samhengi getur maður ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að sú hugmynd, hugmynd framsóknarmanna, sprettur upp úr nákvæmlega þessum sama farvegi. Það hefur beinlínis komið fram í máli þeirra sem mælt hafa fyrir stjórnlagaþingshugmyndinni að það sé nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi endurskoðunar stjórnarskrárinnar. Þess vegna á ég afskaplega erfitt með að skilja þörfina fyrir stjórnlagaþing þegar við höfum hrundið úr vegi þessari helstu hindrun samfellu í endurskoðunarvinnu við stjórnarskrána. 79. gr. breytt eða öllu heldur ný 79. gr. — þetta er víst 79. gr. sem á að verða 81. gr. — er allt sem til þarf til að koma hreyfingu á endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Síðan verður auðvitað að nefna annað í samhengi við 79. gr. Frá þeim tímapunkti sem við ákveðum að taka upp þá reglu að þingið geti með einföldum meiri hluta breytt stjórnarskrá og síðan lagt hana fyrir þjóðina, frá þeim tímapunkti sem það er ákveðið skiptir að mínu áliti miklu hvort það er einhver sátt um það í þinginu að almennt skuli ekki vera stuðlað að breytingum á stjórnarskránni nema í sátt allra flokka. Ef sú hefð skiptir að mati ríkisstjórnarflokkanna og meiri hlutans á þinginu ekki máli lengur, sú ríka hefð sem gilt hefur í hálfa öld, ef það er allt í fína lagi með að rjúfa þá hefð um leið og við gerum breytingar á 79. gr. er ástæða til að óttast. (Gripið fram í.) Þá er ástæða til að óttast að það muni fara eftir meiri hlutanum á þinginu hverju sinni hvort gerðar verða breytingar á stjórnarskrá. Við vitum það öll sem störfum á þinginu að uppi eru mjög mörg ólík sjónarmið um það hvaða ákvæði eiga heima í stjórnarskrá og hvaða ákvæði eiga þar ekki heima. En ef það á ráðast af tæpum meiri hluta hverju sinni að stjórnarskránni sé jafnvel breytt og ef það á að fara að verða að reglu sem er að finna í stjórnarsáttmála Vinstri grænna og Samfylkingar í dag, þar sem menn semja um það, minnihlutastjórnin semur um það sín á milli, tveir flokkar, að gera skuli tilteknar breytingar á stjórnarskránni og láta sig

síðan engu varða að ekki takist um það almenn sátt á þinginu, held ég að full ástæða sé til að velta því fyrir sér hvort við eigum yfir höfuð að gera breytinguna á 79. gr. Þá gæti stefnt í óefni. Fordæmið sem gefið væri með því að láta einfaldan meiri hluta ráða hér og láta sáttina og samstöðuna lönd og leið væri að mínu áliti afar slæmt.

Þjóðaratkvæðagreiðsla sem færi fram í kjölfarið — nú geta menn auðvitað stigið fram og sagt: Nú, heyrðu, þetta skiptir ekki jafnmiklu máli og þú vilt vera láta vegna þess að málið þarf að ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu. Um hvað mundi slík þjóðaratkvæðagreiðsla snúast í raun? Hún mundi ekki snúast um neitt annað en hvort kjósendur styddu ríkisstjórnina eða ekki. Það væri ekki verið að greiða atkvæði um stjórnarskrárbreytingar í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu. Það væru einungis greidd atkvæði um það hvort þátttakendur í þjóðaratkvæðagreiðslunni ætluðu að standa með sinni ríkisstjórn eða ekki. Það lægi fyrir frá upphafi að ef þjóðin mundi fella slíka breytingartillögu væri ríkisstjórnin komin í vanda. Þá hefði hún breytt grundvallarlögunum í andstöðu við þjóðina þannig að það liggur í augum uppi að ef þetta fordæmi sem hæstv. forsætisráðherra og að því er mér heyrist á umræðunni formaður stjórnarskrárnefndar hér á þingi ætla að gefa um að það þurfi enga sátt um breytingar á stjórnarskránni, hef ég miklar áhyggjur af að við séum að breyta 79. gr. og færa staðfestingu í hendur þjóðarinnar með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það yrði tómur skrípaleikur þegar völd ríkisstjórnarinnar eru í raun og veru undir. Það sér hver maður hvaða grundvallarmunur er á því þegar þingið allt í heild sinni stendur saman að breytingu á stjórnarskránni og leggur hana undir þjóðina eða hvort það er bara ríkisstjórnin. Þá snýst þjóðaratkvæðagreiðslan ekki um neitt annað en það hvort fella eigi ríkisstjórnina. Í fyrra tilfellinu mundi þjóðaratkvæðagreiðsla snúast um efnisatriði frumvarpsins.

Þetta verður að hafa í huga þegar samspil 2. og 4. gr. frumvarpsins er skoðað og það sett í samhengi við þá ríku hefð sem hér stendur til að rjúfa ef áfram heldur sem horfir.

Þá vík ég máli mínu að 3. gr. frumvarpsins. Þar er rætt um þjóðaratkvæðagreiðsluna og hvort færa skuli í stjórnarskrá — reyndar er þar að finna tillögu um að stjórnarskráin geymi ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg málefni eða tiltekin lög. Ég leyfi mér að vísa í þessu efni aftur í áfangaskýrslu nefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar frá því í febrúar 2007 þar sem þetta var tekið til umræðu. Þá voru fjölmargar hugmyndir uppi á borðinu. Sitt sýndist hverjum, bæði einstaklingar sem sendu nefndinni erindi og fulltrúar í nefndinni voru með ólík sjónarmið. Þetta var alls ekki fullrætt. Hér er færð fram hugmynd um ákveðna útfærslu sem samin var án samráðs við Sjálfstæðisflokkinn og ég tek fram að Sjálfstæðisflokkurinn er þeirrar skoðunar og ályktaði um það síðast um síðustu helgi að mikilvægt væri að færa í lög heimild til að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu en á þessum tímapunkti erum við auðvitað eindregið þeirrar skoðunar að það sé ótímabært að festa slíkt ákvæði í stjórnarskrá. Við höfum lýst því hér yfir að við erum til viðræðu um að slíkt verði fært í almenn lög, það er nokkuð sem mætti skoða en það er kannski fullseint í rassinn gripið að gera það núna, nokkrum dögum fyrir kosningar. Það er okkur mjög að skapi og það er auðvitað í samræmi við ríka lýðræðishefð í Sjálfstæðisflokknum og við þá kröfu sem svo oft er nefnd hér af fulltrúum allra flokka, að það þurfi að færa vald í ríkari mæli í hendur almennings í landinu. Ég lýsi mig sammála því sjónarmiði, það er eðlilegt að gengið verði ákveðið til þess verks að tryggja þann rétt sem allra fyrst með lögum.

Auðvitað kemur þessi 3. gr. frumvarpsins með sama hætti og 1. gr. þess dálítið á óvart í ljósi þess að flutningsmenn málsins eru þeirrar skoðunar á sama tíma að öll þessi málefni eigi að ákveðast á stjórnlagaþingi. Ef maður skoðar greinargerð með frumvarpinu er býsna opið umboð sem stjórnlagaþingið á að fá vegna þess að í sjálfu sér er ekki lagt upp með annað en að á Íslandi skuli áfram vera byggt á lýðræðisskipulagi og mannréttindum. Í 4. gr. segir, með leyfi forseta:

„Forseti Íslands skal boða til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, þar sem byggt verði áfram á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda.“

Stjórnlagaþinginu er ekki þrengri stakkur sniðinn en svo. Í sjálfu sér er það opið fyrir stjórnlagaþingið þó að ég haldi því ekkert fram að það gæti orðið niðurstaðan en í sjálfu sér er opið með hvaða hætti Alþingi mundi starfa. Það er í sjálfu sér galopið hvort við ætlum að vera áfram með forsetaembættið. Það er í sjálfu sér alveg galopið fyrir stjórnlagaþingið samkvæmt þessu orðalagi hvort við ætlum að byggja áfram á þingræðisreglunni. Þessir þættir eru allir opnir til skoðunar fyrir stjórnlagaþing en stjórnlagaþingið má ekki fjalla um það hvort náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign eða ekki. Það þarf að ákveða strax að náttúruauðlindir séu sameign þjóðarinnar en stjórnlagaþingið getur ákveðið hvort við séum með forseta, hvort þingið starfi með sama hætti og áður, hvort byggt sé á þingræðisreglunni, hvort við erum með eitt, tvö eða þrjú dómstig eða hvaðeina annað. En það skal ekkert hafa um það að segja, vegna þess að það verður að ákveða strax, hvort náttúruauðlindirnar séu sameign þjóðarinnar.

Rökleysan í þessu máli er slík að manni er gróflega misboðið að hér skuli vera færð fram hugmynd að breytingum á grundvallarlöggjöfinni sem ber þess öll merki að vera málamyndagerningur á milli minnihlutastjórnarinnar og þess flokks sem hefur ákveðið að verja hana vantrausti. Það æpir á mann við lestur þessa máls að það hefur tekist samkomulag milli þessara þriggja flokka um að hver fái dálítið fyrir sinn snúð þá 80 daga sem stjórnin ætlaði að vera hér við stjórnvölinn.

Auðvitað má kannski segja í ljósi þess sem gerst hefur frá því að stjórnin tók við völdum að það sé skiljanlegt að Framsóknarflokkurinn skuli hanga jafnskýrt og hann gerir á hugmyndinni um stjórnlagaþing sem ég fullyrði að hvorki Vinstri grænir né Samfylkingin hafi nokkra sannfæringu fyrir að sé skynsamleg leið (**Gripið fram í:** Meiri hluti þjóðarinnar.) (**Gripið fram í:** Meira að segja aukinn meiri hluti.) vegna þess að Framsóknarflokkurinn hefur ekki fengið neitt fyrir það að styðja þessa stjórn — nema fylgistap, því miður. (**Gripið fram í:** Ekki taka …) (**Gripið fram í:** Það er dálítið mikið hjá ykkur.) Framsóknarflokkurinn hefur ekkert uppskorið við það að styðja þessa minnihlutastjórn annað en fylgistap, því miður. (**LB:** Ertu að missa

svefn yfir því?)

Það eru þrjú skilyrði sem Framsóknarflokkurinn setti fram, ég get kannski talið þau upp sem fjögur, (Gripið fram í.) og það hefur ekkert gengið eftir af því enda lýsir formaður Framsóknarflokksins því yfir við hvert tækifæri að hann sé ósáttur við störf ríkisstjórnarinnar. Hann er hins vegar ekki í þeirri stöðu að koma fram með vantrauststillögu, því miður, hann er afar ósáttur við framgang mála hér á þinginu. Skilyrðið um að ríkisstjórnin sinnti bara brýnum efnahagslegum verkefnum hefur ekki verið uppfyllt, það hefur verið rofið. Skilyrðið um að þingið starfaði einungis í skamman tíma hefur ekki verið uppfyllt, það hefur verið rofið. Framsóknarflokkurinn vildi að kosið yrði eigi síðar en 25. apríl. Hvenær verður kosið? 25. apríl! (Gripið fram í.) Ekki var gefinn einn dagur í afslátt af því.

Þá situr eftir síðasta skilyrðið sem Framsókn lagði fram fyrir því að styðja ríkisstjórnina og það var stjórnlagaþingið. Það er reyndar ekki orðað beint í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna, það var talað um að stjórnlagaþinginu yrði komið á með einhvers konar almennum lögum. En í ljósi þess sem gerst hefur þessa daga sem liðnir eru frá 1. febrúar er skiljanlegt að Framsóknarflokkurinn ætli þó að reyna að kreista eitthvað út úr því að hafa ákveðið að styðja þessa stjórn. (**Gripið fram í:** Hann mun gera það.) Hann mun gera það, heyrist hér úr salnum. (**Gripið fram í:** Einmitt.) Eindrægnin er til staðar og það mun verða valtað yfir þá sem hreyfa andmælum, það mun ekki verða hlustað á alla þá sem hreyft hafa athugasemdum yfir málsmeðferðinni og hafa í frammi efnislegar athugasemdir. En hvað gerðist vorið 2007 þegar Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn tefldu fram frumvarpi eins og ég vísaði til áðan? (**Gripið fram í:** Eigum við að rifja það upp?) Ég ætla að rifja það upp í örstuttu máli.

Þá fór hér fram umræða um frumvarp þáverandi hæstv. forsætisráðherra, Geirs H. Haardes, og iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jóns Sigurðssonar. Þá kom hér upp — þá var líka skammt til kosninga eins og er núna — þáverandi hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem þá var ekki ráðherra — steig hér upp mjög ábúðarfullur og lét þessi orð falla, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“

Annar þingmaður kom líka upp, sem nú gegnir stöðu heilbrigðisráðherra — steig hér upp vegna þess að fyrir þinginu lá frumvarp um breytingar á stjórnarskránni sem ekki var sátt um og það var skammt til kosninga. Hvað sagði hv. þingmaður á þeim tíma? Jú, með leyfi forseta:

„Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga en framganga Framsóknarflokksins, sérstaklega í þessu máli, ber öll þess merki.“

Hann hefði eins getað stigið hér upp, núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, og látið nákvæmlega sömu orðin falla, ekki ætti að tefla fram breytingum á stjórnarskránni í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga. Hvað gerðist líka undir ræðu minni þar sem ég ræddi efnislega athugasemdir við frumvarpið? Kallar ekki fram í, virðulegi forseti, hv. þm. Birkir Jón Jónsson og segir: 70% þjóðarinnar vilja stjórnlagaþing? (**BJJ:** Takk fyrir að koma þessu á framfæri.) 70% þjóðarinnar vilja stjórnlagaþing. (**Gripið fram í:** … Framsóknarflokkinn?) Hvar er sannfæringin í málinu? Er þetta nokkuð annað en kosningatrikk (**Gripið fram í:** Það var löngu komið fram samkvæmt könnunum.) stutt af minnihlutastjórninni vegna þess að hún getur ekki annað? (Gripið fram í.) (Gripið fram í.) Ekkert nema … (**Gripið fram í:** … janúarmánuð á flokksþingi.) (**BJJ:** Farðu nú rétt með.)

Ég ætla í lok máls míns að koma að 4. gr. frumvarpsins, um stjórnlagaþingið. Mig langar til að byrja á því að rifja aðeins upp aðdraganda þess máls frá því að Framsóknarflokkurinn tefldi hér fram þingmáli um stjórnlagaþingið þar sem kjósa átti 63 þingmenn. Hugmyndin er búin að vera eins og leir í þinginu, það er búið að hnoða hana og slíta fram og til baka. Alveg frá því að framsóknarmenn komu saman á flokksþingi er þetta búið að vera eins og eitthvert órætt hugtak. (**Gripið fram í:** Eigum við að taka lagið bara?) Þetta er búið að vera á lofti eins og eitthvert órætt hugtak — því laust niður eins og eldingu á framsóknarþinginu, (**Gripið fram í:** Nei, það var búið að vera í undirbúningi …) sem er í örvæntingarfullri leit að stóra málinu sem á að snúa vondri stöðu í sókn. Nokkrum dögum eftir að þingmálið var lagt fram hér í þinginu kom fréttatilkynning frá ríkisstjórninni sem var ekki hægt að skilja á annan veg en þann að ríkisstjórnin sjálf vildi hugleiða þetta mál og kanna hvort ástæða væri til að gera þetta með einhverjum öðrum hætti. Af þeirri ástæðu kallaði ég, í umræðum um þingmál framsóknarmanna, eftir því frá ráðherrum og Framsóknarflokknum hvort von væri á einhverju öðru þingmáli um sömu hugmyndina. Það rættist úr því með því að ríkisstjórnin tók upp hugmynd Framsóknarflokksins og hnýtti, eins og ég gat um áðan, við draumabreytingum sínum á stjórnarskránni, það var sitt lítið af hverju, draumabreytingum Vinstri grænna, eins og til að mynda 2. og 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins, sem nú hafa reyndar verið felldar brott, en eru ekkert annað en draumabreytingar Vinstri grænna á stjórnarskránni. Þeim var hnýtt við hugmynd framsóknarmanna. Svo kom 1. gr. ekki á óvart frá Samfylkingunni sem ávallt hefur haldið því hér á lofti að kveða þurfi á um það í stjórnarskránni að náttúruauðlindirnar séu sameign þjóðarinnar. Þar fékk Samfylkingin dálítið fyrir sitt. Síðan var þarna ein ágæt grein sem ég rakti áðan, um þjóðaratkvæði, sem allir flokkar á þinginu geta verið sammála um og þá var ágætt að hafa það með. (**Gripið fram í:** Bara eitthvað fyrir alla.) Eitthvað fyrir alla. Í restina, og það er mjög táknrænt að það er síðasta greinin í frumvarpinu, er svo stjórnlagaþingið.

Það er nefnilega svo táknrænt. Til þess að menn fái það sem er aftast í röðinni þurfa menn að kyngja öllu hinu í leiðinni. (Gripið fram í.) Númer eitt, tvö og þrjú til að fá númer fjögur. (Gripið fram í.) Það er ein hörmungarsaga hvernig staðið hefur verið að þessu. Eina vitið er að við sammælumst um það sem augljóst er að gera, að við sammælumst um að taka breytingar á stjórnarskránni úr þeim farvegi að þurfa alltaf að ganga til kosninga að breytingum afloknum. Við skulum í leiðinni sammælast um að nota þessa fáu daga sem við erum hér á þinginu til að ræða mál sem þjóðin öll kallar eftir að séu tekin á dagskrá. (**Gripið**

fram í: Eins og stjórnlagaþing.) (**Gripið fram í:** Einmitt.) Það er (Gripið fram í.) hins vegar um það að segja að jafnsammála og við getum verið um að það þurfi að koma hér á dagskrá mál sem varða skuldastöðu heimila, atvinnuleysi, greiðsluvanda og almenna rekstrarerfiðleika atvinnustarfseminnar — við getum verið sammála um þetta allt saman — er því miður úr afskaplega litlu að moða frá ágætri ríkisstjórn okkar. Hann er fátæklegur listinn yfir slík mál og eflaust gætum við klárað hann allan á dagsparti eða kannski dregið hann yfir tvo daga.

[19:24]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Í fyrsta lagi langar mig til að vita og fá nánari skýringu á því sem hv. þm. Bjarni Benediktsson minntist á um réttarstöðu útgerðarmanna. Það er nauðsynlegt, þar sem nýkosinn formaður Sjálfstæðisflokksins er hér að tjá sig, að bæði þingheimur og þjóðin öll skilji hvað hann á við og hvernig hann túlkar stöðuna. Auðlindir í þjóðareign eru auðvitað mikið mál, að því sé haldið þar til haga og hvernig menn túlka það. Hér er bent á vafaatriði í lögfræði um að túlkun á því sé misjöfn og þess vegna legg ég áherslu á að hann útskýri fyrir þingheimi og þjóðinni allri hvað hann á við með því að það þurfi nánari útlistingu á réttarstöðu útgerðarmanna, þá væntanlega varðandi kvótann, gef ég mér.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki virt mannréttindi. Fyrir liggur álit frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna um að brotið hafi verið á íslenskum sjómönnum og á meðan Sjálfstæðisflokkurinn var í ríkisstjórn gerði hann ekkert í því í rúmt ár.

Atriðið um þjóðaratkvæðagreiðslu — það er náttúrlega ljóst að mínu mati að það þarf að vera í þessum lögum. En síðan eru nokkrir þættir sem ég reikna með að fá svar við í seinna andsvari mínu, en hún varðar það að verið sé að formbreyta stjórnarskránni. Síðan eru landsfundarsamþykktir sjálfstæðismanna, sem lúta að gjafakvótakerfinu, og ýmislegt í þeim dúr sem væri fróðlegt að heyra um og fá nánari skýringar á.

[19:26]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni, það væri fróðlegt að gefa sér góðan tíma í að ræða ýmislegt sem fjallað er um í landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins. Mig langar til að vísa fyrst og fremst til þess frumvarps sem lagt var fram á þingi vorið 2007, um skilgreiningu á hugtökum sem farið er með í 1. gr. þessa máls, um hugtakið sameign þjóðarinnar, um það hvaða réttarstöðu slíkt ákvæði hefði í stjórnarskránni ef það kæmi þar inn. Ég ítreka þann ágreining og þann skoðanamun sem var í nefnd um endurskoðun stjórnarskrárinnar um það hvort með lögfestingu slíks ákvæðis væri verið að breyta réttarstöðunni eða ekki. Ég væri mjög þakklátur ef hv. þingmaður gæfi sína skoðun á því hvort hann teldi mikilvægt að fá slíkt ákvæði í stjórnarskrána til að hreyfa við réttarstöðunni eins og hún er í dag.

Hverju er verið að breyta með því að færa slíkt ákvæði í stjórnarskrá? Hvað er það sem hugtakið sameign þjóðarinnar felur í sér í raun og veru? Þjóðareign? Hvernig stendur hugtakið þjóðareign í samanburði við ríkiseign og einkaeign? Hvar fellur það í þessari flokkun? Er það kannski þannig, eins og ég rakti í ræðu minni áðan, að þegar búið er að flysja hýðið af þjóðareignarhugtakinu stendur í raun og veru einungis eftir sú hugsun að auðlindir undir forræði íslenska ríkisins skuli nýta til hagsbóta fyrir þjóðina alla? Það er minn skilningur á ákvæðinu. Nú væri gott að heyra hvað hv. þingmaður hefur um það að segja.

[19:29]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er auðvitað skemmtilegt eða ágætt fyrir alþjóð að heyra hvernig nýkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins bregst við og hvernig hann lítur á einkaeignarréttarákvæði og hvað sé þjóðareign og hvað ríkiseign. Fiskurinn í sjónum er þjóðareign og í lögum um stjórn fiskveiða er tekið fram það ákvæði að fiskurinn sé þjóðareign og verði aldrei eign fárra útvalinna. (Gripið fram í.) Hann er sameign þjóðarinnar (Gripið fram í.) og útgerðarmenn hafa nýtingarréttinn á honum og þeir þyrftu, ef allt væri eðlilegt og við byggjum í eðlilegu samfélagi, að borga fyrir nýtingarréttinn og þjóðin hefði hag af auðlindinni en ekki bara fáir útvaldir. (Gripið fram í.) Þegar flokkur sem kennir sig við frelsi til athafna og gjörða er ekki með frelsi til athafna og gjörða í sjávarútvegi eða landbúnaði er einmitt (Forseti hringir.) full ástæða fyrir fólk að skoða málin og hlusta vel á ræðu hv. þm. Bjarna Benediktssonar.

[19:30]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er allt rétt, sem hv. þingmaður segir, að fjallað er um þetta í lögum um stjórn fiskveiða. Ég hef engar athugasemdir við þá grein í sjálfu sér. Ég vek bara athygli á því að það er mikilvægt að menn hafi réttan skilning á því sem þar segir.

Mér er algjörlega fyrirmunað að skilja hvað hv. þingmaður telur að muni breytast ef við lögfestum 1. gr. frumvarpsins. Hvað er það nákvæmlega sem breytist í réttarstöðu á Íslandi við að lögfesta 1. gr. frumvarpsins? Hvers vegna verður hv. þingmanni svo tíðrætt um þá sem nýta auðlindina, útgerðarmenn? Hvað er það í réttarstöðu þeirra sem til stendur að breyta með 1. gr. frumvarpsins? (**GMJ:** Þetta eru sérákvæði útvalinna manna.) Ég kalla eftir svörum við þessu frá hv. þingmanni.

[19:31]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef hlýtt á málflutning hv. sjálfstæðismanna í þessari umræðu og reynt að gera mér grein fyrir því hvar hin efnislega gagnrýni á frumvarpið liggur. Hvað er það nákvæmlega sem veldur því að hvort tveggja hávaði, reiði og umhyggja fyrir Framsóknarflokknum virðast vera meginþemað í þeirri ræðu sem hér var flutt?

Mig langaði að spyrja hv. þm. Bjarna Benediktsson tveggja spurninga. Er hv. þingmaður sammála því eða andvígur að auðlindir verði settar í þjóðareign? Í þjóðareign felst það væntanlega að ríkið fer með þær heimildir sem því fylgja en óheimilt er að selja eða láta þau réttindi af hendi

varanlega — það er kjarninn í því. Er hv. þingmaður sammála eða andvígur því að sett verði í stjórnarskrá ákvæði þess efnis að auðlindir verði ekki látnar varanlega af hendi? Þetta er fyrri spurningin.

Seinni spurningin er: Er hv. þingmaður sammála eða andvígur því að þjóðin eða almenningur í þessu landi fái aukin tækifæri til þess að bera mál undir þjóðaratkvæði? Það er hugmyndafræðin sem er grunnurinn að 3. gr. og mér hefur þótt, virðulegi forseti, að í þessari umræðu hafi hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins forðast að ræða þetta efnislega. Þeir hafa hundskammað formann sérnefndar um stjórnarskrá, að hv. þingmaður hafi beitt hörku í nefndinni. Þeir hafa allt að því lýst sig fórnarlömb að hafa ekki komið mjög að samningu þessa máls o.s.frv. En hv. þingmenn hafa algerlega forðast að ræða það efnislega, tjá það, hvort þeir séu samþykkir eða fylgjandi þeirri hugmyndafræði sem býr (Forseti hringir.) að baki 1. og 3. gr. frumvarpsins.

[19:33]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér fannst hv. þingmaður býsna óskýr og fyrir honum vera mjög óljóst hvað mundi í raun og veru gerast við innleiðingu 1. gr. Hann talaði um að væntanlega mundi þetta vera svona og væntanlega hinsegin.

Ég tók það fram í máli mínu áðan að ég geri ekki athugasemdir við lög um stjórn fiskveiða þar sem fiskveiðiauðlindin er lýst sameign þjóðarinnar. Ég geri ekki athugasemdir við það að frumvarpið eins og það lá fyrir þinginu árið 2007 yrði fært í stjórnarskrá. Ég tel hins vegar að það mundi hafa afskaplega litlar efnislegar breytingar á réttarstöðunni.

Ég get vel stutt þá grunnhugsun sem kom fram í máli hv. þingmanns en það sem út af stendur er inntak hugtaksins þjóðareign. Það er það sem út af stendur, þ.e. því sem hv. þm. Grétar Mar Jónsson neitaði að svara í andsvari áðan og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kom ekki heldur að því í fyrirspurn sinni en það skiptir miklu máli. Er verið að breyta réttarstöðunni eitthvað? Um það þarf að ræða.

Varðandi þjóðaratkvæðagreiðslurnar þá ítreka ég það sem ég sagði í fyrri ræðu minni að Sjálfstæðisflokkurinn er þeirrar skoðunar að auka þurfi aðkomu almennings að stórum ákvörðunum með því að festa í lög ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur.

[19:35]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Nú fer hún að verða enn undarlegri þessi umræða en verið hefur hingað til. Ég fæ ekki betur heyrt en hv. þingmaður sé fylgjandi því að auðlindir séu í sameign þjóðarinnar. Þjóðareign er í sjálfu sér ekkert annað en einhvers konar tegund af ríkiseign þar sem einkennið er það að bannað er að láta eignina varanlega af hendi. Það er ekkert annað sem í þessu felst. Menn geta auðvitað skrifað bækur og haldið langar ræður um óskýrleika. Það er hins vegar ekki þannig, ekki nema menn vilji gera það.

Í annan stað er hv. þingmaður einnig sammála því að auka aðkomu almennings að ákvörðunum í þessu landi. Það hefur þegar komið fram að þeir eru sammála 2. gr. og það hefur einnig komið fram að þeir eru tilbúnir að breyta stjórnarskránni nema þeir vilja að stjórnlagaþingið sé ráðgefandi en ekki tillögugefandi. Ég hlýt þá að spyrja: (Gripið fram í.) Hvað veldur öllum þessum hávaða, öllum þessum látum hér í ræðustól Alþingis og löngum ræðum, ef staðreyndin er sú og veruleikinn er sá að Sjálfstæðisflokkurinn er meira (Forseti hringir.) og minna sammála (Gripið fram í.) þessum breytingum. (Gripið fram í.)

[19:36]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ekki skrýtið að við skulum þurfa að ræða málið þegar hv. þingmaður gerir engan mun á ráðgefandi stjórnlagaþingi eða löggjafarsamkomunni stjórnlagaþingi. Þeir sem ekki gera sér grein fyrir muninum á þessu tvennu hafa annaðhvort ekki verið að fylgjast með, hafa engan áhuga á málinu eða hafa ekki getu til að kynna sér efni málsins. (**Gripið fram í:** Nei …) Ég veit að hv. þingmaður hefur sem lögfræðingur fulla getu til þess að skilja þetta mál þannig að hann hefur þá annaðhvort ekki verið að hlusta (Gripið fram í.) eða ekki gefið sér tíma til þess að skoða málið.

Ég vil taka — mér sýnist tíminn vera að renna frá mér (Gripið fram í.) en ég vil gera athugasemd, ef ég fengi að nota þennan stutta tíma án frammíkalla, hæstv. forseti, við það sem segir í greinargerð með frumvarpinu, þar sem gefið er í skyn að í samningum við Evrópusambandið gæti komið til þess að eignarhald á náttúruauðlindunum yrði framselt til Evrópusambandsins nema fyrir 1. gr. þessa máls. Þeir (Forseti hringir.) sem halda því fram, eins og höfundar frumvarpsins gera, skilja greinilega ekkert hvað felst í viðræðum og samningum við Evrópusambandið (Forseti hringir.) og það er enn eitt flækjustigið í umræðunni um sameign þjóðarinnar.

[19:38]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns segja að ég hef þekkt hv. þm. Bjarna Benediktsson af góðu einu. Hann hefur komið upp í ræðustól, yfirleitt yfirvegaður, ekki talað niður til fólks og haft uppi málefnalegar ræður það sem ég hef þekkt hann, þau 6 ár sem ég hef verið á þingi. En í kjölfar landsfundarins er kominn hér gjörbreyttur stjórnmálamaður sem talar niður til þess mikla starfs sem framsóknarmenn hafa unnið að undanförnu undir forustu Jóns Kristjánssonar, fyrrverandi þingmanns og ráðherra, sem stýrði sérstökum lýðræðishópi sem fór yfir þá hugmyndafræði sem liggur á bak við stjórnlagaþingið. Hv. þingmaður lét að því liggja að hér væri um einhverja tækifærismennsku að ræða hjá framsóknarmönnum sem hafa unnið að þessu máli um margra mánaða skeið.

Ég vildi koma þeirri leiðréttingu hér að að svo er ekki. Mér finnst það ekki fara hv. þingmanni að tala eins og henn gerði hér. Það á að bera virðingu fyrir vinnu fólks, sama hvort menn eru sammála henni eða ósammála á endanum. Ég vil sérstaklega benda á málflutning sumra sjálfstæðismanna sem hafa ýjað að getu einstaklinga til þess að leiða þennan hóp eða getu annarra þingmanna, eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson rakti hér áðan. Ég vil segja það hér að ég tel að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hafi staðið sig

mjög vel sem formaður þessarar nefndar. (Gripið fram í.) Menn geta svo verið sammála eða ósammála í efnisatriðum en hv. þingmaður hefur staðið sig mjög vel og mér finnst það einkenni valdhroka og yfirgangs að tala til hv. þingmanns sem og til framsóknarmanna með þeim hætti sem hv. þm. Bjarni Benediktsson gerði í afar slakri ræðu hér áðan. (Gripið fram í.)

[19:40]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Ég þakka hv. þingmanni hlý orð í minn garð.

Ég lét þess getið í ræðu minni áðan að stjórnlagaþingshugmyndin hefði ekki fengið nokkurn tíma til að þroskast í þjóðfélagsumræðunni. Það sér það hver maður sem vill og það þarf ekki annað en að hlýða á ræður þingmanna annarra flokka til að sjá að þetta er framsóknarhugmynd, þetta er hugmynd Framsóknarflokksins (**Gripið fram í:** Er það nokkuð svo slæmt?) — hún þarf ekki að vera slæm fyrir því en það er ekkert sem réttlætir það að við, í aðdraganda kosninga, hlaupum upp til handa og fóta og föllumst á að breyta stjórnarskránni þrátt fyrir að lýðræðishópur Framsóknarflokksins hafi gefið sér gott rúm og tíma til þess að komast að þessari niðurstöðu.

Það er ekki bara það sem er að hugmyndinni, að hún hafi ekki verið rædd nægilega vel í þinginu, heldur er líka málið í heild sinni mótsagnakennt. Lagðar eru til efnislegar breytingar um leið og ákvörðunarvald um breytingar á stjórnarskránni er fært í þennan farveg. Mér fannst ég eyða alveg nægum tíma í þetta atriði í fyrri ræðu minni og þurfi ekki að fara að endurtaka það hér. Ég hafna því að það sé eitthvert sérstakt markmið okkar í ræðum um þetta mál að koma höggi á Framsóknarflokkinn. En við látum það ekki gerast hér á þinginu að breytingar á stjórnarskránni verði gerðar í aðdraganda kosninga og í kjölfar pólitískra aðstæðna sem eru afar sérstakar, og hafa með það að gera að Framsóknarflokkurinn er í stöðu til að fá fram mál af þessum toga gegn því að verja ríkisstjórnina falli.

[19:42]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég kom aðallega hér upp til þess að vekja athygli þingmanna á því að þessi hugmynd er ekki einhver skyndihugmynd. Henni laust ekki niður eins og eldingu á flokksþingi framsóknarmanna, eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson orðaði það hér, heldur var unnið að henni um margra mánaða skeið. Það er þess vegna sem ég kom hér upp, til að bera blak af því ágæta starfi sem menn unnu á vettvangi flokksins. Hér er ekki um einhverja skyndilausn að ræða. Hv. þingmaður segir að þingmenn Sjálfstæðisflokksins séu ekki að reyna að koma neinu sérstöku höggi á Framsóknarflokkinn en ég held að hv. þingmaður hafi talað mun oftar um Framsóknarflokkinn en sjálfa stjórnarskrána í ræðu sinni áðan. (Gripið fram í.) Svo oft nefndi hann Framsóknarflokkinn á nafn í ræðu sinni.

Ég vil minna á það að lokum, herra forseti, að yfirgnæfandi hluti þjóðarinnar er fylgjandi því að þetta nái fram að ganga. Við erum að vinna að þessu máli á forsendum mikillar vinnu sem m.a. hefur verið unnin af fólkinu í landinu sem er í Framsóknarflokknum eða í öllum öðrum flokkum. (Forseti hringir.) 70% þjóðarinnar hafa lýst yfir miklum áhuga á því að þetta mál nái fram að ganga og því fær Sjálfstæðisflokkurinn ekki breytt.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:44]

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[20:16]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Nú er langt liðið á daginn og fyrir liggur að undanfarið hafa verið hér kvöld- og næturfundir og það gengur náttúrulega ekki endalaust að haga málum þannig. Ég vildi gjarnan vita hvað forseti ætlar að láta þessa umræðu standa lengi. Það liggur fyrir að það eru það margir sem eru á mælendaskrá og munu verða á mælendaskrá að okkur endist ekki nóttin ef meiningin er að fara að með þeim hætti.

Ég mælist til þess að miðað verði við að fundur standi ekki lengur en í mesta lagi fram yfir ellefu, að reynt verði að stilla þannig til að fundi ljúki fyrir miðnætti. Ég fer fram á það að forseti upplýsi um það nú þegar hvað hann hyggst láta fundinn standa lengi.

[20:17]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla að ítreka spurningu hv. þm. Jóns Magnússonar um það hvernig vinnubrögðin verða fram eftir kvöldi. Það er ljóst að við munum ræða þetta mikilvæga mál mjög ítarlega, ekki bara út af dæmalausum vinnubrögðum Vinstri grænna, Framsóknarflokks, Frjálslyndra og Samfylkingar í þessu máli, þar sem beinlínis er verið að traðka á stjórnarskránni, heldur ekki síður út af því hvað málið í rauninni inniheldur.

Ég vil í fyrsta lagi ítreka spurningu hv. þingmanns áðan. Í öðru lagi vil ég spyrja forseta að því hvort ekki verði annað mál tekið inn á milli á dagskrá þingsins og þá er ég að tala um atvinnumál sem er á dagskrá eins Helguvík. Ég veit að Vinstri grænir eru á móti Helguvík en ég held að við verðum að reyna að sneiða fram hjá slíkum andmælum því að málið er brýnt og mikilvægt.

Ég spyr forseta: Hvernig verður vinnubrögðum háttað hér fram eftir kvöldi? Er ekki möguleiki að koma á dagskrá mikilvægum efnahags- og atvinnumálum og þá nefni ég sem dæmi (Forseti hringir.) mál frá fjármálaráðherra vegna (Forseti hringir.) vaxtabóta og ekki síður málefni Helguvíkur?

[20:18]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Það er kominn fimmtudagur og löng vika að baki. Fundir hafa verið haldnir fram eftir kvöldi og fram á nótt og næturfundir síðustu daga. Við þingmenn Sjálfstæðisflokksins erum ekkert að kveinka okkur undan því að taka umræðuna enda höfum við tekið þá umræðu mjög rækilega undanfarna daga og munum gera það í

kvöld. En það eru margir á mælendaskrá og það er fyrirhugaður fundur hér á morgun. Eftir því sem ég kemst næst verður fundur strax í fyrramálið. Ég tek undir óskir hv. þm. Jóns Magnússonar og Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og óska eftir upplýsingum um það hve lengi verði haldið áfram í kvöld. Ég legg jafnframt áherslu á það að fundur verði ekki lengur en til ellefu eða tólf í kvöld.

Við þurfum vissulega að taka umræðuna. Mjög alvarlegar athugasemdir eru gerðar (Forseti hringir.) hér en ég legg áherslu á að við höfum fundinn ekki lengri en í mesta lagi til (Forseti hringir.) miðnættis í kvöld.

[20:20]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þær spurningar sem komið hafa fram. Á þingfundi í gær var hæstv. forseti ítrekað spurður að því hve lengi störf þingsins mundu vera.

Það er ljóst á mætingu hér í þingsal, sérstaklega á það við um vinstri flokkana, þá sem eru í þessari minnihlutastjórn, að veruleg þreytumerki eru þar eða áhugaleysi fyrir þeirri umræðu sem fer fram. (Gripið fram í.) Í gærkvöldi var þetta þannig að hér var (Gripið fram í.) löngum einn fulltrúi þeirra flokka á meðan við sjálfstæðismenn tókum virkan þátt í umræðunni. Í það virðist stefna að við sjálfstæðismenn verðum hér margir en heldur fækki í hinu liðinu. Í ljósi þess að þreytumerki eru farin að segja til sín á þeim bænum sýnist mér að full ástæða sé til að forseti (Forseti hringir.) taki tillit til þeirra aðstæðna sem eru að skapast.

[20:21]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur verið í dag er afar mikilvæg. Hér er um að ræða stjórnarskipunarfrumvarp og það er eðlilegt að slíkt mál taka töluverðan tíma í umræðunni enda kemur í ljós að frá því að umræðan hófst hafa aðeins sjö ræður verið haldnar. Vegna lengingar á ræðutíma og vegna þess hve umfangsmikið málið er þá tekur töluverðan tíma að ræða það. Það er vont að bjóða upp á það að þetta mál sé rætt um miðjar nætur — ég tala nú ekki um það þegar við höfum verið að vinna hér fram eftir nóttu undanfarið. Til viðbótar þá er opinn fundur í fyrramálið í samgöngunefnd og það er mikilvægt að fulltrúar í samgöngunefnd, og þeir sem bera hag og virðingu þingsins fyrir brjósti, séu skýrir í hugsun og klárir á því hvað fram fer þar. Mér finnst að forseti ætti að leitast við að haga þessu þannig að við séum ekki að vinna lengur en til tólf í kvöld.

[20:22]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég geri mjög alvarlega athugasemd við það, hæstv. forseti, að ekki skuli vera svarað af forsetastóli — að hver þingmaðurinn af öðrum skuli þurfa að koma hingað upp til þess að fá einfalt svar við þeirri spurningu sem var borin upp í upphafi. Það hefði e.t.v. stytt tímann sem í málið fer að fá fram svör við slíkum spurningum.

Ég vil taka undir með hv. þm. Ólöfu Nordal og vekja athygli hæstv. forseta á því að í fyrramálið verða opnir fundir og það er þingið sem ákveður, og nefndirnar komust að þeirri niðurstöðu í samráði við þingforseta að sjálfsögðu, að haldnir séu opnir fundir (Forseti hringir.) og slíkur fundur verður í fyrramálið. Það er algerlega óásættanlegt að (Forseti hringir.) þingmenn þurfi að vera hér langt (Forseti hringir.) fram eftir kvöldi. En (Forseti hringir.) hins vegar er það alveg jafnljóst að (Forseti hringir.) það mál sem hér er á dagskrá (Forseti hringir.) verður ekki afgreitt (Forseti hringir.) án umræðu.

[20:23]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum með viðbrögð hæstv. forseta við þeim spurningum sem hér hafa komið fram. Hér hafa komið fram spurningar frá ýmsum þingmönnum varðandi það hvernig fundi verði fram haldið fram eftir kvöldi og bent á það að auðvitað eru nefndarfundir í fyrramálið og þingmenn hafa skyldum að gegna þar.

Við sjálfstæðismenn veigrum okkur ekkert við því að taka þátt í umræðum fram eftir kvöldi en það skiptir hins vegar máli fyrir okkur að fá einhverja vitneskju um það hver áform forseta eru í þessu sambandi. Það undrar mig ef hv. forseti getur ekki gefið okkur, eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson orðaði það, einföld svör við einföldum spurningum.

[20:25]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Um leið og ég óska eftir að vera settur á mælendaskrá tek ég eftir því að 6 þingmenn af 63 hafa talað í þessu máli. Ég reikna með því að þegar menn fara í hlutverk stjórnlagaþings, eftir alla umræðuna um stjórnlagaþing í þjóðfélaginu undanfarið, finni þeir nú til sín að vera á stjórnlagaþingi og taki allir til máls þannig að 57 eiga eftir að taka til máls. Mér þykir það niðurlæging við stjórnlagaþingið og stjórnarskrána að vera ræða þetta fram á nótt, menn þurfa að vera vakandi yfir þessu.

Mig langar að spyrja hæstv. forseta hvort ekki standi til að fara að ljúka umræðunni í bili og taka svo upp umræður og verkefni stjórnlagaþingsins á morgun.

[20:25]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Þetta er nú dálítið skondið og skemmtilegt, staðan sem við erum í núna. (**Gripið fram í:** Já.) Síðasta sólarhring var farið að ræða um endurgreiðslur á virðisaukaskatti til kvikmyndaiðnaðarins (**Gripið fram í:** Það er merkilegt mál.) og þar þurftu menn að tala frá því klukkan fjögur til hálfþrjú í nótt. (Gripið fram í.) Núna er alvörumál á dagskrá og mér sýnist blasa við að menn ætli að halda áfram í þessu málþófi, þ.e. sjálfstæðismenn. En við hetjur hafsins og hermenn þjóðarinnar teljum það ekki eftir okkur að vaka eina vorvertíð til að ræða þessi mál. Við munum ekkert láta á okkur standa í þessari umræðu (Gripið fram í.) og fara í andsvör og ræða við málþófsmenn eftir þörfum. (**Gripið fram í:** Heyr!)

[20:26]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram viðamikil umræða og hér á eftir að fara fram mjög viðamikil umræða (**Gripið fram í:** Um fundarstjórn forseta?) — um stjórnarskrána. Það vekur athygli að hæstv. forseti hefur ekki séð ástæðu til að svara þeim spurningum sem hér hafa verið bornar upp, um þau plön sem hæstv. forseti hefur um það hvernig hann hyggst haga fundum í kvöld, mjög eðlilegar spurningar um það hvernig vinnulag eigi að vera. Boðað er til nefndarfundar í fyrramálið, hæstv. forseti, og þess vegna er náttúrulega ekki hægt að halda svona áfram með næturfundum og fundum snemma á morgnana. Menn fá þá kannski ekki svefn nema upp á 3 tíma dögum saman, eins og á við um mig. (Forseti hringir.) Þetta gengur ekki, hæstv. forseti. (Gripið fram í.)

[20:28]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Að tala um málþóf þegar rætt er um stjórnarskrána sýnir lítilsvirðingu hv. þingmanns gagnvart stjórnarskránni. Það er aldrei hægt að tala um málþóf þegar rætt er um stjórnarskrána. Það er skylda okkar þingmanna að ræða málefni stjórnarskrárinnar mikið og ítarlega enda er verið að traðka á stjórnarskránni í boði Framsóknar. Það er ekki einungis að aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar sé í boði Framsóknar, og ég fagna því að allt í einu eru tveir þingmenn Framsóknar í þingsal, (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Þetta er ómálefnalegt.) heldur er líka verið að traðka á stjórnarskránni í boði (Gripið fram í.) Framsóknar.

Ég vil ítreka þá spurningu mína hvort ekki sé hægt að gera hlé á umræðunni um stjórnarskrána og ræða málefni Helguvíkur (Forseti hringir.) eða eru framsóknarmenn líka á móti því?

[20:29]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Að loknum kosningum 2007, um vorið, var skipað nýtt þing og hv. þm. Sturla Böðvarsson varð forseti þingsins. Þá voru gerð mikil og góð plön um hvernig haga skyldi þingstörfum. Talað var um fjölskylduvænt þing, að taka ætti tillit til fjölskyldunnar. Það kom mjög sterkt fram hjá hæstv. menntamálaráðherra að taka ætti tillit til unga fólksins og fjölskyldunnar hvað þingstörf varðar. Nú erum við að fara inn í þriðju nóttina, herra forseti, og ég vil fá að vita hvernig taka eigi tillit til þess unga fólks sem er með ungbörn og þarf að sækja störf þingsins allt til þrjú að nóttu til og frá því átta á morgnana. Hvað ætlar forseti að gera til þess að koma til móts við fjölskyldurnar í landinu?

[20:30]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Það undrar mig töluvert að hæstv. forseti vilji ekki svara þeim spurningum sem til hans er beint, að hann vilji ekki segja frá þeim áformum sem hann hefur um framgang þinghalds í kvöld. Vill hann ekki með neinu móti taka tillit til þess að hér er mjög þung umræða á ferðinni? Það er ekki einungis það, heldur var þetta með nákvæmlega sama hætti við 1. umr. um frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Boðið var upp á næturfundi, að þetta mál yrði rætt í skjóli nætur, og nú erum við fjórðu nóttina í röð að tala á þinginu.

Yfirleitt er það svo að flutningsmenn frumvarpsins — reyndar situr hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir í salnum og fylgist með umræðunni, en það er fátt um fína drætti hvað aðra varðar. (**Gripið fram í:** Nú?) Og þeir sem upphaflega lögðu málið fram hafa vart látið sjá sig hér í dag og það var nákvæmlega eins við 1. umr. (**BJJ:** Heyrðu. Ég er búinn að vera hérna í dag …) Það gleður mig að sjá þig hérna, hv. þingmaður. (**Gripið fram í:** … frekar lítið.) Háreysti í þingsal. (**ÞKG:** Þú ert duglegur strákur.)

[20:32]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tölu á því hve margir hv. þingmenn hafa komið hingað upp til að inna forseta eftir svörum um það hve lengi eigi að halda áfram í kvöld. Mér finnst kominn tími til að forseti svari þingmönnum þeim spurningum sem settar hafa verið fram.

Meira og minna alla síðustu viku voru kvöldfundir og fram á nótt. Um síðustu helgi voru tveir stjórnmálaflokkar með landsfundi sína og þeim fylgdi mikil vinna hjá þingmönnum alla helgina. Þetta er síðan fjórða kvöldið í þessari viku sem þingmenn eru á kvöldfundum og jafnvel á næturfundum.

Ég óska eftir því að hæstv. forseti fari að svara þingmönnum. Í öðru lagi óska ég eftir því að hann fari að taka tillit til þess að hv. þingmenn eru orðnir lúnir eftir mikla vinnu síðustu tvær vikur og eru tilbúnir til að halda áfram á morgun þeirri málefnalegu umræðu (Forseti hringir.) sem var hafin hér í dag.

[20:33]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Þegar þingsköpum var breytt var lögð rík áhersla á það að með því að takmarka ræðutíma sköpuðust betri skilyrði til umræðu og mér sýnist að það hafi út af fyrir sig gerst. Jafnframt var uppi sú krafa að vinnutími á hverjum degi yrði skikkanlegur og okkur hefur satt best að segja tekist að halda því í góðu horfi það sem af er þessu kjörtímabili.

Ég hvet því hæstv. forseta til að taka tillit til ábendinga frá hv. þingmönnum og taka tillit til aðstæðna hér. Það er alveg ljóst að miðað við það að við ræðum hér um stjórnarskrána og að við eigum eftir að ræða um mjög mikilvæg atvinnu- og efnahagsmál (Forseti hringir.) er langur tími fram undan í umræðum á Alþingi og taka þarf tillit til þess. (Gripið fram í.)

[20:34]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Nú eru liðnar rúmar 20 mínútur frá því að ég bar fram einfalda spurningu. Ég fór fram á það við hæstv. forseta að miðað yrði við það að umræður stæðu ekki lengur en til milli kl. 11 og 12 í kvöld. Ég tel það reyndar spurningu um virðingu Alþingis fyrir sjálfu sér, og því mikilvæga máli sem hér er til umræðu, að við séum

ekki um hánótt að fjalla um það hvernig stjórnarskrá lýðveldisins skuli vera háttað.

Ég ber það mikla virðingu fyrir stjórnarskrá lýðveldisins að ég tel mjög mikilvægt að þjóðin geti fylgst með þeim umræðum sem fram fara um stjórnarskrána. Ég geri því þá kröfu, fer fram á það við virðulegan forseta, að hann hlutist til um það, svari þingmönnum og taki tillit til þeirra óska sem hér hafa komið fram um að fundur standi ekki lengur en (Forseti hringir.) fram yfir kl. 11 en þá verði þingfundi (Forseti hringir.) frestað til morgundagsins. Ég tek undir (Forseti hringir.) með þeim hv. þingmönnum sem hafa tjáð sig (Forseti hringir.) um þetta atriði, það (Forseti hringir.) skiptir gríðarlegu máli að menn viti hvað stendur til (Forseti hringir.) og geti skipulagt tíma sinn.

[20:36]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Mér finnst það eiginlega ekki alveg ganga að hæstv. forseti skuli ekki svara þeim spurningum sem lagðar eru fram um skipulag fundarins, í fyrsta lagi hversu lengi hæstv. forseti hyggist halda áfram fundi í kvöld og í öðru lagi hvort hæstv. forseti hyggist fresta því máli sem nú er á dagskrá þannig að hægt sé að ræða stjórnarskrá lýðveldisins í dagsljósinu.

Til viðbótar, hæstv. forseti, hljótum við að reikna með því að flutningsmenn þess máls sem liggur hér fyrir, frumvarps til breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, Jóhanna Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Birkir J. Jónsson og Guðjón A. Kristjánsson, hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar, verði við umræðuna. (**BJJ:** Ég er hér.) Það er með ólíkindum (**VS:** Málið er hjá þinginu.) (Forseti hringir.) að þessir flutningsmenn skuli ekki vilja fylgjast með framgangi málsins (Forseti hringir.) í Alþingi.

[20:37]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti tekur fram vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað að að sjálfsögðu hefur forseti hlýtt gaumgæfilega á þær athugasemdir og þær óskir sem komið hafa fram en tekur jafnframt fram að engin önnur ákvörðun hefur verið tekin en að áfram verði haldið með þann lið sem hér er á dagskrá. Tekin verður ákvörðun síðar í kvöld eftir framvindu málsins um það hvað gert verður og hve lengi fundur muni standa.

[20:38]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Mér finnst þessi vinnubrögð verulega ámælisverð. Hér er mjög eðlilega spurt spurninga um vinnutíma þeirra sem hér eru. Vinnudagurinn hefur verið langur undanfarnar vikur. Við sem ætlum að vera við þessa umræðu og taka þátt í henni upplifum það hér að ekki er tekið tillit til spurninga okkar og þeirra óska sem komið hafa fram. Það er ekki hlustað á þetta.

Við upplifum þetta líka í nefndastarfi þar sem umræðutími er ekki gefinn til að ljúka almennum umræðum um mál áður en þau eru afgreidd út úr nefndum. Við upplifðum það í nefndastörfum í vikunni að mönnum var hreinlega vísað á dyr áður en þeir voru búnir að svara spurningum.

Þetta vekur upp spurningar um það, virðulegi forseti, hvers konar vinnubrögð eru farin að tíðkast undir stjórn þeirra vinstri manna sem komnir eru í stjórn í þinginu. Þetta er alveg með ólíkindum. Ég hvet forseta til að skoða hug sinn vel og gefa þingmönnum ítarlegri svör en hann hefur (Forseti hringir.) fært hér fram.

[20:39]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Ég nefndi það áðan að að afloknum kosningum 2007 hefðu verið tekin upp ýmis nýmæli sem áttu að vera til bóta varðandi þinghaldið. Meðal annars var komið á fót sérstakri eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að kanna og skoða hvernig Alþingi er rekið, hvernig nefndir þingsins vinna og hvernig störf þingsins ganga.

Ég held að þetta sé skólabókardæmi um það sem ekki á að vera, það sem hefur gerst í þinginu eftir að þessi minnihlutavinstristjórn tók við. Það er stjórnleysi. Fyrst áttum við að upplifa bankahrun og síðan hreinlega hrun stjórnmálaflokkanna, þeirra stjórnarflokka sem nú eru, vegna þess að á Alþingi viðgengst algjört stjórnleysi. (Gripið fram í.) Það verður gott efni fyrir þá nefnd sem er að vinna að eftirlitsmálum Alþingis að fara yfir og ofan í það hvað gerðist eftir að þessi nýja minnihlutastjórn tók við.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882.

[20:40]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Það var athyglisverð umræða sem hér fór fram og kom mér á óvart að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem ég held að ég geti leyft mér að segja að stjórni því hvað umræðan verður löng, kvörtuðu yfir því að umræðan væri löng. (**ArnbS:** Nei, nei.) Þau voru ómöguleg í ræðustól yfir því að þurfa að vera eitthvað fram eftir. (**Gripið fram í:** Ha?) (**ArnbS:** Af hverju segirðu það? Það er fullkomlega eðlilegt að ræða stjórnarskrána. Það tekur langan tíma.) Virðulegi forseti. Af því að hér er gjammað fram í — það var ekki að heyra á máli þeirra hv. þingmanna sem vældu eins og stungnir grísir (Gripið fram í.) að þeir væru (**ArnbS:** … bara lygar.) ánægðir eða spenntir yfir því að halda áfram að ræða jafnmikilvægt mál og frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Það kom mér á óvart að þeir skyldu kvarta undan því að við þyrftum að vera eitthvað fram eftir.

Hv. þingmenn eru harðduglegir og munu einskis láta ófreistað að koma sjónarmiðum sínum að þegar fram líða stundir. Ég vil bara (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Við erum mjög dugleg.) lýsa ánægju minni með það.

Virðulegi forseti. Erindi mitt í ræðustól var ekki að gleðjast yfir eða lýsa ánægju minni með framgöngu sjálfstæðismanna í málþófi sínu, (Gripið fram í.) heldur hitt að taka til umræðu frumvarp til stjórnarskipunarlaga og fara aðeins yfir nokkur atriði sem komið hafa fram. Umræðan sem hefur nú staðið í nokkrar klukkustundir hefur dregið það fram, sem er afar athyglisvert, að þrátt fyrir allan há-

vaðann, alla reiðina og þau stóru orð sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa látið falla í umræðunni er það í reynd þannig að þeir eru innst inni meira og minna sammála þeim breytingum sem verið er að gera. Í umræðunni hefur komið fram að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins telja mikilvægt að auðlindir séu í sameign þjóðarinnar. Það kom fram hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni, sem nýverið var kosinn forustumaður í Sjálfstæðisflokknum, að hann telur, og lýsti mikilli ánægju sinni með það í ræðu áðan, að auðlindir sjávar væru í sameign þjóðar og að fleiri auðlindir ættu að vera þar. 1. gr. í þessu frumvarpi gengur út á að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti skuli vera í þjóðareign. Það er grundvallaratriði sem er í 1. gr. og augljóslega alveg í takt við það sem komið hefur fram hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni sem nýverið var kosinn formaður Sjálfstæðisflokksins.

Ég lýsi ánægju minni með það og held að styttra sé á milli sjónarmiða meiri hluta og minni hluta á þingi. Vel má vera að það sé ekki stórmál að ná saman með Sjálfstæðisflokknum en það kann að vera að ræður þeirra, reiði, hávaði og stóryrði eigi rætur sínar að rekja til þess að þeir áttu ekki frumkvæði að því að gera þessar breytingar á stjórnarskránni. Ég held að við getum fundið taktinn við að ná saman.

Það eru nokkur atriði, virðulegur forseti, sem mig langar að fara aðeins yfir: Í fyrsta lagi langar mig að ræða þá fullyrðingu sem ítrekað hefur komið fram í ræðum hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins, að hér sé verið að niðurlægja Alþingi. Þar hefur gengið manna lengst hv. þm. Björn Bjarnason sem hefur fullyrt að þær hugmyndir sem uppi eru feli í sér niðurlægingu Alþingis. Hv. þingmaður á þá við stjórnlagaþingið. Ég ætla að byrja á því. Hvað er verið að gera? Hér er verið að færa þjóðinni það vald að kjósa sér fulltrúa á stjórnlagaþing og síðan greiða um það atkvæði hvort hugmyndir stjórnlagaþings um nýja stjórnarskrá verða að veruleika. Með öðrum orðum er verið að færa valdið til þjóðarinnar. Hvaðan kemur valdið? Hvar er uppspretta valdsins? Það er hjá þjóðinni. Hvar annars staðar getur uppspretta valdsins verið?

Ef það er niðurlæging fyrir Alþingi að fara með valdið til þjóðarinnar, veit ég ekki í hvaða farveg umræðan er komin. (Gripið fram í.) Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins leyfa sér að tala á þennan hátt án þess að blikna. Þeir leyfa sér að segja að færa eigi valdið frá Alþingi. En hvaðan fær Alþingi valdið? (Gripið fram í.) Er nema von að þeir flýi eins og fætur toga úr salnum þegar á að ræða þessi mál við þá í fúlustu alvöru og verið er að tala um annað en málþóf og kjánaskapinn sem þeir hafa sýnt af sér í umræðunni að undanförnu?

Í þeim hugmyndum sem hér liggja fyrir er einnig talað um aðkomu þingsins. Vel má vera að gera megi einhverjar breytingar á þessu til að gera þá aðkomu jafnvel meiri. En það er algerlega fráleitt að tala um niðurlægingu Alþingis þegar valdið er fært út til fólksins. Það er ekki boðleg röksemdafærsla í umræðu af þessum toga.

Mig langar að segja, af því að hér kemur hv. þm. Birgir Ármannsson í salinn sem einn þeirra sem hefur tjáð sig á þennan hátt, að Alþingi hefur aldrei endurskoðað stjórnarskrána frá grunni, aldrei nokkurn tímann. Alþingi kaus hins vegar 1942 sérstaka milliþinganefnd sem fékk það hlutverk að gera breytingar á stjórnarskránni áður en lýðveldið var stofnað 1944 og nefndin fékk einnig það hlutverk að endurskoða stjórnarskrána. Með öðrum orðum kaus Alþingi milliþinganefnd til að gera það. Í þessu tilviki er lagt til að þjóðin kjósi fulltrúa í persónukjöri á stjórnlagaþing og taki síðan afstöðu til stjórnarskrárinnar.

Hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins þykir það sennilega minni niðurlæging ef Alþingi heldur völdunum hjá sér, kýs sína milliþinganefnd og tekur svo sína ákvörðun. Ráða hefur mátt af málflutningi þeirra hv. þingmanna að valdið sé sprottið frá þinginu. Það er ekki þannig, valdið kemur frá þjóðinni. (**Gripið fram í:** En búið að búa allt of lengi hjá Sjálfstæðisflokknum.) Og valdið kemur heldur ekki frá Sjálfstæðisflokknum. (**Gripið fram í:** Nei.) Það kemur frá þjóðinni. (Gripið fram í.) Það er afar mikilvægt í þessari umræðu að við ræðum þessa hluti eins og þeir eru en ekki á þann hátt sem verið hefur. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flúið í formið, þeir hafa algjörlega forðast að ræða efnið. Þeir hafa flúið í formið undir fororði um að hér væri á ferðinni niðurlæging fyrir Alþingi sem er algjörlega fráleitt, (Gripið fram í.) það er algjörlega fráleitt að tala um það á þeim nótum.

Ég byrjaði áðan ræðu mína á að fara yfir 1. gr. frumvarpsins og dró þá fram að hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, teldi afar eðlilegt að auðlindir væru í sameign þjóðarinnar. Hann hafði hins vegar athugasemdir í ræðu sinni við orðið þjóðareign af því að hann taldi það lítt útskýrt hugtak eins og fleiri telja. Í mínum huga er það afar skýrt. Við getum sagt að hér sé um að ræða ríkiseign sem heitir þjóðareign alveg eins og eignarréttindi hafa ýmis nöfn, til að mynda ítak, afnotaréttur o.s.frv. Eignarréttur hefur mismunandi heiti. Í þessu tilfelli tölum við um þjóðareign. Og hvað felst í þjóðareign? Í þjóðareign felst að ríkisvaldið, þ.e. varsla þessara réttinda, er hjá Alþingi, og ríkisstjórn eftir atvikum, og það er lykilatriði að þessar auðlindir verða ekki seldar varanlega. Þær verða ekki látnar af hendi varanlega, það er einkenni á þeim eignarrétti sem í þessu felst. Þá eiga hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, í stað þess að flýja í formið, í stað þess að segja að þeir skilji ekki hugtakið, að koma upp og segja: Nei, við viljum ekki að í stjórnarskrá sé ákvæði um að auðlindir verði ekki látnar varanlega af hendi. Þá væru þeir farnir að tala efnislega um það sem skiptir máli.

Við höfum kallað eftir því í umræðunni að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins komi og ræði málið á þeim nótum.

2. gr. í þessu frumvarpi — þetta er ekki stórt frumvarp þó að það innihaldi stórt efni, hér er verið að ræða um stjórnarskrána. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa komið upp í öllum hávaðanum, í öllum látunum og öllum stóryrðunum og sagst vera fylgjandi þeirri grein og tilbúnir að standa að henni. Þá erum við búin að fara yfir tvær greinar af fjórum og hugmyndafræðilega eru þeir fylgjandi 1. gr., líka 2. gr. og þá er spurningin um 3. gr.

Hvert skyldi vera hið hættulega efni í 3. gr.? Hvað skyldi vera svo ógnvænlegt, hvað er að varast? Jú, það er að þjóðin fái aukinn rétt til þess að koma að ákvörðunum, þ.e. fái aukinn rétt til þess að óska eftir þjóðaratkvæða-

greiðslu um stór mál sem lúta að almannahag, að 15% þjóðarinnar, eftir tilteknum reglum, geti óskað eftir því að stór mál sem lúta að almannahag gangi til þjóðaratkvæðagreiðslu. (**BJJ:** Guð forði okkur.) Það er ógnin. Þarna er hættan. Það skyldi þó ekki vera að eitthvert smávald væri tekið af þinginu. Kannski felst niðurlæging þingsins í því að þjóðin hafi eitthvað um málið að segja, eins og hv. þm. Björn Bjarnason sagði og hótaði því og lofaði að hann skyldi tala um niðurlægingu þingsins meðan þetta mál væri á dagskrá, sem sagt að valdið væri fært til þjóðarinnar þar sem uppspretta þess er.

Þetta er 3. gr. frumvarpsins að meginstofni til, að almenningur geti í auknum mæli knúið fram atkvæðagreiðslu um mál er lúta að almannahag.

Þessar þrjár greinar kalla náttúrlega fram stóryrði, fúkyrði, og sagt að verið sé að valta yfir þingið.

Þess ber einnig að geta — ég nefndi það ekki áðan — að 1. gr. hefur verið í umræðu í u.þ.b. 11 ár, umræðan hófst í auðlindanefnd sem starfaði frá 1998–2000. Það hafa verið skrifaðar heilu bækurnar og ritin um þetta, stjórnarskrárnefnd sem starfaði á árunum 2005–2007 fór mjög vel yfir þetta.

Sú stund rennur upp að það þarf að taka afstöðu. Umræðunni um þetta er lokið, nú verða menn bara að taka afstöðu og þá er spurningin, hv. þm. Birgir Ármannsson: Vilja sjálfstæðismenn setja ákvæði í stjórnarskrá sem gengur út á það að auðlindir verði ekki látnar varanlega af hendi? Þá eiga menn bara að segja heiðarlega: Nei, við viljum það ekki. Þá erum við farin að tala um þetta efnislega, tala um efnisleg ákvæði í stjórnarskrá, gildi og innihald. Það er það sem við viljum ræða, það er það sem skiptir máli og það sem við viljum við kalla fram.

Þetta eru þær þrjár stórhættulegu greinar sem við erum að tala um, í fyrsta lagi grein sem rædd hefur verið í 10–11 ár í mörgum nefndum og mikið skrifað um, í öðru lagi ákvæði sem við erum sammála um og svo hættulega ákvæðið um þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Svo erum við komnir að 4. gr. sem lýtur að stjórnlagaþingi sem ég fór aðeins yfir áðan. Stjórnlagaþing er í eðli sínu aðeins aðferðafræði, ef ég má nota það orð, við að endurskoða stjórnarskrána. Það eru ýmsir möguleikar í þessum efnum, við getum fengið nokkra fræðimenn til að kíkja á málið og gera tillögur eins og við gerðum 1942. Er það niðurlæging þingsins, hv. þm. Birgir Ármannsson? Felst einhver niðurlæging í því að kalla til nefnd?

Ég held ekki, ekki frekar en þetta. Hér er verið að tala um að einstaklingar geti boðið sig fram á stjórnlagaþing til að vinna að endurskoðun á stjórnarskránni. Það er aðferðafræði. Ég er ekki að segja að þetta sé endilega besta aðferðafræði í heimi en það eru margar leiðir til. Þetta er ein þeirra, að fólkið í landinu, þaðan sem uppspretta valdsins er, kjósi einstaklinga á stjórnlagaþing til að endurskoða stjórnarskrána.

Hv. þingmenn hafa sagt að gallinn við þetta sé að Alþingi afsali sér þar með stjórnarskrárvaldinu. Það er rétt svo langt sem það nær en Alþingi sækir líka vald sitt til fólksins og í þessu tilviki er verið að færa fólkinu þetta vald. Að því leytinu til … (Gripið fram í.) (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Það var ágætt að fá þetta frammíkall. Það á að leggja niður þingið. (Gripið fram í.) Er einhver ástæða til að kjósa? (Gripið fram í.) Sjálfstæðisflokkurinn hefur valdið, (Gripið fram í.) er einhver ástæða til að fara til fólksins og spyrja hverjir eigi að sitja á þingi? (**Gripið fram í:** Nei, við skulum bara hætta þessu.) (**ArnbS:** Hver er tillagan frá þér?) (**Gripið fram í:** Um hvað snýst þetta?) Það er alveg með ólíkindum, ef þjóðin fær aukna aðkomu að ákvarðanatöku til að breyta stjórnarskránni felur það sjálfkrafa í sér að við skulum bara leggja þingið niður. Þetta er afstaðan, þetta er viðhorfið. (**Gripið fram í:** Þú ert að tala um nýtt þing …) Ég er ekki að tala um — (**ArnbS:** Á stjórnlagaþing að hafa löggjafarvald eða ekki, já eða nei?) Enn og aftur er hér frammíkall, það er smám saman að renna upp fyrir mér að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa ekki lesið þetta frumvarp sem við erum að tala um. (**Gripið fram í:** Ó, jú.) Frammíkallið ber þess glögg merki, nú ætla ég að fara yfir það. Stjórnlagaþingið sem kosið verður til af fólkinu í landinu, í persónukjöri, 41 í persónukjöri, fær það hlutverk að endurskoða stjórnarskrána. Það er hlutverk þess. Í því felst ekkert löggjafarvald, nei. Hins vegar felst í því réttur til að leggja fyrir þjóðina tillögu að nýrri stjórnarskrá. Í því felst ekki löggjafarvald, í því felst réttur til að leggja tillögu um nýja stjórnarskrá fyrir þjóðina. Hvað er svona stórhættulegt við það?

Hvar liggja allar hinar stórkostlegu hættur í þessu máli? (**Gripið fram í:** Sjálfstæðisflokkurinn …) Ég verð bara að játa, virðulegi forseti, að eftir að hafa hlýtt — og ég einsetti mér strax í dag að fylgjast mjög vandlega með málflutningi sjálfstæðismanna vegna þess að þeir hafa verið það stóryrtir og gott ef þeir hafa ekki haldið sérstakan blaðamannafund um að þetta sé svo ómögulegt mál — að reyna að átta mig á því hvar ég fór út af sporinu. Ég styð nefnilega málið, ég sat og sit í þeirri sérnefnd sem fjallaði um málið. Hvar yfirsást mér svona stórkostlega? Ég einsetti mér strax í morgun að hlýða mjög vandlega á málflutning sjálfstæðismanna til að reyna að átta mig á því hvar mig hefði borið af leið.

Ég er smám saman að átta mig á því að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa í raun og veru kannski ekki alveg, að minnsta kosti ekki allir, sett sig vandlega inn í málið. Alla vega sé ég ekki þær hættur sem þeir sjá.

Ég sé að hv. þm. Birgir Ármannsson situr hér og hann á einnig sæti í sérnefndinni. Ég beindi til hans einni spurningu áðan og mig langar að bæta við fyrirspurn. Það er ekki þannig að ég sýni hv. þingmanni nokkurn dónaskap með því að beina til hans fyrirspurn, ég sá að hann hafði óskað eftir því að veita andsvar og þess vegna langar mig að beina til hans fyrirspurn. Hann ræður hvort hann svarar henni. Ég spurði hann áðan hvort hann væri þeirrar skoðunar að auðlindir ætti ekki að láta varanlega af hendi, sem er hið hættulega inntak hugtaksins þjóðareign, og mig langar einnig að spyrja hann í hverju ótti hans liggur gagnvart því að þjóðin komi frekar að málum. Mig langaði að beina til hans þessum tveimur spurningum af því að hér er um efnisatriði að ræða. Mér sýnist að það sé stutt á milli okkar í 2. og 4. gr. og ef ágreiningur um 1. og 3. gr. byggir á misskilningi, held ég, virðulegi forseti, að ekki sé langt í að við getum náð hér saman og gengið út í vorið hönd í hönd í samkomulagi um breytingar á stjórnarskránni. Að því væri mikill sómi fyrir þingið, ég tala nú ekki um fyrir okkur hv. þingmenn sem

erum hér á síðustu metrum þingferils okkar, að geta endað þingið í sátt og samlyndi og greitt úr þeim misskilningi sem virðist svífa hér yfir vötnum.

Ég er sannfærður um að smám saman mun orðræðan fara úr forminu og yfir í efnið og þegar hún kemst þangað held ég að ekki sé langt á milli okkar í þessu máli. Ég hvet sjálfstæðismenn eindregið til að koma til móts við okkur því að það er svo stutt á milli okkar í þessu öllu saman.

[21:02]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hlýt að mótmæla því sem hv. þingmaður sagði um formið og efnið því að ég hef spurt nokkrum sinnum um efnið, t.d. það sem hann mótmælti, að í 2. gr. sem breytir 79. gr. sem verður 81. gr. er talað um að Alþingi geti samþykkt breytingar á stjórnarskránni og í 4. gr. er talað um að skipa eigi nýtt stjórnlagaþing sem eigi að breyta stjórnarskránni. Eru þá ekki tvö stjórnlagaþing á sama tíma að breyta stjórnarskránni? Ég spyr: Er þetta ekki efni?

[21:03]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég kom aðeins inn á það í máli mínu áðan að stjórnlagaþingið hefur rétt til þess að gera tillögu til þjóðarinnar um endurskoðun eða nýja stjórnarskrá þannig að stjórnlagaþingið sjálft breytir ekki stjórnarskránni. Stjórnlagaþingið sendir Alþingi, eins og málið lítur út núna, tillögu sína og óskar eftir umsögn. Að þeirri umsögn lokinni þarf 2/3 hluta fulltrúa á stjórnlagaþingi til að samþykkja tillöguna og að því loknu er hún lögð fyrir þjóðina sem tekur endanlega ákvörðun um það hvort stjórnarskránni skuli breytt. Í þeim skilningi hefur stjórnlagaþingið ekki rétt til að breyta stjórnarskránni en það hefur rétt til þess að leggja fram tillögu til breytinga á stjórnarskránni fyrir þjóðina.

[21:04]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður kemst ekkert undan því að það eru tvö kerfi, tvær stofnanir í þjóðfélaginu, Alþingi hið gamla frá 930 og hið nýja stjórnlagaþing, sem hafa heimild til að leggja fyrir þjóðina tillögur um breytingar á stjórnarskránni. Það skyldi nú ekki að vera að þjóðin geti orðið ansi rugluð þegar koma tvær tillögur sem kannski ganga þvert á hvor aðra þar sem hvor um sig bannar hitt? (Gripið fram í.)

Það gæti nefnilega gerst í þessari þjóðaratkvæðagreiðslu og þá vil ég spyrja hv. þingmann um efnið. Hér fylgir með fylgiskjal sem hv. þingmaður sagði áðan að hefði í rauninni ekkert að segja fyrir nýtt komandi þing. Það gæti gerst að inn á þetta stjórnlagaþing kæmu menn sem ráðandi flokkar á Alþingi væru ekkert voðalega sáttir við. (Gripið fram í.) Það gæti gerst. Það gæti t.d. gerst að Sjálfstæðisflokkurinn fengi meiri hluta á þessu stjórnlagaþingi (Gripið fram í.) og þá er spurning hvernig … (**Gripið fram í:** Er þetta hótun?) Nei, nei, ég er bara að segja að allt getur gerst, sjávarútvegsmenn (Gripið fram í.) eða einhverjir slíkir. Hvað gera menn þá?

[21:05]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hér liggur fyrir afsalar ekki Alþingi réttinum til að breyta stjórnarskránni. Á hinn bóginn er hér tillaga um að sett verði á fót stjórnlagaþing til að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni. Þannig er það.

Þá ætla ég að nefna hitt. Hv. þingmaður er dálítið upptekinn af fylgiskjali í greinargerð þar sem dregið er fram (Gripið fram í.) hvernig lög gætu litið út sem næsta þing setur, og hv. þm. Pétur Blöndal verður, að ég tel, að öllum líkindum fulltrúi á löggjafarsamkundunni á næsta þingi. Hv. þingmaður getur þá komið að því og mun koma að því að setja þau lög sem koma til með að gilda um stjórnlagaþingið. Hann getur haft mikið um það að segja hvernig þau lög koma til með að líta út og hv. þingmaður er á engan hátt bundinn af fylgiskjali í greinargerð (Forseti hringir.) um það hvernig þetta gæti litið út. (Gripið fram í.)

[21:06]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson varði mestum hluta ræðu sinnar í að ræða Sjálfstæðisflokkinn en minna um að ræða efnisatriði frumvarpsins. (Gripið fram í.) Og það er greinilegt að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er líka uppteknari af Sjálfstæðisflokknum en frumvarpinu. Ég skil vel áhuga viðkomandi þingmanna á Sjálfstæðisflokknum en ég velti því hins vegar fyrir mér hvort þessi umræða um Sjálfstæðisflokkinn í tengslum við þetta mál skýri það hvers vegna farið er fram með málið af því offorsi sem raun ber vitni.

Það er auðvitað ljóst og þarf enginn um það að deila að hér er verið að brjóta í blað í sambandi við vinnubrögð við stjórnarskrárbreytingar á Íslandi. Það er enginn vafi um það. Ég spyr hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hvort hann sé sáttur við það að standa að þeirri grundvallarbreytingu á aðferðum við að breyta stjórnarskrá á Íslandi (Forseti hringir.) sem hér er á ferðinni.

[21:07]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það þarf ekkert að koma á óvart þó að hv. þingmenn í meiri hlutanum séu uppteknir af Sjálfstæðisflokknum vegna þess að meiri hlutinn hefur mikinn áhuga á því að þingmenn gangi saman út í vorið hönd í hönd samstiga í þessu máli. Við erum að reyna að skilja afstöðu Sjálfstæðisflokksins og kanna hvort eða hvernig hægt sé að koma til móts við hann vegna þess að við höfum átt mjög erfitt með að skilja efnislega afstöðu Sjálfstæðisflokksins. Við skiljum formlegu umræðuna sem hefur verið algjörlega ráðandi í málflutningi þeirra en ég hef verið að reyna að leita eftir efnislegri afstöðu til þess að reyna að leita leiða til að ná saman við minni hlutann.

Ég held að sjálfstæðismenn geri meira úr því en efni standa til ef þeir telja að þær klassísku hugmyndir sem hér eru, t.d. hugmyndir jafnaðarmanna og fleiri um þjóðareign á auðlindum og þjóðaratkvæðagreiðslur, séu settar fram Sjálfstæðisflokknum til höfuðs. (Forseti hringir.) Það tel ég alveg fráleitt.

[21:08]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þingmaður hefur lengi haft áhuga á ákvæðinu um þjóðareignina og það hafa margir haft. Það sem við höfum hins vegar gagnrýnt í þessu er að ríkisstjórnin ákveður að gera tilteknar breytingar á stjórnarskránni. Hún setur í gang vinnu þar um sem skilar sér í frumvarpi sem hér er lagt fyrir þingið. En það er fyrst þegar málið er komið á það stig að frumvarp liggur fyrir í drögum að sjálfstæðismenn eru kallaðir til viðræðu um málið og þá ekki um hvaða breytingar á að gera heldur eru þeir beðnir um að taka afstöðu til tillagna sem þegar eru fullmótaðar eða svo til fullmótaðar. Það er mjög mikið frávik frá öllum vinnubrögðum í sambandi við stjórnarskrárbreytingar á Íslandi og í flestum löndum sem við berum okkur saman við.

Ég heyrði ekki svar hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar við spurningu minni um hvort hann væri sáttur við þessi vinnubrögð og sáttur við að vera í forsvari fyrir (Forseti hringir.) það að rjúfa þá sátt og þær hefðir sem gilt hafa um stjórnarskrárbreytingar á Íslandi.

[21:10]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ítrekað lýst því yfir að ég hefði mikla ánægju af því og mikla gleði ef hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins kæmu með okkur í þessa för, það hef ég ítrekað sagt.

Það er dálítil einföldun að segja að ríkisstjórnin flytji hér mál, svo er ekki, (Gripið fram í.) því að hér er um það að ræða að fjórir þingflokkar af fimm leggja til breytingar. Spurningin … (Gripið fram í.) Þetta er unnið af sérfræðingum, einhverjum mestu sérfræðingum … (Gripið fram í.) Einhver þarf að hafa frumkvæði að vinnunni.

Meginatriðið er að hér er um að ræða vandað frumvarp. (Gripið fram í.) Það sem mig langaði að segja ef ég kemst að er þetta: Sú siðferðilega spurning sem við stöndum frammi fyrir er þessi: Er sanngjarnt að einn þingflokkur af fimm hafi neitunarvald um (Forseti hringir.) það þegar Alþingi Íslendinga vill gera breytingar? (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Það er í raun og veru hin siðferðilega spurning sem við erum að takast á við og höfum svarað eins og hér hefur komið fram.

[21:11]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Talandi um siðferði þá er hin siðferðislega spurning sem uppi er sú: Af hverju eru stjórnarflokkarnir og meiri hlutinn í þinginu að gera stjórnarskrána að pólitísku átakaskjali? Það er siðferðislega spurningin. Af hverju er verið að brjóta hálfrar aldar sátt um það hvernig við breytum stjórnarskránni?

Það var ekkert við okkur talað. Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að fara á einn fund hjá stjórnarskrárnefndinni undir forustu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur. Þetta voru ekki samræður, þetta var eintal og það var valtað ekki bara yfir gesti, heldur líka yfir okkur sem (Gripið fram í.) vorum í … (Gripið fram í.) Ég mætti bara á einn fund.

Það sem ég vil hins vegar (Gripið fram í.) segja, hæstv. forseti, fulltrúar þjóðarinnar — mér finnst miður að heyra hv. þingmann, sem er að ljúka annars ágætum ferli sínum sem þingmaður, tala um sig ekki sem fulltrúa þjóðarinnar. Við erum öll fulltrúar þjóðarinnar hér inni og við erum að tala um breytingu á lögum nr. 30/1944 (Forseti hringir.) og þess vegna tel ég vont þegar við heyrum, aðferðafræðin við stjórnlagaþingið, (Forseti hringir.) þetta er bara aðferðafræði. (Forseti hringir.) Mér finnst ekki við hæfi eða sómi af því að taka af Alþingi þetta vald sem það hefur í dag.

[21:13]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti vill vekja athygli hv. þingmanna á því að ræðutími í andsvörum er styttur og vill biðja hv. þingmenn um að virða tímamörk.

[21:13]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er nokkur vandi á höndum að svara þessu andsvari því að röklegt samhengi var ekki mikið í því. Þó var tvennt sem ég man. Hið fyrra var það að líklega sé ekki til pólitískara skjal en stjórnarskráin, þar eru grundvallarreglur samfélagsins og þar er tekist á um grundvallaratriði. Þess vegna er eðlilegt að tekist sé á um breytingar í stjórnarskrá, það er ofur eðlilegt að tekist sé á um grundvallaratriði.

Hitt vil ég líka nefna að mér finnst ekki sanngjarnt að hv. þingmaður komi hér og gaspri um það að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sem stóð sig afburðavel … (**Gripið fram í:** Það eru skiptar skoðanir á því.) Já, menn geta haft skiptar skoðanir en menn verða að hafa einhver rök fyrir skoðunum sínum. (**Gripið fram í:** Hvar er …?) Kjarni málsins er þessi: Hv. þingmaður stóð sig afburðavel og enginn kvartaði (Forseti hringir.) undan fundarstjórn hv. þingmanns að undanskildum einum eða tveimur fulltrúum (Gripið fram í.) Sjálfstæðisflokksins og það var aldrei vaðið yfir neina gesti.

[21:14]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvær spurningar. Hv. þingmaður gat um það í ræðu sinni að við séum búin að ræða um auðlindir, sameign þjóðarinnar o.s.frv. í 11 ár og hann lýsti því yfir að nú sé umræðum lokið. Einhliða lýsti hann yfir: Umræðum er lokið, við skulum afgreiða málið.

Hvað er hins vegar búið að ræða stjórnlagaþingið lengi? Það var ekki minnst á það einu orði í vinnu stjórnarskrárnefndarinnar sem var opin landsmönnum öllum. Það talaði ekki einn landsmaður um stjórnlagaþing, ekki einn, og það var ekki einu sinni minnst á þetta í ríkisstjórninni sem við vorum saman í. Finnst hv. þingmanni þriggja mánaða umræða um stjórnlagaþing vera til þess bær að breyta stjórnarskránni með þeim hætti að taka löggjafarvaldið af Alþingi? Það er ekki verið að gera neitt annað.

Það var í fyrsta lagi þetta varðandi stjórnlagaþingið: Er þetta næg umræða, er hún nægilega víðtæk? Hv. þingmaður nefndi að 11 ár um auðlindir dugi en duga þrír mánuðir (Forseti hringir.) til að breyta stjórnarskránni varðandi stjórnlagaþingið?

[21:15]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Umræðan um sameign þjóðarinnar á auðlindum er reyndar eldri en 11 ára, þótt umræðan um þjóðareign sé kannski ekki eldri, því ákvæðin komu m.a. inn í fiskveiðistjórnarlögin 1990 og umræðan er sem sagt orðin nokkuð löng og mikil.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að umræðan um stjórnlagaþingið í þessu formi er ekki gömul. En hin klassíska umræða um hvaðan valdið er sprottið, hverjir geta farið með vald og þess háttar er aldagömul.

Hér er aðeins um að ræða útfærslu á því að færa valdið til fólksins. Gefa því færi á að velja sér fulltrúa á stjórnlagaþing. (Gripið fram í.) Það er rétt — hugmyndin um stjórnlagaþing. Hins vegar er þessi klassíska umræða um valdið hjá fólkinu margra alda gömul. Hér er í raun og veru verið að færa ... (**Gripið fram í:** … já eða nei …) Virðulegi forseti. Úr því að hv. þingmaður treystir sér ekki til að hlýða á umræðuna — en hún hefur látið af máli sínu. Ég ætladi (Forseti hringir.) að segja að þessi umræða um að færa valdið til fólksins (Forseti hringir.) er gömul. (Forseti hringir.) (**Gripið fram í:** Já eða nei?) Það er það sem (Forseti hringir.) Alþingi er að gera.

[21:17]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson velti því margsinnis fyrir sér í ræðu sinni hvað farið hefði fram hjá honum sem skýri afstöðu sjálfstæðismanna til frumvarpsins. Mjög einfalt er að skýra út fyrir hv. þingmanni hvað hefur farið fram hjá honum.

Það virðist algerlega hafa farið fram hjá hv. þingmanni að sjálfstæðismenn hafa ekki sama skilning og hann þegar hann talar af miklu yfirlæti um að verið sé að færa valdið til fólksins með því að láta kjósa stjórnlagaþing með fulltrúakosningu. Hver er munurinn á Alþingi Íslendinga og því að færa valdið til fólksins og kjósa til fyrirhugaðs stjórnlagaþings? Hv. þingmaður byggir þarna upp grundvallarmisskilning og reynir svo að telja sér (Forseti hringir.) trú um að hann botni ekkert í einhverri undarlegri afstöðu sjálfstæðismanna. Að færa valdið (Forseti hringir.) til fólksins, (Forseti hringir.) sagði þingmaðurinn.

[21:18]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla því að hér hafi þessi mál verið rædd af einhverju yfirlæti. Það er af og frá. Hins vegar er það þannig og hv. þingmaður spurði hver munurinn væri á því að almenningur eða þjóðin kysi til stjórnlagaþings eða almenningur eða þjóðin kysi til Alþingis? Það er enginn sérstakur munur á því. Ég er sammála hv. þingmanni.

En í hverju liggur þá grundvallarmunurinn á afstöðu okkar? Ef enginn munur er á því að þjóðin kjósi til stjórnlagaþings og að þjóðin kjósi til Alþingis, hvar liggja þá bágindin? Í báðum tilvikum er það þjóðin sjálf sem velur sér fulltrúa til að sinna ákveðnum verkefnum.

Ég verð að segja: Hvar liggja bágindin? Hver er vandinn? Ég hef kallað eftir svörum við því til að skilja afstöðu sjálfstæðismanna svo við getum komið til móts við þá. Ég trúi ekki að þeir séu bara í fýlu af því að ekki hefur verið nægilega mikið við þá talað. Ég trúi því ekki að afstaða þeirra byggi á því. (Forseti hringir.) En þess vegna (Forseti hringir.) kalla ég eftir þessari efnislegu (Forseti hringir.) umræðu og ég er sammála hv. þingmanni. (Forseti hringir.) Það er enginn munur á þessu.

[21:19]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það var akkúrat þetta sem ég vildi fá fram. Hv. þingmaður viðurkenndi að enginn munur væri á því að færa valdið til fólksins með Alþingi eða stjórnlagaþingi. Þess vegna spyr ég hvaða tilgangi þjónar þá að setja sérstakt stjórnlagaþing og taka stjórnlagavaldið af Alþingi?

Þarna endurspeglast sá grundvallarmunur og sú algera blekking sem hv. þingmenn sem fylgja þessu máli fram eru að reyna að byggja upp hjá þjóðinni. Blekkja þjóðina með því að halda því fram að verið sé að færa vald til hennar. Ýta Alþingi til hliðar og þykjast færa valdið til þjóðarinnar. Þingmenn eiga ekki að ganga með þessum hætti fram hér á hinu háa Alþingi.

[21:20]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er einmitt þessi rökræða, þessi innihaldslausu stóryrði þar sem menn eru sakaðir um blekkingu, sem er að draga þessa umræðu niður á slæmt plan. (**Gripið fram í:** Það eru þín orð.)

Staðreyndin er sú að flokkunum á Alþingi hefur ekki auðnast að gera breytingar á stjórnarskrá eða heildarendurskoðun allt frá árinu 1944. (Gripið fram í.) Við erum að tala um stjórnlagaþingið. Það er það sem við erum að tala um. Allt frá árinu 1944, eins og lagt var upp með þá.

Þess vegna leggjum við hér til að þjóðin kjósi einstaklinga í persónukjöri til að sitja þetta stjórnlagaþing, (Gripið fram í.) ekki á grundvelli flokka, eins og hv. þm. Pétur Blöndal hótaði hér áðan að hann ætlaði að beita íhaldinu fyrir sig til að ná áhrifum á stjórnlagaþingi. Nú eigum við að kjósa með persónukjöri en ekki af listum inn á stjórnlagaþing sem á að takast á við þetta verkefni. (Gripið fram í.) Í báðum tilvikum (Forseti hringir.) er það þjóðin, það sem valdið er sprottið, sem velur fulltrúa sína (Forseti hringir.) inn á þing. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Staðreyndin (Forseti hringir.) er sú (Forseti hringir.) að það er (Forseti hringir.) rétt hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að (Forseti hringir.) enginn grundvallarmunur er á þessu. (Forseti hringir.) Þannig að við erum kannski í reynd sammála.

[21:22]

Útbýting:

Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 411. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og skattn., þskj. 903.

Icesave-reikningar Landsbankans, 424. mál, svar forsrh., þskj. 900.

Kostnaður við gjaldeyrisvaraforðann, 355. mál, svar forsrh., þskj. 901.

Notendastýrð persónuleg aðstoð, 383. mál, svar fél.- og trmrh., þskj. 897.

Þróun erlendra vaxtatekna og vaxtagjalda, 352. mál, svar forsrh., þskj. 902.

[21:22]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Í tilefni af ummælum sem hafa fallið í dag [Hlátur í þingsal.] um hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur verð ég að lýsa yfir miklum vonbrigðum með það að reyndir þingmenn Sjálfstæðisflokksins skuli standa hér bláir í framan af belgingi og reyna að gera lítið úr hv. formanni nefndarinnar sem er með mikla þingreynslu og hefur komið mörgum, góðum og brýnum málum til leiðar með eða án sjálfstæðismanna. (Gripið fram í.)

Það veldur mér sérstökum vonbrigðum að standa hér, ég hef ekki setið á þingi nema í fimm mánuði, og verða vitni að því að af mönnum sem hér hafa setið hér svo áratugum skiptir, reyndar með nýjan foringja í bandi, leki fýlan af því að þeir eru ekki aðal lengur. (**Gripið fram í:** O, vei!) Það er pínlegt að horfa á þingmenn Sjálfstæðisflokksins standa hér í löngum biðröðum eftir að komast í ræðustól þingsins til að rövla í stað þess að nýta tímann með markvissari og faglegri hætti.

Hvernig stendur á því, virðulegi forseti, (Gripið fram í.) að þingmenn Sjálfstæðisflokksins reyna að koma í veg fyrir að málefni stjórnarskrárinnar komist hér á dagskrá? (Gripið fram í.) Hvernig stendur á því? Hvers vegna skyldu þeir ekki hafa fagnað í gær tækifærinu sem felst í því að taka málið á dagskrá til að tjá sig með málefnalegum hætti um þetta mikilvæga mál? (Gripið fram í.) Er það vegna þess að þeir eru rökþrota? Vegna þess að þeir treysta sér ekki til að segja þjóðinni hvað þeim býr í brjósti? Þora þeir ekki að segja þjóðinni að þeir telji sjálfa sig best til þess fallna að segja henni hvað henni er fyrir bestu? (Gripið fram í.) Er Sjálfstæðisflokkurinn hinn útvaldi sem hefur alltaf ráðið málefnum stjórnarskrárinnar og þess vegna má ekki breyta út af þeim vana?

Horfa ber til þess að þau mál sem hér eru borin á borð hafa verið til umræðu um áratuga skeið, að stjórnlagaþingsmálinu undanskildu. Það mál er hins vegar afleiðing af því að fjórir stjórnmálaflokkar af fimm hér í þinginu hafa ákveðið að 65 ára gamalli tilraun til breytinga á stjórnarskránni sé lokið. Ekki er rétt að leyfa Alþingi að gera frekari tilraunir að svo stöddu og þjóðin sem hinn raunverulegi stjórnarskrárgjafi er rétti aðilinn til að taka þessi mál í fangið og setja nýjar reglur. Líka fyrir stjórnmálamenn og kannski ekki síst þá sjálfstæðismenn sem sitja hér svoleiðis að það lekur af þeim fýlan af því að völdin eru ekki þeirra lengur.

Tími er kominn til að brjóta niður gamlar valdablokkir eins og þær sem fyrirfinnast í Valhöll og sjálfstæðismenn geta verið í allri þeirri fýlu sem þeim dettur í hug. Ég get lofað því að hugsandi fólk í þessu samfélagi sér í gegnum þau leikrit sem sett eru á svið hér daglega og það fólk mun væntanlega ekki verðlauna sjálfstæðismenn fyrir fíflaganginn með atkvæði sínu þann 25. apríl.

En þá skulum við horfa til þess hvers vegna eðlilegt er að þjóðin taki þetta mál í fangið og hvers vegna stjórnmálamenn eins og þeir sem skipa Sjálfstæðisflokkinn eiga að una því að sett verði á stjórnlagaþing þjóðinni til heilla.

Það er nefnilega þannig, virðulegi forseti, að Ísland er lýðveldi og valdið liggur í samfélaginu hjá fólkinu og verður ekki rakið neitt annað. Við höfum valið að þrískipta ríkisvaldinu og þingbinda stjórnina. Ein stoðin er fólgin í því að kjósa umboðsmenn sem í daglegu tali eru nefndir alþingismenn til að fara með það vald að setja leikreglurnar. Önnur stoðin framkvæmir svo þær leikreglur í gegnum framkvæmdarvaldið, sem í daglegu tali er kallað ráðherrar. Þriðja stoðin er svo hið óháða og sjálfstæða dómsvald. En allt þetta vald hvílir á stjórnarskránni.

Styr hefur staðið um stjórnarskrána undanfarið og raunar mun lengur því tilraunir til breytinga á henni hafa staðið allt frá því að hún var sett. Þó nokkrar stjórnarskrárnefndir hafa starfað um lengri eða skemmri tíma og skilað í heildina heilmiklu starfi, þó líklega sýnu mestu sú sem Jón Kristjánsson, fyrrverandi þingmaður og ráðherra Framsóknarflokksins, stýrði. (Gripið fram í.) Þessar nefndir hafa allar verið skipaðar á forsendum stjórnmálaflokkanna og einmitt þess vegna er árangurinn (Gripið fram í.) enn þá rýr. Vegna mismunandi stefnu þeirra og sjónarmiða ná þeir ekki þeim árangri sem þjóðin kallar eftir nema að litlu leyti.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er enn byggð að miklu leyti á sáttmálanum sem gefinn var af danska konunginum árið 1874 og tekur mið af dönsku fyrirkomulagi eins og það var á þeim tíma. (Gripið fram í.) Slíkt er óásættanlegt og veldur reglulega deilum. Það getur t.d. ekki talist eðlilegt að menn deili með reglulegu millibili um hlutverk og völd forseta lýðveldisins.

Eignarhald þjóðarinnar á auðlindum hennar verður að vera tryggt. Þjóðin þarf að ákveða í hvaða tilvikum hún sjálf vill taka þátt í ákvarðanatökum um stór mál í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu og réttaröryggi borgaranna verður að vera tryggt með gagnsæjum, sanngjörnum og lýðræðislegum reglum um skipan dómara í landinu, en ein grunnstoða lýðræðisríkisins byggir einmitt á dómsvaldinu. Þá þarf að gera skýran greinarmun á löggjafar- og framkvæmdarvaldi svo sama persónan geti ekki samtímis farið með hvort tveggja.

Ríkisvaldið er þannig sótt til þjóðarinnar og þjóðin verður að ákveða hvernig farið verður með það vald. Stjórnlagaþing þar sem þjóðin kýs fulltrúa sína til að fara í þá miklu endurskoðun og breytingar á stjórnarskipun landsins er einstakt tækifæri til að skrifa nýjan samfélagssáttmála og ekki veitir af. Sáttmála sem þjóðin sjálf ákveður hvað inniheldur þar sem hún sjálf skipuleggur og leggur með þjóðaratkvæðagreiðslu grunninn að nýjum leikreglum.

Sumir stjórnmálamenn og þá sérstaklega úr einum flokki hafa farið mikinn og býsnast yfir því að minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, sem varin er vantrausti af framsóknarmönnum, geti ekki og megi ekki samþykkja nokkurn skapaðan hlut í þessa veru nema með þeirra samþykki, (Gripið fram í.) oft á þeim forsendum að það hafi aldrei verið gert áður. En viti menn. Undanfarna mánuði hefur svo margt gerst sem aldrei hefur gerst áður. (Gripið fram í.) Má þar nefna hrun efnahagskerfisins sem að nokkru leyti var á ábyrgð þeirra sem nú fara með himinskautum vegna þess að hugsanlega geti myndast meiri hluti

í þinginu fyrir því að breyta einhverju sem þeir sjálfir vilja ekki breyta af því þar með gætu þeir tapað spón úr aski sínum.

Háttalag af þessu tagi er í mínum huga til marks um það hversu langt ýmsir stjórnmálamenn hafa færst frá þjóð sinni. Þeir telja sig enn þá þá útvöldu og vita betur en þjóðina. Þeir hafna því að kasta boltanum til þjóðarinnar og telja sig betur til þess fallna að gæta hagsmuna hennar en hún sjálf og þá kann einhver að spyrja hvort slíkir fulltrúar séu vel til þess fallnir að fara með slíkt umboð. (Gripið fram í.)

Hv. þingmaður og nýkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins Bjarni Benediktsson spurði í einni af 44 athugasemdum um fundarstjórn forseta, [Hlátur í þingsal.] sem fór fram í hádeginu og tók nærri einn og hálfan tíma, hvort nú væri heppilegur tími til að leiða fram breytingar á stjórnarskrá í ágreiningi. Ágreiningurinn er nú ekki meiri en svo að Sjálfstæðisflokkurinn hefur í tvígang komið þessum breytingum á stefnuskrá sína í gegnum ríkisstjórnarsáttmála og hv. þm. Birgir Ármannsson hefur viðurkennt að vera að mestu leyti sammála því máli sem hér er til umræðu. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Aldrei nokkurn tímann hefur verið brýnna að leiða fram breytingar á stjórnarskrá en núna, með eða án sjálfstæðismanna. Ekki síst vegna þess að nú er árið 2009. (Gripið fram í.) Árangurslausum tilraunum Alþingis til að ná sátt um málið verður að linna. Vegna orða hv. þm. Björns Bjarnasonar um niðurlægingu þingsins lýsa þau orð einmitt hugsunarhætti sjálfstæðismanna sem enn þann dag í dag telja sig upphaf og endi alls. Ef þeir ná ekki sínu fram í trássi við rúm 70% þjóðarinnar heitir það niðurlæging þingsins. Sá tími að sjálfstæðismenn geti talið sig upphaf og endi alls er liðinn. En afneitunin er enn til staðar. Þingið er ekki Sjálfstæðisflokkurinn þótt margir haldi það. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Bjarna Benediktssyni hefur verið tíðrætt um forgangsröðun mála hér í þinginu og viljað ráða því í hvaða röð mál eru rædd. Við þurfum að ræða öll þessi mál og hv. þingmaður getur ekki bara valið það úr sem hentar Sjálfstæðisflokknum.

Stjórnlagaþingið er forsenda þess að hér verði hægt að fara í uppbyggingu og endurreisn því ef menn ætla að byggja áfram á gömlu hugmyndunum og gömlu stjórnarskipuninni er að mínu mati betur heima setið en af stað farið. Þá breytist ekkert og hér verður allt eins og það hefur alltaf verið.

Einhverjir hafa haft á orði að tíminn til undirbúnings sé of skammur og of stuttan tíma hafi tekið að undirbúa þetta mál. Ég minni á að aðdragandinn er 65 ár og í dómsmálum og deilum liggur fyrir hvaða mál þarf að taka til skoðunar og efnislega er það því ekki vandamál. Það eina sem sjáanlega er fyrirstaða í málinu er Sjálfstæðisflokkurinn. Það má velta vöngum yfir því hvort sú andstaða sem Sjálfstæðismenn hafa sýnt málinu sé tilkomin vegna þess að þeir hafa farið með mikil völd í samfélaginu undanfarna áratugi og hafa lagst gegn því að ákvæði um eignarhald þjóðarinnar verði sett inn í stjórnarskrá. Þeir hafa líka verið andsnúnir því að Íslendingar skoðuðu það hvað möguleg aðild okkar að Evrópusambandinu gæti falið í sér og þá er athyglisvert að velta því fyrir sér hvort það tengist áðurnefndum völdum þeirra í samfélaginu, enda væri sárt að tapa þeim. (Gripið fram í.)

Ég ætla ekki að kveða upp dóm um það hvort íslensku þjóðinni er betur borgið undir miðstýrðu valdi Evrópusambandsins eða miðstýrðu valdi úr Valhöll. En það vekur sérstaka athygli ef sjálfstæðismenn leggjast þverir gegn tillögum þáverandi utanríkisráðherra Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssonar, sem hafði forgöngu um að kynna hugmyndir um stjórnlagaþing árið 1953 og birti þær í Morgunblaðsgrein í janúar það ár. Þar lagði hann áherslu á að hin endurskoðaða stjórnarskrá yrði að vera hornsteinn íslensks stjórnskipulags um langa framtíð. Ég ítreka, virðulegi forseti, að það vekur athygli að sjálfstæðismenn skuli leggjast þverir gegn þessu, ekki síst hv. þm. Björn Bjarnason.

Óumdeilt er að alþingismenn sækja umboð sitt til fólksins í landinu, en 65 ára saga gefur til kynna að þeir valdi ekki því verkefni að endurskoða stjórnarskipunina og meiri hluti þjóðarinnar vill taka það verkefni í sínar hendur og skrifa nýjan sáttmála og leikreglur, m.a. fyrir stjórnmálamenn og m.a. fyrir stjórnmálamenn sem tilheyra Sjálfstæðisflokknum. Hvers vegna í veröldinni skyldu umboðsmennirnir ekki una því að fá samning sinn endurnýjaðan á nýjum forsendum? Það er ekki eins og ekkert hafi breyst eða hvað? (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Mér ofbýður framganga sjálfstæðismanna í þinginu þessa dagana þar sem þeir setja ítrekað á löng leikrit, standa hér og syngja í ræðustól um miðjar nætur, eins og þeir séu fullir. Ég held nú reyndar að þessi ágæti þingmaður, (**Gripið fram í:** Hvaða, hvaða, hvaða?) sem stóð hér syngjandi í nótt, drekki ekki. En ég vek athygli á því að ég á 28 mínútur eftir af ræðutíma mínum en þar sem ég hef lokið máli mínu ætla ég ekki að lengja umræðuna.

[21:35]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður Helga Sigrún Harðardóttir vildi að málið væri rætt málefnalega, eins og hún sagði, markvisst og faglega. Í þeim anda fjallaði hún á þeim tólf mínútum sem hún notaði til ræðuhalda hér um Sjálfstæðisflokkinn í svona tíu mínútur. Á fyrstu fjórum mínútum ræðu sinnar nefndi hún Sjálfstæðisflokkinn tíu sinnum, 20 sinnum alls í ræðunni og vísaði til hans oft með einhverjum fornöfnum og í einhverju samhengi. (**Gripið fram í:** Ertu ekki ánægður með það?) Ég er mjög ánægður með þetta. Ég hins vegar minni á að hér er ekki Sjálfstæðisflokkurinn til umræðu heldur stjórnarskrárbreytingar og það hefði verið gagnlegt ef hv. þm. Helga Sigrún Harðardóttir hefði rökstutt það hvers vegna hún styður þetta frumvarp og lýst skoðunum sínum á því frekar en að tala illa um Sjálfstæðisflokkinn. Málflutningur hennar var eiginlega með fullkomnum ólíkindum.

Það eru nokkur atriði einstök sem mér finnst ástæða til að leiðrétta hjá henni. Hún talar eins og engar stjórnarskrárbreytingar hafi verið gerðar hér á undanförnum árum, Alþingi hafi verið ófært um að gera stjórnarskrárbreytingar. Ég minni á bara síðustu stjórnarskrárbreytingar 1991, 1995, 1999. Í öll skiptin var stjórnarskránni breytt, í sumum til-

vikum verulega og í öll skiptin var það gert í fullkominni sátt og það var ekki um það að ræða að verið væri að valta yfir minni hluta eða keyra einhver mál í gegn og það, þó að það væri leitað samstöðu, kom ekki í veg fyrir að stjórnarskrárbreytingar væru gerðar.

Síðan vildi ég bara, til þess að halda því til haga, af því að hv. þingmaður vitnaði í sjónarmið Bjarna Benediktssonar frá 1953, að þá slær hann úr og í í þeirri grein. (**Gripið fram í:** Nú?) (**Gripið fram í:** Jaá!) Já, og talar um að kosningafyrirkomulagið skipti höfuðmáli og telur að undir ákveðnum kringumstæðum geti (Forseti hringir.) þjóðfundur eða stjórnlagaþing verið tilgangslítið. Hins vegar verð ég að játa (Forseti hringir.) að þó að ég beri mikla virðingu fyrir Bjarna Benediktssyni (Forseti hringir.) þá er ég ekki bundinn af skoðunum hans.

[21:37]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka Birgi Ármannssyni fyrir að ræða þetta mál efnislega. Ég er hissa á því að hann skuli ekki bundinn af skoðunum Bjarna Benediktssonar hins eldri.

Ég tel að full ástæða sé til að ræða framgöngu sjálfstæðismanna hér í þinginu og þess vegna varði ég hluta ræðu minnar í það. Hv. þm. Birgir Ármannsson — ég var næstum því búin að segja Bjarni Ármannsson — hv. þm. Birgir Ármannsson segir hér að ég hafi haldið því fram að engar breytingar hafi verið gerðar á stjórnarskránni. Það er ekki rétt. Ég hélt því ekki fram. Ég hef hins vegar rennt í gegnum sögu þingsins og lesið þingskjöl mér til ánægju og yndisauka og til upplýsingar og fróðleiks og þar kemur einmitt fram að það er á níunda tug breytingartillagna sem liggja fyrir hér í þinginu sem lagðar hafa verið fram á þessum 65 árum, á níunda tug. (**PHB:** Slatti frá mér.) „Slatti frá mér“, segir hv. þm. Pétur Blöndal. Því (Gripið fram í.) trúi ég vel. Sjö þeirra hafa verið samþykktar. Það liggur fyrir að töluvert mikið starf hefur verið unnið í stjórnarskrárnefndum. Þær hafa skilað mismiklu starfi að vísu í gegnum tíðina. En það segir sig alveg sjálft að ef sjö tillögur af hátt í 90 ná samþykki í þinginu þá tel ég að það sé ekki neinn sérstakur árangur.

[21:39]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er auðvitað hægt að mæla árangur í sambandi við stjórnskipunarmál með ýmsum hætti. Ein leiðin er að segja hvað margar tillögur hafi verið samþykktar og álíta að því fleiri breytingar sem eru gerðar á stjórnarskrá því betra sé það. Ég er ekki viss um að svo sé. Ég held að það skipti meira máli að vanda til verka og taka yfirvegaðar og rökstuddar ákvarðanir frekar en að vaða í sem flestar breytingar á stjórnarskrá.

Af því að hv. þm. vitnaði til Bjarna Benediktssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, áðan vil ég nefna það að Bjarni í deildum Alþingis varaði sérstaklega við að ráðlauslega væri staðið að verki við stjórnarskrárbreytingar og varaði við hvatvíslegum breytingum. Hann segir líka, sem hefur þýðingu í dag, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samræmi við þá skoðun mína að hér sé um alþjóðarmál að ræða, fremur en flokksmál, þá tel ég og hef ætíð talið, að það skipti ekki öllu máli, hvort stjórnarskrárbreyting yrði afgreidd árinu fyrr eða síðar. Miklu meira máli skipti, að þjóðin áttaði sig ... á, um hvað væri að ræða, og eftir ítarlegar (Forseti hringir.) umræður og athuganir yrðu sett þau ákvæði, sem (Forseti hringir.) skaplegt samkomulag gæti (Forseti hringir.) fengist um ...“

[21:40]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er nú ánægjulegt að rifja hér upp orð Bjarna Benediktssonar hins eldri. Hv. þm. Birgir Ármannsson segir hér að hann hafi einhvern tíma tekið sér þau orð í munn að koma beri í veg fyrir hvatvíslegar breytingar á stjórnarskránni. (Gripið fram í.) Ég held að það sé einmitt það sem við ætlum að gera með stjórnlagaþingi. (**Gripið fram í:** En hina breytinguna?) Við ætlum að vísa þessu máli til þjóðarinnar.

Þegar hann talar um skaplegt samkomulag þá held ég að við gætum staðið hér í allt kvöld og fram á nótt og hártogast um hvað sé skaplegt og hvað ekki sé skaplegt.

[21:41]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér finnst pínu dapurlegt hvernig komið er fyrir Framsókn. (**Gripið fram í:** Nú?) Það er búið að valta yfir þau á skítugum skónum varðandi öll þau skilyrði meira og minna sem þau settu varðandi stuðning við minnihlutastjórnina og núna hanga þau á breytingunum varðandi stjórnarskrána eins og hundur á roði. Mér finnst svolítið sárt að sjá þennan annars ágæta flokk með mörgu góðu fólki innan borðs, að það skuli vera leikið svona grátt af hálfu vinstri flokkanna. (Gripið fram í.) Það er bara kaup kaups og þetta er bara pólitísk tækifærismennska sem greinilega snertir vel við (Gripið fram í.) þessum tveim strengjum sem liggja um taugakerfi þeirra framsóknarmanna.

Ég segi líka, af því að það var verið að vitna í fyrrum forustumann og merkan stjórnlagafræðing okkar sjálfstæðismanna, Bjarna Benediktsson eldri, að þá finnst mér líka sárt að sjá hvernig Framsóknarflokkur, flokkur Ólafs Jóhannessonar prófessors og eins helsta stjórnspekings landsins til margra ára, umgengst stjórnarskrána. (**Gripið fram í:** Góður punktur.)

Gott og vel, nokkrar spurningar eða tvær að minnsta kosti til hv. þingmanns. Ég held að við hljótum að vera sammála því að við viljum efla löggjafarþingið. Það hefur verið gert með ákveðnum hætti undir forustu Sturlu Böðvarssonar sem þingforseta á liðnum árum. En við hljótum að vera sammála því að við viljum efla löggjafarvaldið sem er Alþingi. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Helga Sigrún Harðardóttir svari þessari spurningu játandi.

Við erum líka öll sammála því að á endanum eiga allar breytingar á stjórnarskránni að fara til þjóðarinnar. Við viljum breyta 79. gr. þannig að það verði fyrst þingið sem samþykki það og síðan fari ákvörðunin til þjóðarinnar. Það er enginn ósammála þessu. Við segjum: Við treystum þinginu. Við sjálfstæðismenn segjum: Við treystum þinginu því að þingið er líka fulltrúar þjóðarinnar og setjum síðan þær

breytingar (Forseti hringir.) til þjóðarinnar. Þess vegna spyr ég hv. þm. (Gripið fram í.) Helgu Sigrúnu Harðardóttur: Treystir hún ekki (Forseti hringir.) þinginu til þess að útbúa (Forseti hringir.) stjórnarskrána með þeim hætti að hún verði burðugt (Forseti hringir.) plagg fyrir þjóðina til að (Forseti hringir.) samþykkja?

[21:43]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að ég vísi bara aftur í 65 ára gamla — nei, ekki 65 ára gamla heldur tilraun sem staðið hefur í 65 ár til að svara þessari síðustu spurningu.

Af því að hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir nefndi hér að efla löggjafarsamkunduna þá vil ég minna á hvernig komið er fyrir þessu þingi. Á síðustu þremur þingum voru lögð fram 425 mál talsins. 268 voru ríkisstjórnarfrumvörp en 157 voru þingmannafrumvörp eða um 37%. Af samþykktum frumvörpum voru ríkisstjórnarfrumvörpin 96,5% eða 217 af 268. Á móti voru átta af 157 þingmannafrumvörpum samþykkt á þessum þremur þingum. Þau hafa því heldur lítinn stuðning í þinginu þó að þau séu lögð fram af stjórnarþingmönnum.

Þingið sjálft hefur samkvæmt þessu tapað miklu af völdum sínum til ráðherranna. Stjórnarþingmenn tilheyra yfirleitt liðsheild sem passar upp á að mál séu afgreidd eins og til er ætlast og það sjáum við svo sannarlega í þessari umræðu hér. Það sýnir hinn mikli meiri hluti ríkisstjórnarmála sem er samþykktur.

Stjórnarandstaða er af tvennum toga. Þeir sem samþykkja góð mál og leggja þeim lið og svo þeir sem eru eiginlega alltaf á móti. En ég held að það sé alltaf að fjölga í fyrrnefnda hópnum.

Talandi um öfluga löggjafarsamkundu þá er ég sannfærð um að hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er mér sammála um að þingið verði best eflt með því að aðgreina löggjafarvald og framkvæmdarvald því að öðrum kosti sitjum við uppi með það sem hefur til margra ára verið kallað ráðherraræði og þykir ekki góð stjórnsýsla.

[21:45]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Á engu af því sem hv. þm. Helga Sigrún Harðardóttir kom inn á hér er snert í breytingunum sem við ræðum varðandi stjórnarskipunina. Í rauninni svaraði Helga Sigrún Harðardóttir spurningu minni á þann veg að hún svaraði henni ekki játandi. Ég get ekki lesið það öðruvísi en svo að hv. þingmaður treysti þinginu ekki til þess að samþykkja stjórnarskrárbreytingar og fara síðan með þær út til þjóðarinnar.

Af hverju getum við ekki sammælst um að stíga það risaskref að breyta stjórnarskránni — og síðan eftir 6–8 vikur kemur þing aftur saman og getur rætt í sátt um það — og færa síðan það plagg til þjóðarinnar? Af hverju ekki? Treystir hv. framsóknarþingmaður Helga Sigrún Harðardóttir ekki Alþingi Íslendinga til að samþykkja stjórnarskrárbreytingar?

[21:46]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég ætla að leyfa mér í þessu andsvari að vitna í orð Sigurðar Líndals, sem er mikill lagaspekingur — ég held að við getum verið sammála um það, ég og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Ef setja á landinu nýja stjórnarskrá tel ég rétt að það sé gert á sérstöku stjórnlagaþingi. Með stjórnarskrá er verið að setja Alþingi reglur, m.a. verið að marka valdsvið þess, og því eðlilegt að Alþingi sjálft eigi þar ekki hlut að.“ (**Gripið fram í:** Lestu lengra.)

Því hefur verið haldið fram að Alþingi noti ekki sem skyldi heimildir sínar, t.d. til að veita framkvæmdarvaldi aðhald, og að það hafi vaxið þinginu yfir höfuð. (Gripið fram í.) Svarar þetta ekki spurningunni? (**Gripið fram í:** Lestu allt.) Þetta er tekið úr greinargerð eða umsögnum um frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem Sigurður Líndal (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) sendi sérnefnd um stjórnarskrármál og þetta er …

(**Forseti** (EMS)**:** Forseti biður þingmenn að gefa ræðumanni hljóð til þess að flytja mál sitt.)

... dagsett 20. mars og hann leggur eindregið til að stjórnlagaþingi verði komið á til þess að hér megi skrifa nýja stjórnarskrá. (**Gripið fram í:** Það þarf að lesa lengra.)

[21:48]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla hvorki að ræða Sjálfstæðisflokkinn né annað, ég ætla að ræða það sem er á dagskrá, það er sem sagt málið hérna. Mig langar að spyrja hv. þingmann: Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að fylgiskjalið hefði ekkert gildi fyrir nýtt Alþingi sem hefði nýtt umboð eftir kosningar. Þá fer maður að spyrja sig um ýmislegt.

Ég er mjög hlynntur því að sett verði á laggirnar stjórnlagaþing. Ég vil reyndar hafa það ráðgefandi og þar skilur á milli okkar. Ég er mjög hlynntur því en ég óttast — af því að menn eru að pota þarna inn í 1. gr. breytingum á náttúruauðlindum, ákvæði um það, og í 3. gr. um þjóðaratkvæðagreiðslur — að menn séu með það í huga að halda ekkert stjórnlagaþing. Ef þeir ætluðu sér að halda stjórnlagaþing væru þeir ekki með þessa breytingu á stjórnarskránni áður en það tæki til starfa.

Ég óttast hreinlega að verið sé að plata Framsóknarflokkinn og mig með þessu frumvarpi, þ.e. að í stað þess að breyta bara 79. gr. — og þá getum við gert allt sem okkur dettur í hug hið nýskipaða Alþingi með nýtt umboð kjósenda, þá getum við gert hvað sem er strax í júní, júlí, breytt stjórnarskránni, komið með stjórnlagaþing og gert allt.

En menn eru að pota þarna inn náttúruauðlindum og þjóðaratkvæðagreiðslu og því óttast ég að menn ætli sér ekkert að fara í neitt stjórnlagaþing. Það kom hér fram hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að nýtt þing er ekkert bundið af þessu, hvorki fylgiskjalinu né neinu öðru. Ég spyr hv. þingmann: Getur verið að það sé verið að plata okkur bæði tvö?

[21:49]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Mér finnst gott að þetta skuli koma hér fram. Ég held reyndar að hvorki sé verið að plata mig né hv. þm. Pétur Blöndal. Það er gott að þetta skuli koma hér fram. Ef Sjálfstæðisflokkurinn kemst til valda að loknum kosningum, ef hætta er á að menn ætli að fara að hringla með þetta, er ágætt að vita það fyrir fram.

[21:50]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ef þjóðin veitir Sjálfstæðisflokknum það brautargengi að hann ráði einhverju á Alþingi — hv. þingmaður óttast það, hann óttast sem sagt dóm þjóðarinnar.

Ég spurði hvort það gæti verið að menn væru að breyta þessu í 1. gr., með náttúruauðlindirnar, og í 3. gr., um þjóðaratkvæðagreiðslur, vegna þess að þeir ætli ekki að ganga lengra, þeir ætli sér ekki að breyta meiru. Ég vil gera gjörbreytingar á stjórnarskránni. Ég vil að hún fjalli aðallega um mannréttindi því að stjórnarskrá er ekkert annað en mannréttindi. Hún á að vernda borgarann fyrir öðrum borgurum og vernda hann fyrir ríkinu. Það er aðalmarkmið stjórnarskrárinnar. Hún á fyrst og fremst að fjalla um mannréttindi en ekki um forsetann og slíkt eins og er í dag.

Ég er mjög hlynntur því að stjórnarskránni verði breytt gjörsamlega en ég óttast að hér búi eitthvað meira á bak við, að áhuginn á því að breyta stjórnarskránni og setja stjórnlagaþing sé alls ekki til staðar.

[21:51]

Helga Sigrún Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Stutta svarið við ræðu hv. þm. Péturs Blöndals er nei. Framsóknarmenn ætla sér ekki hringla með þetta, þeir vilja ganga alla leið með breytingar á stjórnarskránni. Ef hv. þm. Pétur Blöndal óttast að hann nái ekki að koma skoðunum sínum á framfæri innan Sjálfstæðisflokksins býð ég hann velkominn í Framsóknarflokkinn. (Gripið fram í.)

[21:52]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Áður en ég hef ræðu mína vildi ég spyrja hæstv. forseta hvort flutningsmenn frumvarpsins viti ekki af því að umræða stendur yfir um málið. Flutningsmenn eru m.a. hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. fjármálaráðherra — (**Gripið fram í:** Málið er á forræði þingsins.) þau eru þingmenn.

Þetta mál er á forræði þingsins. Það eru fjórir þingmenn sem fluttu frumvarpið sem þingmenn: hæstv. forsætisráðherra, sem um leið er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. fjármálaráðherra, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og hv. þm. Birkir Jón Jónsson. (Gripið fram í.)

Ég var ekki að spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson að þessu en fyrst hann kallar þetta fram í þætti mér forvitnilegt að heyra hvaða afstöðu flutningsmenn frumvarpsins hafa til þeirra róttæku breytingartillagna sem verið er að gera með frumvarpinu, sérstaklega varðandi stjórnlagaþingið. Ég vildi gjarnan eiga nokkur orð við hv. þingmenn, flutningsmenn frumvarpsins, um það atriði. Ég spyr því hæstv. forseta: Vita flutningsmenn frumvarpsins af því að málið er nú til umræðu?

(**Forseti** (EMS)**:** Forseti vill taka fram að hann veit ekki betur en allir hv. þingmenn hafi upplýsingar um það hvaða mál er á dagskrá þingsins. Forseti telur að það sé venja dag hvern að hv. þingmenn kanni hvernig dagskrá þingsins er háttað.)

Ég skil orð hæstv. forseta með þeim hætti að hann geri ráð fyrir því að flutningsmennirnir viti af því að málið sé til umræðu en þeir telji hins vegar ekki ástæðu til þess að vera viðstaddir þá umræðu. Það er athyglisvert. Ég ætla ekki að gera ágreining út af þessu eða krefjast þess að þingfundi verði frestað eða neitt svoleiðis. (Gripið fram í.) Ég bara vek athygli á því að flutningsmenn frumvarpsins, sem hafa lagt mikið kapp á að koma þessu máli í gegnum þingið, eru ekki viðstaddir umræðuna. Þeir hafa lítið verið viðstaddir umræðuna hér í dag og hafa greinilega ekki áhuga á því, að undanskildum hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, (Gripið fram í.) að taka þátt í þessari umræðu. (**Gripið fram í:** … og hættu þessu.)

Herra forseti. Er hægt að setja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson á mælendaskrá þannig að hann geti haldið ræðu sína hér á eftir?

Það er leiðinlegt að hv. þm. Helga Sigrún Harðardóttir skuli vera farin úr salnum vegna þess að ég ætlaði að lesa upp kaflana sem hún sleppti úr umsögn Sigurðar Líndals um frumvarpið því að það voru mjög valdir kaflar sem hv. þingmaður las upp. Hún las upp það sem henni hentaði.

Hún sleppti t.d. gullmolum eins og þeim sem kemur frá prófessor emerítus Sigurði Líndal, með leyfi forseta:

„Annars get ég ekki dulið þá skoðun mína að ólíklegt sé að þing skipað 41 manni valdi þessu verkefni. Líklegast er að þingið þróist yfir í eins konar umræðufund og þrætusamkomu sem sökkvi sér niður í deilur sem engu skili.“

Þetta segir prófessor Sigurður Líndal um stjórnlagaþingið. Hann segir líka að ef fara eigi í það að semja nýja stjórnarskrá telji hann rétt að það sé gert á sérstöku stjórnlagaþingi.

Ég verð að játa að mér finnst erfitt að átta mig á því nákvæmlega hvað prófessorinn vill í þessum efnum. Annars vegar talar hann um að það sé rétt að ný stjórnarskrá sé samin á stjórnlagaþingi — ef fara eigi út í að skrifa nýja stjórnarskrá eigi að gera það á stjórnlagaþingi — en hann hefur hins vegar þungar áhyggjur af því að slíkt þing verði umræðufundur og þrætusamkoma sem sökkvi sér niður í deilur sem engu skili. Mér finnst prófessorinn ekki sjálfum sér samkvæmur í þessum efnum.

Prófessor Sigurður Líndal segir reyndar fleira um þetta. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Gildi þess að endurskoða stjórnarskrá í heild er það helst að með því væri hvatt til úttektar á stjórnskipaninni og þeirri stjórnspeki sem að baki býr. Hitt tel ég þó vænlegra að endurskoða stjórnarskrá í áföngum eftir því sem tilefni gefst.“

Hann telur sem sagt að sú leið sem verið er að mæla með í sambandi við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sé ekkert endilega besta leiðin og eru það athyglisverð sjónarmið hvort sem við erum sammála þeim eða ekki.

Hæstv. forseti. Við erum þannig stödd í þessu máli að það hefur verið rekið áfram af miklu offorsi. Farið hefur verið fram með þessar breytingar í mikilli ósátt og án þess að viðhlítandi undirbúningur og viðhlítandi samráð hafi verið haft. Það hefur verið farið vandlega og ítarlega yfir það hér í ræðum fyrr í kvöld og ég ætla ekki að fara lengra út í það. Ég segi hins vegar: Í þessu máli hefur meiri hlutinn hér á Alþingi, ríkisstjórnarflokkarnir og fylgiflokkar þeirra, brotið þrjár meginreglur í sambandi við stjórnarskrárbreytingar.

Í fyrsta lagi hafa þeir brotið regluna um vandaðan undirbúning. Í öðru lagi hafa þeir brotið regluna um víðtækt samráð, bæði pólitískt samráð og samráð út í þjóðfélagið við hagsmunaaðila og fræðasamfélagið. Í þriðja lagi er verið að brjóta þriðju regluna sem er það að nægur tími sé gefinn til málsmeðferðar í þinginu og að vönduð málsmeðferð eigi sér þar stað.

Það þarf því engan að undra að við sjálfstæðismenn séum ósáttir við það hvernig haldið hefur verið á þessum málum. Það þarf engum að koma á óvart að við vörum við þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð. Ég nefndi það í andsvari hér áðan að við höfum nýleg dæmi um stjórnarskrárbreytingar frá 1991, 1995 og 1999. Í öllum þessum tilvikum voru gerðar verulegar breytingar á stjórnarskránni í víðtækri sátt. Í öllum tilvikum var góður undirbúningur, langur aðdragandi.

Ég get nefnt sem dæmi undirbúninginn frá 1995 þar sem verið var að endurskoða mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Þar var forsaga málsins sú að vorið 1994 samþykkti stjórnarskrárnefnd drög að þingsályktunartillögu sem þá var kynnt fyrir þinginu og að lokum samþykkt á Alþingi 17. júní 1994 sem fól í sér ráðagerð um það að mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar yrðu endurtekin. Það var talsverð vinna sem lá að baki þeirri þingsályktunartillögu og forskrift gefin um það hvernig standa skyldi að lögfestingu þessara ákvæða.

Síðla það sumar, 1994, fóru formenn allra þingflokka og settust yfir málið og fengu til liðs við sig stjórnskipunarfræðinga og sérfræðinga á sviði mannréttindamála. Þeir unnu með þessum sérfræðingum fram í desember og frumvarpið var lagt fram í desember rétt fyrir jólalok þingsins. Málið var síðan í umræðu og afgreiðslu í þinginu í tvo mánuði og var samþykkt sem stjórnarskrárbreyting í lok febrúar 1995. Þetta var meðferð þessa máls.

Það kom fram hjá Björgu Thorarensen prófessor, sem veitti ráðgjafarhópi ríkisstjórnarinnar eða forsætisráðherra forstöðu á fundi sérnefndar, að þau vinnubrögð sem þarna voru viðhöfð, þessi undirbúningur hefði verið gagnrýndur fyrir það að málið hefði verið unnið helst til of hratt. Það var það sem Björg Thorarensen sagði um þessi vinnubrögð. En hver eru vinnubrögðin núna í samanburði við þetta? Þarna var hafist handa vorið 1994. Málið fer í þingsályktunartillögu. Það er farið að vinna hana frekar síðsumars. Þremur til fjórum mánuðum seinna er mál lagt fram á þingi og síðan eftir tvo mánuði er málið afgreitt í þingi og allt gerist þetta í góðri sátt sem er til fyrirmyndar. Breytingarnar 1991 og 1999 voru líka unnar í mikilli sátt og með vönduðum undirbúningi.

Við höfum dæmi frá Svíþjóð og Finnlandi, nýleg dæmi. Svíar, til að gera langa sögu stutta, settu á fót stjórnarskrárnefnd árið 2004, nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka. Sú nefnd skilaði vandaðri og ítarlegri skýrslu nú í desember, fjórum árum síðar, eftir mikið samráð við sérfræðinga og vandað og málefnalegt samráð milli flokka. Nú er verið að taka það mál til umræðu í þinginu og menn eiga von á því að þessar breytingar á sænsku stjórnarskránni taki gildi árið 2011. Það er verið að vinna málið vandlega. Það er ekki verið að rasa að neinu. Það er legið yfir verkefninu og vandað til verka.

Í Finnlandi voru svipuð vinnubrögð viðhöfð á síðasta áratug. Þar var sett á fót stjórnarskrárnefnd allra flokka árið 1995. Hún starfaði í fimm ár, ný finnsk stjórnarskrá tók gildi sumarið 2000, eftir fimm ára vinnu.

Það er engin tilviljun að þessar þjóðir velja svona aðferðir við að breyta stjórnarskránni. Það er engin tilviljun að um allan hinn vestræna heim vanda menn til verka í sambandi við stjórnarskrárbreytingar. Það er engin tilviljun að menn leggja mikið á sig til þess að ná samkomulagi og sátt um stjórnarskrárbreytingar.

Það hefur reyndar ekki verið sérstakur ágreiningur um það fram til þessa hér á landi að standa bæri þannig að verki í sambandi við stjórnarskrárbreytingar. Þau sjónarmið hafa ekki verið uppi hér að ekki þyrfti að vanda til verka, ekki þyrfti að vanda undirbúning eða leita sátta um stjórnarskrárbreytingar. Fram til þessa hefur það verið álitinn sjálfsagður hlutur.

Mér finnst ástæða til þess, hæstv. forseti, að vitna til nokkurra íslenskra stjórnlagafræðinga sem sumir hafa um leið verið stjórnmálamenn, stjórnmálaforingjar sem hafa fjallað um þessi mál. Ég ætla að stytta tilvitnanirnar en mér finnst þó rétt að þær kom fram við þessa umræðu.

Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra, sem reyndar hafði verið hæstaréttardómari og prófessor í stjórnskipunarrétti, sagði í grein í *Andvara* 1974, með leyfi forseta:

„Mikils þykir um vert að grundvallaratriðum í stjórnskipun landsins sé ekki haggað að ófyrirsynju, heldur hugað vel að breytingum áður en þær taka gildi.“

Þetta eru eðlileg varnaðarorð. Það þarf heldur ekki að fletta lengi í ritinu *Deildum Alþingis* eftir dr. Bjarna Benediktsson sem líka var forsætisráðherra og líka hafði verið prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands til þess að sjá tilvitnanir þar sem hann varar við, eins og ég sagði í andsvari við hv. þm. Helgu Sigrúnu Harðardóttur áðan, hvatvíslegum breytingum og svo „ráðlauslega“, eins og hann orðaði það, sé staðið að verki.

Á þeim tíma sem hann sagði þetta vísaði Bjarni til þess að deildarskipting Alþingis tryggði að frumvörp um stjórnskipunarlög fengju sex umræður í þinginu þrjár í hvorri deild og hann taldi að þarna væri verulegur hemill á ráðlauslegar breytingar og hvatvíslega málsmeðferð. Því fyrirkomulagi var breytt fyrir átján árum en rauði þráðurinn hjá Bjarna var sá að hann varaði við hvatvíslegum breytingum.

Sömu sjónarmið má sjá í umfjöllun Ólafs Jóhannessonar sem var forsætisráðherra og lengi prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, formaður Framsóknarflokksins. Hann segir í riti sínu, *Stjórnskipun Íslands,* frá 1960, að vanda beri til verka við stjórnarskrá og gert sé ráð fyrir því að stjórnarskrárbreytingar séu gerðar með vandaðri hætti en

ella eigi við um lagasetningu.

Gunnar Schram sem var alþingismaður og lengi prófessor í stjórnskipunarrétti segir í bók sinni, *Stjórnskipunarrétti,* frá 1997, með leyfi forseta:

„Hyggja þarf vel að fyrirhuguðum breytingum á stjórnarskrá og ráðrúm þarf að gefast, bæði innan þings og utan, til þess að gaumgæfa þær breytingar sem á henni eru gerðar.“

Þetta eru tilvitnanir í þessa stjórnskipunarfræðinga. Ég vísa aftur í það sem ég vitnaði til í ummælum Bjarna Benediktssonar í ræðu frá 1953 sem birtist í ritgerðasafninu *Landi og lýðveldi*. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég legg áherslu á að stjórnarskrármálið er mál sem ekki má eingöngu eða fyrst og fremst skoða frá flokkslegu sjónarmiði. Það er alþjóðarmál sem meta verður með langa framtíð fyrir augum en ekki hvað kemur tilteknum flokki að gagni um stundarsakir.“

Hann segir síðan, með leyfi forseta:

„Í samræmi við þá skoðun mína að hér sé um alþjóðarmál að ræða fremur en flokksmál þá tel ég og hef ætíð talið, að það skipti ekki öllu máli hvort stjórnarskrárbreyting yrði afgreidd árinu fyrr eða síðar. Miklu meira máli skipti að þjóðin áttaði sig til hlítar á um hvað væri að ræða og eftir ítarlegar umræður og athuganir yrðu sett þau ákvæði sem skaplegt samkomulag gæti fengist um svo að hin nýja stjórnarskrá geti orðið hornsteinn hins íslenska þjóðfélags um langa framtíð.“

Það má reyndar geta þess að undir þessi sjónarmið tók Hannibal Valdimarsson, sem var lengi alþingismaður og ráðherra, í grein sem hann skrifaði í *Andvara* 1974 í sambandi við tímahrakið sem menn eru stundum að skapa sér í sambandi við stjórnarskrárbreytingar. Hannibal segir, með leyfi forseta:

„Annars er það ekki aðalatriði hvenær endurskoðun stjórnarskrárinnar verði lokið heldur hitt, hversu vel tekst til um sjálfa framkvæmd verksins.“

Öll framangreind ummæli þessara látnu stjórnmálamanna, stjórnmálaforingja og stjórnmálaskörunga og þar á meðal nokkurra helstu stjórnlagafræðinga Íslendinga eru í hrópandi andstöðu við þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð. Hrópandi andstöðu. Það er eins og ríkisstjórnin og þeir sem fylgja henni að málum, eins og Framsóknarflokkurinn, hafi einsett sér að gera þessar stjórnarskrárbreytingar í fullkominni andstöðu við öll þau sjónarmið sem eru viðurkennd í sambandi við þær aðferðir sem tíðkast yfirleitt í vestrænum lýðræðisríkjum og í íslenskri sögu um hvernig breyta eigi stjórnarskrá. Það er eins og menn hafi vísvitandi verið að reyna að brjóta sem flestar grundvallarreglur og meginsjónarmið.

Hér hefur verið vitnað til fyrr í dag hvernig hinir og þessir umsagnaraðilar sem sendu erindi til sérnefndar um stjórnarskrármál bregðast við. Þeir gera athugasemdir við tímafresti. Flestir gera athugasemdir við tímafresti. Flestir gera athugasemdir við þann skamma tíma sem var til umræðu og eins og vísað hefur verið til treystu sumir sér ekki til að senda inn erindi vegna þess hve tíminn væri skammur. Aðrir fara nánar út í málið.

Ragnhildur Helgadóttir prófessor sagði að óheppilegt væri að víkja frá hefð um samstöðu. Það væri hætta á óæskilegri þróun og hún biður menn um að fara sér hægt við breytingar. (**ÞBack:** Ragnhildur byrjaði á að segja að hún fagnaði …) Samband íslenskra sveitarfélaga taldi að eðlilegt væri að bíða með breytingar fram yfir kosningar nema hugsanlega varðandi 2. gr. frumvarpsins. Lögmannafélagið leggst eindregið gegn frumvarpinu og segir að stjórnarskrárbreytingar þurfi að gera að vel athuguðu máli og í mikilli sátt. Breytingar þurfi frekari athugunar við.

Þetta eru m.a. aðilarnir, svo ekki sé talað um ótal hagsmunaaðila, sem hafa mörg orð um það hvað skorti á um tímann. Þeir benda á að mikið skorti á við málsmeðferð. Það sé skortur á samráði við fræðimenn, atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila og þeir benda á að ætli menn á annað borð að setja á fót stjórnlagaþing sé eðlilegast að bíða með aðrar breytingar þangað til stjórnlagaþing tekur til starfa.

Allar þessar umsagnir liggja hér fyrir og ættu að vera stuðningsmönnum þessa frumvarps verðugt umhugsunarefni. Það er greinilegt að þeir sem mynda meiri hlutann í sérnefnd um stjórnarskrármál hafa ekki miklar áhyggjur af því hvað þessir umsagnaraðilar segja. En ég bind þó enn vonir við að einhverjir þingmenn í meirihlutaflokkunum hér á þingi taki mark á því fólki sem hér talar. Það er ekki eins og um sé að ræða einhverja pótintáta Sjálfstæðisflokksins, hagsmunaaðila sem séu að gæta óeðlilegra hagsmuna. Þetta er upp til hópa fólk sem ber umhyggju fyrir stjórnarskránni og varar við óheppilegum vinnubrögðum. Fjöldinn allur varar við óheppilegum vinnubrögðum.

Varðandi einstakar greinar má segja, af því hér hefur verið svolítið rætt um auðlindaákvæðið í 1. gr., að það eru ótal athugasemdir við þá grein og þær lúta alls ekki allar að því ákvæði sem var fellt út í breytingartillögum meiri hluta sérnefndarinnar. Ef umsagnirnar eru lesnar sést að fjölmargir aðilar gera athugasemdir við óljósa merkingu orða og hugtaka, t.d. varðandi þjóðareign. Samband sveitarfélaga bendir á að tilgangurinn sé óljós og ýmis túlkunaratriði sem ekki finnast svör við. Eðlilegra sé að bíða þar til farið verði út í heildarendurskoðun stjórnarskrár. Orkustofnun hvetur til þess, Orkustofnun sem ekki hefur neinna hagsmuna að gæta svo ég viti til, óskar eftir að hugtök verði skilgreind með skýrari hætti, t.d. varðandi náttúruauðlindir. Orkustofnun leggur til að þjóðareignarhugtakinu verði sleppt. Samorka sendir t.d. ítarlegar athugasemdir, vel rökstuddar um ófullnægjandi skilgreiningar hugtaka, hættu á réttaróvissu og bent er á að ekki hafi farið fram sú almenna umræða í samfélaginu sem eðlileg sé í sambandi við stjórnarskrárbreytingar. Landsvirkjun gagnrýnir óskýr hugtök og hugtakanotkun, skort á samráði. LÍÚ leggst gegn frumvarpinu og þarf ekki að koma neinum á óvart í ljósi fyrri afstöðu þeirra. Samtök atvinnulífsins benda á óljósa hugtakanotkun. Landssamband smábátaeigenda segir að merking 1. gr. sé óljós og ýmis hugtök séu bara orðagjálfur. Og svona má lengi telja.

Ég vísa bara til þeirra umsagna sem hér liggja frammi og eru margar hverjar mjög fróðlegar. Ég er ekki sammála þeim öllum, alls ekki. En ég hins vegar vek athygli á því að meiri hlutinn í sérnefnd um stjórnarskrármál telur í fæstum tilvikum ástæðu til þess að taka mark á þessum athugasemdum og virðir þær ekki viðlits og reynir ekki að svara þeim í mörgum tilvikum.

Í ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar áðan kom fram að í hans huga væri þjóðareignarhugtakið skýrt. Eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson minni ég á að í sérnefnd um stjórnarskrármál sem starfaði vorið 2007 kom líka fram verulegur pólitískur ágreiningur milli fræðimanna um skilning á hugtakinu þjóðareign og hvað fælist í því ákvæði sem þá lá fyrir. Af gögnum málsins og umsögnum er alveg ljóst að sá ágreiningur er ekki leystur. Þó að skilningur hugtaksins þjóðareignar sé skýr hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni þá er fjöldinn allur af aðilum í bæ, hagsmunaaðilum og sérfræðingum sem hafa annan skilning á hugtakinu en hann eða kvarta undan því að skýringarnar séu ekki nægar. Hugtakið sé of óljóst.

Í nefndaráliti meiri hlutans er bara fullyrt að þjóðareignarhugtakið sé skýrt og það er ekki rökstutt nánar. Sama er að segja um ábendingar um að eðlilegt sé að bíða með lögfestingu ákvæðisins þar til heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar fer fram. Það er atriði sem margir benda á, að það eigi ekki að endurskoða einstök ákvæði ef til standi að fara í heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar á stjórnlagaþingi. Það er ekkert verið að ræða það í þessu nefndaráliti sem neinu nemi. Því sjónarmiði er bara svarað þannig að það sé búið að ræða svo lengi um svona ákvæði og nefndin telji einsýnt að ekki verði beðið lengur með setningu þess. Það er ekkert útskýrt eða rökstutt af hverju megi ekki bíða með setningu þessa ákvæðis.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði áðan að umræðunni væri lokið. Þá spyr ég: Hver hefur ákveðið að umræðunni sé lokið? Hver hefur ákveðið það? Það er veigamikil spurning. Það er enn spurning um þetta ákvæði og fleiri ákvæði þarna.

Af hverju er svona brýnt að þessi ákvæði verði sett í stjórnarskrána núna? Því er ekki svarað, ekki gerð minnsta tilraun til þess að rökstyðja það hvers vegna það þurfi að gerast núna. Það eru ráðagerðir um að fara með heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar inn á stjórnlagaþing. Eftir nýjustu tillögum meiri hlutans á að taka til starfa á næsta ári og ljúka störfum eftir tvö ár. Hvaða brýnu nauðsyn ber til að breyta hinum ákvæðunum í þann skamma tíma sem líður þangað til stjórnlagaþing skilar niðurstöðu sinni, hvaða brýnu nauðsyn ber til þess? Hvaða hagsmuni er verið að vernda á þessum tíma? Hvaða réttarstöðu á að breyta? Hvaða áhrifum ætla menn að ná fram á þeim stutta tíma sem líður þangað til stjórnlagaþing tekur til starfa?

Er það kannski bara það að þeir sem að þessu standa vilji gefa einhvers konar pólitískar yfirlýsingar, vilji senda út þau skilaboð að þeir vilji gera hitt og þetta, að þeir styðji hitt og þetta, að þeir séu að setja þessi stjórnarskrárákvæði fram fyrst og fremst sem pólitískar yfirlýsingar? Þá verð ég að minna á að stjórnarskrá er ekki landsfundarályktun stjórnmálaflokks, stjórnarskrá er ekki stefnuyfirlýsing eða einhver slík viljayfirlýsing, stjórnarskrá hefur lagagildi. Stjórnarskrá er grundvallarlög. Dómstólar þurfa að fara eftir stjórnarskrá. Þegar menn setja ákvæði í stjórnarskrá þurfa menn að vanda sig og menn þurfa t.d. að hugsa út í hvernig dómstólar muni meðhöndla viðkomandi ákvæði, hvernig þeir muni túlka þau. Ef menn eru bara að setja pólitískar yfirlýsingar inn í stjórnarskrá eru menn á miklum villigötum, þá lenda menn í miklum ógöngum. Þá taka menn þá áhættu að fylla stjórnarskrána með marklausum eða merkingarlitlum yfirlýsingum sem verða túlkaðar á alla enda og kanta og geta orðið uppspretta réttaróvissu, málaferla og dómsniðurstaðna sem enginn sér fyrir. Eins og hv. þm. Björn Bjarnason sagði fyrr í dag eru menn að skapa ríka hættu á því með þeirri aðferðafræði að dómstólum verði í rauninni falið það vald sem löggjafanum er almennt ætlað að hafa með hendi. (Gripið fram í.) Það er að mínu mati óheppileg þróun, það kann að vera að aðrir hafi aðra skoðun.

Varðandi aðra þætti frumvarpsins ætla ég ekki að hafa langt mál. Við höfum vikið að því, sjálfstæðismenn, fyrr í þessari umræðu og ég get ekki látið hjá líða að benda enn og aftur á þá hrópandi mótsögn sem felst í því að ætla annars vegar að lögfesta nýtt ákvæði um hvernig standa beri að stjórnarskrárbreytingum, þ.e. 79. gr. sem verður 81. gr., og hins vegar að koma á fót stjórnlagaþingi til að endurskoða stjórnarskrána í heild í náinni framtíð. Eins og bent hefur verið á, verði frumvarpið óbreytt að lögum, verður á sama tíma að setja tvær mismunandi leiðir til að afgreiða stjórnarskrárbreytingar sem eiga að vera í gildi á sama tíma. Þetta er að mínu mati hreinasta vitleysa, með leyfi forseta, hreinasta vitleysa. Menn ætla að hafa í gangi á sama tíma tvær mismunandi leiðir til þess að breyta stjórnarskrá, annars vegar stjórnlagaþing og hins vegar Alþingi með stjórnlagavald. Mér finnst í þessu felast alveg óskapleg mótsögn.

Mér finnst líka felast óskapleg mótsögn í því þegar menn segja að helsta ástæðan fyrir því að það þurfi að setja á fót stjórnlagaþing sé sú að alþingismenn megi ekki koma að stjórnarskrárbreytingum, það sé óheppilegt að alþingismenn komi að stjórnarskrárbreytingum. Með því er ætlast til þess að einmitt hinir sömu alþingismenn, þ.e. við sem nú sitjum á Alþingi, breytum stjórnarskránni. Í öðru orðinu treysta menn alþingismönnum ekki til þess að breyta stjórnarskránni, í hinu orðinu ætlast þeir til þess að alþingismenn samþykki stjórnarskrárbreytingar. Þetta er hrein rökleysa.

Eina leiðin til þess að átta sig á þessu er sú sem hv. þm. Pétur Blöndal vék að áðan, að hugsanlega hafa einhverjir af tillöguflytjendum í raun ekki neina trú á því að stjórnlagaþingið komist á koppinn eða að stjórnlagaþingið muni skila einhverju, hugsanlega er þetta þannig. Hugsanlega vilja einhverjir af höfundum þessara tillagna beinlínis flýta sér að gera breytingar sem eru þeim að skapi á stjórnarskránni vegna þess að þeir reikna ekki með að það komi neitt út úr stjórnlagaþinginu, vegna þess að þeir deila kannski skoðun prófessors Sigurðar Líndals, þ.e. að það verði bara prætusamkoma, umræðufundur og prætusamkoma sem ekki — (**VS:** Til stjórnlaga.) Já, en hann hefur ekki mikla trú á að það muni skila árangri, því miður.

Ég velti fyrir mér hvort framsóknarmenn sérstaklega, af því að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, er ein úr hópi stuðningsmanna frumvarpsins sem er hér í salnum, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er sú eina af þeim sem standa að þessu frumvarpi sem sýnir umræðunni áhuga á þessari stundu, þá finnst mér rétt að spyrja hana sem framsóknarmann hvort Framsóknarflokkurinn hlusti ekki á sinn eigin ráðgjafa í stjórnarskrármálum. Það hefur komið fram að Gísli Tryggvason er höfundur stjórnlagafrumvarpsins sem framsóknarmenn lögðu til fyrr í vetur, en núna virðist það ekki henta Framsóknarflokknum

og Gísla, ekki þegar hann segir að hann hafi ríkar efasemdir um að það eigi að setja á stjórnlagaþing og gera hinar breytingarnar á stjórnarskránni á sama tíma. Þetta kom tvívegis fram hjá honum í sérnefnd um stjórnarskrármál. Gísli Tryggvason á sæti í ráðgjafarnefnd ríkisstjórnarinnar og kom tvívegis fyrir sérnefndina um stjórnarskrármál og það kom skýrt fram í máli hans, tvívegis, að hann hefði mjög miklar efasemdir um þá leið sem hér er farin. Ég velti fyrir mér: Af hverju hlusta framsóknarmennirnir ekki á sinn eigin ráðgjafa? Hentar það ekki pólitískum hagsmunum Framsóknarflokksins um þessar mundir að hlusta á þessi sjónarmið?

Ég vék aðeins að nefndaráliti meiri hlutans áðan. Þar eru ýmsar fullyrðingar sem ég verð að vekja athygli á vegna þess að þær eiginlega gera það að verkum að maður skilur enn síður þær hugmyndir og tillögur sem hér eru á borðinu. Ég vil nefna ákvæðið varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur.

Í nefndarálitinu segir um þjóðaratkvæðagreiðslur, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn áréttar jafnframt að undanskilin þjóðaratkvæðagreiðslu eru málefni sem varða einkamálefni og einkahagsmuni fólks eða minnihlutahópa.“

Reglan sem hér er orðuð í nefndaráliti er vissulega ágæt, en ég spyr: Á hún sér einhverja stoð í lagatextanum sjálfum, stjórnarskrártextanum sjálfum, í ákvæðinu? Ég kem ekki auga á það. Ég held að hafi verið ætlunin að setja reglu af þessu tagi í stjórnarskrárákvæðið hefði þurft að gera það með skýrum hætti, ekki bara með almennu orðalagi í nefndaráliti. Ummæli í nefndaráliti sem ekki eiga sér stoð í lagatexta hafa enga merkingu, skipta ekki máli. Það verður að vera stoð í lagatextanum til þess að nefndarálitið hafi eitthvert gildi.

Sama á við þegar síðar er talað um þjóðaratkvæðagreiðslu, að Alþingi eigi að staðfesta spurningar sem séu tækar til þjóðaratkvæðagreiðslu. Um það er sagt í nefndarálitinu að þar með sé tryggt að spurningar sem varða einstaklinga og einkamálefni þeirra fari ekki til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Slík regla væri líka ágæt en hún kemur ekki fram í frumvarpstextanum sjálfum. Það er engin vörn varðandi einkamálefni og einkahagsmuni í stjórnarskrártextanum sjálfum. (Gripið fram í.) Ég velti fyrir mér hvaða gildi svona ummæli hafi þegar þau eiga ekki stoð í frumvarpstextanum. Vilji menn setja svona reglur eiga menn bara að gera það með því að setja þær fram í frumvarpinu. Menn eiga þá bara að búa til svoleiðis reglu, það er ekkert því til fyrirstöðu og enginn í sjálfu sér á móti því. Þessi tvö dæmi sýna einungis að hugmyndin er ekki fullunnin, hugmyndin er ekki fullfrágengin. Jafnvel um atriði sem enginn ágreiningur þarf að vera um hafa vinnubrögðin verið með slíkum hætti að það er ekki búið að klára verkið. Þetta eru enn þá bara drög að stjórnarskrárfrumvarpi og málið alls ekkert tækt til afgreiðslu, því miður.

Það er síðan rétt að geta þess af því að ég vék þjóðaratkvæðagreiðsluákvæðinu að pólitískt eru allir sammála um það markmið að stefna beri að því að auka vægi þjóðaratkvæðagreiðslna í landinu. Það er raunar hægt að gera það með lagabreytingum, með því að setja lög um þjóðaratkvæðagreiðslur. Ef þjóðaratkvæðagreiðslur eiga að vera bindandi verður að vísu að fara með það inn í stjórnarskrá en það þarf hins vegar að gera með þeim hætti að vandað sé til verka. Það eru enn þá allt of margar spurningar, allt of mörg óljós atriði, allt of mörg atriði þar sem skortir útfærslu til þess að það sé hægt að líta á að þetta ákvæði sé fullunnið þó að það sé ekki ágreiningur um markmiðið. Sama á við um svo margt þarna. Það er ekkert endilega ágreiningur um markmiðin, vinnan er bara í miðju kafi, hún er ekki búin, það er ekki búið að klára vinnuna heldur er í einhverjum æsingi og taugaveiklun af hálfu ríkisstjórnarflokkanna reynt að keyra þetta mál í gegn á síðustu dögum þingsins alveg án þess að hugað sé að því hvernig vanda beri til verka og standa beri að stjórnarskrárbreytingum af þessu tagi.

Það er fleira sem ég ætla að nefna hér en tími minni er senn á enda þannig að ég verð líklega að koma aftur síðar í umræðunni til þess að fara yfir fleiri þætti sem varða þetta. Ég vil bara geta þess í sambandi við stjórnlagaþingið eins og það er nú útfært í breytingartillögum meiri hlutans — ég vil nú ekki níðast neitt á þeim ágæta flokki Framsóknarflokknum — en ég hlýt að vekja athygli á því að nú stendur Framsóknarflokkurinn að þriðju tegundinni af stjórnlagaþingi, þriðju útgáfunni af stjórnlagaþingi á tveimur og hálfum mánuði. Á tveimur og hálfum mánuði hefur Framsóknarflokkurinn ruðst fram á völlinn, fullur af sannfæringarkrafti og heitur, með nýja útfærslu af stjórnlagaþingi og allar eru þær gerólíkar innbyrðis. (Gripið fram í.) Ég velti fyrir mér ef málið verður lengi í umræðu í þinginu hvort við eigum von á fjórðu eða fimmtu útgáfunni frá Framsóknarflokknum. (Gripið fram í.) Ég biðst velvirðingar, hæstv. forseti.

Við verðum að skoða þessar hugmyndir með stjórnlagaþingið þannig — og það var þess vegna sem ég í upphafi máls míns vakti athygli á því að hér vantaði flutningsmenn þessa frumvarps — að það stjórnlagaþing sem nú birtist í breytingartillögum meiri hlutans er allt annars eðlis en það stjórnlagaþing sem lagt var upp með í upphaflegu frumvarpi. Að sumu leyti er það til bóta, t.d. er gert ráð fyrir að það sé miklu ódýrara en áður. (**ÞKG:** Hálfur milljarður.) Það er samt hálfur milljarður eins og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir bendir á. En það vantar alveg skýringar á því, t.d. í nefndarálitið, hvers vegna og á hvaða forsendum þeir flokkar sem fyrir þremur vikum töldu að nauðsynlegt væri að stilla upp stjórnlagaþingi með þeim hætti sem birtist í frumvarpinu sem forsætisráðherra og fleiri fluttu, telja allt í einu að nú sé nóg að koma með einhverja allt aðra útgáfu. Þessi stefnubreyting er ekkert útskýrð.

Ég skil rökin með að spara. En ef flutningsmenn töldu nauðsynlegt að stjórnlagaþingið yrði með þeim hætti sem það birtist okkur í frumvarpinu fyrir þremur vikum telja þeir þá að það sé fullnægjandi í þeirri smækkuðu mynd sem lögð er til í breytingartillögum meiri hlutans? Þess vegna, hæstv. forseti, taldi ég að það væri mikið gagn að því ef flutningsmenn frumvarpsins væru viðstaddir þessa umræðu og ættu þátt í skoðanaskiptum við þingmenn um málið. Hugsanlega gefst tækifæri síðar í umræðunni til að eiga orðastað við þá um þessi atriði og fleiri.

Hæstv. forseti. Það er komið að lokum ræðu minnar. Að endingu get ég þó ekki annað en vakið athygli á nokkrum

þokukenndum ummælum og hugleiðingum varðandi stjórnlagaþingið sem birtast í lok nefndarálitsins um mikilvægar spurningar sem nauðsynlegt er að átta sig á áður en við samþykkjum nokkra tillögu um stjórnlagaþing. Það er eins og víðar að nefndarálitið er þannig úr garði gert að það verður frekar til þess að flækja málin, flækja skilning manns á málinu en að auka hann.

Í nefndarálitinu meiri hlutans segir eftirfarandi um persónukjör til stjórnlagaþingsins, en í upphaflegu frumvarpi var það útgangspunktur að það yrði persónukjör, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggst ekki gegn slíkri kosningu“ — þ.e. persónukjöri — „en áréttar þó mikilvægi þess að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar.“

Hvað á meiri hluti nefndarinnar við? Hvað þýðir þessi setning? Vill meiri hluti nefndarinnar persónukjör eða vill hann það ekki? Þeirri spurningu er ekki svarað í þessum texta. Er verið að gefa í skyn að fulltrúar kosnir persónukjöri séu ekki fulltrúar þjóðarinnar? Hvað er átt við? Ég skil það ekki.

Ég lýsi eftir því hvort einhver í salnum skilur hvað þessir hv. þingmenn eru að fara þegar þeir setja svona vitleysu fram, skilur einhver hvað þeir eru að fara? Þetta er mikilvægt þingskjal. Ef þetta verður að stjórnarskipunarlögum er þetta mikilvægt lögskýringargagn og það er til vansa ef þar eru óskiljanlegar fullyrðingar og setningar.

Í sambandi við útfærsluna á kjörinu til stjórnlagaþingsins velti ég líka fyrir mér því sem þar er sagt, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur því mikilvægt að reglur um persónukjör verði með þeim hætti að tryggt verði að fulltrúar landsbyggðar og landshluta fái sæti, hvort sem það verður gert með ríkari reglum um kjör eða reglum um einhvers konar jöfnunarsæti.“

Ég skil ekkert í þessu. Ég veit ekkert hvernig menn sjá fyrir sér að ná þessum markmiðum. Þetta eru ósköp ágæt markmið en það er engin leið að átta sig á því hvernig á að útfæra þetta.

Svo segir:

„Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að reglur um kjörið verði með þeim hætti að tryggt verði eins og hægt er jafnt kynjahlutfall á þinginu.“

Þetta eru ágæt markmið en það er engin ráðagerð um hvernig eigi að útfæra þetta. Það eru skildar eftir alveg óskaplega margar spurningar. Það má segja að í breytingartillögunum sjálfum og raunar upphaflega frumvarpinu séu fjölmörg óljós og óútskýrð atriði en ákveðnir kaflar í nefndarálitinu verða enn þá frekar til þess að flækja málið, alla vega fyrir mér. Ég hef reynt að lesa þetta fram og til baka til að átta mig á því hvað meiri hluti nefndarinnar er að fara, hvað fólkið er að meina, en ég er engu nær. Ég væri þakklátur fyrir ef einhverjir hv. þingmenn, einhverjir af stuðningsmönnum málsins, flutningsmönnum eða nefndarmönnum gætu útskýrt fyrir mér þau tilteknu vafaatriði sem ég hef vikið hér að.

Hæstv. forseti. Ég lýk nú máli mínu en þar sem mjög mörg atriði varðandi þetta frumvarp eru óljós óska ég eftir því að eiga þess kost að komast aftur á mælendaskrá.

[22:32]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Hér er til 2. umr. frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem hefur á sér þann sérstaka og raunar algerlega einstaka blæ að vera flutt í fullkominni andstöðu við stóran hluta þingheims. Það er hins vegar akkúrat núna sem skiptir mjög miklu máli á Alþingi Íslendinga að allar breytingar á mikilvægri löggjöf, ég tala nú ekki um breytingar á stjórnarskipunarlögum, séu unnar og gerðar að vel athuguðu máli, vel undirbúnar og vel rökstuddar.

Ástandið hjá okkur á Íslandi er þannig um þessar mundir og stjórnmálaleg óvissa að það er algerlega óforsvaranlegt að ganga til breytinga á stjórnarskipunarlögum með þeim hætti sem hér er að unnið.

Hins vegar er ástæða til að rifja upp og undirstrika að frumvarpið er að því er virðist notað af hálfu ríkisstjórnarinnar sem einhvers konar trygging eða baktrygging fyrir því að Framsóknarflokkurinn tryggi líf ríkisstjórnarinnar eftir að til hennar var stofnað með mjög undarlegum hætti við alveg einstakar aðstæður á Alþingi Íslendinga þar sem ofbeldi var beitt gagnvart Alþingi.

Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með því síðustu daga og ekki síst í dag hvernig kaupin hafa gerst á eyrinni milli flutningsmanna þessa frumvarps. Það vakti athygli mína þegar hv. þm. Birkir Jón Jónsson sem er einn af flutningsmönnum þessa frumvarps — og hefur einn flutningsmanna sýnt okkur þá virðingu að vera hér viðstaddur enda er hann þekktur fyrir vasklega framgöngu í þinginu — (Gripið fram í.) þegar fjármálaráðherra veittist að varaformanni Framsóknarflokksins í umræðum í dag. Þessi umhyggja fyrir Framsóknarflokknum birtist með mjög undarlegum hætti af hálfu hæstv. fjármálaráðherra þegar hv. þm. Birkir Jón Jónsson leyfði sér í umræðum utan dagskrár að bera upp nokkrar fyrirspurnir. Þá notaði hæstv. fjármálaráðherra tækifærið til að berja á varaformanni Framsóknarflokksins. Hvað er eiginlega á ferðinni? Hvers konar heilindi eru á milli þeirra aðila sem standa að breytingum á stjórnarskránni? (Gripið fram í.)

Öðruvísi mér áður brá þegar hv. þáverandi þingmaður Steingrímur J. Sigfússon beitti sér af miklu afli gagnvart ráðherrum Framsóknarflokksins og krafði þá svara við spurningum. Þá voru ekki gerðar athugasemdir við það að þær væru óundirbúnar eða lítt undirbúnar og ráðherrarnir af hálfu Framsóknarflokksins í þáverandi ríkisstjórn ættu erfitt um vik með að svara. Nei, núverandi fjármálaráðherra gerir allt aðrar kröfur til samstarfsmanna sinna, framsóknarmanna, um þessar mundir en hann vildi gera til ráðherra á sínum tíma þegar hann var óbreyttur þingmaður.

Það er annað sem vekur athygli í undirbúningi þessa máls. Breytingar á stjórnarskipunarlögunum eru fluttar sem þingmannafrumvarp. Allt gott um það, en annar stjórnarflokkurinn á ekki aðild að þessu. Frumvarpið virðist vera unnið á vegum forsætisráðuneytisins á kostnað forsætisráðuneytisins. Það er ekki unnið á vegum stjórnmálaflokkanna sem að því standa fyrir fjármuni sem stjórnmálaflokkunum er ætlað til að vinna að slíkum málum eða sérfræðikostnað og fjármuni sem eru ætlaðir til slíkrar vinnu til að vinna að þessu frumvarpi. Nei, það er unnið eins og um stjórnarfrumvarp væri að ræða og síðan koma Frjálslyndi

flokkurinn og Framsóknarflokkurinn að einhverju leyti að þessu máli. Allt í kringum þetta frumvarp og þetta mál er með miklum ólíkindum.

Nú ætla stjórnarflokkarnir og Framsókn að fylgja þeirri einstöku framgöngu eftir að breyta stjórnarskránni, grundvelli lýðræðisskipunar okkar, með fáheyrðum vinnubrögðum á Alþingi eins og ég hef farið yfir.

Sjálfstæðisflokkurinn er andvígur því að ráðist verði í umfangsmiklar breytingar á stjórnarskránni án þess að tími gefist til vandaðrar málsmeðferðar. Það hlýtur að vera eðlilegt. Við sjálfstæðismenn gagnrýnum einnig harðlega að ekki hefur verið tekið tillit til sjónarmiða okkar við endurskoðun stjórnarskrárinnar og alls ekki kallað eftir samstarfi við okkur. Nú blasir við að gert er ráð fyrir breytingum á stjórnarskránni í algerri andstöðu við einn af stjórnmálaflokkunum og eins og hér hefur margkomið fram í dag hefur það ekki gerst í 50 ár að rofinn sé friðurinn á Alþingi með þessum hætti.

Sjálfstæðisflokkurinn telur engu að síður þörf á breytingum á stjórnarskránni. Ég vil að það komi skýrt fram. Auðvitað þurfum við að endurskoða stjórnarskrána og við þurfum að gera það á heildstæðan og vandaðan hátt með ígrunduðum hætti. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt fram tillögur í þeim efnum. Allt annað tal er úr lausu lofti gripið og það er rangt að við sjálfstæðismenn höfum ekki verið tilbúnir til að standa að breytingum.

Við teljum eðlilegt að ganga til þessa verks með breytingum á 79. gr. stjórnarskrárinnar eins og margsinnis hefur komið fram í umræðunni. Formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, hefur gert rækilega grein fyrir því.

Það er gagnlegt fyrir okkur, ekki síst þá sem hafa unnið í sérnefndinni sem hefur fjallað um frumvarpið, að fara aðeins yfir það hvernig aðrar þjóðir hafa staðið að breytingum á stjórnarskránni. Hv. þm. Birgir Ármannsson vakti athygli á því hvernig Svíar eru núna að vinna að breytingum á sinni stjórnarskrá. Sú vinna hefur staðið allar götur frá árinu 2004. Þá skipaði ríkisstjórnin sænska fulltrúa allra þingflokka til að undirbúa stjórnarskrárbreytingar. Um er að ræða mjög víðtæka endurskoðun hjá Svíunum. Samkvæmt upplýsingum sem við höfum hafa fjölmargir ráðgjafar og sérfræðingar verið kallaðir til þeirrar vinnu og gert er ráð fyrir því að ný stjórnarskipunarlög taki gildi hjá Svíum 2011 eins og áður hefur komið fram í þessari umræðu.

Þarna er unnið með mjög vönduðum hætti og hv. þm. Kristrún Heimisdóttir hefur m.a. bent á að við þurfum að vinna með sama hætti og Svíar með því að rannsaka, undirbúa, átta okkur rækilega á hverju þarf að breyta og kalla til sem flesta í samfélaginu af fræðasviði, af vettvangi stjórnmála og af vettvangi vísindamanna í stjórnarskipun. Ég nefni þetta vegna þess að það skiptir miklu máli að það sé vel undirbúið sem lengi á að standa.

Því hefur verið ranglega haldið fram að engar breytingar hafi verið gerðar á stjórnarskránni frá upphafi. Þingmenn hafa leyft sér að halda því fram í ræðustól á Alþingi að engar breytingar hafi verið gerðar. Ég vil leiðrétta þær rangfærslur sem fram hafa komið, reyndar ekki í umræðunni núna en hefur gerst áður og ég hlustaði á þær ræður.

Það er rétt að rifja aðeins upp við þessa umræðu — ég tel að það sé mjög gagnlegt — hvernig staðið var að breytingum og hverju var verið að breyta í stjórnarskránni 1995. Í apríl 1994 sendi stjórnarskrárnefnd formönnum þingflokka á hinu háa Alþingi tillögu um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar sem þá var mjög mikið fjallað um. Tillaga til þingsályktunar var lögð fram 16. júní 1994 — það er rétt að rifja það upp — af Matthíasi Bjarnasyni, þáverandi þingmanni, Valgerði Sverrisdóttur sem hér er talsmaður meiri hluta sem vill ryðjast fram með þessar breytingar, Gunnlaugi Stefánssyni, Ólafi Ragnari Grímssyni og Kristínu Einarsdóttur.

Fimm þingmenn tóku til máls við umræðuna um málið í jafnmörgum ræðum og stóð umræðan í nokkurn tíma. Síðan var með ályktun Alþingis — þetta var aðdragandi — 17. júní 1994 í tilefni 50 ára lýðveldis á Íslandi samþykkt að stefnt skyldi að því að ljúka endurskoðun alls VII. kafla stjórnarskrárinnar fyrir næstu reglulegar alþingiskosningar. Við endurskoðunina skyldi höfð hliðsjón — og er ég þá að vitna hér, með leyfi forseta, í texta sem ég hef hér við höndina — af áðurgreindum „tillögum stjórnarskrárnefndar frá 5. apríl 1994“ en einnig skyldi fjallað um önnur ákvæði kaflans, svo sem um skipan skattamála, ríkisborgararétt og stöðu sveitarfélaga. Á síðari stigum var enn fremur ákveðið að taka til endurskoðunar ákvæði um trúfrelsi í VI. kafla.

Frumvarpið sem ég vísaði til og var undirbúið var síðan lagt fram 15. desember 1994 af Geir H. Haarde, Finni Ingólfssyni, Ragnari Arnalds, Kristínu Ástgeirsdóttur og Sigbirni Gunnarssyni. Blessuð sé minning hans. Fyrsta umræðan fór fram 19. desember 1994, 2. umr. 23. febrúar 1995 og 3. umr. 24. febrúar 1995. Við umræðuna tóku 15 þingmenn til máls í samtals 39 skipti svo það er ekki í fyrsta skipti sem verið er að ræða hér stjórnarskipunarlög í umfangsmikilli umræðu. Stóðu umræðurnar í alllangan tíma.

Þetta vil ég rifja hér upp, virðulegi forseti, vegna þess að umræður og meðferð mála hvað varðar breytingar á stjórnarskránni hafa verið umfangsmiklar á Alþingi þegar breytingar hafa verið gerðar og ég vísa m.a. til þess að í þeirri vinnu sem unnin var þegar mannréttindaákvæðinu var breytt var kallað eftir áliti og tillögum frá almenningi. Það var auglýst sérstaklega og það væri ágætisinnlegg að lesa upp auglýsingu frá stjórnarskrárnefnd Alþingis sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Stjórnarskrárnefnd Alþingis gefur þeim, sem þess óska, kost á að koma með skriflegar athugasemdir við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands númer 33/1944, með síðari breytingum, 297. mál. Meginefni frumvarpsins er tillögur til breytinga á VII. kafla stjórnarskrárinnar sem m.a. hefur að geyma mannréttindaákvæði hennar. Frumvarpið liggur frammi á skjalaskrifstofu Alþingis.“

Þarna kallaði sú nefnd sem vann að breytingunum eftir aðkomu og áliti almennings og vafalaust hefur verið rík ástæða til að gera það enda var mjög vandlega að þessu öllu unnið.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, nefna vegna þess að mér finnst umræðan um það frumvarp sem er til meðferðar á þessu þingi, til breytinga á stjórnarskipunarlögunum, vera með þeim hætti að ýmsir hv. þingmenn líti svo á að það sé fullkomlega eðlilegt að hrapa að breytingum á stjórnarskránni.

Þegar við lítum á forsendurnar sem flutningsmenn gefa sér fyrir breytingum á stjórnarskipunarlögunum er margt athyglisvert þar. Það hefur margsinnis komið fram hjá hæstv. forsætisráðherra að það sé kallað eftir lýðræðislegum umbótum. Því er haldið alveg miskunnarlaust fram að hrun hafi orðið í samfélagi okkar af völdum stjórnarskipunarinnar. Kerfishrun er það kallað og ástæðan fyrir því að gengið er til þessara breytinga á stjórnarskránni er m.a. viðbrögð mótmælenda á Austurvelli, aðgerðir mótmælenda kalla eftir breytingum á stjórnarskránni (Gripið fram í.) og það þarf að bregðast við kröfum um endurreisn atvinnulífsins með því að breyta stjórnarskránni. Allt eru þetta fullyrðingar sem fá ekki staðist. Til að uppfylla þessi áform um lýðræðisumbætur er lagt fram frumvarp á hinu háa Alþingi til breytinga á stjórnarskránni og jafnframt er lagt fram frumvarp til breytinga á kosningalögum til að koma á persónukjöri til að uppfylla kröfuna um lýðræðisumbætur.

Þörfin fyrir lýðræðisumbæturnar var hins vegar ekki meiri að mati stjórnarflokkanna og Framsóknarflokksins en svo að þegar er búið að ýta því frumvarpi til hliðar. Það er ekki lengur á dagskrá, að því er virðist, hjá ríkisstjórninni að koma á þessu persónukjöri. Hvers vegna skyldi það hafa verið? Það bendir allt til þess að ekki hafi þurft meira til en óróleika í prófkjöri hjá Samfylkingunni og Vinstri grænum til að ýta þessu mikla og mikilvæga lýðræðisumbótamáli til hliðar. Það er ekki lengur á dagskrá.

Óttinn við að kjósendur tækju fram fyrir hendurnar á flokksmönnum þegar búið var að velja í prófkjöri var svo mikill að hætt var við þetta. Það var ekki lengur ástæða til að ganga til þessara lýðræðisumbóta hvað varðaði kosningalögin. Allt er þetta með miklum ólíkindum.

Þá vík ég aðeins að vinnunni í sérnefnd sem hefur fjallað um stjórnarskipunarlögin. Ég þakka hv. þingmönnum sem þar störfuðu fyrir samstarfið og formanninum fyrir að þola okkur þó að við værum ekki sammála. Það er mjög mikilvægt að vinna vel í slíkri nefnd og ég tel að við sjálfstæðismenn í nefndinni höfum svo sannarlega lagt okkur fram við að tefla fram sjónarmiðum okkar í þeim tilgangi að sjálfsögðu að bæta þá löggjöf sem að er stefnt. Það er mikið gert úr því að 11 fundir hafi verið haldnir í nefndinni. Ég verð bara að viðurkenna að mér þykir ekki mikið að halda 11 fundi í nefndinni, misjafnlega langa.

Þegar maður lítur yfir hvað gerðist á þessum 11 fundum og þegar ég hlusta á það í ræðustólnum, ekki síst frá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni sem lætur sig vanta í þessa umræðu, að það hafi skort á efnisumræðu á þessum nefndarfundum er kannski ástæða til að vekja athygli á því að á langflestum þessara funda var tekið á móti umsagnaraðilum, hlýtt á mikilvægt innlegg þeirra og hlýtt á þá gera grein fyrir afstöðu sinni.

Á fyrsta fundinum sem var mjög stuttur var einungis kjörinn formaður og varaformaður, en strax á öðrum fundi kom til nefndarinnar ráðgjafarnefndin sem vann þetta frumvarp væntanlega á grundvelli hugmynda flutningsmanna. Ráðgjafarnefndin fór yfir frumvarpið og sömuleiðis var kallaður til sérstakur fulltrúi úr forsætisráðuneytinu á þessum fundi, ágætur starfsmaður forsætisráðuneytisins Páll Þórhallsson en auk þess voru Björg Thorarensen, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst, sem reyndar kom einungis á þann eina fund, og síðan Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, sem var sérlegur fulltrúi Framsóknarflokksins í ráðgjafarnefndinni.

Síðan voru þriðji, fjórði, fimmti, sjötti og sjöundi fundirnir hlaðnir yfirferð um umsagnir. Einungis var farið yfir umsagnir og hlustað á umsagnaraðila en þegar búið var að því var strax á fyrsta fundi þar á eftir reynt að rífa málið út án þess að veruleg efnisumræða gæti farið fram. Svo er talað um það hér og kvartað undan því að við sjálfstæðismenn höfum gert athugasemdir við þessi vinnubrögð. Það átti að rífa málið út strax þegar búið var að fara yfir það með umsagnaraðilum og lítill sem enginn tími gefinn til að fara í efnisumræðu, ég tala nú ekki um að gera tilraun til að ná einhverri sátt um þetta mál.

Á þeim fundi þegar málið var tekið út í andstöðu við okkur sjálfstæðismenn óskuðum við eftir því að gerð yrði tilraun til að ná samkomulagi. Við teljum svo mikilvægt að það sé samkomulag um þær breytingar á stjórnarskránni sem á að gera.

Ég vona svo sannarlega að ekki sé öll nótt úti enn þótt það sé orðið kvöldsett núna á þessum drottins degi. Það kemur dagur eftir þennan dag og ég vona sannarlega að forustumenn sérnefndarinnar beiti sér fyrir því að reynt verði að ná sátt um þær breytingar sem kunna að verða gerðar. Nefndarmenn vöktu sérstaka athygli á því fyrr í umræðunni að ef til vill væri hægt að ganga til breytinga.

Það vakti athygli mína að nefndarálitið sem liggur hér fyrir sem þingskjal frá meiri hluta nefndarinnar var lagt fram fyrir nokkru og það er algerlega óbreytt frá því að það var fyrst lagt inn í nefndina. Það var ekkert litið til athugasemda sem var verið að gera og ekkert litið til þeirra hvatninga sem við höfðum í frammi, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, eða tekið tillit til sjónarmiða okkar.

Það sem vakti hins vegar enn meiri athygli mína var að á síðasta fundinum gerði einn af flutningsmönnum frumvarpsins, Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, athugasemdir við nefndarálitið. Þeim athugasemdum var ýtt til hliðar meðan við sátum fundinn. Það var efnt til meirihlutafundar strax að loknum fundi og þá bjóst ég við að gerð yrði einhver breyting á nefndarálitinu á grundvelli þeirra athugasemda sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hafði haft í frammi. Engar breytingar voru gerðar, ekkert tillit var einu sinni tekið til athugasemda frá flutningsmönnum frumvarpsins. (**VS:** … fleiri athugasemdir?) Hann setti fram athugasemdir og gerði grein fyrir því að hann væri með athugasemdir á fundi þannig að við urðum vitni að því. Hv. þm. Jón Magnússon sem er í salnum getur borið vitni um það á eftir.

Ef það hefði verið brotið á bak aftur er það væntanlega skýringin núna en það lá alveg fyrir að hann var með athugasemdir. Þær birtust hins vegar ekki í nefndarálitinu því að það var algerlega stafrétt óbreytt eins og það var sett fram fyrst. Eitthvað hefur gengið á á bak við tjöldin í þessu öllu saman. Ég hlýt að gera athugasemdir við þetta vegna þess að ég vonaðist til þess að okkur auðnaðist að ná sátt þrátt fyrir þessi vinnubrögð.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson undrast það að við gerum athugasemdir við frumvarpið og óskum eftir breytingum.

Nánast hefur verið látið að því liggja að litlar eða engar athugasemdir hafi komið fram. Það er öðru nær. Eins og rækilega hefur komið fram í þessari umræðu hafa umsagnir um frumvarpið verið mjög neikvæðar. Það er gegnumgangandi, má segja, að umsagnaraðilar hafi kvartað undan því hve skammur tími væri til verksins nema reyndar ASÍ og BSRB en þær umsagnir virðast algerlega hafa verið pantaðar og er þeim stóru samtökum til skammar. Þegar nokkurra síðna bréf er sent til þeirra þar sem óskað er eftir umsögn um breytingar á stjórnarskránni leyfa ASÍ og BSRB sér að senda örstutt bréf um að þeir fagni þessu öllu saman.

Síðan kemur röð sérfræðinga, lögfræðinga, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjölmargra merkra aðila sem gerir stórkostlegar athugasemdir við frumvarpið. Ég get ímyndað mér að það væri hægt að skrifa í öllum lagadeildum háskólanna á Íslandi margar doktorsritgerðir sem fjölluðu um athugasemdir um stjórnarskipunarlagabreytingarnar sem hér er fjallað um.

Þær eru mjög athyglisverðar, margar hverjar, og ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með því að lesa það allt saman upp en það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni fyrir okkur þingmenn að fá til okkar athugasemdir eins og frá Ragnhildi Helgadóttur, prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskólann í Reykjavík, Davíð Þorlákssyni lögfræðingi, Davíð Þór Björgvinssyni, dómara við Mannréttindadómstólinn í Evrópu — mjög athyglisverð umfangsmikil umsögn kom frá Davíð Þór Björgvinssyni sem mörgum þingmönnum er að góðu kunnur þar sem hann fer á þessum örstutta tíma af mikilli vandvirkni ofan í frumvarpið og gerir margar athugasemdir.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir athugasemdum Sigurðar Líndals. Hann þarf ekki að kynna sérstaklega hér, svo þekktur sem hann er.

Landsvirkjun gerir mjög alvarlegar athugasemdir og ég vitna til athugasemda Landsvirkjunar, með leyfi forseta:

„Ekki verður því komist hjá því að benda á að sá tími sem veittur er af hálfu Alþingis til umfjöllunar og umsagnar um svo viðamikið mál er afar stuttur.“ Síðar segir, með leyfi forseta:

„Landsvirkjun telur að nauðsynlegt sé að slík umræða og skoðanaskipti fari fram með faglegum og vönduðum hætti áður en ákvæði af þessum toga er tekið upp í íslensku stjórnarskrána.“ — Það er verið að fjalla um 1. gr. — „Það gerist ekki á nokkrum dögum. Þar til slík opin og hreinskiptin umræða hefur farið fram leggur Landsvirkjun til að frestað verði að taka inn í íslensku stjórnarskrána efnisákvæði 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins.“

Það er ekki á hverjum degi sem Alþingi fær umsögn frá Landsvirkjun, þessari lykilstofnun íslenska samfélagsins, þar sem fjallað er með þessum hætti um lagabreytingar. Það er verið að fjalla um stjórnarskrána.

Norðurál gerir athugasemdir. Rafmagnsveitur ríkisins, Rarik, taka undir þær athugasemdir. Samorka og fleiri aðilar í orkugeiranum gera athugasemdir og vara við afgreiðslu þessa máls eins og það er. Samtök atvinnulífsins, Landssamband smábátaeigenda og Viðskiptaráð sömuleiðis. Orkustofnun gerir mjög alvarlegar athugasemdir. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga komu á fund nefndarinnar og gerðu auk þess mjög veigamiklar skriflegar athugasemdir þar sem varað er við breytingum á stjórnarskránni. Ég ætla að leyfa mér að vitna til athugasemda frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarskrá lýðveldisins er grundvallarlöggjöf þessa lands sem öllum ber að virða. Þannig er stjórnarskránni ætlað að vera hafin yfir dægurþras og sveiflur í stjórnmálum. Vegna mikilvægis stjórnarskrárinnar er nauðsynlegt að stjórnskipunarlög séu sett að vel ígrunduðu máli og í sem mestri sátt.“

Síðar segir:

„Tilgangur ákvæðisins“ — þ.e. 1. gr. — „er fremur óljós og sömuleiðis hvaða áhrif ákvæðinu er ætlað að hafa.“

Þannig mætti lengi telja, hæstv. forseti. Ég ætla ekki að vitna frekar í þessar umsagnir en það er alveg ljóst að hvað varðar 1., 2. og 3. gr. eru margvíslegar athugasemdir gerðar af þeim aðilum sem veittu umsagnir. Hvað varðar 4. gr. þar sem stjórnlagaþingið er til umfjöllunar er það auðvitað alveg sérstakur kapítuli út af fyrir sig.

Umfjöllun um stjórnlagaþingið tók nokkra kippi, má segja, vegna þess að eftir að kostnaðarmat lá fyrir var gert ráð fyrir því að á grundvelli frumvarpsins eins og það var upphaflega þyrfti að kosta til stjórnlagaþings mjög háum fjárhæðum. Þar var um að ræða 1,2–2,2 milljarða eftir því hvernig útfærslan yrði þannig að þarna var um verulegar fjárhæðir að ræða. Eftir að stjórnarliðarnir og fulltrúar Framsóknarflokksins höfðu farið höndum um kostnaðarmatið frá fjármálaráðuneytinu virtust þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu að þetta gæti ekki gengið, það gengi ekki ofan í þjóðina að efna til stjórnlagaþings sem kostaði á þriðja milljarð króna auk þeirrar óvissu sem frumvarpið skapaði. Þess vegna var kallað eftir breyttu mati frá fjármálaráðuneytinu.

Áður en kostnaðarmatið frá fjármálaráðuneytinu var lagt fyrir nefndina kom fram að það gætu verið um það bil 400 millj. sem stjórnlagaþing í breyttri mynd kostaði. Sú varð niðurstaðan. Það kom kostnaðarmat frá fjármálaráðuneytinu sem sagði að miðað við átta mánaða starfstíma mundi þetta kosta 424 millj. og ef starfstíminn væri 12 mánuðir, og þar með var náttúrlega búið að minnka þetta allt saman mjög mikið, væri kostnaðurinn 524 millj. þegar tekinn var inn kostnaður vegna kosninga fulltrúa á stjórnlagaþing og einnig kostnaðurinn við þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarpið. Það tókst að koma þessum kostnaði samkvæmt þá breyttu fyrirkomulagi niður í þessar fjárhæðir.

Hvað um það, kostnaðurinn er vissulega mikill en aðalatriðið er hins vegar það sem ég vil gera alveg sérstakar athugasemdir við, að hér er gert ráð fyrir því að ýta Alþingi Íslendinga til hliðar samkvæmt 4. gr. frumvarpsins, efna til stjórnlagaþings sem tekur stjórnarskrárvaldið frá Alþingi Íslendinga. Það er algerlega óásættanlegt að mínu mati.

Við sjálfstæðismenn höfum lagt til að miklu fremur verði farin sú leið að stjórnlagaþingið væri ráðgefandi. Ég tel að það sé mjög góður kostur fyrir okkur Íslendinga að efna til umfangsmikillar umræðu almennings og kalla til með kosningu fulltrúa á stjórnlagaþing sem fjallaði um málið með sérfræðingum áður en það kæmi endanlega til afgreiðslu á Alþingi. Það að kjósa stjórnlagaþing við hliðina á Alþingi Íslendinga og ætlast til þess að Alþingi veitti umsögn um tillögur frá stjórnlagaþinginu er að mínu mati

algerlega óásættanlegt form þegar verið er að gera breytingar á stjórnarskipunarlögunum.

Stjórnarskráin er grundvöllur stjórnarskipunar íslenska lýðveldisins. Hún mælir annars vegar fyrir um reglur sem fjalla um vald handhafa ríkisvaldsins, þ.e. löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds, og hins vegar um mannréttindi borgaranna og þær takmarkanir og skyldur sem hvíla á handhöfum ríkisvalds gagnvart almenningi í landinu.

Ef okkur tekst sem sagt ekki að hægja á þeirri vegferð stendur til að keyra í gegn á Alþingi breytingar á grundvallarlögum lýðveldisins á fáeinum dögum. Ég hef vísað til þess að bæði í Sviþjóð og þegar við höfum sjálf breytt stjórnarskránni hafa menn lagt mikla áherslu á að gefa sér góðan tíma. Þess vegna hljótum við að harma að þessi háttur sé hafður á og lýsa mikilli ábyrgð á hendur bæði flutningsmönnum og þeim sem vilja standa með þessum hætti að málum á hinu háa Alþingi.

Eins og ég sagði áður er ekki öll nótt úti enn. Ég vona svo sannarlega að okkur sjálfstæðismönnum hafi tekist með þessari umræðu að vekja athygli flutningsmanna og annarra þingmanna sem hafa fylgt þessu frumvarpi gjörsamlega í blindni. Ég heyri á ýmsum þingmönnum að þeim er ekki rótt. Ég vona þess vegna að þeir hinir bestu menn í stjórnarliðinu og í Framsóknarflokknum — ég veit að þar er margt gott fólk sem vill leggja hönd að — láti sér segjast og falli frá þeim ótrúlegu áformum að breyta stjórnarskránni með þeim hætti sem hér er lagt til.

Hæstv. forseti. Ég ætla að láta þetta duga og vona svo sannarlega að forseti Alþingis þurfi ekki að standa frammi fyrir því að láta greiða atkvæði um löggjöf sem víkur forseta Alþingis og Alþingi til hliðar. Það er óásættanleg niðurstaða, virðulegi forseti.

[23:11]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Hér höfum við þingmenn hlýtt á mjög yfirgripsmiklar og ítarlegar ræður, ekki síst okkar sjálfstæðismanna og ekki síst þeirra sem hafa verið fulltrúar okkar í sérnefnd um stjórnarskrármál. Nú er hv. þm. Björn Bjarnason búinn að flytja sína fyrstu ræðu, hv. þm. Sturla Böðvarsson, Birgir Ármannsson og núna er fjórði fulltrúinn okkar í sérnefnd um stjórnarskrármál að fara að flytja sína ræðu.

Ég tel það einkenna lítilsvirðingu, gott og vel, gagnvart Sjálfstæðisflokknum af hálfu ríkisstjórnarinnar að ríkisstjórnin og fulltrúar hennar og framsögumenn málsins, hæstv. forsætisráðherra, hæstv. fjármálaráðherra, séu fjarri og finnst eðlilegt að a.m.k. tvö þau síðastnefndu verði við umræðuna sem eftir lifir þessarar dagskrár. Það er mikilvægt að mínu mati að ekki bara fulltrúar okkar í stjórnarskrárnefnd heldur við þingmenn höfum tækifæri til að spyrja flutningsmenn, ekki síst hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra, ákveðinna spurninga í þessu yfirgripsmikla máli þar sem kemur æ betur í ljós að vinnubrögðin eru alveg fáheyrð. (Forseti hringir.) Þau eru með endemum, þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð í þessu mikilvæga máli (Forseti hringir.) og þess vegna tel ég einsýnt að krefjast þess af hæstv. forseta að biðja flutningsmenn að vera við umræðuna.

[23:12]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti mun gera ráðstafanir til að koma þeim boðum til flutningsmanna að nærveru þeirra sé óskað á þingfundinum.

[23:13]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Hér í hliðarsal er formaður stjórnarskrárnefndar, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Hv. þm. Birkir J. Jónsson sem er einn af flutningsmönnunum hefur verið hér af og til í kvöld. Þar með er upptalið af hálfu þeirra sem styðja þetta mál.

Ekki hefur farið mikið fyrir öðrum flutningsmönnum þessa frumvarps og það væri fróðlegt að vita hvort einhverjir þeirra, aðrir en hv. þm. Birkir Jón Jónsson, séu í húsinu. Það er einkennilegt að forsvarsmenn Samfylkingarinnar í þessu máli, flutningsmenn, fulltrúar í stjórnarskrárnefnd, skuli ekki vera við þessa umræðu og ekki einu sinni til að hlusta á ræður þeirra manna sem sitja í stjórnarskrárnefnd.

Látum vera að menn vilji ekki sitja hér og hlusta á allar ræður vegna þess að það hefur berlega komið fram að sjálfstæðismenn eiga helst ekki að hafa skoðun á málinu. Einkennilegt er samt að vilja ekki einu sinni heyra sjónarmið þeirra manna sem sátu með þeim í nefndinni. Ég hlýt að biðja forseta í fyrsta lagi að gefa upp hvort þessir aðilar séu í húsinu og svo hitt hvort von sé á þeim hingað.

[23:14]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem hér hafa talað, hv. þm. Ólöfu Nordal og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, um að það sé eðlilegt að flutningsmenn þessa frumvarps séu viðstaddir. Það er eiginlega lágmarkskurteisi við þingið, þjóðina og stjórnarskrána að flutningsmenn breytinga á stjórnarskipunarlögum séu viðstaddir umræðu, a.m.k. meðan nefndarmenn í sérnefnd um stjórnarskrármál tjá sig um málið og gera grein fyrir því hvaða sjónarmið og atriði komu upp við vinnslu þess. Annað finnst mér algjör óhæfa. Ég fer fram á það við virðulegan forseta að hann geri ráðstafanir til að þessir einstaklingar verði kallaðir hingað til, flutningsmenn frumvarpsins.

Því hefur verið haldið fram af hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að meirihlutaálitið hefði verið tekið út þó að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hefði við það athugasemdir. Ég get staðfest að þannig var það. Það kom fram í nefndinni. Það væri eðlilegt að hann væri hér viðstaddur til að gera grein fyrir þeim (Forseti hringir.) sjónarmiðum og athugasemdum sem hann kom fram með og (Forseti hringir.) hvaða athugasemdir hann hefur við þau ákvæði sem koma fram í (Forseti hringir.) breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar.

[23:15]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. Jón Magnússon sagði, það vakti nokkra athygli sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sagði undir lok málsmeðferðar í nefndinni.

Það var mjög forvitnilegt og það væri mjög heppilegt ef fram kæmi hvaða athugasemdir það voru sem hann hafði.

Ég tek að sjálfsögðu undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram. Gert er ráð fyrir að umræður í þinginu séu í þeim tilgangi að þar fari fram skoðanaskipti um þau frumvörp og þær breytingartillögur sem eru til umræðu. Það er bæði mikilvægt og í rauninni nauðsynlegt að þeir hv. þingmenn sem fluttu þetta frumvarp og eru upphafsmenn málsins láti í ljós skoðanir sínar á því hvaða stefnu málið hefur tekið í meðförum meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál og upplýsi okkur um afstöðu sína til þeirra atriða, því að það er auðvitað um talsverðar breytingar að ræða, einkum hvað varðar stjórnlagaþingið.

[23:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Óskað hefur verið eftir því ítrekað í kvöld að flutningsmenn málsins séu við umræðuna. Það er nú lágmarkskurteisi við þingið að flutningsmenn séu viðstaddir. Hér hafa nefndarmenn í sérnefnd um stjórnarskrármál verið að tjá sig um þau viðhorf sem fram hafa komið í nefndinni og flutningsmenn málsins, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra — ég verð að taka fram að hv. þm. Birkir J. Jónsson hefur verið hér en hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur ekki sést hér í kvöld. Hér sést hv. þm. Jón Bjarnason, þingflokksformaður Vinstri grænna, í hliðarsal núna, hann hefur ekki sést hér fyrr í kvöld. Ég held að það væri ráð að hann gæfi formanni sínum merki um það (Forseti hringir.) að þetta sé orðið alveg yfirgengilegt og Vinstri grænir (Forseti hringir.) hafa sett mjög niður við það að þeir skuli ekki sýna málinu þá virðingu að vera viðstaddir hér.

Hæstv. forseti. Við hljótum að óska eftir því (Forseti hringir.) að fá svör við því hvort þessir hv. flutningsmenn verði hér við umræðuna áfram.

[23:18]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti ítrekar það sem áður hefur komið fram að þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að koma boðum til flutningsmanna um að nærveru þeirra sé óskað.

[23:18]

Illugi Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það er skiljanlegt að nokkrir af flutningsmönnum þessa frumvarps séu annaðhvort uppteknir eða fjarri til að undirbúa verk morgunsins, margir þeirra gegna mikilvægum störfum. Þetta er auðvitað vandamál þegar tekin er ákvörðun um að ræða jafnmikilvægt mál og stjórnarskrá lýðveldisins Íslands hér að kvöldlagi og yfir okkur vofir að ræða það fram á nóttina. En þar sem hér er um jafnmikilvægt mál að ræða og þetta fyrir þjóðina og þingið er það auðvitað lágmarkskrafa að þeir sem fluttu frumvarpið, lögðu það fram, séu í þingsalnum til að eiga orðastað við þingmenn um þetta mikilvæga mál.

Ég geri það að tillögu minni, virðulegur forseti, að við gerum hlé á umræðu hér úr því að forseti hefur tilkynnt okkur að gerðar hafi verið ráðstafanir til að hafa samband við hv. þingmenn og bíðum komu þeirra þannig að við getum haldið áfram að ræða þetta mikilvæga mál við eðlilegar kringumstæður (Forseti hringir.) sem eru samboðnar þinginu og samboðnar þjóðinni.

[23:19]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það að þau skuli ekki vera viðstödd þessa umræðu lýsir í rauninni hvert viðhorf þeirra gagnvart þessu máli er. Það er lítilsvirðing gagnvart stjórnarskránni, það er verið að setja þingið til hliðar eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson kom inn á í sínu máli. Verið er að setja þingið til hliðar, þingið skiptir engu máli, og menn eru ekki einu sinni viðstaddir umræðuna þegar fulltrúar í stjórnarskrárnefndinni halda ræður sínar og bera fram spurningar.

Ég tek undir með hv. þm. Illuga Gunnarssyni og mæli eindregið með því að hæstv. forseti geri núna hlé á fundum þingsins þar til hæstv. ráðherrar eru komnir í hús. Ef hæstv. forseti vill ekki gera hlé mæli ég eindregið með því að hann taki mikilvæg mál á dagskrá eins og Helguvíkurmálið. Við skulum ræða Helguvík á meðan hæstv. ráðherrar koma sér í hús en ég mæli eindregið með því að gert verði hlé á þessari umræðu þar til ráðherrar hafa sýn sig og sýnt um leið þinginu virðingu sem er svo lítið af í því máli sem við erum að ræða.

[23:21]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Allmargir þingmenn hafa óskað eftir því að ræða fundarstjórn forseta og forseti hyggst gefa mönnum ráðrúm til þess.

[23:21]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Einn aðaltilgangur þess að hafa þingið í opinni málstofu er að menn geti skipst á skoðunum, að menn geti rökrætt mál og rætt ýmsar hliðar þeirra. Nú er verið að ræða stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og þá bregður svo við að allir fara heim, enginn vill taka þátt í umræðunni. Það er bara sagt að málið sé útrætt og það eigi að ganga frá því. Þetta er einkennilegt viðhorf til löggjafarsamkundunnar landinu, herra forseti.

Ég hefði haldið að þetta væri einmitt upplagt fyrir þá sem vilja annars vegar leiða sjálfstæðismönnum það fyrir sjónir að þeir séu á villigötum og hins vegar fyrir hina að fá upplýsingar um það mál sem hér um ræðir vegna þess að fjölmargar spurningar, herra forseti, hafa verið lagðar fram um það hvað einstök efnisatriði í málinu þýða. Til dæmis: Af hverju er þriðja tillagan á örfáum vikum að koma fram núna um stjórnlagaþingið? Hvernig stendur á því að flutningsmenn vilja ekki ræða það? (**Gripið fram í:** Mál …) Hér er einmitt staðurinn til að eiga þessi orðaskipti, herra forseti, ég tek undir það með þeim sem hér hafa áður talað.

[23:22]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég sem og fleiri hef bundið miklar vonir við það að hér verði komið á fót stjórnlagaþingi. Reyndar vil ég hafa það ráðgefandi en mjög margir vilja það. Það vaknaði hjá mér grunur um að ekki stæði til að hafa stjórn-

lagaþing þegar ég las 1. og 3. gr. um að það ætti að gera breytingar á stjórnarskrá áður en stjórnlagaþingið tekur til starfa. Ég spurði að því áðan hvort nýkjörið þing með nýtt umboð þyrfti ekki að fara að þeim reglum sem hér væru settar og því var svarað af Lúðvíki Bergvinssyni, sem er einn af flutningsmönnum nefndarálitsins, að svo væri ekki. (**Gripið fram í:** Hann er ekki viðstaddur.) Og hann er ekki viðstaddur, þannig að ég velti því fyrir mér hvort verið sé að plata mig og hv. þingmenn Framsóknarflokksins sem ég veit að vilja líka að hér verði stjórnlagaþing.

Ég vildi gjarnan að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, Ellert B. Schram, Atli Gíslason og Guðjón Arnar Kristjánsson væru viðstaddir umræðuna (Forseti hringir.) svo þeir geti svarað því hvort það standi til að halda stjórnlagaþing yfirleitt.

[23:23]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel eðlilegt að fundi verði frestað núna og honum fram haldið á morgun þar sem svo háttar til að flutningsmenn þessa frumvarps eru ekki viðstaddir. Það er komið fram undir miðnætti, það er eðlilegt að sýna stjórnarskránni, þinginu og þjóðinni þá virðingu að ræða breytingar á stjórnarskipunarlögum í björtu.

Ég er næstur á mælendaskrá. Ég hef verið að fylgjast með umræðum í dag og ég ætla að víkja máli mínu m.a. að atriðum sem komu fram í ræðum hv. þingmanna Atla Gíslasonar, Ellerts B. Schrams og Lúðvíks Bergvinssonar, sem sitja allir í sérnefnd í stjórnarskrármálinu, og mér finnst lágmark að þeir séu viðstaddir umræðuna. Ég ítreka þá ósk mína, virðulegi forseti, að fundi verði slitið og boðað til nýs fundar þannig að þeir sem ég vil eiga orðastað við verði viðstaddir þá umræðu.

[23:24]

Kjartan Ólafsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Við ræðum hér um stjórnarskrá sjálfs lýðveldisins. Umræðan hefur farið hér fram nokkuð lengi en það sést nánast enginn úr stjórnarliðinu, frá minnihlutastjórninni er nánast enginn í þingsal og fylgist ekkert með. Einungis hv. frummælandi, Valgerður Sverrisdóttir, tekur þátt í þingstörfunum og er það virðingarvert en aðrir eru ekki á staðnum. Þvílík virðing fyrir málinu, fyrir stjórnarskránni. (Gripið fram í.) Það þarf að komast inn í umræðuna, herra forseti, hvernig stjórnlagaþingið muni starfa. Munu menn sitja heima hjá sér? Hvernig verður því þingi stjórnað? Það væri áhugavert að fá skýringar á því frá flutningsmönnum. Munu þá þessir æðstu prestar stinga af og láta ekki sjá sig?

[23:26]

Jón Bjarnason (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmönnum að hér er um stórmál að ræða. Hér er m.a. um það að ræða hvort þingið vill veita þjóðinni aðkomu, treystir þjóðinni fyrir að taka afstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslum. Sumir flokkar gera það ekki. (**Gripið fram í:** Hvað er umræðuefnið?) Ég vil benda á að hér er talsmaður nefndarinnar, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Ég veit að hv. þm. Atli Gíslason er í húsinu og (Gripið fram í.) þessir þingmenn geta vel svarað fyrirspurnum hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins.

Margir eru á mælendaskrá og ég tel mjög mikilvægt að þingmenn (Forseti hringir.) hætti nú að tuða hér uppi í stól um fundarstjórn forseta, sem er ágæt, og (Forseti hringir.) haldi áfram (Gripið fram í.) með ræður sínar og (Forseti hringir.) málflutning í þessu stóra máli. Ég legg áherslu á það, herra forseti, að fundarstjórn (Forseti hringir.) forseta er mjög góð og að mér finnst að (Gripið fram í.) þingmenn eigi að leyfa umræðunni að halda áfram.

[23:27]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Ræðumanni tókst að komast lengra fram yfir tímann en nokkrum öðrum þingmanni hefur áður tekist. (Gripið fram í.)

Ekki hefur náðst í alla flutningsmenn málsins sem beðið var um að yrðu hér en þeir sem náðst hefur í eiga þess ekki kost að mæta.

[23:28]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það er einsýnt að þessum fundi verður að fresta fyrst flutningsmenn frumvarpsins geta ekki fylgt eftir sínu eigin frumvarpi og sjá ekki sóma sinn í því að mæta hér og vera við umræðuna þegar verið að ræða stjórnarskrá lýðveldisins og við þingmenn sem viljum taka þátt í umræðunni og eiga við þá orðastað þurfum að horfa undir iljarnar á þeim út úr húsinu á fyrsta degi sem málið er rætt hér í 2. umr. Það gengur ekki. Ég geri fortakslausa kröfu um að málinu verði frestað þar til hæstv. ráðherrar verði komnir hér í hús til að svara fyrir sitt frumvarp. Það er móðgun við þingið, þjóðina og stjórnarskrána að flutningsmenn til breytinga á stjórnarskránni séu ekki viðstaddir þessa umræðu.

Mér nægir ekki, hæstv. forseti, að hér séu í salnum hv. þm. Jón Bjarnason eða hv. þm. Kristrún Heimisdóttir sem ég geri ráð fyrir (Forseti hringir.) að sé stuðningsmaður þeirra sjónarmiða (Forseti hringir.) sem við höfum fært fram miðað við þær tilvitnanir (Forseti hringir.) sem hér hafa verið lesnar upp.

[23:29]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Þetta er auðvitað alveg með ólíkindum. Okkur er sagt hér í þinginu, síðast í dag af hæstv. forsætisráðherra, 1. flutningsmanni málsins, að þetta sé eitt af brýnustu málunum sem núverandi ríkisstjórn leggi áherslu á. Hér er um að ræða breytingar á stjórnarskrá Íslands en 1. flutningsmaður, hæstv. forsætisráðherra, hefur öðrum hnöppum að hneppa en að taka þátt í umræðu um málið. Er það allur áhuginn á málinu? Er þetta svona brýnt mál? (**Gripið fram í:** Áhuginn er …) Hv. þingmenn verða að hafa það í huga að 1. flutningsmaður er ráðherra en líka þingmaður og flutti málið sem þingmaður og 2. flutningsmaður er ráðherra en hann er líka þingmaður og flutti málið sem þingmaður. Það verður að teljast með ólíkindum að þessir ágætu hv. þingmenn (Forseti hringir.) hafi ekki meiri áhuga en það á því máli sem þeir í öðru orðinu segja að sé

(Forseti hringir.) brýnasta mál þingsins að þeir eru ekki viðstaddir umræðuna. (Forseti hringir.) Þetta er með ólíkindum.

[23:31]

Ásta Möller (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Á þeim árum sem ég hef setið á þingi hef ég aldrei heyrt þessi svör fyrr, að ráðherrar og flutningsmenn eigi ekki kost á að mæta. Klukkan er hálftólf og ég spyr — (Gripið fram í.) — nei. Ég spyr: Eru þeir að gegna opinberum skyldum eða eru þeir komnir í rúmið og er það einhver afsökun fyrir því að koma ekki hingað og hlusta á þær umræður sem fara hér fram um stjórnarskrána? Ég tek þessi svör ekki gild að þeir eigi ekki kost á að mæta, það eru engin svör, það er fyrirsláttur. Ég hlýt því að meta það svo að ekki sé forsenda fyrir frekari fundi hér í kvöld og fer fram á að þessum umræðum verði frestað til morguns þegar viðkomandi aðilar, ráðherrar og aðrir þingmenn, eiga þess kost að mæta.

[23:32]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem farið hafa fram á að við hættum þessum umræðum fyrst flutningsmenn málsins, og reyndar þingmenn sem eiga sæti í sérnefnd um málið, sjá sér ekki fært að vera hér, fulltrúar meirihlutaflokkanna. Ég treysti því að hæstv. forseti fresti nú þegar fundi og við getum þá haldið áfram umræðunni á morgun. Ég tek undir að það eru ekki boðleg svör gagnvart þinginu, gagnvart þjóðinni og gagnvart stjórnarskránni að flutningsmenn málsins eigi þess ekki kost að vera hér til þess að ræða málið, taka þátt í umræðunni um stjórnarskrána. Hvers lags svör eru þetta?

Ég tek undir þá spurningu, hvort sem forseti ákveður að fresta fundi eða ekki: (Forseti hringir.) Hvað eru þessir aðilar að gera, (Forseti hringir.) þessir hv. þingmenn, (Forseti hringir.) ef þeir eru ekki að sinna (Forseti hringir.) opinberum skyldum og (Forseti hringir.) geta ekki tekið þátt í umræðum í þinginu?

[23:33]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Forseti hefur nú upplýst að hv. flutningsmenn þessara stjórnlagafrumvarpsbreytinga ásamt nefndarmönnum í sérnefndinni, þ.e. stjórnarsinnar, eigi ekki kost á því að vera hér í þinginu til að hlusta á umræðuna. Tilgangur umræðunnar er sá, eins og hér hefur komið fram, að við sjálfstæðismenn sem höfum aðra skoðun á málinu en stjórnarsinnar, höfum tækifæri til þess að reyna að fá þá til að skipta um skoðun. En það er greinilegt að þeir vilja ekki, þora ekki eða nenna ekki að gefa sér tíma í þetta. Það er ekki ásættanlegt að sagt sé að þeir eigi ekki heimangengt klukkan 25 mínútur í tólf. Það er þá að minnsta kosti lágmark, eins og hér hefur verið kallað eftir, að upplýst verði hvaða opinberu skyldum þeir eru að sinna, og ég tek undir það sem aðrir hafa sagt, (Forseti hringir.) að úr því að staðan er þessi, verði fundi frestað (Forseti hringir.) og umræðunni fram haldið á morgun.

[23:35]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, það er til háborinnar skammar að flutningsmenn þessa frumvarps skuli ekki vera viðstaddir umræðuna. Það er móðgun og niðurlæging gagnvart þinginu, gagnvart þjóðinni og gagnvart stjórnarskránni að þeir sömu menn og vilja breyta stjórnarskránni skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera við umræðu um sínar eigin tillögur. Það er sagt hér að þeir eigi þess ekki kost. Ég á þess ekki góðan kost að sinna skyldum mínum og trúnaðarstörfum hér í þinginu. Ég ætti núna að vera að sinna fjölskyldu minni og börnum. (Gripið fram í.) En ég er hér og sinni vinnu minni, öfugt við flutningsmenn frumvarpsins.

Sem sáttatilboð vil ég bjóða hæstv. forseta upp á það að málið verði nú tekið af dagskrá og í staðinn verði rædd önnur og brýnni mál sem liggja (Forseti hringir.) fyrir þessum fundi eins og t.d. varðandi (Forseti hringir.) fjárfestingarsamning um álverið í Helguvík. Ég óska eftir svörum við því (Forseti hringir.) hvort hæstv. forseti tekur því góða boði mínu.

[23:36]

Kjartan Ólafsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það kom fram hjá forseta fyrr undir þessum dagskrárlið að hringt hefði verið í tiltekna menn, í flutningsmenn og ráðherra á því frumvarpi sem við ræðum hér. Ég vil fá upplýst í hverja nákvæmlega var hringt og hverjir svöruðu og töldu sig ekki eiga heimangengt. Ég vil að upplýst sé hverjir svöruðu og fá að vita hverjir sögðu að þeir mættu ekki vera að því að koma og gætu ekki komið. (Gripið fram í.) Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að það sé upplýst. (Gripið fram í.) Já, þeir þurfa að vera hér, hv. þingmaður, til svara og þeir eiga að vera hér til að taka þátt í umræðunni. (**Gripið fram í:** Um eigið mál.) Já, til þess lætur þetta fólk kjósa sig til Alþingis. (Gripið fram í.) Það er til að það vinni vinnuna sína og hafi skoðanaskipti hér inni. Annars geta þeir bara farið til Spánar og verið á Klörubar ef það er aðalatriðið, ef það er aðalmottóið, og horft á allt saman á netinu. (Forseti hringir.) Það er ekki tilgangurinn með þingi.

Herra forseti. Þegar það hefur verið upplýst (Forseti hringir.) í hverja náðist og hverjir sögðust (Forseti hringir.) ekki geta komið, (Forseti hringir.) þá þurfum við að skoða framhaldið (Forseti hringir.) þegar það er komið í ljós.

[23:38]

Jón Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Hér fyrr í kvöld hafa verið lagðar fram mjög eðlilegar spurningar. Fjallað er um viðveru þeirra flutningsmanna þessa máls sem sýna því ekki meiri áhuga en raun ber vitni. Einnig hafa komið fram athugasemdir um viðveru þingmanna þessarar minnihlutastjórnar sem eru með afar slaka mætingu, sýna þessum málum enn meiri lítilsvirðingu.

Ég vísaði til þess í kvöld að það væri greinilega komin ákveðin þreyta í þinglið enda álagið búið að vera mikið. Það eru búnir að vera langir vinnudagar í þinginu og þar á undan hafa verið annasamir tímar. (Gripið fram í.) Það er

alveg ljóst að við sjálfstæðismenn stöndum það betur en það vinstra fólk sem á ekki heimangengt í kvöld. Það er einboðið við þessar aðstæður, virðulegi forseti, að fresta þessum fundi, það er ekkert annað sem er í boði (Forseti hringir.) og í það minnsta þarf að gefa okkur upplýsingar (Forseti hringir.) um það hvenær forseti hyggst ljúka hér störfum. (Forseti hringir.) Það hefur ekki komið fram enn þá og hér er (Forseti hringir.) fólk sem þarf að gera ráðstafanir. (Forseti hringir.) Það eru umræður í nefndum í fyrramálið (Forseti hringir.) sem þurfa líka sinn vinnutíma.

[23:39]

Illugi Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg furðulegt metnaðarleysi af hálfu þeirra sem bera fram þetta mikilvæga frumvarp, breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins, að taka ekki þátt í umræðum hér. Margir af þeim sem hæst hafa talað á undanförnum mánuðum, missirum og árum í þessum þingsal (**Gripið fram í:** Og utan hans.) og utan þingsalar um virðingu Alþingis hljóta að velta vöngum yfir eigin orðum og eigin gjörðum.

Að við skulum sitja hér í þingsalnum þar sem ýmist eru tveir eða þrír þingmenn og talsmenn þeirra sjónarmiða sem hér er rætt um og síðan fjöldinn allur af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem vilja ræða þetta mikilvæga mál, er áfellisdómur yfir þeim stjórnarliðum sem sinna ekki betur (Forseti hringir.) störfum sínum en raun ber vitni.

[23:40]

Ásta Möller (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram góð og málefnaleg umræða í dag. Sjö þingmenn stjórnarliða hafa talað í dag og fjórir stjórnarandstæðingar, fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Við hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfum setið yfir ræðum sjö þingmanna í stjórnarliðinu og þar með talið Framsóknar enda er þessi ríkisstjórn í boði Framsóknar og þessi umræða einnig.

Ég tel að það sé full ástæða til þess að þingmenn stjórnarliða sýni okkur sömu virðingu og við höfum sýnt þeim, að sitja hér og hlusta á þeirra röksemdir. Það er kominn tími til þess að þeir sitji hér og hlusti á okkar röksemdir. Ef þess er ekki kostur, eins og komið hefur fram — og þá er ég aðeins að tala um þá sem eru á þessu máli — við gerum þá kröfu að a.m.k. þeir (Forseti hringir.) sitji yfir ræðum okkar hér. Ef þess er ekki kostur, eins og hefur verið svarað, (Forseti hringir.) hljótum við að krefjast þess (Forseti hringir.) að fundi verði frestað til morguns.

[23:42]

Jón Bjarnason (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Maður gæti haldið að þingmenn Sjálfstæðisflokksins væru algjörir byrjendur á þingi. (**Gripið fram í:** Nú? …) Ég hef setið á þingi undanfarin ár og ég hef ekki kvartað undan því að taka hér umræðu þó að þær stæðu fram á nótt. Ég vil vekja athygli á því sem hv. þingmenn gera sér grein fyrir, að málið er í höndum þingsins. (Gripið fram í.) Við erum hér með … (Gripið fram í.) Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sem er formaður nefndarinnar sem flytur málið … (Gripið fram í.) Ég hef ekki heyrt neinn kvarta undan því sem hún hefur sagt eða getur ekki leyst úr. (Gripið fram í.)

Hér er einnig hv. þm. Atli Gíslason sem ég veit að fylgist með í hliðarsal (Gripið fram í.) þannig að hv. þingmönnum er engin vorkunn að halda áfram þessari ágætu umræðu. Þeir vilja koma miklu að, sem er eðlilegt, og þá eiga þeir að gera en ekki að vera að tefja hér þingið með (Forseti hringir.) svona málþófi eins og þeir hafa hér uppi. Við erum með (Forseti hringir.) nefndarmenn sem svara til málsins þannig að ég skora á hv. þingmenn (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokksins, herra forseti, að nýta málfrelsið (Forseti hringir.) og halda sínar ræður um málið. (Gripið fram í.) Já, forseti stýrir fundi af mikilli röggsemi og … (Forseti hringir.)

[23:43]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það er ekki hjá því komist að benda á að fyrr í umræðunni í dag þegar við vorum að ræða dagskrána og hvort ekki væri eðlilegra og skynsamlegra að breyta röðun dagskrárliða þannig að t.d. mikilvæg mál er snerta fjölskyldurnar og atvinnulífið í landinu kæmu á undan stjórnarskrárumræðunni, sagði hæstv. forsætisráðherra að eins og allir vissu sem fylgst hefðu með stjórnarmyndun hennar eigin ríkisstjórnar, væri stjórnarskrármálið hennar hjartans mál, þess vegna ætti ekki að koma á óvart að hún vildi láta ræða það mál. Það hlýtur því að vekja alveg sérstaka furðu að hún hafi ekki meiri áhuga á málinu en raun ber vitni, að hún komi ekki og segist ekki eiga heimangengt þegar hún er beðin um að koma.

Ég minni líka á að búið er að varpa hér fjölmörgum spurningum til forseta og hann virðir okkur þingmenn ekki meira en svo að hann svarar þeim ekki einu sinni. (Gripið fram í.) Eigum við ekki rétt á því að fá svör við þeim spurningum sem bornar hafa verið fram og eigum við ekki rétt á því að við fáum að vita af hverju þeir ráðherrar hæstv. og aðrir þingmenn sem hér hefur verið kallað eftir að séu viðstaddir, (Forseti hringir.) eru ekki hérna? (Gripið fram í.)

[23:45]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram um að forseti svari ekki spurningum. Mér finnst það algerlega óviðunandi og verið er að reyna að stýra fundi hér í þeim tilgangi að umræðum ljúki. En krafan um það að flutningsmenn frumvarpsins komi hingað er eðlileg. Hún er fullkomlega eðlileg og öðruvísi mér áður brá.

Ég hef setið bæði á forsetastól og sem ráðherra undir þeirri kröfu Steingríms J. Sigfússonar um að hingað komi flutningsmenn og ráðherrar jafnt að degi sem nóttu. Þannig að ömurlegt er til þess að vita að hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra skuli ekki mæta hingað og það er algjör lítilsvirðing sem verið er að sýna þinginu og kann að vera að það sé í eðlilegu samhengi við þær breytingar sem verið er að leggja til að gera á stjórnarskránni. Ég (Forseti hringir.) fordæmi þessi vinnubrögð.

[23:46]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Þakka þér fyrir, herra forseti. En mér þykir mjög miður að þeir aðilar sem að þessu frumvarpi standa sýni því ekki meiri virðingu en þetta. Síðan hrunið varð í október hefur öll þjóðin beðið eftir því að við ræðum um stjórnlagaþing (**Gripið fram í:** Já.) og ég veit að Framsóknarflokkurinn hefur lagt mikla áherslu á það. Verið er að sýna Framsóknarflokknum óvirðingu aftur. Nú segja þeir bara: Hann er búinn að borga og við borgum fyrir okkur ef þetta frumvarp verður lagt fram en höfum engan áhuga á því að öðru leyti.

Því miður óttast ég það að það sé einmitt það sem verði og eftir kosningar verði ekki neitt stjórnlagaþing. Þeir hafa náð fram breytingum sínum um kosningar og að auðlindirnar séu inni í stjórnarskránni og það er það sem þeir ætluðu. Meiru hafa þeir ekki áhuga á og ég er ansi hræddur um að framsóknarmenn og öll þjóðin muni upplifa það þegar fram í sækir að það verði ekkert stjórnlagaþing.

[23:47]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti vill taka fram, til viðbótar við það sem kom hér fram úr forsetastóli áðan, vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað að ætlunin er að reyna að halda áfram örlítið inn í nóttina. Það eru 25 hv. þingmenn á mælendaskrá og virðist því ekki veita af að nýta þann tíma sem hér er til ráðstöfunar. (Gripið fram í.) Vegna frammíkalls hv. þingmanns þá hefur ekki verið ákveðið hversu lengi verður haldið áfram inn í nóttina en það verður metið fljótlega upp úr miðnætti hversu lengi það verður.

[23:48]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Mér er ljós sá vandi sem forseti stendur frammi fyrir. En vegna þess að ég veit að sá forseti þingsins sem hér stýrir fundi hefur mikla þingreynslu og er sanngjarn maður þá er ég sannfærður um að hann tekur tillit til þeirra ábendinga sem hér hafa verið settar fram vegna þess að þær eru fullkomlega eðlilegar og sanngjarnar.

Við fjöllum hér um stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og flutningsmenn frumvarpsins eru ekki viðstaddir. Hér fer fram mikilvæg umræða og það getur ekki verið að forseti Alþingis Íslendinga ætlist til að við förum hér inn í nóttina til að ræða breytingar á stjórnarskránni við þessar aðstæður. Ég trúi ekki öðru en að sá sanngjarni maður sem hér situr á forsetastóli taki tillit til þess. (**Gripið fram í:** Heyr.)

[23:49]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns vill forseti taka fram, eins og fram hefur komið áður, að reynt hefur verið að ná til flutningsmanna. Það hefur náðst til sumra þeirra en ekki allra. (Gripið fram í.) Sumir hv. flutningsmenn eru staddir utanbæjar og eiga ekki kost á því að koma til þingfundar eins og er en skilaboðum hefur verið komið til þeirra sem ekki hefur náðst til og við bíðum svara ef einhver verða.

En það er ljóst að flutningsmenn munu eiga kost á því að hlýða hér á umræður um þetta ágæta frumvarp vegna þess að það liggur alveg ljóst fyrir að þrátt fyrir það að ákvörðun hafi verið tekin um að halda áfram eitthvað lengur og fram yfir miðnætti þá lýkur umræðum um frumvarpið ekki í nótt. (Gripið fram í.)

[23:50]

Jón Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnast svör og skýringar virðulegs forseta heldur rýr. Þetta sýnir í raun þá vanvirðu sem forustumenn þessarar ríkisstjórnar sýna Alþingi. Við verðum svo sem vör við þetta víðar en bara í þingsal hér á þinginu. Við verðum líka vör við þetta í nefndarstörfum þar sem eru sestir formenn nefnda sem virða ekki þær eðlilegu vinnureglur sem ég hef þó kynnst þennan stutta tíma sem ég hef verið hér.

Ég hef upplifað það að málum hefur ekki lokið. Það hefur ekki verið hægt að kalla inn fólk til að ræða málin og fá eðlilegar skýringar. Gestum hefur verið vísað af fundi til að reyna að flýta hér vinnu, eins og gerðist í efnahags- og skattanefnd. Það er alveg með ólíkindum, virðulegi forseti, hvernig mál eru að þróast hér á þinginu undir stjórn þessara vinstri flokka. Vanvirðan gagnvart þingi og þingmönnum er algjör.

[23:51]

Útbýting:

Peningagreiðslur orkufyrirtækja til sveitarfélaga o.fl., 467. mál, fsp. ÁI, þskj. 904.

[23:51]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég skal tilkynna það að ég mun ekki flytja jafnlanga ræðu og þetta bókasafn gefur tilefni til. En mér finnst miður að hæstv. forseti skyldi ekki verða við þeirri sanngjörnu ósk okkar fjölmargra þingmanna um að fundi yrði frestað, sér í lagi þar sem fyrir liggur að enginn flutningsmaður frumvarpsins er tilbúinn til að vera viðstaddur umræðuna og líka liggur fyrir að meginhluti meiri hluta sérstakrar sérnefndar um stjórnarskrána er ekki viðstaddur heldur. Það er mjög miður. Það hefði verið eðlilegt að fundi hefði verið frestað og tekið til við umræðuna um stjórnarskrána strax í fyrramálið.

Mér finnst það satt að segja ekki eðlileg virðing við stjórnarskrána eða að þingið sýni sjálfu sér nægilega virðingu eða þjóðinni að halda áfram umræðu um breytingar á stjórnarskipunarlögum með þeim hætti sem er fyrirhugaður.

Þetta gerir það að verkum, þar sem að þeir sem hefur verið talað um að kæmu hingað, þ.e. flutningsmenn frumvarpsins og þeir þingmenn sem ég nefndi í ræðu minni hér áðan að ég þyrfti að eiga orðastað við vegna þeirra ummæla — að ég mun þurfa að endurtaka það síðar í þessari umræðu sem lengir þar af leiðandi umræðuna sem því nemur.

Það er nú einu sinni þannig, eins og hv. þm. Dögg Pálsdóttir benti á, að umræður á Alþingi eru til þess að hafa skoðanaskipti. Þær eru til þess að þingmenn færi fram skoðanir sínar og fái fram mótrök þeirra sem hafa önnur sjónarmið. En harla lítið gagn er í umræðum þegar sá hluti sem ætlar sér, eftir því sem best verður séð, að knýja fram mál í skjóli meirihlutavalds, lætur öll rök hjá líða og er ekki tilbúinn til að fylgjast með eða hlusta á það sem þeir sem

hafa aðra skoðun hafa fram að færa í málinu. Það er satt að segja með miklum ólíkindum.

Hér féllu orð í dag hjá nefndarmönnum í sérnefndinni um stjórnarskrármál sem voru með miklum ólíkindum og ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að víkja fyrst að því sem hv. þm. Atli Gíslason hafði um málið að segja. Ég vil benda á það að ég hef í sjálfu sér ekki neinar sérstakar athugasemdir við það sem formaður nefndarinnar, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sagði um málið vegna þess að það var meira og minna upplestur úr nefndarálitinu. En hv. þm. Atli Gíslason hefur öðrum fremur komið í ræðustól hér á Alþingi og talað um mikilvægi stjórnarskrárinnar og virðingu fyrir stjórnarskránni (**SKK:** Og vönduð vinnubrögð.) og vönduð vinnubrögð (**SKK:** Og faglega verkfærni.) og faglega verkfærni. Þakka þér fyrir, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, fyrir að minna mig á þetta. Þannig að ég hafi þetta nú hugfast allt saman.

En hv. þm. Atli Gíslason, sem mér er sagt að kúri einhvers staðar í hliðarherbergi og flokksbróðir hans, hv. þm. Jón Bjarnason, hefur ítrekað tekið fram hér úr ræðustól að hann sé einhvers staðar í húsinu, sagði í umræðunni hér fyrr í dag að nú þyrftum við að endurskoða öll gildi í þjóðfélaginu og gera breytingar í samræmi við allsherjarendurskoðun á öllum gildum í þjóðfélaginu.

Ég verð að viðurkenna, virðulegi forseti, að mér brá óþægilega við það að hlusta á þessi orð hv. þm. Atla Gíslasonar í því samhengi sem þau voru sett fram. Það minnti mig á það sem Mussolini, sem síðar varð æðsti stjórnandi á Ítalíu, hafði fram að færa varðandi það með hvaða hætti þyrfti að endurskoða öll gildi í þjóðfélaginu. Pennavinur hans, sem hafði viðurnefnið Lenín og varð síðar helsti stjórnandi Sovétríkjanna, tók upp þessi sjónarmið fyrrverandi flokksbróður síns Mussolinis um það að nú þyrfti að endurskoða öll gildi í þjóðfélaginu vegna þess að aðstæður væru með þeim hætti sem raun bæri vitni. Sömu sjónarmið hafa komið hjá ýmsum öðrum. Sömu sjónarmið komu fram hjá eftirmönnum Leníns og lærisveinum hans, þess vegna í Kína eða Norður-Kóreu. Þessi sjónarmið hafa iðulega komið fram og þau komu fram í Þýskalandi Weimar-lýðveldisins vegna þess að þar var um fjöldaatvinnuleysi að ræða og þá þurfti að bregðast við með því að endurskoða öll gildi í þjóðfélaginu.

Virðulegi forseti, vissulega hefur íslenska þjóðin orðið fyrir verri áföllum en hún hefur þekkt um áratugaskeið. Svo miklum áföllum að ósköp eðlilegt er að hrikti í ýmsum stoðum þjóðfélagsins. En þegar þannig háttar til skiptir máli að grunnstoðir þjóðfélagsins standist og menn átti sig á því að halda verður í gildi þeim nauðsynlegu sjónarmiðum og viðhorfum sem hafa jú gert okkur að sterku samhentu lýðræðisþjóðfélagi. Það er grundvöllurinn. Það er forsendan að við virðum mannréttindi, að við virðum þau sjónarmið sem stjórnarskráin kveður á um.

Eitt af því sem er einn af hornsteinum lýðræðisins er að virða réttindi minni hluta. Hér var vísað til þess áðan af hv. þm. Sturlu Böðvarssyni og einnig reyndar líka af hv. þm. Birgi Ármannssyni að Svíar hefðu lagt upp í vegferð með breytingu á stjórnarskrá og ég er með þau sjónarmið sem hér hafa komið í þessum tveimur bókum þar sem liggur fyrir með hvaða hætti og hvað kom út úr þeirri vinnu. Þar var ekki verið að hrapa að neinu heldur miðað við það að sem víðtækust sátt næðist í þjóðfélaginu. Þar er þó um að ræða þjóðfélag þar sem ekkert kerfishrun hefur orðið og fólk getur leyft sér að taka málið með þeim hætti að skoða öll grunngildin og miða við það og leggja sérstaka áherslu á hvað það skiptir miklu máli í lýðræðissamfélagi að virða réttindi minni hlutans.

Meiri hluti þarf alltaf að hafa það í huga að meiri hluti í dag getur orðið minni hluti á morgun. Þess vegna skiptir máli með hvaða hætti fólk fer fram.

Það sem ég vildi nefna hér vegna þeirra tilvitnuðu orða Atla Gíslasonar í umræðunni í dag að nú þyrftum við að endurskoða öll gildi í þjóðfélaginu, er að ef til vill er einmitt ekki sá tími núna. Það skiptir máli að standa vörð um mannréttindi, að þeim stjórnskipulegu hornsteinum sem við höfum sé haldið í eðlilegu gildi.

Hér fór fram einn af nefndarmönnum í sérnefnd um stjórnarskrána og hann fjallaði um það hvað knýr á um það að breyta stjórnarskrá eins og verið er að leggja til með því frumvarpi sem er hér til umræðu. Jú, vegna þess að það varð bankahrun á Íslandi er nauðsynlegt að endurskoða öll gildi í þjóðfélaginu. Hv. þm. Ellert B. Schram sagði hér í umræðunni að sú nauðsyn sem knýi á um breytingar á stjórnarskrá sé kerfishrun og frumvarpið sé lagt fram til að bregðast við hruninu — mér þykir miður að hv. þm. Ellert B. Schram skuli ekki vera viðstaddur umræðuna — en frumvarpið er lagt fram til að bregðast við hruninu, svara kalli fólksins.

Með hvaða hætti breyta ákvæði þessa frumvarps til stjórnarskipunarlaga hruninu, með hvaða hætti er verið að bregðast við hruninu? Það er einhvern veginn eins og mönnum sjáist yfir hvað raunverulega gerðist í íslenska samfélaginu. Menn vilja horfa á eitthvað allt annað en raunveruleikann og mér fannst hv. þm. Ellert B. Schram vilja gera það. Hann sagði m.a. að kerfishrunið væri Sjálfstæðisflokknum að kenna.

Ég fór að velta því fyrir mér hvort hv. þm. Ellert B. Schram hefði ekki fylgst með þeim skýrslum, athugunum, sjónarmiðum og gögnum sem sett hafa verið fram fyrir þjóðina á undanförnum vikum og mánuðum. (**Gripið fram í:** Hverjir voru í stjórn?) Þá er líka spurningin: Hvaða ábyrgð ber hv. þm. Ellert B. Schram sem verið hefur stjórnarþingmaður allan tímann frá því hrunið varð og áður? En það er annað mál, ég ætla ekkert að taka þetta á persónulegum nótum.

Ég spyr: Ber einhver einn stjórnmálaflokkur ábyrgð á því hruni sem varð? Þá segir hv. þm. Ellert B. Schram: Já, það er stjórnmálaflokkurinn sem var í stjórn og er búinn að vera í stjórn meira og minna samfleytt. En ég velti því þá fyrir mér hvort ekki sé eðlilegt að skoða hvaða einstaklingar og fyrirtæki það voru sem skulduðu hundruð milljarða í hverju einasta þeirra fjármálafyrirtækja sem hafa verið tekin í yfir af hálfu ríkisins á grundvelli neyðarlaganna og hvort þeir einstaklingar og þau fyrirtæki sem þar komu að beri ekki einmitt meginábyrgð á því hruni sem varð. Bera fjölmiðlar einhverja ábyrgð á hruninu? Höfðu þeir upplýsingar sem þeir létu ekki í ljósi?

Ég verð að segja, eftir að hafa skoðað þau gögn sem hafa komið fram og þegar rykið hefur sest eftir efnahags-

hrunið, að mér sýnist ljóst að það sem helst hefur á bjátað var að eðlilegar lánareglur í fjármálastofnunum voru ekki virtar. Bankarnir virtu ekki eðlilegar lánareglur. Þar var um að ræða stórfellda misbeitingu varðandi upplýsingagjöf, varðandi eigið fé og varðandi tilbúning á hlutum sem ekki voru fyrir hendi. Það heitir einfaldlega og á mæltu máli svindl, svik og afbrot.

Enginn stjórnmálaflokkur ber ábyrgð á óheiðarlegu fólki í þjóðfélaginu nema viðkomandi stjórnmálaflokkur standi á bak við það fólk. Þannig hefur því verið haldið fram í þessum ræðustól oftar en einu sinni að vinstri grænir hafi með einum eða öðrum hætti komið að ólátum og aðför við Alþingishúsið eftir áramótin. Ljóst er að einhverjir stuðningsmenn þeirra voru þar í för en það ásakar enginn í sjálfu sér þann stjórnmálaflokk um það endilega sem þar gerðist þó að þeir beri vafalaust meiri ábyrgð á því en aðrir stjórnmálaflokkar. En ég get ekki verið gerður ábyrgur og menn gera ekki einhvern ábyrgan fyrir því að rangt sé haft við gagnvart honum og honum talin trú um og hann sé í góðri trú um að hlutir séu með ákveðnum hætti sem síðan reynast vera með öðrum hætti.

Ég spyr síðan í framhaldi: Er það virkilega svo að menn hafi t.d. ekki kynnt sér, eins og þeir hv. þingmenn Atli Gíslason og Ellert B. Schram, þessir tveir fulltrúar í sérnefnd um stjórnarskrármálið hafi ekki kynnt sér niðurstöðuna? Því að það hefur alltaf verið kallað eftir erlendum sérfræðingum og haldið fram að við værum svo ófær um að hafa með málin að gera sjálf. Er það virkilega svo að þeir hafi ekki eytt tíma í það að lesa alla vega umfjöllun um skýrslu sem kom út 30. mars 2009 eftir finnskan sérfræðing, Kaarlo Jännäri — ég vona að ég misbjóði honum ekki mikið með framburði á nafninu hans — þar sem hann kemst að þeirri niðurstöðu að í sjálfu sér hafi það ekki verið íslenska stjórnkerfið sem brást? Að íslenska stjórnkerfið hafi að mörgu leyti virkað mjög vel og ekkert verr en stjórnkerfi og eftirlitsstofnanir annarra ríkja í okkar heimshluta.

Og ég spyr: Hvar liggur þá hin brýna ástæða til að endurskoða öll gildi í þjóðfélaginu eins og hv. þm. Atli Gíslason kom fram með eða það að kerfishrunið sé Sjálfstæðisflokknum að kenna? Maður spyr sig að því hvort það hrun sem orðið hefur á fjármálamarkaði í Frakklandi, Bretlandi, Írlandi, Ungverjalandi, Lettlandi sé þá líka allt saman Sjálfstæðisflokknum að kenna. Með sama hætti og sömu rökum má halda því fram. En það sjá allir þegar þetta er sett í það samhengi að ekki er nein vitræn glóra í svona málflutningi, því miður. Og mér finnst það miður fyrir þessa ágætu þingmenn og þá sérstaklega hv. þm. Ellert B. Schram að haga máli sínu með þessum hætti vegna þess að hann veit betur.

Fyrir liggur og það hefur verið krafa í þjóðfélaginu um langan tíma, og því hefur verið haldið fram, m.a. af mörgum þeirra sem hafa tjáð sig um málin á opinberum vettvangi, að styrkja þurfi Alþingi. Að það skipti miklu máli að skjóta sem styrkustum stoðum undir Alþingi. Atburðir síðustu mánaða hafa eflt þá hugsun.

Maður skyldi því ætla ef hæstv. forsætisráðherra hefði viljað svara þeim sjónarmiðum og því kalli að þá hefði hún brugðist við með því að flytja stjórnarskrárfrumvarp til þess að efla Alþingi og styrkja stöðu Alþingis. En hvað gerist? Forsætisráðherra bregst við með því að flytja stjórnarskrárfrumvarp sem beinlínis veikir Alþingi. Með hvaða hætti? Með því að flytja áhrif og völd í mikilvægum efnum frá Alþingi til annarra aðila. Það liggur fyrir að við búum við þingbundna stjórn þannig að Alþingi veitir ríkisstjórninni umboð. Vald Alþingis er að öðru leyti þríþætt, þ.e. það felst í lagasetningu, það felst í fjárveitingaákvörðunum og það sem má þess vegna fella undir lagasetningu en hefur þó alltaf verið tekið sem sérstakt atriði, þ.e. stjórnarskrárgjöf.

Hver er svo meiningin hjá hæstv. forsætisráðherra og þeim hv. þingmönnum sem styðja þetta meirihlutaálit, sem segjast vera að svara kalli fólksins um að styrkja Alþingi? Hver er meiningin? Með þessu frumvarpi á að svipta Alþingi stjórnarskrárvaldinu og það liggur fyrir að þegar slíkri stoð er kippt undan þjóðþinginu veikist staða þjóðþingsins að sama skapi.

Ýmislegt í frumvarpinu getur horft til framfara. Í 2. gr. frumvarpsins er í sjálfu sér sambærileg tillaga og komið hefur fram áður og náðist víðtæk samstaða um og við sjálfstæðismenn höfum sagt að við séum tilbúnir til að standa að skoðun á því en ég kem að því síðar.

En það ákvæði sem hér er verið að fjalla um, þetta ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. að Alþingi geti samþykkt og lagt málið undir dóm þjóðarinnar, verður óvirkt á næsta kjörtímabili. Það verður óvirkt á næsta kjörtímabili og þess vegna spyr ég: Hvað liggur svona á? — Ég býð hv. þm. Atla Gíslason velkominn í þingsal. — Hvað er verið að gera hér með því að auðvelda stjórnarskrárbreytingar ef á sama tíma að á að gera þetta ákvæði óvirkt á næsta kjörtímabili eins og ég var að tala um?

Með 4. gr. erum við í raun að koma á tveimur þjóðþingum sem eiga að vinna að stjórnarskrárbreytingum samtímis. Hvað mundi það þýða, hvað þýðir slíkt? Það þýðir bara eitt. Það þýðir stjórnskipulega ringulreið. Og það er nú ansi merkilegt, virðulegi forseti, að Samfylkingin sem er nýkomin af flokksþingi sínu með skýra stefnu um að sækja um aðild að Evrópusambandinu og einum af þingmönnum flokksins, hv. þm. Árna Páli Árnasyni, ferst eins og hv. þm. Grétari Mar Jónssyni, að breyttu breytanda að Grétar Mar getur ekki og komið í þennan ræðustól án þess að tengja hvaða mál sem um er að ræða óréttlátu kvótakerfi, að hv. þm. Árni Páll Árnason getur ekki komið í ræðustól alveg óháð því hvað hann er að tala um öðruvísi en að tala um gildi aðildar að Evrópusambandinu. En auðmýking forsætisráðherra Samfylkingarinnar og Samfylkingarinnar í þessu máli verður vart máluð sterkari litum en með því að hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir er 1. flutningsmaður þessa frumvarps til stjórnskipunarlaga hún leggur það fram, og það er ekki opnað á möguleika á aðild að Evrópusambandinu. Og meðan staðið er fyrir niðurskurðartillögum er hæstv. forsætisráðherra þjóðarinnar að mæla fyrir því að fjölga þingmönnum úr 63 í 104 og efna til þess vegna allt að fimm kosninga á næstu tveimur árum með þeim ærna tilkostnaði sem þar ræðir um. Þetta er ekki til þess að efla einhver grunngildi í þjóðfélaginu, þetta er ekki til neins annars en að skapa stjórnskipulega ringulreið.

Ég vék að því áðan, virðulegi forseti, með hvaða hætti hv. þingmenn Valgerður Sverrisdóttir, Atli Gíslason og Ellert Schram hefðu komið fram og vék að orðum þeirra í

þeirri umræðu sem fram fór fyrr í dag. Þegar hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sem er líka einn aðili í meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál, fjallaði um frumvarp til stjórnarskipunarlaga hafði hann í sjálfu sér ekki neitt um málið að segja annað en að víkja sérstaklega að því með hvaða hætti sjálfstæðismenn stæðu að málinu. Engin sérstök sjónarmið eða rök komu fram fyrir því að það bæri að samþykkja það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, hvort eðlilegt sé að fara þá sérleið sem meiri hluti stjórnarskrárnefndarinnar leggur hér til að verði farin, að þrýst verði á um breytingar á stjórnarskránni þannig að um stuttan fyrirvara verði að ræða, málið verði rætt á mjög skömmum tíma og fullkomin ósamstaða verði um það með hvaða hætti það er rætt og síðan eigi að reyna að keyra þetta í gegnum Alþingi rétt fyrir kosningar. Það er stundum sagt: Ólíkt höfumst við að. Svíar hafa velt fyrir sér breytingum á stjórnarskrá sinni. Þar í landi miða menn við það að þær breytingar sem beri að gera séu gerðar í samkomulagi og rætt sé til hlítar um þau ákvæði sem gera á breytingar á.

Þann 1. júlí 2004 var sett niður, miðað við þeirra tíma og þeirra sjónarmið, sérstök sérnefnd um stjórnarskrármálefni til þess að endurskoða stjórnarskrána að öllu leyti. Ekki hvarflaði að nokkrum manni þar í landi að ætla að fara að setja sérstakt stjórnlagaþing. Ég hygg að þau sjónarmið og þær röksemdir hafi legið fyrir að ekkert bitastætt kæmi út úr slíku annað en útgjöld fyrir ríkið. Nei, hvað gerðu Svíar og hvaða leið fóru þeir? Við mættum hafa það til skoðunar og til viðmiðunar? Jú, Svíar kölluðu til helstu stjórnmálaleiðtoga landsins, þess vegna menn sem höfðu látið af störfum. Þeir kölluðu m.a. til fyrrverandi formenn stærstu flokka Svíþjóðar. Þeir skipuðu nefndina þingmönnum, stjórnmálaleiðtogum þess vegna, þó að þeir væru hættir á þingi, og sérfræðingum í stjórnarskrármálefnum. Nefndin, eins og ég sagði, hóf störf 1. júlí 2004.

Nefndin lauk störfum 17. desember 2008, þ.e. um fjóru og hálfu ári eftir að hún hóf störf lauk hún störfum. Við það tækifæri, þegar þeir ljúka störfum, afhenda nefndarmenn viðkomandi stjórnvöldum, þ.e. sænska þinginu eða Ríksdag, þessar tillögur og gera sérstaka grein fyrir því að allir séu sammála um þær tillögur sem um sé að ræða. Hvernig var farið að því? Í sjálfu sér þarf ekki að vera svo mikill ágreiningur um grundvallarreglur þjóðfélags í þróuðu lýðræðisríki og það skiptir því svo miklu máli að menn taki sér tíma til þess að fjalla um það til þess að afgreiða hluti í sátt.

Aðeins hefur verið vikið að því hér að komið hafi til þess að stjórnarskrármálefni hafi verið afgreidd þannig að ágreiningur hafi verið um það en það hefur þá verið vegna þess að ákveðinn flokkur vildi ekki láta af sérréttindum sem hann hafði og þá Framsóknarflokkurinn vegna þess að hann naut þingmannafjölda langt umfram atkvæðafjölda í almennum kosningum vegna misvægis atkvæðaréttarins. Að sjálfsögðu verður að bregðast við óréttlæti ef um það er að ræða til þess að skapa eðlilegt jafnræði borgaranna. En við erum ekki að fjalla um það hér. Ég ítreka: Við ættum sem þróað lýðræðisríki að hafa það sem grundvallarviðmiðun að ræða til hlítar þau sjónarmið og gildi sem við viljum hafa í stjórnarskrá til að treysta grunnstoðir lýðræðis og mannréttinda. Það er það sem skiptir máli. Það er ekki það, eins og hv. þm. Atli Gíslason talaði um, að nú þyrfti að endurskoða öll gildi heldur þveröfugt.

Nú þurfum við að treysta þau grunngildi samfélagsins sem hafa gert okkur að þróaðri og þroskaðri lýðræðisþjóð og byggja á þeim grunni og sjónarmiðum sem skipta máli við uppbyggingu þessa þjóðfélags. Það á ekki að kasta í burtu því sem best hefur reynst. Stjórnarskráin brást ekki nema síður sé. Menn geta deilt um það hvort breyta eigi ákveðnum hlutum, t.d. varðandi stjórnskipun landsins eins og t.d. það sem hefur verið hávær krafa um — mótmælendur hér á Austurvelli kvörtuðu yfir því að Alþingi skyldi ekki hafa frumkvæði í ýmsum málum. Þeir áttuðu sig ekki á því að Alþingi hefur í sjálfu sér ekki neitt með framkvæmdarvaldið að gera annað en það að það getur samþykkt vantraust á ríkisstjórn. Sumir vilja breyta þessu og taka upp önnur gildi en ekki er verið að leggja það til hér.

Virðulegi forseti. Þegar maður les þær tillögur sem koma fram frá Svíþjóð, í þeirri vinnu sem átti sér stað við gerð stjórnarskrárinnar eða þeirra tillagna sem þar er um að ræða, sést að þar er um fyrirmyndarvinnu að ræða sem við ættum að hafa sem fyrirmynd. Við ættum að fara af þessu þingi með því að skipa frekar sérnefnd um stjórnarskrármál til þess að vinna að því að afgreiða stjórnarskrána í sem mestri sátt. Ég geri mér grein fyrir því að ekki er alltaf hægt að afgreiða alla hluti í sátt en ég hygg, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson benti nú á — hann sagði að e.t.v. væri ekki svo langt á milli að ekki væri möguleiki að sætta sjónarmið. Ef það er sjónarmið hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, formanns þingflokks Samfylkingarinnar, af hverju tökum við okkur þá ekki þann tíma sem þarf til að reyna að finna þann flöt sem við getum orðið sátt við og afgreiðum málið með þeim hætti? Málið þarf ekkert að fara frá. Það liggur fyrir að nýjar kosningar eru boðaðar eftir rúmar þrjár vikur. Ef við samþykktum 2. gr. þessara stjórnarskipunarlaga, sem þokkaleg sátt getur orðið um, og hefur verið rætt í nefndinni, er ekkert því að vanbúnaði að nýtt þing geti komið að málum og tekið til við að gera tillögur og koma þeim áfram. Mér fyndist meiri bragur á því að þannig yrði farið að í stað þess að ætla að keyra hér fram, í skjóli meirihlutavalds, í fullkominni andstöðu við stærsta þingflokkinn, ýmsar breytingar á frumvarpi til stjórnarskipunarlaga.

Opnað var á samkomulag í umræðum í nefndinni. Við sjálfstæðismenn í nefndinni töldum að möguleiki væri á því að ná samkomulagi. Viðbrögð formanns sérnefndarinnar voru þau að ekki væri lengur tími til þess að fjalla um það eða gera frekari tilraunir til þess að ná samkomulagi.

Ég lagði áherslu á það í umfjöllun í nefndinni að það skipti mjög miklu máli að nefndin reyndi til þrautar að ná samkomulagi. Ég taldi að það mundi stytta mjög þann tíma sem varið yrði af hálfu Alþingis í að fjalla um stjórnarskipunarlögin, sem ekki hefði verið vanþörf á vegna þess, eins og ítrekað hefur verið bent á, að mörg mikilvæg mál bíða úrlausnar sem varða hamingju og heill fjölda Íslendinga sem nú standa í miklum erfiðleikum. Formaður sérnefndar um stjórnarskipunarlögin vildi ekki hlusta á það, henni lá svo á að taka málið út. Jafnvel þó að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson gerði athugasemdir við nefndarálit sem hafði verið sent út fyrir fram frá meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál — ekki var einu sinni eining í nefndinni um

nefndarálit, þannig að það var tekið út með mjög sérkennilegum hætti. Hv. formanni sérnefndar lá svo mikið á að við í minni hluta nefndarinnar vorum vinsamlegast beðnir um að víkja af fundi þannig að meiri hlutinn gæti farið sérstaklega yfir málið með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni. Ég nefni þetta sérstaklega hér til að ítreka það sem hv. þm. Sturla Böðvarsson sagði í umræðunni hér áðan þar sem hann minntist einmitt á þetta tilvik sem átti sér stað við afgreiðslu nefndarinnar.

Ég hefði, virðulegi forseti, viljað ræða náið um efnisatriði þeirra greina sem hér er um að ræða en ég kemst sennilega ekki nema að hluta til í atriði sem varða 1. gr. Það verður þá að bíða til síðari ræðu minnar, það sem ég hef frekar um málið að segja, í þeim umræðum sem hér eiga eftir að fara fram. Því hefur verið haldið fram af hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, formanni sérnefndar um stjórnarskrármál, að með því að gera breytingar á 1. gr. — svo sem meiri hluti nefndarinnar leggur til, þ.e. að fella niður 2. og 3. gr. í upphaflegu frumvarpi, þó með því að taka síðasta málslið 2. mgr. inn í 1. mgr. — hafi verið komið til móts við minni hlutann og leitað hafi verið sátta. En þetta er ekki þannig. Þetta hafði ekkert með hugmyndir eða tillögur til sáttagerðar að gera. Þessar greinar frumvarpsins voru með þeim hætti að að sjálfsögðu hlutu augu meiri hluta nefndarinnar að opnast fyrir því að það gengi ekki að ætla að koma svona hlutum inn í stjórnarskrá.

Skoðum orðalag eins og þetta: Að allar náttúruauðlindir beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir. Hvað á þá að gera með olíulindir sem kunna að finnast á Drekasvæðinu? Það má ekki nýta þær vegna þess að ekki er hægt að gera það á grundvelli sjálfbærrar þróunar, það gengur á þær. Ef það fyndust gull- eða silfurnámur eða önnur námaréttindi má ekki nýta þau vegna þess að það getur ekki orðið á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Þannig má halda áfram.

Það var einfaldlega þannig að þessi svokölluðu 4. kynslóðar mannréttindi, sem átti að reyna að setja í stjórnarskrá — það var ekki nokkur vitræn glóra í því að ætla að setja þetta inn með jafnmiklum óskýrleika eins og þarna var um að ræða. Það var því ekki hjá því komist — meiri hluti nefndarinnar áttaði sig meira að segja á því að þetta gekk ekki upp, það væri algjört virðingarleysi við þjóðina að ætla að reyna að troða þessu áfram. Þetta var engin sáttargjörð sem þarna var um að ræða, það var einfaldlega um það að ræða að meiri hlutinn sá að sér. Hver einasti umsagnaraðili sem að þessu kom, e.t.v. fyrir utan Alþýðusamband Íslands, talaði um þetta sem gjörsamlega fráleitar tillögur. Það var ekki verið að koma til móts við okkur sjálfstæðismenn í þessu, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, það var einfaldlega verið að reyna að bæta ómögulegt frumvarp.

Virðulegur forseti. Ég get ekki gert frekari grein fyrir því en mun gera það í síðari ræðum um þetta mál.

[00:32]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Í 53. gr. þingskapa 1. mgr. segir:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni.“

Það fer ekkert á milli mála að það er skylda þingmanna að vera á þingfundi nema nauðsyn banni. Þess vegna inni ég forseta eftir því hvort þeir þingmenn sem eru flutningsmenn þess frumvarps sem hér er til umræðu og ekki eru viðstaddir þingfundi, hafi fjarvistarleyfi?

Það er algerlega óviðunandi að við þurfum að sæta því klukkutíma eftir klukkutíma að flutningsmenn frumvarpsins mæti ekki til umræðunnar. Umræðurnar eru til þess að skýra mál og kalla fram svör og spurningar. Þess vegna spyr ég þessarar spurningar og krefst þess að fá upplýsingar um það hvers vegna viðkomandi þingmenn eru í burtu og hvort búast megi við að þeir komi, (Forseti hringir.) að öðrum kosti verði fundi frestað eða slitið.

[00:33]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns getur forseti endurtekið það sem fram hefur komið áður að reynt hefur verið að ná í alla flutningsmenn og hafa svör eðlilega verið mismunandi eftir hv. þingmönnum. Sumir eru ekki í borginni, í aðra hefur ekki náðst en verið send skilaboð til og er að vænta svara frá nokkrum. Það eru tveir hv. þingmenn með fjarvistarleyfi, eins og hægt er að sjá á heimasíðu þingsins.

[00:34]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér skilst að þeir sem hafa beðið um fjarvistarleyfi séu ekki flutningsmenn frumvarpsins. Ég held að þetta sé mjög réttmæt ábending núna af hálfu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, herra forseti. Það er alveg ljóst að með fjarvist sinni frá þinginu við þessar umræður — og ekki bara við umræður okkar sem erum ekki í stjórnarskrárnefnd heldur hafa allir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins flutt sínar góðu ræður, farið mjög ítarlega yfir efnið og komið með rök og spurningar um af hverju málum er hagað með þessum hætti. Þeim er ekki svarað, ekki af einum einasta flutningsmanni frumvarpsins.

Það er auðvitað ósköp þægilegt fyrir hæstv. ráðherra, ekki síst forsætisráðherra sem þarf þá ekki, meðan þessi umræða stendur yfir, að svara fyrir hvernig hún ætlar að hækka skatta. Hún þarf ekki að svara fyrir hvernig hún ætlar að leysa ríkisfjármálin. Hún þarf ekki að svara fyrir það (Forseti hringir.) hvernig gengi krónunnar á að vera. Hún þarf ekki að svara fyrir (Forseti hringir.) af hverju ekki er búið að leysa vandamál bankanna. Það er ósköp þægilegt en það er til vansa fyrir þingið, herra (Forseti hringir.) forseti að ekki skuli vera betur að málum staðið (Forseti hringir.) af hálfu ríkisstjórnarinnar sem er í minni hluta. (Forseti hringir.)

[00:35]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Núna þegar klukkuna vantar 22 mínútur í eitt eftir miðnætti hafa nefndarmenn í sérnefnd um stjórnarskrármál lokið máli sínu. Undir þeim umræðum og ræðum þeirra hafa nánast engir flutningsmanna þessa frumvarps séð ástæðu til að mæta.

Nú kemur í ljós að þeir hyggjast ekki verða við eðlilegri ósk þingmanna að vera viðstaddir þessa umræðu og ég verð

að segja að mér finnst það afar dapurlegt.

Miðað við þær heimtur sem nú hafa orðið þegar nefndin sjálf hefur talað geri ég mér ekki mjög miklar vonir um að þessir menn sjái ástæðu til að mæta þegar aðrir þingmenn ræða málin. Og enn og aftur velti ég fyrir mér: Hver er áhugi flutningsmanna frumvarpsins á því að fram fari hreinskiptar umræður um stjórnarskrá Íslands? Er enginn áhugi á því, herra forseti, hjá þeim sem lögðu frumvarpið fram?

[00:36]

Ásta Möller (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Við hv. þingmenn höfum hlustað á hv. þm. Jón Magnússon flytja ræðu sína sem var mjög fróðleg og mjög spyrjandi. Í þingsalnum eiga að fara fram skoðanaskipti milli ólíkra hugmynda og ólíkra skoðana. Þau skoðanaskipti fara ekki hér fram. Hér er mörgum spurningum ósvarað, m.a. spurningum hv. þm. Jóns Magnússonar. En flutningsmenn frumvarpsins láta ekki svo lítið að láta sjá sig til þess að svara þessum spurningum sem ekki bara hann bíður eftir að fá svar við heldur einnig aðrir hv. þingmenn.

Mér þykir einsýnt að hér komi ekki þeir aðilar sem óskað er eftir að sitji þennan þingfund þannig að ljóst er að ekki er fundarfært lengur. Skoðanaskipti fara ekki hér fram og ég hvet hæstv. forseta að fresta (Forseti hringir.) fundi nú þegar.

[00:38]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég tek undir þá ábendingu sem hv. þm. Ásta Möller kom með að ekki sé fundarhæft um þetta mál fyrst svo háttar að flutningsmenn málsins eru ekki viðstaddir til að taka þátt í umræðum og eru, eftir því sem mér heyrist, ekki væntanlegir.

En ég vil spyrja hæstv. forseta hvort kannað hafi verið hvort flutningsmenn frumvarpsins eru enn þá uppteknir? Það var kannað fyrir klukkustundu eða svo og gæti verið að þær skyldur sem þessir þingmenn þurftu að gegna á þeim tíma séu búnar, að þeir hafi lokið þeim störfum sem þeir sinntu á þessum tíma. Ég bið hæstv. forseta að kanna það.

En ég hlýt að minna á að það mál sem hér er til umræðu þykir af hálfu meirihlutaflokkanna í þinginu svo ægilega brýnt að það var tekið fram fyrir mál eins og vaxtabætur til almennings í landinu, fjármálafyrirtækja þar sem spurning er um uppgjör (Forseti hringir.) og skilanefndir, og samninga um álverið í Helguvík. Það var svo rosalega brýnt mál að það (Forseti hringir.) varð að taka það fyrir á undan þessum málum. En ekki (Forseti hringir.) er það brýnna en svo að (Forseti hringir.) flutningsmenn frumvarpsins sjálfir sjá ekki ástæðu til þess að koma hér í umræðuna. (Forseti hringir.)

[00:39]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti vill taka fram vegna orða hv. þingmanns að það er eðlilegt að gera aðra tilraun til að ná í flutningsmenn og mun forseti gera ráðstafanir til þess.

[00:39]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki ástæða til að reyna að ná í þessa hv. þingmenn og hæstv. ráðherra. Ég held að það sé brýn ástæða til þess að slíta fundi nú og við förum inn í nýjan dag og umræðuna á morgun.

Ég ætla að vekja athygli á því að margir hér hafa sinnt þingstörfum í sextán tíma í dag og ég a.m.k. þarf að mæta aftur í á fund í minni nefnd eftir sjö tíma. Það er náttúrlega alltaf spurningin um hvernig menn vilja haga þingstörfum og verður að miða við að þó sé um eðlilegan hvíldartíma fólks að ræða þó að fólk geti verið hér og rætt um viðkvæm og erfið mál sem eru ekki síður erfið en að keyra vörubíl þar sem krafist er hvíldartíma með fjögurra tíma millibili.

Ég tel, hæstv. forseti, að það sé kominn tími til að þess að slíta þessum fundi vegna þess að störf þingsins hafa nú staðið mjög lengi, í allan dag, og þau (Forseti hringir.) munu gera það allan daginn á morgun. (Forseti hringir.) Mér skilst að fyrirhugað sé að funda á laugardaginn líka. (Forseti hringir.) Það er náttúrlega engin framkoma eða (Forseti hringir.) virðing við þingið að haga störfum með þessum hætti.

[00:41]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég vakti athygli á því að samkvæmt 53. gr. þingskapalaganna er það skylda þingmanna að mæta til fundar. Það liggur fyrir að enginn lögleg forföll hafa verið tilkynnt gagnvart þeim þingmönnum sem eru flutningsmenn þess frumvarps sem hér er. Það er því algerlega augljóst að forseti getur ekki haldið þessum fundi áfram.

Ég trúi ekki öðru en að sá reyndi og sanngjarni maður sem situr í forsetastólnum núna átti sig á þessu og taki tillit til þeirra ábendinga sem hér hafa komið fram. Og ég hvet hann til þess að meta stöðuna á þann veg sem ég bendi á að það er ófært að gefa þingmönnum, hæstv. fjármálaráðherra, hæstv forsætisráðherra, færi á því að brjóta lög, að brjóta þingskapalögin með (Forseti hringir.) því að vera fjarverandi. Það er algerlega óforsvarandi framkoma. (Gripið fram í.)

[00:42]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það er mjög auðvelt að koma hingað upp og segja nákvæmlega það sem manni býr í brjósti og það er náttúrlega verið að vanvirða stjórnarskrána. Nú er klukkan að verða eitt og við erum ekki búin að sjá framan í einn einasta flutningsmann frumvarpsins sem situr í ríkisstjórn.

Það er verið að ræða grundvallarbreytingar á stjórnarskránni. Og svo flissa menn bara úti í sal og svara ekki einni einustu af spurningum okkar nefndarmanna í stjórnarskrárnefndinni, vel ígrunduðum spurningum.

En ég verð að spyrja hæstv. forseta hvort hann ætli ekki örugglega að fresta fundi þar til hæstv. ráðherrar eru komnir í hús. Ég minni á að við höfum nú oft verið kölluð út eða að minnsta kosti meðan ég var ráðherra. Við ræddum merk mál eins og t.d. Ríkisútvarpið ohf. en ég efa ekki að þetta mál er mun mikilvægara en þá voru menn ræstir út. (Forseti hringir.) Ég trúi ekki öðru en (Forseti hringir.) að hæstv.

forseti sýni núna snöfurmannleg handtök og (Forseti hringir.) hringi í hæstv. ráðherra og boði þá hingað hið (Forseti hringir.) snarasta ellegar geri hlé á fundi hið fyrsta.

[00:44]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Hér hefur verið bent á ákvæði þingskapalaga sem eru alveg skýr um að þingmönnum ber að vera við þessa umræðu. Þeir hafa ekki fjarvistarleyfi. Það eru engar eðlilegar skýringar fyrir fjarvist þeirra. Það hefur verið kallað eftir því hvaða þingmenn það eru sem ekki náðist til. Því hefur ekki heldur verið svarað. Við gerðum þessa athugasemd fyrir réttum klukkutíma. Við gerum hana aftur núna klukkutíma síðar og þá er eins og forseti vakni allt í einu upp við að hann þurfi að kanna málið aftur.

Lítur forseti svo á að athugasemdir af hálfu okkar séu bara einhver brandari eða hvernig eigum við eiginlega að skilja þetta? Sinnir forseti ekki skyldum sínum? Á hann ekki stöðugt að hafa verið að reyna að ná í þetta fólk þennan klukkutíma? Ef ekki legg ég til og tek undir tillögu hv. þm. Jóns Magnússonar að forseti slíti hér fundi og hleypi okkur heim og við getum mætt hérna þess vegna klukkan níu í fyrramálið ef (Forseti hringir.) forseti vill.

[00:45]

Ásta Möller (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Hér hefur verið bent á að hugsanlega, og meira en hugsanlega, mjög líklega sé verið að brjóta þingskapalög með því að þingmenn sæki ekki þingfund. Ég spyr jafnframt: Er verið að brjóta lög um hvíldartíma? Hér er búið að skipuleggja fund í allsherjarnefnd klukkan 8.30 í fyrramálið, eftir tæpa átta tíma, og síðan verður opinn fundur í samgöngunefnd klukkan 9.30. Er hugmyndin sú, ef það á að halda hér áfram, að fresta þessum fundum í fyrramálið til þess að virða m.a. lög um hvíldartíma?

Margir þingmenn voru hér til klukkan hálfþrjú í nótt og mættu klukkan hálfníu í morgun á nefndarfund og eru hér enn. Þetta er náttúrlega ekki orðinn boðlegur vinnutími. Ég hvet aftur hæstv. forseta til að slíta fundi til að fólk geti mætt á réttum tíma í fyrramálið í þessar mikilvægu nefndir, allsherjarnefnd klukkan 8.30 og á opinn fund í samgöngunefnd (Forseti hringir.) klukkan 9.30.

[00:46]

Jón Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Vanvirðing forustumanna ríkisstjórnarinnar, forustumanna Vinstri grænna og Samfylkingarinnar, gagnvart þingi og þjóð í þessu mikilvæga máli er með ólíkindum. Það sama má eiginlega segja um hv. þingmenn þessarar ríkisstjórnar. Hér sitja tveir hv. þingmenn Vinstri grænna í salnum. Heldur eru þeir orðnir þreytulegir og væri gaman að geta sett á þá myndavélarnar fyrir þjóðina til að líta á þá. Syfjulegir eru þeir, annað verður ekki sagt.

Ég held að (Gripið fram í.) í ljósi þess — við erum vel vakandi og virk í umræðunni — í ljósi þess hvernig ástandið er orðið hér og hversu mikið áhugaleysið er hjá fulltrúum hæstv. ríkisstjórnar sé einsýnt að fresta þessu máli. Telji forseti að viðveru þessara fulltrúa sé ekki þörf hér og (Forseti hringir.) umræðum verði haldið áfram held ég að hann ætti að gefa okkur svar um það hvenær hann (Forseti hringir.) hyggst ljúka þessari umræðu. (Forseti hringir.) Hann sagði áðan að hann ætlaði að fara eitthvað (Forseti hringir.) örlítið inn í nóttina. (Forseti hringir.) Það er komin nótt, a.m.k. hjá flestum, (Forseti hringir.) og ég held að við ættum að fá skýringar hjá hæstv. forseta um (Forseti hringir.) hvenær hann hyggst þá slíta þessari umræðu.

[00:48]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að það eru tímamörk undir þessum umræðum og biður hv. þingmenn að virða þau.

[00:48]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Þá vil ég minna hæstv. forseta á að þingmenn eiga að mæta hér til að fylgja málum sínum úr hlaði og svara þeim spurningum sem til þeirra er beint. Það er móðgun við þingið, þjóðina og stjórnarskrána að enginn af flutningsmönnum þessa frumvarps sé hér. Það væri hollt fyrir okkur þingmenn sem höfum setið undir lærdóm fyrirlestrum hv. þm. Atla Gíslasonar um faglega verkferla, lýðræðisleg vinnubrögð og opin og gegnsæ skoðanaskipti að vita hvað hann telur og hvert álit hans er á því að hvorki hæstv. fjármálaráðherra, hæstv. forsætisráðherra né aðrir flutningsmenn eru við umræðuna.

Hv. þingmaður veifaði þessari handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa trekk í trekk meðan hann var þingmaður í stjórnarandstöðu. (Forseti hringir.) Nú heyrist hvorki hósti né stuna frá hv. þingmanni þegar hann er kominn í stjórnarmeirihlutann (Forseti hringir.) og hans menn hafa ekki brjóst í sér til þess að fylgja sínum eigin málum eftir. (Forseti hringir.) Ég krefst þess að þessum fundi verði frestað.

[00:49]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Á mótmælafundunum í haust og eiginlega í vetur var aftur og aftur rætt um það að þingið væri veikt, framkvæmdarvaldið of sterkt, flokksræðið of mikið. Hér erum við akkúrat að upplifa það að þeir sem flytja frumvörp sýna þinginu ekki meiri virðingu en svo að mæta ekki. Þeir bara láta okkur um þetta. Ef þetta á að vera teikn um það sem fram undan er þegar þjóðin bíður í ofvæni eftir því að fá að tala á stjórnlagaþingi, þjóðin sjálf, ef svo á að sýna henni þessa virðingu þegar hún er farin að tala á stjórnlagaþinginu er ekki von á góðu. Við erum hérna á stjórnlagaþingi, við erum að tala um að breyta stjórnarskránni og virðingin er ekki meiri en þessi. Ég er hræddur um að margir verði fyrir vonbrigðum.

[00:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Það er búið að benda á að hér er verið að brjóta þingsköpin. Það eru greinilega engin lögleg forföll sem hindra menn í að mæta til umræðunnar og ég verð að segja eins og er, forseti, að mér finnst þetta ekki ganga lengur. Ég legg það til við hæstv. forseta að nú verði fundi

frestað, forseti kalli saman þingflokksformenn og þetta ástand verði rætt þar, á fundi þingflokksformanna. Það er eiginlega ekki við hæfi að hér komi fram að flutningsmenn mála geti ekki mætt í umræðuna og staðið fyrir máli sínu.

Hér er mættur seint og um síðir hv. þm. Atli Gíslason sem er meðal þeirra sem standa að þessu nefndaráliti en hann ber það ekki einu sinni við — hann hefur hlýtt á eina ræðu — að svara þeim spurningum sem fyrir hann eru lagðar. Allt er þetta ferli með þessum hætti. Umræðan er sem sagt engin (Forseti hringir.) um þetta merka mál þar sem við viljum leggja áherslu á að (Forseti hringir.) hér erum við að ræða stjórnarskrána og þetta er vanvirðing við þjóðina, þingið og stjórnarskrána.

[00:52]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég hef alveg skilning á því að hæstv. forseti þurfi að velta því aðeins fyrir sér hvernig hann bregst við þeim óskum sem hafa komið fram. Það er auðvitað skiljanlegt að hann þurfi að hugsa um það hvort hann eigi að slíta fundi og fresta umræðunni, hvort hann eigi að boða til fundar með þingflokksformönnum, jafnvel hvort hann eigi að gera aðra tilraun til að ná í þá hv. þingmenn sem óskað hefur verið eftir að mæti til umræðunnar.

Hæstv. forseti hlýtur einhvern tíma að komast að niðurstöðu og hlýtur einhvern tíma að geta svarað okkur. Við höfum um nokkurt skeið endurtekið spurningar um áform forseta í þessum efnum og komið með ýmsar góðar tillögur til hans og það væri afar gott ef hæstv. forseti gæti látið svo lítið að svara þeim þingmönnum sem hér tala.

[00:53]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns vill forseti taka fram að hann telur eðlilegt að það verði kannað aftur hvort flutningsmenn hafi tök á því að koma nú til fundar. Að öðru leyti hyggst forseta freista þess að tryggja áframhald umræðunnar enda eru enn 26 hv. þingmenn á mælendaskrá. Forseti endurtekur það sem áður hefur komið fram, hann telur eðlilegt að nýta þann tíma sem kostur er. Það liggur líka alveg ljóst fyrir að ekki er hægt að funda alla nóttina þannig að það styttist að sjálfsögðu í enda fundar.

[00:54]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég efa það mjög að tækifæri sé til að hlusta á 26 ræður fram til þess að kallaður verði saman fundur í allsherjarnefnd klukkan hálfníu í fyrramálið.

Það sem er náttúrlega mjög athyglisvert við þessa umræðu í kvöld þar sem fulltrúar í stjórnarskrárnefnd hafa tjáð sig og margar spurningar hafa komið fram um efni frumvarpsins er að í afar fáum tilvikum hefur borið svo við að nefndarmenn í stjórnarskrárnefnd, sem bera ábyrgð á nefndarálitinu, svari þeim spurningum sem til þeirra er beint. Það hefur t.d. komið berlega í ljós, og öll gögn bera það með sér, að við erum núna að tala um þriðju útgáfuna af stjórnlagaþinginu á örskömmum tíma. Þetta mál er í því líkri deiglu að það breytist dag frá degi. Hv. þingmönnum sem eru nefndarmenn í stjórnarskrárnefndinni finnst bara alveg fullkomlega óþarft að ræða við þingmenn hér (Forseti hringir.) hverju þetta sætir, herra forseti.

[00:55]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti tekur fram vegna orða hv. þingmanns að áður hefur komið fram í máli forseta að forseti gerir ekki ráð fyrir því að þessari umræðu ljúki í nótt.

[00:55]

Árni Johnsen (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það fer ekki á milli mála að stór hópur þingmanna gerir alvarlegar athugasemdir við framgang þessa máls og stjórn forseta á því. Slík staða á ekki að vera uppi, herra forseti, þegar verið er að ræða um stjórnarskrá Íslands. Það er siðlaust.

Við höfum talað um að við höfum gengið í gegnum hremmingar með fjármálamönnum sem fóru lauslega með efni sín og ástæður. Forseti Alþingis á ekki að rugga bátnum þegar verið er að fjalla um stjórnarskrá Íslands. Forseti á að hafa burði til þess að hafa vit fyrir því að það sé gengið til verka á eðlilegan hátt í þinginu. (Forseti hringir.) Þess vegna verður forseti að taka af skarið og stjórna eins og honum sæmir með metnað Alþingis (**Gripið fram í:** Að leiðarljósi.) fyrir brjósti.

[00:57]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Við ræðum frumvarp um breytingu á stjórnarskránni. Sérnefnd hefur fjallað um það og fyrir liggur nefndarálit sem fimm hv. þingmenn undirrita. Nú ætla ég að fara að halda ræðu og ég ætla að beina spurningum til þessara nefndarmanna, hvað þeir meini eiginlega og hvernig þetta lítur allt saman út. Ég er ekki viss um að þeir fái nokkurn tíma að vita þessar spurningar mínar nema þeir sem eru viðstaddir, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sem hefur setið hér allan tímann en ekki svarað miklu, (**Gripið fram í:** Og er sofandi.) nei, ég segi það nú ekki, og hv. þm. Atli Gíslason sem er nýmættur og hefur eflaust hlustað á margt en engu svarað.

Þetta er ekki umræða, þetta er eintal. Maður situr hérna klukkan eitt að nóttu og talar í eintali. Háreysti í þingsal. Ég kæri mig ekki um það. (**Gripið fram í:** … komast bara ekki að.) (Gripið fram í.)

[00:58]

Illugi Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir þeirri skoðun í máli forseta að þar sem töluverður fjöldi þingmanna væri eftir á mælendaskrá væri eðlilegt að halda fundi áfram þrátt fyrir að hér væru ekki í salnum þeir þingmenn sem borið hafa fram þetta mikilvæga mál.

Ég verð að mótmæla þessari skoðun. Það skiptir engu máli hversu margir þingmenn eiga eftir að tala, þær ræður sem hafa verið haldnar hafa bæði verið innihaldsríkar og skipt miklu máli í þessari umræðu. Það að enginn af þessum flutningsmönnum hafi verið til andsvara og fylgst með því sem fram hefur farið er auðvitað fullkomið hneyksli fyrir Alþingi.

Nú þykir mér forseti eiga að snúa sér að sóma þingsins og sóma síns eigin embættis, fresta fundi og gera úrslitatilraun til að kalla þessa þingmenn til þingfundar. Ef það tekst ekki á að slíta fundi (Forseti hringir.) og við komum hér til starfa í fyrramálið og gerum þetta (Forseti hringir.) þannig að það sé sómi að fyrir þingið. (Forseti hringir.) Öðruvísi er ekki hægt að halda áfram.

[00:59]

Björk Guðjónsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég tók þátt í umræðum hér til klukkan að verða þrjú í nótt og nú er komið töluvert fram yfir miðnætti. Ég á um langan veg að fara heim og þess vegna finnst mér sanngjarnt að fá svar við því hvenær þessum fundi verður slitið hjá hæstv. forseta. Ég þarf þar að auki að koma snemma til vinnu í fyrramálið og eins og ég sagði er um langan veg að fara. Þess vegna finnst mér eðlilegt miðað við það að þeir sem báru þetta mál fram láta fáir sjá sig hér í þingsalnum að þessum fundi verði slitið sem allra fyrst svo þingmenn geti farið heim og ég sem á um langan veg að fara.

[01:01]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti vill taka fram, endurtaka að það er ætlunin að halda áfram örlítið lengur fram á nótt (Gripið fram í.) og freista þess að fækka örlítið á mælendaskránni og tryggja að þeir sem beðið hafa lengi eftir því að koma í ræðustól fái tækifæri til þess.

[01:01]

Jón Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því aftur að hér eru tveir hv. þingmenn Vinstri grænna í salnum, það er enginn þingmaður Samfylkingar í salnum. Þetta eru fulltrúar ríkisstjórnarinnar, minnihlutastjórnarinnar, við umræðu á þessu mikilvæga máli á þinginu. Áhugaleysið er algert. Þeir hafa engan áhuga á að kynna sér gagnrýninn, málefnalegan málflutning okkar sjálfstæðismanna í þessu máli, ekki nokkurn áhuga, og mér er það til efs að þeir hafi lesið þær fjölmörgu athugasemdir sem bárust nefndinni frá lærðum og leikum í þessu máli, ef áhugaleysið er svona algjört. Þeir ætla sér að keyra þetta mál í gegn hvað sem það kostar án þess að fá og skoða gagnrýnar hugmyndir og umræður sem snúa á annan veg. Þetta er alveg með eindæmum, virðulegi forseti, svona vinnubrögð eru alveg með eindæmum. Eins og þetta er að þróast hérna er þetta ekki boðlegt, þetta er ekki boðlegt okkur þingmönnum sem ætlum (Forseti hringir.) að ræða málefnalega um þetta mál. Það er ekki boðlegt að ætla mönnum að eiga að taka þátt í (Forseti hringir.) nefndarstörfum í fyrramálið og segja okkur á klukkutíma fresti að það eigi að halda örlítið áfram, fram eftir nóttu. (Forseti hringir.) Ég krefst þess að forseti skýri þetta nánar.

[01:03]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Forseti verður að virða þingmanninum það til vorkunnar að hann er tiltölulega óreyndur og þekkir ekki alveg vinnubrögðin hér. Ég á því ekki að venjast, hvergi, þegar ég spyr spurninga að þeim sé ekki svarað, að það sé eins og ég sé að tala við vegginn. Er þetta það sem maður má venjast hérna á þinginu, að maður spyrji spurninga og forseti svari ekki? Ég bara spyr og vonast til að fá a.m.k. svar við þeirri spurningu.

Síðan skil ég heldur ekki hvaða vandamál er við það að segja bara að það eigi að funda til klukkan tvö eða til klukkan þrjú eða til klukkan fjögur eða til klukkan fimm. Það getur vel verið að við eigum engin brýn erindi heim til okkar, nema að fara að sofa, en það mundi hjálpa okkur að vita nákvæmlega klukkan hvað við eigum að komast heim. Af því að ég er óreynd á þessu sviði þá langar mig til að vita hvað það er nákvæmlega sem gerir það svona erfitt fyrir forseta að segja okkur hvenær við komumst heim. Ég hélt að þetta væri virðulegur vinnustaður, raunar hélt ég að þetta væri virðulegasti vinnustaður landsins, ég stóð í þeirri merkilegu meiningu (Forseti hringir.) og þess vegna hlýt ég að spyrja: (Forseti hringir.) Getur hæstv. forseti svarað þessum spurningum?

[01:04]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns vill forseti endurtaka að ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um það nákvæmlega hvenær fundi verður hætt en það er ætlunin að halda áfram. Það er erfitt að gefa nákvæmar tímasetningar um það, m.a. vegna þess að hv. þingmenn tala mislengi og það er ekki hægt að vita það fyrir fram hvort andsvör verða og annað þess háttar. Hv. þingmenn átta sig væntanlega á því að (Gripið fram í.) undanfarnar nætur hefur tímasetning verið þannig með lok funda að menn geta áætlað svona nokkurn veginn hvenær þessu lýkur ef að líkum lætur.

Það hefur sem sagt ekki verið tekin endanleg ákvörðun en mun verða freistast til þess að halda áfram örlítið lengur.

[01:05]

Herdís Þórðardóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er mjög skrýtin uppákoma hér í kvöld, ég segi bara ekki annað en það. Hér máttum við þingmenn vera til klukkan hálfþrjú sl. nótt, mættum snemma í morgun og mér finnst sjálfstæðismönnum hér á Alþingi vera sýnd lítilsvirðing, ég fer ekkert ofan af því. Svo er það spurning: Er þetta brot á hvíldartíma?

Ég hef sjálf haft mannaforræði, haft fólk í vinnu og ég hef þurft að taka til hendi og við höfum þurft að vinna tímunum saman en aldrei þannig að maður hafi ekki getað gefið fólki frí til að fara heim til þess að fá þann svefn sem það á rétt á að fá. Hvað er fólk að gera þegar það er orðið svefnvana? Það talar ekki rétt, það má eiginlega segja það. Og þegar ekki er nokkur stjórnarþingmaður hér til þess að hlusta á mál okkar þegar fjallað er um það stóra mál sem stjórnarskrárbreyting á íslenskri stjórnarskrá er (Forseti hringir.) þá finnst mér þessi framkoma við okkur sjálfstæðismenn vera fyrir neðan allar hellur. (Forseti hringir.) Það er eins og við megum ekki hafa skoðun á einum einasta hlut hér á Alþingi Íslendinga.

[01:06]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég veit vel að það er heiðarleg taug í hæstv. forseta sem nú situr á forsetastóli. Ég veit að það er heiðarleg taug í honum, samstarfsmanni mínum hér á hinu háa Alþingi til margra ára. Þess vegna geri ég kröfu til þess að hann umfram aðra svari spurningum um það hvort hann telji ekki eðlilegt að fundi verði frestað þegar enginn af flutningsmönnum þessa máls er viðstaddur umræðuna.

Ég vil líka benda hæstv. forseta á það, svo það komi skýrt fram, að hann er forseti allra þingmanna, ekki bara stjórnarþingmanna, ekki bara ríkisstjórnarinnar, ekki bara hv. þm. Atla Gíslasonar, heldur er hann líka forsetinn minn. Ég á rétt á því að fá svör frá honum, hafandi það í huga að ég á að fara á fund í allsherjarnefnd klukkan hálfníu í fyrramálið, þar sem m.a. á að ræða greiðsluaðlögun fasteignaveðlána. (Forseti hringir.) Ég vil fá svör um það hvenær þessum fundi lýkur. Ég vil (Forseti hringir.) í lokin benda hæstv. forseta á það, af því að hann nefndi það að (Forseti hringir.) ýmsir þingmenn hefðu beðið lengi eftir að fá orðið (Forseti hringir.) að næst á mælendaskrá eru hv. þm. Pétur H. Blöndal og Dögg Pálsdóttir og (Forseti hringir.) ég treysti mér vel til þess að ná hagstæðum samningum við það fólk um að ljúka þessum fundi.

[01:08]

Árni Johnsen (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það er sök sér að þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sé sýnd lítilsvirðing, við höfum breitt bak. Það sem er alvara málsins er að stjórnarskrá Íslands er sýnd lítilsvirðing með þessum vinnubrögðum, herra forseti. Það er skelfilegt að fylgjast með því hvernig hæstv. forseti er hlaupinn á flótta í stíl sínum sem forseti, maðurinn sem venjulega hefur verið glaðlyndur er nú þrunginn alvöru á sama tíma og hv. þm. Atli Gíslason, sem kom inn á Alþingi með heilagan svip sannleikans að vopni, nú situr hann og brosir austur fyrir bæði eyru, (Gripið fram í.) eins og Hamborgardís. Þetta er það mál sem skiptir máli að sé fjallað um og af alvöru. Þetta er enginn leikur. (Forseti hringir.) Menn skulu gera sér grein fyrir því að það verður að hafa festu í þessu, hafa það ankeri til staðar (Forseti hringir.) sem Alþingi Íslands á skilið.

[01:10]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að meira að segja hetja hafsins, hv. þm. Grétar Mar Jónsson, sem sagði í dag að hann vílaði ekki fyrir sér að vaka fram eftir og taka törnina, er farinn heim að sofa, og er þá langt til jafnað, eins og hæstv. forsætisráðherra og aðrir flutningsmenn þessa frumvarps. Ég verð að taka undir með hv. þm. Dögg Pálsdóttur að þetta er náttúrlega til vansa fyrir þingið að ekki liggi fyrir hvenær vinnudegi á að ljúka og forseti geti ekki ungað því út úr sér hvenær hann ætli að ljúka umræðunni.

Fyrir einum og hálfum tíma sagði hæstv. forseti að við mundum halda eitthvað áfram. Síðan er sá tími liðinn og „örlítið“ er lokið, eða hvernig skilgreinir hæstv. forseti hugtakið örlítið? Við erum ekki að fjalla um venjulegt lagafrumvarp, við erum að fjalla um breytingar á stjórnskipun Íslands, stjórnarskránni. (Forseti hringir.) Þjóðin á rétt á því að geta fylgst með umræðum um breytingar á (Forseti hringir.) stjórnarskrá lýðveldisins og líka þeir þreyttu flutningsmenn sem hafa fyrir (Forseti hringir.) löngu lagst á koddann sinn til að hvíla sig og er ekki hægt að ná í (Forseti hringir.) til þess að vera viðstaddir umræðuna.

[01:11]

Herdís Þórðardóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það væri gaman að fá svör frá forseta. Áðan hlustaði ég á fyrrverandi forseta, Sturlu Böðvarsson, og ég hef ekki heyrt að hann hafi fengið svör við þeim spurningum sem hann bar fram áðan. Eins reyndur forseti og Sturla var þegar hann var hér í forsetastól tel ég að hann hefði ekki boðið þingheimi upp á það sem okkur hefur verið boðið upp á sl. nótt og í nótt. (Gripið fram í.) Virðing við Alþingi, að horfa á þingmenn hér dottandi í stólum sínum, finnst mér fyrir neðan allar hellur.

Ég vil láta forseta vita af því að ég á líka langt heim. Ég á eftir að keyra upp á Kjalarnes og upp á Akranes. Ég á að koma á fund í fyrramálið. Það er ekki tiltökumál, nei, nei. Sem betur fer (Forseti hringir.) er ég vön að keyra og mér finnst gaman að keyra og það er allt í lagi. (Forseti hringir.) En ef ég er orðin svefnvana er ég kannski ekki tilbúin til þess eða í ökufæru ástandi. Þess vegna vil ég fá svör frá hæstv. forseta, um (Forseti hringir.) hvort fundi verði haldið áfram fram eftir nóttu.

[01:13]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns getur forseti auðvitað endurtekið að það er ætlunin að reyna að halda hér eitthvað áfram (Gripið fram í.) án þess að ákveðið sé endanlega hvenær fundi verður lokið.

[01:13]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Í allri vinsemd, og ég hef átt langt samstarf við þann sem situr nú á forsetastóli og alla jafna mjög gott, þá er mér algjörlega óljóst af hverju hæstv. forseti svarar því ekki hvenær búast megi við því að hann ljúki fundi. Við höfum fengið þau svör að flutningsmenn þessa máls, þessa merkilega máls um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins, ætli sér ekki að sinna umræðu um það, sinna umfjöllun um það hvernig eigi að breyta stjórnarskránni að þeirra frumkvæði. Þá liggur það fyrir, þeir ætla ekki að sinna skyldum sínum á Alþingi. En ég hlýt að krefjast þess af hæstv. forseta að hann svari mér því hvenær hann ætli að ljúka fundi ella verði við þeirri ósk minni að við þingflokksformenn komum saman til fundar (Forseti hringir.) og ræða um það (Forseti hringir.) hvernig á að ljúka störfum. Ég óska þess að hæstv. forseti svari mér þessu.

[01:14]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti telur að hann hafi svarað þeim spurningum sem hér hafa komið fram. Nú er umræðu um fundarstjórn forseta lokið.

[01:15]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Það vill svo til að fyrr í kvöld fór ég í andsvar við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og spurði hann að því hvort fylgiskjal með frumvarpinu hefði gildi hjá nýkjörnu Alþingi sem hefði þá nýtt umboð. Hann kvað svo ekki vera. Ég vildi gjarnan, herra forseti, spyrja hann aftur að þessu. Ég vildi gjarnan fá það á hreint þannig að ekki sé verið að hlunnfara framsóknarmenn, sem eru guðfeður ríkisstjórnarinnar og (Gripið fram í.) hafa staðið undir þessu — allt í einu þegar þing kemur saman verði sagt að nú sé bara komið nýtt þing og það geti ekki borið ábyrgð á því sem var gert á fyrra þingi. Þetta eru mjög mikilvægar upplýsing sem ég þarf að fá hjá hv. þingmanni sem skrifar undir nefndarálitið án fyrirvara. (**Gripið fram í:** Var hann ekki búinn að svara?) Nei, hann var ekki búinn að svara því beint hvað þetta þýddi.

Í nefndarálitinu stendur, með leyfi forseta:

„Í drögum að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing sem er fylgiskjal með frumvarpi til stjórnskipunarlaga er lagt til að kosið verði persónukjöri á þingið. Meiri hlutinn leggst ekki gegn slíkri kosningu en áréttar þó mikilvægi þess að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar.“

Ég veit ekki hvað það þýðir. Ég vildi gjarnan spyrja hv. þingmann hvað þýðir að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar.

„Ný stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mun verða stjórnarskrá þjóðarinnar allrar.“ — Nema hvað? — „Enda þótt aðkoma almennings alls verði tryggð, t.d. með opnum fundum, upplýsingagjöf og málþingum og að auðvelt verði að senda inn umsagnir, þarf jafnframt að tryggja að á þinginu sjálfu sitji þjóðin öll“ — það er ekkert annað — „eða fulltrúar hennar.“

Ég ætlaði að spyrja hv. þingmann að því hvað þetta þýði. Hvað þýðir þetta? Ég les í umsögnum að menn hafa alls konar skoðanir á þessu, ég mun fara í gegnum það þegar líður á ræðu mína. Hér er talað um opna fundi o.s.frv., það er náttúrlega spurning. Nú hlakka ég til, herra forseti, því að nú fer ég að fá einhver svör.

„Meiri hlutinn telur því mikilvægt að reglur um persónukjör verði með þeim hætti“, ég les með leyfi herra forseta, „að tryggt verði að fulltrúar landsbyggðar og landshluta fái sæti, hvort sem það verður gert með ríkari reglum um kjör eða reglum um einhvers konar jöfnunarsæti. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að reglur um kjörið verði með þeim hætti að tryggt verði eins og hægt er jafnt kynjahlutfall á þinginu.“

Þarna á sem sagt að gæta alls konar sjónarmiða. Það er dálítið öðruvísi en kom fram í mörgum umsögnum.

„Reglum sem finna má í áðurnefndum drögum er m.a. ætlað að tryggja sjálfstæði stjórnlagaþings gagnvart Alþingi og öðrum handhöfum ríkisvalds. Telur meiri hlutinn rétt að þetta sjálfstæði þingsins sé tryggt með stjórnarskrárákvæði um stjórnlagaþing og leggur því til breytingu þess efnis að ekki verði gert ráð fyrir því að frumvarp stjórnlagaþings til nýrrar stjórnarskrár fari tvisvar til Alþingis, en það gefi þó umsögn sína um það. Þetta sparar töluverðan tíma og kostnað. Þess í stað er lagt til að ávallt þurfi 2/3 hluta fulltrúa stjórnlagaþings til að samþykkja frumvarpið, án tillits til afstöðu Alþingis, áður en það fari í venjulegan farveg þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Þetta er einmitt það sem ég ræddi hér fyrr á þessum fundi og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gagnrýndi. Ég fullyrti og færði fyrir því rök að við værum með tvö stjórnlagaþing hlið við hlið og bæði gætu breytt stjórnarskránni og bæði gætu sent stjórnlagabreytingar til þjóðaratkvæðagreiðslu, annars vegar með því að í 2. gr. frumvarpsins til stjórnarskipunarlaga, sem við ræðum hér, stendur:

„Frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi.“

Það er að segja að Alþingi getur gert breytingu á stjórnarskrá hvenær sem er og það færi í þjóðaratkvæðagreiðslu, sem sagt að Alþingi Íslendinga er stjórnlagaþing.

Jafnframt stendur í 4. gr. frumvarpsins, sem er breytt verulega í meðförum nefndarinnar — gerð er á því veigamikil breyting, og þar stendur, með leyfi forseta:

„Forseti Íslands boðar til stjórnlagaþings til að semja frumvarp að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands þar sem byggt verði áfram á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda.“

Það er athyglisvert, herra forseti, að vernd mannréttinda kemur síðast. Ég hefði talið að það ætti að vera fremst en það er nú svona mín persónulega skoðun, eins og ég kem inn á hér á eftir.

„Þingið skal koma saman 17. júní 2010 og ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011 en getur ákveðið að ljúka störfum fyrr.“ Svo er talað um hversu margir eigi að vera þarna og um kjörgengi og kosningu o.s.frv. „(Um) skipulag þess skal mælt fyrir í sérstökum lögum þar sem m.a. verði settar reglur til að jafna sem mest hlutföll á milli kynjanna í hópi þingfulltrúa.“

Sem sagt, nýtt komandi þing á að setja lög um hvernig kosið er til þessa nýja stjórnlagaþings.

„Áður en stjórnlagaþing samþykkir frumvarp að nýrri stjórnarskrá skal það sent Alþingi til umsagnar. Alþingi veitir stjórnlagaþingi umsögn sína innan þriggja mánaða. Skal stjórnlagaþing þá taka frumvarpið aftur til meðferðar.“

Hvað á að gera við þessa umsögn? Það er ekki talað neitt um það. Menn virðast bara geta horft fram hjá henni.

„Hljóti frumvarp til stjórnarskipunarlaga samþykki að minnsta kosti 2/3 hluta fulltrúa stjórnlagaþings skal það borið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar.“

Þetta þing hefur sem sagt heimild til að breyta stjórnarskrá, sem Alþingi hefur líka. Þarna koma náttúrlega upp mjög merkilegir hlutir, sem ég ræddi hér um áður. Við erum með tvö kerfi hlið við hlið og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson mótmælti því, herra forseti, það væri ekki þannig. Nú vildi ég gjarnan spyrja hann að því, herra forseti, og hann er ekki til staðar til að svara þessu, maðurinn sem skrifar undir þetta mótmælti þessu. Hvað á ég að gera, hvað get ég gert, herra forseti? Kannski getur hv. þm. Atli Gíslason svarað fyrir hv. þm. Lúðvík Bergvinsson þegar hann fullyrðir að ekki sé um það að ræða að bæði þingin geti samþykkt breytingar og borið þær undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég sé ekki betur en ég lesi það beint út úr þessum greinum, 2. gr. og 4. gr., að bæði þingin — Alþingi Íslendinga, sem hefur starfað frá 930, með hléum reyndar, og er grundvöllur

stjórnskipunar Íslands og við höfum svarið eið að, á að geta breytt stjórnarskránni en jafnframt er eitthvert annað þing, sem hv. þingmenn ætla að afsala sér völdum til, sem á að geta breytt stjórnarskránni líka við hliðina á hinu. Mig langar til að spyrja þessa tvo hv. þingmenn, sem hafa skrifað undir þetta nefndarálit, Atla Gíslason og Valgerði Sverrisdóttur: Hvað þýðir þetta? (**Gripið fram í:** Ég er búinn að svara þessu.)

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er ekki búin að svara þessu. Geta bæði þingin breytt stjórnarskránni og borið það undir þjóðina? Hvað segir þjóðin þegar hún fær allt í einu dettandi yfir sig — jafnvel sama daginn eða sama mánuðinn — frá tveimur þingum tillögur að breytingu á stjórnarskrá sem hún á að greiða atkvæði um?

Ég fæ ekki botn í þetta, herra forseti. (Gripið fram í.) Ég hefði talið eðlilegt að annað þingið væri ráðgefandi fyrir hitt þannig að það sé alveg á tæru hver hafi heimildina til þess að breyta stjórnarskránni. Enda veit ég ekki betur en að við höfum svarið eið að stjórnarskránni og skrifað undir það, líka hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir og líka hv. þm. Atli Gíslason. Hann hefur skrifað undir það að hann virði stjórnarskrána og þar á meðal að Alþingi geti breytt stjórnarskránni, en hann ætlar að afsala sér því valdi með þessari breytingu. Mér þykir það mjög alvarlegt og léttúðugt.

Nú getur það gerst, herra forseti, að einhver verði valinn á stjórnlagaþingið sem meiri hluta á Alþingi líkar kannski ekki við, honum bara líkar ekki niðurstaðan úr þessu kjöri. Það getur vel verið að einhverjir hópar nái völdum á þessu stjórnlagaþingi, nái kannski 25 fulltrúum af 40 og ráði þinginu eða jafnvel 2/3, eins og þarf, og ráði þar með stjórnarskránni. Þá færi lítið fyrir ákvæðum um eign þjóðarinnar á auðlindum, ef „réttir“ aðilar komast að sem hafa ekki áhuga á því ákvæði. Það geta komið þarna inn aðilar sem vilja dauðarefsingu og sett hana í stjórnarskrána eða vilja banna fóstureyðingar o.s.frv. Það getur ýmislegt gerst þegar stjórnlagaþingið fær eitt að ráða stjórnarskránni. Þetta getur að sjálfsögðu líka gerst í núverandi þingi og allt er þetta borið undir þjóðina þannig að það þarf að vera vilji hjá henni til að samþykkja þær breytingar sem ég er að tala um.

Þetta var um þetta álit sem við erum með hér fyrir framan okkur. Þeir aðilar sem skrifa undir þetta álit sýna stjórnarskránni ekki meiri virðingu en það að þeir eru ekki mættir, þeir sem skrifa undir þetta nefndarálit. Þar vil ég nefna hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson, Ellert B. Schram og Guðjón Arnar Kristjánsson, þeir eru bara ekki mættir. Þeir bera bara ekki meiri virðingu fyrir eigin nefndaráliti, svo að ég tali ekki um þá aðila sem fluttu frumvarpið, sem eru hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, sú sama og skrifaði seðlabankastjórum bréf og sagði þeim upp áður en Alþingi var búið að samþykkja lög þar um, sýndi löggjafarvaldinu þvílíka vanvirðu, og hæstv. fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon. Síðan hv. þingmenn Birkir J. Jónsson, sem hefur reyndar verið dálítið þaulsætinn í dag svona fram að háttatíma en þá fór hann í rúmið, og Guðjón Arnar Kristjánsson, títtnefndur, sem hefur reyndar verið duglegur að sitja fundinn en gafst upp þegar vökulögin fóru að virka.

Ég hef mjög mikinn áhuga á því að hér verði stjórnlagaþing, ég hef mjög mikinn áhuga á því að stjórnarskránni verði umbylt gjörsamlega. En það ákvæði sem er í frumvarpinu, um verkefni stjórnlagaþingsins, er bara út úr kú. Þetta fylgiskjal 1, sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði sem betur fer að hefði ekkert gildi, því að þar er ekki talað um mannréttindi. Ég hef alltaf litið þannig á að stjórnarskrá lands sé eingöngu til þess að vernda mannréttindi, hún sé ekki til neins annars. Hún er ekki til þess að búa til eitthvert ríki. Til hvers er búið til ríki? Til þess að vernda mannréttindi.

Ég hef rætt þetta áður. Hér hafa verið tillögur frá Framsóknarflokknum, sem hann flutti um breytingu á stjórnarskránni. Þær gerðu nú hvorki meira né minna en brjóta stjórnarskrána á þrennan hátt af því að menn gættu ekki að því að þeir voru að breyta stjórnarskrá og það verður ekki gert nema með 79. gr. Þeir ætluðu að skauta létt yfir það allt saman og breyttu út og suður á þrennan hátt. Ég fór í gegnum það á þeim tíma en engu að síður ræddi ég þann pakka, það frumvarp, mjög mikið og mjög ítarlega á þeim tíma. Ég neyðist til þess að endurtaka mig á vissan hátt núna. Mér leikur forvitni á því, herra forseti, að vita hvað gerist þegar hv. þingmenn Framsóknarflokksins þurfa að greiða atkvæði milli þeirra tveggja eða þriggja tillagna sem þeir hafa komið fram með. Þeir lenda alveg í kross. Þeir eru búnir að flytja tillögu hérna um eitt stykki stjórnlagaþing, svo koma þeir með aðra tillögu um annað stykki stjórnlagaþing og nú er búið að gera breytingar á því þannig að það er komið þriðja stykkið. (Gripið fram í.) Mér sýnist menn ekki sýna stjórnlagaþinginu eða stjórnarskrárvaldinu nægilega mikla virðingu.

Ég hef nokkrum sinnum lagt til breytingu á stjórnarskránni. Ég hef t.d. lagt til að forsetaembættið verði aflagt, það er með ólíkindum hvernig það er. Ég get kannski byrjað á því að fara í gegnum stjórnarskrána, herra forseti, það hefur enginn gert það. Það eru allir að tala um að breyta henni en það hefur enginn farið í gegnum það hvernig hún er. Í henni er í 3.–30. gr. fjallað um forsetann og eru þær greinar flestar með ólíkindum þegar maður les þær.

Í 1. gr. segir að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn. Allt í lagi, en ég sé engin markmið með stjórnarskránni í eðli sínu. Ég kem inn á það á eftir að stjórnarskrá-in er til að vernda mannréttindi.

Síðan stendur að Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið. Það eru tveir aðilar sem fara saman með löggjafarvaldið. „Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið.“ Forsetinn er sem sagt bæði framkvæmdarvald og löggjafarvald samkvæmt þessu. (**Gripið fram í:** Bæði ef …) Nei, hann er bæði, það stendur hérna. Þegar maður les stjórnarskrána þá stendur það þarna. Maður getur ekki sagt að það sé hvorugt, það stendur þarna að hann sé bæði, hann fer með löggjafarvald og hann og önnur stjórnvöld samkvæmt þessu fara með framkvæmdarvaldið. Hann er bæði, hann brýtur regluna um þrískiptingu valdsins sem og það að ráðherrar séu jafnframt þingmenn.

Ég hef nokkrum sinnum verið með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur á frumvarpi um einmitt það að ráðherrar séu ekki jafnframt þingmenn. Ég væri alveg til í að ræða það og einmitt það atriði var rætt mikið á mjög sterkum landsfundi Sjálfstæðisflokksins, mjög öflugum og skemmtilegum

fundi, herra forseti, og þar var mikil liðsheild.

Síðan er talað um kjörgengi forseta og það er svo sem allt í lagi. Svo er sagt hvenær hann er kosinn o.s.frv., og um meðmælendur. En síðan byrjar eiginlega í 13. gr. mjög merkilegt ákvæði. Þar stendur, með leyfi forseta: „Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.“

Venjulegur Íslendingur sem les þetta veit náttúrlega ekkert hvað þetta þýðir eða ég þurfti dálítið að velta þessu fyrir mér. Hvað þýðir þetta eiginlega? Hann hefur eitthvert vald og hann lætur einhvern annan framkvæma valdið.

Svo stendur líka í 11. gr.: „Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum.“

Hvers lags er þetta eiginlega? Ber maðurinn akkúrat enga ábyrgð eða hvað er þetta? Þannig les hver Íslendingur stjórnarskrána. Þetta er nú dálítið skrýtið. Hann er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Og hann verður ekki sóttur til refsingar. Þetta er dálítið skrýtið allt saman. Svo er talað um hvar hann hefur aðsetur.

„Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum.“ — Stendur hér, og það má kæra ráðherrann en ekki forsetann.

Svo stendur í 15. gr.: „Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn.“

Ef ég á að vera Íslendingur sem læsi þetta og kynni íslensku þá teldi ég að hann hefði bara heilmikil völd. Hann skipar sem sagt ráðherra og veitir þeim lausn. Þetta eru ekki lítil völd. En þá kemur aftur þessi 13. gr.: „Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.“ Hann hefur sem sagt ekkert vald og þetta er allt í plati. Þetta er ekkert að marka, herra forseti, þetta er dálítið skrýtið.

Svo stendur í 16. gr.: „Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.“ — Það er nú ekki lítið að vera í forsæti fyrir ríkisráði. — „Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.“

Nú kynni maður aftur að halda sem venjulegur Íslendingur, lesandi þetta, að forsetinn hafi heilmikið að segja. Hann stjórnar ríkisráðinu og það á að bera undir hann allar stærri stjórnarráðstafanir. En aftur rekst maður á 13. gr., hann lætur ráðherra framkvæma vald sitt. Hann hefur í rauninni ekkert að segja þarna. Þetta veit náttúrlega hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir því að hún hefur sjálf verið í ríkisstjórn og veit að þetta er allt saman svona. Þetta er allt í plati.

Svo er talað um ráðherrafundi o.s.frv. Ég ætla ekki að fara nánar út í það. En svo stendur hérna í 19. gr. og það er nefnilega merkilegur punktur:

„Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.“

Og ef maður les 13. gr. lætur hann ráðherra framkvæma vald sitt þannig að þetta hefur ekkert að segja. Hann bara verður að skrifa undir. Það er ráðherrann sem ræður. Og aftur veit hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hvað það þýðir að skrifa undir löggjafarmál.

Í 20. gr. stendur: „Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.“ — Nú kynni maður að halda sem venjulegur Íslendingur að þetta væri mjög valdamikill maður. — „Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt.“ — Já, það er rétt, „nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt.“ Það minnir mig á eitthvað, einhvern seðlabankastjóra einhvers staðar. En ég ætla nú ekki að tala meira um það. (Gripið fram í.) Ég ætla nú ekki að fara út í smáatriði.

Svo stendur hérna: „Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það.“

Maður kynni að halda að hann gæti bara ráðið og rekið fólk í stórum stíl. En það er bara ekkert að marka því að í 13. gr. segir að hann láti ráðherra framkvæma vald sitt. Þetta er allt svolítið skrýtið. Svo getur hann flutt embættismenn til og frá og það er dálítið merkilegt í þessu ákvæði að þarna er verið að tala um kjaramál opinberra starfsmanna í stjórnarskránni. Alveg með ólíkindum. Það stendur nefnilega þarna:

„Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum“ — þetta er sem sagt kjaramál — „og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.“

Þarna er verið að tala um eftirlit í stjórnarskrá lýðveldisins. Herra forseti. Er þetta nú ekki dálítið mikil smámunasemi? Svo má undanskilja ákvæði um embættismannaflokka auk þess. Ég ætla ekki að fara nánar út í það.

Svo kemur merkileg grein, 21. gr., hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sem var hæstv. utanríkisráðherra á sínum tíma: „Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki.“

Það er ekkert annað. Hann getur bara flogið til Kína og gert fínan samning við Kínverja um hvað sem er. En aftur kemur þessi 13. gr. sem segir að þetta sé ekkert að marka.

Svo stefnir hann saman Alþingi 10 vikum eftir … Og hann getur ekki einu sinni gert það nema ráðherra samþykki, forsætisráðherra. Hann getur frestað fundum Alþingis sem er líka ekkert að marka, það er ráðherra sem gerir það.

„Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga …“ — Aftur er það ráðherra sem framkvæmir.

Herra forseti. Er ekki kominn tími til að breyta þessu? Ég er búinn að lesa hérna margar greinar sem villa bara um fyrir fólki.

„Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta.“

Hann hefur aldrei gert það, enda yrði væntanlega viðkomandi ráðherra að gera það. (**Gripið fram í:** … stjórnlagaþing.) Væntanlega þyrfti ráðherrann að gera það fyrir hann því að hann framkvæmir vald hans. Þetta er allt mjög skrýtið.

Þetta er þau atriði sem ég hef rekið augun í þegar ég var að stúdera embætti forseta Íslands og þá komst ég að því að ekki er vanþörf á því að breyta stjórnarskránni enda sér maður ákveðinn blæ á henni. Þetta er í rauninni danska stjórnarskráin með kónginn eftir að hann hafði verið gerður valdalaus. Sennilega eftir eitthvert stríðið sem hann tapaði, geri ég ráð fyrir án þess ég þekki það nákvæmlega. Þá hefur kóngurinn verið látinn halda völdunum sisvona bara í plati en ráðherrarnir framkvæma fyrir hann. Og þegar menn settu þetta yfir á Ísland var bara notað „copy/paste“, afritað, herra forseti, þýtt yfir á íslensku og í staðinn fyrir kóng var

settur forseti. Það er ekki seinna vænna að fara að breyta stjórnarskránni. Ég ætla að vona að hv. þingmenn séu sammála mér í því.

Þá ætla ég að koma að því: Hvernig sé ég fyrir mér stjórnarskrá? Hvert er hlutverk stjórnarskrár? Hafa menn velt því fyrir sér? Til hvers er eiginlega stjórnarskrá? Breyting á stjórnarskrá er heimspeki. Segja má að stjórnarskráin hafi orðið til eftir frönsku byltinguna þegar menn komust að því að sami maðurinn setti lög, framkvæmdi lögin og dæmdi eftir þeim. Borgarinn var alveg ofurseldur þessum manni. Oft var það keisari eða eitthvað slíkt, kóngur eða zar. Þá komumst menn að þeirri niðurstöðu að vernda þyrfti borgarann fyrir þessu ríki með því að þrískipta því, hafa þrjár óháðar deildir sem gerðu þetta, að setja lög, framkvæma lögin og dæma eftir þeim. Þetta er heimspeki, herra forseti, þetta er ekki lögfræði, þetta er heimspeki. Í rauninni ættu því eintómir heimspekingar að vera á stjórnlagaþinginu, en þar sem flest fólk er heimspekingar í sér þá er það kannski allt í lagi.

Heimspekingarnir í frönsku byltingunni, Rousseau og fleiri, bentu á skipta þyrfti valdinu í þrennt, framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald. Þannig að stjórnlagaþing og stjórnarskrá eru heimspeki en ekki lögfræði. Svipað og boðorðin tíu. Mér finnst að stjórnarskráin eigi að vera eins boðorðin tíu, klár, einföld og segja lesandanum það sem hún meinar, bara nákvæmlega, kristaltært. Ekkert fram og til baka eða japl, jaml og fuður. Textinn segir bara nákvæmlega: Heiðra skaltu móður þína og föður, eitthvað svoleiðis, og þú skalt ekki aðra guði hafa. Þetta er mjög klippt og skorið. Það er enginn efi neins staðar. Þannig á stjórnarskráin að vera.

Stjórnarskráin er mannréttindabákn, ekkert annað. Hún er til að vernda hvern einstakling fyrir ofríki annarra einstaklinga, hún er til að vernda einstaklinginn fyrir ríkisvaldinu og hún er til að gera kröfu á aðra einstaklinga fyrir hönd þessa einstaklings. Ég ætla að fara fyrst í gegnum það sem ég tel vera mikilvægustu mannréttindin og ætti að vera I. kafli, 1. gr.

Engan má drepa. Punktur. Ef drepa mætti fólk hafa hin ákvæðin ekkert að segja, eignarrétturinn o.s.frv. Þau skipta ekki máli ef drepa má fólk. Þannig að 1. gr. ætti að segja klippt og skorið: Engan má drepa. (**Gripið fram í:** En líknardráp?) Líknardráp og sjálfsvörn eru undantekningar. En þetta er grunnurinn og þetta á að vera mjög klippt og skorið. Ekki einu sinni: Engan má deyða eða eitthvað svoleiðis, heldur: Engan má drepa. Menn skilja það strax.

Síðan koma frekari mannréttindi fyrstu gráðu sem er eignarrétturinn, málfrelsið o.s.frv. Þar er verið að vernda einstaklinginn fyrir öðrum einstaklingi. Rétturinn á líkama, það má ekki pynta hann o.s.frv. Það er verið að vernda einstakling fyrir öðrum einstaklingi. Svo koma mannréttindi annarrar gráðu sem eru kröfur einstaklingsins á annað fólk. Og ég vil taka fram að þessi fyrsti flokkur er óháður landamærum. Hann er óháður landamærum. Rétturinn á lífi, eignum o.s.frv. er jafnmikill í Sómalíu og á Íslandi, Kína og annars staðar.

Svo kemur krafa á annað fólk, herra forseti. Krafa barna á foreldra sína um framfærslu t.d. Það ættu að vera mannréttindi annarrar gráðu. Krafa aldraða og öryrkja og annarra á samfélagið til framfærslu er af sama meiði. Þessi ákvæði eru háð landamærum. Þessi krafa er önnur á hungursvæði þar sem móðirin er að deyja úr hungri. Þá mundu menn telja að líf móðurinnar í sjálfsvörn gæti gengið framar rétti barnsins á framfærslu. Þetta eru mjög harkalegar aðstæður sem ég er að lýsa en því miður, herra forseti, koma þær upp. Þá eru mannréttindi fyrstu gráðu sterkari en mannréttindi annarrar gráðu, þ.e. rétturinn á framfærslu. Svona mundi ég vilja byggja stjórnarskrána upp, bara mjög einfalt. Hún á ekki að vera meira en þrjár síður.

Svo kem ég að þessu: Til hvers höfum við ríki? Ég ætla að vona að hv. þingmenn hafi velt því fyrir sér, til hvers höfum við ríki? Við höfum ríki til þess að framkvæma fyrstu og annarrar gráðu mannréttindi til að vernda borgarana fyrir öllu hinu fólkinu. Það er enginn annar tilgangur með ríkinu en að vernda hitt fólkið. Þess vegna kæmi í t.d. IV. kafla stjórnarskrárinnar: Halda skal ríki eða stofna skal ríki. Það á að vera til ríki og það skal vera þrískipt til að borgarinn verði ekki ofurseldur þessu ríki því að þá væri betra að hafa ekkert ríki. Þá förum við að tala um þrískiptingu valdsins, Alþingi, framkvæmdarvaldið, ríkisstjórnina og svo dómsvaldið.

Það er svo merkilegt að í þessari ágætu stjórnarskrá Íslands er ekki orð um Hæstarétt. Ekki orð og það er miður, því að ég hefði viljað hafa heilmikinn kafla um Hæstarétt og m.a. að Hæstiréttur geti orðið stjórnlagadómstóll þegar hann dæmir um það hvort lög frá Alþingi standist stjórnarskrá. Hann á að gera það en þá verður hann líka að vera fullskipaður, með öllum sjö, þ.e. ef það verður niðurstaðan úr þessu stjórnlagaþingi að Hæstiréttur sé með sjö fulltrúa. Þá þurfa menn líka að taka Hæstarétt sem stjórnlagadómstól til að takmarka vald löggjafans gagnvart stjórnarskránni.

Menn þurfa að ræða mjög ítarlega um það til hvers stjórnarskráin er, til hvers ríkið er o.s.frv. og hér þykist ég hafa farið nokkuð vel í gegnum það af hverju þetta er svona.

Stjórnarskráin á að vera stutt og hnitmiðuð og mjög segjandi. Hver einasta grein á að segja fólki nákvæmlega sannleikann. Ekki eitthvert japl, jaml og fuður og helst eins og ég sagði áðan, þrjár síður.

Þetta var sem sagt um hlutverk stjórnarskrár. Ég hef reyndar sett upp svona stjórnarskrá, ég á þetta til heima hjá mér í tölvunni, ég held að það séu þrjár síður. Það væri gaman að sýna þetta þeim sem hafa áhuga á því.

Svo þarf náttúrlega að ræða um það hvernig stjórnarskránni er breytt og þá kemur að því hvernig þröskuldarnir verða í stjórnarskránni, hver breytir stjórnarskránni. Ég tel eðlilegt að það sé Alþingi en að þjóðin greiði um það atkvæði, eins og hér er reyndar lagt til í 2. gr. Spurningin er sú hve stór hluti þingmanna þarf að samþykkja stjórnarskrárbreytingu. Mér finnst reyndar tveir þriðju hlutar fullmikið en 50% finnst mér fulllítið. Það mætti vera einhvers staðar þarna rétt fyrir ofan. Kannski að 60% þingmanna þurfi til að samþykkja stjórnarskrá eða að 37 eða 40 þingmenn af 63 þurfi að samþykkja stjórnarskrá.

Ef við tökum ráðherrana út, ég er mjög hlynntur því að þeir segi af sér þingmennsku þegar þeir verða ráðherrar, gætum við fækkað þingmönnum um 12 niður í 51. Ég

mundi leggja það til til þess að ekki verði aukakostnaður af breytingunni og svo vantar líka stóla inn í þingsalinn sem er mjög jákvætt að þingsalurinn skuli vera svona lítill. Það takmarkar útgjöld og fjölgun þingmanna, enda hefur þeim ekkert fjölgað í mjög langan tíma af því að þingsalurinn er svo lítill.

Þetta var sem sagt um stjórnarskrána og hvernig henni er breytt, þrískipting hennar í framkvæmdarvald o.s.frv. Ég get nefnt ýmislegt í sambandi við það hvernig stjórnarskrár hafa þróast. Sumar eru orðnar óskaplega þungar og miklar eins og Lissabon-samkomulagið sem Evrópusambandið er að reyna að kúga eða plata inn á Evrópuþjóðirnar. Einu sinni átti þetta að verða stjórnarskrá og þá var það fellt. Kjósandinn var svo ósvífinn að fella þetta. En svo fóru þeir þá leið að láta ríkisstjórnirnar, þ.e. framkvæmdarvaldið samþykkja þetta. Kannski tekst þeim það, en ég held að Írar hafi fellt það.

Það er ljóst að Evrópusambandið er að þróast mjög hratt í átt til ríkis. Ef maður lítur 60 ár aftur í tímann er það á fleygiferð í átt til ríkis. Eftir 60 ár í viðbót — það eru 40.000 eða 50.000 manns í Brussel sem mæta alla daga á fundi og hvað er þetta fólk allt að gera? Það er að búa til ríki. Það er önnum kafið við að búa til ríki úr öllu Evrópusambandinu, leysa vandann og setja meiri reglugerðir, búa til myntir og utanríkisþjónustu og meira að segja her. Þetta er að verða eitt allsherjarríki.

Ef Ísland gengi inn í þetta, illu heilli, yrði Ísland eins og smáhreppur í þessu risaríki eftir ekki langan tíma. Mig mundi ekki langa til að vera í þeirri stöðu. (**Gripið fram í:** … ekki?) Það yrði bara svona smáhreppur inni í þessu feiknalega mikla ríki. (Gripið fram í.) Já, og það er fallegt á Ströndum. Það er miklu betra að vera með mikil áhrif utan Evrópusambandsins, geta gert samninga við Kínverja ef okkur sýnist svo eða Tævanbúa eða Japani o.s.frv. Það gætum við ekki lengur ef við gengjum í Evrópusambandið. Það væri búið spil. (Gripið fram í.) Þetta yrði búið spil.

Sem betur fer er umræðan um Evrópusambandið nánast horfin nema það er einstaka þingmaður sem sér þar lausnir á öllu, hvort heldur það eru vandamál með barnaverndarmál eða fangelsismál eða hvað það nú er, þá er alltaf lausnin að ganga í Evrópusambandið. Ég ætla að vona að það fari að minnka eitthvað, sérstaklega þegar næsta ríkisstjórn kemur sem verður vinstri ríkisstjórn þar sem flokkarnir geta ekki komið sér saman um Evrópusambandið. Ég geri ekki ráð fyrir að hv. þm. Atli Gíslason samþykki að ganga í Evrópusambandið og þá verður það náttúrlega ekki gert. Menn munu svo gleyma þessu eins og öðru. Menn eru fljótir að skipta um kúrs þegar þeir komast í ráðherrastólana. Það sáum við best þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð þar sem vinstri grænir tóku þvílíkar U-beygjur í öllum málum að þeir fengu svima, þeir snerust svo hratt í hina áttina. Bæði hvað varðar Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem var óalandi og óferjandi og svo var hann allt í einu orðinn vinur þeirra, besti vinur meira að segja. Og það er hægt að nefna Icesave-reikningana sem voru eitthvað ægilega vont þangað til að þeir urðu ráðherrar. Þá var bara hægt að spjalla við menn um þetta o.s.frv. Við upplifum margar U-beygjur í þessum málum öllum.

Ég ætlaði rétt aðeins, herra forseti, að fara í gegnum umsagnir vegna þess að það er dálítið athyglisvert. Menn binda greinilega miklar væntingar við stjórnarskrána. Því miður er það svo að í mjög mörgum umsögnum er kvartað undan miklum hraða. Hér er t.d. ein frá Ágústi Þór Árnasyni, Háskólanum á Akureyri, og hann segir svo, með leyfi forseta:

„Kæri viðtakandi. Óskað var umsagnar Háskólans á Akureyri um frumvarp til stjórnskipunarlaga, þskj. 648, 385. mál, um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Einnig var óskað eftir frekari athugasemdum sendanda eftir fund með stjórnarskrárnefnd Alþingis þriðjudaginn 17. mars. Því miður gildir hið sama í báðum tilfellum að tími til umsagnar um svo viðamikið mál er of skammur til að forsvaranlegt sé að senda skriflega umsögn um málið. Þó ber að fagna þeirri viðleitni flutningsmanna að auka aðkomu þjóðarinnar að mikilvægum ákvörðunum svo sem stjórnarskrárbreytingum.“

Hér er sagt beinum orðum að það sé verið að flana að einhverju með þessari breytingu. Það sé hreinlega ekki hægt á þessum stutta tíma að gefa umsögn.

Svo er dálítið athyglisvert hérna þar sem menn tala um að þjóðin komi að hlutum og hvernig kosið verði á þetta stjórnlagaþing. Það er frá Samtökum um lýðræði og almannahag, frá Þór Saari, og er skrifað 19. mars 2009. Þar stendur:

„Samtök um lýðræði og almannahag telja að mest allt frumvarpið sé ólýðræðislegt og þarfnist gagngerrar endurskoðunar við.“ — Og til vara leggja þeir til að 2. gr. falli út o.s.frv.

Hugmyndir þeirra eru þessar, með leyfi forseta:

„Valið verði á stjórnlagaþing úr röðum almennings samkvæmt hefðbundnu 600 manna úrtaki frá Gallup“ — þetta yrði bara eins og skoðanakönnun — „og einnig verði valdir eins margir til vara og þurfa þykir vegna forfalla, áhugaleysis eða vanhæfis.“ — Það væri gaman að vita hver ætti að tékka það af. Þurfa menn að kunna að lesa eða hvað, kunna ensku? Ég veit það ekki. — „Stjórnlagaþingseta verði fullt starf.“ — Svo segja þeir: „Stjórnlagaþingið skal skipulagt og verkinu stýrt af fimm manna sérfræðingahópi með sérþekkingu á stjórnskipunarrétti, mannréttindamálum og lýðræðisumbótum. Æskilegt er að a.m.k. tveir af hópnum séu erlendir sérfræðingar.“

Það er þetta dekur við útlendinga sem er mjög vaxandi núna. Það eru allir góðir sem koma frá útlöndum hvort sem það eru seðlabankastjórar eða saksóknarar, bara ef þeir eru útlenskir þá er það gott. (Gripið fram í.) Enda má kannski segja að þeir séu þá lausir við alls konar tengsl innan lands og það er kannski ágætt. Hér er talað um sérfræðingahóp en það gleymist að tala um heimspeki. Ég mundi segja að þessi sérfræðingahópur ætti eiginlega að vera heimspekingar. Það er mín skoðun. En þau vilja að þeir hafi sérþekkingu á stjórnskipunarrétti, mannréttindamálum og lýðræðisumbótum. Þau leggja áherslu á mannréttindamálin sem frumvarpið sjálft gerir ekki ráð fyrir.

Herra forseti. Því miður er tíminn að hlaupa frá mér og ég er ekki nándar nærri búinn með ræðuna mína þannig að ég verð sennilega að melda mig aftur á mælendaskrá. Nú eru ekki nema 16 sekúndur eftir og ég var því miður ekki

einu sinni búinn að lesa umsagnirnar.

[01:55]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Ég skal ekki neita því að ég hafi kannski dottað aðeins undir henni. (Gripið fram í.) En það sem hann er að velta fyrir sér og fleiri hafa nefnt í máli sínu varðar persónukjörið og textann sem snýr að persónukjörinu í nefndarálitinu. Menn undrast hvað hann þýði eða velta fyrir sér hvað hann þýði. Í því sambandi er í rauninni hægt að segja að það sé ákveðið inngrip í persónukjör en þær áherslur sem settar eru fram af meiri hlutanum séu mikilvægar þó að þær séu ekki útfærðar, bæði hvað varðar jafnrétti milli kynja og eins að fulltrúar skuli vera úr öllum kjördæmum og landshlutum. Það er þess vegna sem textinn er með þessum hætti að það gæti farið svo að ekki verði um hreint persónukjör að ræða, meira að segja er ýjað að því að svo gæti farið að það þyrfti að fara út í fyrirkomulag sem kallar á uppbótarmenn. En þetta er ekki útfært og verður ekki útfært fyrr en lög hafa verið sett á Alþingi um það hvernig þetta kjör skuli fara fram.

Hv. þingmaður velti líka mikið fyrir sér hvort um tvenns konar stjórnlagaþing verði að ræða og tvö stjórnlagaþing á sama tíma. Ég vil taka svolítið undir með hv. þingmanni hvað það varðar að ekki er hægt að útiloka það að Alþingi samþykki (Forseti hringir.) breytingar á stjórnarskrá og sendi til þjóðarinnar verði 79. gr. breytt og á sama tíma sé stjórnlagaþing að störfum.

[01:57]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Á síðu 35 í frumvarpinu er 12. gr. 11. gr. draga að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing. Og ég spurði einmitt hv. þm. Lúðvík Bergvinsson að því hvort næsta þing verði bundið af þessu og hann taldi svo ekki vera. En þarna er dálítið merkilegt ákvæði um að menn eigi að merkja við sjö frambjóðendur hver.

Við skulum gefa okkur að einhver stór flokkur á Íslandi sé með landsfund. Þar fær hann menn til að kjósa segjum 30 manns, hann fær menn til að styðja 30 manns. Svo eru gefnar út „ordrur“ til allra í flokknum, þessum risastóra flokki, um að þeir eigi að kjósa þessa 30 menn á stjórnlagaþing. Og af því hinn hópurinn er svo dreifður, einn vill fara og annar vill fara o.s.frv. og það er erfitt að fá meðmælendur o.s.frv. þá bara gerist það að þessi ákveðni flokkur nær þessum 30 mönnum inn á þing og er kominn með tvo þriðju. Ég er hræddur um að þá fari dálítið um suma sem sáu þetta einhvern veginn allt öðruvísi fyrir sér. Það er hætt við því að margir muni verða dálítið skelkaðir þegar þeir sjá þetta, að einn flokkur sé farinn að ákveða stjórnarskrána. Það er þetta sem ég er að vara við. Ég er að vara við þessu.

Menn geta líka gert þetta með einhverjum öðrum hætti, með peningum og auglýsingum o.s.frv. Við þekkjum þetta allt saman. Það að einhver hópur manna hafi svona absalút heimild til þess að breyta stjórnarskránni er dálítið hættulegt. Ég er að benda á þetta, herra forseti, til að vara menn við.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–10. mál.

Fundi slitið kl. 02:00.

---

125. FUNDUR

föstudaginn 3. apríl,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Stjórnarskipunarlög, frv., 385. mál, þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882. — Frh. 2. umr.
3. Tekjuskattur, stjfrv., 410. mál, þskj. 695, nál. 798. — 2. umr.
4. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 411. mál, þskj. 696, nál. 903. — 2. umr.
5. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 409. mál, þskj. 693, nál. 857, brtt. 858. — 2. umr.
6. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, stjfrv., 359. mál, þskj. 610, nál. 860. — 2. umr.
7. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 664, nál. 884. — 2. umr.
8. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 852, brtt. 865. — 3. umr.

Tilkynning um dagskrá.

[11:01]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Um kl. 1.30 í dag fer fram utandagskrárumræða um áhrif gjaldeyrishafta á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Málshefjandi er hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Hæstv. viðskiptaráðherra Gylfi Magnússon verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Störf þingsins.

Leiðtogafundur NATO – stjórnlagaþing – atvinnumál námsmanna.

[11:01]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Nú stendur yfir leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins í tilefni 60 ára afmælis þess ágæta bandalags. Þá kemur fréttatilkynning frá forsætisráðuneytinu þar sem segir að vegna sérstakra anna á innanlandsvett-

vangi þurfi Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra að hverfa frá áformum um þátttöku í fundinum og sendir í sinn stað hinn merka hæstv. utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson. Mig langar af því tilefni að spyrja hv. formann utanríkismálanefndar, Árna Þór Sigurðsson, hvort honum hefði ekki þótt eðlilegra og betri bragur að því að forsætisráðherra færi á þennan ágæta leiðtogafund, sem er afar mikilvægur fundur, og notaði t.d. það tækifæri til að mótmæla á þeim vettvangi að breska ríkisstjórnin hefði sett Íslendinga á bekk með hryðjuverkamönnum. Þar gefst forsætisráðherra, æðsta embættismanni þjóðarinnar, mikilvægt tækifæri til að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri við fullan sal af okkar helstu og bestu bandalagsþjóðum, af fullum þunga en hæstv. forsætisráðherra lætur sér tækifærið úr greipum ganga. Það er mikilvægt að upplýsa bandalagsþjóðir okkar um þetta óvinabragð sem breska ríkisstjórnin beitti okkur Íslendinga og er ekki enn búin að leiðrétta. Ég vek athygli á því.

Ég veit að Íslandsdeild NATO-þingsins og aðrar hv. alþjóðanefndir þingsins hafa notað öll tækifæri til að koma sjónarmiðum Íslendinga á framfæri og þess vegna skýtur það mjög skökku við að hæstv. forsætisráðherra láti þetta fram hjá sér fara. Í hverju felast þessar annir forsætisráðherrans á innanlandsvettvangi? Er það kannski að stinga stjórnlagaþingi upp í Framsóknarflokkinn til að styðja við þessa höltu og fullkomlega gagnslausu minnihlutastjórn eða hvað? Ekki sést ráðherrann í þessum sal. Ekki er á það bætandi að upplýsingar um Icesave-málið eru í besta falli misvísandi þegar hæstv. fjármálaráðherra kemur í viðtal og talar um að glæsilegrar niðurstöðu sé að vænta. Inntur eftir því á nefndarfundum dregur hann dálítið í land og talar um bærilega niðurstöðu. Hvernig verður það þegar hæstv. utanríkisráðherra kemur heim? (Forseti hringir.) Verður að vænta (Forseti hringir.) ömurlegrar niðurstöðu?

[11:04]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég átti von á því að hér yrði boðið upp á málefnalega umræðu um það tilefni sem ég fékk viðvörun um að yrði á dagskrá undir liðnum Störf þingsins en því er ekki að heilsa. Ég hélt satt að segja að þingmaðurinn hefði ætlað að spyrja af hverju formaður utanríkismálanefndar, sá sem hér stendur, væri ekki sendur á NATO-fundinn í stað forsætisráðherra vegna anna hans. Það hefði kannski verið forvitnilegt að sjá hvernig það hefði farið.

Vegna þess sem hér er spurt hvaða annir það séu sem verða til þess að hæstv. forsætisráðherra getur ekki sótt fundinn, er mér í fyrsta lagi ekki kunnugt um dagskrá hæstv. forsætisráðherra. Ég veit að hæstv. forsætisráðherra hefur ærinn starfa á innanlandsvettvangi í þeim brýnu viðfangsefnum sem við erum að takast á við og er fullur sómi að því fyrir Íslands hönd að hæstv. utanríkisráðherra sitji þennan fund fyrir hönd Íslands og gæti þar íslenskra hagsmuna og tali máli íslenskra sjónarmiða. Hæstv. utanríkisráðherra hefur, eins og komið hefur fram í fjölmiðlum, átt fund með utanríkisráðherra Bretlands, David Miliband, fyrr í þessari viku þar sem þeir ræddu m.a. þau álitaefni sem hv. þingmaður vakti máls á, svo sem Icesave-málin. Ég held að hv. þingmaður hefði mátt spyrja að því hvers vegna framferði Breta hafi ekki verið mótmælt, hvers vegna beitingu hryðjuverkalaganna hafi ekki verið mótmælt, hvers vegna fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, lét það ekki verða eitt af sínum fyrstu verkum þegar þessari löggjöf var beitt að mótmæla henni mjög kröftuglega. Hann kemur síðan í fjölmiðla og segir eitthvað í þá veru að kannski hefði átt að mótmæla. Það má líka halda því fram að beiting hryðjuverkalaganna sé dæmigerð aðferð hernaðarríkja og endurspeglast sú afstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að standa utan hernaðarbandalaga, (Forseti hringir.) við viljum ekki taka þátt í þess háttar hlutum.

En ég verð að segja (Forseti hringir.) alveg eins og er, virðulegur forseti, ég hefði kosið (Forseti hringir.) að hér færi fram málefnaleg umræða um það umræðuefni sem hv. þingmaður vildi taka fyrir.

[11:06]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur að það hefði vissulega verið betra ef hæstv. forsætisráðherra hefði átt heimangengt og getað sótt leiðtogafund NATO. Þannig er málum því miður ekki fyrir komið og hæstv. utanríkisráðherra er fullfær, eins og við vitum báðar, um að sinna því hlutverki fyrir okkar hönd.

En við sem í þessum sal erum vitum að hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir er ekki komin upp í ræðustól vegna sérstakrar umhyggju sinnar fyrir forsætisráðherra eða öðru því sem fram fer á NATO-fundinum heldur vegna þessa látlausa ergelsis sem Sjálfstæðisflokkurinn sýnir nú trekk í trekk í þingsal, hraunandi yfir allt og alla, ef þannig má að orði komast, (Gripið fram í.) hæstv. forseti, en ekki vegna þess að hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir hafi í raun einhverjar athugasemdir við það hvernig haldið hefur verið á samningaviðræðum um Icesave (Gripið fram í.) frá því í október, hún hefur ekki gert nokkrar athugasemdir við það. Að hafa mestar áhyggjur á þessum degi af dagskrá tiltekinna ráðamanna þjóðarinnar sýnir best hvar Sjálfstæðisflokkurinn er staddur í hinni pólitísku umræðu.

[11:08]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir spurði hvað ylli því að hæstv. forsætisráðherra hefði ekki tök á því að mæta á leiðtogafund NATO. Ég held að hv. þingmaður sé einn fárra Íslendinga sem ekki áttar sig á því ástandi sem er í landinu í dag (Gripið fram í.) og því að verkefni á innanlandsvettvangi eru þess eðlis að þau krefjast fullrar athygli og orku forsætisráðherra nú um stundir. (Gripið fram í.) Það er alveg ljóst að hér þarf að klára mikilvæg mál sem lúta að hag heimila og fyrirtækja og forsætisráðherra er í því upptekinn. (Gripið fram í.)

Því til viðbótar gerir hinn nýi málþófsflokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, daglega kröfur um að hæstv. forsætisráðherra sé til taks, til skrafs og ráðagerða (Gripið fram í.) við forustu flokksins um nákvæmlega ekki neitt (Gripið fram í.) þannig að það er mikilvægast að hæstv. forsætisráðherra sé á staðnum (Gripið fram í.) til að eiga orðastað við málþófs-

flokkinn mikla. Forsætisráðherra þarf auðvitað að sinna innanlandsverkefnum fyrst og fremst við þessar aðstæður. Hæstv. utanríkisráðherra er fullkomlega í stakk búinn að færa fram athugasemdir eins og hann hefur þegar gert, nú síðast í þessari viku, við utanríkisráðherra Bretlands vegna beitingar hryðjuverkalaga. Það er hins vegar alveg ljóst að af Íslands hálfu hafa komið skýrt fram á undanförnum mánuðum athugasemdir okkar við þetta mál og mótmæli okkar við því. (Gripið fram í.) En forsætisráðherra á ekki að hlaupast frá brýnum verkefnum á innanlandsvettvangi til skrafs og ráðagerða við þær aðstæður (Gripið fram í.) sem núna eru í samfélaginu. (Gripið fram í.)

[11:10]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Við erum að ræða liðinn Störf þingsins en það er alveg ljóst að fyrirspyrjandinn er að ræða störf ráðherra og látum það vera. Það er alveg greinilegt að sjálfstæðismenn vilja losna við hæstv. forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, úr landi (Gripið fram í.) og ég hef þann skilning á því að Sjálfstæðisflokkurinn vilji það. Fyrir utan það (Gripið fram í.) gerir hann allt til að koma hæstv. forsætisráðherra sem fyrst úr landinu. (Gripið fram í.)

Auðvitað er alltaf best að forsætisráðherra sæki svona fundi. En menn vita hvaða staða er uppi í samfélaginu í dag (**Gripið fram í:** … stjórnlagaþingið.) þannig að það er mjög eðlilegt að hæstv. utanríkisráðherra sæki fund af þessu tagi við þær aðstæður sem nú ríkja.

Ég kem hér upp aðallega til að ræða þau orð sem féllu hjá hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur um að verið væri að stinga stjórnlagaþingi upp í Framsóknarflokkinn. Þetta er ekki mjög smekklegt, virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Ég ætla að rifja upp forsöguna: (Gripið fram í.) Á sínum tíma reyndi Framsóknarflokkurinn að gera sitt til að koma frá óstarfhæfri ríkisstjórn sem bar helst það einkenni að vera ákvarðanafælin. Það var ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. Henni var komið frá. Við veittum nýrri ríkisstjórn minnihlutastuðning og eitt af þeim skilyrðum sem við settum var einmitt stjórnlagaþing (Gripið fram í.) til þess að hægt sé að aðgreina valda þætti í þessu landi betur, dreifa völdum. Það verður að dreifa völdum í landinu. Fólk hefur séð að völd hafa safnast á allt of fáar hendur og því fór sem fór. (Gripið fram í.) Með því að kjósa stjórnlagaþing í samfélaginu … (Gripið fram í.) — Það á að fá vald til að (Gripið fram í.) breyta stjórnarskránni, (Gripið fram í.) leggja fram drög (Forseti hringir.) að nýrri stjórnarskrá sem þjóðin kýs um. (Forseti hringir.) Það er í boði Framsóknarflokksins (Forseti hringir.) að hér komi (Gripið fram í.) sem fyrst ný stjórnarskrá (Forseti hringir.) sem eykur lýðræði í landinu.

[11:12]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Það var mjög upplýsandi sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði. Hv. þingmaður fór yfir það að Framsóknarflokkurinn hefði farið í vegferð til að losna við ríkisstjórn og var með ákveðnar kröfur. Að vísu nefndi hv. þingmaður bara eina sem augljóslega er stóra málið. Það er stjórnlagaþingið. Komið hefur fram hvað eftir annað og er öllum ljóst að þessi ríkisstjórn er algerlega ófær um að fara í nauðsynlegar efnahagsráðstafanir, hún er algerlega ófær um það. Síðast ítrekaði oddviti framsóknarmanna í Norðvesturkjördæmi það en hér kemur hv. þingmaður, helsti forustumaður framsóknarmanna í þinginu og forgangsraðar, (Gripið fram í.) segir okkur hreint og klárt að það sé aukaatriði hjá þingflokki framsóknarmanna. Stóra málið er stjórnlagaþingið (Gripið fram í.) og skiptir engu máli þótt þeir forustumenn sem eru á vettvangi, það fólk framsóknarmanna sem hittir fólkið og heyrir afstöðu þess, segi annað. Formaður og forustumaður framsóknarmanna í Norðvesturkjördæmi kemur hvað eftir annað og segir: Þetta er algerlega ótækt. Ríkisstjórnin verður að fara að gera það sem henni var uppálagt að gera. Hér sitja hv. þingmenn framsóknarmanna og forgangsraða. Efnahagsmál eru aukaatriði. Stóra málið er að keyra í gegn stjórnarskrárbreytingar með miklum hraða, með miklu offorsi og það er alger klofningur í þessum pínulitla Framsóknarflokki. Annars vegar er það fólkið (Forseti hringir.) sem er í forustu fyrir flokkinn (Forseti hringir.) og hins vegar þingmennirnir (Forseti hringir.) sem vilja keyra í gegn stjórnarskrárbreytingar (Forseti hringir.) með miklu offorsi.

[11:14]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að víkja aftur að utanríkismálunum vegna þess að hér var talað um fund hæstv. utanríkisráðherra við David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands. Ég spyr þá hv. formann utanríkismálanefndar: Hvar er upplýsingagjöf hæstv. utanríkisráðherra til utanríkismálanefndar um þann fund? Við höfum ekki fengið upplýsingar um hann. (**Gripið fram í:** Viltu ekki beina spurningunni til ráðherra?) Nei, ég er að beina spurningunni til formanns utanríkismálanefndar sem getur þá kallað eftir því að fá hæstv. ráðherra á okkar fund.

Annað sem ég vildi nefna í tengslum við þennan ágæta leiðtogafund sem nú fer fram er að ég man ekki betur en að ég og formaður flokks hv. formanns utanríkismálanefndar, Steingrímur J. Sigfússon, höfum staðið hér fyrir leiðtogafund Atlantshafsbandalagsins í Rúmeníu þar sem formaðurinn talaði sig bláan í framan um það hneyksli að utanríkismálanefnd hefði ekki fengið þáverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra á sinn fund til að greina frá áherslum Íslendinga á þeim leiðtogafundi þar sem verið var að taka fyrir alls konar mikilvæg mál. Núna höfum við minnihlutastjórn og hluti hennar, a.m.k. hluti Samfylkingarinnar eftir því sem ég best veit, er hlynntur veru í Atlantshafsbandalaginu. Vinstri grænir eru ekki hlynntir veru okkar í Atlantshafsbandalaginu. Á þessum fundi á að tala um framtíðarhlutverk Atlantshafsbandalagsins, samskipti þess við Rússland, aðgerðir bandalagsins í Afganistan og Kosovo o.s.frv. (Gripið fram í.) Við hv. fyrrverandi varaformaður utanríkismálanefndar vorum sammála um það í apríl sl. að það væri góður bragur að því að gera það að vinnureglu í þinginu að fyrir leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins mundu forsætisráðherra og utanríkisráðherra koma á fund utanríkismálanefndar og greina frá þeim málum sem helst yrðu á dagskrá leiðtogafundarins og jafnframt frá afstöðu Íslands til einstakra mála. Leiðtogafundur Atlantshafs-

bandalagsins hefur aldrei verið ræddur í utanríkismálanefnd. Ég spyr: (Forseti hringir.) Fer hæstv. utanríkisráðherra með boðskap Vinstri grænna (Forseti hringir.) eða boðskap okkar hinna sem viljum vera í Atlantshafsbandalaginu (Forseti hringir.) inn á fundinn? Hvað með upplýsingaskylduna (Forseti hringir.) til utanríkismálanefndar, virðulegi formaður?

[11:17]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Þessi umræða hefur snúist að mestu leyti um allt annað en lagt var upp með í upphafi, eins og hér hefur komið fram. Það er greinilegt að þingmenn Sjálfstæðisflokksins nota hvert tækifæri sem þeir mögulega geta til að fara í umræðu um stjórnarskrármálið mikla sem þeir eru mjög andvígir og nota jafnvel það yfirskin að ætla að ræða um Atlantshafsbandalagið og leiðtogafund þess. Hér hefur þó lítil umræða farið fram um það mál. Þingmaðurinn verður bara að hafa sig hægan og ég svara því sem ég vil svara þegar ég vil svara því. [Háreysti í þingsal.] Þingmaðurinn (**Gripið fram í:** Vá.) verður bara að una því. [Háreysti í þingsal.]

Gæti forseti gripið inn í og haft hemil á fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra?

(**Forseti** (GuðbH)**:** Mér sýnist hv. þingmenn hafa gefið ágætt hljóð.)

Varðandi þær spurningar sem þingmaðurinn bar fram, m.a. um fund utanríkisráðherra með utanríkisráðherra Bretlands nú í vikunni, David Miliband, hafa verið gerðar ráðstafanir til að við fáum upplýsingar frá utanríkisráðuneytinu um þann sérstaka fund. Ég vonast til þess að við fáum þær upplýsingar áður en mjög langt um líður inn á vettvang utanríkismálanefndar.

Nú er hins vegar rétt að greina frá því, eins og hv. þingmenn vita, að aðeins þrjár vikur eru eftir af þessu kjörtímabili og væntanlega lýkur þingstörfum á næstu sólarhringum. (**Gripið fram í:** Upplýsingagjöfin …) Ég veit ekki nákvæmlega hvenær hægt verður að koma við fundi í utanríkismálanefnd til að taka það mál sérstaklega. Það er boðaður fundur (Gripið fram í.) á mánudaginn til að ræða tiltekin mál sem þar eru á dagskrá sem eru mikilvæg. Í hádegishléi á mánudaginn verður fundur (**Gripið fram í:** … í hádegishléi í dag.) þannig að það verður rætt.

Varðandi NATO-fundina (**Gripið fram í:** … þingmennsku.) er ég sammála því sem fram kom hjá hv. þingmanni, það er full ástæða til að koma þeirri föstu vinnureglu á í samskiptum utanríkisráðuneytisins og utanríkismálanefndar að farið sé yfir áherslur (Forseti hringir.) Íslands fyrir slíka fundi (Forseti hringir.) Reyndar á það ekki bara við um NATO-fundi, það á við um ýmsa aðra fundi, svo sem á vettvangi (Forseti hringir.) samstarfsins við Evrópusambandið.

[11:19]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Atvinnuhorfur námsmanna bæði á háskóla- og framhaldsskólastigi eru skelfilegar því að við blasir að 13.000 námsmenn verða án sumarvinnu og því fylgja fleiri vandamál til framtíðar litið.

Ríkisstjórnin ákvað 20. febrúar sl. að setja á laggirnar starfshóp, m.a. til að kanna atvinnuhorfur námsmanna á háskólastigi, og var markmið hópsins að undirbyggja stefnu og ákvarðanir er varða atvinnumál námsmanna. Það er gott og gilt í sjálfu sér en ekkert gagn að því enn þá og nú er kominn 3. apríl, engar tillögur hafa litið dagsins ljós og tíminn er að renna út.

Nám er vinna og því þarf að gefa námsmönnum á þessum skólastigum tækifæri í því árferði sem er til að stunda áframhaldandi nám með einhverjum hætti í sumar. Það er fjárhagslega, félagslega og tilfinningalega hagkvæmt þrátt fyrir aukinn kostnað skólanna. Það er augljóst í mínum huga að það er hægt að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir í fjarnámi, í stað- og fjarbundnu verkefnanámi með leiðsögn og margar aðrar leiðir eru færar. Ég hef fulla trú á því að fagfólk skólastiganna sem býr yfir frumkvæði og áræðni leiti leiða til lausna. Það er því komið að ríkisstjórninni að ákveða hvort og með hvaða hætti hún ætlar að taka þátt í því að auka námsframboð og koma til móts við námsmenn hvað varðar sumarvinnu.

Það hefur alvarlegar afleiðingar ef nemendur flosna upp úr námi. Samfélagið mun allt síðar meir glíma við þau tilfinningalegu og félagslegu vandamál sem við það skapast. Því ætlast ég til þess að við göngum hreint til verks og gerum námsmönnum kleift að stunda nám sitt í sumar ef þeir svo kjósa. Við skulum muna að nám er vinna og menntun er fjárfesting til frambúðar.

Því spyr ég hv. formann menntamálanefndar og stjórnarliða Einar Má Sigurðarson: Er lausn í sjónmáli, hv. formaður?

[11:22]

Einar Már Sigurðarson (Sf):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur fyrir að taka þetta mikilvæga mál hér upp. Þannig var að á mánudaginn ritaði hv. þm. Einar K. Guðfinnsson mér bréf og óskaði eftir fundi í menntamálanefnd um þetta mál. Að sjálfsögðu var brugðist við því og fundurinn var haldinn á miðvikudaginn. Á fundinn komu fulltrúar allra háskóla landsins, bæði stjórnendur og nemendur, og einnig fulltrúi ráðuneytisins. Farið var yfir málið og við fengum glögga mynd af því alvarlega ástandi sem augljóslega er uppi hjá námsmönnum og stefnir í í sumar.

Hins vegar kom fram að ýmsir skólar virðast ekki, nema með töluverðri fyrirhöfn, vera í stakk búnir til að mæta þessu en þó virtist koma fram fullur vilji hjá öllum skólum til að taka á málinu. Við heyrðum síðast niðurstöðu háskólaráðs Háskóla Íslands í gær þar sem niðurstaðan var sú að hann gæti brugðist við þessu væri aukið fjármagn veitt til skólans.

Það kom fram að tveir háskólar, bæði á Bifröst og Háskólinn í Reykjavík, hafa ákveðið að bjóða upp á sumarnám og þótt það sé ekki í miklum mæli er þar vissulega um verulega viðleitni að ræða.

Það kom einnig fram að við Háskólann á Akureyri verða haustpróf þannig að þar eiga nemendur að hafa möguleika á því að ganga til prófa. Spurningin er hins vegar hvaða aðstoð þeir fá við námið í sumar. Það var einnig rætt um að þar þyrfti að koma til aukið fjármagn.

Það er hins vegar rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að ríkisstjórnin hefur skipað starfshópa, m.a. er einn starfshópur á vegum iðnaðarráðuneytisins að fjalla um þessi mál. Miðað við mínar upplýsingar er búist við að sá stýrihópur skili tillögum sínum á næstu dögum.

Menntamálanefnd ákvað í lok fundar á miðvikudag að óska eftir minnisblaði frá menntamálaráðuneytinu um stöðu mála og hvaða möguleikar væru fyrir hendi. Í gær barst svar frá ráðuneytinu þar sem fram kemur að því miður verði minnisblaðið ekki tilbúið í dag, eins og við höfðum óskað eftir, en þess er vænst að það verði tilbúið mjög fljótlega eftir helgi og þá geri ég ráð fyrir því að nefndin (Forseti hringir.) taki málið upp að nýju.

[11:24]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Atvinnuhorfur námsmanna við Háskóla Íslands og aðra háskóla batna lítið þó að andinn á fundi menntamálanefndar sé ágætur, fundi sem ríkisstjórnin og meiri hlutinn á þingi var knúinn af hálfu hv. þm. Einar K. Guðfinnssonar til að halda. (**Gripið fram í:** Hann var ekki knúinn.)

Ég hef margoft talað um þetta mál í ræðustóli Alþingis á síðustu dögum. Ég vísa til þess að á forsíðu Morgunblaðsins kom fram að mörg þúsund nemendur verða án vinnu í sumar. Þeirra kröfur eru skýrar, að teknar verði upp sumarannir við Háskóla Íslands til að þeir geti stundað sitt nám á námslánum í staðinn fyrir að mæla göturnar í atvinnuleysi í sumar.

Ríkisstjórnin hefur ekkert gert til að koma til móts við kröfur þessa fólks sem nú horfir fram á atvinnuleysi. Ekki neitt. Hún er gjörsamlega úrræða- og aðgerðalaus. Þetta er í fyrsta skipti sem einhver fulltrúi ríkisstjórnarinnar ræðir þetta mál á þingi. (Gripið fram í.) Ég hef sjálfur rætt um framtíð þessara mála við stúdenta í Háskóla Íslands. Þeir hafa miklar áhyggjur og ég styð þá eindregið í því að teknar verði upp sumarannir í Háskóla Íslands en ríkisstjórnin virðist ekki ætla að gera neitt, ekki í atvinnumálum stúdenta frekar en í atvinnumálum fólksins í landinu.

Hér leggur ríkisstjórnin aðaláherslu á að breyta stjórnarskránni sem hefur ekkert með atvinnumál í landinu að gera og minnir dálítið á atburðina í fyrndinni þegar Róm brann. Þá spilaði Neró á fiðlu. (Gripið fram í.) Nú er staðan orðin þannig að fiðluleikurinn er hafinn í þinghúsinu og ráðherrarnir eru farnir að spila á fiðlu við falskan undirleik Framsóknarflokksins á meðan heimilin og fyrirtækin í landinu (Forseti hringir.) brenna. Ég held að menn ættu frekar að einbeita sér að atvinnumálum (Forseti hringir.) fólksins í landinu og berjast gegn atvinnuleysi en að reyna að breyta (Forseti hringir.) stjórnarskránni, forseti sæll. [Hlátur í þingsal.]

[11:26]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur fyrir að taka upp þetta mál um stöðu í atvinnumálum ungs fólks. Ég legg áherslu á að þarna þarf að taka á með fjölþættum hætti. Mér er kunnugt um að ríkisstjórnin er þegar að fjalla um þetta mál og gert er ráð fyrir tillögum frá henni um beinar aðgerðir eftir helgina. Það þarf að taka á þessu, eins og þingmaðurinn minntist á, m.a. með því að kanna leiðir með sumarnám fyrir skólafólk. Það þarf t.d. að skoða þar aðkomu Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Allt þarf þetta að vinnast. Það þarf líka að kanna leiðir til þess að það verði atvinna og atvinnusköpun fyrir unga fólkið. Þar held ég að eigi að leita eftir mjög nánu samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga, félagasamtaka og annarra þeirra sem geta lagt fram krafta sína í þessum efnum þannig að þar finnist góð sumarstörf.

Ég minni á átak sem hefur verið lýst yfir að eigi að gera í landgræðslu og skógrækt. Þetta verður ekki gert með einhverjum einum stórum pakka, heldur með fjölþættum aðgerðum um allt land. Ég óska eftir mjög góðu samstarfi allra sem koma að þessu, hvort sem er af hálfu ríkis, sveitarfélaga, félagasamtaka eða annarra, í að finna leið. Ég minni á sumarnámskeið og líka á marga heimavistarskóla úti um land. Það þarf að taka þetta allt saman.

Það er ekkert verra en að ungt fólk gangi um án atvinnu og þá án (Forseti hringir.) skilgreindra verkefna. (Forseti hringir.) Ríkisstjórnin er að vinna að þessu en ég hvet til mjög náins samstarfs allra aðila (Forseti hringir.) í þessu máli, herra forseti. (**SKK:** … á þá að gera?) [Háreysti í þingsal.]

[11:29]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur lokið máli sínu, er það ekki?

Við erum að ræða hér mjög alvarlega stöðu í atvinnumálum námsmanna. Ég tók það upp og óskaði eftir því að haldinn yrði fundur í menntamálanefnd. Sá fundur var haldinn á miðvikudag. Það kom mér mjög mikið á óvart að verða var við það að stefna hæstv. menntamálaráðherra og menntamálaráðuneytis í þessum efnum liggur ekki fyrir. Hún liggur ekki fyrir enn þann dag í dag þó að nefndin hafi í heild sinni óskað eftir því að þessi mál yrðu skýrari af hálfu ráðherra og ráðuneytis.

Það sem stendur einfaldlega upp á að gert verði núna er að hæstv. menntamálaráðherra tjái hug sinn í þessum efnum. Ég hef í raun aldrei vitað (Gripið fram í.) nokkurn ráðherra jafnþegjandalegan og hæstv. menntamálaráðherra í þessum efnum. Fjölmiðlar eru margbúnir að reyna að ná í hæstv. ráðherra en hún svarar ekki skilaboðum, að því er virðist, og þess vegna verðum við að reyna að koma þessum málum í gegnum þingið eins og verið er að gera núna. (Gripið fram í.)

Það breytir engu um það að þetta mál er alvarlegt sem raun ber vitni og það er alveg rétt að það hefur verið reynt að finna ýmsar lausnir í þessum efnum. Stóra lausnin felst í því að sett verði á sumarnámskeið í Háskóla Íslands til að nemendurnir geti þá stundað nám sitt í ljósi þess að þeir finna ekki sumarvinnu við sitt hæfi í sumar.

Það er einfaldlega eitt sem þarf að gerast núna, hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnin þurfa að hafa skoðun í þessum efnum. Núna er væntanlega ríkisstjórnarfundur búinn í dag og það er undarlegt ef ekki kemur út af þessum ríkisstjórnarfundi hrein og klár afstaða til þeirrar beiðni háskólanna að reyna að halda hér námskeið.

Það var undarlegt að átta sig á því að af hálfu menntamálaráðuneytisins liggur ekkert fyrir um það hver kostnaðurinn getur orðið og hver áhrifin geta orðið á Lánasjóð íslenskra námsmanna. Það er greinilegt að ekkert hefur verið hugað að þessum málum af hálfu þeirra stjórnvalda sem eiga að hafa þau með höndum. Þess vegna er undarlegt að menn komi hér og láti eins og ekkert sé.

Þetta er stóralvarlegt mál. Það er alveg óháð starfi þessara starfshópa sem vísað var til sem eiga að skila (Forseti hringir.) áliti sínu eftir helgi. Það sem þarf er að ríkisstjórnin taki ákvörðun í þessum efnum (Forseti hringir.) og það getur ekki verið margra daga verk, eða er þessi ríkisstjórn (Forseti hringir.) svona ákvarðanafælin? (Gripið fram í.)

[11:31]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Það er hárrétt sem hefur verið bent á hér í umræðunni að vandi námsmanna er fyrirsjáanlegur og hann er mikill. Hins vegar þurfum við að segja satt héðan úr ræðustól Alþingis. Þegar hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson segir að enginn fulltrúi ríkisstjórnarinnar hafi tekið þátt í umræðu um málefni námsmanna á vettvangi þingsins er það rangt vegna þess að ég hef spurt bæði hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. fjármálaráðherra út í vanda námsmanna og þeir hafa komið hér í pontu og svarað spurningum mínum. Reyndar er það svo að Framsóknarflokkurinn hefur verið mun duglegri við að ræða vanda námsmanna á undanförnum dögum og vikum en Sjálfstæðisflokkurinn.

Hins vegar er það þannig, hæstv. forseti, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins geta ekki komið hér upp í ræðustól án þess að nefna stjórnlagaþingið og Framsóknarflokkinn í leiðinni. (Gripið fram í.) Hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir nefndi það svo smekklega hér áðan að ríkisstjórnin væri að þvinga stjórnlagaþinginu upp í Framsóknarflokkinn. (Gripið fram í.) Staðreyndin er sú að sjálfstæðismenn telja að það eigi að gera breytingar á stjórnarskránni á forsendum Sjálfstæðisflokksins og hafa talað af algjörum hroka í þessari umræðu og beint sérstaklega máli sínu að hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur (Gripið fram í.) og hafa leyft sér hér í umræðunni, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, að efast um hæfni hennar til að stýra fundum nefndarinnar. Þvílíkt yfirlæti og þvílíkur hroki sem birtist í málflutningi sjálfstæðismanna er þeim til skammar. (Gripið fram í.) Þegar sjálfstæðismenn tala um að það skorti á tillögur í efnahagsmálum óska ég eftir því að Sjálfstæðisflokkurinn geri grein fyrir stefnu sinni, (Gripið fram í.) því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki lagt fram heildstæða stefnu (Gripið fram í.) í málefnum heimilanna og fyrirtækjanna ólíkt Framsóknarflokknum. (Gripið fram í.) Það er Sjálfstæðisflokknum til vansa (Gripið fram í.) að óska eftir aðgerðum hér þegar hann hefur ekkert fram að færa í efnahagsmálum. (Forseti hringir.) Enda var það svo að efnahagshrunið varð á vakt Sjálfstæðisflokksins. (Gripið fram í.) (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GuðbH)**:** Forseti vill vekja athygli á að margir eru enn þá á mælendaskrá en tíminn sem ætlaður var í að ræða störf þingsins er liðinn þannig að gengið er til dagskrár í framhaldi.)

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Umræða um dagskrármál.

[11:34]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við vorum að enda við að ræða um ástandið í atvinnumálum og sérstaklega atvinnumálum stúdenta. Ég vil bera það upp við forseta til að við getum brugðist hratt við og hjálpað til í þessu hér á Alþingi hvort ekki væri rétt, eins og við ræddum í gær, að flytja dagskrá þingsins aðeins til þannig að dagskrárliður 7, sem er heimild til samninga um álver í Helguvík, (Gripið fram í.) komi framar á dagskrána og við getum rætt það mál og klárað þannig að við getum þá aðeins hjálpað til í atvinnumálum þjóðarinnar. (Gripið fram í.) (Gripið fram í.)

Nú er staðan þannig, ef hv. þingmaður … (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðbH)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn að gefa ræðumanni tækifæri til að flytja mál sitt.)

Við verðum að horfa til þess að leysa hér úr atvinnumálum og það er undarlegt að hæstv. forseti skuli raða dagskránni þannig að atvinnumál og þau mál sem væru til að leysa úr atvinnumálum þjóðarinnar (Forseti hringir.) komast ekki á dagskrá þingsins. (Forseti hringir.) Fyrir hverju? (Forseti hringir.) Stjórnlagaþingi Framsóknarflokksins?

[11:35]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Það sem mér hefur fundist koma skýrt fram í þessari umræðu er það, sem ég vil trúa að allir þingmenn hafi áhyggjur af, atvinnumál og menn hafa sérstaklega tilgreint atvinnumál námsmanna. Væri þá nokkuð úr vegi að við forgangsröðuðum dagskrá þingsins með það í huga að taka á þeim málum? Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson fór ágætlega yfir málið. Eigum við ekki að ganga í það verk núna að taka á þessum málum?

Er sú hugmynd sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson ræddi hér um sumarönn í Háskóla Íslands ekki eitthvað sem við eigum að ræða núna og setja í forgang? Er það ekki skynsamlegt? Í stað þess — og þar er ég alveg sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni þegar hann talaði um stjórnarskrármálin og sagði hér á hv. Alþingi, með leyfi forseta:

„Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga … Það er grundvallaratriði að um stjórnskipan þjóðarinnar ríki stöðugleiki, sátt og festa.“

Þetta er hárrétt hjá hæstv. heilbrigðisráðherra. (Forseti hringir.) Setjum hlutina í rétta forgangsröð, (Forseti hringir.) tökum á atvinnumálunum (Forseti hringir.) og sérstaklega atvinnumálum námsmanna.

[11:37]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég vildi beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, og það má líta á það sem vinsamlega ábendingu, að það gæti orðið til að greiða mjög fyrir störfum þingsins ef hann settist niður með þingflokksformönnum og reyndi að fara yfir það með hvaða hætti væri eðlilegt og heppilegast og skilvirkast að taka á málum hér í þinginu. Ég held að mikill ávinningur yrði af því.

Hér erum við með tvennt í stöðunni. Annars vegar erum við með stjórnarskrármál, sem alltaf kalla á mikla umræðu, sem er eðlilegt af því að stjórnarskrá er grundvallarlög lýðveldisins. Hins vegar erum við með nokkur mikilvæg atvinnu- og efnahagsmál sem allir eru sammála um að þurfi að afgreiða. Hvort er nú skynsamlegra að taka stóra málið sem tekur langan tíma fyrst eða mikilvægu málin, brýnu málin sem við getum afgreitt hratt? (Gripið fram í.)

[11:38]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti var að telja þá sem eru á mælendaskrá í stjórnarskrármálinu sem var hér til umræðu fram á nótt, 26 hafa óskað eftir að taka til máls og augljóst að þetta er forgangsmál hjá þeim þingmönnum sem hér eru og mjög mikilvægt að taka það fyrir. (Gripið fram í.) Til að upplýsa hv. þingheim var fundur hér í hádeginu í gær með þingflokksformönnum. (Gripið fram í.) Það hefur verið boðaður þingflokksformannafundur aftur eftir klukkutíma þannig að þetta sé á hreinu. Þetta með forgangsmálin hefur líka verið rætt við formenn flokkanna vegna þess að við þurfum auðvitað að ljúka þessu þingi. Eðlilegur vettvangur umræðu um það sem hér er verið að ræða um fundarstjórn forseta er með formönnum þingflokka og forseti biður hv. þingmann og formann þingflokks Sjálfstæðisflokksins að tala þar fyrir máli. Þar var rætt um að hvert mál sem kom til umræðu áður tók allt upp í 6–8 klukkustundir, jafnvel mál sem voru til 3. umr. og samkomulag um, og ég hef haft áhyggjur af því að við eigum eftir hér að vera í a.m.k. nokkra daga í viðbót, jafnvel fram yfir páska þannig að við skulum ræða þetta á þeim vettvangi.

Ef menn óska eftir að eyða tímanum hér í að ræða fundarstjórn forseta og halda áfram að gefa forseta góð ráð er þeim það velkomið.

[11:39]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** … málþóf.) Ég ætlaði bara að taka undir með hæstv. forseta því að sjálfstæðismenn, hv. þingmenn flokksins, hafa augljóslega forgangsraðað hvað varðar áhuga þeirra á málum því að eins og forseti fór yfir eru 26 þingmenn á mælendaskrá og mjög líklega eru þá 25 þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem vilja tjá sig um málið. (Gripið fram í.) Ef þetta lýsir ekki áhuga á málinu veit ég ekki hvað. Það væri dónaskapur við Sjálfstæðisflokkinn (Gripið fram í.) og 25 þingmenn (**Gripið fram í:** 26.) hans að taka mál út af dagskrá sem þeir sýna svo harðan og einbeittan vilja til að fá að tjá sig um.

Þeir hafa augljóslega forgangsraðað og ákveðið að tala vel í þessu máli en ekki má gleyma því að þess á milli leyfa þessir þingmenn sér að tala í nokkrar klukkustundir um fundarstjórn forseta. (**Gripið fram í:** Hvað ert þú að gera?) Síðan, virðulegi forseti, kvarta þeir undan því að önnur mál komist ekki á dagskrá. Það er bara einn þingflokkur sem kemur í veg fyrir (Forseti hringir.) að önnur mál komist á dagskrá. Það er þingflokkur Sjálfstæðisflokksins, (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) fulltrúar málþófsflokksins. (Gripið fram í.)

[11:41]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég var efins um hvort ég ætti að fara hér upp og tala í þessari svokölluðu umræðu eða hvað á að kalla þetta, vegna þess að það er svo sem enginn sómi að því að taka þátt í svona leik sem er hér í gangi. En af því að sjálfstæðismenn hafa verið mjög lengi í ríkisstjórn og ríkisstjórnum á síðustu árum og áratugum vita þeir ósköp vel hver fer með völdin síðustu dagana í þinginu og það er stjórnarandstaðan. Stjórnarandstaðan fer með völdin þessa dagana jafnvel þó að við séum búin að breyta þingskapalögum þannig að við héldum að þinghald yrði með meiri sóma og minna um svona uppákomur eins og hafa átt sér stað nú á síðustu dögum.

Ég tel bara að við getum hraðað þessari umræðu um stjórnarskipunarlögin af því að öll sjónarmið eru komin fram, (Gripið fram í.) síðan getum við tekið málið inn í nefnd og það er aldrei að vita nema við getum náð samkomulagi. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Ég var hér allan tímann í gær og hlustaði á ræðurnar. Ég veit að öll sjónarmið eru komin fram (Forseti hringir.) þannig að við gætum lokið 2. umr. og tekið málið inn í nefnd og athugað hvort við getum náð samkomulagi.

[11:42]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil bara styðja hæstv. forseta í ákvörðunum hans um dagskrá. Hún er auðvitað byggð á því að sjálfstæðismenn hafa sýnt hér mikinn áhuga á að ræða stjórnarskipunarlögin í þaula og eru hér mjög margir á mælendaskrá. Hv. þm. Birgir Ármannsson stakk upp á því hér áðan að hægt væri að haga málum öðruvísi með því að taka litlu málin fyrr, ýmis minni brýn atvinnumál, (**Gripið fram í:** Fljótlegu.) fljótlegu málin, eins og hann orðaði það.

Það er bara því miður, hv. þingmaður, ekki á vísan að róa hvað er fljótlegt og hvað er ekki fljótlegt þegar Sjálfstæðisflokkurinn er annars vegar. (Gripið fram í.) Við stóðum í því hér langt fram á nótt að hlusta á málþóf og þæfing Sjálfstæðisflokksins út af endurgreiðslum til kvikmyndagerðar og Sjálfstæðisflokkurinn brast hér á með fjöldasöng og skemmtilegheitum til að tefja málið. (Gripið fram í.) Við sáum það, þjóðin sá aðferðafræði Sjálfstæðisflokksins og hún er Sjálfstæðisflokknum ekki til sóma. Ef Sjálfstæðisflokkurinn sýndi nú í verki að hann væri tilbúinn til að vinna góðum málum gagn og koma þeim hratt í gegnum þingið væri þetta kannski mögulegt, (Forseti hringir.) en því miður er það ekki mögulegt þegar við svona málþófsflokk er að eiga.

[11:43]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég ætla að gera athugasemd við fundarstjórn forseta. Ég bar hér upp fyrirspurn til hv. formanns menntamálanefndar og hefði haldið, og það hefur verið venja fram til þessa, að fyrirspyrjandi gæti tekið til máls á nýjan leik eftir fyrirspurn.

Forseti gerði það ekki kleift og hleypti öðrum að í staðinn og ég harma þá fundarstjórn forseta.

[11:44]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir kom hér upp áðan og reyndi að knýja fram ákveðin svör við tilteknum spurningum sem höfðu vaknað í kjölfar fundar sem menntamálanefnd átti um atvinnuhorfur stúdenta. Ég kem hér upp núna til að ræða fundarstjórn forseta vegna þess að við fengum ekki svör við þessum brýnu spurningum.

Það liggur fyrir að allar forsendur í þessu máli eru til staðar. Við vitum að vandi námsmanna er ákaflega brýnn og mjög alvarlegur, ekki þarf um það að deila. Vilji háskólanna til að reyna að bregðast við með sumarönnum og sumarnámskeiðum liggur líka fyrir en þeir segjast þurfa pólitísk svör úr menntamálaráðuneytinu. Þau berast ekki. Þar er bara ein og sama þögnin. Ekkert liggur fyrir um hvað ríkisstjórnin vill gera í þessum efnum.

Það er kvartað undan því að hér sé mikið talað. Ég ætla að segja að ég kvarta undan því að ekki er nógu mikið talað þegar við fáum ekki svör við svona einföldum spurningum. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessum efnum? Hæstv. menntamálaráðherra er ekki viðstaddur en hæstv. forsætisráðherra er kominn, nýkominn væntanlega af ríkisstjórnarfundi. Ég vil nú óska eftir því að hæstv. forsætisráðherra greini okkur frá því hvort þessi mál (Forseti hringir.) hafi ekki örugglega verið tekin til umfjöllunar á ríkisstjórnarfundi og hvort (Forseti hringir.) svör við þessum einföldu spurningum sem námsmenn, (Forseti hringir.) háskólamenn og við þingmenn höfum borið upp, hvort þau (Forseti hringir.) svör liggi ekki fyrir. Hvað dvelur menn eiginlega í þessum efnum?

[11:45]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Ég vil vekja athygli á að hér ræða hv. þingmenn fundarstjórn forseta og bið þá að halda sig við það.

[11:45]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Það er einmitt þetta form sem mig langar að ræða um, fundarstjórn forseta. Við bíðum eftir því að ræða um tillögur að breytingum á stjórnarskránni en sjálfstæðismenn hafa verið mjög duglegir við að nota fundarliðinn um fundarstjórn. (Gripið fram í.) Í þessu máli hafa þeir komið meira en 100 sinnum upp í ræðustólinn til að ræða um fundarstjórn forseta. (Gripið fram í.) Svo segja hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins að þeir standi ekki í neinu málþófi. (Gripið fram í.) Það er einstök tilviljun að hv. þingmenn skuli tefja umræðuna um þessi mál með því að fara í ræðustól á milli ræðna í liðnum um fundarstjórn og það er orðið á annað hundrað skipti sem þeir gert það. Með sama áframhaldi styttist í þúsundið því að þeir þyrpast upp eftir hverja einustu ræðu sem hér er flutt. Það er alveg ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn vill að breytingar á stjórnarskránni fari fram á forsendum Sjálfstæðisflokksins (Gripið fram í.) en ekki þjóðarinnar en stór (Gripið fram í.) meiri hluti þjóðarinnar (Forseti hringir.) vill að breytingar stjórnarskrá verði afgreiddar (Forseti hringir.) á þessu þingi, sérstaklega stjórnlagaþing Framsóknarflokksins, (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) eins og Sjálfstæðisflokkurinn nefnir það í þessari umræðu.

[11:47]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Af því að talað er um þjóðina og fólkið í landinu held ég að hv. þm. Framsóknarflokksins, Birkir J. Jónsson, ætti að átta sig á því að fólkið í landinu vill bara hafa vinnu. Það vill fá að vinna, það er svo einfalt. (Gripið fram í.) Það vill að ríkisstjórnin komi með einhverja tillögu um hvernig byggja á upp atvinnu í landinu. Við erum að reyna að benda á það og er ágætt að hæstv. forsætisráðherra hlusti á það. Við viljum fá einhverjar úrlausnir, einhverjar aðgerðir ríkisstjórnarinnar varðandi atvinnumál námsmanna og uppbyggingu atvinnulífsins í landinu. Svo koma snillingarnir og halda því fram að slíkar beiðnir séu eitthvert málþóf. Auðvitað er það ekkert málþóf. Hæstv. forsætisráðherra getur kennt þeim allt um það vegna þess að hún hefur á sínum langa ferli í þinginu einmitt stundað málþóf. Það gerum við ekki. (**BJJ:** Jú.) Það gerum við ekki. Það væri auðvitað óskandi að þingið hefði fleiri snillinga innan (Forseti hringir.) sinna raða eins og hv. þm. Birki J. Jónsson, (Forseti hringir.) Lúðvík Bergvinsson og Árna Pál Árnason (Forseti hringir.) sem virðast yfir alla hafnir. (Forseti hringir.) Við hinir finnum auðvitað (Forseti hringir.) til smæðarinnar þegar þessir snillingar tala.

[11:48]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur þar sem hún hvetur hæstv. forseta til að breyta um röð á dagskrá til þess að fjallað verði fyrst um þau mál sem eru mjög aðkallandi og brýnt að klára, svo sem 7. mál á dagskrá er varðar Helguvík. Er rétt að það komi fram, virðulegi forseti, vegna þess að hv. þm. Atli Gíslason hrópaði fram í fyrir hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur og sagði að því fylgdu engin sumarstörf að vinna í Helguvík. Þetta er mikill misskilningur hjá hv. þm. Atla Gíslasyni. Það eru hundruð starfa sem liggja undir, hundruð starfa í línulögnum á Reykjanesi við undirbúning hafnargerðar í Helguvík og mörg önnur verkefni sem þarf að vinna í tengslum við uppbyggingu álvers í Helguvík. Það hefði hv. þm. Atli Gíslason vitað ef hann væri þingmaður (Forseti hringir.) Suðurkjördæmis.

[11:51]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Mér fannst athyglisvert að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir treysti sér til að fullyrða í ræðu áðan að öll sjónarmið væru komin fram í stjórnarskrármálinu. Mér finnst það mikil dirfska af hálfu hv. þingmanns að halda því fram. Hún hefur auðvitað ekki hugmynd um hvaða sjónarmið eiga eftir að koma fram í þeim ræðum sem á eftir að flytja hér.

Þegar ég flutti ræðu mína í gær komst ég ekki yfir nema kannski helminginn af þeim efnisatriðum sem ég ætlaði að fara yfir. Enn á ég eftir að fjalla mjög ítarlega um breytingartillögur meiri hlutans í sérnefnd um stjórnarskrármál og það vantar skýringar, frá bæði nefndarmönnum og afstöðu

flutningsmanna frumvarpsins til þessara breytingartillagna sem auðvitað skipta verulegu máli.

Mér fannst athyglisvert að hv. þm. Birkir J. Jónsson skyldi tala um stjórnlagaþing Framsóknarflokksins. Þá er rétt að vekja athygli á því að þetta er þriðja stjórnlagaþingið sem Framsóknarflokkurinn kemur með inn í þingið á sex vikum, þriðja útgáfan á stjórnlagaþinginu, gerólík hinum fyrri, og ég velti fyrir mér ef umræðan í þinginu og málsmeðferðin standa lengur hvort Framsóknarflokkurinn muni koma með fjórðu (Forseti hringir.) eða fimmtu (Forseti hringir.) útgáfuna af þessu stjórnlagaþingi. Mér finnst það (Forseti hringir.) dæmi um að málið (Forseti hringir.) er fullkomlega vanbúið (Forseti hringir.) og vanreifað og á eftir að vinna heilmikla vinnu þar (Forseti hringir.) áður en menn komast að niðurstöðu.

[11:51]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að það eru ákveðin tímamörk þegar hv. þingmenn ræða fundarstjórn forseta. Það er ein mínúta og ég bið menn um að halda sig við þau tímamörk.

[11:52]

Einar Már Sigurðarson (Sf):

Herra forseti. Það er þó nokkuð um liðið síðan ég talaði undir liðnum um fundarstjórn. (Gripið fram í.) Það kom fyrir á árum áður, hv. þingmaður, en vegna orða hv. þm. Ragnheiðar Ríkharðsdóttur vil ég taka undir með hv. þingmanni að það er auðvitað afleitt þegar við ræðum jafnmikilvægt mál eins og við gerðum áðan, um störf þingsins, að ekki skuli vera hægt að ljúka því eins og raunveruleg hefð gerir ráð fyrir. Eins og við vitum hefur mikill bægslagangur verið og forseta er vandi á höndum þegar slíkt er.

Vegna orða nokkurra þingmanna verð ég að segja að ég hélt að komið hefði skýrt fram í mínu máli að menntamálanefnd verður kölluð til fundar þegar niðurstöður liggja fyrir og minnisblað frá menntamálaráðuneytinu tilbúið. Það liggur alveg ljóst fyrir að það mikilvæga mál sem við ræddum þar er í farvegi og það er beðið eftir tillögum og upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að hægt sé að taka ákvarðanir. En ég tek undir það með hv. þingmönnum að það er afar mikilvægt að þær ákvarðanir liggi fyrir sem allra fyrst.

[11:53]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Til að vera á jákvæðu nótunum ætla ég að binda ákveðnar vonir við að hæstv. forseti geti náð árangri með formönnum þingflokkanna um að taka 7. liðinn um álver í Helguvík framar á dagskrá og ræða það jafnvel strax. Ég geri ráð fyrir að mikill áhugi verði fyrir því að ræða það mál. Það er spurningin um atvinnu fyrir fólkið í landinu og ég skora á hæstv. forseta að halda þennan fund nú þegar þannig að við getum strax farið að ræða álverið í Helguvík. Ég er nærri viss um að það næst samkomulag um að sú umræða verði ekki allt of löng vegna þess að það er áhugi allra að bæta atvinnu í landinu. Þó að einstakir þingflokkar eins og Vinstri grænir séu á móti álverum eru aðrir þingflokkar allir með því að þetta verði gert þannig að ég skora á hæstv. forseta að halda þennan fund með formönnum þingflokkanna.

[11:54]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti upplýsir að það hefur verið ákveðið að boðað verði til fundar korter í eitt með formönnum þingflokka um þetta efni eins og áður hefur komið fram á fundinum.

[11:54]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Í þeirri umræðu sem farið hefur fram um fundarstjórn forseta vil ég segja að ég hef verið mjög ánægður með fundarstjórn forseta en það hafa ekki allir verið. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa efnt til umræðu um fundarstjórn forseta sem tók tæplega þrjár og hálfa klukkustund í gær. Á sama tíma hafa þeir talað í stjórnarskipunarmálinu mjög lengi og mikið en þrátt fyrir það tala hv. þingmenn um í ræðum sínum að það þurfi að ræða einhver allt önnur mál. Hvernig í veröldinni má koma að öðrum málum þegar umræðan er á því plani sem hún er?

Svo verð ég að segja líka, virðulegi forseti, vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur skilið eftir þá arfleifð að hér eru 18 þúsund manns atvinnulausir, 13 þúsund manns eru í vanda, (Gripið fram í.) heimilin eru í vanda, fyrirtækin eru í vanda. (Gripið fram í.) Þetta er arfleifðin sem Sjálfstæðisflokkurinn skilur eftir sig. (Gripið fram í.) En hv. þingmenn leyfa sér þann munað (Gripið fram í.) að koma og skamma slökkviliðið (Gripið fram í.) sem er að taka til eftir 18 ára (Forseti hringir.) valdatíma Sjálfstæðisflokksins. Það er með hreinum ólíkindum (Gripið fram í.) hvernig hv. þingmenn tala.

[11:56]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum hvað leikreglur lýðræðisins fara fyrir brjóstið á minnihlutastjórninni og fulltrúum hennar. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins er skipaður 26 þingmönnum og ég er ein af þessum 26. Eins og við gerum öll þegar við setjumst inn á þing undirritum við það drengskaparheit að við förum eftir okkar bestu sannfæringu og það er því enginn sem talar fyrir mig annar en ég sjálf. Þess vegna vekur það hjá mér mjög mikla furðu þegar menn sjá ofsjónum yfir því að við þingmenn Sjálfstæðisflokksins röðum okkur á mælendaskrá um svo mikilvægt mál sem breyting á stjórnarskrá Íslands er. Þar er enginn annar sem getur talað fyrir mig, þar er enginn annar sem getur lýst mínum sjónarmiðum. Ég veit að þegar sagan dæmir þessa stjórnarskrárbreytingu sem hina mestu aðför að stjórnarskránni vil ég að það liggi fyrir í skrifuðum texta Alþingis hver mín afstaða var til þessa máls og hvernig ég beitti mér fyrir því (Forseti hringir.) að koma í veg fyrir það, virðulegi forseti.

[11:57]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég hélt að við hefðum verið búin að koma þeim sjónarmiðum okkar á framfæri um að við vild-

um ræða atvinnumál. Hér kemur hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og sakar okkur um að vilja ekki sinna því að atvinnumálin séu tekin á dagskrá. Hvers lags málflutningur er þetta? Við erum búin að bjóða upp á að við ræðum atvinnumál, ræðum þau mál sem brenna á þjóðinni, efnahagsmál. Það eru atvinnumál, efnahagsmál, málefni heimilanna — ræðum þau mál. Og framkoma hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar er stórkostleg þegar haft er í huga að það var Samfylkingin sem fór með atvinnumálin, fór með bankamálin og hver er staðan núna? Ég held að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson ætti að íhuga það með sjálfum sér og þá getum við rætt fundarstjórn forseta um það hvernig samvisku hans er fyrir komið.

[11:59]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Umræður um fundarstjórn forseta eru tiltekið form sem þingmenn eiga aðgang að til að ræða og gera athugasemdir við um stjórn þingsins. Það er fullkomlega eðlilegt að hér fari fram umræða um stjórn þingsins og mér er í rauninni mjög misboðið hvernig staðið er að því og hvernig dagskrá er byggð upp.

Fólkið í landinu bíður eftir aðgerðum í efnahagsmálum. Á dagskrá eru mjög mikilvæg mál hvað það varðar. Þau voru látin bíða, þeim er ýtt til hliðar til þess að hægt sé að uppfylla kröfur Framsóknarflokksins um breytingar á stjórnarskipunarlögum. Og það þarf enginn að vera undrandi á því þótt við sjálfstæðismenn beitum þeirri aðstöðu sem við höfum eðlilega og lögum samkvæmt í þinginu (Forseti hringir.) til að reyna að koma í veg fyrir slys í lagasetningu á hinu háa Alþingi.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882.

[12:00]

Dögg Pálsdóttir (S):

Herra forseti. Við ræðum mál á þskj. 648 sem heitir frumvarp til stjórnarskipunarlaga, um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Áður en ég ræði þetta mál velti ég því fyrir mér af hverju þetta er kallað frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Þegar ég lærði lögfræði töluðum við um stjórnskipun, um stjórnskipunarrétt og um stjórnskipunarlög. Mér þætti vænt um ef annaðhvort framsögumaður eða formaður sérnefndar um stjórnarskrármál mundi svara því á eftir af hverju við köllum þetta stjórnarskipunarlög, sem mér finnst vera algert orðskrípi.

Það er sem sagt stjórnarskráin sem við erum að ræða og breytingar á henni. Stjórnarskráin er æðst laga, við vitum það öll og í henni felast grundvallarleikreglur samfélagsins. Þess vegna þykir sjálfsagt og eðlilegt að breytingar á stjórnarskránni lúti öðrum og mun strangari reglum en gilda um lagabreytingar almennt. Enda er sú raunin í flestum ef ekki öllum ríkjum sem búa við skrifaða stjórnarskrá.

Þrjár meginleiðir eru tíðkaðar við stjórnarskrárbreytingar í þeim lýðræðisríkjum sem við viljum bera okkur saman við. Krafist er aukins meiri hluta á þingi fyrir stjórnarskrárbreytingum, þjóðaratkvæðagreiðslu eða að þing sé rofið og efnt til kosninga áður en breytingar eru endanlega samþykktar og stundum er þessum leiðum blandað saman. Til viðbótar kemur að stundum er áskilið að viss tími líði á milli umræðna á þingi til að afstýra því að jafnveigamiklar breytingar séu afgreiddar í flýti.

Í lýðveldisstjórnarskránni frá 1944 eru fyrirmæli um breytingar á henni, í 1. mgr. 79. gr. Þar kemur fram að tillögur til breytinga eða viðauka á stjórnarskránni megi bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki, en hún þarf ekki nema einfaldan meiri hluta þingmanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, eftir almennar kosningar, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

Þetta fyrirkomulag hjá okkur hefur það í för með sér að kjósendur gera sér sjaldnast grein fyrir því að um leið og þeir kjósa til Alþingis eru þeir jafnframt að kjósa um undirliggjandi stjórnarskrárbreytingu hafi slík tillaga verið samþykkt á nýliðnu þingi, enda hefur kosningabaráttan í viðkomandi alþingiskosningum sjaldan ef nokkru sinni snúist um hina undirliggjandi stjórnarskrárbreytingu. Ástæðan fyrir því er augljós. Það hefur verið nær órofin hefð að stjórnarskrárbreyting er ekki gerð nema um hana sé breiður pólitískur vilji og full samstaða milli allra þingflokka á Alþingi. Þess vegna hefur stjórnarskrárbreytingin ekkert verið rædd í þingkosningum af því að allir pólitísku flokkarnir sem þar buðu fram eru sammála breytingunni og þetta er mikilvægt að hafa í huga.

Lýðveldisstjórnarskránni frá 1944 hefur verið breytt samtals sjö sinnum og þess vegna er hjákátlegt þegar hér er talað um stjórnarskrána eins og henni hafi aldrei verið breytt. Það þýðir að henni hefur verið breytt um það bil einu sinni á áratug frá gildistöku hennar. Í öll þessi sjö skipti, nema einu sinni, 1959, hefur verið staðið að stjórnarskrárbreytingunni með þeim hætti að alger samstaða hefur náðst milli stjórnmálaflokkanna á þingi. Það er rétt að fara yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á stjórnarskránni.

Fyrsta breytingin sem var gerð 1959, fól í sér róttæka uppstokkun á kosningakerfinu á Íslandi. Þá voru sett á laggirnar átta kjördæmi með hlutfallskosningu sem leystu gömlu kjördæmin af hólmi og þingsætum var fjölgað í 60. Framsóknarflokkurinn var algerlega á móti þessari breytingu enda fól hún í sér að hann missti umtalsverð völd því að þingstyrkur hans var vegna gamla fyrirkomulagsins langt umfram kjörfylgi hans. Þetta er eina skiptið sem stjórnarskrárbreyting var knúin fram gegn þingflokki og það var réttlætt með því að um væri að ræða flokk sem mundi missa völd ef breytingin næði fram að ganga. Það er mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að hafa þetta í huga.

Næsta breyting var gerð árið 1968. Kosningaaldur var þá lækkaður í 20 ár og síðan voru gerðar breytingar varðandi lögheimili á Íslandi og skilyrði um búsetu varðandi kosningarréttinn.

Næsta breyting var ekki gerð fyrr en 1984. Þá var kosningafyrirkomulagi breytt. Þingsætum var fjölgað úr 60 í 63

og úthlutunarreglum milli kjördæma og flokka var breytt. Kosningaaldur var lækkaður í 18 ár. Ekki var lengur gerð krafa um óflekkað mannorð sem skilyrði fyrir kosningarétti. Hins vegar var slík krafa gerð gagnvart kjörgengi.

Næstu breytingar voru gerðar 1991. Þá voru gerðar breytingar sem leiddu af ákvörðun um afnám deildaskiptingar þingsins og aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds í héraði. Síðan voru gerðar ýmsar minni háttar breytingar sem tengdust meðal annars þingrofi, ákvæðum um þingtíma, kvaðningu Alþingis til funda, frestun þeirra og margt í þeim dúr.

Árið 1995 tóku tvenn stjórnarskipunarlög gildi. Annars vegar var áskilið að endurskoðun á fjárhæðum ríkisins skyldi fara fram á vegum Alþingis en hins vegar var gerð sennilega einhver veigamesta breytingin sem gerð hefur verið frá stjórnarskránni frá lýðveldisstofnun, þ.e. að allur mannréttindakafli stjórnarskrárinnar var endurskoðaður.

Mannréttindasáttmáli Evrópu og aðrir alþjóðlegir mannréttindasáttmálar voru einkum hafðir til fyrirmyndar í því efni. Áhersla var lögð á borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi en ýmis félagsleg réttindi voru einnig nánar útfærð, t.d. um rétt manna til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu. Í sumum tilvikum var fyrst og fremst um orðalagsbreytingar að ræða eða efni annarrar löggjafar var tekið inn í stjórnarskrá. En í öðrum tilvikum voru þó ákvæðin rýmkuð verulega og efld, t.d. ákvæðið um tjáningarfrelsið og friðhelgi einkalífsins. Bæði þau ákvæði voru styrkt en einnig var nokkru af nýjum réttindum bætt við. Meðal merkustu breytinganna var tilkoma almennrar jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar en einnig má nefna ýmis nýmæli um ríkisborgararétt, refsingar, réttindi barna og bann við afturvirkni skattalaga. Eins var bætt við ákvæði um sveitarstjórnir, að tekjustofnar þeirra skyldu ákveðnir með lögum.

Árið 1999 var kosningafyrirkomulagið enn á dagskrá. Horft var frá þeirri kjördæmaskipan sem innleidd var 1959 og tiltekið að kjördæmi skyldu vera sex eða sjö og mörk þeirra ákveðin í lögum en ekki stjórnarskránni sjálfri nema í Reykjavík og nágrenni þar sem heimilt er að fela landkjörstjórn að ákveða kjördæmamörk. Með þessari breytingu var kosningakerfið einfaldað mjög verulega og jöfnuður í vægi atkvæða aukinn þótt vægi sé að vísu enn talsvert ójafnt, landsbyggðarkjördæmum í hag.

Sú athyglisverða nýbreytni var tekin upp að krafist er tveggja þriðju meiri hluta til að breyta lögum um kjördæmamörk og tilhögun á úthlutun þingsæta en til að breyta stjórnarskránni sjálfri er eftir sem áður ekki krafist nema einfalds meiri hluta á þingi, tvisvar, með kosningum á milli að vísu. Í öll skiptin nema 1959 hefur verið staðið að stjórnarskrárbreytingum með þeim hætti að alger samstaða hefur náðst milli allra stjórnmálaflokka á þingi. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að forustumenn stjórnmálaflokkanna á Alþingi hafa þessi ár verið þeirrar skoðunar að breið samstaða allra flokka sé mikilvæg þegar kemur að breytingum á stjórnarskránni. Á þessu sama tímabili hafa á hinn bóginn margsinnis verið lagðar fram tillögur á Alþingi um breytingar á stjórnarskránni. Við skoðun þeirra tillagna kemur í ljós að nær árlega hafa einstakir þingmenn lagt fram slíkar tillögur. Sum árin hafa jafnvel margar tillögur um breytingar á stjórnarskránni verið lagðar fram. Þær hafa hins vegar aldrei náð fram að ganga enda ekki náðst um þær sú breiða pólitíska samstaða sem talin hefur verið hingað til alger forsenda breytinga á stjórnarskránni.

Sú staðreynd að stjórnarskránni hefur einvörðungu verið breytt sjö sinnum frá lýðveldisstofnun hlýtur að vera sterk vísbending um að þó svo þjóðinni hafi verið gefin fyrirheit um að henni yrði færð ný stjórnarskrá eftir lýðveldisstofnunina 1944 og þó svo að nánast samfellt frá lýðveldisstofnun hafi verið starfandi stjórnarskrárnefnd með einum eða öðrum hætti þá hefur krafa þjóðarinnar um nýja stjórnarskrá hvorki verið brýn né hávær. Enda var stjórnarskráin 1944 samþykkt í þjóðaratkvæði með 98% atkvæða eins og nánar verður komið að á eftir.

Á það má einnig benda að Sigurður Líndal, fyrrverandi prófessor, dregur þá ályktun í umsögn sinni til Alþingis að stjórnarskráin frá 1944 hafi alls ekki reynst illa þegar á heildina sé litið og er hún þó að stofni til frá 1874 og var okkur færð af danska kónginum. Í þessu sambandi er rétt að halda til haga, ekki síst í ljósi ummæla formanns sérnefndar um stjórnarskrármál um það að Alþingi hafi brugðist þjóðinni með því að færa henni ekki nýja stjórnarskrá, að frá lýðveldisstofnun hefur eins og áður hefur verið rakið nánast samfellt verið starfandi einhver stjórnarskrárnefnd. Sú síðasta var skipuð í ársbyrjun 2005. Það var forsætisráðherra, framsóknarmaðurinn Halldór Ásgrímsson, sem skipaði þá nefnd. Í nefndinni voru fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna, formaður nefndarinnar var skipaður hinn mæti framsóknarmaður Jón Kristjánsson.

Í skipunarbréfi nefndarinnar kom fram að endurskoðunin skyldi einkum bundin við I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar og þau ákvæði í öðrum köflum hennar sem tengjast sérstaklega ákvæðum þeirra þriggja kafla. Í upphafi nefndarstarfsins lýsti formaðurinn því hins vegar yfir að engir hlutar stjórnarskrárinnar væru fyrir fram undanskildir. Sú nefnd sem skipuð var í ársbyrjun 2005 hélt 26 fundi á tímabilinu febrúar 2005 til febrúar 2007 þegar hún skilaði áfangaskýrslu. Með nefndinni starfaði nefnd sérfræðinga. Stjórnarskrárnefndin frá 2005 lagði sig um fram um að hvetja til almennrar umræðu um stjórnarskrána og umbætur á henni.

Hinn 11. júní 2005 hélt nefndin almenna ráðstefnu undir yfirskriftinni „Stjórnarskrá til framtíðar“. Dagskrá ráðstefnunnar var auglýst í blöðum með góðum fyrirvara og félagasamtökum gefinn kostur á að óska eftir framsögu. Um 20 félagasamtök nýttu sér þetta tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þá átti nefndin aðild að ráðstefnum Lögfræðingafélags Íslands og stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála um þjóðaratkvæðagreiðslur sem haldnar voru 12. september og 29. október 2005, málþingi lagadeildar Háskólans í Reykjavík 1. desember 2005 um dómsvaldið og stjórnarskrána, auk ráðstefnu Sagnfræðingafélags Íslands 25. mars 2006 um forsetaembættið. Þá tóku nefndarmenn þátt í miklum fjölda funda og ráðstefna um málefni sem tengdust stjórnarskránni. Þær upplýsingar sem fram komu á þessum fundum og skoðanaskipti voru að mati nefndarinnar í skýrslu hennar mikilvægt veganesti fyrir nefndina.

Þá starfrækti nefndin heimasíðu, stjornarskra.is, þar sem birtar voru dagskrár funda nefndarinnar, fundargerðir, er-

indi sem henni bárust, tilkynningar um fyrirhugaða viðburði og ýmislegt ítarefni eins og fyrri stjórnarskrárfrumvörp og eldri gerðir stjórnarskrárinnar. Er sú heimasíða raunar enn þá opin og geymir mikið magn af mjög áhugaverðu efni um stjórnarskrána fyrir þá sem áhuga hafa á því efni.

Stjórnarskrárnefndin frá 2005 hafði það að leiðarljósi að stjórnarskráin svaraði kröfum nútímans án þess að varpa að nokkru leyti fyrir róða grundvallargildum og hefðum íslenskrar stjórnskipunar. Jafnframt var horft til erlendra strauma í þessum efnum.

Í áðurnefndri áfangaskýrslu sem kynnt var í febrúar 2007 kemur fram að á seinni stigum í vinnu nefndarinnar hafi komið fram tvenns konar sjónarmið um hvernig endurskoðun stjórnarskrárinnar skyldi háttað. Annars vegar að leggja ekki til neinar breytingar nema sem hluta af heildarendurskoðun og hins vegar að freista þess að ná samstöðu um breytingar eða nýmæli sem ekki virtist mikill efniságreiningur um. Niðurstaða nefndarinnar varð hins vegar sú að leggja til einungis eina breytingu, breytingu á 79. gr. stjórnarskrárinnar og um það hvernig breytingum á stjórnarskránni skuli háttað í framtíðinni. Nefndarmenn í stjórnarskrárnefndinni frá 2005 töldu slíka breytingu rökréttan fyrsta áfanga að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Yrði sú breyting samþykkt yrði um leið lagður grunnur að því að endurskoðaða stjórnarskrá mætti bera undir þjóðaratkvæði. Endurskoðuð stjórnarskrá mundi því öðlast ótvíræðari lýðræðislega staðfestingu en raunin yrði ef hún væri afgreidd með núgildandi hætti.

Stjórnarskrárnefndin lagði fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga og það er að finna í áfangaskýrslu hennar. Það geymir einungis eina grein, grein um 79. gr. stjórnarskrárinnar. Það er athyglisvert ekki síst í ljósi þess hvernig lagt er til í því frumvarpi sem við erum að ræða hér hvaða tillögur hin þverpólitíska stjórnarskrárnefnd hafði þá um 79. gr. Ætla ég þess vegna, virðulegi forseti, aðeins að fara nokkrum orðum um það orðalag sem þá var lagt til. Þar var lagt til að frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskránni mætti bera upp á Alþingi. Slíkt frumvarp mætti ekki samþykkja fyrr en það hefði verið rætt við fjórar umræður og skyldu þrjár vikur hið minnsta líða milli umræðna.

Í öðru lagi var gert ráð fyrir því að frumvarp til stjórnarskipunarlaga þyrfti samþykki a.m.k. tveggja þriðju hluta þingmanna og ef það fengi slíkt samþykki skyldi það lagt undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Það þjóðaratkvæði átti að vera leynileg atkvæðagreiðsla, fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og síðasta lagi fjórum mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins. Væri meiri hluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu en þó a.m.k. 25% allra kosningarbærra mann þá skyldi það staðfest af forseta og öðlast gildi sem stjórnarskipunarlög. Yrði frumvarpið hins vegar samþykkt án þess að minnst tveir þriðju alþingismanna greiddu því atkvæði þá skyldi fresta frekari meðferð þangað til nýjar alþingiskosningar hefðu verið haldnar á venjulegum tíma. Að þeim loknum skyldi bera tillöguna þar upp aftur og ef það yrði þá samþykkt óbreytt í þremur umræðum skyldi það lagt undir atkvæði kosningarbærra manna í landinu. Sömu ákvæði voru um þessa þjóðaratkvæðagreiðslu, þó þannig að meiri hluti atkvæða skyldi gilda en minnst 20% kosningarbærra manna þurftu að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.

Það er sérstaklega athyglisvert að bera þetta saman, þetta ákvæði sem allir stjórnmálaflokkar sem tóku þátt í þessu starfi voru sammála um á þessum tíma í ljósi þeirrar tillögu sem nú er um 2. gr. í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um það hvernig 79. gr. skuli vera. Í fyrsta lagi eru engin skilyrði í þeirri tillögu sem við ræðum hér um aukinn meiri hluta á þinginu, það eru engin skilyrði um tíma sem skuli líða milli umræðna. Síðan eru að vísu skilyrði um þjóðaratkvæðagreiðsluna sem eru nokkuð sambærileg.

Í greinargerð með frumvarpinu sem stjórnarskrárnefndin frá 2005 samdi kemur fram að hún leggi til að eftirleiðis verði engar breytingar gerðar á stjórnarskránni nema þjóðin samþykki þær í þjóðaratkvæðagreiðslu. Taldi nefndin full rök standa til þess að gera fyrst um sinn þessa breytingu og skapa þannig forsendu til þess að ný endurskoðuð stjórnarskrá yrði staðfest með beinum lýðræðislegum hætti. Benti nefndin sérstaklega á í skýrslu sinni að þessi tillaga um fyrirkomulag 79. gr. væri í samræmi við fjölmargar tillögur sem henni höfðu borist.

Í greinargerðinni er enn fremur bent á það að fyrir þjóðaratkvæði sé ekki mikil hefð á Íslandi og að á 20. öldinni og raunar frá upphafi hafi eingöngu verið haldnar sex slíkar hér á landi, 1908 vegna innflutningsbanns á áfengi en það var samþykkt með 60% atkvæða, 1916 þegar því var hafnað að taka upp þegnskylduvinnu með 93% gildra atkvæða, sambandslögin frá 1918 voru samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu það ár með yfir 90% atkvæða, innflutningsbann á áfengi var afnumið í þjóðaratkvæðagreiðslu 1933 með tæplega 60% gildra atkvæða og sambandslögin frá 1918 voru afnumin 1944 með 99,5% atkvæða og gildandi stjórnarskrá, lýðveldisstjórnarskráin, var samþykkt á sama tíma með 98,5% gildra atkvæða. Við megum ekki gleyma því að stjórnarskráin okkar var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún var samþykkt með 98,5% atkvæða.

Það er skemmst frá því að segja, virðulegi forseti, að framsóknarmenn voru ekki alveg glaðir með niðurstöðu af vinnu stjórnarskrárnefndarinnar frá 2005 þótt forusta nefndarinnar væri í þeirra höndum. Framsóknarflokkurinn tók sig því til og knúði fram að formaður flokksins ásamt formanni Sjálfstæðisflokksins lögðu fram á þskj. 1064 á 133. löggjafarþingi frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem hafði að geyma eina grein sem verða skyldi 79. gr., svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign, þó þannig að gætt sé réttinda einstaklinga og lögaðila skv. 72. gr. Ber að nýta þær til hagsbóta þjóðinni, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Ekki skal þetta vera því til fyrirstöðu að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum samkvæmt lögum.“

Í greinargerð frumvarps til stjórnarskipunarlaga, þ.e. til breytingar á stjórnarskránni árið 2007, er vísað til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá 23. maí 2003 um að ákvæði um auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar skyldi bundið í stjórnarskrá lýðveldisins. Vísað er til skipunar stjórnarskrárnefndarinnar sem ég hef hér verið að rekja og að samkvæmt

áfangaskýrslu hennar frá 2007 liggi ekki fyrir endanlegar tillögur um efni og framsetningu stjórnarskrárákvæðis um auðlindamál. Í skýrslunni komi þó fram að ekki hafi náðst sátt um þá tillögu að stjórnarskrárákvæði sem sett hafði verið fram í skýrslu auðlindanefndar árið 2000, þá hafi einnig komið fram mismunandi sjónarmið um það hvort tillaga auðlindanefndar fæli í sér breytingu eða staðfestingu á núverandi réttarástandi. Á vettvangi stjórnarskrárnefndar kæmi því ekki fram að svo stöddu tillaga sem fullnægði stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2003. Því hefðu formenn ríkisstjórnarflokkanna, ég undirstrika, formenn ríkisstjórnarflokkanna látið semja sérstakt frumvarp til stjórnarskipunarlaga um þetta atriði.

Eðlilega varð um þetta mál mikil umræða á þingi og ég ætla að leyfa mér ekki síst, virðulegi forseti, í ljósi þess hvernig hér hefur verið haldið á málum, að minna á ýmis ummæli sem þá féllu.

Í 1. umr. um frumvarpið sem var haldin 12. mars 2007 sagði fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar sem þá var í stjórnarsandstöðu m.a., með leyfi forseta:

„Í öðru lagi hljótum við að gagnrýna mjög harkalega hér í umræðum í dag hvernig þessi tillaga formanna stjórnarflokkanna er fram komin, hvernig hana bar að, þ.e. það var engin viðleitni af þeirra hálfu til að ná samstöðu þvert á stjórnmálaflokkana á þingi og að auki kemur tillagan inn í þingið á lokadögum þess þegar mjög lítið ráðrúm er til þess að fjalla um hana.“

Formaður Vinstri grænna, núverandi fjármálaráðherra, sem þá var einnig í stjórnarandstöðu sagði m.a. við sama tækifæri, með leyfi forseta:

„Það er óhjákvæmilegt að ræða fyrst lítillega aðstæður eða bakgrunn þessa máls, ekki síst vegna framsöguræðu hæstv. forsætisráðherra. Ég verð að segja hvað varðar þann inngang að ræðu hans held ég að hann sé einhver sá vandræðalegasti sem seinni tíma þingsagan geymi, þegar hæstv. forsætisráðherra var að reyna að útskýra hvers vegna það væri réttlætanlegt og hvernig það hefði gerst að hæstv. ráðherra ásamt með formanni hins stjórnarflokksins, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefði soðið saman þetta frumvarp og hent því hér inn í þingið eins á sig komnu og raun ber vitni.

Það var ágætt að fá þann inngang sem rakti það að þetta er einsdæmi í sögu lýðveldisins. Það er einsdæmi í sögu lýðveldisins að menn hyggist standa að stjórnarskrárbreytingum með þessum hætti, að formenn tveggja tiltekinna flokka taki sig saman og komi með svona snöggsoðið mál inn á þing á lokadögum og ætli því afgreiðslu.“

Þetta var tilvitnun í fjármálaráðherra til að halda því til haga.

Í sömu umræðu sagði hv. þm. Jón Bjarnason, formaður þingflokks Vinstri grænna, sem þá var líka í stjórnarandstöðu, með leyfi forseta:

„Þetta frumvarp hér til stjórnarskipunarlaga sem hefur verið rætt í dag og hæstv. forsætisráðherra hefur mælt fyrir er, eins og fram hefur komið í ræðum, sérstakt fyrir það að einungis tveir flokkar leggja það fram, stjórnarflokkarnir. Það er flutt af forustumönnum ríkisstjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Hér hefur komið fram“ — og ég undirstrika sérstaklega næstu orð — „að með þessum vinnubrögðum er á vissan hátt brotin hefð eða a.m.k. góðar vinnureglur og siðvenjur sem hafa ríkt um stjórnarskrárbreytingar almennt, þ.e. að þær séu unnar og undirbúnar í samkomulagi þingflokka á Alþingi hverju sinni og að þar sé ekki flanað að breytingum eða lagðar fram óunnar eða lítt unnar tillögur eins og hér er verið að gera. Það hefur verið hyllst til að ná víðtæku samkomulagi um grundvallarbreytingar, um breytingar á stjórnarskránni, og þá frekar verið gætt íhaldssemi í þeim efnum til að fara þar ekki fram með ósætti.“

Ég ætla að halda áfram að vitna í hv. þingflokksformann Vinstri grænna því hann segir næst:

„Sú sátt er rofin með þessu frumvarpi af hálfu ríkisstjórnarflokkanna og verða það að teljast afar óábyrg vinnubrögð, ekki síst af því að hér hefur starfað stjórnarskrárnefnd sem allir þingflokkar hafa átt aðild að og skilaði einmitt áliti nú á dögunum. Það verður því að teljast furðulegt að ríkisstjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, skuli undir lok kjörtímabilsins fara fram hjá stjórnarskrárnefnd með einhliða tillögur eins og hér er um að ræða. Það hefur ekki gefist vel að mínu mati, herra forseti, þegar stjórnarskránni hefur verið breytt í ósætti eða ekki verið fullt samkomulag um breytingarnar.“

Virðulegi forseti. Ég læt þessar tilvitnanir í umræðuna frá 2007 duga. Þær sýna allar hvaða hug núverandi stjórnarþingmenn báru til vinnubragðanna sem þá voru ástunduð. Nú stunda þeir sömu vinnubrögð og hreykja sér af. Fróðlegt væri að heyra frá þingmönnum Vinstri grænna og Samfylkingunni hvað breyst hefur frá árinu 2007. Ríkisstjórnin þá hafði vit á því að hlusta á minni hlutann, stjórnarandstöðuna. Hún ákvað að sýna stjórnarskránni og um leið minni hlutanum þá tillitssemi að knýja þessar breytingar ekki fram. Nú ætlar hins vegar minnihlutastjórn Jóhönnu Sigurðardóttur með stuðningi Framsóknarflokksins að knýja fram það mál sem við ræðum núna með illu. Hlutur Framsóknarflokksins þá og nú er í raun umhugsunarefni út frá vinnubrögðum þeirra gagnvart stjórnarskránni. Fyrir liggur að Framsóknarflokkurinn stillti Sjálfstæðisflokknum upp við vegg 2007 (Gripið fram í.) vegna tillögu um stjórnlagabreytingarnar sem þá voru lagðar fram og sem betur fer dagaði uppi. Nú er það sami Framsóknarflokkur sem gerir breytingu á stjórnarskránni að pólitískri skiptimynt gegn því að tryggja minnihlutastjórn Jóhönnu Sigurðardóttur stuðning gegn vantrausti. Í umræðunni um málið hefur skýrt komið fram að eina ástæða þess að ekki tókst að ná samkomulagi við Sjálfstæðisflokkinn um þetta mál er sú að Framsóknarflokkurinn vill ekki semja um stjórnlagaþingið. Raunar hefur skýrt komið fram, ekki síst af hálfu formanns sérnefndar um stjórnarskrármál, að samningar við Sjálfstæðisflokkinn koma ekki til greina. Orð hafa verið látin falla í þá veru að það væri Sjálfstæðisflokknum hollt að finna og skilja að hann er í minni hluta og geti ekki lengur stjórnað. Sú tíð væri liðin að Sjálfstæðisflokkurinn réði öllu.

Í þessum ummælum kemur fram ótrúlega heiftúðug afstaða gagnvart stærsta þingflokknum á Alþingi. Hér hafa verið látin falla orð um að Sjálfstæðisflokkurinn hafi setið í stjórn sl. 18 ár og þess vegna hafi hann svo gott af því að vera utan stjórnar. Það er talað hér af hálfu annarra stjórn-

málaflokka eins og Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið í meirihlutastjórnum síðustu 18 ár. Það vill svo til, ef menn skyldu ekki muna það, virðulegi forseti, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í stjórn sl. 18 ár í boði Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar. Hann hefur aldrei verið einn í stjórn. Hvað sem þessir stjórnmálaflokkar segja verða þeir að axla þá ábyrgð að þeir vildu frekar leiða Sjálfstæðisflokkinn til valda samfellt í 18 ár en að mynda sjálfir stjórn án Sjálfstæðisflokksins. Það eru staðreyndir, virðulegi forseti, sem stjórnmálaflokkarnir á þingi geta ekki hlaupist undan og þeir geta ekki sagt að Sjálfstæðisflokkurinn einn beri ábyrgð á því ástandi sem er. Sjálfstæðisflokkurinn axlar þá ábyrgð sem honum ber en aðrir stjórnmálaflokkar skulu gera svo vel og gera það líka. Svo bíta þessir flokkar höfuðið af skömminni með því að segja við sjálfstæðismenn: Þið eruð í málþófi, þegar við leyfum okkur að ræða þessi makalausu vinnubrögð um stjórnarskrána sem þeir sjálfir lýstu svo vel árið 2007 og með þeim vinnubrögðum tókst þeim að fá stjórnina til að hlusta og hætta við. Sjálfstæðismenn þurfa hins vegar að búa við það að á þá er ekki hlustað. Framsögumenn frumvarpsins hafa ekki einu sinni sýnt flokknum þá virðingu að vera í þingsalnum til að hlusta. Ég get ekki látið hjá líða að nefna að það eru mér sérstök vonbrigði að ríkisstjórn sem fyrsti kvenforsætisráðherra veitir forustu skuli ætla að komast í sögubækurnar fyrir það að knýja fram stjórnarskrárbreytingar í trássi við vilja stærsta þingflokksins á Alþingi. Með því gerist það öðru sinni frá lýðveldisstofnun að stjórnarskrárbreytingar eru knúnar fram með þessum hætti. Kringumstæður eru hins vegar allt aðrar.

Fyrir fram hefði maður ekki trúað því að fyrsti kvenforsætisráðherrann vildi komast í sögubækurnar fyrir þessar sakir. Það voru nefnilega stórkostleg tímamót 1. febrúar sl. þegar hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, varð fyrst kvenna á Íslandi til að verða forsætisráðherra og það var sérstaklega ánægjulegt að það gerðist 1. febrúar af því að þá voru 105 ár liðin frá því að fyrsti íslenski ráðherrann tók við. Ég held að allir, ekki síst konur, hafi bundið miklar væntingar við að kona settist í fyrsta sinn í forsætisráðherrastól og skiptir þá ekki máli hvort um væri að ræða pólitíska samherja eða ekki. Ég verð hins vegar að viðurkenna að árið 1978 þegar hæstv. forsætisráðherra fór fyrst í stjórnmál var ég ekki búin að ná meiri pólitískum þroska en þeim að ég kaus hana í prófkjöri Alþýðuflokksins af því að mér leist svo sérstaklega vel á þessa konu, enda hefur hún staðið undir væntingum mjög margra sem kusu hana til stjórnmálaþátttöku. Hún er einn vinsælasti stjórnmálamaður landsins ef ekki sá vinsælasti. Þess vegna held ég líka að flestir hafi trúað því og treyst að þegar kona kæmi í forsætisráðherraembættið mundu ný vinnubrögð sjást. Hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir hefur notið þess trausts sem hún nýtur m.a. af því að hún hefur verið talin talsmaður lítilmagnans, talsmaður nýrra vinnubragða, alls ekki viðriðin pólitísk hrossakaup. Það eru þess vegna sérstök vonbrigði að ríkisstjórn undir hennar forustu skuli ætla að knýja fram með illu og í algerri andstöðu við Sjálfstæðisflokkinn þær makalausu breytingar á stjórnarskránni sem við ræðum hér. Ég segi það hreinskilnislega að það eru mér mikil vonbrigði að þegar til pólitískra hrossakaupa kemur skipti engu máli hvort það er kona eða karl í stóli forsætisráðherra. Ég held að við konur höfum reiknað með öðru. Við höfum haldið því fram að ástæðan fyrir því að það væri svo mikilvægt að við værum í stjórnmálum væri sú að við ástunduðum önnur vinnubrögð en karlarnir. Og síst af öllum hefði ég trúað hæstv. forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur til að ástunda vinnubrögð karlanna að þessu leyti. Hún er síðasti kvenstjórnmálamaðurinn sem ég hefði trúað til þess. Það eru mér þess vegna ómæld og enn þá meiri vonbrigði að þurfa að horfa upp á þetta.

Virðulegi forseti. Eins og félagar mínir í Sjálfstæðisflokknum hafa vikið að í umræðunni var mælt fyrir því frumvarpi sem við ræðum enn 6. mars, 1. umr. lauk 11. mars. Umsagnaraðilum var gefin ein vika til að gefa umsagnir sínar. Nú kalla alþingismenn minnihlutastjórnarinnar og þingmenn Framsóknarflokksins það málþóf að þingmenn Sjálfstæðisflokksins virðast vera þeir einu sem vilja umgangast stjórnarskrána af virðingu og að henni skuli ekki breytt nema í víðtækri pólitískri sátt. Þetta eru sömu flokkarnir og lýstu svo ágætlega vinnubrögðum af þessu tagi árið 2007 og ég leyfi mér að gera öll orð hv. formanns þingflokks Vinstri grænna að mínum þegar kemur að þessum vinnubrögðum, þ.e. ummælin frá 2007 sem ég rakti hér og las upp áðan.

Réttlætt hefur verið að knýja þessa umræðu fram með því að segja að þjóðin bíði í ofvæni eftir þessari stjórnarskrárbreytingu, þjóðin bíði í ofvæni eftir stjórnlagaþingi. Virðulegi forseti. Ef horft er á þær rúmlega 30 umsagnir sem borist hafa er a.m.k. ljóst að fulltrúar þjóðarinnar sem þar gáfu sér tíma og töldu sig hafa tíma til að gefa umsögn bíða ekki óþreyjufullir eftir þessari stjórnarskrárbreytingu. Þvert á móti, virðulegi forseti, mæla þeir flestir gegn þessum vinnubrögðum.

Ég ætlaði næst, virðulegi forseti, að fara almennt yfir umsagnir umsagnaraðila. Ég sé að tími minn er á þrotum í þessari umferð þannig að ég verð að láta það bíða en ég mun fara yfir það næst þegar ég kem upp ásamt efnislegum athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

[12:41]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst slæmt ef ég veld hv. þingmanni vonbrigðum. Hún vitnar til þess að ég yrði þá fyrsti forsætisráðherrann, og þá kvenforsætisráðherrann, sem mundi knýja fram stjórnarskrárbreytingar í andstöðu við Sjálfstæðisflokkinn. (Gripið fram í.) En hún hefði líka getað tekið aðrar hliðar á þessu máli. Það hefur kannski þurft konu í stól forsætisráðherra til þess að ná fram þessum breytingum á stjórnarskránni sem hefur verið kallað eftir í langan tíma, í mörg ár. Það hefur verið fjallað um í mörgum karlanefndum án þess að ná samstöðu í málinu eins og varðandi auðlindir í þjóðareign sem er mál sem mikill meiri hluti þjóðarinnar bíður eftir að nái fram að ganga. Ég kalla það líka mjög gott þegar kona er í stól forsætisráðherra að ná fram þeirri breytingu og lýðræðisumbótum sem fólk hefur lengi kallað eftir, þ.e. að ná fram rétti til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta eru allt mjög miklar lýðræðisumbætur og fari mál svo að þessi mál nái fram að ganga undir mínu for-

sæti yrði ég afar ánægð með það.

Hv. þingmaður verður líka að muna að staðan er sú að stjórnmálaflokkarnir hafa ekki verið færir um að afgreiða með eðlilegum hætti ýmsar breytingar á stjórnarskránni sem nauðsynlegar eru eins og réttlátar breytingar á kjördæmaskipan í landinu. Hv. þingmaður þekkir það ábyggilega að allar þær breytingar hafa verið með þeim hætti að þingmenn máta sig inn í það hvort þeir eru inni eða úti eftir því hvaða tillögur eru uppi á borðinu. Slíkt mál þarf örugglega að fara inn í stjórnlagaþing, svo að dæmi sé tekið. Jafnframt þyrfti að fara betur yfir aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Ég held að þrátt fyrir margar tilraunir hafi ekki tekist vel hjá þingmönnum að leysa það mál þannig að stjórnlagaþing er ákaflega mikilvægt.

[12:43]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er alveg sérstaklega dapurlegt að heyra hæstv. forsætisráðherra hreykja sér af því að ætla að koma þessu frumvarpi til breytingar á stjórnskipunarlögum í gegnum þingið í trássi við stærsta þingflokk þingsins og telja, ef ég hef skilið orð hennar rétt, að þetta séu hin nýju vinnubrögð sem þurfi eftir að kona er orðin forsætisráðherra.

Ég kalla aftur eftir því og vonast til að í umræðunni á eftir muni þeir, þar á meðal hv. þm. Jón Bjarnason, útskýra fyrir mér — ég sé að hæstv. fjármálaráðherra er á staðnum — hvað hefur breyst frá því að þeir sjálfir fordæmdu vinnubrögð mjög afgerandi árið 2007. Ummæli þeirra bera þá vitni vinnubrögðum af því tagi sem stjórnin sem þeir eru í núna og styðja, viðhefur.

Það er nefnilega staðreynd, eins og ég rakti í ræðu minni, að það er samstarf og samstaða um stjórnarskrárbreytingar sem verið hefur leiðarljós allra pólitískra flokka frá lýðveldisstofnun. Aðeins einu sinni hefur það verið gert í trássi við stjórnmálaflokk og það var flokkur sem var að missa völd. Ég veit ekki betur en það hafi komið sérstaklega fram í ræðum okkar sjálfstæðismanna að við erum algerlega tilbúin að semja um breytingar á 79. gr. þannig að það komi til þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar eins og nefndin frá 2007 gerði að megintillögu sinni. Ég veit ekki betur en að búið sé að margbjóða það samkomulag. En það er bara enginn samkomulagsvilji um það af því að menn vilja knýja fram meiri breytingar. En ég árétta, virðulegi forseti, að ég held að það séu fleiri en ég sem verði fyrir vonbrigðum með að heyra svar hæstv. forsætisráðherra.

[12:45]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ofmælt hjá hv. þingmanni að segja að það sé enginn samstarfsvilji af hálfu þeirra fjögurra flokka sem standa að þessari stjórnarskrárbreytingu vegna þess að á laugardaginn voru lagðar fram verulegar breytingar á frumvarpinu eins og það var lagt fram í upphafi einmitt til að mæta sjónarmiðum sjálfstæðismanna. En allt kom fyrir ekki. Þeir halda sig við að það eigi bara að afgreiða eitt af þeim atriðum sem þeir geta fallist á. Þeir verða náttúrlega að fara að gera sér grein fyrir því, sjálfstæðismenn, að þeir eru komnir í minni hluta í þinginu, þeir eru komnir í stjórnarandstöðu eftir 18 ára valdasetu og ég tel að það hafi raunar verið löngu tímabært.

Þeir verða að gera sér grein fyrir því að það eru fjórir af fimm flokkum sammála um ákveðnar breytingar á stjórnarskránni, breytingar sem sumar hverjar hafa verið ræddar langtímum saman í stjórnarskrárnefnd, t.d. auðlindaákvæðið allt frá árinu 2000. Það er ekki lýðræði ef það á að vera með þeim hætti sem sjálfstæðismenn virðast telja að sé lýðræði, að aðeins sé afgreitt eitt ákvæði af fjórum af því að það eru ákvæði sem sjálfstæðismenn vilja afgreiða, en ekki ákvæði eins og auðlindir í þjóðareign, þjóðaratkvæðagreiðsla og stjórnlagaþing, sem fjórir flokkar af fimm eru sammála um að eigi að breyta. Við höfum komið til móts við þau sjónarmið sem fram hafa komið í mörgum atriðum í þeim breytingartillögum sem gerðar hafa verið.

Af því að alltaf er verið að tala um að það sé einsdæmi í sögunni að lagðar séu fram breytingar á stjórnarskránni sem ekki hafi verið sátt um á þingi, þá nefndi hv. þingmaður réttilega að fyrrv. formaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrv. formaður Framsóknarflokksins lögðu fram frumvarp tveir saman á Alþingi (Forseti hringir.) um breytingar á stjórnarskránni og þá væntanlega án samráðs (Forseti hringir.) við aðra.

[12:47]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég verð sífellt daprari eftir því sem ég heyri meira af því sem hæstv. forsætisráðherra segir um þetta mál. Ég hef að vísu ekki verið í sérnefnd um stjórnarskrána en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sem þar hafa verið, segja að þær breytingar sem gerðar hafa verið hafi ekki verið til að koma til móts við Sjálfstæðisflokkinn. Þær voru til að sníða af augljósa og skelfilega annmarka sem voru á þeirri hrákasmíð sem þessi vinna er. En það var athyglisvert, herra forseti, að heyra orð hæstv. forsætisráðherra, sem endurspegla orð formanns sérnefndar um stjórnarskrármálin, að sjálfstæðismenn verði að fara að gera sér grein fyrir því að þeir eru komnir í minni hluta. Um hvað snýst þetta mál? Snýst þessi breyting um að pína þessar breytingar í gegn með illu eða góðu til að sýna Sjálfstæðisflokknum, stærsta þingflokknum á þinginu, hvar valdið er núna eða snýst þetta mál um að koma þessum breytingum fram í samstöðu? Hæstv. forsætisráðherra benti réttilega á að ég rakti vinnubrögðin frá 2007 og ég vona að hún hafi heyrt að ég taldi þau ekki til fyrirmyndar. En þá bar sú stjórn gæfu til að hlusta, hæstv. forsætisráðherra, og hún hætti við tillögurnar af því að mótmælin frá minni hlutanum voru svo hávær. En það er kannski munurinn á stjórninni þá og nú að stjórnin þá hlustaði en stjórnin nú hlustar ekki og það kemur fram að með illu eða góðu skal þessari stjórnarskrárbreytingu troðið ofan í þjóðina. (**Gripið fram í:** Þetta er karlmannleg reiði …)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:50]

Umræður utan dagskrár.

Áhrif gjaldeyrishafta á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

[13:31]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Höft á gjaldeyrisviðskiptum eru aldrei æskileg. Við gripum til þeirra fyrr á þessum vetri af sérstökum ástæðum sem allir þekkja og enn var ákveðið að herða á þeim við aðstæður sem við ræddum fyrr í vikunni. Höft á gjaldeyrisviðskiptum hafa margvísleg skaðleg áhrif á íslenskt efnahagslíf, þau stuðla að röngu verði á krónunni, skekkja verð á vöru og þjónustu og auka líkur á röngum fjárfestingarákvörðunum. Þau valda því líka að íslenskur fjármálamarkaður getur einangrast frá umheiminum þar sem erlendir aðilar munu forðast að koma með nýtt fé inn á íslenska markaði. Þá útiloka þau ýmis gagnleg fjármagnsviðskipti eins og t.d. varnir vegna gengisáhættu. Því er mjög mikilvægt að finna leiðir til að afnema höft á fjármagnshreyfingum. Þetta hefur komið mjög vel fram á síðustu vikum, sannleikurinn er nefnilega sá að menn sjá mjög fljótt við svona höftum, það sáum við þegar menn komu auga á smuguna sem alltaf skapast í svona höftum. Þá gerist það með ógnarhraða að menn nýta sér hjáleiðirnar fram hjá höftunum og ég ætla að taka tvö dæmi.

Fyrra dæmið er frá sérhæfðum iðnaði sem tengist sjávarútvegi. Aðili, sem hefur lagt mikinn metnað í að byggja upp starfsemi hér á landi þótt margt hafi mælt með því á hágengistímanum að hann færði starfsemi sína úr landi, hefur búið við það undanfarna mánuði að hráefni hér á landi var yfirboðið í krafti þessara gengishafta, gjaldeyrishafta, og þess að í raun hefur verið tvenns konar gengi á íslensku krónunni. Þannig hefur hráefnið verið yfirboðið, það hefur verið fært úr landi þar sem það verður síðan unnið og þannig er grafið undan íslenskri atvinnustarfsemi og samkeppnisstaðan öll úr lagi færð.

Annað dæmi úr íslenskum sjávarútvegi, en gæti þess vegna verið úr öðrum framleiðsluiðnaði, er að erlendur aðili kemst í samband við íslenskan eða erlendan aðila hér á landi sem á innstæður í banka, við skulum segja 100 millj. kr. Hann getur, t.d. í gegnum millilið, komið á viðskiptum sem ganga út á það að erlendi aðilinn kaupi 100 milljónirnar af íslenska eða erlenda aðilanum á lægra gengi sem svarar því að hann kaupi þennan pakka á 70–80 millj. kr., miðað við skráð gengi Seðlabankans. Greiðslan fer fram í erlenda gjaldmiðlinum í útlöndum þannig að hann kemur aldrei heim en krónurnar, 100 milljónirnar, eru millifærðar inn á bankareikning sem upphaflega hafði verið stofnað til. Síðan fer þessi erlendi aðili með 100 milljónirnar sínar og kaupir vörurnar á niðursettu verði og getur síðan, í krafti þessa, undirboðið íslenska framleiðslu og íslensk fyrirtæki á erlendum mörkuðum. Sá er kjarni málsins, þetta er það sem við glímum við.

Höftin sem við settum upphaflega til að styrkja krónuna hafa þannig grafið undan atvinnusköpuninni. Þá vaknar auðvitað spurningin: Hvað er hægt að gera? Í athyglisverðri grein sem Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur birti 24. febrúar í *Morgunblaðinu* segir hann að í raun séu til tvær leiðir, annars vegar að koma hinum erlendu eignum úr landi, fram hjá gjaldeyrismarkaðnum með eignaskiptum, og hins vegar að binda þær hér á landi til lengri tíma og heimila losun úr landi í áföngum sem samræmast greiðslugetu þjóðarbúsins. Líklegast sé skynsamlegast að gera hvort tveggja. Í grein Yngva segir jafnframt:

„Innlendir aðilar, einstaklingar, fyrirtæki, sjóðir og bankar hafa á undanförnum árum eignast margvíslegar eignir erlendis. Hugsanlegt er að þeir erlendu aðilar sem nú eru bundnir með fjármagn sitt hér á landi hafi áhuga á að skipta á þessum eignum og innlendum eignum sínum. Þessi áhugi getur verið gagnkvæmur þar sem rekstraraðstæður innlendra aðila erlendis hafa snúist á verri veg við fall íslenskra banka. Vitað er að ýmsir kostir af þessu tagi hafa verið til skoðunar að undanförnu og áhugi verið til staðar af beggja hálfu. Skipti á eignum með þessum hætti hafa ekki áhrif á gengi krónunnar."

Ég vil segja, virðulegi forseti, að það er ákaflega mikilvægt að við vinnum mjög hratt í þessum efnum. Það haftafyrirkomulag sem við búum við er hugsað til skamms tíma og við megum ekki festa okkur í þessum höftum. Afleiðingarnar eru þegar farnar að koma fram, eins og við höfum séð, og eru farnar að skaða íslenskt atvinnulíf. Það er bara tímabundið hvenær menn finna leiðir jafnvel fram hjá þeim miklu höftum sem við höfum sett á núna. Ég er alveg sannfærður um það að á meðan við sitjum hér og stöndum og ræðum þessi mál eru fjölmargir aðilar einmitt að velta fyrir sér hvernig þeir geta fundið leið fram hjá þessu og grætt á því fyrirkomulagi sem er við lýði í dag.

Það er regla sem við þekkjum úr haftabúskapnum að hann elur af sér og skapar svartamarkaðsbrask og það er auðvitað að gerast. Menn fara fram hjá þessu með óeðlilegum hætti, ekki endilega ólöglega en óeðlilega. Ágóðavonin drífur menn eðlilega áfram og í skjóli svona ástands munu hér þrífast óeðlilegir viðskiptahættir.

Þess vegna ákvað ég að taka þetta mál hér upp, þetta er eitt af þeim brýnu málum sem við stöndum frammi fyrir og á meðan við finnum ekki lausn á þessu er tómt mál að tala um að við getum styrkt gengi krónunnar til lengri tíma, sem er þó eitt mikilvægasta verkefnið sem við stöndum núna frammi fyrir.

[13:36]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég get ekki komið með mikil andsvör því að ég fæ ekki betur séð en að sjónarmið mín og hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar fari að verulegu leyti saman í þessu máli. Ég get heils hugar tekið undir með honum um skaðsemi hafta og við þurfum ekki að leita langt til að finna dæmi um slíkt. Það eru fjölmörg dæmi um höft úr Íslandssögunni en þau voru nánast algengasta efnahagsráðstöfun Íslands áratugum saman og undantekningarlítið eða -laust skiluðu þau ekki tilætluðum árangri og höfðu í för með sér ýmsa fylgikvilla sem voru jafnvel verri viðureignar en sóttin sem höftunum var ætlað að lækna.

Við búum engu að síður við höft núna og þau voru sett á í haust sem neyðarráðstöfun til skamms tíma. Það verður auðvitað að skoða þau í því ljósi. Í haust voru þau sjónarmið uppi og voru notuð til að rökstyðja það að setja höftin á að mjög brýnt væri að ná stöðugleika í gengi íslensku krónunnar, sérstaklega vegna erlendra skulda landsmanna. Það

liggur í hlutarins eðli að miklar gengissveiflur og mikið gengisfall gerir þeim sem skulda í erlendri mynt erfitt fyrir eins og öll dæmi undanfarinna mánaða sýna.

Ég held að þessi rök hafi kannski verið að einhverju leyti réttmæt þótt ég hafi þá og sé reyndar enn mjög efins um að það hafi verið rétt á sínum tíma að grípa til hafta. Hvað sem því líður búum við núna við höftin og verðum að finna leið til að sigla út úr þeim. Leiðirnar út úr höftunum hljóta að fela í sér með einum eða öðrum hætti að ná ró á fjármálamarkaði á Íslandi og ná þá sérstaklega ró á markaðnum fyrir blessaða krónuna. Til þess hafa verið nefndar ýmsar leiðir, m.a. rakti hv. þingmaður ágætlega þær leiðir sem Yngvi Örn fjallaði um í blaðagrein sinni og ég held að óhætt sé að taka undir með honum um að þetta eru þær leiðir sem verið er að skoða. Þær fela allar í sér með einum eða öðrum hætti að skipta á þolinmóðu og óþolinmóðu fjármagni þannig að þeim allra óþolinmóðustu, sem ætluðu sér aldrei að eiga hér háar fjárhæðir til langs tíma og voru jafnvel bara með fé sitt hér til nokkurra daga þegar það festist bak við gjaldeyrishöft, er hleypt úr landi og það mundi m.a. hafa í för með sér að minni þrýstingur yrði til að koma á svörtum eða tvöföldum markaði vegna þess að væntanlega eru það þeir allra óþolinmóðustu sem helst leita inn á þann markað til að komast fram hjá höftunum.

Þau eignaskipti gætu auðvitað verið með ýmsum hætti. Rætt hefur verið um aðkomu lífeyrissjóða og sjálfsagt er að skoða það ef lífeyrissjóðirnir sjá sér hag í því. Einnig gætu aðrir aðilar sem eiga erlendar eignir og eru reiðubúnir að skipta á þeim fyrir innlendar komið að málinu. Sú leið að ríkið eða Seðlabankinn bjóði út skuldabréf til einhvers tíma, kannski nokkurra ára, sem eru þess eðlis að þegar bréfin koma á gjalddaga má skipta þeim yfir í evrur eða annan erlendan gjaldmiðil og flytja úr landi, getur að mínu mati einnig prýðilega komið til greina, raunar væri sennilega best að fara einhverja blöndu af báðum leiðunum. Þess ber þó að geta að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur verið nokkuð tortrygginn á þessar leiðir og það stendur í raun bara upp á Íslendinga að sannfæra hann um ágæti þeirra, auk þess sem sjálfsagt má skoða einhverjar fleiri leiðir og bera þær þá jafnframt undir sjóðinn.

Allar þessar aðgerðir mundu þá miða að því að draga úr þrýstingnum sem fyrirsjáanlegur er vegna þess mikla fjár sem hér er bundið og væntanlega vill að einhverjum hluta fara úr landi við fyrsta tækifæri. Auk þess þurfum við að skapa hér almennt góð skilyrði fyrir efnahagslífið og þar með fjárfesta þannig að þeir sjái sér hag í því að veðja á Ísland. Allar almennar góðar efnahagsaðgerðir stuðla að því, t.d. það að ganga almennilega frá skilunum á milli nýju og gömlu bankanna, endurreisa bankakerfið, gefa sparisjóðakerfinu aukinn kraft, ná tökum á ríkisfjármálunum — allt þetta stuðlar að stöðugleika og eykur þar með líkurnar á því að erlendir, sem og innlendir, aðilar vilji veðja á Ísland.

[13:42]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Þessi umræða að frumkvæði hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar sýnir betur en nokkuð annað í hvaða öngstræti þessi ágæti ríkisforsjár- og haftaflokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, er kominn með efnahagsstefnu sína. Hann réði við það að koma á höftum í haust en ræður ekki við að losa þjóðina úr þeim. Hugmyndirnar sem hér eru færðar fram og eru m.a. byggðar á ágætri grein Yngva Arnar Kristinssonar hagfræðings fela allar í sér ríkisreknar handstýrðar leiðir til að falsa gengið fram hjá gjaldeyrismarkaði. Þetta eru leiðir sem eru ágætar fyrir sinn hatt en ég vek athygli á því að hinir verklitlu sendiboðar flokksins, hvort sem var í fjármálaráðuneyti eða Seðlabanka, komust aldrei til að hreyfa við þeim hugmyndum á meðan þeir sátu þar í nóvember, desember og janúar. Það er rétt að hafa í huga að þessar hugmyndir voru fyrst viðraðar fyrir áramót og ekkert gerðist í Seðlabanka eða fjármálaráðuneyti til að hrinda þeim í framkvæmd, þ.e. að innleysa krónubréfastöður með virkum aðgerðum ríkisins.

Ég vil hins vegar á móti reyna að færa hér fram rök fyrir almennum aðgerðum í efnahagslífi og að við setjum fram stefnu sem virkar fyrir alla en er ekki handstýrð eða ríkisstýrð. Þess vegna vitna ég í ágæta skýrslu Viðskiptaráðs sem kom út í dag og er full ástæða til að vekja athygli á henni þegar þingmenn Sjálfstæðisflokks eiga í hlut því að það virðist greinilega svo að það sé ekki mikið talsamband á milli Viðskiptaráðs og Sjálfstæðisflokksins lengur. Í skýrslunni er mælt gegn ríkisreknum leiðum af þessum toga en mælt með því að komið verði á almennri umgjörð um efnahagslífið í landinu og bent á að krónan hefur um árabil verið mikill tjónvaldur fyrir íslenskt atvinnulíf og komið í veg fyrir að íslensk fyrirtæki hafi getað sinnt því sem mestu skiptir sem er að reka fyrirtækin. Í skýrslunni er lagt upp með að stjórnmálamenn axli þá ábyrgð að marka stefnu í peningamálum til lengri tíma litið sem er akkúrat það sem ríkisforsjárflokkurinn mikli, Sjálfstæðisflokkurinn, móast við að gera af verkleysi og hugleysi.

Það er full ástæða til að vekja athygli á því að Viðskiptaráð skrifar þessa skýrslu og það (Forseti hringir.) svo vel að það mætti halda að hagfræðingar Samfylkingarinnar (Forseti hringir.) hefðu skrifað hana sjálfir.

[13:44]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Staða þjóðarbúsins er nú með þeim hætti að við verðum að leita allra leiða til að afla gjaldeyris. Við verðum að efla útflutningsgreinarnar sem koma með gjaldeyri inn í landið. Við þurfum líka að leita allra leiða til að spara innkaup og notkun á gjaldeyri og til að styrkja innviði íslensks samfélags hvað atvinnu varðar.

Halli á ríkissjóði upp á 170 milljarða kr. á þessu ári, arfleifð ríkisstjórnarstefnu Sjálfstæðisflokksins, þessarar nýfrjálshyggju sem hrundi svo gjörsamlega í haust, verður okkur þung. Skuldir íslenska þjóðarbúsins erlendis eru hátt á annað þúsund milljarða kr. Þetta verðum við að brúa og þess vegna er afar mikilvægt að allir leggist á eitt og útflytjendur sem flytja út vörur og þeir sem eiga í gjaldeyrisviðskiptum finni til þeirrar sómatilfinningar og samstöðu að skila gjaldeyri inn í landið. Það er engin óskastaða að vera hér með gjaldeyrishöft eins og nú er en þau voru lögð á í haust vegna þeirrar gjaldþrota stjórnarstefnu sem féll þá á herðar íslensku þjóðarinnar.

Allir verða að koma hér að og það að stöðugt sé verið að stoppa í götin og setja ný lög til að komast hjá undanskot-

um í að skila gjaldeyri til landsins er óásættanlegt. Það hljóta allir að sjá að forsenda þess að við vinnum okkur fljótt og örugglega út úr vandanum, sem við stöndum frammi fyrir, er að við verðum öll að leggja saman. Gjaldeyrisskil inn í landið (Forseti hringir.) verða að vera tryggð og ekki er hægt ætlast til þess að Alþingi þurfi stöðugt að setja ný og ný lög til að stöðva (Forseti hringir.) slíkan ósóma, herra forseti.

[13:46]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Í framhaldi af því sem kom fram hjá síðasta ræðumanni er það auðvitað ekkert ástand að þurfa stöðugt að vera, eins og hann segir, að setja ný lög til þess að auka á höftin gagnvart öðrum þjóðum. Staðan eins og hún er hjá okkur Íslendingum í dag er náttúrlega algjörlega óviðunandi. Eftir að gjaldeyrishaftalögin voru sett og jafnvel löngu áður er íslensk þjóð rúin trausti. Fyrir utan það að umfang okkar á erlendum markaði er stórlega skert er náttúrlega útilokað að erlendir fjárfestar komi til landsins í því skyni að fjárfesta. Þetta er allt í boði íslensku krónunnar og íslenskrar einangrunarstefnu vil ég segja. Það er ekki lengur að það séu bara Vinstri grænir sem reki slík einangrunarstefnu, það er ekki síður Sjálfstæðisflokkurinn. Þetta er ástandið sem blasir við og þetta hlýtur hv. málshefjandi að vita.

Það sem er alvarlegt og er í raun mál sem ég hef beðið um að verði rætt í hv. utanríkismálanefnd og er brot okkar á EES-samningnum. Hversu mikið svigrúm höfum við gagnvart Evrópusambandinu hvað varðar þann samning? Það er því af mörgu að taka, hæstv. forseti.

Mér sýnist við hjakka of mikið í sama farinu og þegar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson biður um þessa umræðu, nýkominn af landsfundi Sjálfstæðisflokksins, vakna ýmsar spurningar, ekki síst í framhaldi af því að Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti enga peningamálastefnu á fundi sínum. Hinum stóra og fjölmennasta fundi sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur nokkru sinni haldið lauk án þess að mótuð væri peningamálastefna.

[13:49]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað ekki af hinu góða að við skyldum þurfa að fara þær leiðir að setja upp gjaldeyrishöft, en það er hins vegar af illri nauðsyn vegna þess hvernig þróunin varð hér á landi. Vissulega hefur Sjálfstæðisflokkurinn stjórnað ferð peningamála í landinu í langan tíma, í forsætisráðuneyti og í fjármálaráðuneyti, það fer ekkert á milli mála, hæstv. forseti.

Hitt er líka rétt sem hér hefur verið bent á í umræðunni að það eru oftast til leiðir til að fara fram hjá lögum og menn finna iðulega leiðir til þess að fara fram hjá þeim höftum sem sett hafa verið á. Það breytir hins vegar ekki þeirri stöðu að við vorum nauðbeygð til að fara þá leið sem farin var í haust og einnig að setja þau lög sem við settum fyrir fáum dögum til þess að reyna að tryggja að gjaldeyrir kæmi inn í landið. Þeir sem standa í útflutningi skiluðu inn gjaldeyri sem við þurfum vissulega mjög á að halda til þess að styrkja íslensku krónuna og ekki veitir af eins og nú hagar til.

Útflytjendur sniðgengu hins vegar þær reglur sem við vorum að reyna að setja, sem stefna að því markmiði að reisa við efnahag þjóðarinnar. Það er auðvitað leitt til þess að vita að við skulum eiga einstaklinga sem vilja fara þá vegferð, það er ekki til fyrirmyndar, hæstv. forseti. Við höfum reyndar átt nóg af slíkum einstaklingum undanfarið í þjóðfélaginu sem hafa spilað á fjármálakerfi landsins og spilað með íslenska þjóð. Þess vegna sitjum við þar sem við erum, því miður.

Við getum hins vegar aukið atvinnu í landinu og aukið útflutning. Við getum líka framleitt meira innan lands, ræktað korn, stundað ylrækt, og sparað gjaldeyri og við eigum auðvitað að fara allar þær leiðir sem geta aukið atvinnu og sparað gjaldeyrinn.

[13:51]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Allt það sem gert er á sér yfirleitt einhverjar ástæður og orsakir. Það eru ekki afleiðingar af sjálfu sér og höftin nú eru ekki sett vegna þess að menn vilji hafa höft heldur vegna þess að menn fóru illa með frelsið, frelsið var of mikið og þeir sem nýttu sér það fóru illa með það, sjálfum sér til skaða og þjóðinni. Svo var komið að við réðum ekki við vandann af eigin rammleik og við erum bónbjargarmenn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og nokkurra seðlabanka í Evrópu. Við þurfum aðstoð þessara aðila til að komast út úr þeim vanda sem frelsið eða þeir sem fóru illa með frelsið komu íslenskri þjóð í.

Þess vegna skil ég ekki, virðulegi forseti, hvaða tilgangi þessi umræða þjónar nema þá þeim að fá menn til að halda að það sé af illmennsku einni saman eða af pólitískri afturhaldshyggju sem menn hafa ákveðið að taka upp höft og það séu þá baráttumenn frelsisins sem eru á móti þeirri vondu ráðstöfun, sem ætli sér í komandi kosningum að sannfæra kjósendur um réttmæti sjónarmiða sinna og skaðvald þeirra sem fylgja þeirri leið sem við erum að feta af illri nauðsyn. Menn mega ekki, virðulegi forseti, reka svona tvöfalda kosningabaráttu. Þessi málflutningur er hættulegur vegna þess að hann er til þess að blekkja fólk. Við þurfum að búa við þessar aðstæður, vonandi ekki lengi, en við þurfum að gera það þar til við höfum ráðið fram úr þeim vanda sem við erum í.

Við skulum ekki halda því fram þegar svo er komið að við getum aflétt þeim höftum sem við búum við í dag, að menn geti fengið aftur það sama frelsi og þeir höfðu áður. Það gengur ekki, virðulegi forseti, að sömu menn fái seinna sömu tækifæri til að fara jafnilla með íslenska þjóð og þeir gerðu áður.

[13:53]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það verður að segjast eins og er að það er fátt sem vekur manni meiri ugg en haftastefna af því að vandinn með haftastefnu er auðvitað sá að sporin eða skrefin í átt til meiri hafta eru miklu einfaldari og auðveldari en sporin í átt frá höftunum. Þetta þekkjum við Íslendingar því við vorum svo ógæfusöm eftir síðari heimsstyrjöldina að við bjuggum okkur til kerfi sem við festum okkur sjálf meira og meira í, með meiri og meiri höftum sem við

áttum svo erfitt með að komast út úr, bæði efnahagslega en líka andlega. Menn töldu að þetta væri eina leiðin sem menn hefðu, að auka alltaf höftin.

Þegar það síðan var gert kallaði það yfir okkur mikla gengisfellingu og heilmikil átök en niðurstaðan varð þjóðinni til góðs. Þess vegna skiptir miklu máli og ég skynja það í þessari umræðu að það sé djúpur skilningur á því hjá þingmönnum að þetta er ekki lausn sem við getum búið við til langs tíma. Höft eyðileggja og skemma allt efnahagskerfið og draga úr verðmætasköpun og draga úr því að við getum boðið þjóðinni þau lífskjör sem duga til þess að halda fólki hér og bjóða upp á sambærilegt við það sem aðrar þjóðir geta gert.

Rétt vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram, þ.e. að menn finni leiðir fram hjá þessu kerfi. Já það er einmitt vandinn með öll höft að það eru hugmyndir fárra, þ.e. þingmanna og embættismanna sem eru að reyna að finna leiðir til þess að koma í veg fyrir svindlið, en það eru svo margir sem eru svo útsjónarsamir og flinkir og ætla svo mikið að græða og það eru einmitt þeir sem fá hugmyndirnar og við síðan eltum og reynum að setja nýjar reglur, það er stóri vandinn.

Eitt varðandi þau orð sem hér féllu hjá einum hv. þingmanni áðan, þar sem snúið var að Sjálfstæðisflokknum að hann væri bæði verklítill og huglaus í þessum málum. Nú á sá ágæti stjórnmálaflokkur Samfylkingin enn þá tækifæri til þess að standa við stóru orðin og vera verkmikill og hugdjarfur flokkur og nýta (Forseti hringir.) tækifærið þegar hann er í ríkisstjórn og krefjast þess að það verði farið beint í aðildarviðræður eða í það minnsta boðið upp á þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort farið verði í umsóknaraðild við ESB. Það er stórkostlegt tækifæri til þess að sýna bæði verksemi og hugrekki.

[13:56]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég held að sú ríkisstjórn sem nú situr og hefur setið í rúmlega tvo mánuði hafi sennilega sýnt af sér mun fleiri verk en nokkurn tíma sú ríkisstjórn sem sat áður, það liggur fyrir vilji menn fara út í þá umræðu.

Ég vil hins vegar þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir að taka þetta mál upp og ræða það og gera það á þann hátt sem hann gerði. Hann gerði það málefnalega og vel og ég vil taka undir með honum og eins hæstv. ráðherra sem fór yfir ákveðna hluti. Þær hugmyndir sem þar komu fram drógu það ágætlega fram að höftin eru bara viðbrögð við þeirri stöðu sem kom upp. Við erum í miklum erfiðleikum og þess vegna þurfti að grípa til þessara hafta.

Lausnirnar eru ekki einfaldar en það er alveg rétt hjá hæstv. viðskiptaráðherra að það þarf að koma ró á markaðinn, það er sú skammtímaaðgerð sem þarf að ráðast í. Hin aðgerðin, sem er stóra aðgerðin, það er peningamálastefna til framtíðar. Mitt mat er það að við munum ekki fá hingað erlent fjármagn svo nokkru nemi fyrr en við höfum markað okkur stefnu til lengri tíma og ég fæ ekki séð og hef ekki séð neinar þær hugmyndir koma fram aðrar en að ganga til liðs við Evrópusambandið sem getur tryggt að við náum eðlilegu sambandi við útlönd, við getum farið að fá erlent fjármagn inn til landsins þannig að við getum farið að fá fjárfestingu og uppbyggingu sem geti orðið til þess að skapa þau störf sem við þurfum að skapa á næstu árum. Þau störf eru sjálfsagt á bilinu 20 til 40 þúsund, sem við þurfum að búa til. Þau verða ekki til í landbúnaði, þau verða ekki til í sjávarútvegi. Við þurfum að skapa ný störf með nýrri fjárfestingu og það gerum við ekki nema við mótum hér alvöru peningamálastefnu til lengri tíma og partur af henni hlýtur að vera að taka upp nýja mynt og einasta myntin sem er í augsýn, sem er vænleg, er evran. (Forseti hringir.) Aðild að Evrópusambandinu hlýtur því að koma í kjölfarið á þeirri stöðu sem við nú stöndum frammi fyrir.

[13:58]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Já, herra forseti, haftastefna vekur hv. þm. Illuga Gunnarssyni ugg og hann sagði áðan að höft eyðileggi og skemmi efnahagskerfið í landinu. Ég verð að segja, herra forseti, að það er fleira en höft sem gera það. Stefna Sjálfstæðisflokksins undanfarin 18 ár hefur gert nákvæmlega þetta, skemmt og eyðilagt efnahagskerfið og varð þess valdandi að sl. haust varð að taka upp gjaldeyrishöft, illu heilli, en til hvers? Til þess að mæta snöggu gengisfalli sem varð á íslensku krónunni og miklum þrýstingi sem var á gjaldeyrisvaraforðann.

Ég verð að segja alveg eins og er að þessi gjaldeyrishöft eru sannarlega í boði Sjálfstæðisflokksins og ekki nokkurs flokks annars. Menn segja að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé ekki hrifinn af þessu. En í samningnum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem undir skrifa Davíð Oddsson og Árni M. Mathiesen, þáverandi hæstv. fjármálaráðherra, er fjallað um þetta í 22. gr. Í þeim samningum sem gerðir voru milli þáverandi ríkisstjórnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er lögð blessun yfir þau höft sem þurfti að grípa til vegna efnahagsstefnu Sjálfstæðisflokksins og þess öngstrætis sem hún hafði leitt þjóðina í.

Það var því nöturlegt þegar í ljós kom að gamla sjálftökuliðið var enn á vaktinni tilbúið til þess að blóðmjólka þjóðina, takandi út úr landinu tífalt meira en það sem hafði verið í sama mánuði í fyrra. Þegar Sjálfstæðisflokknum er gerð grein fyrir því hvernig komið er, nei takk, þá eru þeir ekki tilbúnir til þess að setja undir — ekki þennan leka á gjaldeyri heldur flóð af gjaldeyri út úr landinu. Fyrst reyndu þeir að versla með málið og notfæra sér þannig neyðarástand (Forseti hringir.) og svo fóru þeir í málþóf með það. Ég verð að segja, herra forseti, (Forseti hringir.) að orð hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar í þessu ljósi eru ekki marktæk.

[14:00]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Herra forseti. Það mál sem við ræðum hér er að frumkvæði hv. þingmanns Sjálfstæðisflokksins, Einars K. Guðfinnssonar, og ber að þakka fyrir það. Við ræðum veika stöðu krónunnar sem gjaldmiðils sem er ástæðan fyrir umræðunni og þá staðreynd að krónan er því sem næst ónýtur gjaldmiðill. Það hefur komið fram í máli hv. þingmanna að menn rekur ekki minni til þess að Sjálfstæðisflokkurinn hafi sett sér stefnu í gjaldmiðilsmálum þannig að það er full ástæða til að óska eftir henni eða leiðréttingu á því ef okkur misminnir.

Hv. þm. Árni Páll Árnason veifaði áðan skýrslu Viðskiptaráðs sem væri hún hans eigin þar sem hann horfir til lengri tíma. Það er alveg rétt, það er nauðsynlegt að líta til lengri tíma en það er líka nauðsynlegt að setja sér skammtímamarkmið. Vil ég af því tilefni vekja athygli á þingsályktunartillögu framsóknarmanna í 18 liðum sem hafa að geyma tillögur til efnahagsmála. Ætla ég að fá að minnast hér á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi leggja framsóknarmenn til að samið verði við erlenda eigendur krónueigna. Það er talið að erlendir aðilar eigi eignir í íslenskum krónum upp á 350–500 milljarða. Þar er um að ræða jöklabréf en einnig ríkisskuldabréf og innstæður á bankareikningum. Þetta skapar þrýsting á krónuna til veikingar og það er ekki hægt að afnema gjaldeyrishöft fyrr en þessum þrýstingi hefur verið aflétt.

Við viljum gjarnan að lífeyrissjóðum verði veitt heimild til að eiga gjaldeyrisviðskipti vegna þess að lífeyrissjóðir eiga miklar eignir erlendis og þeim á að gera kleift að selja erlendar eignir sínar og fjárfesta innan lands ef þeir kjósa svo. Þannig gætu lífeyrissjóðirnir keypt krónur á hagstæðum kjörum af þeim erlendu aðilum sem eiga krónueignir og vilja selja þær.

Þessu til viðbótar má nefna samráðsvettvang með útflutningsfyrirtækjum og atvinnugreinum og að settur verði á fót uppboðsmarkaður með krónur. Ég mundi vilja óska eftir því að hæstv. viðskiptaráðherra brygðist við með athugasemdum (Forseti hringir.) sínum og hugmyndum um þessi mál.

[14:03]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Sú haftastefna sem við búum nú við er orsök og afleiðing af stefnu Sjálfstæðisflokksins í gegnum tíðina, síðustu 18 árin. Haftastefna er ekki bara núna í fjármálum, við höfum búið við haftastefnu í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum í langan tíma, mörg ár. Frelsi til athafna og gjörða sem Sjálfstæðisflokkur skreytir sig með á hátíðisdögum er ekki meiri en svo að við búum við þessi höft í bæði sjávarútvegi og landbúnaði. Sjálfstæðismenn hafa verið á móti því að selja allan fisk í gegnum fiskmarkaði og hafa ekki viljað láta markaðslögmálið ráða.

Einkenni Sjálfstæðisflokksins virðist vera að vilja hafa höft á nánast öllum hlutum og ákveða hverjir fá og hverjir ekki. Þetta er árangurinn af nýfrjálshyggju Sjálfstæðisflokksins. Hann ber mikla ábyrgð á málunum í dag.

Það sorglega í þessari umræðu er að sömu mennirnir og bröskuðu með veiðiheimildir, leigðu, seldu og veðsettu veiðiheimildir og fóru með peninga út úr þjóðfélaginu, út á gjafakvótann, eru núna að braska með gjaldeyrinn sem þeir fá fyrir fiskinn upp úr sjó, selja fiskinn út og braska með gjaldeyri.

Við þurfum bersýnilega að vanda okkur en til að við komumst út úr þessum vanda þurfum við að afla meiri tekna, veiða meiri fisk, nýta meira og betur orkuna í iðrum jarðar, skapa okkur gjaldeyristekjur og búa fólki atvinnu. Þetta er það nauðsynlegasta sem við þurfum að leggja áherslu á í dag.

[14:05]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir svörin en um leið harma það hvernig þessi umræða hefur dreifst út um víðan völl. Ég tók upp málið með mjög afmörkuðum hætti vegna þess að við höfum hér tvær mínútur á mann til að ræða málið, hálftíma alls. Því miður féllu mjög margir þingmenn í þá gryfju að reyna að skauta fram hjá efni málsins og fóru að tala um allt aðra hluti án þess að gera minnstu tilraun til að fjalla um það efnisatriði sem var tilefni þessarar umræðu og ég gerði grein fyrir í ræðu minni.

Hv. þm. Árni Páll Árnason var alveg sérstakur kapítuli — eins og alltaf. Hann talaði eins og þetta væri sérstakt ábyrgðarmál Sjálfstæðisflokksins þegar hann veit vel að það var fyrrverandi hæstv. viðskiptaráðherra, Björgvin Sigurðsson, sem á sínum tíma flutti það frumvarp sem nú er orðið að lögum um þessi gjaldeyrishöft.

Þetta finnst mér þó ekki vera kjarni málsins. Kjarni málsins er sá sem ég nefndi áðan, við erum í gjaldeyrishöftum. Þau voru hugsuð sem tímabundin ráðstöfun við sérstakar aðstæður sem við öll þekkjum en öllum hlaut að vera ljóst að verkefnin fram undan væru síðan þau að feta sig út úr þessari leið. Það er alveg ljóst mál að ef við gerum það ekki munum við einfaldlega sökkva dýpra ofan í þetta haftafen, alveg eins og við sjáum að er að gerast. Ég spái því að ef ekkert gerist í því að koma okkur út úr þessu verður það einfaldlega þannig að fyrir mitt þetta ár verður flutt nýtt frumvarp til að stoppa í einhver önnur og fleiri göt.

Ég vék að nokkru áðan sem hæstv. viðskiptaráðherra tók upp, ég nefndi tiltekin dæmi, tilteknar leiðir og tilteknar aðferðir og hæstv. viðskiptaráðherra svaraði því sem svo að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn væri á móti því að fara þá leið. Það er hryggilegt ef það er þannig en þá verður maður að spyrja sem svo hvort ríkisstjórnin sé hætt að reyna að koma okkur út úr þessum gjaldeyrishöftum. Ég spyr líka hvort ríkisstjórnin hafi þá mótað einhverja aðra stefnu, aðrar leiðir í því sambandi. Ég trúi ekki öðru en að menn líti svo á að það sé forgangsverkefni að koma okkur út úr þessum gjaldeyrishöftum. Ég spyr líka hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi þá lagt fram aðra valkosti í þessum efnum eða er það svo að við eigum að bíða átekta og álengdar? (Forseti hringir.) Þessi ríkisstjórn hefur nú setið í tvo mánuði og ég (Forseti hringir.) gat ekki heyrt í máli hv. stjórnarliða (Forseti hringir.) eða hæstv. ráðherra að nokkrar tillögur væru (Forseti hringir.) uppi um það hvernig við færum (Forseti hringir.) út úr þessum gjaldeyrishöftum.

[14:07]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Því fer fjarri að ríkisstjórnin sé hætt að reyna að þoka þessu máli í rétta átt. Þvert á móti er vinna í gangi, bæði á vegum ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans og að sjálfsögðu í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur hins vegar mér vitanlega ekki sjálfur komið með neinar tillögur. Raunar verð ég að viðurkenna að mér fannst fulltrúi hans vera helst til rólegur með þessi höft þegar hann fór hér um landið fyrir nokkrum vikum og hafði ekki, að mínu mati, réttmætar áhyggjur af

því hversu lengi þessi höft gætu verið. Hvað sem því líður verðum við í þessari umræðu að átta okkur á því að höftin eru einungis ein birtingarmynd þeirra vandræða sem við eigum almennt í í peninga-, gengis- og verðlagsmálum okkar. Við verðum að reyna að leysa þau. Og auðvitað er verið að því með ýmsum hætti, m.a. í þeirri aðgerð sem byggir á áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og samningnum við hann en einnig í ýmsum öðrum aðgerðum.

Ég tel hins vegar að hvað svo sem slíkar skammtímaráðstafanir áhrærir þurfum við einnig að finna einhverja framtíðarsýn sem gerir okkur kleift að koma í veg fyrir að þetta verði viðvarandi vandamál, hvort sem við þurfum að leysa það með höftum eða ekki. Hvort evran er sú framtíðarsýn á auðvitað eftir að koma í ljós en hún hefur bæði kosti og galla sem framtíðarlausn sem tímans vegna er ekki hægt að rekja hérna.

Ég held að það sé samdóma álit allra sem hér hafa talað að menn vilja ekki sjá þessi höft til langframa. Það hlýtur því að vera sameiginlegt markmið okkar að breyta þannig stöðu efnahagsmála á Íslandi að við þurfum ekki lengur (Forseti hringir.) á höftum að halda.

Um fundarstjórn.

Orð þingmanns í utandagskrárumræðu – umræða um dagskrármál – fundur í umhverfisnefnd.

[14:10]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta er sú að ég leit svo á að til þessarar umræðu utan dagskrár væri stofnað í þeim tilgangi að fá fram mikilvæga umræðu um alvarlega stöðu í gjaldeyris- og efnahagsmálum okkar Íslendinga. Þá bregður svo við að hér gengur fram rétt eina ferðina hv. þm. Álfheiður Ingadóttir og talar um gamla sjálftökuliðið. Þetta var innlegg vinstri grænna í málefnalega umræðuna.

Þessi hv. þingmaður hefur tamið sér og lætur sér sæma að snúa allri umræðu upp í nánast ærumeiðandi árásir á einstaka þingflokka eða einstaka þingmenn og talar um gamla sjálftökuliðið. Ég mótmæli þvílíku orðbragði. Ég mótmæli þvílíkri framgöngu í málefnalegri umræðu á hinu háa Alþingi. Þetta er þingmanninum til skammar og hlýtur að koma til umræðu hjá hæstv. forseta á vettvangi (Forseti hringir.) formanna þingflokkanna, að svona skuli gengið fram á (Forseti hringir.) Alþingi þegar við erum að ræða (Forseti hringir.) alvarleg mál.

[14:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við þingflokksformenn vorum boðaðir til fundar við forseta til að ræða skipulag þingstarfa í dag. Ég bar fram þá tillögu á fundi okkar með forseta að við mundum ræða 7. málið á dagskrá, sem er heimild til samninga um álver í Helguvík, og mundum ljúka því máli á stuttum tíma í dag.

Ég tel rétt að það komi fram að því var hafnað af þingflokksformönnum annarra flokka (**GMJ:** Nú?) að undanskildu því að Grétar Mar Jónsson taldi rétt að íhuga þetta.

Niðurstaðan varð að tilboði mínu um að við mundum breyta aðeins áherslum í þingstörfunum (Forseti hringir.) í dag og ræða (Forseti hringir.) atvinnumál, það merka mál sem snýr að álverinu í Helguvík, var hafnað. (Forseti hringir.) Það er greinilega stefna hæstv. (Forseti hringir.) forseta að breyta ekki um áherslur í dag.

[14:13]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Þriðjudaginn 31. mars, á aukafundi í umhverfisnefnd, var um það talað að fundur yrði haldinn á hefðbundnum tíma á miðvikudagsmorgni klukkan hálfníu. Ég greindi formanni nefndarinnar frá því að meiri hluti nefndarinnar hefði jafnvel áhuga á að afgreiða út af þeim fundi mál sem þá átti að vera til umræðu.

Seint um kvöldið var síðan reglulegum fundi aflýst. Það var reyndar svo seint að ég mætti til fundarins klukkan hálfníu á miðvikudagsmorgni án þess að vita að honum hefði verið aflýst. Ég ræddi það síðan við formann nefndarinnar, hann ætlaði að finna annan tíma og síðan var boðaður fundur 6. apríl, á mánudaginn kemur.

Sama dag sendi meiri hluti nefndarinnar boð til formannsins um það að hann óskaði eftir því að fundur yrði haldinn í nefndinni. Daginn eftir reyndist formaðurinn vera veikur og sömu boðum var komið til varaformanns nefndarinnar sem kom þeim til formannsins, að mér skilst. Í dag (Forseti hringir.) hef ég síðan eftir ítrekaðar tilraunir, herra forseti, ekki náð í formann nefndarinnar en ég fer þess á leit við hæstv. forseta að hann hlutist til (Forseti hringir.) um það að fundur verði haldinn í nefndinni (Forseti hringir.) því að það mál sem hér um ræðir er flutt af meiri (Forseti hringir.) hluta þingmanna á hv. Alþingi.

(**Forseti** (EMS)**:** Vegna orða hv. þingmanns mun forseti að sjálfsögðu fara yfir málið og kanna ástæður þess að ekki var haldinn fundur í nefndinni.)

[14:14]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég verð að segja að það er óþarfi af hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að taka orð mín um gamla sjálftökuliðið til sín eða Sjálfstæðisflokksins. Menn hefðu betur hlustað á það sem ég sagði. Ég sagði að upplýst hefði verið að hópur manna sem ég kallaði gamla sjálftökuliðið hefði enn verið á vaktinni þegar upplýst var um, ekki bara leka heldur stórfellt flóð gjaldeyris út úr landinu. Þegar upplýst hafði verið um það (Gripið fram í.) að hér var það á vaktinni að raka til sín fé, gjaldeyrisforða þjóðarinnar, var borið inn í þingsali mál til að koma í veg fyrir þetta flæði út úr landinu en þá brast þrek Sjálfstæðisflokksins (**Gripið fram í:** Nú?) og þeir sátu hjá við afgreiðslu málsins. Þeir treystu sér ekki (**Gripið fram í:** … afbrigði.) til að styðja við aðra flokka í þinginu (Forseti hringir.) og stoppa upp í þetta gat. (Forseti hringir.) Það er það sem ég var að tala um.

[14:16]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Árna Mathiesens um að meiri hluti umhverfisnefndar hefur óskað eftir því að fundur yrði haldinn í umhverfisnefnd og til-

greint ákveðið málefni sem við viljum ræða sem er sérákvæði Íslands í loftslagsmálum. Það var þannig að formaður nefndarinnar forfallaðist, veiktist, og eins og í þingsköpum Alþingis kemur fram, með leyfi forseta, þá segir:

„Formaður, eða varaformaður í forföllum hans, boðar til fundar í nefnd og stýrir fundum hennar. Ef formaður og varaformaður eru forfallaðir, eða varaþingmenn sitja fyrir þá, felur nefnd öðrum að gegna formannsstörfum.“

Það kom fram í samtali sem ég átti við hv. þm. Atla Gíslason, sem er varaformaður nefndarinnar, að hann hafi reynt að vísa málinu frá sér. En það stendur alveg skýrt þarna að ef formaður er ekki til staðar er það hlutverk varaformanns að gegna störfum formanns. Það hefði verið mjög lítið mál (Forseti hringir.) þar sem meiri hluti nefndarinnar var þarna staddur að boða til þessa fundar og (Forseti hringir.) taka fyrir þetta dagskrármál sem meiri hluti þingsins (Forseti hringir.) stendur á bak við.

[14:17]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég fagna því vissulega að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hafi dregið orð sín til baka (**ÁI:** … dregið orð …) og staðfest að hún hafi ekki átt við sjálfstæðismenn þegar hún talaði um það hverjir hefðu verið á vaktinni. Ég fagna því og batnandi manni er best að lifa. Ég er ánægður með það en engu að síður ætti enginn að vera hissa á því að ég skildi hv. þingmann með þeim hætti sem ég gerði vegna þess að ekki er svo sjaldan talað um að einhver hafi verið á vaktinni og að sjálfstæðismenn ættu að taka allar vaktir. Sjálfstæðismenn eiga að standa vaktina jafnt dag sem nótt síðustu 18 árin og líka núna til að aðstoða núverandi stjórnvöld til að koma einhverju í verk. (**Gripið fram í:** Menn sem kunna ekki að …) Sjálfstæðismenn eru reiðubúnir til að standa (Forseti hringir.) vaktina og hafa gert það en ég fagna því að þingmaðurinn skuli hafa dregið orð sín til baka. (**Gripið fram í:** Það er enginn hér …)

[14:18]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Þessi umræða dregur náttúrlega fram það sem er augljóst, það er orðið algjört uppnám hér á þinginu. Stjórnleysið er algjört. Að hlusta hér á hv. þm. Árna Mathiesen lýsa því hvernig menn eltast við að reyna að halda nefndarfund í hv. umhverfisnefnd er náttúrlega alveg ótrúlegt. Þetta er ekki eina dæmið, meiri hlutanum tókst einhvern veginn að klúðra breytingum á lyfjalögum þrátt fyrir að við sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu höfum reynt að halda meiri hlutanum við efnið hvað þetta varðar. Ég er afskaplega sammála því sem hér kom fram, enda ekki hægt annað, þar sem hv. þm. Eygló Harðardóttur las upp úr þingsköpunum. Það var alveg skýrt, enda frekar augljóst að ef formaður er ekki til staðar stýrir varaformaður nefndarfundi.

Þetta er því miður talandi dæmi um hvað er að gerast í þinginu, störfin eru í algjöru uppnámi og hér er allt gert til að koma á ófriði. Menn (Forseti hringir.) leggja eins mikið á sig og hægt er, að manni sýnist, til að hafa ekki samráð við (Forseti hringir.) stjórnarandstöðuna um framkvæmd mála (Forseti hringir.) og afleiðingin er sú sem hér er lýst.

[14:20]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Ég tek undir orð 1. þm. Suðurkjördæmis, Árna M. Mathiesens, varðandi þau störf sem ekki hafa verið innt af hendi í hv. umhverfisnefnd. Ég hef setið í nefndinni frá vori 2007 og verið þar varaformaður. Það hefur aldrei komið fyrir á þeim tíma fram að stjórnarskiptunum að fundarfall hafi orðið vegna veikinda eða ekki staðið við það að fundir yrðu haldnir í þeirri nefnd þótt formaður hafi ekki verið viðstaddur.

Ég hef sjálfur beðið um það fyrir nokkru að opinn fundur yrði haldinn í umhverfisnefnd, komið því til skila til ritara nefndarinnar. Við erum ekki virtir viðlits, það er ekki svarað. Það er bara frestað og frestað, boðað til nýs fundar aftur og aftur. Nú bið ég um það, herra forseti, að forsætisnefnd verði kölluð saman og fari yfir þetta mál. Það er nefnilega forsætisnefndarinnar að sjá til þess að þingstörf gangi (Forseti hringir.) sem eðlilegast fram. Það er ekki (Forseti hringir.) forseta og formanna þingflokka, heldur er það (Forseti hringir.) forsætisnefnd sem á að koma saman (Forseti hringir.) og fara yfir mál (Forseti hringir.) þegar augljóslega er gengið fram hjá öllum reglum (Forseti hringir.) og lögum sem hér gilda.

[14:21]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti verður að minna hv. þingmenn á að það eru tímamörk á ræðum undir þessum lið.

[14:21]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég sé ekki og sá ekki neina ástæðu til að draga til baka það sem ég sagði um gamla sjálftökuliðið sem var tilbúið á vaktinni til að sölsa undir sig gjaldeyrisvaraforða þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Ég dró það ekki til baka og dreg heldur ekki til baka að þegar upplýst varð um þessa ósvinnu brast Sjálfstæðisflokkinn úthald. (Gripið fram í.) Sjálfstæðisflokkurinn var ekki tilbúinn til að stoppa upp í þetta gat, setja undir þennan leka. (Gripið fram í.) Ég hef, herra forseti, hvorki dregið til baka það sem ég sagði um sjálftökuliðið né afstöðu Sjálfstæðisflokksins, enda engin ástæða til, það er allt saman satt og rétt.

[14:22]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég ætla að ræða hér örstutt um stóra umhverfisnefndarmálið sem hér hefur borið á góma. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Árna Mathiesen, hann hafði samband við mig, ég fékk tölvupóst frá nefndarmönnum í umhverfisnefnd í gær með ósk um fund í umhverfisnefnd. Ég framsendi þann póst strax til formanns nefndarinnar og fékk þau svör til baka að hann mundi sjá um að halda þennan fund. Ég lét hv. þm. Árna M. Mathiesen vita af því. Mér hafa ekki borist erindi sem varaformanni síðan um að þessi viðbrögð mín hafi verið ófullnægjandi á einn eða annan hátt.

[14:23]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Mig langaði í fullri vinsemd til að spyrja

hæstv. forseta tveggja spurninga. Í gær gerðist sá einstæði atburður, tel ég, að hér var til umfjöllunar frumvarp til stjórnarskipunarlaga og enginn flutningsmanna frumvarpsins sá sóma sinn í að vera við umræðuna. Það tel ég að sé einsdæmi og (Gripið fram í.) dónaskapur gagnvart þinginu og þjóðinni og stjórnarskránni. Ég vildi bara fá upplýsingar um það hvort ekki yrði tryggt að allir flutningsmenn frumvarpsins yrðu við umræðuna það sem eftir væri.

Í annan stað langar mig að spyrja hæstv. forseta hversu lengi hann hyggist halda fundi áfram, hvort það verður kvöldfundur eða næturfundur. Ástæðan fyrir að ég spyr er að fyrir svona 30 árum var komið hér á þeirri reglu að frumkvæði Lúðvíks Jósepssonar, formanns Alþýðubandalagsins, að ekki væru haldnir næturfundir (Forseti hringir.) meira en tvo daga í röð. (Forseti hringir.) Hæstv. heilbrigðisráðherra, Ögmundur Jónasson, (Forseti hringir.) hefur margoft vísað til þeirrar reglu (Forseti hringir.) þegar dagskrá hefur verið komið saman. (Forseti hringir.) Ég vildi bara fá upplýsingar um þetta hjá hæstv. forseta.

[14:25]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns vill forseti taka fram að að sjálfsögðu verða flutningsmenn látnir vita af ósk hv. þingmanns. Það er gleðilegt að nokkrir flutningsmenn eru í húsi nú þegar. Varðandi það hversu lengi fundur kemur til með að standa var það ætlun forseta að ræða það þegar þessum lið, um fundarstjórn forseta, væri lokið eins og hefð gerir ráð fyrir.

[14:25]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Atla Gíslasonar vil ég taka það fram að ég er ekki að fella neina dóma, hvorki um framgöngu hans sem varaformanns né hv. þm. Helga Hjörvars sem formanns nefndarinnar. Ég er einfaldlega að fara fram á það að forseti hlutist til um það, og það sé þá á hans ábyrgð, að það verði haldinn fundur í umhverfisnefnd, eins og áskilið er í þingsköpum. Það er það sem ég bið um og treysti forsetadæminu til að sjá til þess.

[14:26]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns getur forseti endurtekið að forseti mun að sjálfsögðu fara yfir þetta mál og tryggja að fundur verður haldinn í nefndinni svo fljótt sem verða má.

Tilhögun þingfundar.

[14:26]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðum um dagskrármálin er lokið. Er óskað atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? Ef svo er ekki skoðast hún samþykkt.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882.

[14:27]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að gera athugasemd við það að klukkan var farin að tifa á mig áður en ég kom í ræðustól, hún var komin hálfa mínútu fram yfir.

(**Forseti** (EMS)**:** Forseti vill taka fram vegna orða hv. þingmanns að eitthvað bilerí er á klukkunni en því verður að sjálfsögðu kippt í liðinn og mun ekki bitna á ræðutíma hv. þingmanns.)

Ég þakka fyrir. Hér er komið til 2. umr. frumvarp til stjórnarskipunarlaga og ég held að full ástæða sé til að nefna það eina ferðina enn að við sjálfstæðismenn gagnrýnum forgangsröðun minnihlutastjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna með stuðningi Framsóknarflokksins á hinu háa Alþingi. Á fundi þingflokksformanna í hádeginu var hafnað tilboði sjálfstæðismanna um að taka aðra dagskrárliði á dagskrá og sérstaklega vil ég nefna umræðu um Helguvík. Þar er um brýnt mál að ræða, atvinnumál hér á landi, sem full ástæða er til að taka til umræðu.

Miklum tíma hefur verið eytt, bæði í sölum Alþingis og í sérnefnd um stjórnarskrármál, í að ræða um breytingar á stjórnarskránni og að setja á laggirnar stjórnlagaþing. Á meðan bíða á dagskránni mikilvæg mál fyrir bæði heimili og fyrirtæki í landinu og það verður að segjast eins og er að fyrsta mánuðinn eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum 1. febrúar var öll áhersla og ótrúlega mikil orka lögð í að breyta lögum um Seðlabanka Íslands, fyrst og fremst í þeim tilgangi að koma seðlabankastjórum frá. Nú á síðustu vikum hefur hins vegar umræða um breytingar á stjórnarskrá og stjórnlagaþing yfirtekið umræðuna.

Virðulegi forseti. Hvernig á ég að túlka blikkið á mig?

(**Forseti** (EMS)**:** Forseti vill taka fram að enn hefur ekki náðst að laga klukkuna en við vonum að það verði mjög fljótlega og þá mun blikkið hætta og þetta allt verða eðlilegt, en eins og forseti sagði áðan mun þetta ekki bitna á ræðutíma hv. þingmanns.)

Við sjálfstæðismenn höfum ítrekað gengið eftir því að forgangsraða með öðrum hætti. Ríkisstjórnin hefur kallað sig aðgerðastjórn. Þetta orð, aðgerðastjórn, lýsir framtaki og snerpu en heitið hefur snúist upp í andhverfu sína. Ríkisstjórnin er verkkvíðin og í afneitun og leggur alla krafta sína í mál sem litlu skipta varðandi hag þjóðarinnar. Við hljótum að átelja það.

Ástandið í samfélaginu er þannig að atvinnuleysi eykst jafnt og þétt og eru nú um 18 þúsund manns á atvinnuleysisskrá. Velflestar fjölskyldur og heimili landsins þurfa að endurskipuleggja framtíðaráform sín með hliðsjón af gerbreyttum aðstæðum með tilheyrandi andvökunóttum og áhyggjum af því sem er fram undan og bíður þeirra. Fyrirtæki berjast í bökkum og námsmenn örvænta um hag sinn og gjaldþrot heimila og fyrirtækja eru yfirvofandi. Við sjáum jafnframt að áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er í uppnámi og tímaáætlun hefur raskast. Það kom m.a. fram á opnum fundi fjárlaganefndar með hæstv. fjármálaráðherra

fyrr í vikunni. Samkvæmt spám áttu vextir að hafa lækkað og gengið rétt sig af. Verðbólguþrýstingur virtist hafa minnkað á síðustu dögum eða vikum en nú berast fregnir af því að sökum þess að gengi krónunnar hefur veikst á síðustu dögum sé nýkominn aukinn þrýstingur á verðhækkanir hjá innflutningsfyrirtækjunum og þá spyr maður aftur um verðbólguna.

Því má ljóst vera að ríkisstjórnin ræður ekki við þau verkefni sem fyrir liggja og einnig er umhugsunarefni hvort ríkisstjórnin er ekki að beita hinni frægu smjörklípuaðferð í þessum efnum. Er hún með áherslum sínum á breytingar á stjórnarskránni og stjórnlagaþing að svara kalli fólksins eða beina athyglinni frá vanhæfni sinni til að taka á málum? Það er meira að segja svo komið að jafnvel framsóknarmönnum er ofboðið og hafa þeir þó látið ýmislegt yfir sig ganga.

Í grein í vefriti í gær birti t.d. Gunnar Bragi Sveinsson, nýr oddviti Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi, grein þar sem hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Þolinmæði okkar framsóknarmanna virðast engin takmörk sett. Við lofuðum að verja ríkisstjórn falli gegn því að gripið yrði til ráðstafana til bjargar heimilum og fyrirtækjum. Á því hefur staðið en við verjum enn ríkisstjórnina. Þessi ákvörðun Framsóknarflokksins varð til þess að boðað var til kosninga eins og krafist hafði verið. Því má segja að kosningarnar séu í boði Framsóknarflokksins.“ — Ég vil vekja sérstaklega athygli á þessu orðalagi hjá framsóknarmanninum sjálfum, sem heldur áfram: „Það veit hins vegar ekki á gott fyrir mögulegt samstarf að stjórnarflokkarnir skuli líta svo á að þeim hafi verið færðir stjórnartaumarnir til að reka kosningabaráttu á kostnað almennings í stað þess að grípa til aðgerða. Óvinsælar aðgerðir eru slegnar af og látið að því liggja að verið sé að leita annarra lausna en meðan ríkir óvissa. Fremstur í flokki hefur farið núverandi heilbrigðisráðherra. Hvar eru tillögurnar? Hvar eru lausnirnar fyrir heimili og fyrirtæki? Hvar er skjaldborgin um heimilin?“

Þetta sagði nýr oddviti Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi, maður sem hefur orð á sér fyrir að vera glöggur. Svo mörg voru þau orð.

Breytingar á stjórnarskránni og stjórnlagaþing hafa verið rökstudd með því að þau séu svör við kröfum fólksins í landinu. Vissulega hefur umræða í þessa veru verið áberandi á síðustu mánuðum. Í kjölfar bankahrunsins hefur jafnframt verið mikil eftirspurn eftir viðhorfum fræðimanna, stjórnspekinga og sérfræðinga á ýmsum sviðum samfélagsins og þeim stillt upp sem andstæðum stjórnmálamanna, sem mönnunum með réttu lausnirnar. Þeirri skoðun hefur jafnvel verið hreyft að fela fræðimönnum og háskólakennurum stjórn landsins. Í stjórnarskrárnefndinni sem hefur starfað undanfarnar þrjár vikur hefur verið kallað á álit slíkra sérfræðinga og annarra hagsmunaaðila sem málið varðar. Þetta er í samræmi við venjur Alþingis þegar frumvörp og þingsályktunartillögur eru til umræðu í nefndum þingsins. Að öllu jöfnu hefur Alþingi tekið mikið mark á umsögnum sem hafa borist til nefnda. Tillögur til úrbóta eru skoðaðar, hagsmunir metnir og viðvörunarorð virt. Slík vinnubrögð eru viðurkennd og til þess fallin að gera mál betur úr garði.

Nú ber svo við að viðvörunarorð fræðimanna, sérfræðinga og hagsmunaaðila eru virt að vettugi og það í máli sem varðar endurskoðun sjálfrar stjórnarskrár Íslands. Við hljótum að staldra við, nær allir umsagnaraðilar, sem eru um 30 talsins, vara við hraða málsins og segja að þetta þurfi að skoða mun nánar og ítarlegri umræðu þurfi. Stuttur umsagnarfrestur er gagnrýndur harðlega, varað er við því að hugtök eru óljós, óskýrð og þurfi betri yfirlegu. En fyrst og fremst er kallað eftir umræðu og skoðanaskiptum með opnum og vönduðum hætti.

Álit umsagnaraðila kristallast vel í umsögn Reykjavíkurakademíunnar sem segir í áliti sínu, með leyfi forseta:

„Tíminn er þó allt of naumur til að taka saman vandaðar efnislegar athugasemdir með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru hér innan húss.“

Síðan gerir Reykjavíkurakademían verulegar athugasemdir um þau frumvarpsdrög sem liggja fyrir.

Viðskiptaráð segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Fyrir það fyrsta þá gerir Viðskiptaráð talsverðar athugasemdir við þá ætlan löggjafans að afgreiða þetta frumvarp með þeim hraða sem raun ber vitni. Frumvarpið felur í sér breytingar á grundvallarlögum lýðveldisins og við slíkar breytingar ber að gæta vandaðra vinnubragða, sérstaklega hvað snertir samráð við atvinnulíf, fræðimenn og aðra hagsmunaaðila.“

Samband íslenskra sveitarfélaga og laganefnd Lögmannafélags Íslands eru umsagnaraðilar sem að öllu jöfnu er tekið sérstakt tillit til vegna sérstöðu þeirra. Samband íslenskra sveitarfélaga eru samtök annars tveggja stjórnsýslustiga hér á landi og full ástæða til að taka tillit til sjónarmiða þeirra enda hefur það verið almenn regla innan þingsins að sjónarmið þeirra vegi þungt í allri umfjöllun um málefni er þá varðar. Sambandið segir eftirfarandi í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Stjórnarskrá lýðveldisins er grundvallarlöggjöf þessa lands sem öllum ber að virða. Þannig er stjórnarskránni ætlað að vera hafin yfir dægurþras og sveiflur í stjórnmálum. Vegna mikilvægis stjórnarskrárinnar er nauðsynlegt að stjórnskipunarlög séu sett að vel ígrunduðu máli og í sem mestri sátt.“

Með þessu er Samband íslenskra sveitarfélaga að sjálfsögðu að gagnrýna þá málsmeðferð sem viðhöfð er á hinu háa Alþingi.

Álit laganefndar Lögmannafélags Íslands hefur alla tíð verið virt enda eru Lögmannafélagið og laganefndin þekkt fyrir að koma með ítarleg, vel ígrunduð og vönduð álit og tekið er tillit til þeirra. Minnihlutaríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna með stuðningi Framsóknarflokksins hefur hins vegar tekið þá afstöðu að virða að vettugi varnaðarorð þeirra um breytingar á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Í áliti laganefndarinnar segir m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Að mati laganefndar eru þær breytingar á stjórnarskránni sem boðaðar eru með frumvarpinu í raun grundvallarbreytingar. Laganefnd áréttar mikilvægi þess að allar breytingar á stjórnarskránni séu gerðar að vel athuguðu máli og í mikilli sátt allra aðila, ekki síst þegar um grundvallarbreytingu er að ræða. Er það afstaða laganefndar að framangreindar breytingar þurfi frekari athugunar við og

leggst nefndin af þeim sökum gegn samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fyrir.“

Virðulegi forseti. Við þingmenn hljótum að taka undir þessar aðvaranir og virða þær. Þessi vinnubrögð eru Alþingi til vansa og sérstaklega skjóta þau skökku við hjá ríkisstjórn sem tók við stjórnartaumunum með þeim orðum að gagnsæi og opin stjórnsýsla yrðu einkennismerki hennar. Það hefur reynst vera blekking eins og svo margt annað hjá þessari ríkisstjórn. Vil ég þar á meðal nefna ýmis atriði sem snúa að heilbrigðismálum hér á landi og ég get ekki komist hjá því, því það hefur vakið furðu mína hvað hæstv. heilbrigðisráðherra hefur lítið látið sjá sig í sölum Alþingis, það liggur við að maður sakni hans — þótt ég geti varla tekið þau orð mér í munn. Hann hefur m.a. sagt að fæðingar á Suðurlandi og Suðurnesjum muni halda áfram. Síðan heyrir maður það ekki síst frá Suðurnesjum að það sé alrangt. Fæðingar munu leggjast af nú í byrjun sumars eins og hefur verið undanfarin sumur og óvíst um framhaldið þannig að það er blekking hjá hæstv. heilbrigðisráðherra að halda því fram að fæðingar haldi áfram á Suðurlandi. og Suðurnesjum.

Það sama má segja um sameiningu sjúkrastofnana. Þótt þetta sé svolítið fyrir utan efnið get ég ekki látið hjá líða að nefna að þrátt fyrir að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi sagt að hann muni slá af allar sameiningar sjúkrastofnana og hrósað sér af því, hefur verið tilkynnt um að sameining verði á Vesturlandi 1. júlí, þannig að ríkisstjórnin hefur fengið falleinkunn á fyrstu skrefunum og orðið uppvís að blekkingu.

En eitt eru vinnubrögðin og annað eru áhrif þeirra á stjórnsýslu landsins til framtíðar. Þegar fræðimenn eins og Ragnhildur Helgadóttir, prófessor í stjórnskipunarrétti, lætur alvarleg viðvörunarorð falla í umsögn sinni hljótum við að spyrja hvað minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna með stuðningi Framsóknarflokksins gengur til. Með leyfi forseta, segir prófessorinn í umsögn sinni:

„Það er skoðun mín, að með því að naumur meiri hluti á þingi samþykki stjórnarskrárbreytingar í andstöðu við stóran stjórnmálaflokk sé stjórnarskráin færð inn í hringiðu stjórnmálanna: Þess má þá vænta að næsti meiri hluti geri þær breytingar sem honum hugnast án þess að takmarka sig við það sem næst almenn sátt um á þingi og þannig koll af kolli. Þannig getur stjórnarskráin orðið óstöðugri og pólitískari en verið hefur, sem er óæskileg þróun.“

Ég get ekki annað sagt en að þau vinnubrögð, sem ég hef lýst og við sjálfstæðismenn höfum bent á og fræðimenn og umsagnaraðilar um málið hafa jafnframt dregið sérstaklega fram, lýsi ákveðnu virðingarleysi fyrir stjórnarskránni. Við hljótum að vara við hættu á að eyðileggja stjórnarskrána sem hefur dugað okkur vel, eins og ég mun fara í á eftir.

Líka má segja, virðulegi forseti, að þessi áhersla á breytingar á stjórnarskránni sé sérkennileg, ekki síst í ljósi þess að ekki er með nokkrum hætti hægt að kenna stjórnskipun landsins um bankahrunið í haust. Við hljótum að spyrja okkur hvort ríkisstjórnin sé vísvitandi að afvegaleiða þjóðina og beina athyglinni að öðru en hinu alvarlega ástandi sem hér ríkir. Sannleikurinn er sá að engar grundvallarreglur sem rekja má til stjórnarskrárinnar brugðust í bankahruninu í haust. Þau atriði sem ríkisstjórnin leggur þannig áherslu á varðandi stjórnarskrárbreytingu og varðar m.a. auðlindaákvæðið hefur ekkert með bankahrunið að gera né efnahagsástandið í landinu. Öðru nær. Varðandi auðlindaákvæðið þá benda margir umsagnaraðilar á að sú útfærsla sem lögð er til varðandi nýtt ákvæði stjórnarskrár um auðlindir landsins geti leitt til réttaróvissu, til ágreinings og valdið deilu og glundroða í greininni, sérstaklega í sjávarútveginum og ég spyr hvort þörf sé á að bæta í varðandi óvissuna um framtíð landsins.

Virðulegi forseti. Vissulega má hafa skilning á því að við þær aðstæður sem ríkja í landinu, reiði gagnvart stjórnvöldum og tortryggni gagnvart stjórnmálaflokkum, komi fram krafa um endurskoðun á grunngildum og grunnstoðum samfélags okkar, þar með stjórnarskránni. Við erum hins vegar engu bættari með því að kasta til höndunum í þeirri vinnu með því að vinna hana á skömmum tíma. Mun skynsamlegra er að taka umræðuna meðal stjórnmálamanna, stjórnspekinga og annarra fræðimanna með opnum hætti með þátttöku almennings í landinu. Það verður hins vegar að gerast með yfirvegun, ekki með flýtimeðferð í þinginu í andstöðu við stóran hluta þingmanna og nánast alla umsagnaraðila í málinu. Það er ekki líðandi að ganga fram hjá aðvörunarorðum okkar helstu fræðimanna og hagsmunaaðila hér á landi. Það er heldur ekki boðlegt að þeir fái einungis örfáa daga til að taka afstöðu til málsins eins og raunin hefur orðið og ég endurtek enn einu sinni: Það var ekki stjórnarskráin sem brást í bankahruninu. Það voru aðrir þættir.

Fyrr í vikunni kom skýrsla finnsks sérfræðings sem hefur rannsakað bankahrunið og orsakir þess. Nefnir hann stjórnarskrána til sögunnar? Nei, hann gerir það ekki. Hvað brást að hans mati? Í frétt Morgunblaðsins í gær segir m.a., með leyfi forseta:

„Skýrsla Kaarlos Jännäris, finnska sérfræðingsins sem fyrri ríkisstjórn fékk til að leggja mat á lagaumhverfi og framkvæmd fjármálaeftirlits á Íslandi, er nánast samfelldur áfellisdómur yfir íslenska fjármálakerfinu. Í skýrslunni fá allir sinn skammt; fyrst og fremst bankarnir sjálfir en líka eftirlitsstofnanir og stjórnvöld. Þótt ýmsar jákvæðar hliðar séu dregnar fram, er tilfinningin sem eftir situr að loknum lestrinum sú að Ísland sé land, sem aldrei gat ráðið við nútímalegt, alþjóðlegt fjármálakerfi.“

Síðar í greininni segir m.a. eftirfarandi:

„Skýrsla Jännäris staðfestir margt af því, sem gagnrýnt hefur verið í íslenska fjármálakerfinu á síðustu mánuðum. Gagnrýnin frá þessum virta sérfræðingi er svo hörð, að ekki verður hjá því komist að taka mark á henni. Hann hittir því miður naglann á höfuðið, þegar hann bendir á að stjórnmálaflokkar,“ — og ég vil benda á að enginn er undanskilinn — „fjölmiðlar og öll þjóðin, allt upp í æðstu þrep valdastigans, hafi verið í klappliði bankanna og fyllst þjóðarstolti yfir velgengni þeirra Þess vegna hefði það sennilega ekki tekist, þótt Fjármálaeftirlitið, Seðlabankinn eða aðrir hefðu reynt að koma vitinu fyrir menn í tíma.“

Ekki er nefnt einu orði að grunnreglukerfi okkar hafi brugðist. Samt sem áður leggur ríkisstjórnin svo ríka áherslu á breytingar á stjórnarskránni sem raun ber vitni. Í greinargerð með frumvarpi til breyttra stjórnarskipunarlaga

er gerð tilraun til að tengja endurskoðun á stjórnarskránni við bankahrunið þar sem það hafi kallað á endurskoðun á ýmsum grundvallarreglum í íslensku stjórnskipulagi. Í ræðu minni við 1. umr. málsins vitnaði ég í grein sem Skúli Magnússon lögfræðingur ritaði í Fréttablaðið miðvikudaginn 4. mars sl. en þar ræðir hann um hugmyndir um stjórnlagaþing og stjórnarskrána. Þar spyr hann hvort stjórnskipan Íslands hafi brugðist samfélaginu í grundvallaratriðum og hann segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hefði kvótakerfi í fiskveiðum, stóriðjuframkvæmdir, einkavæðing fjármálafyrirtækja, eftirlit með fjármálafyrirtækjum, breytingar á skattalögum, stjórn peningamála og ríkissjóðs — svo einhver dæmi séu tekin um ætlaða sökudólga — orðið með öðrum hætti ef stjórnskipun Íslands hefði verið „lýðræðislegri?“ geymt ákvæði um „sameign þjóðarinnar á auðlindum“, umhverfisvernd, o.s.frv.? Ef miðað er við stjórnlög, eins og þau tíðkast í hinum vestræna heimi, verður ekki séð að önnur og nútímalegri stjórnskipan hefði nokkru breytt um þessi atriði. Það stenst ekki heldur samanburð við önnur vestræn samfélög, sem kenna sig við lýðræði og mannréttindi, að halda því fram að stórkostleg slagsíða hafi verið og sé enn á íslenskri stjórnskipun hvað þessi atriði varðar.“

Áfram heldur hann:

„Eitt af því sem nú er teflt fram sem viðbrögðum við efnahagslegu áfalli landsins er flýtimeðferð til ákveðinna breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins en að því loknu einhvers konar allsherjarendurskoðun stjórnskipunarinnar á vettvangi stjórnlagaþings.“

Svo segir hann áfram:

„Þótt hugmyndin um stjórnlagaþing kunni að hljóma aðlaðandi, sefa reiði almennings með því að svara kalli um róttækar og umsvifalausar breytingar, eru hér miklir hagsmunir lagðir að veði. Við Íslendingar eigum nefnilega stjórnskipun sem í öllum meginatriðum er skýr, jafnvel þótt texti stjórnarskrárinnar sjálfrar kunni í sumum tilvikum að vera gamall og lítt aðgengilegur. Þessi eign er ekki eins sjálfsögð og margir kunna að ætla. Einmitt við núverandi aðstæður ætti mönnum þó að vera ljóst gildi þess að eiga stjórnskipun sem er skýr um skipan valdsins, valdmörk, ákvarðanatöku, o.s.frv., þannig að unnt sé að veita samfélaginu ábyrga og skynsama stjórn með langtímahagsmuni að leiðarljósi.“

Í sama streng tekur og má segja að það sé dálítið skemmtilegt sjónarhorn sem kemur fram hjá hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur, sem situr nú á hinu háa Alþingi sem varaþingmaður fyrir hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í veikindaleyfi hennar, en í nefndaráliti minni hluta sérnefndar um stjórnarskrármál kemur fram að hún setur breytingar á stjórnarskránni í samhengi við skyndilausnir. Hún sagði m.a. í útvarpsviðtali 29. mars eftirfarandi:

„Alveg eins og útrásaræðið var æði og peningaæðið var æði, þá er kannski komið nýtt æði.“ — Og þetta „nýja æði“ felist í því að boða í skyndi til stjórnlagaþings í stað þess að leggja fé í rannsóknir á stjórnarskránni.

Ég hef reyndar saknað hv. þingmanns í umræðunni um þetta mál og vænti þess að hún muni koma hér og lýsa skoðunum sínum í þessu máli þótt síðar verði. Ég er alveg viss um að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins væru tilbúnir til þess að skjóta henni inn á milli sinna raða til að koma sjónarmiðum hennar á framfæri. Reyndar spurði ég hana í gær hvort hún ætlaði ekki að taka þátt í þessari umræðu og ég gat ekki skilið það öðruvísi en að hún mundi gera það. Ég hlakka til að heyra sjónarmið hennar og hennar innlegg í þetta mál.

Ég ræddi áðan um grein eftir Skúla Magnússon sem birtist í Fréttablaðinu 4. mars sl. en hann segir í lok greinar sinnar, með leyfi forseta:

„Það er engin góð ástæða til að rífa stjórnskipun Íslands upp með rótum við núverandi aðstæður þar sem stjórnvöld þurfa að setja sér skýr markmið til lengri og skemmri tíma — sum eflaust sársaukafull og misvinsæl — og hafa styrk og þol til þess að vinna að þeim. Við munum ekki leysa aðsteðjandi vandamál með breytingum á stjórnskipun Íslands. Saga stjórnarskráa bendir raunar til þess að endingartími og tilætluð samfélagsleg áhrif þeirra aukist í öfugu hlutfalli við lengd þeirra og lagatæknilega fágun.“

Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin er á rangri braut með þessum áætlunum sínum og ég legg enn og aftur ríka áherslu á að ríkisstjórnin taki upp umræðu um atvinnumál, um stöðu atvinnuveganna í landinu og stöðu heimilanna.

Ég vil einnig benda á að Ragnhildur Helgadóttir prófessor fjallar um sérstöðu stjórnarskrárinnar í pólitískri umræðu í umsögn sinni, dags. 17. mars 2009, til sérnefndar um stjórnarskrármál en þar er hún að velta fyrir sér helgi stjórnarskrárinnar og hvaða breytingar rétt sé að gera gegn vilja minni hluta og í því ljósi að yfirleitt hafi þær breytingar sem gerðar hafa verið á stjórnarskránni frá því að hún tók gildi verið gerðar í sátt á milli flokkanna og ekki verið pólitískt þrætuefni og sameiginleg niðurstaða náðst. Hún veltir sem sagt fyrir sér hvaða breytingar rétt sé að gera gegn vilja minni hluta og segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Stjórnarskrár eru ólíkar öðrum lögum að setningarhætti og vegna þess að þær eiga að leggja stórar línur og vera hafnar yfir pólitískar deilur á hverjum tíma. Vegna þessa eðlis stjórnarskráa breytast þær oft hægt, eru gefnar gamlar í ríkjum með gamla lýðræðið hefð og breytingar á þeim eru tiltölulega sjaldgæfar. Á grundvelli alls þessa er það skoðun mín að það væri afar óheppilegt ef nú yrði vikið frá þeirri hefð að breið samstaða allra flokka sé um breytingar á stjórnarskrá. Eins og menn vita hafa einungis tvisvar, frá fullveldi 1918, verið gerðar breytingar á stjórnarskrá í andstöðu við heilan stjórnmálaflokk og í bæði skiptin snerust breytingarnar um kjördæmaskipan og kosningar og vörðuðu beint hagsmuni viðkomandi flokks. Síðasta dæmi um þetta var 1959. Það er skoðun mín að með því að naumur meiri hluti á þingi samþykki stjórnarskrárbreytingar í andstöðu við stóran stjórnmálaflokk sé stjórnarskráin færð inn í hringiðu stjórnmálanna. Þess er þá að vænta að næsti meiri hluti geri þær breytingar sem honum hugnast án þess að takmarka sig við það sem næst almenn sátt um á þingi og þannig koll af kolli. Þannig getur stjórnarskráin orðið óstöðugri og pólitískari en verið hefur, sem er óæskileg þróun.“

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega benda á að íslenska stjórnarskráin er að verulegu leyti byggð á þeirri dönsku og vek athygli á að danska stjórnarskráin hefur dugað Dönum býsna vel og hefur ekki verið breytt frá árinu 1953, þ.e. níu

árum eftir að ákveðnar voru þær breytingar á íslensku stjórnarskránni sem leiddu af því að Ísland varð lýðveldi.

Virðulegi forseti. Við sjálfstæðismenn höfum þrátt fyrir andstöðu okkar við málsmeðferðina rétt fram sáttarhönd í málinu. Í fréttatilkynningu frá forustumönnum Sjálfstæðisflokksins í gær segir m.a. að við viljum taka þátt í að breyta stjórnarskránni með ígrunduðum hætti og höfum lagt fram tillögu í þeim efnum. Til þess að liðka fyrir slíkum breytingum og skapa svigrúm fyrir vandað verklag telja sjálfstæðismenn eðlilegt að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar þannig að ekki þurfi að rjúfa þing og fá endurnýjað samþykki Alþingis til þess að stjórnarskrárbreytingar taki gildi. Tillaga Sjálfstæðisflokksins kveður á um að breytingar á stjórnarskrá eigi að leggja fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef farin verður sú leið á yfirstandandi þingi og endurnýjað samþykki Alþingis fæst eftir kosningar verður hægt að setja hugmyndina um breytingar á stjórnarskrá í vandaðan farveg og leggja þær svo í dóm þjóðarinnar án þess að rjúfa þing.

Í umræðunni í gærkvöldi mátti heyra bæði á hv. þingmönnum Valgerði Sverrisdóttur, formanni sérnefndar um stjórnarskrármálið, og Lúðvíki Bergvinssyni að þau teldu það þess virði að gera tilraun til að ná sáttum í þessu máli. Ég tel mikilvægt að benda á að Sjálfstæðisflokkurinn hefur með sáttarboði sínu teygt sig býsna langt til að koma á sáttum og koma í veg fyrir það slys sem annars er yfirvofandi sem getur haft alvarlegar stjórnmálalegar afleiðingar til lengri og skemmri tíma. Hlutverk stjórnmálaflokka er að skapa sátt um grunngerð samfélagsins og bera þá virðingu fyrir þeirri hefð sem hefur skapast við stjórnarskrána að breytingar á henni séu unnar í samvinnu flokka og í sátt við flokkana og samfélagið í heild.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að það yrðu óskemmtileg eftirmæli fyrir annars ágætan þingmannsferil hv. þingmanna Valgerðar Sverrisdóttur og Lúðvíks Bergvinssonar sem eiga sæti í stjórnarskrárnefndinni og hætta þingmennsku við kosningarnar eftir þrjár vikur, að þau hefðu staðið fyrir því að þvinga í gegn breytingar á stjórnarskrá Íslands í mikilli andstöðu við stærsta stjórnmálaflokkinn á hinu háa Alþingi og í andstöðu við alla helstu umsagnaraðila málsins á Alþingi. Það var í fyrsta sinn í 50 ár sem stjórnarskrárfrumvarp er afgreitt úr nefnd í fullkomnum ágreiningi. Það er ekki skemmtilegur endir á farsælum ferli þessara ágætu þingmanna.

Virðulegi forseti. Í nefndaráliti minni hluta sérnefndar um stjórnarskrármál segir, með leyfi forseta:

„Fellur þetta sjónarmið að þeirri almennu skoðun þeirra sem ræða um stjórnarskrármál á fræðilegum grunni að það beri að standa þannig að öllum málum varðandi stjórnarskrána, að ekki sé verið að skapa fleiri lögfræðileg vandamál með breytingum eða óljósum skýringum á efni einstakra ákvæða. Hvert orð þurfi í raun að vega og meta og skýra samhengi þeirra með skýrum rökum á fræðilegum grunni.“

Nú hafa vissulega ýmsar hugmyndir komið fram um hvar eigi að bera niður í endurskoðun á stjórnarskránni og þar hefur m.a. komið til umræðu vald og valdsvið forseta sem hefur ítrekað komið upp á síðustu missirum. Einnig um þjóðaratkvæðagreiðslur, um aðskilnað ríkis og kirkju, auðlindaákvæði og svo um aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Því eru mörg verkefni og margir þættir í stjórnarskránni sem þarf að skoða en við getum ekki leyft okkur að gera það í flýtimeðferð.

Mjög mikilvægt er að undirbúningur að öllum breytingum í stjórnarskrá sé vandaður og í greinargerð með frumvarpinu þar sem gerð er grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á stjórnarskrám annarra ríkja er lögð rík áhersla á vandaðan undirbúning. Í Finnlandi var t.d. gerð ný stjórnarskrá árið 1999 sem gekk í gildi í mars 2000 og þá höfðu breytingarnar verið í undirbúningi frá árinu 1995.

Samkvæmt norsku stjórnarskránni ber að leggja tillögur um stjórnarskrárbreytingar fram á þingi í síðasta lagi á þriðja ári eftir kosningar, og mig minnir að kjörtímabilið í Noregi sé fimm ár, og það má ekki samþykkja þær fyrr en að loknum næstu kosningum þar á eftir. Það þýðir að allar breytingar á norsku stjórnarskránni, stórar sem smáar, þurfa ákveðinn tíma til að undirbúningurinn teljist viðunandi.

Á Ítalíu þurfa að fara fram tvær umræður í hvorri deild þingsins og þar eiga minnst þrír mánuðir að líða á milli umræðna. Í Sviss var gerð heildarendurskoðun á svissnesku stjórnarskránni og tók nýja stjórnarskráin gildi í janúar árið 2000. Þá höfðu breytingarnar verið í undirbúningi rúma tvo áratugi.

Það er alveg ljóst að færum við að breyta stjórnarskrá okkar í flýtimeðferð með hraði værum við engan veginn að vanda til verksins og ég tel það mikinn ábyrgðarhluta að ætla að fara fram með þeim hætti og því er ég alfarið mótfallin. Ég bendi aftur á að það eru einungis þrjár vikur síðan sérnefnd um stjórnarskrármálið tók til starfa.

Virðulegi forseti. Minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna með stuðningi Framsóknarflokksins hefur komist að þeirri niðurstöðu að það sé skynsamlegt að gera tilteknar breytingar á stjórnarskránni og leggja um leið til að sett verði á laggirnar stjórnlagaþing sem hefði það hlutverk að gera breytingar á stjórnarskránni. Þessi tilhögun er afar sérkennileg og hún hefur verið gagnrýnd verulega. Það hlýtur að stinga í augu að á sama tíma og hugmyndir eru uppi um að setja á laggirnar stjórnlagaþing sem á að fá það hlutverk að endurskoða stjórnarskrána sé Alþingi að vinna að tillögum um breytingar á þeirri sömu stjórnarskrá. Við hljótum að spyrja hvort með því sé verið að takmarka umboð stjórnlagaþings, hvort endurskoða eigi alla þætti stjórnarskrárinnar nema þá sem núverandi þing samþykkir. Það hljóta líka að vakna spurningar hvort með því að setja því þennan ramma sé stjórnlagaþingi ekki treyst fyrir verkefninu.

Við hljótum líka að velta því fyrir okkur, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal kom ítrekað upp með í gær og fékk lítil svör við, hvort það sé mögulegt að starfandi stjórnlagaþing og Alþingi sjálft vinni að breytingum á stjórnarskránni á sama tíma og jafnvel þess vegna í sitt hvora áttina. Þá hljótum við að spyrja hvort þingið hefði lokaorðið í þeim efnum, því að það er í rauninni ekkert sem hamlar því að Alþingi vinni að breytingum á stjórnarskrá á sama tíma og hugsanlegt stjórnlagaþing, enda er það hlutverk Alþingis að setja lög og þar á meðal að gera breytingar á stjórnarskránni.

Það sem er þó sýnu alvarlegast er að með stjórnlaga-

þingi er verið að veikja Alþingi eins og við sjálfstæðismenn höfum bent á. Löggjafarhlutverkið er mikilvægasta hlutverk Alþingis og stjórnarskráin, sem grundvallarplagg í stjórnskipun okkar, er þar ekki undanskilin. Með því að setja á stjórnlagaþing sem á að endurskoða stjórnarskrá landsins er verið að grafa undan valdi og virðingu Alþingis og veikja stöðu þess. En ein helsta gagnrýnin á undanförnum mánuðum og missirum er meint veik staða þingsins. Þessar hugmyndir eru ekki til þess fallnar að styrkja starf þingsins né virðingu þess heldur þvert á móti.

Sjálfstæðisflokkurinn leggst í sjálfu sér ekki á móti hugmyndum um stjórnlagaþing og er til umræðu um að setja slíkt þing á laggirnar sem yrði ráðgefandi um breytingar á stjórnarskránni sem síðan væri á valdi Alþingis sjálfs að fjalla um og staðfesta.

Grunur hefur vaknað að þegar upp er staðið hafi ákvæði um stjórnlagaþing verið dúsa sem stungin hafi verið upp í Framsókn til að fá hlutleysi þeirra og eftir atvikum stuðning þeirra við þá ríkisstjórn sem nú hefur starfað í tvo mánuði. Á þeim þrem vikum sem málið hefur verið í höndum sérnefndarinnar hafa hugmyndir um stjórnlagaþing tekið miklum breytingum. Á sama tíma hefur jafnframt komið í ljós að þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna hafa í raun og veru ekki mikinn áhuga á hugmyndum um stjórnlagaþing.

Hugmyndir um þingið hafa verið útþynntar og útþynntar verulega. Fyrsta hugmyndin var þar yrðu 63 þingmenn en fjöldinn er kominn niður í 41. Fyrstu hugmyndir voru að stjórnlagaþing hefði eitt og hálft til tvö ár til að starfa en sá tími hefur nú verið styttur verulega, í nokkra mánuði. Í stað þess að sérstaklega væri kosið til stjórnlagaþings, eins og upphaflegu hugmyndirnar voru, eigi að spyrða valið við sveitarstjórnarkosningar á næsta ári og ekki hefur heyrst um að sveitarstjórnarmenn hafi verið spurðir álits á því og það er álitamál hvort það sé heppilegt með hliðsjón af markmiðum sveitarstjórnarkosninga sjálfra.

Í stað þess að þeir sem kosnir eru til stjórnlagaþings vinni við það í fullu starfi er nú verið að tala um hlutastarf. Reifaðar hafa verið hugmyndir um að í stað þess að stjórnlagaþing komi að hreinu borði og hafi fullt umboð til að taka á öllum þáttum muni það jafnvel fjalla um tillögur fræðimanna um nýja stjórnarskrá. Síðast en ekki síst hefur kostnaður verið færður úr 2,5 milljörðum kr. í 400–500 millj. kr. sem eru að vísu ánægjulegar fréttir en umfangið er minnkað sem því nemur. Þegar upp er staðið er kostnaður við þingið, umfangið og hlutverkið, um 20% af því sem upphaflega var ætlað. Það eina sem eftir er er að slá hugmyndina af og spurningin er hvenær ríkisstjórnin tekur af skarið og kastar Framsókn út á kaldan klaka eins og ónýtri tusku. Það er búið að nota hana í tvo mánuði góðum árangri. (Gripið fram í.)

Stjórnarflokkarnir hafa styrkt sig en Framsókn hefur fengið minna en ekkert út úr stuðningi sínum við ríkisstjórnina. Fylgi flokksins hefur farið úr 17% stuttu eftir kjör nýs formanns og er nú á bilinu 7–10% samkvæmt skoðanakönnunum. Stuðningur flokksins við minnihlutastjórnina hlýtur því að verða metið sem algert glappaskot af framsóknarmönnum sjálfum.

Virðulegi forseti. Í lokin vildi ég draga fram hvaða afstöðu núverandi ríkisstjórnarflokkar eða hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna tóku þegar breytingar á stjórnarskránni voru ræddar árið 2007. Þar kom fram eindregin skoðun þeirra að ætti ekki að breyta stjórnarskránni með hraði heldur þyrfti að ígrunda vel allar slíkar breytingar. Þannig sagði hv. þáverandi þingmaður, Ögmundur Jónasson, eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga …“ — og enn fremur: „Það er grundvallaratriði að um stjórnskipan þjóðarinnar ríki stöðugleiki, sátt og festa.“

Áður hafa verið dregin fram í umræðunni orð hv. þáverandi þingmanns og núverandi ráðherra, Össurar Skarphéðinssonar, en hann sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“

Það er vissulega ástæða til að draga þessi orð fram. Ég tel að leggja verði ríka áherslu á umgengni við stjórnarskrána og sýna virðingu því sem þar stendur og ég legg ríka áherslu á að ekki verði hrapað að neinu í þeim efnum.

[15:05]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Í upphafi ræðu minnar langar mig til að byrja á því að fara aðeins yfir það um hvað þessar umræður allar snúast. Þær eru í rauninni tvíþættar. Annars vegar eru menn að ræða efnislega um þær breytingartillögur sem liggja fyrir í þinginu á því frumvarpi sem fjórir hv. þingmenn flytja um breyting á stjórnarskránni. Hins vegar snýst þessi umræða um það hvort eðlilegt sé, nú þegar þingstörfum er að ljúka, um það bil 20 dagar eru til kosninga, að fara þá að ræða um grundvallarbreytingar á stjórnarskránni og stjórnskipaninni þegar önnur og brýnni viðfangsefni eru til umfjöllunar og bíða úrlausnar.

Ég hef sagt það eins og allir sjálfstæðismenn sem tekið hafa þátt í þessari umræðu að forgangsröðun þessarar ríkisstjórnar sé kolröng. Fyrir utan það að við erum mótfallnir flestum efnisatriðum þessa frumvarps þá teljum við að flutningsmenn þessa frumvarps með hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, leiðtoga ríkisstjórnarinnar sem segja á tyllidögum að þeir vilji leggja ofuráherslu á að slá skjaldborg um heimilin í landinu, verja atvinnulífið og búa til störf, séu að eyða dýrmætum tíma þingsins í umræður um breytingar á stjórnarskránni og ekki bara einhverjar breytingar heldur breytingar sem fela það í sér að verið er að draga úr völdum þingsins, Alþingis sem flutningsmenn frumvarpsins sitja sjálfir á. Þessar breytingar hafa ekkert með heimilin, atvinnulífið og atvinnusköpun að gera. Það er alveg sama hversu margar ræður hv. þingmenn í stjórnarliðinu halda hér, fólkið í landinu og þeir sem fylgjast með þessum umræðum skilja að breytingar á stjórnarskránni munu ekki breyta skuldastöðu heimilanna. Breytingar á stjórnarskránni munu heldur ekki skapa störf í landinu. (**PHB:** Jú, 41.)

Það sem við þingmenn Sjálfstæðisflokksins erum að benda á er þetta: Ríkisstjórnin ætti frekar að snúa sér að málefnum heimilanna og atvinnulífsins í landinu en að gera

breytingar á stjórnarskránni.

Við ræddum í dag, ég ræddi í gær og ég ræddi líka í fyrradag að námsmenn í Háskóla Íslands óttast mjög um sinn hag. Það er fyrir séð að meginþorri námsmanna mun ekki fá vinnu nú í sumar. Ég hef kallað eftir viðbrögðum frá hæstv. forsætisráðherra. Við höfum kallað eftir viðbrögðum frá hæstv. menntamálaráðherra, frá ríkisstjórninni, frá stjórnarmeirihlutanum og frá Framsóknarflokknum, viðbrögðum við því hvernig þeir ætla að leysa þennan vanda og engin svör hafa borist.

Í dag eru 17.944 einstaklingar atvinnulausir. Þetta eru málin sem við ættum að vera að ræða hér. Við ættum að vera að ræða um það hvernig ríkisstjórnin ætli, hvernig stjórnmálaflokkarnir ætli og hvernig Alþingi ætli að bregðast við þeim vanda sem uppi er. Þess í stað kýs ríkisstjórnin að leggja allan sinn kraft í það að breyta stjórnarskránni.

Á Íslandi eru vextir hæstir í Vestur-Evrópulöndunum. Hér er verðbólga há. Tæplega 18 þúsund eru atvinnulausir og þeir sem ekki hafa misst vinnuna hafa lækkað í launum. Við sjálfstæðismenn höfum í umræðunni lagt það til að dagskrá þessa fundar verði breytt, að umræður um stjórnarskrárbreytingar verði lagðar til hliðar til að hægt verði að ræða mál sem varða atvinnuuppbyggingu í landinu, varða heimilin í landinu og varða skuldir heimilanna. Þessum tillögum okkar hefur verið illa tekið. Þessu tilboðum okkar hefur verið hafnað og ég lýsi furðu minni á því, sérstaklega vegna þess að hæstv. forsætisráðherra og 1. flutningsmaður þessa frumvarps er í salnum. Ég lýsi furðu minni á því að forustumaður í ríkisstjórn sjái það ekki að með breytingum á stjórnarskránni verða ekki til fleiri störf í landinu og breytingar á stjórnarskránni hafa ekkert með skuldir heimilanna að gera og það veit hæstv. forsætisráðherra. Ég skora á hæstv. forsætisráðherra því hún situr í salnum að koma í andsvar við mig að ræðu minni lokinni og svara þeirri spurningu minni hvað þetta mál hafi með hagsmuni heimilanna, skuldastöðu þeirra og atvinnuleysið í landinu að gera. Ég mundi gjarnan vilja fá svör við þeirri spurningu.

Eins og ég hef áður sagt og sagði í ræðu í morgun þá minnir þessi framganga ríkisstjórnarinnar og flutningsmanna þessa frumvarps á fornan atburð, nefnilega þann þegar Rómaborg brann. Þá sat helsti ráðamaður Rómar, Rómakeisarinn Neró, og spilaði á fiðlu meðan borgin brann. Nú eru heimilin í landinu að brenna og fjölskyldurnar og ríkisstjórnin með Jóhönnu Sigurðardóttur, hæstv. forsætisráðherra í fararbroddi hefur gripið þessa fiðlu á lofti og hafið sitt spil undir fölskum undirleik Framsóknarflokksins á meðan fólkið í landinu þarf að bíða eftir þeim aðgerðum sem boðaðar hafa verið en koma ekki inn í þingið. Það er sorgleg staðreynd, frú forseti, að svona sé haldið á málum á þinginu, að þessi ríkisstjórn skuli ekki geta forgangsraðað verkefnum á þinginu í þágu heimilanna í landinu og í þágu atvinnulífsins. Það er hún ekki að gera. Við höfum boðist til þess að það verði gert og að hér verði tekin upp mál sem hafa með þessi atriði að gera en því hefur verið hafnað þráfaldlega.

Ég get ekki látið hjá líða þegar ég ræði þetta frumvarp til stjórnarskipunarlaga að víkja nokkrum orðum að annarri ræðu sem haldin var hér fyrr í umræðunni. Hv. þm. Ellert B. Schram, þingmaður Samfylkingarinnar sem átti sæti í sérnefnd um stjórnarskrármál tók fyrstur til máls af hálfu þingmanna Samfylkingar og hélt makalausa ræðu þar sem hann réðst með ómaklegum hætti á Sjálfstæðisflokkinn og alla þá sem í þeim flokki starfa og hafa starfað. Hv. þingmaður kenndi Sjálfstæðisflokknum um allt það sem miður hefur farið hér á síðustu mánuðum og árum. Hv. þm. hélt því fram að Sjálfstæðisflokkurinn bæri ábyrgð á því kerfishruni sem varð á fjármálamarkaði og það mætti halda því fram á grundvelli þeirrar röksemdar sem þar var færð fram að Sjálfstæðisflokkurinn bæri hreinlega ábyrgð á alheimskreppunni eins og hún blasir við okkur. Hann lýsti því yfir að það frumvarp sem við ræðum hér um breyting á stjórnarskrá væru viðbrögð við því kerfishruni sem átti sér stað á fjármálamarkaði. Það er skrýtin ályktun hjá hv. þingmanni að halda því fram, að halda því fram að breytingar á stjórnarskránni hafi eitthvað með kerfishrunið á fjármálamarkaði að gera. Það er eins og hv. þingmaður hafi til dæmis ekki lesið skýrslu sem finnskur sérfræðingur að nafni Kaarlo Jännäri samdi fyrir forsætisráðuneytið og ríkisstjórnina. Þar er ekkert á það minnst að ráðast þurfi í stjórnarskrárbreytingar sem viðbrögð við kerfishruni sem átti sér stað á Íslandi.

Það sem mér fannst verra og athyglisverðara, úr því að hv. þingmaður vék að Sjálfstæðisflokknum og vildi kenna honum um allt sem miður fór, var að hann hélt því fram að útrásarvíkingarnir, bankamennirnir, yfirmenn bankanna og þeir sem tóku þátt í öllum þeim fjárfestingum og réðust í öll fjármálaævintýrin bæru ekki ábyrgð á því hruni sem hér átti sér stað og sagði að Sjálfstæðisflokkurinn hefði skapað útrásarvíkingunum það frelsi sem þeir nýttu sér með þeim afleiðingum sem við höfum horft upp á á síðustu vikum og mánuðum og þess vegna væri hrun fjármálakerfisins Sjálfstæðisflokknum að kenna.

Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að Sjálfstæðisflokkurinn reyndi einn að sporna og spyrna við fótum þegar sú þróun átti sér stað sem leiddi til hruns fjármálakerfisins. Samfylkingin hins vegar var alltaf á móti viðleitni sjálfstæðismanna til þess að koma böndum á útrásarvíkinga, koma böndum á þær fjárfestingar sem farið var í. Samfylkingin stóð alltaf með þeim fyrirtækjum sem stóðu að uppbyggingu fjármálakerfisins sem endaði með ósköpum. Hv. þm. Ellert B. Schram gerði Samfylkingunni þann greiða í ræðu sinni að taka upp hanskann fyrir útrásarvíkinga rétt eins og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, gerði í frægri Borgarnesræðu.

Í ræðu sinni í Borgarnesi vék hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar að þeim athugasemdum sem Sjálfstæðisflokkurinn gerði á þeim tíma við framgöngu fjármálamannanna á Íslandi. En í ræðunni sagði hv. þingmaður, með leyfi forseta:

„Það vekur upp umræðu og tortryggni um að gagnagrunnur fyrirtækisins og ríkisábyrgðin“ — og þá á ég við deCode — „byggist á málefnalegum og faglegum forsendum en ekki flokkspólitískum. Sama má segja um Baug, Norðurljós og Kaupþing. Byggist gagnrýni og eftir atvikum rannsókn á þessum fyrirtækjum á málefnalegum og faglegum forsendum eða flokkspólitískum? Ertu í liði forsætisráðherrans eða ekki — þarna er efinn og hann verður ekki upprættur nema hinum pólitísku afskiptum linni og hinar

almennu gegnsæju leikreglur lýðræðisins taki við.“

Þetta var tilvitnun í ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem húðskammaði Sjálfstæðisflokkinn á þeim tíma fyrir að gera athugasemdir við framferði fjármálamanna á markaði og tiltók sérstaklega Kaupþing, Baug og Norðurljós. Og svo leyfir hv. þm. Ellert B. Schram sér að koma hingað upp í ræðustólinn og halda því fram að Sjálfstæðisflokkurinn hafi aldrei gert neitt, allt sé Sjálfstæðisflokknum að kenna. Flokkurinn sem setti þó spurningarmerki við þá þróun sem átti sér stað. Hvar var hv. þm. Ellert B. Schram þegar við vorum að reyna að koma böndum á fjölmiðlana með fjölmiðlalög? Hann var á móti því máli eins og hæstv. forsætisráðherra. Þessi málflutningur er fyrir neðan allar hellur og það er ekki hægt að þola það að hv. þingmenn sem eiga að vera sæmilega upplýstir gangi fram með þessum hætti. En Samfylkingin kýs að stilla sér við hlið útrásarvíkinganna, segir þá ekki bera neina ábyrgð heldur Sjálfstæðisflokkinn. Við berum okkar ábyrgð og við höfum gert það upp og gengist við þeirri ábyrgð sem við berum á hruni fjármálakerfisins og við höfum sagt — (**EBS:** Einir flokka.) Og einir flokka. Það gerði Samfylkingin t.d. ekki á landsfundi sínum og forðaðist það eins og heitan eldinn og það sama má segja um Framsóknarflokkinn sem var í 12 ár í ríkisstjórn af þeim 18 sem við sjálfstæðismenn vorum í ríkisstjórn. Hin 6 árin, úr því að það er alltaf talað um að Samfylkingin hafi bara verið í 18 mánuði í ríkisstjórn, hin 6 árin, 33% af tímanum var Samfylkingin eða Alþýðuflokkurinn í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Hvorugur þessara flokka hefur séð ástæðu til að gera upp sína fortíð. En kemur hingað og slettir eins miklu af skít á Sjálfstæðisflokkinn og mögulegt er og það er ekki hægt að sitja undir slíkum málflutningi.

Frú forseti. Ef við víkjum þá að stjórnarskránni og þeim breytingum sem hér eru lagðar til þá vil ég segja að stjórnarskrárbreytingar eru stórmál. Það er stórmál að breyta stjórnarskránni eins og sagði Össur Skarphéðinsson, núverandi utanríkis- og iðnaðarráðherra, sagði í ræðu sem hann hélt þann 9. mars 2007, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“

Þá var hann stjórnarandstæðingur. (**Gripið fram í:** Hvenær þá?) Það var árið 2007, nú er árið 2009 og hæstv. utanríkisráðherra er annaðhvort búinn að gleyma þessum orðum sínum eða hæstv. forsætisráðherra kýs að hlusta ekki á hann.

Slík vinnubrögð hafa Svíar tekið sér til fyrirmyndar. Þeir hafa verið að fjalla um grundvallarbreytingar á stjórnarskipunarlögum sínum í 9 ár. Þeir ætla að vanda til breytinga á sinni stjórnarskrá. Hér á Íslandi ætla menn sér að klára stjórnarskrárbreytingar á mettíma, í bullandi ágreiningi í fyrsta skipti í 50 ár í lýðveldi sem er ekki nema rúmlega 65 ára gamalt. Það sem er ótrúlegt og ég vék að fyrr í dag og ég gerði það líka í gær að flutningsmenn frumvarpsins, þar á meðal hæstv. forsætisráðherra þjóðarinnar og hæstv. fjármálaráðherra þjóðarinnar, sáu ekki ástæðu til að vera viðstaddir umræðu um eigið mál í gær. Það er virðingin sem hæstv. ráðherrar bera fyrir stjórnarskránni, bera fyrir þinginu og bera fyrir því máli sem þeir eru sjálfir að flytja. Við sáum í iljarnar á þeim á fyrsta degi umræðu um þetta mál í 2. umr. á sama tíma og Svíar gefa sér 9 ár til að fara varlega yfir þessi mál.

Þessi vinnubrögð sýna að það fólk sem stendur að þessu máli ber enga virðingu fyrir því viðfangsefni sem við erum að fjalla um. Það sýnir þinginu vanvirðingu, það sýnir þjóðinni vanvirðingu og það sýnir stjórnarskránni vanvirðingu. Af hverju segi ég það? Stjórnarskráin er grundvöllur okkar þjóðskipulags. Þar eru þær meginreglur sem samfélagið er byggt á.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir að Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið og dómendur fara með dómsvaldið. Þetta er það ákvæði í stjórnarskránni sem í daglegu tali er kallað þrískipting ríkisvaldsins.

Með því frumvarpi sem við erum að ræða hér er í raun verið að leggja til breytingu á þrískiptingu ríkisvaldsins. Það er í sjálfu sér stórmál. Það er í sjálfu sér stórmál þegar þingmenn og Alþingi leggja til að það verði í raun gerð breyting á þrískiptingu ríkisvaldsins, meginreglu íslenskrar stjórnskipunar og hafa svo uppi við þær umræður athugasemdir um að þeir sem vilja gerast svo djarfir að ræða slíkar hugmyndir hafi uppi málþóf. Auðvitað er þetta ekkert málþóf. Þetta eru skoðanir mínar á því hvernig ég tel að stjórnarskráin eigi að líta út, enda ber ég þá virðingu fyrir stjórnarskránni að um hana sé gengið varlega. En þetta er líka stórmál. Þær breytingar sem hér eru lagðar til — og þá á ég kannski helst við breytinguna í 4. gr., þ.e. tillögu um að hér verði komið á stjórnlagaþingi, er stórmál fyrir elstu og virðulegustu stofnun landsins, Alþingi.

Alþingi Íslendinga var stofnað árið 930 og við erum afar stolt af löggjafarþinginu okkar. Við tökum á móti erlendum þjóðhöfðingjum, kynnum þeim þingið sem við segjum það elsta í heimi og erum afar stolt af þessari stofnun. Þegar við tölum um Alþingi, a.m.k. gagnvart erlendum þjóðhöfðingjum, göngum við fram af virðingu við þingið og kynnum það sem slíkt. Þess vegna er svo merkilegt að í þessu húsi séu fjórir hv. þingmenn, þar af tveir hæstv. ráðherrar sem eru reiðubúnir til að leggja fram frumvarp sem felur ekkert annað í sér en það að grafa undan Alþingi. Þetta frumvarp er níðurlæging við Alþingi Íslendinga og ég tek undir með hv. þm. Birni Bjarnasyni að það er níðurlægjandi að þurfa að vera að ræða þessi mál á þeim forsendum sem hér er lagt til.

Það er verið að leggja til að stofnað verði annað þing við hlið þess sem fyrir er, við hlið Alþingis Íslendinga. Mér finnst furðulegt, auðvitað finnst mér furðulegt að einhverjum hv. þingmanni, hvað þá ráðherra og hvað þá forsætisráðherra landsins detti í hug slíkur tillöguflutningur. En að forseti Alþingis sem er forseti allra okkar þingmannanna skuli ekki gera neinar athugasemdir við þennan tillöguflutning, maðurinn sem er í forsvari fyrir þingið sjálft gerir engar athugasemdir við það að hér séu þingmenn reiðubúnir til að grafa undan þinginu og búa til annað og skipa og stofna annað þing til hliðar við það sem fyrir er. Það verður fróðlegt að sjá hvort Guðbjartur Hannesson, forseti Alþingis, hv. þingmaður, mun taka þátt í þessari umræðu. Ég tel

að honum beri að gera það, honum beri að svara þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram sem varða þingið, Alþingi Íslendinga og virðingu þess. Annað er algerlega óásættanlegt. Það er óásættanlegt að forseti Alþingis ætli ekki að blanda sér í þessar umræður.

Þá kem ég að einmitt öðrum lykilstofnunum í samfélaginu. Hvað mundu menn segja ef það sama yrði gert með aðrar lykilstofnanir samfélagsins? Halda menn t.d. að forseti Hæstaréttar Íslands mundi láta sig það einhverju varða ef stofna ætti nýjan hæstarétt til hliðar við þann sem fyrir er? Nýjan dómstól sem fengi það hlutverk að fjalla um einhver sérstök mál, stjórnskipunarmál eða einhver önnur? Ég geri ráð fyrir því að menn vildu ræða slíka breytingu, meira að segja hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. (**VS:** Mér finnst það bara sniðugt.) Já, henni finnst það sniðug hugmynd og kannski er það sniðug hugmynd. En það væri stór ákvörðun sem ástæða væri til að ræða og ég hugsa að forseti Hæstaréttar mundi hafa skoðanir á slíkum málum. En forseti Alþingis? Það hefur alla vega ekki komið í ljós í þessari umræðu að hann hafi einhverja skoðun á því máli sem hér er verið að fjalla um.

Ég geri líka ráð fyrir að forseti lýðveldisins mundi hafa eitthvað um það að segja ef gerðar yrðu grundvallarbreytingar á stöðu hans í stjórnskipuninni. Hann mundi örugglega hafa skoðanir á því ef menn ætluðu að skipa annan forseta honum til hliðar. Sá ágæti maður gæti þá bara verið útrásarforsetinn og hinn nýi forseti gæti tekið að sér annað hlutverk, t.d. að vera sameiningartákn þjóðarinnar svo dæmi sé tekið af handahófi. Nei, forseti Íslands gerir ekki neitt. Hann segir ekki orð um þann tillöguflutning sem hér er til umræðu sem er furðulegt vegna þess að hann er niðurlægjandi. (**Gripið fram í:** … forseta?) Forseti Alþingis, þetta er niðurlægjandi fyrir þingið.

Við sjálfstæðismenn viljum breyta stjórnarskránni. Sjálfstæðisflokkurinn hefur unnið að slíkum breytingum og gert tillögur um breytingar á stjórnarskránni. Við höfum unnið að slíkum breytingum ár eftir ár innan stjórnarskrárnefndar, innan þingsins og víðast hvar. Við höfum reynt að leggja okkur fram um að gera það með vönduðum vinnubrögðum og í samráði við alla aðila sem að þeim málum koma, enda er stjórnarskráin grundvöllur stjórnskipulags íslenska lýðveldisins og mælir fyrir um reglur sem fjalla um vald handhafa ríkisvaldsins, þ.e. löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds, og hins vegar um mannréttindi borgaranna og þær takmarkanir og skyldur sem hvíla á handhöfum ríkisvalds gagnvart almenningi í landinu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið reiðubúinn og lýst þeirri skoðun sinni að hann sé reiðubúinn til að breyta stjórnarskránni með ígrunduðum hætti og hefur lagt fram tillögu í þeim efnum. Til þess að liðka fyrir slíkum breytingum og skapa svigrúm fyrir vandað verklag höfum við talið eðlilegt að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar þannig að ekki þurfi að rjúfa þing og fá endurnýjað samþykki Alþingis til þess að stjórnarskrárbreytingar taki gildi. Tillaga Sjálfstæðisflokksins kveður á um að breytingar á stjórnarskrá eigi að leggja fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef farin verður sú leið á yfirstandandi þingi og endurnýjað samþykki Alþingis fæst eftir kosningar verður hægt að setja hugmyndir um breytingar í stjórnarskrá í vandaðan farveg og leggja þær svo í dóm þjóðarinnar án þess að rjúfa þing. Það væri kannski ástæða fyrir framsóknarmenn að taka afstöðu til þessarar hugmyndar vegna þess að nú er búið að breyta hugmyndum þeirra um stjórnlagaþingið sem gerir ráð fyrir því að stjórnlagaþingið eigi ekki að koma saman fyrr en 17. júní 2010, eftir rúmlega ár. Hvernig í ósköpunum er hægt að rökstyðja það að breyta þurfi stjórnarskránni núna á örfáum dögum til þess eins að samþykkja að stjórnlagaþing komi saman 17. júní 2010? Ég lýsi mig reiðubúinn til að taka umræðu við Framsóknarflokkinn um stjórnlagaþing á næstu vikum og mánuðum sem vonandi er hægt að lenda farsællega en við breytum ekki stjórnarskránni með þessum hætti, á örfáum dögum á handahlaupum til þess að ná þessari breytingu fram.

Eins og ég hef vakið sérstaka athygli á hafa breytingar á stjórnarskrá enga þýðingu fyrir bráðavandann í efnahagslífinu. Fyrirtækin í landinu falla hvert af öðru og heimilin hrópa á aðgerðir. Það er mikilvægt að setja mál sem varða risavaxinn vanda fyrirtækja og heimila í forgang og við höfum lýst því yfir að við viljum greiða fyrir slíkum málum.

Það er dálítið merkilegt að fylgjast með því hvernig menn umgangast stjórnarskrána á Alþingi. Það er önnur umgengni við stjórnarskrána á Alþingi en í öðrum lykilstofnunum þjóðfélagsins. Það þekki ég ágætlega úr mínu fyrra starfi sem lögfræðingur. Hér eru menn reiðubúnir til að keyra í gegn breytingar á stjórnarskrá á örskömmum tíma í bullandi ágreiningi við stærsta stjórnmálaflokkinn í landinu, í bullandi ágreiningi við fræðimenn og hagsmunasamtök sem sett hafa fram athugasemdir, mjög alvarlegar, við efni frumvarpsins bara til að ná einhverjum pólitískum markmiðum. Hjá dómstólunum, sem eru ekki síður mikilvægir í okkar stjórnskipun og okkar þjóðfélagi, fara menn öðrum höndum um stjórnarskrána. Þar bera menn virðingu fyrir stjórnarskránni. Þegar mál koma fyrir dómstóla eins og héraðsdóm, héraðsdómstólana, og verið er að fjalla um álitamál sem varða stjórnarskrána bregðast dómarar iðulega þannig við að hafa dóm fjölskipaðan vegna þess að þeir vita að stjórnarskráin er grundvallarlög íslenska samfélagsins og það skiptir máli hvernig með hana er farið. Þegar mál koma fyrir Hæstarétt Íslands er það sama undir. En hér eru menn tilbúnir til að ræða stjórnarskrána á nóttunni á grundvelli frammíkalla, óvandaðra vinnubragða og guð má vita hvað.

Við sjálfstæðismenn viljum vönduð vinnubrögð. Við viljum ekki fljótaskrift eða handahófskennd vinnubrögð og að stjórnarskráin og ákvæði hennar séu notuð sem pólitísk skiptimynt milli einstakra stjórnmálaflokka. Eins og hæstv. heilbrigðisráðherra sagði, það á ekki að breyta stjórnarskránni í aðdraganda kosninga til þess að afla atkvæða. Við viljum ræða málin. Við viljum stjórnmál sátta og rökræðu, eins og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði í Borgarnesræðu sinni um árið, stjórnmál sátta og rökræðu en ekki átaka og kappræðu. Við sjálfstæðismenn bjóðum upp á það núna. Við erum að bjóða upp í þann dans en Samfylkingin virðist vera búin að gleyma því að sættir og rökræða eru eitthvað sem tilheyrir stjórnmálunum, en það á að keyra allt í gegn á örskotsstund.

Frú forseti. Vinnubrögðin í tengslum við þetta mál eru til fullkominnar skammar. Um mikilvægi markviss sam-

starfs við hagsmunaaðila í tengslum við stórmál eins og stjórnarskrána er fjallað í handbók sem ég hygg að sé ein af uppáhaldsbókum hv. þm. Atla Gíslasonar sem flaggaði henni reglulega þegar hann var í stjórnarandstöðu. Þetta er *Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa*. Forsætisráðuneytið gaf út þessa bók árið 2007 en þar er kveðið á um að samráð stuðli að því að forsendur mála liggi fyrir áður en ákvörðun er tekin, og að samráð styðjist við þau lýðræðisrök að þeir sem ákvarðanir varða eigi þess kost að hafa áhrif á efni þeirra. Handbókin leggur til að ef samráð verður viðhaft sé frestur til að gera athugasemdir að jafnaði að lágmarki tvær vikur og kynningarfundur sé boðaður með minnst viku fyrirvara. Það er jafnframt mat ráðuneytisins, þ.e. forsætisráðuneytisins, í handbók þessari þegar um er að ræða veigamikil mál eins og stjórnarskrárbreytingar að samráð ætti að hefjast við hagsmunaaðila og sérfróða aðila þegar verið væri að meta nauðsyn lagasetningar, það ætti að jafnaði að fara fram áður en hafist er handa við að semja frumvarp. Og það er óhætt að segja að verulega hafi skort á að fyrirmæli handbókar forsætisráðuneytisins hafi verið höfð í heiðri við samningu þessa frumvarps sem er sérstaklega eftirtektarvert ekki síst í ljósi þess að 1. flutningsmaður málsins er sjálfur forsætisráðherra sem fer ekki einu sinni eftir fyrirmælum í handbók sem forsætisráðuneytið sjálft gefur út.

Hv. þm. Atli Gíslason er sá þingmaður sem hefur látið hvað mest að sér kveða í umræðu á Alþingi síðan hann tók hér sæti árið 2007, um faglega verkferla, um vönduð og gagnsæ og lýðræðisleg vinnubrögð á Alþingi. Það var ótrúlegt, það var magnað og það var eiginlega mergjað að hlusta á þann hv. þingmann mæra sjálfan sig, formann sérnefndar um stjórnarskipunarmál og aðra þá sem þátt eiga eða styðja meiri hlutann fyrir það hve vinnubrögðin í þessu máli hafi öll verið vönduð og hve markvisst og gott samstarf hafi verið haft við hagsmunaaðila. En umsagnirnar sem liggja fyrir í málinu tala öðru máli. Ragnhildur Helgadóttir, prófessor í stjórnskipunarrétti, segir, með leyfi forseta:

„Það er skoðun mín að með því að naumur meiri hluti á þingi samþykki stjórnarskrárbreytingar í andstöðu við stóran stjórnmálaflokk sé stjórnarskráin færð inn í hringiðu stjórnmálanna. Þess má vænta að næsti meiri hluti geri þær breytingar sem honum hugnast án þess að takmarka sig við það sem næst almennt sátt um á þingi og þannig koll af kolli. Þannig getur stjórnarskráin orðið óstöðugri og pólitískari en verið hefur, sem er óæskileg þróun.“

Davíð Þorláksson lögfræðingur segir, með leyfi forseta:

„… tel ég að það væri verulega misráðið af stjórnarskrárgjafanum að binda 1. gr. frumvarpsins í stjórnarskrána.“

Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, segir, með leyfi forseta:

„Veittur var frestur til 20. mars til að skila inn umsögn. Þennan frest verður að telja mjög skamman þegar umfang málsins er haft í huga.“ — Síðar segir hann: „Æskilegt að nákvæm skoðun fari fram á þessu atriði [þ.e. 1. gr. frumvarpsins] og mögulegum afleiðingum ákvæðisins að þessu leyti.“

Sigurður Líndal, minn gamli kennari, prófessor emeritus í lögfræði segir, með leyfi forseta:

„Ég tel að skoða þyrfti 1. gr. frumvarpsins betur vegna óljósrar merkingar orða og hugtaka sem þar eru notuð.“ — Hann telur rétt að fella burt 1. gr. þannig að betra tóm gefist til að huga að því hvernig slíkum yfirlýsingum verði fyrir komið ef á annað borð þykir rétt að hafa slíkt í stjórnarskrá.

Og síðar:

„Annars get ég ekki dulið þá skoðun mína að ólíklegt sé að þing skipað 41 manni valdi þessu verkefni. Líklegast að þingið þróist yfir í eins konar umræðufund og þrætusamkomu sem sökkvi niður í deilur sem engu skili.“ (**Gripið fram í:** Hann telur …)

Ragnar Árnason og Birgir Þór Runólfsson, prófessorar í hagfræði, segja, með leyfi forseta:

„… teljum við að með samþykkt ákvæðisins væri verið að veikja efnahag þjóðarinnar enn frekar.“

Rarik segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt vill Rarik ohf. leggja sérstaka áherslu á gagnrýni á þau vinnubrögð sem í þetta skiptið eru viðhöfð við breytingu á stjórnarskránni.“

Samorka segir að efnisatriði frumvarpsins hafi ekki fengið þá almennu umfjöllun í samfélaginu sem æskilegt hlýtur að teljast við breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins. Leggur Samorka til að frestað verði að taka inn í stjórnarskrá efnisatriði 1. gr. frumvarpsins.

Samtök atvinnulífsins leggja ofuráherslu á „að þess sé vandlega gætt að fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskrá ýti ekki undir ódauðleika, vegi að ofangreindum gildum eða leiði til óæskilegra hindrana“. Og segja enn fremur að eitt brýnasta verkefni okkar sé að endurvekja traust umheimsins. Hringlandaháttur í lagasetningu sé ekki skref í þá átt.

Svo koma menn hér og halda því fram að það sé eðlilegt að gera þrjár breytingar á sama ákvæðinu á örfáum vikum.

Laganefnd Lögmannafélagsins, míns gamla félags, félags sem ég held að hv. þm. Atli Gíslason sé enn þá félagi í, hvað segir hún um þetta mál? (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) Hvar er hv. þm. Atli Gíslason, sem telur að ekkert sé óljóst og öll vinnubrögð í málinu til fullkominnar fyrirmyndar? Hans félag segir, með leyfi forseta:

„Að mati laganefndar eru þær breytingar á stjórnarskránni sem boðaðar eru með frumvarpinu í raun grundvallarbreytingar. Laganefnd áréttar mikilvægi þess að allar breytingar á stjórnarskránni séu gerðar að vel athuguðu máli og í mikilli sátt allra aðila, ekki síst þegar um grundvallarbreytingu er að ræða. Er það afstaða laganefndar að framangreindar breytingar þurfi frekari athugunar við og leggst nefndin af þeim sökum gegn samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fyrir.“

Lögmannafélagið gefur þessu frumvarpi falleinkunn, málsmeðferðinni allri og efni frumvarpsins, algjöra falleinkunn. (**VS:** Þeir skiluðu einu blaði, A4.) Já, þeir skiluðu einu blaði, það er rétt hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, það er vegna þess að Lögmannafélagið og laganefndin fékk ekki meiri tíma til að fjalla um þetta mál sem er einsdæmi.

Frú forseti. Ég hef lokið máli mínu og mun halda því áfram í næstu ræðu minni þar sem ég hef ekki komið öllum þeim efnisatriðum að sem ég hyggst gera í þessari umræðu.

[15:45]

Árni M. Mathiesen (S):

Frú forseti. Það er óhætt að segja að hér fari fram merkar umræður og segja má að það séu tímamót í því hvernig um þetta mál er fjallað á Alþingi þessa dagana. 50 ár eru síðan stjórnarskrárfrumvarp var síðast rætt í nefnd og á þingi án þess að um það væri samstaða og var það þá í andstöðu við Framsóknarflokkinn vegna kjördæmabreytinga þar sem hagsmunir Framsóknarflokksins voru gríðarlega miklir í þá tíð.

En nú er ekki um kjördæmahagsmuni að ræða, ekki er verið að breyta kjördæmaskipaninni, heldur eru önnur mál uppi. Er óhætt að segja að Framsóknarflokkurinn eigi þar nokkuð stóran hluta að máli, bæði vegna frumvarpsflutnings framsóknarmanna fyrr á þinginu og eins vegna þess hlutverks sem það frumvarp, sem komið er inn í frumvarp flokksformannanna, leikur í þessu stjórnarsamstarfi. Jafnframt vegna þess að formennskan í sérnefndinni var falin hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, fyrrv. formanni Framsóknarflokksins.

Það eru í rauninni fjögur meginatriði sem um er að tefla í þessu frumvarpi. Í fyrsta lagi er í 1. gr. frumvarpsins fjallað um umhverfismál og eignarrétt á náttúruauðlindum. Að hluta til eru það mál sem rædd hafa verið talsvert á undanförnum árum og í öðrum þeim tilraunum sem gerðar hafa verið til að breyta stjórnarskránni en hins vegar eru hér ný efnisatriði sem lítt hefur verið fjallað um, reyndar ekki bara hér á landi. Það hefur lítið verið fjallað um ákvæði sem þessi annars staðar líka, eins og ég mun koma að síðar í máli mínu.

Í öðru lagi er í 3. gr. frumvarpsins fjallað um hvernig fara eigi með þjóðaratkvæðagreiðslur um tiltekin lög eða málefni sem varða almannahag ef 15% kjósenda gera kröfu um að slík atkvæðagreiðsla skuli fara fram.

Í þriðja lagi er það 4. gr. sem fjallar um títtnefnt stjórnlagaþing og ég nefndi aðeins áðan. Það hefur spilað stórt hlutverk í stjórnmálum vetrarins og mun ég ræða lítið eitt um það síðar í ræðu minni. Síðan er það fjórða atriðið sem er breytingin á 29. gr. stjórnarskrárinnar um hvernig breyta megi stjórnarskránni. Það eru auðvitað atriði sem nokkuð hefur verið fjallað um áður. Í stjórnarskrárnefnd sem starfaði á síðasta kjörtímabili voru komnar fram tillögur um hvernig með þetta mætti fara og hvernig þessu mætti breyta til að hægt væri að breyta stjórnarskránni á auðveldari hátt en þó að það væri gert þannig að þess væri gætt að vinnubrögðin væru í lagi, að ekki væru keyrðar í gegn breytingar á skömmum tíma við sérstakar aðstæður eins og reyndar verið er að gera að þessu sinni. En ég mun fjalla um það svolítið síðar.

Í ljósi þess að stórt atriði í þessu frumvarpi er hvernig standa eigi að því að breyta stjórnarskránni er ekki úr vegi að fjalla aðeins um hvernig staðið er að þeim breytingum sem við fjöllum um hér. Um þær hefur verið afskaplega lítið samráð, lítill undirbúningur þó að einhver atriðin hafi verið til umfjöllunar áður. Þetta hefur verið unnið á stuttum tíma og forðast hefur verið eins og mögulegt hefur verið að gera það þannig að sátt gæti verið á milli allra flokka eins og verið hefur reglan fram til þessa. Stjórnarskrárbreytingarnar hafa núna orðið hluti af pólitísku samningamakki, sem ekki hefur gerst áður, þar sem ákveðin atriði hafa verið forsenda fyrir því að minnihlutaríkisstjórnin fengi stuðning frá Framsóknarflokknum við tilveru sína.

En það er ekki úr vegi að fjalla aðeins um hvernig staðið er að því að breyta stjórnarskrá og hvernig við höfum staðið að því áður. Áður en ég fjalla um það vil ég aðeins fara yfir tilurð stjórnarskrár okkar og sögu hennar. Hún er í grunninn runnin af rótum dönsku stjórnarskrárinnar sem var afrakstur dansks stjórnlagaþings sem haldið var á þar síðustu öld. Í dönsku stjórnarskránni voru grundvallarlög fyrir danska ríkið sem samþykkt voru 5. júní 1849. Þeirri stjórnarskrá var síðan breytt en stjórnarskrá okkar sem byggist á þeirri breyttu stjórnarskrá sem var í grunninn frá 1849, fengum við 5. janúar 1874, eins og menn þekkja. Það var konungurinn sem nánast rétti okkur stjórnarskrána, eins og við sjáum á styttunni fyrir framan Stjórnarráðið, því að ekki hafði hún verið samþykkt á Alþingi. En auðvitað höfðu ýmis stjórnarskrárfrumvörp verið samþykkt þar og gerð krafa um að Íslandi yrði sett stjórnarskrá. En þessi stjórnarskrá var, eins og ég sagði áðan, í meginatriðum samhljóða dönsku stjórnarskrárlögunum eða „grundloven“ sem þá voru í gildi og höfðu gilt frá 1866 með ýmsum öðrum breytingum.

Við höfum síðan gert breytingar á þessari stjórnarskrá nokkrum sinnum, bæði á lýðveldistímanum og á meðan við vorum enn hluti af ríki danska konungsins. Var tekið til við að gera breytingar strax árið 1903 vegna heimastjórnarinnar sem þá var komin og inn komu ákvæði um ráðherra. Árið 1915 var ýmsum ákvæðum breytt þegar ráðherrum var fjölgað og konur fengu kosningarrétt og raunar var kosningarréttur karla og kvenna gerður almennur. Gerðar voru breytingar 1919 sem leiddu af fullveldi Íslands og síðan var samþykkt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 1920. Þar voru aðrir hlutir sem einnig leiddu af fullveldinu og vörðuðu stöðu hinna ýmsu mála, svo sem stöðu Íslands gagnvart konunginum og fleira.

Síðan voru gerðar breytingar árin 1927 og 1934 en þær lutu að mestu leyti að kosningakerfinu. Þar er sá grunnur sem breytt hefur verið í stjórnarskrá. Árið 1942 var kosningafyrirkomulaginu enn breytt með stjórnarskránni og síðan var gerð breyting árið 1943 sem undirbjó gildistöku nýrrar stjórnarskrár lýðveldisins 17. júní 1944. Þá má segja að á tímabilinu fram að lýðveldistímabilinu hafi stjórnarskránni verið breytt átta sinnum. Á lýðveldistímanum hefur stjórnarskránni líka verið breytt nokkrum sinnum, árið 1959, en það var í síðasta skiptið sem það var gert í ágreiningi þar til nú, ef fer sem horfir, og síðan 1984, 1991 og 1995. Sumar af þeim breytingum sem þá voru gerðar áttu rót sína að rekja til frumvarps sem lagt var fram 1983 af Gunnari Thoroddsen, þáverandi forsætisráðherra. Síðan hefur verið gerð ein breyting, árið 1999, og þá á ég aðeins eftir eina ótalda sem var breytingin á kosningaraldrinum vegna kosninganna 1968 sem gerð var 1967. Segja má að stjórnarskránni hafi verið breytt sjö sinnum á lýðveldistímabilinu.

Það er nokkuð merkilegt þegar maður fer yfir þetta að á þeim tveimur tímabilum í sögu okkar sem við höfum verið með stjórnarskrá höfum við breytt henni 15 sinnum, og raunar sjö sinnum á lýðveldistímabilinu, en danska stjórnarskráin sem nú er í gildi og samþykkt var 1953 var síðasta

stjórnarskrárbreyting sem gerð var í Danmörku.

Eins og ég sagði áðan hefur oftast náðst mjög víðtæk samstaða um stjórnarskrárbreytingar. Það er auðvitað mjög mikilvægt að það sé þannig til þess að um þetta grundvallarskjal stjórnskipunarinnar ríki góð sátt og hún sé ekki gerð að pólitísku bitbeini eins og manni sýnist að stefni svolítið í nú um stundir.

Ef við víkjum aðeins að því hvernig staðið er að stjórnarskrárbreytingum annars staðar, sérstaklega þegar við horfum til þess hvernig við höfum staðið að þessu og hvernig lagt er til að staðið verði að þessu í framtíðinni, í ljósi þess að gagnrýnt hefur verið hversu slöpp við á hv. Alþingi höfum verið — nú gengur hæstv. forsætisráðherra úr salnum og ofbýður sennilega tungutakið úr ræðustólnum, að við skulum ekki vera búin að breyta stjórnarskránni nema sjö sinnum á lýðveldistímabilinu. Við skjótum frændum okkar í Danmörku laglega ref fyrir rass þar. Í sumum stjórnarskrám eru ákveðnir kaflar undanþegnir endurskoðun, (Gripið fram í.) þeim má einfaldlega ekki breyta. Það á við um norsku stjórnarskrána að því er varðar anda og meginreglur hennar án þess að það sé nákvæmlega afmarkað hvaða ákvæði falli undir hverjar séu réttarfarslegar afleiðingar ákvæðis. Þó er það þannig að anda og meginreglu stjórnarskrárinnar má ekki breyta.

Í þýsku stjórnarskránni er þetta nokkuð skýrara en þar er kveðið á um að ekki megi breyta skiptingu sambandsríkisins í sambandsþátttöku þeirra í löggjafarferlinu né ákvæðum 1.–21. gr. stjórnarskrárinnar um grundvallarréttindi. Í ítölsku og frönsku stjórnarskránni eru líka ákvæði um að ekki megi afnema lýðveldið. Þá eru í bæði frönsku og spænsku stjórnarskránni ákvæði, sem ég held að séu mjög merkileg ákvæði og íhugunarverð fyrir okkur sem erum að vinna að stjórnarskrárbreytingum undir tilteknum kringumstæðum, um að ekki megi breyta stjórnarskránni á ófriðartímum. Væntanlega er það vegna þess að þá er meiri óstöðugleiki og líkur til þess að síður verði vandað til vinnubragða, að breytingar geti verið á einhverjum annarlegum forsendum eða þær keyrðar fram af afli sem hægt er að beita á ófriðartímum en ekki öðrum tímum. Það er þá væntanlega gert til að vernda anda og meginreglur stjórnarskrárinnar eins og ákvæðinu í norsku lögunum er ætlað að gera.

Þó að ég ætli ekki beinlínis að líkja því sem við höfum upplifað á síðustu mánuðum við ófriðartíma held ég að engum blandist hugur um að þeir atburðir sem við höfum upplifað á síðustu mánuðum hafi haft í för með sér meiri breytingar og leitt til meiri óstöðugleika og meiri erfiðleika en við höfum upplifað, alla vega í mjög langan tíma þar á undan. Þess vegna má segja að einmitt við þessar kringumstæður uppfyllum við sem samfélag og stjórnarskrárgjafi tæplega að geta unnið við bestu hugsanlegu skilyrði við að breyta stjórnarskránni. Þetta eitt og sér ætti að leiða til þess að við hugsuðum okkur tvisvar um áður en við gerðum breytingar.

Það er líka ástæða til að nefna í þessu samhengi að í flestum Evrópuríkjum er frumkvæðisrétturinn til að hrinda af stað stjórnarskrárbreytingum sá sami og gildir um almenn lagafrumvörp en þó eru möguleikar til þess að lágmarksfjöldi þingmanna eða hluti kjósenda geti hrint af stað slíkum breytingum. Þó er það ekki víða. Í norrænum stjórnarskrám eins og t.d. í þeirri dönsku er gert ráð fyrir því að breytingar á henni gildi ekki nema þær séu samþykktar af tveimur þingum með kosningum á milli auk þjóðaratkvæðagreiðslu. Hér hjá okkur er það þannig að tvö þing með kosningum á milli þurfa að samþykkja. Þar er áskilið að meiri hluti þátttakenda í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu og aldrei færri en 40% kosningabærra manna greiði atkvæði með breytingunni þannig að það eru býsna ströng skilyrði. Síðast var stjórnarskránni breytt þar árið 1953. Það getur verið ástæðan fyrir því að sumir sem komið hafa fyrir sérnefndina hafa haldið því fram að ef breytingar yrðu gerðar þar sem þjóðaratkvæðagreiðsla yrði gerð að skilyrði, yrði það frekar til að letja til breytinga á stjórnarskránni en hitt.

Í Finnlandi var stjórnarskránni breytt nýverið. Breytingin var samþykkt árið 1999 og gekk í gildi árið 2000. Þær breytingar höfðu verið í undirbúningi frá því 1995 þegar dómsmálaráðherra setti á fót vinnuhóp sem hafði það verkefni að gera stjórnskipun landsins nútímalegri. Þar þarf að samþykkja frumvarpið tvisvar sinnum, bæði fyrir og eftir kosningar, en þó þannig að tvær umræður fara fram fyrir kosningar en sú þriðja eftir kosningar. Þá þurfa tveir þriðju hlutar þingmanna að samþykkja frumvarpið óbreytt við þá umræðu til að breytingarnar taki gildi. Er þó hægt að breyta ákveðnum atriðum ef fimm sjöttu hlutar þingmanna sem taka þátt í atkvæðagreiðslu, samþykkja án þess að bíða þingkosninga. Það er því hægt að gera þær breytingar með hraðari hætti — og reyndar í þriðja skiptið — en þá með mjög auknum meiri hluta, eða með samþykki fimm sjöttu hluta þingmanna.

Samkvæmt sænsku stjórnlögunum taka breytingar á þeim ekki gildi nema frumvarp hafi verið samþykkt óbreytt á tveimur þingum og með þingkosningum á milli. Þjóðaratkvæðagreiðsla um frumvarpið skal fara fram samhliða þingkosningum ef tillaga um slíkt kemur fram og hún fær samþykki a.m.k. þriðjungs þingmanna.

Samkvæmt norsku stjórnarskránni ber að leggja tillögur að stjórnarskrárbreytingum fram á þingi í síðasta lagi á þriðja ári eftir kosningar og ekki má samþykkja það fyrr en að loknum næstu kosningum þar á eftir. Við afgreiðslu laganna verða a.m.k. tveir þriðju þingmanna að sitja þingfund og taka breytingar á stjórnarskránni ekki gildi nema frumvarpið hafi verið samþykkt með tveimur þriðju meiri hluta. Ekki má gera breytingar, eins og ég sagði áðan, á meginreglum og anda stjórnarskrárinnar. Þegar við horfum á þetta ákvæði í norsku stjórnarskránni er vert að hafa í huga líka að þar eru föst kjörtímabili og ekki hægt að rjúfa þing og boða til kosninga. Þar af leiðandi er einungis hægt að breyta stjórnarskránni einu sinni á fjögurra ára tímabili. Það er algerlega útilokað að gera breytingar öðruvísi en bara á þessu eina ári og þá á þann hátt að það þarf mikinn meiri hluta.

Stjórnarskrá Austurríkis var breytt nýlega. Þar mælir svo fyrir um að tveir þriðju hlutar þingmanna þurfi að samþykkja stjórnarskrárbreytingu og auk þess ber að leggja heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu. En slíkt er þó ekki áskilið um minni breytingar sem ganga skemmra nema þriðjungur þingmanna í annarri hvorri deildinni krefjist þess. Ekki vantar varnaglana þarna gagnvart því að ýta í gegn breytingum á

skömmum tíma.

Belgía, Holland og Lúxemborg eru með svipaðar reglur og við en ef yfirlýsing er studd af meiri hluta þingmanna um að til standi að breyta stjórnarskránni er þing rofið og svo er það tekið fyrir á nýju þingi. Þá þarf tvo þriðju hluta þingmanna til að samþykkja.

Í frönsku stjórnarskránni eru tvær leiðir, annars vegar að báðar þingdeildir samþykki frumvarp, það er þá borið undir þjóðaratkvæði og öðlast gildi ef einfaldur meiri hluti er fyrir því, og hins vegar að forsetinn kalli saman báðar þingdeildir. Þá þurfa þrír fimmtu hlutar greiddra atkvæða að samþykkja frumvarpið. Það er auðvitað fljótlegri leið og hefur verið notuð mun oftar en aukinn meiri hluti eins og víða annars staðar.

Í írsku stjórnarskránni er áskilið að stjórnarskrárbreytingar þurfi samþykki í báðum deildum auk þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það má fara víðar um og skoða hvernig staðið er að breytingum á stjórnarskrám. Alls staðar eru þær þannig að ekki verður farið í breytingar með hraði að illa ígrunduðu máli eða að þær séu hluti af einhverjum pólitískum hrossakaupum. Ýmislegt er gert til að koma í veg fyrir að það sem okkur finnst við vera að upplifa hérna gerist ekki. Það er þess vegna nauðsynlegt fyrir okkur að velta því fyrir okkur hvað það er sem veldur því að við viljum fara þessa leið, sérstaklega í ljósi þess að stjórnarskrárnefndin sem starfaði á síðasta kjörtímabili gerði ráð fyrir því í tillögu sinni að til að hægt væri að breyta stjórnarskránni án þess að það þyrfti tvennar kosningar, þyrftu breytingarnar að vera samþykktar af tveimur þriðju hluta þingmanna og fara síðan í þjóðaratkvæðagreiðslu. Auk þess þyrfti fjórar umræður í þinginu og a.m.k. þrjár vikur ættu að líða milli umræðna þannig að nægur tími gæfist til að ígrunda málin og ekki væri verið að ýta málum í gegn með hraði. Svo virðist sem hv. sérnefnd hafi að einhverju leyti velt þessu fyrir sér, hún bætti við einni umræðu og setti inn tímatakmarkanir á milli umræðna þannig að nú eru umræðurnar orðnar fjórar og ein vika þarf að líða milli umræðna. Það er út af fyrir sig bót frá því sem var og er í upphaflega frumvarpinu. En eftir sem áður er gert ráð fyrir einföldum meiri hluta og væri hægt að keyra í gegn breytingu á einum mánuði ef því væri að skipta. Það er nákvæmlega það sem verið er að reyna að gera núna, að keyra í gegn breytingar á stjórnarskránni á einum mánuði. Það er því margt íhugunarvert í þessu sambandi og er kannski vert að líta aftur til þess sem gerist á hinum Norðurlöndunum.

Í Svíþjóð er hafinn undirbúningur að breytingum á stjórnarskránni þar sem skipuð var nefnd árið 2004. Nefndin skilaði sameiginlegri niðurstöðu í desember sl. 2008, 900 blaðsíðna skýrslu sem hefur verið lögð fyrir þingið. Það var gert eftir mikla yfirlegu og samráð fjölda ráðgjafa og sérfræðinga. Gert er ráð fyrir því að þessi skýrsla eigi eftir að fara í gegnum langt ferli í sænska þinginu og hugsanlegt er að ný stjórnarskipunarlög verði ekki afgreidd á sænska þinginu fyrr en árið 2011. Eins og ég nefndi áðan var þetta 5 ára ferli í Finnlandi og við erum að reyna að keyra í gegn breytingar á einum mánuði eða svo.

Það er hins vegar athyglisvert að ræða aðeins um þjóðaratkvæðagreiðslurnar eða 3. gr. frumvarpsins. Þjóðaratkvæðagreiðslur þekkjast auðvitað og eru sums staðar hluti af pólitískri og stjórnskipulegri hefð. Það getur verið mjög gagnlegt að hafa beint og milliliðalaust lýðræði og gæti verið mjög þarft. Það getur verið að við höfum ekki nýtt þennan möguleika nægjanlega vel hér á landi, kannski höfum við ekki haft hefð fyrir því enda höfum við ekki einu sinni löggjöf um hvernig við ætlum að gera það eða vildum gera það. Ef við horfum á það í samhengi við stjórnmálin frá lýðveldistímanum þegar síðasta þjóðaratkvæðagreiðslan fór fram, þegar stjórnarskráin sem við þekkjum eða búum við í dag var samþykkt, er varla hægt að segja að það sé einhverjum einum um að kenna. Allir stjórnmálaflokkar sem starfað hafa í lengri tíma á lýðveldistímabilinu hafa komið að því að vera í ríkisstjórn og hefðu, ef þeir hefðu viljað, getað tekið upp þetta kerfi en enginn hefur raunverulega gert það. Við höfum ekki mörg ákvæði um þetta. Það eru ákvæði um þetta í stjórnarskránni en engin lagaákvæði og þau snúa aðallega að því ef víkja þyrfti frá forseta, þegar forseti synjar lagafrumvarpi um staðfestingu eða ef breyta á kirkjuskipaninni.

Hjá okkur er engin heimild til að frumkvæði komi frá kjósendum. Það er þó þekkt annars staðar, sérstaklega var það virkt í Grikklandi hinu forna og í einstaka ríkjum í Bandaríkjunum. Það er jafnframt þekkt í Sviss, Ítalíu, Litháen, Lettlandi og Makedóníu. Það er athyglisvert að velta því aðeins fyrir sér hvað þessi ríki eiga sameiginlegt sem hafa þennan möguleika, og hvað ekki. Þrjú þeirra eru fyrrum austantjaldslönd, tvö þeirra eru sambandsríki, þ.e. Sviss og Bandaríkin, og síðan er það Ítalía. Varla getum við sagt að Ítalía hafi orð á sér fyrir sérstakan pólitískan stöðugleika. Það má hins vegar segja um Sviss. Þar er gríðarlega mikill stöðugleiki sem hefur ríkt mjög lengi þannig að veldur hver á heldur í þessu efni eins og svo mörgum öðrum.

Ég held að það væri athyglisvert fyrir okkur að skoða þennan möguleika en gefa okkur hins vegar góðan tíma til að velta því fyrir okkur hvernig eigi að gera þetta, ekki að rasa um ráð fram í því. Það kemur fram hjá álitsgjöfunum að þeir telja að verið sé að rasa aðeins um ráð fram varðandi þá aðferð sem lagt er til að notuð verði. Menn velta því fyrir sér hvort það eigi að vera 15%, 20% eða 25% og hvað eigi að ráða niðurstöðunni. Ég held að við hefðum gott af því að vinna þetta aðeins betur. Ef til stjórnlagaþing verður stofnað ætti það kannski frekar að koma með tillögu eða niðurstöðu eftir því hvort um væri að ræða ráðgefandi stjórnlagaþing eða stjórnlagaþing sem væri ákvarðandi áður en að þjóðaratkvæðagreiðslu kæmi, og fara yfir mál eins og þetta. Með því að taka upp stjórnlagaþing væri verið að taka frumkvæðið að stjórnarskrárbreytingum frá Alþingi, ef ekki að taka valdið algerlega frá Alþingi. Þá færi betur á því að slíkur aðili ákvarðaði eða legði til hvernig almenningur hefði frumkvæði að þjóðaratkvæðagreiðslu.

Um hvað ætti þjóðaratkvæðagreiðslan að vera? Það er tiltölulega einfalt mál að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög, hvort það eigi að staðfesta þau eða ekki. En það er hins vegar erfiðara að ákvarða um hvaða mikilvæg málefni eigi að bera upp í þjóðaratkvæðagreiðslu eða hvaða málefni mundu falla undir þá skilgreiningu sem stjórnarskráin mundi gera, sem mikilvægt málefni. Reyndar er í tillögum nefndarinnar gert ráð fyrir því að Alþingi yrði

ákvarðandi um hvað væri mikilvægt málefni og þá er auðvitað spurning hvort það eigi að ákvarða áður en farið er að safna undirskriftunum eða hvort gera eigi það á eftir. Að mörgu leyti væri hentugra að ákveða það fyrir fram þannig að ekki væri búið að safna fjölda undirskrifta undir eitthvert skjal sem gerði ráð fyrir því að eitthvert tiltekið málefni væri mikilvægt. Svo segði Alþingi: Nei, kæru vinir. Þetta er ekki mikilvægt málefni. Þið eruð búin að safna undirskriftum 15–20% þjóðarinnar til einskis því að við teljum að þetta sé ekki mikilvægt málefni, og er ákveðin kaldhæðni fólgin í því. Það er að ýmsu að hyggja í þessu og betra að við gefum okkur góðan tíma í að fara yfir málið.

Stjórnlagaþingið er þess virði að fjalla ítarlega um það. Stjórnlagaþing er frekar óvenjulegt fyrirbrigði þótt það þekkist auðvitað. Eins og ég sagði áðan voru dönsku grundvallarlögin afsprengi stjórnlagaþings en það var á þar síðustu öld sem það stjórnlagaþing var haldið. Það var haldið þegar verið var að afnema einveldi í Danmörku og koma á fót þingræðisskipulagi og lýðræði sem síðan átti eftir að þróast frá því þingræði sem þar varð til. En nú um stundir er frekar óvenjulegt að kallað sé til stjórnlagaþings. Það er sögulegt fyrirbrigði frekar en nútímafyrirbrigði. Það er hins vegar ekkert sem segir að ekki sé hægt að gera það og það var gert fyrir ekki svo löngu síðan. Í Sviss er svolítil hefð fyrir stjórnlagaþingum og er gagnlegt að horfa til þeirra ef við mundum skipuleggja slíkt þing. En ég fæ ekki séð á nefndaráliti meiri hlutans að nein sérstök úttekt hafi verið gerð á því hvernig til tókst þar þótt það sé nefnt í greinargerðinni með frumvarpinu, en hugmyndin er kannski ekki slæm.

Ef við horfum aftur til ákvæðanna í frönsku og spænsku stjórnarskránni um að ekki megi breyta stjórnarskránni á ófriðartímum og þess sem ég sagði um það ástand sem hér hefur ríkt, það sem við höfum upplifað á síðustu mánuðum, held ég, án þess þó að ég sé að líkja því við stríðsástand, að stjórnlagaþing þurfi að starfa við aðstæður þar sem ríkir stöðugleiki og jafnvægi í þjóðfélaginu. Það sé ekki æskilegt að slíkt þing starfi við aðstæður þar sem upplausn, óvissa eða miklir erfiðleikar ríkja. Stjórnarskrá er skjal sem er ekki ætlað að vera skjal líðandi stundar heldur skjal sem stendur til framtíðar og er leiðarvísir um langa framtíð þótt auðvitað eigi við gerð stjórnarskrárinnar að taka mið af og læra af því sem þjóðir og einstaklingar hafa upplifað. En þá er betra að búið sé að fara vel yfir þá hluti og ígrunda þá vel áður en ákvarðanir eru teknar.

En hvað gerir Alþingi? Alþingi er stjórnarskrárgjafinn eins og fyrirkomulagið er í dag. Við höfum talað um að við ættum að styrkja Alþingi en við værum klárlega að veikja það ef við tækjum stjórnarskrárvaldið af þinginu. Alþingi er löggjafarvald, stjórnarskrárvald og fjárveitingavald og við værum þá að taka frá því eitt af þremur veigamestu hlutverkum þess. Það hefur einmitt verið stór hluti af umræðunni undanfarnar vikur og mánuði að styrkja Alþingi en það værum við alls ekki að gera með því að taka frá því stjórnarskrárvaldið. Það væri skárra ef stjórnlagaþingið væri ráðgefandi. Væri þá kannski hægt að fá málamiðlun á milli þess að það sé þingið sem ræður og að fá utanaðkomandi strauma inn í þessa umræðu, það gæti verið jákvætt. Ég held að það sé eitthvað sem við ættum að ígrunda betur og sjá hvernig þetta gengur fyrir sig annars staðar.

Frú forseti. Ég sé ekki að það hafi hv. nefnd gert enn sem komið er en hún gæti auðvitað gert það milli 2. og 3. umr. Ég tala ekki um ef líða ættu þrjár vikur á milli umræðna eins og segir í tillögum stjórnarskrárnefndarinnar frá síðasta kjörtímabili.

[16:26]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um stjórnskipun lýðveldisins Íslands og eins og fram hefur komið hjá mörgum hv. þingmönnum er þetta eitt mikilvægasta mál sem getur komið fyrir hvert þjóðþing, þ.e. að ræða grundvallarlög þau sem samfélag okkar byggir á.

Áður en ég sný mér að efnisatriðum vil ég lýsa áhyggjum mínum af því hvernig að málum hefur verið staðið, þ.e. hvernig málið hefur verið fram borið af hálfu flutningsmanna þess og hvernig framgangur þess hefur verið í þingsalnum. Ég tel ekki eðlilegt að við ræðum lög um grundvallarfyrirkomulag stjórnarskipunar okkar langt fram á nætur. Ég tel að þetta sé það mikilvægt mál að hér eigi menn að hafa fundartímann eðlilegan þannig að Alþingi sé vel skipað. (Gripið fram í.) Það er ekki eðlilegt að hér séu haldnar margar bæði efnismiklar og mikilvægar ræður sem skipta máli hvað varðar það sem hér er um að ræða og að einungis örfáir þingmenn séu viðstaddir og helst þá bara úr einum flokki eins og var í gærkvöldi.

Ég beini því til forsætisnefndar að menn skoði vel framhald þessara umræðna þannig að það verði meiri og betri bragur á þessu fyrir þingið. Ég held að allir þingmenn hljóti að vera sammála um þetta og í sjálfu sér er ekki erfitt að koma þessu betur fyrir. Ef við viljum halda áfram á kvöldin er það alveg eðlilegt og Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst sig fullkomlega og algjörlega tilbúinn til slíkra funda þar sem það á við. Þá væri vel við hæfi að við tækjum fyrir þau mál sem snúa að heimilunum í landinu og að atvinnulífinu, ræddum þau þegar umræðum um stjórnarskrána væri lokið á daginn og héldum svona áfram þar til öll þau mál sem skipta máli fyrir atvinnulífið og heimilin væru fram komin og gætum síðan í framhaldinu einbeitt okkur að þessu mikla og mikilvæga máli sem hér er til umræðu.

Það er líka annað sem mig langar að nefna. Það hefur nokkuð borið á því hér í umræðu að vegna þeirra hörmungaratburða sem urðu í efnahagslífinu sé nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni. Ég skil í sjálfu sér þá umræðu. Þegar mikið gengur á eins og hér hefur gerst leita menn á alla staði og spyrja sjálfa sig hvað þeir geti gert betur. Hverju þurfum við að breyta í samfélagi okkar til þess t.d. að slíkir atburðir endurtaki sig ekki? Það er þar með eðlilegt að menn velti fyrir sér stjórnarskránni.

Á móti kemur það sem ég held að menn verði líka að hafa í huga, þegar gríðarlegt umrót er í samfélagi eins og hefur verið í okkar samfélagi kennir sagan okkur, og um það eru fjölmörg dæmi úr ríkjum bæði nær og fjær, að einmitt þegar hlutirnir fara jafnmikið upp í loft og gerst hefur á Íslandi skiptir máli að kjölfestan, grunnurinn undir samfélaginu, stjórnarskráin, sé það akkeri sem tryggir að við komumst í gegnum umrótið saman sem samfélag án þess að gefa frá okkur þau grundvallargildi sem einmitt

hefur tekið svo langan tíma að berjast fyrir, sem hefur tekið svo langan tíma að móta og mynda og hafa gefið svo góða raun, ekki bara í okkar samfélagi heldur öllum hinum vestrænu samfélögum sem við miðum okkur við.

Þess vegna tel ég t.d. að í umræðunni um stjórnlagaþing þar sem á að taka alla stjórnarskrána og velta henni upp verði menn að hafa í huga að slíkt stjórnlagaþing eitt og sér skapar heilmikla óvissu þar sem menn vita þar með ekki nákvæmlega hver stjórnarskráin verður í framhaldinu, hvaða grundvallarréttindi verða varin, hver þá ekki o.s.frv. Öll óvissa á þessum tímum er af hinu verra.

Ég er þó ekki þeirrar skoðunar að það sé alslæm hugmynd að setja upp stjórnlagaþing. Það er í sjálfu sér vel hægt að hugsa sér slíkt fyrirkomulag en þó tel ég nauðsynlegt að Alþingi sé miðpunktur þessa, þ.e. að löggjafarvaldið fari ekki héðan. Slíkt stjórnlagaþing gæti þá verið ráðgefandi og niðurstöður þess þings kæmu hingað inn á Alþingi til áframhaldandi meðferðar.

Þetta tel ég mikilvægt því að mér finnst stundum eins og menn tali eins og Alþingi sé samkoma sem hafi ekki það beina samband við þjóðina sem þurfi svo hægt sé að treysta því fyrir stjórnarskrárbreytingum. Þetta er auðvitað alrangt. Mjög mikilvægar og veigamiklar breytingar hafa verið gerðar á stjórnarskránni, einmitt í sölum Alþingis, sem síðan hafa verið samþykktar, t.d. breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar sem gerðar voru árið 1995. Þær skiptu miklu máli. Tel ég að Alþingi hafi þar sýnt að það er vel fært um að vinna slíkt mál af vandvirkni þannig að samstaða sé um niðurstöðuna. Ef ekki er samstaða um stjórnarskrána og þau grundvallargildi sem þar birtast er voðinn vís í samfélaginu. Þess vegna fara menn mjög varlega og vandlega og vanda sig mjög mikið þegar stjórnarskrá er breytt.

Það er ekki hægt annað en að hafa af því áhyggjur hvernig menn hafa farið hér fram á undanförnum vikum hvað varðar stjórnarskrána. Það kemur mjög berlega fram í þeim umsögnum sem bárust um þetta verklag allt saman, efni og innihald að mjög margir málsmetandi aðilar hafa áhyggjur af því hvernig hefur verið staðið að þessari vinnu.

Almennt séð má kannski segja að stundum komi sú staða upp í löggjafarstarfinu að menn þurfi að hafa hraðar hendur og kannski fylgja ekki í öllu bestu viðmiðunum vegna þess að nauðsyn krefur að menn séu fljótir að afgreiða lög vegna þess að bregðast þurfi við einhverjum bráðum vanda. Þegar kemur að stjórnarskránni er ekki bara mikilvægt hvert efnisinnihald hennar er. Þá er líka mjög mikilvægt hvernig staðið er að breytingunum. Í stjórnarskránni eru fólgnar varnir fyrir okkur borgarana, bæði auðvitað gagnvart ríkisvaldinu og eins gagnvart hvert öðru. Þetta er réttindaskrá okkar, þetta er rétturinn, sú vörn sem við höfum gegn hinu sterka, vörn smælingjans gegn hinu sterka. Þetta er vörn okkar sem gerir okkur kleift að búa saman í samfélagi. Þá skiptir miklu máli að menn vandi mjög allar breytingar og geri þær rétt.

Ég hef heyrt á tal margra, bæði hér í þingsölum og annars staðar þar sem við þingmenn komum, og menn spyrja: Eruð þið þingmenn Sjálfstæðisflokksins ekki bara í málþófi? Reyndar bæta menn þar við, virðulegi forseti, að við græðum engin atkvæði á þessari umræðu. Ég verð að segja eins og er að ég læt mig engu varða hvort minn flokkur græðir eða tapar atkvæðum á umræðu um stjórnarskrá. Það skiptir bara ekki nokkru máli. Það sem skiptir máli er að við sinnum þeirri skyldu okkar sem við höfum svarið eið að, að verja stjórnarskrána og gera allt í okkar valdi til að tryggja að hún haldi. Þá skipta kosningar engu máli og ekki heldur skoðanakannanir eða eitthvert tal um að einhver þvælist fyrir í umræðunni.

Við sjálfstæðismenn höfum í ræðum okkar hér og í nefndarvinnu bent á að það er ýmislegt sem við höfum ástæðu til að hafa áhyggjur af varðandi þennan málatilbúnað. Þeir sem kynna sér þær umsagnir sem hafa verið settar fram um frumvarpið sjá auðvitað að það er ýmislegt sem rétt er að hafa áhyggjur af.

Ég grípur t.d. niður í umsögn Davíðs Þórs Björgvinssonar, en hann er dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Í umsögn sinni fjallar hann um greinar frumvarpsins og í athugasemd við 1. gr. segir hann, með leyfi forseta:

„Í stuttu máli, ákvæðið eitt og sér breytir sennilega engu um réttarstöðu þeirra sem nú njóta veiðiheimilda. Þó ber að árétta að þetta er flókið mál og æskilegt að nákvæm skoðun fari fram á þessu atriði og mögulegum afleiðingum ákvæðisins að þessu leyti.“

Gott og vel. Enn og aftur og til áminningar og áréttingar, hér erum við að tala um stjórnarskrána. Við erum að tala um grundvallarlög íslenska lýðveldisins. Hér talar maður sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á því sem um er fjallað þótt ég geti bent á fræðimenn sem eru ekki sammála honum um einstök atriði sem ég mun koma að. Það hlýtur þó að vera athugunarvert fyrir þá sem bera ábyrgð á þessu máli í þingsölum að Davíð Þór Björgvinsson segir í áliti sínu:

„Þó ber að árétta að þetta er flókið mál og æskilegt að nákvæm skoðun fari fram á þessu atriði og mögulegum afleiðingum ákvæðisins að þessu leyti.“

Ef eðlilega væri staðið að málum, ef við ynnum þessa vinnu eins og skylda okkar býður værum við búin að fara nákvæmlega í gegnum þessar athugasemdir og afleiðingarnar og gerðum okkur grein fyrir þeim þannig að engin deila væri um það áður en við settum svona ákvæði í stjórnarskrána. Það er ekki bara af því að þetta er stjórnarskráin. Þetta snýr að aðalatvinnuvegi landsmanna, akkúrat þessi umræða, akkúrat spurningin um eignarréttinn á veiðiheimildunum o.s.frv. Þetta er gríðarlegt efnahagslegt atriði fyrir okkur Íslendinga. Það að búa til óvissu um þetta er hlutur sem ég er a.m.k. feginn að bera ekki ábyrgð á.

Svo við víkjum aftur að umræðunni um einstök ákvæði gerði ég við 1. umr. að umtalsefni 1. gr. frumvarpsins sem snýr að auðlindum landsins. Mér er það mjög mikið ánægjuefni að vegna athugasemda sem komu m.a. fram hjá þeim sem hér stendur og fleirum, um ákvæði sem voru upprunalega í frumvarpinu og sneru að líffræðilegum fjölbreytileika og sjálfbærri nýtingu sem voru mjög óljós hugtök og erfitt að henda nákvæmar reiður á, virðast menn hafa ákveðið að draga í land með þetta og fara frekar í þá hugsun að í stjórnarskránni mættu einungis vera atriði sem væru þaulhugsuð og þaulniðurnegld þannig að enginn vafi léki á því um hvað væri rætt.

Þá kemur auðvitað upp sú umræða sem margir þingmenn þekkja ítarlega og vel sem snýr að hugtakinu þjóðar-

eign og hvað það hugtak þýðir nákvæmlega. Ég vitnaði áðan í Davíð Þór Björgvinsson og sá mæti fræðimaður hefur skoðun sem kemur fram í greinargerð hans. Hann segir, með leyfi forseta:

„Í greinargerð kemur fram að hugtakið „þjóðareign“ er sérstakrar merkingar sem ekki fellur vel að hefðbundinni eignarréttarlegri merkingu. Orðanotkun að þessu leyti er ekki sérstakt vandamál, enda nægjanlega skýrt af greinargerð hvað átt er við, auk þess sem hafa má hliðsjón af þjóðlendulögunum, sbr. lög nr. 58/1998, eins og bent er á í greinargerð. Ástæða er til að taka þetta fram þar sem heyrst hafa þau sjónarmið að hugtakið sé merkingarlaust, en svo þarf ekki að vera. Því er gefin ákveðin merking með setningu ákvæðisins og lögskýringargögnum.“

Þetta er skoðun Davíðs Þórs en aðrar skoðanir ágætra fræðimanna eru líka uppi. Sigurður Líndal, lögspekingur og fræðimaður á þessu sviði, hefur aðra skoðun og telur þetta hugtak ekki nægjanlega skýrt. Ég hef fyrir framan mig athugasemdir Davíðs Þorlákssonar lögfræðings sem lúta að svipuðu þar sem hann segir um hugtakið þjóðareign að það sé „mjög óljóst hugtak“ og því sé erfitt að grípa utan um nákvæma merkingu hugtaksins. Ég gríp hér niður í umsögn hans, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi fellur þjóðareign ekki undir eignarréttarhugtakið þar sem það felst ekki einkaréttur í þjóðareign. Í öðru lagi getur þjóð ekki farið með neinar heimildir eignarréttar vegna þess að þær fela í sér einkarétt og þjóð er ekki nægjanlega afmarkaður aðili til að geta farið með þessar heimildir. Í þriðja lagi er ljóst að þjóðareign fellur ekki undir neitt almennt viðurkennt form eignarréttar. Í fjórða lagi er ljóst að þjóð getur ekki talist lögpersóna og því ekki verið eigandi verðmæta. Því er ljóst að þjóðareign getur ekki talist fela í sér eignarrétt. Þjóð verður því ekki talin geta átt eignir.“

Það er alveg rétt að mínu mati að hugtakið þjóð, ef menn velta fyrir sér hvað það er, felur í sér að menn geta verið af íslensku bergi brotnir, tilheyrt íslenskri þjóð en ekki verið búsettir á Íslandi og verið jafnvel borgarar annars ríkis en verið samt Íslendingar. Af íslensku bergi brotnir. Af íslenskri þjóð. Þá er vandséð hvernig menn sjá fyrir sér slík eignarréttindi og hvernig með skuli fara. Það er vont að við séum að setja inn í stjórnarskrána ákvæði sem augljóslega í mínum huga er til þess fallið að vekja deilur og vafa um hvað átt sé við í stjórnarskránni.

Auðvitað geta menn ekki tryggt að svo verði ekki. (Gripið fram í.) Að mínu mati er a.m.k. skýrt að ef menn hafa fyrir því rökstuddan grun að vafi leiki á hugtakinu ættu þeir sem vildu sinna starfi sínu af ábyrgð og virða það heit sem menn hafa unnið að stjórnarskránni að vera búnir að gefa sér nægilegan tíma til að komast að niðurstöðu um hvað er nákvæmlega átt við þannig að menn ýfi ekki upp deilur og búi til óvissu í landinu.

Það leiðir reyndar hugann að öðru sem er allt að því furðulegt við þetta mál. Við erum að fást hér við nokkrar tillögur um breytingar á stjórnarskránni og ein af þeim er sú að við setjum á laggirnar sérstakt stjórnlagaþing. Tillagan virðist vera á þeirri forsendu að menn líti svo á að Alþingi Íslendinga geti ekki sinnt þessu mikilvæga starfi sínu, þ.e. að vera stjórnarskrárgjafinn. Gott og vel, það kann að vera skoðun en þess vegna er undarlegt að sömu aðilar og hafa þessa skoðun telja samt sem áður ástæðu til að gera sérstaklega þessar breytingar á stjórnarskránni. Ég hef ekki heyrt frá neinum af þessum flutningsmönnum neina sérstaklega góða útskýringu á því að úr því að menn telja að þingið hafi ekki burði til að breyta stjórnarskránni og nauðsynlegt sé að kalla saman sérstakt stjórnlagaþing hvers vegna það sé þá bara ekki gert og því stjórnlagaþingi falið að gera þær breytingar sem alþingismenn geta ekki gert.

Í þessu er fólgin alveg furðuleg þversögn og aldeilis óskiljanleg. Sérstaklega finnst mér það merkilegt af hálfu hv. þingmanna Framsóknarflokksins, (**Gripið fram í:** Já.) góðs flokks sem mér er um margt mjög kær eftir margra ára og gott samstarf við þann flokk, að þingmenn þess flokks voru þeirrar skoðunar fyrr í vetur að þeir hefðu ekki nægilegt umboð frá þjóðinni til að taka sæti sem ráðherrar í ríkisstjórn og vildu því sitja hjá, fela öðrum ráðherradóminn og veita einungis vörn gegn vantrausti en það skuli síðan falla í skaut eins af hv. þingmönnum þess flokks að vera einn helsti talsmaður þessara breytinga á stjórnarskránni. Það er svolítið undarlegt að hafa dæmt sjálfan sig í þá stöðu að hafa ekki umboð til að taka sæti í ríkisstjórn og leggja til að sérstakt stjórnlagaþing verði sett á laggirnar vegna þess að þingið hafi ekki möguleika til að breyta stjórnarskránni og leggja síðan til að breytingar verði gerðar á stjórnarskránni, mikilvægar breytingar sem því miður er augljóst að eru þannig úr garði gerðar að það er deila um hið mikilvæga hugtak sem er sett þarna inn, þjóðareign. Fræðimenn greinir á um hvort þetta hugtak hafi yfir höfuð merkingu. (**Gripið fram í:** Styrmir …) Ég reikna með að hv. þingmaður sé að vísa í Styrmi Gunnarsson, fyrrverandi Morgunblaðsritstjóra, frekar en bróður minn, Styrmi Gunnarsson laganema. Sé um að ræða ritstjórann ágæta kann það vel að vera. Hann er maður í að skýra sjónarmið sín og þó að um sé að ræða mikilhæfan og góðan mann er ekki þar með sagt að maður sé sammála öllu sem hann segir. (Gripið fram í.)

Síðan hlakka ég til að heyra athugasemdir hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar þingflokksformanns um þetta og vænti þess að þær snúi að auðlindanefndarþættinum. Öll þau sjónarmið hafa komið fram, m.a. í skýrslu auðlindanefndarinnar, og ekkert af því sem þar kom fram breytir því að þessi deila er uppi um eðli þjóðareignarhugtaksins. Þetta skiptir miklu máli. Enn og aftur, það hefði farið betur á því að við hefðum gefið okkur meiri tíma og unnið þetta þannig að einhver bragur væri að.

Ég er t.d. þeirrar skoðunar að við getum leyst þetta nokkuð auðveldlega, en það er kannski pólitískt óhentugt fyrir þá sem leggja þetta fram. Í staðinn fyrir þjóðareign væri auðvitað miklu nær að segja bara sannleikann og segja það sem menn eiga við og nota orðið ríkiseign. (**Gripið fram í:** Nú?) Það er það sem átt er við. Það er átt við að þetta sé eign ríkisins. Það hljómar ekki eins vel, það fer ekki eins vel í munni, (**Gripið fram í:** Nú?) það er skemmtilegra á pólitískum fundum þegar menn eru komnir í kjördæmin sín að tala um þjóðareignina og vona að menn kvarti ekki yfir því að það skiljist ekki hvað við er átt. Það sem átt er við er ríkiseign. Ég tel að úr því að menn eru að tala um stjórnarskrána eigi menn að segja hlutina eins og þeir eru og draga úr þeim vanda sem annars fylgir því að

vera með allt að því merkingarlaust hugtak, eins og margir fræðimenn hafa bent á.

Það er ekki bara lögfræðilegur vandi sem við er að etja. (**LB:** Ef menn vilja ekki …) Það er nú þannig, hv. þingmaður, að það er ekki bara spurning með þann sem hér stendur og vilja hans til að búa til vanda, það kann að vera að upp rísi dómsmál, réttarágreiningur þar sem reynir á stjórnarskrána í þessum ákvæðum og þá skiptir máli að stjórnarskráin sé þannig úr garði gerð að hún leysi deilur en búi ekki til deilur, að hún leysi vanda og leysi úr óvissu en auki hana ekki og magni eins og þessi málsmeðferð og þetta hugtak hefur því miður öll efni til að gera. (**LB:** Alveg eins og þúsundir mála …) Þegar menn sjá vandann fyrir, hv. þingmaður, og hafa tíma til að bregðast við honum eiga menn að gera það og hví þá ekki að fara þá leið sem hv. þingmenn Framsóknarflokksins hafa lagt mikla áherslu á, að setja þetta stjórnlagaþing á laggirnar? Hví þá ekki að segja sem svo: Gott og vel, gerum það þá og setjum alla þessa vinnu þangað? Úr því að menn telja sig svo umboðslausa að þeir geti ekki tekið sæti í ríkisstjórn telja þeir sig varla hafa umboð til að breyta sjálfri stjórnarskránni á nokkrum dögum og það með þeim aðdraganda sem hér hefur verið lýst og er ekki beint til sóma fyrir þingið. (Gripið fram í.) Ég held að það væri ráð að menn gerðu þetta svona. Síðan er það mín skoðun að slíkt stjórnlagaþing væri ráðgefandi fyrir Alþingi, stjórnarskrárrétturinn færi ekki úr Alþingi. Þetta er helgasta og mikilvægasta starfsemi þingsins og ég tel eðlilegt og við hæfi að það færi þá leiðina, enda hefur Alþingi sýnt að það hefur náð niðurstöðu í mikilvægum málum þegar það hefur komið að stjórnarskránni eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni þar sem um var að ræða breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Það er rangt sem hefur ítrekað verið haldið fram, að ekki hafi verið hægt að ná fram mikilvægum breytingum á stjórnarskránni. Það er rangt og stenst enga skoðun.

Ég vík þá aftur að 1. gr. og hvað um er að ræða þegar kemur að eignarréttinum. Auðvitað skiptir máli, ekki bara lögfræðilega það sem um er að ræða heldur hefur þetta mikla hagfræðilega merkingu. Það er vegna þess að skapist óvissa um eignarrétt og réttarstöðu manna hefur það þau áhrif að draga úr verðmætasköpun. Þetta eru fræði sem eru ekki séruppfinning okkar sjálfstæðismanna, þetta er reynsla manna víðs vegar á Vesturlöndum og sennilega alls staðar, þetta er lykilatriði í allri löggjöf og samspili löggjafar við efnahagslífið.

Hér erum við að ræða alveg sérstaklega um höfuð- og meginauðlind okkar Íslendinga, sjálfa aflvél hagkerfis okkar, sjávarútveginn. Gangi þetta fram setjum við ákvæði sem kann augljóslega að valda einhvers konar vá. Minni ég þá aftur á þau orð sem ég tiltók frá Davíð Þór Björgvinssyni, virðulegi forseti, þar sem hann veltir fyrir sér afleiðingum og áhrifum þessa ákvæðis. Hann segir: „… ákvæðið eitt og sér breytir sennilega engu um réttarstöðu þeirra sem nú njóta veiðiheimilda. Þó ber að árétta að þetta er flókið mál og æskilegt að nákvæm skoðun fari fram á þessu atriði og mögulegum afleiðingum ákvæðisins að þessu leyti.“ Hér erum við að tala um grundvöll efnahagsstarfsemi á Íslandi.

Eignarréttur þarf að vera öruggur og hann þarf að vera einkaréttur, þ.e. sé um að ræða eignarrétt og hann hafi gildi þarf sá sem nýtur hans að geta meinað öðrum notkun. Hann þarf að vera varanlegur og hann þarf að vera framseljanlegur. Þetta eru meginatriði eignarréttarins þegar menn horfa á þetta í hagfræðilegum skilningi. Allt sem dregur úr öryggginu, allt sem dregur úr einkaréttinum, allt sem dregur úr varanleika og framseljanleika veldur því að eignarrétturinn nær ekki tilætluðum áhrifum, það dregur úr áhrifum hans og þar með dregur úr efnahagsstarfseminni. Þar með dregur úr þeirri auðmyndun sem verður í samfélaginu, þar með dregur úr lífskjörum þjóðarinnar, möguleikum okkar, ríkisins, til skattheimtu til að geta staðið undir skólaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og öllum þeim hlutum sem skipta okkur svo miklu máli.

Því miður tel ég þá breytingu sem lagt er upp með hér til þess fallna að draga úr virkni séreignarréttarins eða í það minnsta, eins og Davíð Þór Björgvinsson nefnir, virðulegi forseti, að það sé ástæða til að ætla að það þurfi að skoða þetta miklu nánar til að menn hafi einhvers konar vissu, fast land undir fótum.

Enn á ný verð ég að segja að ég er feginn að þurfa ekki að bera ábyrgð á þessum vinnubrögðum þegar viðvaranir virtra fræðimanna liggja fyrir akkúrat um þessa þætti. (**Gripið fram í:** Það eru fræðimenn til sem segja hið gagnstæða.) Það eru fræðimenn sem segja þó hið gagnstæða en ég minni á að sá fræðimaður sem ég nefni er í hópi þeirra sem telur að þjóðareignarhugtakið hafi merkingu. Hann er í hópi þeirra fræðimanna sem hv. þingmaður hefur sennilega í nokkru uppáhaldi sökum þeirrar skoðunar, en meira að segja fræðimaðurinn sem nefnir að það megi reikna með að hægt sé að fá einhvers konar merkingu út úr þjóðareigninni varar alveg sérstaklega við og segir: Það er óljóst hver réttaráhrifin verða, það þarf að kanna málið betur. Ég ætla ekki að nefna hvað hinir segja sem telja að hugtakið hafi ekki merkingu.

Þó að mörgum hafi verið séreignarréttarkerfið þyrnir í augum í gegnum tíðina er það samt grundvöllur þess að hægt sé að stunda einhvers konar uppsöfnun auðmagns og það er líka grundvöllur verkaskiptingar og sérhæfingar. Þetta tvennt er algjört lykilatriði í öllum hagkerfum og öllum samfélögum. Samfélög sem ná ekki að gera rétt þetta tvennt, að það sé hægt að safna saman auði og nýta hann, hann sé varanlegur og hægt að koma honum til vinnu, og samfélög þar sem verkaskipting og sérhæfing ná ekki fram að ganga verða fátæk samfélög. Þess vegna látum við okkur varða ákvæði í stjórnarskrá landsins sem snúa að eignarréttinum. Þetta er algjört grundvallaratriði. Ef vafi leikur t.d. á um eignarréttinn á aflaheimildum sjá menn í hendi sér hvaða afleiðingar það hefur fyrir íslenskan sjávarútveg. Í fyrsta lagi gerir þetta það að verkum að t.d. kaup og sala á slíkum eignum verður óvissu háð, menn vita ekki hvað þeir eru að kaupa, menn vita ekki nákvæmlega hvernig á verður haldið í framtíðinni. Það gerir það að verkum að verðmætin rýrna.

Nú mundu sumir glepjast til þess að halda að það væri betra að verð á aflaheimildum lækkaði. Að því gefnu að ekki sé um að ræða einhvers konar markaðsmisnotkun endurspeglar verð á aflaheimildum í sölu á milli manna ekkert annað en framtíðarhorfur í sjávarútvegi, hversu mikils megi vænta að menn geti haft upp úr krafsinu af starfsemi í þeirri

grein. Það að búa til þennan efa getur valdið skaða hvað þetta varðar. Það veldur líka skaða vegna þess að í ljósi efans er ólíklegra að menn ráðist í nýjungar og nýsköpun í greininni.

Hvernig á að halda um þar sem um er að ræða nytjastofn, við skulum segja nytjastofn sem ekki hefur áður talist til slíkra stofna, sem ekki hefur verið nýttur áður eða lítt nýttur, þegar einkaaðili leggur fram bæði fé og tíma og tekur áhættu með fé sitt til að gera eitthvað nýtt, til að nýta auðlindina? Ef viðkomandi einstaklingi tekst vel til, ef tilraunin tekst, fyrirtækið lifir og hægt er að nýta auðlindina kemur ríkið og segir: Við eigum auðlindina, við eigum þennan stofn. Þar með er óvissa um það hvernig síðan verður haldið á með framhaldið, hvernig skattlagningu verður hagað eða áframhaldandi aðgengi. Allir þessir þættir eru til þess fallnir að draga úr mönnum viljann til að reyna að finna nýjar leiðir til að nýta auðlindirnar. Það sem meira er, ef mönnum mistekst, ef menn fara á hausinn og verða gjaldþrota við æfingar við að reyna að finna nýjar leiðir til að nýta auðlindirnar, hleypur ríkið ekki undir bagga og segir: Við virðum það mjög við þig að þú varst að reyna að finna nýjar leiðir til að nýta auðlindirnar, það gekk ekki upp og við teljum ósanngjarnt að þú berir allan kostnaðinn sjálfur. Að sjálfsögðu ekki. Menn verða bara gjaldþrota. Ef gengur vel bætist við sú óvissa hvernig ríkið muni á halda.

Þetta er ekki gott fyrir samfélag sem á allt sitt undir því að nýta vel náttúruauðlindirnar, sérstaklega auðlindir hafsins. Það er ekki skynsamlegt fyrir okkur að setja einhvers konar regluverk, lög, ég tala nú ekki um í stjórnarskrána, sem eru þess eðlis að draga úr framkvæmdavilja og þrótti landsmanna til að nýta auðlindir. Það er ekki skynsamlegt. Það kann að vera að menn segi: Hvernig í ósköpunum má það vera að jafnsaklaust orð og þjóðareign geti valdið slíku? Það er vegna þess vafa sem ég rakti áðan, vegna þess vafa sem Davíð Þór Björgvinsson nefnir og aðrir lögspekingar líka.

Ég sé og heyri að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson horfir á mig furðuaugum og ég skal bara útskýra fyrir honum nákvæmlega hvað hér er átt við. Það er þetta sem ég las áðan (Gripið fram í.) og Davíð Þór Björgvinsson nefnir. Ég les þetta í þriðja sinn þannig að þingmaðurinn megi skilja fullkomlega hvað hér er átt við, með leyfi forseta, enn og aftur:

„Í stuttu máli, ákvæðið eitt og sér breytir sennilega engu um réttarstöðu þeirra sem nú njóta veiðiheimilda. Þó ber að árétta að þetta er flókið mál og æskilegt að nákvæm skoðun fari fram á þessu atriði og mögulegum afleiðingum ákvæðisins að þessu leyti.“

Þegar menn eru búnir að átta sig á því hvaða afleiðingar það getur haft sem hljómar kannski sakleysislega, þjóðareign, sem væri þá í raun ríkiseign, eykur það óvissu eins og prófessorinn nefnir sérstaklega. Þá koma strax þau áhrif sem ég rakti áðan. Ég held að það síðasta sem samfélag okkar þarf á að halda sé aukin óvissa í efnahagsstarfseminni. Ég held að það sé það allra síðasta.

Úr því að hv. þingmaður Framsóknarflokksins, sem um margt hefur lagt svo gott til málanna í þingsölum á sínum ferli, sem hefur fengið það hlutverk að bera þetta mál fram fyrir hönd sérnefndar, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, er hér vil ég nefna að það væri áhugavert að heyra frá henni, að hún notaði tækifærið í andsvörum til að útskýra fyrir okkur hvers vegna hennar ágæti flokkur tekur ekki bara þá ákvörðun að segja: Þetta ákvæði samþykkjum við ekki. Ef við samþykkjum þetta stjórnlagaþing verður þetta bara tekið fyrir þar með öðrum ákvæðum og annarri umræðu um stjórnarskrána, — úr því að menn telja sig ekki einu sinni bæra til að setjast í ríkisstjórn af því að þeir hafi ekki nægilegt umboð. Við það gekk hv. þingmaður úr salnum. Við sjáum til.

Ég vil að lokum máls míns árétta og ítreka að það kann vel að vera að einhverjum þyki sem við sjálfstæðismenn ættum að spara ræðutíma okkar, við ættum ekki að beita okkur hart í þessu máli vegna þess að það gæti verið til vinsælda fallið. Ég fullyrði enn og aftur að það skiptir bara engu máli fyrir okkur þingmenn Sjálfstæðisflokksins hvort þetta færir okkur atkvæði eða ekki. Við höfum svarið eið að stjórnarskránni. Við erum í stjórnmálum vegna þess að við höfum sannfæringu, við höfum pólitískar skoðanir og það er lítill bragur að því að nálgast umræðu um stjórnarskrána með þeim hætti sem hér hefur verið gert og lítil von til þess að virðing þingsins vaxi við slíkt.

Ekki er öll nótt úti enn. Hér situr þó einn í salnum af hálfu minnihlutastjórnarinnar, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Ég hef mikinn áhuga á að heyra skoðanir hans á þeim málflutningi sem fer fram í þingsölum. Margar ágætar ræður hafa verið fluttar bæði í dag og í gærkvöldi en því miður höfum við lítt heyrt skoðanir þeirra sem styðja minnihlutastjórnina á þeim málflutningi. Við vorum svo óheppin að missa hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur út úr salnum aftur þannig að ég á ekki von á að fá svör við þeim spurningum sem ég nefndi áðan en það væri áhugavert að heyra skoðanir hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar á málinu ef hann hefur tök á.

Ég tel að þó að það þýddi að við værum í þingsölum fram undir kosningar að ræða þessi mál sé þeim tíma vel varið, en ég óska eftir ítarlegra og meira framlagi þeirra sem styðja minnihlutastjórnina í þessari mikilvægu umræðu þannig að þegar horft verður til þess síðar hafi þeir bjargað heiðri sínum vegna þess að menn munu auðvitað reka augun í það hversu æpandi þögn hefur verið hjá þeim þingmönnum sem styðja þessa minnihlutastjórn í þingsölum í umræðu um breytingar á stjórnarskránni og við þær aðstæður sem nú eru í samfélaginu, umræðu sem hefði átt að vera innihaldsrík af hálfu minnihlutastjórnarmanna, gagnleg og til þess fallin að bæta og styrkja stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Það er enn tími til að taka þátt í umræðunni, það er enn tími til að sýna Alþingi og stjórnarskránni þá virðingu. Í liði minnihlutastjórnarinnar eru margir ágætir hv. þingmenn sem hafa vit á þessum málum. Enn á ný beini ég því máli mínu, virðulegi forseti, til formanns þingflokks Samfylkingarinnar og hvet til að menn reki af sér slyðruorðið og komi hér upp og taki þátt af fullum krafti í þessum umræðum.

[17:03]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna lokaorða hv. þingmanns vil ég nefna að eftir fyrstu sjö eða átta tímana í umræðunni held ég að að minnsta kosti sjö eða átta fulltrúar þeirra flokka

sem standa að þessu stjórnarfrumvarpi hafi talað, þ.e. af fyrstu tólf ræðumönnum og því er ekki eins og þeir hafi ekki tjáð sig.

Mér fannst margt ágætt í ræðu hv. þingmanns og hlustaði með athygli. En það er þó tvennt sem mig langar að spyrja hv. þingmann um. Í fyrsta lagi talaði hv. þingmaður mikið um óvissuna og las m.a. upp í þrígang ef ég man rétt ef ekki í fjórgang skrif Davíðs Þórs Björgvinssonar um það efni. Þá langar mig að spyrja hv. þingmann: Er staða dagsins í dag, sem hefur verið mikið rædd í áratugi, deilur um fiskveiðistjórnarkerfið o.s.frv., sú að það sé alveg klárt hvernig þessum réttindum er fyrirkomið í dag? Vegna þess að það hlýtur að vera ef þessar breytingar kunna að kalla á óvissu þá þætti mér vænt um að heyra viðhorf hv. þingmanns til þess.

Seinna atriðið sem ég vildi spyrja hv. þingmann um er að hann ásamt flokksbræðrum sínum og -systrum, hv. þingmönnum, hafa talað talsvert um að vel hafi tekist til við breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Það hafa fallið nokkrir dómar um ákvæði sem þá voru sett og m.a. var gagnrýnt að með ýmsum ákvæðum sem þar voru sett hafi löggjafarvaldið að einhverju leyti verið fært til dómstóla. Ég spyr hv. þingmann hvort hann telji að hægt sé að setja ákvæði sem tryggi að aldrei nokkurn tíma komi upp deila, svörin séu alltaf skýr og aldrei kunni að koma upp spurningar sem ekki verði svarað (Forseti hringir.) með beinni tilvísun í ákvæði stjórnarskrárinnar, eins og mátti ráða að ætlunin væri af (Forseti hringir.) máli þingmannsins.

[17:06]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hvað hið fyrra atriði varðar þá er það rétt að það hafa verið uppi heilmiklar deilur um stjórn fiskveiða og þann grunn sem er lagður undir eignarréttindi útgerðarmanna þegar kemur að sóknarrétti. Um það hafa gengið dómar eins og hv. þingmanni er fullkunnugt og ég er þeirrar skoðunar að eftir því sem tíminn hefur liðið þá hafi þessi réttur fest sig í sessi í æ ríkari mæli og er grundvöllur þess kerfis sem við höfum um fiskveiðar á Íslandsmiðum.

Það er alveg rétt að það er ekki fullvissa. En það er þá ekki á bætandi að setja inn í stjórnarskrána sérstakt ákvæði sem er til þess fallið að auka á óvissuna en ekki eyða henni. Ef menn vildu gera þjóðinni gagn mundu þeir gefa sér nægilegan tíma til þess að skoða þetta ákvæði og koma fram með lausn sem dregur úr óvissunni en eykur hana ekki, eins og allar líkur eru á að verði komi þetta ákvæði til framkvæmda og verði að lögum og verði að stjórnskipun landsins.

Hvað mannréttindaákvæðið varðar er þetta alveg hárrétt hjá hv. þingmanni. Þetta hefur einmitt valdið því að menn hafa velt þessu ákvæði sem á að setja inn í stjórnarskrána fyrir sér, sem olli því að hér gengu dómar þar sem menn komust að þeirri niðurstöðu að löggjafarvald hafi verið fært til dómstólanna og er það allt til mikillar umhugsunar.

Þess vegna ættum við þingmenn að draga þann lærdóm og læra af þeirri reynslu þegar við sjáum fyrir fram að um er að ræða vafa. Þegar við höfum fyrir fram ábendingar frá lögspekingum um að sumir telji einfaldlega að hugtakið sem við ætlum að setja inn í stjórnarskrá sé merkingarlaust og sé þess vegna hættulegt bara sem slíkt og aðrir sem telja að það hafi merkingu en mikil óvissa sé um réttaráhrifin sem af því mundu hljótast, þá hljótum við að sjálfsögðu að læra af reynslunni, horfast í augu við það að við eigum að gera vel og vanda okkur. Það er ekki þar með sagt að við höfum ekki vandað okkur síðast (Forseti hringir.) en það er rétt sem hv. þingmaður hefur sagt að menn sjá ekki alla hluti fyrir. Ekki einu sinni stjórnlagaþing mun gera það.

[17:08]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér fannst einmitt í ræðu hv. þingmanns að hann gerði athugasemdir við 1. gr., eins og fram kom, að það byggði á því að það skapaði óvissu en um leið viðurkennir hv. þingmaður að nú sé óvissa, að það hafi verið uppi deilur og að þær verði áfram.

Mig langar líka að nefna að einn lagaprófessor sem kom til fundar við okkur, Eiríkur Tómasson, taldi að þetta mundi frekar skýra stöðu eða skýra réttindi útgerðarmanna þegar kemur að auðlindinni, hann taldi það frekar falla í þann farveg. En þrátt fyrir að hv. þingmaður hafi í ræðu sinni gert kröfu að frumvarpshöfundar og þeir sem þetta mál flytja hefðu svör við öllu sem upp kynni að koma og það yrði að gera þá kröfu til þeirra ákvæða sem hér er verið að leggja til að yrðu sett í stjórnarskrá að aldrei kæmi upp nokkur vafi — hann hældi mjög mannréttindakafla og þeirri vinnu sem fram fór við setningu þess kafla — þá er dálítið athyglisvert að hv. þingmaður viðurkennir að það sé alveg ljóst, sama hvað við gerum, það kunni alltaf að koma upp spurningar. Það kunni alltaf að koma upp deilur og hlutirnir geti verið óljósir og lagasverðið bjarta er ekki alltaf alveg ljóst þegar slíkar deilur koma upp.

Mér fannst margt ágætt í ræðu hv. þingmanns en þessi tvö atriði, grundvallarsjónarmið mátti þó greina í ræðunni. Ég verð að segja alveg eins og er að honum hefur ekki gengið vel að takast á við að reyna að útskýra að það sé engin óvissa eða hvað þá að hægt sé að setja ákvæði í stjórnarskrá sem ekki kunni að spretta deilur út af.

[17:10]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er einmitt mergurinn málsins. Það er mjög erfitt að standa að lagasetningu þannig að ekki sé óvissa og það er þess vegna sem við höfum alveg sérstakar reglur um hvernig við breytum stjórnarskránni. Það er þess vegna sem menn vanda sig alveg gríðarlega vel. Það er þess vegna sem menn gefa sér mikinn tíma. Hv. þm. Árni M. Mathiesen lýsti því mjög vel í ræðu sinni hvernig að þessu hefði verið staðið hjá ýmsum öðrum þjóðum, í hvaða vinnu menn leggja. Menn hafa vitnað til dæma frá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum hvernig menn vinna þessa vinnu. Menn hafa líka fyrir sér dæmi um hvernig við sjálf höfum unnið slíka vinnu og reynt að vanda okkur og gera þetta vel.

En núna er ekki hægt að segja það, menn geta ekki horft í augun á þjóðinni og sagt: Við erum að vanda okkur og gera þetta vel. Hér hafa komið fram álit fræðimanna, Eiríks

Tómassonar, Davíðs Þórs Björgvinssonar og fleiri sem hafa sent okkur misvísandi skilaboð. Í staðinn fyrir að vinna málið áfram, í staðinn fyrir að halda áfram þessari vinnu og gefa okkur tíma þá er rokið áfram og menn viðurkenna það og segja það alveg blákalt að þeir viti að í þessu sé óvissa.

Enn og aftur kemur maður að þeirri spurningu sem snýr að hv. og ágætum þingmönnum Framsóknarflokksins, þ.e. hvernig standi á því að þeir taka ekki upp þá stefnu að segja einfaldlega: Við erum að berjast fyrir stjórnlagaþingi, það á að endurskoða stjórnarskrána og að sjálfsögðu á endurskoða þessi ákvæði eins og önnur. Hvers vegna í ósköpunum að taka þetta ákvæði út með þessum hætti, hafandi þá óvissu sem bæði ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson erum sammála um að er til staðar, sem fræðimenn benda sérstaklega á? Hvers vegna í ósköpunum skyldu menn ekki fara þá leið og því skyldu framsóknarmenn ekki berjast fyrir því hér á hæl og hnakka að það verði þannig? Ég beini orðum mínum sérstaklega til (Forseti hringir.) þeirra sem hafa talað fyrir stjórnlagaþingi. Hví skyldu menn ekki berjast fyrir því að það taka þá allt, (Forseti hringir.) en vera ekki að fara þá undarlegu leið sem nú virðist eiga að fara?

[17:12]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Nú er að taka aftur til máls framsögumaður okkar sjálfstæðismanna úr sérnefnd um stjórnarskrármál, hv. þm. Björn Bjarnason. Í gær var mjög til vansa hvernig framkvæmdarvaldið með forsætisráðherra í broddi fylkingar og fjármálaráðherra, þá tvo sem eru líka flutningsmenn þessa frumvarps, hlýddu ekki kalli þingmanna. Þeir hlýddu ekki kalli okkar héðan úr þinginu um þá einföldu bón, um þá einföldu ósk að hlusta á ræður og athugasemdir í þessu mikilvæga máli.

Ég skil svo sem vel að þeir gæfu sér ekki tíma til þess að mæta hingað ef um væri að ræða eitthvert einfalt mál sem ekki væru miklar deilur um. En þeir koma ekki, reyndu ekki einu sinni að mæta í gær og hlusta sérstaklega á ræður þeirra sem eru í nefndinni um stjórnarskrármálið. Nú er hv. þm. Björn Bjarnason að hefja ræðu í annað sinn í þessu máli og ég óska eftir því að fá að vita hvernig forseti sér fyrir sér að þinghaldið þróist. Ég óska eftir því að framsögumenn, ekki eingöngu hv. þm. Birkir J. Jónsson heldur fyrst og síðast flutningsmenn, 1. flutningsmaður málsins, hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir og hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon mæti í þingsal á öðrum degi umræðna um þetta mikilvæga mál og hlýði og hlusti á ræður og (Forseti hringir.) athugasemdir þingmanna sem hér halda tölur.

(**Forseti** (KHG)**:** Hæstv. forsætisráðherra er í húsinu og hefur trúlega hlustað á ræður þingmanna.)

[17:14]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram vildi ég nefna að bæði hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra hafa verið hér meira og minna í allan dag. Ekki að það sé aðalatriðið heldur hitt að eftir 1. umr. var málinu vísað til sérnefndar um stjórnarskrána og þar fékk málið mjög vandaða meðferð að mínu mati. Haldnir voru ellefu fundir um málið og bæði formaður og varaformaður sérnefndarinnar sitja hér í salnum og reyna að fylgjast vel með þeirri umræðu sem fer fram og taka þátt í henni eftir bestu getu. Ég tel því að ræðumönnum Sjálfstæðisflokksins, hv. þingmönnum, sé mikill sómi sýndur með því.

Það verður að nefna það að (Forseti hringir.) þegar umræðan hefur kannski staðið í nokkra sólarhringa þá er ekkert óeðlilegt að (Forseti hringir.) ýmsir þurfi að sinna öðrum verkefnum en að hlýða á hv. þingmenn. (Forseti hringir.) En við sitjum hér formaður og varaformaður sérnefndarinnar og hlustum.

[17:15]

Kjartan Ólafsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Þegar hér er komið í umræðu um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands þá er hv. frummælandi Sjálfstæðisflokksins, Björn Bjarnason, að fara að halda ræðu um minnihlutaálit sitt. Það má ekki minna vera en að hæstv. ráðherrar (Gripið fram í.) mæti hér og hlýði á mál hans. Það kom fram hjá hæstv. forseta í gær að hringt hefði verið í viðkomandi ráðherra og þeir hefðu verið vant við látnir. Ekki var gefið í skyn í hverja var hringt, hverjir svöruðu og hverjir töldu sig ekki geta mætt.

Nú vil ég leggja spurningar fyrir forseta. Hefur verið hringt í alla? Hverjir hafa svarað og hverjir munu koma? Hverju hafa viðkomandi ráðherrar svarað um það hvort þeir ætli að vera hér í þingsal? Því það skiptir máli og sýnir virðingu þeirra (Forseti hringir.) við stjórnarskrána og við Alþingi hvort þeir ætla að (Forseti hringir.) mæta eða mæta ekki og hvaða ástæður þeir tilgreina (Forseti hringir.) fyrir því að mæta ekki í fundarsal Alþingis (Forseti hringir.) og fylgjast með talsmanni (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokksins tala um stjórnarskrá (Forseti hringir.) lýðveldisins.

[17:17]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Þróunin hefur verið dapurleg hér síðasta sólarhring. Rétt er að minnast þess að við hófum umræðuna síðdegis í gær og framsögumennirnir og flutningsmennirnir hafa ekki verið í þingsalnum, hvorki í dag né í gærkvöldi þegar var farið fram á það. Þess vegna velti ég því fyrir mér þegar þingmenn hér inni og sérstaklega stjórnarflokkanna tala um að efla þurfi virðingu Alþingis og auka vald Alþingis hvort það sé bara í nösunum á þeim, því þeir fylgja ekki eftir einfaldri ósk þingmanna um að flutningsmenn frumvarpsins verði í þingsal og hlusti á ræður.

Mér finnst miður ef ekki er heldur hlustað á hæstv. forseta þegar hann fyrir hönd löggjafarvaldsins fer fram á að framkvæmdarvaldið sitji í þingsal á meðan við ræðum stjórnarskrármálið. Mér finnst það miður og finnst þingið hafa sett niður. Ekki bara vegna frumvarpsins sem við (Forseti hringir.) ræðum, en þar er verið að setja löggjafaravaldið niður, heldur er líka mikil vanvirðing í því hvernig hæstv. forseti er meðhöndlaður (Forseti hringir.) í samskiptum framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins.

[17:18]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það er nú svo að þetta mál er hér til um-

ræðu í þinginu vegna þess að ákveðnir stjórnmálamenn, ákveðnir hv. alþingismenn og stjórnmálaflokkar telja brýna nauðsyn á að koma málinu hér í gegn. Þeir telja brýna nauðsyn á því að ræða tilteknar breytingar um stjórnarskrána, eða svo skyldi maður halda, að þeim fyndist brýnt að koma þessu í gegn.

Þess vegna vekur furðu áhugaleysi þeirra hv. þingmanna sem eru upphafsmenn málsins, höfðu forgöngu um samningu frumvarpsins, settu það í verkefnaskrá ríkisstjórnar sinnar og fluttu svo málið hér á þingi, að þeir skuli þá ekki hafa þann áhuga á málinu sem þeir hafa lagt svona mikla áherslu á. Að þeir skuli ekki mæta hér eða taka þátt í 2. umr. um málið.

[17:19]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vildi ítreka það sem ég nefndi áðan að bæði hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra hafa verið hér meira og minna í dag og hlýtt á umræðuna. (Gripið fram í.) Þetta kom fram hér áðan. Þeir hafa ekki tekið þátt í umræðunni enda var málinu vísað til sérnefndar og hún ber málið fram við 2. umr., þannig að það liggi fyrir.

Hitt er líka nauðsynlegt að nefna að jafnvel þó að hv. þingmenn séu að deyja úr áhuga og vilji komast að þá er staðan sú að ef menn skrá sig á mælendaskrá núna er líklegt að þeir komist að á miðvikudaginn. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa verið mjög gjarnir á að endurtaka það sem áður hefur komið fram, og vel kann að vera að þessi langa mælendaskrá og talsvert um endurtekningar hafi gert það að verkum að hv. (Forseti hringir.) þingmenn hafi ekki verið eins mikið í salnum og þeir ella (Forseti hringir.) hefðu haft áhuga á. (Gripið fram í.) Öllum spurningum sem fram koma hér í ræðum er svarað. (**Gripið fram í:** Engum.)

[17:21]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég lít á síðustu orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar sem fyrirheit um þátttöku hans og þá eftir atvikum hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur og vonandi fleiri þingmanna stjórnarflokkanna í umræðunni. (**Gripið fram í:** Þau eru bæði búin að tala.) Þessir hv. þingmenn hafa báðir talað en síðan þeir gerðu það hafa fjölmargar efnismiklar og málefnalegar ræður verið fluttar og þeim sjónarmiðum sem þar komu fram hefur ekki verið svarað, ekki einu sinni beinum spurningum sem til þeirra var beint.

Hins vegar verð ég að vekja athygli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar á því, ef hann má vera að, að ráðherrar hafa samkvæmt skýru ákvæði í stjórnarskránni heimild til að koma inn í umræðu hvenær sem þeir vilja. Það er skýrt. Þannig að það er engin fyrirstaða (Gripið fram í.) fyrir því að hæstv. forsætisráðherra eða hæstv. fjármálaráðherra geti komið hér inn í umræðuna þegar þeim hentar. (Forseti hringir.)

[17:22]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti hefur gert ráðstafanir til að samband verði haft við alla fjóra flutningsmenn málsins og þeim gerð grein fyrir því að nærveru þeirra er óskað við umræðuna. En jafnframt hefur hann fengið upplýsingar um það að formenn stjórnmálaflokkanna séu að undirbúa þátttöku í umræðum í sjónvarpi sem hefst innan tíðar og kunna að vera bundnir við það. (**Gripið fram í:** Það á að gera hlé á fundinum.)

[17:22]

Kjartan Ólafsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Nákvæmlega það sem ég vildi sagt hafa. Að sjálfsögðu á að gera hlé á fundum Alþingis þegar formenn flokkanna eru að fara í sjónvarp. Að sjálfsögðu þurfum við að fá tækifæri til að fylgjast með því sem þar fer fram. Það er bara eðlilegt.

En ég vil fagna því, herra forseti, að umræðum frá Alþingi skuli vera sjónvarpað. Að þjóðin skuli sjá og geta fylgst með því þegar verið er að tala um grunngildi samfélagsins sem er stjórnarskráin, að almenningur í landinu sjái núverandi valdhafa ganga jafnsóðalega um stjórnarskrá Íslands. Þeir mæta ekki í þingsal. (Gripið fram í.) Þeir taka ekki þátt í umræðum og þeir kæra sig kollótta og tala svo um að lýðræðið sé hér í hávegum haft, en það er af og frá. Það er þakkarvert, herra forseti, (Forseti hringir.) að þessar upptökur skuli vera geymdar. Þær eru ekki gleymdar. (Forseti hringir.) heldur geymdar hjá hinu háa Alþingi þannig að þjóðin (Forseti hringir.) getur þegar fram líða stundir séð hvernig og hverjir það voru (Forseti hringir.) sem réðu ríkjum þegar þessi umræða fór fram.

[17:24]

Útbýting:

Gjaldþrotaskipti, 468. mál, frv. HHj, þskj. 905.
Umferðarlög, 93. mál, nál. samgn., þskj. 907.

[17:24]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég tel að mun mikilvægara sé að hæstv. fjármálaráðherra komi í þingsalinn og taki þátt í umræðu um eigið frumvarp, sem er frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskrá Íslands, en að hann taki þátt í sjónvarpsþætti. (Gripið fram í.) Ég mundi telja það, kannski öfugt við hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, að stjórnarskrá Íslands hafi meira vægi í þjóðskipulagi okkar en einhver sjónvarpsþáttur. (Gripið fram í.)

Mér finnst það vera skýr krafa hæstv. forseta að ef hæstv. fjármálaráðherra ætlar ekki að sýna stjórnarskránni og þinginu þá virðingu að vera hér við umræðu um sitt eigið mál þá hljóti hæstv. forseti að slíta fundinum og fresta umræðunni.

Ef þessi sjónvarpsþáttur er svona mikilvægur mundi ég halda að við þingmenn ættum að eiga kost á því að fylgjast með honum, ef hann varðar einhverja þjóðarhagsmuni.

[17:25]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem hefur komið nokkrum sinnum fram áður að hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra hafa verið hér í húsinu meira og minna í allan dag.

Þegar kallað var eftir viðveru hæstv. fjármálaráðherra í

gærkvöldi var hann á opnum borgarafundi á Akureyri (Gripið fram í.) og átti ekki gott með að mæta hér. (Gripið fram í.) Hann átti ekki gott með það, herra forseti, að mæta hér í þingsal eins og óskað var eftir ellegar hefði hann eflaust gert það.

Ég vil vekja athygli hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins á því að umræddur sjónvarpsþáttur byrjar ekki fyrr en eftir tvo eða þrjá tíma (Gripið fram í.) þannig að þeim er óhætt að halda áfram einræðum sínum hér þangað til í það minnsta.

[17:27]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir lítillætið að leyfa okkur þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að halda hér áfram. Ég hygg að það sé einsdæmi í siðuðum löndum að þegar fjallað er um stjórnarskrá lýðveldis í þjóðþingi sjái þeir menn sem gera tillögur til breytinga ekki sóma sinn í því að vera viðstaddir umræðu um eigið mál.

Það væri líka sérstakt ef hæstv. ráðherrar væru ekki viðstaddir tillöguflutning um stjórnarskrána ef aðrir stæðu að þeim tillöguflutningi. Þannig að ég óska nú eftir því að hæstv. forseti fresti þessum fundi eða veiti okkur þingmönnum upplýsingar um hvernig gekk að ná í þessa tilteknu ráðherra og hver svörin urðu. Við sættum okkur ekki við þau svör sem hér hafa verið borin á borð heldur viljum við fá svör við því hver viðbrögðin urðu við tilraunum forseta og hvort hann hyggst halda áfram (Forseti hringir.) fundi miðað við þær útskýringar sem gefnar hafa verið og þá hvers vegna.

[17:28]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson mun koma til umræðunnar innan tíðar en hinir þrír flutningsmenn málsins eru upptekn ir um stund af þeim ástæðum sem áður hefur verið greint frá. Forseti hyggst halda áfram fundinum enn um stund.

[17:28]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég sakna þess að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir skuli ganga úr salnum. En það hlýtur að fjölga hér í salnum vegna þess að mér heyrist aðdáendur og skjólstæðingar Vinstri grænna vera komnir á Austurvöll til að berja bumbur sínar. Þannig að það hlýtur að draga að sér þingmenn þess stjórnmálaflokks.

En aðeins vegna þess sem fram kom hjá hv. þingmanni um einræður okkar sjálfstæðismanna vil ég minna á það að auðvitað er mikil breyting hér í þinginu frá því þegar hv. þingmenn Vinstri grænna töluðu hér klukkutímum saman. Það voru einræður, hver þingmaður talaði klukkutímum saman. Það var talað um hjörl. Klukkutíma eftir klukkutíma þurftum við að hlusta á þá, en í dag er sú breyting orðin á (Forseti hringir.) að ræðutími er miklu styttri og okkur tekst að eiga þannig (Forseti hringir.) orðræður að þær eru skoðanaskipti og það er mikill munur.

[17:30]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Af því að hv. 1. þm. Norðvest. minnti á að vinstri grænir voru mjög öflugir í stjórnarandstöðu (Gripið fram í.) og beittu málþófinu, öflugir þannig lagað séð, og ég geri mér grein fyrir að hv. þingmaður sem forseti Alþingis lagði sig fram um að koma á betri reglu í þinginu og varð nokkur árangur af þeirri vinnu hv. þingmanns vil ég láta þá skoðun mína koma fram að ég hélt að hv. þingmaður og flokkur hans mundu kannski hafa lært það af reynslunni með vinstri græna að þeir mundu ekki fara út í það að leika sama leik. (**ÞKG:** Þetta er stjórnarskráin.) En þeir leika sama leik (Gripið fram í.) og ég hélt eiginlega, eins og ég hef sagt (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) einhvern tíma áður, af því að ég hef haft meira álit á Sjálfstæðisflokknum en hann á skilið, (Forseti hringir.) að hann færi ekki út í þetta. Ég verð að segja að mér finnst þetta ekki eiginlega samboðið þinginu að (Forseti hringir.) leika svona eins og Sjálfstæðisflokkurinn gerir.

[17:31]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég hef alltaf litið svo á að við værum hér á Alþingi til að fara yfir og ræða löggjöf, fara yfir forsendur og hlýða á rök með og á móti, vinna síðan í nefndum, kalla til umsagnaraðila og ræða málin síðan aftur á milli umræðna. Hér er ekkert óeðlilegt á ferðinni og ég er alveg sammála hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að það voru gerðar miklar og mikilvægar breytingar á þingsköpum sem auðvelda okkur þetta starf. Ég vísa því algjörlega á bug að hér sé uppi eitthvert málþóf, við erum að ræða breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Ef gerð er athugasemd við það að við þingmenn bregðumst við gjörsamlega glórulausum tillögum um breytingar á stjórnarskránni, hverjir eiga þá að gera það?

[17:32]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti hefur heyrt athugasemdir þingmanna en hyggst freista þess að halda umræðunni áfram enn um stund og meta málið að lokinni næstu ræðu. Forsvarsmenn málsins úr nefnd eru við umræðuna (**Gripið fram í:** Hvar?) eins og vera ber. (**Gripið fram í:** Getur forseti endurtekið þetta?) (Gripið fram í.)

[17:33]

Frsm. minni hluta stjórnarskrn. s. (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Ég skil vel að virðulegi forseti líti þannig á að huldufólk standi að þessu máli hér í þingsalnum og tali þess vegna eins og hér sé fullt af fólki inni sem við sjáum ekki. Það er náttúrlega mjög sannfærandi að það séu huldumenn sem vilji standa að þessu frumvarpi og það sé þannig að enginn vilji kannast við að vera hér. (Forseti hringir.) Mér finnst mjög óþægilegt ef herra forseti sér eitthvert fólk hér inni sem ég sé ekki.

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að biðja formann og varaformann sérnefndar að koma inn í salinn.)

Ég þakka fyrir. Ég tel það mjög ámælisvert að flutningsmenn þessa frumvarps kjósi frekar að láta sminka sig fyrir sjónvarpsþátt en að sitja hér og hlusta á umræðurnar. Ég tel það lið í þeirri niðurlægingu sem Alþingi er sýnt með því að flytja þetta frumvarp, að flutningsmennirnir hagi málflutningi eða skyldi okkur til að haga málflutningi þannig að þeir séu ekki viðstaddir. Við sjálfstæðismenn höfum hvað eftir annað lagt til, virðulegi forseti, að umræðum á þinginu yrði hagað á annan veg, að ekki yrði staðið þannig að málum að stjórnarskrármálið væri hér á dagskrá heldur yrðu tekin á dagskrá önnur mál sem við teljum brýnni. En hver hefur staðið gegn því? Það er hæstv. forsætisráðherra, hæstv. fjármálaráðherra, flutningsmenn þessa frumvarps sem hafa staðið gegn því að farið yrði að óskum okkar um það hvernig dagskránni yrði hagað. Síðan þegar umræðurnar fara fram og þau eru búin að taka dagskrána, þessir virðulegu hæstv. ráðherrar, og Alþingi í raun og veru í gíslingu með þessum aðferðum sínum er kosið að vera frekar hjá sminkdömum í sjónvarpsforsal en að sitja hér í þingsalnum.

Þetta er alveg dæmalaus framkoma og ég er undrandi á því að hæstv. forseti skuli láta þetta ganga yfir okkur í þingsalnum, að hann skuli ekki verða við þeirri sanngjörnu ósk að gera hlé á fundinum meðan svo stendur á að það er augljóst að flutningsmennirnir sem hafa gefið fyrirmæli um að dagskránni yrði hagað á þennan veg, sjá ekki sóma sinn í því að vera hér viðstaddir.

Ég ítreka þær spurningar sem hér hafa komið fram til hæstv. forseta, hvort virkilega sé ekki unnt að verða við þeirri ósk okkar að meðan flutningsmennirnir eru greinilega þannig bundnir við störf að þeir geti ekki verið hér þurfum við að vera hér og tala og flytja þetta mál. Ég skora á hæstv. forseta að gera hlé eða slíta fundinum og boða til nýs fundar þegar ljóst verður hvort flutningsmenn málsins geta verið viðstaddir.

Ég óska eftir að vita það áður en ég hef að flytja mál mitt hvernig forseti ætlar að bregðast við þeim tilmælum sem hér hafa komið fram.

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti ítrekar það sem hann hefur áður sagt, hann hyggst freista þess að halda umræðunni áfram og meta málið að nýju að lokinni þeirri ræðu sem nú stendur yfir.)

Þetta er mjög ósanngjarn úrskurður virðulegs forseta og gengur þvert á það sem eðlilegt er þegar mál af þessu tagi eru til umræðu. En úrskurðurinn er að sjálfsögðu í samræmi við annað sem hefur verið tíðkað hér við meðferð þessa máls. Það er ekki farið að neinum ábendingum okkar sjálfstæðismanna og það er verið að bola þessu máli hér í gegn án þess að virtar séu neinar óskir eða tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem þarf að hafa uppi þegar verið er að ræða stjórnarskrá. Þess vegna kýs ég, virðulegi forseti, að hefja ræðu mína á því að lesa upp varnaðarorð frá starfandi umboðsmanni Alþingis, Róberti R. Spanó, sem birtist í *Tímariti lögfræðinga* sem var að koma út. Starfandi umboðsmaður Alþingis er ritstjóri þess tímarits og hann skrifar ritstjórnargrein sem heitir „Réttarríki á umrótatímum“. Í ritstjórnargreininni segir, með leyfi forseta:

„Á Íslandi eru nú uppi erfiðar aðstæður sem kalla á skjót viðbrögð stjórnmálamanna og krefjast ákvarðana um mikilvæga hagsmuni almennings í landinu. Við þessar aðstæður finnst kannski einhverjum, gjarnan stjórnmálamönnum, að lögfræðingar ættu að hafa sig hæga og leyfa valdhöfum í landinu að vinna starf sitt án sífelldra áréttinga um fyrirmæli laga og mikilvægi þess að stjórnvöld fylgi þeim í hvívetna. Við þessar sérstöku aðstæður finnst þeim ef til vill freistandi að láta lönd og leið þær lagareglur sem kunna að tefja fyrir eða jafnvel reisa skorður við þeim lausnum sem hentugastar þykja hverju sinni.

En réttarríkið er aldrei mikilvægara en við aðstæður eins og þær sem við búum við hér á landi nú um stundir. Þeir sem telja að réttlætanlegt sé eins og sakir standa að virða að vettugi grundvallarreglur réttarríkisins vanmeta siðferðilegt mikilvægi þess sem grundvöll að stjórnskipulaginu.

Hér skiptir öllu að gera sér grein fyrir því að sú ákvörðun valdhafa að láta sér í léttu rúmi liggja fyrirmæli laga í ákveðnu tilfelli grefur ekki aðeins undan því einstaka lagaákvæði sem um ræðir hverju sinni heldur stefnir í hættu þeim veigamiklu hagsmunum sem réttarríkinu er ætlað að tryggja. Slík háttsemi gefur þannig til kynna að stjórnvöld telji sig, öfugt við hinn almenna þjóðfélagsþegn, hafa vald til þess að meta hverju sinni hvort tilefni sé til að fara að lögum eða ekki. Þannig svipta stjórnvöld borgarana þeirri vissu að lögin verði haldin og geri þeim um leið ókleift að sjá fyrir ákvarðanir stjórnvalda með því að kynna sér gildandi rétt í landinu. Þessu eðli réttarríkisins er nánar lýst með eftirfarandi hætti í athyglisverðri grein Hafsteins Þórs Haukssonar: „Beitti hnífurinn — Um réttarríkishugmynd Josephs Razs“, sem birtist á síðum þessa heftis tímaritsins:

„Fylgispekt við réttarríkið er nauðsynleg forsenda þess að stjórnvöld komi fram við borgarana sem sjálfstæða og sjálfráða einstaklinga. Kröfur réttarríkisins eru reistar á þeirri forsendu að einstaklingarnir séu færir um að skilja reglur og skipuleggja líf sitt út frá þeim. Brot gegn meginreglum réttarríkisins leiða til óvissu borgaranna um réttarstöðu sína og gera þeim ókleift að skipuleggja athafnir sínar. Og það sem verra er, slík brot geta einnig leitt til þess að lögmætar væntingar fólks til laga og réttar bresta. Með öðrum orðum; fótunum er kippt undan fólki þegar afleiðingar gerða þess eru ekki þær sem vænta mátti af gildandi lögum og rétti.“

Það er því ekki í samræmi við grundvallarreglur réttarríkisins að sífellt sé leitað sérlausna fyrir núverandi aðstæður með breytingum á lögum sem víkja frá þeim almennu reglum sem gilt hafa hér á landi; reglum sem giltu á þeim tíma þegar atvik gerðust.

Í kjölfar hruns íslensks fjármálakerfis glímir almenningur á Íslandi því miður nú við ótta og óvissu um framtíðina. Slíkt samfélag þarf síst á því að halda að grafið sé undan þeim verðmætum sem réttarríkið stendur vörð um. Réttarríkið er mikilvægt á tímum góðæris og hagsældar. En það skal áréttað að það er enn mikilvægara fyrir velferð íslensku þjóðarinnar til lengri tíma að grundvallarreglur þess séu virtar á umrótatímum.“

Undir þetta skrifar Róbert R. Spanó, starfandi umboðsmaður Alþingis. Það er einmitt þetta sem kjarni málsins snýst um og við ræðum hér og ætlum að ræða eins lengi og ekki verður orðið við þeim óskum okkar að virða grunnreglur réttarríkisins. Og að það verði orðið við þeim óskum

okkar að standa ekki þannig að breytingu stjórnarskrárinnar — hér fjallar starfandi umboðsmaður Alþingis um almennar lagareglur, ef hann hefði vitað þegar hann skrifaði þessa forustugrein sína í *Tímarit lögfræðinga* að staðið yrði að breytingum á stjórnarskránni með þeim hætti sem við erum að fjalla hér um veit ég ekki hvaða orð hann hefði notað eða í hvaða menn hann hefði vitnað til að árétta nauðsyn þess að ekki sé vegið að rótum réttaröryggis og réttarríkisins og notaðar, eins og hann segir, að það sé ekki í samræmi við grundvallarreglur réttarríkisins að sífellt sé leitað sérlausna fyrir núverandi aðstæður. Það sem yfir okkur er predikað hér lon og don af talsmönnum þessa máls er að nú þurfi að leita sérlausna, ekki við lagasetningu heldur við gerð stjórnarskrárinnar. Það er vegið að grundvellinum og réttarörygginu að því er sjálfa stjórnarskrána varðar og nú er sagt að sérlausnir þurfi til þess, þvert á það sem hér segir í þessari ritgerð og þessum leiðara eftir starfandi umboðsmann Alþingis.

Alþingi á eftir að ræða skýrslu umboðsmanns Alþingis og Alþingi hefur jafnan litið þannig á að því beri að standa sérstakan vörð um sjónarmið sem koma fram í skýrslu umboðsmanns Alþingis. Við sem höfum starfað sem ráðherrar höfum tekið þátt í umræðum um þetta mál, við getum haft okkar skoðanir varðandi einstök úrlausnarefni sem koma á borð umboðsmanns Alþingis en allir vita að álit hans vegur þungt þegar fjallað er um framkvæmd innan stjórnsýslunnar.

Þegar starfandi umboðsmaður Alþingis skrifar þar að auki sem ritstjóri *Tímarits lögfræðinga* á þennan veg og beinir þeim tilmælum til stjórnmálamanna að vera ekki að, ég segi misnota það ástand sem nú er í þjóðfélaginu til að koma með einhverjar sérlausnir sem standast kannski ekki tímans tönn, eru sérlausnir og illa unnar og hroðvirknislega unnar oft og tíðum, þá eru það varnaðarorð sem ber að hafa í huga. Eitt er að grípa til lagasetningarvaldsins vegna almennra laga með slíkt í huga, það er þó hægt að draga það til baka með annarri lagasetningu en að breyta stjórnarskránni í nafni sérlausna og búa til einhverjar forsendur sem standast alls ekki þegar nánar er að gáð er forkastanlegt. Og að haga síðan meðferð málsins þannig á þingi, virðulegi forseti, eins og virðulegur forseti hefur úrskurðað hér, að okkur sé skylt að ræða málið þótt flutningsmennirnir sjálfir séu bundnir við að láta snyrta sig áður en þeir fara í sjónvarpsþátt. Við eigum að sæta því með úrskurði forseta að það sé viðunandi. Ef ég hefði dagskrárvald yfir hæstv. forsætisráðherra hefði ég viljað að hún væri núna í Strassborg á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins að gæta hagsmuna íslenska ríkisins og íslensku þjóðarinnar, að hún nýtti þann vettvang til að halda fram málstað okkar gegn ofríki Breta. Ef ég ætti að forgangsraða á dagskrá forsætisráðherra mundi ég hvorki vera að búa mig undir sjónvarpsþátt né — ég hefði skilið og fagnað því ef hún væri ekki hér ef hún væri í Strassborg að gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar. En svo er ekki, hún er að búa sig undir sjónvarpsþátt þegar við ræðum hér þetta mál og gefur sér ekki tíma til að vera hér. Hún stjórnar þinginu á þann veg að okkur er skylt að ræða þetta mál hér þegar hún veit að hún þarf að vera að búa sig undir sjónvarpsþátt, hæstv. forsætisráðherra.

Hvaða vinnubrögð eru þetta? Síðan þeir menn sem hafa hér drottnunarvald yfir hæstv. forseta Alþingis — eins og komið hefur fram hefur hann hvað eftir annað sagt úr sínu forsetasæti að hann ráði þessu máli ekki, það séu einhverjir aðrir sem ráða þessu. Þeir sem ráða því hvernig dagskránni er háttað kjósa síðan að vera — okkur er sagt að þeir hafi verið á borgarafundum á Akureyri eða þeir hafi verið hér og þar þegar verið er að ræða um stjórnarskrána. Nú eru þeir að bíða eftir að koma snyrtilegir fram í sjónvarpsþætti. Og við eigum að standa hér og ræða stjórnarskrá. (**VS:** Gæti verið …) (**Gripið fram í:** Veitir nú ekki af.) Ef formaður sérnefndarinnar veit betur en að þeir séu að búa sig undir að fara í sjónvarpsþáttinn og láta snyrta sitt nef er hægt að koma því á framfæri hér í andsvari. Ég gef mér það, miðað við orð hæstv. forseta, að svo sé og eins og ég segi hefði ég kosið að forsætisráðherra væri ekki hér á landinu, væri frekar að gæta hagsmuna þjóðarinnar á leiðtogafundi NATO til að halda fram málstað okkar með þeim hætti. Það hefði ég skilið en ég skil ekki að ekki sé þá hægt að sitja hér í þingsalnum og hlusta á þessar umræður og taka þátt í þeim og hlusta m.a. á þessi varnaðarorð frá starfandi umboðsmanni Alþingis. Ég veit ekki til þess að hæstv. forsætisráðherra eða aðrir flutningsmenn þessara mála leggi sig almennt eitthvað eftir því að lesa það sem lögfræðingar benda á, sem eru þó sérfróðir á þessu sviði. Þess vegna verður að nota tækifærið, þegar menn flytja hér ræður, til að benda þessum ágætu flutningsmönnum á það sem fræðimenn á þessu sviði segja og þær ábendingar sem fram koma. Það er það sem við sjálfstæðismenn höfum verið að gera og veitir ekki af og er engin vanþörf á.

Ég ætla líka að lesa hér annan leiðara, eftir mann sem hefur átt sæti í stjórnarskrárnefndum og hefur komið að því að fjalla um stjórnarskrána í mörg ár. Hann er nú ritstjóri *Fréttablaðsins*, sérstakur áhugamaður um m.a. aðild Íslands að Evrópusambandinu eins og hv. formaður sérnefndar um stjórnarskrármál og fleiri sem standa að þessu frumvarpi um breytingar á stjórnarskránni. Eins og allir þingmenn eru sammála um þarf að breyta stjórnarskránni til að Ísland komist inn í Evrópusambandið. Hins vegar eru færð rök fyrir því, í grein sem Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur í auðlindamálum, hefur skrifað í *Fréttablaðið* hinn 13. mars, að þetta auðlindaákvæði í frumvarpi fjórmenninganna geri Íslendingum erfiðara fyrir að gerast aðili að Evrópusambandinu. Ég leyfi mér að lesa úr greininni, með leyfi hæstv. forseta:

„Að áliti margra lögspekinga þarf að breyta stjórnarskránni svo að Ísland geti gengið í Evrópusambandið. Þetta byggir fyrst og fremst á því að við inngöngu í ESB yrði óhjákvæmilega umfangsmikið framsal ríkisvalds sem mundi brjóta í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvalds. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um breytingar á stjórnarskránni en engar tillögur eru lagðar fram í frumvarpinu sem veita heimildir til framsals ríkisvalds eða önnur frávik frá 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrsta málsgrein 1. gr. téðs frumvarps“ — sem stendur enn þótt 1. gr. hafi verið breytt af meiri hlutanum — „til breytinga á stjórnarskrá er svohljóðandi: „Náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti eru þjóðareign. Ríkið fer með forsjá þeirra, vörslu og ráðstöfunarrétt og hefur eftirlit með nýtingu þeirra í umboði þjóðarinnar eftir því sem

nánar er ákveðið í lögum.“ Sé litið til ummæla í greinargerð með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga þá má ætla að fyrri málsliðurinn kveði m.a. á um að ríkinu sé fenginn eignarréttur á þeim náttúruauðlindum sem enginn annar lögaðili eða einstaklingur hefur sannað eignarrétt sinn á. Um síðari málsliðinn er í greinargerð m.a. fullyrt að hann feli í sér sambærilegar heimildir ríkisvalds og almennt leiði af fullveldisrétti ríkja.“

Síðan er getið um, og það er núna komið inn í 1. mgr., að „náttúruauðlindir í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi“. Síðan segir lögfræðingurinn og sérfræðingurinn í auðlindarétti, með leyfi forseta:

„Frumvarpstillagan um auðlindaákvæði í stjórnarskrá hlýtur að vera bundin þeim forsendum að allar náttúruauðlindir séu eignarhæfar í sjálfu sér og að fiskveiðiréttindi í íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu séu ekki háð einkaeignarrétti. Séu þessar forsendur réttar, sem hér er engin afstaða tekin til, þá hljóta orðin „ríkið fer með forsjá þeirra, vörslu og ráðstöfunarrétt“ í 1. gr. auðlindaákvæðisins að hafa þýðingu í skilningi eignarréttar, þ.e. ríkið öðlast þær heimildir sem felast í þjóðareignarhugtakinu. Framanrakin ummæli í greinargerð, sem gefa til kynna að eingöngu sé um fullveldisrétt ríkisins að ræða, víkja vart texta ákvæðisins til hliðar.

Geri Ísland aðildarsamning við ESB eru verulegar líkur á að engar varanlegar undanþágur fáist frá hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu sambandsins. Standist forsendur þær sem liggja til grundvallar auðlindaákvæðinu hefði innganga Íslands í ESB væntanlega í för með sér að íslenska ríkið hefði ekki „forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt“ fiskveiðiauðlindarinnar á Íslandsmiðum. Verði auðlindaákvæðið að lögum mun innganga Íslands í ESB vera brot á ákvæðinu.

Sú framtíðarsýn er málefnaleg að Ísland eigi að ganga í ESB. Í stað þess að breyta stjórnarskránni í þá veru að engar lagalegar tálmanir séu því í vegi er nú lagt til að bætt verði ákvæði í stjórnarskrá sem geri slíka inngöngu að öllum líkindum torsóttari. Þetta eru merkileg tíðindi, ekki síst ef miðað er við þjóðfélagsumræðuna síðustu missiri um aðild Íslands að ESB.“

Þetta er mat Helga Áss Grétarssonar, sérfræðings í auðlindarétti. Hann telur sem sagt að með því að samþykkja það frumvarp sem hér liggur fyrir, og er lagt fram af fólki sem í hinu orðinu segist ætla að ganga í Evrópusambandið og stuðla að því, sé verið að búa til nýja þröskulda, gera þetta erfiðara (Gripið fram í.) en ella hefði orðið. Og hvað segir svo ritstjórinn Þorsteinn Pálsson? Ég ætla að lesa það sem hann segir í leiðara *Fréttablaðsins* í dag, með leyfi forseta:

„Talsmenn ríkisstjórnarinnar segja að stjórnarskrárbreytingar þær sem nú er verið að gera séu svar við ákalli fólksins, fyrir fólkið og fólksins vegna. Að því leyti hafa þeir rétt fyrir sér að skoðanakannanir gefa til kynna að meiri hluti kjósenda sé þeim fylgjandi.

Á hinn bóginn liggur fyrir að meiri hluti allra þeirra sérfræðinga sem stjórnarskrárnefnd þingsins hefur kallað til varar við því flaustri sem ríkisstjórnin hefur á breytingunum. Sumir vilja ekki segja álit sitt vegna óvandaðra vinnubragða. Aðrir benda á hættuna sem fylgir óskýrum stjórnarskrárákvæðum. Loks eru þeir sem leggja áherslu á að reyna eigi til þrautar að ná víðtækri samstöðu þegar sjálf stjórnarskráin á í hlut.

Umræðan á Alþingi snýst ekki um málefnaleg rök og gagnrök af því tagi sem lesa má í umsögnum um stjórnarskrárfrumvarpið. Hún fer alfarið eftir forskriftarbók lýðskrumsins: Við erum með fólkinu. Þeir sem ekki eru sammála okkur eru á móti fólkinu. Röksemdafærslur lýðskrumsins hafa orðið ofan á. Stjórnarandstaðan hefur orðið undir í þeirri orðræðu.“

Það er rétt, virðulegi forseti, af því að við erum ekki með þessa lýðskrumsumræðu um þetta mál eins og hér hefur verið höfð í frammi. Síðan heldur ritstjórinn áfram, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fresta kosningu til stjórnlagaþings um eitt ár. Ljóst er að kjósa þarf til Alþingis um leið og ný stjórnarskrá hefur verið samþykkt. Með þessari frestun á stjórnlagaþinginu hefur ríkisstjórnin tryggt að hún getur setið einu ári lengur en áformað var. Á síðustu stundu er þannig verið að fresta því um að minnsta kosti eitt ár að fólkið fái stjórnarbót og rétt til að kjósa eftir nýjum stjórnarskipunarreglum. (Gripið fram í.)

Sá háttur að umsagnir séu veittar um lagafrumvörp er í þágu fólksins. Hann er málefnaleg vörn þess gegn ofríki framkvæmdarvaldsins. Hefði ríkisstjórnin hlustað á þær athugasemdir sem Alþingi hafa borist er eins víst að ná hefði mátt sátt um bæði vandaðri og skjótvirkari framgang stjórnarskrárbreytinga en raun verður á.

Málamiðlun hefði falist í því að ákveða nú að stjórnarskrárbreytingar tækju gildi með samþykki þjóðarinnar í allsherjaratkvæðagreiðslu. Alþingi fengi þá allan næsta vetur til að ljúka vandaðri endurskoðun sem síðan yrði borin undir þjóðaratkvæði samhliða sveitarstjórnarkosningum strax næsta vor.

Í beinu framhaldi af því fengi þjóðin að kjósa fulltrúa á löggjafarsamkomuna á grundvelli nýrra stjórnarskrárákvæða og eftir atvikum að kjósa framkvæmdarvaldið beint í sérstökum kosningum. Vönduð vinnubrögð hefðu tryggt fólkinu þegar á næsta ári nýja stjórnarskrá og valdhafa með umboð á nýjum grundvelli. Málefnaleg sjónarmið hafa nú vikið fyrir textabók lýðskrumsins í þessu mikilvæga máli.

Mesta athygli vekur þó“ — og þarna kemur, hæstv. forseti, punkturinn sem snertir Evrópusambandið og það mikla stefnumál formanns sérnefndarinnar og annarra að ganga í Evrópusambandið. Og þá segir þessi málsvari aðildar Íslands að Evrópusambandinu, sem Þorsteinn Pálsson er — „að ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan hafa með öllu útilokað að setja ákvæði í stjórnarskrána sem heimilar aðild að Evrópusambandinu. Þvert á móti hefur verið bent á að auðlindaákvæðið geti verið þrándur í götu aðildar.

Allra alvarlegast er að með frestun á kosningu stjórnlagaþings er um leið verið að fresta að heimildarákvæði um aðild komist í stjórnarskrá. Augljóst er að umboð Alþingis til stjórnarskrárbreytinga fellur niður þar til bráðabirgðaákvæðið um stjórnlagaþing verður óvirkt með starfslokum þess.

Alvöruleysi stjórnmálaumræðunnar lýsir sér best í því að þingmenn Samfylkingarinnar telja nú brýnast að ljúka störfum Alþingis með stjórnarskrárleikfléttum sem viðhalda aðildarbanni næsta kjörtímabil. Er þetta í þágu fólksins?“

Þarna kemur annar ritstjóri, maður sem hefur setið lengi í stjórnarskrárnefndum, og tekið þátt í að endurskoða stjórnarskrána, er yfirlýstur stuðningsmaður þess að Ísland gangi í Evrópusambandið. Hann gagnrýnir vinnubrögðin, jafnvel með fastari hætti en starfandi umboðsmaður Alþingis í leiðaranum í *Tímariti lögfræðinga*. Hann segir um leið að það fólk sem er að tala um það hér lon og don að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið reisi nýjar girðingar og geri það torveldara að breyta stjórnarskránni þannig að það verði erfiðara eftir en áður.

Þetta eru vinnubrögðin. Það er full ástæða til að benda á það sem hér segir í leiðaranum, að þetta er fyrst og fremst lýðskrum. Það er ekkert annað en lýðskrum þegar talað er um að sumir séu betri vinir fólksins en aðrir, þegar um stjórnarskrána er að ræða er það helbert lýðskrum. Svo er málið vaxið og eins og ég flutti hér ræðu um í gær tel ég að þetta lýðskrum birtist m.a. í niðurlægingu Alþingis, það á að ýta Alþingi til hliðar, Alþingi á að stíga til hliðar svo einhverjir aðrir geti tekið við af því og ráðskast með það vald sem nú er í höndum Alþingis.

Virðulegi forseti. Einn af frambjóðendum Framsóknarflokksins er nýr maður sem ekki situr á Alþingi og er, ef ég veit rétt, efsti maður á lista flokksins í Norðvesturkjördæmi. Hann skrifar á vefsíðu sína pistil undir heitinu: „Þolinmæði framsóknarmanna“. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þolinmæði okkar framsóknarmanna virðast engin takmörk sett. Við lofuðum að verja ríkisstjórn falli gegn því að gripið yrði til ráðstafana til bjargar heimilum og fyrirtækjum. Á því hefur staðið en við verjum enn ríkisstjórnina.

Þessi ákvörðun Framsóknarflokksins varð til þess að boðað var til kosninga eins og krafist hafði verið. Því má segja að kosningarnar séu í boði Framsóknarflokksins.

Það veit hins vegar ekki á gott fyrir mögulegt samstarf að stjórnarflokkarnir skuli líta svo á að þeim hafi verið færðir stjórnartaumarnir til að reka kosningabaráttu á kostnað almennings í stað þess að grípa til aðgerða.

Óvinsælar aðgerðir eru slegnar af og látið að því liggja að verið sé að leita annarra lausna en meðan ríkir óvissa. Fremstur í flokki hefur farið núverandi heilbrigðisráðherra. Hvar eru tillögurnar? Hvar eru lausnirnar fyrir heimili og fyrirtæki? Hvar er skjaldborgin um heimilin?

Þolinmæði getur þrotið,“ segir þessi frambjóðandi Framsóknarflokksins. Svo sitjum við hér og stöndum og það er Framsóknarflokkurinn sem krefst þess, líklega af hæstv. forsætisráðherra, að málum sé hagað með þeim hætti að þessi mál komast ekki á dagskrá. Við fáum ekki tækifæri til að ræða þessi mál af því að formaður sérnefndar um stjórnarskrármál, framsóknarleiðtogi hér í þinginu, krefst þess að þau séu rædd hér frekar en hin brýnu hagsmunamál sem standa fólkinu og fyrirtækjunum næst.

Svo lesum við það að þolinmæði framsóknarmanna sé á þrotum. Ég hélt að Framsóknarflokkurinn gæti ekki klofnað, ég hélt að hann væri orðinn svo lítill að hann gæti ekki klofnað, (Gripið fram í.) ekki væri hægt að hafa ólíkar skoðanir, þær rúmuðust ekki lengur innan flokksins, eftir að Bjarni Harðarson hvarf úr honum. En svo virðist vera. Framsóknarflokkurinn er í þeirri stöðu núna að frambjóðendahópurinn er a.m.k. klofinn. Við vitum ekki hversu margir komast hér inn á þingið eftir kosningarnar en í hópi frambjóðenda eru greinilega uppi ólík sjónarmið. Ég skora á þá hv. tvo framsóknarmenn sem hér eru enn í þinginu að þeir beiti sér fyrir því að þessi mál sem hv. frambjóðandi, væntanlegur þingmaður, vonandi fyrir þeirra hönd, er að segja — að þeir komi til móts við það fólk í Framsóknarflokknum sem segir að þolinmæðin sé á þrotum, að nóg sé komið af því að vera hér að stilla dagskrá þingsins þannig upp að það sé nauðsynlegt að ræða stjórnarskrána af því að það sé sérstök ósk Framsóknarflokksins og það sé ekki hægt að gera neitt annað, það megi ekki huga að hag fjölskyldna og fyrirtækja vegna þess að Framsóknarflokkurinn, og sérstaklega formaður sérnefndar um stjórnarskrármál, krefjist þess að þessi mál séu rædd. Okkur er gert skylt að gera það, úrskurðað af virðulegum forseta að okkur sé skylt að gera það, þótt vitað sé að flutningsmenn málsins geta ekki verið hér vegna þess að þeir eru að láta snyrta sig fyrir sjónvarpsþátt.

Þetta eru alveg dæmalaus vinnubrögð, að við séum sett í þessa stöðu. Þolinmæði fleiri en framsóknarmanna er á þrotum. Þótt þeir séu fáir eru þeir að þessu leyti dæmigerðir fyrir miklu stærri hóp fólks. Þolinmæði fólks er á þrotum yfir þessum vinnubrögðum og yfir því aðgerðaleysi sem hér er fylgt af hálfu ríkisstjórnarinnar þegar um það er að ræða að huga að og bjarga heimilum og fyrirtækjum eins og þessi frambjóðandi Framsóknarflokksins segir.

Virðulegi forseti. Ég hef farið að óskum virðulegs forseta um það að flytja ræðu mína hér við þessar sérkennilegu aðstæður. Ég vil ljúka ræðu minni með því að skora á hæstv. forseta að gera nú hlé á þessum fundi, slíta fundinum, og gefa mönnum færi á því að ræða þetta mál þegar flutningsmenn þess eru viðstaddir. Ég tel að ég hafi komið til móts við óskir forseta með því að ganga ekki héðan úr ræðustól þegar hann úrskurðaði á þann veg að ég þyrfti að flytja ræðu mína við þessar sérkennilegu aðstæður. Ég mælist til þess að virðulegur forseti komi til móts við sjónarmið mín og slíti þessum fundi núna fyrst flutningsmenn málsins geta ekki verið hér á þessum stað.

[18:03]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti vill þakka þingmanninum fyrir að hafa flutt ræðu sína og orðið við ósk forseta um það. Forseti hyggst gefa næsta ræðumanni orðið en gera síðan matarhlé að þeirri ræðu lokinni og ráðgast um framhaldið, þ.e. hvenær þingfundur hefst að nýju.

[18:03]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Ég vildi koma með vinsamlega ábendingu til forseta Alþingis vegna þess að ég tel að mjög athyglisverðar upplýsingar hafi komið fram í ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar þegar hann vék að ritstjórnargrein í *Tímariti lögfræðinga* sem er eftir umboðsmann Alþingis. Umboðsmaður Alþingis leggur þar mikla áherslu á að við þessar aðstæður sé ekki vegið að grunnreglum réttarríkisins. Vægi orða umboðsmanns Alþingis í þeim efnum er mjög mikið. Mér finnst að forseti Alþingis ætti að taka mið af þeim.

Ég mundi því vilja skjóta því að forseta þingsins að hann láti boða til fundar hjá formönnum þingflokka og að

hann íhugi það að á þann fund yrði umboðsmaður Alþingis kallaður til þess að fara örlítið nánar yfir þetta mál og grundvöll þessarar (Forseti hringir.) lagasetningar og þessa frumvarps sem við ræðum hér. (Forseti hringir.) Ég veit ekki til þess að neitt í þingsköpum Alþingis banni slíkt (Forseti hringir.) en mér fannst ástæða til þess að koma þessari ábendingu á framfæri við forseta.

[18:05]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti tekur þetta til athugunar.

[18:05]

Útbýting:

Líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum, 42. mál, nál. samgn., þskj. 906.

[18:05]

Ólöf Nordal (S):

Herra forseti. Umræður um frumvarp til breytinga á stjórnarskránni hafa allt frá því að málið var lagt fram og rætt við 1. umr. verið mjög mikil sorgarsaga. Þegar hér stóð 1. umr. málsins þann 10. og 11. mars var nákvæmlega eins umhorfs í salnum og nú, engir flutningsmenn frumvarpsins sáu sér þá fært að fylgja málinu úr hlaði þótt þar hafi verið um að ræða 1. umr., almennt áhugaleysi hjá minnihlutaríkisstjórninni um þessa miklu lýðræðisbót sem sama fólk eyðir óskaplega miklum tíma og orðagjálfri í í útvarpi og sjónvarpi og raunar alls staðar annars staðar en hér. Það virðist vera ásetningur þeirra sem að þessu máli standa að alla umræðu sem er til þess fallin að afla sér vinsælda skuli menn stunda en ekki hér vegna þess að það gæti verið að þá þyrftu menn að mæta öðrum með aðrar skoðanir og þyrftu jafnvel að færa rök fyrir skoðunum sínum. Ég túlka það sem svo að það sé ekki það sem stuðningsmenn minnihlutaríkisstjórnarinnar og Framsóknarflokksins vilja gera. Mér finnst þetta mjög dapurlegt.

Ég fletti því upp að gamni mínu í morgun hvernig hefði verið umhorfs á mælendaskrá þegar 1. umr. var og enginn fulltrúi Vinstri grænna tók til máls við 1. umr., enginn fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs hafði þá áhuga á því að ræða þetta mál. Raunar kom hv. þm. Atli Gíslason inn í umræðuna í gær, reifaði stuttlega sjónarmið sín, en ekki er hægt að segja að mikið hafi farið fyrir ræðum og skoðanaskiptum á milli manna hér í þingsalnum út af þessu máli.

Það er líka áhugavert að skoða umræðurnar sem urðu um frumvarp framsóknarmanna um stjórnlagaþing sem voru hér 17. febrúar sl. þar sem sú umræða var borin uppi af þingmönnum Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Þannig var nú það. Nákvæmlega það sama var uppi á teningnum þá, þeir sem standa að minnihlutaríkisstjórninni höfðu heldur ekki áhuga á því að ræða þetta frumvarp um breyting á stjórnarskipunarlögunum sem framsóknarmenn lögðu þá til um stjórnlagaþing.

Þetta er náttúrlega alveg til háborinnar skammar, það verður bara að segja alveg eins og er. Nú kemur í ljós að umræður eru að hefjast í sjónvarpssal og menn eru að undirbúa sig fyrir það. Ég ætla rétt að vona að okkur verði ekki boðið upp á það, þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, vegna þess að ég held að það sé gott að segja það bara hreint út að væntanlega verða það bara þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem verða hér í salnum að ræða málið. Ætli það sé þá ekki þannig að við verðum höfð hér í umræðunni og getum ekki einu sinni fylgst með þeirri umræðu sem fer fram á milli formanna flokkanna. Ég býst við því að forseti, sá sanngjarni forseti sem situr á forsetastól núna, gæti þess að svo verði ekki.

Maður spyr sig að því við þessar aðstæður þegar menn — vegna þess að ég held að menn hafi ekki hugsað það eða að menn tali ekkert um það hér til hvers stjórnarskráin er. Það er ekki bara það að stjórnarskráin sé þetta mikilvæga plagg, þetta grunnplagg í íslensku samfélagi og í réttarskipulagi hverrar þjóðar, hún er til þess að passa upp á réttindi borgaranna. Hún er til þess að gæta grundvallarmannréttinda. Hún er til þess að gæta þess að ríkið fari að réttum reglum og skynsamlega gagnvart þeim sem búa í landinu. Hún er öryggisventill, hún er í raun og veru allt það sem við sem búum hér þurfum að halda í og hún á ekki að gjalda fyrir það að menn eru að deila í pólitík. Hana á ekki að nota til að hefna sín á einum stjórnmálaflokki, stjórnarskráin ber ekki ábyrgð á Sjálfstæðisflokknum. Stjórnarskráin ber ekki heldur ábyrgð á þessu minnihlutafólki hér. Stjórnarskráin er plaggið okkar allra.

Mér fannst því dálítið áhugavert að lesa í nefndaráliti meiri hlutans nú að stjórnarskrá lýðveldisins, sem mun koma út úr stjórnlagaþinginu, mun verða stjórnarskrá þjóðarinnar allrar, virðulegur forseti. Út úr stjórnarskránni sem verður til á stjórnlagaþinginu kemur stjórnarskrá handa allri þjóðinni. Hver hefur sagt að nú sé í gildi stjórnarskrá sem sé ekki stjórnarskrá allra Íslendinga? Svona mega menn bara ekki tala, það er rangt að tala svona og er ekki til þess fallið að ýta undir það mál sem hér er til umræðu.

Nokkuð er um það rætt í nefndarálitinu — ég ætla stuttlega að grípa inn í það í upphafi, hvað varðar stjórnlagaþingið, kem svo aftur að því síðar í ræðu minni. Ég ætla að vitna hér í nefndarálitið þar sem fjallað er um stjórnlagaþing, með leyfi forseta:

„Í drögum að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing sem er fylgiskjal með frumvarpi til stjórnskipunarlaga er lagt til að kosið verði persónukjöri á þingið. Meiri hlutinn leggst ekki gegn slíkri kosningu en áréttar þó mikilvægi þess að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar. Ný stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mun verða stjórnarskrá þjóðarinnar allrar. Enda þótt aðkoma almennings alls verði tryggð, t.d. með opnum fundum, upplýsingagjöf og málþingum og að auðvelt verði að senda inn umsagnir, þarf jafnframt að tryggja að á þinginu sjálfu sitji þjóðin öll eða fulltrúar hennar. Meiri hlutinn telur því mikilvægt að reglur um persónukjör verði með þeim hætti að tryggt verði að fulltrúar landsbyggðar og landshluta fái sæti, hvort sem það verður gert með ríkari reglum um kjör eða reglum um einhvers konar jöfnunarsæti. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að reglur um kjörið verði með þeim hætti að tryggt verði eins og hægt er jafnt kynjahlutfall á þinginu.“

Það er margt mjög sérkennilegt sem kemur fram í þessum orðum. Til dæmis er nánast látið liggja að því að þetta sé einhvern veginn allt öðruvísi á Alþingi, að það sé ekki

svo á Alþingi að aðkoma almennings sé tryggð, að það séu ekki opnir fundir á Alþingi, að það sé ekki auðvelt að senda inn umsagnir þegar allt þetta, herra forseti, er náttúrlega ekki rétt. Það er einmitt þannig á þinginu að það er talað hér í opinni málstofu, þessu er öllu sjónvarpað, auðvelt að senda umsagnir og nú hefur forsætisnefnd gengist fyrir opnum fundum í nefndum. Allt er þetta mjög opið og skilvirkt en það verður víst þannig á þessu stjórnlagaþingi að það virðist eiga að verða enn þá opnara og skilvirkara án þess að nokkuð sé hægt að sjá að svo verði. Mér finnst vera pínulítill blekkingartónn í þessu.

Síðan kemur þetta með að það þurfi að tryggja fulltrúa landsbyggðar og kynja. Auðvitað er það rétt að það er ágætt að hafa þverskurð af þjóðinni þegar um löggjafarsamkundu er að ræða. En hverjir eru það sem eiga að sitja á stjórnlagaþinginu? Af hverju telja menn að það sé nauðsynlegt að setja stjórnlagaþing? Ef maður reynir að gera sér grein fyrir þeim röksemdum sem gætu legið að baki því að nota stjórnlagaþing til að breyta stjórnarskránni hefði maður haldið að tilgangurinn væri sá að á þetta þing veldust þeir sem hefðu sérstakt vit á stjórnarskipunarlögum. Ef menn eru sammála því að þetta þing hafi það hlutverk með höndum að einbeita sér að breytingum á stjórnarskránni er afar vandséð að í því tilviki eigi sjónarmið landsbyggðar og kynja endilega að eiga við umfram eitthvað annað. Það þyrfti fyrst og fremst að vera efni frumvarpsins sem út úr kemur sem máli skiptir.

Svo er líka önnur hugmynd sem kviknar þegar maður veltir stjórnlagaþinginu fyrir sér og ég vil taka fram, eins og ég gerði í 1. umr., að mér finnst þetta mjög áhugaverð hugmynd. Mér finnst það mjög áhugaverð hugmynd að ræða hvort hægt sé að breyta stjórnarskránni með einhverjum öðrum hætti en við höfum gert og stjórnlagaþing gæti verið athyglisverður kostur á margan hátt. Það hefur bara enginn haft tækifæri til að íhuga þann kost. Þetta hefur ekki verið rætt í stofnunum samfélagsins. Þetta hefur afskaplega lítið verið rætt á vettvangi lögfræðinga og þeirra sem hafa vit á stjórnskipunarrétti. Þetta ber mjög brátt að. Eins og sagði áðan þá var frumvarp framsóknarmanna rætt hérna 17. febrúar og má segja sem svo að þá fyrst hafi umræðan um stjórnlagaþingið hafist. Og nú, 4. apríl, er verið að sannfæra okkur um að við eigum hreinlega að ganga frá málinu.

En hvað er það sem segir okkur að á þessu stjórnlagaþingi verði betri mæting í þingsali en hér, herra forseti? Því það vill svo til að Alþingi Íslendinga er líka stjórnlagaþingssamkunda. Ef marka má áhuga hv. þingmanna á að ræða stjórnarskrána í þingsal — þótt það fari töluvert mikið fyrir því annars staðar — þá spyr maður sig að því hvort það verði endilega svo að áhuginn á stjórnlagaþinginu verði þannig að þar verði alltaf þéttskipaðir bekkir. Ég sé það ekki endilega fyrir mér að svo verði. Ég skil í raun og veru ekki alveg muninn á þessu, hvað þetta varðar.

Það hefur verið rætt um það um langa hríð á vettvangi lögfræðinnar og á vettvangi réttarheimspekinnar og margra þeirra sem hafa áhuga á því hvernig stjórnarskránni eigi að breyta og hvernig eigi að endurskoða hana, að ástæða sé til að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar. Það er enginn maður hérna inni sem er ekki sammála því að það þurfi að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar. Ef við næðum samkomulagi um að breyta henni núna, t.d. í vor, þá væri strax eftir örfáar vikur hægt að fara í það að setja af stað vinnu með allar aðrar breytingar sem menn mundu vilja gera á stjórnarskránni og síðan í kjölfarið fara með það fyrir þjóðina.

Ég sé fyrir mér einn ákveðinn vanda við að samþykkja breytingu á stjórnarskrá í einu lagi. Segjum sem svo að við værum á stjórnlagaþingi og ákveðið frumvarp væri komið fram. Það gæti þess vegna hafa orðið einhver málamiðlun hér í þingsölum þannig að Alþingi væri ekki haft svona út á túni heldur fengi að hafa einhverja aðkomu að þessu stjórnlagaþingi. Segjum að við værum búin að komast að þeirri niðurstöðu að það væri ekki boðlegt að stjórnlagaþingið hefði um þetta einvald heldur ætti að nýta Alþingi Íslendinga sem hefur frá 930, náttúrlega ekki í heilu lagi, en hefur frá stofnun og meðan það hefur starfað verið talið fullgott til þess að breyta stjórnarskránni. Segjum að þetta hafi allt saman gengið eftir og fyrir liggi stjórnarskrá íslenska lýðveldisins sem ætti að bera undir kosningabæra menn í landinu. Það geta verið einstök atriði í þessu heila frumvarpi sem menn hafa afskaplega skiptar skoðanir um. Þarna eru t.d. mikilvægir mannréttindakaflar. Þarna getur orðið gríðarlegur ágreiningur um hvernig er farið með þrískiptinguna. Það hafa verið uppi áform um það að kjósa framkvæmdarvaldið beint. Menn hafa skoðun á ýmsum hlutum varðandi kirkjuna. Eigum við að vera með þjóðkirkju? Hvað með forsetann? Hvað eigum við að gera út af auðlindunum? Vilja menn setja inn ákvæði, eins og voru í upphaflegu frumvarpi, út af sjálfbærri þróun og slíkum hlutum? Það getur vel verið að það komi fram heilt frumvarp, sem sagt ný tillaga að stjórnarskrá og þá þarf að bera hana upp í heilu lagi. Það þarf að bera hana upp til þjóðarinnar í heilu lagi.

Mér finnst það verulegur galli að einstakir kaflar eða einstakir þættir stjórnarskrárinnar séu ekki settir í þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. að hún sé endurskoðuð koll af kolli. Ég hefði miklu frekar viljað sjá að menn gerðu breytingar á þrískiptingunni og leggðu það undir þjóðaratkvæði. Þá kæmi auðlindaákvæðið, þjóðareign á auðlindum og það yrði borið undir þjóðina hvort hún samþykkti það eða synjaði. Það væri ákvæði um ýmis mannréttindaákvæði. Þau yrðu borin undir til samþykkis eða synjunar. En ekki þannig að þetta kæmi allt í heilu lagi vegna þess að ef stjórnarskráin yrði felld í þjóðaratkvæði þá gæti hún verið felld af svo mörgum ástæðum. Það gætu verið svo margir þættir í frumvarpinu sem yllu því að hún yrði felld.

Það er ekkert sem kemur fram í þessu frumvarpi eða nefndaráliti eða neinum gögnum, hvergi í gögnum nefndarinnar og nú tek ég fram að ég sat ekki í nefndinni en ég hef hins vegar hlustað á umræðurnar, en þessu máli hefur eiginlega ekkert verið hreyft í umræðunum, þ.e. hvernig eigi að bera stjórnarskrána upp. Ég hef heldur ekki heyrt nein sjónarmið um það af hálfu flutningsmanna meirihlutaálitsins eða annarra, um það að menn hafi velt fyrir sér hvernig ætti að bera hana upp. (**Gripið fram í:** Þetta var rætt í …) Rætt í nefndinni en þetta hefur ekki verið rætt í málstofunni hér vegna þess að menn hafa ekki sérstaklega mikinn áhuga á því að halda ræður hér í málstofunni og greina frá því hvað hefur farið fram í nefndinni. (**Gripið fram í:** Það hafa verið haldnar langar ræður.)

En þetta er samt sjónarmið sem mér finnst að væri mjög

mikils virði að ræða. Þetta er atriði sem getur skipt verulegu máli í því hvernig með þetta plagg fer. Og þetta segi ég alveg án tillits til þess hvers konar stofnun eða fyrirbæri það er sem mun ljúka samningsgerð á stjórnarskránni. Það liggur alveg fyrir í mínum huga, og það hef ég sagt margoft áður að þar deili ég skoðunum með öðrum sjálfstæðismönnum og mörgum öðrum trúi ég, að það væri náttúrlega miklu betra að það væri Alþingi sem endanlega gengi frá tillögu að breytingu á stjórnarskránni. Og að stjórnlagaþingið verði ráðgefandi eða með einhverjum hætti gæti hugsanlega verið þar til ráðgjafar hvernig sem úr því yrði leyst og síðan yrði það Alþingi sem kæmi og það væri forseti Alþingis sem bæri málið upp á þinginu til samþykktar eða synjunar og síðan í kjölfarið færi það í þjóðaratkvæði.

Mér finnst þetta bara dæmi um að við eigum eftir að vinna í þessu. Þetta er bara dæmi um hluti sem við eigum eftir að hugsa vegna þess að hraðinn hefur verið mjög mikill á málinu. Líka vegna þess að það eru önnur mál sem hvíla á þingmönnum, mikilvæg mál sem hvíla á þingmönnum, þá finnst mér eðlilegt að menn sýni stjórnarskránni þá lágmarksvirðingu að þetta mál fái tíma til að þroskast og þetta sé skoðað til lengri tíma.

Nú hefur þetta mál verið í umræðu á Alþingi frá 17. febrúar 2009 og nú er komin þriðja útgáfan af stjórnlagaþingi. Fyrst kom frumvarp framsóknarmanna þar sem mjög langt var gengið í því að taka vald Alþingis til hliðar og færa það algerlega í hendur á stjórnlagaþingi og raunar var það þannig í því frumvarpi að aðkoma Alþingis var faktískt engin. Hluti af því var að þar var gert ráð fyrir að 63 þingmenn væru starfandi á þeirri samkundu og því fyrirsjáanlegt að við yrðum með gríðarlega marga þingmenn starfandi á ákveðnu tímabili.

Þessu var breytt þegar frumvarp til breytinga á stjórnarskipunarlögum var lagt fram á ný eftir töluverða vinnu á vettvangi forsætisráðuneytisins, eftir því mér skilst, þar sem til voru kallaðir sérfræðingar á sviðinu og búið er að breyta töluvert af þeirri útgáfu af stjórnlagaþingi. Það var komin einhvers konar aðkoma Alþingis, takmörkuð mjög en það var a.m.k. farið að nefna Alþingi á nafn. Það var búið að koma Alþingi inn fyrir dyrnar þannig að væntanlega yrði hægt að halda áfram að ræða það í nefndinni.

Í stjórnarskrárnefndinni voru menn greinilega á þeirri skoðun að það væri allt í lagi að hleypa Alþingi pínulítið lengra. Framsóknarmenn eru því komnir með þriðju útgáfuna af stjórnlagaþingi og það er óhætt að segja að það hafi töluvert breyst. Ég segi að það hafi breyst mjög til batnaðar og það er að þroskast og það þarf að þroskast meira. Það þarf að fá að þroskast betur og við þurfum að ræða þessi mál betur. Við þurfum að tala betur saman um hvernig eigi að gera þetta. Númer eitt, tvö og þrjú eigum við að gæta að virðingu Alþingis, þeirrar löggjafarsamkundu og sem við höfum unnið heit að. Við eigum alltaf að gæta virðingar Alþingis. Því þótt margt hafi farið úrskeiðis hér í landi megum við ekki að láta það bitna á þeim sem síst skyldi.

En framsóknarmennirnir hafa greinilega áttað sig á því að það væri allt í lagi að hleypa Alþingi að borðinu. Ég vonast til þess að framsóknarmennirnir sem hafa hlustað nokkuð á umræðurnar, sérstaklega hefur hv. þm. Birkir J. Jónsson verið hér nokkuð sem einn af flutningsmönnum og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, formaður stjórnarskrárnefndar, hefur einnig hlustað á umræðurnar, að þau heyri þau sjónarmið sem hér hafa komið fram varðandi stjórnlagaþingið og líti ekki svo á að gagnrýni á stjórnlagaþingið sé einungis gagnrýni á Framsóknarflokkinn eins og hefur látið nærri, að það mætti ekki anda á þetta stjórnlagaþing því þá væri verið að gera lítið úr Framsóknarflokknum og drepa hann og þetta yrði svo erfitt hjá Framsóknarflokknum í kosningum o.s.frv.

Þetta er bara tómur misskilningur. Það er ástæða til þess þótt menn hafi fengið einhverja hugmynd einhvers staðar að átta sig á því að hér sitja 63 þingmenn sem allir eiga að eiga það sameiginlegt að bera stjórnarskrána fyrir brjósti. Það er allt í lagi fyrir framsóknarmenn að reyna að komast að samkomulagi við aðra þá sem eru á þessu þingi jafnvel þótt þeir séu í stjórnarandstöðu. Það er ekkert athugavert fyrir Framsóknarflokkinn, það er allt í lagi. Svo ég reyni nú að höfða til þeirra betri vitundar.

En ég átta mig samt ekki á því hvernig þetta frumvarp er í raun og veru byggt upp. Af hverju er það svo að það eru efnislegar breytingar á stjórnarskránni um leið og stjórnlagaþingið er lagt til? Ég trúi ekki að það sé vegna þess að menn hafi haldið að stjórnlagaþingið næði ekki fram að ganga og þess vegna væri öruggara að hafa efnislegar greinar með. En það dugar ekki til. Það er búið að liggja fyrir langan tíma að flokkar á Alþingi eru sammála um breytingar á 79. gr. stjórnarskrárinnar. Menn er sammála að þörf sé á að breyta henni. Þess vegna hefði ég haldið að það væri í sjálfu sér nóg núna að láta það duga að breyta henni. Við munum hvernig núverandi 79. gr. hljómar, með leyfi forseta:

„Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki […] skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki [Alþingi] ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.“

Hér er látið í það skína að hægt sé að halda sérstakt auka-Alþingi til að breyta stjórnarskránni, 79. gr. geymir í sér ákveðinn stjórnlagavinkil. En auðvitað erum við sammála um að þetta er allt of þungt í vöfum, það er alveg rétt. Margar breytingar á stjórnarskránni hafa verið vel gerðar, sérstaklega árið 1995 þegar gerð var gríðarlega mikilvæg breyting á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Það var mjög vel unnin vinna, mjög vel gert og það voru tekin ákvæði sem skipta miklu fyrir stjórnarskrána, sem leggja áherslu á hversu mikið mannréttindaplagg stjórnarskráin er. En þess vegna og ekki síst þess vegna skiptir svo miklu máli að farið sé með gát í breytingar á henni.

Ég hef ekki almennilega áttað mig á því hvað það er sem menn eru sammála um að breyta, þ.e. að menn séu sammála um að það þurfti að breyta öllu í stjórnarskránni. Ég held því t.d. fram að mannréttindakaflinn sé vel skrifaður og mjög nýtilegur til lengri tíma. Ég held að þeir þættir sem hafa keyrt fram þessa miklu sókn framsóknarmanna á stjórnlagaþingi séu kannski fyrst og fremst til að svara kalli um einhvers konar breytingar, einhvers konar kollvörpun vegna þess að við lentum inni í þessum óskaplega ólgusjó.

Ég geri ekki lítið úr því. Ég geri ekki lítið úr því að menn hafi misst fótfestuna á margan hátt og menn vilji þá gera upp við allt og alla. En það hjálpar okkur ekkert, ofan á þá kreppu sem við erum í að bjóða upp á stjórnlagakreppu. Það er ekkert betra að fara af stað með breytingar á stjórnarskránni án þess að vita í hverju breytingarnar eiga að felast. Og í þeim atriðum sem fram koma í frumvarpinu eru leiðbeiningar um hvað eigi að gerast á þessu stjórnlagaþingi afar rýrar. Það er mjög rýr kafli.

Við þingmenn höfum ekki komið okkur saman um það, ef af þessu yrði og við ættum að fara að greiða atkvæði um þetta, hvað það er sem við viljum fá út úr stjórnlagaþinginu annað en „eitthvað annað“. Þá vil ég bara benda á að það er svo margt í stjórnarskránni sem er í fínu lagi. Þá komum við aftur að því hvernig við ætlum að velja inn á stjórnlagaþing. Og einnig að því sem ég sagði áðan, að ef menn eru farnir að velta fyrir sér að það eigi að endurspegla Alþingi, endurspegla kjördæmaskipan, eins og kemur fram í nefndarálitinu, þar sem fram kemur að gæta þurfi að landsbyggðarsjónarmiðum og ýmsu öðru og hlutfalli á milli, eða speglun af Alþingi réttara sagt — ég leiðrétti mig, þetta var ónákvæmt orðalag — þá held ég að við séum pínulítið að ruglast í því að þetta þing hefur svo sérstakt hlutverk. Svo sérstakt, afmarkað hlutverk. Það á ekki að fjalla um þau mál sem almennt eru í umræðunni. Það á að fjalla um grundvallarlöggjöf landsins og til þess þurfum við fólk sem getur gert það.

Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi og hef greint frá henni að í sjálfu sér sé æskilegt að Alþingi Íslendinga hafi hjá sér eða undir sér einhvern veginn til hliðar einhvers konar ráðgjafarhóp sem hefur það sérstaka verkefni að skoða stjórnarskrána sem kemur síðan aftur inn í þingið til meðferðar.

Ég held að mjög gott sé að þetta verði lítill hópur, þetta á að vera fámennur hópur sérfræðinga. Hér er mikið talað og mönnum þótti mjög mikilvægt að gera breytingar í vetur — þótt þær hafi verið annars eðlis, ætla ég samt að nefna þær — og fannst að gott væri að hafa peningastefnunefnd til að gæta að peningastefnunni í landinu og vera vakandi yfir henni. Þá er ekkert vitlaust að við sjáum fyrir okkur einhvers konar réttarfarsnefnd á vegum þingsins sem velti fyrir sér því hvernig eigi að fara með breytingar á stjórnarskránni. Þetta er bara eitt innlegg inn í þá umræðu sem hér er, bara til að benda á að svo margir afkimar eru í þessu máli sem við höfum ekki velt nógu mikið fyrir okkur. Ég geri bara þá kröfu til okkar þingmanna að við séum svo vel heima í málinu og höfum velt því það mikið fyrir okkur að við getum með góðri samvisku látið frá okkur eitthvert frumvarp handa þjóðinni til að kjósa um.

Berlega kemur fram í umsögnum um málið að menn höfðu miklar áhyggjur af því. Það er kannski einkum tvennt sem menn höfðu áhyggjur af, í fyrsta lagi hvað umsagnarfresturinn var stuttur. Mönnum þótti erfitt að þurfa að svara erfiðum spurningum og veita umsögn um stjórnarskrána á örfáum dögum og það ber að taka undir það að ekki er hlaupið að því að skila vandaðri umsögn um frumvarp til stjórnarskipunarlaga á örstuttum tíma og það finnst mér slæmt. Í öðru lagi kom fram í umsögnunum að óráð væri að breyta stjórnarskránni án þess að um það hafi farið fram almenn umræða í samfélaginu. Fræðasamfélagið á sviði lögfræði fylgir ekki með í þessari umræðu núna.

Það er ágætisumsögn hér frá Ragnhildi Helgadóttur, prófessor í Háskólanum í Reykjavík, sem hefur sérhæft sig í stjórnarskipunarrétti, þar sem hún fer að mínu mati mjög vel yfir þennan vanda sem við blasir.

Ég ætla að vitna í hana, með leyfi forseta:

„Stjórnarskrár eru ólíkar öðrum lögum að setningarhætti og vegna þess að þær eiga að leggja stórar línur og vera hafnar yfir pólitískar deilur á hverjum tíma. Vegna þessa eðlis stjórnarskráa breytast þær oft hægt, eru gjarnan gamlar í ríkjum með gamla lýðræðishefð og breytingar á þeim eru tiltölulega sjaldgæfar. Á grundvelli alls þessa er það skoðun mín að það væri afar óheppilegt ef nú yrði vikið frá þeirri hefð að breið samstaða allra flokka sé um breytingar á stjórnarskrá.“

Síðan segir Ragnhildur Helgadóttir áfram um 2. gr. frumvarpsins — ég skal taka það fram og kannski aðeins koma því að núna að frumvarpið er nokkuð mikið breytt frá því að það var sent út til umsagnar. Stjórnarskrárnefndin hefur gert töluverðar breytingar á því og má segja að allt varðandi Árósasamninginn hafi verið fellt út úr 1. gr. Breytingar hafa verið gerðar á (Gripið fram í.) frumvarpinu og komið hefur verið til móts við ýmsa hópa, t.d. meginþorra umsagnaraðila því sjónarmið þeirra studdu sjónarmið sjálfstæðismanna sem lítið komu að þessari vinnu. Breytingar hafa verið gerðar á öðrum greinum frumvarpsins og búið er að gera grundvallarbreytingar á 4. gr. um stjórnlagaþingið.

Fram kemur hér út af 4. gr. vegna stjórnlagaþingsins, með leyfi forseta:

„Tillaga frumvarpsins um stjórnlagaþing er skynsamleg út frá því sjónarmiði að á Íslandi hefur aldrei farið fram sú umræða um stjórnarskrána, sem menn telja hollt þjóðum að fara í gegnum og sem stefnt var að því að yrði farið í gegnum fljótlega eftir lýðveldisstofnun. Það er hins vegar eindregin skoðun mín, að stjórnarskráin hafi virkað vel á lýðveldistímanum. Vissulega á ýmis gagnrýni — þar á meðal á óljósa stöðu forseta og á stöðu Alþingis — rétt á sér en bæði eru ýmis þeirra atriða nýtilkomin og svo eru þau ekki endilega grundvallaratriði. Breyting á því hvort ráðherrar sitji á þingi (sem má breyta án stjórnarskrárbreytingar) eða hvort skuli standa í stjórnarskrá að forseti geri þjóðréttarsamninga, þegar það er í reynd ráðherra, eru síst meiri grundvallaratriði heldur en það þegar mannréttindakafli stjórnarskrárinnar var endurskoðaður í heild sinni. Það er eindregin skoðun mín að það eigi að breyta ákveðnum hlutum stjórnarskrárinnar; fyrst og fremst ákvæðunum um forseta Íslands og hugsanlega ákvæðum um tengsl Alþingis og framkvæmdarvalds. En ég mótmæli því að það sé þörf á heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar efnis hennar vegna. Flestir eru sammála um að þó margt kunni að hafa brugðist undanfarin ár þá sé stjórnarskráin ekki eitt af því.

Það kann vel að vera að það sé rétt sé að setja á fót stjórnlagaþing til þess að nú fari í gang áðurnefnd umræða um stjórnarskrána. En það hlýtur þá að byggja á því að menn vilji fá umræðuna fram, ekki vegna þess að stjórnarskráin hafi brugðist. Með því að setja í gang heildarendurskoðun má reikna með að markmiðið um umræðu um

stjórnarskrána náist, en á móti mun væntanlega tapast eitthvað af hefðinni og hefðbundnu helginni sem á henni hvílir. Sömuleiðis þarf þá að velta því fyrir sér hvernig eigi að útfæra stjórnlagaþingsleiðina þannig að umræðan verði sem víðtækust og best.“

Ragnhildur bendir enn fremur á nokkur atriði sem þarf að hugsa betur, með leyfi forseta;

„Í fyrsta lagi bendi ég á hlutverk þingsins. Það er spurning hversu heppilegt það er að fá 41 kjörnum fulltrúa í hendur það verkefni að skrifa nýja stjórnarskrá án þess að þeir beri á því nokkra ábyrgð, lagalega eða pólitíska.“

Hér finnst mér Ragnhildur Helgadóttir koma að mjög mikilvægu atriði. Mér finnst það mjög mikið athugunarefni og vona að það sé eitt af því sem komi út úr þessum umræðum hér um stjórnarskrárbreytinguna. Er heppilegt að Alþingi láti stjórnarskrárvald sitt af hendi til annars þings sem sendir það svo til þjóðarinnar en ber enga sérstaka lagalega eða pólitíska ábyrgð á því, nema svona einsskiptisábyrgð. Pólitíska ábyrgðin er nefnilega mjög mikilvæg líka þegar um stjórnarskipunarlögin er að ræða.

Síðan segir Ragnhildur í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi vísa ég til orðalags 1. mgr. ákvæðisins um að „byggt verði áfram á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda.“ Ákveði stjórnlagaþingfulltrúar að hunsa þessi tilmæli og fái tillaga þeirra hljómgrunn í þjóðaratkvæðagreiðslu skipta þessi ummæli í ákvæðinu engu. Þessu ákvæði verður breytt eða það fellt út með nákvæmlega sama hætti og öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar.“

Nú á ég ekki von á því að þetta sé aktúelt vandamál, ég á ekki von á því að þeir fulltrúar sem veljist á stjórnlagaþingið muni ýta til hliðar þeim sjónarmiðum sem við höfum öll verið sammála um. Áhyggjur mínar beinast ekki að því. Þær beinast miklu frekar að því að leiðbeiningar handa stjórnlagaþingi séu skýrar og ef við kæmumst að þeirri niðurstöðu að stjórnlagaþing ætti að vera ráðgefandi, ef við kæmumst að þeirri niðurstöðu að lítill hópur manna, til þess að gera, hefði það verkefni að koma með tillögur til Alþingis að nýrri stjórnarskrá væri ekkert óeðlilegt að þingið hefði ákveðnar skoðanir á því hvað ætti að vera grundvallarsjónarmið sem ekki mætti hvika frá. Þar vil ég meina að menn yrðu að gæta að mannréttindakaflanum og ákveðnum hlutum í honum.

Þriðja atriðið, hæstv. forseti, sem mig langaði að nefna úr umsögn Ragnhildar Helgadóttur er það hvernig við eigum að meðhöndla samspil stjórnlagaþingsins og Alþingis. Ég held að það sé akkúrat þetta atriði sem hvað mestum deilum hefur valdið meðal þingmanna, hvernig á að meðhöndla sambandið á milli stjórnlagaþings og Alþingis. Hvar eru skilin á milli? Hversu langt viljum við ganga í því að setja stjórnarskrárvaldið og annað?

Ragnhildur Helgadóttir segir um þetta atriði:

„Ein þeirra breytinga sem minnst er á í greinargerð snýr að því að styrkja stöðu Alþingis. Það er hins vegar athugunarefni hvort það verði til frambúðar til þess að styrkja þingið að taka frá því hlutverkið sem stjórnarskrárgjafi — jafnvel þó aðeins sé um þetta tilvik heildarendurskoðunar að ræða. Þessi vandi gæti orðið alvarlegur ef það er opinbert að það stjórnarskrárfrumvarp sem lagt verður fyrir þjóðina af stjórnlagaþinginu nýtur ekki stuðnings þingsins. Samráðsferlið, sem gert er ráð fyrir í 4. gr., bætir nokkuð úr, en ég hefði kosið að sjá hlutverk Alþingis enn stærra.“

Við þessu hefur að ákveðnu leyti verið brugðist í breytingartillögu stjórnarskrárnefndarinnar en engu að síður stendur þetta eftir: Erum við að styrkja þingið eða draga úr völdum þess? Hvaða atriði voru það sem við þingmenn sjálfir sem vorum hér innan dyra gagnrýndum hvað mest í haust þegar hrunið varð? Við gagnrýndum, og það átti bæði við um þá sem voru í stjórn og stjórnarandstöðu, að þingið hefði ekki nógu mikil tök á því að komast inn í málið. Við gagnrýndum skipulag þingsins og samspil við framkvæmdarvaldið því það kom mjög berlega í ljós að það þarf að styrkja þingið. Um þetta held ég að allir í þessum sal séu sammála, allir, að þingið hafi með einhverjum hætti orðið eftir eða aldrei hafi verið nógu skýrt með það farið og það þurfi að laga.

Þá er spurningin: Af hverju reynum við ekki að breyta því hér á þinginu? Af hverju reynum við þingmenn ekki sjálfir að takast á við það vandamál? Af hverju ákváðum við að setja það í hendurnar á stjórnlagaþinginu vegna þess að það mætti líka segja að þetta sé eins konar „alibí“ fyrir okkur að þurfa ekkert að taka á málinu. Ég held að jafnvel þótt þingið muni gefa umsögn um þetta stjórnlagaþing, ef þetta frumvarp nær fram að ganga — sem ég vona ekki — sé það samt ekki sú umræða sem maður hefði viljað sjá og í raun og veru það sem við eigum að vera að gera hér á þinginu vegna þess að náttúrlega er alveg ljóst að það er grundvallarverkefni Alþingis Íslendinga að standa að stjórnarskránni.

Það komu náttúrlega fjölmargar umsagnir, ég ætla ekkert að fara neitt ítarlega ofan í þær, þær eru aðgengilegar á vef þingsins og margar mjög fróðlegar. Margar umsagnirnar snúa að auðlindaákvæðinu sem hefur verið mikið bitbein hér um langa hríð. Ég veit að skiptar skoðanir eru um þetta mál víða en ég ætla að segja fyrir mig að ég held að málið sé ekki þannig að ekki sé hægt að ná samkomulagi um það. Sjálfstæðisflokkurinn hefur sjálfur þegar lagt fram ákveðna leið í því og árið 2007 kom fram frumvarp þar sem flutningsmennirnir tveir voru sjálfstæðismaður og framsóknarmaður. Þetta hefur verið mikið rætt á vettvangi Sjálfstæðisflokksins og ég held ekki að þetta sé slíkt bitbein að ekki sé hægt að ná samkomulagi um það. En það er greinilegt að ákvæði 1. gr. hvílir mjög mikið á umsagnaraðilum og þær málsgreinar sem nú hafa verið felldar út úr frumvarpinu hvíldu mjög mikið á þeim og ekki er ástæða til að orðlengja um það hér. Það eru hins vegar færri sem taka til svara vegna stjórnlagaþingsins, að hluta til vegna þess að færri umsagnaraðilar komu að því og að hluta til vegna þess að það er ekki heiglum hent að svara og gefa ítarlega umsögn um stjórnlagaþing á örfáum dögum og varla hægt að bjóða upp á það.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands tekur á því í umsögn sinni og þetta er ekki í fyrsta skipti í vetur — og það á líka við tíð fyrri ríkisstjórnar og ég ætla ekki að gera lítið úr því — sem laganefnd Lögmannafélags Íslands sendir hörð bréf til þingsins um það hvernig farið er með breytingar á lögum. Grein Róberts R. Spanós sem hv. þm. Björn Bjarnason las upp úr hér áðan er afar mikilvæg þegar horft er til

þess hvaða hættur geta orðið þegar lögum er breytt hratt. Löggjafarvaldið og samspil þess og réttaröryggis er nokkuð sem þarf að fara gætilega með. Laganefndin hefur ítrekað í vetur, alveg frá því í haust, gagnrýnt mjög harkalega að Alþingi hleypi breytingum á mikilvægri löggjöf mjög hratt í gegn.

Ég ætla að lokum rétt aðeins að grípa niður í umsögn laganefndarinnar, með leyfi forseta:

„Laganefnd telur ákveðna þversögn felast í því að gera efnisbreytingar á stjórnarskránni og á sama tíma koma á fót stjórnlagaþingi sem á að semja nýja stjórnarskrá.“

Síðan segir í niðurlaginu:

„Að mati laganefndar eru þær breytingar á stjórnarskránni sem boðaðar eru með frumvarpinu í raun grundvallarbreytingar. Laganefnd áréttar mikilvægi þess að allar breytingar á stjórnarskránni séu gerðar að vel athuguðu máli og í mikilli sátt allra aðila, ekki síst þegar um grundvallarbreytingu er að ræða. Er það afstaða laganefndar að framangreindar breytingar þurfi frekari athugunar við og leggst nefndin af þeim sökum gegn samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fyrir.“

Þetta finnst mér rödd sem er mikilvægt að á sé hlustað hér á landi.

Það er nokkuð sem kom mér dálítið á óvart þegar ég las nefndarálitið og breytingartillögurnar og mig langar og hefði áhuga á að fá skýringar á. Nú hefur verið tekin sú ákvörðun, að mér skilst og sýnist á þessu, að stjórnlagaþing eigi ekki að taka til starfa fyrr en um mitt ár 2010. Ef það er sjónarmið nefndarmanna að ekki sé þörf á því að stjórnlagaþingið taki til starfa fyrr en eftir sveitarstjórnarkosningar árið 2010 skil ég ekki af hverju liggur svona mikið á að ákveða það núna. Ég skil það bara ekki. Þá sé ég engin rök með því að þetta stjórnlagaþing eigi að vera ásteytingarsteinn hér ef menn í nefndinni eru sammála um að það komi ekki til fyrr en árið 2010.

[18:45]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Aðeins vegna síðustu orða og spurningar hv. þingmanns, það háttaði svo til að ég sat fund í stjórnlaganefnd fyrir hv. þm. Atla Gíslason þegar einmitt þetta atriði var til umræðu, hvers vegna meiri hluti nefndarinnar gerir þá tillögu að stjórnlagaþing taki ekki til starfa fyrr en 17. júní 2010. Fyrir því eru í rauninni tvær ástæður, annars vegar sú að eðlilegt sé, líka kostnaðarins vegna, að kjósa til stjórnlagaþings um leið og gengið verður til sveitarstjórnarkosninga á næsta ári. Það þykir einfaldara og ódýrara og það er rétt að það komi fram að fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem komu fyrir nefndina og ræddu þetta gerðu fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að slík kosning færi fram samhliða sveitarstjórnarkosningum.

Hin röksemdin með þessu er sú að með breytingartillögunum er styttur starfstími stjórnlagaþingsins niður í eitt ár. Gert er ráð fyrir að það skili af sér á einu ári í stað lengri tíma áður. Þar með er í rauninni ekki verið að flýta niðurstöðum vinnunnar, heldur er gefið betra tóm til undirbúnings því að gert er ráð fyrir því að settur verði lagarammi bæði um stjórnlagaþingið sem slíkt og um þjóðaratkvæðagreiðsluna sem slíka og líka samkvæmt 3. gr. Þetta gefur færi á vandaðri undirbúningi en frestar ekki áformuðum lokum stjórnlagaþings sem upphaflega var talað um.

[18:47]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir að koma með þessar upplýsingar inn í umræðuna. Kostnaðurinn við upphaflegt stjórnlagaþing var svo gígantískur að það var ekki nokkur leið fyrir flutningsmenn að koma fram með frumvarpið í óbreyttum búningi með 2,1 milljarðs kostnaði við stjórnlagaþing. (**Gripið fram í:** … á móti.) Fyrir utan það að skilvirknin var engin í slíkri tillögu.

Ég skil þessi efnahagslegu rök, ég skil að menn hafi reynt að skera niður kostnað. Ég skil að það geti verið betra umhorfs í þjóðfélaginu 2010 en fyrst að menn vilja undirbúa málið betur — sem er gott — eftir að það hefur verið samþykkt í þinginu skil ég ekki af hverju ekki má geyma þetta mál fram yfir kosningar til að Alþingi geti rætt betur um það hvernig stjórnlagaþinginu eigi að vera háttað ef menn vilja fara þá leið. Það verður að segjast eins og er að við erum að fara alveg rosalega köld inn í þessa umræðu, flest okkar ef ekki öll, um stjórnarskrána núna.

Þegar menn hafa hérna gígantískar áhyggjur af efnahag þjóðarinnar erum við að fara mjög bratt inn í það að breyta stjórnarskránni. Ég verð að segja fyrir mig að ég hefði haldið að með því að breyta 79. gr. núna gæfum við nýju Alþingi frítt spil til að breyta því sem það kýs í stjórnarskránni og setja beint í þjóðaratkvæði. Í raun og veru held ég að menn átti sig ekki á því hversu spennandi leið það er að breyta 79. gr. og láta þar við sitja.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hafa veitt þetta andsvar. Það er meira en margir hafa gert í þessari umræðu.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 18:50]

Um fundarstjórn.

Röð mála á dagskrá.

[21:02]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta vegna þess að við sjálfstæðismenn höfum bæði í gær og í dag gert tillögur til forseta um að mál nr. 3–7 á dagskrá yrðu tekin til umræðu á undan stjórnarskipunarlögum, þ.e. að gert yrði hlé á umræðum um stjórnarskipunarlög til að koma að þeim brýnu málum sem eru þar næst á eftir og varða með skýrum og augljósum hætti hagsmuni atvinnulífsins og heimilanna í landinu.

Ég vek athygli hæstv. forseta á því að undir þetta sjónarmið var tekið fyrir stundu í sjónvarpsþætti með leiðtogum stjórnmálaflokkanna. Þar heyrði ég ekki betur en að hæstv. fjármálaráðherra, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, legði áherslu á að þau mál sem eru á dagskrá yrðu tekin fyrir og afgreidd í þinginu. Ég gat ekki skilið orð hans með öðrum hætti en svo að hann (Forseti hringir.) teldi það skyldu þingsins að reyna að koma þessum málum að.

[21:03]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. Birgi Ármannssyni, það er algerlega nauðsynlegt að fresta þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, ekki vegna þess að ekki sé ástæða til að ræða það frumvarp sem er til meðferðar, heldur vegna þess að brýn mál liggja fyrir og eru á dagskrá sem ég tel að við þurfum að láta ganga fyrir.

Það blasti algerlega við í sjónvarpinu í kvöld þegar stjórnmálaforingjar ræddu saman að úrræðaleysi forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar er þvílíkt að þingið verður að koma til skjalanna, afgreiða þessi mál og koma í veg fyrir að frekari skaði verði af úrræðaleysi og stjórnleysi á Íslandi. Þess vegna hvet ég hæstv. forseta til að hlusta á þær ábendingar að við snúum okkur að því að ræða atvinnumál og uppbyggingarmál og frestum um sinn umræðunni um það mikilvæga mál sem stjórnarskipun landsins er.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti hefur hlustað á hv. þingmenn og athugasemdir þeirra. Enn eru fjölmargir á mælendaskrá.)

[21:04]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt um atvinnumálin, að forseti fresti því máli sem við ræðum núna og er á dagskrá og ræði frekar mál nr. 7 sem er um álverið í Helguvík. Þá geta menn líka komið inn á fleiri álver.

Á Alþingi eru 63 þingmenn. Þeir eru á stjórnlagaþingi og menn hafa lagt mikla áherslu á að þetta væri stjórnlagaþing og það væri mjög nauðsynlegt að setja á laggirnar stjórnlagaþing og það væri mjög virðingarvert og allt slíkt. Þetta fólk tekur síðan ekki þátt í umræðunni, ekki nema þingmenn Sjálfstæðisflokksins að mestu leyti. Ég sakna þess að þeir þingmenn sem ekki hafa tekið þátt í umræðunni og ekki eru á mælendaskrá taki þátt í umræðunni á stjórnlagaþinginu sem við erum stödd á akkúrat núna.

[21:06]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Það er rík ástæða til að hvetja hæstv. forseta aftur til að taka tillit til ábendinga sem hér hafa komið fram um að fresta umræðu um dagskrármálið, ekki síst vegna þess að flutningsmenn þessa frumvarps hafa ekki komið í umræðuna og eru ekki einu sinni í húsinu, að ég fæ best séð. Fyrir utan það tel ég nær að ræða það mál sem varðar atvinnuuppbygginguna í landinu og kallað er eftir alls staðar að úr þjóðfélaginu. Þess vegna hvet ég hæstv. forseta til að hlusta á þetta og fara yfir málið með forustumönnum þingflokkanna á þann veg að þessari umræðu (Forseti hringir.) verði ekki haldið áfram inn í nóttina.

[21:07]

Útbýting:

Eignarhald og varðveisla listaverka ríkisbankanna, 102. mál, nál. viðskn., þskj. 908.

Vörumerki, 415. mál, nál. viðskn., þskj. 909.

[21:07]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti hefur hlýtt á þær umræður sem hér hafa farið fram um fundarstjórn forseta. Enn eru mjög margir á mælendaskrá og enn eru mörg brýn mál sem þarf að ræða og því telur forseti rétt að halda umræðunni nokkuð áfram.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882.

[21:09]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi taka undir með þeim félögum mínum sem hér töluðu undir liðnum fundarstjórn forseta þar sem þeir hvöttu til að atvinnumálin yrðu sett á dagskrá hið fyrsta. Ég tel að það sé í rauninni einsýnt að við þurfum að fara í þau mál. Ég held að það sem fram kom í þessum sjónvarpsþætti, sem ég missti nú reyndar sjálf af, gæti verið fyrirboði góðra tíðinda, þ.e. að minnihlutastjórnin sé að sjá að sér varðandi þessi mál. Við vonum það besta alla vega. Við ræðum hér frumvarp ríkisstjórnarinnar til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Stjórnarskráin er grundvöllur stjórnskipulags íslenska lýðveldisins. Hún mælir annars vegar fyrir um reglur er fjalla um vald handhafa ríkisvalds, þ.e. löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds og hins vegar um mannréttindi borgaranna og þær takmarkanir og skyldur sem hvíla á handhöfum ríkisvalds gagnvart almenningi í landinu.

Ég ber mikla virðingu fyrir stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og ég er afar sorgmædd yfir því virðingarleysi sem henni er sýnd af minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, að ekki sé minnst á Framsóknarflokkinn sem ber sannarlega hluta ábyrgðarinnar á því hvernig málum er hér komið.

Ég er nær orðlaus yfir þeim ásökunum sem yfir okkur sjálfstæðismenn hafa dunið á síðustu dögum, ásökunum um málþóf sérstaklega þar sem það er gert tortryggilegt að við komum hér eitt af öðru, 26 þingmenn Sjálfstæðisflokksins og nýtum okkur okkar lýðræðislega rétt til þess að tjá skoðanir okkar um þetta afar mikilvæga mál.

Formaður sérnefndar um stjórnarskrána, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, gekk meira að segja svo langt hér í hádeginu að segja að hún hefði fylgst með umræðunum og yrði nú bara að segja að öll sjónarmið væru komin fram þannig að það þyrfti ekkert að ræða málið frekar. Þannig er nú það. Þannig er öll lýðræðisástin. Formanninum liggur á að klára málið og þá þarf bara ekkert að ræða það frekar. Ég verð bara að segja að ég er kjörinn þingmaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Ég undirritaði drengskaparheit þegar ég settist á þing og ég tel það eitt af mínum helstu verkefnum sem þingmaður að standa vörð um stjórnskipan Íslands, stjórnarskrána og Alþingi Íslendinga meðtalið. Ég leyfi mér því að segja við hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, frú forseti, að mér er alveg sama þótt hún telji öll sjónarmið fram komin. Ég hef ekkert talað í þessari umræðu og ég hef ekkert tjáð mín sjónarmið og ég tala fyrir mig sjálfa. Ég nefnilega sannfærð um að sagan muni dæma þessa stjórnarskrárbreyt-

ingu. Sagan mun dæma þessa stjórnarskrárbreytingu sem fordæmanlegt klúður og vanvirðingu bæði við stjórnarskrá og Alþingi. Þá vil ég að sagnfræðingar framtíðarinnar hafi það skjalfest að sá þingmaður sem hér stendur hafi tekið til máls og komið stjórnarskránni, okkar góðu stjórnarskrá til varnar og hreyft kröftugum mótmælum við því ofbeldi sem við erum hér vitni að í garð stjórnarskrárinnar.

Ég hreinlega neita því að umræður um stjórnarskrárbreytingar geti yfir höfuð talist málþóf. Við þá þingmenn Vinstri grænna sem kunna þá list betur en nokkrir aðrir að viðhafa málþóf eins og við höfum séð hér á síðustu tíu árum í þinginu þá vil ég segja að það er ekki trúverðugt að tala á tyllidögum um lýðræði og mikilvægi þess en reyna svo að hefta málfrelsi manna þess á milli. Ég er hér að taka til máls í fyrsta sinn um þetta mikilvæga mál og þess vegna get ég ekki litið á það sem neitt málþóf.

Staðreyndin er hins vegar sú, og það fer kannski mest fyrir brjóstið á þingmönnum Vinstri grænna og annarra sem styðja við þessa ríkisstjórn, að í þingflokki Sjálfstæðisflokksins eru 26 einstaklingar. Við erum einn þriðji hluti þingsins og auðvitað tekur lýðræðið tíma. (Gripið fram í.) En hvert okkar (Gripið fram í.) á sinn lýðræðislega rétt og það verða þingmenn minnihlutastjórnarinnar einfaldlega að una við fyrst þeir hafa ákveðið að forgangsraða málum með þessum hætti.

Við höfum nefnilega, frú forseti, gert líka alvarlegar athugasemdir við forgangsröðunina, forgangsröðun minnihlutastjórnarinnar á þinginu og gert ítrekaðar athugasemdir við fundarstjórn forseta um það — nú síðast hér áðan — og við höfum reyndar fengið bágt fyrir það líka og verið sökuð um að þæfa málið í því líka. En mér er gjörsamlega fyrirmunað að skilja að það skuli forgangsraðað með þeim hætti á Alþingi að stjórnarskrárbreyting í ágreiningi — í fyrsta sinn í 50 ár er stjórnarskrárbreyting gerð í ágreiningi — sé tekin fram fyrir mikilvæg mál sem varða hag heimilanna og fyrirtækjanna í landinu. Það er mér fullkomlega óskiljanlegt og í þessu árferði er það mér enn þá óskiljanlegra.

Ég vek sérstaka athygli á því að breytingarnar á stjórnarskránni hafa enga þýðingu fyrir bráðavandann í efnahagslífinu. Það mun ekkert leysast hér í efnahagslífinu þótt þessar stjórnarskrárbreytingar komi til framkvæmda. Heimilin í landinu finna ekki fyrir því að stjórnarskránni verði breytt með neinum þeim hætti að það verði til batnaðar. Fyrirtækin falla hér því miður hvert af öðru meðan ekkert er gert nema að ræða stjórnarskrárbreytingar og heimilin á landinu hrópa á aðgerðir.

Það er mikilvægt að setja þau mál sem varða þennan risavaxna vanda fyrirtækjanna og heimilanna í landinu í forgang. Við sjálfstæðismenn höfum sagt — og ég ítreka það hér — að við munum hér eftir sem hingað til greiða fyrir þjóðhagslega brýnum þingmálum. En þá verða þau að komast á dagskrá.

Hæstv. forseti Alþingis Guðbjartur Hannesson taldi það í umræðunni fyrr í dag til marks um forgangsröðun okkar sjálfstæðismanna að af því við værum svo mörg á mælendaskrá í þessu máli þá hlytum við að leggja ofuráherslu á þessa stjórnarskrárbreytingar. Hvers konar vitleysa er þetta? Þetta er auðvitað ekkert annað en ómerkileg hártogun af hálfu forseta sem á að vita betur. Við erum margoft og ítrekað búin að leggja til að dagskrá þingsins verði breytt og atvinnumálin svo sem eins og staðfesting á fjárfestingarsamningnum vegna álversins í Helguvík verði tekin fram fyrir á dagskránni. En því hefur ekki í neinu verið sinnt. Þess vegna verðum við og höfum ekkert annað val en að beygja okkur undir dagskrárvald forseta og taka þátt í umræðunum eftir því sem forseti raðar málum á dagskrá. Við höfum ekkert annað val. Ætlast forseti kannski til þess að við föllum frá okkar lýðræðislega rétti til tjáningar um þetta mikilvæga mál? Er það það sem hann er að segja? Er hann að reyna að þvinga okkur til að falla frá orðinu með því að tala svona til okkar og láta okkur halda að við getum þá loksins farið að ræða atvinnumálin? Ég vona svo sannarlega ekki. Við verðum einfaldlega að spila eftir þeim leikreglum sem þingið setur. Við höfum ekkert annað val og þess vegna erum við 26 á mælendaskrá vegna þess að okkur þykir þetta vera það mikilvægt mál að fyrst að það er ómögulegt að koma því aftan við á dagskránni þá verðum við að sinna þessu mikilvæga máli.

Við höfum ítrekað reynt að koma með málamiðlanir varðandi stjórnarskrármálið sjálft og ekki hefur verið hlustað á það frekar en annað þó svo að það gæti að sjálfsögðu greitt fyrir allri málsmeðferð hér á Alþingi. Þvert á það sem minnihlutastjórnarflokkarnir reyna að halda fram þá er Sjálfstæðisflokkurinn ekki andvígur breytingum á stjórnarskránni enda hefur henni verið breytt ítrekað á síðustu árum ekki síst fyrir atbeina Sjálfstæðisflokksins. Við erum hins vegar andvíg óvönduðum breytingum á stjórnarskránni og í ágreiningi, það er tvennt ólíkt.

Það er þess vegna merkilegt að skoða yfirlit yfir stjórnarskrárbreytingarnar árið 1995 sem nefndasvið Alþingis hefur tekið saman. Þar er aðdragandanum og málsmeðferðinni lýst. Ég mundi segja að sú málsmeðferð sem þar er kynnt og þar er lýst sé algerlega til fyrirmyndar. Forsagan er sú að í apríl árið 1994 sendi stjórnarskrárnefnd formönnum þingflokka tillögur um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Á hátíðarfundi á Þingvöllum 17. júní 1994 var tillaga til þingsályktunar síðan lögð fram af Matthíasi Bjarnasyni, Valgerði Sverrisdóttur, Gunnlaugi Stefánssyni, Ólafi Ragnari Grímssyni og Kristínu Einarsdóttur. Reyndar getur verið að ég sé að fara rangt með að þetta hafi verið á Þingvöllum, en þetta var lagt fram 16. júní 1994.

Þetta mál fer síðan í farveg og stjórnarskrárnefnd, skipuð fulltrúum allra flokka, fer vel yfir þessi mál. Til að gera langa sögu stutta var leitað eftir umsögnum víða að og mikill tími tekinn í þessar breytingar og meira að segja birtar auglýsingar í dagblöðum þar sem lýst var eftir athugasemdum við frumvarpið. Í desember 1994 og í janúar 1995 eru þessar auglýsingar birtar og var það nýmæli í meðferð þingmála og nefndin var einróma um að þetta hafi verið mjög árangursrík leið til þess að kynna málið og vekja um það umræðu.

Án þess að ég fari nánar út í þessar stjórnarskrárbreytingar vildi ég nefna þetta hér sem dæmi um það hvernig standa skuli að stjórnarskrárbreytingum. Taka í það nægan tíma, fá alla stjórnmálaflokka að borðinu, kalla til álit hagsmunaaðila, gefa almenningi kost á að koma með athugasemdir. Enda var það þannig að þegar tillögurnar urðu að

lokum til eftir að þær höfðu tekið nokkrum breytingum voru þær ræddar í tiltölulega stuttan tíma hér á Alþingi vegna þess að allir höfðu haft tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum að og tekið var tillit til þeirra sjónarmiða. Þetta vildi ég sagt hafa vegna þess að þetta er í hrópandi andstöðu við það sem hér er á ferðinni.

Ég ætla að endurtaka einu sinni enn áherslur okkar sjálfstæðismanna og sanngjarna málamiðlunartillögu okkar vegna þess að ég tel að sjónarmið okkar hafi einfaldlega ekki náð í gegn í umræðunni — sem mér þykir mjög miður — þó svo að formaður sérnefndarinnar, eins og ég greindi frá hér að framan, telji sig hafa heyrt öll sjónarmið í málinu.

Sjónarmið okkar eru eftirfarandi: Sjálfstæðisflokkurinn telur þörf á að breyta stjórnarskránni með ígrunduðum hætti og hefur lagt fram tillögur í þeim efnum. Til þess að liðka fyrir slíkum breytingum og skapa svigrúm fyrir vandað verklag teljum við sjálfstæðismenn eðlilegt að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar á þann veg að ekki þurfi að rjúfa þing og fá samþykki Alþingis endurnýjað til þess að stjórnarskrárbreytingar taki gildi.

Tillaga Sjálfstæðisflokksins kveður á um að breytingar á stjórnarskrá eigi að leggja fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef sú leið yrði farin á yfirstandandi þingi og samþykki Alþingis fengist endurnýjað eftir kosningar verður hægt að setja hugmyndir um breytingar á stjórnarskrá í vandaðan farveg og leggja þær svo í dóm þjóðarinnar án þess að rjúfa þing. Við erum með öðrum orðum að leggja það til að auðveldara verði að gera breytingar á stjórnarskránni að því marki að ekki þurfi tvennar kosningar til. Þetta er grundvallarbreyting og ætti undir eðlilegum kringumstæðum að duga til sátta.

Fjölmargar umsagnir bárust um þetta mál og í þessu sambandi vil ég fá að lesa upp úr ítarlegri umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar er m.a. rætt um þetta atriði og þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarskrá lýðveldisins er grundvallarlöggjöf þessa lands sem öllum ber að virða. Þannig er stjórnarskránni ætlað að vera hafin yfir dægurþras og sveiflur í stjórnmálum. Vegna mikilvægis stjórnarskrárinnar er nauðsynlegt að stjórnarskipunarlög séu sett að vel ígrunduðu máli og í sem mestri sátt. Af umræðu um frumvarpið má ráða að endurskoðun stjórnarskrárinnar sé nauðsynleg vegna þess efnahagshruns sem hér hefur orðið. Þær breytingar sem felast í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga virðast hins vegar ekki sérstaklega til þess fallnar að stuðla að endurreisn efnahagskerfisins og væri því eðlilegt að bíða með allar meiri háttar breytingar þar til um hægist í þjóðfélaginu. Stutt er til þingkosninga og styður það enn frekar þá kröfu að ekki verði ráðist í svo veigamiklar breytingar nú. Það kynni þó að vera lausn á málinu að einungis yrði gerð sú breyting sem felst í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins en þar er kveðið á um þjóðaratkvæðagreiðslu til staðfestingar breytingum á stjórnarskrá. Slík breyting gæfi Alþingi svigrúm til að fjalla á faglegan og ítarlegan hátt um breytingar á stjórnarskrá og leggja þær fyrir þjóðina að loknum kosningum.“

Þarna er Samband íslenskra sveitarfélaga, sem er þverskurður af sveitarstjórnarfólki um allt land úr öllum flokkum, og talar ekki fyrir neinn einn stjórnmálaflokk, að leggja til nákvæmlega sömu tillögu til sátta og við sjálfstæðismenn gerum hér. En það dugar ekki hér á hinu háa Alþingi og þessum tillögum okkar hefur verið mjög fálega tekið. Þær hafa varla fengist ræddar.

Ég leyfi mér að halda því fram að ekki hafi verið neinn vilji til sátta af hálfu núverandi stjórnvalda enda verður það nú að segjast eins og er að núverandi hæstv. forsætisráðherra, sem ætti að sjálfsögðu að gegna hlutverki sáttasemjara í þessu máli, er kannski ekki þekktust fyrir að beita sér fyrir málamiðlunum. Þvert á móti hefur viðkomandi haft það orð á sér í gegnum tíðina að vera afar föst fyrir og vera lítið fyrir málamiðlanir gefin. Það er kannski allt í lagi þegar viðkomandi er fagráðherra í ríkisstjórn og þarf að berjast hart fyrir sínum málum en það er verra þegar viðkomandi er kominn í hlutverk forsætisráðherra sem þarf og á að sætta mörg sjónarmið. Ég hvet hæstv. forsætisráðherra til að íhuga það.

Virðulegur forseti. Til stendur að keyra í gegnum Alþingi breytingar á grundvallarlögum lýðveldisins á aðeins fáeinum dögum. Menn hafa farið mikinn í umræðunni og ásakað okkur sjálfstæðismenn um að standa eina í vegi fyrir breytingum og þetta snúist einungis um það að við getum ekki sætt okkur við það að vera ekki lengur á valdastóli. Þetta er að sjálfsögðu fráleitt og það sem ég las áðan upp úr umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sýnir að við eigum okkur skoðanabræður og -systur í þessu máli.

Hv. þm. Helga Sigrún Harðardóttir hélt þessu m.a. fram í makalausri ræðu í gærkvöldi, ræðu sem fjallaði reyndar meira um Sjálfstæðisflokkinn en nokkuð annað og mun meira um Sjálfstæðisflokkinn en stjórnarskrána. Þessi ræða verður, að mínu mati, hv. þingmanni ekki til framdráttar.

En það er rétt að við erum eini stjórnmálaflokkurinn hér á Alþingi sem gerir athugasemdir við framkomið frumvarp. Sjálfstæðisflokkurinn er andvígur því að ráðist verði í umfangsmiklar breytingar á stjórnarskránni án þess að tími gefist til vandaðrar málsmeðferðar. Þá gagnrýnum við sjálfstæðismenn harðlega að ekki hefur verið tekið tillit til sjónarmiða okkar við endurskoðun stjórnarskrárinnar heldur valinn farvegur ágreinings. Allt stefnir í að rofin verði 50 ára hefð um að leita samstöðu á Alþingi um breytingar á stjórnarskránni. Um þetta segir Ragnhildur Helgadóttir, lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík, í kafla sem ber fyrirsögnina „Hvaða breytingar er rétt að gera gegn vilja minni hluta?“, með leyfi forseta:

„Stjórnarskrár eru ólíkar öðrum lögum að setningarhætti og vegna þess að þær eiga að leggja stórar línur og vera hafnar yfir pólitískar deilur á hverjum tíma. Vegna þessa eðlis stjórnarskráa breytast þær oft hægt, eru gjarnan gamlar í ríkjum með gamla lýðræðishefð og breytingar á þeim eru tiltölulega sjaldgæfar. Á grundvelli alls þessa er það skoðun mín að það væri afar óheppilegt ef nú yrði vikið frá þeirri hefð að breið samstaða allra flokka sé um breytingar á stjórnarskrá. Eins og menn vita hafa einungis tvisvar, frá fullveldi 1918, verið gerðar breytingar á stjórnarskrá í andstöðu við heilan stjórnmálaflokk og í bæði skiptin snerust breytingarnar um kjördæmaskipan og kosningar og vörðuðu beint hagsmuni viðkomandi flokks. Síðasta dæmi um þetta var 1959. Það er skoðun mín að með því að naumur meiri hluti á þingi samþykki stjórnarskrárbreytingar í and-

stöðu við stóran stjórnmálaflokk sé stjórnarskráin færð inn í hringiðu stjórnmálanna. Þess má þó vænta að næsti meiri hluti geri þær breytingar sem honum hugnast án þess að takmarka sig við það sem almenn sátt næst um á þingi og þannig koll af kolli. Þannig getur stjórnarskráin orðið óstöðugri og pólitískari en verið hefur, sem er óæskileg þróun.“

Þetta er að mínu mati alvarleg ádrepa til stjórnarflokkanna úr Háskólanum í Reykjavík. Það er nefnilega svo að þó við sjálfstæðismenn séum eini flokkurinn á Alþingi sem hefur þessa skoðun þá erum við svo sannarlega ekki ein á báti þegar leitað er umsagna út í samfélagið. Þvert á móti. Nánast allir þeir sérfræðingar og samtök sem leitað hefur verið umsagna hjá í meðförum málsins á Alþingi eru á einu máli um að málið sé ekki fullunnið og að tíminn sem gefinn hafi verið til umsagnar og umræðu sé of naumur.

Þá blasir við að ekki hefur farið fram málefnaleg og vönduð umræða um málið í þjóðfélaginu á þeim skamma tíma sem liðinn er frá því að frumvarpið var lagt fram, að ekki sé minnst á efnislegar athugasemdir. Ég vil aftur minna hv. þingheim á það sem ég las hér upp áðan um stjórnarskrárbreytingarnar árið 1995 og það fyrirmyndarverklag sem þar var viðhaft.

Ég bendi í þessu samhengi á að þessu frumvarpi var vísað til sérnefndarinnar sem fjallaði um það 11. mars sl. Ekki var þó kosið í nefndina sjálfa fyrr en daginn eftir og fyrsti fundur nefndarinnar var föstudaginn 13. mars. Að kvöldi þess dags var málið sent til umsagnar og umsagnarfrestur var til 20. mars — einnar viku frestur til að skila áliti. Ein vika í þessu flókna og mikilvæga máli, hvílík vinnubrögð. Enda gera umsagnaraðilar ítrekað athugasemdir við þau. Ég ætla að lesa athugasemdir umsagnaraðila og drep hér niður í umsögn frá Rarik sem átelur vinnubrögðin, ekki bara út af tímasetningunni heldur líka vegna skorts á samráði. Þar segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt vill Rarik ohf. leggja sérstaka áherslu á gagnrýni á þau vinnubrögð sem í þetta skipti eru viðhöfð við breytingu á stjórnarskránni. Ekki eingöngu er tíminn sem Alþingi ætlar umsagnaraðilum allt of stuttur heldur er ekki leitað umsagna aðila eins og Rarik ohf. sem í 70 ár hefur starfað við nýtingu þeirra auðlinda sem verið er að fjalla um í frumvarpinu. Átelur Rarik ohf. þessi vinnubrögð.“

Fleiri gera athugasemdir við vinnubrögðin og í umsögn frá Landsvirkjun kemur fram, með leyfi forseta:

„Ekki verður því komist hjá því að benda á að sá tími sem veittur er af hálfu Alþingis til umfjöllunar og umsagnar um svo viðamikið mál er afar stuttur.“

Á öðrum stað segir Landsvirkjun:

„Landsvirkjun telur að nauðsynlegt sé að slík umræða og skoðanaskipti fari fram með faglegum og vönduðum hætti áður en ákvæði af þessum toga er tekið upp í íslensku stjórnarskrána. Það gerist ekki á nokkrum dögum. Þar til slík opin og hreinskiptin umræða hefur farið fram leggur Landsvirkjun því til að frestað verði að taka inn í íslensku stjórnarskrána efnisákvæði 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins.“

Ég held áfram að grípa niður í umsagnir umsagnaraðila. Hér er umsögn frá Samorku, með leyfi forseta:

„… þá hafi efnisatriði 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins engan veginn fengið þá almennu umfjöllun í samfélaginu sem eðlileg hlýtur að teljast þegar verið er að festa ákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins.“

Reykjavíkurakademían bendir á slíkt hið sama, með leyfi forseta:

„Tíminn er þó allt of naumur til að taka saman vandaðar efnislegar athugasemdir með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru hér innan húss.“

Landssambandi smábátaeigenda finnst mjög miður hversu knappan tíma það hefur til umsagnar um þetta mikilvæga mál.

Viðskiptaráð Íslands gerir athugasemdir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrir það fyrsta gerir Viðskiptaráðið talsverðar athugasemdir við þá ætlan löggjafans að afgreiða þetta frumvarp með þeim hraða sem raun ber vitni. Frumvarpið felur í sér breytingar á grundvallarlögum lýðveldisins og við slíkar breytingar ber að gæta vandaðra vinnubragða, sérstaklega hvað snertir samráð við atvinnulíf, fræðimenn og aðra hagsmunaaðila.“

Ég ætla að leyfa mér að halda áfram, virðulegi forseti, vegna þess að ég tel að þetta gefi mjög glögga mynd af því að við sjálfstæðismenn erum alls ekki ein á báti þegar horft er til samfélagsins um skoðun okkar á þessum breytingum. Landssamband íslenskra útvegsmanna segir í umsögn sinni:

„Breyting á stjórnarskránni krefst vandaðs undirbúnings og því teljum við rétt að lengri tími verði tekinn til að undirbúa þær en hér er gert ráð fyrir.“

Samtök um lýðræði og almannahag senda inn umsögn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samtök um lýðræði og almannahag telja að mest allt frumvarpið sé ólýðræðislegt og þarfnist gagngerrar endurskoðunar við.“ — Það er nú ekkert flóknara.

Ágúst Þór Árnason, aðjúnkt við hug- og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Því miður gildir hið sama í báðum tilfellum að tími til umsagnar um svo viðamikið mál er of skammur til að forsvaranlegt sé að senda skriflega umsögn um málið.“

HS Orka segir, með leyfi forseta:

„HS Orka hf. vill þó nota tækifærið til að árétta sérstaklega að sá frestur sem gefinn er til svo veigamikilla breytinga er ekki boðlegur. Þá er skilgreiningu hugtaka mjög ábótavant og loks tekur HS Orka undir kröfu Samorku um að frestað verði að taka inn í stjórnarskrána efnisatriði 1. gr.“

Virðulegi forseti. Ég held að þessar umsagnir sýni það með óyggjandi hætti að þó ekki sé nema vegna vinnubragðanna er þetta mál fullkomlega vanbúið til umfjöllunar hér.

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að fjalla um 4. gr. frumvarpsins, um boðað stjórnlagaþing, gæluverkefni Framsóknarflokksins, skiptimyntina sem flokkurinn fékk fyrir það eitt að verja þessa verklausu minnihlutastjórn falli. Hugmyndin er sem sé sú að sett verði á laggirnar 41 manns stjórnlagaþing sem ætlað er að gera heildarendurskoðun á stjórnarskránni. En hverjir eiga að sitja þar? Maður skyldi ætla að þar yrðu lögspekingar og sérfræðingar á sviði stjórnarskipunar sem mundu vanda vel til þessa verks. Nei. Það er ekki endilega þannig en þeir eru nú ekki sérstaklega

útilokaðir. Ýmsir aðrir eru útilokaðir og ýmis önnur skilyrði eru sett til setu á því stjórnlagaþingi sem við erum einmitt stödd á, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á. Alþingi hefur sem betur fer enn þá heimildina og valdið til að breyta stjórnarskránni.

En nei. Á stjórnlagaþingi mega alþingismenn t.d. ekki sitja heldur er hugmyndin sú að þetta eigi að vera aðilar ótengdir flokkunum og ótengdir pólitíkinni. Einmitt það. Það að menn hafi ekki setið á Alþingi gerir þá væntanlega sjálfkrafa ópólitíska. En er það alveg þannig? Eigum við ekki að gera ráð fyrir því að fólk geti verið pólitískt þó að það hafi ekki endilega setið á Alþingi? Það þarf reyndar ekki að horfa lengra en út á Austurvöll og hugsa til margra ræðumanna á búsáhaldafundunum til að sjá að þetta er hrein fjarstæða. Ég veit ekki betur en að meiri hluti þeirra ræðumanna sem haldið var fram að væru ópólitískir sé nú kominn á lista, annars vegar hjá Samfylkingunni og hins vegar hjá Vinstri grænum. Ópólitískari verða þeir nú ekki við það eitt að sitja ekki á Alþingi.

En gott og vel, gleymum því aðeins augnablik. Stjórnlagaþinginu er ætlað að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni og ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011. Maður skyldi þá ætla að óþarft væri að fara út í efnislegar breytingar á stjórnarskránni núna þar sem heildarendurskoðun er í burðarliðnum. Nei, það er nefnilega ekki alveg það sama. Það sem verið er að segja þarna, það sem verið er að segja okkur, er að okkur stjórnmálamönnum sé ekki treystandi til þess að breyta stjórnarskránni og að við þurfum að færa það vald til fólksins. Allt í lagi, það er sjónarmið. En bíðum samt aðeins við. Svona rétt áður en við ætlum að færa valdið til fólksins þá ætlum við stjórnmálamennirnir að þröngva í gegn, í fullkominni andstöðu við stærsta stjórnmálaflokkinn á Alþingi, breytingum á grundvallargreinum stjórnarskrárinnar, í fullkominni andstöðu við þriðjung þingheims. Þar sem okkur stjórnmálamönnunum er ekki treyst þá ætlum við fyrst að gera þessar breytingar. Ég átta mig ekki á því hver kemur upp með svona vitleysu.

Bráðabirgða áttatíu daga minnihlutastjórnin, sem samkvæmt eigin orðum ætlaði að slá skjaldborg um heimilin og fyrirtækin, má ekkert vera að því vegna þess að hún er of upptekin af því að passa upp á það að færa stjórnarskrárvaldið til fólksins. En áður en hún ætlar að færa það til fólksins ætlar hún að breyta grundvallargreinum stjórnarskrárinnar. Ja svei. Um þetta segir laganefnd Lögmannafélagsins, með leyfi forseta:

„Laganefnd telur ákveðna þversögn felast í því að gera efnisbreytingar á stjórnarskránni og á sama tíma koma á fót stjórnlagaþingi sem á að semja nýja stjórnarskrá. Er vandséð að framangreindar breytingar geti haft það mikið gildi á meðan stjórnlagaþing er að störfum en samkvæmt frumvarpinu á stjórnlagaþing að ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011. Ljóst er að sá tími er í sjálfu sér ekki mjög langur miðað við efni ákvæðanna sem um ræðir.“

Lögmannafélagið, sem ætti að hafa vit á þessum málum, er ekki alveg sammála minnihlutastjórninni í þessum efnum. Um þetta segir Ragnhildur Helgadóttir, títtnefndur háskólaprófessor, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að mörg ákvæði frumvarpsins feli í sér æskilegar breytingar legg ég til að ekki verði gerðar aðrar breytingar á stjórnarskránni nú en þær sem snúa að því hvernig henni skuli breytt, nema að sátt náist um það milli allra flokka. Ég fagna ákvæði um að héðan í frá þurfi þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskránni.

Hvað snertir heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar þá kann hún að vera nauðsynleg til að fá fram umræðu um stjórnarskipunina en hún er að mínu mati ekki nauðsynleg vegna efnis stjórnarskrárinnar. Þær breytingar sem þarf að gera nú eru síst meiri en breytingar sem hafa hingað til verið gerðar á stjórnarskránni. Það er skoðun mín að vegna þess óróa sem ríkir í stjórnmálum og vegna þess að tilgangurinn er umræða en ekki aðkallandi breytingar sé ekki æskilegt að boða til stjórnlagaþings eftir næstu kosningar heldur eigi Alþingi að vinna að tillögum um aðkallandi breytingar á stjórnarskrá eftir næstu kosningar og leggja svo tillögur sínar undir þjóðaratkvæði í samræmi við tillögur frumvarpsins þar um. Ég bendi á nokkur umhugsunaratriði varðandi útfærslu á hugmyndinni um stjórnlagaþing en tek ekki afstöðu til hennar í smáatriðum.“

Það er því álit þeirra sem gerst þekkja til að þetta séu fullkomlega ólíðandi vinnubrögð. Ég tek undir það með hv. þm. Birni Bjarnasyni, sem talaði hér fyrr í dag, að þetta eru algerlega dæmalaus vinnubrögð sem við eigum ekki að þola. Við eigum ekki að sætta okkur við þetta. Íslensku þjóðinni á ekki að vera boðið upp á þessi vinnubrögð.

Hv. þm. Björn Bjarnason flutti hér afburðaræðu, eins og hans er von og vísa, og vitnaði m.a. í nýjar upplýsingar frá umboðsmanni Alþingis sem eru mjög mikilvægar í þessu sambandi. Ég vona svo sannarlega að þær verði teknar til greina.

Virðulegi forseti. Til að draga málið saman vil ég leyfa mér að lesa hér niðurlag nefndarálits frá minni hluta sérnefndar um stjórnarskrármál. Mér þykir sú samantekt draga það afar vel saman um hvað þetta fjallar. Ég vil fá að ljúka máli mínu með því að lesa þetta hér, með leyfi forseta:

„Sérnefnd um stjórnarskrármál hefur undanfarna daga haft til umfjöllunar frumvarp flutt af fulltrúum fjögurra þingflokka á Alþingi þar sem lagðar eru til þrjár breytingar á stjórnarskrá auk viðbótarákvæðis um stjórnlagaþing. Frumvarpið er flutt sem liður í pólitískum hrossakaupum við myndun núverandi ríkisstjórnar til að fá Framsóknarflokkinn til að verja ríkisstjórnina vantrausti. Í umræðum um málið og málsmeðferð nefndarinnar hefur orðið ljóst að:

a. málið er vanbúið enda gáfust sérfræðinganefnd einungis þrjár vikur til að vinna tillögur um málið og fjórar vikur hafa gefist til þinglegrar meðferðar,

b. ekki er fyrir hendi víðtæk samstaða um málið og afgreiðslu þess eins og jafnan hefur verið undanfarin 50 ár. Þvert á móti er málið flutt og afgreitt úr nefnd í miklu ósætti,

c. ekki er fyrir hendi samstaða meðal umsagnaraðila málsins um gildi þess,

d. fjölmörg sjónarmið og athugasemdir hafa komið fram frá sérfræðingum við frumvarpið sem þarfnast að mati minni hlutans frekari skoðunar,

e. fjölmargir umsagnaraðilar vekja athygli á óljósri hugtakanotkun og vafa við túlkun einstakra ákvæða, sem valdið geti réttaróvissu og málarekstri fyrir dómstólum,

f. ekki er nein samstaða innan nefndarinnar um greiningu á kostnaði við lagasetninguna.

Með hliðsjón af þessu viljaleysi meiri hlutans til að leita samkomulags við minni hlutann og því að skammur tími er nú til loka þings og mörg mikilvæg mál á dagskrá þess fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu telur minni hlutinn ekki raunhæft að ljúka með fullnægjandi hætti efnislegri umfjöllun og ná sameiginlegri niðurstöðu um ákvæði frumvarpsins að svo stöddu.“

Þetta er kjarni málsins, virðulegur forseti, og ég hvet þingheim og þá sem fara hér með völdin til þess að fara yfir þetta mál og hlýða á þær athugasemdir sem hér hafa verið bornar fram og taka tillit til þeirra eins og jafnan er gert þegar um breytingar á stjórnarskrá er að ræða. Það er fullkomlega óþolandi að vinnubrögðin séu þessi. Stjórnarskráin endurspeglar á hverjum tíma grundvallarreglur réttarríkisins. Þær reglur eru mjög mikilvægar þegar allt gengur vel, á tímum góðæris og hagsældar, en ef þær eru einhvern tímann mikilvægar þá er það á tímum eins og við lifum nú, umbrotatímum í samfélaginu. Þá þurfa reglur réttarríkisins að liggja fyrir og afar óheppilegt er að auka á óvissuna, að hreyfa við þessum grundvallarstoðum lagasetningar í landinu. Það gerir einmitt það. Það eykur lagaóvissuna í íslensku þjóðfélagi sem bætist þá við þá óvissu sem efnahagshrunið hefur valdið í íslensku samfélagi.

Virðulegi forseti. Það er hlutverk okkar í stjórnarandstöðunni að koma í veg fyrir að í tímaþröng verði ráðist í vanhugsaðar breytingar á stjórnarskránni. Ég ítreka hvatningu mína til stjórnarflokkanna og ekki síst til Framsóknarflokksins — ég veit að ef hann fær að heyra það nógu oft tekur hann rödd skynseminnar, tekur rökum (Gripið fram í.) og hlýðir (**Gripið fram í:** Hlýðir!) kalli þeirra sem krefjast þess að um þessi mál megi ríkja sátt. Ég treysti hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, sem nú er komin í salinn, til þess að nota nú þann kraft sem býr í formannsembætti hennar í þessari ágætu sérnefnd til þess að leggjast yfir þessi mál, hlýða á sjónarmið sem komið hafa fram og taka tillit til þess að stjórnarskráin er of mikilvægt plagg til þess að nota í einhverjum öðrum tilgangi en henni er ætlað.

Að svo mæltu lýk ég máli mínu, virðulegur forseti.

[21:47]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég hef tekið eftir því að hvorki hæstv. forsætisráðherra né hæstv. fjármálaráðherra eru við þessa umræðu annan daginn í röð. (Gripið fram í.) Þau eru flutningsmenn þessa frumvarps. Ég hygg að það sé einsdæmi í vestrænum lýðræðisríkjum þar sem lögð eru fram frumvörp til breytinga á stjórnarskrám landa að flutningsmenn frumvarpsins séu ekki við umræðuna, láti ekki svo lítið að fylgja málum sínum úr hlaði, svara spurningum þeirra sem vilja beina þeim til þeirra þannig að ég óska eftir því, hæstv. forseti, að það verði kallað eftir hæstv. — (Gripið fram í.) Nei, nei, ég sakna þín ekkert, ég sakna hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra (Gripið fram í.) sem fyrstu flutningsmanna málsins og ég krefst þess að þessum fundi verði frestað þar til (Forseti hringir.) þau eru komin í hús svo við getum átt orðastað við þau.

[21:48]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég held að það hljóti að vera einsdæmi í þingsögunni að fjallað sé um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins á föstudagskvöldi þar sem forsvarsmenn ríkisstjórnar, þ.e. flutningsmenn, virðast hafa öðrum hnöppum að hneppa en að mæta hér. Þau láta ekki sjá sig við umræðuna, létu vart sjá sig við 1. umr., hvað þá núna. Það gleður mig að sjá hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson mæta í umræðuna, ég hef lítið séð af honum undanfarna daga (Gripið fram í.) en það er gleðilegt að sjá hann. (Gripið fram í.)

Fyrst og fremst er náttúrlega með ólíkindum að það sé boðið upp á það af hálfu forsætisnefndar þingsins, og ég treysti því að sá forseti sem situr nú á stóli beri forseta þau tíðindi, að breytingar á stjórnarskipunarlöggjöfinni séu ræddar á Alþingi Íslendinga á föstudagskvöldi þegar klukkan er að detta í 10. Það er slík móðgun að við þetta er ekki hægt að una.

[21:49]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram af hálfu annarra hv. þingmanna. Það er með ólíkindum að helstu forvígismenn þessa máls, forustumenn þeirra flokka sem mynduðu ríkisstjórn sem hafði það að aðalstefnumiði, að því er virðist, að koma þessum stjórnarskrárbreytingum í gegn, skuli ekki láta svo lítið að vera við umræðuna.

Við ræddum þetta mál í gærkvöldi og þá var óskað eftir nærveru þessara hv. þingmanna, sem um leið eru ráðherrar. Í dag sást þeim bregða fyrir í húsinu en ekki voru þeir við umræðuna, þessir hv. flutningsmenn frumvarpsins, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra, leiðtogar þeirra flokka sem áttu frumkvæðið að því að þetta mál er hér flutt eins og kunnugt er. (Forseti hringir.) Þetta er algjörlega með ólíkindum og ég spyr hæstv. forseta hvort von sé á (Forseti hringir.) 1. og 2. flutningsmanni málsins í húsið til að taka þátt í umræðunni. Að öðrum kosti tel ég ófært að halda henni áfram.

[21:51]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti mun koma þeim skilaboðum til hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra að sú ósk hafi komið fram í salnum hjá hv. þingmönnum sem sakna þeirra sárt við umræðuna.

[21:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Nú hafa þessar frómu óskir komið hér fram og hefði í rauninni ekki átt að þurfa að bera fram óskir um að flutningsmenn málsins sýni þá virðingu, (**Gripið fram í:** Stjórnarskránni.) fyrst og fremst þjóðinni, (**Gripið fram í:** Þjóðinni sem ekki má tjá sig?) Alþingi og því máli sem er hér flutt fram að vera við umræðuna.

Hæstv. forseti. Ég reikna með að forseti hafi þá virðingu fyrir því embætti að vera forseti þingsins og fresti núna þingstörfum þannig að við getum rætt við forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar um þetta mál sem þeir hafa svona gífur-

legan áhuga á að fari í gegnum þingið, ætla að böggla í gegnum þingið. (Forseti hringir.) Ég treysti því að hæstv. forseti fresti núna þingstörfum.

[21:52]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Mér sýnist stefna aftur í það sama og var í fyrrinótt. Þá hélt ég síðustu ræðuna rétt fyrir klukkan tvö og ræddi um hugmyndir mínar um stjórnarskrá, fór í gegnum galla núverandi stjórnarskrár o.s.frv. Þá voru örfáir af þeim sem fluttu málið að hlusta og engir til svara af þeim sem ég vildi spyrja. Nú held ég, frú forseti, að ég þurfi að halda þessa ræðu aftur vegna þess að menn fylgjast ekki með. Svo leggja menn einhverja óskaplega áherslu á það að þeir séu á stjórnlagaþingi, það þurfi að setja stjórnlagaþing og búast við að þá gerist einhver kraftaverk. Menn þurfa þá að sækja þetta stjórnlagaþing betur, þeir sem eru staddir á því. (**Gripið fram í:** Akkúrat.) Það eru 63 þingmenn staddir á þessu stjórnlagaþingi, þeir eru að fjalla um breytingar á stjórnarskránni og þá finnst mér að þeir eigi að sýna þessu stjórnlagaþingi það mikla virðingu að þeir taki þátt í umræðunni. Ég legg til að þessari umræðu verði slitið þannig að menn þurfi ekki að endurtaka sig aftur og aftur fyrir nýju og nýju fólki.

[21:54]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég var svo heppin að þingfundi var frestað rétt fyrir klukkan tvö í gærkvöldi þannig að ég var fyrst á mælendaskrá í morgun. Þá álpaðist svo til að hæstv. forsætisráðherra var í salnum, (**Gripið fram í:** Álpaðist?) hún var hér í smátíma og það var mjög gagnlegt að fá andsvör hennar því að þau lýstu því viðhorfi hennar að henni finnst þetta bara allt í lagi sem hér fer fram. Hún hreykti sér meira að segja af því. Ég tek því undir þær athugasemdir félaga minna í Sjálfstæðisflokknum að það sé nauðsynlegt að þessir ráðherrar séu í salnum. Að vísu var hæstv. fjármálaráðherra líka, ég spurði hann sérstaklega um ummæli sem hann lét falla fyrir tveim árum, en það var líka mjög áberandi að hann treysti sér ekki til að réttlæta þau.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill áminna hv. þingmenn um að nota rétt ávarp í ræðum.)

[21:55]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég ítreka spurningar sem hafa komið fram um það hversu lengi verði haldið áfram með þingfund. Við erum búin að vera nótt eftir nótt á þingi og við ræðum stjórnarskrána og enn og aftur verðum við vitni að því að hæstv. ráðherrar, flutningsmenn frumvarpsins — það er rétt að geta þess að hv. þm. Birkir Jón Jónsson er búinn að vera nokkuð iðinn við kolann að sitja í þingsal en aðrir, þ.e. ráðherrar, (Gripið fram í.) hafa sýnt þinginu eindæma hroka.

Ég er farin að huga að því hvort hugmyndin með stjórnlagaþinginu sé ekki einmitt sú að færa umræðuna úr þingsalnum af því að ráðherrar kveinka sér einfaldlega undan því að svara eðlilegum spurningum í samhengi við málið. Það er engu svarað af hálfu hæstv. ráðherra. Ég spyr því enn og aftur, frú forseti: Hversu lengi verður haldið hér áfram? Ég tel alveg einsýnt í ljósi fenginnar reynslu, ekki síst af hálfu þess flokks sem frú forseti situr í, að ekki verði gert hlé á umræðunni (Forseti hringir.) þar til framsögumenn málsins, sem sitja í ríkisstjórn, (Forseti hringir.) mæta hingað í þingsal. Það er samt lágmarkskurteisi.

[21:56]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að minna forseta á að hann er forsetinn minn alveg eins og forseti ríkisstjórnarinnar, hann er forseti allra þingmanna, ekki bara stjórnarmeirihlutans. Af þeirri ástæðu verður forseti að fara að hlusta á óskir okkar. Við erum búin að standa hér og ræða þetta mál, frumvarp sem hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra flytja en þeir hafa verið fjarstaddir. Við höfum spurt spurninga og það gengur ekki að fundurinn fari hér fram án þess að þeir hlýði á mál okkar. Annars þurfum við að endurtaka ræðurnar trekk í trekk.

Ég ætla að gera forseta það tilboð að komi flutningsmenn þessa frumvarps ekki í salinn og verði við umræðuna fresti forseti umræðu um þetta mál þannig að við getum farið að ræða um atvinnuuppbyggingu í landinu, við getum farið að ræða um álverið í Helguvík og önnur brýn mál sem eru á dagskrá. Það er á valdi forsetans að breyta dagskránni, ekki okkar þingmanna. Við sjálfstæðismenn erum tilbúnir til að láta þetta mál til hliðar (Forseti hringir.) svo við getum rætt atvinnumálin og ég skora á hæstv. forseta (Forseti hringir.) að taka þessu góða tilboði mínu vegna þess að það er það sem fólkið í landinu vill að verði gert.

[21:58]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Undanfarnar fjórar nætur höfum við verið hér á fundum langt fram eftir nóttu, iðulega þannig að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafa varla getað verið viðstaddir og meira að segja var það þannig í fyrradag að einn stuðningsmaður minnihlutaríkisstjórnarinnar lagði sig í framkróka við það að skamma Sjálfstæðisflokkinn fyrir að vilja taka þátt í umræðum, svo mikið lá viðkomandi á að komast heim.

Þessi vinnubrögð af hálfu meiri hlutans eru gjörsamlega óviðunandi. Ef við getum ekki fengið þá sem bera ábyrgð á þessu frumvarpi til að koma hingað í hús er það skylda forseta að fresta fundi, klukkan 10 á föstudagskvöldi, fimmta kvöldið í röð. Ætlar forseti að bjóða okkur upp á það að ræða stjórnarskrána inn í nóttina? Hvenær ætlar forseti að slíta þessum fundi? Virðulegur forseti verður að gera grein fyrir því hvernig hann ætlar að haga þinghaldi hér í kvöld. Hann getur ekki boðið okkur upp á það að ræða mikilvæg mál dauðþreytt eftir miðnætti á föstudagskvöldi, vitandi það að á morgun er fundur klukkan hálftíu. Þá verður utandagskrárumræða og ýmis önnur mál og það er gjörsamlega óþolandi að forseti skuli ekki geta svarað.

[21:59]

Forseti (Þuríður Backman):

Áður en forseti hleypir fleiri hv. þingmönnum að til að ræða um fundarstjórn forseta vil ég koma því á framfæri að það er búið að koma skilaboðum til þeirra hæstv. ráðherra

sem voru nefndir. (**Gripið fram í:** … svör.) Jafnframt vil ég benda á að hér sitja tveir hv. flutningsmenn þessa frumvarps, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og hv. þm. Birkir J. Jónsson, og auk þess formaður þeirrar sérnefndar sem stýrði þeirri vinnu og hefur það þótt fullnægjandi í mörgum málum fram til þessa. (Gripið fram í.) Hér eru þrír fulltrúar sem ... (**Gripið fram í:** Við erum bara að ræða stjórnarskrána.) Við erum að ræða stjórnarskrána, hv. þingmenn eru að óska eftir að fá fulltrúa þess frumvarps sem hér er lagt fram, hér eru fulltrúar þess nefndir sem sitja í salnum og hæstv. ráðherrar hafa fengið skilaboð.

Varðandi tímasetningar og inn í nóttina, nú þegar eru 22 þingmenn á mælendaskrá og þetta er brýnt mál eins og hér hefur komið fram, það er mikilvægt að það sé rætt. (Gripið fram í.) Því tel ég mikilvægt að við höldum fundi markvisst áfram.

[22:01]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Það er dálítil hætta á að maður endurtaki sig þegar ekki fást svör við þeim spurningum sem maður er að spyrja. Við ræðum frumvarp til stjórnarskipunarlaga þar sem eru fjórir flutningsmenn. Tveir þeirra eru í salnum en tveir ekki. Hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, sem hefur lagt mjög mikla áherslu á mikilvægi stjórnlagaþings og mikilvægi þessara breytinga og einnig hæstv. fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, sem sömuleiðis hefur lagt mikla áherslu á þetta, a.m.k. flokkur hans, og hvorugt þeirra eru mætt.

Svo erum við að ræða nefndarálit eftir 1. umr. þar sem sérnefndin fjallaði um þetta. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sem hefur reyndar verið mjög iðin við að hlusta á ræður, er stödd í salnum og einnig hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson. En hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, hv. þm. Ellert B. Schram og hv. þm. Atli Gíslason eru ekki til staðar. Hvernig eigum við að geta spurt þá? Í nótt ætlaði ég að spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson en hann var ekki til staðar.

[22:02]

Forseti (Þuríður Backman):

Nú hefur forseti fengið skilaboð frá hæstv. ráðherrum. Hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, kemur mjög fljótlega og hæstv. fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, kemst ekki fyrr en rétt um kl. ellefu. Þá eru þau svör komin.

[22:03]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Það er alveg ljóst að ef á að greiða fyrir þingstörfum verða flutningsmenn málsins, þessa mikilvæga máls, að vera í þingsal með okkur. Það dugar ekki að láta sjá sig rétt sem snöggvast í korter eða svo og rjúka síðan út í sjónvarpsumræður og láta ekki sjá sig heilu dagana. Mér finnst þetta einkenna það skeytingarleysi sem kemur einmitt frá þeim flokkum sem hvað harðast hafa verið að gagnrýna samskipti framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Svo eru þeir sjálfir komnir í valdastólana og hvernig bregðast þeir við? Ég hef aldrei síðan ég byrjaði á þingi upplifað jafnmikinn hroka og skeytingarleysi í garð þingsins. Það er ekki bara það að við ræðum frumvarp sem dregur úr valdsviði þingsins, dregur úr því að þingið geti verið áfram stjórnlagaþing, það er verið að afhenda öðrum fulltrúum það vald að samþykkja stjórnarskrá. Skeytingarleysið gagnvart þinginu er algert og það er ekki hægt að lifa og búa við það í þessari umræðu að flutningsmenn málsins sem sitja í ríkisstjórn séu ekki við umræðuna, hvað þá að þeir séu ekki við ræður þeirra fulltrúa sem eru í stjórnarskrárnefndinni.

[22:04]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég hóf ræðu mína á slaginu níu, fyrir réttum rúmum klukkutíma, fyrir tómum sal þar til hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, sem sat hér mestan hluta ræðu minnar, kom í salinn. Fleiri voru ekki þar til hv. þm. Ellert B. Schram kom og sat í smástund. Það var ekki fyrr en rétt undir lok ræðu minnar að formaður sérnefndarinnar, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, kom.

Ég leyfi mér að halda því fram að í ræðu minni fór ég yfir mjög mikilvæg mál er varða þetta frumvarp. Ég lýsti því m.a. að þó svo við sjálfstæðismenn séum ein sem höldum þessum sjónarmiðum á lofti innan þingsins þá er það sannarlega ekki svo þegar skoðaðar eru ábendingar og umsagnir þeirra fjölmörgu aðila sem leitað var til með málið þótt þeim hafi gefist stuttur tími til umsagna. (Forseti hringir.) Við sjálfstæðismenn eigum skoðanabræður og -systur úti um allt fræðasamfélagið, (Forseti hringir.) hjá sérfræðingunum, hjá þeim sem mest og gerst þekkja til (Forseti hringir.) og því hefði ég kosið að fleiri þeirra sem fara með völdin og eru flutningsmenn (Forseti hringir.) þessa frumvarps hefðu hlýtt á mína ágætu ræðu, herra forseti.

[22:06]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Það hefur vakið athygli mína í umræðunni hversu ótrúlegur hroki hefur verið sýndur af hálfu ráðherra sem eru flutningsmenn þessa frumvarps. Þeir sýna ekki einungis okkur þingmönnum þennan hroka heldur forseta Alþingis sem er að reyna að ná fram málum og stjórna þinginu þannig að einhver árangur verði en þá neita þessir ráðherrar að koma og taka þátt í þeirri umræðu sem þeir hafa stofnað til. Það á ekki að sætta sig við þetta. Ég ætlast til að þeir komi og séu við umræðuna um stjórnlagafrumvarpið en ekki síður til að hlusta á það sem við leggjum áherslu á — og nú kemur forsætisráðherra í salinn og ber þar vel í veiði — að hér eru á dagskrá mál sem við sjálfstæðismenn teljum að eigi að ganga á undan og vera afgreidd á undan stjórnlagafrumvarpinu. Þess vegna eiga þessir (Forseti hringir.) ágætu ráðherrar að koma hingað og hlýða á málflutning okkar. (**Gripið fram í:** Þá er fyrsti flutningsmaður mættur.) (**Gripið fram í:** Það er ljómandi gott...) (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Þá skulum við fara í umræðuna.)

[22:07]

Björk Guðjónsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Vinnubrögðin á Alþingi eru vægast sagt ákaflega sérstök. Ég tek undir með hv. þm. Dögg Páls-

dóttur sem talaði áðan að það skiptir verulega miklu máli að hæstv. ráðherrar sem eru flutningsmenn frumvarpsins séu til staðar þegar við flytjum mál okkar.

Nú er ég að fara að flytja mál mitt og ég verð að segja að ég er afskaplega glöð með það að hæstv. forsætisráðherra skuli hafa gengið í salinn. Ég get því vel við unað þó að ég vildi sjá fleiri hæstv. ráðherra og þingmenn þannig að við finnum ekki svona sterklega fyrir þeim hroka sem okkur þingmönnum Sjálfstæðisflokksins er sýndur sem höfum verið að bera þetta mál uppi síðustu kvöld.

[22:08]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það er sérstök ástæða til að fagna því að hæstv. forsætisráðherra er komin til að hlusta á þessa umræðu og við höfum fengið upplýst að hæstv. fjármálaráðherra komi um ellefuleytið, en það vekur upp þá spurningu: Hvað ætlar hæstv. forseti að halda okkur lengi í nótt? Við erum búin að vera hér mörg kvöld og langt fram á nætur eins og hér hefur margsinnis verið bent á. Ég trúi ekki öðru en hæstv. forseti viti að það er föstudagur. Við eigum að mæta klukkan hálfellefu í fyrramálið á þingfund og ég óska eftir, líkt og ég gerði í gærkvöldi ekki með miklum árangri, að virðulegur forseti upplýsi okkur um það: Ætlar hann að hætta kl. hálftólf, tólf eða eitt, hálftvö, tvö eða þrjú? Hvenær ætlar hann að hætta?

[22:09]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti biðst velvirðingar á því að það hafi ekki skilað sér til þingmanna að hann bauð upp á að hér yrðu haldnar sex ræður miðað við það að hver talaði í 40 mínútur, af því að menn hafa almennt nýtt ræðutíma sinn mjög vel, og léti það ráða þeim tíma sem hér færi fram. Því miður hefur aðeins verið haldin ein ræða síðan þetta var boðið. (**Gripið fram í:** Boðið!) Því miður hef ég ekki sem forseti ... (**ArnbS:** Er ekki hæstv. forseti forseti alls þingsins?) Að sjálfsögðu. (**ArnbS:** Ekki bara orðinn að einhverri skilaboðaskjóðu.) Ég er með 33 klukkutíma prógramm fram undan miðað við það sem er á mælendaskrá og það hlýtur að segja mér að hv. þingmenn sem eru á mælendaskrá telja mikilvægt að ræða málið. Kallað hefur verið eftir ráðherrum til að geta rætt það og því mun ég óska eftir að menn snúi sér að því að halda ræður og koma þá til skila þeim málum sem þarf fyrir þessa umræðu og síðan mun það ráðast af því hversu vel þessu vindur fram. Ef þessar sex ræður hefðu verið fluttar hefði fundi verið lokið um hálfeitt eða eittleytið. Það er því í höndum þingmanna en ekki forseta að skammta ræðutíma á þinginu. (Gripið fram í.)

[22:10]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég er eins og aðrir mjög glöð að sjá hæstv. forsætisráðherra hérna þótt ég vildi sjálf prívat og persónulega að hún væri í Strassborg að gæta hagsmuna íslenska ríkisins. En það er ágætt að sjá hana hér vegna þess að ástæða þess að hún fór ekki þangað var gefin sú að svo mikið væri að gera á innanlandsvettvangi sem hlýtur að vera það að fylgja þessu máli, sem er greinilega mikilvægasta mál ríkisstjórnarinnar, úr hlaði.

Virðulegi forseti. Ég kom einnig hérna upp vegna þess að sá forseti sem situr nú á forsetastól missti af minni ræðu áðan. Þar gerði ég athugasemd við málflutning hans fyrr í dag þess efnis að hann taldi það til marks um forgangsröðun okkar sjálfstæðismanna að það að við værum svo mörg á mælendaskrá hlyti að þýða það að við værum að leggja ofuráherslu á þessar stjórnarskrárbreytingar. Ég hlýt að kalla það því rétta nafni að þetta sé ómerkileg hártogun af hálfu forseta vegna þess að eins og hann margsinnis hefur heyrt og hlustað á (Forseti hringir.) erum við búin að fara fram á það að dagskránni verði breytt, (Forseti hringir.) en á meðan við höfum ekki dagskrárvaldið verðum við að lúta dagskrárvaldi forseta.

[22:12]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem hafa talað og lagt áherslu á að við fáum upplýsingar um hvað þessi þingfundur á að standa lengi. Það er grundvallaratriði eins og kom fram í umræðunni í gær að fólk hefði upplýsingar um það svo það gæti áttað sig á hvernig það áætlar tíma sinn. Virðulegi forseti talaði um að meiningin hefði verið að haldnar yrðu sex ræður. Í þessum umræðum um fundarstjórn forseta hafa verið haldnar þó nokkuð fleiri ræður en það, en ég reikna með að forseti hafi átt við þær ræður sem yrðu haldnar um það dagskrárefni sem um er að ræða. Ég hef hlustað á nokkrar ræður haldnar í dag og ég velti fyrir mér hvort forseti hafi átt við að það yrðu sex ræður alls miðað við daginn. Þá eru ekki margar eftir en ég hygg að eðlilegt sé og það sé virðing við þjóðina, þingið og stjórnarskrána að við höldum ekki lengur áfram en til miðnættis (Forseti hringir.) þar sem fundur er áætlaður og á dagskrá í fyrramálið.

[22:13]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill ítreka að hann telur skyldu sína að tryggja að fólk fái tækifæri til að tjá sig í þeim málum sem eru á dagskrá og getur boðið það núna miðað við fjórar ræður. Það þýðir að við ljúkum fundi kl. 12.50 svo það liggi hreinlega klárt fyrir en þá verður það að ganga eftir að við séum að nota þennan tíma í ræður um það mál sem er á dagskrá en ekki um fundarstjórn forseta. Við höfum fengið þá aðila í húsið sem óskað var eftir að kæmu. Ég óska því eindregið eftir að þingmenn snúi sér að því að ræða efni máls (Gripið fram í.) og komi og ræði það.

[22:14]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég hef aldrei orðið vitni að því fyrr að samningaviðræður stæðu yfir úr forsetastóli á Alþingi við þingmenn úti í sal. Það er allt að gerast í þinginu sem ég hafði ímyndað mér að gæti alls ekki gerst. Ég hlýt að gera athugasemdir við slík vinnubrögð. Þau eru ótrúleg. Að ætla að fara að setja okkur þingmönnum stólinn fyrir dyrnar og setja okkur skilyrði á hinu háa Alþingi af forsetastóli eru ótrúleg vinnubrögð.

Forsætisráðherra hefur lögvarinn rétt til að koma inn í

umræðu hvenær sem er. Ég skora á hæstv. forsætisráðherra að koma inn í þessa umræðu og leyfa okkur að heyra viðhorf hennar til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið í umræðunum, þessum mikilvægu umræðum um stjórnarskrána í dag.

[22:15]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti tekur fram að gefnu tilefni að samningaviðræður um tíma og lengd funda fór fram með þingflokksformönnum í hádeginu og það er áætlaður annar fundur í hádeginu á morgun. Þar varð niðurstaðan sú að halda fundi fram eftir kvöldi og fram yfir miðnætti. Um það var leitað afbrigða og engin athugasemd gerð við þau þannig að það er ástæðan fyrir því að þessi svör hafa komið þó að menn hafi ásakað forseta um að svara engu um lengd fundar. (**ÓN:** Forseti heftir ekki málfrelsi þingmanna.) Að sjálfsögðu ekki, hefur ekki gert tilraun til þess og ítrekar að það er mjög mikilvægt að þeir 26 sem eru á mælendaskrá fái tækifæri til að tjá sig. Þess vegna verðum við að nýta tímann vel svo það megi verða.

[22:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég hef verið að reyna að átta mig á þessum svörum hæstv. forseta. Hann hefur talið ræður sem eiga að fara fram í kvöld og það er spurning hvað hann telur ræður í því samhengi. Af því að hann kemur með tilboð af forsetastóli um ræðufjölda skal ég gera hæstv. forseta annað tilboð, það er að taka þetta mál út af dagskrá og fara að ræða þau mál sem skipta máli. Ég nefni enn og aftur 7. málið á dagskrá sem er heimild til samninga um álver í Helguvík. Ég held að það sé mjög gott tilboð til hæstv. forseta og hann ætti að íhuga mjög vel að taka því þannig að hægt sé að fara að ræða það mál og ljúka því þannig að hægt verði að horfa á atvinnumál í þessu landi. Það er viðkvæmt mál. Það hefur alltaf legið fyrir að það þyrfti að ræða breytingar á stjórnarskránni mjög vandlega. Það hefur forseti vitað. Hann hefur vitað að þetta mundi taka langan tíma og þess vegna er mjög undarlegt að forseti skuli leyfa sér að raða dagskránni upp með þeim hætti að þau mál sem skipta máli fyrir heimilin og atvinnulífið í þessu landi (Forseti hringir.) komist ekki á dagskrá.

[22:17]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að ítreka það sjónarmið sem ég hef sett fram áður að mér finnst óviðurkvæmilegt að ræða um breytingar á stjórnarskránni þegar komið er jafnlangt fram á kvöld. Mér finnst eðlilegt að það sé rætt í dagsbirtu þegar þjóðin hefur tækifæri til að fylgjast með umræðunum hér.

Ég er ekki sammála hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur um að forsætisráðherra væri betur komin úti í Brussel en hér, (**KÓ:** Strassborg.) eða hvar sem er. Ég tel að hún sé best komin hér til að fylgjast með umræðunum og eiga virk skoðanaskipti við okkur þingmenn um þau atriði sem máli skipta. Hún er 1. flutningsmaður þessa óskapnaðar sem var lagður fram sem breyting á stjórnarskrá og það skiptir máli að hún fái að hlusta og fylgist með þeim sjónarmiðum sem hér eru uppi og hvaða breytingar þurfi að verða til að það séu boðlegar breytingar á stjórnarskipun íslenska lýðveldisins þannig að ekki verði gripið til þess að hér verði stjórnskipuleg ringulreið, eins og allt stefnir í ef (Forseti hringir.) við sjálfstæðismenn getum ekki stoppað þann óskapnað (Forseti hringir.) sem hér er í farvatninu.

[22:19]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þó að umræðan sé búin að vera nokkuð löng og ítarleg hefur hún engu að síður verið mjög athyglisverð um þetta mikla mál og eftir því sem ræðurnar hafa orðið fleiri sem ég hef hlustað á, þeim mun sannfærðari er ég um að það er vissulega mikið mál að breyta stjórnarskrá. Þess vegna þarfnast þetta frumvarp ítarlegrar umræðu á Alþingi og ekki síður úti í samfélaginu. Þjóðfélagsumræðan hefur hvorki verið nægilega mikil né hreinskiptin og ég er ekki sannfærð um að fólkið í landinu viti um hvað þetta mál snýst nákvæmlega eða hvaða afleiðingar stjórnlagaþingið hefur í för með sér.

Þess vegna vekur furðu sá stutti tími sem ætlaður er til að vinna nú þessar stjórnarskrárbreytingar. Það hefur margoft komið fram í umræðunni að þegar stjórnarskránni hefur verið breytt á undanförnum áratugum hefur jafnan verið gefinn góður tími í þinginu til að undirbúa breytingarnar. Bent hefur verið á að oftast hafi verið langur aðdragandi í nefndarstarfi áður en frumvarp er lagt fram, síðan hafi ávallt verið gefinn góður tími í þinginu og ekki anað að neinu í þessum efnum.

Nú bregður svo við að það á að keyra stjórnarskrárbreytingar í gegnum þingið á skömmum tíma og án þess að sátt sé um það við stærsta flokkinn á þingi. Ég vil vitna í umsögn Ragnhildar Helgadóttur, prófessors við Háskólann í Reykjavík, en hún víkur einmitt að þessu atriði í umsögn sinni til nefndarinnar. Þar segir, með leyfi forseta, „að það væri afar óheppilegt ef nú yrði vikið frá þeirri hefð að breið samstaða allra flokka sé um breytingar á stjórnarskrá. Eins og menn vita hafa einungis tvisvar, frá fullveldi 1918, verið gerðar breytingar á stjórnarskrá í andstöðu við heilan stjórnmálaflokk … Síðasta dæmi um þetta var 1959.“ Hún segir „að með því að naumur meiri hluti á þingi samþykki stjórnarskrárbreytingar í andstöðu við stóran stjórnmálaflokk sé stjórnarskráin færð inn í hringiðu stjórnmálanna. Þess má þá vænta að næsti meiri hluti geri þær breytingar sem honum hugnast án þess að takmarka sig við það sem næst almenn sátt um á þingi og þannig koll af kolli. Þannig getur stjórnarskráin orðið óstöðugri og pólitískari en verið hefur, sem er óæskileg þróun“ eins og prófessorinn segir.

Sérfræðingar og samtök sem leitað hefur verið umsagnar hjá í meðförum málsins á Alþingi eru nánast öll á einu máli um það að málið sé ekki fullunnið og að tíminn sem gefinn hafi verið til umsagnar og umræðu sé of naumur. Er nema von að maður spyrji hvort það sé nokkuð annað en eðlileg krafa að þeir stjórnmálaflokkar sem starfa á þingi nái samkomulagi um þær breytingar sem nú verða gerðar.

Virðulegi forseti. Ég tek undir með félögum mínum um

að einu raunhæfu breytingarnar sem gera á fyrir kosningar sé að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar þannig að ekki þurfi að rjúfa þing og fá endurnýjað samþykki Alþingis til að stjórnarskrárbreytingarnar taki gildi og skapa þannig svigrúm fyrir vandað verklag.

Það frumvarp sem við erum að ræða hér, virðulegi forseti, og svo mikill tími hefur farið í — sem ég vil þó taka fram að er alveg nauðsynlegt þegar um svo mikið mál er að ræða eins og að breyta stjórnarskrá — hjálpar ekki fjölskyldunum í landinu sem geta jafnvel ekki lengur greitt af fasteignalánum sínum eða fyrirtækjum sem standa frammi fyrir því að segja upp starfsfólki og horfa fram á gjaldþrot eins og svo margar fjölskyldur gera um þessar mundir. Heimilin hrópa á aðgerðir nú þegar.

Skilningur minn var að sú ríkisstjórn sem situr í skjóli Framsóknarflokksins hefði verið mynduð til að vinna að nauðsynlegum aðgerðum til að bjarga heimilunum og fyrirtækjunum í landinu. Mér er því alveg óskiljanlegt að helsta forgangsmálið sé að keyra í gegnum þingið á örskömmum tíma breytingar á stjórnarskrá í andstöðu við einn af flokkunum á þingi. Væri ekki nær að eyða þeim stutta tíma sem eftir er af þinginu fyrir kosningar til að ræða þær brýnu aðgerðir sem þarf að fara í heimilunum og fyrirtækjunum til bjargar? Eru kannski ríkisstjórnin og Framsóknarflokkurinn sem styður ríkisstjórnina að skjóta reyksprengjum til að fela vanmátt sinn í að koma með slíkar aðgerðir sem heimilin og fyrirtækin geta sætt sig við? Það er ekkert í þessari stjórnarskrárbreytingu svo aðkallandi að það geti ekki beðið nýs þings.

Hér bíða mikilvæg mál eftir að komast til umræðu eins og margoft hefur komið fram í dag og í gær, eins og frumvarpið um fjárfestingarsamninginn vegna álversins í Helguvík sem skiptir gífurlegan fjölda einstaklinga og fjölskyldna á Suðurnesjum og víðar, jafnvel um allt land, afar miklu máli. Nái það mál fram að ganga þýðir það aukna atvinnu á byggingartímanum og fjölmörg ný störf þegar álverið tekur til starfa í áföngum. Jafnframt skapar framkvæmdin snúning í hagkerfinu sem okkur sem þjóð er nauðsynlegur á þessum tíma. Nei, ég held að það væri eðlilegra að við ræddum það mál af fullri alvöru.

Atvinnuleysi er hið mesta böl hvers einstaklings. Því þarf að skapa ný atvinnutækifæri hér á landi og það gerist m.a. með nýju álveri í Helguvík. Það gefur fólki von ef við á Alþingi afgreiðum frumvarpið um fjárfestingarsamninginn sem fyrst. Það er nokkuð sem fólk skilur mun betur en ástæðu þess að við ræðum í langan tíma breytingar á stjórnarskrá nú þegar þjóðin hefur gengið í gegnum miklar þrengingar.

Virðulegi forseti. Mér er spurn: Hvað var það í bankahruninu sem hefur með það að gera að það þyki nauðsynlegt að gera nú breytingar á stjórnarskrá? Í máli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur kom fram að eftir allar þær hremmingar sem þjóðin hefur gengið í gegnum undanfarið þarf nýtt upphaf, nýja stjórnarskrá. Eru þá stjórnarskrárbreytingarnar ætlaðar til björgunar heimilum og fyrirtækjum sem eru í miklum vandræðum í dag? Er þetta þess vegna nauðsynleg aðgerð? Er nema von að spurt sé? Í nefndaráliti minni hluta sérnefndarinnar er vikið að þessu atriði þar sem minni hlutinn leggur ríka áherslu á að engin rök séu fyrir því að rýra stöðu Alþingis og taka af því stjórnarskrárgjafahlutverkið. Að tengja slíka ráðstöfun bankahruninu er fráleitt og til þess eins fallið að villa mönnum sýn um hvað þá gerðist. Þá er það í hrópandi mótsögn við þá orðræðu sem hefur farið hátt undanfarið, að styðja þurfi við Alþingi og styrkja það sem handhafa löggjafarvalds, að svipta það hlutverki stjórnarskrárgjafa. Lýsir minni hlutinn undrun yfir því að hv. þingmenn telji sér sæma að sýna sögu og hlutverki Alþingis slíkt virðingarleysi. Benda má á að hvarvetna í hinum vestræna heimi er stjórnarskrárvaldið hjá þjóðþingi viðkomandi ríkis þótt útfærslan sé að sjálfsögðu afar mismunandi.

Virðulegi forseti. 3. gr. frumvarpsins er um að Alþingi skuli láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varða almannahag ef 15 af hundraði kjósenda krefjast þess. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan þriggja mánaða frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir.

Í nefndaráliti minni hluta sérnefndar kemur fram að 3. gr. frumvarpsins hafi ekki verið rædd til hlítar í nefndinni. Mörg atriði þess eru óljós og óskýr, einkum þá hvað fallið getur undir skilgreininguna „tiltekin lög“ eða „málefni sem varðar almannahag“. Umsagnaraðilar gera ýmsar athugasemdir við aðra þætti ákvæðisins, t.d. er hlutfallið 15 af hundraði umdeilt.

Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir áhyggjum af þessu ákvæði. Ég grípa hér niður í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem segir:

„Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um þjóðaratkvæðagreiðslu að frumkvæði þjóðarinnar. Í því felst að tiltekinn hluti kjósenda getur kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem samþykkt hafa verið eða um tiltekið málefni sem varðar almannahag. Ákvæðið gerir ráð fyrir að 15% kosningarbærra manna geti knúið fram slíka atkvæðagreiðslu. Þetta hlutfall er mjög lágt en hafa ber í huga að hér á landi ríkir fulltrúalýðræði og er þjóðkjörnum fulltrúum falið löggjafarvaldið á Alþingi. Mikil umræða hefur verið um að löggjafarvaldið standi höllum fæti gagnvart framkvæmdarvaldinu en sú tillaga sem hér er lögð fram, þ.e. að tiltölulega lítill hluti þjóðarinnar geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lög eða málefni sem Alþingi hefur þegar samþykkt, er til þess fallin að draga enn frekar úr áhrifum löggjafarvaldsins. Nái breytingin fram að ganga er hætta á því að mikil réttaróvissa kunni að skapast, m.a. um gildistöku nýrra laga enda kemur ekki fram hve langur tími má líða frá samþykkt laga þangað til krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu er lögð fram.

Mikill kostnaður felst í þjóðaratkvæðagreiðslum, þannig væri nauðsynlegt að fram færi ítarleg kynning á því máli sem lagt er til þjóðaratkvæðagreiðslu auk þess sem mikill kostnaður er fólginn í framkvæmd slíkrar kosningar. Má í því sambandi benda á að alþingiskosningar kosta u.þ.b. 100 milljónir króna og má ætla að kostnaður við þjóðaratkvæðagreiðslu yrði sambærilegur. Af þessum sökum og með hliðsjón af þeirri réttaróvissu sem þjóðaratkvæðagreiðsla um samþykkt lög frá Alþingi skapar má verulega draga í efa hvort forsvaranlegt sé að 15% kosningarbærra mann geti með bindandi hætti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Í þessari ítarlegu umsögn Sambandsins koma einnig fram áhyggjur þeirra af kostnaðinum sem af þjóðaratkvæðagreiðslu hlýst. Það má spyrja spurningarinnar: Hver á að bera kostnaðinn sem hlýst af þjóðaratkvæðagreiðslu? Varla er ætlast til að sveitarfélögin í landinu taki þann kostnað á sig eins og staða þeirra er í dag. Eins og við allar kosningar má búast við að sveitarfélögin sæju um framkvæmdina vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar og því þyrfti að tryggja að kostnaðurinn lenti ekki á sveitarfélögunum heldur væru þjóðaratkvæðagreiðslur um einstök frumvörp og málefni á kostnað ríkisins eins og alþingiskosningar.

Í umsögn Samtaka atvinnulífsins koma einnig fram áhyggjur af þjóðaratkvæðagreiðslum. Með leyfi forseta vil ég grípa niður í umsögn Samtaka atvinnulífsins um þjóðaratkvæðagreiðslur:

„Þjóðaratkvæðagreiðslur eru ávallt vandmeðfarnar. Tillaga frumvarpsins um að kjósendur geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni vekur því áhyggjur enda er slíkt fyrirkomulag ekki til þess fallið að auka stöðugleika og réttaröryggi. Heimild frumvarpsins til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu er afar rúm og getur því haft lamandi áhrif á ákvarðanir og afgreiðslu þings og stjórnvalda. Þess ber að gæta að með nútímatækni er afar auðvelt að ná til 30 þúsund manna ef svo ber undir og safna í framhaldi af því undirskriftum þeirra. Í ljósi þessa og þess að engin reynsla er af slíku fyrirkomulagi hér á landi né dæmi um viðlíka opna heimild í nágrannalöndum okkar ætti að takmarka þjóðaratkvæðagreiðslu við mál sem hafa afgerandi þýðingu fyrir þjóðina og a.m.k. 20% kjósenda gera kröfu um. Annars er hætt við að þessi heimild dragi úr þeirri festu og stöðugleika sem atvinnulífi og öllum almenningi er nauðsynlegur og er undirstaða efnahagslegra framfara.“

Í umsögn Samtaka atvinnulífsins sem ég vitnaði í koma fram áhyggjur um að afar auðvelt sé að ná til 30.000 manna með nútímatækni til að ná í undirskriftir þeirra til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er vissulega tilefni til að hafa áhyggjur af þessu atriði og það virðist meiri hluti sérnefndarinnar einnig hafa því að aðferðinni er lýst í nefndarálitinu þar sem meiri hlutinn leggur áherslu á að stuðnings við að tiltekið mál fari til þjóðaratkvæðagreiðslu sé aflað með lögbundnum og tryggum hætti þannig að sá sem styður slíka kosningu geri sér að fullu grein fyrir því um hvaða mál sé að ræða. Meiri hlutinn telur því eðlilegt þegar undirskriftum er safnað um tiltekið mál að það verði gert þannig að sá sem skrifar undir slíkt skjal þurfi að mæta á tiltekinn stað þar sem hægt sé að sannreyna og votta undirskrift hans, enda segir í ákvæðinu að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu skuli vera staðfest. Í því skyni má hugsa sér að kveðið verði á um að undirskriftalisti liggi frammi hjá opinberum aðila, til að mynda hjá sýslumanni eða starfsstöð sveitarstjórnar.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst þessi aðferðafræði mjög flókin og ég hreinlega skil hana ekki alveg. Hér á landi er engin reynsla af fyrirkomulagi eins og þessu og einmitt þess vegna ætti að vera enn frekari ástæða til að flýta sér hægt í þessum málum.

4. gr. frumvarpsins fjallar um stjórnlagaþing og er hugmyndin sú að stjórnlagaþing skipi 41 þjóðkjörinn fulltrúi og jafnmargir til vara. Stjórnlagaþing á að hafa það hlutverk að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Lagt er til að kosið verði til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningum vorið 2010 og þingið komi saman 17. júní það ár og ljúki störfum eigi síðar en 17. júní 2011, þ.e. ári síðar.

Hugmyndin um stjórnlagaþing hljómar alveg ágætlega í mínum eyrum, a.m.k. þegar maður veit ekki hvað liggur að baki þeirri hugmynd. Þegar málið er hins vegar skoðað betur er beinlínis verið að ýta lýðræðislega þjóðkjörnum fulltrúum til hliðar. Með þessu tel ég að verið sé að leggja áherslu á þá gjá sem hefur verið á milli þings og þjóðar. Í rauninni erum við með þessu að taka undir þá umræðu í þjóðfélaginu að þingmönnum sé ekki treystandi til að vinna þau störf sem þeir eru kjörnir til. Það er ekki af hinu góða því að við eigum að gæta virðingar Alþingis í öllu sem við gerum.

Ég tek undir það að hér verði ráðgefandi stjórnlagaþing með einhverjum hætti sem menn koma sér saman um sem ég tel mun heillavænlegra til að ná sáttum með þjóð og þingi í þeirri samvinnu sem í því felst. Um þetta atriði er fjallað í ágætri umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga en þar segir, með leyfi forseta:

„Þær breytingar sem felast í 2. og 3. gr. frumvarpsins eru til þess fallnar að draga mjög úr áhrifum og sjálfstæði Alþingis. Eru þessar breytingar því í miklu ósamræmi við þær kröfur sem uppi hafa verið í þjóðfélaginu um að styrkja þurfi löggjafarvaldið og efla sjálfstæði þess. Sá mikli kostnaður sem óhjákvæmilega fylgir ákvæðum 3. og 4. gr. er einnig áhyggjuefni í þeim miklu efnahagsþrengingum sem þjóðin glímir nú við.“

Virðulegi forseti Veit almenningur í landinu um hvað stjórnlagaþing snýst? Hefur umræðan um stjórnlagaþing verið það mikil í þjóðfélaginu að allur almenningur hafi fulla sýn á það sem lagt er til? Ég dreg það stórlega í efa, virðulegi forseti. Ég hef spurt fólk sem ég tel að fylgist nokkuð grannt með hinni pólitísku umræðu um vitneskju þess um stjórnlagaþing og hvað eigi að gera á því. Svörin hafa verið mjög misjöfn. Mér hefur fundist nokkuð algengt að fólk haldi að um sé að ræða nokkurs konar íbúaþing, eins og sveitarfélögin í landinu hafa lagt áherslu á að halda með þátttöku íbúanna. Nokkur sveitarfélög hafa stigið skref í átt til íbúalýðræðis með góðum árangri undanfarin ár og hafa stjórnendur sveitarfélaga áttað sig á mikilvægi þess að taka ákvarðanir í samráði við íbúana. Með virku þátttökulýðræði eiga íbúar möguleika á að koma að ákvarðanatökuferli, stefnumótun og geta haft mótandi áhrif á nærumhverfi sitt í samstarfi við sveitarfélagið auk þess sem sveitarfélög hér hafa náð langt á sviði rafrænnar stjórnsýslu og gefið íbúum sveitarfélaga kost á að skrá sig á gagnvirkan vef og hafa þannig góðan aðgang að stjórnsýslunni.

Árangur á sveitarstjórnarstiginu á þessu sviði kallar auðvitað á að færa íbúalýðræðið á annað stig og því er ég sammála. Ég tel að ráðgefandi stjórnlagaþing svari kalli fólksins um breytingar og kröfum um beina þátttöku.

Ég verð að segja að miðað við þá umræðu sem verið hefur um stjórnlagaþingið og þær kröfur sem verið hafa uppi mætti ætla að um væri að ræða stjórnlagaþing höfuðborgarsvæðisins. Þess vegna spyr ég: Hvernig hyggjast stjórnvöld tryggja að sjónarmið og hagsmunir landsbyggð-

arinnar verði ekki fyrir borð borin þegar kemur að því að velja fulltrúa á stjórnlagaþing? Hér er um persónukjör að ræða og ég tel að þess vegna gætu allir fulltrúarnir komið af höfuðborgarsvæðinu. Ég tel afar nauðsynlegt að landsbyggðarfólki sé tryggð þátttaka til jafns við höfuðborgarbúa til þátttöku á stjórnlagaþingi. Og aftur spyr ég: Geta hagsmunasamtök með einhverjum hætti tryggt samtökum sínum öll sætin á stjórnlagaþinginu? Það er margt sem þarf að athuga í þessu sambandi og algjörlega nauðsynlegt að tryggja aðkomu landsbyggðarinnar.

Í umsögn Ragnhildar Helgadóttur, prófessors við Háskólann í Reykjavík, sem ég vitna hér í aftur, kemur einmitt fram að ekki er gert ráð fyrir kjördæmum í þessu kjöri sem gefur ástæðu til að óttast að fáir fulltrúar verði af landsbyggðinni. Undir þetta get ég vissulega tekið því að ég ber hag landsbyggðarfólks fyrir brjósti og hef þess vegna áhyggjur af landsbyggðinni hvað þetta varðar. Það er líka mjög óljóst í frumvarpinu hvernig stjórnvöld hyggjast tryggja að jafnræðis sé gætt milli þéttbýlisins og landsbyggðarinnar varðandi setu á stjórnlagaþingi.

Þá segir í umsögn Samband íslenskra sveitarfélaga um þetta mál, með leyfi forseta:

„Í greininni er lagt til að fulltrúar á stjórnlagaþingi verði persónukjörnir en ekki eru nein fordæmi fyrir því fyrirkomulagi hér á landi. Má draga í efa að mikill fjöldi einstaklinga sé tilbúinn að leggja í kosningabaráttu með tilheyrandi kostnaði og óvissu sem felst í framboði. Það er raunar með öllu óljóst hvort þessi aðferð við val á fulltrúum muni leiða til þess að hæft fólk sem endurspeglar vilja þjóðarinnar veljist til setu á stjórnlagaþinginu en ekki er unnt að vísa til reynslu annarra þjóða af slíku fyrirkomulagi.“

Mér er það einnig til efs að margir séu tilbúnir að leggja út í þann kostnað sem því fylgir að fara í kosningabaráttu af þessu tagi. Því er eðlilegt að spyrja hvort ekki væri skynsamlegra við þær aðstæður sem við búum við að velja fulltrúa á þingið með þeim hætti að sem breiðastur hópur karla og kvenna af öllu landinu og úr flestum samtökum og hagsmunahópum verði fulltrúar þannig að raddir þessara aðila heyrist á þessu þingi.

Kostnaður við stjórnlagaþing hefur verið nokkuð á reiki. Nefndar hafa verið tölur allt að 2 milljörðum kr. Í nefndaráliti meiri hluta er vikið að því að um sparnað sé að ræða með því að kosið verði til stjórnlagaþings jafnt og til sveitarstjórna, og með því að þingið sitji einungis í eitt ár sé hægt að spara launa- og rekstrarkostnað þingsins. Hér hlýtur að vera átt við að útgjöldin verði ekki eins mikil og upphaflega var ætlað. Að vísu hljóðaði upphafleg kostnaðaráætlun upp á um 2 milljarða kr. en nú er talið að kostnaðurinn verði á bilinu 400–500 millj. kr. Er það sparnaðurinn sem talað er um í nefndarálitinu? Í mínum huga er kostnaðurinn við stjórnlagaþing aukin útgjöld fyrir ríkissjóð hvað sem það kostar.

Fjölmargir í þjóðfélaginu gera athugasemdir einmitt við þann kostnað sem fylgir því að setja á stofn stjórnlagaþing og telja að þeim fjármunum ætti að verja til annarra og brýnni verkefna sem nóg er af núna.

Það kemur einnig skýrt fram í umsögnum ráðgjafa sérnefndarinnar að áhyggjur eru af kostnaði við stjórnlagaþing sem og í mjög góðri umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem sambandið leggur fram hugmyndir um hvernig mætti fara þessa leið og viðhafa stjórnlagaþing með minni tilkostnaði.

Ég hefði talið rétt að sérnefndin skoðaði betur tillögur sem lúta að því að halda kostnaði niðri og taka með því tillit til þeirra sem hafa áhyggjur af þessu, eins og fram kemur í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, með leyfi forseta:

„Mikill kostnaður felst í stofnun og starfrækslu stjórnlagaþings og er tæpast forsvaranlegt að stofna til slíks kostnaðar þegar unnt er að ná fram sömu markmiðum með einfaldari og hagkvæmari leiðum án þess þó að víkja frá lýðræðissjónarmiðum sem liggja að baki hugmyndum um stjórnlagaþing. Einnig hefur stofnun stjórnlagaþings þann mikla ókost að draga mjög úr áhrifum og sjálfstæði Alþingis. Eru þessar breytingar því í miklu ósamræmi við þær kröfur sem uppi hafa verið í þjóðfélaginu um að styrkja þurfi löggjafarvaldið og efla sjálfstæði þess gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Vel má þó taka undir mikilvægi þess að farnar verði nýjar leiðir til þess að endurskoða stjórnarskrána. Ekki hefur reynst nægilega vel að fella ábyrgð á þeirri vinnu eingöngu á stjórnmálamenn. Rétt er að skoða þann möguleika að endurskoðunarvinnan verði í höndum Alþingis en lögð verði meiri áhersla á það en áður að virkja almenning til þátttöku. Í því sambandi mætti skoða að skipa fjölmennari nefnd en til þessa hefur tíðkast til að annast meginþunga vinnunnar. Auk fulltrúa allra þingflokka og fulltrúa sveitarfélaga gætu átt sæti í slíkri nefnd fulltrúar ýmissa helstu hagsmunahópa. Má þar nefna samtök launþega og atvinnurekenda, landeigenda, trúfélaga, náttúruverndarsamtaka, neytenda, ungs fólks, aldraðra, fatlaðra og annarra grasrótarsamtaka. Nefndin þyrfti að funda nokkuð þétt til að standast þann tímaramma sem lagður er til í frumvarpinu og hafa sérfræðinga sér til aðstoðar. Nefndarmenn mundu fá greiddan ferðakostnað og eðlilega þóknun fyrir nefndarsetu en sá kostnaður mundi þó aðeins vera brot af áætluðum kostnaði við sérstakt stjórnlagaþing.

Ef ofangreind leið yrði farin ætti einnig að hafa víðtækt samráð við almenning um endurskoðunina. Þar yrði að sjálfsögðu reynt að nýta upplýsingatækni til hins ýtrasta. Einnig yrðu haldin allmörg málþing um einstök málefni auk þess sem halda mætti stærri samráðssamkomur þar sem öllum almenningi eða a.m.k. þeim sem hafa sett fram ábendingar eða umsagnir yrði heimil þátttaka. Hafa mætti hliðsjón af fyrirkomulagi sem tíðkast hefur á íbúaþingum sveitarfélaga til að tryggja skilvirkni slíkrar samkomu.“

Mér finnst mjög skynsamlegar ábendingar varðandi þingið í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Við lestur umsagna um málið allt í heild kemur greinilega fram að margir umsagnaraðilar telja að breytingar á stjórnarskrá séu það mikilvægar að þær þurfi að ígrunda vel og ná sem víðtækastri sátt um breytingar ásamt því að ekki sé ástæða til að hraða svo mjög þessari vinnu heldur bíða nýs þings.

Enn á ný, virðulegi forseti, vil ég grípa niður í ágæta umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar segir:

„Stjórnarskrá lýðveldisins er grundvallarlöggjöf þessa

lands sem öllum ber að virða. Þannig er stjórnarskránni ætlað að vera hafin yfir dægurþras og sveiflur í stjórnmálum. Vegna mikilvægis stjórnarskrárinnar er nauðsynlegt að stjórnskipunarlög séu sett að vel ígrunduðu máli og í sem mestri sátt. Af umræðu um frumvarpið má ráða að endurskoðun stjórnarskrárinnar sé nauðsynleg vegna þess efnahagshruns sem hér hefur orðið. Þær breytingar sem felast í frumvarpi til stjórnskipunarlaga virðast hins vegar ekki sérstaklega til þess fallnar að stuðla að endurreisn efnahagskerfisins og væri því eðlilegt að bíða með allar meiri háttar breytingar þar til um hægist í þjóðfélaginu. Stutt er til þingkosninga og styður það enn frekar þá kröfu að ekki verði ráðist í svo veigamiklar breytingar nú. Það kynni þó að vera lausn á málinu að einungis yrði gerð sú breyting sem felst í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins en þar er kveðið á um þjóðaratkvæðagreiðslu til staðfestingar breytingum á stjórnarskrá. Slík breyting gæfi Alþingi svigrúm til að fjalla á faglegan og ítarlegan hátt um breytingar á stjórnarskrá og leggja þær fyrir þjóðina að loknum kosningum.“

Þetta var skoðun Sambands íslenskra sveitarfélaga en sambandið hafði mjög veigamiklar athugasemdir við frumvarpið. Það gerði líka fjöldinn allur af umsagnaraðilum en það verður að segjast eins og er að það virðist ekki koma fram nokkur fögnuður yfir stjórnarskrárbreytingum sem hér á að keyra í gegnum þingið og alls ekki á að taka neitt tillit til skoðana okkar sjálfstæðismanna. Ekki verður maður heldur var við mikinn almennan fögnuð úti í þjóðfélaginu varðandi málið, þvert á móti skilur fólk ekki að breytingarnar á stjórnarskrá geti ekki beðið þar til fer að róast í þjóðfélaginu, hér fari að birta til í atvinnumálum og meira jafnvægi komist á hjá heimilum og fyrirtækjum í landinu. Nei, þessu skal þrýst í gegn í boði Framsóknarflokksins.

Virðulegi forseti. Enn getur maður velt fyrir sér hver tilgangurinn er með því að keyra þessar stjórnarskrárbreytingar í gegnum þingið á svo skömmum tíma og án þess að sátt sé um það milli þeirra flokka sem starfa á Alþingi.

Það er því hægt að taka undir með minni hlutanum í sérnefndinni en þar segir í nefndaráliti:

„Minni hlutinn undrast, í ljósi þess að á undanförnum árum hefur verið rætt um veg og virðingu Alþingis og spurninguna um stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu, að þeir sem mest hafa talað um að verið sé að styrkja stöðu Alþingis og efla á alla lund skuli standa að tillögu sem miðar að því að veikja Alþingi meira en nokkru sinni — að svipta Alþingi valdinu til að breyta stjórnarskránni. Það er hornsteinninn í valdastöðu Alþingis í stjórnskipulagi lýðveldisins að Alþingi hafi vald til að breyta stjórnarskránni. Nú koma þeir sem talað hafa um það að verið sé að setja Alþingi niður og flytja tillögu um að svipta Alþingi þessum rétti og fela það einhverjum öðrum.“

Ég segi, virðulegi forseti, enn og aftur að með því að setja á stofn sérstakt stjórnlagaþing sem hefur þessi völd er vegið að sjálfstæði og áhrifum Alþingis sem farið hefur með hlutverk stjórnarskrárgjafa um árabil. Það er mín skoðun að með því sé tekið undir það að þingmenn vinni ekki vinnuna sína og þeim sé ekki treystandi. Hér er verið að skerpa á þeirri gjá sem hefur myndast milli þings og þjóðar en ekki að styrkja tengsl og traust.

Að lokum, virðulegi forseti, tel ég að stjórnarliðar ættu að hlusta á sjónarmið margra sem telja að stjórnarskráin hafi virkað vel á lýðveldistímanum og það sé ekki þörf á heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Enn vísa ég í umsögn Ragnhildar Helgadóttur sem segir um þetta að hún mótmæli því að þörf sé á heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar efnis hennar vegna. Flestir eru sammála um að þó að margt kunni að hafa brugðist undanfarin ár sé stjórnarskráin ekki þar á meðal.

Virðulegi forseti. Ég sé að ég er hér alveg að renna út á tíma en hef þó ekki fyllilega klárað ræðu mína og mun ljúka henni á þessari tilvitnun í umsögn Ragnhildar Helgadóttur, prófessors við Háskólann í Reykjavík.

[22:59]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því sérstaklega að hæstv. forsætisráðherra er loksins stödd í þingsalnum. Við söknum hennar ekki alla jafna svona sáran en í þessari umræðu sem varðar okkar mikilvægasta lagabálk, grundvallarlögin um stjórnskipun Íslands, lög nr. 33/1944, þegar við ræðum mikilvægar breytingar sem eru til vansa fyrir alla flutningsmenn frumvarpsins, er þakkarvert að hæstv. forsætisráðherra skuli vera mætt í þingsali. Ég tek undir með hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur sem kom inn á það að maður geri þá ráð fyrir því að hæstv. forsætisráðherra verði viðstödd alla umræðuna sem eftir er, bæði það sem eftir lifir kvölds og líka á morgun þegar við höldum áfram að ræða breytingarnar fyrst hæstv. forsætisráðherra fór ekki utan á leiðtogafund NATO heldur sendi þangað staðgengil sinn.

Þetta hafa verið sérstakir dagar og sérstakur sólarhringur þar sem við höfum rætt um stjórnskipunina, stjórnarskrá okkar, þetta grundvallarplagg, þetta plagg sem hefur verið ákveðinn vegvísir okkar í gegnum árin. Það er dapurlegt að horfa upp á það og verða vitni að því þegar við öll höfum sammælst um að efla eigi virðingu Alþingis og styrkja Alþingi að þá sé lagt fram frumvarp um breyting á stjórnarskránni algerlega órætt milli flokka, algerlega í ósátt á Alþingi og það skuli vera lagt fram í því formi sem það er.

Í rauninni er róttækasta breytingin sem við ræðum hér sú sem verið er að gera á hlutverki Alþingis, þ.e. að svipta Alþingi því hlutverki að vera stjórnarskrárgjafi. Með fullri virðingu fyrir breytingunum sem við stóðum að árið 1991, 1995 og 1999 er þetta róttækasta breytingin sem við höfum gert og staðið frammi fyrir á hinu háa Alþingi þegar kemur að verksviði og hlutverki Alþingis. Það er verið að taka frá Alþingi hlutverk þess að samþykkja lög sem í dag eru lög nr. 33/1944. Það er ámælisvert. Þess vegna lægist eðlilega að manni sú tortryggni að þetta hafi bara verið yfirklór, yfirvarp þegar menn hafa rætt um það að styrkja Alþingi. Þegar til kastanna kemur var engin alvara á bak við þá hugmynd sem menn höfðu rætt hér nokkuð lengi.

Ég ætla að fara aðeins yfir vinnubrögðin og það hafa nokkrir gert. Síðan ætla ég að fara yfir auðlindaákvæðið, síðan í breytingu á 79. gr. stjórnarskrárinnar. Ég ætla að fara aðeins yfir þjóðaratkvæðið og fara síðan yfir og eyða mestum tíma í stjórnlagaþingið sem er í stórum dráttum algerlega órætt. Það er hægt að vísa í almenna söguskoðun á hlutverki stjórnlagaþings, það er hægt að vitna til annarra þjóðríkja varðandi stjórnlagaþing en það hefur aldrei komið

til tals að ræða stjórnlagaþing hér á landi nema á síðustu þremur mánuðum. Og ekki nóg með það, fyrsta myndin sem okkur birtist í þinginu af stjórnlagaþingi er ekki sú sama og það stjórnlagaþing sem við ræðum hér í dag. Af hverju tökum við ekki lengri tíma í að ræða stjórnlagaþingið? Þá þróast það kannski í þá átt að verða nokkuð burðugt og gott þannig að allir flokkar geti sammælst um það og komið sér saman um að breyta stjórnarskránni í sátt. Það er svo mikilvægt, ég held að menn geri sér ekki grein fyrir því hve mikilvægt er að breyta stjórnarskránni í sátt.

Undir forustu Jóhönnu Sigurðardóttur, hæstv. forsætisráðherra, hefur það gerst að stjórnarskráin er orðin að átakaskjali, stjórnarskráin sjálf er orðin að átakaskjali, hún er orðin pólitískt skjal, pólitískt skiptimynt til að halda lengur í völdin. Framsókn verður að fá eina dúsuna, gefum henni stjórnlagaþing.

Við sjálfstæðismenn höfum verið gagnrýndir fyrir margt á undanförnum 18 árum. Mörg mistök hafa verið gerð en engu að síður hafa margir góðir hlutir verið gerðir, ekki síst þeir sem hafa leitt til þess að velferðarsamfélag okkar er gott, meginstoðir okkar eru sterkar og við erum stolt þjóð og öflug. Við beittum okkur fyrir því að breyta stjórnarskránni í þrígang á þessum tíma. Það er ábyrgðarhluti og ekki bara eitthvert hlutverk upp á punt að vera forsætisráðherra á Íslandi. Forsætisráðherra leiðir líka flokka saman. Það er ábyrgðarhluti að vera forsætisráðherra. Það er ábyrgðarhluti að vera forsætisráðherra gagnvart Alþingi en ekki síst gagnvart stjórnarskránni. Hvernig umgekkst Sjálfstæðisflokkurinn það vald? Í öll skiptin, 1991, 1995 þar sem stórum og mikilvægum hluta stjórnarskrárinnar var breytt, mjög víðtækt samkomulag náðist á milli flokkanna en ekki síður úti í samfélaginu. Haldnir voru fundir á vegum frjálsra félagasamtaka, menn gátu tjáð sig, rætt hlutina fram og til baka sem leiddi til þess að við náðum farsælli lendingu í breytingum á mannréttindakaflanum, og 1999 beittu sjálfstæðismenn sér sem forustuflokkur á þingi með forsætisráðherra í broddi fylkingar því að það er hann sem leiðir flokkana saman. Eins og hæstv. forsætisráðherra veit sem leiðir m.a. fundi forustumanna stjórnmálaflokkanna er það hlutverk hennar að leiða þessa hesta saman, þessa forustumenn lýðræðisaflanna á þingi, með það að markmiði að hugsa stærra en valdið sjálft. Að hugsa stærra er það að skora vel í næstu skoðanakönnunum, að hugsa stærra og meira en um eigið pólitískt líf þó að það pólitíska líf sé langt og nokkuð farsælt og hægt er að taka ofan fyrir mörgu. En þetta er, held ég, mesta og versta hneisa sem hæstv. forsætisráðherra hefur staðið frammi fyrir á sínum þingferli. Við erum að tala um þingmann sem hefur lengstu þingreynsluna á þingi og sá hinn sami þingmaður er 1. flutningsmaður frumvarps sem hefur í för með sér ekki bara réttaróvissuna út af auðlindaákvæðunum eða þjóðaratkvæðagreiðslunni, heldur er 1. flutningsmaður frumvarpsins síðast en ekki síst að berjast fyrir því að virðing og valdsvið þingsins verði skert, að hlutverk þingsins verði rýrt og stjórnarskrárhlutverk þess tekið af því. Mér finnst það hneisa, mér finnst það til vansa.

Hæstv. forsætisráðherra veit það vel að ég hef oft hælt henni og ég hef að mínu mati verið sanngjörn í minni gagnrýni en ég get ekki orða bundist þegar kemur að þessu mikilvæga máli. Að hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, fari í sögubækurnar fyrir að hafa í rauninni með ákveðnum hætti, með fulltingi Vinstri grænna og Frjálslynda flokksins en síðast en ekki síst með fulltingi Framsóknarflokksins ráðist á stjórnarskrána, ráðist á Alþingi til að geta setið lengur í sínum stól, ekki út af elsku, ekki út af ást á þessu plaggi heldur til þess að berja líka aðeins í leiðinni á sjálfstæðismönnum. Við kveinkum okkur ekkert undan því, við gerum það ekki en stjórnarskráin er stærri en Samfylkingin, stærri en Sjálfstæðisflokkurinn og það á ekki að umgangast stjórnarskrána með þeim hætti sem raun ber vitni. Það eru ekki bara við sjálfstæðismenn sem segjum þetta. Þetta er ekki bara eins og sumir hafa sagt, sjálfstæðismenn í málþófi. Það er ekkert sem heitir málþóf þegar stjórnarskráin er rædd, alls ekki. Og það er sárt, sársaukafullt og vont að upplifa það að þingmenn, hvort sem þeir eru með lögfræðimenntun í farteskinu eða reynslu í gegnum tíðina, ætli sér að berja þetta í gegn, sama hvað tautar og raular, sama hvað sjálfstæðismenn segja, sama hvað allir álitsgjafarnir sem sendu álit sín um þetta frumvarp segja. — Skítt með það. Við skulum breyta stjórnarskránni til að stinga m.a. dúsu upp í framsóknarmenn af því að þeir hafa ekki fengið neitt, við höfum ekki staðið við neitt af því sem við lofuðum þeim til þess að komast í ríkisstjórn, við höfum ekki staðið við efnahagslegar umbætur í þágu heimilanna, þetta var hvort sem er allt farið af stað. Við höfum ekki staðið við það að ljúka þinginu tiltölulega snemma. Nei, nei. Þá skulum við leyfa framsóknarmönnum að fá stjórnlagaþingið svo þeir verði ekki allt of pirraðir og leyfi okkur að vera í friði svona síðustu vikurnar fyrir kosningar þannig að við getum beitt ráðuneytunum sem kosningamaskínu fyrir okkur. — Þetta er tilgangurinn, það verður að segjast eins og er. Það eru ekki göfug markmið sem búa að baki því að koma hér með tillögu um stjórnlagaþingið.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði í gær í ræðu sinni að auðlindaákvæði frumvarpsins væri margrætt til margra ára, það væri útrætt og við skyldum bara afgreiða það með þessum hætti. Það er rétt. Það er þaulrætt, margrætt. Ég verð þó að leiðrétta mig, það er ekki algerlega rætt í þaula því að það eru miklar efasemdir um orðalagið, það er óskýrt. Ég kem að því á eftir. En hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að þetta hefði verið rætt til margra ára. En hvað þá með stjórnlagaþingið?

Þegar við hæstv. forsætisráðherra sátum saman í ríkisstjórn var ekki minnst á stjórnlagaþing, ekki einu sinni. Þetta er bara einhver hugmynd sem dettur ofan úr skýjunum vegna þess að framsóknarmenn þurftu að fá eitthvað annað en 90% lánin, sem var náttúrlega alger hneisa að við skyldum samþykkja á sínum tíma og kom í bakið á okkur, en þetta er bara einhver dúsa upp í Framsókn. Þetta var aldrei rætt á milli stjórnarflokkanna í síðustu ríkisstjórn, aldrei.

Hvernig skyldi hafa verið staðið að framkvæmdinni í stjórnarskrárnefndinni sem starfaði fram að 2007 og menn vita að átti síðan að starfa seinni partinn á þessu kjörtímabili til að hún væri tilbúin í tæka tíð fyrir kosningarnar sem ellegar hefðu orðið 2011? Hvað gerði sú stjórnarskrárnefnd? Hún leitaði til fólksins, nokkrir að vinna, bað það

um að koma með athugasemdir sem koma m.a. fram í skýrslu sem gefin var út um störf stjórnarskrárnefndarinnar og hvað gerist þegar maður les þá skýrslu? Þar er ekki eitt orð um stjórnlagaþing. Enginn úti í samfélaginu hafði áhuga á stjórnlagaþingi. Og það sára er að þegar maður les m.a. gögn frá ýmsum nefndarmönnum og fer yfir það sem þeir hafa bæði rætt og ritað, þá er alveg ljóst að sú nefnd átti ekki mjög mikla vinnu eftir, kannski nokkurra mánaða vinnu, 3–4 mánaða vinnu. Hefði ekki verið göfugra, hefði ekki verið mikilvægara að hefja sig yfir persónulega hagsmuni, hefja sig yfir flokkshagsmuni og hugsa um stjórnarskrána og segja: Gott og vel. Það hefur náðst samkomulag um hvernig breyta eigi stjórnarskránni, hvernig breyta eigi 79. gr. Klárum það mál og hefjum strax umræðu um breytingar á stjórnarskránni eftir kosningar á nýju þingi, ljúkum við stjórnarskrána í sátt þannig að hún verði ekki að pólitísku átakaskjali eins og nú er verið að gera. Þetta er vont fordæmi. Þetta er það vont fordæmi að ég vonast eindregið til þess að komið verði í veg fyrir það og menn sjái ljósið, ekki síst hæstv. forsætisráðherra.

Margir hafa sagt að tíminn sé allt of knappur, þetta hafi verið unnið á allt of skömmum tíma og ná þurfi víðtækri sátt um breytingar. Með leyfi forseta vitna ég í hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur sem sagði að almennt sé hún þeirrar skoðunar að það eigi að ná víðtækri sátt um breytingar á stjórnarskrá og það eigi ekki að hlaupa til breytinga á stjórnarskrá, það þurfi ígrundun o.s.frv. að eiga sér stað í aðdraganda þess að breyta stjórnarskránni.

Þetta sagði Kristrún Heimisdóttir, flokkssystir, lögfræðingur og víðlesin í stjórnarskránni, vel að sér einmitt í þessum fræðum og það er merkilegt að Samfylkingin hafi ekki leitað á náðir hennar, fengið álit hennar. Var það kannski út af því að álit hennar var ekki mönnum þóknanlegt? Er það kannski þannig hjá Samfylkingunni að ekki sé talað við þá sem eru ekki sammála forustunni? Getur það verið? Það kemur ekki neinum á óvart að svo sé, alla vega ekki að svo kunni að vera. Samfylkingin vill í sjálfu sér ekki kannast við neitt úr fortíð sinni, hefur ekki sjálf farið í róttæka endurskoðun á ræðum sínum, athöfnum sínum á umliðnu ári. Þá á ég ekki bara við sem stjórnandi og í ákveðnum ráðuneytum, félagsmálaráðuneytinu, ekki síst í viðskiptaráðuneytinu heldur líka hvernig hún hegðaði sér í stjórnarandstöðu í ákveðnum mikilvægum málum sem hefði verið svo mikilvægt að hafa samþykkt en m.a. stjórnarandstaðan kom í veg fyrir á sínum tíma. Ég ætla ekki að setja á langa ræðu varðandi þau mál en allir vita að ég er m.a. að vísa í fjölmiðlamál og eignarhald á fjölmiðlum. Samfylkingin kom í veg fyrir það mál, Vinstri grænir komu í veg fyrir það mál og það hefði verið miklu betra fyrir lýðræðislega umræðu, fyrir gegnsæi í fjölmiðlum ef það mál hefði farið í gegn, ekki síst hið síðara sem þverpólitísk samstaða náðist um en það er önnur saga.

Hvað segja fræðimenn eins og Sigurður Líndal? Ekki á að hlusta á hann af því að það hentar ekki núna og hvað þá Ragnhildi Helgadóttur sem telur, eins og reyndar Sigurður Líndal, að breyta þurfi stjórnarskránni en gera það frekar í smærri skömmtum, gera það með öðrum hætti en lagt er upp með.

Það hefur verið sagt, og ég hef svarað því, að við sjálfstæðismenn séum í málþófi út af stjórnarskránni. Það kann að vera að við höfum verið í málþófi út af einhverjum öðrum málum, ég ætla ekki að útiloka það þó að þær ræður sem fluttar hafa verið í öðrum málum hafi verið mjög efnisríkar. En þegar kemur að stjórnarskránni er ekkert til sem heitir málþóf, síst af öllu þegar verið er að skerða hlutverk Alþingis þegar kemur að því að vera stjórnarskrárráðgjafi.

Það hefur líka verið sagt: Þið eruð á móti því að færa valdið til þjóðarinnar. Það er rangt, það er beinlínis rangt. Með því að breyta 79. gr., eins og er í tillögu okkar, munum við á endanum færa valdið til fólksins þegar kemur að stjórnarskránni.

Það hefði verið svo miklu auðveldara upp á langtímahagsmuni Alþingis, upp á langtímahagsmuni þjóðarinnar, þegar kemur að stjórnarskránni, að forsætisráðherra hefði sýnt þá víðsýni og sýnt það umburðarlyndi, ekki gagnvart okkur sjálfstæðismönnum heldur gagnvart stjórnarskránni, að segja: Sammælumst um þær breytingar á stjórnarskránni sem fyrir liggja og við getum þá strax farið í aðrar breytingar. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra: Af hverju er ekki hægt að bíða með málið í sex vikur því að við erum bara að tala um sex vikur? Ef við hefðum samþykkt breytingar á 79. gr. og síðan gengið til kosninga 25. apríl þá hefði nýtt þing, sumarþing, getað farið í að ákveða það sem menn eru að ræða um og vísað málinu til þjóðarinnar.

Við viljum efla aðkomu þegnanna að ákvarðanatöku en það verður ekki gert hvernig sem er. Það verður ekki gert með því að umturna stjórnarskránni og traðka á henni, það gengur ekki. Það er því mikið umhugsunarefni, frú forseti, hvernig að þessu öllu hefur verið staðið. Ég ítreka aftur: Við skulum hafa hugfast hvernig við sjálfstæðismenn beittum okkur fyrir breytingum á stjórnarskránni. Það var í víðtækri sátt, það var í sátt við þjóðina og í sátt við þingið. Er það tilviljun að loksins þegar Samfylkingin, sem hefur barist með kjafti og klóm fyrir því að leiða ríkisstjórn, er komin með forustu í ríkisstjórn breytast vinnubrögðin? Hver hefur messíasarboðskapur Samfylkingarinnar verið á undanförnum árum? Það er að breyta um vinnubrögð. Er þetta breytingin á vinnubrögðunum? Þegar hún fær tækifæri til að beita völdunum beitir hún þeim með þeim hætti að hún traðkar á lýðræðinu, traðkar á stjórnarskránni. Ég segi enn og aftur: Mér er algerlega misboðið þegar kemur að þessu máli, algerlega misboðið. Það er ekki bara verið að umgangast stjórnarskrána af því skeytingarleysi sem raun ber vitni heldur er pólitískur hráskinnaleikur með í för.

Það er líka heppilegt fyrir stjórnarflokkana að við stöndum hér og setjum á langar ræður, við sjálfstæðismenn og hinir örfáu sem bera hagsmuni stjórnarskrárinnar og þingsins fyrir brjósti, því að það er svo heppilegt fyrir ríkisstjórnina að á meðan komast ekki önnur mál á dagskrá. Við höfum sagt, og ég ítreka það hér sem þingmaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, að við munum taka okkur út af mælendaskrá undir eins og mikilvæg atvinnumál komast á dagskrá. Þá gerum við hlé á þessari umræðu og hleypum öðrum málum að. Ég horfði því á sjónvarpsumræðurnar áðan í algerri forundran þegar kom að því að forsætisráðherra átti að svara því hvernig skapa ætti störfin.

Hvernig á að verja störfin? Það er einfalt. Byrjum á því að fara yfir hina eðlilegu dagskrá, yfir þau mál sem raun-

verulega skipta heimilin og fjölskyldurnar og fyrirtækin og atvinnulífið máli. Það hefur ekkert gerst á vakt þessarar ríkisstjórnar, ekki neitt gerst, ekkert nema það að málum hefur seinkað. Málin hafa farið nákvæmlega í þann farveg sem flokksbróðir hæstv. forsætisráðherra frá Svíþjóð, Göran Persson, spáði ef stjórnarkreppa yrði í kjölfarið á efnahagskreppu. Hann varaði eindregið við því. Hvað gerðist? Vaxtalækkunarferlið — vextir hafa einungis verið lækkaðir um 1%, sem er náttúrlega umhugsunarefni, allt að því hneisa — hefði hafist sex vikum fyrr ef þetta hefði ekki allt gerst.

Hvað dvelur orminn langa þegar kemur að endurreisn bankanna sem er lykilatriði fyrir fyrirtækin í landinu? Þetta má ekki ræða. Það er pólitísk hentistefna að segja: Höfum bara stjórnarskrána á dagskránni. Þá tala sjálfstæðismenn af því að þeir vilja verja stjórnarskrána. Gott og vel. En á meðan erum við ekki spurð óþægilegra spurninga. Á meðan þurfum við ekki að svara fyrir Helguvík. Á meðan þurfum við ekki að svara fyrir það af hverju málin koma ekki nægilega hratt frá okkur, hin raunverulegu mál sem skipta öllu. Svör og lausnir svo að fólk geti haldið áfram að búa í húsunum sínum að fyrirtækin geti farið að starfa. Allt er þetta, eins og við höfum margoft sagt, í boði Framsóknar, ekki bara þessi hneisa með stjórnlagaþingið eins og það er sett upp heldur ekki síður hitt að aðgerðarleysið af hálfu ríkisstjórnarinnar er líka í boði Framsóknar.

Ég horfði á sjónvarpsumræðurnar í kvöld og hlustaði á Sigmund Davíð Gunnlaugsson, nýjan og glæstan formann Framsóknarflokksins, dugmikinn mann. Þegar hann talaði um ríkisstjórnina, dró fram gagnrýni sína, þá hugsaði ég: Eru komnir tveir Framsóknarflokkar í landinu? Eða er formaðurinn ekki í neinum tengslum við þingmenn Framsóknarflokksins? Tala þingmenn Framsóknarflokksins ekkert við formanninn sinn? Með því máli sem við ræðum hér er Framsókn líka að koma í veg fyrir að við ræðum atvinnumál, að við hjálpum ríkisstjórninni með atvinnumálin, að við ræðum efnahagsmálin og við ræðum málefni fjölskyldnanna. Þessu ber Framsóknarflokkurinn líka ábyrgð á með fullri virðingu fyrir formanni Framsóknarflokksins sem ekkert þykist vilja vita af framgangi ríkisstjórnarinnar. Allt er þetta í þeirra boði.

Athyglisvert sjónarmið kom fram í ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar, sem hæstv. forsætisráðherra hlustaði ekki á, því að forsætisráðherra var ekki í salnum. Hv. þm. Björn Bjarnason vitnaði í mjög merkilegan pistil frá starfandi umboðsmanni Alþingis. Þar er m.a. komið inn á þessa hugmyndafræði og hugmyndir sem tengjast réttarríkinu og hvernig réttarríkinu geti staðið ógn af misvitrum stjórnmálamönnum, að mínu mati, sem nýta sér aðstæður, nýta sér ákveðið umrót í samfélaginu eins og verið er að gera núna og fara, vegna þeirra óvenjulegu kringumstæðna, í ákveðna vegferð sem er í rauninni hryllileg vegferð og það er að ráðast á stjórnarskrána. Aðstæðurnar eru svo óvenjulegar, kringumstæðurnar eru svo óvenjulegar, segja menn. Nei, þegar aðstæðurnar eru óvenjulegar þarf sterka stjórnmálamenn en ekki ósvífna sem freistast ekki til að fara í slíka vegferð, fara í það að breyta stjórnarskránni til að halda völdunum, m.a. af því að þeir telja það þjóna hagsmunum sínum. Vel má vera að afstaða þeirra flokka sem eru í ríkisstjórn — það á alla vega við um annan flokkinn og líka Framsóknarflokkurinn — ráðist að miklu leyti af skoðanakönnunum. Það hefur komið fram í ræðum hv. þingmanna, m.a. hv. þm. Birkis J. Jónssonar að þeir telja þjóðina vilja stjórnlagaþing. Gott og vel. Við sjálfstæðismenn erum líka reiðubúnir í stjórnlagaþing en það var ekkert við okkur talað. Það var ekkert við okkur rætt til þess að ná sátt um það hvernig við breytum stjórnarskránni.

Við viljum breyta stjórnarskránni. Það liggur ljóst fyrir. En við viljum ekki fórna stjórnarskránni á altari pólitískra hagsmuna eins og stjórnarflokkarnir eru að gera í boði Framsóknar. Það viljum við ekki gera. Það er alveg ljóst að við viljum breyta stjórnarskránni og hægt hefði verið að finna flöt á því, að stjórnlagaþing eða ákveðinn sérfræðihópur — það skiptir ekki máli hvað það heitir — hefði getað haldið áfram að vinna að ákveðnum breytingum á stjórnarskránni, hvort sem það snertir vald og valdmörk forseta Íslands, auðlindaákvæðið í stjórnarskrá eða ýmis önnur ákvæði. Við vorum og erum reiðubúin í þann leiðangur þannig að það sé skýrt sagt.

Menn hafa verið að ræða efnisatriði frumvarpsins. Sigurður Líndal segir að auðlindaákvæðið sé óljóst. Ragnar Árnason segir líka að þetta ákvæði sé með öllu óljóst. Hann og Birgir Þór Runólfsson segja, með leyfi forseta:

„Í ljósi ofangreindra athugasemda teljum við að með samþykkt ákvæðisins væri verið að veikja efnahag þjóðarinnar enn frekar. Það getur vart verið vilji löggjafans né þjóðarinnar.“

Samtök atvinnulífsins tala um hringlandahátt í lagasetningu, hann sé ekki til þess fallinn að endurvekja traust umheimsins á íslensku efnahagslífi. Meðan eitt helsta markmið ríkisstjórnarinnar er að stuðla að efnahagslegri uppbyggingu samfélagsins kemur ríkisstjórnin, forsætisráðherra í broddi fylkingar, fram með frumvarp til breytinga á stjórnarskránni sem í rauninni veikir tiltrú á okkur á hinum alþjóðlega vettvangi, veikir tiltrú fólks á innviðum þess kerfis sem við búum við. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í Sigurð Líndal hvað varðar þjóðareignina:

„Ég tel að skoða þyrfti 1. gr. frumvarpsins betur vegna óljósrar merkingar orða og hugtaka sem þar eru notuð. Í orðið þjóðareign er ekki hægt að leggja hefðbundna merkingu eignarréttarins þótt þess hafi margsinnis gætt í umræðu.“

Enn og aftur er verið að blanda fullveldisréttinum saman við eignarréttinn. Þetta er óljóst og það er hægt að gera þetta mun betur. Það er hægt að vinna að þessu og það höfum við verið reiðubúin til að gera.

Það er líka alveg ljóst — talandi um asann sem hefur verið í þessu máli, ekki ætla ég að hafa mörg orð um það, það hefur ítrekað komið fram. Ég mætti á einn fund í sérnefnd um stjórnarskrármálið og það lá alveg ljóst fyrir að það átti að ýta þessu máli í gegn, sama hvað tautar og raular, sama hvað gestirnir höfðu að segja, það skipti engu máli. Þetta voru bara formlegheit. Þetta var bara „pro forma“, frú forseti, að fá gesti á sinn fund, ekkert hlustað, bara tekið á móti plöggum, þau ekki lesin og ekki á þau hlustað.

Karl Axelsson benti m.a. á mjög óljósa þýðingu þessa ákvæðis, spurði m.a. athyglisverðra spurninga um þjóð-

lendur, mál sem hefur verið mjög umdeilt til margra ára. Falla þjóðlendurnar undir 1. gr. eða falla þær undir einkaeignarrétt? Hann taldi líklegra að þær féllu undir þjóðlendurnar, féllu undir einkaeignarréttinn því að þær væru háðar einkaeignarrétti ríkisins í þessu þannig að þjóðlendurnar mundu að öllum líkindum ekki falla undir orðið þjóðareign í þessu.

Arthur Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda talaði um og kvartaði undan skömmum tíma, hann hefði vart tíma til að boða stjórn sína saman. Síðast en ekki síst vil ég draga fram misjafna nálgun hæstv. forsætisráðherra og hv. þm. Helga Hjörvars á málinu. Hæstv. forsætisráðherra sagði að mig minnir í ræðu sinni um skýrslu ríkisstjórnarinnar að þessum stjórnarskrárbreytingum væri ekki ætlað að hrófla við núgildandi rétti manna. Í rauninni breyttu þessar breytingar engu um núverandi stöðu. Þetta sagði hæstv. forsætisráðherra.

Hver kemur svo nokkrum dögum síðar og trillar hér upp í pontu, upp í ræðustól Alþingis? Það er hv. þm. Helgi Hjörvar sem segir að þetta sé grundvallarbreyting varðandi fiskveiðistjórnarkerfið. Ég vil gjarnan fá eina skoðun frá hæstv. ríkisstjórn varðandi þetta mál því að enn og aftur undirstrikar þetta það að frumvarpið gerir ekkert annað en að auka á réttaróvissu. Það er ekki okkar hlutverk hér að auka réttaróvissu og færa löggjafarvaldið inn í dómsalina, það er nóg komið af slíku. Er ekki verið að tala um virðingu þingsins? Eigum við ekki að hafa löggjafarvaldið hér inni og segja skýrt hvað við meinum þegar við setjum fram breytingar á stjórnarskrá eða annarri löggjöf? Það verður að vera skýrt. Þetta er ekkert annað en hringlandaháttur eins og kom fram í einni umsögninni varðandi lagasetninguna.

Ég vil líka vitna í það sem Þorsteinn Pálsson, sem er margreyndur á þessu sviði, sagði m.a. varðandi auðlindaákvæðið, með leyfi forseta:

„Eitt helsta atriðið við stjórnarskrársmíð er að forðast óljósar stefnuyfirlýsingar sem dómstólar verða síðar meir að gefa efnislegt innihald. Auðlindaákvæðið í tillögu forsætisráðherra er þessu marki brennt. Með loðnu orðalagi og óskýrri hugtakanotkun er vald flutt frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum fólksins inn í dómsalina. Það er öfugþróun sem veikir löggjafarvaldið.“

Erum við ekki að reyna að styrkja þingið? Það er ekki bara það að stjórnlagaþingið sé að rýra valdmörk þingsins, rýra verksvið okkar hér á þingi, auðlindaákvæðið í stjórnarskrárfrumvarpinu gerir það líka.

Áfram heldur Þorsteinn Pálsson:

„Fram til þessa hefur Samfylkingin gert kröfu til þess að stjórnarskráin hafi að geyma skyldu til að skattleggja auðlindanýtingu. Þetta á rætur í áliti auðlindanefndar frá því í byrjun aldarinnar. Nú söðlar forsætisráðherra um og fellur frá þessari kröfu. Ástæða er til að fagna þeim umskiptum. Líklega hefði stjórnarskrárnefnd lokið störfum á nokkrum mánuðum fyrir þremur árum ef Samfylkingin hefði þá þegar verið tilbúin til þessarar stefnubreytingar. Hún er einnig skýr vísbending um að Alþingi geti á stuttum tíma náð saman um heildstæðar breytingar á stjórnarskránni ef ríkisstjórnin er reiðubúin til að gefa þessu þingi eða því næsta eðlilegt svigrúm til málefnalegrar umfjöllunar.“

Eðlilegt svigrúm, það er það sem við sjálfstæðismenn höfum beðið um. Breytum stjórnarskránni, breytum 79. gr. stjórnarskrárinnar, sem er risaskref vel að merkja. Það er í rauninni sú grein sem hefur staðið í vegi fyrir því að ákveðnum breytingum hefur ekki verið hægt að fylgja jafnhratt úr hlaði með víðtækri sátt og raun ber vitni af því að það hefur alltaf þurft kosningar á milli. Þetta er því stórt skref og mikið og þingið hefði að öllu jöfnu, ef þetta ákvæði hefði verið samþykkt hefðum við getað verið farin af stað í það að breyta stjórnarskránni undir eðlilegum formerkjum, þ.e. í víðtækri sátt, strax að nokkrum vikum liðnum. Þetta vill ekki Samfylkingin, þetta vilja ekki Vinstri grænir, þetta vilja ekki framsóknarmenn eða frjálslyndir, þeir vilja breyta stjórnarskránni í pólitíska skiptimynt, í pólitískt átakaskjal og það er sorglegt.

Stjórnarskráin á að lifa okkur öll hér inni. Fyrst hv. þm. Álfheiður Ingadóttir er komin í salinn þá eiga allir að vita það að stjórnarskráin er merkilegri en við öll hér inni og það á ekki að hafa hana að einhverri skiptimynt. Það er sorglegt að upplifa það að fólk skuli fylkja sér í kringum slíka leið.

Breyting á 79. gr. hefði verið mjög mikilvægt og stórt skref. Við hefðum á endanum alltaf farið með valdið til þjóðarinnar, breytt stjórnarskránni í sátt hér á þingi og farið síðan með valdið til þjóðarinnar. Það er það sem við viljum.

Stjórnlagaþingið, eins og það er sett fram, er náttúrlega algjörlega kostulegt. Eins og margoft hefur komið fram er þetta þriðja útgáfan og ég spyr: Hvernig gæti þetta þróast ef við sitjum hér kannski fram til 24. apríl, hvaða útgáfu ræðum við þá? Erum við þá að ræða sjöttu eða sjöundu útgáfuna af … (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Eins og hv. þingmaður hefur tekið eftir hefur klukkan verið að hlaupa fram og til baka. Nú sýnir hún að það séu átta mínútur eftir, en það eru, hv. þingmaður, ekki nema svona fimm mínútur eftir.)

Ég þakka fyrir þessar upplýsingar.

Stjórnlagaþingið er því greinilega ekki fullmótað. Fyrst eru settar fram einhverjar tillögur um að það kunni hugsanlega að kosta 300 milljónir. Síðan er ljóst eftir útreikninga fjármálaráðuneytisins að það hleypur á 2,2 milljörðum, það muni kosta hátt í þrjá milljarða. Þá fer kuldahrollur um framsóknarmenn og þeir átta sig á að þetta er ekki alveg nógu vel hugsað og reyna að setja fram stjórnlagaþing, aðra eða þriðju útgáfuna, ég man ekki hvaða útgáfa það var, og reyna að gera það aðeins rýrara í roðinu þannig að það kosti ekki nema um hálfan milljarð. Enginn hefur enn þá svarað mér því hvaðan eigi að taka þá peninga. Það hefur almennt enginn á vegum ríkisstjórnarinnar svarað okkur sjálfstæðismönnum hvar menn ætli að bera niður varðandi hagræðingu í ríkisútgjöldum. Eða ætlar forsætisráðherra t.d. að leyfa félagsmálaráðherra að taka ekki þátt í hagræðingu á ríkisútgjöldum eins og hæstv. forsætisráðherra gerði á sínum tíma sem félags- og tryggingamálaráðherra? Það verða allir að bera þá ábyrgð að hagræða í ríkisrekstri, allir, það getur enginn hlaupist undan merkjum.

Það er ljóst að stefna okkar sjálfstæðismanna er sú að við teljum að við eigum að skoða allar leiðir áður en við setjum nýjar álögur eða meiri álögur á fólkið í landinu, fyrirtækin í landinu, og við viljum alls ekki nýja skatta undir nýjum formerkjum. En þetta fáum við ekki að ræða af því

að við erum að ræða stjórnarskrána. Við fáum ekki að ræða atvinnumálin, við fáum ekki að ræða ríkisfjármálin. Við fáum ekki að ræða verðtrygginguna nema kannski í einhverri hálftíma utandagskrárumræðu. Við fáum ekkert að ræða hér. Við viljum gjarnan ræða stjórnarskrána en við verðum í dag að forgangsraða í þágu atvinnulífsins og heimilanna. Það vill ríkisstjórnin sem greinilega hefur dagskrárvaldið á þinginu ekki gera og forseti þingsins hefur ekki rod í framkvæmdarvaldið og gerir bara eins og honum er sagt að gera.

Það hefur margt kostulegt verið sagt um stjórnlagaþingið og ég vil gjarnan vitna í það sem m.a. hv. þm. Kristrún Heimisdóttir hefur sagt, með leyfi forseta:

„Það er verið að tala um að þetta sé kosning, þannig að þetta er þá fulltrúalýðræði, eins konar, sem á að gilda þannig að menn eiga bara að treysta vini, svo ég noti þetta orðalag sem menn eru með þarna í veflýðræðinu og minnir dálítið mikið á fræga spurningaþætti þar sem menn eru beðnir um að hringja í vin ef þeir hafa ekki svar, en þetta snýst ekkert um að treysta vini. Sko, ef Íslendingar hafa lært eitthvað," segir Kristrún Heimisdóttir, „þá þurfa þeir að byggja upp eigin dómgreind en ekki treysta einhverjum öðrum. Þetta snýst um það og þess vegna er þessi menntun og uppbygging svona mikilvæg."

Síðan heldur hún áfram:

„Sko, kosningin verður þannig" — þ.e. til stjórnlagaþingsins — „að þetta verði þá fulltrúar einhverra hópa, einhverra hagsmunahópa, einhverra sem eru talsmenn einhverra tiltekinna hugmynda sem maður gæti óttast að yrði svona frekar einfaldað vegna þess að þetta væri svona kosningabarátta sem byggðist með hefðbundnum hætti á slagorðum og einhverjum einföldunum, einföldum línum. Sem sagt, við erum, í staðinn fyrir að endurnýja stjórnmálahefðina þá óttast ég að við séum að falla í þá gryfju að beita neikvæðum eiginleikum stjórnmálahefðar okkar, eða veikleikum, til að skapa eitthvað sem ég óttast mjög að muni ekki skila miklum breytingum eða árangri, þ.e. þetta stjórnlagaþing ef það verður gert með þessum hætti."

Þetta segir flokkssystir hæstv. forsætisráðherra. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra hvaða álit hún hafi á skoðun Kristrúnar Heimisdóttur, sem er lögfræðingur og er mjög víðlesin í þessum fræðum.

Ég vil einnig spyrja hæstv. forsætisráðherra hvaða skoðun hún hafi á ummælum Ragnhildar Helgadóttur sem segir m.a., með leyfi forseta:

(**Forseti** (ÞBack)**:** Hálf mínúta eftir.)

„Ævar Kjartansson segir við Ragnhildi Helgadóttur: Þér finnst að við ættum að breyta stjórnarskránni hægt og rólega, lenda ekki í því í einhverri panik, af því að við erum búin að klúðra svo mörgu að það er nú best að rjúka í að reyna að draga sjálfan sig upp á hárinu með því að breyta, efna til stjórnlagaþings sem er í raun ekkert sérstakt, neitt svona, í ljósi nýliðinnar þróunar. Það er náttúrlega engin ástæða til að halda að allt í einu rísi upp 41 snillingur á Íslandi."

Ragnhildur Helgadóttir svarar:

„Þetta ber vott um að það sé verið að henda barninu út með baðvatninu. Bara baðvatnið er skítugt og þá hendum við því — og barninu, þ.e. stjórnarskránni, bara með."

Það eru ekki bara við sjálfstæðismenn — (Forseti hringir.) því að ég veit að forsætisráðherra hlustar ekkert á okkur sjálfstæðismenn en ég bið hana að hlusta á þá málsmetandi aðila sem hafa verið að tjá sig um þessar breytingar á stjórnarskránni, ég bið hana að hlusta á þá aðila (Forseti hringir.) og hugsa um að stjórnarskráin er miklu mikilvægari en núverandi ríkisstjórn, en núverandi stjórnarandstaða. (Forseti hringir.) Stjórnarskráin er miklu mikilvægari en svo að við séum að hafa hana að einhverjum leiksoppi á borði stjórnmálanna.

[23:42]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa furðu minni á sumu því sem fram kom í ræðu hv. þingmanns. Mér finnst að hún hafi sett fram órökstuddar fullyrðingar og á köflum var hv. þingmaður með málflutning sem ekki er hægt að flokka undir annað en dylgjur og ósannindi. Hvernig getur hv. þingmaður rökstutt það að sú sem hér stendur og við sem flytjum þetta frumvarp séum að ráðast að stjórnarskránni, ráðast á Alþingi til að geta setið við völd? Hvað meinar hv. þingmaður? Hvað meinar hv. þingmaður með því að segja að Samfylkingin tali ekki við neinn nema hann sé sammála forustunni? Þetta er alrangt hjá hv. þingmanni og ég bið hana að rökstyðja það sem hún segir um að við séum að fórna stjórnarskránni á altari pólitískra hagsmuna. Hvað meinar hv. þingmaður með því þegar hún segir að hér sé verið að breyta um vinnubrögð og traðka á lýðræðinu? Við erum að auka lýðræðið, auka þátttökurétt fólksins. Við erum að koma á lýðræðisumbótum. Ég minni á það sem stendur í áliti meiri hlutans þar sem segir orðrétt:

„Meiri hlutinn bendir í þessu sambandi á að vinna við endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur staðið nánast óslitið yfir frá lýðveldisstofnun árið 1944 með takmörkuðum árangri."

Það er kannski ástæða þess að við flytjum þetta mál að það gengur hvorki né rekur að ná fram breytingum á stjórnarskránni.

Síðan kórónar hv. þingmaður þetta með einhverjum dylgjum um að sú sem hér stendur hafi ekki staðið sig og komið sér hjá og hlaupist frá niðurskurði sem félagsmálaráðherra í tíð síðustu ríkisstjórnar. Ég mótmæli þessu. Sú sem hér stendur stóð að niðurskurði með alveg sama hætti og aðrir og sparaði ekki síður en hæstv. fyrrverandi menntamálaráðherra þannig að það sem hv. þingmaður setur hér fram á margan hátt er dylgjur og órökstuddar fullyrðingar.

Síðan segir hv. þingmaður að stjórnlagaþing hafi ekki verið rætt hér áður. Sú sem hér stendur flutti frumvarp um breytingu á stjórnarskránni um að efnt skyldi til stjórnlagaþings og hvernig að því skyldi staðið. Síðan í lokin vil ég segja að meiri hlutinn vann vinnu sína vel. Ég þakka meiri hlutanum fyrir þá vinnu sem var unnin í nefndinni vegna þess að hún var fín. Það var tekið á margan hátt tillit til þess sem fram hefur komið í málflutningi sjálfstæðismanna, í þremur atriðum (Forseti hringir.) af þeim fjórum sem voru sett fram er um að ræða breytingar. (Gripið fram í.)

[23:45]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra af hverju hún hlusti ekki á alla umsagnaraðila sem hafa talað um skamman fyrirvara og um óvandaðan undirbúning. Af hverju á ekki að ræða málið betur? Ég veit alveg að hæstv. forsætisráðherra vill ekki hlusta á okkur sjálfstæðismenn. En af hverju hlustar hún þá ekki á alla umsagnaraðilana? (**PHB:** Þjóðina.) Þjóðina, já, Sigurð Líndal, Ragnhildi Helgadóttur, Kristrúnu Heimisdóttur. Þetta er fólk sem er ekki hægt að hlusta á núna af því að það hentar ekki. Þess vegna segi ég að pólitískur hentugleiki sé við lýði. Það er hægt að gagnrýna okkur sjálfstæðismenn fyrir margt á 18 árum en ég ítreka að við höfðum forustu í ríkisstjórn þegar stjórnarskránni var breytt þrisvar sinnum. Það er á ábyrgð forsætisráðherra að kalla alla stjórnmálaflokka saman. Það er ekki bara eins og ég segi upp á punt að vera forsætisráðherra. Það er á ábyrgð forsætisráðherra að kalla alla stjórnmálaflokka saman til að ná sátt um stjórnarskrána sem er mikilvægari en allir stjórnmálaflokkar og allir stjórnmálaforingjar. (**Gripið fram í:** Sáttasemjari.) Já, forsætisráðherra á einmitt að vera sáttasemjari. Við náðum að breyta þremur mikilvægum köflum í stjórnarskránni 1991, 1995, víðtæk sátt í samfélaginu, og síðan 1999. En hvað gerist? Þess vegna tala ég um að Samfylkingin hefur galað og gólað í mörg ár um að breyta vinnubrögðum. Það þarf að breyta hugsunarhætti, hugarfari — og hvað gerist svo þegar hún fær embætti forsætisráðherra? Þá er traðkað á stjórnarskránni, öllum vinnubrögðum og öllu vinnulagi breytt og engu samkomulagi náð varðandi stjórnarskrána. Við sjálfstæðismenn erum búin að margítreka að við viljum ná samkomulagi, við viljum breyta stjórnarskránni, við viljum efna til þjóðaratkvæðagreiðslu, við viljum ná almennum lögum um þjóðaratkvæðagreiðslu. Við viljum ræða þessi mál. En það er bara út af því að mönnum finnst smart að traðka í leiðinni á Sjálfstæðisflokknum. Gott og vel, (Forseti hringir.) við kveinkum okkur ekkert undan því en það er bara ekki í boði þegar við erum að ræða stjórnarskrána. Ný og breytt vinnubrögð, (Forseti hringir.) segið mér eitthvað annað.

[23:47]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður heldur því fram að sú sem hér stendur hlusti ekki á þjóðina. Kannski er það nákvæmlega það sem við erum að gera hér, sú sem hér stendur og við í meiri hlutanum, þessir fjórir flokkar sem standa að þessari stjórnarskrárbreytingu. Við erum að hlusta á þjóðina. (**PHB:** Hvar er …?) Hún hefur margoft kallað eftir því að fá lýðræðisumbætur í formi þess (**Gripið fram í:** Þjóðaratkvæðagreiðslu?) að hér verði sett ákvæði í stjórnarskrána sem heimili þjóðinni að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. (**PHB:** Það eru allir sammála því.) (**Gripið fram í:** Nei, ekki Björn Bjarnason.) Er Sjálfstæðisflokkurinn sammála því? Það er þá nýbreytni. Hve oft hefur ekki verið kallað eftir því að auðlindirnar séu í þjóðareign? Það hefur margítrekað verið fjallað um það í stjórnarskrárnefndum sem hafa setið lengi að störfum (Gripið fram í.) án þess að ná niðurstöðu. Það er alveg hárrétt sem segir í nefndaráliti meiri hlutans að margar tilraunir hafa verið gerðar frá lýðveldisstofnun til að breyta stjórnarskránni með takmörkuðum árangri. (**Gripið fram í:** … hvert árið til að gera það.) Í þeim ákvæðum sem hér eru sett fram höfum við komið til móts við Sjálfstæðisflokkinn, það er ekki hægt að neita því. Við getum farið yfir það lið fyrir lið. (Gripið fram í.) Auðlindaákvæðinu var breytt í nefndinni. Líka var því ákvæði er varðar þjóðaratkvæðagreiðsluna breytt til að koma til móts við Sjálfstæðisflokkinn og stjórnlagaþinginu var breytt til að koma til móts við Sjálfstæðisflokkinn.

Svo er talað um að við hlustum ekki neitt á það sem Sjálfstæðisflokkurinn segir í þessu efni. Meiri hluti nefndarinnar hefur sannarlega gert það. En ég tók eftir því að hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir reyndi í engu að afsanna það sem ég sagði, hún fór með dylgjur í mörgum efnum sem henni er ekki samboðið að gera. Ég virði Þorgerði Katrínu um margt fyrir störf hennar sem þingmaður og ráðherra gegnum tíðina. Hún hefur oft og iðulega verið málefnaleg en hún var á margan hátt (Forseti hringir.) ekki málefnaleg í ræðu sinni áðan.

[23:50]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eftir að hafa heyrt hæstv. forsætisráðherra í stuttu andsvari er alveg ljóst að hæstv. forsætisráðherra verður að vera við umræðuna. Hæstv. forsætisráðherra verður á morgun að vera við alla umræðuna þannig að hæstv. forsætisráðherra fái þar sjónarmið okkar sjálfstæðismanna sem annarra þegar þeir tjá sig um breytingar á stjórnarskránni.

Varðandi dylgjur, ég sagði sérstaklega í ræðu minni að það væri margt sem ég virti í störfum hæstv. forsætisráðherra í gegnum tíðina sem þingmanns en mér væri algerlega misboðið hvernig þingreyndasti maðurinn okkar setti mál sitt fram. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr er verið að traðka á stjórnarskránni. Það er verið að svipta Alþingi því hlutverki að vera stjórnarskrárgjafi. Af hverju var ekki einu sinni rætt um þetta í síðustu ríkisstjórn? Af hverju minntist ekki einn Íslendingur í umsögnum sínum til stjórnarskrárnefndar sem var starfandi í nokkur ár á stjórnlagaþing? Þetta er einhver tækifærishugmynd sem sprettur núna á síðustu vikum til að halda framsóknarmönnum við efnið. Segjum hlutina eins og þeir eru. Þetta er ekkert annað en dúsa upp í Framsókn. Við skulum koma með ykkur í það að auðvelda breytingar á stjórnarskrá þannig að það verði til farsældar fyrir þjóðina. Við skulum efna til stjórnlagaþings sem verður ráðgefandi, tekur ekki hlutverkið af Alþingi. Fáum þjóðina með okkur í lið. Við erum öll sammála um þetta. Gerum þetta saman, notum ekki stjórnarskrána sem eitthvert pólitískt hentugleikaplagg. Gerum þetta saman, hæstv. forsætisráðherra. Ég skora á þig að gera það.

[23:52]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Nú hefur það gerst í umræðunni að hæstv. forsætisráðherra tekur þátt í ræðuhöldum og það kemur í ljós að hæstv. forsætisráðherra hefur ekkert fylgst með því sem hefur gerst og hefur ekkert verið upplýst um

það hvað við sjálfstæðismenn höfum talað um í þessari umræðu. Þess vegna er algerlega augljóst, hæstv. forseti, að það verður að fresta þessari umræðu þannig að forsætisráðherra fái tíma og næði til að kynna sér um hvað hefur verið rætt í þinginu.

Það var alveg augljóst að forsætisráðherra kom af fjöllum. Við getum ekki sætt okkur við það að 1. flutningsmaður fylgist ekki með því sem við erum að tefla fram til breytinga, þeim hugmyndum sem eru settar fram til sátta. Við getum ekki sætt okkur við það. Þess vegna verður hæstv. forseti að fresta þessari umræðu þannig að forsætisráðherra gefist tími og tóm til að kynna sér málið.

[23:53]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Það er mjög ánægjulegt að 1. flutningsmaður málsins, hæstv. forsætisráðherra, er mættur á svæðið svo við getum fengið viðbrögð hans við umræðunni. En ég ætla að ræða um annað, ég hef beðið um að þessari umræðu yrði frestað þannig að við gætum farið að ræða um mál sem skipta þjóðina máli, álver í Helguvík, gefa þjóðinni von um að atvinna aukist o.s.frv. sem er einmitt það sem hæstv. forsætisráðherra hefur lagt áherslu á, a.m.k. meðan hún var félagsmálaráðherra, að gefa fólkinu von og færa því atvinnu.

Þá kemur upp sá vandi að á dagskrá eru nokkur mál þar sem ég er með fyrirvara, frú forseti, t.d. á ég eftir að skrifa nefndarálit um endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja. Mér hefur ekki unnist tími til þess út af þessari umræðu. Þá ætla ég að biðja um að þeirri umræðu verði frestað, endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja. Nú spyr ég frú forseta: Eru líkur til að það gerist einhvern tíma í nótt, fyrir klukkan 6 eða 7, að þessi mál komi á dagskrá?

[23:54]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegur forseti. Ég kem upp til að taka svo sannarlega undir það sjónarmið sem hv. þm. Sturla Böðvarsson hélt fram rétt í þessu. Það er algjörlega augljóst að hæstv. forsætisráðherra hefur ekki bara verið fjarri umræðunni hérna. Hún hefur líka greinilega sleppt því að lesa umsagnir hinna fjölmörgu umsagnaraðila um þetta ágæta mál (**PHB:** Þjóðarinnar.) fyrst hún bregst við eins og hún gerði í andsvari við hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Ég tek undir það með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að það er algjörlega nauðsynlegt að þessari umræðu verði frestað hið snarasta og ég óska eftir því að hæstv. forsætisráðherra nýti tímann þar til í fyrramálið og setjist við þann góða tækjakost sem Alþingi býður upp á og fari yfir þær fjölmörgu ræður okkar sjálfstæðismanna sem höfum flutt vegna þess að þá væri mun auðveldara að eiga (Forseti hringir.) skoðanaskipti úr þessum ræðustól.

[23:56]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég vona að frú forseti hlusti á það sem ég er að segja vegna þess að ég spurði áðan spurningar. Ef svo skyldi vilja til að forseti færi að óskum þingmanna Sjálfstæðisflokksins, frestaði umræðu um þetta mál og tæki önnur mál fyrir, t.d. mál sem varða atvinnu þjóðarinnar, von til hennar, mál um að gefa þjóðinni von með álverið í Helguvík, er ég í þeirri stöðu að t.d. mál nr. 3 á dagskrá, um tekjuskatt, varðar vaxtabætur. Því var gjörbreytt í nefndinni og ég fullyrði að það er nýtt mál. Ég lét bóka í nefndinni að ég hefði athugasemdir við það að málinu hefði verið gjörbreytt. Ég þarf að vera með fyrirvara um þetta, frú forseti.

Síðan er málið um endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja. Þar á ég eftir að skrifa nefndarálit og þarf að biðja um frestun. Þá er það um fjármálafyrirtæki, um slit bankanna. Það liggur ekki lítið á að koma því í gegn. Svo eru breytingar á ýmsum lögum sem varða fjármálamarkaðinn. Það fjallar um litla manninn sem getur fengið uppgjöf saka ef hann segir frá því sem hann verður vitni að.

[23:57]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég tek undir kröfu þeirra sjálfstæðismanna sem hér hafa talað, sérstaklega sem hv. þm. Sturla Böðvarsson benti á. Það er greinilegt og kom raunar fram í andsvari hæstv. forsætisráðherra eftir ræðu mína í hádegisbilinu að hún hafði ekki kynnt sér málflutninginn. Þar hélt hún fram því sama og hér hefur komið fram, að breytingartillögur meiri hlutans væru viðbrögð við athugasemd Sjálfstæðisflokksins. Ég benti henni þá á að kynna sér það sem þar kom fram en það virðist sem hún hafi ekki haft tóm til þess í dag enda kannski að sinna öðru. Ég benti henni á að þetta hefðu ekki verið viðbrögð við okkar athugasemdum. Þetta voru viðbrögð við lélegri vinnu og þeirri hrákasmíð sem frumvarpið er.

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt um að hæstv. forsætisráðherra fái tíma (Forseti hringir.) til að kíkja á það sem við höfum verið að segja.

[23:59]

Herdís Þórðardóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir með félögum mínum í Sjálfstæðisflokknum, ég tel tímabært að þessum fundi sé frestað, að við förum heim og fáum að hvíla okkur. Við erum þriðja kvöldið í röð (**PHB:** Fjórða.) fram undir miðja nótt. (**Gripið fram í:** Fjórða.) Fjórða? Við þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem töluðum í stjórnarskrármálinu í gærkvöldi máttum horfa á þá stjórnarliða sem sátu í þingsal dotta undir ræðum okkar. Þess vegna segi ég að mér finnst það ekki samboðið virðingu Alþingis og okkar þingmanna sem sitjum á Alþingi Íslendinga að almenningur í landinu fái ekki að heyra ræður okkar (Gripið fram í.) og hvað við höfum til málanna að leggja í sambandi við stjórnarskrá Íslands sem meiri hlutinn ætlar að leggja fram breytingartillögur við. Ég tek undir (Forseti hringir.) að mér finnst að hæstv. forsætisráðherra hefði átt að kynna sér betur þær breytingartillögur sem eru í umsögnum með þessu frumvarpi.

[00:00]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Rétt í þann mund sem ég stíg í þennan ræðustól á virðulegustu stofnun landsins, Alþingi, er klukk-

an að slá tólf á miðnætti. Það er kominn laugardagur og þingfundur er boðaður í fyrramálið klukkan hálfellefu þannig að nú er mál að linni og við tölum og sýnum þjóðinni og stjórnarskránni þá virðingu að halda áfram þessari umræðu um stjórnarskrána í fyrramálið í björtu þannig að þjóðin geti fylgst með og hlustað á hvað við höfum fram að færa.

Ég er mjög ánægður með það að hæstv. forsætisráðherra skuli sýna þinginu þá virðingu að koma hér og vera viðstödd umræðuna og vænti þess að hún muni halda því áfram og vera viðstödd umræðuna á morgun.

En ég ítreka, virðulegi forseti, að þar sem kominn er laugardagur finnst mér miklu skipta að við sýnum þjóðinni, þinginu og stjórnarskránni þá virðingu að slíta hér fundi þar sem fundur er boðaður (Forseti hringir.) strax í fyrramálið.

[00:02]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegur forseti. Eins og ítrekað hefur komið fram hjá okkur sjálfstæðismönnum þá þyrstir okkur, og ekki bara okkur heldur þjóðina alla, í það að við förum að ræða málin sem skipta máli. Við viljum ræða atvinnumálin. Við viljum ræða málin sem snerta hag heimila og fyrirtækja í landinu. Við viljum ræða fjárfestingarsamninginn um Helguvík. Við viljum ræða þau mál sem skipta máli.

Nú upplýstist það að hæstv. forsætisráðherra hefur greinilega ekki náð eða haft tækifæri til að kynna sér umsagnir. Þó svo að hún kynni sér ekki ræður okkar sjálfstæðismanna þá er algerlega ljóst miðað við hvernig hún talaði hér áðan að hún hefur ekki náð að kynna sér í þaula þær umsagnir sem borist hafa með þessu frumvarpi. Þannig að ég legg til að fundi verði slitið, dagskrá fundarins sem búið er að boða í fyrramálið verði breytt og við förum að ræða atvinnumálin og gefum hæstv. forsætisráðherra tækifæri til þess að kynna sér þessi mál betur.

[00:03]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég tek í fyrsta lagi undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. Ég held að það væri öllum til góðs ef hæstv. forseti færi að tillögum hennar.

En ég tel líka nauðsynlegt nú þegar klukkan er orðin fimm mínútur gengin í eitt að hæstv. forseti geri grein fyrir því hversu lengi hann hyggst halda fundi áfram. Við erum í þeirri stöðu að hér hafa verið kvöld- og næturfundir alla vikuna. Svo er enn í kvöld. Ég verð að viðurkenna að þótt ég telji það ekki eftir mér að taka þátt í þingstörfum og þar á meðal umræðum um stjórnarskrármál þegar svo ber undir þá tel ég að hæstv. forseti geti gert okkur grein fyrir því hversu lengi fundurinn mun standa hér í kvöld.

[00:04]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill vekja athygli á því að langt er síðan hann vakti athygli á að hann ætlaði að reyna að ná fjórum ræðum fyrir lok dagsins. Það hefur tekist að teygja það með því að ræða fundarstjórn forseta sem nemur heilum ræðutíma. Nú liggur það þannig fyrir að hér er hv. þm. Herdís Þórðardóttir næst á mælendaskrá og ég hugsa mér að hún fái að flytja sína ræðu, hún situr hér og hefur beðið allan daginn. Að því loknu munum við hætta, þannig að það sé ljóst þingmönnum.

Forseti veit ekki hvort hægt er að svara þessu mikið skýrar. Það hefur legið fyrir í tvo tíma hvernig við ætlum að haga fundarhaldi í kvöld. En greinilegt er að þingmenn fylgjast ekki alveg nógu vel með því sem hefur verið gefið hér út af forsetastóli, svo það komi fram. Það var rætt við hv. formann þingflokks fyrr í kvöld um með hvaða hætti þetta ætti að vera og því svarað úr forsetastól þegar forseti var þar síðast.

[00:05]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka forseta fyrir mjög góða fundarstjórn að mörgu leyti. Það sem ég hef haft út á hana að setja er það að við hv. þingmenn fáum ekki upplýsingar um það fyrir fram, þ.e. í upphafi þingfundar, með hvaða hætti og hvenær eigi að ljúka þingfundi og ég hefði helst óskað eftir því að við fengjum upplýsingar um það. Við vitum að þingfundur hefst hér í fyrramálið klukkan hálfellefu. Gott væri ef við fengjum upplýsingar um það hvenær meiningin er að ljúka þingfundi á morgun.

Þetta hefur þýðingu fyrir fólk varðandi skipulag á því sem það vill gera og þeim hlutum sem það vill gera í frítíma sínum eða til að sinna fjölskyldu sinni. Þannig að mér finnst miklu skipta að við fáum upplýsingar. Við erum að keyra inn í helgina. Fram undan er pálmasunnudagur.

Ég fer því fram á það við virðulegan forseta að hann geri okkur grein fyrir því með hvaða hætti meiningin sé að haga þinghaldi hér á morgun Við vitum hvenær hann ætlar að ljúka því núna og ég þakka virðulegum forseta fyrir að verða við tilmælum okkar að nokkru. Ég hefði helst viljað (Forseti hringir.) að fundi yrði slitið núna en óska (Forseti hringir.) eftir að fá upplýsingar um hvernig haga á þinghaldi á morgun.

[00:06]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill vekja athygli á því að ítrekað hefur komið fram að hér eru fundir skipulagðir með formönnum þingflokka. Við hittumst síðast í hádeginu og hittumst í hádeginu á morgun. Þar hefur komið fram að við ætlum að vera fram yfir miðnætti. Það lá fyrir og nú liggur fyrir hvenær við ætlum að hætta í kvöld. Á morgun hættum við einhvern tíma um fimmleytið, plús/mínus.

En forseti verður hreinskilnislega að segja að framgangur á 26 manna mælendaskrá er afar hægur og stefnir í að hér verði þing allt fram til 23. apríl ef svo fer fram sem horfir. Það verður þá bara að skoðast í því samhengi. Það er einlægur vilji forseta að ljúka þinginu sem fyrst. En ekki er hægt að hafa af mönnum tækifæri til að ræða mál og verður að bera virðingu fyrir því að hér eru margir sem vilja taka til máls.

[00:07]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir að við skulum nú

upplýst um það að við verðum ekki hér nema til um það vil fimm á morgun, plús/mínus, og vona að það sé ekki plús/mínus margir klukkutímar. Ég vona að ég sé ekki að sýna hæstv. forseta eða embætti hans neina óvirðingu með því að leyfa mér að gera athugasemd við það að hann haldi því fram að hann reyni að halda hér á málum þannig að hann flýti þinghaldinu.

Honum hefur margsinnis verið bent á það með hvaða hætti hann getur flýtt þinghaldinu. Talað hefur verið um það að við erum tilbúin til að fresta þessari umræðu og hleypa fram málum sem við teljum vera þjóðhagslega nauðsynleg og teljum að þjóðin bíði eftir að séu rædd hérna. Ekki það að ég ætli að gera lítið úr stjórnarskránni en við hins vegar erum í þessari umræðu um stjórnarskrána af því að hér er minni hlutanum sýnd alger lítilsvirðing. Svo kallar hæstv. forsætisráðherra það að hann sé að koma hér á lýðræðisumbótum og það eru lýðræðisumbætur (Forseti hringir.) sem er komið fram með því offorsi (Forseti hringir.) sem hér um ræðir.

[00:09]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Þá er vonandi komið að síðustu ræðu dagsins. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Frumvarpið er hér til 2. umr. og við höfum fjallað um stjórnlagaþing í fleiri klukkustundir, alveg frá því í gær. Þeir sem fara með völdin hér á Alþingi Íslendinga geta ekki unnt okkur sjálfstæðismönnum þess að hafa skoðun á málunum eins og sést í þessari umræðu um stjórnarskrármálið og hefur rækilega komið fram í máli stjórnarliða. Það virðist vera synd og skömm ef við höfum skoðun á málunum en stjórnarflokkarnir ákváðu að fara fram með þetta mál og sniðganga þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þess flokks sem hefur flesta þingmenn á Alþingi Íslendinga. Þetta eru makalaus vinnubrögð.

Það frumvarp sem hér er til 2. umr. er um breytingar á grundvallarlögum lýðveldisins, sjálfri stjórnarskrá Íslands. Í dag er 3. apríl og rétt rúmar þrjár vikur eru til kosninga og inn í þessar vikur kemur páskavikan svo að þingmönnum gefst lítið tækifæri til að fara út í kjördæmin sín og hitta kjósendur fyrir komandi kosningar en það vill svo vel til að það býr fólk úti á landi. (**Gripið fram í:** Enn þá.) Fólk býr ekki bara á Stór-Reykjavíkursvæðinu — ég held að þeir sem stjórna hér ættu að fara að gera sér grein fyrir því — svo að við tölum nú ekki um færð á vegum eins og tíðarfarið er. Við þurfum ekki annað en að hlusta á veðurspána en eftir helgina er gert ráð fyrir að það fari að kólna og verði meiri norðanátt. Tíðarfarið hefur verið slæmt, á Norðurlandi, Austurlandi og Vesturlandi, og þeir landsbyggðarþingmenn sem eiga að fara í kosningabaráttuna hafa ekki mikinn tíma til að búa sig undir það.

Ríkisstjórnin ákvað um mánaðamótin janúar/febrúar, eða um leið og hún tók við völdum, að beita sér fyrir breytingum á nokkrum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Það voru ríkisstjórnarflokkarnir, eða minnihlutastjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, sem ákvað að gera það. Sömdu við Framsókn um tiltekið atriði í þessu sambandi, sem við vitum náttúrlega öll hvað er, þ.e. að koma á stjórnlagaþingi. Síðan fengu þeir Frjálslynda flokkinn í lið með sér.

Hæstv. forseti. Snemma í febrúar var settur á fót ráðgjafahópur þriggja manna til að undirbúa og útfæra tillögur sem ríkisstjórnin var búin að leggja fram. Minni hlutinn átti ekki fulltrúa í þeim þriggja manna hópi. Hópurinn skilaði endanlegum tillögum í lok febrúar og í byrjun mars var frumvarpið lagt fram á Alþingi, eða 6. mars sl. Nú hefur það verið í meðförum Alþingis í rúmar þrjár vikur og kvarta stjórnarflokkarnir og þeir sem fylgja þeim að málum, Framsóknarflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn, mjög yfir því að við sjálfstæðismenn séum að tefja meðferð þessa máls eins og fram kom í máli hv. þm. Helgu Sigrúnar Harðardóttur í umræðunum í gær. Hún talaði um að við sjálfstæðismenn mundum rövla og að fýlan mundi leka af okkur og að við séum að setja upp leikrit. Þessi orð dæma sig sjálf.

Við sjálfstæðismenn erum jafnmikilvæg í umræðunni og aðrir þingmenn hér á hinu háa Alþingi. Ég vil að það komi skýrt fram, hæstv. forseti, að við tökum þó þátt í umræðunni um stjórnarskipulag þingsins og um stjórnarskrána sem hinir flokkarnir hafa takmarkaðan áhuga á. Það gleymist hins vegar oft í þeirri umræðu að áform stjórnarflokkanna um breytingar nú ganga út á það að keyra málið í gegn með miklu skemmri aðdraganda og undirbúningi en nokkru sinni fyrr og án pólitísks samráðs auk þess sem afar skammur tími er til málsmeðferðar í þinginu.

Alla tíð hefur mikil áhersla verið lögð á það að ná víðtækri sátt um málið og að fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna komi að undirbúningi og breytingum á stjórnarskrá Íslands, en eins og við þingmenn höfum orðið varir við hefur það ekki verið í þessu tilfelli. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið sniðgenginn frá byrjun. Það er því mjög athyglisvert, virðulegi forseti, sem fram kom í máli hv. þm. Daggar Pálsdóttur hér í umræðunni í hádeginu í dag. Það var miður að aðeins tveir úr stjórnarliðinu voru hér í þingsal þegar hv. þingmaður fór yfir afstöðu þingmanna Vinstri grænna hér á hinu háa Alþingi vorið 2007 en þá voru þessir flokkar í minni hluta. Þá voru til umræðna breytingar á stjórnarskránni. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn ætluðu að knýja fram breytingar á stjórnarskránni. Þá vildi svo vel til að sá meiri hluti sem var þar við völd hlustaði á minni hlutann. Við sáum þá að Sjálfstæðisflokkurinn tekur tillit til skoðana annarra.

Ég segi því, hæstv. forseti: Þetta sýnir áhuga þeirra flokka sem eru hér við völd núna, eru þeir komnir í kosningabaráttu eða hvar eru þeir? Ekki eru þeir hér á hinu háa Alþingi. (**Fjmrh.:** Ég er hér.) Þakka þér fyrir, hæstv. fjármálaráðherra, að þú skulir hlýða á mál mitt.

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í 1. umr. hér í þinginu, um breytingar á stjórnarskránni, 10. mars sl., var sú hugmynd uppi hjá fyrrverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar að fara í þessar breytingar og vinnu um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins. Breytingin var ætluð seinni hluta kjörtímabilsins 2009–2011, og átti þá að fara í slíka vinnu.

Stjórnarskráin er grundvöllur stjórnskipulags íslenska lýðveldisins. Hún mælir annars vegar fyrir um reglur er fjalla um vald handhafa ríkisvalds, þ.e. löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds, og hins vegar um mannréttindi borgaranna og þær takmarkanir og skyldur sem hvíla á handhöfum ríkisvalds gagnvart almenningi í land-

inu. Þegar maður hugsar um það frumvarp sem hér er lagt fram og horfir til virðingar Alþingis út á við og spurningarinnar um stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu undrast maður að þeir menn sem mest hafa talað um að verið sé að styrkja stöðu Alþingis og efla skuli standa að tillögu að því að veikja Alþingi og í leiðinni svipta Alþingi valdinu til að breyta stjórnarskránni. Þessar kröfur eru um að Alþingi stígi til hliðar og aðrir taki völdin. Með frumvarpinu er verið að setja Alþingi í aukahlutverk. Við erum með því að gefa frá okkur stjórnarskrárvaldið.

Hæstv. forseti. Forsendurnar eru kröfur framsóknarmanna. Í því sambandi er verið að þjóna Framsókn sem ver þessa minnihlutastjórn falli. Mér finnst það ótrúlegt að Framsóknarflokkinn skuli ætla að keyra þetta mál hér í gegnum þingið á svo stuttum tíma sem raun ber vitni.

Mér fannst fróðlegt að heyra ummæli hv. þm. Björns Bjarnasonar þegar hann vitnaði í fyrsta mann á framboðslista Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi þegar hann talar um þá stjórn sem flokkur hans er að verja. Hann undrast það hve lítið hafi gerst og að Framsóknarflokkurinn hafi lagt þetta á sig til að verja þessa stjórn, að lítið hafi gerst í atvinnumálum, (Gripið fram í.) að lítið hafi gerst til þess að koma heimilunum í landinu til hjálpar.

Hæstv. forseti. Lögmenn hafa bent á að fresturinn sem gefinn var hafi verið allt of skammur og í umsögnum um frumvarpið hefur komið fram að lögmenn eru mótfallnir því. Þessi breyting á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, með því frumvarpi sem hér er lagt fram, hefur enga þýðingu fyrir vanda sem fyrirtæki og heimili í landinu standa frammi fyrir. Vandi þeirra er risavaxinn og eru fyrirtækin í landinu mörg að komast í þrot. Ekki veitir af aðgerðum þeim til handa og það fljótt en hver vikan líður og ekkert gerist. Ekki hefur staðið á okkur sjálfstæðismönnum að veita þeim málum forgang er snerta heimilin í landinu og fyrirtækin. Því miður hefur lítið verið um þau mál hér á hinu háa Alþingi. Við erum tilbúin að greiða fyrir brýnum málum sem varða atvinnumálin. Fyrirtækin eru að ganga á sinn eigin forða og rúmlega það.

Það var því dapurlegt að sjá í gær þegar dagskrá þingsins var komin fram, herra forseti, að brýn mál eins og heimild til samninga um álverið í Helguvík voru sett aftarlega á dagskrá þingsins en stjórnarskrárfrumvarpið var sett í forgang. Ekki get ég séð að það hjálpi fólkinu í landinu sem er að missa atvinnu sína. Nær hefði verið að taka strax til umræðu samninginn um álverið í Helguvík sem skapar störf fyrir fólkið í landinu, áætlað er að það verði 800–1.000 störf og alveg upp í 1.500. En af því að sá samningur þóknaðist ekki Vinstri grænum var það mál ekki í forgangi. Námsfólk sér fram á atvinnuleysi í sumar eins og fram kom í umræðunum hér fyrr í dag. Væri nú ekki brýnt fyrir ríkisstjórnina að koma málum Helguvíkur á dagskrá eins og við sjálfstæðismenn höfum svo oft bent á bæði í gær og í dag? Það mál skapar störf í landinu.

Allur sá undirbúningur sem þarf að fara fram við uppbyggingu álvers, bæði fyrir verktaka og fleiri aðila sem koma að uppbyggingu slíkra mannvirkja — tæknifræðingar, verkfræðingar, háskólafólk fær vinnu við hönnun þeirra. Mikil hönnunarvinna við uppbyggingu á svona stóru mannvirki er mannaflsfrek og þar geta námsmenn komið að.

Virðulegi forseti. Er ríkisstjórnin að hugsa um atvinnu fyrir fólkið í landinu? Ég vil koma því að að mesta atvinnuleysið á landinu er á Suðurnesjum, um 1.800 manns, svo það er ekki furða þó að fólk á Suðurnesjum bíði eftir því að mál Helguvíkur komist á dagskrá þingsins svo það fái atvinnu.

Sem betur fer var búið að ákveða að hefja hvalveiðar á ný. Það kemur til með að veita fólki atvinnu, hvort sem það eru verkamenn, sjómenn eða námsmenn. Hér áður fyrr sóttist fólk sem var við nám í háskólanum eftir að fá vinnu í Hvalstöðinni í Hvalfirði á sumrin og vann þannig fyrir náminu. Ég veit að margir eiga mjög góðar minningar þaðan frá þeim tíma. Mér finnst það því mjög þakkarvert að hæstv. sjávarútvegsráðherra sló ekki af það sem fyrrverandi sjávarútvegsráðherra var búinn að gera til atvinnuuppbyggingar hér á Vesturlandi, sem mun koma þessari þjóð til góða.

Það hefur verið sagt að viðbrögð valdhafa við kreppu séu oft verri en kreppan sjálf. Sú fyrirætlan stjórnvalda nú að leggja í stjórnskipulega óvissuferð í miðjum storminum gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Á undanförnum mánuðum hefur reynt mjög verulega á innviði og stoðir íslensks samfélags. Þótt ýmislegt hafi undan látið hafa styrkar stoðir stjórnarskipunarinnar haldið. Mig langar til að vitna hér aftur í grein Skúla Magnússonar sem ég vitnaði í hér í 1. umr. um þetta mál 10. mars sl., með leyfi forseta:

„Efnahagskreppa og stjórnskipuleg ringulreið eru slæmur kokteill svo ekki sé sterkara tekið til orða. Um stjórnarskrána gildir, líkt og margt annað, að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.“

Virðulegi forseti. Í frumvarpinu eru lagðar til ferns konar breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í fyrsta lagi verði bætt við hana nýrri grein sem fjalli um eignarhald og nýtingu á náttúruauðlindum sem ekki eru háðar einkaeignarrétti sem og ákvæði um rétt til umhverfis sem stuðlar að heilbrigði og að líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið.

Í öðru lagi er lagt til að fyrirkomulagi þess hvernig breytingar á stjórnarskránni eru samþykktar verði breytt á þann veg að þær verði framvegis bornar undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar eftir samþykkt Alþingis.

Í þriðja lagi er lagt til að fest verði í stjórnarskrá ákvæði þess efnis að Alþingi skuli láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varða almannahag ef tiltekinn fjöldi kjósenda krefst þess.

Loks er lagt til að við stjórnarskrána bætist um stundarsakir ákvæði þess efnis að forseti Íslands skuli boða til stjórnlagaþings til endurskoðunar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Sjálfstæðismenn vilja gera breytingar á 79. gr. stjórnarskrárinnar eins og kom fram í máli hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur hér rétt áðan. Sjálfstæðisflokkurinn telur engu að síður þörf á að breyta stjórnarskránni með ígrunduðum hætti og hefur lagt fram tillögur í þeim efnum eins og hv. þm. Þorgerður Katrín gerði svo rækilega grein fyrir. Til þess að liðka fyrir slíkum breytingum og skapa svigrúm fyrir vandað verklag telja sjálfstæðismenn eðlilegt að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar á þann veg að ekki þurfi að rjúfa þing og fá endurnýjað samþykki Alþingis til þess

að stjórnarskrárbreytingar taki gildi. Tillaga Sjálfstæðisflokksins kveður á um að breytingar á stjórnarskrá eigi að leggja fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef sú leið verður farin á yfirstandandi þingi og endurnýjað samþykki Alþingis fæst eftir kosningar verður hægt að setja hugmyndir um breytingar á stjórnarskrá í vandaðan farveg og leggja þær svo í dóm þjóðarinnar án þess að rjúfa þing.

Ég vil, hæstv. forseti, láta það koma fram, eins og ég gat um áðan, að Lögmannafélag Íslands leggst eindregið gegn frumvarpinu og í umsögn þeirra segir að stjórnarskrárbreytingar þurfi að gera að vel athuguðu máli og í mikilli sátt. (**Gripið fram í:** Umsögn á einni blaðsíðu.) Þar segir einnig að breytingar þurfi frekari athugunar við, að þversögn sé að gera efnisbreytingar á stjórnarskránni og koma á sama tíma á fót stjórnlagaþingi.

Umsagnaraðilar höfðu athugasemdir við orðalag í 1. gr. frumvarpsins. Í umsögn Landverndar kemur fram, með leyfi forseta:

„Landvernd telur ekki heppilegt að orðin „á sem hagkvæmastan hátt“ séu höfð í 2. mgr. 1. gr. Betur færi að 2. mgr. hljóðaði einfaldlega svo: „Allar náttúruauðlindir ber að nýta á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir. Náttúruauðlindir í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi.““

Í umsögn Félags umhverfisfræðinga á Íslandi kemur fram að:

„Félagið tekur almennt ekki afstöðu til þess hvort æskilegt sé að ríkið fari með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt náttúruauðlinda. Fjölmörg dæmi eru um það í sögu mannkyns að ríki hafi misnotað náttúruauðlindir, í umboði sinnar þjóðar, innan eða utan síns lögsagnarumdæmis. Einnig eru fjölmörg dæmi um að löggjöf, sem á að kveða nánar á um hlutverk ríkisins í þessu sambandi, hafi ekki þjónað því hlutverki að vernda náttúruauðlindir gegn ofnýtingu. Á þetta skal bent í upphafi til að árétta að það tryggi ekki endilega bestu nýtingu náttúruauðlinda að fela umsjá þeirra ríkinu í hendur.“

Í umsögn Samorku, Samtaka orku- og veitufyrirtækja kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Framangreint frumvarp barst Samorku með tölvupósti klukkan 18:09 föstudaginn 13. mars sl. með ósk um að umsögn yrði skilað eigi síðar en föstudaginn 20. mars. Frumvarpið hefur að geyma fjórar greinar. Samorka sér eingöngu ástæðu til að fjalla um 1. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um auðlindir og umhverfismál.

Ekki þarf að koma á óvart að Samorka hefði kosið að hafa miklum mun lengri frest til að fjalla um stjórnarskrárákvæði sem varða þessi atriði. Lýsa samtökin mikilli óánægju með þessi vinnubrögð við breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins. Að svo miklu leyti sem samtökunum hefur gefist færi á að ræða efni 1. gr. frumvarpsins vilja þau gera við hana nokkrar athugasemdir.

Samorka metur umfjöllunina þannig að þessi nýi eignarréttur eigi í raun eingöngu við um þjóðlendur þegar orka og vatnsréttindi eru annars vegar þar sem hefðbundinn einkaeignarréttur getur átt við um eigur ríkisins. Þetta kemur hins vegar ekki skýrt fram í frumvarpinu.“

Samorka vill að 1. gr. frumvarpsins verði frestað. „Hæst ber þó sá afar skammi tími,“ segir í umsögn Samorku, „sem umsagnaraðilum um frumvarpið er ætlaður til þess að móta afstöðu til tillagnanna um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Af þessum ástæðum leggur Samorka til að frestað verði að taka inn í stjórnarskrána efnisatriði í 1. gr. frumvarpsins.“

Undir umsögn Samorku tekur Rarik, með leyfi forseta:

„Rarik ohf. tekur undir umsögn Samorku í einu og öllu. Jafnframt vill Rarik ohf. leggja sérstaka áherslu á gagnrýni á þau vinnubrögð sem í þetta skiptið eru viðhöfð við breytingu á stjórnarskránni. Ekki eingöngu er tíminn sem Alþingi ætlar umsagnaraðilum til að gefa álit sitt á frumvarpinu allt of stuttur heldur er ekki leitað umsagnar aðila eins og Rariks ohf. sem í 70 ár hefur starfað við nýtingu þeirra auðlinda sem verið er að fjalla um í frumvarpinu. Átelur Rarik ohf. þessi vinnubrögð.“

Í áliti minni hluta sérefndar um stjórnarskrána kemur fram:

„Loks má geta þess að í upphaflegum frumvarpstexta voru í 1. gr. frumvarpsins afar óljós og óskilgreind hugtök á borð við „sjálfbær þróun“, „umhverfi sem stuðlar að heilbrigði“ og „líffræðileg fjölbreytni“. Ómögulegt er að segja til um hvað felst í sjálfbærri þróun að íslenskum rétti, engin skilgreining liggur fyrir á því hvers lags umhverfi stuðlar að heilbrigði og umdeilt hvort umhverfi sem stuðlar að viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni hér á landi sé eftirsóknarvert í þeim eyðimörkum sem þekja stóran hluta landsins. Umsagnaraðilar gera margir hverjir athugasemdir við hugtakanotkun sem sé óskýr og hætta verði á ágreiningi um túlkun varðandi ýmsa þætti, samanber umsögn Félags umhverfisfræðinga í fylgiskjali 23. Þannig virðast þær efasemdir sem menn hafa um hugtakið þjóðareign magnast nokkuð þegar framangreind hugtök eru rædd.“

Sama kemur fram í umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna en í umsögn þeirra segir, með leyfi forseta:

„Við leggjumst alfarið gegn því að þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins nái fram að ganga. Það er mikilvægt fyrir íslenskan sjávarútveg að búa við stöðugt laga- og rekstrarumhverfi en þetta frumvarp gengur þvert þar á. Fiskveiðistjórn okkar Íslendinga sem byggir á því að handhafar veiðiheimilda hafi tryggan rétt til veiðiheimilda sinna er undirstaða undir velgengni íslensks sjávarútvegs og lykillinn að því að hér er rekinn ábyrgur, arðsamur og sjálfbær sjávarútvegur. Það að handhafar veiðiheimildanna fara með þær sem eign sína hvetur einnig til ábyrgrar umgengni um nytjastofna.

Samkvæmt frumvarpinu eru náttúruauðlindir, sem ekki eru háðar einkaeignarrétti, lýstar „þjóðareign“. Í raun eru þessar náttúruauðlindir lýstar eign ríkisins en af einhverjum ástæðum er búið til hugtakið þjóðareign þó að ekki verði séð hvaða tilgangi það þjónar. Þetta hugtak er afar óskýrt og sama má segja um hugtakið „sjálfbær þróun“. Óskýr hugtök sem skapa réttaróvissu á ekki að setja inn í stjórnarskrána.“

Síðar í umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna segir:

„Rétt er að vekja athygli á því að víða um heim þar sem fiskveiðum er stjórnað á ábyrgan hátt hafa þjóðir, rétt eins og Íslendingar, áttað sig á því hversu mikilvægt er til að ná þessu takmarki að skilgreina vel rétt þeirra sem veiðarnar

stunda. Ómögulegt er að sjá hvers vegna Alþingi ætti að leggja stein í götu þessa markmiðs með því að skapa réttaróvissu um íslenskan sjávarútveg. Við ítrekum því áskorun okkar um að láta verða af því að lögfesta 1. gr. frumvarpsins.“

Í umsögn Landssambands smábátaeigenda, sem mér fannst fín umsögn, kemur fram að þeir voru miður sín yfir hversu knappan tíma þeir höfðu til umsagnar um þetta mikilvæga mál, en þar segir:

„Frá því að hin gríðarlegu efnahagslegu áföll riðu yfir þjóðina í byrjun október 2008 hafa smábátaeigendur þurft að sitja undir því nánast daglega að „innkalla beri kvótann, þ.e. atvinnuréttinn, til ríkisins“. Engin önnur atvinnugrein í landinu hefur þurft að þola jafnniðurlægjandi umræðu. Umræðu sem einkennist af lýðskrumi og innantómum slagorðum.

Það vefst fyrir LS hver hugmyndafræðin er að baki 1. grein frumvarpsins og hvað hún þýðir í raun og framkvæmd.“

Í lokum umsagnar Landssambands smábátaeigenda er svo dálítið skemmtileg tilvitnun:

„Þá er með öllu útilokað fyrir okkur að vita hvaða þarfir komandi kynslóðir kunna að hafa. Forfeður okkar virðast samkvæmt skráðum heimildum ekki hafa haft minnstu hugmynd um þarfir núlifandi kynslóðar.“

Mér fannst þetta svolítið skemmtilegt þegar þeir koma með þessa tilvitnun um forfeður okkar, að þeir hefðu ekki haft minnstu hugmynd um þarfir núlifandi kynslóða.

Í nefndaráliti meiri hluta sérnefndar kom fram að tillit er tekið til þessara athugasemda á einhvern hátt.

Hæstv. forseti. Um þjóðaratkvæðagreiðslu þarf að setja löggjöf og um hana þarf að vera góður rammi. Eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson gat um í 1. umr. um málið, 10. mars sl., þá er það nauðsynlegt ef við þyrftum að fara í veigamiklar breytingar eins og t.d. í þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópusambandsaðild, ef okkur skyldi nú detta í hug að sækja um hana. Og ef stjórn Vinstri grænna og Samfylkingar taka við völdum að kosningum loknum þá skyldi enginn láta sér detta annað í hug en að sótt yrði um aðild að Evrópusambandinu miðað við það sem hæstv. forsætisráðherra lætur hafa eftir sér um aðild, að það eigi að bjarga öllum málum að fara inn í Evrópusambandið.

Ég tel að Alþingi verði að gefa sér góðan tíma til að skapa löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu og ekki ana að einu eða neinu í því sambandi.

Í umsögn Ragnhildar Helgadóttur, prófessors í stjórnskipunarrétti, kemur eftirfarandi fram um 1. og 3. gr. frumvarpsins. Ég vitna hér aðeins í ummæli hennar:

„Það er skoðun mín að með því að naumur meiri hluti á þingi samþykki stjórnarskrárbreytingar í andstöðu við stóran stjórnmálaflokk sé stjórnarskráin færð inn í hringiðu stjórnmálanna. Þess má vænta að næsti meiri hluti geri þær breytingar sem honum hugnast án þess að takmarka sig við það sem næst almenn sátt um á þingi og þannig koll af kolli. Þannig getur stjórnarskráin orðið óstöðugri og pólitískari en verið hefur, sem er óæskileg þróun.“

Virðulegi forseti. Ég tel að hér verði, ef þetta frumvarp verður að lögum, endaskipti á hlutunum. Að mínu viti er mikilvægasta hlutverk löggjafarþingsins, Alþingis Íslendinga, að setja landinu grundvallarlög, þau lög sem öll önnur lög verða að byggjast á og mega ekki stangast á við. Nú er allt í einu með þessu frumvarpi verið að setja Alþingi í aukahlutverk, sem sagt umsagnarhlutverk.

Þegar 1. umr. fór fram 10. mars mátti ráða af framsögu hæstv. forsætisráðherra að það væri mikill ávinningur að því að þingfulltrúar á stjórnlagaþingi væru kosnir beinni kosningu en með því er verið að sniðganga Alþingi sem kosið er beinni lýðræðislegri kosningu af þjóðinni. Í stað þess að 63 þingmenn, kosnir af þjóðinni, vinni nýja stjórnarskrá eiga nú 104 einstaklingar að vera á launum hjá ríkinu næstu tvö árin við löggjafarstörf, að auki 20 áheyrnarfulltrúar sem reikna verður með að fái líka laun.

Hæstv. forseti. Ég tel mjög nauðsynlegt að ræða ítarlega þær tillögur sem settar eru fram í frumvarpinu um stjórnlagaþing og kostnað við það en engin tala hefur komið fram sem við getum reitt okkur á. Það stangast á, hún hækkar og lækkar eftir því hvernig stendur í bólið hjá þeim sem eru að fjalla um þessi mál, sem er með ólíkindum. Í 1. umr. var talað um 1,5 milljarða. Nú er talan komin upp í 2 milljarða og svo á að lækka þetta niður með einhverjum tillögum, breytingarnar koma hratt inn, maður er undrandi og veit eiginlega ekki hverju maður á að trúa.

Hæstv. forseti. Ég get alveg séð fyrir mér að boðað sé til stjórnlagaþings sem hafi það verkefni að vera Alþingi til ráðgjafar um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það má líka alveg hugsa sér að starfstími Alþingis á næstu árum sé þannig skipulagður að sérstakur og rúmur tími gefist til umræðna um stjórnarskrárbreytingar og að sérstök þingnefnd verði sett á laggirnar í því sambandi. Það hefur oft verið rætt um að Alþingi geti setið fleiri vikur á ári hverju en verið hefur á undanförnum árum. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að ætla að Alþingi og þingmönnum, sem eru fulltrúar þjóðarinnar — ég segi fulltrúar þjóðarinnar — að þeim verði gefinn meiri tími til að sinna þessu mikilvæga starfi á Alþingi, að setja landinu nýja stjórnarskrá.

Virðulegi forseti. Það mun augljóslega ekki gefast tími til þess á yfirstandandi þingi að fara í þessar nauðsynlegu breytingar og umræður sem þurfa að fara fram og því vaknar sú spurning hvað vaki fyrir hæstv. ríkisstjórn að ætlast til að flýtiafgreiðsla á svona mikilvægu máli hafi forgang. Það er í raun ótrúlegt við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðfélaginu, þegar heimilin í landinu og atvinnulífið bíða eftir raunhæfum aðgerðum frá ríkisstjórninni. Hvað sjáum við með því frumvarpi sem hér er til umræðu, að það skuli eiga að njóta forgangs, það er með ólíkindum. Vera má að ríkisstjórnin treysti sér ekki til þess að taka þau vandamál sem eru brýnust og vilji þar af leiðandi taka tíma fyrir þetta. Ég er algjörlega ósammála þeirri forgangsröð eins og komið hefur fram í máli mínu.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna aftur í grein Skúla Magnússonar, en þar segir hann:

„Það er engin góð ástæða til að rífa stjórnskipun Íslands upp með rótum við núverandi aðstæður þar sem stjórnvöld þurfa að setja sér skýr markmið til lengri og skemmri tíma — sum eflaust sársaukafull og misvinsæl — og hafa styrk og þor til þess að vinna að þeim. Við munum ekki leysa aðsteðjandi vandamál með breytingum á stjórnskipun Íslands.“

Virðulegi forseti. Það er von mín að þessi ríkisstjórn vakni af þeim þyrnirósarsvefni sem hún sefur og hefur sofið síðan hún tók við fyrir tveimur mánuðum og að hún fari að koma á róttækum aðgerðum fyrir fólkið í landinu og standa við þau orð sem hún lét falla við ríkisstjórnarskiptin. Hún talaði um að hún yrði ríkisstjórn framkvæmdanna. (Forseti hringir.) Þess vegna segi ég, hæstv. forseti: Það skiptir fólkið í landinu máli (Forseti hringir.) að ríkisstjórnin fari að taka til hendinni (Forseti hringir.) og láta verkin tala.

[00:50]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Erindi mitt í þennan ræðustól er að vekja athygli hv. þm. Herdísar Þórðardóttur á breytingartillögu frá meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál sem er á þskj. 385 og varðar stjórnlagaþing. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir því að til stjórnlagaþings verði kosið samhliða sveitarstjórnarkosningum vorið 2010, að þingið komi saman 17. júní 2010 og starfi í eitt ár, ljúki störfum fyrir 17. júní 2011, sem sagt á sama tíma og upphaflega frumvarpið gerði ráð fyrir, hins vegar byrji það síðar. Það er að sjálfsögðu gert í þeim tilgangi að spara fé, bæði með styttri starfstíma stjórnlagaþings auk þess sem fram kemur í nefndaráliti meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál að meiri hlutinn telur ekki sýnt að fulltrúar þingsins þurfi að vera í fullu starfi á stjórnlagaþingi. Það mun einnig spara töluvert fé (Gripið fram í.) að láta kosningarnar fara fram samhliða sveitarstjórnarkosningum. Eins og fram hefur komið fyrr í kvöld gerðu fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem komu fyrir sérnefndina, ekki athugasemdir við það fyrirkomulag. (**Gripið fram í:** Er það nýjasta tillagan?)

Er það nýjasta tillagan? kallar hv. þingmaður, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, hér fram í. Þetta er samhljóða nefndarálit meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál sem leggur þetta til, m.a. til þess að koma til móts við þau sjónarmið sem sjálfstæðismenn og reyndar fleiri hafa haldið fram, þ.e. gagnrýni á upphaflega frumvarpið, að það hafi verið of kostnaðarsamt hvað varðaði stjórnarskrármálið. Það hefur verið komið til móts við Sjálfstæðisflokkinn í því, herra forseti.

[00:52]

Herdís Þórðardóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir þá greinargóðu skýringu sem hún gaf á stjórnlagaþinginu sem þau ætla sér væntanlega að koma í gegn. Eins og ég gat um áðan erum við að fá alltaf nýjar hugmyndir. Komið hafa fram margar hugmyndir, það er verið að breyta þessu og hinu, það er a.m.k. þrisvar búið að breyta.

Mér fannst mjög fróðlegt að heyra að þið takið þá tillit til sjálfstæðismanna. Mér hefur ekki fundist það hér í umræðunni að það hafi verið tekið tillit til eins eða neins sem við höfum haft fram að færa. Það virðist ekki skipta nokkru máli ef við höfum komið með einhverjar breytingartillögur eða eitthvað slíkt. Ekki vorum við höfð með í ráðum þegar þessi þriggja manna nefnd var sett á laggirnar um mánaðamótin janúar/febrúar. Þá vorum við ekki spurð álits hvort við værum til í að vera með, það var bara gengið áfram og farið í þá vinnu. Það er ágætt ef þið hugsið um að spara fé, að ekki verði bruðlað í þessu stjórnlagaþingi, ég segi bara ekki annað en það.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að tjá mig í sambandi við þetta eina ár sem hv. þingmaður gat um að yrði frá 2010 til 2011. Ég segi það enn og aftur að ég fagna því ef minni hlutinn fær einhverju ráðið hér eins og málunum er komið. Mér hefur ekki virst það hingað til.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–8. mál.

Fundi slitið kl. 00:55.

---

126. FUNDUR

laugardaginn 4. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 385. mál, þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882. — Frh. 2. umr.
2. Tekjuskattur, stjfrv., 410. mál, þskj. 695, nál. 798. — 2. umr.
3. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 411. mál, þskj. 696, nál. 903. — 2. umr.
4. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 409. mál, þskj. 693, nál. 857, brtt. 858. — 2. umr.
5. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, stjfrv., 359. mál, þskj. 610, nál. 860. — 2. umr.
6. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 664, nál. 884. — 2. umr.
7. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 852, brtt. 865. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Atli Gíslason, 7. þm. Suðurk.

Um fundarstjórn.

Fundur í umhverfisnefnd – frumvarp um stjórnarskipunarlög – röð mála á dagskrá.

[10:32]

Árni M. Mathiesen (S):

Frú forseti. Í gær fór ég fram á það við hæstv. forseta að hann hlutaðist til um það að haldinn yrði fundur í umhverfisnefnd þingsins. Á miðvikudaginn óskaði meiri hluti nefndarinnar eftir því að fundur yrði haldinn eftir að reglulegum fundi hafði verið aflýst með mjög skömmum fyrirvara seint kvöldið áður.

Ég hef ekki fengið nein fundarboð enn þá og vil inna hæstv. forseta eftir því hvort ég geti ekki átt von á því að fá fundarboð um fund í dag hið fyrsta.

[10:33]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég átti svo sem ekki von á því að forseti svaraði þeirri fyrirspurn sem hér var borin upp af hv. þm. Árna M. Mathiesen en erindi mitt hingað sérstaklega er það að í gærkvöldi kom fram í umræðum að það er alveg augljóst að hæstv. forsætisráðherra, sem er auðvitað önnum kafin, hefur ekki tekist að fylgjast með umræðunni hér og þeim tillögum og athugasemdum sem við höfum við frumvarpið um stjórnskipun íslenska lýðveldisins og höfum gert við það frumvarp.

Ég vildi hvetja hæstv. forseta til að fresta þessari umræðu þannig að hæstv. forsætisráðherra gefist tóm til að fara yfir málið, fara yfir tillögur okkar og leggja sig fram sem forsætisráðherra sem á að leiða fólk til sátta, leggja sig fram um að ná niðurstöðu og sátt í þessu mikilvæga máli. Ég tel að það sé (Forseti hringir.) algerlega nauðsynlegt að hæstv. forseti gefi hæstv. forsætisráðherra (Forseti hringir.) tóm til þess að fara yfir málið.

[10:34]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill upplýsa hvað varðar athugasemd hv. þm. Árna Mathiesens um beiðni um fund í umhverfisnefnd að forseti þingsins hefur rætt þá beiðni við formann umhverfisnefndar þannig að þeirri beiðni er komið á framfæri.

[10:34]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Hér er enn á dagskrá frumvarp um stjórnarskipunarlög, nefndarálit frá sérnefnd um stjórnarskrármál. Ég hef hlýtt á mestalla umræðuna sem hingað til hefur farið fram við 2. umr. og hún hefur að sönnu verið mjög upplýsandi og ég vil minna hv. þingmenn á að það er óþarfi að sitja hér í þingsal, maður getur sem betur fer hlýtt á ræður þingmanna þó að maður sé annars staðar.

Ég renndi aðeins yfir ræðulistann sem hér liggur frammi. Í 1. og 2. umr. höfum við rætt stjórnarskipunarlögin í 23 klukkustundir samtals og eigum annað eins eftir sýnist mér, þannig að það er kannski eins gott að fara að koma sér að verki.

[10:35]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Nú var verið að setja nýjan fund, 126. fund Alþingis, og forseti tekur ekkert tillit til þeirra óska hv. þingmanna að ræða þau mál sem gætu gefið þjóðinni von um aukna atvinnu og von um að hér fari eitthvað í gang, eins og mál nr. 6 á dagskránni, Heimild til samninga um álver í Helguvík.

Ég veit að þetta er mikið áhugamál margra, t.d. hæstv. forsætisráðherra sem var hæstv. félagsmálaráðherra í síðustu ríkisstjórn, sem Sjálfstæðisflokkurinn á reyndar stundum að hafa verið bara einn í. En sá ráðherra var félagsmálaráðherra og hafði mikinn áhuga á því að auka atvinnu í landinu og minnka atvinnuleysi. Þess vegna finnst mér undarlegt að hæstv. forseti skuli ekki taka 6. málið fyrst á dagskrá.

[10:37]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal að það eru önnur mál á dagskránni sem eiga miklu brýnna erindi í dag en það mál sem hér er ætlunin að taka fyrst, stjórnarskipunarlög. Stjórnarskipunarlög eru að sönnu gríðarlega mikilvægt mál og nauðsynlegt að ræða það vel á öllum tímum. Hins vegar eru ákveðin mál sem snúa beint að hagsmunum atvinnulífsins og fyrirtækjanna og heimilanna í landinu sem í raun og veru ætti að vera skylda okkar á þingi að taka fyrir fyrst og reyna að ljúka í góðri sátt og geyma (Gripið fram í.) síðan ágreininginn um stjórnarskipunarlögin. Við ættum að gera það, hæstv. forseti.

Ég verð að segja, miðað við áherslur ríkisstjórnarinnar, að þetta er eins og ef menn væru í fyrirtæki sem ætti í gríðarlegum rekstrarerfiðleikum, skuldirnar (Forseti hringir.) orðnar miklar, kröfuhafar við dyrnar og þá settumst menn niður og færu að ræða skipuritið.

[10:38]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Aðeins um það sem hér hefur komið fram. Staðan er sú að 25 þingmenn eru á mælendaskrá og ég held að þar af séu 24 sjálfstæðismenn. Um leið og þeir hafa lokið máli sínu getum við tekist á við önnur mál sem eru á dagskránni. Varðandi það sem hér kom fram í upphafi, ég held að hv. þm. Sturla Böðvarsson hafi kallað eftir því að við kæmum og svöruðum því sem fram hefur komið í þessari löngu umræðu. Ég hef lengstum verið hér og hef reynt að svara því sem upp hefur komið. En við erum ákveðin í því að á miðvikudaginn, sem er mjög líklegt að verði lokadagur og þá muni hv. þingmenn, sjálfstæðismenn, ljúka máli sínu, munum við koma inn í umræðuna og reyna að svara því sem fram hefur komið. Þar sem við komumst ekki að fyrr en á miðvikudaginn er mjög erfitt fyrir okkur að svara því sem hér hefur komið fram í ítarlegu og vönduðu máli.

[10:39]

Árni M. Mathiesen (S):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að ræða það við formann nefndarinnar að halda fund. Eftir því sem mér skilst hugsar formaðurinn sér að halda fund á mánudaginn eins og ég sagði reyndar frá í gær að hann hefði boðað á miðvikudaginn. En í framhaldi af því að hann boðaði það bað meiri hluti nefndarinnar um fund þannig það að halda fund á mánudaginn er ekki svar við beiðni meiri hluta nefndarinnar um að boða fund í nefndinni. Ef fundur verður ekki boðaður í dag er það klárt brot á þingsköpum. Ef meiri hluti nefndar biður um fund í nefnd á hann skilyrðislaust að fá fund án tafar. Raunverulega má segja að þar sem beðið var um fundinn á miðvikudaginn sé búið að brjóta þingsköp í að minnsta kosti tvo daga á meiri hluta nefndarinnar.

Ég hef hingað til gætt mín á því að nefna ekki um hvaða mál er að ræða og ég ætla ekki að gera það núna. Þetta á

ekki að snúast um efnisatriði eða einstök mál heldur snýst þetta um þingsköpin og um það að meiri (Forseti hringir.) hluti þingmanna í nefnd fái þann rétt sem þingsköpin heimila honum.

[10:40]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég hélt að klukkan hálfellefu ætti að hefjast hér utandagskrárumræða um ríkisfjármál að beiðni Sjálfstæðisflokksins og ég hafði fallist á að taka þessa umræðu klukkan hálfellefu.

Eitthvað tefst það nú vegna þess að sjálfstæðismenn koma hér í fundarþvarg og tefja fyrir umræðu sem þeir hafa sjálfir beðið um að fá hér á dagskrá á tilteknum tíma. (**ArnbS:** Það er verið að brjóta hér þingsköp.) Frú forseti. Ef ég mætti bara klára. Ég tek flug austur á land í hádeginu þannig að það er sjálfstæðismönnum algerlega í sjálfsvald sett hvort þeir tefja fyrir eða eyðileggja sína umræðu. (**ArnbS:** … vera viðstaddur umræðuna hér?)

Ef hv. þingmaður getur haft þögn augnablik. Ég hef fallist á að taka þessa umræðu hér. Það var lögð áhersla á hana af hálfu þingmanna Sjálfstæðisflokksins og hún átti að hefjast klukkan hálfellefu. Ég er bara að vekja athygli á því að sjálfstæðismenn eru hér með fundarþvarg og tefja fyrir málum sem að þeirra ósk hafa verið sett á dagskrá þingsins á tilteknum tíma. Það er alveg í anda (Gripið fram í.) við framgang þeirra í stjórnarskrármálinu og annars sem hér birtist okkur af þeirra kúnstuga málflutningi þessa dagana.

[10:42]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Hér steig úr ræðustóli meistari hins kúnstuga málflutnings, Steingrímur J. Sigfússon, sem á auk þess á heimsmet á Íslandi í lengd ræðutíma á Alþingi. Það er ekki úr háum söðli að detta á þeim bænum.

En ég vildi, hæstv. forseti, vekja athygli á því að hér kvartaði formaður þingflokks Samfylkingarinnar um það að komast ekki að. Það er lögvarinn réttur ráðherra að geta komið í umræðu hvenær sem er þannig að hæstv. fjármálaráðherra gæti komið hér og svarað. Hæstv. forsætisráðherra, 1. flutningsmaður frumvarpsins, gæti komið hér hvenær sem er og svarað. Það er alger útúrsnúningur og ómerkilegur málflutningur af hálfu Lúðvíks Bergvinssonar að halda því fram að stjórnarandstaðan komist ekki að. Ráðherrarnir geta komist að hvenær sem er. (**Gripið fram í:** Á miðvikudaginn.)

Hann segir að það sé kallað eftir svörum þeirra og þeir komist ekki að. Þetta er ótrúlegur málflutningur og algerlega í samræmi við það, hæstv. forseti, sem hér hefur tíðkast og ég hvet hæstv. forseta til að fresta þessari umræðu (Forseti hringir.) þannig að forsætisráðherra geti komið og geti kynnt sér (Forseti hringir.) þetta mál betur og tillögur okkar sjálfstæðismanna.

[10:43]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég geri það að tillögu minni að við reynum að koma sæmilegu skikki á þessa hluti hér. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, kom hér upp áðan og nefndi það að þingmenn þeirra gætu illa komist að umræðunni fyrr en á miðvikudaginn. Ég tel þá einsýnt að þingflokksformaður Samfylkingarinnar og þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins og aðrir þingflokksformenn setjist niður og skipuleggi þessa umræðu. Það er verulega sársaukalaust af okkar hálfu að hleypa þingmönnum Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, minnihlutastjórnarinnar, að inn í umræðuna þannig að umræðan geti haft hér eðlilegt yfirbragð.

Í öðru lagi legg ég til að sömu þingflokksformenn setjist aðeins yfir dagskrá þingsins. Tökum nú þau mál sem skipta máli og er heilmikil sátt um í þinginu og skipta máli fyrir atvinnulífið, göngum frá þeim og höldum svo áfram umræðu um stjórnarskrána. Við höfum nægan tíma til að gera það og eigum að gera það þannig að góður bragur sé að því fyrir Alþingi Íslendinga.

[10:44]

Forseti (Þuríður Backman):

Áður en forseti hleypir næsta þingmanni að til að ræða fundarstjórn forseta vill forseti minna þingmenn á það að nú er málið í höndum þingsins og hér eru í þingsalnum þeir fulltrúar, þingmenn sem bera ábyrgð á málinu. (**Gripið fram í:** Hverjir eru þeir?) Hv. þingmenn Guðjón A. Kristjánsson, Birkir Jón Jónsson, Valgerður Sverrisdóttir og Lúðvík Bergvinsson. Þannig að hér eru fjölmargir til svara ef spurningar vakna.

[10:45]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegur forseti. Það væri athyglisvert að spila hérna nokkrar ræður hæstv. fjármálaráðherra, sem hann hélt fyrir nokkrum mánuðum. Enginn maður hefur haft fleiri fjöll af grænum síðum á borði sínu hér en hæstv. ráðherra, þá sem stjórnarandstöðuþingmaður.

Hér er hv. þm. Árni M. Mathiesen að benda á, hvorki meira né minna en að það sé ekki farið eftir þingsköpum. Er ekki kominn tími þess að menn hægi aðeins á sér og hugsi sinn gang því ef okkur finnst það vera alveg sjálfsagt og eðlilegt að brjóta þingsköp í þessu máli á það við um önnur mál. Þess vegna, alveg sama hvort það er hiti í mönnum rétt fyrir kosningar eða ekki, skulum við reyna að halda þeirri reglu að halda þingsköpin.

Af því að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson (Forseti hringir.) vildi komast að lýsi ég því yfir, ég er á mælendaskrá, að ég get alveg hnikað til til þess að koma hv. þingmanni á mælendaskrá.

[10:46]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Aðeins um það sem komið hefur fram um umhverfisnefndina. Miðað við þá mælendaskrá sem nú liggur fyrir er ljóst að ef mál koma út úr nefndum það sem eftir er þingsins komast þau ekki á (Gripið fram í.) dagskrá. — Virðulegi forseti, er einhver möguleiki að reyna að hafa hemil á formanni þingflokks Sjálfstæðisflokksins sem er sígjammandi hér án þess að hafa orðið? (Gripið fram í.) Hv. þingmaður er orðin einhvers konar yfirgjammari hér í þinginu. [Hlátrasköll í þingsal.]

Aðeins, virðulegi forseti, ég vildi bara nefna það hér að ef eitthvað kemur út úr nefnd það sem eftir er þingsins er möguleiki, vegna þess hversu mælendaskráin er þéttsetin, að koma einhverju á dagskrá á þriðjudag, miðvikudag eftir páska. Ég held því, virðulegi forseti, að við höfum nægan tíma. Það er ástæðulaust að tefja (Forseti hringir.) þá umræðu sem hér átti að hefjast klukkan hálftólf (Forseti hringir.) með umræðu um það sem hugsanlega gæti komið á dagskrá nokkrum dögum eftir páska. Það er alveg með ólíkindum, virðulegi forseti, hvernig umræðan hér fer fram.

[10:47]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill minna á að þessi utandagskrárumræða átti að hefjast klukkan hálfellefu.

[10:48]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Eins og fram hefur komið stóð til að hefja utandagskrárumræðu að beiðni sjálfstæðismanna um ríkisfjármál um kl. hálfellefu. Ég hafði sjálfur ætlað mér að taka þátt í þeirri umræðu og mun gera það en vil vinsamlegast fara þess á leit við hæstv. forseta að hún reyni að beita sér fyrir því að sú umræða komist á hið allra fyrsta enda umræðan mikilvæg. Það kemur vissulega mjög spánskt fyrir sjónir að þeir sem báðu um umræðuna skuli tefja framgang þess máls hér á vettvangi þingsins. Ég hvet því hæstv. forseta til þess að leita allra leiða til að sú mikilvæga umræða geti hafist sem fyrst. Sjálfstæðismenn virðast hafa mikinn áhuga á því að ræða um fundarstjórn forseta, ég held að það séu að nálgast um 200 ræður á síðustu tveimur eða þremur dögum sem sjálfstæðismenn hafa flutt um fundarstjórn forseta. (Gripið fram í.)

[10:49]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það er undarlegt að heyra þau sjónarmið sem hér var lýst af hálfu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar. Það sem við erum að ræða hér er auðvitað tilhögun starfa þingsins, stjórn forseta á störfum okkar. Það er eðlilegt að við höfum við það að athuga þegar fyrir liggja á dagskrá dagsins í dag mikilvæg mál sem þarf að ræða, (Gripið fram í.) mál sem þurfa að ganga fram. Hér er einungis um það að ræða að samkomulag náist á milli flokkanna, að menn séu tilbúnir til þess að ræða saman í þágu þjóðarinnar, virðulegi forseti. (Forseti hringir.)

Hér stendur virðulegur þingflokksformaður Samfylkingarinnar sem áðan kvartaði yfir frammíköllum og gjammi. Vill hann nú ekki setjast niður með formanni þingflokks Sjálfstæðisflokksins og semja um þessi mál þannig að það sé hægt að klára þau mál sem skipta máli fyrir þjóðina hér núna strax, halda síðan áfram með þessi mál? Það er fullur vilji af hálfu þingflokks Sjálfstæðisflokksins til að semja um þessa hluti. Ef enginn samningsvilji er þá komast málin auðvitað illa á dagskrá. Við lýsum því yfir enn og aftur (Forseti hringir.) að við erum tilbúin að semja um öll þessi mál til að tryggja framgang þeirra mála sem snúa að heimilunum í landinu og atvinnulífinu.

[10:50]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill minna hv. þingmann á að forseti hefur haldið og mun halda fundi með þingflokksformönnum til að ná sátt og samkomulagi um störf þingsins og framvindu mála. Það samkomulag hefur ekki náðst með öðrum hætti en þeim sem dagskráin hér lýsir og því er henni haldið eins og hún er þar til annað verður ákveðið. Það er mikill ágreiningur um dagskrána, það hefur komi fram í öllum þeim fjölda tilefna sem hv. þingmenn hafa til að ræða um störf forseta.

[10:51]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu en það kom fram misskilningur hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni. Forseti getur að sjálfsögðu sett á dagskrá á mánudaginn á undan þessu máli önnur mál frá nefndum sem eru brýn. Það getur hann að sjálfsögðu gert hvenær sem er. Auk þess vonast ég til þess að forseti hliðri til um mælendaskrá þannig að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson komist að með ræðu sem allra fyrst því það er forsetinn sem stjórnar fundum og stjórnar því hverjir komast á mælendaskrá. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Það er einn fundur í þingsal í einu.)

[10:52]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég fagna því ef utandagskrárumræða að beiðni Sjálfstæðisflokksins getur nú hafist, tæplega hálfri klukkustund eftir að hún var tímasett.

Ég er einn af flutningsmönnum stjórnarskrárfrumvarpsins og hef fylgst með umræðum eftir því sem ég hef getað bæði í þingsal og í gegnum sjónvarp og síðastur manna ætla ég að gera athugasemdir við það sjálfstæðismenn komi sjónarmiðum sínum vel og rækilega á framfæri. Þeir hljóta því að vilja greiða fyrir því til að umræðan geti yfirleitt haldið áfram.

Ég sakna þess hins vegar mjög að sjálfstæðismenn útskýri fyrir okkur hvers vegna þeir eru á móti innihaldi stjórnarskrárfrumvarpsins, (**Gripið fram í:** Við erum löngu búnir að því.) hvers vegna sjálfstæðismenn eru á móti (**Gripið fram í:** Þú hlustar greinilega ekki á …) sameign á þjóðarauðlindum náttúruauðlindum, hvers vegna þeir eru á móti beinu lýðræði, að þjóðin fái að kjósa sjálf um mikilvæg mál, hvers vegna sjálfstæðismenn eru á móti því að þjóðin kjósi sjálf um stjórnarskrárbreytingar — það er sennilega eina ákvæðið sem þeir gætu hugsanlega lifað með — og hvers vegna þeir eru á móti því að þjóðin sjálf (Forseti hringir.) taki stjórnarskrána í sínar hendur. Sjálfstæðisflokkurinn þarf að útskýra fyrir þingi og þjóð (Forseti hringir.) hvers vegna þeir eru á móti þessum sjálfsögðu málum.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Þetta eru umræður um fundarstjórn forseta.)

[10:53]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að sá sem hér talaði

síðast er sá hv. þingmaður og hæstv. ráðherra sem kvartaði yfir því að hér væri verið að ræða fundarstjórn forseta. Hann notar þetta tækifæri þegar hann hyggur að umræðunni sé lokið til þess að fara í efnislega umræðu um stjórnarskrármálið við okkur sjálfstæðismenn. Ég fagna því ef hæstv. fjármálaráðherra vill koma í efnislega umræðu við okkur sjálfstæðismenn um stjórnarskrármálið. Ég fagna því innilega og bendi honum á að hér verður umræða væntanlega í allan dag miðað við það sem forseti hefur gefið út og þá gefst ráðherranum tækifæri væntanlega oftar en einu sinni ef hann svo kýs til þess að koma í efnislega umræðu og þá á hann þess líka kost að heyra þau sjónarmið sem við sjálfstæðismenn höfum fram að færa, en miðað við það sem hann sagði í ræðu sinni hefur hann ekki hlustað vel á það sem við höfum haft fram að færa.

[10:54]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vildi, af því að hæstv. fjármálaráðherra er kominn í þennan gírinn, rifja upp nokkur ummæli sem voru flutt hér af hv. þingmönnum sem núna eru hæstv. ráðherrar.

Hæstv. ráðherra Ögmundur Jónasson sagði árið 2007:

„Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga. Það er grundvallaratriði að um stjórnskipan þjóðarinnar ríki stöðugleiki, sátt og festa.“

Hæstv. ráðherra Össur Skarphéðinsson sagði:

„Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“

Hæstv. ráðherra Steingrímur J. Sigfússon sagði:

„En ég bara trúi því ekki að menn ætli að bera það á borð að örvæntingin í stjórnarherbúðunum, sem myndaðist á fáeinum sólarhringum fyrir og um flokksþing Framsóknarflokksins, sé gjaldgeng ástæða til þess að standa svona að málum, að umgangast stjórnarskrá og vandasöm viðfangsefni þar með léttúð af þessu tagi. Ég læt segja mér það þrisvar að menn ætli í raun og veru að gangast við því að slíkt sé verjanlegt og réttlætanlegt og fara þá leið allar götur til enda.“ (Forseti hringir.)

Ég held að það sé ágætt að hæstv. ráðherrar (Forseti hringir.) rifji þetta upp núna.

Umræður utan dagskrár.

Framkvæmd fjárlaga og samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

[10:56]

Forseti (Þuríður Backman):

Nú fer fram utandagskrárumræða um framkvæmd fjárlaga og samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Málshefjandi er hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon verður til andsvara.

Umræðan fer fram samkvæmt 3. mgr. 50. gr. þingskapa. Samið hefur verið um að umræðan standi í u.þ.b. 45 mínútur. Málshefjandi og ráðherra hafa sjö mínútur til framsögu en aðrir ræðumenn 3 mínútur.

[10:56]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu. Eins og forseti nefndi er hér um að ræða afskaplega mikilvæg mál, það eru ríkisfjármálin, framkvæmd fjárlaga og samskiptin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það er augljóst að þetta er afskaplega mikilvægt umræðuefni og hefur alltaf verið en aldrei meira en nú.

Málið er mjög einfalt. Við höfum undirgengist ákveðnar skuldbindingar af vinaþjóðum okkar sem lánuðu okkur fjármuni þegar við fórum í þessa efnahagslægð. Ef við stöndumst ekki þær skuldbindingar eigum við það á hættu — og það er raunveruleg hætta — að fá ekki þá fyrirgreiðslu sem nauðsynleg er. Þetta mál, virðulegur forseti, er því grundvallaratriði til þess að við getum tekið málefnalega umræðu í kosningunum í vor.

Því miður er það svo að við höfum ekki fengið þá fyrirgreiðslu sem lagt var upp með og höfum ekki fengið þá lánafyrirgreiðslu sem stóð til að við fengjum í lok febrúarmánaðar.

Virðulegi forseti. Þessi umræða snýst um það eitt hver staðan sé og hvernig hafi gengið á þessum mánuðum. Af hverju skyldu menn vilja taka þá umræðu? Það er einfaldlega vegna þess, virðulegur forseti, að kjósendur eiga rétt á þessum upplýsingum og þeir eiga rétt á að fá þessar upplýsingar núna. Sömuleiðis er það algjört skilyrði að okkur sem sitjum hér á Alþingi gefist tækifæri til þess að ræða þessi mál. Hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt, ekki bara í blaðagrein heldur líka í fjölmiðlum, með leyfi forseta:

„Við munum segja þjóðinni það fyrir kosningar sem við teljum óhjákvæmilegt að gera eftir kosningar.“

Ég fagna þessum ummælum og ég vonast til þess, virðulegi forseti, að umræðan hér á eftir verði af hálfu ráðherra og stjórnarliða upplýsandi og málefnaleg og að við fáum þær upplýsingar sem nauðsynlegt er til þess að við getum rætt þau mál sem hæst ber í aðdraganda kosninganna.

Því miður er það svo, virðulegi forseti, að fram til þessa hafa þetta verið orðin tóm. Hér hefur engu verið svarað af hálfu ráðherra um hvar eigi að skera niður en einungis hefur verið boðað mikið af nýjum sköttum án þess að skilgreina nákvæmlega hvaða áætlun menn hafi. Það var haldin opinn fund í fjárlaganefnd. Þar komu engin svör. Í gærkvöldi var opinn fundur í heilbrigðisnefnd þar sem hæstv. heilbrigðisráðherra kom en hann upplýsti okkur ekki um þessi mál að undanskildu því að staðfest var að áætlanir standast ekki, fjárlögin standast ekki. Það er algjörlega ljóst að heilbrigðisstofnanir standast ekki þær áætlanir sem lagt var upp með. Það er mjög alvarlegt og í sumum tilfellum eru þetta háar prósentur, 12%–16%. Hvað þýðir það, virðulegur forseti, ef menn fara í mitt ár með halla upp á 16%? Það þýðir það að menn þurfa að skera niður sem nemur 32% á síðasta hluta ársins.

Því miður hafa menn verið að færa allar erfiðar ákvarðanir og færa þær fram yfir kosningar. Þess vegna, virðulegi forseti, erum við hér með ákveðnar spurningar og ég ætla að fara yfir þær:

1. Hvernig er framvinda ríkisrekstrarins árið 2009 miðað við fjárlög ársins? Þetta er grundvallarspurning og ef hæstv. ráðherra getur ekki svarað því hér er mjög mikilvægt

að hann komi þeim upplýsingum til þingsins.

2. Hvernig hyggst ríkisstjórnin mæta þeim frávikum sem leiða af meiri samdrætti í tekjum en ráð var fyrir gert og vegna útgjalda umfram fjárlög? Það liggur fyrir og það er komin staðfesting, í það minnsta hvað varðar 25% af útgjöldum ríkisins að fjárlög standast ekki. Sömuleiðis hefur það verið upplýst að tekjuforsendurnar standast ekki. Þetta er því grundvallarspurning.

3. Hvernig eru áætlanir sem ríkisstjórnin lagði fyrir AGS, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, um fjárlagagerð þessa árs og undirbúningur fyrir það næsta?

Það tengist 4. spurningunni: Hvers vegna fær Alþingi Íslendinga ekki sömu upplýsingar og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn? Við erum í þeirri stöðu, virðulegi forseti, að alþjóðleg stofnun sem við erum að vinna með fær upplýsingar sem Alþingi Íslendinga hefur ekki fengið. Það er algerlega óásættanlegt.

5. Nú hefur hæstv. fjármálaráðherra upplýst að farið verði bæði í niðurskurð og skattahækkanir árið 2010 sem nema 35–55 milljörðum kr. Hvar á niðurskurðurinn að koma fram og hvar munu skattar hækka?

6. Hversu mikið á að koma fram í hækkuðum sköttum og hversu mikið í niðurskurði?

Virðulegi forseti. Til að ítreka enn aftur mikilvægi þessa máls, þetta er grunnforsenda til þess að við getum tekið málefnalega umræðu fyrir þessar kosningar. Þessar upplýsingar liggja bara hjá einum aðila og það er hjá ríkisstjórninni. Við þingmenn höfum ekki þessar upplýsingar. Þegar kjósendur, eðli málsins samkvæmt, spyrja spurninga, hvað eigi að gera, hvaða fyrirætlanir þeir aðilar sem bjóða fram hafi, þá verða þessar upplýsingar að liggja fyrir. Við erum í þeirri sérkennilegu stöðu, virðulegi forseti, að alþjóðastofnanir hafa fengið upplýsingarnar en ekki Alþingi Íslendinga. Ég endurtek: Upplýsingarnar eru til staðar, þær liggja fyrir, þeim hefur hins vegar ekki verið komið áleiðis.

Þetta er stórt verkefni. Ég tel vera samstöðu meðal allra þingmanna sem bjóða fram að vinna okkur út úr þessu, en til þess að geta skapað traust verða menn að upplýsa um stöðu mála. Enn og aftur, virðulegi forseti, fer ég fram á að hæstv. fjármálaráðherra fari málefnalega yfir þessar spurningar og svari þeim. Ef sú staða er uppi að hann geti það ekki nú í ræðu sinni þá óska ég eftir að hæstv. ráðherra komi þeim upplýsingum sem við förum hér fram á og eigum rétt á sem þingmenn til okkar. Öðruvísi er ekki hægt að ræða málefnalega um kosningarnar sem eru fram undan og það er ekki hægt að ræða um hvað er hægt að gera eftir kosningar ef þessar upplýsingar verða ekki lagðar á borðið og Alþingi Íslendinga upplýst (Forseti hringir.) um það sem Alþingi Íslendinga á að vera upplýst um.

[11:03]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er sjálfsagt mál að ræða þetta við sjálfstæðismenn eins og gert var m.a. á löngum fundi í fjárlaganefnd í vikunni. Ég held að flestum hafi fundist sá fundur góður nema þá sjálfstæðismönnum í lok fundarins. Þeir voru eitthvað ósáttir við það að tilgangur þeirra með fundinum og það sem þeir ætluðu sér hafi ekki alveg gengið upp. Það hafa verið veittar mun meiri upplýsingar um stöðu þjóðarbúsins núna og um undirbúning að aðhalds- og sparnaðaraðgerðum og um undirbúning að fjárlögum ársins 2010 en venjan er á sama árstíma yfirleitt.

Við getum spurt okkur að því: Hvaða upplýsingar höfðu stjórnarandstæðingar í höndum í aprílbyrjun í fyrra um vinnu þáverandi ríkisstjórnar að fjárlögum fyrir næsta ár? Engar. Og stjórnarþingmenn höfðu engar upplýsingar í höndunum. Ég held að þeir ættu aðeins að setja hlutina í samhengi. Vissulega eru síðan sérstakir tímar og þeir geta kallað á önnur vinnubrögð og það hafa þeir gert.

Ýmis undirbúningur er miklu lengra kominn hvað varðar skipulag og það hvernig menn ætla að takast á við þetta stóra verkefni og frá þeim undirbúningi hefur verið greint. Til dæmis því sem ríkisstjórnin hefur þegar ákveðið, að skipa þrjá vinnuhópa sem fari í þrjú mikilvægustu svið ríkisfjármálanna og ríkisbúskaparins, ef svo má að orði komast. Það eru tekju- og gjaldamálin almennt, það eru tilfærslurnar og það er í þriðja lagi skipulag ráðuneyta og stofnana. Þessir starfshópar munu hefja störf á næstu dögum undir stjórn ríkisfjármálanefndar ríkisstjórnarinnar.

Varðandi upplýsingar að öðru leyti bendi ég hv. þingmanni á þau gögn sem eru aðgengileg á island.is og voru kynnt fyrir þremur vikum síðan. Ef hv. þingmaður hefur haft fyrir að kynna sér þetta sér hann mjög mikið af því sem hann er að spyrja um í þeim ítarlegu ríkisfjármála- og þjóðhagsupplýsingum sem þar eru lagðar fram. Til dæmis er á blaðsíðu 9 í þessu hefti upplýst um áætlaðan tekjujöfnuð ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á árunum 2008 til og með 2013 og þeir sem eru læsir á gögn og línurit sjá hér þá áætlun til meðallánstíma (Gripið fram í.) sem er hluti af gögnunum sem eru í vinnslu með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Hvernig er framvinda ríkisrekstrarins árið 2009 miðað við fjárlög ársins? Það er sömuleiðis ákaflega ljúft að upplýsa það. Það má benda á þetta ágæta rit sem kemur út mánaðarlega. Þar eru þessi gögn aðgengileg hverjum þeim sem vill kynna sér þau. Það liggur fyrir og er hér sagt að innheimtar tekjur ríkissjóðs í heild voru 90,6 milljarðar fyrstu tvo mánuði ársins og það 5,1 milljarði undir áætlun fjárlaga. Gjöldin eru sem betur fer líka lægri svo nemur 1,8 milljörðum kr. og þar hafa menn stöðuna, nýjustu upplýsingar sem til eru um þróun ríkisbúskaparins það sem af er árinu og hún er svona. Það er alveg rétt, tekjur hafa dregist meira saman en menn ætluðu. Samdrátturinn í þjóðarbúskapnum kemur af fullum þunga inn í ríkissjóð og veldur þessu. Þar með er fyrstu spurningunni svarað.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin mæta frávikum sem leiða af meiri samdrætti í tekjum en ráð var fyrir gert og vegna útgjalda umfram fjárlög? Það verður gert m.a. með því að auka eftirlit og aðhald með því að forsendur fjárlaga yfirstandandi árs haldist eins og nokkur kostur er. Sérstakar aðgerðir eru í gangi í þeim efnum. Fundir hafa verið með ráðuneytum og send bréf í öll ráðuneyti og þau hafa sent skýrslur til baka til fjármálaráðuneytisins. Það er verið að reyna eins og kostur er að tryggja að menn nái þeim sparnaði og því aðhaldi sem ætlunin er samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs. Hinu ráðum við auðvitað ekki ef tekjurnar streyma hægar inn en ráð var fyrir gert. Og það er vissulega líka þannig að ríkissjóður hefur teygt sig nokkuð langt í

samskiptum við ýmsa aðila til að milda áhrif efnahagsáfallanna á þá. Til dæmis er búið að afgreiða lög um gjalddagaaðlögun fyrir atvinnulífið sem er ívilnandi fyrir það, sem leyfir því að dreifa greiðslum á lengri tímabil í tengslum við uppgjör án vaxtareiknings. Það má öllum vera ljóst að það hefur viss áhrif á tekjustreymi inn í ríkissjóð, hægir pínulítið á því að hluta til. En eru menn ekki sammála því að þrátt fyrir erfiðar aðstæður sé mikilvægt að ríkið leggi sitt af mörkum?

Varðandi spurningar þrjú og fjögur. Þau mál standa nákvæmlega þannig að gögnin sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er nú með í sínum höndum eru vinnuskjöl. Viðauki við samstarfsyfirlýsinguna frá því í haust er óundirritaður. Þessi gögn eru nákvæmlega í því ferli. Meðferð upplýsinganna fer síðan samkvæmt reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að þau eru birt eftir fyrirtekt stjórnar og viku til tíu dögum síðar birtast undirgögn, starfsmannaskýrslur og annað í þeim dúr. Með nákvæmlega sama hætti og þetta var gert í haust.

Ég hef hins vegar upplýst margar mikilvægustu og viðkvæmustu stærðirnar í þessu dæmi. Ég taldi rétt að upplýsa að áætlunin um hvað mikið þurfi að brúa bilið milli tekna og gjalda á næsta ári er af stærðargráðunni 35–55 milljarðar kr. Það er stærsta einstaka talan í þessu. Það má segja að það séu viðkvæmustu og erfiðustu upplýsingarnar og þær hafa verið birtar.

Í fimmta lagi er spurt hvernig eigi að takast á við þetta. Þar hefur sömuleiðis verið sagt: Það verður blönduð leið. Það verður reynt að afla tekna eftir því sem það er þjóðhagslega skynsamlegt og mögulegt með sanngjörnum og réttlátum hætti. En það verður líka skorið niður og beitt aðhaldi.

Að spyrja um nákvæmlega hvernig þetta verði er að spyrja um hvernig fjárlög ársins 2010 líti út. Hvernig geta þingmenn Sjálfstæðisflokksins ætlast til þess að ákvarðanir sem ekki á að taka hvort eð er um tæknilegar útfærslur fyrr en í maí og júní samkvæmt tímaáætlum samstarfsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn liggi fyrir nú eða að endanleg útfærsla í fjárlögum ársins 2010 liggi fyrir núna í byrjum aprílmánaðar? Það gefur augaleið að svoleiðis er það ekki nema að sjálfstæðismenn vilji að þessi ríkisstjórn gangi frá þessu öllu rétt fyrir kosningar sem er náttúrlega dálítið skrýtin nálgun.

Að lokum vil ég segja að það stóð aldrei til að annar áfangi og fleiri áfangar gjaldeyrislánanna (Forseti hringir.) frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum kæmu strax í febrúar. Fyrri ríkisstjórn var búin að seinka því ferli um meira en mánuð svo það var augljóst mál að það gat aldrei orðið fyrr (Forseti hringir.) en í lok mars eða apríl sem þau lán hefðu komið. Nú er áætlað að það geti gerst nokkrum vikum seinna.

[11:11]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Það er býsna sérkennilegt að standa hér og vera að taka í þriðja sinn efnislega umræðu við Sjálfstæðisflokkinn um þetta mál. Ég minni á að það var haldinn opinn fundur í fjárlaganefnd síðastliðinn miðvikudagsmorgun þar sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson spurði fjármálaráðherra nákvæmlegra þeirra spurninga sem hann spurði hér í þingsalnum. Þann sama dag kom hv. þm. Kristján Þór Júlíusson hér upp undir liðnum Störf þingsins og spurði aftur nákvæmlega sömu spurninga og fjármálaráðherra svaraði.

Nú kemur hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson upp í þriðja sinn hér á laugardagsmorgni til að spyrja sömu spurninga þar sem sjálfstæðismenn óskuðu eftir því að ræða þetta mál klukkan hálfellefu en tóku sér samt sem áður klukkutíma til viðbótar til að tala um allt annað mál. (Gripið fram í.)

Það virðist sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson skilji ekki þau svör sem hér eru margendurtekin aftur og aftur. Það er lítið hægt að gera við því þó að hv. þingmanni líki ekki svörin eða kannski skilur hv. þingmaður ekki þau svör sem reynt er að bera á borð aftur og aftur.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur farið yfir það enn eina ferðina hvernig málið stendur á nákvæmlega sama hátt og gert var í fjárlaganefnd síðastliðinn miðvikudag. Það hefur verið talað um að sá halli sem þarf að ná á næsta ári, niðurskurður upp á 35–55 milljarða kr., verði að sjálfsögðu ekki hristur fram úr erminni og að sjálfsögðu verður að fara einhvers konar blandaða leið bæði sparnaðar og tekjuaukningar. Það liggur auðvitað í augum uppi. En það er líka ábyrgðarhluti fyrir ríkisstjórn sem á einungis 21 dag eftir til kosninga að vera að kynna hér áform um sparnað og niðurskurð. Það kemur að sjálfsögðu í hlut þeirrar ríkisstjórnar sem tekur við eftir næstu kosningar og það væri ábyrgðarlaust að mínu áliti af núverandi ríkisstjórn að kynna slík áform núna.

Ég harma það að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson skuli ekki skilja þau svör sem hér er reynt að fara með í þriðja sinn í þingsal. Ég hallast helst að því að þetta sé hluti af taktík sjálfstæðismanna með fundarsköp Alþingis til þess eins að koma í veg fyrir að við ræðum hér stjórnarskipunarlög, til þess eins að við ræðum það að færa auðlindir í almannaeigu og til þess eins að koma í veg fyrir að hér verði rætt um þjóðaratkvæðagreiðslur. Það er þetta tvennt sem er aðalatriði í stjórnarskipunarlögunum og það er þetta tvennt sem málþóf sjálfstæðismanna gengur út á.

[11:14]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju með það að við skulum ræða hér þá framtíðarsýn sem stjórnmálaflokkarnir hafa gagnvart ríkisrekstrinum og það er ekkert að því að spyrja stjórnvöld spurninga, sérstaklega þegar kemur að þessu mikilvæga máli.

Það sem hefur mikil áhrif á stöðu ríkissjóðs er almenn staða í efnahagslífinu. Þegar við horfum upp á það að 18.000 Íslendingar eru án atvinnu og ríkissjóður er farinn að greiða jafnvel á þriðja milljarð króna mánaðarlega í atvinnuleysisbætur þá er sú tala fljót að vinda upp á sig. Ef við gerum ráð fyrir því að á þessu ári verði 20.000 Íslendingar án atvinnu mun það þýða að Atvinnuleysistryggingasjóður þarf að greiða 25–30 milljarða kr. í atvinnuleysisbætur á meðan sami fjöldi fólks hefði getað greitt sína skatta og skyldur til ríkissjóðs sem nemur allt að 20 milljörðum. Viðsnúningurinn hvað þetta mál snertir er 45–50 milljarðar kr.

Það er því brýnasta verkefni okkar allra að koma hjólum

atvinnulífsins af stað að nýju. Tíu fyrirtæki verða gjaldþrota að meðaltali á hverjum einasta degi. 50–100 manns hafa verið að missa vinnuna á undangengnum vikum og mánuðum þannig að staðan er grafalvarleg. Það er í þeim anda sem við framsóknarmenn höfum talað fyrir því að bregðast þurfi við þessu ástandi vegna þess að þetta hefur gríðarlega mikil áhrif á stöðu ríkissjóðs í dag. Við förum ekki í gegnum þessa kreppu eingöngu með stórfelldum skattahækkunum og gríðarlegum niðurskurði. Það getur leitt til þess að við förum í mjög hraðan „spíral" í samfélaginu sem getur leitt til þess að algert kerfishrun blasi við.

Við þurfum að stuðla að auknum framkvæmdum í samfélaginu. Að sjálfsögðu geri ég mér grein fyrir því að við þurfum að taka til alls staðar. Við þurfum að velta hverri einustu krónu fyrir okkur þegar kemur að rekstri ríkisins sérstaklega á þessum erfiðu tímum, en við megum ekki gleyma okkur í því að skera eingöngu niður og leggja auknar byrðar á heimilin. Við þurfum að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til að koma í veg fyrir það, frú forseti, að kerfishrun geti orðið í íslensku samfélagi.

Við framsóknarmenn höfum tekið hvað stærst upp í okkur þegar kemur að umræðu um vanda heimila og fyrirtækja. Við höfum talað fyrir róttækum aðgerðum til þess að fyrirbyggja það að slæm staða ríkissjóðs geti orðið staðreynd og verði staðreynd og verði enn verri verði ekkert er að gert. Þess vegna bryni ég hv. þingmenn, stjórnmálaflokka á þinginu, að fara í þá vegferð með okkur framsóknarmönnum að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða þannig að (Forseti hringir.) við horfum ekki upp á algjört kerfishrun hér á landi. Aðgerða er þörf, frú forseti.

[11:18]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það er fullt tilefni til þess að hafa miklar áhyggjur af fjármálum íslenska ríkisins á komandi ári og það sem eftir er af þessu. Eins og nú horfir með atvinnuleysi eru allar líkur á því að Atvinnuleysistryggingasjóður verði tómur þegar kemur fram í septembermánuð og þá verði að taka þær greiðslur sem þarf til með óbreyttu atvinnuleysi, 2–3 milljarða á mánuði, beint af fjárlögum, beint úr ríkiskassanum. Ekki léttir það vandann, hæstv. forseti.

Við vitum að við þurfum að beita aðhaldi en við skulum líka gera okkur grein fyrir því að við gerð fjárlaga fyrir næsta ár verður ekki auðvelt að skera niður upphæð sem fer yfir 30 milljarða. Ég tel að raunhæft sé að hugsa eitthvað á þeim nótum að hægt sé að nálgast þá tölu en það kostar líka fórnir. Við náum ekki að brúa bilið með niðurskurði, það er algjörlega útilokað. Það sem við þurfum að gera, hæstv. forseti, er að mínu viti að auka tekjurnar í þjóðfélaginu almennt og vinna gegn atvinnuleysinu. Það gerum við auðvitað ekki nema við tökum róttækar ákvarðanir í því að reyna að auka hér atvinnu og við þurfum að gera það strax, við þurfum að láta það virka á þessu ári. Í spám er gert ráð fyrir 10% atvinnuleysi á næsta ári og eitthvað svipuðu á þessu ári þegar líður á árið. Þessari þróun verðum við að snúa við. Við munum ekki ráða við þetta dæmi ef við ekki náum að auka atvinnu og fá þar af leiðandi meiri tekjur til ríkisins. Tekjur ríkisins sveiflast á milli ára um 50, 60 milljarða, þ.e. frá árinu í fyrra og til ársins í ár, og eru núna í fjárlögum 402 milljarðar. Upplýsingar liggja fyrir um að það stenst ekki. Tekjurnar verða sennilega 380 milljarðar á þessu ári en ekki 402.

Vandamálið er því gífurlegt og það verður ekki brugðist við því af neinu viti nema með því auka atvinnu í landinu. Til þess þurfa menn að grípa til þeirra ráða sem tiltæk eru, hvort sem þau eru á sjó eða landi. Það þýðir ekkert væl um það hvar við ætlum að finna atvinnuna. Við verðum bara að finna þá atvinnu sem við mögulega getum farið í til að reyna að rífa okkur upp úr því ástandi að hér keyri ekki allt áfram niður, reyna að stöðva atvinnuleysið, búa til nýjar tekjur, fá nýjar tekjur til ríkisins. Þannig getum við unnið á þessu dæmi. Við munum hvorki leysa það með skattahækkunum einum né niðurskurði einum. (Forseti hringir.) Það er atvinnustigið sem við verðum að snúa okkur að.

[11:21]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Það er ekkert ofmælt að fram undan eru erfiðir tímar í íslensku efnahagslífi og ríkisfjármálum. Næstu tvö ár verða líklega þau erfiðustu sem menn hafa glímt við fram til þessa, frá því að lýðveldið var stofnað fyrir um 70 árum eða svo. Hins vegar er mikilvægt að menn láti ekki hugfallast yfir því verkefni sem fram undan er vegna þess að annars vegar er verkefnið líka til lengri tíma og þó að það sé erfiðast næstu tvö árin sjáum við, og getum kynnt okkur það af reynslu annarra þjóða sem hafa gengið í gegnum svipaða tíma, að öll él styttir upp um síðir. Vandinn verður yfirstíganlegur þegar litið er til lengri tíma en þeirra tveggja ára sem kannski er brýnast að taka á um þessar mundir.

Við skulum ekki gleyma því að þó að skuldirnar sem falla á ríkissjóð séu miklar munu skuldirnar eða framlög ríkisins til bankakerfisins ekki verða íþyngjandi fyrir skattgreiðendur ef mönnum tekst svo til að reka bankakerfið þannig að það standi undir sér. Þá eru þetta framlög sem liggja í bönkunum án útgjalda fyrir ríkissjóð og þegar bankakerfið verður komið á legg getur ríkið innleyst þau framlög með hagnaði, selt sinn hluta í þeim og náð inn tekjum án þess að hafa nokkurn tíma borið útgjöld af þeim framlögum.

Það sem þarf að glíma við er halli ríkissjóðs fyrst og fremst, hann þarf að borga og hann mun kosta peninga, og það eru skuldirnar sem falla á ríkissjóð vegna Icesave. Þetta tvennt er það sem falla mun á skattgreiðendur og þá skiptir miklu máli að samningar um Icesave verði viðráðanlegir þannig að vaxtabyrðin af bráttóskuldunum, meðan þær eru, verði okkur ekki um megn. Það er stóra málið sem stjórnvöld þurfa að finna lausn á að mínu viti.

Ég held að menn verði líka að benda á, til að alls réttlætis sé gætt og til að gera fólki grein fyrir því, að það er ekki allt eins svart og ætla mætti. Það eru of margir að mínu viti hér á sviðinu sem ganga um með þann boðskap að hér sjái ekki út úr augunum fyrir svörtu éli og að bæði heimilin og fyrirtækin séu að sökkva í skuldum. Það er ekki svo. Þó að vissulega eigi margir erfiða tíma fram undan er fjarri því að grípa þurfi til neyðaraðgerða til þess að bjarga stærstum hluta þjóðarinnar frá eigin skuldbindingum. Það er vara-

samt ef stjórnmálamenn í aðdraganda kosninga mála myndina dekkri litum en raunverulega er rétt að gera.

[11:24]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ríkisfjármálin verða augljóslega eitt helsta umræðuefni þessarar kosningabaráttu enda brennur þar eldurinn heitastur. Það liggur fyrir að þeir stjórnmálaflokkar sem mynda núverandi minnihlutastjórn í þinginu hafa lýst því yfir ítrekað að þeir hyggist starfa saman að kosningum loknum fái þeir til þess kjörfylgi. Þess vegna er það alveg eðlileg krafa af hálfu okkar sjálfstæðismanna að það komi mjög skýrt fram einmitt fyrir kosningar hvað það er nákvæmlega sem þessir flokkar ætla sér fyrir í ríkisfjármálunum. Það skiptir máli vegna þess að þjóðin á auðvitað rétt á því að sjá nákvæmlega framan í þau áform sem munu þá ganga fram fái þessir flokkar nægilegt fylgi í kosningunum.

Það hefur komið hér fram í umræðunni og hefur komið fram áður að brúa þurfi bil upp á 33–55 milljarða kr. Það hefur jafnframt komið fram hjá hæstv. fjármálaráðherra að tillaga hans og hans flokks sé sú að fara svokallaða blandaða leið, þ.e. skattahækkanir og niðurskurður. Hér skiptir alveg gríðarlega miklu máli fyrir íslenskt þjóðarbú og fyrir íslenska þjóð hvaða hlutföll menn eru hér að tala um, hversu miklu á að ná inn með hækkuðum sköttum, hversu miklu á að ná inn með niðurskurði. Það er lágmarkskrafa að það komi fram frá stjórnarflokkunum hvað það er mikið sem menn ætla sér að taka niður með niðurskurði og hvar menn horfa helst til þess niðurskurðar. Enginn fer fram á það að komið sé fram með einhver smáatriði í því, það liggi bara fyrir meginlínur og það er eðlileg krafa. Jafnframt er eðlilegt að það komi fram með óyggjandi hætti hversu miklar skattahækkanir um er að ræða og hvar þær eiga að koma niður.

Það skiptir líka máli, eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi alveg réttilega í sinni góðu ræðu, hver verðmætasköpunin er í landinu þegar menn horfa á tekjur ríkissjóðs. Þess vegna er það lykilatriði hvar menn ætla að hækka skattana og hversu mikið vegna þess að það hefur áhrif á hagsveifluna í landinu og þar með hefur það áhrif á tekjur ríkissjóðs. Of miklar skattahækkanir draga úr driftinni í atvinnulífinu og um leið draga þær úr tekjum ríkissjóðs.

Því miður — og það var það sem gerði okkur sjálfstæðismenn óánægða með þann opna fund sem við áttum með hæstv. fjármálaráðherra — komu ekki fram svör akkúrat við því sem við spurðum, hversu miklum tekjuauka hagvöxturinn sem hæstv. fjármálaráðherrann spáði sjálfur að yrði á árinu 2011 ætti að skila.

Síðan hitt: Núverandi ríkisstjórn kom til valda og hefur nú setið, ef ég man rétt, frá 1. febrúar. Það sem er alveg furðulegt að heyra er að að þessum tíma liðnum séu loksins komnir af stað vinnuhópar til að vinna í ríkisfjármálunum. Hvers vegna í ósköpunum setti ríkisstjórnin ekki af stað þessa vinnu strax og hún kom til valda, hvernig stendur eiginlega á því? Það er alveg furðuleg þversögn fólgin í því að menn annars vegar segi að þeir ætli að fara í (Forseti hringir.) þessa vinnu með þessum hætti en hins vegar telji þeir sig ekki hafa umboð, eins og kom fram hjá hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, hvorki til að ræða það né til að taka nokkrar þær ákvarðanir sem skipta máli þegar kemur að ríkisfjármálunum. (Forseti hringir.) Þetta er alveg furðuleg þversögn.

[11:27]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Það hefur sjaldan verið erfiðara að koma saman fjárlögum fyrir næsta ár en við þær aðstæður sem við búum við núna og það hefur sjaldan verið erfiðara og mikilvægara að halda sig innan ramma fjárlaga á þessu ári en einmitt núna þegar tekjugatið er 150 milljarðar kr. og þar af 80 milljarðar sem við þurfum að greiða í vexti.

Þetta er auðvitað staða sem er, eins og hér hefur verið rætt um, í boði Sjálfstæðisflokksins og einskis annars. Þess vegna er undarlegt að heyra talað hér eins og að sú ríkisstjórn sem nú situr hafi komið að stöðu sem hafi verið í hinu besta lagi.

Ég ætla að víkja aðeins að niðurskurði fjárlaga upp á ríflega 6 milljarða kr. í heilbrigðisþjónustunni sem var nokkuð til umræðu á fundi hv. heilbrigðisnefndar í gær. Þar kom m.a. fram hjá hæstv. ráðherra Ögmundi Jónassyni að samlegðaráhrifin af hinni stórkarlalegu sameiningu í heilbrigðisþjónustunni, sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson boðaði í því sama embætti 6. janúar sl., reyndust vera óskhyggjan ein, óskhyggja aðkeyptra sérfræðinga ráðherrans þáverandi í einkavæðingaráformunum.

Það var líka upplýst á fundinum að ekki hefur verið fallið frá þessum sameiningarhugmyndum. Hins vegar hefur verið ákveðið að vinna þær með heimamönnum og samkvæmt tillögum þeirra. Það er þannig sem árangur getur náðst, ekki öðruvísi, ekki með valdboði að ofan og hvað þá að kynna einhver samlegðaráhrif sem séu byggð á óskhyggjunni einni. Það koma líka fram að vinnuhópar vegna fjárlaga þessa árs hafa skilað af sér og telja að unnt verði að halda heilbrigðisstofnunum í landinu innan fjárlagarammans á þessu ári. Það verður erfitt en þeir telja að það sé hægt.

Það var athyglisvert að á þessum fundi var dreift yfirlitsblaði yfir áætlaða rekstrarafkomu heilbrigðisstofnana 2008, og hvað kemur þar fram, frú forseti? Þar kemur fram m.a. að áður en fjáraukinn kom til vantaði 4 milljarða upp á afkomu heilbrigðisstofnananna. Hvenær var þetta? Það var eftir góðærið. Þetta var viðskilnaður hæstv. heilbrigðisráðherra Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, enda eins og allir vita liggur fólk enn á göngum Landspítalans þó að hæstv. fyrrverandi ráðherra telji svo ekki vera.

Frú forseti. 25. apríl nk. velur þjóðin hvort (Forseti hringir.) hún felur Vinstri grænum og hæstv. núverandi heilbrigðisráðherra, (Forseti hringir.) Ögmundi Jónassyni, að sigla heilbrigðiskerfinu í gegnum þessa erfiðleika eða einkavæðingarpostulanum og flokki hans, (Forseti hringir.) Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég bið hv. þingmenn um að virða tímamörk.)

[11:31]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem á sér hér

stað um stöðu ríkisfjármála og horfur varðandi fjárlög, bæði fyrir árið í ár og næsta ár, þó að ég hafi beitt mér fyrir að sú umræða ætti sér ekki stað strax í lok opins fundar vegna þess að ég hef mikinn áhuga á því að fylgja eftir því áhugamáli fyrrverandi hæstv. forseta Alþingis að opnir fundir fái mikið vægi í dagskránni og séu sendir út og menn fái tækifæri til að ræða mál ítarlega þar, eins og gert var fyrr í vikunni. Það sem vekur undrun mína er að sjálfstæðismenn komu til umræðunnar með algjörlega nýjar kröfur um vinnubrögð sem þeir iðkuðu aldrei sjálfir þann stutta tíma sem ég vann með þeim. Þá fengum við fjárlögin afhent rétt fyrir þingsetningu og þó að ég sæti í fjárlaganefnd var hún ekki aðili að því að undirbúa fjárlögin. Hv. þm. Árni Mathiesen, þáverandi fjármálaráðherra, kynnti frumvarpið á fundi í Hafnarfirði síðsumars, raunar rétt fyrir þingsetningu, og þar fengum við fyrst að sjá þau gögn sem lögð voru fram.

Þessu þarf að breyta og rétt er að miklu fyrr þarf að koma fram með hvaða hætti á að undirbúa fjárlög. Þingið þarf auðvitað að koma að þeirri vinnu og gera þar áætlanir og skipuleggja. Það tafðist á sínum tíma að vinna að samningum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn vegna þess að lengi vel dró Sjálfstæðisflokkurinn þar mjög lappirnar og raunar fleiri flokkar. Samfylkingin hafði mikinn áhuga á að ganga þar beint inn og taldi það affarasælast fyrir ríkisfjármálin og það hefur raunar komið í ljós. Unnið er eftir samstarfsáætlun fjármálaráðuneytis, Seðlabanka og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og vonandi fylgjum við því plani. Ég tók þátt í að afgreiða fjárlög fyrir árið í ár með ákveðnum markmiðum, með ákveðnum upphæðum, en það sem hefur gerst á þeim tíma eftir að skipt var um ríkisstjórn er að verið er að forgangsraða upp á nýtt. Það er einmitt athyglisvert fyrir þjóðina að fylgjast með hvernig ný ríkisstjórn forgangsraðar miðað við það sem áður var, af því að á því sést hver forgangur Sjálfstæðisflokksins var og að hve miklu leyti Samfylkingin fékk að ráða málum, sem var auðvitað umtalsvert, og hvað breyttist við að Vinstri grænir og Samfylking komu saman í ríkisstjórn.

Allir þessir flokkar, þar með talið Sjálfstæðisflokkurinn, munu að sjálfsögðu leggja stefnumál sín í dóm kjósenda eftir 2–3 vikur. Þar mun koma fram hvaða áherslur við höfum og í framhaldinu verður síðan mynduð ríkisstjórn sem fylgir eftir þeim markmiðum sem samið hefur verið um og forgangsraðar um þann niðurskurð sem áætlaður hefur verið í fjárlögum, og þau markmið sem sett hafa verið fyrir árið 2010.

Þess vegna skiptir svo miklu máli í kosningunum núna 25. apríl hverjir fá að ráða þessari forgangsröðun. Það er verið að reyna að nudda okkur upp úr einhverjum skattahækkunum, Sjálfstæðisflokkurinn telur að það sé eitthvert kosningamál sem þeir geti grætt á. Það er auðvitað mjög forvitnilegt að vita að nær allar efnahagsaðgerðirnar sem við þurftum á að (Forseti hringir.) halda í kreppunni voru notaðar af Sjálfstæðisflokknum í þenslunni (Forseti hringir.) fyrir skemmstu.

[11:34]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ljóst er að við Íslendingar stöndum frammi fyrir gríðarlegu verkefni eftir þetta mikla hrun sem átti sér stað. Ef einhvern tíma er ástæða til að stjórnmálaflokkar reyni að starfa saman að því að ná árangri er það við aðstæður eins og nú eru. Það leikur ekki nokkur vafi á því. Það er þó annað mál að ekki hefur tekist að koma málum í slíkan farveg, sennilega er ekki nægilega mikill vilji til þess. Mér verður oft hugsað til þess hvernig við Íslendingar tókum á annan hátt á málum en t.d. Norðmenn, og þá er ég að hugsa um Norðmenn og þeirra mikla olíusjóð. Auðvitað er það sem hér var á þenslutímanum ekki sambærilegt við olíusjóðinn en engu að síður gaf fjármálakerfið gríðarlegar tekjur í ríkissjóð á meðan það var í blóma. Engum datt í hug að þeir atburðir gætu átt sér stað sem urðu, en ég trúi því að Norðmenn hefðu við aðstæður eins og þær sem við stóðum frammi fyrir ekki notað alla þá peninga sem runnu inn í ríkissjóð í eintóma eyðslu, þenslu og útgjöld heldur tekið öðruvísi á málum. Ekki var um það að ræða hér á Íslandi að það yrði gert og þar ber Sjálfstæðisflokkurinn gríðarlega mikla ábyrgð. Ég held því samt ekki fram að tökin hafi ekki verið orðin laus strax á tímum Framsóknarflokks í ríkisstjórn fyrir kosningarnar 2007. Lausatök voru á síðustu mánuðum fyrir kosningar og það var eins og allt væri hægt og peningum var eytt í allar áttir, ég tala nú ekki um ástandið þegar ríkisstjórn var mynduð eftir kosningarnar 2007 af Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu. Það var bókstaflega allt gert sem mönnum datt í hug og peningum svoleiðis eytt og spennt í allar áttir. Þetta er að koma okkur í koll núna þegar við stöndum frammi fyrir þessum gríðarlega tekjumissi og okkur hefur ekki tekist að minnka kerfið í samræmi við það og það verður ekki auðvelt.

Það sem ég óttast kannski mest núna er að eftir þetta hrun verði stemning fyrir því að fara algjörlega í hina áttina og hætt verði að hugsa um mikilvægi samkeppnishæfni Íslands, sem hefur verið grundvallarpólitík a.m.k. í huga framsóknarmanna, og við stígum skrefið svo langt til baka að frjáls viðskipti verði ekki (Forseti hringir.) ofarlega á stefnuskrá þeirra stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka sem verða hér við völd á næstunni. Það væri mjög miður.

[11:38]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Ekki er óeðlilegt að kjósendur fái að vita hvað stjórnmálaflokkarnir ætla að gera við þær aðstæður sem við búum við núna. Það er bara sjálfsagður hlutur að flokkarnir segi hverju þeir vilji breyta og hvað þeir ætli að gera. Það hlýtur að vera eðlileg krafa. Við í Frjálslynda flokknum viljum nýta allar auðlindir okkar, bæði til sjávar og sveita, til að minnka atvinnuleysið og skapa meiri gjaldeyristekjur. Það er í stórum dráttum stóra lausnin fyrir okkur, það að reyna að auka tekjur til sjávar og sveita við þessar aðstæður og minnka atvinnuleysi. Að sama skapi viljum við verja velferðarkerfið og viljum ekki að notaður verði flatur niðurskurður í þjóðfélaginu. Við viljum ekki að jafnmikið verði skorið niður á spítölum eða elliheimilum og í utanríkisþjónustu. Við viljum að þar verði gerður greinarmunur á.

Það þarf að forgangsraða verkefnum með þeim hætti að velferðarkerfið haldi sér en þar sem við erum að bruðla í alvörunni verði skorið niður. Við viljum ekki að 15–20 millj-

örðum sé eytt í tónlistarhús á meðan peninga vantar í ýmiss konar aðra atvinnustarfsemi eða heilbrigðisþjónustu. Við ætlum að skera niður í heilbrigðisþjónustunni á sama tíma og við setjum 15–20 milljarða í þetta monthús, tónlistarhúsið. Það er nefnilega ekki sama hvernig við höldum á og það er öruggt að við þurfum víða að fara í mikinn niðurskurð. Við þurfum sjálfsagt að hækka skatta og þá er ekki sama hvort við hækkum skatta á hálaunafólk eða láglaunafólk eða hvort við skerðum bætur öryrkja og ellilífeyrisþega. Við þurfum að gæta okkur á því hvernig við ætlum að taka á þessum hlutum. Það er auðvitað víða hægt að gera miklar breytingar án þess að koma mjög illa við fólk. Í stórum dráttum eru tillögur okkar í Frjálslynda flokknum að standa á bak við velferðarkerfið og hjálpa þeim sem verst standa í þjóðfélaginu og við höfum lagt hér fram tillögur, frumvörp og þingsályktunartillögur, um þau mál. Öllum á að vera ljóst hvað við höfum verið að gera í því en síðan viljum við nýta allar auðlindir okkar, bæði til sjós og lands.

[11:41]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Fyrst aðeins út af orðum hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur, bara svo því sé til haga haldið, þá eru þetta gersamlega fráleitar fullyrðingar hjá hæstv. heilbrigðisráðherra að hér hafi verið um óskhyggju sérfræðinga að ræða og einkavæðingaráform þegar talað er um sameiningar- og skipulagsbreytingar. Þetta er gersamlega fráleitt og athyglisvert að heyra að hæstv. ráðherra ætlar ekki að hætta við sameiningar- og skipulagsbreytingarnar. Hann frestar þeim bara eins og öllu öðru.

Hæstv. fjármálaráðherra staðfesti enn og aftur að hann ætlar ekki að svara spurningunum. Þær yfirlýsingar ráðherrans sem eru í þessum orðum: Við munum segja þjóðinni það fyrir kosningar sem við teljum óhjákvæmilegt að gera eftir kosningar, eru bara tal, því miður bara tal. Engri þeirra spurninga sem við bárum hér upp var svarað. Hins vegar er ótrúlegt að heyra hér, virðulegi forseti, að þrír hópar eru að hefja störf á næstu dögum, nú í apríl, hvað varðar ríkisfjármálin. Einu svör ráðherrans voru að auka ætti eftirlit og aðhald. Til þess var leikurinn gerður, það er nákvæmlega það sem menn fóru í, að auka eftirlit og aðhald. Það er ljóst miðað við þær fáu tölur sem við höfum að það hefur ekki gengið eftir. Ég vek athygli á því að hér segir formaður Vinstri grænna að þær upplýsingar sem fara til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins — og ég ætla ekkert að rifja upp ummæli þessara aðila um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hér áður — séu leyniskjöl sem verði ekki birt fyrr en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vill það. Að sjálfsögðu getur hæstv. fjármálaráðherra upplýst allt sem hann vill hvað þetta varðar en þetta er algjörlega ótrúlegt. Það er augljóst hver stefnan er, hér kom skýrt fram hjá ráðherranum að við ætlum ekki að segja neitt fyrr en í maí og júní. Allt þetta tal um að upplýsa fyrir kosningar hvað á að gera eftir kosningar eru orðin tóm.

Við munum hins vegar ekki láta ríkisstjórnina sleppa með þetta, hún verður að upplýsa okkur um stöðu mála. Það er skylda hennar. Varðandi það að menn reyna iðulega að klína öllu á sjálfstæðismenn sem miður fer vil ég benda á að allar skuldir ríkissjóðs voru greiddar niður í tíð síðustu ríkisstjórnar. Sömuleiðis voru gríðarlegar fjárhæðir greiddar inn í LSR sem því miður hafa svolítið tapast nú á síðustu missirum, þrátt fyrir að vera undir stjórn Vinstri grænna. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Stóra málið er að hér var beðið um svör við eðlilegum spurningum, grundvallarspurningum sem verður að svara fyrir kosningar. Ríkisstjórnarflokkarnir eru mjög pirraðir yfir þessum spurningum og ætla ekki að svara þeim, (Forseti hringir.) þeir ætla ekki að segja fólkinu satt fyrir kosningar heldur vonast til að umræðan muni snúast um eitthvað allt annað fram að kosningum (Forseti hringir.) en það sem máli skiptir.

[11:44]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Til að upplýsa betur um tímaáætlanir í sambandi við samstarfsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þá er rétt að fram komi að töfin sem þar hefur orðið á frá upphaflegum hugmyndum haustsins varð að mestu leyti í tíð fyrri ríkisstjórnar. Ætlunin var að ganga frá ýmsum gögnum og senda sjóðnum í lok desember, síðan var fenginn frestur til að ljúka þeirri vinnu í janúar og síðan fór janúarmánuður eins og hann fór og 1. febrúar þegar ég kom í fjármálaráðuneytið varð í raun að hefja þá vinnu frá grunni. Það skýrist af þessum ástæðum. Ég er ekki að ásaka fyrri ríkisstjórn að öllu leyti fyrir það, við vitum hvernig aðstæður voru, við vitum um upplausnina sem hér varð í janúar og við vitum um stjórnarskiptin.

Töfin varð fyrst og fremst þarna, þær tvær til þrjár vikur sem síðan hafa bæst við skýrast alfarið af því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kom nokkru seinna til landsins en hann hafði áætlað og dvaldi lengur. Að öðru leyti er þessi áætlun á tíma eftir því sem hún gat orðið frá því að stjórnarskiptin urðu.

Þau gögn sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur fengið frá stjórnvöldum og/eða tekið saman sjálfur eru fyrst og fremst almenns eðlis. Það eru almennar þjóðhagslegar og ríkisfjármálaupplýsingar. Aldrei hefur staðið til að tæknileg útfærsla í áætluninni yrði unnin í einstökum atriðum fyrr en í maí og júní. Þetta hef ég margreynt að útskýra fyrir sjálfstæðismönnum (Gripið fram í.) en það dugar lítið.

Það er hárrétt hjá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni að umsvifin í hagkerfinu eru afgerandi fyrir stöðu ríkissjóðs. Annars er hvað mesta áhyggjuefnið hversu mikið hagkerfið kólnar niður og hins vegar þróun ytri skilyrða. Það sem vinnur líka á móti okkur núna eru versnandi aðstæður sem hafa verið á útflutningsmörkuðum okkar og óhagstæð þróun í ýmsum mikilvægum viðskiptalöndum.

Ég fagna framvindu umræðunnar hér að undanförnu að einu leyti og það er að nú samþykkja allir að fara verði það sem ég kalla blandaða leið. Formaður Sjálfstæðisflokksins slóst í þann hóp í gærkvöldi. Allir viðurkenna að þetta verður að gera annars vegar með einhverri tekjuöflun og hins vegar með umtalsverðum sparnaði og aðhaldsaðgerðum. Af tveimur ástæðum verðum við augljóslega að gera þetta svona. Sú fyrri er að ekkert annað er hægt, þetta er ekki hægt öðruvísi. Sú seinni er að það væri efnahagslega mjög óskynsamlegt að gera þetta öðruvísi. Ef við gerum þetta með niðurskurði einum saman dýpkum við kreppuna og aukum atvinnuleysið og þá þyrfti að segja upp mörg

þúsund manns hjá hinu opinbera. Ef við reynum þetta alfarið með skattahækkunum kæfa þær allt niður. Ég held að ekki sé mikill pólitískur ágreiningur um þetta þó að aumingja vesalings Sjálfstæðisflokkurinn sé í vandræðum sínum hér að reyna að dikta hann upp. Af hverju er það? Það er af því að Sjálfstæðisflokkurinn var að vona að hann gæti smíðað sér vopn í kosningabaráttunni með þessum málflutningi (Forseti hringir.) vegna þess að þau vopn sem hann hefur í höndunum eru ónýt og bitlaus, eins og sést vel þessa dagana.

Um fundarstjórn.

Svör ráðherra í utandagskrárumræðu.

[11:48]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil nefna hér að það er óhjákvæmilegt að forseti beiti sér fyrir því að umræða sú sem hafin var hér í dag verði endurtekin. Hvers vegna? Jú, vegna þess að ekki fengust svör við þeim spurningum sem voru bornar upp. Það fékkst hins vegar mikið af hroka frá hæstv. fjármálaráðherra með aðstoð hv. þm. Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur sem héldu því fram að fyrirspyrjendur skildu ekki svörin og þeim fannst óeðlilegt að spurt væri. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson lagði áherslu á að eðlilegt væri að spurt væri þessara spurninga en engin svör fengust. Það fékkst hins vegar mikið af hroka.

Hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir sagði að það væri ábyrgðarlaust að kynna upplýsingar fyrir þingmönnum hér, ábyrgðarlaust, fyrir kosningar.

Hæstv. forseti. Þetta er óforsvaranleg framganga af hálfu stjórnarliðsins, ekki síst fjármálaráðherra, (Forseti hringir.) og það verður að gera þá kröfu að hæstv. fjármálaráðherra komi hingað aftur (Forseti hringir.) og geri betri grein fyrir þeim spurningum sem hann var spurður um.

[11:49]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega ekki hægt að sitja undir því hér að vera ásakaður um hroka í eðlilegum umræðum á Alþingi Íslendinga. Það sem ég dró fram í ræðu minni er að við höfum margoft tekið þessa umræðu, (Forseti hringir.) bæði í sölum Alþingis og annars staðar.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill spyrja hv. þingmann hvort hún ætli að ræða um fundarstjórn forseta eða fara í efnislega ræðu.)

Þingmaðurinn ætlar að ræða um fundarstjórn forseta ef ég fæ að halda áfram smástund.

Forseti hefur kallað eftir því hér að þingmenn ræði málið málefnalega. Ég taldi mig gera það áðan eins og í fjárlaganefnd og eins og í umræðum um störf þingsins á miðvikudaginn. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að sitja hér undir því að mönnum séu gefnar einkunnir fyrir ræður sínar og kallaðir hrokafullir úr ræðustóli Alþingis.

[11:51]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni og endurtek, bara svo menn hafi það alveg á hreinu um hvað hér var spurt.

1. Hvernig er framvinda ríkisreksturs árið 2009 miðað við fjárlög ársins? (**SVÓ:** Er þetta efnisleg umræða, forseti?) Því var ekki svarað. Einu upplýsingarnar sem hafa fengist eru frá heilbrigðisnefnd en (Gripið fram í.) það eru ekki þær upplýsingar … Virðulegi forseti. Ég er að fara hér yfir hverju var ekki svarað og taka undir ósk hv. þm. Sturlu Böðvarssonar. (**Gripið fram í:** Um endurtekningu?)

2. Hvernig hyggst ríkisstjórnin mæta þeim frávikum sem leiða til meiri samdráttar í tekjum en ráð var fyrir gert og vegna útgjalda umfram fjárlög?

3. Hvernig eru áætlanir sem ríkisstjórnin lagði fyrir AGS um fjárlagagerð þessa árs og undirbúningur fyrir það næsta?

4. Hvers vegna fær Alþingi ekki sömu upplýsingar og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn?

5. Og nú hefur fjármálaráðherra upplýst að farið verði bæði í niðurskurð og skattahækkanir árið 2010 sem nemur 35–55 milljörðum — hvar á niðurskurðurinn að koma fram og hvar munu skattar hækka? (Forseti hringir.)

6. Hvað á mikið að koma fram í hækkuðum sköttum og hversu mikið í niðurskurði? (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég tek undir þá ósk að forseti beiti sér fyrir því að þessum spurningum verði svarað.

[11:52]

Forseti (Þuríður Backman):

Hér fór fram utandagskrárumræða um þetta efni og hafi hv. þingmaður eða þingmenn sem tóku þátt í þeirri umræðu ekki talið sig fá þau svör við þeim spurningum sem fram hafa komið vill forseti benda á að á mánudaginn kemur hefst þingfundur á óundirbúnum fyrirspurnum. Þar er leið fyrir hv. þingmann að fara aftur fram með fyrirspurnir.

Forseti hefur meðtekið þessa ósk og mun íhuga það með hvaða leiðum og ráðum hægt sé að koma þeim svörum til hv. þingmanna sem óskað er eftir eða þeim skilningi á svörum sem óskað er eftir.

[11:53]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka undirtektir hæstv. forseta, enda er forseti Alþingis forseti allra þingmanna og á auðvitað að standa í vörn fyrir okkur þingmenn þegar það blasir við að spurningum okkar um mikilvæg málefni þjóðarinnar er ekki svarað, sem er svarað með hroka og ótrúlegri framgöngu af hálfu stjórnarliðsins, og þá ekki síst hæstv. fjármálaráðherra sem auðvitað er meistari í því að víkja sér undan því að ræða málefnalega um hluti hér, ekki síst núna í þeirri stöðu sem hann er sem hæstv. fjármálaráðherra.

Ég hvet hæstv. forseta til að fara yfir það í forsætisnefnd að það sé ekki hægt að koma ráðherrum upp með það að standa frammi fyrir þingmönnum og neita að svara og að einstakir þingmenn telji það eðlilegt (Forseti hringir.) að ráðherra gefi ekki svör við spurningum, hæstv. forseti.

[11:54]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því í fullri einlægni að hæstv. forseti leiðbeini þingmönnum sjálfstæðismanna um

þau úrræði sem þingmenn hafa samkvæmt þingsköpum til að fá svarað spurningum sínum. Ein leiðin er hinir opnu nefndafundir sem hér hafa verið ræddir, önnur leiðin er utandagskrárumræður í þingsal sem þegar hafa farið fram. Þriðja leiðin er, eins og hæstv. forseti benti á, óundirbúnar fyrirspurnir á tilteknum tímum. Fjórða leiðin er einmitt sú að leggja fram skriflegar spurningar fyrir ráðherrana og óska ýmist munnlegra eða skriflegra svara. (**StB:** Við þökkum kennslustundina.) Mér finnst furðulegt ef hv. þingmaður og fyrrverandi forseti þingsins þekkir ekki þessar aðferðir. (Gripið fram í.)

[11:55]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir með hv. þm. Álfheiði Ingadóttur varðandi síðustu orð hennar. Ég held að frú forseti verði að fara yfir þingsköpin með hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Maður hefði kannski haldið fyrir fram að þeir þekktu þingsköpin en ef marka má það sem farið hefur fram hér í dag í umræðum og síðustu daga mætti ætla að menn kynnu ekki til verka. Ég held satt best að segja, frú forseti, að það væri býsna fróðlegt, athyglisvert og skemmtilegt fyrir þjóðina að fá að fylgjast með umræðum og framgöngu þingmanna Sjálfstæðisflokksins í þessu máli og hér í þingsölum Alþingis. Í raun og veru ætti það að vera í beinni útsendingu (**Gripið fram í:** Við erum það.) þannig að þjóðin sæi með eigin augum framgöngu hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins, hvernig þeir tregðast við hér dag eftir dag (Gripið fram í.) í krafti þingskapa Alþingis að taka (Gripið fram í.) hér út stjórnarskipunarlögin og það er bara vegna þess að þeir eru á móti því að afsala sér valdi. Valdaflokkurinn Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki hugsað sér (Forseti hringir.) að taka út stjórnarskipunarfrumvarpið (Forseti hringir.) vegna þess að það felur í sér vald til þjóðarinnar. (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn er í beinni útsendingu ef hún veit það ekki.)

[11:56]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég frábið mér þessar leiðbeiningar frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur sem mælti þær af sínu hjartans lítillæti sem allir þekkja sem hafa hlustað á hana úr ræðustól Alþingis. Sannleikurinn er sá að þingmenn þurfa ekkert þessar leiðbeiningar, hins vegar blasir við að núverandi ráðherrar þurfa greinilega að fá leiðbeiningar um það hvernig þeir eiga að umgangast þingið og svara fyrirspurnum sem lagðar eru fram með eðlilegum hætti.

Það sem hér hefur einfaldlega verið gert er að þess hefur verið óskað að mjög mikilvæg mál séu skýrð. Ekki hefur verið orðið við þeim óskum, þingmenn hafa reynt að gera það hér úr ræðustól Alþingis, það hefur verið reynt með fyrirspurnum, með opnum þingnefndarfundum. Það hefur ekki borið árangur og þess vegna er beiðnin sú til hæstv. forseta að hún hlutist til um það að ráðherrarnir sýni þinginu þá virðingu að upplýsa um hluti sem þeir hafa lagt fram og sent til embættismanna (Gripið fram í.) í höfuðborg Bandaríkjanna. Þær upplýsingar liggja ekki fyrir hjá okkur í höfuðborg Íslands, á Alþingi, (Forseti hringir.) og það er algjörlega óeðlilegt. Hæstv. forseti (Forseti hringir.) ætti þess vegna að búa til þessar leiðbeiningar fyrir ráðherra og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir að spara (Forseti hringir.) sér hroka.

[11:58]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill fara yfir nokkur atriði. Hér hefur verið opinn fundur í fjárlaganefnd og rétt áðan var utandagskrárumræða um framkvæmd fjárlaga og samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Í gær var einnig fundur með heilbrigðisráðherra og heilbrigðisnefnd um þann þátt sem snýr að framkvæmd fjárlaga og heilbrigðisþjónustunnar. Þetta er það sem forsetar hafa beitt sér fyrir og er komið á. Eftir er þá að leggja fram fyrirspurnir, skriflega eða munnlega, eða eins og forseti nefndi áðan, að fara í óundirbúinn fyrirspurnatíma á mánudaginn. (**Gripið fram í:** … tryggja að ráðherrar …) Forsetar hafa þessi ráð en geta í raun og veru ekki gert meira en að sjá til þess að þessari umgjörð sé fylgt en ekki ábyrgst svörin og ánægju eða óánægju þingmanna með þau.

[11:59]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að virðulegur forseti ætti að hlutast til um að við fáum þessi svör en ég verð að segja eins og er að mér finnst umræðan hér hjá stjórnarþingmönnum, hvernig þeir tala hér, með miklum eindæmum. Hrokinn er slíkur að ég man ekki eftir að hafa hlustað á slíkt í sölum þingsins. (**SVÓ:** Það er ekki úr háum söðli að detta.) Svo því sé til haga haldið er ekki um það að ræða að þeir aðilar sem hér töluðu séu þess megnugir að fara að kenna fyrrverandi forseta þingsins hvernig þingsköpin eru.

Virðulegi forseti. Þetta snýst ekki bara um þetta mál, þetta snýst um það hvort menn vilji hafa þá vinnureglu hér að fyrirspurnum sé svarað. Það er öllum ljóst sem hafa fylgst með þessum umræðum, sem hafa verið á þessum fundum, hvort sem er í heilbrigðisnefnd eða fjárlaganefnd, að fyrirspurnunum hefur ekki verið svarað. Ef menn telja svo að ráðherrar og framkvæmdarvald komist upp með að upplýsa ekki um þær spurningar sem þingið ber fram er það mál miklu stærra en það sem hér er rætt (Forseti hringir.) og þó er það gríðarlega stórt.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882.

[12:01]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Svo að ekkert fari milli mála og enginn misskilningur sé á ferð þá ræðum við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Það er eitt af þeim allra stærstu málum sem þjóðþing getur rætt, það eru breytingar sem boðaðar eru, hvernig sem það er gert, á sjálfri stjórnskipan lýðveldisins. Stjórnarskrármál hafa verið meira og minna til umræðu frá árinu 1944, frá lýðveldisstofnuninni, og þarf í sjálfu sér ekki að rekja mjög ítarlega með

hvaða hætti staðið hefur verið að þeim málum. Í upphafi var ætlunin að fram færi heildstæð endurskoðun á stjórnarskránni en þrátt fyrir margar metnaðarfullar atlögur í þeim efnum hefur í sjálfu sér ekki mikið miðað í þeim efnum. Þegar þessi mál eru skoðuð held ég hægt sé að rökstyðja að það hafi verið röng nálgun strax í upphafi að ætla sér að fram færi heildstæð endurskoðun á stjórnarskránni. Miklu skynsamlegra hefði verið að gera það eins og síðar var ákveðið, að taka fyrir einstaka efnisþætti stjórnarskrárinnar sem kölluðu á breytingar því að það er alveg rétt sem margoft hefur verið bent á að stjórnarskrá er lykilplagg. Það er mjög mikilvægt að það sé ákveðin festa og vissa í skipan stjórnarskrárinnar. Þau lýðræðisríki sem við viljum gjarnan bera okkur saman við, og gerum það með sóma og sann, hafa yfirleitt haft þann háttinn á að í stað þess að fara í heildstæða endurskoðun reyna menn frekar að tryggja að tiltekin samfella sé í stjórnarskránni. Það er lykill að réttarfarslegu öryggi og öryggi íbúanna og borgaranna að menn viti hvernig hinar almennu leikreglur eru.

Þær breytingar sem við höfum gert á stjórnarskránni, sem gerðum til að mynda á 10. áratugnum, bæði 1991 og 1995, voru einmitt þannig gerðar að þær miðuðu að því að taka fyrir afmarkaðan þátt í stjórnarskránni sjálfri og ná um hann mikilli sátt milli stjórnmálaflokkanna og í samfélaginu. Það var gert með mikilli almennri umræðu sem þá fór fram með býsna löngum aðdraganda og sama var gert fyrir kosningarnar 2007 þegar ætlunin var að taka fyrir hluta af því sem verið er að fjalla um í því frumvarpi sem við ræðum í dag.

Því miður tókst ekki að ná eðlilegri samstöðu um málið á árinu 2007. Var það mat þáverandi meiri hluta Alþingis og raunar Alþingis í heild að skynsamlegt væri að hverfa þá frá þessari fyrirætlan. Í stað þess að knýja fram breytingar á stjórnarskránni í einhverju ósætti, jafnvel þó menn hefðu verið búnir að ná býsna langt um það að ná saman um stóra hluti málsins, var það engu að síður niðurstaða Alþingis á þeim tíma að knýja ekki fram breytingar heldur freista þess að taka lengri tíma í málið, vinna það til hlítar og í góðri sátt svo að um stjórnarskrárbreytingarnar gæti tekist almenn sátt.

Bent hefur verið á það upp á síðkastið að stjórnarskrármál hafi verið ákveðin í ósætti í þinginu og er það rétt, það eru tvö dæmi um það. En þau dæmi eru hins vegar af allt öðrum toga en málin sem við ræðum núna. Þá ræddum við um breytingar á kosningafyrirkomulagi og kosningalögum, annars vegar 1959 og hins vegar á 4. áratug síðustu aldar. Þar hafði einn stjórnmálaflokkur, Framsóknarflokkurinn, algera sérstöðu. Hann naut þess í skipan þingmanna að kosningafyrirkomulagið væri bæði óréttlátt og óskynsamlegt og það voru sérhagsmunir þess stjórnmálaflokks sem gerðu það að verkum að í báðum tilvikum sem ég nefndi frá 20. öld var ekki hægt að ná samkomulagi í málinu. Það var hins vegar breið samstaða um málið að öðru leyti og nú efast enginn um að það var bráðnauðsynleg niðurstaða á þeim tíma. Það er því mjög ólíku saman að jafna þegar við berum saman þau tvö tilvik sem nefnd hafa verið um ósætti sem var um breytingar á stjórnarskrá og það sem við ræðum í dag.

Um það hafa verið höfð nokkuð mörg orð að óeðlilegt sé að þessi mál séu rædd svo ítarlega sem raun ber vitni. Ég get ekki fallist á það. Það er mjög nauðsynlegt almennt talað að umræður um stjórnarskrárbreytingar séu mjög ítarlegar og hafi víða skírskotun. Það er kannski mesti gallinn á þeim umræðum sem nú fara fram um stjórnarskrármálið að þær fara að mestu leyti fram í sölum Alþingis. Þeir sem vilja gjarnan tjá sig um þessi mál bera því réttilega við að ekki sé hægt um vik í ljósi þess þrönga tíma sem þessum breytingum, umræðum og ákvörðunum er gefinn. Til að ná skynsamlegri niðurstöðu þurfa umræður um stjórnarskipunarmál að eiga sér langan aðdraganda. Þær umræður þurfa líka að vera þannig að þær endurspegli margvísleg viðhorf í samfélaginu því að það á ekki að vera svo að við breytum á hverjum degi stjórnarskipunarlögum eins og við gerum í dag. Þegar við gerum breytingar á Alþingi almennt um einstök mál er ekkert óeðlilegt að slík mál komi oft til endurskoðunar og þegar mönnum finnst tilefni til að gera breytingar á tilteknum lögum eru borin upp ný frumvörp í þinginu sem menn ræða um og taka síðan afstöðu til. Það er mjög eðlilegt en það er hins vegar ekki eðlilegt þegar við ræðum stjórnarskrármál.

Ég hef á undanförnum dögum og vikum farið yfir hvernig staðið er að slíkum stjórnarskrárbreytingum í öðrum löndum og ég fullyrði að hvergi nokkurs staðar þar sem ég hef kynnt mér málin hefur verið staðið að þeim málum með sama hætti og núna er gert varðandi þetta frumvarp. Engar þjóðir sem vilja kalla sig lýðræðisþjóðir og vilja ná máli í þessum efnum láta sér detta í hug að ástunda vinnubrögð eins og eru varðandi þetta frumvarp. Það er algert einsdæmi þegar kemur að stjórnarskránni, ekki bara í sögu okkar þjóðar heldur í sögu þeirra þjóða sem vilja láta taka sig alvarlega þegar kemur að lýðræðislegum vinnubrögðum og að því að endurskoða stjórnarskrána sjálfa. Hvergi nokkurs staðar á byggðu bóli þar sem menn vilja hafa lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri mundu þeir láta sér detta í hug það sem þessi minnihlutaríkisstjórn reynir nú að knýja fram með ofríki sínu, með tilstyrk fylgihnattarins, Framsóknarflokksins, sem enginn veit frá degi til dags hvort telst stjórnarandstöðuflokkur eða í stjórnarliðinu.

Ef t.d. væri spurt í spurningakeppninni *Gettu betur:* Er Framsóknarflokkurinn stjórnarandstöðuflokkur eða stjórnaraðstöðuflokkur? held ég að svörin væru alltaf rétt, hver sem þau væru. Er hann stjórnarandstöðuflokkur? Já, já. Er hann stjórnarflokkur? Já, já. Er hann hvort tveggja? Já, hann er það, í anda sinnar helgu sögu, já-og-nei-flokkurinn. Það er algerlega óljóst hver staða hans er nema að við vitum að hluti af þeim hrossakaupum sem gerð voru — og nú vona ég að hrossakaupmenn landsins fyrirgefi mér — þegar ríkisstjórnin var mynduð var að sjá svo um að lagt yrði á borð frumvarp um svokallað stjórnlagaþing sem er ein af þessum hugdettum sem Framsóknarflokkurinn fær gjarnan rétt fyrir kosningar. Sagan sýnir og reynslan sannar að eitt af því hættulegasta sem hent getur þjóðfélag okkar er þegar Framsóknarflokkurinn fær hugdetturnar sínar. Það getur haft afleiðingar sem ekki nokkur maður getur séð fyrir og væri fróðlegt og kannski athyglisvert á margan hátt að ræða það mál.

Þegar við skoðum hvernig staðið hefur verið að breytingum á stjórnarskrá hjá okkur á undanförnum árum, t.d. á

10. áratug síðustu aldar, sjáum við að það hefur alltaf haft býsna langan aðdraganda. Segja má að þær breytingar sem boðaðar eru í þessu frumvarpi uppfylli þau skilyrði að þær eiga sér nokkurn aðdraganda að nokkru leyti, ekki að öllu leyti. Það á t.d. við um 1. gr. frumvarpsins, um náttúruauðlindir. Þau mál voru, eins og ég tæpti á aðeins áðan, rædd ansi mikið í aðdraganda kosninga 2007 og þá var það einlægur vilji allra stjórnmálaflokka, að ég hygg, að skipa þeim málum þannig að sómi yrði að og menn gætu komist að samkomulagi um þau, en ekki tókst að ljúka því máli á þeim tíma. Það er mjög mikilvægt að ætla sér góðan tíma núna, t.d. eftir kosningarnar fram undan eru, og setjast niður með öllum stjórnmálaflokkunum sem þá eiga fulltrúa á Alþingi og opna þá umræðu enn þá frekar, t.d. með þátttöku almennings og sérfræðinga. Til þess eru margar lýðræðislegar leiðir færar. Það þarf að ræða málin til að komast niðurstöðu sem menn geta sæst á og ég fullyrði að til eru slíkar leiðir sem mjög vel færar. Það sjáum við á þeim umræðum átt hafa sér stað. Við vitum nokkurn veginn í hvaða átt við viljum stefna en það vantar hins vegar mjög á að þetta frumvarp uppfylli þau skilyrði sem við verðum að setja varðandi mál af þessu tagi.

Ég vek athygli á því að þegar við skoðum aðdragandann að þessu frumvarpi er hann ótrúlega skammur. Núverandi ríkisstjórn komst á koppinn 1. febrúar sl. Einhvern tíma í framhaldi af því var sett niður vinna tiltekinna sérfræðinga, handvalinna sérfræðinga, sem ríkisstjórnin kaus sér til að undirbúa þetta mál. Ekki var leitað eftir því að fá breiða samstöðu stjórnmálaflokkanna um þessi mál enda er mjög ólíklegt að sú vinna hefði skilað viðunandi árangri á þeim skamma tíma sem við höfðum, frá 1. febrúar fram að kosningum, 25. apríl, en engu að síður kaus ríkisstjórnin sér þessa leið. Til þess að geta knúið fram einhverja tiltekna niðurstöðu sem henni væri þóknanleg kaus hún til fylgilags við sig tiltekna, handvalda sérfræðinga, ágætisfólk, til að undirbúa þetta mál og leggja það fram í sínu nafni, á pólitíska ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna en ekki með það að augnamiði að ná pólitískri eða almennri sátt um málið.

Við sjáum það einfaldlega þegar við rekjum tímasetningarnar í undirbúningi þessa máls hvernig að öllu er staðið. Málið var síðan lagt fram í þinginu í byrjun marsmánaðar, mánuði eftir að ríkisstjórnin var mynduð eða þar um bil. Því var vísað til sérstakrar kosinnar nefndar 11. mars. Þó var ekki kosið í þá nefnd fyrr en daginn eftir og fyrsti fundur nefndarinnar var happadaginn föstudaginn 13. mars. Að kvöldi þess dags var málinu vísað frá þinginu til umsagnar, umsagnaraðilarnir fengu málið í hendur væntanlega í fyrsta lagi 14. mars. Hvenær áttu þeir sem kallaðir voru til, til að fjalla um þessi mál að skila áliti? Hvaða tíma höfðu menn til að fara yfir þessi flóknu umdeildu mál sem eru ekki einu sinni aðgengileg fyrir mestu sérfræðinga okkar, eins og kemur glögglega fram í þeim nefndarálitum og í þeim stóru og miklu umsögnum sem bárust? Þeir höfðu innan við viku, þeir höfðu sex daga, málunum var vísað úr nefnd á föstudegi, ofan í helgi, þannig að á fyrsta virka degi eftir það, væntanlega 16. mars eða þar um bil, hafa umsagnaraðilar trúlega fengið þessi gögn í hendur og beiðnina um að vinna í þessum málum. Þeir áttu að skila áliti 20. mars sem var föstudagur. Það var allur tíminn sem þeir fengu. Við ræðum hér um grundvallarplagg. Þetta er ekkert smámál, þetta eru engin neyðarlög sem kalla á að menn hafi hraðar hendur. Það er ekki verið að kippa til einhverri lítilli þingsályktunartillögu. Það er ekki verið að tala um einhverjar tæknilegar breytingar á frumvarpi. Það er verið að tala um grundvallarbreytingar á sjálfri stjórnarskrá Íslands, mál sem hv. stjórnarliðar hafa keppst við í umræðum, reyndar ekki endilega úr ræðustólnum heldur í almennri þjóðfélagsumræðu, að leggja áherslu á að séu þýðingarmiklar breytingar, stórar breytingar sem marki þáttaskil og séu viðbrögð við því sem menn hafa kallað kerfishrun í samfélagi okkar.

Og vinnubrögðin við að gera grundvallarbreytingar á sjálfri stjórnarskránni eru með þessum hætti. Með öðrum orðum, það eru valdir sérfræðingar, mætasta fólk, til að undirbúa málið, þeir fá mánuð til þess eða um það bil. Margt bendir til að það hafi verið markmið í sjálfu sér að leggja málin þannig fram að það væri í anda þess sem tillögumenn vildu en ekki gætt að því að reyna að ná pólitískri samstöðu. Síðan átti þingnefnd Alþingis að hafa 4–5 virka daga frá því að málið var sent til umsagnar og þar til umsagnaraðilar áttu að vera búnir að skila af sér. Þess vegna er ekki undarlegt að umsagnaraðilar kvarta nánast allir sem einn undan þessum vinnubrögðum.

Ég skil alveg það sjónarmið að menn vilji gera breytingar á tilteknum efnisgreinum stjórnarskrárinnar og ég er alveg sammála þeirri nálgun að við eigum að gera það með þeim hætti að við tökum fyrir einstaka þætti stjórnarskrárinnar. Það er greinilega sú aðferð sem reynslan hefur sýnt alveg frá lýðveldisstofnun að er miklu líklegri til árangurs en ætla sér það viðurhlutamikla verkefni að gera breytingar á stjórnarskránni í heild, fyrir utan það að ég hef mínar efasemdir um að efnisleg rök standi til þess að gera slíkt. Það er önnur saga. En láta sér detta í hug og sýna umsagnaraðilum þá vanvirðu að ætla þeim 4–5 virka daga til að vinna að umsögnum sínum sem menn vilja taka hátíðlega þegar við fjöllum um sjálfa stjórnarskrá okkar, er vanvirða við umsagnaraðilana og þingið, en fyrst og fremst við stjórnarskrána sjálfa og þjóðina okkar. Það er vanvirða að láta sér detta það í hug að þeir umsagnaraðilar sem við köllum til til að gefa okkur ráð, til að hjálpa okkur við að ganga frá þessu frumvarpi svo að fullur sómi sé að og menn geta verið tiltölulega sáttir við það, gengur auðvitað ekki. Það sjá allir menn að það getur ekki gengið að svona sé staðið að málum.

Ég hef sem ráðherra og þingmaður oft og tíðum lagt fram þingmál af alls konar stærðargráðum og mismunandi flókin. En aldrei held ég að mér hafi dottið í hug að leggja fram þannig frumvarp, hvorki sem þingmaður né ráðherra, af þeim toga að það kallaði á einhverja yfirlegu og bjóða síðan mönnum upp á að skila áliti með svona hraðsoðnum hætti. Enda sjáum við að það er einróma dómur nánast allra þeirra sem fjalla um þessi mál að þetta séu óboðleg vinnubrögð.

Ég lagði fram umdeilt mál sem landbúnaðarráðherra í haust og reyndar líka í fyrra um svokallað matvælafrumvarp. Mig minnir að upphaflega ætlunin hafi verið sú að veita þar hálfan mánuð eða þrjár vikur í umsagnarfrest. Þegar þess var óskað af umsagnaraðilum að hann yrði lengdur varð þingið að sjálfsögðu við því. Allir voru þeirrar

skoðunar að það væri ekki mönnum bjóðandi eða þinginu bjóðandi að ætla sér minni tíma en hálfan mánuð til mánuð fyrir umsagnaraðila til að kynna sér og fara ofan í málið og senda frá sér umsagnir. Þó var það ekki stjórnarskrármál. Þar var rætt mál sem verið hafði í umræðunni árum saman og margir þekktu í meginatriðum en mér fannst það sjálfsagður hlutur að bregðast við ábendingum þeirra hagsmunaaðila sem hlut áttu að máli og var sammála þingnefndinni um að koma málum þannig fyrir að umsagnaraðilar fengju sómasamlegt svigrúm til að fara ofan í málið. Ég trúi því ekki að það geti verið vilji svo ágætra þingmanna sem flutningsmenn eru, hv. þm. Birkis J. Jónssonar, Guðjóns A. Kristjánssonar, hæstv. ráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar, að það geti verið einlægur vilji þeirra að standa svona að málum varðandi breytingar á stjórnarskránni. Ég trúi ekki öðru en þau sjái ljósið í þessum efnum og fallist á það að þetta mál verðskuldi ekki af einhverjum pólitískum ástæðum, ekki af neinum öðrum ástæðum en þeim að við viljum vanda okkur þegar við tölum um stjórnarskrána og stjórnarskráin okkar verðskuldi að við sýnum henni þá lágmarksvirðingu að ætla okkur þann tíma sem nauðsynlegur er til að fara yfir þessi mál.

Þegar við skoðum umsagnirnar telja þeir allir undantekningarlaust sem fjalla um málið þessi vinnubrögð ótæk og væri hægt að lesa upp marga kafla úr umsögnum ýmissa aðila í þeim efnum sem rökstyðja mál mitt. Ég ætla að láta mér nægja að kalla til vitnis í þessu sambandi laganefnd Lögmannafélags Íslands. Ætli það sé ekki nefnd sem hefur nokkurt gildi þegar kemur að því að ræða um sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins? Ætli það sé ekki nefnd sem við mundum alltaf vilja hafa til ráðslags þegar við fjöllum um mál eins og þetta hér? Enda var það sent nefndinni til umsagnar. Umsögnin sem barst frá nefndinni var raunar dagsett 25. mars, 5 dögum eftir að upphaflegur umsagnartími var liðinn. Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að það sé algerlega ótækt að afgreiða frumvarpið hér og nú, ekki vegna þess að nefndin andmæli því að það geti verið skynsamlegt að taka fyrir þau efnisatriði sem frumvarpið felur í sér, það er ekki það sem verið er að gera í umsögn nefndarinnar. Nefndin telur að vísu að þetta sé mjög þversagnarkennt frumvarp og það blasir við hverjum einasta manni sem les það, það þarf enga sérfræðinga til að segja okkur það. Það er undarlegt að gera fyrst breytingar á tilteknum þáttum stjórnarskrárinnar og leggja svo drög að því að búið sé til eitthvert „apparat“ sem heitir stjórnlagaþing sem á síðan að endurskoða sömu efnisatriði og við leggjum hér drög að að breyta.

Það sem nefndin segir í lokamálsgrein umsagnar sinnar er þetta, með leyfi virðulegs forseta:

„Að mati laganefndar eru þær breytingar á stjórnarskránni sem eru boðaðar með frumvarpinu í raun grundvallarbreytingar.“

Það er mjög mikilvægt að átta sig á þessu, svo ég grípi inn í þennan upplestur. Það sem nefndin segir hér er að þetta eru ekki minni háttar lagfæringar á stjórnarskránni sem verið er að fjalla um, þetta eru grundvallarbreytingar, stórmál. Þetta stórmál áttu umsagnaraðilar að hafa fimm virka daga til að fjalla um. Ég held nú áfram lestri mínum, með leyfi virðulegs forseta:

„Laganefnd áréttar mikilvægi þess að allar breytingar á stjórnarskránni séu gerðar að vel athuguðu máli og í mikilli sátt allra aðila, ekki síst þegar um grundvallarbreytingu er að ræða.“

Enn gríp ég inn í. Þetta hlýtur að vera sjálfgefinn hlutur. Það hlýtur að vera svo, þingmenn geta ekki annað en fallist á það sjónarmið að þegar við gerum grundvallarbreytingar á stjórnarskránni gefum við okkur sómasamlegan tíma til þess. Getur nokkur maður sagt að það sé gert með sómasamlegum hætti þegar þannig er staðið að málum eins og ég hef rakið? Undirbúningurinn er á forræði ríkisstjórnarinnar án breiðrar samstöðu þingmanna og Alþingis án þess að fram hafi farið eðlileg umræða úti í þjóðfélaginu og það er gert með þeim hætti að menn hafa fimm daga til að segja álit sitt á grundvallarbreytingum á stjórnarskránni. Enn les ég úr þessari umsögn, með leyfi virðulegs forseta:

„Er það afstaða laganefndar Lögmannafélags Íslands að framangreindar breytingar þurfi frekari athugunar við og leggst nefndin af þeim sökum gegn samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fyrir.“

Þetta getur ekki verið afdráttarlausara. Laganefnd Lögmannafélagsins kemst að þeirri niðurstöðu að þetta mál sé þannig úr garði gert að ekki sé hægt að samþykkja það. Það eigi að fara í frekari athugun, það eigi að fara í frekari vinnu, ekki vegna þess að ekki eigi að skoða þau mál sem um er að ræða heldur vegna þess að flausturslega sé að þessu staðið, ekki sé unnið að þessum málum með eðlilegum hætti. Þegar maður les það sem kemur fram í umsögn laganefndar Lögmannafélagsins er ómögulegt annað en taka undir þetta sjónarmið. Þetta er lögmætt og eðlilegt sjónarmið sem lýsir virðingu fyrir stjórnarskránni og lýsir vilja til þess að vinna vel að þessum málum þannig að við getum haft af þessu fullan sóma. Við sýnum stjórnarskránni okkar virðingu, þessu grundvallarplaggi sem við öll viljum virða og sem við þingmenn virðum alveg sérstaklega vegna þess að við sverjum eið að stjórnarskránni þegar við tökum sæti á Alþingi, eins og allir vita. Ég veit að það er örugglega fullur vilji til þess af hálfu allra þingmanna til að vanda vel til verka þegar kemur að breytingum á stjórnarskránni og við eigum að sýna þennan vilja okkar ótvírætt í verki með því að fresta afgreiðslu málsins. Við afgreiðum ekki stjórnarskrárbreytingar með flausturslegum hætti, sem enginn veit í raun og veru hvað þýða. Það liggur fyrir í veigamiklum atriðum í frumvarpinu að það er ágreiningur um hugtakanotkun, menn vita í raun og veru ekkert hvað verið er að tala um í sambandi við ýmsa þýðingarmikla þætti. Það er ávísun á lögsókn og málaferli sem mundu ekki aðeins skaða einstakar atvinnugreinar heldur þjóðfélag okkar og grafa undan virðingu okkar fyrir stjórnarskránni þegar í henni eru ákvæði sem menn vita í raun og veru ekki hvað þýða.

Þess vegna verð ég að segja, virðulegi forseti, að það undrar mig satt að segja mikið að menn skuli þá ekki vera sammála um að gera tilteknar breytingar á 79. gr. stjórnarskrárinnar eins og við þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfum margoft hvatt til, en að öðru leyti að láta þetta mál bíða betri tíma. Það er þá hægt að fara í það, t.d. eftir kosningar, í sumar eða í haust, að ljúka málinu með þeim eðlilega hætti sem þar væri boðið upp á. Þá væru það breytingar á stjórnarskránni sem við afgreiddum einhvern tíma síðar á

þessu ári á nýju þingi í stað þess að þær tækju gildi núna í maímánuði. Það getur ekki verið að eitthvað knýi svo á í þessum efnum að menn geti ekki fallist á þessa frómu ósk stjórnmálamanna og fleiri. Ég geri ráð fyrir að það sé erfitt fyrir stjórnarliðið, eins og það hefur talað, að fallast á það af því að þeim finnst eins og verið sé að taka of mikið tillit til sjónarmiða Sjálfstæðisflokksins. Ég vísa til almennra sjónarmiða allra helstu fræðimanna okkar og fleiri, t.d. Lögmannafélagsins sem hvetur til varkárni í þessum efnum.

Þetta er ekki bara ósk sem kemur frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, fræðasamfélaginu, Lögmannafélaginu, hagsmunaaðilum og þeim sem við þessi mál eiga að búa, þetta er líka sjónarmið sem var oft rætt á árinu 2007 í aðdraganda þeirrar umræðu sem þá fór fram um mögulegar breytingar á stjórnarskránni og ég rakti aðeins áðan. Þá kom mjög skýrt fram af hálfu tveggja mjög valinkunnra sómamanna úr hópi þáverandi stjórnarandstæðinga, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og Ögmundar Jónassonar, að menn ættu að gæta sín á því að láta ekki stjórnarskrárbreytingar fara fram í pólitískum ágreiningi, menn ættu að freista þess að reyna að ná meiri samstöðu. Það eru orð sem ber að taka tillit til og það var gert árið 2007 þegar menn ákváðu að hægja á þessari vinnu, ljúka henni ekki heldur freista þess að ná samkomulagi. Ég vek athygli á því að hér eru engir smákarlar á ferð. Hér eru nefnilega sjálfir guðfeður núverandi ríkisstjórnar, mennirnir sem hafa greint frá því að þeir hafi átt samræður um mögulega myndun ríkisstjórnar sem seinna var mynduð, í byrjun febrúarmánaðar. Hér eru því menn sem ég hefði talið að núverandi ríkisstjórn mundi hlusta á, hv. þm. Ögmund Jónasson og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem báðir hafa hvatt til þess að vandað væri til verka.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson segir t.d.:

„Það er grundvallaratriði að um stjórnskipan þjóðarinnar ríki stöðugleiki, sátt og festa.“ — Rétt eins og ég var að segja hér áðan. „Að svo miklu leyti sem íslensk lög kunna að vera óljós um eignarréttarlega stöðu náttúruauðlinda okkar er brýnt að stjórnarskrárgjafinn [þ.e. Alþingi] finni leið sem er til þess fallin að stuðla að stöðugleika en festi þó ekki í sessi kerfi sem mikið ósætti hefur verið um á meðal þjóðarinnar.“

Ég get tekið undir hvert einasta orð sem hv. þm. Ögmundur Jónasson segir í þessum efnum. Það frumvarp sem við fjöllum um nær ekki þessum markmiðum, það mun ekki gera það. Það er fullkomin óvissa um hugtakanotkun í þessu frumvarpi sem kemur glögglega fram hjá öllum þeim sem um það þurfa að véla og eiga hagsmuna að gæta í þessum efnum. Ég get bæði vísað til Landssambands smábátaeigenda og Landssambands íslenskra útvegsmanna og jafnframt til umsagnar Orkustofnunar sem væri fróðlegt að skoða, þó að ég hafi sennilega ekki tíma til þess að fara yfir hana, nema þá að ég taki til máls síðar í þessari umræðu. Það væri ákaflega fróðlegt að fara yfir umsögn Orkustofnunar í þessum málum, sem er mjög upplýsandi og varpar ljósi á þann vanda sem við erum í varðandi þetta mál vegna þess að hugtakanotkunin er óljós.

Sama má segja ef við skoðum ummæli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Frú forseti. Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál. Það var á þeim grundvelli sem stjórnarandstaðan lýsti því yfir að hún væri reiðubúin til að lengja þingið og reiðubúin til samstarfs við ríkisstjórnina um að reyna að ná sátt á sama grundvelli og allir flokkarnir höfðu áður náð sátt um í auðlindanefndinni.“

Síðan fjallar hv. þingmaður um málið, hann hefur auðvitað sína pólitísku sýn á þetta en leggur áherslu á það sem ég tel að sé grundvallaratriði í þessum efnum, að við eigum að taka okkur þann tíma sem við þurfum til þess að komast að niðurstöðu í málinu. Við höfum ekki fengið þann tíma, við höfum ekki nægan tíma til þess að gera það. Það sjá allir sem vilja skoða þessi mál af einhverri sanngirni að við þurfum meiri tíma. Við erum ekki að fjalla um nein smámál þegar kemur að stjórnarskránni almennt og í þessu frumvarpi sérstaklega.

Ég nefndi áðan að m.a. hefði komið fram í umsögn laganefndar Lögmannafélagsins að við værum að gera grundvallarbreytingar á stjórnarskránni. Og af því að hér eru komnir inn þingmenn sem ég hygg að hafi setið í sérnefndinni en hlustuðu væntanlega ekki á mál mitt (**Gripið fram í:** Jú, jú.) vakti ég athygli á því áðan að þessi nefnd hefði ætlað umsagnaraðilum fimm virka daga til þess að fjalla um málið, sem ekki er einu sinni boðið upp á þegar verið er að fjalla um litlar þingsályktunartillögur eða minni háttar breytingar í frumvarpsformi. Þá á allt annað við.

Þess vegna hvet ég til sátta í þessum efnum því að ég held að við viljum öll innst inni gera tilteknar breytingar á einstökum efnisatriðum. Ég er t.d. þeirrar skoðunar að við eigum að gera breytingar varðandi þau atriði sem lúta að 1. gr. í þessu frumvarpi þó að að ég sé mjög órólegur yfir þeim texta sem hérna er í ljósi þess að allir umsagnaraðilar sem fjalla um málið, útvegsmenn, Orkustofnun, hafa miklar áhyggjur í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Alls ekki allir.) Víst er það svo. (**Gripið fram í:** Nei.) Ég skal ekki segja að svo sé á flokksþingi Framsóknarflokksins en að öðru leyti hafa þeir umsagnaraðilar sem ég hef vitnað til miklar áhyggjur af þessu.

Er ekki rétt að hafa varann á sér í þeim efnum? Getur hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir alveg fullyrt hvað hugtakið þjóðareign þýðir í þessu sambandi? Veit hv. þingmaður nákvæmlega til hvers er verið að vísa í þessu sambandi þegar rætt er um náttúruauðlindir? Umsagnaraðilum, sem eru engir aukvisar eða asnar, er það t.d. ekki ljóst. (Gripið fram í.) Þeim hefði kannski orðið það ljóst ef þessi mál hefðu fengið betri undirbúning og vandaðri málsmeðferð, en því er ekki til að dreifa hérna. Það er ekki ætlast til þess að menn hafi tækifæri til þess. Og finnst nú ekki hv. þingmanni, sem ég veit að virðir mjög hagsmuni grundvallaratvinnuvega eins og orkunýtingar og sjávarútvegs, að það sé ástæða til þess að taka eitthvert mark á þeim aðilum sem fjalla um þessa hluti? Þetta kemur mjög glögglega fram í málflutningi þeirra.

Ég sé t.d. að í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar, sem út af fyrir sig er jákvætt að sjá, er vikið að þessu máli og þar er reynt að slá allt í gadda og úrskurða um að annað þessara hugtaka sem ég gerði að umræðuefni, þ.e. þjóðareignarhugtakið, sé skýrt.

Með leyfi virðulegs forseta segir á bls. 2 í nefndaráliti meiri hlutans:

„Meiri hlutinn telur hugtakið þjóðareign skýrt og ítrekar að ákvæðinu“ — og þetta vil ég leggja áherslu á — „er ekki ætlað að hrófla við beinum eða óbeinum eignarréttindum sem menn hafa þegar öðlast á náttúruauðlindum.“

Með náttúruauðlindum eru menn væntanlega t.d. að tala um fiskinn í sjónum. Það vekur athygli mína að undir þetta plagg skrifar án fyrirvara hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, og Ellert B. Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, sem mig minnir einhvern veginn að hafi talað dálítið öðruvísi um þau óbeinu eignarréttindi sem felast t.d. í fiskveiðiréttindum en til að mynda hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Mér finnst að nú vanti ekkert á þetta plagg nema nafn Grétars Mars Jónssonar. Þessir þingmenn sem talað hafa út og suður þegar hefur komið að fiskveiðimálum … (Gripið fram í.) Bíddu nú við, hver á að hafa fiskveiðiréttinn? Þjóðin, segir hv. þm. Ellert B. Schram, ekki útgerðarmennirnir. En hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir segir okkur hins vegar alla daga, og hefur verið liðsmaður minn og margra annarra, að það sé eðlilegt að þessum fiskveiðiréttindum, sem hafa óbeint eignarréttargildi eins og komið hefur fram í máli allra fræðimanna sem um þessi mál hafa fjallað, mér vitanlega. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hefur allt aðra skoðun og allt aðra sýn á þessu máli. Og hér tölum við um grundvallaratriði. Hér tölum við um hugtakið þjóðareign. Hv. þingmaður segir í áliti sem hún skrifar undir sem formaður að þetta sé allt saman alveg skýrt, klárt og skorinort og menn þurfi ekki að efast um að þetta ákvæði breyti neinu, til að mynda varðandi þessi óbeinu eignarréttarákvæði, fiskveiðiréttindin sem tveir hv. þingmenn, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og hv. þm. Ellert B. Schram, sem skrifa undir þetta mál, hafa andmælt alla daga og gert að stóru máli.

Ég vil því bara segja eins og er að þrátt fyrir að hér sé reynt að tala digurbarkalega í þessu nefndaráliti … (**Gripið fram í:** Ertu ekki ánægður með þetta?) Ja, ég veit það ekki, virðulegi forseti, hvort ég er mjög ánægður með þetta vegna þess að þetta er ákveðin pólitísk yfirlýsing. Ég veit ekki hvort það eigi að skilja hana þannig að hv. þm. Ellert B. Schram og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hafi horfið frá sínum gömlu sjónarmiðum varðandi fiskveiðiréttarmálin. Mér hefur að vísu ekki heyrst það þegar ég hef hlustað á hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson síðustu daga í kosningabaráttu sinni, þá hefur hann ekki slegið neitt af í þeim efnum. Hann hefur t.d. talað alveg þvert á hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur í þeim efnum og mun örugglega halda því áfram þann tæpa mánuð sem hann á eftir í kosningabaráttu og lengur ef hann hefur þess kost. Þess vegna verð ég að segja, af því að hv. þingmaður spurði hvort ég væri ekki ánægður með þetta: Ég er ekki mjög ánægður með þetta vegna þess að ég veit ekki hver merkingin er á bak við þetta. Það er í rauninni það sem ég tel vera alvarlegast þegar við ræðum um stjórnarskrárfrumvarpið að menn eru ekki vissir í sinni sök hvað þetta þýðir.

Ég hlustaði á athyglisverð orðaskipti hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og Illuga Gunnarssonar um daginn þar sem hv. þm. Illugi Gunnarsson vakti athygli á því, á þýðingu þess að þegar við göngum frá breytingum á stjórnarskipunarlögunum okkar, reynum við að róa fyrir allar víkur og gæta þess að við skiljum eftir sem minnsta óvissu. Það er alveg rétt sem fram kom í ræðum þeirra beggja á þeim tíma, margt er óvissu undirorpið í mannanna verkum. En okkar verkefni í allri almennri löggjöf og alveg sérstaklega í stjórnarskipunarlögum er þó að reyna að lágmarka þá óvissu þannig að þeir sem búa við stjórnarskrá landsins, þ.e. þjóðin öll þurfi ekki að vera í neinum vafa um það hvað þessi orð þýða sem letruð eru gylltum stöfum í stjórnarskrá okkar. Það er erindi mitt í þessa umræðu, virðulegi forseti, að hvetja til þess að menn setjist niður, reyni að ná sátt og geri tilteknar breytingar á 79. gr., sem allir vita hvað þýðir. Að þau stjórnmálaöfl sem sitja á þingi að loknum kosningum taki síðan til við að finna lausn á þessu máli þannig að við þurfum ekki að afgreiða þetta mikilvæga mál í ágreiningi en reynum að hafa sama fyrirkomulag og allar aðrar þjóðir (Forseti hringir.) sem við berum okkur saman við og við höfum sjálf alltaf tíðkað í breytingum á stjórnarskránni.

[12:41]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ræða hv. þingmanns var nokkurn veginn endurtekning af mörgum ræðum sem hér hafa verið fluttar á undanförnum dögum og smám saman er nú að renna upp fyrir flestum um hvað þetta málþóf snýst. Það snýst um að koma í veg fyrir tvennt, annars vegar að náttúruauðlindir komist í þjóðareign og hins vegar að skapa almenningi aukinn rétt til beins lýðræðis. Á þeirri vegferð er víða komið við, m.a. reynt að færa rök fyrir því að hugtakið þjóðareign sé hér óskýrt. Hugtakið þjóðareign er afar skýrt. Um er að ræða réttindi í ríkiseigu sem hafa það einkenni að óheimilt er að láta þau varanlega af hendi, það er kallað þjóðareign. Auðvitað geta menn og hv. þingmenn flutt ýmsar ræður um að það sé óskýrt en í hugum þeirra sem áttu þátt í að skapa þetta hugtak og sátu í auðlindanefndinni fyrir rúmlega tíu árum síðan, er þetta afar skýrt.

Þess vegna vil ég í þessu andsvari, virðulegi forseti, beina tveimur spurningum til hv. þingmanns. Í fyrsta lagi: Hvernig stendur á því að þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru því andvígir að náttúruauðlindir verði varanlega festar í sessi sem eign þjóðarinnar? Í annan stað: Hvaða efnislegu athugasemdir hefur Sjálfstæðisflokkurinn og hv. þingmenn þess flokks við að réttur almennings til þess að krefjast þess að mál gangi til þjóðaratkvæðis nái ekki fram að ganga? Þetta eru lykilspurningar, virðulegi forseti, sem mér finnst mikilvægt að hv. þingmenn takist á við efnislega en flýi ekki inn í formið og stóryrðin eins og þeir hafa einsett sér nú á þriðja degi þessarar umræðu.

[12:43]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð að gera athugasemd við það í fyrsta lagi að ég hafi staðið í einhverju málþófi með efnislegri ræðu minni áðan. Ég fór eingöngu mjög efnislega yfir þetta frumvarp, tilurð þess og talaði um hvernig ég teldi að standa ætti að gerð stjórnarskrár. Ég endurspeglaði í þeim efnum mjög almenn viðhorf sem uppi eru um þau mál í þjóðfélagi okkar. Ég skírskotaði til umsagnaraðila fjöl-

margra sérfræðinga í þessum efnum og alþingismanna. Ég valdi auðvitað af kostgæfni þingmenn í því sambandi sem komu úr stjórnarliðinu vegna þess að ég taldi að það mundi ljá röksemdum mínum ákveðið vægi. Ég vísaði til mætra og öflugra stjórnmálamanna úr Samfylkingunni og Vinstri grænum sem vilja vanda sig við lagasetningu og þeir hafa sömu sjónarmið og ég hef í þeim efnum.

Það er ekki verið að gera tilraun til þess að koma í veg fyrir eitt né annað með málflutningi okkar sjálfstæðismanna. Við erum eingöngu að hvetja til þess að þessi mál verði unnin betur og unnin í meiri sátt þannig að við getum náð þeim markmiðum sem hv. þingmaður kallaði eftir. Ég sagði það skýrt og skorinort hér áðan að ég teldi að það sem verið væri að fást við, til að mynda í 1. gr. frumvarpsins, væri verkefni sem við ættum að vinna að, hvernig skýra ætti þjóðareignarhugtakið þannig að um það væri sem minnstur ágreiningur. Ég geri ráð fyrir því að einhvern tíma geti sprottið ágreiningur, ég er ekki svo bjartsýnn eða barnalegur að ímynda mér að hægt sé að afstýra því algjörlega.

Nákvæmlega sama er varðandi þjóðaratkvæði. Við sjálfstæðismenn höfum áður lagt fram hugmyndir um hvernig standa ætti að þjóðaratkvæði. Það er hins vegar ekki alveg augljóst mál og það er nokkuð sem við eigum að vinna í og ég hvatti til þess að það yrði unnið með þeim hætti að því mætti ljúka á þessu ári.

[12:45]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég lagði tvær spurningar fyrir hv. þingmann og hann valdi í ræðu sinni að flýja enn og aftur í formið í stað þess að takast á við þær spurningar efnislega því að hugtakið þjóðareign er í eðli sínu mjög skýrt. Það hefur verið rætt í ein 11 ár eða svo og gengur út á það að um er að ræða að auðlindir eru í ríkiseigu en einkenni þess er að þær auðlindir verða ekki látnar varanlega af hendi.

Hvað annað er það í þessu sem hv. þingmaður er andvígur en að hann þurfi að skoða þetta eða ræða eða vinna eitthvað frekar? Það er ákveðin aðferðafræði.

Hin spurningin: Hvað er efnislega að þeirri hugmynd sem hér liggur fyrir um að almenningur fái aukinn möguleika til að setja mál á dagskrá í þeim skilningi að setja í vald þjóðarinnar að taka um þau mál endanlegar ákvarðanir? (Forseti hringir.) Hvað er það efnislega í þessu sem hv. þingmaður er andvígur?

[12:47]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ekkert skýrt nákvæmlega og það er um það ágreiningur hvað hugtakið þjóðareign þýðir. Þó að hv. þingmaður haldi þessu fram og vísi m.a. í álit auðlindanefndarinnar er það bara ljóst mál, m.a. af lestri umsagna sem liggja fyrir, m.a. frá Orkustofnun, að þetta hugtak er alls ekki ljóst og þess vegna þarf að skýra það. Ég útiloka ekki nema síður sé að þetta hugtak fari inn í stjórnarskrána og í raun og veru get ég vísað til þess að í stjórnarsáttmála síðustu ríkisstjórnar var einmitt kveðið á um að það skyldi gert.

Varðandi þjóðaratkvæðið vil ég bara segja að við getum út af fyrir sig tekið undir að við eigum að skipa þeim málum. Það þarf að átta sig á því hvort við eigum að nota þessi 15% eða einhverja aðra reglu og ég get ekki rætt alla þá hluti á fáeinum sekúndum. Við erum alveg tilbúin til að fjalla um þessa hluti en við höfum einfaldlega farið fram á að það sé gert með vandaðri hætti en hér er verið að gera og í meiri sátt. Mér finnst það ekki óbilgjörn krafa.

[12:48]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Í því frumvarpi sem hér er á dagskrá eru tillögur í fjórum greinum um að staðfesta annars vegar eign þjóðarinnar á náttúruauðlindum og hins vegar að auka aðkomu almennings að ákvarðanatöku varðandi lög og stjórnsýslu. Flóknara er þetta mál ekki.

Öllum er núna ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið og er á móti þessu frumvarpi. Það held ég að hafi komið mjög skýrt fram, hann byrjaði reyndar á því að kalla frumvarpið niðurlægingu og lýðskrum og setti allan þingflokkinn á mælendaskrá. Rökstudd dagskrártillaga liggur fyrir frá þingflokki Sjálfstæðisflokksins, minni hluta nefndarinnar, um að þessu máli skuli í heild sinni vísað frá.

Ég vil að gefnu tilefni taka fram að ég er búinn að fylgjast vandlega með þessari umræðu, bæði héðan úr sal og í sjónvarpi á skrifstofu minni. Umræðan hefur leitt í ljós að tónninn er að breytast í málflutningi sjálfstæðismanna. Sjálfstæðisflokkurinn hefur léð máls á 2. gr. og eftir atvikum 3. gr. líka. Síðasti hv. ræðumaður hefur líka opnað á það að menn gætu lagað 1. gr. til þannig að sátt væri um hana. Síðast en ekki síst hafa talsmenn Sjálfstæðisflokksins í gær og fyrradag tekið undir það að hugmyndin um stjórnlagaþing kæmi vel til greina. Þeir gera það að vísu á þeim forsendum að það sé ráðgjafarþing og önnur útfærsla.

Í ljósi þessara upplýsinga og þessarar þróunar hvet ég hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins til að draga úr málflutningi og ræðuhöldum sínum svo málið komist aftur sem fyrst til nefndarinnar svo hægt sé að láta á það reyna hvort hægt sé að ná þeirri sátt í því máli sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er að kalla eftir. Ég held að það færi vel á því fyrir þingið, fyrir (Forseti hringir.) málið og fyrir þjóðina alla að þessari löngu (Forseti hringir.) umræðu linnti, málið kæmist aftur í nefnd og tekist yrði á (Forseti hringir.) um það og látið á reyna hvort hægt sé að ná niðurstöðu sem allir geta verið sæmilega sáttir við.

[12:50]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég fagna út af fyrir sig þessu sáttatilboði hv. þingmanns og ég er alveg sammála því að við þurfum að reyna að sátt í þessum efnum. Það er það sem málflutningur okkar alveg frá fyrsta degi hefur gengið út á.

Ég held hins vegar að það sé ekki raunhæft að menn komist að niðurstöðu í þessum efnum á þeim fáu dögum sem eftir eru þar til þinginu lýkur. Nú veit ég ekki hvað hv. stjórnarliðar hafa hugsað sér að þingið standi lengi en það er alveg ljóst mál að menn hafa ekki mjög marga daga til stefnu. Og ég held að það sé ákaflega óskynsamlegt að reyna að knýja þetta mál fram í ósætti og þess vegna eiga menn einfaldlega að taka því einlæga sáttaboði okkar að af-

greiða tiltekinn hluta þessa frumvarps sem opnar á þá leið að auðvelda breytingar á stjórnarskránni. Síðan getum við farið í þær breytingar sem ég held að við gætum orðið sammála um ef við ætlum okkur til þess lengri tíma.

Hv. þingmaður lýsti frumvarpinu og sagði svo: Flóknara er þetta mál ekki. Málið er samt flóknara en svo vegna þess að þetta er spurning um grundvallaratriði. Hér var rætt um þjóðareignarhugtakið og ég vísaði til þess að um það mál væri ágreiningur, t.d. hvað það hugtak nákvæmlega þýddi. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafði sína skoðun á því og hafði uppi rök um það sem eru út af fyrir sig málefnaleg rök. En ég vek t.d. athygli á umsögn sem ég hef í höndunum frá Orkustofnun sem vísar til þessa hugtaks, segir að það megi skilja með tvenns konar hætti og segir svo:

„Hvor skilningurinn sem lagður er til grundvallar þá er þetta óskiljanlegt.“ Þetta eru engir aukvisar. Þetta eru aðilar sem ég geri ráð fyrir að séu flesta daga að hugsa um þetta hugtak í ljósi verkefna sinna. Þetta er dómurinn um frumvarpið. Ég segi bara að mér fyndist óðs manns æði að láta sér detta í hug að afgreiða í hasti og svona miklu ósætti mál þar sem grundvallarhugtökin eru sögð óskiljanleg. Þetta (Forseti hringir.) er að verða pólitískur leikur af hálfu stjórnarliðsins, (Forseti hringir.) því miður, og þannig á ekki að fara með stjórnarskrána.

[12:52]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Pólitískur leikur, það er nú það. Ég minni á að ekki eru nema tvö ár liðin síðan fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins lagði ásamt þáverandi formanni Framsóknarflokksins fram frumvarp í þinginu með nákvæmlega sama orðalagi að því er varðar þjóðareignina. Þetta er ekki nýtt af nálinni. Ég geri ráð fyrir að það mál hafi verið flutt vegna þess að þingflokkurinn hafði samþykkt það, þar á meðal hv. þingmaður.

Ef það er einhver ágreiningur um útskýringu á því að þjóðin eigi náttúruauðlindirnar skulum við bara fara yfir það. Það tekur sjálfsagt einn eftirmiðdag að athuga það. Við kunnum öll íslensku og við vitum hvað við erum að tala um.

Um þá spurningu sem hann lagði fram um að ég hefði breytt um einhverja skoðun er það misskilningur. Ég vil að það sé staðfest í stjórnarskrá að þjóðin eigi þessa náttúruauðlind. Á sama tíma virðum við þann einkaeignarrétt sem hefur hugsanlega skapast. Ég ætla ekki að fara að gera ágreining út af því. Þess vegna skrifa ég upp á þetta mál.

Hv. þingmaður býður hér upp á sátt. Ég fagna því og endurtek það sem ég sagði áðan, ég lít svo á að málflutningur (Forseti hringir.) sjálfstæðismanna undanfarna sólarhringa sé í þátt átt. Við skulum láta á það (Forseti hringir.) reyna í stað þess að karpa hér (Forseti hringir.) og drepa kannski hugsanlega þetta annars ágæta mál að öðru leyti.

[12:54]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi einmitt hitt á kjarna málsins þegar hann vísaði til þess frumvarps sem var lagt fram fyrir tveimur árum varðandi sams konar hluta, þ.e. hluta af þessu frumvarpi. Það tók ekki til allra þeirra efnisatriða sem eru í þessu frumvarpi. Ég vil þá aðeins vekja athygli á því og rifja upp hver urðu örlög þess máls.

Þegar það mál kom til umræðu í þinginu skapaðist ósætti um það þrátt fyrir að menn teldu að þeir væru búnir að vinna það með þeim hætti að samkomulag gæti náðst. Í ljósi þess ósættis var það samdóma álit þingsins á þeim tíma að í stað þess að reyna að afgreiða það með einhverju meirihlutavaldi væri skynsamlegra að ætla sér betri tíma og það er nákvæmlega það sem ég hef hvatt til. Ég tel ekki raunhæft að afgreiða þetta mál í heild sinni fyrir þinglok núna. Ég hef nefnt ákveðna hluti í því sambandi og tel að sáttin felist í því að ætla okkur þann tíma sem við þurfum síðar á þessu ári þannig að við getum lokið endurskoðuninni á þessum efnisatriðum (Forseti hringir.) síðar á árinu.

[12:55]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Hann kom nokkuð inn á fiskveiðistjórnina og fannst t.d. ótrúlegt að við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gætum verið sammála í sambandi við það mál sem hér um ræðir. Skýringin er einfaldlega sú að þetta mál hefur ekki áhrif á fiskveiðistjórnarkerfið. Þess vegna getum við hv. þingmaður verið sammála.

Svo sagði hv. þingmaður eitthvað um að fræðasamfélagið og lögspekingar væru bara allir á móti, ég gat ekki skilið það á annan hátt. Þá ætla ég vitna í nokkra af þeim sem komu fyrir nefndina, t.d. sagði Ragnhildur Helgadóttir að hún fagnaði efnisatriðum í frumvarpinu og hún vill fá flest þessara atriða inn í stjórnarskrá. (**Gripið fram í:** Og varaði við aðferðinni.) Magnús Thoroddsen segir nauðsynlegt að fá stjórnlagaþing, hann er ánægður með þjóðareignarákvæðið og telur engan vafa á merkingu. Sigurður Líndal er hlynntur stjórnlagaþingi en segir þjóðareignarhugtakið merkingarlaust svo ég láti það koma fram. Það kom engum á óvart, það hefur oft komið fram. Ragnar Aðalsteinsson segir að frumvarpið flytji okkur í lýðræðisátt. Hann er ánægður með stjórnlagaþingið en ekki hrifinn af miklum afskiptum Alþingis eins og frumvarpið leit út í upphafi. Eiríkur Tómasson segir að íslenska þjóðin verði eigandi auðlindanna um aldur og ævi með því að setja þetta inn í stjórnarskrá og að þetta ákvæði greini frá almennum ríkiseigum eins og allir vita. Hann sér ekki galla á skilgreiningunni með því að hafa þetta svona.

Ég spyr, hæstv. forseti, hv. þingmann: Hvað telur hann að það þurfi mörg ár (Forseti hringir.) til viðbótar til að ræða þetta ákvæði (Forseti hringir.) um þjóðareign til að (Forseti hringir.) niðurstaða náist í Sjálfstæðisflokknum um að það sé óhætt að setja það í stjórnarskrá?

[12:57]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var dálítið athyglisverð ræða því að hv. þingmaður kaus að hafa þann háttinn á að handvelja úr umsögnum einstakra umsagnaraðila það sem henni hentaði hverju sinni. (**LB:** Það hefur …) Hv. þingmaður vísaði til tiltekinna umsagna um tiltekna efnisþætti þessa frum-

varps, síðan kemur fram að í umsögnum sömu aðila er varað við öðrum þáttum í þessu frumvarpi. Út af fyrir sig geta einstakir umsagnaraðilar t.d. verið þeirrar skoðunar að það sé ekkert óskynsamlegt að hafa einhvers konar form á stjórnlagaþingi en verið síðan á móti öðrum þáttum frumvarpsins. Af því að hv. þingmaður nefndi Ragnhildi Helgadóttur prófessor kemur fram í umsögn hennar, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er skoðun mín, að með því að naumur meiri hluti á þingi samþykki stjórnarskrárbreytingar í andstöðu við stóran stjórnmálaflokk sé stjórnarskráin færð inn í hringiðu stjórnmálanna. Þess má þá vænta að næsti meiri hluti geri þær breytingar sem honum hugnast án þess að takmarka sig við það sem næst almenn sátt um á þingi og þannig koll af kolli. Þannig getur stjórnarskráin orðin óstöðugri og pólitískari en verið hefur, sem er óæskileg þróun.“

Svo skulum við taka stjórnlagaþingið en það er mikið uppáhald hv. þingmanns. Hvað gerist þar? Tiltekið frumvarp er lagt fram sem á sér fyrirmynd í kolli framsóknarmanna frá flokksþingi þeirra núna í janúar. Það er lagt þarna fram. Síðan kemur fram að þetta er 2 milljarða batterí og þá eru gerðar heilmiklar breytingar af hálfu stjórnarmeirihlutans og fylgifiska hans, meiri háttar breytingar á stjórnlagaþinginu og vísað til þess að um allar útfærslur varðandi það eigi að kveða á í lögum. Málið er allt saman mjög óljóst, alveg í uppnámi og enginn veit hvað þetta þýðir nema að það er búið að reyna að reikna sig niður í hálfan milljarð eða hvað þetta er í stað 2 milljarða, með öðrum orðum búið að gjörbreyta þessu fyrirbrigði í öllum meginatriðum og þannig á síðan að knýja þetta mál í gegn, algjörlega órætt í ljósi þeirra miklu breytinga sem hafa verið gerðar á fyrirkomulaginu.

[13:00]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það getur vel verið að ég hafi handvalið. En hver hefur ekki handvalið þegar horft er til þingmanna Sjálfstæðisflokksins, hvernig þeir hafa flutt ræður sínar hér? Ég hef fylgst með því hvernig þeir hafa handvalið úr umsögnum það sem er neikvætt. En sannleikurinn er sá að það er margt mjög jákvætt í þessum umsögnum.

Ragnhildur Helgadóttir sagði á fundinum að henni fyndist miður ef efnisatriðum stjórnarskrár yrði breytt í ósætti. Hún sagði að öðru máli gegndi um þá þætti frumvarpsins sem varða það að færa völd til þjóðarinnar. Hún er því að tala um að 1. gr. sé þess eðlis að ekki sé gott að breyta henni í ósætti en ekki aðrar greinar.

Hv. þingmaður gerir lítið úr því að nefndin kemur með breytingartillögur við stjórnlagaþingið sem þýðir að kostnaðurinn fer úr 2 milljörðum og niður í um 400 millj. kr. Það sýnir það eitt að honum hefur (Forseti hringir.) mislíkað að hafa ekki þau rök (Forseti hringir.) líka til þess að berjast gegn frumvarpinu, að (Forseti hringir.) það kosti 2 milljarða.

[13:01]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sama hve hv. þingmaður kemur oft hingað upp, það liggur fyrir að í umsögnum yfirgnæfandi hluta umsagnaraðila er varað við því að staðið sé að málum sem raun ber vitni. Finnst hv. þingmanni í lagi að við gerum grundvallarbreytingar á stjórnarskránni í ósætti? Finnst hv. þingmanni það vera boðleg vinnubrögð að bjóða umsagnaraðilum upp á það að þeir hafi fimm virka daga til að segja álit sitt á grundvallarbreytingum á stjórnarskránni?

Ég trúi því ekki að jafnþingreynd kona og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir vilji vinna með þessum hætti. Ég trúi því bara ekki. Ég hef haft heilmikið samstarf við hana í gegnum tíðina og ég hef ekki fundið annað en að hv. þingmaður vilji sýna þinginu fulla virðingu. Þessi vinnubrögð hennar á síðustu dögum hér í þinginu eru stílbrot frá allri hennar vinnu eins og við höfum kynnst henni. Ég hvet hv. þingmann til að endurskoða þetta. Ég vísa m.a. í þessu ljósi til Sambands íslenskra sveitarfélaga, stjórnsýslustigs sem varar við því að (Forseti hringir.) við afgreiðum þetta mál í ósætti. Vill hv. (Forseti hringir.) þingmaður að við séum í ósætti við allt og alla um breytingar á stjórnarskránni?

[13:02]

Kristrún Heimisdóttir (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs undir liðnum fundarstjórn forseta til þess að inna forseta eftir því og hvetja til þess að tekin verði til umræðu hér í þinginu skýrsla sú sem birt er um þetta leyti í Bretlandi og er skýrsla fjárlaganefndar breska þingsins, sérstök skýrsla um fall bankanna á Íslandi.

Skemmst er frá því að segja að sú skýrsla er móralskur sigur fyrir Ísland í þessu máli. Hvers vegna? Vegna þess að niðurstaða nefndarinnar er sú að ekki hafi verið rétt tilefni til ummæla breska fjármálaráðherrans eins og Íslendingar hafa alltaf haldið fram. Það er átalið í skýrslunni að breska ríkisstjórnin skuli hafa stigið inn og orðið gerandi á markaði með skaðlegum áhrifum fyrir Ísland. Það er átalið að hryðjuverkalögum skuli hafa verið beitt með verulega óheppilegum afleiðingum og áhrifum á það hvernig Íslandi, íslenskum stjórnvöldum, mundi ganga að halda uppi (Forseti hringir.) fjármálakerfi á Íslandi. Það er sérstaklega tekið fram að (Forseti hringir.) í beitingu hryðjuverkalaga felist í sjálfu sér brennimerking (Forseti hringir.) á öllum íslenskum fyrirtækjum og sé það því (Forseti hringir.) í sjálfu sér óheppilegt.

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram hér áður en ég fer úr pontunni (Forseti hringir.) að þessu hélt íslenski utanríkisráðherrann (Forseti hringir.) t.d. mjög skýrt fram á fundi sem ég var viðstödd (Forseti hringir.) með utanríkisráðherra Bretlands en hann hafnaði því öllu saman. Nú hefur breska þingið (Forseti hringir.) tekið undir málstað Íslendinga.

[13:04]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessari merkilegu niðurstöðu fjárlaganefndar breska þingsins sem nú liggur fyrir. Þar kemur fram að Bretar sjálfir gagnrýna það offors sem bresk stjórnvöld beittu í framgöngu gagnvart Íslendingum og íslenskum hagsmunum. Þetta er að mínu mati mikilvægur áfangasigur fyrir

okkur Íslendinga og að sínu leyti einnig fyrir fyrrverandi hæstv. fjármálaráðherra sem þurfti að sæta árásum fyrir framgöngu sína í samskiptum við fjármálaráðherra Bretlands, m.a. frá ýmsum þeim sem nú sitja í ríkisstjórn Íslands.

Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta að þetta mál verði tekið til formlegrar umfjöllunar hér í þinginu svo fljótt sem verða má, helst á mánudaginn. Við (Forseti hringir.) höfum að mínu frumkvæði samþykkt frumvarp sem (Forseti hringir.) greiðir fyrir málsókn gegn breskum yfirvöldum vegna beitingar hryðjuverkalaga. (Forseti hringir.) Ég tel að þetta sé tilefni til að (Forseti hringir.) taka þetta mál til umfjöllunar strax á mánudaginn til þess að fá afdráttarlaus (Forseti hringir.) viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þessari niðurstöðu.

[13:06]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil fagna þessari ábendingu hv. þm. Kristrúnar Heimisdóttur. Ég tel að það sé alveg einboðið að verða við því að opna möguleika á því að við getum rætt skýrsluna sem fjárlaganefnd breska þingsins gerði opinbera í dag. Þetta eru auðvitað stórtíðindi og mjög merkileg tíðindi og mikill sigur fyrir Íslendinga, ekki bara fyrir einstaka stjórnmálamenn heldur fyrir Íslendinga og íslenska hagsmuni.

Því miður reyndu mjög margir hér innan lands að gera ummæli hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesens, tortryggileg þó að glögglega hafi komið fram, þegar maður las útskrift af orðaskiptum hans og fjármálaráðherra Breta, sem birtust opinberlega, að ekkert í ummælum hæstv. fjármálaráðherra gaf tilefni til þessa fantaskapar af hálfu breskra stjórnvalda.

Nú hefur fjárlaganefnd breska þingsins komist að sömu niðurstöðu og það er mjög mikilvægt að við ræðum þessi mál á þjóðþinginu til þess að undirstrika samstöðu okkar sem íslenskrar þjóðar í þessum efnum þegar við eigum í (Forseti hringir.) stríði við óbilgjarna þjóð (Forseti hringir.) eins og Bretar hafa verið undir forustu ríkisstjórnarinnar þar.

[13:07]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur fyrir að taka þetta mál upp hér til umræðu. Það er afar mikilvægt að málið komist á dagskrá. Ég hef fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar óskað eftir því að það komist á dagskrá sem fyrst og helst á mánudag og er því algjörlega sammála þeim þingmönnum sem hafa nefnt þetta hér í umræðunni. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þingið taki skýrsluna á dagskrá og ræði og geri það áður en þingi lýkur. Ég vildi að það kæmi hér fram í umræðunni að við höfum lagt það til að þetta komist sem fyrst á dagskrá.

[13:08]

Kristrún Heimisdóttir (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka góð viðbrögð við ábendingu minni og legg áherslu á nauðsyn þess að þingið ræði þetta einmitt til þess að viðhalda þjóðarsameiningu um þetta mál sem er miklu alvarlegra en svo að nokkur stjórnmálaflokkur hafi leyfi til að lyfta sér upp á því eða taka aðra niður á því.

Ég vil benda á að hér hafa orðið straumhvörf. Margir skildu ekki í umræðunni í vetur að ástæða þess að íslenska ríkisstjórnin ákvað að fara ekki með málið fyrir breska dómstóla var ekki sú að menn vildu það ekki. Það var ekki svo að menn væru ekki reiðubúnir að eyða í það miklu fé. Ástæðan var sú að breskir dómstólar eru þeim vanköntum búnir að veita ekki nægilegt endurskoðunarvald á ákvarðanir stjórnvalda þannig að ljóst var að ekki mundi nást fram sá árangur sem til stóð að ná.

Við verðum nú vitni að því hversu mikilvægt það er að hafa öfluga rannsóknarhefð og rannsóknarnefndir í þjóðþingum annarra ríkja. Það er breska þingið sem gerir það sem breskir dómstólar voru ófærir um að gera og því ber að fagna. Það er líka fordæmi fyrir íslenska þingið.

[13:09]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég tel þetta vera mikið gleðiefni og reyndar höfðu þessar upplýsingar komið fram í dagblöðum í dag, þ.e. að skýrsluhöfundar, þingmenn í breska þinginu, hefðu komist að þessari niðurstöðu. Það er verulega ánægjulegt að vita af þessu og veitir ekki af fyrir okkur Íslendinga að fá einhverjar jákvæðar fréttir inn á milli í þeim hremmingum sem við erum í.

Fleiri skýrslur hafa verið að birtast upp á síðkastið sem ástæða væri til að ræða hér á þingi. Ég nefni sem dæmi skýrslu Finnans sem starfaði fyrir íslensk stjórnvöld og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn við úttekt á því hvort lagaumhverfið hér á landi hefði valdið því að fór sem fór í bankakerfinu. Niðurstaðan er sú að lagaumhverfið hafi verið í samræmi við það sem gengur og gerist í Evrópu og á hinum alþjóðlega (Forseti hringir.) markaði. Það voru því líka gleðifréttir alla vega fyrir þá sem stóðu að (Forseti hringir.) lagasetningunni á þeim tíma.

[13:10]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka frumkvæði hv. þm. Kristrúnar Heimisdóttur sem væntanlega verður til þess, miðað við undirtektir, að þingmenn fá tækifæri til þess að ræða þetta stóra mál strax á mánudaginn kemur.

Ég minni á að Ísland er enn undir hryðjuverkalögum í Bretlandi og eignir Landsbankans eru þar enn frystar. Ég minni líka á að kallað var eftir aðgerðum á öllum þremur vígstöðvum sem Íslendingar höfðu aðkomu að til þess að hrinda þessum ólögum og þessum árásum Breta af höndum okkar.

Í fyrsta lagi var kallað eftir því að tekist yrði á við æðstu stjórnmálamenn Bretlands, að rætt væri við þá persónulega um þessa þætti. Einnig var talað um hinn lögformlega farveg, að fara í mál. Loks var rætt um almannatengslin sem mér sýnist á þessu að hafi (Forseti hringir.) borið árangur.

[13:11]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir hv. þingmenn þakka

hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur fyrir þetta þarfa innlegg í umræðuna og góðar ábendingar. Við treystum því að forsetinn fylgi því eftir sem hér hefur verið rætt um og komi því til leiðar að við getum rætt þessa skýrslu með ítarlegum og góðum hætti á mánudaginn.

Svo að ég vísi í það sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir nefndi þá er auðvitað ástæða til að minna á að Ísland er enn þá undir hryðjuverkalögum í Bretlandi og í ljósi þess er ekki úr vegi að þeim skilaboðum verði þegar í stað komið til hæstv. utanríkisráðherra, Össurar Skarphéðinssonar, sem nú situr alþjóðlegan leiðtogafund Atlantshafsbandalagsins, að þessi skýrsla sé komin út og þar komi ákveðin sjónarmið fram. Hann getur þá staðið fastur á sjónarmiðum Íslands í viðræðum við þá sem þar sitja og komið þeim sjónarmiðum skýrt á framfæri. Hæstv. utanríkisráðherra (Forseti hringir.) hefur enda haft uppi stór orð um (Forseti hringir.) að hann muni standa fastur á málstað Íslands í samskiptum (Forseti hringir.) við Breta.

[13:13]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Mér heyrist að fulltrúar stjórnmálaflokka hér á Alþingi líti á þessa niðurstöðu bresku fjárlaganefndarinnar sem mikinn sigur fyrir málstað Íslendinga. Það er gríðarlegt ánægjuefni að niðurstaðan hafi verið þessi. Það veitir, að mínu mati, okkur Íslendingum mikið sóknarfæri til þess að gæta hagsmuna okkar og ná árangri í samningaviðræðum gagnvart Bretum. Miklir hagsmunir eru í húfi.

Eins og hér hefur verið bent á er Landsbankinn enn þá undir hryðjuverkalögum eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir og hv. þm. Birgir Ármannsson bentu á. Af þeirri ástæðu ætla ég að ítreka þá ósk mína, sem kom fram áðan, við hæstv. forseta að málið verði tekið til vandaðrar umræðu strax á mánudaginn. Ég tel að þingið og ríkisstjórnin þurfi að eiga orðaskipti um þetta mál. Ég óska eftir því við (Forseti hringir.) hæstv. forseta að hann gefi okkur einhverjar vísbendingar um það hvernig hann hyggst (Forseti hringir.) bregðast við þeim óskum sem ég hef hér fært fram (Forseti hringir.) að lokinni þessari umræðu.

[13:14]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill veita upplýsingar um að hann bíður eftir því að komast í matarhlé og er hugmyndin að funda þá með formönnum þingflokka, m.a. um dagskrá. Þetta mál mun að sjálfsögðu vera þar á dagskrá.

[13:14]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur þar sem hún vekur athygli hæstv. forseta á þeim merku tíðindum sem berast frá Bretlandi um þá skýrslu sem nú liggur fyrir á vettvangi bresku fjárlaganefndarinnar.

Í því samhengi vil ég minna á og vekja athygli á því að á vettvangi Alþingis Íslendinga er starfandi rannsóknarnefnd sem var valin til þess að fara ofan í allt þetta mál. Ég vil auk þess vekja athygli á því að á vettvangi Alþingis Íslendinga er starfandi vinnuhópur sem hefur það hlutverk að huga að breytingum á verklagi við eftirlit Alþingis. Alþingi hefur mikilvægu eftirlitshlutverki að gegna, bæði Ríkisendurskoðun og umboðsmaður Alþingis, og á vettvangi nefnda þingsins. Ég tel afar (Forseti hringir.) mikilvægt að Alþingi standi fast við bakið á rannsóknarnefnd Alþingis og einnig vinnuhópnum sem er að (Forseti hringir.) skoða eftirlitsmálin.

[13:16]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég tek undir þessi orð hv. þm. Sturlu Böðvarssonar og það er raunar fyrir utan þessa rannsóknarnefnd, sem hv. þm. Sturla Böðvarsson hafði sem forseti forgöngu um að koma á laggirnar. Reyndar má geta þess að hann hafði einnig forgöngu um það, þegar hann sat á forsetastóli hér í þinginu, að koma af stað vinnu til þess að efla eftirlits- og rannsóknarhlutverk Alþingis. Hann kom á fót vinnuhópi sem undanfarna mánuði hefur unnið að því verki undir forustu Bryndísar Hlöðversdóttur. Væntum við mikils af niðurstöðum úr því starfi.

Ég ætlaði að skjóta því að hæstv. forseta, sem er nú horfinn af vettvangi, en vonandi tekst að koma skilaboðum til hans, að formið á umræðunni hér á mánudaginn (Forseti hringir.) gæti verið í formi munnlegrar skýrslu sem utanríkisráðherra flytti og fulltrúum þingflokka gæfist síðan kostur á að ræða hana. (Forseti hringir.) Það er auðvitað verkefni forseta ásamt þingflokksformönnum að komast að niðurstöðu um formið á því en þetta er hugmynd sem mér finnst ekki eiga illa við í sambandi við mál af þessu tagi.

Umræðu frestað.

[13:17]

Útbýting:

Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 411. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og skattn., þskj. 911; brtt. 2. minni hluta efh.- og skattn., þskj. 912.

[Fundarhlé. — 13:18]

[13:46]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Þá höldum við áfram umræðu um þetta mikilvæga mál eftir matarhlé og ég vil bjóða velkomna með mér í þingsal auk forseta hv. þingmenn Jón Magnússon og Valgerði Sverrisdóttur.

Virðulegur forseti. Í ljósi mikils ágreinings um þetta mál er eðlilegt að það taki langan tíma í umræðu Alþingis. Ég vil taka undir þær ítrekuðu óskir sem hafa komið fram sérstaklega hjá okkur sjálfstæðismönnum að forseti fresti þessari umræðu og að hafist verði handa við að taka á dagskrá þau mál sem eru mikilvæg vegna aðgerða fyrir heimilin í landinu og atvinnulífið í landinu.

Maður finnur fyrir því í allri umræðu úti í samfélaginu að þreytumerki eru á fólki og það er ákveðin vanvirðing sem Alþingi fær við það að halda sig svo lengi í umræðu um þau mál sem almenningi í landinu finnst ekki skipta grundvallarmáli fyrir afkomu sína næstu vikur og mánuði.

Það er ekki á ábyrgð okkar sjálfstæðismanna að þessi

umræða dregst á langinn. Breytingar á stjórnarskrá krefjast ítarlegrar umræðu, krefjast mikillar yfirferðar. Um þetta mál er mikill ágreiningur meðal allra þeirra sem hafa um það fjallað og djúpstæður ágreiningur. Þess vegna er það tillaga okkar sjálfstæðismanna að hér verði farið að ræða önnur mál.

Við segjum að minnihlutastjórn Vinstri grænna og Samfylkingar virðist ekki vera tilbúin til þess og maður veltir því fyrir sér hver sé ástæða þess að þessi minnihlutastjórn studd af Framsóknarflokknum sé ekki tilbúin til að taka þessi brýnu mál á dagskrá, þau brýnu mál sem forsvarsmenn hennar tala um að þeir séu tilbúnir með og tala um að þeir vilji hafa sem forgangsmál og var lagt út frá strax í byrjun og við myndun þessarar ríkisstjórnar að væru þau mál sem sérstaklega ætti að taka tillit til. Er þetta út af því að ekki sé samstaða á ríkisstjórnarheimilinu um þessi mál, virðulegi forseti? Það er helst að maður láti sér detta það í hug. Þá vekur það spurningar um mögulegt framtíðarsamstarf þessara flokka eftir kosningar eins og þeir gefa út sjálfir. Þeir gefa það út sjálfir að þeir vilji helst sjá að hér geti orðið meirihlutastjórn á vinstri vængnum sem sé skipuð eingöngu þingmönnum Vinstri grænna og Samfylkingar.

Um alla þá umræðu sem hér fer fram um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands verð ég að segja, virðulegi forseti, að áhugaleysi fjölmiðla á þessari umræðu kemur mér á óvart. Í fjölmiðlum er ekki leiddur fram sá bullandi ágreiningur sem er um þetta mál og vegna þessa máls. Ekki er leidd fram sú djúpstæða gagnrýni sem margir af okkar helstu fræðimönnum á þessu sviði, mörg af mikilvægustu samtökum landsins hafa komið á framfæri í umsögnum sínum um þetta mál. Það má segja að fjölmiðlarnir skelli skollaeyrum við þessum bullandi ágreiningi. Ábyrgð fjölmiðla er gríðarlega mikilvæg þegar kemur að því að upplýsa þjóðina um umræðu. Þegar vitnað er til þess að mikill meiri hluti þjóðarinnar sé á bak við þá ákvörðun að fara í breytingar á stjórnarskránni þá er ég alveg jafnklár á því að mjög mikilvæg fyrir þjóðina sé upplýst og vel unnin umræða, gagnrýnin umræða til að þjóðin geti metið og valið þá kosti sem um er að ræða.

Það hefur verið sagt að við sjálfstæðismenn ættum að spara ræðutímann, að við ættum ekki að eyða öllum tíma í þetta mikilvæga mál. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði í umræðunni í gær að hún hefði ekki haldið það að sjálfstæðismenn mundu falla í sömu gryfjuna og Vinstri grænir hefðu gert í umræðu um mál, að hún hefði haft meiri trú á sjálfstæðismönnum en svo. Hér er um að ræða, virðulegi forseti, grundvallarmál sem þarf að gefa mikinn tíma í gagnrýni og málefnalega umræðu. Ekki er hægt að bera þetta mál saman við einhver dægurmál eða önnur mál sem oft hefur verið óþarflega lengd umræða um. Við erum að tala um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Öll þau vinnubrögð sem eru og hafa verið viðhöfð núna í þessu máli grafa undan virðingu fyrir stjórnarskránni. Þau grafa undan virðingu fyrir Alþingi. Það er kannski ekki þannig að það sé úr háum söðli að detta þegar kemur að virðingu Alþingis í samfélaginu. Ég held að sú röð sem hefur verið á málum inni í þingi núna eigi ekki þátt í að efla virðingu Alþingis, þ.e. þær áherslur sem núverandi ríkisstjórn hefur sett fyrir þeim málum sem hún vill að hér séu rædd og afgreidd. Eða hvar eru öll þessi mál sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að heita þjóðinni nú um nokkurra vikna skeið? Hvernig væri nú að þau kæmu fram með þau mál þannig að við gætum hafist handa við að ljúka þeim og gætum síðan farið á vettvang þjóðarinnar, farið út á meðal fólksins til þess að gera grein fyrir þeim málum sem við ætlum að standa fyrir eftir kosningar. Kannski vilja þessir minnihlutastjórnarflokkar hér ekki fara í þá umræðu. Þeim finnst kannski betra að halda því sem lengst frá þjóðinni hvað þeir hugsa sér eftir kosningar.

Það er skylda þingmanna í svo viðamiklu máli að gera grein fyrir skoðunum sínum. Það er sem betur fer allt tekið upp sem sagt er á hinu háa Alþingi og þær upptökur eru geymdar en ekki gleymdar. Það er alveg öruggt mál að hér er um ákveðin tímamót að ræða í afgreiðslu breytinga á stjórnarskrá landsins og það verður horft til þessarar umræðu síðar meir. En hvað knýr þessa vinstri flokka áfram í þessari umræðu? Ég vil vitna í Þorstein Pálsson, ritstjóra *Fréttablaðsins*, fyrrverandi ráðherra og formann Sjálfstæðisflokksins þegar hann segir í leiðara *Fréttablaðsins* föstudaginn 3. apríl, með leyfi forseta:

„Talsmenn ríkisstjórnarinnar segja að stjórnarskrárbreytingar þær sem nú er verið að gera séu svar við ákalli fólksins, fyrir fólkið og fólksins vegna. Að því leyti hafa þeir rétt fyrir sér að skoðanakannanir gefa til kynna að meiri hluti kjósenda sé þeim fylgjandi.

Á hinn bóginn liggur fyrir að meiri hluti allra þeirra sérfræðinga sem stjórnarskrárnefnd þingsins hefur kallað til varar við því flaustri sem ríkisstjórnin hefur á breytingunum. Sumir vilja ekki segja álit sitt vegna óvandaðra vinnubragða. Aðrir benda á hættuna sem fylgir óskýrum stjórnarskrárákvæðum. Loks eru þeir sem leggja áherslu á að reyna eigi til þrautar að ná víðtækri samstöðu þegar sjálf stjórnarskráin á í hlut.

Umræðan á Alþingi snýst ekki um málefnaleg rök og gagnrök af því tagi sem lesa má í umsögnum um stjórnarskrárfrumvarpið. Hún fer alfarið eftir forskriftarbók lýðskrumsins: Við erum með fólkinu. Þeir sem ekki eru sammála okkur eru á móti fólkinu. Röksemdafærslur lýðskrumsins hafa orðið ofan á. Stjórnarandstaðan hefur orðið undir í þeirri orðræðu.“

Ég vil minna á það, virðulegi forseti, að fáir fyrrverandi þingmenn og ráðherrar hafa meiri reynslu til að fjalla um stjórnarskrármál og hafa fjallað um stjórnarskrármál auk þess sem Þorsteinn Pálsson er mjög kunnugur stjórnarskránni í gegnum störf sín í gegnum tíðina.

Það er alveg rétt að í skoðanakönnunum, eins og fram hefur komið, er krafa almennings, ef má túlka niðurstöður skoðanakannana þannig að um kröfur sé að ræða, að farið verði í svokallað stjórnlagaþing. En það er ekki mikil vissa eða trú meðal margra hér á Alþingi og þá á ég við meðal margra innan stjórnarflokkanna jafnt sem innan raða okkar sjálfstæðismanna sem hafa trú á því að sú útfærsla sem hér er sett fram sé sú besta og það er gagnrýnt hvað lítill tími er gefinn þessu til undirbúnings. En ég held að það liggi í augum uppi að stuðningur vinstri flokkanna við Framsókn í þessu máli er fenginn til að tryggja stuðning Framsóknarflokksins meðal annars við þær breytingar sem þeir flokkar leggja áherslu á í þessu máli og öðrum málum sem þeir eru

að reyna að koma í gegn.

Eins og ég kom inn á áðan þá hefur almenningi ekki verið gerð grein fyrir öllum hliðum málsins. Málefnalegri gagnrýni sérfræðinga hefur ekki verið haldið á lofti. Fjölmiðlar hafa ekki gert því máli skil. Það er þannig að fjölmiðlar velja það mjög hvað birt er af því sem sagt er á Alþingi. Einhvern veginn er það þannig að sú umræða sem fer hér fram um þann grundvöll sem stjórnarskráin er í okkar samfélagi fær þann stimpil að vera einhvers konar málþóf af hálfu sjálfstæðismanna í þessu mikilvæga máli. Ég er alveg viss um að meginþorri almennings áttar sig ekki á mikilvægi málsins, áttar sig ekki á því hvað um ræðir í raun og veru.

Flestir eru sammála um að endurskoða eigi stjórnarskrána. Við sjálfstæðismenn erum tilbúnir að styðja það og við höfum verið tilbúnir að styðja hér leiðir til að einfalda þá vinnu þegar fram í sækir. En þessi upplýsandi umræða sem ég nefndi áðan þarf að fara fram og það þarf meðal annars að gera grein fyrir þeim kostnaði sem hlutir eins og stjórnlagaþing kunna að hafa í för með sér. Í minnisblaði frá fjármálaráðuneytinu kemur fram að fjármálaráðuneytið árétti að erfitt sé að meta með nákvæmni kostnað við stjórnlagaþing í ljósi þeirra breyttu viðhorfa um tilhögun þinghaldsins sem fram koma í nefndarálitinu og að fyrir öllum kostnaði verði að gefa sér nánari forsendur. Fyrir utan áframhaldandi óvissu um starfstíma þingsins er óvissa um samkomutíma þess og óvissan eykst um launakostnað þingfulltrúa. Það er ekki ljóst hversu oft þingið mun koma saman og hversu lengi það mun hittast hverju sinni. Heildarkostnaður við stjórnlagaþingið ræðst talsvert af því hversu langur samkomutími þingsins verður því starfsfólk og þingfulltrúar verða á launum þann tíma.

Hvað verður nú ef þetta stjórnlagaþing yrði sett á, virðulegi forseti? Hvað gerist ef það hefur ekki lokið störfum á þeim tíma sem því er settur? Ef það verður ekki niðurstaða í málinu? Ef það verður ekki komið með niðurstöðu og þarf kannski annan eins tíma til að vinna úr sínum málum?

Fjármálaráðuneytið áréttar enn fremur í umsögn sinni að ekki hafi verið gert ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárlögum eða áætlunum um ríkisútgjöld til næstu fjögurra ára. Við erum að tala um kostnað sem mun nema hundruðum milljóna í það minnsta og í það mesta jafnvel í milljörðum talið eða vel á annan milljarð.

Afstaða okkar sjálfstæðismanna er skýr í þessu máli, virðulegi forseti. Við erum tilbúin til þess að fara í endurskoðun á stjórnarskránni en við viljum standa vörð um stjórnarskrána og við viljum vanda vinnubrögðin. Við viljum sýna stjórnarskránni þá virðingu sem henni ber í allri umræðu. Stjórnarskráin er jú grunnur að því umhverfi sem við lifum og störfum í.

Vinnubrögð vinstri manna sem viðhöfð eru í þessu máli á vegum Alþingis útiloka kjörna fulltrúa fjölmenns meiri hluta þjóðarinnar frá þessari vinnu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur að litlu leyti komið að undirbúningi þessara breytinga. Þingmenn undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni og heita því að verja hana en greinir á um það að í þessu frumvarpi séu þingmenn að afsala sér skyldum sínum, stjórnarskrárvaldinu.

Þetta er grundvallarmál fyrir okkur sjálfstæðismenn og við leggjum mikla áherslu á að tekin verði upp vandaðri vinnubrögð í þessu máli og tekin upp vinnubrögð í þeim anda sem viðhöfð hafa verið við breytingar á stjórnarskránni á þeim tímum sem það hefur verið gert sem fyrst og fremst snúa að víðtækri sátt í samfélaginu, víðtækri sátt á Alþingi, tilraunum til að ná sem víðtækastri sátt um breytingar sem verið er að gera á grundvelli okkar samfélags.

En það er einhvern veginn eins og engu tauti verði við menn komið í þessu máli. Framsókn lofaði stuðningi við minnihlutastjórn Vinstri grænna og Samfylkingar til þess að afgreiða brýn mál. Til þess að afgreiða brýn mál, virðulegi forseti. Brýn mál sem brenna á samfélaginu, brenna á heimilunum, brenna á fyrirtækjunum. Við bíðum enn eftir þeim málum.

Framsókn vildi ljúka störfum þingsins 12. mars og við erum stödd hér í dag, er ekki kominn 4. apríl? Og það er alveg óvíst hvort sá tími sem eftir er fram að boðuðum kosningum 25. apríl dugi okkur til þess að ljúka þessu máli. Vegna þess að það liggur alveg fyrir að við sjálfstæðismenn munum ekki láta valta yfir okkur og þjóðina í þessu máli. En við biðjum um það á sama tíma að þetta mál sé geymt og forgangsraðað sé í þágu þjóðarinnar. Forgangsraðað verði í þágu heimilanna og fyrirtækjanna í landinu í þeim málum sem hér er verið að ræða. Við erum tilbúin til þess hvenær sem er sólarhringsins. Áhrif framsóknarmanna virðast engin í ríkisstjórnarsamstarfinu en þeir virðast vera að vakna upp núna á síðustu metrunum og leggja mikla áherslu á að koma í gegn þessum breytingum.

Það eru söguleg tíðindi þegar keyra á í gegn á svo skömmum tíma breytingar á stjórnarskrá sem eru í svo mikilli andstöðu við svo marga eins og hér er. Það eru söguleg tíðindi. Það eru áratugir síðan ekki var víðtækari sátt um svona breytingar. Ekki er hægt að segja annað en að vinnubrögðin í þessu brjóti í bága við allar vinnureglur og allar hefðir, ekki aðeins hér á landi heldur hefðir og reynslu sem við þekkjum frá öðrum þjóðum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við. Segja má að öll skynsemi sem menn hafa talið að þyrfti að vera í umfjöllun um þessi mál sé lögð til hliðar og meginreglan að leita sátta sé eyðilögð með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, eða hvað?

Ég ætla að gefa mér svolítinn tíma, virðulegi forseti, til að fara yfir þá gagnrýni og umsagnir sem nefndinni bárust við vinnslu á þessu máli. Ég vil byrja á að vitna aftur í ritstjóra *Fréttablaðsins,* fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra, Þorstein Pálsson, þar sem hann segir:

„Sá háttur að umsagnir séu veittar um lagafrumvörp er í þágu fólksins. Hann er málefnaleg vörn þess gegn ofríki framkvæmdarvaldsins. Hefði ríkisstjórnin hlustað á þær athugasemdir sem Alþingi hafa borist er eins víst að ná hefði mátt sátt um bæði vandaðri og skjótvirkari framgang stjórnarskrárbreytinga en raun verður á.

Málamiðlun hefði falist í því að ákveða nú að stjórnarskrárbreytingar tækju gildi með samþykki þjóðarinnar í allsherjaratkvæðagreiðslu. Alþingi fengi þá allan næsta vetur til að ljúka vandaðri endurskoðun sem síðan yrði borin undir þjóðaratkvæði samhliða sveitarstjórnarkosningum strax næsta vor.

Í beinu framhaldi af því fengi þjóðin að kjósa fulltrúa á

löggjafarsamkomuna á grundvelli nýrra stjórnarskrárákvæða og eftir atvikum að kjósa framkvæmdarvaldið beint í sérstökum kosningum. Vönduð vinnubrögð hefðu tryggt fólkinu þegar á næsta ári nýja stjórnarskrá og valdhafa með umboð á nýjum grundvelli. Málefnaleg sjónarmið hafa nú vikið fyrir textabók lýðskrumsins í þessu mikilvæga máli.“

Hér var lesið úr *Fréttablaðinu*, með leyfi virðulegs forseta.

Þá að umsögnunum sem eru fjölmargar og hafa verið notaðar heilmikið í þessari umræðu. Ég ætla að gefa mér, virðulegi forseti, eins og ég segi aðeins lengri tíma til að slíta ekki úr samhengi innihald þeirra, eins og hefur verið notað hér nokkuð í umræðunni. Ég ætla að byrja á að lesa umsögn sem kom frá laganefnd Lögmannafélags Íslands, með leyfi forseta:

„Laganefnd telur ákveðna þversögn felast í því að gera efnisbreytingar á stjórnarskránni og á sama tíma koma á fót stjórnlagaþingi sem á að semja nýja stjórnarskrá. Er vandséð að framangreindar breytingar geti haft það mikið gildi á meðan stjórnlagaþing er að störfum en samkvæmt frumvarpinu á stjórnlagaþing að ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011.“ — Þessi tímasetning hefur breyst. — „Ljóst er að sá tími er í sjálfu sér ekki mjög langur miðað við efni ákvæðanna sem um ræðir.

Að mati laganefndar eru þær breytingar á stjórnarskránni sem boðaðar eru með frumvarpinu í raun grundvallarbreytingar. Laganefnd áréttar mikilvægi þess að allar breytingar á stjórnarskránni séu gerðar að vel athuguðu máli og í mikilli sátt allra aðila, ekki síst þegar um grundvallarbreytingu er að ræða. Er það afstaða laganefndar að framangreindar breytingar þurfi frekari athugunar við og leggst nefndin af þeim sökum gegn samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fyrir.“

Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, hver samviska lögfræðinga í liði stjórnarliðsins er þegar kollegar þeirra og það fólk sem lögfræðingar landsins velja sér til þess að vera í stofnunum samtaka sinna til að fjalla um mikilvæg mál eins og þetta eru með svona niðurstöðu, en lögfræðingar þeirra sem eru nokkrir innan borðs í stjórnarflokkunum ákveða að hunsa.

Og ég held áfram, með leyfi virðulegs forseta, og kem næst að umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna:

„Breyting á stjórnarskránni krefst vandaðs undirbúnings og því teljum við rétt að lengri tími verði tekinn til að undirbúa þær en hér er gert ráð fyrir. … Við leggjumst alfarið gegn því að þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins nái fram að ganga.“

Þeir vitna síðan í meðfylgjandi álit dr. Guðrúnar Gauksdóttur sem vert sé að vekja sérstaka athygli á.

Í umsögn Ragnhildar Helgadóttur sem ég les hér úr, með leyfi forseta, og hefur verið vitnað nokkuð í í þessari umræðu en hún hefur sérhæft sig í stjórnskipunarrétti, kemur m.a. þetta fram:

„Stjórnarskrár eru ólíkar öðrum lögum að setningarhætti og vegna þess að þær eiga að leggja stórar línur og vera hafnar yfir pólitískar deilur á hverjum tíma. Vegna þessa eðlis stjórnarskráa breytast þær oft hægt, eru gjarnan gamlar í ríkjum með gamla lýðræðishefð og breytingar á þeim tiltölulega eru sjaldgæfar. Á grundvelli alls þessa er það skoðun mín að það væri afar óheppilegt ef nú yrði vikið frá þeirri hefð að breið samstaða allra flokka sé um breytingar á stjórnarskrá. Eins og menn vita hafa einungis tvisvar, frá fullveldi 1918, verið gerðar breytingar á stjórnarskrá í andstöðu við heilan stjórnmálaflokk og í bæði skiptin snerust breytingarnar um kjördæmaskipan og kosningar og vörðuðu beint hagsmuni viðkomandi flokks. Síðasta dæmið um þetta var 1959.“ — Fyrir 50 árum. — „Það er skoðun mín að með því að naumur meiri hluti á þingi samþykki stjórnarskrárbreytingar í andstöðu við stóran stjórnmálaflokk sé stjórnarskráin færð inn í hringiðu stjórnmálanna. Þess má vænta að næsti meiri hluti geri þær breytingar sem honum hugnast án þess að takmarka sig við það sem næst almenn sátt um á þingi og þannig koll af kolli. Þannig getur stjórnarskráin orðið óstöðugri og pólitískari en verið hefur, sem er óæskileg þróun.

Sé það vilji Alþingis að samþykkja, þrátt fyrir það fordæmi sem þannig skapast, breytingar á stjórnarskránni án þess að samstaða hafi náðst um þær legg ég til að breytingarnar verði takmarkaðar við ákvæðin um breytingar á stjórnarskránni: 2. og eftir atvikum 4. gr. þess frumvarps sem nú liggur fyrir. Það má færa að því sterk rök að það sé í samræmi við lýðræðishugmyndir og lýðræðisheðir að færa ákvörðunarvald um stjórnarskrárbreytingar til kjósenda og að því sé ásættanlegt að einstakir stjórnmálaflokkar séu mótfallnir breytingunum. Hugmyndin er þá sú að það sé í lagi að ganga fram hjá fulltrúum stórs hluta kjósenda þegar málinu sé vísað til þeirra sjálfra. Ég mæli því eindregið með því að ákvæði 1. og 3. gr. frumvarpsins, hversu æskileg sem þau eru, verði ekki tekin í stjórnskipunarlög núna nema um þau náist sátt allra flokka heldur eingöngu fjallað um breytingar á stjórnarskrá almennt og eftir atvikum um heildarskoðun og stjórnlagaþing. Að öðrum kosti er opnað fyrir pólitískan leik með stjórnarskrána, sem ekki hefur tíðkast áður á Íslandi, og ástæða er til að vara við.“

Ragnhildur Helgadóttir segir síðan í samantekt sinni, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að mörg ákvæði frumvarpsins feli í sér æskilegar breytingar legg ég til að ekki verði gerðar aðrar breytingar á stjórnarskránni nú en þær sem snúa að því hvernig henni skuli breyt, nema náist sátt um það milli allra flokka. Ég fagna ákvæði um að héðan í frá þurfi þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskrá.

Hvað snertir heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, þá kann hún að vera nauðsynleg til að fá fram umræðu um stjórnskipunina en hún er að mínu áliti ekki nauðsynleg vegna efnis stjórnarskrárinnar. Þær breytingar sem þarf að gera nú eru síst meiri en breytingar sem hafa hingað til hafa verið gerðar á stjórnarskránni. Það er skoðun mín að vegna þess óróa sem ríkir í stjórnmálum og vegna þess að tilgangurinn er umræða en ekki aðkallandi breytingar sé ekki æskilegt að boða til stjórnlagaþings eftir næstu kosningar, heldur eigi Alþingi að vinna tillögu um aðkallandi breytingar á stjórnarskrá eftir næstu kosningar og leggja svo tillögur sínar undir þjóðaratkvæði í samræmi við tillögur frumvarpsins þar um. Ég bendi á nokkur umhugsunaratriði varðandi útfærslu á hugmyndinni um stjórnlagaþing en tek ekki afstöðu til hennar í smáatriðum.“

Ég held áfram að vitna í umsagnir. Davíð Þorlákssson

lögfræðingur skrifar nefndinni, með leyfi forseta:

„Í ljósi alls þess sem framar greinir tel ég að það væri verulega misráðið af stjórnarskrárgjafanum að binda 1. gr. frumvarpsins í stjórnarskrána. Það er til þess fallið að draga úr þýðingu stjórnarskrárinnar að setja í hana marklaus ákvæði sem þetta. Það er líka tímabært að komið sé hreint fram við þjóðina með því að staðfesta endanlega að þjóð getur ekki átt eignir. Eðlilegast væri af Alþingi að bíða með allar efnislegar breytingar á stjórnarskránni þar til niðurstaða stjórnlagaþings liggur fyrir.“

Þá komum við að umsögn frá Landvernd sem gerir athugasemdir við orðaval. Síðan er umsögn frá Davíð Þór Björgvinssyni sem er dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og prófessor við lagadeild HR. Hann gagnrýnir verulega þá málsmeðferð hversu stuttur tími er gefinn í svo mikilvægu máli en honum barst tölvupóstur þann 15. mars þar sem honum var gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarpið til 20. mars og skila þá inn. Hann segir, með leyfi forseta:

„Þennan frest verður að telja fremur skamman þegar umfang málsins er haft í huga. Hér gefst því aðeins kostur á mjög almennum athugasemdum. Umsögnin getur þar með á engan hátt talist tæmandi og vafalítið mundi nákvæmari skoðun gefa tilefni til fleiri og ef til vill gagnlegri athugasemda en hér eru gerðar.“

Sjómannasamband Íslands hefur efasemdir um að ákveðnar greinar frumvarpsins skili tilætluðum árangri.

Kem ég þá að umsögn Ragnars Árnasonar og Birgis Þórs Runólfssonar við hagfræðideild Háskóla Íslands en þeir segja m.a., með leyfi forseta:

„Skerðing eignarréttarins er ávallt efnahagslega skaðleg. Hversu mikill skaðinn er fer eftir aðstæðum. … Skaðinn er jafnframt þeim mun meiri sem skerðing eignarréttarins er meiri. Spurningin er því ekki um hvort tiltekin skerðing eignarréttarins valdi efnahagslegu tjóni heldur aðeins hversu mikið það tjón sé.

Ljóst er að sú þjóðnýting sem felst í lögfestingu umrædds ákvæðis um þjóðareign á náttúruauðlindum takmarkar svigrúm einkaframtaksins verulega. Það vinnur gegn þjóðhagslegri hagkvæmni og felur í sér umtalsvert virðingarleysi gagnvart fjárfestingum einkaaðila … og það rýrir tækifæri til eignavinninga …“

Ég vil að lokum fara yfir minnisblað um stjórnarskrárbreytingu sem nefndinni barst frá þeim manni sem kannski helst hefur verið leitað til til að afla álits á málefnum þegar kemur að umfjöllun um lögfræðileg atriði og hann hefur verið örugglega kennari margra þeirra lögfræðinga sem hér eru á þingi, Sigurður Líndal. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Ég tel að skoða þyrfti 1. gr. frumvarpsins betur vegna óljósrar merkingar orða og hugtaka sem þar eru notuð. Í orðið þjóðareign er ekki hægt að leggja hefðbundna merkingu eignarréttarins þótt þess hafi margsinnis gætt í umræðu. Almenn merking orðsins eign er hins vegar svo margþætt að hana er ekki unnt að leggja til grundvallar í rökræðu. Það hefur þó óspart verið notað í kappræðu sem Íslendingar stunda gjarnan, en er þar til truflunar og ýfir upp deilur.

Reyndar er álitamál hvort nýtt eignarréttarhugtak hafi verið mótað. Mér virðist sem verið sé að setja eins konar stjórnarskrárfesta stofnanaumgerð um auðlindir sem eru ekki í einkaeign og stjórnarskrárvernduð atvinnuréttindi sem tengjast auðlindanýtingu. Hér er nærtækust samlíking við sjóði eða stofnanir — oft kallaðar sjálfseignarstofnanir …

Einhver stjórnskipunarbundin umgerð af þessu tagi um auðlindir utan eignarráða fengi væntanlega staðist og þá verða alþingismenn að gera það upp við sig hversu langt þeir telja rétt að binda hendur löggjafans.“

Hann segir hér áfram, með leyfi forseta:

„Enn óljósara og vandmeðfarnara er þó orðalagið í 3.–4. mgr. þar sem segir að allar náttúruauðlindir beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir …“

Hann segir síðan, með leyfi forseta:

„Ég tel nauðsynlegt að huga vandlega að þessu og því rétt að fella brott 1. gr. þannig að betra tóm gefist til að huga að því hvernig slíkum yfirlýsingum verði fyrir komið ef á annað borð þykir rétt að hafa slíkt í stjórnarskrá.“

Mig langar til að ljúka þessum tilvitnunum mínum í útvarpsviðtal við hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur þar sem hún segist almennt vera þeirrar skoðunar að um breytingar á stjórnarskránni eða við skoðun á stjórnarskránni eigi að ná víðtækri sátt og ekki eigi að hlaupa til breytinga á stjórnarskrá. Slíkt þurfi að ígrunda vel og góðan undirbúning þurfi til þess. Hún bætti við: „Alveg eins og útrásaræðið var æði og peningaæðið var æði, þá er kannski komið nýtt æði.“ Þetta „nýja æði“ felist í því að boða í skyndi til stjórnlagaþings í stað þess að leggja fé í rannsóknir á stjórnarskránni.

Þetta sjónarmið fellur að þeirri almennu skoðun þeirra sem ræða um stjórnarskrármál á fræðilegum grunni að það beri að standa þannig að öllum málum varðandi stjórnarskrána, að ekki sé verið að skapa fleiri lögfræðileg vandamál með breytingum eða óljósum skýringum á efni einstakra ákvæða. Hvert orð þurfi í raun að vega og meta og skýra samhengi þeirra með skýrum rökum á fræðilegum grunni. Öll slík meginsjónarmið voru höfð að engu við gerð og afgreiðslu þessa frumvarps. Núverandi ríkisstjórn kallaði til þriggja manna hóp á eigin vegum til að vinna að þessu máli. Sjálfstæðisflokknum var ekki gefinn kostur á að tilnefna mann í hópinn og því ekki gefinn kostur á að taka þátt í því að semja upphaflegu drögin. Þegar hópurinn hafði unnið saman skamma hríð var lagt fram blað á fundi formanna allra flokka með hugmyndum hans, án þess að óskað væri eftir viðbrögðum Sjálfstæðisflokksins. Þessar tillögur voru ekki lengur óbreyttar heldur var þeim enn breytt nokkrum dögum síðar án þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefði færi á því að koma þar að máli. Enn var málinu breytt í þriðja sinn án nokkurs samráðs við Sjálfstæðisflokkinn.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef komið inn á áður styðjum við breytingar á stjórnarskránni og á einhverjum þeim ákvæðum sem fjallað hefur verið um. En eins og ég hef sagt virðist það vera að þeir sem standa að þessum breytingum séu í raun ekki sammála innbyrðis heldur og við séum nánast að upplifa pólitísk hrossakaup með sjálfa stjórnarskrána, með sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins. Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, hvort hægt er að komast neðar í virðingarstiga Alþingis en þegar menn eru farnir að stunda

pólitísk hrossakaup um að koma málum í gegn með sjálfa stjórnarskrána. Er hægt að sýna af sér meira ábyrgðarleysi? Engin sátt er t.d. um hvað felst í hugtakinu þjóðareign þó að fullyrt hafi verið að það sé alveg skýrt, þá kemur það fram í umsögnum þeirra sem hafa um þetta rætt að það sé alls ekki svo.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði í gær óljóst í skýringum sínum að þetta þýddi „væntanlega“, það voru þær skýringar sem hann gaf á því. Hann sagði áðan í ræðu sinni að ljóst væri nú að allar þessar ræður sjálfstæðismanna væru til komnar til að stöðva eign almennings á auðlindunum og rétt almennings til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er ekki rétt og þetta veit hv. þm. Lúðvík Bergvinsson.

Það sem efnislega kemur fram í umsögnum þeirra sem hafa fjallað um þetta mál lýsir djúpstæðum ágreiningi. Í þessum þætti eru breytingar sem gætu verið okkur sjálfstæðismönnum í sjálfu sér hugleiknar, þ.e. þeim sem hafa ekki aðild að Evrópusambandinu efst á óskalistanum. Ef ég vitna aftur í Þorstein Pálsson segir hann í umræddum leiðara, með leyfi forseta:

„Mesta athygli vekur þó að ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan hafa með öllu útilokað að setja ákvæði í stjórnarskrána sem heimilar aðild að Evrópusambandinu. Þvert á móti hefur verið bent á að auðlindaákvæðið geti verið þrándur í götu aðildar.“

Áhrifin af þessu geta verið nokkuð víðtæk og líka fyrir þá flokka sem hafa það helst á stefnuskrá sinni að ganga í Evrópusambandið.

Ég hef lýst meðferð málsins. Hún hefur verið fyrir neðan allar hellur og vinnubrögð þessarar vinstri stjórnar eru í raun alveg ótrúleg og þau orð hv. formanns nefndarinnar, Valgerðar Sverrisdóttur, um að tími sátta væri einfaldlega liðinn er með ólíkindum. Hver er sá tími sem gefinn hefur verið til að reyna að leita sátta í þessu máli? Hann telst í nokkrum dögum, virðulegi forseti. Hann telst ekki í vikum eða mánuðum eins og eðlilegt getur talist þegar um breytingar á stjórnarskrá landsins er að ræða.

Margt hefur breyst í samfélagi okkar og annarra þjóða á undanförnum mánuðum og heimsins alls. En þær breytingar sem hafa orðið hér eru ekki stjórnarskránni að kenna, virðulegi forseti. Þær hafa ekkert með stjórnarskrána að gera. Þá ítreka ég það sem ég hef sagt áður að ég skora á ríkisstjórnarflokkana, ég skora á forustumenn þeirra og ég skora á forseta þingsins að gera nú hlé á þessum umræðum og taka á dagskrá þau mál sem eru brýn fyrir samfélagið, taka á dagskrá þau mál sem brenna á fólkinu í landinu, þau mál sem brenna á atvinnulífinu, þau mál sem munu eyða atvinnuleysi og koma heimilunum til bjargar.

[14:26]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kallaði eftir málefnalegri umræðu en flutti svo mál sitt eins og hann gerði og ég hlýddi á. Ég tel mikilvægt að rifja upp og nefna það við hv. þingmann að það frumvarp sem við ræðum er fjórar greinar. Í 1. gr. er kveðið á um að náttúruauðlindir skulu vera í þjóðareign, sem er í takt við það frumvarp sem formaður Sjálfstæðisflokksins, Geir H. Haarde, flutti fyrir tveimur árum. Ég gef mér það að ekki hafi orðið svo stórkostleg breyting í þingflokki Sjálfstæðisflokksins frá árinu 2007 til ársins 2009 að um þetta ákvæði ætti auðveldlega að geta náðst sátt.

Í annan stað er verið að tala um aðferðafræði við að breyta stjórnarskránni og hefur komið fram í umræðunni að um það er sátt.

Í þriðja lagi er lagt til að almenningi verði gefinn aukinn réttur á að knýja á um þjóðaratkvæðagreiðslur og ákveðin aðferðafræði sett upp við það. Varla er það tilefni allrar þeirrar umræðu sem hér fer fram. Ég vildi nefna þessar þrjár greinar vegna þess að hv. þingmaður kom aldrei inn á efnislega umfjöllun um þær greinar en kallaði þó eftir málefnalegri umræðu um frumvarpið. Ég vil spyrja hv. þingmann: Hvað er það efnislega í þessum þremur greinum — og þá einkanlega tveimur, þ.e. um þjóðareignina sem er í takt við það frumvarp sem formaður Sjálfstæðisflokksins flutti fyrir tveimur árum og það að almenningur fái aukinn rétt til að knýja á um þjóðaratkvæðagreiðslu — sem gerir það að verkum að 26 manna þingflokkur Sjálfstæðisflokksins leggst í það málþóf sem hann gerir á hinu háa Alþingi?

[14:29]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kom að því í máli mínu áðan að Sjálfstæðisflokkurinn væri eins og aðrir tilbúinn til að fara í breytingar á stjórnarskránni og það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að þær breytingar sem lagðar eru til eru að einhverju leyti alveg ásættanlegar fyrir Sjálfstæðisflokkinn. En sá pakki sem hér er lagður fram — ekki hefur verið reynt að leita sátta um að taka út úr honum eitthvað til að það mætti þá ná honum í gegn með breytingum. Það getur vel verið og ekki ólíklegt að í þessu séu einhver atriði sem sjálfstæðismenn geta sætt sig við. En ég bendi enn og aftur á þá málsmeðferð sem viðhöfð hefur verið og bendi enn og aftur á alla þá gagnrýni sem komið hefur fram í umsögnum um frumvarpið.

Ég minni á að við erum að ræða um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Við erum að tala um grunninn í samfélagi okkar. Með allar þær athugasemdir sem hér liggja fyrir og ekki hefur verið tekið tillit til né næg umræða verið um, þá er ekki hægt að halda þessu máli áfram. Það hefur alltaf verið markmið, og það vita hv. þingmenn, að ná sem víðtækastri sátt um breytingar á stjórnarskránni. Sú víðtæka sátt er ekki til staðar, ekki meðal okkar helstu spekinga á þessu sviði, lögspekinga, ekki meðal þeirra samtaka sem hafa verið að senda okkur álit sem hafa mikilvæga hagsmuni að leiðarljósi í samfélagi okkar og ekki meðal þingmanna. Hvað liggur svona á? Ég spyr hv. þingmann á móti: Hvað liggur svona á? Hvar eru þau mál sem við ættum að vera að ræða núna og þrjár vikur eru til kosninga? Hvar eru þau mál fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu? Komdu með þau.

[14:31]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru mýmörg framfaramál á dagskrá í dag en þau komast ekki í umræðuna vegna þess að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa ákveðið að tala langt

mál og mikið um þetta.

Ég skildi hv. þingmann þannig að kannski mætti taka eitthvað út úr þessu og þá væri hægt að ná sátt og ljúka málinu þannig að aðferðafræðin er þá ekki verri en það, a.m.k. að eins og málið lítur út með smávægilegum breytingum sé ásættanlegt að breyta stjórnarskránni. Ég spurði hv. þingmann sérstaklega um tvö ákvæði þessa frumvarps og mér skildist að ekki væri heldur efnisleg andstaða við þau. En hv. þingmaður hefur gagnrýnt aðferðafræðina fyrst og fremst, líkt og fleiri þingmenn hafa gert í umræðunni, og það að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki komið að málinu. (Gripið fram í.)

Er þá skýringa á allri þessari umræðu og öllu sem hér hefur farið fram að leita í því að Sjálfstæðisflokkurinn er í fýlu? Eru hv. þingmenn flokksins í fýlu yfir því að þeir hafi ekki haft nægan aðgang að undirbúningi þessa máls og það réttlæti alla þá umræðu sem hér fer fram, að mikilvæg mál sem þeir eru sjálfir að óska eftir að komist á dagskrá koma ekki á dagskrá? Er það réttlætingin fyrir því að fyrsta birtingarmynd Sjálfstæðisflokksins eftir að nýr formaður hefur verið kjörinn sé sú að flokkurinn hefur uppi málþóf til þess að berjast gegn því að náttúruauðlindir komist í þjóðareign og að almenningur fái aukinn rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu? Er réttlætingin þá í því að Sjálfstæðisflokkurinn sé í fýlu sökum þess að hann fékk ekki nægan aðkomu að undirbúningi málsins?

[14:33]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þegar menn efna til málefnalegrar umræðu um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands heitir það að menn séu í fýlu, það eru kveðjurnar sem við fáum frá hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ríkisstjórnarflokkum. Það eru kveðjurnar, við erum í fýlu.

Nei, virðulegi forseti, við erum ekki í fýlu. Við erum að efna hér til málefnalegrar umræðu um breytingar á stjórnarskrá landsins. Ég sagði áðan að það væri alveg eins víst að Sjálfstæðisflokkurinn gæti staðið á bak við einhverjar af þeim breytingum sem lagðar eru til en það hefur ekki náðst að ræða þetta mál að fullu. Virðulegur formaður nefndarinnar, Valgerður Sverrisdóttir, tók málið út úr nefnd í algjörri andstöðu við Sjálfstæðisflokkinn og við höfum upplifað þess háttar vinnubrögð, virðulegi forseti, hér á síðustu dögum af hálfu vinstri flokkanna. Við höfum upplifað þetta í nefndastarfi líka, t.d. var verið að ræða mikilvæg mál í viðskiptanefnd og gestum sem voru komnir á fund nefndarinnar og áttu ósvarað nokkrum spurningum nefndarmanna var hreinlega vísað út og þeim sagt að þessum dagskrárlið væri lokið og málið afgreitt út úr nefndinni.

Þessi vinnubrögð eru fordæmalaus, virðulegi forseti. Með þá gagnrýni sem hér hefur verið farið yfir skil ég hreinlega ekki hvers vegna þessir virðulegu þingmenn og hæstv. ríkisstjórn leggja svona þunga áherslu á þetta mál. Hvað er eiginlega á ferðinni? Ég skora á hæstv. forsætisráðherra, sem kominn er í salinn, að leggja okkur lið í því að stöðva þessa umræðu. Við skulum fresta þessari umræðu. Við erum tilbúin að taka þátt í henni, þess vegna fram á síðasta dag ef á þarf að halda, en við skulum leggjast á eitt um að koma málum á dagskrá sem skipta heimilin og fyrirtækin máli við þær aðstæður sem eru í samfélagi okkar. Við sjálfstæðismenn erum (Forseti hringir.) tilbúnir til að vinna næturlangt í þeim málum. (Forseti hringir.) Við skulum vinna með ykkur alla helgina við að koma þeim í verk.

[14:36]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér í upphafi máls míns að mótmæla þeim fullyrðingum hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að ég komi í ræðustól til þess að ræða breytingar á stjórnarskránni og haldi þar með uppi málþófi. Þetta er 2. umr. þessa mikilvæga máls, ég tók ekki til máls við 1. umr., það er 2. umr. núna og ég hafna því alfarið, hæstv. forseti, að vera vænd um málþóf þó að ég telji mér skylt að ræða málið.

Við ræðum breytingar á stjórnarskránni og sumir þingmenn hafa talað á þann veg að þær breytingar sem hér eru til umræðu snúist að einhverju leyti um bankahrunið og efnahagsvanda þjóðarinnar. Hvernig má það vera, hæstv. forseti, að þær breytingar sem hér eru lagðar til á stjórnarskránni geti verið lykill að því að takast á við vanda vegna bankahruns? Fyrir liggur skýrsla sem unnin var fyrir ríkisstjórnina, fyrir íslensk stjórnvöld, skýrsla sem unnin var af Finnanum Kaarlo Jännäri, skýrsla sem sýnir og segir að löggjöfin sjálf var ekki ástæða bankahrunsins. Því spyr ég, hæstv. forseti: Hvers konar sýndarmennska er það eiginlega og hvernig geta þingmenn leyft sér að nota stjórnarskrána með þessum hætti? Ef einhvern tíma má kalla þingmenn lýðskrumara er það nú, þingmenn sem nýta sér stjórnarskrána með þessum hætti, segja að breytingar á henni snúist að einhverju leyti um bankahrun og efnahagsvanda þjóðarinnar, nýta sér stjórnarskrána með þessum hætti, grundvöll stjórnskipulags íslenska lýðveldisins, til að slá ryki í augu fólks og afla sér stundarvinsælda.

Framsóknarflokkurinn setti skilyrði fyrir stuðningi sínum við ríkisstjórn, að verja núverandi minnihlutaríkisstjórn vantrausti, og það var að hún tæki upp á sína arma hugmynd Framsóknarflokksins um stjórnlagaþing. Það hlýtur að teljast í hæsta máta vafasamt að stjórnmálamenn skuli gera sér það að leik að taka sjálfa stjórnarskrána í gíslingu þegar dregur að kosningum til að reyna að ná sér í sérstaka aðstöðu gagnvart ríkisstjórn og innan ríkisstjórnar. (**Gripið fram í:** Þetta er ótrúlegt.)

Virðulegur forseti. Stjórnarskráin er grundvöllur stjórnskipulags íslenska lýðveldisins. Hún mælir annars vegar fyrir um reglur er fjalla um vald handhafa ríkisvaldsins, þ.e. löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, og hins vegar um mannréttindi borgaranna og þær takmarkanir og skyldur sem hvíla á handhöfum ríkisvalds gagnvart almenningi í landinu. Það blasir við að ekki hefur farið fram málefnaleg og vönduð umræða um þetta mál í þjóðfélaginu á þeim skamma tíma sem liðinn er frá því að frumvarpið var lagt fram. Það er afar eðlilegt að engin málefnaleg umræða hafi farið fram í þjóðfélaginu á svo skömmum tíma. Það vekur hins vegar furðu að keyra á frumvarpið í gegnum Alþingi á fáeinum dögum rétt fyrir kosningar, grundvallarbreytingar á grundvallarlögum lýðveldisins.

Sérfræðingar og samtök sem leitað hefur verið umsagnar hjá í meðförum málsins á Alþingi eru nánast öll á einu

máli um að málið sé ekki fullunnið og að tíminn sem gefinn hafi verið til umsagnar sé of naumur. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns, þegar þingmenn Sjálfstæðisflokksins taka til umræðu þetta mikilvæga mál eru þeir vændir um málþóf. Stjórnarskráin skiptir mig jafnmiklu máli og örugglega flesta aðra landsmenn og ég hef á því skoðun þegar henni á að breyta og með hvaða hætti það er gert. Ég tel það skyldu mína sem þingmanns að láta þær skoðanir mínar í ljósi.

Virðulegur forseti. Kannski er ekki nokkurt mark takandi á þingmönnum í stjórnarandstöðu, það er e.t.v. frekar takandi mark á umsagnaraðilum og þá er vert að líta á umsagnirnar. Vísum fyrst í Skúla Magnússon þar sem hann segir:

„Texti stjórnarskrár er í besta falli einn þáttur í þeirri viðleitni að koma á ákveðinni samfélagsskipan. Ef stjórnarskrá er ekki framfylgt og hlýtt af heilindum af öllum þeim sem í hlut eiga, ekki síst (en þó ekki eingöngu) valdhöfum, duga hástemmdar valddreifingar-, lýðræðis- og mannréttindayfirlýsingar skammt. Án hollustu við grunngildi stjórnskipunarinnar — tilgang hennar, grunnrök, þá grundvallarhagsmuni sem hún á að þjóna — verður engin stjórnarskrá samfélaginu til bjargar, hversu ítarleg og vel orðuð sem hún er. Þetta mætti styðja með dæmum úr almennri sögu stjórnarskráa en auk þess er íslensk stjórnarskrársaga ekki síður lærdómsrík að þessu leyti. Það er hættulegur barnaskapur að halda að ný og fögur stjórnarskrá muni verða allra meina bót.“

Þeir umsagnaraðilar sem sendu inn umsagnir eru flestir á einu máli um að málshraðinn og málsmeðferðin hefði átt að vera með öðrum hætti. Davíð Þór Björgvinsson, Sigurður Líndal, Ragnhildur Helgadóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga, Lögmannafélag Íslands, Ágúst Þór Árnason, Samorka, HS Orka, Rarik og svo mætti lengi telja — allir þessir aðilar telja að málsmeðferðin og sá hraði sem er í þessu frumvarpi sé óviðunandi. Þetta eru hagsmunaaðilar og fólk úti í samfélaginu, hluti þjóðarinnar sem telur að málsmeðferðin sé óásættanleg, henni sé ábótavant og betur hefði þurft að standa að málum. Því erum við sjálfstæðismenn sammála.

Margir aðilar fjalla líka um 1. gr. sem tengist auðlindum. Ég tek fram í upphafi, hæstv. forseti, að ég get tekið undir 1. gr. um að náttúruauðlindir skuli vera sameign þjóðarinnar. (**Gripið fram í:** Nú?) (**Gripið fram í:** Það er fróðlegt …) (**Gripið fram í:** Jæja.) Við breytinguna sem er í 1. gr. veita hins vegar æðimargir þá umsögn að það þurfi að vera hafið yfir allan vafa og alla réttaróvissu hvað felist í henni. Ég get tekið undir það og vísa þá aftur í texta frá Skúla Magnússyni:

Stjórnarskráin þarf að vera með þeim hætti að hún sé hafin yfir allan vafa og ekki túlkunaratriði fyrir einstaka lögmenn eða dómstóla þegar kemur að því að skera úr um hvort er rétt eða rangt.

Fjöldinn allur af fólki, hagsmunaaðilar, hluti þjóðarinnar gerir sér grein fyrir og vill að við ræðum frekar og betur 1. gr.

Í 2. gr. er m.a. rætt um að leggja breytingar á stjórnarskránni fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég segi fyrir mitt leyti að ég skil ekki þann sem ekki getur verið sammála þykkur því. (**Gripið fram í:** Nú?) Það kemur hins vegar jafnt fram í athugasemdum um þetta frumvarp að það þurfi að setja skýrari reglur um með hvaða hætti. Mér finnst, og tala þá sem einstaklingur í þessu samfélagi, þingmaður, hluti þjóðarinnar, hins vegar ekki hægt að setja í 2. gr. um breytingar á stjórnarskrá að það sé lágmarkshluti kosningarbærra manna sem nægi til að samþykkja breytingar á stjórnarskránni. Stjórnarskráin er grundvöllur lýðveldisins og við þurfum að gera þá kröfu í þjóðaratkvæðagreiðslu að í það minnsta helmingur kosningarbærra manna í landinu samþykki breytingar á stjórnarskrá.

Á sama hátt tel ég að í 5. gr. stjórnarskrárinnar ætti að standa að enginn geti orðið forseti Íslands nema að hann hafi að baki sér í það minnsta 50% kosningabærra manna í landinu, hafi menn ekki hlotið það í fyrstu umferð skuli kjósa aftur á milli þeirra tveggja efstu sem í upphafi náðu þeim sætum. Á sama hátt ætti að fara með breytingar á stjórnarskránni.

Í 3. gr. segir að þjóðin sjálf — og við þingmenn erum hluti þjóðarinnar — eigi að geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál í samfélaginu. Einir sex aðilar telja þessa grein til bóta, hún sé réttarbót fyrir fólkið í landinu eins og einhvers staðar stendur hér, en hins vegar þurfi að fara varlega með hana. Menn þurfa að velta fyrir sér með hvaða hætti eigi að vera hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál. Hvaða mál eiga það að vera? Ef setja á þetta inn í breytingar á stjórnarskrá þarf verulega að skerpa á því hvað alvarleg mál eru. Hvað á að vera hægt að fara fram á að setja í þjóðaratkvæðagreiðslu?

Ég bendi á að a.m.k. enn þá eru í það minnsta 50.000 Íslendingar í Sjálfstæðisflokknum. (**BJJ:** Hve margir?) Að minnsta kosti 50.000 Íslendingar eru í Sjálfstæðisflokknum. Ég sagði enn þá, hv. þm. Birkir Jón Jónsson. (Gripið fram í.) Miðað við þetta gætu þeir hæglega farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um æðimörg mál ef út í það væri farið. Ég er ekki viss um að þeir sem settu þetta hér inn hafi haft það neitt sérstaklega í huga þegar þeir veltu fyrir sér hversu marga þyrfti til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég get líka, hæstv. forseti, fallist á þjóðaratkvæðagreiðslu til handa mér, þjóðinni, þegar um mikilvæg málefni er að ræða. (**BJJ:** Þetta er allt á uppleið.) (Gripið fram í.)

Forseti. 4. gr. kveður á um stjórnlagaþing. Ég hef hins vegar töluvert aðra afstöðu til þeirrar greinar og mun koma að henni síðar. En ég bendi á að fjöldi umsagnaraðila lætur í ljósi þá skoðun að málsmeðferðinni sé ábótavant, að tíminn sem gefinn hafi verið til umsagna hafi verið of naumur. Mér finnst ástæða til fyrir hv. Alþingi að taka mark á þessum umsögnum, virða það að sendar eru út beiðnir um umsagnir og umsagnirnar eru í þessa veru. Þó að margar þeirra segi að margt af því sem fram kemur sé vert skoðunar er fyrst og síðast athugasemd allra, utan að ég held BSRB, að tíminn hafi verið of skammur og málsmeðferðinni sé þar af leiðandi ábótavant.

Virðulegur forseti. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins telur 26 þingmenn. Við erum hér í minnihlutaafstöðu gagnvart þessu máli en það er ljóst að naumur meiri hluti Alþingis, 37 þingmenn, hyggst rjúfa þá hefð að leita eftir samstöðu og kýs að fara með breytingar á stjórnarskránni í farveg ágreinings til að knýja fram, korteri fyrir kosningar, breyt-

ingar á stjórnarskrá Íslands, íslenska lýðveldisins. Ég veit það ekki en ef til vill hefur þess vegna heyrst að ÖSE sjái ástæðu til að koma hingað og fylgjast með kosningum þann 25. apríl. Það þykja að jafnaði ill tíðindi í lýðræðisríkjum að stjórnarskrárbreytingar séu lagðar fram og knúnar í gegn skömmu fyrir kosningar með þeim hætti sem hér á að reyna. (Gripið fram í.)

Virðulegur forseti. Það er vissulega þörf á að breyta stjórnarskránni. Ýmsar greinar hennar eru leifar liðinna tíma sem þarfnast breytinga en þær þarfnast breytinga með ígrunduðum hætti, hæstv. forseti, en ekki fljótaskrift eins og hér hefur verið viðhöfð. Við sjálfstæðismenn höfum lagt til að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar þannig að ekki þurfi að rjúfa þing og fá endurnýjað samþykki Alþingis til að stjórnarskrárbreytingar taki gildi. Tillagan kveður á um að breytingar á stjórnarskrá eigi að leggja fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu og ef sú leið verður farin á yfirstandandi þingi og endurnýjað samþykki Alþingis fæst eftir kosningar verður hægt að setja hugmyndir um breytingar á stjórnarskránni í vandaðan farveg og leggja þær svo í dóm þjóðarinnar án þess að rjúfa þurfi þing.

Hefðin um almenna samstöðu allra flokka er nú rofin. Með því er verið að færa stjórnarskrána inn í hringiðu stjórnmálanna og það er að mínu mati ólíðandi með öllu. Þess má og vænta að næsti meiri hluti, naumur eða ríflegur, geri þær breytingar á stjórnarskránni sem honum hugnast og með því háttalagi sem nú er lagt upp með í breytingum á hinni virðulegu stjórnarskrá geta meiri hlutar á Alþingi gert stjórnarskrána að pólitísku plaggi. (**Gripið fram í:** Hún er hápólitísk.) Það gengur ekki. Stjórnarskráin á að vera hafin yfir pólitískar deilur á hverjum tíma en ég held að svo sé ekki nú.

Ég hef ítrekað það áður, hæstv. forseti, að ég tel að málsmeðferð sé verulega ábótavant, hraðinn sé of mikill. Það er líka skortur á samráði við hluta þjóðarinnar, fræðasamfélagið í heild sinni, atvinnulífið og ýmsa aðra hagsmunaaðila. Í mínum huga er líka þversögn fólgin í því að gera efnisbreytingar á stjórnarskrá og koma á sama tíma á fót stjórnlagaþingi.

Virðulegur forseti. Sá málflutningur sem heyrst hefur, að Sjálfstæðisflokkurinn eða þingmenn Sjálfstæðisflokksins geti ekki sætt sig við breytingar á stjórnarskránni af því að þeir eða flokkurinn ráði ekki för, er álíka málefnalegur og þegar haft var eftir einum ónefndum þingmanni að það væri mátulegt á Sjálfstæðisflokkinn að vera ekki hafður með í ráðum, hann hefði hvort eð er ráðið svo miklu fram til þessa. Slíkur málflutningur, hæstv. forseti, um breytingar á stjórnarskrá er engum sæmandi. Stjórnarskráin á að vera hafin yfir slíkt.

Á þeim umbrotatímum sem við göngum nú í gegnum dylst engum að gjá hefur myndast á milli þings og þjóðar. Það ríkir ekki gagnkvæmt traust sem er nauðsynlegt og það þarf að endurvinna og skapa Alþingi þann sess í hug þjóðarinnar sem löggjafarsamkoman sem slík á skilinn, óháð þeim einstaklingum sem þar sitja hverju sinni. Í stað þess að byggja brú trúnaðar og trausts er ákveðið að fara í þveröfuga átt. Tillaga er um að setja Alþingi til hliðar, svipta það stjórnarskrárvaldinu og færa það vald til væntanlegs stjórnlagaþings. Engin tilraun hefur verið gerð til samvinnu einstaklinga utan þings, hins venjulega manns, sérfræðinga og/eða þingmanna, til að ræða breytingar, vinnuferla og hugsanlegt samráð, samvinnu, samstöðu um breytingar á stjórnarskránni. Engin tilraun er gerð í þá veru, virðulegur forseti. Síðan tala þingmenn um að lýðræðisbreytinga sé þörf. Ég veit ekki hvort minn skilningur og þeirra á lýðræðisbreytingum fer saman.

En hvernig er þetta í raun hugsað? Eða er þetta kannski ekki hugsað, heldur vanhugsað? Ætla núverandi þingmenn Samfylkingar, Vinstri grænna og Framsóknarflokksins að svipta Alþingi Íslendinga stjórnarskrárvaldinu tímabundið eða til langframa? Eru hugmyndir um að setja á laggirnar stjórnlagaþing til að breyta stjórnarskránni núna og ætla menn að loknum breytingum, þjóðaratkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar, að færa Alþingi stjórnarskrárvaldið að nýju? Eða verður ætíð kallað til nýtt stjórnlagaþing þegar breytingar á stjórnarskránni eru fyrirhugaðar? Þessum spurningum hefur enginn svarað. Þessum spurningum finnst mér að flutningsmenn frumvarpsins verði að svara. Er verið að svipta Alþingi stjórnarskrárvaldinu til langframa eða tímabundið? Ætla menn að setja á laggirnar stjórnlagaþing í hvert sinn sem breyta þarf stjórnarskránni? Ég óska þess, hæstv. forseti, að þeir flutningsmenn sem eru í salnum eða fulltrúar þeirra flokka svari þessum spurningum mínum.

Ég verð að segja að fyrir mitt leyti get ég séð fyrir mér stjórnlagaþing. Ég get séð fyrir mér mun einfaldara stjórnlagaþing en lagt er upp með hér, þing sem starfar í skemmri tíma, skipað einstaklingum með ólíkan bakgrunn, stjórnlagaþing sem væri Alþingi ráðgefandi í breytingum á stjórnarskrá. En ég get ekki sætt mig við að Alþingi Íslendinga verði svipt stjórnarskrárvaldinu, hvort heldur er í skamman tíma eða til langframa.

Ég velti því líka fyrir mér hvort, ef af stjórnlagaþingi verður, hv. þingmenn ætli þá á meðan það stjórnlagaþing starfar að svipta Alþingi þessu stjórnarskrárvaldi tímabundið. Eða munu tvö þing, Alþingi Íslendinga og sérstakt stjórnlagaþing, starfa á sama tíma þar sem bæði þingin hafa vald til að koma með tillögur að breytingu á stjórnarskrá og óska eftir, ef þetta frumvarp verður að lögum, að þær breytingar verði lagðar í þjóðaratkvæðagreiðslu? Það er ærimargt, hæstv. forseti, sem er óljóst í þessum efnum sem verður að ræða á lengri tíma og er ekki bært að við knýjum í gegn breytingar á stjórnarskránni með svo stuttum fyrirvara.

Virðulegur forseti. Ég hef tjáð hug minn til þessa frumvarps. Í mínum huga skiptir stjórnarskráin meginmáli. Ég er hlynnt breytingum á stjórnarskránni og tel margar breytingar tímabærar. Ég nefndi áðan að það er tímabært að taka mun fleiri greinar en hér eru nefndar og verður að gera, t.d. 5. gr. um kjör forseta Íslands. Henni þarf að breyta. Við þurfum og að velta fyrir okkur því valdi forseta Íslands að geta synjað um undirskrift og hvernig það á að vera o.s.frv. Það eru margar greinar og mörg brýn mál sem við þurfum að skoða ef við ætlum að leggja til gagngerar breytingar á stjórnarskránni.

Ég ítreka enn og aftur að um breytingar á stjórnarskrá verður að vera samstaða. Við getum ekki leyft okkur, hvar sem við stöndum í pólitík, að gera stjórnarskrána að póli-

tísku deilumáli. Það er algjörlega óásættanlegt.

Virðulegur forseti. Ég rakti að ég er afar ósátt eins og flestir umsagnaraðilar við þá málsmeðferð sem hér hefur verið beitt, við þann hraða sem er á málinu. Það er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir að rofin er hefð um samstöðu og skortur er á samráði við þjóðina. Fræðasamfélagið, atvinnulífið og ýmsir aðrir hagsmunaaðilar eru hluti þjóðarinnar. Það er ekki hægt að tala um þjóðina eins og hún sé eitthvert mengi sem hentar okkur að nefna endrum og sinnum. Þessir aðilar, fræðasamfélagið, atvinnulífið og ýmis önnur hagsmunasamtök, orkufyrirtækin í landinu, allir þeir sem þar starfa, eru hluti þjóðarinnar. Þeir hafa lýst yfir gagnrýni sinni á málsmeðferð, telja hraðann of mikinn, og ég spyr, hæstv. forseti: Er ekki rétt að staldra við?

Virðulegur forseti. Ég óska eftir því að eftir 2. umr. í þessu mikilvæga máli verði því vísað til 3. umr. og að við þingmenn, hvar í flokki sem við stöndum, berum gæfu til að ná samstöðu um jafnmikilvægt mál og breytingar á stjórnarskránni hljóta að vera í hugum okkar.

Ég vænti þess að náist ekki samstaða allra stjórnmálaflokka á þinginu um breytingar sem sátt getur verið um verði málinu vísað frá.

[15:03]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það var talsvert um þversagnir í ræðu hv. þingmanns. (**Gripið fram í:** … ræða um frumvarpið?) Ég óskaði eftir því að komast í andsvar strax vegna ummæla sem féllu í upphafi ræðunnar um það að þeir sem að þessu standa stundi lýðskrum, eins og fram kom hjá hv. þingmanni.

En í ræðu hv. þingmanns tók hún undir allar greinar á einn eða annan hátt. Talaði reyndar um ráðgefandi stjórnlagaþing en ekki tillögugefandi en að öðru leyti var hv. þingmaður meira og minna sammála efni frumvarpsins. Lýðskrumið er því ekki meira en svo að hv. þingmaður er sammála efni frumvarpsins meira og minna.

Þess vegna spyr ég hv. þingmann hvort hún ætli að koma hér upp og biðjast afsökunar á þeim ummælum sem hún viðhafði um félaga sína í þinginu.

Í annan stað vil ég einnig nefna að stjórnarskrá er aldrei breytt nema í aðdraganda kosninga. Ástæðan fyrir því er sú að það verður að efna til kosninga um leið og breyting á stjórnarskrá hefur verið samþykkt. Það eru einfaldlega ákvæði stjórnarskrár sem kveða þannig á um og af þeim sökum er stjórnarskrá aldrei breytt nema í aðdraganda kosninga. Það hefur ekkert með ÖSE að gera. (Gripið fram í.) Stjórnarskránni er aldrei breytt öðruvísi en skömmu fyrir kosningar. Vegna þess að það er skylt að efna til kosninga eftir að stjórnarskrárbreyting hefur verið samþykkt. Þetta vildi ég nefna í umræðunni vegna þess sem fram kom í máli hv. þingmanns.

En í ljósi þess að hv. þingmaður er efnislega sammála þeim breytingum sem hér er verið að leggja til vil ég ítreka spurningu mína um hvernig hv. þingmaður útskýrir það að þeir sem að þessu máli standa stundi lýðskrum og að hv. þingmaður færi að minnsta kosti betri rök fyrir máli sínu en að svona sleggjudómar standi einir og órökstuddir.

[15:05]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það væri kannski ágætt ef hv. þingmaður hefði hlustað á það sem sagt var. Í upphafi máls míns sagði ég að þeir þingmenn sem segi að breytingar sem hér er verið að leggja til á stjórnarskránni snúist að einhverju leyti um bankahrun og efnahagsvanda þjóðarinnar, þeir sem nýti sér umræðuna á þann hátt, þeir væru lýðskrumarar. Þetta er orðrétt hér, hæstv. forseti, að þeir sem ætla að tengja þessar breytingar á stjórnarskránni við bankahrun og efnahagsvanda þjóðarinnar og kalla þannig til sín stundarvinsældir, þeir þingmenn sem það gera eru lýðskrumarar, að mínu mati, vegna þess að þessar breytingar eiga ekkert skylt við bankahrunið eða efnahagsvanda þjóðarinnar. Ekki neitt. Svo það liggi algerlega klárt fyrir.

Ég tel því ekki, hæstv. forseti, að ég sem þingmaður þurfi að biðja þá sem að þessu frumvarpi standa afsökunar á því að hafa kallað þá lýðskrumara vegna þess að það gerði ég ekki. Svo því sé til haga haldið.

Ég er mér vel meðvituð um það, hæstv. forseti, að stjórnarskrárbreytingar þarf að leggja fyrir þjóðina og þær eru kláraðar rétt fyrir kosningar til þess að unnt sé að gera það. En aðdragandinn, málsmeðferðin sem nú er beitt er ekki í takt við það sem áður hefur verið og það var það sem ég átti við, hæstv. forseti, þegar ég velti þeirri spurningu upp hvort það gæti verið að keyra ætti breytingar á stjórnarskránni í gegnum þingið eftir þá málsmeðferð sem hefur verið með svo stuttum fyrirvara, væri hugsanlega ástæða þess að ÖSE ætlaði að fylgjast með kosningum á Íslandi.

[15:07]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ágætt að það komi fram að hv. þingmaður var ekki að kalla þá sem hér hafa tekið til máls lýðskrumara. Það er gott að það liggi fyrir.

Hitt sem kom fram í máli hv. þingmanns var að hv. þingmaður sagði að það hefði myndast gjá milli þings og þjóðar og að mikilvægt væri að reyna að efla traust á þinginu í ljósi þess sem átt hefur sér stað. Hv. þingmaður talaði einnig um að það væri skynsamlegt að breyta stjórnarskránni og efna til stjórnlagaþings. Reyndar sagði hv. þingmaður að stjórnlagaþing ætti að vera ráðgefandi fyrir þingið.

Hv. þingmaður talaði því einnig um að það væri rétt að breyta stjórnarskránni. En mér virðist af ummælum hv. þingmanns að hún hafi fyrst og fremst verið að tala um það að það væri rétt að breyta stjórnarskránni, bara ekki núna. Það væri rétt (Forseti hringir.) að breyta stjórnarskránni bara það mátti ekki beita þessum aðferðum. Þetta (Forseti hringir.) hefur verið kjarninn í umræðu Sjálfstæðisflokksins í umræðunni um stjórnarskrármál.

[15:09]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég greindi frá því í ræðu minni og fór yfir þá umsagnaraðila sem nefnt hafa þann þátt við gerð þessa frumvarps og umfjöllun, að málsmeðferðinni sé ábótavant, hraðinn sé of mikill, að skortur sé á samráði.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson verður ein-

faldlega að sætta sig við það að þetta er mín skoðun. Það er skoðun fræðasamfélagsins, í það minnsta margra þaðan. Það er skoðun atvinnulífsins, það er skoðun ýmissa annarra hagsmunaaðila úti í samfélaginu að málsmeðferðin, hraðinn og skortur á samráði sé óásættanlegur og þess vegna eigi ekki að keyra í gegn stjórnarskrárbreytingar með þessum hætti.

[15:10]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Hún var náttúrlega einstaklega vel flutt. En það voru atriði í henni sem mér finnst vera ástæða til þess að gera athugasemdir við og það varðar sérstaklega það þegar hv. þingmaður talar um að það sé gjá á milli þings og þjóðar.

Hv. þingmaður vill samt alls ekki gera neitt úr því að það þurfi einhvern veginn að koma til móts við þjóðina í framhaldi af þeim ósköpum sem hafa gengið á hérna í þjóðfélaginu og í framhaldi af því sé skortur á trausti gagnvart valdhöfum, gagnvart stjórnvöldum. Hvernig getum við komið á auknum lýðræðisumbótum, eins og má kalla það, til þess að bregðast við ástandinu? Þess vegna finnst mér alveg full ástæða til þess að tengja það sem frumvarpið gengur út á við ástandið í þjóðfélaginu og þá gjá sem hv. þingmaður nefndi.

Þegar hún talar um að umsagnaraðilar veiti frumvarpinu slæmar umsagnir þá er það ekki rétt. [Símí hringir í þingsal.] Er þetta til mín? (Gripið fram í.) Jæja. Nú er ég aldeilis að standa mig vel hérna. Ég missti eiginlega þráðinn.

Hv. þingmaður handvelur þegar hún talar um umsagnir því það eru mjög margir umsagnaraðilar sem gefa þessu frumvarpi góðar og jákvæðar umsagnir og telja mikilvægt að það nái fram að ganga. Ég ætla að tala um ÖSE í síðara andsvari mínu.

[15:12]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég sagði það í ræðu minni að fram til þessa hefði engin tilraun verið gerð til þess að hafa samvinnu eða samráð við aðila í samfélaginu, við þjóðina við gerð breytinga á þeirri stjórnarskrá sem liggur fyrir nú. Það hefur ekkert samráð verið haft við fólk fyrir utan þingið. Það var ráðgefandi hópur forsætisráðherra sem bjó til þessar breytingar og frumvarpið sem hér liggur frammi. Ef það er samráð hæstv. forseti, ef það er tilraun til þess að brúa gjána sem er á milli þings og þjóðar (**Gripið fram í:** Þrír embættismenn.) þá, hæstv. forseti, verður gjáin einfaldlega stærri. Það er ekkert flóknara en það.

Ég sagði líka, hæstv. forseti, í ræðu minni að mér hugnaðist stjórnlagaþing sem væri ráðgefandi fyrir Alþingi og á því gætu átt sæti einstaklingar með ólíkan bakgrunn. Þannig kæmi fram vilji, ekki bara fræðasamfélagsins, ekki bara atvinnulífsins heldur líka hins venjulega manns í samfélaginu. Það er tilraun til að brúa bil. Það er tilraun til þess að minnka gjána sem er milli þings og þjóðar.

Um stjórnlagaþing eitt og sér tek ég undir með Sigurði Líndal þar sem hann segir: Ég óttast að 41 þingmaður á stjórnlagaþingi, — ég þori nú ekki að fullyrða orðrétt hvað hann sagði — að það yrði samkoma þar sem menn mundu ræða saman í þrot og ekki komast að niðurstöðu.

[15:14]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Valgerður Sverrisdóttir) (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ekkert samráð, segir hv. þingmaður. Samt er það nú þannig að 1. gr. hefur verið til umfjöllunar, fyrst og fremst í tíu ár en í raun má segja í tuttugu ár.

2. gr. er með þeim hætti að mér finnst hv. þingmaður styðja hana í öllum aðalatriðum. 3. gr. gengur út á að fólkið í landinu geti haft frumkvæði að því að setja mál í þjóðaratkvæðagreiðslu, hvort heldur er um lög að ræða eða mikilvæg málefni sem varða almannahag. Allt er þetta með þeim hætti að ég held að það sé erfitt að halda því fram að þetta séu mál sem ekki hafi verið rædd í þjóðfélaginu.

En það sem mér finnst kannski vera aðalatriðið er að með þessu frumvarpi erum við að auka þátttöku hins almenna borgara í ákvarðanatöku á Íslandi þannig að fólkið upplifi að það komi að ákvarðanatökunni meira en verið hefur. Það eru margir sem halda því fram að (Forseti hringir.) bankahrunið hafi einmitt orðið hér af þeim ástæðum að of fáir hafi farið með of mikil völd.

[15:15]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Eins og 3. gr. segir til um, að það eigi að gefa þjóðinni tækifæri til þess að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál, er nýtt í þessum breytingum um stjórnarskrána. Það er ekkert samráð við þjóðina haft fyrr en það verður að veruleika, virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Virðulegur forseti. Ég sagði það í ræðu minni, hafi hv. þingmaður hlustað, að ég gæti sætt mig við að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál. Ég taldi hins vegar að það þyrfti, og fór sérstaklega inn á það af því að ég er sannfærð um að hv. flutningsmenn hafi ekki reiknað með því að Sjálfstæðisflokkurinn með sína 50 þúsund flokksmenn gæti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um kannski hvaða mál sem er … (Gripið fram í.) Það er án efa ekki hugmynd þeirra sem flytja þetta frumvarp að það væri hægt. (Gripið fram í.) Það er kristaltært, hæstv. forseti.

[15:16]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir málefnalega ræðu fyrir utan þær pillur sem hv. þingmaður sendi Framsóknarflokknum, sem ég mun koma að hér á eftir.

Hv. þingmaður lýsti í öllum meginatriðum yfir stuðningi við frumvarpið sem við ræðum hér, þ.e. þau efnisatriði sem við höfum haft til umræðu, og fyrir það vil ég þakka, ólíkt mörgum öðrum flokksfélögum hv. þingmanns sem hafa tekið þátt í umræðunni. En þegar hv. þingmaður lætur að því liggja að Framsóknarflokkurinn stundi einhvern pólitískan leik og hafi í raun og veru hertekið Vinstri græna og Samfylkingu varðandi þá hugmynd að koma á fót stjórnlagaþingi er hv. þingmaður að dylgja. Hann er að dylgja vegna þess að Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn standa heils hugar að stjórnlagaþinginu og það hefur mátt marka á öllum ræðum

hér, (**Gripið fram í:** Það er rétt.) þannig að hv. þingmaður og hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru að dylgja um það að Framsóknarflokkurinn sé að beita aðra flokka hér á þingi einhverju ofbeldi. Það er Sjálfstæðisflokkurinn hér á Alþingi sem er gjörsamlega einangraður í þessu máli ef hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa ekki upplifað það.

Þegar hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru að reyna að koma því til skila að hér sé ekki um neitt málþóf að ræða vil ég benda á það, herra forseti, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa komið 300 sinnum upp í ræðustól Alþingis á tveimur dögum til þess að ræða um fundarstjórn forseta í kringum þetta mál. Tala svo í hinu orðinu um að nauðsynlegt sé að ræða stjórnarskrármálið vel en taka allt að klukkutíma á milli hverrar einustu ræðu til þess að koma hér upp og ræða um fundarstjórn forseta, tala svo í hinu orðinu um að það þurfi að fara að ræða einhver önnur mál en tefja þess í stað umræðuna með þeim hætti að þeir eru búnir að koma 300 sinnum upp og hafa misnotað það fundarform sem við höfum iðkað hér er varðar að tala um fundarstjórn forseta. (Gripið fram í.)

[15:18]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er afar sérstakt að vera í andsvari við mann sem tekur að sér að segja hvað sjálfstæðismenn hafa verið að gera hér. Ég vil taka það fram við hv. þingmann að ég hef ekki komið hér upp undir þessu stjórnlagafrumvarpi fyrr en nú þannig að ég hef ekki tekið þátt í því sem hann er að segja. Það er sérkennilegt að fara í andsvar við hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur og beina því til hennar.

Virðulegur forseti. Framsóknarflokkurinn setti þau skilyrði fyrir stuðningi sínum við núverandi minnihlutaríkisstjórn og að verja hana vantrausti að hugmyndir um stjórnlagaþing yrðu teknar inn, að þing hætti 12. mars og að ákveðnum efnahagsaðgerðum yrði komið á. Það er ekkert eftir af skilyrðum Framsóknarflokksins til að verja stjórnina vantrausti. Það eina sem þeir eiga eftir er stjórnlagaþingið. (Gripið fram í.) Það hlýtur að teljast í hæsta máta óeðlilegt að stjórnmálamenn geri sér það að leik að draga upp stjórnarskrána og setja hana í gíslingu með þessum hætti til þess að ná sérstakri aðstöðu gagnvart ríkisstjórn og innan ríkisstjórnar.

Hæstv. forseti. Þetta er mín skoðun og ég stend við hana. Það er í hæsta máta óeðlilegt að taka stjórnarskrána með þessum hætti í gíslingu til þess að verja minnihlutastjórn vantrausti … (Gripið fram í.) Það væri kannski ágætt, hæstv. forseti, að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sleppti frammíköllum í augnablikinu.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Birkir J. Jónsson, verður einfaldlega að sætta sig við að þetta er mín skoðun á framgöngu Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.) Þú mátt gjamma en aðrir ekki.

[15:20]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Herrar forseti. Fyrir utan dylgjurnar sem hv. þingmaður kom með gagnvart Framsóknarflokknum gerist þingmaðurinn sekur um að fara rangt með héðan úr ræðustól Alþingis. Við framsóknarmenn settum það sem skilyrði að kosningar færu fram eigi síðar en 25. apríl. (Gripið fram í.) Það stóð. Hv. þingmaður segir að ekkert standi af skilyrðum Framsóknarflokksins. Framsóknarflokkurinn hefur komið fram með sínar tillögur í efnahags- og atvinnumálum og við stöndum keik hvað það varðar.

Þegar hv. þingmaður vænir Framsóknarflokkinn um að hafa tekið stjórnarskrána í gíslingu mótmæli ég því harðlega. Það er einfaldlega þannig að hér er Sjálfstæðisflokkurinn að opinbera sig, þetta er valdaflokkurinn, allt á að gerast á forsendum Sjálfstæðisflokksins og ef Sjálfstæðisflokkurinn samþykkir ekki ákveðna hluti eiga þeir ekki að fara í gegn.

Það vill svo til að 70% þjóðarinnar er á því að við eigum að boða til stjórnlagaþings, alveg sama hvað hv. þingmönnum (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokksins þykir um það viljum við framsóknarmenn (Forseti hringir.) koma á stjórnlagaþingi fyrr en síðar. (Gripið fram í.)

[15:21]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt og ég bið hv. þm. Birki J. Jónsson afsökunar á því, þeir settu fram kosningadag 25. apríl og hann hefur orðið að veruleika. Þeir settu og fram að þing yrði rofið 12. mars. Það hefur ekki orðið að veruleika. (Gripið fram í.) Það hefur ekkert komið fram hjá ríkisstjórninni sem er í takt við efnahagsráðstafanir og hugmyndir Framsóknarflokksins. En stjórnlagaþingið er inni í þessu frumvarpi, það var skilyrði Framsóknarflokksins til þess að verja minnihlutaríkisstjórnina vantrausti og frá því geta framsóknarmenn ekki horfið. Það er einfaldlega svo, þeir settu það sem skilyrði að stjórnlagaþing yrði sett inn. Við því urðu Samfylkingin og Vinstri grænir, það er svo, og við það sitjum hér með í þessu frumvarpi, hæstv. forseti. Ég er enn þá þeirrar skoðunar að Framsóknarflokkurinn, þingflokkur Framsóknarflokksins hafi tekið stjórnarskrána í gíslingu til þess að skapa sér sérstöðu gagnvart ríkisstjórninni í því að verja (Forseti hringir.) hana vantrausti ef til slíks kæmi.

[Fundarhlé. — 15:23]

[15:30]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Um þetta stjórnarskipunarfrumvarp má hafa mörg orð, bæði form þess, innihald og tilgang og ég vil byrja á því að fara yfir aðdraganda að málinu og það hvernig ég hef vanist því að menn stæðu að því að breyta stjórnarskránni á þeim tíma sem ég hef verið hér.

Eins og menn þekkja ákvað þjóðin í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir tæpum 65 árum þegar hún setti nýja stjórnarskrá að henni yrði breytt með tilteknum hætti eins og greint er frá í stjórnarskránni, þeim að þingið mundi breyta henni, bæði eiga frumkvæði að því að leggja fyrir þingið breytingar og samþykkja þær, síðan að halda alþingiskosningar og taka þær fyrir síðara sinni að þingkosningum loknum. Það varð niðurstaða þjóðarinnar að sætta sig við það eða samþykkja að þessi ferill ætti að vera svona, stjórnarskrárbreytingar færu ekki sjálfstætt til atkvæðagreiðslu meðal einstakra íbúa þjóðarinnar.

Það má deila um hvort það hafi verið rétt form, hugsanlega hefur það verið skynsamlegt á þeim tíma þegar það var mikið fyrirtæki að efna til slíkrar almennrar þjóðaratkvæðagreiðslu og mikið umstang, fyrirhöfn og kostnaður sem til þess að gera fátæk þjóð í dreifbýlu landi átti kannski ekki mikil efni til að standa undir ef það yrði oft. Þá þróuðu menn með sér það fyrirkomulag að standa þannig að breytingum að um þær væri víðtækt samkomulag milli stjórnmálaflokka sem sæti ættu á Alþingi. Því hefur ekki verið framfylgt með þeim hætti að það yrði að vera einróma samkomulag, en engu að síður víðtækt samkomulag. Til dæmis voru gerðar stjórnarskrárbreytingar 1983 og 1984 þar sem þingmönnum var fjölgað úr 60 í 63 og gerðar breytingar á kosningalögum og þegar þær voru afgreiddar á síðara þingi stóðu að þeirri breytingu fjórir stjórnmálaflokkar af sex sem þá áttu sæti á þingi. Tveir þingflokkar voru andsnúnir breytingunni, þingflokkur Kvennalista og þingflokkur Bandalags jafnaðarmanna. Samtals lögðust þó ekki nema sjö þingmenn af 60 gegn breytingunni en hinir studdu hana. Hið sama má segja um stjórnarskrárbreytinguna 1999 þegar gerðar voru breytingar á stjórnarskrá til að breyta skiptingu landsins í kjördæmi, þá stóðu að breytingunni allir stjórnmálaflokkar en ekki allir þingmenn. Þá voru einnig sjö þingmenn sem greiddu atkvæði gegn þessari breytingu á síðara þinginu. Ekki hefur verið um það að ræða að unnt væri að tryggja einróma samþykki en menn hafa unnið samkvæmt þeirri vinnureglu að hafa víðtæka samstöðu. Við höfum þá í þessum tveimur dæmum nokkuð góða vísbendingu um hvað felst í víðtækri samstöðu um afgreiðslu slíkra mála.

Framan af var líka haldið þannig á málum að viðræður um breytingar á stjórnarskránni fóru fram milli stjórnmálaflokkanna sem sæti áttu á Alþingi. Formenn eða fulltrúar einstakra stjórnmálaflokka hittust og áttu frumkvæði að því að reyna að ná samkomulagi um tilteknar breytingar. Í seinni tíð hafa málin þróast á þann veg sem mér þykir mun lakari, sérstaklega eftir 1991, að þetta fór að verða ríkisstjórnarmál. Til dæmis var stjórnarskrárbreytingin 1983 borin fram af formönnum stjórnmálaflokkanna en ekki ríkisstjórninni. Eftir 1991 verða þetta í vaxandi mæli ríkisstjórnarmál, forsætisráðherra hefur frumkvæði í málinu og skipar nefndir þannig að þær fara að verða nefndir framkvæmdarvaldsins. Mér fannst, og hefur alltaf fundist, óæskileg þróun að stjórnmálaflokkarnir hleyptu málinu í þann búning að verða að ríkisstjórnarmáli og fulltrúar almennings væru orðnir vinnumenn í starfsnefnd á vegum framkvæmdarvaldsins. Þetta var gert vegna þess að forsætisráðherra og formaður stærsta stjórnmálaflokksins vildi treysta tök sín á málinu og um það varð samkomulag þannig að út af fyrir sig hafði ekki mikla þýðingu að móast mikið við. Mér fannst þetta engu að síður vond breyting og nefni hana hér vegna þess að segja má að hún ýti undir þróun sem að sumu leyti hefur orðið vaxandi í þessa veru, að breyta málinu frá því að vera samkomulagsmál yfir í að verða ríkisstjórnarmál.

Það má eiginlega segja að endapunkturinn sé í því frumvarpi sem hér liggur fyrir því að það er nánast fullkomlega ríkisstjórnarmál. Þó að það sé ekki flutt af ríkisstjórninni er aðdragandi þess algerlega á vegum ríkisstjórnarinnar. Eftir að ný ríkisstjórn tekur við skipar forsætisráðherra þriggja manna starfshóp embættismanna sem aðrir stjórnmálaflokkar koma ekkert að. Ég skal ekki fullyrða hvort það er nýjung en það er a.m.k. í samræmi við þessa þróun að einstakir flokkar, flokkar ríkisstjórnarinnar, fara að halda öðrum flokkum frá málinu á undirbúningsstigi. Þá eru menn byrjaðir að rjúfa í sundur grundvallarþráðinn í stjórnarskrárbreytingunum sem er samráð og samstaða um breytingar. Þetta er algerlega orðið ríkisstjórnarmál í þessum búningi sem hér hefur verið undirbúinn. Ég gagnrýni þessa þróun, ég held því ekki fram að þetta sé algert stílbrot frá því sem verið hefur vegna þess að þróun hefur átt sér stað sem leiðir þetta af sér en hér er lengra gengið en áður hefur verið og menn munu halda áfram að ganga þennan veg þar til eitthvað gerist sem stöðvar þessa þróun.

Mér finnst líka að tíminn sem menn hafa gefið sér til að leggja fram ígrundaðar tillögur að stjórnarskránni sé nánast enginn. Það er mjög gagnrýnivert.

Þessi þriggja manna starfshópur lagði fram tillögur. Af þeim eru ekki allar tillögur lagðar fram í frumvarpsformi. Hvar strönduðu þær tillögur sem starfshópurinn lagði fyrir forsætisráðherra um samráð í utanríkismálum, stöðu Alþingis í utanríkismálum, eins og t.d. þá tillögu að það skuli háð samþykki Alþingis að lýsa yfir stuðningi við vopnaða árás erlends ríkis í annað ríki? Það var ein af tillögum þriggja manna starfshópsins. Hana er ekki að finna í þessu frumvarpi. Ég hefði gjarnan viljað sjá þá tillögu vegna þess að mér líst vel á hana. Ég hefði viljað hafa hana á borðum, að hún hefði verið lögð fyrir stjórnmálaflokkana og alþingismenn og verið í því umræðuferli sem þarf að fara fram sem undanfari þess að menn nái samkomulagi um þær breytingar sem á að flytja.

Ég hefði líka viljað sjá aðra tillögu sem er að finna í þessu frumvarpi en ekki í frumvarpi fjórmenninganna, að alþingismenn geti vísað ákvörðunum eða lagasetningu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það hefur oft verið rætt á Alþingi og oft verið áhugi á að koma því á. Hana er að finna í tillögu þessa þriggja manna starfshóps en ekki í frumvarpinu. Ég spyr: Af hverju má ekki ræða þá tillögu hér? Hver tekur að sér fyrir hönd Alþingis að skammta þinginu þær tillögur sem má ræða sem samkomulagsgrundvöll að breytingu á stjórnarskránni?

Ég hefði gjarnan viljað ræða fleiri hugmyndir fyrst menn ætla sér á annað borð að breyta stjórnarskránni. Ég get nefnt af handahófi nokkur mál sem mér finnst þess virði að taka umræðu um, eins og auðlindaákvæði í frumvarpi Ragnars Arnalds og fleiri þingmanna Alþýðubandalagsins sem flutt var fyrir mörgum árum þar sem kveðið er á um að orkan í rennandi vatni sé þjóðareign og að auðlindir undir 100 metrum undir yfirborði jarðar sé eign þjóðarinnar en ekki landeigenda. Mér finnst það vanta inn í auðlindaákvæðið sem er að finna í frumvarpi fjórmenninganna.

Ég hefði viljað kanna undirtektir fyrir því að breyta stjórnarskránni á þann veg sem ég hef lagt til og frumvörp liggja fyrir í þinginu um, að ráðherrar eigi ekki sæti á Alþingi og hafi ekki lagasetningarvald í gegnum bráðabirgðalög. Ég hefði viljað setja inn ákvæði um persónukjör og möguleika á bandalagi stjórnmálaflokka í alþingiskosningum.

Fleira má nefna af þessu tagi sem hefði verið ástæða til að taka fyrir og ræða ef menn á annað borð hafa ætlað sér að taka fyrir umræðu um að breyta stjórnarskránni. Með svona skömmum fyrirvara verður þó ekki með góðu móti farið vandlega yfir stjórnarskrána og teknar inn margar hugmyndir sem upp kunna að vakna um breytingar á henni og ræddar í þaula vegna þess að tími gefst ekki til þess. Við þær aðstæður eiga menn að einbeita sér að því sem mestu máli skiptir, og það sem mér finnst mestu máli skipta varðandi stjórnarskrána er að breyta henni á þann veg að þjóðin geri breytingar á henni en ekki Alþingi.

Breytingar á stjórnarskránni hafa aldrei orðið kosningamál í alþingiskosningum. Allt önnur mál eru þar undir og þau taka hug kjósenda og athygli þannig að þau atriði sem breytingar eru gerðar á í stjórnarskránni hverfa í skuggann. Þess vegna er ég á þeirri skoðun að stjórnarskránni beri því aðeins að breyta á þann veg að breytingin sé lögð fyrir þjóðina í almennri atkvæðagreiðslu og afgreidd með þeim hætti. Þar með er stjórnarskrárvaldið komið til þjóðarinnar þar sem það á að vera en Alþingi hefur það hlutverk að hafa frumkvæði að breytingum og samþykkja þær, þjóðin að hafna eða samþykkja.

Til viðbótar finnst mér eðlilegt að alþingismenn geti vísað ákvörðunum Alþingis, einstaka lagasetningu, til þjóðarinnar. Minni hluti alþingismanna á að geta gert það þegar um er að ræða mjög þýðingarmikil eða umdeild mál. Mér finnst líka koma til greina að hægt sé að kalla mál til þjóðarinnar með undirskriftasöfnun eins og lagt er til í frumvarpinu en þá held ég að menn verði að einskorða sig við skýr mál og afgreidd, þ.e. löggjöf. Ég sé ekki færa leið til að kalla einstök málefni í almenna þjóðaratkvæðagreiðslu sem ekki yrðu fyrst afgreidd á Alþingi eða hefðu verið rædd þar því að Alþingi getur aldrei verið bundið af niðurstöðum slíkrar atkvæðagreiðslu. Alþingismenn eru, verða og eiga að vera einungis bundnir af sannfæringu sinni en engu boði, hvorki frá ríkisstjórn, kjósendum né öðrum. Þjóðaratkvæðagreiðsla um eitthvert málefni þar sem lýst er yfir skoðun almennings á því málefni, hvort sem þar er um að ræða dauðarefsingar eða eitthvað slíkt, getur einungis verið leiðbeinandi fyrir Alþingi en ekki bindandi fyrir einstaka alþingismenn. Þess vegna verða þjóðaratkvæðagreiðslur um málefni að afmarkast við löggjöf þannig að hægt sé að fá úrskurð um það hvort tiltekin löggjöf eða samþykkt Alþingis njóti stuðnings þjóðarinnar eða ekki og þjóðin geti þá kallað til sín slíkar ákvarðanir ef nægjanlegur stuðningur er við það.

Ég leggst eindregið gegn því, virðulegi forseti, að halda áfram á þeirri braut að gera breytingar á stjórnarskránni í miklum ágreiningi. Sérstaklega finnst mér fráleitt að ætla sér að fara í gegn með efnislegar breytingar núna á stjórnarskránni í andstöðu við stærsta þingflokk Alþingis. Ég held að það séu engin dæmi um slíkt og það væri mikið ógæfuspor ef þingið færi inn á þá braut.

Ég get að mörgu leyti skilið þá sjálfstæðismenn sem bregðast hart við þessari fyrirætlan ríkisstjórnarflokkanna og Framsóknarflokksins, þeir leggjast mjög gegn henni og beita sér af fullum þunga vegna þess að það skapar fordæmi sem fylgt verður eftir síðar, hvort sem sá flokkur verður stærsti þingflokkurinn í framtíðinni eða ekki. Það er önnur saga, enda skiptir það ekki máli.

Það sem mér finnst að núverandi þing geti gert og eigi jafnvel að gera, er að gera þá breytingu eina á stjórnarskránni sem mælir fyrir um formbreytingu þaðan í frá. Þó að ágreiningur kunni að vera um það, sem ég veit ekki og heyrist reyndar á máli ræðumanna að ekki muni verða, fyndist mér í lagi að afgreiða þá breytingu í ágreiningi vegna þess að það er ekki efnisleg breyting á stjórnarskránni, það er formbreyting sem færir ákvörðunarvaldið frá fáum, þ.e. alþingismönnum, til þjóðarinnar. Hún sker þá alltaf úr í því.

Ég vildi láta þetta koma fram, virðulegi forseti. Hins vegar er ég á þeirri skoðun eins og kannski hefur komið fram í öðrum málum og að nokkru leyti í þessari ræðu varðandi efnisinnihald frumvarpsins að ég er sammála þeim áformum sem er að finna í 2. gr. frumvarpsins sem er um formbreytinguna. Ég er líka í meginatriðum sammála því að setja inn í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á auðlindum. Ég hef hins vegar efasemdir um að það ákvæði sem er í 1. gr. bíti nokkuð. Það er greinilegt að þar hefur náðst samkomulag um það vegna þess að það breytir engu frá því sem er. En það er nákvæmlega það sem þarf að gera, það þarf að setja ákvæði inn í stjórnarskrá um þjóðareign á auðlindum sem er það skýrt að það tekur fyrir þá misnotkun sem er í gangi í dag, eins og t.d. í sjávarútveginum. (**Gripið fram í:** Það eru nú ekki allir …) Það má vel vera að ekki séu allir sammála því, en eitt er víst að það eru mjög margir sammála því að það fyrirkomulag sem er í sjávarútveginum er misnotkun. Um 80% af kjósendum Framsóknarflokksins eru t.d. á þeirri skoðun, við skulum ekki gleyma því, og hafa verið lengi. Jafnvel þótt þeim hafi farið fækkandi hefur það hlutfall ekki breyst. (Gripið fram í.)

Ef þingmönnum auðnast ekki að setja lög sem njóta stuðnings kjósenda sinna endar það illa, það getur ekki farið hjá því. Það er mikill ágreiningur um framkvæmdina varðandi nýtingu á sjávarauðlindinni og ég sé ekki að 1. gr. frumvarpsins breyti neinu um það. Það er hugsanlegt að hún getið orðið til góðs, ávinningur getur orðið af henni varðandi erlenda aðila ef þjóðin gengur í Evrópusambandið, en ég er ekki alveg viss um að það hafi neina efnislega breytingu. Miðað við núverandi kerfi gætu erlendir aðilar eignast nýtingarréttinn á þessari auðlind. Mér sýnist á öllu að þeir gætu það áfram miðað við orðalag á þessari grein þannig að það leiddi ekki af sér neinar nýjar varnir sem væri nauðsynlegt að reisa. Mér finnst þurfa að skoða hana betur og ég bendi m.a. á gamalt frumvarp Ragnars Arnalds og fleiri sem flutt var síðast á 122. löggjafarþingi, 1997–1998, að því er mig minnir. Upp úr því frumvarpi má taka ákvæði varðandi þjóðareign á auðlindum sem mundu bæta 1. gr. frumvarpsins.

Ég hef farið yfir afstöðu mína til 3. gr. og tel ekki framkvæmanlegt að þjóðaratkvæðagreiðsla um ótiltekið málefni fari fram sem geti verið bindandi, hún getur aðeins verið leiðbeinandi og mér finnst vanta inn í það ákvæði að minni hluti þingmanna geti vísað samþykktum lögum eða samþykkt Alþingis í atkvæðagreiðslu. Mér finnst það algjörlega vanta inn í þetta frumvarp.

Ég vil aðeins fara aftur í tímann til þess tíma þegar menn ræddu stjórnarskrárbreytinguna 1983. Þá var mjög

sótt á um að gera breytingar á stjórnarskránni á þann veg að jafna vægi atkvæða. Niðurstaðan varð sú að gera slíkt en deilurnar stóðu kannski ekki um að menn legðust svo mjög gegn því, heldur hitt að á það var bent að það væri fleira réttlæti eða ranglæti en misvægi atkvæða. Það væri líka mikið ranglæti fólgið í þeirri byggðaþróun sem þá hafði verið í gangi með þeim afleiðingum að landsvæði á landsbyggðinni veiktust og höfuðborgarsvæðið styrktist. Stjórnmálaflokkarnir fjórir sem stóðu að þeirri breytingu þá gerðu samkomulag til að sætta menn innan sinna raða sem töluðu fyrir stöðu landsbyggðarinnar og gerðu samþykkt um að þeir, þ.e. þingflokkar Alþýðubandalags, Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, mundu beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Það var sem sé loforð um að þessir flokkar mundu beita sér fyrir breytingum sem mundu styrkja stöðu landsbyggðarinnar.

Meðal annars var skipuð sérstök nefnd til að undirbúa tillögur í því skyni. Hún var sett á fót og hélt fundi og skilaði niðurstöðu sem var á þann veg að styrkja bæri stöðu landsbyggðarinnar með þeim hætti að taka upp þriðja stjórnsýslustigið, auka völd og áhrif landsmanna í einstökum héruðum frá því sem þá var. Um þetta urðu þingflokkarnir meira og minna sammála þannig að þetta varð tillaga sem sett var fram til að stuðla að valddreifingu í þjóðfélaginu, draga úr miðstýringunni sem þá var þegar orðin mjög mikil og hafði þá þegar leitt til vaxandi styrks höfuðborgarsvæðisins og grafið undan styrk landsbyggðarinnar.

Í stuttu máli má segja að niðurstaðan af þessum fyrirheitum hefur orðið sú að ekkert hefur náð fram sem máli skiptir og staða landsbyggðarinnar hefur veikst stig af stigi á þeim 25 árum sem liðin eru síðan þessi umræða fór fram í þingsölum. Það hefur haft í för með sér mikinn skaða, bæði félagslegan og efnahagslegan skaða fyrir fólk sem býr víða um land. Það er engin ástæða til að draga fjöður yfir það eða gleyma þeim hagsmunum og láta sem það eina sem máli skiptir séu einhver atriði sem fyrst og fremst snúa að þeim sem lifa og hrærast hér á höfuðborgarsvæðinu.

Sem dæmi um þróunina má nefna að á þessu árabili, frá árinu 1991 til 2008, fjölgaði störfum starfandi á landinu um 42.000. Af þeirri fjölgun voru 39.000 á höfuðborgarsvæðinu en aðeins 3.000 utan þess.

Það má líka nefna að í aðdraganda þessarar umræðu fyrir 25 árum, fyrir aldarfjórðungi, voru um 120.000 íbúar á höfuðborgarsvæðinu en um 105.000 utan þess. Í dag eru tölurnar þannig að á höfuðborgarsvæðinu búa um 200.000 manns en aðeins um 116.000 utan þess. Það hefur fækkað verulega á sumum svæðum og á öðrum fjölgað lítils háttar þó að sú fjölgun dugi ekki til að halda í við fjölgunina á landsvísu, þá einkum á þeim svæðum sem liggja að höfuðborgarsvæðinu.

Það má líka nefna sem dæmi um efnahagsleg áhrif að árið 1998 var gerður samanburður á fasteignaverði á nokkrum stöðum á landinu og borið saman við höfuðborgarsvæðið. Sem dæmi má nefna að þá var fasteignaverð á Ísafirði 74% af því fasteignaverði sem var í Reykjavík, mælt sem verð á fermetra í einbýlishúsi. Samkvæmt upplýsingum hjá Fasteignaskrá Íslands er staðan þannig núna, miðað við árslok 2006 sem eru þær nýjustu sem ég sá um verðþróun á einstökum landsvæðum, að fasteignaverð á Ísafirði er ekki lengur 74% í einbýlishúsi af því sem er í Reykjavík, heldur aðeins 25%. Verðið hefur sem sagt fallið um tvo þriðju borið saman við Reykjavík.

Á Húsavík var verð á fermetra í einbýlishúsi 68% af því verði sem var í Reykjavík árið 1998 en í Norðurþingi, sem Húsavík er hluti af núna, er verðið komið úr 68% niður í 43%. Hvað ræður þessu? Verð á eignum ræðst af kaupmætti fólksins sem er á viðkomandi svæði. Kaupmátturinn ræðst af atvinnulífinu. Það hafa orðið gríðarlegar breytingar á þessu árabili á atvinnulífi, á meðaltekjum — þær hafa fallið mjög mikið á stórum svæðum á landsbyggðinni borið saman við það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu og kaupgetan því orðið minni. Fólki hefur fækkað verulega þannig að eftirspurnin hefur dregist verulega saman eftir eignum. Það leiðir auðvitað af sér fallandi verð. Hver vill tala fyrir hagsmunum þessa fólks hér í þingsölum? Hver vill fara hér upp og bera fram breytingar á stjórnarskrá til að bæta því fólki það efnahagslega tjón sem það hefur orðið fyrir á undanförnum 20 eða 25 árum? Það er enginn talsmaður hér sem gefur sig fram til þess, það hefur enginn áhyggjur af þessum málum. En þetta er milljónatap fyrir hverja fjölskyldu á þessum svæðum sem fólk hefur þurft að bera bótalaust af ýmsum ástæðum sem stjórnmálamenn hefðu getað haft áhrif á og beitt sér fyrir að væru með öðrum hætti og skaplegri en orðið hefur.

Umræður um stöðu landsbyggðarinnar heyrast varla í þingsölum. Þær eru þagnaðar, umræðurnar sem fóru fram mjög háværar og þungar í þingsölum fyrir aldarfjórðungi þegar menn ræddu stjórnarskrárbreytingar.

Ég er hér með ræðu Tómasar Árnasonar, fyrrverandi ráðherra og þingmanns Framsóknarflokksins, sem hann flutti í þessu húsi fyrir réttum 25 árum, 4. apríl 1984, þegar verið var að ræða stjórnarskrárbreytinguna sem ég gat um. Hann rakti í ítarlegu máli sjónarmið sín og sagðist út af fyrir sig geta fallist á þá breytingu sem verið var að gera, að fjölga þingsætum og færa þau í vaxandi mæli af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið til að mæta fólksfjölguninni, en stóra málið væri að tryggja stöðu landsbyggðarinnar í stjórnarskránni. Það væri það mál sem hann bæri mest fyrir brjósti og vildi ná samstöðu um milli stjórnmálaflokkanna, um breytingar á stjórnarskránni sem tryggja mundu stöðu landsbyggðarinnar.

Því miður hefur það orðið sem ég rakti fyrr í ræðu minni, að efndir á þeim aðgerðum sem þá voru uppi hafa engar orðið og staða landsbyggðarinnar hefur versnað að miklum mun. Það væri mörgum þarft verk að lesa þessa aldarfjórðungsgömlu ræðu Tómasar Árnasonar, kynna sér þau sjónarmið sem hann setti fram og reyndar fleiri þingmenn á þeim tíma og svara því hverju þessar tillögur skila til þess að styrkja stöðu landsbyggðarinnar til að bæta fólki það efnahagslega tjón sem það hefur orðið fyrir á þessum 25 árum, eins og t.d. á Ísafirði þar sem fasteignaverð á einbýlishúsum er nú aðeins 25% af verði sambærilegrar íbúðar í Reykjavík en var þá 74%. Það er mikið tjón, það eru margir milljarðar sem glatast hafa úr höndum fólksins sem býr á Ísafirði. Og hver vill koma fram með tillögur í þessu frumvarpi og benda á að hve miklu leyti það bætir stöðu þessa fólks? Mér finnst vera dálítill skortur á því að menn

taki á þessu máli og viðurkenni það sem pólitískt viðfangsefni. Mér finnst eins og a.m.k. þeir sem bera þetta mál fram séu búnir að setja það í glatkistuna, setja málefni landsbyggðarinnar í ruslakörfuna og láta eins og þau sé viðfangsefni sem þurfi ekki að tala um. Er það þannig að menn ætli sér að gera Ísland að borgríki? Er það þannig að nýta eigi allar auðlindir landsbyggðarinnar til að byggja upp fjármálafyrirtæki í Reykjavík? Er það þannig að atvinnustarfsemin, tekjurnar og arðurinn sem leiða af hinum auðugu fiskimiðum sem eru umhverfis Vestfirði — á hverju ári er þar dregið úr sjó miklu meira magn af fiski en Færeyingar draga úr öllum sínum fiskimiðum — eigi allt að enda hér í Austurstrætinu? Það er það sem er að gerast.

Um 11.000 bjuggu á Vestfjörðum fyrir tveimur áratugum. Í dag eru það 7.500. Þrótturinn fer úr landsvæðunum með sama áframhaldi, krafturinn til að halda uppi öflugri byggð minnkar með fækkandi fólki, hann minnkar með fækkandi tækifærum og minnkandi möguleikum til að hafa afl. Menn höfðu dálítið afl á Vestfjörðum framan af meðan það voru öflug sjávarútvegsfyrirtæki af því að þau gáfu af sér góðar tekjur og menn gátu gert ýmislegt í krafti þess styrks. Nú er þetta ekki nema svipur hjá sjón, nú eru menn meira og minna orðnir leiguliðar og kaupa aðganginn að fiskimiðunum dýrum dómum og stærstur hluturinn af tekjunum af sjósókninni og vinnslunni rennur til þeirra sem eru ekkert í þessari atvinnugrein.

Það er varla von að menn hafi mikinn kraft til að halda í sitt fólk og standast snúning höfuðborgarsvæðinu sem getur boðið upp á fjölbreytta atvinnu og miklu hærri laun þegar svona er í pottinn búið. Hvað ætla menn að gera til að breyta þessu? Ætla menn ekkert að breyta þessu? Eiga Vestfirðir bara að verða einar stórar Hornstrandir? Það er algjörlega óviðunandi fyrirkomulag, virðulegi forseti, að láta hlutina áfram þróast með þessum hætti því að menn vita hvað mun gerast á næstu 20 árum. Ég vitna hér í aldarfjórðungsgamlar ræður Tómasar Árnasonar og við getum bara ímyndað okkur hvernig staðan verður eftir réttan aldarfjórðung þegar einhver þingmaður sem þá er fer að vitna í þessa ræðu Tómasar, sem þá verður 50 ára gömul, og bera ástandið þá saman við það sem er núna á ýmsum stöðum á landsbyggðinni. Það liggur alveg fyrir að þeir staðir verða ekki heldur svipir hjá sjón frá því sem nú er.

Vilja menn hafa landið þannig? Ég vil það ekki og mér finnst vanta að menn ræði stjórnarskrána og beita henni til að koma í veg fyrir þessa þróun og gefa mönnum tækifæri á að breyta henni. Menn voru með hugmyndirnar fyrir 25 árum um það hverju þyrfti að breyta í stjórnarskránni til að landsbyggðin næði tökum á eigin málum og gæti farið að snúa vörn í sókn. Þær má í raun og veru finna í þessu frumvarpi, í greinargerð með því sem lagt er fram af fjórum þingmönnum og ráðherrum þegar verið er að lýsa stjórnlagaþingi. Hugmyndir um stjórnlagaþing voru ræddar í þingsölum fyrir 25 árum eins og nú.

Það kemur nefnilega fram á blaðsíðu 23 í frumvarpinu, þegar gerð er grein fyrir stjórnlagaþingi erlendis, á hverju það hefur byggst. Í öllum þeim tilvikum þar sem um var að ræða stjórnlagaþing í Evrópu var um að ræða sambandsríki þannig að stjórnlagaþingið var vettvangur fólks alls staðar að úr landinu þar sem menn hittust á sambandsríkjagrundvelli sem þýðir að ekkert eitt landsvæði gat eða getur í krafti yfirburðafólksfjölda eða stöðu sinnar skipað málum á öðru landsvæði í andstöðu við fólkið þar. Þegar menn draga hér upp stjórnlagaþingshugmyndir segi ég eins og Tómas Árnason fyrir 25 árum: Stjórnlagaþingið á að vera leið til að breyta stjórnarskránni þannig að landsbyggðin fái völd í sínar hendur sem hún þarf að hafa til að ráða framvindu mála á sínu landsvæði. Flutt var algjörlega ný stjórnarskrá í framhaldi af þessum umræðum árið 1983 og 1984 sem samin var af aðilum utan þings og einn hv. þingmaður sem þá var, Ólafur Þórarinn Þórðarson heitinn, flutti tvisvar sinnum nýtt frumvarp til stjórnarskipunarlaga, algjörlega nýja stjórnarskrá.

Það er stjórnarskrá sem margt er í sem síðan er búið að taka upp. Þessi stjórnarskrá er um sambandslagaríki, hún er um fylki, hún fjallar um að skipta landinu upp í nokkur svæði sem hafa ríka sjálfsstjórn í sínum málum. Það er það sem þarf, ef menn vilja á annað borð að landsbyggðin lifi með einhverjum sæmilegum þrótti þarf að fara þessa leið. Ég spyr þá sem flytja þetta mál: Eruð þið tilbúin til þess að gefa landsbyggðinni þau vopn upp í hendurnar sem duga til að snúna öfugþróuninni við til að fara úr þessari hnignun sem verið hefur áratugum saman, og sérstaklega síðustu 25 árin, yfir í sókn þar sem menn sækja fram? Hvað á það að þýða að ekki er hægt að leggja vegi á Vestfjörðum fyrir afskiptum stofnana ríkisins í Reykjavík eða einstaklinga sem geta í krafti afskipta sinna og þráhyggju farið með mál fyrir dómstóla og komið í veg fyrir það árum saman að ónýtir vegir eru lagaðir? Hvað á það að þýða, virðulegi forseti, að bjóða fólki upp á það?

Nú síðast voru slegin út af borðinu áform um að laga vondan veg í Barðastrandarsýslu af Skipulagsstofnun ríkisins. Það gengur ekki, virðulegi forseti, að fólk sem býr hér og er sennilega alveg sama um hversu lengi menn mega keyra þessa malarvegi, setji það í forgang að vernda grjót, jurtir og fugla og segi við fólkið sem þarna býr að það geti bara keyrt á sínum vondu vegum svo lengi sem þurfa þykir. Þetta er algjörlega óviðunandi ástand, virðulegi forseti.

[16:10]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir mjög góða og yfirgripsmikla ræðu, sérstaklega fyrri hlutann þar sem hann fjallaði með einstaklega skýrum hætti um stjórnarskrárbreytingar og ýmis atriði hvað þær varðar.

Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort ég hafi skilið hann rétt að hann sé sammála okkur sjálfstæðismönnum um að eðlilegt sé að gera breytingar á 2. gr. stjórnarskrárinnar svo sem mælt er fyrir um í frumvarpinu sem hér er um ræða, þ.e. að kveðið sé á um að málinu sé vísað til þjóðarinnar. Ég gat ekki skilið þingmanninn með öðrum hætti. Eða það að hann sé í grunninn sammála þeim sjónarmiðum sem við höfum sett fram við þessar umræður. Ég vildi gjarnan fá svör við því frá hv. þingmanni.

Hv. þingmaður kom inn á það varðandi þjóðaratkvæði að minni hluti á Alþingi gæti vísað máli til þjóðarinnar og talaði um að hvernig sem slík þjóðaratkvæðagreiðsla færi væri alveg ljóst að þingmaðurinn væri að sjálfsögðu bund-

inn af sannfæringu sinni. Ég spyr því hvort hv. þingmaður hafi átt við að við færum svipaða leið og Svíar hafa farið, að hafa m.a. svokallaða ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem þeir hafa látið fara fram fimm eða sex sinnum á síðustu árum.

Ég átta mig ekkert á því hvað tímanum líður.

(**Forseti** (RR)**:** Klukkan telur upp, hv. þingmaður.)

Þá er í þriðja lagi varðandi atkvæðavægi kjósenda: Ég er sammála hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um að það skiptir máli að stutt sé við veikari (Forseti hringir.) byggðir, sérstaklega á landsbyggðinni. Ég spyr: Telur þingmaðurinn ekki að atkvæðarétturinn sé í raun borgaraleg réttindi og eigi að vera jafn (Forseti hringir.) fyrir alla einstaklinga? Mér finnst grundvallaratriði að fá skýringar á því.

[16:12]

Kristinn H. Gunnarsson (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Varðandi þjóðaratkvæðagreiðsluna er ég á þeirri skoðun að það eigi við að núna sé rétt að breyta stjórnarskránni á þann veg að forminu er breytt ekki innihaldi einstakra greina stjórnarskrárinnar. Mér finnst sjálfsagt ef um það er sæmilega góð samstaða í þinginu að breyta stjórnarskránni núna þannig að við breytum því hvernig henni er breytt, og á þann veg að breytingar á stjórnarskrá fari framvegis fyrir þjóðina í sérstakri atkvæðagreiðslu.

Ég tel reyndar að betur þurfi að huga að því nákvæmlega hvernig það er lagt fyrir þjóðina. Ég er ekki sannfærður um að það sé nægjanlegt að hvert frumvarp til breytinga á stjórnarskránni sé lagt fyrir þjóðina og hún hafi aðeins möguleika á að segja afstöðu sína til frumvarpsins í heild. Ég held að það þurfi að gefa þjóðinni kost á að lýsa afstöðu sinni hugsanlega til einstakra breytingartillagna, alla vega að tillögur innan hvers kafla stjórnarskrárinnar séu bornar upp. Ég held að menn þurfi að ræða það því að það getur verið — sérstaklega ef menn bera fram margar tillögur, margar breytingar á stjórnarskránni, sem eru ólíkar — að afstaða fólks til þeirra sé mjög breytileg. Fólk getur stutt sumar en verið andvígt öðrum og þess vegna þarf að gefa fólki kost á að geta lýst því.

Þessar þjóðaratkvæðagreiðslur geta því aðeins verið bindandi að þjóðin felli úrskurð sinn um tiltekna niðurstöðu sem er t.d. samþykkt lög eða samþykkt þingsályktunartillaga, þ.e. niðurstaða sem er hægt að svara já eða nei. Mér finnst t.d. ekki hægt að hafa bindandi atkvæðagreiðslu um afstöðu til fóstureyðinga (Forseti hringir.) eða dauðarefsingar.

[16:15]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þetta svar varðandi þann hluta spurningar minnar sem laut að þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég spurði reyndar um fleira. Ég spurði hv. þm. Kristin H. Gunnarsson um það hvort hann væri í raun — ég skildi ræðu hans þannig að hann væri sammála þeim sjónarmiðum og áherslum sem við sjálfstæðismenn hefðum lagt áherslu á varðandi stjórnarskrárbreytingar og með hvaða hætti þær væru bornar fram hér í þinginu og að það bæri að taka tillit til og reyna að ná sem víðtækastri sátt í málinu. Ég skildi hv. þm. Kristin H. Gunnarsson á þann veg að hann væri sammála hvað þetta varðaði enda lagði hann áherslu á mikilvægi þess að víðtækt samráð og sátt væri til staðar þegar um stjórnarskrárbreytingar væri að ræða, en ég vil spyrja hvort það hafi ekki verið réttur skilningur hjá mér hvað það varðar.

Í annan stað, sem mér finnst skipta miklu máli, er það spurningin um atkvæðavægi, þ.e. hvort við lítum á atkvæðisrétt hvers einstaklings sem ákveðin mannréttindi, sem ákveðinn hluta af borgaralegum réttindum sem sé þannig að hann sé jafngildur fyrir alla einstaklinga í þjóðfélaginu. Þannig lít ég á atkvæðisréttinn. Þess vegna lít ég þannig á að atkvæðavægi allra borgara þjóðfélagsins eigi að vera jafnt og það sé ein mikilvægasta stjórnarskrárbreytingin sem þurfi að gera að atkvæðavægi borgaranna verði jafnað sem mest má vera. Það er eitt mál og það er hluti af því sem ég lít á sem hugmyndafræðilega hugsun um gildi einstaklingsfrelsis og jafnstöðu einstaklinga. Ég legg áherslu á jafnt atkvæðavægi út frá þeim sjónarmiðum, út frá þeim forsendum.

Við komum síðan í aðra þætti, sem ég tel raunar óskylda, sem er spurningin um ákveðin almenn pólitísk viðhorf. Ég get tekið undir þau sjónarmið sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson (Forseti hringir.) setti fram hér áðan um það hvernig þurfi að styrkja byggðir eins og t.d. á Vestfjörðum og víða annars staðar á landinu. Það er mjög mikilvægt grundvallaratriði (Forseti hringir.) og þá koma að sjálfsögðu til skoðunar hvort ákvæði stjórnarskrár varðandi ákveðna svæðisstjórn geti haft þýðingu.

[16:17]

Kristinn H. Gunnarsson (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt skilið hjá hv. þingmanni, ég er sammála þeim sjónarmiðum að miðað við núverandi stjórnarskrá eigi ekki að ráðast í að gera efnislegar breytingar í miklum ágreiningi. Ef þingflokkur sjálfstæðismanna er andvígur tilteknum breytingum tel ég það mikinn ágreining miðað við samsetningu þessa þings. Ég tel því að menn eigi ekki að keyra fram breytingar í andstöðu við þann þingflokk miðað við það fyrirkomulag að það er þingið eitt sem breytir stjórnarskránni.

Öðru máli gegndi ef við værum hins vegar búin að gera þá breytingu að allar breytingar á stjórnarskránni sem samþykktar verða hér á þingi fari fyrir þjóðina að lokum. Þá finnst mér að ágreiningur geti vel átt sé stað um það mál vegna þess að úr þeim ágreiningi yrði þá leyst af þeim aðila sem einn er til þess bær, þ.e. af þjóðinni sjálfri.

Hvað varðar vægi atkvæða fylgir það sambandsríkjum að reynt er að hafa sem jafnast vægi atkvæða í annarri þingdeildinni, sem er yfirleitt sú mikilvægari, um landið allt en síðan eru kosnir fulltrúar úr einstökum sambandsríkjum inn í aðra þingdeild. Ég held að við ættum að huga að því að taka upp þannig fyrirkomulag. Þó er það svolítið huglægt mat hvað er jafnt vægi atkvæða. Við höfum t.d. sama vægi atkvæða á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og Kínverjar þó að íbúafjöldinn sé ólíkur. En við eigum að skilgreina þau mál sem eiga að vera úrlausnarefni íbúa á tilteknu svæði, hvort sem það er sveitarfélag eða hérað, og þar eiga þeir íbúar einfaldlega að ráða þeim málum til lykta og þar

er jafnt vægi atkvæða hjá þeim, og aðrir íbúar sem eru búsettir utan þess svæðis eiga ekki að ráðskast með þau málefni.

[16:20]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir ágæta og málefnalega ræðu. Ræða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, þar sem fram komu ýmis sjónarmið, sem ekki hefur verið gefinn mikill gaumur í umræðunni fram til þessa, sýnir auðvitað að margt er órætt í sambandi við stjórnarskrárbreytingar, margir þættir hafa ekki verið teknir inn í umræðuna og ekki er tekið tillit til margra þátta þegar það frumvarp sem hér er lagt fram er til umræðu. Í mínum huga undirstrikar það enn og aftur hversu misráðið það væri af meiri hlutanum hér í þinginu að reyna að ljúka þessu máli, keyra það til enda án þess að huga að svona mikilvægum sjónarmiðum sem inn koma.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ræddi mikið um stöðu landsbyggðarinnar og vægi hennar og af því tilefni vildi ég spyrja hann hvað honum finnist um þær hugmyndir sem birtast í frumvarpi ríkisstjórnarinnar varðandi stjórnlagaþing, þær gera ráð fyrir að kjörið verði til stjórnlagaþings með persónukjöri fyrir landið allt. Telur hv. þingmaður að með því sé tryggt að rödd landsbyggðarinnar heyrist á stjórnlagaþingi eða hefur hann, eins og ég, áhyggjur af því að lítið verði um slíkar raddir á stjórnlagaþingi þegar það kemur saman?

[16:21]

Kristinn H. Gunnarsson (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er ekki mikill stuðningsmaður þess að setja upp stjórnlagaþing yfir höfuð. Það eru rök í málinu sem hægt er að fallast á að eigi rétt á sér þó að þau dugi kannski ekki til þess að sannfæra mig um að menn eigi að fara þessa leið til enda. En verði það niðurstaðan að menn vilji láta semja nýja stjórnarskrá og kjósa til þess sérstakt stjórnlagaþing tel ég að það verði að standa allt öðruvísi að því en lagt er til í frumvarpinu, hvort sem það er í því eða breytingartillögum við það.

Eins og það lítur út verður þetta Reykjavíkurþing og ekkert annað. Það er ljóst í kosningafyrirkomulagi af þessu tagi, þar sem landið allt er eitt kjördæmi og 200 þús. manns búa á einu svæði, að ekki þarf mikið skipulag til þess að höfuðborgarsvæðið verði með 95% af þingfulltrúum eða jafnvel 100%. Íbúar einstakra svæða á landsbyggðinni þurfa hins vegar að hafa mikið fyrir því að tryggja kosningu fulltrúa af sínu svæði og það er nánast ómögulegt á ýmsum svæðum, nema hafa einhvers konar bandalög eða stuðning af höfuðborgarsvæðinu sem er trúlega mjög erfitt að ná.

Mér finnst þetta því algjörlega fráleitt fyrirkomulag og er miklu hrifnari af því sem Tómas Árnason nefndi en hann fjallaði um stjórnlagaþing í ræðu sinni sem hann flutti hér fyrir réttum 25 árum og vildi mæta þeim sjónarmiðum að taka þyrfti þetta úr farvegi stjórnmálaflokkanna. Hugmynd hans var sú að hafa einmenningskjördæmi, skipta landinu í einmenningskjördæmi, nokkurn veginn í svipuðum hlutföllum, og þá var miðað við kjördæmaskipanina, og kjósa þingfulltrúa úr einmenningskjördæmi með þeim hætti. Það held ég að væri strax miklu betri útfærsla.

[16:24]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Ég er sammála hv. þingmanni, hæstv. forseti, að sú leið varðandi stjórnlagaþing sem lögð er til, bæði í frumvarpi því sem hér er til umræðu og eins í breytingartillögum meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál, sé afar vanbúin og ekki til þess fallin að ná skynsamlegri niðurstöðu.

Ég vek líka athygli á því, í framhaldi og til viðbótar því sem áður hefur komið fram, m.a. hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, að í þeirri útgáfu af stjórnlagaþingi sem verið er að bera hér fram sem breytingartillögur af hálfu meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál hefur óvissuþáttum fjölgað til muna frá því sem áður var. Í upphaflegu frumvarpi var þó fleira útskýrt og fleira ljóst en í breytingartillögunum. Breytingartillögurnar eru jákvæðar að því leyti að þær bjóða upp á að hægt sé að hafa ódýrara stjórnlagaþing en upphaflega frumvarpið gerði ráð fyrir. En gallinn er hins vegar afar mikill og hann er sá að þar birtast miklu óljósari hugmyndir um stjórnlagaþing. Það verður miklu erfiðara fyrir okkur þingmenn að taka afstöðu til stjórnlagaþings sem hugmyndar, sem stofnunar þegar búið er að þvæla málin eins og gert er í breytingartillögum meiri hluta sérnefndarinnar.

Mig langar að spyrja hv. þm. Kristin H. Gunnarsson hvort hann deili ekki þessari skoðun með mér.

[16:25]

Kristinn H. Gunnarsson (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er ekki sannfærður um að hægt sé að fela sérstöku stjórnlagaþingi það mikla verkefni að endurskoða stjórnarskrána og ætla þeim sem það gera að sinna því í íhlaupum með öðrum störfum. Ég sé ekki alveg fyrir mér hvernig það á að vera gert, að þingfulltrúar hittist nokkra daga í senn og ræði málin. Ég held að það leiði óhjákvæmilega til þess að hin virka umræða og leitin að niðurstöðu fari fram milli aðila utan stjórnlagaþingsins og á þeim tíma sem það starfar ekki. Mér finnst líklegast að þetta þýði einfaldlega að ríkisstjórnin verði miklu áhrifameiri og sérfræðingar einstakra fræðastofnana eins og háskólans muni fá mjög mikið vald til þess að útfæra þessar hugmyndir, setjast yfir þær, ræða þær í þaula og gefa sér tíma til þess og kalla til þá sem eru sérfróðir á hverju sviði þannig að hinir kosnu stjórnlagaþingsfulltrúar verði hálfpartinn eins og alþingismenn eru stundum í hlutverki gagnvart ríkisstjórn á þessum tímum.

Mér finnst þetta ekki líkleg leið til þess að skila því sem ætlast er til að kjörnir þingfulltrúar komist að niðurstöðu um. Ég held að það verði frekar borin í þá sú niðurstaða sem aðrir komast að.

[16:27]

Útbýting:

Heimild til samninga um álver í Helguvík, 394. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 910.

[16:28]

Árni M. Mathiesen (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Þetta er í þriðja sinn sem ég sé mig knúinn til þess að vekja athygli á því að enn hefur ekki verið boðað

til fundar í umhverfisnefnd. Það var á miðvikudaginn síðasta sem meiri hluti nefndarinnar fór fram á það við formanninn, eftir að hann hafði með skömmum fyrirvara fellt niður reglulegan fund og boðað fund í næstu viku, að fundur yrði boðaður í umhverfisnefnd. Samkvæmt þingsköpum ber formanni að boða til fundar ef 1/3 þingmanna í nefndinni óskar eftir fundi.

Í fjóra daga, miðvikudag, fimmtudag, föstudag og laugardag, hefur formaður nefndarinnar brotið þingsköpin þrátt fyrir að forsetadæmið hafi í tvígang lofað að ganga eftir því við formanninn að fundur yrði boðaður. Því miður hefur það ekki gerst enn þá og nú er þessi dagur að verða liðinn og ég velti því fyrir mér til hvaða bragða forseti ætlar að grípa í stöðu eins og þessari.

[16:29]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti mun koma skilaboðum áleiðis til formanns umhverfisnefndar. Meira getur forseti ekki gert að svo stöddu annað en að taka málið síðan upp í hv. forsætisnefnd.

[16:29]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins út af orðum hv. þm. Árna M. Mathiesens segja að ég held að þetta sé einhvers konar met hjá þingmönnum minni hluta stjórnarinnar með stuðningi Framsóknar hvað þeim hefur tekist á örskömmum tíma að ná gríðarlegum valdhroka. Það skiptir nákvæmlega engu máli fyrir þetta fólk þótt það verði uppvíst að því dag eftir dag að brjóta þingsköpin. Það er algert aukaatriði. Það er alveg augljóst af þeim umræðum sem hér hafa farið fram á undanförnum dögum að það sem snýr að minni hlutanum er algert aukaatriði. Nú skyldi maður kannski ætla að þessir hv. þingmenn, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar, hefðu verið með þessa línu og hefðu talað með þessum hætti fram til þessa, virðulegi forseti. En það er þannig að báðir þessir flokkar, og sérstaklega Vinstri grænir, eru nýkomnir úr stjórnarandstöðu og ég held að það gæti verið athyglisvert að fara aðeins yfir ræður þessara þingmanna þegar þeir fóru hamförum, að manni fannst stundum af ekki miklu tilefni, vegna þess að þeir töldu vera brotið á rétti minni hlutans, þeir töldu að ekki væri haft nógu mikið samráð á milli aðila innan þingsins eða þingflokkanna. Iðulega stóð núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, sem var þá formaður þingflokks Vinstri grænna, og stappaði niður fótunum og barði niður höndunum og öskraði á þingheim að hitt og þetta vinnulagið væri ekki líðandi. Síðan fara þeir í ríkisstjórn, nánar tiltekið 1. febrúar á þessu ári, og það er skemmst frá því að segja að eitthvað sem snýr að þinginu, eitthvað sem snýr að þingmönnum öðrum en þeim sjálfum er algert aukaatriði sem skiptir nákvæmlega engu máli.

Virðulegur forseti. Mér finnst þetta orðið mjög alvarlegt þegar menn í fullri alvöru brjóta þingsköp og finnst það ekkert tiltökumál. Þeir sem bera ábyrgð á þessu er þingflokkur Vinstri grænna. Þar er formaður hv. þm. Atli Gíslason og það hvarflar ekki að þeim hv. þingmanni að fara að þingsköpum og halda fund í umhverfisnefnd. (**Gripið fram í:** Hann er varaformaður.) Hér er ég leiðréttur af hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, hv. þm. Atli Gíslason er víst varaformaður (Gripið fram í.) sem hefði átt að halda fundinn í forföllum formanns nefndarinnar, hv. þm. Helga Hjörvars. En það breytir ekki öllu, aðalatriðið er að þingmenn Vinstri grænna og þingmenn Samfylkingarinnar eru vitandi vits og án þess að hafa neinar áhyggjur af því að brjóta þingsköp upp á hvern einasta dag. Valdhrokinn er slíkur að hér hafa þingmenn komið fram, t.d. hv. þm. Árni Þór Sigurðsson í umræðum um störf þingsins — en fyrir þá sem ekki þekkja til er gert ráð fyrir að þingmenn hafi þar tækifæri til að spyrja hvern annan og alla jafna er það þannig að stjórnarandstaðan spyr þingmenn stjórnarliðsins um eitthvað þar sem þeir eru almennt með forræði á málum — og hann lýsti því yfir, virðulegi forseti, að hann svaraði spurningum þegar honum hentaði og ef honum fyndist sérstakt tækifæri til þess eða ástæða til þess. Þetta tengist því miður því máli sem við ræðum í dag. Það er nákvæmlega þetta viðhorf sem skín í gegn þegar menn eru að afgreiða þetta frumvarp.

Margir sem ekki þekkja til þingstarfa spyrja: Af hverju í ósköpunum eruð þið sjálfstæðismenn að ræða þessi mál svona ítarlega? Hvers vegna standið þið í þingsal og eruð að ræða þetta mál sem snýr að stjórnarskrá lýðveldisins? Það er skemmst frá því að segja að það er vegna þess að þetta er stjórnarskrá lýðveldisins. Sú ríkisstjórn sem nú situr var sett til að taka á bráðaaðgerðum eins og það var kallað, til að taka á vanda heimilanna og fyrirtækjanna en langminnstur hluti af tíma þeirrar ríkisstjórnar hefur farið í þá þætti. Ég hitti fólk áðan sem spurði: Af hverju hafið þið sjálfstæðismenn undanfarna daga og iðulega undir þessum lið verið að ræða um fundarstjórn forseta? Jú, það er vegna þess, virðulegi forseti, að forseti ræður dagskrá þingsins og það er með vilja að þau mál sem snerta heimilin og fyrirtækin, og þau eru því miður ekki mörg frá ríkisstjórninni, eru sett aftast á dagskrána. Við höfum margoft boðist til að taka þau mál með hraði hér í gegn og höfum sýnt það í verki, við höfum gert það og jafnvel þó að við séum ekki fullsátt við málin og þau séu stundum nokkuð gölluð metum við það þannig að staðan í þjóðfélaginu sé með þeim hætti að við setjum þetta í algeran forgang. Það er ekki á neinn hátt hægt að halda því fram að hér hafi verið iðkað það sem almennt er kallað að tefja mál eins og stjórnarandstaða gerir stundum. Raunar má frekar gagnrýna okkur fyrir að hafa hleypt málum of hratt í gegn en við höfum gert það samt sem áður til að hjálpa fyrirtækjunum og heimilunum í landinu.

Gott dæmi um það eru lögin um séreignarsparnaðinn, sem ég held því miður að hafi ekki verið nógu góð, alls ekki nógu góð og við lögðum áherslu á að við vildum sjá breytingar á því máli en á það var ekki fallist. Samt sem áður keyrðum við það í gegn vegna þess að þrátt fyrir að málið sé gallað getur það hjálpað einhverjum.

Virðulegur forseti. Núna sitjum við uppi með það að í fyrsta skipti í 50 ár á að keyra breytingar á stjórnarskránni hratt í gegnum þingið og í mikilli óeiningu. Ég ætla af þessu tilefni að lesa hér aðeins af bloggsíðu Árna Helgasonar sem rifjaði það upp hvað þeir aðilar sem nú fara með völd sögðu við ekki ósambærilegar aðstæður árið 2007. Pistillinn hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Því er haldið fram að stjórnarskránni hafi ekki verið

breytt um langt árabil. Þetta er ekki rétt. Stjórnarskráin er þannig að þegar samþykktar hafa verið breytingar á henni skal boða til kosninga og staðfesti nýtt þing breytingarnar telst stjórnarskránni hafa verið breytt. Í þessu felst að kosningar verða að fara fram til þess að hægt sé að breyta stjórnarskrá.

Í þremur af síðustu fimm kosningum sem haldnar hafa verið var stjórnarskránni breytt í kjölfarið, þ.e. 1991, 1995 og 1999 en ekki 2003 og 2007, þ.e. í þremur af fimm tilfellum hefur þingið nýtt tækifærið og breytt stjórnarskránni. Þetta kalla menn að hafa ekki breytt stjórnarskránni um langt árabil. Til samanburðar má nefna að stjórnarskránni var síðast breytt í Danmörku árið 1953. Samt hafa Danir það nú ágætt!

Í dag hófust á ný umræður um frumvarp ríkisstjórnarinnar um stjórnarskrána. Eins og allir gátu séð fyrir spila stjórnarliðarnir út því spili að stjórnarandstaðan sé að beita málþófi. Aðalatriði málsins er hins vegar að ríkisstjórnin kýs að rjúfa friðinn um stjórnarskrána og keyra í gegn breytingar gegn vilja 26 þingmanna af 63. Jóhanna Sigurðardóttir staðfesti það beinlínis í dag á þingi að hún myndi verða fyrsti forsætisráðherrann í 50 ár til þess að standa fyrir breytingum á stjórnarskrá án þess að allir flokkar væru sáttir við þær breytingar.

Alþingi tók nokkuð stífa stjórnarskrárumræðu árið 2007 þegar kynnt var frumvarp um breytingar á auðlindaákvæði stjórnarskrár. Þá voru nokkrir af núverandi ráðherrum í stjórnarandstöðu og beittu sér í málinu. Það er athyglisvert að rifja upp ummæli þeirra úr umræðunni þá þegar þeir halda því nú fram hver af öðrum að krafa um lýðræðisleg og vönduð vinnubrögð við breytingar á stjórnarskránni sé ekkert annað en málþóf og tafir.

Rifjum upp ummælin: Ögmundur Jónasson: „Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga. [...] Það er grundvallaratriði að um stjórnskipan þjóðarinnar ríki stöðugleiki, sátt og festa.““

Virðulegi forseti. Þetta sagði núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég endurtek: „Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga. [...] Það er grundvallaratriði að um stjórnskipan þjóðarinnar ríki stöðugleiki, sátt og festa.“

Þetta er vel mælt og þetta er algerlega hárrétt. Þetta sagði ráðherra í ríkisstjórn Íslands fyrir nokkrum mánuðum síðan. Eini munurinn er sá að þá var þessi ráðherra í stjórnarandstöðu.

Komum að öðrum ráðherra. Össur Skarphéðinsson segir: „Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“

Virðulegi forseti. Ég ætla að lesa þetta aftur, hægt: „Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“

Þetta sagði hæstv. utanríkisráðherra þegar hann var hv. stjórnarandstöðuþingmaður fyrir nokkrum mánuðum síðan.

Hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon sagði: „En ég bara trúi því ekki að menn ætli að bera það á borð að örvæntingin í stjórnarherbúðunum, sem myndaðist á fáeinum sólarhringum fyrir og um flokksþing Framsóknarflokksins, sé gjaldgeng ástæða til þess að standa svona að málum, að umgangast stjórnarskrá og vandasöm viðfangsefni þar með léttúð af þessu tagi. Ég læt segja mér það þrisvar að menn ætli í raun og veru að gangast við því að slíkt sé verjanlegt og réttlætanlegt og fara þá leið allar götur til enda.“

Þetta sagði hæstv. núverandi fjármálaráðherra fyrir nokkrum mánuðum síðan.

Í örstuttu máli. Það sem þessir núverandi ráðherrar sögðu þá var að þeir bentu á hið augljósa, stjórnarskráin er grundvöllur að okkar stjórnskipan. Við Íslendingar börðumst mikið fyrir því að fá stjórnarskrá og á Íslandi hefur verið samstaða um að keyra ekki í gegn breytingar á stjórnarskránni nema um það sé góð sátt. Það er engin tilviljun, virðulegi forseti, að nú nokkrum dögum fyrir kosningar setja menn öll þau mál sem skipta heimilin og fyrirtækin máli aftast á dagskrána til að keyra í gegn með góðu eða illu umdeildar breytingar á stjórnarskránni.

Virðulegi forseti. Þeir aðilar sem gera þetta láta ekki svo lítið að taka umræðu um málið. Frá fyrstu ræðu, sögðu menn: Þetta er málþóf og við ætlum ekki að taka þátt í því. Hvað erum við að tala um, virðulegi forseti? Mál eru misjafnlega stór. Er þetta eitthvert smámál? Nei, virðulegi forseti, þetta er stjórnarskráin, stjórnarskrá lýðveldisins sem við börðumst fyrir. Menn börðust fyrir að fá stjórnarskrá víðs vegar í heiminum og við gerðum það sérstaklega, Íslendingar. Þegar við fengum stjórnarskrána var mikill fögnuður í landi okkar. Fram til þessa höfum við verið samtaka um það að ef við breytum henni gerum við að í sátt — þangað til núna.

Núna kemur þessi verklausa og hrokafulla minnihlutastjórn með fulltingi Framsóknarflokksins og setur öll þau mál sem varða heimilin og fyrirtækin lengst aftast á dagskrána en einbeitir sér að því að keyra í gegn með góðu eða illu breytingar á stjórnarskránni. Í fyrsta skipti í 50 ár er hér forsætisráðherra sem er nákvæmlega sama um eitthvað sem heitir samstaða um grundvallaratriði í stjórnskipun okkar, nákvæmlega sama. Hrokinn er slíkur að það er ekki einu sinni tekin umræða um þetta mál, það hvarflar ekki að hv. þingmönnum í meiri hlutanum. Þetta skiptir nákvæmlega engu máli. Hér skulu menn með góðu eða illu keyra þetta mál í gegn.

Ég fór yfir þessi ummæli núverandi ráðherra, fyrrverandi stjórnarandstöðuþingmanna fyrir nokkrum mánuðum síðan, ummæli frá því fyrir nokkrum mánuðum síðan þar sem þeir vöruðu við vinnubrögðum sem þeir viðhafa nú og formæltu þeim og mótmæltu þeim harðlega. Virðulegi forseti. Þetta snýst ekki bara um það að 26 þingmenn af 63 — ég held að vísu að þeir séu fleiri, ætli þeir séu ekki 27 af 63 — segi að við skulum fara varlega og skoða þetta mál betur eins og við höfum gert þegar við höfum breytt stjórnarskránni.

Í þessum bunka eru umsagnir um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þetta er ekki lítill bunki enda er málið gríðarlega stórt. Virðulegur forseti. Það hvarflar ekki að mér að lesa upp úr þessu öllu enda geta menn ímyndað sér hvaða tíma það mundi taka. Ég held hins vegar að það sé hollt að taka

hér nokkrar umsagnir aðila sem gjörþekkja þessi mál.

Hér er umsögn frá laganefnd Lögmannafélags Íslands. Þar segir, með leyfi forseta, í niðurlagi þeirrar umsagnar:

„Laganefnd telur ákveðna þversögn felast í því að gera efnisbreytingar á stjórnarskránni og á sama tíma koma á fót stjórnlagaþingi sem á að semja nýja stjórnarskrá. Er vandséð að framangreindar breytingar geti haft það mikið gildi á meðan stjórnlagaþing er að störfum en samkvæmt frumvarpinu á stjórnlagaþing að ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011. Ljóst er að sá tími er í sjálfu sér ekki mjög langur miðað við efni ákvæðanna sem um ræðir.

Að mati laganefndar eru þær breytingar á stjórnarskránni sem boðaðar eru með frumvarpinu í raun grundvallarbreytingar. Laganefnd áréttar mikilvægi þess að allar breytingar á stjórnarskránni séu gerðar að vel athuguðu máli og í mikilli sátt allra aðila, ekki síst þegar um grundvallarbreytingu er að ræða. Er það afstaða laganefndar að framangreindar breytingar þurfi frekari athugunar við og leggst nefndin af þeim sökum gegn samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fyrir.“

Hér er um að ræða, virðulegi forseti, laganefnd Lögmannafélags Íslands. Ég tel ekki rétt að raða aðilum í einhverja röð, hver þekkir málin best, en það er vandséð að aðrir aðilar þekki betur til þessara mála en laganefnd Lögmannafélags Íslands. Ég tel því rétt að lesa þetta aftur:

„Að mati laganefndar eru þær breytingar á stjórnarskránni sem boðaðar eru með frumvarpinu í raun grundvallarbreytingar. Laganefnd áréttar mikilvægi þess að allar breytingar á stjórnarskránni séu gerðar að vel athuguðu máli og í mikilli sátt allra aðila, ekki síst þegar um grundvallarbreytingu er að ræða. Er það afstaða laganefndar að framangreindar breytingar þurfi frekari athugunar við og leggst nefndin af þeim sökum gegn samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fyrir.“

Nefndin leggst gegn því. Áður fóru þeir yfir þversagnir í frumvarpinu um stjórnarskrána. Ekki er gott að hafa þversagnir í frumvörpum en hér er um að ræða frumvarp um breytingu á stjórnarskránni.

Virðulegi forseti. Hér er önnur umsögn. Hún er frá dr. Ragnhildi Helgadóttur, prófessor við Háskólann í Reykjavík. Þetta er löng og ítarleg umsögn og ég ætla ekki að lesa hana alla. Ég ætla hins vegar að lesa samantektina, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að mörg ákvæði frumvarpsins feli í sér æskilegar breytingar legg ég til að ekki verði gerðar aðrar breytingar á stjórnarskránni nú en þær sem snúa að því hvernig henni skuli breytt, nema náist sátt um það milli allra flokka. Ég fagna ákvæði um að héðan í frá þurfi þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskránni.

Hvað snertir heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, þá kann hún að vera nauðsynleg til að fá fram umræðu um stjórnskipunina en hún er að mínu áliti ekki nauðsynleg vegna efnis stjórnarskrárinnar. Þær breytingar sem þarf að gera nú eru síst meiri en breytingar sem hafa hingað til verið gerðar á stjórnarskránni. Það er skoðun mín að vegna þess óróa sem ríkir í stjórnmálum og vegna þess að tilgangurinn er umræða en ekki aðkallandi breytingar sé ekki æskilegt að boða til stjórnlagaþings eftir næstu kosningar, heldur eigi Alþingi að vinna tillögu um aðkallandi breytingar á stjórnarskrá eftir næstu kosningar og leggja svo tillögur sínar undir þjóðaratkvæði í samræmi við tillögu frumvarpsins þar um. Ég bendi á nokkur umhugsunaratriði varðandi útfærslu á hugmyndinni um stjórnlagaþing en tek ekki afstöðu til hennar í smáatriðum.“

Þetta er umsögn sérfræðings hvað þetta varðar, dr. Ragnhildar Helgadóttur, prófessors í Háskólanum í Reykjavík, sem leggst gegn því að við samþykkjum þetta. Hér eru önnur sjónarmið en komu fram í fyrri umsögn sem segir okkur hversu lítt þroskuð þessi umræða er og hversu mikilvægt er af mörgum ástæðum að fara betur yfir þetta og skoða þessi mál betur.

Hér kemur umsögn frá Davíð Þór Björgvinssyni, sem er dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, prófessor við lagadeild HR. Þar segir, með leyfi forseta, í inngangi:

„Undirrituðum barst tölvupóstur 15. mars sl. þar sem gefinn var kostur á að veita umsögn um frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem lagt hefur verið fram á Alþingi (Þskj. 648, 385. mál (2008–2009)). Veittur var frestur til 20. mars til að skila inn umsögn.

Þennan frest verður að telja fremur skamman þegar umfang málsins er haft í huga. Hér gefst því aðeins kostur á mjög almennum athugasemdum. Umsögnin getur þar með á engan hátt talist tæmandi og vafalítið myndi nákvæmari skoðun gefa tilefni til fleiri og ef til vill gagnlegri athugasemda en hér eru gerðar.“

Hér er sérfróður aðili að lýsa því hversu hratt er unnið í þessu máli og biðja um lengri tíma til að fara yfir málið.

Samtök atvinnulífsins enda sína umsögn svona, með leyfi forseta:

„Eitt brýnasta verkefni okkar er að endurvekja traust umheimsins. Hringlandaháttur í lagasetningu er ekki skref í þá átt.“

Virðulegi forseti. Samband íslenskra sveitarfélaga segir, með leyfi forseta:

„Lögfræðisvið sambandsins hefur unnið meðfylgjandi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 385. mál.

Þar er einkum varað við því að 3. og 4. gr. frumvarpsins dragi úr áhrifum og sjálfstæði Alþingis auk þess sem lýst er áhyggjum yfir miklum kostnaði sem hlýst af sömu ákvæðum, sem fjalla um þjóðaratkvæðagreiðslur og skipun stjórnlagaþings.“

Virðulegi forseti. Ég tek bara upp nokkrar umsagnir. Þetta er allur bunkinn. Lögmannafélagið segir: Ekki samþykkja þetta. Helstu sérfræðingar segja: Þetta er allt of skammur tími, ekki samþykkja þetta. Nú kynni einhver að spyrja: Er sá sem hér stendur og aðrir sjálfstæðismenn á móti því að við breytum stjórnarskránni? (Gripið fram í.) Svarið er einfalt: Nei. Við höfum staðið að breytingum en ég er þeirrar skoðunar og um það er samstaða í þingflokki sjálfstæðismanna að það sé of flókið að breyta stjórnarskránni. Við höfum því lagt til að við breytum henni þannig núna og um það getur náðst alger samstaða á þingi að ekki þurfi að greiða atkvæði um þetta í tengslum við þingkosningar. Með öðrum orðum, þingið gæti þess vegna sest yfir þetta í sumar eftir alþingiskosningar og komist að niðurstöðu um breytingarnar og lagt þær fyrir þjóðina.

Þingmenn í öðrum flokkum hafa sagt að sjálfstæðis-

flokkurinn vilji ekki missa völd og sé hræddur við þjóðina. Virðulegi forseti. Þetta er fráleitur málflutningur. Ég er bjartsýnn maður en ef við tölum um hlutina eins og þeir eru þá held ég að Sjálfstæðisflokkurinn nái ekki hreinum meiri hluta í kosningunum sem fara fram 25. apríl. Hvað þýðir það? Það þýðir að ef við breytum þessu, eins og við sjálfstæðismenn leggjum til, að ef meiri hluti þingsins ákveður að fara gegn vilja Sjálfstæðisflokksins eftir kosningar þá getur hann gert það og getur rennt því í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem kosið væri um málið. Með öðrum orðum, ef einhver flokkur er að koma til móts við það að þjóðin geti tekið afstöðu til þessara mála sérstaklega, þ.e. stjórnarskrárinnar, þá er það Sjálfstæðisflokkurinn. (**BJJ:** Nei.) Hv. þm. Birkir J. Jónsson er orðinn þreyttur og það heyrist í hliðarsölum.

Virðulegi forseti. Á þessi sjónarmið er ekki hlustað. Látum vera að hrokinn sé slíkur að menn telji sig þess umkomna nokkrum dögum fyrir þingið að kasta öllu því sem var lofað, ekki bara af ríkisstjórnarflokkunum heldur líka Framsóknarflokknum sem lofaði að sjá til þess að minnihlutastjórnin mundi vinna og fara í nauðsynlegar aðgerðir fyrir heimilin og fyrirtækin. (Gripið fram í.) Framsóknarflokkurinn lofaði því. Nú er það svo að formaður Framsóknarflokksins og oddviti flokksins í Norðvesturkjördæmi koma í hvern fréttatímann á fætur öðrum og benda á hið augljósa, að þessi ríkisstjórn hefur ekkert gert í því sem hún lofaði. En hv. þingmönnum Framsóknarflokksins finnst þetta bara gott. Þeir segja: Fyrirtækin og heimilin — það getur vel verið að formaðurinn hafi lofað að gera eitthvað fyrir þau en okkur er alveg sama. (**BJJ:** Þú ert að leggja okkur orð í munn.) Virðulegi forseti. Ég er bara að túlka það sem er öllum ljóst (**Gripið fram í:** Mjög frjálslega.) (Gripið fram í.) Þeim er bara nákvæmlega sama og þeir taka þátt í því nokkrum dögum fyrir kosningar að keyra í gegn í fyrsta skipti í 50 ár breytingar á stjórnarskránni í ósætti. Framsóknarflokkurinn ber hér mikla ábyrgð. Hann ber mikla ábyrgð á því að hér sé ekki keyrð í gegn nauðsynleg lagasetning fyrir fyrirtækin og heimilin í landinu, hann mikla ábyrgð á því. Sömuleiðis þessi verklitla og hrokafulla minnihlutastjórn, þeir aðilar sem fyrir nokkrum mánuðum síðan, virðulegi forseti, sögðu: Þessi vinnubrögð sem menn viðhafa núna má alls ekki viðhafa þegar um stjórnarskrána er að ræða, alls ekki, og fóru mikinn. Þeir eru búnir að gleyma því eins og öllu öðru sem þeir sögðu þegar þeir voru í stjórnarandstöðu.

Nú getur vel verið, virðulegi forseti, að menn meti það svo að í aðdraganda kosninga sé þetta ofsalega pólitískt vinsælt. Ég tel að umfjöllunin sé með þeim hætti að hún geti gert það að verkum að þetta verði skammtímahagnaður pólitískt

Virðulegi forseti. Ég vil biðja þessa hv. þingmenn að hugsa um það að stjórnarskráin er nokkuð sem við Íslendingar höfum verið sátt um að standa vörð um. Samstaða hefur verið um það að vinna að breytingum í sátt. Það hefur verið sátt um að vinna ekki breytingar á handahlaupum. Látum vera, segjum sem svo að núverandi minnihlutastjórn og Framsóknarflokknum finnist þetta svo gaman og það þurfi ekkert að hlusta á Sjálfstæðisflokkinn, gefum okkur það, en þá bið ég hv. þingmenn að hlusta á umsagnaraðila sem eru sérfróðir á þessu sviði og þekkja málin.

Það er algerlega ljóst, virðulegi forseti, að orð Ögmundar Jónassonar sem sögð voru fyrir nokkrum mánuðum síðan og ég ætla að endurtaka hér og hljóða svo: „Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga. […] Það er grundvallaratriði að við stjórnskipan ríki stöðugleiki, sátt og festa.“ Sagði núverandi heilbrigðisráðherra og það er alveg ljóst að þingflokkur Vinstri grænna er búinn að éta þessi orð ofan í sig. Þau voru eins og margt annað sem sá þingflokkur segir og þeir forustumenn innantómt tal og það er algerlega ljóst að öll stóryrðin sem sá þingflokkur hefur haft uppi skipta engu máli. Menn eru komnir í valdastólana og nú skal minni hlutinn fá að finna fyrir því. Það er ekkert heilagt, ekki einu sinni stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Á ýmsu átti maður von en að sjá þennan hóp þingmanna umgangast stjórnarskrána með þessum hætti er nokkuð sem kemur manni á óvart. Látum vera að keyra lagasetningu í gegn um önnur mál. Það er alveg ljóst þegar við skoðum vinnubrögðin á þinginu núna að þetta er hroðvirknislegt, tilviljanakennt og klúðurslegt í mörgum tilfellum. Látum það vera, en nú er það stjórnarskráin.

Á hverjum degi sjáum við einhverjar fréttir um það hversu hroðvirknislega þetta er unnið. Í dag kom frétt á visir.is með fyrirsögninni „Kosið verði til stjórnlagaþings og sveitarstjórna á sama tíma.“ Og hér segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að kosningar til stjórnlagaþings fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningum 2010. Þingið starfi frá 17. júní 2010 til 17. júní 2011.

Þetta er samkvæmt tillögum í nefndaráliti sérnefndar um stjórnarskrármál sem liggur fyrir Alþingi. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að hugmyndin hafi ekki verið rædd við sig. Hann segir að hugmyndin sé praktísk að því leyti til að þá þurfi ekki að halda sérkosningar fyrir stjórnlagaþingið.

„En ég myndi óttast að það myndi skyggja svolítið á sveitarstjórnarkosningarnar. Það væri sem sagt verið að velta fyrir sér baráttumálum í hverju sveitarfélagi um leið og verið væri að kjósa til stjórnlagaþings,“ segir Halldór. Þetta segir hann að sé mjög varhugavert.“

Ég held að hver maður sjái það þegar hann hugsar um það að bara þetta eina atriði er umhugsunarvirði, er þess virði að fara yfir það.

Virðulegi forseti. Í þessu stóra máli hefur ekki einu sinni verið rætt við Samband íslenskra sveitarfélaga, ekki rætt við þau, ekki einu orði. Það er blaðamaður sem greinir formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga frá þessu. En hæstv. utanríkisráðherra og þáverandi hv. þingmaður orðaði þetta nefnilega svo ágætlega. Hann sagði fyrir nokkrum mánuðum, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“

Þetta var fyrir nokkrum mánuðum síðan. En nú er allt breytt. Nú eru Samfylkingin og Vinstri græn komin í ríkisstjórn og þá skal minni hlutinn fá að finna fyrir því. Þingsköp eru orðin algert aukaatriði. Hv. þm. Árni M. Mathiesen hefur komið hér dag eftir dag að bent mönnum

kurteislega á að það sé verið að brjóta þingsköp. Það er aukaatriði, þingsköpin eru algert aukaatriði. Menn eru ekkert að víla slíkt fyrir sér. En ekki aðeins þingsköpin, heldur sjálf stjórnarskráin. Þau orð sem hv. þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar létu falla fyrir nokkrum mánuðum eru grafin og gleymd. Þetta var afskaplega vel mælt hjá hæstv. ráðherrum Ögmundi Jónassyni, Össuri Skarphéðinssyni og Steingrími J. Sigfússyni. Þeir höfðu lög að mæla enda voru þeir að benda á hið augljósa, að menn vinna þannig og hafa gert í 50 ár af ástæðu með stjórnarskrána að um það náist sem víðtækust sátt. En núna nokkrum dögum fyrir kosningar ætla menn, kannski, að ná sér í einhver atkvæði, ég veit það ekki. Ég veit ekki hver ástæðan er en ég veit að hér eru menn að stíga skref sem eru ekki afturkræf og menn eru að gefa fordæmi sem er vægast sagt hættulegt. Ég hvet hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna og Framsóknarflokksins í mestu vinsemd að hugsa aðeins sinn gang vegna þess að ef þetta gengur fram eins og nú lítur út fyrir þá er ekki aftur snúið. Þá eru menn komnir með fordæmi sem við viljum ekki hafa, ég trúi því ekki.

Umræðu frestað.

Tilkynning frá þingmanni.

Starfslok á Alþingi.

[17:10]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til að segja nokkur orð í tilefni þess að þetta er sennilega síðasta ferð mín í þessa pontu. Ég hef tekið ákvörðun um að hætta, sem sagt að bjóða mig ekki fram til frekari starfa á hv. Alþingi, enda hef ég setið lengi á Alþingi, í 22 ár. Ég hef verið formaður þingflokks og gegnt ráðherrastarfi í tæp átta ár þannig að þetta er orðin heilmikil reynsla og gríðarlegt tækifæri, sem ég er mjög þakklát fyrir.

Ég ber mikla virðingu fyrir Alþingi Íslendinga og óska því alls hins besta. Ég er þakklát fyrir samstarfið sem ég hef átt við þingmenn, bæði þá sem nú sitja og áður á þessum langa ferli, starfsmenn Alþingis og fólkið í landinu. Það er einstakt að fá tækifæri til að vera þingmaður og fulltrúi fólksins hér á löggjafarsamkundunni. Það gefur manni tækifæri til að kynnast lífinu í landinu betur en aðrir fá kannski tækifæri til. Maður hefur fingurinn á slagæðinni nánast alla daga og það er einstakt að fá slíkt tækifæri.

Ég hefði vissulega viljað hætta við aðrar aðstæður en eru í þjóðfélaginu í dag. Tímarnir eru viðsjárverðir, því er ekki að neita, en ég er ekki í nokkrum vafa um að við Íslendingar munum vinna okkur út úr þessu, en það mun vissulega taka einhvern tíma.

Ég nefndi áðan að ég hefði verið ráðherra og ég settist einmitt í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið um áramótin 1999/2000. Þá minnist ég þess að uppi var orðrómur um það að ég færi sennilega í félagsmálaráðuneytið en síðan gerðist það eiginlega á síðasta degi að sú breyting varð að Finnur Ingólfsson hætti í stjórnmálum og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið varð ráðuneytið sem ég settist í. Ég var fyrsta konan í því embætti og vissulega var vantrú á að kona gæti gegnt því, þar sem þetta voru atvinnumál. Raunin er hins vegar sú að ég hef alltaf haft gríðarlega mikinn áhuga á atvinnumálum og í raun er það kannski einkenni, ef ég má sjálf meta það hvað hafi einkennt störf mín á hv. Alþingi og í stjórnmálum. Ég ætla ekki að tala meira um það.

Hæstv. forseti. Ég þakka enn á ný fyrir þessi ár og óska Alþingi alls hins besta alla tíð.

[17:13]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti færir við þessi tímamót hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur þakkir fyrir störf hennar á Alþingi, bæði sem alþingismaður í 22 ár og sem ráðherra í tæp átta ár. Auk þess var hún um árabil einn af varaforsetum þingsins og lét sér annt um störf þess og þessarar stofnunar.

Valgerður er í hópi þeirra kvenna sem fyrstar hafa skipað sér í forustusveit íslenskra stjórnmála sem alþingismaður, ráðherra og flokksformaður. Hún getur því kvatt þennan vettvang með reisn. Fyrir hönd okkar alþingismanna og fyrir hönd Alþingis færi ég Valgerði þakkir fyrir samstarfið og samvinnuna og óska henni og fjölskyldu hennar alls góðs á komandi árum.

Út af dagskrá voru tekin 2.–7. mál.

Fundi slitið kl. 17:14.

127. FUNDUR

mánudaginn 6. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Stjórnarskipunarlög, frv., 385. mál, þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882. — Frh. 2. umr.
3. Tekjuskattur, stjfrv., 410. mál, þskj. 695, nál. 798. — 2. umr.
4. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 411. mál, þskj. 696, nál. 903 og 911, brtt. 912. — 2. umr.
5. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 409. mál, þskj. 693, nál. 857, brtt. 858. — 2. umr.
6. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, stjfrv., 359. mál, þskj. 610, nál. 860. — 2. umr.
7. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 664, nál. 884 og 910. — 2. umr.
8. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 852, brtt. 865. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðjón A. Kristjánsson, 6. þm. Norðvest.
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:33]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Borist hefur bréf frá þingflokksformanni Samfylkingarinnar, Lúðvíki Bergvinssyni, um að Ágúst Ólafur Ágústsson, 4. þm. Reykv. s., sé á förum til útlanda í opinberum erindagerðum og geti ekki sótt þingfundi á næstunni. 1. varamaður Samfylkingarinnar í kjördæminu, Mörður Árnason, tekur sæti á Alþingi í dag. Hann hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Gengisskráning íslensku krónunnar.

[10:34]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á að treysta í sessi hin ströngu gjaldeyrishöft sem hér var ráðist í að setja á. Þrátt fyrir það er krónuvísitalan í 210 á þessum degi. Í Kastljóssþætti þar sem formenn stjórnmálaflokkanna voru í viðræðum sagði hæstv. fjármálaráðherra að gengið væri rétt skráð. Það vakti athygli og hlýtur að leiða hugann að þeim sem skulda erlend lán, gengistryggð lán.

Vissulega er það svo að staða gengis er hagstæð fyrir útflytjendur um þessar mundir sem ekki eru skuldugir og skulda ekki erlend lán. Við á Alþingi hljótum að velta fyrir okkur hvað hæstv. fjármálaráðherra á við með því að gengið sé rétt skráð. Þess vegna ber ég upp þá ósk við hæstv. fjármálaráðherra að hann fari aðeins yfir þetta og geri okkur grein fyrir hvað hann átti við. Staðan er hagstæð fyrir þá sem flytja út og fá greitt inn í landið en að lýsa því yfir í sjónvarpi að íslenska gengið sé rétt skráð um þessar mundir, vakti mikla athygli hjá öllum, held ég hljóti að vera.

[10:36]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég er ekki alveg viss um að hv. þingmaður fari rétt með en ég verð að vísu að treysta á minni mitt í því. Ef ég man rétt var ég að tala um að raunhæft eða raunsætt gengi kæmi útflutningsatvinnuvegunum til góða og var þá að sjálfsögðu með í huga samanburðinn við það tímabil þegar gengi krónunnar var allt of hátt, allt of sterkt og útflutnings- og samkeppnisgreinar voru að hverfa og verða að engu. Hvað er nákvæmlega raunhæft jafnvægisgengi á íslensku krónunni miðað við aðstæður okkar núna er auðvitað erfitt að segja. En augljóslega viljum við að gengi krónunnar styrkist og það hef ég margsagt á undanförnum dögum. Það er að sjálfsögðu sú viðleitni sem í gangi hefur verið, t.d. með breytingunum í þinginu fyrir viku síðan, að tryggja að þær skilareglur um gjaldeyri úr útflutningsviðskiptum haldi og allir sitji þar við sama borð. Það er viðleitni til að ná stöðugra og raunhæfara gengi á krónuna sem að sjálfsögðu er sterkara en það sem er í dag.

Ég held að allir séu sammála um að gengi krónunnar er talsvert veikt en vonandi eru menn líka sammála um að það var okkur til stórskaða að búa við það háa og sterka gengi á krónunni sem var um árabil þar á undan. Og einhvers staðar þar á milli hlýtur raunhæft jafnvægisgengi á krónunni að vera sem býr útflutnings- og samkeppnisstarfseminni það hagstæð skilyrði að við getum búið við umtalsverðan afgang á viðskiptum við útlönd sem er okkur lífsnauðsynlegt á næstu árum til að hafa upp í afborganir af erlendum skuldum o.s.frv. Það er í sjálfu sér ekki fjármálaráðherra að gefa út einhverjar viðmiðanir í því enda kannski ekki hægt. En ég held að einhvers staðar á milli þess sem gengið var sterkast og þar sem það er núna, kannski ekki langt frá því að vera mitt (Forseti hringir.) þar á milli, sé líklegt og raunhæft jafnvægisgengi á krónunni.

[10:38]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að gera athugasemdir við það sem hæstv. fjármálaráðherra sagði um nauðsyn þess að það sé hagstæð gengisþróun og að jafnvægisgengi skapist sem sé í takt við þær aðstæður og þann markað sem hér þarf að vera í þágu útflytjenda og þeirra sem stunda erlend viðskipti. En það er mjög mikilvægt að ráðherrar gæti orða sinna og hæstv. fjármálaráðherra ætti að fara yfir þetta viðtal því að ég held að það fari ekkert á milli mála að hann talaði þar um að gengið væri rétt skráð. En ef það var í þeim skilningi að það væri hagstætt fyrir tilteknar atvinnugreinar eins og t.d. ferðaþjónustu eða sjávarútveg er það auðvitað skiljanlegt. Það er þó geysilega mikilvægt að ríkisstjórnin og ekki síst fjármálaráðherrann átti sig á því að

hann verður að tala varlega um hina íslensku krónu, svo að ekki sé minnst á þá (Forseti hringir.) sem áður voru í ráðherrastólnum, og stöðu gengisins, (Forseti hringir.) en líka að leggja fram það (Forseti hringir.) sem þarf að gera til að gengið jafnist.

[10:39]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er alveg rétt og við erum sammála um það, ég og hv. þm. Sturla Böðvarsson, að menn þurfa að tala af yfirvegun og ekki síst um gjaldmiðilinn. Það er mikill ábyrgðarhlutur að tala hann niður. Ég hef gagnrýnt það á undanförnum dögum aftur og aftur þegar menn taka svo til orða að krónan sé ónýt og einskis virði. Það hjálpar henni ekki, það hjálpar okkur ekki í þeirri mikilvægu viðleitni að ná stöðugleika og (Gripið fram í.) raunhæfu jafnvægisgengi á krónunni. Stundum var talið að ógætileg orð og jafnvel blaður stjórnmálamanna hefði fellt krónuna í gamla daga. Þá voru aðrir tímar og henni meira og minna handstýrt. En ég tel að mín viðleitni í þessum efnum hafi öll verið ábyrgð í þeim skilningi að vera ekki að tala niður gjaldmiðilinn og ræða um þessa hluti af skilningi á mikilvægi þess að við náum árangri í þessum efnum. Ég minni á að það er vaxtaákvörðunardagur hjá Seðlabankanum í miðri þessari viku og ekki ólíklegt að í tengslum við hann skýrist (Forseti hringir.) þessi mál að einhverju leyti.

Samskipti ráðamanna á leiðtogafundi í ljósi hryðjuverkalaga.

[10:41]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Hæstv. utanríkisráðherra var á fundi erlendis í staðinn fyrir hæstv. forsætisráðherra og helstu fréttirnar sem bárust af þeim fundi var það að hæstv. ráðherra neitaði að vera á ljósmynd með Gordon Brown, forsætisráðherra Breta. Það var að hans mati greinilega mjög stór aðgerð sem hann greip þar til gagnvart Bretum, alvörurefsiaðgerð að neita að láta taka ljósmynd af sér. Ég spyr: Er þetta leiðin sem Samfylkingin hyggst fara í til að tryggja varnir landsins, hagvarnir landsins, öryggi landsins, að neita að láta taka ljósmynd af sér með fulltrúum þjóðar sem réðst á Ísland með jafnótrúlegum hætti og Bretar gerðu með því að setja hryðjuverkalög á Ísland og íslensk fyrirtæki. (**Fjmrh.:** Þetta var bara af því að hann er ljótur.)

Það var vinaþjóð okkar sem réðst gegn Íslandi með því að setja hryðjuverkalög á okkur, réðst gegn íslenskum fyrirtækjum og íslenskum hagsmunum (Gripið fram í.) og það eina sem við virðumst hafa gert er að neita fólki um að láta taka ljósmynd af okkur.

Síðan benda hæstv. utanríkisráðherra og fyrrum utanríkisráðherra á að þeir hafi að vísu fundað með kollegum sínum í Bretlandi, þeir hafi að vísu rætt málin. En kom nokkurn tíma til greina t.d. að kalla heim sendiherrann okkar þegar við urðum fyrir hernaðarlegri árás, fjármálalegri árás á Ísland? Nei. (Gripið fram í.) Forsætisráðherrann okkar þáverandi, Geir H. Haarde, gerði ekki neitt. Þáverandi utanríkisráðherra talaði við þáverandi utanríkisráðherra Breta en gerði fátt annað. Væntanlega passaði hann að láta ekki taka mynd af sér með viðkomandi á sama tíma. (**Gripið fram í:** Hann gerði mjög margt annað hérna.) — Já, var það ekki að kvitta undir (Forseti hringir.) að við ættum að vera skuldum vafin það sem eftir er?

[10:43]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég tel að spurningin sem hv. þingmaður beindi til mín sé um hvað íslenska ríkisstjórnin sé að gera til að reyna að fá hryðjuverkalögunum aflétt og sömuleiðis að reyna að koma samningaviðræðum í gang við Breta. Fyrri ríkisstjórn hafði markað stefnu í þeim efnum sem hafði verið samþykkt á Alþingi Íslendinga og ég vísa sérstaklega til ummæla núverandi formanns Sjálfstæðisflokksins sem taldi í umræðum að það hefði verið ákaflega vel haldið á íslenskum hagsmunum í þessu máli. Ég er sammála því mati. Ég tel að undir forustu hæstv. fyrrverandi utanríkisráðherra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, hafi verið staðið mjög vel að þessu máli, þ.e. á öllum stigum málsins þar sem hún kom að og var komið harkalegum mótmælum á framfæri við utanríkisráðuneytið. Það er til afskrift af fundi hæstv. fyrrverandi ráðherra með breska utanríkisráðherranum og þar kemur mjög skýrt fram hversu fast er haldið á því máli, svo fast að utanríkisráðherra Breta þykir nóg um.

Sömuleiðis var ég sem starfandi utanríkisráðherra þremur sinnum í samræðum við sendiherra Breta þar sem málum var komið fram með ákaflega skýrum hætti. En auðvitað vekur það eftirtekt, herra forseti, að þáverandi forsætisráðherra notfærir sér ekki þá stöðu til að tala við kollega sinn, það var aldrei fundur með forsætisráðherra Íslands og forsætisráðherra Breta og eftir því var aldrei leitað. Það var kannski ámælisvert. Á þeim fundi sem ég átti með utanríkisráðherra Breta í síðustu viku — ég átti reyndar tvo fundi — var afstöðu Íslendinga komið mjög skýrt á framfæri. Við teljum nú að við séum búin að koma þessu máli á pólitískt stig og það séu að fara í gang samningaviðræður sem vonandi leiða til farsællar niðurstöðu og til þess að Íslendingar þurfi ekki að taka á sig miklar byrðar, hugsanlega engar. Þannig er staðan á eignum (Forseti hringir.) Landsbankans en það er alveg ljóst að þetta mál er komið í allt annan farveg (Forseti hringir.) en í tíð fyrri ríkisstjórnar.

[10:45]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Já, menn ætla greinilega að halda bara áfram að mala og vona að Bretar ætli í eitt skipti kannski að vera almennilegir við okkur.

Ég ætla aðeins að fá að vitna í bloggsíðu Sigmundar Davíðs, ég ætla aðeins að fá að ræða það. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þegar efnahagsleg framtíð þjóðarinnar var í húfi (skuldir heimilanna, lánshæfi fyrirtækja, velferðarkerfið o.s.frv.) ákvað ríkisstjórnin hins vegar að kasta frá sér öllum vopnum og vörnum og taka á sig skuldaklafa í þeirri von að Evrópusambandið launaði þeim greiðann seinna. Hafi markmiðið verið að bæta samningsstöðu vegna hugsanlegrar inngöngu í Evrópusambandið eru áhrifin þveröfug.“

Síðan kemur fram að samráðherra hæstv. utanríkisráðherra, hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon, hafi talað um að glæsileg niðurstaða væri fram undan í Icesave-málinu. Hann þurfti að vísu að bakka með þau orð á fundi viðskiptanefndar. Ég held að við getum alveg gert okkur grein fyrir því að þegar við förum á hnén fyrir framan Breta verður engin glæsileg niðurstaða. (Forseti hringir.) Við erum að leggja skuldaklafa á börnin okkar (Forseti hringir.) um ókomna tíð og menn ætla að sitja (Forseti hringir.) og spjalla um hlutina.

[10:46]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er skoðun hv. þingmanns að það helsta sem samningamenn og ráðherrar íslensku ríkisstjórnarinnar eigi að gera sé að stilla sér upp í einhverjar kurteisismyndatökur með einhverjum ráðherrum úti í heimi. Það er ekki leiðin til að ná niðurstöðu. (Gripið fram í.)

Hins vegar er alveg ljóst að íslenska ríkisstjórnin, sú sem nú situr alveg eins og hin fyrri, hefur reynt að koma þessu máli í þann farveg að það sé hægt að fara í samningaviðræður um bærilega niðurstöðu. Ég vek eftirtekt á því — ég hef áður í þessum umræðum vitnað í nýkjörinn formann Sjálfstæðisflokksins — að hann sagði í umræðum á sínum tíma að hann teldi góðan möguleika á því að eignir Landsbankans dygðu fyrir forgangskröfum þannig að ekkert félli á ríkissjóð. Þetta sagði hv. þm. Bjarni Benediktsson. Ég var honum ekki sammála þá en ég er honum sammála núna. Ég held að það séu vaxandi líkur á því að eignirnar dugi til að hægt sé að ná því sem við getum kallað farsæla niðurstöðu. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir að það er skýlaus krafa okkar, ekki síst eftir þá nefndarniðurstöðu (Forseti hringir.) sem kom frá breska þinginu, (Forseti hringir.) að Bretar auðvitað aflétti hryðjuverkalögunum og það hið allra fyrsta. (Forseti hringir.) Um það hljótum við öll að vera sammála.

Gjaldmiðilsmál.

[10:48]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Mig langar til að ræða við hæstv. fjármálaráðherra um gjaldmiðilsmál vegna þess að í morgun birtist frétt í Ríkisútvarpinu um trúnaðarskýrslu sem Lundúnablaðið *Financial Times* hefur komist yfir. Þetta er trúnaðarskýrsla frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem tekin var saman fyrir mánuði. Þar leggur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn til að aðildarríki Evrópusambandsins í Mið- og Austur-Evrópu, sem orðið hafa hvað verst úti í kreppunni, leggi niður gjaldmiðla sína og taki upp evru án þess að ganga formlega í evrópska myntsamstarfið.

Í skýrslunni segir að með því að taka upp evru sé best hægt að leysa erfiðleikana vegna skulda ríkjanna í erlendum gjaldeyri, eyða óvissu og byggja upp traust. Verði evra ekki tekin upp muni erlendu skuldirnar leiða til mikils niðurskurðar sem geti valdið miklum pólitískum óróa.

Það sem mig langar til að vita er hvort viðræður í þessa veru, sem tímaritið *The Economist* hefur jafnframt bent á, hafi átt sér stað milli hæstv. fjármálaráðherra og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á síðustu vikum og hvort ríkisstjórnin telji þá leið, einhliða upptöku alþjóðlegs gjaldmiðils á Íslandi, mögulega fyrir okkur Íslendinga.

Í annan stað langar mig til að víkja að ræðu Bandaríkjaforseta, Baracks Obamas, sem hann hélt fyrir nokkrum dögum. Þar lýsti Bandaríkjaforseti því að upptök þeirrar fjármálakreppu sem við værum í og falls fjármálakerfisins mætti rekja til vandræða á húsnæðismarkaði í Flórída. Ég tel að í þessu felist gríðarlega mikil viðurkenning á því að uppruni fjármálakreppunnar hafi átt sér stað í Bandaríkjunum og ég velti fyrir mér hvort ríkisstjórnin telji að ræða Bandaríkjaforseta veiti íslensku ríkisstjórninni ekki tilefni til (Forseti hringir.) að taka upp viðræður við bandarísku ríkisstjórnina (Forseti hringir.) um aðgerðir í efnahagsmálum á Íslandi, til að mynda (Forseti hringir.) í gjaldmiðilsmálum eða á öðrum sviðum.

[10:50]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég hef ekki í mínum höndum skýrslu Alþjóðgjaldeyrissjóðsins um málefni ríkjanna í Austur-Evrópu, hef tekið eftir þessum tillögum og fylgst með fjölmiðlaumfjöllun um hana. Það verður að hafa í huga að hér eiga í hlut ríki sem mörg hver, og væntanlega reyndar flest, eru þegar komin í Evrópusambandið en hafa beðið eftir því að taka upp evru. Sum þeirra, eins og Lettland og ef ég veit rétt líka Ungverjaland, hafa þegar tengt sínar myntir við evru sem veldur þeim reyndar ærnum vandræðum núna og leiðir til mikilla erfiðleika í hagstjórn í viðkomandi löndum þar sem löndin þurfa m.a. að eyða dýrmætum gjaldeyrisvaraforða í að verja þessa tengingu. Má um það deila hversu góður búskapur það er. Að margra mati er kreppan og hrunið t.d. í Lettlandi að dýpka mikið vegna þeirra þvinguðu aðstæðna sem þar eru uppi.

Ísland er í allt annarri stöðu, algjörlega ósambærilegri, og engar viðræður hafa verið, a.m.k. ekki milli mín og að ég best veit ríkisstjórnarinnar og Alþjóðgjaldeyrissjóðsins, um sambærileg mál hér. Þvert á móti gengur mikilvægur hluti efnahagsstöðugleikaáætlunarinnar út á að koma upp fullnægjandi gjaldeyrisvaraforða og styrkja gengi krónunnar. Á það leggur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn áherslu alveg eins og við gerum, að sjálfsögðu.

Að lokum tek ég undir það með hv. þingmanni að margt áhugavert er á dagskrá í Bandaríkjunum og hjá inni nýju ríkisstjórn Obamas. Ég held að það verði fróðlegt fyrir okkur að fylgjast þar vel með og eftir atvikum reyna að byggja upp tengsl og efla samband við ný stjórnvöld í Bandaríkjunum. Það er áhugavert, þar eru ýmsir hlutir á dagskrá sem okkur varðar og reyndar allan heiminn, mjög miklu. Það er stórmál fyrir allan heiminn hvernig hinni nýju ríkisstjórn Baracks Obamas muni ganga að glíma við ástandið í Bandaríkjunum og við hljótum þar af leiðandi að óska honum alls góðs í glímu hans við kreppuna, rétt eins og við væntum þess að (Forseti hringir.) aðrar þjóðir hafi skilning á okkar baráttu.

[10:52]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég held að við hæstv. fjármálaráðherra sé-

um alveg sammála um að mikilvægasta verkefnið er að koma á stöðugleika hér á landi og létta þrýstingnum á krónunni. Það vekur athygli þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er farinn að ráðleggja ríkjum Mið- og Austur-Evrópu að fara í einhliða upptöku á alþjóðlegum gjaldmiðli og að slíkir möguleikar hafi ekki verið ræddir í viðræðum ríkisstjórnarinnar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hér á landi vegna þess að í 18. gr. samkomulags Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við ríkisstjórn Íslands er opnað á þá möguleika sem hér hafa verið ræddir.

Ég skora síðan á hæstv. ríkisstjórn að taka upp talsamband við Bandaríkjaforseta og ríkisstjórn hans. Það er ekkert launungarmál að fyrri ríkisstjórn Georges Bush Bandaríkjaforseta var ekki hliðholl okkur Íslendingum en ég tel einboðið að íslenska ríkisstjórnin fari til (Forseti hringir.) Washingtons í ljósi orða Baracks (Forseti hringir.) Obamas og taki upp viðræður um (Forseti hringir.) efnahagsaðgerðir, hvort sem er á sviði gjaldmiðilsmála (Forseti hringir.) eða annarra efnahagsmála sem geti komið okkur Íslendingum til bjargar. (Gripið fram í.)

[10:54]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er mjög áhugavert að heyra þingmann Sjálfstæðisflokksins, og það af öllum hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, hafa þau orð um stjórnarskiptin í Bandaríkjunum að nú sé allt betra með valdatöku demókrata í Bandaríkjunum (Gripið fram í.) þar sem repúblikanastjórnin hafi verið okkur mjög erfið (Gripið fram í.) í skauti. Það er alveg rétt.

Hér hefur komið fram að hæstv. utanríkisráðherra velur sér mjög vini, sérstaklega þegar á að fara að taka mynd. Hann hafði ekkert á móti því að vera myndaður við hliðina á Barack Obama þó að hið sama gildi ekki um ýmsa aðra eins og upplýst var áðan. (Gripið fram í.) Ég tek að sjálfsögðu undir að það er eðlilegt að við leitum góðra samskipta við ný stjórnvöld í Bandaríkjunum, það getur margt verið áhugavert í því. Þar hafa menn m.a. nefnt nýjar áherslur Bandaríkjaforseta í orkumálum og það sem við gætum lagt jafnvel af mörkum í þeim efnum eða tengst þeim. Ég minni á mikilvægi Bandaríkjamarkaðar fyrir útflutning okkar og mikilvægi þess að við höfum góð tengsl (Forseti hringir.) í viðskiptalegu og pólitísku tilliti þó að það sama gildi ekki að mínu mati um (Forseti hringir.) hinn hernaðarlega þátt.

Hvalveiðar og hvalaskoðun.

[10:56]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Nú liggja fyrir tillögur Hafrannsóknastofnunar um skiptingu hafsvæða við landið milli hvalveiðiskipa og hvalaskoðunarskipa. Þessar tillögur eru merkilegar í sögunni vegna þess að ég held að þetta sé í fyrsta sinn sem stjórnvöld beinlínis taka að sér að skipta hafsvæðum milli nýtingarkosta af þessu tagi.

Þessu fylgir nokkur vandi, og tillögum Hafrannsóknastofnunar hefur verið tekið illa. (Gripið fram í.) bæði af hálfu hvalveiðimanna og ekki síður af hálfu hvalaskoðunarfyrirtækjanna. Í bréfi sem ég fékk um daginn segir að það geti eyðilagt alla hvalaskoðun í Reykjavík ef farið verður eftir þessum tillögum og þar á meðal tiltekið að ekki sé hægt að skoða hvali á hefðbundnum skoðunarstöðum við Garðskaga. Aðeins 1/7 af Faxaflóa er ætlaður hvalaskoðunarskipunum í þessari deilingu. Í þessu bréfi segir líka að skýrsla Hafrós sé algjörlega óskiljanleg nema tilgangur hennar sé að útrýma hvalaskoðun með öllu. Þetta er frá forsvarsmanni hvalaskoðunarfyrirtækis í Reykjavík.

Þess vegna er rétt að spyrja á þessu stigi hæstv. sjávarútvegsráðherra, sem gegnir mjög viðamiklu starfi í öðru ráðuneyti en má ekki af þeim sökum bregðast í þessum efnum, hvers konar vinnubrögð hann ætli sér að ástunda við lokaákvörðun sína um þessa skýrslu, hvaða samráð hann hafi haft við ferðaþjónustuna, hvort ákvörðun hans sé tekin í samráði við ráðherra ferðamála, sem gengur einmitt fram hjá púltinu í þessa mund, og hvert álit hans sé á þeim skoðunum sem fram eru komnar um þessa tillögugerð Hafrannsóknastofnunar og þeirri einkunn sem þessi skýrsla fær í bréfinu til mín.

[10:57]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Þetta var unnið nákvæmlega í samræmi við það sem ég boðaði þegar ég kynnti niðurstöðu mína í þessum hvalveiðimálum í febrúarmánuði, þegar nokkuð langt var liðið á febrúar ef ég man rétt, að þá yrði þessi vinna sett í gang og leitað tillagna frá Hafrannsóknastofnun og fleiri hlutir settir í farveg eins og að endurskoða lög um hvalveiðar, afar gömul lög frá 1949 og fleira í þeim dúr. Í undirbúningi er hagfræðileg úttekt á heildarhagsmunum Íslands í þessu samhengi og ýmis vinna komin í farveg sem ákveðin var og boðuð á þessum tímapunkti á síðari hluta eða undir lok febrúar.

Þetta eru tillögur Hafrannsóknastofnunar. Ég hef enga ákvörðun tekið í málinu. Við ákváðum að fara þá leið að leggja þetta inn á heimasíðuna þannig að allir sæju tillögurnar sem hafa verið unnar. Nú liggja þær fyrir, allir geta gert við þær athugasemdir og eru að gera það. Sýnist sitt hverjum, báðum megin frá. Ég hef enga ákvörðun tekið og mun ekki gera fyrr en eftir páska og verð frekar þögull um það hvað mér sjálfum finnst þangað til sú niðurstaða liggur fyrir. Það eina sem ég get tryggt er að vitaskuld verður farið yfir öll sjónarmið í þessum efnum. Þau liggja í aðalatriðum fyrir, þessir aðilar koma nú sjónarmiðum sínum á framfæri og rökstyðja þau í ljósi tillagnanna eins og þær liggja fyrir. Þetta er opið ferli, gagnsætt ferli. Er það ekki svona sem við viljum hafa stjórnsýsluna, hv. þingmaður, enginn feluleikur, engin leyndarmál? Tillögur ráðgjafarstofnunarinnar liggja fyrir og síðan taka stjórnvöld ákvörðun sína í lokin á ferlinu.

Ég get líka upplýst að frumvarp um hvali, ekki um hvalveiðar heldur frumvarp um hvali, er tilbúið og verður væntanlega meðhöndlað með sama hætti, það verður bara lagt inn á heimasíðu ráðuneytisins þannig að allir geti skoðað það. Það er unnið af nefnd sem lauk starfi sínu fljótt og vel. Síðan geta menn tekist á um það í framhaldinu.

[10:59]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir svörin en ég var ekki spyrja hann hvaða ákvarðanir hann hygðist taka eftir páska eins og hann hefur boðað, það kemur mér ekki til hugar að gera, heldur hvernig hann ætlar að standa að þeirri ákvarðanatöku, með hvaða hætti hann ætlar að hafa samráð við hagsmunaaðila fyrir utan það sem lofsvert er, að leggja þetta fram á netið og bíða eftir skoðunum, og þó kannski einkum hvernig háttað verður samráði hans við það ráðuneyti sem fer með ferðamál. Nú stendur svo á að sjávarútvegsráðherra, sem á að vaka yfir sjávarútveginum og þar á meðal þessum hvalveiðum, er ekki samskiptamaður við ferðaþjónustuna. Þess vegna verður málið erfiðara.

Önnur spurning sem ég gat ekki komið að í fyrri ræðu: Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar er talað um eftirlit sem þurfi að vera með bæði veiðum og skoðun, hvers lags eftirlit er það, hver verður kostnaður (Forseti hringir.) við það og hvernig verður því háttað?

[11:01]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram að ég fundaði auðvitað rækilega með þessum aðilum í febrúar í aðdraganda þess að ákvörðun var tekin um hvalveiðiþáttinn sjálfan. Í því ferli, eftir að tilkynningin var send út og þangað til niðurstaða lá fyrir, var unnið með ráðuneytum umhverfis-, ferða- og utanríkismála þannig að þau komu sjónarmiðum sínum að. Í gögnum málsins sem voru lögð upp voru greinargerðir frá þessum ráðuneytum. Ég hef svo sem enga ákvörðun tekið um hvernig ég haga þá fundahöldum eða samskiptum við þessa aðila í nýrri umferð áður en hvalaskoðunarsvæðin verða endanlega ákveðin eða gefin út, en það er sjálfsagt að fara yfir það og þar á meðal ráðuneyti ferðamála. Reyndar tel ég mig vera ágætlega inni í þeim málaflokki, ég fór með þau mál einu sinni, á hinni öldinni, og hef góðar taugar til ferðaþjónustunnar þannig að ég get alveg róað hv. þingmann hvað það varðar, ég hef fullan skilning á mikilvægi hennar og þörfum í þessum efnum og mun hafa ferðaþjónustuna til hliðsjónar. (Forseti hringir.) Það er samt sjálfsagt mál að fara yfir það með ráðuneytinu líka.

Námslán og atvinnuleysisbætur.

[11:02]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að frumvarp um hvali skuli vera væntanlegt en vil kannski beina sjónum mínum aðeins að öðru í dag.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um síaukið atvinnuleysi og ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það hér. Einhverjir þeirra sem misst hafa vinnuna kynnu að hafa áhuga á því að sækja sér frekara nám til að halda geðheilsu og auka samkeppnishæfni sína til að eiga meiri möguleika á vinnumarkaði. Þetta sama fólk stendur þó frammi fyrir því að atvinnuleysisbótaþakið getur verið töluvert miklu hærra en hámarksnámslán fyrir einstakling. Hámarksgrunnlán einstaklings er 900 þús. kr. fyrir árið enda er gert ráð fyrir því að skólafólk vinni sér inn a.m.k. milljón þess utan sem hlýtur að vera áhyggjuefni um þessar mundir. En sami einstaklingur gæti fengið allt að þrisvar sinnum þá tölu í atvinnuleysisbætur ef miðað er við tekjutengdar hámarksbætur í þrjá mánuði og fullar bætur í 9 mánuði eftir það. Það þarf ekki að taka það fram að þeir sem stunda nám eiga að sjálfsögðu ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Það er því alveg ljóst að kerfið gerir þeim ekki, sem ekki hafa borð fyrir báru, kleift að fara af atvinnuleysisbótum í nám. Það eru því eingöngu þeir sem búa við góðar félagslegar aðstæður, eiga sparifé sem þeir geta lifað af eða eiga velunnara sem geta séð fyrir þeim sem eiga þess kost að nýta sér þau tilboð sem menntakerfið hefur upp á að bjóða. Telur hæstv. forsætisráðherra þetta í anda þess sem rætt hefur verið um að möskva öryggisnetsins þurfi að þétta til að þeir sem mest þurfa á því að halda fái aðstoð úr velferðarkerfinu? Fyrir mína parta er þetta hróplegt óréttlæti, herra forseti, og að mínu mati til vansa fyrir ríkisstjórn sem kennir sig við jöfnuð og félagshyggju og ég vil því spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvað hæstv. ríkisstjórn telur að sé til ráða til að auka jafnræði og sanngirni hvað þetta varðar.

[11:04]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Þetta er kannski spurning sem að mestu leyti varðar verksvið menntamálaráðherra og ég get upplýst hv. þingmann um að menntamálaráðherra tók þessi mál upp í ríkisstjórn á föstudaginn var og gerir væntanlega aftur á morgun. Það er verið að vinna mjög mikið í að skoða þetta í heild sinni og þar koma inn annars vegar möguleikar námsmanna til þess að vera í námi t.d. í sumar og möguleikar háskólanna til að bjóða upp á það og hvernig hægt verður að kljúfa það fjárhagslega. Það lýtur bæði að háskólunum sjálfum, að þeir hafi bolmagn til að bjóða upp á námið, og það lýtur að möguleikum lánasjóðsins til að veita lán þegar um lánshæft nám er að ræða og síðan er þáttur Atvinnuleysistryggingasjóðs í þessu að sjálfsögðu einnig til skoðunar. Ég geri ráð fyrir að um það sé ekki ágreiningur að það sé auðvitað miklu æskilegra námsmenn geti nýtt tíma sinn í sumar, þeir sem ekki eiga kost á vinnu, í nám og hraðað framvindu síns náms heldur en að vera á atvinnuleysisbótum og mæla göturnar. Yfir þetta er verið að fara og það er á forræði menntamálaráðherra og hún stjórnar því verki. Ég vona að tiltölulega fljótlega skýrist myndin enda liggur á að fá botn í það hvað menn telja viðráðanlegt og mögulegt að gera en allir eru sér meðvitaðir um að þarna er um mjög stórt mál að ræða sem mun hafa mikil áhrif á það hvernig okkur gengur að fara í gegnum sumarið, þ.e. hvort hér verður mikið fjöldaatvinnuleysi námsmanna með tilheyrandi kostnaði á atvinnuleysisbótahliðina fyrst og fremst. Að einhverju leyti getur kostnaður lent á sveitarfélögum og því þurfa sveitarfélögin að mínu mati líka að koma að borðinu. En yfir þetta allt saman er verið að fara og menntamálaráðherra stjórnar þeirri vinnu.

[11:06]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir skýr svör. Ég treysti menntamálaráðherra ágætlega til að stýra þessu verki en í þessu samhengi ber að nefna að það sama fólk og nýtur námslána er líklega eini hópurinn sem verður að fjármagna framfærslu sína á yfirdráttarlánum bankanna og þar með greiða stóran hluta þess litla sem skammtað er í vexti. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra um möguleika á því, úr því að bankarnir eru orðnir að stórum hluta í eigu ríkisins, hvort hann hafi áhuga á því og geti beitt sér fyrir því að Lánasjóður íslenskra námslána geti breytt kerfi sínu í þágu námsmanna eða að þeir fái notið betri kjara en nú þekkist varðandi fyrirframgreiðslur sem til eru komnar vegna eftirágreiddra lána. Ég spyr auðvitað hæstv. fjármálaráðherra um þetta því að hann er jú sá sem heldur utan um budduna.

[11:07]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er því miður sorglega lítið til að halda utan um. Það er ekki mikið í buddunni, það vita allir. Að sjálfsögðu vildum við helst, a.m.k. er það eindregin afstaða míns flokks, komast út úr eftirágreiðslu námslána yfir í samtímagreiðslur. Menn hefðu betur aldrei farið inn á þá braut með tilheyrandi viðbótarkostnaði fyrir kerfið og flækjustigi sem það veldur. Hið upphaflega fyrirkomulag sem Lánasjóðurinn byggði á frá byrjun og var við lýði allt þangað til menn hörfuðu yfir í eftirágreiðslurnar var að sjálfsögðu miklu betra og ódýrara í heild þegar upp er staðið, sérstaklega betra fyrir námsmenn.

Staða Lánasjóðs íslenskra námsmanna er hins vegar mjög erfið. Fjárveitingar til hans voru skornar niður um einn milljarð kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og sá vandi er þar til að takast á við. Það veikir auðvitað stöðu sjóðsins til þess að taka á sig viðbótarbyrðar eins og núna og hann hefði þurft að vera í betri færum til að gera, t.d. að lána út á lánshæft nám í sumar. Einhvern veginn verður að takast á við það og það er skoðað samhliða öllu hinu sem ég nefndi áðan.

Tilhögun þingfundar.

[11:08]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðu um dagskrármálin er lokið.

Um fundarstjórn.

Röð mála á dagskrá o.fl.

[11:08]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Það stefnir enn einn daginn í að dagskrá þingsins verði helguð stjórnarskrármálinu meðan önnur og mikilvægari mál í þágu heimila og atvinnulífsins bíða. Við sjálfstæðismenn, herra forseti, höfum ítrekað bent á að dagskrá þingsins verði að taka mið af því ástandi sem er úti í þjóðfélaginu um þessar mundir og þingið verði að taka fyrir önnur og brýnni mál en stjórnarskrárfrumvarpið sem allir sérfræðingar — það er rétt að draga það fram — sem allir sérfræðingar og umsagnaraðilar hafa raunar bent á að þurfi lengri aðdraganda og vandaðri undirbúning.

Ég vil því gera það að tillögu minni að frumvarp forsætisráðherra um breytingar á stjórnarskrá verði sett aftast á dagskrá í dag og að fyrsta mál á dagskrá fundarins verði frumvarp iðnaðarráðherra um heimild til að reisa álver í Helguvík sem talið er að geti skapað þúsundir starfa og verið mikil vítamínsprauta fyrir hagkerfið.

Ég legg þetta til, herra forseti, og vísa í 2. mgr. 63. gr. þingskapa þar sem fram kemur að forseta Alþingis er heimilt að breyta röðun á þeim málum sem eru á dagskrá. Stjórnarskrárfrumvarpið verði að sjálfsögðu á dagskrá en það verði rætt síðar í dag.

[11:10]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Það er ánægjulegt í sjálfu sér að sjá það eftir hálfs mánaðar fjarveru að Sjálfstæðisflokkurinn situr við sinn keip og er enn í sama málþófinu um stjórnarskrárfrumvarpið og hann var þegar ég varð að yfirgefa þennan vinnustað fyrir 14 dögum. Og það er enn sami fulltrúinn, hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sem stendur upp þó að Árni Johnsen hafi að vísu sótt mjög hart að forustusætinu í Sjálfstæðisflokknum í þessum efnum. (Gripið fram í.)

Ástæðan er líka enn sú sama. Það er fyrst og fremst til að koma í veg fyrir að ákvæði um þjóðareign á auðlindum á Íslandi og einkum auðlindum sjávar sé samþykkt á þinginu og komist í stjórnarskrá. Það er varðstaðan um sérhagsmunina sem Sjálfstæðisflokknum er efst í huga og fremst í mun á þessum tímum. (**ÞKG:** ... Helguvík.) Um Helguvík er það því miður þannig að það skiptir engu máli hvort það frumvarp sem hér liggur fyrir er samþykkt eða ekki. Helguvík ræðst annars staðar en í þingsalnum. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GuðbH)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að gefa ræðumönnum tækifæri til að flytja mál sitt.)

[11:11]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi vildi ég segja, hæstv. forseti, að ég hvet forseta til að taka til greina þá tillögu um breytingu á dagskrá sem hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir lagði fyrir forseta og óska eftir því að forseti gefi svar strax.

Að öðru leyti vil ég vekja athygli á því að hingað er kominn þingmaðurinn Mörður Árnason, hv. varaþingmaður. Samkvæmt áformum forseta á að ljúka þinghaldi á morgun. Hann er kallaður inn sem varamaður í dag og á að sitja þá væntanlega tvo daga á þingi áður en þinghaldinu er lokið. Það vekur afskaplega mikla athygli hvernig að málum er staðið þegar auknar kröfur voru gerðar í breyttu skipulagi þingsins um að gæta þess að kalla ekki inn varamenn nema brýn þörf væri á og (Forseti hringir.) reglum breytt til að fækka inntöku varamanna og (Gripið fram í.) þá kemur hv. þm. Mörður Árnason hér inn.

[11:12]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi. Ég mundi einmitt halda að það væri mjög nauðsynlegt að klára umræðuna um stjórnarskipunarlögin vegna þess að þar erum við að setja inn í stjórnarskrána ákvæði um auðlindir þjóðarinnar. Miðað við þær upplýsingar sem komu fram um helgina frá hagfræðingnum Michael Hudson og rithöfundinum John Perkins er einmitt kannski ástæða til að setja þetta ákvæði inn í stjórnarskrána til að tryggja að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sem innheimtumaður erlendra kröfuhafa, komist ekki yfir náttúruauðlindir og fjármuni Íslendinga. Það var nú þannig og má minna á það að Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn kvittuðu upp á það að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kæmi hingað til lands. Áður en við förum að ræða um fjárfestingarsamninginn um Helguvík, áður en við höldum áfram að ræða nokkurt annað mál held ég að við verðum að tryggja það að auðlindir þjóðarinnar verði í eigu þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Það gerum við ekki öðruvísi en að setja þetta ákvæði inn í stjórnarskrána. (Gripið fram í.) Við klárum það fyrst og síðan getum við rætt Helguvík.

[11:14]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég tel, án þess að við förum að ræða efnisatriði þeirra mála sem hér hefur verið vikið að, mjög mikilvægt að hæstv. forseti svari þeirri spurningu sem hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir bar upp áðan um það hvort forseti væri tilbúinn að taka þeirri tillögu sem hér var lögð fram um breytta röð dagskrárliða. Mér finnst í rauninni að umræðan gæti styst til muna og það væri til að greiða fyrir störfum fundarins ef hæstv. forseti svaraði þessu skýrt.

[11:14]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill upplýsa að dagskrá fundarins liggur fyrir. Það er einlægur vilji forseta að við reynum að klára stjórnarskipunarlögin til 3. umr. í þinginu og mun hann freista þess í dag og biður um liðsinni þingmanna um að hafa umræðuna þannig að þetta hafist svo við getum komist í að afgreiða önnur mál sem þarf að ljúka áður en þingi lýkur í vor. Afstaðan er alveg skýr og lá fyrir með dagskrá fundarins og forseti hefur svarað því og kynnti það á fundi forsætisnefndar í morgun.

[11:15]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Þetta er að verða hefðbundinn dagskrárliður að hlaupa upp um störf þingsins og það eru sjálfstæðismenn sem hefja þennan leik hér í upphafi nánast hvers einasta fundar.

En það er alveg skýrt að þetta er mál sem við leggjum áherslu á að verði klárað og ég vil taka undir orð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins, sem sagði svo réttilega að sjálfstæðismenn ættu að hætta að halda Alþingi í gíslingu.

Meiri hluti er fyrir málinu hér á þingi og sjálfstæðismenn ættu frekar að gera grein fyrir þessum málflutningi sínum í næstu kosningum. Af því að valdið kemur frá þjóðinni en ekki frá Valhöll. Þannig að ég legg til að við höldum áfram með dagskrána og látum þetta mál ganga fram og greiðum síðan atkvæði um það. Þá kemur í ljós hvort ekki sé öruggur meiri hluti fyrir málinu.

[11:16]

Björn Bjarnason (S):

Herra forseti. Hér hefur komið fram ósk á grundvelli 63. gr. þingskapalaga þar sem segir í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Forseti getur breytt röðinni á þeim málum sem eru á dagskrá og einnig tekið mál út af dagskrá."

Sú ósk hefur komið fram hér að forseti noti þetta vald sitt til að greiða fyrir þingstörfum og taka fyrir önnur mál áður en hafist verður handa við að ræða áfram stjórnarskipunarmálin. (**Gripið fram í:** Búið að svara þessu.) Forseti á að úrskurða um þetta samkvæmt þeirri ósk sem fram hefur komið. Þá dugar ekki fyrir forseta að vísa til umræðna á fundi (Gripið fram í.) þingflokksformanna eða í forsætisnefnd. Það er forsetinn sem ber þessa ábyrgð að þingið geti starfað og lokið þeim málum sem fyrir því liggja.

[11:17]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Mér finnst miður að forseti hafi ekki viljað fallast á ósk mína um að breyta röðun. Tillaga mín var að breyta röðun á dagskránni og því vil ég leggja það til að við slítum einfaldlega fundi og að boðað verði til nýs fundar þá þegar með eftirfarandi dagskrá:

1. Helguvík.
2. Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum.
3. Veiðar á hrefnu og langreyði.
4. Stjórnarskráin.

Stjórnarskráin verður að sjálfsögðu á dagskrá og við ræðum hana þá einfaldlega síðar í dag þegar við höfum afgreitt þessi brýnu mál.

Ég vísa til 2. mgr. 63. gr. þingskapalaga og legg tillöguna fram til hæstv. forseta og geri ráð fyrir að hún verði tekin fyrir í atkvæðagreiðslunni hér á eftir.

[11:19]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti verður að viðurkenna að honum er ekki ljóst hvaða þingskapagrein — (Gripið fram í.) og telur réttara að þeir fái að tjá sig um fundarstjórn forseta sem þess hafa óskað á meðan við fáum nánari upplýsingar. Ef um er að ræða dagskrártillögu sem óskað er eftir að verði borin fram þarf hún að berast skriflega.

[11:19]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs sérstaklega vegna orða hv. þm. Marðar Árnasonar. Ég bíð eftir því að fá að komast að til að ræða um stjórnarskrána og fjalla m.a. um það ákvæði sem hv. þm. Mörður Árnason talaði um, þ.e. þjóðareign á auðlindum hafsins og öðrum auðlindum. Mér finnst skipta miklu máli með hvaða hætti og hvernig þetta verður afgreitt frá Alþingi, þannig að Alþingi sé sómi að.

Ég hins vegar stend fast á því að berjast af öllu afli gegn því að hér verði stjórnskipuleg ringulreið með því að sam-

þykkt verði frá Alþingi það ákvæði sem hér liggur fyrir um stjórnlagaþing. Ég tel það skyldu mína sem þingmanns á Alþingi Íslendinga, á meðan ég er þar, að standa vörð um hagsmuni Alþingis, þjóðarinnar og stjórnarskrárinnar.

Ég sé ekki annað en að eitt það versta sem við getum gert í þessari stöðu sé að samþykkja það ákvæði sem hér liggur fyrir um stjórnlagaþing. (Forseti hringir.) Þar stendur hnífurinn í kúnni hvað mig varðar og það hefur ekkert með málþóf (Forseti hringir.) að gera heldur eðlilega (Forseti hringir.) málsvörn fyrir stjórnarskrána.

[11:21]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Hér í umræðu um fundarstjórn forseta hafa menn gert grein fyrir hvernig þeir skilgreina átakalínurnar í umræðunni um stjórnarskrárfrumvarpið. Ég vil láta koma fram hvernig ég lít á það mál.

Í meginatriðum er í því frumvarpi lagt til að breytingar á stjórnarskránni verði framvegis lagðar fyrir þjóðina. En átökin standa um það að þeir sem að frumvarpinu standa vilja ekki leggja tillögurnar fyrir þjóðina heldur vilja að þingið eitt afgreiði þær, annars vegar tillögu um stjórnlagaþing og hins vegar tillögu um náttúruauðlindir. Það er krafa meiri hluta þingmanna miðað við frumvarpið að þjóðin fái ekki að greiða atkvæði um þessi tvö mál. Mér finnst eðlilegt að þjóðin fái að greiða atkvæði um stjórnlagaþing og orðalag um náttúruauðlindir í stjórnarskrá.

[11:22]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Á laugardaginn var kom út skýrsla fjárlaganefndar breska þingsins þar sem fjármálaráðherra Bretlands var átalinn fyrir framferði sitt gagnvart okkur Íslendingum, fyrir það offors að beita íslensk fyrirtæki hryðjuverkalögum.

Ég óskaði eftir því við hæstv. forseta þá að í dag færi fram umræða hér í þinginu um þessa skýrslu og um viðbrögð íslensku ríkisstjórnarinnar við henni. Skýrslan er auðvitað stórsigur fyrir málstað okkar Íslendinga og ég hefði talið að það þyrfti að ræða efni hennar og viðbrögð ríkisstjórnarinnar við henni og hvernig hæstv. forsætisráðherra ætlar að bregðast við. Ég hefði talið einboðið að hæstv. forsætisráðherra færi nú strax og pantaði fund í Downing-stræti 10 og ræddi við flokksbróður sinn Gordon Brown um það hvernig hann ætli að bregðast við efni skýrslunnar.

Ég tel að svo miklir þjóðarhagsmunir (Forseti hringir.) séu í húfi hér, herra forseti, að taka verði þetta mál til umræðu hér á Alþingi (Forseti hringir.) strax í dag og óska eftir (Forseti hringir.) svörum við því hvenær forseti vill ræða þetta mál. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[11:23]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vekur athygli á því að beiðni er komin um utandagskrárumræðu um þetta mál frá hv. formanni þingflokks Samfylkingarinnar, Lúðvíki Bergvinssyni, og mun forseti fjalla um það í hádeginu með þingflokksformönnum hvenær málið fer á dagskrá.

[11:23]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Í þessari umræðu um fundarstjórn forseta hafa komið fram ákaflega merkilegir punktar, svo sem sá að hv. þm. Jón Magnússon styður ákvæðið um þjóðareign á fiskimiðunum í stjórnarskrárfrumvarpinu sem aðrir sjálfstæðismenn gera ekki. Þannig að hér er komin upp sú staða að Sjálfstæðisflokkurinn er ekki einhuga í þessum efnum og (Gripið fram í.) ég tel að það hljóti að mæla mjög með því að nú verði þessari umræðu hætt og gengið til dagskrár og rætt um það stjórnarskrárfrumvarp sem Sjálfstæðisflokkurinn er ekki einhuga um heldur klofinn í afstöðu sinni til.

Sjálfstæðisflokkurinn er á móti stjórnlagaþinginu vegna þess að hann vill hafa það ráðgefandi. Hann vil hafa það alveg eins en ráðgefandi vegna lýðræðisástar sinnar (Gripið fram í.) og flokkurinn er á móti auðlindaákvæðinu nema hv. þingmaður (Forseti hringir.) Jón Magnússon (Forseti hringir.) sem býr þar að fortíð sinni og grunni (Forseti hringir.) í Frjálslynda flokknum.

[11:25]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það virðist eins og hv. þingmenn stjórnarliðsins geri sér ekki grein fyrir því að í samfélaginu eru gríðarlega miklar deilur og óeining um þær breytingar sem verið er að gera á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Það er bara svoleiðis. Þeir kjósa að skella skollaeyrum við öllum þeim aragrúa athugasemda sem hafa borist okkur þingmönnum um meðferð þessa máls. Þeir kjósa að hlusta ekki á helstu fræðimenn þjóðarinnar, helstu samtök þessarar þjóðar og þá óeiningu sem er í samfélaginu við það að keyra þessar breytingar í gegn.

Við sjálfstæðismenn munum standa vörð um stjórnarskrána og taka þátt í málefnalegri umræðu fram að kjördegi ef á þarf að halda. En við viljum hvetja hæstv. ríkisstjórn til að koma hér fram með þau mál sem varða heimilin og atvinnulífið einhverju í þessu landi, þau mál sem hún hefur lofað undanfarnar vikur. Við viljum hvetja hana og styðja til að koma fram (Forseti hringir.) með þau mál og ljúka þeim í kvöld og nótt ef með þarf (Forseti hringir.) eða þess vegna yfir páskana. En breytum forgangsröðinni (Forseti hringir.) og förum að koma fram með mál (Forseti hringir.) sem skipta heimilin, fjölskyldurnar og atvinnulífið máli.

[11:26]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að elta mikið ólar við ummæli hv. þm. Marðar Árnasonar hér áðan. Ég tel víst að ónákvæmnin og rangfærslurnar í máli hans stafi ekki af neinni meinbægni eða neinu slíku heldur séu einfaldlega vegna þess að hann hefur ekki verið viðstaddur síðustu tvær vikur og hefur þess vegna ekki fylgst með þeirri málefnalegu umræðu sem átt hefur sér stað um stjórnarskrána. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður hefur ekki heyrt þau sjónarmið sem fram hafa komið og var þess vegna fullkomlega á villigötum í máli sínu hér áðan.

En hitt vildi ég nefna að það hefur komið skýrt fram í þessari umræðu að hæstv. forseti þingsins — (**Gripið fram í:** Af hverju syngur þú ekki eins og Árni Johnsen?) Ég gæti,

hv. þm. Grétar Mar Jónsson, sungið eins og hv. þm. Mörður Árnason gerði hér fyrir nokkrum árum þegar hann söng hér í ræðustól Alþingis Hani, krummi, hundur, svín. Og var þar töluvert á undan hv. þm. Árna Johnsen í sambandi við (Forseti hringir.) söngæfingar í ræðustól Alþingis. (Gripið fram í.)

[11:27]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Það er nú einu sinni þannig með bæði mig og hv. þm. Mörð Árnason að við líkt og aðrir búum að fortíð okkar og með sama hætti flýr enginn heldur pólitíska fortíð sína.

Þar sem hv. þm. Mörður Árnason talaði um að ágreiningur væri í röðum okkar sjálfstæðismanna hvað varðar ákvæðið í 1. gr. þá höfum við bent á að hér var flutt tillaga um auðlindaákvæði af fyrrverandi formönnum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sem hv. þm. Björn Bjarnason hefur m.a. talað um að ætti að geta náðst sátt um.

Vandamálið er að þeir sem flytja þetta frumvarp og málsvarar þessa stjórnarskrárfrumvarps hafa ekki verið tilbúnir til neinna málamiðlana eða að koma neitt til móts við þau sjónarmið. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flutti hér mjög góða ræðu á laugardaginn var um stjórnarskrármálið og vakti þá athygli á átakalínum hvað það varðar og gerði það hér áðan í ræðu sinni. (Forseti hringir.) Þessar átakalínur eigum við að hafa í huga og reyna að ná samkomulagi. (Forseti hringir.) eins og hv. þm. Ellert B. Schram hefur talað um. Við eigum að reyna að ná (Forseti hringir.) samkomulagi um það sem við getum náð samkomulagi um og afgreiða í sátt (Forseti hringir.) þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem við stöndum saman um.

[11:29]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi óska eftir því við hæstv. forseta að umræða um skýrslu bresku fjárlaganefndarinnar verði töluvert ítarleg hér á morgun ef forseti hyggst ræða um hana á morgun en ekki í dag, sem mér finnst reyndar óásættanlegt.

En talandi um málþóf þá vil ég taka það fram að ég mótmæli því harðlega að við þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfum stundað hér málþóf í umræðum um stjórnarskrána. Ég vil benda þeim hv. þingmönnum (Gripið fram í.) sem hafa sakað okkur um það að þeir sjálfir gerðu hér mikinn ágreining um málefni eins fjölmiðils, nefnilega Ríkisútvarpsins, og um það mál ræddu samfylkingarþingmenn og vinstri grænir samtals í 119 klukkustundir og 46 mínútur. (Gripið fram í.)

Við þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfum talað um stjórnarskrána í 34 klukkustundir og 30 mínútur. Þannig að þeir sem saka okkur sjálfstæðismenn um málþóf (Forseti hringir.) og stóðu sjálfir fyrir umræðum um einn fjölmiðil hér í tæpar 120 (Forseti hringir.) klukkustundir ættu frekar að líta í eigin barm en að halda slíku fram.

[11:30]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni um Icesave-reikningana og skora á hæstv. fjármálaráðherra, sem er ekki í salnum, af því að hann barðist svo einarðlega gegn þessum reikningum, að upplýsa þingið um það hvernig staðan er í þeim málum. Þetta skiptir þjóðina verulegu máli eins og hæstv. ráðherra benti á í haust. Þetta skiptir börnin okkar máli, þetta er skuldbinding fyrir börnin okkar. Ég vil gjarnan að hann komi og segi frá því máli því að hann hefur það núna í sínum höndum.

[11:31]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég geri það að tillögu minni, í samræmi við 1. mgr. 63. gr. þingskapalaga, að fundi verði slitið og boðað nú þegar til nýs fundar með eftirfarandi dagskrá:

1. Heimild til samninga um álver í Helguvík.
2. Tekjuskattur (hærri vaxtabætur 2009).
3. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.
4. Fjármálafyrirtæki (slitameðferð og kostnaður af störfum skilanefnda).
5. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn.
6. Listamannalaun.
7. Stjórnarskipunarlög.

Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að þessi tillaga verði tekin á dagskrá nú þegar. Hún liggur fyrir skriflega hjá hæstv. forseta.

[11:33]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti hefur móttekið dagskrártillögu sem er borin fram af hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur og mun ræða hana við þingflokksformenn í hádegisverðarhléi — (**ArnbS:** ... gera þetta nú þegar.) Já, það er ekkert í þingskapalögunum sem segir að dagskrártillaga sé tekin fyrirvaralaust upp þannig að ég óska eftir að fara með hana á þingflokksformannafund á eftir og við ræðum dagskrána. (Gripið fram í.) Mun ég þá ganga til dagskrár um stjórnarskipunarlögin og ræða það mál þar til við getum þá leitt það til lykta með atkvæðagreiðslu eftir hádegisverðarhlé ef á þarf að halda.

[11:33]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Þetta er ákaflega sérstök málsmeðferð. Ég hvet virðulegan forseta til að fresta nú fundi og kalla saman fund með þingflokksformönnum til að fara yfir þetta. Vonandi má á slíkum fundi finna fleiri mál sem koma heimilunum og atvinnulífinu til góða í þessu landi frá hæstv. ríkisstjórn, loforðum sem hún er búin að lofa þjóðinni á undanförnum vikum og mánuðum. Vonandi gæti ríkisstjórnin komið inn á dagskrána í dag einhverju máli sem skiptir máli fyrir þessa þjóð.

Ég er búinn að segja hér, hv. þingmenn, að við sjálfstæðismenn munum standa hér vaktina til að verja stjórnarskrána. Við munum standa hér vaktina í nafni lands og þjóðar, en við munum ekki gefast upp undir þessum þrýstingi sem er á okkur. Þess vegna hvet ég ykkur, og höfða hér sérstaklega til hv. þingmanna Framsóknarflokksins og Frjálslynda flokksins, að standa nú með okkur sjálfstæðis-

mönnum í því að gera hér breytingar á dagskrá þannig að á dagskrá komist mál frá þessari ríkisstjórn (Forseti hringir.) sem skipta heimilin og fyrirtækin í landinu máli, (Forseti hringir.) að við tökum fyrir að ræða hér mál sem hafa einhverja þýðingu. Við munum standa vaktina fram (Forseti hringir.) á síðasta dag í stjórnarskrármálinu.

[11:35]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég get skilið að forseti vilji taka sér nokkurn tíma til að taka ákvörðun í þessu máli en ég legg hér til að til að flýta hér öllum þingstörfum verði nú þegar gert hlé á þingfundi þannig að hann geti þá ráðfært sig við formenn þingflokkanna þannig að hægt sé að ná fram góðri sátt hér í þinginu og við getum — og það er vilji okkar sjálfstæðismanna — afgreitt nokkur þau mál sem skipta verulegu máli, t.d. samning um Helguvík og fleiri mál sem eru mjög brýn og aðkallandi fyrir þjóðina akkúrat þessa dagana og síðan höldum við áfram síðar í dag að ræða stjórnarskrána. Mér er það gjörsamlega óskiljanlegt hvers vegna minnihlutastjórnin þráast svona við með þessum hætti við að hleypa hér inn málum sem skipta svona miklu máli fyrir þjóðina. Því ekki að sýna bara ábyrgð í störfum sínum, taka á þessum málum og halda svo áfram að ræða stjórnarskrána?

Þetta er mjög sanngjörn krafa okkar sjálfstæðismanna, krafa sem við gerum vegna þeirra aðstæðna sem eru uppi í þjóðfélaginu, vegna þess að brýn þörf er á því að þessi mál fái umfjöllun og afgreiðslu, jafnbrýnt og við ræðum hér stjórnarskrána þannig að sómi sé að því fyrir Alþingi Íslendinga. (Forseti hringir.) Þetta skiptir allt miklu máli.

[11:36]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Við ræðum hér dagskrártillögu um að dagskrá þingsins verði breytt í dag með tilliti til þess að mál er varða heimilin og fyrirtækin verði tekin fyrir og að við færum dagskrárliðinn stjórnarskrána aftur fyrir þau mál. Það eru brýnustu verkefnin fyrir þetta samfélag, að ræða málefni heimilanna og fyrirtækjanna og við þurfum að koma því að, herra forseti. Þetta var rætt í forsætisnefnd, fékkst ekki í gegn þar en ég hvet til þess.

Mig langar að segja það hér úr stóli forseta — þegar stjórnarsinnar tala um málþóf hérna hjá okkur, þá vil ég spyrja: Hver var sá tími sem notaður var til að tala um fjölmiðlafrumvarpið á sínum tíma? Hefði okkur ekki verið nær á þeim tíma að nota betri og lengri tíma og vandaðri vinnubrögð þegar mótmælin stóðu uppi á móti fjölmiðlalögunum? (Forseti hringir.) Hefði ekki þjóðinni verið betra að hlusta á hvað við sjálfstæðismenn vildum á þeim tíma? (Forseti hringir.) Þá hefði kannski ekki myndast þessi hyldýpisgjá (Forseti hringir.) á milli forsetans og þingsins.

[11:38]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti hefur sagt að hann muni ræða þessa dagskrártillögu á fundi með formönnum þingflokka í hádegisverðarhléi. Það er ekkert í þingsköpum sem setur það þannig fram — almenn fundarsköp gilda ekki um þetta svo að forseti upplýsi um það. Hann hyggst nýta tímann fram til kl. hálftvö.

[11:38]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég ítreka tillögu hv. þm. Illuga Gunnarssonar um að nú þegar verði gert hlé á fundinum þannig að hægt verði að ráða fram úr því hvernig dagskránni á að vera háttað og jafnframt að forseta gefist þá tóm til að fara betur yfir þingsköpin. Við höfum óskað eftir því að hún verði nú þegar tekin á dagskrá þessi dagskrártillaga sem við höfum lagt hér fram skriflega að ósk forseta. Ég óska því eftir því að forseti geri nú þegar hlé á fundinum og við förum yfir þetta mál.

[11:39]

Björn Bjarnason (S):

Herra forseti. Það er í sjálfu sér gleðilegt að hæstv. forseti ætlar að taka fyrir dagskrártillögu. En eðli dagskrártillögu er það að þegar hún kemur fram á að bregðast við henni strax á þeim fundi þar sem hún er lögð fram þannig að fundurinn geti haldið áfram, annaðhvort með óbreyttri dagskrá eða þeirri nýju dagskrá sem hann samþykkir eftir að tillagan er flutt. Ég held að það sé ekki aðeins nauðsynlegt fyrir hæstv. forseta að endurskoða þessa ákvörðun sína, heldur held ég að það sé nauðsynlegt fyrir hann, til að átta sig á stöðu málsins, að gera strax hlé á þessum fundi svo hægt sé að komast til botns í málinu. Það er eðli dagskrártillögu að það ber að taka hana fyrir strax til að átta sig á því hvort fundur geti haldið áfram í sama formi eða ekki. (**Gripið fram í:** Ekkert um það í þingsköpum.)

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882.

[11:41]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Sá darraðardans sem á sér stað í sölum Alþingis er mjög sérstæður. Hann byggist á því að ríkisstjórnarflokkarnir, Samfylkingin og Vinstri grænir, vilja ekki hleypa mönnum til kosningabaráttu, vilja ekki að þjóðinni sé kynnt það sem menn hafa fram að færa til næstu missira og ára. Það segir líka svolítið, virðulegi forseti, að hv. þingkonur Framsóknarflokksins píska hér og hlæja og tísta, ekki þó eins og lóan blessuð sem er komin til landsins.

Þetta er nefnilega ekki leikur. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki leikur?) Þetta er darraðardans með stjórnarskrá Íslands og rétt fólksins í landinu til að fá upplýsingar fyrir komandi kosningar. (**Gripið fram í:** Flokksræðið eða lýðræðið.) Það er ekki í þágu ríkisstjórnarflokkanna að hafa eðlilega kosningabaráttu í landinu, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Hverjir eru að koma í veg fyrir það?) Það er mjög sérstakt mál. Það er einsdæmi eins og staðan er í dag. Það er til háborinnar skammar fyrir ríkisstjórn Íslands og Alþingi Íslendinga að ætla sér í stöðu eins og er í landinu í dag að

hundsa rétt fólksins í landinu til að fá eðlilega kynningu, eðlilegar umræður, eðlileg skoðanaskipti um þau mál sem efst eru á baugi og brýnust til lausnar.

Tveir stjórnmálaflokkar eru í sjálfheldu, ríkisstjórnarflokkarnir eru í þeirri stöðu í dag. Það eru Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn. Samfylkingin og Vinstri grænir njóta þess að halda þessari sjálfheldu við lýði vegna þess að stjórnarflokkarnir tveir vilja ekki að fólkið í landinu fái upplýsingar eða rökræður um stöðu mála. Þeir hlæja bak við tjöldin hérna, þeir hlæja að niðurfellingunni. Þeir hlæja að fólkinu í landinu af því að þeir komast upp með það að losna við kosningabaráttu fyrir opnum tjöldum.

Stjórnarskráin sjálf er höfð að leiksoppi í þessu máli. Auðvitað eiga þingmenn fyrst og síðast að verja stjórnarskrá Íslands, fyrst og síðast því að hún er ankerið sem við eigum að byggja á. Hún er ankeri sem er ekki rekankeri. Hún er ankeri sem á að halda fast og vera styrkur fyrir samfélag okkar og þau gildi sem við viljum byggja á. (**GMJ:** Byggjum ekki á ... akkeri.) Ég gef ekkert fyrir ummæli hv. þm. Grétars Mars Jónssonar sem þarf ekki stærra ankeri en julla, áralaus julla. [Hlátur í þingsal.]

Framsóknarflokkurinn kom með hugmynd um stjórnlagaþing sem átti að ganga yfir rétt og skyldur Alþingis. (Gripið fram í.) Alþingi Íslendinga er kjörið af fólkinu í landinu, hv. þingmaður. Það þýðir ekki að tala hérna eins og einhver nýgræðingur eða erlendur skiptinemi (Gripið fram í.) á fyrsta degi á Íslandi. Það er líka til háborinnar skammar. Alþingi Íslendinga er kjörið af fólkinu í landinu. (**Gripið fram í:** Líka stjórnlagaþingið.) Stjórnlagaþingið hefur sem betur fer ekki verið afgreitt til þjóðaratkvæðis um þau efni. (**Gripið fram í:** Það hefur ...) Hvaða stjórnendur setja tvo skipstjóra í brúna? Eru dæmi þess á Norðurlöndum, hv. þingmaður? Engin. Það er einn skipstjóri í brúnni. Hann verður að standa ábyrgur fyrir því sem hann gerir. Sama er með Alþingi Íslendinga. Það á að standa ábyrgt gagnvart íslensku þjóðinni fyrir því sem það gerir og sinna því hlutverki sem því er ætlað.

Umræðupólitík er skemmtileg partíhugmynd en umræðupólitík gildir ekki um stjórnarskrána þar sem hún er höfð að leiksoppi. Það er ótrúlegt að verða vitni að því í fyrsta skipti hvernig ríkisstjórn Íslands spilar bak við tjöldin til að halda fólki, halda þingmönnum, halda stjórnmálamönnum þjóðarinnar, frá eðlilegri kosningabaráttu um allt land. Það er með ólíkindum hvaða dónaskap og valdníðslu ríkisstjórn Íslands sýnir í dag. Skömminni er skellt á Framsóknarflokkinn. Skömminni er skellt á Sjálfstæðisflokkinn, að sjálfstæðismenn standi hér í rökræðum og orðhnippingum. Sjálfstæðismenn hafa valið þann kost að verja rétt Alþingis, verja skyldu Alþingis til að vinna þau verk sem það á að vinna.

Hugmyndir að stjórnlagaþingi tíðkast helst í Mið-Aríkuríkjum þar sem lítil þróun hefur átt sér stað, gamlir siðir sem ganga út frá geðþóttaákvörðunum fyrirmanna. Þetta nýtir ríkisstjórn Íslands sér, Vinstri grænir og Samfylking, með því að etja saman mönnum í þinginu, vera á meðan í skjóli til að losna við kosningabaráttu, til að víkja sér undan þeirri skyldu að fólkið í landinu fái eðlilega kynningu og umræðu.

Virðulegi forseti. Er það ekki hlutverk forseta Alþingis að taka á svona deilu, horfa beint í kjarna málsins í stað þess að dansa í kringum staðreyndir, dansa í kringum þær eins og köttur í kringum heitan graut? Það ætti að vera metnaður og hlýtur að vera metnaður forseta Alþingis að hér séu stunduð ásættanleg vinnubrögð, einhver leið að sáttamarki þótt ekki sé víst að allir kunni til hins ýtrasta að vera sáttir. Það fer ekkert á milli mála að stjórnarflokkarnir trúa því í stöðunni að sá byr sem þeir hafa meðal þjóðarinnar, skoðanakannanir sem eru aldrei nema fugl í skógi en ekki fugl í hendi, fleyti þeim í gegnum kosningarnar án þess að í landinu fari fram kosningabarátta, eðlileg kynning á málefnum sem þarf að vinna að á næstu missirum og árum. Hvaða vinnubrögð eru þetta, virðulegi forseti? Þetta eru ný vinnubrögð við stjórn landsins sem koma ekkert við rétti, sanngirni, upplýsingu, rökræðum, niðurstöðu, málamiðlun og síst af öllu árangri. Þessi vinnubrögð sem hleypa öllu í bál og brand ber að harma og fordæma.

Hvaða ríkisstjórn sem hugsar um fólkið í landinu stendur í vegi fyrir því að landsmenn fái eðlilega kynningu stjórnmálamanna hvar sem er á landinu? Það er ekki ríkisstjórn, það er stjórnleysi. Þetta er anarkismi af verstu sort, virðulegi forseti.

Stjórnarskrá Íslands byggir ekki á löngum texta. Hún rúmast í litlum bæklingi, 16 síðna bæklingi, litlu kveri. Þar má ugglaust alltaf breyta og bæta en það skiptir öllu að sá almennt orðaði texti sem stjórnarskráin byggir á sé unninn í því sem hægt er að kalla samkomulag. Ásteytingarsteinninn er sá að þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja ekki una því að hugmyndin um stjórnlagaþing gangi yfir rétt Alþingis, vilja ekki una því að niðurstaða stjórnlagaþings sé æðri ákvörðunum og skyldum Alþingis, að í landinu séu tvö Alþingi. Á því byggist hugmyndin um stjórnlagaþing, að ekki sé eitt Alþingi á Íslandi heldur tvö. Hvað bætist þá við? Svo kemur þriðja, fjórða, fimmta og sjötta. Hvaða hugmyndir hefur hæstv. forseti heyrt í þeim efnum? Hvað á að taka fyrir næst? Á að taka fyrir stjórnlagaþing sem fjallar um fiskveiðar við Ísland? Á að taka fyrir stjórnlagaþing sem fjallar um orkuvinnslu á Íslandi? Á að taka fyrir stjórnlagaþing sem á að fjalla um náttúru Íslands, flóru Íslands? Hvað della er þetta? Hvaða della er það sem menn sigla hér fram? Forseti Alþingis hefur fulla samúð mína með að þurfa að sitja yfir þessum darraðardansi.

Fyrir þrjósku eina og yfirlýsingar þess efnis sitja framsóknarmenn í þeirri gildru að allt snýst um það að nú ráði þeir einir ferð varðandi stjórnarskrá Íslands og eðlilega meðferð þingsins. Það hefur ekki farið á milli mála í Alþingishúsinu að fjölmargir þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingar gefa ekki mikið fyrir þessar hugmyndir um stjórnlagaþing. Þeir láta það samt yfir sig ganga og hlýða framsóknarmönnunum. Í þágu hvers? Að Framsóknarflokkurinn fái einhverja fullnægingu út úr því að geta sett eðlilegum umræðum og skoðanaskiptum við sjálfstæðismenn stólinn fyrir dyrnar? Það eina sem sjálfstæðismenn hafa gagnrýnt harkalega í þessu í raun og veru er að stjórnlagaþingið eigi að ganga lengra en Alþingi Íslendinga er ætlað að gera. Það er ekki til að auka stöðugleika, vonir og væntingar í þessa veru.

Við erum kannski að sumu leyti í sömu sporum og þeg-

ar kristni var lögtekin á Íslandi. Þá náðu menn samstöðu um að rjúfa ekki friðinn, heldur reyna að sigla með einhverjum sáttatón inn í framtíðina. Það gengur ekki með því að setja tvo skipstjóra um borð í skipið. Það gengur bara ekki. Virðulegur forseti, sem oft hefur komið með jákvæðar ábendingar í orðavali og öðru í þingsalnum, ætti að benda hv. þingmönnum á þessa rökvillu í hugsunum. Rökvilla í hugsun er alvarlegri en mismæli í orðum. Rökvilla í hugsun er jafnbrothætt og oft brothættari en orð sem oft eru það brothættasta sem til er.

Það skiptir miklu máli að menn vinni þennan framgang skynsamlega. Þegar kemur að umfjöllun um stjórnarskrána verða menn í öllum þáttum að kunna að sýna lítillæti, auðmýkt, þakklæti og virðingu. Stjórnarskrá Íslands byggir á því en það gera ekki núverandi stjórnarflokkar sem etja saman Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki og hlæja bak við tjöldin.

Alla tíð hafa verið gerðar meiri kröfur til sjálfstæðismanna en annarra þingmanna. Hvort sem það er réttlátt eða ekki hefur það verið gert, kannski vegna þess að sjálfstæðismenn hafa staðið fastar vörð um sjálfstæði og virðingu Íslands en aðrir. *Það er grunntónninn í allri þeirri útgerð sem* hefur átt sér stað á Íslandi til sjós og lands. Það er ekki allt þetta sem við nefnum. Það hafa komið brælur, óvæntar sem eðlilegar. Samt hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins aldrei hvikað í þessu efni, aldrei gert stjórnarskrána að uppboðsvöru eða uppboðsmarkaði. Það er enn sorglegra að hv. þingmenn Vinstri grænna skuli taka þátt í þessum darraðardansi. Í gegnum tíðina hafa alltaf verið gerðar strangar kröfur og strangari væntingar til þingmanna og stjórnmálamanna úr þeim hópi stjórnmálagerðarinnar. Þeir hafa fremur en til að mynda margir þingmenn Samfylkingarinnar varið þjóðerniskenndina sem hlýtur alltaf að spila stóra rullu í þessu máli. En nú þegja þeir þunnu hljóði eins og sofandi fiðurfé á prikum, hæstv. fjármálaráðherra. (Gripið fram í.) Það er af sem áður var þegar það þótti ekki óeðlilegt að heyrðist hljóð úr horni þegar á var hallað. (**Gripið fram í:** Hlustaðirðu ekki á ræðuna mína?)

Nú sitja menn í rjóma stjórnarsetunnar og vilja ekki kosningar, vilja ekki kosningabaráttu. Það er bjargföst staðreynd og sannfæring þeirra sem fara með ferð fyrir stjórnarflokkana að halda þingi hér með þvingum fram að kjördegi án þess að fólkið í landinu fái eðlilegt færi á því að hlusta á rök og skoðanaskipti allra stjórnmálaflokka landsins.

Það er ekki síður skylda ríkisstjórnar en Alþingis að tryggja að eðlileg kosningabarátta geti farið fram. Þetta er enginn dúkkulísuleikur. Þess vegna hljóta menn að verða að ná einhvers konar samkomulagi. Hv. þm. Kristrún Heimisdóttir sem hefur fylgst mjög vel með allri þessari umræðu hefur bent á ákveðna vankanta, hún hefur í raun inni lokið úttekt á málinu. Ef menn tækju eitthvert mark á þessum hv. þingmanni væri ekki þessi darraðardans í þinginu. Málið er ekkert flóknara en það. Og nú hleypur hæstv. fjármálaráðherra út því að sannleikanum verður alltaf hver sárreiðastur.

Inn kemur hv. þm. Atli Gíslason sem kom á Alþingi fyrir tveimur árum með glampa í augum, glaðbeittur, rökfastur, harðskeyttur, maður sem er þekktur fyrir réttsýni og sanngjarna meðferð. Nú þegir hann þunnu hljóði þótt um sé að ræða virðingu, heiður og stöðu stjórnarskrár Íslands, Alþingis Íslendinga, íslensku þjóðarinnar. Það er ekki nóg að snýta sér hressilega eins og hv. þingmaður gerir núna. Það minnir mig á að fyrir þó nokkrum árum var þetta í hópi Grænlendinga rætt mjög mikið, það var aðdragandi að því Grænlendingar fengu vott af réttlæti, af sjálfsstjórn og eignuðust eigin fána. Þá spurði ég góðan og gegnan grænlenskan selveiðimann hvort hann væri ekki spenntur fyrir því að fá fána fyrir Grænland. Nei, sagði hann, vasaklúturinn dugir mér. Það var heiðarlegt svar en þetta svar geta menn ekki veitt í sölum Alþingis, ekki þegar þeir tala fyrir metnað íslensku þjóðarinnar. Þá verða menn að rísa upp úr öskustónni og meðalmennskunni, úr þrætueplunum og komast að samkomulagi sem leiðir til niðurstöðu á grundvelli samkomulags eins og hægt er.

Lífið er aldrei 100%. Það fær enginn allt. Þess vegna skiptir miklu máli að það sé þokkalegt samkomulag þannig að allir hafi eitthvert land til að standa á. Það væri gaman að heyra álit hv. þingmanns og lögfræðings, Atla Gíslasonar, á því hvaða rök hann sér fyrir því að í brúnni séu tveir skipstjórar á sömu vakt. Hvaða rök eru fyrir því að þegar *skip hafa lent í sjávarháska í brimgarðinum séu tveir menn* við stýrið og stjórni sem skipstjórar? Fyrir því eru engin rök. Það er lítilsvirðing við íslenska þjóð og Alþingi Íslendinga, lítilsvirðing við fólkið í landinu sem hefur kosið menn til Alþingis. Þó að sumir flokkar hafi ástundað það í gegnum tíðina að velja sína gæðinga og gefa þeim meiri byr en öðrum, hvort sem þjóðin hefur viljað það eða ekki, er það ekki til eftirbreytni. Það hlýtur að vera atriði númer 1 að unnið sé á opinskáan hátt að framgangi þess sem lýtur að stjórnarskrá Íslands. Þar gildir ekki að tveir skipstjórar séu í brúnni. Það er einhver tölvuleikjahugmyndafræði sem liggur þar á bak við og passar ekki í lifandi samfélagi þar sem menn hafa bæði réttindi og skyldur.

Þetta er það sem menn greinir á um í umræðunni sem ríkisstjórnin notar sem skálkaskjól til að fara ekki í kosningabaráttu í landinu. Það væri þess vegna alveg eins hægt að kjósa á morgun og vinna þá í einhverjar vikur. (Gripið fram í.) Það væri hægt að kjósa á morgun miðað við þetta markmið og sjónarmið ríkisstjórnar Íslands.

Það er sérkennilegt að Framsóknarflokkurinn, sem er að mörgu leyti blóraböggullinn, skuli vera kominn í þá stöðu sem hann er í vegna þess að hann lýsti því yfir þegar kom að stjórnarskiptum eftir áramótin að þar sem hann hefði ekki umboð til að taka þátt í ríkisstjórn vildi hann veita Samfylkingu og Vinstri grænum vörn gegn falli. Á hverju byggist það sjónarmið Framsóknarflokksins að hann hafi ekki umboð? Á Alþingi Íslendinga sitja kjörnir þingmenn Framsóknarflokksins. Þeir hafa fullt umboð. Það má kannski segja út frá einhverjum formsatriðum að nýkjörinn formaður Framsóknarflokksins hafi ekkert umboð af því að hann hefði ekki verið valinn í kosningum en það á ekki að ganga yfir rétt kjörinna þingmanna Framsóknarflokksins til að taka þátt í öllum stjórnarathöfnum af fullri einlægni og ábyrgð. En því víkja þeir til hliðar og draga fram einhverjar tillögur og hugmyndir sem fundust í bílskúr vestur í bæ um stjórnlagaþing sem á að hnekkja allri eðlilegri þróun, reynslu og víðsýni í störfum okkar Íslendinga á leið inn í þróað nútímasamfélag. Þar erum við því miður að mörgu

leyti aftarlega á merinni þó að Ísland sé í dag þrátt fyrir allt fordekraðasta land í heimi. Kannski hefur komið okkur í koll sú fordekrun sem við Íslendingar höfum búið við undanfarna áratugi. Kannski hefur það slakað á því að menn geri sér grein fyrir hvaða hlutir eru mikils virði og hvað er fánýtt.

Það er áhyggjuefni að allir Íslendingar sem eru um þrítugt og yngri hafa fengið allt, eins og maður segir, hvort sem þeir vildu það eða ekki. Ef þeir fengu það ekki í gegnum stuðning foreldra, að áeggjan bankastofnana sem tróðu þeim inn í skuldbindingar, þá vegna eigin dugnaðar því að þetta er afburðafólk sem Íslendingar geta bundið miklar vonir við. Engu að síður hafa þeir ekki þessa reynslu.

Það fer enginn sem hefur reynslu á djúpmiðin til fiskjar í hvaða veðri sem er, reynslu sem stjórnarskrá Íslands byggir á. Stjórnarskrá Íslands er ekki tyggigúmmí. Hún er heimspeki sem á að duga fyrir Íslendinga út frá eðlilegu brjóstviti, sanngirni og, síðast en ekki síst, verksviti. Það er ekki mikið verksvit í því sem fram fer á hv. Alþingi í dag. Þeir standa með spúlinn til allra átta og skúra aðallega út fyrir borðstokkinn, a.m.k. ekki á kleprana og klístrurnar á dekkinu sem eru til skammar fyrir Alþingi Íslendinga og til skammar fyrir hæstv. ríkisstjórn. Hún vill ekki leyfa fólkinu í landinu að fá eðlilega kosningabaráttu. Í ljósi blekkinga og glimmers sem oft og tíðum er dreift yfir stjórnarflokkana úr skóflum fjölmiðlanna er ekki verið að fjalla um staðreyndir, ekki verið að segja frá, ekki verið að lýsa hlutum eins og þeir eru frá almennu sjónarmiði, virðulegi forseti, heldur að selja.

Við erum að berjast við fjárglæframenn sem seldu Ísland bara eins og kók og buff. Enginn gerði athugasemdir. Allir renndu blint í sjóinn og flutu sofandi að feigðarósi — allir, ekki bara Íslendingar, heldur líka hinn vestræni heimur. Allir létu leika á sig og voru hafðir að ginningarfíflum vegna þess að menn stóðu ekki vaktina. Það er verkaskipting í öllu og menn verða að treysta öðrum. Það er ekki nokkur leið að allir menn viti allt þó að nokkrir menn á hv. Alþingi gefi sig út fyrir að vita allt, og ekki síst talsmenn sem barist hafa hatramlega fyrir því að Ísland verði nú slitið frá rótum sínum og gert að litlu illa smurðu tannhjóli í Evrópusambandinu.

Það eru mörg verk sem þarf að vinna og það er ekki hægt að líða það að valdbeita framgangi mála sem sýna stjórnarskrá Íslands og metnaði óvirðingu. Það er bara ekki hægt, það er ekki nokkur lifandi leið. Við samþykktum það ekki þegar Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, lét hleypa úr stærstu fallbyssu Breta á Ísland, maríuerluna í norðri, hvað þá þegar hann lét síðan öfl Evrópusambandsins traðka á okkur eins og kengúrur, hoppa á maríuerlunni eins og kengúrur. Við getum ekki játað því. Þá er betra að deyja standandi en að liggja undir slíku og þola það. Þá er betra að reyna að standa upp og harka af sér. Það er grundvallarskylda okkar Íslendinga að gera það og er ugglaust í hjartastað okkar allra, hugsjón okkar. Það hljótum við að eiga sameiginlegt þó að menn túlki mikilvægi þessarar hugsjónar á mismunandi hátt og stundum er eins og um sé að ræða tombólu eða útsölu.

Þó að menn geri þau mistök hafa alla jafna alltaf verið nógu margir til að stöðva slíkt og segja: Hingað og ekki lengra. Þess vegna gengur það ekki á Alþingi Íslendinga að færa verkefni, hlutverk Alþingis, grundvallarhlutverk sem íslenska þjóðin kýs menn til, til stjórnlagaþings. Hvaða stigsmunur er á kosningu á stjórnlagaþing eða Alþingi í þjóðaratkvæðagreiðslu, herra forseti? Það er enginn munur. Það er búið að vinna þetta verk. Auðvitað er þetta eðlilegt fólk og það veit maður af langri reynslu og setu á Alþingi að þorri þingmanna er sammála því að eðlilegast sé að kalla til færustu lögspekinga þjóðarinnar, hugsjónamenn, menn sem brotið hafa mál til mergjar, krufið það sem kryfja þarf ofan í kjölinn og komist að niðurstöðu um hluti, orðalag og framsetningu sem eru heillavænleg fyrir íslenskt samfélag. Það eru einfaldlega hlutir sem stóð til að gera í fyrrahaust, stofna til verkhóps færustu lögspekinga, stjórnspekinga, kunnáttumanna, manna með reynslu og verksvit. Rætt var um 10–12 manna hóp til að snyrta og lagfæra það sem menn kæmust að samkomulagi um varðandi breytingar á stjórnarskrá.

Það gerir enginn grundvallarbreytingar á stjórnarskrá Íslands en því miður hefur dregist úr hömlu að laga þar til, gera skarpari skil á orðalagi, til að mynda varðandi auðlindir okkar og rétt þjóðarinnar til að ráða einir ferðinni í þeim efnum, ráða einir ferð út frá íslenskum sjónarmiðum á íslenskum forsendum. Það er það sem okkur varðar um. Síðan getum við hugsað um að vera þokkalega viðkunnanleg, kurteis og skemmtileg í garð nágranna okkar en ekki með því að fórna íslenskum hagsmunum, íslenskri hefð. Þá getum við alveg eins flutt á Fjón eða Sjanghæ, hvert sem er í hinar ýmsu sjoppur heimsins. Þá tjöldum við ekki íslenska fánanum eins og er í bakgrunni hæstv. forseta, þá getum við tekið hann niður og tekið vasaklútinn upp aftur, tekið snýtuklútinn upp og látið duga. Þá erum við ekki þjóð. Þá erum við einstakir sérvitringar. (Forseti hringir.) Hæstv. forseti. Nú gellur bjallan en ég á enn 9 sekúndur eftir.

Virðulegi forseti. Við skulum hætta að selja Ísland með því að (Forseti hringir.) subba út á stjórnarskrána. Við skulum segja hlutina eins og þeir eru.

[12:22]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Johnsen hlý orð í minn garð sem ég hlustaði á með athygli og vil vekja athygli hans á því að ég flutti ræðu um málið þar sem ég fjallaði um efnishliðar þess. Ég spyr hv. þingmann: Hver er afstaða hans efnislega til 1. gr. um að náttúruauðlindir Íslands verði þjóðareign, að þær megi ekki framselja varanlega? Ég spyr hv. þingmann hvort hann sé á móti 2. gr., að bera breytingu á stjórnarskrá undir þjóðaratkvæði í stað þess að hafa þingkosningar sem ég hygg að sé afar gagnleg breyting og ég heyri ekki betur en sjálfstæðismenn taki undir það. Í þriðja lagi spyr ég hv. þingmann hvort hann sé efnislega ósammála því að mikilvæg mál séu borin undir þjóðina, 30 þúsund manns eins og gert er ráð fyrir um það bil, til þjóðaratkvæðagreiðslu ef safnast slíkar undirskriftir.

Í fjórða lagi vík ég að stjórnlagaþinginu. Þar er andstaða. Þar er að vísu lagt upp með tvo skipstjóra. Sjálfstæðisflokkurinn vill halda stjórnarskrárvaldinu innan þingsins en samþykkja ráðgjafarþing, annað skip, tvö skip, þarf þar tvo skipstjóra. Á því hef ég séð lausn og hef bent á það. Ég

held að hægt sé að málamiðla í þessu dæmi. Ég held að það sé hægt að finna lausnir á þessu öllu vegna þess að efnislega ber ekki svo mikið á milli, hv. þm. Árni Johnsen. (**ÁJ:** Hvað er það?) Það er hægt að hugsa sér ýmsar leiðir í því, að þingið verði jafnsett, þau komi fram saman og eitt og annað, að menn opni augun og setjist niður, skynsamt fólk, og finni lausnir. Við tölum í lausnum. Eins og hv. þm. Ellert B. Schram hefur bent á ber ekki svo mikið á milli okkar efnislega. Ég skil gagnrýni á form, undirbúning og fleira en efnisleg niðurstaða, sérstaklega hvað varðar 1., 2. og 3. gr., liggur á borðinu. Það er ekki ósætti um hana. Það er afar mikilvægt ef koma fram breytingar á stjórnarskránni að hægt sé að leggja það undir þjóðaratkvæðagreiðslu en tengja það ekki inn í alþingiskosningar.

[12:24]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála flestum þeim atriðum sem hv. þm. Atli Gíslason bryddaði upp á. Að vísu tel ég að frekari skerping varðandi auðlindina sé óþörf en hún skemmir ekki. Það er ekki að mínu mati gildandi réttur á Íslandi að framselja til framboðs og er hvergi stoð fyrir því í lögum. En það er allt í lagi að skerpa á því, það finnst mér sjálfsagt, það styrkir stöðu Íslands og ef það eyðir misskilningi er það af hinu góða.

Ég er sammála varðandi þjóðaratkvæði, að krefjast skoðunar með ákveðnum forsendum sem ég ætla ekki að kveða upp úr um hér en ég er ósammála því sem hv. þingmaður segir og það er það sem þetta mál snýst um. Ég er ósáttur við þá hugmynd að stjórnlagaþing og Alþingi verði jafnsett. (**EBS:** Þjóðin hefur síðasta orðið.) Þjóðin hefur síðasta orðið í báðum tilvikum og þá er farið að etja mönnum saman, slíta friðinn og efna til ófriðar. Við þurfum ekki á því að halda að efna til ófriðar. Við þurfum ekki á því að halda í litlu þjóðfélagi eins og á Íslandi. Það ætti reyndur leikmaður eins og hv. þm. Ellert B. Schram að þekkja manna best að það er einn fyrirliði í hverju liði. Honum verður að treysta og hann verður að stjórna liðinu til sigurs með markvísi, skipulagi og leikgleði. Það gerum við ekki með því að egna mönnum saman og notum einhverja Austur-Evrópu-hugmynd um jafnsett þing fyrir jafnsett þing. Hvaða kjaftæði er þetta?

[12:26]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fer algerlega málefnalega í þetta mál og algerlega reiði- og beiskjulaust. Ég vil bara finna lausnir. Ég vil bara finna niðurstöðu. Það er það sem ég vil. Af hverju klárum við ekki 2. umr. og setjum málið í nefnd milli 2. og 3. umr. og finnum lausnir, klárum þetta svo hin mikilvægu mál komist að.

Hvað varðar 1. gr. er algerlega ljóst í mínum augum að einkaeignarrétturinn og réttarstaða gagnvart auðlindum mun ekki breytast, hv. þm. Árni Johnsen. Það er mín skoðun sem lögfræðings og það mun ekki breyta því. Það er líka mjög algengt að það séu tveir skipstjórar til sjós, reyndar ekki á sama báti. Menn stunda togveiðar saman, eru með eina vörpu og toga saman. (Gripið fram í.) Það eru líka stýrimenn um borð sem eru ráðgefandi. Það má kannski veita þeim meiri völd. Aðalatriðið er þetta með stjórnlagaþingið, að við höfum ekki borið gæfu til að endurskoða stjórnarskrána frá grunni í heild sinni sem hv. þingmaður lýsti í ræðu sinni að væri full þörf á og þar er ég honum einlæglega sammála. Við bárum gæfu til þess að endurskoða mannréttindakaflann og var vel unnið að því verki og gagnlegt, en heildina þurfum við að skoða, stöðu forsetans, stöðu hins þrískipta ríkisvalds, löggjafarvaldsins, framkvæmdarvaldsins og dómsvaldsins. Allt þetta þurfum við að skoða. Þessi umræða hefur lokast inn í flokkspólitísku búri á Alþingi. Það er ekkert að því að tvö þing — stjórnlagaþing er eingöngu kosið til þessa verkefnis — geti skilað niðurstöðu sem Alþingi geti síðan sætt sig við. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu því að ég, hv. þingmaður, treysti þjóðinni og ég trúi á þjóðina (Forseti hringir.) og ég trúi að leita eigi til hennar um mikilsverð mál.

[12:28]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir. Það munar ekki miklu en það munar grundvallaratriði um hvort stjórnlagaþing eða vinnuhópur, sem við viljum raunverulega kalla það, sé æðri Alþingi, í jafnstöðu við Alþingi eða sem ráðgjafi.

Hvað er eðlilegra en að Alþingi taki við skjölum frá slíkum vinnuhóp, hvort sem það er 10 manna hópur sem þar að auki er þjóðkjörinn — við eigum ekki að þurfa þess í samfélagi okkar að eyða peningum í það — eða þjóðkjörinn hópur? Hvaða munur er á því að Alþingi fjalli síðan um það? Alþingi þarf að fjalla um það. Þjóðin þarf að fjalla um hvort sem það verður í sérstökum kosningum eða þá í næstu alþingiskosningum. Þetta minnir mig, virðulegi forseti, á sumarferð við Miðjarðarhaf einhverju sinni, þá voru seldar einnota sundbuxur úr pappír. Þær áttu að duga í klukkutíma, þá leystust þær upp. Þessi boðun um stjórnlagaþing er bara eins og einnota sundbuxur. Þetta er einnota þing, síðan á Alþingi að sjá um framtíðina. Hvaða millileikur er þetta? Geðþóttaákvörðun vegna Framsóknarflokksins? Geðþóttaákvörðun til þess að fá hálsmen fyrir ríkisstjórnina og umboð til að fara í kosningar án þess að hafa kosningabaráttu, án þess að kynna fólkinu í landinu á ögurstundu hvað skiptir máli, hvað menn leggja til og hverju menn mega beita sér fyrir. Þetta er feluleikur, virðulegi forseti, sem er sorglegur. Hann stendur í stutta stund. Það eru nokkrar vikur eftir en ég vona að þjóðin átti sig á því að þessar einnota sundbuxur eru orðnar svo slitnar að það blasir við sem ekki er hægt að fela. Það er stjórnleysið. Stjórnleysið, virðulegi forseti.

[12:31]

Útbýting:

Stuðningur ríkisins við fráveitur, 272. mál, svar umhvrh., þskj. 913.

Virðisaukaskattur, 469. mál, frv. efh.- og skattn., þskj. 914.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:32]

Dagskrá næsta fundar.

[12:46]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseta hefur borist dagskrártillaga samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 63. gr. þingskapa sem kynnt hefur verið um dagskrá næsta fundar. Greidd verða atkvæði um tillöguna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:08]

Dagskrártillaga felld með 31:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörkG, BBj, DPál, GSB, GÞÞ, HerdÞ, IllG, KÓ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, StB.

nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, EyH, GMJ, GuðbH, GSv, HSH, HHj, HöskÞ, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KLM, KHeim, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (BJJ, BjarnB, EKG, GAK, JóhS, JónG, JM, KÞJ, MS, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

15 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:48]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að gera grein fyrir því að ég styð auðvitað þá tillögu sem við greiðum hér atkvæði um vegna þess að hún gengur út á að til umræðu á Alþingi verði tekin fyrir mál sem varða heimilin og fyrirtækin í landinu. Mér finnst sorglegt að sjá að stjórnarliðar og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar skuli greiða atkvæði gegn því að við tökum til umræðu á Alþingi mál eins og fjárfestingarsamninginn í Helguvík sem mun tryggja hugsanlega 3.000–4.000 störf í landinu og vilji frekar ræða áfram um stjórnarskrána sem hvorki mun taka á skuldastöðu heimilanna, greiðsluvanda þeirra né byggja upp atvinnulífið í landinu. Ég lýsi furðu minni á þessari afstöðu (Forseti hringir.) stjórnarflokkanna.

[12:49]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegur forseti. Hér er einfaldlega verið að greiða atkvæði um forgangsröðun hjá þingmönnum. Hér eru greidd atkvæði um það hvort menn vilji nota síðustu daga þingsins og þann tíma sem er núna fyrir páska til að hjálpa heimilum og fyrirtækjum í landinu — eða ekki. Málið er ekkert flóknara. (Gripið fram í.) Það er algjörlega ljóst, virðulegur forseti, að þessi minnihlutastjórn með stuðningi Framsóknarflokksins hefur ekki þá forgangsröð. Þannig forgangur er ekki hjá þessari ríkisstjórn þvert á það sem sagt var þegar ríkisstjórnin var mynduð, þvert á það sem hefur verið sagt hvað eftir annað. Núna þegar við lítum á töfluna sjáum við forganginn, heimilin og fyrirtækin í landinu eru aukreitis, eitthvað sem skiptir minna máli. Það er nokkuð sem mér þykir afskaplega miður og ég veit að ég er ekki einn um það.

[12:51]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka fyrir að við fáum þessa atkvæðagreiðslu. Það er gott að sjá hvaða forgangsröðun er uppi af hálfu þeirra flokka sem hafa með óbilgirni reynt að keyra þetta stjórnarskrármál í gegnum þingið. Það er í þeirra huga svo mikilvægt að öll önnur mál mega víkja fyrir þessu stjórnarskrármáli. Geta nú kjósendur í landinu velt fyrir sér hvort þetta mál hafi meiri þýðingu fyrir þá en þau mál önnur sem við sjálfstæðismenn höfum lagt áherslu á að verði frekar tekin á dagskrá. Það er sem sagt ljóst, stjórnarskrármálið á að ganga fyrir, önnur mál eiga að bíða og það er á ábyrgð þessara flokka að það tefst að ganga frá þeim mikilvægu málum sem varða hagsmuni heimila og fyrirtækja í landinu.

[12:52]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér leggur Sjálfstæðisflokkurinn fram tillögu um að endurraða dagskránni og það gerir Sjálfstæðisflokkurinn einungis til að reyna að ýta frá þeirri staðreynd að hann stendur hér í miklu málþófi, heldur geysilega langar ræður, er eiginlega einn á mælendaskrá og hleypur þess á milli upp í umræður um störf þingsins. Það er með ólíkindum að upplifa að sá flokkur sem fór hér mikinn í að tala illa um málþóf stendur í endalausu málþófi og er að reyna (Gripið fram í.) að segja fólkinu í landinu að þeir einir telji að það eigi að koma til hjálpar fólki og fyrirtækjum í landinu. Þvílík vitleysa, virðulegur forseti. (Gripið fram í.) Það er einmitt það sem allir flokkar vilja, allir flokkar vilja það en við viljum auðvitað líka gjarnan breyta stjórnarskránni, leggja það til að fólkið í landinu fái völd enda teljum við að valdið komi frá fólkinu (Forseti hringir.) en ekki úr Valhöll, virðulegur forseti. (Forseti hringir.) Ég segi nei.

[12:53]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er dálítið erfitt að skilja þessa tillögu vegna þess að þau mál sem sjálfstæðismenn vilja taka á dagskrá eru á dagskrá. Þau eru öll á dagskrá. Það eina sem er (Gripið fram í.) er að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa raðað sér þannig á mælendaskrá að málin komast ekki á dagskrá. Ef raunverulegur vilji væri hjá hv. sjálfstæðisþingmönnum að taka þau á dagskrá mundu þeir að sjálfsögðu stytta mál sitt og tæma mælendaskrána mun fyrr. Þetta er staðreynd málsins og mikilvægt að — (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** ... fullkomin lítilsvirðing.)

Virðulegi forseti. Þetta liggur svona. Ef menn eru ósáttir við þetta gæti ég svo sem lesið upp þau átta mál sem eru á dagskrá, ef menn telja að ég fari hér með rangt mál. (Gripið fram í.) Þannig stendur þetta (Gripið fram í.) en ef ég skil rétt eru 25 þingmenn Sjálfstæðisflokksins á mælendaskrá, eða 26, og mér finnst mikilvægt, (Forseti hringir.) virðulegi forseti, að þeir fái að ljúka máli sínu (Forseti hringir.) og síðan höldum við áfram með dagskrána.

[12:54]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég styð að sjálfsögðu þá tillögu sem við greiðum atkvæði um vegna þess að það á að vera í forgangi að sinna málum sem varða heimilin og fyrirtækin. Ef þessi tillaga verður felld undirstrikar það að ríkisstjórnarflokkarnir eru með haustöfluhnykk á þinginu, þeir vilja ekki heyja kosningabaráttu í landinu, vilja ekki eðlilega

kynningu, vilja ekki að stjórnmálamenn landsins fari um byggð og bæ og kynni það sem þeir vilja leggja áherslu fyrir komandi kosningar.

Ríkisstjórnin er með haustak á Alþingi til að koma í veg fyrir eðlilega kosningabaráttu á Íslandi í fyrsta skipti (**Gripið fram í:** Sjálfstæðisflokkurinn ...) í sögu lýðveldis á Íslandi. (**Gripið fram í:** Það eru ekki ríkisstjórnarflokkarnir sem ...) Það eru ríkisstjórnarflokkarnir sem keyra með valdbeitingu gegn rökum og nota stjórnarskrána sem skjól (Gripið fram í.) til að dansa þennan dans. (Forseti hringir.) Stjórnarskráin er skjól og það er ekki mikil virðing fyrir stjórnarskránni að gera það.

[12:56]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi tillaga hér er einstök í sögu þingsins, að hér komi fram dagskrártillaga á miðjum þingfundi um dagskrá sem liggur fyrir. Öll málin sem hér er talað um eru á dagskrá en samt kemur tillaga um að dagskránni verði breytt. Auk þess eru 25 þingmenn úr þeim flokki sem ber upp óskina á mælendaskrá um það mál (**Gripið fram í:** 26.) (**Gripið fram í:** Enda málið mikilvægt.) sem sýnir einmitt hvað málið er mikilvægt og þess vegna þarf að ræða það og á að ræða það. [Hlátur í þingsal.] Þess vegna er algjör þversögn þegar sömu þingmenn koma hér, 25 á mælendaskrá, og segjast ekki vilja ræða málið. Þeir vilja fresta því að ræða málið. Þetta er svo fáránleg þversögn að það er viðkomandi flokki til háðungar.

Ég held samt að þessi atburður hér, að keyra fram á svona (Forseti hringir.) röngum og vitlausum forsendum breytingar á dagskránni — (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) það er bara dapurlegt að stærsti núverandi flokkur, vonandi verður hann ekki svona stór eftir kosningar, komi með þetta fram.

[12:57]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Ég er samþykkur þeirri tillögu sem hér hefur verið borin undir atkvæði. Það er afar mikilvægt að það komi rækilega fram hér og nú hver vilji stjórnarþingmanna og stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar er í því að taka þau mál sem mikilvægust eru fyrir land og lýð á dagskrá þannig að við getum flýtt (Gripið fram í.) afgreiðslu málsins. [Háreysti í þingsal.] Það er mjög fróðlegt að heyra viðbrögð hjá hv. þingmönnum þegar þeir reyna að koma í veg fyrir að ég fái að gera grein fyrir atkvæði mínu. Það er mjög mikilvægt að þetta ákvæði þingskapanna sé til staðar og það sýnir hversu mikill styrkur það er fyrir þingmenn að geta átt leið til þess þegar óforsvaranlegar ákvarðanir um dagskrá þingsins eru teknar þannig að meiri hluti þingsins geti breytt dagskránni eins og hér er gerð tilraun til. (Forseti hringir.) Ég hvet hv. þingmenn til að taka tillit til þess (Forseti hringir.) um hvað við erum að greiða atkvæði. Við erum að gera greiða atkvæði um að koma mikilvægum málum (Forseti hringir.) í gegnum þingið.

[12:59]

Illugi Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að þingheimur sé sammála um tvennt í þessu máli, annars vegar að umræðan um stjórnarskrána er mikilvæg, það er eðlilegt að menn tjái sig um hana og reyndar tel ég skyldu þingmanna að ræða það mál til hlítar. Það höfum við sjálfstæðismenn gert. Jafnframt tel ég ágætan skilning á því að það þurfi að koma þessum málum hér í gegn, málum sem lúta að Helguvík og fleiri mikilvægum sem snúa að þeim málum sem skipta máli fyrir þjóðfélagið akkúrat núna.

Ég tel að við sjálfstæðismenn höfum lagt hér fram góða lausn á þessu máli, þ.e. að við snúum okkur strax í góðu samkomulagi að því að afgreiða þau mál sem virkilega skipta máli fyrir heimilin og atvinnulífið í landinu, göngum frá þeim hratt og örugglega, höldum síðan áfram að sinna skyldu okkar sem er að ræða um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. (**Gripið fram í:** Hvað segir ...?) Það er fyrir neðan virðingu þingsins að tala eins og hér hefur ítrekað verið gert, að það sé eitthvert málþóf þegar menn ræða um stjórnarskrána. Ræður þingmanna Sjálfstæðisflokksins hafa verið innihaldsríkar [Hlátur í þingsal.] og skipta töluvert miklu máli í þeirri umræðu sem hér er. Það getur vel verið að hv. þingmönnum, mörgum hverjum, þyki (Forseti hringir.) þetta skemmtilegt. Fæstir þeirra hafa þó haft þolinmæði til að sitja í salnum og fylgjast með (Forseti hringir.) þeim umræðum og kann að vera að þeirra eigin hugur (Forseti hringir.) valdi kátínu.

[13:00]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forseta fyrir að taka þetta mál á dagskrá og gefa þingheimi tækifæri til að greiða atkvæði um það. Við greiðum atkvæði um þá tillögu okkar sjálfstæðismanna að fresta eða setja síðar á dagskrá lið sem fjallar um stjórnarskrána og taka til umræðu önnur þau mál sem eru á dagskrá plús tvö önnur mál sem nefnd hafa verið, öll mikilvæg mál fyrir samfélagið í dag. Það kemur í ljós í atkvæðagreiðslu hvaða áherslur þingmeirihlutinn hefur, hvort hann vill afgreiða fljótt og vel þau frumvörp sem hér liggja fyrir og sátt er um sem eru til hagsbóta fyrir heimilin í landinu eða hvort menn vilja halda áfram því sem hér er, að ræða fyrst stjórnarskrána og síðan að taka fyrir þau mál sem skipta máli. Atkvæðagreiðsla mun leiða í ljós þá forgangsröð (Forseti hringir.) sem þingmenn vilja.

[13:01]

Ragnheiður E. Árnadóttir:

Virðulegur forseti. Ég greiði að sjálfsögðu atkvæði með þeirri tillögu að taka málin sem virkilega skipta máli í þjóðfélaginu í dag á dagskrá fram fyrir það mál sem augljóslega er ágreiningur um á Alþingi. Ef menn vilja leysa málin og greiða fyrir störfum þingsins er þetta lausnin. Það getur verið að hæstv. ríkisstjórn vilji ekki opinbera þann ágreining sem nú hefur komið fram og sést glögglega á minnihlutaáliti hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur um Helguvíkurmálið þar sem hún leggst eindregið gegn því. Þetta er kannski liður í því að koma í veg fyrir að þjóðin fái að vita að vinstri grænir styðja ekki atvinnuuppbyggingu í þessu landi.

Ég neita því enn fremur, virðulegi forseti, að við sjálfstæðismenn stöndum í einhverju málþófi hér. Við erum 26

þingmenn og stöndum vörð um mesta og merkasta plaggið í stjórnskipan okkar, stjórnarskrá lýðveldisins. (Gripið fram í.) Þvert á það sem minnihlutastjórnin og stuðningsmenn hennar og fylgismenn halda fram ef menn skoða málið og kynna sér umsagnir þær sem liggja fyrir (Forseti hringir.) eigum við sjálfstæðismenn svo sannarlega skoðanabræður og -systur (Forseti hringir.) úti í þjóðfélaginu meðal þeirra sem láta sig málið varða. (Forseti hringir.) Við ætlum að standa með því fólki.

[13:03]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er út af fyrir sig talsverð hugmyndaauðgi hjá minni hlutanum að flytja tillögu um að breyta dagskrá sem forseti hefur sett upp með hefðbundnum hætti og ég tel að forseti Alþingis sýni mikið umburðarlyndi með því yfir höfuð að leyfa atkvæðagreiðsluna. Kosturinn við það er auðvitað sá að þá rennur væntanlega upp fyrir Sjálfstæðisflokknum að hann er í minni hluta. Það er staðreynd sem Sjálfstæðisflokkurinn á greinilega mjög erfitt með en er staðreynd engu að síður.

Það er gott að Sjálfstæðisflokkurinn vill sýna umhyggju fyrir heimilum og fyrirtækjum í landinu. Það er ákaflega verðmætt fyrir ríkisstjórnina að fá þann mikla gæðastimpil á fyrirliggjandi tillögur og frumvörp sem aftur og aftur hefur komið fram í ræðum sjálfstæðismanna, viljann til að taka fyrir þessi mál sem eru virkilega mikilvæg fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu, sagði hv. þm. Illugi Gunnarsson. Hann á væntanlega við stórhækkun vaxtabóta, endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra fyrirtækja og mikilvæga löggjöf um fjármálafyrirtæki og fjármálamarkaðinn svo dæmi séu nefnd. (**Gripið fram í:** Og Helguvík.) (Gripið fram í.) (Gripið fram í.) Það er ekki dónalegt að fá þann stimpil frá Sjálfstæðisflokknum að þetta séu virkilega mikilvæg mál fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. (Forseti hringir.) Þau komast á dagskrá um leið og Sjálfstæðisflokkurinn hefur lokið (Forseti hringir.) málflutningi sínum í stjórnarskrárfrumvarpinu. (Gripið fram í.)

[13:04]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ísland stendur frammi fyrir miklum vanda og það þarf að byggja upp landið á ný eftir að það hrundi, m.a. vegna þess að auðlindanýting á Íslandi hefur verið með eindæmum slæm og léleg og hefur leitt okkur til mikilla vandræða og vansældar. (**Gripið fram í:** Hvað meinarðu?) Eitt fyrsta atriðið sem við verðum að hafa á hreinu í uppbyggingunni er að breyta lögum og reglum og setja inn í stjórnarskrá að íslenska þjóðin eigi sínar auðlindir sjálf. (**Gripið fram í:** Rétt.) Þess vegna þarf að ganga frá þessu stjórnarskrármáli nr. 1, 2 og 3 og svo tökum við hin málin. Hættið þið sjálfstæðismenn að syngja hér og lesa upp hverja ræðuna á fætur annarri sem er nákvæmlega eins og sú síðasta sem flutt var á undan, (Gripið fram í.) hvert nefndarálitið á fætur öðru sem er nettengt og klifað hér á því sama (Forseti hringir.) sem sýnir Alþingi Íslendinga mikla óvirðingu. Það er alls ekki í anda tryggðarinnar sem sjálfstæðismenn þykjast (Forseti hringir.) sýna þjóðinni og landinu. Ég segi nei. (**Gripið fram í:** ... fyrir Frjálslynda flokkinn.)

[13:05]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að benda á það að af töflunni virðist sem minnihlutaríkisstjórnin hafi náð því fram að við fjöllum hér í dag um stjórnarskipunarlög í staðinn fyrir að ræða t.d. um heimild til samninga um álver í Helguvík. Ég hlýt því að reikna með því að í þessari atkvæðagreiðslu komi fram sá gífurlegi ágreiningur sem er á milli þeirra flokka sem sitja í ríkisstjórn, Vinstri grænna og Samfylkingar, þar sem Samfylkingin og Vinstri grænir hafa ekki getað komið sér saman um sameiginlegt nefndarálit. Flokkarnir sitja þó saman í ríkisstjórn. Hérna endurspeglast sá ágreiningur (Forseti hringir.) sem er innan ríkisstjórnarinnar um hin stærstu mál. (Forseti hringir.) Það er merkilegt, hæstv. forseti, að forseti skuli ekki taka tillit til þess þegar hann raðar á dagskrá.

[13:07]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Það er í raun og veru ágætt að þjóðin fái að sjá hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hagar sér um þessar mundir í þingsal Alþingis. Ef forseti getur fengið að lýsa atkvæðagreiðslunni innan skamms fáum við að vita hvernig hún hefur farið við þá ómálefnalegu tillögu sem Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram. 31 segir nei, aðeins 20 segja já. Sjálfstæðisflokkurinn mætir ekki einu sinni allur til leiks í þessa atkvæðagreiðslu. (**Gripið fram í:** Láttu ekki svona.) (Gripið fram í.)

Þegar þessari atkvæðagreiðslu lýkur mun þjóðin áfram fá í boði Sjálfstæðisflokksins, (Gripið fram í.) og þar á meðal í boði fyrrverandi forseta Alþingis, áframhaldandi málþóf vegna þess að nú ættu þeir sem eru að horfa á sjónvarpið að taka sig til og telja. Nú munu koma 7, 8, 9, jafnvel 15, þingmenn Sjálfstæðisflokksins og ræða um fundarstjórn forseta í framhaldi af þessari atkvæðagreiðslu. (Gripið fram í.) Hvað er þetta annað en málþóf, virðulegi forseti? Við höfum orðið (Forseti hringir.) vitni að því hérna að menn eru skikkaðir til að koma (Forseti hringir.) í ræðustól Alþingis, meira að segja óundirbúnir vegna þess að þeir vissu ekki að þeir ættu að vera (Forseti hringir.) næstir í málþófsræðum Sjálfstæðisflokksins. (**Gripið fram í:** ... í umræðuna.) (Gripið fram í.)

[13:09]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti þakkar það traust sem hann fær þar sem hann ber ábyrgð á þeirri dagskrá sem var lögð fyrir fundinn. Samkvæmt 63. gr. er það forseti sem leggur upp dagskrá og það er einsdæmi að til atkvæða þurfi að koma um dagskrártillögu. Ég taldi sjálfsagt og eðlilegt að verða við þeirri ósk þegar hægt er að kalla alla til fundar til að geta haft atkvæðagreiðslu. Nú hefur þingheimur skorið úr um þessa tillögu og vona ég þá að dagskrá gangi fram með eðlilegum hætti í dag og fram á kvöldið og að við megum ljúka þessu dagskrármáli sem fyrst, koma því í eðlilegan farveg til nefndar þannig að hægt sé að fá eðlilega umfjöllun fyrir 3. umr. Að sjálfsögðu mun forseti sjá til þess að þau dagskrármál sem beðið hefur verið hér um verði áfram á dagskrá og

komi til umræðu eins fljótt og auðið er.

[Fundarhlé. — 13:09]

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882.

[15:02]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Áður en umræðan um stjórnarskipunarlögin hefst vildi ég inna hæstv. forseta eftir því hvernig hann hyggst halda úti þessari umræðu fram á kvöldið. Eins og hv. þingmenn þekkja er kosningabaráttan hafin og í kvöld verður fyrsti framboðsfundurinn í kjördæmunum, sjónvarps- og útvarpsumræða af hálfu frambjóðenda í Norðvesturkjördæmi.

Sá fundur hefst um klukkan 19.30 eftir því sem ég best veit. Margir þingmenn eru þátttakendur í þeirri umræðu (Forseti hringir.) og þess vegna vil ég óska eftir því að gert verði hlé á þingfundi meðan á þeim framboðsfundi stendur þar sem ég geri ráð fyrir að m.a. hæstv. forseti Alþingis verði viðstaddur á Ísafirði.

[15:03]

Forseti (Þuríður Backman):

Fyrr í dag var það borið upp hvort heimilt væri að halda þingfundi áfram eftir kvöldmat og það leyfi var veitt. Ég tel rétt að við hefjum þennan fund og umræðurnar og metum það svo aðeins fram eftir degi hvernig okkur gengur að halda dagskránni. Forseti hefur hlustað á ósk hv. þm. Sturlu Böðvarssonar um að taka hlé meðan á sjónvarpsútsendingu stendur og það verður skoðað þegar líður á daginn.

[15:04]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég treysti því að forseti skoði það með miklum velvilja. Það er komið fordæmi fyrir því að gera slíkt hlé og ég treysti því að það sé jafnframt gert þegar sjónvarpað er frá fundum sem eru á landsbyggðinni. Við reiknum með því að hlé verði gert og forseti taki það til vinsamlegrar athugunar að tilkynna það strax þannig að við vitum af því að þannig verði því háttað.

[15:05]

Forseti (Þuríður Backman):

Eins og forseti sagði er rétt að meta það hvernig umræðan gengur er líður fram á daginn. Forseti hefur hlustað á þá ósk að gera hlé á meðan þessi útsending stendur og við metum það þegar líður á daginn.

[15:05]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka forseta fyrir að ætla að taka þessa ósk mína til skoðunar. Ég tel að það hljóti að vera fullkomlega eðlilegt að þingmenn sem eru bundnir af framboðsfundi vestur á Ísafirði þurfi ekki að vera viðstaddir fund hér akkúrat á meðan sá fundur stendur yfir því að við höfum skyldum að gegna í þinginu eins og bent var á hér, hv. þm. Katrín Júlíusdóttir kallaði það fram í. Ég legg mikla áherslu á að þetta er stefnumarkandi ákvörðun. Gert var hlé á þingfundi meðan formenn flokkanna voru í sjónvarpsþætti. Mér þætti það fullkomlega óeðlilegt gagnvart Norðvesturkjördæmi að halda úti þingfundi hér á meðan framboðsfundur er vestur á Ísafirði. Þess vegna legg ég áherslu á það, hæstv. forseti, að þessari ósk verði vel tekið.

[15:06]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Mér heyrist á viðbrögðum forseta að hún ætli að taka þessum tilmælum vel og verða við því að fresta þingfundi meðan þessar umræður fara fram. Ég tók eftir því áðan að forseti þingsins, Guðbjartur Hannesson, var farinn úr húsi klukkan rúmlega þrjú til þess að vera viðstaddur og taka þátt í þessum umræðum.

Ég vil hins vegar benda hæstv. forseta á að það væri ágætt að fá upplýsingar um það núna strax hvernig forseti hyggst haga fundi vegna þess að hér eru fleiri hv. þingmenn að störfum en einungis hv. þm. Guðbjartur Hannesson. Níu eða tíu hv. þingmenn sem koma úr Norðvesturkjördæmi annaðhvort þurfa eða vilja mæta á þennan fund til að hitta kjósendur og fylgjast með umræðum. Það er um langan veg að fara þannig að þeir hv. þingmenn sem vilja taka þátt í sömu kosningabaráttu og forseti Alþingis (Forseti hringir.) þurfa töluverðan tíma til að koma sér (Forseti hringir.) á fundarstað. Ég bið hæstv. forseta um að taka tillit til þess.

[15:08]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég er undrandi á því að forseti geti ekki tekið af skarið með þetta. Það var mjög óþægilegt þegar umræða var hér síðdegis á föstudaginn og forseti úrskurðaði þá þótt flutningsmenn þessarar tillögu um breytingu á stjórnarskránni væru ekki hér og væru að búa sig undir sjónvarpsþátt að umræðu skyldi haldið áfram. Og við sættum okkur í sjálfu sér við það. En það hefði engum dottið í hug á þeirri stundu að það væri einhver vafi um að fundir yrðu haldnir hér í þinginu um leið og þessi þáttur hefði hafist. Það var ekki svo og á ekki að vera svo. Ég óska eftir því að hæstv. forseti úrskurði strax þannig að þingmenn átti sig á því hvernig unnt er að standa að þessu máli.

[15:09]

Forseti (Þuríður Backman):

Eins og forseti nefndi strax í upphafi þegar ósk kom fram um að hafa hlé meðan á beinni sjónvarpsútsendingu stendur þá vill forseti fá að meta það aðeins fram eftir degi hvernig umræður ganga í dag. En þess ber að geta að gert er ráð fyrir kvöldverðarhléi á milli klukkan 7 og 8 vegna nefndafunda og ég tel rétt að það hlé verði skoðað með tilliti til nefndafundanna og þeirra óska sem hér liggja frammi.

[15:09]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég heyri að forseti vill taka vel í þessar ábendingar okkar í þinginu en hún vék ekki að því atriði sem ég nefndi hér. Ég nefndi það að þessi mikli framboðsfundur sem forseti Alþingis, Guðbjartur Hannesson, er nú á leiðinni á fer fram á Ísafirði. Fleiri þingmenn úr því kjördæmi sitja á þingi og vilja ræða þau mál sem hér eru til umfjöllunar en jafnframt fara á fundinn. Þessir hv. þingmenn eiga réttmæta kröfu til þess að fá upplýsingar um hvernig forseti hyggst halda fundarstörfum áfram til að þeir geti gert sínar áætlanir. Þeir þurfa auðvitað ákveðinn tíma til að koma sér á fundarstað og ég veit að hæstv. forseti sem nú situr í forsetastóli hefur skilning á því, enda kemur hæstv. forseti úr stóru og víðfeðmu kjördæmi og veit að oft er um langan (Forseti hringir.) veg að fara á fundarstað. Ég óska eftir viðbrögðum við þessum athugasemdum.

[15:11]

Mörður Árnason (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég er nú ýmsu vanur en hef þó satt að segja aldrei heyrt annan eins málflutning og nú er uppi hafður hjá hv. þingmönnum Birni Bjarnasyni, Sigurði Kára Kristjánssyni og fleirum, að vegna þess að það er fundur á Ísafirði þar sem fulltrúar framboðanna koma fram, ætli það séu ekki fulltrúar fimm framboða frá þingflokkum hér á þinginu, þá eigi þingið að stöðvast. Já, þá á bara þingið að stöðvast. Það á ekki að stöðvast þegar fundurinn stendur yfir. Nei, það verður að reikna með öllum fundartímanum og sennilega væntanlega bifreiðaakstri alveg vestur á Ísafjörð eða að menn fari á hestum eða skíðum. (Gripið fram í.) Ég spái því að það næsta verði það að þegar Reykjavíkurmótið í knattspyrnu hefst verði Sigurður Kári Kristjánsson að fá frí til þess að fara á Fram-leikina og útvega mér frí til að fara á KR-leikina. Næst þegar menn fara í saumaklúbb, þegar hv. þm. Björn Bjarnason fer næst í saumaklúbb krefjist hann þess af forseta að þingið verði stöðvað. (Forseti hringir.) Hættum nú þessum kjánaskap, (Forseti hringir.) góðir þingmenn.

[15:12]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Þetta var nú með því ótrúlegra sem ég hef heyrt hér í þinginu. Lýðræðislegur framboðsfundur og umræður í Alþingi eru bornar saman við íþróttakappleiki og saumaklúbba.

Hæstv. forseti. Ég held satt að segja að taka þurfi það til verulegrar athugunar hvernig þingmenn tala hér úr ræðustóli Alþingis. Auðvitað dæmir þessi málflutningur sig sjálfur og dæmir að sjálfsögðu þann hv. þingmann sem leyfði sér að tala með þessum hætti.

[15:13]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér þótti þessi umræða mjög athyglisverð. Ég vil því kannski leggja hér gott eitt til ef það er svo að þingmenn Norðvesturkjördæmis eiga mjög erfitt með ýmist að komast vestur á Ísafjörð eða ná ekki að taka þátt í þeirri umræðu sem þar fer fram eða fylgjast með henni. Nú veit ég að mælendaskrá er nokkuð löng, síðast þegar ég vissi voru um 26 á mælendaskrá. Verði umræðu ekki lokið á þeim tíma þegar fundurinn fer fram geri ég það að tillögu minni, virðulegi forseti, að við reynum þá að hliðra þannig til, ef það gerist að þingmaður úr viðkomandi kjördæmi er næstur á dagskrá að leyfa þingmönnum úr öðrum kjördæmum að tjá sig á þeim tíma svo ekki komi til þess að þingmenn úr þessu kjördæmi missi af þessum þætti. (Forseti hringir.) Þetta vildi ég leggja til þannig að við gætum náð góðri sátt um þetta og mundum ekki trufla starfsemi (Forseti hringir.) í viðkomandi kjördæmi.

[15:14]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti leggur nú áherslu á að við hefjum umræðuna um 2. dagskrárlið.

[15:15]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Stjórnarskráin er sem kunnugt er æðsta réttarheimild Íslands og yfir önnur lög hafin. Því nýtur hún meiri verndar en almenn lög og erfiðara er að breyta henni en öðrum lögum. Stjórnarskráin þarf að vera stöðug og standast pólitískar sviptingar. Sátt þarf að nást um allar stjórnarskrárbreytingar.

Nú eru til umfjöllunar veigamiklar og umdeildar breytingar á stjórnarskrá Íslands. Um slíkar breytingar þarf að fjalla á faglegan og ítarlegan máta. Fyrir nákvæmlega mánuði síðan, þann 6. mars sl., flutti hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, okkur framsögu um frumvarp það sem við ræðum nú, frumvarpið leit því dagsins ljós fyrir einum mánuði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sett verði ákvæði í stjórnarskrá um þjóðareign á auðlindum, ákvæði um skilyrði fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu, ákvæði um breytingar á stjórnarskrá, til að auðvelda þær, og ákvæði um stjórnlagaþing. Það má gagnrýna frumvarpið út frá mörgum sjónarhornum, t.d. aðferðafræðilega, pólitískt og málefnalega.

Ef við lítum á aðferðafræðina þá mælti hæstv. forsætisráðherra fyrir frumvarpinu fyrir einum mánuði. Nefndin fékk svo frumvarpið í hendur þann 11. mars. Fyrsti fundur nefndarinnar var þann 13. mars. Umsagnarfrestur til umsagnaraðila var til 20. mars og málið var afgreitt úr nefnd þann 30. mars. Þannig má sjá ef við skoðum aðferðafræðilega nálgun að málið fékk um það bil 17 daga í nefnd og það voru, að mér skilst, 11 fundir. Ég ætla að fjalla aðeins síðar um aðferðafræðilega nálgun og þá skoðun mína að það eigi að nota akademísk vinnubrögð, vísindaleg vinnubrögð, bestu vinnubrögð sem þjóðir heims þekkja í dag þegar svo veigamikil atriði eru rædd sem stjórnarskrárbreytingar eru.

Í öðru lagi er hægt að skoða þetta pólitíska sjónarhorn á málin. Mig langar að vitna í og geri það, með leyfi hæstv. forseta, nefndarálit minni hluta sérnefndar um stjórnarskrármál þar sem aðeins er dreypt á því pólitíska máli. Ég ætla annars ekki að gera það að umfjöllunarefni en mig langar til að bera aðeins niður í upphaf þessa nefndarálits:

„Við meðferð þessa máls hefur verið gengið gegn þeirri venju að undirbúa breytingar á stjórnarskrá á þann veg að

leitað sé samstöðu allra flokka. Þá hefur verið haldið þannig á málinu í sérnefnd um stjórnarskrármál að tillögu minni hluta nefndarinnar um leið til sátta í henni hefur verið hafnað. Á síðasta fundi sérnefndarinnar lýsti formaður hennar því einfaldlega yfir að tími sátta væri liðinn. Minni hluti sérnefndarinnar gagnrýnir þessa málsmeðferð harðlega og telur hana eina svo ámælisverða að vísa beri frumvarpinu frá að lokinni 2. umræðu um málið og flytur hér tillögu um það."

Enn fremur segir:

„Minni hlutinn telur einsýnt að þessa flausturslegu aðferð við afgreiðslu frumvarpsins megi rekja til pólitískra aðstæðna, sem sköpuðust við myndun minnihlutastjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur þegar Framsóknarflokkurinn féllst á að verja hana vantrausti gegn því að ákveðið yrði með breytingu á stjórnarskrá að afsala Alþingi stjórnarskrárvaldinu og afhenda það stjórnlagaþingi. Minni hlutinn er eindregið andvígur því að þannig sé vegið að valdi og áhrifum Alþingis." — Og það er ég líka.

Einnig má gagnrýna frumvarpið málefnalega og ég ætla að koma að því aðeins síðar.

Aðferðafræðin sem lýðræðisríkin nota almennt við breytingar á stjórnarskrá eru venjulega bundin í stjórnarskrám þeirra. Í stjórnarskrá okkar er það bundið í 79. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög."

Í Bandaríkjunum er því þannig farið að bæði fulltrúadeild Bandaríkjaþings sem og öldungadeild þurfa með tveimur þriðja hluta atkvæða að samþykkja umræddar stjórnarskrárbreytingar en auk þess er kveðið á um að langur tími líði til að tryggja að menn séu almennt sáttir við breytingarnar. Í bandarísku löggjöfinni eru líka flóknari atriði sem ég ætla ekki að fara út í. Ef við skoðum löggjöf í Evrópu er það nokkurn veginn þannig að í eldri lýðræðisríkjum er það tryggt að ekki sé hægt að breyta stjórnarskránni nema eftir umtalsverða vinnu, gagnrýni, upplýsingar og jafnvel kosningar. Því má eiginlega segja að þetta atriði og aðferðafræðin sem tengist því hvernig við stöndum nú að þessu máli, þ.e. ekki við heldur minni hlutinn, þ.e. ríkjandi stjórn, sé ekki í takt við þá lýðræðishefð sem er í Evrópu. Ég á sæti í Evrópuráðsþinginu. Þar eru þrjú meginhugtök til grundvallar öllu starfi, það eru mannréttindi, lýðræði og lögræði, þ.e. „rule of law".

Þau tvö ár sem ég hef setið í Evrópuráðsþinginu hef ég áttað mig á að það skiptir svo miklu máli hvernig við umgöngumst stjórnarskrána okkar, hvernig við umgöngumst lýðveldið og lýðræðið. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það en mér er til efs að gömul lýðræðisríki — af því að ég vil flokka okkur með þeim, þar sem er sterk lýðræðishefð — standi að stjórnarskrárbreytingum í takt við það sem við erum að upplifa núna. Ég fann þess engin dæmi, ekki nokkur dæmi að lýðveldi sem við viljum bera okkur saman við standi svona að málum.

Mig langar að fjalla örlítið um stjórnarskrána. Sem kunnugt er var stjórnarskráin samþykkt 1944, 17. júní á Þingvöllum. Henni hefur verið breytt sjö sinnum oftast vegna kjördæmaskipunar og einhverjum skilyrðum kosningarréttar. Veigamestu breytingarnar má kannski telja þær sem voru gerðar 1991 og 1995. Frá árinu 1991 starfar Alþingi í einni deild en ekki tveimur og 1995 voru gerðar umfangsmiklar breytingar þegar mannréttindakafli stjórnarskrárinnar var endurskoðaður. Stjórnarskráin hefur sjö kafla. Ég er hér með eintak og það sést að það eru ekki of mörg orð. Þetta eru 18 blaðsíður í litlu broti. Í þessari stjórnarskrá okkar sem ég trúi að öllum þingmönnum sé kær eru sjö kaflar.

Í I. kafla er kveðið á um að Ísland skuli vera lýðveldi og stjórnin þingbundin og það skuli vera þrískipting ríkisvalds.

Í II. kafla er fjallað um forseta Íslands og skyldur hans sem hann í raun og veru lætur ráðherrum eftir að framkvæma þannig að vald forseta færist yfir á ráðherra og þar er fjallað um ráðherraábyrgð.

Í III. kafla er fjallað um kjördæmaskipan, kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis.

Í IV. kaflanum er fjallað um störf Alþingis, um nokkur atriði sem ekki má framkvæma nema með lagasetningu og um réttindi og skyldur þingmanna.

Í V. kafla er fjallað um dómsvaldið.

Í VI. kafla um trúmál á Íslandi.

Í VII. kafla er fjallað um mannréttindamál og um rétt hvers þess sem staddur er í landinu, um tjáningarfrelsi og fleiri atriði.

Þetta er stjórnarskráin sem við þingmenn sórum öll eið að að standa vörð um og ég tel mig í ræðustóli í dag vilja standa vörð og ég er að standa vörð um stjórnarskrána. Henni á ekki að breyta á þann hátt sem hér er verið að reyna að gera.

Ég get sagt það þótt ég teljist engan veginn lögfróð eða lögvitur í þeim skilningi að ég sé fræðilega menntuð á því sviði, að ég er búin að kynna mér þær 27 umsagnir sem bárust nefndinni sem hefur starfað undir forustu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur og þeir aðilar sem gáfu umsagnir, 27 aðilar, eiga það sameiginlegt að þeir telja flestir að ýmsu sé ábótavant, bæði í aðferðafræðinni og framsetningunni. Það er ágreiningur um það hversu brýnt sé í raun að keyra málið í gegn. Einnig má telja það vafasamt að fyrstu þrjár greinarnar í frumvarpinu geti ekki beðið stjórnlagaþings sem ráðgert er í 4. gr.

Í sambandi við þær umsagnir sem bárust nefndinni eru mörg álitamál og mörg túlkunaratriði í þessu frumvarpi samkvæmt þeim. Það má eiginlega flokka neikvæðar umsagnir, þ.e. ábendingar umsagnaraðilanna í brennt. Flestir komu með þá athugasemd að hér væri of skammur tími, þetta væri flýtimeðferð og það væri ekki unnt að svara og gefa umsögn þannig að það væri hægt að fullvinna hana. Í öðru lagi kom fram skýrt í áliti margra að orðanotkun, hugtakanotkun er oft og tíðum loðin og óljós og það þarf að skilgreina lykilhugtök. Svona óljós og loðin ákvæði eiga ekki heima í stjórnarskrá Íslands.

Í þriðja lagi er um að ræða að stjórnarskrárbreytingarnar eigi að gera í sátt. Þegar ljóst er að a.m.k. 40% þingmanna, og ég leyfi mér að fullyrða að margir þeirra sem eru lagamenntaðir eða lögfræðimenntaðir af þeim þingmönnum

sem ekki eru í Sjálfstæðisflokknum hljóta að hafa hnút í maganum núna. Sú vinna sem hér hefur verið unnin getur ekki samrýmst fræðigrein þeirra og það að við skulum ræða þetta frumvarp núna með svo stuttum aðdraganda. Eins og fram kom áðan er einn mánuður síðan hæstv. ráðherra, forsætisráðherra, mælti fyrir frumvarpinu. Við erum samt að ræða frumvarpið í ósátt við yfir 40% þingheims og alveg örugglega hafa margir þeirra, leyfi ég mér að fullyrða, ekki tjáð sig um það vegna þess að hringlandaháttur og ótrúverðugleiki eru hliðarafurð þess að ætla með svo skömmum tíma að keyra eitthvað í gegn. Óvönduð vinnubrögð eru ósásættanleg þegar um er að ræða stjórnarskrárbreytingar. Stöðugleiki í stjórnarframkvæmd, ábyrgð, traust, virðing og festa fyrir mannréttindum og eignarrétti og stjórnarskrá skipta sköpum fyrir öll lýðræðissamfélög. Það þarf að skapa nauðsynlegt öryggi og því þarf að vinna heiðarlega, trúverðugt og af festu.

Í frumvarpinu eru einnig tvær meginrökvillur sem eru afskaplega fáránlegar. Sú fyrri er þessi flýtimeðferð málsins og það að lýðræðisumbætur sem slíkar eigi að fara í gegn með ólýðræðislegum vinnubrögðum. Þessu tengt er náttúrlega líka að nú á að breyta þremur ákvæðum í stjórnarskránni en 4. gr. frumvarpsins gerir síðan ráð fyrir að stjórnlagaþing komi strax í kjölfarið og þar með verði mögulega breytingar á þeim ákvæðum sem verið er að ná breytingum í gegn á. Það er einhver rökvilla í því að í 4. gr. þarf að núlla allt út sem áður er sagt, í raun og veru. Það er ósætti annars vegar og svo að þrjú fyrstu ákvæðin um breytingar á stjórnarskránni eru í hróplegu ósamræmi við þetta stjórnlagaþing, svokallað.

Ég gæti vitnað í einstaka umsagnir en mig langar að lesa aðeins úr, með leyfi forseta, umsögn sem barst frá laganefnd Lögmannafélags Íslands. Þar stendur:

„Laganefnd telur ákveðna þversögn felast í því að gera efnisbreytingar á stjórnarskránni og á sama tíma koma á fót stjórnlagaþingi sem á að semja nýja stjórnarskrá. Er vandséð að framangreindar breytingar geti haft það mikið gildi á meðan stjórnlagaþing er að störfum en samkvæmt frumvarpinu á stjórnlagaþing að ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011. Ljóst er að sá tími er í sjálfu sér ekki mjög langur miðað við efni ákvæðanna sem um ræðir."

Enn fremur kemur fram í bréfi frá laganefnd lögmannafélags Íslands:

„Að mati laganefndar eru þær breytingar á stjórnarskránni sem boðaðar eru með frumvarpinu í raun grundvallarbreytingar. Laganefnd áréttar mikilvægi þess að allar breytingar á stjórnarskránni séu gerðar að vel athuguðu máli og í mikilli sátt allra aðila, ekki síst þegar um grundvallarbreytingu er að ræða. Er það afstaða laganefndar að framangreindar breytingar þurfi frekari athugunar við og leggst nefndin af þeim sökum gegn samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fyrir."

Svo mörg voru þau orð.

Meðan ég er að skoða gögnin mín vil ég líka nefna það að til dæmis Davíð Þór Björgvinsson, sem starfar við mannréttindadómstólinn í Strassborg, gagnrýnir það að hafa ekki þann tíma sem til þarf til þess að ígrunda frumvarpið. Honum er gert að skila þann 20. mars áliti sínu en fær til þess örfáa daga. Það er allt of skammur tími. Hann rekur líka þessa óljósu hugtakanotkun og þann misskilning sem hún getur valdið.

Sigurður Líndal skrifar greinargerð og líkt og Davíð Þór Björgvinsson bendir hann á óljósa merkingu orða og hugtaka. Hann bendir líka á spurningu sem er í raun grundvallarspurning: Hvernig virkar svona stjórnlagaþing annars? Og orðrétt segir Sigurður Líndal:

„Annars get ég ekki dulið þá skoðun mína að ólíklegt sé að þing skipað 41 manni valdi þessu verkefni. Líklegast að þingið þróist yfir í eins konar umræðufund og þrætusamkomu sem sökkvi niður í deilur sem engu skili. Vænlegra væri að fá lítinn hóp valinkunnra manna sem njóta almenns trausts til að setja saman tillögu að stjórnarskrá. Hana mætti bera undir stjórnlagaþing sem hefði skýrt afmarkað hlutverk og að lokum gengi hún til þjóðaratkvæðis."

Sigurður Líndal lýkur sinni álitsgerð með eftirfarandi setningu:

„Auk reglna verður ávallt að halda í heiðri það sem ef til vill má kalla stjórnfestusiðgæði."

Ég ætla ekki að lesa upp úr fleiri álitum eða umsögnum heldur árétta það sem kom fram áðan að þeir sem sendu inn umsagnir til nefndarinnar voru ósáttir, kannski ekki upp til hópa en að mestu leyti voru þeir ósáttir, afar ósáttir margir hverjir. Því vekur það furðu að nefndin skuli ekki hafa kosið að fjalla betur efnislega um það sem bent var á, um þau atriði sem betur mættu fara. En mér skilst að nefndin hafi ekki kallað til sín þessa sérfræðinga og það má eiginlega segja að hún hafi hundsað þeirra umsagnir og til hvers að veita Alþingi umsagnir sem eru hundsaðar?

Það er stórhættulegt að samþykkja frumvarpið eins og það er. Það býður upp á vafasaman dans. Fyrst eru það öll óljósu hugtökin í 1. gr. og í fleiri greinum og svo kemur maður að stjórnlagaþinginu og maður veltir fyrir sér hver sé raunveruleg staða stjórnlagaþings gagnvart Alþingi, eða hitt, hver sé raunveruleg staða Alþingis gagnvart stjórnlagaþingi. Það má leika sér með þessar spurningar og spyrja hvað ef. Hvað ef Alþingi ákveður að hætta við stjórnlagaþing á næsta kjörtímabili vegna þess að spádómar Sigurðar Líndals rættust ef til vill? Hvað þá? Og hvað ef stjórnlagaþing ákveður að segja bara upp Alþingi, að slíta Alþingi og hafa eitthvað annað fyrirkomulag? Þetta eru svona öfgar hvað-ef-spurninganna. En það má spyrja: Hvað ef? Og niðurstaða mín er: Ég skil engan veginn stöðu stjórnlagaþingsins eins og hún er hugsuð gagnvart Alþingi, gagnvart framkvæmdarvaldinu, gagnvart dómsvaldinu, gagnvart heildarmyndinni. Ég skil vel að það skuli vera kallað á stjórnlagaþing. Ég er til dæmis fylgjandi því að hér verði ráðgefandi stjórnlagaþing vegna þess að það er bara tímabært að endurskoða stjórnarskrána. Ég er algjörlega sannfærð um það. En þá kemur að akademísku vinnubrögðunum og því hvernig skuli staðið að svona viðamiklum breytingum á stjórnarskránni. Það má velta fyrir sér alls konar aðferðarfræði en akademían og vísindin hafa kennt okkur hvernig beri að haga sér í svona viðamiklum verkefnum. Mér finnst tími til kominn að þingið taki sér til eftirbreytni þá þekkingu sem hefur skapast meðal mannkyns á undanförnum öld og ekki síður á undanförnum áratugum í vísindaheiminum. Þar er rækilega fjallað um aðferðafræði og þá kemur aftur að þessum aðferðafræðilegu gagnrýnisröddum og fyrir mig

er það aðalgagnrýnisröddin.

Ég get ekki og má ekki til þess hugsa að stjórnarskrárbreytingar séu boðaðar með óvönduðum vinnubrögðum. Vinnubrögð í akademískum skilningi sem taka einn mánuð eru eiginlega bara skilgreiningunni samkvæmt óvönduð. Það þýddi lítið að koma og mæta með doktorsritgerð upp á höndina sem ekki er búið að útfæra, gera tillögur um, útlista aðferðafræðina og svo framvegis, heldur bara slengja henni fram. Sá sem les slíka doktorsritgerð sér strax að viðkomandi hefur ekki kynnt sér málið, hefur ekki leitað umsagnar, hefur ekki sett sig inn í heim þeirrar vísindagreinar sem viðkomandi skrifaði í.

Akademísk vinnubrögð kalla á öflun upplýsinga. Þau kalla á tillögu um aðferðafræði og efnistök sem byggja á því sem best þekkist til dæmis í gömlum og rótgrónum lýðræðisríkjum sem þykja standa vel í lýðræðishefðinni. Það var nefnilega ekki fyrr en ég var þátttakandi í Evrópuráðsþinginu að ég áttaði mig á því að við Íslendingar erum ekki komin svo ýkja langt og við verðum að átta okkur á því að við höfum margt að læra og þar getum við örugglega lært af öðrum hvernig beri að standa að stjórnarskrárbreytingum.

Síðan mundi ég í aðferðafræðinni sem þriðja lið velja einstaklinga og undirbúa tillögur að stjórnarskrárbreytingum með þeim einstaklingum, vinna eftir þessari aðferðafræði og gefa til þess að minnsta kosti sex mánuði og helst heilt ár. Þá mundu koma fram fyrstu drög að breytingum á stjórnarskrá, fyrstu drög að frumvarpi sem þó yrði ekki lagt fram heldur fyrstu hugmyndir, eftir eitt ár. Síðan yrði að fá víðtæka umræðu um slík drög.

Í sjöunda lagi yrði að taka inn breytingartillögur sem fást þá væntanlega í slíkri umræðu. Þetta er lýðræðislegt. Umræðan á að vera við almenning í landinu, hún á að vera við virtustu fræðimenn á sviði stjórnarskipunarlaga. Umræðan á að vera við alla þá sem málið er kært og eru viðkomandi málinu. Eftir það er kominn tími til að semja frumvarp sem lagt yrði fyrir á Alþingi. Slíkt frumvarp þyrfti að ræða og kynna og ná sáttum um, já, sáttum. Það er eitt grundvallaratriðið í lýðræðishefðinni, þ.e. að minni hlutinn má ekki sitja undir því að meiri hlutinn kúgi þegar minni hlutinn er 40% þingheims og 60% reyndar tæplega, sumir af fullum huga, aðrir af hálfum huga og örugglega eru enn aðrir sem vita betur heldur en að fara í gegn með mál sem hefur fengið einn mánuð.

Þegar minni hlutinn er kúgaður þá getum við ekki talað um lýðræðisríki, ekki í skilningi Evrópuráðsins, ekki í mínum skilningi eftir að ég hef setið marga þeirra fundi, ekki mínum skilningi eftir að ég skil lýðræðið betur hafandi setið á þessu þingi í tvö ár. Það þarf að vega og meta hvert orð. Hugtakanotkun þarf að vera algjörlega skýr. Það þarf líka að skýra samhengi hugtakanna með skýrum rökum á fræðilegum grunni.

Ég er ekki mótfallin því að stjórnarskránni verði breytt. Ég er algjörlega fullviss um að það þarf að breyta ýmsu sem varðar stjórnarskrána og líka sem varðar íslensk lög og framkvæmd laga. Það þarf að breyta ýmsu hvað varðar störf Alþingis. Það þarf að efla og treysta þingmenn og þingheim þannig að fulltrúar þjóðarinnar fái að sinna sínu hlutverki. Kerfið hér þarf að skoða gagngert. En það er eðlilegt og sjálfsagt og þannig á það að vera í lýðræðisríkjum að það á að endurskoða stjórnarskrána. Það á að endurskoða vinnubrögð og það á að endurskoða verklag.

Lýðræðið þarf að þróast og gott dæmi er breytingin sem varð á stjórnarskránni árið 1995 þegar umfangsmiklar breytingar áttu sér stað þegar mannréttindakaflinn var skrifaður og samþykktur samhljóða og án ágreinings. Við þurfum að efla þingið og við þurfum að endurskoða stjórnarskrána. Við þurfum að efla þingið og síðan fylgja eftir þeim breytingum með heildarendurskoðun á starfsemi löggjafans og framkvæmdarvaldsins. Ég er því ekki á móti breytingum nema síður sé.

Mér finnst sorglegt að nú í dag, 6. apríl 2009, skulum við enn ekki fallast á það að einn mánuður sé of skammur tími til þess að breyta stjórnarskránni. 17 dagar í nefnd eru of skammur tími til að breyta stjórnarskránni. Ég held að við verðum öll að á átta okkur á þessu. Það er ekki vegna þess að einhver vilji vera með útúrsnúning eða málþóf nema síður sé og ég mundi kannski teljast ein af þeim sem væri síst af öllu með málþóf í þessu þingi.

En við verðum að standa vörð um stjórnarskrána. Það er algjörlega óverjandi að samþykkja þetta frumvarp. Ég óska þess innilega að það verði lagt til hliðar, að heiðarleiki og trúverðugleiki verði hafður að leiðarljósi við breytingar á stjórnarskrá og að slíkar breytingar verði bara á næstu árum og virkilega vel unnar, vonandi á næstu tveim, þrem árum.

Virðulegi forseti. Sú ríkisstjórn sem nú starfar hafði einsett sér að leitast við að hafa víðtækt samráð við sveitarfélög, aðila vinnumarkaðarins og almenning í landinu eins og segir í verkefnaskrá ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þetta er fallegt markmið og ég held að allar ríkisstjórnir eigi að hafa slíkt, að leitast við að hafa víðtækt samráð við sveitarfélög, aðila vinnumarkaðarins og almenning í landinu. Þetta mál er dæmi um hið gagnstæða. Ég ætla líka að nefna annað lítið dæmi sem hefur kannski ekkert með stjórnlagaþing að gera beinlínis. En það vill svo til að sú ákvörðun var kynnt að kjósa til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningum. Þetta var gert án samráðs við sveitarstjórnarmenn víðs vegar um land. Þeir fréttu þetta í gegnum fjölmiðlafólk eins og heyrst hefur.

Ríkisstjórnin þarf að vera trúverðug í þessu. Hún þarf að beita sér fyrir því að ná sáttum. Ég held að það hafi verið vonlaust verkefni að ætla að ná sáttum um stjórnarskrárbreytingar á einum mánuði. Það verk er óhugsandi. Ekki nokkur maður sem ég þekki er svo fróður og svo vel að sér að geta staðið að slíkum breytingum þannig að þær megi verða í sátt. Það kemur því ekkert á óvart að það frumvarp sem við ræðum skuli ekki vera þannig að hægt sé að ná sátt um það.

Ég lýsi mig eindregið á móti frumvarpinu eins og það leggur sig. Ég lýsi mig eindregið fylgjandi stjórnarskrárbreytingum. Ég vil hafa vinnubrögðin öguð, vönduð, akademísk, byggð á fræðilegum aðferðum og vísindalegri aðferðafræði.

Í leiðara *Fréttablaðsins* frá því á föstudaginn var, þann 3. apríl, skrifar ritstjórinn Þorsteinn Pálsson:

„Sá háttur að umsagnir séu veittar um lagafrumvarp er í þágu fólksins í landinu. Hann er málefnaleg vörn þess gegn

ofríki framkvæmdarvaldsins. Hefði ríkisstjórnin hlustað á þær athugasemdir sem Alþingi hafa borist er eins víst að ná hefði mátt sátt um bæði vandaðri og skjótvirkari framgang stjórnarskrárbreytinganna en raun verður á.“

Þeir sem þekkja til og hafa tjáð sig um þetta mál hafa vissulega bent á að þetta er í raun og veru ekki hægt að samþykkja. Því dáist ég að sjálfstæðismönnum í dag. Ég dáist að því að þrátt fyrir það að lýðskrumarar hafi gert úr þessu mál sem beint er gegn Sjálfstæðisflokknum — lýðskrumarar sem segja: Sjálfstæðisflokkurinn er á móti þjóðaratkvæðagreiðslu. Sjálfstæðisflokkurinn er á móti stjórnlagaþingi og aðkomu fólksins í landinu. Sjálfstæðisflokkurinn er á móti hinu og þessu. Ekkert slíkt er til umræðu. Sjálfstæðisflokkurinn er á móti óöguðum og óvönduðum vinnubrögðum. Sjálfstæðisflokkurinn er á móti þeirri kúgun sem nú er verið að beita og Sjálfstæðisflokkurinn er tilbúinn að standa vörð um stjórnarskrá Íslands.

Ég tilheyri stolt þeim flokki sem er tilbúinn að fara í þær umræður um stjórnarskrána sem verða vonandi til þess að málið falli niður, að málið verði tekið upp að kosningum afstöðnum sem eðlilegt má þykja, að málið fari ekki hér í gegn, svo óreifað og illa ígrundað sem það er, vegna þess að pólitískt var ákveðið að einn flokkurinn fengi þetta, annar flokkurinn hitt, og í hrossakaupum er stjórnlagaþingið, sem framsóknarmenn lögðu svo mikla áherslu á, orðið heilagt og ekki hægt að ræða það neitt. Kannski vegna þess að núverandi ríkisstjórn hefur ekki alveg staðið við það sem Framsóknarflokknum fannst vera lofað heldur farið út í að setja til hliðar áherslumál Framsóknarflokksins. Nú er eitt haldreipi eftir, það er 4. gr. þessa frumvarps um stjórnlagaþingið og það má undir engum kringumstæðum svíkja það.

Það er þess vegna sem við sitjum hér dag eftir dag og ræðum málin frekar en að haga okkur eins og lýðræðisríki ber að haga sér. Mér finnst bragurinn á þessu máli vera af síðustu sort. Mig langar ekki að segja orðið bananalýðveldi en það er einhvern veginn ofarlega í huga mér. Hver fer út í stjórnarskrárbreytingar örfáum dögum, örfáum vikum fyrir kosningar? Hvaða þjóðir gera það í ósátt við 40% þingheims? Ég þekki ekki slík vinnubrögð. Ef ég væri yfirmaður á þessum stað mundi ég nú aldeilis reka fólkið til heimahúsanna og biðja það um að vanda vinnubrögðin og átta sig á því að aðferðafræðin sem á að nota í svona máli er allt annars eðlis en sú aðferðafræði sem notuð er hér.

Ég hlýt að lýsa mig algjörlega andvíga þessu frumvarpi eins og áður sagði og vonast til þess að fólkið í landinu skilji að Sjálfstæðisflokkurinn er að standa vörð um grundvallarlýðræði.

Þegar breytingar koma svona óígrundaðar er hugtakanotkunin óljós. Hvað þýðir það þegar fram í sækir? Hvernig á að dæma í málum? Hvernig á fólk að hegða sér? Hvaða misskilningi veldur svona óljós hugtakanotkun? Ég sagði í upphafi máls míns að ég væri ekki lögfróð í þeim skilningi að ég hefði lært lögfræði. Ég er ekki fræðilega menntuð í lögfræði. En ég ber þó, held ég, eins og flestir Íslendingar skynbragð á það að sumt gerir maður ekki. Þetta er eitt af því sem hvílir illa í iðrum mínum, ég bara geri ekki svona.

Mér finnst sárt að sjá hv. þm. Atla Gíslason, sem ég veit, og hef fundið á eigin skinni, að er þannig maður að hann vill ekkert nema vönduð og ögguð vinnubrögð — ég hef séð hann vinna þannig og ég ber mikla virðingu fyrir honum. En ég skil ekki svona vinnubrögð. Hvað er hægt að gera, virðulegi forseti, þegar svona er ástatt? Hvað er hægt að gera annað en að standa hér og mótmæla. Ég veit að ég mæli fyrir munn allra sjálfstæðismanna þegar ég segi: Vér mótmælum allir. Það er einhver lítill maður inni í hv. þm. Atla Gíslasyni sem segir honum að þetta sé ekki skynsamlegt. Þetta er ekki aðferðafræðin sem hann mundi vilja sjá við að breyta stjórnarskrá Íslands.

Ég hlýt að tala fyrir munn fleiri þingmanna. Ég veit ekki með hv. þm. Mörð Árnason. Mér er það alveg hulin ráðgáta hvernig hans aðkoma að málinu er. En ég veit alla vega um Atla Gíslason og ég tel mig vita það um fleiri hv. löglærða þingmenn að þetta getur ekki setið vel í þeim. Búnir að verja miklum tíma í sína fræðigrein, sem námsmenn og seinna praktíserandi lögfræðingar og núna þingmenn. Ég á bágt með að sjá að þessir aðilar skuli standa að því að ætla að breyta stjórnarskrá Íslands með þeim vinnubrögðum sem við verðum nú vitni að.

Ég hvet þessa þingmenn, sem ég veit nú ekki hverjir eru — ég hlýt að tala fyrir munn hv. þm. Atla Gíslasonar að einhverju leyti. Hann ætlar væntanlega að skýra það. En ég vona að þetta mál verði reifað og ígrundað. Aðferðafræðin verði skipulögð og við fáum að njóta þess að sjá nýja stjórnarskrá sem við getum öll verið sátt við og öll stolt af. Ég ætla að spá því að slík stjórnarskrá líti dagsins ljós einhvern tímann á næsta kjörtímabili. Ég læt þar með ræðu minni lokið.

[15:54]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara að gefa Sjálfstæðisflokknum einkunn hér fyrir þessa umræðu. En það er umhugsunarefni að hv. þingmaður nefndi hér bananalýðveldi. Maður þarf að hugleiða þau orð í ljósi þeirrar stöðu sem þjóðarbúið er í og í ljósi þess viðskilnaðar sem við blasir eftir átján ára stjórnarsetu Sjálfstæðisflokksins á Íslandi.

Mitt erindi hingað í ræðustól er að upplýsa hv. þingmann um að það er ekki rétt að sú hv. sérnefnd sem hér leggur fram breytingartillögur hafi gert það án samráðs við Samband íslenskra sveitarfélaga að leggja til að kosið yrði til stjórnlagaþings um leið (Gripið fram í.) og kosið er til sveitarstjórna vorið 2010.

Vill hv. þm. Björn Bjarnason gjöra svo vel að gefa mér leyfi til þess að ljúka máli mínu. Ég átti þess kost að sitja á fundi nefndarinnar þar sem fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga komu fyrir nefndina — tveir fulltrúar, þar af annar sviðsstjóri lögfræðisviðs, sem gefur þá umsögn sem hér liggur fyrir, og sjálfstæðismenn hafa ítrekað vitnað til. Þessir tveir fulltrúar voru ítrekað spurðir að því á fundinum hvort þeir hefðu einhverjar athugasemdir við það eða ábendingar varðandi þá hugmynd sem þá var til umræðu í nefndinni (**BBj:** Þetta er ekki rétt.) að kjósa á sama tíma til þessa tvenns, og þeir sáu því ekki neitt til fyrirstöðu.

Ég mótmæli því að það sé fullyrt hér að ég fari með lygi úr þessum stól, hv. þm. Björn Bjarnason. Ég var á þessum fundi og það voru tíu aðrir.

[15:56]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir tók orðið bananalýðveldi upp eftir mér. Ég sagði að ég vildi helst ekki segja það. En hún veit vel sjálf að ég held að breyting á stjórnarskrám sé iðulega framkvæmd með þeim hætti sem við ræðum núna, á mánuði eða jafnvel minna, í trássi við aðra, í slíkum lýðveldum. Ég var að vitna til þess.

Varðandi sérnefndina og heimsókn fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þá upplýsti hv. þingmaður um að fulltrúar frá þeim hefðu komið á fund sérnefndarinnar. Mér var ekki kunnugt um það né hafði ég heyrt það. Mér var hins vegar kunnugt um að sveitarstjórnarmenn hafa mótmælt hástöfum og þar með hef ég bara þær upplýsingar á móti þeim upplýsingum sem hv. þingmaður veitti.

[15:57]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að viðurkenna að mér er ekki kunnugt um að sveitarstjórnarmenn almennt hafi mótmælt þessum hugmyndum hástöfum eins og hv. þingmaður nefnir. Ég vil vekja athygli á því sem segir á bls. 5 í nefndaráliti, um forsendur fyrir þeirri breytingartillögu sem þar er lögð fram um stjórnlagaþing, þ.e. verið er að stytta verulega þann tíma sem þinginu var ætlað að starfa miðað við upphaflegt frumvarp, úr einu og hálfu til tveimur árum niður í eitt ár, en ekki er verið að breyta skilatímanum. Lok verksins eru áætluð hin sömu og voru í upphaflega frumvarpinu. Þetta er m.a. gert til þess að spara fjármuni og sú tillaga að kjósa samhliða sveitarstjórnarkosningum til stjórnlagaþings er byggð á sama grunni.

Fyrir liggur minnisblað frá fjármálaráðuneytinu um kostnað við stjórnlagaþing með þessum hætti. Þar er auðvitað ítrekað að mjög erfitt geti verið að áætla þetta. En menn hafa hér talað um að frumvarpið hafi upphaflega kostað um 2 milljarða, það stjórnlagaþing sem þar var í burðarliðnum. En hér eru menn að tala um 340 millj. kr. auk kosningafulltrúa sem eru upp á eitthvað 25 millj. kr. Þannig að við erum að tala um kostnað á bilinu 300–400 millj. kr.

Það er líka mikilvægt að það komi fram að með þessu nefndaráliti er tekið fram að nefndin telur ekki sýnt að fulltrúar þingsins þurfi að vera í fullu starfi allan þingtímann þannig að sú tillaga sem hér liggur frammi um skipulag stjórnlagaþings er langtum umsvifaminni en sú sem lá fyrir upphaflega.

[16:00]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við þurfum bara að kanna þetta mál. Það er greinilega orð á móti orði varðandi Samband íslenskra sveitarfélaga. Þetta er þó ekki aðalmálið í allri þessari umræðu. Aðalmálið er það að núverandi hæstv. ríkisstjórn lofaði því í verkefnaplaggi sínu að leita samráðs, að stunda lýðræðisleg vinnubrögð.

Ég er þeirrar skoðunar, og hef sagt það áður, að vart finnist ólýðræðislegri vinnubrögð en þau sem viðhöfð voru í þessu máli auk þess sem ég hef harðlega gagnrýnt aðferðafræðina sem notuð var.

[16:01]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Aðeins vegna þeirra orðaskipta sem áttu sér stað milli hv. þm. Guðfinnu Bjarnadóttur og Álfheiðar Ingadóttur vil ég hvetja hv. þm. Álfheiði Ingadóttur til að lesa umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. (Gripið fram í.) Þar kemur skýrt fram að sambandið leggst gegn því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar, með mjög skýrum hætti. Ég bendi hv. þingmanni líka á að í gær var birt viðtal við Halldór Halldórsson, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem gerði alvarlegar athugasemdir við að kosið yrði til stjórnlagaþings á sama tíma og boðað yrði og kosið væri til sveitarstjórna. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hafði miklar áhyggjur af því að kosningabaráttа vegna stjórnlagaþings mundi koma mjög niður á kosningabaráttu til sveitarstjórna og galt varhuga við þeirri hugmynd sem fram kemur í frumvarpinu, bara svona til að halda þessu til haga vegna síðustu orðaskipta sem hér áttu sér stað.

Ég vil, áður en lengra er haldið, sérstaklega vegna þess að hér í salnum eru þrír hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, Álfheiður Ingadóttir, Mörður Árnason sem nú er nýkominn hingað til (Gripið fram í.) umræðunnar — fyrirgefið, stjórnarmeirihlutans — og hv. þm. Atli Gíslason, koma ákveðnum upplýsingum á framfæri við þá. Við sjálfstæðismenn höfum þurft að sæta samfelldum árásum frá stjórnarmeirihlutanum vegna þátttöku okkar í þessari umræðu, umræðu um stjórnarskrá lýðveldisins, grundvallarlög samfélagsins. Því hefur verið haldið fram við okkur að við stunduðum hér málþóf. Þar hittir kannski skrattinn ömmu sína vegna þess að þeir hv. þingmenn sem halda því fram eru þeir menn sem haldið hafa uppi málþófi í ýmsum og léttvægari málum en því sem hér er til umfjöllunar.

Þann 9. mars árið 2007 sagði hæstv. utanríkisráðherra, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“

Þetta er auðvitað sjónarmið sem við sjálfstæðismenn erum að reyna að halda hér á lofti í umræðu um grundvallarlög lýðræðisins, að um þau sé fjallað af ábyrgð og að við náum sátt um þessi mál. Þá er að líta á það sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði í Borgarnesræðu sinni en þar lagði hún til að stjórnmál sátta og rökræðu en ekki átaka og kappræðu væru viðhöfð í íslenskum stjórnmálum. Hins vegar virðist sem formannsskiptin í Samfylkingunni hafi leitt til þess að menn hafi lagt umræðustjórnmálin til hliðar, tekið upp átakastjórnmál og ætli núna að knýja í gegnum þetta þing með offorsi breytingu á stjórnarskipunarlögum.

Því hefur verið haldið fram af þessum hv. þingmönnum sem ég hér nefndi og kalla venjulega fram í ræður okkar sjálfstæðismanna að við séum að halda uppi málþófi. Ég vek athygli hv. þm. Atla Gíslasonar á því að umræður um stjórnarskrána hafa nú staðið yfir í rúma 34 klukkutíma. Í þeirri umræðu hafa sjálfstæðismenn tekið þátt en einnig þingmenn annarra flokka þótt þeir hafi lítið sést í umræðunni upp á síðkastið. Ég bendi hv. þingmönnum á að þegar

menn ræddu hér um fjölmiðlafrumvarpið töluðu þessir hv. þingmenn í 92 klukkustundir og 59 mínútur. Þegar við ræddum hér um EES-samninginn, sem var mikilvægur, ræddu menn það mál í 100 klukkustundir. Umræðan um vatnalög tók 51 klukkustund og umræða um Ríkisútvarpið tók 119 klukkustundir og 46 mínútur. Virkur þátttakandi í þeirri umræðu var einmitt Mörður Árnason sem nú er kominn hér til umræðunnar á fyrsta degi og sakar okkur sjálfstæðismenn um málþóf. Ég held að málþófsflokkarnir, hinir einu sönnu, ættu að líta í eigin barm. Þegar við skoðum þessar tölur sjáum við að þeim er ekki stætt á því að halda því fram að við sjálfstæðismenn höldum hér uppi málþófi. Það sem við gerum er að við ræðum efnislega um stjórnarskrána, við viljum ekki að á henni séu unnin spellvirki. Það sem við viljum er að tekin verði til umræðu á Alþingi Íslendinga þau brýnu viðfangsefni sem heimilin í landinu og fyrirtækin í landinu óska eftir að hér verði rædd. Hv. þm. Atli Gíslason veit það jafn vel og ég að breytingar á stjórnarskránni munu ekki bæta skuldastöðu heimilanna. Þær breytingar munu heldur ekki koma hjólum atvinnulífsins í gang á nýjan leik og ég hvet hv. þingmann til að koma hér í andsvar við mig og skýra það út fyrir mér hvernig breytingar á stjórnarskrá eiga að koma heimilunum og fyrirtækjunum til góða.

Ég bendi líka á það að við sjálfstæðismenn höfum barist fyrir því að á þingi verði tekin upp önnur og einnig mjög brýn mál. Þar nefni ég sérstaklega skýrslu bresku fjárlaganefndarinnar um aðgerðir Breta gagnvart Íslendingum og íslenskum hagsmunum, gagnrýni bresku fjármálanefndarinnar á Alistair Darling, flokksbróður hv. þm. Marðar Árnasonar, sem beitti miklu ofríki gegn okkur í októbermánuði. Við höfum líka viljað ræða um gjaldmiðilsmálin sem eru eitt stærsta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar en í dag var upplýst að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur lagt til við ríki Mið- og Austur-Evrópu að taka evru upp einhliða, þ.e. þau ríki sem gengið hafa í Evrópusambandið en fá ekki aðgang að evrópska myntsamstarfinu. Þessu er öllu hafnað af stjórnarmeirihlutanum og það er ábyrgðarhluti meðan hagkerfið brennur, meðan fyrirtækin fá ekki það súrefni sem þau þurfa til rekstrarins og meðan heimilin í landinu hafa áhyggjur af framtíð sinni.

Ég bendi þeim sem fylgjast með umræðunni á að það erum ekki við sjálfstæðismenn sem ákveðum dagskrá fundarins, það er stjórnarmeirihlutinn og hann ber á því ábyrgð.

Það er einhvern veginn þannig og virðist vera þegar maður skoðar söguna og setur hana í samhengi við breytingar á stjórnarskrám að vinstrimennska og stjórnarskrár séu ekkert sérstaklega góð blanda. Það virðist einhvern veginn vera þannig, t.d. þegar litið er til tilrauna vinstri manna til að setja stjórnarskrá fyrir Evrópusambandið þá hefur það ekki gengið neitt sérstaklega vel. Tilraunir þeirra hafa runnið út í sandinn.

Hér er verklagið ekki betra. Það er verið að grauta saman í frumvarpi einhverjum sérstökum áhugamálum þeirra fjögurra flokka sem hér koma að, það er engin heildstæð vinna sem hér er unnin við breytingar á stjórnarskránni. Það er dálítið merkilegt þegar maður skoðar bæði þetta frumvarp og sum þau frumvörp sem orðið hafa að lögum á Alþingi að vinnubrögðin hér eru dálítið öðruvísi en á öðrum vinnustöðum. Ágætur lögfræðingur hringdi í mig um daginn og spurði: Hvernig er þetta með þessa stofnun, Alþingi Íslendinga, er það virkilega þannig að hún sé öðruvísi en aðrir vinnustaðir? Þegar menn ljúka störfum á öðrum vinnustöðum eru þeir verðlaunaðir fyrir vel unnin störf með málverkum eða blómum eða gullúrum eða styttum sem settir eru á silfurplattar sem nöfn þeirra eru greypt í. En þegar menn ljúka störfum á Alþingi virðast þeir þurfa að fá sérstaka löggjöf sjálfum sér til dýrðar samþykkta á þinginu. Ég gæti nefnt nöfn en ætla svo sem ekki að gera það af tillitssemi við þá hv. þingmenn sem ég á hér við. (**MÁ:** ... eftirlaunafrumvarpið, Sigurður Kári. ... löggjöf ...)

Frú forseti. Það er athugavert — (Gripið fram í.) Hæstv. forseti. Ég verð að biðja hæstv. forseta um að hafa hemil á hv. þm. Merði Árnasyni sem leyfir mér ekki að halda ræðu minni áfram í friði. Ég skora á hæstv. forseta að benda hv. þingmanni á að honum er frjálst að skrá sig á mælendaskrá ef hann vill segja eitthvað í þessari umræðu. (Gripið fram í.)

Það er annað mjög athyglisvert við þessa umræðu, að í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er lagt til að stofnað verði nýtt þing til hliðar við það þing sem fyrir er. Ég hef bent á að með því er grafið undan Alþingi Íslendinga, virðulegustu stofnun landsins. Mér finnst í hæsta máta óeðlilegt að æðsti maður þingsins, forseti Alþingis, hafi ekkert um það að segja, hafi ekkert framlag til þessarar umræðu. Ég hef líka saknað þess að einn hv. varaþingmaður Samfylkingarinnar skuli ekki blanda sér í þessa umræðu. Þar á ég við hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur. Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur og varaþingmaður Samfylkingarinnar, hefur nefnilega tjáð sig um þær hugmyndir sem fram koma í þessu frumvarpi. Það gerði hún í útvarpsviðtali þann 29. mars sl. Þar sagði hv. þingmaður að með þeirri leið sem valin er í frumvarpinu sé verið, með leyfi forseta, að „leita skyndilausna“ og svo bætti hv. þingmaðurinn við:

„Alveg eins og útrásaræðið var æði og peningaæðið var æði, þá er kannski komið nýtt æði.“

Þetta „nýja æði“ felst í því að boða í skyndi til stjórnlagaþings í stað þess að leggja fé í rannsóknir á stjórnarskránni. Þetta styður auðvitað þau sjónarmið sem við sjálfstæðismenn höfum haft uppi, en einhverra hluta vegna virðist hv. þm. Kristrún Heimisdóttir sem er sammála okkur sjálfstæðismönnum í grunninn, a.m.k. hvað varðar stjórnlagaþingið, ekki sjá ástæðu til að taka þátt í umræðunni, ekki frekar en forseti þingsins. Það finnst mér ákaflega ámælisvert.

Eins og ég rakti í fyrri ræðu minni kemur fram þegar menn lesa þær umsagnir sem komið hafa fram í málinu að fyrir liggur að í þeim umsögnum sem hér liggja fyrir felst algjör falleinkunn á þessu frumvarpi. Svo gott sem allir umsagnaraðilar gagnrýna mjög þá málsmeðferð sem viðhöfð hefur verið í tengslum við þetta mál og vara mjög við efnisinnihaldi frumvarpsins.

Hv. þm. Atli Gíslason gat þess mjög oft þegar hann var í stjórnarandstöðu að menn ættu að viðhafa tiltekin vinnubrögð við lagasetningu á Alþingi og veifaði þá gjarnan þessari bók sem ég held á, *Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa*. Ég leyfi mér að halda því fram og skora á hv. þm. Atla Gíslason að lýsa fyrir mér þeirri skoð-

un sinni hvort hann telji að sú málsmeðferð sem viðhöfð hefur verið í tengslum við þetta mál standist þær kröfur sem hann gerði þegar hann var í stjórnarandstöðu og þær kröfur sem fram koma í þessari handbók. Ég tel að svo sé ekki og það er algjörlega kristaltært í mínum huga að telji hv. þm. Atli Gíslason að svo sé hljóti hann að tala gegn betri vitund.

Það eru fleiri sem vekja athygli á þessu. Í Staksteinum *Morgunblaðsins* 4. apríl spyr höfundur hvort við Íslendingar og þingið sé á réttri leið. Í Staksteinum segir, með leyfi forseta:

„Hvað eiga Landsvirkjun, Rarik, Samorka, Samtök atvinnulífsins, Landssamband smábátaeigenda, Viðskiptaráð, Félag umhverfisfræðinga, Orkustofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, LÍÚ og Samtök um lýðræði og almannahag, Reykjavíkurakademían og laganefnd Lögmannafélags Íslands sameiginlegt?

Jú, öll gagnrýna hvernig er verið að keyra í gegnum Alþingi breytingar á stjórnarskránni, án þess að nægilegur tími gefist til skoðunar á því, hvaða afleiðingar það hefur.

Það er sláandi að lesa umsagnir fræðimanna og hagsmunaaðila til sérnefndar um stjórnarskrármál.

Sigurður Líndal telur að skoða þyrfti 1. grein frumvarpsins betur „vegna óljósrar merkingar orða og hugtaka sem þar eru notuð". Davíð Þorláksson lögfræðingur tekur undir það og segir „verulega misráðið af stjórnarskrárgjafanum að binda 1. gr. frumvarpsins í stjórnarskrána".

Ragnhildur Helgadóttir, prófessor í stjórnskipunarrétti, segir „að með því að naumur meiri hluti á þingi samþykki stjórnarskrárbreytingar í andstöðu við stóran stjórnmálaflokk sé stjórnarskráin færð inn í hringiðu stjórnmálanna".

Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, segir: „Veittur var frestur til 20. mars til að skila inn umsögn. Þennan frest verður að telja mjög skamman þegar umfang málsins er haft í huga."

Eigum við að staldra aðeins við?"

Auðvitað eigum við að gera það, frú forseti. Við eigum að staldra við þegar vinnubrögðin eru með þessum hætti, vinnubrögð sem hæstv. forsætisráðherra stendur fyrir þrátt fyrir að það sé ekki í nokkru samræmi við ákvæði sem fram koma í *Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa* sem hennar eigið ráðuneyti gaf út og er í algjörri andstöðu við þær hefðir sem myndast hafa á síðustu áratugum varðandi breytingar á stjórnarskrá.

Þetta er í fyrsta skipti í 50 ár sem menn kjósa að fara fram með þeim hætti sem hér er gert, þ.e. að breyta stjórnarskránni, grundvallarlögum lýðveldisins, í bullandi ágreiningi við stærsta stjórnmálaflokkinn á Alþingi.

Frú forseti. Það má margt um þetta frumvarp segja og efnisatriði þess. Því hefur verið haldið fram í umræðunni að við sjálfstæðismenn séum mótfallnir því að gerðar verði breytingar sem liðka fyrir að hægt sé að ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu um hin ýmsu þjóðþrifamál. Ég segi fyrir mína parta að þetta er rangt og ég hygg að allir félagar mínir í þingflokki Sjálfstæðisflokksins taki undir með mér í því sambandi. Ég held að það sé óheppilegt að færa ákvæðið um þjóðaratkvæðagreiðslu inn í stjórnarskrá með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu. Ég, og við sjálfstæðismenn hefðum talið skynsamlegra að lögfesta, vilji menn á annað borð setja lög um þjóðaratkvæðagreiðslu, að gera það í almennum lögum. Rökin fyrir því eru einfaldlega þau að það kann að vera að mismunandi sjónarmið um þjóðaratkvæðagreiðslu eigi við eftir því um hvað á að greiða atkvæði. Ég geri t.d. ráð fyrir því að hv. þm. Atli Gíslason geti tekið undir það með mér að það sé eðlilegt sjónarmið að aðrar og meiri kröfur séu gerðar um tiltekinn meiri hluta eða þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem kosið er um hvort Ísland eigi t.d. að ganga í Evrópusambandið og framselja löggjafarvald og dómsvald og eftir atvikum framkvæmdarvald til yfirþjóðlegra stofnana heldur en þegar þjóðinni er fengið það hlutverk að greiða atkvæði um það t.d. að hér verði tekin upp vinstri umferð. Ég tel að menn þurfi að nálgast þetta viðfangsefni með þessum hætti.

Það er ekki gert í þessu frumvarpi.

Tíminn er að renna frá mér, frú forseti, og ég á eftir að fjalla um þjóðareign og stjórnlagaþingið. Það er alveg ljóst að þetta frumvarp þarf miklu meiri umræðu við og ýmsir þættir þessa máls eru svo illa unnir og óljósir að það er nauðsynlegt að málið fái meiri umræðu og þroskist betur, ekki síst þegar litið er til þess að í umsögnum nánast allra umsagnaraðila sem sendu sérnefnd um stjórnarskrármál álit sitt á því máli sem við ræðum hér koma fram alvarlegar athugasemdir við efnisatriði málsins.

Það er auðvitað rétt og ég ætla bara að taka það strax fram að umsögn BSRB, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, var tiltölulega jákvæð í garð þessa frumvarps en það er líklega vegna þess að formaður þeirra samtaka situr í ríkisstjórn Íslands og styður þetta mál. Aðrir gera verulegar athugasemdir við frumvarpið og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi sé reiðubúinn að fara með slíku offorsi með mál eins og þetta sem varðar grundvallarlöggjöf lýðveldisins í gegnum þingið í þeim búningi sem það er núna. Ég mun í næstu ræðu minni (Forseti hringir.) fjalla um önnur efnisatriði þessa máls.

[16:21]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Þetta var fróðleg ræða og þess virði að út í hana sé spurt. Ræðumaður komst ekki í mikla efnislega umræðu því að hann varði tíma sínum fyrst og fremst í að ræða um vinnubrögð og starfshætti, líka í sögulegu ljósi. Var fróðlegt að heyra bollaleggingar hans um þau efni. Það eina sem hann komst nálægt hinum efnislega kjarna þessa frumvarps var að hann taldi að um þjóðaratkvæðagreiðslur ætti að setja sérlög en um þau ætti ekki að fjalla í stjórnarskrá. Þá liggur beint við að spyrja: Er það ástæðan fyrir því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er á móti þessu frumvarpi?

Í öðru lagi nefndi hann í lokin að á bak við eina umsögnina um frumvarpið sem jákvæð hefði verið stæðu samtök hverra formaður tilheyrði ákveðnum stjórnmálaflokki og þess vegna er full ástæða til að spyrja hinn glögga ræðumann hvort hann hafi gert frekari pólitískar analýsur á flokksaðild þeirra sem umsagnirnar skrifa eða eru í forustu fyrir þeim samtökum sem umsagnirnar hafa veitt. Það er fróðlegt að fá að heyra þetta því að þarna er fitjað upp á alveg nýrri yfirferð yfir umsagnir á þinginu. Það væri gaman að vita hvað hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur feng-

ið út úr flokkspólitískri greiningu sinni á bakhjörlum umsagnaraðila.

[16:23]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í grunninn á móti frumvarpinu eins og það leggur sig og öllum efnisatriðum þess, öllum greinunum. Ég get þó fallist á það, eins og félagar mínir í Sjálfstæðisflokknum, að gerð verði breyting á 79. gr. stjórnarskrárinnar til að í framtíðinni verði hægt að greiða fyrir stjórnarskrárbreytingum. Það er eðlilegt að hv. þm. Mörður Árnason sé ekki upplýstur um þetta vegna þess að hann kemur nýr inn í þessa umræðu. Ég vil þó að skoðun mín komi skýrt fram.

Eins og umsagnaraðilar um frumvarpið hef ég miklar efasemdir um að 1. gr. frumvarpsins gangi hreinlega upp. Hugtök sem þar er vísað til eru óljós og óskýr og ekki í þeim búningi að mögulegt sé að taka þau inn í stjórnarskrána eins og þau eru úr garði gerð. Ég er líka andsnúinn stjórnlagaþinginu sem lagt er til. Ég tel að mér sem þingmanni á Alþingi Íslendinga beri hreinlega að vera á móti því ákvæði, einfaldlega vegna þess eiðs sem ég hef undirritað hér.

Ég hef svo sem ekki gert mikla athugun á pólitískum bakhjörlum þeirra umsagnaraðila sem skiluðu inn umsögnum um málið. Ég hef hins vegar gagnrýnt að ótrúlega oft er málstaður BSRB annars vegar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hins vegar mjög samhljóða og hefur verið í alveg ótrúlega mörgum málum sem við höfum haft til umfjöllunar á Alþingi. Ég veit ekki um aðra umsagnaraðila en ég minni á að forseti ASÍ er fyrrverandi (Forseti hringir.) frambjóðandi fyrir Samfylkinguna og það (Forseti hringir.) kannski skýrir góðan hug ASÍ til þessa máls.

[16:25]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Þingmaðurinn gengur lengra og hefur nú fundið út að alveg á sama hátt og BSRB lætur afstöðu sína til stórmáls á borð við þetta ráðast af flokksaðild formanns síns sé Alþýðusamband Íslands teymt á eftir formanni þess sem verið hafi í Samfylkingunni. Það eru ný vinnubrögð á þinginu að meta umsagnir í þessu ljósi og (Gripið fram í.) úr því að ræðumaður gerir það verður að fara fram á það að hann flytji í einni af síðari ræðum sínum, sem hann ætlar að halda margar samkvæmt yfirlýsingu sinni í ræðustól áðan, samantekt um það hvernig háttar flokkspólitískri aðild þeirra sem koma að öðrum umsögnum.

Ég held að við eigum á þinginu að láta svona nokkuð eiga sig. Ég held að það sé þingmanninum ekki til sóma að atyrða með þessum hætti Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusamband Íslands þótt hann sé óánægður með starf þessara samtaka af fleiri ástæðum en þeim hvaða afstöðu þau hafa tekið til þessa frumvarps.

Ég verð svo að segja í lokin, af því að ég veit að þingmaðurinn er glöggur og veit margt um stjórnmál í Evrópu, að það var skemmtilegt að heyra hann ræða um stjórnarskrár og vinstri menn. Það er auðvitað hættulegt að fara langt aftur í söguna með ýmis hugtök en ég held að það hafi einkum verið vinstri menn, ef það mætti draga í þá dilka, á 18. og 19. öld — þannig að við förum ekki lengra aftur — sem stóðu að því að búa til stjórnarskrár þegar hægri menn eins og hv. þingmaður studdu einvalda konunga. Samtímasöguþekking þingmannsins er líka frábær því að hann hélt því fram að vinstri menn hefðu staðið í fararbroddi stjórnarskrár þeirrar sem gerð var tilraun til að gefa Evrópusambandinu, en fulltrúi þeirra breytinga var fyrrverandi Frakklandsforseti Valery Giscard d'Estaing sem ég ætla að spyrja hv. þingmann hvort heldur hafi verið (Forseti hringir.) til vinstri eða hægri.

[16:28]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að halda mig við þá fullyrðingu mína að vinstrimennska og stjórnarskrá væru ekki sérstaklega góð blanda og ég held að þegar við skoðum söguna, og hv. þm. Mörður Árnason gerir það, komist hv. þingmaður að sömu niðurstöðu og ég. Gamall kennari minn í lagadeild sagði einhvern tíma að stjórnarskrár ýmissa ríkja sem voru undir stjórn vinstri manna væru ákaflega illa gerðar og minntu sumar hverjar á lélegar blaðagreinar í *Úrvali*, (**MÁ:** Í hvaða flokki var hann?) en ég ætla svo sem ekki að fara með það mál lengra.

Ég mótmæli hins vegar því sem hv. þingmaður sagði, að ég væri óánægður með störf samtaka á borð við BSRB og ASÍ, ég er það ekki neitt. Ég er ekkert óánægður með störf BSRB og ASÍ. Ég benti hins vegar á að það er mjög athyglisvert, og ég hef margoft gagnrýnt það, hversu oft samhljómur er milli sjónarmiða í umsögnum BSRB og þeirra sjónarmiða sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haft fram að færa í miklum deilumálum á þinginu. Það hef ég sagt og ég hef gagnrýnt formann BSRB fyrir að líta sjálfur á þau samtök sem einhvers konar skúffufyrirtæki í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og gagnrýnt hann fyrir það. Það þýðir ekki að ég gagnrýni alla félagsmenn í BSRB, síður en svo. Foreldrar mínir voru bæði í BSRB, ég hugsa hlýlega til þeirra samtaka og tel að þau vinni að mörgu leyti ákaflega gott starf fyrir launþega þessa lands. Ég benti bara á þetta atriði og ég hygg að ef hv. þingmaður (Forseti hringir.) gerir rannsókn á því hversu oft BSRB og Vinstri hreyfingin – grænt framboð eru sammála í átakamálum sem (Forseti hringir.) hafa verið á þinginu komist hann að sömu niðurstöðu og ég.

[16:30]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Flestir ræðumenn Sjálfstæðisflokksins beina til mín orðum í þessari umræðu. Eftir fjölmargar ræður hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins þekki ég orðið formrök þeirra og gagnrýni á efnismeðferð o.fl. og flestir þeirra hafa lesið margsinnis upp úr sömu plöggum þannig að þetta er farið að síast inn. Ég hef hins vegar reynt að kalla eftir efnislegri umræðu um málið, ég hef kallað eftir afstöðu og ég kalla eftir afstöðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar til 1. gr. eins og hún liggur nú fyrir breytt. Tvær málsgreinar sem sættu harðastri gagnrýni voru teknar út og eftir stendur tillaga um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign og þær megi ekki láta varanlega af hendi. Þetta er tillaga sem hefur verið í stjórnarsáttmál-

um Sjálfstæðisflokksins og enn fremur í frumvarpi sem Geir H. Haarde, fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, og Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins, fluttu eins og kunnugt er.

Ég spyr um efnislega afstöðu hv. þingmanns til þessa og enn fremur til 2. gr. sem ég hef heyrt sjálfstæðismenn segja að nauðsynlegt væri að setja, þ.e. ákvæði um það hvernig stjórnarskránni er breytt, að þær breytingar fari í þjóðaratkvæðagreiðslu en ekki í tvennar alþingiskosningar eða hvernig sem það er. Ég hef heldur ekki heyrt betur en að Sjálfstæðisflokkurinn væri sammála 3. gr. Burt séð frá vinnubrögðum og öðru slíku, ef menn eru efnislega sammála er þá ekki hægt að komast að niðurstöðu um málið, taka það inn í nefnd milli 2. og 3. umr. og leita lausna?

Sjálfstæðismenn eru heldur ekki svo ósáttir við 4. gr., þar stendur hnífurinn í því hvort þingið eigi að vera ráðgefandi eða ekki. Þá er spurning: Finnum við lendingu í því? Ég segi að frumvarpið sé efnislega gott, það hefði mátt standa að því öðruvísi í forminu en ég verð þó að segja að 1. gr. (Forseti hringir.) er unnin eins ítarlega og vandað og hægt er (Forseti hringir.) með störfum auðlindanefndar.

[16:32]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Atli Gíslason getur ekki horft fram hjá vinnubrögðunum núna í tengslum við þetta mál, maður sem hefur talað fyrir faglegum verkferlum og opinni og lýðræðislegri umræðu á þinginu. Hann kemur síðan hingað upp og vill bara ýta vinnubrögðunum til hliðar. Við verðum að horfa til vinnubragðanna í þessu máli eins og öðrum eins og hv. þingmaður hefur gert. Ef vinnubrögðin í tengslum við vinnslu þessa máls væru ásættanleg kæmi það fram í umsögnum um málið. Svo er ekki.

Varðandi afstöðu mína til einstakra greina get ég, eins og ég sagði, fallist á breytingu á 79. gr. en hef miklar efasemdir um aðrar greinar frumvarpsins. Ég minnist þess að árið 2007 þegar ég sat í sérnefnd um stjórnarskrármál komu ýmsir sérfræðingar til að fjalla um hugtakið þjóðareign og gerðu nákvæmlega sömu athugasemdir og fram koma í þessum umsögnum. Það gerði t.d. Björg Thorarensen og ég er með þá punkta sem ég skrifaði hjá mér við þá meðferð. Hún taldi þá að það væri eignarréttarbragur á því ákvæði sem við fjölluðum um þá, alveg eins og ákvæði 1. gr. þessa frumvarps, og sagði beinlínis að með því að nota hugtakið þjóðareign væri verið að rugla skilninginn á hugtakinu. Eiríkur Tómasson talaði um að ákvæðið eins og það var þá væri óskýrt, vísaði til eignarréttarins og miklu nær væri að tala um ríkiseign á auðlindunum. Af hverju er það ekki gert? Væri það ekki skýrara að mati hv. þm. Atla Gíslasonar?

Ég hlýt að hafa miklar efasemdir (Forseti hringir.) um ákvæðið eins og það er, eins og nánast allir (Forseti hringir.) umsagnaraðilar um þetta mál.

[16:35]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Auðvitað skiljum við þingmenn stjórnarinnar fyrr en skellur í tönnum. Maður spyr: Af hverju þurfa þingmenn Sjálfstæðisflokksins að flytja 26 ræður um vinnubrögðin? Og af hverju stendur flokkurinn í málþófi (**Gripið fram í:** Málþófi?) um stuðning við kvikmyndagerð á Íslandi, í máli sem þeir styðja? Af hverju ekki að leita lausna í þessu máli, sérstaklega þar sem ekki ber svo mikið á milli?

Það er efnislegur ágreiningur um 4. gr. en tæknilega um hitt, nema hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson lýsi því berlega yfir að hann sé á móti þjóðareign á náttúruauðlindum. Það er miklu heiðarlegri afstaða og ég kynni vel að meta hana. Það er algjörlega ljóst að þetta ákvæði hefur klára og skýra lögfræðilega þýðingu. Því hefur Björg Thorarensen prófessor lýst fyrir nefndinni sem og fleiri.

Ég verð líka að segja að mesta gagnrýni innan nefndarinnar, og það held ég að nefndarmenn geti borið vitni um, í umsögnum og annars staðar, laut að 2. og 3. mgr. 1. gr. sem hafa verið felldar út. (Gripið fram í.) Efnislega gagnrýnin var langmest um þær. Þjóðareignin var vissulega gagnrýnd en annaðhvort eru menn með henni eða ekki. Það er ekki verið að breyta eignarréttarkerfinu á Íslandi, einstaklingsréttinum þar eða öðru, enda hefðu sjálfstæðismenn aldrei farið inn með náttúruauðlindir í þjóðareign í stjórnarsáttmála nema þeir væru þess fullvissir, hvað þá að hæstv. forsætisráðherra flytti frumvarp þar að lútandi.

Ég bið sjálfstæðismenn að staldra við, leita lausna og hugleiða hvort ekki sé nær að klára umræðu um þetta mál, fara með það í nefnd milli 2. og 3. umr. og fara í mikilsverðari mál. Að vísu er þetta mál afar mikilsvert vegna þess að það snýst um lýðræðið.

[16:37]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rangt hjá hv. þingmanni að hugtakið þjóðareign á náttúruauðlindum sé skýrt og hafið yfir allan vafa. Það er það kannski í höfðinu á hv. þm. Atla Gíslasyni en hann getur ekki haldið því fram að efnisinntak þess frumvarps sé skýrt og óumdeilt. Hann veit það alveg, hann er sjálfur hæstaréttarlögmaður. Hann man kannski eftir bókinni sem skrifuð var og gefin út um þjóðareign á náttúruauðlindum. Hann hefur kannski lesið greinar eftir Sigurð Líndal um þetta tiltekna hugtak þar sem hann skýrir út þá hugsun sína með rökum að það sé mjög óskýrt og gangi ekki upp í eignarréttarlegum skilningi. Það gerði hann líka í þeirri umsögn sem liggur fyrir í málinu. Það hefur Skúli Magnússon líka gert og það gerði Björg Thorarensen í umræðu um málið í sérnefnd um stjórnarskrármál árið 2007. Eiríkur Tómasson tók þar sérstaklega fram að skýrara væri að tala um ríkiseign.

Ég get nefnt miklu fleiri lögfræðinga sem hafa fjallað um þetta mál og lýst þeirri skoðun sinni að hugtakið þjóðareign á náttúruauðlindum sé óskýrt. Hvers vegna í ósköpunum (**Gripið fram í:** Ertu á móti ...?) eigum við sjálfstæðismenn að fallast á breytingu á stjórnarskrá á grundvelli ákvæða sem eru þannig úr garði gerð að þau ýta undir og ala á meiri óvissu en nú er uppi? Þetta veit hv. þingmaður allt saman. Hann hefur lesið allar þessar greinar alveg eins og ég. Hann hefur hlustað á minn gamla kennara Sigurð Líndal tala um þessi mál, ekki bara einu sinni, ekki tvisvar, heldur margoft (Forseti hringir.) og gott ef hann kenndi

ekki hv. þingmanni á námsárum hans í lagadeild Háskóla Íslands.

[16:39]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 33. mál, nál. allshn., þskj. 915; brtt. allshn., þskj. 916.

Stjórnarskipunarlög, 385. mál, brtt. KHG, þskj. 917.

[16:39]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa yfir nokkurri ánægju með að hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna skuli hafa tekið smávegis þátt í þessari umræðu með því að veita andsvör við ræðum hér. Nokkur skortur hefur verið á því að hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna kæmu með rökstuðning sinn hér inn í þingið og tækju þátt í þessari umræðu. Ég tek það svo að þeir hafi ákveðið að bæta þar úr og muni hér eftir verða virkari í þeirri umræðu sem hér á sér stað enda er hún mikilsverð. Þetta er mikilsverð umræða vegna þess að við erum að fjalla um stjórnarskrána, grundvallarlög landsins. Við erum að fjalla um breytingar sem fræðimenn telja veigamiklar og flutningsmenn sjálfir telja að skipti miklu máli. Það er því meiri bragur á því ef talsmenn ríkisstjórnarflokkanna og annarra þeirra flokka sem bera þetta mál fram tækju þátt í þeirri umræðu sem hér á sér stað.

Það vill svo til, herra forseti, að í ræðum okkar sjálfstæðismanna hafa komið fram margháttaðar athugasemdir og spurningar sem kalla á svör frá þeim sem bera málið fram, margar spurningar sem ekki hefur verið svarað. Það er auðvitað mikilvægt að þau svör komi fram áður en þessari umræðu lýkur þannig að það liggi fyrir hvernig áhugamenn um framgang þessa máls meta þau vafamál sem við höfum vakið athygli á og við getum betur áttað okkur á því hvað þeir eru að fara með ýmsum þeim hugmyndum, tillögum, m.a. breytingartillögum, sem fyrir liggja í málinu. Ég held að þetta sé mikilvægt.

Í annan stað vildi ég nefna það að í umræðum fyrir u.þ.b. hálftíma áttu sér stað nokkur orðaskipti milli hv. þingmanna Guðfinnu S. Bjarnadóttur og Álfheiðar Ingadóttur vegna þess atriðis að í breytingartillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir að kosningar til stjórnlagaþings skuli fara fram á sama tíma og kosningar til sveitarstjórna næsta vor. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hélt því fram að málið hefði verið rætt við fulltrúa sveitarstjórna á fundi í nefndinni en þau ummæli hennar eru þess eðlis að það verður að skýra nánar frá því þannig að það komist þá a.m.k. inn í þingskjöl hvernig að því var staðið.

Það mál bar þannig að að fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga — þeir starfsmenn komu á fund sérnefndar um stjórnarskrármál til þess að gera grein fyrir umsögn sinni um það frumvarp sem hér er til umræðu. Sú umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga var afar gagnrýnin á marga þætti frumvarpsins og Samband íslenskra sveitarfélaga taldi ótækt að afgreiða málið með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð höfðu verið. Nokkrar umræður spunnust milli nefndarmanna og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, m.a. um þann þátt sem laut að kosningunum. Formaður nefndarinnar, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, spurði þessa tvo starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvernig þeim litist á að það yrði kosið til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningunum. Þessir starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga höfðu ekki heyrt eða séð þá tillögu nokkru sinni áður, sögðust í fljótu bragði ekki sjá neitt því til fyrirstöðu en tóku fram að þeir hefðu ekki farið yfir þetta mál eða tekið afstöðu til þess.

Um annað samráð eða samtöl við sveitarfélögin var ekki að ræða í sambandi við þessa breytingartillögu. Ekki var um það að ræða að Samband íslenskra sveitarfélaga, stjórn þess eða skrifstofu, væri með neinum hætti tilkynnt að meiri hlutinn hygðist flytja breytingartillögu sem fæli þetta í sér. Ekki var með neinum hætti reynt að kalla fyrir, þegar breytingartillagan lá fyrir, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga til þess að ræða þetta mál við þá, það var ekki neitt gert. Það eina sem gerðist var, eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir lýsti sjálf hér í umræðum fyrir nokkrum dögum, að hún nefndi þetta við tvo starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem komu á fund nefndarinnar, hún nefndi þetta svona í framhjáhlaupi. Það er mikilvægt að þetta liggi fyrir vegna þeirra orðaskipta sem hér áttu sér stað.

Þess ber reyndar að geta að formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, sagði í viðtali við vefmiðilinn *Vísi* á laugardaginn að honum þætti þessi hugmynd, að láta kjósa til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningum, varhugaverð og nefndi að kosning til stjórnlagaþings gæti truflað bæði kosningabaráttu og kosningaframkvæmd varðandi sveitarstjórnarkosningarnar. Ég sé að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur óskað eftir að veita andsvar við mig og mun hún væntanlega taka undir þá lýsingu sem ég hafði á þessum atburðum í sérnefnd um stjórnarskrármál.

Af því að ég vík hér að þeim breytingartillögum sem meiri hluti sérnefndar um stjórnarskrármál leggur fram við frumvarpið vil ég takmarka mig við breytingartillögurnar varðandi stjórnlagaþingið en mun væntanlega koma að öðrum þáttum síðar í þessari umræðu. Breytingartillögurnar sem meiri hluti sérnefndarinnar gerði ráð fyrir og leggur hér fyrir fela í sér mjög veigamiklar breytingar á þeirri hugmynd um stjórnlagaþing sem lá fyrir í upphaflegu frumvarpi ríkisstjórnarflokkanna og meðreiðarsveina þeirra hér í þinginu. Við skulum aðeins rifja upp hvernig það er.

Í breytingartillögum meiri hluta sérnefndarinnar er miðað við að kosið verði mun síðar en áður var áformað og samhliða sveitarstjórnarkosningunum eins og ég nefndi. Miðað er við að þingið hefji störf 17. júní en ekki 1. desember eins og gert var ráð fyrir í upphaflegum tillögum og að það starfi í eitt ár en ekki 18 mánuði eða tvö ár eins og gert var ráð fyrir í upphaflegu frumvarpi. Eins er látið liggja milli hluta í nefndaráliti meiri hlutans hvort þingfulltrúar á stjórnlagaþinginu eigi að vera í fullu starfi eða hlutastarfi, það er látið liggja milli hluta, ekki er tekin afstaða til þess. Því er gefið undir fótinn í nefndarálitinu að í stað þess að stjórnlagaþingið starfi samfellt, eins og ráða mátti af upphaflegu frumvarpi, geti það hugsanlega starfað í fáa daga í senn nokkrum sinnum yfir starfstímann og þessi atriði, töluvert mikilvæg atriði sem snúa að starfsemi stjórnlagaþingsins, eru í raun og veru skilin eftir í lausu lofti.

Þó má ætla að það sé vilji meiri hlutans í sérnefnd um stjórnarskrármál að þetta verði með þessum hætti, þ.e. að stjórnlagaþingsfulltrúarnir verði í hlutastarfi en ekki í fullu starfi og að þingið starfi bara í fáeina daga í senn við og við á starfstímanum vegna þess að meiri hlutinn lét gera fyrir sig kostnaðarmat í fjármálaráðuneytinu sem byggist einmitt á þeim forsendum. Þetta skjal hefur verið lagt fram hér í þinginu sem sönnun fyrir því að hægt sé að gera stjórnlagaþing mun ódýrara en gert var ráð fyrir í upphaflegu frumvarpi. Miðað við það, miðað við þær forsendur sem formaður sérnefndarinnar, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, lagði fyrir fjármálaráðuneytið — hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kvaddi okkur hér í þinginu á laugardaginn, mér er ekki kunnugt um hvort hún hefur sagt af sér þingmennsku eða hvort hún er bara í leyfi. Mér er heldur ekki kunnugt um hvort hún hyggst kalla inn varamann fyrir sig en það hafa sumir þingmenn gert fyrir fáa daga eins og sjá má. (Gripið fram í.) Nú er það þannig að miðað við kostnaðarmatið gerir meiri hlutinn ráð fyrir því að stjórnlagaþinginu verði breytt verulega frá því sem upphaflega var áætlað. Það verður miklu minna umfangs, starfar í miklu skemmri tíma og gert er ráð fyrir miklu minna framlagi af hálfu þingfulltrúa en í upphaflegu frumvarpi.

Þeirri spurningu hefur hins vegar ekki verið svarað, og ég væri þakklátur ef þeir hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna sem hér eru staddir gætu uppfrætt mig um það, hvaða forsendur breyttust svo að þeir telja nú að hægt sé að láta stjórnlagaþingið sinna hlutverki sínu með svo miklu minna umstangi og starfi en áður var áformað. Hvað breyttist? Nú hlýtur einhver hugsun að hafa verið á bak við upphaflegar tillögur. Það hlýtur að hafa verið ákveðin hugsun á bak við það að gert var ráð fyrir því að þingið starfaði í eitt og hálft til tvö ár og þingfulltrúar væru í fullu starfi, væntanlega hefur einhver rökstuðningur verið á bak við það. Þetta var inni í frumvarpi sem fylgdi sem fylgiskjal með stjórnarskrárbreytingartillögunum frá hv. þingmönnum og ráðherrum Jóhönnu Sigurðardóttur, Steingrími J. Sigfússyni og hv. þingmönnum Birki J. Jónssyni og Guðjóni Arnari Kristjánssyni. Við í sérnefndinni fengum engar skýringar á því hvers vegna menn hefðu allt í einu uppgötvað að hægt væri að gera þetta með miklu minna umstangi en áður var áformað. Ég reikna með að upphaflegu tillögurnar hafi verið settar fram á grundvelli einhvers mats á því hvað fram mundi fara á stjórnlagaþinginu. Þá spyr ég: Hvað breyttist í því mati sem gerði það að verkum að hægt er að fara með það niður í það umfang sem finna má í breytingartillögunum? Hvað breyttist? Okkur var ekkert sagt frá því og það hefur ekkert komið fram hér í umræðunni.

Það væri vissulega fengur að því ef einhver þingmaður hv. stjórnarflokka gæti útskýrt það hvers vegna þær forsendur sem ráðgjafarnefndin og flutningsmenn frumvarpsins lögðu upp með hér í byrjun mars — flutningsmennirnir skrifuðu upp á þetta, fengu til þess stuðning þingflokka sinna, ráðgjafarnefndin útfærði þessar hugmyndir en í nefndarstarfinu er allt í einu hægt að skera þetta allt saman verulega niður án vanda en það var ekkert útskýrt í nefndinni hvernig væri hægt að skera þetta niður.

Nú vil ég taka fram að ég fagna því vissulega að ef á annað borð á að fara út í að stofna stjórnlagaþing sé það gert með ódýrari hætti, ég fagna því, ég er ekki óánægður með það. Ég tel að tillögurnar séu að þessu leyti til bóta. Það vekur mér hins vegar nokkurn ugg hvað það eru margir óvissuþættir sem breytingartillögur meiri hluta sérnefndarinnar og nefndarálit sérnefndar, meiri hlutans, fela í sér, hve margir óvissuþættir eru fyrir hendi varðandi þetta stjórnlagaþing. Að mínu mati er engin leið fyrir hv. þingmenn hér á Alþingi að taka afstöðu til þeirrar hugmyndar um stjórnlagaþing sem fram kemur í breytingartillögunum, einfaldlega vegna þess að það er allt í lausu lofti um svo marga hluti. Það er allt í lausu lofti um það hvernig kjósa eigi til stjórnlagaþingsins, allt í lausu lofti varðandi það hvernig stjórnlagaþingið eigi að starfa. Það er í rauninni verið að biðja menn að samþykkja eitt risastórt eyðuákvæði sem er háð mikilli óvissu og þingmenn hafa á þeim forsendum ekki hugmynd um hvað þeir eru að samþykkja ef þeir samþykkja tillögurnar eins og þær liggja nú fyrir.

Varðandi kosningar til stjórnlagaþings leyfi ég mér að lesa kafla úr nefndaráliti meiri hlutans í sérnefndinni: Þar segir, með leyfi forseta:

„Í drögum að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing sem er fylgiskjal með frumvarpi til stjórnskipunarlaga er lagt til að kosið verði persónukjöri á þingið. Meiri hlutinn“ — þ.e. meiri hlutinn í sérnefndinni — „leggst ekki gegn slíkri kosningu en áréttar þó mikilvægi þess að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar. Ný stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mun verða stjórnarskrá þjóðarinnar allrar. Enda þótt aðkoma almennings alls verði tryggð, t.d. með opnum fundum, upplýsingagjöf og málþingum og að auðvelt verði að senda inn umsagnir, þarf jafnframt að tryggja að á þinginu sjálfu sitji þjóðin öll eða fulltrúar hennar.“ — Þjóðin öll eða fulltrúar hennar? — „Meiri hlutinn telur því mikilvægt að reglur um persónukjör verði með þeim hætti að tryggt verði að fulltrúar landsbyggðar og landshluta fái sæti, hvort sem það verður gert með ríkari reglum um kjör eða reglum um einhvers konar jöfnunarsæti. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að reglur um kjörið verði með þeim hætti að tryggt verði eins og hægt er jafnt kynjahlutfall á þinginu.“

Hvað í veröldinni er átt við með þessari málsgrein? Hvað í veröldinni á meiri hlutinn við? Hvernig sér meiri hlutinn fyrir sér að kosið verði á stjórnlagaþing miðað við þær leiðbeiningar sem er að finna í þessu nefndaráliti? Það er mér algjörlega óskiljanlegt.

Tökum það fyrsta. Meiri hlutinn segir að hann leggist ekki gegn því að kosið verði persónukjöri á þingið. Það er rétt að taka það fram að í upphaflegu frumvarpi var gert ráð fyrir því afdráttarlaust að um persónukjör væri að ræða, m.a.s. útfærsla á því. Nú er meiri hlutinn ekki vissari í sinni sök en svo að hann segist ekki leggjast gegn slíkri kosningu, þ.e. kosningu með persónukjöri.

Svo koma nokkur gullkorn. Meiri hlutinn „áréttar þó mikilvægi þess að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar“. Þetta er sett fram með þeim hætti að það mætti halda að það væri einhver mótsögn í því að kjósa persónukjöri annars vegar og að það verði fulltrúar þjóðarinnar hins vegar. Ég geri ekki ráð fyrir því að þetta séu bara slagorð þannig að ég ætla ekki að leggja meiri merkingu í þetta.

Síðar segir að það verði að tryggja að á þinginu sitji þjóðin öll eða fulltrúar hennar — að á þinginu sjálfu sitji

þjóðin öll, hvað á fólkið við? Hvað í veröldinni eiga hv. þingmenn við, hvernig ætla þeir að útfæra þing þar sem þjóðin öll situr? Það síðara, að þar sitji fulltrúar hennar, er auðskiljanlegt, það er eins og Alþingi, þar sitja fulltrúar þjóðarinnar, kosnir eftir sérstökum reglum. Ég geri ráð fyrir því að niðurstaðan verði sú að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar kosnir eftir sérstökum reglum. Það er bara engar leiðbeiningar að finna í frumvarpinu, í breytingartillögunum eða í nefndarálitinu um það hvernig það kjör á að fara fram.

Síðan er sagt, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur því mikilvægt að reglur um persónukjör verði með þeim hætti að tryggt verði að fulltrúar landsbyggðar og landshluta fái sæti, hvort sem það verður gert með ríkari reglum um kjör eða reglum um einhvers konar jöfnunarsæti."

Ég verð að játa það að mér er það alveg óskiljanlegt hvernig á að útfæra persónukjör þannig að tryggt sé að fulltrúar landsbyggðar eða landshluta eigi þar sæti öðruvísi en að skipta landinu upp í kjördæmi. Ef skipta á landinu upp í kjördæmi í þessu kjöri væri mjög gott ef meiri hlutinn eða fulltrúar hans gætu útskýrt það fyrir okkur hvaða hugmyndir þeir hafa í því sambandi. Ætla þeir að skipta landinu í kjördæmi eða ætla þeir að hafa landið eitt kjördæmi við þetta kjör eins og fram kom í upprunalegu frumvarpi? Það er mikilvægt að það liggi fyrir.

Ég spyr: Ef það á að vera um persónukjör að ræða, hvernig ætla menn að útfæra jöfnunarsæti? Jöfnunarsæti eru, eins og við vitum, notuð til þess að jafna milli flokka, jafna milli framboðslista yfir landið. Þegar landinu er skipt í kjördæmi getur það orðið svo að einhver atkvæði flokks nýtist ekki til þess að fá þingmann í viðkomandi kjördæmi og þá er úthlutað jöfnunarsætum þannig að endanleg niðurstaða við kjör til þingsins endurspegli í ríkari mæli fylgi flokksins yfir landið. En persónukjör og jöfnunarsæti eru í mínum huga algjörar mótsagnir, algjör vitleysa. Ef ég er á villigötum og hv. fulltrúar meiri hlutans í nefndinni hafa rétt fyrir sér, að hægt sé að útfæra persónukjör með jöfnunarsætum, þá bið ég þá vinsamlegast að koma hingað upp í ræðustól og útskýra það fyrir mér.

Sama á í sjálfu sér við um kynjahlutfall. Það kann að vera að hv. fulltrúar meiri hlutans hafi um það hugmyndir en ég átta mig ekki á því hvernig þeir ætla að útfæra kosninguna þannig að kosið sé persónukjöri, þannig að fólk merki við ákveðna einstaklinga sem eru í framboði, og ætli jafnframt að tryggja að kynjahlutfall verði jafnt.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu en ég álít að þessi kafli í nefndarálitinu sé bara samansafn af slagorðum og áróðurspunktum sem sett eru fram til þess að reyna að slá á gagnrýnisatriði sem hafa komið fram varðandi þetta frumvarp, að í þeim sé engin meining og fulltrúar meiri hlutans hafi ekki hugmynd um hvernig þeir ætla að ná þeim markmiðum sem þarna eru sett. Ég álít því að með nefndaráliti meiri hlutans sé að þessu leyti verið að reyna að fá þingið til þess að samþykkja þetta frumvarp og breytingartillögurnar á röngum forsendum.

[17:00]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Birgi Ármannssyni fyrir þessa ræðu. Hann hefur greinilega kynnt sér mjög vel nefndarálit meiri hluta sérnefndarinnar og ég verð að segja að það er meira en ýmsir aðrir þeir sem hér hafa talað langt og mikið mál undanfarna sólarhringa, hafa gert. Ræður margra hafa aðallega snúist um form en ekki innihald. Í þrígang hef ég farið upp í andsvar til að benda mönnum á að þeir færu ekki með rétt mál og vísaði á þetta nefndarálit þar sem rökstuðning er að finna við þær breytingartillögur sem nefndin leggur til.

Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að staðfesta það sem ég áðan sagði um orð fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga sem mættu á fund sérnefndarinnar og voru þá spurðir hvort þeir sæju eitthvað því sérstaklega til fyrirstöðu að kjósa á sama tíma til stjórnlagaþings og til sveitarstjórnar. Hv. þingmaður spurði af hverju menn sæju allt í einu möguleika á minni umsvifum stjórnlagaþings eftir þetta nefndarstarf. Ég svara því þannig til að með því er í rauninni verið að koma til móts við þau sjónarmið sem bentu á mikinn kostnað, jafnvel óheyrilega mikinn kostnað sem væri því samfara að fara að upphaflegu tillögunni. Þarna er sem sagt tvöföld ástæða að baki, annars vegar til sparnaðar, sem hlýtur að vera eðlilegt að horfa til, en einnig til samkomulags við sjálfstæðismenn sem gagnrýndu þennan þátt verulega.

Hv. þingmaður sagðist fagna því og ég verð að segja að nefndarstarfið bar að þessu leyti árangur. Þannig hefur það nú löngum verið undanfarið í nefndum þingsins og það tel ég gott.

[17:02]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru í rauninni bara tvö atriði sem ég ætla að fylgja eftir af því sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir nefndi í andsvari sínu, annars vegar varðandi stjórnlagaþingið og hins vegar varðandi kostnaðinn. Að sjálfsögðu er það fagnaðarefni ef meiri hlutinn hefur áttað sig á því að sá kostnaður sem gert var ráð fyrir í upphafi er allt of mikill. Þegar við sjálfstæðismenn vöktum athygli á þessu í þinginu var okkur reyndar svarað með því að lýðræðið kostaði sitt. Hæstv. forsætisráðherra orðaði það þannig að hún teldi það ekki vandamál þótt það kostaði þessar upphæðir en ef meiri hlutinn hefur breytt um afstöðu í þessu máli er það fagnaðarefni.

Það væri reyndar gott ef hæstv. forsætisráðherra mundi tjá sig um hvort hún sé sátt við þær breytingartillögur sem fram hafa komið. Það hefur ekki komið fram af hálfu flutningsmanna málsins, hæstv. forsætisráðherra, hæstv. fjármálaráðherra, hv. þm. Birkis J. Jónssonar eða Guðjóns A. Kristjánssonar hvort þau eru samþykk þeim tillögum sem komu frá meiri hlutanum. Þögn er sama og samþykki þannig að þögn þeirra verður kannski að skoðast í því ljósi.

Varðandi kostnaðarþáttinn er þetta fínt, við getum verið sammála um að það er gott ef hægt er að ná þessu fram með ódýrari hætti en upphaflega var ráðgert.

Ég vil hins vegar taka fram að það skortir algerlega efnislegan rökstuðning á efnisinnihaldið fyrir því hvernig þeir

sem héldu að það þyrfti þing þar sem menn væru í fullu starfi í eitt og hálft til tvö ár til að endurskoða stjórnarskrána, hafa allt í einu uppgötvað að það þarf ekki nema eitt ár og menn geta verið í hlutastarfi og þingið þarf bara að koma saman af og til nokkrum sinnum yfir starfstímann, það nægir. Þá fer ég að velta fyrir mér: (Forseti hringir.) Hafa hugmyndir um stjórnlagaþing með einhverjum hætti gerbreyst (Forseti hringir.) meðan málið hefur verið til meðferðar á þingi? Er það þá ekki, (Forseti hringir.) hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, til vitnis um að málið var vanreifað og vanþroskað (Forseti hringir.) þegar komið var með það inn í þingið?

[17:04]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þetta mál hefur verið fjallað í nefnd. Við fjöllum um meirihlutaálit frá hv. sérnefnd um stjórnarskrármál. Ég veit ekki til þess að nefndarálitið hafi verið borið sérstaklega undir flutningsmenn eða ráðherra, enda væri það ekki við hæfi að mínu viti. Ég veit hins vegar að það hefur verið kynnt formönnum allra stjórnmálaflokkanna, þar á meðal hv. formanni Sjálfstæðisflokksins Bjarna Benediktssyni.

Það virðist vera svolítið erfitt fyrir menn að átta sig á þeirri breytingu sem orðið hefur á störfum þingsins með því að þingnefndir breyta nú málum sem ráðherrar leggja inn og það er staðreynd að ráðherrar hafa á undanförnum tveimur mánuðum mátt sætta sig við að málum þeirra sé breytt verulega í stóru og í smáu. Það er ekkert óeðlilegt við það, það er í rauninni eðlilegt því að betur sjá augu en auga. Það er ágætismálsháttur sem á við t.d. þegar menn setjast niður í nefndum þingsins og fara yfir málin, fara yfir umsagnir, hlusta á og rökræða við þá gesti sem koma og síðast en ekki síst reyna að miðla málum með því að taka tillit til sjónarmiða Sjálfstæðisflokksins, eins og hér á við. Þá breytist niðurstaða málsins og það hefur ekkert með það að gera hvort mál hafi verið vanreifað eða ekki. Ég held að það hljóti allir að fagna því ef það tekst að setja stjórnlagaþingið upp án hins mikla kostnaðar — innan við fjórðung af upphaflega áætluðum kostnaði. Ég tel það vera mikinn árangur af nefndarstarfinu.

[17:06]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fáein atriði. Við hv. þm. Álfheiður Ingadóttir erum sammála um að það er gott ef við getum sparað, það er mjög gott.

Varðandi hins vegar hvernig málið er í rauninni vanreifað og vanhugsað að mínu mati virðist það taka miklum kollsteypum. Við minnumst þess þegar hv. þingmenn Framsóknarflokksins lögðu fram frumvarp í byrjun febrúar um stjórnlagaþing — það hefur verið þeim mikið hjartans mál — en það er þriðja útgáfa frumvarpsins. Við höfum tvær útgáfur í sambandi við þetta frumvarp og svo var þriðja útgáfan hjá framsóknarmönnunum í byrjun febrúar þannig að ... (Gripið fram í.) Breytingartillögur, hv. þingmaður, eru mjög algengar og hafa verið það lengi. Það er mjög algengt að þingnefndir breyti frumvörpum í veigamiklum atriðum, það er ekki bara á síðustu tveimur mánuðum sem það hefur gerst. Sem betur fer eru breytingar þingsins á frumvörpum oftast nær til bóta. Segja má að það hafi gerst hvað þetta varðar þótt okkur vanti enn þá efnislegan rökstuðning fyrir því hvernig menn sjá fyrir sér stjórnlagaþingið, hvernig menn sjá allt í einu fyrir sér að hægt sé að gera það með fjórðungi minna umstangi en upphaflega var áformað. Það er allt annað dæmi, allt önnur stofnun en upphaflega var lagt upp með.

En ég vek hins vegar athygli á því að hv. þingmaður — og kannski væri það ósanngjarnt af mér að ætlast til þess að hv. þingmaður svaraði fyrir hinn óskiljanlega kafla um kosningar til stjórnlagaþings sem er að finna í nefndarálitinu — en ég vek athygli á því að þeim þætti hefur ekki verið svarað, t.d. hvernig menn ætla að koma við persónukjöri og jöfnunarsætum og hvernig menn ætla að ná fram þeim markmiðum sem þar koma fram.

[17:08]

Útbýting:

Listfræðilegt mat á listaverkasöfnum banka, 470. mál, þáltill. viðskn., þskj. 918.

[17:09]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Hér er enn til umræðu frumvarp til breytinga á stjórnarskipunarlögum. Það fer ekkert á milli mála að í umræðunni kemur það mjög skýrt fram að umfjöllun um frumvarpið var í raun ekki lokið í hv. sérnefnd sem fjallaði um málið á milli 1. og 2. umr.

Það sem hins vegar vekur athygli er að ekki er mikill áhugi á þessu máli hjá hv. flutningsmönnum. Það er enginn af flutningsmönnum frumvarpsins í þingsalnum og enginn af hv. þingmönnum sem flytja frumvarpið tekur þátt í umræðunni. Mér er næst að halda að enginn sé í húsinu, eitthvað er því að dofna yfir áhuga hv. þingmanna yfir málinu, enda blasir það algerlega við að það er svo vanreifað og svo stórgallað að ljóst er að það verður að ...

(**Forseti** (KHG): Hæstv. forsætisráðherra er í húsinu.)

Það er gott að vita að hæstv. forsætisráðherra er komin í húsið og væntanlega fylgist hún með umræðunni, enda veitir ekki af satt að segja miðað við innkomu hennar í umræðuna, svo lítil sem þátttaka hæstv. forsætisráðherra hefur verið raunar, en það er alveg ljóst að hún á heilmikla vinnu eftir í að kynna sér afstöðu okkar sjálfstæðismanna til málsins.

Hins vegar er eitt jákvætt sem er að gerast, að stjórnarliðar sem styðja frumvarpið eru farnir að taka þátt í umræðum með andsvörum og eru þar af leiðandi farnir að sýna sjónarmiðum okkar sjálfstæðismanna meiri skilning og athygli þeirra hefur beinst að því sem við erum að tefla fram í umræðunni og tel ég að það sé af hinu góða. Það ber kannski vott um að búa megi svo um hnútana í lokaafgreiðslu málsins að sátt náist um það, sem er auðvitað verkefni okkar. Allar deilur um að fram fari mikil umræða um málið eru náttúrlega alveg ótrúlegar vegna þess að umræður um breytingar á stjórnarskránni eru fullkomlega eðlilegar, ekki síst þegar litið er til þess að samkvæmt frumvarpinu upphaflega, ég tala ekki um frumvarpi framsóknarmanna sem hér hefur verið til umræðu, var gert ráð fyrir margra

missira umfjöllun um breytingar á stjórnarskránni og endurskoðun hennar. Það á því ekki að koma neinum á óvart að nokkurn tíma þurfi til að fara yfir málið.

Hæstv. forseti. Ég ætla að fara yfir nokkur atriði sem ég tel alveg nauðsynlegt að við rifjum upp og förum yfir. Fyrst um framgang málsins og framgöngu flutningsmanna og þá áherslu sem hæstv. forsætisráðherra, hæstv. fjármálaráðherra og aðrir flutningsmenn hafa lagt á málið, sem tala um að nú sé nauðsynlegt vegna aðstæðna í samfélaginu að gera breytingar á stjórnarskránni.

Við skulum rifja það upp að 1. flutningsmaður frumvarpsins, hæstv. forsætisráðherra, hefur verið á Alþingi Íslendinga í 30 ár. (**Gripið fram í:** 31 ár.) 31 ár, já, það er rétt að telja þetta ár með. Hún hefur setið í fjórum ríkisstjórnum, þessi hæstv. ráðherra, fjórum ríkisstjórnum, og það er ekki fyrr en núna sem allt í einu hvarflar að henni að þörf sé fyrir breytingar á stjórnarskránni. Ég man ekki eftir því að þær ríkisstjórnir sem hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, hefur setið í hafi sýnt því nokkurn einasta áhuga svo ég viti til að gera þær grundvallarbreytingar á stjórnarskránni sem hér er lagt upp með.

Hæstv. fjármálaráðherra sem hefur (Gripið fram í.) verið í ... Árið 1995 voru gerðar breytingar á stjórnarskránni en ég minnist þess ekki að hæstv. forsætisráðherra hafi haft nokkurn atbeina að þeim breytingum svo afgerandi væri.

Hæstv. fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, hefur setið hér í yfir 25 ár. Ég sem forseti Alþingis heiðraði þau sérstaklega, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, fyrir langvarandi setu, en ég hef ekki orðið var við þrátt fyrir að hæstv. fjármálaráðherra hafi setið í ríkisstjórn um stund, að á vettvangi þeirrar ríkisstjórnar hafi hann beitt sér fyrir því að gera breytingar á stjórnarskránni. Það er skyndiákvörðun undir pressu, sérstaklega frá bjarghring ríkisstjórnarinnar, frá Framsóknarflokknum, sem ákveðið er að leggja út í þessa vegferð. Það er sorglegt að svo skuli staðið að málum. Ég tel að það séu ámælisverð vinnubrögð að standa svona að þessu. Aðdragandi og undirbúningur stjórnlagafrumvarpsins og breytinganna sem hér eru til meðferðar eru þannig að ekki er hægt að sætta sig við það. Og hafa það markmið að skapa hér óróleika, eins og ég hef vakið athygli á, og ófrið þegar síst þarf á því að halda í samfélaginu með því að tefla fram þessum breytingum á stjórnarskránni. Það er algerlega óskiljanlegt af hálfu forustumanna ríkisstjórnarflokkanna og Framsóknarflokksins.

Hvað um það. Við sitjum uppi með þetta og verðum að beita okkur, að sjálfsögðu. Til þess erum við þingmenn á Alþingi, að beita okkur gegn þeim málum sem við höfum sannfæringu fyrir að eigi ekki að fara í gegn. Athygli hefur verið vakin á því í umræðum að mörg mál hafa verið til meðferðar í þinginu sem hafa hlotið margfalt meiri umfjöllun í þinginu en það mál sem nú er til meðferðar, sem er þó breyting á stjórnarskránni. Breyting á vatnalögum var til meðferðar og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson þekkir vel það mál og kveinkaði sér ekki undan því að nýta allan þann tíma á hinu háa Alþingi til að ræða breytingar á vatnalögum. Það er því af mörgu að taka í þeim efnum. En þegar umræður voru árið 2007 um breytingar á stjórnarskránni beittu ágætir þingmenn sér fyrir því að nauðsynlegt væri að skoða málið betur. Því er nauðsynlegt að rifja upp þeirra eigin orð vegna þess að hæstv. heilbrigðisráðherra t.d. beitti sér þá með þeim hætti að eftir var tekið. Það er líka tekið eftir því núna að hæstv. heilbrigðis- og tryggingaráðherra, Ögmundur Jónasson, sést aldrei í námunda við Alþingishúsið þegar þetta mál er til meðferðar. Ég er alveg sannfærður um að hann er sömu skoðunar núna og hann var þegar hann talaði með þeim hætti sem ég ætla að vitna til, með leyfi forseta. Hæstv. núverandi heilbrigðisráðherra, þáverandi hv. þingmaður, Ögmundur Jónasson, sagði, með leyfi forseta:

„Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga ...“

Síðar sagði hann, með leyfi forseta:

„Það er grundvallaratriði að um stjórnskipan þjóðarinnar ríki stöðugleiki, sátt og festa.“

Undir þetta má taka. „Stöðugleiki, sátt og festa“ sagði hv. þm. Ögmundur Jónasson þá.

Annar ráðherra í ríkisstjórninni, Össur Skarphéðinsson, talaði á þeim tíma á svipuðum nótum. Össur Skarphéðinsson hefur hins vegar fylgst nokkuð með umræðum og er það virðingarvert, hæstv. forseti. Hann sagði á þeim tíma þegar fjallað var um stjórnarskrána, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál.“

Þetta voru orð Össurar Skarphéðinssonar, núverandi ráðherra í ríkisstjórn, sem beitir sér fyrir breytingum á stjórnarskránni, á stjórnlögum landsins í flaustri.

Fróðlegt væri að vita hvort hæstv. utanríkisráðherra hafi á NATO-fundunum sem hann hefur setið upp á síðkastið leitað ráða hjá pólitískum samherjum sínum á þeim vettvangi um hvernig best væri að standa að breytingu á stjórnarskránni. Fróðlegt væri að vita það. En það eru fleiri hæstv. ráðherrar í núverandi ríkisstjórn sem hafa tjáð sig um breytingar á stjórnarskránni. Þegar fjallað var um breytingar sem voru miklu umfangsminni, minni háttar breytingar á stjórnarskránni, sagði hæstv. núverandi ráðherra, Kolbrún Halldórsdóttir, við það tækifæri, með leyfi forseta:

„Eins og ég sagði finnst mér þetta vera óðagot og mér þykir það mjög miður því að hér er verið að fjalla um afar víðtækt og mikilvægt mál sem ég held að þjóðin verðskuldi að fái betri umfjöllun um en hér virðist eiga að fást.“

Þetta sagði núverandi hæstv. umhverfisráðherra um minni háttar breytinga á stjórnarskránni. Það er ástæða til að rifja þau orð upp vegna þess að þau hljóta að vekja þessa ágætu ráðherra og þingmenn stjórnarliðsins til umhugsunar. Núverandi fjármálaráðherra lét ekki sitt eftir liggja í þeirri umræðu. Hann sagði, með leyfi forseta:

„En ég bara trúi því ekki að menn ætli að bera það á borð að örvæntingin í stjórnarherbúðunum, sem myndaðist á fáeinum sólarhringum fyrir og um flokksþing Framsóknarflokksins“ — takið eftir, Framsóknarflokksins — „sé gjaldgeng ástæða til þess að standa svona að málum, að umgangast stjórnarskrá og vandasöm viðfangsefni þar með léttúð af þessu tagi. Ég læt segja mér það þrisvar að menn ætli í raun og veru að gangast við því að slíkt sé verjanlegt og réttlætanlegt og fara þá leið allar götur til enda.“

Þetta var ræða núverandi hæstv. fjármálaráðherra. Hann

minntist þarna á Framsóknarflokkinn. Það eru fleiri sem hafa tjáð sig um þetta og ekki svo sem ástæða til að rifja það upp. En fróðlegt hefði verið að heyra afstöðu þeirra ráðherra í ríkisstjórninni sem hafa ekki talað um þetta, eins og t.d. núverandi hæstv. dómsmálaráðherra sem fjallar um þann mikilvæga málaflokk, og fróðlegt hefði verið að fá innlegg frá þeim hæstv. ráðherra sem hlýtur að hafa tekið þátt í undirbúningi og umræðum í ríkisstjórninni um þessar breytingar. En hæstv. dómsmálaráðherra hefur ekki látið sjá sig í þessari umræðu. Hún hefur ekki tekið þátt í henni. Það hefði verið mikill fengur að því að heyra sjónarmið ráðherra sem hefur fylgst vel með þessum málum sem varðar stjórnarskrá væntanlega. En fyrrgreind orð voru þeirra eigin orð, þeirra sem núna vilja breyta stjórnarskránni.

Í umfjöllun nefndarinnar, eins og hv. þingmenn sem hér eru inni og hlýða á mál mitt vita, voru mörg varnaðarorð uppi og ég ætla ekki að fjalla sérstaklega um þau vegna þess að hv. þingmenn hafa væntanlega kynnt sér það til hlítar hver afstaða umsagnaraðila hefur verið. En almennt má segja að umsagnir um frumvarpið voru neikvæðar og varað var við þessum flausturslegu vinnubrögðum.

Tillögur Sjálfstæðisflokksins hafa hins vegar gengið út á það að bæta vinnubrögðin, bæta vinnulagið, ýta frumvarpinu eins og það er til hliðar en tryggja að við gætum gert breytingar á stjórnarskránni þannig að við gætum í framhaldi af kosningum sem fram undan eru staðið að breytingum á stjórnarskrá og undirbúið það með eðlilegum hætti, m.a. hvað varðar þjóðaratkvæðagreiðslu og annað það sem hér er verið að fjalla um, en gera það þá að vel athuguðu og undirbúnu máli. Við sjálfstæðismenn höfum eins og hv. þingmenn þekkja lagt áherslu á önnur vinnubrögð en fram koma gagnvart þessu frumvarpi.

Við viljum skapa möguleika á því að hægt sé að vinna vandlega að breytingum á stjórnarskránni. Við teljum að breyta eigi stjórnarskránni í fjölmörgum atriðum og vel komi til greina að það sé gert m.a. með umfjöllun á svokölluðu stjórnlagaþingi en að það verði ráðgefandi og tillögur stjórnlagaþings um breytingar á stjórnarskránni, sem þurfa að vera fjölmargar eins og ég sagði, ættu síðan að koma inn til Alþingis til endanlegrar umfjöllunar í staðinn fyrir það sem hér er lagt til, að ýta Alþingi Íslendinga til hliðar sem ég tel ekki koma til greina. Það sem ég hef gert sérstakar athugasemdir við eru hugmyndir um stjórnlagaþing sem taki yfir löggjafarvald Alþingis og stjórnlagavaldið.

Margar tillögur hafa komið fram eins og athygli hefur verið vakin á. Framsóknarmenn komu með frumvarp sem stjórnarflokkarnir hentu til hliðar. Þeir lögðu til að kosnir yrðu 63 þingmenn á sérstakt stjórnlagaþing sem færi með það verkefni að breyta stjórnarskránni, 63 þingmenn sem stæðu í þessu missirum saman og sæju um að breyta stjórnarskránni. Síðan gerist það að stjórnarflokkarnir taka þetta í sínar hendur og lagt er fram frumvarp eins og hv. þingmenn þekkja. Því er síðan umturnað þegar ljóst var hvers konar umfang þarna var á ferðinni og hversu mikill kostnaður átti að verða við stjórnlagaþingið. Hér er komin breytingartillaga sem felur í sér að umfang stjórnlagaþings — nauðsynlegt er að almenningur í landinu viti um þetta því það er svo mikið talað um að kalla eigi þjóðina til — miðað við þær breytingartillögur sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt fyrir er einungis einn fjórði þess sem upphaflega var lagt af stað með af hálfu stjórnarflokkanna og enn minna umfang en Framsóknarflokkurinn lagði upp með í upphafi sem lagði til 63 þingmenn. Hér hefur verið slegið verulega undan í þessu en það þarf að ljúka því að koma í veg fyrir að þessi breyting nái fram að ganga.

Við sjálfstæðismenn leggjum áherslu á að það eigi eftir góðan undirbúning og án þess að það sé sett inn í stjórnarskrá að efna til mikillar og vandaðrar vinnu, mikils samráðs við aðila í samfélaginu á vettvangi stjórnlagaþings sem mætti kjósa til sem ráðgefandi.

Rétt er að vekja athygli á því að hugmyndir hafa komið upp um þann kost að Alþingi tæki að sér á sérstökum fundum um stjórnlagamálefni að fjalla um breytingar á stjórnarskránni þannig að tiltekinn tími ársins gæti verið tekinn frá, t.d. síðla sumars eða fyrri part sumars þar sem Alþingi fjallaði eingöngu um breytingar á stjórnarskránni. Ég tel að það kæmi vel til greina og það hlyti að mega skoða það. En hvað um það. Stjórnlagaþing sem tekur yfir hlutverk Alþingis finnst mér ekki koma til greina en við eigum að ganga til breytinga á stjórnarskránni á þeim nótum sem við sjálfstæðismenn höfum lagt áherslu á.

Aðeins að lokum, virðulegi forseti. Ég vara mjög við öllum hugmyndum, hvernig sem til verður stofnað um kjör á stjórnlagaþing, að það verði gert á sama tíma og sveitarstjórnarkosningar. Ekki á að trufla sveitarstjórnarkosningar með því að blanda þeim saman við kjör til stjórnlagaþings. Þess vegna tek ég undir varnaðarorð margra sveitarstjórnarmanna sem hafa lagt áherslu á að ekki yrði kosið til stjórnlagaþings um leið og kosið yrði til sveitarstjórna.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, ítreka ég varnaðarorð mín um að þetta mál er ekki fullreifað og teldi ég langeðlilegast að beðið yrði með frekari umfjöllun um það.

[17:29]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýddi á ræðu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar svo til alla. Stór hluti ræðunnar fór í að rifja upp hvað sagt hefði verið um stjórnarskrármálið í gegnum tíðina. Í ræðu sinni nefndi hann hins vegar að það væri ófært að flutningsmenn þessa frumvarps væru að efna til óróleika og ófriðar í samfélaginu. Með öðrum orðum að þær hugmyndir sem fram koma í þessu frumvarpi séu til þess fallnar að skapa ófrið í samfélaginu.

Ég hef ekki orðið var við þann ófrið en ég hef orðið var við að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja ekki að þetta stjórnarskrárfrumvarp verði að lögum.

Mig langar að spyrja hv. þingmann um það hvort þessar hugmyndir hans um ófrið og óróleika eigi rætur sínar að rekja til þess að í frumvarpinu er lagt til að náttúruauðlindir verði varanlega í þjóðareign, að þær verði með öðrum orðum ekki látnar varanlega af hendi. Heldur hv. þingmaður því fram að þetta ákvæði valdi ófriði og óróleika í samfélaginu?

Ég vildi einnig spyrja hv. þingmann hvort líklegt sé að hugmyndir um að almenningur fái aukinn rétt til þess að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslur um mál er varða almannahag standi undir þeim stóru orðum að framlagning

frumvarpsins skapi hvort tveggja óróleika og ófrið í íslensku samfélagi.

[17:31]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst vil ég segja að það er að sjálfsögðu mikill óróleiki sem fylgir umfjöllun um þetta frumvarp hér á Alþingi og það nær út fyrir Alþingishúsið. Hér er verið að gera tilraun til þess að berja í gegn breytingar sem mjög stór hópur manna í samfélaginu er ósáttur við. Það skapar ófrið og það skapar óróleika.

Hvað varðar það að almenningur fái meiri aðkomu að ákvörðunum með þjóðaratkvæðagreiðslu sérstaklega þá höfum við sjálfstæðismenn ekki lýst okkur andstæðinga þess að sköpuð verði skilyrði til þess að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu. Við þurfum hins vegar að setja utan um það skynsamlegan ramma og við höfum gert athugasemdir við það. En þjóðaratkvæðagreiðslur er að mínu mati sjálfsagt að auka, ég tala nú ekki um þegar kemur að því að fjalla um breytingar á stjórnarskránni.

Hvað varðar auðlindirnar og það að tryggja, eins og hv. þingmaður sagði, varanlegan og ótvíræðan eignarrétt samfélagsins, ríkisins þá — sumir hafa kallað það þjóðareign. Ég tel, og vísa þá til þess frumvarps sem m.a. var til umfjöllunar hér árið 2007, að það eigi að vera hægt að ná samkomulagi um breytingar á stjórnarskránni, m.a. er verið að gera tilraun til þess í 1. gr. þessa frumvarps. Ég tel að það eigi að vera hægt að ná samkomulagi um það deilumál. En það verður að gæta þess (Forseti hringir.) að orða þau ákvæði ekki á þann veg að fyrirsjáanleg sé eilífðardeila og málaferli út af þeim breytingum.

[17:34]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir það andsvar sem hann gaf hér. Ég dreg þá ályktun af því að um 1., 2. og 3. gr. þess frumvarps sem hér liggur fyrir megi finna sáttaleið eða sameiginlega niðurstöðu milli þeirra sem annars vegar flytja frumvarpið og styðja það og hinna sem hafa gert verulegar athugasemdir.

Mér fannst koma fram ákveðinn misskilningur í máli hv. þingmanns varðandi 4. gr. Sú hugmynd sem hér er til meðferðar, þ.e. stjórnlagaþingið og kosning á það, gengur út á það að stjórnlagaþingið fái rétt til þess að gera tillögur um breytingu á stjórnarskipun. Alþingi hefur umsagnarrétt um þá tillögu og á endanum er það þjóðin sjálf sem kveður upp úr um hvort ný stjórnarskrá skuli sett. Það þing eða sá hópur sem fær þá væntanlega tækifæri til þess að vinna að endurbótum eða endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur þá umboð sitt beint frá þjóðinni sjálfri í gegnum persónukjör eins og það er hugsað hér. Sá hópur eða það þing hefur síðan rétt á því að leggja fram tillögur til breytinga.

Í fyrsta lagi sækir þingið uppsprettu heimilda sinna til fólksins í landinu og í annan stað er það fólkið í landinu sem á endanum mun taka afstöðu til þeirra hugmynda sem þarna verða til. Hv. þingmaður sagði að þingið gæti gert beinar breytingar á stjórnarskránni en það er ekki rétt. Þannig að ég spyr enn og aftur: Erum við ekki (Forseti hringir.) í raun og veru að tala um það að heldur styttra sé á milli okkar en hv. þingmenn vilji vera láta og að auðvelt sé að ná hér samkomulagi?

[17:36]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði hér fyrr þá er það mikil framför að hér eru farnar að fara fram umræður, skoðanaskipti um grundvallaratriði. Það er mikill árangur sem við höfum náð í þessari umræðu.

Aðeins út af því sem hv. þingmaður sagði. Grundvallaratriði og aðalatriði í gagnrýni okkar er að við sjálfstæðismenn viljum ekki setja Alþingi til hliðar. Það er útgangspunktur og aðalatriði í okkar huga. Það að þjóðin komi nær þessu með persónukjöri til stjórnlagaþingsins — það er ekkert á móti því að kosið sé til stjórnlagaþings sem fái það verkefni að undirbúa tillögur um breytingar á stjórnlagaþingi þar sem kallaðir hafa verið til samráðs ótalmargir aðilar í samfélaginu og sendi þær tillögur til Alþingis sem fjalli endanlega um þær. Þannig væri með góðri og traustri útfærslu hægt að halda styrk og virðingu Alþingis en kalla til hóp úr samfélaginu, valinn hóp, kjörinn hóp, til þess að vinna að því mikilvæga verkefni að breyta stjórnarskránni sem við erum nánast öll sammála um að þurfi að breyta.

Það er þessi tilraun sem við sjálfstæðismenn erum að reyna að gera og reyna að sannfæra flutningsmenn frumvarpsins um. Við erum að reyna að fá okkar bestu menn, m.a. þá sem eru í sérnefndinni, til þess að fallast á þau sjónarmið að það er ekki til farsældar fallið að setja Alþingi niður með því (Forseti hringir.) að ýta því til hliðar. Það er það sem við getum ekki samþykkt.

[17:38]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Þetta er sögulegur dagur hér að taka þátt í þessum umræðum miðað við aðdragandann þegar dagskrártillaga okkar sjálfstæðismanna, um það að taka önnur mál fyrir, var felld. Mun það vera í fyrsta sinn í sögu þingsins að slík tillaga er borin upp og er að mínu mati aðeins til marks um það að forsetaembættið hefur sett niður. Forsetaembættið er ekki lengur þannig skipað að hæstv. forseti Alþingis geti ráðið málum fram í sátt og það verða að fara fram atkvæðagreiðslur um það hvernig dagskrá þingsins er háttað. Þetta hafa menn forðast í áratugi og reynt að komast hjá því vegna þess hvaða fordæmi felst í því. Og þetta hefur gerst hér nú.

Það er greinilegt að það er eindreginn vilji stjórnarmeirihlutans hér á þingi að halda þinginu undir þessu oki dagskrárvaldsins sem birtist í því að þessi tillaga þurfti að koma hér fram og hún var borin undir atkvæði í stað þess að leita sátta og komast að samkomulagi um dagskrána.

Hvernig halda menn að hægt sé að ná samkomulagi við menn um stjórnarskrána sem geta ekki einu sinni samið um dagskrá Alþingis? Hvernig halda menn að hægt sé að ná samkomulagi um efnisatriði í stjórnarskránni þegar þannig er haldið á stjórn þingsins að ekki er hægt að ná samkomulagi um dagskrána? Það er sögulegt að fylgjast með þessu og sjá hvernig meiri hluti þingsins ryðst hér fram og hvernig hann heldur á þessu máli. Það var enn ein niðurlæging

fyrir Alþingi að þessi atkvæðagreiðsla þurfti að fara hér fram í dag.

Þessir menn koma síðan hér upp hver eftir annan eftir það og velta því fyrir sér hvort hægt sé að ná samkomulagi um stjórnarskrána þegar ekki er einu sinni hægt að ná samkomulagi um dagskrá þingsins. Hvernig halda þeir menn sem halda svona á málum að hægt sé að semja við þá um stjórnarskrána?

Öll framganga þessa máls hefur því miður verið með eindæmum. Enda segjum við hér í upphafi nefndarálits okkar, sérnefndarinnar, minnihlutinn, að það er málsmeðferðin sem er ámælisverðust. Það er það þegar hv. formaður nefndarinnar, sem nú hefur farið af þingi og var greinilega í mikilli tímaþröng, það var augljóst. Sagt var við okkur nefndarmenn: Tími sátta er liðinn — og þá var greinilega óeðlileg tímaþröng í málinu. Þannig að bæði efnislega og varðandi tímann og líka varðandi dagskrána þá er haldið þannig á málum að það er greinilega enginn vilji til sátta. Við sögðum á síðasta fundi nefndarinnar: Við erum tilbúin til þess að ræða málið í nefndinni. Það mun spara tíma í þingsalnum ef leitað er sátta í nefndinni. Þá var okkur sagt: Tími sátta er liðinn.

Þegar við komum hér í þingsalinn og leitum sátta um dagskrá þingsins þá er haldið þannig á málum að það verður að fara í atkvæðagreiðslu. Það er ekki neinn vilji til sátta. Það verður að bera það undir atkvæði þingsins. Brotið blað í þingsögunni vegna þess að menn vilja halda þannig á málinu. Þetta er ekki okkar vilji. Við höfum lagt okkur fram um það að ná sáttum um þessi mál. Þeim tilraunum hefur öllum verið hafnað og virðist vera enn í dag þó að hv. þingmenn komi hingað upp og láti eins og þeir vilji sættast um eitthvað sem við vitum ekki hvað er.

Varðandi málsmeðferðina þá þykir mér einnig að í umræðunum í dag hafi komið fram, hjá hv. þm. Guðfinnu S. Bjarnadóttur, mjög vel rökstudd gagnrýni á það hvernig að þessum málum hefur verið staðið. Hún fór yfir það í ræðu sinni lið fyrir lið hvernig standa hefði átt að málinu til þess að ná samkomulagi um það og vinna það á þann veg að það kæmi fullmótað og fullbúið hingað í þingsalinn. Svo er ekki og þess vegna erum við í þessum vandræðum vegna þess hve illa hefur verið staðið að þessum undirbúningi öllum.

Síðan gerist það í andsvari við ræðu hv. þingmanns að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir stendur hér upp og fer að tala um að haft hafi verið samráð við sveitarstjórnarmenn um að halda kjör til stjórnlagaþings á sama tíma og sveitarstjórnarkosningar Þetta er alrangt. Það var nefnt í þingnefndinni við þá gesti Sambands íslenskra sveitarfélaga sem voru alfarið á móti stjórnlagaþinginu, „því að það mætti kannski kjósa til þingsins í tengslum við sveitarstjórnarkosningarnar“. Ef svona aukasetningar eru taldar til marks um samráð við breytingar á stjórnarskránni þá endurspeglar það allt ferlið sem hefur verið í undirbúningi þessa máls.

Ég tek undir það með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að það væri mjög gagnlegt og fróðlegt að fá hæstv. dómsmálaráðherra til þátttöku í þessum umræðum. Hún hefur flutt erindi og hún tók þátt í að smíða handbók um gerð lagafrumvarpa. Hún hefur flutt erindi, bæði opinbera fyrirlestra og einnig á námsstefnum, um undirbúning lagasmíðar og hvers þarf að gæta við lagasmíð.

Ég las hér síðast þegar ég flutti ræðu í þessum umræðum ritgerð eða forustugrein úr tímariti lögfræðinga eftir starfandi umboðsmann Alþingis, Róbert S. Spanó, þar sem hann varar eindregið við vinnubrögðum eins og einkenna þá lagasmíð eða stjórnlagasmíð sem við stöndum nú frammi fyrir.

Ég er viss um að það væri mjög gagnlegt fyrir hæstv. dómsmálaráðherra að hlýða á þessar umræður og gagnlegt fyrir þingmenn ef hæstv. dómsmálaráðherra kæmi hér og gerði grein fyrir því hvaða augum hún lítur aðdraganda og undirbúning lagagerðar og hvernig þetta fellur að því. Má raunar segja að vegna þess hraða sem var í sérnefndinni hafi okkur ekki gefist tími til að gera það sem hefði verið eðlilegt, þ.e. að kalla hæstv. dómsmálaráðherra fyrir nefndina sem sérfræðing í lagasmíð til þess að átta sig á þeim sjónarmiðum sem hún hefði til þess hvernig að þessu máli hefur verið staðið.

Það er sama hvar við drepum niður Þetta er illa undirbúið. Það er kastað til þess höndunum. Ég spyr síðan, eins og hv. þm. Birgir Ármannsson rakti hér: Hvernig á að kjósa til stjórnlagaþingsins? Ætla mætti — þegar maður heyrir lýsingarnar og fer yfir nefndarfundina í huganum, hvernig þetta ágæta meirihlutafólk í nefndinni lítur á málið — að farið hafi verið í smiðju til hv. frambjóðanda Ástþórs Magnússonar. Ég heyrði ekki betur en að hann kynnti í umræðuþætti frambjóðenda eða forustumanna framboða í sjónvarpinu á föstudagskvöldið leið til þess að vera í stöðugu sambandi við almenning í einhverju rafrænu þingi. Það er kannski eitthvað slíkt sem menn eru með í huga þegar þeir segja í nefndaráliti sínu að þjóðin öll eigi að sitja á stjórnlagaþinginu. Það eru kannski tillögur Ástþórs Magnússonar — hann er kannski kominn inn í þetta frumvarp líka hér á nefndaráliti til þess að breikka stuðningshópinn miðað við það að þjóðin öll eigi að sitja á stjórnlagaþinginu. Það skyldi þó aldrei vera.

Varðandi 3. gr. frumvarpsins, sem menn tala hér um, sem er efnisbreyting eins og 1. gr. — þess vegna segjum við 1. og 3. gr. eigum við að ýta til hliðar og einbeita okkur að 2. gr. Varðandi 3. gr. frumvarpsins þá gætum við sem viljum breytingar á 26. gr. stjórnarskrárinnar, um synjunarvald forseta Íslands á lögum frá Alþingi, í sjálfu sér hugsað um 3. gr. ef tekið yrði fram í tengslum við hana að þetta synjunarvald hyrfi. Því það kom fram hjá umsagnaraðilum, þegar um var spurt í nefndinni — spurt var: Ber að líta þannig á að ef 3. gr. yrði fest í stjórnarskrá yrði synjunarvaldið í 26. gr. raunverulega marklaust? Þeir sem svöruðu voru annaðhvort á báðum áttum eða þeir svöruðu afdráttarlaust og töldu að með þessu yrði 26. gr. marklaus í þeim skilningi að þar væri ekki lengur fyrir hendi nein ástæða til að hafa það ákvæði í stjórnarskránni og þar með mundi synjunarvald forseta Íslands hverfa úr sögunni.

Það eru svona athuganir sem þurfa að fara fram. Það eru slíkar athuganir sem þurfa að liggja klárar fyrir þegar menn eru að fara út í breytingar af þessu tagi. Það verður að skrifa það og vinna að þeirri niðurstöðu að það sé alveg ljóst hvað menn eru að segja um þessa hluti. Ég tel að þetta séu efnisatriði sem er þá eðlilegt að bíði þar til menn hafa tekið ákvarðanir um það hvaða aðferðum á að beita við breytingu á stjórnarskránni eins og mælt er fyrir í 2. gr.

frumvarpsins varðandi breytinguna á 79. gr.

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé svo að efnisatriði frumvarpsins — ég hafna algerlega stjórnlagaþinginu, 1. og 2. gr. eru þess eðlis að ef menn segja að samkomulag sé um 1. gr. hvers vegna tóku menn þá ekki inn frumvarpið frá 2007? Þeir hafa líklega verið ósammála því sem kom þar fram fyrst það er ekki tekið upp orðrétt inn í þetta frumvarp. Þannig að þar eru líka álitamál sem þarf að ræða. Ég ítreka þá tillögu mína sem ég hef verið með hér frá upphafi: Ef tími sátta er ekki liðinn, eins og okkur var sagt í nefndinni, þá á að skoða 2. gr. frumvarpsins.

[17:49]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til stjórnarskipunarlaga og sú umræða hefur staðið yfir í nokkra daga. Ég hef átt þess kost að fylgjast með umræðunni bæði úr þingsal og sem forseti og jafnframt úti á minni skrifstofu. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem hefur unnið að undirbúningi þessa frumvarps og þess vegna vildi ég síðar í ræðu minni, herra forseti, fara yfir einstök atriði í frumvarpinu og gera grein fyrir sjónarmiðum mínum og leggja fram þær spurningar sem mér finnst ekki vera svarað í frumvarpinu.

Ég vil byrja á að segja, herra forseti, að nú er farið að birta og komið vor hjá okkur eftir erfiðan vetur þar sem við Íslendingar urðum fyrir miklu efnahagshruni sem auðvitað hefur verið víðar um heim. Við lentum í því, ef svo má að orði komast, að hér urðu stjórnarslit. Við höfum fengið marga fræðimenn til að koma til landsins til að fara yfir þau vandamál sem steðja að samfélaginu. Meðal annars kom hingað fyrrverandi forsætisráðherra Svía, Göran Persson, sem taldi að við ættum að varast sem lengst upphlaup í stjórnmálum og að stjórnmálaástandið færi úr skorðum en það er einmitt það sem er að gerast á Íslandi. Hér hafa orðið stjórnarslit. Hér starfar minnihlutavinstristjórn sem taldi að hún gæti ráðið bót á öllum okkar vandamálum á skömmum tíma. Því miður hefur það ekki gerst heldur hitt að öll úrræði og allar umbætur sem gera þarf í samfélaginu til að bankarnir, fyrirtækin og ekki síst heimilin geti litið fram á vorið og þetta ár björtum augum, hafa ekki náð fram, sáralítið hefur gerst sem hefði þó þurft að gera. Fyrri ríkisstjórn var að vísu búin að leggja fram mál sem sum hver hafa náð í gegn og það er auðvitað vel. Það er nöturlegt, herra forseti, að fylgjast með umræðunni undanfarna daga þar sem stjórnarandstaðan vildi taka á dagskrá þau mál sem eru brýnust úrlausnar í samfélaginu sem varða fyrirtækin og heimilin, og er undravert að ekki skuli heyrast hljóð úr neinni dollu fyrir utan þinghúsið þegar ekkert er að gerast í málefnum fjölskyldnanna eða fyrirtækjanna.

Það er nöturlegt, herra forseti, að ekki skuli vera tekið á þeim málum sem hér eru þó á dagskrá þingsins eins og stórt atvinnumál sem er það að klára þau málefni sem varða álverið í Helguvík þar sem gríðarlega mörg störf mundu verða til, bæði við orkuöflun og uppbyggingu álversins akkúrat á þeim tíma þegar við þurfum mest á því að halda. Nei, því miður, þá er verið að fjalla um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins og það er fjallað um það á undraverðan hátt vegna þess að það hefur komið hér fram æ ofan í æ að það á að gera með þeim hætti að samráð er með minnsta móti. Það er nánast ekkert samráð og algerlega í fullum ágreiningi við stjórnarandstöðuna. Það er öðruvísi en áður hefur verið í okkar ágæta landi þar sem menn hafa síðustu 50 árin staðið saman að því að breyta stjórnarskrá lýðveldisins. Svo er ekki nú. Hvers vegna skyldi það vera? Hverju er verið að ná fram með þeim breytingum sem nú er verið að leggja til? Ég mun koma að því síðar í ræðu minni, herra forseti.

Við sjálfstæðismenn erum að sjálfsögðu tilbúnir hér eftir sem hingað til að vinna að nauðsynlegum og eðlilegum breytingum á stjórnarskránni en það verður að vinnast á vettvangi Alþingis og meðal þeirra sem þar eru kjörnir til en ekki með því að útvista slíkum verkefnum.

Eins og ég sagði í upphafi átti ég þess kost að hlusta á margar ræður og m.a. ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur þegar hún fór yfir málið. Hún reifaði í raun fyrst og fremst nefndarálitið og frumvarpið en margt í ræðu hennar var undarlegt og hvernig hún fór yfir þessi mál. Ég sagði í ræðu undir liðnum um fundarstjórn forseta að líklega yrði þetta mál afgreitt af hálfu framsóknarmanna á Klörubar og það er kannski að verða raunin.

Ég verð jafnframt, þar sem ég sá hér hv. þm. Ellert Schram áðan, að lýsa undrun minni þegar ég hlustaði á ræðu hans við 2. umr. þessa máls. Ég get ekki lýst því öðruvísi en sem afskaplega miklu uppgjöri við fortíðina, uppgjöri sem ég átta mig ekki á og skil ekki að Sjálfstæðisflokkurinn skuli vera bæði með horn og klaufir í hans huga. Allt sem gerst hefur í samfélaginu síðustu 50 árin, ég nefndi það áðan, herra forseti, að í 50 ár hefur stjórnarskráin verið afgreidd ágreiningslaust og þar hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið í fararbroddi í stjórnun lýðveldisins. Þess vegna undraðist ég mjög þá ræðu sem hv. þm. Ellert Schram flutti hér.

Það er gjarnan svo með nýja þingmenn sem mæta til leiks á Alþingi að það er mikill hátíðarbragur yfir því þegar þeir koma fyrst til þings og undirrita drengskaparheitið við stjórnarskrána. Þetta er mikil virðingarstund fyrir hvern og einn sem kemur í þennan sal að skrifa undir þetta drengskaparheit. Ég held að margir sem hafa starfað hér lengi átti sig hreinlega ekki á því hverju þeir eru að afsala frá hinu háa Alþingi. Þeir eru kjörnir af þjóðinni á þingið til að semja og samþykkja lög, hafa áhrif á stjórnarskrána og breyta henni en leggja það til eftir langa starfsdaga á Alþingi að nú eigi að útvista þessu. Þetta er kannski nýyrði frá útrásinni að nú eigi að útvista hlutum frá ríkinu. Þetta eru alger öfugmæli hvernig þetta er lagt upp í frumvarpinu, herra forseti, og mjög ótrúlegt miðað við þær aðstæður sem eru í samfélagi okkar núna hvernig þetta er lagt upp.

Ég ætla nú snúa mér örlítið að frumvarpinu sem slíku og hverri grein fyrir sig, herra forseti, og kem þá að 1. gr. frumvarpsins sem verður 79. gr. Þetta er ný grein. Þar segir:

„Náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti eru þjóðareign." — Ég hef tekið eftir því í máli manna að þjóðareignarhugtakið hefur ekki verið skýrt nákvæmlega. Ég held að það sé eitt af því sem er nauðsynlegt í þeirri umræðu sem við eigum hér að það sé skýrt nákvæmlega þannig að þingið og þjóðin viti hvað verið er að segja þarna. Jafnframt segir í 1. gr.: — „Ríkið fer með forsjá þeirra, vörslu og ráðstöfunarrétt og hefur eftirlit með nýt-

ingu þeirra í umboði þjóðarinnar eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.“ — Þá er spurningin í hvaða lögum og hvernig á að greina frá því? Við þurfum að hafa þetta skýrara. Það koma svo síðar inn, herra forseti, breytingartillögur við frumvarpið sem ég ætla jafnframt að fara yfir, en þarna er ég að benda á að við þurfum að hafa skýrt og klárt hvað átt er við.

Ég held áfram með tilvitnun í frumvarpið, herra forseti:

„Allar náttúruauðlindir ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir. Náttúruauðlindir í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi.

Allir eiga rétt til umhverfis sem stuðlar að heilbrigði og þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Réttur almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það, svo og kostur á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, skal tryggður með lögum.“

Það eru margar spurningar sem vakna, herra forseti. Við erum með löggjöf hér á þinginu. Í fyrsta lagi löggjöf sem við köllum rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og gufu. Þar erum við að fara einmitt yfir þessi atriði. Hvers vegna þarf að taka þetta þarna inn? Við erum jafnframt með löggjöf sem liggur fyrir þinginu núna, þ.e. náttúruverndaráætlanir. Við erum með sérlög um þjóðgarða sem eru á nokkrum stöðum á landinu og sérlög um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Hver er nálgunin með að koma þessu inn í stjórnarskrá og hafa svo alla þessa löggjöf sem fyrir er?

Það segir hér „áhrif framkvæmda“. Við erum með löggjöf um umhverfismat áætlana. Ég vildi gjarnan fá það skýrt fram hvernig menn ætla að láta þessa harmoníu ná saman varðandi þetta atriði, 79. gr., sem er ný, og það sem við erum að vinna með í löggjöfinni nú þegar. Við erum jafnvel með löggjöf um stjórn auðlindanna, stjórn fiskveiða. Við erum með ákveðna löggjöf og reglur um vatnsréttindi fallvatnanna. Þarna held ég að þurfi að fara yfir málin og eðlilegt að þetta sé tilgreint.

Í 2. gr., sem er núna 79. gr. laganna og verður 81. gr., segir svo, með leyfi forseta:

„Frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi. Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarpið skal það borið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Sé meiri hluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu, þó minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, skal það staðfest af forseta Íslands og öðlast þá gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Nánari tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. og 2. mgr. skal ákveðin með lögum.“

Ég vil gera nokkur atriði í þessari grein að umtalsefni, herra forseti. Reyndar koma breytingartillögur við greinina og mun ég koma að þeim nánar síðar.

Ég vil nefna eitt atriði og það er að forseti Íslands verður að staðfesta þessi lög eins og reyndar önnur lög. Hefur það verið rætt á hinu háa Alþingi? Hafa menn skoðað það hvort forsetinn muni yfirleitt staðfesta þessi lög, þessa breytingu á stjórnarskrá? Við áttum í langri og mikilli umræðu um fjölmiðlalög og þar var heldur betur málþóf og gríðarlega mikil umræða var um fjölmiðlalögin og eignarhald á fjölmiðlum. Þá kom upp í umræðunni að ekki væri víst að forseti Íslands mundi staðfesta lögin. Ég hef ekki heyrt það en ég vil spyrja: Er það augljóst og sjálfgefið að forseti Íslands muni staðfesta þessi lög?

Á þeim tíma þegar fjölmiðlafrumvarpið var til umræðu, sem við hefðum betur fengið samþykkt og gert að lögum vegna þess að við þá atburði sem þá runnu af stað, þegar lögin náðu ekki fram og fengu ekki undirritun forseta Íslands, náðu þeir sem höfðu tökin á fjölmiðlunum yfirtökum í samfélaginu. Það skyldi þó ekki koma í ljós við þá miklu skoðun sem nú er verið að vinna að varðandi efnahagshrunið hvort það hafi ekki m.a. ásamt með ýmsu öðru verið upphafið að því að auðmenn náðu hér fótfestu og náðu því valdi sem þeir ætluðu sér? Við vissum að þáverandi hæstv. forsætisráðherra var að undirbúa lagasetningu um krosseignatengsl í samfélaginu, m.a. á milli fyrirtækja og banka. Það hefði verið þjóðinni gott ef fjölmiðlalögin hefðu náð fram að ganga og gert það gagn sem þeim var ætlað.

Á þeim tíma — af því að enn eru í Alþingishúsinu brotnar rúður og bjálkar fyrir hurðum að innan sem bera ummerki þess þegar búsáhaldabyltingin náði að berja á Alþingishúsinu — þegar fjölmiðlafrumvarpið var til umræðu var bönunum hent í Alþingishúsið og sagt að við byggjum í bananalýðveldi. Það væri gaman og fróðlegt að heyra frá þeim aðilum sem töluðu um að á Alþingi réðu menn sem væru að stjórna bananalýðveldi. Hvaða lýðveldi er það sem er að breyta stjórnarskrá sinni með þeim hætti sem hér er lagt til í fullkominni ósátt á þinginu? Frá síðustu 50 árum er verið að leggja til stjórnarskrárbreytingu í fullkominni ósátt. Mér finnst að orðið bananalýðveldi ætti að koma upp í hugann þegar við skoðum tímann og það sem gerst hefur hér frá því að við ræddum fjölmiðlalögin.

Í 2. gr. sem ég vitnaði til segir, með leyfi forseta:

„Nánari tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu ... skal ákveðin með lögum.“ Því er ekki svarað til fullnustu hvernig það á að gerast.

3. gr. frumvarpsins, sem verður 80. gr. laganna, orðast svo, með leyfi forseta:

„Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varðar almannahag ef 15 af hundraði kjósenda krefjast þess. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan þriggja mánaða frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir.

Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar er bindandi þegar hún fjallar um gildi tiltekinna laga og meiri hluti gildra atkvæða er fylgjandi tillögu sem borin er upp, þó minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá. Þó er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.

Nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar skulu settar með lögum.“

Gott væri ef flutningsmenn frumvarpsins færu svolítið yfir þessi atriði og skýrðu þau betur út. Í ýmsum athugasemdum við frumvarpið hafa komið fram athugasemdir við þessa hundraðshluta sem tilgreindir eru í 3. gr. lagafrumvarpsins, sem verður 80. gr. laganna. Skýringu vantar. Umræðu skortir um hvar þessi mörk eigi að liggja, hvort þau eru of lág eða þarf að hækka þau? Slík umræða hefur ekki átt sér stað hér. Það er ekki nógu málefnaleg umræða um frumvarpið.

Í 4. gr. frumvarpsins segir svo, með leyfi forseta:

„Við stjórnarskrána bætist nýtt ákvæði um stundarsakir, svohljóðandi:

Forseti Íslands skal boða til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, þar sem byggt verði áfram á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda. Stjórnlagaþing skal skipað 41 þjóðkjörnum fulltrúa og jafnmörgum til vara. Um kjörgengi og kosningu fulltrúa á þingið og skipulag þingsins skal mælt fyrir í sérstökum lögum sem sett verði að loknum alþingiskosningum vorið 2009."

Ljóst er, herra forseti, að setja á reglur og lög eftir á. Við þurfum auðvitað að sjá hvernig heildarmyndin er. Þess vegna er ekki tímabært að klára þetta mál hér og nú. Við eigum að láta það liggja og taka frekar á dagskrá þau mál sem varða fjölskyldurnar og heimilin. Það eru þau mál sem okkur liggur á að taka fyrir. (Gripið fram í.) Við verðum að snúa dagskrá þingsins í raun og veru við, setja þetta mál aftur fyrir á dagskránni og klára þau mál sem varða fjölskyldurnar og heimilin í landinu.

Hv. þm. Atli Gíslason kallar fram í að þá eigi ég að stytta mál mitt. Málið er svo grafalvarlegt að þessi della má ekki fara í gegnum hið háa Alþingi. Við verðum auðvitað að tala um hvaða hlutir það eru sem þarf að breyta og fara yfir. Þjóðin þarf að heyra og sjá hvað er verið að gera hér og hvaða forgangsmál á Alþingi eru í dag. (Gripið fram í.) Ég held að þjóðin hafi gott af því. Þjóðin hefur gott af því og vill fá að heyra það. Þjóðin þarf að fylgjast með hvað verið er að tala um á Alþingi, hver áhersluatriðin eru og hvernig vinnubrögðin eru.

Hér er, hv. þingmaður, heill bunki af umsögnum frá umsagnaraðilum þar sem oftast kemur fram að of stuttur tími er gefinn til umsagnar og ekki sé ráðlegt að halda áfram með málið. Þetta eru málsmetandi aðilar í samfélaginu. Þetta eru menn og félagasamtök, hver sínu sérsviði. Það er sérsvið þeirra sem um ræðir, ég þarf því miklu lengri tíma til að fara yfir alla þessa pappíra til að gera grein fyrir því hvað málið er alvarlegt.

Ég ætla að halda áfram, herra forseti, að lesa upp úr 4. gr. frumvarpsins. Þar segir einmitt:

„Um kjörgengi og kosningu fulltrúa á þingið og skipulag þingsins skal mælt fyrir í sérstökum lögum sem sett verði að loknum alþingiskosningum vorið 2009. Stjórnlagaþing setur sér sjálft starfsreglur."

Þetta stendur í frumvarpinu.

Við erum með reglur úr lögum um það hvernig skipan þingsins er, hvaða nefndir eru og hvernig þingstörfin ganga. Það eru reglur sem hafa verið margendurskoðaðar og farið yfir. Okkur gengur ekki allt of vel að fylgja þeim þannig að ég held að þetta sé allt of opið. Stjórnlagaþing mun hreinlega ekki vinna þá vinnu sem því er ætlað á svo skömmum tíma. Það er flókið, það er gríðarlega dýrt. Ég mun fara yfir það síðar í ræðu minni, herra forseti, að kostnaðurinn við stjórnlagaþing er gríðarlega mikill og við vitum sem er að við eigum ekki fyrir því. Við munum þurfa að taka lán fyrir því að reka stjórnlagaþing sem mun kosta hundruð milljóna.

Í 4. gr. segir, herra forseti:

„Stjórnlagaþing skal koma saman eigi síðar en 1. desember 2009."

Auðvitað ætti að standa að það kæmi saman á Þingvöllum. Það væri bragur að því. Þá gengjum við aðeins í takt ef það væri sett fram.

„Þingið skal ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011 en getur sjálft ákveðið að ljúka störfum fyrr."

Það væri kostur til sparnaðar ef svo yrði, herra forseti.

„Einnig er Alþingi heimilt með ályktun að verða við beiðni stjórnlagaþings um að framlengja starfstíma þess um allt að sex mánuði."

Það gæti verið að það þyrfti að lengja það og auka kostnaðinn enn meira. Það væri ekki útilokað og sérstaklega ef stjórnlagaþingið á sjálft að setja sér starfsreglur um lengd ræðutíma o.s.frv. getur það þurft að starfa í 6 ár en ekki 6 mánuði.

„Áður en stjórnlagaþing samþykkir frumvarp að nýrri stjórnarskrá skal það sent Alþingi til umsagnar."

Að hugsa sér, herra forseti. Alþingi Íslendinga á að veita umsögn um stjórnarskrá sem lýðveldið á að búa við. Það er mikið valdaafsal. Hugsa sér að Alþingi Íslendinga, þeir sem eru kjörnir af þjóðinni, þjóðkjörnir fulltrúar eins og verið hefur á Alþingi frá upphafi þingsins eiga nú að veita umsögn um stjórnarskrána.

Ég held áfram með 4. gr., herra forseti:

„Þegar stjórnlagaþing hefur samþykkt frumvarp að nýrri stjórnarskrá skal það á ný sent Alþingi sem getur innan eins mánaðar ákveðið með rökstuddri tillögu að vísa frumvarpi aftur til stjórnlagaþings."

Það er ekkert annað. Það er hægt að vísa því til baka og láta það fara aftur.

„Skal þá taka frumvarpið aftur til meðferðar þar með hliðsjón af rökstuddri tillögu Alþingis. Þarf þá 2/3 hluta fulltrúa á stjórnlagaþingi til að samþykkja frumvarpið nema fallist sé á rökstudda tillögu Alþingis um breytingar á frumvarpinu og þarf þá aðeins einfaldan meiri hluta. Náist slíkt samþykki skal frumvarpið lagt í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 6. mgr. en ella telst það fellt."

Við erum með fullt af blindgötum á þessari vegferð í 4. gr. og við getum þurft að byrja ítrekað upp á nýtt, tíminn líður og kostnaður hækkar. Ég held áfram með 4. gr.:

„Berist stjórnlagaþingi ekki rökstudd tillaga frá Alþingi eftir samþykkt frumvarpsins skv. 4. mgr. skal frumvarp að nýrri stjórnarskrá lagt í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 6. mgr. Frumvarp að nýrri stjórnarskrá skal lagt undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar. Sé meiri hluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu, þó að minnsta kosti 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, skal það staðfest af forseta Íslands og er það þá gild stjórnarskipunarlög."

Þarna eru líka pyttir um prósentur, um hundraðshluta,

og við þurfum að vera viss um það að forseti Íslands staðfesti lögin. Svo segir að lokum:

„Stjórnlagaþing skal setja nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar."

Það er ekki þingsins að setja reglurnar um þjóðaratkvæðagreiðsluna. Það er stjórnlagaþingsins að gera það. Það er stjórnlagaþingsins að setja nánari reglur um hvernig staðið skuli að þjóðaratkvæðagreiðslu. Mér virðist, herra forseti, að um nýtt þing sé að ræða. Hvers vegna eru þeir sem sitja á hinu háa Alþingi og beðið hafa þjóðina að kjósa sig að útvista frá Alþingi þeim meginverkefnum sem þeir eiga að standa fyrir? Það er ótrúlegt. Það fólk og þeir flokkar eiga ekki að bjóða sig fram til að vinna þá vinnu sem okkur ber að inna af hendi.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram meginverkefni þessara nefnda eða verkefni ríkisstjórnarinnar, þessarar minni hluta ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna, sem flokkarnir tveir voru sammála um 1. febrúar 2008. Þá setti ríkisstjórnin fram markmið í umræddu frumvarpi þar sem kveðið skyldi á um auðlindir í þjóðareign, sett yrðu ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur, ákveðin yrði aðferð við að breyta stjórnarskrá o.s.frv. Þar eru tilgreindir þeir aðilar sem voru í þessari sérstöku nefnd sem var ráðgjafahópur. Mig langar að nefna það hér, herra forseti, að formaður þessa hóps, Bryndís Hlöðversdóttir dósent og forseti lagadeildar Háskólans í Bifröst sem hefur tekist á hendur að vinna þetta verk fyrir stjórnarflokkana, er jafnframt formaður nefndar sem fyrrverandi forseti Alþingis, Sturla Böðvarsson og þáverandi forsætisnefnd skipuðu til að fara yfir eftirlitshlutverk Alþingis. Ég held, herra forseti, að okkur hefði í raun verið nær nú miðað við þær aðstæður sem við búum við í þessu landi að leggja áherslu á þá vinnu sem þar var lagt upp með og ég veit raunar að verið er að vinna að því máli. Þar er talað um að eftirlitshlutverk Alþingis verði eflt.

Við áttum góða ráðstefnu í haust þar sem fengnir voru fulltrúar frá þjóðþingunum á Norðurlöndum sem fóru yfir hvernig eftirlitshlutverk væri rækt af hinum þjóðþingunum á Norðurlöndunum og við erum hreinlega óundirbúin í það verk. Það er staðreynd. Þess vegna legg ég mikla áherslu á að því verki verði hraðað og þannig að við gætum sagt við þjóðina að við sinntum því eftirlitshlutverki sem við höfum af hálfu Alþingis sem felst í að fylgjast með framkvæmdarvaldinu og löggjafarvaldinu. Ég legg til að tökum upp hliðstæðar reglur og vinnubrögð eins og tíðkast í hinum norrænu þingunum, það er mjög nauðsynlegt. Það legg ég áherslu á, sem ég veit að viðkomandi forseti þekkir og veit.

Ég hef verið fulltrúi Íslands í Norðurlandaráði. Norðurlandaráð er þannig rekið að þar eru nokkrar nefndir sem fjalla um hin ólíku mál en það eru gríðarlega miklir fjármunir sem Norðurlandaráð og Norræna ráðherraráðið hafa úr að spila innan Norðurlandaverkefnisins alls. Þar er starfandi nefnd sem er eftirlitsnefnd allra þeirra fjármuna sem Norðurlandaráð höndlar með. Sú nefnd fer reglubundið og nákvæmlega yfir hin ólíku verkefni sem Norðurlandaráð veitir fjármuni til, eins og félagskjörnir endurskoðendur voru áður fyrr í fyrirtækjum, og fylgist með því að þeim samþykktum sem ná fram hjá Norðurlandaráði sé fylgt eftir, hvort staðið er við þær ákvarðanir sem teknar eru. Hún fylgist með því hvort þeir fjármunir sem notaðir eru til hinna ólíku verkefna hafa nýst, hvort þeir hafi farið í verkefnin og hvernig þeir hafi skilað sér til baka til samfélaganna á Norðurlöndum. Ég hefði viljað að við hefðum lagt vinnu og tíma í þess háttar í stað þess að eyða því að óþörfu í að fara yfir stjórnarskrána. Okkur hefði verið nær að fara yfir eftirlitshlutverk þingsins og hafa það eins og okkur ber, þ.e. eins og það er á þjóðþingunum í nágrannalöndunum. Litið hefur verið til Bretlands hvað þetta varðar vegna þess að venjan er önnur á hinum Norðurlöndunum miðað við það sem gerist hér. Hér eru oftast meirihlutastjórnir en oftar en ekki eru minnihlutastjórnir á Norðurlöndunum. Ég tel að við eigum að leggja mikla áherslu á þetta verkefni, það er bráðnauðsynlegt fyrir okkur. Það hefði verið við hæfi að gera það einmitt vegna aðstæðnanna sem uppi eru í samfélaginu eftir bankahrunið að hér starfaði eftirlitsnefnd sem ekki er fjárlaganefnd. Hún hefði að einhverju leyti tekið að sér eftirlitshlutverk. Hinar ýmsu fagnefndir þingsins skoða nú verk sín en ég vildi sjá sérstaka nefnd óháða öðrum nefndum. Þar mega að sjálfsögðu ekki sitja ráðherrar eða formenn nefnda líkt eins og er innan Norðurlandaráðs. Við hefðum haft meira gagn af þess háttar eftirliti og það hefði haft hlutverk í því kerfishruni sem varð hjá okkur. Ég held að sé miklu brýnna að fara yfir og ræða það og hefði verið betra ef fyrrverandi hv. þingmaður til nokkurra ára, Bryndís Hlöðversdóttir, hefði einbeitt sér að þessum verkefnum. (Forseti hringir.)

Ég sé núna, herra forseti, að tíma mínum er lokið. (Forseti hringir.) Ég á þó eftir að fara yfir breytingartillögur sem fylgja frumvarpinu, (Forseti hringir.) nefndarálit minni hlutans og öll þau gögn (Forseti hringir.) sem liggja frammi, tilvitnanir (Forseti hringir.) í ýmsa þá sem veitt hafa frumvarpinu (Forseti hringir.) umsögn en ég verð að láta (Forseti hringir.) máli mínu lokið.

[18:29]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í að mörgu leyti góðri ræðu þótti mér þó athyglisverðast eftir rúmlega 60 ræður af hálfu sjálfstæðismanna í einar 30 klukkustundir að hv. þingmaður kvartaði sérstaklega undan því að umræðan væri ekki nógu málefnaleg. Ég tek að mörgu leyti undir það.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að ég flutti hér ræðu fyrir nokkrum dögum síðan sem ég taldi málefnalegt innlegg að því að ræða um hvaða áhrif langvarandi völd eins flokks hefðu á að slæva dómgreind, aðhald og eftirlit. Út af þessari ræðu eru sjálfstæðismenn hörundsárir. Ég segi nú bara að sannleikanum sé hver sárreiðastur. En þetta var lagt fram af minni hálfu til að reyna að finna einhverjar skýringar meðal annars á hruninu sem við urðum fyrir. Ein aðalástæðan fyrir því að við erum núna að fjalla um þetta frumvarp er að við erum að reyna að færa náttúruauðlindirnar í þjóðareign og við erum að færa fólkinu meiri aðgang og aðkomu að ákvarðanatökunni.

Það fer ekkert á milli mála að Sjálfstæðisflokkurinn er á móti þessu frumvarpi. Ég vil benda á að nú erum við búin að heyra rúmlega 60 ræður. Þó að þær hafi ekki verið nógu málefnalegar þá hef ég hlustað samviskusamlega og er þeirrar skoðunar að flestöll rök í málinu hafi komið fram af

þeirra hálfu og að nú sé kannski kominn tími til að hætta þessu málþófi og koma málinu aftur til nefndar í þeirri viðleitni að reyna að ná sátt vegna þess að hér hefur komið fram að það er sáttatónn í bæði andstæðingum og þeim sem mæla með þessu frumvarpi.

Ég skora eindregið á hv. þingmann (Forseti hringir.) að stuðla að því með mér og fleirum að þessu málþófi ljúki (Forseti hringir.) svo menn geti farið að tala saman um það (Forseti hringir.) hvernig eigi að afgreiða þetta mál.

[18:32]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ellert Schram hefur eitthvað misskilið mig í minni ræðu, að ég hafi verið að kvarta yfir umræðunni. Ég var að kvarta yfir því að hér hafi sárafáir úr stjórnarliðinu verið almennt í þingsalnum eða tekið þátt í umræðunni. Ég vil fá umræður í málinu.

Við höfum flutt margar ræður og mörg rök hafa komið fram af okkar hálfu sjálfstæðismanna. En enn eru mörg rök sem við eigum eftir að koma með. Ég átti eftir mikið efni sem ég hefði viljað koma að í mínu máli. Ég er fyrst og fremst að segja að við þurfum rökræðu í þingsal. Ég kvarta yfir því að hún hefur ekki átt sér stað vegna þess að stjórnarflokkarnir hafa ekki verið í þingsalnum. (**Gripið fram í:** Hvar er stjórnarandstaðan?)

Ég skal leggja mitt af mörkum til að sátt geti orðið. Þannig háttar til að ég á sæti í forsætisnefnd og ég lagði það til í forsætisnefnd í morgun að við mundum breyta dagskrá þingsins og tækjum önnur mál fyrir í dag en eyddum ekki þessum degi fram á kvöld og nótt í frekari umræðu af því að önnur mál væru brýnni. En það kom klárt og kvitt fram hjá forseta að þessi umræða yrði í dag.

[18:33]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál er jafnmikilvægt og hvert annað. Hér er verið að fjalla um grundvallarlöggjöfina og við erum að tala um lýðræðið í landinu og hvernig almenningur geti tekið þátt í ákvörðun sem öll þjóðin ber fyrir brjósti.

Hv. þingmaður kvartar undan því að ekki séu nógu margir í þingsal. Ég verð ekki var við að hér sé fjölmenni af hálfu Sjálfstæðisflokksins, í augnablikinu að minnsta kosti. Ég vek athygli á því að þetta mál er uppi á borði þingmanna vegna nefndarálits og tillagna sem hafa komið fram frá sérnefnd um þetta mál svo að við fulltrúar nefndarinnar höfum setið og hlýtt á alla umræðuna. Við höfum ljáð því eyra sem andstæðingar þessa frumvarps hafa til málanna að leggja og skrifað það hjá okkur. Sumt er rökrétt, annað ekki og okkur greinir á um ýmis mál. En ég er einlægt þeirrar skoðunar að það sé tímasóun að halda miklu fleiri ræður og eyða fleiri sólarhringum í þessa umræðu í þingsal vegna þess að sjónarmiðin eru komin fram. Sérstök nefnd hefur verið skipuð til þess að fara yfir þetta mál og að minnsta kosti erum við í meiri hluta þeirrar nefndar fullkomlega tilbúnir til þess að fjalla um málið á ný með vísan til þeirra rökræðna og þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram.

Ég held að það væri heillavænlegast fyrir Alþingi og fyrir flokkana og fyrir þjóðina að við látum nú þessari umræðu linna að sinni.

[18:35]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði í fyrra svari mínu þá er ég alveg tilbúinn að stuðla að því að dagskrá þingsins verði breytt og vil minna á að við greiddum atkvæði um það um hádegisbilið eða svo að við sjálfstæðismenn vildum að dagskrá þingsins í dag yrði breytt og að við tækjum fyrir önnur mikilvægari mál sem skipta fjölskyldurnar, heimilin og fyrirtækin, bankastarfsemina í landinu, meira máli. Ég er því sammála hv. þm. Ellerti B. Schram um að við ættum að leggja meiri áherslu á þá þætti. Ég nefndi í ræðu minni áðan álverið í Helguvík sem mun skapa gríðarlega mikla atvinnu og innspýtingu í samfélagið okkar við þær aðstæður sem við búum við núna og tel að við ættum að taka það fyrir hér, afgreiða það og klára það mál. Ég er sammála því og við skulum sjá hvort við fáum okkur ekki matarbita saman á eftir, við hv. þingmaður. Kannski náum við bara saman í þessu máli.

[18:37]

Útbýting:

Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, 461. mál, nál. allshn., þskj. 919.

[18:37]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram ítarleg umræða um mikilvægt mál í nokkra daga. Í fyrri ræðu minni um þetta mál, frumvarp til stjórnarskipunarlaga, ræddi ég nokkuð um 4. gr. frumvarpsins sem fjallar um stjórnlagaþing þar sem hugmyndin er sú að stjórnlagaþing skipi 41 þjóðkjörinn fulltrúi og jafnmargir til vara.

Stjórnlagaþing á að hafa það hlutverk að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Það er lagt til að kosið verði til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningunum vorið 2010 og að þingið komi saman 17. júní 2010 og ljúki störfum eigi síðar en 17. júní 2011, ári síðar.

Mér finnst full ástæða til að halda áfram að ræða um fyrirkomulag stjórnlagaþings enda valdsvið þess mikið og þess vegna er það mikilvægt fyrir þjóðina. Ég tel því afar brýnt að algerlega sé skýrt með hvaða hætti það eigi að starfa. Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu segir að hugtakið stjórnlagaþing sé ekki fastmótað. Þess vegna er full ástæða til að ræða fyrirkomulag þessa þings mun betur.

Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, hæstv. forseti, þá voru fyrstu viðbrögð mín varðandi stjórnlagaþingið þau að hugmyndin um það hljómaði að mörgu leyti ágætlega í mínum eyrum, að minnsta kosti fyrst í stað, virðulegi forseti. En þegar ég skoða málið nánar og les umsagnir álitsgjafa sérnefndarinnar þá sé ég að stjórnlagaþing hefur marga galla. Stjórnlagaþing þarf nauðsynlega að skoða mun betur og jafnvel ígrunda að nýju. Sérstaklega er áhugavert að lesa umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem koma með hugmyndir í sínu áliti um aðrar leiðir til að tryggja fyrirkomulag samráðs við almenning. Þegar málið er skoðað betur kemur í ljós að það er beinlínis verið að ýta lýðræðislega þjóðkjörnum fulltrúum til hliðar og færa það vald sem Alþingi hefur farið með, þ.e. hlutverk stjórnar-

skrárgjafa, til stjórnlagaþingsins. Hér er beinlínis verið að veikja Alþingi og með þessu tel ég að verið sé að skerpa á þeirri gjá sem hefur verið á milli þings og þjóðar. Í rauninni erum við með þessu að taka undir þá umræðu í þjóðfélaginu að þingmönnum sé ekki treystandi til að vinna þau störf sem þeir eru kjörnir til. Það tel ég mjög miður og þá er vegið að virðingu Alþingis. Það er skylda okkar að gæta ávallt virðingar Alþingis í öllu sem við gerum.

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga er vikið að þessu atriði og segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Einnig hefur stofnun stjórnlagaþings þann mikla ókost að draga mjög úr áhrifum og sjálfstæði Alþingis. Eru þessar breytingar því í miklu ósamræmi við þær kröfur sem uppi hafa verið í þjóðfélaginu um að styrkja þurfi löggjafarvaldið og efla sjálfstæði þess gagnvart framkvæmdarvaldinu."

Ég get hins vegar tekið undir það að hér verði ráðgefandi stjórnlagaþing með einhverri þeirri útfærslu sem menn koma sér saman um sem ég tel að sé mun heillavænlegra til að ná sáttum með þjóð og þingi í þeirri samvinnu sem í því fælist.

Virðulegi forseti. Hin almenna þjóðfélagsumræða um stjórnlagaþing hefur ekki farið fram með fullnægjandi hætti. Almenningur í landinu veit ekki nákvæmlega hver hugmyndin að baki stjórnlagaþingi er. Ég tel að það vanti mikið upp á að allur almenningur hafi fulla sýn á það sem hér er verið að leggja til. Það þarf að gefa þjóðfélagsumræðunni um stjórnlagaþing meiri tíma. Ótrúlega margir hafa sveitarfélagasýnina á hlutverk stjórnlagaþings, þ.e. að hér sé um að ræða nokkurs konar íbúaþing eins og sveitarfélögin í landinu hafa verið að leggja áherslu á að halda með þátttöku íbúanna. Nokkur sveitarfélög hafa stigið skref í átt til íbúalýðræðis með góðum árangri undanfarin ár og hafa stjórnendur sveitarfélaga áttað sig á mikilvægi þess að taka ákvarðanir í samráði við íbúana.

Með virku þátttökulýðræði eiga íbúar möguleika á að koma að ákvörðunartökuferli, stefnumótun og geta haft mótandi áhrif á nærumhverfi sitt í samstarfi við sveitarfélagið sem viðkomandi býr í auk þess sem sveitarfélög hér hafa náð langt á sviði rafrænnar stjórnsýslu og gefið íbúum sveitarfélaga kost á að skrá sig á gagnvirkan vef og hafa þannig góðan aðgang að stjórnsýslunni. Árangur á sveitarstjórnarstiginu á þessu sviði kallar auðvitað á að færa íbúalýðræðið á annað stig og því er ég sammála. Stjórnlagaþing, þ.e. ráðgefandi stjórnlagaþing tel ég að svari kalli fólksins um breytingar og kröfur um beina þátttöku.

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem er mjög ítarleg og vel gerð umsögn þrátt fyrir þann stutta tíma sem gefinn var til að veita umsagnir — það var aðeins ein vika — en í umsögn sambandsins um stjórnlagaþing koma fram áhyggjur vegna þess kostnaðar sem hlýst af stjórnlagaþingi og telur sambandið tæpast forsvaranlegt að stofna til slíks kostnaðar þegar unnt er að ná fram sömu markmiðum með einfaldari og hagkvæmari leiðum án þess þó að víkja frá lýðræðissjónarmiðum sem liggja að baki hugmyndinni um stjórnlagaþing. Þá er í umsögninni einnig bent á að hafa mætti til hliðsjónar fyrirkomulag sem tíðkast hefur á íbúaþingum sveitarfélaga. Í umsögninni eru ábendingar um aðrar leiðir að sama markmiði en leiðir sem eru ekki eins kostnaðarsamar og gert er ráð fyrir að stjórnlagaþing verði. Þessar ábendingar Sambands íslenskra sveitarfélaga styðja það að almenn þjóðfélagsumræða um þetta mál á eftir að fara fram og hún þarf að fara fram. Þess vegna á að bíða með stjórnlagaþingið þar til þessi umræða hefur farið fram í samfélaginu. Það er einfaldlega ekki sama hvernig staðið er að því að koma á fót stjórnlagaþingi. Þess vegna tel ég það skynsamlegt sem við sjálfstæðismenn leggjum til að breyta nú 79. gr. stjórnarskrárinnar þannig að ekki þurfi að rjúfa þing og fá endurnýjað samþykki Alþingis til að stjórnarskrárbreytingar taki gildi og skapa þannig svigrúm fyrir vandað verklag og láta aðrar breytingar bíða nýs þings.

Í sunnudagsblaði *Morgunblaðsins* skrifaði Guðmundur Ágúst Sæmundsson ágæta grein um stjórnlagaþing undir fyrirsögninni „Ódýrara og betra stjórnlagaþing". Í greininni bendir hann m.a. á að virkja mætti allan almenning til markvissrar hugmyndavinnu og mótunar á nýrri stjórnarskrá með því að hagnýta tækni sem fyrir hendi er. Koma mætti upp stjórnlagaþingi á internetinu fyrir lítið brot af þeim fjárhæðum sem ætlaðar eru í hugmyndum ríkisstjórnarinnar.

Það þarf að gefa hugmyndinni um stjórnlagaþing meiri tíma, ég held að það sé ljóst, tíma til að þroskast í almennri þjóðfélagsumræðu. Það er alveg víst að úti í samfélaginu eru margar hugmyndir um hvernig best sé að haga stjórnlagaþingi svo að sjónarmið flestra komi fram. Með því að nota internetið í þessari vinnu, eins og Guðmundur Ágúst bendir á, er hægt að tryggja að sjónarmið allra sem vilja komist að. Með því tryggjum við t.d. að sjónarmið og hagsmunir landsbyggðarinnar verði ekki fyrir borð borin. Ég tel mjög mikilvægt að landsbyggðarfólki sé tryggð þátttaka til jafns við höfuðborgarbúa til þátttöku á stjórnlagaþingi, sama með hvaða hætti stjórnlagaþing verður.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir persónukjöri til stjórnlagaþings. Í umsögn Ragnheiðar Helgadóttur, prófessors við Háskólann í Reykjavík, kemur einmitt fram að ekki sé gert ráð fyrir kjördæmum í þessu persónukjöri sem gefur ástæðu til að óttast að fáir fulltrúar verði frá landsbyggðinni. Undir þetta get ég vissulega tekið því að ég ber hag landsbyggðarfólks fyrir brjósti og hef áhyggjur af landsbyggðinni hvað þetta varðar enda mjög óljóst í frumvarpinu hvernig og með hvaða hætti stjórnvöld hyggjast tryggja að jafnræðis sé gætt milli þéttbýlis og landsbyggðarinnar varðandi setu á stjórnlagaþingi.

Þá segir í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um þetta mál, með leyfi forseta:

„Í greininni er lagt til að fulltrúar á stjórnlagaþingi verði persónukjörnir en ekki eru nein fordæmi fyrir því fyrirkomulagi hér á landi. Má draga í efa að mikill fjöldi einstaklinga sé tilbúinn að leggja í kosningabaráttu með tilheyrandi kostnaði og óvissu sem felst í framboði. Það er raunar með öllu óljóst hvort þessi aðferð við val á fulltrúum muni leiða til þess að hæft fólk sem endurspeglar vilja þjóðarinnar veljist til setu á stjórnlagaþinginu en ekki er unnt að vísa til reynslu annarra þjóða af slíku fyrirkomulagi."

Ég tek undir þetta með Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Mér er til efs að margir séu tilbúnir að leggja út í þann kostnað og þá óvissu sem því fylgir að fara í kosningabaráttu. Því er eðlilegt að spyrja hvort ekki væri skynsamlegra

við þær aðstæður sem við búum við að velja fulltrúa á þingið með öðrum hætti, með þeim hætti að sem breiðastur hópur manna og kvenna af öllu landinu og úr flestum samtökum og hagsmunahópum verði fulltrúar þannig að raddir þessara aðila heyrist á þessu þingi eða hreinlega hugsa málið allt upp á nýtt og fara aðrar og ódýrari leiðir, eins og t.d. að nota internetið og tryggja þannig að sjónarmið allra komist sem best að. Þetta má eflaust gera án þess að vikið sé frá lýðræðissjónarmiðum sem liggja að baki hugmyndinni um stjórnlagaþing.

Í breytingartillögum meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál er gert ráð fyrir að kosið verði til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningum vorið 2010. Í mjög ítarlegri og góðri umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga er eðlilega ekki vikið að þessu atriði og það vekur svo sannarlega athygli að ekki virðist vera leitað aftur eftir umsögn sambandsins um svo veigamiklar breytingar á frumvarpinu sem koma til með að hafa veruleg áhrif, og jafnvel truflandi áhrif, á sveitarstjórnarkosningarnar í landinu næsta vor. Þessi breyting meiri hlutans hefur eðli málsins samkvæmt mikil áhrif á undirbúning og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga og eflaust kosningabaráttuna sjálfa. Þá má gera ráð fyrir að kosningabaráttan fyrir sæti á stjórnlagaþingi geti skyggt á kosningabaráttuna til sveitarstjórna.

Í nefndaráliti meiri hluta sérnefndar kemur fram að rökin fyrir þessari breytingu eru m.a. þau að með þessu næst jafnframt fram töluverður sparnaður þar sem ekki þarf að kosta sérstakar kosningar. Hér held ég að það hljóti að vera átt við að kostnaðurinn við stjórnlagaþingið verði minni en áætlanir gera ráð fyrir með því að kjósa til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningum.

Virðulegi forseti. Í fyrri ræðu minni um þetta mál ræddi ég einmitt um kostnað sem hlýst af kosningu til stjórnlagaþings og einnig af þjóðaratkvæðagreiðslum varðandi einstök lög eða málefni. Varla er það ætlun ríkisvaldsins að velta þessum kostnaði yfir á sveitarfélögin í landinu sem standa mörg hver mjög illa. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að alþingiskosningar kosti um 100 millj. kr. og ætla megi að kostnaðurinn við þjóðaratkvæðagreiðslu yrði sambærilegur. Varla er hægt að ætlast til að sveitarfélögin taki þann kostnað á sig eins og staða þeirra er í dag. Það má samt búast við að sveitarfélögin þurfi að koma að framkvæmd kosninganna og ég held að það sé nokkuð ljóst, en tryggja þarf að allur kostnaðurinn við framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna lendi hjá ríkisvaldinu.

Virðulegi forseti. Ég hef hér aðallega gert að umtalsefni 4. gr. frumvarpsins sem fjallar um stjórnlagaþing. Ég tel afar mikilvægt að ræða þetta vel svo að málið skýrist í umræðunni hér eins mikið og hægt er á svo stuttum tíma sem gefinn er til að fjalla um málið. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin ætlar sér að keyra málið allt í gegnum þingið án samráðs við stærsta flokkinn á Alþingi.

Eftir yfirferð um umsagnir álitsgjafa sérnefndarinnar um málið allt í heild kemur greinilega fram að margir umsagnaraðilar telja að breytingar á stjórnarskrá séu það mikilvægar að þær þurfi að ígrunda vel og ná sem víðtækastri sátt um þær ásamt því að ekki sé ástæða til að hraða svo mjög þessari vinnu heldur bíða nýs þings. Einnig verður að segjast eins og er að ekki virðist koma fram nokkur fögnuður í umsögnum yfir stjórnarskrárbreytingum sem hér á að keyra í gegnum þingið og alls ekki á að taka neitt tillit til skoðana okkar sjálfstæðismanna við þessa afgreiðslu. Ekki verður maður heldur var við mikinn almennan fögnuð úti í þjóðfélaginu varðandi málið. Fólk skilur þvert á móti ekki að breyting á stjórnarskrá geti ekki beðið þar til róast fer í þjóðfélaginu og hér fari að birta til í atvinnumálum á ný og meira jafnvægi komist á hjá heimilum og fyrirtækjum í landinu.

Nei, það er alveg greinilegt, virðulegi forseti, að málinu skal þrýst í gegnum þingið með góðu eða illu. Enn getur maður velt því fyrir sér hver tilgangurinn sé með því að keyra þessar stjórnarskrárbreytingar í gegnum þingið á svo skömmum tíma og án þess að sátt sé um málið milli þeirra flokka sem starfa á Alþingi.

Það er því hægt að taka undir með minni hluta í sérnefnd, en í nefndaráliti hans segir, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn undrast, í ljósi þess að á undanförnum árum hefur verið rætt um veg og virðingu Alþingis og spurninguna um stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu, að þeir sem mest hafa talað um að verið sé að styrkja stöðu Alþingis og efla á alla lund skuli standa að tillögu sem miðar að því að veikja Alþingi meira en nokkru sinni – að svipta Alþingi valdinu til að breyta stjórnarskránni. Það er hornsteinninn í valdastöðu Alþingis í stjórnskipulagi lýðveldisins að Alþingi hafi vald til að breyta stjórnarskránni. Nú koma þeir sem talað hafa um það að verið sé að setja Alþingi niður og flytja tillögu um að svipta Alþingi þessum rétti og fela það einhverjum öðrum."

Ég segi enn og aftur að með því að setja á stofn sérstakt stjórnlagaþing, sem hefur þessi völd, er vegið að sjálfstæði og áhrifum Alþingis sem farið hefur með hlutverk stjórnarskrárgjafa um árabil. Það er skoðun mín að með því sé verið að taka undir það að þingmenn vinni ekki vinnuna sína og að þeim sé ekki treystandi. Hér er verið að skerpa á þeirri gjá sem hefur myndast milli þings og þjóðar en ekki er verið að styrkja tengsl og traust.

Þrátt fyrir allar þessar umsagnir sem bárust til nefndarinnar, sem voru mjög vel ígrundaðar margar hverjar, þó svo að einungis hafi verið gefin ein vika til að skila þeim inn, virðist ekki vera hlustað á álitsgjafa. Í flestum umsögnum er bent á að of skammur tími sé ætlaður til að skila umsögnum og alls ekki er hlustað á Lögmannafélagið sem leggst eindregið gegn frumvarpinu og það sama kemur fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem ég hef hér vitnað í.

Nei, virðulegi forseti, um þetta mál þarf að nást sátt á milli flokka sem hér starfa. Vinnubrögðin eins og þau hafa verið eru ekki til sóma fyrir Alþingi. Mjög mörg atriði í frumvarpinu eru óljós og þau þarf að ræða miklu betur og lengur. Er ekki skynsamlegt að staldra við og reyna að ná sáttum um þetta mikilvæga mál?

[18:57]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég hef hlustað með athygli á þær ræður sem hafa verið haldnar og á laugardaginn flutti hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson mjög athyglisverða ræðu. Hann

hefur hvað lengsta þingreynslu á Alþingi og það var athyglisvert að hlusta á þau sjónarmið og skoðanir sem hann vakti athygli á. Í fyrsta lagi gerði hann að umtalsefni að aðdragandi málsins væri með mjög óvenjulegum hætti. Aðdragandi málsins væri sá að ríkisstjórnin, forsætisráðherra hefði skipað starfshóp og síðan hefði sá starfshópur unnið ákveðnar tillögur sem hefðu verið lagðar fram og sett á laggirnar sérnefnd um stjórnarskrármál.

Þingmaðurinn sagði af því tilefni að þar með hefði verið rofinn sá grundvallarþráður um samstarf og samráð og lengra gengið en áður hefði verið. Þannig að upphaf þess máls sem við ræðum hér og með hvaða hætti það var sett fram, undirbúið og afgreitt, var með allt öðrum hætti en um hefði verið að ræða fyrr varðandi breytingar á stjórnskipunarlögum, þ.e. það sem menn hafa viljað fá afgreitt hverju sinni.

Það er þetta sem skiptir svo miklu máli og er svo alvarlegt sem við erum hér að fjalla um að hér er verið að gera hluti með allt, allt öðrum hætti en hefur verið gert og þess ekki freistað að ná víðtæku samkomulagi milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að afgreiða það sem hægt er að vera sammála um að afgreiða.

Og af hverju var það ekki gert? Það var vegna þess að það var enginn vilji til þess. Það átti einfaldlega að ganga og troða þessum tillögum ofan í kok á stjórnarandstöðunni hvort sem henni líkaði betur eða ver. Þetta er því alveg hárrétt sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti á í sinni góðu ræðu á laugardaginn að hér var farið inn á nýjar slóðir, fetað inn á nýjar brautir sem eru að mínu viti ekki sæmilegar og þeim mun meira andstætt eðlilegum leikreglum þegar það liggur fyrir að búið er að boða til kosninga og nýtt þing kemur saman innan þriggja vikna. Eða nýtt þing verður kosið innan þriggja vikna.

Því hefur margoft verið lýst yfir í umræðum af hálfu okkar sjálfstæðismanna að það er fullur vilji til að reyna að ná samkomulagi um það sem máli skiptir. Þá á ég við að auðvelda möguleika til þess að ná fram breytingum á stjórnarskrá þannig að hægt sé að samþykkja breytingar á stjórnarskrá og síðan að leggja það mál undir dóm þjóðarinnar. Það er það sem skiptir máli fyrir okkur nú að ná fram, að auðvelda stjórnarskrárbreytingar að því leyti að hægt sé að ná fram breytingum þannig að ekki þurfi að boða til nýrra kosninga og nýtt Alþingi þurfi að koma til hvað það varðar.

Í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar á laugardaginn kom líka fram sjónarmið þar sem hann benti á auðlindaákvæði sem Ragnar Arnalds og fleiri höfðu flutt og síðan ákvæði sem væri í sjálfu sér allra góðra gjalda vert, þ.e. spurningin um að menn skilgreindu auðlindir með víðtækari hætti en nú er gert. Hvað þessi mál varðar erum við að fjalla um hugtök og hluti þar sem vantar kannski að fá fyllri skilgreiningar á.

Það var bent á að talað hefði verið um að auðlindir sem væru í eign þjóðarinnar væru þær sem væru undir hundrað metrum, undir yfirborði jarðar. Það er í sjálfu sér ekkert ólíkt því sem gerist í Alaska þar sem miðað er við að yfirborðið sé eign þess sem á landið en auðlindir eða nýtanleg réttindi sem geta skapað verðmæti sem eru undir því yfirborði, miðað við ákveðna fjarlægð sem ég kann nú ekki alveg nákvæmlega að greina, það er hlutur sem er undir ráðstöfunarrétti ríkisvaldsins sem getur framselt þau réttindi til ákveðinna rétthafa. Það er gert þannig að t.d. í Alaska hafa menn sérstakan sjóð sem mig minnir að sé kallaður „permanent fund" sem hefur með að gera stjórn og stýringu á þeim auðlindum sem ríkið hefur undir sinni stjórn.

Það sem síðan gerist og það sem mér finnst virðingarvert og hefði viljað sjá gerast hjá okkur, er að við tækjum upp svipaða hluti hvað þetta varðar eins og Alaskabúar, bæði hvað varðar skilgreiningu á auðlindum sem lúta umsjá ríkisins og þess vegna útleigu. Þar er það þannig að miðað er við það, eftir því sem hægt er, að auðlindirnar séu nýttar með sjálfbærum hætti, miðað við svona hefðbundna skilgreiningu þess hugtaks. Það liggur samt alveg fyrir að ákveðnar auðlindir verða ekkert notaðar með sjálfbærum hætti. Þannig gengur á námaréttindi sem tekið er af þar er ekki um endurnýjun að ræða, t.d. eðalmálmar, olía og margt fleira. Malarnám er þannig að það verður ekki um að ræða sjálfbæra notkun á malarnámum svo dæmi sé tekið hér.

En fyrirkomulagið hjá Alaskabúum er þannig að stjórn þessa sjóðs hefur með að gera útleigu og hámarksarðsemi af þeim auðlindum sem ríkisvaldið hefur með að gera. Það sem síðar gerist er að fjármunir eru teknir af því sem þannig fæst inn fyrir útleigu eða nýtingarrétt til þess að styðja við og stuðla að uppbyggingu þeirra auðlinda sem þar er um að ræða eftir því sem við á. En það sem eftir stendur rennur til íbúa Alaska jafnt. Íbúar í Alaska fá senda ávísun einu sinni á ári. Það er þeirra arður af þjóðarauðlindinni, eða ef menn vilja nota eitthvað annað hugtak eða aðra skýringu, en þetta er arður þeirra af þeim eignum, af þeim auðlindum sem eru í stjórn eða stýringu ríkisins sem er með þeim hætti að þessi sjóður hefur með það að gera. Þannig fyrirkomulag og þannig stýringu hefði ég viljað sjá hér á landi að við hefðum hvað auðlindir okkar varðar.

Það hefði mér fundist ástæða til að fjalla um. En það hefði þá þurft að gera í upphafi þessa kjörtímabils. En það er í sjálfu sér ágætt að velta upp þessu sjónarmiði þar sem komið er að lokum kjörtímabilsins og nýtt þing kemur saman innan skamms. Að þessi hugsun geti þá orðið og náð fram að ganga þar, þ.e. að þjóðin sjálf, fólkið í landinu njóti þá afraksturs auðlindanna jafnt.

Það ætti að vera gleðiefni og hjörtun ættu að slá hraðar í brjóstum þeirra jafnaðarmanna sem eru í salnum eða sitja rétt fyrir utan og hlusta á tillögur sem þessa. Það er þó ekki endilega spurningin um að það fylgi þeirri hugmyndafræði sem þar er um að ræða heldur fyrst og fremst að þegar búið er að skilgreina ákveðinn hlut þannig að hann sé í sameign ákveðinna aðila og í Alaska er það skilgreint þannig að þessar auðlindir séu sameign íbúa Alaskaríkis, þá þýðir það það að þeir sem hafa búið í Alaska í tvö ár eða lengur njóta arðsins. Þeir fá hver og einn senda heim til sín ávísun, arðinn eða sem sagt auðlindarentuna.

Það var líka annað atriði sem kom fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og kom reyndar fram líka í máli hans í dag þegar fjallað var um stjórn forseta en þá var vakin athygli á því að menn ættu að einhenda sér í það hvað þetta mál varðar, í þau atriði sem samkomulag gæti náðst um. Við sjálfstæðismenn höfum talað um þau atriði sem

samkomulag ætti að geta náðst um og það kom mun skýrar fram í nefndinni en það kannski hefur komið fram í umræðum. Það er ljóst að það er verulegur ágreiningur um ákveðna þætti meðan samkomulag ætti að geta náðst um annað.

Þannig liggur fyrir eins og ég gat um að samkomulag á að geta náðst um að standa að breytingu á 2. gr. þannig að þjóðin hefði með það að gera. Ég tel þó að það þurfi að gera ákveðnar breytingar hvað það varðar. Þannig að miðað sé við það að þjóðin hafi um það að segja en þó þannig að það sé miðað við frumvarp sem var flutt hér á sínum tíma og lagt fram og fjallaði um það með hvaða hætti 79. gr. yrði breytt. Þar var miðað við að slíkt frumvarp þyrfti hafa verið rætt við fjórar umræður og að þrjár vikur skyldu líða á milli umræðna, hið minnsta.

Ég tel að það eigi ekki að hrapa að breytingu á stjórnarskrá og þess vegna sé eðlilegt að það sé ákveðið svigrúm, ákveðinn tími sem líði á milli umræðna þannig að það gefist ráðrúm til þess að gaumgæfa hvort um sé að ræða að menn séu á réttri leið. Ég tel þá hugmynd sem lögð var fram sem var afrakstur stjórnarskrárnefndar sem skipuð var í byrjun árs 2005 hafi verið miklu ásættanlegri og ákjósanlegri niðurstaða en 2. gr. frumvarpsins eins og hún hljóðar nú.

En ég hygg að ekki sé það mikill meiningarmunur á milli hvað þetta varðar og ég tel að það ætti að geta náðst fullt samkomulag um þá málsmeðferð. Þá liggur alveg fyrir að Alþingi Íslendinga sem verður kosið 25. apríl getur og hefur möguleika til þess að gaumgæfa og einhenda sér í að skipa þá sérnefnd um stjórnarskrármál og vinna þau mál alveg og nýta tímann til þess að koma með sjónarmið og hugmyndir sem máli skipta.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér finnst það vondur bragur á því að við hér á lokadögum þingsins skulum þurfa að standa í ágreiningi og deilum um atriði sem við ættum að geta komið okkur saman um og ég tel að mundi skipta máli sérstaklega eins og nú háttar til í þjóðfélaginu að Alþingi kæmi sér saman um það að mæla með þessari breytingu á stjórnarskránni.

Þegar ég hóf þessa ræðu mína var hv. þm. Pétur Blöndal ekki mættur í salinn (Gripið fram í.) en ég var búinn að segja honum að ég hygðist taka sérstaklega fyrir ákvæði 1. gr. frumvarpsins þar sem ég reiknaði ekki með að við flokksfélagarnir hefðum algera samstöðu um með hvaða hætti ætti að túlka eða hvernig ætti að koma að. En úr því sem komið er reikna ég með að ég geymi það til síðari ræðu minnar sem ég vænti að verði þó á þessum sólarhring eða í byrjun þess næsta.

Það hafa margir velt því fyrir sér hvort það væri nothæft hugtak sem kemur fram í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga að tala um þjóðareign. Þar sem segir að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarréttindum séu þjóðareign. Þar hafa menn velt fyrir sér og ýmsir talað um að þarna væri um of óskýrt og óskilgreint hugtak að ræða. Þetta hugtak hefur verið rætt töluvert mikið og í sjálfu sér getum við farið í mjög fínar hártoganir á ýmsum hugtökum eins og t.d. því sem gæti fallið undir einmitt þessa hluti eins og, hvað er fullveldi? Hvað er einkaeign? Hvað er þjóð? Hvað er eign? Hvaða takmarkanir og tálmanir má setja?

Við gætum að sjálfsögðu farið út í slíkar umræður og það gætu verið mjög fróðlegar og fræðilegar umræður. Fræðimenn hafa reyndar látið til sín taka hvað þetta varðar en það er nú einu sinni þannig að ég tel að hugtakið þjóðareign sé þó það skýrt að það megi jafnvel og sé eðlilegt að notast við það í stjórnarskrá. Það skýrist vel hvað átt er við. Það mætti nota eign í umsjá ríkisins eða undir stjórn eða handhöfn ríkisins með sama hætti.

Fyrrverandi prófessor, Sigurður Líndal, hefur fjallað um þetta mál í grein sem hann skrifaði fyrir nokkru sem hét „Nytjastofnar á Íslandsmiðum og sameign þjóðarinnar" þar sem hann fjallar sérstaklega um þjóðareignarhugtakið og þar segir, með leyfi forseta:

„Hvorki með setningu laga nr. 41/1979 né heldur framangreindum yfirlýsingum verður þjóðin né ríkið fyrir hennar hönd eigandi fiskimiðanna þar sem hvorugum eru fengnar þær almennu heimildir sem eignarrétti fylgja og nánar er lýst í II. kafla hér að framan. Er það að vonum enda ógerlegt þegar grannt er skoðað. Villtir og vörslulausir fiskar geta ekki verið andlag eignarréttar auk þess sem flestar aðrar heimildir eigenda skortir. Ef ákvæðið er túlkað á þann veg að með því sé eingöngu átt við þau atvinnuréttindi sem bundin eru við nýtingarrétt er eigi að síður ljóst að þjóðin hefur engar framangreindar heimildir eignarréttarins og í annan stað þarf meira til að tryggja eignarrétt heldur en almennt orðaðar yfirlýsingar."

Þetta eru sjónarmið sem prófessor Sigurður Líndal hefur ítrekað sett fram í ræðu og riti en aðrir hafa haft önnur sjónarmið. Björg Thorarensen, sem var formaður þeirrar nefndar sem skipuð var til að semja það frumvarp sem hér liggur fyrir, hefur önnur sjónarmið en þau sem koma fram í þessum ummælum Sigurðar Líndals.

Þorgeir Örlygsson, sem var prófessor í lagadeild Háskóla Íslands, skrifaði merka grein á sínum tíma sem heitir „Hver á kvótann?". Þar fjallar hann um þessi mál með nokkuð öðrum hætti en gert var í þeim tilvitnuðu orðum sem ég gerði hér grein fyrir. Hann bendir á að það megi finna ýmis dæmi í löggjöf að íslenska ríkið sé lýst eigandi tiltekinna verðmæta. Þorgeir Örlygsson, fyrrverandi prófessor, bendir m.a. á ákvæði laganna nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins, þ.e. fiskveiðistjórnarlögin þar sem bent er á þetta. Þá bendir hann á 1. mgr. 1. gr. námalaga nr. 24/1973 sem segir að landareign hverri sem háð sé einkaeignarrétti fylgi réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna sem þar finnast í jörðu eða með þeim takmörkunum sem lögin greina.

Það liggur fyrir að það er ákveðinn ágreiningur milli lögfræðinga um þetta atriði. Ég sem lögfræðingur tel ekki nein vandamál fólgin í því að skilgreina þetta hugtak eða nota það með þeim hætti sem þarna er gert. Ég er því ekki sammála þeim tilvitnuðu orðum Sigurðar Líndals sem ég gat um áðan, ég tel að hugtakið sé vel nothæft. En ég mun víkja frekar að því í síðari ræðu minni.

[19:18]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlýtt á nær allar ræður hér í dag og það er því miður orðið svo að nánast ekkert nýtt kemur fram í þeim. Öll sjónarmið hafa verið vandlega reifuð, eins

og hv. þm. Ellert B. Schram sagði. Hér hafa komið fram algjör nýmæli í málþófi sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fundið upp, á drengjamet í því, en það eru athugasemdir við fundarstjórn forseta sem skipta orðið, að ég held, hundruðum.

Það er líka algjört nýmæli að sett hefur verið Íslandsmet, drengja- eða stúlknamet, í því að halda uppi málþófi í málum sem Sjálfstæðisflokkurinn er sammála. Á ég þar við frumvarp um styrki vegna kvikmyndaframleiðslu en það er með ólíkindum. Það er líka með ólíkindum að ótrúlega mikill samhljómur er milli þingmanna Sjálfstæðisflokksins og stjórnarþingmanna um fyrstu þrjár greinar frumvarpsins. Ég spyr hv. þm. Jón Magnússon hvort hann sé ósammála 1. gr. um náttúruauðlindirnar, sérstaklega í ljósi ummæla sem komu fram í Silfri Egils í gær um það hversu brýnt er fyrir íslensku þjóðina að hafa slík ákvæði. Erlendir greinendur og þekkingarmenn á sviði alþjóðlegra viðskipta og framferðis Bandaríkjastjórnar á fyrri tíð, sérstaklega gagnvart löndum Suður-Ameríku, segja beinlínis að útlendingar séu að ráðast á íslenska hagkerfið og markmið þeirrar árásar sé að ná yfirráðum yfir náttúruauðlindum og fjármunum Íslendinga. Hér setjum við fram ákvæði sem kemur í veg fyrir þá árás, er vopn í baráttunni.

Ég vildi líka spyrja hv. þingmann, fyrst hann er sammála 2. gr., um að færa breytingar á stjórnarskrá undir þjóðaratkvæði: Óttast hann ekki að þetta innihaldslausa málþóf muni koma í veg fyrir að við náum sáttum um það þýðingarmikla ákvæði?

Loks spyr ég hv. þingmann um afstöðu hans til 3. gr.

[19:20]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fram komu svo margar spurningar að ég efast um að ég geti svarað þeim í stuttu andsvari en ég mun gera það í næstu ræðu minni sem ég vænti að verði á þessum sólarhring eða alla vega á þeim næsta. Hv. þm. Atli Gíslason talar um málþóf og drengjamet og annað í þeim dúr en ef Sjálfstæðisflokkurinn á drengjametið hlýtur hann að álykta sem svo að Vinstri grænir eigi alþjóðlegt víðáttumet í greininni, en það er annað.

Silfur Egils horfði ég ekki á, hafði annað og merkara við tímann að gera en að hlusta á þann innihaldsrýra sleggjudómaþátt eins og hann hefur þróast í vetur undir forustu þess stjórnanda.

Ég bendi á að hér var lagt fram frumvarp sem var keimlíkt því ákvæði sem er í 1. gr. af fyrrverandi formönnum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, sem ég tel að vel hefði mátt skoða við umfjöllun sérnefndarinnar í stjórnarskrármálum hvað þetta varðar. Það liggur fyrir að talsmaður Sjálfstæðisflokksins í þessum umræðum, hv. þm. Björn Bjarnason, hefur hvað eftir annað lýst því yfir að hægt eigi að vera að ná sátt um 2. gr. Ég var að lýsa því hér áðan að ég teldi að það frumvarp sem var lagt fyrir á sínum tíma væri að mörgu leyti heppilegra en það ákvæði sem hér um ræðir og það var það sem ég var að fjalla um.

Hv. þm. Atli Gíslason spyr um ákvæði 3. gr. Þar eru ýmsar nothæfar hugmyndir en það mál er bara svo illa rætt. Það vantar miklu víðtækari umræðu um það hvernig, eins og ég benti á í frumræðu minni, þjóðaratkvæðagreiðslum er háttað í Evrópu og hvaða vægi þær hafa. Það skiptir máli en það er algjörlega órætt hjá okkur og engin löggjöf um það atriði.

[19:22]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það að í þessari umræðu, í öllum þeim ræðum sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt, hafa komið fram öll þau sjónarmið sem þurfa að koma fram. Ekkert nýtt hefur komið fram hér í dag eða nánast ekki neitt. Komið hefur fram ákveðinn samhljómur varðandi 1., 2. og 3. gr. og ákveðnar hugmyndir hafa verið reifaðar varðandi 4. gr. Afstaða þingmanna Sjálfstæðisflokksins er að vísu misvísandi þar að lútandi. En er nú ekki tóm, herra forseti, til þess að ljúka þessari 2. umr., fara með málið í nefnd, sérnefndina, milli 2. og 3. umr., og ræða þá nýju fleti sem upp eru komnir — þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa það fullkomlega í valdi sínu, miðað við þingstyrk og fjölda, vilji þeir halda áfram að móast og tefja okkur frá mikilvægum málum, sem þeir viðurkenna sjálfir að séu afar mikilvæg og þurfi úrlausn hið fyrsta, því ekki að fara með þetta í tilraun í sérnefndinni og athuga í alvöru hvort við náum sáttum?

Sem (Gripið fram í.) fulltrúi í þessari nefnd segi ég að vilja hafi skort til þess að tala efnislega um frumvarpið. Ég reyndi á þremur eða fjórum fundum að beina spurningum og hugmyndum að meðnefndarmönnum mínum í Sjálfstæðisflokknum og ég fékk andsvör vegna þess að þeir voru grá ir fyrir járnum í formsatriðum. Þeir voru ekki til viðræðu fyrr en á síðasta degi þó að þeir hefðu haft tillögur frá laugardegi, ekki til viðræðu um að ræða málið efnislega.

Sem betur fer hefur komið fram, á upphafsdegi umræðunnar, að þetta mál er alls ekki jafnumdeilt og maður hefði haldið, því fer fjarri. Þegar við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vorum í málþófi vorum við svo sannarlega í verulegum ágreiningsmálum um vatnsréttindi, Ríkisútvarp o.fl. Hér er enginn slíkur magnaður ágreiningur (Forseti hringir.) nema um aðferðina við að setja þetta fram, (Gripið fram í.) um formið.

[19:24]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um atriði sem gætu leitt til stjórnskipulegs öngþveitis og ég tel miklu varða að komið verði í veg fyrir slíka hluti. Hv. þm. Atli Gíslason segir, eftir því sem ég fékk best skilið, að við séum að fjalla hér um hluti sem skipti engu máli en ég er honum algjörlega ósammála um það. Það skiptir öllu máli að komið verði í veg fyrir það á þessum tímum, þeim erfiðu tímum sem nú eru, að stjórnskipulegt öngþveiti skapist til viðbótar við önnur þau vandamál sem þjóðin á við að glíma. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Atli Gíslason sagði: Engin ný sjónarmið koma fram í þessum umræðum. Það er haft eftir Salómon, sem átti að hafa verið konungur í Ísrael á sínum tíma, að ekkert væri nýtt undir sólinni — hv. þm. Atli Gíslason virðist taka undir þau sjónarmið. Ég tel þó að með ræðu minni hér áðan hafi ég verið að leggja fram ný sjónarmið og ég á eftir að koma að mörgum fleiri atriðum vegna þess hve málið er lítt

rætt. Hv. þingmaður segir að menn séu að móast við en vandamálið sem við stöndum frammi fyrir og vandamálið sem þingið stendur frammi fyrir er það að sérnefndinni um stjórnarskrá var stjórnað á þann veg af meiri hlutanum að gengið var á rétt okkar í minni hlutanum. Þegar við fórum fram á að málið yrði rætt í þaula í sérnefndinni — til þess að sérnefndin gæti náð samkomulagi í málinu, til þess að koma í veg fyrir langar umræður í þinginu — hafnaði formaður nefndarinnar og meiri hluti nefndarinnar því að sú leið yrði farin. Það er það sem meiri hlutinn situr uppi með. Hann ákvað að fara fram gjörsamlega í trássi við okkur sjálfstæðismenn, (Forseti hringir.) og situr því uppi með það að við nýtum okkur að sjálfsögðu stjórnskipulegan rétt okkar.

[19:27]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að fá nánari útlistun hjá hv. þingmanni á þjóðareign. Nú er þjóð í mínum huga afskaplega óljóst hugtak. Það eru til þjóðir sem eru í mörgum ríkjum, ég minni á Kúrda, og það eru til ríki sem hafa margar þjóðir innbyrðis, ég minni á Belga. Það er sem sagt spurningin um hvað er eiginlega þjóð.

Síðan gerist það, í þeim tillögum sem hér er rætt um, að ríkið fer með forsjá þeirra, þ.e. ríkið, sem í mínum huga er lögpersóna sem búin er til í stjórnarskránni, og er reyndar ekkert skilgreind þar nánar, það er dálítið athyglisvert — mig langar til að spyrja hv. þingmann: Hvernig lítur hann á þetta hvort tveggja?

Mér skilst að hv. þingmaður hafi ekki — það getur verið að hann hafi rætt það meðan ég var að labba hér yfir — rætt um auðlindir. Auðlind er dálítið merkilegt orð, væntanlega lind sem auður streymir úr, en mér finnst örla á skammtímahugsun í því sem menn segja hér um auðlindir. Einu sinni var Þjórsá t.d. til bölvunar fyrir mannkynið en nú er hún orðin auðlind, eða fossarnir í henni og vatnsaflið. Fiskurinn í sjónum var ekki sérstök auðlind þegar menn þurftu að fórna lífi sínu og gífurlegri orku í að veiða hann.

Spurningin er því þessi: Er ekki auðlind í rauninni mannvit eða mannauður? Það er mannauðurinn sem gerir auðlind úr vatnsföllunum. Getur ekki verið að eitthvað sem við þekkjum ekki enn verði síðar auðlind og falli þar með undir stjórnarskrána án þess að við vitum af því núna?

[19:29]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal er hér kominn inn í umræðu og sjónarmið sem snertir frekar það sem kalla má fræðileg stjórnmál en praktísk. Þessi fræðilegu stjórnmál eru að mörgu leyti miklu skemmtilegri en þau viðfangsefni sem menn fást við dagsdaglega á þingi.

En ég ætla að víkja að spurningum um skilgreiningar á hugtökum og ég hefði byrjað ræðu mína hér áðan á því ef hv. þm. Pétur Blöndal hefði verið í salnum. Ég gat um það í ræðu minni þá að miðað við það sem okkur hefði farið á milli ætlaði ég að gefa honum kost á að taka til máls um þau sjónarmið sem ég setti fram hvað það varðar. Ég mun væntanlega gera það, eins og ég gat um áðan, hér síðar í umræðunni.

Ég vík þá fyrst að því sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi áðan varðandi auðlindirnar. Að sjálfsögðu er það maðurinn, mannauðurinn, sem skapar ákveðin verðmæti með hugviti sínu, hugmyndum og uppátækjum. Það var einmitt það sem einn mesti uppfinningamaður mannkynssögunnar, Tómas Alfa Edison, benti sérstaklega á, og vinur hans Henry Ford, að það væri fyrst og fremst spurningin um það — dugnaður, eljusemi, iðni, ástundun og uppfinningar gerðu það að verkum að til yrðu verðmæti.

Auðlind eins og olía er auðlind vegna þess að hún er það brennsluefni sem nothæfast er. Ef annað nothæfara brennsluefni fyndist væri hætt við því að olían yrði talin vera allt annað en auðlind og mundi jafnvel þvælast fyrir og teljast til einhvers sem væri slæmt. Bændurnir í Húnavatnssýslu töluðu t.d. um varginn sem gengi í árnar, en það var laxinn sem þeim var frekar illa við.

[19:31]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum ekki afgreitt hlutina bara með því að þeir séu fræðileg stjórnmál. Við hljótum að þurfa að ræða hvað þjóðareign þýðir og hvað auðlind þýðir, annað er ekki hægt. Hv. þingmaður nefndi hérna mikla uppfinningamenn. Ég tel að Bill Gates sé kannski mesti uppfinningamaðurinn og sá sem hefur uppgötvað mestu auðlindina sem til er. Hann er orðinn moldríkur af því að selja eitthvað sem er ekki efnislegt, því að það er ekkert efnislegt sem maðurinn hefur selt, hann hefur bara selt hugvit og er orðinn moldríkur af því. Það er vissulega auðlind ef því er að skipta. Mér finnst að menn geti ekki skautað yfir þetta svona og sagt: Við ætlum bara að taka stöðuna núna. Þetta er frumvarp til stjórnarskipunarlaga, við erum að setja stjórnarskrá sem á vonandi að gilda í mannsaldra. Mér finnst að í stjórnarskrá þurfi að vera atriði sem eru varanleg, virkilega varanleg, ekki einhver skammtímabóla. Nú eru t.d. fallvötnin talin vera auðlind, meðan þau eru óvirkjuð væntanlega, en þegar búið er að virkja þau, hvað eru þau þá, eru þau þá áfram auðlind eða hvað? Mig langar til að heyra nánar frá hv. þingmanni hvernig hann lítur á auðlind.

Svo er þetta með þjóðareignina, hvað er eign í þeim skilningi? Getur maður veðsett þetta, getur þjóðin farið að veðsetja þetta, getur hún farið að selja þetta eða hvað getur hún gert? Það er reyndar bannað þarna á eftir en getur þjóðin umgengist þessa eign sína eins og venjulegur maður umgengst eignir sínar, bílinn sinn o.s.frv.? Þá kemur spurningin: Hvað er eiginlega þjóð?

[19:33]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur alveg fyrir að hugtakið auðlind er notað í mörgum þeim lögum sem við höfum hér á landi og ég reikna með að hv. þm. Pétur Blöndal hafi greitt atkvæði með ýmsum lagasetningum þar sem það hugtak var notað. Í sjálfu sér er ekkert flókið og ekkert erfitt að nota hugtakið auðlind þó að breytingar verði og viðhorf og viðmiðanir og sjónarmið hvað telst til auðlinda. Í sjálfu sér er það allt túlkunaratriði hverju sinni. Menn byggja aldrei upp óbrotgjarna hluti þegar um lagasetningu er að ræða, það miðast allt við það sem hverju sinni heyrir undir. Hv.

þm. Pétur Blöndal hefði betur tekið fleiri kúrsa í lögfræði en raun ber vitni þó að hann hafi sjálfsagt öðlast þó nokkra þekkingu hvað það varðar með langri setu á Alþingi. (Gripið fram í.) En hugtakið auðlind er í sjálfu sér ekkert flókið og það eru engin vandamál við það sem þarfnast skýringa. Hins vegar hefur verið rætt hvort hugsanlega gæti komið til einhvers ágreinings varðandi skilgreiningu á hugtakinu þjóðareign. Ég rakti áðan mismunandi sjónarmið fræðimanna hvað það varðar. Ég benti t.d. á þann fræðimann sem hvað helst hefur talað gegn því að þetta hugtak yrði notað, Sigurð Líndal, og benti síðan á sjónarmið Þorgeirs Örlygssonar sem er fræðimaður sem talar töluvert öðruvísi. Þarna eru mismunandi sjónarmið. Síðan rakti ég í framhaldi af því að niðurstaða mín væri sú að hægt væri að notast við þetta hugtak sem slíkt, það væri vel nothæft í þessu samhengi, ég tel svo vera. Það er skiljanlegt og skýranlegt en ég mun væntanlega víkja frekar að því (Forseti hringir.) í frekari orðræðum milli mín og hv. þm. Péturs Blöndals hvað þetta varðar.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:35]

[21:00]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 33. mál, brtt. BÁ o.fl., þskj. 920.

Um fundarstjórn.

Frestun þingfundar meðan framboðsfundur stendur á Ísafirði.

[21:01]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að það stendur enn þá yfir framboðsfundur í Norðvesturkjördæmi þar sem m.a. hæstv. forseti Alþingis, Guðbjartur Hannesson, er meðal þátttakenda. Þar eru einnig fleiri þingmenn og sennilega eru flestir þingmenn Norðvesturkjördæmis staddir á þeim framboðsfundi. Það er óneitanlega dálítið sérkennilegt að við skulum halda áfram fundi í Alþingi á meðan þessi framboðsfundur stendur yfir og að þingmenn geti ekki tekið þátt í því að heyja kosningabaráttu með eðlilegum hætti.

Ég virti það mjög við forseta að hann skyldi fresta fundinum til kl. 9 en það var auðvitað á þeim forsendum að framboðsfundinum yrði lokið (Forseti hringir.) á þeim tíma, en raunin er önnur, (Forseti hringir.) framboðsfundurinn stendur enn og ég vil þess vegna fara þess á leit við forseta að hann fresti fundinum enn um sinn á meðan framboðsfundurinn stendur yfir.

[21:02]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Umræðu um fundarstjórn forseta er lokið. (**ArnbS:** Ætlar forseti ekki að svara mér?) Það má gera það bara í rólegheitum.

[21:03]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég hafði reiknað með því að hæstv. forseti svaraði mér. Ég lagði fyrir hann spurningu um það hvort hann mundi ekki fallast á að fresta fundinum enn um sinn á meðan framboðsfundurinn stæði yfir vestur á Ísafirði. Ég ætlast eiginlega til þess að hæstv. forseti svari þeirri spurningu minni. Fyrst ég lagði hana hér fram úr ræðustóli finnst mér það mjög eðlilegt og ég trúi því að hæstv. forseta þyki það eðlilegt líka þó að honum hafi eitthvað aðeins mistekist við fundarstjórnina að þessu sinni og ekki svarað spurningunni.

Má ég ekki reikna með því, hæstv. forseti, að fá svar við þessari spurningu núna: Ætlar forseti að fresta fundi á meðan framboðsfundur stendur yfir vestur á Ísafirði?

[21:03]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti vill taka fram að hann telur sig hafa svarað spurningunni a.m.k. óbeint með því að telja að umræðu um fundarstjórn forseta væri lokið og þar með gefa þau skýru skilaboð að nú yrði haldið áfram með dagskrármálið.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805 og 882.

[21:04]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að það endurspeglast ekki bara í þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sú í rauninni lítilsvirðing sem menn sýna lýðræðislegri umræðu. Hér kom þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, og óskaði eftir því að þingfundi yrði frestað í stutta stund á meðan framboðsfundur sem nú er útvarpað og sjónvarpað stendur yfir á Ísafirði. Í rauninni er ekki nema eðlilegt að þingmenn og raunar þjóðin — þjóðin getur ekki horft á tvær dagskrár í einu, annars vegar það sem fram fer á þinginu og hins vegar það sem er að gerast á Ísafirði né heldur geta þingmenn horft á þann fund sem þar fer fram verandi hér í þingsalnum og í störfum þingsins. Þetta er svo sem í takt við allt annað og þau vinnubrögð sem eru viðhöfð á Alþingi og í rauninni þá lítilsvirðingu sem lýðræðinu er sýnd af þeirri minnihlutastjórn sem hér er við völd.

Hægt er að rekja þetta frekar því að eins og margoft hefur komið fram er það einsdæmi að ráðist sé í stjórnarskrárbreytingar með þeim hætti sem við upplifum hér þar sem ekkert samráð er haft við stærsta þingflokkinn þrátt fyrir að margsinnis hafi það komið fram í störfum nefndarinnar að menn hafi verið tilbúnir til að leysa þessi mál og ræða þau á þeim forsendum að ná fram einhverri sátt um þau en náttúrlega á þeim forsendum sem gerist í samningaviðræðum að menn nálgist hver annan. En eins og við var að búast var ekkert gert með það og það hefur verið alveg hreint með ólíkindum að sjá hvernig þetta mál hefur gengið fram.

Ég fór yfir frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem áður

hafði komið fram þar sem tekið er á 79. gr. laganna en það sem er kannski merkilegast ef maður les innganginn þá segir að í byrjun árs 2005 hafi forsætisráðherra skipað nefnd um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands (stjórnarskrárnefnd). Í nefndina voru skipuð Birgir Ármannsson alþingismaður, Geir H. Haarde, þáverandi fjármálaráðherra, og Þorsteinn Pálsson, sendiherra og síðar ritstjóri, tilnefndir af Sjálfstæðisflokknum, Jón Kristjánsson, þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og Jónína Bjartmarz, alþingismaður og síðar umhverfisráðherra, tilnefnd af Framsóknarflokknum, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir alþingismaður og Össur Skarphéðinsson alþingismaður tilnefnd af Samfylkingunni. — Ekki hefur, hæstv. forseti, Sjálfstæðisflokkurinn svo sjaldan verið sakaður um það að virða ekki reglur lýðræðisins en þessir þingmenn voru skipaðir. — Steingrímur J. Sigfússon, sem hefur farið oftast fremstur í flokki þegar kemur að vinnubrögðum Alþingis, er tilnefndur af Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Guðjón Arnar Kristjánsson alþingismaður tilnefndur af Frjálslynda flokknum.

Með stjórnarskrárnefnd starfaði nefnd sérfræðinga, þau Eiríkur Tómasson prófessor, sem hefur sjaldan verið talinn einhver sérstakur aðdáandi Sjálfstæðisflokksins, Björg Thorarensen prófessor, sem minnihlutastjórnin reyndi að fá sem dómsmálaráðherra, og Gunnar Helgi Kristinsson, sem ekki getur heldur talist neinn sérstakur aðdáandi Sjálfstæðisflokksins, þó að mér finnist hann hafa verið hlutlægari í afstöðu sinni en Eiríkur Tómasson.

Ef við hins vegar skoðum það plagg sem liggur fyrir núna stendur hér, með leyfi forseta:

„Auk þess yrðu sett lög um skipan og verkefni stjórnlagaþings. Í kjölfar þessa“ — þó að það komi þeirri grein ekki beint við sem ég ræddi hér áðan — „skipaði forsætisráðherra ráðgjafarhóp ríkisstjórnarinnar ...“

Í ráðgjafarhópnum voru Björg Thorarensen sem minnihlutastjórnin hafði leitast eftir að yrði dómsmálaráðherra. Þar var líka Bryndís Hlöðversdóttir, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, og Gísli Tryggvason, yfirlýstur framsóknarmaður og sérstakur ráðgjafi Framsóknarflokksins.

Þetta var sem sagt ráðgjafarhópurinn sem þessi minnihlutastjórn skipaði til að fara yfir þessi mál, allt saman yfirlýst stuðningsfólk þessara stjórnarflokka á meðan í stjórnarskrárnefndinni, eins og ég lýsti hér áðan, voru ráðgjafar þar sem í rauninni er ekki hægt að segja að einn einasti aðili væri fulltrúi þáverandi stjórnarflokka. Þetta eru ólík vinnubrögð, hæstv. forseti, mjög ólík vinnubrögð sem þarna eru viðhöfð.

Þá kemur líka fram í þessu frumvarpi mjög mikill munur á þessum tillögum. Í frumvarpinu sem nefndin sem skipuð var 2005 skilaði af sér segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi. Slíkt frumvarp má ekki samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við fjórar umræður og skulu þrjár vikur hið minnsta líða á milli umræðna.“ — Ég undirstrika að það skulu þrjár vikur hið minnsta líða á milli umræðna. — „Hljóti frumvarp til stjórnarskipunarlaga samþykki a.m.k. 2/3 alþingismanna skal það lagt undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Skal atkvæðagreiðslan vera leynileg og fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins. Sé meiri hluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu,“ — og svo kemur ákvæði sem ekki er að finna í nýja plagginu — „þó minnst 25 af hundraði allra kosningarbærra manna, skal það staðfest af forseta Íslands og öðlast þá gildi sem stjórnarskipunarlög.“

Í fyrirliggjandi frumvarpi segir:

„Frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi. Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarpið skal það borið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar.“ — Svo segir hérna: „Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi.“

Gott og vel. Þetta lýsir því náttúrlega bara mjög skýrt hve vinnubrögðin á Alþingi eru breytt, annars vegar í tíð Sjálfstæðisflokksins þar sem mikið var lagt upp úr samráði um breytingu á stjórnarskránni og því að allir flokkar fengju að koma að því, og hins vegar nú þegar þessu plaggi er troðið ofan í kokið á stærsta stjórnmálaflokki landsins.

Það eitt og sér er kannski ekki endilega það alvarlegasta heldur þau ótrúlegu vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið og kemur mjög skýrt fram í þeim umsögnum sem hér liggja fyrir. Eitt er það sem allir aðilar sem koma að þessum umsögnum kvarta meira og minna undan en það er einmitt stuttur umsagnarfrestur, ég hygg að hann hafi verið u.þ.b. vika. Þrátt fyrir að þessar umsagnir taki efnislega á mjög mörgum þáttum og í rauninni setji mjög mikið út á einstakar greinar þessa frumvarps er líka tekið fram að viðkomandi vildi gjarnan hafa haft betri tíma til að fara yfir málin.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér hefur þótt það furðu sæta hjá fjölmiðlum landsins hvað þeir hafa lítið farið yfir málið og umsagnir sem lýsa þessum ótrúlegu vinnubrögðum. Það er ekki fyrr en fyrst núna, eftir þessa löngu umræðu, að þetta er farið að síast í gegn hjá einum og einum fjölmiðlamanni þar sem hann fer þá efnislega í það hversu ótrúlega stuttur tími þetta er sem gefinn er til umsagna og svo aftur hitt, efnislega þáttinn, þar sem farið er í einstakar greinar frumvarpsins og því lýst yfir hve illa ígrundaðar þær greinar eru í flestum tilvikum.

Eitt er náttúrlega alveg stórmerkilegt, að kjósa eigi til stjórnlagaþings um leið og farið er í sveitarstjórnarkosningar. Það er dálítið merkilegt því að miðað við það fyrirkomulag sem hér er lagt upp með að einstakir aðilar bjóði sig fram og verði kosnir í persónukjöri til stjórnlagaþingsins, þá er algerlega ljóst að fram mun fara tvenns konar kosningabarátta á sama tíma, annars vegar til sveitarstjórnarkosninga og hins vegar til stjórnlagaþingsins.

En maður skyldi nú ætla að þegar svo stórt er kveðið á um, eins og í þessu tilviki, að fram hefði farið eitthvert samráð. Ekki það, hæstv. forseti, að ég reikni með einhverju samráði við Sjálfstæðisflokkinn í þeim efnum eða minni hlutann á Alþingi. Ég reiknaði nú alls ekki með því. Hins vegar hefði mér þótt eðlilegt að farið hefði fram samráð og samræður milli Sambands íslenskra sveitarfélaga. En það er nú alls ekki svo.

Í *Vísi* þann 4. apríl kemur fram hjá Halldóri Halldórssyni, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, að hann

telur að það mundi skyggja á sveitarstjórnarkosningarnar að kosningar til stjórnlagaþings færu fram á sama tíma. En þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„„En ég myndi óttast að það myndi skyggja svolítið á sveitarstjórnarkosningarnar. Það væri sem sagt verið að velta fyrir sér baráttumálum í hverju sveitarfélagi um leið og verið væri að kjósa til stjórnlagaþings," segir Halldór. Þetta segir hann að sé mjög varhugavert."

Þá vil ég aðeins glugga í athugasemdir sem komu einmitt fram hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

Í 2. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi. Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarpið skal það borið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu ..."

Í 3. gr. segir: „Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varðar almannahag ef 15 af hundraði kjósenda krefjast þess."

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir, með leyfi forseta:

„Þær breytingar sem felast í 2. og 3. gr. frumvarpsins eru til þess fallnar að draga mjög úr áhrifum og sjálfstæði Alþingis. Eru þessar breytingar því í miklu ósamræmi við þær kröfur sem uppi hafa verið í þjóðfélaginu um að styrkja þurfi löggjafarvaldið og efla sjálfstæði þess. Sá mikli kostnaður sem óhjákvæmilega fylgir ákvörðun 3. og 4. gr. er einnig áhyggjuefni í þeim miklu efnahagsþrengingum sem þjóðin glímir nú við."

Svo segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarskrá lýðveldisins er grundvallarlöggjöf þessa lands sem öllum ber að virða. Þannig er stjórnarskránni ætlað að vera hafin yfir dægurþras og sveiflur í stjórnmálum." — Hafin yfir dægurþras og sveiflur í stjórnmálum, sagt og skrifað. — „Vegna mikilvægis stjórnarskrárinnar er nauðsynlegt að stjórnarskipunarlög séu sett að vel ígrunduðu máli og í sem mestri sátt. Af umræðu um frumvarpið má ráða að endurskoðun stjórnarskrárinnar sé nauðsynleg vegna þess efnahagshruns sem hér hefur orðið. Þær breytingar sem felast í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga virðast hins vegar ekki sérstaklega til þess fallnar að stuðla að endurreisn efnahagskerfisins og væri því eðlilegt að bíða með allar meiri háttar breytingar þar til um hægist í þjóðfélaginu."

Þetta er úr umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um lagafrumvarp þetta. Síðan segir áfram um 1. gr. sem snýr að einkaeignarréttinum og þjóðareigninni.

„Tilgangur ákvæðisins er fremur óljós og sömuleiðis hvaða áhrif ákvæðinu er ætlað að hafa. Í ákvæðinu felast einnig ýmis túlkunaratriði, t.d. hvað felst í því að eiga rétt á umhverfi sem stuðlar að heilbrigði." — Svo dæmi sé tekið.

Ég undirstrika það aftur, mér finnst svolítið merkilegt að fjölmiðlar hafi ekki farið efnislega í þessar athugasemdir. Um 2. gr. er sagt, með leyfi forseta:

„Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á því fyrirkomulagi sem nú gildir varðandi breytingar á stjórnarskránni. Í greininni er lagt til að stjórnarskipunarlög skuli lögð fyrir þjóðina til atkvæðagreiðslu, í fyrsta lagi mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að Alþingi hefur endanlega samþykkt slíkt frumvarp. Kveðið er á um lágmarksstuðning sem frumvarpið þarf í þjóðaratkvæðagreiðslu til þess að teljast samþykkt. Af umræðum á Alþingi má ráða að sú breyting sem felst í 2. gr. frumvarpsins sé nokkuð óumdeild og í samræmi við nútímahugmyndir um lýðræði. Þá koma þjóðaratkvæðagreiðslur um stjórnarskrárbreytingar einnig í veg fyrir það að gerðar verði meiri háttar breytingar á íslenskri stjórnskipan án þess að þjóðinni sé gefið tækifæri til að taka beina afstöðu til þeirra."

Þarna held ég einmitt að þeir hitti naglann á höfuðið, að um 2. gr. hefði mátt ná tiltölulega mikilli sátt og að því leytinu til hefði ekki verið vitlaust að horfa á þær athugasemdir og umsagnir sem hérna koma fram.

Þá er sagt um 3. gr. sem fjallar um þjóðaratkvæðagreiðsluna, með leyfi forseta:

„Ákvæðið gerir ráð fyrir að 15% kosningarbærra manna geti knúið fram slíka atkvæðagreiðslu. Þetta hlutfall er mjög lágt en hafa ber í huga að hér á landi ríkir fulltrúalýðræði og er þjóðkjörnum fulltrúum falið löggjafarvaldið á Alþingi."

Síðar er sagt:

„Mikill kostnaður felst í þjóðaratkvæðagreiðslum, þannig væri nauðsynlegt að fram færi ítarleg kynning á því máli sem lagt er til þjóðaratkvæðagreiðslu auk þess sem mikill kostnaður er fólginn í framkvæmd slíkrar kosningar. Má í því sambandi benda á að alþingiskosningar kosta u.þ.b. 100 milljónir króna og má ætla að kostnaður við þjóðaratkvæðagreiðslu yrði sambærilegur. Af þessum sökum og með hliðsjón af þeirri réttaróvissu sem þjóðaratkvæðagreiðsla um samþykkt lög frá Alþingi skapar má verulega draga í efa hvort forsvaranlegt sé að 15% kosningarbærra manna geti með bindandi hætti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu."

Hæstv. forseti. Þetta undirstrikar náttúrlega það hversu mikilvægt er að málinu sé ekki troðið hérna í gegn með því ofbeldi sem við erum að upplifa. Og sá skammi tími sem við upplifum líka í þessu samhengi er algerlega út í eilífan bláinn.

Þá er sagt um 4. gr., með leyfi forseta:

„Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að stofnað verði til sérstaks stjórnlagaþings vegna heildarendurskoðunar á stjórnarskrá lýðveldisins. Af greinargerð með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga má ráða að sú aðferð hefur helst tíðkast meðal sambandsríkja en ekki eru fordæmi í öðrum ríkjum fyrir þeirri leið sem lögð er til í frumvarpinu."

Ég held, hæstv. forseti, að við getum verið sammála um að við teljumst ekki til sambandsríkis þó svo að Samfylkingin vilji mjög gjarnan verða hluti af Evrópusambandinu og Evrópusambandið sé að þróast í þá veru, þá er það nú ekki orðið svo enn sem komið er.

Þá segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Ekki hefur reynst nægilega vel að fella ábyrgð á þeirri vinnu eingöngu á stjórnmálamenn." — Þ.e. að breyta stjórnarskránni. — „Rétt er að skoða þann möguleika að endurskoðunarvinnan verði í höndum Alþingis en lögð verði meiri áhersla á það en áður að virkja almenning til þátttöku."

Bent er á í þessu sambandi að í ljósi breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu, þar sem upplýsingatækni, aðgangur að upplýsingum og það að koma upplýsingum á framfæri er allt

annað en áður var, væri miklum mun auðveldara að virkja almenning. Einnig er komið inn á það að mjög mikilvægt sé, og ætti það að vera auðvelt, að virkja samtök eins og samtök launþega og atvinnurekenda, náttúruverndarsamtök, samtök trúfélaga, neytenda, fatlaðra og grasrótarsamtök, svo eitthvað sé nefnt.

Hér eru því uppi mjög athyglisverðar hugmyndir um það hvernig koma mætti á stjórnlagaþingi án þess að það væri akkúrat gert nákvæmlega eins og hér er lagt til, með því ótrúlega umfangi og kostnaði sem því fylgir, þ.e. við gætum náð markmiðunum fram með öðrum hætti. En þetta er eitthvað sem ekkert er hlustað á, ekkert spáð í þrátt fyrir að þetta verði að teljast hinar fínustu hugmyndir.

Samband íslenskra sveitarfélaga er svo sem ekki eini aðilinn sem leggur til breytingar á sjálfu stjórnlagaþinginu. Mér finnst það vera dálítið mikið grundvallaratriði því eins og komið var hér inn á áðan hefði sennilega mátt ná góðri sátt um 2. gr. og síðan hefðu menn alveg getað sest niður og rætt um hvernig hægt hefði verið að koma stjórnlagaþingi á án þess að það væri gert akkúrat með þeim formerkjum sem við sjáum í frumvarpi þessu.

Hérna er mjög stór bunki sem lýtur að því sama, en tíminn er naumur og því er ekki hægt að fara efnislega nema í nokkur atriði í þessum athugasemdum og mörgum umsögnum verður hreinlega að sleppa.

Hér er umsögn frá Samorku þar sem komið er inn á hvernig farið er með skilgreiningu hugtaka. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrst ber að nefna að í 1. gr. frumvarpsins eru ýmis hugtök sem Samorka telur þarfnast nánari skilgreininga. Dæmi um þetta er hugtakið „þjóðareign". Hugtakið er skilgreint með vísan í umfjöllun auðlindanefndar árið 2000 en hefði þurft að skilgreina betur í athugasemdum við frumvarpið sjálft. Eða hvert er samspil þessarar nýju tegundar eignarréttar við hefðbundinn einkaeignarrétt eins og hann er skilgreindur í 72. gr. stjórnarskrárinnar?"

Síðan er tekið dæmi, hæstv. forseti, um annað hugtak sem er svona dæmigert tískuhugtak sem allir taka sér í munn en ekki er kannski alveg ljóst hvað liggur að baki. Hér segir, með leyfi forseta:

„Annað dæmi er hugtakið „sjálfbær þróun" sem í athugasemdum við frumvarpið er m.a. skilgreint þannig: „þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum." Hvað þýðir að „fullnægja þörfum" í þessu samhengi? Þessi skilgreining verður að teljast afar opin til túlkunar og því til þess fallin að stuðla að réttaróvissu." — Í framtíðinni.

Komið er inn á fleiri þætti og ég ætla að reyna að taka það helsta en sleppa þarf mörgum atriðum. Talað er um það efnislega að réttur almennings til að koma að ákvörðunum í ýmsum málum varðandi auðlindirnar sé mjög mikill. Hér segir, með leyfi forseta:

„Loks skal hér fjallað um efnisatriði 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um rétt til umhverfis sem stuðlar að heilbrigði, rétt til upplýsinga og kost almennings á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið. Af athugasemdum við frumvarpið má ætla að þessi atriði sé að finna í til þess að gera nýjum stjórnarskrám ríkja Mið- og Austur-Evrópu og að þessi ákvæði hafi síðan verið sett inn í stjórnarskrár annarra Norðurlanda."

Síðan rekja þeir það og benda á að svo sé alls ekki. Þarna er sem sagt verið að gefa eitthvað í skyn sem stenst síðan enga skoðun.

En það er fleira. Það sem vakti athygli í umsögnum sem komu fram við frumvarpið eru athugasemdir frá mönnum eins og Sigurði Líndal, sem verður að teljast einn af okkar helstu lögfræðingum og lagatúlkunarsérfræðingum og hefur oft verið til hans leitað. En með álit eða umsögn hans eins og allra hinna er náttúrlega ekkert gert.

Sigurður Líndal segir, með leyfi forseta:

„Ég tel að skoða þyrfti 1. gr. frumvarpsins betur vegna óljósrar merkingar orða og hugtaka sem þar eru notuð."

Þetta er ekkert nýtt, hæstv. forseti. Það eru allir að benda á að hugtakanotkun sé mjög óljós. Hann kemur líka eins og fleiri inn á orðið þjóðareign.

„Í orðið þjóðareign er ekki hægt að leggja hefðbundna merkingu eignarréttarins þótt þess hafi margsinnis gætt í umræðu. Almenn merking orðsins eign er hins vegar svo margþætt að hana er ekki unnt að leggja til grundvallar í rökræðu. Það hefur þó óspart verið notað í kappræðu sem Íslendingar stunda gjarnan, en er þar til truflunar og yfir upp deilur." Svo bætir hann við að það sé reyndar álitamál hvort nýtt eignarréttarhugtak hafi verið mótað.

Sigurður Líndal segir líka, með leyfi forseta:

„Enn óljósara og vandmeðfarnara er þó orðalagið í 3.–4. mgr. þar sem segir að allar náttúruauðlindir beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir auk þess sem allir eigi rétt til umhverfis sem stuðli að heilbrigði og þar sem líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið."

Þetta er nánast nákvæmlega sama efnisatriði og ég fór í áðan. Þetta er í rauninni gegnumgangandi í öllum umsögnunum og alveg með ólíkindum að ekkert sé spáð í þetta, og ég segi enn og aftur, það er alveg með ólíkindum hvað fjölmiðlar hafa gert þessu lítil skil. Eins og aðalatriðið sé að flugeldasýningarnar fari fram þegar myndavélarnar eru hér í hurðaropinu en efnisleg umræða virðist ekki eiga neitt upp á pallborðið.

Sigurður Líndal segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Hvaða leiðsögn er hér að fá um hagkvæmni og hagsæld, eða um umhverfi sem stuðli að heilbrigði? Er nýting orku fallvatna og jarðhita til stóriðju hagkvæm eða stuðlar hún að hagsæld? Um þetta hafa deilur lengi staðið og ákvæðið sker engan veginn úr – veitir raunar enga leiðsögn. Hitt er líklegra að yfirlýsingar af þessu tagi hvort heldur í stjórnlögum eða almennum lögum egni til deilna og málaferla. Og þá er spurningin: Ætlar stjórnarskrárgjafinn að fela dómstólum lagasetningarvaldið með því að knýja þá til að móta reglur í þessum anda, eða eiga dómstólar að leiða slík ákvæði hjá sér þannig að þau verði dauður bókstafur? Hver er þá tilgangurinn?"

Ég spyr líka, hæstv. forseti, og tek undir þá spurningu: Hver er þá tilgangurinn?

Það sem hann kemur einnig inn á, eins og Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík, er sú hugleiðing um hvers konar plagg stjórnarskráin er. Hann segir, með leyfi forseta:

„Beinast liggur við að líta á hana sem lög sérstaks eðlis með rætur í stofnsáttmála ríkis. En einnig má skoða hana sem tákn. Enginn ágreiningur er um að stjórnarskrá geymi lagafyrirmæli, en hún hefur einnig táknglidi og þá er meira álitamál um hversu langt skal ganga í þá átt. Ef áherslan færist þangað má segja að yfirlýsingar um grunngildi þjóðfélagsskipunarinnar eigi best heima í sérstökum inngangskafla sem hefur ekki beint lagagildi en er til leiðsagnar."

Þá segir Sigurður Líndal einnig, með leyfi forseta:

„Ef setja á landinu nýja stjórnarskrá tel ég rétt að það sé gert á sérstöku stjórnlagaþingi. Rökin eru einföld. Með stjórnarskrá er verið að setja Alþingi reglur, meðal annars verið að marka valdsvið þess, og því eðlilegt að Alþingi sjálft eigi þar ekki hlut að. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til að útiloka alþingismenn fyrir fram; eðlilegast að kjósendur til stjórnlagaþingsins ákveði það ef þingmenn vilja vera í framboði.

Annars get ég ekki dulið þá skoðun mína að ólíklegt sé að þing skipað 41 manni valdi þessu verkefni."

Hæstv. forseti. Ég kom einmitt inn á þetta áðan. Af hverju 41? Af hverju einmitt þessi útgáfa af stjórnlagaþingi? Hvers vegna mátti ekki ræða þetta? Hvers vegna mátti ekki fara yfir þetta mál? Af hverju mátti ekki reyna að ná einhvers konar sátt um hvernig staðið yrði að stjórnlagaþingi? Í störfum þeirra þingmanna sem fjölluðu um þetta voru menn tilbúnir til að ræða það og auðvitað hefði átt að gera það. Samþykkja hefði átt breytingu á stjórnarskránni sem menn gátu sætt sig við og síðan áttu menn að vera sammála um að bíða með stjórnlagaþingið og sammælast um það, allir flokkar, hvernig að því skyldi staðið. Það gefur augaleið að hægt var að ná miklu meira saman um þetta mál.

„Líklegast að þingið þróist yfir í eins konar umræðufund og þrætusamkomu sem sökkvi niður í deilur sem engu skili."

Þetta segir Sigurður Líndal eftir að hann er búinn að segja: „Ef setja á landinu nýja stjórnarskrá tel ég rétt að það sé gert á sérstöku stjórnlagaþingi." Hins vegar er hægt að hugsa stjórnlagaþing á marga vegu. Og hann heldur áfram, með leyfi forseta:

„Vænlegra væri að fá lítinn hóp valinkunnra manna sem njóta almenns trausts til að setja saman tillögu að stjórnarskrá. Hana mætti bera undir stjórnlagaþing sem hefði skýrt afmarkað hlutverk og að lokum gengi hún til þjóðaratkvæðis."

Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég tel að hugmynd Sigurðar Líndal hefði getað nálgast hugmyndir Sjálfstæðisflokksins í þessa veru og alveg hefði verið hægt að ræða hvernig staðið yrði að stjórnlagaþingi þó svo að ekki hefði verið farið í einu og öllu eftir þessari vitleysishugmynd sem hér er fram komin og þau gerræðislegu vinnubrögð þar sem einn og stærsti þingflokkurinn kemur hvergi að og allir ráðgjafar varðandi smíði þessa frumvarps er eitthvert hallelúja-lið, hallelúja-fólk stjórnarliðanna. Það er bara þannig.

Tíminn flýgur. (**HHj:** ... Björg Thorarensen ...) Ja, hún var beðin um að vera ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem nú situr, hún er ein af þessum aðilum. Hv. þm. Helgi Hjörvar kallar utan úr sal, en þess ber að geta að hann missti af upphafi ræðu minnar þar sem ég bar saman störf nefndarinnar sem starfaði árið 2005 og þau vinnubrögð sem þar voru viðhöfð — þar voru aðilar sem alveg klárlega var ekki hægt að stimpla sem sjálfstæðismenn nema síður væri — við þau vinnubrögð sem nú eru viðhöfð. Björg er vissulega þarna og fleiri aðilar eins og t.d. fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, Bryndís Hlöðversdóttir, og Gísli Tryggvason einnig en hann hefur verið eins og allir vita sérstakur ráðgjafi Framsóknarflokksins. Þetta er allt saman ágætisfólk en ég er bara að tala um samsetninguna. Fyrst hv. þingmaður kallar hérna fram í þá er ég að tala um samsetninguna á hópnum, annars vegar frá 2005 og hins vegar núna sem sýnir algerlega ný vinnubrögð.

Mig langar aðeins í lok ræðu minnar að koma inn á það álit sem Ragnhildur Helgadóttir skrifar en hún er prófessor við Háskólann í Reykjavík. Hún segir, með leyfi forseta:

„Hvaða breytingar er rétt að gera gegn vilja minni hluta?" — Ég fagna því að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir skuli vera í salnum. — „Stjórnarskrár eru ólíkar öðrum lögum að setningarhætti og vegna þess að þær eiga að leggja stórar línur og vera hafnar yfir pólitískar deilur á hverjum tíma."

Það var einmitt lagt upp með þetta árið 2005, eins og sjá má af samsetningu nefndarinnar og sjá má af samsetningu ráðgjafarhópsins. Þá segir líka í umsögninni að furðulegt sé að gera þetta í andstöðu við stóran stjórnmálaflokk því með því sé verið að færa stjórnarskrána inn í hringiðju stjórnmálanna.

Enn fremur segir Ragnhildur Helgadóttir, með leyfi forseta:

„Þess má vænta að næsti meiri hluti geri þær breytingar sem honum hugnast án þess að takmarka sig við það sem næst almenn sátt um á þingi og þannig koll af kolli. Þannig getur stjórnarskráin orðið óstöðugri og pólitískari en verið hefur, sem er óæskileg þróun."

Ef þetta er hugsað í samhengi við það sem Sigurður Líndal sagði og ég las upp áðan um það hvers konar plagg stjórnarskráin væri, þá held ég að algert samræmi sé þarna á milli þessara tveggja fræðimanna.

Þá segir, með leyfi forseta, um ákveðnar breytingar á stjórnarskránni, þ.e. um 2. og 4. gr. frumvarpsins:

„Það má færa að því sterk rök að það sé í samræmi við lýðræðishugmyndir og lýðræðishefðir að færa ákvörðunarvald um stjórnarskrárbreytingar til kjósenda" — það getur maður tekið heils hugar undir — „og að því sé ásættanlegt að einstakir stjórnmálaflokkar séu mótfallnir breytingunum." — þ.e. þegar umboðið er síðan fært til þjóðarinnar og þá er það bara leyst þar. — „Hugmyndin er þá sú að það sé í lagi að ganga fram hjá fulltrúum stórs hluta kjósenda þegar málinu sé vísað til þeirra sjálfra."

Svo segir hérna, með leyfi forseta:

„Vegna þessa og þess stutta tíma — eins og allir sem gáfu umsögn segja og kvarta undan — mun ég ekki fjalla um ákvæði 1. gr."

Síðan bendir Ragnhildur Helgadóttir á, sem reyndar fleiri hafa komið inn á, að verið sé að skipa málum með svipuðum hætti og gert sé í sambandsríkjum, sem Ísland er vissulega ekki og við forseti vorum algerlega sammála um.

Þá segir, með leyfi forseta, og er það kannski ekki ósvipað því sem Sigurður Líndal kom inn á:

„Oft er það þvert á móti til marks um róttæka og virta lýðræðis- og stjórnskipunarhefð að stjórnarskráin sé komin til ára sinna.“

Það hafa einmitt verið stór rök í umræðunni, þ.e. að svo langt sé síðan stjórnarskránni var breytt.

Hæstv. forseti. Tími minn er liðinn. Eins og sjá má eru vinnubrögðin sem hér eru höfð uppi, miðað við vinnubrögðin frá 2005, algerlega ný nálgun og alveg fáránleg ósvífni sem hér er í gangi. Í öðru lagi er algerlega ljóst að alveg hefði mátt ræða það hvernig staðið hefði verið að stjórnlagaþinginu og það sett upp, þá með allt öðrum formerkjum en hér hefur verið gert.

[21:44]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta hefði verið ágætis ræða hjá hv. þm. Ármanni K. Ólafssyni ef hún hefði verið flutt við annað tækifæri, við aðrar aðstæður, þ.e. ef engar breytingartillögur lægju hér fyrir. En þeim sem á hlýddu mátti ljóst vera að þingmaðurinn var að fjalla um frumvarpið eins og það var til umræðu við 1. umr. og þær athugasemdir sem gerðar voru og kynntar í nefndinni en ekki niðurstöðu nefndarinnar sem hér liggur fyrir. Þess vegna er alrangt sem hv. þingmaður sagði að ekkert hefði verið hlustað á þær umsagnir. Hér liggur fyrir nefndarálit frá meiri hluta hv. sérnefndar um stjórnarskrármál upp á einar sex blaðsíður sem ég held að þingmaðurinn hafi ekki kynnt sér til hlítar.

Ég ætla nú ekki að fjalla meira til viðbótar við það sem ég hef gert í dag um þær rangfærslur sem menn viðhafa um stjórnlagaþingið. En ég ætla að svara hv. þingmanni hvað varðar sjálfbæra þróun því að hann spyr hvað það eigi að þýða. Nú er tími minn að renna út og ég verð fá að svara því í næsta andsvari. En ég vek athygli þingmannsins á því að það ákvæði sem hann fjallaði um og eyddi drjúgum tíma af ræðu sinni í er með tillögunni fellt út úr frumvarpinu. Er þetta dæmi um það sem ég sagði áðan að ræða hv. þingmanns hefði betur verið flutt við aðrar aðstæður. Hún á ekki við í þingsalnum í dag.

[21:47]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Forseti. Það sem ég gerði í stórum hluta ræðu minnar var að ég bar saman vinnubrögðin við skipun nefndarinnar 2005 og þau vinnubrögð sem nú eru viðhöfð. Það var grundvallaratriðið í ræðu minni.

Það er rétt að sem betur fer er nú tekið á einstökum atriðum og einstökum athugasemdum. Það hafa orðið breytingar í þá veru sem betur fer. En ef ég man rétt fjallar Davíð Þór Björgvinsson um réttarfarsleg áhrif vegna þjóðareignarinnar og ég gat ekki t.d. séð að tekið væri neitt sérstaklega á því efni. Það tel ég að hafi verið ein stærsta athugasemdin en því miður komst ég ekki yfir það áðan að tala sérstaklega um það atriði.

Athugasemdir mínar sneru fyrst og fremst að því hversu ótrúleg vinnubrögð voru í nefndinni og hvernig staðið var að því að semja frumvarpið sjálft. Ég bar það saman við það þegar nefndin var skipuð 2005 þar sem allir flokkar höfðu fulltrúa í nefndinni. Þeir fræðimenn sem fengnir voru til að vinna fyrir nefndina voru alveg klárlega fræðimenn sem ekki var hægt að stimpla sérstaklega sem einhverja fulltrúa Sjálfstæðisflokksins nema síður væri. Hins vegar er því öfugt farið með nefndina núna og þann ráðgjafahóp sem er að baki því fólki sem samdi þetta lagafrumvarp.

[21:49]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður sagði í ræðu sinni áðan að hann varpaði fram spurningu um hvað fælist í 2. gr. frumvarpsins eins og það var lagt hér fyrir. En þar segir með leyfi forseta, í 2. mgr.:

„Allar náttúruauðlindir ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir.“

Af því mér fannst hv. þingmaður ekki vera alveg með á nótunum hvað hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar áhrærir langar mig til þess að segja honum í einföldu máli að það sem þarna stendur, að nýta allar náttúruauðlindir á grundvelli sjálfbærrar þróunar, þýðir í rauninni að ganga ekki svo á auðlindir okkar að það takmarki möguleika barna okkar og barnabarna til þess að fullnægja sínum þörfum. Þetta snýst með öðrum orðum um að hafa hemil á græðginni hjá hverri kynslóð, hugsa til framtíðar, hugsa sjálfbært.

Því miður hefur þessi málsgrein að mestu verið felld út í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og er til umræðu. Aðeins síðasta setningin, þ.e. „Náttúruauðlindir í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi“ er bætt aftan við 1. mgr. frumvarpsins. Það er jú allnokkuð. Ég verð að viðurkenna að þó að ég sjái eftir ákvæðinu um sjálfbæra þróun og ákvæðinu um rétt almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og aðkomu að þeim málum verð ég að segja að ég tel mjög mikilvægt að halda þessu ákvæði svona inni. Það er skref í rétta átt og ég vil minna á að þetta er ein af fjölmörgum breytingum sem var gerð til þess að koma til móts við athugasemdir Sjálfstæðisflokksins.

[21:51]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að um 85% af þeim athugasemdum sem komu fram standa óhaggaðar. En það sem ég var hins vegar að leggja áherslu á í málflutningi mínum áðan var hversu illa staðið var að málinu áður en það kom inn í þingið, (Gripið fram í.) hvernig vinnubrögð voru viðhöfð, og ég bar það saman við hvernig það var gert árið 2005. Þetta mál var unnið í mjög miklum flýti. Það voru fáir aðilar sem komu að því og fulltrúar stærsta stjórnmálaflokksins fengu alls ekkert að koma að því, það var alveg klárt.

Það passar að þeir aðilar sem áttu að vera til ráðgjafar höfðu yfir sér einhvern pólitískan blæ. (Gripið fram í.) — Það er bara þannig, þú getur rakið það: Fyrrum þingmaður, ráðgjafi Framsóknarflokksins og aðili sem beðinn hafði verið um að sitja sem ráðherra í núverandi minnihlutastjórn. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að orða það öðruvísi en svo en að þeir hafi yfir sér pólitískan blæ. Ég ætla ekki að taka dýpra í árinni hvað það varðar.

[21:52]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir innlegg hans. Ég freistaðist til þess að kalla fram í ræðu hans áðan þegar hann viðhafði orð um þá sérfræðinga sem unnið hafa að undirbúningi málsins, m.a. Björgu Thorarensen, sem ég nefndi. Mér finnst ekki fara vel á því það sé kallað hallelúja-lið þegar sérfræðingar sem þekktir eru af störfum á sínu fagsviði eru fengnir til þess að vinna í þágu lands og þjóðar að málefnum eins og þessum, að við viðhöfum slík orð. Ég hugsa að þau hafi fallið í hita leiksins og ætla ekki að gera sérstakt mál úr því.

En ég spyr hv. þingmann hvort málþóf þeirra sjálfstæðismanna í stjórnarskrárumræðunni sé ekki til endanlegs sannindamerkis um hversu illa Alþingi er fallið til þess að standa fyrir heildarendurskoðun á stjórnarskránni, og undirstriki nauðsyn þess að kjósa beint annað þing, stjórnlagaþing, sem leggi niðurstöður sínar fyrir þjóðina. Í þau sex ár sem liðin eru frá því að ég tók fyrst sæti á Alþingi hafa hér ítrekað verið skipaðar nefndir um stjórnarskrármál. Það hafa komið fram margvíslegar tillögur um breytingar á stjórnarskrá. Um sumar þeirra er mikill meiri hluti þingmanna sammála en þingið hefur verið algerlega ófært um að taka á þeim.

Nú þegar fluttar eru fram býsna rökstuddar breytingar klofnar þingið enn og aftur upp í flokkadrætti og 26 þingmenn skipa sér í að flytja hér meira og minna sömu ræðuna eftir einhverri flokkslínu í stað þess að við kjósum þá sem gefa kost á sér til þess að fjalla um stjórnarskrána í persónukjöri. Þá fáum við málefnalega og vandaða umfjöllun um heildarendurskoðun sem er laus við þessa flokkadrætti, málþófsæfingar og kosningabrag (Forseti hringir.) sem mér þykir vera að þessari umræðu.

[21:54]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bara náði ekki — þetta eru nú fleiri hundruð blaðsíður sem við erum með þarna. En einhvers staðar segir að lagafrumvarp þetta byggi m.a. á því samkomulagi sem þessi minnihlutastjórn gerði sín á milli. (Gripið fram í.) Ef ég hefði lengri tíma gæti ég örugglega flett því upp. Það er ekki nema von þegar maður fjallar um þessa ráðgjafa að maður sjái að þeir hafa yfir sér pólitískt yfirbragð.

Og af því að þetta lýtur sérstaklega að Björgu Thorarensen set ég það í samhengi. Burt séð frá öllu er það staðreynd að hún var beðin um að sitja sem ráðherra í þessari ríkisstjórn og svo ætla ég ekkert að segja neitt meira um það. Þetta byggir náttúrlega á því pólitíska plaggi sem gert var á milli ríkisstjórnarflokkanna.

En varðandi stjórnlagaþingið held ég að ég hafi sagt það í ræðu minni — án þess að ég tali fyrir Sjálfstæðisflokkinn í heild sinni — að ég hefði ekki sett mig upp á móti stjórnlagaþingi. Ég hef hins vegar sagt, og var þar m.a. að vitna í orð Sigurðar Líndals þar að lútandi þar sem hann hafði mjög miklar efasemdir um að það fyrirkomulag sem frumvarpið byggir á gæti einhvern tímann gengið. Hann lagði því til að stjórnlagaþing yrði sett saman með allt öðrum hætti. Það yrði ráðgjafahópur, hópur sérfræðinga, sem kæmi með tillögur en síðan gæti verið stjórnlagaþing með fulltrúum sem blessuðu tillögurnar sem færu svo inn í þingið — t.d. svoleiðis fyrirkomulag eða eitthvað allt öðruvísi.

En það sem ég gagnrýndi er að þessu skyldi ekki breytt. (Gripið fram í.) Af hverju var ekki rætt að ráðist yrði í þær aðgerðir sem virkilega skipta máli fyrir heimilin (Forseti hringir.) og fyrirtækin í landinu og stjórnlagaþingið (Forseti hringir.) lagt til hliðar en reynt að ná sáttum um hvernig stjórnlagaþingið skyldi starfa? (Forseti hringir.)

[21:57]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir gott að heyra að hv. þingmaður skuli ekki setja sig upp á móti stjórnlagaþingi. Ég hef skilið afstöðu margra þingmanna Sjálfstæðisflokksins þannig að þeir geri það, að Alþingi afsali sér valdi sínu til stjórnlagaþings. Ég hefði hins vegar talið að eftir kerfishrun væri brýn nauðsyn á því að við endurskoðuðum stjórnkerfi okkar og grundvallarlög vegna kerfishrunsins sem varð í haust.

Ég spyr hv. þingmann hvort hann geti ekki verið sammála mér um það og hvort hér hvíli ekki margar brýnar skyldur á þinginu sem lúta einmitt að efnahags- og atvinnumálum þannig að við núverandi aðstæður sé ákaflega heppilegt að fá sérstakt þing til þess að fjalla um grundvallarlögin á meðan við höldum áfram að vinna með efnahags- og atvinnumálin, félagsmálin og velferðarkerfið, niðurskurðinn í ríkisrekstrinum og öll þau gríðarlegu verkefni sem fram undan eru. Hvort það sé ekki bara ósköp eðlilegt að þjóðin sjálf fái að skera úr um niðurstöðu þess stjórnlagaþings. Hvort við eigum nokkuð að spilla þeirri vinnu með því að breyta þeim niðurstöðum í þá hefðbundnu flokkadrætti sem mér virðast verða hér í hvert sinn sem stjórnarskrármál koma til umfjöllunar.

Ég minni á að það er nú ekki svo að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki flutt mál í andstöðu við stóra flokka í þinginu er varða breytingu á stjórnarskrá. Það var nú bara á fyrsta kjörtímabili mínu sem Geir Hilmar Haarde, sem ég hygg að þá hafi verið leiðtogi Sjálfstæðisflokksins, flutti hér breytingartillögu við stjórnarskrána með þáverandi formanni Framsóknarflokksins í andstöðu við stærsta stjórnarandstöðuflokkinn, alveg klárlega. Mér virðist því að við höfum allt of mörg dæmi um að (Forseti hringir.) flokkadrættir spilli umfjöllun um stjórnarskrána og að við eigum bara að afsala okkur þessu valdi.

[21:59]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mátti helst skilja það á ræðu hv. þm. Helga Hjörvars að fjármálakerfið hafi hrunið vegna stjórnarskrárinnar. Ég leyfi mér að segja að það er algerlega af og frá að setja það í það samhengi. Af því að ég náði að finna það í bunkanum hjá mér þá segir hér í umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

„Þær breytingar sem felast í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga virðast hins vegar ekki sérstaklega til þess fallnar að stuðla að endurreisn efnahagskerfisins og væri því eðlilegt að bíða með allar meiri háttar breytingar þar til um hægist í þjóðfélaginu.“

Ég ætla að gera þeirra orð að mínum.

[22:00]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Við höldum áfram að ræða frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Við höfum rætt þetta nokkuð ítarlega á undanförnum dögum í þinginu en þó eru ýmis efnisatriði sem rétt er að hnykkja á og láta koma berlega í ljós þann vanda sem við verður að etja vegna þeirra hugmynda *sem uppi eru um breytingar á stjórnarskránni.*

Ég vil byrja á því að færa virðulegum forseta þingsins þakkir mínar fyrir þá ákvörðun að ákveða að gera hlé á þingfundi meðan á útsendingu stóð frá stjórnmálafundi vestur á Ísafirði. Það er sérstök ástæða fyrir því að ég færi þessar þakkir og hún er sú að á fundinum kom mjög skýrt fram bæði hjá virðulegum forseta þingsins, Guðbjarti Hannessyni, og eins hjá formanni þingflokks Vinstri grænna, hv. þm. Jóni Bjarnasyni, báðir lýstu þeir því yfir í þeim umræðum sem þarna fóru fram og var sjónvarpað og við þingmenn gátum fylgst með, að þær breytingar sem nú eru gerðar á stjórnarskránni sem felast í 1. gr. þess frumvarps sem hér er verið að ræða sem eru breytingar á 79. gr. sem felst í umræðunni um hugtakið „þjóðareign á náttúruauðlindum", báðir þessir hv. þingmenn lýstu því yfir í kvöld að þetta væri bara fyrsta skrefið í áttina að umfangsmiklum breytingum á stjórnkerfi fiskveiða.

Það er mjög mikilvægt að þessi skoðun hv. þingmanna hafi komið fram. Þess vegna vil ég enn á ný þakka virðulegum forseta fyrir fundarhléið vegna þess að þetta skiptir verulegu máli í því sem við erum að ræða hér. Af hverju skiptir það máli? Jú, vegna þess að séu þessi ummæli borin saman við aðra ræðu, sem er auðvitað grundvallarplagg í umræðunni, við ræðu hæstv. forsætisráðherra þegar frumvarpið var lagt fram þá kemur fram í þeirri ræðu, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að hafa í huga að þessu nýja stjórnarskrárákvæði er ekki ætlað að svipta menn þeim réttindum sem þeir hafa öðlast, svo sem afnotarétti af náttúruauðlindum eða atvinnuréttindum á grundvelli opinberra leyfa sem kunna að njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar sem óbein eignarréttindi. Með ákvæðinu er til dæmis ekki haggað við slíkum réttindum þeirra sem hagnýta jarðir og ýmis fasteignatengd réttindi eða stunda fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda."

Þetta er boðskapur hæstv. forsætisráðherra sem er einn þeirra virðulegu þingmanna sem leggja málið fram. Síðan verðum við vitni að því að túlkun formanns þingflokks Vinstri grænna er sú að hér sé í raun og veru verið að taka fyrsta skrefið í átt til algerrar byltingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Það sama kemur fram í málflutningi virðulegs forseta Alþingis á sama fundi. Þetta er auðvitað alvarlegt mál og það er alvarlegt vegna þess að það er nauðsynlegt að leggja þetta saman við þau ummæli sem m.a. hafa eða þær athugasemdir öllu heldur sem hafa komið fram um þetta ákvæði af hálfu fræðimanna. Ég vil vísa sérstaklega til þeirra ummæla sem hafa lotið að réttaráhrifum af þessu ákvæði og það sem menn hafa bent á og fært fyrir því sterk rök að það væri ekki ljóst hver réttaráhrifin yrðu og það þyrfti og væri nauðsynlegt að menn gæfu sér betri tíma til að fá fast land undir fætur í þessu máli. Það er það sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa verið að gera athugasemdir við í þingsalnum, þ.e. að allur undirbúningur þessa máls, sú vinna sem menn geta gert kröfu til að fari fram þegar verið er að gera breytingar á jafnmikilvægu grundvallarplaggi og stjórnarskránni, þá gera menn þá kröfu að málsmeðferðin standist kröfur, þ.e. kröfur um vandvirkni, gerhygli og að menn hafi unnið vinnuna sína og það er ekki hægt að segja það um þá framvindu sem hér hefur verið, *því miður.*

Ég vil vekja athygli virðulegs forseta á því að hér í salnum háttar svo til að hér er enginn af þeim einstaklingum sem fluttu þetta frumvarp, það er enginn virðulegur þingmaður sem er á listanum yfir flutningsmenn viðstaddur. Hér er heldur enginn í þingsal af þeim sem sátu í þeirri nefnd sem lagði þetta mál fyrir. Hér er enginn til andsvara eða til varna eða til að taka þátt í umræðum um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Menn velta fyrir sér og ræða gjarnan á tyllidögum um virðingu Alþingis, virðulegi forseti. Væri það ekki skynsamlegt af virðulegum forseta að tryggja það að í salnum sé a.m.k. einn þingmaður sem telst til eða gæti talist til þeirra sem ábyrgð bera á þessu frumvarpi. Ég held að sóma þingsins vegna sé það nauðsynlegt að í það minnsta einn af þeim mönnum, af þeim einstaklingum sem á þessu bera ábyrgð væru kallaðir í salinn til að þetta sé ekki með því ömurlega fyrirkomulagi sem hér er boðið upp á. Með því að fara yfir þetta, og menn hafa auðvitað mismunandi skoðanir á því í hverju heiður og virðing Alþingis felst, þá finnst mér alla vega nauðsynlegt að menn séu viðstaddir umræður um stjórnarskrána.

Virðulegur forseti. Mig langar að víkja að nokkrum atriðum sem komu fram í umræðum áðan varðandi þær breytingar sem fyrirhugað er að gera vegna ráðgefandi eða sjálfstæðs stjórnlagaþings. Við sjálfstæðismenn höfum lagt á það áherslu að stjórnlagaþing verði ráðgefandi en í því frumvarpi sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir því að það starfi sjálfstætt og fullkomlega sjálfstætt.

Fyrst vil ég segja þetta: Hvað varðar breytingar á stjórnarskránni er ég þeirrar skoðunar að þær eigi sjaldan að gera, það eigi helst að líða langt á milli og þegar þær eru gerðar eigi að vanda sig mjög vel. Ég er ekki viss um að það sé sérstaklega heppilegt fyrir íslenska þjóð að fara nú í algera uppstokkun á stjórnarskránni. Ég get tekið undir álit margra sem hafa gefið umsögn um þetta frumvarp sem kom fram, m.a. í ágætri ræðu hv. þm. Ármanns Kr. Ólafssonar, að einmitt á þeim tímum þegar upplausn ríkir, þegar menn eru óöruggir með framtíðina þá skiptir máli að grundvöllurinn sé til staðar, að honum sé ekki hnikað nema að mjög vel athuguðu máli. Ég er því ekki sammála t.d. skoðunum hv. þm. Helga Hjörvars sem fann það sem sérstakan galla við Alþingi að ekki hafi gengið hratt að breyta stjórnarskránni og það hafi ekki verið gert nógu oft. Ég minni á að það eru ekki mörg ár síðan gerðar voru veigamiklar breytingar á stjórnarskránni sem sneru að mannréttindum þar sem að baki lá mikil og góð vinna, mikill undirbúningur og mikil forvinna að þeim breytingum. Þrátt fyrir það má deila um hversu vel tókst til með þær breytingar. Það er ekki sjálfgefið en í það minnsta reyndu menn að gera eins vel og

mögulegt var. Í því tilviki sem hér um ræðir er því miður ekki svo farið. Hér hafa menn hlaupið fram af miklu offorsi og miklu kappi rétt eins og verið sé að ræða um venjulegt lagafrumvarp sem menn vilji haska af eins hratt og hægt er.

Mér finnst líka merkilegt að fylgjast með því þegar margir hv. þingmenn segja að Alþingi geti ekki staðið að breytingum á stjórnarskránni og því verði að setja sérstakt stjórnlagaþing. En sömu hv. þingmenn — mér finnst þetta eiga sérstaklega við um hv. þingmenn Framsóknarflokksins en ég heyrði þetta þó hjá fleirum — eru þeirrar skoðunar samt sem áður, að þrátt fyrir að þeir telji að Alþingi sé þess ekki umkomið að breyta stjórnarskránni og geti það ekki þá flytja þeir frumvarp þar sem gert er ráð fyrir breytingum á stjórnarskránni, sérstaklega að þeim þættinum sem lýtur að auðlindum landsins sem er auðvitað grunnurinn undir efnahagsstarfsemi okkar. Það er alvarlegt mál að gera. Menn verða að gera það að mjög vönduðu og athuguðu máli og mér finnst einhvern veginn undarleg þversögnin sem felst í því þegar menn á annað borðið segja: Þingið getur ekki breytt stjórnarskránni og flytja á sama tíma frumvarp þar sem gert ráð fyrir breytingum á stjórnarskránni. Og enginn af þeim ágætu þingmönnum sem hér hafa tekið til máls af hálfu minnihlutastjórnarinnar og Framsóknarflokksins hefur almennilega útskýrt það fyrir þingheimi eða þjóðinni hvernig standi eiginlega á því. Hvers vegna er ekki farin sú leið, úr því að menn hafa einsett sér að það eigi að fara stjórnlagaþingsleiðina, hvers vegna taka menn þá ekki þá ákvörðun að vísa öllum þessum málum, þ.e. stjórnarskránni allri þangað? Hvers vegna í ósköpunum taka menn eitt ákvæði núna út til að breyta á sama tíma og þeir segja að þingið sé þess ekki umkomið og geti ekki gert þessar breytingar?

Það er auðvitað útúrsnúningur að halda því fram af því að við erum að ræða um stjórnarskrána og munum ræða hana vandlega og viljum vanda okkur og krefjumst þess að það sé tekið meira mark á þeim umsögnum sem þinginu hafa borist frá þeim aðilum sem gerst þekkja til þessara mála, þegar við krefjumst þess að það sé gert og að menn umgangist stjórnarskrána með þeim hætti sem menn hafa verið að gera, þá er alveg furðulegt að sitja undir því að það sé einhver sérstök sönnun þess að þingið geti ekki breytt stjórnarskránni. Mér þykir það öllu heldur sönnun þess að í þingsölum eru þó enn þá hv. þingmenn sem taka þetta mál alvarlega, sem eru tilbúnir til að beita sér af fullum krafti til þess m.a. að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina og krefjast þess og kalla það fram að þær athugasemdir sem hafa komið fram sem benda til þess að hér sé á ferðinni gallaður málatilbúnaður þegar um er að ræða mikilvægustu lög þjóðarinnar, krefjast þess að tekið verði mark á þeim, að menn fari ekki fram þegar kemur að stjórnarskránni í einhvers konar pólitískum hráskinnaleik. Um það snýst krafa okkar sjálfstæðismanna. Það teljum við vera skyldu okkar í þinginu og við höfum fært fyrir því veigamikil rök, bæði með því að vitna til þeirra álita sem hér hafa komið fram og eins lagt okkar lóð á vogarskálarnar, bæði til að skýra þessi álit og bæta við þau og gera þau fyllri, þá er alveg furðulegt að síðan skuli engin umræða eiga sér stað af hálfu minnihlutastjórnarinnar eða þess flokks sem veitir þeirri stjórn hlutleysi og ver vantrausti. Það er undarlegt því hér er um að ræða svo mikilvægt mál.

Hvað varðar stjórnlagaþingið þá hnýt ég um það að í meðförum nefndarinnar hafa orðið nokkrar breytingar á því fyrirkomulagi sem menn hyggjast setja upp hvað varðar það. Breytingin frá upphaflega frumvarpinu felst m.a. í því að sá tími sem stjórnlagaþingið á að starfa er styttur umtalsvert. Upphaflega átti þetta þing að taka til starfa í desember 2009 og ljúka störfum sínum 17. júní 2011. Í breytingum í meðförum nefndarinnar er hins vegar sú niðurstaða fengin að þingið skuli koma saman 17. júní 2010 og ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011. Að vísu getur þingið ákveðið að ljúka störfum fyrr.

Rök eru færð fyrir þessari breytingu og þau koma fram í nefndaráliti meiri hlutans, með leyfi forseta, svo ég grípi niður í álitið:

„Slíkar orðræður og skoðanaskipti" – þ.e. á milli þingsins og sérstakra ráðgjafa og hagsmunasamtaka – „ættu jafnframt að verða til þess að stytta þann tíma sem þingið þarf til starfa. Þá má ætla að þrengri tímarammi gæti orðið til að gera vinnu þingsins markvissari."

Ég er ekki sannfærður um að svo sé. Mér finnst þetta vera tegund af röksemdafærslu sem kölluð er eftirárök-semdafærsla, meira viðbragð við þeirri gagnrýni sem hefur komið fram um að þetta mundi reynast þjóðinni býsna dýrt, það mundi kosta mikla peninga á þeim tíma sem lítið fé er að hafa, þar sem menn hafa úr litlu að spila. Þá fara menn af stað, bregðast við slíkri gagnrýni með svona röksemdafærslu, að af því að það eigi að vera eitthvert samráð eða samtal á milli hagsmunaaðila og sérfræðinga og þingsins, sem ég gef mér að hafi hvort eð er átt að vera, annað væri undarlegt ef svo væri ekki, þar af leiðandi sé möguleiki á því að stytta þingtímann töluvert. Þetta er auðvitað ekkert annað en yfirklór og enn á ný finnst mér þetta vera dæmi um að svona eigi ekki að vinna stjórnarskrárvinnu. Menn koma ekki hérna með tillögur inn í þingið um stjórnlagaþing, sem er nýjung hér og mikil breyting frá því sem við höfum haft áður þar sem á að færa stjórnarskrárvaldið frá Alþingi, leggja það upp í frumvarpinu, fá svo þá gagnrýni á sig að þetta muni reynast mjög kostnaðarsamt og í staðinn fyrir að viðurkenna það og segja þá: Við ætlum þá bara að gera þetta með ódýrari hætti, heldur fara þá af þennan stað í jafnundarlegan leiðangur og kemur fram í nefndarálitinu.

Svo ég vitni aftur í álit meiri hlutans þá kemst hann að þeirri niðurstöðu, með leyfi virðulegs forseta:

„Þá telur meiri hlutinn ekki sýnt að fulltrúar þingsins þurfi að vera í fullu starfi á stjórnlagaþingi. Allt eins er hægt að rökstyðja fyrirkomulag þings sem væri með þeim hætti að þing hittist fáeina daga í senn nokkrum sinnum yfir starfstímann en í millitíðinni væru starfshópar eða vinnustofur að störfum um afmarkaðri efni o.s.frv."

Enn á ný er hér reynt eftir á, eftir að mjög mikil gagnrýni hefur komið fram vegna kostnaðar, að leggja þetta upp þannig að menn viðurkenna að þetta verði of dýrt en þessu er gefin þessi umgjörð. Reyndar verð ég að segja, virðulegi forseti, að mér finnst margt svolítið skondið og merkilegt í meirihlutaálitinu sem hér liggur fyrir. Ég veit ekki hvaða merkingu maður á að leggja í svona texta, virðulegi forseti. Ég leyfi mér að grípa aftur niður í álitið:

„Meiri hlutinn leggst ekki gegn slíkri kosningu en árétt-

ar þó mikilvægi þess að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar."

Stóð eitthvað annað til, virðulegi forseti, en að á þessu stjórnlagaþingi sætu fulltrúar þjóðarinnar? Svo kemur heilmikil viska, með leyfi virðulegs forseta:

„Ný stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mun verða stjórnarskrá þjóðarinnar allrar."

Stóð til eitthvað annað? Mér finnst þetta svo undarleg, (Gripið fram í.) hafa menn hugsað sér eitthvað annað? Er þetta viðbragð við einhverri umræðu eða hvað er hér á ferðinni? Svo heldur þetta áfram og ég mun koma að því síðar í kvöld í annarri ræðu að það er auðvitað greinilegt að málið hefur ekki verið hugsað í gegn sem kemur greinilega í ljós þegar skoðað er hvernig eigi að standa að kjörinu. Það er alveg greinilegt að menn hafa ekki hugmynd um hvernig þeir ætla að gera þetta. Og ég ítreka enn á ný að það er ekki boðlegt að fara af stað með svona hugmynd í jafnmikilvægu frumvarpi eins og stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og án þess að vera búinn að átta sig á hvernig eigi að framkvæma það. (Forseti hringir.) Þetta er ekki boðlegt og þetta er ekki virðingu þingsins samboðið.

[22:21]

Árni M. Mathiesen (S):

Frú forseti. Óhætt er að segja að sú umræða sem hér fer fram um stjórnarskrána er orðin ansi viðamikil og er svo sem ekkert skrýtið eða óeðlilegt við það. Kannski mætti segja að það væri óeðlilegt ef svo væri ekki, það eru ekki mörg mál mikilvægari fyrir þjóðina en það hvernig stjórnarskráin er og hvernig frá henni er gengið og þar með er auðvitað fátt mikilvægara fyrir stjórnlagaþingið að fjalla vel og ítarlega um en slík mál. Þó fjallar þetta stjórnarskipunarlagafrumvarp raunverulega ekki um nema fjögur atriði og þau eru auðvitað talsvert miklu fleiri atriðin í stjórnarskránni og verkefnið sem hið hugsanlega stjórnlagaþing mundi fá er auðvitað mun umfangsmeira og erfiðara í allri vinnu og útfærslu en frumvarp eins og þetta sem einungis snýr að fjórum þáttum.

Hins vegar eru þetta ekki veigalitlir þættir sem um er að ræða. Þrátt fyrir að hafa haldið tvær ræður í umræðum um þetta mál, við 1. umr. og svo fyrstu ræðu mína við 2. umr. — ég hef reyndar ekki talað oftar en þrisvar, frú forseti, en samt er farið að tala um að maður sé í málþófi — hefur mér ekki tekist að fjalla ítarlega nema um tvo af þessum þáttum, þ.e. annars vegar um það hvernig standa skal að því að breyta stjórnarskránni og um þá tillögu sem er að finna í frumvarpinu um það hvaða breytingar eigi að gera á því og hins vegar um það ákvæði að færa frumkvæðisrétt að þjóðaratkvæðagreiðslum til þjóðarinnar. Að það sé ekki aðeins Alþingi sem geti haft frumkvæði að þjóðaratkvæðagreiðslum eða forsetinn, þ.e. forseti lýðveldisins, vegna þeirra fáu tilvika sem núgildandi stjórnarskrá gerir ráð fyrir að geti leitt til þjóðaratkvæðagreiðslu. Eins og ég segi, þetta eru býsna merkileg mál og ég hefði talið að nefndin hefði átt að gefa sér betri tíma til að útfæra og skoða betur bæði þá hluti sem að þessum þáttum snúa og hafa verið unnir af fyrri nefndum og stjórnarskrárnefndum. Mér sýnist að þar séu þættir og atriði sem betur fari á en eru í þessu frumvarpi. Einnig ætti að skoða hvernig um þessi mál er fjallað annars staðar, sérstaklega í Evrópu og þá kannski sérstaklega út frá því sem ég hef nefnt í tvígang að er að finna í stjórnarskrám bæði Frakklands og Spánar, að ekki er heimilt að breyta stjórnarskrám á ófriðartímum, sem segir manni það að stjórnarskrám eigi almennt ekki að breyta nema á stöðugleikatímum þar sem hægt er að einbeita sér að verkinu án þess að óróleiki trufli. Þetta er verk sem vanda skal vel til því að lengi skal það standa og það á ekki að fikta í því dagsdaglega. Nóg um það að sinni. Ég hef kannski tækifæri til að fjalla um það örlítið betur síðar við 2. umr. ef ég fæ tækifæri til að fjalla um nefndarálitin sem fram eru komin.

Ég vil fjalla aðeins um hinar breytingarnar tvær sem verið er að leggja til og byrja þá á 1. gr. en það er greinin um þjóðareign á auðlindum og þau nýmæli sem varða ákvæði sem tengjast umhverfismálum. Í rauninni er þarna um tvenns konar ákvæði að ræða. Annars vegar um náttúruauðlindirnar og það hefur ítrekað komið til skoðunar á undanförnum árum, verið skoðað í nefndum hvernig standa eigi að þessu og verið í stefnuyfirlýsingum ríkisstjórna a.m.k. þrisvar á síðustu 18 árum og auk þess var fjallað um það af auðlindanefndinni svokölluðu sem fjallaði um fiskveiðistjórnina á sínum tíma. Út af fyrir sig var vinnan langt komin með þetta og eitthvað í áttina að því að nálgast samstöðu en ef eitthvað er hafa menn farið frá þeirri samstöðu sem var að nást í þeirri vinnu sem fram hefur farið. En þetta er ekki einfalt mál eins og sannast á því að þrátt fyrir talsvert mikla vinnu og að þetta hafi ítrekað verið í stefnuskrám hefur ekki náðst niðurstaða í málinu. Það er bæði vegna þess að það er talsvert erfitt að skilgreina hvað það er sem þjóðin getur átt, og þá er ekki verið að tala um að þetta sé ríkiseign heldur þjóðareign þannig að þarna er ekki um hefðbundið eignarhald að ræða, og síðan er spurningin á hverju er þetta eignarhald, á hvaða gæðum og á hvaða réttindum og hvernig mega einstaklingarnir svo nýta þessi gæði og þessi réttindi? Hver er réttur þeirra til nýtingarinnar og hvernig mega þeir fara með þann rétt? Og loks það sem nýta má, hvað er það á hverjum tíma og hvernig getur það hugsanlega breyst? Hugtakið nytjastofn sem rætt hefur verið er auðvitað hugtak sem getur breyst frá einum tíma til annars og fer þá eftir því hvað er verið að nytja. Dýrategund getur farið úr nytjum og ef hún er ekki lengur nytjastofn samkvæmt þeirri skilgreiningu er hún þá ekki lengur þjóðareign? Ákveðin dýrategund getur allt í einu orðið þess eðlis eða fengið verðmæti sem leiðir til þess að farið er að nytja hana og þá verður hún allt í einu þjóðareign. Og það getur meira að segja verið að það að þessi tegund verður allt í einu verðmæt og farið er að nytja hana sé einungis afrakstur hugmyndar, hugsunar og framtaks eins manns en það leiðir aftur til þess að tegundin eða stofninn verður þjóðareign. Þá kemur aftur að því hver er þá hlutur hans, hver eru réttindi hans og hvað má hann gera með þau réttindi? Þetta er hlutur sem menn hafa velt fyrir sér og verið að skoða en í rauninni ekki náð alveg til botns í hvernig fara á með.

Síðan að hinum viðtækari atriðum í frumvarpinu er varða náttúruna. Rétt er að halda því til haga að nefndin hefur reyndar komist að þeirri niðurstöðu að þarna sé ekki um fullunnið mál að ræða og er raunverulega að draga það til baka. Það er skiljanlegt þar sem hugtökin sem þarna er

verið að nota eru ekki vel skilgreind, þau eru jafnvel ekki vel skilgreind í hinum umhverfislega skilningi hvað þá í hinum lögfræðilega skilningi og tekur sjálfsagt einhvern tíma fyrir þau að ná slíkri skilgreiningu. Satt að segja hafa ekki mörg lönd eða margar þjóðir farið út í það eða náð einhverri fótfestu í því að skilgreina þau þannig að þau hafi verið tekin upp í stjórnarskrá. Það eru helst fyrrum austantjaldsríki sem hafa gert það þegar þau hafa verið að búa til nýja stjórnarskrá hjá sér eftir að þau losnuðu undan oki kommúnismans eða oki sovétvaldsins. Eistar, Slóvenar og Rúmenar hafa gert tilraunir til að nálgast þetta og hafa gert það á mismunandi vegu og er kannski ekki ástæða til að fara ítarlega út í það að sinni en ég get kannski gert það seinna ef tækifæri gefst til.

Þetta ákvæði er okkur mjög mikilvægt þar sem við byggjum mjög á nýtingu náttúruauðlinda og sérstaklega sjávarauðlindinni og hún hefur auðvitað verið í umræðunni sérstaklega hvað þetta varðar. Hún er grundvallaratvinnugrein þjóðarinnar og var og hefur verið þó að hlutfallslegt vægi hennar hafi minnkað á undanförnum árum en eins og menn vita hefur það breyst aftur og við þær miklu breytingar og miklu áföll sem við höfum orðið fyrir á undanförnum missirum er þessi grein orðin ekki síður mikilvæg en hún var og gæti jafnvel náð því að verða eins mikilvæg og hún var þegar mikilvægi hennar var hvað mest.

Aðeins okkur orð um stjórnlagaþingið ef tími minn leyfir að fara aðeins yfir það og hvernig stjórnlagaþing hafa komið til og hvernig þau hafa starfað og hvar þau hafa starfað og undir hvaða kringumstæðum. Hugtakið stjórnlagaþing er ekki fastmótað þó að það gefi auðvitað til kynna að þetta er þing sem er ætlað að semja ný stjórnlög eða reglur um stjórnskipan ríkis eða breyta þeim eftir atvikum. Venjulega sitja þar þjóðkjörnir fulltrúar og oftast af þjóðþingum. Slík þing hafa verið haldin víða um heim og á ýmsum tímum sögunnar en gjarnan hefur það verið við upphaf eða stofnun nýrra ríkja eða nýrra stjórnarhátta í ríkjum í kjölfar átaka eða byltinga eða niðurbrots í þjóðfélagsskipan eða stjórnlagakreppu sem hefur myndast í kjölfarið. Það er kannski þess vegna sem sum af þeim ákvæðum sem við höfum verið að fjalla um hér er nánast eingöngu að finna í stjórnarskrám fyrrum austantjalds- og sovétlýðveldanna eins og ég nefndi áðan með umhverfisákvæðið og eins varðandi frumkvæðisréttinn í þjóðaratkvæðagreiðslum. Þar eru áberandi annars vegar austantjaldsríki og hins vegar reyndar sambandsríki. (Gripið fram í.) Sambandsríki — maður klikkar ekkert á þessu.

Markmið stjórnlagaþings er að undirstrika þær stoðir lýðræðisþjóðfélagsins þar sem allt vald sprettur frá þjóðinni og stjórnlög sett af fulltrúum fólksins. Það eru heilmiklar heimspekilegar kennisetningar sem fjalla um þetta, stjórnmálaheimspekin fjallar mikið um þetta, talað er um samfélagssáttmála og slíkt. Þetta á rætur sínar aftur til 17. og 18. aldar þegar breytingar voru að verða mjög víða á þjóðfélagsfyrirkomulagi og konungsríkin, einveldin, voru að gefa eftir fyrir borgaralegu þjóðskipulagi og lýðræðið að skjóta rótum. Þetta voru sáttmálar sem verið var að gera fyrir hönd þjóðarinnar, annaðhvort milli þjóðarinnar og konungsvaldsins eða að þjóðin gerði sáttmála við sjálfa sig þegar konungsvaldinu sleppti og það var að hverfa og verða raunverulega bara táknrænt. Mörg stjórnlagaþing voru haldin á 18. og 19. öld þegar þessar breytingar voru að ganga yfir og sérstaklega í Evrópu þar sem mörg konungsríki voru á þeim tíma og leifar eru enn eftir af nokkrum þeirra, en auðvitað líka í Bandaríkjunum þar sem hið fræga stjórnlagaþing var haldið í Fíladelfíu sumarið 1787 með fulltrúum allra fylkja Bandaríkjanna sem höfðu lýst yfir sjálfstæði árið 1776. Þannig sjáum við að heill áratugur leið frá því að Bandaríkin lýstu yfir sjálfstæði þar til stjórnarskráin var samin af stjórnlagaþinginu í Fíladelfíu. Afrakstur þessa þings var stjórnarskrá Bandaríkjanna sem enn er í gildi þó að henni hafi verið breytt með mörgum viðaukum eða „amendments“ eins og sagt er, númeruðum „amendments“, fram til þessa dags.

Það sem okkur stendur nær er norska stjórnarskráin sem samþykkt var á Eiðsvöllum í Noregi 17. maí 1814 og svo auðvitað dönsku grundvallarlögin frá 1849 sem eru grunnurinn og fyrirmyndin að stjórnarskránni sem við fengum 1874 og þeirri stjórnarskrá sem við búum við í dag. Það er líka merkilegt að þjóðfundurinn sem haldinn var í Reykjavík 1851 var í rauninni ígildi stjórnlagaþings þó að út af fyrir sig kæmu engin stjórnlög út úr því og aðrir atburðir yrðu til þess að það leystist upp, atburðir í Danmörku sem tengdust samskiptum Danmerkur og Þýskalands og þýskumælandi minni hlutans í Slésvík og Holstein. Það hafði þau áhrif að dönsk stjórnvöld höfðu ekki sama áhuga og áður á því að nokkuð kæmi út úr þjóðfundinum og sennilega má segja að við fyrsta tækifæri þegar mótmæli komu fram hafi fulltrúi danskra stjórnvalda, Trampe greifi, einfaldlega ákveðið að losa sig við þetta þing og hætta þessu bara og það varð líka niðurstaðan. Það varð til þess að nokkrir áratugir liðu þangað til við Íslendingar fengum okkar stjórnarskrá úr hendi Danakonungs eins og því er lýst með styttunni fyrir framan Stjórnarráðið. Það var auðvitað stjórnarskrá sem ekki hafði verið samin eða samþykkt af stjórnlagaþingi hér á landi eins og grundvallarlögin höfðu verið í Danmörku og norska stjórnarskráin í Noregi og stjórnarskrá Bandaríkjanna í Fíladelfíu. Það getur vel verið að þessi saga og þessar rætur sem okkar stjórnarskrár og stjórnlagasaga á sé að einhverju leyti þess valdandi hvernig við stöndum í stjórnarskrármálum í dag.

Frú forseti. Ég kemst ekki lengra (Forseti hringir.) í þessu en í næstu ræðu mun ég fjalla um stjórnlagaþing sem eru nær okkur í tíma en ég hef fjallað um fram að þessu.

[22:41]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég varð kannski ekki þess heiðurs aðnjótandi að ná allri ræðu hv. þingmanns en það sem ég heyrði var athyglisvert og ýmislegt kom þar fram sem átti erindi við umræðuna. Það breytir ekki því að í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram er það svona lykilsjónarmið þegar kemur að stjórnlagaþinginu, lykilsjónarmið eða meginsjónarmið hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins, sem hafa talað nokkuð í þessari umræðu og eiga margt ósagt enn ef marka má mælendaskrána, að ekki megi svipta Alþingi stjórnarskrárvaldinu. Það sjónarmið hefur verið undir og yfir og einhvern veginn ráðið för í þessu efni. Ég ætla ekki að gera lítið úr því sjónarmiði, langt frá því.

Mér hefur hins vegar gengið erfiðlega að skilja eðlismuninn á þjóðkjörnum fulltrúum á Alþingi og þjóðkjörnum fulltrúum á stjórnlagaþingi, þ.e. í þeim skilningi að bæði þingin fá vald sitt beint frá þjóðinni þar sem uppspretta valdsins hlýtur að vera. Í öðru tilvikinu er um það að ræða að kosið er til Alþingis og eins og hér hefur tíðkast er yfirleitt kosið af listum, þetta er listakosning og þannig hefur þessu verið háttað, en hins vegar er hugmyndin um stjórnlagaþingið persónukjör. Það sem ekki hefur tekist í þessari umræðu af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins er að gera grein fyrir þeim eðlismun sem er á því að vera þjóðkjörinn fulltrúi á stjórnlagaþingi og þjóðkjörinn fulltrúi á Alþingi. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta liggi fyrir því að það mundi að einhverju leyti skýra (Forseti hringir.) það hvers vegna hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins leggja svona ríka áherslu á þetta.

[22:44]

Árni M. Mathiesen (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er athyglisverð spurning frá hv. þingmanni. Það var slæmt að hann heyrði ekki ræðu mína alla en við getum mælt okkur mót hér í þingsalnum og ég get flutt hana fyrir hann aftur ef hann vill.

Varðandi spurningu hans er kannski of mikið sagt að ekki megi svipta Alþingi stjórnlagavaldinu en ég tel hins vegar að það eigi ekki að gera það, m.a. vegna þess að talað hefur verið um að Alþingi hafi verið að veikjast á undanförnum árum. Þó að ég sé ekki endilega sammála því tel ég að það væri síst til þess fallið að lyfta ímynd þingsins eða ýta undir stöðu þess ef það væri gert.

Varðandi það sem hv. þingmaður spurði um, hvort það væri eðlismunur á þjóðkjörnum fulltrúum á löggjafarþingi og fulltrúum á sérstöku stjórnlagaþingi. Það er kannski of mikið sagt að það sé eðlismunur en það er munur þar á, því að stjórnlagaþingið hefur afmarkað hlutverk til að vinna á afmörkuðum tíma og er kosið til þess eina verks á meðan löggjafarþingið, sem fer líka með stjórnlagavaldið, er kosið til að sjá um fleiri hluti og yfir lengri tíma. Og miðað við hefðina er hún sú að þeir sem þar sitja bjóða sig fram til endurkjörs og þurfa í gegnum það að sæta ákveðinni ábyrgð á verkum sínum en þeir sem eru í framboði til stjórnlagaþings hafa væntanlega ekki möguleika til þess að verða endurkjörnir til stjórnlagaþings því að ólíklegt er að haldin verði tvö stjórnlagaþing með stuttu millibili.

[22:46]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta voru svo sem ágæt svör svo langt sem þau náðu en ég var ekki að spyrja um eðlismuninn á stjórnlagaþingi og verkefnum þess annars vegar og löggjafarþingi og verkefnum þess hins vegar eða um endurkjör. Ég var fyrst og fremst að ræða það grundvallaratriði, og menn geta svo deilt um það hvort það eigi eða megi svipta Alþingi þessu valdi — en nota bene Alþingi mundi þá ákveða að fela stjórnlagaþingi að fara í þetta þannig að það yrði þá ákvörðun Alþingis. Sú röksemdafærsla að á einhvern hátt sé verið að veikja þingið er því að mínu viti ekki rétt því það væri þingið sjálft sem tæki þessa ákvörðun sem byggðist þá m.a. á því sjónarmiði að þinginu hefði ekki tekist að gera þessar breytingar.

Ég nefndi það sérstaklega að í báðum tilvikum er um að ræða þjóðkjörna fulltrúa, þ.e. hvort heldur er þjóðkjörinn fulltrúi á stjórnlagaþing eða þjóðkjörinn fulltrúi á Alþingi. Í báðum tilvikum sækja þingfulltrúar umboð sitt beint og milliliðalaust til þjóðarinnar, nema hvað í öðru tilviki er um að ræða persónukjör þar sem viðkomandi einstaklingur er kosinn, í hinu tilvikinu, á Alþingi, er um að ræða listakjör. Kjarninn er sá að í báðum tilvikum sækja þessir þjóðkjörnu fulltrúar vald sitt beint til þjóðarinnar.

Ég hef því átt mjög erfitt með að átta mig á þessu grundvallarsjónarmiði, sem sjálfstæðismenn, hv. þingmenn, hafa haldið frammi í þessu, að á einhvern hátt sé eðlismunur á umboði þeirra sem sætu á stjórnlagaþingi og þeirra sem sætu á Alþingi í ljósi þess að uppsprettan, valdið, er í báðum tilvikum sótt beint til þjóðarinnar. Mér hefur því þótt röksemdafærsla (Forseti hringir.) hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins hvað þetta varðar ekki ganga upp.

[22:48]

Árni M. Mathiesen (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekkert óeðlilegt við það að hv. þingmaður sé ekki sammála okkur. Hann þarf ekkert að skammast sín fyrir það. Það er eðlilegt að menn hafi mismunandi skoðanir. (Gripið fram í.) En ég tel ekki að munurinn felist í því hvernig kosið er til stjórnlagaþingsins og hvernig kosið er til löggjafarþingsins. Það er ekki það sem mér finnst skipta máli í þessu þó að ég hafi ýmsar athugasemdir við það hvernig menn ætli að útfæra persónukjörið sem á að viðhafa í tilfelli stjórnlagaþingsins. Ég er síður en svo á móti því að persónukjör sé viðhaft en ég fæ kannski tækifæri til þess að ræða þetta í annarri ræðu.

Það sem að mér finnst skipta mestu máli í þessu er sú samfella sem er í starfi löggjafarþingsins og að löggjafarþingið og störf þess eru reglulega borin undir kjósendur í kosningum og verk þeirra sem kjörnir eru á löggjafarþing (Gripið fram í.) eru borin undir kjósendur í kosningum en þeir sem eru á stjórnlagaþingi eru væntanlega ekki endurkjörnir. En jafnvel þó að afraksturinn sé borinn undir þjóðaratkvæði eru takmörk fyrir því hversu langt þú getur gengið í því að fá álit þjóðarinnar á afrakstri stjórnarskrárvinnu, hvort sem er á stjórnlagaþingi eða á löggjafarþingi. Nú erum við t.d. að fjalla um fjögur afbrigði, fjórar greinar, og þær væru hugsanlega bornar undir þjóðaratkvæði. (Forseti hringir.) Á að bera þetta upp í einu lagi og eiga menn að taka afstöðu í einni atkvæðagreiðslu til allra (Forseti hringir.) fjögurra eða er sá möguleiki fyrir hendi að taka eigi afstöðu til hverrar greinar (Forseti hringir.) fyrir sig?

[22:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Svo óvenjulega ber við að ég tel mig hafa vitneskju um að hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra muni vera hér í húsinu. Þau hafa lítið sýnt þessu máli áhuga og þeim umræðum sem hafa átt sér stað um það. Ég tel því að rétt væri að athuga, hæstv. forseti, hvort þau væru ekki til í að vera hér í salnum og hlýða á umræður. Því er ekki að neita að þau sem flutningsmenn málsins og ábyrgðaraðilar málsins ættu svo sannarlega að

vera hér og hlýða á umræður. Ég held að það væri eðlilegt.

Hæstv. forseti. Ég reikna með að við getum frestað fundi þar til hæstv. ráðherrar koma í salinn. Fyrst þau láta svo lítið að vera hér (Forseti hringir.) í Alþingishúsinu (Forseti hringir.) um þessar mundir.

[22:52]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér fer fram er endurtekning á því sem rætt hefur verið síðustu daga þar sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins koma upp og heimta að ráðherrar eða flutningsmenn séu við umræðuna, sem þeir hafa verið. Forsætisráðherra hefur setið hér mjög mikið og fjármálaráðherra einnig (**Gripið fram í:** Að hverra dómi?) talsvert. Kannski má segja sem svo að ástæðulaust sé að sitja alltaf yfir þessum upplestri sem fram hefur farið aftur og aftur.

Málið er á forræði sérnefndar um stjórnarskrármál. Fulltrúar sérnefndar hafa verið hér við alla þess umræðu (**ArnbS:** Nei, nei.) og þetta er á forræði þeirra og því finnst mér náttúrulega, virðulegur forseti, ekki við hæfi að kalla eftir öðrum til þess að vera hérna þó að þeir geti vissulega verið hér vegna síns (Forseti hringir.) eigin áhuga. En þetta er á forræði þingsins og þannig (Forseti hringir.) á þetta að vera. Þetta er á forræði sérnefndarinnar og ég held að það sé yfirdrifið nóg að fulltrúar þeirra séu hér.

[22:53]

Árni M. Mathiesen (S) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég verð að segja að ég kann vel að meta það að bæði hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra séu hér húsinu, það er bara gott og jákvætt. En í umræðum eins og þessum finnst mér nú alltaf skemmtilegra að við sem á annað borð erum í húsinu séum hérna í salnum eða við salinn, þannig að raunveruleg umræða sé í gangi. Það henti reyndar hv. þingmann, sem talaði hér á undan mér, að hann missti af fyrri hluta ræðu minnar en seinni hluti ræðunnar varð til þess að hann kom upp í andsvör og við áttum málefnalega umræðu um hluta ræðunnar. En ég hef lofað honum því að endurtaka fyrri hlutann og við mæltum okkur mót í salnum svo að hann geti hlustað á hann.

[22:55]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Það er eðlileg krafa þeirra sem taka þátt í umræðunni að óska eftir því að flutningsmenn séu viðstaddir málið og í umræðu hér í salnum. Það var auðvitað mjög óheppilegt fyrir hv. þm. Lúðvík Bergvinsson að vera að lýsa því yfir að slíkt væri ekki nauðsynlegt þegar hæstv. fjármálaráðherra gekk í salinn til þess að verða við ósk okkar. Hv. þingmaður virðist vera búinn að gleyma því að hæstv. fjármálaráðherra, á sínum stjórnarandstöðuárum, var manna harðastur í því að krefjast þess að flutningsmenn frumvarpa, þar á meðal hæstv. ráðherrar, væru viðstaddir umræðuna. Hann gekk meira að segja svo langt hér um árið að kalla þá nöfnum fyrir það eitt að vera ekki viðstaddir. En nú er hæstv. fjármálaráðherra hér í hliðarsal og ég fagna því. Ég geri ráð fyrir því að hann verði þá viðstaddur alla umræðuna þar til hæstv. forseti (Forseti hringir.) frestar fundi.

[22:56]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt að sjá að hæstv. fjármálaráðherra er í seilingarfjarlægð og getur hlustað á ræðu mína. Ég vonast til þess að hæstv. forsætisráðherra sem líka er í húsinu komi til fundar þar sem ég ætla að beina til hennar beinum spurningum sem ekki hefur verið svarað í þessari umræðu. (**Gripið fram í:** ... nr. 37 sem er umræðan um það mál.) Ég bið nú helsta söngfugl þingsins þessa dagana að tísta ekki meira fram í fyrir mönnum en ég vildi spyrja hæstv. ráðherra og flutningsmenn þessa frumvarps nokkurra spurninga sem tengjast þessu máli og væri því þakklátur að fá þá í salinn til að þeir gætu brugðist við.

Meðan hæstv. forsætisráðherra er ekki viðstödd nota ég tækifærið og beini spurningum til — nú er hæstv. forsætisráðherra komin og get ég þá borið fram spurningar mínar af því að þær beinast einkum að henni. Sú spurning sem ég ætla að bera fyrir hæstv. forsætisráðherra og óska eftir að hún svari er varðandi túlkun á 1. gr. frumvarpsins.

Það kom fram í sjónvarpsþætti, kappræðuþætti í Norðvesturkjördæmi sem var í sjónvarpinu í kvöld að fyrstu menn á lista Vinstri grænna og Samfylkingar í Norðvesturkjördæmi, hv. þm. Guðbjartur Hannesson og Jón Bjarnason, telja að 1. gr. feli í sér stóran áfanga í því að breyta núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Ég var staddur í þingsalnum þegar hæstv. forsætisráðherra flutti framsöguræðu fyrir málinu fyrir nokkru síðan. Þar kom fram, eins og í greinargerð og kom þó enn skýrar fram í svörum hæstv. forsætisráðherra við andsvörum, að 1. gr. fæli ekki í sér breytingar á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Nú spyr ég hæstv. forsætisráðherra hvor skilningurinn sé réttur, sá skilningur sem hæstv. forsætisráðherra byggði á í framsöguræðu sinni og kemur fram í nefndaráliti eða sá skilningur sem leiðtogar ríkisstjórnarflokkanna í Norðvesturkjördæmi leggja í málið. Ég geri ekki ráð fyrir að þeir góðu hv. þingmenn Jón Bjarnason og Guðbjartur Hannesson hafi talað gegn betri vitund í þessum sjónvarpsþætti þannig að ef skilningur hæstv. forsætisráðherra er réttur þá hafa þessir tveir hv. þingmenn greinilega misskilið málið í grundvallaratriðum og bendir það til þess að umræður hafi ekki verið mjög gaumgæfilegar í hópi stjórnarflokkanna áður en þetta mál var samþykkt en það væri gott ef hæstv. forsætisráðherra gæti upplýst um þetta.

Annað atriði sem ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra um varðar þær breytingartillögur sem meiri hluti sérnefndar um stjórnarskrármál hefur gert á frumvarpinu, einkum hvað varðar stjórnlagaþing. Sérnefndin eða meiri hluti hennar gerir ráð fyrir því að stjórnlagaþingið verði að miklum mun umfangsminna heldur en var í frumvarpinu sem hæstv. forsætisráðherra flutti. Það er gert ráð fyrir því að starfstíminn verði miklu skemmri, að þingfulltrúar verði ekki í fullu starfi sem fulltrúar heldur komi saman í fáeina daga nokkrum sinnum á starfstíma stjórnlagaþingsins og allt er umfangið minna í þessu samræmi, í samræmi við þetta.

Nú vildi ég spyrja hæstv. forsætisráðherra: Telur hún sem 1. flutningsmaður málsins að breytingarnar sem hv.

þingmenn í meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál hafa flutt við ákvæðið um stjórnlagaþing séu fullnægjandi? Nú geri ég ráð fyrir því að þegar frumvarpið var flutt í sinni upprunalegu mynd hafi legið einhver hugsun og eitthvert mat á bak við þá útfærslu á stjórnlagaþingi sem finna mátti í frumvarpinu. Ég geri ráð fyrir að ekki hafi verið gert ráð fyrir því að stjórnlagaþingið starfaði í 18 mánuði til tvö ár bara af einhverri tilviljun, ég geri ekki ráð fyrir því. Ég geri heldur ekki ráð fyrir því að það hafi verið tilviljun sem réð því að gert var ráð fyrir því að stjórnlagaþingsfulltrúarnir yrðu í fullu starfi og umfangið yrði verulega mikið. Þess vegna hefur hugmyndin greinilega gerbreyst í meðförum meiri hlutans í sérnefnd um stjórnarskrármál og mér finnst eðlilegt að hæstv. forsætisráðherra og eftir atvikum líka hæstv. fjármálaráðherra sem er 2. flutningsmaður málsins láti í ljós álit sitt á þessari grundvallarbreytingu og láti kannski í ljós álit á því hvort þær forsendur sem lágu til grundvallar upphaflegu tillögunni um stjórnlagaþing hafi ekki reynst nægilega vel unnar eða nægilega góðar, hvort þær hafi byggt á einhverjum misskilningi og sérnefndin hafi þess vegna getað skorið þetta niður án þess að það kæmi með nokkrum hætti niður á störfum stjórnlagaþingsins.

Mér finnst rétt að fá afstöðu til þessa vegna þess að ég geri ráð fyrir því að frumvarpið hafi í upphafi verið nokkuð vel unnið. Ég geri ráð fyrir því að þeir sem fluttu frumvarpið hafi verið búnir að hugsa fyrir því hvernig áhrif það frumvarp sem þeir lögðu fram ætti að hafa. Ég geri ráð fyrir því að þeir hafi metið þörfina fyrir stjórnlagaþing. Ég geri ráð fyrir að þeir hafi metið þörfina fyrir starfstíma stjórnlagaþings. Ég geri ráð fyrir því að þeir hafi metið þörfina fyrir því hvort stjórnlagaþingsfulltrúar ættu að vera í fullu starfi eða hlutastarfi, hvort þeir ættu að starfa samfellt eða koma saman í fáeina daga nokkrum sinnum á einu ári. Ég geri ráð fyrir því að eitthvert mat hafi farið fram á því í upphafi hvernig málið var útbúið og þar af leiðandi hlýtur eitthvert nýtt mat á þörfinni að liggja fyrir þegar þessar breytingartillögur eru gerðar og mér finnst eðlilegt að hæstv. forsætisráðherra tjái sig um það hvort hún telji að tillögur meiri hluta sérnefndarinnar séu raunhæfar og hvort hugmyndir flutningsmanna frumvarpsins í upprunalegri mynd þess hafi þá verið óraunhæfar, hvort flutningsmennirnir og þeir ráðgjafar sem unnu með þeim að gerð málsins hafi stórlega ofmetið bæði þann starfstíma sem þyrfti til, það vinnuframlag sem þyrfti til af hálfu stjórnlagaþingsfulltrúa og það umfang að öðru leyti sem starfsemi þess fylgir. Mér þætti mjög vænt um ef hæstv. forsætisráðherra gæti skýrt þetta og það væri líka gagn að því eins og ég sagði áðan að hæstv. fjármálaráðherra talaði um þetta.

Eins vildi ég gjarnan fá fram, þótt tími hv. þingmanna og hæstv. ráðherra sé auðvitað knappur í andsvörum, afstöðu þeirra til þess hvernig þeir telji að eigi að kjósa til stjórnlagaþings. Það eru miklar vangaveltur um það mál í nefndaráliti meiri hlutans, nefndaráliti meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál. Það hefur verið nefnt að meiri hlutinn sjái kannski ekki ástæðu til að leggjast gegn persónukjöri en varpar síðan fram ýmsum vangaveltum um jöfnunarsæti með tilliti til landshluta, kynjahlutföll og þess háttar. Þar sem þeir fulltrúar sérnefndarinnar hafa verið í salnum í dag en sveruðu ekki spurningum mínum um það hvernig ætti að samræma persónukjör, jöfnunarsæti og þess háttar þá þætti mér gott að vita ef hv. flutningsmenn frumvarpsins, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra, hefðu svör við þessum þáttum. Þetta flækist alveg óskaplega fyrir mér, ég verð að játa það. En það kann að vera eins og ég sagði í þingræðu um miðjan dag að mér sjáist yfir eitthvað í þessu sambandi. Ég hélt að jöfnunarsæti byggðu á því fyrirkomulagi að það væru kjördæmi og það væru listar í framboði. Ég sé ekki hvernig jöfnunarsæti geta komið til að öðru leyti. Meiri hluti sérnefndar um stjórnarskrármál virðist hafa einhverjar hugmyndir um að það geti gengið að samræma persónukjör og jöfnunarsæti. Ef hæstv. ráðherrar eru sammála þessu mati meiri hluta sérnefndarinnar væri gott að fá rökstuðning fyrir því.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég vekja athygli á því að ég hef komið með fjölmargar spurningar til hæstv. ráðherra og veit að þeir hafa takmarkaðan tíma í andsvörum til að svara mér og ég veit ekki hvort þeir ætla að nota andsvörin til þess. En ég bendi hæstv. ráðherrum hins vegar á að þeir hafa lögvarinn rétt í þingsköpum til að koma inn í umræðuna og flytja ræður hvenær sem þeim hentar.

[23:06]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft og skylt að svara fyrirspurn hv. þingmanns um 1. gr. frumvarpsins að því er varðar auðlindina og hvað hún þýðir, eins og hv. þingmaður nefndi. En eins og er í frumvarpinu, þ.e. að lýsa yfir eign þjóðarinnar á auðlindunum þá er því slegið alveg föstu að þeim megi ekki afsala varanlega til einstaklinga eða lögaðila og jafnframt er girt fyrir að einstaklingar og aðrir aðilar geti eignast beinan eignarrétt á þeim fyrir hefð og það er ákaflega mikilvægt að það liggi alveg klárt fyrir.

En auðvitað er brýnt að hafa í huga líka eins og ég sagði við 1. umr. málsins að þessu ákvæði í stjórnarskránni er ekki ætlað að svipta menn þeim réttindum sem þeir hafa öðlast, svo sem afnotarétti af náttúruauðlindum eða atvinnurétti á grundvelli opinberra leyfa sem kunna að njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar sem óbein eignarréttindi. Ég held að það sé mikilvægt að hafa í huga.

Að því er varðar ákvæðið um stjórnlagaþingið, eins og raunverulega öll hin ákvæðin, þá voru fyrir níu dögum lagðar fram breytingartillögur af hálfu meiri hlutans til að koma til móts við sjálfstæðismenn en því hefur í engu verið svarað og ekki komið fram með neinar gagntillögur að því er varðar það að reyna að ná einhverri sátt um þessi mál.

Að því er varðar stjórnlagaþingið var auðvitað verið að koma þar líka til móts við sjálfstæðismenn sem höfðu allt á hornum sér af því að hér væri um ákvæði að ræða, að því er varðaði stjórnlagaþingið, sem kostaði svo mikið. Nú liggur það fyrir að búið er að koma til móts við það með því að breyta ákvæðum um stjórnlagaþing sem þýðir að það þarf þá ekki að kosta nema fjórðung af því sem þá var upphaflega sett fram og þá var það miðað við að 41 fulltrúi í fullu starfi væri á þessu þingi. (Forseti hringir.) Nú er búið að setja fram aðrar aðferðir einmitt til að koma til móts við fulltrúa sjálfstæðismanna.

[23:08]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra svaraði ekki því sem ég spurði um varðandi 1. gr. Hv. þingmenn Jón Bjarnason og Guðbjartur Hannesson sögðu í umræddum sjónvarpsþætti að stjórnarskrárákvæðið sem hér er verið að leggja til fæli í sér 1. áfangann í því að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu. Það var ekki verið að tala um eitthvert eignarhald, hugsanlega í framtíðinni, heldur var talað um að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu. Þeir túlka þetta frumvarp þannig.

Ég skil orð hæstv. forsætisráðherra eins og hún endurtók þau hér og eins og við höfum fyrir framan okkur úr ræðu hennar frá 1. umr. um málið að hún túlkar þetta með allt öðrum hætti. Hún túlkar þetta þannig að þetta breyti í engu núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Það eigi eftir því sem hér segir ekki að svipta menn þeim réttindum sem þeir hafa öðlast, svo sem afnotarétti o.s.frv. og ekki hagga við slíkum réttindum eða stunda fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda. Ég skil þetta þannig að í ræðu og orðum hæstv. forsætisráðherra felist sá skilningur að það sé ekki verið að breyta núverandi fiskveiðistjórnarkerfi og því spyr ég hæstv. forsætisráðherra aftur, eru þá hv. þingmenn Guðbjartur Hannesson og Jón Bjarnason sem tjáðu sig í sjónvarpinu áðan að misskilja málið?

Hitt sem ég vildi nefna er að hæstv. forsætisráðherra svaraði ekki spurningu minni varðandi stjórnlagaþingið. Hún svaraði því að komið hefði verið til móts við okkur sjálfstæðismenn. En hún svaraði því ekki hvort það hefði komið í ljós að það væri ekki þörf á svona viðamiklu stjórnlagaþingi eins og lagt var upp með í upphafi. Reyndist þá, þegar á hólminn var komið og farið var að skoða málið ofan í kjölinn, ekki þörf á jafnviðamiklum hugmyndum og lagðar voru fram í upphafi? Því spyr ég: Var vandað til verka þegar hugmyndin var upphaflega mótuð?

[23:10]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi ummæli sem höfð voru í þessum sjónvarpsþætti og vísað til tveggja þingmanna þá heyrði ég þau ummæli ekki og ætla þess vegna ekki að tjá mig um þau. En ég ætla einungis að segja hver skilningur minn var á þessu og ég get alveg endurtekið hann. Það er ekki verið að breyta afnotarétti af náttúruauðlindinni að því er varðar atvinnuréttindi sem hafa skapast, það er alveg ljóst en það er verið að tryggja varanlega í sessi að auðlindirnar séu sameign þjóðarinnar. Ég held að þetta sé alveg klárt og skýrt.

Varðandi stjórnlagaþingið þá fylgdi með útfærsla á stjórnlagaþinginu eins og það yrði útfært ef það yrði samþykkt og það var auðvitað hægt að breyta þeirri útfærslu sem þar lá fyrir. En það var verið að sýna með þessum hætti sem hér er lagt fram að það er hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þessu markmiði. Meðal annars er hugmyndin í þeirri útfærslu sem nú liggur fyrir að nýta aðkomu sérfræðinga að þinginu og fræðimanna betur þannig að það þyrfti ekki að vera með þeim hætti að fulltrúarnir yrðu í fullu starfi. Það má auðvitað fara hvora leiðina sem er í þessu efni. En þetta varð niðurstaðan að fara þessa leið, m.a. til að ná niður kostnaðinum og hvor leiðin sem er er auðvitað fær í þessu efni. En þetta varð sú niðurstaða sem meiri hluti nefndarinnar komst að sem ég er alveg sátt við og það þýðir með engum hætti eins og hv. þingmaður heldur fram að eitthvað hafi verið kastað til höndum við þetta mál í upphafi. Það eru auðvitað til fleiri en ein leið í þessu efni og það var niðurstaða nefndarinnar að gera þetta með þessum hætti.

Ég undra mig enn á því að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi ekkert látið heyra í sér hvað varðar þær tillögur sem fyrir níu dögum voru lagðar fram af meiri hlutanum þar sem verulega var komið til móts við sjónarmið sjálfstæðismanna. Það hafa engar gagntillögur komið fram af hendi sjálfstæðismanna í þessu máli.

[23:13]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi vil ég taka fram að það hefur margoft komið fram af hálfu okkar sjálfstæðismanna í þessari umræðu að við værum meira en tilbúnir til að setjast niður og ræða um breytingar á 79. gr. stjórnarskrárinnar með það fyrir augum að unnt verði að gera stjórnarskrárbreytingar í framtíðinni án þess að komi til alþingiskosninga. Með því teljum við að það sé opnað mjög á möguleika, t.d. næsta þings, á því að fjalla um stjórnarskrárbreytingar. Við teljum að slík breyting mundi taka alla spennu úr þessum málum, taka spennuna úr því sem fylgir því fyrir þá sem eru í ríkisstjórn á hverjum tíma eða stjórnarmeirihluta að þurfa að rjúfa þing og efna til kosninga þegar boðað er til stjórnarskrárbreytinga. Við teljum einnig að með því að gera núna þá breytingu eina sé ekki verið að útiloka neinar frekari breytingar heldur fyrst og fremst verið að vinna tíma til að vinna hugmyndirnar betur og reyna í næði að komast að sátt um þessi mál í staðinn fyrir að reyna að keyra málið í gegn eins og greinilega er augljós vilji stjórnarmeirihlutans á Alþingi, þ.e. ríkisstjórnarflokkanna og þeirra flokka sem hengt hafa sig aftan í ríkisstjórnarflokkana í þessu tiltekna máli. Það er ekki rétt að ekki hafi komið frá okkur einhver gagntilboð í þessu efni (**LB:** Ekki eitt einasta.) og þrátt fyrir það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kallar fram í þá hefur það legið skýrt fyrir að við værum til í að gera þetta og við höfum fært ágætisrök fyrir því að það væri skynsamleg lausn á þessu máli að breyta ákvæðinu sem snýst um breytingar á stjórnarskrá. Þar með er ekkert útilokað en tími vinnst til að vinna málið betur og ná meiri og breiðari sátt um þetta mál en hefur fengist með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið.

Að lokum minni ég svo á að hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra geta komið inn í umræðuna hvenær sem þeir vilja til að tjá sig ítarlegar um þessi álitamál.

[23:15]

Mörður Árnason (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Nú er þar komið sögu í málþófsævintýri Sjálfstæðisflokksins að nokkrir máldjörfustu sjálfstæðismennirnir hafa notað ræðutíma sinn með þeim hætti að nú eiga þeir aðeins eftir þriðju ræðuna eða þriðju tegundina af ræðu, sem er sumsé í tilviki til dæmis Birgis Ármannssonar

tíu mínútur af því að hér er um tvöfaldan ræðutíma að ræða. En ætlast var til þess í nýju þingskapalögunum að það væru fimm mínútur.

Þess vegna væri fróðlegt að fá að vita núna, forseti, hvernig háttar til um ræðumenn á mælendaskrá, hverjir þeir séu, hvað þeir séu margir og í hvaða röð þeir ætli að mæla því það getur ekki verið meiningin að hv. þm. Birgir Ármannsson og Illugi Gunnarsson ætli að brúa alla nóttina með tíu mínútna ræðum. Það hlýtur að vera þannig að ræðumenn koma — sérstaklega þeir sem ég er að bíða eftir til dæmis hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir en ég bíð í ofvæni eftir að vita hvað hún hefur um þetta mál að segja — annaðhvort á þeim tíma sem þeir hafa skráð sig (Forseti hringir.) en ekki þannig að það séu einhverjir strákar hlaupandi inn í ... hv. þingmenn eða ekki, hlaupandi inn í (Forseti hringir.) mælendaskrána bara eftir því sem þeim hentar. Forseti hlýtur að koma í veg fyrir það.

[23:16]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hirði nú ekki um að elta ólar við einhver orð hv. þm. Marðar Árnasonar enda væri það að æra óstöðugan að láta öll hans ummæli fara í taugarnar á sér. Ég vildi hins vegar benda á í sambandi við mælendaskrá og röð ræðumanna að í 1 mgr. 56. gr. þingskapa segir, með leyfi forseta:

„Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess þá er dagskrármálið er tekið fyrir. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra, sem hlut á að máli, og framsögumann, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd er snertir sjálfan hann."

Þetta hefur verið túlkað þannig að forsetar hafi mjög rúma heimild til þess að gera breytingar á mælendaskrá, til dæmis að koma ráðherrum inn í umræðuna, koma framsögumönnum inn í umræðuna eða raða mönnum á mælendaskrá með þeim hætti að andstæð (Gripið fram í.) sjónarmið (Forseti hringir.) komist á og væri gott ef þingmenn stjórnarmeirihlutans nýttu sér þann möguleika. Ég er viss um að forsetar (Forseti hringir.) þingsins mundu sýna mikinn skilning ef þeir vildu komast inn í mælendaskrána og við þingmenn Sjálfstæðisflokksins mundum ekki setja okkur (Forseti hringir.) upp á móti því.

[23:18]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það vakti nokkra athygli mína að hér væri aftur komið að hv. þm. Illuga Gunnarssyni á mælendaskrá, sem fram til þessa hefur talið um og yfir 20 manns, eftir að aðeins tveir ræðumenn höfðu talað á eftir honum.

Ég tek undir með hv. þm. Merði Árnasyni að þetta er nokkuð skondið. Þegar maður fer að skoða afrekaskrá dagsins í dag þá höfum við hlýtt á 13 ræður sjálfstæðismanna. Nokkrum sinnum hefur verið rætt um fundarstjórn forseta. Hér hafa verið eiginlega andsvör við hverja ræðu. Kannski eru tvær undantekningar þar á. En hér virðast tveir hv. þingmenn njóta einhverra sérkjara á mælendaskrá þar sem eru hv. þm. Illugi Gunnarsson og einnig hv. þm. Birgir Ármannsson. En það voru aðeins átta ræðumenn sem komust að á milli ræðna hans.

[23:19]

Illugi Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þannig háttaði til við ræðu mína áðan að enginn hv. þingmaður sat hér í salnum, hvorki neinn flutningsmanna, né neinn þeirra sem hafa setið í sérstakri nefnd um málið. Ekki einn einasti þingmaður kom því til andsvara og ég ætla að það sé býsna eðlilegt að ég fái tækifæri, úr því að hér eru nú komin hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra (**Gripið fram í:** Og hv. þm. Mörður Árnason.) og hv. þm. Mörður Árnason sem að auðvitað er alveg sérstakt ánægju- og gleðiefni að sé hér í þingsalnum — það er auðvitað mikið réttlætismál tel ég að hægt sé að koma þeim sjónarmiðum fram sem voru rædd hérna þar sem þessir helstu flutningsmenn frumvarpsins og hv. þm. Mörður Árnason eru í salnum til að veita andsvör og koma fram sjónarmiðum sínum.

[23:20]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka forseta fyrir að hleypa mér inn í þessa röð þingmanna stjórnarflokkanna sem hér halda uppi miklum umræðum um fundarstjórn forseta.

Ég vil taka það fram að mér finnst þær árásir sem ég hef heyrt hér úr þessum ræðustól á forseta núna síðustu mínúturnar vera mjög ómaklegar þegar gefið er í skyn að einhverjir þingmenn njóti sérkjara og sérréttinda og þar með er forseti ásakaður um það að mismuna þingmönnum, sem mér finnst ómaklegt og held að séu ekki forsendur fyrir.

Þetta hefur verið skýrt hérna. Ég las úr viðkomandi ákvæði þingskapa áður sem sýnir glögglega að forseti hefur mjög rúmar heimildir til þess að víkja frá röð ræðumanna í sambandi við umræður hér á þingi og held að við ættum að gera meira af því í þessari umræðu að víkja frá þeirri röð sem menn biðja um orðið til dæmis til að gefa hv. (Forseti hringir.) þingmönnum stjórnarflokkanna fleiri tækifæri til þess að koma hér inn í umræðuna og svara þeim fjölmörgu spurningum sem til þeirra er beint (Forseti hringir.) og fjölmörgu athugasemdum sem ósvarað er í þessari umræðu.

[23:22]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er af og frá að í þessari umræðu felist einhverjar árásir á forseta heldur kannski frekar forvitni því að mér telst til að það sé um það bil klukkustund síðan hv. þm. Illugi Gunnarsson lauk máli sínu. Hann að vísu kvartaði undan því að ræða hans hefði ekki vakið þá athygli sem hann taldi að hún hefði átt að fá og að salurinn hefði ekki fyllst af áhugasömum þingmönnum. Þess ber þó að geta að það hefur örugglega verið fylgst með ræðunni héðan úr sjónvarpi og úr herbergjum.

En það sem hlýtur að vekja talsverða athygli er að enn eru 18 ræðumenn á mælendaskrá sem geta talað ýmist í 40, 20 eða 10 mínútur. En hv. þm. Illugi Gunnarsson er hér á klukkustundar fresti og það þarf nú ekki að koma á óvart að salurinn fyllist ekki í hvert eitt sinn sem hv. þingmaður tekur til máls þegar hann talar svona ört.

Við skulum (Forseti hringir.) að minnsta kosti reyna að

tryggja að hér verði einhverjir í salnum til að fylgjast með svo þetta eigi sér ekki stað á klukkutíma fresti.

[23:23]

Árni M. Mathiesen (S) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég verð að taka undir með þeim sem kvarta undan einhæfri mælendaskrá, ekki vegna þess að það séu of fáir eða of margir sjálfstæðismenn heldur vantar svo til alla fulltrúa annarra flokka á mælendaskrána til þess að halda ræður. Það koma hér einstaka aðilar í andsvör og í fundarstjórn forseta. En varla hefur stjórnarþingmaður haldið ræðu um efnisatriði málsins, hvað þá að hann hafi nýtt sér sinn ræðutíma og þetta eru þeir hv. þingmenn sem eru að kvarta yfir því að ekki hafi nægjanlega gengið í gegnum árin og áratugina að breyta stjórnarskránni og sýna því mikinn áhuga að breyta stjórnarskránni, en þeir hafa ekki uppburði í sér til þess að koma í hér ræðustólinn og lýsa skoðunum sínum.

[23:24]

Mörður Árnason (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Það er náttúrlega ákveðið vandamál þegar það verður meira framboð af vöru en eftirspurn og í því vandamáli á hv. þm. Illugi Gunnarsson. Ég get þó glatt hann með því að þó ég hafi ekki verið hér í salnum þegar hann flutti ræðu sína þá var ég á skrifstofu minni, varamannsskrifstofunni á 4. hæð í Austurstræti, og sá að hann kom hér í stólinn. Því miður var hljóðið ekki mjög hátt stillt þannig að ég þurfti mjög að einbeita mér að því að fylgjast með því sem hann sagði og kann að vera að ég hafi misst af því að einhverju leyti.

Um röð ræðumanna þá er það rétt sem hv. þm. Birgir Ármannsson sagði áðan að um hana fjallar einmitt sérstök grein í þingsköpum sem gefur forseta heimildir til þess að bregða út af þeirri röð sem ræðumenn eru í þegar þeir beiðast þess og það á í fyrsta lagi við um ráðherra, í öðru lagi um framsögumann og síðan til þess að ræðuefni með og á móti skiptist á (Forseti hringir.) eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd. Ég fer fram á það að forseti athugi (Forseti hringir.) um röð ræðumanna hér, hvort þetta eigi við og taki þetta upp og ræði þetta við aðra forseta í þinginu, þ.e. um hvernig þessu eigi að hátta (Forseti hringir.) því að eins og ég segi þá er bara framboð meira en eftirspurn á sumum ræðumönnum hér.

[23:26]

Illugi Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja eins og er að mér þykir gamansemi hv. þingmanna nokkuð áhugaverð. Sérstaklega þótti mér gaman að hlýða á ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar áðan. Eftir að hafa hlustað á hana skil ég betur svona gullkorn sem hv. þingmaðurinn skrifar undir í nefndaráliti, eins og til dæmis þetta hér: „Ný stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mun verða að stjórnarskrá þjóðarinnar allrar."

Maður svona einhvern veginn fær þarna áhugaverða innsýn í hugarheim þingmannsins og þeirra sem undir þetta skrifa, að þetta er nokkuð sem þeir telja að þurfi að taka sérstaklega fram. Auðvitað er það svo að stjórnarskrá lýðveldisins er stjórnarskrá landsins alls. Ekki eru tiltekin nein sérstök önnur svæði. En ég held að þingmenn ættu að spara sér gamansemina. Einhverjir þeirra sem hafa átt erfitt með að læra á sjónvarpstækin sín til þess að finna út hvernig þeir geta hækkað þannig að þeir geti fylgst með umræðum um stjórnarskrána ættu að leita aðstoðar þingvarða. Margir þeirra gætu ábyggilega (Gripið fram í.) hjálpað hv. þingmanni. (Forseti hringir.) Þetta er ekki flókið. Aðalatriðið er að menn sýni stjórnarskránni eilítið meiri virðingu, taki þátt í (Forseti hringir.) umræðum og sýni það að þeim sé nokkuð annt um virðingu Alþingis.

[23:27]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég get ekki látið því ómótmælt sem hér var haldið fram, að hér hefðu ekki aðrir hv. þingmenn en þingmenn Sjálfstæðisflokks tekið til máls. Ég vil upplýsa þingheim um það að nú mun kannski vera búið að tala hér í tæpar 40 stundir eða eitthvað svoleiðis um þetta mál og í 1. umr. um málið voru fluttar tíu ræður af öðrum en hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. (Gripið fram í.) Við 2. umr. sem við erum nú í miðri hafa sjö hv. þingmenn aðrir en þingmenn Sjálfstæðisflokksins tekið til máls, þar af framsögumaður meiri hlutans hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, í tvígang, Ellert B. Schram, Atli Gíslason, Guðjón Arnar Kristjánsson, Lúðvík Bergvinsson og Helga Sigrún Harðardóttir en þá (Gripið fram í.) var svo komið sögu að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, 26 að tölu, röðuðu sér á mælendaskrána og fylltu hana. (Forseti hringir.) Þannig er staðan enn.

[23:29]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hv. þm. Illugi Gunnarsson fullhvumpinn yfir því að ræða hans skyldi ekki hafa vakið verðskuldaða athygli hjá stjórnarþingmönnum og salurinn fyllst af þeim. Það er alveg ástæðulaust að taka þetta óstinnt upp. En ef hv. þingmaður ætlar að halda fram sem horfir, að hann muni tala hér nokkrum sinnum í viðbót, þá held ég að án efa muni menn mæta í salinn til þess að hlýða á það sem hv. þingmaður hefur fram að (Gripið fram í.) færa.

Ég vil líka taka undir með hv. þm. Merði Árnasyni því mér sjálfum hefur leikið nokkur forvitni á að vita hvað til dæmis hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir hefur um þetta mál að segja. Hún hefur verið á mælendaskrá um skeið en ekki komist að vegna breytinga sem hafa átt sér stað á mælendaskrá. Við höfum rætt þess mál á fundum þingflokksformanna og ég segi bara fyrir mig að mér leikur forvitni á að heyra þá ræðu og vænti þess að ekki verði kannski (Forseti hringir.) fiktað meira í mælendaskrá heldur en ástæða þykir til.

[23:30]

Árni M. Mathiesen (S) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég verð að segja að ég er ekki sérstaklega „imponeraður" af þessum tölum sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir bar á borð fyrir okkur um þátttöku stjórnarliðsins í umræðunni. Hún þurfti að seilast alveg til 1. umr. til að leggja fram einhverjar bitastæðar tölur. Það kom mér hins

vegar á óvart að hún kvartaði yfir því að við sjálfstæðismenn hefðum raðað okkur svo þétt á mælendaskrána að væntanlega kæmust stjórnarliðar ekki að fyrir okkur. En tvívegis með nokkurra mínútna millibili hefur verið lesin upp grein úr þingsköpunum þar sem segir að forseti geti raðað þannig á mælendaskrá að andstæð sjónarmið komi fram á víxl. Það er því alveg augljóst að það á ekki að standa í vegi fyrir því að stjórnarliðar geti tekið til máls að sjálfstæðismenn hafi raðað sér svona þétt á mælendaskrána. Það er fullkomlega á valdi hæstv. forseta að skjóta stjórnarliðum inn á milli til að svara því sem fram kemur hjá okkur sjálfstæðismönnum.

[23:31]

Forseti (Þuríður Backman):

Áður en lengra er haldið vill forseti fá að lesa upp 1. mgr. 56. gr. þingskapa:

„Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess þá er dagskrármálið er tekið fyrir. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra, sem hlut á að máli, og framsögumann, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd er snertir sjálfan hann."

Með tilliti til þessa, að geta raðað svona inn á mælendaskrá, finnst forseta mikilvægt að þeir þingmenn sem eru á mælendaskrá séu í þingsalnum svo að þeir séu þá til staðar í umræðunni. Hér hafa fjölmargir þingmenn sem eru ekki í þingsalnum eða þinghúsinu eins og er — ég hvet til þess að ef þeir sýna sig ekki innan stundar þá fari þeir út af mælendaskrá og þeir séu þá hér á mælendaskrá sem eru til viðræðna og eru tilbúnir til að taka þátt í umræðunni í nótt.

[23:32]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Er ekki eðlilegt að miða við það að ef þingmaður er ekki viðstaddur þegar hann á að taka til máls miðað við mælendaskrá falli hann bara brott af mælendaskránni. Ég hefði talið að það væri hin eðlilega regla.

Ég hlustaði með athygli á þær fróðlegu upplýsingar sem komu fram hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur. Ég verð að segja að mér finnst miður að þeir sem bera fram það frumvarp sem hér um ræðir, og hafa látið sér annt um að það nái fram að ganga, sjái ekki ástæðu til þess að fjalla um það, taka til máls, gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem að baki liggja eða þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru í sérnefnd um stjórnarskrármálið, hvernig á því stóð að þegar við sjálfstæðismenn buðum upp á að reyna að afgreiða málið með samkomulagi þá skyldu þeir beita okkur ofríki til að taka málið út úr nefnd í fullu ósamkomulagi við okkur til að reyna að kúga okkur í þingsal. Hvernig í ósköpunum stendur á svona vinnubrögðum? Ég held að það sé fyrst og fremst við þá að sakast hvernig á því stendur. Mér finnst miður að hv. formaður sérnefndarinnar skuli ekki hafa séð ástæðu til að tjá sig frekar en raun ber vitni um þessi mál.

[23:34]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Sá hæstv. forseti sem sat í stólnum áðan var með túlkanir á þingsköpunum sem ég kannast ekki við. Megum við búast við því að það sé regla að allir sem eru á mælendaskrá í hvert skipti þurfi í framtíðinni að vera í þingsalnum. Ég efast um að hæstv. forseti vilji komast að þeirri niðurstöðu til framtíðar.

Ég minni hv. þm. Mörð Árnason líka á það, og hæstv. fjármálaráðherra, Steingrím J. Sigfússon, að meðan þeir voru í stjórnarandstöðu, ásamt hv. þm. Atla Gíslasyni, litu þeir öðruvísi á þingsköpin en þeir gera núna. Hér áður var sveigjanleikinn mun meiri, m.a. hjá fyrrverandi hæstv. forseta Alþingis, Halldóri Blöndal, við túlkun þingskapanna vegna þess, (Forseti hringir.) hæstv. fjármálaráðherra, að forseti Alþingis er ekki (Forseti hringir.) forseti ríkisstjórnarinnar. Hann er forseti okkar þingmanna allra. Ég vil minna hæstv. forseta á það.

[23:35]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja eins og er að mér hlýnar óendanlega mikið um hjartaræturnar að mín skuli vera saknað úr umræðunni. Þegar hv. þm. Mörður Árnason gerir sér far um að hefja umræður um fundarstjórn forseta, vegna þess að ég muni væntanlega vera á mælendaskrá einhvern tíma síðar í nótt, þá get ekki annað sagt en að mér þyki afskaplega vænt um að heyra hversu mjög hann saknar mín. Ég treysti því þá að hv. þm. Mörður Árnason verði hér til að hlýða á ræðu mína og jafnvel koma í andsvör við mig þannig að við getum rætt málið og skipst á skoðunum. Að ekki sé talað um að hv. þm. Mörður Árnason komi sér á mælendaskrá þannig að hann geti lýst sjónarmiðum sínum í þessu máli. Ég tala ekki um þegar (Forseti hringir.) ég fæ þetta ákall frá hv. þingflokksformanni Samfylkingarinnar, Lúðvíki Bergvinssyni, um að hann bíði spenntur eftir ræðu minni. Ég treysti því jafnframt að hann verði hér til að hlýða á hana þegar þar að kemur.

[23:37]

Útbýting:

Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum, 370. mál, nál. umhvn., þskj. 921.

[23:37]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það er með mikilli ánægju sem ég stíg aftur í ræðustól og hef fengið tækifæri til að eiga orðastað við einn af þeim hv. lykilþingmönnum sem hafa lagt fram þetta frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Áður en ég vík að því vil ég endurtaka þakkir mínar til forseta frá því fyrr í kvöld fyrir að hafa veitt þingmönnum tækifæri til að fylgjast með framboðsfundi vestur á Ísafirði. Það er auðvitað nýtt fyrir okkur að við skulum enn vera á þingi þegar framboðsfundir eru hafnir og kosningabaráttan farin af stað.

Ég vil sérstaklega nota tækifærið, vegna frammíkalla og framgöngu hv. þm. Marðar Árnasonar, til að gera athugasemd við það að hann hafi lagt að jöfnu framboðsfund í Norðvesturkjördæmi, á Ísafirði, og knattspyrnuleik og saumastofufund eða saumaklúbb. Þessi orð dæma sig auðvitað sjálf, þau eru óviðeigandi. Menn eiga ekki að tala svona, hvorki um íbúa Norðvesturkjördæmis né aðra íbúa á

Íslandi. Framboðsfundir eru mikilvægir, skipta máli, og það væri auðvitað skynsamlegt af hv. þm. Merði Árnasyni að draga þessa ummæli sín til baka. Ég verð að játa það að ég ætla ekki að halda niðri í mér andanum þangað til það gerist. Ég reikna með að ég mundi ekki lifa slíka bið af.

Þá að efni málsins. Ég sá að hér skaust hæstv. fjármálaráðherra á milli herbergja. Ég vil spyrja hann, rétt eins og hv. þm. Birgir Ármannsson spurði hæstv. forsætisráðherra áður, hvaða skilning hæstv. ráðherra leggur í orðið þjóðareign. Er hæstv. fjármálaráðherra sammála hæstv. forsætisráðherra og þeim skilningi sem þar kemur fram? Eða er hæstv. ráðherra sömu skoðunar og t.d. formaður þingflokks Vinstri grænna, hv. þm. Jón Bjarnason? Hann lýsti því yfir á framboðsfundi, sem ég efa ekki að hæstv. fjármálaráðherra hefur fylgst með af gerhygli, að hér væri um að ræða fyrsta skrefið í meiri háttar breytingu á fiskveiðistjórnarkerfinu.

Ástæðan fyrir að þetta skiptir máli er sú að það hefur komið fram — í þeim álitum sem hafa verið lögð fyrir hér á þinginu og í þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið við það, m.a. frá virtum lagaprófessorum — að nokkur vafi leiki á því hver áhrif þessa orðalags í ákvæðinu muni verða. Þetta hefur komið fram með mjög skýrum hætti. Ég ætla ekki að gera að umræðuefni álit þeirra lögvitringa sem eru þeirrar skoðunar að hugtakið sé merkingarlaust og til óþurftar þess vegna en þetta skiptir gríðarlega miklu máli og við höfum verið að reyna að kalla svar við þessu fram hjá flutningsmönnum og hjá þeim sem bera ábyrgð á framgöngu þessa máls á þinginu. Af hverju erum við að reyna að kalla það fram? Af því að við viljum fá þetta á hreint. Ef einhver mál rísa upp vegna þessa, þurfa að fara til dómstóla, þá skiptir máli hvað hér hefur komið fram, að ekkert misræmi sé í málflutningi, menn hafi þetta nákvæmlega á hreinu. Menn hafa af því áhyggjur að hér sé verið að auka á óvissuna kringum meginatvinnugrein íslensku þjóðarinnar. Ég er ánægður með að hæstv. fjármálaráðherra er í salnum til að svara og vænti þess að fá svar við þessari fyrirspurn minni.

Ég vildi jafnframt velta upp atriðum sem snúa að hinu fyrirhugaða stjórnlagaþingi. Ég verð að segja eins og er að það hefði verið bragur á því fyrir Alþingi, úr því að menn gerðu þessar breytingar á fyrirhuguðu fyrirkomulagi stjórnlagaþingsins, að menn ynnu og legðu fram frumvarp sem sýndi nákvæmlega hvernig menn sæju fyrir sér framkvæmd þessa stjórnlagaþings. Mér finnst enginn bragur á því að skella bara inn í nefndarálitið setningum eins og þessum, með leyfi virðulegs forseta:

„Meiri hlutinn telur því mikilvægt að reglur um persónukjör verði með þeim hætti að tryggt verði að fulltrúar landsbyggðar og landshluta fái sæti, hvort sem það verður gert með ríkari reglum um kjör eða reglum um einhvers konar jöfnunarsæti. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að reglur um kjörið verði með þeim hætti að tryggt verði eins og hægt er jafnt kynjahlutfall á þinginu.“

Það er ekki boðlegt, virðulegi forseti, að setja hlutina fram með þessum hætti. Hvers vegna í ósköpunum gáfu menn í nefndinni sér ekki betri tíma, kölluðu á sinn fund sérfræðinga og gerðu þetta með einhverjum þeim hætti að hægt sé að leggja þetta fram á Alþingi. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð, þau eru í takt við það sem ég nefndi í ræðu minni fyrr í kvöld. Maður hnýtur um orðalagið í þessu nefndaráliti, undarlegar setningar eins og þá sem ég las upp, með leyfi forseta. Ég vil nota tækifærið og vekja sérstaka athygli hæstv. fjármálaráðherra á þessu, ég veit að hann hefur ábyggilega skoðun á þessu. Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggst ekki gegn slíkri kosningu en áréttar þó mikilvægi þess að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar.“ — En ekki hvað? Mér finnst þetta álit, þegar maður les þetta, þegar kemur að kaflanum um stjórnlagaþingið, einfaldlega ekki boðlegt. Menn hafa ekki vandað sig við þessi skrif, menn hafa ekki vandað sig við þessa hugsun. Það er einmitt svona plagg eins og þetta sem skiptir máli. Þegar menn eru síðan að skýra stjórnarskrána, ákvæði hennar, og reyna að átta sig á því hvað stjórnarskrárgjafinn vildi þá verða þessir hlutir að vera betur úr garði gerðir en hér um ræðir. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð.

Svo er hitt að ég sakna mjög fulltrúa Framsóknarflokksins í þingsal. Það er vitað að sá flokkur hefur lagst einna þyngst á árarnar þegar um stjórnlagaþingið er að ræða. Þetta er mál sem sá flokkur hefur borið fram af hvað mestri ákefð og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir var formaður nefndarinnar. Það er því til baga að ekki skuli vera neinn fulltrúi frá þeim flokki í umræðunni. Enn er því ósvarað hvernig menn sjá það fyrir sér að það gangi upp að menn hafi, eins og sá flokkur að eigin sögn, ekki umboð til að setja ráðherra í ríkisstjórn, séu þeirrar skoðunar að Alþingi hafi hvorki stöðu né umboð til að setja stjórnarskrá, og því verði að setja sérstakt stjórnlagaþing á laggirnar, og standi svo á sama tíma að því að stjórnarskránni sé breytt eins og kveðið er á um í 1. gr. þess frumvarps sem hér er um að ræða. Það er undarlegt hvernig menn geta sett málin fram. Við ættum að geta gert þá kröfu til hv. þingmanna, sem að þessu máli standa, að þeir útskýri það hvernig standi á því að þeir telji að þingið geti ekki gert breytingar á stjórnarskránni en ætla samt sem áður að gera það, eru með klára tillögu um breytingar á stjórnarskrá. Það er 1. gr. sem hér er lögð fram þannig að það virðist ekki vefjast fyrir mönnum. Að sjálfsögðu er það svo að Alþingi Íslendinga bæði á og getur gert þær breytingar sem þarf að gera á stjórnarskránni hverju sinni. Það hefur sýnt sig í þingsögunni að það hefur verið gert.

Hitt er aftur á móti alveg jafnljóst, og verður ekki nægilega áréttað úr þessum ræðustól, virðulegi forseti, að fara á varlega þegar kemur að stjórnarskrárbreytingu, menn eiga að undirbúa þær vel, gefa sér allan þann tíma sem þarf. Menn eiga að hafa umræður á Alþingi og í þingsölum sem eru samboðnar stjórnarskránni. Menn eiga ekki að þurfa að standa frammi fyrir hálftómum eða jafnvel tómum þingsal. Það er ekki boðlegt fyrir þingið. Við eigum að hafa meiri metnað, við þingmenn, þegar kemur að stjórnarskránni en birtist í þeim undirbúningi sem hér hefur verið unninn, meiri metnað en birtist í þeim umræðum sem hafa verið um stjórnarskrána. Ég óttast það mjög að dómurinn sem verður felldur um þessi vinnubrögð verði ekki góður fyrir Alþingi. Það er ekki við Alþingi sjálft að sakast heldur við þá sem borið hafa fram málið með þessum hætti.

Við þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfum lagt allt kapp á það að taka þátt í umræðunum. Við höfum verið tilbúnir til að hliðra til fyrir öðrum þingmönnum þannig að þeir kæmust inn í umræðuna ef þeir hefðu fram að færa efnislegar athugasemdir eða góðar ræður. Aðalatriðið er að við viljum betri umræðu um þetta en orðið hefur.

[23:47]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í öllum tilvikum nema einu er hér um að ræða þaulkunnug mál sem lúta að einföldum og tiltölulega skýrum efnisbreytingum á stjórnarskránni og öll hafa þau verið rædd rækilega í störfum stjórnarskrárnefndar og síðustu nefndar sem starfaði. Það er um sameign á náttúruauðlindum sem ekki eru háðar einkaeignarrétti. Það er um að breyta aðferðinni við að setja eða afgreiða stjórnarskrá þannig að þjóðin kjósi um hana sjálf. Það er um einhvers konar útfærslu á beinu lýðræði.

Nýmælið er stjórnlagaþingið sem með þessu frumvarpi er í raun og veru einungis verið að gefa stöðu í stjórnarskránni þannig að Alþingi geti í kjölfarið útfært nánari tilhögun þess með lögum.

Þetta er ekkert óskaplega flókið. Það sem er flókið er að Sjálfstæðisflokkurinn skuli hafa getað talað hér í tugi klukkutíma án þess að rökstyðja það nokkurn tíma nákvæmlega og efnislega af hverju þeir eru á móti sameign á náttúruauðlindunum. (Forseti hringir.) Af hverju eru þeir á móti beinu lýðræði? Af hverju eru þeir á móti því að stjórnarskránni sé breytt í beinni kosningu? Hvað er það nákvæmlega sem þeir geta ekki sætt sig við að þjóðin setji sér sjálf stjórnarskrá með því að kjósa til stjórnlagaþings?

Varðandi spurningar hv. þingmanns þá svaraði hæstv. forsætisráðherra sömu spurningum frá öðrum hv. þingmanni Sjálfstæðisflokksins mjög vel hér áðan og ég tek undir svör hennar.

Ákvæðið um sameign á náttúruauðlindum styrkir núgildandi 1. gr. laga um stjórn fiskveiða og gerir það fortakslaust, að um ævarandi sameign þjóðarinnar er að ræða sem ekki má selja eða láta af hendi varanlega. Þetta styrkir sömuleiðis þær breytingar í orkulögum sem hér voru settar um að auðlindir í eigu opinberra aðila, orkuauðlindir í eigu opinberra aðila verði ekki varanlega framseldar. Það hefur sjálfstætt gildi. Það styrkir þá hugsun í sessi að þetta sé sameign þjóðarinnar en færi þær ekki til einkaaðila né nein önnur ráðstöfun þeirra myndi aldrei eignarrétt í óafturkallanlegt forræði. Þetta var sett inn í lög um stjórn fiskveiða þegar 1990. (Forseti hringir.) Og sjálfstæðismenn eru enn að pexa um þetta. Skýringin hlýtur að vera sú (Forseti hringir.) að þeir geta ekki sætt sig við sameign þjóðarinnar á þessu.

[23:50]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa ágætu ræðu hæstv. fjármálaráðherra. Ég tel mikinn mun á því að hér getum við átt orðastað heldur en það sem oft hefur verið hér í þingsalnum. En ég vil þó taka eitt fram. Það sem hefur valdið okkur sjálfstæðismönnum áhyggjum er að hér liggur fyrir fjöldinn allur af athugasemdum, m.a. frá lögmannafélaginu og öðrum aðilum sem vel þekkja til þessara mála. Þær athugasemdir eru meira og minna allar á einn veg, að hér hefði þurft að vanda betur til verka og gefa sér betri tíma. Og af því að hæstv. fjármálaráðherra nefndi einmitt hugtakið þjóðareign þá eru uppi efasemdir virtra lögspekinga um réttarfarsleg áhrif þessa hugtaks inn í stjórnarskrána. Væri nú ekki ráð að við gæfum okkur tíma til þess að eyða slíkum efasemdum og slíkri óvissu sem kynni að koma upp vegna þess að nú sjáum við þetta fyrir? Við höfum tíma til að vinna þetta vel.

Ég bendi líka á, virðulegi forseti, að þeir eru margir lögspekingarnir sem eru einfaldlega þeirrar skoðunar að hugtakið þjóðareign sé ónothæft með þeim hætti sem hér er reynt að gera vegna þess að það skorti einfaldlega fulla (Forseti hringir.) merkingu, það sé ekki hægt að ná utan um þetta hugtak (Forseti hringir.) þannig að það sé boðlegt inn í stjórnarskrána. Þetta eru meðal (Forseti hringir.) fjölmargra atriða sem við sjálfstæðismenn höfum verið að gera athugasemdir við í umræðunni.

[23:51]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þetta sé útskýrt í gögnum málsins með algjörlega skotheldum hætti. Í beinu framhaldi af því að tala um þjóðareign er tekið fram að ríkið fari með forsjá þeirra, vörslu og ráðstöfunarrétt og hafi eftirlit með nýtingu þeirra. Þetta er sameign þjóðarinnar (Gripið fram í.) sem ríkið hefur með höndum að gæta að og varðveita og ráðstafa í hendur þeirra sem síðan nýta í þágu þjóðarinnar allrar.

Ég held að þetta sé algerlega skýrt. Allar æfingar sjálfstæðismanna um annað fara nú fyrir lítið að mér finnst. Íslensk tunga er auðug og geymir mörg góð orð en við vitum öll hvað þetta þýðir. Við erum að tala um ævarandi sameign þjóðarinnar sem byggir Ísland, að hún eigi tiltekna hluti saman. (Gripið fram í.) Og að ríkið fari með ríkisvaldið, það stjórnkerfi sem við sameiginlega setjum upp til að fara með okkar sameiginlegu mál. Það hefur það verkefni með höndum (Gripið fram í.) að gæta þessara hluta og sjá um varðveislu þeirra og stjórna nýtingu þeirra.

Varðandi aðrar athugasemdir sem hv. þingmaður gerði varðandi stjórnlagaþing og ég hafði ekki tíma til að svara í fyrra svari mínu hefur það nú einfaldast í meðförum. Ég vænti þess að hv. þingmenn séu ánægðir með það. Það er boðið upp á það hér að lagfæra hlutina og einfalda þá og m.a. draga úr kostnaði og ég fagna því auðvitað sérstaklega í núverandi embætti mínu.

En að öðru leyti lutu athugasemdir hv. þingmanns aðallega að því sem meiri hluti nefndarinnar reifar í nefndaráliti sínu og lýtur að mögulegu inntaki væntanlegs frumvarps sem sett verður á grundvelli stjórnarskrárákvæðisins. Það eru ekki lögskýringargögn gagnvart stjórnarskrárákvæðinu sem slíku og alveg ástæðulaust að flækja málin hér með því að velta mikið vöngum yfir því. Það eru bara hugmyndir þessa meiri hluta um það hvernig æskilegt sé að búa kannski um þessa hluti í væntanlegri löggjöf.

[23:54]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt þannig ástatt að nú þegar eru komnar upp deildar meiningar um hver sé tilgangur og eðlisinntak þess ákvæðis sem hér um ræðir, þ.e. þjóðareignarinnar. Formaður þingflokks Vinstri grænna hefur lýst því yfir á opinberum vettvangi á framboðsfundi að hér sé um að ræða fyrsta skrefið til þess að gjörbreyta fiskveiðistjórnarkerfinu á sama tíma og hæstv. forsætisráðherra hefur lýst því yfir að svo sé ekki. Við þetta bætist síðan sá vafi sem ég lýsti áðan hjá ýmsum lögspekingum um réttarfarsleg áhrif þessa ákvæðis.

En það er alveg rétt hjá hæstv. fjármálaráðherra að hér er um að ræða ríkiseign. Það sem ég skil reyndar ekki í þessu, úr því að menn eru sammála um að það sé verið að tala um að það verði ríkið sem eigi þessar auðlindir, hvers vegna setja menn það bara ekki inn í stjórnarskrána? Af hverju eru menn að standa í þessu með þessum hætti? Ég veit að það hljómar betur að segja þjóðareign.

En hið rétta er og það kom einmitt réttilega fram hjá hæstv. ráðherra að um er að ræða ríkiseign. Það er ekkert annað og það er einmitt í góðu samræmi við þær athugasemdir sem lögspekingar hafa gert, margir hverjir, að hugtakið þjóðareign sé of óljóst. Þannig að það sé ekki hægt að nota hugmyndir manna um eignarrétt og eðli hans í þessu samhengi. Það er einmitt þess vegna sem ríkið kemur inn. Það verður einmitt þessi vörsluaðili. Það verður sá aðili sem getur borið eignarréttinn. Þannig held að það standi nákvæmlega af sér.

Hvað varðar óljósar útfærslur á þessu öllu saman, hvað varðar stjórnlagaþingið þá hefði í fyrsta lagi verið hægt að breyta því í meðförum þingsins og til hins betra tel ég. En það er þó þannig að þær breytingar sem gerðar hafa verið í nefndarálitinu eru illa rökstuddar. Þar er vísað til þess að það þurfi styttri tíma vegna þess að væntanlega muni stjórnlagaþingið hafa samráð við hagsmunaaðila og ýmsa sérfræðinga. Þar með var starfstími stjórnlagaþingsins styttur um hálft ár og þetta var notað sem rökstuðningur í áliti meiri hlutans. Mér finnst það nú (Forseti hringir.) vera svona frekar þunnur rökstuðningur. Ég hefði viljað sjá þetta betur unnið, meira unnið (Forseti hringir.) út í smáatriði (Forseti hringir.) þannig að við vissum nákvæmlega hvað við værum að tala hér um.

[23:56]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst umræðurnar hafa orðið heldur líflegri og ánægjulegt að sjá að bæði hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra hafa leyft sér að taka aðeins þátt í umræðunni. Þau hafa reyndar ekki farið í langar ræður en í andsvör og sýnt aðeins þá gömlu takta sem þau bæði sýndu okkur á árum áður þegar þau voru í stjórnarandstöðu og höfðu ýmislegt til málanna að leggja. Í því ljósi finnst manni hálfskondið að heyra hæstv. fjármálaráðherra býsnast yfir því að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi talað í tugi klukkutíma. Út af fyrir sig hélt þjóðin sennilega, a.m.k. einhvern tíma, að það væri einungis núverandi hæstv. fjármálaráðherra og einhverjir í þingflokki hans sem gætu talað í tugi klukkutíma. (**Gripið fram í:** Og forsætisráðherra.) Og hæstv. núverandi forsætisráðherra, (**Gripið fram í:** Tíu tíma.) tíu tíma ræðan var fræg. Út af fyrir sig má kannski segja og hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa sýnt það að þeir geta líka talað í tugi klukkutíma þegar þeir leggja saman. En enginn þeirra hefur farið út í það, enda leyfa þingsköpin í dag það ekki, að ræða málin í tugi klukkutíma eins og hæstv. fjármálaráðherra gerði þegar hann var í stjórnarandstöðu og hæstv. forsætisráðherra þegar hún var í stjórnarandstöðu.

Hins vegar taldi hæstv. fjármálaráðherra að þau efnisatriði sem við erum að fjalla um hérna væru þaulrædd, og vissulega má segja að þau hafa verið mikið rædd en þau eru ekki þaulrædd og um þau er ekki sátt. Það var vitað fyrir fram, áður en þetta stjórnlagafrumvarp var lagt fram á yfirstandandi þingi. Hann spurði hvað það væri sem við hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hefðum við þau atriði að athuga og það vill þannig til að ég fór yfir það, sérstaklega hvað varðar auðlindaákvæði, hér fyrr í kvöld og hæstv. fjármálaráðherra sat meira að segja hérna inni meðan ég fór yfir það. Hann ætti því að vera búinn að heyra það a.m.k. tvisvar í kvöld, bæði af minni hálfu og af hálfu hv. þm. Illuga Gunnarssonar, hvað það er sem þar er um að ræða, og ætla ég ekki að endurtaka það núna nema í ljós komi að þetta hafi verið kaflinn sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson heyrði ekki í ræðu minni fyrr í kvöld. Fyrst hann er mættur í salinn er kannski rétt að ég (Gripið fram í.) flytji þennan kafla ræðunnar aftur.

Það snýst um að hugtakanotkun í þessari breytingartillögu er óskýr og óljós. Það á við um hugtakið þjóðareign, hvað það er sem þar er um að ræða. Það er ekki ríkiseign, segja menn, það er eitthvað annað en það er ekki skilgreint og sumir fræðimenn hafa beinlínis sagt að þjóðin geti ekki verið eigandi. Það kallar þá hins vegar á hitt: Hvernig er þá réttindum annarra háttað hvað varðar þjóðareign, þ.e. nýtingarrétturinn, ráðstöfunarrétturinn? Hvaða áhrif hefur þessi þjóðareign á þá þætti?

Síðan snýst þetta um nytjastofnana, hvaða stofnar eða dýrategundir eru nytjastofnar. Það þarf ekki endilega að vera sama mengið frá einum tíma til annars því að dýrategund eða stofn getur farið úr því að vera ónýttur í það að vera nytjaður og þar með nytjastofn, kannski eingöngu fyrir hugmyndaflug og hugmyndir, hugsun, frumkvæði og framtak eins manns. Það breytir þá stöðu stofnsins í að vera nytjastofn og verðmætur og þar með þjóðareign. Hvað verður þá um rétt þess aðila sem hafði frumkvæði og sýndi hugmyndaauðgi og hugsun til að nytja þann stofn?

Eins getur það gerst hætt verði að nytja dýrategund eða stofn sem nytjaður hefur verið og hættir þá væntanlega að vera nytjastofn og fellur þar með úr þjóðareign um lengri eða skemmri tíma. Hver er staðan þá? Er hann enn þá í þjóðareign? Ef byrjað verður að nytja hann aftur, er hann þá aftur kominn í þjóðareign en var það ekki í millitíðinni? Hvernig er þá með réttindi þess aðila sem hefur afnotin aftur? Ef hann átti réttindi á fyrra tímabilinu fær hann þau þá aftur eða fær einhver annar réttinn? Ef einhver annar aðili hefur frumkvæði að því að byrja að nytja stofninn aftur, fær hann þá réttinn? Eða sá sem nýtti stofninn á fyrra tímabili og hætti að nýta hann en hefur ekki hafið nýtinguna, eign-

ast hann þá einhvern rétt? Þetta er allt saman óljóst. Ég held að lögfræðingur eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson ætti að átta sig á því að þarna er um óljósa hluti að ræða og óljósa hluti á ekki að setja í stjórnarskrána.

Hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, fjallaði líka um auðlindaákvæðið og taldi að í því fælist ekki nein breyting á núverandi stöðu. Þá segir maður: Ókei, til hvers þá að vera að þessu? Til hvers á að vera að breyta stjórnarskránni ef það á ekki að fela í sér neina breytingu frá núverandi stöðu? Aðrir þingmenn stjórnarflokkanna tala um annað, t.d. þingflokksformaður Vinstri grænna, Jón Bjarnason, eins og fram hefur komið. Hann telur þetta vera upphafið að róttækri breytingu á fiskveiðistjórnarkerfinu. Hverju á maður að trúa? Auðvitað hefur maður tilhneigingu til þess að trúa hæstv. forsætisráðherra frekar. En hvaða gildi hafa þau orð sem þá falla þegar hugsanlega kæmi til þess að dómstólar ættu að fjalla um málið? Þá eru það ekki orð hæstv. forsætisráðherra í ræðu eða riti sem ráða heldur er það lagatextinn sjálfur. Það hefur margsinnis verið um það fjallað og um það dæmt að Alþingi dugi ekki í greinargerðum eða nefndarálitum að skilgreina sig frá orðalagi lagatextans, en það er það orðalag sem gildir. Þess vegna held ég að yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra hafi frekar aukið á óvissuna í þessu en hitt.

Aðeins barst hérna í tal hjá hæstv. forsætisráðherra kostnaður við stjórnlagaþingið. Hæstv. forsætisráðherra taldi að það ætti að gleðja sjálfstæðismenn að búið væri að breyta því hvernig stjórnlagaþingið ætti að vera sem leiddi til þess að kostnaður yrði minni. Út af fyrir sig gleður það sjálfstæðismenn að kostnaðurinn verði minni en það þarf ekkert endilega að gleðja sjálfstæðismenn ef það þýðir að stjórnlagaþingið vinni ekki eins vel eða hafi ekki tækifæri til þess að vinna eins vel og ella hefði verið. Í núverandi hugmyndum sem fram koma í nefndarálitinu er jafnvel gert ráð fyrir að fulltrúar á stjórnlagaþinginu verði þar í hlutastarfi, það verði ekki fullt starf til tveggja ára eins og upphaflega var talað um heldur verði það hlutastarf til eins árs. Ég hef aðeins verið að velta því fyrir mér hvernig þetta gæti gengið saman. Ég hef verið að sjá sjálfan mig fyrir mér í því ef það skyldi nú verkast þannig að ég yrði fulltrúi á stjórnlagaþinginu, sem ég hef svo sem ekkert hugsað mér, en ef það væri í hlutastarfi mundi ég hugsanlega hlaupa úr fjósi í Flóanum í stjórnlagaþingsalinn og síðan í svínabúið á Kjalarnesinu þar á eftir.

[00:07]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég hef lagt mig fram við það í gegnum tíðina að safna saman þeim fræðigreinum sem skrifaðar hafa verið um hugtakið þjóðareign á náttúruauðlindum eða sameign þjóðarinnar. Þetta eru þær fræðigreinar sem skrifaðar hafa verið um það álitaefni. Þess vegna er dálítið merkilegt að hlusta á hæstv. fjármálaráðherra og hv. þm. Atla Gíslason, sem einnig er hæstaréttarlögmaður, lýsa því yfir að ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum eða sameign þjóðarinnar sé skýrt og efnisinntak þessa frumvarps óumdeilt. Ég hygg að ef við skoðum réttarsöguna sé augljóst að miklar deilur séu um inntak þjóðareignarhugtaksins.

Þetta hugtak á sér töluverða sögu. Minn gamli kennari í lagadeild Háskóla Íslands, Sigurður Líndal, sem er einn harðasti andstæðingur þessa frumvarps ef marka má þær umsagnir sem liggja fyrir í málinu, upplýsti mig um það einu sinni á fundi að þetta hugtak um sameign þjóðarinnar hefði fyrst verið lögfest í stjórnarskrá Sovétríkjanna. Í þeirri ágætu stjórnarskrá voru reyndar réttindi einstaklinganna tryggð í bak og fyrir en síðar gerðist það að eignarrétturinn var afnuminn og menn lögðu dálítið annan skilning í sameign þjóðarinnar samkvæmt þeirri stjórnarskrá en ég hygg að flutningsmenn þessa frumvarps geri núna.

Ýmsar þjóðir hafa fjallað um og lögfest í stjórnarskrár sínar hugtakið þjóðareign á náttúruauðlindum. Eins og ég sagði í síðustu ræðu minni er það bara staðreynd, og ég hef lesið stjórnarskrár afskaplega margra Evrópuríkja, að eftir því sem maður fer austar í álfunni, þeim mun algengara er að rekast á þetta hugtak. Ef við skoðum þá tillögu sem liggur fyrir þinginu má segja að sú tillaga eigi sér helst fyrirmyndir í stjórnarskrám Slóvakíu og Rúmeníu, ef ég man rétt. Ég hygg að stjórnarskrá Rúmeníu sé sú sem fer næst því sem hér er lagt til. Menn verða að velta því fyrir sér hvort við viljum fara sömu leið og Rúmenar varðandi þessar hugmyndir. Af því að ég sé að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hnyklar brýnnar er kannski rétt að taka það fram að í stjórnarskrá Portúgals er einmitt sambærilegt ákvæði einnig. En að meginstefnu eru það Austur-Evrópuþjóðirnar, gömlu kommúnistaríkin, sem hafa tekið upp slík ákvæði, bara svo því sé haldið til haga.

Af þeim fræðiskrifum sem liggja fyrir um hugtakið þjóðareign og sameign þjóðarinnar er ljóst að um það eru mjög deildar meiningar meðal fræðimanna, eins og ég sagði áðan. Þetta eru þau skrif sem liggja fyrir um það, og mjög deildar meiningar eru um inntak hugtaksins. Það höfum við séð í þeim deilum sem hafa átt sér stað á Íslandi um túlkun á 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, um að nytjastofnar sjávar við Íslandsstrendur séu sameign þjóðarinnar. Deilurnar um það ákvæði og túlkun þess bera þess glöggt merki.

Segja má að ákveðið fjör hafi færst í umræðuna þegar Sigurður Líndal skrifaði grein, *Nytjastofnar á Íslandsmiðum – Sameign þjóðarinnar*, sem út kom árið 1998. Þá færði hann rök fyrir því í ágætri fræðigrein sinni að þjóð í eignarréttarlegum skilningi gæti ekki átt neitt, að þjóð getur ekki verið eigandi neins í eignarréttarlegum skilningi. Ríkið getur verið það en þjóð getur ekki verið það. Sigurður kemst að þeirri niðurstöðu í grein sinni að þjóð geti hvorki haft umráðarétt, hagnýtingarrétt, ráðstöfunarrétt, skuldfestingarrétt, rétt til að láta eign ganga að erfðum eða rétt til þess að leita fulltingis almannavalds til verndar eigninni, sem eru mikilvægustu heimildirnar sem felast í eignarréttinum samkvæmt þeim skilningi sem í hann hefur verið lagður, ekki bara á síðustu árum heldur áratugum og jafnvel öldum. Ef menn vildu skýra þetta hugtak í því frumvarpi sem er til umfjöllunar væri miklu nær að menn segðu sinn hug og segðu að auðlindir þjóðarinnar eða auðlindirnar, náttúruauðlindir á Íslandi, ættu að vera í ríkiseign, enda eins og ég sagði áðan getur ríkið átt eignir, ráðstafað þeim o.s.frv.

Þetta er einmitt það atriði sem Eiríkur Tómasson, prófessor við Háskóla Íslands, benti á þegar við fjölluðum í

sérnefnd um stjórnarskrármál um frumvarp sem hér var til umfjöllunar árið 2007. Hann benti á að þegar menn tala um þjóðareign á náttúruauðlindum eru menn í raun að tala um ríkiseign. Ef menn vilja skýra málin nánar, skýra þá meiningu sem þeir vilja leggja í lagatextann, ættu þeir að nefna ríkiseign en einhverra hluta vegna hefur það ekki verið gert.

Hv. þm. Atli Gíslason hefur lýst því yfir að ákvæðið eins og það er í frumvarpinu sé skýrt og undir það tók hæstv. fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon. En ef við skoðum þær umsagnir sem fram hafa komið við málið gera Davíð Þorvaldsson lögfræðingur, Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, Sigurður Líndal, prófessor emerítus í lögfræði, Ragnar Árnason og Birgir Þór Runólfsson, prófessorar í hagfræði, Samorka, Landssamband smábátaeigenda, Orkustofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landssamband íslenskra útvegsmanna og HS Orka, athugasemdir við 1. gr. og þá sérstaklega hugtakið þjóðareign. Mér er því eiginlega fyrirmunað að skilja í ljósi þessa, hafi hæstv. ráðherra og hv. þingmaður lesið þær umsagnir sem liggja fyrir í málinu, hvernig þeir geta lýst því yfir að inntak ákvæðisins, eins og lagt er til að það verði, sé skýrt. Ég tel í ljósi þess sem fram kemur í umsögnunum og áralangra dóma fræðimanna á sviði eignarréttar, um inntak þjóðareignarhugtaksins, sýni að með því að lögfesta þetta ákvæði erum að við að setja á svo mikla réttaróvissu á Íslandi varðandi þessa þætti að ekki er hægt að fallast á það.

Ég tek síðan undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa bent á að athyglisvert sé að sjá hvernig þingmenn stjórnarflokkanna og hæstv. ráðherrar túlka með mismunandi hætti ákvæði 1. gr. Hæstv. forsætisráðherra sagði í andsvari í 1. umr. að með því ætti ekki að hrófla við núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Svo koma hv. þingmenn Jón Bjarnason og Guðbjartur Hannesson, hæstv. forseti þingsins, og lýsa því yfir að með þessari breytingu sé verið að stíga fyrstu skrefin í því að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu. Maður fær svolítinn hroll þegar maður les ályktun landsfundar Samfylkingarinnar um sáttagjörð í fiskveiðistefnu.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Allar aflaheimildir í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi verða innkallaðar eins fljótt og auðið er og að hámarki á 20 árum.“

Að hámarki á 20 árum. Það þýðir að komist Samfylkingin til valda má allt eins búast við því að fiskveiðistjórnarkerfinu verði umbylt að kosningum loknum. Ég velti því fyrir mér hvort Framsóknarflokkurinn viti virkilega af þessu vegna þess að oddviti Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi lýsti því yfir að hann styddi núverandi kvótakerfi.

Nei, herra forseti, ég held að þegar frumvarp til stjórnarskipunarlaga er útbúið með þeim hætti sem hér er gert ættu menn að hugsa sig tvisvar um og velta því fyrir sér hvort þeir geti ekki gert betur vegna þess að ekki viljum við skapa réttaróvissu (Forseti hringir.) á þessum sviðum. Ég minni á að menn hafa haft mjög miklar athugasemdir við (Forseti hringir.) framgöngu ríkisins varðandi eignarrétt á fasteignum, (Forseti hringir.) þar á meðal í þjóðlendumálum. Ég mun hugsanlega víkja að því í næstu ræðu minni.

[00:18]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hafa komið fram athugasemdir við hvað felst í hugtakinu þjóðareign. Í greinargerð meiri hlutans segir, með leyfi herra forseta:

„Í því sambandi ítrekar meiri hlutinn að með hugtakinu þjóðareign er átt við sérstaka tegund eignarhalds til hliðar við hefðbundinn einkaeignarrétt einstaklinga og lögaðila, og er hér byggt á skilgreiningu auðlindanefndar frá árinu 2000. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu felst í þessu að ríkinu er samkvæmt lögum fenginn hinn sérstaki eignarréttur á náttúruauðlindum í skjóli þess að enginn annar lögaðili eða einstaklingur hefur getað sannað eignarrétt sinn á þeim. Meiri hlutinn telur hugtakið þjóðareign skýrt og ítrekar að ákvæðinu er ekki ætlað að hrófla við beinum eða óbeinum eignarréttindum sem menn hafa þegar öðlast á náttúruauðlindum.“

Ég spyr hv. þingmann Sigurð Kára Kristjánsson: Telur hann að aflaheimildir sem úthlutað er í dag og hafa færst á tiltölulega fáar hendur séu háðar beinum eignarrétti eða að þeir sem hafi þessar aflaheimildir, fá þær úthlutaðar til nýtingar, þ.e. að það sé óbeinn eignarréttur? Ég óska eftir því að hv. þingmaður svari því nákvæmlega.

Þegar hér er ítrekað vísað í að umsagnaraðilar hafi talað um ákvæðið væri óskýrt þá er það bara ekki rétt. Helstu lögspekingar sem fyrir nefndina komu höfðu þetta hugtak algerlega á hreinu, Björg Thorarensen og margir fleiri.

Þær athugasemdir sem komu fram við 1. gr. lutu fyrst og síðast að 2. og 3. mgr. sem hafa verið felldar út úr frumvarpinu með breytingartillögum nefndarinnar, meiri hluta nefndarinnar. (**Gripið fram í:** Hvað með ...?) Aðalatriðið er þetta: Eru sjálfstæðismenn inni á því að aflaheimildirnar séu háðar beinum eignarrétti eða ekki? Þjóðin (Forseti hringir.) þarf að fá að vita þetta.

[00:20]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég rakti hérna þá hefur verið djúpstæður ágreiningur um inntak og merkingu hugtaksins þjóðareign. Það er ekki rétt að þeir sérfræðingar sem komu fyrir nefndina og veittu umsagnir telji að það hafi verið skýrt. Sigurður Líndal segir í sinni umsögn, með leyfi forseta:

„Ég tel að skoða þyrfti 1. gr. frumvarpsins betur vegna óljósrar merkingar orða og hugtaka sem þar eru notuð.“

Ég bendi jafnframt á að Samband íslenskra sveitarfélaga segir:

„Tilgangur ákvæðisins er fremur óljós og sömuleiðis hvaða áhrif ákvæðinu er ætlað að hafa.“

Það má líka benda á að Davíð Þór Björgvinsson dómari við Mannréttindadómstól Evrópu segir, með leyfi forseta:

„... æskilegt að nákvæm skoðun fari fram á þessu atriði“ — þ.e. 1. gr. frumvarpsins — „og mögulegum afleiðingum ákvæðisins að þessu leyti.“

Ætlar hv. þm. Atli Gíslason að halda því fram að þessir þrír aðilar velkist ekki í vafa um inntak og þýðingu þessa frumvarps? Þeir segja það berum orðum að það sé óljóst og óskýrt.

Varðandi síðan það hvort aflaheimildir séu undirorpnar

eignarrétti þá hef ég svo sem ekki gert nákvæma lögfræðilega rannsókn á því. En það hefur hins vegar eini doktorinn sem Íslendingar eiga í eignarrétti gert. Hún heitir Guðrún Gauksdóttir og hún skrifaði álitsgerð hér fyrir nokkrum missirum síðan og komst að því að aflaheimildir væru háðar beinum eignarrétti. Ég hygg ég muni þetta nokkuð örugglega. Hún er doktor í eignarrétti og ég hef nú tilhneigingu til þess að trúa hennar rannsóknum. (Forseti hringir.) Eitt veit ég þó að aflaheimildir sem menn hafa fest kaup á verða ekki af þeim teknar bótalaust og ég held (Forseti hringir.) að hv. þm. Atli Gíslason (Forseti hringir.) hljóti að vera sammála mér um það. Annars leiðréttir hann mig.

[00:22]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðalatriðið er þetta, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Svaraðu því hvort þú ert sammála áliti Guðrúnar Gauksdóttur eða ekki. Hv. þingmaður er löglærður og hann getur lýst skoðun sinni hérna á því hvort þeir sem fara með aflaheimildir eða hafa þennan nýtingarrétt hafi beinan eða óbeinan eignarrétt. Hver er hans pólitíska skoðun á því? Þjóðin á rétt á að fá að vita þetta. Það á ekki að halda hér uppi hálmstráum sem eru farin að hlaðast upp í heila heysátu. Komið þið skýrt og glöggt fram með skoðanir ykkar á þessu máli. Það er aðalatriðið. Er um að ræða beinan eða óbeinan eignarrétt? (**BjarnB:** Hvað þýðir ...) Ég verð að vekja athygli á því ... Hv. formaður Sjálfstæðisflokksins, hættu nú að grípa fram í þegar menn tala hér. (Gripið fram í.) Hættu að grípa hér fram í. (Gripið fram í.) Það hefur komið hér fram að efnahagshrunið megi að verulegu leyti rekja til ákveðinna þátta sem tengjast þessu kerfi, að verið sé að ráðast á íslenska hagkerfið og að það sé meining hinna erlendu innrásarseggja, erlendra kröfuhafa að ná undir sig náttúruauðlindunum. Er þá ekki rétt að samþykkja þetta ákvæði til að koma í veg fyrir það eða vilja hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins ekki koma í veg fyrir að náttúruauðlindirnar fari undir erlend yfirráð eða í eignarhald örfárra innlendra aðila? (Gripið fram í.) Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins verða að segja þjóðinni frá því hvort aflaheimildirnar séu bundnar beinum eignarrétti eða ekki. Hún á rétt á þeim svörum, skýrum svörum.

[00:24]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki af hverju hv. þm. Atli Gíslason er svona æstur. Kannski er það vegna þess að ég tel upp ummæli miklu fleiri fræðimanna á sviði lögfræði sem styðja mín sjónarmið í þessu máli en hann getur nokkurn tímann gert og að tengja þetta stjórnarskrárfrumvarp við hrun fjármálakerfisins er alveg fáránlegt af hálfu hv. þingmanns. Það kemur beinlínis fram í skýrslu finnska sérfræðingsins Kaarlos Jännäris að regluverkið hér á landi hafi ekki verið þess eðlis að það hafi leitt til hruns fjármálakerfisins. Það á hv. þm. Atli Gíslason að vita. Þetta er sérfræðingur sem starfaði fyrir ríkisstjórnina og það er ekkert í þeirri skýrslu sem bendir til þess að ríkisstjórn Íslands þurfi að breyta stjórnarskránni til þess að bregðast við hruni fjármálakerfisins þannig að ég frábið mér nú einhverjar svona yfirlýsingar. (Gripið fram í.)

Hv. þingmaður spurði mig um mínar pólitísku skoðanir á því hvort ég væri sammála Guðrúnu Gauksdóttur og hvort ég væri þeirrar skoðunar að aflaheimildir í sjávarútvegi væru undirorpnar beinum eða óbeinum eignarrétti. Ég var í ræðu minni að reyna að fara yfir það með hvaða hætti lögfræðingar hefðu túlkað þetta ákvæði og ég las upp úr tilvitnunum í það. Það er nú það sem ég var að reyna að gera hérna. Ég var að reyna að tala það mál sem hv. þingmaður ætti að skilja en virðist ekki hafa gert. Ég er þeirrar skoðunar og ég hallast að því að Guðrún Gauksdóttir, eini doktorinn á Íslandi í eignarrétti hafi ýmislegt til síns máls. Ég held það

Mér þætti vænt um það ef hv. þingmaður Atli Gíslason mundi lýsa því yfir hér að hann teldi (Forseti hringir.) að aflaheimildir í sjávarútvegi yrðu teknar af mönnum (Forseti hringir.) bótalaust. Ef hann svarar þeirri (Forseti hringir.) spurningu játandi, (Forseti hringir.) herra forseti, þá er hann þeirrar skoðunar að þær séu ... (Forseti hringir.) (Gripið fram í.)

[00:27]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess sem fram kom í máli hv. þingmanns um hugtakið þjóðareign þá hefur það verið skilgreint þannig að um sé að ræða að þær náttúruauðlindir sem ekki eru undirorpnar einkaeignarrétti séu í þjóðareign, þ.e. einkaeignarrétturinn er virtur.

Ég hef alltaf skilið þetta hugtak þannig að þó það sé kallað þjóðareign að um sé að ræða ríkiseign sem hafi það einkenni að auðlindir eða verðmætin verði ekki látin varanlega af hendi. Þessi tegund eignarréttar er kölluð þjóðareign. Þannig hef ég alltaf skilið þetta ákvæði í meira en áratug.

En mig langaði vegna ummæla hv. þingmanns bara að lesa hér upp úr athugasemdum dómarans Davíðs Þórs Björgvinssonar vegna þess að hann hefur verið hafður fyrir þeirri sök hér í umræðunni að hann hafi þær hugmyndir að þjóðareign hafi litla sem enga merkingu, þ.e. þetta hugtak. Ég ætla að lesa hér beint upp úr athugasemdum hans. Þær hljóða svona, með leyfi forseta:

„Í greinargerð kemur fram að hugtakið „þjóðareign" er sérstakrar merkingar ... Orðanotkun að þessu leyti er ekki sérstakt vandamál, enda nægjanlega skýrt af greinargerð hvað átt er við, auk þess sem hafa má hliðsjón af þjóðlendulögunum, sbr. lög nr. 58/1998, eins og bent er á í greinargerð."

Svo segir Davíð: „Ástæða er til að taka þetta fram þar sem heyrst hafa þau sjónarmið að hugtakið sé merkingarlaust, ..."

Þetta segir Davíð Þór Björgvinsson í sínu áliti. Ég held að það sé mikilvægt að þessu sé nú til haga haldið í umræðunni vegna þess að það hefur ítrekað verið vitnað til Davíðs Þórs Björgvinssonar í umræðu um að hugtakið þjóðareign sé merkingarlaust.

[00:29]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú einhver ástæða fyrir því að Davíð Þór Björgvinsson segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„... æskilegt að nákvæm skoðun fari fram á þessu atriði“ — og þá á hann við 1. gr. frumvarpsins — „og mögulegum afleiðingum ákvæðisins að þessu leyti.“

Í þessum orðum felst að það er óljóst hvað felst í 1. gr. Það er ekki hægt að draga neinar aðrar ályktanir þegar dómari við Mannréttindadómstól Evrópu dregur þessar ályktanir af ákvæðinu. Ég get ekki séð að hægt sé að draga neinar aðrar ályktanir af því. En ég hvet þingmenn stjórnarmeirihlutans til að kynna sér þessar umsagnir.

Ég spyr hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Er hann sáttur við að afgreiða þetta frumvarp eins og það er úr garði gert með hliðsjón af öllum þeim alvarlegu athugasemdum sem fram koma í umsögnunum? Við höfum gert grein fyrir þeim hérna og finnst honum engin ástæða til þess að taka til greina þær alvarlegu athugasemdir sem þarna koma fram?

Mig langar síðan til þess að spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hver sé munurinn á þeirri ríkiseign sem hann nefndi — og ég vil nú hrósa honum fyrir það að koma hreint fram hvað varðar skoðun hans á því hugtaki og réttmæti athugasemda minna um það atriði — en hver er munurinn á ríkiseign sem ekki má láta varanlega af hendi og annars konar ríkiseign? Er til tvenns konar ríkiseign? Við vitum að til eru ýmsar ríkiseignir eins og ríkisjarðir (**Gripið fram í:** Sem má selja.) sem eru seldar. Eru þær ekki þjóðareign? Eru ríkisjarðir ekki þjóðareignir? (Gripið fram í.) Ég held að það væri mikilvægt að (Forseti hringir.) fá þetta atriði fram.

[00:31]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í því stjórnarskrárfrumvarpi sem hér liggur fyrir er kveðið á um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti skuli vera í þjóðareign. (**SKK:** Þær eru það hvort eð er.) Einkenni þess að náttúruauðlind fellur undir þjóðareign er hins vegar það að hún verður ekki látin varanlega af hendi. Það er einkenni þessa eignarréttarforms. Að því leyti til eru ríkisjarðir ekki þjóðareign nema löggjafinn kveði sérstaklega á um að svo sé því að eins og ákvæðið er sett upp er um það að ræða að náttúruauðlindir séu í þjóðareign, að teknu tilliti til einkaréttar sem er til staðar, en síðan er löggjafanum færð sú heimild að færa fleiri réttindi undir þjóðareignarhugtakið og það er einmitt einkennið á þjóðareignarhugtaki að viðkomandi réttindi verði ekki látin varanlega af hendi. Í þessu tilviki lít ég því svo á að ríkisjarðir séu ekki í þjóðareign nema löggjafinn skilgreini ríkisjarðir sérstaklega sem þjóðareign.

[00:32]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þjóðlendur eru í ríkiseign og sem slíkar eru þær undirorpnar einkaeignarrétti. Ríkið hefur verið gagnrýnt fyrir það að ganga býsna hart fram í kröfugerð sinni gagnvart bændum til að sölsa undir sig ýmis landsvæði. Maður hlýtur þá að velta fyrir sér hvort þær falli undir þennan skilning hv. þingmanns. Eru þjóðlendurnar náttúruauðlindir í þjóðareign sem ekki má láta varanlega af hendi eða eru þjóðlendurnar ríkiseign í þeirri merkingu sem við töluðum um áðan um ríkisjarðir? Ef svo er ekki, er þá útilokað um aldur og ævi, verði þetta frumvarp að lögum, að einhver hluti af þessum þjóðlendum, þar á meðal ýmis landsvæði sem þykja ná fulllangt inn á þau landsvæði sem bændur töldu sig hafa eignarrétt yfir en töpuðu málum gegn ríkinu fyrir Hæstarétti, muni ekki komast aftur í eigu bænda eða landeigenda? Ég velti því fyrir mér og það væri ágætt ef hæstv. fjármálaráðherra, 2. flutningsmaður þessa frumvarps, kæmi hér upp í ræðustólinn og útskýrði það fyrir mér hvort svo væri. Ég held að það sé mikilvægt fyrir bændur landsins og landeigendur að fá upplýsingar um hvort í þessu frumvarpi felist í rauninni það að ríkið sé að geirnegla eignarrétt sinn á þeim landsvæðum sem hér hafa risið miklar deilur um.

[00:35]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Við höldum áfram langt inn í nóttina að ræða stjórnarskrármálið. Ljóst er að ríkisstjórnarflokkarnir eru mjög einbeittir í þeim ásetningi sínum að þvinga fram í fyrsta sinn í hálfa öld breytingar á stjórnarskránni í ágreiningi á þinginu. Það er auðvitað til merkis um þann ágreining að hér hefur verið rætt í fjöldamörgum ræðum og tekist á um efnislegt innihald margra greina frumvarpsins, reyndar er tekist á um efnislegt innihald og efnislega þýðingu allra greina frumvarpsins að ég hygg.

Síðast var, í andsvörum við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, rætt um 1. gr. frumvarpsins sem hefur reyndar verið þynnt töluvert mikið út í nefndarstarfinu og vekur reyndar töluverða athygli, eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á þeirri grein, hversu mikil áhersla er lögð á það af minnihlutastjórninni ásamt með Framsókn að ákvæðið nái fram að ganga. Það segir nefnilega í greinargerð frumvarpsins að mikilvægt framlag hins nýja stjórnarskrárákvæðis sé að, með leyfi forseta, „þegar auðlindir falla á annað borð undir hugtakið þjóðareign verður tryggt að þeim verði ekki afsalað varanlega til einstaklinga eða lögaðila, sbr. regluna sem fram kemur í 2. mgr. ákvæðisins“. En hún hefur einmitt verið felld brott núna í nefndarstarfinu. (Gripið fram í.) 2. og 3. mgr. falla brott samkvæmt breytingartillögunni. (**Gripið fram í:** Ekki síðasti málsliðurinn.) Ekki síðasti málsliðurinn, er kallað fram í. Gott og vel. En breytingarnar á 1. gr. hafa verið verulegar og eftir stendur ágreiningurinn um efnislegt innihald greinarinnar.

Dæmigert fyrir umræðu af þessum toga er að menn kalla til þá sérfræðinga sem eru yfirleitt á því að þær túlkanir sem fram koma í frumvarpinu séu ásættanlegar og nefna umsagnir þeirra til vitnis um að frumvarpið sé efnislega vel rökstutt og haldi vatni og þoli gagnrýni en láta hjá líða í umræðunni að geta þeirra sem færa fram gagnrýni.

Það sem augljóslega stendur upp úr er að mikill meiri hluti þeirra sem fengu málið til umsagnar sagði annars vegar að málið væri illa undirbúið, þyrfti lengri aðdraganda og það væri ekki boðlegt að bjóða upp á breytingar á stjórnarskránni í einhverjum flýti og hins vegar að þeir höfðu ólíkar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Fram hefur komið í umræðunni í kvöld að sjálfstæðismenn hafi ekki teflt fram sínum breytingartillögum. Heyr á endemi! Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu í stjórnarskrárnefndinni og komu þar á framfæri öllum sínum breytingartillögum og það var einmitt í ágreiningi eftir viðræður við

fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem málið var tekið út og sett á dagskrá þingsins. Það er auðvitað fráleitt að halda því fram að ekki hafi komið fram neinar hugmyndir um aðrar útfærslur á þessu frumvarpi. Svona standa menn einfaldlega ekki að því að breyta stjórnarskránni. Svona umgangast menn ekki grundvallarlögin og stjórnarskráin er ekki skiptimynt á milli stjórnmálaflokka þegar verið er að mynda ríkisstjórn. Það er ekki boðlegt fólkinu í landinu að það sé hluti af samkomulagi milli flokkanna skömmu fyrir kosningar að hver flokkur fyrir sig fái sínar draumabreytingar á stjórnarskránni í gegn óháð umsögnum sérfróðra aðila og óháð því hversu vel málið hefur í heild sinni verið ígrundað.

Þegar við ræddum síðast um breytingar á stjórnarskránni árið 2007 voru tveir núverandi hæstv. ráðherrar þátttakendur í umræðunni. Þeir höfðu afskaplega skýra sýn á það hvaða framgangur ætti að vera á breytingum af þessum toga á þeim tíma. Í fyrsta lagi hæstv. heilbrigðisráðherra sem steig hér upp í pontu og sagði, með leyfi forseta:

„Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga en framganga Framsóknarflokksins, sérstaklega í þessu máli, ber öll þess merki."

Þetta sagði hæstv. núverandi heilbrigðisráðherra á þeim tíma af því tilefni að við vorum að ræða breytingar á stjórnarskránni skömmu fyrir kosningar. Þá steig hér líka upp í pontu núverandi hæstv. utanríkisráðherra sem sagði á þeim tíma, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er grunnlög lýðveldisins og það er mikilvægt að um þau sé fjallað af mikilli ábyrgð og það sé reynt að ná sem breiðastri og víðtækastri samstöðu um þau mál."

Þetta eru nákvæmlega sjónarmið okkar sjálfstæðismanna í umræðunni sem hér fer fram. Það er einmitt þetta sem við erum að gera athugasemdir við og ég vil taka fram svo það dyljist engum að Sjálfstæðisflokkurinn hefur tekið þátt í vinnu við að endurskrifa stjórnarskrána. Það höfum við gert á vettvangi stjórnarskrárnefndarinnar sem enn hefur ekki verið slitið. Við erum þeirrar skoðunar að það sé brýnt að stjórnarskráin verði endurskoðuð. Við teljum rétt að 79. gr. stjórnarskrárinnar verði breytt þannig að ekki þurfi að ganga til kosninga í hvert sinn sem breytingar ná fram að ganga á þinginu. Við teljum jafnframt að með því að breyta þeirri grein sé í raun og veru búið að höggva á alla þá hnúta sem er að finna í þessari umræðu vegna þess að með því að breyta 79. gr. stendur ekkert í vegi fyrir því að menn haldi áfram umræðu um þessi mál strax að afloknum kosningum eftir 20 daga og eftir að þing kemur saman. Ef meiri hluti næst á þinginu um að gera tilteknar breytingar, hverjar sem þær kunna að verða, gengur málið einfaldlega til þjóðarinnar í kjölfarið og það verður óþarfi að boða til kosninga. Sá fyrirvari er auðvitað á þessu að nýtt þing staðfesti þær breytingar sem við náum saman um á þessu þingi.

Það er ekki bara sú staðreynd að málið er rekið áfram í ágreiningi á milli flokkanna sem vekur með manni ugg heldur líka það fordæmi sem með því er gefið, þar sem með breytingum á 79. gr. er opnað fyrir það að á næsta kjörtímabili verði breytingarnar staðfestar af nýju þingi og þá verði hægt að halda áfram á sömu braut. Það verður hægt að halda áfram með breytingar á stjórnarskránni með þeim hætti að henni verði breytt með einföldum meiri hluta og síðan gangi málið til þjóðaratkvæðagreiðslu og það er alveg tryggt að eftir að sátt hefur verið rofin um samstöðu um slíkar breytingar þá er hugmyndin um þjóðaratkvæðagreiðslu í raun og veru ónýt. Það verður búið að eyðileggja þá hugmynd vegna þess að sú þjóðaratkvæðagreiðsla mun aldrei snúast um neitt annað en það hvort menn styðji meiri hlutann á þinginu eða ekki. Slíkt væri áfallið fyrir meiri hluta þingsins ef þjóðaratkvæðagreiðsla gengi gegn honum. Það er sérstök ástæða til að hafa áhyggjur af því að hér skuli á sama tíma og 79. gr. er breytt lagt upp með það að láta þessar breytingar ná fram í ágreiningi. Þess utan er auðvitað fullkomlega óskiljanlegt hvað það er sem rekur á eftir breytingum sem felast í 1. og 3. gr. frumvarpsins og í sjálfu sér einnig 4. gr. frumvarpsins í ljósi þess hversu skammt er til kosninga.

Hvað er það sem rekur á eftir því að við eyðum öllum tíma þingsins í að deila um þetta mál en ræðum ekki frekar um þau örfáu brýnu mál sem liggja hér fyrir — ljúkum þingstörfum og göngum út í kosningabaráttu og göngum út í vorið og sólina? (Gripið fram í.) Það eru engin augljós rök fyrir því að lögfesta þurfi þessi atriði önnur en þau að tekist hefur um það samstaða og sátt á milli Framsóknarflokksins og minnihlutastjórnarinnar að svona skuli þetta verða gert.

Það er hörmulegt að horfa á það hvernig minnihlutastjórnin hefur kjöldregið Framsóknarflokkinn frá fyrsta degi, svikið allt það sem Framsóknarflokkurinn fór fram á gegn stuðningi við stjórnina. Það eina sem situr eftir, og minnihlutastjórnin getur staðið við, er í sjálfu sér þetta skrýtna mál, mál sem ég fullyrði að engir í þingliði minnihlutastjórnarflokkanna, Vinstri grænna eða Samfylkingarinnar, hafi neina sérstaka sannfæringu fyrir.

Hafi þeir sannfæringu fyrir því að mikilvægt sé að koma á stjórnlagaþingi hlýtur maður að spyrja aftur: Hvers vegna má þá ekki gera það eftir að nýtt þing kemur saman? Hvað kemur í veg fyrir að þingið sem kemur saman í maí taki þetta mál til umfjöllunar? Hvað er svona merkilegt við þetta mál umfram önnur mál sem við ræðum hér, sem sum hver verða látin daga uppi vegna þess að allt eins er hægt að ræða þau eftir að við komum saman að nýju? Mér sýnist t.d. að það muni eiga við um frumvarpið um eignaumsýslufélögin eins og þau eru kölluð. Það mál mun daga uppi vegna ágreinings í þinginu. Í sjálfu sér er enginn skaði að því ef ræða þarf þau mál áfram vegna þess að við getum tekið það til umfjöllunar á næsta þingi. Svarið við þessu er auðvitað það að það er ekkert sem rekur á eftir því að þetta sé klárað nú.

Það er líka kaldhæðnislegt að þessu máli sé teflt fram undir merkjum lýðræðisumbóta. Undir merkjum lýðræðisumbóta er þessu frumvarpi til breytinga á stjórnarskrá teflt fram en þegar umsagnaraðilar hreyfa athugasemdum þá er valtað yfir þá. Í engu er hlustað á þær athugasemdir að svona skuli ekki staðið að málum. Meira að segja hv. þm. Kristrún Heimisdóttir fjallar um það í ágætum viðtalsþætti, morgunþætti RÚV 29. mars sl., hversu mikilvægt það sé að vinna svona breytingar í sátt, gefa sér góðan tíma og það sé óheppilegt og óeðlilegt að leiða þær fram í ágreiningi hér á þinginu.

Það er nú margt fleira sem ágætur þingmaður sagði um stjórnarskrárbreytingar yfir höfuð og vinnslu þessa máls hér á þinginu í umræddum þætti. En sérstaklega finnst mér ástæða til að vekja athygli á þessu vegna þess að hv. þingmaður kemur líka inn á það að það eina sem síðasta stjórnarskrárnefnd náði samstöðu um, þ.e. breytingin á 79. gr., er í raun og veru lykillinn að því vandamáli sem við erum hér með. Það vita allir sem hafa kynnt sér aðdraganda þessa máls að hugmyndin frá Framsóknarflokknum, um stjórnlagaþing, sprettur upp úr þeim jarðvegi að við höfum verið í vandræðum með að hafa samfellda vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar allt kjörtímabilið. Þetta hefur haft tilhneigingu til þess að fara í þann farveg að skömmu fyrir kosningar setja menn kraftinn í slíkt endurskoðunarstarf og svo læsist öll umræðan í spennunni sem magnast upp í aðdraganda kosninga og menn ná ekki neinum árangri í störfum sínum. Það virðist hafa verið lærdómurinn af stjórnarskrárnefndinni fyrir kosningarnar 2007 og það er upp úr þessum jarðvegi sem hugmyndin um stjórnlagaþing sprettur og 79. gr. er lausnin. Hún er lykillinn að þessu vandamáli og hún dugar. Það má segja að það komi ágætlega fram í umræddum morgunþætti RÚV þar sem hv. þm. Kristrún Heimisdóttir fjallar um þessi mál frá ýmsum sjónarhornum.

Ég vil halda því fram að ótrúleg þversögn sé fólgin í því hjá þeim sem standa að þessu máli að tefla því fram í nafni lýðræðisins, senda það út til umsagnar, gefa umsagnaraðilum langt nef, hlusta ekki á hugmyndir þeirra til breytinga og taka ekkert mark á athugasemdum þeirra um að svona mál skuli ekki unnin í flýti. Fjölmargir þessara umsagnaraðila neituðu meira að segja að gefa umsögn. Það eru fjölmörg dæmi um umsagnaraðila sem einfaldlega svöruðu með þeim hætti að á þetta skömmum tíma væri ómögulegt að gefa umsögn. En málið, sem teflt var fram í nafni lýðræðisumbóta, skyldi hins vegar halda áfram í umræðum á þinginu. Þvílík þversögn. Þvílík málsmeðferð. Þvílík meðferð á hugtakinu lýðræði þegar menn ganga fram með þessum hætti, í raun og veru til fullkominnar skammar.

En það er ekki bara þetta eina met sem menn eru að slá. Það er ekki bara verið að rjúfa 50 ára hefð fyrir sátt um breytingar á stjórnarskránni á þinginu heldur virðist mér sem jafnframt sé verið að setja annað met. Það er verið að setja met í því hversu lengi þinginu er haldið að störfum í aðdraganda kosninga. Aldrei áður hefur kjósendum verið boðið upp á það að jafnfáir dagar líði frá slitum þingstarfa þar til kosið er. Það verður þá arfleifð hæstv. forseta þingsins, 2. þm. Norðvest., Guðbjarts Hannessonar, að hafa stýrt þinginu með þeim hætti að gengið var á rétt kjósenda til þess að eiga eðlileg samskipti við frambjóðendur, sérstaklega þá þingmenn sem eru hér að sækjast eftir endurkjöri, og með þeim hætti að allt fer í hnút og einungis örfáir dagar líða frá þingslitum fram að kosningum. Það verður arfleifð hæstv. forseta þingsins að hafa algerlega mistekist að leiða fram sátt um framgang mála hér á þinginu.

Við höfum margítrekað óskað eftir því að fá að ræða önnur mál sem eru minna umdeild. Það færi langbest á því að þetta mál, sem er í jafnmiklum ágreiningi og raun ber vitni, færi núna aftur inn til nefndar til frekari skoðunar og umræðunni yrði haldið áfram síðar og við tækjum á dagskrá mál sem ágæt sátt er um, fjölmörg mál sem augljóst er að geta haft tiltölulega greiðan framgang hér á þinginu. Ég tel að hægt sé að ljúka þingstörfum á einum til tveimur dögum ef vilji er hjá öllum þingflokkum til þess að láta málin ganga hratt fyrir sig. Það er auðvitað eina vitið í stað þess að setja nýtt met í fjölda næturfunda hér eftir síðustu breytingar á þingsköpunum.

[00:55]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langaði bara að leiðrétta það sem fram kom í máli hv. þingmanns um að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í sérnefnd um stjórnarskrármál hafi lagt fram breytingartillögur í nefndinni. Það gerðist ekki. Þær breytingartillögur sem hér hafa komið fram eru hins vegar að stórum hluta í átt til þess málflutnings sem viðkomandi hv. þingmenn höfðu uppi í nefndinni. Menn geta síðan deilt um það hvort nægjanlega stór skref séu stigin í þá átt.

Hv. þingmaður var mjög upptekinn af sáttinni og ég get tekið undir það. Það er mikilvægt að mál séu afgreidd í sátt og þeim mun stærri sem þau eru þeim mun betri þarf sáttin að vera. En mig langar að spyrja hv. þingmann hvort hann telji möguleika á því að kveða á um að náttúruauðlindir skuli vera í þjóðareign, hvort hægt sé að ná sátt um það við hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hér á þingi að náttúruauðlindir skuli vera í þjóðareign að teknu tilliti til einkaeignarréttar. Telur hv. þingmaður þann möguleika vera til staðar, virðulegi forseti, að ná megi sátt við fulltrúa Sjálfstæðisflokksins hér á hinu háa Alþingi um þetta ákvæði?

[00:57]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er að verða með allra óvenjulegasta móti þegar klukkan er að slá í eitt — ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson eigum að fara að ræða um það sem er mögulegt og ekki mögulegt að breyta í málinu. Þetta undirstrikar það sem ég var að segja áðan að það er langskynsamlegast að þetta mál fari aftur inn í nefnd til frekari skoðunar.

Það er allt mögulegt í viðræðum milli flokkanna á þeim vettvangi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið að ríkisstjórnum sem hafa haft það á stefnuskrá sinni að færa ákvæði um þetta efni í stjórnarskrá. Sjálfstæðisflokkurinn stóð að frumvarpi árið 2007 sem innihélt tillögu um sama atriði. Það er tvennt sem skiptir meginmáli í því frumvarpi og um það er fjallað í greinargerð í frumvarpinu. Það skiptir miklu máli að það eru ýmsar auðlindir sem lengi hafa verið annaðhvort háðar einkaeignarrétti eða þá að einstaklingum og lögaðilum hafi verið úthlutað heimildum til nýtingar þeirra og að slík réttindi skuli verja og vernda þrátt fyrir nýtt stjórnarskrárákvæði — það er sem sagt í fyrsta lagi mikilvægt að það sé ekki ætlunin að hagga við slíkum eignar- eða afnotarétti en á sama tíma er mikilvægt að tekin séu af öll tvímæli um að óbein eignarréttindi tengd (Forseti hringir.) nýtingarheimildum muni ekki leiða til beins eignarréttar.

[00:59]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil hv. þingmann þannig að það ætti að geta verið ágætur möguleiki á því að ná sæmilegri

sátt um þetta ákvæði. Ég gat ekki skilið hv. þingmann á annan veg. Ég tek undir með honum að það er mikilvægt að þetta mál komist á ný til nefndar til þess að hægt sé að fara yfir málið og leita þá leiða til þess að ná sáttum. Ég held að það skipti miklu máli að það mundi takast.

En til þess að málið komist til nefndar þá verður umræðunni hér að ljúka. (**Gripið fram í:** Það er óþarfi.) (**Gripið fram í:** ... þingreyndur maður að vita) Ég veit að möguleiki er á því að taka málið til nefndar í miðri umræðu en mér fyndist það nú vera dálítill dónaskapur. En það hins vegar ber nýrra við ef hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru að leggja það sérstaklega til að málið gangi til nefndar.

Ég hef ekki heyrt þessa tillögu áður en það kann að vera að hún hafi komið fram. Hún hefur alla vega farið fram hjá mér, að málinu verði frestað. (Gripið fram í.) Það var það sem ég átti við að það hefði kannski verið dónaskapur af okkar hálfu að taka málið út og leggja til að það færi til nefndar. Mér finnst horfa öðruvísi við ef hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins leggja það til vegna þess að þeir eru mjög margir hér á mælendaskrá. Ef þeir leggja þetta til finnst mér það koma fyllilega til skoðunar.

[01:01]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé einsýnt að um þetta mál er ekki sátt eins og það liggur fyrir þinginu. Það liggur jafnframt fyrir að hér eru fjölmörg mál sem við þingmenn Sjálfstæðisflokksins — og ekki bara við þingmenn Sjálfstæðisflokksins heldur líka þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, auk þingmanna Framsóknar og þingmanna Samfylkingarinnar og loks þingmanna Frjálslyndra teljum að ættu frekar að vera til umræðu þessa dagana. Allir þingmenn á Alþingi eru þess vegna sammála um að það eru önnur mál sem ættu að vera í forgangi.

Á meðan þetta mál er hér í ágreiningi og önnur mál bíða þess að komast á dagskrána tel ég að það væri skynsamlegt af forseta að mælast til þess við þann sem kom síðastur upp í ræðustól og er formaður stjórnarskrárnefndarinnar, eftir nýjustu breytingar á henni, að hann samþykki að taka málið aftur inn í nefndina til frekari skoðunar og 2. umr. um málið verði í millitíðinni frestað og önnur mál tekin á dagskrá.

[01:03]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði mér upphaflega að spyrja forseta að því hve lengi hann ætlaði á láta þingfund standa hér. Það er búið að boða þingfund klukkan hálfellefu í fyrramálið og það er mjög gott fyrir okkur þingmenn að vita hvað þingfundur á að standa langt fram á nótt. Meira að segja hetja hafsins, Grétar Mar Jónsson, hv. þingmaður er horfinn á braut þrátt fyrir það að segjast vera tilbúinn til þess að vaka í það óendanlega.

En nú hefur bæst við og komið sérstaklega fram að formaður sérnefndar um stjórnarskrármál lýsti því yfir að það væri ef til vill ástæða til að taka málið inn í nefndina aftur. Hér situr annar þingmaður í meiri hluta stjórnarskrárnefndarinnar, hv. þm. Atli Gíslason, og spurningin er hvort hann sé sama sinnis og hvort það sé ekki eðlilegt miðað við það að þessi tilmæli hafa komið fram frá starfandi formanni nefndarinnar að verða við þeim og slíta nú umræðunum og freista þess að ná samkomulagi um málið.

[01:04]

Ásta Möller (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það virðist sem nú á síðustu mínútum sé kominn nýr flötur í málið. Mér heyrist vera þannig tónn bæði í hv. formanni þingflokks Samfylkingarinnar Lúðvíki Bergvinssyni og jafnframt formanni Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarna Benediktssyni, að það gæti verið grundvöllur fyrir því að fresta umræðunni og taka málið til nefndar.

Ég er fyrir mína hönd og þingflokks sjálfstæðismanna fylgjandi því að hafa þann gang í málinu og ég hvet hæstv. forseta að taka af skarið og fresta nú þegar umræðunni og taka málið inn í nefndina til að freista þess að ná sameiginlegri niðurstöðu og sátt í málinu. Við værum alveg til í að taka þann snúning með hæstv. forseta.

[01:05]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég er næstur á mælendaskrá og eins og endranær þá virðist ég alltaf tala eftir klukkan eitt. Mér finnst það vera alger vanvirða við stjórnarskrána. Bara alger vanvirða.

Það hefur reyndar komið í ljós að ég er ekki voða vitlaus eftir klukkan eitt á nóttunni. Þetta gengur ágætlega. Ég held svona sæmilega skarpri hugsun. En þetta er ekki boðlegt, herra forseti.

En það sem ég ætlaði að spyrja herra forseta að er eftirfarandi: Á dagskránni eru 6 mál. Af þeim hef ég að minnsta kosti í þremur málum fyrirvara. Ef málinu væri nú vísað til nefndar, eins og hér hafa komið tillögur um, verða þá hin málin tekin í kjölfarið? Og þarf ég þá að bíða eftir því að koma með fyrirvara? Þetta er spurning til herra forseta.

[01:06]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér kom fram mjög merkileg sáttatillaga frá formanni Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssyni, um að málið yrði tekið inn í nefnd til þess að þar væri hægt að leita sátta og miðað við að formaður sérnefndar um stjórnarskrármál gefur sig út fyrir það í umræðunni að vera friðarins maður þá hlýtur hann að taka afstöðu til þessa góða tilboðs. Ég legg því til að hæstv. forseti fresti fundi á meðan ákvörðun er tekin um hvort á þessa tillögu verði fallist.

Verði það ekki gert þá mundi ég nú vilja að fá upplýsingar um það hversu lengi forseti hyggst halda þessum fundi áfram. Þannig vill til að ég á að mæta á fund í utanríkismálanefnd klukkan átta í fyrramálið til þess að ræða skýrslu fjárlaganefndar breska þingsins og mundi helst vilja vera vel áttaður og svona sæmilega sofinn á þeim fundi vegna þess að það mál varðar (Forseti hringir.) mikla þjóðarhagsmuni. (Forseti hringir.) Fyrir utan það að ég er fjölskyldumaður og þarf að gera einhverjar ráðstafanir. Þannig að mér þætti nú vænt um það (Forseti hringir.) ef hæstv. forseti gæti veitt mér þessar upplýsingar, í fullri vinsemd.

[01:07]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé óumflýjanlegt fyrir þær samræður sem fóru fram áðan milli hv. þm. Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, og hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, formanns stjórnarskrárnefndarinnar, að virðulegur forseti geri hlé á fundi um stund og kanni hvort möguleiki sé að fara með stjórnarskrármálið inn í nefnd í 2. umr. og reyni að leita sátta um þetta mikilvæga mál. Reyni að koma í veg fyrir að alþingismenn kasti rýrð á virðingu Alþingis með því að afgreiða þetta mikilvæga mál í svo miklum ágreiningi sem berlega hefur komið í ljós.

Það liggur fyrir að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa haft mikinn áhuga á því að ræða þetta mál rækilega. Það hefur ekkert þokast í samkomulagsátt eða náðst milli manna í þessari umræðu. En það er alveg greinilegt að það er ákveðinn flötur á málinu sem verður, virðulegi forseti, að láta reyna á í nefnd.

[01:09]

Ásta Möller (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tel einsýnt að það sé rétt að taka stutt hlé núna og vita hvort einhver möguleiki er á því að ná sáttum um að setja málið í nefnd aftur og fresta umræðunni. Ég óska eftir því að hæstv. forseti taki afstöðu til málsins og við stöðvum núna, gerum stutt hlé og komumst að niðurstöðu um hvernig verður fram haldið.

Að öðru leyti vil ég jafnframt benda á að það er fundur í utanríkismálanefnd í fyrramálið klukkan átta og það er fundur klukkan hálftíu í allsherjarnefnd. Hér hafa þingmenn verið á þingfundi í allan dag og á nefndarfundum í morgun. Og ég verð nú að segja það að ég hef dáðst að hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni sem hefur setið hér í allan dag og reyndar einnig hv. þm. Atli Gíslason og verið í andsvörum. Ég er farin að finna aðeins til með þeim hvað þeir eru orðnir lúnir og þreyttir. Ég mundi alveg styðja það (Forseti hringir.) ef hæstv. forseti vildi fara að stytta fundinn í annan endann. En ég ítreka (Forseti hringir.) að ég óska eftir því að stutt hlé verði gert til að leita niðurstöðu í þessu máli.

[01:10]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil benda forseta á að hann er forseti alls þingsins og þar af leiðandi líka forseti minn og ég spurði hann áðan spurningar. Mér finnst það ekki nógu gott að það sé eins og að tala við vegginn að tala við herra forseta. Ég spurði hann að því, ef þessi tillaga yrði samþykkt með þau mál sem ég er með fyrirvara um, hvort ég þyrfti þá að undirbúa mig undir það að skýra frá þeim fyrirvara.

Svo er ég einnig næstur á mælendaskrá og þótt ég sé ekkert voðalega sáttur við að hætta núna við allt í einu að halda þá ræðu sem er undirbúin og þarf eiginlega að klára frá því síðast og það ber svo vel í veiði að nú eru bæði hæstv. fjármálaráðherra og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson á staðnum, þó að ég sé ekki á móti að halda ræðuna því þá vildi ég gjarnan vita hvernig staðan er.

[01:11]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka tillögur og óskir um svör virðulegs forseta um hvað hann hyggist gera vegna þessa. Nú er komin fram tillaga, virðulegi forseti, um að fresta hér fundi og kanna hvort möguleiki sé á því að málið verði sett í nefnd. Síðan er önnur spurning sem hefur verið beint til forseta og forseti hefur ekki enn þá hirt um að svara. Hún er sú hversu lengi virðulegur forseti hyggst, ef ekki verður tekið tillit til þessarar sáttatillögu, halda áfram þingfundi í nótt. Það eru nefndafundir í fyrramálið og menn eiga að vera hér að störfum fram eftir allri nóttu.

Ég ætla ekkert að vitna í orð hv. þingmanna stjórnarliða, hvernig þeir hafa talað þegar næturfundir eru en það er alveg á hreinu að virðulegur forseti verður að gefa einhvern ádrátt um það hversu lengi hann ætlar að halda áfram, fram eftir nóttu með þetta mikilvæga mál.

[01:12]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti hefur nú hlýtt á ræður nokkurra hv. þingmanna og að sjálfsögðu hlustað grannt eftir því sem þar hefur komið fram. Forseta er fullkunnugt um að það er boðaður fundur í utanríkismálanefnd klukkan átta í fyrramálið. Það er auðvitað eðlilegt að hv. þingmenn fái einhverja hvíld áður en sá fundur hefst. Forseti hefur einnig tekið eftir því að það virðist vera vaxandi sáttahugur í hv. þingmönnum og það er eðlilegt að hlusta eftir því einnig. Það er einnig eðlilegt að svara hv. þm. Pétri H. Blöndal varðandi það að ef til þess kæmi að þeim dagskrárlið sem nú er yrði frestað er ekki ætlunin að taka fyrir önnur dagskrármál.

En forseti tók einnig eftir því að hv. þingmaður taldi vel liggja við að hv. þingmaður fengi að halda ræðu sína nú og forseti metur það því svo að það sé eðlilegt að hv. 6. þm. Reykv. n., Pétur H. Blöndal, fái að halda ræðu sína og lítur svo á að umræðum um fundarstjórn forseta sé lokið að sinni.

[01:14]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég flutti ræðu um þetta leyti fyrir nokkrum dögum og ræddi hugmyndir mínar um stjórnarskrá, ég er hræddur um að afskaplega fáir hafi tekið eftir því. Ég gæti farið þá leið, herra forseti, að senda öllum þingmönnum þessa ræðu mína, eða link á hana, þannig að menn geti athugað hvaða hugmyndir ég hef um stjórnarskrá.

Ég hef töluvert byltingarkenndar hugmyndir um stjórnarskrá og lít þannig á að stjórnarskráin sé fyrst og fremst heimspeki, eigi að fjalla um mannréttindi og eiginlega ekkert annað. Mér finnst — ég gat þess ekki þá en ég get bætt því við núna — margir sem um þetta fjalla, það eru oft á tíðum lögfræðingar, frú forseti, vilja gæða stjórnarskrána einhverju lagaígildi. Í mínum huga er stjórnarskráin eingöngu heimspeki. Hún er í ætt við boðorðin tíu ef eitthvað er og ætti að vera svipuð, hún ætti nefnilega að vera svipuð, auðskilin og klár og segjandi og ekki allt að því ljúgandi eins og núverandi stjórnarskrá. Núverandi stjórnarskrá segir eitt og annað um forsetann sem ekkert er að marka af því að

13. gr. stjórnarskrárinnar tekur það allt úr sambandi með því að forseti lætur ráðherra framkvæma vald sitt, mjög merkilegt ákvæði og skrýtið og óskiljanlegt venjulegu fólki.

Ég var kominn að því að ræða nokkuð um umsagnir. Heilmikið hefur verið rætt um þessar umsagnir, frú forseti, og hafa sumir sagt að maður eigi ekki að endurtaka sig og ekki að endurtaka það sem aðrir hafa sagt. Ég hef reynt að gera það, en ég þarf líka að segja mína skoðun á þessu, við erum jú að ræða þessar umsagnir. Það sem mér finnst verst í þeim umsögnum sem liggja fyrir, ég ætla bara að fara í gegnum örfáar, eru aðallega þeir aðilar sem segjast ekki geta gefið umsögn af því að tíminn sé svo stuttur. Mér finnst það virkilega miður. Ágúst Þór Árnason, Háskólanum á Akureyri, gefur t.d. þá umsögn að hann geti ekki gefið umsögn af því að tíminn sé svo stuttur. Við fáum því aldrei að vita hvað sá maður vildi eða hvað hann hélt um stjórnarskrána.

Margir hafa talað um að þjóðin eigi að tala, þjóðin, það er alltaf verið að tala um einhverja þjóð. Krafan hefur verið sú að þjóðin eigi að koma að þessu máli og allt svoleiðis. Ég lít þannig á, frú forseti, að þessi umsagnabunki sé frá þjóðinni. Ef einhvers staðar er þjóð þá er það í þessum umsögnum. Það var gefið út að menn gætu skilað inn umsögnum og það hefur verið regla á Alþingi að nánast hver sem er, sem hefur áhuga á málinu, getur gefið umsögn. Ég veit ekki betra dokúment um þjóðina en þær umsagnir sem bárust til nefndarinnar. Það er mjög erfitt að finna vilja þjóðarinnar öðruvísi, ekki er hægt að láta 320 þús. manns tala á einhverjum fundi, alla vega ekki samtímis.

Hér er umsögn frá Hafsteini Þór Haukssyni þar sem hann útskýrir af hverju við viljum breyta stjórnarskrá. Hann segir, með leyfi forseta:

„Í kjölfar efnahagshrunsins hafa komið fram tillögur um að breyta stjórnskipan Íslands, jafnvel efna til sérstaks stjórnlagaþings ...“

Undir fyrirsögninni: „Stjórnskipunin þarf að standa af sér storminn,“ segir hann, með leyfi forseta:

„Ein meginástæða þess að jafnan er flóknara að breyta stjórnarskipunarlögum en öðrum lögum er sú að stjórnarskipunarlögum er ætlað að vera grundvallarlöggjöf sem stendur af sér tímabundnar pólitískar stefnubreytingar. Stjórnarskipunarlögin mynda þannig ákveðinn ramma utan um stjórnmálalífið sem þátttakendur í stjórnmálum, og raunar allir þjóðfélagsþegnar, þurfa að virða. Þetta hefur verið orðað svo að stjórnarskráin eigi að vera hafin yfir dægurþras stjórnmálanna. Takist þetta getur stjórnarskrá verið mikilvægt framlag til réttarríkis þar sem þjóðfélagsþegnarnir geta verið vissir um, og miðað ákvarðanir sínar við, að ákveðin grundvallaratriði réttarkerfisins haldist óbreytt til langs tíma.

Eigi stjórnarskipunarlög að vera til þess fallin að sinna framangreindu hlutverki hlýtur almennt að teljast heppilegra að slík lög séu sett að vel ígrunduðu máli og í sem mestri sátt þeirra sem búa eiga við þau. Sú tortryggni og þau átök sem nú einkenna íslenska þjóðmálaumræðu eru því ekki heppilegur jarðvegur fyrir samningu stjórnarskrár. Vissulega má benda á ýmis dæmi um stjórnarskrár sem samdar hafa verið við erfiðari aðstæður en uppi eru hér á landi en séu breytingar á stjórnarskránni ekki óhjákvæmilegar án tafar, svo sem í kjölfar nýfengins sjálfstæðis, hlýtur alla jafna að vera betra að geyma slíka vinnu þar til hægist um í þjóðfélaginu.“

Hér er sagt mjög greinilega að ekki eigi að breyta stjórnarskránni við svona viðkvæmt ástand eins og nú er. Reyndar hefur verið bent á þetta atriði af öðrum en ég vildi koma því að að þetta er líka mín skoðun.

Ég nefndi líka athyglisverða hugmynd um það að til stjórnlagaþings verði ekki kosið heldur verði fulltrúar hreinlega valdir úr þjóðskrá með tilviljunarkenndum hætti. Þetta er frá Samtökum um lýðræði og almannahag, Þór Saari. Athyglisverð hugmynd nema það að hann vill velja 600 manna úrtak og jafnmarga til vara og þurfa þykir vegna forfalla, áhugaleysis eða vanhæfis, og hann vill að stjórnlagaþingseta verði fullt starf. Hann talar um vanhæfi og þá þarf líklega að setja einhverja nefnd sem metur hvort fólk kunni að lesa o.s.frv. Þó að hugmyndin sé nokkuð skemmtileg hygg ég að hún sé, vegna þessa ákvæðis, kannski illframkvæmanleg.

Frá BSRB kemur mjög athyglisverð umsögn, með leyfi forseta:

„BSRB styður öll ofangreind ákvæði frumvarpsins og telur mikilvægt að það verði samþykkt fyrir þinglok.“

Mjög athyglisvert, þeir hafa bara enga skoðun á málinu, þeir ætla bara að samþykkja allt saman. Það skyldi nú ekki vera vegna þess að hæstv. heilbrigðisráðherra er og hefur verið formaður þessara samtaka og hefur í rauninni breytt þeim í stjórnmálaflokk. Formaður samtaka opinberra starfsmanna hefur í reynd breytt þeim samtökum í stjórnmálaflokk.

Hér eru nokkrar umsagnir frá orkufyrirtækjum, Rarik, HS Orku, Samorku o.s.frv. Öllum þeim umsögnum er það sameiginlegt að — eins og kemur fram í umsögn frá HS Orku, með leyfi frú forseta:

„HS Orka vill þó nota tækifærið og árétta sérstaklega að sá frestur sem gefinn er til svo veigamikilla breytinga er ekki boðlegur. Þá er skilgreiningu hugtaka mjög ábótavant og loks tekur HS Orka hf. undir kröfu Samorku um að frestað verði að taka inn í stjórnarskrána efnisatriði 1. gr.“

Í umsögn Landssambands smábátaeigenda kemur líka fram — ég ætla að lesa stutt úr því, ekki allt, með leyfi forseta:

„LS finnst mjög miður hversu knappan tíma það hefur til umsagnar um þetta mikilvæga mál.“

Þetta er eiginlega grunntónninn í mjög mörgum umsögnum en þó ekki öllum, ekki frá BSRB t.d., þeir höfðu alveg nægan tíma til að veita sína djúphugsuðu umsögn.

Í nefndaráliti meiri hluta sérnefndarinnar eru lagðar til töluverðar breytingar á frumvarpinu. Það er í sjálfu sér jákvætt og sýnir að menn hafa lagt í þetta töluverða vinnu á þeim ótrúlega stutta tíma sem menn höfðu til stefnu. Þeir tala þar um náttúruauðlindir og það er hugtak sem mér er hugleikið, þ.e. hvað er auðlind, hvað þá náttúruauðlind.

Þjórsá er t.d. eitt dæmi um náttúruauðlind. Menn líta á hana sem orku, þar er fallorka. Fyrir 200 árum, við skulum fara svo langt aftur, þá var hún bölvaldur. Hún var bölvaldur sem stóð í vegi fyrir samgöngum og það þurfti ferjumenn til að komast yfir þessi ósköp — ég efast ekki um að margir hafi misst hund sinn eða hest í Þjórsá og jafnvel ein-

hverjir drukknað. Þjórsá var greinilega ekki auðlind á þeim tíma. Svo breyttist hún í auðlind með tímanum. Þegar búið er að setja svona í stjórnarskrá, sem á að vera varanleg til lengri tíma, þá dettur ýmislegt inn og út. Hér hefur verið nefnt, af hv. þm. Jóni Magnússyni, að auðlind getur líka horfið, fiskstofn getur horfið — það var sennilega hv. þm. Árni M. Mathiesen sem nefndi að auðlind getur farið, fiskur sem er í kvóta getur hætt að vera í kvóta og svo getur hann líka komið inn eins og makríll, allt í einu getur einhver fiskstofn sem ekki var auðlind orðið auðlind.

Það er fleira sem getur verið auðlind. Ég gat þarna um orkuna sem var einu sinni ekki auðlind, þ.e. fallvötnin. Ég nefni rafsegulbylgjur, þ.e. úthlutun útvarps- og sjónvarpsbylgna eða slíks — að þegar farið er að úthluta því verða það gífurleg verðmæti varðandi t.d. GSM-síma og allt slíkt. Allt í einu er það sem menn vissu ekki einu sinni að væri til orðin auðlind.

Ég minni á Bill Gates sem bjó til Microsoft og allan þann hugbúnað, Windows. Hann hefur aldrei selt neitt efnislegt og samt er hann moldríkur, sennilega ríkasti maður heims, (Gripið fram í.) vegna þess að hann uppgötvaði ákveðna auðlind sem er forritun, þessi hugsun hans fyrst með DOS-kerfið, Disc Operating System, sem hann fann upp í bílskúrnum heima hjá sér og svo fór hann að búa til þetta Windows-kerfi sem sló í gegn. Þá allt í einu verður hann moldríkur úr engu. Allir menn á jörðinni hefðu getað fundið þetta kerfi upp en hann gerði það einn og þetta var greinilega auðlind. Er þetta eitthvað sem þjóðin á, t.d. bandaríska þjóðin, eða á hann þetta sjálfur?

Það er sem sagt mjög erfitt að segja hvað er auðlind. Ef maður lítur á orðið sjálft segir maður auð-lind, það er lind sem auður streymir upp úr. Það er bara ekki rétt því að það gerist ekki neitt fyrr en maðurinn kemur að því, mannshöndin eða mannshugurinn aðallega. Þetta er í rauninni hugvitið, og kannski erum við ekki að tala um auðlind, ekki um náttúruauðlindir, heldur um mannauð. Það skyldi nú ekki vera að menn séu í rauninni að tala um mannauð?

Sumir einblína mjög á fiskveiðistefnu og auðlindina í sjónum. Sumir eru svo uppteknir að þeir sjá eiginlega ekkert annað, sjá ekki allt það sem ég er að benda á. Hvenær varð fiskurinn í sjónum auðlind, vita menn það? Það gerðist 1983 þegar aðgangurinn var takmarkaður. Það er ekki fyrr en þá að þetta varð auðlind þegar sumir fengu að veiða og aðrir ekki, þá varð þetta auðlind. Það var gert til þess að takmarka aðgang að auðlindinni þannig að fiskurinn í sjónum hyrfi ekki vegna þess að tæknin var komin á það stig að mjög auðvelt varð fyrir mjög vel vélvædd skip að veiða upp allan stofninn. Það var sem sagt tæknin sem gerði það að verkum að takmarka þurfti aðganginn og eftir að búið var að takmarka hann varð þetta auðlind. Það er því ekkert voðalega auðvelt að sjá hvað það er.

Áður fyrr borguðu menn — það er kannski ljótt að segja það — með mannslífum. Það var óskaplega mikið manntjón í sjávarútvegi. Í vetur barst t.d. sú gleðilega frétt, sem ég var alveg hissa á að menn skyldu ekki halda upp á, að í fyrsta skipti, árið 2008, fórst enginn maður á sjó, enginn. Síðustu öld fórust 4.000 manns, það eru 40 manns á ári að meðaltali, nánast einn á viku. Þetta hefði þjóðin átt að halda upp á þegar maður hugsar um allar þær ekkjur og öll þau börn sem hafa misst feður sína í sjóinn. Sú hefur alla tíð verið raunin frá því að Ísland byggðist, m.a.s. þegar menn fóru yfir hafið til Íslands fórust margir. Þetta varð því ekki auðlind fyrr en skipin urðu svo örugg og reglurnar svo góðar, öryggisreglurnar og allt það, að menn gátu í rauninni veitt fiskinn upp.

Þetta var um auðlindina og ég gæti talað mikið um sameign, einkaeignarrétt og allt það en ég ætla ekki að gera meira af því. Menn tala sem sagt um ríki og þjóð, það er nú eitt — ég veit ekki hvað ég á að kalla það. Eins og ég benti á í kvöld, í andsvari held ég að það hafi verið — já, við hv. þm. Jón Magnússon. Ég benti á að til eru þjóðir sem búa í mörgum ríkjum, eins og Kúrdar, og til eru ríki sem í búa marga þjóðir, eins og Belgíumenn. Það er því ekki samasemmerki milli ríkis og þjóðar. Ríki er í mínum huga lögpersóna sem hirðir t.d. af mér skattinn. Ég er ekkert ríki, ég get ekki labbað inn í eitthvert ríkisfyrirtæki og hirt einn stól og sagt: Ég á þennan stól. Það er ekki þannig heldur er ríkið lögpersóna sem heldur utan um sitt og það er einmitt hlutverk stjórnarskrár að takmarka völd ríkisins. Ég fór mjög vel í gegnum það þarna um nóttina, og ég ætla ekki að fara að endurtaka það, til hvers stjórnarskrá væri og til hvers ríki væri. Ég rökstuddi það allt saman í þeirri ræðu.

Frumvarpið — ég ætla kannski bara að hlaupa aðeins yfir það, tíminn líður svo hratt. Ég ætla að fara í gegnum núverandi fyrirkomulag á breytingum á stjórnarskrá. Það er því miður afskaplega þunglamalegt. Ég fór í gegnum það í umræddri ræðu minni um nóttina, fór í gegnum ýmsa galla í stjórnarskránni. Hún er alveg meingölluð, frú forseti, og ég er mjög áfram um að henni verði breytt umtalsvert. Einn af göllunum er einmitt breytingar á stjórnarskránni. Það stendur í stjórnarskránni, 79. gr., að þegar búið er að samþykkja breytingu á stjórnarskránni á Alþingi skuli rjúfa þing og það á að kjósa um breytinguna. Í reynd er það þannig að menn fresta alltaf breytingunni þangað til kemur að lokum kjörtímabils af því að menn vilja ekkert vera að hætta þingi. Breytingin á sér því alltaf stað eiginlega á fjögurra ára fresti, rétt fyrir lok kjörtímabils, af því að það þarf að rjúfa þing og boða til kosninga og svo er kosið. Kosið er um þing til næstu fjögurra ára samhliða breytingu á stjórnarskránni og sú breyting hverfur alltaf í skuggann af kosningu til Alþingis til fjögurra ára. Þetta hvort tveggja er mjög slæmt.

Alþingi er líka að vinna að breytingum á stjórnarskránni í aukaverkum. Skipuð er nefnd og hún hittist endrum og eins, einu sinni í mánuði eða þar um bil, og fær sérfræðinga o.s.frv., en þetta eru allt saman aukastörf. Ég er því mjög hlynntur þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir á 79. gr., að sett verði á laggirnar sérstakt stjórnlagaþing sem geri ekkert annað en að breyta stjórnarskránni og hægt sé að breyta stjórnarskránni með einni einfaldri breytingu þannig að ekki þurfi alltaf að rjúfa þing og að þjóðin greiði atkvæði um stjórnarskrárbreytinguna eina sér. Menn hafa reyndar talað um að þetta sé gert í samfloti við aðrar kosningar eins og sveitarstjórnarkosningar og annað slíkt, mér finnst það vera móðgun við stjórnarskrána. Það á að kjósa um þessa breytingu eina sér og þó að það kosti peninga, frú forseti. Stjórnarskráin er í mínum huga það verðmæt að menn eiga ekki að horfa í það.

Þetta hvort tveggja ræði ég — ég er sem sagt mjög hlynntur því að breyta 79. gr., það er eiginlega það eina sem þarf að breyta til þess að við getum farið að breyta stjórnarskránni oftar. Ég lagði fram frumvarp á mjög öflugum landsfundi sjálfstæðismanna — sem var samþykkt — einmitt í þá veru að stjórnarskránni yrði breytt, 79. gr., þannig að hægt sé að breyta stjórnarskránni. Þetta var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á þeim öfluga og sterka fundi.

Ég vil að menn einhendi sér í að breyta 79. gr. Hættan er sú að 1., 3. og 4. gr. — mér finnst eins og það sé verið að plata mig og Framsóknarflokkinn, það sé hreinlega verið að plata okkur. Þarna er verið að breyta ákvæði um auðlind, það er verið að setja inn ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur. Bíðum við, á ekki að fara í gang með stjórnlagaþing sem á að breyta stjórnarskránni? Af hverju eru menn að breyta þessu ef stjórnlagaþing á að fara í gang? Ég hef grun um að menn ætli ekkert að fara í gang með stjórnlagaþing. Það er verið að plata mig og Framsóknarflokkinn, það getur ekki annað verið. Af hverju erum við að breyta 1. gr., af hverju eru menn með 1. og 3. gr. ef það á að fara að breyta stjórnarskránni í heild sinni?

Nú er tími minn búinn, frú forseti, en ég þarf að fá að klára önnur mál.

[01:34]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hv. þm. Péturs Blöndals var athyglisverð um margt. Meðal annars heldur hann því fram að stjórnarskráin sé frekar heimspeki en lög. Ég get ekki verið sammála honum um það vegna þess að stjórnarskráin er náttúrlega grundvallarlög íslenska ríkisins. Hins vegar eru stjórnarskrár til orðnar vegna þeirra heimspekihugmynda sem urðu til á sínum tíma á 17. og 18. öld þannig að í sjálfu sér skila þær sér inn eftir langar og miklar umræður.

Síðan var hv. þingmaður í heimspekilegum hugleiðingum eins og það hvað væri auðlind og hvernig ætti að skilgreina það hugtak. Ég velti þá fyrir mér spurningu sem er í byrjendanámskeiði í heimspeki þar sem spurt er: Heyrist hljóð úti í skógi þar sem tré fellur og enginn er nálægt? Menn geta svo velt fyrir sér svarinu við því.

Hv. þingmaður vildi skilgreina auðlind með þeim hætti að það væri ekki auðlind nema hinn mannlegi máttur kæmi þar að og þá spyr ég: Er gullnáma á eyðiey auðlind eða ekki? Eða eru hugsanlegar olíulindir á Drekasvæðinu auðlind þó að þær séu ekki nýttar eða hafi ekki fundist? Svar mitt er já, auðvitað eru þetta auðlindir. Að sjálfsögðu er það síðan dómstóla að skera úr og fjalla um með hvaða hætti slíkt er á hverjum tíma. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að skilgreiningar og viðmiðanir breytast í tímans rás. Hins vegar er það svo að löggjöfin, þjóðfélagið tekur breytingum og dómstólar hafa alltaf heimildir og nýta sér heimildir til að skilgreina með hvaða hætti og hvernig á að skilja einstök ákvæði þess vegna stjórnarskrár sem og annarra laga.

[01:36]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður sagði að stjórnarskráin sé grundvallarlög íslenska ríkisins. Til hvers er ríkið eiginlega? Ég lít þannig á að stjórnarskrá eigi að tryggja mannréttindi númer eitt, tvö og þrjú, að vernda einstakling fyrir öðrum einstaklingum, gera kröfur fyrir hans hönd á hendur öðrum einstaklingum, eins og t.d. um framfærsluskyldu foreldra við börn sín, lítið barn á kröfu á foreldra sína um framfærslu. Til að sjá um að þessi mannréttindi séu haldin stofnum við ríki og við skiptum ríkinu í þrjár deildir til að vernda einstaklinginn fyrir ofurvaldi ríkisins. Menn þurfa að átta sig á því til hvers stjórnarskrá er og til hvers ríkið er en ekki að segja að stjórnarskrá sé grundvöllur íslenska ríkisins. Íslenska ríkið er einfaldlega tæki til að vernda mannréttindi.

Varðandi það að gull sé auðlind þá langar mig til að hv. þingmaður ímyndi sér að hann sé uppi á Sprengisandi fótbrotinn með 100 kg af gulli, það er miður vetur, og sjá hvað hann gerir við allt gullið í þeirri stöðu.

[01:38]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var óttalegur útúrsnúningur því að ég spurði einfaldlega: Er gullnáma á eyðiey auðlind þó hún hafi ekki verið tekin í notkun? Eru olíulindirnar á Drekasvæðinu auðlind? (**Gripið fram í:** Nei.) Það er í sjálfu sér hægt að svara því og ég tel að þær séu auðllind. Það á bara eftir að finna þær og nýta.

Hv. þm. Pétur Blöndal velti líka fyrir sér hugtakinu ríki og þjóð. Þetta eru ekki hlutir sem þarf að velta mikið fyrir sér eða vandræðast mikið með. Það er hins vegar hárrétt athugun hjá hv. þingmanni að það er iðulega þannig að innan sama ríkis eru jafnvel margar þjóðir. Við getum tekið land eins og Tékkóslóvakíu sem var í raun tilbúið ríki sem var búið til í kjölfar fyrri heimsstyrjaldar. Það sundraðist síðan og var lagt undir þýska stórríkið í seinni heimsstyrjöld og var síðan myndað aftur. Í sjálfu sér voru engar forsendur fyrir því að þetta ríki starfaði sem eitt ríki og það klofnaði síðan í tvennt í Tékkland og Slóvakíu. Þar voru þær tvær þjóðir skilgreindar með eðlilegum afmörkunum. Menn geta velt fyrir sér Afganistan þar sem eru margar þjóðir en samt sem áður er það eitt ríki. Sviss er dæmi um land sem með ákveðið sambandsríki vegna þess að þar eru mismunandi hópar sem koma að. Belgía er hins vegar land þar sem eru tveir meginflokkar. En þetta eru samt sem áður eitt ríki og þetta veldur engum vandamálum í skilgreiningu hvað þetta varðar og þarf ekkert að velta því fyrir sér. Sér í lagi ekki hér á landi þar sem það liggur mjög vel fyrir hver eru hin ytri mörk ríkisins, þ.e. það er afmarkað af hafinu í kringum landið og við erum því ein einsleitasta þjóð sem til er í veröldinni. Þessar hugleiðingar hv. þm. Péturs Blöndals gætu átt við ef hann væri þingmaður í Belgíu, Sviss eða Afganistan en varla hér.

[01:40]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að byrja á þessari umræðu um ríki og þjóð. Það stendur í frumvarpinu að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign. Ég tel að þetta hugtak sé ekki til vegna þess að þjóð (Gripið fram í.) er eitthvað mjög óskilgreint hugtak. Hins vegar gæti maður

sagt að þær séu ríkiseign, það væri alveg á tæru að segja ríkiseign. Þjóð er afskaplega óskilgreint hugtak eins og ég gat um, sums staðar eru margar þjóðir í einu ríki og annars staðar er sama þjóðin innan margra ríkja. Það væri t.d. mjög erfitt að segja að eitthvað væri þjóðareign Kúrda sem búa í fjórum eða fimm ríkjum. Mér finnst þetta vera mjög óskýrt og alls ekki hreint hugtak.

Varðandi gullið á eyðieynni, það er einskis virði þegar enginn veit um þessa eyðiey. Það er ekki fyrr en einhver finnur það og fer að beita hugkvæmni sinni og krafti til að nýta það, þá verður það auðlind, þá fyrst verður það auðlind. Þegar allt gullið í námunni hefur verið klárað hættir það að vera auðlind. Hlutir geta komið inn sem auðlind og farið aftur út úr hugtakinu auðlind. Mér finnst mjög varasamt eða undarlegt að setja eitthvað inn í stjórnarskrá sem á að vera varanleg til að vernda mannréttindi og því skil ég ekki af hverju verið er að setja þetta ákvæði í stjórnarskrá um auðlindina nema til að vernda einhverja hagsmuni sem mér finnst vera dálítið langt frá því sem ég lít á sem hlutverk stjórnarskrár sem er verndun mannréttinda.

[01:42]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Mér hefur enn ekki gefist tími til að fjalla um einstakar greinar frumvarpsins. Ég hef fjallað um það almennt og um stjórnarskrárbreytingar, vinnuna í sérnefndinni og hvernig þeirri vinnu hefur fleygt fram. Ég hef talað um að ef samþykkt yrði ákvæði 4. gr., þ.e. í samræmi við þá breytingartillögu sem fyrir liggur eða eins og það var í 4. gr., þá tel ég að það mundi leiða til stjórnskipulegrar ringulreiðar. Ég er alfarið á móti því að sett sé slíkt bráðabirgðaákvæði í stjórnarskrá og tel að með því sé Alþingi að rýra vald sitt. Á sama tíma og kallað hefur verið eftir því að auka vald Alþingis er lögð fram tillaga sem felur í sér að draga á úr valdi Alþingis. Eins og ég minntist á í frumræðu minni um stjórnarskrána hefur Alþingi ákveðin skilgreind völd samkvæmt stjórnarskránni. Alþingi hefur lagasetningarvald, Alþingi hefur fjárveitingavaldið og Alþingi hefur vald til að gera breytingar á stjórnarskrá. Þetta þrennt er í raun það valdsvið sem Alþingi hefur.

Því má bæta við að Alþingi verður að sætta sig við stjórnarskrá. Í því felst þingbundin ríkisstjórn. Það verður að sætta sig við að ríkisstjórn getur setið svo lengi sem ekki verður samþykkt vantraust á ríkisstjórnina. Af því að það virðist eitthvað fara á milli mála í umræðunni vil ég geta þess sérstaklega að eðlileg skilgreining á því hvað telst vera stjórnarsinnar, stjórnarflokkar eða flokkar í stjórnarandstöðu þá liggur það alveg fyrir að flokkur sem hefur tekið að sér að verja ríkisstjórn falli er ekki flokkur í stjórnarandstöðu. Það er flokkur sem er hluti af þeirri ríkisstjórn sem um er að ræða. Þess vegna er Framsóknarflokkurinn ekki stjórnarandstöðuflokkur heldur í raun hluti af þingliði ríkisstjórnarinnar, eins og kemur m.a. fram í þessu máli þar sem Framsóknarflokkurinn vinnur að því með ríkisstjórnarflokkunum að koma fram með þær tillögur sem hér er um að ræða og standa að þeim meiri hluta sem knúði þetta úr sérnefndinni um stjórnarskrána.

4. gr. þar sem fjallað er um stjórnlagaþing var upphaflega þannig að miðað var við það að þingið skyldi sett að loknum alþingiskosningum vorið 2009 og síðan segir: „Stjórnlagaþing setur sér sjálft starfsreglur.“ Miðað við það að gert var ráð fyrir að stjórnlagaþingið kæmi saman vorið 2009, þ.e. á svipuðum tíma og nýkjörið Alþingi kæmi saman, var það í sjálfu sér ekki órökrétt að leggja áherslu á að setja það bráðabirgðaákvæði inn í stjórnarskrá sem þannig hljóðaði. En með breytingartillögum meiri hluta stjórnarskrárnefndarinnar hefur heldur betur orðið breyting á þessu atriði og þá segir allt í einu að þingið skuli koma saman 17. júní 2010, eða rúmu ári eftir fyrirhugaðar alþingiskosningar sem eiga að fara fram 25. apríl næstkomandi. Þá er spurningin: Hvaða þörf er á að Alþingi taki ákvörðun um að setja þetta bráðabirgðaákvæði með þessum hætti? Svarið er einfaldlega það að eins og nú háttar til er engin þörf á að setja inn þetta bráðabirgðaákvæði í stjórnarskrá. Stjórnlagaþingið á ekki að koma saman fyrr en rúmu ári eða 14 mánuðum eftir alþingiskosningar og af sjálfu leiðir að það væri því eðlilegt viðfangsefni þess þings sem kjörið verður í lok þessa mánaðar að fjalla um það hvort það telji eðlilegt að hafa hlutina með þeim hætti sem hér er lagt til.

Ég hef lýst yfir að ég er alfarið á móti hugmyndum um sérstakt stjórnlagaþing. Mér finnst það röng og hættuleg aðferðafræði. Ég velti fyrir mér hvernig menn ætli að fara að þegar þeir eru annars vegar með 63 þingmenn á Alþingi Íslendinga við að fjalla m.a. um breytingar á stjórnarskrá og eru síðan með 41 þingmann á sérstöku stjórnlagaþingi til að fjalla um hlutina með sama hætti. Hvaða vit ætti að koma út úr slíkri stjórnskipulegri ringulreið? Ég held að það eina sem gæti komið út úr slíku væri vit-leysa. Af hverju skoðum við ekki hvernig nágrannaþjóðir okkar hafa farið að, t.d. sú þjóð sem hefur gengið frá víðtækustu breytingum á stjórnarskrá sinni í fullkominni sátt? Og er ég þá að tala um Svíþjóð. Af hverju getum við ekki hugað að aðferðafræði og starfsaðferðum eins og þar í landi þar sem mynduð var sérstök stjórnarskrárnefnd, stór stjórnarskrárnefnd, þar sem sátu helstu stjórnmálaleiðtogar þjóðarinnar, bæði starfandi og fyrrverandi? Í nefndinni sátu fræðimenn og ýmsir aðrir málsmetandi aðilar sem komið höfðu að ýmsum atriðum þjóðlífsins í Svíþjóð. Þeir aðilar sátu á rökstólum um nokkurra ára skeið og þeim tókst að ná fullkominni sátt og samkomulagi um hvernig skyldi leggja hlutina fyrir þing Svíþjóðar og það var gert með ákveðnum skýrslum sem ég vísaði í í frumræðu minni um þetta mál, að því er mig minnir í desember síðastliðnum. Sú leið væri mun skynsamlegri og líklegri til að ná vitlegum árangri til að gera þær breytingar á stjórnarskránni sem vissulega væri ástæða til að taka upp margar hverjar. Ég hef nefnt nokkrar og tel að aðrar hljóti að koma til skoðunar, m.a. að leggja áherslu á að auka vald Alþingis, sem ég tel mjög mikilvægt, og gefa Alþingi möguleika á ákveðnum frumkvæðisrétti. Þegar efnahagshrunið varð birtist vanmáttur Alþingis að mörgu leyti með gleggri hætti en nokkru sinni fyrr. Hvers vegna? Vegna þess að Alþingi hafði engan frumkvæðisrétt, hafði ekki möguleika í raun til að gera nauðsynlegar ráðstafanir eða gangast fyrir nauðsynlegum ráðstöfunum. Eini möguleikinn eða kostur Alþingis var að koma með fyrirspurnir eða athugasemdir, leita eftir upplýsingum eða þá hreinlega að samþykkja vantraust á sitjandi ríkisstjórn en það er í sjálfu sér ekki beinlínis eitthvað sem skilgreint er sem frumkvæð-

isréttur löggjafarþings. Spurningin var því um að veita Alþingi ákveðinn frumkvæðisrétt, sem hefði verið mikilvægur, og þess vegna setja ákveðin ákvæði sem m.a. einn fyrrverandi þingmaður, Vilmundur Gylfason heitinn, barðist mikið fyrir, m.a. um að settar væru sérstakar rannsóknarnefndir á fót sem gæfu Alþingi og alþingismönnum möguleika á að hafa ákveðið frumkvæði sem ekki er möguleiki á í dag. Ég hygg að hv. þingmenn ættu að huga að því með hvaða hætti og hvernig nauðsynlegt er að gera breytingar á íslensku stjórnarskránni til að auka veg, völd og virðingu Alþingis, til að Alþingi geti brugðist við, geti haft ákveðinn frumkvæðisrétt sem er nauðsynlegur, sem var ákall þjóðarinnar þegar efnahagshrunið varð. Við því eigum við að bregðast en ekki með því að leggja grunninn að stjórnskipulegri ringulreið eins og lagt er til með 4. gr. frumvarps ríkisstjórnarinnar.

[01:52]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni og er það mál nú komið til 2. umr. Til þessa máls var stofnað af vinstri flokkunum sem mynduðu þá ríkisstjórn sem nú er starfandi í landinu með stuðningi Framsóknarflokksins eða í það minnsta hlutleysi Framsóknarflokksins. Reyndar verður að segjast eins og er að Framsóknarflokkurinn hefur ekki riðið feitum hesti frá þessum stuðningi við ríkisstjórnina frá því að yfirlýsing um stuðning eða hlutleysi við ríkisstjórnina gekk eftir. Fylgið hefur hrunið af flokknum á þessum tveimur mánuðum og flokkurinn hefur í rauninni ekki fengið mikið fyrir stuðning sinn nema einhverjar útþynntar hugmyndir um stjórnlagaþingið, eins og ég mun fara í gegnum á eftir. Það er reyndar svo að einn forustumaður Framsóknarflokksins, Gunnar Bragi Sveinsson, sem var í ágætum umræðuþætti í kvöld og stóð sig með prýði, nýr oddviti Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, ritaði grein sem birtist fyrir helgina þar sem hann lýsir því eins og segir, með leyfi forseta:

„Þolinmæði okkar framsóknarmanna virðast engin takmörk sett. Við lofuðum að verja ríkisstjórn falli gegn því að gripið yrði til ráðstafana til bjargar heimilum og fyrirtækjum. Á því hefur staðið en við verjum enn ríkisstjórnina.

Þessi ákvörðun Framsóknarflokksins varð til þess að boðað var til kosninga eins og krafist hafði verið. Því má segja að kosningarnar séu í boði Framsóknarflokksins.“ — Skemmtilegt orðalag.

„Það veit hins vegar ekki á gott fyrir mögulegt samstarf að stjórnarflokkarnir skuli líta svo á að þeim hafi verið færðir stjórnartaumarnir til að reka kosningabaráttu á kostnað almennings í stað þess að grípa til aðgerða.

Óvinsælar aðgerðir eru slegnar af og látið að því liggja að verið sé að leita annarra lausna en meðan ríkir óvissa. Fremstur í flokki hefur farið núverandi heilbrigðisráðherra.“ Svo spyr hann:

„Hvar eru tillögurnar? Hvar eru lausnirnar fyrir heimili og fyrirtæki? Hvar er skjaldborgin um heimilin?“

Þetta sagði nýr oddviti Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi. Því er alveg greinilegt að Framsóknarflokkurinn er búinn að átta sig á því að þeir hafi ekki fengið mikið fyrir þennan stuðning sinn við ríkisstjórnina.

Jafnframt, virðulegi forseti, var með framlagningu frumvarpsins brotin áratugahefð í þinginu. Í fyrsta lagi um samráð allra flokka um breytingar á stjórnskipuninni. Það var ekki gert og var Sjálfstæðisflokknum haldið utan við allt slíkt samráð. Það fór fram milli annarra flokka, Sjálfstæðisflokkurinn kom þar hvergi nærri.

Í öðru lagi var brotin áratugahefð um að afgreiða slíkar breytingar í sátt flokka og því er ekki til að dreifa. En ég verð að segja og draga það sérstaklega fram núna að í umræðu sem fór fram áðan og í orðaskiptum sem fóru á milli hv. þm. formanns Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssonar, og hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, formanns þingflokks Samfylkingarinnar, sem jafnframt er formaður sérnefndar um stjórnarskrármálið eftir að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hvarf af þingi og úr því verki — sá orðastaður sem fór á milli þeirra og sú sáttarhönd sem þar var rétt fram af formanni Sjálfstæðisflokksins um að fresta umræðunni og taka málið í nefnd vekur ákveðnar vonir um að hægt sé að ná sátt í málinu. Ég ítreka beiðni mína sem kom fram fyrr í kvöld um að forseti fresti fundi, fresti umræðunni og leitað verði leiða til að kalla saman nefndina í fyrramálið til að átta sig á hvort sú sátt sé ekki fyrir hendi sem mér heyrðist í ræðu áðan.

Hingað til hefur verið vandað til verka við allar breytingar á stjórnarskránni en ljóst er af umsagnaraðilum, sem við höfum hér fyrir framan okkur, að margir hverjir telja að málið sé illa undirbúið. Það er jafnframt skoðun mín og annarra að frumvarpið eins og það er lagt fram sé samsuða úr hugmyndum héðan og þaðan og lítil heildarmynd á því. Jafnframt er brotin sú hefð, ég tala nú ekki um varðandi stjórnarskrána, að ekki er gefinn góður tími til þess að hafa góð samráð við fræðimenn, sérfræðinga og ýmsa hagsmunaaðila til að málið sé þannig úr garði gert að sómi sé að. Ég er þeirrar skoðunar að stjórnarskráin verðskuldi meiri virðingu en svo að fólk umgangist hana með þeim hætti að ekki sé vandað til verka. Það sést jafnframt á þeim miklu breytingum sem hafa orðið á frumvarpinu milli 1. og 2. umr. að ástæða var talin til að vinna það betur en ég tel að ekki sé nóg að gert.

Í fjórða lagi er einnig brotin áratugahefð með því að gera þessar breytingar rétt fyrir kosningar og hafa fræðimenn gert verulegar athugasemdir við það, eins og ég mun fara í á eftir ef mér vinnst tími til. Það hlýtur að vekja athygli og umræðu að á sama tíma og gert er ráð fyrir að sett verði á laggirnar stjórnlagaþing sem eigi að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins þar sem byggt verði áfram á lýðræðisskipan réttarríkja og vernd mannréttinda, eins og segir í skýringum með frumvarpinu, þá leggja höfundar frumvarpsins til þrjár viðbótargreinar, þ.e. leggja til tilteknar breytingar á þessari sömu stjórnarskrá. Segja má og fullyrða að það sé frekar undarleg ráðstöfun og vekur spurningar af hvaða ástæðum verið er að takmarka umboð stjórnlagaþings til breytingar á stjórnarskrá og hvort því sé ekki treyst til að endurskoða ákvæði um auðlindir um breytingar á stjórnarskrá og setja ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Maður veltir fyrir því sér hvað kallar á að þessar breytingar umfram aðrar séu svo brýnar að þær þola ekki bið eða hvort það er þannig, eins og ég sagði áðan, að þeir sem bera

ábyrgð á frumvarpinu treysti ekki stjórnlagaþinginu til að hrinda þessum breytingum í framkvæmd og hvað það er með þessar tilteknu breytingar sem eru svo afskaplega brýnar að þær eru settar fram samhliða stjórnlagaþingshugmyndinni.

Jafnframt hefur komið fram, í umræðum á hinu háa Alþingi, spurning um það hvort fræðilegur möguleiki sé á því, sem virðist augljóst vera, að á sama tíma og hugsanlegt stjórnlagaþing er starfandi að því verkefni að breyta stjórnarskránni sé Alþingi, sem hefur löggjafarvaldið, að gera sömu breytingar, aðrar breytingar, eða þess vegna andstæðar breytingar, á stjórnarskránni. Þetta vekur manni óhug og manni líður ekki vel með þetta.

Ég vil taka fram að í umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands, sem töluvert hefur verið vísað í í umræðunni, má segja að umsagnir og varnaðarorð ótal annarra aðila kjarnist, umsóknir frá tugum umsagnaraðila. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Laganefnd telur ákveðna þversögn felast í því að gera efnisbreytingar á stjórnarskránni og á sama tíma koma á fót stjórnlagaþingi sem á að semja nýja stjórnarskrá. Er vandséð að framangreindar breytingar geti haft það mikið gildi á meðan stjórnlagaþing er að störfum en samkvæmt frumvarpinu á stjórnlagaþing að ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011. Ljóst er að sá tími er í sjálfu sér ekki mjög langur miðað við efni ákvæðanna sem um ræðir.“

Síðan kemur fram í áliti laganefndar Lögmannafélags Íslands — en laganefnd Lögmannafélags Íslands er umsagnaraðili sem mikið tillit hefur verið tekið til í gegnum tíðina, þykir koma með vandaðar og góðar umsagnir sem nær undantekningarlaust hafa verið skoðaðar af vandvirkni og gerðar breytingar í framhaldi af því. En þær athugasemdir sem koma frá laganefndinni hafa verið, má segja, hunsaðar í frumvarpinu. Í umsögninni kemur fram, með leyfi forseta:

„Að mati laganefndar eru þær breytingar á stjórnarskránni sem boðaðar eru með frumvarpinu í raun grundvallarbreytingar. Laganefnd áréttar mikilvægi þess að allar breytingar á stjórnarskránni séu gerðar að vel athuguðu máli og í mikilli sátt allra aðila, ekki síst þegar um grundvallarbreytingu er að ræða. Er það afstaða laganefndar að framangreindar breytingar þurfi frekari athugunar við og leggst nefndin af þeim sökum gegn samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fyrir.“

Ég verð að segja að þessar athugasemdir, bæði laganefndar Lögmannafélagsins og annarra, hafa ekki vakið nægilega athygli en samt hefur maður heyrt það í dag og e.t.v. í gær að fólk er að vakna til vitundar um að það eru ekki bara sjálfstæðismenn sem gera þessar athugasemdir við málsmeðferðina á hinu háa Alþingi. Á það hefur líka verið bent að það eru ekki eingöngu hægri menn og sjálfstæðismenn sem eru að gera þessar athugasemdir heldur hafa einnig komið fram athugasemdir frá vel þekktum vinstri mönnum. Ég nefni þar m.a. Gunnar Karlsson, sem er prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands. Hann er einn þeirra vinstri manna sem hafa varað við fljótfærnislegum breytingum á stjórnskipun Íslands. Hann segir í grein í Eldhúsdegi, sem er fylgirit *Fréttablaðsins,* í síðasta mánuði, með leyfi forseta:

„Eitt afbrigðið af villigötu leitarinnar að betra lýðræði er krafan um nýja stjórnarskrá. Þar ber mest á kröfu um þrískiptingu ríkisvaldsins, einkum að löggjafarvaldið verði óháðara framkvæmdarvaldinu, ráðherravaldið minna.“

Hann gagnrýnir verulega þær tillögur sem lagðar eru til grundvallar því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Það er því ekki svo að það sé pólitísk skipting á því hvaða álit fólk hefur á þessum breytingum.

Við höfum rætt um það áður að Framsóknarflokkurinn hefur sett nokkur skilyrði um stuðning við ríkisstjórnina. Eina skilyrðið sem stendur eftir er það skilyrði að í síðasta lagi yrði kosið 25. apríl — þeir fengu það í gegn en það var í síðasta lagi. Í öðru lagi var það þessi hugmynd um stjórnlagaþing sem Framsóknarflokkurinn lagði mikla áherslu á. Í þriðja lagi mundu menn einbeita sér að brýnum úrlausnarefnum vegna vanda heimilanna og atvinnulífsins. Það má eiginlega segja að Framsóknarflokkurinn hafi bakkað með þessi skilyrði eins og kom m.a. fram í þeirri beinu tilvitnun sem ég fór með áðan úr grein eftir Gunnar Braga Sveinsson, oddvita Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi. Hann staðfestir þar það sem við sjálfstæðismenn og fleiri höfum sagt, að Framsóknarflokkurinn hefur fengið minna en ekki neitt út úr þessum stuðningi. Það verður líka að segjast að hugmyndirnar um stjórnlagaþingið, eins og þær voru lagðar fram, m.a. frá Framsóknarflokknum, eru orðnar mjög útþynntar og ég mun fara stuttlega yfir það.

Ég verð líka að segja að Framsóknarflokkurinn er heillum horfinn þegar hann er meira að segja tilbúinn til að bakka með það skilyrði að einbeita sér að brýnum úrlausnarefnum vegna vanda heimilanna og atvinnulífsins. Í gær — nú er klukkan að ganga þrjú, en í gær, en samt á þeim fundi sem við erum á nú, felldu framsóknarmenn dagskrártillögu hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, varaformanns Sjálfstæðisflokksins, um að taka brýn mál er varða heimilin og atvinnulífið á dagskrá og fresta stjórnarskrárfrumvarpinu. Þetta kom til atkvæðagreiðslu í dag og hv. þingmenn Framsóknarflokksins felldu þessa tillögu okkar um að taka önnur mál fram yfir það mál sem við ræðum hér.

Ég sagði áðan að hugmyndir um stjórnlagaþing hefðu breyst verulega á síðustu vikum og kannski var ein sú veigamesta af hugmyndum Framsóknarflokksins, ein af þeim stóru, að fækka þingmönnum á stjórnlagaþingi úr 63 í 41. Starfstíminn hefur verið þrengdur verulega og í stað þess að stjórnlagaþing verði kosið sérstakri kosningu á þessu ári, og komi saman 1. desember nk., þá kemur fram í tillögum meiri hlutans í nefndinni að kosið verði til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningum vorið 2010, þingið komi saman 17. júní 2010, sem sagt eftir rúmt ár og ljúki störfum eigi síðar en ári seinna. Fram kemur rökstuðningur úr nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar í þá veru að með þessu náist töluverður sparnaður þar sem ekki þurfi að kosta sérstakar kosningar ásamt því sem styttri starfstími sparar laun og rekstrarkostnað þingsins. Þar sem áður var gert ráð fyrir fullu starfi fulltrúa þingsins þá er hér gert ráð fyrir því að þeir þurfi ekki að vera í fullu starfi og jafnvel að þingið hittist fáeina daga í senn nokkrum sinnum yfir starfstímann en í millitíðinni væru starfshópar eða vinnustofur að störfum um afmarkað efni og starfsfólk og sér-

fræðingar ynnu að tillögum þingfunda og starfshópa.

Það er því alveg ljóst að hér er um verulega útþynntar tillögur að ræða frá því sem hugmyndir Framsóknarflokksins stóðu til. Ég teldi því að þeir gerðu best í því að draga þessa tillögu sína til baka, vinna hana betur og vinna henni betra fylgi ef þeir ætla að standa við hana.

En það hefur líka verið gagnrýnt verulega að stjórnlagaþing fari fram um leið og sveitarstjórnarkosningar og ef svo yrði þá mundu þær skyggja verulega á kosningabaráttu til sveitarstjórnar og jafnframt mundu þær útiloka aðila sem væru í raun og veru kjörgengir á stjórnlagaþing, þ.e. sveitarstjórnarmenn. Samkvæmt hugmyndunum er ekki gert ráð fyrir því að útiloka þá frá kjörgengi til stjórnlagaþings því að varla færu sveitarstjórnarmenn á sama tíma að bjóða sig fram til sveitarstjórna og til stjórnlagaþings. Þetta takmarkar því val á reyndu og góðu fólki og það sem skiptir ekki síður máli er að það truflar kosningabaráttuna til sveitarstjórna og finnst mér það ekki vel gert af stjórnvöldum að draga svona úr vægi annars stjórnsýslustigsins sem er starfandi á Íslandi eða gera þeim þann grikk að hafa aðrar kosningar, svona stórar kosningar, samhliða, enda hefur Samband íslenskra sveitarfélaga og formaður þeirra, Halldór Halldórsson, látið hafa eftir sér að þarna hafi ekki verið haft samráð við sveitarfélögin. Mig grunar, og ég tel mig hafa nokkra vissu fyrir því, að ekki sé mikil hrifning meðal sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna af þessari hugmynd.

Hugmyndir um stjórnlagaþing voru settar fram á flokksþingi framsóknarmanna í janúar. Það kemur m.a. fram í greinargerð með frumvarpinu að hugmyndir um stjórnlagaþing eru komnar frá Jónasi frá Hriflu, sem hreyfði þessu máli 1941, og síðan var það annar framsóknarmaður, Páll Zóphóníasson, þingmaður Framsóknarflokksins, sem hreyfði þessari hugmynd 1948 og svo hefur Siv Friðleifsdóttir, ásamt öðrum þingmönnum, lagt fram frumvarp um stjórnlagaþing á þessu þingi. Í millitíðinni hafði hæstv. núverandi forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, lagt fram tillögu í þessa veru frá 1995. Framsóknarflokkurinn er að leita í kistu fortíðar þegar hann dregur fram þessa hugmynd um stjórnlagaþing, þetta virðist vera gamall draumur þeirra sem þeir hanga fast í. En það má jafnframt sjá, af þeim hugmyndum sem koma fram á flokksþingi þeirra frá því í janúar, að ýmsar þær beinu tillögur sem þeir leggja til að verði teknar til umfjöllunar á stjórnlagaþingi eru ekki inni í þessum tillögum. Þeir velta m.a. upp þeirri spurningu hvort þörf sé á sérstökum þjóðhöfðingja og þá hvert hlutverk hans eigi að vera og jafnframt eru þeir með hugmyndir um hvort afnema eigi þingræði og taka upp beina kosningu æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins. En í þeirri tillögu sem liggur nú fyrir þinginu er verkefni stjórnlagaþings engan veginn að svara þessum spurningum heldur er það tekið út fyrir sviga og sagt: Þetta er ekki verkefni stjórnlagaþingsins.

Ég hefði gjarnan viljað ræða lengur um þetta mál. Ég hef lokið þeim 20 mín. sem ég hef til umráða í þessari umferð og vonast þá til, ef þörf krefur, að fá tækifæri til að taka umræðuna upp síðar. En ég legg áherslu á þann sáttatón sem kom fram í umræðum áðan milli formanns Sjálfstæðisflokksins og þingflokksformanns Samfylkingarinnar.

[02:13]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Liðið er nokkuð langt á nóttina nú, klukkan að ganga langt í þrjú þegar við höldum áfram umræðunni um stjórnarskrána, frú forseti. Fram hefur komið í kvöld ákveðinn vilji af hálfu formanns Sjálfstæðisflokksins um að þetta mál verði tekið inn í stjórnarskrárnefnd undir 2. umr. og könnuð leið til að ná samkomulagi um það. Af orðum hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, formanns stjórnarskrárnefndar, má skilja að þarna hafi kannski verið kominn ákveðinn flötur á það að þingheimur reyni að ná samkomulagi um málið. Mér finnst mikið til þess vinnandi að svo verði.

Það er ljóst af umræðunni, 2. umr. sem hér hefur farið fram að við komumst ekki miklu lengra í henni í sjálfu sér umfram það að gera grein fyrir sjónarmiðum sjálfstæðismanna og fara rækilega yfir málið eins og við höfum reynt að gera. Enn eru margir sem vilja tjá sig í málinu en engu að síður held ég, vegna þess að þessi tillaga kom fram í umræðunni, að það sé hlutverk okkar þingmanna að reyna að láta á málið reyna og sjá hvort við getum náð samkomulagi um það þannig að við getum snúið okkur að þeim brýnu verkefnum öðrum sem fyrir þinginu liggja og lokið síðan þingstörfum hratt og vel og tekið til við næsta kafla sem er að undirbúa og tala við kjósendur í landinu.

Jafnvel þó að ég sé í sjálfu sér sammála því að við alþingismenn í þeirri erfiðu aðstöðu sem hér er eigum að vera að sinna þeim verkefnum sem snúa að fjölskyldunum og fyrirtækjunum — við sjálfstæðismenn höfum talað fyrir því í þessari umræðu og raunar allar undanfarnar vikur að við mundum styðja þau brýnu mál sem fyrir liggja — kemur alltaf að því í aðdraganda kosninga að stjórnmálamenn og þeir sem leggja stefnu sína fyrir kjósendur þurfi að eiga orðastað við þá. Við höfum öll fundið það sem erum í þessum sal að það er ekki síst núna sem fólkið í landinu þarf á því að halda að heyra hver sjónarmið flokkanna eru til þess verkefnis sem fram undan er. Við þurfum að gera grein fyrir því hvað hefur farið úrskeiðis og hvernig við ætlum að líta til framtíðar. Mér finnst mikilvægt að menn gefi þeirri umræðu einhvern tíma svo sómi verði að fyrir kosningarnar 25. apríl næstkomandi.

Málin eru mörg og brýn. Í hádeginu í dag var lokið við það í allsherjarnefnd að taka út úr nefndinni mál er varðar greiðsluaðlögun fyrir heimilin og fjölskyldurnar, íbúðareigendur sem eru í miklum vandræðum. Það mál bíður nú 3. umr. og ég held að það sé eitt af þeim mjög svo brýnu málum sem fyrir okkur þingmönnum liggja. Ég vonast til þess að það mál og það úrræði muni nýtast fjölskyldum sem um síðustu áramót hefur ábyggilega mörgum hverjum brugðið mjög við að opna reikningana og eru nú að taka til í sínu heimilisbókhaldi. Þarna er stóri vandinn og um þetta höfum við þingmenn verið að hugsa.

Þetta mál sem ég nefndi hér er flutt sameiginlega af allsherjarnefnd. Málið varð til í meðförum allsherjarnefndar. Að því standa þingmenn allra flokka í mikilli samstöðu. Það er bara þannig þegar svona er að menn verða að koma sér saman um þau brýnu mál sem snúa að heimilunum í landinu.

En við erum hér í 2. umr. enn og aftur um stjórnar-

skrána. Það eru ýmis atriði sem mig langaði til að taka betur á eftir fyrri ræðu mína. Vegna orða hv. þm. Ástu Möller um stjórnlagaþingið og framsóknarmenn er dálítið áhugavert að lesa frumvarp Páls Zóphóníassonar frá 1948 þar sem hann kom fram með þá hugmynd að setja á stofn stjórnlagaþing. Það má alveg segja sem svo að rót þess máls sé að vissu leyti frá árinu 1941 þegar við Íslendingar vorum að reyna að átta okkur á hvernig við ættum að setja á fót íslenska stjórnarskrá. Um það var töluvert rætt á þinginu og menn höfðu ýmsar skoðanir á því. Horft var til þjóðfundarins frá 1851, hvernig valið hafði verið á hann og hvernig það allt fór fram og stjórnlagaþing er má kannski segja annað orð yfir þjóðfund.

Páll Zóphóníasson gerði grein fyrir því í sinni greinargerð og í ræðum á Alþingi að hann teldi að breytingar á stjórnarskránni ættu að fara fram með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu, með sérstöku stjórnlagaþingi. En einnig kemur fram hjá honum í greinargerðinni að það þurfi töluvert mikla umræðu í þjóðfélaginu áður en stjórnlagaþing gæti hafist handa. Tillagan var borin upp á Alþingi 1948 en samkvæmt frumvarpinu var gert ráð fyrir að ekki yrði kosið á stjórnlagaþingið fyrr en árið 1951 og jafnvel ekki fyrr en árið 1952 yrði málið lagt fyrir þjóðina.

Hvers vegna valdi Páll Zóphóníasson að hafa svona langan tíma til þess að íhuga málið? Það var fyrst og fremst vegna þess að að hans mati þurfti að eiga sér stað umræða í þjóðfélaginu um það hvað menn vildu fá fram í slíkum stjórnarskrárbreytingum. Og það getur verið að þetta sé einmitt mergurinn málsins. Við þurfum á því að halda, stofnanir þjóðfélagsins, fræðimenn á sviði stjórnskipunarréttar, ýmsir aðilar sem hafa ríka hagsmuni af einstökum ákvæðum í stjórnarskránni, að það hafi farið fram umræða í þjóðfélaginu og það hafi kannski kristallast betur hvað það er sem menn vilja sjá breytingar á.

Það sló mig mjög þegar ég var að kynna mér þetta mál og lesa gögn málsins, og ég greindi aðeins frá því við 1. umr., að það eru ákveðin vandkvæði fólgin í því að skrifa heila stjórnarskrá og bera hana í heilu lagi undir þjóðina. Hvað er það sem menn eru að taka afstöðu til í hverju einstöku tilviki, hvað það er sem hvílir mest á mönnum, herra forseti? Í umræðunni í kvöld höfum við kannski fengið örlitla nasasjón af því hversu ólík sjónarmið manna eru í þessu.

Í hugum sumra er gríðarlega mikilvægt að ákvæði um þjóðareign sé með ákveðnum hætti. Sumir vilja ekki sjá slík ákvæði í stjórnarskrá, aðrir vilja fara mildilegri leið og enn aðrir vilja ganga lengra. Ef við hugsum okkur að til yrði ný stjórnarskrá á stjórnlagaþingi og málið yrði lagt fyrir þjóðina, í því væri til að mynda ákvæði um þjóðareign, þar væri líka ákvæði um breytingu á þrískiptingunni, þar gætu líka verið ákvæði um að afnema íslensku þjóðkirkjuna, allt eru þetta atriði sem við höfum rætt nokkuð í samfélaginu en gjarnan með ómarkvissum hætti. Þegar slík stjórnarskrá er borin upp til samþykktar fyrir þjóðina og kynnt af hálfu þeirra sem stjórnlagaþingið sitja sem heildstætt plagg geta menn verið að taka afstöðu til stjórnarskrárinnar í heild sinni jafnvel út frá einu ákvæði, herra forseti. Það gæti haft svo afgerandi úrslitaáhrif á ákveðna hópa í samfélaginu að menn gætu, t.d. ef við tökum ákvæðið um þjóðkirkjuna, talið að það væri ástæða til að fjalla um stjórnarskrána í heilu lagi bara vegna þess atriðis. Í þessu efni verðum við að vera búin að gera okkur svolítið í hugarlund á Alþingi hvernig við sjáum svona breytingar verða. Hvað viljum við fá fram? Hvernig viljum síðan að málið sé rætt meðal þjóðarinnar?

Það er nefnilega svo í þeim löndum þar sem þjóðaratkvæðagreiðsla er algengari en hér — og ég ætla að taka það fram að ég er hlynnt því að þjóðaratkvæðagreiðslum fjölgi hér á landi og hef verið þeirrar skoðunar um langa hríð — þá er það ekkert endilega svo að málin renni í gegnum þjóðina. Það er ekki endilega svo að það sé auðveldara að fá fram breytingar í slíkum þjóðaratkvæðagreiðslum. Þess vegna er mjög mikilvægt að undirbúningurinn sé þannig að menn átti sig á því hvernig með slíkar breytingar eigi að fara. Þetta er ein af röksemdunum með því að breytingar á stjórnarskránni séu gerðar rólega, að tekið sé eitt skref í einu í því.

Það var ágætisviðtal við Ragnhildi Helgadóttur, prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskólann í Reykjavík, í skemmtilegum þáttum sem nú eru á Rás 1 á sunnudagsmorgnum þar sem Ævar Kjartansson og Ágúst Þór Árnason, í Háskólanum á Akureyri, eru að ræða sérstaklega þær breytingar sem eru fyrirliggjandi á stjórnarskránni og raunar umbreyttu þættinum sem fjallaði núna um lýðræðisskipulag í þá átt núna þegar þessar breytingar lágu fyrir. Þar hafa verið gestir m.a. eins og fram hefur komið í þessari umræðu hv. þm. Kristrún Heimisdóttir en jafnframt Ragnhildur Helgadóttir. Margt áhugavert kom fram í viðtalinu við hana og m.a. þetta eðli stjórnarskráa að vera svolítið til þess fallið að hægja á umræðunni. Hugsunin er sú að stjórnarskráin er dálítið íhaldssöm og menn fari frekar til baka í umræðunni, hún lætur menn aðeins bakka og velta fyrir sér hlutunum og slaka aðeins á.

Mér finnst mjög mikilvægt fyrir okkur að hafa þetta í huga þegar við hugsum um þetta og jafnframt að við ættum að reyna að komast að samkomulagi um það hvaða þáttum í stjórnarskránni er nauðsynlegast að breyta, og ef af því yrði að sett verði á fót stjórnlagaþing, hvort sem það er löggjafarsamkunda eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir eða ráðgefandi með einhverjum hætti sem ég hef verið hrifnari af, yrði það unnið þannig að þær breytingar sem gera ætti á stjórnarskránni yrðu bornar undir þjóðina með skipulegum hætti.

Við höfum á undanförnum árum talað hér nokkuð um sjálfstæði þingsins, að auka það og styrkja þingið. Mér finnst ekkert óeðlilegt við stjórnarskrárbreytingar og ég ætla ekki að taka afstöðu til þess í þessu dæmi hvort þær eigi að fara fram á stjórnlagaþingi eða Alþingi, ég ætla einungis að nefna að þá væri ekkert óskynsamlegt að bera það undir þjóðina. Í fyrsta lagi: Hvernig getum við styrkt þingið? Hvaða ákvæði í stjórnarskránni þarf að styrkja? Hvað þurfum við að gera? Að þjóðin sé spurð um þessi atriði fyrst. Þetta er kannski það grundvallaratriði í stjórnarskránni sem margir lögfræðingar og margir fræðimenn á sviði lögfræði hafa rætt töluvert á undangengnum árum og hafa raunar gert um langa hríð.

Síðan kemur að þessu atriði um náttúruauðlindirnar og samspili við almenn lög og þær breytingar sem við höfum

þegar gert á almennum lögum í þá átt að tryggja betur náttúruauðlindirnar sem sameign þjóðarinnar. Ég nefni í þessu sambandi t.d. frumvarp sem samþykkt var í fyrra, um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði þar sem fram kemur að ekki sé heimilt að selja auðlindir í jörðu eða vatnsafl. Það ákvæði var mjög merkilegt ákvæði í sjálfu sér og töluverð breyting sem þar kom fram. Raunar er það svo að sem hluti af því frumvarpi var að ákveða að setja á fót nefnd sem átti síðan að vinna áfram með það hvernig fara skyldi með þessar auðlindir í leiguframsali og slíku og umræðan um stjórnarskrána og umræðan um það, hæstv. forseti, hvernig menn höfðu hugsað þetta í hinum almennu lögum sem þar var um að tefla fylgist dálítið að.

Nú kom það fram á bloggsíðu hæstv. iðnaðarráðherra í kvöld að hann teldi að með þessum lögum sem samþykkt voru í fyrra sé fyrir það girt að þau ósköp gætu orðið sem kom fram hjá ágætum manni um helgina, að hægt væri að hirða af okkur allar auðlindir, og það er mjög nauðsynlegt að það komi fram. Ég held raunar að það hafi verið alveg fáránlegt af viðkomandi aðila að tala með þeim hætti og við eigum auðvitað að taka til varna þegar svo er.

Stjórnlagaþingið sem er það sem ég hafði hugsað mér að einbeita mér að í þessari stuttu ræðu og þær breytingar sem hafa orðið á því í meðförum nefndarinnar gefa mér tilefni til að halda að hægt sé að ná um það einhvers konar lendingu hvernig með það mál eigi að fara. Það er alveg klárt að hugmyndin um stjórnlagaþing hefur þroskast mjög í vetur frá því hún kom fram fyrst í janúar. Reyndar verð ég að segja að ég var að fletta því upp hverjir hefðu tekið þátt í umræðunni af hálfu framsóknarmanna og það kom mér dálítið á óvart að hv. þm. Birkir Jón Jónsson, sem er mjög duglegur að taka þátt í umræðum hér, hefði ekki tekið þátt í umræðum um stjórnlagaþingið með beinum hætti þegar það var til umræðu sem frumvarp framsóknarmanna. Hann hefur vissulega tekið þátt í andsvörum en hann hefur ekki haldið ræður sérstaklega um stjórnlagaþingið og það vekur dálitla athygli með hliðsjón af því að þar fer varaformaður Framsóknarflokksins og mál sem framsóknarmönnum hefur að því er mér hefur sýnst hér í þingsölum fundist vera afar mikilvægt. Þetta er mál sem þeir leggja mikla áherslu á að skipti mjög miklu máli fyrir þá í komandi kosningabaráttu sem kemur mér í sjálfu sér töluvert á óvart vegna þess að ég held að þetta sé ekki kannski það mál sem er efst í hugum þeirra kjósenda sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson mun hitta á ferð sinni um Norðausturkjördæmi, með fullri virðingu fyrir öðrum þeim málum sem þar munu ábyggilega vera framarlega í hugum manna. En ég hef ekki trú á að þetta sé akkúrat það mál sem skiptir mestu máli fyrir þá í þeirri baráttu sem fram undan er.

Engu að síður þá er það svo að þingflokkur framsóknarmanna og framsóknarmenn hafa í vetur haft mikinn áhuga á að þetta mál fái framgang í þinginu. Málið hefur hins vegar tekið verulegum breytingum. Í fyrsta lagi er frumvarp framsóknarmanna töluvert ólíkt því frumvarpi sem síðar var lagt fram af hálfu ríkisstjórnarflokkanna eða þetta stjórnarskrárfrumvarp. Það fylgja með í fylgiskjali með frumvarpi til breytingar á stjórnarskipunarlögum drög að frumvarpi um stjórnlagaþing. Ég sakna þess mjög í þeim drögum að ekki skuli fylgja greinargerð með frumvarpinu. Ýmsar greinar þess þarfnast skýringa og ég býst við að það hafi kannski verið rætt eitthvað nánar í stjórnarskrárnefndinni hvað felst í einstökum þáttum frumvarpsins. En engu að síður finnst mér það skipta máli fyrir okkur þingmenn, sem erum að reyna að gera okkur grein fyrir málinu, að hafa betri tilfinningu fyrir því hvernig þetta stjórnlagaþing eigi að vinna. Mér finnst svolítið sérkennilegt hversu líkt það er Alþingi skipulagslega séð. Ég hefði haldið að við þær aðstæður sem nú eru væri reynandi að líta kannski í talsvert aðrar áttir en þá að hafa þetta svona eins og afrit af Alþingi, eins og hv. þm. Kristrún Heimisdóttir komst svo skemmtilega að orði í þætti í útvarpinu um daginn.

Síðasta breyting sem hefur orðið á stjórnlagaþinginu í meðförum nefndarinnar er að reyna að draga úr tímanum og leita leiða til að draga úr kostnaði við það vegna þess að fyrstu hugmyndir um stjórnlagaþingið voru gríðarlegar. Við þær ömurlegu efnahagsaðstæður sem hér eru hljómar stjórnlagaþing upp á 2 milljarða dálítið einkennilega í eyrum margra, sérstaklega þar sem við sitjum öll sem hér eru inni á stjórnlagaþingi, og mér finnst ansi langt gengið að koma með 2 milljarða króna stjórnlagaþing inn í þessa umræðu. En í síðustu útfærslunni, þriðju útfærslunni af stjórnlagaþingi er lagt til að þingið taki ekki til starfa fyrr en árið 2010 vegna þess að náðst hafi um það samkomulag í meiri hlutanum í nefndinni að hafa það með þeim hætti. Og reyndar síðan sú hugmynd að kjósa til stjórnlagaþings um leið og kosið verður til sveitarstjórna, sem ég er sannfærð um að muni valda verulegum vandræðum og ég á ekki von á því að sveitarstjórnarmenn muni taka vel í það. Það hefur komið fram hjá Halldóri Halldórssyni, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, að það væri varhugavert að gera þetta svona. Þetta skyggir náttúrlega verulega á sveitarstjórnarkosningarnar og það er bara svo eðlisólíkt að kjósa til stjórnlagaþings og til sveitarstjórna. Þar er um allt annars konar mál að ræða og ég get bara ekki ímyndað mér hvernig kosningabaráttan fer fram, hæstv. forseti, árið 2010 (Gripið fram í.) þegar verið er að kjósa sveitarstjórnarmenn úti um allt land og á sama tíma eru menn ríðandi um héruð til að gefa kost á sér til stjórnlagaþings. Ég veit ekki hvernig menn hafa hugsað sér að slíkt fari fram. Ég held að þetta hafi að vissu leyti verið nokkuð vanhugsuð hugmynd. En engu að síður gefa allar þessar breytingar og sú þróun sem er að verða núna á stjórnlagaþingshugmynd Framsóknarflokksins mér tilefni til að halda að það sé mjög mikil ástæða til þess að málið fari til nefndar (Forseti hringir.) núna í 2. umr. og reynt verði að (Forseti hringir.) leita leiða til að ná samkomulagi um málið. Það finnst mér skipta miklu máli, herra forseti.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–8. mál.

Fundi slitið kl. 02:34.

128. FUNDUR

þriðjudaginn 7. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Stjórnarskipunarlög, frv., 385. mál, þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805, 882 og 917. — Frh. 2. umr.
3. Tekjuskattur, stjfrv., 410. mál, þskj. 695, nál. 798. — 2. umr.
4. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 411. mál, þskj. 696, nál. 903 og 911, brtt. 912. — 2. umr.
5. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 409. mál, þskj. 693, nál. 857, brtt. 858. — 2. umr.
6. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, stjfrv., 359. mál, þskj. 610, nál. 860. — 2. umr.
7. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 664, nál. 884 og 910. — 2. umr.
8. Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, frv., 461. mál, þskj. 859, nál. 919. — 2. umr.
9. Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 366. mál, þskj. 868. — 3. umr.
10. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 852, brtt. 865. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Þriðjudaginn 7. apríl 2009 kl. 2.30 miðdegis fer fram umræða utan dagskrár um skýrslu fjármálanefndar breska þingsins um áhrif aðgerða bresku stjórnarinnar á fall íslensku bankanna. Málshefjandi er Kristrún Heimisdóttir og hæstv. fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Um fundarstjórn.

Ræðutími í utandagskrárumræðu.

[10:35]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ef ég heyrði rétt áformar hæstv. forseti að hér verði utandagskrárumræða eftir hádegi um skýrslu fjárlaganefndar breska þingsins. Ég þakka fyrir að sú umræða fari fram en í þeirri skýrslu felast mikil tíðindi er varða gríðarlega hagsmuni íslensku þjóðarinnar. Ég óskaði eftir því á laugardaginn þegar um þessa skýrslu var rætt að nokkuð ítarleg umræða færi fram um skýrsluna. Í ljósi efnis hennar og þeirra hagsmuna sem eru í húfi tel ég óásættanlegt að alþingismenn fái einungis tvær mínútur í ræðutíma til þess að fjalla um innihald skýrslunnar. Ég hvet því hæstv. forseta til að endurskoða ákvörðun sína og tryggja að umræða um þetta mikla hagsmunamál okkar Íslendinga verði lengri en ráðgert er.

[10:36]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti vill upplýsa að samstaða var milli málshefjanda og forseta um að þessi umræða stæði í hálftíma.

Störf þingsins.

Fundur í umhverfisnefnd – umhverfismál.

[10:37]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Ég hef í þrígang þurft að kveðja mér hljóðs og vekja athygli forseta á því að ekki var haldinn fundur í umhverfisnefnd. Hann var haldinn í gær og þakka ég fyrir það. Tekið var fyrir það mál sem meiri hluti nefndarmanna hafði viljað fá að fjalla um. Það var tekið út og þingskjölum var dreift í gær. Það mál er þingsályktunartillaga um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum sem flutt er af meiri hluta þingmanna. Ég vil fara þess á leit, herra forseti, að þetta mál verði sett á dagskrá þannig að þingheimur geti rætt það og eftir atvikum afgreitt það áður en þing lýkur störfum fyrir kosningar.

Ég ætla ekki að deila við forustu nefndarinnar, hv. formann og hv. varaformann, um hvers vegna það tafðist að boða til fundarins. En ég get hins vegar ekki leitt það hjá mér, fyrst ég er kominn upp, að ræða þetta mál enn einu sinni að segja að það er ekki í samræmi við þingsköp að fundur sé ekki boðaður í tæpa viku eða fimm daga frá því að meiri hluti nefndarinnar óskar eftir að fundur sé haldinn. Ég ætla að taka skýringar þeirra gildar en ég held að það sé afar varhugavert og varði virðingu þingsins, rétt þingmanna og þingræðið sjálft, ef sú verður venjan að ekki sé brugðist strax við þegar þriðjungur, að ég tali ekki um meiri hluti nefndar, óskar eftir því að fundur sé haldinn. Ef við förum þá leið held ég að þingið sé á villigötum hvað þetta varðar.

[10:38]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Það er hreint og beint hryggilegt að sjá hvað hv. þm. Árni M. Mathiesen hefur miklar áhyggjur af því á okkar tímum að ekki séu haldnir nógu margir fundir í umhverfisnefnd. Ég vil við þetta tækifæri óska honum til hamingju með að hafa náð að vera á fundi þeim sem ég var einmitt á í gær sem staðgengill, vegna þess að þar komu fram mjög merkar upplýsingar, m.a. frá fulltrúum úr æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar um skoðanir þeirra og afstöðu til þessa máls, þar sem þeir kváðu m.a. í kútinn sjálfan Kjartan Ólafsson sem er einn af rökföstustu og gáfuðustu snillingum á þinginu, hv. þingmaður.

Hv. þm. Árni M. Mathiesen taldi það málinu til tekna vissulega að á því væri meiri hluti þingmanna sem flutningsmenn. Það er auðvitað rétt að slík mál hljóta að hafa ákveðna sérstöðu á þinginu. Þess vegna spyr ég, forseti: Hvernig stendur á því að mál sem ég hef mikinn áhuga á að verði rætt í þingsölum, meira en tvær mínútur á mann, jafn-

vel þrjár mínútur á mann ef hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fengi sínu framgengt, er ekki komið á dagskrá, af því að á því er meiri hluti þingmanna? Þar á ég við það mál sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem er ekki í salnum og var ekki í gær heldur, flutti ásamt rúmlega þremur tugum þingmanna um upphaf hvalveiða. Það mál hefur ekki komist á dagskrá þingsins og síðast þegar um það var spurt sagði forseti Alþingis að ekki hefði verið eftir leitað af hálfu flutningsmanns eða flutningsmanna. Hvernig stendur á því að ekki er eftir því leitað?

Ég tel að úr því að mál sem meiri hluti þingmanna flytur njóta sérstöðu hljóti menn líka að líta svo á að jafnræði sé á milli þeirra, og að þeir sem vilja ræða þetta mál um hvalveiðar sem meiri hluti (Forseti hringir.) þingmanna hefur flutt eigi að eiga sama rétt og þeir sem vilja ræða vitleysisþingsályktunartillögu meiri hluta þingmanna hér inni um (Forseti hringir.) frekari mengun og samninga sem ekki standast. (Gripið fram í.)

[10:41]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég hygg að málsmeðferð í þessu stóra umhverfisverndarmáli hafi verið í góðu lagi. Formaður nefndarinnar veiktist í einn eða tvo daga. Ég bauðst til að halda fundinn. Hann taldi sig geta komið því við, eins og hv. þm. Árni M. Mathiesen veit, og ég sinnti honum í hvívetna varðandi beiðni hans.

Ég tel líka að þessi tillaga sé þarflaus. Hún er svipað þarflaus eins og að vera með þingsályktunartillögu á Alþingi um að Íslendingar skuldbindi sig til að fara að umferðarlögum. Samningsmarkmið Íslands er í samræmi við þingsályktunartillöguna. Ef menn hafa hins vegar í hyggju að kalla fram meiri losun göngum við gegn alþjóðlegum skuldbindingum okkar og þá göngum við gegn hagsmunum alheimsins. Við verðum að draga úr losun. Við berum ábyrgð innan lands og einnig hnattræna ábyrgð, við verðum að draga úr losun. Markmiðin eru 20% á næsta samningstímabili. Við verðum líka að leggja áherslu á að finna leiðir til að binda losunina og Andrés Arnalds, fremsti sérfræðingur okkar í þessum málum, hefur lagt fram gagnmerkar tillögur þess efnis. Hann er einn fremsti sérfræðingur heimsins í bindingu gróðurhúsalofttegunda við jarðveg.

Við verðum líka að huga vel að orkusparnaði í sjávarútvegi sem væri verulegt borð fyrir báru í samgöngum í heild sinni og við verðum líka að huga að því að nota okkar grænu orku til vistvænnar starfsemi. Ég nefni gagnmerkar tillögur Framsóknarflokksins á fyrri þingum um vetnisframleiðslu á Íslandi. Við megum ekki binda notkun okkar grænu orku við mengandi stóriðju sem stendur ekki undir sér jafnvel þó að maður hugsi eins og kapítalisti einn dag og sleppi öllum umhverfisáhrifum. Það er enginn gróði í því, hvorki fyrir Ísland né aðra.

[10:43]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Málið um loftslagsbreytingar og hvernig taka á á þeim, sem meiri hluti þingmanna flytur hér og ég er 1. flutningsmaður að, er ekki óþarfi. Það er mjög þarft að þetta mál klárist vegna þeirra samninga sem við göngum brátt til. Öll rök sem hæstv. umhverfisráðherra og fleiri þingmenn hafa beitt eru nákvæmlega sömu rökin og ég þurfti að leiðrétta á sínum tíma þegar íslenska ákvæðinu var náð fram. Það var alveg sama platan: Þetta er ekki hægt, þetta má ekki gera, þangað til umhverfisráðherrar annarra landa skildu að ákvæðið var umhverfisvænt. Það er betra fyrir lofthjúpinn að samþykkja ákvæðið en ekki, það er bara svo einfalt að það blasir við öllum.

Virðulegi forseti. Ég tel að Mörður Árnason alþingismaður ætti að skammast sín. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Hann segir hér, hv. þingmaður, að þetta sé vitleysisþingsályktunartillaga. Hann segir þar með að meiri hluti þingmanna sé á einhverri vitleysisþingsályktunartillögu og klykkir svo út með því að vega að hv. þm. Kjartani Ólafssyni. Ég vil af því tilefni segja að hv. þm. Kjartan Ólafsson hefur staðið sig með miklum sóma í málinu, hann hefur verið með öfluga röksemdafærslu sem greinilega svíður undan. Fyrst hv. þingmaður — og það er varla að ég geti sagt hv. þingmaður, Mörður Árnason, af því að mér er misboðið þegar ég hlusta á málflutning hans. Það er alveg greinilegt að málflutningur hv. þm. Kjartans Ólafssonar og fleiri hefur verið það öflugur að hv. þm. Mörður Árnason kýs að niðurlægja þingmenn í röðum, bæði hv. þm. Kjartan Ólafsson og alla þá sem standa að tillögunni og það er meiri hluti þingmanna. Ég tel að hv. þm. Mörður Árnason ætti að skammast sín.

[10:46]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Merði Árnasyni hugulsemina í minn garð. Við erum eins og margir vita gamlir félagar og samstarfsmenn þannig að ég kippi mér ekkert upp við það þótt beri á ákveðinni kaldhæðni hjá honum öðru hverju. Hver hefur sinn máta á að tjá sig.

Varðandi það sem hv. þm. Atli Gíslason sagði þá sagði ég áðan að ég ætlaði ekki að elta ólar við þetta mál eða hverjar ástæðurnar voru. Búið er að halda fundinn og afgreiða málið en ég er einungis að vara menn við því að fara á þá braut sem menn gætu hugsanlega farið út á ef mið er tekið af því hversu lengi dróst að boða til þessa fundar. Hins vegar heyrist mér á því sem hv. þm. Atli Gíslason lét frá sér fara í ræðustólnum að ekki sé vanþörf á því að þetta mál verði tekið á dagskrá og til umræðu. Greinilegt er að hv. þingmaður hefur heilmikið um málið að segja og það eru hlutir sem ég vil gjarnan ræða við hann, ekki bara vegna þess að við erum ósammála um suma þeirra, því um suma þeirra erum við sammála og ég mundi gjarnan vilja heyra frekar um þá.

Að lokum, herra forseti, tek ég undir með hv. þm. Merði Árnasyni um að tímabært sé að taka hvalatillöguna á dagskrá líka, jafnvel í dag, þannig að við getum rætt hana og heyrt sjónarmið bæði hv. þm. Marðar Árnasonar og annarra, meiri hluta þingsins, um hvernig beri að standa að þessu máli í framtíðinni.

[10:48]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Suðurk. fyrir að vekja máls á fundum umhverfisnefndar í upphafi þing-

fundar. Við áttum tvo fundi í þrennu lagi um loftslagsmálin í gær og ég held að þeir hafi allir verið gagnlegir, einn þeirra var sameiginlegur fundur utanríkismálanefndar og umhverfisnefndar með hæstv. umhverfisráðherra og fulltrúum úr ráðuneyti hennar til upplýsingar fyrir báðar nefndirnar og síðan umfjöllunarfundur um það þingmál sem hér hefur verið nefnt. Það er rétt hjá hv. þingmanni að það dróst lítið eitt að boða til fundar í nefndinni. Ég held að út af fyrir sig sé rétt hjá hv. þingmanni að ágætt væri að fara yfir og skýra og skerpa verklagsreglur í þessu efni vegna þess að í þinginu er allur gangur á því með hvaða hætti orðið hefur verið við slíkum beiðnum og í sjálfu sér eru engar skýrar reglur fyrirliggjandi um það og ég held að það væri öllum til bóta og starfi í þinginu yfir höfuð að ljóst væri hversu mikinn frest menn hafa til að boða til slíkra funda.

Ég held líka að þá væri ágætt að skerpa á því hvað þingleg meðferð er enda er ég þeirrar skoðunar að þegar leitað er umsagnar aðila um þingmál sem hér eru til umfjöllunar sé það lágmarksvirðing af hálfu þingsins í garð þeirra sem þær umsagnir veita að gefa þeim kost á því að koma fyrir hlutaðeigandi þingnefnd og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum þannig að þar fari málefnaleg umfjöllun tryggilega fram. En allt þetta væri eflaust ágætt að skýra og skerpa.

Ég ætla ekki í efnislegar umræður um það mál sem hér er fyrir en ég held út af fyrir sig að hvert mannsbarn geti sagt sér hversu vænlegur sá leiðangur væri fyrir Ísland að fara eitt iðnríkja fram í veröldinni í dag og krefjast þess að fá að menga meira.

[10:50]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Mér finnst nú taka í hnjúkana þegar menn hafa þau orð um þingmál sem meiri hluti alþingismanna flytur að það sé vitleysisþingsályktunartillaga og mæla því bót að þingmálið eigi ekki greiða leið í gegnum starfsferil þingsins til að fá umfjöllun eins og vera ber. Af því að við búum í lýðræðisríki hélt ég að menn hefðu það sem grundvallaratriði að virða vilja meiri hlutans. Jafnvel þótt menn séu ósammála meiri hlutanum þá á meiri hlutinn að fá að ráða. Það mætti hv. þm. Mörður Árnason hafa í huga. Það mætti forseti Alþingis hafa í huga með hliðsjón af því þingmáli sem hér var nefnt um hvalveiðar en meiri hluti þingmanna flytur málið (**Gripið fram í:** Er það ekki lýðræði?) og vill fá það samþykkt en fær það ekki rætt. (Gripið fram í.)

Menn hafa haft hér að orði að vald spilli og flokkar sem sitji lengi við völd láti á sjá og menn fyllist valdhroka og það hefur réttilega verið gagnrýnt í gegnum árin. Nú þegar komin er ný ríkisstjórn skipuð flokkum sem lengi hafa verið utan valdsins hélt ég að menn ætluðu að breyta og lagfæra það sem aflaga hefði farið. En alveg ótrúlega eru menn fljótir að verða eins og þeir sem þeir gagnrýndu. Flokkur sem ekki hefur verið í ríkisstjórn nema síðan 1. febrúar er farinn að haga sér nákvæmlega eins og flokkurinn sem var í ríkisstjórn í 18 ár og hann gagnrýndi. Það eru mikil vonbrigði, virðulegi forseti, þegar þeir sem gagnrýndu fyrir nokkrum mánuðum eru nú farnir að haga sér nákvæmlega eins og þeir sem þeir gagnrýndu fyrir örfáum vikum.

[10:52]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég þakka hlý orð í minn garð sem hér hafa fallið að undanförnu og tek undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um það að þegar meiri hluti þingmanna er á máli — úr því að það skiptir máli í því frumvarpi og þeirri ályktunartillögu sem hér um ræðir að meiri hluti þingmanna er á því máli — þá hlýtur það líka að skipta máli fyrir umræðuna um hvalveiðar en ástæðan fyrir því að það mál hefur ekki komist á dagskrá þingsins er ekki meint valdspilling eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefnir, hvorki hjá forseta né hjá efasemdarmönnum um það mál, heldur sú sem forseti upplýsti fyrir rúmum hálfum mánuði þegar ég spurði sérstaklega um þetta mál, ég veit ekki hvort spurt hefur verið sérstaklega um það aftur. Flutningsmaður hafði ekki æskt þess að það mál kæmist á dagskrá en það verður hann að gera vegna þess að málið hefur það málsnúmer að það kemst ekki á dagskrá fyrr en einhvern tíma í haust ef þingið heldur áfram við venjulega iðju þannig að ekki er áhugi hjá flutningsmanni, a.m.k. þeim fyrsta og kannski ekki hinum heldur, að ræða málið á Alþingi. Hvernig stendur á því? Er það lýðræði? Ætlar meiri hlutinn að hafa sitt fram? Hvað var það sem meiri hluti þingmanna vildi með þessu máli? Var það kannski ekki að ræða það í þingsölum heldur að sýna það annars staðar? Var það þannig, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og fleiri flutningsmenn þessa máls? Var það heima í héraði en ekki í lýðræðislegri umræðu á Alþingi þar sem allar staðreyndir, álit og viðhorf kæmu fram? Það mikilvæga við að flytja málið á þingi er ekki bara það að bera það upp til samþykktar eða synjunar heldur líka að safna um það umsögnum, áliti, viðhorfum og gera það að umræðumáli í samfélaginu öllu. En það hafa flutningsmenn þessa máls um hvalina greinilega ekki viljað heldur nota þeir það bara í popúlísku skyni, í mjög (Gripið fram í.) svipuðu popúlísku skyni og það frumvarp sem hér er til umræðu. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Ég þakka enn fyrir þá athygli sem málum mínum er veitt í þessum sal og þakka auðmjúkur (Forseti hringir.) fyrir þá hrifningu sem mér er auðsýnd hér af hálfu ýmissa hv. þingmanna.

[10:55]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þingsályktunartillaga um umhverfismál, loftslagsmál, hefur náð fram að ganga í nefndinni og við getum tekið þetta mál til umfjöllunar í þingsal. Þetta er mikilvægt mál og mikilvægir íslenskir hagsmunir sem hér eru undir. Það er misskilningur að hér sé einhver krafa um það að fá að menga meira, að við séum að hlaupast undan merkjum í alþjóðlegu samstarfi. Að baki þeirri hugsun sem kemur fram í þingsályktunartillögunni er einmitt ábyrg stefna íslenskra stjórnvalda sem vann sér fylgi á alþjóðavettvangi þegar Kyoto-samþykktin var undirrituð vegna þess að þetta er ekki bara gott fyrir Ísland, heldur gott fyrir heiminn allan og það er sú aðferðafræði sem þar er lagt upp með.

Hvað varðar umræðuna um hvalveiðiályktunina, þingsályktunartillögu um hvalveiðar, er rétt að hafa í huga að efni þeirrar tillögu er nú þegar stefna ríkisstjórnarinnar og sá er munurinn á milli hennar og loftslagsmálanna, sem við

ræðum hér, en sú tillaga gengur þvert á stjórnarstefnuna sem nú er uppi, þ.e. meiri hluti þingmanna vill að ríkisstjórnin beiti sér með öðrum hætti. Hér í þinginu er minnihlutastjórn og vilji meiri hluta þingsins liggur fyrir með þessari þingsályktunartillögu. Þess vegna skiptir máli að hún nái fram að ganga.

Ég verð að taka undir með mörgum öðrum þingmönnum sem hér hafa tjáð sig að mér þykja ummælin sem hv. þm. Mörður Árnason lét falla áðan ekki smekkleg en ég held að það sé svo í þessum þingsal að menn kippa sér ekki upp við slík ummæli hv. þingmanns. Hann hefur vakið athygli í þingsölum fyrir ummæli af þessum toga og ég tel ástæðulaust að fyrtast sérstaklega við eða kalla eftir einhverjum viðbrögðum af hálfu þingmannsins um þau. Aðalatriðið er að forseti beiti sér fyrir því að taka sem fyrst til umræðu í þinginu ályktun um loftslagsmálin. (Forseti hringir.) Þetta eru mikilvægir íslenskir hagsmunir, hluti af atvinnuuppbyggingunni í landinu og hluti af möguleikum okkar Íslendinga til að vinna okkur út úr þeim vanda sem nú er fram undan.

[10:57]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég vil líkt og aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks kalla eftir því að þessi mikilvæga tillaga um loftslagsmálin verði rædd. Það er búið að afgreiða hana, að mér skilst, út úr nefnd og ræða hana þar og ég tel það mjög brýnt fyrir þing og ekki síst fyrir þjóðina að ræða þessa mikilvægu þingsályktunartillögu þar sem 1. flutningsmaður er hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sem sýndi á sínum tíma sem umhverfisráðherra mikinn dug og mikinn kjark að standa einmitt gegn afturhaldsöflunum sem réðust mjög grimmt að henni þegar verið var að gæta hagsmuna Íslands á alþjóðlegum vettvangi en ekki síst innan lands.

Það er alveg ljóst að við erum fyrst og fremst að hugsa um hagsmuni Íslands en eðlilega eru í tengslum við þessa tillögu — og það er gott — mjög ríkir alþjóðlegir hagsmunir þannig að ég veit að við höfum kraft og afl til að geta sannfært heiminn um að með því að fylkjast um íslenska hagsmuni séu menn líka að tryggja að alþjóðlegir hagsmunir séu hafðir að leiðarljósi í umhverfislegu tilliti. Ég vil hvetja hæstv. forseta eindregið til að taka tillöguna á dagskrá sem og hvalamálið. Ég held að brýnt sé að það verði rætt. Það hefur margoft verið talað um það í ræðustól, m.a. af minni hálfu, að við tökum þá tillögu á dagskrá. Það er einkennandi að í báðum þessum tillögum eru það stjórnarflokkarnir, vinstri mennirnir, Samfylking og Vinstri grænir sem eru á móti því að þessar tillögur séu ræddar. Þetta eru tillögur í atvinnuskyni. Það kemur hins vegar ekki á óvart að tillögur varðandi atvinnumál fást ekki ræddar. Ég get nefnt Helguvík, ég get nefnt hvalamálið, hægt er að tala núna um loftslagsbreytingarnar og kröfur varðandi loftslagsráðstefnu í Kaupmannahöfn síðar á árinu. Alltaf ber við það sama. Vinstri flokkarnir, Vinstri grænir og Samfylkingin, eru á móti því að þessi mál komist á dagskrá, (Gripið fram í.) eru á móti því (Forseti hringir.) að atvinnumál komist á dagskrá.

[10:59]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Þetta er afskaplega merkileg umræða. Ég veit ekki betur en Ísland og Kína séu á sama hnettinum og í Kína er verið að framleiða rafmagn í stórauknum mæli með brennslu kola. Ég veit ekki betur en Ísland og Suður-Afríka séu á sama hnettinum. Þar er sömuleiðis verið að framleiða ál með rafmagni sem framleitt er með því að brenna heilum fjöllum af kolum.

Það er mannkyninu til hagsbóta að ál sé framleitt á Íslandi og að íslensk raforka sé notuð vegna þess að hún er umhverfisvæn. Að láta sér detta annað í hug er fáránlegt. Þetta er einn hnöttur og þetta er eitt mannkyn og ál sem framleitt er í Kína eða í Suður-Afríku með rafmagni sem framleitt er með brennslu kola eða olíu eða gass mengar miklu meira. Þá kann einhver að spyrja: Af hverju erum við að framleiða ál yfirleitt? Það hefur verið sýnt fram á að álið sparar heilmikla mengun vegna þess að það er léttara heldur en stál í bílum. Þetta er hvort tveggja út í hött, þessi umræða er gersamlega út í hött og við eigum að snúa þessu við. Við eigum ekki að hafa íslenskt ákvæði í samningum um umhverfismál. Við eigum að bjóðast til að framleiða eins mikið og hægt er, eins og íslensk náttúra leyfir. Að sjálfsögðu göngum við ekki á íslenska náttúru. En við eigum að virkja eins og við mögulega getum á Íslandi mannkyninu til hagsbóta. Þetta er nefnilega einn hnöttur.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Röð mála á dagskrá o.fl.

[11:01]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Í umræðum um stjórnarskipunarlög sem eru númer 2 á dagskrá þess fundar sem hér liggur fyrir lagði hv. þm. og formaður Sjálfstæðisflokksins fram tillögu í því skyni að greiða fyrir sáttum varðandi meðferð þess máls. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson formaður sérnefndar um stjórnarskrá tók vel í þá sáttaumleitun sem fram kom í máli hv. þingmanns og ég bind vonir við að sættir náist.

Á dagskrá fundarins kemur fram að áttunda mál á dagskránni er greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Þetta er gríðarlega mikilvægt mál fyrir heimilin í landinu og varðar greiðslubyrði heimilanna og greiðsluvandamál þeirra og úrræði til þess að bregðast við því.

Ég, sem einn af flutningsmönnum þessa frumvarps sem nefndarmaður í allsherjarnefnd, óska eftir því vegna þeirra hagsmuna sem í húfi eru fyrir heimilin í landinu í tengslum við þetta mál að forseti hlutist til um að það mál verði sett fyrst á dagskrá. Það eru flutningsmenn að þessu máli úr öllum (Forseti hringir.) stjórnmálaflokkum á Alþingi og ég vonast til þess að hæstv. forseti taki þessari beiðni minni vel svo ég þurfi ekki að leggja fram dagskrártillögu.

[11:03]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Í mótmælunum í haust var mikil krafa um að lýðræði yrði aukið. Lýðræði út um allt og gagnsæi alls

staðar. Hér liggja fyrir tvær tillögur þar sem meiri hluti alþingismanna eru flutningsmenn á. Að sjálfsögðu eiga slíkar tillögur að fara strax á dagskrá, herra forseti, vegna þess að meiri hluti Alþingis hlýtur að ráða. Það hlýtur að vera krafa þeirra sem vilja lýðræði að meiri hluti alþingismanna ráði á Alþingi.

[11:04]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég fagna því mjög að fleiri og fleiri eru orðnir sammála mér um að það sé jafnbrýnt að taka á dagskrá málið um hvalveiðarnar og leggja fram öll rök, viðhorf og sjónarmið í því efni og fréttir af erlendum vettvangi, bæði frá mörkuðum og utanríkisþjónustu ýmissa þjóða sem við þurfum að eiga vingott við, að það sé jafnmikilvægt að taka þetta mál á dagskrá og hitt málið sem meiri hluti þingmanna stendur á bak við og var rætt áðan.

Það er hins vegar uppi sá misskilningur að ljónin í vegi þess að þetta mál verði tekið á dagskrá, sem ég teldi mjög æskilegt, séu með einhverjum hætti forseti þingsins eða stjórnarflokkarnir tveir. Svo er ekki. Forseti þingsins hefur upplýst að 1. flutningsmaður málsins hefur ekki æskt þess eða farið fram á að málið sé tekið á dagskrá, sem hann þarf að gera vegna þess að málsnúmerið er mjög hátt. Málið kom mjög seint fram. Meðan staðan er sú að hann eða aðrir flutningsmenn málsins vilja ekki að málið komist á dagskrá þá fer það ekki á dagskrá. Hvað sem sá sem hér í stólnum (Forseti hringir.) stendur óskar lengi eftir því. Þannig er málið. Maðurinn sem í vegi stendur heitir Einar K. Guðfinnsson, hv. þingmaður.

[11:05]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Við upplifum hér mikið málþóf og sérkennilegt ástand í þinginu. Það eru ekki nema átján dagar til kosninga og við þingmenn höfum ekki haft tækifæri til þess að fara út um kjördæmi okkar til þess að kynna það sem við erum að bjóða upp á og hvað við viljum gera eftir kosningar og ekki náð að komast í návígi við kjósendur okkar.

Ég hefði lagt til að þingforseti kannaði möguleika á því hvort ekki væri hægt hreinlega að fresta kosningum um einn mánuð til þess að gefa mönnum tækifæri til að tala um þau mál sem þeir vilja og allur sá fjöldi manna sem stendur fyrir málþófi hafi og fái tíma til að tala sig út um þessi mál og leiti möguleika á því að fresta kosningum um einn mánuð.

[11:06]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég tek eindregið undir tillögu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar um að þessum fundi verði slitið og að boðað verði til nýs fundar þar sem hægt er að ræða dagskránni þannig upp að það mál sem allsherjarnefnd flytur og er tilbúið til afgreiðslu, greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, að það frumvarp geti komið til umræðu.

Ég treysti því, hæstv. forseti, að það verði horft á þá hagsmuni sem fjölskyldurnar í landinu hafa af þessu máli og því verði lokið hér. Ég óska eindregið eftir því að hæstv. forseti taki tillit til þeirra óska sem fram hafa komið um að boðað verði til nýs fundar.

[11:07]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil koma hér upp og taka undir það sjónarmið sem kom fram hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur sem talaði á undan mér. Mér finnst hrein nauðsyn í því að sú tillaga sem allsherjarnefndin er einhuga um að flytja og er afar mikilvægt mál er varðar greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði verði tekin til umræðu á undan stjórnarskipunarlögunum sem við vitum öll að þarf að ræða mjög vel og vandlega.

Þetta er mál sem getur hjálpað heimilunum í landinu og það er það sem verið er að kalla eftir og verið að bíða eftir. Ég tel því einsýnt, þegar um er að ræða mál sem greinilega er mikil samstaða um þar sem nefndin flytur þetta mál sameiginlega, að við hljótum að geta orðið sammála um að færa það fram í dagskránni.

[11:09]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Eins og aðrir þingmenn sem hér hafa talað tek ég undir tillögu hv. þingmanns, Sigurðar Kára Kristjánssonar. Ég á einnig sæti í allsherjarnefnd og við höfum unnið mjög mikið í þessu máli á undanförnum vikum og teljum að komin sé niðurstaða sem geti gagnast ákveðnum hópi heimila í landinu mjög vel.

Hér er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir þau heimili sem í hlut eiga og það væru vissulega skýr og góð skilaboð frá þinginu ef þetta mál yrði tekið fram fyrir deilumál eins og stjórnarskipunarlögin og afgreitt hratt og örugglega. Ég held að það væri mjög mikilvægt innlegg af hálfu okkar þingmanna að auka bjartsýni hjá almenningi í landinu sem vissulega hefur þungar áhyggjur af þeirri stöðu sem uppi er í efnahagsmálum, sérstaklega hvað varðar skuldastöðu heimilanna.

[11:10]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég hef ekki fengið svör við óskum mínum um að þessum fundi verði slitið og boðað til nýs fundar með nýrri dagskrá þar sem fyrsta mál á dagskrá verði greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Ég er flutningsmaður þessa máls ásamt öllum hv. þingmönnum í allsherjarnefnd. Ástæðan fyrir því að þverpólitísk samstaða skapaðist um þetta mál er mikilvægi þess fyrir heimilin í landinu.

Ég hreinlega trúi því ekki að hæstv. forseti og þingheimur allur geti ekki fallist á að þetta mál um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði verði ekki tekið hér fyrir sem fyrsta mál á dagskrá þessa þings. Ég óska eftir því að fundinum verði slitið, eftir atvikum boðað til fundar með (Forseti hringir.) formönnum þingflokka og boðað til nýs fundar. Ellegar mun ég leggja fram skriflega dagskrártillögu þar sem ég mun óska eftir breytingu á dagskrá þessa fundar.

[11:11]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir beiðni hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Nú er það svo að vandi íslenskra íbúðareigenda magnast með hverjum deginum sem líður. Þeim sem fylgjast með gengi íslensku krónunnar sjá að það lækkar í gríð og erg og magnar það mjög vandann hjá fjölda heimila í landinu.

Þess vegna er alveg gríðarlega nauðsynlegt að Alþingi einbeiti sér að því að vinna í lausnum fyrir fólkið í landinu, fyrir heimilin. Nú förum við sjálfstæðismenn enn á ný fram á það við virðulegan forseta að gert verði hlé á umræðunni um stjórnarskrána og tekin fyrir mál sem skipta svo gríðarlega miklu máli fyrir heimilin og þau afgreidd í góðri sátt. Það mál sem hér er verið að ræða hefur að baki sér alla þá nefnd sem afgreiddi málið fyrir skömmu. (Forseti hringir.) Það er engin afsökun fyrir því að bjóða þjóðinni upp á þau vinnubrögð (Forseti hringir.) sem nú tíðkast hér í sölum Alþingis.

[11:13]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég tel að það færi vel á því að hæstv. forseti settist niður með þingflokksformönnum og ræddi um þetta mál, þá tillögu sem hér hefur komið fram.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur boðað að hann muni leggja fram dagskrártillögu um málið. Hugsanlega er hægt að leysa málið án þess að til atkvæðagreiðslu komi. En það er auðvitað undir því komið að hæstv. forseti hafi forgöngu um að leysa málið.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi málsins. Það hefur verið nefnt hér í umræðunni. En það er með ólíkindum að ríkisstjórnin og þeir flokkar sem henni fylgja að málum hér í þinginu skuli ætla að keyra þetta stjórnarskrármál í gegn og ýta öllum öðrum málum út af borðinu á meðan. Brýnum málum fyrir hagsmuni heimilanna eins og í þessu tilviki og öðrum málum sem snúa að hagsmunum fyrirtækjanna. Það er alveg með (Forseti hringir.) ólíkindum sá ofsi og sú óbilgirni sem ræður ferðinni hjá ríkisstjórnarforustunni og fylgismönnum hennar hér á hv. þingi.

[11:14]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni. Þannig háttar til að hér í morgun komu þingmenn bæði úr stjórnarliðinu og stjórnarandstöðunni og lögðu fram tillögur um að dagskránni verði breytt. Það hefur verið óskað eftir því að þrjú mál yrðu tekin á dagskrá og þau rædd á undan þeim málum sem fyrr eru á dagskránni.

Ég tel að oft hafi verið minna tilefni til þess að fresta fundi og halda fund með þingflokksformönnum til að fara yfir það hvað sé dagskrá sem þinginu sé þóknanlegt að ræða.

[11:15]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti hefur dagskrá fundarins sem var dreift hér í morgun. Hún liggur fyrir og engin önnur tillaga liggur fyrir forseta.

[11:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil benda á að borin hefur verið fram skrifleg tillaga um að fundi skuli slitið núna og boðað til nýs fundar þar sem tilgreind mál, í fyrsta lagi mál sem snúa að greiðsluaðlögun fasteignaveðlána og í öðru lagi loftslagsmálin og í þriðja lagi hvalamálið, verði rædd. Allt eru þetta mál sem snúa að fjölskyldum og atvinnulífi og nú þegar hefur verið óskað eftir þessu. Ég óska eindregið eftir því að forseti úrskurði um það hvort hann muni slíta fundi og boða nýjan fund með þessum málum þar sem þau eru á dagskrá.

Ég geri mér grein fyrir því að væntanlega vill forseti láta greiða atkvæði um þetta og mér finnst eðlilegt (Forseti hringir.) að forseti geri stutt hlé á fundinum þar sem verði komist að niðurstöðu um hvernig þessu verði hagað.

[11:17]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti hefur ekki fengið neina skriflega tillögu um dagskrárbreytingu (Gripið fram í.) þannig að eina tillagan sem liggur fyrir forseta er sú sem dreift var í morgun. Það er því sú tillaga sem forseti hefur og aðrar ekki. Á meðan ekki berst skrifleg tillaga til forseta getur forseti ekki tekið slíka tillögu fyrir.

[11:17]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Það virðist vera einhver misskilningur í stöðunni. Lögð hefur verið fram önnur tillaga þó að hún hafi kannski ekki borist forseta í forsetastól, hún hefur þá verið lögð fram á skrifstofu. Væntanlega hefur hún borist forseta núna, ef mér skjátlast ekki. Þá ætti að vera til tillaga sem hægt væri að fresta fundi út af og boða til fundar með þingflokksformönnum og ræða um framhald málsins, hvort sátt náist um nýja dagskrá í anda þess sem þingmenn úr stjórnarliðinu og stjórnarandstöðu hafa lagt til eða hvort rétt er að greiða atkvæði um dagskrártillöguna.

[11:18]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseta hefur borist svohljóðandi dagskrártillaga:

„Ég geri það að tillögu minni skv. 1. mgr. 63. gr. þingskapalaga að þingmál nr. 461, um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, verði sett fyrst á dagskrá 128. þingfundar 7. apríl. Þingsályktunartillaga um loftslagsmál og þingsályktunartillaga um hvalveiðar bætist einnig við á dagskrá en umræðu um stjórnarskrárfrumvarpið fari aftast. Ég fer fram á að tillagan verði tekin til atkvæðagreiðslu og dagskrá fundarins verði því þannig:

1. Greiðsluaðlögun.
2. Heimild til samninga um álver í Helguvík.
3. Tekjuskattur.
4. Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum.
5. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.
6. Fjármálafyrirtæki.
7. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn.

8. Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda.
9. Veiðar á hrefnu og langreyði.
10. Listamannalaun.
11. Stjórnarskipunarlög."

Undir þessa dagskrártillögu skrifar hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson.

[11:20]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Þingreynsla mín er ekki mikil enda er ég varamaður hér á þinginu að þessu sinni, en 1. mgr. 63. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Forseti boðar þingfund og ákveður dagskrá hvers fundar." Það er meginmálið.

Síðan stendur hér: „Þó má ákveða dagskrá næsta fundar eftir ályktun þingsins."

Þetta var gert í gær, sá ég, þá var borin hér upp dagskrártillaga, reyndar um dagskrá þess fundar sem þá stóð yfir. Nú er borin fram önnur dagskrártillaga í dag um dagskrá þessa fundar sem á að slíta og síðan um dagskrá næsta fundar.

Ég óska eftir því að þingreyndir menn, starfsmenn þingsins og þeir sem lengst hafa setið hér, geri okkur grein fyrir því hvaða skýringar eru á bak við aðra setninguna um að ákveða dagskrá næsta fundar eftir ályktun þingsins, því að allir sjá að það er gjörsamlega útilokað að halda uppi þingstörfum hér ef taka á til afgreiðslu fjölda dagskrártillagna (Forseti hringir.) um þann fund og hina næstu á hverjum fundi. Það er bara leið til þess að eyðileggja þingstörfin og það er greinilega það sem vakir fyrir flutningsmanni (Forseti hringir.) þessarar tillögu og félögum hans í Sjálfstæðisflokknum sem halda hér uppi málþófi og koma í veg fyrir að þingið geti gengið sinn gang.

[11:21]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Virðulegur forseti. Það er hárrétt sem kemur fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni, það er bersýnilegt að hér beitt öllum brögðum til þess að reyna að trufla og eyðileggja það að þingstörf geti gengið eðlilega fyrir sig.

Í gær var lögð fram dagskrártillaga um, eins og ég skildi hana, dagskrá þessa fundar sem stendur yfir núna. (**Gripið fram í:** Nei.) Hún var felld. Að sjálfsögðu var hún um dagskrá næsta fundar, það var þannig sem forseti las hana upp og það er í samræmi við þingsköp, og ég vona að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir vilji halda sig við þingsköpin.

Tillaga um dagskrá fundarins í dag var felld og þess vegna á þessi fundur að sjálfsögðu að halda áfram eins og forseti hefur lagt dagskrána upp. Ef menn vilja endilega koma með dagskrártillögu um dagskrá næsta fundar, sem er þá væntanlega á morgun, geta menn gert það í lok dags. Dagskrá þessa fundar hlýtur að eiga að halda áfram (Gripið fram í.) í samræmi við þá dagskrá sem forseti hefur lagt fram og í samræmi við þingsköp, virðulegi forseti. (Gripið fram í.)

[11:22]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti vill geta þess að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur komið með smábreytingu á tillögu sinni þar sem segir að hann eigi við 129. fund (**ÁÞS:** Já, það er þessi.) og það er næsti fundur. (**Gripið fram í:** Það er næsti fundur.)

(**ÁÞS:** Eigum við þá ekki bara að halda áfram þessum fundi eins og lagt var upp með í gær?) Forseti hyggst beita sér fyrir því að formenn þingflokka fari yfir málin en við höldum enn áfram fundi.

[11:23]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir okkur tillaga um að slíta yfirstandandi fundi og boða til nýs fundar með breyttri dagskrá. Sú dagskrá sem lagt er til að verði þar til umræðu snýr að málefnum sem snúa að atvinnulífinu og heimilunum í landinu. Við vitum að í þessari minnihlutastjórn er ágreiningur um þessi mál, við vitum að stjórnarliðar eru ekki samstiga þegar kemur að því að efla atvinnulífið í landinu og að hjálpa heimilunum. Það eru þau mál sem við sjálfstæðismenn viljum setja í forgang og út á það gengur dagskrártillagan. Hún gengur út á að við snúum okkur aftur að þeim málum sem skipta einhverju fyrir heimilin, að við hjálpum þessari ríkisstjórn, sem er hálffötluð í starfi sínu, við að koma á dagskrá (Gripið fram í.) þeim málum sem hún hefur lofað þjóðinni (Gripið fram í.) að beita sér fyrir.

Virðulegi forseti. Ég vil hvetja þig til þess (Forseti hringir.) að slíta þessum fundi og boða til fundar formanna þingflokkanna (Forseti hringir.) og reyna að fá niðurstöðu í þetta mál.

[11:25]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég er ekki mikill kunnáttumaður um þingskapalögin og ætla ekki að fara að vegast hér á um túlkun einstakra greina í þeim. Það sem ég sé þó er að ef heldur fram sem horfir er starf Alþingis komið í ógöngur vegna þess að ósvífinn minni hluti getur truflað hvern einasta fund Alþingis með endalausum dagskrártillögum, ósvífinn minni hluti undir forustu hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur (Gripið fram í.) getur stöðvað hvern einasta fund með sífelldum dagskrártillögum og komið í veg fyrir að (Gripið fram í.) Alþingi Íslendinga, sem þjóðin kýs til tiltekinna verka, geti klárað þau verk. Það er óháð Arnbjörgu Sveinsdóttur sem þorir ekki að ræða hlutina sem hér eru á dagskrá en tönnlast á sömu setningunni sífellt og ætíð, enda hefur hún flutt sömu ræðuna fimm sinnum hér í tilteknu máli. (Gripið fram í.)

Þjóðin ætlast ekki til þess að þessum þingmanni haldist uppi að eyðileggja verk hinna 62 þingmannanna sem (**JónG:** ... varamann ...) Já, það getur Arnbjörg auðvitað gert, hún getur kallað inn varamann. (Gripið fram í.)

Forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson vekur athygli á því að Arnbjörg Sveinsdóttir geti kallað inn varamann. Það er ábending sem mér kemur ekki við. Það er alveg augljóst, forseti, (Forseti hringir.) að með þessari túlkun á þingsköpunum eru störf Alþingis í uppnámi. Sjálfstæðisflokkurinn ætlar sér með þessu (Gripið fram í.) að setja störf Alþingis í uppnám og það er ekki tilgangur þessara laga (Gripið fram í.) sem ég held hér á. (**JónG:** ... finna formsatriði.) Ég

þakka Jóni Gunnarssyni fyrir ákafa þátttöku í þessari ræðu minni. (**JónG:** Það er ekkert að þakka, það var velkomið.)

[11:27]

Forseti (Kjartan Ólafsson):

Forseti verður að biðjast velvirðingar á því að það er vandamál með klukkuna, tölvumál, þannig að hv. þingmaður fékk meiri tíma en ætlað var.

[11:27]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Þar sem ég er næstur á mælendaskrá til þess að ræða um stjórnarskrármálið hafði ég hlakkað til þess að koma í fyrsta skipti í þær umræður í björtu en hingað til hafa þetta verið alinlangar næturumræður. Mér þykir því miður ef þær umræður frestast en get vel skilið áhuga félaga minna sem hér hafa talað um að taka önnur mál á dagskrá sem mjög brýnt er að afgreiða. Ég mun því styðja þá dagskrártillögu sem hér liggur fyrir, sem ég tel að samkvæmt almennum fundarsköpum eigi að bera þá þegar undir atkvæði. Það mun þó eitthvað vera á reiki hvernig það er gert.

Við hv. þm. Mörð Árnason vil ég segja að það er ekki hægt að nota orðbragð eins og að tala um ósvífinn minni hluta. Hvað er verið að tala um? Hér er eingöngu verið að neyta lýðræðislegs réttar og það er spurningin um hvort meiri hluti Alþingis styður þá dagskrártillögu sem hér er borin fram. Er það einhver ósvífinn minni hluti? Nei, það er spurning um hvort það er meiri hluti fyrir því á Alþingi að styðja dagskrártillöguna. Það er hið einfalda í málinu. (Gripið fram í.)

[11:28]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Á dagskrá þessa fundar liggja ýmis brýn mál. Það eru mál sem eru ekki aðeins sanngirnismál, mörg hver, réttlætismál, heldur eru það mál sem full samstaða ríkir um, mál sem komin eru frá nefndum og þurfa að fá afgreiðslu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú í nokkuð marga sólarhringa, í 40 klukkustundir samtals af þingtímanum, komið í veg fyrir að gengið verði þannig frá stjórnarskipunarlögum að hægt verði að greiða um þau atkvæði og koma til nefndar. Þessi síðasta uppákoma núna er viðbót við líklega sjö klukkutíma þvarg um fundarstjórn forseta sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið fyrir, 300 ræður um fundarstjórn forseta. Hversu lágt geta menn lagst?

[11:30]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. 8. mál á dagskrá er eitt það merkasta sem liggur fyrir í þinginu núna, mál sem allsherjarnefnd flytur í heild sinni um greiðsluaðlögun fasteignaveðlána. Það er mál sem breið samstaða er um á þingi og rætur sínar að rekja til vinnu sem fór fram í allsherjarnefnd í vetur.

Að mínu áliti er afar brýnt, frú forseti, að málið komist á dagskrá hið allra fyrsta og ég held þess vegna að ástæða sé til þess að taka undir það sem kom fram hjá hæstv. forseta áðan, að kalla verði á fund þingflokksformanna þar sem lagt verði til að slíta þeim fundi sem hér stendur og boða til nýs fundar þar sem þetta mál verður tekið á dagskrá og afgreitt fljótt og vel.

Hér er um að ræða mál sem skiptir öllu máli fyrir fjölskyldurnar í landinu og það er það sem við eigum að vera að ræða núna. Það eru einmitt svona mál sem við eigum að afgreiða. Það liggur alveg fyrir að samstaðan um málið er breið, frú forseti, og ég brýni forseta til þess að taka það til athugunar þannig að við getum skoðað málið hratt og vel í dag. (Forseti hringir.)

[11:31]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það liggur alveg fyrir að það er mikill áherslumunur hjá Sjálfstæðisflokknum annars vegar og minnihlutaríkisstjórninni hins vegar um það hvaða mál beri að setja í forgang á Alþingi.

Það liggur einnig fyrir að það er mikill ágreiningur í samfélaginu öllu vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru og liggja fyrir í frumvarpi um stjórnarskrá Íslands, um stjórnarskrá okkar. Það er ljóst að við sjálfstæðismenn ætlum að beita okkur fyrir því að því máli muni ekki ljúka með þeim hætti og í þeim mikla ágreiningi sem er um málið. (**Gripið fram í:** Ertu að hóta?) Það er engin hótun í því, hv. þingmaður. Það er bara staðreynd málsins. Við ætlum að standa vörð um þjóð og stjórnarskrá í þessu landi.

En við viljum taka á dagskrá þau mál sem skipta máli fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu og við viljum keyra þau í gegn með ykkur. Þó að við þyrftum að vinna alla dymbilvikuna (Forseti hringir.) með ykkur erum við tilbúin til þess og við biðjum ykkur að koma í þá vegferð með okkur (Forseti hringir.) og ljúka þeim málum sem minnihlutaríkisstjórnin hefur ítrekað lofað fólkinu í þessu landi. (Forseti hringir.) Hitt liggur fyrir að við munum halda áfram að verja stjórnarskrána og beita okkur fyrir því að málið verði ekki afgreitt með þeim breytingum sem svo djúpur ágreiningur er um.

[11:32]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Mér finnst dapurlegt að fylgjast með framgöngu sjálfstæðismanna í þessari umræðu þar sem þeir beita með mjög markvissum hætti málþófi hér á þingi. Ég vil minna á að við erum einungis í 2. umr. um breytingar á stjórnarskipunarlögum. Lagafrumvörp sem þessi þurfa að fara í gegnum þrjár umferðir og fá þinglega meðferð. (Gripið fram í.) Við gætum klárað þá umræðu fljótt og vel og tekið önnur brýn mál fyrir. Væntanlega færu breytingar á stjórnarskránni inn í nefnd aftur á milli umræðna, ég býst við því.

En mér finnst sorglegt að fylgjast með framgöngu Sjálfstæðisflokksins hér þar sem hann reynir að tefja umræðu um mikilvæg mál eins og stjórnarskrána og um vanda heimila og fyrirtækja. Það er leitt að sjá hvernig fyrir þessum þingflokki er komið. (Gripið fram í.)

[11:34]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Mörður Árnason kom í ræðu-

stól og sagði að þinghald stefndi í óefni vegna þess að hér væri flutt dagskrártillaga. Við sjálfstæðismenn erum algjörlega sammála því sjónarmiði, að þinghald sé komið í óefni vegna þess hvernig staðið er að fundarstjórn. Við höfum í marga sólarhringa hvatt til þess að hæstv. forseti haldi þannig á málum að hann nái sátt um dagskrá þingsins. Það hefur ekki verið gert og þess vegna flytjum við þessar tillögur.

Eina leiðin fyrir hæstv. forseta til að koma á viðunandi starfsháttum á þinginu er að semja um dagskrá þingsins og komast að niðurstöðu í samkomulagi við okkur um hvernig dagskránni verður háttað. (**Gripið fram í:** ... Hvaða hótanir eru þetta?)

[11:35]

Forseti (Þuríður Backman):

Nú er rúmur klukkutími liðinn frá því að þessi þingfundur hófst og enn er annað dagskrármálið ekki komið á dagskrá, um stjórnarskipunarlög. (Gripið fram í.) Við erum ekki komin í annan dagskrárlið. Við erum enn, eftir klukkutíma, að ræða fyrsta dagskrármálið, Störf þingsins.

Fram hefur komið dagskrártillaga og forseti hyggst hafa sama hátt á og í gær þegar sams konar tillaga kom fram. Forseti leggur til að gefið verði svigrúm til að þingflokksformenn geti hist og farið yfir stöðu mála og komi til atkvæðagreiðslu. Verður þá gefið svigrúm til þess að þingmenn komi til að greiða atkvæði, ef til þess kemur.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805, 882 og 917.

[11:38]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Ég flutti þrjár breytingartillögur við frumvarpið í gær og vil nú í annarri ræðu minni, eða síðari eftir atvikum, fara yfir efnisatriðin í þeim breytingartillögum. Þá gefst líka tækifæri til að fara yfir þau atriði frumvarpsins sem ég hafði ekki komið nægjanlega að í fyrri ræðu minni og ég get farið betur yfir þau sjónarmið sem ég vil leggja áherslu á í frumvarpinu.

Fyrsta breytingartillagan lýtur að 1. gr. frumvarpsins. Þar legg ég til að greinin orðist á annan veg en gert er í frumvarpinu og líka í breytingartillögu meiri hlutans. Ég legg til að greinin verði svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Öll verðmæti í sjó, á sjávarbotni og undir honum innan efnahagslögsögu eru þjóðareign, svo og þjóðlendur, námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 metra dýpi. Aðeins er heimilt að ráðstafa verðmætum skv. 1. mgr. til afnota tímabundið og gegn gjaldi samkvæmt nánari ákvörðun í lögum. Sala þeirra eða önnur ráðstöfun er óheimil. Eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skal að öðru leyti skipað með lögum. Tryggja ber landsmönnum öllum rétt til umgengni og útivistar í landinu."

Þessi tillaga mín er að meginstofni til tekin upp úr frumvarpi til breytingar á stjórnarskránni sem flutt var á 121. og 122. löggjafarþingi af þingmönnum Alþýðubandalagsins. 1. flutningsmaður var Ragnar Arnalds og ég var einn af meðflutningsmönnum þá. Þá var byrjað að ræða ýmsar hugmyndir sem síðar hafa hlotið meiri stuðning eftir því sem árin hafa liðið. Í því frumvarpi voru nýmæli á þeim tíma, sem mér finnst að að stofni til eigi enn erindi inn í stjórnarskrána og legg ég því til að 1. gr. í frumvarpinu sem á að kveða á um náttúruauðlindir og þjóðareign á þeim verði eins og þar segir. Ástæðan fyrir því er sú að frumvarpið sem flutningsmennirnir fjórir flytja er með þeim ágalla að það er ekki gert ráð fyrir því og ekki kveðið upp úr með það í stjórnarskránni, ef þeirra tillaga nær fram að ganga, það er ekki sagt með skýrum hætti hvaða auðlindir verða þjóðareign. Þar segir bara að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign. Síðar verður það ákveðið í lögum hverju sinni hvaða auðlindir verða þjóðareign. Ég vil vísa til þess sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, á bls. 26, þar sem þetta er rakið og þar segir, með leyfi forseta:

„Vegna þess að aðstæður og viðhorf geta breyst í tímans rás er ekki gert ráð fyrir að náttúruauðlindir í þjóðareign verði skilgreindar í sjálfri stjórnarskránni, heldur verði það gert í almennum lögum."

Þetta er náttúrlega ótrúlegur fingurbrjótur, að ætla sér að setja í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum en ákveða með þeim hætti að það sé ekki ákveðið í stjórnarskránni heldur bara með almennum lögum. Menn hljóta að átta sig á því hvað þeir eru að gera með þessu háttalagi. Þetta felur í sér að Alþingi getur á hverjum tíma með einföldum lögum ákveðið að fella tilteknar auðlindir undir ákvæði stjórnarskrárinnar og skilgreina þær sem þjóðareign og Alþingi getur líka með einföldum lögum ákveðið að fella brott tilteknar auðlindir, undan ákvæði stjórnarskrárinnar sem þjóðareign og gert þær að eign sem hægt er að selja. Þannig segir t.d. í þessari greinargerð, með leyfi forseta:

„Mikilvægt framlag hins nýja stjórnarskrárákvæðis er að þegar auðlindir falla á annað borð undir hugtakið þjóðareign verður tryggt að þeim verði ekki afsalað varanlega til einstaklinga eða lögaðila."

En það er bara meðan viðkomandi auðlind fellur undir ákvæði stjórnarskrárinnar. Það sem kannski undirstrikar að sú tillaga sem um er að ræða í frumvarpinu kveður ekki upp úr um það hvað sé þjóðareign og hvað ekki þá segir í greinargerðinni með frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Með því að bæta ákvæði í stjórnarskrá sem lýsir yfir þjóðareign allra auðlinda sem ekki eru háðar einkaeignarrétti yrði hægt að fella undir hugtakið nytjastofna á Íslandsmiðum."

Með öðrum orðum, það er ekki kveðið upp úr með það í frumvarpinu að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu þjóðareign. (Gripið fram í.) Það stendur bara upp úr og það er ekki gert. Það stendur að vísu í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða en það er hægt að breyta þeirri grein hvenær sem er og þar með er hægt að selja þá auðlind hverjum sem heimilt verður að selja með þeim lögum.

Þetta er því hálfgert platákvæði í frumvarpinu sem ríkisstjórnarflokkarnir standa að og Framsóknarflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn. Það er dálítið verið að kasta ryki í

augu fólks með því að flytja þetta og segja að þetta sé ákvæði um þjóðareign, því það er það ekki. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að flytja þá breytingartillögu sem ég flyt þar sem er skilgreint mjög skýrt hvaða auðlindir það eru sem eru þjóðareign. Það er skilgreint í stjórnarskránni og þar með getur Alþingi ekki breytt því með einföldum lögum.

Það er nefnilega tortryggilegt þegar menn ná samkomulagi um ákvæði sem kemur ekki við neina hagsmunaaðila, eins og kvótaeigendurna í sjávarútvegskerfinu. Það varð kannski tilefnið til þess að ég fór að hugsa hvað hér væri á seyði, ef hér er verið að flytja ákvæði sem þessir aðilar kippa sér ekki upp við. Þá var þetta skýringin, hún liggur í þessu, að það er ekki verið að gera neitt sem ógnar hagsmunum þeirra. Það er mikill galli á málinu og þess vegna nauðsynlegt að leggja til að úr honum verði bætt og því reynir á það í þinginu hvort þingmenn vilja setja inn í stjórnarskrána skýra upptalningu á þeim auðlindum sem eiga að vera þjóðareign eða hvort menn vilja blekkja þjóðina og framselja Alþingi það vald framvegis með lögum, hvaða náttúruauðlind verður þjóðareign og vald til að taka það úr þjóðareign hvenær sem þurfa þykir eða henta þykir.

Í öðru lagi er ég með tillögu um breytingu á 3. gr. frumvarpsins. Hún fjallar um möguleika almennings á að kalla til sín löggjöf og láta kjósa um hana, gildi hennar. Að mínu viti vantar inn í frumvarpið ákvæði um heimild tiltekins hlutfalls þingmanna til að vísa löggjöf til þjóðarinnar eins og lagt var til í frumvarpsdrögum starfshóps sem forsætisráðherra skipaði skömmu eftir að ríkisstjórnin komst til valda 1. febrúar. Þar var lagt til að þriðjungur alþingismanna gæti ákveðið að samþykkt lagafrumvarp yrði borið undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar. Mér finnst að þá leið vanti og legg til í breytingartillögu nr. 2 að úr því sé bætt með eftirfarandi ákvæði, með leyfi forseta:

„Þriðjungur alþingismanna getur ákveðið að bera samþykkt lagafrumvarp undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar, samanber þó 2. mgr. Slík ákvörðun skal tilkynnt með bréfi til forseta Alþingis áður en þrír dagar eru liðnir. Þjóðaratkvæðagreiðslan fer þá fram innan þriggja mánaða. Verði frumvarpið þá samþykkt skal forseti Íslands staðfesta það sem lög."

Ég veit ekki af hverju þessi tillaga hlaut ekki náð fyrir augum flutningsmannanna fjögurra fyrst hún var komin fram í starfshópnum sem undirbjó frumvarpið. Það kann að vera að skýringar á því hafi komið fram í umræðunni en það hefur þá farið fram hjá mér og a.m.k. sé ég ekki rök til þess að fella þennan möguleika úr frumvarpsdrögunum.

Þetta hefur komið til tals hér í þingsölum í gegnum árin, ýmsar breytingar á stjórnarskránni sem eiga að opna möguleika á því að þjóðin geti greitt atkvæði um tiltekin mál eða tiltekna löggjöf og oft verið nefndur þessi möguleiki að ekki bara almenningur geti kallað til sín mál heldur líka hitt að þingmenn geti vísað máli. Þetta virkar sem hemill að nokkru leyti á meiri hluta Alþingis hverju sinni. Það kann að vera knúin í gegnum þingið með mjög naumum meiri hluta löggjöf sem er mjög umdeild og þá er möguleiki á því ef þriðjungur þingmanna er um það sammála að minni hlutinn geti ákveðið að bera löggjöfina undir alla þjóðina og það kann að vera skynsamlegt oft á tíðum. Ég held að þetta verði til þess að draga úr líkunum á því að menn knýi í gegnum Alþingi með knöppum meiri hluta mjög umdeilt mál og leiti frekar samkomulags um það þegar menn vita að hægt er að beita því úrræði að vísa málinu í almenna atkvæðagreiðslu.

Ég held að þetta geti verið skynsamleg leið og stuðli frekar að meira samráði innan þingsins og aukinni einingu um afgreiðslu mála. Nú, ef það tekst ekki þá væri það líka skynsamlegt í umdeildum málum að þjóðin hafi síðasta orðið um gildi þeirra. Ég held að þetta sé afar skynsamlegt lagaákvæði eða stjórnarskrárákvæði og það á sér fyrirmyndir í erlendum stjórnarskrám, m.a. á Norðurlöndum og því ætti ekki að vera neinn hörgull á því að sækja sér rökstuðning fyrir þessari tillögu til annarra þjóðþinga.

Í þriðja lagi er ég með tillögu um stjórnlagaþingið. Ég hef verulegar athugasemdir við stjórnlagaþingið eins og það er lagt fram í frumvarpinu og reyndar ekkert síður eins og það lítur núna út eftir breytingartillögu meiri hluta sérnefndarinnar.

Ég vil fyrst segja að mér finnst að það þurfi að skýra betur til hvers er ætlast af stjórnlagaþingi. Stjórnlagaþing er í rauninni ekkert annað en vettvangur eins og Alþingi. Það eru ef til vill ekki sömu mennirnir á þeim vettvangi en þetta er sams konar vettvangur, þjóðkjörinn vettvangur. Alþingi er þjóðkjörinn vettvangur sem m.a. hefur það hlutverk að hafa frumkvæði að því að gera breytingar á stjórnarskránni og samþykkja þær miðað við kerfið eins og það er núna. Ef menn telja að Alþingi sé ekki bært til þess að fjalla um stjórnarskrána eða breytingar á henni þá verða menn að útskýra hvers vegna stjórnlagaþing er til þess bært. Hvað gerir það að verkum að alþingismaður er ekki hæfur eða vanhæfur til verka en stjórnlagaþingmaður er það? Rökin fyrir því hafa verið mjög losaraleg og það þarf að leggja fram miklu betri rök til þess að sannfæra mig um að fara eigi þessa leið.

Menn hafa sagt sem svo, þingmenn geta ekki afgreitt eða tekið mál sem lúta að þeirra eigin stöðu, þ.e. stöðu Alþingis. Gott og vel, ef menn segja það, þá verður líka að gera ráð fyrir því að Alþingi fjalli ekki framvegis um þau mál, ekki bara núna þegar stjórnlagaþingið á að starfa heldur framvegis. Menn eru þá að segja að alþingismenn geti ekki fengist við þessi mál. Það er dálítið mikið sagt og það kemur reyndar ekki fram í áliti þeirra sem flytja frumvarpið að þeir ætlist til þess að stjórnarskrárbreytingar séu teknar frá Alþingi til frambúðar. Þvert á móti eru þeir með tillögu sem gerir ráð fyrir því að Alþingi fari með þessi mál og geri framvegis breytingar á stjórnarskránni og geri þar með breytingar á öllum ákvæðum stjórnarskrárinnar, hvort sem þær lúta að mörkum Alþingis, stöðu alþingismanna eða öðru. Flutningsmennirnir lýsa því þar með yfir í frumvarpinu að þeir telja þingmenn hæfa framvegis til þess að fjalla um þessi mál. Hvernig geta þeir verið það, hæfir til lengri tíma en vanhæfir til skemmri tíma? Það finnst mér þarfnast skýringar og rökstuðningur fyrir því þarf að koma fram. Ég hef ekki séð hann.

Ef menn komast að þeirri niðurstöðu að alþingismenn séu vanhæfir til lengri tíma til að fjalla um þessi mál, þá er niðurstaðan sú að leggja niður Alþingi. Þá er það bara niðurstaðan. (Gripið fram í.) Það er engin önnur niðurstaða

sem kemur til greina. (Gripið fram í.) Þannig að ég segi, virðulegi forseti, að þó að ég hafi að sumu leyti samúð með því sjónarmiði að það þurfi á einhverjum stundum að kalla saman fólk til að semja stjórnarskrá — það er svo aftur annað mál hvort það þurfi að semja nýja stjórnarskrá — þá ganga röksemdir flutningsmanna ekki upp því þeir segja bæði og, hvorki né, og það er ekki hægt. Ég get ekki fallist á það, hafandi verið alþingismaður í 18 ár, að ég hafi verið og sé vanhæfur til að fjalla um þessi mál. Ég bara neita að samþykkja það, virðulegi forseti, og held því fram að ég sé algerlega hæfur til þess og geti verið það.

Ég vil líka benda á að stjórnlagaþingsfulltrúar búa líka við aðstæður sem geta gert þá vanhæfa með sama hætti. Það er ekkert sem bannar það að stjórnlagaþingsfulltrúi muni síðan að loknu stjórnlagaþingi bjóða sig fram til Alþingis. Hvað kemur þá í veg fyrir að stjórnlagaþingsfulltrúi vinni á stjórnlagaþingi til að búa í haginn fyrir persónulega hagsmuni sína? Það ekkert sem kemur í veg fyrir það. Menn verða þá að setja inn í stjórnlagaþingið ákvæði sem bannar þingfulltrúum að bjóða sig fram til Alþingis síðar, til þess að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra eða hagsmunagæslu í störfum viðkomandi á stjórnlagaþingi sem ég held að menn sjái að gangi heldur ekki.

Ætli menn og telji menn ástæðu til þess að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni þá á Alþingi að gera það. Þá er það hin spurningin sem ég vil bera fram og fá betri svör við en fram hafa komið. Hvers vegna þarf að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni? Ég hef ekki fengið nein svör við því. Ég kalla eftir því að menn beri fram þann rökstuðning sem liggur á bak við það sjónarmið að það þurfi að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni. Hvað er það í stjórnarskránni sem leiddi það af sér að bankarnir féllu? Eða hvað er það sem er tilefnið fyrir því að menn telja að það þurfi að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni?

Mér finnst þetta vera mjög vanhugsað ákvæði. Ég bendi líka á að það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, kannski helstu rökin gegn því, en í greinargerðinni segir beinlínis, á bls. 25, að þessi tillaga um stjórnlagaþing sé nýmæli sem eigi sér enga fyrirmynd annars staðar þó að menn hafi sums staðar lagt af stað með stjórnlagaþing í öðrum löndum þá hafi menn hvergi í Evrópu a.m.k. farið þessa leið. Hvers vegna fara menn þá þessa leið?

Svo kemur líka fram að þar sem menn fara í stjórnlagaþing þá er um að ræða sambandsþing, sambandslýðveldi, þar sem þjóðkjörnir þingmenn og kjörnir fulltrúar einstakra fylkja eða ríkja í viðkomandi landi hittast. Hér er ekkert sambandsríki og tillagan sem hér er lögð til gerir ráð fyrir að landsbyggðin verði þurrkuð út, bara þurrkuð út. Landsbyggðin á ekki möguleika á að fá kjörinn fulltrúa samkvæmt þeim tillögum sem meiri hlutinn leggur fram hér. Meira að segja er gengið svo langt að gera nánast ráð fyrir því að landsbyggðin sé ekki með í þessum hugmyndum. Svo bíta menn höfuðið af skömminni með breytingartillögunni um stjórnlagaþing með því að setja inn í stjórnarskrá að það megi með lögum ákveða að niðurstaða kosninga á stjórnlagaþingi sé ógild, að það sé eitthvert ráð vísra manna sem geti bara ógilt það sem kjósendur vilja og raðað upp á annan veg. Til dæmis segir að það eigi að tryggja tiltekið jafnræði kynjanna. Nú ef kjósendur vilja hafa 30 konur og 11 karla þá ætlar hv. þm. Atli Gíslason og einhverjir fleiri að henda út einhverjum konum og taka inn einhverja karla og leiðrétta það sem kjósendur ákveða. Hvert eru menn komnir, virðulegi forseti, þegar menn telja sig hafa vald til þess að hafa vit fyrir almenningi, vit (Forseti hringir.) fyrir þjóðinni þegar hún kýs og sett upp í lög ákvæði sem leiðrétta það (Forseti hringir.) sem þjóðin gerir rangt, að þeirra mati?

[11:59]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir afar góða ræðu. Við hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson erum ekki alltaf sammála um þau mál sem snúa að stjórnskipun landsins en hins vegar eru flest þau atriði sem hann nefnir í ræðu sinni þess eðlis að mér finnst þau eiga mikið erindi í þessa umræðu og get tekið undir afar margt sem hann segir í því sambandi.

Það er eitt atriði sem ég ætlaði að ræða sérstaklega við hv. þingmann, það sem snýr að þjóðaratkvæðagreiðslum. Hann vakti réttilega athygli á því að í tillögum frumvarpsins er búið að taka út það sem sýnt var á fyrri stigum um að þriðjungur þingmanna gæti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál. Ég vildi spyrja hann í fyrsta lagi hvort hann teldi að sú leið, að þriðjungur þings geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu eins og er t.d. í danska þinginu, útiloki á einhvern hátt að þjóðaratkvæðagreiðsla verði að þjóðarfrumkvæði.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hann hvort hann teldi ekki, eins og ég, að með því að hafa slíkar leiðir til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi tiltekinna laga væri fallinn burtu tilgangur 26. gr. stjórnarskrárinnar sem gerir samkvæmt orðanna hljóðan ráð fyrir því að forseti geti neitað að staðfesta lög og mál gangi þar með til þjóðaratkvæðagreiðslu, hvort að það að þriðjungur þings geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög og að tiltekið hlutfall þjóðarinnar geti gert slíka kröfu geri það ekki að verkum að það sé óþarfi að láta slíkt vald liggja hjá forseta lýðveldisins.

Að lokum spyr ég hv. þingmann hvort hann teldi ekki að þær breytingar sem hafa verið gerðar varðandi þjóðaratkvæðagreiðslurnar og (Forseti hringir.) málsmeðferð í því sambandi, skortur á rökstuðningi og annað, séu ekki til vitnis um að málið er óþroskað (Forseti hringir.) og vanreifað og vanrætt.

[12:01]

Kristinn H. Gunnarsson (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi síðustu spurninguna er svarið: Já. Ég tel að menn hafi verið að flýta sér mjög mikið að bera fram tillögur sem kannski lá ekki alveg fyrir í upphafi hverjar yrðu en menn hefðu kannski ákveðið að bera fram tillögu um stjórnlagaþing. Ég held að það hafi borið þannig að að það hafi fyrst verið ákveðið og síðan hafi hitt bæst við. Það er greinilegt af aðdraganda málsins, umfjöllun og áliti umsagnaraðila að það vantar mikið á að tillögugerðina hafi borið að með þeim hætti sem vera ber þegar stjórnarskráin á í hlut. Ég tek alveg undir það sjónarmið og þá gagnrýni.

Varðandi synjunarvald forseta Íslands er alveg rétt að komi þetta hvort tveggja inn í stjórnarskrá, að almenningur geti kallað til sín mál og að minni hluti þingmanna geti vísað máli til þjóðar, dregur það úr þörfinni á því að forseti Íslands hafi möguleika á að vísa máli til þjóðarinnar eins og hann hefur í raun og veru óbeint í gegnum það að synja lagafrumvarpi staðfestingar. Hins vegar er ég ekki viss um að það vald forseta þurfi endilega að afnema þrátt fyrir að báðar þessar tillögur nái fram að ganga. Hann er sjálfur þjóðkjörinn og hefur, má segja, umboð til að vega og meta hvort hann vísi máli upp á eigin spýtur til þjóðarinnar. Ég býst við að hann mundi ekki komast oft að niðurstöðu um að gera það því að í þeim tilvikum sem um mjög umdeild mál væri að ræða væru annaðhvort þingmenn eða kjósendur búnir að taka ákvörðun um að kalla málið til sín. (Forseti hringir.)

[12:03]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstvirtur forseti. Ég verð að játa að ég sé enga þörf fyrir að valdið til þess að synja lögum staðfestingar og vísa máli til þjóðar verði áfram fyrir hendi ef jafnvíðtækar heimildir yrðu settar í stjórnarskrá til þjóðaratkvæðagreiðslu og frumvarpið gerir ráð fyrir og eins og breytingartillaga hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar gerir ráð fyrir. Ef mál eru umdeild og eru þannig að það er hiti í samfélaginu um þau og þau eru mikil ágreiningsefni tel ég alveg fullvíst að annaðhvort þriðjungur þingsins eða þá tiltekið hlutfall almennings í landinu eða kjósenda mundi fara fram á að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram.

Þá er það mín skoðun að það sé heppilegra að halda forseta Íslands utan við atburðarás af þessu tagi þannig að forsetinn dragist síður inn í pólitískar deilur og geti sinnt hlutverki sínu sem sameiningartákn þjóðarinnar án þess að blandast inn í pólitísk ágreiningsefni.

[12:05]

Kristinn H. Gunnarsson (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er í meginatriðum sammála hv. þm. Birgi Ármannssyni um að þörfin fyrir synjunarvald forseta verður hverfandi eftir að þetta tvennt nær fram að ganga. Ég held að menn verði þá að hugsa forsetaembættið svolítið upp á nýtt í því ljósi og hvernig menn kynnu að vilja hafa það. Það er út af fyrir sig mál sem ég hef ekki farið í gegnum með sjálfum mér og komið mér upp ákveðinni skoðun, nema mér finnst mjög dýrmætt að forseti sé þjóðkjörinn.

[12:05]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég segi í framhaldi af þessum umræðum að það þarf náttúrlega að kanna hvort forseti Íslands mundi staðfesta frumvarp sem yrði lagt fyrir hann á þann veg sem hér hefur verið túlkað að hann mundi tapa rétti sínum skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar ef það yrði að lögum. Þetta kann að vekja ýmsar spurningar.

Eins og hv. þingmaður vakti máls á flutti hann, ef ég skildi rétt, þrjár breytingartillögur við þetta frumvarp. Hv. þingmaður situr í forsætisnefnd Alþingis og hún hefur ákveðnum skyldum að gegna varðandi gæði lagafrumvarpa. Árið 2007 var gerð breyting á 36 gr. þingskapalaga og sett inn heimild handa forseta Alþingis til að setja leiðbeiningarreglur um frágang lagafrumvarpa. Sú heimild hefur verið túlkuð á þann veg að hún gefi vísbendingu um að þingið hyggist gegna frekara forustuhlutverki við undirbúning nýrrar löggjafar. Þetta hefur m.a. verið túlkað á þennan veg af núverandi hæstv. dómsmálaráðherra sem hefur fjallað mjög um gæði löggjafar. Þegar við stöndum á þessum tímapunkti núna og hv. þingmaður hefur flutt þrjár breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingu á stjórnarskránni spyr ég hvort honum finnist ekki sem forsætisnefndarmanni í þinginu ástæða til að hugað sé að því hvernig að þessu máli er staðið í forsætisnefnd og að farið verði yfir þær heimildir sem hún hefur, og skyldur því að heimildunum fylgja líka skyldur og ábyrgð, og þetta mál tekið til athugunar í ljósi þess sem hv. þingmaður sagði, að hann teldi að í þessu frumvarpi óbreyttu fælist að Alþingi væri sett í annað sæti og þannig búið um hnútana að á stjórnlagaþingi kynni kannski að vera ákveðið að Alþingi hyrfi úr sögunni, ef mætti túlka orð hans á þann veg. Ég (Forseti hringir.) hvet hv. þingmann til að svara (Forseti hringir.) því hvort hann hyggist ekki taka þetta upp í forsætisnefnd þingsins.

[12:08]

Kristinn H. Gunnarsson (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal bara íhuga hvort það sé rétt að hreyfa því í forsætisnefnd að taka til umræðu þetta stjórnarskipunarfrumvarp út frá því sjónarmiði að það sé samið á þann veg að í því séu verulegar mótsagnir og þess vegna galli á framsetningu þess.

Hinu er hins vegar ekki hægt að leyna að menn hafa víðtækt frelsi til að flytja þingmál. Innihald þeirra getur verið með ýmsum hætti og það er svolítið erfitt að setja skorður við því að menn flytji „vitlausar“ tillögur, svo ég taki til orða eins og hér var gert fyrr í morgun af öðru tilefni þó að ég vilji ekki leggja í vana minn að fella dóma yfir hugmyndum eða tillögum sem aðrir flytja.

Það er auðvitað ástæða til að hafa áhyggjur af þessu máli því að miðað við það hvernig frumvarpið er frágengið getur verið kapphlaup á milli Alþingis og stjórnlagaþingsins um að vísa málum til þjóðarinnar. Alþingi getur eftir sem áður, á því ári sem líður frá því að ákvæði kemur inn í stjórnarskrá, ákveðið að stjórnarskrárbreytingum skuli framvegis vísað til þjóðarinnar og þar til að stjórnlagaþingið kemur saman 17. júní 2010 getur Alþingi gert breytingar á stjórnarskránni og sent þær til þjóðarinnar. Svo getur stjórnlagaþingið samið nýja stjórnarskrá og sent hana líka til þjóðarinnar þannig að mér finnst þetta fyrirkomulag vera kviðaefni svo ekki sé meira sagt.

[12:09]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hann hét okkur þingmönnum því að taka þetta upp í forsætisnefnd þingsins og ræða gæði þessa lagafrumvarps. Það er í fullu samræmi við það sem Alþingi hefur ákveðið og þær breytingar sem gerðar voru á þingskapalögunum árið 2007 og einnig í samræmi við það sem fram kom í samvinnu for-

sætisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og Alþingis við gerð handbókar um lagasmíð. Þeim mun strangari reglur sem menn setja sér um lagasmíðina þeim mun strangari reglur ættu þeir líka að setja sér um breytingar á stjórnarskránni.

Ég held að það sé mjög tímabært, og raunar mundi það greiða fyrir þingstörfum, að hv. þingmaður beiti sér í forsætisnefndinni, taki þetta mál fyrir og við fáum leiðbeiningu frá forsætisnefnd um það hvort hún telji þetta í raun og veru forsvaranlegt miðað við þær reglur sem við höfum sett og þau markmið sem þingið hefur sett sér um gæði lagasmíða.

[12:11]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir mjög góða ræðu og alveg sérstaklega þá umfjöllun hans um að við erum hérna á stjórnlagaþingi og við erum kosin af þjóðinni í einhverjum skilningi, reyndar með listum og flokkum. Það sem hann sagði um stjórnlagaþing hef ég svo sem bent á og hann leggur hreinlega til að sú grein verði alveg felld niður.

Ég spyr hv. þingmann hvort ekki sé rétt, eins og ég ræddi um í nótt, að þingið sinni stjórnlagastörfum sínum allt að því í hjáverkum. Menn starfa í nefndum og leysa dagleg vandamál þjóðfélagsins með lagasetningu og öðru slíku og þar af leiðandi verður stjórnarskipunarstarfið alltaf aukastarf. Eru ekki tilefni og ástæður til að hafa einhvers konar stjórnlagaþing sem sinnti þessu að fullu og gerði ekkert annað og gæti þar af leiðandi unnið þetta miklu hraðar og kannski meira í samfellu þannig að það sé heildarsýn yfir nýja stjórnarskrá en að það sé ráðgefandi? Er það ekki lausnin á þeim vanda sem hann nefndi um að tveir aðilar séu að breyta stjórnarskránni, jafnvel samtímis, og geti lent í slag hvor við annan. Það er ekki víst að meiri hluti Alþingis sé sáttur við hvernig tókst til með kjörið til stjórnlagaþingsins og óttast kannski að stjórnlagaþingið ætli að afnema Alþingi. Þá getur Alþingi sett inn breytingu um að afnema stjórnlagaþingið. Það er spurning hvort það að hafa það ráðgefandi mundi ekki leysa þann vanda og líka þann vanda sem hv. Alþingi stendur nú frammi fyrir með þessum miklu umræðum og þessum miklu deilum.

[12:13]

Kristinn H. Gunnarsson (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo sem viðfangsefni að reyna að velta fyrir sér leiðum til að mæta þeim sjónarmiðum sem mönnum finnst vera rök í eða ástæða til að reyna að mæta sem eru sjónarmið um að allsherjarendurskoðun þurfi sem þó hafa ekki verið rökstudd nægjanlega að mínu mati. Ef við gefum okkur að við séum að leita að leiðum til að mæta þeim sjónarmiðum og svo þeim sjónarmiðum sem við höldum fram um stöðu Alþingis er eðlilegt að velta fyrir sér ýmsum möguleikum.

Í tillögum um stjórnlagaþing eru í raun og veru stjórnmálaflokkarnir sjálfir hluti vandans, þess vegna er talað um að ekki megi kjósa hlutfallskosningu heldur eigi að kjósa persónukjöri. Ef menn eru á þeirri skoðun að stjórnmálaflokkarnir séu vandamálið og flokksræði og annað slíkt leiði til þess að þingið starfi ekki eins og það ætti að gera getum við ekki látið þar við sitja að kjósa stjórnlagaþingið persónukjöri. Þá verðum við að innleiða persónukjörið á Alþingi. Það hlýtur að vera niðurstaðan þannig að það er eins gott að fara strax inn í þá umræðu.

Ég held, virðulegi forseti, að það gæti alveg verið leið að hugsa málið út frá því sem hv. þm. Pétur H. Blöndal nefnir, það verði ákveðið að Alþingi haldi sérstakt stjórnlagaþing sem verður þá haldið á forsendum Alþingis og undir þess stjórn. Það mætti þó kjósa til þess menn til viðbótar alþingismönnunum, úr kjördæmunum með einhverjum tilteknum hætti, einhvern fjölda og sá hópur kæmi síðan saman til að vinna að því verkefni að fara yfir stjórnarskrána og semja nýja. Alþingi mundi þá að lokum afgreiða það mál og senda þjóðinni. Þetta hugsa ég að gæti verið leið til að ná því fram sem menn sækjast eftir.

[12:15]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er mjög ánægður að heyra að hv. þingmaður getur fallist á þetta. Ég ætlaði að spyrja líka um annað sem mikið hefur verið rætt hérna. Það er gert ráð fyrir því, reyndar í fylgiskjali með frumvarpinu, að þingmenn séu ekki kjörgengir á þetta stjórnlagaþing, þ.e. að búið sé að útiloka þann hóp manna til þess að vera á stjórnlagaþingi. Segjum að það yrði samþykkt, telur hv. þingmaður það standast jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar? Eru einhver málefnaleg rök fyrir því að segja að þingmaður sé vanhæfur til að sitja á stjórnlagaþingi eða dugar það eitt að hafa verið kjörinn á Alþingi til þess að banna manni að bjóða sig fram til stjórnlagaþingsins og væri hugsanlegt að menn mundu þá afsala sér tímabundið þingmennsku á meðan þeir sitja á stjórnlagaþinginu í stað þess að útiloka þá í að bjóða sig fram? Ég hygg að það mundu margir þingmenn hafa áhuga á því að taka þátt í stjórnlagavinnunni bara vegna eigin áhuga og það er dálítið hastarlegt ef þetta stjórnlagaþing er sett á laggirnar að þeir megi ekki taka þátt í þessari vinnu eftir það. (**Gripið fram í:** Brotin jafnræðisregla.)

[12:16]

Kristinn H. Gunnarsson (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki alveg segja hvernig dómstólar mundu skera úr þessu álitaefni. En það eru fordæmi fyrir því að mönnum sé bannað að bjóða sig fram til Alþingis þannig að það liggur að minnsta kosti fyrir að hægt sé að setja það ákvæði í stjórnarskrá að slíkt sé gert. Ég veit ekki hvort það væri hægt að hafa það í almennum lögum eins og mér sýnist á frumvarpinu að meiningin sé. Mér finnst það miklu hæpnara og mér finnst að þá yrðu menn líka að setja bann við að þeir sem sætu á stjórnlagaþingi mættu bjóða sig fram til Alþingis vegna þess að það verður þá að loka fyrir þessum meintum hagsmunatengslum sem gætu skaðað starfið sem menn eiga að vinna.

Mér finnst hvort tveggja óeðlilegt. Mér finnst bara að þingmenn eigi að vinna sína vinnu í stjórnlagagerð, hvort sem það er á Alþingi eða stjórnlagaþingi. Þeir eiga að vera aðilar að því og þeir eiga að hafa stjórn á því máli eins og þeir eru kosnir til. Ef kjósendur eru ekki sáttir við það þá kjósa þeir sér aðra þingmenn.

[12:18]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég er mjög ánægður með það tækifæri að fá í fyrsta skipti að fjalla um þetta mál í dagsbirtu en mér hefur fundist sá bragur sem hefur verið á umræðunni, þannig að það er meira og minna talað út í nóttina, vera það sem ég vil kalla óvirðingu við þjóðina, þingið og stjórnarskrána. Ég hefði kosið að þetta væri með öðrum hætti, betri en hefur verið. En það er að sjálfsögðu meiri hlutinn sem ræður því með hvaða hætti hann heldur á þessu máli.

Ég þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir góða og málefnalega ræðu sem hann flutti áðan og andsvör þar sem hv. þingmaður velti upp sjónarmiðum og kom með ákveðnar tillögur um breytingar á stjórnarskránni sem eru góðra gjalda verðar og þarfnast umræðu. Þau sjónarmið og þau atriði sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi sýna betur en margt annað hversu ófullburða sú umræða er um stjórnarskrána sem hér fer fram vegna þess að það er ákveðin nefnd úti í bæ sem vinnur ákveðið frumvarp sem ákveðinn hluti þingmanna síðan ákveður að flytja, þ.e. formenn nokkurra stjórnmálaflokka. Það er satt að segja ekki eðlilegt að fara þannig að og láta enga umræðu fara fram fyrir fram innan Alþingis um hvaða atriði það geti verið sem alþingismönnum þykir brýnt að verði gerðar breytingar á. Það er sem sagt með þessum hætti undirstrikað af hálfu þeirra sem flytja það frumvarp til breytingar á stjórnarskipunarlögum sem hér liggur fyrir að valdið eigi að koma að ofan og annars staðar frá en Alþingi. Þetta finnst mér hin mesta fásinna og andstætt því sem verið er að tala um og hefur verið krafan í þjóðfélaginu, um að auka völd og virðingu Alþingis. Það hefur verið gagnrýnt að Alþingi skyldi ekki eftir efnahagshrunið hafa gripið til ákveðinna ráðstafana og þeir sem hér hafa talað og fjallað um kröfur fólksins misskilja það að krafa fólksins hefur einmitt verið sú að Alþingi gæti gripið mun virkar inn í en nú er hægt að gera, þ.e. að frumkvæðisréttur Alþingis er ekki fyrir hendi og spurningin um það að Alþingi geti haft ákveðinn frumkvæðisrétt ætti þá að vera fyrsta atriðið þegar komið er að stjórnarskrárbreytingum frekar en það annað sem hér ræðir um.

Alþingi hefur lagasetningarvald, fjárlagavald og vald til stjórnarskrárbreytinga. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom inn á það hversu hætt sé við að hér skapist algjör stjórnskipuleg ringulreið ef 4. gr. frumvarpsins yrði að lögum (Gripið fram í.) óbreytt, þ.e. með það stjórnlagaþing sem hér er um að ræða. Satt best að segja finnst mér þetta hrein fásinna og mér finnst það alveg með ólíkindum að fólki skuli detta það í hug að ætla að kjósa 63 þingmenn á Alþingi til þess að fjalla um meðal annars. breytingar á stjórnarskipunarlögum og velja síðan 41 þingmann á sérstakt stjórnlagaþing til þess að fjalla um það sama. Margir hafa kallað eftir því að alþingismönnum yrði fækkað en ekki fjölgað eins og hér er verið að gera tillögu um með því að hafa sérstakt stjórnlagaþing til að vinna að því sama.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti sérstaklega á að þeir sem tali fyrir stjórnlagaþingi þurfi að skýra betur til hvers er ætlast og það er akkúrat ákveðinn mergur málsins sem í því felst. Það hafa ekki komið fram haldbærar skýringar á því af hverju boða eigi til eða kjósa eigi til sérstaks stjórnlagaþings. Síðan eru þær hugleiðingar sem komu fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um þann núning sem hætt er við að verði á milli Alþingis og stjórnlagaþings atriði sem ég hef hér í mínum ræðum um þetta mál vakið ítrekaða athygli á.

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram að hér væri málþóf um stjórnarskrána. Ég verð að viðurkenna að ég á mjög margt eftir ósagt um það frumvarp sem hér ræðir um en því fer fjarri að ég sé í málþófi heldur er ég að fjalla um það sem mér finnst máli skipta hvað varðar stjórnarskipunarlög og reglur í íslensku samfélagi. Þær umræður hefðu, þ.e. ef um eðlilegt ástand hefði verið að ræða, átt að fara fram annars staðar og áður en þegar komið var að lokum þessa þings. Það er satt að segja alveg með ólíkindum hvernig staðið er að þessu máli. Frumumræðan um málið — ég býð velkominn í þingsal hv. þm. Grétar Mar Jónsson, hetju hafsins, sem hér hefur ítrekað sagt að hann sjái ekkert athugavert við að þingið starfi fram í nóttina og að hetjur hafsins séu vanar því. En hv. þingmaður hefur nú alltaf verið farinn heim fyrir klukkan sjö á kvöldin þrátt fyrir það að hann telji ekki eftir sér að vaka fram eftir.

Það er nú einu sinni þannig að það skiptir máli að eðlileg umræða fari fram um þetta mál og mér finnst miður að þeir sem sitja í sérnefnd um stjórnarskrármálin, þ.e. fulltrúar meiri hlutans, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, hv. þm. Ellert B. Schram, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og hv. þm. Atli Gíslason skuli ekki hafa blandað sér með málefnalegum hætti í umræðuna til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og koma til andsvara við þau sjónarmið sem við sjálfstæðismenn höfum sett fram, sérstaklega af því, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vakti athygli á réttilega, að þeir sem vilja stjórnlagaþing þurfa að skýra það til hvers er ætlast.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að ég get ekki séð annað en að það að ætla að hafa þann hátt á sem gert er ráð fyrir í 4. gr. frumvarpsins mundi leiða til algjörrar stjórnskipulegrar ringulreiðar. Ég get ekki að því gert að ég átta mig ekki á því hvaða vitrænu glóru flutningsmenn þessa frumvarps hafa séð í því að leggja fram frumvarp eða tillögu með þessum hætti. Það er alveg ljóst að með því er verið að grafa undan völdum og virðingu Alþingis. Ætlast flutningsmenn til þess? Er það það sem þeir vilja? Það er ekki verið að taka á því mikilvæga, þ.e. að frumkvæðisrétturinn sé hjá Alþingi.

Við sjálfstæðismenn höfum bent á það ítrekað við þessar umræður og ítrekað bent á það við umræður um fundarstjórn forseta að mjög váleg tíðindi eru að gerast í samfélaginu. Núna fellur gjaldmiðillinn. Það er ljóst að gjaldeyrishöftin eru ekki að virka sem skyldi. Það er ljóst að erfiðleikar eru hjá heimilum og fyrirtækjum. En um það gefst ekki kostur að fjalla vegna ofríkis (Gripið fram í.) ríkisstjórnarinnar og fylgifiska ríkisstjórnarinnar en hv. þm. Grétar Mar Jónsson hlýtur að flokkast undir þá miðað við það hvernig hann stendur að málum þessa dagana. Vegna þess hvernig staðið er að málum af hálfu þessa meiri hluta er komið í veg fyrir að brýn mál fáist rædd og afgreidd þannig að Alþingi geti að því leyti sem það hefur heimildir og möguleika til brugðist við því ástandi sem hér er um að ræða.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson minntist líka á atriði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur sem er líka allra góðra gjalda vert, þ.e. spurninguna um það hvort ákveðinn minni hluti Alþingis hefði möguleika á því að vísa málum til þjóðarinnar. Ég hef talið að þannig ætti það að vera og satt að segja er það ákvæði stjórnarskrárinnar sem fjallar um heimild þjóðhöfðingja til þess að vísa máli til þjóðarinnar vægast sagt óheppilegt eins og það er ákveðið í 26. gr. stjórnarskrárinnar í dag þar sem þar með er þjóðhöfðinginn að taka afstöðu til máls eins og mál hafa þróast hér og það er óheppilegt og ljóst að þjóðhöfðinginn grípur þar af leiðandi ekki til þess nema í lengstu lög þó að sá sem nú situr sem forseti Íslands hafi gert það með óheppilegum hætti eins og fyrir liggur.

Ég mun fjalla um þetta nánar í síðari ræðu minni.

[12:28]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sakna þess í ræðu hv. þingmanns, sem að öðru leyti var góð, að hann hafi ekki fjallað um náttúruauðlindir eða þjóðareign, þau atriði sem honum eru mjög hjartfólgin. Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hann sé þá að öllu leyti sáttur við breytta 1. gr. frumvarpsins.

[12:29]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi verið svona syfjaður í nótt þegar við vorum að ræða um þessi mál og ég fór yfir meðal annars álit fræðimanna eins og Sigurðar Líndals og Þorgeirs Örlygssonar og vísaði í greinar þeirra varðandi hugtakið þjóðareign og hvernig það væri skilgreint.

Við áttum nokkuð góðar umræður um hugtakið náttúruauðlindir í nótt. En ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi gleymt þeim umræðum. Það er nú einu sinni þannig að umræðuefnið er mjög víðfeðmt þannig að áhugamenn um stjórnarskrá og stjórnarskrárbreytingar hafa í sjálfu sér af mjög miklu að taka og það er ekki í tíu mínútna ræðu hægt að gera fullkomlega grein fyrir öllum þeim sjónarmiðum sem viðkomandi ber fyrir brjósti.

Mér fannst nálgun hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, þegar hann benti á annað orðalag á 1. gr. allrar athygli og áhuga verð, þ.e. þegar hann talar um að nota orðið verðmæti í staðinn fyrir náttúruauðlind. Mér finnst alveg koma til greina að skoða það. En þetta er með öðru dæmi um það hversu vanbúin umræðan er og óþroskuð. Þetta sýnir að við erum að fara svoleiðis gjörsamlega ranga leið og allt aðra leið en til dæmis frændþjóð okkar Svíar. Þeir settu niður sína stjórnlaganefnd sem starfaði í fjögur ár og ræddi um breytingar á stjórnarskrá og komst síðan að sameiginlegri niðurstöðu. Þar fóru fram umræður um grundvallaratriði sem við erum hér að láta fara fram í þingsal. Þetta sýnir hversu gjörsamlega (Forseti hringir.) óeðlilega staðið er að þessum hlutum af hálfu þess meiri hluta (Forseti hringir.) sem er á Alþingi í dag.

[12:31]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nei, ég var ekki syfjaður í nótt og ég man gjörla eftir þeirri umræðu sem við áttum þá en mér fannst hv. þingmaður ekki svara mér. Ég vildi færa rök fyrir því að auðlind er ekki auðlind fyrr en maðurinn kemur að henni. Jökulárnar voru til skaða hér áður fyrr. Nú eru þær orðnar auðlind vegna þess að mannsvitið og mannshugurinn, verkfræði og annað slíkt, hefur getað galdrað fram úr þeim kraft sem svo aftur er verðmæti. Það sama gildir um sjávarútveg og þær auðlindir, allt byggir þetta á því að það sé einhver maður sem með hugviti sínu, kjarki og þori nýtir eða gerir verðmæti úr auðlindinni sem ekki var auðlind áður. Þess vegna var spurning mín í nótt sú hvort eðlilegt sé að setja í stjórnarskrá eitthvert fyrirbæri sem kemur og fer og er háð einhverju allt öðru sem er í rauninni mannauðurinn. Ég hef sagt áður að mannauðurinn sé kannski sú auðlind sem er það alverðmætasta í landinu og hún mundi væntanlega ekki flokkast undir náttúruauðlindir þó að allar náttúruauðlindir séu háðar því að til sé mannauður.

Svo fórum við líka í gegnum muninn á ríki og þjóð í nótt og mér fannst ég ekki fá almennilegt svar við því. Eins og ég gat um eru til þjóðir sem búa í mörgum ríkjum og til eru ríki sem rúma margar þjóðir. Mér finnst hugtakið „þjóð" vera miklu óáþreifanlegra en hugtakið „ríki", sem er með kennitölu, er ákveðin lögpersóna og getur átt stóla og húsnæði og bíla o.s.frv. sem þjóðin getur tæplega átt því að það er spurning hver eigi eiginlega að stjórna bílnum sem þjóðin á.

[12:33]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna þeirra sjónarmiða sem hv. þingmaður kom með varðandi náttúruauðlindir fundust mér hugleiðingar hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar góðar, um að orðið „verðmæti" gæti hugsanlega komið til móts við það sjónarmið sem hv. þingmaður setti fram og við ræddum um í nótt. Náttúruauðlind er m.a. fiskstofnar í hafinu. Við getum tekið sem dæmi makríl sem syndir inn í íslenska lögsögu, þegar hann er kominn þangað er, samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps, um að ræða náttúruauðlind í eigu þjóðarinnar en um leið og hann syndir út úr lögsögunni er hann það ekki lengur, það liggur alveg fyrir.

Verðmæti er að mörgu leyti nokkuð gott orð en það þarf nánari og ítarlegri umræðu til þess að þau hugtök og sjónarmið séu meitluð í stjórnarskrá eins og nauðsyn ber til að hafa það. Við viljum hafa vandaða, góða stjórnarskrárvinnu og það er það sem ég hef verið að leggja áherslu á.

Varðandi „ríki" og „þjóð" eru það hugtök sem þvælast ekki fyrir okkur Íslendingum. Þau gætu hugsanlega vafist fyrir Belgum eða Afgönum en ekki fyrir Íslendingum vegna þess að í fyrsta lagi liggur alveg fyrir að hér lifir og býr einsleit þjóð í landi þar sem náttúruleg afmörkun er fyrir hendi. Það eru því engin vandræði hvað það snertir. Ég sé enga ástæðu til þess að endurtaka í þessu andsvari þau sjónarmið, rök og álitaefni sem ég vakti máls á í umræðum í nótt þegar hv. þingmaður velti þessu máli fyrir sér, það væri þá um endurtekningu að ræða sem ég vil ekki standa að.

[12:35]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. þingforseti. Við upplifum hér ákveðinn skrípa-

leik, fíflagang og málþóf og ég ætla að leggja það fram á fundi með þingflokksformönnum á eftir að kosningunum verði frestað um einn mánuð þannig að við getum komist út í kjördæmin og farið að tala við fólkið og segja því hvað við ætlum að gera og hvernig við ætlum að taka á málunum eftir kosningar. Við höfum ekki tækifæri til þess meðan þessi fíflagangur og málþóf eru í gangi í þinginu. (**Gripið fram í:** ... um einn mánuð?) Ég óska eftir því að þingforseti hjálpi mér og liðsinni mér við að koma því í gegn að við getum frestað kosningum um einn mánuð og leyft því fólki sem hér er í málþófi að halda því áfram og tala út.

[12:36]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti getur ekki lofað að koma því á. Aftur á móti getur forseti lofað því að gera stutt hádegishlé á þingfundi til hádegisverðar, frá klukkan eitt til kortér yfir eitt, eitt kortér, þannig að þingflokksformenn geti hist og rætt málin. (Gripið fram í.) Það verður stutt hádegisverðarhlé frá klukkan eitt til klukkan korter gengin í tvö.

[12:37]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Mér finnst orðræðan dálítið farin úr böndunum, að tala um fíflagang þegar 43 þingmenn hafa fjallað um þetta mál, en 20 hafa enn ekki fjallað um það. Við fjöllum um stjórnarskrárbreytingu. Við erum í stjórnlagaþingi þegar við fjöllum um þetta mál og ég reikna með því að allir þingmenn á stjórnlagaþinginu vilji taka til máls um svona veigamikla breytingu. Að tala um það sem fíflagang, ég veit ekki hvað ég á að halda um það. Í morgun var rætt um að frumvarp sem meiri hluti þingmanna hefði flutt væri vitleysismál. Ég bið forseta að gæta að því hvernig orðbragð þingmenn nota.

[12:38]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Út af athugasemd hv. þm. Grétars Mars Jónssonar og ýmissa annarra varðandi hvernig við ræðum um stjórnarskrána mótmæli ég því harðlega að um málþóf sé að ræða. Það kann vel að vera að „málþófs-taktík" hafi verið beitt í einhverjum öðrum málum, bæði á yfirstandandi þingi og öðrum þingum. Það er alveg eðlilegt fyrir mig að draga hér fram t.d. umræðu um Ríkisútvarpið sem var á þremur þingum, 120 klukkustundir. Hvað segir hv. þingmaður við slíkri orðræðu?

Við ræðum hér um stjórnarskrá Íslands sem er okkar grundvallarplagg, grundvallarlög, og það er aldrei hægt að nota orðið málþóf þegar kemur að stjórnarskránni. Að tala um málþóf finnst mér frekar lýsa virðingarleysi þeirra sem haga orðum sínum þannig þegar menn tala um stjórnarskrána, þannig að það sé sagt hér.

Ég ætla í ræðu minni að fara yfir vinnubrögðin í tengslum við samningu þessa frumvarps, vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð af hálfu forustumanna í ríkisstjórn í tengslum við stjórnarskrána og breytingar á henni, vinnubrögð stjórnarmeirihlutans, Framsóknarflokksins með fulltingi hans, og síðan ætla ég að fara yfir ákveðnar greinar, (Gripið fram í.) m.a. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Ég ætla að fara yfir auðlindaákvæðið og koma síðan að stjórnlagaþinginu.

Það hefur mikið verið talað um að við sjálfstæðismenn höldum hér langar ræður um stjórnarskrána. Eins og ég gat um áðan er hún það grundvallarplagg sem á að vera hafið yfir pólitískt dægurþras, pólitíska og persónulega hagsmuni stjórnmálamanna hér á Alþingi. Ég tek undir það sem m.a. fræðimenn hafa verið að gagnrýna harðlega, að stjórnarskráin okkar sé notuð sem pólitískt átakaskjal, sem pólitísk skiptimynt á borði ríkisstjórnarinnar. Verið er að nota stjórnarskrána til þess að halda völdum. Verið er að nota stjórnarskrána sem átakaskjal sem til lengri tíma litið er vont því að nú er verið að brjóta áratugalanga hefð, það hefur alltaf náðst fram sátt og samkomulag á milli flokkanna um breytingar á stjórnarskránni. Það er verið að nota þessa umræðu til þess að tefja fyrir öðrum brýnum málum.

Af hverju segi ég það hér? Það er vegna þess að ríkisstjórnin telur að með þessum framgangi sínum í þingsal, með fulltingi forseta þingsins, hv. þm. Guðbjarts Hannessonar, sé hægt að drepa öðrum málum á dreif. Þá þarf ríkisstjórnin ekki að svara óþægilegum spurningum. Hún þarf ekki að svara fyrir þann klofning sem er í stjórnarflokkunum t.d. um mál er varða Helguvík, hún þarf ekki að svara fyrir þann klofning. Það er óþægilegt fyrir ríkisstjórnina að taka það mál á dagskrá og þess vegna er betra að láta okkur sjálfstæðismenn um að verja stjórnarskrána. Það er betra að tefja þingið með því að við ræðum stjórnarskrána og grundvallarbreytingar á henni. Á meðan eru önnur mál ekki rædd, ekki Helguvík, við fáum ekki loftslagsbreytingarnar á dagskrá. Af hverju ekki? Jú, af því að það er ósætti á milli Framsóknarflokksins og okkar sjálfstæðismanna annars vegar og stjórnarflokkanna hins vegar. Þeir vilja með engu móti ræða loftslagsbreytingar og hagsmuni okkar sem við þurfum að verja og standa fyrir á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn sem verður síðar á þessu ári.

Gott og vel. Það kann vel að vera að mönnum í stjórnarmeirihlutanum sé einhver fróun í því að reyna að berja á okkur sjálfstæðismönnum með þessum framgangi og við sjálfstæðismenn kveinkum okkur ekki undan því. En það er með öllu ólíðandi að stjórnarskránni sé beitt í þessa veru.

Ég ræddi um vinnubrögð í ræðu minni á föstudagskvöldið og það virðist vera, af því að ég hlusta bæði á hæstvirta ráðherra í andsvörum en ekki síður á þá örfáu þingmenn sem styðja ríkisstjórnina, að þeir heyri ekki gagnrýni okkar sjálfstæðismanna. Þeir hafa ekki hlustað á ræður, ekki mætt hér í þingsal eða hlustað á ræðurnar í sjónvarpi. Ég tel því rétt að ég fari aðeins yfir það hvernig stjórnarskránni, þessu grundvallarplaggi, þessu mikilvæga plaggi okkar, hefur verið breytt í gegnum árin. Menn tala svolítið þannig eins og stjórnarskránni hafi ekkert verið breytt á umliðnum árum. Henni var breytt 1991, 1995 og 1999 og ekki neinum smáköflum. Við tókumst m.a. á um og fórum yfir mannréttindaákvæðin í stjórnarskránni og haldnir voru fundir víða um landið. Frjáls hagsmunasamtök voru virkjuð og fyrrum formaður okkar, sem var þá þingflokksformaður, gerði sér sérstakt far um að fá sem víðtækasta umræðu úti í samfélaginu um breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar árið 1995.

Samfylkingin hefur rætt um það á umliðnum árum að það þurfi að breyta um vinnubrögð, að ný vinnubrögð þurfi

að koma inn í þingið. Að mörgu leyti er hægt að taka undir það. Það þarf að efla löggjafarvaldið, það þarf að styrkja löggjafarvaldið enn frekar. Þær breytingar sem við ræðum hér rýra löggjafarvaldið, þær veikja okkur, þær veikja löggjafarvaldið á hinu háa Alþingi. Hvernig bregst síðan Samfylkingin við undir forustu Jóhönnu Sigurðardóttur þingmanns, sem ég hef iðulega borið mikla virðingu fyrir í gegnum tíðina, hún er þingreyndasti þingmaðurinn okkar. En hún er um leið 1. flutningsmaðurinn að skjali sem veikir löggjafarvaldið, sem tekur stjórnarskrárhlutverkið af Alþingi.

1. flutningsmaður er um leið forsætisráðherra landsins. Hvernig hafa forsætisráðherrar beitt sér í gegnum tíðina þegar verið er breyta stjórnarskránni? Forsætisráðherra er nefnilega ekki bara eitthvert punthlutverk. Forsætisráðherra er ekki bara einhver sem situr mér á hægri hönd sem ígildi forsætisráðherra. Forsætisráðherra er nefnilega að hluta til ákveðinn sáttasemjari, forustumaður stjórnmálaflokka, stjórnmálalegu aflanna, lýðræðislegra afla hér á þingi og á að leiða þá vinnu að ná sátt um stjórnarskrána meðal allra stjórnmálaflokka. Þess vegna er svo einkennilegt að fara yfir hvort sem eru Borgarnesræður eða aðrar ræður formanna og fyrrum formanna Samfylkingarinnar, að standa í þingstól og upplifa hvernig vinnubrögð Samfylkingarinnar eru í þessu máli. Það var ekki einu sinni talað um stjórnlagaþing í fyrri ríkisstjórn. Það var aldrei rætt um stjórnlagaþing í fyrri ríkisstjórn, aldrei. Og sú stjórnarskrárnefnd sem var lengi að störfum undir forustu Jóns Kristjánssonar beitti netinu mikið fyrir sig. Hún kallaði eftir athugasemdum aðila í samfélaginu um stjórnarskrána. Þessi nefnd vildi fá viðbrögð og ákveðnu samspili og það tókst ágætlega. En af öllum þeim athugasemdum sem settar voru fram vegna stjórnarskrárinnar er engin athugasemd um að brýn þörf eða nauðsyn væri á því að efna og stofna til stjórnlagaþings, engin. Þess vegna er sorglegt að sjá hvernig Samfylkingin misbeitir valdi sínu sem forustuflokkur í ríkisstjórn með forseta þingsins í broddi fylkingar og veikir löggjafarvaldið. Hún nær ekki sátt um stjórnarskrána sem er annars mjög mikilvægt af því að stjórnarskráin er stærri en stjórnmálaflokkarnir eða við stjórnmálamennirnir. Hún lifir lengur en hvert kjörtímabil varir og þess vegna megum við ekki breyta stjórnarskránni til þess að stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar geti setið lengur að völdum. Hagsmunirnir eru miklu mikilvægari en svo að það megi gerast.

Við sjálfstæðismenn vorum gagnrýndir fyrir margt á 18 árum, sumt með réttu, annað algerlega að ósekju. En vinnubrögð okkar voru þessi: Við tókum okkur þá frekar lengri tíma til að breyta stjórnarskránni af því að hagsmunirnir eru svo ríkir, við þurfum almenna sátt á þingi þegar við ætlum að knýja fram breytingar á stjórnarskránni. En Samfylkingin brýtur upp áratugalanga hefð, ekki þó í þágu þjóðarinnar heldur í sína eigin þágu. Það eru pólitískir hagsmunir sem ráða hér ríkjum og þá er stjórnarskráin í augum Samfylkingarinnar sem hvert annað auðvirðilegt plagg. Hún skiptir ekki máli, hún er bara skiptimynt. Svona umgangast menn ekki stjórnarskrána, það er vítavert, og mér finnst sorglegt að sjá þingreyndasta þingmanninn beita þessum vinnubrögðum, að beita sér ekki fyrir því að ná sátt allra stjórnmálaflokka. Við sjálfstæðismenn erum búnir að ítreka það margoft að við viljum breytingar á stjórnarskránni. Við viljum auka vægi kjósenda í landinu, t.d. í formi þjóðaratkvæðagreiðslu. Við ályktuðum það á landsfundi okkar sjálfstæðismanna að við viljum almenn lög um þjóðaratkvæðagreiðslu. Svo segja menn: Sjálfstæðismenn eru feimnir við þjóðina. Við erum það feimin að ef kemur til aðildarumsóknar að ESB, viljum við bera bæði aðildarumsóknina undir þjóðina og síðan ferlið sjálft, niðurstöðuna líka. Er það að vera hræddur við þjóðina? Meðan aðrir flokkar segja: Nei, við ætlum að sniðganga þjóðina alveg frá upphafi þess ferils sem hugsanlega verður.

Nei, frú forseti. Það er þyngra en tárum taki að ræða það hvernig vinnubrögðum hefur verið háttað í þessu öllu. Síðan má ræða hvernig stjórnarskránni er beitt sem pólitískri skiptimynt og að Framsókn þurfi að fá sína dúsu sem heitir stjórnlagaþing. Við sjálfstæðismenn höfum líka sagt að við erum í sjálfu sér ekki á móti stjórnlagaþingi ef það hefði verið rætt einhvern tíma við okkur um það. Reyndar næ ég ekki alltaf að fylgja því hvaða stjórnlagaþing við ræðum hverju sinni því að á örfáum vikum höfum við séð stjórnlagaþingið sífellt í breyttri mynd. Við erum búin að sjá það í þeirri mynd sem það birtist fyrst, síðan var það tekið upp í einhverri allt annarri mynd í annað skiptið og núna er það þriðja útgáfan sem við ræðum.

Ég hefði persónulega líka sem fyrrum menntamálaráðherra hugsað um þann kostnað sem hlýst af stjórnlagaþinginu og viljað heyra ríkisstjórnina taka forustu um að segja: Við ætlum að forgangsraða málum öðruvísi. Núna eru brýn vandamál sem við þurfum að leysa, t.d. hjá námsmönnum. Ég hefði viljað heyra ríkisstjórnina segja: Gott og vel. Við ætlum að fresta stjórnlagaþinginu af því að við ætlum að koma í veg fyrir þann bráðavanda sem blasir við námsmönnum á Íslandi í sumar og koma upp sumarönnum í háskólanum. Við eigum að koma upp sumarönnum í háskólanum. Ef það vantar fjármagn verðum við einfaldlega að forgangsraða í hvers þágu. En ríkisstjórnin, hæstv. menntamálaráðherra, hæstv. forsætisráðherra, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra vilja frekar stjórnlagaþingið en forgangsraða í þágu námsmanna. Við höfum ekki nægt fjármagn í alla hluti og þá þurfa menn að þora að segja hvar menn vilja bera niður með þá takmörkuðu fjármuni sem til eru. Þetta er eitt dæmi um það af mörgum þar sem eflaust væri hægt að setja þá miklu fjármuni sem eru hátt á þriðja milljarð miðað við aðra tillöguna. Miðað við þá tillögu sem nú er verið að ræða er hugsanlegt að það verði hálfur milljarður. Menn hafa getgátur uppi um að það verði mun hærri fjárhæð ef farið verður út í slíkar „trakteringar".

Ég var að tala um Framsóknarflokkinn, hann heldur þessu uppi. Það er alveg ljóst að það væri hugsanlega hægt að ná einhverju samkomulagi um þetta en stjórnlagaþingið er mönnum heilagt. Gott og vel. Við sjálfstæðismenn höfum komið til móts í þessari umræðu og sagt: Við skulum athuga ráðgefandi stjórnlagaþing því að við viljum ekki — og það er grundvallaratriði í okkar huga — að Alþingi missi það hlutverk sitt að vera stjórnarskrárgjafi. Það má ekki gerast. Svo tala menn um að auka virðingu þingsins með því að taka af þinginu eitt helsta hlutverk þess. Allt er þetta í boði Framsóknar, alveg eins og aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar, það er líka í boði Framsóknar. Framsóknar-

menn komast ekki hjá því að bera ábyrgð á því aðgerðaleysi sem ríkir hér, það er algert aðgerðaleysi og ringulreið í ríkisstjórninni.

Ég vil geta þess varðandi auðlindaákvæðið að í þeim ríkisstjórnum sem við sjálfstæðismenn höfum setið höfum við að sjálfsögðu haft ríkan vilja til að koma fram með ákveðið ákvæði í stjórnarskránni. Það hefði verið í stjórnarsáttmála okkar varðandi auðlindir landsins og að mörgu leyti má segja að í gegnum orkulögin og vatnalögin höfum við tryggt það að orkuauðlindirnar séu í eigu ríkisins. En eins og það er lagt fram þarna er algerlega ljóst að það eykur frekar réttaróvissu en eyðir henni og það er ekki hægt að koma fram með frumvarp um stjórnarskrána sjálfa sem eykur réttaróvissu en minnkar hana ekki. Gott og vel. Menn vilja ekki hlusta á það sem við sjálfstæðismenn erum að segja. En það hefur enginn sagt mér það hér, hvorki þegar ég hef hlustað á andsvör hæstv. ráðherra og þingmanna Samfylkingar eða Vinstri grænna, af hverju menn vilja ekki hlusta á umsagnaraðila, burt séð frá okkur sjálfstæðismönnum. Af hverju vilja menn ekki hlusta á umsagnaraðila? Og þá er ég komin aftur að því sem ég vék að í upphafi míns máls, stjórnarskráin er notuð sem pólitísk skiptimynt. Það er þess vegna sem menn vilja ekki hlusta á umsagnaraðila, fræðimenn og hagsmunaaðila. Það er ekki út af neinu öðru. Það er hægt að keyra ýmis mál í gegnum þingið en menn ganga á skítugum skónum yfir stjórnarskrána.

Svo dæmi séu tekin þá segir m.a. Ragnhildur Helgadóttir, prófessor í stjórnskipunarrétti, með leyfi forseta:

„Það er skoðun mín að með því að naumur meiri hluti á þingi samþykki stjórnarskrárbreytingar í andstöðu við stóran stjórnmálaflokk sé stjórnarskráin færð inn í hringiðu stjórnmálamanna: Þess má vænta að næsti meiri hluti geri þær breytingar sem honum hugnast án þess að takmarka sig við það sem næst almenn sátt um á þingi og þannig koll af kolli. Þannig getur stjórnarskráin orðið óstöðugri og pólitískari en verið hefur, sem er óæskileg þróun.“

Þetta segir prófessor í stjórnskipunarrétti, frú forseti. Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu segir m.a., með leyfi forseta:

„Veittur var frestur til 20. mars til að skila inn umsögn. Þennan frest verður að telja fremur skamman þegar umfang málsins er haft í huga.“

Af hverju má ekki hlusta á þetta? Ef við förum yfir í Reykjavíkurakademíuna, segir hún:

„Tíminn er þó allt of naumur til að taka saman vandaðar efnislegar athugasemdir með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð [eru] hér innan húss.“

Það væri líka æskilegt að við hefðum sömu vinnubrögð innan þingsins, að stjórnarflokkarnir mundu einbeita sér að þessu.

Viðskiptaráð Íslands segir líka, með leyfi forseta:

„Fyrir það fyrsta þá gerir viðskiptaráð talsverðar athugasemdir við þá ætlan löggjafans að afgreiða þetta frumvarp með þeim hraða sem raun ber vitni. Frumvarpið felur í sér breytingar á grundvallarlögum lýðveldisins og við slíkar breytingar ber að gæta vandaðra vinnubragða, sérstaklega hvað snertir samráð við atvinnulíf, fræðimenn og alla hagsmunaaðila.“

Síðan eru auðvitað margar athugasemdir aðrar sem snerta einstök efnisákvæði frumvarpsins. Lögmannafélagið og laganefnd þess, sem ég tel að menn eigi líka að taka mjög mikið mark á, segir m.a.:

„Að mati laganefndar eru þær breytingar á stjórnarskránni sem boðaðar eru með frumvarpinu í raun grundvallarbreytingar. Laganefnd áréttar mikilvægi þess að allar breytingar á stjórnarskránni séu gerðar að vel athuguðu máli og í mikilli sátt allra aðila, ekki síst þegar um grundvallarbreytingu er að ræða. Er það afstaða laganefndar að framangreindar breytingar þurfi frekari athugunar við og leggst nefndin af þeim sökum gegn samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fyrir.“

Af hverju er ekki hægt, frú forseti, að taka frá þær breytingar og fyrir þær breytingar sem snerta 79. gr. stjórnarskrárinnar sem er gríðarlega mikilvæg, þ.e. hvernig á að breyta stjórnarskrá? Af hverju er hún ekki samþykkt og henni komið í gegnum þingið? Þá getur nýtt þing sem tekur til starfa hugsanlega eftir 6 eða 8 vikur tekið til við að ræða allar þær breytingar sem um er að ræða. Hvað liggur svona á? Þess vegna er mikilvægt að draga það fram að það er verið að nota stjórnarskrána sem pólitíska skiptimynt, það er verið að breyta henni í ákveðið átakaskjal sem má ekki gerast. Og það sem verra er, ríkisstjórnin kemur í veg fyrir að við ræðum grundvallarmál sem snerta hagsmuni heimilanna, hagsmuni fyrirtækjanna, hina brýnu hagsmuni landsmanna sem þarfnast lausnar við, og við fáum þau ekki rædd vegna þvergirðingsháttar ríkisstjórnar Íslands.

Umræðu frestað.

[12:58]

Útbýting:

Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, 366. mál, frhnál. efh.- og skattn., þskj. 922.

[Fundarhlé. — 12:59]

Úrskurður forseta um dagskrártillögu.

[13:34]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti hefur athugað þá dagskrártillögu sem lögð hefur verið fram á þessum fundi svo og afgreiðslu sams konar tillögu sem lögð var fram í gær og afgreidd um að þingfundi sé slitið og boðað til nýs fundar með þar til greindri dagskrá. Þótt hér sé ekki um algjört nýmæli að ræða telur forseti að stefnt geti í nokkurt óefni með þingstörf ef búast má við að dagskrártillögur af þessu tagi verði að nýrri venju og telur nauðsynlegt að úrskurða um það hvernig með slíkar tillögur skal fara.

1. mgr. 63. gr. þingskapa hljóðar svo:

„Forseti boðar þingfundi og ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar eftir ályktun þingsins.“

Það liggur fyrir að ályktun þingsins samkvæmt þessu ákvæði þingskapa hlýtur að vera í formi dagskrártillögu. Með hliðsjón af því að efni slíkrar tillögu er dagskrá næsta fundar, og ekkert annað, ekki um það hvað þingfundur getur staðið lengi, hvort slíta eigi þingfundi — slíkt vald er í

höndum forseta — heldur aðeins um hvernig dagskrá næsta fundar verður, úrskurðar forseti að slík tillaga komi eigi til atkvæða á þingfundinum fyrr en við lok hans, þ.e. þegar dagskrá yfirstandandi fundar er tæmd.

Um fundarstjórn.

Úrskurður forseta um dagskrártillögu.

[13:36]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég verð að lýsa mikilli undrun á niðurstöðu hæstv. forseta. Hæstv. forseti sagði að ef kæmi til þess að tillögum af þessu tagi fjölgaði stefndi í mikið óefni. Við skulum velta fyrir okkur hvert það óefni er. Er það óefni í störfum þingsins ef meiri hluti þings tekur ákvörðun um tiltekna dagskrá? Er það það sem forseta finnst vera óefni?

Er ekki eðlilegra að hæstv. forseti, sem er forseti alls þingsins, sem er forseti allra þingmanna, reyni að setja dagskrána upp með þeim hætti að um hana geti orðið sátt? Eru það ekki eðlilegri vinnubrögð af hálfu forseta sem er forseti alls þingsins? Ég verð að lýsa mikilli undrun á þessu vegna þess að auðvitað þjónar tillagan engum tilgangi ef hún er borin upp í lok fundar vegna þess að hún gengur út á að ljúka þeim fundi sem yfir stendur og hefja nýjan fund með nýrri dagskrá. Það er tilgangurinn. Þetta er allt með ólíkindum, herra forseti.

[13:37]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Ég lýsi megnri óánægju með þennan úrskurð forseta og túlkun hans á þingskapalögunum og tel að það hafi aldrei verið ætlunin að túlka þau á þann veg að vilji menn breyta hér dagskrá þingsins og fá ekki hljómgrunn hjá forseta sé það ekki unnt fyrr en dagskráin hefur verið tæmd. Það gengur ekki upp, virðulegi forseti, að túlka þessa grein þannig.

Höfuðatriði málsins er það sem hæstv. forseti sagði, að það stefndi hér í mikið óefni vegna þess hvernig haldið er á forsetaembættinu og stjórn fundarins. Það er kjarni málsins. Það sem við fórum fram á er að menn leiti sátta. Þess vegna er þetta líklega svona óljóst orðað í þingsköpum, að menn hafa líklega aldrei vænst þess að þannig væri haldið á stjórn mála að ekki væri leitað sátta áður en í það óefni væri komið sem hæstv. forseti lýsti í orðum sínum.

[13:38]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég held að mikilvægt sé að gera sér grein fyrir því að það óefni sem þingstörfin eru komin í stafar af þrásækni sjálfstæðismanna hér í stólinn til þess að tefja afgreiðslu máls sem meiri hluti þingsins er sammála um.

Ég vil svo lýsa yfir ánægju með þessa túlkun forseta. Það er alveg augljóst, eins og ég sagði fyrr í dag, að þessa grein þingskapalaga hlýtur að verða að túlka með einhverjum þeim hætti að þingfundir geti starfað án þess að hér sé borið upp legíó dagskrártillagna þegar ósvífinn minni hluti vill tefja störf þingsins með þeim hætti. Ég held að þessi úrskurður sé málefnalegur og gefi (Gripið fram í.) öllum sinn rétt.

Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir spyr hvort þetta hafi verið við lýði þegar rætt var um Ríkisútvarpið forðum daga og svarið er nei, það var ekki gert þá. Þá fóru menn bara að þingsköpum, (Gripið fram í.) neyttu þess réttar sem í þingsköpum var en reyndu (Forseti hringir.) ekki að fara á svig við þingsköpin og út (Forseti hringir.) fyrir lögin eins og Sjálfstæðisflokkurinn gerir nú undir stjórn (Forseti hringir.) hv. þm. Björns Bjarnasonar og (Forseti hringir.) Árna Johnsens.

[13:39]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Það er eins og fyrri daginn auðvelt að svara hv. þm. Merði Árnasyni. Það er hægt að segja um alla hans ræðu að þar stendur ekki steinn yfir steini og er því miður ekki eitt orð þar sem mark er á takandi.

Ég vil ítreka að það er tilgangslaust að beita þeirri túlkun sem hæstv. forseti gerir, þá er þetta ómark, þá er verið að segja að forseti þingsins hafi þetta vald í hendi sér. En samkvæmt þingsköpum og almennum fundarsköpum er það auðvitað meiri hluti þingsins eða þeirrar samkomu sem í hlut á sem getur tekið fram fyrir hendurnar á forseta þegar hann vinnur ekki lengur málin í sátt við þingið.

Ég velti því fyrir mér, hæstv. forseti, hvort í þessu birtist það sem kom fram þegar verið var að kjósa hæstv. forseta, Guðbjart Hannesson. Þá var sagt að ríkisstjórnin þyrfti að hafa dagskrárvaldið hér í þinginu. (Forseti hringir.) Ég velti fyrir mér hvort það (Forseti hringir.) sé nákvæmlega það sem er að gerast núna, hæstv. forseti.

[13:41]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil enn á ný ítreka þá beiðni okkar sjálfstæðismanna að við gerum nú hlé á umræðu um stjórnarskrána og snúum okkur að umræðu um þau mál sem skipta verulegu máli fyrir íslenskt efnahagslíf. Um mál eins og t.d. Helguvík er góð sátt hér í þingsölum, ekki full, ég geri mér grein fyrir því, talsmenn Vinstri grænna hafa lýst sínum efasemdum, en ég er þess fullviss að hér í þingsalnum er mikill meiri hluti fyrir því máli. Atvinnuleysi fer vaxandi og vandi heimilanna eykst með hverjum deginum sem líður. Það er ábyrgðarleysi af hálfu virðulegs forseta og minnihlutastjórnarinnar að taka ekki í útrétta hönd Sjálfstæðisflokksins, sem býður að þetta mál, um stjórnarskrá lýðveldisins, verði sett til hliðar, að við afgreiðum þau mikilvægu mál sem bíða og höldum svo áfram umræðu um stjórnarskrána. (Forseti hringir.) Það er tilboð Sjálfstæðisflokksins og er furðulegt og óskiljanlegt að minnihlutastjórnin (Forseti hringir.) og virðulegur forseti Alþingis geti ekki orðið við þeirri sáttagjörð sem við (Forseti hringir.) sjálfstæðismenn flytjum.

[13:42]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma hér upp til þess að árétta það að ég tel að mál séu hér komin í óefni í þingsalnum vegna þess að hæstv. forseti lætur sig það engu skipta að við óskum eftir sátt í málinu. Hann hleypur frá því mikilvæga hlutverki sínu að leita sátta um mál í stað þess að

stefna þeim í það óefni sem hann sjálfur hefur lýst.

Hæstv. forseti verður að líta til þess að málið leysist ekki með þeim hætti að fresta því fram til lykta fundar að bera upp slíkar tillögur. Þær tillögur verða bornar fram og málið verður í þeim hnút sem það er þar til virðulegur forseti beitir sér fyrir sátt um dagskrána. Ef forseti skilur ekki eftir þær umræður sem hér hafa farið fram að við óskum eftir því að önnur mál verði tekin á dagskrá en stjórnarskrármálið, veit ég ekki hvað þarf að gera að af hálfu okkar þingmanna Sjálfstæðisflokksins (Forseti hringir.) til þess að virðulegur forseti átti sig á því.

[13:43]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Þau vinnubrögð tíðkast hér að þegar verið er að fjalla um hvernig dagskrá þingsins á að líta út fundar forseti með þingflokksformönnum og dagskránni er raðað upp. Allir þingflokksformenn hafa lagt áherslu á að halda áfram að ræða þetta mál meira og minna nema þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins hefur, eins og hér hefur margoft komið fram, viljað breyta dagskránni.

Ég verð að segja að hæstv. forseti hefur haldið vel á þessu máli vegna þess að hér á meiri hlutinn að ráða för, ekki minni hlutinn, þannig er það í lýðræði. (**Gripið fram í:** Af hverju mátti ekki greiða atkvæði?) Ég skora á hæstv. forseta að láta ekki undan þeim hótunum sem hér hafa verið hafðar frammi, m.a. hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni sem hótaði því áðan að þessu máli yrði haldið í hnút í umræðum þangað til forseti breytti (Forseti hringir.) út af því sem búið er að ákveða um dagskrána (Forseti hringir.) þannig að ég styð hæstv. forseta í því sem hann er að gera.

[13:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég held að það sé rétt að rifja aðeins upp um hvað þetta mál fjallar. Hér í morgun lagði hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fram þá tillögu að þá þegar yrði slitið fundi og boðaður nýr fundur með þeirri dagskrá að fyrst á dagskrá yrði greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Sá hæstv. forseti sem þá sat á forsetastóli treysti sér ekki til þess að láta greiða atkvæði um þá tillögu þá þegar og nú hefur það dregist fram eftir degi, fram yfir hádegi að forseti hefur komið með þann úrskurð að hann ætli nú í lok fundar að láta greiða atkvæði um þá tillögu.

Það sjá það náttúrlega allir að þá nær það ekki tilgangi sínum að koma með þessa tillögu þar sem það hefur verið boðað að það eigi að ljúka fundi hér klukkan fjögur í dag og við vitum að í kvöld er eldhúsdagsumræða. (Forseti hringir.) Ég hvet nú hæstv. forseta (Forseti hringir.) til þess að endurskoða þessa afstöðu sína og (Forseti hringir.) það muni fara fram hér atkvæðagreiðsla. (Forseti hringir.) Það kemur þá í ljós hvort meiri hlutinn (Forseti hringir.) hér á þinginu vill ræða þessa tillögu eða ekki. (Forseti hringir.)

[13:46]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Eins og hæstv. forseti veit hefur verið krafa uppi um það í samfélaginu að stjórnmálamenn í öllum flokkum vinni saman að því að leysa vanda heimilanna og fyrirtækjanna. Það er akkúrat það sem þessi dagskrártillaga mín gengur út á. Hún gengur út á það að við förum í það samhent að greiða úr vanda heimilanna með því að ræða hér um greiðsluaðlögunarfrumvarpið.

Mér finnst furðulegt að hv. þingmenn sem standa að þessu máli séu ekki reiðubúnir til þess að styðja eigin tillögu og styðja það að hún komist hér til umræðu. Það er brýnasta hagsmunamál heimilanna að sögn ríkisstjórnarflokkanna sjálfra að það fáist rætt.

Ég legg hérna fram tillögu sem er algjörlega í samræmi við það sem sagt hefur verið í þjóðfélaginu og við höfum verið hvött til þess að fjalla um málefni heimilanna og fyrirtækjanna og gera það saman og snúa bökum saman. Það gerðum við í allsherjarnefnd og það veit hv. þm. Siv Friðleifsdóttir. Þess vegna finnst mér einkennilegt og það veldur mér vonbrigðum að við skulum ekki standa hér (Forseti hringir.) og ræða þetta mál í 3. umr. svo að það sé hægt að gera það að lögum (Forseti hringir.) jafnvel í dag.

[13:48]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir það sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði hér. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við náum helst í dag að gera að lögum frumvarpið um greiðsluaðlögun. Það skiptir miklu fyrir fjölskyldurnar og heimilin í landinu.

Ég vil líka leyfa mér að lýsa því yfir að ég er ósammála því sem forseti lýsti hér áðan yfir varðandi það að ekki ætti að taka tillögu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar til afgreiðslu eða atkvæðagreiðslu fyrir en við lok fundar. Gott og vel, ég skal engu að síður reyna að hugsa það og sætta mig við það ef hæstv. forseti, sem er forseti alls þingsins, ef hann ætlar að nota núna næsta klukkutímann fram til þrjú þar til fundi verður væntanlega slitið, ef hann ætlar að nýta þá næsta klukkutímann í það að ná ákveðinni sáttagjörð hér innan þings og sýna þann manndóm að hann sé forseti alls þingsins og nýta þá næsta klukkutímann þar til dagskrártillagan verður borin upp til þess að ná sáttum við (Forseti hringir.) sjálfstæðismenn í þágu þjóðarinnar, þ.e. að við tökum þá stjórnarskrármálið fyrir, (Forseti hringir.) reynum að ná samkomulagi þar og förum að tala um þau mál sem skipta heimilin (Forseti hringir.) og fyrirtækin mestu máli. Forseti á að beita sér fyrir því.

[13:49]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill vekja athygli á því að hann er nýkominn út af fundi formanna þingflokka þar sem leitað var eftir sáttum og það er ekki sátt um þetta mál, þ.e. hann hefur úrskurðað með hvaða hætti skuli fara með málið. Það er ákvörðun forseta hver dagskráin er og hafi menn almennt vantrauststillögu á forseta þá verða þeir að bera hana fram með öðrum hætti en að koma endalaust með dagskrártillögur.

Ég óska eftir því að menn noti tímann til þess að ræða málefnalega þau mál sem eru á dagskrá. Það er einlægur vilji forseta að þingheimur fái að tala í samræmi við þingsköp þannig að það eru klár tilmæli mín og þau hafa verið ítrekuð áður að menn snúi sér að máli því sem er á dagskrá

og noti tímann til þess að ræða það.

En þingmenn hafa rétt á að ræða fundarstjórn forseta og það hafa einhverjir fleiri óskað eftir því.

[13:50]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það er tillaga mín sem hér er til umræðu þannig að mér finnst rétt að ræða hana aðeins. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að það hefur verið krafa úti í samfélaginu að fulltrúar allra flokka á þingi snúi bökum saman um að leysa vanda heimilanna og fyrirtækjanna í landinu. Frumvarpið til laga um greiðsluaðlögun íbúðalána snýst um að koma þeim fjölskyldum til hjálpar sem eiga það á hættu að missa heimili sín vegna greiðsluvanda. Ég á í mjög miklum erfiðleikum með að skilja af hverju í ósköpunum það mál sé ekki tekið fyrir strax og ég furða mig á því að Framsóknarflokkurinn og þingmenn Framsóknarflokksins séu ekki reiðubúnir til þess að styðja þá tillögu og vísa þar til greinar sem Guðrún Valdimarsdóttir, sem er í 3. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík suður, skrifar í *Morgunblaðið* í dag: „Hvar er skjaldborgin?“ spyr hún og kvartar yfir því að ríkisstjórnin hafi ekkert gert til þess að slá skjaldborg um heimilin (Forseti hringir.) heldur hafi í það mesta slegið tjaldborg (Forseti hringir.) um málefni heimilanna. Ég bara því miður, (Forseti hringir.) herra forseti, furða mig á þessari afgreiðslu

[13:51]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Hér hefur verið nokkuð um það rætt hvernig forseta ber að taka á þeirri tillögu sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur lagt fyrir. Það hefur líka komið fram í umræðunni að forsætisnefnd ætti að fara yfir málin og reyna að ná sáttum.

Hér á hv. Alþingi hefur oft verið um það rætt hversu miklu framkvæmdarvaldið ráði varðandi störf þingsins og mér er spurn, herra forseti: Eru það „ordrur“ úr Stjórnarráðinu að svona skuli haldið á málum í þinginu í dag eða hvaðan eru þær í raun teknar? Það er engin samstaða eða samvinna innan þingsins um hvernig þingið starfar. Eru þessar „ordrur“ komnar beint úr Stjórnarráðinu? Mig er farið að gruna að þaðan sé þessum málum stjórnað og þannig beri framkvæmdarvaldið og ríkisstjórnin höfuðábyrgð á því hvernig störfin þróast á Alþingi.

[13:53]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég mótmæli því að það sé lagt að jöfnu að hér séu bornar fram dagskrártillögur við það að verið sé að bera upp vantraust á forsetann. Þetta er fjarri öllu lagi. Við sjálfstæðismenn viljum fá það fram hér í þingsalnum að það sé vilji þingsins alls að ræða ekki þau mál sem snúa að greiðsluaðlögun og öðrum þeim málum sem skipta svo miklu máli fyrir samfélagið (Gripið fram í.) og atvinnulífið. Það er ekki nóg fyrir okkur þó að nokkrir formenn þingflokkanna komist að þessari niðurstöðu á fundi með forseta. Við viljum að Alþingi sjálft taki þessa ákvörðun. (Gripið fram í.)

Síðan er hitt. Það er furðulegt að þegar við sjáum fréttir sem komu til dæmis í *Morgunblaðinu* í dag þar sem er sagt frá því að 347 fyrirtæki séu farin í þrot og það sé reiknað með að nokkur þúsund fyrirtæki séu að fara á hausinn á næstu mánuðum, að við þessar aðstæður skuli ekki vera hægt að fá fram hér í þinginu umræðu og afgreiðslu á tillögum sem þingið er mjög sammála um að þurfi að fara fram og þurfi að afgreiða og sé hægt að afgreiða mjög hratt. Fyrir liggur tilboð okkar sjálfstæðismanna um að setja stjórnarskrárumræðuna (Forseti hringir.) til hliðar, ganga frá þessum málum og halda svo áfram. Það er (Forseti hringir.) skelfilegt þegar atvinnuleysi fer vaxandi með hverjum deginum og vandamál (Forseti hringir.) fjölskyldanna versna að menn skuli ekki geta orðið við þessari skynsamlegu tillögu.

[13:54]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að hér voru greidd atkvæði um dagskrártillögu í gær. Það voru ekki greidd atkvæði um vantraust á forseta heldur voru greidd hér atkvæði í þingsal um dagskrártillögu. Við ítrekum það, við sjálfstæðismenn, að við viljum fá greiðsluaðlögunina á dagskrá núna strax. Við viljum gera þetta að lögum helst í dag.

Hverjir bera ábyrgð á því að við getum ekki klárað þetta mál núna í dag? Það eru þingmenn stjórnarmeirihlutans, þ.e. Vinstri grænna, Samfylkingar og Framsóknar. Þeir eru að koma í veg fyrir að við getum komið núna í dag til móts við þarfir heimilanna og fyrirtækjanna. Af hverju er verið að koma í veg fyrir það? Vilja menn ekki ræða hér mikilvægu málin?

Ég ítreka það, herra forseti, að ég tel mikilvægt að við greiðum atkvæði um dagskrártillöguna. Hún er mikilvæg til þess að við getum mjakað hér áfram mikilvægum málum í þinginu.

[13:55]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Forseti lýsti því hér yfir á forsetastóli að hann hefði boðað þingflokksformenn til fundar við sig og hefði verið að reyna að leita sátta. Ég verð að lýsa þeirri upplifun minni af þeim fundi að þar var ekki reynt að leita sátta heldur lýsti og tilkynnti forseti þar með hvaða hætti hann ætlaði að kveða upp úrskurð hér og hann hefur nú þegar gert það. Það er ekki í mínum huga, hæstv. forseti, að leita sátta þannig að ég verð þá að fá einhverja aðra túlkun á því hugtaki ef það á að vera.

Ég ítreka þá ósk okkar sjálfstæðismanna að hér verði hægt að ræða greiðsluaðlögum fasteignakrafna á íbúðarhúsnæði. Það er mál sem liggur á hér í samfélaginu. Það skiptir margar fjölskyldur mjög miklu að þetta mál verði klárað hér í þinginu og það er mér fullkomlega óskiljanlegt hvers vegna forseti móast við að taka það mál á dagskrá.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805, 882 og 917.

[13:56]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda áfram lengi þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað um fundarstjórn forseta. Ég ítreka bara það sem ég hef áður sagt um það mál.

Ég vildi líka velta upp þeirri spurningu til hv. þingmanna ríkisstjórnarflokkanna og Framsóknarflokksins hvort þeir telji að það sé brýnna mál fyrir kjósendur þeirra, fólkið sem þeir eru umbjóðendur fyrir, að fara í breytingar á stjórnarskránni eða að afgreiða mál eins og við erum hér að tala um að fá inn á dagskrá, t.d. um greiðsluaðlögun heimilanna, vaxtabætur og síðan mál sem eru til þess fallin að auka atvinnustarfsemi í landinu eins og um álver í Helguvík.

Ég velti því fyrir mér, og mér finnst að hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna og Framsóknarflokksins ættu líka að velta því fyrir sér, hvort er mikilvægara fyrir það fólk sem þeir eru kjörnir fulltrúar fyrir að fá úrlausn þessara mála sem fyrst, eins og við sjálfstæðismenn höfum lagt upp með, eða að bíða von úr viti og í óvissu um afdrif málsins?

Það hefur alltaf legið fyrir að mikið yrði talað um stjórnarskrármálið og ég hef áður sagt hér úr þessum ræðustól að það sé eðlilegt að mikið sé rætt um stjórnarskrármálið. Það væri mjög óeðlilegt ef ekki yrðu miklar umræður um stjórnarskrárbreytingar sem eru veigamiklar og hafa mikla þýðingu, a.m.k. svo mikla þýðingu að flutningsmenn málsins og stuðningsmenn þess leggja ofurkapp á að koma því hér í gegnum þingið.

Ég bið því hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna og Framsóknarflokksins að hugleiða það hvort snýr nær umbjóðendum þeirra, hvort hefur meiri áhrif á hagsmuni þess fólks sem þeir eru kosnir fyrir, þau mál sem ég nefndi, og við sjálfstæðismenn höfum viljað koma á dagskrá, eða þetta stjórnarskrármál. Ég bið þá að hugleiða það. Það er þeirra ákvörðun, það er ákvörðun forseta og þess meiri hluta sem hefur myndast hér í þinginu um stjórnarskrármálið, það er ákvörðun þessa fólks að þingið er hér fast í umræðum um stjórnarskrármál en ekki í umræðum um brýnni hagsmunamál heimilanna í landinu. Það er þeirra ákvörðun. Það er á þeirra ábyrgð. Það er alveg skýrt.

Herra forseti. Ég vildi líka nefna það í þessu sambandi að það er óheppilegt hversu lítinn þátt hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna hafa tekið í þessari umræðu. Það væri fengur að því ef þeir væru virkari í þessari umræðu og gætu þar með útskýrt fyrir þingheimi hvernig þeir sjá fyrir sér útfærslu þeirra mála sem hér liggja fyrir, t.d. varðandi breytingartillögurnar sem lagðar hafa verið fyrir þingið eftir meðferð málsins í sérnefnd um stjórnarskrármál.

Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson kallaði hér fram í að þeir kæmust ekki að. Í morgun og í gær var vísað til þess ákvæðis í þingsköpum sem heimilar forseta að breyta röð ræðumanna þannig að ólík sjónarmið komist að. Ég er sannfærður um að forseti tæki óskum þingmanna stjórnarflokkanna vel ef þeir vildu komast að.

Hvað veldur því að hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna vilja ekki taka þátt í þessari umræðu nema með örstuttum andsvörum nokkrum sinnum á dag? Hvað veldur því? Eru þeir ekki sannfærðir um málstaðinn? Finnst þeim þeir vera á hálu svelli í þessu máli? Eru þeir ekki sannfærðir um að sá málstaður sem þeir hafa að verja í þessu máli sé góður? Þeir hafa fulla möguleika á því að koma hingað og útskýra fyrir þingi og þjóð hvers vegna þeir telja þessar breytingar svona brýnar. Það væri fengur að því ef þeir vildu gera það. Það væri fengur að því ef þeir vildu útskýra breytingartillögurnar því að ég verð að játa það, og vísa til þess sem ég hef áður sagt í þessum ræðustól, að breytingartillögurnar og þær hugmyndir sem birtast í nefndaráliti meiri hlutans í sérnefndinni vekja að mörgu leyti miklu fleiri spurningar en þær svara.

Ég vísa enn til þess sem sagt er um kosningar til stjórnlagaþings. Einhverja hugmynd hafa meirihlutamenn í nefndinni væntanlega mótað sér um það hvernig ætti að kjósa til stjórnlagaþings. Þeir reyna að koma orðum að því í nefndaráliti en útkoman er þannig að enginn sem ég þekki hefur skilið það orðalag. Ég hef margoft spurt um það hér í þingsalnum. Ég hef margoft spurt um það hvernig eigi að túlka þetta. Enginn hefur gert tilraun til að svara mér.

Það er ekki einsdæmi. Það er mjög margt í þessari umræðu sem ekki hefur verið gerð tilraun til að svara. Það á bæði við um ræður okkar sjálfstæðismanna og reyndar afar góðar ræður hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, sem hefur flutt hér tvær mjög málefnalegar og góðar ræður, þar sem fram kemur hörð andstaða við það að frumvarpið nái fram að ganga. Honum er ekki svarað í neinu. Það er ekki bara vegna þess að hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna og Framsóknarflokksins telji okkur þingmenn Sjálfstæðisflokksins ómerkilega að þeir sjá ekki ástæðu til að eiga orðastað við okkur. Það sama á við um hv. þm. Kristin H. Gunnarsson.

Ég velti því fyrir mér hvort enginn í ríkisstjórnarliðinu vill svara þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Samfylkingarinnar, Kristrún Heimisdóttir varaþingmaður, hefur viðrað á opinberum vettvangi og vitnað hefur verið hér til. Í útvarpsþætti fyrir níu dögum lýsti hv. þingmaður þessari tillögu til stjórnarskrárbreytinga á þann veg að menn væru að leita skyndilausna. Hún sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Mér finnst þetta hvort tveggja skorta. Og í staðinn eru menn einhvern veginn að leita skyndilausna, að einhverju næstum því svona eins og, næstum því svona eins og sagt er í, ég veit ekki hvort ég á að segja það, en það er svona skyndilausn sem að, af því að menn vilja næstum því halda áfram í pínulitlu æði. Alveg eins og útrásaræðið var æði og peningaæðið var æði, þá er kannski komið nýtt æði."

Þar er hún að vísa til æsingsins við að koma þessu máli hér í gegn. Þetta er þingmaður úr stjórnarflokki. Ég hef ekki heyrt neinn þingmann Samfylkingarinnar gera tilraun til þess að svara þessum sjónarmiðum.

Kristrún lýsir síðar í viðtalinu því viðhorfi sínu að aðstæður séu óheppilegar til þess að breyta stjórnarskránni nú. Hún segir, með leyfi forseta:

„Þannig að mér finnst í sjálfu sér, þó að ég sé almennt þeirrar skoðunar að það sem sagt eigi, það kunni að vera núna óheppilegar aðstæður til þess að breyta stjórnar-

skránni, að þá finnst mér sérstök rök gilda um auðlindaákvæðið.“

Hún tekur sem sagt auðlindaákvæðið eitt út úr, telur að það sé fullrætt. Um alla aðra þætti málsins gildir öðru máli og hv. þm. Kristrún Heimisdóttir telur að aðstæður séu óheppilegar til að breyta stjórnarskrá.

Um stjórnlagaþingið segir hún, með leyfi forseta:

„Þegar kemur svo að stjórnlagaþinginu að þá auðvitað bara vísa ég til þess sem ég sagði áðan, um þá leið sem að ég héldi að skipti mestu máli, ... , að opna fjármuni til þess að rita, rannsaka, skrifa, búa til vefsíður og kenna og ræða saman.“

Síðar segir hv. þingmaður Kristrún Heimisdóttir, með leyfi forseta:

„Það sem að blasir náttúrlega við manni þegar maður sá þessa hugmynd um að kjósa, fyrst var nú talað um að þeir yrðu 63, sama tala og þingmannafjöldinn. Síðan var einhvern veginn til þess að gera þetta aðeins ... minna, þá var talað um 41. Auðvitað er það vandinn. Vandinn er sá að í staðinn fyrir að hugsa nýtt og brjóta upp og læra af veikleikum okkar að þá er einhvern veginn bara verið að búa til nýja birtingarmynd Alþingis. Einhvers konar afrit af Alþingi. Og þetta, það er verið að tala um að þetta sé kosning, þannig að þetta er þá fulltrúalýðræði einhvers konar sem á að gilda, þannig að menn eiga bara að treysta vini.“ — og svo ræðir hún um einhverja spurningaþætti í sjónvarpinu.

Í lok þessarar tilvitnunar, þessa kafla viðtalsins, sem ég get útvegað hv. þingmönnum ef þeir vilja, segir, með leyfi forseta:

„Sem sagt við erum að, í staðinn fyrir að endurnýja stjórnmálahefðina, þá óttast ég að við séum að falla í þá gryfju að beita neikvæðum eiginleikum okkar stjórnmálahefðar, eða veikleikum, til þess að skapa eitthvað sem ég óttast mjög að muni ekki muni skila miklum breytingum eða árangri, þ.e. þetta stjórnlagaþing, ef það verður gert með þessum hætti.“

Þetta eru mjög alvarlegar athugasemdir frá hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur sem fyrir utan að vera sitjandi þingmaður Samfylkingarinnar er lögfræðingur og hefur fjallað um stjórnarskipunarmál í ræðu og riti í mörg ár, skrifað tímaritsgreinar, kennt námskeið á þessu sviði og sat fyrir hönd Samfylkingarinnar í stjórnarskrárnefnd 2005–2007.

Ég sakna þess að hér í salnum sé enginn þingmaður Samfylkingarinnar nema hæstv. forseti, enginn þingmaður til þess að tjá sig um orð þessa sambingsmanns síns, flokkssystur sinnar sem hefur hér fram að færa alveg sömu varnaðarorð og efasemdir og við sjálfstæðismenn höfum haldið fram í þessari umræðu. Það er þess vegna mjög óheiðarlegt af hv. þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna og Framsóknarflokksins, (Forseti hringir.) sem mæla með þessu máli, að halda því fram að andstaða við þetta mál (Forseti hringir.) sé eingöngu bundin við þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

[14:07]

Dögg Pálsdóttir (S):

Herra forseti. Við ræðum hér stjórnarskrána og breytingar á henni eins og við höfum gert síðustu daga. Þingmenn stjórnarminnihlutans, eða stjórnarsinnar réttara sagt, hafa farið mikinn og gert mikið úr því hversu mikið við sjálfstæðismenn tölum um stjórnarskrána. Einstaka þingmenn hafa talað um ósvífinn minni hluta og hv. þm. Grétar Mar Jónsson leyfði sér að tala um þessa orðræðu okkar sjálfstæðismanna um stjórnarskrána sem skrípaleik.

Ekki er hægt annað, virðulegi forseti, en að lýsa furðu sinni á þeim ummælum sem hv. þingmenn hafa látið falla hér því að það er auðvitað alvörumál þegar knappur meiri hluti þingmanna ætlar að þvinga í gegn breytingu á stjórnarskránni í fullkominni andstöðu við stærsta þingflokkinn á Alþingi og brjóta þar með blað í öllum þeim vinnubrögðum sem tíðkast hafa frá upphafi varðandi breytingar á stjórnarskránni.

Það hlýtur alltaf að þurfa að ræða mikið um stjórnarskrárbreytingar, hvort sem um þær er fullkomin samstaða eða ekki. En þegar engin samstaða er um þær, eins og nú háttar til, er auðvitað enn meiri ástæða til umræðu. Sú þögn sem þingmenn hins knappa meiri hluta fyrir þeim breytingum láta ríkja er auðvitað umhugsunarefni. Af hverju skyldu þeir þegja? Það er sjálfsagt, eins og hv. þm. Birgir Ármannsson benti hér á, vegna þess að þeir vita að þeir hafa hræðilegan málstað að verja. Það er ekki flóknara en það.

Í ræðu minni hér á föstudaginn rifjaði ég það upp að á lýðveldistímanum hefur það eingöngu einu sinni gerst að stjórnarskrárbreyting væri knúin í gegn í andstöðu við þingflokk á Alþingi. Þá voru kringumstæður með allt öðrum hætti. Þá var viðkomandi stjórnmálaflokkur nefnilega að missa völd. Það var verið að breyta kjördæmaskipaninni. Það var verið að gera hana réttlátari og jafnari og það lá fyrir að það mundi kosta þann stjórnmálaflokk atkvæði því að hann hafði notið góðs af ranglætinu.

Ég rakti í ræðu minni á föstudaginn nokkur ummæli og það olli mér miklum vonbrigðum að hvorki talsmenn Samfylkingarinnar né Vinstri grænna sáu ástæðu til að útskýra hvað hefði breyst frá árinu 2007. Þá reyndi, eins og ég rakti, meirihlutastjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins að knýja fram stjórnarskrárbreytingu í andstöðu við minni hlutann. Þá fóru þingmenn minni hlutans í þinginu mikinn. Ég rakti nokkur ummæli, m.a. ummæli hæstv. fjármálaráðherra núverandi, sem þá var í minni hluta. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Það er einsdæmi í sögu lýðveldisins að menn hyggist standa að stjórnarskrárbreytingum með þessum hætti, að formenn tveggja tiltekinna flokka taki sig saman og komi með svona snöggsoðið mál inn á þing á lokadögum og ætli því afgreiðslu.“

Hæstv. fjármálaráðherra var nú í salnum þegar þessi ummæli féllu en hann sá ekki ástæðu til þess að gefa útskýringu á því hvað hefði breyst. Ég skil það svo sem ósköp vel því að auðvitað getur hann ekkert útskýrt það. En af því að nú hittist svo á að hv. þm. Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, er í salnum þá kannski kemur hann hér í pontu á eftir og svarar því hvað hafi breyst. Af hverju vinnubrögð sem flokkur hans átaldi svo réttilega 2007 eru orðin í lagi í dag? (Gripið fram í.) Ég ætla þá líka að endurtaka ummæli Jóns Bjarnasonar — ég er reyndar í tvígang búin að skora á hann að vera hér viðstaddan í þingsalnum og svara mér. (Gripið fram í.) Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Hér hefur komið fram að með þessum vinnubrögðum

er á vissan hátt brotin hefð eða a.m.k. góðar vinnureglur og siðvenjur sem hafa ríkt um stjórnarskrárbreytingar almennt, þ.e. að þær séu unnar og undirbúnar í samkomulagi þingflokka á Alþingi hverju sinni og að þar sé ekki flanað að breytingum eða lagðar fram óunnar eða lítt unnar tillögur eins og hér er verið að gera. Það hefur verið hyllst til að ná víðtæku samkomulagi um grundvallarbreytingar, um breytingar á stjórnarskránni, og þá frekar verið gætt íhaldssemi í þeim efnum til að fara þar ekki fram með ósætti.

Sú sátt er rofin með þessu frumvarpi af hálfu ríkisstjórnarflokkanna og verða það að teljast afar óábyrg vinnubrögð ... Það hefur ekki gefist vel að mínu mati, herra forseti, þegar stjórnarskránni hefur verið breytt í ósætti eða ekki verið fullt samkomulag um breytingarnar."

Virðulegi forseti. Við sjálfstæðismenn hefðum ekki getað orðað þetta betur. Þetta er snilldarlega orðað hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Það getur vel verið að hv. þm. Atli Gíslason, sem kallaði hér fram í og sagði að þessu hefði verið svarað — ég hef aldrei heyrt þessi svör og ég kalla eftir þeim og óska eftir því að þau verði sett fram héðan úr þessum stól.

Það gerðist hins vegar í ræðu minni á föstudaginn að hæstv. forsætisráðherra var viðstaddur og kom í andsvör vegna ræðu minnar. Þar skýrði hún frá því viðhorfi sínu að stjórnmálaflokkarnir — það væri nauðsynlegt að vinna að stjórnarskrárbreytingunni með þeim hætti sem hér er gert, þ.e. í fullkomnu ósætti við stærsta þingflokkinn, af því að stjórnmálaflokkarnir hefðu ekki verið færir um að afgreiða með eðlilegum hætti ýmsar breytingar sem séu nauðsynlegar á stjórnarskránni eins og réttlátar breytingar á kjördæmaskipuninni. Slíkt mál yrði að fara fyrir stjórnlagaþing svo að dæmi væri tekið af hennar hálfu.

Þá veltir maður fyrir sér, virðulegi forseti, hvað það er sem gefur hæstv. forsætisráðherra þá trú að halda að verkefni sem Alþingi hefur að hennar mati ekki ráðið við í gegnum tíðina, ég er henni raunar ekki sammála — hví skyldi stjórnlagaþing vera eitthvað betur í stakk búið til þess að ráða við það verkefni? Hvaða trú, ofurtrú er það sem hæstv. forsætisráðherra hefur á stjórnlagaþingi? Er það ekki sama þjóðin sem mun kjósa stjórnlagaþingið og hefur kosið Alþingi? Hún nefndi í andsvari sínu við mig að alþingismenn væru alltaf að máta sig við ýmsar breytingar og nefndi hún t.d. kjördæmabreytingar. En hvað er það sem veldur því að hún heldur að fulltrúar á stjórnlagaþingi muni ekki máta sjálfa sig eða þá hagsmuni sem þeir sitja fyrir við þær breytingar sem til umræðu eru hverju sinni? Hvað er það sem veldur því að hæstv. forsætisráðherra heldur að stjórnlagaþing sé töfraorðið í dag? Verða ekki fulltrúar á stjórnlagaþingi, hvað sem þeir enda nú með að verða margir, einhvers konar þverskurður af þjóðinni alveg eins og Alþingi er? Verða þeir ekki einhvers konar þverskurður af hagsmunum í landinu?

Mér er gjörsamlega óskiljanlegt af hverju hæstv. forsætisráðherra bindur þessar miklu væntingar við stjórnlagaþing. Mér liggur við að segja að það sé barnaskapur að halda þetta. Og af því ég sé hv. þm. Jón Bjarnason sem ég vitnaði í áðan, hans snilldarlegu ummæli frá því fyrir tveimur árum, þá kemur hann kannski hingað á eftir og svarar mér hvað hefur breyst.

En vegna þeirrar barnalegu ofurtrúar á stjórnlagaþingi, sem hinn naumi meiri hluti á þingi hefur, ætla ég að vitna í umsögn Sigurðar Líndals, fyrrverandi prófessors. Hann er sammála því að setja eigi á laggirnar stjórnlagaþing. Hann segir svo í umsögn sinni, með leyfi forseta, og það finnst mér vera kjarnaatriði:

„Annars get ég ekki dulið þá skoðun mína að ólíklegt sé að þing skipað 41 manni valdi þessu verkefni. Líklegast er að þingið þróist yfir í eins konar umræðufund og þrætusamkomu sem sökkvi niður í deilur sem engu skili. Vænlegra væri að fá lítinn hóp valinkunnra manna sem njóta almenns trausts til að setja saman tillögu að stjórnarskrá. Hana mætti bera undir stjórnlagaþing sem hefði skýrt afmarkað hlutverk og að lokum gengi hún til þjóðaratkvæðis."

Þarna kemur fyrrverandi prófessor, Sigurður Líndal, að ákveðnum kjarna í málinu. Stjórnlagaþingið þarf að hafa skýrt afmarkað hlutverk. Eins og málin eru nú kynnt af þeim nauma meiri hluta sem hér ræður öllu, er hann að setja upp algjöra stjórnskipulega ringulreið. Hann ætlar að láta tvö stjórnlagaþing vera í gangi. Þrátt fyrir þá ofurtrú sem hann ber til stjórnlagaþingsins, sem á að geta gert allt sem Alþingi hefur hingað til ekki getað gert, treystir hinn naumi meiri hluti stjórnlagaþinginu ekki betur en svo að búið er að ákveða fyrir fram ákveðin atriði eins og auðlindaákvæðið.

Eins og réttilega er bent á í umsögn Lögmannafélags Íslands, laganefndar þess félags, er verið að festa auðlindaákvæðið. Hvað ætlar Alþingi að gera ef stjórnlagaþingið fellir t.d. þetta auðlindaákvæði úr stjórnarskránni? Hvað ætlar Alþingi að gera ef stjórnlagaþingið telur að auðlindaákvæðið eigi ekki að vera í stjórnarskránni? Hvað ætlar Alþingi þá að gera? Breyta stjórnarskránni aftur sem stjórnlagaþingið setur? Hvað ætlar Alþingi að gera ef stjórnlagaþingið ákveður að leggja Alþingi niður, og á sama tíma samþykkti Alþingi að leggja niður stjórnlagaþingið líka þannig að við verðum löggjafarsamkundulaus?

Nei, virðulegi forseti. Það er alveg sama hvernig á þetta mál er litið. Þetta er tóm vitleysa allt saman og það er fjarstæðukennt, þó að hæstv. forsætisráðherra haldi það, að þjóðin bíði í ofvæni eftir þessum stjórnarskrárbreytingum. Það kom berlega fram í gær í sjónvarpinu á kosningafundi í Norðvesturkjördæmi eftir hverju þjóðin bíður í ofvæni. Hún bíður í ofvæni eftir þeim aðgerðum sem stjórnin hefur lofað en telur ekki mikilvægari en svo að hún setur þau mál á dagskrá eftir umræður um stjórnarskrána.

Af því að hinn naumi stjórnarmeirihluti virðist telja að enginn nema Sjálfstæðisflokkurinn sé á móti breytingum á stjórnarskránni langar mig að benda á að hér eru á fjórða tug umsagna sem allar vísa í sömu áttina. Þær mæla allar eindregið gegn því að standa að stjórnarskrárbreytingum með þeim hætti sem hér er verið að gera og þær mæla allar eindregið gegn þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru. Ég hef þegar bent á ummæli laganefndar Lögmannafélags Íslands. Umsagnaraðilar kvarta sáran yfir skömmum tíma sem þeir fá. Viðskiptaráð bendir á handbók forsætisráðuneytisins sem hæstv. forsætisráðherra veitir forstöðu um hvernig skuli standa að því að undirbúa lagafrumvörp og bendir réttilega á að það séu allar meginreglur þverbrotnar í þessu máli.

Í umræðunni á föstudagskvöld kom eitt athyglisvert í ljós í andsvari hæstv. forsætisráðherra því svo virðist vera sem hún hafi ekki, a.m.k. ekki á þeim tíma, gefið sér tíma til að kynna sér umsagnirnar. Hún virtist ekki hafa hugmynd um þann hluta þjóðarinnar sem þó er búinn að gefa sér tíma til að gefa umsögn. Hún hafði ekki hugmynd um þann hluta þjóðarinnar heldur ítrekaði að þjóðin kallaði eftir þessum breytingum.

Ef hæstv. forsætisráðherra og hinn naumi stjórnarmeirihluti vill ekki hlusta á okkur sjálfstæðismenn, vill ekki hlusta á þessa umsagnaraðila er rétt að benda á að til eru menn á vinstri kanti stjórnmálanna sem líka hafa bent á að þessi vinnubrögð séu ekki til fyrirmyndar. Gunnar Karlsson, prófessor í Háskóla Íslands, segir, með leyfi forseta:

„Eitt afbrigðið af villigötu leitarinnar að betra lýðræði er krafan um nýja stjórnarskrá."

Þetta segir hann í grein í *Fréttablaðinu* í síðasta mánuði. Pétur Tyrfingsson, sem seint verður nú kallaður sjálfstæðismaður, bloggar um það að hann skilji ekki hvað menn séu að ræða um stjórnlagaþing og hvort þeir telji sig virkilega vera búna að ræða hugmyndina um það í þaula. Úlfar Þormóðsson, sem líka verður seint kallaður sjálfstæðismaður, skrifar grein um að þessi umræða um breytingu á stjórnarskránni sé furðuleg.

Síðan eru virtir lögfræðingar sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Í nýjasta *Tímariti lögfræðinga* er leiðari, sem ég veit að hv. þm. Björn Bjarnason hefur vitnað í og ég ætla einnig að gera. Róbert Spanó segir í umræddum leiðara að fátt sé mikilvægara á þessum tímum sem við göngum í gegnum nú en að grundvallarreglur réttarríkisins séu virtar. Hann sem sé geldur varhuga við því að á umrótatímum sé farið að hrófla við mikilvægum atriðum eins og stjórnskipuninni.

Sama gerir Skúli Magnússon lögfræðingur og raunar héraðsdómari í leyfi frá því starfi. Hann segir í grein sem hann skrifaði nýverið í *Fréttablaðið* 4. mars undir fyrirsögninni Enginn veit hvað átt hefur ... að eitt af því sem hafi verið teflt fram vegna efnahagshrunsins sé flýtimeðferð til breytinga á stjórnarskránni. Hann segir í lok þeirrar greinar, með leyfi forseta:

„Íslenska stjórnarskráin er ekki úrelt plagg þótt á henni séu ýmsir annmarkar sem fræðimenn og flestir aðrir sem til þekkja eru raunar að mestu sammála um hverjir séu og hvernig beri að mæta. Sjálfsagt er því að umræða um stjórnarskrána haldi áfram og sé leidd til lykta í opnu, lýðræðislega og stjórnskipulega réttu ferli.

Hins vegar er engin ástæða til að taka í skyndi stefnu út í óvissuna, gefa upp boltann fyrir allsherjarendurskoðun stjórnarskrárinnar með tilheyrandi fjárhagslegum kostnaði og ófyrirséðum afleiðingum. Efnahagskreppa og stjórnskipuleg ringulreið eru slæmur kokteill, svo ekki sé sterkar tekið til orða. Um stjórnarskrána gildir líkt og margt annað að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur."

Virðulegi forseti. Þetta er nákvæmlega kjarni málsins, kjarni þess af hverju sjálfstæðismenn halda uppi þeirri málsvörn fyrir stjórnarskrána sem hér er í gangi. Þetta er málsvörnin sem hinn naumi meiri hluti leyfir sér að kalla skrípaleik. Þetta er málsvörnin sem gert er lítið úr og haldið er fram að sé ómerkilegt málþóf.

Sagan mun dæma þessi ummæli hins nauma meiri hluta og vonandi ber hinn naumi meiri hluti gæfu til þess að taka í þær útréttu sáttarhendur sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur rétt.

Í nótt var lagt til að 2. umr. yrði frestað og málið tekið að nýju í nefnd svo finna mætti lausn á málinu. Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að álykta að Sjálfstæðisflokkurinn sé búinn að sýna það og benda á í mörgum ræðum hvaða atriði það eru sem hægt er að ná sátt um. Það er fyrst og fremst 79. gr. því með breytingu á henni getum við síðan þegar nýtt þing kemur saman gert allt hitt sem hér er verið að reyna að knýja fram með algerlega nýjum vinnubrögðum.

Ég skora á hv. þingmenn í hinum nauma stjórnarmeirihluta að taka í útrétta sáttarhönd og leita lausna á þessu.

[14:27]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka upp þráðinn þar sem síðasti ræðumaður lauk máli sínu varðandi vinnubrögðin. Ég tel að það hafi komið fram í morgun og í ræðu hv. þingmanns og í ræðu hv. þm. Guðfinnu S. Bjarnadóttur í gær að það er full ástæða til að gagnrýna þau vinnubrögð sem hér eru höfð í frammi. Við lýstum eftir því í gær, báðum um sjónarmið varðandi það hvort þingmenn teldu þessi vinnubrögð við hæfi og fórum yfir það og hv. þm. Guðfinna S. Bjarnadóttir rakti það hvernig hún sæi fyrir sér að menn stæðu að þessu máli þannig að viðunandi væri.

Virðulegi forseti. Það er ekki nýmæli að hér sé fjallað um vönduð vinnubrögð við lagasetningu. Raunar hefur það verið talið mikilvægt á undanförnum árum af forustu Alþingis, forseta Alþingis, skrifstofustjóra Alþingis og starfsmönnum þingsins að leggja á ráðin um það með ráðuneytum hvernig best verði staðið að því að undirbúa mál og leggja þau fyrir þingið. Ég fullyrði, virðulegi forseti, að allar reglur sem menn hafa verið að þróa og setja á undanförnum árum eru brotnar við meðferð þessa máls og það er mál sem snertir stjórnarskrána sjálfa. Það snertir sjálf grundvallarlögin, það snertir þær grunnreglur sem hér eiga að gilda og vera til fyrirmyndar fyrir stjórnarhætti í landinu. Ég spyr, virðulegi forseti: Er það svo eftir að bankar hafa hrunið á Íslandi og eftir að það liggur fyrir að innlendir og erlendir sérfræðingar telja að það megi ekki síst rekja til þess að þeim hafi verið illa stjórnað eða glannalega stjórnað að þá sé það næsta skref fyrir okkur í þeirri stöðu sem við erum að hefja óvandaða lagasmíð og óvandaða smíð stjórnarskrárákvæða? Að við þurfum að yfirfæra slæma stjórnarhætti yfir á stjórnkerfið allt og hér inn í Alþingi með frumvarpi sem miðar að því að svipta Alþingi stjórnarskrárvaldinu. Ég hef lesið hér eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi, forustugrein í *Tímariti lögfræðinga* eftir Róbert R. Spanó, umboðsmann Alþingis.

Ég hef líka lesið greinar eftir hæstv. dómsmálaráðherra Rögnu Árnadóttur sem hún hefur skrifað um hvernig megi vanda betur til lagasetningar á Íslandi. Hæstv. ráðherra hefur kynnt sér þau mál sérstaklega og flutt um þau fyrirlestra og skrifað fræðilegar ritgerðir. Til að bregða ljósi á það sem er talið hæfa í öðrum löndum þegar lög eru til meðferðar,

þegar verið er að smíða lög og setja lög, þá ætla ég að lesa úr ritgerð hæstv. dómsmálaráðherra sem ber heitið „Hvernig má vanda betur til lagasetningar", en þar segir um þessar aðferðir í Danmörku, með leyfi virðulegs forseta:

„Í Danmörku hafa gæði laga verið nokkuð til umræðu og var hún áberandi á tíunda áratug síðustu aldar. Umræðan um gæði löggjafar sneri einkum að fjórum þáttum:

Í fyrsta lagi að hinum lögfræðilega þætti; löggjöf þyrfti að uppfylla lögfræðilegar kröfur þannig að samræmi væri milli lagatexta og greinargerðar og uppfyllt væru skilyrði um skýrleika og skiljanleika laga.

Í öðru lagi að efnahagslegum þætti lagasetningarinnar; samhengi yrði að vera á milli tilgangs reglusetningar, ávinnings hennar og kostnaðar sem af henni leiddi. Því væri nauðsynlegt að meta áhrif lagasetningar og hvort hún væri nauðsynleg eða hvort aðrar aðferðir kæmu til greina.

Í þriðja lagi að gæðum lagasetningarferilsins sem slíks, þar á meðal hvernig löggjöf væri undirbúin. Álitaefnin lutu m.a. að því hvernig samráði við hagsmunaaðila væri háttað, að starfsumhverfi þingsins, svo og samvinnu þess og ríkisstjórnar við meðferð frumvarpa í þinginu.

Í fjórða lagi að hinum pólitíska þætti; þótt æskilegt væri að leggja öll þingmál fram í byrjun hvers löggjafarþings gæti það þó af pólitískum ástæðum ekki ávallt verið mögulegt. Bæði Folketinget og danska dómsmálaráðuneytið hafa í tengslum við þessa umræðu staðið að útgáfum rita í þeirri viðleitni að stuðla að auknum gæðum laga."

Virðulegi forseti. Þegar þetta er lesið og þegar menn velta fyrir sér viðleitni hér á landi til að ná betri tökum á lagasmíð og skapa þeirri vinnu vandað umhverfi þá er það með öllu ljóst að aðferðin sem beitt hefur verið við gerð þessa frumvarps gengur þvert á allar hugmyndir manna um það hvernig eigi að vinna svona mál. Og ef litið er á þessi fjögur grundvallaratriði sem menn leggja niður í Danmörku þegar þeir velta fyrir sér vandaðri lagasmíð, þá sést að við höfum brotið allar þessar reglur eða þær hafa allar verið brotnar af hæstv. ríkisstjórn við undirbúning þessa máls.

Það verður til upp úr myndun ríkisstjórnar eða við myndun ríkisstjórnar. Það er enginn aðdragandi á neinn þann veg að menn séu búnir að gera upp við sig nákvæmlega hvað stendur í textanum. Það vantar allan skýrleika, það vantar allt samræmi á milli greinargerðar og þess sem stendur í lagatextanum og það vantar líka allt tillit til umsagnaraðila. Þeir eru hunsaðir eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að þegar hæstv. forsætisráðherra leyfir sér að fullyrða að þetta sé gert vegna kröfu þjóðarinnar og lesnar eru umsagnirnar sem koma frá aðilum utan þingsins þá kemur í ljós að það er enginn þeirra sem ekki gerir athugasemd við frumvarpið. Það er sama hvort menn líta á málið innan þingsins eða utan, það er ósamstaða um þetta og mikill ágreiningur og mikil óvissa um hvað í frumvarpinu felst. Að þessu leyti er frumvarpið í raun og veru þannig lagt fyrir okkur að bara með vísan til málsmeðferðarinnar þarf að vísa því frá eins og kemur fram í tillögu okkar í minni hluta sérnefndar um stjórnarskrármál.

Ég sé það í blöðum eða á vefmiðlum nú að hæstv. forsætisráðherra lýsir því yfir eins og það sé sjálfsagður hlutur að hér hafi menn komið upp og endurtekið hver sama boðskapinn sem hafa talað. Ég er búinn að flytja nokkrar ræður og ég hef ekki í neinum af þeim haldið mig við sama stefið nema að því leyti að ég krefst þess að menn virði Alþingi og gæti virðingar þingsins. Ég hef í hverri ræðu, virðulegi forseti, og leyfi mér að fullyrða það hér, komið með nýja málsástæðu, ný rök sem eru til þess fallin að sýna fram á hvers kyns glapræði það er að ætla sér að afgreiða þetta frumvarp í þeirri mynd sem það er. Ég mótmæli þessu því harðlega.

Hæstv. forsætisráðherra sýnir þinginu ekki þá virðingu að vera hér í salnum og hlusta á umræðurnar en telur sig í færum til þess að standa utan dyra og gagnrýna ræður sem hér eru fluttar og segja að þær séu aðeins endurtekning á því sem næsti maður á undan sagði. Þetta er alrangt og þetta er enn til marks um þá óvirðingu sem okkur er sýnd í þessum umræðum í þinginu, bæði tillögunni og okkur ræðumönnum, þegar menn sem ekki sitja hér og hlusta og vita ekki hvað gerist í þingsalnum leggja síðan dóm á það með sleggjudómum eins og hæstv. forsætisráðherra gerir. Ég held að hæstv. forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur væri nær að gegna því hlutverki sem forsætisráðherra á að gegna á stundum sem þessari, að reyna að sameina þjóðina, að reyna að leiða mál til lykta á hinu háa Alþingi í sátt og finna þá málamiðlun sem þarf til að þingstörfin geti gengið, til að menn fái tækifæri til að ræða um hag heimilanna og fyrirtækjanna og koma til móts við þau mál í stað þess að vera hér. Nei, í stað þess að beita sér fyrir slíku leyfir hæstv. forsætisráðherra sér að standa utan dyra og segja að þingmenn séu að fara með sömu rulluna sem er alrangt og stenst ekki og síðan er hæstv. forseti þingsins þeirrar gerðar að hann hefur enga burði til að ná sátt í þingsalnum. Það er hin sorglega hlið þessa máls.

[14:37]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegur forseti. Til hvers var stofnað til þessa ríkisstjórnarsamstarfs sem við búum hér við? Hver voru loforð þessarar minnihlutastjórnar til fólksins í landinu? (**Gripið fram í:** Að breyta stjórnarskránni.) Loforðin voru þau að beita sér fyrir hag heimilanna, að beita sér fyrir málum sem hefðu bein áhrif á hag heimilanna og atvinnulífið í landinu. Það var á þeim forsendum sem framsóknarmenn ákváðu að verja þessa ríkisstjórn falli og vildu reyndar að þingstörfum lyki 12. mars en nú erum við hér þegar liðið er á dymbilviku. Það eru að koma páskar og nokkuð einsýnt að þingstörf verða fram yfir páska og geta svo sem okkar sjálfstæðismanna vegna verið fram að kjördegi, 25. apríl. En af því að það eru að koma páskar þá er kannski viðeigandi að segja við hæstv. ríkisstjórn: Betra er ólofað en illa efnt.

Þessi ríkisstjórn sem vildi kenna sig við aðgerðir og velferðarmál hefur lítið sem ekkert gert og öll þau mikilvægu mál sem brenna á heimilum landsins, öll þau mikilvægu mál sem brenna á fyrirtækjunum og atvinnulífinu eru látin dankast, þau eru látin vera vegna þess að það er sennilega engin samstaða um mörg þeirra á ríkisstjórnarheimilinu. Á meðan er fólk í óvissu, á meðan er atvinnulífið í enn meiri óvissu, fyrirtæki stór og smá eru að fara á hausinn, menn eru hreinlega að gefast upp og allar aðgerðirnar sem var lofað að kæmu strax á fyrstu vikum þessarar ríkisstjórnar láta ekki á sér kræla.

Mikilvæg mál sem tengjast atvinnuvegunum eins og af-

greiðsla á frumvarpi um framkvæmdir í Helguvík, mikilvæg mál sem tengjast atvinnuvegunum eins og loftslagsmálefnin, hvalveiðimálið, málefni heimilanna sem eru í pípunum og við sjálfstæðismenn erum að kalla eftir að komi á dagskrá, það er svo sem engin eining um þessi mál hjá hæstv. ríkisstjórn. Því kýs hún í valdi sínu, eins og það var orðað þegar skipt var um hæstv. forseta eftir að hún tók við, að það yrði að vera þannig að ríkisstjórnin hefði tögl og hagldir varðandi dagskrá þingsins og þingstörfin.

Þessi staða hlýtur að vekja upp spurningar varðandi framtíðarsamstarf þessara flokka, eða hvernig á þjóðin að geta treyst því að þessir flokkar geti unnið saman og komið sér saman um mikilvæg málefni eftir kosningar? Nei, það er kannski það góða við þessa ríkisstjórn og við þetta aðgerðaleysi, virðulegi forseti, að vonandi áttar fólkið í landinu sig á því að í kosningunum 25. apríl verður að kjósa í von á framtíðina, í von og trú á þá leið sem verður farin til þess að ná okkur út úr þessum hremmingum sem þjóðin er í. Sú leið fæst ekki með vinstri stjórn, svo mikið höfum við lært á ekki lengri tíma.

Við sjálfstæðismenn höfum verið sakaðir um málþóf og það má vel vera að einhverjir kjósi að kalla málflutning okkar málþóf. Hér hefur þó verið á ferðinni málefnalegur málflutningur, málefnalegar og efnislegar athugasemdir við við þetta mál, við þetta frumvarp. Ekki síst höfum við gert athugasemdir við það hvernig þetta mál er unnið og hvernig er að því staðið. Umsagnir um mál sem Alþingi leitar eftir úti í samfélaginu er hin lýðræðislega leið. Hún er hin lýðræðislega leið borgaranna til að geta haft áhrif á störf Alþingis, til að geta haft áhrif á lagasetningu, til að geta komið skoðunum sínum á framfæri um mál í meðförum þingsins. Þetta er leið almennings, þetta er leið samfélagsins að störfum þingsins. Þeir sem hafa talað fyrir hönd minnihlutastjórnarinnar tala um að auka þurfi aðgengi almennings að störfum þingsins. En á sama tíma í þessu mikilvæga máli, í þessu stóra máli þar sem við fjöllum um sjálfa stjórnarskrána, stjórnarskrá lýðveldisins þá kjósa þeir að hunsa og virða ekki skoðanir okkar virtustu sérfræðinga á þessum málum og þeirra félaga og samtaka sem hafa sent okkur umsagnir.

Á þeim stutta tíma sem nefndin sem um málið fjallaði var að störfum bárust henni 30 umsagnir eða athugasemdir um málið. Ég vil ítreka að það var föstudaginn 13. mars, sem gefur hjátrúnni ákveðið gildi þegar horft er til þessa máls, að þetta skuli hafa verið föstudaginn 13. mars sem þetta mál var látið sigla áfram. Á þeim tíma, á u.þ.b. þremur vikum, ef það hefur náð því, virðulegi forseti, það var skemmri tími sem flestir fengu til umsagnar jafnvel niður í viku, *áttu menn* að skila umsögnum og fara ofan í svo veigamiklar breytingar á sjálfri stjórnarskránni. Ég held að það sé ástæða til að rifja upp nokkur af þessum ummælum. Það hefur verið gert nokkuð af því í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um málið en sú vísa er aldrei of oft kveðin, að reyna að vekja athygli á því, vekja athygli fjölmiðlanna, reyna að vekja athygli almennings á því hvað er djúpstæður ágreiningur í gangi, hvernig þessi minnihlutastjórn ætlar að troða í gegn stórmáli sem er grundvallarágreiningur um.

Það voru aðeins tvö félög sem almennt séð gáfu jákvæða umsögn um frumvarpið, þ.e. ASÍ og BSRB. BSRB, sem lýtur formennsku hæstv. heilbrigðisráðherra, og ASÍ, sem er, eins og flestir vita, undir hælnum á Samfylkingunni. Var þetta of mikið sagt? Nei, ég held ekki. (**Gripið fram í:** Jú.) Þetta setur spurningarmerki við þessi samtök og trúverðugleika þeirra. Ég ætla að vitna í nokkrar umsagnir, eða útdrátt úr þeim.

Ragnhildur Helgadóttir, prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskólann í Reykjavík, segir, með leyfi forseta:

„Það er skoðun mín að með því að naumur meiri hluti á þingi samþykki stjórnarskrárbreytingar í andstöðu við stóran stjórnmálaflokk sé stjórnarskráin færð inn í hringiðu stjórnmálanna. Þess má vænta að næsti meiri hluti geri þær breytingar sem honum hugnast án þess að takmarka sig við það sem næst almenn sátt um á þingi og þannig koll af kolli. Þannig getur stjórnarskráin orðið óstöðugri og pólitískari en verið hefur, sem er óæskileg þróun."

Davíð Þorláksson lögfræðingur segir, með leyfi forseta:

„ ... tel ég að það væri verulega misráðið af stjórnarskrárgjafanum að binda 1. gr. frumvarpsins í stjórnarskrána."

Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, segir, með leyfi forseta:

„Veittur var frestur til 20. mars til að skila inn umsögn. Þennan frest verður að telja fremur skamman þegar umfang málsins er haft í huga. ... æskilegt [er] að nákvæm skoðun fari fram á þessu atriði" — þ.e. á 1. gr. frumvarpsins — „og mögulegum afleiðingum ákvæðisins að þessu leyti."

Einn okkar virtasti lagaspekingur, prófessor emerítus Sigurður Líndal, sem er líklega lærifaðir margra lögfræðinga sem sitja á þingi í dag, segir, með leyfi forseta:

„Ég tel að skoða þyrfti 1. gr. frumvarpsins betur vegna óljósrar merkingar orða og hugtaka sem þar eru notuð ... [ég tel] rétt að fella brott 1. gr. þannig að betra tóm gefist til að huga að því hvernig slíkum yfirlýsingum verði fyrir komið ef á annað borð þykir rétt að hafa slíkt í stjórnarskrá."

Hann segir síðar í umsögn sinni:

„Annars get ég ekki dulið þá skoðun mína að ólíklegt sé að þing skipað 41 manni valdi þessu verkefni. Líklegast að þingið þróist yfir í eins konar umræðufund og þrætusamkomu sem sökkvi niður í deilur sem engu skili."

Ragnar Árnason og Birgir Þór Runólfsson, prófessorar í hagfræði við Háskóla Íslands, segja, með leyfi forseta:

„Teljum við að með samþykkt ákvæðisins væri verið að veikja efnahag þjóðarinnar enn frekar."

Það eru fleiri, virðulegi forseti, sem gefa þessu umsagnir og enn og aftur minni ég á það að umsagnir eru hin lýðræðislega leið almennings og samfélagsins að störfum okkar hér í þinginu. Það er þess vegna sem við höfum nefndir og það er þess vegna sem þingið sendir mál til nefnda, það er til þess að þar sé fjallað um þau á málefnalegan hátt og þar fái almenningur aðgang að málum í gegnum nefndirnar, þar fái almenningur möguleika á því að koma fram athugasemdum sínum og rökstyðja þær og þar taki málið þeim breytingum að sem víðtækust sátt náist um þau. Aldrei er meiri ástæða til þess að reyna að vinna eftir þessari reglu, virðulegi forseti, en einmitt þegar verið er að fjalla um stjórnarskrá lýðveldisins.

Það hafa verið vinnubrögðin sem hafa verið viðhöfð í

gegnum áratugina. Þau vinnubrögð sem viðhöfð eru hér af þessari minnihlutastjórn, studdri af Framsóknarflokknum, eiga sér ekki fordæmi. Það á að troða þessu í gegn, máli sem er í sjálfu sér ekki svo mikilvægt við þær aðstæður sem eru uppi í okkar samfélagi, það eru mörg önnur mál sem eru miklu mikilvægari, það eru mörg önnur mál sem skipta miklu meira máli og við ættum að snúa okkur að þeim.

Ég ætla að halda áfram að vitna hér í umsagnir þeirra sem hafa sent nefndinni umsagnir, sent okkur þingmönnum umsagnir, um þetta mál til þess að ítreka það og í þeirri von að samfélagið, almenningur, átti sig á því hvað hér er í gangi, átti sig á því hvað þessi minnihlutastjórn er að gera, ætlar að troða hér í gegn máli með fordæmalausum vinnubrögðum.

Samorka segir m.a. í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„ ... að efnisatriði frumvarpsins hafi ekki fengið þá almennu umfjöllun í samfélaginu sem eðlilegt hlýtur að teljast við breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins ... leggur Samorka til að frestað verði að taka inn í stjórnarskrána efnisatriði 1. gr. frumvarpsins."

Reykjavíkurakademían segir, með leyfi forseta:

„Tíminn [er þó] allt of naumur til að taka saman vandaðar efnislegar athugasemdir með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hér innanhúss ... RA hefur verulegar efasemdir um þau frumvarpsdrög um stjórnlagaþing sem fylgja frumvarpinu."

Orkustofnun segir um auðlindahugtakið, með leyfi forseta:

„Hvor skilningurinn sem lagður er til grundvallar er þetta óskiljanlegt. Ljóst er að með umorðun á því sem fram kemur í niðurstöðum auðlindanefndar þeirrar, sem kosin var á Alþingi í kjölfar samþykktar á þingsályktun í júní 1998, hefur eitthvað misfarist af hálfu stjórnarskrárgjafans." — Hér er átt við frumvarpshöfunda. — „Orkustofnun leggur til að hinu nýja þjóðareignarhugtaki verði sleppt ..."

Þá kem ég kannski að því sem ég ætla að vitna hér í síðast, virðulegi forseti, en það er umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands (**AtlG:** Ertu ekki búinn að lesa það?) — ég reikna með að hv. þm. Atli Gíslason sé félagi í Lögmannafélagi Íslands og gengur hann þar með úr salnum. Það er eðlilegt, virðulegi forseti, að lögmaðurinn, sá eini sem var í salnum núna, vilji ganga út þegar hann þarf að hlusta á umsagnir þeirra sem hann og félagar hans kjósa til trúnaðarstarfa í samtökum sínum og hann hefur tekið ákvörðun um að ráðast gegn í sinni vinnu.

Í umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands segir m.a., með leyfi forseta:

„Að mati laganefndar eru þær breytingar á stjórnarskránni sem boðaðar eru með frumvarpinu í raun grundvallarbreytingar. Laganefnd áréttar mikilvægi þess að allar breytingar á stjórnarskránni séu gerðar að vel athuguðu máli og í mikilli sátt allra aðila, ekki síst þegar um grundvallarbreytingu er að ræða. Er það afstaða laganefndar að framangreindar breytingar þurfi frekari athugunar við og leggst nefndin af þeim sökum gegn samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fyrir."

Virðulegi forseti. Þetta voru einungis brot úr örfáum athugasemdum af öllum þeim athugasemdum sem okkur hafa borist um þetta mál. (**Iðnrh.:** En hefur þingmaðurinn ekkert sjálfstætt fram að leggja?) Þingmaðurinn hefur margt sjálfstætt fram að leggja. Hann hefur það sjálfstætt fram að leggja, hæstv. iðnaðarráðherra, að hlusta á þjóðina í þessu landi. Þingmaðurinn er ekki lögfræðimenntaður og sekkur sér ekki þannig í fræðilega hluta þessa máls. (**Iðnrh.:** Hann hefur ekkert fram að færa.) Hann hefur heilmikið fram að færa þegar hann stendur hér vörð um að þjóðin fái að segja sitt álit og eitthvert mark sé tekið á henni. Það er það sem sá þingmaður sem hér stendur ætlar að standa vörð um í þessu máli, hæstv. iðnaðarráðherra. Það er það sem hann hefur fram að færa í þessu máli, það er að standa vörð um þjóðina og stjórnarskrá landsins í þessu máli, að hér sé ekki einhver minnihlutaríkisstjórn sem tekur ákvörðun um að troða þessu máli hér í gegn með þeirri miklu óeiningu sem um það er í samfélaginu.

Mér er til efs að fordæmi finnist um eins alvarlegar og sterkar athugasemdir í umsögnum um mál sem samt skulu keyrð í gegn. Þær eru nánast einróma, þessar athugasemdir. Samt skal þessi ríkisstjórn, og þeir flokkar sem hana styðja, dirfast að nota sjálfa stjórnarskrána í hrossakaupum sín á milli og standa á sama tíma í vegi fyrir tillögum okkar sjálfstæðismanna um að taka hér upp á borðið og taka til umfjöllunar þau mál sem brenna á þessu samfélagi.

Öðruvísi mér áður brá með sumt af því fólki sem styður ríkisstjórnina, með suma af þeim hv. þingmönnum sem styðja ríkisstjórnina. Ég hélt satt að segja að margir þeirra væru málefnalegri en þetta, að leggjast í það kjarkleysi og dugleysi sem ósamstaða ríkisstjórnarinnar leiðir af sér. Þetta á rætur sínar að rekja í því, virðulegi forseti, hver ósamstaðan er innan ríkisstjórnarinnar. Eða hvernig er það þegar kemur að atvinnumálum? Þá verður hæstv. iðnaðarráðherra að treysta á okkur sjálfstæðismenn til að koma góðum málum í gegn (**Gripið fram í:** Og Framsókn.) og Framsókn (Gripið fram í.) og hluta af sínu eigin liði, já. Hann fær ekki einu sinni allt sitt lið á bak við sig í það. Við stöndum vörð um góð mál og erum tilbúin að koma þeim í gegn.

Ég býð ekki í það ef þetta eru vinnubrögðin sem við eigum von á eftir kosningar, virðulegi forseti, ég býð ekki í það ef sú verður niðurstaðan úr komandi kosningum. Þá er ekki von á góðu vegna þess að það er alveg ljóst að viðspyrna okkar út úr þeim aðstæðum sem við erum í liggur í gegnum aukna verðmætasköpun, í gegnum atvinnulífið, í gegnum stóriðju sem af spretta síðan lítil og meðalstór fyrirtæki, grasrótarfyrirtæki og hátækniiðnaður. Bara að grunnurinn sé sterkur, byggður á nýtingu náttúruauðlinda okkar. (Forseti hringir.) Það er þar sem þetta gerist en það mun ekki (Forseti hringir.) gerast, virðulegi forseti, ef þessir tveir flokkar ná að mynda ríkisstjórn saman eftir kosningar.

[14:58]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða var skólabókarræða um málþóf. Hv. þm. Jón Gunnarsson hafði ekkert fram að færa efnislega um það mál sem hér er til umræðu. Hann glefsaði ofan í einhverjar álitsgerðir um þetta en hafði enga skoðun, hann hafði ekki kjark til þess að hafa sjálfstæða skoðun á

því máli sem hér er til umræðu.

Hv. þingmaður sagði hins vegar að hann væri þeirrar skoðunar að þjóðin ætti sjálf að fá að kveða upp álit í þessu umdeilda máli. Það er þannig, herra forseti, út á það gengur þetta mál. Það gengur m.a. út á það að heimila stjórnlagaþing sem þjóðin fær að kjósa fulltrúa á og ráða til lykta breytingar á stjórnarskránni. Þetta fjallar sömuleiðis um það að þjóðin fái tækifæri, samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár, til þess að setja mál á dagskrá með þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er það sem Sjálfstæðisflokkurinn er hræddur við og eitt af því sem Sjálfstæðisflokkurinn er auðvitað að verja hér eru hagsmunir LÍÚ. Hv. þingmaður og félagar hans í Sjálfstæðisflokknum standa vörð um þá hagsmuni sem eru andstæðir því að stjórnarskráin lýsi yfir að á sameiginlegum auðlindum, sem ekki lúta einakeignarrétti, skuli vera þjóðareign. Það er það sem þetta mál gengur út á. Það er verið að verja hagsmuni LÍÚ og það er Sjálfstæðisflokkurinn sem er að ganga þeirra erinda.

[15:00]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Heldur var þetta nú rýrt hjá hæstv. iðnaðarráðherra. Ég tjáði mig ekki mikið um efni þessa frumvarps en það liggur fyrir að við sjálfstæðismenn erum sammála ákveðnum þáttum í breytingu á stjórnarskránni. Það liggur fyrir að við sjálfstæðismenn erum tilbúnir í þá vinnu að fara í breytingar á stjórnarskránni. Það liggur fyrir að við sjálfstæðismenn erum ekkert hræddir við þjóðaratkvæðagreiðslu og við erum ekkert hræddir við að færa valdið til þjóðarinnar. En við viljum hlusta á þjóðina. Við viljum fara að þeim lýðræðislegu leikreglum sem við spilum í dag sem eru umsagnir um mál sem nefndir fá, og það er hin lýðræðislega leið. Þegar umsagnir um mál eru á einn veg eins og um er að ræða í þessu máli er auðvitað okkar að verja það að tekið sé tillit til þeirra skoðana.

Ég vil ítreka áskorun mína til þingmanna Frjálslynda flokksins og Framsóknarflokksins í þessu máli. Þessir minnihlutaflokkar virðast heillum horfnir, algjörlega heillum horfnir. Utanríkisráðherra fylgir þar með. Að halda því fram hér að við séum að ganga erinda LÍÚ þegar hæstv. iðnaðarráðherra veit það manna best að margir af okkar helstu lögspekingum og helstu samtök í þessu landi (Gripið fram í.) hafa gert við þetta mjög alvarlegar athugasemdir, bæði efnislegar og gagnvart allri undirbúningsvinnu. Það er á þeim forsendum, hæstv. iðnaðarráðherra, sem ég mun standa hér, ef með þarf fram að alþingiskosningum, og verja þetta mál. Það er létt í þér núna, virðulegur ráðherra, en mundu það sem ég sagði við þig áðan, að betra er ólofað en illa efnt.

Umræðu frestað.

Dagskrá næsta fundar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:03]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Vegna þeirrar dagskrártillögu sem ég hef hér lagt fram ætla ég að leggja til að sú dagskrártillaga sem þar kemur fram eigi við um 130. þingfund en ekki þann 129. Ég ætla ekki að koma hæstv. forseta Alþingis í þá stöðu að þurfa að leggja það til að eldhúsdagur falli niður með samþykki þessarar tillögu enda trúi ég hvorki að hæstv. forseti Alþingis né aðrir hv. þingmenn geri annað en að greiða þessari tillögu atkvæði sitt.

Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er lögð fram er sú að ég vil, sem einn af flutningsmönnum frumvarps ásamt félögum mínum í allsherjarnefnd úr öllum stjórnmálaflokkum, að á þinginu verði tekið til umræðu frumvarp til laga um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði í staðinn fyrir breytingar á stjórnarskrá sem hafa ekkert með skuldir heimilanna að gera eða atvinnulífið í landinu. Það hefur verið krafa um það úti í samfélaginu að fulltrúar allra stjórnmálaflokka snúi bökum saman til að leysa úr vanda heimilanna. (Forseti hringir.) Framlagning þessarar tillögu er framlag Sjálfstæðisflokksins til þess (Forseti hringir.) að það sé hægt að gera ... (Forseti hringir.) og á þá tillögu getur þingið fallist.

[15:04]

Árni Páll Árnason (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér heldur áfram þetta fáránleikaleikhús sem Sjálfstæðisflokkurinn efndi til í gær. Nú er teflt fram ágætu frumvarpi um greiðsluaðlögun fasteignaveðlána og látið í það skína að það skipti verulegu máli hvort það verður rætt hér í dag eða á morgun. (Gripið fram í.)

Ef hv. flutningsmaður dagskrártillögunnar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hefur lesið þetta ágæta frumvarp sem við stöndum saman að mundi hann átta sig á því að gildistökudagur er 15. maí þannig að það haggar ekki miklu og sér ekki á svörtu hvort þetta er rætt í dag eða á morgun. (Gripið fram í.)

Það sem skiptir höfuðmáli er að við komum þingstörfum áfram og ljúkum umræðu um þau dagskrármál sem Sjálfstæðisflokknum þykir brýnast að ræða. Leyfum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að ljúka sér af. Virðum þinglegan rétt þeirra til að ljúka umræðu um það mál og síðan tökum við næstu mál á dagskrá. Það er engin bráð hætta búin þótt þetta mál bíði í 1–2 daga eftir að þingmenn Sjálfstæðisflokksins fái að ljúka þeim málum sem þeim finnst mestu skipta að ræða.

[15:06]

Sturla Böðvarsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Út af fyrir sig er ekki óeðlilegt þó að mönnum hlaupi kapp í kinn í umræðum á hinu háa Alþingi um mikilvæg mál en ég verð að lýsa yfir mikilli furðu minni þegar hv. þm. Árni Páll Árnason talar hér um fáránleikaleikhús þegar þingmenn nýta sinn eðlilega rétt til umræðu og nýta sinn eðlilega rétt til að nota þingskapalögin til hins ýtrasta til að halda rétti sínum.

Ég vísa algerlega á bug því sem var sagt um fáránleikaleikhús, hvað þá eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson kallar að það sé verið að misnota sér málfrelsið á Alþingi. Hvers konar tal er þetta?

Það er hins vegar mjög gott að þetta komi fram. Það er mjög gott að heyra það frá hv. (Forseti hringir.) þingmanni að það sé mikilvægt að hans mati (Forseti hringir.) að við fáum frið til að ræða þetta mál. (Forseti hringir.)

[15:07]

Birgir Ármannsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég hafna ómálefnalegum ummælum hv. þm. Árna Páls Árnasonar um leikhús fáránleikans. Ég fagna hins vegar því sem ég gat lesið út úr orðum hans, að hann mundi beita sér fyrir því að greiðsluaðlögunin kæmi á dagskrá á morgun. Ég vona að við getum náð um það sátt fyrst ekki náðist sátt um að gera það í dag.

Í öðru lagi vildi ég nefna að það er auðvitað mjög sérstakt að þegar allir flokkar standa að málum með þessum hætti sé ekki greitt fyrir því í störfum þingsins. Og ég verð að segja að það lýsir afskaplega litlum samkomulagsvilja og í rauninni mikilli óbilgirni af hálfu ríkisstjórnarinnar og meirihlutaflokkanna hér á þingi að ætla að keyra þetta stjórnarskrármál í gegn hvað sem tautar og raular, hvað sem öllu öðru líður, hvað sem öllum öðrum málum líður sem þó hafa miklu meiri þýðingu fyrir heimilin í landinu.

Ég verð að vitna til þess, herra forseti, að út úr ummælum hæstvirtra ráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar, á blaðamannafundi í dag les ég að þau útiloki (Forseti hringir.) að nokkru verði hnikað til í störfum þingsins (Forseti hringir.) fyrr en þetta gælumál þeirra, stjórnarskrárbreytingarnar, er komið í gegn.

[15:09]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Hér hafa sjálfstæðismenn stundað grímulaust málþóf og haldið þinginu í gíslingu. Þeir hafa fundið upp á mörgu nýju, t.d. því að fara í andsvör við sjálfa sig og þeir hafa líka fundið upp á því að syngja úr ræðustóli. (**Gripið fram í:** Ekki ...) Og núna er það nýjasta nýja að flytja tillögur um að breyta dagskránni. Þetta er alveg nýtt. (Gripið fram í.) Þetta kom fram í gær í fyrsta sinn (Gripið fram í.) og þá greiddum við atkvæði um það og sú tillaga var felld. (**Gripið fram í:** Framsóknarmenn ...)

Ég tel að við höfum gert mistök í gær með því að taka þessa tillögu til afgreiðslu. Núna ætla sjálfstæðismenn að beita þessu aftur og aftur, koma hér sí og æ með dagskrártillögur (Gripið fram í.) og láta fella og fella. Við gerðum mistök í gær með því að bjóða upp á þetta ferli. Við eigum að halda okkur við þá dagskrá (Forseti hringir.) sem forseti hefur sett upp í samráði við þingflokksformenn. Að sjálfsögðu á að gera það. (Forseti hringir.) Ég segi nei.

Dagskrártillaga felld með 28:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, DPál, GSB, HerdÞ, IllG, JónG, JM, KÓ, ÓN, PHB, REÁ, SKK, StB, ÞKG.

nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, EBS, GuðbH, GAK, GSv, HSH, HHj, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KHeim, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

16 þm. (ÁKÓ, ÁJ, BjörgvS, BBj, EKG, EMS, EyH, GMJ, GÞÞ, HöskÞ, KÞJ, KLM, MS, RR, VS, ÖJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:10]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér greiðum við atkvæði um það hvernig dagskrá 130. fundar verði háttað sem væntanlega verður boðað til á morgun eða síðar. Það hefur ekki enn komið fram hjá forseta. Við erum að greiða atkvæði um dagskrá 130. fundar, það er mikilvægt að það komi fram. Hér kom fram fyrirheit hjá hv. þm. Árna Páli Árnasyni um að við mundum ræða greiðsluaðlögunina á morgun og klára það mál.

Ég treysti því þá að hann standi við þau heit sín og greiði atkvæði með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir um að fyrst á dagskrá á morgun, eða á 130. fundi þegar hann verður boðaður, verði greiðsluaðlögun fasteignaveðlána fyrst á dagskránni þannig að við getum lokið því mikilsverða máli fyrir fjölskyldur og heimili í landinu. Það liggur mikið við að hv. þingmaður (Forseti hringir.) standi við þau orð sín.

[15:12]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Það er grundvallaratriði í þeirri uppbyggingu sem fram undan er í landinu að hún hefjist á því að það sé skýrt í stjórnarskrá Íslands að þjóðin eigi þær auðlindir sem land okkar og haf búa yfir. Það er vers 1 sem verður að syngja. Annað þarf ekki að syngja í þessum sölum. (Gripið fram í.)

Við verðum að koma þessu í stjórnarskrána og út frá þeim grundvelli byggjum við upp nýtt Ísland. Þess vegna segi ég nei við þessari dagskrártillögu. (Gripið fram í.)

[15:12]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Þúsundir manna á Íslandi, þúsundir fjölskyldna, hafa áhyggjur af því að þær séu að missa húsnæði sitt vegna greiðsluvanda. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að eitt mikilvægasta markmið hennar sé að koma í gegn lögum um greiðsluaðlögun vegna fasteignaveðlána.

Með þessari tillögu minni lagði ég til að við þingmenn mundum snúa saman bökum og koma okkur saman um að koma þessum heimilum til hjálpar frekar en að karpa um stjórnarskrána sem aðstoðar ekki heimilin í landinu og hefur ekkert með atvinnuuppbyggingu að gera. (**SF:** Skiptir máli ... hæstv. forseta?)

Það er leitt að sjá að sumir hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn sem tala um það á tyllidögum að þeirra aðalmarkmið sé að slá skjaldborg um heimilin í landinu (Gripið fram í.) felli tillögu mína sem hefur það eitt að markmiði (Forseti hringir.) að hjálpa heimilunum í landinu. Það er sorglegt að (Forseti hringir.) sjá. [Háreysti í þingsal.]

Umræður utan dagskrár.

Skýrsla fjármálanefndar breska þingsins um áhrif aðgerða bresku stjórnarinnar á fall íslensku bankanna.

[15:14]

Kristrún Heimisdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Úr fáránleikanum í veruleikann, það mál sem við nú ræðum á hinu háa Alþingi er ekki venjulegt flokkspólitískt kosningamál heldur mál sem varðar þjóðarhagsmuni. Það er mjög mikilvægt að ræða það hér, á Alþingi, vegna þess að Alþingi í heild ætti að móta sér sam-

eiginlega afstöðu til þess og láta þá afstöðu mjög skýrt í ljós og gera það mjög víða. Þetta mál er einstakt vegna þess að löggjafarþing annars ríkis hefur kosið að gera rannsókn og gefa út sérstaka skýrslu um íslensk málefni. Við sem hér erum í þessum sal, og Alþingi raunar sem stofnun, ættum að votta því virðingu hvernig þessi rannsókn er gerð. Við ættum líka að taka þau vinnubrögð okkur til fyrirmyndar.

Málið er líka í eðli sínu án fordæmis og alvarlegra en jafnvel við hér á Íslandi höfum áttað okkur á og viðurkennt til þessa. Fjármálanefnd breska þingsins segir nefnilega beinum orðum að ríkisstjórn Bretlands hafi í október sl. gerst virkur gerandi á markaði, og það fjármálamarkaði sem er í eðli sínu alþjóðlegur, að það tilefni sem breskir fjármálaráðherrann gaf upp fyrir þessari gjörð sé staðleysa og að breska ríkisstjórnin hafi með beitingu hryðjuverkalaga skaðað verulega viðleitni íslenskra stjórnvalda til að halda fjármálastarfsemi gangandi í íslensku samfélagi.

Hv. alþingismenn. Þessi niðurstaða rannsóknar breska þingsins er í raun og veru skýr lýsing á beinni árás ríkisstjórnar Bretlands á grunnstoðir íslensks samfélags. Orðin tala einfaldlega sínu máli, þetta er sett fram á skýran hátt og alveg sama hvar í liði fólk kann að standa og hvers lenskt fólk kann að vera er staðreyndin einfaldlega sú að þetta er lýsing á árás ríkisstjórnar eins ríkis á annað ríki, innviði þess og öryggi almennings og samfélagsins.

Samt heyra ekki undir þessa rannsókn nefndarinnar yfirlýsingar forsætisráðherra Bretlands af sömu staðleysurununnar og yfirlýsingar fjármálaráðherra sem hann kaus að láta falla frammi fyrir milljónum sjónvarpsáhorfenda og leiddu ómældan skaða yfir orðspor Íslands og stöðu á alþjóðavettvangi.

Hins vegar án þess að fjalla sérstaklega um ummæli forsætisráðherrans átelur breska fjármálanefndin beitingu hryðjuverkalaga sem slíkra og segir líka beinum orðum að beiting slíkra laga feli óhjákvæmilega í sér að smánarblettur sé markaður á þá sem fyrir verða. Þetta vitum við auðvitað öll, í þessu tilviki voru þetta Íslendingar og allt sem íslenskt er, atvinnustarfsemi, fyrirtæki og jafnvel þeir sem höfðu átt í atvinnurekstri og góðum viðskiptum við Bretland áratugum saman, eitt helst viðskiptaland Íslands.

Þessi skýrsla bresku þingnefndarinnar er góðar fréttir fyrir Ísland á alþjóðavettvangi, fyrir orðspor Íslands og samningsstöðu í fjármálum. Það á að byggja á henni sóknarstefnu fyrir Ísland á alþjóðavettvangi og því spyr ég nú hæstv. fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hvernig sú sóknarstefna hafi verið útfærð og hvernig hana eigi að útfæra á næstunni. Íslendingar hafa nú unnið móralskan sigur, það er ekki allur sigur unninn, þetta hefur ekki réttaráhrif sem samstundis aflétti frystingu eigna eða hryðjuverkalögum en þetta er móralskur sigur, og á mórölskum sigrum þurfa Íslendingar núna að halda.

Hér heima hafa nefnilega ýmsir verið uppteknir við að dylgja um ástæður inngrips breskra stjórnvalda og hefur verið sorglegt að horfa upp á fyrrverandi forsætisráðherra, fyrrverandi seðlabankastjóra, ganga þar fremstan í flokki. Ásökunum hefur rignt jafnt yfir réttláta sem rangláta hér í okkar eigin samfélagi og þannig höfum við sjálf á stundum brotið niður eigin málstað þegar síst skyldi, núna þegar orðspor landsins og allrar viðskiptastarfsemi sem íslensk er, orðspor Íslands sem ríkis og staða Íslands á alþjóðavettvangi þarf mest á sjálfstrausti og sigurvissu að halda — og nýtum nú þennan móralska sigur til þess.

[15:20]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég fagna þessari umræðu. Ég átti sömuleiðis góðan fund í morgun með utanríkismálanefnd þar sem við fórum yfir skýrsluna og ræddum stöðu málsins og það er að sjálfsögðu gott og gagnlegt að gera það hér. Ég held að skýrslan sé tvímælalaust jákvætt innlegg í umræður og gagnasafn þessa máls og geti gagnast okkur á ýmsan hátt til að ná rétti okkar og rétta okkar hlut. Það sem er að mínu mati verðmætast við skýrsluna er að þar er staðfest með nokkuð óyggjandi hætti að í fyrsta lagi gerðust bresk stjórnvöld beinir og virkir gerendur í atburðarásinni með ákvörðunum sínum og aðgerðum, einkum 8. október sl. Það færir ábyrgð yfir á þeirra herðar og breskra stjórnvalda að þeir gripu inn í atburðarás með beinum hætti, gerðust gerendur og hljóta að axla ábyrgð á því sem þeir gerðu og þurfa að svara fyrir það.

Það eru í öðru lagi færð fyrir því sterk rök og ekkert dregið undan í þeim efnum að aðgerðir Breta höfðu umtalsverð neikvæð áhrif á viðleitni íslenskra stjórnvalda til að standa vörð um það sem eftir var á lífi af fjármálakerfinu. Því verður ekki í móti mælt að það torveldaði mjög viðleitni íslenskra stjórnvalda til að berjast ásamt með viðkomandi stofnunum fyrir tilveru þeirra. Það færir sömuleiðis ábyrgð á herðar Breta í þessum efnum.

Í þriðja lagi er það staðfest að það eru engar innstæður fyrir þeirri túlkun fjármálaráðherra Bretlands á upplýsingum sem fyrir lágu, hvort sem það er símtal hans við hv. þingmann og hæstv. fyrrverandi ráðherra, Árna Mathiesen, eða önnur gögn, að fullyrða að Ísland hafi gefið til kynna að það hefði engin áform um að standa við skuldbindingar sínar eins og það var svo smekklega sagt. Það eru innstæðulaus orð fjármálaráðherra Bretlands og það er mikilvægt að hafa um það vitnisburð frá sjálfu breska þinginu og hlýtur tíðindum að sæta þar í landi.

Það veikir auðvitað verulega málsástæður breskra stjórnvalda að þetta liggi fyrir þetta skýrt með þessum hætti og styrkir möguleika okkar.

Í fjórða lagi er hér tekið fram og viðurkennt að hið evrópska regluverk í þessum efnum er ófullnægjandi og gallað. Það er sökudólgurinn, það færir ábyrgðina yfir á það og það má velta fyrir sér hvort ekki sé komin góð og gild ástæða til viðbótar öðrum sem fyrir liggja til að fara fram á það að menn deili með einhverjum hætti með sér byrðunum af afleiðingunum sem þarna urðu.

Í fimmta lagi, og þó að það standi ekki beint í skýrslunni, tel ég að þetta stofni til þess að spyrja býsna óþægilegra spurninga gagnvart breskum stjórnvöldum sem hafa á umliðnum árum reynt að byggja Bretland, og London sérstaklega, upp sem alþjóðlega fjármálamiðstöð. Er þetta sú stjórnsýsla sem menn geta þá átt von á þar í landi? Ef þetta á að verða alvöru- og alþjóðleg fjármálamiðstöð sem stendur undir nafni ætlast menn væntanlega til þess að stjórnsýsla sé vönduð og leikreglunum fylgt og menn ekki beittir óþarfaósanngirni og harðræði.

Þetta tel ég að muni gagnast okkur með ýmsum hætti ef rétt er úr spilað, í fyrsta lagi gagnvart samningagerðinni — og að sjálfsögðu verður þetta þrautlesið og skoðað af samninganefnd okkar og þeim lögfræðilegu ráðgjöfum sem hún styðst við. Sömuleiðis hefur verið ákveðið að forsætisráðherra okkar skrifi forsætisráðherra Bretlands bréf og fari fram á að viðbrögð Breta við þessum niðurstöðum komi fram, að við munum bíða spennt eftir þeim. Í þriðja lagi tel ég augljóst að þetta styrki kröfu okkar um að frystingunni verði nú aflétt og loks eigi að gefa okkur ýmis færi til að rétta okkar hlut almennt, hlut okkar og orðstír í almennum skilningi þess orðs. Allt þetta þarf að fara yfir og það munum við gera. Við höfum haft 2–3 daga til að skoða skýrsluna, það sem af er, og fjármálaráðuneytið, samninganefndin og lögfræðiráðgjafar, forsætisráðuneytið og utanríkisráðuneytið munu fara yfir þetta mál. Við höfum ákveðið í fjármálaráðuneytinu að taka saman útdrátt úr skýrslunni (Forseti hringir.) og greinargerð í framhaldinu um hvernig hún getur gagnast okkur í þessu verki.

[15:25]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Sú skýrsla sem við erum að fjalla um er um margt mjög athyglisverð og mikilvæg fyrir Ísland þó að hún sé ekki gallalaus. Það eru fimm atriði sem ég vil vekja sérstaka athygli á, í fyrsta lagi því að beiting hryðjuverkalaganna að áliti fjármálanefndar breska þingsins var allt of harkaleg aðgerð miðað við þá stöðu sem uppi var á þeim tíma. Bresk stjórnvöld urðu virkir gerendur í þróun kreppunnar fyrir vikið og bera þar af leiðandi ábyrgð á neikvæðum áhrifum af gerðum þeirra á þróun mála á Íslandi.

Í öðru lagi vísar fjármálanefndin á bug skýringum breska fjármálaráðherrans um ástæður þess að lögunum var beitt, þ.e. að íslensk stjórnvöld, íslenski fjármálaráðherrann, á þeim tíma ég, hefði haldið því fram að Ísland ætlaði ekki að borga. Þvert á móti segir nefndin að ég hafi sagt hið gagnstæða.

Í þriðja lagi telur nefndin að ummæli breska fjármálaráðherrans hafi haft verulega neikvæð áhrif á stöðu og þróun mála hjá Kaupþingi þó að þeir segist ekki hafa séð gögn sem sýni fram á að Kaupþing hafi getað lifað af þessar hremmingar. Spurningin er: Leitaði nefndin eftir þessum gögnum? Að minnsta kosti hafði hún ekki samband við íslenska aðila.

Í fjórða lagi kemur fram í skýrslu nefndarinnar að fjármálaeftirlit eyjanna Manar og Guernsey kvarti yfir samskiptum við breska fjármálaeftirlitið um málefni Kaupþings og segi að þau hafi verið allt önnur en þegar um var að ræða aðra breska banka, svo sem Bradford & Bingley og Northern Rock.

Í fimmta lagi er ljóst af umfjöllun nefndarinnar að hinu evrópska regluverki var áfátt og á slíkum mistökum eiga menn að bera sameiginlega ábyrgð. Það er því ljóst af öllu þessu að þetta mun styrkja málstað þeirra íslensku aðila sem reka mál fyrir breskum dómstólum, þetta á að auðvelda það að hrinda áhrifum hryðjuverkalaganna og það sem er mikilvægast (Forseti hringir.) að það hjálpi okkur í því að styrkja stöðu Íslands í samningunum um Icesave.

[15:27]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Yfirskrift þeirrar skýrslu sem við erum að ræða hér gæti verið á þennan veg: Bretar brennimerktu Íslendinga. Það er einmitt það sem kemur fram í skýrslunni. Ef maður les kaflann „Niðurstöður og ráðleggingar" kemur eftirfarandi fram og ég ætla að lesa, með leyfi virðulegs forseta, tvær setningar úr þeim kafla:

„Beiting bresku hryðjuverka-, glæpa- og öryggislaganna *frá árinu 2001 höfðu þó nokkrar afleiðingar fyrir viðleitni* íslenskra yfirvalda til að viðhalda starfhæfu fjármálakerfi. Við förum fram á það við fjármálaráðherrann að íhuga hversu viðeigandi er að nota þessi lög til framtíðar við svipaðar aðstæður. Beiting laganna hefur óhjákvæmilega í för með sér óæskilegar afleiðingar brennimerkingar" — ég endurtek, brennimerkingar — „fyrir þá sem verða fyrir þeim og því meira viðeigandi að grípa til aðgerða sem ekki hefðu slíkar óæskilegar afleiðingar í för með sér."

Hér kemur mjög skýrt fram að breska þingnefndin setur ofan í við fjármálaráðherra Breta og það allverulega.

Sú niðurstaða sem nú er komin á að verða til þess að við náum betri samningum við Breta vegna Icesave-deilnanna. Samninganefnd okkar á að nýta þessa skýrslu sem mikilvægt gagn í viðræðunum og ég skora á hæstvirta ráðherra, bæði fjármála- og utanríkisráðherra, að nýta þessa skýrslu á (Forseti hringir.) allan hátt okkur til hagsbóta (Forseti hringir.) af því að hún er svo sannarlega móralskur stuðningur.

[15:30]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það ber að fagna því að okkur verður þó eitthvað að vopni þótt seint sé og styrkir það væntanlega stöðu okkar í því að geta krafist betri afgreiðslu frá breskum stjórnvöldum í sambandi við þá samningagerð sem við stöndum frammi fyrir, eins og Icesave-málið. Það væri fróðlegt að fá svar við því frá hæstv. ráðherra í hvaða farvegi samningaferlið allt er nú og viðræður við bresk stjórnvöld. Það hafa verið mikil deilumál um það og menn hafa haft á því mjög mismunandi skoðanir hvaða skuldir mundu lenda — ef svo færi — á íslensku þjóðinni.

Nú segja fréttir að jafnvel horfi svo að engar upphæðir muni lenda á íslenska ríkinu vegna Icesave-málsins og það væri fróðlegt að fá það upplýst í þessari umræðu hvort þannig er í pottinn búið. Efni þeirrar skýrslu sem við ræðum hér gefur okkur vopn til þess að sækja rétt okkar.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. fjármálaráðherra sem hér er til svara hvort menn hafi farið vel yfir hverjar reglurnar eru í EES-samningnum um þegar ríki telur sig ekki ráða við skuldbindingar sínar og tilkynnir það til viðkomandi ríkis. Var það gert?

[15:32]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Aðalatriðið í þessu máli er að við þurfum að ná samningum við bresk stjórnvöld um skuldir okkar vegna Icesave-reikninganna. Þessi skýrsla breytir því ekki að það er eftir sem áður þörf á því að ljúka málunum með samkomulagi. Ég tek eftir því að þeir sem á fyrri stig-

um málsins hafa látið frá sér fara þau ummæli að við ættum ekki að borga heldur berjast til þrautar og neita að borga, eru hættir að tala þannig. Það er vegna þess að menn hafa gert sér grein fyrir því að við erum ekki í þeirri stöðu að slíkt sé raunhæfur valkostur. Við mundum skaða íslenskt þjóðfélag meira en unnt er að gera sér grein fyrir ef við færum í þá vegferð.

Hitt er rétt sem fram hefur komið að skýrslan gefur okkur betra færi en áður á því að ná ásættanlegum samningum og vonir standa nú til þess að þeir samningar verði þannig að íslenskur ríkissjóður þurfi ekki að greiða vegna málsins. Það væri mikið fagnaðarefni ef svo tækist til.

Ég get ekki stillt mig um að nefna að þegar menn gerðu samninginn um Evrópska efnahagssvæðið var honum lýst þannig að við hefðum fengið allt fyrir ekkert og var mikil sigurför gengin til þess að undirstrika það. Icesave-niðurstaðan er í raun og veru hið gagnstæða, hún er afleiðing af EES-samningum þar sem við urðum að borga allt og fengum ekkert. Vonandi tekst að breyta því í kjölfar þessarar skýrslu, en það er hollt að muna að þeir samningar sem við undirgöngumst eru allir með sínum annmörkum. Menn eiga ekki að halda öðru fram og ganga hægt um gleðinnar dyr.

[15:34]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur fyrir að taka þetta mál upp á hinu háa Alþingi. Í niðurstöðu rannsóknarnefndar fjárlaganefndar breska þingsins felast mikil tíðindi, eins og hér hefur verið farið yfir, þess efnis að bresk stjórnvöld hafi gerst virkir þátttakendur í því ferli sem fór af stað í haust með aðgerðum sínum. Í raun var um úthugsaða pólitíska árás á Ísland og íslenska hagsmuni að ræða og með henni ófrægðu Bretar Ísland og Íslendinga.

Það er umhugsunarvert í þessu ljósi, hæstv. forseti, að Bretar beittu svokölluðum hryðjuverka-, glæpa- og öryggislögum sínum. Sú löggjöf er þar í landi, eins og víðar á Vesturlöndum, afleiðing þess að löggjafarþing, sérstaklega í Evrópu og reyndar víðar, fóru offari í lagasetningu sinni í kjölfar hryðjuverkaárásanna í september 2001. Við skulum hafa það hugfast að það voru fleiri en Bretar sem fóru offari í þeirri lagasetningu.

Ég legg til, hæstv. forseti, að hið háa Alþingi eða í það minnsta hv. utanríkismálanefnd álykti af þessu tilefni um niðurstöðu bresku þingnefndarinnar og sendi með því skýr skilaboð frá Alþingi út í lönd, til Bretlands og inn í þær umræður sem þar eiga sér stað, og m.a. í samningunum um Icesave-skuldbindingarnar. Það er verkefni okkar allra, jafnt stjórnmálamanna, athafnamanna sem annarra hér á landi, að endurreisa orðstír Íslands á alþjóðavettvangi. Það kallar á frumkvæði og málafylgju af hálfu íslenskra stjórnvalda bæði í samningum og samskiptum við önnur ríki og ekki síst í samskiptum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

[15:37]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég tel eins og aðrir að það sé mikilvægt og að mörgu leyti ánægjulegt að fá þá skýrslu fram sem við ræðum hér. Málið sjálft sem er tilefni skýrslunnar er að sjálfsögðu grafalvarlegt og framganga breskra stjórnvalda hefur skaðað Ísland og íslenska hagsmuni og sömuleiðis samskipti Íslands og Bretlands. Það er að mínu mati óverjandi að forsætisráðherra Íslands hafi á sínum tíma ekki þá þegar mótmælt við bresk stjórnvöld, við breskan starfsbróður sinn, aðgerðum breskra stjórnvalda og ummælum sem breski forsætisráðherrann lét hafa eftir sér og eru ekki gerð að sérstöku umtalsefni í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu. Þau eru að mínu mati ekki síður ámælisverð en annað sem kom frá breskum stjórnvöldum á þessum tíma.

Kjarninn í því sem hér kemur fram er í fyrsta lagi að viðurkennt er að fjármálaráðherra Bretlands hafi ekki haft tilefni til að lýsa því yfir í fjölmiðlum að Íslendingar hygðust ekki standa við skuldbindingar sínar, það er mikilvægt. Í öðru lagi er viðurkennt að yfirlýsingar og aðgerðir breskra stjórnvalda, m.a. beiting hryðjuverkalöggjafarinnar, hafi haft veruleg áhrif á Íslandi, m.a. á getu íslenskra stjórnvalda til að bregðast við ástandinu og tryggja starfshæft bankakerfi. Jafnframt er viðurkennt að evrópska innstæðutryggingakerfið sé gallað og að taka þurfi þá löggjöf til endurskoðunar.

Skýrsla þessi hjálpar í þeirri brýnu vinnu við að fá aflétt frystingu á eignum Landsbankans í Bretlandi. Hún er líka mikilvæg í samskiptum okkar við önnur ríki og sömuleiðis við Evrópusambandið, m.a. að því er lýtur að innstæðutryggingakerfinu innan EES og hvernig deila megi ábyrgð við hrun eins og hér hefur orðið.

Þetta mál var, eins og komið hefur fram, til umræðu á fundi utanríkismálanefndar í morgun. Bæði fjármálaráðherra og utanríkisráðherra komu á fundinn og ræddu málin. Ég tel koma fyllilega til álita að á vegum Alþingis eða utanríkismálanefndar (Forseti hringir.) verði brugðist við efni þessarar skýrslu með einhverjum hætti.

[15:39]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Við ræðum hér mikilvægt mál og það er fagnaðarefni að forseti hliðri dagskrá þingsins til þess að það fáist rætt og væri óskandi að forseti hefði sama umburðarlyndi gagnvart öðrum mikilvægum málum eins og greiðsluaðlögun fyrir heimilin. (Gripið fram í.) Skýrsla fjárlaganefndar neðri deildar breska þingsins sem hér er til umfjöllunar felur í sér mikinn sigur fyrir íslensku þjóðina og þann málstað sem við höfum haldið uppi varðandi órétt-mæti þess að bresk stjórnvöld skyldu leyfa sér að beita íslensk fyrirtæki og íslenska hagsmuni hryðjuverkalögum.

Innihaldi þessarar skýrslu hefur verið lýst hér ágætlega og ég ætla ekki að endurtaka þá lýsingu. Skýrsla nefndarinnar er að mínu mati þungur áfellisdómur yfir breskum stjórnvöldum og sérstaklega fjármálaráðherranum Alistair Darling. Það er auðvitað stórmál þegar þingnefnd gagnrýnir eigin ráðherra með svo alvarlegum hætti. Það er að mínu mati skylda íslenskra stjórnvalda að nýta sér efni þessarar skýrslu til fulls og nota hana í þágu hagsmuna okkar. En því miður virðist mér lítið liggja fyrir um hvað ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra hyggjast fyrir og ég hef efasemdir um að ríkisstjórnin hafi burði til þess að taka á þessu máli með viðeigandi hætti. Með fullri virðingu fyrir samninganefnd-

inni sem skipuð hefur verið vegna Icesave-deilunnar og Svavari Gestssyni, tel ég einsýnt að ræða verði málið á æðstu stigum. Við megum ekki gleyma því að íslensk fyrirtæki eru enn þá undir hryðjuverkalögunum.

Hæstv. forsætisráðherra Íslands þarf tafarlaust að óska eftir viðræðum við Gordon Brown, veifa þessari skýrslu og krefjast svara við því hvernig breska ríkið hyggst bæta ráð *sitt gagnvart okkur Íslendingum. Það þarf jafnframt að taka* málið upp við leiðtoga Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Tjón okkar Íslendinga af framferði Breta er gríðarlegt, bæði í fjárhagslegu og ímyndarlegu tilliti, meðferð Breta á okkur Íslendingum særir stolt þjóðarinnar og sjálfsmynd okkar (Forseti hringir.) enda vorum við brennimerkt sem hryðjuverkamenn, eins og segir í skýrslunni. Nú dugar ekkert (Forseti hringir.) kurteisishjal, herra forseti, ríkisstjórnin þarf að grípa tafarlaust til aðgerða.

[15:41]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur fyrir að taka þetta mál upp á vettvangi þingsins. Hér er um að ræða eitt stærsta hagsmunamál þjóðarinnar á þessari stundu og mikilvægt að við fáum botn í það hið allra fyrsta.

Það er stórfrétt fyrir íslensk stjórnvöld að skýrsla fjárlaganefndar neðri deildar breska þingsins skuli hljóða á þessa leið þar sem því er lýst að breska ríkisstjórnin var *gerandi á alþjóðafjármálamarkaði með beitingu hryðju*verkalaga gagnvart okkur Íslendingum. Beiting hryðjuverkalaganna hefur haft gríðarleg áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar, á atvinnulíf þjóðarinnar, á heimilin í landinu. Árás Bretlands á íslenskt efnahagslíf er grafalvarlegt mál og því er mikilvægt að stjórnvöld okkar og ríkisstjórn beiti þessari skýrslu fyrir sig sem er áfellisdómur yfir bresku ríkisstjórninni og því hvernig hún misbeitti valdi sínu gagnvart lítilli þjóð norður í hafi.

Við þurfum, herra forseti, að steyta hnefann núna, við þurfum að tala máli þjóðarinnar í ljósi þessarar skýrslu og við þurfum að sækja fram. Við skulum hafa það í huga að grasrótarhreyfing Íslendinga, Indefence, hefur verið til mikillar fyrirmyndar, hún hefur sótt fram, safnað undirskriftum og farið og hitt breska þingmenn. Ég hef talið það fram á þennan dag að fyrri ríkisstjórn hafi ekki staðið sig nægilega vel þegar kom að því að verja hagsmuni og kynna málstað Íslendinga á erlendri grundu. Við þurfum að huga vel að því, við þurfum að styrkja málefnastöðu okkar og við þurfum *að nýta þá skýrslu sem* við ræðum hér okkur öllum til framdráttar vegna þess að við ræðum hér eitt stærsta (Forseti hringir.) og mikilvægasta hagsmunamál þjóðarinnar í dag.

[15:44]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur fyrir að hefja þessa umræðu og tek undir þau orð hennar að Alþingi skuli móta sameiginlega stefnu og afstöðu í þessu máli. Það er mjög ánægjulegt hvað þingmenn í þessari umræðu eru einhuga hvað þetta mál varðar. Ég tek líka undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, formanni Frjálslynda flokksins, að við eigum að nota þessa skýrslu í öllum samningum.

Niðurstaða rannsóknarnefndar fjármálanefndar breska þingsins er áfall fyrir fjármálaráðherra Breta og Gordon Brown en þess verður líka að geta að þetta er uppreisn æru fyrir hv. þm. Árna Mathiesen, sem mér finnst vera skylt og rétt að taka fram hér þó að ég sjái mér ekki fært að kjósa flokk hans í næstu kosningum, [Hlátur í þingsal.] en það er önnur saga. Ég tek þó undir þessi orð og legg það til að Alþingi Íslendinga og íslensk yfirvöld beiti sér jafnvel fyrir því að kynna niðurstöðu bresku nefndarinnar í Bretlandi, kaupi jafnvel auglýsingu í útbreiddu bresku blaði þar sem hún er kynnt og málefnin rakin svo að við fáum meiri móralskan styrk, svo að maður *noti það hugtak. Ég held að* það væri mjög gott fyrir Íslendinga að standa þannig að málum.

[15:45]

Kristrún Heimisdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá góðu umræðu sem farið hefur fram í dag og mér heyrist nú að þingmenn séu allir sammála um stöðu málsins í meginatriðum.

Ég vil láta það koma fram í þessari umræðu að að mínu mati hefur margt misviturlegt verið sagt um það hvernig haldið var á málum í þessu sambandi í fyrri ríkisstjórn. Við sjáum það glöggt á ákveðnum þætti þessarar skýrslu sem varðar fyrrverandi fjármálaráðherra hæstv. og hv. þm., Árna Mathiesen.

Ég vil jafnframt segja að hv. þingmönnum og stjórnmálamönnum almennt hættir til að vanmeta mjög íslensku utanríkisþjónustuna. Það þykir þægilegt skotmark að lýsa því yfir að hana eigi að skera við trog eða reka þá kokteilpinna sem þar kunni að starfa. *Af því tilefni vil ég segja að* það er mín skoðun að niðurstaða þessarar bresku þingnefndar sé ekki hrein tilviljun. Fólk talar oft um nauðsyn þess að birta auglýsingar og ná einhvers konar „PR"-árangri", svo að ég sletti nú, en raunveruleikinn er sá að góður íslenskur sendiherra hefur meiri aðgang að þingmönnum og þjóðfélagi á hverjum stað þar sem hann starfar en nokkur „PR"-skrifstofa getur haft og kostar „PR"-skrifstofan þó miklu meira en sendiherrann. Ég er þeirrar skoðunar að sendiherra Íslands í Lundúnum, sendiherra Íslands í Brussel og utanríkisþjónustan í heild hafi unnið þrekvirki í haust og tel að þá sögu eigi að segja. Ég skora hér og nú á núverandi utanríkisráðherra að opna öll gögn um þessi mál, þ.e. samskipti Íslands við önnur ríki á þessu hausti og gera þau aðgengileg sagnfræðingum, blaðamönnum og öðrum svo að fólk geti lesið þessa sögu eins og hún raunverulega er.

[15:48]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu og fagna því að það er góður samhljómur almennt í máli þingmanna um stöðu þessa máls. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og fleiri spurðu út í hvar nákvæmlega samningaviðræður væru á vegi staddar eða hvernig ferlið stæði nú. Það hafa verið bréfaskriftir og óformlegir fundir til undirbúnings formlegum samningafundi, fyrsta alvöru samningafundinum frá því að málið varð afvelta í desember, og ef ég man rétt er sá

fundur nú þegar dagsettur eftir páska.

Utanríkisráðherra okkar átti fund með utanríkisráðherra Bretlands, eins og fram hefur komið. Ég hef átt í bréfaskriftum við fjármálaráðherra Hollands og forsætisráðherra mun nú skrifa forsætisráðherra Bretlands til að inna hann eftir viðbrögðum breskra stjórnvalda, bresku ríkisstjórnarinnar, við niðurstöðu þessarar skýrslu, svo að nokkuð sé nefnt. Það hefur því margt verið undirbúið og margt er í gangi og fram undan í þessu ferli og ég tel að hægt sé að fullyrða að það er komið í tiltölulega traustan farveg.

Hv. þingmaður spurði einnig hvað gerðist ef ríki tilkynnir um að það muni ekki ráða við skuldbindingar sínar gagnvart hlutum af því tagi sem hér eiga við og hvort slíkt hafi verið gert. Það hefur að sjálfsögðu ekki verið gert. Hitt er alveg ljóst að við höfum í höndum yfirlýsingar aðila um að taka eigi tillit til sérstakrar stöðu okkar og okkar miklu erfiðleika. Nú höfum við tvær skýrslur, annars vegar úr Evrópuverkinu sjálfu, Larosière-skýrsluna, og hins vegar þá frá breska þinginu þar sem innlánstryggingareglugerðarverkið fær áfellisdóm, sem aftur leiðir til þess að við getum reist kröfuna um að menn deili þá með sér því tjóni sem það leiðir af sér. Ég fullvissa hv. þingmenn um að þetta mál nýtur mikils forgangs í fjármálaráðuneytinu og við munum hafa allt í okkar vopnabúri sem við teljum að gagnist okkur í þessu. Ég tel að staða okkar hafi verið að styrkjast hvað varðar það að sækja fram til réttlátrar (Forseti hringir.) og sanngjarnrar niðurstöðu í þessu máli og hreinsa nafn okkar eftir því sem það verður nokkurn tíma hægt, (Forseti hringir.) svo ömurlega sem til þess var efnt í byrjun.

[15:50]

Útbýting:

Flug herflugvéla, 471. mál, fsp. ÁI, þskj. 923.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, 386. mál, nál. allshn., þskj. 924.

Út af dagskrá voru tekin 2.–10. mál.

Fundi slitið kl. 15:51.

---

129. FUNDUR

þriðjudaginn 7. apríl,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður.

Almennar stjórnmálaumræður.

[19:52]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Tekið er fyrir eina dagskrármálið, almennar stjórnmálaumræður sem verður útvarpað og sjónvarpað héðan úr Alþingishúsinu.

Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir og hefur hver þingflokkur 10 mínútur í fyrstu umferð, sex mínútur í annarri og sex mínútur í síðustu umferð. Þingmaður utan flokka talar síðastur í fyrstu umferð og hefur sex mínútur.

Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum: Sjálfstæðisflokkur, Samfylking, Framsóknarflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn flokkanna verða:

Fyrir Sjálfstæðisflokk tala í fyrstu umferð Bjarni Benediktsson, 3. þm. Suðvest., í annarri Ragnheiður Elín Árnadóttir, 9. þm. Suðvest., en í þeirri þriðju Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.

Ræðumenn Samfylkingar eru: Í fyrstu umferð Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest., í annarri, en í þriðju umferð Guðbjartur Hannesson, 2. þm. Norðvest.

Fyrir Framsóknarflokk tala Birkir J. Jónsson, 6. þm. Norðaust., í fyrstu umferð, Helga Sigrún Harðardóttir, 3. þm. Suðurk., í annarri, en í þriðju umferð Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.

Fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð talar í fyrstu umferð Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í annarri umferð Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, en Jón Bjarnason, 4. þm. Norðvest., í þriðju umferð.

Fyrir Frjálslynda flokkinn talar í fyrstu umferð Guðjón A. Kristjánsson, 6. þm. Norðvest., Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest., í annarri og Grétar Mar Jónsson, 10. þm. Suðurk., í þriðju umferð.

Ræðumaður utan flokka, Kristinn H. Gunnarsson, 9. þm. Norðvest. talar síðastur í fyrstu umferð.

[19:54]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Þessir síðustu dagar á Alþingi hafa verið dapurlegir. Þeir hafa verið dapurlegir vegna þess að nú hefur það gerst í fyrsta skipti í hálfa öld að reynt er að knýja fram breytingar á stjórnarskránni án þess að samstaða sé um það á Alþingi. Þetta er söguleg aðgerð og sorgleg hjá þeirri minnihlutastjórn sem nú fer með völdin í landinu.

Alþingi hefur með núverandi stjórnarflokka í fararbroddi leitað álits á stjórnarskrárfrumvarpinu og 27 hafa skilað umsögnum til Alþingis. Af þessum 27 mæla tveir aðilar með því að frumvarpið verði samþykkt, tveir af 27. Allir aðrir telja að málið þurfi annaðhvort betri undirbúning eða hafa athugasemdir við einstakar greinar. Langflestir telja að ekki sé hægt að vinna þetta mál á svo skömmum tíma og gerðu athugasemdir við að fá einungis fimm virka daga til að tjá sig um málið.

Þessar tillögur voru lagðar fram í nafni lýðræðisumbóta en þegar í ljós kemur að næstum enginn sem spurður er álits á málinu styður málið á engu að síður að þvinga það í

gegn. Álitið er einfaldlega hundsað. Þetta eru allar lýðræðisumbæturnar.

Stjórnarskránni á ekki að breyta í þeim tilgangi að afla kjörfylgis í aðdraganda kosninga, sagði hæstv. heilbrigðisráðherra — sem ég sakna reyndar hér í kvöld — í umræðum um breytingar á stjórnarskránni þegar við ræddum þær hér síðast árið 2007. Í sama streng tók Össur Skarphéðinsson, hæstv. utanríkisráðherra.

En það er ekki bara málsmeðferðin sem er dapurleg því að með því að ætla að þvinga fram breytingar, sama hvað það kostar, heldur þessi minnihlutastjórn brýnustu hagsmunamálum heimilanna í gíslingu. Þess vegna hafa síðustu dagar verið dapurlegir á Alþingi.

Við sjálfstæðismenn teljum tímabært að endurskoða stjórnarskrána og höfum lagt til breytingar á framkomnu frumvarpi sem undir venjulegum kringumstæðum ætti að geta tekist góð sátt um. Minnihlutastjórnin hefur hins vegar keypt stuðning Framsóknar með þessu frumvarpi. Þau pólitísku hrossakaup hafa nú forgang fram yfir brýn viðfangsefni í þágu fólksins í landinu.

Við höfum lagt fram tillögur um að mál sem snerta hag heimilanna komist strax á dagskrá, en öllum slíkum tillögum hefur verið hafnað. Mikilvægasta verkefnið að mati þeirra sem hér stjórna för er að knýja í gegn breytingar sem aðeins tveir umsagnaraðilar af 27 treysta sér til að mæla með.

Hvar standa hin brýnu hagsmunamál heimilanna á meðan þessu vindur fram? Jú, hér hefur verið samþykkt frumvarp um greiðsluaðlögun. Samkvæmt frumvarpinu var gert ráð fyrir að um 200 manns mundu njóta góðs af því en eins og í ljós hefur komið, og mátti reyndar augljóslega sjá fyrir, var þetta stórkostlegt vanmat á þeim vanda sem íslensk heimili eiga við að glíma. Öll úrræði sem frumvarpið býður upp á miðast, eins og allar aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar, við að þörfin sé miklu minni en hún er í raun.

Segja má að hinn aðalárangur ríkisstjórnarinnar sé hin glæsilega niðurstaða í Icesave-málinu sem hæstv. fjármálaráðherra kynnti til sögunnar á dögunum. Hún var reyndar dregin til baka. Það má segja hæstv. fjármálaráðherra til hróss að hann gerði það fyrir kosningar í staðinn fyrir að bíða með það þar til eftir kosningar.

Þessum flokkum er reyndar vorkunn að vilja helst ræða um stjórnarskrárbreytingu sem enginn styður og ná litlum árangri í þeim málum sem mesta þýðingu hafa fyrir heimilin í landinu. Þeir eru nefnilega ekki sammála um margt. Svarið sem Samfylkingin teflir fram við öllum spurningum sem snerta hag heimilanna er Evrópusambandið. Evrópusambandið er þeirra helsta svar, þeirra lokasvar.

Vinstri grænir eru andvígir þessu helsta máli Samfylkingarinnar. Flokkarnir tveir sem standa að minnihlutastjórninni eru líka algerlega á öndverðum meiði þegar kemur að nýtingu auðlinda þessa lands. Fullkominn ágreiningur er um það hvort heimila beri fjárfestingarsamning um uppbyggingu í Helguvík. Sá samningur er forsenda þess að hér verði til hundruð starfa og gjaldeyristekjur til framtíðar.

Reyndar verður að segja að stjórnartíð Samfylkingarinnar frá síðustu kosningum er alls ekki mörkuð viðleitni til að greiða fyrir áformum um nýtingu auðlinda landsins. Þeir sendu áform um uppbyggingu á Bakka Krýsuvíkurleið í stjórnsýslunni með því að auka flækjustigið að óþörfu og valda með því töfum og óvissu.

En þótt hyldýpi sé á milli stjórnarflokkanna tveggja um jafnmikil grundvallarmál og þessi er þó sitthvað sem sameinar þá. Þeir eru í fyrsta lagi sammála um að hækka skatta sem munu ekki síst bitna á ungu fjölskyldufólki sem vinnur mikið til að koma sér þaki yfir höfuðið. Það er fólk sem er margt í mjög erfiðri stöðu í dag með miklar skuldbindingar á herðunum. Og flokkarnir eru í öðru lagi sammála um að gera aflaheimildir upptækar sem mun skila þeim glæsilega árangri að gera róðurinn enn þyngri fyrir byggðir landsins. Báðir stjórnarflokkarnir hafa lýst því yfir að þeir stefna að því að innkalla aflaheimildirnar en slíkt mundi að öllum líkindum leggja íslenskan sjávarútveg í rúst. (Gripið fram í.) Ekki þarf að fjölyrða um hvílíkt áfall það yrði fyrir byggðir landsins og íslenskt efnahagslíf í heild sinni, þar með talið hina nýstofnuðu ríkisbanka sem svo mikið ríður á að verði öflugir og sterkir.

Fleiri kunnuglegar hugmyndir eru þegar byrjaðar að koma fram sem gefa smjörþefinn af því hvernig þessir flokkar hyggjast standa vörð um heimilin í landinu eftir kosningar. Frambjóðandi Vinstri grænna lagði á dögunum á það áherslu að taka bæri upp eignarskatt að nýju, eignarskattinn sem var réttnefndur ekknaskattur og Sjálfstæðisflokkurinn nam úr gildi enda er hann fyrst og fremst skattur á ævisparnað eldra fólks. Það er sem sagt ekki nóg að hlutabréfin hafi hrunið og lífeyrissjóðirnir tapað stórfé, steinsteypan skal tekin af fólkinu líka. Þetta er glæsileg framtíðarsýn. Þess má reyndar geta að formanni Vinstri grænna þótti ekki sérlega skynsamlegt af frambjóðanda sínum að kynna þessa hugmynd til sögunnar rétt fyrir kosningar.

Við sjálfstæðismenn höfum allt aðra sýn á það hvernig standa beri vörð um heimilin í landinu. Engir skattar eru á dagskrá hjá Sjálfstæðisflokknum og við höfnum framkomnum hugmyndum um nýja skatta á heimilin. Staðreyndin er nefnilega sú að við munum ekki skattleggja okkur út úr þessum vanda.

Góðir Íslendingar. Verkefnin sem liggja fyrir eru skýr en það skortir forustu til að takast á við þau. Brýnast er að leysa vítahring atvinnuleysis og gjaldþrota. Ein leið til þess sem við höfum sett fram er að bjóða fólki allt að helmingslækkun á greiðslubyrði húsnæðislána í þrjú ár gegn því að lánstíminn verði lengdur. Þessi kostur er raunhæfur, og stærsti kostur þessarar aðgerðar er sá að aðferðin er skjótvirk og sáraeinföld. Þeir sem í dag greiða 100.000 kr. á mánuði af húsnæði sínu eiga þess kost að lækka þá fjárhæð í 50.000 kr. á ári en lánið lengist á móti. Þannig viljum við hjálpa fólki að komast yfir erfiðasta hjallann. Það er ekki bara þýðingarmikið fyrir fólkið sjálft, heldur einnig fyrir efnahagslífið í heild sinni því að fyrirtækin í landinu fá ekki þrifist ef enginn hefur efni á að kaupa vörur þeirra eða þjónustu.

Í aðgerðum ríkisstjórnarinnar felst raunar að fólk getur fræðilega náð fram hliðstæðri lækkun á greiðslubyrði en til þess þarf að fara fyrir héraðsdóm sem skipar umsjónarmann til að fara nákvæmlega ofan í saumana á fjárhagsstöðu viðkomandi einstaklings. Þetta er dæmigerð skriffinnskuaðferð frá vinstri flokkunum, tímafrek, dýr og niðurlægjandi. Það er hægt að fara aðrar leiðir, einfaldari, almennar sem gagn-

ast öllum.

Þessi ríkisstjórn eyddi mörgum vikum og öllum sínum kröftum í að losa sig við stjórnendur Seðlabankans. Þetta var sagt nauðsynlegt til að endurheimta trúverðugleika Seðlabankans. Hver er árangurinn? Frá því að þessi ríkisstjórn var mynduð hefur gengi íslensku krónunnar lækkað um 10%. Þetta er árangurinn og hann er ekki glæsilegur.

Málið er reyndar grafalvarlegt því að gengislækkunin þýðir að það er raunveruleg hætta á því að verðbólgan fari núna aftur vaxandi með tilheyrandi kjaraskerðingu og hækkun á skuldabréfum. Þrátt fyrir nýjustu aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að verja krónuna heldur gengið áfram að lækka. Það er grafalvarlegt mál. Það er ekki síður alvarlegt að á meðan við erum að reyna bjarga krónunni er annar flokkurinn í ríkisstjórn algerlega sannfærður um að gjaldmiðillinn sé ónýtur og flokkurinn eykur á vandann með óábyrgu tali.

Það liggur alveg fyrir hvert verkefnið er. Það er að létta þrýstingi af krónunni með því að semja við innstæðueigendur og aðra þá sem vilja snúa íslensku krónunni í erlendan gjaldeyri. Þeir vilja flytja hann úr landi. Það er vandamálið. Vandinn sem við þurfum að búa við er hins vegar sá að þessi ríkisstjórn hefur ekki gefið okkur neina von, ekki minnstu vísbendingu um að hún ráði við það verkefni.

Góðir Íslendingar. Ég efast ekki eina sekúndu um að þessi ríkisstjórn er öll af vilja gerð. En vilji er ekki allt sem þarf. Það þarf að taka af skarið. Það þarf áræðni og þor til að ganga hreint til verks. Okkar bíður sannarlega mikið verkefni. Það liggur fyrir að okkur hefur ekki tekist að halda nægilega vel á málum hér á undanförnum árum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur einn flokka þorað að horfast í augu við sinn þátt í því.

Nú ríður hins vegar á að við virkjum samtakamáttinn í þjóðfélaginu, að við snúum bökum saman, látum ekki hug fallast og sigrumst á þessum erfiðleikum með bjartsýnina og trúna á betri framtíð að leiðarljósi.

[20:06]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur haft níu vikur til að rjúfa kyrrstöðuna, spyrna við fótum og hefja endurreisnina. Margir dýrmætir mánuðir liðu þar sem ekki var tekið nægilega markvisst á málum. Ný ríkisstjórn hefur hins vegar látið hendur standa fram úr ermum og náð miklum árangri í efnahagsmálum, í lýðræðis- og réttlætismálum. Hún hefur náð miklum árangri fyrir atvinnulífið og heimilin í landinu. Við höfum snúið efnahagsþróuninni við og endurreisn fjármálakerfisins er í augsýn. Við höfum hafið raunverulegar og faglegar viðræður við erlend ríki og erlenda kröfuhafa um lausn erfiðra deilumála svo sem varðandi Icesave-reikningana, lánafyrirgreiðslu frá vinaþjóðum okkar og uppgjör vegna gömlu bankanna. Við höfum kynnt og undirbyggt áætlun um 6 þúsund ný störf um land allt og við höfum fært heimilum og fjölskyldum ný úrræði til þess að takast á við þá fjárhagslegu erfiðleika sem nú steðja að. Við höfum staðið vörð um velferðarkerfið, við höfum afnumið óréttlæti í lífeyrismálum ráðamanna, lagt grunn að auknu gegnsæi, bættu siðferði og vinnubrögðum í stjórnkerfinu, viðskiptalífinu og dómskerfinu.

Virðulegi forseti. Samfylkingin hefur frá fyrsta degi bankahrunsins lagt áherslu á mikilvægi þess að bregðast kröftuglega við vanda heimilanna. Nú hefur Seðlabankinn í fyrsta sinn kortlagt raunverulega stöðu heimilanna í landinu sem sýnir okkur að viðfangsefnið er viðráðanlegt en það þarf að vinna í því hratt og örugglega. Vandinn er tímabundinn rétt eins og samdráttarskeiðið sjálft og þess vegna þurfum við að byggja eins konar velferðarbrú, velferðarbrú til að koma heimilunum yfir tímabil erfiðleikanna. Brúarsmíðin gekk afar hægt í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn en eftir kraftmikið ríkisstjórnarsamstarf undanfarinna tveggja mánaða sér loks fyrir endann á verkinu. Velferðarbrúin samanstendur af mörgum markvissum aðgerðum sem styðja við öll heimili í landinu og liðsinna eftir þörfum skuldsettum heimilum sem komast í vanda.

Greiðslubyrði getur lækkað um 10–50%. Afborgunum má fresta í allt að þrjú ár, vaxtabætur til endurgreiðslu á vöxtum og útgjöldum heimila vegna verðtrygginga verða hækkuð um a.m.k. 70%, nærri 4 milljarða kr. Losað hefur verið um milljarða af séreignarsparnaði fólks, nauðungarsölur stöðvaðar, dráttarvextir lækkaðir verulega og svo mætti lengi telja.

Síðast en ekki síst verð ég að nefna greiðsluaðlögunina. Loksins hefur þetta gríðarlega mikilvæga úrræði skuldsettra heimila verið lögfest og vegna þess munu þau heimili sem verst eru sett fá afskrift skulda eða aðlögun með öðrum hætti sem tryggir þeim leið yfir skuldafenið. Velferðarbrúin mun nýtast öllum, þeim best sem mest þurfa á liðsinni að halda. Brúarleiðin er ábyrg lausn á vanda heimilanna í landinu. Mikilvægasta leiðin til þess að treysta stöðu heimilanna er hins vegar að efla atvinnuvegina, sporna gegn atvinnuleysi og vinna gegn kjararýrnun.

Virðulegi forseti. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur á níu vikum afgreitt meira en 40 mikilvæg frumvörp til Alþingis. Hún hefur sýnt að hún drífur verkin áfram og er ríkisstjórn aðgerða. Það er því mikið ofugmæli þegar því er haldið fram að þessi ríkisstjórn hafi verið aðgerðalaus. Þvert á móti hefur ríkisstjórnin þrátt fyrir skamman starfstíma nú þegar hrint 39 af 50 verkefnum stefnuyfirlýsingarinnar í framkvæmd. Sex verkefni klárast á næstu dögum og fimm verkefni sitja föst í þinginu vegna málþófs og andstöðu Sjálfstæðisflokksins. Auk þess hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir fjölda lagafrumvarpa og samþykkta sem ekki var getið um í verkefnaskránni, ekki síst í þágu atvinnuuppbyggingar og endurreisnar á fjármálamarkaði. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir vel á fimmta tug þingmála á þessum stutta tíma. Það er dapurlegt til þess að vita að ástæða þess að ofangreind þingmál eru ekki þegar komin til framkvæmda fyrir fólkið í landinu er sú að Sjálfstæðisflokkurinn hefur komið í veg fyrir samþykkt þeirra á hinu háa Alþingi með málþófi sem engan enda ætlar að taka. Í þessari stöðu er auðvitað óþolandi að sjálfstæðismenn tali klukkutímum saman um mál sem enginn ágreiningur er um en á sama tíma tala þeir um að þingið þurfi að hætta störfum þannig að þingmenn komist til kosningabaráttu.

Virðulegi forseti. Rúmur mánuður er síðan frumvarp til stjórnarskipunarlaga var lagt fyrir Alþingi en áður hafði efni þess verið kynnt forustumönnum allra stjórnmála-

flokka sem fulltrúa eiga á Alþingi. Flest þeirra ákvæða sem nú eru lögð fram hafa auk þess árum saman verið til umfjöllunar á vettvangi stjórnvalda eða hér á Alþingi án þess að þau hafi náð fram að ganga. Menn hafa ekki haft kjark eða þor til þess að færa almenningi aukið vald með þeim breytingum sem nú liggja fyrir. Það er staðreynd málsins. Allt annað er fyrirsláttur.

Hér er um að ræða afar mikilvægar breytingar sem varða réttindi almennings, þjóðaratkvæðagreiðslu, stjórnlagaþing og síðast en ekki síst auðlindirnar. Aldrei hefur verið mikilvægara en nú að kveðið sé á um það í stjórnarskrá að dýrmætar náttúruauðlindir okkar sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign, eign allrar þjóðarinnar sem ekki má selja eða láta varanlega af hendi.

Því hefur verið haldið fram að með því að setja á stofn sérstakt stjórnlagaþing sé vegið að sjálfstæði og áhrifum Alþingis. Ég vil minna á að vinna við endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur staðið nánast óslitið yfir frá lýðveldisstofnun árið 1944 með takmörkuðum árangri. Aðstæður í þjóðfélaginu eru auk þess með þeim hætti eftir bankahrunið í október að almenningur kallar eftir gegnsæi og trausti í störfum ráðamanna. Stjórnarskránni er m.a. ætlað að kveða á um valdmörk Alþingis og því ekki óeðlilegt að óháðir aðilar, kosnir persónukjöri móti slíkar grundvallarreglur. Á það ekki síst við um kosningar til Alþingis þar sem þingmenn sjálfir fara með ákvörðunarvald sem snertir eigin hagsmuni. Krafan um að Alþingi stígi til hliðar þegar að því kemur að setja þær nýju leikreglur samfélagsins sem felast í nýrri stjórnarskrá er því svo rík að réttlætanlegt verður að teljast að stjórnarskrárgjafarvaldið verði tímabundið fært frá Alþingi til annars stjórnarskrárgjafa sem sérstaklega er kosinn til þess starfs. Það felst mikil þversögn í því að við sem erum lýðræðislega kjörin af fólkinu í landinu skulum ekki vilja stjórnlagaþing til að veita fleirum en okkur tækifæri til þess að breyta stjórnarskránni okkar.

Nú eru liðnir 10 dagar síðan fulltrúar allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins lögðu fram til sátta breyttar tillögur að stjórnarskrárbreytingum. Enn hafa sjálfstæðismenn ekki brugðist við þeim sáttatillögum með neinum hætti öðrum en þeim að endurtaka í sífellu sömu ræðurnar. Þannig hefur það verið frá upphafi þessa máls, allt frá 19. febrúar sl. og það er auðvitað háalvarlegt mál. Maður spyr: Eru sjálfstæðismenn virkilega einir flokka á móti því að setja í stjórnarskrána að auðlindirnar séu þjóðareign? Eru sjálfstæðismenn virkilega einir flokka á móti rétti fólks til að hafa sjálft frumkvæði að þjóðaratkvæðagreiðslu? Eru sjálfstæðismenn einir flokka á móti því að aðrir en alþingismenn komi að mótun stjórnskipunar, að almenningur fái rödd og áhrif á stjórnlagaþingið?

Virðulegi forseti. Þjóðin vill nýtt upphaf, nýjan grundvöll stjórnskipunar byggðan á þeim lýðræðislegu gildum sem rutt hafa sér til rúms. Stjórnskipun landsins verður að aðlaga sig breyttum aðstæðum og breyttum viðhorfum fólksins í landinu. Slík breyting er að mínu viti mikilvæg forsenda þess að traust og varanleg sátt náist í samfélaginu eftir óróa undanfarinna missira. Okkur Íslendingum væri mikill sómi að því að minnast 200 ára fæðingarafmælis Jóns Sigurðssonar 17. júní árið 2011 með nýrri stjórnarskrá íslenska lýðveldisins.

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Ríkisstjórnin tók ekki við blómlegu búi en okkur hefur tekist að snúa vörn í sókn. Endurreisnin er svo sannarlega hafin. Verðbólgan er á hraðri niðurleið, vextir fara lækkandi og von er á ákvörðun nýrrar peningastefnunefndar á morgun. Verulegur afgangur er af vöruviðskiptum og sýnir hann vel aðlögunarhæfni íslenska hagkerfisins. Trúverðugleiki Seðlabankans og fjármálaeftirlitsins hefur verið endurreistur undir nýjum yfirstjórnum. Brýnasta verkefnið fram undan er að endurreisa bankakerfið, lækka vextina enn frekar og afnema gjaldeyrishöftin. Með hækkandi sól mun atvinnulífi vaxa styrkur og þor. Atvinnuleysi mun hægt og bítandi láta undan síga og fjárhagur heimilanna mun batna.

Vinna og velferð eru samtvinnuð hugtök sem aldrei verða í sundur skilin. Atvinna er grundvöllur velferðar og velferðin er grundvöllur þess samfélags sem við viljum byggja upp. Við jafnaðarmenn höfum ávallt staðið vörð um þessi gildi og munum sannarlega gera það fáum við til þess áframhaldandi umboð. Við verðum líka að tryggja að allir hópar samfélagsins taki þátt í endurreisninni og njóti ávaxtanna af erfiðinu. Konur þurfa að fá stóraukið vægi í samfélaginu, bæði í stjórnmálum, atvinnulífinu og annars staðar þar sem framtíðin er mótuð. Kynbundinn launamunur og sá mikli launamunur sem orðinn var staðreynd milli ofurlaunaaðalsins og láglaunafólks má ekki verða hluti af framtíðarsamfélaginu sem nú verður mótað.

Í mínum huga leikur enginn vafi á því að við eigum að hefja viðræður við Evrópusambandið sem allra fyrst til að fá alla kosti upp á borðið. Það er ábyrgðarhluti að ætla í framtíðinni að treysta á íslensku krónuna og það er ábyrgðarhluti að bjóða ekki íslenskri þjóð og unga fólkinu okkar lífskjör eins og þau gerast best í hinum vestræna heimi. Við eigum að stefna að upptöku evru eins fljótt og kostur er. Atvinnulífið getur ekki lengur siglt í ólgusjó ótryggs gjaldmiðils. Aðild að Evrópusambandinu auðveldar líka afnám verðtryggingar. Það er óþolandi að íslenskt launafólk og íslenskt atvinnulíf búi ekki við hliðstæð kjör og bjóðast í efnahagsumhverfi nágrannalanda okkar og meðal helstu viðskiptaþjóða okkar. Ég treysti þjóðinni best til að vega og meta kosti aðildar að Evrópusambandinu þegar raunverulegir kostir eru komnir upp á borðið. Ég treysti þjóðinni best til að vísa veginn. Til þess þarf þjóðin hvorki okkur þingmenn, ráðherra, né útvalda sérfræðinga til að segja sér fyrir verkum.

Ágætu landsmenn. Við búum við forréttindi í margvíslegum skilningi. Við höfum lengst af borið gæfu til að búa í samfélagi án stéttaskiptingar, samfélagi sem er einstaklega auðugt af náttúruauðlindum og gæðum sem hafa aldrei verið eftirsóttari en í dag. Samfylkingin vill sáttmála um ný gildi sem byggir á traustum grunni jafnaðarhreyfingarinnar. Þau gildi hvíla á undirstöðum félagshyggjunnar þar sem atvinnulífið nýtur frjálsræðis og skýrar leikreglur eru virtar þar sem spillingin er kveðin niður, þar sem reisn hins vinnandi manns og virðing þeirra sem minnst mega sín helst í hendur við gott gengi atvinnulífs í opnum og stækkandi heimi. Besta leiðin áfram er öfgalaus jafnaðarstefna, stefna sem byggir á ábyrgð manns á manni, þar sem enginn líður skort, þar sem allir búa við öryggi og félagsleg samhjálp er kjölfestan en um leið stefna sem treystir frjálsa atvinnu-

starfsemi með heilbrigðum leikreglum og gegnsæi. Við verðum að takast á við það verkefni að byggja upp traust gagnvart íslensku viðskiptalífi og atvinnulífi, íslenskum almenningi, stjórnvöldum og íslenskri þjóð. Við viljum vera stoltir þátttakendur í opnu lýðræðislegu samstarfi á alþjóðavettvangi. Það er engin leið til baka. Eina boðlega leiðin er að afla okkur trausts á ný og bindast öðrum þjóðum nánari böndum. Það er hin boðlega framtíð fyrir unga fólkið og börnin, fyrir okkur og komandi kynslóðir. — Góðar stundir.

[20:19]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er undir mjög sérstökum kringumstæðum sem við höldum eldhúsdagsumræður hér á þessu kvöldi. Íslenskt samfélag hefur gengið í gegnum stórfellt efnahagshrun að undanförnu sem hefur haft gríðarleg áhrif á okkur öll, hvert einasta íslenskt heimili.

Það eiga að vera sjálfsögð mannréttindi að fólk hafi atvinnu. Eitt versta böl sem getur hent sérhvern einstakling er að missa atvinnuna, geta ekki nýtt starfskrafta sína sér til framfæris og landi okkar til framfara og heilla. Í því ljósi er það grafalvarleg staðreynd að 50–100 einstaklingar hafa að jafnaði misst atvinnuna á hverjum einasta degi síðustu vikur og mánuði. Að ríflega 18 þúsund Íslendingar séu í dag án atvinnu er óviðunandi ástand í íslensku samfélagi, ástand sem snertir hverja einustu fjölskyldu í landinu með einum eða öðrum hætti og eðlilegt að vaxandi krafa sé í samfélaginu um að stjórnvöld ráðist í róttækar aðgerðir til að bregðast við þeim vanda sem blasir við okkur þannig að við getum loksins farið að snúa úr vörn í sókn.

Spár gera jafnframt ráð fyrir því að tíu fyrirtæki muni verða gjaldþrota á dag næstu tólf mánuði, sem þýðir það að 3.500 íslensk fyrirtæki munu ekki lifa af næstu tólf mánuði. Fasteignaverð mun að öllu óbreyttu lækka sem þýðir á mæltu máli að eigið fé íslenskra húsnæðiseigenda mun stórlækka á meðan húsnæðisskuldir hækka og verði ekkert að gert muni tugþúsundir íslenskra heimila keyra í þrot sökum hækkandi skulda og lækkandi tekna. Það blasir því við okkur öllum, þ.e. þeim sem á annað borð vilja horfast í augu við raunveruleikann, að róttækra aðgerða er þörf til að koma til móts við vanda heimilanna í landinu.

Ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks var í upphafi þessa árs orðin óstarfhæf. Sú ríkisstjórn var ósammála í flestum grundvallaratriðum og í raun réð aðgerða- og stefnuleysi för þar á bæ. Við það var ekki búið og í því ljósi lögðum við framsóknarmenn fram tilboð um að verja minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna vantrausti á vettvangi þingsins.

Það var vissulega ekki gert án skilyrða. Í fyrsta lagi var krafa okkar sú að boðað yrði til kosninga eigi síðar en 25. apríl, eins og raunin er. Í öðru lagi lögðum við mikla áherslu á að boðað yrði til stjórnlagaþings þar sem íslenska þjóðin gæti komið að því að semja nýja íslenska stjórnarskrá, sú krafa er mjög hávær í íslensku samfélagi og þrátt fyrir einbeittan vilja sjálfstæðismanna hér á þingi munum við vonandi koma stjórnlagaþingi á fyrir kosningar, það er mín bjargfasta trú og von. Í þriðja lagi lögðum við framsóknarmenn áherslu á það að strax yrði komið til móts við vanda skuldugra heimila. Í fjórða lagi lögðum við til að komið yrði strax til móts við vanda atvinnulífsins, sem er mjög skuldsett líka. Mig langar að ræða hér örlítið, og ég held að það séu alveg efni til þess, um skuldsett fyrirtæki og heimili í þessu landi.

Vissulega er það svo að við framsóknarmenn höfum átalið núverandi ríkisstjórn fyrir að vera ekki með nægilega róttækar aðgerðir til að bregðast við þeim vanda sem blasir við okkur í efnahagslífinu. Ég ætla samt sem áður ekki að kasta rýrð á þau góðu mál sem hafa verið lögð fram á vettvangi þingsins en okkur framsóknarmönnum finnst einfaldlega ekki nægilega að gert til að forðast mögulegt kerfishrun í íslensku samfélagi sem mér finnst blasa við verði ekkert frekar að gert til að koma til móts við vanda heimila og fyrirtækja. Okkur sýnist að í raun og veru eigi ekki að koma til móts við heimilin í landinu fyrr en búið verði að keyra þau í þrot. Það er alröng nálgun að mínu mati og í raun og veru snýst þetta um mannlega reisn, að íslensk heimili verði ekki fyrst keyrð í gjaldþrot og síðan eigi að hjálpa fjölskyldunum í landinu.

Fyrir einum og hálfum mánuði lögðum við framsóknarmenn fram mjög róttækar tillögur í efnahagsmálum. Þær voru í 18 liðum. Því miður var það svo að einungis ein tillaga fékk aðallega umfjöllun og er mjög fræg orðin og snertir 20% niðurfærslu á skuldum heimila og fyrirtækja, sem er í raun og veru ekkert annað en leiðrétting á óðaverðbólgu síðustu 17–18 mánaða. Því miður voru stjórnmálamenn í öðrum flokkum í kappi við að koma fram á vettvanginn til þess að tala hugmynd okkar framsóknarmanna út af borðinu, því miður. Hugmynd þessi snýr að því að stöðva þá skriðu gjaldþrota og uppsagna sem hafin er í íslensku samfélagi og er fyrirsjáanleg.

Góðir Íslendingar. Til að gera sér fyrst grein fyrir alvarleika málsins þarf að hafa kjark til að bregðast við og við framsóknarmenn höfum haft þann kjark þrátt fyrir að á okkur hafi verið harkalega deilt fyrir þessar tillögur. Því miður hafa aðrir stjórnmálamenn lítinn gaum gefið öðrum tillögum okkar framsóknarmanna en við ráðfærðum okkur við færustu sérfræðinga á sviði efnahagsmála. Því miður er það svo að enginn annar stjórnmálaflokkur hér á Alþingi hefur lagt fram heildstæðar efnahagstillögur til að koma til móts við vanda heimila og fyrirtækja. (**Gripið fram í:** Rangt.) Það er því eðlilegt að stjórnmálamenn annarra flokka gagnrýni okkur harðlega til að reyna að ná vopnum sínum í þeirri umræðu.

Góðir Íslendingar. Við framsóknarmenn, svo að ég tali fyrir hinum 17 tillögunum sem við höfum lagt fram, höfum komið fram með hugmyndir, m.a. þess efnis að sérstökum uppboðsmarkaði verði komið á með gjaldeyri við Seðlabanka Íslands þar sem lífeyrissjóðirnir geta fengið að kaupa gjaldeyri og komið með fjármuni erlendis frá til að spýta fjármunum inn í íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Það er lífsnauðsynlegt. Við höfum líka lagt markaða stefnu og greinargerð fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að það beri að lækka stýrivexti Seðlabankans mun meira en um þetta eina prósentustig sem þeir voru lækkaðir um um daginn.

Við viljum stuðla að mannaflsfrekum framkvæmdum á vegum hins opinbera í samfélaginu þannig að hjól atvinnu-

lífsins stöðvist ekki. Við viljum veita fyrirtækjum skattafslátt vegna rannsóknar- og þróunarstarfs og við viljum umfram allt huga að fjölbreyttum atvinnuúrræðum sem nánar er hægt að sjá á heimasíðu Framsóknarflokksins.

Góðir Íslendingar. Mig langar í þessari umræðu að nefna sérstaklega vanda námsmanna, sem við framsóknarmenn höfum ítrekað tekið upp hér á vettvangi Alþingis á undangengnum vikum. Það stefnir í að 13 þúsund háskólanemar muni því miður ekki eiga kost á atvinnu þegar að sumarmánuðum kemur. Þá veltum við því fyrir okkur hvernig stendur á því að Nýsköpunarsjóður námsmanna, sem styrkti 161 verkefni til handa námsmönnum árið 2003, skyldi einungis hafa úthlutað 79 styrkjum árið 2008. Hvernig í ósköpunum stendur á því að stjórnvöld hafa ekki hugað að því á erfiðum tímum að fjölga þeim úrræðum sem Nýsköpunarsjóður námsmanna hefur veitt. Við framsóknarmenn leggjum til að þeim úrræðum verði fjölgað þegar 13 þúsund háskólastúdentar standa uppi atvinnulausir.

Herra forseti. Mig langar að lokum að segja að Framsóknarflokkurinn hefur treyst ungu fólki til forustu, fólki sem vill hafa áhrif á það hvernig við byggjum íslenskt samfélag til framtíðar, samfélag sem mun rísa upp að þrengingum loknum. Við viljum öfluga velferðarstjórn að loknum næstu alþingiskosningum, velferðarstjórn sem gerir sér grein fyrir mikilvægi öflugs atvinnulífs. Slík stjórn verður að okkar mati ekki mynduð án tilstuðlunar Framsóknarflokksins.

Kosningarnar fram undan eru þær mikilvægustu í lýðveldissögunni. Þá verður kosið um lausnir og aðgerðir, ekki aðgerðaleysi, og þá verður kosið fyrst og fremst um breytingar og raunverulega framtíðarsýn og stjórnmálaflokkar verða rukkaðir um það hvaða framtíðarsýn þeir hafa í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Við framsóknarmenn viljum sjá raunveruleg úrræði fyrir okkur öll. — Góðar stundir.

[20:30]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Góðir landsmenn. Sá veldur miklu sem upphafinu veldur, segir gamalt og gott íslenskt máltæki. Árið 1991 urðu mikil kaflaskil í íslenskum stjórnmálum. Þá var leidd til öndvegis stefna ómengaðrar nýfrjálshyggju og einkavæðingar undir forustu Sjálfstæðisflokksins. Þessi stefna ágerðist á valdatíma hans, þróaðist út í taumlausa græðgisvæðingu og gróðadýrkun, ofurlaun, bruðl og siðleysi.

Þann 1. febrúar sl. lauk þessum kafla í sögu okkar. Hátt í 18 ára valdatíma Sjálfstæðisflokksins lauk í rústum banka- og efnahagshruns og samfélagið var á barmi upplausnar. Það er því dálítið dapurlegt að sjá nýkjörinn formann Sjálfstæðisflokksins koma hér og draga upp gamaldags hræðsluáróður. Formaður Sjálfstæðisflokksins reynir að hræða fólk frá því að kjósa aðra í staðinn fyrir að reyna að sannfæra það um að kjósa sig. Ætli það sé ekki frekar í ljósi reynslunnar „Sjálfstæðisflokkurinn" sem þjóðin hafi ástæðu til að óttast?

Sjálfstæðisflokkurinn ber óumdeilanlega meiri ábyrgð á því en nokkur annar íslenskur stjórnmálaflokkur hvernig komið er. Það er við þetta tímabil, þessa arfleifð Sjálfstæðisflokksins, sem við gerum upp reikningana í kosningunum laugardaginn 25. apríl nk. um leið og við kjósum og að hinu leytinu til um framtíðina. Hvernig Ísland viljum við? Öðruvísi Ísland. Viljum við aftur það sem var og hrundi eða viljum við annað betra, manneskjulegra og ekki síst heiðarlegra samfélag?

Aðkoman var ekki burðug þegar ný ríkisstjórn hófst handa um tiltektina 1. febrúar sl. Það voru ærin verkefni sem lágu umkomulaus og afvelta. Fráfarandi ríkisstjórn hafði bersýnilega ekki bara verið ákvarðanatökufælin og verklítil, hún hafði meira og minna verið óstarfhæf. Aðgerðaleysi var orðið að sjálfstæðu efnahagsúrræði, hjá henni var aðgerð í sjálfu sér að gera ekki neitt.

Núverandi ríkisstjórn hefur við erfiðar aðstæður á skömmum tíma, rúmum tveimur mánuðum, komið ótrúlega miklu í verk. Ég ætla að fara yfir nokkur atriði í því sambandi.

Ríkisstjórnin ákvað og boðaði þingkosningar. Ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi viðamiklar tillögur um lýðræðis- og stjórnskipunarumbætur í formi frumvarps til stjórnarskipunarlaga og kosningalaga. Frumvarp um endurskipulagningu Seðlabankans er orðið að lögum. Eftirlaunalög um afnám lífeyris og sérréttinda ráðherra og alþingismanna að fullu og öllu er orðið að lögum. Opnað hefur verið fyrir aðgang fólks að séreignarsparnaði og hafa yfir 20.000 manns þegar ákveðið að nýta sér það. Nauðungaruppboð hafa verið stöðvuð fram á haust, aðfararfrestir lengdir og fleira í þeim dúr. Aðgangur sérskipaðs saksóknara að hvers kyns gögnum hefur verið tryggður, embættið stóreflt, ekki síst með ráðningu rannsóknardómarans Evu Joly.

Gagnsæi hefur verið tryggt í störfum Fjármálaeftirlitsins. Greiðsluaðlögun samningskrafna hefur verið lögfest og greiðsluaðlögun fasteignaveðlána bíður afgreiðslu þegar Sjálfstæðisflokkurinn hefur lokið málflutningi sínum um stjórnarskrána. Stórhækkun vaxtabóta bíður afgreiðslu. Dráttarvextir hafa verið lækkaðir með lögum. Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað hefur verið hækkuð úr 60% í 100% til að örva byggingariðnaðinn og m.a. útvíkkuð til sveitarfélaga. Frumvarp um gjalddagaaðlögun fyrir atvinnulífið hefur verið lögfest. Fyrirtækjum hefur verið auðveldað að gera upp virðisaukaskatt, þar á meðal bændum sérstaklega. Bjargráðasjóði verður beitt til að auðvelda bændum áburðarkaup og viðræður eru hafnar milli ríkisvaldsins og Bændasamtakanna um meðferð þeirrar skerðingar á búvörusamningi sem fyrri ríkisstjórn ákvað. Frumvarp um að loka skattaskjólum bíður lokaafgreiðslu. Mikilvæg frumvörp um fjármálafyrirtæki og fjármálamarkaðinn bíða afgreiðslu. Velferðarvakt hefur verið komið á.

Teknar hafa verið saman, kynntar og lagðar upp á netið á island.is upplýsingar um stöðu og horfur þjóðarbúsins og ríkissjóðs. Þar með var staðið við loforð um að upplýsa um þá hluti og segja þjóðinni satt.

Ákveðið hefur verið að innleiða Árósasamninginn, mikilvæga réttarbót á sviði umhverfismála. Hætt var við að selja inn á sjúkrahús. Stjórn LÍN hefur verið endurskipulögð eftir 18 ára yfirstjórn Sjálfstæðisflokksins. Kynjuð hagstjórn verður innleidd. Dagpeningar hafa verið lækkaðir og ýmis forréttindi ráðherra, sendiherra og fleiri felld niður.

Samkomulag um vistvæn opinber innkaup hefur verið

undirritað. Viðamikilli aðgerðaáætlun um fjölgun starfa ýtt úr vör. Þúsundir ársverka við viðhalds- og byggingarverkefni, nýsköpunarverkefni, umhverfisverkefni o.s.frv. Nefnd sem heldur á hagsmunum ríkisins vegna endurreisnar bankanna skipuð og henni til aðstoðar ráðið alþjóðlegt ráðgjafarfyrirtæki. Samninganefnd um Icesave skipuð til að gæta hagsmuna okkar í því máli og sú starfar nú af krafti. Samninganefnd um lán frá seðlabönkum grannríkja skipuð og hefur hún þegar unnið mikið starf. Þessir þrír síðustu þættir voru allir afvelta hjá fyrri ríkisstjórn.

Byggðastofnun verður gerð starfhæf að nýju. Samið hefur verið við samtök fjármálafyrirtækja um að allir njóti sömu fyrirgreiðslu varðandi íbúðalán og Íbúðalánasjóður býður. Tekið verður sérstaklega á þeim aðstæðum sem námsmenn standa frammi fyrir í sumar o.s.frv. Ég læt hér staðar numið en fjölmargt í viðbót mætti nefna. Þetta hefur m.ö.o. sannanlega verið afar starfsöm og samhent ríkisstjórn sem hefur þegar áorkað miklu í þágu fjölskyldna og heimila í landinu, sem og atvinnulífsins.

Auðvitað eru ótalin fjölmörg erfið verkefni sem þarf að sinna og tengjast bönkum, sparisjóðum, fjármálafyrirtækjum, málefnum atvinnulausra, undirbúningi undir fjárlagagerð o.s.frv. Banka- og efnahagshrunið, nýfrjálshyggju- og græðgisvæðingartímabilið í boði Sjálfstæðisflokksins skilur Ísland eftir í sárum. Þungar byrðar leggjast nú á ríkissjóð og fram undan er það erfiða verkefni að takast á við mikinn halla á ríkissjóði og ná þar endum saman. Því ber, eða kannski bar, að fagna að svo virtist sem allir flokkar og Sjálfstæðisflokkurinn þar með talinn féllust á að þetta yrði að gera með blönduðum aðferðum, blandaðri leið sparnaðar og ýtrasta aðhalds og svo tekjuöflunar. Ég hélt, a.m.k. þangað til í kvöld, að yfirlýsing formanns Sjálfstæðisflokksins frá því á föstudag stæði — um að Sjálfstæðisflokkurinn útilokaði ekki tekjuöflun og ekki skattahækkanir sem lið í þessum aðgerðum — en kannski var það dregið til baka í kvöld og virðist þá nýr formaður skipta um skoðun á því hvort skattahækkanir komi til greina eða ekki.

Það skiptir hins vegar miklu máli, hvaða aðferð sem notuð verður í þessum efnum, hvernig það verður gert, að velferðarkerfið verði varið eins og kostur er, kjörin jöfnuð, byrðunum dreift með félagslega réttlátum og sanngjörnum hætti og tekna aflað eftir því sem það er skynsamlegt þannig að þeir sem eru aflögufærir leggi af mörkum en hinum verði hlíft sem höllustum fæti standa. Verkefnið er vissulega ærið en ég veit og trúi því af sannfæringu að það er leysanlegt.

Ég hef tekið þátt í því áður að taka til eftir íhaldið. Við höfum gert það bæði, ég og forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir. Við sátum í ríkisstjórninni sem tók við keflinu 1988 þegar ríkisstjórn undir forustu Sjálfstæðisflokksins hrökklaðist frá völdum. Við höfum reynsluna, við vitum hvað til þarf.

Baráttan gegn atvinnuleysi hlýtur að verða algjört forgangsatriði. Störfum þarf að fjölga og verðmætasköpun að aukast með öllum tiltækum ráðum. Árið í ár og hið næsta verður vissulega erfitt en við Íslendingar erum líka gæfusöm að eiga mikil tækifæri, mikla möguleika. Ísland er þróað og vel uppbyggt land, ríkt af auðlindum. Einu megum við síst af öllu tapa og það er trúin á framtíðina. Hana þurfum við að varðveita. Það á ekki og má ekki hvarfla að neinu okkar sem býður fram þjónustu sína sem fulltrúar þjóðarinnar að verkefnið fram undan sé ekki viðráðanlegt, við þurfum að trúa á það, vilja það og geta leyst það. Ef við trúum því ekki sjálf er varla von að aðrir geri það. Allra síst má unga kynslóðin í þessu góða landi missa trúna á möguleikana á Íslandi. Hér skal áfram verða gott að búa, gott að fæðast, gott að alast upp, gott að eldast og lifa lífinu til fulls.

Góðir Íslendingar. Við skulum gera þetta saman, við munum fara í gegnum þetta saman.

[20:41]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Það er forgangsatriði að skapa atvinnu í landinu, það er ekkert brýnna í dag en að auka atvinnuna. Næg atvinna er það sem hjálpar okkur mest til að komast upp úr kreppunni. Með aukinni atvinnu aukum við tekjur ríkissjóðs og fækkum atvinnulausu fólki. Með sama áframhaldi, með 18.000 manns atvinnulausa, verður Atvinnuleysistryggingasjóður tómur í september og þá fara atvinnulausir beint í ríkisfjármálin af fjárlögum. Það er til mikils að vinna að skapa atvinnutækifæri í landinu og við í Frjálslynda flokknum höfum sagt skýrt hver markmið okkar eru í þessum efnum og öðrum málum sem eiga að hjálpa okkur að komast út úr kreppunni.

Við gefum okkur að atvinnutækifærin megi auka með aðgerðum. Eftir það má búast við að tekjustreymi til ríkisins taki verulegum breytingum til hækkunar — og ekki er vanþörf á. Þeir sem fá vinnu fara að greiða gjöld og eyða fjármunum sem koma inn í virðisaukann. Þegar við tölum um atvinnutækifæri þýðir ekki að vera með mikla tilfinningasemi, við verðum að taka þá atvinnu og tekjuöflun sem býðst, hvort sem það er Helguvík og Bakki við Húsavík, kvótaaukning í þorski eða önnur stóriðja. Ég er ekki talsmaður þess að byggja álver í hverri höfn en allt sem getur skapað atvinnu næstu 2–3 árin er forgangsatriði í mínum huga til að komast út úr kreppunni.

Hvað varðar þorskinn verðum við að leyfa okkur meiri veiðar næstu 2–3 árin. Nú árar vel í lífríki sjávar með heitum sjó og mikilli fiskgengd og við erum tökum enga sérstaka líffræðilega áhættu með þorskinn þó að við aukum veiðina um 100.000 tonn. Það væru um 260.000 tonn á næsta ári sem er mun minna en við höfum veitt að meðaltali í 80 ár, á hverju einasta ári að meðaltali í 80 ár — sá þorskafli er 380.000 tonn, frá 1920 til ársins 2000.

Sú aukning þýðir að við tökum e.t.v. 40 milljarða af nýjum tekjum inn í þjóðfélagið og ekki má heldur gleyma því að verð á sjávarafurðum hefur lækkað. Við getum ekki bætt okkur upp þann skaða nema með því að afla meira, sá afli er um leið atvinnuskapandi og hefur víða áhrif til aukinna umsvifa í þjónustu- og hliðargreinum sjávarútvegsins. Við getum eflt þorskeldið og kræklingaeldi víða í fjörðum landsins. Það mun fjölga störfum og gefa tekjur.

Það á að auka við í ferðaþjónustunni og þar eigum við mörg sóknarfæri sem fjölga störfum. Við gætum lækkað raforkuverð fyrir ylræktina og þar með skapað störf við ræktun grænmetis, við getum aukið kornræktina og sparað okkur fóðurkaup og einnig nýtt kornið til brauðgerðar og

bökunar í stað þess að flytja inn korn. Allt skapar þetta atvinnu sem okkur er nauðsynleg til að þjóðin rétti úr kútnum. Við viljum upp úr kreppunni í Frjálslynda flokknum.

Við búum við gott matvælaöryggi og eigum að standa vörð um 10.000 störf í landbúnaði og úrvinnslu afurða. Við teljum ekki í Frjálslynda flokknum að ESB-aðild sé forgangsmál í nútímanum. Við höfum í mörg ár bent á að verslunarkerfi kvótans væri ekki hagkvæmt fyrir okkur. Það er heldur betur að koma í ljós — og við höfum allan tímann haft rétt fyrir okkur.

Skuldir sjávarútvegsins hafa vaxið úr 95 milljörðum árið 1995 í yfir 500 milljarða í dag og sum sjávarútvegsfyrirtækin eru í rauninni tæknilega gjaldþrota. Við höfum sagt að í núverandi stöðu, þegar þjóðin á bankana og skuldirnar eru að stærstum hluta í opinberri eigu, eigum við að nota tækifærið og innkalla kvótann, taka eitthvað af skuldunum á móti og setja kvótann inn í auðlindasjóð sem þjóðin á. Innan nokkurra ára verður þetta fyrirkomulag farið að gefa ríki og sveitarfélögum tekjur.

Með þessum aðgerðum mundum við vissulega létta á sjávarútveginum en það mun taka okkur einhver ár að borga skuldirnar niður. Fyrir framtíðina skiptir samt öllu máli að þjóðin eigi auðlindirnar. Útgerðin þarf að hafa nýtingarrétt til fiskveiða hvaða stýrikerfi sem við notum. Við ætlum ekki að setja útgerðina í landinu á hausinn. Það hefur aldrei verið markmið okkar í Frjálslynda flokknum. Við viljum hins vegar taka burt veðsetningarréttinn á óveiddum fiski í sjó, taka hann burt frá útgerðarmönnum. Við viljum einnig taka burt leiguréttinn á óveiddum fiski í sjó og við viljum enn fremur taka burt sölurétt útgerðarmanna á óveiddum fiski í sjó svo alveg sé talað skýrt. Þetta þrennt áttu þeir reyndar aldrei að fá og það eru mestu mistök sem við höfum gert í stjórn fiskveiða á Íslandi.

Í mótmælafundum vetrarins kom skýrt fram vilji fólksins fyrir breytingum á kvótalögunum sem hefur aldrei verið meiri en í dag. Hvað var þjóðin að segja okkur í mótmælum úti á Austurvelli? Meðal annars: Burt með kvótakerfið og frjálsan framsalsrétt útgerðarmanna.

Hverjir hafa harðast barist gegn þessu kerfi? Frjálslyndi flokkurinn. Í 10 ár höfum við varað þjóðina við hvert stefnir með þetta kerfi. Það á að stefna að því að allir borgi sanngjarnt leiguverð og gefa jafnframt frelsi til handfæraveiða. Nýliðar verða að geta byrjað í þessari atvinnugrein.

Við í Frjálslynda flokknum höfum alltaf þurft að fara í mikla sókn fyrir alþingiskosningar. Tveimur mánuðum fyrir kosningarnar 2003 mældist flokkurinn með 1,4% og við rifum okkur upp úr þeim tölum. Það sama var upp á teningnum fyrir kosningarnar 2007. Við vorum með lága mælingu í skoðanakönnunum en allt aðra tölu eftir kosningar. Enn einu sinni mælumst við með lítið fylgi, en það er enginn efi í mínum huga að við munum rífa okkur upp úr þeim tölum. Deilumál innan flokksins eru að baki og nú keyrum við áfram með staðfestu í okkar stefnumálum eins og ávallt.

Við notuðum fyrir kosningarnar 2007 auglýsingu sem margir sögðu að væri vitleysa. Auglýsingin var svohljóðandi: Verður þú gjaldþrota? Við vöruðum við verðtryggingu lána. Nú er verðtrygging ofarlega í umræðunni og staðan er sú að þeir sem eru með verðtryggð lán á eignum eru farnir að horfa á það að lánin eru komin langt upp fyrir söluverð — enda lækkar fasteignaverðið. Þetta er alvarlegt mál og við leggjum til að verðtrygging lána verði afnumin frá og með síðustu áramótum. Við leggjum til að verðtrygging umfram 5% verði ekki innheimt af fasteignalánum heldur settar inn á biðreikning sem leyst verður úr með almennum hætti. Með þessu væri slegin skjaldborg um heimilin, þ.e. ef Alþingi vildi afgreiða málið fyrir þinglok.

Frjálslyndi flokkurinn er búinn að kynna framboðslista sína fyrir komandi kosningar og á listunum er sómafólk sem ég er mjög stoltur af, öflugt og gott fólk og margt nýtt fólk. Við erum aðeins þrír sem höfum áður setið á þingi á þessum vetri.

Við höfum vissulega verið með storminn í fangið en við förum af fullum krafti í kosningabaráttuna og að kynna málin okkar meðal fólksins í landinu. Ég kvíði ekki undirtektunum, enda hefur Frjálslyndi flokkurinn verið staðfastur í málflutningi sínum öll árin sem hann hefur starfað, aldrei hvikað frá því hvert kvótakerfið mundi leiða okkur, aldrei hvikað frá því hvert verðtryggingin gæti leitt fólk og það hefur sýnt sig að við höfum haft rétt fyrir okkur í þessum stóru málum sem skipta þjóðina miklu máli. Við höfum aldrei hvikað frá því að taka upp frítekjumark gagnvart tryggingabótum fyrir eldri borgara og öryrkja. Við lögðum það mjög snemma til, fyrir mörgum árum. Það er nú orðið að veruleika en út af stendur það mál sem við erum með hér í þingi, að næst komi frítekjumark á venjulegar lífeyristekjur úr lífeyrissjóðum. Nú er full þörf á því.

Það verður erfitt verk að koma saman fjárlögum næsta árs. Það þarf virkilega að vanda það verk. Ég hef sagt að ekki væri hægt að skera niður í fjárlögunum upphæð sem færi yfir 30 milljarða kr., ég sé ekki fyrir mér hvernig við ættum að gera það. Það mun þurfa að afla nýrra tekna og það er það verk sem við þurfum fyrst og fremst að snúa okkur að. Við höfum barist fyrir því, og flytjum þess vegna mál með öðrum stjórnmálaflokkum hér á þingi þar að lútandi, að auðlindir þjóðarinnar verði í þjóðareign og styðjum það ákvæði að þær megi ekki láta varanlega af hendi eða selja.

Við erum sammála því að þjóðin eigi að fá að kjósa um stjórnarskrárbreytingar. Við erum einnig sammála því að þjóðin eigi að fá að kjósa um einstök deilumál og mikilvæg mál og við erum enn fremur sammála því að þjóðin eigi að fá að koma að endurskoðun stjórnarskrárinnar með stjórnlagaþingi. Um þetta standa nú miklar deilur hér á Alþingi og Sjálfstæðisflokkurinn hefur haldið uppi hörðu andófi gegn þessum réttlætismálum. Ekki veit ég hvort það á að endast fram að kosningum en það endist örugglega fram yfir páska.

Hæstv. forseti. Frjálslyndi flokkurinn vill fara út úr þröngri stöðu þjóðarbúsins með sókn í framleiðslu til lands og sjávar. Engin tækifæri má láta ónotuð í auðlindanýtingu þjóðarinnar og víst er að leiðin út úr vandanum er ekki að fara einhliða í aukna skattlagningu eða einhliða niðurskurð í velferðarkerfinu. Atvinna og tekjur eru það sem við verðum að leita að, hæstv. forseti. — Góðar stundir.

[20:51]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Hin alþjóðlega efna-

hagskreppa og hrun helstu fjármálafyrirtækja landsins gera það að verkum að fram undan eru verulegir fjárhagslegir erfiðleikar fyrir ríkissjóð, fyrirtækin og heimili landsins. Á skammri stundu gufaði góðærið upp og reyndist það að nokkru leyti byggt á erlendu lánsfé og skuldasöfnun. Allt of margir höfðu gleymt þeim gömlu og góðu sannindum að ganga hægt um gleðinnar dyr.

Vissulega er vandinn mikill sem við blasir en það ber að varast að mála myndina dekkri litum en efni standa til. Þeir eru margir á vettvangi, innlendir sem erlendir, sem bjóða töfralausnir eða boða svartnætti. Það er mikil ástæða til að vara við slíkum málflutningi. Hann gerir bara illt verra

Aldrei hefur verið meiri ástæða til þess en nú að þjóðin haldi ró sinni og takist á við erfiðleikana af þolinmæði og þrautseigju. Leiðin út úr erfiðleikunum hefur verið mörkuð með samningum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það er vissulega álitamál í efnahagsstefnunni en valin var sú leið sem talin var sársaukaminnst.

Þeir sem taka að sér að stjórna landi og þjóð á næstu árum verða að hafa þrek til þess að fylgja markaðri stefnu og taka þær óvinsælu ákvarðanir sem eru óhjákvæmilegar, um niðurskurð ríkisútgjalda og hækkun skatta. Aðrar leiðir eru einfaldlega verri til lengri tíma litið. Það þarf að rifa seglin um tíma, draga úr þjónustu og spara, borga niður skuldir erlendis og koma á jafnvægi í viðskiptum við útlönd.

Á tveimur árum er hægt að komast út úr mestu erfiðleikunum og þá fara lífskjörin að batna á nýjan leik. Það verður mikið atvinnuleysi þetta árið og það næsta. Það verður ekki umflúið. Einmitt þess vegna verður að nýta hvert tækifæri til atvinnuuppbyggingar sem gefst og láta hvorki fordóma né bábiljur ráða för. Framganga atvinnumála hefur úrslitaáhrif á hversu fljótt þjóðin kemst í gegnum erfiðleikana.

Ég minni á frumvarp mitt sem gerir atvinnulausum kleift að auka hæfni sína á vinnumarkaði með því að stunda nám í allt að tvö ár og halda atvinnuleysisbótum á meðan. Það mun gagnast best þeim sem eru án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar, þeir eru 28% af vinnumarkaðnum, 45.000 manns. Um síðustu áramót voru tæp 60% atvinnulausra einungis með grunnskólamenntun.

Það hjálpar engum að halda því fram að óhjákvæmilegt sé að fella niður skuldir eða frysta höfuðstól hjá þorra skuldara — eða að verðtryggingin sjálf sé vandinn. Það er svo sem hægt að banna verðtryggingu en óverðtryggðu vextirnir verða ekkert lægri og greiðslubyrðin mun frekar vaxa við það en hitt. Það er hægt að afskrifa skuldir í stórum stíl en það þýðir að aðrir þurfa að borga, skattgreiðendur, lífeyrisþegar eða sparifjáreigendur. Skuldir hverfa ekki, það þarf alltaf einhver að borga.

Stjórnvöld hafa í meginatriðum gripið til skástu aðgerðanna fyrir heimilin með því að laga greiðslubyrði af skuldum að greiðslugetu á hverjum tíma og gera fólki kleift að halda húsnæði sínu. Fram undan er tímabil þar sem líklegt er að skuldir og vextir muni lækka vegna verðhjöðnunar og þegar frá líður mun kaupmáttur vaxa að nýju og verð á íbúðarhúsnæði hækka í kjölfarið.

Rétt er að benda á að frá ársbyrjun 2004 hefur fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 83% en neysluverðsvísitala hefur aðeins hækkað um 45% á sama tíma. Staðreyndin er sú að í mörg ár var verðtryggingin af lánunum minni en hækkunin á fasteignunum. Sama á við um þróun launa. Þetta sýnir að vandi heimilanna er ekki einhlítur og alls ekki einfaldur. Sem betur fer eru mörg heimili tiltölulega vel sett þrátt fyrir verðbólguna síðustu 12 mánuði.

Evran og Evrópusambandið verða til umræðu á næstu árum en menn skulu muna að ekkert fæst ókeypis í viðskiptum við Evrópusambandið frekar en við aðra. Þegar EES-samningurinn var gerður á sínum tíma var því lýst yfir að Íslendingar hefðu fengið allt fyrir ekkert. Eftir Icesave-málið vitum við betur. Ég spurði forsætisráðherra að því fyrir skömmu hver hefði verið ávinningur þjóðarbúsins af samningnum. Sérstaklega spurðist ég fyrir um ávinninginn af fjármagnsfrelsinu sem komst á með honum. Svarið er athyglisvert. Ekkert liggur fyrir um mögulegan ávinning. Engar tölur liggja fyrir og engin úttekt. En ætli það sé ekki óumdeilt að frelsi fjármagnsins var of mikið og þjóðinni fjárhagslega skaðlegt?

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það er ekkert mikilvægara næstu tvö árin en að þjóðin haldi ró sinni og staðfestu og að stjórnvöld hafi þrek til að vinna það verk sem þarf. Þá komumst við út úr mestu erfiðleikunum fyrr en ella. Ef komandi ríkisstjórn guggnar og landsmenn missa kjarkinn er voðinn vís. Þá tapa allir. Þess vegna verður mér svo tíðrætt um efnahagsmálin. Við eigum svo mikið undir því að vel takist til. Efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar er í húfi.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[20:57]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Eldhúsdagur er runninn upp við harla óvenjulegar aðstæður. Venjulega er hann haldinn þegar þinglok hafa verið ákveðin. Hann hefur það táknræna hlutverk að þingmenn geri hreint hjá sér, fari yfir veturinn og klári þau verk sem ólokið er.

Nú eru aðstæður aðrar, þinglok eru óviss og enn er ágreiningur um helgasta plagg íslenskrar stjórnarskipunar, sjálfa stjórnarskrána. Ég óska þess að við þingmenn berum gæfu til að ná niðurstöðu sem allir geta sætt sig við í því mikilvæga máli. Það má ekki gerast að stjórnarskránni verði breytt í ósætti í fyrsta sinn í 50 ár.

Veturinn hefur verið okkur öllum erfiður. Við höfðum vanist því hér að allt gengi vel, að Ísland væri best í heimi til að búa í, að það væri gott að vera Íslendingur í útlöndum og að frelsi væri sjálfsagt. En eftir harkalegt áfall lærðum við að frelsið er ekki sjálfsagt. Við þurfum svo sannarlega að standa vörð um það og ég vil berjast fyrir því. Verkefnið sem við stöndum frammi fyrir er sannarlega stórt. En, kæru Íslendingar, það er ekki óvinnandi. Ég segi það hér að við munum klára þetta mál og við munum klára það saman. Við munum spyrna frá botninum og byggja betra Ísland.

Við sjálfstæðismenn göngum hreint til verks í komandi kosningabaráttu. Við höfum farið í heiðarlegt uppgjör við fortíðina til að geta dregið lærdóm af því sem úrskeiðis fór. Við höfum svarað kalli samfélagsins um endurnýjun, bæði í forustu flokksins sem og á framboðslistum um allt land. Þúsundir sjálfstæðismanna tóku þátt í prófkjörum flokksins í öllum kjördæmum og það var grasrótin sjálf sem raðaði á listana. Við erum tilbúin í verkið og ég segi það aftur: Við

munum klára þetta mál.

Minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna tók við völdum þann 1. febrúar sl. Henni var ætlaður skammur tími, 80 dagar, og forustumenn hennar sögðust ætla að slá skjaldborg um heimilin og fyrirtækin í landinu svo notuð séu þeirra eigin orð. Nú eru 66 dagar liðnir. Hér var lesinn upp áðan mikill og langur listi af aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur sett í gang, ýmist að eigin frumkvæði eða að frumkvæði síðustu ríkisstjórnar. Þessi listi, herra forseti, er allra góðra gjalda verður en það sem er mikilvægara og skiptir heimilin og fyrirtækin í landinu miklu meira máli er árangurinn af þessum aðgerðum, afleiðing verka minnihlutastjórnarinnar.

Fyrir 66 dögum voru 12.407 landsmenn án atvinnu. Í lok mars voru þeir því miður orðnir 17.900. Eins og þið kannski munið ætlaði þessi ríkisstjórn að skapa 6.000 ný störf. Á þessum 66 dögum hafa um 6.000 einstaklingar bæst í hóp atvinnulausra. Á þessum 66 dögum hafa stýrivextir Seðlabanka Íslands einungis lækkað um 1 prósentustig. Það sem er alvarlegra fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu er að vaxtalækkunin tafðist beinlínis vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar. Fyrir 66 dögum stóð gengisvísitala krónunnar í 192 stigum. Í dag veiktist krónan um tæp 4% og var vísitalan í kringum 220 stig við lok markaða. Þetta gerist þrátt fyrir að meiri hluti Alþingis hafi nýverið samþykkt lög til að herða á gjaldeyrishöftunum.

Ég ætla því að leyfa mér að gagnrýna aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna þess að þær skila ekki þeim árangri sem við verðum að gera kröfu til. Aðgerðalistinn einn og sér gerir ekki mikið gagn, aðgerðir sem ekki skila árangri. Aðgerðir sem festa Ísland og Íslendinga í höftum og ríkisvæðingu koma okkur ekki upp úr þeim hjólförum sem ríkisstjórnin virðist vera föst í. Ég kalla enn fremur eftir frekari upplýsingum. Sett hefur verið fram fyrrnefnd áætlun um sköpun 6.000 starfa. Þar af eru 2.000 í orkufrekum iðnaði. Þetta er merkingarlaust hjal á meðan þessi sama ríkisstjórn vinnur beinlínis gegn uppbyggingu í orkufrekum iðnaði. Það merkilega er að áætlun um uppbyggingu starfanna er frá sömu ríkisstjórn og er innbyrðis ósammála um frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra um fjárfestingarsamninginn í Helguvík.

Mig langar að nota þetta tækifæri til að segja ykkur litla sögu af þingstörfunum sem sýna að orð og efndir þessarar ríkisstjórnar fara engan veginn saman. Fyrir nokkrum vikum kom á fund efnahags- og skattanefndar ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri grænna. Til umræðu var frumvarp hæstv. samfylkingarráðherrans Össurar Skarphéðinssonar. Þar lagði ráðuneytisstjórinn fram afar athyglisvert minnisblað sem gagn í málinu þar sem hann lagði til að fjárfestingarsamningurinn og frumvarpið vegna Helguvíkur yrði endurskoðað. Af hverju? Svo unnt væri að hækka skatta á verkefnið. Enn fremur lagði ráðuneytisstjórinn til að núgildandi samningur og lög vegna Reyðaráls yrðu einnig tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að hækka einnig skattana á það verkefni.

Ráðuneytisstjóri Vinstri grænna lýkur minnisblaðinu á þeim hugleiðingum að hugsanlegar bætur til aðila vegna þessa yrðu líklega minni en beina tjónið sem hann kallar það að láta samningana standa óbreytta. Þessir samningar sem hann vildi skattleggja eftir á gerðu menn til fjölda ára og auðvitað í þeirri góðu trú að þeir yrðu haldnir. Hvernig eigum við svo að trúa því að þessi ríkisstjórn sem markvisst bregður fæti fyrir frekari uppbyggingu á þessu sviði ætli sér að skapa 2.000 störf í orkufrekum iðnaði? Ég hræðist svona vinnubrögð, herra forseti, og ég get gert mér í hugarlund hvaða áhrif þessi skilaboð hefðu á möguleika Íslands til að laða að sér erlenda fjárfestingu í framtíðinni og fyrir orðspor okkar út á við. Svona vinnubrögð þarf að varast og stjórnvöld mega alls ekki bæta á þá óvissu sem einkennir íslenskt efnahagslíf um þessar mundir. Sjálfstæðisflokkurinn fer fram með tvö meginmarkmið að leiðarljósi fyrir næstu missiri, að verja heimilin í landinu og tryggja atvinnu. Við höfnum atvinnuleysi og teljum það algerlega óásættanlegt í íslensku samfélagi.

Góðir Íslendingar. Komandi kosningar snúast um val á milli tveggja kosta. Fyrri kosturinn er áframhaldandi vinstri stjórn sem mun leggja sig fram um að hjálpa Íslendingum að læra að lifa með þeim vanda sem við blasir, ríkisstjórn sem mun setja fötu undir lekann í stofunni en ekki laga þakið, ríkisstjórn sem ætlar að búa til störf með sjóðum, ríkisstjórn sem hefur meiri trú á stjórnmálamönnum en fólkinu í landinu.

Hinn kosturinn, kæru Íslendingar, góðir landsmenn, er að trúa því að við klárum þetta mál.

[21:04]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegur forseti. Góðir landsmenn. Við lifum erfiða tíma og búum við erfitt ástand en vandinn er þó ekki óyfirstíganlegur. Allt sem þarf er skýr framtíðarsýn, skýr stefnumörkun, skýr sýn á hvernig við komumst út úr þeim erfiðleikum sem nú er við að etja. Við eigum að taka réttar ákvarðanir og við þurfum að taka þær hratt.

Við eigum að læra af sögunni, við þurfum að læra af síðustu heimskreppu. Þjóðir heims gripu þá til þess ráðs að loka sig hver bak við luktar dyr, bak við tollmúra og höft, og töldu sér trú um að þannig yrðu til lausnir á alþjóðlegum efnahagsvanda. Afleiðingin var enn dýpri kreppa, enn meira atvinnuleysi en ella hefði þurft að verða og slíkt vantraust milli þjóða að afleiðingin varð hrikalegustu styrjaldarátök sem mannkynið hefur upplifað.

Hver var forsendan fyrir efnahagslegri endurreisn Íslands? Hvað markaði vegferð Íslands frá örbirgð til bjargálna? Jú, það var þegar markaðir opnuðust fyrir íslenskar afurðir í Bandaríkjunum og Evrópu eftir stríð. Velsæld Íslands hefur ávallt verið samtvinnuð verslunarfrelsi, aðgangi að mörkuðum. Það eru tækifæri í öðrum löndum sem hafa skapað íslenska velsæld. Íslenskt efnahagslíf er, vegna þess hversu fámenn við erum, alltaf einhæft. Þess vegna þurfum við á fjölbreytni að halda sem við fáum fyrst og fremst með aðgangi að öðrum mörkuðum, aðgangi að þekkingu, aðgangi að þjálfun. Það er þannig sem við leggjum grunn að velferð til lengri tíma litið.

Fram undan er stærsta verkefnið okkar að tryggja störf fyrir 20.000 atvinnulausa. Það er verkefni sem við verðum að takast á við og það er verkefni sem okkur má ekki mistakast við. Ef það tekst ekki mun það fólk annaðhvort yfir-

gefa landið og leita sér að störfum annars staðar eða vera atvinnulaust til langframa. Hvorugur kosturinn er ásættanlegur.

Þessi störf geta einkum orðið til í iðnaði eða þjónustu. Þær greinar þurfa á engu öðru frekar að halda en stöðugu rekstrarumhverfi, lágum vöxtum og stöðugu gengi. Okkur hefur brugðist bogalistin við að tryggja viðeigandi rekstrargrundvöll fyrir atvinnulífið að þessu leyti á undanförnum árum. Það er dapurleg reynsla sem við verðum að læra af.

Heimilin þurfa líka traustari rekstrargrundvöll. Það er ekki boðlegt til langframa að við búum íslenskum heimilum þá umgjörð að borga alltaf heimsins hæstu vexti og að íslensk heimili þurfi að leggja í verulegar áhættufjárfestingar þegar þau kjósa að kaupa sér þak yfir höfuðið, þurfi annaðhvort að sæta hækkunum á lánum vegna verðtryggingar eða leita á náðir gengistryggðra lána með þeim hörmulegu afleiðingum sem við öll þekkjum í dag. Þess vegna þurfum við að líta á það sem meginmarkmið okkar að tryggja almenningi á Íslandi sambærileg lífskjör og í öðrum löndum, til þess að halda í fólk, til að gefa fólki von um að það sé þess virði að vera Íslendingar og vinna á Íslandi til lengri tíma litið. Einnig til þess að fyrirtæki geti byggt upp starfsemi hér á landi en þurfi ekki að hrökklast úr landi, þurfi ekki að byggja upp starfsemi sína í öðrum löndum. Og til þess að fólk geti risið undir kostnaði við daglegt heimilishald en þurfi ekki að leita sér að vinnu annars staðar.

Þess vegna vill Samfylkingin að við sækjum um aðild að Evrópusambandinu. Það er mikilvægt langtímaverkefni en það er líka brýn aðgerð til skemmri tíma litið. Sú aðgerð ein og sér mun greiða fyrir úrlausn á brýnum vanda okkar í gjaldmiðilsmálum, hún mun auðvelda okkur að fá verðmyndun á gjaldmiðilinn og hún mun hjálpa okkur að ná stöðugleika í gengi krónunnar.

Við viljum síðan hefja aðildarviðræður og gæta þar að grundvallarhagsmunum þjóðarinnar og sérstaklega hagsmunum sjávarútvegs og landbúnaðar. Við viljum að sjálfsögðu tryggja full yfirráð yfir auðlindum og samning sem felur þetta í sér viljum við leggja í dóm þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Sjálfstæðisflokkurinn býður okkur upp á einfalda framtíðarsýn í dag, hún er óbreytt ástand, hún er land í viðjum hafta, hún er land í viðjum einangrunar. Leiðin fram úr þeim vanda sem við stöndum í í dag er opið Ísland, frjálst Ísland, þar sem við virðum frelsi einstaklingsins, þar sem við tryggjum félagslegt réttlæti, þar sem við tryggjum tækifæri fyrir alla, þar sem við tryggjum samstöðu okkar allra um endurreisn efnahagslífsins, þar sem við gefum öllum pláss og allir geta komið með í þá vegferð. — Góðar stundir.

[21:10]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Nú hillir undir kosningar og fólkið í landinu hefur með aðstoð framsóknarmanna öðlast tækifæri til að velja sér nýja umboðsmenn til að fara með vald sitt. Framsóknarmenn lögðu reyndar meira til, þeir lögðu til stuðning án aðildar að minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna til að hreyfa við þeirri kyrrstöðu sem var orðin staðreynd í samstarfi þáverandi ríkisstjórnarflokka. Stuðningurinn var ætlaður til þess að hægt væri að vinna að raunverulegum aðgerðum í þágu heimilanna og atvinnulífs og að valdinu til að setja nýjar leikreglur í samfélaginu yrði vísað til þjóðarinnar. Alþingi hefur ekki getað lokið endurskoðun stjórnarskrárinnar á þeim 65 árum sem liðin eru síðan danski konungurinn gaf okkur þann sáttmála þótt tilraunir til þess hafi staðið nánast allan þann tíma. Eins og allir vita sem fylgst hafa með umræðum þingsins undanfarna daga virðast sjálfstæðismenn, sem skipa minni hluta í þinginu, standa í þeirri trú að ríkisvaldið eigi upptök sín í konungsríkinu Valhöll við Háaleitisbraut og af því tilefni haldið uppi svívirðilegu málþófi í þinginu — á kostnað þjóðarinnar sem bíður eftir því einu að sjálfstæðismenn ljúki sér af. Þær leikreglur sem hér um ræðir felast m.a. í því að eignarhald á auðlindum þjóðarinnar verði staðfest í stjórnarskrá og að þjóðin sjálf setji sér stjórnarskrá og þær eru forsenda þess að trúnaður verði byggður upp á nýjan leik í nýju og réttlátara samfélagi.

Þess má geta í framhjáhlaupi að kannanir gefa til kynna allt að 77% stuðning meðal þjóðarinnar við stjórnlagaþingið sem sjálfstæðismenn mótmæla hér m.a. með söng og tralli fram á miðjar nætur.

Ágætu landsmenn. Við stöndum frammi fyrir því að svara spurningunni um hvers konar samfélag við viljum byggja á rústum þess sem hrundi hér á haustmánuðum. Til að gera langa sögu stutta hefur þrískipting ríkisvaldsins þróast yfir í ráðherraræði þar sem löggjafarvaldið hefur safnast fyrir hjá framkvæmdarvaldinu á ráðherrabekkjunum í þinginu. Hlutverk þingmanna sem samkvæmt stjórnarskrá eru umboðsmenn þjóðarinnar og fara hér með vald hennar hefur hins vegar verið gjaldfellt á móti þessari samþjöppun valds. Það gerir þingmönnum erfiðara um vik að sinna þeim störfum sem þjóðin hefur trúað þeim fyrir. Stjórnlagaþing er virk og greiðfær leið til leiðréttingar.

Það liggur einnig fyrir að afskipti stjórnmálaflokka af atvinnu- og viðskiptalífi eru óvíða meiri en hér. Með því er ég ekki að halda fram rökum með taumlausri frjálshyggju en þegar hagsmunatengsl á milli einstakra fyrirtækja og stjórnmálaflokka — og þar undanskil ég ekki Framsóknarflokkinn — eru svo samofin að ekki verður á milli skilið hlýtur fólk að kalla eftir því að settar verði nýjar leikreglur til að forðast misnotkun á þeirri lýðræðislegu samkundu sem hér er saman komin. Stjórnlagaþing er virk leið til að leiðrétta þá stefnu sem viðgengist hefur um árabil.

Góðir landsmenn. Framsóknarflokkurinn státar af fleiri nýjum frambjóðendum á sínum listum en aðrir flokkar sem flestir bjóða upp á sama fólkið með sömu hugmyndirnar og komu okkur á þann bekk sem við nú skipum. Þeir hafa jafnframt lagt fram tillögur í 18 liðum sem hafa það hlutverk að leiðrétta og jarðtengja eftir að ríkisstjórnarflokkarnir hinir nýju höfðu starfað saman í mánuð og ekkert virtist í farvatninu nema litlir og einnota plástrar. Því miður auðnaðist þeim ekki að lesa í gegnum tillögurnar áður en þeim var hafnað umsvifalaust og þá helst þeirri tillögu að leiðréttar yrðu skuldir landsmanna og þær lækkaðar um 20%.

Þær hugmyndir ganga einmitt út á það í fyrsta lagi að fólk fékk aldrei það fé til ráðstöfunar sem skuldaaukning þess segir til um. Í annan stað ganga hugmyndirnar út að verðmæti lánasafna bankanna eykst til mikilla muna af því að fleiri skuldarar munu geta borgað af lánunum sínum. Í

þriðja lagi kostar tillagan ríkissjóð ekki krónu enda er búið að afskrifa þessi lánasöfn um a.m.k. helming á kostnað kröfuhafanna án þess að tryggt sé að heimilin og fyrirtækin njóti þess, heldur eiga þau að borga áfram, ekki bara af lánunum sínum heldur líka himinháar verðbætur sem hækka með degi hverjum. Í fjórða lagi má með leiðréttingu sem þessari hraða því að hjól atvinnulífsins komist af stað aftur. Í fimmta lagi er ekki tími til að meta hvert einasta lán í landinu því að skaðinn sem hlýst af á meðan unnið er að því er óbætanlegur. Í sjötta lagi er ekki forsvaranlegt að fulltrúar ríkisins inni í bönkunum eigi að hafa það hlutverk að útdeila lífsins gæðum heldur verða allir að sitja við sama borð hvað það varðar. Annað kallar á spillingu. Í sjöunda lagi má með tillögunum koma í veg fyrir að hengjan bresti og sett verði af stað flóð sem ekki verður stöðvað í miðri brekku. Líkurnar á því að hengjan bresti aukast með hverjum degi en ríkisstjórnarflokkarnir skella við skollaeyrum og reyna að smella vandanum bara ofan í frystikistu. Fasteignamarkaðurinn er botnfrosinn, hitinn í atvinnulífinu nálgast alkul, þúsundir námsmanna flykkjast út úr skólunum innan tíðar og munu ganga um án atvinnu og án framfærslu á komandi sumarmánuðum án þess að lausn sé í sjónmáli. Fjölda fyrirtækja er lokað á degi hverjum og sífellt færri geta séð sér farborða, hvað þá greitt af skuldunum sem hækka daglega án þess að rönd verði við reist. Og brekkusöngvar duga þá skammt eða annað stundargaman ef því er að skipta.

Góðir landsmenn. Það skiptir okkur öll meginmáli að þeir sem veljast til verka skilji þann vanda sem blasir við þjóðinni, að þeir séu þannig vaxnir að þeir geti framkvæmt og það á sanngjörnum forsendum. Búa þarf svo um hnútana að hér verði tryggt átak til atvinnusköpunar til að standa undir nauðsynlegum vexti og velferð. Framsóknarmenn setja manngildi ofar auðgildi og þeir hafa djörfung til að leita leiða í samvinnu við fólkið í landinu til að byggja nýtt samfélag sem einkennist af réttlæti, sanngirni og hófsemi. — Góðar stundir.

[21:17]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Ísland 2015 hét skýrsla sem kom út hjá Viðskiptaráði 2006 og þar var rætt talsvert um Norðurlönd, of háa skatta, ofvirk velferðarkerfi.

Orðrétt var lagt til, með leyfi forseta:

„Viðskiptaráð leggur til að Ísland hætti að bera sig saman við Norðurlöndin enda stöndum við þeim framar á flestum sviðum."

Þetta var skýrsla um framtíðarlandið Ísland og hvernig það yrði sem best út frá mælikvörðunum sem þá voru allsráðandi. Minni samneysla, lægri skattar, minna regluverk, meira einkaframtak. Meira frelsi.

Nú er árið 2009, enn sex ár í 2015 þegar upp átti að rísa framtíðarland Viðskiptaráðs. Fyrir nokkrum mánuðum hrundi íslenska bankakerfið eftir stórkostlegt gáleysi eigenda, stjórnenda, eftirlitsaðila, löggjafa, ríkisstjórnar. Sú útbelgda nesjamennska sem birtist í skýrslu Viðskiptaráðs er hætt að vera hlægileg, hún er hræðileg, því að hún er vitnisburður um hugsunarháttinn sem sökkti íslensku þjóðinni í skuldir.

Á sumum sviðum eru Íslendingar staddir á núllpunkti. Hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins — Frjálshyggja 101 — er stödd á endastöð, fólkið í vagninum vill fá nýjar hugmyndir, nýja framtíðarsýn. Fólkið stóð upp og krafðist þess að fá að ráða einhverju um ferðalagið en vagnstjórinn sagði ekki neitt, hann benti bara á skiltið: „Talið ekki við vagnstjóra í akstri." Þannig var stjórn Sjálfstæðisflokksins, „við erum við stýrið, við erum með kortið og við stoppum þegar við viljum stoppa". En fólkið settist ekki niður, íslenska þjóðin barði í potta og pönnur og krafðist kosninga.

Kosningarnar verða 25. apríl. Minnihlutastjórn Vinstri grænna og Samfylkingar, varin af Framsóknarflokknum, hefur undanfarnar 10 vikur unnið hörðum höndum að þeim verkefnum sem ríkisstjórnin var mynduð um og hafa hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra farið yfir þau í ræðum sínum hér.

En hvað tekur við nú? Það er ljóst að þinginu er ekki lokið og mikilvæg mál bíða enn afgreiðslu — einkum breytingar á stjórnarskrá sem snúast fyrst og fremst um að færa vald til stjórnarskrárbreytinga í hendur þjóðarinnar, sem snúast um að færa auðlindirnar í þjóðareigu svo að þær verði ekki seldar í næsta góðærisfylleríi, sem snúast um að auðvelda þjóðinni að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg mál og síðast en ekki síst, snúast um stjórnlagaþing sem ætlað er að smíða nýja stjórnarskrá.

Sjálfstæðismenn hafa tekið til máls oft og lengi hér í þessum sal og flutt þann boðskap að þetta mál sé ekki brýnt hér og nú og þarfnist frekari umræðu sem sýnir kannski að þeir hafa ekki hlustað nægilega grannt á þjóðina vegna þess að hún krefst þess að hafa áhrif, ekki aðeins með því að kjósa í þingkosningum heldur líka með því að greiða beint atkvæði um mikilvæg mál og með því að vera stöðugt höfð með í ráðum, ekki aðeins á fjögurra ári fresti.

Það þarf hugrekki til að auka lýðræðið, opna samfélagið, og eflaust sjá einhverjir fram á að vagnstjórinn fái ekki að vera í friði fyrir farþegunum í sínu hefðbundna fjögurra ára ferðalagi. En lýðræðisumbætur eru forsenda endurreisnar og nýrrar framtíðarsýnar.

Kosningarnar 25. apríl snúast nefnilega um nýja framtíðarsýn og hvernig við byggjum upp betra og réttlátara Ísland, lýðræðislegra Ísland.

Auðvitað munu þær líka snúast um mörg og alvarleg mistök sem við verðum að læra af. Kannski er lærdómurinn sá að ekki er hægt að reiða sig á of hraðan hagvöxt, ekki er hægt að ganga endalaust á höfuðstólinn og taka út skammtímagróða út á vægast sagt óljósar innstæður. Hvað áttu þegar þú hefur selt allt? er spurt í kvikmynd sem frumsýnd er í kvöld. Hugsum um það þegar við hugsum um auðlindirnar okkar; fiskinn í sjónum, orkuna í iðrum jarðar og orkuna í fallvötnunum, almannaþjónustuna og innviðina. Hvað áttu þegar þú hefur selt allt?

Hvað gerum við þá? Útlitið er ekki bjart. Hvernig sem á málið er litið liggur fyrir að næstu ár verða erfið og munu kalla á sársaukafullan niðurskurð opinberra útgjalda. En það verður líka að forgangsraða þannig að staðinn verði sem styrkastur vörður um menntakerfi, heilbrigðiskerfi og félagskerfi, það sem gerir íslenskt samfélag að góðu samfélagi, norrænu velferðarsamfélagi eins og það sem Ísland 2006 vildi helst forðast.

Helsta von okkar núna er nýtt gildismat. Möguleikinn hefur skyndilega skapast á betra Íslandi, réttlátara samfélagi þar sem leiðarljósið er hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar sem gengur út á að ganga ekki á höfuðstólinn, hvort sem er hinn efnahagslega, samfélagslega eða hinn umhverfislega. Við höfum möguleika núna á að eyða þeim ójöfnuði sem hér hefur aukist og var réttlættur með hagvexti sem því miður reyndist tálsýn. Við höfum möguleika á að ná þjóðarrútunni sjálfri upp úr skurðinum og taka upp nýtt akstursslag.

Sóknarfærin eru sem betur fer mörg og þau búa fyrst og fremst í þjóðinni sem hér býr. Sú ríkisstjórn sem nú situr — og vonandi situr áfram eftir næstu kosningar — á að hlusta á fólkið í landinu, standa vörð um það sem skiptir okkur mestu máli og leyfa þúsund blómum að blómstra. Við sjáum það á hruni efnahagsstefnu Sjálfstæðisflokksins að risastór iðjuver og skyndilausnir bjarga ekki efnahag samfélagsins, það gerir aðeins fólkið í landinu sjálft.

Við vitum líka að erfiðleikarnir eru hvergi nærri að baki, kannski rétt að byrja, en höfum hugfast að íslenska þjóðin hefur áður búið við kröpp kjör og hér er hún samt enn. Ég trúi því að við munum öll læra af þessu hruni og koma sterkari úr kreppunni en við fórum í hana. — Góðar stundir.

[21:23]

Karl V. Matthíasson (FI):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Fyrir tveimur árum voru alþingiskosningar. Að þeim loknum hófst kapphlaup þriggja flokka að rúmi Sjálfstæðisflokksins. Við vitum hvernig því kapphlaupi lauk. Starfstími þeirrar stjórnar sem mynduð var varði í 18 mánuði og var ýmislegt gott verk unnið, einkum á sviði félagslegra mála. Að mínu mati bar þó í upphafi einn dimman skugga á stjórnarsáttmála Samfylkingar og Sjálfstæðisflokksins en það var sá ásetningur að breyta ekki fyrirkomulagi fiskveiðistjórnarinnar því að það kerfi er spillt og ranglátt. Þá staðreynd fengum við staðfesta frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna innan við hálfu ári eftir að sú ríkisstjórn komst á legg. Við fengum úrskurð um að framkvæmd laga um stjórn fiskveiða bryti í bága við mannréttindi. Nú bar ríkisstjórninni að svara þessu og var það gert með loforði um að stofna nefnd er kæmi með tillögur um að leiðrétta þetta misrétti og ranglæti. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar bar ekki gæfu til þess og núverandi ríkisstjórn hefur heldur ekki borið gæfu til þess.

Góðir tilheyrendur. Það er nauðsynlegt að Frjálslyndi flokkurinn komist til meiri áhrifa svo kerfinu verði breytt og þjóðin mun þá finna og sjá að hafið er ekki bara til þess að horfa á sem einkaeign að mestu örfárra aðila sem sumir hverjir eiga sína sneið í fjármálalegu hruni þjóðarinnar. Já, áður en kýlið sprakk sem einkavæðing bankanna leiddi til sögðu margir: Atvinnulíf hins íslenska samfélags byggist upp á fjórum styrkum stoðum, þ.e. sjávarútvegi, ferðamennsku, iðnaði og fjármálastarfsemi.

Svo einn daginn, herra forseti, féll sú stoð sem margir töldu þá styrkustu, fjármálastoðin mikla, en hún var reist á sandi og stóðst því ekki þá vinda og steypiregn sem á skullu. Nú er það ljóst að þjóð þessa lands horfir fram á gríðarleg verkefni og hún þarf að takast á við mikinn niðurskurð. Frjálslyndi flokkurinn leggur á það ríka áherslu að þeir sem búa við fátækt og erfiðleika verði sá hópur sem síðast verði gengið að og að það fólk sem missir þakið ofan af sér öðlist rétt til þess að búa áfram í húsnæði sínu gegn sanngjarnri leigu.

Við verðum líka að horfa á möguleika lands okkar, dugnað og áræði þjóðarinnar og standa saman í því að efla og treysta þær stoðir sem eftir standa. Á ég þá við sjávarútveg, ferðamennsku, iðnað og landbúnað og bendi á að bændur og byggðir lands okkar munu gegna hér miklu hlutverki. Já, við búum í góðu og gjöfulu landi sem getur því miður ekki státað af því að hafa átt snjalla stjórnendur og því erum við í þeim erfiðleikum sem við okkur blasa en eru þó alls ekki óyfirstíganlegir. Við munum komast á réttan kjöl ef þjóðin stendur saman í því að innleiða hér siðferði og samskipti sem grundvallast á þeim gildum sem sótt eru í siðaboðskap kristinnar trúar. Á þetta er nú vert að minnast í dymbilviku, í aðdraganda páskahátíðar sem boðar okkur sigur lífsins yfir dauðanum.

Góðir landsmenn. Flestir fréttatímar segja okkur meira og minna af efnahag, fjármálahneykslum og gjaldþrotum og hvar sem fólk kemur saman mótast umræðan mjög af þessum fréttum, en á meðan vill margt annað gleymast. Ég tel, herra forseti, að við ættum að gefa æskufólki okkar meiri gaum, huga betur að því og efla allt forvarnastarf, einkum á sviði áfengis- og fíkniefnamála, og byggja það fólk upp sem lent hefur í þeim klóm. Hér gegna skólar miklu hlutverki, íþróttafélög, þjóðkirkjan og meðferðarstöðvar eins og t.d. Hlaðgerðarkot og sú blessaða starfsemi sem er á vegum Samhjálpar, SÁÁ, Krísuvíkursamtakanna, Teigs og Ekrons. Einnig vil ég minna á nauðsyn uppbyggingar og endurhæfingar þeirra manna sem nú dvelja í fangelsum Íslands. Í kreppunni gleymist þetta oft, þetta fólk, og þá er meiri hætta á því að við sjáum unga fólkið okkar stíga inn í myrkraheim fíkniefnanna.

Herra forseti. Við sjáum í landi okkar margar byggingar hálfreistar en frá þeim heyrast engin hamarshögg lengur og mikið er nú talað um nauðsyn þess að klára tónlistarhúsið mikla hið fyrsta. Ég tel að það megi bíða um stund en í stað þess skulum við ljúka hið snarasta við Egilshöllina svokölluðu. Þar er þó mikil starfsemi og 700–800 börn koma þangað á hverjum degi til íþróttaiðkunar. Umhverfi þessa mikla mannvirkis er beinlínis hættulegt og mildi má kallast að engin meiri háttar slys hafi orðið þar á börnum. Svo stórt hverfi sem þar er og mannmargt má alls ekki bíða lengur eftir því að verk þetta klárist enda hefur það sinn tilgang í forvarnastarfi fyrir fjölda barna, ungmenna og fullorðinna.

Áheyrandi minn góður. Alþingiskosningar verða þann 25. apríl nk. Ég hvet alla sem mál mitt heyra að fylkja sér um Frjálslynda flokkinn því að hann mun ekki beygja af í mannréttindamálunum.

[21:29]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Forseti. Góðir landsmenn. Um hvað snúast alþingiskosningar á þessu vori? Hver er staðan, hvernig vinnum við okkur út úr þeim vanda sem við okkur blasir? Hvaða lausnir bjóða stjórnmálaflokkarnir fólkinu í landinu? Við ættum að vera að ræða þessi mál en þess í stað ræða hæstv. odd-

vitar ríkisstjórnarinnar það að sjálfstæðismenn hafi rætt á hinu háa Alþingi stjórnarskrána í 34 klukkustundir. Ég minni á að einn hv. þingmaður ræddi hér um Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir nokkrum árum í 10 klukkustundir samfleytt í einni ræðu.

Í allan vetur hefur tortryggni í þjóðfélaginu aukist og traust er á undanhaldi. Í allan vetur hefur verið leitað að pólitískum sökudólgum í öllum stjórnmálaflokkum, af öllum stjórnmálaflokkum. Í allan vetur hefur verið skortur á upplýstri umræðu og tillögum um aðgerðir til lausnar. Hér bera allir ábyrgð.

Hvað boðar minnihlutaríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna til lausnar á þessum vanda? Jú, stórhækkaða og nýja skatta, niðurskurð ríkisútgjalda — svokallaða blandaða leið. Vandinn er einfaldlega sá að það má ekki upplýsa hvað á að gera, hvenær á að gera það eða hvernig framkvæmdin verður. Þar af leiðandi er heldur ekki upplýst hvernig aldrað eignafólk í skuldlausum eignum á að fara að greiða eignarskattinn sinn né heldur hvenær barnafjölskyldan með 500 þús. kr. tekjur á mánuði sem sér húsnæðislánin hækka, má vænta þess að fara að greiða svokallaðan hátekjuskatt.

Þessar aðgerðir eiga að mati stjórnarflokkanna að vinna bug á hallanum og að auki væntanlega standa undir kosningaloforðum Vinstri grænna um að öll börn eigi að fá ókeypis skólamáltíðir og að fjölga beri opinberum störfum. Þannig eru a.m.k. kosningaloforðin á þeim bænum. Við skulum vona að velferðarbrúin sem Samfylkingin boðaði hér áðan hrynji ekki áður en hún verður byggð vegna ósamstöðu ríkisstjórnarflokkanna.

Við sjálfstæðismenn viljum nýta til atvinnuuppbyggingar þá þekkingu og færni, dugnað og dug sem býr í vel menntaðri og heilbrigðri þjóð sem býr við öflugt félagslegt kerfi, öfluga heilbrigðisþjónustu, gott samgöngukerfi, framsæknar atvinnugreinar og miklar náttúruauðlindir. Við trúum því að þjóðin geti, hún muni og hún vilji takast á við þau verkefni sem bíða úrlausnar af bjartsýni og þeirri eljusemi sem hefur gert henni kleift allt frá landnámi að byggja þetta harðbýla en gjöfula land.

Ég vara við þeirri bölsýni og bölmóð sem dynur á fólki úti um allt þjóðfélagið í aðdraganda næstu kosninga, talandi um það eftir 18 ára stjórnarforustu Sjálfstæðisflokksins í ágætu samstarfi við öll stjórnmálaöfl á Alþingi að þá sé allt í rúst. Hvað á þetta að þýða á sama tíma og verið er að vitna til þess að á grunni mikillar og góðrar menntunar þjóðarinnar, á grunni mikillar þekkingar á orkusviði, möguleikum virkjunar á náttúruauðlindum eigum við viðreisnar von á þessum grunni? Hvað á það að þýða á sama tíma að reyna að telja fólki trú um að hér sé allt í rúst? Það er langur vegur frá, Íslendingar eiga mjög bjarta framtíð. Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góðar stundir.

[21:33]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Það dylst engum að íslenskt samfélag á í miklum efnahagsvanda. Það er því mikilvægt að nýta allar færar leiðir út úr þessum erfiðleikum. Samþætta þarf aðgerðir til að tryggja afkomu heimilanna, auka atvinnu og tekjur en jafnframt þarf að draga úr ríkisútgjöldum.

Við stöndum frammi fyrir nýrri forgangsröðun þar sem hafa verður að leiðarljósi hag barnafólks, heimilanna, fólks sem á við fötlun að stríða, eldra fólks og sjúkra og við þurfum að hafa að leiðarljósi réttlætið, jafnréttið og lýðræðið. Samfylkingin hefur lagt áherslu á að byggja brú yfir erfiðleikana, brú sem hjálpar okkur að komast á rétta braut að nýju. Við höfum kallað þetta velferðarbrú og byggjum á velferð og vinnu. Ómetanlegar auðlindir eiga eftir að nýtast okkur vel í endurreisninni hvort sem það er mannauðurinn og menntunin, heitt eða kalt vatn, orka jarðar, sjávarauðlindir eða hreinleiki og fegurð íslenskrar náttúru og íslenskrar matvöru. Atvinna sem sparar eða skapar gjaldeyri, hefðbundnu undirstöðuatvinnuvegirnir, sjávarútvegur og landbúnaður, ásamt alls kyns iðnaði og ferðaþjónustu eru nú að nýju gulls ígildi. Tryggja þarf eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sjávar með skýru ákvæði í stjórnarskrá. Sjálfstæðisflokkurinn berst þessa dagana með málþófi gegn því ákvæði þó að sá flokkur hafi lofað því í stjórnarsáttmálum síðustu tveggja ríkisstjórna.

Endurskoða þarf úthlutun aflaheimilda með aukið réttlæti í huga. Samfylkingin vill leita sátta um uppstokkun á fiskveiðistjórnarkerfinu til að auka réttlæti og tryggja rétt íbúa sjávarbyggðanna til að njóta afraksturs auðlindarinnar. Sömuleiðis vill Samfylkingin blása til sóknar í íslenskum landbúnaði, losa þarf um ýmsar hömlur eða efla íslenska matvælaframleiðslu, m.a. með nýsköpun og fullnýtingu afurða og framleiðslu á hreinum hágæðavörum. Sóknarfærin eru fjölmörg. Samfylkingin lagði mikla áherslu á að efla sprota- og nýsköpunarfyrirtæki og hátækniiðnað í síðustu kosningum. Iðnaðarráðherra hefur fylgt því eftir m.a. með rannsóknar- og þróunarstyrkjum en jafnframt þarf að leggja áherslu á skattaívilnanir slíkra verkefna og veita fjárhagslega hvata til að fjárfesta í þessum greinum. Það verður áfram að leggja rækt við ferðaþjónustuna sem verið hefur í örum vexti undanfarin ár. Efla þarf markaðssetningu, lengja ferðamannatímann og bæta aðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Það gefst ekki tími til að ræða allt það sem gert hefur verið. Það gefst ekki tími til að ræða allar þær aðgerðir sem eru í farveginum eða eru fram undan til að bregðast við því atvinnuleysi sem við búum við. Samfylkingin gerir sér grein fyrir vandanum og ábyrgðinni á því að finna bestu leiðirnar út úr vandanum fyrir heimili og fyrirtæki. Við verðum að tryggja að okkar unga og efnilega fólk geti stundað vinnu við hæfi sem víðast á landinu. Leysa þarf vandann varðandi sumarvinnu námsmanna. Samfylkingin fer í kosningar með heildstæða stefnu, fjölda úrræða sem þegar hafa verið borin fram og munu verða borin fram undir traustri og ágætri stjórn okkar ágæta forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur. — Lifið heil.

[21:37]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Í byrjun febrúar ákváðum við framsóknarmenn að verja minnihlutastjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar falli. Við áttum okkur á því að slíkt væri ekki líklegt til vinsælda en að brýn þörf væri á því að losa þjóðina út úr þeirri stjórnarkreppu sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var komin í.

Þjóðin sat fyrir.

Við framsóknarmenn settum fram fjögur skilyrði: Í fyrsta lagi kröfðumst við þess að komið yrði á fót stjórnlagaþingi vegna þess að við teljum það einu leiðina til að byggja upp réttlátara og sanngjarnara Ísland úr rústum kreppunnar. Núna er eina tækifærið til að færa valdið til þjóðarinnar og láta hana endurskipuleggja starfshætti Alþingis. Aðeins þannig útrýmum við því ráðherraræði sem viðgengist hefur hér á landi. Aðeins þannig endurvekjum við traust almennings á Alþingi.

Allir foreldrar hafa lent í því að krakki sem ekki fær það sem hann vill, leggst á gólfið öskrandi, sparkandi og lemjandi í allar áttir. Það er algerlega útilokað að hægt sé að rökræða við barn í þannig ástandi alveg eins og það virðist til of mikils mælst að fá vitrænar samræður við sjálfstæðismenn í stjórnarskrármálinu. Ómerkilegri málflutningur hefur ekki fyrr heyrst í sölum Alþingis. Það er til eitt gott ráð sem er best til þess fallið að bregðast við óþekktinni í krakkanum og hátterni sjálfstæðismanna. Það er einfaldlega að láta þá eiga sig, gefa þeim gott, langþráð frí.

Stjórnarskrármálið er eina úrræðið til að útrýma því flokksræði sem viðgengist hefur hér á landi. Við verðum að gera alþingismönnum kleift að fylgja þeim stjórnarskrárbundnu skyldum sínum að standa á eigin sannfæringu. Það má til að mynda aldrei gerast aftur að hæstv. forseti stöðvi lýðræðislega umræðu í sölum Alþingis. Sú ákvörðun var ekki bara sú furðulegasta sem tekin hefur verið af forseta Alþingis í sögu íslenska lýðveldisins heldur einnig sú aumkunarverðasta. Hver var tilgangurinn? Það er því miður ekki til marks um það öngstræti sem löggjafarvaldið var komið í heldur um valdhroka ríkisstjórnarinnar. Því verður að breyta.

Við framsóknarmenn kröfðumst þess í öðru lagi að lagðar yrðu fram efnahagstillögur til að bjarga heimilum og fyrirtækjum landsins. Í mínum huga er það einfalt, það er bara spurning um að taka ákvörðun. Viljum við gefa eftir af skuldum heimilanna og atvinnulífsins eða viljum við missa fólk og fyrirtæki í gjaldþrot? Þeirri spurningu verður að svara áður en gengið er til kosninga. Greiðsluaðlögun og frestun gjaldþrots eru aðgerðir sem eru allra góðra gjalda verðar en þær leysa fólk ekki úr skuldasnörunni. Er ekki miklu hagkvæmara fyrir þjóðfélagið að fólkið haldi vinnunni, að fólk haldi heimilum sínum þannig að það geti haldið áfram að greiða niður skuldir sínar? 20% leiðrétting er réttlátasta og sanngjarnasta leiðin í þjóðfélagi sem hefur farið 10 skref fram úr sér. Stígum a.m.k. tvö skref til baka. Ég gef ekkert fyrir málflutning og bókhaldssvindl Steingríms J. Sigfússonar um að þessi leið muni setja Íbúðalánasjóð á hausinn. Það liggur fyrir að Íbúðalánasjóður mun aldrei fá innheimtar kröfur sem hann á útistandandi auk þess sem búið er að afskrifa stóran hluta þeirra. Við framsóknarmenn munum að sjálfsögðu standa áfram vörð um Íbúðalánasjóð.

Í þriðja lagi kröfðumst við framsóknarmenn þess að þjóðin gengi til kosninga þann 25. apríl nk. Þjóðin stendur nú frammi fyrir þeirri stóru ákvörðun um hverjir séu best til þess fallnir að leiða þjóðina úr þeim efnahagsvandræðum sem hún glímir við. Í mínum huga er miðjustjórn undir leiðsögn Framsóknarflokksins best til þess fallin. Það er brýn þörf á því að í ríkisstjórn verði stjórnmálaflokkur sem þorir að taka erfiðar ákvarðanir eins og við framsóknarmenn höfum sýnt og sannað að við erum reiðubúnir að gera.

Þegar við ákváðum að verja minnihlutastjórnina falli var það ekki síst í ljósi þess að við töldum nauðsynlegt að gefa Sjálfstæðisflokknum frí. Þjóðin þarf nauðsynlega á því að halda og Sjálfstæðisflokkurinn einnig. Ég vil að hér verði mynduð félagshyggjustjórn án aðkomu sjálfstæðismanna. Það verður með einum eða öðrum hætti að vinda ofan af þeirri frjálshyggju sem tröllriðið hefur samfélaginu með tilheyrandi ofurlaunum, skattaskjólum og sjálfhverfum útrásarvíkingum. Fyrir þá sem eru efins um fullyrðingar mínar vil ég benda á að við framsóknarmenn getum nú þegar myndað þriggja manna meiri hluta með Sjálfstæðisflokknum og frestað kosningum. Það ætlum við ekki að gera og það munum við ekki gera.

Ég vil taka þátt í því að byggja upp réttlátt og sanngjarnt þjóðfélag. Ég vil að í þannig þjóðfélagi fái allir notið jafnréttis í víðasta skilningi þess orðs. Ég vil að börnin okkar fái öll notið menntunar og heilbrigðisþjónustu óháð efnahag, stöðu og búsetu foreldra þeirra. Ég vil líka að við tökum mið af hagsmunum hvers landshluta fyrir sig í stað þess að keyra eina stefnu yfir allt þjóðfélagið. Hagsmunir hvers landshluta eru mismunandi og við eigum að vinna út frá styrkleika hvers svæðis í stað þess að einn landshluti rísi á kostnað annars.

Góðir landsmenn. Samvinna og samstillt átak er næst á dagskrá.

[21:43]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Ágætu landsmenn. Fram undan er mikið verk að vinna. Í hönd fara einar afdrifaríkustu kosningar í áratugi. Átján ára samfelldum valdatíma Sjálfstæðisflokksins er loksins lokið og þjóðin stendur á vissan hátt á krossgötum. Valið stendur annars vegar um nýfrjálshyggjuna og græðgina sem hrundi yfir þjóðina síðastliðið haust og hins vegar um framtíð með nýjum gildum og nýrri sýn. Meðal þessara gilda eru heiðarleiki og ábyrgð. Við höfum reynt að hafa þessi gildi í stafni þeirrar ríkisstjórnar sem við Vinstri græn höfum átt aðild að í rúma tvo mánuði og þannig verður það líka hjá þeirri ríkisstjórn sem við Vinstri græn stefnum að því að mynda eftir kosningar.

Stærstu tækifærin í endurreisn atvinnulífs þjóðarinnar og efnahagslífsins liggja ekki hvað síst á landsbyggðinni, í auðlindum þjóðarinnar til lands og sjávar. Við þurfum að tryggja íbúum landsins alls jafnræði óháð búsetu, bæta samgöngur og umferðaröryggi, jafna flutningskostnað og koma á háhraðatengingum um allt land. Það er sanngirniskrafa að stuðlað verði að jöfnun orkuverðs og tryggt aðgengi að raforku um allt land.

Tryggja þarf þjóðareign á fiskveiðiauðlindinni. Við erum staðráðin í að vinda ofan af núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, tryggja vernd fiskstofnanna og byggðatengja fiskveiðiheimildirnar að hluta. Við Vinstri græn viljum skapa fleiri tækifæri í sjávarbyggðunum, t.d. með því að auka smábátaútgerð, fullvinnslu aflans innan lands, stuðla að fiskeldi og vistvænum og sjálfbærum veiðum. Rétt íbúanna

í sjávarbyggðunum til nýtingar auðlindanna meðfram ströndum landsins verður að tryggja, sömuleiðis nýliðun í sjómannastéttinni.

Blása þarf til sóknar í landbúnaði og matvælaframleiðslu með bættu rekstrarumhverfi, markaðsátaki og stuðningi við nýjungar á borð við upprunamerkingar, heimaframleiðslu og lífræna ræktun. Efla þarf kornrækt, garðyrkju og skógrækt. Ég hef nefnt innlenda áburðarframleiðslu. Það er lífsnauðsyn að standa vörð um matvæla- og fæðuöryggi þjóðarinnar og tryggja störfin í matvælaiðnaði og því höfnum við hinu illræmda matvælafrumvarpi frá Evrópusambandinu.

Velferðarmál eru atvinnumál. Standa þarf vörð um störf í heilbrigðis- og menntakerfi um allt land. Skapa þarf ný störf með mannaflafrekum framkvæmdum í viðhaldi og endurbótum og verkefnum í anda sjálfbærrar þróunar.

Ferðaþjónustan er nú þegar ein stærsta atvinnugrein landsmanna með um 180 milljarða kr. veltu á síðasta ári. Nú er kominn tími til að gera Ísland að enn eftirsóttari áfangastað ferðamanna allan ársins hring. Þar liggja mikil sóknarfæri.

Má ég minna á skipaiðnaðinn, úrvinnsluiðnaðinn, umhverfistækni og með því að nýta hvers konar svæðisbundnar náttúruauðlindir með sjálfbærum hætti. Það eru gjörbreyttir tímar. Við verðum að efla allt sem innlent er.

Góðir landsmenn. Ég var á Ísafirði í gær. Þar kom til mín maður sem vissulega átti í kröggum en var þó bjartsýnn. Jón, sagði hann, við erum reiðubúin til að herða ólina, berjast í gegnum erfiða tíma ef við getum verið þess fullviss að ekki verði aftur snúið til þess ómanneskjulega ástands sem var fyrir hrunið.

Góðir áheyrendur. Við eigum okkur bjarta framtíð ef haldið er rétt á málum. Landið okkar er ríkt af auðlindum, náttúrufegurð, sögu og menningararfi. Við Vinstri græn bjóðum fram vaska sveit kvenna og karla við kosningarnar í vor. Fram undan er sameiginleg ferð okkar inn í framtíðina og vorið. Við leggjum okkur öll undir. Við leitum ykkar stuðnings, áheyrendur góðir, við að skapa okkur öllum vinstri grænt vor. — Góðar stundir.

[21:48]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Það er óþarfi að fjalla hér um af hverju staða okkar er eins og hún er í dag. Nú er þörf á því að við tölum um lausnir sem geta leitt okkur út úr þeim vanda sem við erum í.

Það er augljóst mál að við verðum að skera niður í opinbera geiranum og við verðum jafnvel að hækka skatta á suma. En það sem ekki er hvað síst nauðsynlegt að gera er að auka tekjur þjóðarinnar og spara gjaldeyri eins og hægt er. Hvernig förum við að því?

Við höfum möguleika á að auka fiskveiðar í flestum tegundum og því ættu tekjur þjóðarinnar að geta aukist um 70–80 milljarða. Það er ekki bara hagur sjómanna, fiskvinnslufólks og útgerðarmanna að auka tekjur af fiskveiðum og vinnslu. Það er hagur okkar allra því að þessi tekjuaukning mun auka skatttekjur til ríkisins, útsvarstekjur og hafnargjöld til sveitarfélaga og fleiri störf koma til með að verða í boði í greininni. Við í Frjálslynda flokknum viljum innkalla allar veiðiheimildir og leigja síðan út til útgerðarmanna og við viljum að allur fiskur verði seldur í gegnum fiskmarkaði.

Við í Frjálslynda flokknum viljum einnig aðskilja veiðar og vinnslu og við leggjum mikla áherslu á það að handfæraveiðar verði gefnar frjálsar yfir sumarmánuðina. Einnig vil ég nefna að það liggja miklir möguleikar í aukinni atvinnusköpun í tengslum við þorskeldi og kræklingaeldi sem við viljum stuðla að með öllum ráðum.

Herra forseti. Við í Frjálslynda flokknum leggjum til breytingar við það kvótakerfi sem nú er við lýði í landbúnaði. Við leggjum í því sambandi áherslu á að í stað beingreiðslna og framleiðslustyrkja verði komið á búsetustyrkjum, þ.e. grænum styrkjum. Þeim er ætlað að tryggja búsetu í hinum dreifðu byggðum landsins í stað þess miðstýrða kerfis sem nú er við lýði þar sem bændur geta hvorki framleitt né selt afurðir án þess að ríkið komi þar við sögu. Í landbúnaði eru miklir möguleikar í tengslum við nýja framleiðslu. Sem dæmi í því sambandi nefni ég kornrækt og aukningu í framleiðslu á grænmeti fyrir innanlandsmarkað. Til að svo geti orðið þarf að lækka raforkuverð til garðyrkjubænda. Til að spara gjaldeyri þurfum við að stofna grasköggla- og áburðarverksmiðjur sem anna innanlandsþörf.

Tryggja verður nýliðun í grunnatvinnuvegum þjóðarinnar í landbúnaði og sjávarútvegi og því er mikilvægt að breyting verði gerð á núverandi kerfum. Við verðum einnig að nýta orkuna sem finnst í iðrum jarðar og er til staðar í fallvötnum, til raforkuframleiðslu, raforku sem við getum nýtt til atvinnuuppbyggingar í tengslum við iðnað sem þarfnast mikillar orku. Í þessu sambandi nefni ég álver, áliðngarða, álþynnuverksmiðju, og netþjónabú sem dæmi. Við verðum að koma framkvæmdum í gang við álver í Helguvík og á Bakka.

Í ferðamannaiðnaðinum eru einnig miklir möguleikar á að auka tekjur og ber þar að nefna þá aukningu sem þegar hefur orðið í þeirri grein sem hefur lagt áherslu á sjávartengda ferðaþjónustu. Þetta form á ferðamannaiðnaði hefur sýnt sig vera atvinnuskapandi í þeim sjávarbyggðum sem nú þegar bjóða upp á þessa þjónustu. Það er nauðsynlegt að slíkum fyrirtækjum verði gert kleift að stunda þessa starfsemi og ríkið leggi ekki stein í götu þessara fyrirtækja eins og nú er gert ráð fyrir með því að kvótasetja þann fisk sem veiddur er í tengslum við þennan iðnað.

Kæru landsmenn. Möguleikar okkar til atvinnusköpunar eru miklir. Það eru miklir tekjumöguleikar í nýsköpun sem tengist sprota- og hátæknifyrirtækjum. Það byggir allt á því að við eigum og verðum að nýta þau mikilvægu verðmæti þjóðarinnar sem felast í vel menntuðu ungu fólki, þ.e. í mannauðnum.

Kæru landsmenn. Við göngum nú í gegnum miklar þrengingar en munum með sameiginlegu átaki vinna okkur út úr þeim. Forsenda þess er að við tryggjum atvinnu fyrir alla og getum með því móti nýtt og notað þær náttúruauðlindir sem eru sameign þjóðarinnar.

Kæru landsmenn. Flokkar eiga að vera fyrir fólk en ekki öfugt.

[21:54]

Útbýting:

Peningamarkaðs- og skammtímasjóðir, 253. mál, skýrsla viðskrh., þskj. 925.

Fundi slitið kl. 21:54.

---

130. FUNDUR

miðvikudaginn 8. apríl,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning tveggja aðalmanna í yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis, í stað Guðjóns Ægis Sigurjónssonar og Jóns Inga Haukssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

2. Kosning tveggja varamanna í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður, í stað Tryggva Agnarssonar og Ernu Hjaltested, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

3. Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis, í stað Sigurjóns Björnssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

4. Stjórnarskipunarlög, frv., 385. mál, þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805, 882 og 917. — Frh. 2. umr.

5. Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, frv., 461. mál, þskj. 859, nál. 919. — 2. umr.

6. Tekjuskattur, stjfrv., 410. mál, þskj. 695, nál. 798. — 2. umr.

7. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 411. mál, þskj. 696, nál. 903 og 911, brtt. 912. — 2. umr.

8. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 409. mál, þskj. 693, nál. 857, brtt. 858. — 2. umr.

9. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, stjfrv., 359. mál, þskj. 610, nál. 860. — 2. umr.

10. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 664, nál. 884 og 910. — 2. umr.

11. Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 366. mál, þskj. 868, frhnál. 922. — 3. umr.

12. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 852, brtt. 865. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.

Um fundarstjórn.

Mál á dagskrá, lengd þingfundar o.fl.

[10:02]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Dagskrá undanfarinna daga hefur orðið tilefni til þess að maður hefur undrast það hvernig forseti hefur raðað upp dagskrá. En það er ekki síður í dag þegar búið er að ryðja út af dagskrá þingsins þeim hefðbundnu liðum sem við byrjum alltaf á, sem eru annaðhvort óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra — en það hefði verið mjög vel við hæfi núna á síðasta degi fyrir páska að geta beint spurningum til hæstv. ráðherra og í öðru lagi ef ráðherrar víkjast undan því að svara spurningum þingmanna þá hefði verið í lófa lagið fyrir hæstv. forseta að hafa á dagskrá liðinn Störf þingsins.

Það er gert er ráð fyrir því alla þingdaga að við byrjum annaðhvort á liðnum Óundirbúnar fyrirspurnir eða Störf þingsins. Þess vegna vil ég inna hæstv. forseta eftir því hvað hann hyggist fyrir í áframhaldandi þinghaldi. Er hann að umturna öllum okkar venjum og þingsköpum með stjórn sinni?

[10:03]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég átti von á því að fundir mundu byrja í dag annaðhvort með umræðu um störf þingsins eða öllu heldur og mun frekar jafnvel óundirbúnum fyrirspurnum því það er full ástæða til að beina fyrirspurnum til hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég átti von á því að hann yrði hér í dag þar sem hann var ekki á mánudaginn var. Í dagblöðunum í dag eru ýmsar fréttir sem þörf er á að bera undir hæstv. ráðherra og m.a. eru fréttir á forsíðu *Fréttablaðsins* í dag um lífeyrissjóðina sem hugsanlega munu koma að fjármögnun á byggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss. Síðan höfum við þingmenn ítrekað gengið eftir því hvað líði fjárlögum, líði áætlun um niðurskurð í heilbrigðisþjónustunni. Það hefur verið afar fátt um svör og það kemur fram í dagblöðunum í dag að á fundi með heilbrigðisstarfsmönnum í gær hafi engin svör fengist um áætlanir ráðherra um hvernig standa eigi að niðurskurði í heilbrigðisþjónustunni og jafnvel eru upplýsingar um hækkun lyfjakostnaðar. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég sakna þess að fá ekki tækifæri í dag til að beina fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra.

[10:04]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti ákvað að sleppa þessum dagskrárlið í von um að við gætum drifið áfram störf þingsins. Það er auðvitað kominn sá tími að við þurfum að fara að ljúka þinginu og það er mikilvægt að koma þeim málum sem hér hafa verið til umræðu áfram.

Ég vil líka upplýsa að forseti mun hitta formenn þingflokkanna í hádegishléi og ræða fundahöldin í dag og reyna að ná samkomulagi um það hvernig við förum með mál þannig að við getum farið að ljúka þessu vetrarþingi.

[10:05]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Hér erum við í dymbilvikunni, það er

skírdagur á morgun og mér skilst að þetta sé í fyrsta skipti sem þing er haldið á miðvikudegi fyrir skírdag. (Gripið fram í.) Það kann að vera misskilningur, hv. þm. Mörður Árnason veit þá betur en mér skilst alla vega að það muni vera fátítt. Ég spyr þess vegna þar sem margir hafa gert ráð fyrir að verja deginum með öðrum hætti, hvað er meiningin að fundur standi lengi í dag? Það skiptir gríðarlega miklu máli að við fáum upplýsingar um það hvað fundur á að standa lengi fram eftir deginum í dag. Það er ekkert vandamál að vera hér ef þess er óskað en ég spyr forseta vegna þess að hann ræður því með hvaða hætti og hvernig hann hagar störfum þingsins. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu er það ekki þannig, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, að við ráðum því með hvaða hætti þinghald er. Það er í höndum forseta þingsins og þess vegna spyr ég forseta þingsins: Hvað á þingið að standa lengi áfram í dag?

[10:06]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti hefur þegar svarað því að hann mun á fundi kl. eitt með formönnum þingflokka ákveða það.

[10:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka það að forseti hyggist hafa eitthvert samráð við þingflokksformenn um það hvernig eigi að ljúka þinghaldinu fyrir páska. Það er þá kannski von til þess að fá fréttir af því hjá forseta á þeim fundi hvernig hann hyggist yfir höfuð ljúka þessu þinghaldi eða er hæstv. forseti að gefa það í skyn að hann muni ljúka þinghaldi á þessum degi eða þessum sólarhring? Það væri áhugavert að fá að vita það.

En ég ítreka að ég hefði talið að það væri við hæfi að geta borið fram fyrirspurnir til hæstv. ráðherra sem hafa sýnt þinginu þann heiður að mæta í þingsalinn, þ.e. hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. félagsmálaráðherra. En það eru ekki aðrir sem hafa sýnt sig hér og hafa ekki verið að sýna sig þótt þannig standi á hjá þessum hæstv. ráðherrum að mæta núna, þeir hafa ekki verið mjög duglegir fram að þessu en (Forseti hringir.) ég vil hrósa þeim núna.

[10:08]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Mér þykir það mjög miður að menn ætli ekki að láta ráðherrana svara fyrir það sem þeir eru að gera. (**Gripið fram í:** ... bara ekki að gera neitt.) Það er einmitt vandamálið. Hæstv. ráðherrar virðast ekki gera neitt. Nú er gengi krónunnar t.d. í frjálsu falli og ég vildi gjarnan spyrja hæstv. viðskiptaráðherra eða hæstv. fjármálaráðherra hverju það sætir og hvort þeir viti eitthvað meira en við um það hvað er að gerast á gjaldeyrismarkaði. Þetta skiptir þjóðina verulega miklu máli. (Gripið fram í.) Herra forseti, ég fæ ekki að tala fyrir gjammi. Þetta skiptir verulega miklu máli fyrir þá sem skulda í erlendri mynt og mér finnst að ráðherrarnir skuldi þinginu upplýsingar.

Menn hafa líka mikið talað um ráðherraræði og að ráðherrarnir stjórni öllu og þingið sé ekki nógu sterkt. Mér finnst að forseti sé einmitt að gangast inn á það með því að láta ráðherrana ekki svara fyrir eins og venja er til.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805, 882 og 917.

[10:09]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Við erum áfram að ræða um stjórnarskrá lýðveldisins. Í fyrri ræðu minni fór ég yfir frumvarpið sem slíkt, fór yfir einstök atriði frumvarpsins og spurði margra spurninga sem ekki hefur verið svarað enn, herra forseti, og ekki síst um stjórnlagaþingið en í því eru gríðarlega mörg atriði algerlega óljós og hefur ekki verið svarað til um. Það eru margir þættir bæði varðandi kosningu til stjórnlagaþingsins, hvernig því verður stjórnað o.s.frv. Síðan sé ég að í nefndaráliti frá meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál er verið að ræða um kosningu til stjórnlagaþingsins og þar stendur, með leyfi forseta, ef ég má lesa það upp:

„Í drögum að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing sem er fylgiskjal með frumvarpi til stjórnskipunarlaga er lagt til að kosið verði persónukjöri á þingið. Meiri hlutinn leggst ekki gegn slíkri kosningu en áréttar þó mikilvægi þess að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar."

Það er eins gott að það verði ekki sóttir einhverjir Norðmenn til að sitja þar. Það væri kannski eftir því sem víða er gert í kerfinu í dag.

„Ný stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mun verða stjórnarskrá þjóðarinnar allrar. Enda þótt aðkoma almennings alls verði tryggð, t.d. með opnum fundum, upplýsingagjöf og málþingum og að auðvelt verði að senda inn umsagnir, þarf jafnframt að tryggja að á þinginu sjálfu sitji þjóðin öll eða fulltrúar hennar." — Það er verið að tala um að 41 eigi að sitja á þessu þingi en ekki þjóðin öll. — „Meiri hlutinn telur því mikilvægt að reglur um persónukjör verði með þeim hætti að tryggt verði að fulltrúar landsbyggðar og landshluta fái sæti, hvort sem það verður gert með ríkari reglum um kjör eða reglum um einhvers konar jöfnunarsæti. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að reglur um kjörið verði með þeim hætti að tryggt verði eins og hægt er jafnt kynjahlutfall á þinginu."

Vægast sagt finnst mér þetta afskaplega óljóst, herra forseti, hvað hér er átt við. Eigum við kannski eftir að sjá fram á að það verði hreinlega enginn af landsbyggðinni á þessu stjórnlagaþingi? Það verði einvörðungu þekktir aðilar úr þjóðfélaginu, héðan af höfuðborgarsvæðinu og enginn af landsbyggðinni vegna þess að þetta er gersamlega skilið eftir opið í því frumvarpi sem liggur fyrir og það er ekki hægt að sjá að það sé neitt gengið frá þessum málum. Þess vegna má ætla að það verði enginn fulltrúi landsbyggðarinnar á þessu stjórnlagaþingi. Svo er talað um það aftur og aftur að þetta eigi að vera opið, lýðræðislegt og allir eigi að koma að málum. Það er bara einfaldlega ekki þannig. Það er verið að skauta hægt og rólega í kringum það í þessari grein að hugsanlega þurfi, svona eftir á þegar menn eru farnir að skoða málið betur, að hugsa til þess að landsbyggðin eigi að koma þarna að málum. En það er gersamlega skilið eftir og mér sýnist því málið verða þannig að það verði enginn á þessu stjórnlagaþingi af landsbyggðinni. Það er einfaldlega þannig. Það er á engan hátt ásættanlegt

og það þarf að ráða bót á því. Það þarf að breyta eins og ég legg til í raun, herra forseti, að þetta mál allt verði tekið af dagskrá, sett í nefnd aftur, unnið betur og tekið fyrir á næsta þingi. Það er ekkert vit í því að vera að afgreiða þessi mál í svo mikilli ósátt sem raun ber vitni, algerri ósátt. En það er merkilegt nokk að það er vilji þeirra sem hér standa að minnihlutastjórn, að afgreiða þetta í ósátt og hafa ósætti um stjórnarskrá lýðveldisins á Alþingi og það er mjög slæmt mál.

Stjórnarskráin er grundvöllur stjórnskipulags íslenska lýðveldisins. Hún mælir annars vegar fyrir um reglur er fjalla um vald, handhafa ríkisvaldsins, þ.e. löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds og hins vegar um mannréttindi borgaranna og þær takmarkanir og skyldur sem hvíla á handhöfum ríkisins gagnvart almenningi í landinu. Mér finnst að sú minnihlutastjórn sem situr hér skauti algerlega yfir þetta og þessi grunnlög samfélagsins sem við erum að fjalla um skipti engu máli. Það er ekki verið að fjalla um vatn eða einkavæðingu einhverra ríkisfyrirtækja eða einhver smámál. Nei, aldeilis ekki. Þetta eru grunnlög samfélagsins sem við erum að fara yfir.

Mér finnst, herra forseti, að það vald sem stundum hefur verið kallað þriðja og fjórða valdið í samfélaginu, sem eru fjölmiðlarnir, hafi ekki sinnt verkefni sínu að kynna fyrir þjóðinni hvað hér um ræðir. Það hefur ekki á nokkurn hátt komið fram í fjölmiðlum á Íslandi hvað við erum að tala um. Það sem fyrst og fremst hefur komið fram er að Sjálfstæðisflokkurinn standi fyrir málþófi. Það er verið að tala um það í fjölmiðlunum að verið sé að standa fyrir málþófi vegna þess að við sjálfstæðismenn séu að einhverju leyti á móti málinu. (Gripið fram í.) Jú, að sjálfsögðu. En við erum að reyna að fá þingið og þjóðina til að skilja hvers vegna og hvað það er sem við erum á móti og þar segi ég klárt: Fjölmiðlarnir hafa ekki staðið sig í því að kynna fyrir þjóðinni hvað það er sem við erum að ræða hér og hvar ágreiningurinn er í þessu máli. Það er afar slæmt og mjög sérstakt að fjölmiðlarnir hafa ekki lagt sig meira fram um að kynna fyrir þjóðinni hvað hér um ræðir. (**Gripið fram í:** ... heilsíðuauglýsing í *Morgunblaðinu* í dag ...) (Gripið fram í.) Ég vænti þess, herra forseti, að vinstri grænir sem gjamma hér fram í fái að komast á dagskrá á eftir en þeim er einmitt illa við það sem ég er að tala um og þess vegna þola þeir ekki að um þetta sé talað. Þá er um að gera, annars vegar að fara úr salnum eða fá sér örlítið í nefið til að geta afborið þetta. Fjölmiðlarnir á Íslandi hafa ekki staðið sig í því að kynna þetta mál fyrir samfélaginu og það er slæmt.

Það er nefnilega þannig að hér er um mikið valdaafsal á Alþingi að ræða. Það er verið að útvista, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni, það er verið að útvista verkefnum frá Alþingi Íslendinga til þings sem enginn veit hvernig á að stjórna og það veit enginn í raun og veru hvernig á að fara með niðurstöður frá því þingi. Það er staðreyndin. Ég minnist þess hér þegar verið var að útvista verkefnum frá ríkisstofnunum þá kom hæstv. heilbrigðisráðherra upp sem formaður BSRB og talaði um það lengi að það mætti ekki útvista verkefnum frá ríkisstofnunum til einkaaðila en hér er verið að útvista verkefnum frá Alþingi sem kosið er af þjóðinni og þeirri grunnstofnun samfélagsins sem Alþingi er, löggjafarvaldið. Það er verið að útvista verkefnum. Það er verið að útvista því að stjórnarskráin sem eru grunnlögin eigi að vinna af nýju þingi, og það er þannig farið með málið að þingið leitar umsagnar hjá Alþingi. Að hugsa sér. Það á að leita umsagnar þjóðkjörinna fulltrúa. Þetta er annars vegar mikið valdaafsal þingsins sem fyrirfinnst hvergi í öðrum þjóðþingum. Þetta mál gengur auðvitað ekki upp og það er þess vegna sem við ræðum þetta og viljum fara yfir málið.

Það er talað um málþóf eins og ég sagði áðan, herra forseti. Við erum þó ekki búin að ræða nema brot af þeim tíma sem einstaka þingmenn stjórnarliðsins minni hluta stjórnarinnar ræða á vetrum. Hæstv. fjármálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra talar í fleiri klukkutíma, tugi klukkutíma á hverjum vetri. Hann á metið í ræðustól á Alþingi síðustu 17 ár. Það hefur enginn talað meira en hann. Hæstv. forsætisráðherra talaði í einni ræðu rúmar 10 klukkustundir. Það var ekki málþóf, nei, nei, það var ekki málþóf. Um hvað var talað í 10 klukkustundir? Það veit það enginn í dag, sennilega. (**Forsrh.:** Húsnæðismál, var það ekki?) Já, það var einmitt um húsnæðismál. En það minnist þess enginn. Og hvaða gagn hafði það þá? Við erum að ræða grunnlögin, stjórnarskrána. Þegar talað er um málþóf þá vil ég geta þess að þetta er önnur ræða mín varðandi stjórnarskrármálið. Fyrri ræðan var 40 mínútur og þessi er 20 mínútur. Svo kalla menn þetta málþóf. Það er algerlega út í hött að þingmenn fái ekki að tjá sig um svona viðamikið mál.

Þess vegna held ég, herra forseti, að við eigum að taka þetta mál af dagskrá, afgreiða það síðar, setja það í nefnd, vinna það betur, reyna að ná sátt um málið. Það undrar mig að hæstv. forsætisráðherra skuli ekki taka af skarið og vera sá leiðtogi fyrir þjóðina á þeim tímum sem við upplifum nú að taka málið út af dagskrá og reyna að vinna það betur. Nógur er tíminn í sumar þegar bjart er allan sólarhringinn. Menn ættu að leggja sig fram um að reyna að ná sátt í málinu og fara yfir málið þá með tilliti til þess. Nei, í staðinn er verið að setja það á dagskrá aftur og aftur og halda frá dagskrá þingsins mörgum málum sem eru mjög mikilvæg fyrir samfélagið, mjög mikilvæg fyrir heimilin, fjölskyldurnar og fyrirtækin. Það eru mál sem bíða á dagskránni og eru búin að bíða alla vikuna í raun og menn skeyta engu um það og mikilvægi þeirra mála.

Hv. þingmaður kom upp áðan um fundarstjórn forseta, hv. þm. Pétur H. Blöndal, og talaði um gengi íslensku krónunnar, hvað væri að gerast þar. Hæstv. ráðherrar, það er enginn í þingsal, það er enginn, það kæra sig allir kollótta um málið. Er þetta ekki mikilvægara en svo að enginn er viðstaddur, það að ætla að breyta grunnlögum samfélagsins og afsala Alþingi þeim rétti að hafa með stjórnarskrána að gera, útvista því verkefni? Þvílík uppgjöf hjá þeirri ríkisstjórn sem nú situr að treysta ekki þjóðkjörnum þingmönnum á Alþingi Íslendinga til að vinna það mál. Nei, kergjan og þrjóskan er þvílík að það nær ekki nokkru tali hvernig menn vinna þetta mál.

Og fjölmiðlarnir eru í þagnarbindindi um málið. Hvers vegna í ósköpunum eru ekki teknir upp þættir, vandaðir fréttaskýringaþættir þar sem farið er ofan í málið þannig að þjóðin sjálf fái að vita um hvað málið snýst og þjóðin geti hugsað málið um páskahelgina og séð nákvæmlega hvernig

málið liggur? Ég er sannfærður um það, herra forseti, að það eru fæstir í samfélagi okkar sem hafa kynnt sér málið og hafa haft tök á því að kynna sér málið. Ég er hins vegar með þykkan bunka, þykka möppu af gögnum sem eru umsagnir aðila vítt og breitt úr samfélaginu, úr fagsamfélaginu, af því að ég horfi á hv. þm. Atla Gíslason, úr samfélagi lögmanna þar sem menn eru á móti þeirri breytingu sem hér er verið að gera. (**AtlG:** Það er rangt. Það er beinlínis rangt, lestu umsagnirnar.) Það er ekki rangt. Ég hef lesið umsagnirnar og úrdrátt úr þeim umsögnum sem hér eru. Það er ekki þannig. Það er langtum meiri hluti þeirra (Gripið fram í.) sem gefa umsögn um þessar stjórnarskrárbreytingar eru á móti og menn segja: Takið þið tíma. Umsagnartíminn er of stuttur. Ég held að það sé rétt, herra þingmaður Atli Gíslason, það voru fimm virkir dagar gefnir til umsagnar um þetta viðamikla mál, grunnlög samfélagsins, fimm virkir dagar voru gefnir. Það eru allar umsagnir nema frá tveimur aðilum sem lúta að því að umsagnartíminn hafi verið of skammur og menn vilji skoða málin miklu betur.

En hvað er það virkilega sem gerir það að menn vilja fara svona flausturslega yfir málið og klára það í óeiningu? Hvað er það í raun og sanni? Er það bara að Framsóknarflokkurinn vildi koma stjórnlagaþingi á og hafði það sem sitt eina mál til að styðja þessa minnihlutaríkisstjórn? Eða er það eitthvað annað? Er það aðildin að Evrópusambandinu? Það er eitthvað annað að baki sem gerir það að verkum að mönnum liggur svona á og menn vilja kljúfa niður grunnstoðir samfélagsins, grunnlög samfélagsins? Það er verið að útvista grunnlögum samfélagsins frá Alþingi Íslendinga til stjórnlagaþings sem enginn veit enn hvernig á að kjósa til og hvernig á að starfa. Stjórnlagaþing á sjálft að útbúa sér reglu til að starfa eftir. (**AtlG:** Það er líka rangt.) Það er bara þannig. (**ÁI:** Ég held að hann ætti að kynna sér málið.) (Gripið fram í.) Já, þingmaðurinn hefur kynnt sér þessi mál.

Hér er einfaldlega verið að vinna flausturslega og í síðari ræðu minni um þetta mál ætla ég að lesa upp úr þeim umsögnum sem hér eru. Það er nógur tími til þess. Hér eru umsagnir og hér eru orðræður þeirra manna sem hafa gefið umsögn og margir af félögum mínum búnir að lesa upp úr þeim og ég ætla ekki að endurtaka það. Það eru margir búnir að lesa upp þær umsagnir sem hafa borist og þær eru nánast allar neikvæðar. Þar er sagt að málið sé flausturslega unnið og af fljótfærni og það þurfi að ná sátt um málið. Síðustu 50 ár hefur verið sátt um allar þær breytingar sem gerðar hafa verið á stjórnarskránni. Nú vilja menn fara í breytingar, vitandi að ekki er sátt um málið og vitandi að það er ekki sátt úti í þjóðfélaginu. Umsagnaraðilar hafa ekki verið sáttir með þann hraða og þá fljótfærni sem hér liggur að baki. Þess vegna, herra forseti, er mjög mikilvægt að þessi mál verði kynnt fyrir þjóðinni og mér finnst skorta á að fjölmiðlarnir, ríkisfjölmiðlarnir auðvitað sérstaklega, það eru þeir sem við höfum eitthvað yfir að segja, kynni málið fyrir þjóðinni þannig að fólk viti hvað um ræðir varðandi stjórnarskrárbreytinguna og hver munurinn er á milli þeirra sem vilja að málið bíði og verði skoðað betur og þeirra sem vilja klára það.

[10:29]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi segja að ég að harma það enn og aftur að hæstv. forseti skuli sitja fast við sinn keip og halda sig við þá ákvörðun, sem virðist vera ákvörðun meiri hluta Alþingis, þ.e. minnihlutaríkisstjórnarinnar með fylgihnetti sínum Framsóknarflokknum, að gera það mál sem við ræðum hér, stjórnarskipunarlögin, að því forgangsverkefni sem Alþingi á að glíma við.

Við þurfum ekki annað en að lesa yfir dagskrá þingsins eins og hún liggur hér fyrir til að sjá að fjölmörg mál eru á dagskrá og fleiri raunar sem hægt væri að vinna að sem lúta beint að hag heimila og fyrirtækja og að efnahagslífinu sem öllum er ljóst nema þá meiri hluta Alþingis að þessu sinni að eru brýnustu málin og þau mál sem við ættum að vera að ræða hér.

Það er kannski af sérstakri tillitssemi við þingmenn Vinstri grænna sem málið Heimild til samninga um álver í Helguvík er haft númer 10 á dagskrá til þess að þeir þurfi ekki að opinbera fyrir alþjóð enn og aftur þann mikla ágreining sem uppi er í ríkisstjórnarflokkunum þar sem um er að ræða stjórnarfrumvarp (Gripið fram í.) sem hefði verið fellt á jöfnu ef greidd hefðu verið um það atkvæði í ríkisstjórninni. Og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, sem sérhæfir sig í frammíköllum en vælir svo undan því þegar hún sjálf sætir einhverjum frammíköllum, er að reyna að trufla mig í þessari ræðu en tekst það auðvitað ekki því að ég þarf einfaldlega að koma því til skila að hv. þingmaður er eins og flokkur hennar á móti því að beita skattaívilnunum til að draga hingað að erlent fjármagn til að stuðla að atvinnuuppbyggingu en hefur hins vegar komið auga á að það er hægt að drepa niður atvinnustarfsemi með því að skattleggja hana eins og fréttir frá gærdeginum bera með sér.

Það er auðvitað svo, virðulegi forseti, að við hefðum þurft að ræða þau mál sem hér eru á dagskrá líka í ljósi þess að við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegri stöðu sem öllum er ljós. Við vorum að heyra það núna fyrir einum og hálfum tíma síðan að hin nýja peningamálastefnunefnd Seðlabankans var að taka ákvörðun um að lækka stýrivexti um eitt og hálft prósentustig. Þetta er gert þrátt fyrir að vitum að hér er ekki raunveruleg verðbólga í landinu. Ef þriggja mánaða tímabil er framreiknað blasir við að verðbólgan er kannski 1, 2, 3 prósentustig eða eitthvað á þeim grunni en engu að síður eru stýrivextir hér upp úr hæstu hæðum. Og ástæðan fyrir því að hin nýja peningamálastefnunefnd getur ekki tekið aðra ákvörðun eða hefur ekki treyst sér til að taka aðra ákvörðun en hún gerði í morgun er auðvitað sú að hér er allt að fara í fár. Gengi íslensku krónunnar virðist vera komið í frjálst fall. Frá því um áramót hefur gengi krónunnar lækkað um fimmtung, um 20%, og nú eru menn að spá því að við séum einungis að sjá hér byrjunina.

Það er af þessum ástæðum sem við erum að komast í þetta mikla öngstræti. Peningamálastefnunefndinni, sem hefur m.a. það lögbundna verkefni sem kveðið er á um í lögum um Seðlabankann, er auðvitað mjög þröngur stakkur skorinn í ljósi þess að hún er líka að reyna að tryggja það að gengi krónunnar haldist sem stöðugast. Ríkisstjórnin er auðvitað orðin sjálfstætt efnahagsvandamál sem kemur í

veg fyrir að hægt sé að lækka stýrivexti eins og þörf er á og samfélagið allt kallar eftir, hvort sem það eru heimilin eða fyrirtækin.

Við hefðum því þurft að ræða hér efnahagsmálin sem eru aftar á dagskránni til að reyna að leggjast á árarnar sameiginlega um það að vinna okkur út úr þessum vanda. Hins vegar virðist það vera pólitísk niðurstaða stjórnarmeirihlutans með fylgihnetti sínum að þau mál geti beðið, að þau mál eigi ekkert að ræða. Að miklu brýnna sé að takast á við það að setja stjórnarskrá, illa unnin stjórnarskrárákvæði þar sem kveðið er á um hluti sem sannarlega þyrfti að koma inn í stjórnarskrána með einum eða öðrum hætti í mörgum tilvikum en eru hins vegar þannig úr garði gerðir að varla nokkur einasti af þeim umsagnaraðilum sem hafa tjáð sig í þessum efnum treystir sér til þess að mæla með málinu.

Þeir sem hafa farið ítarlegast ofan í þetta og jafnvel þeir sem eru því sammála að taka þurfi á þeim efnisatriðum sem kveðið er á um í frumvarpinu, vara okkur mjög eindregið við því að gera það með þeim vinnubrögðum sem hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að tileinka sér. Þetta er auðvitað hörmulegt og ég verð raunar að segja að ég skil ekki hvað vakir fyrir þeim ágætu þingmönnum sem mynda meiri hluta ríkisstjórnarinnar, standa að meiri hluta ríkisstjórnarinnar og verja hana falli, með að hegða sér með þessum hætti. Með þessu er ríkisstjórnin og fylgismenn hennar í raun og veru að senda mjög skýr skilaboð út til þjóðarinnar. Skilaboðin eru þessi: Okkur stendur á sama um þau mál sem þjóðin í raun og veru kallar á. Við ætlum að hafa okkar fram, við ætlum að knýja það í gegn að þetta mál sem svo illa er unnið verði að lögum, við ætlum að setja ýmis grundvallaratriði í stjórnarskránni í uppnám, við ætlum að auka óvissuna vegna þess að það stendur þannig á, við erum þannig skapi farin, okkur langar svo til þess burt séð frá því sem verið er að segja. — Þetta eru auðvitað alveg óboðleg vinnubrögð.

Það er oft gagnrýnt þegar lögð eru fram frumvörp sem ekki eru talin nægilega undirbúin. Það er a.m.k. hægt að afsaka það með því að það er hægt að taka þau mál fyrir aftur að nýju, það er hægt að ræða þau aftur ef menn svo kjósa og gera breytingar á þeim. En við gerum ekki svoleiðis breytingar á stjórnarskránni ár eftir ár, það er einfaldlega þannig að við eigum ekki að gera tíðar breytingar á stjórnarskránni. Við eigum að reyna að nálgast stjórnarskrá okkar af fullri virðingu en það er ekki verið að gera það af hálfu þeirra sem ákveða hér og nú að knýja á um að þessi mál skuli afgreidd hvað sem öllu öðru líður.

Af því að hér mætir í salinn hv. þm. Árni Þór Sigurðsson þá má segja að hann hafi verið eins konar litli putti spilamann sem kjaftaði frá, hérna um daginn í umræðunni. Það var þannig að fyrir hann voru lagðar nokkrar spurningar og hann kaus að reyna að sneiða fram hjá því og þegar honum var bent á það sagði hann einfaldlega þessa fleygu setningu, sem er mjög mikilvægt að menn undirstriki í þingskjölunum og þingræðunum sem eru aðgengilegar á vefnum og fyrir framtíðina. Hv. þingmaður sagði efnislega: Ég svara þeim spurningum sem mig langar til að svara og ég vil svara þegar mér hentar og þegar ég vil. Þetta er hin fullkomni hroki sem hv. þingmaður, litli putti spilamann kjaftaði frá, hefur með þessum hætti má segja greipt inn í bækur Alþingis — og gerist nú hv. þingmaður órólegur í sæti sínu vegna þessa. En hann hleypur auðvitað ekkert frá þessum orðum. Þau hafa verið tekin upp og menn geta meira að segja horft á hv. þingmann segja þessi orð ef menn svo kjósa. Þetta segir auðvitað við hvers konar ofríkisríkisstjórn, ofríkisstjórn við búum hér þegar hún hagar sér þannig og talsmenn hennar í sölum Alþingis.

Þetta er auðvitað ekki hægt. Við sjálfstæðismenn höfum lagt til að við reyndum að ná saman um tiltekinn efnisþátt til að greiða fyrir því hvernig hægt væri að standa að því að breyta stjórnarskrá sem að mínu mati er mjög sanngjörn tillaga sem fæli það í sér að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar þannig að við þyrftum ekki að samþykkja það á tveimur þingum. Það væri hægt að gera það eins og menn vita að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu og við tækjum svo til við það í góðri sátt á þessu ári að ljúka þeim efnisatriðum stjórnarskrárinnar sem ég er viss um að við gætum orðið sammála um. Því ég er alveg sammála því að ýmislegt í þessu frumvarpi er í rétta átt. Ég er t.d. sammála því að við eigum að takast á við þau efnisatriði sem eru í 1. gr. svo dæmi sé tekið. Ég tel líka að við eigum að takast á við efnisatriði sem snúa að þjóðaratkvæðagreiðslunni svo annað dæmi sé tekið en við gerum það ekki með þeim hætti sem hér er verið að gera. Það verður aldrei of mælt og aldrei of oft sagt að við verðum að sýna stjórnarskránni þá lágmarksvirðingu. Eitt atriði í frumvarpinu hér sem er auðvitað — og ég vil, virðulegi forseti, af því tilefni segja að með því að vinna þetta með þessum hætti væri hægt að ljúka umræðunni hér og nú og ganga í þetta verkefni. Það væri enginn ógreiði gerður, jafnvel þeim sem hafa mestan áhuga á, að koma til að mynda þessum ákvæðum inn í stjórnarskrá sem ég var að nefna. Það er ekkert sem gerir það að verkum að það þurfi að ljúka þessu fyrir 25. apríl, það er allt eins hægt að ljúka þessu síðar á þessu ári og ná þá a.m.k. sambærilegum markmiðum og hér er verið að leggja upp með.

Mér er algerlega óskiljanlegt, virðulegi forseti, að það skuli vera svona einbeittur vilji hjá stjórnarliðinu að reyna að knýja þetta mál í gegn í ósátt við svo marga, ekki bara við Sjálfstæðisflokkinn heldur nánast alla umsagnaraðila sem hafa tjáð sig um þessi mál. Umsagnir þeirra eru innbyrðis að sumu leyti ólíkar en eitt virðist ganga sem rauður þráður í gegnum þær og það er að vara við þessum vinnubrögðum.

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma hér aðeins að einu efnisatriði í frumvarpinu, mér gefst ekki tími til þess að fara yfir fleiri mál að sinni. Það er atriði sem lýtur að 1. gr frumvarpsins, þ.e. ákvæðið um þjóðareign á náttúruauðlindum, sem er út af fyrir sig rétt sem sagt hefur verið að tvær ríkisstjórnir sem m.a. Sjálfstæðisflokkurinn átti aðild settu sér sem markmið að setja inn í stjórnarskrá. Þetta mál var rætt í nokkrum ágreiningi fyrir kosningarnar 2007. Þá var það samdóma álit að skynsamlegra væri að láta það bíða vegna þess að um það væri ágreiningur og taka síðan vil við það á næsta kjörtímabili. Þess vegna var það auðvitað rökrétt að sú ríkisstjórn sem sat fram til 1. febrúar sl. hafði það í stefnuyfirlýsingu sinni að taka til við þetta ákvæði m.a. Henni entist hins vegar ekki líf til að ljúka því máli. Gert hafði verið gert ráð fyrir að þeirri endurskoðun yrði lokið fyrir lok þess kjörtímabils sem menn höfðu áætlað að stæði

til 2011 og eðlilegasti framgangsmátinn hefði verið sá að þetta mál hefði verið tekið til alvarlegrar endurskoðunar og vinnu á þessu ári og komandi árum til þess að ljúka því í tæka tíð. Það tókst sem sagt ekki og þá grípur núverandi ríkisstjórn til þess að hlaupa til og afgreiða málið og krefjast þess að umsagnaraðilar klári umsagnir sínar á fimm dögum, sem er algerlega fáheyrt í svona máli og fá dæmi um þegar verið er að fjalla almennt um frumvörp og lagasmíð eins og hv. þingmenn vita. Hér er þó ekki um neitt smámál að ræða. Öllum er ljóst að þær breytingar almennt sem verið er að tala um á stjórnarskránni eru grundvallarbreytingar. Það er a.m.k. álit þeirra sem tjá sig um málin í umsögnum sem ég hef lesið yfir, m.a. ýmissa lögfræðinga. Með öðrum orðum, þetta er gríðarlega stórt mál.

Við skulum aðeins velta fyrir okkur hugtakinu þjóðareign sem þrjár ríkisstjórnir hafa haft á stefnuskrá sinni að setja með einhverjum hætti inn í löggjöfina, stjórnarskrárlöggjöfina. Þegar við skoðum hvað menn segja um þetta má segja að það sé nánast grundvallarágreiningur um það hver merkingin er. Í fyrsta lagi er það mat t.d. prófessors Sigurðar Líndals, sem oft er kallaður til af ýmsu tilefni fyrir þingnefndir og oft er vitnað í bæði í fjölmiðlum og í ræðustóli þingsins, að þetta sé merkingarlaust hugtak, það er skoðun hans. Ég ætla í sjálfu sér ekki að ræða það, enda hef ég kannski ekki mikla efnislega burði til þess, en þetta er skoðun hans og ég segi fyrir mína parta að mér finnst það a.m.k. ómaksins vert að doka aðeins við og velta fyrir sér hvort eitthvað sé til í þessum orðum prófessorsins. Í öðru lagi, sem virðist þó vera miklu algengari viðbára hjá þeim sem fjalla um þetta efnislega — það á t.d. við um hagsmunaaðilana og það á við um ýmsa aðra lögfræðinga sem segja að þetta hugtak sé óljóst — með öðrum orðum, menn vita ekki hvað það þýðir. Og er það ekki tilefni til þess að menn doki aðeins við þegar þeir sem eiga við að búa — þetta hugtak snertir hagsmuni, starfsgrundvöll og rekstrargrundvöll til að mynda útgerðarinnar og orkufyrirtækjanna, segja að þetta fyrirbæri eða þetta hugtak, ég vil nú frekar segja hugtak, þjóðareign sé óljóst hugtak? Eða eins og ég hygg að Orkustofnun orði þetta, þegar þeir hafa velt þessu fyrir sér, að leggja megi tvenns konar skilning í þetta hugtak. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Hvor skilningurinn sem lagður er til grundvallar þá er þetta óskiljanlegt. Ljóst er að með umorðun á því sem fram kemur í niðurstöðum auðlindanefndar þeirrar sem kosin var á Alþingi í kjölfar samþykktar á þingsályktun í júní 1998 hefur eitthvað misfarist af hálfu stjórnarskrárgjafans."

Þetta er með öðrum orðum óskiljanlegt mál og það hefur misfarist sem meiningin var í áliti auðlindanefndar þrátt fyrir að mjög sé vitnað til þess að stuðst sé við álit þeirrar auðlindanefndar sem við kusum á sínum tíma og vann að mínu mati mjög gott og þarft verk.

Þegar við skoðum síðan álit meiri hluta sérnefndar Alþingis sem fjallar um þetta mál kemst hún að þriðju niðurstöðunni. Hún segir að þetta hafi engin áhrif t.d. á stöðu sjávarútvegsins, á fiskveiðiréttinn, atvinnuréttinn sem hefur skapast, sem eru óbein eignarréttindi eins og allir vita. Ég veit að hv. þm. Atli Gíslason gæti flutt hér um það langa og lærða ræðu ef hann svo kýs og ég mundi reyndar hvetja hann til þess að setja sig á mælendaskrá og fjalla dálítið um það vegna þess að þetta er mjög áhugavert mál sem mér gefst þó ekki tími til að fara yfir út í neinn hörgul. (**AtlG:** Ég er búinn að því.) Aldrei er góð vísa of oft kveðin, hv. þingmaður. Ég held að þetta sé mál sem væri gott að hv. þingmaður hefði yfir enn einu sinni vegna þess að mér heyrist að t.d. félagar hans í þingflokki Vinstri grænna hefðu mjög gott af slíkri lexíu, slíkum fyrirlestri til að átta sig aðeins betur á málinu. Vegna þess að það er í besta falli ... (Gripið fram í.) En ekki lært, virðulegi forseti. Það er nefnilega ekki nóg að sitja og hlusta og láta þetta þjóta í gegnum eyrun á sér án þess að nema þar nokkurn tíma staðar milli eyrnanna þar sem það þarf hins vegar að nema staðar og stöðvast þannig að hv. þingmaður geti haft á því skilning. Menn geta reyndar lært suma hluti utan bókar og það getur verið forsenda fyrir því að menn skilji en það er ekki nægjanleg forsenda. Þess vegna þurfa menn stundum að velta þessum hlutum svolítið fyrir sér þannig að menn viti og skilji en kunni ekki bara utan bókar, menn kunna t.d. stundum kvæði utan bókar án þess að skilja upp né niður í merkingu þeirra. Mér heyrist að hv. þingmaður, sem segist hafa hlustað á þetta og numið þetta, hafi ekki þann djúpa og næma skilning sem þarf að vera til staðar til að geta síðan rætt um þetta grundvallarhugtak.

Ég sé hins vegar þegar ég les þetta yfir að þarna eru mjög ólík pólitísk sjónarmið sem einhverra hluta vegna hafa læst saman höndum í þessu meirihlutaáliti og komist að þeirri niðurstöðu að það sem lögspekingar segja sé annaðhvort merkingarlaust eða óljóst — eða óskiljanlegt, svo ég nefni Orkustofnun. Óskiljanlegt, var það ekki, virðulegi forseti, óskiljanlegt hugtak, sagði Orkustofnun? Það vefst hins vegar ekkert fyrir hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að skilja að það þýðir bara algerlega óbreytt ástand, sem hlýtur út af fyrir sig að vera fagnaðarefni sem yfirlýsing af hans hálfu og hv. þm. Ellerts B. Schrams, svo annað dæmi sé nefnt, sem hafa haft uppi ýmis sjónarmið. Með öðrum orðum, ef þetta væri hinn rétti skilningur þá er verið að segja hér að til að mynda fiskveiðistjórnarkerfið standi jafnsterkt eftir sem áður og því út af fyrir sig geri ég ráð fyrir að t.d. Landssamband íslenskra smábátaeigenda og Landssamband íslenskra útvegsmanna muni fagna í ljósi þeirra áhyggjuefna sem þeir láta koma fram í umsögnum sínum.

Á hinn bóginn, sama hvaða huggunarorð koma fram í máli meiri hluta sérnefndarinnar um þetta, sama þó að lögspekingarnir Guðjón A. Kristjánsson og Valgerður Sverrisdóttir og aðrir tjái sig um málið með þessum hætti í áliti sérnefndarinnar, þá er að áliti lögfræðinga og hagsmunaaðila, sem vitaskuld hafa byggt á áliti sérfræðinga, mikil óvissa í kringum þetta. Og hvað þýðir sú óvissa? Hún þýðir það auðvitað að þetta mál, verði það samþykkt fyrir vorið, kallar á málaferli. Menn munu láta reyna á rétt sinn. Óvissa af þessu tagi, lögfræðileg stjórnskipuleg óvissa, mun kalla á málaferli. Þetta mun kalla yfir atvinnugreinar bæði á orkusviði og sjávarútvegssviði sérstaklega, þar sem ég þekki kannski betur til, mikla óvissu sem auðvitað mun þýða stöðnun í þessum atvinnugreinum þar til dómstólar hafa eytt þeirri óvissu. Hér verður stöðnun eins og oft hefur gerst í sjávarútvegi og er m.a. að gerast núna vegna hótana Samfylkingarinnar og Vinstri grænna um innköllun veiði-

heimilda. Menn munu ekki þora að fjárfesta, sérstaklega litlu aðilarnir, veikustu aðilarnir í þessari atvinnugrein munu kikna og gefast upp. Og er það svo að menn ætli að samþykkja hér stjórnarskrárfrumvarp, lög sem kveða á um breytingu á stjórnarskránni, þrátt fyrir að menn viti að það torveldi t.d. nýliðun í sjávarútvegi og geri þeim sem veikastir eru erfitt fyrir? Er það virkilega svo að mönnum sé nákvæmlega sama um þessa hluti þegar til stykkisins kemur? Er þá ekkert að marka þær miklu yfirlýsingar sem hafa gengið í þveröfuga átt frá þingmönnum (Forseti hringir.) Vinstri grænna, Samfylkingarinnar og Frjálslyndra (Forseti hringir.) sem eru ábyrgðarmenn að þessu bulli?

[10:50]

Kristinn H. Gunnarsson (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um þjóðareign á náttúruauðlindum. Hins vegar er hvergi tilgreint í frumvarpstextanum hvaða auðlindir það eru sem eru þjóðareign og í skýringum er vísað til þess að það eigi að ákvarðast með lögum og vísað í lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann telji að þessi texti í frumvarpinu kveði upp úr með það hvaða auðlindir séu í þjóðareign núna, t.d. hvort hann telji, ef þetta verði samþykkt, að fiskstofnar við Ísland séu þjóðareign og hvort hann telji að unnt sé þá að færa auðlindir úr þjóðareign með einfaldri breytingu á lögunum sem vísað er til, t.d. í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og lögum um stjórn fiskveiða. Fróðlegt væri að fá að vita hvort það sé mat hans að þetta ákvæði nái því markmiði sem því er ætlað að stefna að.

[10:52]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, ég skal bara játa að mér er það alls ekki almennilega ljóst hvað þetta þýðir nákvæmlega. Hins vegar hef ég tekið eftir því í umræðum sem hafa farið fram um þessi mál, sérstaklega af hálfu þeirra sem hafa verið að tala fyrir þessu frumvarpi, sem eru ábyrgðarmenn málsins með einum eða öðrum hætti, að þeir hafa mjög verið að vísa í þetta ákvæði sem m.a. er orðað einhvern veginn í lögunum um stjórn fiskveiða að verið sé að vísa til þess að þetta muni og eigi að taka til ákvæða sem lúta að réttindum úr hafinu.

Þetta er ef til vill enn eitt dæmið um það hversu málið er óljóst. Þetta rökstyður það að kannski er ekki alveg rétt hjá prófessor Sigurði Líndal, þetta sé ekki merkingarlaust en hins vegar sé þetta algjörlega óljóst, alveg eins og flestir fræðimenn hafa kveðið á um. Það gerir alvöru málsins enn þá meiri ef það er svo að málið sé óljóst og opið fyrir túlkun.

Hins vegar tek ég eftir því að einhvers staðar í þessum skjölum, hvort sem það er í frumvarpinu eða í greinargerðinni, ég man það ekki alveg, er mjög vísað til laga til að skýra þetta mál, þ.e. lögin um þjóðlendurnar. Við vitum hvernig þau mál hafa þróast. Þar hefur verið stanslaus ófriður þótt menn hafi talið á þeim tíma að þau væru vel úr garði gerð og ætlunin væri að reyna að skýra eignarréttinn. En við sjáum hvað svona mál eru gríðarlega vandmeðfarin og þess vegna, að mínu mati, undirstrikar þetta nauðsyn þess að menn vandi sig við málið. Það er ekki þannig að menn hafi hreint og klárt svar við þessu.

Í áliti meiri hlutans kemur fram að ákvæðinu sé ekki ætlað að hrófla við beinum eða óbeinum eignarréttindum sem menn hafa þegar öðlast á náttúruauðlindum. Það er ekki verið að undanskilja fiskveiðiauðlindina í því sambandi. Ljóst er að eins og fiskveiðirétturinn hefur þróast felur hann í sér, ég hygg að það sé algerlega óumdeilt mál, óbeinan eignarrétt vegna þess að með honum er stofnað til eða búinn til atvinnuréttur sem eðli málsins samkvæmt hefur óbeina (Forseti hringir.) eignarréttarlega skírskotun.

[10:54]

Kristinn H. Gunnarsson (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil þá hv. þingmann þannig að mat hans er það að frumvarp þetta breyti engu hvað varðar fiskveiðiauðlindina, að þau eignarréttindi sem þegar hefur stofnast til í tímans rás frá því lög voru sett um stjórn fiskveiða og þau réttindi sem einkaaðilar hafa áunnið sér á þeim tíma, haldi óbreytt þrátt fyrir þetta ákvæði stjórnlagafrumvarpsins. Þá er það niðurstaða a.m.k. hans og ég get svo sem verið honum nokkuð sammála í því að frumvarpið breytir engu hvað varðar það markmið að lýsa því að fiskveiðistofnar við landið séu þjóðareign vegna þess að frumvarpið gerir það ekki. Frumvarpið tryggir það ekki. Engin yfirlýsing er í frumvarpinu um að fiskstofnar við landið séu þjóðareign, það verður þá að vísa í lög, ákvæði laga, til að gá að því hvort eitthvert hald sé í því að menn geti náð þessu fram.

Mér finnst líka athyglisvert að þeir sem flytja þetta mál, á þeirri forsendu að þinginu sé ekki treystandi til að gera breytingar á stjórnarskránni að þessu sinni, gera ráð fyrir að það verði þingið sem í raun útfylli ákvæði stjórnarskrárinnar um það hvaða náttúruauðlindir séu þjóðareign. Hvernig má það vera að þinginu sé treystandi til þess að taka þá ákvörðum með einföldum lögum hverjir sinni hvaða auðlindir séu á hverjum tíma þjóðareign? Því það er bæði hægt að fella auðlindir undir þetta stjórnarskrárákvæði með einföldum lögum og taka þær undan þessu ákvæði með einföldum lögum. Mér finnst þetta alveg stórfurðuleg lagasetning, virðulegur forseti, sem hér er verið að leggja til.

[10:56]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki alveg treyst mér til að kveða upp úr í þessu máli. Ég sagði áðan að ég teldi að þetta væri mjög opið fyrir túlkun og það er einmitt það sem ég hef verið að gagnrýna í þessu sambandi vegna þess að það skapar óvissu. Það er rétt sem hv. þingmaður sagði um texta greinarinnar og maður vonar auðvitað að meining sé á bak við þetta.

Ég er þeirrar skoðunar að skilgreina þurfi fiskveiðiréttinn mjög skýrt, það sé hluti af því fiskveiðistjórnarkerfi sem eigum að viðhalda, hvaða breytingar sem við þurfum annars að gera á því. Hins vegar er það svo að þegar maður les umsagnir frá þeim sem hafa verið að pæla í þessum málum árum saman, t.d. hagsmunaaðilar og lögfræðingar og til að mynda auðlindahagfræðingar eins og Ragnar

Árnason og Birgir Þór Runólfsson, þá óttast þeir mjög að verið sé að grafa undan fiskveiðiréttinum með þessum hætti.

Hins vegar er það ákveðin huggun harmi gegn og bót í máli sé það rétt sem er túlkun Guðjóns Arnars Kristjánssonar og Ellerts B. Schrams og þeirra annarra sem skrifa undir þetta álit, að þessi texti frumvarpsins hrófli ekki í neinu við beinum eða óbeinum eignarréttindum sem menn hafa þegar öðlast á náttúruauðlindum. Ég geri ráð fyrir að þessi yfirlýsing verði notuð þegar það gerist, ef þetta mál verður að lögum, að málaferli hefjist. Þá munu menn styðjast við lögskýringar þeirra hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar og Ellerts B. Schrams og annarra sem segja þetta, sem er auðvitað mjög mikil pólitísk yfirlýsing af þeirra hálfu — að þetta mál hrófli ekki við beinum eða óbeinum eignarréttindum og eru þar með að vísa til þess atvinnuréttar sem hefur stofnast til í tímans rás eftir setningu laga um stjórn fiskveiða. Þetta eru heilmikil pólitísk tíðindi sem felast í því að þessir hv. þingmenn hafi skrifað undir þetta en ég fagna því.

[10:58]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil fagna þeim umræðum sem hér hafa farið fram um 1. gr. þessa frumvarps sem staðfestir það sem ég hef sagt að það sé ákaflega hættulegt að festa í lög, og þeim mun frekar í stjórnarskrá, ákvæði sem er jafnóljóst og fram hefur komið í þeim ræðum sem við vorum að hlýða á. Þegar ég flutti síðustu ræðu mína, virðulegi forseti, las ég úr fyrirlestri eða grein eftir hæstv. dómsmálaráðherra, Rögnu Árnadóttur, þar sem hún varar einmitt við því að staðið sé að lagasetningu með þeim hætti sem hér hefur verið lýst og hvetur til þess að vandað sé til lagasetningar og nefnir það m.a. að hér á Alþingi hafi þingsköpum verið breytt til að tryggja betra samræmi og betri lagasetningu.

Virðulegi forseti. Hér fór fram í gær eldhúsdagsumræða og í blöðum má lesa frásagnir af því hvað mönnum þótti þar fréttnæmast. Ég sé að í *Fréttablaðinu* er birt frétt um þessar umræður undir fyrirsögninni: „Þingið þarf að afsala sér valdi tímabundið". Í fréttinni segir, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra segir að þingið ráði ekki við að breyta stjórnarskránni. Þess vegna þurfi það að framselja stjórnarskrárvaldið tímabundið til þjóðarinnar. Fjármálaráðherra skilur ekki í hverju andstaða sjálfstæðismanna er fólgin."

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Þar sem Alþingi hefur gert margar árangurslitlar tilraunir til að breyta stjórnarskránni á síðustu 40–50 árum er nauðsynlegt að taka stjórnarskrárgjafarvaldið tímabundið úr höndum þingsins og færa til þjóðarinnar.

Þetta segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, sem telur að aðeins með skipan stjórnlagaþings fáist ný stjórnarskrá sem sátt geti náðst um. Á fundi með blaðamönnum í gær tók Jóhanna sem dæmi að breyting á kosningaákvæðum stjórnarskrárinnar mætti ekki vera í höndum þingmanna.

„Það eru þeirra hagsmunir hvernig kjördæmaskipanin er og það mál á að mínu viti hvergi heima nema á stjórnlagaþingi."

Jóhanna og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra gefa lítið fyrir mýgrút athugasemda fræðimanna og annarra um að stjórnarskrármálið sé unnið í of miklum og óeðlilegum flýti. Ljóst hafi verið við upphaf ríkisstjórnarsamstarfs Samfylkingarinnar og Vinstri grænna að ráðast ætti í endurskoðun stjórnarskrárinnar, auk þess sem fjallað hafi verið um efnisatriði breytinganna — utan ákvæðisins um stjórnlagaþing — í mörg herrans ár.

Steingrímur bendir á að talsverður hluti athugasemdanna hafi beinst að málsgreinum greinarinnar um auðlindaákvæðið sem nú, að tillögu meiri hlutans, hafi verið fjarlægðar úr frumvarpinu. Þær eigi því ekki lengur við.

Steingrímur ræddi um andstöðu sjálfstæðismanna við stjórnarskrárbreytingarnar og kvaðst ekki skilja í hverju hún væri fólgin. Hann hefði setið lengi undir ræðum þeirra — sem Jóhanna sagði endurtekningar og málþóf — í þeirri von að geta fræðst. Það hefði gengið illa. „Þrátt fyrir allan þennan málflutning er mér enn ekki ljóst hvers vegna þessi andstaða er af hálfu Sjálfstæðisflokksins. Vilja menn ekki sameign á náttúruauðlindunum? Vilja menn ekki beint lýðræði? Vilja menn ekki að þjóðin kjósi sjálf um stjórnarskrárbreytingar í sjálfstæðri kosningu? Geta menn ekki hugsað sér að þjóðin kjósi sér sitt eigið stjórnlagaþing?" spurði Steingrímur." Og tilvitnun í þessa frétt lýkur hér með, virðulegi forseti.

Ég tel að þessi ummæli forráðamanna ríkisstjórnarinnar sýni að það er nauðsynlegt að halda þessum umræðum áfram. Ég hef ekki orðið var við að hæstv. fjármálaráðherra hafi verið hér og hlustað á umræður og geti lagt dóm á það hvað fram hafi komið í máli okkar sjálfstæðismanna. Það er augljóst að hæstv. forsætisráðherra gerir sér enga grein fyrir því um hvað þessar umræður hafa snúist ef hún telur að sátt náist á þessu þingi um að þingið afsali sér valdi þótt ekki sé nema tímabundið. Við munum ekki standa að því, sjálfstæðismenn á þingi, að Alþingi afsali sér valdi. Við munum ekki standa að því að þingið verði niðurlægt með þeim hætti. Við munum ekki standa að því að þingmenn brjóti drengskaparheit sitt þegar þeir setjast inn á þingið, drengskaparheit við stjórnarskrána, með því að afsala Alþingi þessu valdi.

Ef svo er litið á af forustumönnum ríkisstjórnarinnar að málum sé þannig háttað að samstaða verði um að Alþingi afsali sér valdi þótt ekki sé nema tímabundið af því að þingmenn séu ekki færir um að ákveða hvernig kjördæmaskipaninni sé háttað finnst mér það dæmalaust og ótrúlegt þekkingarleysi og það er þá ljóst að nauðsynlegt er að halda þessum umræðum áfram. Það verður að koma hæstv. ráðherrum, flutningsmönnum frumvarpsins, í skilning um það um hvað gagnrýni okkar snýst. Ég held að þeir ættu þá að sýna þinginu þann heiður meðan það hefur þetta vald að sitja og hlusta á okkur tala og reyna að verja þetta vald meðan það er í höndum þingsins en ekki láta eins og það sé sjálfsagt og sjálfgefið að Alþingi afsali sér þessu valdi — og að tala á þann veg að þetta sé eins og hver annar sjálfsagður hlutur sýnir algert skilningsleysi og þekkingarleysi enda er það vitað að þessir hæstv. ráðherrar sýna þessum umræðum enga virðingu og eru ekki í neinum færum til að dæma um það hvað hér er sagt og hvað hér er að gerast.

Ég vil líka, hæstv. forseti, fá að vitna í ummæli eftir Ögmund Jónasson heilbrigðisráðherra sem hann skrifaði á vef-

síðu sína 21. janúar 2007 og fjallaði þar um það sem kallað er málþóf. Ég leyfi mér að lesa það, með leyfi virðulegs forseta:

„Nokkuð hefur verið talað um málþóf á Alþingi í tengslum við stjórnarfrumvarpið um RÚV ohf. Þeir sem raunverulega hafa fylgst með framvindunni vita að þetta er ósanngjörn ásökun. Í fyrsta lagi er það ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn sem stendur í vegi fyrir því að samkomulag náist um framtíð Ríkisútvarpsins. Í öðru lagi er rétt að minna á að stjórnarandstöðunni hefur í tvígang tekist einmitt með langri umræðu að koma í veg fyrir vanhugsuð og stórskaðleg stjórnarfrumvörp um Ríkisútvarpið. Stjórnarandstöðunni tókst einnig að fresta gildistöku vatnalaganna með langri umræðu. Það þýðir að þjóðin fær nú í vor tækifæri til að kjósa um þann umdeilda lagabálk.

Enda þótt þingmenn VG legðu sig alla fram um að koma í veg fyrir Kárahnjúkaslysið tókst ekki að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um það mál. Þar var VG eitt á báti og mátti ekki á endanum við margnum. Iðulega hefur flokknum þó tekist með harðfylgi á þingi að hafa jákvæð áhrif á umdeild þingmál. Stundum hefur það kallað á langa umræðu. Hinu má svo ekki gleyma að um yfirgnæfandi meiri hluta þingmála ríkir breið sátt og fer lítið fyrir umræðu um þau utan þess sem gerist á fundum viðkomandi þingnefnda.

Það eru umdeildu málin sem kalla á athygli. Langar umræður á Alþingi eru einmitt oftar en ekki tilraun til að ná eyrum þjóðarinnar í málum sem stjórnarandstaðan telur skaðleg og brjóta í berhögg við þjóðarvilja. Annað veifið heyrast þær raddir að banna eigi þingmönnum að hafa langt mál um slík mál. Það væri mikið óráð. Eða vilja menn virkilega að kæfa stjórnmálaumræðu í landinu? Þöggun á þingi mundi vera skref í þá átt."

Virðulegi forseti. Þetta er það sem við erum að berjast fyrir. Við erum að berjast fyrir því að það sjónarmið komist til skila að óviðeigandi sé með öllu að Alþingi samþykki að afsala sér valdi eins og hæstv. forsætisráðherra krefst. Síðan eru flutningsmenn frumvarpsins svo skyni skroppnir, þegar litið er á gang mála, að þeir halda að umræðurnar snúist ekki um neitt, umræðurnar snúist ekki um nein grundvallarmál. Svo leyfir hæstv. fjármálaráðherra — sem er flokksbróðir Ögmundar Jónassonar, hæstv. heilbrigðisráðherra, sem skrifaði á þennan veg um gildi þess að þingmenn héldu uppi umræðum um mikilvæg mál — sér að túlka umræðurnar á þann veg sem hann gerir og leyfir sér að fullyrða við fréttamenn í ræðum á þingi að hann sitji undir þessum umræðum og viti um hvað þær snúist. Hæstv. fjármálaráðherra hefur ekki verið hér nema í flugumynd. Flugur á vegg geta stundum hlustað á eitthvað sem menn eiga ekki að heyra eða vita en hann gæti þó setið hér og hlustað á umræðurnar og tekið þátt í þeim en ekki gagnrýna okkur utan þings fyrir það sem við erum ekki að segja hér. Við erum að berjast fyrir rétti Alþingis til að hafa það vald að geta sett þjóðinni stjórnarskrá og við munum ekki gefast upp í þeirri baráttu.

[11:08]

Kristinn H. Gunnarsson (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess sem hv. þingmaður vitnaði til, og kom líklega fram í umræðum í gær frá hæstv. forsætisráðherra, að nauðsynlegt væri að þingið afsalaði sér þeirri stöðu sem það hefur í dag vegna þess að það gæti ekki sett lög um kjördæmaskipan — en það er einmitt það sem þingið hefur gert. Það hefur tvívegis á síðustu árum gert breytingar á kjördæmaskipan og löggjöf um úthlutun þingsæta, það er í kringum kosningarnar 1983 og 1999. Það hefur verið sæmilega góður friður um þær breytingar, bæði innan þings og utan, þannig að sú röksemd dugar ekki að mínu viti til að komast að þeirri niðurstöðu að þingið sé ófært um að sinna þessu hlutverki.

Ég vil kannski benda á, í ljósi þess að ákvæði um stjórnlagaþing er útskýrt með því að taka þurfi vald frá Alþingi, sem það hefur, vegna þess að það geti ekki gert það sem ætlast er til, að í þessu frumvarpi er gagnstæð leið farin. Þar er Alþingi að taka sér stjórnlagavald og sneiðir hjá þjóðinni í þeirri atburðarás með því að þeirri breytingu sem gerir þetta mögulegt er ekki skotið til þjóðarinnar. Sú breyting er bara hér innan húss og fer fram hjá þjóðinni og með henni er verið að færa stjórnlagavald, vald til að ákveða hvað er í stjórnarskrá, inn í einföld lög — það hvað eru náttúruauðlindir á hverjum tíma á að ákvarðast í lögum en ekki með ákvæði í stjórnarskrá. Þeir sem flytja málið eru að fara hina leiðina, þeir eru að fela Alþingi stjórnarskrárvald með einföldum lögum og sniðganga þjóðina í þeirri atburðarás.

[11:10]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir þessi orð því að við höfum gagnrýnt það sérstaklega í þessum umræðum að í frumvarpinu er verið að fjalla um tvær efnisbreytingar, í 1. gr. og 3. gr. Við höfum sagt sem svo að ef menn vilji fara út í breytingar á þeim grunni sem hér er lagt upp með, á þeim skamma tíma sem er til stefnu og með þeim illa og lélega undirbúningi sem raun ber vitni, eigi þeir að einbeita sér að 2. gr. frumvarpsins, sem lýtur að því hvernig Alþingi framselur til þjóðarinnar vald sitt til að staðfesta stjórnarskrárbreytingar, og að fresta eigi öðru. Það er hárrétt, sem hv. þingmaður segir, að eins og þessum málum er nú háttað er verið að svipta þjóðina valdi til að taka ákvarðanir um 1. gr. Það er verið að loka hana inni í því ferli sem hv. málsvarar frumvarpsins telja helsta gildi þess, þ.e. að verið sé að færa vald til þjóðarinnar. Þá er þetta atriði tekið út og sett, eins og hv. þingmaður sagði réttilega, í þann búning að þingið gæti ráðstafað því þegar fram líða stundir.

Það er engin skynsemi sem býr á bak við að taka þetta ákvæði og setja það í þennan búning en segja svo í hinu orðinu: Þorið þið ekki að bera málið undir þjóðina — þegar þetta er tekið út fyrir og sett í þann farveg sem hér er gert. Ef menn eru þeirrar trúar að leggja eigi þessi mál fyrir þjóðina, af hverju ekki að leggja þetta mál fyrir hana líka? Af hverju er það tekið sérstaklega út úr og sett í þennan búning og lokað inni í því gamla ferli sem menn eru síðan að hallmæla, flutningsmenn frumvarpsins? Ég hef enga skýringu á því, virðulegi þingmaður, og get ekki svarað fyrir það hvernig að þessu er staðið. En ég er innilega sammála hv. þingmanni, virðulegi forseti, um að hér er einkennilega að verki staðið. Hér er hluti af þeim leikaraskap sem er í kringum smíði þessa máls frá upphafi til enda og

þess vegna er m.a. ástæða til að vara við því og koma í veg fyrir að það verði samþykkt.

[11:12]

Kristinn H. Gunnarsson (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er líka það sem verið er að gera varðandi stjórnlagaþingið. Það er verið að koma því máli inn í stjórnarskrá fram hjá þjóðinni. Þjóðin verður ekki spurð um það hvort hún vilji stjórnlagaþing. Það ætlar Alþingi eitt að ákvarða, burt séð frá því hvað þjóðinni finnst um málið.

Hér hefur verið vitnað til þess að skoðanakönnun sýni 70% stuðning við stjórnlagaþing. Ber þá að skilja það svo að þeir sem standa að þessu máli telji þjóðaratkvæðagreiðslu framvegis um breytingar á stjórnarskránni óþarfar og það sé nóg að fá Gallup til að gera skoðanakönnun? Þannig geta menn ekki afgreitt málið. Menn verða að bera málið undir þjóðina, vita hvort hún vilji gera þessa tilteknu breytingu. (Gripið fram í.) Nei, stjórnlagaþing fer ekki í þjóðaratkvæðagreiðsla, virðulegi þingmaður — (Gripið fram í.) en ástæðan fyrir því, hygg ég, að menn vilji ekki bera undir þjóðina ákvæði 1. gr., um þjóðareign á náttúruauðlindum, er sú að þjóðin mun spyrja: Hvað þýðir þetta? Hún mun spyrja: Þýðir þetta ákvæði 1. gr. frumvarpsins að fiskstofnarnir við Ísland verða þjóðareign? Svarið er að finna á bls. 26 í greinargerð með frumvarpinu og það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Með því að bæta ákvæði í stjórnarskrá sem lýsir yfir þjóðareign allra auðlinda sem ekki eru háðar einkaeignarrétti yrði hægt að fella undir hugtakið nytjastofna á Íslandsmiðum" — yrði hægt að fella undir hugtakið nytjastofna á Íslandsmiðum, og svo aðeins síðar: „Væri þannig rétt að laga ákvæði þeirra laga að hinu nýja stjórnarskrárákvæði."

Með öðrum orðum, verði þessi 1. gr. samþykkt eru fiskstofnar við Ísland ekki sameign þjóðarinnar. Það þarf að setja sérstök lög síðar til þess að svo sé. Það segir þjóðinni þá líka að hægt er að gera önnur lög enn síðar og taka þau út úr þjóðareign.

[11:15]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fram í frammíkalli að greinilega er mikill misskilningur um hvernig þetta frumvarp kemur til með að virka. Og eins og við sérnefndarmenn segjum í minnihlutaáliti okkar þá er rökvilla í málinu því hugmyndin um stjórnlagaþing, eins og hv. þingmaður réttilega benti á, verður aldrei borin undir þjóðaratkvæði, því verið er að breyta stjórnarskránni með gamla fyrirkomulaginu núna og stjórnarskránni verður breytt. Þingkosningar verða og nýtt þing kemur saman sem væntanlega staðfestir þessar breytingar og þá ná þær fram að ganga.

Það sem við erum að segja er að það á að einbeita sér að 2. gr. frumvarpsins. Samþykkja 2. gr. frumvarpsins sem breytir 79. gr. stjórnarskrárinnar. Næsta þing sem kemur saman eftir kosningar, sem eru nú innan seilingar, getur þá tekið ákvörðun um að breyta stjórnarskránni aftur og borið það þá undir þjóðaratkvæði. Það er ekki verið að leggja það undir þjóðina með þessu frumvarpi að hún fái að greiða atkvæði um hvort stjórnlagaþing eigi að koma saman eða ekki. Með þessum hætti er verið að svipta Alþingi stjórnarskrárgjafarréttinum varðandi stjórnlagaþingið og ákveða þá breytingu á stjórnarskránni að Alþingi missi þessi völd. Það verður ekkert borið undir þjóðina því að þingkosningar verða og þingið mun staðfesta það. Það er því algjör misskilningur ef hv. flutningsmenn og meðmælendur frumvarpsins halda að þeir séu að búa þannig um hnútana með frumvarpi þessu að þjóðin geti greitt atkvæði um það hvort eigi að vera stjórnlagaþing eða ekki.

Þingið er að afsala sér einhliða þessum ákvörðunum í hendur annars aðila. Það er samkvæmt því sem ég les og fréttamenn hlýddu á aðalboðskapur hæstv. forsætisráðherra varðandi þetta mál. Á það munum við aldrei fallast.

[11:17]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram efnismikil umræða á síðustu dögum og við sjálfstæðismenn höfum lagt okkar af mörkum til þess að koma efnisatriðum okkar á framfæri við þingmenn og þjóðina.

Ég vil í þessari tíu mínútna ræðu minni sérstaklega bregðast við gagnrýni stjórnarliða um að við sjálfstæðismenn séum að halda uppi málþófi. Ég mótmæli því. Við erum ekki að halda uppi málþófi heldur hefur farið fram mikil efnisleg umræða. Við höfum jafnframt rætt um pólitíkina í málinu. Við höfum svarað athugasemdum stjórnarliða um málflutning okkar en ljóst er að hér hefur farið fram umræða sem við hefðum reyndar viljað að hefði ekki farið fram. Við höfum lagt meiri áherslu á að ræða mun frekar mál sem varða vanda heimilanna og fyrirtækjanna í landinu. Við erum að sjá ýmis merki um það, m.a. í fréttum dagsins í dag og gærdagsins, að ástandið í samfélaginu sé ekki að fara á betri veg, aukin gjaldþrot fyrirtækja og aukin vandræði heimilanna. Og við höfum gagnrýnt harðlega þá forgangsröðun sem kemur fram í dagskrá þingsins undanfarna daga og ekki síst í dag.

Meginþunginn í umræðu stjórnarliða hefur verið ásakanir um að við séum að beita málþófi. Í ræðu hæstv. forsætisráðherra í gær kom fram að hún taldi sig hafa hlustað á sömu ræðuna ítrekað. Það er náttúrlega engan veginn rétt. Í fyrsta lagi hefur hún nú ekki setið umræðuna alla. Í öðru lagi er það algjörlega rangt að hér hafi verið flutt sama ræðan aftur og aftur, því ítarlega hefur verið fjallað um efnisatriði málsins út frá mismunandi sjónarhornum.

En það er nefnilega dálítið sérstakt til þess að hugsa hversu lítil þolinmæði stjórnarliða er gagnvart umræðu frá okkar hendi. Fram hefur komið að sjálfstæðismenn hafa talað sennilega um 35 tíma í þessu máli og 24 þingmenn hafa rætt það. Ég fyrir mína parta hef notað einn klukkutíma af þessum 35 tímum.

Þegar við horfum á hvað raunverulegt málþóf er þá er það málþóf þegar hver og einn þingmaður tekur fleiri, fleiri tíma til að ræða sín hjartans mál. Það er ekki svo langt síðan að stjórnarliðar voru sjálfir stjórnarandstæðingar og vil ég draga það fram — ekki síst í umræðum þegar fyrri þingskapalög giltu — að hér voru haldnar langar ræður og lesið upp úr bókum og ljóðum og ég veit ekki hvað og hvað. Þess er skemmst að minnast að á árinu 1998 var það hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, sem sló öll met í

lengd ræðutíma þegar hún ræddi í tíu tíma og átta mínútur um eitt mál, þ.e. húsnæðismálin. Ég hef ekki rætt á hinu háa Alþingi um það mál sem nú er til umræðu nema einn tíunda af þeim tíma. Hún ein notaði sem sagt tíu tíma á móti okkur 24 þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem hafa rætt 35 tíma um það mál sem okkur stendur nærri. Að tala um að við stöndum í málþófi er algjörlega fráleitt.

Einnig er mjög athyglisvert að rifja upp það sem hv. stjórnarliðar hafa sagt í gegnum tíðina um aðferðir þeirra til að beita málþófi, sem var nú aldeilis málþóf þegar þær voru teknar upp í sex og tíu tíma ræður. Í *DV* í dag er vísað til orða þáverandi hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og núverandi hæstv. umhverfisráðherra. Þar segir m.a. að í desember 2007 hafi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar lagt fram frumvarp um breytingu á þingsköpum þar sem kveðið var á um skertan ræðutíma í 2. umr. Þá hófu vinstri grænir upp harða gagnrýni á það frumvarp og börðust hart gegn því. Hæstv. núverandi umhverfisráðherra, Kolbrún Halldórsdóttir, lét þau orð falla þar sem hún segir, með leyfi forseta:

„Við viljum eiga áfram þennan möguleika að stunda málþóf, þó það væri ekki nema neyðarréttur. Það er í raun lýðræðislegur réttur okkar til að vekja athygli þjóðarinnar og fjölmiðla á varhugaverðum málum."

Við sjálfstæðismenn lítum svo á að hér sé varhugavert mál í umræðunni. En við erum ekki að beita málþófi. Við þurfum ekki annað en skoða fjölda tíma sem liggur þarna að baki.

Á heimasíðu hæstv. heilbrigðisráðherra, Ögmundar Jónassonar, fjallar hann 21. janúar 2007 um málþóf eins og málþóf gerðust á sínum tíma. Hann segir, með leyfi forseta:

„Nokkuð hefur verið talað um málþóf á Alþingi í tengslum við stjórnarfrumvarpið um RÚV ohf. Þeir sem raunverulega hafa fylgst með framvindunni vita að þetta er ósanngjörn ásökun. Í fyrsta lagi er það ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn sem stendur í vegi fyrir því að samkomulag náist um framtíð Ríkisútvarpsins. Í öðru lagi er rétt að minna á að stjórnarandstöðunni hefur í tvígang tekist einmitt með langri umræðu að koma í veg fyrir vanhugsuð og stórskaðleg stjórnarfrumvörp um Ríkisútvarpið."

Við erum þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að það frumvarp sem við erum nú að fjalla um, um breytingar á stjórnarskránni, geti verið stórskaðlegt fyrir þjóðina. Stórskaðlegt. Hæstv. heilbrigðisráðherra beitti á sínum tíma, sem óbreyttur þingmaður þá, málþófi í máli sem hann hafði mikla sannfæringu fyrir að vert væri að taka langa umræðu um.

Síðan heldur hann áfram, með leyfi forseta:

„Stjórnarandstöðunni tókst einnig að fresta gildistöku vatnalaganna með langri umræðu. Það þýðir að þjóðin fær nú í vor tækifæri til að kjósa um þann umdeilda lagabálk.

Enda þótt þingmenn VG legðu sig alla fram um að koma í veg fyrir Kárahnjúkaslysið" — eins og hann kallar það — „tókst ekki að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um það mál. Þar var VG eitt á báti og mátti ekki á endanum við margnum.

Iðulega hefur flokknum þó tekist með harðfylgi á þingi að hafa jákvæð áhrif á umdeild þingmál. Stundum hefur það kallað á langa umræðu. Hinu má svo ekki gleyma að um yfirgnæfandi meirihluta þingmála ríkir breið sátt ..."

Hann segir áfram, með leyfi forseta:

„Það eru umdeildu málin sem kalla á athygli. Langar umræður á Alþingi eru einmitt oftar en ekki tilraun til að ná eyrum þjóðarinnar í málum sem stjórnarandstaðan telur skaðleg og brjóta í berhögg við þjóðarvilja.

Annað veifið heyrast þær raddir að banna eigi þingmönnum að hafa langt mál um slík mál. Það væri mikið óráð. Eða vilja menn virkilega kæfa stjórnmálaumræðu í landinu? Þöggun á þingi mundi vera skref í þá átt."

Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru einmitt að gera þetta. Þeir eru að ræða um mál sem er mjög umdeilt. Það er mjög umdeilt og kemur m.a. fram í umsögnum umsagnaraðila sem vel flestir vara við því að málið fari fram eins og það liggur fyrir. Hingað til höfum við hv. þingmenn tekið mark á umsagnaraðilum sem hafa komið hingað og ráðið okkur heilt.

Á þeim tíu árum sem ég hef verið meira og minna á þingi er mér mjög ofarlega í huga að horfa á hæstv. núverandi forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, þar sem hún hefur nákvæmlega staðið í þessum stól, farið yfir umsagnir umsagnaraðila og lagt þær fram sem rök í máli sínu og borið mikla virðingu fyrir því sem þar er sagt.

Fram kemur í *Fréttablaðinu* í dag frásögn frá blaðamannafundi hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra í gær þar sem þau gefa mjög lítið fyrir þær umsagnir sem liggja fyrir í málinu. Samt eru það umsagnaraðilar sem við höfum borið mikla virðingu fyrir fram til þessa og talið hafa efnislegar athugasemdir í hverju því máli sem óskað er eftir að þeir veiti umsögn um.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Jóhanna og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra gefa lítið fyrir mýgrút athugasemda fræðimanna og annarra um að stjórnarskrármálið sé unnið í of miklum og óeðlilegum flýti."

Þessir umsagnaraðilar er þverskurður af þjóðinni en þau gefa sem sagt lítið fyrir þá aðila sem við höfum kosið sérstaklega að leita til vegna þekkingar þeirra á þessu máli.

Ég vil vísa því á bug að sjálfstæðismenn séu í málþófi. Svo virðist vera að eina innlegg þeirra í umræðunni síðustu daga sé um meint málþóf okkar sjálfstæðismanna. Ég legg áherslu á að við höfum miklar efnislegar athugasemdir við málið og teljum það þess eðlis að vert sé að taka lýðræðislega umræðu (Forseti hringir.) um það.

[11:27]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að hv. þingmaður eyddi stærstum hluta tíma síns til að sannfæra þingheim og aðra um að hér sé ekki um málþóf að ræða þá vildi ég nefna það — af því að hv. þingmaður vísaði til þess að langar ræður hafi verið fluttar — að hv. þingmaður hefur í ræðum sínum nýtt allan þann ræðutíma sem hv. þingmaður hefur. Hv. þingmaður hefði því ekki getað talað í tíu tíma jafnvel þótt hugur hennar hafi staðið til þess. Þess vegna er ekki hægt að bera saman þau þingsköp sem giltu þegar ræðutíminn var ótakmarkaður miðað við það sem nú er.

Annað sem ég vildi líka nefna er að hv. þingmaður nefndi að búið væri að ræða þetta mál í um 35 tíma. Það er

búið að ræða þetta mál í rúmlega 36 tíma, 36 og hálfan tíma. Og á sama tíma hefur fundarstjórn forseta vakið mikla athygli og kallað á miklar umræður. En um þá stjórn hefur verið rætt í sjö og hálfan tíma frá því að umræðan hófst. Þessi umræða hefur því með fundarstjórn forseta — sem ég hef nú reyndar talið ágæta og allir hafa fengið orðið eftir því sem óskað hefur verið eftir, fundarstjórnin hefur verið til fyrirmyndar — tekið 44 tíma og hv. þingmaður eyddi ræðu sinni í að sannfæra þingheim og þjóð um að hér væri ekki um málþóf að ræða. Mér fannst ræðan ekki sannfærandi.

[11:29]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Megingagnrýni stjórnarliða gagnvart ræðum okkar hefur verið sú að ásaka okkur um málþóf, þó ég tæki tíu mínútur til að svara því með þeim hætti sem ég gerði að ekki væri um málþóf að ræða heldur efnisleg umræða um mikilvægt málefni. Því vísa ég umsögn hv. þingmanns á bug.

Það kom einmitt fram að þingskapalög hafa breyst. Það er alveg rétt. Ég hef kosið að nýta tíma minn sem ég hef haft hingað til, sem er rúmur klukkutími og tíu mínútur með þeirri ræðu sem ég hélt áðan. En ég gæti alveg hugsað mér að nota tíu tíma til að koma hugðarefnum mínum á framfæri.

Þingskapalögin takmarka tíma minn sem þau gerði ekki á þeim tíma þegar Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. forsætisráðherra, taldi fulla ástæðu til að nota tíu tíma í einum rykk til að koma hugðarefnum sínum á framfæri. Þetta er hin lýðræðislega umræða sem við höfum tekið að okkur að taka á hinu háa Alþingi.

Hvað varðar umræðu um fundarstjórn forseta hafa þingskapalögin þróast. Það er alveg rétt. Þarna eru okkar leið til að koma athugasemdum á framfæri um ranga forgangsröðun í málum sem rætt er um á hinu háa Alþingi.

Það er því ekkert við það að athuga að við ræðum um fundarstjórn með þeim hætti sem við höfum gert, m.a. til að vekja athygli þjóðarinnar á áherslum okkar. Ég sé nú ekki betur í fjölmiðlum í gær og í dag en að þjóðin sé að vakna til vitundar um að málflutningur okkar er réttur og hann er skynsamlegur. Það er nákvæmlega það sem stjórnarliðar eru núna að óttast, að skilaboð okkar eru að komast í gegn og umræðan snúast okkur í hag.

[11:31]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Möller fjallaði í andsvari við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson um það hvernig þessi umræða væri að ná í gegn og það er akkúrat það sem er að gerast. En spurning mín til þingmannsins er — þar sem hv. þm. Ásta Möller las svolítið upp úr fjölmiðlunum og fór yfir þau skrif sem verið hafa — hvort fjölmiðlarnir hafi að mati þingmannsins útskýrt hlutina nógu vel fyrir þjóðinni. Hefur verið tekin alvörugreining á málinu í ríkisfjölmiðlunum til dæmis? Hefur það verið gert nógsamlega til að þjóðin hafi fengið á hlutlausan hátt skýringu á þeim málum sem hér um ræðir? Ég held nefnilega að svo sé ekki. Mig langar að spyrja þingmanninn um þetta. En núna er það rétt að þetta er að ná í gegn. Það er að byrja að fara í gegn. Ég held að fjölmiðlarnir þurfi að gera betur og meira, setja á dagskrá almennilegan fréttaskýringaþátt þar sem farið er yfir málið.

[11:33]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að hv. þingmaður hafi rétt fyrir sér. Eins og ég las upp áðan úr pistli frá þáverandi óbreyttum hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem birtist 21. janúar 2007 á heimasíðu hans. Þar segir hann:

„Það eru umdeildu málin sem kalla á athygli. Langar umræður á Alþingi eru einmitt oftar en ekki tilraun til að ná eyrum þjóðarinnar í málum sem stjórnarandstaðan telur skaðleg og brjóta í berhögg við þjóðarvilja."

Ég tek alveg undir með hv. þingmanni að mér hefði fundist að fjölmiðlar hefðu mátt gera umræðunni mun betri skil en þeir hafa gert. En ég tel fjölmiðlar séu að vakna til vitundar núna akkúrat með þessari löngu umræðu sem við höfum verið að taka, sem við höfum verið einhuga, allur þingflokkurinn, verið einhuga um að koma á framfæri jafnvel þó við vitum að á einhverju tímabili hafi það ekki hjálpað okkur í kosningabaráttu. Við höfum það mikla sannfæringu í þessu máli að við erum jafnvel tilbúin til að horfa á það að þetta skaði okkur í kosningabaráttunni fyrir kosningarnar fram undan.

Eitt skýrasta merki um það að við erum að ná eyrum þjóðarinnar er þegar skopmyndirnar eru farnar að sýna umræðuna og ég hvet hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, formann þingflokks Samfylkingarinnar, að fletta *Morgunblaðinu* í dag þar sem teiknimynd eftir Halldór er nákvæmlega um þetta, þ.e. þar er þjóðarskútan, heimilin og fyrirtækin að sökkva en hæstv. ráðherrar Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon standa hjá og leggja áherslu á að það þurfi að ræða stjórnarskrána sem við vitum að var ekki ástæðan. Stjórnarskráin sjálf var ekki ástæðan fyrir því hruni sem var í haust. Það er með engu móti hægt að rekja hrunið í haust til ákvæða stjórnarskrárinnar. Það hefur algerlega verið röng áhersla í gangi í þinginu og það höfum við þingmenn Sjálfstæðisflokksins gagnrýnt þegar við höfum rætt um stjórn þingsins.

[11:35]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir svar hv. þm. Ástu Möller og er henni sammála hvað þetta svar varðar. Ég er líka sannfærður um að nú fara þessi mál að ná í gegn. Þetta verður umræðuefni fólks um páskahátíðina, í fermingarveislum og hvar sem fólk kemur saman núna næstu viku og það er gott. Þá fer málið að skýrast fyrir þjóðinni því við erum að tala um mál sem varðar þjóðina og þjóðskipulagið öllu máli.

Mín spurning í seinna andsvari til þingmannsins er í raun í framhaldi af því svari sem ég fékk: Hver er hin raunverulega ástæða fyrir því að minnihlutastjórnin leggur svo þunga áherslu á þetta tiltekna mál? Hvað gerir það að verkum að minnihlutastjórnin leggur svo mikinn þunga á þetta tiltekna mál? Það held ég að þjóðin þurfi að fá að vita. Hvað er það raunverulega? Teiknimyndin í *Morgunblaðinu* lýsti því að þjóðarskútan er að fara á hliðina, fyrirtækin og

heimilin en þá þarf að hafa þetta sem eitthvert „akút" aðalmál, þ.e. að breyta grunnlögum þjóðarinnar og útvista verkefni, eins og ég kalla það, útvista verkefni í verktöku frá Alþingi, hinu lögboðna þjóðþingi þjóðarinnar.

[11:37]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef einmitt velt þessu fyrir mér. Hvers vegna leggja stjórnarliðar og stjórnarmeirihlutinn áherslu — stjórnarminnihlutinn reyndar með stuðningi Framsóknar — á þessar breytingar? Ég átta mig hreinlega ekki á hvað liggur þarna að baki en dettur helst samt í hug að hér sé um alvarlega afneitun á ástandinu að ræða með því að neita að horfast í augu við það hver sé vandi heimilanna og fyrirtækjanna í landinu eða kannski treysta menn sér ekki til að takast á við þau verkefni og vilja afvegaleiða þjóðina, umræðuna með því að beina athyglinni að stjórnarskránni sem ber enga sök. Það er ekkert í stjórnarskránni sem hægt er að benda á og segja: Þetta brást, þess vegna þurfum við að breyta því. Ég tel að við séum algerlega á rangri leið eða að stjórnarminnihlutinn með stuðningi Framsóknar sé algerlega á rangri leið. Þeir lögðu reyndar upp með þetta sem hluta af samkomulagi við Framsóknarflokkinn, þ.e. að gera tilteknar breytingar, keyptu Framsóknarflokkinn og leggja þess vegna meðal annars mikla áherslu á að ljúka þessu til að halda Framsóknarflokknum góðum. En sá tími er liðinn. Framsókn hefur ekki fengið nokkuð út úr þessu samkomulagi um stuðning við ríkisstjórnina og ég skil ekki af hverju þeir hanga á því roði. Meira að segja hefur gagnrýni innan þeirra eigin raða verið á þetta fyrirkomulag og þeir eru að tapa verulega í skoðanakönnunum. Ég verð því að svara hv. þingmanni með því að ég tel að þetta sé alvarleg tegund af afneitun og leið til að afvegaleiða þjóðina, leiða hana frá þeim vandamálum sem við blasa. Hugsið ykkur þá orku sem hefur farið í það hjá ríkisstjórninni að fara í þetta mál sem sem hefði betur farið í það að leysa vanda heimilanna og fyrirtækjanna í landinu sem við sjáum að eru að fara á mjög alvarlegt stig.

[11:39]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með umræðum í þinginu um þetta ágæta stjórnarskrármál eða blessaða stjórnarskrármál kannski öllu heldur. Einstakir þingmenn stjórnarinnar hafa séð sig knúna til að koma upp og býsnast mikið yfir því að hér skuli Sjálfstæðisflokkurinn tala — eins og búið var að telja saman. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafði farið yfir það — í 36 klukkustundir um þetta mál og verið alveg ofboðslega hissa á því. Á sama tíma vitum við að einstakir þingmenn sem núna tilheyra stjórninni en voru áður í stjórnarandstöðu töluðu einir og sér klukkustundum saman um ákveðin mál. Má þar nefna til dæmis málefni Ríkisútvarpsins. Þeir töluðu klukkustundum saman.

Hér er verið að taka saman allan þann tíma sem allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, 26 talsins, hafa talað en ætli það þurfi ekki svona tvo til þrjá eða kannski þrjá til fjóra lengstu ræðutímana í Rúv-málinu til að ná jafnlöngum ræðutíma. Ef ég man rétt töluðu sumir þingmenn þar jafnvel í tíu klukkustundir. Því er alveg ótrúlegt að mönnum þyki þetta vera málþóf í samanburði við það sem þeir áður höfðu (Gripið fram í.) framkvæmd.

Það er hins vegar orðið mjög algengt að hv. þm. Mörður Árnason gangi hérna fram fyrir pontu og grípi fram í fyrir ræðumönnum og vil ég segja það við hæstv. forseta að þetta er náttúrlega alveg óþolandi framkoma. (**Gripið fram í:** Hann er að reyna að komast í myndavélina.) Hann er alltaf að reyna að komast í myndavélina. Það er réttilega bent á það utan úr sal því hann notar öll trixin í bókinni til að vekja á sér athygli.

Ég tek hins vegar undir með þeim þingmönnum sem hafa talað á undan mér og sagði það í fyrri ræðu minni að mér hafa þótt fjölmiðlar afskaplega slakir í þessu máli. Þá vísa ég sérstaklega til ríkisfjölmiðlanna sem hafa gert mjög lítið í því að greina og fara yfir þær umsagnir og þær athugasemdir sem hafa komið fram um lagafrumvarp þetta. Það er alveg með hreinum ólíkindum. Það er í raun sama hvaða athugasemdir eða hvaða umsagnir farið er yfir, alls staðar eru gerðar miklar athugasemdir við þetta frumvarp. Bæði er það tímaskorturinn eins og fram hefur komið margsinnis. Tímaskorturinn er algjörlega fáránlegur, hæstv. forseti, og engin leið er að átta sig á þeirri mótsögn sem er í þessu frumvarpi, þ.e. að það skuli eiga að koma hér á stjórnlagaþingi til að fara yfir stjórnarskrána en samt skuli gera grundvallarbreytingar á stjórnarskránni áður en stjórnlagaþingið kemur saman. Hvers lags eiginlega mótsagnir og vitleysa er þetta eiginlega? Þetta gengur engan veginn upp. Þó hefur verið bent á það og ég held að það sé rétt sem fram hefur komið hjá hv. þingmönnum að fjölmiðlar séu smám saman að átta sig á innihaldi frumvarpsins og átta sig á innihaldi þeirrar gagnrýni sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft í frammi.

Ég rakti það og hef komið inn á það áður og mér finnst ástæða til að hnykkja á því að þegar hér var skipuð stjórnarskrárnefnd árið 2005 þá samanstóð hún af fulltrúum allra flokka á þinginu. Sú stjórnarskrárnefnd sem þá var hafði sér til fulltingis ráðgjafahóp og í þeim ráðgjafahópi voru Eiríkur Tómasson lögfræðingur, Gunnar Helgi Kristinsson og Björg Thorarensen. Ég held að það sé afskaplega erfitt að segja að eitthvað af þessu fólki sé einhverjir sérstakir vinir Sjálfstæðisflokksins eða séu þar sérstaklega til þess að hygla og halda frammi hans skoðunum í því máli sem þá var til umfjöllunar. Það held ég alls ekki þannig að þarna voru þessir ágætu fræðimenn og fulltrúar allra flokka sem höfðu með þetta mál að gera. En þetta horfir nú ansi mikið öðruvísi við núna í þessu máli því að í fyrsta lagi eru, eins og allir vita, ekki fulltrúar frá öllum flokkum í því að undirbúa þetta mál og það er algerlega ljóst líka að einstakir ráðgjafar sem þarna koma til aðstoðar eru með pólitískan stimpil á sér. Allir sjá að fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar getur ekki talist óhlutdrægur aðili, hlutlaus í þessu máli þó að hún kunni að vera ágætis fræðimaður.

Þá er ljóst að ríkisstjórnin hafði skrifað forskriftina að málinu og sá sem er í rauninni aðalráðgjafinn, og sá sem einna helst hefur haldið á pennanum við að skrifa frumvarpið, er Björg Thorarensen en hún hafði verið beðin um að taka sæti í ríkisstjórninni. En eins og ég segi, ríkisstjórnin skrifaði forskriftina að þessu, gerði samkomulag um það

sín á milli hvernig þetta ætti að líta út og síðan voru fengnir aðilar, og þar mun hún vera fremst í flokki, til að skrifa frumvarpið. Þannig er þetta bara. Þar með er ég ekki að segja að þetta sé ekki vandaður og góður fræðimaður. En forskriftin kemur frá ríkisstjórninni, það er algjörlega kristaltært, og það er líka ljóst að búið var að óska eftir því að þessi aðili mundi taka sæti í ríkisstjórninni, sem hún gerði ekki, enda vildi hún taka að sér þetta verkefni og er það gott og blessað. Það breytir því hins vegar ekki að trúverðugleikinn á bak við þetta er náttúrlega orðinn ansi rýr í roðinu.

Ég hef verið að glugga í ákveðna pappíra og það er ljóst að það hefur alltaf verið þannig í gegnum tíðina, eða frá 1953 í það minnsta, að allir flokkar á Alþingi hafa alltaf komið að því þegar farið hefur verið í það að gera breytingar á stjórnarskránni.

Talandi um það vek ég athygli á því að forustumenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt mikla áherslu á þetta í gegnum tíðina og í Andvaragrein, sem birtist 1974, segir Gunnar Thoroddsen, með leyfi forseta:

„Mikils þykir um vert að grundvallaratriðum í stjórnskipun landsins sé ekki haggað að ófyrirsynju heldur hugað vel að breytingum áður en þær taka gildi."

Þarna er í rauninni lýst því sjónarmiði sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haldið fram hér í umræðunni. Þá hefur Bjarni Benediktsson sagt í ræðu frá 1953, sem birtist í ritsafninu *Land og lýðveldi*, með leyfi forseta:

„Ég legg áherslu á að stjórnarskrármálið er mál sem ekki má eingöngu eða fyrst og fremst skoða frá flokkslegu sjónarmiði." — Ég undirstrika þetta, hæstv. forseti. „Það er alþjóðamál sem meta verður með langa framtíð fyrir augum en ekki hvað kemur tilteknum flokki að gagni um stundarsakir."

Síðar í sömu ræðu segir Bjarni:

„Í samræmi við þá skoðun mína að hér sé um alþjóðamál að ræða fremur en flokksmál tel ég, og hef ætíð talið, að það skipti ekki öllu máli hvort stjórnarskrárbreyting yrði afgreidd árinu fyrr eða síðar. Miklu meira máli skiptir að þjóðin áttaði sig til hlítar á um hvað væri að ræða og eftir ítarlegar umræður og athuganir yrðu sett þau ákvæði sem skaplegt samkomulag gæti fengist um svo að hin nýja stjórnarskrá geti orðið hornsteinn hins íslenska þjóðfélags um langa framtíð."

Það eru ekki bara forustumenn Sjálfstæðisflokksins sem svo hugsa því að Hannibal Valdimarsson orðaði nákvæmlega sömu hugsun og Bjarni í Andvaragrein 1974, en hann sagði:

„Annars er það ekki aðalatriði hvenær endurskoðun stjórnarskrárinnar verði lokið heldur hitt hversu vel tekst til um sjálfa framkvæmd verksins."

Það er því algjörlega ljóst að hér hefur skapast rík hefð fyrir því að það sé samstaða allra flokka á þingi um að gera stjórnarskrárbreytingar og í hverju þær breytingar eiga að vera fólgnar.

Það hefur einnig komið fram hér, svo ég haldi áfram að tala um þessa fjölmiðlaumfjöllun — afstaða Sjálfstæðisflokksins hefur verið mjög skýr í þessari umræðu og það hefur komið mjög skýrt fram að það beri að snúa sér að þeim verkefnum sem lúta að því að endurreisa heimilin og fyrirtækin í landinu. Það þýðir ekki að segja okkur að við eigum bara að hætta að tala í stjórnarskrármálinu, sem allir þingmenn flokksins hafa djúpa sannfæringu fyrir að sé á algjörum villigötum — þá eigum við að hætta að tala í því máli þvert um hug okkar til þess að hleypa öðrum dagskrármálum að. Þetta er algjörlega fráleitt, hæstv. forseti.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur hins vegar margsinnis boðist til þess, og lagt það til hér í þinginu, að dagskránni verði breytt þannig að þau málefni og þau mál sem einmitt snúa að endurreisn fyrirtækjanna í landinu og endurreisn heimilanna verði tekin fyrr á dagskrá, verði tekin fram fyrir þetta stjórnarskrármál til þess að flýta því máli því að ekki er hægt að fara fram á það við þingmenn að þeir tali ekki í einstökum málum þvert um hug sinn bara til þess að koma ákveðnum málefnum á dagskrá. Þá er miklu eðlilegra að breyta dagskránni en það kemur náttúrlega skýrt fram hjá stjórnarflokkunum að þeir hafa engan áhuga á að setja þau mál er varða heimilin og fyrirtækin í landinu í forgang. Þeim er alveg sama og það hefur komið fram að þeir telja að við sjálfstæðismenn séum að eyðileggja fyrir okkur vegna komandi kosninga og það má vel vera. En við getum ekki, sjálfstæðismenn, selt sál okkar, við getum það ekki. Það er skylda okkar og við sórum þess eið að gera það ekki heldur standa við sannfæringu okkar og þess vegna getum við ekki verslað með málið eins og stjórnin er að reyna að þvinga Sjálfstæðisflokkinn til að gera.

Hér á undan var verið að ræða um fjölmiðlana eins og ég kom inn á hérna áðan og þá var sérstaklega tekin fyrir myndskreyting sem kom fram í *Morgunblaðinu* í dag. Ég vissi ekki að aðilar mundu ræða það hér áður en ég kæmi í þennan ræðustól en ég er með, hæstv. forseti, úrklippu sem er náttúrlega mjög lýsandi fyrir þetta, lýsandi fyrir það að ríkisstjórnin hefur engan áhuga á því að setja í forgang aðgerðir til að bjarga heimilunum. Hér er mynd af þjóðarskútunni sökkvandi og í björgunarbátnum eru hæstv. ráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, og hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir. Þau standa í björgunarbátnum og hrópa til fólksins í sökkvandi þjóðarskútunni, með leyfi forseta:

„Engar áhyggjur, við komum aftur til að bjarga ykkur. Við þurfum bara fyrst að skreppa til að breyta stjórnarskránni, eitthvert kjaftæði í sambandi við löggjafar- og framkvæmdarvald. Sjáumst."

Ég verð að viðurkenna að þetta er sennilega stysti texti sem birst hefur í fjölmiðlum sem lýsir því þó nákvæmlega sem hér er að gerast. Það er verið að beina kröftum í snarvitlausa átt með því að taka ekki sérstaklega á vanda heimilanna og fyrirtækjanna í landinu. Í staðinn er verið að ræða þessar stjórnarskrárbreytingar sem klárlega hefði mátt ná samkomulagi um.

Það hefur þó komið fram, m.a. í leiðara eftir Brynjólf Þór Guðmundsson, sem verður að teljast andstæðingur Sjálfstæðisflokksins ef marka má skrif hans í gegnum tíðina.

Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Þingmenn annarra flokka leggja til fjórar breytingar á stjórnarskránni. Samt er það svo að fjórða breytingin" — og kemur þá inn á þetta — „um stjórnlagaþing er þess eðlis að hinar breytingarnar geta aldrei orðið annað en skamm-

tímabreytingar á stjórnarskrá. Ef blása á til stjórnlagaþings er galið að sömu stjórnmálamenn og segjast ætla að hlusta á rödd fólksins byrji á því að segja óbeint hvaða atriði eigi að vera í stjórnarskránni.“

Þetta er einmitt það sem ég kom inn á í ræðu minni áðan.

Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Best væri að flokkarnir sættust á að gefa báðir eftir og samþykkja einfaldlega að blása til stjórnlagaþings. Það er engin trygging fyrir að stjórnlagaþing skili okkur hinni bestu mögulegu stjórnarskrá en hún gefur okkur alla vega þá trú og von að hægt sé að gera betur.“

Þessi texti undirstrikar náttúrlega, eins og ég kom inn á, mótsögnina í því að ætla að breyta stjórnarskránni og koma svo á stjórnlagaþingi sem hefur það hlutverk að breyta stjórnarskránni.

Af því að hæstv. forseti, Kristinn H. Gunnarsson, er í stólnum ætla ég að vitna í hann, það er oft ágætt að vitna í hann. Hann segir, í ræðu sem hann flutti fyrir nokkrum dögum, með leyfi forseta:

„Það má eiginlega segja að endapunkturinn sé í því frumvarpi sem hér liggur fyrir því að það er nánast fullkomlega ríkisstjórnarmál.“ — Stjórnarskrárbreytingin er ekki breyting sem allir í þinginu standa að heldur er það ríkisstjórnin sem er að knýja málið í gegn. „Þó að það sé ekki flutt af ríkisstjórninni er aðdragandi þess algerlega á vegum ríkisstjórnarinnar.“ — Alveg klárlega, ríkisstjórnin skrifaði forskriftina að þessu máli.“ Eftir að ný ríkisstjórn tekur við skipar forsætisráðherra þriggja manna starfshóp embættismanna sem aðrir stjórnmálaflokkar koma ekkert að. Ég skal ekki fullyrða hvort það er nýjung en það er a.m.k. í samræmi við þessa þróun að einstakir flokkar, flokkar ríkisstjórnarinnar, fara að halda öðrum flokkum frá málinu á undirbúningsstigi. Þá eru menn byrjaðir að rjúfa í sundur grundvallarþráðinn í stjórnarskrárbreytingunum sem er samráð og samstaða um breytingar.“ — Ég tek algjörlega undir þetta.

Svo segir hér:

„Þetta er algerlega orðið ríkisstjórnarmál í þessum búningi sem hér hefur verið undirbúinn. Ég gagnrýni þessa þróun, ég held því ekki fram að þetta sé algert stílbrot frá því sem verið hefur vegna þess að þróun hefur átt sér stað sem leiðir þetta af sér en hér er lengra gengið en áður hefur verið og menn munu halda áfram að ganga þennan veg þar til eitthvað gerist sem stöðvar þessa þróun.

Mér finnst líka að tíminn sem menn hafa gefið sér til að leggja fram ígrundaðar tillögur að stjórnarskránni sé nánast enginn. Það er mjög gagnrýnivert.“

Það sjá það auðvitað allir að afskaplega illa er að verki staðið. Undirbúningurinn er lítill. Hann er eins og hér kemur fram og ég hef sagt áður bæði í þessari ræðu og annarri ræðu, forskriftin er ríkisstjórnarinnar. Það eru fengnir til sérfræðingar sem eru ríkisstjórninni þóknanlegir til að skrifa þessar breytingar á stjórnarskránni og svo er fullkomin mótsögn í því að ætla að koma á stjórnlagaþingi til þess að breyta stjórnarskránni en leggja til grundvallarbreytingar á stjórnarskránni áður en þingið kemur saman.

Þá er það með hreinum ólíkindum, og það hefur líka komið fram, að það var ekkert rætt — og þó að nú sé búið að segja að kjósa eigi til stjórnlagaþings í sveitarstjórnarkosningum er ekkert samráð haft við sveitarstjórnarmenn eða Samband íslenskra sveitarfélaga um það mál. Það er með hreinum ólíkindum enda hefur það verið gagnrýnt af formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga. Það sjá það allir að kosningabaráttan sem á að fjalla um sveitarstjórnarmál verður harla erfið þegar önnur kosningabarátta er í gangi um það hverja eigi að kjósa til þess að sitja stjórnlagaþing. Ég er hræddur um að fókusinn verði á víð og dreif síðustu dagana fyrir sveitarstjórnarkosningarnar þegar þar að kemur.

Þá hefur það líka verið gagnrýnt, og það er sennilega mjög sérstakt, að í þessu stjórnarskrármáli sáu menn sig knúna til þess að senda álfyrirtækjunum frumvarpið til umsagnar. Á sama tíma hafa ákveðin mannréttindasamtök kvartað undan því að fá frumvarpið ekki til umsagnar. Ég held að þetta lýsi kannski öðru fremur þeim flumbrugangi og þeim ómarkvissu vinnubrögðum sem hér hafa átt sér stað. Mér finnst það kristaltært (Forseti hringir.) að sjálfstæðismenn geta ekki selt sálu sína í þessu máli til þess að breyta dagskránni. Það er mun eðlilegra að dagskránni sé breytt (Forseti hringir.) og þeim málum sem varða heimilin og fyrirtækin í landinu sé komið á dagskrá hið fyrsta.

[12:00]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Það hefur borið dálítið mikið á því undanfarið að sjálfstæðismenn séu vændir um málþóf og það af fólki sem hefur stundað málþóf á Alþingi mjög lengi og segja má að sannleikanum sé hver sárreiðastur í þeim efnum.

Við ræðum í fyrsta lagi nefndarálit meiri hluta sérnefndar. Þar skrifa undir hv. þingmenn Valgerður Sverrisdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ellert B. Schram, Guðjón A. Kristjánsson og Atli Gíslason. Enginn af þessum aðilum eru viðstaddir umræðuna, herra forseti, enginn.

Sérstaklega er athyglisvert að formaður meiri hlutans, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sem er formaður sérnefndar og framsögumaður — hér kemur reyndar hv. þm. Atli Gíslason í salinn — er komin í leyfi og er það mjög undarlegt og eiginlega lítilsvirðing við málið að hv. þingmaður skuli ekki fylgja því eftir til enda og eiginlega alveg furðulegt, finnst mér. Ef ég væri að flytja svona merkilegt mál mundi ég vera vakinn og sofinn í því alla daga.

Í fyrstu ræðu minni um þetta mál hélt ég því fram að í 2. gr. og í 4. gr. eins og búið er að breyta þeim, séu tveir aðilar að breyta stjórnarskránni. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson mótmælti því í andsvari. Nú er hann ekki til staðar. Ég er búinn að spyrja að því tvisvar og ég fæ ekki svar frá hv. þingmanni sem skrifar undir nefndarálitið án fyrirvara. Hann heldur því fram að það séu ekki tveir aðilar að breyta stjórnarskránni samtímis.

Ég mundi gjarnan vilja sjá hann hér við umræðuna, herra forseti, og gerðar séu ráðstafanir til þess því hann er flutningsmaður nefndarálitsins sem við erum að tala um. Svo ættu hv. þingmenn Ellert B. Schram og Guðjón A. Kristjánsson að sjálfsögðu að fylgjast með umræðunni. Þá er það spurningin um hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Hún getur illa fylgt málinu eftir vegna þess að hún er ekki við og

spurning hvort einhver komi í staðinn fyrir hana. Ég veit það ekki.

Þar sem málið sjálft er flutt af hæstv. forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur og hæstv. fjármálaráðherra, Steingrími J. Sigfússyni, sem og hv. þingmönnum Birki Jóni Jónssyni og Guðjóni Arnari Kristjánssyni, sem jafnframt skrifa undir nefndarálitið, þá finnst mér alveg sjálfgefið að þetta fólk sé líka við umræðuna eða fylgist a.m.k. með henni. Því menn hljóta að sýna málinu þann áhuga.

Talandi um málþóf þá vill svo til að fyrir litlu máli fyrir nokkru síðan, árið 1998, þar sem talsvert var fjallað um að breyta einni stofnun yfir í aðra, breyta Húsnæðisstofnun yfir í Íbúðalánasjóð, talaði hæstv. forsætisráðherra, sem núna vænir menn um málþóf, 49 sinnum um það mál. Í samtals 14,7 tíma, nærri 15 tíma ein um það mál. Ein af þeim ræðum var tíu tímar þar sem farið var um víða veröld, mjög merkilegt met sem ég reyndar held að Castro hafi slegið. En svo kemur þessi sami hæstv. forsætisráðherra og gagnrýnir aðra fyrir málþóf. Þá var bara verið að leggja niður eina stofnun og breyta henni yfir í aðra. En hér erum við að tala um að verið er að búa til kaos í stjórnlagaþingi sem ég ætla að koma betur inn á.

En það sem mig langaði til að nýta tímann til er að minnast á alveg ótrúlegt viðtal í *Fréttablaðinu* í dag. Talandi um ráðherraræði, herra forseti, það sem gagnrýnt var í mótmælunum í haust að ráðherrarnir stjórnuðu öllu, þá leyfir hæstv. forsætisráðherra landsins sér að segja að þingið þurfi að afsala sér valdi tímabundið. Hún bara segir: Ég stjórna hérna. Löggjafarsamkundan skal sko fara heim. (**Gripið fram í:** Þetta er bara ofríki.) Þetta er bara ofríki. Þetta er ekki einu sinni eðlilegt. Það stefnir bara í einræði. Í undirfyrirsögn segir, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra segir að þingið ráði ekki við að breyta stjórnarskránni, þess vegna þurfi það að framselja stjórnarskrárgjafarvaldið tímabundið til þjóðarinnar. Fjármálaráðherra skilur ekki í hverju andstaða sjálfstæðismanna er fólgin.“

Herra forseti. Hvað er að gerast hérna eiginlega? Hæstv. forsætisráðherra sem situr með atbeina þingsins gefur þinginu langt nef og segir að það ráði ekki við að breyta stjórnarskránni. Hv. þm. Atli Gíslason ráði bara ekki við þetta. Mér finnst þetta alveg með ólíkindum, herra forseti. Alveg með ólíkindum.

Þá er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson genginn í salinn. Hann hefur sagt að það væru ekki tveir aðilar að breyta stjórnarskránni. Ég ætla að nota þann stutta tíma sem ég á eftir til að fara í gegnum það að það eru tveir aðilar ef þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir eftir 1. umr. og umfjöllun nefndar gengur eftir, en í 2. gr. segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi. Slíkt frumvarp má ekki samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við fjórar umræður og skulu þrjár vikur hið minnsta líða á milli umræðna. Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarpið skal það borið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar.“

Það er sem sagt einn aðili þarna, Alþingi Íslendinga, sem hefur starfað frá 930 með hléum reyndar og er ein dýrmætasta eign Íslendinga. Þó menn geti haft ýmsar skoðanir á einstökum þingmönnum er Alþingi sem slíkt dýrmætasta eignin. Og þarna segir að Alþingi hafi löggjafarvald. En í 4. gr. í breytingartillögum meiri hlutans stendur:

„Við stjórnarskrána bætist nýtt ákvæði um stundarsakir, svohljóðandi.“ — Nú er tíminn að renna frá mér, herra forseti. — „Forseti Íslands boðar til stjórnlagaþings til að semja frumvarp að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands þar sem byggt verði áfram á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda.“ — Ég geri athugasemd við þetta orðalag, ég hefði viljað hafa mannréttindi fyrst í anda hv. þm. Atla Gíslasonar. — „Þingið skal koma saman 17. júní 2010 og ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011 en getur ákveðið að ljúka störfum fyrr.“

Síðan kemur hvernig þingið skulið skipað o.s.frv. og að um kosningu og skipulag skuli mælt fyrir í sérstökum lögum. En svo stendur, með leyfi forseta:

„Áður en stjórnlagaþing samþykkir frumvarp að nýrri stjórnarskrá skal það sent til Alþingis til umsagnar.“

Alþingi veitir einhverja umsögn. Og svo ræður þingið hvort það fer eftir því eða ekki. Síðan skal bera það undir þjóðina í leynilegri atkvæðagreiðslu.

Það eru sem sagt tveir aðilar sem eru að setja þjóðinni nýja stjórnarskrá á sama tíma, herra forseti. Sjálfstæðismenn vara eindregið við þessu og berjast gegn því. Hvað gerist ef þetta nýja þing ákveður að leggja Alþingi niður? Hvað gerist ef Alþingi bregst við með því að leggja fyrir þjóðina breytingu á stjórnarskrá um að þetta nýja þing og þetta bráðabirgðaákvæði skuli falla niður? Hvað gerist þá? Þá fær þjóðin jafnvel á sama degi tvær tillögur til umfjöllunar um málið.

Menn eru að stefna út í algjört kaos, herra forseti. Nú segir kannski einhver: Ja, en það gerist ekki að nýja þingið ætli að leggja Alþingi niður. Hver getur lofað því? Hver veit hvernig þetta nýja þing verður skipað? Hver veit það? Kannski dettur þeim í hug að þeir séu miklu betri en Alþingi og taka þá undir með hæstv. forsætisráðherra sem segir að þingið ráði ekki við að breyta stjórnarskránni. Það skyldi nú ekki vera að tekið yrði bara undir það og því vísað til þjóðarinnar? Herra forseti. Menn þurfa nú pínulítið að skoða þetta. Við erum að ræða um stjórnarskrána. Í 79. gr. hennar stendur að það sé Alþingi sem breyti henni og enginn annar. Ég er búinn að sverja eið að þessari stjórnarskrá og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er líka búinn að sverja eið að þessari stjórnarskrá. Við þurfum því að standa vörð um hana og þess vegna geta sjálfstæðismenn engan veginn fallist á það sem hér er verið að gera, enda hafa allir þeir sem veittu um þetta umsagnir, eða mjög margir, annaðhvort sagt að þeir geti ekki veitt umsögn af því tíminn sé svo naumur eða bara lagst gegn þessu, nema náttúrlega BSRB sem er undir stjórn hæstv. heilbrigðisráðherra.

[12:10]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef það sem hv. þingmaður hefur mestar áhyggjur af og lýsir því að ástæðan fyrir löngum umræðum sjálfstæðismanna, hv. þingmanna, sé vegna þess að það séu tveir aðilar sem geti breytt stjórnarskránni, þá er það bara misskilningur, einn stór misskilningur. Og við gætum

þá fljótlega leiðrétt þennan misskilning á þann veg að við gætum lokið umræðunni ef þetta er grunnurinn.

Staðreyndin er sú að Alþingi hefur stjórnarskrárvaldið. Alþingi getur breytt stjórnarskránni ef samstaða næst um það með einum alþingiskosningum á milli. (Gripið fram í.) Það er þannig.

Hins vegar er nú verið að leggja til að sett verði á laggirnar stjórnlagaþing sem kosið verði af fólkinu sjálfu í landinu sem kýs inn á þetta þing hvaðan valdið er sprottið. Og hvað má þetta þing gera? Það má leggja tillögu fyrir þjóðina og ekkert verður að veruleika fyrr en þjóðin hefur samþykkt þá tillögu.

Stjórnlagaþingið sjálft hefur ekki sjálfstæðan rétt til að breyta stjórnarskránni. Nei. Stjórnlagaþingið hefur, verði þessar breytingar að lögum, rétt til þess að leggja tillögu um nýja stjórnarskrá fyrir þjóðina í landinu. Það er veruleikinn. Og ef hv. þm. Pétur H. Blöndal telur að það að kjósa til stjórnlagaþings, gefa því rétt til að leggja tillögur fyrir þjóðina, sé brot á stjórnarskránni vegna þess að hann sór að henni eið þá verður hv. þingmaður að rökstyðja mál sitt miklu betur. Hann er augljóslega uppfullur af misskilningi a.m.k. í þeim þætti sem ég heyrði í ræðu hv. þingmanns.

[12:12]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þann 25. apríl ætlar þjóðin, herra forseti, að kjósa nýtt Alþingi. Þjóðin ætlar þann 25. apríl að kjósa nýtt löggjafarvald. Það er þjóðin, herra forseti, sem kýs til Alþingis en ekki hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Það er þjóðin sjálf sem kýs þá fulltrúa sína inn á Alþingi. Og þó að flestir flokkarnir séu með óbreytta lista er Sjálfstæðisflokkurinn með mjög breytta lista í þeim kosningum. Ný framboð geta líka komið fram. Það er þjóðin sem kýs Alþingi. Ég undirstrika það og Alþingi fær nýtt umboð frá þjóðinni 25. apríl.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins, sem hv. þingmaður leggur til, er það Alþingi sem breytir stjórnarskránni. Þetta er það sem hv. þingmaður lagði til og ber svo undir þjóðina þær breytingar sem Alþingi leggur til. Það er sem sagt Alþingi sem breytir stjórnarskrá samkvæmt 2. gr. frumvarpsins sem hv. þingmaður skrifaði undir.

En samkvæmt 4. gr. þessa sama frumvarps sem hv. þingmaður skrifaði undir hefur stjórnlagaþing líka heimild til að bera undir þjóðina breytingu á stjórnarskránni. Hv. þingmaður er búinn að gera það rugl, herra forseti, að setja tvo aðila á sama tíma til að bera undir þjóðina breytingar á stjórnarskrá. Báðir þessir aðilar eru fulltrúar þjóðarinnar því þjóðin kýs Alþingi 25. apríl næstkomandi. Og þjóðinni er ætlað að kjósa á stjórnlagaþingið. Hv. þingmaður er búinn að búa til, ég mundi segja kaos. Hvað gerir þjóðin ef koma á sama degi breytingar á stjórnarskrá sem hún á að fjalla um?

[12:14]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi málflutningur hv. þingmanns verið óskýr í ræðunni þá lagaðist það nú ekki núna. Það er rétt reyndar hjá hv. þingmanni að þjóðin kýs alþingismenn. Og það er rétt líka hjá hv. þingmanni að þjóðin mundi kjósa fulltrúa á stjórnlagaþing. Bæði þessi þing mundu sækja vald sitt til þjóðarinnar hvar uppspretta valdsins er, þannig að fulltrúar á báðum þessum þingum væru þá að minnsta kosti að sækja vald sitt til réttra aðila.

Það sem hér um ræðir er það að Alþingi er ekki með þessu frumvarpi að láta varanlega af hendi rétt sinn til að breyta stjórnarskrá. Á hinn bóginn er verið að leggja til að stjórnarskráin verði endurskoðuð og stjórnlagaþing fái heimild til þess að leggja tillögu um nýja stjórnarskrá fyrir þjóðina. Sú stjórnarskrá verður ekki að stjórnarskrá lýðveldisins fyrr en þjóðin hefur samþykkt það í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það væri þá þjóðin sjálf sem mundi taka þá ákvörðun að lögfesta nýja stjórnarskrá. Þannig er þetta hugsað.

En á meðan er Alþingi ekki að afsala sér rétti til þess að breyta stjórnarskránni. Við vitum heldur ekki hvort stjórnlagaþing muni ná saman um að leggja tillögur fyrir þjóðina. (Gripið fram í.) Það vitum við ekki og ekki einu sinni hv. þm. Kjartan Ólafsson sem þó hefur látið í veðri vaka að hann viti sitt lítið af hverju í þessari umræðu.

Virðulegi forseti. Þetta liggur þannig að verið er að leggja til að kosið verði þing til þess að endurskoða stjórnarskrána, þ.e. stjórnlagaþing. Þjóðin kjósi það þing sem hefur síðan tillögurétt eða rétt til þess að leggja tillögur fyrir þjóðina og ef þjóðin fellst á þá tillögu verður komið með nýja stjórnarskrá. Það er enginn annar en þjóðin sjálf sem getur tekið ákvörðun um það.

[12:16]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður var gersamlega rökþrota og það sem hann sagði er aumkunarvert. Hann leggur hér til, í tveim greinum, að tveir aðilar geti samþykkt breytingar á stjórnarskránni, báðir kosnir af þjóðinni, einn meira að segja með nýtt umboð, sem verður veitt 25. apríl, og báðir geta lagt fram breytingar á stjórnarskránni og borið undir þessa sömu þjóð. Ef stjórnlagaþingið tekur t.d. sömu afstöðu og hæstv. forsætisráðherra í *Fréttablaðinu* í dag og segir að þingið ráði ekki við að breyta stjórnarskránni — (Gripið fram í.) má ég svara, hvað ef þetta nýja stjórnlagaþing skyldi vera sömu skoðunar og hæstv. forsætisráðherra og bera það undir þjóðina að taka stjórnarskrárbreytingavaldið af Alþingi, sem það hefur haft frá því 930. Þetta er dýrmætasta eign þjóðarinnar. (**LB:** Valdið er ekki ...) Ef stjórnlagaþingið skyldi bera þetta undir þjóðina og Alþingi á sama tíma til að verja sig, þetta nýja Alþingi sem er búið að fá nýtt umboð frá þjóðinni — ef þetta nýja Alþingi skyldi á sama tíma leggja undir þjóðina breytingu á stjórnarskránni þannig að stjórnlagaþing verði afnumið, hvernig skyldi það vera í þessu landi, hvað skyldi gerast ef þjóðin ætti að greiða atkvæði um hvort tveggja sama daginn? Ég gef ekki mikið fyrir það. Ég skora á hv. þingmann að fallast á þá tillögu okkar sjálfstæðismanna að stjórnlagaþingið sé ráðgefandi þannig að við lendum ekki svona í kross með þjóðina. Þetta gengur ekki upp rökfræðilega, herra forseti.

[12:18]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Í því andsvari sem við hlýddum á áðan kemur kannski í ljós það sem hv. þingmaður Pétur H. Blöndal var að segja, þ.e. að þeir sem leggja frumvarpið fram eru ráðþrota. Sú er nefnilega raunin að menn eru farnir að sjá það núna hvað er að gerast með frumvarpinu. Þetta er algert mein. Það má kannski segja að þetta sé hálfgert krabbamein, herra forseti, sem hér er verið að setja fyrir okkar þjóð.

Ástæða þess að Sjálfstæðisflokkurinn stendur fast í fæturna varðandi málið eru ekki komandi kosningar, það er ekki það. Við sjáum það bara, þegar málið er skoðað ofan í kjölinn, að verið er að koma af stað ringulreið í samfélaginu, stjórnleysi. Hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi að hæstv. forsætisráðherra hefði ekki slegið met Castros í ræðuhöldum að tíma til þó að hún hafi talað á 11. klukkustund í þinginu á sínum tíma. En það er verið að koma af stað svipaðri tilhneigingu eins og er á Kúbu og austurríkjunum þar sem hreinn sósíalismi ræður ríkjum. Það er það sem verið er að koma af stað með þessu.

Það er hárrétt sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði áðan að dýrmætasta eign Íslendinga frá upphafi er Alþingi. Það er Alþingi Íslendinga sem er okkar dýrmætasta eign. Í þeim breytingum sem hér um ræðir segir að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign. En er ekki Alþingi þjóðareign? Hvergi er á það minnst, herra forseti. Ekki er minnst á það að selja megi eignina, þessa dýrmætustu eign okkar, Alþingi, selja hana í hrossakaupum innan stjórnarheimilisins, hrossakaup minnihlutastjórnar. Það er það sem má segja um frumvarpið. Þetta eru hrossakaup þeirrar minnihlutastjórnar sem nú situr á Alþingi og það er ótrúlegt hvernig þetta mál hefur þróast hér. Því meir og því betur sem farið er yfir hverja einustu setningu í frumvarpinu sjáum við hversu kolgallað það er. Það þarf að standa í ræðupúlti Alþingis og fara yfir málin. Það þarf að ná í gegn að þjóðin átti sig á því hvað við erum að gera og hvers vegna við stöndum í fæturna í ræðupúlti Alþingis.

Ég hirði ekkert um það, herra forseti, að hæstv. ráðherrar séu ekki við umræðuna. Það skiptir okkur engu máli. Það skiptir mig heldur engu máli hvort flutningsmennirnir sitja í salnum eða ekki. Það sem skiptir meginmáli er það að þjóðin átti sig á því hvað verið er að gera. Við þurfum að koma því til þjóðarinnar að hér er verið að vinna mikið óhæfuverk fyrir samfélagið sem verið hefur á Íslandi og frá alþingisstofnuninni 930, frá því að við eignuðumst okkar dýrmætustu eign sem er Alþingi. Við þurfum að koma því til þjóðarinnar, og ég sagði það fyrr í morgun, í ræðu minni, að fjölmiðlarnir á Íslandi hafa ekki staðið sig sem skyldi. Ríkisfjölmiðlunum ber að taka svo viðamikið mál upp og gera því almennileg skil, gera því vönduð skil þannig að öll sjónarmið komist til þjóðarinnar. Það hefur ekki verið gert því miður. Þess vegna höfum við það eina úrræði að standa í ræðustól Alþingis og standa hér og kynna það fyrir þjóðinni hvað er á ferðinni og hvers vegna við stöndum svo fast í fæturna sem raun ber vitni. Það er okkar mikilvægasta mál.

Herra forseti. Það kom svo greinilega í ljós, í andsvörum sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson átti við Pétur H. Blöndal rétt áðan, að þeir sem eru flytjendur í þessu máli og standa að því hér eru ráðþrota. Þeir eru sjálfir farnir að átta sig á því að þeir eru í gíslingu í eigin máli, þessir þrír flokkar sem flytja þetta frumvarp um stjórnlagaþingið, um stjórnarskrána okkar. Það er ótrúlegt að upplifa það hvernig þetta hefur komið fram og hvernig menn ætluðu að keyra þetta með offorsi í gegnum þingið.

Ég hef áður í ræðum mínum nefnt það að við höfum mikil gögn frá umsagnaraðilum. Ég ætla þess vegna, herra forseti, og með leyfi forseta, að lesa upp nokkrar línur frá nokkrum aðilum sem hafa gefið umsögn. Það skyldi þó ekki vera að við þyrftum einmitt að hlusta.

Í ræðu formanns Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssonar, í eldhúsdagsumræðum í gær kom fram að 27 aðilar hefðu gefið umsögn til nefndarinnar sem fjallaði um frumvarpið. Einungis tveir voru sammála frumvarpinu, 25 umsagnir voru neikvæðar. Er það einhver tilviljun að við stöndum hér og reynum að færa rök fyrir því hvernig þessum málum er háttað og hverju þurfi að breyta og hvernig? Auðvitað viljum við fyrst og fremst að málið verði tekið út af dagskrá og unnið betur.

Ég vitna til nokkurra umsagna, herra forseti. Davíð Þór Björgvinsson segir að skammur tími sé til umsagnar miðað við umfang málsins. Það kemur fram hjá öllum 25 aðilunum. Sigurður Líndal segir að tíminn sé naumur. Ragnhildur Helgadóttir telur óheppilegt að víkja frá hefð um samstöðu. Það er atriði sem komið hefur fram og kemur fram bæði í umræðunni á Alþingi og í öllum umsögnum. Hætta er á óæskilegri þróun, segir Ragnhildur og biður menn að fara sér hægt við breytingar. Þó megi skoða tilteknar breytingar. Samband íslenskra sveitarfélaga segir eðlilegt að bíða með breytingar fram yfir kosningar. Umsagnir frá Lögmannafélaginu eru í þessa átt. Samorka segir um 2. gr. að þörf sé á lengri fresti. Mikil óánægja sé með þessi vinnubrögð við stjórnarskrárbreytingar. — Svona má halda áfram og lesa þetta þykka plagg í gegn frá orði til orðs, sem ég hef ekki tíma til og ætla ekki að gera, en þannig er málflutningur þeirra aðila sem hafa verið beðnir um að gefa umsögn. Ég held samt áfram. Landssambandi smábátaeigenda þykir miður hve knappur tími er til umsagnar. Mig langar, herra forseti, að fara aðeins inn í 4. gr. Það fer að sneyðast um tíma. Um það segir Ragnhildur Helgadóttir að í raun sé ekki þörf á heildarendurskoðun stjórnarskrár. Hún er alls ekki andvíg stjórnlagaþingi en vill ítarlegar hugleiðingar og athugasemdir og bendir á ýmis álitamál.

Þetta er ekkert rætt á hinu háa Alþingi. Eins og ég sagði áðan eru ráðherrarnir ekki í salnum. Flutningsmennirnir hlýða ekki á mál þingmanna sem hér tala og halda uppi vörnum fyrir þeirri dellu sem verið er að kynna með frumvarpinu. Það breytir sennilega engu, herra forseti, hvort þeir sitja hér eða ekki. Þeir kæra sig kollótta. Það á að keyra þetta í gegnum þingið með ósamstöðu og umsagnaraðila óánægða. Það sem stendur upp úr í öllu þessu máli er að verið er að selja þessa dýrmætustu eign okkar, sem er Alþingi. Það er verið að útvista, eins og ég kalla það, verkefnum frá Alþingi til stjórnlagaþings sem er óskilgreint í þessum lagabálki. Stjórnlagaþingið á sjálft að setja sér starfsreglur — það veit í raun enginn hvers konar óskapnaður stjórnlagaþingið verður ef það kemur nokkurn tíma saman.

Ef við ætlum að hafa stjórnlagaþing verður að setja skýrari reglur um hvað það á að gera. Það ætti einungis að vera umsagnaraðili til þingsins.

[12:29]

Mörður Árnason (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Er það víst að hv. þm. Pétur Blöndal hafi verið að biðja um ræðu en ekki andsvar? Nú er mikill losaragangur í hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu. Þeir fara ekki eftir þeirri röð sem þeir eru skráðir í á mælendaskrá heldur tala svona nánast hver um annan þveran. Sumir tala oft á dag. Til dæmis hóf hv. þm. Kjartan Ólafsson umræður í dag ef ég man rétt og er núna að tala í annað eða þriðja sinn, mér er það ekki alveg ljóst. Hv. þm. Illugi Gunnarsson var á mælendaskránni þrisvar eða fjórum sinnum sama daginn held ég og þó það væru margir á milli, eitt kvöldið.

Hér kom fyrir um daginn að bíða þurfti eftir þingmanni sem var á mælendaskrá, (Forseti hringir.) ég held í þrjár eða fjórar mínútur af því hann var að tala í símann við einhvern þegar að honum kom á mælendaskránni. Forseti (Forseti hringir.) leyfði það og menn sátu hér á þinginu og biðu eftir þessum tiltekna þingmanni sem var að tala í símann. Sjónvarpsáhorfendur (Forseti hringir.) héldu að það væri komin stillimynd. Þarf ekki (Forseti hringir.) að taka sig á í fundarstjórninni, forseti (Forseti hringir.) sæll?

[12:32]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg óskaplegur munur þegar hv. þm. Mörður Árnason tekur sæti hér á þingi vegna þess að þá fáum við alltaf kennslustund, lexíu um það hvernig mönnum beri að haga sér.

Ég verð að játa að ég hlýði alltaf með mikilli, ég segi nú ekki aðdáun en eftirtekt þegar hv. þingmaður tekur til máls. Það sem hann er að finna hér er auðvitað alvanalegt í þinginu og er fullkomlega í samræmi við þingsköp Alþingis og eðlilega fundarstjórn þingsins. En hv. þingmaður á auðvitað bara að halda því áfram að kenna mönnum og segja mönnum til. Honum ferst það vel af sínu hjartans lítillæti.

[12:32]

Kjartan Ólafsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Alþingi Íslendinga er stjórnað eftir þingsköpum sem forsetar fara eftir. Það eru þingsköp sem hafa verið ákveðin á Alþingi. Ég hef ekki fyrr í þingmennsku minni heyrt siðameistara Samfylkingarinnar koma hér upp og yfirtaka þingsköpin og segja til um hvernig eigi að fara með stjórn þingsins.

Þetta er kannski eitt af því sem við eigum eftir að sjá þegar stjórnlagaþingið kemur saman eins og hv. þm. Mörður Árnason vill sjá. Stjórnlagaþingið á nefnilega sjálft að búa sér til sínar reglur. Það á sjálft að gera það og það verður fróðlegt að sjá þegar hv. þingmaður Mörður Árnason verður orðinn ritstjóri þingskapa þess þings. Það verður mjög sérstakt, herra forseti.

[12:33]

Mörður Árnason (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Mér er það í sjálfu sér ánægjuefni að þingmenn Sjálfstæðisflokksins skuli umhverfast í hvert sinn sem ég kem hér í stólinn og það jafnt hvort sem það er efnisleg umræða sem þá er stunduð eða spurningar um formsatriði eins og sú spurning sem hér var borin fram um hvort ekki væri rétt að ganga eftir því hvort menn væru að biðja um andsvar eða ræður áður en forseti úrskurðaði það með þeim hætti að fjarvera þingmannsins skæri úr um það.

Síðan er hitt sem ég spurði um, hvort það væri siður á þinginu að beðið væri eftir mönnum sem töluðu í símann þegar þeir ættu að vera í ræðustól eins og kom fyrir í gær. Það var hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem þá var næstur á dagskrá en þingheimur og sjónvarpsáhorfendur þurftu að bíða, þeir sem voru að fylgjast með biðu eftir því að Kristinn H. Gunnarsson lyki símtali sínu.

Ég mun nú sennilega ekki eiga sæti á stjórnlagaþingi og stýri þess vegna ekki (Forseti hringir.) þingsköpum þess en ef hv. þingmaður Kjartan Ólafsson vill þá er ég reiðubúinn að ganga í (Forseti hringir.) það verk með honum að undirbúa skynsamleg þingsköp fyrir það þing eða þau önnur sem hann vill (Forseti hringir.) láta halda hér á lofti.

[12:35]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er einhver misskilningur hjá hv. þm. Merði Árnasyni — sem hleypur á brott úr þingsalnum um leið og hann mætir því að honum sé svarað og sýnir auðvitað þingmönnum og þinginu þá virðingu sem hann kýs og er svona í samræmi við það sem hann hugsar væntanlega til þingsins og þingmanna — að við þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þeir tveir sem hafa talað höfum verið að umhverfast í ræðustólnum. Mitt erindi var nú fyrst og fremst að bera lof á hv. þm. Mörð Árnason fyrir að hann af sínu hjartans lítillæti sem allir þekkja sem hafa fylgst með honum héðan úr ræðustól Alþingis að hann hefur til að bera í miklum mæli, að hann af sínu hjartans lítillæti var að segja okkur þingmönnum og virðulegum forseta, alveg sérstaklega, til.

En það er þannig og ég get borið vitni um það gagnstætt því sem á við um hv. þm. Mörð Árnason að ég hef setið hérna og fylgst með þessum umræðum. Ég ætla að bera vitni um það að fundarstjórn forseta, þeirra forseta sem hafa verið hér á forsetastóli í morgun hefur verið til mikillar prýði. Það er alveg óþarfi fyrir hv. þingmann að setja á einhverja lexíu og vera að reyna að kenna mönnum hvernig eigi að umgangast þingið. Hann hefur ekki úr háum söðli að detta sá hv. þingmaður.

[12:36]

Kjartan Ólafsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs undir þessum dagskrárlið, um fundarstjórn forseta, er einmitt framganga hv. þm. Marðar Árnasonar rétt áðan þar sem hann réðst ósmekklega og ómaklega að hæstv. forseta. Þar sem hann er að koma því á framfæri að hæstv. forseti Kristinn H. Gunnarsson hafi ekki komið í ræðustól þegar honum bar.

Hv. þm. Mörður Árnason veit sem er að forseti getur ekki farið upp undir fundarstjórn forseta og svarað fyrir sig. Þess vegna er þetta virkilega ósmekklegt og þetta er ekki í fyrsta skiptið og ekki í eina skiptið sem hv. þm. Mörður Árnason kemur fram með þeim hætti. Framkoma hans í ræðustól Alþingis er því bæði ósmekkleg og ómakleg og nú væri betur að hann fengi aftur það námskeið sem fyrrverandi hv. þm. (Forseti hringir.) Gunnar Birgisson bauð honum um árið, að fara í námskeið og læra mannasiði.

[12:37]

Herdís Þórðardóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki oft sem manni blöskrar en mér blöskrar málflutningur hv. þm. Marðar Árnasonar. Ég frábið mér að hlusta á hann tala úr ræðustóli Alþingis eins og hann hefur gert, með svívirðingar á hendur forseta þingsins.

Ég veit ekki betur en að við sjálfstæðismenn höfum þurft að hlusta á svívirðingar hans til okkar vegna málflutnings okkar í því máli sem nú er til umræðum, í umræðum um stjórnarskrána. Mér finnst þetta með ólíkindum að maðurinn skuli koma hér inn sem varaþingmaður og ausa úr skálum reiði sinnar yfir þingheim, ef mönnum þóknast ekki málflutningur hans þá er allt ómögulegt.

Ég bara hafna því algjörlega að við séum að umhverfast í málflutningi okkar. Mér finnst orð hans dæma sig sjálf og hvernig hann kemur fram og í því sambandi hvernig hann talar til hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. (Forseti hringir.) Mér finnst þetta fyrir neðan allar hellur.

[12:39]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér komu satt að segja orð hv. þm. Marðar Árnasonar mjög spánskt fyrir sjónir, með hvaða hætti hann kom fram. Mér finnst nú eðlilegt þar sem hann er horfinn á braut og er ekki til að hlusta frekar á þá umræðu sem hann hóf að inna hv. þingmann formann þingflokks Samfylkingarinnar, Lúðvík Bergvinsson, hvort hann telji þetta eðlilegt og taki undir með samþingmanni sínum Merði Árnasyni um þau sjónarmið sem hann setti fram gagnvart forseta sem getur ekki svarað fyrir sig þeim dylgjum sem hv. þm. Mörður Árnason beindi að honum.

Ég hefði talið eðlilegt að hv. þm. Mörður Árnason hefði sett þetta fram við annað tækifæri en það er hans mál.

Ég efast um að sú hugmynd sem hv. þm. Kjartan Ólafsson benti á, að hv. þm. Mörður Árnason yrði settur á námskeið í siðprýði, að slíkt námskeið mundi nokkuð gagnast.

[12:40]

Ásta Möller (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara að það komi fram að ég og þingflokkur sjálfstæðismanna berum fullt traust til forseta, bæði hvernig hann raðar á mælendaskrá og hvernig hann stýrir fundi. Sú orðræða sem fór hér fram og þau orð sem féllu í garð hæstv. forseta og hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar úr munni hv. þingmanns Marðar Árnasonar voru algerlega ómakleg. Forseti stýrir fundi eins og honum þykir heppilegast og sanngjarnast á hverjum tíma og ég ber fullt traust til hans.

[12:41]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þar sem þingflokksformaður Samfylkingarinnar er eini þingmaður Samfylkingarinnar í þingsalnum vil ég ítreka fyrirspurn mína um framgöngu hv. þm. Marðar Árnasonar sem er í Samfylkingunni eins og formaður þingflokks Samfylkingarinnar, Lúðvík Bergvinsson, hvort hann telji að hér hafi verið um eðlilega þinglega aðferð að ræða. (**KÓ:** Þögn er sama og samþykki.)

Ég ítreka þessa spurningu og vænti þess að þingflokksformaður Samfylkingarinnar sé tilbúinn til þess að svara henni vegna þess að ólatur hefur hann nú verið iðulega við það að koma upp í ræðustól þegar hann hefur talið ástæðu til. Ég tel virkilega ástæðu til þess að hann geri grein fyrir því hvort hann telji að þarna hafi verið farið fram með eðlilegum og réttmætum hætti svo sem flokksbróðir hans hv. þm. Mörður Árnason gerði hér áðan.

[12:42]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Mér finnst hæstv. forseti hafa stjórnað þessum fundi með mikilli prýði eins og aðrir forsetar sem hafa verið hér í morgun eins og ég hef þegar nefnt í örstuttu inngripi í umræðuna sem fór fram undir liðnum um fundarstjórn forseta.

Það er stundum sagt, virðulegur forseti, að umræðan sé alltaf af hinu góða. Ég er ekki endilega alltaf sammála því. Stundum leiðir hún menn líka út í ógöngur og er kannski ekki til þess fallin að skýra málin. Við skulum samt sem áður gefa því vægi að umræðan í sjálfu sér leiði alltaf til einhvers góðs og að málin geti skýrst þegar líður dálítið á hana.

Í fyrstu ræðu minni um þetta frumvarp gerði ég að talsverðu umræðuefni hvernig staðið hefði verið að undirbúningi þessa máls. Ég hafði miklar efasemdir og áhyggjur af því hvort málið væri þannig úr garði gert að það væri líklegt til að geta stuðlað að sáttum um stjórnarskrána og hvort allir þeir sem um véluðu og fjölluðu um málið væru sammála um hvað frumvarpið fjallar í raun og veru. Við getum sagt sem svo að það sé komin einhver skýrari mynd á það í þessari umræðu sem hefur staðið nokkuð lengi, þó ekkert sérlega lengi miðað við ýmislegt annað sem hefur verið rætt ítarlega í þinginu, frumvarp um húsnæðismál svo dæmi sé tekið eða Ríkisútvarpið og sitthvað fleira sem við höfum oft rætt hér sem hefur tekið mikinn tíma í þinginu. Engu að síður finnst mér þegar ég reyni aðeins að átta mig á því sem hefur komið fram í þessari umræðu að hún hafi orðið til góðs og hafi skýrt suma hluti.

Vandinn er kannski sá að það sem er orðið ljósara í þessari umræðu er það hversu óskýrt þetta frumvarp er í raun og veru. Það er búið að skýra það og komin gleggri mynd á að frumvarpið er óljóst. Það held ég að sé veigamesti gallinn á þessu máli öllu saman.

Ég hef margoft lýst því yfir að ég tel, og ég veit að það er sjónarmið í mínum flokki, að við þurfum auðvitað að takast á við þau mál sem hérna er verið að fjalla um og fleiri í stjórnarskránni en þá verðum við auðvitað að gera það með þeim hætti að okkur sé alveg ljóst að hverju við erum að stefna og hvað við viljum meina. Mig grunar að

innst inni séu menn ekki alveg ósammála um ýmislegt af því sem efnislega er verið að fjalla um en gallinn er bara sá að þegar við skoðum þetta og berum það saman við álit þeirra sem hafa kíkt á málið — ég verð að segja kíkt á málið því að menn fengu, eins og við munum, fimm virka daga til þess — verður ekki sagt að þetta mál sé orðið nægilega þroskað eða nægilega vel unnið eða nægilega skýrt til að við getum lagt það frá okkur með góðri samvisku í ljósi þess að við erum að tala um sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Endalaust væri hægt að vitna í ýmsa umsagnaraðila í þessu sambandi en ég ætla að láta mér nægja til að greiða fyrir þingstörfunum að víkja fyrst og fremst að umsögn Davíðs Þórs Björgvinssonar, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu og prófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Hvað sem menn segja um sjónarmið hans verður hann varla dæmdur sem einhver léttavigtarmaður í þessari umræðu og orð hans eru af þeim toganum að það er algjörlega ómögulegt að mínu mati að reyna að tala sig frá þeim sjónarmiðum. Þetta eru sjónarmið sem við hljótum að taka mjög mikið mark á.

Dómur dómarans við Mannréttindadómstól Evrópu er mjög afdráttarlaus. Hann tekur undir að það sé ástæða til að taka stjórnarskrána til endurskoðunar í ljósi reynslunnar og það er út af fyrir sig gilt og eðlilegt sjónarmið sem ég get á margan hátt tekið undir. Hann segir hins vegar að þetta frumvarp eins og það er úr garði gert, eins og það liggur fyrir, eins og það var lagt fram í marsmánuði sl., sé grundvöllur fyrir frekari skoðun á einstökum atriðum. Með öðrum orðum er prófessorinn og dómarinn í raun og veru að segja að þetta mál sé prýðilegt vinnuskjal, minnisblað til frekari umfjöllunar eða frekari vinnu við það að gera það sem frumvarpinu er ætlað, að leggja grundvöll að nýrri stjórnarskrá að þessu leytinu fyrir lýðveldi okkar. Sá er kjarni málsins. Sé það svo sem dómarinn/prófessorinn segir, að þetta sé minnisblað, vinnuskjal sem menn geti haft ásamt öðrum til að fara yfir þessi mál, segir það auðvitað þá sögu að málið er vanreifað af hálfu þeirra sem leggja það fram. Hann áréttar það síðan í einni málsgrein þegar hann fjallar sérstaklega um 1. gr. sem ég tæpti aðeins á í ræðu minni fyrr í morgun. Hann segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Þó ber að árétta að þetta er flókið mál“ — og þá er hann að vísa til 1. gr. frumvarpsins, þessa burðarmáls sem lýtur að þjóðareigninni og skyldum hlutum — „og æskilegt að nákvæm skoðun fari fram á þessu atriði og mögulegum afleiðingum ákvæðisins að þessu leyti.“

Þetta eru gríðarlega stór orð. Þó að dómarar og prófessorar séu jafnan ekki stóryrtir í þeim skilningi er dómari að segja okkur að þetta mál, þótt það sé vert allrar athygli og þótt gögnin sem fylgi séu fróðleg, sé vanreifað. Við vitum ekki almennilega í okkar haus hvað þetta felur í sér. Þess vegna kalla ég eftir því og skora í raun og veru á ábyrgðarmenn málsins, þá sem hafa skrifað undir nefndarálitið og hafa vald þess í hendi sér ásamt þingmeirihlutanum á Alþingi, að taka tillit til þessa, hægja á vinnunni, ljúka málinu eins og ég hef margoft lýst yfir með því að opna á breytingar á 79. gr. stjórnarskrárinnar sem gerir okkur þá kleift að vinna þetta mál í góðri sátt síðar á árinu, ljúka því fyrir áramótin með skaplegum hætti þannig að um það skapist meiri friður. Það getur ekki verið þannig að mál sem snýr að grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar, t.d. sjávarútvegi, sé skilið eftir í einhverri himinhrópandi óvissu.

Mér er ljóst að uppi eru nú þegar ýmis álitamál þegar kemur að fiskveiðiauðlindinni og nýtingarréttinum þar. Mér er líka ljóst að aldrei verður þannig gengið frá mannanna verkum að þau séu svo óumdeild að þar séu ekki einhver umdeilanleg atriði. En þegar svona ábendingar koma úr þessari átt, frá manni sem ekki er með nein stóryrði uppi en talar þó af miklum þunga í umsögn sinni, hljótum við að taka undir þetta. Við hljótum að taka tillit til þessa. Ég veit vel að meiri hluti nefndarinnar er annarrar skoðunar, telur að þetta sé afdráttarlaust ákvæði, feli í sér viðurkenningu á atvinnuréttindum útgerðarmanna, að ekki sé hróflað við hinum óbeinu eignarréttindum sem atvinnurétturinn skapar í sjálfu sér og ekki sé verið að hrófla við því. Það hlýtur að teljast út af fyrir sig gagn í málinu þegar málaferli hefjast. Mér er alveg ljóst að við þurfum ekki, því miður, að efast um að þetta muni kalla á málaferli vegna þess hvernig umræðan hefur þróast og hvernig umsagnirnar eru. Þetta verður sjálfstætt tilefni til að hér hefjist heilmikil málaferli og þess vegna skora ég enn og aftur á stjórnarmeirihlutann að bregðast við þessu með jákvæðum hætti til að koma í veg fyrir að við sköpum óvissu í atvinnugreinum, eins og sjávarútvegi og eftir atvikum orkunýtingunni þar sem menn hafa líka talað um í þessu sambandi eins og ég hef reynt að árétta hérna að þetta ákvæði sé óskiljanlegt. Þar er reyndar kveðið enn þá skýrar og fastar að orði, þetta óskiljanlega frumvarp, það sé þá a.m.k. reynt að gera það skiljanlegra. Það getur ekki verið markmið með frumvarpi eins og þessu að ganga þannig frá því að mönnum sé það ekki óskiljanlegt, a.m.k. ekki þeim sem í þessum sal sitja og bera þó ábyrgð á málinu þegar það er lagt fyrir þjóðina til afgreiðslu í kosningunum sem eru fram undan og að það liggi þá ekki skýrt fyrir gagnvart nýju Alþingi að vita nákvæmlega hvað þetta þýðir.

Þetta frumvarp eins og það liggur fyrir núna, verði það að lögum, mun fyrst og fremst verða veisla fyrir lögmenn. Þetta verður mikil veisla sem lögmenn fá að taka þátt í og ég geri út af fyrir sig ekki lítið úr þýðingu þess að lögmenn hafi nóg að gera. Við vitum hins vegar að það getur ekki verið markmið með stjórnarskrárbreytingum að búa í haginn fyrir lögmenn þannig að þeir geti dundað sér við það að takast á í dómsölum um svona mál. Við hljótum að ætlast til þess að við göngum þannig frá málinu að þeir sem gleggst vita, þeir sem þekkja best til, séu a.m.k. þeirrar skoðunar að efnisatriði stjórnarskrárinnar séu skýr og hún sé ljós þannig að við búum ekki málið þannig úr garði að mönnum sé ekki ljóst hvað þetta þýðir.

Ég ætla svo ef ég tek síðar til máls að vekja athygli á nokkrum umsögnum í þessa veru sem segja líka að þeir sem um eru að véla og hafa mesta hagsmuni, eins og t.d. Landssamband smábátaeigenda, telji (Forseti hringir.) að þetta mál sé algerlega óljóst í þeirra huga.

[12:53]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þá ræðu sem hér var flutt. Ég

hef hlustað á allflestar ræður þingmanna Sjálfstæðisflokksins í þingsal og nokkrar aðrar af þingskrifstofu minni. Ég tel að öll sjónarmiðin séu komin fram. Ég tek undir með hv. þingmanni að nú sé kominn tími til að þetta verði tekið fyrir í nefndinni og þau sjónarmið sem komið hafa fram frá Sjálfstæðisflokknum rædd málefnalega.

Ég hef ekki skynjað efnislegan ágreining um 1., 2. og 3. gr. og ég er algerlega ósammála hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni um að sjávarútvegur verði settur í óvissu. Nákvæmlega sama réttarstaða verður uppi. Eins og kunnugt er hafa aflaheimildir færst á tiltölulega fárra manna hendur frá því að kvótakerfið var tekið upp. Það vita allir sem skoða það mál og ég spyr hv. þingmann hvort hann vilji að þær aflaheimildir, og eignarhald þeirra eða nýtingarréttur sem hefur þróast á umliðnum árum, verði háðar einkaeignarrétti. Það er grundvallarspurning. Telur hv. þingmaður e.t.v. að þær séu þegar í dag háðar einkaeignarrétti? Ef þingmaðurinn styður áframhaldandi nýtingarrétt og áframhaldandi óbreytt kerfi er 1. gr. fullkomlega boðleg en ef hv. þingmaður leggur þann skilning í það að hann vilji að þessar aflaheimildir séu háðar einkaeignarrétti, séu það eða verði það þarf það auðvitað að koma skýrt fram því að þá er stór og mikill málefnalegur ágreiningur. Þá erum við að skapa þá réttarstöðu í þjóðfélaginu að örfáir aðilar fari með dýrmætustu auðlindir okkar.

[12:55]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig mjög skýrt sjónarmið sem kemur fram hjá hv. 7. þm. Suðurk. Atla Gíslasyni og út af fyrir sig er á vissan hátt léttir að heyra lögskýringu hans í þessum efnum. Hún rímar nokkuð við skýringar meiri hluta sérnefndarinnar sem hefur kveðið upp úr um þetta. Hins vegar hef ég sagt áður og get sagt núna að það vekur nokkra furðu að þeir menn sem hafa talað öðruvísi og skrifa m.a. undir þetta nefndarálit telja að þessi fiskveiðiréttur, hinn óbeini eignarréttur, eigi alls ekki að vera til staðar og það sé einmitt heila meinið í stjórnarskipun okkar og fiskveiðilöggjöf að þessi óbeini eignarréttur sé til staðar.

Hv. þingmaður spurði mig um afstöðu mína í þessum efnum. Ég hef margoft sagt að ég telji það skipta mjög miklu máli fyrir framgang sjávarútvegsins, ef við ræðum hann alveg sérstaklega, að skýr skilgreining á fiskveiðiréttinum sé til staðar, að hann sé nýtingarréttur, ekki einkaeignarréttur, þetta sé nýtingarréttur sem sé framseljanlegur, persónubundinn og einstaklingsbundinn. Það tel ég að skipti mjög miklu máli og þá geta menn lagt til hliðar spurninguna um aflamark eða sóknarmark. Það er í sjálfu sér alveg óháð þessu. Við getum haft framseljanlegan rétt sem er sóknarmark en ég er ekki þeirrar skoðunar að þetta eigi að vera einkaeignarréttur. Ég er þeirrar skoðunar að þetta eigi að vera óbeinn eignarréttur sem leiðir af því að hér sé um að ræða atvinnuréttindi þeirra sem hafa fengið þessar heimildir frá Alþingi og að sá óbeini eignarréttur sem leiðir af atvinnuréttarhugtakinu þurfi þess vegna að vera skýr.

Það sem gerir það að verkum að ég er órólegur yfir þessu ákvæði er að þó að sjónarmið hv. þingmanns sé gott og gilt og sé alveg skýrt hafa engu að síður ýmsir aðrir talað með öðrum hætti. Það er það sem ég hef reynt að leggja áherslu á, að við reyndum að skýra málið og gæfum okkur aðeins betri tíma sem við höfum ekki núna til að ljúka málinu. Ég fullyrði að það er hægt að gera það síðar á þessu ári.

[12:57]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mikilsvert innlegg í umræðuna. Ég verð að vísa hv. þingmanni á ummæli sem fram koma í umsögn meiri hlutans um þetta atriði. Ég hygg að ég sé ekki að tala gegn því eða með sérskoðanir á því. Ég hygg að meiri hluti nefndarinnar hafi haft það sjónarmið sem ég hef hér fært fram og kemur fram í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins.

Því fer víðs fjarri að sú breyting á stjórnarskránni sem þarna er mælt fyrir skapi óvissu fyrir sjávarútveginn. Það eru uppi deilur í þjóðfélaginu um inntak þeirra réttinda sem fylgja aflaheimildum. Þessi breyting mun engu breyta í þeirri lögfræðilegu hugsun. Fyrir mér er það algjörlega kýrskýrt. Það er ekki verið að gera neinar breytingar.

Ef verið er að breyta kvótakerfi, úthlutun aflaheimilda og þessum nýtingarrétti verða breytingarnar að vera málefnalegar, eðlisrökréttar og byggja á jafnræðissjónarmiðum eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, veit fullvel. Það vita allir. Ef á að fara að breyta kerfinu almennt séð og yfir heildina þarf það væntanlega að gerast á lengri tíma og með þröðum hætti en það er ljóst í mínum augum sem lögfræðings og lögmanns að sjávarútvegur verður ekki í hinni minnstu óvissu þótt þetta ákvæði verði samþykkt.

Svo heyri ég á hv. þingmanni að hann styður 2. gr., þ.e. að breytingar á stjórnarskrá verði lagðar undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel það afar brýnt og tel að við mundum ella missa af tækifæri því að þá verðum við jafnvel að bíða með stjórnarskrárbreytingar næstu fjögur árin. Ég tel afar brýnt að unnið sé að stjórnarskrárbreytingum og eiginlega eru allir þingmenn sem tala hér sammála um að það þarf að gera (Forseti hringir.) breytingar á stjórnarskránni. Við þurfum bara að finna okkur aðferð til þess.

[12:59]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem mér sýnist vera að skýrast í þessari umræðu, og endurtek þá það sem ég sagði um að umræðan getur stundum verið til góðs, jafnvel þótt hún sé ítarleg og ekki kannski síst vegna þess að hún er ítarleg, er að hv. 7. þm. Suðurk., þingmaður Vinstri grænna, lýsir því í raun og veru hér yfir að þessi breyting á stjórnarskránni sé engin efnisleg breyting á núverandi ástandi. Þó að það sé alveg rétt, eins og ég hef margoft lesið upp úr áliti meiri hluta sérnefndarinnar, að sjónarmið hv. þingmanns og meiri hlutans fari algerlega saman fara þau hins vegar mjög í bága við sjónarmið margra þeirra sem hafa stofnað til þessa frumvarps hérna sem hafa lagt á það áherslu að það sé einmitt kjarni málsins, það sé einmitt svo mikilvægt að gera þessar breytingar til að skýra þessa stöðu varðandi nýtingarréttinn, varðandi hinn óbeina eignarrétt. Ég verð þá að álykta sem svo úr því að svo er komið að bæði meiri hluti

nefndarinnar og hv. þm. Atli Gíslason, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, hafa talað mjög skýrt séu að segja: Þetta er engin breyting. Við erum ekki að gera neinar efnislegar breytingar, þetta er bara óbreytt ástand, status quo.

Ég geri ráð fyrir því að margir hv. þingmenn sem hafa glapist til að styðja þetta mál verði fyrir miklum vonbrigðum þegar smám saman rennur upp fyrir þeim það ljós að það er sjónarmið þeirra sem ráða ferðinni í þessum efnum að þetta sé engin efnisleg breyting. Það eru bara ekki allir sammála. Þegar hv. þingmaður sagði í lokin að við ættum að sameinast um að gera tilteknar breytingar á stjórnarskránni er ég alveg sammála honum um að við eigum að reyna að gera það í betri friði, betri sátt og með betri tíma og þess vegna hef ég lagt til að við opnuðum á þá breytingu sem kveðið er á um varðandi 79. gr. sem gerir þessar breytingar auðveldari fyrir okkur og við gæfum okkur síðan þann tíma sem við þyrftum sem ég fullyrði að þyrfti ekki að vera nema það sem eftir lifir af þessu ári.

[13:01]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að hv. þingmaður vísaði ítrekað í Davíð Þór Björgvinsson, dómara og fræðimann, sem fullyrðingu í þá veru að 1. gr. væri óljós, eða efni þess hugtaks sem sú grein er sniðin utan um, langaði mig að vísa beint í athugasemdir Davíðs en hann segir m.a. um hugtakið þjóðareign:

„Orðanotkun að þessu leyti er ekki sérstakt vandamál, enda nægjanlega skýrt í greinargerð hvað átt er við, auk þess sem hafa má hliðsjón af þjóðlendulögunum, sbr. lög nr. 58/1998, eins og bent er á í greinargerð. Ástæða er til að taka þetta fram þar sem heyrst hafa þau sjónarmið að hugtakið sé merkingarlaust ...“

Umræddur Davíð hefur ekki meiri áhyggjur en það, mig langaði bara að draga þetta fram. Ég spyr hv. þingmann hvort hann telji, eins og umræðan hefur verið hér hjá flestum — vissulega eru undantekningar, en hjá flestum sjálfstæðismönnum hef ég skynjað umræðuna á þann veg að ná megi ákveðinni sátt um 1., 2., og 3. gr. í frumvarpinu. Stóri ágreiningurinn hefur verið um stjórnlagaþingið og spurninguna um það hvort það eigi að hafa sjálfstæðan tillögurétt eða vera ráðgefandi. Það hefur verið stóra málið í þessu. Mig langaði því að spyrja hv. þingmann hvort hann telji að þrátt fyrir langar umræður kunni að vera flötur á því að ná megi sáttum í þessu máli.

[13:03]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú aðeins bæta við það sem hv. þingmaður las upp úr athugasemdum Davíðs Þórs Björgvinssonar. Hv. þingmaður las þessa tilvitnun, með leyfi virðulegs forseta:

„Ástæða er til að taka þetta fram þar sem heyrst hafa þau sjónarmið að hugtakið“ — þ.e. þjóðareignarhugtakið — „sé merkingarlaust ...“

En prófessorinn og dómarinn bætti við — hv. þingmanni sást einhverra hluta vegna yfir það:

„... en svo þarf ekki að vera.“

Kjarni málsins er sá að hann leggur til að við gefum okkur betri tíma. Hann segir líka að þetta sé flókið mál og æskilegt að fram fari á því nákvæm skoðun og hann segir að þetta sé minnisblað, gagn í málið, en hins vegar sé þetta ekki fullbúið mál. Þetta er skoðun dómarans og prófessorsins og ég var einmitt að vísa til þess vegna þess að mér finnst að það skipti miklu máli að okkur sé það ljóst hvað við erum hér að fjalla um.

Hv. þingmaður spurði hvort ég teldi að hægt væri að ná sátt um 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins. Já, ég er þeirrar skoðunar að hægt væri að ná sátt um þær en það gerist hins vegar ekki á handahlaupum. Það gerist ekki eftir einhverri fljótaskrift. Það er þess vegna sem ég hef ítrekað í þessari umræðu kallað eftir því að menn settust niður, reyndu að gera þær lágmarksbreytingar sem hægt væri að ná samkomulagi um hér og nú, sem mundi þá líka greiða fyrir því að hægt væri að gera þær breytingar sem menn vildu gera á stjórnarskránni í góðu samkomulagi. Gerðu þær síðar, t.d. síðar á þessu ári, ef hægt væri að ljúka því sem ég tel nú þó að ég geti ekki fullyrt það, í stað þess að hafa þennan óskemmtilega brag á því að breyta stjórnarskránni, eins og við erum að gera hér, í ósætti innan þingsins, í ósætti við fræðasamfélagið að hluta til og í ósætti við fjölmarga hagsmunaaðila sem eiga mjög mikilla hagsmuna að gæta. Mér heyrist að umræðan sé alla vega að þróast á þann veg að menn vilji reyna að raska sem minnstu, til að mynda í rekstrarumhverfi sjávarútvegsins.

Eigum við þá ekki að sammælast um að ganga þannig frá þessu máli að við séum nokkuð sátt og vitum hverju (Forseti hringir.) við erum að breyta?

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:06]

Kosning tveggja aðalmanna í yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis, í stað Guðjóns Ægis Sigurjónssonar og Jóns Inga Haukssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Unnur Kristjánsdóttir,
Grímur Hergeirsson lögmaður.

Þar sem varamaður hafði verið kjörinn aðalmaður lagði forseti til að nýr varamaður yrði kjörinn í hans stað. Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Sólveig Adolfsdóttir.

Kosning tveggja varamanna í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður, í stað Tryggva Agn-

arssonar og Ernu Hjaltested, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Sigurður Þórðarson kaupmaður,
Davíð Þorláksson lögmaður.

Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis, í stað Sigurjóns Björnssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Sigurjón Bjarnason.

Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, 2. umr.

Frv. allshn., 461. mál (heildarlög). — Þskj. 859, nál. 919.

[13:47]

Frsm. allshn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. allsherjarnefndar um frumvarp til laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Frumvarpið, sem er að finna á þskj. 859, er flutt af nefndinni sem slíkri.

Í frumvarpinu koma fram ítarleg lagafyrirmæli um þetta úrræði sem er greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Til þess þarf viðkomandi að vera þinglýstur eigandi íbúðarhúsnæðisins, greiðsluaðlögunin þarf að taka til þeirrar fasteignar þar sem hann heldur heimili og um hóflegt íbúðarhúsnæði þarf að vera að ræða. Viðkomandi húseigandi óskar eftir greiðsluaðlögun með skriflegri beiðni til héraðsdómstóls, gerir grein fyrir skuldum sem á fasteigninni hvíla og hverjar tekjur hans og annarra manna sem halda með honum heimili í íbúðinni eru. Enn fremur þarf að fylgja staðfesting fjármálafyrirtækis á því að bankinn eða fyrirtækið hafi tekið að sér að annast greiðslumiðlun, samkvæmt því sem lögin segja til um.

Taki héraðsdómari beiðni um greiðsluaðlögun fasteignaveðlána til greina skal hann þegar í stað skipa umsjónarmann með greiðsluaðlöguninni og ef viðkomandi skuldari hefur fengið almenna greiðsluaðlögun þá skal alla jafnan vera sami umsjónarmaður sem fer með hvort tveggja. Þóknun umsjónarmannsins, allt að 200 þús. kr., skal greiðast úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði af greiðsluaðlögun, samkvæmt ákvörðun héraðsdómara.

Rétt er að rifja það upp að reiknað er með að Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna geti annast undirbúning málsins — framsetningu á skuldum og eignum, framsetningu á beiðninni sem slíkri til héraðsdóms — skuldara að kostnaðarlausu. Í því er þó ekki fólgin nein skylda. Menn geta gert þetta sjálfir og menn geta fengið aðra en Ráðgjafarstofuna til þess að gera þetta fyrir sig en hjá Ráðgjafarstofunni er reiknað með að framkvæmdin verði nokkuð samræmd og hún verður skuldara að kostnaðarlausu.

Ef fallist er á greiðsluaðlögunina frestast nauðungarsala sem leitað kann að hafa verið á viðkomandi fasteign á meðan reynt er að koma greiðsluaðlöguninni á. Það fer þannig fram að umsjónarmaður gerir frumvarp til greiðsluaðlögunar, eins og greinir í 5. gr. frumvarpsins, og þar kemur fram útreikningur hans á grundvelli þeirra upplýsinga og gagna sem hann hefur að teknu tilliti til framfærslukostnaðar og annarra eðlilegra útgjalda skuldarans. Þá kemur fram hvað skuldara er kleift að greiða þegar í stað af þeim skuldum sem greiðsluaðlögunin tekur til og síðan með föstum mánaðargreiðslum á því tímabili sem hún stendur yfir en greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna, skv. 1. gr. frumvarpsins, getur staðið í allt að fimm ár. Ég minni á að almenna greiðsluaðlögunin getur staðið í allt að 3 ár. Í 5. gr. er nánar tilgreint hvað koma skuli fram í frumvarpi til greiðsluaðlögunar en það skal kynnt veðhöfum innan fjögurra vikna frá skipun aðstoðarmannsins.

Herra forseti. Ég rek þetta hér því að fullyrt hefur verið að þetta geti verið ansi flókið úrræði. Ég tel ekki nauðsynlegt að fara ítarlega ofan í einstök atriði frumvarpsins að öðru leyti en þessu, það á að vera aðgengilegt í gegnum Ráðgjafarstofu heimilanna og gegnum héraðsdómara að leita greiðsluaðlögunar svo framarlega sem ákvæði 1. og 2. gr. er fullnægt, þ.e. að það sé eigandi íbúðarhúsnæðis sem sýnir fram á að hann sé og verði um einhvern tíma ófær að standa í fullum skilum á greiðslum skulda, að um sé að ræða þinglýsta eign viðkomandi og hann þurfi að búa í henni eða fjölskylda hans og að um hóflegt húsnæði sé að ræða. Það er síðan aðstoðarmannsins að gera tillögu um hversu mikið viðkomandi getur borgað strax og hversu mikið hann getur borgað á mánuði á tilteknum tíma, allt að fimm árum, og að loknum þeim tíma tekur við ferli sem nánar er greint frá í 12. gr. frumvarpsins og þá er um það að ræða hvað verður gert við eftirstæðar kröfur.

Segjum að greiðsluaðlögunin vari í fimm ár. Að loknum þeim tíma, en með þriggja mánaða fyrirvara, skal skuldari gera sýslumanni viðvart um að hann geti ekki staðið skil á því sem eftir er af skuldunum. Fer þá fram mat undir forsjá sýslumanns á því hvers virði viðkomandi eign er annars vegar og síðan mat á veðskuldunum sem eftir standa. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að 10%, tíu hundraðshlutum, sé bætt ofan á matsverðið og er þar fylgt norskri reglu um greiðsluaðlögun, en það hefur margoft komið fram að þetta úrræði um greiðsluaðlögun, bæði almennu greiðsluaðlögunina og fasteignagreiðsluaðlögunina, er sótt í norrænan rétt. Mat eignar, og 10% þar ofan á, er síðan vegið á móti þeim skuldum sem eftir eru og það sem umfram þetta hlutfall er, er síðan afmáð eins og segir í 12. gr. úr veðbókum hjá sýslumanni.

Í upphaflegri gerð frumvarps til greiðsluaðlögunar var að finna bráðabirgðaákvæði um greiðsluaðlögun fasteignaveðlána þar sem gert var ráð fyrir því að menn gætu fengið greiðsluaðlögun svo fremi sem fasteignaveðlánin væru í Íbúðalánasjóði eða einhverjum ríkisbankanna þriggja, sem

sagt í ríkiseigu. Hv. allsherjarnefnd tók þetta atriði til sérstakrar athugunar, sérstaklega með tilliti til þess að þarna gæti verið um ójafnræði að ræða. Jafnræðisreglu væri ekki gætt ef skuldarar gætu bara fengið greiðsluaðlögun fasteignaveðlána í ríkisbönkum eða ríkissjóðum og við afgreiðslu frumvarps um greiðsluaðlögun var þetta bráðabirgðaákvæði fellt út en nefndin hafði forgöngu um það, með dyggri aðstoð dómsmálaráðuneytis og starfsmanna nefndasviðs, að semja það frumvarp sem hér að finna á þskj. 859.

Milli umræðna fjallaði nefndin um málið að nýju og leggur til eina breytingu, sem sé að gildistökunni sé flýtt þannig að lögin taki gildi 15. maí nk. í stað 1. júlí eins og gert var ráð fyrir í upphafi. Ástæða þess að flýta gildistökunni var sú að talið var að gefa þyrfti þeim stofnunum sem að málinu eiga að koma tíma til að undirbúa úrræðið. Nefndin telur þó, eins og segir í nefndaráliti, með leyfi forseta:

„Nefndin telur þó að nægilegur tími gefist til undirbúnings þótt gildistöku sé flýtt og leggur áherslu á að tíminn fram að gildistöku verði einnig nýttur til að kynna úrræðið fyrir almenningi.“

Á fundi nefndarinnar ræddum við einnig þann kostnað sem þetta úrræði hefur í för með sér fyrir ríkissjóð og fékk nefndin kostnaðarumsögn frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem unnin hafði verið fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið þegar fyrirhugað var að flytja málið sem stjórnarfrumvarp. Kostnaðarumsögnin er birt sem fylgiskjal með álitinu. Nefndin tekur sérstaklega fram að í kostnaðarumsögninni er miðað við að kostnaður verði um 250 þús. kr. við hvert mál en nefndin lagði í frumvarpinu til að hámarksþóknun til umsjónarmanns fyrir hvert mál yrði 200 þús. kr. Því má ætla að kostnaðurinn við hver 100 mál verði um 20 milljónir og við hver 1.000 mál 200 milljónir kr. Mjög erfitt er að spá fyrir um það hve margir munu nýta sér þetta úrræði. Mikið hefur verið fjallað um það í fjölmiðlum, og meira að segja endurtekið hér úr ræðustól Alþingis, að í upphaflega frumvarpinu, um almennu greiðsluaðlögunina, hafi verið reiknað með að 100–200 einstaklingar mundu notfæra sér það úrræði sem greiðsluaðlögunin er. Í umfjöllun í nefndinni kom fram að búast megi við mun meiri fjölda, allt að tíföldun, 1.000–2.000 manns, og kom það mjög skýrt fram, bæði í nefndaráliti hv. allsherjarnefndar með almennu greiðsluaðlöguninni og í framsöguræðum og ræðum allra nefndarmanna.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að ítreka það enn einu sinni að frumvarpið byggðist á öðrum forsendum en þeim sem nefndin leggur nú fyrir þingið og því má reikna með að ekki verði um 100–200 manns að ræða heldur 1.000–2.000 manns. Það er viðmiðið sem nefndin hefur talið vera réttara. Fyrir hver 1.000 mál, eins og ég sagði áðan, mun kostnaður ríkissjóðs verða 200 millj. kr., bara af þóknuninni til umsjónarmannsins.

Herra forseti. Ómögulegt er að spá fyrir um það hversu margir munu notfæra sér þetta úrræði. Margt bendir til þess að fjöldinn geti orðið umtalsverður en einnig kann að vera að tilkoma þessa úrræðis greiði fyrir frjálsum samningum skuldara við kröfuhafa utan formlegrar greiðsluaðlögunarmeðferðar. Með því að menn hafa þetta úrræði í hendi sé auðveldara fyrir þá að ná frjálsum samningum við kröfuhafa.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég, eins og aðrir nefndarmenn í hv. allsherjarnefnd, vænti mikils af bæði almennu greiðsluaðlöguninni og því úrræði sem hér er lagt til að verði lögfest — tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. En ég hlýt líka að minna á að hvort tveggja er liður í umfangsmiklum aðgerðum til varnar heimilum í landinu í þeirri erfiðu skuldastöðu sem við blasir. Ég bendi á að næsta mál á dagskrá er 25% hækkun vaxtabóta. Þegar hefur verið leitt í lög bann við gjaldþrotum fram til loka október á þessu ári, dráttarvextir hafa verið lækkaðir með lögum og sem betur fer fengum við í dag þær ágætu fréttir að stýrivextir eru eitthvað á niðurleið. Allt gefur þetta mér ástæðu til þess að vera nokkru bjartsýnni um hag heimilanna en fyrir nokkrum vikum.

Við leggjum til í hv. allsherjarnefnd að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem lögð er til á þskj. 919 sem varðar gildistökuna sem ég gerði grein fyrir áðan.

[14:01]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka virðulegum forseta fyrir að taka tillit til óska okkar sjálfstæðismanna um að þetta mál verði tekið fram fyrir og afgreitt sem fyrst því að hér er um að ræða mjög mikilvægt mál sem snertir hagsmuni fjölskyldnanna í landinu. Þar er spurningin um að afgreitt sé lagaúrræði til aðstoðar fyrir þá einstaklinga og þær fjölskyldur sem eiga í erfiðleikum vegna þess efnahagshruns sem orðið hefur í þjóðfélaginu.

Ég stend að þessu lagafrumvarpi og eru fá dæmi þess að nefndir flytji heildarlög sem þessi eins og allsherjarnefnd gerir en þess eru þó nokkur dæmi. Í þessu tilviki er um mjög mikilvæga lagasmíð að ræða og ég tel ástæðu til þess að þakka hv. talsmanni nefndarinnar, Álfheiði Ingadóttur, fyrir hennar framlag og reyndar komu ýmsir fleiri þar að eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson sem hafði ýmislegt ágætt til málanna að leggja hvað þetta varðar.

Þessi mál, þ.e. almenn lög um greiðsluaðlögun sem hafa nú þegar tekið gildi og frumvarp um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, hafa verið mikið hagsmuna- og baráttumál neytenda. Með því að samþykkja það frumvarp sem hér liggur fyrir er í raun verið að koma á mikilvægustu atriðunum hvað varðar lagasetningu sem snerta möguleika skuldsettra einstaklinga til þess að geta fengið aðlögun í samræmi við það sem nánar er kveðið á um í frumvarpinu.

Það er ákveðið atriði sem ég vildi gjarnan spyrja talsmann allsherjarnefndar um, hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, þ.e. lagaleg sjónarmið varðandi gildi þessara laga. Til hverra taka þau og hvaða takmarkanir eru á þeim?

Samkvæmt lögum um breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti, þ.e. greiðsluaðlögun með lögunum, eru ákveðnir einstaklingar undanskildir, sem kveðið var á um að lögin tækju ekki til. Lögin ná ekki til einstaklinga sem undangengin þrjú ár hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi hvort sem þeir hafa lagt stund á hana einir eða í félagi við aðra nema því aðeins að atvinnurekstri hafi verið hætt og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu til-

tölulega lítill hluti af heildarskuldum þeirra. Það er 2. mgr. 63. gr. a, eins og henni var breytt með lögunum. Hér var um atriði að ræða sem nokkur ágreiningur var um. Ég vildi að þarna yrði rýmkað til og tel að lög um greiðsluaðlögun eigi að ná til einstaklinga óháð því hvort til skulda hafi verið stofnað með þessum eða öðrum hætti, þó með þeim takmörkunum sem kveðið var nánar á í lögunum og ég vík að síðar.

Með því að þrengja þetta eins og ákveðið var í lögum um greiðsluaðlögun var að mínu mati um að ræða óeðlilega þrengingu og hættulega með tilliti til þess að þar lendir mjög stór hópur iðnaðarmanna og iðnmeistara sem hefur þá ekki möguleika á því að nýta sér það hagræði sem felst í lögunum um greiðsluaðlögun. Og önnur stór starfsstétt, bændur, getur heldur ekki nýtt þetta.

Ég skil hins vegar það frumvarp sem um ræðir, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, með þeim hætti að þessi takmörkun gildi ekki um greiðsluaðlögun varðandi fasteignaveðkröfur. Þau skilyrði sem sett eru í lögin um greiðsluaðlögun eigi ekki við þannig að það sé alveg óháð því hvort viðkomandi hafi undanfarin ár borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnurekstri, hann eigi samt sem áður rétt á því að fá greiðsluaðlögun svo sem kveðið er nánar á um hvað það atriði varðar.

Ég lít þá þannig á að það séu engin ákvæði um þetta í frumvarpinu – mér þykir nú miður að talsmaður allsherjarnefndar skuli vera farin úr salnum. En það sem ég ætlaði nú að spyrja hana að, ég get þá ítrekað það síðar, er hvort hún sé ekki sammála þeim lagaskilningi mínum að það séu engar slíkar takmarkanir á því að þeir sem leita eftir greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði geti gert það óháð því hvort þeir hafi stundað atvinnurekstur eða ekki.

Minn lagaskilningur er sá að þessi heimild sé öllum til handa svo fremi sem skýr ákvæði laganna standi ekki gegn því. Ég tel að þarna sé um tæmandi talningu að ræða á hvað þetta varðar sem fram kemur í 1., 2. og 4. gr. sem ég mun nú aðeins víkja að.

Í 1. gr. segir að samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum getur eigandi íbúðarhúsnæðis, ef hann sýnir fram á að hann sé og verði um einhvern tíma ófær um að standa í fullum skilum á greiðslu skulda sem tryggðar eru með veði í því húsnæði og að önnur tiltæk greiðsluerfiðleikaúrræði séu eða hafi reynst ófullnægjandi, leitað eftir greiðsluaðlögun.

Það þýðir þá að lögð er áhersla á það og eina skilyrðið er að viðkomandi sé eigandi íbúðarhúsnæðis en önnur ákvæði varðandi greiðsluerfiðleikasjónarmið eða úrræði séu ófullnægjandi. Þá geti hann leitað þessa, sem leiðir þá líka til þess að sá sem stundað hefur atvinnurekstur eða tekjur hans hafa komið af því sem um getur og ég ræddi um áðan, útilokar ekki viðkomandi þar sem það liggur fyrir að ákvæði laga um greiðsluaðlögun almennt gilda þá ekki um slíkan einstakling. En hann getur óháð því sótt um greiðsluaðlögun, samkvæmt þessum lögum, fasteignaveðkrafna íbúðarhúsnæðis. Þannig skil ég þetta ákvæði.

Þá segir næst í 2. gr. frumvarpsins:

„Greiðsluaðlögun getur einungis fengið sá einstaklingur sem er þinglýstur eigandi ...“

Hér er því annað skilyrði sem liggur fyrir. Fyrsta skilyrðið var í 1. gr., þ.e. eigandi íbúðarhúsnæðis og í 2. gr., að það sé einstaklingur sem er þinglýstur eigandi viðkomandi fasteignar.

Þriðja skilyrðið er: „... hefur forræði á fé sínu.“

Það er einmitt það atriði sem ég vildi líka gera að umtalsefni, „hefur forræði á fé sínu“. Ég lít þannig á að hér sé átt við að bú viðkomandi hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta þannig að jafnvel þótt viðkomandi sjái fram á gjaldþrot eða að gjaldþrot sé yfirvofandi geti hann samt sem áður leitað úrræða samkvæmt því frumvarpi sem hér um ræðir, ef að lögum verður, þannig að hægt sé að beita þessum ákvæðum sem talað er um. Annað skilyrðið, að einstaklingur sem er þinglýstur eigandi hefur ekkert með það að gera hvort viðkomandi bar ótakmarkaða ábyrgð í atvinnustarfsemi.

Þá er það þriðja atriðið:

„Greiðsluaðlögun getur aðeins varðað fasteign þar sem skuldarinn heldur heimili ...“

Það er spurningin um til hvaða aðila þetta getur náð. Þá er það þriðja atriðið, þar sem skuldarinn hefur heimili. Síðan er í fjórða lagi talað um hóflegt húsnæði. Það er matskennt ákvæði miðað við þarfir skuldara og fjölskyldu. Þar þarf að sjálfsögðu að meta það.

Ég taldi að eðlilegra væri að takmarka þetta með öðrum hætti en að vísa til hugmynda um hóflegt húsnæði og þess vegna kom inn ákvæði í 4. gr. sem ég tel skipta meira máli hvað þetta varðar. Mér fyndist ágætt, virðulegi forseti, ef þeir þingmenn sem vilja (Forseti hringir.) vera í almennum samræðum í þingsal mundu gera það utan vébanda þingsalarins.

(**Forseti** (GuðbH)**:** Forseti beinir þeim tilmælum til þingmanna að gefa ræðumanni færi á halda ræðu sína og að samræður fari þá fram utan þingsalar.)

Ég þakka forseta fyrir það.

Í 4. gr. eru ákvæði og sum þeirra eru þar vegna ábendinga minna sem ég tel mjög nauðsynlegar. Ég gerði grein fyrir því hér í frumræðu minni um frumvarpið að nauðsynlegt væri að þær kæmu inn í frumvarpið til þess að setja ákveðnar skorður við því hverjir gætu leitað eða fengið það úrræði sem hér um ræðir. Þar var m.a. ákvæði eins og í 3. tölulið, að fjárhagur skuldara sé með þeim hætti að hann ætti að geta staðið í skilum.

4. töluliður sem skiptir þá kannski meira máli:

„Ætla megi að skuldari hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna.“

Það var mjög mikilvægt að koma því inn í þetta ákvæði til þess að eðlilegar viðmiðanir væru hvað varðar þessa löggjöf.

Síðan tölulið 5: „Hafi skuldari hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt ...“

Og tölulið 6: „Hafi til skulda verið stofnað á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar.“

Í tölulið 7 segir: „Hafi skuldari bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu.“ Það er eðlilegt ákvæði.

Í tölulið 8 segir: „Skuldari hafi svo að máli skipti látið

hjá líða að standa í skilum við veðkröfuhafa þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu."

Þessi atriði voru að mínu viti algerlega nauðsynleg inn í þessa löggjöf til þess að sýna fram á að fólk gæti ekki bara af geðþótta óskað eftir því að fá tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Hér er um að ræða töluvert mikið inngrip í ákveðin eignarréttindi og þess vegna er nauðsynlegt að þegar um slíkt er að ræða að tekið sé tillit til veðhafa sem og skuldara í þessu tilviki. Ég tel að með því að leggja til svo sem gert er hér í 4. gr. töluliðum 1–8 um skilyrði þess með hvaða hætti og hverjir geti fengið þá greiðsluaðlögun sem hér ræðir um hafi vel til tekist í lagasmíð og tekin fram helstu eða mikilvægustu atriðin sem nauðsynlegt var að taka fram en þannig var frumvarpið ekki í upphaflegri mynd. Ég tel að þarna hafi tekist vel til og sé nauðsynlegt að miða við það sem þar stendur.

En ég lít svo á að þótt um sé að ræða ákveðin matskennd ákvæði í 4. gr. hvað þetta varðar þar sem héraðsdómari hefur ákveðna möguleika til þess að meta, og einnig í 2. gr. um hvað telst vera hóflegt húsnæði, liggja meginlínurnar samt sem áður fyrir um með hvaða hætti löggjafinn telur að haga eigi þeim málum og hverjir eigi að hafa rétt til þess að njóta þess úrræðis sem hér ræðir um.

Mér finnst mestu skipta í þessu sambandi að ekki sé verið að gera greinarmun á einstaklingum. Ég var satt að segja mjög óánægður með hin almennu lög um greiðsluaðlögun, að sá greinarmunur skyldi vera gerður sem þar um ræðir þar sem þeir sem stundað hafa atvinnurekstur eiga þess ekki kost að njóta þessa hagræðis. Ég mælti eindregið fyrir því að um verulega útvíkkun yrði að ræða á gildissviði laganna um greiðsluaðlögun hvað þetta varðar. Ekki síst með tilliti til þeirra sem við getum kallað litlu kapítalistana, þeirra sem eru smáatvinnurekendur sem reka sín eigin fyrirtæki. Hagsmunir þeirra, sjónarmið og viðhorf eru oft og tíðum með svipuðum hætti og hjá almennum launþegum. Og í mörgum tilvikum hafa slíkir einstaklingar neyðst til að vera með rekstur með ótakmarkaðri ábyrgð af atvinnustarfsemi sinni, en það er annað mál.

Það er alltaf einstaklingurinn og vandamál hans sem við stöndum frammi fyrir. Þess vegna fannst mér eðlilegt að við skoðuðum og legðum áherslu á að við erum að búa til úrræði fyrir einstaklinginn, hugsa um hagkvæmni fyrir hann óháð því hvaða atvinnu hann hefur stundað, hvort hann hefur verið atvinnurekandi eða launþegi.

Félagsleg úrræði og velferðarúrræði eru almennt lokuð þeim sem leggja stund á atvinnurekstur sem veldur því að þeim atvinnurekendum sem lenda í erfiðleikum vegna þess að fyrirtæki bera sig ekki, eru meira og minna allar bjargir bannaðar vegna þess að þeir hafa ekki kost á félagslegum úrræðum.

Af þessum sökum taldi ég það vera misráðið að víkka ekki út ákvæðið um greiðsluaðlögun hvað þetta varðar og þar skyldu vera undanskildir þeir aðilar sem hafa undanfarin þrjú ár borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi. Ég taldi það óheppilegt og þess vegna finnst mér mjög gott og nauðsynlegt að hafa ákvæði þessa frumvarps með þeim hætti sem hér um ræðir, þ.e. gera enga takmörkun hvað varðar einstaklinga að öðru leyti en því að hér er eingöngu verið að tala um að ákvæðin taki til eigenda íbúðarhúsnæðis, viðkomandi sé þinglýstur eigandi og hafi forræði á fé sínu. Ég vek athygli á því að hér er talað um „að hafa forræði á fé sínu". Það er ekki talað um „að hafa forræði á búi sínu". Það má velta því fyrir sér hvaða þýðingu það hafi en það er nú almenn viðmiðun að hafa forræði á búi sínu en með því að velja þetta orðalag er greinilega verið að vísa til annarra sjónarmiða en í gjaldþrotalögunum almennt. Ég lít þannig á að sú sé hugsunin á bak við þetta orðalag, „að hafa forræði á fé sínu". Þetta getur skipt máli varðandi lagatúlkun hvað þetta varðar, hverjir eigi þess kost að leita þess úrræðis sem um er að ræða.

Ég tel að þeir sem hafa forræði á fé sínu, jafnvel þótt þeir hafi ekki forræði á búi sínu — og það er alltaf spurning hvaða skipting getur þar verið á milli — að þeir geti þá notið þess, sem hafa umráðarétt yfir viðkomandi eign. Ég skildi orðalagið með þeim hætti að þeir sem hafa umráðaréttinn með fasteigninni hvað þetta varðar, hafi rétt til að njóta þeirra úrræða sem hér er lýst og þetta frumvarp kveður á um. Ég tel að það skipti miklu máli við umræðuna um þetta frumvarp að þingmenn geri grein fyrir því sjónarmiði, hvort þeir eru sammála þeirri lagatúlkun minni að þeir sem hafi í raun forræði á þeirri þinglýstu eign sem um er að ræða, sem er hóflegt húsnæði o.s.frv. að öðrum skilyrðum uppfylltum, njóti þeirra úrræða sem lagafrumvarpið kveður á um. Ég lít þannig á málið.

Ég tek fram að ég tel ákvæði laganna eins og þau eru hér orðuð skipta gríðarlega miklu máli, ekki síst með tilliti til hagsmuna bænda, iðnaðarmanna og þess vegna sjómanna sem eru í eigin rekstri og ýmissa fleiri aðila sem eru í minni háttar atvinnurekstri, og ég vænti þess að talsmaður allsherjarnefndar taki undir þau sjónarmið með mér.

[14:21]

Frsm. allshn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Magnússyni fyrir að taka þetta mál hér upp og vekja á því sérstaka athygli. Það er rétt sem hann fjallaði um, sá greinarmunur er á almennu greiðsluaðlöguninni sem þegar er orðin að lögum og því frumvarpi sem við hér ræðum að þetta frumvarp um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna í íbúðarhúsnæði tekur til allra, hvort heldur þeir eru atvinnurekendur eða launþegar. Skilyrðin sem hér eru talin upp fyrir greiðsluaðlöguninni eru tæmandi að mati nefndarinnar og þeirra sem sömdu frumvarpið, menn þurfa eins og ég sagði áðan að vera eigendur íbúðarhúsnæðis, og meira en það, þeir þurfa samkvæmt 2. gr. að vera þinglýstir eigendur, ekki aðeins hafa forræði á íbúðarhúsnæðinu eins og hv. þingmaður nefndi heldur vera þinglýstir eigendur þess.

Síðan er ég sammála honum með aðrar þær takmarkanir sem hann rakti í máli sínu en ég vek athygli á næstsíðustu málsgrein í 4. gr. frumvarpsins á blaðsíðu 3 þar sem segir að þegar úrskurður um greiðsluaðlögun sé genginn samkvæmt 3. gr. frestist nauðungarsala sem leitað kann að hafa verið á viðkomandi fasteign meðan reynt er að koma greiðsluaðlögun á. Eins frestast hún að sjálfsögðu eftir að greiðsluaðlögun er fengin.

Þessu til viðbótar vil ég nefna að þegar hafa tekið gildi lög sem fresta gjaldþrotum fram til loka október nk. þannig

að svar mitt við því hvort þetta fresti gjaldþrotum eða stöðvi er: Já.

[14:23]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, talsmanni allsherjarnefndar í þessu máli. Ég skil hana þannig að hún taki undir þau sjónarmið sem ég rakti hér og gerði að umtalsefni og þann lagaskilning sem ég kom fram með að öllu leyti þannig að það liggi fyrir. Ég er mjög ánægður að heyra það og lít þannig til að það sé ótvírætt að vilji löggjafans standi til þess að afgreiða málið eins og hér hefur verið rakið. Það er mjög mikilvægt að það komi fram í umræðunni til þess að taka af allan vafa um það atriði. Ég tel að með þessu, svo fremi sem enginn annar hefur uppi aðrar skýringar, liggi alveg fyrir hver vilji löggjafans er hvað þetta varðar.

Ég er mjög ánægður með að þetta frumvarp skuli vera komið til umræðu og afgreiðslu og vænti þess að það verði afgreitt hið fyrsta frá Alþingi vegna þess að það skiptir miklu máli að fá þetta úrræði í lög. Við sjálfstæðismenn höfum lagt mikla áherslu á að þetta frumvarp verði afgreitt sem allra hraðast sem og önnur þau mál sem virkilegu skipta fyrir hag heimilanna og atvinnu fyrirtækjanna í landinu. Ég ítreka aftur þakkir mínar til forseta fyrir að gera þær breytingar á dagskrá sem við höfum farið fram á í þessu efni. Ég vænti þess að þingmenn greiði fyrir því að þetta merka mál og nauðsynlega verði afgreitt sem allra fyrst. Eftir að hafa verið í neytendastarfi um áratugaskeið þar sem þetta hefur verið eitt af helstu baráttumálum ásamt öðru sem hefur tekið gildi á Alþingi varðandi almenna greiðsluaðlögun og ýmislegt fleira, t.d. ábyrgðarmenn, verð ég lýsa yfir mikilli ánægju með að þetta mál skuli vera komið til afgreiðslu.

[14:25]

Frsm. allshn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er örlitlu við þetta að bæta sem ég kom ekki að tímans vegna í fyrra andsvari og varðar almennu greiðsluaðlögunina. Það er rétt sem hv. þm. Jón Magnússon sagði um að almenna greiðsluaðlögunin er ætluð almennum launþegum og aðeins í undantekningartilfellum þeim sem hafa stundað atvinnurekstur og þá háð því að viðkomandi hafi hætt atvinnurekstri. Forsendan fyrir þessu er ekki aðeins sú að þannig hefur þetta tíðkast í löggjöf annars staðar á Norðurlöndunum heldur einnig það að nauðasamningsúrræðið sem er að finna í gjaldþrotaskiptalögunum er talið henta betur í þeim tilfellum þegar um atvinnurekstur er að ræða og samningskröfur og þar sem um skuldir af atvinnurekstri er að ræða falli það betur að gjaldþrotaskiptalögunum þar sem atvinnurekendur stórir og smáir geta alltaf óskað nauðasamninga.

Ég ítreka þann skilning að það er ekki um neitt slíkt að ræða varðandi greiðsluaðlögun fasteignaveðlána. Greiðsluaðlögun fasteignaveðlána tekur jafnt til launþega sem atvinnurekenda.

[14:26]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Hér erum við að ræða frumvarp sem er ágætt á margan hátt. Auðvitað mætti gera betur og taka betur á málum en ég ætla ekki að gera ágreining um það, ég ætla að lýsa því hér yfir að ég styð þetta mál og við í Frjálslynda flokknum gerum það. Við lítum á þetta sem hænufet í rétta átt og þess vegna lýsum við yfir stuðningi við málið og vonum að það verði sem fyrst að lögum. Ég átta mig á því að þessu frumvarpi fylgir engin tímamótaaðgerð en það er samt af því góða og við í Frjálslynda flokknum styðjum það.

[14:27]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Við ræðum við 2. umr. nefndarálit um frumvarp um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, mál sem er að mörgu leyti mjög gott og nýtist vonandi þeim sem þurfa á þessari aðstoð að halda. Hv. allsherjarnefnd hefur farið mjög ítarlega yfir málið og gríðarleg vinna hefur farið fram á vettvangi nefndarinnar sem ber að þakka.

Hins vegar langar mig að ræða aðeins hvað hv. framsögumaður nefndarálitsins telur að þetta frumvarp geti orðið að umfangi ef það rætist að hátt í 20.000 Íslendingar verði án atvinnu, lán heimilanna fari hækkandi, tekjur heimilanna fari aftur á móti minnkandi og við horfum á mikla erfiðleika almennt í íslensku samfélagi. Því er spáð að verði ekkert róttækt að gert verði 3.500 fyrirtæki gjaldþrota á næstu 12 mánuðum og auðvitað mun það snerta hag hvers einasta heimilis með einum eða öðrum hætti. Í ljósi þess að vandamálin fram undan virðast hrannast upp spyr ég hvort hv. þingmaður sjái fram á það að senda hluta, jafnvel stóran hluta, af íslenskum heimilum fyrir héraðsdóm sem skipar þeim tilsjónarmann til að meta hvert einasta heimili í landinu, hversu lægri greiðslubyrði viðkomandi heimila eigi að vera vegna afborgana af lánum sínum.

Í þessu frumvarpi er talað um að hver tilsjónarmaður muni jafnvel kosta 250.000 kr. Hvert er þá umfangið ef við gerum ráð fyrir 10.000 einstaklingum? Ég held reyndar að sú tala sé mjög varlega áætluð í ljósi þeirra aðvörunarorða sem við heyrum utan úr samfélaginu um hvað sé fram undan, yfirvofandi atvinnuleysi og gjaldþrot fyrirtækja. Ef við erum að tala um 10.000 einstaklinga greiðir ríkissjóður a.m.k. 2,5 milljarða, 2.500 millj. kr., vegna tilsjónarmanna. Ég fer að fá á tilfinninguna að menn muni endurskilgreina vísitölufjölskylduna með þessu áframhaldi, að hún verði hjón, tvö börn og tilsjónarmaður. Er þetta sú framtíðarsýn sem við viljum sjá eða ætlum við að reyna að grípa til fyrirbyggjandi lausna til að koma í veg fyrir að tugþúsundir Íslendinga þurfi að leita á náðir héraðsdóms, fá sér tilsjónarmann sem kostar a.m.k. 250.000 kr. fyrir skattgreiðendur eða vilja menn raunverulega koma í veg fyrir að 3.500 íslensk fyrirtæki verði gjaldþrota á næstu 12 mánuðum og að atvinnuleysi muni aukast stórum skrefum í framhaldi af því? Það er akkúrat í þeim vanda sem við framsóknarmenn höfum talað fyrir því að menn ráðist í róttækar breytingar, róttækar aðgerðir til að koma í veg fyrir að þetta ástand blasi við okkur.

Ég spyr hv. þm. Álfheiði Ingadóttur: Sjá menn jafnvel fram á að menn myndi jafnvel heilar ríkisstofnun utan um þetta, Ríkisstofnun tilsjónarmanna, sem verður væntanlega með mörg hundruð manns í vinnu? Það getur verið að það sé sú framtíðarsýn, að við sköpum atvinnu með þeim hætti að skapa því fólki sem lendir í þessum vanda tilsjónarmenn á kostnað hins opinbera.

Það er algjört grundvallarmál að við áttum okkur á því í þessari umræðu hvert við stefnum. Við framsóknarmenn höfum talað fyrir því að við viljum fyrirbyggja að hér verði stofnuð stofnun tilsjónarmanna íslenskra fjölskyldna. Það finnst mér óhugnanleg framtíðarsýn. Ég spyr hv. þingmann hvað hún sjái fyrir sér að mörg þúsund fjölskyldur muni leita sér þessarar aðstoðar, muni fara í gegnum það erfiða ferli að leita á náðir dómstóla, fá tilsjónarmann til að menn geti áætlað hversu mikið viðkomandi geti greitt á mánuði. Er þá ekki betra að reyna að grípa fyrr inn í ferlið þannig að þetta frumvarp sem við ræðum hér nái vonandi einungis til nokkurra hundruða eða örfárra þúsunda en ekki tugþúsunda Íslendinga ef fram heldur sem horfir? Það er mikilvægt að við ræðum þetta opinskátt í þessari umræðu vegna þess að mér sýnist að við metum mjög misjafnlega horfurnar í íslensku samfélagi.

Það kom mér mjög á óvart að heyra hv. þm. Kristján Þór Júlíusson segja úr ræðustól Alþingis í gær að útlitið væri mjög bjart og ég hef heyrt hv. þm. Pétur H. Blöndal taka í svipaðan streng í umræðunni. Ég tel að við þurfum að horfast í augu við raunveruleikann eins og hann er. Það getur vel verið að það sé ekkert vinsælt fyrir okkur framsóknarmenn að tala á þeim nótum sem við gerum hér en það er brýnt að við hlustum gaumgæfilega á þær aðvörunarbjöllur sem klingja alls staðar í samfélaginu. Við teljum brýnt að ráðast í aðgerðir til að koma í veg fyrir mögulegt kerfishrun hér á landi.

Við framsóknarmenn styðjum þetta frumvarp sem hér er til 2. umr. en vörum jafnframt við að ekki sé horft á fyrirbyggjandi lausnir. Ég spyr því í fullri vinsemd hv. þm. Álfheiði Ingadóttur hvað hún sjái fyrir sér að þetta frumvarp muni leiða af sér í kostnað fyrir hið opinbera á þessu ári. Erum við að tala um að 1.000 manns leiti á náðir dómstóla og fái þá tilsjónarmann með sér, 10.000 eða 15.000? Erum við jafnvel að horfa upp á að sett verði á fót sérstök stofnun tilsjónarmanna íslenskra fjölskyldna og heimila? Það er mikilvægt í þessari aðalumræðu um málið að við fáum á hreint hver framtíðarsýn einstakra þingmanna er í þessum efnum.

[14:34]

Frsm. allshn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. Birki Jón Jónsson vil ég segja að það er óþarfi að mála skrattann á vegginn af þessu tilefni. Í skýringum með frumvarpinu frá allsherjarnefnd kemur fram og reyndar í frumvarpinu sem slíku, að ráðherra er heimilað að vísa þessu verkefni til sýslumanna. Það mun hins vegar taka býsna langan tíma að búa það regluverk til og því var ákveðið að fara þá leið að fara til dómstólanna beint, eins og í almennu greiðsluaðlöguninni.

Ég deili áhyggjum hv. þingmanns um að mjög margir þurfi á þessu úrræði að halda. En ég vek athygli á því sem segir í nefndaráliti hv. allsherjarnefndar að það kann að vera að tilkoma þessa úrræðis, greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna, leiði til þess að það greiði fyrir frjálsum samningum skuldara við kröfuhafa utan formlegrar greiðsluaðlögunar. Bara með því að þetta úrræði sé til staðar þá opnist greiðari leið fyrir menn til að fara í frjálsa samninga við kröfuhafa.

Ég tel að þetta geti vel orðið raunin. Við reiknuðum með því að það gætu 1.000–2.000 manns þurft á þessu að halda. Fyrir hverja þúsund einstaklinga sem eftir þessu leita mun kostnaður ríkissjóðs vegna aðstoðarmanns í greiðsluaðlögun vera 200 millj. kr. því í frumvarpinu er sett hámark upp á 200 þús. kr. en ekki 250 þús. kr. eins og upphaflega var áætlað.

[14:36]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir góð svör. Hún er greinilega búin að vinna mikið að þessu máli á vettvangi nefndarinnar og ég efast ekkert um að hugurinn á bak við þetta frumvarp er góður.

En ég get hins vegar ekki tekið undir að við framsóknarmenn séum að mála skrattann á vegginn þegar við fjöllum um þær spár sem opinberir aðilar hafa sett fram um hversu mörg fyrirtæki séu að verða gjaldþrota og hversu mikið atvinnuleysi er fyrirsjáanlegt. Við erum einfaldlega að tala um hlutina eins og þeir eru og hvernig þeir munu verða, gangi spárnar eftir. Þess vegna höfum við talað fyrir því að fara í róttækar lausnir á sviði efnahagsmála með því að leiðrétta skuldir heimila og fyrirtækja um 20%. Ég vil upplýsa hv. þingheim um það að ég þekki marga mjög venjulega Íslendinga sem gerðu áætlanir fyrir um 20 mánuðum og sáu þá ekki fram á að tekjurnar í dag yrðu lægri nú en þá og sáu ekki fram á að lánin hefðu hækkað um 20% á umræddu tímabili. Það er allt önnur staða á Íslandi í dag.

Hv. þingmanni og góðum vinnufélaga hér á þingi, Álfheiði Ingadóttur, vil ég benda á að fulltrúar í stjórnmálaflokki Vinstri grænna, t.d. Lilja Mósesdóttir frambjóðandi VG, Eiríkur Bergmann Einarsson, einn helsti áhrifamaður í Samfylkingunni, og Tryggvi Þór Herbertsson, fulltrúi eða frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins, hafa tekið undir með okkur framsóknarmönnum um að það beri að fara einhvers konar niðurfærsluleið.

Fulltrúar í öllum stjórnmálaflokkum eru farnir að taka undir þessa hugmynd. Nú spyr ég hv. þingmann hvort hún sé reiðubúin til þess að skoða einhverjar útfærslur á því að við færum lán heimilanna með einhverjum hætti niður, þ.e. leiðréttum þá óðaverðbólgu sem heimilin hafa þurft að greiða fyrir á undanförnum mánuðum á meðan tekjur heimilanna hafa minnkað dag frá degi.

[14:39]

Frsm. allshn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessari spurningu eins og síðustu spurningu hv. þingmanns er auðvelt að svara. Já, ég tel það nauðsynlegt og ég minni á að ég flutti ásamt hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og Árna Þór Sigurðssyni frumvarp þess efnis fyrr í vetur.

Hvað varðar það sem ég sagði áðan, að mála skrattann á

vegginn, þá vil ég ítreka að þar var ég að tala um orð hv. þingmanns um sérstaka stofnun umsjónarmanns með heimilum í landinu og að væri verið að efla mjög atvinnu fyrir lögmenn og héraðsdómara. Orð mín voru sögð í ljósi þeirra orða.

En ég vil alls ekki gera lítið úr erfiðleikum heimilanna í landinu með þeim orðum. Þvert á móti vil ég vekja sérstaka athygli á greiningu Seðlabanka Íslands sem kynnt var í síðustu viku, dagsett 27. mars síðastliðinn, þar sem fram kemur að ríflega 6% heimila með fasteignaveðlán á íbúðarhúsnæði eru með meira en 5 millj. kr. í neikvæðri eiginfjárstöðu og það eru 20% af heildarhúsnæðisskuldunum. Hér erum við að tala um tæplega 5.000 heimili sem eru í afar viðkvæmri stöðu og í mikilli hættu á að fara í þrot. Það þarf sérstaklega að beina athygli og aðgerðum að þessum hópi.

Hins vegar er í þessari skýrslu að finna þær góðu fréttir að um það bil 60% af heimilum eru með meira en 5% í jákvæðri eiginfjárstöðu en með 44% húsnæðisskuldanna. Það þýðir að sá hópur, 60% heimila, er í mun betri aðstöðu til þess að ráða við ýmis tekjuáföll. Í skýrslunni er einnig að finna útreikninga og mat á tveimur hugmyndum sem mikið hafa verið ræddar, m.a. hugmynd Framsóknarflokksins um 20% afskrift allra húsnæðisskulda og hugmynd eins frambjóðanda hjá Vinstri grænum, um 4 millj. kr. lækkun húsnæðisskulda. (Forseti hringir.) Ég hvet hv. þingmann til þess að kynna sér það.

[14:41]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aftur þakka hv. þingmanni fyrir góð svör og fagna því sérstaklega að aukinn stuðningur virðist vera við það almennt í þjóðfélaginu og líka í herbúðum Vinstri grænna að við horfum til einhverra leiða til þess að lækka lán heimilanna með einhverjum hætti. Ég vonast til þess að við munum getað tekið höndum saman um að fara í slíkar almennar aðgerðir. Vonandi verður Framsóknarflokkurinn í þeirri stöðu að afloknum kosningum, í ágætri samstarfi við Vinstri hreyfinguna – grænt framboð að geta ráðist í slíkar aðgerðir.

[14:42]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér eru haldnar stjórnarmyndunarviðræður í miðri umræðu um greiðsluaðlögun. Það er að sjálfsögðu athyglisvert og ágætt að fá það fram að hugur hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar stendur til vinstri stjórnar. Þá er fróðlegt að spyrja hann að því hvort hann hafi ekki áhyggjur af nákvæmlega því sama og hann nefndi í andsvari sínu að við munum kannski leysa málið á forsendum ríkisins.

Það mál sem hér er á ferðinni er mál sem fulltrúar allra flokka standa að, mjög mikilvægt mál og við erum öll sammála um að við þurfum að koma því í gegn, það er eitt af þeim brýnu hagsmunamálum heimilanna sem skipta verulegu máli núna.

En vegna orða hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar og þeirra samræðna sem hér hafa farið fram, sem eru á margan hátt mjög athyglisverðar og snúast kannski einmitt um það sem við eigum að vera að tala um, þá er ég með spurningu til hv. þingmanns, með hliðsjón af hugmyndum framsóknarmanna um niðurfellingu skulda um 20%. Ég vil taka það fram að það er mín skoðun að það sé skylda okkar allra að líta með opnum huga til allra þeirra leiða sem eru til þess fallnar að leysa úr vanda heimilanna. Við getum haft skiptar skoðanir á því hver besta niðurstaðan sé.

En þetta frumvarp gengur dálítið út á að menn átti sig á því hvað viðkomandi fjölskylda getur borgað. Það er spurning kannski hvernig við eigum að líta á þann vanda sem fram undan er. Niðurfærsla á skuldum er eitt en greiðslubyrðin getur engu að síður orðið óbærileg þótt það sé í einstaka tilvikum. Spurningin er því: Telur hv. þm. Birkir Jón Jónsson með hliðsjón af þeim vanda sem nú er að svona ákveðin niðurskurðartala geti ekki líka skapað ákveðin vandræði þegar við erum alltaf að horfa til þess einstaklings sem er með vandamál í hverju og einu skipti? Það væri fróðlegt að heyra hvaða sjónarmið þingmaðurinn hefur í því efni.

Því það er þannig að þótt margir séu í vandræðum núna og hafi kannski verið það um einhvern tíma, þá horfum við fram á að fjölskyldur sem aldrei hafa lent í vandræðum geti gert það nú og átt eftir að koma núna inn á þennan vonda markað. Þá spyr maður á (Forseti hringir.) móti hvort hv. þingmaður haldi að það þurfi að líta sérstaklega á þann vanda sem þar blasir við.

[14:44]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir einu og hálfu ári gerði venjulegt fólk, fjölskyldufólk, sínar áætlanir. Keypti sér jafnvel húsnæði, settist niður með fulltrúa í bankanum og gerði áætlun til framtíðar um hver greiðslubyrði lánanna væri og hvert tekjustreymi heimilisins yrði.

Núna, einu og hálfu ári síðar, er staðan sú að lánin hafa hækkað um 20% á meðan laun viðkomandi heimilis hafa jafnvel lækkað um 20%. Það er ljóst að þúsundir heimila eru í dag og munu verða í mjög erfiðri stöðu. Við framsóknarmenn viljum einfaldlega koma í veg fyrir að það fólk sem gerði sínar áætlanir fyrir einu og hálfu til tveimur árum, með mjög heiðarlegum hætti, þurfi ekki að leita í úrræði eins og við erum að mæla fyrir hér, þ.e. að leita til dómstóla, fá sér sérstakan tilsjónarmann og ganga í gegnum allt þetta.

Því ég vil segja að fyrir marga getur þetta ferli verið mjög erfitt og jafnvel niðurlægjandi fyrir sumt fólk sem taldi að það væri með heiðarlegum hætti fyrir einu og hálfu til tveimur árum að gera raunhæfar áætlanir og lendir síðan í þessu mikla efnahagshruni. Það er þess vegna sem við höfum talað fyrir niðurfærsluleið sem mun fækka verulega þeim sem mundu þurfa á úrræði sem þessu að halda. Um leið væri úrræði sem þetta orðið miklu skilvirkara en ella, ef þúsundir eða jafnvel tugþúsundir íslenskra heimila, ef þetta færi mjög illa, þyrftu að leita eftir úrræði sem þessu.

Við framsóknarmenn erum tilbúnir að skoða aðrar hugmyndir, m.a. um hvort það eigi að koma frekar til móts við greiðsluvanda heimilanna á næstu tveimur til þremur árum. Ég vil skoða þessar hugmyndir með opnum huga og ég ætla ekki að útiloka það þó að hugmyndir komi frá öðrum flokkum, Vinstri grænum eða sjálfstæðismönnum að þær séu ómögulegar fyrir fram eins og henti okkur framsóknarmenn

þegar við lögðum fram þessa niðurfærsluleið og margir úr öðrum herbúðum útilokuðu (Forseti hringir.) hugmyndir okkar fyrir fram án þess (Forseti hringir.) að hafa kynnt sér þær.

[14:46]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé afar mikilvægt að átta sig á því það eru einmitt venjulegar fjölskyldur, heiðarlegt fólk, sem er að lenda í þessum mikla vanda núna. Ég efast ekki um að fyrir marga verða það mjög þung skref að þurfa að leita á náðir dómstóla til að fá úrlausn sinna mála. Þess vegna skiptir miklu máli að þær aðgerðir sem gripið er til séu þannig að verulega sé dregið úr þeim fjölda sem þarf að leita til þessa neyðarúrræðis. Í mínum huga er þetta algjört neyðarrúrræði þegar öll önnur sund eru að lokast. Við stjórnmálamenn þurfum þess vegna að velta því fyrir okkur hvernig við getum komið inn í málið á fyrri stigum.

Hvernig getum við t.d. nýtt hina nýju ríkisbanka okkar betur til að aðstoða fólk sem er í miklum vandræðum en getur samt séð út úr vandanum með einhverju skynsamlegu móti? Ég er viss um að margt af því fólki er mjög kvíðið þessa mánuðina og sér ekki fram á hvernig úr spilast, og er náttúrlega mjög áhyggjufullt yfir því hversu mjög hefur dregið úr eigin fé þess í fasteignum, hvernig það muni komast út úr þessu á skynsamlegum tíma, hvernig það geti leyst úr sínum vanda á tiltölulega skömmum tíma. Til þess að svo verði verða stjórnvöld að stíga mjög ákveðin skref til hjálpar þessu fólki og í því efni finnst mér skynsamlegast að allir flokkar reyni að tala saman um þetta.

Það gleður mig að heyra að hv. þm. Birkir Jón Jónsson sé reiðubúinn að skoða hugmyndir annarra flokka líka. Öðruvísi mun þetta náttúrlega ekki ganga ef menn eru ekki tilbúnir til þess að ræða saman um lausn vandans. Ég lít svo á að hér séum við að lögfesta neyðarrúrræði, úrræði fyrir fjölskyldur sem eru að verða gjaldþrota og það er nokkuð, herra forseti, sem er óbærilegt fyrir marga að þurfa að horfast í augu við, að heimilishaldið sé komið á það stig að þeir þurfi að leita (Forseti hringir.) gjaldþrotaskipta.

[14:48]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá samhljómur sem er hér í umræðunni um vanda heimilanna er gleðilegur. Ég vonast til þess að við getum tekið höndum saman um að finna einhverjar sameiginlegar lausnir að því markmiði okkar að hjálpa sem flestum heimilum áður en viðkomandi heimili lenda í því að ganga í gegnum eitthvert niðurlægingartímabil, gjaldþrota í sínu bókhaldi þannig að fólk geti jafnvel ekki keypt sér hús næstu fimm eða tíu árin og lendi á vanskilaskrá þess vegna.

Það var hárrétt sem hv. þingmaður benti á þegar hún talaði um ríkisbankana og hvað ríkisstjórnin geti gert til að stuðla að því að þeir verði sanngjarnari gagnvart þeim viðskiptavinum sem þeir eiga viðskipti við í dag. Ég vil benda á mismuninn á því annars vegar hvernig Íbúðalánasjóður meðhöndlar viðskiptavini sína og margir ríkisbankanna hins vegar, því að ríkisbankarnir eru miklu óbilgjarnari gagnvart mörgum viðskiptavina sinna en Íbúðalánasjóður hefur verið undanfarnar vikur. Ég þekki það af eigin raun eftir að hafa talað við fólk sem hefur átt í viðskiptum við suma af þessum bönkum.

Mikilvægt er að það komi skýr skilaboð frá ríkisstjórninni um að ríkisbankarnir meðhöndli fólk með sama hætti og ríkisbankinn Íbúðalánasjóður gerir, að það séu sömu úrræði þar þannig að við náum að fleyta sem flestum heimilum í gegnum þá erfiðleika sem blasa við okkur.

Enn og aftur minni ég svo á að við megum ekki láta það gerast að við horfum upp á það að 3.500 íslensk fyrirtæki verði gjaldþrota á næstu 12 mánuðum ef sumar spár ganga eftir, og við horfum upp á það í framhaldinu að atvinnuleysi verði enn meira en það er í dag, í viðbót við þá 18.000 Íslendinga sem eru án atvinnu og 13.000 háskólanema sem eru að koma út á vinnumarkaðinn í sumar og sjá ekki fram á að fá vinnu við hæfi. Ef við horfum upp á það að 3.500 fyrirtæki til viðbótar fari á hausinn hvar endum við þá? (Forseti hringir.) Við þurfum róttækar aðgerðir, herra forseti.

[14:50]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. forseta fyrir að hafa tekið tillit til óska okkar sjálfstæðismanna um að hliðra til dagskránni þannig að tekin yrðu fyrir mál sem skipta heimilin og fyrirtækin í landinu miklu og þó að ekki séu tekin fyrir nema tvö mál sem við ræðum hér, nr. 5 og 6 á dagskránni, skipta bæði þau mál miklu máli fyrir almenning, sérstaklega það sem við ræðum nú.

Hér hefur nokkuð verið rætt um svartsýni eða bjartsýni, menn hafa jafnvel vænt mig um það að ég sé óheyrilega bjartsýnn og hef ég svo sem heyrt það áður, sérstaklega frá framsóknarmönnum. En það skyldi nú ekki vera vegna þess að ég hef alveg skýra sýn til framtíðar um það hvernig við leysum þessi vandamál? Þeir sem hafa skýra sýn til framtíðar geta náttúrlega ekki verið annað en bjartsýnir. Það eru þeir svartsýnu sem ekki sjá neina lausn og sjá ekkert úrræði og þeir eru að sjálfsögðu alltaf svartsýnir.

Við höfum lent í miklu áfalli og að gefnu því áfalli er ég mjög bjartsýnn vegna þess að undirstöðurnar, vélarnar í vélarrúminu, mala og mala áfram, þökk sé stjórn Sjálfstæðisflokksins í átján ár, en það er nú yfirleitt ekki minnst á að hann hafi verið einn við stjórn í átján ár nema þegar honum er kennt um eitthvað. Bæði menntakerfið og atvinnulífið eru mjög vel undir þessa kreppu búin og auðvitað er það ekki bara Sjálfstæðisflokknum að þakka því að hann var nefnilega í stjórn með öðrum flokkum allan þennan tíma en það virðist iðulega gleymast.

Það sem ég er mjög ánægður með í þessu máli er að það er flutt af nefnd. Það er mín bjargfasta trú að þetta sé leið sem Alþingi eigi að fara til að losa um allt of mikil áhrif framkvæmdarvaldsins á Alþingi. Þess vegna gleðst ég sérstaklega yfir þessu. Þetta er vaxandi núna, ég fékk reyndar lista yfir það. Yfirleitt hafa nefndir flutt smávægilegri mál eins og breytingar á dagsetningum eða ef í ljós kemur galli í lagasetningu eða annað slíkt. En nú er það að aukast að Alþingi setji lagabálk eins og þann sem við ræðum hér og fjallar um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Ég er kominn hér í samkeppni við einhvern síma en ég vona að ég sigri í þeirri samkeppni. Undanfarið hefur ýmislegt gerst sem gefur tilefni til bjartsýni, t.d. verður um næstu mánaðamót atburður sem er langt síðan að hefur gerst að verðbólgan er mínus, þ.e. verðhækkanir eru í mínus þannig að við erum að tala um verðhjöðnun. Þá munu skuldarar upplifa það að greiðsla af venjulegu láni lækkar frá því sem var mánuðinn áður og eftirstöðvarnar lækka umtalsvert líka. Þetta er mjög gleðilegt. En það sem vegur á móti og er mjög ógnvekjandi er hið mikla hrap á gengi krónunnar undanfarna einn, tvo daga sem ég hefði viljað spyrja hæstv. ríkisstjórn við tækifæri, herra forseti, hvað veldur. Hvað er að gerast? Hafa einhver mistök verið gerð hjá hæstv. ríkisstjórn eða eru þetta einhverja eðlilegar aðstæður sem ganga til baka? Raungengi krónunnar er orðið mjög lágt og krónan ætti því að styrkjast ef eitthvað er vegna ýmissa þátta, t.d. vegna þess að atvinnulífið, vélarrúmið gengur eins og klukka, bæði álverin og sjávarútvegurinn, og þrátt fyrir ákveðinn vanda við sölu ganga þessar atvinnugreinar mjög vel. Það sem er ógnvænlegt við fall krónunnar er að skuldir þeirra einstaklinga sem tóku ákvörðun um að taka lán í erlendri mynt, og þeir voru því miður ófáir, hækka umtalsvert á sama tíma og verðtryggðar skuldir lækka. Það þýðir að fleiri munu væntanlega lenda í *þeim vanda sem þetta frumvarp á að taka á. Ég tel mjög* brýnt að á þessu sé ráðin bót, að gengið færist nær því sem það á að vera.

Ég ætla rétt aðeins að ræða í fyrsta lagi hvernig nefndir þingsins eiga að vinna svona frumvörp. Ég skora á hæstv. forseta og af því að forseti Alþingis situr í forsetastóli núna vildi ég gjarnan að ræddar verði í forsætisnefnd einhverjar reglur fyrir nefndir sem ætla að semja frumvörp sem hafa eitthvert vægi eins og hér er um að ræða. Til dæmis að leitað sé umsagnar ráðuneyta í ferlinu þegar nefnd er að semja frumvarp og hvað veldur því að nefnd tekur eitthvert mál upp. Það þarf líka að setja reglur um það og t.d. að nefnd fái alltaf umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarp áður en það er lagt fram. Þetta er eitthvað sem þarf að vinna og búa til ákveðnar reglur um og ákveðna hefð í kringum. Ég skora á hv. forsætisnefnd að taka þetta fyrir.

Varðandi þetta frumvarp þá er það eins og ég hef nefnt áður mjög gott. Reyndar er það neyðarúrræði, síðasta úrræði, alsíðasta er náttúrlega gjaldþrot sem er afskaplega slæmt. Gjaldþrot er alltaf mjög slæmt, alveg sérstaklega fyrir þann sem lendir í gjaldþrotinu en líka allt í kringum það. Eignir hrapa í verði, það hefur enginn áhuga á þeim á ákveðnum tímapunkti. Það myndast ákveðið tómarúm. Viðhald þeirra fer alveg í vaskinn o.s.frv. Í rauninni tapa allir á gjaldþroti, hver einn og einasti sem kemur að því, kröfuhafarnir, sá sem er gjaldþrota, ríkið, samfélagið, það tapa allir á gjaldþroti. Þetta frumvarp lagar stöðuna þannig að ekki komi til gjaldþrots og lagar hana þannig að í rauninni græða allir.

Þess vegna er spurningin um þessar títtnefndu 200 þús. kr. sem hafa verið ræddar nokkuð hérna ákveðinn misskilningur, þetta getur orðið hærra en 200 þús. kr. vegna þess að í greininni stendur: „... allt að 200.000 kr., greiðist úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði af greiðsluaðlögun samkvæmt ákvörðun héraðsdómara.“ Þetta gæti því orðið meira en 200 þús. kr., kannski 250 þús. kr., sem gæti orðið kostnaður þarna. En þetta á að sjálfsögðu að vera bara raunkostnaður. Þetta er þóknun og það á ekki að líta á þetta sem skatt, þetta á ekki vera meira en það kostar raunverulega að framkvæma hlutina.

En það sem ég vildi gera að tillögu til nefndarinnar, ég legg til að þetta mál fari til nefndarinnar á milli 2. og 3. umr., ekki til að tefja málið heldur til að taka á því atriði að mér finnst að þessi tvö — ég vildi gjarnan að hv. flutningsmaður hlýddi á mál mitt, ég er ekki viss um að þetta fari annars í nefndina, herra forseti, ef flutningsmaður gæti hlýtt á mál mitt. Nú, jæja, ég ætla þá að sleppa þessu í bili.

(**Forseti** (GuðbH): Það eru komin skilaboð.)

Varðandi 12. gr. vildi ég benda á eitt atriði þar sem segir að það sem er umfram 10% verði afmáð af fasteigninni. En það hverfur ekki sem skuld, svo menn hafi það alveg á hreinu að skuldin heldur áfram þó að veðið hverfi. Þetta er eitthvað sem ég held að margir hafi misskilið og haldið að skuldin hyrfi. Ég mundi vilja að nefndin skoðaði þann flöt hvort það sé mögulegt að skuldin hverfi vegna þeirrar bágu stöðu sem skuldarinn er í. En auðvitað er óveðtryggð skuld ekki mikils virði og hugsanlega gæti skuldarinn keypt hana.

Nú er hv. þm. Álfheiður Ingadóttir komin í salinn og getur hlýtt á þá athugasemd sem ég ætla að gera. Ég vildi gjarnan að það yrði rætt í nefndinni — vonandi um helgina þannig að þetta tefji málið ekki neitt, það vil ég alls ekki — að þessi 200 þús. kr. kostnaður færist á eignina, aftast í veðröðina. Ef vel gengur, sem vonandi gerist í flestum tilfellum, þ.e. að ekki komi til þess að ýtrustu ákvæðum laganna verði beitt með skerðingu á kröfum, mundu þessar 200 þús. kr. verða greiddar aftast í skuldaröðinni. Mér finnst eðlilegt að þegar búið er að bjarga skuldaranum með þessum hætti taki hann að sér að greiða þennan kostnað, sem er óverulegur miðað við alla þá hagsmuni sem hann hefur, eftir 20, 30 eða 40 ár, og það hvíli þá aftast á veðréttinum, mín vegna án vaxta en hafa mætti á því lága vexti eða bara verðtryggingu. Ég mundi gjarnan vilja að nefndin fjallaði um þetta mál á milli 2. og 3. umr. Með þessu vil ég ekki tefja málið, herra forseti, en þetta mundi lækka skuldbindingu ríkissjóðs af þessu máli umtalsvert því að það eru eingöngu þeir sem lentu í 12. gr., þar sem talað er um að skuldir séu afmáðar og í rauninni felldar niður — það yrði þá eingöngu í því tilfelli sem þessar 200 þús. kr. mundu falla á ríkissjóð.

Nokkuð hefur verið rætt um sjálfstæða atvinnurekendur og skuldir þeirra. Þeir falla að sjálfsögðu undir þessi lög og ég held því að þetta sé mjög gott mál til þess að taka á þeim sem eru virkilega illa settir. Þá er það kannski í lokin, frú forseti, spurning um að athuga hversu margir munu falla undir þessi lög. Eitt er afskaplega mikilvægt að fá að vita: Hver er staðan í þjóðfélaginu? Mér finnst menn, og sérstaklega fjölmiðlar, allt að því hafa nautn af því að tönnlast á vandræðum. Þannig er jafnvel komið að sumt fólk sem ég þekki hlustar ekki á fréttir lengur af því að þær eru svo daprar og svo svartsýnar.

Þegar 10% þjóðarinnar eru atvinnulaus er það hræðileg staða fyrir þau 10%, en ég vil benda á að 90% eru þó áfram með atvinnu. Þegar 5 eða 10% þjóðarinnar til viðbótar eru í vandræðum vegna gengistryggðra lána eða vegna lækkunar launa — búið að fella niður yfirvinnu og annað slíkt — eru

það kannski 15%, í hæsta lagi 20%, þjóðarinnar sem eru í vanda, en þá eru 80% ekki í vanda. Þetta þurfa menn að hafa í huga. Það má ekki tala kjarkinn úr þjóðinni á þann veg að hún haldi að allt sé að fara norður og niður. Það er mjög skaðlegt ef menn einblína svo mikið á vandann að öll þjóðin haldi að öll þjóðin sé í vanda og menn fyllist svartsýni og þunglyndi.

Stærsti hluti þjóðarinnar hefur reyndar þurft að sætta sig við launalækkun, þ.e. að laun hafa ekki hækkað í takt við verðlag. Þau hafa hækkað eitthvað en alls ekki í takt við verðlag þannig að það er í raun kjararýrnun. Þetta er það sem menn lenda í, en það er verið að taka til baka launahækkun síðustu tveggja ára, eða þar um bil, þannig að menn eru í sömu stöðu og þeir voru í 2007, það er ekki verra en það. Sá hópur manna er í tiltölulega góðum málum, frú forseti, og það er því mjög hættulegt að tala stöðuna niður á þennan hátt.

Í ljós kom í fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka, ekki Íslands heldur Jóhönnu Sigurðardóttur — hún skipaði alla stjórn Seðlabankans og alla peningastefnunefndina og ber þar af leiðandi alfarið ábyrgð á háum stýrivöxtum, allt of háum stýrivöxtum, sem eru í gangi í dag. Þetta eru hennar verk, hún ber ábyrgð á þeim, hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, af því að hún skipaði þetta fólk allt saman sjálf. Ég hef bent á að raunstýrivextir séu um 28% í þessum mánuði, 28% raunvextir, og þetta eru lægstu óverðtryggðu vextirnir í landinu. Þetta á eftir að valda óhemjuvanda hjá heimilum og fyrirtækjum og þetta frumvarp er til að mæta því.

Ég mundi vilja að peningastefnunefnd Seðlabankans lækkaði stýrivexti umtalsvert vegna þess að verðbólgan er horfin. Raunvextir stýrivaxta voru neikvæðir í haust, í janúar og febrúar voru raunvextir um 10% en í mars voru þeir 28%, sem er óheyrilega mikið. Ég vonast til þess að stýrivextirnir verði lækkaðir umtalsvert þannig að ekki þurfi að beita þessum ákvæðum þessara laga allt of mikið. Svona hangir þetta allt saman og á vissan hátt má segja að aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar, og það hvað lítið er að gerast með t.d. bankana og það, sé ástæðan fyrir því að því miður verða það fleiri sem falla undir þessi lög en ella væri. Þessi lög eiga auðvitað eingöngu að taka til þeirra sem eru í alverstu stöðunni.

Fleiri flokkar en Sjálfstæðisflokkurinn hafa lagt til að í þrjú ár tímabundið gætu þeir sem óska eftir því fellt niður helming af greiðslum af lánum sínum og það flyttist þá aftur fyrir, lengdi lánin. Það finnst mér mjög skynsamleg leið vegna þess að menn búast við tímabundnum vanda, þetta er ekki eitthvað sem varir í 20 til 30 ár — nema mjög illa fari með Icesave-reikningana. Það búast allir við að þetta sé tímabundinn vandi og þá á að leysa það með tímabundnum aðgerðum. Ég fagna mjög þessu frumvarpi og legg til að því verði vísað til nefndar á milli 2. og 3. umr. og það verði unnið núna um páskana þannig að það geti farið í 3. umr. á næsta fundi.

[15:07]

Frsm. allshn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er svolítið merkilegt að sjálfstæðismenn virðast sumir fæddir í gær, eins og sagt er, eða alla vega hafa þeir ekki verið fæddir fyrir 1. febrúar sl. Ég verð að ítreka að það frumvarp sem hér er til umræðu er ekki sett fram til þess að mæta stýrivaxtalækkun, sem var tilkynnt í dag, heldur er það ein af fjölmörgum aðgerðum sem grípa þarf til til þess að mæta kerfishruni og fjöldagjaldþrotum heimila sem eiga sér rætur að rekja langt aftur fyrir daginn í dag, langt aftur fyrir 1. febrúar og aftur til stjórnartíðar og stefnu Sjálfstæðisflokksins á undangengnum 18 árum. Ég þarf líklega ekki að minna hv. þingmann á einkavæðingu bankanna í því samhengi.

Burt séð frá þessu verð ég að segja að ég skil orð hv. þingmanns á þann veg að honum sé ekki ljós sú umfjöllun sem fór fram í nefndinni á milli 1. og 2. umr. og snerist nákvæmlega um það sem hv. þingmaður er að biðja um að aftur verði fjallað um á milli umræðna, þ.e. kostnaðinn við þetta úrræði. Ég vek athygli á því að í nefndaráliti er sérstaklega um þetta fjallað því að nefndin fjallaði ekki um annað á milli umræðna og því fylgir fylgiskjal sem er umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis við frumvarpið eins og það þá var hugsað þegar fyrirhugað var að það yrði flutt sem stjórnarfrumvarp. Í þeirri umsögn er talað um 250 þús. kr. hámark en nefndin gerir í frumvarpinu tillögu um 200 þús. kr. hámark á greiðslu til aðstoðarmanns.

Ég vil vekja athygli á þessu. Ég tel kannski ekki að mikið muni koma út úr því af endurteknu efni að því leyti, (Forseti hringir.) því að þetta er einmitt það sem nefndin var að fjalla um á milli umræðna, hv. þingmaður.

[15:09]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi varðandi 18 árin og Sjálfstæðisflokkinn, það vildi svo til að hann var alla tíð í samstarfi við aðra flokka og þeir bera ekki síður ábyrgð, Framsóknarflokkurinn, Alþýðuflokkurinn og Samfylkingin, á því sem gerðist, ekki síður, en þeir vilja bara eigna sér það sem er jákvætt. Gott atvinnustig allan tímann, góða stöðu ríkissjóðs til að takast á við vandann, gott menntakerfi, sem er frábært, og gott atvinnustig áður en við lentum í krísunni. Það skyldi nú ekki vera að það sé Sjálfstæðisflokknum einum að þakka?

Ég nefni líka undirstöðuatvinnugreinar þjóðfélagsins, álverin sem mala og mala á hverjum einasta degi og flytja út ál, reyndar með lækkuðu verði, en standa undir gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar, og síðan sjávarútveginn. Þó að það séu vandamál þar líka í sölu á afurðum standa þessir tveir atvinnuvegir undir þjóðfélaginu, svo maður tali ekki um ferðamannaiðnaðinn. Allt var þetta skapað í 18 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins og ef hann hefur verið einn í stjórn er þetta honum einum að þakka.

Varðandi 200 þús. kr. fjallaði nefndin ekkert um það að þessu yrði bætt aftast við veðröðina, hún fjallaði ekkert um það. Það er það sem ég óska eftir að nefndin fjalli um, ekki bara kostnaðarskiptingu, hvort um sé að ræða 100 manns eða 1.000 manns eða hvað það nú er, heldur að breyta frumvarpinu á þann veg að þessar 200 þús. kr. lendi aftast í veðröðinni og ef vel gengur, sem við vonum öll, og skuldari vonar líka, getur hann auðveldlega borgað þessar 200 þús. kr. og þá verður kostnaður ríkissjóðs miklu minni. Þetta vil ég að nefndin skoði milli 2. og 3. umr.

[15:11]

Frsm. allshn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eðlilegt og sjálfsagt, fyrst eindregin ósk er um að nefndin komi saman á milli umræðna, að orðið verði við því.

Ég vil vekja athygli á því að bæði í umfjöllun nefndarinnar og hér í þingsal, um frumvarp til laga um almenna greiðsluaðlögun, sem þegar hefur tekið gildi, og um það úrræði sem hér er um að ræða, hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að þeir sem eiga nú í greiðsluerfiðleikum geti leitað til og fengið aðstoð sérfræðinga við að finna úrlausn mála sinna án mikilla fjárútláta. Þess vegna hefur verið sett upp það kerfi að Ráðgjafarstofa heimilanna geti komið að þessu í byrjun og þannig búið til ramma utan um upphafsferlið með nokkuð almennum hætti sem gæti gagnast mörgum, það er sem sagt verið að tala um ákveðið hagræði að því. Þetta fari síðan til héraðsdóms og aðstoðarmanna eins og hér hefur verið rakið, en jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð falið sýslumönnum eða opinberri stofnun þetta hlutverk til þess m.a. að tryggja jafnræði en ekki síður til þess að draga úr kostnaði, því að það er jú rétt, sem hv. þingmaður segir, það er mikilvægt að lækka kostnað ríkissjóðs af þessu.

Við munum þá væntanlega fjalla um þetta í nefndinni á milli umræðna. Ég tel ekki rétt að fara þá leið sem hv. þingmaður nefnir hér en það kann að vera að hann geti sannfært mig um annað á milli umræðna.

[15:13]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef í nokkrum tilfellum aðstoðað fólk sem er í greiðsluvandræðum og þá meira sem hobbý en líka til að setja mig inn í þessa hluti. Aðalvandinn er að kortleggja skuldirnar. Oft og tíðum er það það eina sem þarf. Þegar búið er að kortleggja skuldirnar kemur kannski í ljós hvernig hægt er að leysa vandann. Ég skora á alla þá sem eru í vandræðum og eru hættir að opna gluggaumslögin — það er fyrsta einkennið að menn hætta að opna gluggaumslögin — að fá sér einhvern góðan mann í fjölskyldunni til þess að kortleggja skuldirnar og draga þá ekkert undan. Þá sjá menn hverjar skuldirnar eru í heild sinni og það er aðalmálið.

Þetta frumvarp er einmitt til þess að taka á því. Þetta frumvarp er aðallega til þess að kortleggja skuldirnar. Það getur vel verið að eftir þá kortlagningu geti skuldarinn ósköp vel staðið við skuldir sínar og þá er engin ástæða til þess að ríkissjóður sé að styrkja hann. Hann getur kortlagt þetta og hann getur staðið í skilum, búið er að aðstoða hann við að sjá fram veginn. Ég held því að nefndin ætti að skoða það með opnum hug að láta skuldarann greiða þetta sjálfan en það yrði þá síðasta krafan sem hann greiddi. Þegar skuldarinn, kannski eftir 20 eða 30 ár, er orðinn skuldlaus mun hann gleðjast yfir því að borga þær 200 þús. kr. sem gerðu honum kleift að verða skuldlaus í stað þess að verða gjaldþrota.

[15:14]

Útbýting:

Hækkun á eigin fé fjármálafyrirtækja, 448. mál, svar fjmrh., þskj. 927.

Ný skattþrep í tekjuskatti einstaklinga, 450. mál, svar fjmrh., þskj. 926.

[15:15]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Varðandi það sem kom fram í orðaskiptum milli hv. þm. Péturs Blöndals og hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur um þann vanda sem þessu úrræði er ætlað að bregðast við vil ég taka það fram sem minn skilning á þessu frumvarpi, og ég hygg að það hafi verið almennur skilningur allsherjarnefndar, að þeir sem inn í þetta úrræði leita eru væntanlega þeir sem eru í hvað mestum vanda. Ef um er að ræða að fólk, sem við vitum að er rétt, er orðið svo hrætt við gluggapóstinn að það er hætt að opna hann eru önnur úrræði sem eiga að koma á undan þessu. Þetta er neyðarúrræði og það verður að tala um það sem neyðarúrræði. Í þeirri ágætu umræðu sem hefur verið um þetta mál í dag hefur aðeins borið á þeim misskilningi að hér sé um að ræða úrræði sem henti þeim skuldurum sem geta leyst mál sín sjálf. Þetta er ekki hugsað þannig. Við ræddum dálítið mikið í nefndinni hvaða önnur úrræði gætu komið á undan og hvort þetta frumvarp ýtti mönnum af stað til að hugsa betur um hvað hægt væri að gera, bæði auðvitað með almennum aðgerðum sem hafa verið ræddar á vettvangi stjórnmálaflokkanna um hvernig eigi að bregðast við miklum skuldum heimilanna en einnig hvort önnur úrræði kæmu frá nýju ríkisbankastofnununum til að hjálpa heimilunum í landinu og hvernig ríkisbankar og ríkisstofnanir tækju á skuldugum einstaklingum. Það var dálítið áhugavert.

Fyrir nokkrum vikum beindi ég óundirbúinni fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um innheimtuaðgerðir Ríkisútvarpsins sem felast í því að Ríkisútvarpið auglýsti í auglýsingatíma sínum fyrir á að giska þremur vikum að kröfur þeirra sem eru ekki búnir að greiða afnotagjöld sín á ákveðnum tíma yrðu sendar rakleiðis til lögmanna til innheimtu. Hæstv. menntamálaráðherra hafði ekki áttað sig á þessu og ætlaði að kanna málið og ég vonast til þess að hæstv. menntamálaráðherra kanni þessar innheimtuaðgerðir Ríkisútvarpsins vegna þess að þær eru ekki í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar, hvorki þeirrar sem nú situr né þeirrar sem á undan sat, að innheimtumenn ríkissjóðs ættu að fara í varlegri aðgerðir en áður. Það hefur ekki skilað sér hvað varðar Ríkisútvarpið vegna þess að enn þá er lögheimtan núna að innheimta kröfur afnotagjalda beint frá Ríkisútvarpinu án þess að til komi milliinnheimta sem oft er Intrum eða eitthvað slíkt. Aðilar sem eru kannski með 10.000 kr. skuld vegna afnotagjalda við Ríkisútvarpið fá 50.000 kr. kostnað sem ekki er hægt að losna við. Þetta er nokkuð sem við verðum að laga. Þetta má ekki vera svona. Við vorum búin að ákveða að þetta ætti ekki að vera svona. Hvernig stendur á því að Ríkisútvarpið hagar sér með þessum hætti? Þetta er fullkomlega óþolandi og ég treysti því að þeir þingmenn sem hér eru í salnum séu sammála mér um þetta. Þetta er bara dæmi um það að við erum að tala í allar áttir.

Í vikunni kom svo fréttatilkynning frá Landsbankanum um greiðsluaðlögun af hálfu bankans gagnvart þeim sem eru í viðskiptum við Landsbankann og eru í ákveðnum vandræðum. Mér finnst þarna vera komið úrræði sem er pínulítið svar við því sem við í nefndinni héldum að gæti hugsanlega komið fram, að lánastofnanir leituðu leiða til að aðstoða viðskiptamenn sína þannig að þeir lentu ekki í þroti. Landsbankinn ætlar að bjóða upp á óverðtryggð íbúðalán með afar lágum vöxtum. Ég hef reyndar ekki alveg áttað mig á því hvernig þetta fer fram hjá þeim. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að svigrúmið væri svona mikið í Landsbankanum en við hljótum að fá svör við því þegar nær dregur. Hér er samt um að ræða úrræði af hálfu Landsbankans þar sem boðið er upp á greiðsluaðlögun fram í maí 2011. Þá erum við að tala um frjálsa samninga og ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir fólkið hér í landi að það geti leitað til bankans síns og fengið lausn mála sinna þannig að það geti komið sér út úr þessum bráða vanda.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að við þurfum auðvitað að tala kjark í þjóðina og ekki gera meira úr vandanum en nauðsynlegt er, en við þurfum engu að síður að vera raunsæ. Stór hluti fjölskyldna í landinu er í miklum vandræðum með að sjá fram úr vandanum og við verðum auðvitað að koma fram með tillögur og úrbætur handa þeim sem munu gagnast til einhvers tíma. Þetta úrræði er í sjálfu sér nokkuð þungt í vöfum og það stóð aldrei til að það yrði öðruvísi. Þetta er gert með hliðsjón af gjaldþrotaskiptalögunum. Þetta er gert í kjölfar frumvarps um greiðsluaðlögun almennra skuldbindinga sem er í raun og veru breyting á gjaldþrotaskiptalögum þar sem nýr kafli er settur þar inn. Þetta frumvarp er svar við þeim ágalla sem ekki var hægt að leysa í því máli að veðskuldirnar voru þar undanskildar. Þess vegna var þetta frumvarp samið. Ég er stolt af því sem fulltrúi í allsherjarnefnd að nefndin sjálf flytji málið en ekki ríkisstjórnin vegna þess að málið varð til í umræðum í nefndinni. Við ræddum það örlítið við 1. umr. og mér finnst sjálfsagt að taka fram að það kom nokkuð í ljós í meðförum málsins í allsherjarnefnd að nefndinni er nokkur vandi á höndum þegar hún tekur upp málið að eigin frumkvæði, ekki síst þegar um er að ræða mjög tæknirænt mál eins og hér er á ferðinni. Við þurftum að sjálfsögðu að fá dómsmálaráðuneytið til að koma að þessu máli, við leituðum til réttarfarsnefndar um það og hún kom að samningu frumvarpsins.

Möguleikar Alþingis til að aðstoða við þetta eru nokkrir en það þarf að bæta þar úr. Það þarf að veita betri stuðning innan Alþingis til að nefndir geti að eigin frumkvæði tekið mál upp ef svo ber undir. Ef málið hefði í þessu tilviki verið tekið upp á vettvangi ríkisstjórnarinnar hefði það aðeins orðið til að hægja á málinu, það hefði bara orðið til þess að málið hefði komið seinna fram. Það var algjör samhljómur um það í allsherjarnefnd af hálfu allra flokka sem þar sitja að þetta mál væri það mikilvægt og brýnt að ekki mætti hægja á því með nokkrum hætti. Ég er mjög þakklát fyrir það, frú forseti, að þetta mál skuli hafa verið tekið til umræðu í dag. Þetta er nokkuð sem við höfum kallað mjög mikið eftir og ég vonast til þess að málið verði fljótt og vel að lögum.

Nú hefur komið fram ósk um það að málið verði tekið inn í nefnd á milli 2. og 3. umr. Ég á von á því að við í allsherjarnefnd munum vinna hratt að því að koma því aftur út úr nefndinni til að úrræðið geti orðið að lögum hið allra fyrsta. Lögin um almenna greiðsluaðlögun tóku strax gildi og þegar hefur stór hópur manna leitað í það úrræði, þúsund manns hygg ég að hafi fyrir nokkrum dögum farið fram á að komast inn í það úrræði, almenna greiðsluaðlögun. Nú skal ég ekki segja hversu margir fara á endanum í gegn. Við áttum alveg eins von á því að fleiri mundu kanna möguleika sína á að nýta þetta úrræði. Það er ekki víst að allir uppfylli skilyrðin sem sett eru.

Við vitum ekki hversu margir munu leita í þetta úrræði en nokkuð hefur verið um það spurt. Við í allsherjarnefnd öfluðum okkur upplýsinga frá Seðlabanka Íslands og víðar að um hvernig við gætum gert okkur grein fyrir því hversu mikill fjöldi þetta er til að geta áttað okkur á þeim kostnaði sem í þessu felst. Það er mjög erfitt um þetta að spá. Bæði vitum við ekki almennilega hver staða heimilanna er nú um stundir og við vitum heldur ekki hver framvindan verður næstu mánuði, hvort þær aðgerðir sem verið er að grípa til dugi til að hjálpa heimilunum eða ekki. Það leiðir af sjálfu sér að miklu fleiri koma þarna að. Þetta ber allt að sama brunni. Núna er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að bregðast strax við gagnvart þeim sem eru ekki komin í svona brýn vandræði, til að koma í veg fyrir að fjölskyldur þurfi að leita á náðir héraðsdóms og fara í greiðsluaðlögun. Okkar brýna verkefni núna er að leita leiða til að koma í veg fyrir það.

Niðurstaðan í allsherjarnefnd varð að láta þetta úrræði ekki taka gildi fyrr en 15. maí. Fyrst var hugmyndin að það tæki gildi 1. júlí. Það varð ekki mjög vinsælt af hálfu mjög margra þingmanna í allsherjarnefnd og í staðinn fyrir það varð niðurstaðan að það tæki gildi 15. maí. Ég hugsa að mörg okkar hefðu kosið að þetta hefði verið með sama hætti og með almennu greiðsluaðlögunina, að lögin tækju strax gildi. Svo fór ekki. Ég vonast til að tíminn fram til 15. maí verði nýttur mjög vel til að undirbúa þetta úrræði þannig að það muni nýtast mönnum fljótt og vel að þessum tíma loknum og jafnframt að við séum fram til þess tíma farin að velta fyrir okkur almennum aðgerðum til hjálpar fjölskyldum í landinu til að þær þurfi ekki að hitta héraðsdómara og fá tilsjónarmann.

Það var mjög dökk mynd sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson dró upp af þeim fjölskyldum sem þurfa að leita sér slíkrar aðstoðar. Ég er alveg sannfærð um að í hugum margra sem í góðri trú og bjartsýni tóku lán og keyptu íbúðir en hafa núna lent í gríðarlegum greiðsluerfiðleikum og jafnvel tekjutapi er ekkert grín að fara af stað til Héraðsdóms Reykjavíkur og lýsa því yfir að þeir þurfi á umsjónarmanni að halda. Við verðum að gera allt sem við getum til að koma í veg fyrir að það fólk sé óþarflega margt. Við þurfum að leita allra leiða til að það geti helst leyst sjálft úr málum sínum á vettvangi frjálsra samninga, á vettvangi lánastofnana í landinu en þurfi ekki að fara í greiðsluaðlögun. Úrræðið er fyrst og fremst til þess fallið að koma í veg fyrir gjaldþrotaskipti og ef það tekst að draga úr gjaldþrotaskiptum í landinu er mikið til vinnandi. En nr. 1, 2 og 3 þurfum við að gera okkur grein fyrir þeim vanda sem við blasir. Við verðum að bregðast við með almennum aðgerð-

um. Við verðum að leita leiða til að draga úr greiðslubyrðinni til að sem fæstir lendi í því að leita greiðsluaðlögunar fyrir héraðsdómi.

[15:27]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frumvarp til laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Ég þakka hæstv. forseta kærlega fyrir að taka þetta mál á dagskrá, hliðra til á þeirri dagskrá sem kynnt hafði verið og fallast á sjónarmið okkar sjálfstæðismanna um að þetta mál yrði tekið til umfjöllunar þannig að hægt yrði að gera það að lögum. Ég lagði sjálfur fram dagskrárbreytingartillögu í gær þar sem ég óskaði eftir því að málið yrði tekið á dagskrá þingsins svo hægt væri að afgreiða það. Sú tillaga mín var felld með atkvæðum allra stjórnmálamanna annarra en þeirra sem eru í Sjálfstæðisflokknum en það er gott til þess að vita að hæstv. forseti hefur skipt um skoðun og ég vona að það sé til marks um viðhorfsbreytingu hjá yfirstjórn þingsins gagnvart þeim málum sem hér þarf að ljúka fyrir kosningar og helst fyrir páska.

Mitt viðhorf í þeirri umræðu hefur verið það að brýnna sé fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu að afgreidd verði frumvörp sem taka á skuldastöðu heimilanna, greiðslugetu og þeim vandamálum sem við þeim blasa og fjölskyldunum í landinu. Sömuleiðis hef ég talað fyrir því að það eigi að forgangsraða á dagskránni í þágu atvinnu og fyrirtækjanna til að reyna að auðvelda þeim að starfa og búa til störf nú þegar um 18.000 einstaklingar ganga um atvinnulausir. Því miður hefur það ekki verið þannig fram að þessu að yfirstjórn þingsins hafi áttað sig á þeim málflutningi okkar sjálfstæðismanna að breytingar á stjórnarskrá munu hvorki gagnast heimilunum í landinu né atvinnu og fyrirtækjunum en við erum loksins farin að ræða um alvörumál.

Hér er frumvarp til laga um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Ég er sjálfur flutningsmaður þessa máls ásamt félögum mínum í allsherjarnefnd. Það er þverpólitísk samstaða um það. Hér er á ferðinni eitt af mikilvægari frumvörpunum sem liggja fyrir þinginu. Hér er lagt til að lögleiddar verði reglur eða úrræði sem eru sambærileg þeim sem fram koma í frumvarpi sem varð að lögum í síðustu viku um almenna greiðsluaðlögun. Það er gríðarlega mikilvægt að heimilin í landinu, fólk sem nú þegar er komið í greiðsluvandræði með íbúðarhúsnæði eða sér fram á fjárhagserfiðleika vegna afborgana af fasteignalánum, fái skýr skilaboð um það úr þinginu að þeim verði hjálpað. Sá málflutningur hefur verið undirliggjandi í þeirri kröfu okkar sjálfstæðismanna að þessi mál séu tekin fyrir.

Það er von mín að þessi viðhorf verði áfram ofan á hjá forseta þingsins. Það eru auðvitað fleiri mál á dagskrá á Alþingi sem gagnast heimilunum, eins og vaxtabætur, og sömuleiðis mál sem varða uppbyggingu atvinnulífsins eins og mál um fjárfestingarsamning vegna álvers í Helguvík. Ég hvet hæstv. forseta þingsins til að viðhafa þessa forgangsröðun og fagna því sérstaklega að það hafi verið gert. Í því felst mikill sigur fyrir okkur sjálfstæðismenn en ekki síður fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur, 2. umr.

Stjfrv., 410. mál (hærri vaxtabætur 2009). — Þskj. 695, nál. 798.

[15:32]

Frsm. efh.- og skattn. (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Nefndarálitið er frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað heilmikið um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ingibjörgu Helgu Helgadóttur og Sigurð Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins og Marinó G. Njálsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Hagsmunasamtökum heimilanna, Viðskiptaráði Íslands, Ríkisendurskoðun, Samtökum atvinnulífsins, Félagi eldri borgara og Alþýðusambandi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tilgreindum viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta sem koma til framkvæmda á árinu 2009 vegna tekna, eigna og skulda frá árinu áður. Er því um að ræða afturvirka aðgerð sem er ívilnandi og gerð til að létta fjárhagsstöðu heimilanna, sérstaklega hjá þeim sem lægri tekjur hafa.

Á fundum nefndarinnar var rætt um heildarkostnað vegna frumvarpsins og hvernig ríkissjóður mundi standa undir honum. Þá var rætt hvort aðrar leiðir hefðu verið æskilegri til að ná markmiðum þess, t.d. með því að hækka framlög ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginga. Fram komu sjónarmið um að frumvarpinu væri ekki beint nægilega að stöðu þeirra heimila sem verst væru stödd í fjárhagslegu tilliti, t.d. þeirra sem tekið hefðu húsnæðislán í erlendum gjaldeyri og þeirra sem þola hefðu mátt atvinnumissi.

Nefndin bendir á að umsagnir sem henni bárust eru almennt jákvæðar. Þó komu fram ábendingar um að róttækari aðgerða væri þörf og í því sambandi vísað til nýlegrar úttektar Seðlabanka Íslands um áhrif fjármálakreppu á efnahag heimilanna. Nefndin tekur fram að nú þegar hefur verið gripið til margháttaðra aðgerða í þágu heimilanna og mörg önnur úrræði eru til meðferðar hjá Alþingi eða hafa þegar verið samþykkt, eru í vinnslu eða munu koma fram. Við getum nefnt sem dæmi frumvarp sem hér er til umræðu um greiðsluaðlögun vegna veðskulda og fjölda margt annað. Er þetta eitt af mörgum góðum málum til þess að bæta stöðu heimilanna.

Á fundum nefndarinnar var rætt um nokkrar útfærslur til breytinga á vaxtabótakerfinu, m.a. þá að hækka hámarksvaxtabætur um 55% í stað 25% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Að óbreyttu hefði heildarkostnaður frumvarpsins eftir þá breytingu verið áætlaður 4 milljarðar kr. Sem sagt tvöföldun á því sem áður var áætlað í þessa lagabreytingu. Nefndin ræddi einnig hvort samfara þessu væri tilefni til að hækka viðmiðunarhlutfall þeirrar fjárhæðar sem draga skal frá vaxtagjöldum af samanlögðum tekjuskattsstofni til að heildarkostnaður vegna frumvarpsins héldist óbreyttur þrátt fyrir hækkun hámarksvaxtabóta. Við nánari athugun var fallið frá þessari hugmynd þar sem hún hefði leitt til þess

að tilteknir hópar yrðu fyrir skerðingu á vaxtabótum, en það er ekki tilgangur frumvarpsins, þ.e. skerðingu afturvirkt frá því sem fólk hafði gert ráð fyrir. Þetta tók nefndin sérstaklega til umfjöllunar á milli umræðna.

Nefndin leggur til að viðmið hámarksvaxtabóta hækki um 30% í stað 25% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að hámarksviðmið vaxtagjalda hækki um 25% en nefndin leggur til að frá því verði fallið. Nefndin leggur til að viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum hækki úr 5% í 7%.

Tilgangurinn með þeim breytingum sem nefndin leggur til er að gera frumvarpið markvissara og að það nýtist betur þeim tekjuminni. Hækkun á viðmiðunarhlutfalli hámarksvaxtagjalda af skuldum er enn fremur ætlað að koma til móts við þær fjölskyldur sem þurft hafa að taka dýr skammtímalán til að mæta greiðsluerfiðleikum á undanförnum mánuðum. Nefndin tekur einnig fram að með þessum breytingum er stefnt að því að enginn fái minni bætur en hann hefði fengið samkvæmt núgildandi lögum.

Fjármálaráðuneytið áætlar að verði frumvarpið að lögum með þeim breytingum sem nefndin leggur til muni heildarkostnaður ríkissjóðs verða um 2 milljarðar kr. en í kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu ráðuneytisins sem fylgdi frumvarpinu var gert ráð fyrir að hann yrði rúmir 2 milljarðar kr. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs vegna úttektar séreignarsparnaðar verði umfram þann kostnað og standi undir þessum hækkunum á vaxtabótum sem heimilin geta nýtt til að greiða niður aukinn vaxta- og verðbótakostnað.

Álitinu fylgja yfirlit um áhrif þeirra breytinga sem nefndin leggur til og unnin voru af fjármálaráðuneyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

1. gr. orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 3. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skal viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum, sem þar er tilgreint, vera 7% við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2008.

2. Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem þar eru tilgreindar, vera 246.944, 317.589, 408.374 og 900 við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2008.

Pétur H. Blöndal og Ragnheiður E. Árnadóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Bjarni Benediktsson og Jón Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.

Undir nefndarálitið skrifa Björgvin G. Sigurðsson, Pétur H. Blöndal, með fyrirvara, Ellert B. Schram, Árni Þór Sigurðsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, með fyrirvara, Birkir J. Jónsson og Katrín Júlíusdóttir.

[15:38]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Þetta er eitt af þeim málum sem hæstv. forseti féllst á að beiðni sjálfstæðismanna að taka fram fyrir í dagskrá fundarins og erum við ævinlega þakklát fyrir það að hæstv. forseti skuli hafa tekið tillit til þess að bæta hag fjölskyldna í landinu.

Ég og hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir erum með fyrirvara við þetta mál, en ég ætla ekki að tefja umræðuna mikið. Þar sem um er að ræða sömu fyrirvarana ætla ég að mæla fyrir hennar hönd þannig að hún þurfi ekki að koma líka í ræðustól og gera grein fyrir sínum fyrirvara.

Fyrirvarinn gengur út á tvennt. Það er í fyrsta lagi að nefndin skuli á hálftímafundi gjörbreyta frumvarpinu. Á hálftímafundi síðasta fundar nefndarinnar var frumvarpinu gjörbreytt. Horfið var frá þeirri leið sem var upphaflega lögð til og færð út í alveg nýtt frumvarp, frú forseti. Ég tel þetta mjög hættulegt fordæmi vegna þess að það frumvarp sem við ræðum, breytingartillögur nefndarinnar, var ekki til umræðu við 1. umr. Það hefur ekki verið sent til umsagnar. Það hefur enginn í landinu gefið umsögn um þessa hugmynd, að miða við hlutfall af vöxtum í stað þess að vera með, eins og áður var talað um, annað hlutfall af tekjum. Ég geri alvarlega athugasemd við þetta þinglega séð, frú forseti. Ég hefði talið að þetta mál hefði átt að ræða betur, senda það til umsagnar og ræða í nefndinni svo að menn áttuðu sig á því hvað væri að gerast.

Það er svo mikil hætta á því að það komi eitthvað út úr þessu sem er ekki mjög gáfulegt eða gæfulegt. Hins vegar má benda á að verið er að taka til baka breytingu sem gerð var á þessu kerfi fyrir nokkrum árum þegar vextir voru lækkandi í þjóðfélaginu. Með þeim hætti má kannski segja að þetta sé eðlileg aðgerð. Ég vona að það sé ekki eitthvað á bak við þetta sem umsagnaraðilar hefðu hugsanlega bent nefndinni á hefðu þeir fengið að koma að málinu. En þetta var sem sagt ákveðið á hálftíma.

Ég er að sjálfsögðu með því að auka styrki til almennings en þá kem ég að öðrum fyrirvaranum. Eins og ég rakti í ræðu undir síðasta lið á dagskránni eru um 20% þjóðarinnar í verulega miklum vanda. 80% þjóðarinnar eru ekki í miklum vanda eða kannski í engum, nema hvað varðar hækkun á verðlagi sem tekur til baka launahækkanir síðustu eins eða tveggja ára, það er nú ekki meira. Laun hafa hækkað mjög umtalsvert öll þau átján ár sem Sjálfstæðisflokkurinn var við stjórnvölinn því þá hækkuðu laun hér á landi en hvergi annars staðar í heiminum. En það var líklega vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn var einn við völd — eins menn eru alltaf að ítreka hérna. Það var enginn flokkur með okkur í þeirri ríkisstjórn sem hækkaði launin svona svakalega.

Ef þetta frumvarp yrði samþykkt yrðu settar 2.000 millj. kr. til allra í landinu, allra. Líka þeirra 80% sem í reynd eru ekkert voðalega illa sett og það þýðir að þau 20% sem eru virkilega illa sett, frú forseti, fá hlutfallslega minna, fá ekki nema einn fimmtung af þessu eða 400 milljónir. Ég hefði talið miklu skynsamlegra ef ég væri hæstv. ríkisstjórn, að setja þessar 2.000 milljónir í atvinnuleysisbætur, t.d. að hækka mörkin á tekjutengdum atvinnuleysisbótum þessa þrjá mánuði sem menn eru með tekjutengdar atvinnuleysisbætur. Það eykur ekki eftirspurnina eftir atvinnuleysisbótum, frú forseti. Það hefði gagnast því fólki sem er virkilega í vanda. Ég held að vandinn, ef maður reynir að kristalla

vandann, sé hjá því fólki sem verður atvinnulaust, var kannski með mjög háar tekjur í bankakerfinu, 2–3 millj. kr. á mánuði og lækkar svo niður í 230 þús. kr. sem er tekjutengda hámarkið í þrjá mánuði. Og síðan eftir þrjá mánuði dettur það niður í um 160 þús. kr. Þetta er svakalega mikið fall, frú forseti. Þarna er vandinn. Við hefðum átt að setja þessar 2.000 milljónir í það annaðhvort að lengja þann tíma sem tekjutengdu bæturnar eru um einn eða tvo mánuði, ég veit ekki hvað það er mikið, eða að hækka mörkin. Það hefði verið miklu skynsamlegra en að gusa peningunum út á alla þjóðina, líka þeirra sem eru ekki í neinum sérstökum vanda.

Þetta er sama vandamálið og ríkisstjórnin gerði með séreignarsparnaðinn. Þar var dælt út milljón á alla burt séð frá því hvort þeir voru í vanda eða ekki. Ég kom með breytingartillögu þar, frú forseti, sem gerði það að verkum að þeir sem væru virkilega í vanda gætu fengið séreignarsparnað sinn að fullu útgreiddan og það yrði gert með skuldajöfnun þannig að ekkert fé þyrfti að losa í kerfinu. Menn féllust ekki á það af einhverjum furðulegum ástæðum, það var enginn sem mælti því bót, og ákváðu heldur að borga út milljón á hvern einasta mann. Svo eru fleiri þúsundir manna núna að taka út séreignarsparnaðinn og valda miklum vanda hjá lífeyriskerfinu af því að búa þarf til lausafé út af þessu. Ríkisstjórnin er að gera mistök aftur og aftur og aftur. Það er bara þannig. Hún er alltaf að setja peninga til allra í staðinn fyrir að einbeita sér að þeim fjölskyldum í landinu sem eru virkilega í vanda.

Þetta eru þessir tveir fyrirvarar sem ég er með við þetta mál, frú forseti. Að öðru leyti get ég fallist á að bæta stöðu fjölskyldna þó þær fjölskyldur sem eru virkilega í vanda fái ekki nema einn fimmta eða 400 millj. kr. í stað þess að þær hefðu getað fengið 2.000 millj. kr. ef menn beittu þessu í gegnum atvinnuleysistryggingar.

[15:45]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna mjög að þetta frumvarp sé komið til 2. umr. vegna þess að hér er um gríðarlega mikilvægt mál að ræða. Ég tel að það að nota vaxtabótakerfið með þeim hætti sem hér er verið að gera muni skipta tugþúsundir heimila gríðarlega miklu máli. Ég er algjörlega ósammála þeim ræðumanni sem talaði á undan um að hér væri um einhver mistök að ræða vegna þess að við erum að nota vaxtabótakerfið til að endurgreiða heimilunum í landinu þann gríðarlega kostnað sem þau verða núna fyrir út af efnahagsástandinu sem leggst á húsnæðislán þeirra í formi verðbóta. Jafnframt erum við hér á landi með mun hærri vexti á húsnæðislánum en gengur og gerist í ríkjum sem við viljum bera okkur saman við. Í gegnum þetta kerfi notum við vaxtabótakerfið til þess að endurgreiða heimilunum í landinu þennan vaxtakostnað.

Vaxtabótakerfið skilar endurgreiðslunum akkúrat á þá staði sem þurfa mest á þeim að halda. Það er ekki verið að gusa þeim hingað og þangað eins og hv. þingmaður sagði í ræðu sinni hér á undan heldur er með markvissum hætti verið að endurgreiða skuldsettustu heimilunum, sömuleiðis lág- og millitekjuheimilum, þá háu vaxtabyrði og verðbótabyrði sem heimilin bera í dag.

Virðulegi forseti. Með þessari aðgerð er verið að binda slaufuna utan um þá hækkun og þær endurgreiðslur sem verða á þessu ári vegna þess að þetta er ekki fyrsta hækkunin sem gerð hefur verið á vaxtabótunum fyrir árið 2009. Þær voru líka gerðar þegar við samþykktum fjárlögin fyrir síðustu jól. Þá hækkuðu vaxtabæturnar einnig um 2 milljarða. Samtals hækkar vaxtabótaliðurinn og vaxtabótakerfið um 70% á þessu ári, virðulegi forseti. Það munar um minna.

Endurgreiðslurnar fara úr því að vera 5,8 milljarðar eins og þær voru á síðasta ári upp í tæplega 10 milljarða þann 1. ágúst nk. Þetta skiptir heimilin í landinu gríðarlega miklu máli og þetta er ein stoðin í þeirri velferðarbrú sem við ætlum að byggja svo heimilin í landinu komist nokkuð klakklaust út úr þeim ólgusjó sem við erum nú í.

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp felur í sér að millitekjuhjón sem hafa hvort sínar 330.000 kr. á mánuði í tekjur og eru með um 15 millj. kr. skuld á húsnæði fá samkvæmt þessu frumvarpi um 45% af vaxtagjöldum ársins í fyrra endurgreidd í gegnum þetta kerfi.

Það má líka nefna að hér eru nýir hópar sem fá vaxtabætur þannig að þetta tekur til fleiri núna en það hefur gert áður. Það má t.d. nefna að hjón sem eru með þessa skuld af sínu húsnæði, 15 millj. kr., fá mörg hver alveg gríðarlegar hækkanir og samkvæmt töflum í fylgiskjali með frumvarpinu er um að ræða tugþúsundir króna í hækkun, í kringum 100.000 kr. og jafnvel upp í 150.000 kr., á vaxtabótum þetta árið.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Enn og aftur fagna ég þessu máli mjög vegna þess að vaxtabótakerfið er akkúrat hentugt núna til þess að endurgreiða heimilunum í landinu þann gríðarlega kostnað og þær búsifjar sem þau verða fyrir vegna hins háa vaxtastigs hér á landi og vegna þeirra verðbóta sem leggjast á húsnæðislánin.

Ég tel að við eigum að nota vaxtabótakerfið við aðstæður eins og nú eru í auknum mæli vegna þess að við höfum þróað þetta kerfi í áranna rás með þeim hætti að það nýtist einmitt þeim heimilum sem þurfa mest á þessari endurgreiðslu að halda.

[15:50]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil gera athugasemd við það sem hv. þingmaður sagði um að þetta kæmi þeim til góða sem eru illa settir. Samkvæmt fylgiskjali frumvarpsins getur fólk sem er með 12 millj. kr. í tekjur á ári, þ.e. hjón með milljón kr. á mánuði í tekjur, fengið vaxtabætur. Er það virkilega fólk sem þarf að styrkja?

Það getur líka verið að fólk fái vaxtabætur sem hefur ekki misst vinnuna, ekki einu sinni yfirvinnu og hefur meira að segja fengið launahækkanir á árinu og er í raun inni bara í ósköp góðu lagi nema að verðlagið hefur að sjálfsögðu hækkað hjá því fólki eins og öðru. Kaupmátturinn hverfur kannski 1–2 ár aftur í tímann. Það fólk fær núna hlutdeild í þessum 2.000 millj. kr. sem hæstv. ríkisstjórn er að gusa út. Ég segi gusa vegna þess að staðan er slæm. Það er mjög slæm staða í þjóðfélaginu. Á sama tíma dæla menn milljörðum í tónlistarhús, gefa Sögu Capital 10 milljarða o.s.frv. Hæstv. ríkisstjórn gerir það eins og ekkert hafi gerst.

Það þarf að fara að skera niður, frú forseti. Hv. þingmaður þarf að gera sér grein fyrir því að það þarf að skera niður og menn þurfa að fara vel með þá peninga sem til eru. Ef við höfum 2.000 millj. kr. til ráðstöfunar mundi ég vilja setja þær í atvinnuleysisbætur eins og ég sagði því að þar er hinn raunverulegi vandi. Það mundi duga miklu betur. Þá færu 2.000 millj. til þess hóps sem er verst settur á Íslandi í staðinn fyrir að nú fær hann bara einn fimmta af þessu af því að hann er bara einn fimmti af þjóðinni, sá hópur sem er virkilega í vandræðum.

[15:52]

Katrín Júlíusdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er náttúrlega útúrsnúningur hjá hv. þingmanni. Ef hann skoðar þessa töflu, og ég hvet þá sem fylgjast með þessari umræðu til að skoða fylgiskjalið með frumvarpinu, kemur glöggt í ljós að þeir sem lægstar hafa tekjurnar fá auðvitað langmest í gegnum þetta kerfi, hjón fá hérna yfir 400.000 kr. Síðan fer þetta hlutfallslega lækkandi eftir því sem tekjurnar hækka.

Þetta veit hv. þingmaður þannig að þegar launatekjurnar eru komnar í þær upphæðir sem hv. þingmaður nefndi eru vaxtabæturnar orðnar eitthvað um 180.000 kr. Það munar aldeilis þarna á milli. Þetta er tekjutengt, virðulegi forseti.

Hv. þingmaður talar eins og við séum að sólunda fé í gegnum þetta kerfi með því að endurgreiða fólki og heimilunum í landinu þann gríðarlega vaxtakostnað sem þau bera vegna mistaka fyrri ríkisstjórnar sem hv. þingmaður studdi, mistaka í því að menn létu hjá líða að ræða það að við værum á leiðinni inn í bullandi gjaldmiðilskreppu sem er búin að valda þessum óskunda hjá heimilunum í landinu sem við erum núna að reyna að taka á.

Innan raða Sjálfstæðisflokksins sem hv. þingmaður er hluti af eru menn að tala um að skera 20% af öllum lánum. Fulltrúar, frambjóðendur og talsmenn Sjálfstæðisflokksins tala fyrir 20% niðurfellingu allra lána. Hvaða augum lítur hv. þingmaður þær tillögur? Það sem við erum með hér eru tillögur sem fela það í sér að færa endurgreiðslur af þessum gríðarlega kostnaði til þeirra heimila sem raunverulega þurfa á að halda, þeirra heimila sem eru skuldsettust og þeirra heimila sem eru í lág- og millitekjuhópum.

[15:54]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst varðandi Sjálfstæðisflokkinn. Stundum tala menn þegar það hentar eins og hann hafi verið einn í ríkisstjórn í 18 ár og gleyma því að það var hæstv. viðskiptaráðherra Samfylkingarinnar sem stóð ekki vaktina. (**Gripið fram í:** Einn.) Nei, það voru fleiri. Það var líka formaður Fjármálaeftirlitsins, Jón Sigurðsson samfylkingarmaður. Hann stóð heldur ekki vaktina. Hann er horfinn á bak við skýin og sést ekki.

Sjálfstæðisflokkurinn var ekki einn í ríkisstjórn þessi 18 ár þó að það henti sumum að tala þannig þegar þeir tala um neikvæðu hlutina. Þegar þeir tala um jákvæðu hlutina, menntakerfið og hvað ríkissjóður hefur verið vel undir það búinn og hvað atvinnulífið er sterkt með álverum og slíku (Gripið fram í.) gleyma menn því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur í 18 ár verið einn í ríkisstjórn. (**KaJúl:** Svaraðu spurningunni.)

Það sem hér er verið að tala um er að það á að bæta hjónum sem eru með 12 millj. kr. í árstekjur, milljón á mánuði. Ég sé enga þörf á því. Við þurfum að fara vel með þessa peninga. Við erum með 2.000 millj. til ráðstöfunar og ég hefði miklu frekar viljað setja þær í atvinnuleysisbætur þar sem hinn raunverulegi kjarnavandi er í þjóðfélaginu. Vandinn er þegar fólk lækkar úr milljón kr. á mánuði niður í 160.000 kr. Þar kristallast vandinn.

Ég vil að menn horfi miklu betur á ráðstöfun þessara peninga. Við höfum mjög litla peninga til ráðstöfunar, frú forseti. Það eru allir sammála um að það þurfi að skera niður í heilbrigðiskerfinu o.s.frv. en á sama tíma (**KaJúl:** Svaraðu spurningunni.) gusar ríkisstjórnin sem hv. þingmaður styður peningum í tónlistarhús og svo til allra í þjóðfélaginu í staðinn fyrir að fókusera á þá sem eru virkilega í vanda.

[15:56]

Katrín Júlíusdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Þá vitum við, virðulegi forseti, að hv. þingmaður lítur svo á að þessar endurgreiðslur séu sólundun á fé. Þá er spurning hvort það komi í ljós í atkvæðagreiðslu að Sjálfstæðisflokkurinn sé allur sammála hv. þingmanni. (Gripið fram í.) Það á eftir að koma í ljós í atkvæðagreiðslunni. (Gripið fram í.) Ég held að hv. þingmaður ætti aðeins að slaka á og leyfa mér að tala.

Og ég verð líka að segja að ég er undrandi á þessum ummælum hv. þingmanns varðandi Samfylkinguna. Hv. þingmaður veit vel að Samfylkingin var ekki með Sjálfstæðisflokknum í ríkisstjórn í 18 ár. (**PHB:** Síðustu tvö.) Við erum núna að glíma við afleiðingar þessarar 18 ára valdasetu Sjálfstæðisflokksins þar sem það var vanrækt að taka á vanda gjaldmiðilsins. Löngu fyrir bankahrun vorum við komin með einhverja hæstu vexti í Evrópu og jafnvel í heimi. (Gripið fram í.) Og við vorum hér með hæstu verðbólguna. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Löngu fyrir bankahrun voru heimilin hér farin að lenda í vanda. Þetta var fyrirséð og þetta eru afleiðingarnar sem við glímum við og við grípum núna til þeirra ráða að beita vaxtabótakerfinu til að beina þessum fjármunum inn á rétt heimili, inn á þau heimili sem raunverulega þurfa á því að halda.

Hv. þingmaður virðist ekki líta á vanda heimilanna sem raunverulegan. Það gerum við hins vegar í Samfylkingunni, við lítum svo á að vandi heimilanna sé raunverulegur og þess vegna ráðumst við í þá aðgerð að nota 10 milljarða kr. á þessu ári í það heila til að endurgreiða þann gríðarlega háa kostnað sem þau þurfa að bera, m.a. út af gjaldmiðlinum.

[15:58]

Útbýting:

Aðgerðir fyrir þá sem hafa orðið sérlega illa úti í hruni fjármálakerfisins, 340. mál, svar fél.- og trmrh., þskj. 928.

Skipun skiptastjóra, 451. mál, svar dómsmrh., þskj. 929.

[15:59]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög

mikið. Það hefur verið mælt fyrir nefndaráliti sem ég skrifaði undir og á aðild að með mikilli ánægju. Hér er um að ræða afskaplega þýðingarmikið mál fyrir fjölskyldur í landinu eins og fram hefur komið í máli þeirra hv. þingmanna sem hafa þegar tekið til máls í umræðunni. Vaxtabótaleiðin er að mínu mati mjög hnitmiðuð og beinskeytt leið til að koma til móts við sérstaklega lágtekjufólk og fólk með miklar skuldbindingar til að endurgreiða hluta af þeim vaxtagjöldum sem það verður fyrir vegna öflunar húsnæðis. Ég tel að sú leið sem hér er farin, að hækka verulega, þ.e. um 30%, hámarksvaxtabæturnar, sé góð í því sambandi.

Vissulega má alltaf deila um það í kerfi eins og þessu hvar viðmiðunarmörkin varðandi stofn til vaxtabóta eða vaxtabæturnar sjálfar eiga nákvæmlega að liggja. Allt getur það verið álitamál og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur haft efasemdir um þessa leið eins og hér hefur komið fram og hann gerði ágætlega grein fyrir þeim á fundum nefndarinnar líka. Ég vek þó athygli á því að hv. þingmaður skrifar undir þetta nefndarálit með fyrirvara sem hann hefur gert grein fyrir þannig að ég á fastlega von á því að hann styðji frumvarpið í sjálfu sér (**PHB:** Ég sagði það.) þrátt fyrir þann fyrirvara og þrátt fyrir þau hörðu orð sem hann hefur um einstaka þætti hér.

Vegna þeirra ummæla sem féllu hjá honum um að um óþinglega meðferð væri að ræða vegna þess að þetta væri nýtt þingmál vegna þess að nefndin gerir vissulega breytingar á frumvarpinu vil ég segja að í meðförum nefndarinnar kom fram að frumvarpið eins og það var úr garði gert hefði leitt til þess að hópar í vaxtabótakerfinu hefðu orðið fyrir skerðingu. Um afturvirka ráðstöfun er að ræða í þessu frumvarpi og hún er ívilnandi en hún hefði ekki orðið ívilnandi fyrir alla hópa ef frumvarpið hefði orðið óbreytt að lögum. Þess vegna fór nefndin í að skoða aðrar útfærslur á markmiðinu sem er óbreytt. Frumvarpið er að sjálfsögðu ekki nýtt frumvarp. Það hefur nýjar útfærslur til að tryggja að enginn verði fyrir skerðingu en það fer samt þá leið að beina meira fjármagni en frumvarpið gerði upphaflega ráð fyrir til þeirra sem lægstar hafa tekjurnar. Ég tel að það hafi tekist. Hér er komið til móts við þau sjónarmið sem komu fram í umsögnum þar sem var talað um ágallana á þessu frumvarpi.

Ég kannast ekki við að þegar menn gera slíkar leiðréttingar í meðförum þingnefndar þurfi að senda það mál aftur þannig til umsagnar. Ég vil ekki taka undir það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði um að þetta væri óþinglegt en ég hef heyrt sjónarmið hans í þessu. Þau komu líka fram á fundi nefndarinnar og ég virði alveg skoðanir hans í því efni en er ósammála honum.

Ég vil líka segja að ég er ekki sáttur við það sem hann segir um að verið sé að gusa út 2 milljörðum til allra landsmanna. Það er auðvitað ekki verið að því. Það veit hv. þingmaður. Það er of djúpt í árinni tekið að segja það. Hér er verið að hækka framlögin til vaxtabóta, sérstaklega til þeirra sem hafa lágar tekjur. Hvar nákvæmlega tekjumörkin eru sem vaxtabæturnar hætta getur eins og ég segi verið umdeilanlegt en í dag fá vaxtabætur þeir hópar sem hv. þingmaður tók dæmi um. Við töldum ekki rétt að lækka á neinum hópum og ákveðnir hópar fá hér viðbætur.

Ég fagna því að þetta frumvarp er komið til 2. umr. og jafnframt að það virðist vera góð samstaða um það í þinginu að hækka vaxtabætur með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég er sannfærður um að þessi ráðstöfun nýtist best þeim sem búa við lægstar tekjur og hafa mikla greiðslubyrði af íbúðalánum sínum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:03]

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805, 882 og 917.

[17:06]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég stend hér vörð um stjórnarskrá Íslands. Mér er það ekki ljúft en mér er það skylt. Ástæða þess að mér er ekki ljúft að standa hér í ræðustól og fjalla um breytingar á stjórnarskránni sem ríkisstjórnin leggur til er þríþætt.

Í fyrsta lagi má undir engum kringumstæðum gera breytingar á stjórnarskrá í flýti og í ósátt en það er ríkisstjórnin tilbúin að gera. Í öðru lagi finnst mér að fresta eigi 2. umr. málsins og skora ég hér með á hæstv. forseta að vísa málinu til nefndar þar sem mikill ágreiningur er um það. Það virðist ríkisstjórnin ekki vera tilbúin að gera og þar með ekki hæstv. forseti þingsins eins og hann skilur hlutverk sitt. Í þriðja lagi skynja ég pólitísk hrossakaup og lýðskrum í tengslum við þetta mál. Þar er ríkisstjórnin að verki, hún hafði lofað framsóknarmönnum stjórnlagaþingi og sett sér markmið um flýtimeðferð á stjórnarskrárbreytingum eins og fram kemur í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar frá 1. febrúar sl.

Virðulegi forseti. Við vitum öll að stjórnarskráin er grundvöllur stjórnarskipunar Íslands, réttarríkisins Íslands. Stjórnarskráin er grundvöllur mannréttinda og lýðræðis á Íslandi. Þar er að finna reglur réttarríkisins sem tryggja eiga stjórnskipulegan stöðugleika í landinu. Ég undrast því mjög umfjöllun fjölmiðla um málið. Mér finnst að fjölmiðlar megi ekki taka undir lýðskrumið sem tengist því og þeir mega ekki gleyma tilgangi sínum og verkfærum, þ.e. greiningartækjum og fagmennsku í vinnubrögðum. Ég skora á fjölmiðlamenn að skoða stjórnarskrárbreytingar þjóða almennt, hvernig þær eru framkvæmdar og hvers vegna það er erfitt að breyta stjórnarskrám. Ég hvet fjölmiðlamenn einnig til að skoða og gagnrýna þá stöðu sem nú er uppi hér á landi og bera saman við það sem tíðkast við stjórnarskrárbreytingar í þeim löndum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við. Ég efast um, virðulegi forseti, að aðferðin sem fylgt er í þessu máli standist grundvallarhugmyndafræði evrópskra ríkja um lýðræði, mannréttindi og virðingu fyrir réttarríkinu.

Ef skoðaðar eru heimildir um stjórnarskrár og stjórnarskrárbreytingar er freistandi að vitna í bók Jans-Eriks Lanes, sem gefin var út af Manchester University Press árið 1996. Bókin heitir á frummálinu *Constitution and Political*

Theory, sem útleggst á íslensku *Stjórnarskrá og stjórnmálakenningar.* Í bók Jans-Eriks Lanes er úttekt á stjórnarskrám hinna ýmsu ríkja heims. Fram kemur að flestar þjóðir búa við stjórnarskrá. Þær eru mismunandi í sniðum, allt frá því að vera fáeinar blaðsíður, eins og t.d. í Bandaríkjunum, til þess að vera mörg hundruð blaðsíðna langar, eins og t.d. á Indlandi.

Allar ritaðar stjórnarskrár taka á eftirfarandi fjórum þáttum: 1. þáttur er um stjórnarformið, 2. þáttur um mannréttindi, 3. þáttur um valdhafa, skiptingu valds og valdmörk, og 4. þátturinn um hvernig breyta megi stjórnarskrám. Í skrifuðum stjórnarskrám er alltaf fjallað um það hvernig standa megi að stjórnarskárbreytingum.

Stjórnarskrárbreytingar eru aðallega gerðar eftir sex mismunandi leiðum. Algengt er að aukinn meiri hluti þings þurfi að samþykkja breytingar, dæmigert að 2/3 þingmanna þurfi að samþykkja og oft í tveimur deildum. Víða er kveðið á um þjóðaratkvæðagreiðslu til að samþykkja eða synja breytingum á stjórnarskrá. Það er líka algengt að þingrof þurfi í millitíðinni og efna verði til kosninga áður en breytingar eru endanlega staðfestar og samþykktar. Fjórða leiðin er oft blanda af þremur ofangreindum aðferðum. Í fimmta lagi er oft notast við einhvers konar tímatakmörk þegar einhverjar ofangreindar leiðir eru nýttar og tímatakmörkin eru sett til að hindra flýtimeðferð. Að lokum er víða í stjórnarskrám bann við að breyta vissum þáttum hennar. Auk þess eru víða skilyrði í sambandsríkjum um að ákveðið hlutfall einstakra ríkja þurfi að samþykkja breytingarnar svo að þær verði að lögum.

Allar þessar reglur um hvernig breyta eigi stjórnarskrám eru settar í stjórnarskrárnar til að standa vörð um stöðugleika í stjórnarfari og til að tryggja að sem breiðust sátt sé um grundvallarreglur réttarríkisins. Breytingar gerast hægt og að vandlega íhuguðu máli. Ef skoðaðar eru reglur um stjórnarskrárbreytingar í nágrannalöndunum kemur í ljós að þær eru svipaðar.

Í 79. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram hvernig að þessu skuli staðið á Íslandi. Ég ætla að vísu ekki að vitna orðrétt í það en þar kemur fram að á Íslandi þurfi tvö þing til að samþykkja breytingar á stjórnarskránni. Nái frumvarp um breytingar fram að ganga skal rjúfa þing þá þegar og boða til almennra kosninga að nýju og nýtt þing þarf að samþykkja þessar tillögur um breytingar óbreyttar.

Í Danmörku kveður stjórnarskráin á um að breytingar á henni öðlist ekki gildi nema þær séu samþykktar af tveimur þingum með kosningum á milli og þjóðaratkvæðagreiðslu.

Sænska stjórnarskráin gerir sömuleiðis ráð fyrir að breytingar skuli gera ef frumvarp þar um er samþykkt óbreytt af tveimur þingum með þingkosningum á milli. Þar er einnig gert ráð fyrir að hægt sé að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar ef þess er krafist af 1/3 þingmanna, þ.e. um þær ákveðnu breytingar sem þingið vill leggja til.

Í Finnlandi er gert ráð fyrir samþykki á stjórnarskrárbreytingum í tveimur umræðum á þingi og þriðja umræðan þarf að fara fram að afloknum kosningum þegar nýtt þing kemur saman og þurfa þá 2/3 þingmanna að samþykkja frumvarpið óbreytt. Auk þess er heimildarákvæði um lítils háttar undanþágu frá stjórnarskrárbreytingum til að gera breytingar í almennum lögum.

Norðmenn hafa ákvæði í stjórnarskrá sem segir að allar breytingar á stjórnarskránni þurfi að leggja fram ári áður en kjörtímabili lýkur og að ekki megi samþykkja breytingar fyrr en að loknum þeim kosningum sem í kjölfarið koma. Við afgreiðslu frumvarps um stjórnarskrárbreytingar þurfa 2/3 þingmanna að vera mættir og meiri hluti þarf að samþykkja stjórnarskrárbreytingar svo að þær verði að lögum.

Ef við förum aðeins lengra í burtu þá segja reglur í Bandaríkjunum — og þetta er reyndar það síðasta sem ég ætla að greina frá hér. Þessi umfjöllun mín er aðallega til að sýna fram á að reglur um hvernig staðið skuli að stjórnarskrárbreytingum eru í öllum stjórnarskránum og þær eru ærið svipaðar í nágrannalöndunum. En dæmi frá Bandaríkjunum er aðeins frábrugðið. Þar er hægt að fara tvær leiðir til að breyta stjórnarskránni. Þingið getur lagt til breytingar á stjórnarskrá en 2/3 hlutar þingmanna á fulltrúaþinginu og einnig 2/3 hlutar öldungardeildarþingmanna þurfa að samþykkja breytingarnar. Einnig getur frumvarp til breytinga á stjórnarskrá átt rætur að rekja til sambandsríkjanna eða fylkjanna í Bandaríkjunum og þá þarf 2/3 hluta þeirra til að fara fram á breytingar. Hvort sem þingið leggur fram frumvarp eða sambandsríkin krefjast breytinga þarf í öllu falli 3/4 hluta sambandsríkjanna til að fullgilda breytingar svo að þær taki gildi.

Ég gæti haldið áfram, talað um Þýskaland og löndin sem eru nálægt okkur í Evrópu en ég læt hér staðar numið. Ég vil ítreka það sem áður kom fram að formið á stjórnarskrárbreytingunum er geirneglt inn í stjórnarskrárnar sjálfar. Þetta er fyrst og fremst hugsað sem varnagli þannig að stjórnarskráin hafi einhvers konar stöðugleikahlutverk í öllu því sem fram fer í stjórnun landsins.

Mig langar að taka tvö nýleg dæmi um breytingar á stjórnarskrám. Annað er finnskt, hitt er tyrkneskt. Finnska dæmið er nýlegt. Ný finnsk stjórnarskrá var samþykkt fyrir 10 árum, árið 1999, að undangengnum fjögurra ára undirbúningstíma. Vinnuhópi, sem þáverandi dómsmálaráðherra í Finnlandi setti á laggirnar, var falið að gera tillögur um nútímalega stjórnarskrá. Eftir ítarlega umfjöllun var þetta sem sagt samþykkt árið 1999.

Allt annað dæmi kemur frá Tyrklandi. Tyrkland býr við stjórnarskrá sem tók gildi árið 1982 þegar það laut herforingjastjórn. Núverandi valdaflokkur, AKP-flokkurinn, sem er í ríkisstjórn, gerði þau mistök að gera drög að stjórnarskrárbreytingum eftir kosningarnar 2007 þegar þeir komust til valda en flokkurinn gerði sig sekan um að leyfa ekki öðrum stjórnmálaflokkum að komast að vinnunni. Hefur þetta valdið miklum usla í Tyrklandi og akademían þar og sérfræðingar hafa kallað eftir stjórnlagaþingi, í þeim skilningi ráðgefandi stjórnlagaþingi, sem færi eftir viðurkenndum aðferðum við að koma með tillögur um breytingar á stjórnarskránni.

Stjórnarskrár eiga að taka breytingum. Lýðveldið og hugmyndir okkar um lýðræðið eru alltaf að þróast þannig að ég er vissulega fylgjandi því að endurskoða stjórnarskrána og ég vil sjá á henni töluverðar breytingar í framtíðinni. En ég vil sjá á henni breytingar eftir verulega ígrundaða umhugsun og ég vil sjá okkur hafa í heiðri það sem þeir sem skráðu stjórnarskrána, bæði hér á landi og út um allan

heim, hafa haft í heiðri og það er að slík vinnubrögð á að vanda, það á að vanda vinnubrögð sem lúta að breytingum á stjórnarskrá.

En aftur að frumvarpinu sem er hér til umfjöllunar um stjórnarskrárbreytingar. Samkvæmt nefndarmönnum, sem áttu sæti í sérnefnd um stjórnarskrármál, voru mikil vonbrigði með vinnu nefndarinnar. Hún hittist einungis 11 sinnum á þeim 17 dögum sem hún hafði frumvarpið til meðferðar, þ.e. áður en það fór til 2. umr. í þinginu. Vinnubrögðin einkenndust, eins og gefur að skilja, af flýtimeðferð. Umsagnaraðilar fengu lítinn tíma til að gefa álit, einungis nokkra daga, og margir kvörtuðu yfir því. Í þokkabót voru álitin í raun marklaus í þeim skilningi að þau voru ekki tekin til greina. Hvorki var fjallað ítarlega um þau né hlustað á þá sérfræðinga og hagsmunaaðila sem umsagnirnar gáfu. Alls bárust 27 umsagnir og aðeins tveir aðilar lýstu sig meðmælta frumvarpinu. Það er því margt athugavert við frumvarpið eins og fram kemur hjá álitsgjöfum og ætla ég mér ekki að reifa það hér í þaula. En ég ætla að gera stjórnlagaþingið og tillögu um það, eins og kemur fram í frumvarpinu, að umtalsefni.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að hugmyndin um stjórnlagaþing er nokkuð óljós. Þar stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Hugtakið stjórnlagaþing er ekki fastmótað en eins og nafnið gefur til kynna hefur slíkt þing það hlutverk að semja ný stjórnlög eða reglur um stjórnskipun ríkis." — Það kemur sem sagt beinlínis fram að hugtakið er ekki fastmótað. Það er óljóst.

Eins og fram kemur í 4. gr. frumvarpsins er stjórnlagaþingi falið að semja nýja stjórnarskrá. Í greinargerð með frumvarpinu, á bls. 24, kemur fram að um skipulag og starfshætti stjórnlagaþinga og niðurstöður þeirra hafa gilt mjög fjölbreyttar reglur eftir því hvaða ríki hafa átt í hlut.

Í greinargerðinni segir frá því hvernig slíkar reglur eru mismunandi og taka til mismunandi verkefna, mismunandi vinnulags o.s.frv. Stjórnlagaþingið sem frumvarpið gerir ráð fyrir á sér hins vegar enga hliðstæðu, það stjórnlagaþing sem við ræðum í 4. gr. frumvarpsins. Um er að ræða nýmæli, eins konar tilraunastarfsemi, og mikil óvissa ríkir um þær leikreglur sem slíkt þing mun vinna eftir. Þetta kemur beinlínis fram í greinargerðinni með frumvarpinu á bls. 25 en þar stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Ljóst er að tillaga frumvarpsins um fyrirkomulag stjórnlagaþings er nýmæli sem á sér enga beina fyrirmynd í sögu stjórnlagaþinga eða þjóðfunda í lýðræðisríkjum frá síðustu öldum."

Ég er ekkert sérlega fylgjandi því að á skömmum tíma ákveðum við Íslendingar að fara í svona verkefni án þess að það sé vel skilgreint og þegar beinlínis er talað um að þar sé ekki nein fordæmi að finna.

Mig langar einnig að gera að umfjöllunarefni breytingartillögur sem meiri hluti sérnefndarinnar leggur fram. Það er heill tugur af breytingum og reyndar rúmlega það án þess að þær fái umsagnir frá sérfræðingum og hagsmunaaðilum. Það eru alls konar hugleiðingar í nefndarálitinu um það hvernig hægt væri að gera þetta, þ.e. stjórnlagaþingið. Þar kemur sú hugsun fram að meiri hlutinn telji ekki sýnt að fulltrúar þingsins þurfi að vera í fullu starfi. Allt eins er hægt að rökstyðja fyrirkomulag þingsins þannig að það sé í lotum og menn geti þá haldið starfi sínu. Það eru ýmsar hugleiðingar um þessar breytingar en alls ekki fagleg umræða.

Ég lýsi því vonbrigðum yfir því að við skulum vera að ræða þetta mál, mér er það ekki ljúft þó að mér sé það skylt. Mér er það ekki ljúft vegna þess að það er svo mikið lýðskrum í kringum umræðuna. Mér er það ekki ljúft vegna þess að við erum á einum mánuði að gera það sem ég trúi að hafi ekki verið gert áður, alla vega ekki hjá neinni þjóð sem ég reyndi að afla upplýsinga um, að stjórnarskrá skuli breytt á einum mánuði í óþökk stórs minni hluta alþingismanna. Ég held að engin fordæmi séu fyrir því. Í bókinni sem ég vísaði í áðan, um stjórnarskrárbreytingar, kom fram að í einræðisríkjum er þessi háttur hafður á og meira að segja þarf enginn mánuður að líða. Stjórnarskránni er bara breytt eftir geðþótta og í sögunni eru mörg dæmi um slíkt. Ég tel ekki að við ættum að hugleiða slíkt.

Varðandi lýðskrumið langar mig að vitna í fréttamannafund sem var haldinn í gær þar sem hæstv. fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, sagðist hafa hlustað á málflutning sjálfstæðismanna. Haft er eftir honum orðrétt, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir allan þennan málflutning er mér ekki ljóst hvers vegna þessi andstaða er af hálfu Sjálfstæðisflokksins." — Og svo spyr hann, orðrétt: „Vilja menn ekki sameign á náttúruauðlindum? Vilja menn ekki beint lýðræði? Vilja menn ekki að þjóðin kjósi sjálf um stjórnarskrárbreytingar í sjálfstæðri kosningu? Geta menn ekki hugsað sér að þjóðin kjósi sitt eigið stjórnlagaþing?"

Þessi málflutningur er lýðskrum af versta tagi og mér sviður að þurfa að lesa þetta og hlusta á þetta vegna þess að þetta er ekki málið. Ég, ásamt væntanlega flestum sjálfstæðismönnum, vil gjarnan sjá stjórnarskrárbreytingar. Ég vil sjá þær vandaðar og gerðar að ígrunduðu máli og ég vil að leikreglur lýðræðis og réttarríkis séu virtar.

[17:26]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég komst ekki í andsvör við ræðu hv. þm. Guðfinnu Bjarnadóttur í gær en ég ætla að byrja á að þakka henni hlý orð sem féllu í minn garð þar og jafnframt þykir mér leitt að hafa valdið henni vonbrigðum.

Ég hef hlustað á nánast allar ræður sem hér hafa verið fluttar af hálfu þingmanna Sjálfstæðisflokksins, flestar úr þingsal en ýmsar úr skrifstofu minni í Vonarstrætinu. Langflestar athugasemdir snúa að formsatriðum, undirbúningi og öðru slíku. Ýmislegt er eflaust til í því en það er búið að endurtaka þetta svo oft að málið er algerlega tæmt að því leyti.

Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa rætt um efnisatriði og í dag komu fram fróðleg ummæli frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni um efnisatriði og við skiptumst á skoðunum um það. Ég hygg að umræðan sé algerlega tæmd og kominn tími til að ljúka 2. umr. og þau sjónarmið sem hafa komið fram, rökræn sjónarmið og gagnrýni, efnisleg — það sé orðið tímabært að ræða þau í nefndinni, klára sem sagt 2. umr. um málið í dag og fara með málið í nefndarstörf þess vegna yfir páskahelgina. Ég er alveg reiðubúinn

til þess. En ég spyr hv. þingmann um efnisafstöðu hennar til 1. gr. um náttúruauðlindir í þjóðareign, að þær megi ekki framselja. Er hún andsnúin því? Þetta hefur verið rætt mjög lengi. Eins er með 2. gr. um breytingar á stjórnarskránni. Er hún efnislega á móti því? Þetta ákvæði er tekið upp úr vinnu stjórnarskrárnefndar sem starfaði síðast fyrir kosningarnar 2007 og jafnframt um 3. gr. þar sem farin er ákveðin leið til að veita kjósendum rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilsverð mál. Hver er efnisleg afstaða hv. þingmanns til þessara þriggja greina sem ég gerði að umtalsefni?

[17:28]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Atla Gíslasyni fyrir þessar spurningar. Ég verð að upplýsa hv. þingmann um að hann hefur sannarlega valdið mér vonbrigðum. Hann nefnir sérstaklega að formsatriðin séu að vefjast fyrir mörgum, þar á meðal mér, en þau skipta einfaldlega máli, hæstv. forseti. Formsatriðin skipta máli vegna þess að á svo skömmum tíma sem við ræðum nú getum við ekki vitað afleiðingar þeirra breytinga, og ég tala nú ekki um breytingartillagna, sem komu síðar, sem verið er að leggja til hér.

Ég er fyllilega sammála hv. þingmanni um að málið ætti að fara aftur í nefndina. Ég legg hér með til að við frestum 2. umr., leggjum málið í nefndina og reynum að fá niðurstöðu þar.

Varðandi efnisatriði skal ég segja, hæstv. forseti, að ég er ekki á móti því að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar. Ég held að það sé í lagi að skoða þá breytingu og þá í anda þess sem rætt var árið 2007. Ég held að það sé alla vega skynsamlegt að skoða það. Varðandi þjóðaratkvæðagreiðsluna, af því að ég fjallaði ekki um það í ræðu minni, þá er ég líka hlynnt henni en ég hef efasemdir í útfærslu og leiðir í því og vil gjarnan skoða og vega og meta og fá mér reyndari menn og konur og fordæmin annars staðar frá til að vita hvernig best sé að standa að því. Ég hef efasemdir um prósentur og hlutföll sem kveðið er á um og útfærsluna sem skilgreind er.

Varðandi 1. gr. þá svara ég í seinna andsvari.

[17:31]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Formsatriðin vefjast skiljanlega fyrir hv. þingmanni en það er reynsla mín í mínum störfum, bæði á vettvangi Alþingis og sem lögmaður, að það er hægt að vinna góða hluti á stuttum tíma, á tiltölulega mjög stuttum tíma. Þetta á hins vegar ekki við um 1. gr., hún hefur verið í umræðu í yfir 10 ár. Sama gildir um 2. gr., hún er þaulrædd, það er ekki eins og þingið hafi verið að byrja á upphafsreit varðandi 1. og 2. gr. Því fer víðs fjarri. Hér er tekist á um það grundvallaratriði hvort auðlindir sem aðrir hafa ekki einkaeignarrétt yfir eigi að vera eign þjóðarinnar eða að við getum framselt þær til einkafyrirtækja, erlendra eða innlendra. Ég er sjálfur alfarið á móti því. Ég vil t.d. að fiskurinn í sjónum sé sameign þjóðarinnar en að handhafar aflaheimilda hafi auðvitað nýtingarrétt sinn og ég hef lýst því hér.

Umræðan er tæmd, sjónarmiðin hafa öll komið fram, umræðunni er í raun lokið fyrir löngu, henni var lokið fyrir helgi þess vegna (Gripið fram í.) eða á mánudaginn. Öll sjónarmið hafa komið fram, ég hef hlustað á allar ræður, það er ekkert nýtt að koma fram lengur í málinu, ekkert. Þess vegna er málið orðið nógu þroskað til að fara í nefnd, þessa sérnefnd til að ræða þau málefnalegu sjónarmið sem fram hafa komið. Sjálfstæðisflokkurinn hefur fulla burði til að taka upp málið við 3. umr. og á meðan getum við þá klárað þau mál sem (Forseti hringir.) sjálfstæðisþingmenn telja svo mikilvægt, og ég reyndar líka, að afgreidd séu.

[17:33]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka þá áskorun mína að hæstv. forseti kalli nú málið í nefnd að nýju og fresti 2. umr. Þannig má vinna betur í málinu.

Formsatriði vefjast ekkert fyrir mér, ég veit bara að það er skynsamlegt í þessu tilviki að hafa langan aðdraganda, fá og hlusta á sérfræðingana og finna leið sem er í sátt. Vandinn í þessu dæmi er að málið lyktar allt af pólitískum hrossakaupum, það er ekkert hægt að draga fjöður yfir það. Þegar svoleiðis er hljótum við að krefjast þess að við ræðum þetta af fullri einlægni, gefum því tíma og hlustum á þá sérfræðinga sem þekkja málið best.

Ég er sammála því að oft er hægt að vinna mál hratt og vel, en af einhverjum ástæðum setja allar lýðræðisþjóðir heims sem við berum okkur saman við og hafa skrifaða stjórnarskrá þennan varnagla í stjórnarskrána, það er ekki bara sisona í gamni. Það hljóta að vera þær leiðir sem við erum öll sammála um.

Ef þetta var svo vel ígrundað, hæstv. forseti, eins og hv. þingmaður sagði, hví þá svona margar breytingartillögur á svona skömmum tíma? Ég taldi meira en tug breytingartillagna koma fram. Maður veltir fyrir sér hvernig í ósköpunum sé hægt að halda því fram að þetta hafi verið svona vel ígrundað ef allt í einu koma allar þessar breytingartillögur á síðustu stundu.

Varðandi auðlindirnar finnst mér að sjálfsögðu vert að við ræðum hvers konar ákvæði auðlindir í þjóðareign á að vera vegna þess að við eigum ekki bara auðlindirnar, framtíðin okkar (Forseti hringir.) á auðlindirnar.

[17:35]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þeir tveir þingmenn sem nú hafa talað, hv. þm. Atli Gíslason og Guðfinna Bjarnadóttir, hafa bæði lagt til að málið fari í sérnefndina að nýju og ég tek undir með hv. þm. Guðfinnu Bjarnadóttur um að umræðum verði frestað þegar í stað og málið gangi til sérnefndar sem muni þá sinna þeim störfum þegar eftir því verður kallað.

Ég vek athygli á því líka, virðulegi forseti, að enginn af flutningsmönnum þessa frumvarps er við þessa umræðu hér. Mér finnst gjörsamlega útilokað að við ætlum að halda áfram þessum umræðum og enginn flutningsmaður málsins viðstaddur. Það er ekki nema einn úr sérnefnd um stjórnarskrána í meiri hlutanum sem situr hér og fylgist með umræðunni. Við erum í páskavikunni og flutningsmenn frumvarpsins láta ekki svo lítið að vera við umræðu um stjórnar-

skrána þannig að mér finnst einboðið að við frestum umræðunni þegar í stað.

[17:36]

Árni M. Mathiesen (S) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég verð að segja að mér finnst merkilegt ef forseti hefur ekki neina tilburði til að svara hv. þm. Jóni Magnússyni þegar hann ber fram eðlilegar spurningar. Það er ekki nóg með að enginn flutningsmanna sé við og að tveir síðustu hv. ræðumenn hafi báðir lagt til að málið færi aftur til nefndar. Hvort hv. þingmaður vill klára umræðuna fyrst eða ekki er ekki aðalatriðið, mér finnst aðalatriðið að menn vilja að málið fari aftur til nefndar. Við erum að funda í páskavikunni, daginn fyrir skírdag, og eftir því sem mér skilst er það í fyrsta skipti í þingsögunni sem það er fundað á þeim degi. Það er alveg ljóst að umræðu um þetta mál er ekkert að ljúka.

Ég bið hæstv. forseta a.m.k. að virða hv. þingmenn (Forseti hringir.) svars sem koma upp undir liðnum um fundarstjórn forseta.

[17:38]

Forseti (Þuríður Backman):

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt náðist samkomulag um að ræða þetta mál, dagskrárlið nr. 4, áfram í dag. Margoft hafa komið fram beiðnir um að málið verði rætt í sérnefnd á meðan á umræðu stendur eða að gert verði hlé. Enn fremur hefur komið fram beiðni um að 2. umr. ljúki og að málið fari aftur til nefndarinnar þannig að það eru mismunandi beiðnir uppi sem forsetar hafa hlýtt á. Samkomulag er hins vegar um það núna að ræða málið áfram í dag.

[17:39]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég er á mælendaskrá og óska eftir því að flutningsmenn þessa frumvarps verði viðstaddir þegar ég flyt ræðu mína því að ég mun bera fram ákveðnar spurningar sem ég óska eftir að þeir taki þá afstöðu til. Satt að segja sé ég ekki að það sé eðlilegt að við séum þegar klukkan hallar í sex daginn fyrir skírdag áfram að fjalla um þetta mál. Það er ljóst að umræðunni lýkur ekki í dag, enginn flutningsmanna er viðstaddur og úr meiri hluta sérnefndarinnar eru einungis tveir hv. þingmenn í salnum þar sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er nýkominn til að vera við umræðuna og býð ég hann velkominn.

Mér finnst eðlilegt að við sýnum þjóðinni, stjórnarskránni og Alþingi þá virðingu að fresta nú þegar umræðum um þetta mál.

[17:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þær óskir að flutningsmenn málsins séu hér til staðar. Ég óska eftir því að forseti á forsetastóli lýsi því hvort hann hefur einhverjar hugmyndir um það hvort flutningsmennirnir muni koma til umræðunnar á þessu kvöldi. Mér þætti vænt um að fá skýr svör um hvort það verði þannig eða hvort við þurfum að endurtaka ræður okkar hér síðar til þess að flutningsmenn málsins hlýði á þau rök sem hér koma fram og geti þá tekið afstöðu til þess hvort þeir vilji beita sér í því að breyta eitthvað því máli sem hér liggur fyrir.

Það er algjörlega nauðsynlegt að forseti lýsi því fyrir okkur af forsetastóli hvort flutningsmenn málsins muni koma til umræðunnar.

[17:41]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég sá fyrir nokkrum árum bíómynd sem mig minnir að hafi heitið *Groundhog Day*. Hún var þannig að viðkomandi — **(Gripið fram í:** Mjög góð mynd.) mjög góð mynd — upplifði alltaf sama daginn aftur og aftur. Nú er ég að fara hér í umræðu um fundarstjórn forseta (Gripið fram í.) þar sem krafan er nú sett fram um að flutningsmenn séu á staðnum. Ég leit á mælendaskrá áðan og sá að hv. þm. Jón Magnússon hyggst flytja sína sjöttu ræðu við 2. umr. og ætlar greinilega að koma á framfæri spurningum sem ekki hafa komið fram áður. Ég útiloka það ekki, langt frá því.

Vegna þess að umræðan er að fara hér fram í tíunda, tólfta eða fimmtánda sinn vildi ég bara nefna að málið er á forræði þingsins og hér eru tveir fulltrúar úr sérnefnd um stjórnarskrármál sem hlýða á málflutning og taka við röksemdum. Ég tel, virðulegi forseti, yfirdrifið að við séum hér á staðnum. (Forseti hringir.) Ég veit enn fremur að einhverjir flutningsmenn eru í húsinu og það er alls ekkert ólíklegt að þeir muni reyna að mæta þegar (Forseti hringir.) eldmessan verður flutt.

[17:43]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill láta vita af því svo það sé alveg ljóst að tveir hv. þingmenn sem eru fulltrúar í sérnefnd um stjórnarskrármálið eru í þingsal og tveir flutningsmanna eru staddir í húsinu og hlýða á mál hv. þingmanna. Orðum hefur verið komið til þeirra um að nærveru þeirra sé óskað.

[17:43]

Árni M. Mathiesen (S) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég hef ekki séð þá bíómynd sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vitnaði í. Sjálfsagt vitnar hann rétt í það að þar upplifi persónan aftur og aftur sama hlutinn. Það er einmitt þannig að ekkert er nýtt undir sólinni og þetta er svo sem ekkert í fyrsta skipti sem maður upplifir það að gerð sé krafa um það í þessum þingsal að flutningsmenn eða ráðherrar séu kallaðir í salinn til að vera við umræðuna.

Ég heyrði sagða þá sögu af Einari Olgeirssyni, fyrrverandi hv. þingmanni, að hann hafi einu sinni seint að nóttu komið í ræðustólinn og gert þá kröfu að náð yrði í þáverandi hæstv. fjármálaráðherra Gunnar Thoroddsen í þingsalinn til þess að hann hlýddi á ræðu hans. Einar Olgeirsson bauðst til þess að bíða í stólnum þangað til fjármálaráðherrann væri kominn í salinn. Ég endurtek, frú forseti, að það er ekkert nýtt undir sólinni í þessum efnum.

[17:45]

Forseti (Þuríður Backman):

Það er rétt að minnast þess og rifja upp að frá þeim tíma hefur sjónvarpið komið til sögunnar og hér eru sjónvarps-

skjáir í öllum herbergjum þannig að það eru meiri möguleikar á að fylgjast með umræðu hér í húsinu en áður. (Gripið fram í.) Þá var til útvarp, já, en nú er betra að fylgjast með í þingflokksherbergjum en þá var.

[17:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hæstv. forseti hefur tekið upp nýjan sið við að kynna hv. þingmenn í ræðustól og menn mættu kannski heyra það (Gripið fram í.) hvort hæstv. forseti vill gera okkur frekari grein fyrir þessari nýju hefð sem er hér að skapast þegar hún kynnti hv. þm. Lúðvík Bergvinsson til sögunnar.

En ég vildi bara fá það staðfest frá hæstv. forseta hvort hún hefði komið boðum til forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar og flutningsmanna málsins, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, um það að óskað sé eftir því að þau séu við umræðuna. Hæstv. forseti hafði lýst því yfir að hún vissi að þeir væru í húsinu en (Forseti hringir.) hefur ekki sagt frá því hvort hún hafi komið boðum til þeirra um að vera hér (Forseti hringir.) við umræðuna.

[17:46]

Forseti (Þuríður Backman):

Eins og forseti sagði hér fyrir stundu eru hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra í húsinu og boðum hefur verið komið til þeirra um að nærveru þeirra væri óskað svo það sé alveg ljóst. (**Gripið fram í:** Og utanríkisráðherra líka.)

[17:47]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Umræðan um fundarstjórn forseta hefur tekið á sig alls konar myndir. Ég kom í salinn í dag þar sem þessi umræða fór fram og þá snerist umræðan um það hversu framúrskarandi forsetinn væri og að þingmenn jafnvel í stjórnarliðinu væru að finna að framgöngu forseta. Þá var umræðan öll á þann veg að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins bæru mikið traust til forseta og þeir lýstu því einarðlega í sínu máli.

Ég kannaði málið fyrir nokkrum mínútum bara til að upplýsa um þá stöðu en ræðan sem flutt var áðan af hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur var númer 416. Frá því að stjórnarskrármálið kom á dagskrá var þetta ræða númer 416 um fundarstjórn (Forseti hringir.) forseta. Ég vildi (Forseti hringir.) bara upplýsa þetta, virðulegi forseti, þannig að það hefur ekkert komið mér á óvart að (Forseti hringir.) í þeirri umræðu sem hér fór fram. (**Gripið fram í:** ... um fundarstjórn forseta.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég tel að ekki hafi fleiri þingmenn kvatt sér hljóðs um fundarstjórn forseta.)

[17:49]

Dögg Pálsdóttir (S):

Frú forseti. Hv. þm. Atli Gíslason er búinn að koma a.m.k. í tvígang í dag í þennan stól í andsvörum og segja umræðuna um stjórnarskrármálið tæmda. Samt gerðist það áðan í síðustu ræðu hv. þm. Guðfinnu Bjarnadóttur að hún las orð hæstv. fjármálaráðherra frá blaðamannafundi hans og hæstv. forsætisráðherra í gær og af þeim orðum hæstv. fjármálaráðherra verður ekki annað ráðið en að fjármálaráðherra, þó að hann segist hafa fylgst með umræðunni sem ég dreg ekkert í efa, skilji ekki um hvað ágreiningur okkar sjálfstæðismanna snýst. Það hlýtur auðvitað að þýða það að við sjálfstæðismenn verðum að herða róðurinn í því að tala hér úr því að hæstv. fjármálaráðherra skilur ekki um hvað þessi umræða snýst.

Nóg skildi hann í nákvæmlega sambærilegri stöðu árið 2007. Ég hef hér í tveimur ræðum vitnað í orð hans og orð hv. þingflokksformanns Vinstri grænna, Jón Bjarnasonar, sem þeir létu falla á þeim tíma þegar þáverandi meirihlutastjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks viðhafði nákvæmlega sömu ólýðræðislegu vinnubrögðin og þessi stjórn viðhefur nú.

Í tvígang hef ég kallað eftir því frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni og hæstv. fjármálaráðherra hvað hafi breyst. Þeir hafa í hvorugt skiptið orðið við þeim tilmælum mínum og ég ætla ekki lengur að elta ólar við það heldur segja hér og nú að það má í raun og veru virða þá fyrir það að reyna ekki með einhverjum vandræðalegum skýringum að útskýra að það hefur auðvitað ekkert breyst annað en það að nú eru þeir í stjórnarmeirihluta eða réttara sagt í ríkisstjórn og njóta stuðnings og þá eru þessi vinnubrögð sem svo fordæmd voru á þeim tíma orðin allt í lagi. Það er auðvitað eins og hvert annað lýðskrum að blanda þessari formhlið málsins saman við þær breytingar sem verið er að leggja fram.

Í trausti þess að kannski sé hægt að útskýra þetta fyrir hæstv. fjármálaráðherra — af því að hann var að ganga í salinn og mér sýnist hann vera hér í hliðarsal — þá snýst ágreiningurinn um það sem við sjálfstæðismenn erum núna búin að eyða u.þ.b. 40 klukkustundum í og munum halda áfram að tala um þangað til ljósið rennur upp fyrir ríkisstjórninni, að við ætlum ekki og við munum ekki sætta okkur við það fyrr en í rauðan dauðann að hér verði knúin fram í fyrsta sinn í hálfa öld stjórnlagabreyting án þess að um hana sé þverpólitísk samstaða. Og ég trúi ekki öðru fyrr en hreinlega reynir á það að ríkisstjórnin ætli að gera það. Ég bara trúi því ekki.

Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir kallaði eftir viðveru forsætisráðherra í þessari umræðu. Henni var bent á að sú viðvera væri ekki nauðsynleg því að enda þótt hæstv. forsætisráðherra væri 1. flutningsmaður þess frumvarps sem við ræðum væri verið að ræða nefndarálit meiri hlutans og hér væru fulltrúar úr nefndinni. Auðvitað er ýmislegt til í þessu, ekki ætla ég að mótmæla því, en það sem vegur þyngra og það er þess vegna sem það skiptir svo miklu máli að hæstv. forsætisráðherra sé á staðnum eða a.m.k. að við höfum einhverja vitneskju um að hún sé að fylgjast með — raunar er hún víst ekki langt undan, ég vona að hún heyri orð mín — er sú staðreynd að forsætisráðherra á hverjum tíma, hvað sem hann heitir, úr hvaða flokki sem hann kemur, er ákveðinn sáttasemjari í málum af þessum toga.

Ég og hæstv. forsætisráðherra áttum dálítið snarpa orðræðu í andsvörum hér síðastliðinn föstudag af því að þá kom það skýrt fram hjá hæstv. forsætisráðherra að mínu mati að forsætisráðherra virðist ekki gera sér grein fyrir hinu mikilvæga sáttasemjarahlutverki sínu í þessu efni. Þvert á móti kom fram í andsvarinu að hún teldi tíma til

kominn að knýja fram stjórnarskrárbreytingu í andstöðu við stærsta þingflokkinn á Alþingi og þeim ummælum fylgdi að við sjálfstæðismenn skyldum nú aldeilis fara að átta okkur á því, ef við værum ekki búin að því, að við værum í minni hluta. Og þessi orð eru búin að klingja hér úr munni stjórnarsinna og þeirra flokka sem styðja stjórnina til misgóðra mála að við sjálfstæðismenn ættum nú aldeilis að fara að horfast í augu við þá staðreynd.

Ég held, virðulegi forseti, að við sjálfstæðismenn gerum okkur það ákaflega vel ljóst að við erum í minni hluta en við gerum okkur það líka jafn vel ljóst, af því að við höfum verið svo lengi í meiri hluta með dyggum stuðningi ýmissa annarra flokka — allra nema Vinstri grænna, þeir eru eini flokkurinn sem er saklaus og frjáls og óspilltur af því að hafa nokkurn tímann stutt Sjálfstæðisflokkinn í ríkisstjórn — við gerum okkur algjörlega grein fyrir því hvaða ábyrgð það setur á herðar ríkisstjórnar að vera í ríkisstjórn. Það er nákvæmlega þetta sáttasemjarahlutverk. Hvað gerðist 2007? Það var nákvæmlega þetta. Þá hlustaði ríkisstjórnin. Umræða minni hlutans þá, sem jafnvel hefur verið kallað málþóf af okkar hálfu alveg eins og meiri hlutinn núna kallar þá umræðu sem fram fer hjá okkur málþóf, varð þess engu að síður valdandi að ríkisstjórnin sá að sér. Hún sá að sér og hætti við að knýja fram breytingu á stjórnarskránni í andstöðu við þingflokka á þinginu. Hún áttaði sig á að það borgaði sig ekki að fara í þann slag.

Munurinn þá og nú er sá að þá hlustaði ríkisstjórnin og þá gerði ríkisstjórnin og hæstv. þáverandi forsætisráðherra sér grein fyrir því sáttasemjarahlutverki sem hann hefur. Hæstv. núverandi forsætisráðherra virðist ekki gera sér grein fyrir þessu hlutverki sínu. Þvert á móti hefur hún látið þau orð falla að þetta skuli í gegn, hvað sem tautar og raular. Á meðan hæstv. ríkisstjórn, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra gera sér ekki grein fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn ætlar ekki að láta þessi vinnubrögð yfir sig ganga munum við sjálfstæðismenn halda áfram að reyna að útskýra þetta fyrir þessum hæstv. (Forseti hringir.) ráðherrum.

[17:59]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Hér ræðum við í 2. umr. enn og aftur um stjórnarskrá Íslands. Við sjálfstæðismenn höfum tekið þátt í umræðunni og höfum haft skoðun á málinu. Við höfum gagnrýnt allan aðdraganda og málsmeðferð frumvarpsins, þar á meðal skort á samráði og hroðvirknisleg vinnubrögð. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar og þeir sem verja hana falli, Framsóknarflokkurinn, hafa sýnt því afar lítinn skilning þegar við höldum þessum sjónarmiðum á lofti og hafa gefið í skyn að á bak við gagnrýni okkar og varnaðarorð búi einhverjar annarlegar hvatir, eins og kom fram í máli hv. þingflokksformanns Framsóknarflokksins í umræðunni í gær og í fyrradag er hún sagði að við sjálfstæðismenn héldum þinginu í gíslingu.

Virðulegi forseti. Þetta eru makalausar fullyrðingar hjá hv. þingmanni og fannst mér keyra um þverbak í beinni útsendingu frá Ísafirði, sem Ríkisútvarpið sendi út, þegar frambjóðendur í Norðvesturkjördæmi voru þar með stjórnmálafund, og hæstv. forseti Alþingis leyfði sér að saka okkur sjálfstæðismenn um að halda þinginu í gíslingu. Ég spyr: Hver er merking orðsins að halda einhverjum í gíslingu? (Gripið fram í.) Við urðum svo aldeilis vör við það í byrjun janúar þegar svokölluð búsáhaldabylting stóð yfir og fjöldi fólks fjölmennti á Austurvöll til að mótmæla ríkisstjórninni. Hafi ég einhvern tíma upplifað að manni væri haldið í gíslingu þá var það á þeirri stundu. Það var á þeirri stundu þegar þinghúsið var umlukið lögregluþjónum og sérsveitarmönnum, gráum fyrir járnum má segja, með skjöld og annað sér til hlífðar fyrir árásum frá fólkinu. Hér máttum við þingmenn vera inni í þinghúsi og fylgjast með öllum þessum látum sem gengu á þegar húsið var grýtt að utan. Það var ömurleg upplifun, hæstv. forseti, að verða vitni að þeim atburði. Þess vegna segi ég: Orðið gísling — mér fannst ég vera í gíslingu þegar við þingmenn þurftum að fá lögreglufylgd til að komast út úr húsinu.

Hæstv. forseti. Ég vil í þessu sambandi þakka hæstv. forseta fyrir að verða við viðleitni okkar sjálfstæðismanna að greiða fyrir dagskránni og taka mál nr. 5 og 6 á dagskrá um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafa á íbúðarhúsnæði og frumvarp um tekjuskatt. Ég þakka að hlustað var á okkur og tekið mark á sjónarmiðum okkar.

Hæstv. forseti. Það ber að vanda vel til breytinga á stjórnarskrá og það er ekki leyfilegt í lýðræðisríki að hrapa að breytingum á sjálfri stjórnarskránni sem hefur að geyma grundvallarlögin um þjóðskipulag okkar, eins og kom fram í fyrri ræðu minni aðfaranótt laugardags en þá ræddum við um stjórnarskrá Íslands í þinginu.

Stjórnarskráin er grundvöllur stjórnskipulags íslenska lýðveldisins. Stjórnarskráin á að vera hafin yfir pólitískt þras. Áður en ég tók sæti á Alþingi Íslendinga hélt ég að ég ætti ekki eftir að upplifa það sem ég hef upplifað núna síðustu daga, að þurfa að þrasa um stjórnarskrá Íslands. Ég vil jafnframt segja að við erum að brjóta áratugahefð. Stjórnarskrá Íslands var breytt 1991, 1995 og 1999. Ég vil einnig segja fólki sem hlustar á mál mitt að stjórnarskráin mælir annars vegar fyrir um reglur er fjalla um vald handhafa ríkisvalds, þ.e. löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, og hins vegar um mannréttindi borgaranna og þær takmarkanir og skyldur sem hvíla á handhöfum ríkisvalds gagnvart almenningi í landinu. Þess vegna, virðulegi forseti, er það illa til fundið hjá ríkisstjórninni að keyra slíkar breytingar í gegnum þingið á síðustu dögum þess og afgreiða málið eins og um flýtimeðferð væri að ræða.

Hæstv. forseti. Allir sem hafa tekið til máls af hálfu okkar sjálfstæðismanna hafa bent á að sátt verði að vera um breytingarnar á stjórnarskránni eins og kemur fram í flestöllum umsögnum um frumvarpið, en þær eru í kringum 30 talsins. Flestallir umsagnaraðilarnir koma fram með alvarlegar athugasemdir sem stjórnvöldum ber að hlusta á. Hvað eru þeir aðilar sem gefa okkur umsagnir annað en þverskurður af þjóðinni?

Í umræðunni í þinginu síðasta laugardag flutti hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar mjög athyglisverða ræðu og mig langar að vitna í þá ræðu, með leyfi forseta, en þar segir Kristinn:

„Ég leggst eindregið gegn því, virðulegi forseti, að halda áfram á þeirri braut að gera breytingar á stjórnarskránni í miklum ágreiningi. Sérstaklega finnst mér fráleitt

að ætla sér að fara í gegn með efnislegar breytingar núna á stjórnarskránni í andstöðu við stærsta þingflokk Alþingis. Ég held að það séu engin dæmi um slíkt og það væri mikið ógæfuspor ef þingið færi inn á þá braut.“

Þarna er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson á sama máli og við sjálfstæðismenn sem höfum verið að reyna að koma máli okkar á framfæri. Okkur hefur tekist það býsna vel því stjórnarliðar kvarta sáran yfir því að við skulum koma hingað í stólinn og tjá okkur um stjórnarskrána og mér finnst mér skylt að koma sjónarmiðum mínum á framfæri.

Ég vil jafnframt geta þess að mér finnst ekki við hæfi þegar verið er að tala um stjórnarskrá Íslands að segja að við séum í málþófi. Sú venja hefur verið að breytingar á stjórnarskránni hafa yfirleitt verið gerðar að undangengnu samráði allra flokka eins og ég kom inn á áðan.

Hæstv. forseti. Í þessu sambandi langar mig til að vitna í orð Bjarna heitins Benediktssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, sem komu fram í ræðu frá 1953, fyrir um 56 árum. Sú ræða birtist í ritsafninu *Land og lýðveldi,* en hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég legg áherslu á að stjórnarskrármálið er mál sem ekki má eingöngu eða fyrst og fremst skoða frá flokkslegu sjónarmiði. Það er alþjóðamál sem meta verður með langa framtíð fyrir augum en ekki hvað kemur tilteknum flokki að gagni um stundarsakir.“ — Ég vek athygli á því. Síðar segir Bjarni:

„Í samræmi við þá skoðun mína að hér sé um alþjóðamál að ræða fremur en flokksmál þá tel ég, og hef ætíð talið, að það skipti ekki öllu máli hvort stjórnarskrárbreyting yrði afgreidd árinu fyrr eða síðar. Miklu meira máli skipti að þjóðin áttaði sig til hlítar á um hvað væri að ræða og eftir ítarlegar umræður og athuganir yrðu sett þau ákvæði sem skaplegt samkomulag gæti fengist um svo að hin nýja stjórnarskrá geti orðið hornsteinn hins íslensks þjóðfélags um langa framtíð.“ — Tilvitnun lýkur í þennan öfluga og framsýna stjórnmálamann sem við Íslendingar áttum.

Virðulegi forseti. Fulltrúar flokkanna í sérnefnd um stjórnarskrármál hafa skilað breytingartillögum og nefndaráliti þar sem er að finna nýjar tillögur um stjórnlagaþing, gerólíkt því sem gert var ráð fyrir í upphaflegu frumvarpi þessara flokka. Í 4. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um stjórnlagaþing er hugmyndin sú að stjórnlagaþing skipi 41 þjóðkjörinn fulltrúa og jafnmarga til vara. Stjórnlagaþing á að hafa það hlutverk að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Lagt er til að kosið verði til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningum vorið 2010 og komi saman 17. júní 2010 og ljúki störfum eigi síðar en 17. júní 2011. Ég er sammála því sem komið hefur fram í umræðum við 2. umr. að þegar málið er betur skoðað finnst mér óráð að blanda saman sveitarstjórnarkosningum og stjórnlagaþingi. Ég tel af og frá að rugla þessum tveimur hlutum saman. Almenn þjóðfélagsumræða um stjórnlagaþing hefur ekki farið fram með fullnægjandi hætti. Almenningur í landinu veit ekki nákvæmlega hver hugmyndin að baki stjórnlagaþingi er. Ég tel að mikið vanti upp á að allur almenningur hafi fulla sýn á það sem hér er verið að leggja til. Gefa þarf þjóðfélagsumræðunni um stjórnlagaþing meiri tíma.

Hæstv. forseti. Mig langar til að vitna í ræðu Jóns Bjarnasonar, sem hann flutti vorið 2007 þegar ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks ætlaði að knýja fram breytingar á stjórnarskránni, en fleiri hv. þingmenn hafa vitnað í þessa ræðu og ég hef látið hv. þm. Jón Bjarnason vita af því að mér hefði fundist eins og hann væri með okkur sjálfstæðismönnum í liði í dag miðað við þau orð sem hann lét þá falla. Með leyfi forseta, vitna ég í ræðu hans:

„Hér hefur komið fram að með þessum vinnubrögðum er á vissan hátt brotin hefð eða a.m.k. góðar vinnureglur og siðvenjur sem hafa ríkt um stjórnarskrárbreytingar almennt, þ.e. að þær séu unnar og undirbúnar í samkomulagi þingflokka á Alþingi hverju sinni og að þar sé ekki flanað að breytingum eða lagðar fram óunnar eða lítt unnar tillögur eins og hér er verið að gera. Það hefur verið hyllst til að ná víðtæku samkomulagi um grundvallarbreytingar, um breytingar á stjórnarskránni, og þá frekar verið gætt íhaldssemi í þeim efnum til að fara þar ekki fram með ósætti. ... Það verður því að teljast furðulegt að ríkisstjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, skuli undir lok kjörtímabilsins fara fram hjá stjórnarskrárnefnd með einhliða tillögur eins og hér er um að ræða.“

Þetta sagði hv. þm. Jón Bjarnason vorið 2007. Nú horfir málið öðruvísi við hjá honum þegar hann og Vinstri grænir eru komnir til valda. Hvað er verið að gera? Er ekki verið að reyna að keyra fram breytingar af fullum þunga? Ég verð ekki vör við annað. Hér erum við á miðvikudegi, deginum fyrir skírdag, og mér er sagt að aldrei í þingsögunni hafi verið haldinn fundur á Alþingi Íslendinga á miðvikudeginum fyrir páska. Við erum því að brjóta hefð.

Hæstv. forseti. Það skiptir máli að ná samkomulagi um þetta mál. Það skiptir máli fyrir land og þjóð. Það skiptir máli fyrir fólkið sem býr í landinu að ekki sé flanað að breytingum á stjórnarskrá Íslands. Í frumvarpinu eru lagðar til ferns konar breytingar á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Í fyrsta lagi að bætt verði við hana nýrri grein sem fjallar um eignarhald og nýtingu á náttúruauðlindum sem ekki eru háðar einkaeignarrétti sem og ákvæði um rétt til umhverfis sem stuðlar að heilbrigði og líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið. Hæstv. forseti, mig langar að vitna í þá sem hafa gert athugasemdir við þessa 1. gr.

Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu — sem aðrir þingmenn hafa gert grein fyrir og mér er líka skylt að gera, þó að við þingmenn Sjálfstæðisflokksins séum 26 þá megum við og höfum leyfi til að vitna í þá fræðimenn sem setja fram skoðanir sínar — segir, með leyfi forseta:

„Veittur var frestur til 20. mars til að skila inn umsögn. Þennan frest verður að telja fremur skamman þegar umfang málsins er haft í huga.“ — Alveg eins og kom fram í ræðu minni áðan. Okkur ber skylda til að gefa þessu góðan tíma og flana ekki að neinu.

Sigurður Líndal, prófessor í lögræði, segir, með leyfi forseta:

„Ég tel að skoða þyrfti 1. gr frumvarpsins betur vegna óljósrar merkingar orða og hugtaka sem þar eru notuð. ...

Ég tel ... því rétt að fella brott 1. gr. þannig að betra tóm gefist til að huga að því hvernig slíkum yfirlýsingum verði

fyrir komið ef á annað borð þykir rétt að hafa slíkt í stjórnarskrá.“

Við höfum fengið að heyra umsagnir frá fleiri aðilum. Ég vitnaði í fyrri ræðu minni í Landssamband íslenskra útvegsmanna og ég ætla að gera það aftur, með leyfi forseta:

„Breyting á stjórnarskránni krefst vandaðs undirbúnings og því teljum við rétt að lengri tími verði tekinn til að undirbúa þær en hér er gert ráð fyrir. “ — Allar umsagnir taka undir þetta sama, lengri tími. — „Við leggjumst alfarið gegn því að þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins nái fram að ganga. Það er mikilvægt fyrir íslenskan sjávarútveg að búa við stöðugt laga- og rekstrarumhverfi en þetta frumvarp gengur þvert þar á.“

Hæstv. forseti. Með því að koma þessu þarna inn erum við að setja þessa atvinnugrein, sjávarútveginn, í uppnám.

Hæstv. forseti. Við sjálfstæðismenn viljum breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar. Sjálfstæðisflokkurinn telur engu að síður þörf á að breyta stjórnarskránni á ígrundaðan hátt og hefur lagt fram tillögur í þeim efnum. Til að liðka fyrir slíkum breytingum og skapa svigrúm fyrir vandað verklag telja sjálfstæðismenn eðlilegt að breyta 79. gr. Tillaga Sjálfstæðisflokksins kveður á um að breytingar á stjórnarskrá eigi að leggja fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef farin verður sú leið á yfirstandandi þingi að endurnýja samþykki Alþingis strax eftir kosningar verður hægt að setja hugmyndir um breytingar á stjórnarskrá í vandaðan farveg og leggja þær svo í dóm kjósenda.

Hæstv. forseti. Alþingi á að setja almenn lög um þjóðaratkvæðagreiðslu frekar en setja hana inn í stjórnarskrá. Það er minn skilningur á þessu þegar ég er búin að fara yfir þetta. Breyting á stjórnarskrá snýst ekki um bankahrunið sem kom upp í haust eins og hefur komið fram í umræðunni. Fyrir liggur skýrsla um það frá finnskum sérfræðingi sem segir að löggjöfin sjálf hafi ekki orðið til þess að bankarnir hrundu. Það er ótrúlegt að segja að allt sé Sjálfstæðisflokknum að kenna sem aflaga fer í þjóðfélaginu. Eftir 18 ára valdasetu var hann ekki einn við völd, frú forseti. Hverjir leiddu hann til valda? Það var Framsóknarflokkurinn, Alþýðuflokkurinn og Samfylkingin. (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki — og ég kem enn og aftur að því — verið einn við völd. Þessir flokkar hafa leitt hann til valda.

[18:19]

Jón Magnússon (S):

Virðulegur forseti. Ég fór fram á það áðan að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að flutningsmenn málsins yrðu viðstaddir ræðu mína. Nú háttar svo til að enginn flutningsmaður málsins er í salnum — jú, hér kom inn hv. þm. Atli Gíslason. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, núverandi formaður — ég býð Birki J. Jónsson líka velkominn í salinn og hæstv. fjármálaráðherra Steingrím J. Sigfússon. Ég átta mig á því að þungavigtarliðið í röðum stuðningsmanna frumvarpsins er mætt þótt hér vanti forsætisráðherra en það skal tekið fram að hæstv. forsætisráðherra ræddi við mig og sagði mér frá því, eftir að sú ósk kom fram frá minni hálfu að hún yrði viðstödd ræðu mína, að vegna annarra starfa gæti hún ekki verið það. Ég tjáði henni að ég mundi þá bara bera fram spurningarnar síðar í umræðunni, þ.e. eftir páska væntanlega en kann henni þakkir fyrir að hafa komið þeim orðum til mín að hún væri bundin við önnur störf. Að sjálfsögðu verður að virða það þegar fólk sem gegnir jafnvirðulegum og viðurhlutamiklum störfum er bundið.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, núverandi formaður stjórnarskrárnefndarinnar, gat þess áðan í ræðu sinni að honum fyndist sem hann væri enn og aftur að horfa á kvikmynd sem hann kallaði *Groundhog Day* sem fjallaði um það að söguhetja myndarinnar upplifði stöðugt sama daginn. Það vill þannig til að ég hef líka séð þessa ágætu mynd sem er með betri kvikmyndum og má mæla með henni þó að það sé spurning hvort hún eigi erindi inn í umræður um stjórnarskrárfrumvarp lýðveldisins. En þannig háttaði til að söguhetju vorri í myndinni leið stöðugt betur og dagarnir urðu stöðugt betri eftir því sem á leið, slysum fækkaði og hlutirnir urðu með betra móti. Þannig mundi það líka vera ef sú þróun gæti orðið varðandi þetta frumvarp sem og umræður um stjórnarskrána og framgang þess máls þannig að menn gætu komið í veg fyrir þau slys og þau vandamál sem fyrir liggja í því frumvarpi sem hér um ræðir.

Ég hefði talið heppilegt að miðað yrði við þær aðstæður sem fyrir hendi eru, þ.e. að alþingiskosningar verða innan skamms tíma. Heppilegt hefði verið ef hægt hefði verið að leysa þetta mál með samkomulagi. Æskilegt hefði verið ef orðið hefði verið við tilmælum mínum um að málinu yrði vísað í sérnefnd um stjórnarskrána og umræðum frestað. Ég fór fram á það áðan en það svar sem ég fékk frá formanni sérnefndarinnar var eingöngu talnaleikur um hvað einstakir þingmenn hefðu talað oft í umræðunni sem ég get ekki séð að skipti höfuðmáli. Hv. þm. Atli Gíslason hefur ítrekað komið upp og sagt að ekkert nýtt komi fram í umræðunni og að málið sé fullrætt.

Það er mjög margt sem er eftir órætt í þessu máli. Því hefur verið haldið fram í umræðunni að við sjálfstæðismenn viljum engar breytingar á stjórnarskránni, að við séum á móti öllum breytingum á stjórnarskránni en það er alrangt. Ég leyfi mér að vísa til þess sem kom fram á landsfundi Sjálfstæðisflokksins um þetta efni en þar var m.a. samþykkt að stjórnarskrá lýðveldisins er kjölfesta stjórnskipunar landsins. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins telur að hana þurfi að endurskoða og hún þurfi ætíð að vera í endurskoðun, hér eftir sem hingað til. Lögð verði áhersla á mikilvægi þess að vandað sé til verka við breytingu á stjórnarskrá og tryggð verði aðkoma þjóðarinnar. Í því skyni verði 79. gr. stjórnarskrárinnar breytt þannig að framvegis megi breyta stjórnarskrá án þess að rjúfa þing og skuli bera breytingar á stjórnarskrá sem Alþingi samþykkir undir þjóðaratkvæði.

Það liggur því fyrir og hefur verið talað um í sérnefndinni og við meðferð málsins, að samkomulag ætti að geta náðst um þetta atriði. Það höfum við sjálfstæðismenn ítrekað.

Annað sem kemur fram er atriði sem landsfundur Sjálfstæðisflokksins samþykkti varðandi breytingar á stjórnarskrá. Það var m.a. að skýra þyrfti betur þrígreiningu ríkisvaldsins og lögð áhersla á mikilvægi þess að staða löggjafar gagnvart framkvæmdarvaldinu sé styrkt sérstaklega. Það var það sem var kallað á í þjóðfélaginu, að Alþingi hefði styrkari stöðu, og hvernig bregðast hæstv. forsætisráðherra

og hæstv. fjármálaráðherra við? Þau leggja fram frumvarp um að flytja völd og áhrif frá Alþingi, þau vilja taka völd frá Alþingi sem er þveröfugt við það sem við viljum gera og sem var ákall þjóðarinnar varðandi breytingar á þessari mikilvægustu stofnun. Ég hef rætt það áður í umræðunni að það skipti miklu máli að Alþingi hefði frekari frumkvæðisrétt en það hefur haft, sérstaklega á tímum eins og þeim sem riðu yfir þjóðina í byrjun október, þannig að Alþingi hefði möguleika á að grípa inn í, kalla eftir upplýsingum og hreinlega vera með rannsóknarnefndir. Það hefði mér fundist mikilvægasti hluturinn sem menn hefðu átt að einhenda sér í til að Alþingi gæti haft einhvern frumkvæðisrétt.

En það eru fleiri atriði sem við sjálfstæðismenn leggjum áherslu á sem þurfi að breyta, meðal annars að það þurfi að skoða stjórnskipulega stöðu forseta Íslands, þar á meðal synjunarvald forsetans. Ég hef talað um það áður í umræðunni að það sé eitt af því sem þurfi sérstaklega að skoða. Það væri heppilegra að hægt væri að bera mál undir þjóðina og það væri þess vegna í höndum minni hluta þings sem ákveðin minnihlutavernd eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur komið að í umræðunni og rökstutt með mjög góðum hætti.

Þá er vikið að því að þingmenn ættu ekki að sitja í stjórnum eða nefndum eða taka launuð störf utan Alþingis.

Jafnframt er vikið að því að setja þurfi lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna og nánari ákvæði um stjórnskipulega stöðu ráðherra og ráðherrar gegni ekki þingmennsku á sama tíma og þeir eru ráðherrar. Atriðin eru mun fleiri en fjallað er um hér og ítarlegri en fjallað er um í því frumvarpi sem hér um ræðir. Það er alrangt að við sjálfstæðismenn séum á móti breytingum á stjórnarskrá. Við erum á móti því að sköpuð sé stjórnskipuleg ringulreið eins og ég hef ítrekað sagt þar sem það frumvarp sem hér liggur fyrir, sérstaklega ákvæði 4. gr frumvarpsins, muni leiða til stjórnskipulegrar ringulreiðar og er mér gersamlega óskiljanlegt hvernig á því stendur að flutningsmenn ætli sér að fara fram með þeim hætti.

Þá er það einstaklega furðulegt sem kom fram miðvikudaginn 8. apríl, þ.e. í dag, og er haft eftir hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, að þau gefi lítið fyrir athugasemdir fræðimanna um stjórnarskrármálið. Hvers konar sjónarmið eru það? Að sjálfsögðu hljóta ábyrgir stjórnmálamenn alltaf að taka tillit til athugasemda og sjónarmiða fræðimanna. Það er ekki þar með sagt að þeir þurfi endilega að vera sammála þeim, einkum ef einhver eða mikill ágreiningur er meðal fræðimanna um þau atriði sem um er að ræða, en svona athugasemd á tæpast við. Að vísu vísar hæstv. fjármálaráðherra til þess að talsvert af athugasemdunum beinist að málsgreinum greinanna um auðlindaákvæði sem snúa að tillögum meiri hlutans sem hafa verið fjarlægðar úr frumvarpinu. Það er að hluta til rétt hjá hæstv. fjármálaráðherra en athugasemdirnar beinast líka að öðru. En það ber ávallt að virða umsagnaraðila þótt maður sé ekki sammála þeim. Að sjálfsögðu ber að gera það, annað er óeðlilegt og ekki viðurkvæmilegt.

[18:30]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst dálítið athyglisvert það tal sem var uppi áðan í ræðu hv. þingmanns um að það væri verið að taka völdin frá Alþingi. Hvaðan koma völdin? Tilheyra þau Alþingi sem stofnun? Eiga einhver völd að vera föst innan þessara veggja og lifa hér sjálfstæðu lífi? Nei, völdin koma frá þjóðinni. Allt vald sprettur frá þjóðinni í raunverulegu lýðræðisríki.

Ég hef sem mikill þingræðissinni aldrei átt í neinum vandræðum með að þjóðin tæki til sín stór og mikilvæg mál milli kosninga ef svo bæri undir. Valdið kemur þaðan hvort sem er og á að koma þaðan. Það sprettur ekki út úr brjóstum stjórnmálamannanna sjálfra. Það tilheyrir ekki stofnun. Það á ekki lögheimili innan einhverra grárra veggja. Það kemur frá þjóðinni. Það ættu hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins að hafa í huga.

Þrátt fyrir þingræðisskipulag okkar og þrátt fyrir mikilvægi þessarar stofnunar hér sem mér þykir vænt um og hef eytt miklum tíma á hennar vegum, stórum hluta ævi minnar, á ég í engum vandræðum með að þjóðin taki til sín og ákveði með lýðræðislegum hætti í almennum atkvæðagreiðslum mikilvæg mál eða að þjóðin taki í sínar eigin hendur að semja sér stjórnarskrá. Það er ekki í neinni mótsögn við þingræðis- og fulltrúalýðræðisfyrirkomulagið sem við búum við. Það er ekki þannig að lýðræðið megi bara vera virkt á fjögurra ára fresti, að það sé eitthvað að því að það sé virkt alla daga. Það er ósk fólksins í dag.

Varðandi stöðu forseta Íslands er ég út af fyrir sig sammála hv. þingmanni um að það þarf að fara yfir embættið, skýra betur stöðu forsetans og hlutverk, t.d. sem þjóðhöfðingja í samskiptum við sína líka erlendis.

Við gefum ekki lítið fyrir álit fræðimanna, ég og hæstv. forsætisráðherra, en við vorum að útskýra hvernig þetta mál væri vaxið og að hluta til hefðu þegar (Forseti hringir.) verið gerðar á því breytingar sem eyddu mörgum þeim athugasemdum sem sjálfstæðismenn hafa hér hampað.

[18:32]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég og hæstv. fjármálaráðherra erum sammála um að völdin komi frá þjóðinni. Um það er enginn ágreiningur og það fólst ekkert annað í ræðu minni. Ég átta mig ekki á þeim hluta andsvars hæstv. fjármálaráðherra. Það sem ég var að tala um varðandi það að taka völdin frá Alþingi voru hin stjórnskipulegu völd. Ég hef skýrt fyrr í þessari umræðu hvaða völd eru falin Alþingi og hefði verið betra ef flutningsmaður frumvarpsins, hæstv. fjármálaráðherra, hefði þá verið viðstaddur. Eitt af því mikilvægasta er valdið til að koma fram með breytingar á stjórnlögum. Nú er meiningin að taka það vald frá þinginu.

Ég velti fyrir mér og hef komið með þau sjónarmið í umræðuna, hæstv. fjármálaráðherra, hvernig tvö þjóðþing eigi að vinna samtímis að stjórnarskrárbreytingum. Sömu spurningar hefur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson komið með í sínum ræðum. Með hvaða hætti á þetta að vera? Á annað þingið að vera rétthærra í þeim efnum en hitt? Eiga þau e.t.v. að vinna saman eða eiga þau að vera aðskilin?

Miðað við frumvarpið eiga þau að vera aðskilin, sýnist mér. Er það líklegt til þess að skapa meiri festu í stjórnskipun landsins að velja tvö þing og fjölga þingmönnum úr 63 í 104?

Ég held því fram að þetta leiði til stjórnskipulegrar ringulreiðar. Það er meginatriðið í sambandi við andstöðu mína við þetta frumvarp, þ.e. ég tel að það muni leiða til stjórnskipulegrar ringulreiðar að ætla að fara fram með þetta fyrirbrigði sem kallað er stjórnlagaþing og ég get ekki séð að sé nokkur vitræn glóra á bak við þessar hugmyndir.

[18:34]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísaði í andsvari mínu beint í þau orð hv. þingmanns að taka valdið af Alþingi og færa völdin frá Alþingi. Ég geri athugasemdir við það orðalag. Mér finnst það ekki rétt nálgun og ekki rétt hugsun með þeim rökstuðningi sem ég hafði hér uppi, þ.e. að valdið kemur frá þjóðinni. Það sprettur frá þjóðinni. Það á að standa í nýju stjórnarskránni okkar, í 1. eða 2. gr. Fyrir utan að Ísland sé lýðræði með þingræðisskipulagi og ein eining og allt þetta sem er kannski eðlilegt að hafa í 1. gr. stjórnarskrár á að mínu mati að koma þar setning um að allt vald spretti frá þjóðinni.

Ég tel líka að menn séu á villigötum þegar þeir tala um Alþingi sem stjórnarskrárgjafann. Það er nákvæmlega eins í því tilviki. Við sækjum umboð okkar til þjóðarinnar og fyrir hennar hönd erum við á Alþingi — hvað? Við erum tillögugjafinn. Við semjum frumvarp sem síðan á að heita svo að þjóðin kjósi um en það er með því meingallaða fyrirkomulagi að sú kosning er hluti af almennum alþingiskosningum þannig að hún er í raun og veru óbein.

Ég hef farið í gegnum margar alþingiskosningar þar sem stjórnarskrárbreytingar hafa verið undir, bæði efnislegar breytingar eins og mannréttindakaflinn 1995 og breytingar á kjördæmaskipan í tvígang. Kosningarnar snerust aldrei um þær. Þær kosningar urðu að venjulegum alþingiskosningum og voru átök milli flokka um pólitíska stefnu. Stjórnarskrárbreytingarnar gleymdust.

Þetta meingallaða fyrirkomulag hefur kannski leitt til þess misskilnings að Alþingi sé bara með beinum hætti stjórnarskrárgjafinn. En það á ekki að vera þannig. Það á að vera þjóðin. Hún þarf sjálf að fá að kjósa um það beint í sjálfstæðri kosningu. Þá rennur upp fyrir öllum að Alþingi, eða þess vegna stjórnlagaþing, er ekki stjórnarskrárgjafinn heldur er það þjóðin sjálf sem setur sér stjórnarskrána með því að segja já eða nei við tillögunni frá Alþingi eða tillögunni frá stjórnlagaþingi í kosningum. Þannig á það að vera.

[18:36]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér útúrsnúningur úr orðum mínum að það sé verið að taka vald af Alþingi og tala um vald og þjóðina. Við erum alveg sammála, ég og hæstv. fjármálaráðherra, um að í lýðræðisríki sprettur valdið að sjálfsögðu frá þjóðinni, frá kjósendum. Það er enginn ágreiningur um það. Að sjálfsögðu er það þannig.

Spurningin er hins vegar með hvaða hætti við högum stjórnskipulagi okkar þannig að það leiði ekki til stjórnskipulegrar upplausnar eða ringulreiðar. Það er það sem ég er að fjalla um.

Það er verið að taka ákveðið stjórnskipulegt vald frá Alþingi. Það er gjörsamlega út í hött að reyna að snúa út úr þeim orðum. Það er stjórnskipulegt vald sem er verið að taka frá Alþingi með því að ætla að færa það til sérstaks stjórnlagaþings. Það er það sem ég bendi á.

Ég er hins vegar mjög ánægður með að hæstv. fjármálaráðherra skuli blanda sér í umræðuna. Á það hefur skort í umræðum um jafnmikilvægt mál og hér um ræðir, þ.e. breytingar á stjórnarskipunarlögum, að flutningsmenn frumvarpsins hafi gert grein fyrir skoðunum sínum. Ég hefði viljað að allir flutningsmenn frumvarpsins hefðu gert ítarlega grein fyrir skoðunum sínum og þeim sjónarmiðum sem að baki liggja.

Við erum t.d. með ákveðin eyðuákvæði í 3. gr., að ég tali ekki um 4. gr., þ.e. þetta dæmalausa stjórnlagaþing. Með hvaða hætti á t.d. að kjósa til þessa stjórnlagaþings? Það á að kjósa það einhvern tímann á árinu 2010, minnir mig að breytingin sé núna, og síðan er talað um fyrirvara og meiningar varðandi það með hvaða hætti kosningu skuli hagað. Það er ekkert talað um hvort það eigi að hafa jafnt atkvæðavægi fólksins í landinu, hvort þetta eigi að vera í einu kjördæmi eða skipt niður eftir landshlutum. Þetta er bara (Forseti hringir.) algjörlega ófrágengið og ófullburða.

[18:39]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Hæstv. fjármálaráðherra kom í andsvari áðan inn á eitt atriði sem skiptir verulegu máli í þessari umræðu og það er um aðferðina við að breyta stjórnarskrá. Hæstv. fjármálaráðherra flutti ágæt rök fyrir því að breyta stjórnarskrá með þeim hætti að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um breytingar.

Ég vildi nota tækifærið til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann teldi ekki að ef við gerðum þá breytingu og þá breytingu eina í þessari lotu, á þeim fáu dögum sem eru fram til kosninga, værum við að búa okkur til þá stöðu að unnt yrði að breyta stjórnarskrá án alþingiskosninga í framtíðinni, þess vegna í náinni framtíð, og hvort að með því móti gæfist ekki betri tími til að fara yfir, hlusta á sjónarmið fræðimanna og komast að sameiginlegri niðurstöðu um þær aðrar breytingar sem felast í núverandi frumvarpi hæstv. fjármálaráðherra og annarra flutningsmanna.

Þetta er atriði sem við sjálfstæðismenn höfum alloft nefnt við þessa umræðu, hvort við kæmum ekki með því móti til móts við sjónarmið flutningsmanna frumvarpsins, að unnt yrði að gera stjórnarskrárbreytingar án þess að efna þyrfti til alþingiskosninga og opna þar með fyrir frekari breytingar sem þá gæfist kostur á að ræða og vinna betur en gert hefur verið.

Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að ég átti þess kost á árunum 2005–2007 að sitja ásamt hæstv. fjármálaráðherra í stjórnarskrárnefnd sem skipuð var af forsætisráðherra. Þrátt fyrir að okkur greindi á um ýmsa þætti í sambandi við stjórnarskrárvinnuna efaðist ég aldrei í því starfi um að hæstv. fjármálaráðherra vildi vanda til verka og standa þannig að málum að það skilaði góðri niðurstöðu í

góðri sátt. Ég varð aldrei var við annað á þeim tíma.

Þess vegna kemur mér á óvart að hæstv. fjármálaráðherra skuli taka þátt í þeim leik sem hér er í gangi sem ég held að snúist meira um stjórnmálaástandið og komandi kosningar en inntak frumvarpsins. Ég held það.

Ég tel að í málflutningi okkar sjálfstæðismanna í þessari umræðu hafi fyrst og fremst komið fram ítrekuð varnaðarorð við því að ganga til stjórnarskrárbreytinga án yfirvegunar, án nægilegs undirbúnings og án þess að leitað sé nægilegrar sáttar.

Allt eru þetta atriði sem ég tel að eigi að vera leiðarljós þeirra sem fjalla um stjórnarskrárbreytingar, að það eigi að vera leiðarljós að vanda til verka, ná sem víðtækastri sátt. Það á líka að vera leiðarljós að vinna þannig að þessum málum að sjónarmið sem flestra komist að, sjónarmið fræðimanna, hagsmunaaðila og annarra aðila sem hafa áhuga á stjórnarskipunarmálum. Það er öllum ljóst að í því ferli sem hefur verið frá því að þetta frumvarp varð til, eða hugmyndin um þetta frumvarp, í byrjun febrúar hafa þau meginsjónarmið ekki verið höfð að leiðarljósi. Ég ætla ekkert að rekja þann feril en eins og ég hef áður sagt í þessari umræðu tel ég hann til vitnis um hvernig eigi ekki að breyta stjórnarskrá. Ég held að það sé kjarni málsins.

Þess vegna skora ég á hæstv. fjármálaráðherra að hugsa sinn gang í þessum efnum og velta fyrir sér hvort ekki sé hægt að ná í sátt þeirri niðurstöðu á þessu þingi að gera breytingar á 79. gr. með það fyrir augum að opna á frekari stjórnarskrárbreytingar, þess vegna í náinni framtíð, og leiða þannig þetta deilumál til lykta.

Ég bendi á að þrátt fyrir að þetta mál hafi færst í nokkuð flokkspólitískan búning hér innan þings eins og stundum vill verða erum það ekki við sjálfstæðismenn einir sem vörum við þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Margoft hefur verið vitnað til ummæla fjölmargra fræðimanna, hagsmunaaðila og annarra aðila sem hafa gefið umsagnir um þetta mál og hafa varað við þeim breytingum og þeirri aðferð sem hér er. Flestir hafa sagt: Stöldrum við. Bíðum aðeins við. Gerum þetta hægar. Förum ekki í neitt í óðagoti eða flönum ekki að neinu. Ég held að það ætti að vera okkar leiðarljós í þessu.

Við gætum eins og ég segi tekið ákvörðun um að breyta aðferðinni við að breyta stjórnarskrá. Þar með værum við komin úr þeirri sjálfheldu eða hvað við viljum kalla það sem menn hafa stundum haldið fram að stjórnarskrárbreytingar væru í eins og sakir standa eða eins og stjórnlögin eru núna orðuð. Þar með værum við búin að létta þeirri pressu af ríkisstjórn, sitjandi þingmeirihluta og þinginu að það þyrfti að efna til kosninga í hvert skipti sem menn hafa í hyggju að breyta stjórnarskránni. Þar með væri þetta opið og þar með ynnist okkur tími, þótt ekki væri nema í nokkrar vikur eða mánuði í viðbót, til að hugsa þessi mál betur, ræða við fleiri aðila, ná víðtækari sátt og komast að niðurstöðu sem við getum verið ánægð með.

Ég get a.m.k. ekki séð, hæstv. forseti, að þetta upplegg okkar sjálfstæðismanna sé á nokkurn hátt ómálefnalegt, að það sé á nokkurn hátt óeðlilegt að við leggjum málin upp með þessum hætti. Ég teldi þvert á móti mjög óeðlilegt ef við legðum málin ekki upp með þessum hætti eins og sakir standa í stjórnmálum.

Ég held að það sé alveg augljóst að þetta mál hefur ekki fengið nægan umræðu, hvorki úti í samfélaginu né á þingi. Margar hugmyndirnar hafa vissulega verið ræddar lengi án þess að niðurstaða hafi fengist en sum atriði í frumvarpinu, verulega stór og veigamikil, sérstaklega sem lúta að stjórnlagaþingi, hafa svo til enga umræðu fengið í þjóðfélaginu. Þetta er hugmynd sem skaut upp kollinum í pólitískri umræðu í janúar, hafði ekkert verið á dagskrá áður, ekki neins flokks. Enginn flokkur hafði tekið þetta til umræðu, a.m.k. ekki svo áratugum skipti, fyrr en þá lýðræðisnefnd Framsóknarflokksins. Ég verð að játa með fullri virðingu fyrir þeim góða flokki og því góða fólki sem áreiðanlega hefur starfað í lýðræðisnefnd Framsóknarflokksins að ég tel það ekki fullnægjandi umræðu í þjóðfélaginu þó að sá hópur hafi komið sér saman um einhverjar niðurstöður í þessu sambandi. Umræðan í þeim hópi tók ekki til annarra en þeirra sem þar áttu sæti og endurómaði síðan á flokksþingi Framsóknarflokksins. Við hin sem ekki vorum í lýðræðishópnum og ekki erum í Framsóknarflokknum höfum ekki átt nein tök á að taka þátt í þeirri umræðu.

Ég tel að sú hugmynd sem er vissulega veigamikill þáttur í frumvarpi hæstv. fjármálaráðherra og meðflutningsmanna hans hafi alls ekki verið rædd með fullnægjandi hætti, enda ber frumvarpið þess merki og nefndarálit meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál sömuleiðis. Þar eru margvíslegar vangaveltur um stjórnlagaþingið án þess að komist sé að niðurstöðu um mjög veigamikla þætti, eins og t.d. hvernig eigi að kjósa til þessa þings og hvernig það eigi að vera skipað. Gefinn er upp fjöldi þingfulltrúa en allt annað er látið liggja í lausu lofti.

Þess vegna finnst mér alveg augljóst að þessi hugmynd er ekki rædd í þaula. Hún hefur ekki verið rædd nægilega vel. Það hefur ekki verið farið nægilega vel yfir hana og ég held að það væri óráð að samþykkja hana á þessum vordögum, einfaldlega vegna þeirra sjónarmiða sem hv. þm. Jón Magnússon benti á áðan, um þá stjórnarskipunarlegu óvissu sem mundi skapast af því að setja hér á fót nýtt stjórnlagaþing við hlið Alþingis með Alþingi áfram með stjórnlagavald sem ég hygg að væri einsdæmi í (Forseti hringir.) sögunni. Ég hygg að það sé einsdæmi (Forseti hringir.) og að aldrei nokkurs staðar (Forseti hringir.) í nokkru lýðræðisríki hafi mönnum dottið í hug að hafa tvö (Forseti hringir.) þjóðkjörin þing á sama tíma til að fjalla um stjórnarskrárbreytingar.

[18:49]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur verið rætt í marga daga og það hefur ekkert nýtt komið fram. Hv. þm. Jón Magnússon krafðist þess að ráðherrar yrðu viðstaddir og ég hélt að þá kæmu nýmæli fram í 9. ræðu hans. (**Gripið fram í:** Nei.) Ekki neitt, ekkert. Hér er enn kvartað yfir undirbúningi, leiðarljós að vanda til verka, það er ekki skoðað, ekki nægilegar umsagnir. Svo gerist það allt í einu núna í umræðum á þingi að opnað er fyrir að samþykkja 2. gr. frumvarpsins. (Gripið fram í.) Það hefur ekki komið fram (Gripið fram í.) og það er alger þversögn í umræðunni að vilja samþykkja allt í einu 2. gr. núna en þegar nefndin var í nefndarstörfum léðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks ekki máls á því. Svo er önn-

ur stór þversögn í því að hv. þm. Birgir Ármannsson heldur því fram að mikil umræða hafi verið um 2. gr. í fyrri stjórnarskrárumræðum. Ég efast ekki um það og hefur komið niðurstaða um það, en það hefur verið enn þá meiri umræða um 1. gr. Af hverju gengur Sjálfstæðisflokkurinn þá ekki til liðs við stjórnina og samþykkir hana? Það er heldur enginn ágreiningur um 3. gr. en þingmenn Sjálfstæðisflokksins kjósa að halda uppi endalausu málþófi um frumvarp sem er að mestu leyti ágreiningslítið eða þá að hægt er að ná samkomulagi um þau ágreiningsatriði sem uppi eru. Þess vegna legg ég enn og aftur til að sjálfstæðismenn hætti nú málþófinu, ljúki 2. umr. og við setjumst niður í sérnefndinni samningsfúsir og samningsliprir og vinnum okkur að niðurstöðu eins og skynsamt fólk.

[18:51]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna allri viðleitni af hálfu hv. þm. Atla Gíslasonar til að leiða málið til lykta í samkomulagi. Við munum það, ég og hv. þm. Atli Gíslason, að þáverandi formaður sérnefndarinnar sagði við lok málsins í þeirri nefnd að tími samkomulags væri liðinn. En ég verð þó að leiðrétta hv. þm. Atla Gíslason, það kom skýrt fram af okkar hálfu í sérnefndinni að við teldum koma til greina að breyta 79. gr. og taka undir sjónarmið sem koma fram í 2. gr. frumvarpsins með það að markmiði að koma þjóðaratkvæðagreiðslu inn í ferlið varðandi stjórnarskrárbreytingar. Það kom ítrekað fram í nefndinni og það hefur ítrekað komið fram í þessari umræðu.

Annað atriði er að mér er eiginlega óskiljanlegt hvers vegna hv. þm. Atli Gíslason telur að gera eigi allar þessar breytingar á sama tíma og hvers vegna hann telur að það liggi svona mikið á, að það megi ekki bara samþykkja breytingar á 79. gr. og taka þess vegna sumarið og haustið til þess að afgreiða hinar breytingarnar til þess að reyna að ná sem mestri sátt. Ég spyr: Hvað liggur á? Eru raunverulegar, efnislegar forsendur sem gera það að verkum að hv. þingmanni þykir liggja á eða eru það einhverjar pólitískar forsendur sem tengjast kosningunum sem fram undan eru? Er verið að nota stjórnarskrármálið í einhverjum flokkspólitískum tilgangi skömmu fyrir kosningar? Maður hlýtur að spyrja sig og ég spyr hv. þingmann hvort það geti verið. Ef hann telur að það séu ekki flokkspólitískir hagsmunir eða flokkspólitískur leikur sem valda því að klára þurfi þessi mál núna á 10 dögum, vildi ég gjarnan vita hvaða efnislegu forsendur og nauðsyn eru á því (Forseti hringir.) að samþykkja þessar breytingar á næstu 10 dögum.

[18:53]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef skoðað þetta mál nákvæmlega, fylgst með öllum þeim umræðum sem hér eru uppi, nákvæmlega öllum, og auðvitað sætt mig við þann lýðræðislega rétt þingmanna Sjálfstæðisflokksins að flytja ræður, sömu ræðurnar aftur og aftur. Ég tel þessar tillögur skynsamlegar og tímabærar en það er líka skynsemi í því hjá öllu vel meinandi fólki að leiða deilur til lykta og því ljá þingmenn Sjálfstæðisflokksins ekki máls á.

Hvar eru tillögur þeirra til að leiða þetta mál til lykta? Þær hafa hvergi komið fram og ég verð að segja það, hv. þm. Birgir Ármannsson, að þó að ég sé eldri en þú að árum og efalaust orðinn gleymnari, man ég þokkalega eftir umræðum í nefndinni þar sem ég varpaði fram sjónarmiðum til sátta. Ég heyrði örlítið hljóð í hv. þingmanni inni á nefndarfundum að hann gæti fallist á 2. gr. en orðalagið væri ekki nógu gott, það þyrfti að breyta því. Við breyttum því en meiri hluti sjálfstæðismanna í nefndinni vildi ekki ræða það. Þeir héngu eins og hundar á formroðinu allan tímann og í þessum löngu umræðum með öllum þessum ræðum hanga þeir enn þá á formroðinu. Ég er þannig gerður maður að ég vil leiða þessi mál til lykta og mér finnst þessi umræða hv. þingmanna sjálfstæðismanna, sem ég vil ekki að þeir sleppi því þeir hafa málfrelsi, allt í lagi, en mér finnst hún þó vera tímasóun og tilgangslaus. Það er allt í lagi, ég get hlustað á þetta lengi enn þá, ég hef hlustað á allar ræðurnar, nánast allar, það eru kannski fjórar eða fimm undanskildar, en ég veit ekki hvernig þjóðinni líður að hlusta á þetta allt saman, að halda að þjóðin þurfi (Forseti hringir.) 45, 50, 60 ræður sem eru allar nánast eins.

[18:56]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafna því sem hv. þingmaður segir um að ræður séu allar eins. Auðvitað koma fram svipuð sjónarmið í mörgum ræðunum, það er ekkert óeðlilegt, enda lýsa menn sömu afstöðu til þeirra álitaefna sem hér eru uppi. En vandinn hefur hins vegar verið sá að það er alveg sama hvaða röksemdir er farið með, það er alveg sama hvaða sjónarmið koma fram um vinnubrögð og aðdraganda málsins, hvernig eigi að fara að þessu og hvernig eigi að nálgast þetta. Nálgunin innan ríkisstjórnarflokkanna og annarra flokka sem styðja þetta mál hefur verið sú að allar breytingar verði að vera á þeirra forsendum. Það voru þessir flokkar, reyndar bara ríkisstjórnarflokkarnir tveir, sem tóku ákvörðun um hvaða atriðum yrði breytt í stjórnarskránni í þessari lotu. Það var ekkert samráð um það. Það voru þeir sem tóku út nokkrar greinar sem þeir vildu klára og fóru síðan til Framsóknarflokksins og sömdu um að bæta stjórnlagaþinginu við. Það var bara þannig. Það var ekkert um það að ræða að menn settust niður og skoðuðu allar greinar stjórnarskrárinnar og kæmu sér saman um hvaða atriði væri brýnt að laga núna. Þó að mönnum gefist kostur á því á síðari stigum að gera einhverjar tillögur um orðalagsbreytingar þegar einhverjir aðrir hafa ákveðið allar forsendurnar er það ekki mikið samráð.

Ég vona að okkur vinnist tími til að leita að einhverri sameiginlegri niðurstöðu í þessu og ef hv. þingmaður hefur ekki tekið alvarlega það sem ég og fleiri sjálfstæðismenn sögðum í umræðum í sérnefndinni, að við værum tilbúnir til að breyta 79. gr. á einhverjum þeim grundvelli sem kemur fram í 2. gr. sem við gætum kannski rætt um hvernig við vildum útfæra — ef hv. þingmaður er tilbúinn að ræða það frekar fagna ég því. Hins vegar bendi ég á að hv. þingmaður svaraði í engu (Forseti hringir.) spurningunni um það hvernig ætti að fara að því þegar tvö þing (Forseti hringir.) fara með það hlutverk á sama tíma (Forseti hringir.) að endurskoða stjórnarskrána og (Forseti hringir.) hvernig í ver-

öldinni menn (Forseti hringir.) hefðu látið sér detta slík hugsun í hug.

[18:58]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. forseta fyrir að gera breytingar á dagskrá fundanna í dag og taka fyrir önnur mál en frumvarp til breytinga á stjórnarskipunarlögum. Þar var um að ræða brýn mál sem þurftu að komast áfram og svo er reyndar um fleiri mál. Vonandi er að aukast skilningur hjá hæstv. forseta á því að það sé vænlegra fyrir þingið og þjóðina að við ræðum fleiri mál en bara stjórnarskrárfrumvarpið og reynum að koma fleiri málum sem snerta hagsmuni heimilanna og fyrirtækjanna áfram til að þau megi afgreiða. Fólk bíður eftir því að þau úrræði sem þar eru sjái dagsins ljós, ef svo má að orði komast. Sum þeirra frumvarpa sem hér um ræðir hafa í för með sér sparnað fyrir ríkissjóð og er þar af leiðandi brýnt að koma þeim frá og samþykkja þau. Ekki veitir af eins og alþjóð veit. Vonandi sjást þess merki að skilningur forseta á þessu sé orðinn ríkari en áður var í þessari viku. Við erum í dymbilvikunni og þó að áður hafi verið fundað í dymbilvikunni held ég að ég fari rétt með þegar ég segi að ekki hafi áður verið fundað áður á miðvikudegi fyrir skírdag.

Ég verð hins vegar líka að segja það, herra forseti, að mér finnst dapurlegt að vera að flytja ræðu um breytingar á íslensku stjórnarskránni við undirleik búsáhaldabyltingarinnar. Það gekk auðvitað mikið á í vetur þegar mótmælendur börðu búsáhöld til að mótmæla því að ríkisstjórnin sæti, heimtuðu að ríkisstjórnin segði af sér og að boðað yrði til kosninga. Hversu ósammála sem ég var þeim mótmælum verður maður að segja að það örlaði á skilningi á stöðunni. Það var mikið búið að ganga á í þjóðfélaginu og ekkert skrýtið þó að fólk væri ósátt og vildi breytingar þó að mér fyndust þær kannski ekki skynsamlegar á því augnabliki. Niðurstaðan varð sú sem við þekkjum. Núna virðist manni, herra forseti, að þeir sem mótmæla séu að mótmæla málfrelsi stjórnarandstöðunnar í þinginu og ég verð að segja að ég man varla eftir að hafa heyrt um slík mótmæli nokkurs staðar, að fólk safnaðist saman til að mótmæla stjórnarandstöðunni sem hefur það hlutverk að flytja mál sitt og hafa uppi andstæð sjónarmið við sjónarmið ríkisstjórnarinnar til að tryggja að um þau fari fram umræða. Það er beinlínis skylda stjórnarandstöðunnar að gera það. Það erum við nú að gera og svo sannarlega vegna þess að við trúum á það sem við erum að segja. Það er ekkert formsatriði að gera það.

Ég hef ekki lengsta þingreynslu eða þingsetu allra en allnokkra og hef upplifað að stjórnarandstaðan hafi tekið tímann sinn í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þingheim og virkilega þá tekið hlutverk sitt í stjórnarandstöðu alvarlega við að tryggja ítarlega umræðu en ég man alls ekki eftir að nokkru sinni hafi verið efnt til mótmæla vegna þess. Því finnst mér mjög undarlegt að sú skuli nú vera staðan og ég velti því aðeins fyrir mér af hvaða rótum slík mótmæli eru runnin. Mótmælendur nýta sinn rétt til að mótmæla. Það efast enginn um þann rétt — en til að mótmæla málfrelsi stjórnarandstöðunnar.

Ég vil líka mótmæla ummælum hv. þm. Atla Gíslasonar um að ræðumenn endurtaki sig. Ég kannast ekki við að ég hafi endurtekið mig þó að ég neiti því ekki að eitt og eitt orð hafi verið notað áður í fyrri ræðum. Orðgnóttin er ekki svo mikil að ég geti komist hjá því en hins vegar hef ég rakið á málefnalegan hátt þá þætti sem ég tel skipta máli án þess að um endurtekningar hafi verið að ræða. Mér hefur ekki enn þá tekist að komast yfir þau efnisatriði sem stjórnarskrárfrumvarpið gengur út á til að tæma umræðuefnið. Ég hef reyndar ekki haldið margar ræður. Ég held að ég hafi haldið þrjár ræður og það þykir sjálfsagt ekki mikið miðað við hæstvirta ráðherra í núverandi ríkisstjórn þegar þeir voru upp á sitt besta í stjórnarandstöðunni í umræðu um málin.

Ég var búinn að ræða aðeins í fyrri ræðu um sögu og uppruna stjórnlagaþinga, hvernig þau hafa komið til og aðallega þá fyrri stjórnlagaþing, á 18. og 19. öld. Ég var þar kominn sem ég hugðist fara aðeins yfir stjórnlagaþing á 20. öld. Þau voru svo sannarlega haldin þá líka. Það má finna um þau allmörg dæmi. Sum þeirra voru í kringum stríðslokin, að lokinni seinni heimsstyrjöld og þá í Þýskalandi. Er þýska stjórnarskráin frá 1949 afrakstur slíks stjórnlagaþings. Á það var kosið óbeint. Það var ekki kosið beint til þess eins og við erum að tala um í þessu frumvarpi hér.

Árið 1946 var haldið stjórnlagaþing á Nýfundnalandi og það hafði í för með sér umtalsverðar breytingar fyrir Nýfundnaland. Til þess var kjörið beinni kosningu. Sú tilhögun, herra forseti, er reyndar sjaldgæfari en sú að kosið sé óbeinni kosningu eða þá að valið sé á stjórnlagaþing á annan hátt en með beinum kosningum.

Nýjasta dæmið um stjórnlagaþing er frá Austurríki, þar var sett á fót stjórnlagaþing árið 2003. Það starfaði í tvö ár en stjórnarskráin þar var að stofni til frá 1920 og var sett í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar og þeirra breytinga sem urðu á keisaradæminu Austurríki/Ungverjalandi í lok styrjaldarinnar. Í Austurríki hafa tillögurnar sem komu fram enn ekki verið samþykktar á austurríska þinginu.

Það virðist líka vera algengara að haldin séu stjórnlagaþing í sambandsríkjum og þá er lögð mikil áhersla á það að öll ríki eða fylki eigi fulltrúa. Oft eru markmið stjórnlaganna að skilgreina mörk á milli valds fylkjanna og sambandsvaldsins. Eins og ég segi eru þessi dæmi sem ég nefndi um sambandsríki og það virðist algengara að þar séu haldin stjórnlagaþing.

Tími minn er nú úti (Forseti hringir.) en ég á eftir að fara betur, herra forseti, yfir hin tíðari stjórnlagaþing og leggja sérstaklega út af því (Forseti hringir.) hvernig valið er á stjórnlagaþingin í sambandsríkjum varðandi kosningar hér á landi.

[19:09]

Dögg Pálsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Mikilvægi viðveru flutningsmanna stjórnarskrárfrumvarpsins — og ég er þá að tala um hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra þó að vissulega séu hér hv. varaformaður Framsóknarflokksins — kom glögglega í ljós í andsvörum og orðaskiptum milli hæstv. fjármálaráðherra og hv. þm. Jóns Magnússonar. Ég er algjörlega sammála hæstv. fjármálaráðherra um að völdin komi frá þjóðinni, þau koma hvergi annars staðar að. Ég

veit ekki til þess og hef ekki orðið vör við að nokkur ágreiningur sé um það í þinginu. Hæstv. fjármálaráðherra benti líka í andsvari sínu réttilega á annmarka á 79. gr. stjórnarskrárinnar að því er það varðar hvernig við stöndum að því að breyta stjórnarskránni. Hann benti á atriði sem ég kom raunar inn á í minni fyrstu ræðu á föstudaginn var, það hvernig við stöndum að stjórnarskrárbreytingum gerir það að verkum að við fjöllum í raun aldrei um stjórnarskrárbreytingarnar í kosningunum. Þess vegna held ég að vitrir stjórnmálamenn sem hafa setið á Alþingi hafi borið gæfu til þess að breyta ekki stjórnarskránni nema í fullkominni samstöðu. Inn á þetta kom ég í minni fyrstu ræðu. Ég sagði að ástæðan fyrir því að menn væru ekkert að fjalla um stjórnarskrárbreytingar í þingkosningum, þegar breytingin er undirliggjandi engu að síður, væri sú órofa hefð í hálfa öld að breyta ekki stjórnarskránni nema í fullkominni samstöðu. Þá er enginn pólitískur ágreiningur um stjórnarskrána og þess vegna er verið að fjalla um hin venjulegu pólitísku dægurmál í kosningunum þar sem stjórnarskráin liggur engu að síður undir. Ég fullyrði, án þess að ég viti það því að ég var hvergi nálægt málum, að árið 2007 hafi verið reynt af hálfu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks — Sjálfstæðisflokkurinn var til þess knúinn af samstarfsflokknum á þeim tíma að leggja fram stjórnarskrárbreytingu og ég fullyrði að Sjálfstæðisflokkurinn hafi þá treyst því að stjórnarminnihlutinn, stjórnarandstaðan, mundi mótmæla henni jafnharðlega og hún gerði til að hægt væri að stoppa málið. Ég veit þetta auðvitað ekki en ég fullyrði það einmitt út af þeirri órofa hefð að breyta ekki stjórnarskránni nema í samkomulagi.

Ég er algjörlega sammála því sem hér hefur komið fram, við eigum að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar. Hafi það ekki komið skýrt fram í þeim ræðum sem ég hef flutt ætla ég að segja það hér þannig að það sé enginn vafi á þeirri skoðun minni. Ég fagna þeirri breytingu sem meiri hluti sérnefndarinnar um stjórnarskrármálefni hefur gert á 2. gr. frumvarpsins en tel að lengra þurfi að ganga. Mér finnst orðalagið sem var í tillögu nefndarinnar frá 2007 hið besta og ekki má ráða af áfangaskýrslu nefndarinnar annað en að þverpólitísk samstaða hafi verið um það. Við eigum bara að fylgja því. Það eru gengin skref í þá átt í þeirri breytingu sem meiri hlutinn í sérnefndinni leggur núna til á sérstöku skjali en ég tel að við eigum að ganga skrefinu lengra.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, í orðræðu við hv. þm. Atla Gíslason um hvað sé passlegur tími til að ræða stjórnarskrána frekar en að ég ætli að leggja mat á það hvort þörf hafi verið fyrir stjórnarandstöðu á hverjum tíma að tala t.d. um Ríkisútvarpið ohf. í 120 klukkutíma eða hvort þjóðin hafi haft nokkurn skilning á því. Ég leyfi mér hins vegar að halda því fram að þjóðin hafi meiri skilning á því að það sé talað í 40 eða 50 klukkutíma um stjórnarskrána og ekki síst breytingar sem verið er að knýja fram í andstöðu við stærsta flokkinn á þingi heldur en að t.d. var einu sinni talað í rúmar 10 klukkustundir í einni og sömu ræðunni um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þótt sjálfsagt sé skilningur þjóðarinnar lítill á því hvernig málþóf og orðræða í þinginu er, og sjálfsagt með réttu, held ég að þjóðin hafi skilning á umræðu um stjórnarskrána. Þjóðin er skynsöm, við skulum ekki gleyma því. Hún hefur líka skilning á því ef verið er að knýja fram breytingu á stjórnarskránni í andstöðu við stærsta þingflokkinn.

Hv. þm. Atli Gíslason sagði réttilega að auðvitað ætti að reyna að leiða allar deilur til lykta. Bæði ég og hv. þingmaður erum lögmenn og við þekkjum það að auðvitað er allt reynt sem hægt er til að sætta mál. Meira að segja er einhvers staðar til setning sem við lögmenn notum oft við umbjóðendur okkar þegar verið er að leita sátta: Það er betri mögur sátt en feitur dómur. Hvað er átt við með því? Jú, það er betra að slá af sínum ýtrustu kröfum, jafnvel þó að maður viti að sú sátt sem þannig fæst sé lakari en dómurinn ef maður ynni málið. Ég segi oft við umbjóðendur mína þegar verið er að ræða sátt að besta sáttin sé sú sem allir eru jafnóánægðir með. Það er nefnilega sátt þar sem allir hafa slegið af sínu. Enginn hefur beitt offorsi eða krafti í skjóli valdsins. Allir slá af sínu.

Við sjálfstæðismenn erum í nokkra daga — það var opnað fyrir þetta þarsíðustu nótt ef ég skildi það rétt — búin að bjóða það að fresta nú 2. umr. og vísa málinu til nefndar. Hv. þm. Atli Gíslason vill ljúka 2. umr. Kannski er bara rétt að hv. þm. Atli Gíslason hugsi: Sá vægir sem vitið hefur meira og nú skulum við fresta 2. umr., fara með málið í nefnd og nota páskana í það. Ég held að út úr því gæti komið prýðileg sátt. Sjálfstæðismenn yrðu ekkert alsælir með hana, stjórnin ekki heldur en það væri sátt og hún yrði nr. 1, 2 og 3 um breytingu á 79. gr. Ég hygg að það séu alveg forsendur fyrir því að skoða 1. gr. frumvarpsins líka. Þegar ég nefni 79. gr. er ég að tala um 2. gr. frumvarpsins. Það má örugglega skoða það líka. Ég segi að vísu persónulega fyrir mig að ég átta mig ekki á því af hverju menn vilja troða ofan í stjórnlagaþingið svona efnislegri breytingu. Ef það gæti orðið einhver sáttahlutur er örugglega í lagi að skoða það.

Eins og þjóðaratkvæðagreiðslan er kynnt í 3. gr. eru á henni ýmsir annmarkar. Það er þó örugglega margt sem réttlætir að setja þjóðaratkvæði inn í stjórnarskrána. Það sem ég hef haft helstar áhyggjur af þar eru ábendingar sem koma frá þeim virta fræðimanni og dómara við Mannréttindadómstólinn, Davíð Þór Björgvinssyni. Hann bendir á að þar sé ýmislegt óljóst. Ég sé að vísu að í meirihlutabreytingunum er búið að taka á ýmsum atriðum en ég tel að það megi alveg skoða líka að hleypa því í gegn og ná sátt um það. Það liggur hins vegar fyrir og ég get fyrir sjálfa mig lýst því hér yfir að stjórnlagaþing öðruvísi en ráðgefandi er nokkuð sem við sjálfstæðismenn eigum ákaflega erfitt með að sætta okkur við og ég hygg að á því muni brjóta. En ég trúi ekki öðru en að þeir lögfræðingar sem hér hafa tekið þátt og jafnvel aðrir geri sér grein fyrir því (Forseti hringir.) stjórnskipulega öngþveiti sem tvö samhliða stjórnlagaþing geta valdið.

[19:19]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar málið kom fram í síðustu viku til 2. umr. flutti ég ræðu og tjáði efnislega afstöðu mína til allra greinanna og taldi þá og benti á nákvæmlega það sama og ég gerði í athugasemdum mínum áðan, að það væri í raun og veru ekki mikill ágreiningur í málinu, það bæri ótrúlega lítið á milli. Það er þess vegna sem ég hef ekki áttað mig á

því sem ég hef hér kallað málþóf, þó þannig að ég játa auðvitað sjálfstæðismönnum fullt málfrelsi og hvarflar ekki að mér að gagnrýna það að þeir taki til máls og skýri sjónarmið sín. Ég hef gagnrýnt það að ég heyri sömu efnisatriðin allt of oft. Það er fullvissa mín og var fullvissa mín að það væri hægt að ná slíkri sátt en hv. fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í sérnefndinni léðu ekki máls á öðru en að tala um formsatriði. Ég verð að segja að þeir voru hreinlega mjög reiðir þar, hluti fulltrúanna, og tilraunir til að nálgast efnislega umræðu voru slegnar út af borðinu trekk í trekk. Þannig var það bara.

Ég vil því spyrja hv. þingmann sem tók til máls á undan mér og ég er í andsvari við: Af hverju má ekki klára þessa 2. umr. þegar öll efnissjónarmið eru komin í loftið? Menn eru orðnir sammála um mjög margt eða eiginlega flest nema úrlausnaratriðið er auðvitað 4. gr. Af hverju vill ekki Sjálfstæðisflokkurinn ljúka þessari umræðu og fara með málið í nefnd, klára 2. umr. og fara með það í nefnd og fara (Forseti hringir.) síðan í 3. umr. og sjá hvað verður? Sjálfstæðisflokkurinn hefur full tök á því ef hann verður (Forseti hringir.) óánægður með þá niðurstöðu að þæfa málið í 3. umr.

[19:21]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og áður hefur komið fram í máli mínu þar sem ég hef reifað sambærileg sjónarmið og þau sem ég reifaði í síðustu ræðu minni standast þær fullyrðingar sem hv. þm. Atli Gíslason hefur hér frammi um afstöðu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í sérnefndinni a.m.k. ekki þær upplýsingar sem við þingmenn höfum fengið um það sem þar fór fram.

Ég verð að láta öðrum eftir að svara þessu meira efnislega en þetta því að ég hef enga ástæðu hvorki til að rengja samflokksmenn mína né halda því fram að hv. þm. Atli Gíslason sé ekki að segja satt. Ég er ekki vön að bera það á fólk að það segi ekki sannleikann. En það virðist vera að einhver illilegur misskilningur hafi verið þarna á milli þingmanna ef hv. þm. Atli Gíslason hefur upplifað orð þingmanna Sjálfstæðisflokksins og fulltrúa í sérnefndinni þannig að það væri enginn samkomulagsvilji. Það eina sem ég get í raun og veru sagt um þetta mál er að það virðist vera að menn hafi verið búnir að setja sig í slíkar stellingar í báðum herbúðum, ef svo má að orði komast, að menn hafi hreinlega ekki skilið hvað hinn var að segja. Að minnsta kosti hef ég ekki skilið þá umræðu sem fram hefur farið í þingflokknum öðruvísi en svo að alltaf hafi verið á borðinu mikill vilji hjá fulltrúum okkar til að ganga til sátta um þau atriði sem ég hef hér nefnt.

Ég spyr á móti áður en ég svara spurningunum: Hvað er á móti því að fresta umræðunni og fara með málið í nefnd? Af hverju er hv. þm. Atla Gíslasyni svona mikið kappsmál að ljúka umræðunni? Af hverju er ekki hægt að fallast á tillöguna? Er hún bara ómöguleg af því hún kemur frá okkur þingmönnum Sjálfstæðisflokksins?

[19:24]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo í mínum augum að nánast öll gagnrýni á málsmeðferð, undirbúning og fleira í þessu máli fellur nánast um sjálft sig þegar hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru tilbúnir að semja um að taka 1. og 2. gr. inn og jafnvel 3. Svo háttar til með 3. gr. og ég er sammála hv. þingmanni að það kann að þurfa að útfæra betur tæknilega orðafarið í henni. En ég minni á það að í öllum stjórnarskrám landa sem við berum okkur saman við hefur þjóðin rétt á að tjá sig um mikilvæg mál. Menn vilja hafa milliliðalaust lýðræði.

Að því er varðar tilvísanir hv. þingmanna í umsagnir halda þeir því gjarnan á lofti að allir umsagnaraðilar hafi verið á móti þessum breytingum. Svo er alls ekki. Hinir ágætu nefndarritarar sérnefndarinnar tóku saman yfirlitsblað yfir umsagnir og athugasemdir við einstakar greinar og skoði maður þetta yfirlitsblað lutu þessar athugasemdir að efnislegum undirbúningi og stuttum fyrirvara, sem við höfum öll heyrt margsinnis og ég hef heyrt og skynjað og skil, en þær lutu efnislega aðallega að 1. gr. og þá fyrst og fremst að 2. og 3. mgr. þeirrar greinar.

Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi og aðilar sem áttu hugsanlegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta gerðu athugasemdir við 1. gr. þrátt fyrir þá fullvissu mína að ekki sé verið að rugga bátnum hvað varðar sjávarauðlindirnar og nýtingarrétt þeirra sem eru handhafar aflaheimilda. Athugasemdir við 1. mgr. 1. gr., 2. og 3. gr. og jafnvel 4. gr. voru sárafáar. Þær voru formlegar en þær voru ekki efnislegar. (Forseti hringir.) Það er staðreynd þessa máls.

[19:26]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan í fyrra andsvari mínu að ég kann ekki að útskýra þá umræðu sem fram fór í sérnefndinni eða þess vegna á milli manna. En ég veit ekki betur að því leyti sem ég hef heyrt ræður hér, ég hef heyrt þær mjög margar þó að ég hafi ekki heyrt þær allar, en að við sjálfstæðismenn höfum aftur og aftur lýst þessum vilja okkar. Og ég vil þá bara segja úr því að hann er núna loksins kominn til meðvitundar þeirra sem í stjórnarmeirihlutanum eru, eigum við þá ekki bara að hætta að karpa um það hvernig þetta var og af hverju við erum í þeirri stöðu sem við erum núna? Eigum við ekki bara að horfa fram á veginn og fresta 2. umr., setja málið í nefndina, semja um þær breytingar sem menn geta samið um. Ég fullyrði að það er fullur vilji hjá Sjálfstæðisflokknum varðandi 79. gr. sem er mikilvægasta greinin. Hinar tvær er vilji til að skoða með opnum huga. Stjórnlagaþingið verður erfiðasti hjallinn. Þetta er staða málsins.

Klukkan er að verða hálfátta og því var lofað að þingfundi yrði slitið þá. Við getum kannski leyst málið með því að fara ekkert formlega með málið heldur frestað 2. umr. og notað páskana (**Gripið fram í:** Já.) hver í sínu horni og saman til að leysa þetta mál og að upprisuhátíðinni lokinni gætum við komið hingað með málið leyst (**Gripið fram í:** Og upprisin.) og værum þar með líka búin að koma í sjónmál lokun þessa þings þannig að þeir fulltrúar sem (Forseti hringir.) eru að fara í kosningu geti farið að tala beint við

kjósendur (Forseti hringir.) því þetta snýst nú alltaf um það að valdið kemur þaðan.

Umræðu frestað.

Páskakveðjur.

[19:28]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Þar sem þetta er síðasti þingfundur fyrir páska vil ég nota tækifærið og færa þingmönnum góðar kveðjur og vona að þeir eigi ánægjulegar stundir með fjölskyldum sínum yfir páskana.

Út af dagskrá voru tekin 7.–12. mál.

Fundi slitið kl. 19:29.

131. FUNDUR

þriðjudaginn 14. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, frv., 461. mál, þskj. 859, nál. 919. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Tekjuskattur, stjfrv., 410. mál, þskj. 695, nál. 798. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Stjórnarskipunarlög, frv., 385. mál, þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805, 882 og 917. — Frh. 2. umr.
5. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 411. mál, þskj. 696, nál. 903 og 911, brtt. 912. — 2. umr.
6. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 409. mál, þskj. 693, nál. 857, brtt. 858. — 2. umr.
7. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, stjfrv., 359. mál, þskj. 610, nál. 860. — 2. umr.
8. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 664, nál. 884 og 910. — 2. umr.
9. Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 366. mál, þskj. 868, frhnál. 922. — 3. umr.
10. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 852, brtt. 865. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnar Svavarsson, 2. þm. Suðvest.
Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðaust.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Gengi krónunnar.

[13:32]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Fyrir fáeinum dögum ræddum við á þinginu og voru samþykkt lög til að styðja betur við þau gjaldeyrishöft sem eru í gildi á Íslandi. Við í Sjálfstæðisflokknum sátum hjá við þá atkvæðagreiðslu á þeirri forsendu að þeirri ríkisstjórn sem nú ræður för mistekst algerlega að fást við það verkefni að styrkja krónuna. Þrátt fyrir allar yfirlýsingarnar sem féllu hér um mikilvægi þess að gera breytingar á Seðlabankanum, þrátt fyrir allar yfirlýsingarnar um að ný ríkisstjórn mundi endurvinna traust og endurskapa traust á því sem þar var að gerast og í opinberum fjármálum heldur gengi krónunnar áfram að falla. Frá því að þessi ríkisstjórn tók við störfum hefur gengi krónunnar fallið um 16% síðan 1. febrúar, 16% fall á gjaldmiðlinum síðan 1. febrúar. Þetta er allur árangurinn. (**Gripið fram í:** Hvað féll ...?) Þetta er nú allur árangurinn af starfi nýju ríkisstjórnarinnar við að endurvinna traust á efnahagsmálum, að vinna okkur út úr vandanum. Það stefnir í fleiri gjaldþrot (**Gripið fram í:** Þetta heitir að snúa vörn í sókn.) og það stefnir í að nú skelli að nýju verðbólgubylgja á okkur sem getur komið í veg fyrir það að Seðlabankinn geti lækkað vexti.

Hvað er þessi ríkisstjórn að gera til að hindra þessa atburðarás, að stöðva frekara fall krónunnar?

[13:34]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég var að rifja upp í huganum þegar gengi krónunnar hrundi á útmánuðum ársins 2008 og náttúrlega hið mikla áfall í haust, þá ræddu menn það auðvitað og höfðu af því miklar áhyggjur en ég man ekki eftir svona einföldum málflutningi þá, að menn hafi talið að þetta væri allt því að kenna að ríkisstjórnin hefði ekki í sínum höndum að kippa þessum hlutum í lag með einföldum hætti. Það væri fróðlegt að heyra það frá hv. málshefjanda: Hvað telur Sjálfstæðisflokkurinn að betur hefði mátt fara í þessum efnum, hvernig hefði Sjálfstæðisflokkurinn staðið að málum? (Gripið fram í.) Er Sjálfstæðisflokkurinn t.d. að mæla með því að við notum verulegan gjaldeyrisforða til að reyna að lyfta gengi krónunnar tímabundið?

Að sjálfsögðu eru það vonbrigði að krónan skuli hafa veikst aftur. Á því eru ýmsar skýringar, gjalddagar og vaxtaafborganir. Það er líka greinilega þannig að lengri gjaldfrestir útflutningsfyrirtækja þýða hægari skil gjaldeyris til baka. Birgðasöfnun hefur þarna áhrif og margt fleira sem leggst saman og veldur því að viðleitnin til að styrkja og koma stöðugu gengi á krónuna er erfiðari glíma en menn höfðu verið að vona.

Það hefur þó náðst að sjálfsögðu sá árangur að vaxtalækkunarferli er hafið og vextir munu lækka núna hratt hjá fjármálastofnunum sem hafa í raun og veru beðið eftir því tækifæri. Það eru ágætar ástæður til að ætla að gengi krónunnar styrkist á nýjan leik núna á fyrri hluta og fram á mitt ár. Þá eru að vísu aftur allþungir gjalddagar þannig að þetta er viðvarandi viðfangsefni að reyna að ná tökum á ástandinu en það er ekki þannig að menn hafi í sínum höndum einföld úrræði til að kippa þessu í liðinn nema þá ef það væri það eitt að taka áhættuna af því að nota í stórum stíl dýrmætan gjaldeyrisvaraforða til að kaupa upp gengi krónunnar.

[13:37]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Það er rangt sem hér er haldið fram að það þurfi í stórum stíl að nota gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans til þess að styðja við gengi krónunnar. Staðreyndirnar tala sínu máli. Með litlum minni háttar inngripum í gjaldeyrismarkaðinn hafði Seðlabankinn mikil áhrif. Það sem hefur í millitíðinni gerst er að Seðlabankinn er horfinn af vettvangi. Nýi seðlabankastjóri ríkisstjórnarinnar hefur greinilega tekið ákvörðun og nýja peningamálastjórnin sem núna er rekin í Seðlabankanum, það er nýja stefnan (Gripið fram í.) að hverfa af vettvangi og leyfa krónunni að falla í frjálsu falli. 16% lækkun síðan 1. febrúar er árangur þessarar ríkisstjórnar og það þýðir ekkert að koma hingað upp núna, eftir allar yfirlýsingarnar sem féllu um að menn ætluðu að fara að menn ætluðu að fara að endurvekja hér

traust og það mundi bjarga okkur út úr vandanum, og tala eins og ekkert sé hægt að gera. Þessari ríkisstjórn er gersamlega að mistakast stóra verkefnið, stóra loforðið er að engu orðið um að hér mundi allt lagast þegar lögum um Seðlabankann yrði breytt og (Forseti hringir.) þangað kæmi inn nýr seðlabankastjóri. Staðreyndin er sú að vextir munu ekki lækka (Forseti hringir.) ef krónan heldur áfram að gefa sig.

[13:38]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Kannski við fáum sjálfstæðismenn til að kenna okkur hvernig á að gera þetta. (**Gripið fram í:** Já, já.) Var það ekki Seðlabankinn sem fór á hausinn og þurfti að endurfjármagna upp á 270 milljarða kr.? Er ekki banka- og efnahagshrunið að leggja gríðarlegar byrðar á þjóðarbúið og þar með talið ríkissjóð? Þarf ekki að endurfjármagna allt bankakerfið? Svo kemur formaður Sjálfstæðisflokksins með mikinn hávaða og talar eins og sá sem valdið hefur og það sé einhver sérstakur aumingjaskapur að vera ekki búinn að kippa þessu öllu í liðinn. (**BjarnB:** Á að gefast upp?) Engar tillögur, ekki neitt annað en þá það að taka áhættuna af því að ráðstafa dýrmætum gjaldeyrisforða í tímabundnar aðgerðir til að lyfta upp gengi krónunnar. Er það það sem Sjálfstæðisflokkurinn vill að ríkisstjórnin geri núna dagana (Gripið fram í.) fyrir kosningar? Það er ábyrgð og yfirvegun, hagstjórn sem tekur mið af erfiðum aðstæðum í þjóðarbúinu og því að við erum ekki í aðstöðu til að taka áhættuna af því að tapa í viðbót við hrunið í boði Sjálfstæðisflokksins dýrmætum gjaldeyrisforða í tilraunir sem kannski mundu ekki heppnast til þess að lyfta tímabundið upp gengi krónunnar. Hér er talað af hálfu Sjálfstæðisflokksins fyrir áframhaldandi ábyrgðarleysi í þessum efnum.

Sumarvinna námsmanna og Nýsköpunarsjóður.

[13:39]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Það er ekki ofsögum sagt að íslenskir námsmenn hafi verulegar áhyggjur af framtíð sinni. Í ljósi þess að 18 þúsund Íslendingar eru atvinnulausir blasir sú staðreynd við okkur að um 13 þúsund háskólanemar eru á leið út á vinnumarkaðinn á sumarmánuðum og við höfum kallað eftir því á vettvangi Alþingis hvað hæstv. ríkisstjórn ætli sér að gera til að koma til móts við bráðavanda námsmanna.

Hæstv. menntamálaráðherra lýsti því yfir fyrr í dag að hún teldi líklegt að ríkisstjórnin mundi koma til móts við vanda 3–4 þúsund íslenskra námsmanna þannig að þá standa eftir 9–10 þúsund námsmenn og hvað þeir eigi að hafa að störfum í sumar, hvort þeir eigi að koma sér út á vinnumarkaðinn eða stunda sumarnám líkt og við höfum rætt í þinginu.

Ég vil því spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort hún telji að það sé nóg að koma einungis til móts við 3–4 þúsund námsmenn þegar ljóst er að við 13 þúsund námsmönnum blasir atvinnuleysissumar verði ekkert að gert.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hún hyggist beita sér fyrir því að efla Nýsköpunarsjóð námsmanna. Árið 2003 veitti Nýsköpunarsjóður námsmanna 161 námsmanni styrk til að fara út í nýsköpunarverkefni sem mörg hver hafa gefið mjög góðan árangur en árið 2008 voru styrkirnir einungis 79. Það er mikilvægt þegar við horfum upp á það að 13 þúsund háskólanemar muni mögulega ekki hafa neitt fyrir stafni í sumar að við grípum til allra úrræða til að koma til móts við þennan hóp. Þess vegna beini ég þessum tveimur spurningum til hæstv. ráðherra: Ætlar hún að koma til móts við fleiri en 3–4 þúsund námsmenn eins og hún sagði í fréttum í morgun og hyggst hæstv. ráðherra fjölga styrkjum hjá Nýsköpunarsjóði námsmanna?

[13:41]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birki J. Jónssyni fyrir að vekja máls á þessu hér. Það er rétt að starfshópur, eins og ég greindi frá í þessari pontu fyrir einhverjum vikum, hefur verið að vinna að málum hvað varðar sumarstörf námsmanna og miðað við þær áætlanir og spár sem hafa verið gerðar er áætlað eða svartsýnustu spár segja að u.þ.b. 7 þúsund stúdentar séu mjög svartsýnir á að fá vinnu. Ef við reiknum atvinnuleysi stúdenta miðað við að það sé meira en meðalatvinnuleysi er miðað við að u.þ.b. 5 þúsund stúdentar gætu verið án vinnu.

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt er auðvitað mjög hart í búi hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna eins og öðrum samfélagsstofnunum um þessar mundir. Sjóðurinn þurfti að taka á sig skerðingu á eigin fé í síðustu fjárlögum upp á milljarð en við viljum reyna að koma til móts við námsmenn og í morgun samþykkti ríkisstjórnin framlag upp á 650 millj. kr. til aukningar eigin fjár lánasjóðsins sem gerir það að verkum að sjóðurinn getur lánað út til 3–4 þúsund námsmanna. Þetta er auðvitað gert með fyrirvara um samþykki Alþingis en það verður líka að horfa á það að þessir námsmenn eiga rétt á atvinnuleysisbótum sem gætu numið allt að milljarði og upp undir 1,4 milljarða ef miðað er við að t.d. 5 þúsund námsmenn yrðu atvinnulausir. Um það bil 75% námsmanna eiga rétt á atvinnuleysisbótum þannig að þarna erum við í raun að taka ákvörðun um forgangsröðun hvort við viljum að námsmenn mæli götur á atvinnuleysisbótum eða hvort þeim sé beint í nám samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Það er auðvitað alveg ljóst að háskólarnir þurfa að fá framlög til að geta boðið upp á nám. Háskóli Íslands hefur t.d. gefið það upp í ljósi síns ástands að hann þurfi að fá framlög. Hluti af þessum aðgerðum miðar að því að háskólarnir geti þá boðið upp á nám fyrir þessa námsmenn.

[13:44]

Birkir Jón Jónsson (F):

Herra forseti. Að sjálfsögðu fögnum við öllum þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir til að koma til móts við vanda námsmanna en við hljótum líka að spyrja hvort nóg sé að gert í þessum efnum. Ég vil endurtaka spurningu mína til hæstv. ráðherra um það hvort ráðherrann hyggist beita sér fyrir auknum fjárframlögum til Nýsköpunarsjóðs námsmanna þannig að hægt sé að fjölga verkefnum til handa hugvitssömum námsmönnum sem vilja nýta hæfi-

leika sína og koma hugmyndum sínum í framkvæmd, sérstaklega í ljósi þess að mörg þúsund námsmenn eiga það yfir höfði sér að geta ekki stundað nám í sumar og hafa heldur ekki atvinnu við hæfi og þurfa að fara á atvinnuleysisbætur. Það er visst ósamræmi á milli þess sem forsvarsmenn stúdenta við háskóla landsins hafa haldið fram, að 13 þúsund námsmenn telja að þeir eigi mjög litla möguleika á atvinnu í sumar, og þeim tölum sem hæstv. ráðherra bar á borð fyrir okkur. Við þurfum að fá það á hreint (Forseti hringir.) hvort það séu í raun og veru 13 þúsund háskólanemar sem munu eiga í erfiðleikum í sumar eða um 7 þúsund eins og hæstv. ráðherra nefndi.

[13:45]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Svo ég víki fyrst að þessu vísa ég í könnun sem starfshópur iðnaðarráðuneytisins lét gera meðal stúdenta þar sem niðurstaðan varð að um 7.000 stúdentar voru svartsýnir á að fá vinnu. Hins vegar var líka gerð könnun út frá þeirri nálgun að meta atvinnuástand námsmanna. Oft hefur sú aðferð verið notuð að miða bara við að atvinnuleysi í aldurshópnum 16–24 ára sé sett í ákveðið hlutfall við almennt atvinnuleysi. Út frá þeirri nálgun mætti ætla að 3.600 stúdentar yrðu án vinnu í sumar. Þá er miðað við að þessi hópur sé almennt meira atvinnulaus eða eigi erfiðara með að finna sér vinnu en almennt á vinnumarkaðnum.

Hvað varðar sumarstörf fyrir stúdenta er verið að skoða möguleika á því að efla Nýsköpunarsjóð námsmanna. Sá starfshópur sem hér er vísað í á vegum iðnaðarráðherra hefur skoðað það að stofna tímabundinn verkefnasjóð, sumarverkefnasjóð, til að koma til móts við námsmenn. Enn fremur er verið að skoða möguleika á verkefnum sem hér voru kynnt undir almennu átaki til atvinnusköpunar hvað varðar stígagerð og skógræktarverkefni sem ætti líka að geta nýst námsmönnum þannig að áfram er unnið að þessum málum. Skrefið í dag miðar í rauninni bara að því að koma til móts við námsmenn sem vilja stunda sumarnám en það er líka unnið að því að fjölga störfum fyrir námsmenn. [Hlátur í þingsal.]

[13:46]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Ég bið hv. þingmenn að fylgjast með klukkunni og ef forseta yfirsést að hnippa í menn til að þeir fylgi tímanum eftir sem áður.

Hvalveiðar.

[13:47]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson tók ákvörðun um að heimila hvalveiðar næstu fimm árin. Þegar vel var liðið á janúarmánuð var með tilkomu hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra í ráðuneytið strax farið að gagnrýna þá aðgerð og boða breytingar á því vinnuferli sem var komið í gang. Þetta hefur haft þær afleiðingar að þeir sem hugðu á atvinnuuppbyggingu í þessum iðnaði, sérstaklega hvað varðar hrefnuveiðimenn, hafa ekki getað fengið það fjármagn eða lagt í að leggja fram það fjármagn sem þarf til að stofna öflugt fyrirtæki um þetta. Það er það mikil óvissa um framtíðina að ekki er hægt að leggja í þær fjárfestingar sem upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir og hefðu haft í för með sér mjög spennandi atvinnusköpun. Þess í stað mun þetta fara af stað með einhverjum lágmarksrekstri og lágmarksfjárfestingu sem mun auðvitað hefta þennan atvinnuveg og er orsökin falin í þeirri óvissu sem fram undan er.

Nú liggur á borðinu hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra frumvarp að lögum þar sem m.a. er gert ráð fyrir að taka úr gildi þessar heimildir til fimm ára sem nauðsynlegar eru til að hægt verði að fara í frekari fjárfestingar og uppbyggingu atvinnugreinarinnar. Ég spyr hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort þetta sé það frumvarp og sú lína sem hann muni fylgja eftir verði hann áfram með ítök í sjávarútvegsráðuneytinu eftir kosningar. Ég varpa einnig fram þeirri spurningu hvort honum finnist ekki eðlilegt og í raun gott að fá fram skýran vilja Alþingis sem liggur (Forseti hringir.) í þingsályktunartillögu sem lögð var fram í þinginu en hefur ekki (Forseti hringir.) fengist flutt enn. Væri ekki gott að fá hana fram í dagsljósið og láta þingið segja hug sinn í þessu máli?

[13:49]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Öllu má nú nafn gefa. Ég mundi ekki kalla það vinnuferli sem var í gangi í þessum málum af hálfu forvera míns. Satt best að segja var með ólíkindum þegar farið var að skoða það mál hvernig umbúnaðurinn var hvað varðar stjórnsýslureglur og stjórnsýsluframkvæmd, lagastoðina sem þetta byggði á og margt fleira.

Sú vinna hefur hins vegar nú öll verið sett í gang og vissar afurðir hennar litið dagsins ljós í formi þess að það er búið að breyta aðkomunni að úthlutun leyfa, tryggja þar jafnræði, fleiri aðilum gefst kostur á að sækja um leyfi ef þeir fullnægja kröfum og annað í þeim dúr sem er í samræmi við nútímaviðhorf til stjórnsýslu og jafnræðis í atvinnunýtingu af þessu tagi. Frumvarp um hvali liggur á heimasíðu ráðuneytisins. Það er afrakstur starfshóps sem ég skipaði. Ég ákvað að hafa ferlið allt saman opið og gagnsætt, bæði hvað varðar hvalaskoðunarsvæði og þessi drög að frumvarpi. Nú geta menn komið sjónarmiðum sínum að og rætt þau en að öðru leyti bíður það mál að sjálfsögðu næsta þings og nýrrar ríkisstjórnar. Það stóð aldrei til að reyna að afgreiða ný lög um þessi mál fyrr en á næsta þingi.

Mönnum mun gefast færi á að skoða það, tjá sig um það og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Það eina sem að mínu mati er óumflýjanlegt að afgreiða fyrr en síðar vegna vorsins og sumarsins sem í hönd fer er sú tilraun að sætta andstæð sjónarmið og andstæða hagsmuni milli hvalveiða og hvalaskoðunar sem eru fólgin í því að taka frá ákveðin hvalafriðunar- eða hvalaskoðunarsvæði. Ég reikna með að afgreiða það mál en láta frumvarpið og frekari meðferð málanna bíða næsta þings að öðru leyti.

[13:51]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það er í þessu eins og öðru hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra að hann svarar ekki spurningum mínum. Ég spurði hann hvort sú stefna sem í raun væri boðuð í því frumvarpi að lögum sem liggur á heimasíðu ráðuneytisins væri hans stefna og þar með hvort hann tæki úr sambandi þær heimildir til fimm ára sem veittar hafa verið og eru grundvöllur þess að byggja upp og leggja í fjárfestingu í þessari atvinnugrein eins og öðrum. Það getur enginn farið í tugmilljóna eða hundrað milljóna króna fjárfestingu með það eitt í farteskinu að geta hugsanlega starfað í greininni í eitt ár. Ég vil endilega að hæstv. sjávarútvegsráðherra svari þessari spurningu.

Þegar ég vitnaði í vinnuferlið var ég ekki að vitna í vinnuferli á vegum ráðuneytisins. Ég vísaði í það vinnuferli sem var komið af stað hjá því fólki sem er búið að bíða í mörg ár með atvinnutæki sín, þekkingu sína og reynslu undir þeim loforðum að hér ættu aftur að fara af stað hvalveiðar. Ég var að vitna í væntingar þess fólks um að geta farið að stunda vinnu sína aftur. Það vinnuferli var rofið (Forseti hringir.) þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra kom í ráðuneytið (Forseti hringir.) með þeirri óvissu sem hann hefur skapað í þessu máli. (Forseti hringir.) Það þýðir að þessi atvinnutækifæri, m.a. (Forseti hringir.) uppi á Akranesi, í umdæmi hæstv. forseta, (Forseti hringir.) munu (Forseti hringir.) ekki vera til staðar í sumar.

[13:52]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Maður veltir stundum fyrir sér hvort hv. þm. Jón Gunnarsson vilji helst að engin önnur atvinnustarfsemi sé stunduð á Íslandi en hvalveiðar. Það er fleira í þessu máli en það eitt. Ætli það skipti ekki máli að reyna að vanda umbúnað um þessi mál og hafa eftir því sem kostur er sæmilegan frið milli atvinnugreina, milli mismunandi nýtingarforma, þegar hlutir af þessu tagi eiga í hlut.

Ég hef ekki tekið neina endanlega afstöðu til frumvarpsins. Það er unnið af þessum starfshópi. Það er lagt upp á ábyrgð hans. Þeir menn sem starfshópinn skipa bera ábyrgð á innihaldi frumvarpsins en ég get hiklaust sagt að í öllum aðalatriðum er fólgin stórfelld framför í þessu frumvarpi frá gildandi lögum frá 1949 um starfsleyfi hvalstöðva sem eru náttúrlega á engan hátt í samræmi við nútímastjórnsýslu og -hugsun í þessum efnum í dag.

En það bíður, eins og ég sagði, betri tíma að takast á við það hér. Málið kemur að sjálfsögðu til Alþingis þegar frumvarpið verður (Forseti hringir.) flutt og mönnum gefst færi á að gera á því breytingar eða ræða það eins og þeir vilja.

Hagræðing í heilbrigðisþjónustu.

[13:53]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Eins og hér hefur komið fram er krónan að veikjast, atvinnuleysið að aukast og efnahagslíf landsins stendur mjög veikt. Þetta er grafalvarleg staða og alveg ljóst að við þurfum að koma efnahagslífinu í gang. Við framsóknarmenn höfum talað þar um róttæka aðgerð, 20% leiðréttingu á skuldum bæði húsnæðislána og til fyrirtækja, á meðan núverandi ríkisstjórnarflokkar hafa verið í hálfgerðum smáskammtalækningum, því miður.

Það þarf líka að hagræða í ríkisrekstri. Það er ljóst að heilbrigðisþjónustan og menntakerfið taka um 60% af útgjöldum ríkisins og við þurfum að hagræða um 50 milljarða í næstu fjárlögum árið 2010, 50 milljarða aftur 2011 og 2012, 150 milljarða á næstu þremur árum. Þessi hagræðing hlýtur að koma við heilbrigðisþjónustuna.

Núna erum við komin fram í apríl og ljóst að rammar ráðuneyta hljóta að vera orðnir nokkuð skýrir. Því er mjög mikilvægt að þegar hagrætt er innan heilbrigðisþjónustunnar sé það ekki gert þannig að grunnþjónustan bíði varanlegan skaða vegna þess að þegar hagur vænkast á ný er mjög mikilvægt að við getum strax aukið þjónustuna aftur.

Við hæstv. heilbrigðisráðherra höfum á fyrri tíð rætt saman um t.d. tilvísanakerfi að danskri fyrirmynd sem gæti líklega sparað um 500 milljarða kr. eða upp undir það á ári án þess að þjónustan mundi skerðast. Því spyr ég hæstv. heilbrigðisráðherra: Er heilbrigðisráðherra búinn að undirbúa hvað gerist eftir kosningar? Það líður að kosningum. Ég geri mér grein fyrir því að hæstv. ráðherra getur ekki núna tekið pólitískar ákvarðanir um hvernig eigi að hagræða innan heilbrigðisþjónustunnar en það væri óábyrgt að undirbúa ekki neitt. Því vil ég gjarnan spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra: Þarf Alþingi að koma saman á sumarþingi strax eftir kosningar (Forseti hringir.) til að taka ákvarðanir (Forseti hringir.) svo unnt sé að hagræða í heilbrigðisþjónustunni eins og við neyðumst til að gera?

[13:56]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Það er komið undir kjósendum þessa lands hvert framhald verður á því ríkisstjórnarsamstarfi sem stofnað hefur verið til. Það liggur í loftinu, finnst mörgum, að þarna á verði framhald enda komnar yfirlýsingar frá báðum stjórnarflokkunum um að hugur þeirra standi til slíks en við hljótum að bíða úrslita kosninganna, að sjálfsögðu, hvað þetta snertir.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að við þurfum að vanda til verka þegar fjárlög næsta árs eru annars vegar. Fyrir dyrum stendur umtalsverður niðurskurður í ríkisútgjöldum. Það er jafnframt ljóst að við þann niðurskurð þurfum við að forgangsraða og þá þannig að þeirri þjónustu sem viðkvæmust er verði hlíft. Við höfum ráðist í umtalsverðan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu, sem nemur 6,7 milljörðum kr. á þessu ári. Þetta hefur kallað á mikið samstarf innan heilbrigðisþjónustunnar og það er gott til þess að hugsa hve vel starfsfólk almennt og stjórnendur heilbrigðisstofnana hafa tekið í þau mál og lagst saman á árarnar. Það þarf að verða framhald á þeirri samvinnu.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að við þurfum að hugsa fram í tímann og hún nefnir sérstaklega tilvísanakerfi sem gæti orðið til þess að koma böndum á ríkisútgjöldin í heilbrigðisþjónustunni. Við megum hins vegar ekki flana þar að neinu. Það á ekki að taka nein (Forseti hringir.) heljarstökk í heilbrigðiskerfinu. Við þurfum að vera (Forseti hringir.) búin að undirbúa jarðveginn og framar öllu öðru

(Forseti hringir.) að sjá til þess að um kerfisbreytingar (Forseti hringir.) ríki víðtæk sátt í heilbrigðiskerfinu.

[13:58]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt að það veltur á kjósendum hvernig kosningarnar fara. Ég verð að segja eins og er að staðan sem við horfum framan í núna hræðir mig að vissu leyti. Það er vegna þess að vinstri flokkarnir mælast með það mikið fylgi að hér gæti orðið hrein vinstri stjórn að afloknum kosningum. Og vinstri sporin hræða. (**Gripið fram í:** Nú?)

Ég held að það væri skynsamlegt að meiri jarðtenging væri í þeirri ríkisstjórn en nú er af því að það hefur valdið okkur framsóknarmönnum miklum vonbrigðum hvað ríkisstjórnin hefur lítið komið til móts við fyrirtækin og heimilin í landinu. Þetta eru smáskammtalækningar sem ríkisstjórnin hefur stundað og sú tillaga sem við höfum komið fram með í okkar efnahagstillögum um 20% leiðréttingu á skuldum bæði fyrirtækja og heimila er róttæk tillaga sem verður að fara í. Sporin hræða.

Virðulegur forseti. Ég fagna því (Forseti hringir.) að hæstv. heilbrigðisráðherra heldur því enn þá (Forseti hringir.) opnu að fara í tilvísanakerfi að danskri (Forseti hringir.) fyrirmynd af því að það er alveg ljóst að það verður að hagræða. Það verður að (Forseti hringir.) koma efnahagslífinu af stað og það verður líka að hagræða.

[13:59]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram í máli mínu, bæði á Alþingi og utan þingsins, að ég er hlynntur því að við stefnum að því að taka upp valfrjálst stýrikerfi, tilvísanakerfi eins og hv. þingmaður víkur hér að. Það er viðfangsefni komandi mánaða og missira að búa í haginn fyrir slíka kerfisbreytingu.

Síðan er hitt, af því að vikið var að sporum sem hræða og öðrum sem hræða síður, ég hef fylgst með mikilli velþóknun með þeirri endurnýjun sem á sér stað innan Framsóknarflokksins. Þar tel ég að séu að verða jákvæðar áherslubreytingar vegna þess að það sem hræðir kannski mest af öllu eru sporin sem stigin voru af gömlu Framsókn. Muna menn eftir S-hópnum? Ég ætla að láta (Forseti hringir.) upptalningunni lokið.

Stefna í ríkisfjármálum og verðmat nýju bankanna.

[14:01]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Miðað við orðaskipti hæstv. fjármálaráðherra áðan við aðra þingmenn virðist sem hæstv. fjármálaráðherra, sá annars geðþekki maður, hafi farið aðeins öfugum megin fram úr rúminu. Ég ætla mér engu að síður að spyrja hann nokkurra spurninga og minna hann á að frá 1. febrúar — og þó að honum þyki erfitt að heyra það — hefur ekki bara krónan fallið um 16% — verkin áttu að tala, þið munið það — 8.000 manns til viðbótar á atvinnuleysisskrá frá 1. febrúar og mörg hundruð fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota frá 1. febrúar. Ég bið hæstv. fjármálaráðherra að spara mér þuluna um Sjálfstæðisflokkinn enn og aftur, [Háreysti í þingsal.] ég bið hann að spara mér ádeilu ... [Háreysti í þingsal.]

Það er svo skrýtið að það er eins og fólk vilji ekki tala um framtíðina, (Gripið fram í.) það er eins og fólk vilji ekki horfast í augu við veruleikann og horfast í augu við framtíðina. (Gripið fram í.) Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra — og ég er kannski ekki að gera honum mikinn greiða með því af því að ég vitna í auglýsingu frá samstarfsflokki hans og hann getur kannski ekki mikið borið ábyrgð á þeim flokki eða þeirri auglýsingu. Engu að síður stendur m.a. að núna sé komin fram ábyrg stefna í ríkisfjármálum. Ég hef ekki heyrt um hana, við vitum að það verða skattahækkanir en við höfum ekki fengið að ræða neitt um ríkisfjármál. Ég óska eftir því að fá að vita hvar ég get nálgast þessa ábyrgu ríkisfjármálastefnu.

Síðan er auðvitað stóra fréttin í auglýsingunni. Þar stendur:

„Verðmati nýju bankanna lokið sem fyrst samhliða endurfjármögnun."

Þetta er náttúrlega stórfrétt. Miðað við margar stórar fréttir núna yfir páskana [Háreysti í þingsal.] held ég að þessi hefði átt að rata í fréttir. Þess vegna spyr ég hæstv. fjármálaráðherra: Hvað líður því að við fáum að sjá verðmatið á nýju bönkunum sem er algjört lykilatriði til þess að fyrirtækin fari að fúnkera þannig að við komum í veg fyrir fjöldagjaldþrot fyrirtækja og förum loksins að halda utan um heimilin (Forseti hringir.) sem þessi ríkisstjórn hefur ekki gert?

[14:03]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ef við förum aðeins yfir þetta með gengið lætur nærri að gengi krónunnar hafi lækkað um 100% á u.þ.b. ári. Sjálfstæðismenn gera hér mikið úr því að 16% af þessari lækkun sé á ábyrgð núverandi ríkisstjórnar vegna þess að gengið hefur gefið eftir núna í mars og byrjun apríl. Er það þá ekki þannig að 84% af þessu gengishruni sé á ábyrgð Sjálfstæðisflokksins?

Ég er ekki feiminn við þessa umræðu [Háreysti í þingsal.] ef hv. sjálfstæðismenn telja sig slá af því miklar keilur í vandræðum sínum út af öðrum málum að fara upp með umræðu af þessu tagi sem er satt best að segja ekki uppbyggileg. Auðvitað höfum við öll miklar áhyggjur af veikingu krónunnar og af gríðarlegum skuldaerfiðleikum heimila og atvinnulífs. Ég held að við þurfum ekkert að fara í flokkadrætti um það. Það er eins ódýrt og nokkuð getur verið ef Sjálfstæðisflokkurinn ætlar núna að reyna að prjóna upp með það 10 dögum fyrir kosningar að öll þessi vandamál séu bráðabirgðaríkisstjórn að kenna sem tók við völdum 1. febrúar sl. Það dæmir sig fullkomlega sjálft.

Hvað varðar upplýsingar um ríkisfjármál er unnið samkvæmt því erfiða prógrammi að ná 150–170 milljarða halla á ríkissjóði í boði Sjálfstæðisflokksins, sem Sjálfstæðisflokkurinn skilur eftir sig, niður í 0, þ.e. frumjöfnuði á árinu 2011 og heildarjöfnuði á árinu 2013. Þetta er skýrt og menn vita hvað þetta þýðir, að það þarf að taka fyrsta skrefið á næsta ári og stærðargráða þess er 35–55 milljarðar kr. í minna bil milli tekna og gjalda hjá ríkissjóði. Þannig er

þetta. Þessi spil hafa verið lögð á borðið og við erum ekki að fela það fyrir kosningar hvað við teljum að þurfi að gera eftir kosningar.

Varðandi matið á bönkunum er yfirmatið nú að störfum eftir því sem ég best veit í öllum þremur tilvikum. Hversu langan tíma það nákvæmlega tekur get ég ekki upplýst, ég hef ekki þær dagsetningar eða tímasetningar í mínum höndum en ég (Forseti hringir.) get aflað þeirra.

[14:05]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég gat mér rétt til um fúkyrðaflauminn, ég fékk hann alveg þannig að þar hafði ég rétt fyrir mér. Líka varðandi það að svarið var ekkert svar. Þetta er eins og segir í laginu: Ekkert svar, ekkert svar, frá ríkisstjórninni. (**Gripið fram í:** ... syngja?) Það var ekki ég sem talaði um það hér að þessi nýja ríkisstjórn mundi láta verkin tala, það var hún sjálf. Og hver eru verk þessarar nýju ríkisstjórnar?

Ókei, við erum búin að fá það upplýst. Samfylkingin ber núna 100% — [Háreysti í þingsal.] það er Samfylkingin sem ber 100% ábyrgð á gengisfalli krónunnar, ekki alveg Vinstri grænir, aðallega Samfylkingin. Það er líka búið að upplýsa að þessi auglýsing frá Samfylkingunni er ekki rétt því að endurmati og verðmati nýju bankanna er sem sagt ekki lokið. En það er verið að segja allt annað í auglýsingu frá Samfylkingunni. Þar segir líka m.a. að ábyrg ríkisfjármálastefna liggi fyrir. Hún liggur hvergi fyrir, það kemur alveg ljóst fram.

Það sem liggur líka fyrir er að það er bullandi ágreiningur meðal ríkisstjórnarflokkanna varðandi atvinnumál, enda segir hér „Áætlun í vinnslu" þegar kemur að verkefnum sem eru þjóðhagslega arðbær og krefjast mikillar atvinnuþátttöku. (Forseti hringir.) Þar eru málin „í vinnslu" eins og segir í auglýsingunni.

[14:06]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur til hróss að það er ekki alveg kjarklaus manneskja sem kemur í ræðustól á Alþingi, talar fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins og ætlar nú að fara að kenna okkur hinum ábyrgð og heiðarleika í fjármálum. Það er ekki alveg kjarkleysi af Sjálfstæðisflokknum núna rétt eftir páskana að fara upp með málflutning af því taginu.

Ég tel að þessi ríkisstjórn hafi staðið fast í fæturna (Gripið fram í.) og glími vel við þau risavöxnu og erfiðu úrlausnarefni sem hún fékk óvænt í hendurnar. Ég held að þjóðin sé sama sinnis og það skyldi þó ekki koma í ljós innan 10–11 daga (**Gripið fram í:** 12.) hver dómur reynslunnar er hvað varðar vinnu þessarar ríkisstjórnar sem hefur sannarlega verið mjög starfsöm og gert mikið sem skiptir máli þó að menn geti vissulega alltaf óskað sér að hægt sé að gera betur. Ég kvíði alls ekkert þeim dómi og sérstaklega ekki ef sjálfstæðismenn verða sjálfum sér áfram verstir (Forseti hringir.) það sem eftir er þessarar kosningabaráttu (Forseti hringir.) eins og þeir hafa verið hingað til.

Fjármálafyrirtæki, 2. umr.

Stjfrv., 409. mál (slitameðferð og kostnaður af störfum skilanefnda). — Þskj. 693, nál. 857, brtt. 858.

[14:08]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, nánar tiltekið um slit fjármálafyrirtækja.

Frumvarpið sem hér um ræðir er afrakstur heildarendurskoðunar á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki og er jafnframt viðbrögð við því ástandi sem skapaðist hér á landi við fall bankanna í fyrrahaust. Við gerð frumvarpsins hefur einkum verið lögð áhersla á að jafnræðis kröfuhafa verði gætt og að reglur um endurskipulagningu og slit fjármálafyrirtækja samræmist hliðstæðum reglum um önnur fyrirtæki og einstaklinga, en þær reglur er að finna í gjaldþrotaskiptalögunum, nr. 21/1991, sem eru þrautreynd og hafa gefist vel.

Í nefndarálitinu er rifjað upp að með lögum nr. 130/2004 var tilskipun um endurskipulagningu fjárhags fjármálafyrirtækja og slit þeirra og samruna við önnur fjármálafyrirtæki innleidd í íslenskan rétt. Tilskipuninni var m.a. ætlað að koma á samræmdum reglum á Evrópska efnahagssvæðinu um endurskipulagningu fjárhags og slit fjármálafyrirtækja.

Við þekkjum hvað gerðist haustið 2008 þegar stjórnir þriggja stærstu bankanna hér á landi óskuðu eftir því við Fjármálaeftirlitið að það gerði ráðstafanir til að yfirtaka þá. Þá dugði ekki það regluverk og sú lagasetning sem það byggði á og hér þurfti að setja neyðarlög. Aðstæðurnar voru ófyrirsjáanlegar þegar reglur XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki voru settar og óvenjulegar að því leyti að segja má að heilt fjármálakerfi hafi fallið með bönkunum þremur en ákvæðin sem byggð voru á þessari tilskipun miðuðust fremur við að ein fjármálastofnun eða hluti fjármálakerfis hryndi en ástand í fjármálakerfinu væri þó nokkurn veginn eðlilegt að öðru leyti.

Það var gripið til þess að setja svonefnd neyðarlög, nr. 125/2008. Með þeim voru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitinu var m.a. veitt víðtæk heimild til að yfirtaka stjórn fjármálafyrirtækis við tilteknar aðstæður og eftirlitinu veitt heimild til að skipa fimm manna skilanefndir sem ætlað var að fara með allar heimildir stjórna yfirteknu fjármálafyrirtækjanna samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög og hafa umsjón með meðferð eigna þess og annast rekstur.

Þessi lög voru síðan endurbætt með svokölluðum nóvemberlögum, nr. 129/2008. Á þeim lögum voru gerðar þríþættar breytingar. Í fyrsta lagi var kveðið á um að fjármálafyrirtæki gæti verið í greiðslustöðvun í allt að 24 mánuði. Einnig að aðstoðarmaður í greiðslustöðvun yrði ekki skaðabótaskyldur vegna ákvarðana sinna og aðgerða sem aðstoðarmaður nema um væri að ræða brot af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, en þetta ákvæði var byggt á ákvæðum í neyðarlögunum sem ég nefndi áðan, um skilanefndir og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins sem voru undanþegnir slíkri ábyrgð. Loks var í nóvemberlögunum lagt bann við því að

dómsmál yrði höfðað gegn fjármálafyrirtæki í greiðslustöðvun nema í nánar tilgreindum tilvikum, og var einkum tekist á um þetta ákvæði hér þegar frumvarpið var til umræðu. Þetta síðasttalda ákvæði var talið brjóta gegn stjórnarskrá, rétti manna til að leita réttar síns fyrir dómi og Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi svo vera fyrr í vetur.

Með því frumvarpi sem hér er til umræðu er lagt til að flest ákvæði nóvemberlaganna verði felld brott. Meginatriði þessa frumvarps er að felldar verða brott sérstakar reglur um lengd greiðslustöðvunar fjármálafyrirtækja og afnumið það fyrirkomulag að aðstoðarmaður við greiðslustöðvun verði ekki skaðabótaskyldur og að fellt verði úr lögunum ákvæði um að dómsmál megi ekki höfða gegn fjármálafyrirtæki meðan á greiðslustöðvun stendur.

Segja má að frumvarpið sem gerir ráð fyrir nýju regluverki um slit fjármálafyrirtækja byggist á því að fjármálafyrirtækið sjálft hafi frumkvæði að því að leita til Fjármálaeftirlitsins um að það taki við ráðum yfir fyrirtækinu. Þá fellur úr gildi umboð stjórnar og við tekur bráðabirgðastjórn sem alla jafna er ætlað að starfa í um þrjá mánuði. Í ákvæði til bráðabirgða IV í þessu frumvarpi er jafnframt kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti haft frumkvæði að *því að yfirtaka ráð fjármálafyrirtækis en í því ákvæði* eru lögfestar flestar þær heimildir sem er að finna í neyðarlögunum, 100. gr. a. Þar er lagt til að fjármálafyrirtæki verði *tekið til slita eftir sérstökum reglum en í grunninn sé ýms*um ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti þó beitt við slitameðferðina. Þannig skal í stað skiptastjóra þrotabús skipa sérstaka *slitastjórn. Markmið starfa slitastjórnar er að fá* sem mest fyrir eignir fyrirtækisins, innkalla kröfur og taka afstöðu til þeirra. Samkvæmt frumvarpinu geta kröfuhafar *gætt hagsmuna sinna við slitameðferð og átt þess kost að* bera undir dómstóla ágreining um réttmæti krafna sinna og um ákvarðanir og ráðstafanir slitastjórnar eins og er almennt í gjaldþrotaskiptalögunum.

Síðan er í 9. gr. fjallað um lok slitameðferðar og þar er einnig um að ræða svipaðar aðferðir og er að finna í gjaldþrotaskiptalögunum. En mest umfjöllun nefndarinnar held ég að megi segja að hafi verið um ákvæði til bráðabirgða en gerð er tillaga um það í frumvarpinu að við lögin bætist fjögur ákvæði til bráðabirgða. Þar er m.a. í bráðabirgðaákvæði I kveðið á um að hafi fjármálafyrirtæki verið skipuð skilanefnd en það ekki komið í greiðslustöðvun fyrir gildistöku laganna skuli sú skilanefnd sjálfkrafa verða bráðabirgðastjórn og fellur þá meðferð á skiptum og slitum þess fyrirtækis undir almenn ákvæði laganna. Hér mætti taka dæmi af SPRON sem skipuð hefur verið skilanefnd en er ekki í greiðslustöðvun.

Í ákvæði til bráðabirgða II eru hins vegar lagðar til nokkrar sérreglur um fjármálafyrirtæki sem hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar við gildistöku þessara laga og þar er um að ræða Straum – Burðarás auk bankanna þriggja. Í fyrsta lagi er lagt til að greiðslustöðvun þessara fjármálafyrirtækja haldist áfram þrátt fyrir gildistöku laganna og í 2. tölulið ákvæðisins er mælt fyrir um að í greiðslustöðvun þeirra verði tilteknum ákvæðum frumvarpsins um slitameðferð beitt eins og fyrirtækið hefur verið tekið til slita með dómsúrskurði á þeim degi sem frumvarpið verður að lögum. Slitameðferðin mun áfram kennd við heimild til greiðslustöðvunar og þykir það nauðsynlegt til að greiðslustöðvun þessara fyrirtækja verði áfram viðurkennd af erlendum dómstólum.

Nefndin leggur til breytingu á þessum tölulið í þá veru að aðstoðarmaður í greiðslustöðvun sem hefur verið skipaður í þeim fjórum tilvikum sem ég nefndi hafi áfram eftirlit með ráðstöfun skilanefndar.

Í þriðja lagi er lagt til að skilanefndir þessara fyrirtækja haldi áfram störfum og gegni nánar tilgreindum verkefnum sem mælt er fyrir um að slitastjórn hafi samkvæmt almennum ákvæðum frumvarpsins. Þessi verkefni eru talin upp í 3. tölulið ákvæðisins og tel ég ekki þörf á að fara yfir þau frekar nema sérstakt tilefni gefist til.

Tillögur nefndarinnar varðandi þessi atriði eru tvíþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að orðalagi 2. málsliðar 3. töluliðar verði breytt í þá veru að verði sæti laust í skilanefnd eftir gildistöku laganna þurfi Fjármálaeftirlitið ekki að skipa mann í stað þess sem hættir nema nauðsyn beri til með tilliti til þeirra verkefna sem nefndin á enn ólokið. Þetta er öfugt við það sem orðalag frumvarpsins gerði ráð fyrir.

Þá lagði nefndin til svokallað sólarlagsákvæði um störf skilanefnda og lagði til að það yrði takmarkað hversu lengi skilanefndir skyldu starfa eftir gildistöku laganna þannig að slitastjórn mundi áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku, verði frumvarp þetta að lögum, taka við þeim verkefnum sem skilanefndum er ætlað að halda áfram að vinna samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu í 3. tölulið en þá verður liðið um það bil ár frá því að skilanefndirnar hófu störf. Því er ekki að leyna að þessi tillaga nefndarinnar hefur reynst býsna umdeild og hefur sætt mikilli gagnrýni, einkum af hálfu skilanefndanna, þeirra manna sem í þeim sitja og *kröfuhafa sem mest samskipti hafa átt við þær. Þó að ég* ætli ekki að tala fyrir hönd annarra nefndarmanna eru nokkrir nefndarmenn í hv. viðskiptanefnd með fyrirvara við *þetta ákvæði og munu væntanlega gera grein fyrir honum* hér.

Jafnframt vil ég lýsa því yfir að nefndin er sammála um að taka málið inn á milli umræðna til að fjalla frekar um þetta atriði, sólarlagsákvæðið. Það hafa borist býsna margar umsagnir, ábendingar og tillögur þar að lútandi eftir að nefndin skilaði áliti sínu inn og það er eðlilegt að skoða það í ljósi þeirra. Ég vil taka það fram að við munum einnig af þessum ástæðum kalla breytingartillögu aftur til 3. umr. við atkvæðagreiðsluna sem lýtur að þessu sólarlagsákvæði sem mig minnir að sé breytingartillaga 2.c. Ástæðan fyrir því að nefndin setti þessa tillögu fram er sú að nefndin taldi eðlilegt að skilanefndirnar rynnu sitt skeið á enda og að það ætti ekki að reynast vandkvæðum bundið að flytja verkefni yfir til slitastjórna enda gæfist þá rúmur tími til þess á hálfu ári. Það má benda á að verkefni skilanefnda var alltaf hugsað sem bráðabirgðaverkefni. Fyrsta skilanefndin sem var skipuð í Landsbankann var skipuð til 30 daga, næsta til 60 daga, sú þriðja til 90 daga en nú eru liðnir sex mánuðir þannig að sex mánuðir til viðbótar hefðu átt að reynast nægur tími.

Í nefndarálitinu er einnig bent á að frumvarpið er afrakstur heildarendurskoðunar á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki og nefndin telur eðlilegt að svo fljótt sem auðið er verði einungis farið eftir nýju reglunum verði frumvarpið

að lögum en ekki að um tvöfalt kerfi verði að ræða í ótilgreindan tíma. Sem fyrr segir mun nefndin væntanlega skoða þetta á milli umræðna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að aðstoðarmenn í greiðslustöðvun taki sjálfkrafa sæti í slitastjórnum fyrirtækjanna. Nokkrar ábendingar eða fyrirspurnir komu um hvort þetta fyrirkomulag gæti talist æskilegt með hliðsjón af sjónarmiðum um hæfi. Þar er til þess að vísa að í 5. mgr. 75. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. segir að ef í ljós komi eftir skipun skiptastjóra, í þessu tilviki aðstoðarmanns í greiðslustöðvun, að hann sé vanhæfur til að leysa tiltekið verk af hendi vegna vanhæfis og það án þess að það yrði talið varða neinu fyrir rækslu starfans að öðru leyti getur dómari að hans ósk skipað annan mann til að leysa verkið af hendi. Í tilvikum þar sem efast er um hæfi aðstoðarmanns í slitastjórn getur hann þannig vikið frá ákvarðanatöku.

Nefndin lagði einnig til að við ákvæði til bráðabirgða II bættist nýr töluliður þess efnis að hnykkt yrði á því að frá gildistöku laganna greiðist allur kostnaður af greiðslustöðvun og slitameðferð af eignum þess fjármálafyrirtækis sem í hlut á. Við nánari athugun hefur verið bent á að þessi breytingartillaga kynni að valda misskilningi og ýta undir þá túlkun að vafi leiki á ákvæðum neyðarlaganna þar sem fjallað er um ábyrgð ríkisins á kostnaði við slitameðferð fjármálafyrirtækja. Nefndin tekur þessar athugasemdir til greina og mun kalla þessa breytingartillögu aftur til 3. umr. við atkvæðagreiðslu á eftir því að það er ljóst að í neyðarlögunum segir að ríkissjóður beri ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins við slit og greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja. Þrátt fyrir það ákvæði að ríkissjóður hafi borið ábyrgðina hafa ríkissjóður og Fjármálaeftirlitið greitt allan áfallinn kostnað af störfum skilanefnda og einnig mati á eignum bankanna. Það var ekki ætlunin, a.m.k. ekki í mínum huga, þegar ákvæðið var lögfest að svo yrði heldur var þessu ákvæði eingöngu ætlað að tryggja að ríkið bæri ábyrgð á þeim kostnaði við skipti sem ekki fengist greiddur af eignum viðkomandi fjármálafyrirtækis eða bús eins og almennt gildir um skiptingu þrotabúa.

Herra forseti. Ég vil að lokum víkja að gildistíma og ákvæði til bráðabirgða IV. Nefndin gerir tillögu um að tímamark gildistímaákvæðisins í 100. gr. a gildandi laga, þar sem m.a. er fjallað um að Fjármálaeftirlitið geti sjálft haft frumkvæði að því að koma fjármálafyrirtæki til slitameðferðar, verði lengt til 1. júlí 2010. Upphaflega gerði frumvarpið ráð fyrir því að það mundi renna út um næstu áramót og í neyðarlögunum var ákvæði þess efnis að ákvæðið skyldi tekið til endurskoðunar fyrir árslok 2009. Nefndin gerir sem sagt tillögu um að þetta ákvæði neyðarlaganna verði framlengt og verði í gildi til 1. júlí 2010. Ég tek fram að auðvitað getur Fjármálaeftirlitið alltaf afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækja samkvæmt þessu frumvarpi verði það að lögum enda þótt þessi bráðabirgðaákvæði falli úr gildi, eins og hér er gerð tillaga um, um mitt ár 2010.

Herra forseti. Birkir J. Jónsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Birgir Ármannsson, Pétur H. Blöndal, Árni Mathiesen og Jón Magnússon skrifa undir álitið með fyrirvara. Aðrir á þessu áliti auk þeirrar sem hér stendur eru Lúðvík Bergvinsson og Höskuldur Þórhallsson.

Ég legg til að þessu máli, máli 409, verði vísað til nefndar milli 2. og 3. umr. og jafnframt kalla ég aftur breytingartillögu, liði c og d við tölulið 2, á þskj. 858.

[14:27]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Hæstv. forseti. Við ræðum nú mál 409, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum. Mig langar að fara aðeins yfir málið en fyrst og fremst að hafa í huga að það er algjörlega nauðsynlegt fyrir okkur á þinginu að setja málið í samhengi við neyðarlögin frá því í október í fyrra sem og nóvemberlögin svokölluðu. Ég ætla að reifa málið og svo aðeins að greina frá því sem ég hef lært í samskiptum við kröfuhafa aðallega.

Í frumvarpinu eru lagðar til viðamiklar breytingar á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki frá 2002. Þessi kafli fjallar um endurskipulagningu fjármálafyrirtækja, um slit þeirra og samruna við önnur fjármálafyrirtæki. Tilgangur frumvarpsins er m.a. sá að færa löggjöfina hér á landi betur í takt við tilskipun frá ESB nr. 24/2001. Kaflinn þarf að mæta þremur meginsjónarmiðum sem sett eru fram í tilskipuninni og þetta skiptir okkur miklu máli. Þessi sjónarmið eru: Í fyrsta lagi eining eða það sem á ensku er kallað Principal of unity, í öðru lagi algildi eða Principal of universality og í þriðja lagi jafnræðissjónarmið eða á ensku Principal of non-discrimination. Þessum sjónarmiðum er fylgt í frumvarpinu og þá með það í huga að tryggja algjört jafnræði innlendra og erlendra kröfuhafa fjármálafyrirtækjanna sem hafa starfsemi í fleiri en einu ríki á EES-svæðinu.

Þetta frumvarp þarf að mínu viti að standast próf um trúverðugleika gagnvart kröfuhöfunum. Því er rétt að skoða málið eins og það snýr við kröfuhöfum og setja það í samhengi neyðarlaganna, nr. 125 frá október 2008, og nóvemberlaga um fjármálafyrirtæki, nr. 129 frá 2008, þannig að þau lög sem nýverið hafa verið samþykkt séu höfð í huga við mat á frumvarpinu sem hér um ræðir.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ákvæðum laga nr. 125/2008 og nr. 129/2008, þ.e. neyðarlögin eða nóvemberlögin svokölluðu, var ekki ætlað að gilda til frambúðar enda voru þau sett til að bregðast við óvenjulegu neyðarástandi sem enginn gat séð fyrir, hruni fjármálakerfis heillar þjóðar. Það ber einnig að hafa í huga að ofangreind lög frá október og nóvember 2008 voru samin og samþykkt á afar skömmum tíma til að ferli skilanefndar, sem kveðið var á um í neyðarlögunum, gæti stuðst við lagabókstaf. Til upprifjunar voru neyðarlögin samþykkt sama dag og frumvarpið kom fram. Lögin frá 14. nóvember, nr. 129, höfðu aðeins rýmri tíma þótt vissulega hafi hann einnig verið afar takmarkaður. Þar var, eins og í október, verið að bregðast við neyðarástandi.

Lögin fjölluðu aðallega um þrjá þætti, í fyrsta lagi heimild skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis til að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi þrátt fyrir afturköllun FME á starfsleyfi þess. Í öðru lagi heimild til að lengja fresti og auðvelda tilkynningar fyrir aðstoðarmann fyrirtækis sem veitt hefur verið heimild til greiðslustöðvunar. Í

þriðja lagi ákvæði til bráðabirgða sem heimilar frestun fyrirtöku þrátt fyrir að greiðslustöðvun hafi verið veitt fyrir gildistöku laganna.

Lögin frá því í nóvember voru umdeild og beittu nefndarmenn meiri hluta þáverandi viðskiptanefndar sér fyrir því að hafinn væri undirbúningur að því frumvarpi sem nú er til umræðu. Strax í kjölfar nóvemberlaganna svokölluðu var hafist handa við að semja það frumvarp sem við ræðum nú því það var alveg ljóst að endurskoða þyrfti XII. kaflann algjörlega en til þess vannst ekki tími í nóvember.

Þegar um miðjan nóvember hófst því undirbúningur að heildarendurskoðun á XII. kafla laganna frá 2002 sem tæki einnig tillit til þess ástands sem hefði skapast á Íslandi. Frumvarpið sem hér um ræðir fjallar um nýjar reglur um slitameðferð fjármálafyrirtækja sem eru að miklu leyti sömu reglur og gilda um gjaldþrotaskipti. Skipuð verði slitastjórn sem hafi um flest sömu heimildir og skiptastjóri þrotabús. Þó gildir sú regla að slitastjórn hafi það að meginmarkmiði sínu að hámarka virði eigna fjármálafyrirtækja og þannig geti þurft tíma til þess að viðunandi verð fáist fyrir eignirnar. Ég fagna þessu sérstaklega vegna þess að þetta er beinlínis skynsamlegt í samhengi við það sem er að gerast, að það gefist tími til að fá hámarksvirði fyrir eignir. Í því samhengi er sérstök áhersla lögð á að lánardrottnar þeirra fjármálafyrirtækja sem í hlut eiga hafi tök á að gæta hagsmuna sinna, samanber sjónarmið ESB-tilskipunarinnar nr. 24/2001.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að gefin verði út innköllun þar sem kröfuhöfum gefst kostur á að lýsa kröfum sínum til slitastjórnar og að afstaða verði tekin til þeirra. Kröfuhafar geti gætt hagsmuna sinna við slitameðferð og geti borið ágreining um réttmæti krafna og ráðstafanir slitastjórnar undir dómstóla. Þá er gert ráð fyrir því að fjármálafyrirtæki geti hafið starfsemi á ný með samþykki FME ef eigendum verði greiddur hluti þeirra í fjármálafyrirtækinu. Einnig að slitastjórn geti leitað nauðasamnings við kröfuhafa og efnt hann og í framhaldi geti fjármálafyrirtæki hafið starfsemi með samþykki Fjármálaeftirlitsins eða eignir þess verði greiddar hluthöfum eða stofnfjáreigendum ef einhverjar eru. Þá er gert ráð fyrir að slitastjórn sé skylt að krefjast gjaldþrotaskipta á búi fjármálafyrirtækis.

Bráðabirgðaákvæðin eru í fjórum liðum og þar er einkum horft til þeirra fjármálafyrirtækja sem þegar eru í höndum skilanefnda og njóta greiðslustöðvunar. Þessi bráðabirgðaákvæði urðu helsta umræðuefni viðskiptanefndar og þeirra gesta sem komu á fund hennar enda er sátt um flest annað í frumvarpinu. Það var mikið rætt um breytingartillögurnar sem hv. formaður viðskiptanefndar hefur þegar greint frá og það er nákvæmlega þar sem helsta ágreiningsefnið er.

Virðulegi forseti. Grundvallaratriðið í allri umræðunni er að setja frumvarpið í samhengi við það sem áður hefur gerst og gæta trúverðugleika og jafnræðis. Trúverðugleiki, jafnræði kröfuhafa, algildi og eining eru prófsteinninn á frumvarpið og því er áhugavert að heyra viðhorf kröfuhafa gagnvart því. Það er ágætt að meta þá þætti sem þessir aðilar eru aðallega að velta fyrir sér í samhengi við frumvarpið. Helstu álitamál frá sjónarhorni kröfuhafa lúta að breytingartillögum meiri hluta viðskiptanefndar um svonefnt sólarlagsákvæði sem gilda ætti þá, ef það yrði að lögum, um starfsemi skilanefnda Glitnis, Kaupþings og Landsbankans.

Ég tók með mér nokkur erindi sem okkur nefndarmönnum í viðskiptanefnd bárust frá kröfuhöfum eða fulltrúum kröfuhafa en það ber einnig að hafa í huga að kröfuhafarnir eða fulltrúar kröfuhafa sem sitja kröfuhafafundi Glitnisbanka, Landsbanka og Kaupþings banka, þ.e. gömlu bankanna, eru mikið til sömu aðilarnir. Ég tel að jafnvel megi ná í yfir 70% af kröfuhöfum í gegnum 40 til 50 manns. Ég ætlaði aðeins að vitna í þetta atriði um sólarlagsákvæðið, sem er þetta umdeilda ákvæði um að skilanefndir skuli ljúka starfi innan sex mánaða frá því að frumvarpið verður að lögum. Við þetta ákvæði voru fyrirvarar sjálfstæðismanna, þeirra hv. þm. Péturs Blöndals, Birgis Ármannssonar, Árna Mathiesens og Jóns Magnússonar, við þetta frumvarp. Ég á sæti í viðskiptanefnd en sat ekki fundinn þegar þetta mál var afgreitt til 2. umr. vegna setu minnar í forsætisnefnd á sama tíma.

Til þess að vitna aðeins í það sem kom fram í athugasemdum kröfuhafa langar mig fyrst nota líkingamál sem kemur frá bandarískum aðila sem starfar fyrir lögfræðifyrirtækið Bingham og hann starfar fyrir hönd fjölmargra af stærstu skuldabréfaeigendum Kaupþings banka, ef ég skil rétt. Viðkomandi notaði það líkingamál að frá sjónarhorni kröfuhafa mætti lýsa ástandinu þannig að fyrir sex mánuðum hafi íslenskir skilanefndarmenn mætt til leiks. Þeir hafi ekki kunnað leikinn sem var spilaður þannig að í liði kröfuhafanna var fólk sem var kannski vant því hvernig staðið skuli að svona uppgjöri en það komu Íslendingar sem bæði voru að fóta sig á nýrri löggjöf, þ.e. neyðarlögunum og svo seinna nóvemberlögunum, en höfðu kannski ekki mikla reynslu af því að vinna í svona málum. Það má því ímynda sér fótboltaleik og það kemur nýtt lið inn á leikvöllinn sem kann ekki alveg reglurnar, þ.e. íslenska lið, en kröfuhafaliðið var tilbúið að kenna því þær. Fulltrúi kröfuhafa sagði að íslensku spilararnir hefðu lært fljótt, skilanefndarmennirnir, að vinna með kröfuhöfunum í þessum leik og smám saman fór þetta að fara frá undirbúningsfasa yfir í að setja einhvers konar heildarskipulag á starfsemina, og allir með sama markmið, það var að hámarka virði eignanna þannig að allir kæmu sem best út úr þessum málum. Þetta var í hag Íslendinga vegna þess að kröfuhafarnir sögðu: Já, við erum búin að missa mikið af fjármunum. Þið viljið ekki að við bæði missum mikið af fjármunum en líka allt álit á Íslendingum á sama tíma. Það væri auðvitað í hag okkar allra ef þeir sem misstu svo mikla fjármuni gætu haldið sáttir áfram í seinni hálfleik.

Þessi aðili lýsti líka seinni hálfleik: Eigum við núna í seinni hálfleik að fá nýtt lið inn á leikvöllinn? Á það nýja lið að þurfa að læra leikreglurnar upp á nýtt? Eigum við að þurfa að kenna nýju liði leikreglur? Þar að auki bættist við að leikreglurnar eru að breytast. Þetta fannst þeim óásættanlegt, þessum kröfuhöfum. Þeir sögðu beinlínis að frumvarpið gæfi það til kynna að ríkisstjórn Íslands hafi það grundvallarmarkmið að tefja fyrir lausn mála fremur en að leysa bankakrísuna á sanngjarnan hátt. Þessir aðilar krefjast þess, eða hvetja til þess, þeir krefjast einskis, þeir hvetja til þess að skilanefndin fái að starfa áfram vegna þess að ákveðið ferli var komið í gang. Kröfuhafar, sem eru þýsku

fjármálafyrirtækin Deutsche Bank og Bayern LB, fulltrúi þeirra sagði að hann vildi ekki fá nýja einstaklinga sem þurfi að setja sig inn í málin. Þetta mundi valda þeim miklum vonbrigðum. Sömuleiðis að nýir einstaklingar sem koma að málum á þessu viðkvæma stigi gætu sett málið í upplausn.

Fulltrúi frá Morgan Stanley, ráðgjafi í Kaupþingi banka, að ég tel, og breska fjármálafyrirtækið Lloyds, sem er meðal stærstu lánveitenda bankans, þeir sögðu að hætta væri á að ferlið glataði trúverðugleika og með því að beita þessu sólarlagsákvæði á störf skilanefndanna eins og breytingartillaga meiri hluta nefndarmanna gerði ráð fyrir, að það væri verið að skipta út lykilmönnum, það mundi orsaka tafir og senda kröfuhöfum röng skilaboð um að við vildum tefja málið. Ég gæti haldið áfram vegna þess að fleiri blöð bárust nefndarmönnum — ekki bara mér heldur öllum nefndarmönnum, að ég tel — þar sem kröfuhafarnir lýstu því að þeir vildu ekki þurfa að þola það að nú kæmu allt í einu breyttar reglur og nýir menn og að það þyrfti að byrja upp á nýtt. Ég held að okkur sé hollt að hlusta á þetta. Auk þess kom fram gagnrýni frá fleirum um þetta ákvæði. Ég held að okkur sé nær að halda okkur við spilavöllinn eins og hann er, reyna að klára þetta í sátt við kröfuhafana eins og hægt er, reyna að hámarka virði eignanna þannig að það tapist sem minnst af fjármununum.

Hafandi sagt þetta er ég engu að síður mjög sátt við frumvarpið. Ég styð það að öðru leyti en hvað varðar umrætt ákvæði. Þess vegna fagna ég því sem fram kom í máli hv. formanns viðskiptanefndar, Álfheiðar Ingadóttur, að málið yrði kallað til nefndar milli 2. og 3. umr. þar sem við mundum ræða þetta ákvæði sérstaklega, ásamt reyndar öðru. Ég tel mjög mikilvægt að við gerum það og tel það skipta mjög miklu máli að þarna sé gengið í verkin og að við þurfum ekki að vera að setja ferli sem er komið vel af stað í uppnám.

[14:42]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé algjör misskilningur og vil ekki láta þeim orðum ómótmælt að íslensk stjórnvöld séu að tefja fyrir lausn málsins eða setja það í uppnám á þessu stigi. Ég vil minna á að þetta frumvarp, eins og hv. þingmaður nefndi, hefur verið í vinnslu frá því að nóvemberlögin voru sett og það var unnið í miklu samstarfi við réttarfarsnefnd og þá sem gerst þekkja til gjaldþrotaskiptaréttarins hér á landi. Á því stigi var frumvarpið mjög vel kynnt bæði fyrir skilanefndum og fyrir kröfuhöfum. Það er á því stigi sem frumvarpið tekur þeim miklu breytingum sem má sjá stað í bráðabirgðaákvæði nr. II um áframhaldandi greiðslustöðvun bankanna gömlu og áframhaldandi störf skilanefndanna.

Það er algjör misskilningur að kröfuhafar vilji ekki nýja einstaklinga í þetta mál því að það er algjörlega nauðsynlegt að fá nýja einstaklinga að þessu borði núna til þess að geta kallað inn kröfur vegna vanhæfis skilanefndarmanna. Slitastjórnin er algjört lykilatriði fyrir kröfuhafa, slitastjórn sem er skipuð af héraðsdómi og er þetta nýja lið inn á leikvöllinn sem hefur hæfi til þess að innkalla kröfur og úrskurða um þær. Þetta eru ríkustu hagsmunir kröfuhafanna hvort heldur þeir eru innlendir eða erlendir, fyrir nú utan að greiðslustöðvunin haldist áfram. Það varð ákveðið upphlaup vegna þessara hugmynda um sólarlagsákvæði en það breytir engu um að ýtrustu hagsmunir kröfuhafa eru fólgnir (Forseti hringir.) í slitastjórninni og því að geta lýst sínum kröfum.

[14:45]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vitnaði í orðræðu kröfuhafa um það að íslensk stjórnvöld séu að tefja fyrir lausn mála, þannig blasti það við. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir á væntanlega sömu blöð og þau sem ég las þetta upp af, hún fletti hér stórri möppu. Ég las beint upp úr því sem kröfuhafar voru að segja, málið blasti þannig við.

Varðandi slitastjórnirnar þá er það alveg rétt að þær hafa hlutverk sem skiptir alla máli. Það breytir því ekki að það er annað hlutverk sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og við gerum öll ráð fyrir, að sé sinnt og það er að hámarka virði eigna bankanna og vinna með kröfuhöfunum að því. Það eru sameiginleg markmið. Kröfuhafar bentu reyndar líka á að það eru þeir sem greiða laun allra þessara aðila, bæði slitastjórnar og skilanefnda. Það er því verið að leita að lausn sem er nokkurs konar salómonslausn í málinu þannig að skilanefndirnar gætu áfram starfað með kröfuhöfunum en að sama skapi færðist málið í réttara far með því að skipa svokallaðar slitastjórnir vegna þess að það er auðvitað sérstakt verkefni sem nú þarf að sinna vel, þ.e. verkefni þeirra.

Varðandi það að réttarfarsnefnd hafi komið að því að semja frumvarpið þá er það vissulega fagnaðarefni að við fengum greinilega mjög góða aðila til þess. Þeir hafa nýtt tímann vel frá því í nóvember til þess að setja fram ágætisfrumvarp, og ég set mig ekki upp á móti neinu í frumvarpinu, það er bara breytingartillaga 2.b ef ég man rétt.

[14:47]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Ég vil í upphafi segja að við þingmenn Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, bæði þeir sem eru á nefndarálitinu og þeir sem ekki voru viðstaddir, styðjum frumvarpið og teljum nauðsynlegt að það fái afgreiðslu hér á þinginu sem fyrst.

Það eru þrjú atriði sem ég vildi þó aðeins nefna í þessu samhengi. Í fyrsta lagi það að við skulum á þessum tíma vera að gera breytingar á löggjöf um fjármálafyrirtæki hvað þessi atriði varðar. Ekki eru nema fimm ár frá því að við innleiddum tilskipun frá Evrópusambandinu um breytingar á þessum kafla laganna sem voru út af fyrir sig nýmæli. Það hefur hins vegar komið í ljós að þær breytingar sem við gerðum voru ekki fullnægjandi, og maður veltir því fyrir sér hvernig standi á því. Í þeim breytingum sem þá voru gerðar var gert ráð fyrir því að heimaríkin réðu þessum málum sjálf en samt sem áður var tilgangurinn að ná samræmi á milli ríkja innan EES-svæðisins. Það virðist því eitthvað hafa skolast til og maður veltir því fyrir sér hvers vegna það gerðist, hvort við höfum ekki verið nægilega vel á vaktinni hvað þessa löggjöf varðar. Er ég þá sérstaklega að tala um slit á fjármálafyrirtækjum.

Ég fellst á það að hafa þurfi annars konar ákvæði og annars konar löggjöf í einhverjum atriðum en um önnur fyrirtæki vegna eðlis og sérstöðu fjármálafyrirtækja. En ég undrast það að við höfum ekki verið búin að koma hlutum betur fyrir hvað þetta varðar fyrr en nú er. Það var ekki tímapunkturinn til að gera það þegar neyðarlögin voru sett, þetta er eitthvað sem við hefðum átt vera búin að gera fyrir löngu.

Annað atriði sem ég vildi nefna varðar gildistímabil neyðarlaganna. Í bráðabirgðaákvæði IV í frumvarpinu er gert ráð fyrir að neyðarlögin gildi til ársloka 2009 en nefndin leggur reyndar til að framlengja það tímabil til 1. júlí 2010. Ég hef nokkrar áhyggjur af þessu, að við skulum yfirleitt vera að setja tímamörk á þetta, en er auðvitað sáttur við að lengt skuli vera í þeim mörkum. Það gefur okkur lengri tíma til að íhuga það hvernig við viljum haga þessum málum. Ástæðan er sú að málsmetandi menn á þessu sviði innan Evrópusambandsins, í löndum sem lent hafa í bankakrísu, fjármálakrísu — og þá er ég að tala um aðila sem komu beint að þeirri krísu og eru enn í dag í embættum sem hafa mikið með þessi mál að gera — hafa tjáð mér, og það fyrir þó nokkrum mánuðum, í raun og veru í upphafi þessara erfiðleika okkar, að þeir sjái mjög mikið eftir lagaákvæðum sem voru í gildi hjá þeim þegar þeirra bankakrísa var í gangi en hafa núna fallið úr gildi, að hafa þau ákvæði ekki tiltæk til þess að nýta þau í því ástandi sem ríkt hefur í Evrópu í vetur.

Fjármálakrísur gera ekki boð á undan sér. Ef menn hafa ekki tækin, ef menn hafa ekki löggjöfina til þess að nýta og bregðast við þá þurfa menn að setja neyðarlög og ég held að það hljóti að vera verra. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort ekki þurfi að vera í gildi ákvæði sem heimila yfirvöldum að grípa inn í með meira afgerandi hætti en með því að svipta fjármálafyrirtækin starfsleyfi eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir nefndi hér áðan.

Það getur auðvitað verið að þetta orki að einhverju leyti tvímælis og það geti verið einhver ógnun fyrir fjármálafyrirtækin ef yfirvöld hafa slíkar valdheimildir. En þá verðum við líka að hafa í huga að þessi starfsemi hefur skákað í því skjóli að hið opinbera þurfi — liggur mér við að segja — jafnan að grípa inn í þegar eitthvað verulega stórt bjátar á. Ef menn ætlast til þess að hið opinbera geti gripið inn í á fjárhagslegum forsendum verður það að hafa lagaheimildirnar til þess að grípa inn í og taka í taumana á starfseminni. Ég held því að við þurfum að íhuga þetta og ég held að þetta þurfi að haldast í hendur. Við getum auðvitað haft kerfið þannig að það sé þá alveg klárt að hið opinbera grípi ekkert inn í og fjármálafyrirtækin séu sjálf ábyrg fyrir því sem þau gera. Ég er sannfærður um það að ef staðan væri sú mundu þau hegða sér öðruvísi og hefðu hegðað sér öðruvísi en þau gerðu. Sú breyting sem lögð er til gefur okkur alla vega betri tíma til þess að íhuga þetta og þá getum við gert það í samhengi við það sem gerist annars staðar í heiminum og hvers konar regluverk við erum þá að horfa fram á á vorþingi 2010.

Þriðja atriðið sem ég vildi nefna varðar fyrirvara okkar þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem ritum undir nefndarálitið en það varðar c-lið 2. gr. breytingartillagnanna um skilanefndirnar og sólarlagsákvæðið á starfsemi þeirra. Við höfum áhyggjur af því að þetta ákvæði geti haft áhrif á lánardrottna sérstaklega, að þeir verði órólegir vegna þess að þeir sjái fyrir sér að hugsanlega verði breytingar á skilanefndunum sem þeir telji óhagstæðar, að nýir aðilar séu að koma að þessu sem ekki hafi komið að þessu áður. Við höfum áhyggjur af þessu vegna skilanefndanna og þeirra verkefna sem þeim eru falin samkvæmt frumvarpinu, ekki vegna þess að við höfum áhyggjur af aðkomu slitastjórnanna, þær hafa ákveðin og tiltekin verkefni sem ég held að lánardrottnarnir þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af. En það eru þau verkefni sem frumvarpið gerir ráð fyrir að skilanefndirnar hafi sem við teljum að skipti máli í þessu sambandi.

Afstaða okkar byggist ekki á því að við séum sérstaklega að gæta hagsmuna skilanefnda eða þeirra sem þar sitja. Við erum auðvitað sammála öðrum nefndarmönnum í því að æskilegt væri að einungis eitt skipulag væri í gangi á hverjum tíma. En aðstæður hafa orðið þessar og leitt okkur í þessa átt og það sem skiptir mestu máli fyrir okkur í dag hvað bankana varðar er að hafa gott samstarf og ná góðu samkomulagi um niðurstöðu hvað varðar framtíð bankanna við lánardrottnana. Við höfum því þennan fyrirvara varðandi þessa breytingartillögu. Reyndar var rætt um það í nefndinni að við mundum fá málið aftur til umræðu milli 2. og 3. umr. og eins og fram hefur komið hjá hv. formanni þá verður það gert. Ég held að það sé skref í rétta átt að draga þessa tillögu til baka á meðan við erum að vinna í þessu frekar.

[14:56]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli hv. þingmanns á því að breytingar hafa orðið á skilanefndunum frá því þær voru skipaðar, og reyndar á tveimur af þremur. Mér er ekki kunnugt um að nokkrar breytingar hafi orðið á skipan manna í skilanefnd Landsbankans en það hafa svo sannarlega orðið mannabreytingar í skilanefndum hinna bankanna tveggja. Það hefur ekki valdið neinum sérstökum erfiðleikum í samskiptum við kröfuhafa. Það kemur jú alltaf maður í manns stað og við skulum vona að þannig verði það áfram.

[14:57]

Árni M. Mathiesen (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit auðvitað að breytingar hafa orðið á skilanefndunum en skilanefndirnar hafa ekki verið lagðar niður og ég held að það sé talsvert mikill munur á því annars vegar að breytingar verði á samsetningu nefndanna og svo því að þær verði einfaldlega lagðar niður í heild sinni og nýtt apparat taki við verkefnunum þar sem þeir sem í skilanefndunum sátu geta ekki setið vegna hæfiskrafna.

Þetta snýst um það af hálfu lánardrottna að samfella sé í starfinu. Þær breytingar sem orðið hafa á skilanefndunum hafa ekki orðið þannig að heilu skilanefndirnar hafi horfið af vettvangi í einu heldur hafa einn eða kannski tveir farið út í einu og nýir komið inn en aðrir sem fyrir voru hafa setið áfram þannig að samfella hefur verið í starfi þeirra. Það er það sem skiptir máli í þessu samhengi og um það snýst fyrirvari okkar.

[14:58]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég ætla ekki að bæta miklu við það sem félagar mínir úr viðskiptanefnd, hv. þm. Árni M. Mathiesen og Guðfinna Bjarnadóttir, hafa lagt inn í umræðuna og eins fór formaður nefndarinnar, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, vel yfir ýmsa þætti málsins. Ég vil bara undirstrika vegna þess fyrirvara sem ég gerði við nefndarálitið í nefndinni að það er vegna sömu þátta og fram hafa komið varðandi breytingartillögur og stöðu skilanefndanna. Ég tel mikilvægt eins og þeir sem hér hafa talað að málið gangi til nefndar milli 2. og 3. umr. þannig að við eigum þess kost að fara yfir þær athugasemdir sem borist hafa frá aðilum sem tengjast þessu máli og að við séum ekki að hrapa að neinu.

Það er auðvitað ljóst eins og kom fram í framsöguræðu formanns nefndarinnar að þetta frumvarp hefur fyrst og fremst í för með sér breytingar á ýmsum ákvæðum þeirra neyðarlaga sem sett voru í nóvember og við stóðum saman að í þinginu að setja að mestu leyti. Meðganga þess máls var harla stutt hér í þinginu og menn lögðu mikla áherslu á það á sínum tíma að ljúka þeirri umfjöllun hratt.

Það er óhætt að segja að fljótlega eftir þá afgreiðslu vöknuðu efasemdir hjá aðilum utan þings og eins hjá ýmsum þingmönnum, m.a. nokkrum úr þáverandi meiri hluta viðskiptanefndar, um að allir þættir málsins hefðu verið skoðaðir til hlítar. Við settum okkur nokkur í samband við þáverandi hæstv. viðskiptaráðherra og ráðuneytið um að tilteknir þættir yrðu skoðaðir með sérfræðingum ráðuneytisins og færustu sérfræðingum á sviði réttarfarsmála. Það lá fyrir að ákveðnir agnúar voru á þessari nýsamþykktu löggjöf sem þurfti að laga og var sú vinna sett í gang. Má segja að frumvarpið sem hér liggur fyrir sé afrakstur þeirrar vinnu sem reyndar varð töluvert víðtækari en við héldum þegar við lögðum upp með þessar ábendingar til ráðuneytisins á sínum tíma.

Þetta mál gengur út á að reyna að laga regluverkið á þessu sviði að óvenjulegum aðstæðum. En um leið og það þarf að taka sérstakt tillit til stöðu fjármálafyrirtækja í þessum vandræðum liggur fyrir að það þarf að hafa þætti í löggjöfinni sem njóta viðurkenningar á alþjóðavettvangi þannig að erlend yfirvöld og dómstólar taki mark á því og kannist við þær reglur sem fyrir hendi eru. Frumvarpið gengur út á að skapa lagaramma sem hentar þeim aðstæðum sem eru hér fyrir hendi en um leið að hafa inni þá þætti sem skipta máli svo að löggjöfin sé tekin gild annars staðar og búum gömlu bankanna þannig veitt sú vernd gagnvart málssóknum og fullnustugerðum sem nauðsynlegt er.

Eins og komið hefur í ljós síðan við fjölluðum um málið í nefndinni eru þarna ríkir hagsmunir ýmissa aðila, m.a. erlendu kröfuhafanna, og hafa þeir látið í ljós ýmis sjónarmið um þetta.

Ég legg áherslu á það að lokum að við förum yfir þau sjónarmið í þessari nefnd og tökum afstöðu til þeirra í góðri sátt eins og þetta mál hefur verið unnið allan tímann. Það hefur verið góð sátt í nefndinni og vilji til þess að leiða þau mál til lykta sem upp hafa komið. Ég held að það sé mikilvægt í þessu sambandi.

[15:05]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 858,1 (4. gr. verði 9. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. I samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 858,2,a–b samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 858,2,c–d kölluð aftur til 3. umr.
Ákvæði til brb. II, svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. III samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 858,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. IV, svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til viðskn.

Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, frh. 2. umr.

Frv. allshn., 461. mál (heildarlög). — Þskj. 859, nál. 919.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–12. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 919 samþ. með 43 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Tekjuskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 410. mál (hærri vaxtabætur 2009). — Þskj. 695, nál. 798.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]

Brtt. í nál. 798 (ný 1. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Tilhögun þingfundar.

[15:10]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag eða þar til umræðu um dagskrármálin er lokið. Er óskað atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta?

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar og borgarafundur.

[15:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að vekja athygli á því að í kvöld er borgarafundur hér í Reykjavík. Það hefur skapast

ágæt hefð fyrir því að gera hlé á þingstörfunum á meðan slíkur fundur er haldinn. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. Mörður Árnason vill bera saman borgarafundi í Reykjavík þar sem verið er að ræða stjórnmál og breska knattspyrnuleiki er það alveg hans val.

En ég ætla að ræða það við hæstv. forseta að hann geri alla vega hlé á fundinum þangað til klukkan er korter yfir 9, í þann tíma sem borgarafundurinn mun standa, ef ég veit rétt. Þegar að þeim tíma er komið finnst mér full ástæða til þess að gera hlé á fundunum þannig að við gætum þá haldið áfram á morgun með þingfund. Ég treysti forseta til þess að haga fundi þannig að (Forseti hringir.) það verði gert hlé þegar kemur að borgarafundinum.

[15:12]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns vill forseti taka fram að það er rétt hjá hv. þingmanni að hér hefur skapast sú hefð að gera hlé á þingfundum á meðan slíkir fundir standa yfir og er það ætlun forseta að gera slíkt hið sama í kvöld. Er óskað atkvæðagreiðslu um þá tillögu sem forseti kynnti hér áðan?

[15:13]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Mér þætti líka gott að vita hvað meiningin er að halda áfram lengi, hvort ekki megi treysta því að fundi verði frestað eða slitið um miðnætti eða hvort meiningin er að halda áfram út í nóttina. Ég hefði talið að eðlilegt væri að miðað yrði við það þegar þessi sólarhringur er liðinn, hvað sem líður enska fótboltanum.

[15:13]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti vill taka fram vegna orða hv. þingmanns að nú er þriðjudagur og samkvæmt þingsköpum er eingöngu óskað eftir slíkri heimild sem forseti kynnti áðan ef ætlunin er að fara fram yfir miðnætti.

[15:14]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Ég var rétt í þessu að fá fundarboð um að það yrði fundur í hv. viðskiptanefnd í matarhléi í kvöld. Get *ég ekki treyst því að það verði þá slegið saman matarhléinu* og hléinu vegna borgarafundarins? Ég vil gjarnan bæði getað mætt á fund viðskiptanefndar og fylgst með borgarafundinum. Það verði þá hlé frá klukkan 7. (**Gripið fram í:** ... tíufréttir líka.) Ég hef minni áhyggjur af þeim fréttum sem hv. þingmaður talar um og af knattspyrnunni. Þau mál leysast alltaf einhvern veginn. (**Gripið fram í:** ... í fréttum þessa dagana.)

[15:14]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns treystir forseti því að hægt verði að sinna hvoru tveggja, þ.e. að matarhléið verði um leið og hlé er á fundum. Forseti tekur að sjálfsögðu ekki ákvörðun um hvenær viðskiptanefnd fundar nákvæmlega, það er formaður viðskiptanefndar sem tekur ákvörðun um slíkt. Enn á ný spyr forseti hvort óskað sé eftir atkvæðagreiðslu um þá tillögu sem forseti kynnti áðan. Ef svo er ekki skoðast hún samþykkt.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805, 882 og 917.

[15:16]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Það er rétt að halda umræðum áfram, þ.e. 2. umr. um breytingar á stjórnarskipunarlögum. Ég tók *eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. forseti Alþingis lýsti* því yfir að hann byggist við því að þingi lyki nú á fimmtudaginn, ef ég skildi það rétt. Ég þakka því fyrir að við fáum tíma til að ræða þetta mál áfram, þetta mikilvæga mál um breytingar á stjórnarskipunarlögunum og stjórnarskránni.

Ég skildi hæstv. forseta líka þannig að hann teldi að afgreiða ætti hin brýnustu mál en ég tel að þetta mál sé nú ekki með þeim brýnustu þegar litið er til þeirra viðfangsefna sem bíða Alþingis og þeirra málefna sem þjóðin stendur frammi fyrir. Í raun ítreka ég þau sjónarmið sem ég hef látið í ljós á undanförnum vikum að það sé með eindæmum að hæstv. forseti þingsins skuli ekki leita samkomulags um dagskrána þannig að hægt sé að raða henni upp og taka til meðferðar þau mál sem eru brýnust þegar litið er til hagsmuna heimila og fyrirtækja. Ég tel að það mál sem við ræðum nú sé ekki eitt af þeim og það sé þannig að nú, þegar aðeins ellefu dagar eru til kosninga, sé raunverulega alls ekki forsvaranlegt að ætlast *til þess að Alþingi ljúki þessu* máli og einnig þegar til þess er litið, eins og hæstv. forseti Alþingis hefur sagt að þetta fáir dagar séu til þings, þá sé ágætt að kalla þing saman aftur skömmu eftir kosningar, þá átta ég mig satt að segja ekki á þeirri stjórn þingsins sem felst í því að setja þetta mál á dagskrá.

En mér er ljúft að tala um stjórnarskrána og þann meginþátt sem ég tel að sé galli á þessu frumvarpi þar sem segir í áliti meiri hluta sérnefndarinnar um breytingar á stjórnarskránni, með leyfi forseta:

„Krafan um að Alþingi stígi til hliðar þegar að því kemur að setja þær nýju leikreglur samfélagsins sem felast í nýrri stjórnarskrá er því svo rík að réttlætanlegt verður að teljast að stjórnarskrárgjafavaldið verði tímabundið fært frá Alþingi til annars stjórnarskrárgjafa sem sérstaklega er kosinn til þess starfs."

Þetta er krafa sem ég mun aldrei samþykkja og ég mun flytja þær ræður sem ég þarf til þess að koma í veg fyrir að krafa af þessu tagi verði samþykkt á Alþingi. Ég tel að þetta sé niðurlæging fyrir Alþingi og þetta sé raunar brot á því drengskaparheiti sem þingmenn rituðu undir þegar þeir settust hér í fyrsta sinn í þingsalinn, að ætla sér að krefjast þess að Alþingi láti af því valdi sem felst í því að vera stjórnarskrárgjafi meðal íslensku þjóðarinnar.

Þegar ég flutti hér ræðu síðast lýsti ég undrun yfir því hvernig hæstv. forsætisráðherra, 1. flutningsmaður, ræðir þetta mál og hvað hæstv. ráðherra virðist telja sjálfsagt að þessu valdi verði veitt frá Alþingi til stjórnlagaþings. Það

hefur svo margsinnis komið fram í umræðunum að með því að setja þetta vald frá Alþingi er verið að setja Alþingi í annað sæti, því að stjórnarskrárgjafavaldið er í raun lokavald Alþingis og verið er að skipa Alþingi í óæðri sess með því að taka ákvörðun um það sem felst í áliti meiri hluta sérnefndarinnar og þeim tillögum sem felast í frumvarpinu. Að þessu leyti er grundvallarágreiningur af minni hálfu um málið og ég mun ekki fallast á þessa tillögu.

Að öðru leyti hefur komið fram, virðulegi forseti, við alla meðferð málsins að þeir sem leitað var til utan þings og leitað var álits hjá og umsagnar á málinu voru almennt þeirrar skoðunar að það ætti ekki að ná fram að ganga. Það væri þannig undirbúið og úr garði gert og á þann hátt lagt fyrir að það væri alls ekki við því að búast að unnt yrði að afgreiða það á þeim skamma tíma sem þá var til stefnu og hefur styst enn þegar litið er til þess að þingið getur a.m.k. ekki starfað lengur en til 25. apríl.

Ég sé ekki annað en að það sé dæmalaus þvermóðska og dæmalaust skilningsleysi á eðli þingstarfanna að ætla að standa gegn því að dagskrá þingsins verði breytt þannig að unnt sé að afgreiða þau mál sem talið er óhjákvæmilegt að afgreiða áður en þingkosningar verða hinn 25. apríl. Því engin trygging er fyrir því að annað mál verði afgreitt og þetta umræðumál verði hér til umræðu ef dagskrá þingsins verður ekki breytt, því hvað sem öðru líður rennur umboð okkar þingmanna út hinn 25. apríl.

Við sem erum andvígir þessu og viljum ekki að þingið verði sett niður með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu höfum afl í þinginu til að koma í veg fyrir að frumvarpið nái fram að ganga. Og ef flutningsmenn þess og þeir sem vilja standa að því að setja Alþingi niður með þessum hætti ætla að halda því máli til streitu verður pattstaða á þinginu þangað til umboðið verður tekið af okkur sem búið er að ákveða að verði í kosningunum 25. apríl.

Það er með ólíkindum að þeir sem standa að frumvarpinu og forseti þingsins skuli ekki koma til móts við þau sjónarmið okkar að leita sátta um dagskrána svo hægt sé að ljúka þinginu. Ef hæstv. forseti meinar það sem fram hefur komið í máli hans, að þinginu eigi að ljúka á fimmtudaginn, þeim mun brýnna er fyrir þá sem telja sig hafa ráð þingsins í hendi sér að ná samkomulagi um það ef þeir vilja ná fram öðru en því að við flytjum hér ræður um þetta mál, því við munum gera það, við sem viljum ekki sætta okkur við að þingið verði sett niður með hætti sem felst í þessari grein um að þingið gefi frá sér stjórnarskrárgjafavaldið.

Ég veit ekki hvað þarf að flytja margar ræður eða endurtaka þetta oft til að menn átti sig á því hvernig á þessu máli stendur og um hvað það snýst af okkar hálfu fyrir utan það að fram hafa komið svo skýrar ábendingar og skýr sjónarmið sem segja að frumvarpið í heild sé illa undirbúið, illa úr garði gert og óforsvaranlegt að ætlast til þess að þingið afgreiði það á þeim tíma sem okkur hefur verið settur.

Fyrir utan það svo sem hér hefur komið fram og bent hefur verið á, sérstaklega af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, þegar litið er á efni frumvarpsins hvað það er fráleitt að knýja á um að 1. og 3. gr. nái fram að ganga á þessu stigi málsins og draga þær undan því sem hv. þingmenn, málsvarar frumvarpsins, telja aðalkost þess að bera undir þjóðina einhver ákvæði sem máli skipta, því það verður ekki gert, hvorki varðandi 1. gr. né 3. gr. ef frumvarpið nær fram að ganga í óbreyttri mynd. Þær greinar verða aldrei lagðar undir þjóðina. Þær verða teknar fyrir á þingi að nýju eftir kosningarnar ef frumvarpið yrði samþykkt og málið þá afgreitt væntanlega af nýjum þingmönnum og á nýju þingi.

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé einsýnt að þetta mál heldur áfram í þeim farvegi sem það hefur nú verið. Við sem erum andvígir því að það nái fram að ganga og að Alþingi verði sett í annað sæti í þjóðfélaginu með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir munum beita því afli sem við höfum í þingsalnum til að koma í veg fyrir að það nái fram að ganga. Ef hæstv. forseti þingsins, ríkisstjórnin, flutningsmenn eða þeir sem telja sig hafa ráð þingsins í hendi sér átta sig ekki á þessu, eftir a.m.k. þær ræður hér hafa verið fluttar um þetta og allar þær ábendingar sem við höfum sett fram í þessu skyni, er mér ljúft að standa hér og flytja margar ræður til varnar Alþingi og ég mun gera það. Ég mun ekki láta það spyrjast um mig að ég á síðustu dögum mínum sem þingmaður verði hér til þess að afsala þinginu þessu valdi.

Ef aðrir hv. þingmenn sem eru að ljúka þingstörfum telja sér sæma að kveðja þingið með þeim hætti þá óska ég þeim auðvitað til hamingju með það. En ég ætla ekki að vera í þeim hópi. Ég ætla ekki að láta það vera mitt síðasta verk á Alþingi að svipta Alþingi stjórnarskrárgjafavaldinu. Og ég mun tala eins oft og ég þarf til þess að koma í veg fyrir að svo verði.

[15:25]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við heyrðum hv. þm. Björn Bjarnason segja að hann mundi koma hér upp eins oft og þurfa þykir til að koma í veg fyrir að það verði nokkurn tímann sett á stjórnlagaþing á Íslandi.

Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að ég átti nú von á því að Sjálfstæðisflokkurinn mundi ef til vill taka upp aðra taktík eftir páskahelgina þar sem sá flokkur hefur fengið smávegis ágjöf um helgina. Ég hélt kannski að þessi rosti mundi eitthvað lækka í flokknum og að Sjálfstæðisflokkurinn mundi leggja málþófið af.

En það hefur svo sannarlega sýnt sig núna að fyrsti ræðumaður eftir páskahelgina, hv. þm. Björn Bjarnason, hótar því að koma hér upp eins oft og þurfa þykir til að koma í veg fyrir að það verði nokkurn tíma sett á stjórnlagaþing.

Þetta veldur mér gífurlegum vonbrigðum. Ég hef átt sæti á Alþingi um nokkurt skeið, virðulegur forseti, og er búin að horfa framan í það að Alþingi hefur ekki haft burði til þess að endurskoða stjórnarskrána svo nokkru nemi. Það er okkar bjargfasta trú í Framsóknarflokknum að koma þurfi á stjórnlagaþingi til þess að gera drög að nýrri stjórnarskrá sem þjóðin svo fær að kjósa um. Þetta stjórnlagaþing á að vera kosið af fólkinu í landinu.

Ég sé það núna, virðulegi forseti, að málþófsflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, ætlar ekki að leyfa þessu fram að ganga. Mjög stutt er í alþingiskosningar og eru vaxandi líkur á því að málþófsflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, vinni þessa baráttu af því að sá flokkur getur staðið hér endalaust fram að kjördegi, og það vill auðvitað enginn. Það verður að leyfa fólkinu í landinu að hitta þingmenn til (Forseti

hringir.) að geta tekið afstöðu í kosningum. Ég sé því ekki fram á annað en að málþófsflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, *(Forseti hringir.)* sé að vinna þennan slag hér.

[15:28]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel fyrst og fremst að þetta snúist hvorki um Sjálfstæðisflokkinn né mig heldur snýst þetta um heiður Alþingis. Það sem ég hef sagt í þessu máli er að ég mun ekki standa að því að svipta Alþingi stjórnarskrárvaldinu. Það er hægt að halda stjórnlagaþing með öðrum hætti en að svipta Alþingi því valdi.

Ég tel að þetta mál snúist um heiður þingsins og stöðu þess í þjóðfélaginu. Ég mun flytja þær ræður sem ég þarf til þess að Alþingi verði ekki sett niður með þessum hætti. Ég mun ekki gefast upp fyrir orðum eins og hv. þingmaður flutti og hún getur ekki vænst þess að ég skipti um skoðun um stöðu Alþingis.

Ég mun ekki gefa eftir rétt Alþingis til að vera stjórnarskrárgjafi. Ég tel það einkennilegt viðhorf hjá þingmönnum sem eru að yfirgefa þennan þingsal að þeir ætli að skilja við þingið þannig að svipta Alþingi þessu valdi.

Ég veit að hv. þingmaður sem talaði hér síðast er í framboði að nýju og hún hefur þá væntanlega tækifæri til þess á komandi þingi að flytja aftur tillögu um að þingið sé svipt þessu valdi. En á meðan ég sit á þingi og hef málfrelsi í þingsalnum mun ég standa gegn því að Alþingi verði svipt umræddu valdi. Ég mun flytja þær ræður sem þarf til þess hvort sem það er að nóttu eða degi því ég ætla ekki að láta þetta yfir Alþingi ganga.

[15:29]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er bara bætt í eins og þingheimur heyrir. Hv. þm. Björn Bjarnason ætlar að standa hér endalaust hvort sem það er á nóttu eða degi til að koma í veg fyrir að stjórnlagaþing verði haldið.

Á síðustu áratugum hafa verið gerðar tilraunir til þess að breyta stjórnarskránni og menn hafa viljað fara í heildarendurskoðun en þær hafa allar mistekist. Það hefur kostað okkur óheyrilegt fé og þetta hefur valdið því að geysileg valdasamþjöppun hefur verið í landinu, ótrúlega mikil valdasamþjöppun á Íslandi. Það verður að aðgreina betur löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Það vill Sjálfstæðisflokkurinn greinilega ekki gera.

Mér finnst þær ræður sem hafa verið haldnar um þessi mál, og líka sú síðasta sem hér var flutt af hv. þm. Birni Bjarnasyni, vera svanasöngur gamla tímans. Við eigum að taka þetta skref, virðulegi forseti, að setja á stjórnlagaþing, kjósa til þess meðal þjóðarinnar og gera þar drög að nýrri stjórnarskrá sem þjóðin fær síðan að kjósa um. En Sjálfstæðisflokkurinn með málþófi sínu ætlar að koma í veg fyrir það.

Því miður er það svo — þó að við höfum breytt þingsköpum fyrir stuttu til þess einmitt að hindra málþóf, reyna að takmarka það — að það stefnir í að málþóf muni hafa hér sigur. Við verðum bara að viðurkenna það. Við getum ekki staðið hér og þjarkað fram að kosningum um þetta mál. Fólk þarf að hitta okkur og það þarf líka að fara í mörg önnur mál og klára þau. Ég harma það að Sjálfstæðisflokkurinn skuli ekki hafa viljað liðka til eftir páska þannig að við gætum náð lendingu í málinu, virðulegi forseti.

[15:31]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sé það svo að varðstaða um stjórnarskrárvald Alþingis sé svanasöngur tíma sem eru að hverfa verð ég að segja að þá fagna ég því að vera að fara af Alþingi. Sé það virkilega svo að það sem er að gerast hér í þingsalnum, og það sem við erum að veita vörn gegn, þ.e. því að Alþingi verði svipt stjórnarskrárvaldinu, sé svanasöngur tíma sem er að hverfa fagna ég því að vera að fara af Alþingi. Ég fagna því að þurfa ekki að vera hér í salnum og standa oftar í þeim sporum að verja heiður Alþingis fyrir þingmönnum hér í salnum sem vilja svipta Alþingi þessu valdi. Mér finnst dæmalaust á þessum dögum rétt fyrir kosningar að heyra að menn telji það sér til ágætis — sem eru þó að bjóða sig fram til þingsins — að þeir séu að bjóða sig fram til að svipta þingið þessu valdi. Það eru líka mikil öfugmæli.

Ég spyr: Hvers vegna eru þingmenn yfirleitt að sækjast eftir að sitja í þessum þingsal ef þeir bera ekki meiri virðingu fyrir þinginu en kemur fram í orðum hv. síðasta ræðumanns? Ég er stoltur af því ef það er kallað svanasöngur gamals tíma, þær ræður sem ég er að flytja hér, til þess að verja heiður Alþingis. Ég verð að segja það við hv. kjósendur, ef einhverjir þeirra eru að hlusta á okkur hér: Kjósið ekki þá til þings sem ætla að svipta þingið þessu valdi að kosningum loknum. Gætið ykkar á því, ef þið berið virðingu fyrir okkar elstu og virðulegustu stofnun, að kjósa ekki fólk til þings sem ætlar að svipta Alþingi þessu valdi.

[15:33]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Við ræðum hér enn um það mikilvæga mál sem verið hefur á dagskrá þingsins nú í nokkra daga þó með þeirri undantekningu að fyrir páska varð hæstv. forseti við ósk okkar sjálfstæðismanna um að taka á dagskrá mál sem varða heimilin og fyrirtækin í landinu. Það er vissulega fyllsta ástæða til þess að þakka fyrir það, hæstv. forseti.

Ég hefði viljað, hæstv. forseti, að frumvarpið um fjárfestingarsamninginn varðandi álverið í Helguvík yrði líka tekið hér fram fyrir og rætt með sama hætti og gerðist í dag og miðvikudaginn fyrir páska, en álverið í Helguvík, og framkvæmdir við það, er auðvitað mál sem varðar heimili og fjölskyldur á því svæði þar sem mesta atvinnuleysið á landinu er. Ég fer því enn fram á það, hæstv. forseti, að þetta mál verði tekið hér á dagskrá og umræðunni um stjórnarskipunarlögin, þrátt fyrir mikilvægi þeirra, verði þá frestað því að þau varða ekki með sama hætti hag heimila og fjölskyldna í landinu.

Hv. þingmönnum stjórnarmeirihlutans hefur orðið tíðrætt hér í andsvörum um að sjálfstæðismenn raði sér á mælendaskrá og stundi málþóf. Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að mótmæla því, ég get bara ekki tekið undir það að um málþóf sé að ræða. Hér hefur farið fram málefnaleg umræða en málið er einfaldlega mjög mikilvægt og það er vanreifað í

samfélaginu og þarfnast því, að mínu mati, vandaðrar umfjöllunar hér á Alþingi. Breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins eru auðvitað mjög mikið mál sem ekki á að hrista fram úr erminni á stuttum tíma, korteri fyrir kosningar, eins og hér er ætlunin að gera. Allt bendir til þess að hér sé verið að rjúfa þá hefð sem verið hefur, að breið sátt sé um stjórnarskrárbreytingar. Það hefur margoft komið fram í þessari umræðu að aðeins í tvígang frá fullveldi 1918 hefur það gerst að breytingar á stjórnarskrá hafi verið gerðar í andstöðu við heilan stjórnmálaflokk.

Hvaða breytingar er rétt að gera gegn vilja minni hluta? Þannig spyr Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík, í nefndaráliti sínu til sérnefndar um stjórnarskrárbreytingar.

Hún segir í umsögn sinni um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Stjórnarskrár eru ólíkar öðrum lögum að setningarhætti og vegna þess að þær eiga að leggja stórar línur og vera hafnar yfir pólitískar deilur á hverjum tíma. Vegna þess eðlis stjórnarskráa breytast þær oft hægt, eru gjarnan gamlar í ríkjum með gamla lýðræðishefð og breytingar á þeim eru tiltölulega sjaldgæfar. Á grundvelli alls þessa er það skoðun mín að það væri afar óheppilegt ef nú yrði vikið frá þeirri hefð að breið samstaða allra flokka sé um breytingar á stjórnarskrá."

Nú ætlar stjórnarmeirihlutinn að knýja fram breytingar á stjórnarskrá án samráðs við stærsta flokkinn á þingi og rjúfa þar með þessa hefð og ógna með því stöðugleika. Megum við nú eiga von á því að stjórnarskránni verði breytt þegar ný ríkisstjórn nær völdum, er það þetta sem bíður okkar? Við sjálfstæðismenn höfum bent á það í ræðum okkar að í umsögnum sem sérnefndinni bárust mæla flestallir álitsgjafar gegn því að stjórnarskrárbreytingar verði ekki gerðar nema að vel ígrunduðu máli og mikil sátt sé meðal allra aðila. Það er gegnumgangandi í öllum nefndarálitum að ekki eigi að gera breytingar á stjórnarskránni nú svo stuttu fyrir kosningar heldur væri æskilegra að þær biði nýs þings auk þess sem vinnubrögðin eru harðlega gagnrýnd þar sem aðeins var gefin ein vika til að skila umsögnum um þetta mikilvæga mál. Vinnubrögðin við svo mikilvægt mál eru ekki boðleg, herra forseti. Þess vegna er það mjög mikilvægt að stjórnarliðar sjái að sér í þessu máli og ljái því máls, sem við sjálfstæðismenn höfum boðið, að taka málið aftur inn í nefnd og komast að sameiginlegri niðurstöðu um það. Þá getum við snúið okkur að því sem þjóðin vill að við séum að ræða hér á Alþingi og vinna að, þ.e. að vinna að þeim málum sem skipta heimilin og fyrirtækin í landinu mestu.

Maður verður ekki var við að almennur fögnuður sé úti í samfélaginu vegna þess frumvarps sem við ræðum hér heldur þvert á móti. Fólk skilur ekki alveg hvers vegna við erum ekki að ræða málefni fjölskyldna og það skilur ekki alveg að breytingar á stjórnarskránni geti ekki beðið þar til róast fer í þjóðfélaginu og hér fari að birta til í atvinnumálum á ný og jafnvægi komist á heimilin og fyrirtækin í landinu.

Ég hef í fyrri ræðum mínum fjallað nokkuð ítarlega um stjórnlagaþing og tekið undir með þeim sem telja að stjórnlagaþing eigi fyrst og fremst að vera ráðgefandi. Ég hef ítrekað bent á, í mínum fyrri ræðum, að hugmyndin um stjórnlagaþing hefur ekki fengið nægilega athygli í þjóðfélaginu. Þess vegna hefur þjóðfélagsumræðan ekki verið mikil um þetta mál. Almenningur í landinu veit ekki nákvæmlega hver hugmyndin að baki stjórnlagaþingi er, ég tel að það vanti töluvert mikið upp á að svo sé. Það á algjörlega eftir að ræða þessa hugmynd í þaula.

Í frumvarpinu og í nefndaráliti meiri hluta sérnefndar er útfærslan á stjórnlagaþingi langt frá því að vera nægilega skýr. Raunar er það svo að nefndarálitið gerir útfærsluna á stjórnlagaþingi enn óljósari.

Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„Í drögum að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing sem er fylgiskjal með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er lagt til að kosið verði persónukjöri á þingið. Meiri hlutinn leggst ekki gegn slíkri kosningu en áréttar þó mikilvægi þess að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar. Ný stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mun verða stjórnarskrá þjóðarinnar allrar. Enda þótt aðkoma almennings alls verði tryggð, t.d. með opnum fundum, upplýsingagjöf og málþingum og að auðvelt verði að senda inn umsagnir, þarf jafnframt að tryggja að á þinginu sjálfu sitji þjóðin öll eða fulltrúar hennar. Meiri hlutinn telur því mikilvægt að reglur um persónukjör verði með þeim hætti að tryggt verði að fulltrúar landsbyggðar og landshluta fái sæti, hvort sem það verður gert með ríkari reglum um kjör eða reglum um einhvers konar jöfnunarsæti. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að reglur um kjörið verði með þeim hætti að tryggt verði eins og hægt er jafnt kynjahlutfall á þinginu."

Ég tel að útfærsla stjórnlagaþings sé alls ekki nægilega skýr. Í greinargerð með frumvarpinu segir einnig að hugtakið stjórnlagaþing sé ekki fastmótað.

Virðulegi forseti. Nú eru 11 eða 12 dagar þar til kosið verður að nýju. Við þær aðstæður hlýtur að vera eðlilegt að fresta umræðunni um þetta mikilvæga mál og gefa nýju þingi ráðrúm til að fjalla um málið, (Forseti hringir.) og verða við þeirri ósk okkar sjálfstæðismanna að taka þau mál til umræðu og afgreiðslu sem skipta heimilin og fjölskyldurnar í þessu landi mestu máli.

[15:43]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað á opinberum vettvangi um þetta frumvarp og þeim umræðum sem farið hafa fram í þinginu um það hefur stundum verið spurt, og það hefur reyndar komið fyrir í þingsal líka, þá sjaldan að stuðningsmenn frumvarpsins sýna sig í ræðustól, hvers vegna við sjálfstæðismenn stöndum jafnhart gegn þessu frumvarpi og raun ber vitni. Menn velta fyrir sér hvað valdi því að við höfum lagst gegn því af jafnmiklum þunga og við höfum gert.

Þegar við erum að hefja þessa umræðu að nýju eftir páskahlé finnst mér rétt að fara yfir nokkur sjónarmið í því sambandi. Ég tel mig geta talað fyrir hönd félaga minna í flokknum en þó fyrst og fremst sjálfs mín í þeim efnum. Grundvallarástæðan fyrir því að við sjálfstæðismenn höfum tekið þessu máli jafnilla og raun ber vitni og lagst gegn því að það fái framgang hér í þinginu er sú að aðdragandi og vinnubrögð í málinu eru með þeim hætti að það er eins og

skólabókardæmi um það hvernig ekki á að breyta stjórnarskrá, hvernig ekki á að umgangast hana. Nokkrir þættir eru viðurkenndir, hafa verið viðurkenndir hér á landi í allri umfjöllun um stjórnarskrármál og eru eftir því sem ég best veit viðurkenndir í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við hvað varðar stjórnskipun og stjórnarfar í sambandi við stjórnarskrárbreytingar.

Í fyrsta lagi er litið svo á að breyting ákvæða í stjórnarskrá sem grundvallarlög í landinu hljóti eðli málsins samkvæmt að kalla á vandaðri vinnubrögð en almennt gerist um lagafrumvörp. Auðvitað er alltaf mikilvægt að löggjöf sé vönduð og öll vinna við hana eins og best verður á kosið en hvar sem um stjórnarskrármál er fjallað er áréttað að sýna beri sérstaka vandvirkni og aðgát í umgengni við stjórnarskrárákvæði.

Í annan stað hefur ríkt nær óslitin hefð hér á landi, og víðast hvar held ég í nágrannalöndunum, um að reyna beri að að ná sem víðtækastri sátt um breytingar á stjórnarskrá. Við höfum séð að frá 1920 hefur tvisvar sinnum komið fyrir að breytingar á stjórnarskrá hafa verið afgreiddar í ósætti á Alþingi, annars vegar 1934 og hins vegar 1959. Fjöldamargar aðrar stjórnarskrárbreytingar hafa verið gerðar, þar á meðal þrjár veigamiklar á síðasta áratug, allar í sátt, og það hefur verið markmið allra þeirra stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka sem komið hafa að þessum málum að reyna að afgreiða þessi mál í sátt.

Í þriðja lagi hefur verið lögð áhersla á að málin fengju vandaða umfjöllun, bæði innan þings og utan, að tími gæfist til að vega og meta þær hugmyndir sem væru á borðinu, taka afstöðu til þeirra og að fram færi víðtæk umræða í samfélaginu um fyrirhugaðar breytingar. Það þarf ekki að leita lengi í flestum þeim textum sem skrifaðir hafa verið um stjórnarskrármál hér á landi til að sjá að þessi viðmiðun hefur alltaf verið uppi af hálfu allra þeirra stjórnlagafræðinga sem um þessi mál hafa fjallað.

Öll þessi viðmið hafa verið brotin í þessum efnum í þessari lotu, ef svo má segja. Ég ætla ekki að rifja upp feril málsins í neinum smáatriðum, hann er öllum hér vel kunnugur, en farið var fram með málið í miklu bráðræði. Það var ekki farið í samráð, hvorki við alla flokka né út í fræðasamfélagið eða gagnvart hagsmunaaðilum. Það var ekki um neitt samráð að ræða, ekki leitað eftir áliti hjá nokkrum einasta manni áður en málið kom inn í þingið, ekki nema þessum þriggja manna ráðgjafarhópi ríkisstjórnarinnar sem ber ábyrgð á því að hafa samið frumvarpstextann. Við sjálfstæðismenn í þinginu höfum rakið aðkomu okkar að málinu, það var komið til okkar með fullbúnar hugmyndir og spurt hvort við vildum vera með eða ekki. Auðvitað sjá allir að það er ekkert samráð.

Öll þessi atriði valda því að við höfum talið það skyldu okkar að fá menn í þinginu til að staldra við og hugsa betur um hvernig að þessu máli væri staðið, hvernig vinnubrögðin væru, hvaða vinnubrögð væru viðhöfð og þess háttar. Við höfum þess vegna lagst mjög hart gegn þessu og höfum vissulega flutt margar ræður til að árétta einmitt þessi sjónarmið okkar.

Síðan er annað mál að margt í frumvarpinu sjálfu er þess eðlis að það er brýn þörf á að skoða það betur. Það hefur verið nefnt varðandi 1. gr. frumvarpsins, um þjóðareign á auðlindum, að allir flokkar hafa með einhverjum hætti lýst áhuga á því að koma slíku ákvæði í stjórnarskrá. Unnið hefur verið að því marki í nokkrum nefndum og á nokkrum tímum síðustu 10 árin eða svo en enn hefur ekki tekist að finna sameiginlega niðurstöðu sem samstaða er um og ekki hefur heldur tekist að finna niðurstöðu sem fræðimenn, m.a. þeir lögfræðingar sem um þessi mál hafa fjallað, eru sammála um. Vandinn við það ákvæði sem liggur fyrir í þessu frumvarpi er auðvitað sá að margir benda á að það sé óskýrt við hvað er átt og hvað í því felist, hvaða afleiðingar lögfesting þess mundi hafa.

Varðandi 2. gr. höfum við sjálfstæðismenn lýst því yfir að við teldum rétt að breyta setningarhætti stjórnarskrár, þeim hætti sem viðhafður er varðandi breytingar á stjórnarskrá. Við höfum fallist á tillögur, t.d. í stjórnarskrárnefnd 2007, um að slíkt ferli færi fram innan þingsins og endaði síðan í þjóðaratkvæðagreiðslu með tilteknum skilyrðum og formreglum. Það má segja að sú breytingartillaga sem meiri hluti sérnefndar um stjórnarskrármál gekk frá nálgist okkar sjónarmið í þeim efnum en ég verð þó að minna á að í nokkrum atriðum er hún enn frábrugðin því sem við skrifuðum undir vorið 2007, reyndar ásamt fulltrúum allra annarra flokka. Sú niðurstaða sem þá birtist var sameiginleg niðurstaða allra þeirra sem áttu sæti í stjórnarskrárnefnd á þeim tíma, fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem nú eiga sæti á þingi, en tillagan sem núna er á borðinu er frábrugðin í nokkrum atriðum og þyrfti að skoða það ef lengra ætti að halda með það mál.

Varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur er ég líka þeirrar skoðunar að það sé æskilegt að ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur komi inn í stjórnarskrá. Það er hins vegar ekki sama hvernig það verður gert, ekki sama hvernig að því er staðið. Ég tel að sú útgáfa sem birtist í frumvarpinu sé í rauninni ein hugmynd, ein tillaga um hvernig ganga megi frá slíku ákvæði en ég held að miklu viðameiri og dýpri umræða um þjóðaratkvæðagreiðslur og hlutverk þeirra þurfi að eiga sér stað, hvernig standa beri að þeim og hvaða skilyrði eigi að vera fyrir þeim áður en við getum samþykkt slíkt ákvæði inn í stjórnarskrá. Í stjórnarskrárnefnd 2005–2007 var töluvert fjallað um þjóðaratkvæðagreiðslur án þess að niðurstaða lægi fyrir en hins vegar lá alveg fyrir að það var áhugi í þeirri nefnd fyrir að þróa áfram hugmyndir, annars vegar um þjóðaratkvæðagreiðslur að svokölluð þjóðarfrumkvæði, frumkvæði kjósenda, og hins vegar að frumkvæði tiltekins hluta alþingismanna. Það er einmitt í samræmi við málflutning t.d. hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem hefur í þessari umræðu vakið athygli á þeirri leið sem er m.a. farin í Danmörku og gæti verið áhugaverður kostur.

Í fjórða lagi varðandi stjórnlagaþingið hefur það frá upphafi verið óttalegur óskapnaður. Hugmyndin um það hefur verið vanhugsuð frá upphafi og niðurstaðan er sú að það blasir við að samþykkja á breytingu sem setur á fót stjórnlagaþing sem enginn veit hvernig á að kjósa til, enginn veit hvernig (Forseti hringir.) á að starfa og í rauninni er ætlast til þess að alþingismenn samþykki ákvæði sem leiðir til fullkominnar óvissu (Forseti hringir.) og óstöðugleika í stjórnskipun landsins.

[15:54]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Við höldum áfram mjög mikilvægri umræðu um breytingar á stjórnarskránni, breytingar sem hafa orðið töluverðar á síðustu árum. Eins og við höfum áður rifjað upp var stjórnarskránni m.a. breytt 1991, 1995 og 1999 og þá alltaf í sátt og miklu samkomulagi á milli stjórnmálaflokkanna af því að þá gerðu menn sem voru í forustu í ríkisstjórn sér grein fyrir því að stjórnarskráin væri mikilvægari en pólitískir stundarhagsmunir, það þyrfti að fara fram vönduð umræða, samkomulag að nást á þingi og ekki síður þyrfti að ná víðtækri umræðu í samfélaginu. Mér er þá minnisstæð umræðan sem var mikil í samfélaginu um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar árið 1995 þar sem m.a. Geir Haarde var í forsvari fyrir breytingunum á þingi. Forsvarsmenn gerðu sér far um að fá fram sem flestar skoðanir, fá að heyra í sem flestum til að ná samkomulagi um grundvallarbreytingar á grundvallarskjali okkar sem er stjórnarskráin.

Af hverju er ég að rifja þetta upp núna? Það er m.a. út af því að ég hlustaði á eldhúsdagsumræður í síðustu viku. Þegar ég hlusta á hæstv. forsætisráðherra tala er eins og það dugi ekki fyrir okkur sjálfstæðismenn að ræða málið á þingi því að á okkur hefur lítið verið hlustað miðað við þann málflutning sem fyrst og síðast 1. flutningsmaður frumvarpsins, stjórnarskrárbreytingarinnar, hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, hefur sett fram. Það er einkennandi, og mér finnst rétt að það verði dregið aftur fram, líka í ljósi þess sem hefur m.a. birst í auglýsingum hjá Samfylkingunni, að hún segir þar: Við látum verkin tala. Það er yfirskrift Samfylkingarinnar í þessari kosningabaráttu. Er hægt að skrumskæla hlutina meira?

Ég ætla ekki að fara strax í það sem stendur í öfugmælavísu þessarar auglýsingar þar sem fullyrt er um ákveðna hluti sem ekki eru komnir í framkvæmd. Það er hakað við ýmsa þætti sem ekki er einu sinni búið að klára, kjósendur blekktir, lesendur blekktir. Ég get nefnt að það stendur að verðmati nýju bankanna sé lokið. Því er engan veginn lokið en því er haldið fram í auglýsingum. Og þau segja: Látum verkin tala.

Mikið hefur verið rætt um vinnubrögð í gegnum tíðina í samfélaginu og vinnubrögðin mega svo sannarlega verða betri, skilvirkari og gegnsærri. Ég tek undir það allt saman. Við þurfum að koma hreint fram, ganga hreint til verks og segja frá hlutunum eins og þeir eru þó að það kunni að valda stjórnmálaflokkum, hvort sem er Sjálfstæðisflokkur, Samfylking eða aðrir stjórnmálaflokkar, ákveðnum sársauka. Það verður að segja hlutina eins og þeir eru.

Hvernig eru þá hlutirnir þegar kemur að breytingum á stjórnarskránni? Ég gat um það að margt hefur verið gagnrýnt og margt verið sagt um okkar 18 ára stjórnarsetu í ríkisstjórn. Það er rétt að minnast þess að á þessum 18 árum hefur þjóðin alltaf fengið að tala, hún hefur alltaf tjáð vilja sinn og viljinn hefur verið sá að á öllum þessum árum hefur Sjálfstæðisflokkurinn alltaf fengið endurnýjað umboð. Gott og vel, Sjálfstæðisflokkurinn var líka í forustu fyrir þeirri ríkisstjórn sem breytti og gerði sér far um að breyta stjórnarskránni í samkomulagi við aðra flokka.

Hvað gerist þegar flokkur og talsmaður nýrra vinnubragða nær forustu í ríkisstjórn? Þá koma svo sannarlega ný vinnubrögð til skjalanna því að í fyrsta sinn í hálfa öld er ekki bara verið að traðka á þinginu heldur er verið að troða í gegn breytingum sem sómakærir lögmenn, bæði í þessum sal og úti í bæ, hafa mótmælt kröftuglega og sagt að tíminn væri allt of skammur og þetta væru heldur ekki rétt vinnubrögð, það væri verið að breyta stjórnarskránni okkar, grundvallarplagginu, í pólitískt átakaskjal. Þess vegna eru hagsmunirnir svo ríkir að við megum ekki hugsa skammt eins og Samfylkingin gerir, Vinstri grænir og eins Framsóknarflokkurinn. Við megum ekki nota þá umbrotatíma sem við erum á í íslensku samfélagi til að breyta stjórnarskránni í skjóli og ljósi pólitískra hagsmuna.

Ég hef farið yfir það að pólitísku hagsmunirnir eru þeir að Framsóknarflokkurinn þarf að fá sína dúsu, stjórnlagaþingið. Síðan þurfa Vinstri grænir að fá sitt, Samfylkingin þarf að fá auðlindaákvæðið og síðan er gott að láta breytingarnar á 79. gr. stjórnarskrárinnar fljóta með. Gott og vel, við erum búin að fara í gegnum þetta en þetta er einkennandi varðandi aðkomuna að öllu þessu máli sem er í raun inni hneykslanlegt. Það er hneykslanlegt hvernig stjórnmálaflokkar með sómakært fólk innan borðs hafa farið í þann leiðangur að breyta grundvallarplaggi okkar á þessum umbrotatímum. Það er nefnilega verið að misnota ástandið í samfélaginu, flokkarnir eru að fela sig á bak við það erfiða ástand sem er í samfélaginu, ástand sem við munum komast fljótt út úr ef rétt er á málum haldið og erfiðar ákvarðanir verða teknar. Við fáum reyndar ekki að ræða þær ákvarðanir í þingsal af því að ríkisstjórnin vill ekki ræða hvar hún ætlar að bera niður í ríkisfjármálum, hún vill ekki tala um það af hverju gengið lækkar, af hverju krónan fellur og ríkisstjórnin vill ekki ræða af hverju atvinnulausum hefur fjölgað um 8.000 manns síðan hin nýja ríkisstjórn tók við stjórnartaumunum. Þetta átti að vera ríkisstjórnin sem lætur verkin tala, hún lætur verkin tala á dapurlegan hátt þegar kemur að stjórnarskránni.

Mig langar að vitna í ýmsa fræðimenn. Fyrst langar mig að vitna í Skúla Magnússon sem er hjá EFTA-dómstólnum. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Eitt af því sem nú er teflt fram sem viðbrögðum við efnahagslegu áfalli landsins er flýtimeðferð til ákveðinnar breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins en að því loknu einhvers konar allsherjarendurskoðun stjórnskipunarinnar á vettvangi stjórnlagaþings. Í þessu sambandi hefur í almennri umræðu verið vísað til hugsanlegs afnáms þingræðisreglunnar, fyrirmynda í bandarískri stjórnskipun eða hugmynda Vilmundar Gylfasonar heitins af ótrúlegri léttúð, þar á meðal af lögfræðingum.

Þótt hugmyndin um stjórnlagaþing kunni að hljóma aðlaðandi, sefa reiði almennings með því að svara kalli um róttækar og umsvifalausar breytingar, eru hér miklir hagsmunir lagðir að veði. Við Íslendingar eigum nefnilega stjórnskipun sem í öllum meginatriðum er skýr, jafnvel þótt texti stjórnarskrárinnar sjálfrar kunni í sumum tilvikum að vera gamall og lítt aðgengilegur. Þessi eign er ekki eins sjálfsögð og margir kunna að ætla. Einmitt við núverandi aðstæður ætti mönnum þó að vera ljóst gildi þess að eiga stjórnskipun sem er skýr um skipan valdsins, valdmörk, ákvarðanatöku, o.s.frv., þannig að unnt sé að veita samfé-

laginu ábyrga og skynsama stjórn með langtímahagsmuni að leiðarljósi.

Það er engin góð ástæða til að rífa stjórnskipun Íslands upp með rótum við núverandi aðstæður þar sem stjórnvöld þurfa að setja sér skýr markmið til lengri og skemmri tíma — sum eflaust sársaukafull og misvinsæl — og hafa styrk og þol til þess að vinna að þeim. Við munum ekki leysa aðsteðjandi vandamál með breytingum á stjórnskipun Íslands. Saga stjórnarskráa bendir raunar til þess að endingartími og tilætluð samfélagsleg áhrif þeirra aukist í öfugu hlutfalli við lengd þeirra og lagatæknilega fágun."

Þetta finnst mér það dapurlega við allan málflutning stjórnarmeirihlutans og þá á ég við framsóknarmenn, Samfylkinguna og Vinstri græna, þ.e. hvernig þeir hafa notað stjórnarskrána til að telja fólki trú um að með þessum breytingum muni allt verða betra í samfélaginu. Það er ekki þannig, við leysum ekki bráðavanda námsmanna með því að fara í breytingar á stjórnarskránni, við leysum ekki bráðavanda heimilanna eða fyrirtækjanna, herra forseti.

Þess vegna er dapurlegt að sjá pólitíska stundarhagsmuni setta í forgang þegar kemur að stjórnarskránni og það er þetta sem við sjálfstæðismenn höfum mótmælt, þegar kemur að grundvallarplaggi okkar viljum við að menn umgangist stjórnarskrána af virðingu. Við viljum sjá breytingar á stjórnarskránni. Það er rangt sem hefur komið fram, m.a. í máli hæstv. forsætisráðherra, ekkert annað en útúrsnúningar þegar sagt er að við sjálfstæðismenn viljum ekki breytingar á stjórnarskránni. Það hentar bara ágætlega að nota stjórnarskrána sem ákveðið tæki til að traðka á okkur sjálfstæðismönnum. Við sjálfstæðismenn kveinkum okkur ekki undan því en það skal ekki takast að nota stjórnarskrána til að viðhalda valdi til þess að beita henni í þágu pólitískra stundarhagsmuna.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu í bili en það er margt sem ég á eftir að fara yfir og ýmis atriði á ég órædd. Þegar kemur að stjórnarskránni er alveg ljóst að þingið þarf að bera mikla virðingu gagnvart stjórnarskránni, þessu mikilvæga plaggi. Við viljum sjá breytingar en við viljum sjá þær gerðar í sátt þannig að stjórnarskráin verði ekki átakaskjal til lengri tíma.

[16:04]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp um breyting á stjórnarskrá og um stjórnlagaþing. Ég vil í þessari atrennu ræða um hugmyndir framsóknarmanna um stjórnlagaþing, um breytingar á stjórnarskránni, sem komu fram á flokksþingi þeirra í janúar. Segja má að ýmislegt í þeim farvegi sem málið hefur verið í og í þeim hugmyndum sem birtar hafa verið hafi komið frá flokksþingi framsóknarmanna frá því í janúar 2008. Þeir hafa haldið þessum hugmyndum á lofti og eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er saga á bak við það. Hugmyndir um stjórnlagaþing komu fyrst fram hjá alþingismanninum Jónasi Jónassyni frá Hriflu, sem var framsóknarmaður eins og þekkt er en reyndar einnig stofnandi jafnaðarmannaflokksins eða Alþýðuflokksins. Hugmyndinni var hreyft snemma á árinu 1941 þar sem Jónas frá Hriflu taldi að eðlilegt væri að kalla saman sérstakan þjóðfund í tengslum við lýðveldisstofnunina og þar á meðal voru hugmyndir um stjórnlagaþing.

Frá þeim tíma hefur frumvarp um stjórnlagaþing þrisvar verið lagt fram á hinu háa Alþingi. Fyrst af Páli Zóphóníassyni, þingmanni Framsóknarflokksins, árið 1948, síðan af Jóhönnu Sigurðardóttur árið 1995 og svo af Siv Friðleifsdóttur, sem lagði, ásamt öðrum þingmönnum Framsóknarflokksins, fram frumvarp um stjórnlagaþing á yfirstandandi þingi.

Það vekur athygli að í hugmyndum Framsóknarflokksins frá því í janúar eru settar fram ýmsar hugleiðingar um það hvar bera eigi niður varðandi stjórnlagaþing og verkefni þess. Þar er m.a. velt upp hugmynd um hvort afnema eigi þingræði og taka upp beina kosningu æðsta handhafa framkvæmdarvalds. Jafnframt er verið að velta því fyrir sér hvort þörf sé á sérstökum þjóðhöfðingja og hvert hlutverk hans eigi að vera.

Ýmis önnur atriði koma fram sem eru reyndar mjög lítið tæmandi, verð ég að segja, miðað við þá umræðu sem verið hefur um breytingu á stjórnarskránni á síðustu árum. Þó er tæpt á ýmsu og m.a. koma þarna fram spurningar um það hvort auka eigi möguleika á þjóðaratkvæði og jafnvel frumkvæði að löggjöf frá almenningi.

Eitt af því sem þeir eru að velta fyrir sér eru möguleikar á þjóðaratkvæðagreiðslu og því vekur það sérstaka athygli að ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu hafi verið tekið út fyrir sviga þegar til kastanna kom og frumvarp kom fram um breytingu á stjórnarskránni og um stjórnlagaþing. Þrátt fyrir að hugmyndir framsóknarmanna hafi verið í þá veru að stjórnlagaþingið fengi víðtækt umboð til þess að endurskoða stjórnarskrána er tekin ákvörðun um að taka nokkra þætti út fyrir og afgreiða það á yfirstandandi þingi, breytingar á stjórnarskránni, taka til umræðu þætti sem stjórnlagaþingið mundi að öðrum kosti útfæra.

Við hljótum að velta því fyrir okkur hver ástæðan sé fyrir því að þrjú atriði — varðandi atkvæðagreiðslu, varðandi það hvernig breyta eigi stjórnarskránni og varðandi auðlindir landsins — eru tekin út fyrir sviga og tekin ákvörðun um að yfirstandandi þing eigi að gera slíka breytingu á stjórnarskránni þannig að takmarka eigi verkefni stjórnlagaþings sem því nemur.

Það vekur líka athygli að þeir þættir sem ég nefndi hér á undan, hvort þörf sé á sérstökum þjóðhöfðingja og hvert hlutverk hans eigi þá að vera, og hvort afnema eigi þingræði og taka upp beina kosningu æðsta handhafa framkvæmdarvalds — það vekur athygli að í greinargerð með frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Um hlutverk stjórnlagaþings er gagnorð lýsing í 1. málsl. 1. mgr. en það er að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þar er sömuleiðis fólgin eina efnislega takmörkunin á valdsviði stjórnlagaþings, þ.e. að áfram verði byggt á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda, en ekki verður fallist á frávik frá þessum grunngildum sem íslenska stjórnskipulagið hvílir á. Þá er gengið út frá því að áfram verði byggt á lýðveldisskipulagi þar sem þjóðhöfðingi er kjörinn til ákveðins tíma og áfram verður þannig rætt um stjórnarskrá lýðveldisins. Annars er í ákvæðinu hvorki mælt fyrir um skyldur stjórnlagaþings né takmarkanir á því hvað skuli eða megi endurskoða enda er í því efni treyst á mat þingsins sjálfs."

Í þessu sambandi má þannig benda á að hugmyndum

Framsóknarflokksins, um að skoða sérstaklega hvort afnema eigi þingræði og taka upp beina kosningu æðstu handhafa framkvæmdarvalds, og um það hvort þörf sé á sérstökum þjóðhöfðingja og hvert hlutverk hans eigi að vera, er í raun og veru hafnað í greinargerð með frumvarpinu og í frumvarpinu sjálfu með því að takmarka hlutverk stjórnlagaþingsins sjálfs.

Jafnframt kom fram á flokksþingi framsóknarmanna að stjórnlagaþing skuli ekki skipað núverandi eða fyrrverandi alþingismönnum, ráðherrum eða formönnum stjórnmálahreyfinga. Það má eiginlega segja að með því frumvarpi sem við höfum hér fyrir framan okkur eru þessar takmarkanir og hugmyndir framsóknarmanna ekki teknar upp heldur er eingöngu verið að segja það að allir séu kjörgengir til stjórnlagaþings nema forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra og ráðherrar. Hugmynd framsóknarmanna takmarkaði aðgang fleiri, þ.e. útilokaði fyrrverandi alþingismenn og formenn stjórnmálahreyfinga frá því að vera kjörgengir.

Það má því ljóst vera, af því sem ég hef sagt hér, að vald stjórnlagaþings er mun takmarkaðra en framsóknarmenn lögðu upp með. Í framhaldi af því má velta því fyrir sér hvaða breytingar hafa verið gerðar í sérnefnd um stjórnarskrá milli 1. og 2. umr. varðandi umgjörð stjórnlagaþingsins sjálfs. Þar hafa verið gerðar gagngerar breytingar til þess að minnka umfangið og langt því frá að farið sé eftir hugmyndum framsóknarmanna sem hafa lagt mikla áherslu á að stjórnlagaþingið komist á. En það er alveg ljóst að þeir hafa slegið verulega af í hugmyndum sínum til þess að ná þessu máli í gegn, m.a., sem gefur náttúrlega til kynna umfang breytinganna, er kostnaður, sem í byrjun var talinn 2–2,5 milljarðar kr., kominn niður í 400–500 millj. kr.

Það er einnig athyglisvert að í nefndaráliti meiri hluta eru hugleiðingar sem gefa til kynna að þeir séu ekki alveg með það á hreinu hvaða hugmyndir þeir leggja til grundvallar í vali á fulltrúum á stjórnlagaþing, hvernig þeir vilja útfæra kosningu til stjórnlagaþings.

Í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Í drögum að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing sem er fylgiskjal með frumvarpi til stjórnskipunarlaga er lagt til að kosið verði persónukjöri á þingið. Meiri hlutinn leggst ekki gegn slíkri kosningu en áréttar þó mikilvægi þess að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar. Ný stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mun verða stjórnarskrá þjóðarinnar allrar. Enda þótt aðkoma almennings alls verði tryggð, t.d. með opnum fundum, upplýsingagjöf og málþingum og að auðvelt verði að senda inn umsagnir, þarf jafnframt að tryggja að á þinginu sjálfu sitji þjóðin öll eða fulltrúar hennar. Meiri hlutinn telur því mikilvægt að reglur um persónukjör verði með þeim hætti að tryggt verði að fulltrúar landsbyggðar og landshluta fái sæti, hvort sem það verður gert með ríkari reglum um kjör eða reglum um einhvers konar jöfnunarsæti. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að reglur um kjörið verði með þeim hætti að tryggt verði eins og hægt er jafnt kynjahlutfall á þinginu.“

Hér má segja að mörgum spurningum sé ósvarað og alls ekki ljóst hvernig kosningar til stjórnlagaþingsins eru hugsaðar eða útfærðar. Maður veltir fyrir sér hvort verið er að leggja til persónukjör eða ekki. Maður veltir því líka fyrir sér hvað átt sé við þegar sagt er að jafnframt þurfi að tryggja að á þinginu sjálfu sitji þjóðin öll eða fulltrúar hennar. Hvað er átt við með að á þinginu sitji þjóðin öll eða fulltrúar hennar?

Það er því alveg ljóst að töluverðar breytingar hafa verið gerðar á fyrri hugmyndum og í stað þess eins og venjulega er í meðhöndlun þingsins að reynt sé að gera textann skýrari og auðskildari er hér þveröfugt farið að, textinn er óskýrari og erfiðara að fara eftir honum eftir því sem lengra hefur liðið á vinnuna.

[16:14]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Dag eftir dag á Alþingi Íslendinga hefur stjórnarskrármálið verið sett á undan mikilvægum málum sem nauðsynlegt er að afgreiða. Því er það fagnaðarefni að mál nr. 409, um fjármálafyrirtæki, mál nr. 461, um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna, og mál nr. 410, tekjuskattur, voru sett á dagskrá áður en 2. umr. um stjórnarskipunarlögin er framhaldið. Það er ánægjuefni að við tókum þrjú mál á undan þessu.

Eftir sem áður eru ýmis málefni órædd og því vekur það furðu að stjórnarskrármálið skuli vera notað til að teppa önnur mál. Ég vil ítreka þá ósk við forseta að við ræðum í þinginu um það sem skiptir máli fyrir afkomu landsmanna í því kreppuástandi sem ríkir hér á landi, málefni fyrirtækja og heimila, því að þau mál eru algjör forgangsatriði í stöðunni sem við erum í. Við verðum að taka á þeim málum og síðan er upplagt að ræða stjórnarskrármál og hver önnur þau mál sem um getur. Við verðum að forgangsraða. Því hvet ég til þess að hæstv. forseti fresti 2. umr. um stjórnarskipunarlögin.

Virðulegi forseti. Hvergi í heiminum eru dæmi þess að stjórnarskrá sé breytt eftir rúmlega mánaðarumfjöllun á þingi en sem kunnugt er lagði hæstv. forsætisráðherra þetta mál fram þann 6. mars síðastliðinn. Hvergi eru þess dæmi að mál séu afgreidd á þennan hátt því að í flestum stjórnarskrám og í öllum rituðum stjórnarskrám þjóða heims eru einmitt ákvæði um það hvernig staðið skuli að breytingum á stjórnarskrám.

Reyndar er það svo að allar ritaðar stjórnarskrár í heiminum taka á fjórum þáttum: Í fyrsta lagi á stjórnskipunarforminu. Í öðru lagi á mannréttindum. Í þriðja lagi er rætt um skiptingu valds, um valdhafa og valdmörk. Og síðast en ekki síst er í fjórða lagi fjallað um hvernig standa skuli að því að breyta stjórnarskrám.

Þá má undir engum kringumstæðum gera stjórnarskrá að pólitísku átakaskjali. Við þurfum að umgangast stjórnarskrá Íslands af virðingu. En eins og kunnugt er eru núverandi tillögur um breytingar lagðar fram í því ljósi að Framsóknarflokkur setti það sem skilyrði fyrir því að verja hæstv. minnihlutastjórn þá sem nú situr að sett yrði ákvæði um stjórnlagaþing í frumvarpi. Að sama skapi hafði hæstv. núverandi ríkisstjórn sett fram þá verkefnaáætlun sem gerir ráð fyrir því að ræða breytingar á stjórnarskrá og koma til framkvæmda. En ég endurtek: Hvergi nokkurs staðar er hægt að breyta stjórnarskrá á einum mánuði.

Í 79. gr. stjórnarskrárinnar er fjallað um hvernig staðið skuli að breytingum á henni. Ég hef áður gert grein fyrir 79.

gr. í umfjöllunarefni í ræðu sem ég flutti fyrir páska og mun því ekki gera svo að þessu sinni.

Ég vil aðeins ræða stjórnlagaþingið. Það er 4. gr. frumvarpsins sem um ræðir. Hugmyndin um stjórnlagaþingið er nokkuð óljós. Það kemur m.a. fram í greinargerð með frumvarpinu því að á blaðsíðu 22 segir:

„Hugtakið stjórnlagaþing er ekki fastmótað en eins og nafnið gefur til kynna hefur slíkt þing það hlutverk að semja ný stjórnlög eða reglur um stjórnskipun ríkis eða breyta þeim sem fyrir eru og þar sitja venjulega þjóðkjörnir fulltrúar, oftast af þjóðþingum."

Í allflestum tilvikum eru það þingmenn sem skipa stjórnlagaþingið.

Hugmyndin er í öllu falli afar óljós og það kemur fram í greinargerðinni. Vettvangur stjórnlagaþings er eins og vettvangur Alþingis, þ.e. þjóðkjörinn vettvangur. Breytingar á stjórnarskránni eru hluti af verkefnum Alþingis. Samkvæmt frumvarpinu er gefið til kynna að alþingismenn séu ekki hæfir til að breyta stjórnarskrá en um leið liggur í orðanna hljóðan að stjórnlagaþingmaður væri það. Þetta er mjög einkennilegt mál.

Verið er að segja að þingmenn sé vanhæfir. Ef þeir eru vanhæfir núna verða þeir það væntanlega í framtíðinni, ekki bara um stjórnarskrármál heldur væntanlega um önnur mál. Ef Alþingi er vanhæft þarf auðvitað að leggja það niður, það gefur augaleið.

Spurningin er: Hvers vegna þarf að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni? Ef við göngumst við því að það væri skynsamlegt — þessi stjórnarskrá hefur verið í gildi síðan 1944 með nokkrum breytingum þó — væri ekkert úr vegi að setja saman stjórnlagaþing og það mætti vera skipað fólki sem eru ekki kjörnir þingmenn. Ég hef ekkert á móti því. En slíkt þing þyrfti í öllu falli að vera ráðgefandi þing fremur en að taka á sig mynd Alþingis og þá eru tvö Alþingi og tveir stjórnarskrárgjafar starfandi á sama tíma.

Tillagan um stjórnlagaþing er einsdæmi. Þetta er tilraunastarfsemi. Hvergi er farin þessi leið og hefur það komið fram í greinargerð með frumvarpinu en á blaðsíðu 25 segir að stjórnlagaþingið og fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í frumvarpinu sé nýmæli sem eigi sér enga beina fyrirmynd í sögu stjórnlagaþinga eða þjóðfunda í lýðræðisríkjum frá síðustu öldum. Þetta er tilraunastarfsemi, virðulegi forseti. Ég hafna því að við stundum slíka tilraunastarfsemi um jafnmikið grundvallarplagg og stjórnarskráin okkar er.

Eins og fram hefur komið er hugmyndin að núverandi breytingum á stjórnarskrá bæði söguleg og dapurleg. Í fyrsta sinn er hugmyndin að þvinga fram breytingar á stjórnarskrá í óþökk stórs hluta þingmanna, að þvinga fram veigamiklar breytingar í ósætti. Sem kunnugt er eru 27 þingmenn af 63 á móti því frumvarpi sem hér er rætt.

Einnig er mikilvægum málum haldið í gíslingu og brýn mál eru látin bíða til að freista þess að afgreiða breytingar á stjórnarskránni sem eru, eins og áður gat um, illa ígrundaðar. Það eru 27 þingmenn á móti, stór minni hluti. En einnig voru, eins og fram hefur komið, einungis tveir af þeim 27 umsagnaraðilum sem skiluðu áliti um frumvarpið meðmæltir því.

Málsmeðferðin er einsdæmi. Í stjórnarskrám er kveðið á um hvernig breyta á þessum stjórnarskrám og þar er verið að fyrirbyggja að upp komi staða eins og kemur nú upp í íslensku samfélagi. Það er óróleiki í samfélaginu. Það er ríkjandi kreppa og síst af öllu þurfum við á stjórnarkreppu að halda líka. Málsmeðferðin er óásættanleg. Þetta frumvarp er sett fram í nafni lýðræðisumbóta. Það eru mikil öfugmæli, virðulegi forseti, því að lýðræðisumbótum á ekki að koma á í ósætti. Sjálft málið er allt hið ólýðræðislegasta.

Það getur ekki verið að núverandi minnihlutastjórn ætli að reyna að þvinga fram svo mikilvægt mál á allra síðustu mínútum þings þar sem ekki einungis er ósætti heldur kemur fram í breytingartillögum sem meiri hluti nefndarmanna setti fram að breyta þarf að minnsta kosti tíu liðum í frumvarpinu sjálfu.

[16:25]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Ég held að ég hafi lokið máli mínu í síðustu ræðu þar sem ég ræddi um stjórnlagaþing, á því að fjalla um stjórnlagaþingið í Austurríki sem sett var á fót árið 2003 til þess að endurskoða stjórnarskrá frá 1920. Ég endaði á því í ræðu minni að þær breytingar sem það stjórnlagaþing lagði til hefðu ekki náð fram að ganga. Ég held ég fari rétt með að það hafi verið á þann veg að tillögurnar hafi verið lagðar fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu og þær hafi ekki fengið nægilega mikinn meiri hluta til að ná samþykki.

Ég held að ég hafi ekki verið búinn að tæpa á stjórnlagaþinginu í Suður-Afríku sem sett var á fót eftir fall stjórnar hvíta minni hlutans en þá samanstóð stjórnlagaþingið af báðum deildum suður-afríska þingsins en hafði sér til ráðgjafar nefnd sjö óháðra sérfræðinga. Í því dæmi var það því löggjafarsamkoman sem var stjórnlagaþingið.

Það er hins vegar athyglisvert að líta okkur aðeins nær, til Sviss, en þar er einmitt komin rík hefð á að stjórnlagaþing endurskoði stjórnarskrár kantónanna. Ég hef nú aðeins tæpt á þessu í fyrri ræðum en ekki kannski farið nægilega ítarlega ofan í það. Ég held að það sé ráð fyrir okkur á hv. Alþingi að skoða hvernig staðið hefur verið að þessu máli í Sviss að undanförnu ef við viljum fara þessa stjórnlagaþingsleið en þar hefur þetta verið gert þó nokkrum sinnum. Níu af 25 kantónum hafa sett á fót stjórnlagaþing frá árinu 1980 til þess að endurskoða stjórnarskrána og nú síðast var kosið til slíks þings í Genf síðastliðið haust. Hinar kantónurnar hafa síðan flestar endurskoðað sínar stjórnarskrár á sama tímabili en þá með hefðbundnari hætti.

Endurskoðun sem þessari er gjarnan hleypt af stað með samþykki stjórnarskipunarlaga í þjóðaratkvæðagreiðslu sem er þá í rauninni ekki alveg í takt við það sem við erum að gera hér en tilgangur verksins er yfirleitt að færa texta frá 19. öld í nútímalegri búning og taka þá í nýju skjali á vandamálum samtímans. Fjöldi þingmanna á stjórnlagaþingi er á bilinu 60–200 og stjórnlagaþingin hafa fengið mjög rúman tíma til umráða eða frá þremur og hálfu ári upp í níu og hálft ár.

Og ef við hugsum okkar aðstæður í því samhengi er verið að keyra hér í gegn breytingar á stjórnarskránni á einum mánuði. En eins og fram hefur komið, m.a. hjá hv. síðasta ræðumanni, þekkist ekki að breytingar á stjórnarskrá séu keyrðar í gegn á einum mánuði.

Niðurstöður stjórnlagaþinganna eru síðan bornar beint

undir þjóðaratkvæði en þó er, varðandi stjórnlagaþingið í Genf, gert ráð fyrir að niðurstaðan fari til löggjafarþingsins til afgreiðslu.

Kosið hefur verið beinni kosningu til þessara stjórnlagaþinga en þá hefur það verið hefðbundin listakosning og hafa hinir hefðbundnu stjórnmálaflokkar yfirleitt haft flesta fulltrúana.

Ég held að vegna þeirrar nokkuð fjölþættu reynslu sem þessi vinaþjóð okkar hefur af stjórnlagaþingi, þar sem slík þing eru í fjölda kantóna, ættum við að skoða þetta mun betur en við höfum gert hingað til og sjá hvað við getum lært af þeim. Það hafa gilt mjög fjölbreyttar reglur um stjórnlagaþing hjá hinum ýmsu þjóðum og við ættum auðvitað að skoða það þótt aðalreglan sé sú að þeir eru þjóðkjörnir sem þar sitja og oft þingmenn á þjóðþingum, enda ekki endilega kjörið beint til stjórnlagaþings.

Það var athyglisvert sem kom fram í umræðunni hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni þegar hann ræddi um kosningafyrirkomulag á stjórnlagaþingi, að mikið hafi verið talað um persónukjör og það ætti að vera persónukjör til stjórnlagaþingsins. Það getur vel verið að það sé góð leið að fara þannig að því. Það hefur auðvitað verið nokkuð rík tilhneiging til þess í umræðu að undanförnu að leggja áherslu á persónukjör umfram listakjör, ef maður getur orðað það þannig. En í þeirri vinnu sem fram hefur farið hefur þetta ekki verið útfært á nákvæman hátt þannig að ég sjái raunverulega um hvers konar persónukjör er að ræða og hver útkoman úr slíku gæti orðið.

Aðeins hefur verið fjallað um þetta áður og var vitnað til þess í umræðunni að hv. þm. Tómas Árnason hefði í umræðum á Alþingi lagt til að í kosningu til stjórnlagaþings yrði persónukjör en það væri þá í gegnum einmenningskjördæmi. Ég átta mig ekki alveg á því nákvæmlega hvenær þetta var og er að reyna að rifja upp hvenær slíkar tillögur komu fram.

En alla vega held ég að þetta sé mjög athyglisverð tillaga því að svo sannarlega væri um persónukjör að ræða í einmenningskjördæmi. Komið hefur upp í umræðunum að hv. þingmenn hafa áhyggjur af því hvernig fulltrúadreifing um landið væri á þingi þar sem landið væri eitt kjördæmi og einstaklingar byðu sig fram til persónukjörs. Það væru 40–60 eftir því hve marga fulltrúa væri hægt að kjósa. Þá væri mögulegt, jafnvel líklegt og kannski óumflýjanlegt að flestir þessara fulltrúa væru frá þéttbýlissvæðunum og fulltrúar þeirra svæða og dreifbýlið ætti ekki mikla möguleika á því að koma að fulltrúum.

En það hlýtur að vera nauðsynlegt að landsbyggðin eigi þá fulltrúa á stjórnlagaþingi líka til þess að þar sé nægilega breiður hópur fulltrúa til þess að öll sjónarmið komi fram. Því ætti að vera hægt að ná fram ef kosningafyrirkomulagið væri einmenningskjördæmi og landinu væri skipt upp í kjördæmi. Þau væru þá nokkuð jöfn að stærð og væri tryggt að fulltrúar væru frá öllum svæðum. Ég held að það væri ráð ef menn vilja halda sig við stjórnlagaþingið og persónukjörið að fara þessa leið, einhvers konar jöfnunarkerfi vegna landsbyggðarinnar væri ómögulegt á annan hátt en í gegnum svona kerfi.

Ég held að í svona mikilvægu máli þurfi að liggja nokkurn veginn fyrir hvernig velja á á stjórnlagaþingið áður en það er samþykkt á hv. Alþingi, það hlýtur að vera grundvallaratriði við afgreiðslu málsins.

[16:35]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S):

Herra forseti. Ég fagna því að fá enn á ný tækifæri til þess að ræða þetta mikilvæga mál og rifja upp að í lok umræðna, eftir að ég flutti ræðu fyrr í dag, stóð hv. þm. Siv Friðleifsdóttir upp og sagði að því miður stefndi í að Sjálfstæðisflokkurinn hefði sigur í stjórnarskrármálinu, málþófsflokkurinn gæti haldið uppi málþófi og sett dagskrá þingsins í uppnám. Það gengi ekki svo skömmu fyrir kosningar, kjósendur yrðu að geta hitt þingmenn og mörg mikilvæg mál biðu afgreiðslu í þinginu.

Ég tek fullkomlega undir þessa ályktun hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og vil hvetja hæstv. forseta til að sjá til þess að þessi tilmæli hennar, um að kjósendur geti hitt þingmenn og að unnt verði að afgreiða mörg mikilvæg mál hér í þinginu áður en til þess kemur, nái fram að ganga og að dagskránni verði breytt á þann veg að þetta mál verði lagt til hliðar og önnur brýnni tekin til umræðu. Ég hef hvatt til þess í mörgum ræðum, og hef mælst til þess hvað eftir annað við hæstv. forseta, að hann beiti sér fyrir samkomulagi sem tæki einmitt mið af því sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi hér fyrr í dag, að það væri augljóst að þessu máli yrði ekki lokið á þeim tíma sem til stefnu er miðað við að boðað hefur verið til kosninga hinn 25. apríl nk.

Ég vil, virðulegi forseti, af þessu tilefni fara yfir dagsetningar þannig að við, hv. þingmenn, áttum okkur á því hvað hefur raunverulega verið lagt fyrir okkur í þessu máli. Hinn 11. mars sl. var frumvarpi til stjórnarskipunarlaga vísað til sérnefndar um breytingar á stjórnarskránni, en það var ekki fyrr en daginn eftir, hinn 12. mars, sem kosið var í nefndina og fyrsti fundur var haldinn föstudaginn 13. mars. Að kvöldi þess sama dags var málið sent út til umsagnar og umsagnarfrestur gefinn til 20. mars. Gefinn var vikufrestur til þess að segja álit sitt á þeim fjórum greinum sem frumvarpið byggist á.

Síðan hefur komið fram, virðulegi forseti, í umræðum um þennan umsagnarfrest og um það hverjir fengu þetta til umsagnar, og það hefur verið gagnrýnt að álfyrirtæki hér í landinu hafi t.d. fengið frumvarpið til umsagnar. Ég hef fengið fyrirspurnir frá fréttamönnum um það hvort það hafi verið að ósk okkar sjálfstæðismanna sem þessum aðilum var sent frumvarpið en svo var ekki. Við fengum á þessum föstudegi, 13. mars, sendan lista sem tekinn var saman af nefndasviði þingsins í samvinnu við formann sérnefndarinnar, hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, sem nú hefur yfirgefið þingsalina — okkur var sendur þessi listi og okkur gefið færi á því að bæta inn á hann í síðasta lagi mánudaginn 16. mars þegar nefndin kom saman til síns fyrsta fundar.

Ég man ekki hvort við bættum við einum eða tveimur umsagnaraðilum en síðan hefur komið fram gagnrýni á að umsagnaraðilar hafi ekki verið nægilega margir og t.d. hafi erindum ekki verið beint til mannréttindasamtaka hér sem telja sig hafa sérstaka stöðu gagnvart stjórnarskránni og vafalaust eru það ýmsir fleiri sem eðlilegt hefði verið að bera þetta mál undir sem ekki fengu frumvarpið sent til umsagnar. En það er alveg skýrt að þeir aðilar sem fengu

frumvarpið til umsagnar kvarta almennt undan því að skammtaður hafi verið allt of stuttur tími til að segja álit sitt á málinu auk þess sem þeir eru efnislega ósammála því sem í frumvarpinu segir, mismunandi eftir því hvaða greinar koma þar til álita en allir hafa einhverjar athugasemdir nema tveir ef ég man rétt, Alþýðusamband Ísland og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Í þessum umræðum hefur m.a. mjög rækilega verið vakið máls á því, m.a. af hv. þm. Guðfinnu S. Bjarnadóttur, hve illa er staðið að því að undirbúa þetta mál og hve vinnubrögðin eru, ef ég má orða það svo, óvísindaleg eða ófagleg þegar um breytingu á stjórnarskránni er að ræða.

Það var ekki fyrr en mánudaginn 16. mars sem sérnefndin hóf störf og hún fundaði reglulega og hélt samtals 11 fundi og lauk störfum þriðjudag viku eftir 16. mars og þá vildum við, eftir að búið var að kalla til alla umsagnaraðila sem vildu koma til nefndarinnar eða þá aðila sem við töldum rétt að kalla til, fá tóm til þess að ljúka málinu með umræðum í nefndinni og kanna hvort unnt væri að leita sátta um málið. Þá sagði hv. formaður nefndarinnar að tími sátta væri liðinn og okkur kom það mjög á óvart að ekki væri unnt að leita sátta í málinu.

Eins og hæstv. forseta er kunnugt hafa síðan verið hér umræður um málið og málið hefur skýrst og æ betur hefur komið í ljós hve illa var að öllum undirbúningi þess staðið. Það er alveg ljóst af hálfu okkar sjálfstæðismanna að við leggjumst alfarið gegn því að frumvarpið nái fram að ganga. Ekki hefur tekist að ná neinni sátt um afgreiðslu málsins og ekki einu sinni sátt um það hvernig dagskrá þingsins skuli háttað í kringum málið. Þegar við mætum því viðhorfi hjá þeim sem hafa ráð þingsins í hendi sér að ekki er einu sinni unnt að semja við okkur um dagskrá þingsins getum við að sjálfsögðu ekki vænst þess að unnt sé að semja við okkur um efni þessa mikla máls sem snertir breytingu á stjórnarskránni. Viljaleysi þeirra sem ráða ríkjum þessa dagana á hinu háa Alþingi til þess að greiða fyrir gangi þingmála er því algjört og viljaleysið er einnig algjört þegar kemur að því að ræða um leiðir til þess að ná sátt um þetta mál.

Með því að neita sátt um þetta mál er verið að brjóta allar hefðir sem hér hafa gilt um meðferð breytinga á stjórnarskránni til þessa. Nefndar hafa verið tvær undantekningar frá sáttaleiðinni við afgreiðslu stjórnarskrárinnar, þ.e. við breytingu á kjördæmaskipaninni árið 1934 og aftur árið 1959. En aldrei, þegar rætt hefur verið um breytingar á efnisatriðum stjórnarskrárinnar og atriði sem lúta að efnisþáttum í stjórnarskránni, hefur verið gengið eftir þeim veg að sátta sé ekki leitað og ekki reynt að skapa sem víðtækasta pólitíska samstöðu um breytingar á stjórnarskránni.

Virðulegi forseti. Aðdragandi málsins einkenndist líka af þessu viljaleysi til þess að leita samkomulags og sátta sem blasti við öllum þegar málið kom til meðferðar hér í þinginu. Strax á fyrsta degi lýsti þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Geir H. Haarde, því yfir að Sjálfstæðisflokkurinn sætti sig ekki við málsmeðferðina og hún ein væri þess eðlis að ekki mundi nást að klára þetta mál. Þetta hefur legið fyrir frá fyrsta degi umræðunnar hér í hinu háa Alþingi. Það þarf ekki að koma neinum á óvart að við sjálfstæðismenn höldum áfram að ræða þetta mál á þeim grunni sem við höfum gert. Menn mega ekki gleyma því, þegar um þetta mál er fjallað hér í þingsalnum, að við erum þó 40% þingmanna, í Sjálfstæðisflokknum eru 40% þeirra sem sitja á þingi og að telja sér trú um að það sé skynsamleg leið til þess að þess að afgreiða stjórnarskrá í nokkru þjóðþingi — hvað þá heldur hér á Alþingi Íslendinga þar sem þessi hefð hefur ríkt um öll þessi ár með þeim hætti sem hér hefur verið staðið að, að menn geti náð því máli fram, það er fráleitt að vænta þess.

[16:45]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlýtt á hv. þm. Björn Bjarnason flytja hér allnokkrar ræður og það fer ekkert milli mála hver hans skoðun er og ég virði hana út af fyrir sig. Í ræðunni sem hann flutti núna er hann enn og aftur að hvetja til sátta í málinu og ég fyrir mitt leyti hef tekið undir þau sjónarmið að ástæða sé til þess að láta á það reyna hvort sátt náist í málinu. Ég geri það að tillögu minni núna þar sem það liggur fyrir að á mælendaskrá eru átta eða níu, allir úr þingflokki sjálfstæðismanna, að þeir dragi sig í hlé og málið komist aftur til nefndarinnar strax núna næstu klukkutímana og þar verði látið á það reyna hvort samkomulag náist í nefndinni vegna þess að samkomulag næst náttúrlega ekki héðan úr ræðustól.

Ég hef hvatt til þess að menn færu þessa leið og það er hægt að fara hana ef mælendaskrá tæmist. Þá fer málið til nefndar og við höfum þá einn eða tvo sólarhringa til að átta okkur á því hvort niðurstaða geti orðið. Þess vegna kveð ég mér hljóðs hér til þess að spyrjast fyrir um það hjá hv. þingmanni hvort hann fallist á eða vilji beita sér fyrir því að þessi leið verði reynd.

[16:47]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki beita mér fyrir því að umræðunni verði lokið með þessum hætti. Vilji menn hins vegar gera hlé á umræðunni án þess að tæma mælendaskrána er það mál sem ég get hugsanlega fallist á en ég er ekki til viðræðu um það að mælendaskráin verði afmáð hér í þessu máli. Ég treysti ekki meiri hlutanum í þessu máli þannig að ég sé hlynntur því. Það hefur legið fyrir af okkar hálfu að við erum tilbúin til þess að ræða þetta í nefndinni ef menn hafa áhuga á því en ekki með því að hætta þessari umræðu. Það er alveg ljóst af minni hálfu að ég mun berjast gegn því eins og ég mun berjast gegn því að Alþingi sé svipt stjórnarskrárvaldinu.

Ég tel að það sé svo mikið í húfi, og því miður treysti ég meiri hlutanum í sérnefndinni ekki vegna þeirra vinnubragða sem þar voru viðhöfð og hvernig var komið fram okkur þar þegar neitað var að ræða um þessi mál á lokastigi málsins eins og við óskuðum eftir. Þetta veldur því að ég treysti meiri hlutanum í sérnefndinni því miður ekki. Ég vil því ekki að það verði bundinn endir á þessa umræðu með því að menn taki sig út af mælendaskrá og ég mun ekki mæla með því í mínum þingflokki að það verði gert og ég mun ekki sjálfur falla frá þeim rétti mínum að tala hér áfram þangað til ég veit að þetta mál er komið í örugga höfn. Það er ekki komið í örugga höfn þótt það yrði haldinn fundur í þessari ágætu nefnd.

[16:48]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú ekki auðvelt viðureignar þegar hv. þingmaður lýsir fyrst yfir að hann vilji sátt í málinu, lýsir jafnframt yfir algjörri andstöðu sinni við samþykkt á flestum ef ekki öllum greinum frumvarpsins og hafnar þeirri sáttatillögu af minni hálfu að menn dragi sig í hlé og fari út af mælendaskrá þannig að hægt sé að koma málinu til nefndar. Þá er náttúrlega verið að stilla þeim sem eru á öndverðri skoðun upp við vegg með þeim hætti að það jaðrar við að menn eigi að gefast upp við að reyna að koma sínum málum í gegn, sem þeir hafa margir hverjir mikla sannfæringu fyrir og ég er í þeirra hópi að það sé margt mjög skynsamlegt í þessu frumvarpi sem eigi vissulega erindi inn í íslenska löggjöf.

Ég held að það sé rétt mat hjá mér að áframhaldandi umræða hér í dag og fram á nótt og hugsanlega alveg til vikuloka verði til þess að það náist engin niðurstaða í málið og það er kannski tilgangurinn hjá þeim sem nú raða sér í pontu. Þá er náttúrlega ekkert hægt annað en að taka undir það sem sagt hefur verið við þessa umræðu að sjálfstæðismenn er að halda uppi málþófi. Þeir eru að endurtaka sig hér sí og æ, þeir eru búnir að tjá sig um það hvað þeim finnst um þetta frumvarp og öll rök liggja á borðinu. Við höfum sum hver hlýtt samviskusamlega á þessar ræður. Það er ekkert nýtt að koma fram, þetta er endurtekning sem túlkast sem málþóf og það er ekki neinum, og allra síst þeim sem halda uppi málþófinu til mikils sóma.

[16:50]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður má kalla það það sem hann vill, varðstöðu mína um stjórnarskrárvald Alþingis, og vilji hann kenna það við málþóf er honum það frjálst. Það sem ég segi: Það er hægt að gera hlé á þessari umræðu og ræða við menn um einhverjar leiðir til sátta í málinu, ég er tilbúinn að ræða 2. gr. frumvarpsins og hugsanlega er hægt að finna einhverja lausn þar en ég heyri að krafan sem gerð er til mín varðandi það að ég setjist að slíkum viðræðum er þannig að ég sætti mig ekki við hana. Ég sætti mig ekki við það að ég afsali mér valdi til þess að tala í 2. umr. þessa máls þótt ég setjist niður og átti mig á því hvort það sé nokkur möguleiki á því að finna einhverja sameiginlega lausn. Það er sú krafa sem stendur í vegi fyrir því að unnt sé að setjast niður. Ef gerð er sú krafa að við afsölum okkur rétti okkar til málfrelsis um stjórnarskrána og varðstöðu um Alþingi til þess að ná þessari niðurstöðu er svar mitt nei. Ég mun ekki samþykkja það í mínum þingflokki og mun standa gegn því að við afsölum okkur þeim rétti í þágu þings og þjóðar að við megum ekki tala hér oftar þótt menn setjist hér niður og kanni hvort hægt sé að finna einhverja lausn á þessu máli.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 16:53]

Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, 2. umr.

Stjfrv., 359. mál (niðurfelling sektar eða ákæru til að greiða fyrir rannsókn afbrots). — Þskj. 610, nál. 860.

[18:16]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 860 frá viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn.

Með frumvarpinu er lagt til að við ýmis lög um fjármálamarkaðinn verði bætt ákvæðum um niðurfellingu. Með niðurfellingu er átt við að viðurlög eru milduð eða felld niður að fullu þegar lögaðili eða einstaklingur kemur sjálfviljugur fram, játar brot gegn lögum og vinnur með eftirlitsaðila við rannsókn málsins. Þau lög sem hér er fjallað um varða lög um fjármálafyrirtæki, verðbréfaviðskipti, verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði, lög um vátryggingastarfsemi, lög um miðlun vátrygginga, lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa og lög um kauphallir. Frumvarpið leggur til að stjórnvaldssektum megi létta af eða þær megi lækka ef, eins og áður segir, lögaðili eða einstaklingur kemur sjálfviljugur fram og aðstoðar við rannsókn málsins.

Enn fremur er með frumvarpinu lagt til að Fjármálaeftirlitið fái heimildir samkvæmt sérlögum til að kæra mál ekki til lögreglu hafi eftirlitið ákveðið að veita niðurfellingu í samræmi við ákvæði viðkomandi laga sem ég taldi upp áðan.

Herra forseti. Þetta er í rauninni tvíþætt breyting sem er lögð til á þessum lögum. Annars vegar að falla frá sektarákvörðunum ef einstaklingur eða lögaðili er fyrstur til að koma fram með upplýsingar eða gögn sem að mati Fjármálaeftirlitsins geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti. Þá er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að lækka sektir ef einstaklingur eða lögaðili hefur frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn sem að mati eftirlitsins eru mikilvæg viðbót við þau gögn sem það hefur þegar í fórum sínum. Samkvæmt þessu munu þá einstaklingar og lögaðilar fá möguleika á því að fá niðurfellingu hvort sem rannsókn á broti þeirra er hafin eða ekki ef þeir ákveða sjálfviljugir og að fyrra bragði að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn. Almenn samvinna einstaklings eða lögaðila vegna rannsóknar eftirlitsins dugar sem sé ekki til þess að fá niðurfellingu.

Seinna atriðið varðar tillögu um að Fjármálaeftirlitið geti ákveðið að kæra brot ekki til lögreglu ef fyrirtæki eða einstaklingur hefur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn og Fjármálaeftirlitið telur að gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót við þau gögn sem það hefur þegar í fórum sínum.

Hér er með öðrum orðum lagt til að Fjármálaeftirlitið geti metið í þeim tilvikum er brot varðar bæði stjórnvaldssektum og refsingu hvort brotið skuli kært til lögreglu eða hvort því verði lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni sjálfri. Brotum sem teljast „meiri háttar" samkvæmt 2. mgr. 112. gr. d laga um fjármálafyrirtæki ber Fjármálaeftirlitinu undanbragðalaust að vísa til lögreglu. Í 2. mgr. 112.

gr. d laganna segir, með leyfi forseta:

„Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins.“

Sem fyrr segir ber Fjármálaeftirlitinu að vísa slíkum málum til lögreglu og verði frumvarpið óbreytt að lögum fær Fjármálaeftirlitið heimild til að kæra slík brot ekki til lögreglu ef menn hafa komið og haft frumkvæði að því að láta upplýsingar í té sem eru til þess fallnar að aðstoða við rannsókn eða jafnvel sönnun á broti.

Í nefndarálitinu er vísað til þess að í samkeppnislögum, nr. 44/2005, er kveðið á um niðurfellingu af þessu tagi bæði til handa einstaklingum og lögaðilum. Brot lögaðila á ákvæðum laganna um ólögmætt samráð varða stjórnvaldssektum en brot einstaklinga á sömu lögum um ólögmætt samráð varða refsisektum eða fangelsi. Sá munur er að mati nefndarinnar á úrræðum þessara tveggja stofnana, þ.e. Samkeppniseftirlitsins annars vegar og Fjármálaeftirlitsins hins vegar, *að í samkeppnisrétti er gerður greinarmunur á einstaklingum og fyrirtækjum en í frumvarpinu er ekki um slíkt að ræða gagnvart þeim heimildum sem lagðar eru til til handa Fjármálaeftirlitinu.* Samkeppniseftirlitinu ber að kæra brot einstaklinga til lögreglu en brot fyrirtækja varða aðeins stjórnvaldssektum. Nefndin álítur að brot gegn samkeppnislögum séu eðlisólík brotum á fjármálamarkaði að því leyti að þau eru til þess fallin að hafa í för með sér efnahagslegan skaða bæði fyrir neytendur og atvinnulíf og því mjög mikilvægt að leita leiða til þess að ljóstra upp um slík brot.

Því er einnig við að bæta að í samkeppnislögunum þar sem fjallað er um ólögmætt samráð eiga eðli máls samkvæmt alltaf fleiri en einn aðild að ólögmætu samráði. Markmið þessara ákvæða í samkeppnisréttinum er einmitt að reyna að ýta á að einn komi upp um annan, en við umfjöllun nefndarinnar kom fram að það er ákaflega sjaldgæft að fleiri en einn eigi aðild að broti á lögum um fjármálamarkaðinn.

Fyrr í vetur voru samþykkt lög nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara. Með þeim er ríkissaksóknara heimilað, samkvæmt rökstuddri tillögu frá hinum sérstaka saksóknara, að ákveða að falla frá saksókn gagnvart þeim sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn. Hér er um að ræða embætti hins sérstaka saksóknara sem falið hefur verið með sérlögum að rannsaka aðdraganda og eftirleik bankahrunsins síðasta haust. Þessi heimild til að falla frá saksókn er háð ströngum skilyrðum sem eru talin upp í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 135/2008. Rétt er að taka fram að ákvæðin sem gerð er tillaga um að heimila Fjármálaeftirlitinu að falla frá saksókn, að falla frá því að kæra til lögreglu, ganga mun lengra en þessi 5. gr. laga um embætti sérstaka saksóknarans gerir því að því verður ekki beitt nema að uppfylltum ströngum skilyrðum og samkvæmt rökstuddri beiðni sérstaks saksóknara til ríkissaksóknara.

Nefndin bendir á og vísar til álits allsherjarnefndar í umfjöllun um frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara þar sem fram kemur að heimild sem þessi til að falla frá saksókn sé nýmæli í réttarfarslöggjöf og hún á sér ekki fyrirmynd á Norðurlöndunum. Þetta er þekkt, sérstaklega úr bandarískum rétti en á sér ekki fyrirmynd á Norðurlöndunum. Hið sama á við um ákvæði þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar um að Fjármálaeftirlitið geti sleppt því að kæra alvarleg brot til lögreglu. Í frumvarpinu kemur skýrt fram að ekki hafi fundist nein fordæmi fyrir slíkum reglum erlendis, sem sé að eftirlitsaðili sem er gert skylt með almennum lögum að vísa meiri háttar brotum til lögreglu geti afgreitt slíkt innan sinna vébanda og með lögfestingu slíkra reglna yrði úrslitavald um það hvort brot á fjármálamarkaði sem teldust meiri háttar yrðu rannsökuð af lögreglu eða sættu eftir atvikum ákærumeðferð af hálfu ákæruvaldsins fært í hendur eftirlitsstofnunarinnar.

Þessar heimildir eru vægast sagt umdeildar og nefndinni barst fjöldi af athugasemdum og umsögnum sem allar vísuðu til sömu áttar. Niðurstaða nefndarinnar er sú að almennt sé ekki og eigi ekki að vera unnt að semja sig frá ákvörðun um saksókn. Bent er á að framferði þess sem brýtur lögin geti þá haft áhrif á refsiviðurlög þannig að hægt sé að dæma til vægari refsingar en ella ef menn koma fram með upplýsingar eða eru samvinnufúsir við rannsókn málsins.

Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að ákvarðanir um niðurfellingu saksóknar eigi að taka innan refsivörslukerfisins. Með vísan til þess að ekki finnast fordæmi erlendis fyrir *niðurfellingarreglum vegna brota á fjármálamarkaði* bendir nefndin á að ákvæðin sem slík séu mjög varhugaverð og ítrekar enn og aftur að um alvarleg brot geti verið að ræða. Þrátt fyrir að einhver brot kunni að upplýsast ef mælt verður fyrir um niðurfellingu saksóknar eða kæru til lögreglu í lögum leggur nefndin til að 2., 4., 6., 8., 10., 12., 14. og 15. gr. frumvarpsins falli brott. Hins vegar telur nefndin eðlilegt að Fjármálaeftirlitinu verði færðar heimildir sem aðrar greinar frumvarpsins mæla fyrir um. Verði frumvarpið að lögum eins og nefndin leggur til verði Fjármálaeftirlitinu heimilt að lækka stjórnvaldssektir eða falla frá þeim. Úrræði af þessu tagi geta einnig leitt til þess að mál verði upplýst án þess að vikið sé frá meginreglum um meðferð ákæruvalds í landinu.

Herra forseti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„2., 4., 6., 8., 10., 12., 14. og 15. gr. falli brott.“

Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álit þetta skrifa hv. þingmenn, auk þeirrar sem hér stendur, Birgir Ármannsson, Lúðvík Bergvinsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Höskuldur Þórhallsson, Árni M. Mathiesen, Helga Sigrún Harðardóttir og Jón Magnússon.

[18:29]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég hef um alllanga hríð beðið eftir að flytja ræðu um breytingar á stjórnarskipunarlögum og hef verið þar næstur á mælendaskrá í langan tíma. Fundi var frestað þegar ég taldi að ég væri á leiðinni í ræðustól til að fjalla um það efni og síðan ítrekað frestað og síðan þegar þingfundi er fram haldið er búið að fresta umræðum um stjórnarskipunarlögin og ákveðið að fjalla um lög um breytingar á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn.

Mér finnst miður þetta óskipulag á þingstörfum og að ekki skuli hafa verið tekin ákvörðun um það með hvaða hætti umræður um breytingar á stjórnarskipunarlögum skyldu vera þannig að það lægi þá fyrir hvort umræðan um það mál yrði tekin upp að nýju síðar í kvöld eða hvernig sem það verður. Mér fannst miður að geta ekki komið að sjónarmiðum mínum í þeirri ræðu varðandi stjórnarskipunarlagaumræðuna.

Burt séð frá því sýnir þetta eitt með öðru í hvers konar skipulagsleysi við erum sem sitjum á hinu háa Alþingi og hvernig hlutum er ráðstafað eftir geðþóttaákvörðunum sem við almennir, óbreyttir þingmenn komum lítið að. Þetta vildi ég hafa sem ákveðinn formála þótt þetta komi því máli ekki við sem hér er til umræðu. Svo ég snúi mér að því máli erum við þar að fjalla um ákvæði sem eru til komin og afleiðing af því efnahagshruni sem varð hér í byrjun október þar sem gripið var til ýmissa aðgerða sem sumar hverjar hljóta að orka mjög tvímælis. Betra hefði verið ef þjóðþinginu hefði gefist meira ráðrúm til að fjalla um það með öðrum hætti en akkúrat því sem um var að ræða þar sem menn töldu fljótlega í kjölfar efnahagshrunsins að brýna nauðsyn bæri til að grípa til ákveðinna ráðstafana.

Það var vissulega þannig. Þá vaknar spurningin hvort verið var að raska þeim grundvelli sem almenn refsiákvæði og refsilöggjöf byggir á og hvernig farið er með kærur og breytingar og refsilækkanir almennt.

Þegar frumvarpið um sérstakan saksóknara var til umfjöllunar á þingi fjallaði ég sérstaklega um að það væri veruleg spurning hvort setja ætti á laggirnar embætti sérstaks saksóknara. Ég taldi heppilegra að efla mun meira efnahagsbrotadeild eða héraðssaksóknara eins og átti að vera í efnahagsbrotum og gerði grein fyrir þeim sjónarmiðum mínum. Þá talaði ég líka um ákvæðið í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 135/2008, um sérstakan saksóknara, þar sem sérstökum saksóknara er heimilt að ákveða að þeir sem hefðu frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn sættu ekki ákæru þótt upplýsingar um gögnin leiddu líkur að broti hans sjálfs.

Hvað þetta varðaði var spurningin hvort þarna ætti að setja sérreglu sem væri til hliðar við þá almennu reglu sem gildir í almennum hegningarlögum um heimildir sem þar ræðir um, m.a. um almenna refsilækkun sem er nokkuð víðtækt ákvæði og sem þeir mundu njóta í ríkulegum mæli sem þannig kæmu að.

Þau lagaákvæði sem voru samþykkt varðandi sérstakan saksóknara gáfu hins vegar ákveðinn tón, þ.e. það var ákveðið að samþykkja að honum væri heimilt að ákveða að sá sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn sætti ekki ákæru og þar með var stigið ákveðið skref. Eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar, gat um í framsögu sinni áðan er hér um að ræða sérstaka reglu sem á ekki hliðstæðu í okkar heimshluta. Það er alltaf spurning hvort farið sé út fyrir eðlileg mörk.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir kom í framsögu sinni líka að niðurfellingarreglum samkeppnislaga sem eru í sjálfu sér nokkurs annars eðlis en þau brot sem hér er um að ræða og byggir á öðrum sjónarmiðum en þeim sem varða fjármálamarkaðinn. Í sjálfu sér mætti rökfæra að svipaðar reglur ættu að gilda en ég taldi þó réttara að fara að með öðrum hætti, að aðrar reglur giltu um fjármálamarkaðinn. Þar er um að ræða almennt gagnsærri viðskipti en þegar um er að ræða samkeppnisbrot sem eru af miklu flóknari toga og iðulega pappírslaus en brotin á fjármálamarkaðnum sem eru að mínu viti í flestum tilvikum annars eðlis.

Það ber að virða að af hálfu ríkisstjórnarinnar sé sett fram það frumvarp sem hér ræðir um þannig að reynt sé að koma á ákveðnum lagaskilyrðum sem gætu hugsanlega leitt til þess að brot upplýstust fyrr og betur. Með frumvarpinu eins og það var lagt fyrir viðskiptanefnd var þó að mínu mati farið nokkuð offari í því sem um var að ræða og lagt var til.

Við erum að tala um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, á lögum um verðbréfaviðskipti, á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, á lögum um vátryggingastarfsemi, miðlun vátrygginga, um rafræna eignarskráningu verðbréfa og um kauphallir. Hér er farið mjög vítt yfir svið fjármálamarkaðarins. Það er í raun tekið á þeim lögum sem almennt gilda um fjármálamarkaðinn þar sem settar eru einsleitar reglur um heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu.

Þá koma af sjálfu sér upp ýmsar spurningar, í fyrsta lagi um ákvæði 1. gr. sem er eiginlega samhljóða ákvæði í fyrri greinum þeirra lagabreytinga sem hér ræðir um þar sem fjallað er um að miðað er við að Fjármálaeftirlitinu sé „heimilt að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi aðili er fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 110. gr. ef upplýsingarnar eða gögnin geta að mati eftirlitsins leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum“. Þá var spurningin hvort það væri eðlilegt að samþykkja svona reglu. Þarna eru sett ákveðin skilyrði til að viðkomandi njóti þess hagræðis sem þarna er um að ræða, þ.e. í fyrsta lagi að viðkomandi sé „fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum“. Takmörkunin er bara bundin við brot sem varða stjórnvaldssektir og ekki önnur brot. Fyrsta skilyrðið er að viðkomandi sé fyrstur.

Ég verð að viðurkenna að mér finnst orka tvímælis hvort binda eigi þetta eingöngu við „fyrstur kemur, fyrstur fær“. Hefði ekki verið eðlilegra að hafa heimildarákvæðið þannig að það væri heimilt að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi aðili lætur Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn um brot er varðað geta stjórnvaldssektum o.s.frv.? Ég orðaði þau sjónarmið við fyrirtöku við meðferð málsins í nefndinni þótt ég hafi ekki gert fyrirvara við það en vek athygli á því hér. Það ætti að fella á brott ákvæðið um að vera fyrstur. Þá væri bara miðað við það að ákvæðin um þessi sjónarmið vörðuðu þá aðila sem kæmu á framfæri þessum upplýsingum, óháð því hv ort þeir kæmu númer eitt eða tvö.

Þarna er fylgt ákvæðum samkeppnislaga hvað þetta varðar sem ég tel að eigi ekki endilega við um þessa starfsemi. Þess vegna velti ég fyrir mér hvort það sé eðlilegt að miða við að hafa þetta ákvæði eða hreinlega að fella það niður að verið sé að fjalla um þann sem fyrstur kemur heldur bara miða við lögaðila eða einstakling ef viðkomandi að-

ili lætur Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar o.s.frv. þannig að þetta skilyrði verði ekki áfram sem skilyrði fyrir því að heimilt sé að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun.

Það koma líka til önnur takmörkunarákvæði sem verður að skoða, í fyrsta lagi verður að vera um brot að ræða er varðað geti stjórnvaldssektum samkvæmt 110. gr. og síðan koma frekari skilyrði: „... ef upplýsingarnar eða gögnin geta að mati eftirlitsins leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti ...“ — þ.e. eftirlitið sjálft getur metið það eða má meta það hvort þær upplýsingar eða gögn geti leitt til sönnunar á broti að uppfylltum nánari skilyrðum. Þarna er eyðuákvæði í lögunum, „að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum“, þ.e. um þessi nánari skilyrði er ekki fjallað í lögunum. Það er í sjálfu sér ákveðinn galli við lagasmíð þegar stofnun sem hefur með rannsókn mála að gera fær það vald að falla frá stjórnvaldsákvörðunum og á síðan sjálf að setja nánari skilyrði um það hvaða reglur þetta skuli vera. Ég hefði talið heppilegra að þarna hefði verið reynt að móta reglurnar með ákveðnum hætti en í sjálfu sér gafst takmarkaður tími til þess. Það er töluverð yfirlega og þá hefði ekki verið hægt að koma þessu ákvæði frá Alþingi fyrir slit þessa þings. Í sjálfu sér veit ég ekki hvort það hefði orðið mikill héraðsbrestur þó að svo hefði ekki orðið því að ég get ekki séð að það frumvarp sem hér er til umræðu, þótt að lögum verði, marki einhver þáttaskil eins og nú háttar til í þjóðfélaginu varðandi rannsókn á meintum brotum aðila eða fjármálafyrirtækja.

Í sjálfu sér má segja að með þeirri ákvörðun sem viðskiptanefnd tók um að fella brott síðari greinar þess frumvarps sem um er fjallað og getur um hér, greinar nr. 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14 og 15, hafi verið gerð ákveðin breyting þar sem ekki var vísað til Fjármálaeftirlitsins um að hafa algjörlega með það að gera hvernig hlutirnir væru. Ég verð að viðurkenna að mér fannst þar vera farið of langt varðandi heimildirnar til að fela Fjármálaeftirlitinu að kæra ekki brot til lögreglu ef fyrirtæki eða einstaklingur hefði frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn. Mér fannst þar of langt gengið og aðrir nefndarmenn í hv. viðskiptanefnd voru sammála því mati. Eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar, gat hér um áðan vakti hún sérstaklega athygli á að brotum sem teljast meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa til lögreglu, samanber t.d. 2. mgr. 112. gr. d laga um fjármálafyrirtæki þar sem mælt er fyrir um að brot teljist meiri háttar „ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins“. Ef frumvarpið verður að lögum fær Fjármálaeftirlitið heimild til að kæra slíkt brot ekki til lögreglu hafi einstaklingur eða lögaðili haft frumkvæði að því að láta stofnuninni í té upplýsingar eða gögn vegna brota eins og vakin var athygli á í framsöguræðu nefndarformanns með þessu frumvarpi.

Ég tek undir þau sjónarmið sem komu fram hjá formanni viðskiptanefndar í framsöguræðu hennar áðan hvað þetta varðar og það að óeðlilegt hefði verið að ætla að hafa jafnvíðtækar heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu miðað við aðstæður að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða og lagaraka sem koma fram í 2. mgr. 112. gr. d laga um fjármálafyrirtæki.

Ef til vill má segja að það sé ákveðin vísiregla í 2. mgr. 112. gr. d um hvers konar brot það eru sem geta ekki með nokkru móti fallið undir heimildarákvæði 1. gr., að fallið verði frá stjórnvaldssektum. Ef brot telst meiri háttar eða það lýtur að verulegum fjárhæðum og mætti ætla að þær reglur sem settar verði af Fjármálaeftirlitinu og ég gat um áðan að væri eyðuákvæði í þessu lagafrumvarpi eins og það er afgreitt frá viðskiptanefnd, þ.e. að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum, hlýtur að verða tekið mið af öðrum þeim reglum, m.a. 2. mgr. 112. gr. d hvað það varðar að stjórnvaldssektarákvæðið sé ekki fellt niður, eða sektir, ef um er að ræða eitthvað af því sem getur komið nálægt því sem þarna er um að ræða þó að það séu ákveðnar vísireglur.

Ég ítreka og tek undir þau sjónarmið sem formaður viðskiptanefndar gat um í framsöguræðu sinni, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, að ekki finnast fordæmi erlendis fyrir niðurfellingarreglum vegna brota á fjármálamarkaði. Mér finnst þessi brot þess eðlis að nokkuð mikið þurfi að koma til til þess að á það sé fallist að slík brot séu viðurlagalaus.

Meginmarkmiðið með því frumvarpi sem hér um ræðir er náttúrlega að reyna að vinna sem hraðast að því að upplýsa brot og koma lögum og reglu yfir þá sem hafa framið afbrot í fjármálastarfseminni. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert og ég styð þau sjónarmið og þá meginhugsun sem þar er að baki. Það sem ég legg fyrst og fremst áherslu á er að við megum aldrei víkja frá helstu ákvæðum og sjónarmiðum sem eru að baki refsilögum okkar, sjónarmiðum hvað það varðar og almennum gildandi refsilækkunarsjónarmiðum sem fjallað er um í almennum hegningarlögum. Að sjálfsögðu hlýtur að verða að taka tillit til þeirra sjónarmiða og Fjármálaeftirlitið verður að gera það í þessum aðgerðum sínum.

Ég lýsi stuðningi við frumvarpið með þeim breytingum sem gerð er tillaga um af hálfu viðskiptanefndar.

[18:49]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Jóns Magnússonar að það var mjög góð samstaða við vinnslu þessa máls í hv. viðskiptanefnd og allir nefndarmenn sammála. Ég ítreka að samanburður við þær heimildir sem settar voru í tengslum við lög um embætti sérstaks saksóknara eru sérstakar að því leyti að þetta eru eins konar bráðabirgðalög, þ.e. eftir 1. janúar 2011 getur dómsmálaráðherra lagt til að embætti hins sérstaka saksóknara verði lagt niður. Þá mun hann flytja frumvarp á Alþingi þess efnis og verði slíkt frumvarp að lögum falla niður framangreind ákvæði sem heimila ríkissaksóknara að falla frá saksókn að fenginni tillögu frá hinum sérstaka saksóknara. Þar með yrði þessi sérstaka undanþága sem á sér ekki fyrirmynd í norrænum rétti ekki lengur til staðar í íslenskri löggjöf og þess vegna er fráleitt að nota þetta sem fordæmi og til ítrekunar á því að setja eigi slík ákvæði víða í löggjöfinni.

[18:51]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er algerlega sammála hv. þm. Álfheiði Ingadóttur hvað þetta varðar að þau sérstöku ákvæði

sem giltu um sérstakan saksóknara voru þess eðlis að það á ekki að vera fordæmi að öðru leyti. Eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir benti á eru ákveðin sólarlagsákvæði hvað þetta varðar. Það verður að taka það sérstaklega fram að þegar við setjum lög við sérstakar aðstæður eins og við gerum óneitanlega í kjölfar efnahagshrunsins sem varð í október verður að gæta að því að víkja ekki frá þeim meginreglum og sjónarmiðum sem gilda almennt og þá sérstaklega hvað varðar refsilög. Hér er um mjög viðkvæman málaflokk að ræða og það skiptir máli að ekki sé farið algerlega á svig við þær meginreglur sem gilda almennt hvað varðar meðferð opinberra mála og sjónarmið sem koma fram í almennum hegningarlögum. Eins og ég gat um í ræðu minni áðan eru mjög víðtækar heimildir í almennum hegningarlögum um að meta refsilækkunarástæður í mörgum liðum og þau atriði sem koma fram í þessu frumvarpi mundu í öllum tilvikum koma til greina sem refsilækkunarákvæði.

Það er líka heimild fyrir því að færa refsingu niður fyrir ákveðin lögmælt lágmörk ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi og mundu í flestum tilvikum vera fyrir hendi þegar um brot er að ræða sem kveðið er á um í heimildarákvæðunum handa Fjármálaeftirliti til að falla frá sektargreiðslum. Þess vegna sagði ég áðan, virðulegi forseti, að ég sæi ekki að það yrði neinn héraðsbrestur þó að þetta yrði ekki að lögum á þessu þingi.

[18:53]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að þegar gripið er til sérstakra aðgerða vegna sérstakra aðstæðna er auðvitað brýnt að vanda sig og ganga ekki of langt. Það er alveg ljóst að þær hugmyndir sem urðu að því frumvarpi sem hér liggur fyrir um að Fjármálaeftirlitið gæti fallið frá því að vísa málinu til lögreglu, eiga rætur að rekja til bankahrunsins sl. haust. Í minnisblaði frá 3. nóvember sl., frá viðskiptaráðuneytinu til dómsmálaráðuneytisins, sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og Björn Bjarnason gerðu að umtalsefni þegar þau ræddu embætti hins sérstaka saksóknara sem þurfti auknar valdheimildir, er vísað til í 6. gr. — og þetta er sem sagt frá því í byrjun nóvember sl. Í frumvarpsdrögunum um hinn sérstaka saksóknara er fjallað um að viðkomandi þurfi ekki að sæta ákæru þótt upplýsingar eða gögn leiði líkur að broti hans sjálfs ef hann lætur upplýsingarnar sjálfviljugur í té. Í lok 6. liðar á minnisblaðinu segir:

„Velta má fyrir sér hvort rök séu til þess að hafa sambærilegt ákvæði á sviði fjármálamarkaðar."

Það er því alveg ljóst að þessi hugmynd sprettur upp í kjölfar bankahrunsins og það er ósköp eðlilegt.

Ég tek undir það með hv. þm. Jóni Magnússyni og það hefur komið fram að hv. viðskiptanefnd er sammála um að þrátt fyrir það er ekki rétt að víkja frá meginreglum um saksókn og ákæruvald.

[18:55]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vill þannig til eins og í sumum öðrum góðum málum að við erum algerlega sammála, ég og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, hvað þetta mál varðar og um þau meginsjónarmið sem eiga að gilda um þetta atriði.

Ég ítreka að ég tel að ekki verði neinn héraðsbrestur þó að þetta frumvarp verði ekki að lögum, þær eru heimildir fyrir hendi sem ættu að vera nægilegar til þess að fá menn til að koma fram og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem mestu skipta hvað þessi atriði varðar. En eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sagði þegar hún rakti aðdraganda og það sem gerðist í framhaldi af efnahagshruninu varðandi sérstakan saksóknara og annað í þeim dúr er hér um að ræða vilja stjórnvalda til að koma fram löggjöf sem á að auðvelda að brot upplýsist. Þótt ég hafi þá fyrirvara sem ég lýsti í ræðu minni og í andsvörum við hv. þm. Álfheiði Ingadóttur vil ég samt taka viljann fyrir verkið og vera jákvæður gagnvart því að þau ákvæði sem viðskiptanefnd var sammála um að mæla með yrðu lögfest, ég er þeim fylgjandi. Ég tel að það skipti höfuðmáli að við á Alþingi gerum það sem í okkar valdi stendur til að löggjöfin stuðli að sem gagnsæjustu þjóðfélagi og sem auðveldastri leið til að brot megi upplýsast sem allra fyrst og hraðast.

[18:57]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 409. mál, þskj. 930.
Tekjuskattur, 410. mál, þskj. 932.

[Fundarhlé. — 18:58]

[21:16]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Það hefur verið merkilegur snúningur á dagskrá þingsins í dag. Það hefur brugðið svo við og út af þeim vana sem hér er jafnan eða oftast að fara eftir röð mála á dagskránni, í stað þess höfum við hoppað til og frá. Þetta hefur ekki þótt góð lenska, a.m.k. hin síðari ár, þótt vafalaust megi finna dæmi um að það hafi verið skautað eitthvað til og frá á dagskránni. Við byrjuðum á óundirbúnum fyrirspurnum sem var fyrsta mál á dagskrá, fórum svo í 6. mál á dagskrá sem vissulega var mikilvægt mál sem var nauðsynlegt að koma áfram, ég verð að viðurkenna það. Þaðan fórum við í 2. mál á dagskrá, það var atkvæðagreiðsla, þá í 3. mál sem var atkvæðagreiðsla. Þá var farið í 7. málið sem er núverandi umræðuefni og það mál sem hér er til umræðu og á dagskrá, breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn. Það verður að segjast alveg eins og er og mun sjálfsagt koma betur fram hvers vegna í ræðu minni á eftir, að þetta er ekki mikilvægasta málið sem er á dagskrá og hefði verið skynsamlegra fyrir okkur að fara fyrst í önnur mál sem eru mikilvægari. Bæði þau sem eru á dagskránni og þau sem ekki eru á dagskránni. Þá vil ég fyrst nefna Helguvík eða 8. mál á dagskrá, heimild til samninga um álver í Helguvík og síðan þingsályktunartillögu um Kyoto og þingsályktunartillögu um hvalveiðar og ég er sosum ekkert klár á því hvaða skoðun hæstv. forseti hefur á Kyoto-tillögunni en ég veit að í hjarta sínu er hann sammála okkur um hvalveiðitillöguna. Ég vissi að ég fengi bros frá honum fyrir þetta.

Herra forseti. Það frumvarp sem hér er til umræðu er um margt merkilegt en kannski sérstaklega fyrir það að mjög góð samstaða er um það í viðskiptanefndinni og það hefði reyndar komið fyrir fyrr í dag ef það hefði verið ágæt sam-

staða meðal nefndarmanna um mál sem hér hafa verið rædd. En þó er sérstaklega mikil samstaða í þessu máli og hefur reyndar verið tekið til þess að þetta mál hafi aðra sérstöðu líka, að það er vegna þess hversu miklar breytingar hv. nefnd hefur lagt til á frumvarpi ráðherrans. Það er frekar óvenjulegt og mig rekur ekki minni til þess að svo miklar breytingar hafi verið gerðar á frumvarpi í þinginu frá því á árdögum umhverfisnefndar, þegar hún varð fyrst til, árið 1991. Þá var lagður grunnur, að segja má, að þeirri umhverfislöggjöf sem við búum við í dag. En þá gerðist það nokkrum sinnum, það mætti eiginlega segja hvað eftir annað, að hv. nefnd umturnaði þeim frumvörpum sem fram komu. Það var kannski eðlilegt þar sem þá var verið að, eins og ég sagði áðan, leggja grunninn að þeirri umhverfislöggjöf sem hér er og margt var í gangi á umhverfissviðinu, t.d. stórar ráðstefnur í gangi, stórir alþjóðlegir samningar sem verið var að undirrita og ýmislegt nýtt sem kom upp og var áhugavert að skoða og færa í lagalegan búning, jafnvel þótt einhverjar öðruvísi hugmyndir hefðu kannski komið frá hæstv. ríkisstjórn. Það er því út af fyrir sig ekkert nýtt að gerðar séu breytingar á frumvörpum frá hæstv. ráðherrum.

Þetta frumvarp er bandormur svokallaður, í einum átta köflum. Sjö af þeim eru sérlög á sviði fjármálalöggjafar og áttundi kaflinn er með breytingartillögu við almenn lög um eftirlit með fjármálastarfsemi, þar sem verið er að gera breytingu sem leiðir af breytingum sem eru í hinum sjö köflunum. Þessi sjö kaflar eru allir eins, það eru tvær greinar í hverjum kafla og þær fjalla um sitt hvort efnisatriðið. Það má segja að breytingartillögur nefndarinnar snúi að því að fella út annað þessara efnisatriða.

Fyrra efnisatriðið fjallar um að Fjármálaeftirlitið geti fellt niður stjórnvaldssektir á hendur lögaðilum eða einstaklingum sem verða fyrstir til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varða sektum. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að heimilt sé að lækka sektir vegna aðila sem hafa frumkvæði að því að láta í té upplýsingar sem leiða til þess að mál upplýsist. Seinni greinin í hverjum kafla fjallar hins vegar um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að kæra ekki brot til lögreglu hafi fyrirtæki eða einstaklingur haft frumkvæði að því að láta í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varða geta sektum eða fangelsi. Þetta er, eins og fram hefur komið, byggt á samsvarandi löggjöf um Samkeppniseftirlitið og eins og er vísað til sérstaks saksóknara.

Hv. þm. Jón Magnússon gerði athugasemd við að í fyrri greininni í hverjum kafla, í fyrri málsgrein þeirrar greinar, væri verið að tala um aðila sem væru fyrstir til að láta í té upplýsingar. Síðan hafa verið gerðar athugasemdir við að tillögurnar sem í þessum greinum felast séu ekki sambærilegar við greinar í löggjöf um Samkeppniseftirlitið vegna þess að þegar um samkeppnislagabrot er að ræða þá sé um fleiri en einn aðila að ræða en í tilfelli brota vegna fjármálagjörninga sé sjaldnast um fleiri en einn aðila að ræða og því sé ekki hægt að bera þetta saman. Þar af leiðandi held ég að „fyrstur" til að láta Fjármálaeftirliti í té upplýsingar skipti ekki svo ýkja miklu máli, ef einungis er um einn brotaaðila að ræða, það er þá hvort sem er ólíklegt að um einhverja fleiri sé að ræða. Ég held því að ástæðulaust sé að hafa miklar áhyggjur af því orðalagi.

Afstaða umsagnaraðila var dálítið merkileg í þessu máli. Það voru nánast allir umsagnaraðilar neikvæðir, sérstaklega hvað varðar seinni greinina í hverjum kafla. Þó með einni undantekningu en það var ríkisskattstjóri. Sérstaklega voru saksóknararnir sem komu á fund nefndarinnar og sendu inn skriflegar umsagnir neikvæðir og töldu fráleitt að bera aðstæður í fjármálakerfinu saman við samkeppnislagabrotin og töldu ekki síður ástæðulaust að nota lagagreinar er varða sérstakan saksóknara sem fyrirmynd þar sem þær væru tímabundnar og væru algjörlega nýjar og gengju langt frá því eins langt og um væri að ræða í þeim greinum sem þetta frumvarp gengur út á.

Það má eiginlega segja, svo maður fjalli aðeins nánar um efnisatriðin, að hér sé um að ræða að aðili sem gerst hefur brotlegur geti með því að gefa sig fram fyrstur eða bara einn, ef einungis er um hann einan að ræða eins og sennilegt er í flestum tilfellum á þessu sviði, að hann geti komið og sagt: Heyrðu, ég braut af mér og af því að ég kem og segi ykkur frá því, þá á ekki að refsa mér. Þetta er, eins og fram hefur komið, algert einsdæmi á þessu sviði. Samkeppnislagaréttlætingin gengur út það að þar séu fleiri aðilar samsekir og þá er um að ræða aðila sem upplýsa um brot margra aðila og þau brot eru þess eðlis að verði þau upprætt þá verður um að ræða breytta hegðun þessara aðila á markaði sem leiðir til meiri samkeppni og þá væntanlega að þeir sem voru brotlegir en ekki sögðu frá munu taka út hegningu. Þetta er það sem menn eiga við þegar talað er um „whistleblower". Þegar um er að ræða einn aðila sem gerst hefur brotlegur þá er raunverulega ekki um neinn „whistleblower" að ræða, þá sleppur sá aðili með skrekkinn í sínu máli og sleppur við refsingu.

Í tilfelli saksóknarans er um að ræða að hann getur lagt þetta til við ríkissaksóknara en hinn sérstaki saksóknari tekur ekki ákvörðunina sjálfur heldur tekur ríkissaksóknarinn þá ákvörðun. Í tilfelli þessa frumvarps er um að ræða eftirlitsstofnun. En á heildina litið, þegar um er að ræða ákvæði sem ganga út á að milda refsingu eða fella niður refsingu vegna þess að aðilar taka þátt í því að upplýsa mál, þá er það almennt á hendi dómarans. Það er dómarinn sem ákveður það eftir efnisatriðum máls og út af fyrir sig getur byggt það á málflutningi saksóknarans að viðkomandi hafi hegðað sér á þann hátt að réttlætanlegt sé að hann hljóti milda eða enga refsingu fyrir brotið. Þá er ákvörðunin tekin á allt öðru stigi.

Niðurstaða nefndarinnar, eftir að hafa farið mjög ítarlega yfir þetta, var sú að gera greinarmun á þeim tveimur greinum sem eru í hverjum kafla. Að leggja ekki til að möguleika eftirlitsins til þess að breyta sektum eða fella niður sektir vegna minni háttar brota verði breytt en hins vegar leggja til að seinni greinin verði felld niður þar sem það væri í þversögn við það sem Fjármálaeftirlitinu er almennt skylt að gera, að vísa meiri háttar málum, meiri háttar brotum, til lögreglu og koma þannig í veg fyrir þá þversögn sem mundi verða á milli þessara greina. Þar af leiðandi er ekki um það að ræða að viðkomandi aðili geti, með því að segja frá broti sínu, komist hjá því að lögreglan rannsaki það og eftir atvikum að hann verði kærður ef brotið varðar við lög.

Það er hins vegar svolítið merkilegt að stofnun eins og Fjármálaeftirlitið og viðskiptaráðuneytið og hæstv. ríkisstjórn, þar með talinn hæstv. viðskiptaráðherra og ríkisstjórnin skuli leggja þetta til. Sérstaklega þegar við skoðum umsagnirnar, hvað þær eru margar og neikvæðar gagnvart því að þetta gerist og ekki síst er það undantekningin um ríkisskattstjóra, að hann skuli vera jákvæður gagnvart þessu. Þetta getur vel verið að það sé vegna þess að það er að einhverju leyti munur á því hvernig þessir aðilar starfa og að það sé þegar um er að ræða Fjármálaeftirlitið og skattyfirvöld, kannski sérstaklega skattyfirvöld, lögð meiri áhersla á upplýsa málin og klára málin heldur en að um raunverulega refsingu sé að ræða. Því að sérstaklega í tilfelli skattyfirvalda og ríkisskattstjórans þá snýst þetta um að upplýsa málin og klára málin og þá þarf viðkomandi að standa skil á sköttum sínum og gjöldum og með álagi. Það skýrir kannski þá jákvæðu umsögn, að það er raunverulega um öðruvísi umhverfi að ræða.

Samkeppnislagaumhverfið er líka enn annað. Eins og ég fór yfir áðan þá er jafnan um fleiri en einn aðila að ræða, það eru nokkrir aðilar sem standa saman að brotum og það er verið að brjóta upp þá hegðun á markaði sem hefur þær breytingar í för með sér. Það var sem sagt niðurstaða nefndarinnar að það ætti ekki við í málum eins og þessum að Fjármálaeftirlitinu væri heimilað að kæra ekki meiri háttar brot til lögreglu og þar með fría viðkomandi aðila á því að geta átt von á refsingu. Ég held að raunverulega hafi verið gengið of langt í þessa átt með því sem lagt er til í þessu frumvarpi, ekki vegna þess að um illan hug hafi verið að ræða heldur hafi menn ekki alveg sést fyrir í viljanum um að upplýsa málin og fá niðurstöður í þau gagnvart því síðan hvaða aðra hagsmuni er um að ræða, sérstaklega í samanburði við samkeppnislögin. Það eru alls ekki sömu hagsmunir í húfi og því er rétt að í þessum málum, eftir sem áður, verði það í höndum lögregluyfirvalda, saksóknara og að endingu dómstólanna, að ákvarða hvort réttlætanlegt sé að milda eða fella niður refsingu ef við komandi aðilar hafa sýnt það eða verið samstarfsfúsir í því að upplýsa þann verknað sem um er að ræða.

[21:33]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir sem hafa rætt þetta mál hér í pontu lýsa því yfir að ég er frekar hissa á því að við skulum taka þetta mál fram yfir mörg önnur vegna þess að mér finnst engan veginn liggja á því á sama hátt og mér finnst liggja á mörgum öðrum málum. Engu að síður ræðum við nú frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn. Frumvarpið inniheldur 16 greinar og er svokallaður bandormur, þ.e. það nær til breytinga á átta mismunandi lögum er varða fjármálamarkaðinn. Þessi lög eru í fyrsta lagi lög frá 2002 um fjármálafyrirtæki, í öðru lagi lög frá 2007 um verðbréfaviðskipti, í þriðja lagi lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, í fjórða lagi lög um vátryggingastarfsemi, í fimmta lagi lög um miðlun vátrygginga, í sjötta lagi lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, í sjöunda lagi lög um kauphallir og í áttunda lagi er um að ræða lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Sem sagt, 16 greinar og breytingar á átta mismunandi lögum.

Frumvarpið er í átta köflum og er hver þeirra tvær greinar. Fyrri greinin er í tengslum við hver af þeim lögum sem á að breyta, þ.e. alla vega sjö þeirra, og fjallar um heimild til Fjármálaeftirlitsins til að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun eða lækka stjórnvaldssektir, og seinni greinin í viðkomandi köflum fjallar um heimild til Fjármálaeftirlitsins til að kæra brot ekki til lögreglu að uppfylltum ákveðnum ákvæðum. Svona rekur frumvarpið sig og það sem er sérstakt við afgreiðslu nefndarinnar er að viðskiptanefnd leggur til að nánast önnur hver grein falli niður, þ.e. seinni greinin í sjö kaflanna og fyrri grein VIII. kafla, þ.e. að átta greinar falli niður. Þetta er sérstakt eins og áður hefur verið rakið af hv. þm. Árna Mathiesen.

Frumvarpið snýst um niðurfellingu, þ.e. mildun eða brottfellingu viðurlaga þegar einstaklingur eða lögaðili játar brot gegn lögum og vinnur með eftirlitsaðila að því að rannsaka mál. Einnig er með frumvarpinu lagt til að vísað verði til þess í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi að Fjármálaeftirlitið hafi heimildir samkvæmt sérlögum til að kæra mál ekki til lögreglu hafi eftirlitið ákveðið að veita niðurfellingu í samræmi við ákvæði viðkomandi laga.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur, sem er formaður viðskiptanefndar, voru nefndarmenn almennt því fylgjandi að heimila Fjármálaeftirlitinu að falla frá eða minnka sektarákvörðun. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ef einstaklingur eða lögaðili er fyrstur til að koma fram með upplýsingar eða gögn sem að mati eftirlitsins geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti þá gildi þetta ákvæði. Einstaklingar eða lögaðilar eiga því möguleika á að fá niðurfellingu hvort sem rannsókn á broti þeirra er hafin eða ekki ef þeir sjálfviljugir og að fyrra bragði ákveða að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn. Almenn samvinna einstaklings eða lögaðila vegna rannsóknareftirlitsins dugar ekki til að fá niðurfellingu.

Nefndarmenn og gestir voru ekki hlynntir því ákvæði í frumvarpinu að Fjármálaeftirlitið geti ákveðið að kæra brot ekki til lögreglu hafi fyrirtæki eða einstaklingur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn telji hún að gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg t viðbót við þau gögn sem hún hefur þegar í fórum sínum.

Eins og fram kemur í nefndaráliti viðskiptanefndar sem allir viðstaddir nefndarmenn skrifuðu undir þann 24. mars sl. var eftir umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið ljóst að svo umfangsmiklar breytingar sem mælt er fyrir um í nær öllum greinum þess sem merktar eru jöfnum tölum, þ.e. 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, og grein nr. 15, og felast í því að eftirlitsstofnun geti ákveðið að kæra ekki tiltekin brot til lögreglu eru í besta falli mjög umdeilanlegar. Með lögfestingu þeirra yrði úrslitavald um það hvort brot á fjármálamarkaði yrðu rannsökuð af lögreglu og sættu eftir atvikum ákæru- meðferð af hálfu ákæruvalds fært í hendur eftirlitsstofnunar og þar með fengi Fjármálaeftirlitið mjög óvenjulegt hlutverk sem reyndar er ekki þekkt neins staðar annars staðar í samanburðarlöndum og ekki í neinum þeim löndum sem nefndinni er kunnugt um. Nefndin bendir á að brot sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins kunna að vera alvarleg og gætu einnig varðað við ákvæði annarra laga svo sem

almennra hegningarlaga eða ákvæði annarra sérrefsilaga.

Í samkeppnislögum er svipað ákvæði og felst í nokkrum greinum frumvarpsins, þ.e. þeim sem eru með sléttum tölum frumvarpsins, m.a. í 2. gr. um heimild til að kæra ekki brot til lögreglu. Sá munur er á úrræðum þessara tveggja stofnana hvað viðurlög varðar að í samkeppnisrétti er gerður meiri greinarmunur á einstaklingum og fyrirtækjum. Samkeppniseftirlitinu ber að kæra brot einstaklinga til lögreglu en brot fyrirtækja varða aðeins stjórnvaldssektum. Hvað fjármálamarkaðinn varðar er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitinu beri að kæra meiri háttar brot til lögreglu óháð því hvort um er að ræða brot einstaklings eða fyrirtækis. Yrði frumvarpið að lögum mundi verða lögfest frávik frá því að meiri háttar brot gegn lögum á fjármálamarkaði sæti kæru til lögreglu og mun það bæði ná til einstaklinga og fyrirtækja ef frumvarpið yrði að lögum óbreytt. Nefndin var á því að brot gegn samkeppnislögum séu eðlisólík brotum á fjármálamarkaði að því leyti að þau eru til þess fallin að hafa í för með sér efnahagslegan skaða fyrir bæði neytendur og atvinnulíf.

Eins og áður sagði finnast ekki fordæmi erlendis frá fyrir niðurfellingarreglum vegna brota á fjármálamarkaði. Nefndin telur að þrátt fyrir að einhver brot kunni að upplýsast, verði mælt fyrir um niðurfellingu í lögum, séu þessi ákvæði afar varhugaverð og ítrekar nefndin að um alvarlegt brot getur verið að ræða. Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til að fyrrgreindar greinar nr. 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14 og 15 falli brott, nánast helmingur af frumvarpinu falli brott. En nefndin telur eðlilegt að Fjármálaeftirlitið hafi þær heimildir sem aðrar greinar frumvarpsins mæla fyrir um þannig að heimilt verði að lækka eða fella brott sektarákvarðanir. Verði frumvarpið að lögum verður eftirlitinu því heimilt að lækka eða falla frá þessum stjórnvaldssektum. Úrræði af þessu tagi geta leitt til þess að mál verði upplýst án þess að vikið sé frá meginreglum um meðferð ákæruvalds.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram á bls. 5, með leyfi forseta:

„Reglum sem þessum hefur hingað til verið beitt með góðum árangri á sviði samkeppnisréttar“ — er þá átt við að fella niður eða lækka stjórnvaldssektir eða vísa kærum ekki til lögreglu — „og þær verið taldar mjög mikilvægar í því skyni að upplýsa um ólögmætt samráð. Niðurfellingarreglur í samkeppnisrétti voru fyrst settar í Bandaríkjunum árið 1978, Evrópusambandið tók upp slíkar reglur árið 1993 og í kjölfarið hafa fjölmörg ríki tekið upp slíkar reglur í samkeppnislöggjöf sína, m.a. Ísland. Þá er í lögum nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara, að finna ákvæði um niðurfellingu við tilteknar aðstæður en niðurfellingarákvæði samkeppnislaga og laga um sérstakan saksóknara eru reifuð hér að aftan.“

Með leyfi forseta held ég aðeins áfram:

„Hvað varðar niðurfellingarreglur á fjármálamarkaði hafa ekki fundist nein fordæmi fyrir slíkum reglum erlendis.“

Þetta kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarpið að það er ekki nein hliðstæða annars staðar frá, enda mælir viðskiptanefnd með að frumvarpið verði samþykkt með því að fella brott áðurnefndar greinar og þar með er ekki vilji til að ganga eins langt og frumvarpið gerir ráð fyrir. Reyndar var mikil samstaða meðal allra viðskiptanefndarmanna og reyndar allra gesta, utan eins, sem tóku undir það að ekki væri eðlilegt að ganga svo langt sem greinar 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14 og 15 kveða á um.

Ekki var vilji til þess að veita Fjármálaeftirlitinu þá heimild að ákveða að kæra ekki brot til lögreglu hafi fyrirtæki eða einstaklingar haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn sem nánar er kveðið á um í frumvarpinu.

Ég hef lokið máli mínu en ítreka það að ég styð frumvarpið með breytingunum en lýsi því jafnframt yfir að ég er hissa á því að hæstv. forseti skuli láta þetta mál ganga fram fyrir mörg önnur þau mál sem við teljum að mundu aðstoða okkar viðskiptalíf og heimili í landinu. Það er nefnilega mikilvægt að forgangsraða á þessum tímum sem eru síðustu dagar núverandi og yfirstandandi þings.

[21:46]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum nefndarálit hv. viðskiptanefndar, um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn. Það virðist vera niðurstaða nefndarinnar að fella niður nánast helminginn af því frumvarpi sem lagt var fram. Þetta er mjög athyglisvert og umsagnaraðilar hafa bent á að ekki séu fordæmi fyrir slíku varðandi fjármálamarkaðinn í Evrópu eða utan lands sem menn hafa getað fundið. Hins vegar eru til um þetta fordæmi víða í samkeppnislögum.

Nefndin leggur til að felld séu niður ákvæði um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að kæra ekki til lögreglu hafi einhvert fyrirtæki eða einstaklingur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta sektum eða fangelsi samkvæmt 12. gr. Þarna tekur nefndin tillit til þeirra umsagna sem leiða kannski í ljós sjálfsagða niðurstöðu — maður gæti óttast að hann sé að verða skotspónn rannsóknar þar sem hann er einn að verki í afbroti sínu. Honum er þá í lófa lagið að ganga til Fjármálaeftirlitsins og upplýsa málið. Þar með er hann eiginlega laus allra mála. Það er, herra forseti, alveg ófært þegar um slíkt er að ræða og mér finnst að nefndin hefði líka, í þeim greinum sem eftir sitja, þurft að taka á þessum vanda. Mér finnst hún ekki gera það, reyndar er verið að heimila að falla frá stjórnvaldssektarákvörðunum á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi aðili er fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu upplýsingar í té. Menn geta enn þá losnað við stjórnvaldssektarákvarðanir með því að ganga á fund yfirvalda og játa sig seka. Ég er ekki viss um að þetta sé nægilegt og mér finnst að nefndin hefði átt að taka á því að það þurfi að vera fleiri aðilar að brotinu til að hægt sé að veita þessa eftirgjöf.

Allt er þetta í raun niðurstaðan af því sem gerðist í haust og því sem menn óttast að sé í gangi í fjármálageiranum — við sjáum því miður merki um það mjög víða að hlutir eru að koma í ljós sem hugsanlega eru lagabrot og menn eru sem sagt núna að reyna að örva uppljóstranir á þessum brotum, sem menn ímynda sér að geti verið, með því að veita uppgjöf saka þeim sem koma fyrstir og upplýsa um málið. Ég er ekki viss nema þetta kunni að reynast góð

lausn þegar um er að ræða stór mál sem margir aðilar koma að. Þetta getur verið snjöll leið til að upplýsa þung og erfið mál sem kannski er erfitt að upplýsa. En það á í sjálfu sér miklu frekar við í samkeppnismálum þar sem menn hafa þetta fordæmi heldur en á fjármálamarkaði. Í samkeppnismálum felast brot yfirleitt í því að tveir eða fleiri aðilar í samkeppni ná samkomulagi um að hafa með sér samráð. Eðli máls samkvæmt eru þá alltaf fleiri en einn aðili að brjóta lögin og því er eðlilegt að veita einum þeirra uppgjöf saka ef hann upplýsir um málið á kostnað hinna. Á fjármálamarkaðinum getur verið um það að ræða að það sé einn aðili sem stundar brotið og þess vegna á þetta ekki alveg við. Í sumum umsögnum er þess sérstaklega getið að fresta ætti þessu máli og kanna hvers vegna svipuð lög hafa ekki fundist í erlendum lögum á sviði fjármálamarkaðarins.

Frumvarpið ber kannski dálítinn keim af því að menn eru að vinna mjög hratt að ýmsum málum og hætta er á því að löggjafanum verði á mistök við slíkar aðstæður. Þar sem nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að hægt sé að fella niður nánast helminginn af frumvarpinu held ég að hún hefði átt að bíða með að afgreiða málið. Ég sé ekki að það breyti neitt óskaplega miklu, herra forseti, hvort þetta verður samþykkt núna eða eftir að nýtt þing er komið saman sem getur orðið eftir tvær til þrjár vikur, fjórar vikur kannski eða fimm, eftir því hvernig gengur að mynda nýja ríkisstjórn. Það geta orðið tveir mánuðir en alla vega ekki miklu meira og þá er kannski búið að kanna betur hvernig á því stendur að útlendingar hafa ekki uppgötvað þessa fínu leið til að upplýsa um brot á þessu sviði. Kannski er það vegna þess að minni þörf hefur verið þar en er núna hér á landi og líka vegna þess að kannski eru þeir agnúar á þessu að brotin eru oft einstaklingsbrot og því yrði eingöngu um það að ræða að menn mundu fría sjálfa sig í staðinn fyrir að upplýsa um brot annarra. Það er náttúrlega meginmálið í því að gefa mönnum upp sakir, þeim sem segja frá, að upplýsa um þung og flókin mál sem mjög margir koma að.

Við erum hér að breyta mjög mörgum lögum og það er spurning hvort sú breyting sé tæmandi, hvort eitthvað hafi orðið eftir. Ég gat ekki lesið það út úr nefndarálitinu að nefndin hafi farið í sérstaka skoðun á því hvort einhver angi fjármálamarkaðarins hafi orðið eftir. Talað er um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um verðbréfaviðskipti, lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, lögum um vátryggingastarfsemi, lögum um miðlun vátrygginga, lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, lögum um kauphallir og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi — það er verið að breyta þarna mjög mörgum mismunandi lögum. Eins og ég gat um áðan er ákveðin hætta á því að eitthvað hafi dottið út fyrir, eitthvað hafi orðið eftir, í þessum flókna geira, hann er orðinn mjög flókinn nú til dags og eins þarf að athuga hvað gerir það að verkum að menn beita ekki þessum ákvæðum erlendis.

Það sem eftir situr þegar nefndin hefur farið höndum um frumvarpið er það að hún fellir út alls staðar þar sem samhljóða er verið að segja að heimilt sé að kæra ekki til lögreglu, þ.e. það situr þá eftir að það verður að kæra menn. Menn búa við það að ef brotið er alvarlegt verða þeir kærðir ef þeir upplýsa það, sem er ákveðinn dragbítur á það að menn upplýsi um mál sem um er að ræða. Það stendur líka eftir hjá nefndinni að heimilt er að falla frá stjórnvaldssektarákvörðunum eða lækka þær ef sá sem í hlut á gefur þetta upp. Ég er ekki alveg viss um að þetta sé nægilegt til að fá menn til að upplýsa mál. Eftir sem áður vofir yfir þeim að ef brotið reynist vera alvarlegra að mati þeirra sem rannsaka málið verði viðkomandi kærðir til lögreglu og það gæti orðið til þess að menn verða ekki eins fúsir að upplýsa.

Það sem mér finnst kannski mest um vert í þessu máli, herra forseti, er það að menn virðast vera að fara út á nýja braut hér á landi, uppgötva nýjan sannleika sem ekki hefur uppgötvast erlendis og mér finnst það dálítið varasamt. Mér finnst hann líka varasamur sá hraði sem er á þessu máli eins og öllum málum sem menn eru að vinna úr, kannski eðlilega af því að þetta er starfsstjórn til mjög fárra daga. Það er dálítil hætta á því að gerð verði einhver mistök í þessari lagasetningu og ég vil undirstrika það aftur.

Svo er það hins vegar einn þáttur sem maður er dálítið undrandi á. Nú eru að bresta á kosningar og kjósendur vilja fara að fá frambjóðendur út í kjördæmin, og þá kannski þingmenn sem ætla að bjóða sig fram aftur, til að upplýsa kjósendur um stefnu flokkanna og um stefnu sína. Það hefur ekki getað orðið vegna þess að hér liggja fyrir mörg mál og þá finnst mér þetta mál ekki endilega vera þess eðlis að það sé nr. eitt, tvö og þrjú til að koma atvinnulífinu í gang og gæta að hagsmunum heimilanna eins og margir hafa talað um að nauðsynlegt sé að gera. Mér finnst forgangsröðun hæstv. ríkisstjórnar ekki nægilega góð. Hún er í rauninni ekki að forgangsraða í þá átt að það sem hvílir mest á landsmönnum og kjósendum öllum. Þetta mál varðar ekki atvinnuleysið, uppbyggingu fyrirtækja, endurreisn bankakerfisins o.s.frv.

Ég hefði gjarnan viljað sjá frá hæstv. ríkisstjórn mál sem koma beint að því að gera eitthvað í hlutunum og breyta einhverju fyrir heimilin í landinu en ekki eins og þau frumvörp sem við höfum séð undanfarið, breyting á stjórnarskránni hefur mikið verið til umræðu, breyting á Seðlabankanum var mikið mál sem varð til þess að nú er Seðlabankinn alfarið skipaður af hæstv. forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur og alfarið á hennar ábyrgð. Þeir háu stýrivextir sem eru í dag, óskaplega háir raunvextir, í þessum mánuði erum við að tala um 28% raunvexti, eru á ábyrgð hæstv. forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur. Maður spyr sig: Eru það forgangsmálin í landinu að setja upp nýjan seðlabanka — seðlabanka Jóhönnu, eða seðlabanka hæstv. forsætisráðherra — sem leiðir svo til óskaplega hárra raunvaxta sem stýrivextir gefa af sér?

Ég er dálítið undrandi á þessu og frumvarpið sem við ræðum hér er einn angi af því að menn eru að forgangsraða rangt. Þetta mál má alveg bíða eftir nýju þingi eða jafnvel til haustsins. Ég get ekki séð að menn fari að upplýsa margt í kjölfarið og það eins og skot. Það má vel vera að menn hafi séð einhvern anga á þessu máli sem gerir það að verkum að allt í einu er fari að upplýsast fullt af málum núna fyrir haustið.

[22:00]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 409. mál, frhnál. þskj. 933.

[22:00]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Erindi mitt í þennan ræðustól er að upplýsa hv. þm. Pétur Blöndal um að það er langt í frá að unnið hafi verið hratt að því frumvarpi sem við ræðum. Ég upplýsti það áðan að upptök frumvarpsins er að finna í bankahruninu síðasta haust og það varð í rauninni til í framhaldi af minnisblaði viðskiptaráðuneytisins sem dagsett er 3. nóvember og hefur orðið tilefni umræðna hér af öðru tilefni. Ég óttast því ekki að einhver slíkur fljótræðisbragur sé á þessu máli og að sú upptalning sé ekki tæmandi á lagabálkum sem þarna þyrfti að breyta heldur sé þvert á móti tæmandi upptalning á þeirri starfsemi á fjármálamarkaði sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað að hafa eftirlit með.

Ég get ekki orða bundist vegna orða hv. þingmanns um seðlabanka Jóhönnu Sigurðardóttur og þau orð hv. þingmanns um að Seðlabankinn starfi nú alfarið á ábyrgð forsætisráðherra. Ég hlýt að rifja upp, herra forseti, hvernig þetta var áður en lögum um Seðlabankann var breytt. Það var einfaldlega þannig að forsætisráðherra skipaði einhendis seðlabankastjóra án auglýsingar, án tilnefninga, án umsagna og án hæfiskrafna. Þessu var öllu saman breytt og allt sett í lög um Seðlabankann. Því er miklum mun minni hætta á misbeitingu við ráðningar í þá stofnun en áður var.

[22:02]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið. Það beinist eiginlega að tveim punktum. Hún heldur því fram að þetta sé ekki hratt unnið. Ég held að flest þau mál sem við ræðum eftir bankahrunið séu mál sem eru unnin töluvert hratt og þar á meðal þetta. Í umsögnum kom fram að menn finna ekki sambærileg ákvæði er varða fjármálamarkaði annars staðar og hefur ekki verið kannað. Hins vegar eru til sambærileg ákvæði í samkeppnisrétti eða mjög víða, en það er eins og ég gat um ekki endilega samhengi þar á milli.

Varðandi seðlabanka hæstv. forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, tók ég svona til orða vegna þess að hún skipar seðlabankastjórann, aðstoðarseðlabankastjórann, peningastefnunefndina, allt saman ein. Frumvarpið um Seðlabankann var flutt af henni einni og hún barði það í gegnum þingið. Þetta er því seðlabanki hennar og hún ber alfarið ábyrgð á þeim háu stýrivöxtum sem eru í landinu í dag, sem eru óheyrilega þungbærir. Stýrivextir gáfu neikvæða ávöxtun í október, nóvember og í desember líka. Síðan urðu nokkuð góðir raunvextir, jákvæðir, 10% í janúar og febrúar, en í mars og apríl keyra þessir raunvextir stýrivaxtanna um þverbak. Þennan mánuð eru stýrivextirnir 28% raunvextir, sem er algjört einsdæmi og gerir það að verkum að enginn hvati er hjá þeim sem eiga sparifé í bönkum að taka það út og setja í áhættusaman rekstur eins og fjárfestingu í atvinnulífinu. Búið er að negla inni allt sparifé í landinu með þessum háu stýrivöxtum og ég er ekki viss um að peningastefnunefndin hafi áttað sig á því að hún var í rauninni að negla inni sparifé.

[22:04]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er langt í frá að háir stýrivextir á Íslandi séu uppgötvun hæstv. forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, eða innleiddir af henni. Má ég minna hv. þingmann á samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í 19. gr., ef ég man rétt, sem fjallar um stýrivaxtastigið sem þar með var ákveðið og undirritað í samkomulagi af Árna M. Mathiesen, þáverandi hæstv. fjármálaráðherra, og Davíð Oddssyni, þáverandi seðlabankastjóra. Það er eins og Sjálfstæðisflokkurinn sé fæddur í gær, a.m.k. að hann hafi ekki komið að stjórnmálum fyrr en eftir 1. febrúar sl. þegar núverandi ríkisstjórn kom að þrotabúinu sem 18 ára stjórnarstefna þess flokks og stýritaumur hans á íslensku samfélagi skildi eftir sig.

Mig langar til að ítreka það sem ég sagði áðan að þetta frumvarp sem við ræðum á uppruna sinn í setningu laga um hinn sérstaka saksóknara. Það má rekja upphafið aftur til minnisblaðsins sem ég nefndi frá 3. nóvember sl. og málið mun hafa verið í vinnslu æ síðan.

Í minnisblaðinu segir, þar sem verið er að fjalla um heimild til sérstakrar meðhöndlunar á uppljóstrurum til handa hins sérstaka saksóknara, með leyfi forseta:

„Velta má fyrir sér hvort rök séu til þess að hafa sambærilegt ákvæði á sviði fjármálamarkaðar."

Það er jú svo að engin önnur fordæmi hafa fundist vegna þess að það munu ekki vera önnur fordæmi. Þetta fordæmi er alveg einstakt sem hinum sérstaka saksóknara er gefið í þar til gerðum lögum. Það er líka tímabundið ákvæði sem reiknað er með að dómsmálaráðherra geti flutt frumvarp um að fest verði niður á árinu 2011.

[22:06]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf dálítið hættulegt að taka upp eitthvað sem hvergi nokkurs staðar er til og menn kanna ekki af hverju það er ekki til. Ég gat ekki séð að nefndin hefði kannað það sérstaklega af hverju þetta ákvæði er ekki til annars staðar. Hins vegar er ljóst að sérstakur saksóknari hefur fengið geysimiklar heimildir og ég held að almenn samstaða hafi verið um það af því að menn vilja upplýsa um það sem hefur farið úrskeiðis. Ef einhver lögbrot hafa átt sér stað á að sjálfsögðu að upplýsa um það og ég held að allir séu með á því.

Það er rétt varðandi stýrivextina að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn krafðist þess í 18. gr. að stýrivextirnir yrðu hafðir háir, en þá voru þeir líka neikvæðir, herra forseti. Hraði verðbólgunnar á þessum mánuðum var meiri en 18%. Hraði verðbólgunnar í október, nóvember og desember var meiri en 18%, stýrivextirnir voru því neikvæðir.

Svo gerist það eftir áramótin, í janúar og febrúar, að stýrivextirnir verða jákvæðir, 10%, sem þykja ágætisraunvextir, en svo í mars og apríl keyrir um þverbak. Þetta er ákvörðun peningastefnunefndarinnar — maður er ekki búinn að læra öll þessi nýju orð sem voru sett með seðlabankalögunum — sem alfarið er skipuð af hæstv. forsætisráðherra. Núna eru stýrivextirnir orðnir óheyrilega háir og ég efast um að aðrir eins stýrivextir finnist í einum mánuði frá upphafi, ég hef reyndar ekki kannað það, en mjög

áhugavert væri að kanna það því að við erum bæði verðhjöðnun í mánuðinum og geysiháa stýrivexti.

Svo er náttúrlega dálítið leiðinlegt að hlusta alltaf á 18 ára frasana, að Sjálfstæðisflokkurinn sé búinn að vera við stjórn í 18 ár. Hann var ekki einn í stjórn, og hafi hann verið einn í stjórn ber að þakka honum gífurlega hækkun launa á Íslandi (Gripið fram í.) sem hvergi nokkurs staðar er annað eins, og það ber líka að þakka honum gífurlega aukin framlög til velferðarmála, um 80% raunvöxt á framlögum til velferðarmála. Hafi Sjálfstæðisflokkurinn verið einn í stjórn ber að þakka honum þetta.

[22:09]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar taka undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal, það er að verða svolítið þreytandi að sitja undir því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi stjórnað landinu einn sl. 18 ár. Því er haldið fram þegar það hentar ýmsum stjórnmálaöflum hér á Alþingi. Þegar þeim hentar að benda á það sem aflaga hefur farið er því haldið fram að Sjálfstæðisflokkurinn hafi einn stjórnað málum hér. Ef það er viðurkennt að eitthvað gott hafi verið gert, eins og t.d. varðandi uppbyggingu menntakerfisins, uppbyggingu samgöngukerfisins, ýmsa þætti varðandi efnahagslífið og (**Gripið fram í:** ... ríkisstjórn.) uppgreiðslu skulda o.fl. er á það bent að Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn eigi nú ýmislegt í þeim árangri sem náðist. Samfylkingin talar gjarnan um að hún hafi einungis verið í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum í 18 mánuði en Sjálfstæðisflokkurinn í 18 ár. En þá gleymir Samfylkingin því og hv. þingmenn hennar að Alþýðuflokkurinn, sem Samfylkingin er sprottin upp úr ásamt Alþýðubandalaginu, stjórnaði landinu 1991–1995 með Sjálfstæðisflokknum. Samfylkingin hefur því á þessu 18 ára tímabili verið í stjórn með Sjálfstæðisflokknum í einn þriðja hluta þess tíma sem um ræðir og Framsóknarflokkurinn í tvo þriðju hluta þess tíma. Mér fannst ástæða til að benda á það í upphafi ræðu minnar vegna þess að ég er orðinn býsna þreyttur á þessum málflutningi.

Nei, herra forseti, ég kom nú ekki til þess að ræða þetta mál sérstaklega heldur það frumvarp sem hér er til umfjöllunar. Mér fannst hins vegar ástæða til þess að víkja að þessu vegna þess að það virðist fara ansi mikið í taugarnar á sumum hv. þingmönnum sem tilheyra stjórnarmeirihlutanum að slík mál séu rædd hér í ræðustól Alþingis.

Hér er til umfjöllunar býsna áhugavert frumvarp, að mínu mati, til laga um breytingar á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn. Það er eins konar bandormur sem felur í sér breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um verðbréfaviðskipti, lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, lögum um vátryggingastarfsemi og lögum um miðlun vátrygginga, lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa og lögum um kauphallir og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Það má því segja að þetta frumvarp varði stóran hluta þeirrar löggjafar sem um fjármálamarkaðinn gilda. Ég skal gera þá játningu að ég hef ekki komið að þessu máli áður. Ég tók ekki til máls við 1. umr. um þetta málið og á ekki sæti í hv. viðskiptanefnd en engu að síður vil ég gjarnan leggja orð í belg vegna þess að ég tel að málið sé áhugavert og varði mikla hagsmuni.

Í nefndarálitinu segir að með frumvarpinu sé lagt til að við ýmis lög um fjármálamarkaðinn verði bætt ákvæðum um niðurfellingu. Með niðurfellingu er átt við að viðurlög séu milduð eða felld niður að fullu þegar lögaðili eða einstaklingur kemur sjálfviljugur fram, játar brot gegn lögum og vinnur með eftirlitsaðila að rannsókn málsins. Sjónarmiðin á bak við lagaákvæði sem þessi eru annars vegar þau að hvetja til þess að einstaklingar eða lögaðilar gefi sig fram til þess að brot gegn lögum sem varða fjármálamarkaðinn verði upplýst, í það minnsta rannsökuð. Hins vegar búa þau sjónarmið að baki þessu frumvarpi, væntanlega, að gera eftirlitskerfið skilvirkara.

Það sem vekur athygli í frumvarpinu er það sem kemur strax fram í 1. mgr. 1 gr. frumvarpsins þar sem segir að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að fjalla frá stjórnvaldssektarákvæðum á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi er fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum samkvæmt 110. gr. laganna, ef upplýsingarnar eða gögnin geta að mati eftirlitsins leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglunum. Þetta er mjög löng málsgrein en það sem vekur athygli mína er að Fjármálaeftirlitinu er heimilt að falla frá stjórnvaldssektum gagnvart þeim einstaklingi eða lögaðila sem fyrstur er til að láta þessar upplýsingar í té.

Ákvæði um niðurfellingarreglur eins og þessar eiga sér ekki fordæmi erlendis þannig að við Íslendingar erum í sjálfu sér brautryðjendur á þessu sviði. Í nefndarálitinu segir:

„Samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem talin eru upp hér að framan“ — og ég hef hér vikið að — „metur Fjármálaeftirlitið í þeim tilvikum er brot varðar bæði stjórnvaldssektum og refsingu hvort brot skuli kært til lögreglu eða hvort því verði lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Brotum sem teljast „meiri háttar“ ber Fjármálaeftirlitinu að vísa til lögreglu, sbr. til dæmis 2. mgr. 112. gr. d laga um fjármálafyrirtæki þar sem mælt er fyrir um að brot teljist meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef það er framið með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi þess. Verði frumvarpið að lögum fær Fjármálaeftirlitið heimild til að kæra slík brot ekki til lögreglu hafi einstaklingur eða lögaðili haft frumkvæði að því að láta stofnuninni í té upplýsingar eða gögn vegna brota sem geta varðað sektum eða fangelsi ef Fjármálaeftirlitið telur upplýsingarnar eða gögnin geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða ef talið er að þau séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem þegar liggja fyrir.“

Þetta er í sjálfu sér í nokkru samræmi við ákvæði sem við samþykktum hér á Alþingi og ég kom nú að vinnu við þau lög, ákvæði nýrra laga um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008. En á grundvelli þeirra laga er ríkissaksóknara heimilt samkvæmt rökstuddri tillögu frá hinum sérstaka saksóknara að ákveða að falla frá saksókn gagnvart þeim sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn. Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„Heimild þessi er háð skilyrðum sem nefnd eru í 2. mgr.

5. gr. laganna, m.a. þeim að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar eða gögn tengist alvarlegu broti, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra muni reynast torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir broti.“

Í áliti okkar sem sátum í allsherjarnefnd um frumvarpið er bent á að heimild þessi sé nýmæli í réttarfarslöggjöf og eigi sér ekki fyrirmyndir á Norðurlöndum. Það sama á við um ákvæði þessa frumvarps, eins og ég gat um fyrr í ræðu minni.

Það er í sjálfu sér eðlilegt að í lögum sé kveðið á um að heimilt sé að milda eða fella niður eða fara einhverjar mýkri leiðir varðandi viðurlög vegna lögbrota. Við þekkjum það t.d. varðandi umferðarlagabrot að það eru ekki mörg ár síðan lögreglunni var gert heimilt að beita sektarákvæðum eða sektarúrræðum gagnvart þeim sem brjóta gegn umferðarlögum. Það sjónarmið helgaðist einfaldlega af því að auka skilvirkni í réttarvörslukerfinu, sérstaklega gagnvart brotum sem voru tiltölulega einföld og þurftu ekki mikillar skriffinnsku við, ef svo má segja. Í öðrum lögum eins og samkeppnislögum er kveðið á um niðurfellingu, bæði til handa einstaklingum og lögaðilum, að minnsta kosti í ýmsum tilvikum. Og eins og ég sagði áðan voru samþykkt hér lög nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara, þar sem veitt er heimild til þess að fella niður saksókn gagnvart þeim aðila sem gefur sig fram, leggur fram upplýsingar sem leiða til þess að rannsókn er hafin á máli sem líklegt er að leiði til saksóknar.

Í öllum þessum tilvikum sem ég hef talið upp tel ég að sama regla eigi að gilda yfir alla sem í hlut eiga. Allir hv. þingmenn sem að þessu máli komu rita undir nefndarálitið með fyrirvara en það stingur óneitanlega í stúf að í ákvæðinu sé vikið að því og það sérstaklega tiltekið að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að falla frá stjórnvaldssektarákvæðum á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi er fyrstur til þess að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota sem geta varðað stjórnvaldssekt. Ef maður skýrir ákvæðið eins og það liggur fyrir í frumvarpinu er ekki hægt að skilja það öðruvísi en að sá sem að kemur næstur eigi ekki von á því að fá sömu meðferð gagnvart réttarvörslukerfinu, þ.e. eftirlitsstofnuninni Fjármálaeftirlitinu, og sá sem á undan honum kom. Og þá hljóta að vakna upp spurningar: Er sú regla eðlileg? Er hún eðlileg gagnvart þeim jafnræðissjónarmiðum sem við höfum viljað fylgja í íslenskum rétti, sama hvort um er að ræða stjórnsýsluna eða hvað varðar önnur réttarsvið? Er ekki eðlilegt að það sé þá litið til þess hvers eðlis þær upplýsingar eru sem um ræðir?

Ég get ímyndað mér að sú staða gæti komið upp að Fjármálaeftirlitið fengi í hendur gögn frá lögaðila eða einstaklingi sem eru þess eðlis að þau geti verið til þess fallin að varpa ljósi á brot og að sá aðili sem leggur slík gögn fram geti farið fram á það. Fjármálaeftirlitið geti þá heimilað niðurfellingu á stjórnvaldssektarákvörðunar honum til handa. Síðan kann það að gerast að einhver annar aðili komi síðar, jafnvel nokkrum dögum síðar, með gögn sem að skipta miklu meira máli fyrir það mál sem til umfjöllunar er og geti haft mun meiri þýðingu en gögnin sem bárust frá þeim aðila sem fyrstur var til þess að láta Fjármálaeftirlitinu upplýsingar í té. En samkvæmt frumvarpsgreininni eins og hún liggur fyrir í þessu frumvarpi er ekki hægt að skilja annað en að sá aðili sem var fyrri til og var með gögn í höndunum sem höfðu minni þýðingu og innihéldu ekki eins mikilvægar upplýsingar og gögnin sem sá sem á eftir kom lagði Fjármálaeftirlitinu til, fái niðurfellingu en ekki sá sem síðar kom. Upplýsingar hans skiptu þó meira máli gagnvart því að upplýsa brot sem þar væru á ferðinni.

Þetta er stílbrot, herra forseti, sem ég er ekki viss um að sé heppilegt, sérstaklega þegar litið er til þess að ekki eru nein fordæmi erlendis fyrir niðurfellingarreglum vegna brota á fjármálamarkaði eins og þeim sem hér er verið að leiða í lög. Þegar kveðið er á um slíkar ívilnandi reglur í lögum er almennt talið að þeir sem geta notið þeirra eigi að sitja við sama borð en því er ekki að heilsa í þessu frumvarpi. Ég hefði því talið, herra forseti, að það væri ástæða til þess að fara nánar yfir það atriði. Ég efast svo sem ekki um að hv. viðskiptanefnd hafi vikið að þessum þætti málsins í meðferð sinni í nefndinni en ég tel engu að síður að þetta séu málefnaleg sjónarmið og ástæða til þess að víkja sérstaklega að. Ég geri ráð fyrir að hinn vörpulegi formaður viðskiptanefndar, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, muni nú í ítarlegri seinni ræðu sinni um þetta mál víkja að þeim sjónarmiðum sem ég hef komið að.

Ég ítreka það sem kom fram í upphafi ræðu minnar að ég kem að þessu máli í fyrsta skipti í þessari umræðu en það er fyrst og fremst vegna þess að málið vekur upp ýmsar spurningar og áhuga. Þetta er löggjöf sem varðar allan fjármálamarkaðinn og er gríðarlega mikilvægt við þær aðstæður sem uppi eru að vandað sé til verka, ekki síst vegna þess að sú löggjöf sem fjármálakerfinu hefur verið gert að fylgja á síðustu árum hefur legið undir þeirri gagnrýni að vera ekki fullkomin. Þegar menn kveða á um nýmæli í löggjöf á þessu sviði er eins gott að hnýta vel alla lausa enda, hæstv. forseti.

[22:29]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Ég ætla að taka upp þráðinn þar sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson skildi við efnið, en það snýr að því vandasama verkefni sem við okkur blasir eftir það hrun sem orðið hefur á fjármálamarkaði hér á landi að endurskoða þá löggjöf sem gildir á þessu sviði.

Það eru allir sammála um að þeir atburðir sem áttu sér stað á fjármálamarkaði hér á landi og raunar víðar um heiminn á liðnu ári kalla á víðtæka yfirferð og endurskoðun á þeim reglum sem gilda um fjármálamarkaði. Þetta er ekki séríslenskt fyrirbrigði. Við höfum tilhneigingu til að líta svo á að vandamál okkar séu einstök og sérstök og að sönnu eru þau vandamál sem íslenskt þjóðarbú á við að stríða vegna bankahrunsins mikil og meiri en víða er í öðrum löndum. En við megum hins vegar ekki gleyma því að alþjóðleg fjármálakreppa hefur skollið á. Hvarvetna í hinum vestræna heimi og víðar standa menn nú frammi fyrir þeim spurningum hvernig endurskoða eigi reglur á fjármálamarkaði til að gera það sem hægt er í löggjöf til að koma í veg fyrir að slíkir atburðir endurtaki sig sem hér hafa átt sér stað.

Þetta kemur fram í umræðum á alþjóðavettvangi. Þegar

leiðtogar helstu efnahagsvelda heimsins koma saman er þetta efst á dagskránni á fundum þeirra. Sama er að segja um ríkjabandalög á borð við Evrópusambandið. Þar er mikil vinna komin í gang við að endurskoða reglur á fjármálamarkaði. Í sjálfu sér eru menn víðast hvar að takast á við sambærileg vandamál. Auðvitað eru aðstæður í hverju landi sérstakar út af fyrir sig en á hinn bóginn eru þau vandamál sem hafa komið fram vegna mikillar ofþenslu og útlánaþenslu í bankakerfinu um allan hinn vestræna heim á síðustu árum sambærileg og menn hljóta þar af leiðandi að huga að sambærilegum úrræðum til þess að bregðast við slíku.

Þetta vil ég undirstrika, herra forseti, til að leggja áherslu á að það skiptir máli þegar við fáumst við lagabreytingar af þessu tagi að við setjum málið í aðeins víðara samhengi og horfum á fleiri þætti en þá sem lúta bara að okkur sjálfum og reynum að fylgjast með því sem er að gerast í lagaþróun erlendis á sambærilegum sviðum vegna þess að við getum auðvitað mikið af því lært hvað menn gera í öðrum og stærri samfélögum.

Regluverk okkar hefur verið byggt á evrópskum fyrirmyndum og er lagað að þeim reglum sem gilt hafa í Evrópusambandinu. Við höfum keppst við að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins á sviði fjármálamarkaðar. Ég get sagt það sem nefndarmaður í efnahags- og viðskiptanefnd á síðasta kjörtímabili að á hverjum einasta vetri, á hverju einasta þingi fengum við til meðferðar ný frumvörp, oft umfangsmikil frá viðskiptaráðuneytinu þar sem verið var að leggja til breytingar, stundum viðamiklar, á íslenskri löggjöf um fjármálamarkaðinn til að laga reglurnar að því sem gerðist í Evrópu.

Nú er það verkefni þeirrar rannsóknarnefndar sem þingið setti á fót í haust að meta hvernig þetta regluverk okkar hefur virkað í samanburði við regluverk í nágrannalöndunum. Það er meðal þeirra verkefna sem rannsóknarnefndin á að hafa með höndum. Leggja mat á íslensku reglurnar, bera þær saman við reglur í nágrannalöndunum og síðan að lokum að leggja mat á það hvernig gengið hefur að framkvæma reglurnar. Því að í opinberri umræðu eru skiptar skoðanir um hvort reglurnar hafi verið ófullnægjandi eða hvort framkvæmd reglnanna hafi verið ófullnægjandi. Ef til vill var það hvort tveggja. Við höfum kannski ekki forsendur á þessari stundu til þess að dæma um það með óyggjandi hætti. En mjög forvitnilegt væri að sjá hvaða niðurstöðum rannsóknarnefndin mun skila, vonandi strax í haust, um það efni.

Ég vildi taka þetta fram vegna þess að það frumvarp sem hér liggur fyrir er á sinn hátt viðbrögð við þeim atburðum sem áttu sér stað á fjármálamarkaði í haust. Verið er að leggja til tilteknar breytingar til að færa Fjármálaeftirlitinu ákveðin úrræði við rannsókn mála sem koma upp í tengslum við starfsemi á fjármálamarkaði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ýmsum sérstökum reglum sem eru óvenjulegar og á skjön við almennar reglur sem gilda um — hvað eigum við að segja, verkefni stjórnsýslustofnana annars vegar og ákæruvalds og lögreglu hins vegar. En ég verð að segja að þegar við fjölluðum um þetta mál á vettvangi viðskiptanefndar sló það mig, og alveg örugglega fleiri nefndarmenn, að rökstuðningurinn fyrir því að fara þær leiðir sem þarna eru lagðar til væri á margan hátt veikur. Það er vissulega sagt og gert ráð fyrir því í frumvarpinu að hugsanlega megi upplýsa fleiri brot ef þær niðurfellingarreglur sem frumvarpið gerir ráð fyrir komist í gildi. Þetta er sagt í frumvarpinu og greinargerð án þess þó að unnt sé að færa neinar sérstakar sönnur á það frekar en oft er um löggjöf sem ekki hefur reynt á í framkvæmd. Á móti vega mjög gild sjónarmið um að ekki eigi að taka jafnafdrifaríkar ákvarðanir og lúta t.d. að lögreglurannsókn eða saksókn í því sem við getum kallað lokuðu ferli innan stjórnsýslustofnunar heldur sé eðlilegra að það gerist eftir leikreglum réttarkerfisins þannig að unnt sé að prófa fyrir dómstólum ágreiningsefni sem upp koma í því sambandi og fá niðurstöðu með þeim hætti.

Fyrir liggur að þegar mál eru komin til lögreglu og í ákæruferli hjá saksóknara eru stífari reglur, meiri formfesta og í sjálfu sér meira gagnsæi í sambandi við töku einstakra ákvarðana en þegar stjórnsýslustofnanir fjalla um mál með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu, þá getur verið mun erfiðara að átta sig á hvaða forsendur ráða ákvörðunum í einstökum tilvikum. Vissulega er við þær aðstæður ákveðin hætta á að um geti verið að ræða geðþóttaákvarðanir eða a.m.k. að aðilar geti haft grun um að um matskenndar eða jafnvel geðþóttakenndar ákvarðanir sé að ræða, því eins og hv. þingmenn þekkja skiptir miklu máli að réttlætið nái fram að ganga, en það skiptir líka máli að allir geri sér grein fyrir því að réttlætið fái framgang.

Eins og fram hefur komið í umræðunni var það niðurstaða viðskiptanefndar og ágæt samstaða um að fella niður fjölmargar greinar úr frumvarpinu sem fela það í sér að eftirlitsstofnun geti ákveðið að kæra ekki tiltekin brot til lögreglu, og verð ég að segja að ég er afar ánægður með þá niðurstöðu. Ég held að það sé besta niðurstaðan að þegar stjórnsýslustofnun á borð við Fjármálaeftirlitið telur sig verða þess vart að um refsiverð brot sé að ræða fari málin strax í sakamálameðferð eða meðferð eftir þeim réttarreglum sem gilda um meðferð sakamála, þau séu rannsökuð með þeim hætti og eftir atvikum farið út í ákærumeðferð á þeim grunni. Ég held að þetta sé betri aðferð og verð að segja að því meira sem ég skoða mál af þessu tagi, því sannfærðari verð ég um að eðlilegra væri að láta slíkar reglur frekar verða til þess að breyta þeim reglum sem við höfum nú í samkeppnislögunum frekar en að gera öfugt. Hér er gert ráð fyrir að ákveðnar reglur samkeppnislaga verði speglaðar inn í lögin um fjármálamarkaðinn. Ég er þeirrar skoðunar að réttara væri að skoða málin með öfugum formerkjum þannig að í raun væri gert ráð fyrir því í samkeppnislögum að mál væru send fyrr til lögreglurannsóknar og sakamálameðferðar ef talið er að um refsiverð brot sé að ræða. Mál lúti þá þannig því réttarumhverfi, því regluumhverfi sem gildir á sviði sakamála, og ég held að almenn sátt sé um að hafi reynst tiltölulega vel.

Við þekkjum frá fyrri árum að ákveðnir árekstrar hafa komið upp milli sjónarmiða að þessu leyti og það er heldur ekki séríslenskt fyrirbrigði. Tekist hefur verið á um hvort brot, sérstaklega kannski á fjármálamarkaði, og hins vegar á reglum samkeppnisréttarins eigi að afgreiðast að fullu á vettvangi sérhæfðra stjórnsýslustofnana eða hvort málin eigi að ganga til lögreglu og sakamálameðferðar. Uppi eru

ýmsir skólar í þessum efnum og í sjálfu sér ekkert einhlítt um það að hvaða niðurstöðum menn komast.

Hins vegar liggur fyrir að við höfum, eins og þjóðir í kringum okkur í Evrópu, haft tilhneigingu til þess á síðustu árum að færa aukið vald til hinna sérhæfðu stjórnsýslustofnana, m.a. í sambandi við sektarákvarðanir og fleira þess háttar. En verð ég að segja að fara verður varlega í þá átt til að gæta þess að þegar um raunveruleg refsiverð brot er að ræða taki reglur sakamálaréttarfarsins við. Bæði með þeim úrræðum sem þar er að finna og eins með þeim réttaröryggissjónarmiðum sem gilda gagnvart hinum grunaða eða sakborningi í slíkum málum.

Fyrir fáeinum árum, ég hygg að það hafi verið á tímabilinu 2004–2006, voru töluverðar umræður hér á landi um þessi mál. Upp komu ákveðin deilumál getum við sagt milli opinberra stofnana á þessu sviði, á sviði efnahagsbrota, í tengslum við hið kunna olíufélagamál sem upphaflega var rekið sem samkeppnismál en ákveðnir vinklar á því máli fóru í sakamálameðferð líka.

Ég ætla ekki að rekja þá deilu en það var rótin að því að upp komu árekstrar, sérstaklega milli lögreglu og saksóknara annars vegar og samkeppnisyfirvalda hins vegar. Til þess að leiða þær deilur til lykta setti þáverandi forsætisráðherra af stað nefnd sem skipuð var fulltrúum þeirra stofnana sem að þessum málum koma og þeirra ráðuneyta sem málin hafa með höndum til að fara í gegnum réttarreglur á þessu sviði og reyna að greina á milli verksviða einstakra stofnana að þessu leyti þannig að ekki þyrfti að koma til þess að vafi léki á um til hverra stofnana tiltekin verkefni heyrðu, þ.e. að skýrt lægi fyrir hvaða stofnanir og hvaða réttarreglur eftir atvikum ættu að gilda um þau tilvik sem upp kæmu.

Ég held að sú nefnd hafi unnið á margan hátt afar merkt starf. Sá sem leiddi það starf var Páll Hreinsson, síðar hæstaréttardómari og nú formaður rannsóknarnefndar Alþingis vegna bankahrunsmála. Niðurstaða þess nefndarstarfs var skýrsla upp á 200–300 blaðsíður með ítarlegum greinargerðum og mjög vandaðri umfjöllun um marga þessara þátta. En stundum hef ég á tilfinningunni að við undirbúning og samningu einstakra frumvarpa á þessu sviði síðar hafi ekkert endilega verið litið mjög mikið til þeirrar vinnu sem þarna átti sér stað. Það kann að vera misskilningur hjá mér. Þetta er svona tilfinning sem ég hef haft þegar ég hef á vettvangi viðskiptanefndar tekið þátt í umfjöllun um einstök mál á þessu sviði. En ég tel að þess hafi ekki alltaf verið gætt að fylgja þeirri meginlínu sem var ákveðin með þessu nefndarstarfi en ég held að á margan hátt hafi þar verið unnið gott starf að þessu leyti.

Ég verð þó að segja, og það tengist því sem snertir efni þessa frumvarps, að afstaða mín var sú, þegar skýrsla nefndar Páls Hreinssonar kom út á sínum tíma, að þar væri enn þá of mikil áhersla á rannsóknarvald og úrskurðarvald hinna sjálfstæðu stjórnsýslustofnana. Ég taldi á þeim tíma að ástæða væri til að hlusta meira á sjónarmið sem komu m.a. frá þáverandi ríkissaksóknara, Boga Nilssyni, um að auka þátt ákæruvaldsins og lögreglu í sambandi við brot af þessu tagi. Þess vegna þegar þetta frumvarp er sérstaklega skoðað fagna ég því að náðst hafi um það samstaða í viðskiptanefnd að leggja til breytingar sem falla frekar í þann farveg. Felldar eru úr frumvarpinu breytingar sem hefðu falið í sér viðameira eða afdrifaríkara ákvörðunarvald fjármálaeftirlits varðandi ýmis brot, og áfram er gert ráð fyrir að ótvíræð skylda verði til þess að vísa málum þar sem grunur leikur á um að refsiverð brot hafi verið framin á fjármálamarkaði til lögreglu og ákærumeðferðar. Hafi menn áhyggjur af því eins og stundum kemur fram í opinberri umræðu að þörf sé á meiri mannskap, aukinni sérþekkingu eða styrkari stofnunum á sviði efnahagsbrotarannsókna eigi menn að bregðast við með því að efla þá starfsemi innan hins opinbera kerfis í staðinn fyrir að fela Fjármálaeftirliti eða sambærilegum stofnunum meira vald í þeim efnum.

Ég tel að eftir meðferð málsins hjá hv. viðskiptanefnd sé frumvarpið komið í miklu betri búning. Ýmsar þær breytingar sem ég taldi að væru varhugaverðar í upprunalegu frumvarpi hafa verið felldar út og niðurstaðan ætti því að verða afar góð. En hins vegar er mikilvægt að við nýtum það tækifæri þegar mál af þessu tagi kemur inn í þingið að reyna að átta okkur á því hvaða hlutverk ætlum við einstökum stofnunum á þessu sviði. Hvaða reglur viljum við að gildi um meðferð mála á þessu sviði?

Þessa dagana, þessar vikurnar og þessa mánuðina verðum við vitni að mikilli umræðu um efnahagsbrot af ýmsu tagi og ekki að ástæðulausu. Grunsemdir eru um að fjölmörg og jafnvel víðtæk brot af því tagi hafi verið framin á liðnum árum og hrunið á fjármálamarkaðnum, bankahrunið, hefur má segja opnað ákveðinn heim fyrir bæði okkur hér á þingi og almenningi. Það gefur auðvitað tilefni til endurskoðunar. En ég held að menn eigi samt að fara gætilega í endurskoðun reglnanna, gera breytingar að vel yfirlögðu ráði og forðast að fara út í einhverjar breytingar í taugaveiklun og óðagoti, gá frekar að sér og það tel ég að hv. viðskiptanefnd hafi gert í málsmeðferð sinni og (Forseti hringir.) er það mikið fagnaðarefni.

[22:49]

Dögg Pálsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn. Þetta er einn af þessum svokölluðu bandormum sem er því marki brenndur að í honum felast breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um verðbréfaviðskipti, lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, lögum um vátryggingastarfsemi, lögum um miðlun vátrygginga, lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, lögum um kauphallir og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í frumvarpinu er lagt til að tvær nýjar greinar komi í öll þessi lög, hálfgert greinapar, sem annars vegar felur í sér að Fjármálaeftirlitinu er heimilt að falla algerlega frá stjórnvaldssektum á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi aðili er fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota og síðan heimild til sömu eftirlitsstofnana til að lækka stjórnvaldssektir ef viðkomandi hefur haft frumkvæði. Þarna er því munur á að vera fyrstur eða hafa frumkvæði.

Seinni greinin er á þann veg að Fjármálaeftirlitið fær opna heimild til að kæra alls ekki brot til lögreglu hafi fyrirtæki eða einstaklingur haft frumkvæði að því að láta eftir-

litinu í té upplýsingar eða gögn vegna brots sem varðað geta sektum eða fangelsi ef Fjármálaeftirlitið telur að upplýsingarnar eða gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur haft í fórum sínum að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum.

Það er augljóst, virðulegi forseti, að þetta lagafrumvarp er meðal þeirra viðbragða sem gripið hefur verið til í kjölfar bankahrunsins síðasta haust. Tilgangurinn er, að því er virðist, að hvetja einstaklinga eða lögaðila sem vita um brot til að hafa frumkvæði að því að upplýsa Fjármálaeftirlitið um þau. Þarna er meira að segja sett ákveðin gulrót fyrir þá sem eru fyrstir eins og það heitir í lagagreinunum. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að sambærilegar reglur séu til og hafi verið beitt með góðum árangri á sviði samkeppnisréttar og þær hafi verið taldar mjög mikilvægar til að upplýsa um ólögmætt samráð. Þetta séu reglur sem eigi rætur að rekja til Bandaríkjanna í lok 8. áratugarins, Evrópusambandið hafi tekið slíkar reglur upp í byrjun 10. áratugarins og í kjölfarið hafi önnur ríki sett slíkar reglur inn í löggjöf sína, þar á meðal við á Íslandi. Síðan er á það minnt að í lögum nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara, séu ákvæði um niðurfellingu við tilteknar aðstæður og vitnað er í þessar heimildir varðandi þau ákvæði sem hér er verið að leggja til að séu lögfest.

Það sem vekur hins vegar athygli við lestur athugasemda við lagafrumvarpið, og það sem maður hnýtur óneitanlega alvarlega um, er að það kemur fram að reglur af því tagi sem hér er verið að leggja til að verði lögfestar á Íslandi eiga sér engin fordæmi nokkurs staðar erlendis. Engu að síður er því haldið fram í athugasemdunum að þetta sé mikilvægt og þar með er talið mikilvægt að við gerumst brautryðjendur á því sviði í heiminum að taka upp sambærilegar niðurfellingarreglur varðandi fjármálamarkaðinn.

Frumvarpið hefur eins og öll önnur frumvörp fengið ítarlega umfjöllun í þinginu og í ítarlegu nefndaráliti, sem allir nefndarmenn standa að, er farið yfir málið og gerð grein fyrir því hvað hér hangir á spýtunni. Einnig er gerð grein fyrir því að það sé niðurstaða þingnefndarinnar að ekki verði hjá því komist að gera tillögur um breytingar á frumvarpinu. Það kemur ekki á óvart þegar skoðaðar eru þær umsagnir sem hv. viðskiptanefnd bárust því að þær umsagnir sem bárust, þar sem efnislegar athugasemdir voru gerðar við frumvarpið, voru af þeim toga að fram hjá þeim varð ekki litið og við þeim varð að bregðast. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, aðeins fara yfir nokkrar þessara umsagna.

Ég vil t.d. byrja á umsögn Viðskiptaráðs Íslands. Þar er það sérstaklega undirstrikað, sem ég hef þegar nefnt, að ekki finnist nein fordæmi fyrir reglum af þessu tagi. Viðskiptaráð gengur svo langt að það telur nauðsynlegt að staldra við og hleypa frumvarpinu ekki í gegn heldur verði að kanna af hverju sú leið hafi ekki verið farin erlendis að setja inn heimildir af þessu tagi í löggjöf í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við, sérstaklega í ljósi þess að í samkeppnisréttinum hafa menn farið þá leið að setja inn reglur af þessu tagi. Þetta er hárrétt ábending af hálfu Viðskiptaráðs. Það er umhugsunarefni að við — sem höfum aðlagað alla okkar löggjöf á fjármálamarkaði að t.d. Evrópureglum, og þær eru meira og minna settar á grundvelli skuldbindinga sem við höfum undirgengist, t.d. út af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið — skulum með þessu lagafrumvarpi ætla að gerast frumkvöðlar í því að fella niður sektir, lækka sektir og síðast en ekki síst að ganga svo langt að veita eftirlitsstofnun, stjórnvaldi, heimild til að ákveða að brot sem virðast vera refsiverð séu ekki kærð til lögreglu og sæti þess vegna ekki opinberri rannsókn.

Hv. viðskiptanefnd hefur greinilega ekki talið ástæðu til að skoða þessa tillögu og þessa ábendingu Viðskiptaráðs, þ.e. að frumvarpið væri ekki afgreitt úr nefndinni og látið daga uppi heldur er farin sú leið sem ýmsir aðrir bentu á, m.a. embætti sérstaks saksóknara sem skilaði ítarlegri umsögn um frumvarpið og bendir á að almennt sé mikilvægt að styrkja heimildir eftirlitsstofnana til að þær hafi heimildir sem geta gert það að verkum að starfsemi þeirra geti eflst og aukist. Sérstakur saksóknari bendir á og leggur raunar til það sem nefndarálitið og viðskiptanefndin gerir að tillögu sinni, þ.e. að 2., 4., 6., 8., 10., 12., 14. og 15. gr. frumvarpsins verði felldar niður. Það er greinilegt að sú tillaga er komin fram eftir ábendingar sérstaks saksóknara.

Ekki hefur hins vegar verið brugðist við ábendingum sérstaks saksóknara þegar kemur að þeim greinum sem eftir eru í frumvarpinu, sem eru þá 1., 3., 5., 7., 9., 11. og 13. gr. Hann bendir á, og ég tel sérstaka ástæðu til að skoða það nánar, að í því séu erfið túlkunaratriði hvernig skilja eigi það að einhver sé fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn. Sérstakur saksóknari bendir á að í þessu ákvæði kunni að felast þarflaus og óeðlileg afmörkun enda sé það jafnframt gert að skilyrði að upplýsingar eða gögn vegna brotanna geti varðað stjórnvaldssektum, þurfi að mati Fjármálaeftirlitsins að geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti að uppfylltum nánari skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

Í bréfi og umsögn sérstaks saksóknara segir, með leyfi forseta:

„Ekki er skýrt nánar hvers vegna áhersla er lögð á þann sem er fyrstur til að veita upplýsingar. Mun eðlilegra væri að mati sérstaks saksóknara að kveða á um þann sem frumkvæði hefur að því að veita upplýsingar enda kann upplýsingagjafi sem ekki veitir eftirlitsstjórnvaldi upplýsingar fyrstur að veita mun veigameiri og þýðingarmeiri upplýsingar en sá sem upplýsingar veitti fyrstur vegna tiltekins máls.“

Sérstakur saksóknari bendir þarna á ákveðinn annmarka á þeim greinum sem eftir standa í frumvarpinu eins og það liggur fyrir samkvæmt breytingartillögu viðskiptanefndar. Í 1. mgr. allra greinanna sem ég hef vikið að er talað um að falla megi frá stjórnvaldssektum gagnvart þeim sem koma fyrstir meðan einungis er heimilt að lækka þær gagnvart þeim sem hafa frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar. Sérstakur saksóknari bendir á að í raun og veru ættum við kannski að nota orðið „frumkvæði“ báðum megin og slá þá þessum málsgreinum saman ef ég skil athugasemd hans rétt. Í raun og veru ætti að koma fram að Fjármálaeftirlitinu væri heimilt að falla frá eða lækka stjórnvaldssektir gagnvart aðila sem hefur frumkvæði að því að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar af þessu tagi. Ég tel

að það hefði kannski verið eðlilegt af hv. viðskiptanefnd að skoða þessa ábendingu sérstaks saksóknara þannig að þá væru 1. og 2. mgr., í öllum þeim greinum sem eftir eru samkvæmt breytingartillögu viðskiptanefndar, í raun sameinaðar og heimildin bundin við frumkvæði og sem sé annaðhvort að falla frá eða lækka.

Sérstakur saksóknari bendir líka á að þessar greinar, sem síðan verða tilefni til þess að viðskiptanefndin gerir þá óvenjulegu róttæku breytingu á frumvarpinu að leggja til að helmingur greinanna falli niður — hann gerir að sérstöku umfjöllunarefni þessa heimild að stjórnvald, eða eftirlitsstofnun, þurfi ekki að kæra til lögreglu brot ef einstaklingur eða fyrirtæki hafi haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota sem geta varðað sektum eða fangelsi.

Í umsögn sérstaks saksóknara segir, með leyfi forseta:

„Að *mati sérstaks saksóknara er hér um mjög varasama* tillögu að ræða og sambærilegar heimildir sömu eftirlitsstjórnvalda í nágrannaríkjunum eru með öllu óþekktar. Er í reynd verið að fela Fjármálaeftirlitinu mjög víðtækar heimildir til þess að taka ákvörðun um að kæra ekki mál einstaklings eða lögaðila til lögreglu, í reynd með þeim áhrifum að fallið er frá saksókn á hendur viðkomandi. Er Fjármálaeftirlitinu ætlað algert úrslitavald um framangreind atriði og ekki er um það að ræða að æðra sett stjórnvald geti með einum eða öðrum hætti átt aðkomu að ákvörðun eða endurskoðað ákvörðun Fjármálaeftirlitsins að þessu leyti. Er athygli vakin á því að brot sem falla undir eftirlitssvið Fjármálaeftirlitsins og þar á meðal lagareglur um fjármálamarkaði, starfsemi fjármálafyrirtækja, laga um verðbréfaviðskipti o.fl., kunna jafnhliða að fela í sér alvarlegri brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga, einkum á auðgunarbrotakafla laganna, á ákvæðum laga um hlutafélög og eftir atvikum jafnframt á ákvæðum annarra sérrefsilaga. Ætla má að áður en svo veigamikil ákvörðun er tekin sem varðar uppljóstrara og mögulega niðurfellingu saksóknar á hendur slíkum aðila, þurfi jafnframt að koma til aðkoma annarra aðila en Fjármálaeftirlitsins, að því er varðar greiningu sakarefnis og rannsóknarefna. Ganga tillögur frumvarpsins að þessu leyti mun lengra heldur en sá lagarammi sem lögreglu og ákæruvaldi er markaður að þessu leyti samkvæmt lögum um meðferð sakamála og lögum um embætti sérstaks saksóknara, en árétta verður að skilyrði 5. gr. laga um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, eru miklu ítarlegri að efni og kveða þannig á um fjölmörg mikilvæg og nauðsynleg skilyrði sem uppfylla þarf til þess að til greina komi að uppljóstrari við meðferð rannsóknar hjá sérstökum saksóknara sæti ekki ákæru."

Það er skiljanlegt, virðulegi forseti, í ljósi svo alvarlegrar ábendingar af hálfu sérstaks saksóknara að viðskiptanefnd skuli hafa brugðist við með þeim hætti sem gert var og verður það raunar að teljast sjálfsagt og eðlilegt. Með þessari heimild, eins og sérstakur saksóknari bendir á, sem er seinni greinin í þessum lagagreinapörum sem frumvarpið leggur til, er verið að gefa Fjármálaeftirlitinu sjálfsvald um það hverjir sæta opinberri rannsókn og hverjir ekki. Kannski hefði frekar verið ástæða til að breyta þessum lagaákvæðum með tilliti til þess að ekki þyrfti milligöngu Fjármálaeftirlitsins til að kæra til lögreglu ýmis brot í staðinn fyrir að gefa Fjármálaeftirlitinu heimild til að sleppa því að kæra brotin algjörlega. Það er nauðsynlegt að einhver aðili kanni hvort eðlilega sé að málum staðið og eins og reglur eru t.d. núna — í þeim tilvikum þegar t.d. lögregla telur að ekki sé ástæða til þess að ákæra vegna kæru í máli sem varðar meint brot á t.d. hegningarlögum hefur sá sem hefur kært til lögreglu eitthvað sem hann telur refsiverða háttsemi það úrræði, ef hann er ósáttur við að lögreglan ætlar ekki að ákæra, að kæra það til ríkissaksóknara, þá ákvörðun að háttsemin sæti ekki ákærunni. Eins og sérstakur saksóknari bendir réttilega á þá er ekki einu sinni gert ráð fyrir neinu slíku í þessu frumvarpi heldur er galopin heimild veitt til Fjármálaeftirlitsins þess efnis að umbuna uppljóstrurum með því að þeir þurfi ekki að sæta kærunni.

Eins og áður hefur verið vikið að er í nefndaráliti gerð grein fyrir því að nefndin stendur einhuga um það að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að 2., 4., 6., 8., 10., 12., 14. og 15. gr. falli brott, sem þýðir að þessi heimild Fjármálaeftirlitsins mun ekki ná fram að ganga. En eftir stendur sú athugasemd sem fram kemur í áliti og umsögn sérstaks saksóknara að í greinunum sem eftir standa eru sérstök verðlaun til þess sem fyrstur er að gefa upplýsingarnar á meðan sá sem hefur frumkvæðið mun einungis geta notið lækkunar en ekki algerrar niðurfellingar. Æskilegt hefði verið að hv. viðskiptanefnd hefði líka skoðað þessa ábendingu og spurning hvort ekki sé ástæða til að skoða það á milli 2. og 3. umr. *En jafnframt tek ég undir orð* þeirra þingmanna sem hér hafa talað og lýsi furðu minni á því að þetta frumvarp skuli vera í hópi þeirra frumvarpa sem ríkisstjórnin telur mikilvægast að nái fram að ganga nú um stundir.

[23:10]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Á dagskrá þessa fundar er til umræðu frumvarp til laga um breytingar á lögum er varða fjármálamarkaðinn. Það er út af fyrir sig ekki að undra að slíkt mál sé hér til umfjöllunar og þó fyrr hefði verið til 2. umr. En þegar litið er til þess hvernig hv. nefnd, viðskiptanefnd sem fjallaði um frumvarpið, hefur unnið að þessu máli mjög rækilega og vandlega, að því að lesa má í nefndarálitinu, er ekki við því að búast að það sé fram komið fyrr en raun ber vitni til 2. umr. í þinginu.

Eitt nefndarálit sem nefndarmenn sameinast um að flytja hér vekur athygli mína sérstaklega því það má segja að sá fáheyrði atburður gerist hér við stjórnarfrumvarp að það er nánast rústir einar eftir meðferð nefndarinnar. Þá hlýtur maður að spyrja og velta fyrir sér hvernig hafi verið staðið að þessu frumvarpi á vettvangi viðskiptaráðherra, á vegum viðskiptaráðherra sem er ekki viðstaddur umræðuna en það hefði verið fróðlegt ef hæstv. viðskiptaráðherra væri hér og gæti gert okkur grein fyrir því hvað hér er á ferðinni, að það skuli gerast að breytingar á stjórnarfrumvarpi felist í því — sem bendir til þess að á vettvangi ríkisstjórnarinnar hafi verið kastað mjög til höndum við vinnu í þessu mikilvæga máli — að 2., 4., 6., 8., 10., 12., 14. og 15. gr. frumvarpsins sem hæstv. viðskiptaráðherra *mælti fyrir á sínum* tíma skuli vera felldar brott. Þetta hlýtur að vekja mikla athygli í meðferð þingsins og hlýtur að velta upp mörgum

spurningum um það hvernig vinnubrögð eru hjá hæstv. viðskiptaráðherra í þessu máli og þá öðrum sem að er unnið í því ráðuneyti.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins um þetta frumvarp, sem væntanlega hefur verið farið rækilega yfir hér áður, segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á nokkrum lögum er varða fjármálamarkaðinn og lagt til að bætt verði við ákvæðum um niðurfellingu. Með niðurfellingu er átt við að viðurlög eru milduð eða felld niður að fullu þegar fyrirtæki eða einstaklingur kemur sjálfviljugur fram, játar brot gegn lögum og vinnur með eftirlitsaðila við rannsókn málsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði gert kleift að lækka, fella niður sektir eða falla frá kæru til lögreglu ef fyrirtæki eða einstaklingar láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn er varða brot á lögum á fjármálamarkaði. Markmiðið með þessum breytingum er að auka skilvirkni í því að upplýsa mál er varða brot af þessu tagi.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð."

Þetta mat fjármálaráðuneytisins er mjög athyglisvert, að með þessu frumvarpi verði engin aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Þegar hins vegar litið er til umsagnar um 1. gr. frumvarpsins segir þar að skv. 1. efnismálsgrein 1. gr. frumvarpsins sé lagt til, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitinu er heimilt að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi aðili er fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 110. gr. ef upplýsingarnar eða gögnin geta að mati eftirlitsins leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum."

Þetta er í upphafi 1. gr. frumvarpsins. Þetta skýrir í stórum dráttum hvað hér er á ferðinni. Það sem hins vegar gerist síðan í meðferð þessa máls er að það koma umsagnir, m.a. frá Seðlabankanum. Seðlabankastjóri hinn nýi, ásamt aðstoðarseðlabankastjóra gefa umsögn um þetta frumvarp sem hv. viðskiptanefnd hefur farið væntanlega yfir.

Þar kemur fram, með leyfi hæstv. forseta, og segir í bréfi frá Seðlabankanum:

„Á hinn bóginn hafa ekki fundist erlendis nein fordæmi fyrir slíkum niðurfellingarreglum á fjármálamarkaði."

Með öðrum orðum þá vekur Seðlabankinn sérstaka athygli á því að hér sé verið að fara út á brautir sem ekki finnist annars staðar. Því hljótum við að spyrja þegar litið er einnig til þess að hv. viðskiptanefnd fellir nánast allt út úr þessu frumvarpi hvað viðskiptaráðherrann og hæstv. ríkisstjórn voru að fara með þessu frumvarpi. Ég hélt að það væri nóg að gera hér í þinginu þó að ekki væri verið að koma með frumvörp hér inn til þingsins sem eru skorin algjörlega burt, nánast langflestar efnisgreinar frumvarpsins og það er verið að eyða tíma þingnefndar og þingsins við að vinna í slíkum málum sem virðast ekki standast. Það er mjög þakkarvert að hv. viðskiptanefnd skuli hafa unnið svo vandlega að skoðun á þessu máli því það er alveg augljóst að þarna hafa menn verið á einhverjum algjörum villigötum á vegum hæstv. viðskiptaráðherra.

Umsögn hins sérstaka saksóknara vegna frumvarpsins er mjög athyglisverð en hann hefur sjáanlega farið mjög vandlega yfir efni frumvarpsins, Ólafur Þór Hauksson, hinn sérstaki saksóknari, sem skipaður var vegna bankahrunsins. Það er auðvitað mikilvægt að sjá af því hversu vandlega sá embættismaður vinnur. Það er ástæða til þess að vekja athygli á þeim vinnubrögðum sem hér birtast og bera þau saman við það frumvarp sem kom fram hér á þinginu og var grundvöllur að lögum um rannsóknarnefnd Alþingis vegna bankahrunsins. Þar var rækilegur undirbúningur og þingnefndin sem fékk það frumvarp til meðferðar fór vandlega yfir það og gerði sáralitlar breytingar. Hið sama var með frumvarpið sem lagt var fram um hinn sérstaka saksóknara, þar var ólíku saman að jafna miðað við það sem er þegar litið er til þessa frumvarps sem hér er til meðferðar. Það er rík ástæða til þess að vekja athygli á þessum vinnubrögðum og vekja athygli á því hversu vel hv. viðskiptanefnd hefur unnið í þessu máli.

Í umsögn hins sérstaka saksóknara um þetta frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, á þskj. 610, 359. máli, segir, með leyfi forseta:

„Embætti sérstaks saksóknara barst 5. þessa mánaðar" — þ.e. í mars — „ofanritað frumvarp frá viðskiptanefnd Alþingis til umsagnar. Almennt er embættið hlynnt ákvæðum sem miða að því að styrkja heimildir eftirlitsstofnana í því skyni að auka við og styrkja heimildir og úrræði sem miða að eðlilegu og nauðsynlegu eftirliti með starfsemi einstaklinga og lögaðila.

Tillögur frumvarpsins um breytingar á þar til greindum lögum á sviði fjármálamarkaða eru þó flestar því marki brenndar að þær veita Fjármálaeftirlitinu, sem fellur undir það að vera eftirlitsstjórnvald (sbr. til hliðsjónar „kontrolletat" í norskum rétti og Fjármálaeftirlit Noregs, „Kredittilsynet"), mun víðtækari heimildir heldur en áður hafa þekkst á þessu sviði til að falla frá ákvörðun um viðurlög (stjórnvaldssektir) og jafnframt einnig að falla frá kæru til lögreglu, í tilfellum sem eru nánar tilgreind í frumvarpinu. Er raunar tekið fram í athugasemdum með frumvarpinu að ekki hafi fundist nein fordæmi erlendis fyrir sambærilegum heimildum til niðurfellingar og lagðar eru til með frumvarpinu en þó er vísað til þeirrar þróunar sem orðið hefur á sviði samkeppnisréttar að því er varðar eftirlit með ólögmætu samráði á samkeppnismarkaði.

Embættið telur hér ólíku saman að jafna og sá veigamikli munur er á ákvæðum að með 2. málsl. 4. mgr. 37. gr. samkeppnislaga er veitt heimild til að falla frá sektarákvörðun hafi fyrirtæki verið fyrst til að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr. samkeppnislaga en tillögur frumvarpsins gera hins vegar ráð fyrir því að heimilt sé að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun á hendur lögaðila eða einstaklingi. Eru heimildir sem ætlaðar eru Fjármálaeftirlitinu þannig miklu rýmri og taka bæði til lögaðila og einstaklinga á meðan heimildir samkeppnislaga taka eingöngu til fyrirtækja og lúta að afmörkuðum brotum, þ.e. gegn ákvæðum 10. og 12. gr. samkeppnislaga.

Þá kann jafnframt að vera ástæða til að skýra nánar þann

áskilnað sem felst í því ef viðkomandi aðili er „fyrstur" til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn. Ákvæðið kann að fela í sér þarflausa og óeðlilega afmörkun enda er jafnframt gert að skilyrði að upplýsingarnar eða gögnin vegna brota er geta varðað stjórnvaldssektum þurfa að mati Fjármálaeftirlitsins að geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum. Ekki er skýrt nánar hvers vegna áhersla er lögð á þann sem er fyrstur til að veita upplýsingar. Mun eðlilegra væri að mati sérstaks saksóknara að kveða á um þann sem „frumkvæði" hefur að því að veita upplýsingar enda kann upplýsingagjafi sem ekki veitir eftirlitsstjórnvaldi upplýsingar fyrstur að veita mun veigameiri og þýðingarmeiri upplýsingar heldur en sá sem upplýsingar veitti fyrstur vegna tiltekins máls.

Þá telur embætti sérstaks saksóknara rétt að gera sérstakar athugasemdir við nýjar heimildir sem í frumvarpinu felast, um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að kæra brot ekki til lögreglu hafi fyrirtæki eða einstaklingur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota sem geta varðað sektum eða fangelsi telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót að mati eftirlitsins við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið kveður nánar á um í reglum. Í þeim lögum sem frumvarpið varðar og starfsemi og eftirlit Fjármálaeftirlitsins tekur til er einatt um að ræða þann áskilnað að Fjármálaeftirlitinu sé skylt að vísa málum til lögreglu sé um að ræða meiri háttar brot gegn ákvæðum viðkomandi laga. Verði frumvarpið að lögum í óbreyttri mynd má segja að stigið hafi verið það stóra skref að veita Fjármálaeftirlitinu heimild til þess að stjórna því alfarið hvaða brot á lögum er varða fjármálamarkaði og starfsemi fjármálafyrirtækja verði rannsökuð af lögreglu og sæti þannig ákærumeðferð af hálfu ákæruvaldsins. Að mati sérstaks saksóknara er hér um mjög varasama tillögu að ræða og sambærilegar heimildir sömu eftirlitsstjórnvalda í nágrannaríkjunum eru með öllu óþekktar."

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til þess að rifja þetta aðeins upp og rekja og vekja athygli á því vegna þess að það hlýtur að vekja okkur hv. þingmenn til umhugsunar þegar stjórnarfrumvarp kemur hingað inn og fær vandaða meðferð og er breytt með svo afgerandi hætti eins og það frumvarp sem hér er til meðferðar. Þess vegna hljótum við að vekja athygli á þessu og fara yfir þetta áður en frumvarpið verður endanlega afgreitt frá þinginu við 2. umr.

Að öðru leyti er auðvitað ástæða til þess að vekja athygli á því og undirstrika að löggjöf sem þessi, sem fjallar um fjármálamarkaðinn við þær aðstæður sem við búum við á Íslandi um þessar mundir, þarf að vera vönduð og við verðum að sjá til þess að stofnanir á borð við Fjármálaeftirlitið hafi allan þann lagaramma sem nauðsynlegur er til þess að vinna verk sitt sem best og til þess að geta náð árangri, bæði í að rannsaka umfangsmikil mál og leiða til lykta þau mál sem kunna að koma upp og eru talin tengjast brotum á þessum markaði.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, vil ég endurtaka að ég þakka hv. viðskiptanefnd fyrir auðsjáanlega mjög vandaða vinnu við þetta frumvarp og fagna því að fá tækifæri til þess að taka þátt í þessari umræðu. Ég vænti þess að við getum afgreitt þetta frumvarp svo breytt og gert að lögum svo fljótt sem verða má, en að sjálfsögðu þarf að ræða þetta mál og ég fagna því að hér hafa verið fjölmargir þingmenn sem þekkja vel til þessara mála sem hafa farið yfir frumvarpið og vakið athygli á vinnu nefndarinnar. Að þessari umræðu lokinni erum við þar af leiðandi mun betur búin til þess að afgreiða þessa löggjöf en var þegar frumvarpið var lagt fram í þeim búningi sem það var.

[23:28]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Sturlu Böðvarssyni fyrir yfirgripsmikla og athyglisverða ræðu um það mál sem hér er á dagskrá. Í lok ræðu sinnar lýsti hann því yfir að honum þætti mikilvægt að þetta mál fengi fljóta og góða afgreiðslu og þakkaði viðskiptanefnd sérstaklega fyrir góða vinnu. Af því að ég á sæti í viðskiptanefnd vil ég þakka hlý orð í garð nefndarinnar og þeirra sem þar sitja. En það sem gerði það að verkum að ég ákvað að inna hv. þingmann frekar eftir efni málsins var að hv. þingmaður fór mjög vandlega yfir umsagnir og vakti sérstaklega athygli á umsögn m.a. sérstaks saksóknara og fór vel yfir hana. Þess vegna langaði mig að spyrja hv. þingmann hvað það var í umsögn sérstaks saksóknara sem hann taldi að dýpkaði þessa umræðu svo mjög og þar sem hv. þingmaður fór vandlega yfir þetta hvað það er í frumvarpinu eins og það liggur fyrir við 2. umr. sem hugsanlega mætti laga. Ég held að það sé mjög gott að kalla þetta fram í umræðuna vegna þess að margir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa tekið til máls við þessa umræðu. Reyndar var einhugur í nefndinni um að taka málið út og það er eitt nefndarálit þar sem allir eru samstiga. Ég vildi því kalla eftir því svona til að bæta málið og það mætti jafnvel taka það inn milli 2. og 3. umr., hvað það er sem hv. þingmaður telur að betur mætti fara í vinnu viðskiptanefndar við málið eins og það lítur út nú, og einkanlega með vísan til umsagnar sérstaks saksóknara í málinu.

[23:30]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Andsvar hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar bar með sér að hann hlustaði ekki nema á hluta af ræðu minni. Hann hefur væntanlega misst af því sem ég sagði að langmestu leyti.

Það sem ég þakkaði hv. viðskiptanefnd sérstaklega fyrir var að fara svo rækilega ofan í það frumvarp sem hér er til meðferðar og vakti athygli á umsögn m.a. Seðlabankans en þar kom fram að ákvæði sem hér eru á ferðinni þekktust ekki annars staðar. Sama gerðist í umsögn hins sérstaka saksóknara sem ég las upp úr og vakti athygli á og hefur leitt til þess sem hlýtur að vera athyglisvert að nefndin sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson situr í eins og fram kom í ræðu hans hefur saxað burt úr frumvarpinu langflestar greinar þess. Ég ætla ekki að fara að þreyta hv. þingmenn, nóg er nú samt, með því að fara ofan í efnisatriði 2., 4., 6., 8., 10., 12., 14. og 15. gr. frumvarpsins sem eru felldar burt og vísa til þess að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson þekkir þetta

náttúrlega prýðilega. Ég held að ég þurfi ekki að taka hann í sérstakt námskeið hér í efni þessara greina sem eru felldar burt úr frumvarpi sem hæstv. viðskiptaráðherra mælti hér með mikilli viðhöfn fyrir.

[23:32]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég varð ekki miklu nær í þessu andsvari um það hvað hv. þingmaður telur að betur mætti fara. Ég vil upplýsa það að ég hlýddi á alla ræðu hans og hún vakti athygli mína sökum þess að mér fannst hún á einn eða annan hátt vera í takt við það sem aðrir flokksmenn hans, hv. þingmenn í nefndinni, hafa einmitt vakið máls á og tekið undir og styðja málið. Það vakti því athygli mína að hv. þingmaður teldi nauðsynlegt að fara svona vandlega yfir umsagnir eins og hann gerði í ræðu sinni.

Mig langaði að spyrja hv. þingmann sérstaklega að því hvort hann telji að sú hugmyndafræði sem býr að baki t.d. samkeppnislögum og ákveðnum úrræðum sem hægt er að beita í samkeppnislögum og hugmyndir hafa verið um að beita einnig varðandi fjármálamarkaðinn, hvort hv. þingmaður telji skynsamlegt að fara þá leið að beita sömu úrræðum og hugmyndin laut að eða eins og gert er ráð fyrir í breytingum sem gerðar voru á þessu frumvarpi. Það væri mjög fróðlegt og ég er ekki í nokkrum vafa um að það mundi dýpka umræðuna og veita frekari innsýn í þá möguleika sem löggjafinn hefur í því að reyna að bæta og efla löggjöfina á þessu sviði ef hv. þingmaður færi aðeins yfir það nokkrum orðum hvort rétt sé að beita sömu úrræðum og eru tiltæk í samkeppnisréttinum á því sviði sem hér um ræðir. Ég held að gaman væri að heyra hv. þingmann fara yfir sjónarmið sín í þeim efnum.

[23:34]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er meistari andsvaranna og hefur iðkað það hér árum saman og þekki ég það mætavel að setja sig betur inn í mál með því að fá aðra til að lesa yfir frumvörpin og endurflytja hér í andsvörum og þær ábendingar sem hann setur hér fram eru auðvitað í þeim dúr. Hins vegar vil ég segja vegna athugasemda hv. þingmanns að auðvitað eigum við að reyna að nýta okkur reynslu úr samkeppnislagaumhverfinu ef það má verða að liði þegar við komum að samkeppni á fjármálamarkaði. Íslensk löggjöf þarf að taka tillit til þess sem best reynist á hverju sviði en hins vegar er það því miður þannig að samkeppniseftirlitsiðnaðurinn á Íslandi hefur satt að segja ekki alltaf haft af miklu að státa. Ég vona hins vegar að sá lagarammi sem við höfum búið fjármálamarkaði sé betur úr garði gerður til þess að eftirlit á sviði fjármálamarkaðarins geti verið markvisst og öflugt og ef til vill umfram það sem hefur verið í samkeppniseftirlitinu sem ég verð að viðurkenna að hefur ekki alltaf verið upp á það besta. En hvað um það, ég tel að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson þekki alveg nægjanlega vel til þessa frumvarps og þeirra breytinga sem gerðar hafa verið til að átta sig á því, án þess að ég leiðbeini honum sérstaklega um það, að þessu frumvarpi hefur verið (Forseti hringir.) breytt í grundvallaratriðum og það er mjög athyglisvert.

[23:36]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti hefur ákveðið að fresta frekari umræðu um 7. dagskrármálið og taka að nýju fyrir 4. dagskrármálið, stjórnarskipunarlög.

Umræðu frestað.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, brtt. 805, 882 og 917.

[23:37]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að spyrja hverju sætir að þetta mál er tekið á dagskrá. Ég er næstur á mælendaskrá, mér vitanlega er enginn annar á mælendaskrá, og hvernig stendur á því að umræðu um þetta frumvarp er ekki lokið? Ég hefði talið að það væri eðlilegur hlutur að hafa þann hátt á.

Þannig vildi til að um fjögurleytið í dag var ég næstur á mælendaskrá til þess að fjalla um breytingu á lögum um stjórnarskipunarlög og kom í þingsal til þess og var viðbúinn því að flytja þingræðu mína um það mál. Þá var þingfundi frestað og síðan frestað aftur og svo var þetta frumvarp um breytingu á ýmsum lögum varðandi fjármálamarkaðinn tekið í staðinn. Ég hlýt að spyrja: Hverju veldur svona ruglandi í dagskrá þingsins? Hvernig geta menn búist við að vönduð lagastarfsemi komi út úr því þegar forseti hagar málum á þennan hátt og þingmaður þarf að sæta því að þegar hann er einn eftir á mælendaskrá til að fjalla um frumvarp það sem hér um ræðir í síðari ræðu skuli málið skyndilega tekið af dagskrá, (Forseti hringir.) hann hefur beðið eftir því að komast að til að ræða um stjórnarskipunarlög frá klukkan fjögur í dag? (Forseti hringir.) Mér finnst þetta bara fyrir neðan allar hellur. Ég fer fram á það, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) að við ljúkum umræðunni um breytingu á ýmsum lögum varðandi fjármálamarkaðinn.

[23:38]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill vekja athygli á að tveir eru á mælendaskrá í því máli sem tekið var af dagskrá. (**JM:** Mér var ekki kunnugt um það.) Forseti hefur sett stjórnarskipunarlögin á dagskrá til þess að reyna að ljúka 2. umr. í því máli og ef mælendaskráin tæmist með þeim ræðutíma sem þar er má búast við að því ljúki innan tveggja tíma. Verið er að freista þess að ljúka því máli og reyna að koma því áfram í þinginu.

[23:39]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég spyr hæstv. forseta hvernig hann hyggst haga starfi þingsins á þessum fundi. Ég á mikið ósagt enn í stjórnarskipunarlögum og ætla að vita hvort meiningin sé að taka það núna á dagskrá og keyra það inn í nóttina, þá hef ég góðan tíma til að segja mína skoðun á því máli og jafnvel klára þá skoðun.

Svo eru líka önnur mál sem eru seinna á dagskránni.

Getur verið að hæstv. forseti taki þau aftur upp eins og t.d. málið um listamannalaun, tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda, sem ég hef sérstaklega mikinn áhuga á? Ég vildi gjarnan vita pínulítið meira af því að komin er nótt og menn vilja kannski — ég á að mæta á fund í fyrramálið klukkan átta, það er nefnilega byrjuð kosningabarátta. Ég vil því gjarnan fá að vita þetta.

[23:40]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti getur upplýst að hann hyggst taka stjórnarskipunarlögin eitt á dagskrá og freista þess að ljúka þeirri umræðu í nótt. Það eru átta þingmenn á mælendaskrá.

[23:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé orðið tímabært að forseti geri grein fyrir hversu lengi hann hyggst halda áfram. Það eru fullkomlega eðlilegar óskir frá þingmönnum um að ljóst verði núna, þegar klukkan er rétt að verða tólf, við hverju megi búast hérna í nótt. Forseti hefur hlaupið fram og aftur um dagskrána og það er algjörlega og fullkomlega óljóst í hugum okkar þingmanna, sem höfum ætlað okkur að taka þátt í umræðunum, hvað forseti ætlar sér.

Eins og komið hefur fram er kosningabarátta byrjuð og þingmenn hafa skyldum að gegna við kjósendur og hitta þá klukkan átta í fyrramálið. (Forseti hringir.) Mér finnst því ekki til of mikils mælst að forseti gefi okkur einhverjar vísbendingar um hvernig hann ætlar að (Forseti hringir.) haga málum hér í nótt.

[23:42]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti getur upplýst að miðað við mælendaskrá tæki 100 mínútur, ef allir nýttu ræðutíma að fullu, að ljúka dagskránni og mun forseti freista þess að gera það þannig að stjórnarskipunarlögin geti komist út úr 2. umr. til nefndar að nýju.

[23:42]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hv. þm. Jón Magnússon taka þetta dálítið persónulega, (Gripið fram í.) það væri eiginlega alveg sama á hvaða máli væri endað, hann væri alltaf næstur á mælendaskránni. Ég held að hv. þingmaður megi ekki túlka þetta þannig að eitthvert sérstakt einelti sé í hans garð.

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa hvatt eindregið til þess að önnur mál en stjórnarskrármálið komist á dagskrá en önnur mál hafa verið á dagskránni í dag. Þrátt fyrir að mikill samhugur og einhugur sé í málum er kallað eftir mikilli umræðu og mér sýnist a.m.k. eins og mælendaskrá er núna háttað að flestir hafi áhuga á að tala um stjórnarskrármálið. Ég held að mikilvægt sé, virðulegi forseti, að horfa til þess og virða þá þær óskir sem augljóslega koma fram í því hve margir vilja tjá sig eins og kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal. Ég tek því eindregið undir það sem hæstv. forseti hefur tilkynnt, að stjórnarskrármálið verði tekið á dagskrá (Forseti hringir.) og eins og hæstv. forseti sagði mætti ljúka umræðunni um tvöleytið (Forseti hringir.) ef allir nýta umræðutíma sinn í það.

[23:43]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar að hér eigi að ræða stjórnarskipunarmálin en mér þykir það hins vegar skjóta dálítið skökku við miðað við þær áherslur sem hæstv. ríkisstjórn og þingmenn minnihlutastjórnarinnar hafa sagt, að þetta sé ríkisstjórn verka, það eigi að koma hlutum í verk, en hingað til hefur hún eiginlega bara verið í einhverju sem skiptir heimilin í landinu og fyrirtækin ekkert voðalega miklu máli nema þá til mjög langs tíma, fimm eða tíu ára. Það sem brennur náttúrlega mest á heimilunum í landinu eru þau mál sem við höfum verið að ræða hérna í og með, og við þingmenn Sjálfstæðisflokksins hefðum gjarnan hleypt áfram, þ.e. mál sem varða fjölskyldurnar í landinu, en þau eru bara allt of fá. Það kemur svo lítið frá þessari ríkisstjórn, hún kemur svo fáu í verk. Við erum stöðugt að ræða um stjórnarskipunarmál og annað slíkt sem vissulega skiptir miklu máli (Forseti hringir.) en ekki um bráðavanda þjóðarinnar.

[23:45]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það eru nokkrir þættir sem ég vil nefna hér. Í fyrsta lagi hlýtur það að koma á óvart að ætlunin sé að taka stjórnarskipunarmálin aftur á dagskrá nú þegar fer að líða að miðnætti. Það eru auðvitað nýjar upplýsingar í sjálfu sér ef hæstv. forseti lýsir því yfir að nú sé ætlunin að ljúka þeirri umræðu. Þó að hér séu staddir ýmsir þeirra hv. þingmanna sem ætla sér að taka til máls þá bendi ég á að enn vantar töluvert marga í salinn sem eiga erindi í þá umræðu og hafa örugglega áhuga á að taka þátt í henni, svo sem eins og flutningsmenn málsins og fjölmarga þingmenn ríkisstjórnarflokkanna sem vafalaust hafa mikinn áhuga á þessu máli. Væri í rauninni mjög óeðlilegt ef umræðunni væri lokið án þess að þeir fengju tækifæri til að koma inn í umræðuna og skýra sjónarmið sín.

[23:46]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þau verða alltaf furðulegri og furðulegri vinnubrögðin á Alþingi Íslendinga. Nú vorum við í miðri umræðu um frumvarp sem varðar fjármálamarkaðinn og mikilvægar breytingar á lögum þar um. Þá grípur hæstv. forseti til þess ráðs að stöðva umræðuna þegar hv. þm. Jón Magnússon var að gera sig reiðubúinn til að fjalla um það mál. Ég tek undir það með hv. þm. Birgi Ármannssyni að æskilegt væri ef flutningsmenn frumvarpsins, og þá kannski fyrst og síðast hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, yrðu viðstaddir umræðuna ef ætlunin er að taka málið á dagskrá. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. forseti Alþingis blandi sér í þá umræðu. Ég hef saknað þess að hann segi hug sinn til málsins. Ég óska eftir upplýsingum um það (Forseti hringir.) hvort hæstv. forseti ætli að viðra skoðanir (Forseti hringir.) sínar á efnisatriðum þessa máls.

[23:47]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að það að ég tók til máls um frumvarpið hafi ekki orðið til þess að það mál sem hér var til umræðu og á dagskrá var tekið út af dagskrá fundarins, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fór í andsvar við mig vegna þess máls. Ég vona að það hafi ekki leitt til þess að forseta Alþingis hafi brugðið svo að hann hafi ákveðið að fresta umræðunni, ég á ekki von á því. En ef hins vegar á að fara að ræða stjórnarskipunarlögin sem eru til meðferðar finnst mér algerlega nauðsynlegt að flutningsmenn frumvarpsins séu viðstaddir, ekki síst flutningsmaður úr Framsóknarflokki. Ég hlustaði á það í fréttum að Framsóknarflokkurinn hefur fallið frá tillögum sínum sem eru í þessu frumvarpi. (Forseti hringir.) Það vakti mikla athygli.

[23:49]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég sakna þess að fá það ekki upplýst hvort hæstv. forseti ætlar að gera ráðstafanir til að tryggja það að flutningsmenn frumvarpsins verði viðstaddir þá umræðu sem hann hyggst hefja á ný. Ég óska eftir því að hann grípi til ráðstafana til að gera þeim viðvart um það að umræðan sé að fara aftur af stað þannig að hv. flutningsmenn geti átt við okkur orðastað um sitt eigið mál.

Mér þætti líka vænt um að fá að vita hvort hæstv. forseti ætlar að blanda sér í þessa umræðu, ekki síst vegna þess að ég hef óskað eftir því að fá að heyra viðhorf hæstv. forseta til ýmissa efnisatriða málsins sem varða Alþingi Íslendinga sem stjórnlagaþing og ekki síður kannski til þeirra frétta sem okkur hafa borist í fjölmiðlum um það að ákvæði um stjórnlagaþing séu ekki lengur til umræðu í þessu máli. (Forseti hringir.) Maður skyldi ætla að hæstv. forseti (Forseti hringir.) mundi fagna því sem forseti þingsins.

[23:50]

Kjartan Ólafsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þegar hér er komið sögu er að nálgast miðnætti, komið myrkur. Þó að farið sé að vora þá er myrkur á þessum tíma sólarhrings á Íslandi. Frost er nánast úr jörðu. Það er farið að blómgast í Alþingisgarðinum, laukblómin eru komin upp, og það fer að grænka þar frekar og brumið að springa út. Ég held að það sé mál að sú minnihlutastjórn sem hér stjórnar á Alþingi átti sig á því að á sama tíma og lífsklukkan í gróðrinum og náttúrunni gengur sinn vanagang þá ganga störfin ekki neitt hér á Alþingi og þjóðin er að sökkva. Heimilin og fyrirtækin eru að stoppa. Er ekki tími til að við förum að átta okkur á því til hvers við erum hér og hvert hlutverk okkar er, herra forseti? Ég held það.

[23:51]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í ljósi þess að hæstv. forseti hefur litlu svarað um það hvernig hann hyggst halda málum áfram þá óska ég eftir því að forseti skýri það nánar. Ég vek líka athygli hæstv. forseta á því að þrátt fyrir að hér séu nokkrir þingmenn úr Sjálfstæðisflokknum sem hafa áhuga á að taka þátt í þessari umræðu þá eru hér hvergi sjáanlegir fulltrúar tveggja flokka sem mikla áherslu hafa lagt á þetta mál, bæði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Framsóknarflokksins. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort það geti verið að þingmönnum þessara flokka sé kannski ekki kunnugt um að umræða sé að hefjast núna um stjórnarskipunarlögin, hvort það sé raunverulega ætlan hæstv. forseta að hefja umræðu um þetta mál að nýju um miðnætti án þess að heilu þingflokkunum sé gert viðvart um að slík umræða eigi að hefjast.

[23:52]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Eins og aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem hér hafa talað, kalla ég eftir því að fá skýrari svör við því hvað þessi þingfundur á að standa lengi. Það var talað um að það mundi taka tvo tíma ef við mundum klára mælendaskrána en ég held að engar líkur séu á því að við gerum það því okkur þingmönnum Sjálfstæðisflokksins liggur mikið á hjarta í þessu máli og við erum búin að segja það margsinnis.

Þar fyrir utan liggur málið þannig fyrir að við erum eiginlega komin í þá stöðu að við erum að ræða frumvarpið í 2. umr. í einhverjum búningi sem er ekki lengur réttur búningur. Í þeim pólitísku hrossakaupum sem hér hafa farið fram við Framsóknarflokkinn þá er hann hættur við að gera kröfu um stjórnlagaþing þannig að við vitum ekki alveg hvað er í gangi. Erum við að tala um stjórnlagaþing eða erum við ekki að tala um stjórnlagaþing? Þess vegna ítreka ég líka það sem margsinnis hefur komið fram af okkar hálfu, sjálfstæðismanna, hvort ekki megi fresta umræðunni, 2. umr., og vísa málinu aftur til nefndar.

Ég ítreka enn og aftur að við þingmenn sem vinnum á þessum stað hljótum að eiga rétt á því að vita hvort við verðum hér til kl. tvö, þrjú eða fjögur, burt séð frá því hve margir eru á mælendaskrá. Það getur ekki verið mælendaskráin ein sem ræður því.

[23:54]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson að því fer fjarri að ég telji að verið sé að leggja mig í einelti þó að ég sé næstur á mælendaskrá bæði í þessu máli og hafi beðið eftir því að komast að til að ræða stjórnarskipunarlögin frá kl. 4 í dag, nema þetta væri þá einhvers konar einelti í skjóli félagslegrar samhjálpar þar sem menn væru að reyna að koma ákveðnum hlutum áfram á fölskum forsendum.

En ég vek athygli á því sem aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa vakið athygli á að það er enginn flutningsmaður stjórnarskipunarlagafrumvarpsins í salnum. Ég hefði talið eðlilegt að þegar við förum að ræða jafnmikilvægt frumvarp og um breytingar á stjórnarskipunarlögum þá væri alla vega einhver og helst allir flutningsmennirnir viðstaddir. Mér finnst það til vansa fyrir þingið, þjóðina og stjórnarskrána að flutningsmenn frumvarpsins skuli ekki vera viðstaddir. Þá hlýtur maður líka að spyrja sig að því, (Forseti hringir.) miðað við yfirlýsingar formanns þingflokks Framsóknarflokksins: Hvaða frumvarp erum við að fara að ræða? Erum við að fara að ræða (Forseti hringir.)

frumvarp þar sem er búið að falla frá ákvæðum eða tillögum um stjórnlagaþing?

[23:55]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst eins og ég kannaðist við sum þau sjónarmið sem fallið hafa í umræðunni um fundarstjórn forseta. Ég vil segja það sérstaklega að ég er mjög ánægður með fundarstjórn forseta, hún er skörugleg og skýr.

Ég vildi hins vegar aðeins nefna það í þessari umræðu — ég held að frá því að málið kom á dagskrá í 2. umr. séum við farin að nálgast 500 ræður um fundarstjórn forseta. Þar hefur ítrekað komið fram að málið er á forræði þingsins, málinu var vísað til sérnefndar. Hér eru fulltrúar sérnefndar sem eru tilbúnir að hlýða á alla umræðu hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins og ég tala nú ekki um hv. þm. Jón Magnússon sem nú ætlar að flytja í sjötta sinn ræðu við 2. umr. þessa máls. Við erum boðnir og búnir til að hlýða á þessi sjónarmið og (Forseti hringir.) hlusta mjög vandlega. (Forseti hringir.) Ef í þeim er að finna þau gullkorn að rétt sé að huga að því að fá málið (Forseti hringir.) til nefndar erum við að sjálfsögðu opnir fyrir því.

[23:56]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það kann að vera að fundarstjórn forseta sé skörugleg en skýr finnst mér hún ekki alltaf, a.m.k. ekki nægilega til að ég skilji. Að vísu verður hann að virða mér það til vorkunnar að ég er varaþingmaður og ekki mjög þingvön en ég skil ekki af hverju má ekki segja okkur hvenær við eigum að komast heim til að sofa í nótt eða þá að segja okkur að við eigum ekkert að komast heim, það eru út af fyrir sig upplýsingar, það er allt í lagi, þá veit maður það. En það er ekki boðlegt svar að það fari eftir því hvenær mælendaskráin tæmist. Ég ítreka það sem ég sagði áðan, að ég á eftir að segja mjög margt um þetta frumvarp, m.a. um stjórnlagaþingið og þær makalausu tillögur sem þar eru.

Nýjustu fréttir í fjölmiðlum herma að Framsóknarflokkurinn sé ekki lengur með stjórnlagaþingið og þá er bara kjánalegt að maður eyði tíma í að ræða það. Ég spyr enn og aftur: Af hverju má ekki fresta þessari umræðu og fara með þetta í nefndina þannig að við vitum þá hvaða frumvarp við erum að ræða í 2. umr.?

[23:57]

Jón Bjarnason (Vg) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í tilefni orða hv. þm. Daggar Pálsdóttur, um það hvenær þessari umræðu gæti lokið í nótt, þá fer það náttúrlega eftir því hvað þeir ræðumenn og þeir þingmenn sem hafa óskað eftir að taka til máls vilja ræða málið ítarlega. (Gripið fram í.) Þetta er eitt af brýnustu málum af hálfu Sjálfstæðisflokksins og mér finnst eðlilegt að þingið komi til móts við flokkinn með því að gefa þingmönnum tækifæri á að tjá sig um málið. (Gripið fram í.) Þeir ráða þá hvað þeir þurfa langan tíma til þess.

[23:59]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Til máls tekur hv. þm. Jón Magnússon. (**Gripið fram í:** Ætlar forseti ekki að svara neinu af því sem hefur komið fram?) Það er ítrekað búið að svara. Ég er búinn að gefa orðið til ræðumanns, það var of seint að biðja um fundarstjórn forseta. (**Gripið fram í:** Ég ræði þetta bara við forsetann á eftir þegar ...)

[23:59]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég er forseta ævarandi þakklátur fyrir að fá loksins tækifæri til að flytja þá ræðu sem ég var tilbúinn að flytja klukkan fjögur í dag en síðan eru liðnar akkúrat átta klukkustundir. Í millitíðinni hefur þingfundi verið frestað nokkrum sinnum, annað mál tekið á dagskrá og síðan horfið frá umræðu um það mál í miðri umræðu, í miðjum klíðum og lög um breytingar á stjórnarskipunarlögum aftur tekið á dagskrá. En ég hlýt að þakka forseta sérstaklega fyrir að gera það svo ég fái tækifæri alla vega til að klára ræðu mína í þessu máli þó að ég hafi verið næstur á mælendaskrá í því máli sem tekið var á dagskrá hér áðan. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sem nú gegnir formennsku í sérnefnd um stjórnarskipunarlög, kom inn á það og vakti athygli á því að þetta væri ekki sérstök aðför eða atlaga að þeim sem hér stendur eða verið að vega að honum eða reyna að rugla hann í ríminu enda erfitt að gera það eins og þingmaðurinn þekkir.

Umræður um breytingar á stjórnarskipunarlögum eins og hér er verið að gera fara aðallega fram þegar komið er fram yfir miðnætti. Við þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfum ítrekað gagnrýnt það að staðið sé að málum með þeim hætti og farið fram á að málið væri rætt í björtu og á þeim tíma sem þjóðin gæti helst fylgst með því sem um er að ræða, og við teljum að það væri eðlileg virðing við stjórnarskrána að að standa þannig að málum.

Í dag þegar umræðu lauk og ég bjóst við að komast að til að ræða þetta mál fór hv. þm. Ellert B. Schram í andsvör við þann þingmann sem þá hafði nýlokið ræðu sinni, hv. þm. Björn Bjarnason, og sagði m.a. að allir vissu að samkomulag næðist ekki í ræðustól á Alþingi. Það væri spurning um að fara þannig að málinu, eftir því sem ég gat skilið hv. þm. Ellert B. Schram, að klára þá umræðu sem hér fer fram og vísa málinu aftur til nefndar og það yrði síðan athugað þar hvort einhver flötur væri á samkomulagi í málinu.

Hv. þm. Björn Bjarnason benti á að meiri hluti sérnefndarinnar hefði beitt ofbeldi við afgreiðslu málsins og tekið það út með meirihlutavaldi atkvæða. Það gerist stundum og menn verða að sætta sig við það. (**Gripið fram í:** ... orðið ofbeldi?) Hitt er annað mál að á þeim tíma þegar þetta gerðist var málið komið á það stig í nefndinni eins og ég vakti sérstaka athygli á oftar en einu sinni, að nú væri möguleiki á að setjast niður til að athuga hvort nefndin gæti skilað sameiginlegu áliti og staðið saman að breytingartillögum og nefndaráliti. Ég taldi á þeim tíma að það væri grundvöllur fyrir því eða flötur því að gera það en það var hunsað, málið tekið út og ekki virt í neinu sú sáttarhönd sem við sjálfstæðismenn í nefndinni réttum fram til að

reyna að koma í veg fyrir það sem hér hefur síðan verið að gerast, þ.e. þessar alinlöngu umræður. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að sá sem hér stendur væri að koma upp og ræða málið í sjötta sinn og það kann vel að vera, hann er vel að sér í tölfræðinni. Fyrir nokkrum dögum, fyrir páska, talaði hann um að Jón Magnússon væri á leiðinni í sína sjöundu ræðu þannig að eitthvað skjöplast honum í tölfræðinni en síðari útgáfan mun víst vera rétt.

Hins vegar er það svo þegar mál eru afgreidd með þeim hætti sem hér um ræðir að fá ekki fullnaðarafgreiðslu í nefnd, þá er ósköp eðlilegt að þeir sem hafa mjög mikinn áhuga á málum eins og þessu og telja að frumvarpið sem lagt er fram sé með algerum endemum þurfi tíma til að fjalla um það. Ég hef ítrekað vikið að því með hvaða hætti nágrannaþjóðir okkar, þjóðir í okkar heimshluta standa að því að breyta stjórnarskrá sinni. Hvernig gera þær það? Þær gera það þannig að framkomnar breytingar á stjórnarskipunarlögum eru ítrekað ræddar. Í fyrsta lagi eru settar fram hugmyndir innan þings og þegar þær liggja fyrir fara fram vandaðar umræður og þær fara ekki fram rétt áður eða jafnvel þegar búið er að boða til kosninga eins og hér er gert.

Hér er sú sérstaða uppi að fólk úti í bæ var fengið til að semja ákveðnar tillögur, síðan er skipuð sérnefnd til að fjalla um þær í mjög stuttan tíma og málið var alls ekki útrætt að einu eða neinu leyti þegar það var tekið úr sérnefndinni. Og það verða hv. þingmenn Ellert B. Schram og Lúðvík Bergvinsson, sem eru einu nefndarmennirnir úr sérnefndinni sem voru í þessum meiri hluta, að sætta sig við að þarna var um óverjandi vinnubrögð að ræða. Þeir bera alla ábyrgð á því ásamt öðrum í meiri hlutanum að mál skuli hafa þróast með þeim hætti sem hér um ræðir, þ.e. að taka málið upp jafnófullburða og það raunverulega er og við vitum ekki einu sinni núna hvers konar frumvarp við erum að ræða.

Á sínum tíma var flutt frumvarp til stjórnarskipunarlaga þar sem flutningsmenn voru hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Birkir J. Jónsson og Guðjón A. Kristjánsson og þar stendur m.a. í 4. gr. þar sem fjallað er um stjórnlagaþing: „Við stjórnarskrána bætist nýtt ákvæði um stundarsakir, svohljóðandi:“ Eftir að málið hafði verið rætt í nefndinni var allt í einu komin ný hugmynd að 4. gr. sem kom á lokastigum málsins án þess að nefndin fjallaði um það að nokkru leyti, að við stjórnarskrána skyldi bætast ööruvísi ákvæði um stjórnlagaþing. Síðan er haft eftir hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, formanni þingflokks Framsóknarflokksins, í fréttum í dag að þetta stjórnlagaþing sé ekki lengur neitt atriði og ég gat ekki skilið annað en að fallið hefði verið frá því að hafa með það að gera. Ég hlýt þar af leiðandi að spyrja nefndarmenn í meiri hlutanum í sérnefndinni hvort það sé rétt sem formaður þingflokks Framsóknarflokksins sagði í dag að fallið hafi verið frá 4. gr. frumvarpsins, að meiningin sé að draga hana til baka. Það væri eðlilegt að fá upplýsingar um hvort einhverjar slíkar umræður séu í gangi eða einhverjar ákvarðanir hafi verið teknar af meiri hlutanum sem ekki hefur verið gerð grein fyrir úr ræðustól á Alþingi þrátt fyrir að greint hafi verið frá því í fréttamiðlum í landinu, sem mér finnst óviðurkvæmilegt að sé gert. Full ástæða var til þess að kanna það í nefndinni hvort möguleiki væri á að ná samkomulagi og mér finnst það ábyrgðarhluti sem báðir þeir þingmenn sem mynduðu meiri hlutann í sérnefndinni, hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson og Ellert B. Schram, bera sína ábyrgð á að horfið var frá því að reyna að ná samkomulagi sem við sjálfstæðismenn vildum ítrekað gera og réttum ítrekað fram sáttarhönd til að athuga hvort tekið væri í, kannski í litla putta þó ekki væri meira, en það var aldrei komið neitt til móts við okkur.

Því var síðan haldið fram þegar breytingartillögur voru lagðar fram af meiri hlutanum þar sem reynt var að lagfæra helstu misfellur í upphaflegu frumvarpi af því að menn köstuðu svo höndunum til frumvarpsins að ljóst var að slíkt þyrfti að gera, að meiri hluti sérnefndarinnar væri að koma með sáttatillögur. Heyr á endemi. Það var ekki að einu eða neinu leyti verið að koma með sáttatillögur heldur eingöngu lagfæringar þannig að málið væri ekki sú hrákasmíð sem lögð var fram á sínum tíma af flutningsmönnum frumvarpsins. Og það verður að segjast að það er verulegur ábyrgðarhluti að leggja fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga eins og flutningsmenn þessa frumvarps gerðu með ákvæðum eins og þeim að nýta ætti náttúruauðlindir á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir og annað í þeim dúr, sem getur aldrei gengið upp rökfræðilega. Og það að fella slíkt bull úr þessu frumvarpi var allt í einu kallað tillaga til sátta. Heyr á endemi. Það eina sem tekið var tillit til voru þau sjónarmið sem við sjálfstæðismenn í nefndinni bentum skýrt á, að hlutirnir gengu ekki upp rökfræðilega.

Ég hafði ætlað mér að ræða breytingartillögur hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar í (Forseti hringir.) þessari umferð en ég kem því væntanlega að í sjöundu ræðu minni um þetta frumvarp.

[00:09]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að ræða hv. þingmanns olli mér miklum vonbrigðum. Við höfum nú hlýtt á tugi ef ekki hundruð ræðna um þetta mál þar sem stjórnlagaþingið hefur verið gagnrýnt mjög harkalega og smám saman nálgast sú stund að umboð þessa þings rennur út. Formaður þingflokks framsóknarmanna tók það upp á fundi þingflokksformanna í dag hvort það gæti verið liður í því að ná sátt í málinu að fallið yrði frá stjórnlagaþingi í ljósi þess að það væri sú gagnrýni sem sjálfstæðismenn hefðu helst haft uppi. Og fyrsta ræðan nánast sem flutt er eftir að þingflokksformaður Framsóknarflokksins leggur þetta til ef það megi verða til að ná sátt í málinu, er á þann veg að mér virðist eins og hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins forherðist heldur ef eitthvað er. Hv. þingmaður talaði um að þeir hefðu haft uppi hugmyndir um einhvers konar sátt eða sáttaleið þótt ekkert megi um það finna í fundargerðum sérnefndar um stjórnarskrármál. Hins vegar þótti mér mjög sérstakt að hv. þingmaður skyldi bregðast við á þann hátt sem hann gerði í ræðu sinni.

Ég held að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hafi haft það eitt í huga að leita leiða til að ná sátt svo ljúka mætti umræðu um málið og allir gætu gengið út í vorið brosandi og kátir. Mér fannst sá tónn ekki vera í ræðu hv. þingmanns.

[00:11]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson talaði um hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sem meistara andsvaranna. Ekki veit ég með hvaða hætti hann öðlaðist þá meistaratign, hitt er annað mál að vel kann að vera að hann sé vel að henni kominn.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að ræða mín hefði valdið sér vonbrigðum og mér þykir það leitt. Mér þykir leitt að valda jafnmætum þingmanni og hv. þm. Lúðvíki Bergvinsson er vonbrigðum. Þá ræddi hann um og kom með sérstaka skýringu á orðum formanns þingflokks Framsóknarflokksins og ég tel það nokkurt nýmæli að orð formanns þingflokks Framsóknarflokksins þurfi sérstaka túlkun formanns þingflokks Samfylkingarinnar sem er kannski dæmi um það hvernig hlutir og hlutverkaskipun í stjórnmálum tekur sífelldum breytingum á þeim óvenjulegu tímum sem við lifum. Ég ætla ekki að hafa afskipti af því en það sem kom í fréttum var ekkert annað en það að skilja mátti að fallið væri frá hugmyndum um stjórnlagaþing.

Ef þetta átti að vera leið til sátta af hálfu formanns þingflokks Framsóknarflokksins finnst mér eðlilegt að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sem formaður sérnefndar um stjórnarskrármál fari hreinlega fram á það að umræðu um málið verði frestað, málið verði tekið aftur inn í nefndina til að athuga hvort það geti verið flötur á því að ná samkomulagi í nefndinni. Ég endurtek að við sjálfstæðismenn höfum ítrekað rétt fram sáttarhönd í málinu án þess að í hana væri tekið eða nokkur tilraun gerð til þess. Og þá er kannski spurning um það, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, hvort ekki sé ástæða til þess að athuga málið (Forseti hringir.) og hv. þingmaður gæti skráð nafn sitt á spjöld sögunnar sem hinn mikli sáttasemjari í sölum Alþingis.

[00:14]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Jóns Magnússonar en báðir áttum við sæti og eigum enn sæti í sérnefndinni sem stendur að því nefndaráliti og breytingartillögum sem hér liggja fyrir og eru á dagskrá. Ég hlustaði á þau ummæli hans að sjálfstæðismenn í nefndinni hefðu hvað eftir annað lagt það til málanna að sættir gætu tekist. Ég vil í því sambandi minna á að ég kannast ekki við þá sáttarhönd í nefndinni. Þvert á móti var talað um að þetta væri hreint lýðskrum, það væri niðurlæging fyrir Alþingi að bera svona mál fram. Nefndarmenn tóku stórt upp í sig, sögðu að málið væri tóm della og lögð var fram rökstudd dagskrártillaga um að málinu í heild yrði vísað frá. Síðan hafa verið haldnar rúmlega 700 ræður til að mótmæla þessu máli.

Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að gagnrýni hefur að langmestu leyti beinst gegn stjórnlagaþinginu. Og nú hefur það gerst, sem út af fyrir sig er markvert, að fulltrúi Framsóknarflokksins hefur tilkynnt það opinberlega og gaf það raunar í skyn í ræðu í þinginu fyrr í dag að tillagan um stjórnlagaþingið væri dregin til baka. Eftir standa þá þrjár greinar í þessu frumvarpi. Ein þeirra er um að liðka fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum, önnur er um að liðka fyrir breytingum á stjórnarskrá með nýjum aðferðum og sú þriðja er um að það sé slegið í gadda að í stjórnarskránni sé tekið fram að náttúruauðlindirnar séu sameign þjóðarinnar. Á móti hverju er hv. þingmaður? Er hann á móti aukinni aðkomu almennings að ákvörðunum? (Forseti hringir.) Er hann á móti breytingum á stjórnarskrá eða er hann á móti því að það sé slegið inn í stjórnarskrána að þjóðin eigi náttúruauðlindir?

[00:16]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fjallað um þetta mál í sex ræðum með ítarlegum hætti um sjónarmið mín í málinu og hv. þm. Ellert B. Schram hefur vafalaust fylgst með og hlustað á hvað þar hefur verið rætt þannig að það liggur nú nokkuð fyrir. Jafnframt fóru fram umræður í nefndinni og ég tel næsta víst að það rifjist upp fyrir hv. þingmanni að við sjálfstæðismenn mæltum eindregið gegn því að málið yrði tekið út með þeim hætti sem gert var. Við töldum að málið væri ekki fullrætt í nefndinni og að ástæða væri til þess að ræða það áfram í nefndinni til þess að freista þess að ná samkomulagi í málinu. Þegar verið er að tala um að stór orð hafi verið notuð, eins og hv. þingmaður nefndi, kannast ég ekki við að hafa notað nein stór orð í þessu sambandi, ekki eitt einasta.

Jú, fyrirgefið þið, það kann að vera að ég hafi talað um að orðalag í 2. og 3. mgr. 1. gr. væri gjörsamlega galið vegna þess að það var gjörsamlega galið og var alveg ljóst að meiri hlutinn féllst á þau sjónarmið vegna þess að hann tók í burtu efnisatriðin úr 2. og 3. mgr. 1. gr. Það var ekki einhver sáttahugmynd hvað mig varðar.

Hitt er annað mál, og undir það get ég tekið með hv. þm. Ellerti B. Schram, að nú þegar hefur verið opnað á það af þingflokksformanni þess stjórnmálaflokks sem hvað mest hefur mælt fyrir stjórnlagaþinginu að fallið sé frá þeim hugmyndum. Eins og ég gat um í ræðu minni tel ég ástæðu til þess að kalla málið aftur inn í nefndina til þess að athuga hvort nefndin geti ekki náð þessu saman með góðum brag og (Forseti hringir.) hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fari á spjöld sögunnar sem hinn mikli sáttasemjari.

[00:18]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get vel staðfest að hv. þm. Jón Magnússon hefur verið duglegur og iðinn við að taka þátt í málþófinu sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa efnt hér til undanfarna sólarhringa. En ég vísa því á bug enn og aftur, og það var þess vegna ég kvaddi mér hljóðs, að það var ekki um að ræða neina sáttarhönd af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í sérnefndinni, hvorki fyrr né síðar í þeirri meðferð sem málið fékk í nefndinni. Beðið var af þeirra hálfu um að settar yrðu fram tillögur um breytingar á upphaflegu frumvarpi og það var gert. Þrátt fyrir þær breytingar var ekki fallist á að samþykkja eitt eða neitt.

Í umræðunni undanfarna daga hefur hins vegar komið í ljós að ýmsir fulltrúar þingflokks Sjálfstæðisflokksins hafa verið jákvæðir gagnvart 1., 2. og 3. gr. sem fela í sér þau þrjú atriði sem ég nefndi áðan, þ.e. aukna aðkomu almennings í þjóðaratkvæðagreiðslum, auðveldari aðferðir til þess að breyta stjórnarskrá og til þess að slá því föstu að náttúru-

auðlindirnar væru sameign þjóðarinnar. Hv. þingmaður vék sér undan að svara því og ég vil gjarnan fá það skýrt fram úr því að hann hefur tækifæri til að taka til máls aftur: Tekur hv. þingmaður enn þátt í málþófinu til að reyna að koma í veg fyrir að 1. gr. sé samþykkt eins og hún liggur fyrir í dag? Hann hefur verið þeirrar skoðunar, a.m.k. fram að þessu, að náttúruauðlindirnar ættu að vera í sameign þjóðarinnar og því yrði slegið föstu í stjórnarskrá. Er ekki kominn tími til að menn horfist í augu við sinn eigin veruleika og sína eigin sannfæringu en vera ekki að dingla aftan í stórum hópi manna sem heldur hér uppi málþófi?

Ég tók fram í umræðu í dag eða í gær að nú ætti málið að fara til nefndar án þess að vera frekar að ræða það, við erum búin að heyra öll sjónarmið. Við ættum þá að gera tilraun í ljósi breyttra aðstæðna (Forseti hringir.) til að klára málið með því að ná samkomulagi um (Forseti hringir.) þær þrjár greinar sem eftir standa.

[00:21]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki heyrt annað en að hv. þm. Ellert B. Schram sé mér sammála um að kalla eigi málið aftur inn til nefndar en kannski er spurningin um hvort það verði gert núna og umræðunni frestað, eins og ég hef lagt til, eða það verði gert á þeim nótum að 2. umr. ljúki án frekari tilvika og þar með verði málið kallað aftur inn til nefndar svo sem ber að gera. Ég hef lagt áherslu á að við gerum það þegar í stað og ég gerði það líka fyrir páska, ég hefði talið að það ætti að reyna að nota tímann til þess að brúa bilið.

Flutt hefur verið tillaga um breytingar á 79. gr. um náttúruauðlindir. Að því stóðu á síðasta þingi formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flutti mjög athyglisverða breytingartillögu við 1. gr. sem að mínu viti þarf að skoða. Þar koma upp mjög athyglisverðir hlutir sem ég ætlaði að ræða í næstu ræðu minni sem verður þá sú sjöunda í þessari umræðu, það finnast mér mjög athyglisverðar tillögur.

Þá höfum við sjálfstæðismenn alltaf talað um að við værum opnir fyrir að skoða breytingar á 79. gr. laganna og það liggja fyrir ákveðnar hugmyndir m.a. frá landsfundi Sjálfstæðisflokksins varðandi breytingar á 80. gr. laganna, eins og ég rakti í ræðu hér fyrr í umræðunni. Það er því greinilegt að ég þarf að fara að endurtaka eitthvað af þessum ræðum fyrst þetta hefur skilað sér svona illa, meira að segja til manna sem sitja í sérnefndinni um stjórnarskrármálið þar sem verið er að fjalla um þau efnisatriði málsins, og síðan er kallað: Þetta er málþóf. Ég tek ekki þátt í neinu málþófi enn þá. Það kann vel að vera að ég þurfi að gera það einhvern tíma síðar en ég á þegar eftir órædd mörg efnisatriði (Forseti hringir.) þannig að það entist ekki nóttin þó að ég fengi að standa einn í þessum ræðustól til að fjalla um það. (Forseti hringir.) Ég vona að það komi annar þingmaður í ræðustól á milli ræðna minna (Forseti hringir.) svo að ég geti haldið umræðunni áfram. (Gripið fram í.)

[00:23]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekki nógu fljót áðan að biðja um orðið um fundarstjórn forseta en það var full ástæða til að ræða einmitt stöðuna eins og hún var þá, þau sjónarmið sem þar höfðu komið fram. Ég vil t.d. benda á sjónarmið hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar um að það sé orðið fullkomlega nauðsynlegt að fá fram sjónarmið hæstv. forseta í þessu stjórnarskrármáli. Hver er virðing Alþingis varðandi umfjöllun um þetta mál? Komin er fram tillaga frá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur í fjölmiðlum í dag um að tekin verði ein grein út úr frumvarpinu og hún verður þá væntanlega ekki rædd frekar.

Hvað stöndum við þá uppi með, hæstv. forseti? Er það ekki spurning um virðingu Alþingis, um málsmeðferð, (Forseti hringir.) að hæstv. forseti beiti sér nú fyrir því að umræðu verði frestað (Forseti hringir.) og málið fari til sérnefndar þannig að hægt sé að fjalla (Forseti hringir.) um málið eins og það er statt núna og fá niðurstöðu um hver staðan er?

[00:25]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mig langar til þess að óska eftir upplýsingum um það frá hæstv. forseta hvort hann telji að hæstv. forsætisráðherra, 1. flutningsmaður þessa frumvarps, hyggist sýna sínu eigin máli þá virðingu að vera viðstaddur umræðu um það. Ég sé að hæstv. fjármálaráðherra, 2. flutningsmaður málsins, er hér í hliðarsal og ég fagna því en ég hef ekki orðið var við að hæstv. forsætisráðherra, sem ber fram þetta mál, sé viðstaddur umræðuna. Það væri upplýsandi ef hæstv. forseti gæti veitt okkur upplýsingar um það, þingmönnum sem erum á mælendaskrá og viljum eiga orðastað við hæstv. forsætisráðherra.

[00:26]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu tók ákvörðun um að hafa eftirlit með kosningum á Íslandi og er það í sjálfu sér ágætt en mér skilst að eitt af aðalmálunum sem ollu því að þeir vildu skoða kosningar á Íslandi sé eignarhald á fjölmiðlum sem virðist vera allt of samþjappað að þeirra mati.

Það er fleira sem ég vildi gjarnan benda hæstv. forseta á: Í fyrsta lagi ræðum við hér breytingar á stjórnarskrá sem á að harka í gegn með engum fyrirvara, á litlum tíma. Svo erum við með kosningabaráttu sem á sér ekki stað, það eru bara örfáir dagar til kosninga og við erum enn þá að fjalla um stjórnarskrármálið um miðjar nætur.

Svo eru það fjölmiðlarnir. Mér finnst eins og margt sem ég segi komist bara ekki í gegn. Ég er búinn að senda fjölmiðlum ræðurnar mínar en þær fara samt ekki í gegn. Það er eins og orðin stoppi fyrir framan andlitið á mér.

[00:27]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Fyrir u.þ.b. hálfri klukkustundu spurði ég hæstv. forseta þegar tilkynnt var að umræðan um stjórnarskipunarlögin væri að hefjast, hvort fulltrúum allra þingflokka hefði verið gerð grein fyrir því að þessi umræða væri að hefjast nú um miðnætti. Ég geri ráð fyrir því að það eigi sér einhverjar skýringar að hér í húsi eru ekki fulltrúar

tveggja flokka, Framsóknarflokksins og Frjálslynda flokksins sem eru þó meðal þeirra flokka sem standa að því frumvarpi sem nú er rætt. Var fulltrúum þessara flokka ekki kunnugt um að fara ætti fram umræða um þessi mál? Ef þeim var kunnugt um það velti ég fyrir mér hvernig þau boð bárust þeim.

Við þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem komum í þingsal til að ræða annað mál, fréttum það bara þegar forseti lýsti því skyndilega úr forsetastóli að taka ætti stjórnarskipunarlögin á dagskrá og ég velti fyrir mér hvernig sé með hina flokkana og hvað skýri fjarveru þeirra.

[00:28]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka spurningar mínar varðandi fjarveru hæstv. forsætisráðherra hér við umræðuna. Mig langar líka til þess að spyrja hæstv. forseta að því hver staða þessa frumvarps er, vegna þess að því hefur verið lýst yfir að Framsóknarflokkurinn hafi fallið frá tillöguflutningi sínum um stjórnlagaþing. Ég velti þá fyrir mér: Er breytingartillaga væntanleg við frumvarpið um brottfall 4. gr. eða er sú grein enn þá undir í umræðu um málið? Kalla þessar yfirlýsingar ekki á að málið verði fært til sérnefndar til umræðu um í hvaða búningi við ætlum að ræða það hér úr því að komið hefur fram yfirlýsing um að tillöguflutningur um stjórnlagaþing er fallinn niður? Ég held að það sé eðlilegt að við þingmenn fáum upplýsingar um í hvaða búningi frumvarpið er og á hvaða forsendum við eigum að ræða það.

Ég man ekki til þess að umræða um frumvarp hafi farið fram hér á þingi undir þeim kringumstæðum sem nú eru þannig að ég tel mjög mikilvægt (Forseti hringir.) að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að (Forseti hringir.) þetta verði lagfært.

[00:30]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill upplýsa í fyrsta lagi að hæstv. forsætisráðherra hefur verið veik í dag og ekki getað sinnt störfum, svo það sé upplýst.

Það hefur verið einlægur ásetningur forseta að ljúka þessu máli og óska eftir að koma því út úr umræðunni en það er í meðförum þingsins. Því hefur ekki verið breytt og eðlilegt er að málið komi til nefndar að lokinni 2. umr. Þess vegna erum við að ræða þetta mál. Það er mikil ósk um að ræða málið og forseti vill verða við þeim óskum og nýta þann tíma. Forseti er mjög meðvitaður um að það líður að kosningum og þyrfti að ljúka þinginu sem allra fyrst og hefur ítrekað gert tilraun til þess og ljúka þeim málum sem hefur verið ásetningur um að ljúka. Þess vegna fer þessi umræða fram.

[00:31]

Kjartan Ólafsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs áðan, þ.e. í gær, fyrir miðnætti, og sagði þá undir þessum lið að nú væri að vora hjá okkur og gróðurinn að vakna í Alþingisgarðinum. Nú er komið fram yfir miðnætti og kominn nýr dagur og líður nær sauðburði. Á syðstu hlutum landsins fer sauðburður í gang og þá er venjan að þing fari heim og þeim málum sinnt. Nú sýnist mér standa þannig á, herra forseti, að afturfótafæðing sé á ferðinni í sauðburðinum á Alþingi, það er afturfótafæðing. Ég sakna þess — nú gengur í salinn hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Það er hrein afturfótafæðing sem á sér stað hér og það eina sem rökrétt er að gera í slíkum aðstæðum er að kalla málið til nefndar og fá þar til gerða lækningu við því sem að er og taka síðan málið aftur fyrir (Forseti hringir.) á eðlilegan og náttúrulegan hátt.

[00:33]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti þakkar upplýsingar um sauðburð og hvernig staðið skuli að ef afturfótafæðing á sér stað. Ég kannast ekki við að þessi aðferð hafi verið notuð á mínu heimili þegar um afturfótafæðingu var að ræða.

[00:33]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar að hæstv. forseti vilji flýta þingstörfum svo að kosningabaráttan geti hafist. Það er ekki seinna vænna, tíu dagar eru til kosninga.

Ég ætla að spyrja um ávæning sem ég hef haft af frétt um að einn af flutningsmönnum frumvarpsins og einn flokkurinn ætli að hverfa frá 4. gr. sem hefur verið aðalásteytingarsteinn minn. Ég hef bent á þá rökleysu að búa til tvö þing sem geta breytt stjórnarskrá, tvö stjórnlagaþing, en þetta er nú bara ávæningur. Ég hélt að umræðan ætti sér stað á Alþingi. En fulltrúar þessa ágæta flokks, Framsóknarflokksins, eru ekki til viðræðu og ekki viðstaddir umræðuna. Ég spyr hvort ekki sé hægt að fá þá til umræðunnar svo aðalásteytingarsteinn minn varðandi þetta mál verði skýrður, hvort ég geti þá hætt að berjast gegn þessu.

[00:34]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er nokkuð sérstakt að við þingmenn stöndum hér og spyrjum hæstv. forseta hvað eftir annað um ýmsa þætti og það er svona hipsum happs hvort við fáum svör við því eða ekki. Ég lýsi enn eftir því að sá flokkur sem hefur verið mjög í umræðunni, Framsóknarflokkurinn, skuli ekki eiga fulltrúa í salnum. Ef ætlunin er raunverulega sú að halda áfram umræðu um þetta mál þá tel ég að Framsóknarflokkurinn þurfi að vera hérna vegna þess að ljóst er að ef ætlunin er sú að gera breytingar á frumvarpinu í þá veru sem nefnt hefur verið í fjölmiðlum þá varðar það mjög áherslur Framsóknarflokksins. Ég tel því alveg ófært að ljúka þeirri umræðu nema við heyrum sjónarmið framsóknarmanna.

Raunar er athyglisvert að Frjálslyndi flokkurinn skuli ekki heldur vera við umræðuna (Forseti hringir.) því að fulltrúar Frjálslynda flokksins hafa lagt áherslu á eitt tiltekið ákvæði (Forseti hringir.) og það er ekki það sama og Framsóknarflokksins. Þess vegna held ég að mikilvægt sé fyrir umræðuna (Forseti hringir.) að fulltrúar þessara flokka eigi kost á því að taka þátt í henni en umræðan fari ekki fram í skjóli nætur.

[00:36]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er fullkomlega eðlilegt að sú krafa sé sett fram að þessari umræðu verði frestað til að formaður sérnefndarinnar sem fjallar um stjórnarskrármálið fái tækifæri til að kalla saman nefndina í ljósi þeirra breytinga sem eru auðsjáanlega orðnar á afstöðu til frumvarpsins hvað varðar 4. gr. Vegna þess að ég sé ekki hvernig á að afgreiða málið að lokinni 2. umr. Á að samþykkja 4. gr.? Á að samþykkja breytingartillögurnar sem liggja fyrir frá meiri hluta sérnefndarinnar eða hvernig á að fara með málið að lokinni 2. umr.? Engin breytingartillaga við 4. gr. er komin fram og málið er því ekki þingtækt til afgreiðslu við þessar (Forseti hringir.) aðstæður. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að nefndin komi saman til að fjalla um málið.

[00:37]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir sjálfstæðismenn, sem hafa tekið til máls undir liðnum um fundarstjórn forseta, árétta að við erum að lesa í fjölmiðlum einhvers staðar úti í bæ að búið sé að slá stjórnlagaþingið af eins og kemur fram í frétt á mbl.is kl. 19.50. Engu að síður segir í 35. gr. þingskapa að fara eigi fram 2. umræða um frumvörp og breytingartillögur sem fyrir liggja og þá á síðan að fara í atkvæðagreiðslu. Hvað ætlum við að greiða atkvæði um og hvað erum við að ræða? Erum við að ræða frumvarpið með fyrstu þremur greinunum og 4. gr. sé úti án þess að breytingartillaga sé komin fram eða erum við að ræða eitthvað allt annað? Af hverju er ekki hægt að hlusta á tillögu okkar um að málinu sé frestað og það tekið inn í nefndina aftur, og að við a.m.k. vitum hvernig við ætlum að klára 2. umr.? Á ekki stjórnarskráin það skilið af okkur að við ræðum breytingar á breytingartillögunni á hv. Alþingi en ekki annars staðar úti í bæ?

[00:38]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það verður að segjast eins og er að sú umræða sem hér fer fram er mjög athyglisverð, þ.e. efnisumræða um stjórnarskrána undir liðnum um fundarstjórn forseta. Svo mikið liggur mönnum á að ræða málið að þeir ræða það undir öllum þeim liðum sem þeir mögulega geta rætt það, en ég vil nú ekki verða til þess að koma í veg fyrir að málið verði rætt.

Ég vil líka nefna að ekki hefur komið fram nein breytingartillaga um að fella 4. gr. brott. Hins vegar kom fram hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur í dag að ef það mætti verða til þess að ná sátt í þeim deilum sem hér hafa verið og því málþófi sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa staðið fyrir, að þessi grein félli brott, þá væri Framsóknarflokkurinn tilbúinn að standa að slíkri sátt. Mér fannst það vera drengilegt af Framsóknarflokknum að leggja þetta fram. Þess vegna finnst mér það ekki alveg (Forseti hringir.) sanngjarnt að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hundskammi (Forseti hringir.) framsóknarmenn og hv. þingmenn þess flokks fyrir að leggja þetta inn í málið í því skyni að leita sátta.

[00:40]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er rangt hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að tala um að fram sé að fara efnisumræða um stjórnarskrárfrumvarpið, umræða er í gangi um form umræðunnar. Miðað við þær yfirlýsingar sem hafa verið gefnar má ætla að draga eigi til baka 4. gr. frumvarpsins og þá er spurningin um form umræðu, þ.e. hvort eðlilegt sé að nefndin taki málið aftur, þessari umræðu sé frestað, eins og við sjálfstæðismenn höfum gert kröfu um, og málið fari til eðlilegrar umræðu og afgreiðslu í nefndinni. Málið fjallar um það, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson.

Í dag er gefin út þessi mikilvæga yfirlýsing sem gerir það að verkum að hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, formanni sérnefndar um stjórnarskrármál, (Forseti hringir.) ber að kalla nefndina nú þegar saman (Forseti hringir.) og fara fram á að umræðunni verði frestað.

[00:41]

Sturla Böðvarsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vakti athygli á því að í rauninni er ekki hægt að ræða málið áfram eins og það liggur fyrir núna. Ég verð að skjóta skildi fyrir þá ágætu þingmenn Framsóknarflokksins sem eru flutningsmenn þessa frumvarps og miklir áhugamenn. Mér finnst að þeir hafi gengið mjög skynsamlega fram síðustu klukkustundirnar í þeim tilgangi að reyna að ná sátt í þinginu um framgang mála. Mér finnst ástæða til að hafa orð á því. En það liggur hins vegar algerlega ljóst fyrir að ekki er hægt að ganga miklu lengra í umræðu um frumvarpið nema breytingartillögur liggi fyrir um þá hluti sem mér sýnist hafa orðið sátt um milli stjórnarliðsins og Framsóknarflokksins. Ég óska eindregið eftir því (Forseti hringir.) við hæstv. forseta að umræðunni verði frestað til að sérnefndin geti komið saman.

[00:42]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að hv. þingflokksformaður Samfylkingarinnar og formaður sérnefndar um stjórnarskrármálið hefur ekkert fylgst með hvað hefur gerst hérna í dag, það var ekkert ef, kannski eða hugsanlega hjá formanni þingflokki Framsóknarflokksins. Ég er með frétt frá mbl.is frá því kl. 19.12 þar sem Siv Friðleifsdóttir, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, segir að sjálfstæðismönnum hafi tekist að koma í veg fyrir að ákvæði um stjórnlagaþing yrði sett inn í stjórnarskrána. Málið væri því úr sögunni í bili. Siv sagði það mikil vonbrigði að málið hafi ekki náð í gegn. Bíðum við, við erum ekki einu sinni búin að greiða atkvæði um þessa breytingartillögu, en það er búið að slá þetta af í blöðum og við erum á hv. Alþingi enn þá að ræða breytingartillögu þar sem þessar breytingartillögur eru inni. Það hlýtur að verða eina ferðina enn, hæstv. forseti, að árétta þá tillögu að umræðunni verði frestað og málið sent til sérnefndarinnar og 2. umr. (Forseti hringir.) um frumvarpið verði haldið áfram í þeim búningi (Forseti hringir.) sem ljóst er að samkomulag hefur náðst um.

[00:43]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það var mál til komið að horfið væri frá þessum hugmyndum um stjórnlagaþingið sem var eingöngu til þess fallið að skapa algerlega stjórnskipulega ringulreið eins og hugmyndirnar komu fram hvað það varðar. Það var í sjálfu sér ekkert annað en að reyna að gera vont frumvarp örlítið betra.

Hitt er annað mál að með því að komin er ákveðin hugmynd þá spyr ég hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, formann sérnefndarinnar um stjórnarskipunarmál, og hæstv. forseta: Er ástæða til að halda þingfundi og þinginu áfram í gíslingu þessarar umræðu þegar fyrir liggur að möguleiki er til þess að ná ákveðnu samkomulagi í nefndinni um þau atriði þannig að hægt sé að ganga frá málum með sæmilegum sóma og samkomulagi alþingismanna um að ná fram einhverjum breytingum á stjórnarskránni?

[00:45]

Kjartan Ólafsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég nefndi áðan að mér fyndist þetta vera eins og afturfótafæðing og ég átta mig á því enn betur eftir að hv. þm. Dögg Pálsdóttir las upp fréttatilkynningu í *Morgunblaðinu* um afstöðu framsóknarmanna, hvers lags della þetta stjórnlagaþing er. Það birtist okkur einmitt í frétt *Morgunblaðsins*, þ.e. þetta er bara út og suður-umræða, birting þessa stjórnlagaþings er sú frétt sem lesin var áðan úr ræðustól Alþingis. Ég held að við eigum, herra forseti, að stoppa þessa umræðu, taka málið inn í sérnefndina og fá almennilega vinnslu og taka það svo aftur fyrir í þinginu þegar þeirri umræðu allri er lokið.

[00:46]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér hafa komið mjög alvarlegar ábendingar til hæstv. forseta um að málið sé ekki þingtækt lengur. Ég óska eindregið eftir því við hæstv. forseta, og það hljóta að vera eðlilegar óskir, að hann úrskurði um hvort málið er þingtækt og hvort ekki sé full ástæða til að stöðva umræðuna núna og kalla það til nefndar þannig að hægt sé að ræða þetta mál á einhverjum vitrænum grunni.

Eins og hér hefur komið fram er búið að boða verulegar breytingar á málinu þannig að það er engan veginn hægt að vita hvort við munum þegar þar að kemur greiða atkvæði um eina, tvær, þrjár eða fjórar greinar málsins. Og ég óska þess eindregið enn og aftur að forseti úrskurði um það hvort (Forseti hringir.) hægt er að halda áfram umræðu.

[00:47]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma inn í umræðuna vegna þess að það er alveg ljóst að breytingartillögur eru ekki fluttar í fjölmiðlum. (Gripið fram í.) Breytingar á málum verða ekki til í fjölmiðlum. Þær eiga sér aðeins stað með því að lagðar eru fram breytingartillögur í þinginu (Gripið fram í.) þannig að það hefur engin breyting orðið á málinu.

En ég vil ítreka að það sáttatilboð sem framsóknarmenn settu fram gerði það að verkum að þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins kallar eftir úrskurði forseta. Þegar Framsóknarflokkurinn í heild sinni býður fram sáttarhönd er henni mætt á þann hátt að það er bara heimtað og kallað eftir úrskurði. (Gripið fram í.) Það er algjörlega fráleitt enda hefur engin breyting orðið á málinu (Gripið fram í.) þó fulltrúi Framsóknarflokksins hafi lýst því yfir í fjölmiðlum (Gripið fram í.) að þau vilji ná sátt í málinu vegna málþófs (Gripið fram í.) þingmanna Sjálfstæðisflokksins (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Það er algjörlega fráleitt að (Forseti hringir.) ræða málið á þann hátt að það sé ekki þingtækt.

[00:49]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Ég hef hug á því að bæta aðeins við umræðuna um stjórnlagaþingið. Ég hef lítið komið að því í tveimur ræðum mínum og tel því ástæðu til að fara aðeins betur yfir afstöðu mína til þess og gagnrýni á þær hugmyndir sem fyrir liggja í frumvarpinu og breytingartillögum við því. Ég vil þó láta koma fram að ég hef flutt breytingartillögu þess efnis að 4. gr. frumvarpsins falli brott. Sú tillaga liggur fyrir hér á þingskjali og er unnt að taka afstöðu til hennar þegar þar að kemur.

Ég vil líka segja að mér finnst að yfirlýsingar frá fulltrúa Framsóknarflokksins, þingflokks framsóknarmanna, hér í þingsal og enn fremur yfirlýsingar hennar í fjölmiðlum bera það með sér að flokkurinn hefur fallið frá því að beita sér fyrir því að þessar tillögur verði lögfestar. Auðvitað hefur hann ekki kallað tillögurnar aftur formlega í þingsal en hér er um að ræða einn af fjórum flutningsmönnum frumvarpsins sem hefur lýst því yfir að hann hafi fallið frá þessu máli og það er sá flutningsmaður sem hefur beitt sér fyrir því að tillaga um stjórnlagaþing væri inni í frumvarpinu.

Það er því eðlilegt að spurt sé hvort þessi tillaga sé til umræðu enn eða hvort flutningsmenn hafi afturkallað þessa tillögu frumvarpsins sem er auðvitað hægt að gera með formlegum hætti. Það hefur ekki verið gert og þá hlýtur maður að spyrja hvers vegna. Er það vegna þess að yfirlýsingar formanns þingflokks framsóknarmanna eru bara fyrir fjölmiðla en ekki fyrir umræðuna í þinginu? Gilda þær ekki hér í umræðum í þinginu? Ég á ekki von á því að nokkur haldi því fram að svo sé að yfirlýsingarnar gildi ekki gagnvart þinginu.

Þá er það hin skýringin sem kann að vera rétt, þ.e. að hinir flutningsmennirnir þrír hafi ekki fallist á að afturkalla tillöguna um stjórnlagaþing. Ég lít þá á að staðan sé þannig núna að aðrir flutningsmenn frumvarpsins haldi til streitu ákvæðum 4. gr. um stjórnlagaþing. Ég held því að menn verði að skilgreina umræðuna, að það er að kröfu annarra þingflokka, þriggja þingflokka, sem þessi tillaga er hér til umræðu áfram í 2. umr. um málið. Að öðrum kosti væri eðlilegt að kalla málið til nefndar og gera hlé á þessari umræðu þar til greitt hefur verið úr því hvort flutningsmenn flytja enn málið sem þeir lögðu fram. Það þarf að skýra það.

En varðandi stjórnlagaþingið er ég andvígur því eins og kemur fram í breytingartillögu minni, kannski ekki vegna þess að ég er algerlega fráhverfur þeirri hugmynd að semja nýja stjórnarskrá, mér finnst það koma til greina. Mér finnst

í sjálfu sér ekki vera þörf á því. Það hefur ekkert það gerst í þjóðfélaginu eða sú gagnrýni komið á stjórnarskrána sem rökstyður að hún sé í heild sinni það illa farið plagg að semja þurfi nýtt. En hins vegar kann að vera að menn vilji skrifa skjalið upp á nýtt og fara yfir ýmis sjónarmið sem hafa komið fram frá því að stjórnarskráin var samin á sínum tíma og síðan að rætt var um endurskoðun á einstökum köflum hennar. Síðasta umræðan af því tagi fór fram 1994 og 1995 þegar mannréttindakafli stjórnarskrárinnar var algjörlega endurskoðaður og náðist fullt samkomulag um nýjan kafla sem ég tel að sé mjög góður og nútímalegur og engin þörf á að skrifa upp á nýtt þó að auðvitað kunni að vera sjónarmið um breyta einhverju í honum. Það sem þingið hefur þó gert tel ég vera þannig að það kalli ekki á ástæðu til þess að slá af stjórnarskrána sem heillegt plagg.

En ef menn ætla að skrifa nýja stjórnarskrá gera menn það ekki með þeim hætti sem hér er lagt til. Það tel ég algjörlega að sé borin von að nokkurt vit náist í slíkt skjal. Bæði er tíminn stuttur og fyrirkomulagið og valið á þeim sem eiga að koma að því er með þeim hætti að ég tel nánast engar líkur á því að heillegar hugmyndir komi fram eða samkomulag náist um það á þeim tíma sem gefinn er. Að semja nýja stjórnarskrá er mikið verk. Til þess þurfa menn að gefa sér nokkuð langan tíma sem er talinn í árum og tiltölulega margir aðilar þurfa að koma að því ferli á öllum stigum þess svo að út úr þeirri vinnu náist að lokum víðtækt samkomulag um nýja stjórnarskrá. Það er hugsanlegt að ná samkomulagi um slíkt. Mér finnst engin ástæða til að slá það af. En þær hugmyndir sem hér eru eru með þeim hætti að það er nánast útilokað að mínu viti að út úr þessu komi skynsamleg niðurstaða með því formi sem gert er ráð fyrir.

Mér finnst líka mikill galli á þessum tillögum að gert er ráð fyrir því í þeim að færa stjórnarskrárvaldið til Alþingis í allt of mörgum atriðum. Í fyrsta lagi er farið algjörlega fram hjá þjóðinni í því að ákveða stjórnlagaþing. Meginkjarni frumvarpsins er að breyta forminu þannig að það verði þjóðin framvegis sem breyti stjórnarskránni en ekki Alþingi sjálft og um þá breytingu heyrist mér vera nokkuð víðtæk samstaða. En menn taka stjórnlagaþingið undan því formi. Það á ekki að bera það undir þjóðina hvort hún vill stjórnlagaþing eða hvort hún vill stjórnlagaþing eins og gert er ráð fyrir í tillögunum. Það finnst mér mikill galli á málinu.

Í öðru lagi ætlar Alþingi, þ.e. sá meiri hluti sem stendur að málinu, að færa sjálfu sér vald sem að öðru jöfnu er í stjórnarskránni sjálfri. Þá taka menn sér miklu meira vald en eðlilegt er og viðgengist hefur við breytingar á stjórnarskrá. Það gengur í öfuga átt við megintilgang frumvarpsins.

Þannig er t.d. gert ráð fyrir því í breytingartillögum meiri hlutans að ákvarða eigi með lögum þætti eins og kjörgengi og kosningu á stjórnlagaþingið og skipulag þess sem er í núverandi stjórnarskrá ákveðið hvað varðar kosningu og kjörgengi til Alþingis. Kjörgengi til Alþingis er ekki ákveðið í lögum heldur í stjórnarskránni vegna þess að Alþingi á ekki sjálft að geta tekið eitt ákvarðanir um það. Til þess þarf þá alla vega alþingiskosningu á milli eins og staðan er núna. Þannig segir t.d. í 9. gr. um forseta lýðveldisins að hann megi ekki vera alþingismaður, þar er ákvörðun um kjörgengi til Alþingis bundin í stjórnarskránni. Og í 34. gr. segir að hæstaréttardómarar séu ekki kjörgengir til Alþingis.

Hins vegar á kjörgengið í stjórnlagaþinginu að vera ákveðið í lögum. Í drögum að frumvarpi sem fylgir með stjórnlagafrumvarpinu er gerð grein fyrir þessum ákvæðum í 6. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra og ráðherrar eru þó ekki kjörgengir.“ Kjörgengisskilyrði til kosninga til stjórnlagaþings er ákveðið með lögum en ekki ákveðið í stjórnarskrá. Hvernig má það vera að í stjórnlagaþingi sem á að semja stjórnarskrá skuli ekki vera ákvæði um kjörgengi á sama hátt og er um kjörgengi til Alþingis sem hefur þann rétt að gera breytingar á stjórnarskrá? Menn færa valdið úr stjórnarskránni til þingsins. Það er í öfuga átt. Sama á við um kosninguna, það á að ákveða algjörlega með lögum hvernig kosning til stjórnlagaþings fer fram en miðað við frumvarpið er gert ráð fyrir að landið sé eitt kjördæmi.

Í stjórnarskránni eru ákvæði um kosningar til Alþingis kirfilega negldar niður þannig að Alþingi getur ekki gert breytingar á meginrammanum. Það getur þó aðeins gert breytingar á mörkum kjördæma og breytingu á ákveðnum ákvæðum hvað varðar úthlutun þingsæta en þá því aðeins að tveir þriðju alþingismanna séu því sammála. Það er enginn rammi settur í stjórnarskrána heldur á allt að ákvarðast í lögum og fyrirkomulagið er þar að auki með kynjaákvæði sem er í raun og veru, þó það sé ágætt markmið, fyrirmæli eða heimild til Alþingis að geta ógilt alþingiskosningar (Forseti hringir.) ef því sýnist svo. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt.

[00:59]

Dögg Pálsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér við 2. umr. breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands í þeim búningi sem þær hafa verið kynntar þó að við höfum margsinnis bent á að margt bendi til að menn séu hættir við 4. gr. frumvarpsins. Nema það sé rétt, sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var að benda á, að þó svo Framsóknarflokkurinn sé hættur við þetta ákvæði, sem var hans hjartans mál, séu það Samfylkingin og Vinstri grænir sem nú vilji endilega koma þessu ákvæði í gegn. Það hlýtur að skýrast í þessari umræðu hvernig staðan er í þessu máli.

Ég vil taka undir athugasemdir sem hv. þm. Jón Magnússon gerði við það að við skulum aftur og aftur vera að ræða hér stjórnarskrárbreytingar í skjóli nætur, á þeim tíma sólarhrings sem klárt er að fæstir eru að fylgjast með. Það er hins vegar mjög skiljanlegt að það skuli gert. Ég skil vel að ríkisstjórnin skuli reyna að fela það eins og hún mögulega getur að staðið skuli að stjórnarskrárbreytingum eins og hér hefur verið gert. Þeir hafa nú, þeir ágætu einstaklingar sem nú eru í ríkisstjórn, fordæmt harkalega sambærileg vinnubrögð þegar þau hafa komið frá öðrum að það er mjög skiljanlegt að þeir reyni að fela þau eins og nokkur kostur er.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að mótmæla því harðlega að um sé að ræða málþóf af hálfu okkar sjálfstæðismanna hvað varðar umræður um stjórnarskrána og þær stjórnarskrárbreytingar sem verið er að reyna að knýja fram í full-

komnu ósamkomulagi á þinginu. Margsinnis hefur verið bent á að þau vinnubrögð sem ríkisstjórnin viðhefur hér með stuðningi Framsóknarflokksins eru einsdæmi í sögu lýðveldisins. Hér er verið að brjóta allar reglur um vinnubrögð sem settar hafa verið um stjórnarskrárbreytingar. Þessu hafa engir lýst betur en þingmenn Vinstri grænna. Ég skil það því vel að þeir vilji ekki einu sinni útskýra það hvað hafi breyst frá því að þeir kvörtuðu svo sárlega yfir þessum sömu vinnubrögðum.

Ég mótmæli því harðlega, virðulegi forseti, að þetta sé málþóf. Við ræðum hér stjórnarskrána sem er helgasta plagg í löggjöf hvers lands, okkar líka. Það verður að gefa þeirri umræðu tíma. Það sést best á þeim breytingum sem meiri hlutinn er að gera sjálfur að hann ætlar ekkert að láta slík vinnubrögð viðgangast aftur, samanber það að í breytingartillögunum sem nú er búið að leggja fram, á þskj. 882, er í fyrsta lagi lagt til að stjórnarskrárbreyting skuli ræðast í fjórum umræðum og a.m.k. ein vika sé á milli umræðna. Við munum ekki ná því markmiði í þessari umferð þannig að meira að segja þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til, í þeim felst fordæming á þeim vinnubrögðum sem meiri hlutinn viðhefur núna til viðbótar við þá almennu fordæmingu sem þeir sjálfir lýstu best fyrir tveimur árum þegar þáverandi ríkisstjórn ætlaði að reyna að knýja fram mál með sama hætti.

En út af stjórnlagaþinginu, og af því að okkur tekst ekki að fá það upplýst hvort 4. gr. sé enn inni í frumvarpinu eða ekki, verður maður að ganga út frá því að svo sé. Þá ætla ég að taka upp þann þráð sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson rakti hér varðandi stjórnlagaþingið.

Það er með ólíkindum hvernig menn hafa stillt því dæmi upp. Í fyrsta lagi er fráleitt að nokkrum skuli detta í hug að samtímis starfi í landinu tvö stjórnlagaþing sem bæði hafi sömu völd og sömu heimildir. En samt sem áður er munur á þessum þingum eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti á. Kjörgengi fulltrúa á stjórnlagaþinginu, sem er með það sérstaka verkefni að semja nýja stjórnarskrá, á að ákveða í einhverjum almennum lögum. Hv. Alþingi, sem ekki er treyst til að semja stjórnarskrána, er þá allt í einu treyst til að ákveða kjörgengi, ákveða kosningareglur, ákveða hvernig eigi að standa að kjöri. Hvernig á maður að átta sig á þessu?

Það er ekki boðlegt að þetta skuli sett fram með þeim hætti sem hér er enda hafa stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar m.a.s. bent á að þessi stjórnlagaþingsumræða væri alls ekki búin, menn væru ekki búnir að hugsa það í þaula hvernig þetta stjórnlagaþing ætti að vera. Sú fullyrðing og sú barnslega bjartsýni virðist fylla hug þeirra sem vilja að stjórnlagaþing geti samið stjórnarskrá. Hvernig dettur fólki þetta í hug? Það hefur verið talað um að breyta stjórnarskránni frá lýðveldisstofnun. Samfellt frá þeim tíma hefur ein eða önnur nefnd verið að störfum til þess að breyta stjórnarskránni. Sú síðasta var skipuð 2005 og starfaði hún í tvö ár. Sú nefnd vann mikið starf og mjög gagnlegt og örugglega er hægt að byggja á því varðandi áframhaldandi breytingar. En það eina sem tveggja ára starf hennar leiddi af sér var samstaða um breytingu á 79. gr., og það er svo merkilegt að það er ekki einu sinni eins og meiri hlutinn taki 79. gr. eins og þá var samstaða um, þó að þær breytingar sem hér er verið að leggja til í breytingartillögunum færi 79. gr. vissulega nær því sem samstaða var um árið 2007.

Af þessu er, virðulegi forseti, ekki hægt að draga neina aðra ályktun en þá, sem ýmsir umsagnaraðilar benda á, að í raun sé engin knýjandi þörf á því að breyta stjórnarskránni. Fjölmargir þeirra vara reyndar við því að við förum út í þann leik á þeim umrótatímum sem við erum að ganga í gegnum núna, vara við því að við förum í þann leik að stokka upp stjórnarskrána, og síst af öllu ættum við að stokka hana upp með þeim hætti sem hér er lagt til, þ.e. að tvö stjórnlagaþing verði í landinu.

Varðandi kjörgengi fulltrúa má spyrja: Af hverju eiga þingmenn og varaþingmenn ekki að geta boðið sig fram til stjórnlagaþings? Hvað bannar það? Hvaða prinsipp eru þar undirliggjandi? (**Gripið fram í:** Mannréttindabrot.) Maður hefði haldið að virðing þingmanna fyrir sínu eigin starfi væri svo mikil að þeir teldu að þeir ættu að vera hæfir til þess, a.m.k. jafnhæfir og aðrir einstaklingar í landinu.

En síðan er líka gert ráð fyrir því — og kemur t.d. fram í breytingartillögunni við 4. gr., samanber 4. töluliður í þskj. 882, þ.e. 3. mgr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnlagaþing skal skipað 41 þjóðkjörnum fulltrúa og jafnmörgum til vara. Um kjörgengi og kosningu á þingið og skipulag þess skal mælt fyrir í sérstökum lögum“ — það er makalaust að þetta skuli gert í almennum lögum en ekki í stjórnarskrá, eins og ég hef áður nefnt — „þar sem m.a. verði settar reglur til að jafna sem mest hlutföll á milli kynjanna í hópi þingfulltrúa.“

Þarna er verið að opna fyrir stórhættulega aðferð varðandi niðurstöður kosninga, eitthvert handahóf. Ekki ætla ég að mæla gegn því að með einhverjum hætti verði reynt að jafna hlutföll kynjanna en ætla menn að opna fyrir það að eftir að kosningar eru búnar megi henda út sumum fulltrúum, sem voru löglega kosnir, af því þeir eru ekki af réttu kyni eða ekki af réttu landsvæði eða með réttan starfstitil? Þarna er verið að opna fyrir stórhættulega leið sem getur leitt okkur út í algjöra vitleysu. Þarna er bara lítið dæmi um það hvað þessar tillögur um stjórnlagaþing eru ótrúlega illa ígrundaðar og vanhugsaðar. En tími minn er búinn í bili þannig að ég tek upp þráðinn í næstu ræðu minni.

[01:09]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það er eðlilegt að mikilvæg og efnisrík umræða fari fram þegar stjórnarskráin er annars vegar. Við sjálfstæðismenn höfum um árabil tekið þátt í umræðum um stjórnarskrána og lagt fram breytingartillögur og ýmsar hugmyndir um nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni.

Stjórnarskráin er að sumu leyti gengin sér til húðar hvað varðar ýmis efnisatriði og ýmsar spurningar vakna við lestur hennar.

Í 1. gr. stjórnarskrárinnar segir að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn. Menn hafa t.d. deilt um það í mörg ár hvað felist í hugtakinu þingbundin stjórn.

Hér erum við ekki að ræða það atriði eða mörg önnur sem ættu að vera til umfjöllunar þegar verið er að ræða breytingar á stjórnarskránni heldur ræðum við hér um fjórar tillögur frá fjórum stjórnmálaflokkum sem eru ólíkar innbyrðis og ekki þess eðlis að hægt sé að tala um að vandað

sé til lagasetningarinnar.

Það er miður að hv. þm. Atli Gíslason, sem hefur verið helsti siðapostuli þingsins varðandi það hvernig standa eigi að lagasetningu — hefur gjarnan veifað hér *Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa* — skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu og fella dóma yfir því verklagi sem viðhaft er við þessa stjórnarskrárbreytingu. Ég leyfi mér að fullyrða að aldrei í þingsögunni hafi menn kastað jafnhressilega til höndunum við breytingar á stjórnarskrá.

Ég tók saman í möppu þær umsagnir sem þinginu hafa borist vegna frumvarpsins. Segja má að þar komi fram mjög skýr sjónarmið gegn frumvarpinu. Ef draga ætti saman efnisatriði þeirra umsagna sem borist hafa vegna þessa máls má segja að í þeim felist falleinkunn yfir frumvarpinu sem hér er til umræðu. Eftir því sem á umræðuna líður, eftir því sem hún verður lengri, þeim mun furðulegra verður þetta mál. Þeim mun furðulegra er að horfa upp á það hvernig flutningsmenn frumvarpsins halda á því.

Það hefur verið rakið hér í umræðunni að þrjár útfærslur af stjórnlagaþingi og stjórnlagaþingshugmyndum þeim sem Framsóknarflokkurinn lagði upp með, þegar hann kynnti þá hugmynd sína, hafi komið fram á þessu þingi. Nú ber svo við að fjórða útgáfan birtist okkur þingmönnum í fjölmiðlum, sú að formaður þingflokks Framsóknarflokksins hefur tilkynnt að ekkert verði úr því að stofnað verði til stjórnlagaþings í þetta skipti. Stjórnlagaþing verði að bíða betri tíma. Engu að síður ræðum við hér um frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem eru fimm greinar og ein þeirra greina, 4. gr., varðar stjórnlagaþing.

Hæstv. forseti þingsins hefur ekki upplýst okkur þingmenn um það hvort væntanleg sé breytingartillaga þar sem 4. gr. frumvarpsins verður felld brott eða gerðar á henni breytingar. Satt best að segja er þetta allt saman með miklum ólíkindum. Í fjölmiðlum kemur fram skýr yfirlýsing frá þingflokksformanni Framsóknarflokksins um það að fallið hafi verið frá hugmyndum um stjórnlagaþing en samt sem áður er hið háa Alþingi að fjalla um mál sem inniheldur þá sömu tillögu og búið er að tilkynna að hafi verið felld út úr frumvarpinu. Ég hygg að það sé algert einsdæmi í siðuðum lýðræðisríkjum og löndum sem við kjósum að bera okkur saman við að þannig sé haldið á málum þegar stjórnarskráin er annars vegar.

Ég fæ ekki séð að ýmsir stuðningsmenn þessa máls, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, formaður sérnefndar um stjórnarskrármál, sjái sérstaklega eftir stjórnlagaþinginu. Ég fæ ekki séð að í huga hæstv. heilbrigðisráðherra, Ögmundar Jónassonar, fyrrum þingflokksformanns Vinstri grænna, sé mikil eftirsjá að tillöguflutningi um stjórnlagaþing. Nei. Það hefur skinið í gegn í umræðum og sjónarmiðum fulltrúa Vinstri grænna og Samfylkingarinnar að þeir hafa ekki haft nokkra sannfæringu fyrir því að koma eigi á stjórnlagaþingi. Það er ótrúlegt. Ég leyfi mér að fullyrða að það er ótrúlegt að hæstv. forseti Alþingis — og þá á ég ekki við þann sem situr í forsetastóli núna, hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, heldur hæstv. forseta þingsins, Guðbjart Hannesson — skuli ekki hafa sagt eitt aukatekið orð um þetta mál, ekki síst í ljósi þess að tillöguflutningur um stjórnlagaþing gengur út á það að stofnað verði annað þing við hliðina á því sem fyrir er. Það er með ólíkindum að forseti Alþingis skuli ekki hafa á því skoðun að hv. þingmenn hér á hinu háa Alþingi skuli leyfa sér slíkan tillöguflutning án þess að fram komi andmæli frá forseta þingsins sem á að standa vörð um þingið og gæta virðingar þess.

Herra forseti. Ég hugðist ræða um ákvæði 3. gr. frumvarpsins, þjóðaratkvæðagreiðslurnar. Þar er lagt til að Alþingi skuli láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varða almannahag ef 15 af hundraði kjósenda krefjast þess. Þar segir að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar sé bindandi þegar hún fjallar um gildi tiltekinna laga og meiri hluti gildra atkvæða er fylgjandi tillögu sem borin er upp þó minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá. Þetta þýðir í rauninni að samkvæmt meginreglu 3. gr. frumvarpsins geti 25% þjóðarinnar breytt stjórnarskrá eða tekið ákvarðanir fyrir þrjá fjórðu þjóðarinnar.

Það er umhugsunaratriði hvort Alþingi og hv. þingmenn telji að rétt sé að fara þá leið. Ég hef sjálfur sagt að það sé út af fyrir sig skynsamlegt að setja lög, vönduð lög, um þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég skil vel þær kröfur sem uppi eru í samfélaginu um að eðlilegt sé að þjóðin fái að segja skoðun sína á ýmsum málum. En ég hefði talið að menn hefðu átt að leggja töluverða vinnu í það að velta því fyrir sér hvort ástæða sé til þess að gera mismunandi kröfur þegar mismunandi mál eru til umfjöllunar. Ég hefði t.d. talið að hærra hlutfall þjóðarinnar þyrfti í þjóðaratkvæðagreiðslu til þess að samþykkja mjög veigamikil málefni sem varða þjóðina eins og framsal fullveldis, framsal lagasetningarvalds og dómsvalds, sem innganga í Evrópusambandið felur í sér. Ég tel að gera þurfi meiri kröfur í slíkum tilvikum en þegar fram fer þjóðaratkvæðagreiðsla um léttvægari málefni, t.d. þau hvort aka eigi á hægri eða vinstri vegarhelmingi eða hvort heimila eigi hægri beygju á rauðu ljósi. Þetta eru dæmi um atriði sem gætu farið í þjóðaratkvæðagreiðslu og fara í þjóðaratkvæðagreiðslu víða um lönd.

Hefði ekki verið skynsamlegra að fara yfir þessi útfærsluatriði áður en málið var lagt fram hér á þinginu? Ég vænti þess að hæstv. ráðherrar og flutningsmenn frumvarpsins muni (Forseti hringir.) segja skoðun sína á þeim athugasemdum sem ég hef hér fært fram um þessi atriði, herra forseti.

[01:20]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Nú ber svo við að kominn er nýr forseti í forsetastól og ég vil leita eftir því við hæstv. forseta sem nú situr í forsetastól hvort hann sé ekki í færum til að taka ákvörðun um hvenær þingfundi ljúki þannig að okkur hv. þingmönnum sem bíðum eftir því að ræða þetta mál verði ljóst hvort það verði í nótt eða á nýjum degi sem við eigum að taka til máls.

Eins og komið hefur fram fyrr í umræðunni eru margir störfum hlaðnir snemma í fyrramálið og því væri mjög gott að fá að vita þetta. Ég veit að sá hæstv. forseti sem situr núna í forsetastól er ekki ákvarðanafælinn maður og því gæti hann væntanlega (**Gripið fram í:** Og réttsýnn.) Og mjög réttsýnn. Ég treysti því að hann hafi í huga (Forseti hringir.) vinnuverndarsjónarmið og geti tekið þær snöggu ákvarðanir sem taka þarf núna.

[01:21]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti hefur ekki aðra vitneskju en þá að fundur muni halda áfram enn um stund. (**ArnbS:** Það er í ákvörðunarvaldi forseta.) Forseta er það ljóst.

[01:22]

Kjartan Ólafsson (S):

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Það hefur verið rætt nokkuð lengi á Alþingi og í rauninni ekki vanþörf á. Ég vil að sjálfsögðu að það verði kannað, herra forseti, hversu lengi við verðum hér vegna þess að þingmenn þurfa, eins og kom fram hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, að sinna ýmsum öðrum verkum og það var jú líka ætlun fyrrverandi forseta að standa þannig að þingstörfum að þetta væri fjölskylduvænn vinnustaður. Við sjáum að hér eru ekki við umræðuna, núna þegar klukkan er orðin hálftvö, þingmenn sem eru með ung börn, þeir geta hreinlega ekki tekið þátt í þessari umræðu. Það háttar þannig til með þann þingmann sem hér stendur að hann þarf að fara á fund Norðurlandaráðs í fyrramálið og því rennur saman vinnudagurinn. Ég hef samt áhuga á að taka þátt í þessari umræðu og fylgjast með því sem kollegar mínir eru að fjalla um.

Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að við notum þær stundir sem þessi mál eru á dagskrá til að fara vel og rækilega yfir málið og það hefur að sjálfsögðu verið gert. En það er nú svo, herra forseti, að það eru sí og æ að koma nýir vinklar, ný mál upp er varða þetta frumvarp og það síðasta er, eins og hér hefur komið fram, að nú á sér stað umræða í fjölmiðlum þar sem framsóknarmenn hafa komið með ágætar tillögur að breytingum á frumvarpinu en þær breytingar hafa ekki náð inn í þingsal með þeim hætti sem eðlilegt væri, sem væri þá í formi breytingartillögu. Það hefur einvörðungu heyrst í fjölmiðlum að Framsóknarflokkurinn sé tilbúinn að leggja það af mörkum til að þetta mál leysist að stjórnlagaþingið verði tekið út.

Ég fagna því í sjálfu sér. Ég hef eytt nokkrum orðum að því að mér finnist ekki rökrétt hvernig stjórnlagaþingið er fram sett í þessu frumvarpi og það eru ýmis efnisatriði sem ég ætla að fara nánar út í varðandi það mál. Því er afskaplega nauðsynlegt að það komi fram breytingartillaga frá þeim aðilum sem hugsa sér annaðhvort að taka 4. gr. alveg út eða breyta henni með einhverjum hætti. Það væri í sjálfu sér rökrétt að til þessa fundar mættu þeir aðilar sem hafa kynnt þessar breytingar sínar í fjölmiðlum. Eins og við þekkjum, herra forseti, eru fjölmiðlarnir oft nefndir fjórða valdið í þjóðfélagsskipan okkar og því væri eðlilegt að þeir fulltrúar Framsóknarflokksins sem hafa kynnt sín mál í fjölmiðlum tækju þátt í umræðunni einmitt af þeirri ástæðu.

Rétt er að nefna það í þessari stuttu ræðu að síðustu 50 árin eða frá 1959 hefur stjórnarskránni verið breytt nokkrum sinnum en alltaf í fullri sátt meðal stjórnmálaflokkanna á Alþingi. Við upplifum það hér í fyrsta skipti að slíkt mál er tekið út úr nefnd í fullkominni ósátt við fulltrúa á Alþingi, stóran hluta, heilan þingflokk, stærsta þingflokk Alþingis, Sjálfstæðisflokkinn, og það eru jafnframt aðrir einstaklingar sem hafa haft efasemdir um þetta mál. Það er því algert nýmæli að við skulum vera að afgreiða þetta mál með þeim hætti sem raun ber vitni.

Það eru nokkur atriði, herra forseti, sem ég vildi nefna varðandi stjórnlagaþingið. Eðli málsins samkvæmt er eðlilegt að við ræðum það örlítið hér þar sem það hefur verið svo mikið í fréttum sem raun ber vitni. Það eru nokkur atriði sem ég hefði viljað fá skoðun og skýringu á sem mér finnst vanta í frumvarpið og hugsanlega eru það einhverjar breytingar sem framsóknarmenn eru með eins og það að stjórnlagaþing setji sér sjálft starfsreglur. Við höfum nú fordæmt það á þinginu að þegar við setjum lög veitum við ráðherrum reglugerðarheimildir og mörgum hefur fundist að Alþingi væri að framselja fullmikið vald til framkvæmdarvaldsins með því að heimila það. En hér er í rauninni bara sagt berum orðum: „Stjórnlagaþing setur sér sjálft starfsreglur.“

Það er ansi mikið sem Alþingi, æðsta stofnun lýðveldisins, er að afsala sér þarna og það heldur ýmislegt áfram í svipuðum dúr í frumvarpinu um stjórnlagaþingið. Það segir m.a. í síðustu setningu 4. gr.:

„Stjórnlagaþing skal setja nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar.“

Mér finnst með ólíkindum að þetta sé svo opið sem raun ber vitni, að stjórnlagaþing eigi fyrst að setja sér reglur og ákveða sjálft hvernig það vinnur og síðan skuli það setja nánari reglur um þjóðaratkvæðagreiðslur. Auðvitað á Alþingi að setja slíkar reglur, það gefur augaleið að það er Alþingi sem á að gera það.

Í breytingartillögu er fjallað um kjör til stjórnlagaþings og verið að leiða líkur að því að það eigi að binda það einhvern veginn þannig að einstakir landshlutar eða landsbyggðin fái einhvern rétt eða öryggi fyrir því að koma að fulltrúum á stjórnlagaþing. Ég átta mig hreinlega ekki á hvernig það mál er hugsað nákvæmlega. Ég get lesið það út úr þeim gögnum sem hér eru að menn hafi áhyggjur af því að það gæti orðið sterkt og öflugt vald á stórhöfuðborgarsvæðinu, þar er jú flest fólkið, og þess vegna þyrfti að taka tillit til þess að þeir sem á landsbyggðinni búa eigi einhverja fulltrúa af þeim 41 sem um ræðir. Það finnst mér hreinlega vanta að sé klárað, bæði í frumvarpinu sjálfu og þeim breytingartillögum sem hér liggja fyrir. Ég tel mjög nauðsynlegt að menn viti það þegar þessi umræða fer fram hvernig málum eigi að vera fyrir komið nákvæmlega. Ég tel þess vegna gríðarlega mikilvægt áður en þessari umræðu lýkur, herra forseti, að þeir flutningsmenn sem eru að tjá sig opinberlega í fjölmiðlum í dag komi og skýri mál sitt hér. Í rauninni hefði það átt að vera krafa þingsins að fá þessa aðila inn á fundinn til að fara yfir málið og kynna sín sjónarmið og koma þeim þannig fram að þeir þingmenn sem taka þátt í umræðunni geti áttað sig á þeim með fyrirspurnum og andsvörum við ræður þeirra sem mundu vilja kynna þessi mál.

Mér sýnist í rauninni að allt frá upphafi þessa máls sé málatilbúnaður með þeim hætti að ekki muni nást farsæl lausn, hún muni ekki finnast. Þess vegna nefndi ég það fyrr í nótt, herra forseti, að mér finnist vera algjör afturfótafæðing á þessu frumvarpi og þá þarf að leita læknisaðstoðar ef vel á að fara. Það er nákvæmlega það sem við þurfum að gera. Við þurfum að forðast stórslys með því að láta þetta mál ekki ná fram að ganga og verða samþykkt á hinu háa

Alþingi. Lýðveldið Ísland og lýðræðisskipulag hér er miklu mikilvægara en að breyta stjórnarskrá í þá átt sem hér er lagt til.

[01:32]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég ræddi það fyrr í liðnum um fundarstjórn að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu sé að kanna ástand mannréttinda og kosningalaga á Íslandi og hvort þessar kosningar fari rétt fram, en hún er með sérstaka stofnun í Varsjá sem gætir að því og sendir aðila til kosningaeftirlits víða um heim. Það sem mér skilst að hafi vakið athygli þeirra er mjög samþjappað vald yfir fjölmiðlum á Íslandi, að þeir skuli vera að mestu leyti í eigu eins manns og svo ríkisins. Þeir munu örugglega líka líta til þess hversu undarleg þessi kosningabarátta verður, herra forseti, þegar eingöngu 10 dagar eru til kosninga og þingmenn enn bundnir á þinginu.

Það skekkir kosningabaráttuna á margan hátt. Í fyrsta lagi geta þingmenn og flokkar ekki kynnt málefni sín fyrir kjósendum eins og nauðsynlegt er en svo kunna aðrir aðilar, flokkar sem ekki eiga fulltrúa á Alþingi, að kvarta undan því að þingmenn hafi ræðustól Alþingis til fulltingis í kosningabaráttunni á meðan þeir hafi það ekki. Ég hugsa því að menn muni setja ýmislegt út á að þingið starfi svona nálægt kosningum.

Svo gerast þau tíðindi í dag sem ég heyri á ræðum manna og les um í fjölmiðlum, þ.e. á netmiðli *Morgunblaðsins*, að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, formaður þingflokks framsóknarmanna, hefur lýst því yfir að 4. gr. frumvarpsins eigi að falla brott. Ég er búin að marglýsa því yfir að aðalástæðan fyrir því að ég er á móti þessu frumvarpi er sú rökleysa sem felst í því að samkvæmt frumvarpinu hafa bæði Alþingi og hið nýkjörna stjórnlagaþing heimild til að breyta stjórnarskránni og bera þá breytingu undir þjóðina. Það getur leitt til ófyrirséðra stjórnlagavandræða sem ég hafði bent á og hef reyndar sent fréttamanni á einum fjölmiðli útdrátt úr ræðu minni þar sem ég fjallaði um þetta. En það er svo merkilegt, herra forseti, að það kemst bara ekki til skila, það fer ekkert út í fjölmiðlana. Það er eitt af því sem ég mun benda á ef ég verð spurður af þessari nefnd Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, að fréttaflutningurinn er dálítið skrýtinn. Það er eins og sum atriði nái bara ekki eyrum fjölmiðla, þó að það sé endurtekið aftur og aftur kemst það ekki áfram. Þetta er ein meginástæðan fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki fallist á þær breytingar sem hér liggja fyrir.

Ég ætla að endurtaka það einu sinni enn: Í 2. gr. stendur, með leyfi herra forseta:

„Frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi.“ Slíkt frumvarp má ekki samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við fjórar umræður og skal ein vika hið minnsta líða milli umræðna. „Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarpið skal það borið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar.“

Sem sagt, Alþingi getur samþykkt breytingar á stjórnarskránni og borið það undir þjóðina.

Svo stendur í 4. gr., sem mér skilst eftir óstaðfestum fréttum — því að það hefur ekki komið inn í umræðuna hér á Alþingi — að sé fallið frá, með leyfi herra forseta:

„Forseti Íslands skal boða til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, þar sem byggt verði áfram á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda.“ Þingið skal koma saman, o.s.frv.

Svo segir að hljóti frumvarp til stjórnskipunarlaga samþykki í það minnsta 2/3 fulltrúa stjórnlagaþings skuli það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar.

2. gr. segir sem sagt að Alþingi sé stjórnlagaþing sem breyti stjórnarskránni og geti borið það undir þjóðina og 4. gr. segir að stjórnlagaþingið breyti stjórnarskránni sömuleiðis og geti borið það undir þjóðina. Það eru tveir aðilar sem geta gert tillögu um breytingar á stjórnarskrá og borið þær undir þjóðina.

Nú skulum við hugsa okkur að draumsýn margra — því að það hefur virkilega verið draumsýn margra og ég skil það vel — sé sú að hið nýja stjórnlagaþing sé skipað einhverjum öðrum hópum en þeim sem skipa Alþingi. Sumir hafa þá draumsýn að flokkarnir muni ekki koma neitt að þessu og það er meira að segja tekið fram í hugmyndum sumra að alþingismenn séu ekki kjörgengir á þetta stjórnlagaþing. Við gefum okkur að það myndist einhver allt annar hópur á þessu stjórnlagaþingi og sá hópur sé með byltingarkenndar hugmyndir um það t.d. að leggja Alþingi niður í ljósi þeirra atburða sem orðið hafa. Alþingi fréttir af þessu og samþykkir í flýti breytingar á stjórnarskránni um að leggja stjórnlagaþingið niður. Báðir aðilarnir bera það undir þjóðina, jafnvel sama daginn, að breyta stjórnarskránni í þá veru annars vegar að leggja Alþingi niður, sem hefur verið starfandi hér á Íslandi síðan 930 með hléum og er ein verðmætasta eign íslensku þjóðarinnar, burt séð frá einstökum þingmönnum, og hins vegar stjórnlagaþingið sem menn ætla það hlutverk að breyta stjórnarskránni. Bæði vilja leggja hitt niður og bera það undir þjóðina á sama tíma.

Þetta gengur náttúrlega ekki upp, herra forseti, það er algjör rökleysa. Það er ég búinn að segja nokkrum sinnum en það er svo merkilegt, það kemur ekki frá fjölmiðlum, það fer bara ekki lengra, kannski vegna þess að ræðurnar eru haldnar kl. hálftvö að nóttu til og fjölmiðlarnir sofa eða þeir vilja bara ekki að þetta komi fram. Kannski vilja þeir það ekki vegna þess að þeir eru í eigu eins aðila og það hentar honum ekki, ég veit það ekki, en þetta er mjög skrýtið. (**Gripið fram í:** Hvað gerist ef báðar eru samþykktar?) Já, svo er nefnilega spurning hvað gerist ef báðar eru samþykktar. Þá erum við hvorki með Alþingi né stjórnlagaþing. Þá kemur upp ákveðið tómarúm.

Það er dálítið skrýtið. Það er meginástæðan fyrir því að við sjálfstæðismenn stöndum hér og ræðum þetta í þaula. Það er ástæðan fyrir því að við ræðum þetta. Svo fréttir maður allt í einu á skotspónum úti í bæ, á bloggsíðu, að fallið sé frá 4. gr. og allt í einu er grundvöllur þess að við ræðum þetta í þaula horfinn. En við vitum það formlega séð ekki, það hefur ekki verið rætt hérna á Alþingi. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sem er hluti af Alþingi, hefur ekki mætt hérna í dag til þess að segja frá þessari breytingu sinni.

Flutningsmenn nefndarálitsins — það er hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sem skrifar undir nefndarálitið en hún er ekki lengur á Alþingi þannig að mér skilst að hv. þm. Birkir J. Jónsson sé núna fulltrúi Framsóknarflokksins í þessari nefnd. Hann hefur heldur ekki tekið þátt í umræðunni í dag þó að hann hafi verið þaulsætinn, ég get borið vitni um það. Við vitum í rauninni ekki formlega séð enn þá hvort þessi tillaga sé raunveruleg, það hefur engin breytingartillaga komið. Við erum eiginlega að ræða hér í tómarúmi.

Ræða mín yrði allt öðruvísi uppbyggð ef 4. gr. væri formlega séð fallin burt. Þá gæti ég farið að ræða um það af hverju við erum að breyta stjórnarskránni í 1. og 3. gr., það er svo aftur annar handleggur.

Ég vil benda á að það eru tveir hv. þingmenn Framsóknarflokksins sem ekki hafa rætt um stjórnarskrárbreytinguna, það eru þrettán þingmenn Samfylkingar sem ekki hafa tekið til máls í þessu máli og það eru fimm þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem ekki hafa tekið þátt í umræðunni og eru þeir þó á stjórnlagaþingi, herra forseti. Þeir eru á stjórnlagaþingi og ættu að taka það mjög alvarlega og láta okkur hin vita hvaða skoðun þeir hafa á þessum breytingum en við vitum það ekki. Það getur vel verið að það sé nóg fyrir þá að koma hérna og greiða atkvæði, ég veit það ekki hvort þeim þykir það nóg afrek í þátttöku sinni á stjórnlagaþingi að greiða atkvæði. Mér finnst það ekki. Mér finnst að menn eigi að sýna hv. Alþingi, sem er stjórnlagaþing, þá virðingu sem stjórnlagaþingi að taka þátt í umræðunni. Það vantar því enn þá æðimarga ræðumenn — þó að þeir taki stutt til máls — um það hvaða skoðun þeir hafa á þessum breytingum sem þeir eru að gera.

[01:42]

Dögg Pálsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum áfram um stjórnarskrána. Þar sem ýmsir þingmenn, sem talað hafa frá því ég talaði síðast, hafa fjallað nánar um stjórnlagaþingið ætla ég að geyma frekari umræðu um það og vinda mér í 1. gr., ekki síst í ljósi þess að í andsvari hæstv. forsætisráðherra við mig á föstudegi fyrir rúmri viku hreykti hæstv. forsætisráðherra sér af því að það þyrfti kvenforsætisráðherra til þess að knýja það, í gegn í andstöðu við stærsta þingflokkinn á þinginu, að setja inn í stjórnarskrána auðlindaákvæði og rökstuddi það með þeim hætti að svo mikil samstaða væri um að ákvæði af því tagi ætti að koma í stjórnarskrána. Þetta væri búið að ræða í karlanefndum svo árum og næstum því áratugum skipti en það hefði ekki verið fyrr en hún varð forsætisráðherra að nokkur hafði kjark til þess að knýja það í gegn án fullkominnar samstöðu þar um.

Út af þessum ummælum, og raunar öðrum ummælum sem ýmsir hv. þingmenn hafa látið falla eins og t.d. hv. þm. Ellert B. Schram fyrr í umræðunni í kvöld, held ég að ástæða sé til að skoða aðeins það sem umsagnaraðilar hafa sagt um 1. gr. frumvarps til stjórnarskipunarlaga. Því eins og þeir stjórnarsinnar sem tjáð sig hafa um þetta mætti ætla að um 1. gr. sé enginn ágreiningur. Þvert á móti séu eingöngu sjálfstæðismenn á móti henni og látið hefur verið að því liggja að í andstöðu okkar við 1. gr. séum við að ganga erinda t.d. útgerðarmanna og einhverra sérhagsmunahópa sem hafi fengið okkur til þess. Þetta er auðvitað alrangt, virðulegi forseti. Umsagnirnar sem borist hafa um frumvarpið sýna að þetta er ekki rétt.

Það sem fyrst er nauðsynlegt að taka fram eru þær breytingar sem meiri hlutinn stendur fyrir á 1. gr. Þær sýna best af öllu hvers konar hrákasmíði 1. gr. er. Í þeim breytingartillögum sem meiri hluti sérnefndar um stjórnarskrána hefur lagt fram er í raun og veru ekkert eftir af 1. gr. nema 1. mgr. Það er nefnilega lagt til að 2. mgr., ef frá er talinn lokamálsliður hennar, og öll 3. mgr. fari út. Og af hverju er það? Jú. Það er af því að þeir umsagnaraðilar sem gerst þekkja til mæltu eindregið gegn þessum atriðum og komu með ábendingar af þeim toga að meira að segja stjórnarmeirihluti, hversu ákveðinn sem hann er í að þvinga þetta í gegn, treysti sér ekki til að gera það gegn svo eindregnum og vel rökstuddum athugasemdum.

En jafnvel við þann part 1. gr. sem þá er eftir eru menn ekki sáttir. Ég ætla að byrja á að grípa niður í umsögn Davíðs Þórs Björgvinssonar, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu og prófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Ég tek eingöngu það sem hann gerir athugasemd við, þ.e. þann part 1. gr. sem eftir er miðað við þær breytingartillögur sem fyrir liggja. Í 2. tölulið bendir hann á í umfjöllun sinni um 1. gr., með leyfi forseta:

„Í greinargerð kemur fram að hugtakið „þjóðareign" er sérstakrar merkingar sem ekki fellur vel að hefðbundinni eignarréttarlegri merkingu. Orðanotkun að þessu leyti er ekki sérstakt vandamál, enda nægjanlega skýrt af greinargerð hvað átt er við, auk þess sem hafa má hliðsjón af þjóðlendulögunum, sbr. lög nr. 58/1998, eins og bent er á í greinargerð. Ástæða er til að taka þetta fram þar sem heyrst hafa þau sjónarmið að hugtakið sé merkingarlaust, en svo þarf ekki að vera. Því er gefin ákveðin merking með setningu ákvæðisins og lögskýringargögnum."

Svo heldur hann áfram og segir í 3. tölulið, með leyfi forseta:

„Af greinargerð má ráða að menn hafa hér ekki síst í huga auðlindir sjávar, einkum fiskstofnana. Ég tel að máli skipti að huga að því hvaða þýðingu ákvæðið um þjóðareign í stjórnarskrá hefur fyrir réttindi þeirra sem nú njóta veiðiheimilda skv. lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Þetta atriði er óljóst. Svar mitt til bráðabirgða er að ákvæði frumvarpsins sé tæpast til þess fallið" — tæpast til þess fallið, segir hann, en útilokar það ekki — „að breyta núverandi réttarstöðu. Þetta merkir að verði niðurstaðan sú, t.d. í dómsmáli, þar sem á það kynni að reyna, að handhafar veiðiheimilda hafi nú þegar eignast yfir þeim réttindi sem stjórnarskráin verndar, verða þau tæpast skert með vísan til þessa stjórnarskrárákvæðis. Í stuttu máli, ákvæðið eitt og sér breytir sennilega engu um réttarstöðu þeirra sem nú njóta veiðiheimilda. Þó ber að árétta að þetta er flókið mál og æskilegt að nákvæm skoðun fari fram á þessu atriði og mögulegum afleiðingum ákvæðisins að þessu leyti."

Þarna eru, virðulegi forseti, að mínu mati varúðarorð um það ákvæði sem verið er að leggja til sem ástæða er til að skoða og sem gefur tilefni til þess að kanna þetta betur og flana í engu að þessu. Og til viðbótar kemur að ef meiningin er að fara af stað með stjórnlagaþing, eins og enn þá virðist vera, þá hlýtur maður auðvitað að velta fyrir sér hvað það er sem gerir það að verkum að stjórnarmeirihlut-

inn er svona ákafur í að fara í stjórnlagaþing til að breyta stjórnarskránni frá grunni en samt á að binda hendur stjórnlagaþingsins eða a.m.k. að reyna það varðandi auðlindaákvæðið. Þá spyr maður: Hvað ætla menn að gera ef stjórnlagaþing vill ekki setja auðlindaákvæði í stjórnarskrána? Hvað ætla menn þá að gera?

Þetta vekur upp spurningar um það sem ýmsar vísbendingar eru um núna að ekki á að hafa neitt stjórnlagaþing. Þess vegna eru menn svo ákafir í að setja auðlindaákvæðið inn af því þeir ætla sér að þvinga það í gegn með hvaða aðferðum sem til greina geta komið.

Virðulegi forseti. Síðan er ítarleg umsögn af hálfu hagfræði- og félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Áður en ég vík að henni verður ekki hjá því komist að benda á athugasemdir Sigurðar Líndals um 1. gr. Í II. hluta í umsögn sinni, og raunar í I. hluta líka, fer hann ítarlega yfir 1. gr. og hann segir þar, með leyfi forseta:

„Ég tel að skoða þyrfti 1. gr. frumvarpsins betur vegna óljósrar merkingar orða og hugtaka sem þar eru notuð."

Það er auðvitað grafalvarlegt mál að tala um að óljóst sé hvaða merkingu orð og hugtök hafa í þessu ákvæði. Það gengur ekki ef fyrir fram er vitað að hugtök og orð í stjórnarskránni sjálfri séu óljós. Svo segir hann, með leyfi forseta:

„Í orðið þjóðareign er ekki hægt að leggja hefðbundna merkingu eignarréttarins þótt þess hafi margsinnis gætt í umræðu. Almenn merking orðsins eign er hins vegar svo margþætt að hana er ekki unnt að leggja til grundvallar í rökræðu. Það hefur þó óspart verið notað í kappræðu sem Íslendingar stunda gjarnan, en er þar til truflunar og ýfir upp deilur."

Endanleg niðurstaða Sigurðar Líndals um1. gr. er sú, með leyfi forseta:

„Ég tel nauðsynlegt að huga vandlega að þessu og því rétt að fella brott 1. gr. þannig að betra tóm gefist til að huga að því hvernig slíkum yfirlýsingum verði fyrir komið ef á annað borð þykir rétt að hafa slíkt í stjórnarskrá."

Ég hef eingöngu vitnað í tvo umsagnaraðila en ég mun í næstu ræðu minni fara yfir hagfræði- og viðskiptadeildina. Þarna eru virðulegir fræðimenn, óumdeildir, að benda á, þó að hæstv. forsætisráðherra haldi (Forseti hringir.) öðru fram, að alls engin samstaða er um að setja svona ákvæði í stjórnarskrána. Þvert á móti vara virðulegir og vel virtir fræðimenn sérstaklega við því.

[01:53]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Þar sem klukkuna vantar nú fimm mínútur í tvö vildi ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann fari að gefa okkur einhverjar vísbendingar um hversu lengi hann hyggst halda fundi áfram. Á mælendaskrá er fólk sem hafði ekki reiknað með að fundurinn mundi dragast þetta lengi og ég verð þá að gera ráðstafanir til þess að kalla það fólk út ef hæstv. forseti ætlar að halda áfram lengi nætur.

Að vísu hefur þetta mál í sjálfu sér ekki verið rætt mjög lengi. Klukkan hálftólf í kvöld var búið að ræða það í 47 klukkutíma, en það náði þó ekki umræðutímanum sem t.d. vatnalögin tóku sem var 57 klukkutímar. Það var ekki hálfdrættingur á við fjölmiðlafrumvarpið, EES-samninginn eða Ríkisútvarpið. Í sjálfu sér má segja að þetta mál hafi ekkert verið rætt óskaplega (Forseti hringir.) lengi hér á þingi. En í tilefni af því að nú er komin mið nótt og gera þarf sérstakar ráðstafanir ef á að halda umræðu lengur áfram væri gott að fá betri upplýsingar um það.

[01:54]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseti þekkir öll þessi mál sem hv. þingmaður nefndi og hefur tekið þátt í umræðum um þau og finnst þessi umræða sem hér hefur verið algjör barnaleikur á við sumt það sem áður hefur gerst, en fagnar því að hv. þingmenn eru fúsir að halda áfram umræðunni og það verður svo enn um hríð.

[01:54]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Já, ég veit að sá hæstv. forseti sem nú situr á forsetastóli er margreyndur í því að ræða mál ítarlega í þinginu. Með breyttum þingsköpum er ræðutíma svo fyrirkomið að hann deilist þannig á milli þingmanna að menn þurfa að skipta með sér tímanum nokkuð reglulega og öðruvísi en áður var. Þetta kallar á, hæstv. forseti, að gera verður þær ráðstafanir að fólk sem er á mælendaskrá verði kallað út. En ætli hæstv. forseti ekki að halda áfram er í sjálfu sér óþarfi að gera því fólki rúmrusk sem er á mælendaskrá. Ég held að það sé nú útlátalaust fyrir hæstv. forseta að gefa okkur einhverjar vísbendingar um hversu lengi hann ætlar að halda áfram.

[01:55]

Forseti (Kristinn H. Gunnarsson):

Forseta sýnist að allir þeir sem eru á mælendaskrá geti komist að á þeim tíma sem ljóst er að umræðan muni standa inn í nóttina. (**ArnbS:** Þetta er ónákvæmt, hæstv. forseti.) Já. Forseta þykir leitt að geta ekki gefið nákvæmari svör, en þau eru þessi.

[01:56]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Eins og ég gat um í síðustu ræðu minni — sem var ekki nándar nærri búin, það er ekki viðbúið að ég klári með þessari 10 mín. ræðu minni, það er alltaf að styttast tíminn sem maður hefur til að ræða málin — þá sakna ég þess að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir eða hv. þm. Birkir J. Jónsson séu ekki viðstödd umræðuna því að ég veit raunar ekki um hvað ég á að tala. Ég veit ekki hvort hægt er að gera kröfu til þess um miðja nótt, kl. 2, að kalla þessa þingmenn til umræðu um málið en þau eru meðflutningsmenn á nefndarálitinu sem við ræðum, áliti sérnefndar, eftir 1. umr. Mér finnst það skipta töluvert miklu máli hvort 4. gr. er inni eða úti og það veit ég ekki, ég hreinlega veit ekki hvort ætlunin er að hafa hana inni eða úti.

Fyrst mér gefst tækifæri til þess ætla ég að fara í gegnum breytingar á stjórnarskránni eins og þær eru í dag. Þær eru afskaplega þunglamalegar, herra forseti. Strax og búið er að samþykkja breytingu á stjórnarskrá þarf að rjúfa þing. Hvað þýðir það praktískt? Að breytingar á stjórnarskrá eru alltaf gerðar í lok kjörtímabils. Það er reglan. Hvað gerist

þá, herra forseti? Þá er breytingin borin undir þjóðina í venjulegri alþingiskosningu þar sem fólk kýs flokka eftir efnahagsástandi, eftir velferðarmálum, eftir hinum og þessum sjónarmiðum, það er alls ekki að kjósa um stjórnarskrána. Kjósendur eru ekki að greiða atkvæði um stjórnarskrána eina og sér. Þingið er að sinna breytingum á stjórnarskránni í hjáverkum. Einhver nefnd er að störfum sem fjallar um breytingu á stjórnarskránni. Síðan kemur það inn í þingið og er rætt fram og til baka í þjóðfélaginu og í lok kjörtímabilsins er það samþykkt hér á Alþingi, þing rofið og svo greiðir þjóðin atkvæði um það ásamt með einhverju allt öðru.

Þjóðin er í rauninni að kjósa þingmenn fyrir næsta kjörtímabil og það er innifalið að hún greiði atkvæði um breytingu á stjórnarskránni. Yfirleitt vita menn ekkert af því þannig að það er ekki einu sinni til umræðu í kosningabaráttunni. Þetta finnst mér ekki vera nógu sniðugt. Ég tel að það sé mjög brýnt að breyta stjórnarskránni. Ég er búinn að fara í gegnum það nokkrum sinnum, fór vel í gegnum það í fyrstu ræðu minni að ýmislegt er mjög athugavert við stjórnarskrána, t.d. öll ákvæðin um forseta Íslands sem eru meira og minna plat. Gott dæmi er 26. gr. þar sem við fengum fyrir nokkrum árum þrjú merk lögfræðiálit, ég las þau öll og féllst á öll með mikilli aðdáun yfir þeirri lögspeki sem þar var að baki. En þau komust öll að mismunandi niðurstöðu, þessi þrjú álit. Stjórnarskráin er ekki greinilegri en það.

Ég tek undir með hv. þm. Dögg Pálsdóttur um 1. gr. og 3. gr., ef 4. gr. á að vera inni. Nú vitum við það ekki einu sinni. En segjum að 4. gr. eigi að vera inni og halda eigi stjórnlagaþing þá finnst mér dálítið skrýtið að verið sé að breyta stjórnarskránni rétt áður en á að fara að breyta henni, bæði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur og eins varðandi auðlindaákvæði. Sá grunur læðist að mér — ég hef nefnt það áður en maður neyðist til að endurtaka sig þegar nýir menn hlusta, nýir hv. þingmenn — að það eigi ekki að setja þetta stjórnlagaþing. Af hverju eru menn að breyta stjórnarskránni ef það á að koma á stjórnlagaþingi sem á að breyta henni alveg frá grunni? Þá er verið að taka fram fyrir hendurnar á stjórnlagaþinginu. Annaðhvort treysta menn ekki stjórnlagaþinginu eða ætla ekkert að setja það í gang eða trúa því að þar verði allt upp í loft og engin niðurstaða náist *og þess vegna sé eins gott að breyta stjórnarskránni pínulítið áður.*

Ég hef ekki enn þá farið í gegnum einstakar greinar í þeim breytingum sem fyrir liggja. Í 1. gr. er fjallað um fyrirbærið náttúruauðlindir. Þetta er í mínum huga mjög óskýrt hugtak. Í fyrsta lagi: Hvað er auðlind? Samkvæmt orðanna hljóðan er það lind sem auður vellur upp úr, mundi maður telja. Náttúruauðlind er þá væntanlega einhver auðlind í náttúrunni sem auður vellur upp úr.

Sú auðlind sem menn horfa oftast til eru fiskstofnarnir kringum landið. Mjög margir sjá þá sem hina einu sönnu auðlind og ekkert annað. Aðrir hafa svo uppgötvað að til er eitthvað sem heitir orka í fallvötnum og þar sprettur auður upp úr engu og svo er tíðnisvið rafsegulbylgna verndað sem auðlind. Rafsegulbylgjur eru útvarpsbylgjur, sjónvarpsbylgjur, ljós og annað slíkt, afskaplega vítt spektrum af bylgjum. En tíðnisvið rafsegulbylgna er að verða auðlind, selt dýrum dómi fyrir nokkrum árum um alla Evrópu fyrir milljarða dollara eða evrur eða hvað það nú er. Yfirleitt er allt það sem er takmarkað auðlind, það virðist vera lögmál.

Nú er það þannig að fiskveiðar á Íslandi voru mjög mannskæðar, þeim fylgdu hörmungar — ég get ekki talað um það án þess að geta þess að í pínulítilli frétt, sem lét lítið yfir sér, var sagt að í fyrsta skipti í Íslandssögunni hefði enginn sjómaður farist hér við land á síðasta ári. Það hefði átt að verða tilefni til hátíðarhalda, herra forseti, það er ekki lítið sem hefur verið lagt á þessa þjóð í gegnum aldirnar hvað varðar mannskaða við fiskveiðar. Það er það verð sem við höfum borgað fyrir fiskveiðarnar. Þegar skipakosturinn varð betri varð auðveldara að veiða fiskinn. Óttast var að honum yrði útrýmt og þá þurfti að takmarka aðganginn að fiskimiðunum. Þá fyrst varð þetta auðlind. Það er svo merkilegt með árnar sem menn tala núna um sem auðlind, orkuna, þær voru til bölvunar í sveitum landsins fyrr á öldum, skildu að héruð og menn og skepnur fórust í þessum jökulám. Allt í einu eru þær orðnar auðlind vegna þess að mannshugurinn, mannvitið, kom þar að. Það skyldi nú ekki vera í öllum tilfellum að auðlind verði ekki til fyrr enn mannauðurinn kemur að, hvort sem það er orka, rafsegulbylgjur, sjávarútvegur eða hvað það nú er. Þetta fyrirbæri, náttúruauðlind, er í rauninni mannauður. Þess vegna er í mínum huga alls ekki klárt hvað náttúruauðlind er, það breytist. Það sem einu sinni var til bölvunar, Þjórsá t.d., er nú auðlind.

Svo er það þjóðareignin. *Ég veit hvað er mín eign.* Ég get selt það sem ég á, ég get eyðilagt það, ég get gert við það það sem ég vil. Bíllinn minn t.d., ég má nota hann, ég má veðsetja hann og ég má selja hann. En þjóðareign, hvað skyldi það nú vera? Getur maður veðsett þjóðareign? Getur maður selt hana? Getur einhver hluti af þjóðinni selt þjóðareignina, sinn part? Getur einn maður komið og sagt: Ég ætla að ná í 1:300.000 af þessari eign? Nei, það er ekki hugsunin. Þetta er eitthvert algilt hugtak sem ég fæ engan botn í. Þetta er ekki eign, getur ekki verið það fyrir utan það að hugtakið þjóð er heldur ekki klárt í hugum manna því að rétt á eftir stendur: „Ríkið fer með forsjá þeirra.“ Ríkið! Það er allt annað. Ríkið er lögpersóna sem stýrir ríkisvaldinu, innheimtir skatta, sér um velferðarkerfið. Í mínum huga, eins og ég gat um í einni ræðu minni, sem ég hélt um *miðja nótt, hefur ríkið þann eina tilgang að vernda mannréttindi* og stjórnarskráin hefur þann eina tilgang að segja frá því hvaða mannréttindi eru í gildi.

Nú sé ég að tími minn er liðinn og ég er ekki búinn að ræða nema takmarkað um 1. gr. þannig að ég þarf sennilega að taka aftur til máls. Draumur hæstv. forseta um að þessu máli sé lokið — ef öðrum liggur svona margt og mikið á hjarta eins og mér þá held ég að langt verði í það að umræðunni verði lokið. Þó að hægt sé að taka ræðutíma hvers og eins, leggja hann saman og fá út einhverja tölu, kl. 3 eða 4 í nótt, þá er langt í frá að svo sé hvað mig varðar alla vega.

[02:06]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram í kvöld og þær viðræður sem við höfum átt hafa gert það að

verkum að ég met það þannig að á þessum tímapunkti sé rétt að leggja það til við forseta að þessari umræðu verði frestað, málinu vísað til nefndar þar sem reynt verði til þrautar að kanna möguleikana á því að hægt sé að ljúka þessu stjórnarskrármáli í sátt. Ég held að það væri mikill bragur að því fyrir þingið að geta lokið því þannig að allir séu sæmilega sáttir um þá niðurstöðu sem hugsanlega gæti orðið. Til þess að hægt sé að ná sátt tel ég að málið þurfi að koma til nefndar. Því ætla ég að leyfa mér, virðulegi forseti, að leggja það til að umræðu um þetta mál verði frestað og því vísað til sérnefndar um stjórnarskrármál.

[02:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari tillögu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Ég tek undir þau sjónarmið hans að mikill bragur sé á því að taka málið til nefndar við þessar aðstæður og eins og staðið er að málinu um þessar mundir. Ég treysti því að forseti verði við þessum tilmælum formanns sérnefndarinnar.

[02:08]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti tekur þessum tilmælum og frestar 4. máli á dagskránni, stjórnarskipunarlögunum. Málið gengur þá til sérnefndar um stjórnarskrármál.

Frumvarpið gengur (í 2. umr.) til stjórnarskrárn. s.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5. og 8.–10. mál.

Fundi slitið kl. 02:09.

---

132. FUNDUR

miðvikudaginn 15. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, frv., 461. mál, þskj. 931. — 3. umr.
3. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 409. mál, þskj. 930, frhnál. 933, brtt. 858,2.c-d. — 3. umr.
4. Tekjuskattur, stjfrv., 410. mál, þskj. 932. — 3. umr.
5. Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 366. mál, þskj. 868, frhnál. 922. — 3. umr.
6. Bjargráðasjóður, stjfrv., 413. mál, þskj. 851. — 3. umr.
7. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 852, brtt. 865. — 3. umr.
8. Lífsýnasöfn, stjfrv., 123. mál, þskj. 811, brtt. 887. — 3. umr.
9. Barnaverndarlög og barnalög, frv., 19. mál, þskj. 793, frhnál. 832. — 3. umr.
10. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 356. mál, þskj. 606, nál. 843 og 862, brtt. 844 og 863. — 2. umr.
11. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 411. mál, þskj. 696, nál. 903 og 911, brtt. 912. — 2. umr.
12. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 664, nál. 884 og 910. — 2. umr.
13. Sjúkraskrár, stjfrv., 170. mál, þskj. 205, nál. 880. — 2. umr.
14. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, frv., 157. mál, þskj. 183, nál. 839. — 2. umr.
15. Almenn hegningarlög, frv., 342. mál, þskj. 583, nál. 885, brtt. 886. — 2. umr.
16. Ríkisendurskoðun, frv., 416. mál, þskj. 705, nál. 866. — 2. umr.
17. Skaðabótalög, frv., 438. mál, þskj. 747. — 2. umr.
18. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, stjfrv., 359. mál, þskj. 610, nál. 860. — Frh. 2. umr.
19. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 454. mál, þskj. 829. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðaust.

[10:32]

Útbýting:

Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, 461. mál, þskj. 931.

Störf þingsins.

Stefna VG í efnahagsmálum – orð þingmanns um framlög til stjórnmálaflokka.

[10:32]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Kosningabaráttan er farin að taka á sig nokkuð einkennilega mynd ef frambjóðendur og forusta Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru farin að sýna sitt rétta andlit. Á borgarafundi sem Ríkisútvarpið stóð fyrir sem haldinn var í Reykjavík í gær lýsti varaformaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Katrín Jakobsdóttir, því yfir að það væri stefna Vinstri grænna að lækka laun opinberra starfsmanna. (**Gripið fram í:** Og hækka skatta.) (Gripið fram í.) Það eru auðvitað mikil ótíðindi fyrir opinbera starfsmenn sem enn hafa vinnu að Vinstri grænir áformi að lækka launin þeirra en það eru afar mikil ótíðindi þegar önnur stefnumál Vinstri grænna eru skoðuð samhliða, þ.e. að Vinstri grænir hafa líka uppi áform um að hækka skatta á launafólk í landinu. Að mínu mati er það aðför að heimilunum í landinu.

Nú þegar 18.000 einstaklingar ganga atvinnulausir,

margir hafa þegar tekið á sig launalækkanir, vextir eru háir og verðbólga líka sýna íslenskir vinstri menn 10 dögum fyrir kosningar sitt rétta andlit. Þeir ætla að lækka laun fólksins í landinu og hækka skattana á fólkið í landinu. Ég spyr hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, þingmann Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hvort þetta geti virkilega verið. Getur virkilega verið að framlag Vinstri grænna til að bjarga heimilunum í landinu sé það að lækka laun fólksins í landinu og í ofanálag hækka skattana á það og þar með (Forseti hringir.) lækka ráðstöfunartekjur (Forseti hringir.) og auka enn frekar á þann mikla vanda sem nú steðjar að heimilunum í landinu.

[10:35]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni kærlega fyrir það tækifæri sem ég fæ til að skýra stefnu Vinstri grænna í atvinnumálum. Mig langar til að árétta það sem varaformaður Vinstri grænna, hæstv. menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir, sagði á opnum fundi Ríkisútvarpsins í gær, það er stefna okkar að fara blandaða leið í því að stoppa í fjárlagagatið, í hallann sem Sjálfstæðisflokkurinn skilur eftir handa þessari þjóð. Við þurfum að gera það bæði með því að hækka skatta og með því að skera niður. Það er eitt af því sem varaformaður okkar sagði í gær.

Lykilatriðið í því hvernig á að nálgast þessa hluti er að jafna kjörin og verja störfin. Það er ekki nóg að segja: Við ætlum að skapa 20.000 störf, eins og sagt var á landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Það þarf að verja þau störf sem fyrir eru og sérstaklega störfin í velferðarþjónustunni, heilbrigðisþjónustunni, félagsþjónustunni og menntakerfinu. Þar þarf að verja störfin og það er mikilvægt að þar verði kjörin jöfnuð þannig að frekar geti fleiri komið að en að sumir *haldi ofurlaunum sínum* og aðrir *missi vinnuna*. Það eru þegar komin fordæmi fyrir þessu í heilbrigðisþjónustunni þar sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur náð töluverðum árangri og ætlar sér meira í því að lækka laun sérfræðilæknanna og þeirra sem eru á hæstu laununum. Til hvers? Til að verja kvennastörfin sem eru lægst launuð í heilbrigðisþjónustunni. Það hefur orðið launalækkun á almennum vinnumarkaði og ég tek undir með varaformanni Vinstri grænna, það þarf auðvitað líka að jafna kjörin hjá opinberum starfsmönnum (Forseti hringir.) ef við ætlum að verja störfin.

[10:37]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Þetta er sérkennileg umræða sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson byrjar á og ræðan þar sem hann talar um aðför að launafólki. Aðförin að launafólki í þessu landi er sú aðför sem Sjálfstæðisflokkurinn stóð fyrir, (Gripið fram í.) m.a. með bankahruninu, og nú gala þingmenn Sjálfstæðisflokksins og eru orðnir leiðir á að heyra þennan söng. En þessi söngur verður aldrei of oft sunginn. Það þarf að upplýsa þjóðina (Gripið fram í.) og minna hana á það reglulega að Sjálfstæðisflokkurinn bar ábyrgð á efnahagshruninu, sem kemur síðan og talar um aðför að launafólki.

Það er alveg ljóst að íslensk þjóð mun þurfa að bera byrðarnar af efnahagshruninu og stefnu Sjálfstæðisflokksins til margra ára. (**Gripið fram í:** Og hvað ...?) Íslensk þjóð mun þurfa að bera þær byrðar í boði Sjálfstæðisflokksins. Engum er greiði gerður með því að segja þjóðinni ósatt eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert um langt skeið, *hvort sem hann er að tala um þær raunverulegu skuldir sem* þjóðin þarf að bera, það raunverulega ástand sem hér var að skapast í efnahagsmálum allt síðasta ár eða hvort hann talar um sín innri mál. Hann segir þjóðinni ósatt.

Það sem við segjum einfaldlega er að við viljum að það verði komið á jafnrétti og réttlæti í skattamálum. Það var ekki gert meðan Sjálfstæðisflokkurinn fór með skattamál í þjóðfélaginu. (Gripið fram í.) Við viljum koma á jöfnuði og við gerum okkur grein fyrir því að allir þurfa að bera einhverjar byrðar, því miður, en þannig er það og þjóðin á rétt á að fá að vita hvernig menn vilja standa að því. (Gripið fram í.)

Við viljum í fyrsta lagi koma á jöfnuði í skattkerfinu. Við viljum koma í veg fyrir skattundanskot og erum að vinna að því í þinginu til að allir leggi sitt af mörkum. Við viljum að þeir sem bera mest úr býtum, þrátt fyrir allt, leggi meira af mörkum, að þeir sem eiga mjög miklar og stórar eignir eða hafa mjög miklar fjármagnstekjur sem enn þá eru þó einhverjir í samfélaginu leggi sanngjarnt af mörkum (Forseti hringir.) í stað þess að leggja mestu byrðarnar á þá sem minnst hafa.

[10:39]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Það er með ólíkindum að heyra talsmenn Sjálfstæðisflokksins og málflutning þeirra. Þetta er flokkurinn sem stóð að *hruni efnahagskerfisins*. Þetta er flokkurinn sem ber ábyrgð á því að það er 170 milljarða kr. halli á fjárlögum þessa árs og stór hluti af því er vaxtagreiðslur vegna erlendra lána, ekki sem almenningur tók, nei, þetta eru ofurlaunaliðið sem hefur fóðrað Sjálfstæðisflokkinn undanfarin ár. Á 18 ára valdaferli Sjálfstæðisflokksins kom hann sér upp ofurlaunaliði sem fóðraði hann.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson ætti kannski að gera grein fyrir því hvað Sjálfstæðisflokkurinn borgaði fyrir að þiggja fjármagn frá FL Group, frá Landsbankanum, frá ofurlaunaliðinu sem hann ver nú. Hvað þurfti hann að borga fyrir það? Væri ekki nær að hv. þingmaður skýrði það út? (Gripið fram í.) Hver hefur skattstefnan verið hjá Sjálfstæðisflokknum á undanförnum árum? Jú, fella niður skatta á hátekjufólkið (Gripið fram í.) en hækka skatta á lágtekjufólkið. Þetta hefur verið skattstefna Sjálfstæðisflokksins á undanförnum árum.

Við vinstri græn viljum jöfnuð. Við viljum ekki fóðra ofurlaunalið Sjálfstæðisflokksins. Það er alveg hárrétt, hvort sem það er í ríkisfyrirtækjum eða einkageiranum. Við viljum ekki fóðra ofurlaunalið Sjálfstæðisflokksins. Við teljum að það eigi að nota það svigrúm til að jafna kjörin, lækka laun þeirra sem eru með himinhá laun til að geta fært laun til þeirra sem eru með lægri laun, til að geta tryggt sem flest störf í landinu. En Sjálfstæðisflokkurinn ver ofurlaunaliðið sitt og það er greinilega launa-, kjara- og skattstefna *Sjálfstæðisflokksins* (Forseti hringir.) að verja sitt ofurlaunalið sem er búið að fóðra hann undanfarin 18 ár.

[10:42]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Mönnum hættir dálítið til að mála myndina sterkum litum í aðdraganda kosninga og þá þeim litum sem mönnum þykir best henta. Þá getur verið ágætt að fara svolítið yfirvegað yfir málið. Ég held að það væri ástæða til að reyna að draga upp myndina eins og við vitum hana sannasta og besta.

Í fyrsta lagi eru skuldirnar ekki það fjall sem sagt hefur verið að þær séu. Eins og málið lítur út núna eru þær skuldir sem skattgreiðendur koma til með að þurfa sannarlega að greiða í fyrsta lagi það sem fellur á ríkissjóð vegna Icesave-reikninganna. Við vitum ekki hvað það er mikið. Það hefur verið áætlað að það væru 72 milljarðar en það er óvíst. Menn gera sér vonir um að það verði ekki neitt. Hugsanlega verður um að ræða vaxtagreiðslur af skuldinni þar til tekist hefur að selja eignirnar sem standa á bak við þær kröfur.

Í öðru lagi þurfa skattgreiðendur að greiða fjárlagahallann sem verður núna og á næstu árum. Þetta eru stærstu tölurnar sem skattgreiðendur þurfa að borga og það er viðfangsefni ríkisstjórnar á komandi kjörtímabili fyrst og fremst, þ.e. að ljúka samningum og innlausn eigna við Icesave-reikningana annars vegar og ná tökum á ríkisfjármálunum hins vegar. Það skiptir miklu máli að vel takist til. Það er ekki hægt að leggja til neinar lausnir í því að ná tökum á ríkisfjármálum. Menn verða að hækka skatta og menn verða að lækka útgjöld. Það er alveg sama hvaða skoðanir menn hafa á því í grundvallaratriðum, þegar kemur að því að leysa svo stórt viðfangsefni sem fjárlagahallinn er núna, upp á 150 milljarða, eru engar aðrar lausnir til og menn eiga ekki að tala eins og það sé hægt.

[10:44]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þekki hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson ekki fyrir sama mann. Er þetta ekki sami hv. þingmaður og hækkaði tekjuskattsprósentuna um áramótin sem viðbrögð við kreppunni? Er þetta ekki sami hv. þingmaður og stóð að niðurskurði í heilbrigðiskerfinu, flötum niðurskurði sem auðvitað bitnaði á kjörunum þar? Er þetta ekki sami hv. þingmaður og tók þátt í því að senda út skilaboð um að lækka ætti þau laun sem heyra undir kjaradóm? Er ekki hv. þingmanni ljóst að frjálshyggjan hefur hrunið og það þarf að greiða reikninginn?

Við þurfum að deila því og við þurfum að deila því réttlátlega. Við höfum tekið á okkur launalækkun hér. Fjölmargir í samfélaginu hafa tekið á sig launalækkanir og þannig verður það. Það er furðulegt að koma upp eftir það sem á undan er gengið og eftir það að hafa hækkað skatta á lág- og meðaltekjufólk árum saman með því að halda niðri persónuafslættinum og hrópa um það að einhverjir þurfi að greiða reikninginn. Auðvitað er það bara þannig. Þá skiptir máli að forgangsraða og það skiptir máli að standa vörð um störfin í velferðarþjónustunni og ef fara þarf í skattahækkanir eiga þær að lenda á þeim sem mest bera úr býtum. Þá skiptir máli að staðinn sé vörður um lág- og meðaltekjufólkið sem Sjálfstæðisflokkurinn skattpíndi árum saman. Þannig er það bara, virðulegur þingmaður Sigurður Kári Kristjánsson.

[10:46]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart og er eðlilegt að íslenskir vinstri menn í þinginu séu núna orðnir býsna órólegir þegar staðfest hefur verið að þeir ætla sér að lækka laun opinberra starfsmanna og hækka skattana á heimilin í landinu á sama tíma. Það var staðfest í ræðu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur og hún ætlar að fara svokallaða blandaða leið, (**Gripið fram í:** Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn ...) lækka launin og hækka skattana. (Gripið fram í.)

Sjálfstæðisflokkurinn er ekkert að tala um það að fóðra eitthvert ofurlaunalið. (Gripið fram í.) Við gagnrýnum það, (Gripið fram í.) ég gagnrýni það að hæstv. ráðherra Katrín Jakobsdóttir sagðist í sjónvarpsþætti í gær vilja lækka laun opinberra starfsmanna. Ég gagnrýni að Vinstri grænir ætli að lækka laun opinberra starfsmanna á sama tíma og þeir ætla að hækka skattana á þetta sama fólk og rýra ráðstöfunartekjur heimilanna í landinu. Vinstri grænir munu ekki koma heimilunum í landinu til hjálpar með því að taka stærri hluta af launum þeirra inn í ríkissjóð, fólk sem hefur þurft að taka á sig launalækkanir, býr við háa vexti og háa verðbólgu. (**Gripið fram í:** Hver er stefna Sjálfstæðisflokksins í skattamálum?) Það sem meira er ... (Gripið fram í.) Stefna Sjálfstæðisflokksins er alveg skýr. Við ætlum ekki að standa að aðför að heimilunum í landinu með því að hækka skattana, (Gripið fram í.) það er alveg skýrt. (Gripið fram í.) Við höfum lýst því yfir að Sjálfstæðisflokkurinn muni ekki hækka skatta á heimilin í landinu. (Gripið fram í.) Við björgum ekki málefnum heimilanna með því að hækka skattana í landinu. (Gripið fram í.)

Mér sýnist að forustumenn Vinstri grænna ætli meira að segja að ganga lengra (Gripið fram í.) því að hæstv. menntamálaráðherra hefur lýst því yfir að hún ætli að taka að sér kennslustörf í Háskóla Íslands og vera þar af leiðandi í tvöfaldri vinnu (Forseti hringir.) á tvöföldum launum væntanlega. Væri ekki nær að fá einhvern (Forseti hringir.) með kennsluréttindi sem er atvinnulaus til þess að sinna þessum brýnu verkefnum frekar en (Forseti hringir.) þingmann í fullri vinnu? (Forseti hringir.)

[10:48]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að jafna stundakennslu við Háskóla Íslands við stjórnarformennsku í N1 en það kemur kannski að því að menn fari að rifja upp hvernig menn sinna þingstörfum (Gripið fram í.) og eru í öðrum störfum með. Sjálfstæðisflokkurinn getur lítið kennt okkur, það er bara þannig. Hann hefur skilið eftir sig sviðna jörð, rjúkandi rúst. Svo kemur hann hér og segir að það ætli einhverjir aðrir að fara að ráðast að heimilunum í landinu. (Gripið fram í.)

Hvernig er komið fyrir heimilunum í landinu? Sjálfstæðisflokkurinn lætur eins og hann sé fæddur í gær, alla vega eins og hann hafi ekki komið að stjórnmálum fyrr en eftir 1. febrúar sl. Hér töluðu bæði formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins í gær um það ... (Gripið fram

í.) Ég ætla að biðja hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur um að leyfa mér að klára. Formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins hjóluðu sig upp í það í gær að allt í einu væri orðið eitthvert gengisfall. (Gripið fram í.) Má ég minna Sjálfstæðisflokkinn á að þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins sagði fyrir réttu ári síðan, þegar hann stóð frammi fyrir 30% gengisfalli á íslensku krónunni, að botninum væri náð. En það var sko aldeilis ekki svo. (Gripið fram í.) Það tók við önnur dýfa og við ætlum að reyna að koma í veg fyrir að það komi enn önnur verri dýfa eftir þessar kosningar með því að halda Sjálfstæðisflokknum frá völdum. Við ætlum að verja heimilin í landinu, við ætlum að jafna kjörin (**Gripið fram í:** Hækka skattana.) og við ætlum að verja störfin (**Gripið fram í:** Hækka skattana.) í þessu landi. (Gripið fram í.)

Það er ekkert sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins geta kennt okkur í (Gripið fram í.) því vegna þess að þeirra leiðir (**Gripið fram í:** Hækka skattana ...) hafa fallið á prófinu. (**Gripið fram í:** Hækka skattana og lækka launin.)

[10:50]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Þetta er vissulega nokkuð merkileg umræða en væntanlega eru allir vissir um það í þessum þingsal að kjör þjóðarinnar hafa rýrnað vegna þess sem hér hefur borið að og á þeim tíma sem það gerðist stjórnaði Sjálfstæðisflokkurinn landinu. Varla þarf um það að deila, hæstv. forseti.

Ég vil taka upp ummæli sem hv. þm. Kristján Þór Júlíusson viðhafði fyrir örfáum dögum þegar verið var að ræða fjármuni sem stjórnmálaflokkar hafa fengið frá einstökum aðilum, þá milljónatugastyrki. Hv. þingmaður sagði þá eitthvað á þá leið að allir stjórnmálaflokkar sem störfuðu á Alþingi hefðu tekið þátt í bullinu, eins og hann orðaði það. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu, hæstv. forseti, og tel að hv. þingmaður eigi að draga þessi ummæli sín til baka. Að því er varðar Frjálslynda flokkinn liggur alveg ljóst fyrir hvaða styrki við höfum fengið á undanförnum árum og frá hverjum þeir hafa komið. Svo að ég upplýsi það hér fengum við 3.652 þús. kr. á árinu 2006, það skal endurtekið: 3.652 þús. kr. Það voru engir milljónatugir, og af því kom ein milljón frá einum aðila. Á árinu 2007 fengum við 4.825 *þús. kr. frá mörgum aðilum enda voru þá komin lög um* 300 þús. kr. hámark.

Ég mótmæli því þeim orðum sem Kristján Þór Júlíusson hafði um stjórnmálaflokka sem störfuðu á Alþingi, að þeir hefðu allir tekið þátt í þessu bulli og tekið við milljónatugum í gjafir. Það eru ósannindi.

[10:52]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar, það er ömurlegt að vita til þess þegar stjórnmálaflokkur hefur þegið mútur — ég segi mútur, og stjórnmálamenn vita upp á sig skömmina. Þegar um óeðlilega háar fjárhæðir er að ræða í styrkjum til stjórnmálaflokka eru það ekkert annað en mútur. Það verður að kalla þessa hluti réttum nöfnum. Hv. þm. Kristján Þór Júlíusson á að biðjast afsökunar á því að hafa sagt að allir stjórnmálaflokkar á Alþingi Íslands væru jafnsekir. Það er ömurlegt að heyra hvernig menn reyna að breiða yfir vinnubrögð sinna flokka í þessum málum.

Við erum hér að glíma við mjög sjúkt samfélag og sjúka pólitík sem lætur það viðgangast að þiggja mútur í tíma og ótíma og sjálfstæðismenn ættu fremstir í flokki að biðjast afsökunar á því hvernig þeir hafa hagað sér og hvernig þeir hafa umgengist íslenskt samfélag. En það eru ekki bara sjálfstæðismenn sem þiggja háar greiðslur, það eru líka menn í Samfylkingunni sem þegið hafa peningagjafir frá bönkum og þeir stóðu sig ekki í eftirliti með bönkunum. Kaupþing banki borgaði Samfylkingunni 5 milljónir rétt áður en ný lög voru sett. Það eru kannski smáaurar miðað við það sem FL Group og Landsbankinn gerðu fyrir Sjálfstæðisflokkinn og það er grafalvarlegt mál. Hér þurfum við að fjalla um þessi mál (Forseti hringir.) — Alþingi Íslendinga á að fjalla um þessi mál.

[10:55]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að bregðast við vegna alveg ótrúlegrar umræðu af hálfu þingmanna Vinstri grænna og Samfylkingarinnar. Hv. þm. Jón Bjarnason fullyrðir það eins og hann sé að tala í alvöru að Sjálfstæðisflokkurinn hafi staðið að hruninu. Þvílík ummæli og fullyrðingar eru náttúrlega ekki samboðnar þingmanni á Alþingi Íslendinga.

Í aðdraganda kosninganna 2007 var staða okkar Íslendinga *talin öfundsverð í öllu tilliti. Að loknum kosningum* 2007 slógust Samfylkingin og Vinstri grænir um að fá að fara í stjórn með Sjálfstæðisflokknum, það liggur fyrir. Hæstv. núverandi fjármálaráðherra var stórmóðgaður vegna þess að hann missti af strætisvagninum í hendurnar á Samfylkingunni sem fór í samstarf með Sjálfstæðisflokknum.

Síðan þekkjum við hvað hefur gerst. Að halda því fram að hið alþjóðlega bankahrun og sú staða sem í kjölfarið varð sé einum stjórnmálaflokki að kenna er ótrúlegur málflutningur, hann er ekki samboðinn ágætum hv. þingmönnum á Alþingi Íslendinga. (Gripið fram í.) Stóryrði af hálfu þessara ágætu þingmanna eru svipuð og Jón sterki í Skugga-Sveini viðhafði: „Sáuð þið hvernig ég tók hann?“ Og síðan ekki söguna meir. Verkin birtast ekki og það stefnir allt í voða hjá okkur. Við þekkjum hvernig staðan í *gengismálunum er, við sjáum hvað ríkisstjórnin ætlar að* gera. Hún ætlar fyrst og fremst að auka útgjöld ríkisins. Hún sér eingöngu leið til uppbyggingar í atvinnulífinu með því að auka útgjöld, (Forseti hringir.) bæta við ríkisstarfsmönnum og lækka laun (Forseti hringir.) opinberra starfsmanna. Það er mjög athyglisvert útspil.

[10:57]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að beina því til forseta að hann bregðist við því þegar svo alvarlegar ásakanir eru í ræðustólnum, um mútuþægni. Það er ekki við hæfi að þingmenn beri svona staðlausa stafi hver á annan.

Ég vildi að öðru leyti bregðast við því sem hér hefur komið fram varðandi hver eru skilaboð Vinstri grænna. Hæstv. menntamálaráðherra, varaformaður Vinstri grænna, kom með þau skilaboð í gærkvöldi að lækka ætti laun ríkis-

starfsmanna og jafnframt að hækka ætti skatta. Það eru nú skilaboðin og bjargráðin sem koma úr þeim herbúðum. Það er algjört úrræðaleysi í atvinnumálum. Það má ekki nýta orkulindirnar til að skapa störf. (Gripið fram í.) Hvernig á að nýta orkulindirnar til að skapa störf? Það má ekki ljúka hér málum á Alþingi sem snúa að því að klára eigi (Gripið fram í.) samninga um álverið í Helguvík vegna andstöðu Vinstri grænna. Það er staðan sem við höfum.

Það má ekki semja um loftslagsákvæðin fyrir Ísland. Það þola Vinstri grænir ekki. Það eru engin úrræði hvað varðar atvinnumál. Menn geta ekki brugðist við varðandi gengismálin og eina sem kemur úr ræðustóli á Alþingi frá hv. þingmönnum Vinstri grænna er hálfsannleikur um öll mál og atvinnumálin, nei. (Forseti hringir.) Það sem gæti hugsanlega bjargað í þeim hremmingum (Forseti hringir.) sem við göngum í gengum núna — (Forseti hringir.) nei, það má ekki gera neitt í atvinnumálum. Við skulum skattpína þjóðina, (Forseti hringir.) það eru skilaboðin. (Gripið fram í.)

[10:59]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Það er ótrúlegt að hlusta á málflutning sjálfstæðismanna hér. Manni dettur í hug þegar þeir tala um aðför að launafólki: Þeir sletta skyrinu sem eiga það. Eða kannski er við hæfi í Sjálfstæðisflokknum að segja: Þeir hræra skyrið sem eiga það, eins og frægt er orðið.

Þær byrðar sem lagðar eru á íslenska þjóð eru til komnar vegna efnahagshrunsins (Gripið fram í.) og það er vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn brást ekki við ástandinu. Þegar hv. þm. Sturla Böðvarsson kemur hér og talar um fögru myndina 2007 — það höfðu margir í samfélaginu, bæði sérfræðingar og stjórnmálamenn, m.a. Vinstri hreyfingin – grænt framboð, varað við ástandinu hér missirum saman en leiðtogar Sjálfstæðisflokksins skelltu skollaeyrum við.

Fyrir ári síðan stóð þáverandi hæstv. forsætisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, hér og sagði: Botninum er náð. Þó vissi hann á því augnabliki hver staðan var vegna þess að allar eftirlitsstofnanir höfðu varað við. En þjóðinni var ekki sagt satt. Það er því alveg ljóst að þær byrðar sem þjóðin mun þurfa að bera á næstunni eru til komnar vegna efnahagshrunsins og það sem skiptir mestu máli núna er hvernig er unnið úr þeirri stöðu sem við erum í. (Gripið fram í.) Það ætlum við að gera með réttlæti.

Formaður Sjálfstæðisflokksins Geir H. Haarde sagði hér fyrir áramót: Það er ekki hægt að útiloka skattahækkanir. (Gripið fram í.) Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði líka í sjónvarpsþætti: Það er ekki hægt að útiloka skattahækkanir. (Gripið fram í.) En þegar spunameistarar Sjálfstæðisflokksins bentu honum á að Sjálfstæðisflokkurinn væri að öllum líkindum á leið í langa stjórnarandstöðu, hentaði þeim að segja: Að sjálfsögðu ætlum við ekki að hækka skatta.

Allir þurfa að bera auknar byrðar í einhverjum mæli. Það hafa margir orðið fyrir launalækkun á almenna markaðnum, í opinbera geiranum, það eru bara staðreyndir sem við skulum horfast (Forseti hringir.) í augu við og ekki reyna að blekkja þjóðina eins og Sjálfstæðisflokkurinn (Forseti hringir.) hefur gert í áravís.

[11:02]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Hér á undan mér talaði hv. handhafi réttlætisins, Árni Þór Sigurðsson. Eitt var hins vegar rétt sem hann sagði, eftir að hafa haldið langa ræðu um fortíðina, að það sem skipti mestu máli væri hvernig við héldum á þessu í framtíðinni. Ég kunni vel að meta það sem hæstv. menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir sagði af hreinskilni í þætti í gær, að flokkur hennar mundi vilja hækka skatta og lækka laun. Þessa hreinskilni kann ég vel að meta. Þetta er það sem við höfum kallað eftir í þessari kosningabaráttu, að flokkarnir legðu á borðið hvernig (Gripið fram í.) þeir ætluðu að nálgast vandamálið í framtíðinni. Ég verð hins vegar að vara við því að menn einblíni á þessa leið í einhverri blindni og telji hana allra meina bót, að vefja saman skattalækkanir og launalækkanir, því að það getur leitt okkur inn í vítahring. Ef við lækkum launin lækkum við líka tekjur ríkisins og þá þurfum við væntanlega að hækka skattana til að vinna upp á móti þeirri tekjulækkun sem þar varð. Þá lækkum við líka aftur tekjur ríkisins vegna þess að það er beint samhengi á milli launanna, á milli skattanna og einkaneyslunnar og beint samhengi á milli einkaneyslunnar og skatttekna ríkis og sveitarfélaga. Það má því gera ráð fyrir að 40% af þeirri upphæð sem laun yrðu lækkuð um muni verða lækkun á tekjum ríkisins. Lausnin felst ekki í því að lækka laun og skattleggja. Lausnin felst í því, herra forseti, að auka verðmætasköpunina, taka á vandanum á þann hátt.

[11:04]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Eitt af því sem Sjálfstæðisflokkinn hefur sárlega skort á síðustu missirum, eiginlega alveg síðan Davíð Oddsson var þar forustumaður, er einmitt forusta og samráð og einbeitt stefna. Það kemur fram í þessari umræðu með því móti að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa ekki talað einni rödd, því að þeir saka Vinstri græna og vinstri menn í þingsalnum, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði, um fernt í senn, í fyrsta lagi að hækka skatta, í öðru lagi að lækka launin, í þriðja lagi að auka ríkisútgjöldin og í fjórða lagi að brjóta niður atvinnulífið. (Gripið fram í.) Það er nú nóg fyrir Sjálfstæðisflokkinn, eins og komið er fyrir honum, að rökstyðja eitt af þessum fjórum atriðum en þegar þau eru komin saman öll fjögur er það eiginlega orðið of mikið, þá er það orðið bókmenntabragðið ýkjur sem hætt er við að skjóti fram hjá því marki sem til stóð að skora í að þessu sinni.

Ég held að það væri ráð að Sjálfstæðisflokkurinn tæki sér nú smáhlé á þingstörfum sínum, sem eru orðin allmikil síðustu daga og jafnvel önnur störf líka, og kæmi sér saman um eina árásarlínu í þessu máli, annaðhvort að við ætlum að hækka skatta eða við ætlum að auka útgjöld eða við ætlum að lækka launin eða við ætlum að brjóta niður atvinnulífið. Ekki allt fernt í senn, það er svolítið ólíklegt að jafnvel hinir heimsku vinstri menn sem ekki hafa neitt vit á peningum eins og allir vita, (Gripið fram í.) því að það eru bara Sjálfstæðisflokkurinn sem hefur vit á peningum eins og hann hefur sýnt síðustu daga með 30 millj. og 25 millj. og 5 millj. í viðbót, fari að koma sér saman um línu í þessu. (Gripið fram í.)

Svo vil ég segja það að auki vegna orða hv. þm. Grétars Mars Jónssonar að hann verður að finna þeim staðhæfingum sínum grunn að einhverjir einstakir menn úr Samfylkingunni hafi verið að þiggja peninga í samfélaginu umfram það sem eðlilegt þótti á þeim tíma. Það er fráleitt, forseti, að bera saman styrkþágu (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokksins upp á 30 og 25 millj. frá fyrirtækjum sem þá stóðu í miklum viðskiptum við stjórnvöld og síðan það innheimtukerfi sem þá tíðkaðist í öðrum (Forseti hringir.) stjórnmálaflokkum. Það er aldeilis gjörsamlega fráleitt. (**Gripið fram í:** Hvaða kennitölu hefur Samfylkingar... í Reykjavík?)

Umræðu lokið.

Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, 3. umr.

Frv. allshn., 461. mál (heildarlög). — Þskj. 931.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálafyrirtæki, 3. umr.

Stjfrv., 409. mál (slitameðferð og kostnaður af störfum skilanefnda). — Þskj. 930, frhnál. 933, brtt. 858,2.c–d.

[11:07]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég ætla að gera stuttlega grein fyrir framhaldsnefndaráliti frá hv. viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Við atkvæðagreiðslu í gær voru kallaðar til baka tvær tillögur, c- og d-liðir 2. tölul. breytingartillagna á þskj. 858. Um þessar breytingartillögur og þær athugasemdir sem voru nokkuð margar sem nefndinni bárust á milli umræðna fjallaði nefndin á fundi sínum í kvöldverðarhléi í gærkvöldi. Niðurstaða þess fundar er að báðar tillögurnar verði kallaðar aftur og komi ekki til afgreiðslu. Rökstuðninginn er að finna í framhaldsnefndaráliti á þskj. 933 þar sem bent er á að fyrri breytingartillagan varðaði það að við bættist að slitastjórn skuli áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna taka við þeim verkefnum sem skilanefndum er ætlað að halda áfram að sinna samkvæmt 3. tölul. ákvæðisins í frumvarpinu, þ.e. ákvæðis til bráðabirgða II, en þá yrði liðið um það bil ár frá því að nefndirnar hófu störf. Þessi tillaga hefur sætt gagnrýni eins og fram kom í umræðum í gær, m.a. af hálfu skilanefnda og ýmissa kröfuhafa. Nefndin lagði breytinguna til í ljósi þess að frumvarpið er afrakstur heildarendurskoðunar á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar einmitt um slitameðferð fjármálafyrirtækja og taldi nefndin eðlilegt að innan ekki allt of langs tíma yrði einungis farið að hinum nýju reglum en ekki yrði um tvöfalt kerfi að ræða til langframa. Nefndin fellst á það sjónarmið sem kom fram hjá ýmsum þeim sem sendu athugasemdir og komu fyrir nefndina að óþarft sé að tilgreina tiltekinn tíma í þessu efni en gerir eftir sem áður ráð fyrir því að nefndarmönnum í skilanefndum muni fækka eftir því sem verkefni nefndanna minnka en gera má ráð fyrir að umfang verkefna þeirra minnki þegar frá líður. Þannig muni greiðslustöðvun og slitameðferð þeirra fjármálafyrirtækja sem þegar hafa fengið greiðslustöðvun, og ákvæði til bráðabirgða II nær til, með tímanum falla í þann farveg sem að öðru leyti er kveðið á um í frumvarpinu. Þessu til áréttingar vil ég minna á breytingartillögu nefndarinnar sem hér var samþykkt í gær um að Fjármálaeftirlitið þurfi ekki að bæta við mönnum í skilanefnd hætti þeir þar störfum af einhverjum ástæðum nema brýna nauðsyn beri til vegna verkefna nefndarinnar.

Með d-lið 2. töluliðar lagði nefndin til að hnykkt yrði á því að frá gildistöku laganna skyldi kostnaður af greiðslustöðvun og slitameðferð greiðast af eignum þess fjármálafyrirtækis sem í hlut á. Nefndin fellst á að þessi tillaga geti hafa valdið þeim misskilningi að vafi leiki á því hvernig fara skuli með þegar áfallinn kostnað af greiðslustöðvun og slitameðferð fjármálafyrirtækja sem þegar hafa fengið greiðslustöðvun og ákvæði til bráðabirgða II tekur til, þ.e. gömlu bankarnir. Í frumvarpinu sem við ræðum hér er ekki sérstaklega kveðið á um greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af störfum fjármálafyrirtækis á meðan það er í greiðslustöðvun eða slitameðferð, en gert er ráð fyrir að um þann kostnað fari samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og þar með að hann greiðist af eignum þess fjármálafyrirtækis sem í hlut á. Þrátt fyrir 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, þar sem kveðið er á um að ríkissjóður beri ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins á grundvelli ákvæðisins sem leitt var í lög með neyðarlögunum síðastliðið haust, þar með talið skiptakostnaði ef til slíks kostnaðar stofnast, hefur ríkissjóður og Fjármálaeftirlitið greitt hluta af áföllnum kostnaði við störf skilanefnda og mat á eignum bankanna, einkum fyrsta kastið í haust. Nefndin telur að það hafi ekki verið ætlunin þegar ákvæðið var lögfest heldur hafi því verið ætlað að tryggja að ríkið bæri ábyrgð á þeim kostnaði við skipti sem ekki fengist greiddur af eignum viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Til að taka af allan vafa um framangreindan skilning nefndarinnar á störfum skilanefnda annars vegar og þeim ákvæðum sem fjalla í neyðarlögunum, 100. gr. a, um ábyrgð ríkissjóðs á kostnaði við framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins, leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt frá 2. umr. Hún kallar sem sagt aftur þær tvær tillögur sem voru kallaðar aftur til 3. umr. í gær.

Höskuldur Þórhallsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álit þetta skrifa auk þeirrar sem hér stendur Gunnar Svavarsson, Birgir Ármannsson, Lúðvík Bergvinsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Árni M. Mathiesen, Birkir J. Jónsson og Jón Magnússon. Á því sést að mjög góð samstaða var um afgreiðslu þessa máls í hv. viðskiptanefnd eins og reyndar um flest önnur mál.

[11:13]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Eins og sést á framhaldsnefndaráliti erum

við þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem stöndum að afgreiðslu málsins ekki með fyrirvara eins og við vorum með við nefndarálit og breytingartillögur við 2. umr. Þeir þættir sem við vorum með breytingartillögur við, þær tillögur voru dregnar til baka og verða ekki endurfluttar nú við 3. umr. Það þýðir að ekki er lagt til að skilanefndirnar verði lagðar niður með lögum heldur fái þær að starfa áfram eins og efni og ástæður standa til í hverju tilviki.

Það mun væntanlega þýða að lánardrottnar verða rólegri og hafa ekki eins miklar áhyggjur af sínum hlut, alla vega fyrsta kastið vonar maður. Vonandi verður hins vegar meiri hraði á þessum málum en verið hefur síðustu mánuði að úr þessum málum leysist og lánardrottnar gangi að því að málin verði leyst af skynsemi og yfirvegun og út úr því geti komið niðurstöður sem bæði eru bestar fyrir lánardrottnana og okkur hér á landi.

Ég er reyndar þeirrar trúar að sú lausn sé til sem uppfyllir þau skilyrði að vera bæði besta lausnin fyrir lánardrottnana og eins besta lausnin fyrir okkur hér á landi og það sé í rauninni líka sú lausn sem er sanngjörnust vegna þeirrar stöðu sem upp er komin, því að auðvitað eiga lánardrottnarnir mikilla hagsmuna að gæta vegna lána sinna, bæði bankarnir í sínum beinu lánveitingum og eins þeir sem eiga skuldabréfin, þetta eru eignir þeirra. Þeir tóku hins vegar áhættu og munu auðvitað tapa vegna þeirra hluta sem gerst hafa. Með því að ganga inn á þetta og taka við þó þeim eignum sem eftir standa eru líkurnar til þess væntanlega hámarkaðar að þeir fái sannvirði fyrir þær þegar upp er staðið og fullrar sanngirni sé gætt þannig að verði meira úr eignunum þegar fram líða stundir njóti þeir þess en sú staða verði aldrei uppi að mat á einhverjum tilteknum tíma verði lagt til grundvallar og síðan verði meira úr eignunum og þá verði það þeir sem tóku við þeim, og þá hugsanlega íslenskir aðilar, sem hagnist og lánardrottnar verði ósáttir við það.

Hins vegar er það mjög gilt sjónarmið að skilanefndirnar starfi ekki lengur en þær nauðsynlega þurfa og þegar við erum komin með nýtt ferli fyrir slit á fjármálafyrirtækjum og uppgjör á þeirra málum eigum við auðvitað að hafa þann tíma sem allra stystan þar sem tvö kerfi eru í gangi. Það er alveg möguleiki á að hægt sé að leysa úr þessu á eðlilegan hátt án þess að lánardrottnar þurfi neitt að hvekkjast við það að kerfið sé einfaldað og tvö kerfi verði ekki í gangi nema um skamma hríð. En það er ástæðulaust að ýta undir óróa með því að setja lagafyrirmæli um það hvenær leggja eigi nefndirnar niður.

Hins vegar er það umhugsunaratriði, eins og ég nefndi í ræðu við 2. umr., hvers vegna löggjöfin var ekki betur í stakk búin til að takast á við þau vandamál sem upp komu. Það getur vel verið rétt skýring að það sé vegna þess að þetta var svo óvænt og svo stórir hlutir sem gerðust að ekki sé hægt að ætlast til að löggjöfin sem við vorum með réði við það. Það getur vel verið að það sé rétt skýring. Þeir sem gangast við þeirri skýringu gangast þá líka við því að þeir hlutir sem hér gerðust voru óvenjulegir og óvenjulega stórir og gerðust svo snöggt að stjórnvöld höfðu ekki ráðrúm til að bregðast betur við þeim en raunin var.

Ég tel reyndar að stjórnvöld hafi brugðist vel við þessum erfiðleikum og áföllum í upphafi. Þar er auðvitað um þrjá þætti að ræða og hefur ekki gengið eins vel með þá alla og dæmin sanna. Í upphafi gekk sérstaklega vel með að styrkja stöðu krónunnar og þegar fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru hér í desember og fóru yfir stöðuna voru þeir sáttir við hvernig til tókst með að fleyta krónunni á ný og hvernig hún hafði styrkst. Hún átti reyndar eftir að styrkjast enn meira þegar leið aðeins á árið. Því miður hefur slegið í bakseglin síðustu vikur hvað krónuna varðar og er erfitt á átta sig á hvað þar er um að ræða.

Þrennt kemur upp í hugann. Í fyrsta lagi að gjaldeyrishöftin séu ekki að virka eins og skyldi og löggjafinn hefur reynt að bregðast við því með því að herða höftin. En það að þetta skuli nefnt til sögunnar sýnir einungis að gjaldeyrishöft eru í besta falli tímabundið fyrirbrigði og geta ekki staðið lengi.

Í öðru lagi hefur tafist að önnur greiðslan komi frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og það má vel vera að að einhverju leyti hafi tiltrú á krónunni minnkað við það. Ég kann ekki skýringar á því af hverju sú greiðsla hefur tafist. Væntanlega er það vegna þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er ekki að fullu búinn að taka afstöðu til þeirrar skýrslu sem varð til við þá endurskoðun sem fór fram undir lok febrúarmánaðar. Hún átti reyndar upphaflega að fara fram fyrr í þeim mánuði. Þó hefur sjóðurinn tekið það mikla afstöðu til þeirrar niðurstöðu að hann var sáttur við það að vaxtalækkunarferli hæfist og því veltir maður fyrir sér hvers vegna greiðslan kemur ekki ef talið hefur verið óhætt að lækka vextina og sjóðurinn verið sáttur við það. Mér skilst að ekki hafi verið haldinn fundur í stjórn gjaldeyrissjóðsins til að taka afstöðu til skýrslu starfsmannanna og það væri út af fyrir sig athyglisvert ef fram kæmu einhverjar skýringar á því hvers vegna svo er og hvenær sá fundur eigi að verða, hvort einhver tengsl séu á milli þess að hér eru að fara fram kosningar og þess að sjóðurinn hefur ekki haldið fundinn.

Þriðja atriðið er svo Seðlabankinn sjálfur og hvað hann hefur verið að gera. Hann hefur auðvitað verið að lækka vextina og það gæti út af fyrir sig haft áhrif á útstreymi gjaldeyris. En markaðsaðgerðir Seðlabankans skipta líka máli. Þegar stórir gjalddagar eru á stöðum erlendra aðila í krónum þarf Seðlabankinn að vera virkur á markaði þannig að þegar heimilt er að flytja fjármuni úr landi sé gjaldeyrir til reiðu til að svo geti verið. Þá þarf Seðlabankinn auðvitað að varna því að tímabundnar sveiflur verði á krónunni vegna stórra útgreiðslna eins og krónulána erlendra aðila. Það á að vera hlutverk Seðlabanka að vega upp á móti slíkum sveiflum.

Það gerði Seðlabankinn einmitt í desember. Þá var hann reiðubúinn undir það að greiðslur vegna vaxta rynnu úr landi og stóð þá með krónunni í viðskiptum á markaði til að svo gæti orðið. Reyndar var staðan þá sú að erlendir aðilar fluttu ekki eins mikið af vöxtunum úr landi og menn höfðu ætlað. Það getur vel verið að það sé beint samhengi á milli þess að þá var krónan í styrkingarferli en síðast þegar þetta gerðist hefur krónan verið að veikjast vegna þess að Seðlabankinn hafði minnkað umsvif sín á markaðnum.

Í desember tjáði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sig líka um ríkisfjármálin og var sáttur við það fjárlagafrumvarp sem þá hafði verið afgreitt og það væri í samræmi við þau markmið sem sett voru í samkomulagi okkar við sjóðinn. Það er í

meginatriðum sú ríkisfjármálastefna sem við búum við og munum búa við á næstu árum sem sett er fram í samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þó að auðvitað sé heilmikið svigrúm fyrir okkur Íslendinga til að útfæra hana bæði á tekju- og gjaldahlið. En við verðum að vera meðvituð um hvernig það er gert og að það hefur áhrif á aðra þætti í hagkerfinu, sérstaklega á einkaneyslu og eftirspurn og þar með á hagvöxt. Ef við erum ekki með rétta jafnvægið á milli þeirra hluta sem við gerum þar getur það leitt til þess að kreppan verði dýpri.

Nú á sér stað, sér maður í erlendum fjölmiðlum, mikil umræða um hvað af aðgerðum erlendra ríkisstjórna og seðlabanka á síðustu mánuðum hefur skilað árangri og hvað ekki. Eitt af því sem menn sjá núna að skilaði árangri t.d. í Bretlandi er lækkun á virðisaukaskatti síðla á síðasta ári. Sú lækkun virðist hafa dregið úr og jafnvel stöðvað þann samdrátt sem var í einkaneyslunni þar og þar með líka dregið úr tekjuminnkun hins breska ríkissjóðs vegna samdráttar í einkaneyslu. Það er auðvitað athyglisvert að velta þessu fyrir sér í ljósi ummæla varaformanns Vinstri grænna á kosningafundi í gær, mjög hreinskilinna ummæla um til hvaða aðgerða Vinstri græn vilja grípa í ríkisfjármálunum. (Gripið fram í.) Já, það er afskaplega mikilvægt að vera hreinskilinn. Ég kann að meta það.

Þriðja atriðið snertir auðvitað þetta frumvarp sérstaklega. Það er endurreisn bankakerfisins og við það gerði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn athugasemd strax í desember að það mál gengi ekki eins hratt fram og menn höfðu áætlað. Niðurstaða átti að liggja fyrir um miðjan febrúar hvað varðar verðmat á bönkunum og uppskiptin á þeim. Sú niðurstaða liggur ekki enn fyrir. En strax í desember gerði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn athugasemdir við þetta. Þessi mál eru fyrst og fremst á herðum Fjármálaeftirlitsins og viðskiptaráðuneytisins og það hefur greinilega reynst þeim erfitt að koma þeim fram eins hratt og nauðsynlegt var.

Þetta var reyndar eitt af því sem hin nýja ríkisstjórn ætlaði að vinda bráðan bug að. Nú er komið fram yfir miðjan apríl og þar með orðin tveggja mánaða töf á því sem átti að gerast um miðjan febrúar og orðið alveg augljóst að þetta mun ekki gerast fyrr en í fyrsta lagi um miðjan næsta mánuð. Þá verður orðin þriggja mánaða töf á því og óhætt að segja að ríkisstjórninni hafi ekki tekist að hraða því að úrlausn yrði á þessu máli.

[11:28]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegur forseti. Ég ætla að blanda mér örlítið í þessa umræðu með hliðsjón af því hvernig málið var afgreitt á sínum tíma úr nefndinni. Ég hafði að vísu ekki tækifæri á því á sínum tíma að sitja þann nefndarfund þegar málið var afgreitt en óháð því fylgdist ég með þeirri umræðu sem fór fram í nefndinni, hlýddi á þá gesti sem komu og las þær umsagnir sem bárust. Ég studdi þær breytingartillögur sem koma fram á þskj. 858 en voru síðan kallaðar aftur til 3. umr. við atkvæðagreiðslu í gær. Ástæður þess hafa verið raktar af formanni nefndarinnar, hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, en samt sem áður ítreka ég, án þess að ég sé að gera ágreining um það mál, að ég hefði talið rétt að liðir eins og c- og d-liðir hefðu komið fram í umræddu lagafrumvarpi og lögum. Hins vegar erum við auðvitað stödd í ákveðnu breytingarferli.

Það má kannski segja að það sé afleiðing þess sem átti sér stað með ákvörðunum í byrjun október á liðnu ári og er verið að reyna að gera það ferli sem fara á eftir betra en það var þá. Ég vil hins vegar ekki segja sem svo að gerð hafi verið mistök á sínum tíma varðandi þau mál heldur þótti mönnum á þeim tíma þetta einfaldlega vera besta ákvörðunin sem lá fyrir og líkt og komið hefur fram í ræðum um málið gerðust hlutirnir afskaplega hratt. Taka þurfti ákvarðanir mjög hratt og voru þrjár skilanefndir stofnaðar á þremur dögum. Þær tengdust um 75–80% af bankakerfi landsins og hefði hugsanlega þurft að vera styrkari umgjörð í kringum það.

Það sem kom mér hins vegar á óvart í þessari umræðu þegar skilanefndirnar komu til nefndarinnar var umfang starfs þeirra og má segja að skilanefndir hafi fengið einhvers konar stjórnsýslulegt hlutverk þegar þær voru kallaðar fyrir þingnefndir. Skilanefndirnar greindu hver um sig frá því umfangi sem um var að ræða, þær höfðu samskipti við 30–40 kröfuhafa eða lánardrottna. Ég hafði einhvern veginn málað upp þá mynd í huganum að umfangið sem um væri að ræða væri mun meira en það er. Þó ætla ég ekki að gera lítið úr störfum þessara umræddu skilanefnda en það má segja að 80% af kröfuhöfunum séu 30–40 aðilar. Í því tilfelli er það ekki ofvaxið einum né neinum að takast á við það. Hins vegar má kannski segja að sú óvissa sem verið hefur bæði í innra og ytra umhverfi hafi valdið því að störf skilanefndanna hafi hugsanlega dregist og orðið viðfeðmari og meiri en gert var ráð fyrir og tengist það umræðunni sem kemur fram í nefndarálitinu og í framhaldsnefndarálitinu um kostnað. Hér segir, með leyfi forseta:

„Nefndin telur að það hafi ekki verið ætlunin þegar ákvæðið var lögfest heldur hafi því verið ætlað að tryggja að ríkið bæri ábyrgð á þeim kostnaði við skipti sem ekki fengist greiddur af eignum viðkomandi fjármálafyrirtækis."

Það getur varla verið skýrara í niðurlagi þessa framhaldsnefndaráls. Það er samstaða um þessa skýringu í nefndinni. Nefndin er samhljóða þessu nefndaráliti. Ég vil þar af leiðandi ítreka að skilningur okkar sem að þessum málum koma gagnvart þeim kostnaði sem til fellur liggur alveg ljós fyrir og þarf ekki að vera neinn vafi á því enda tel ég að sá vafi hafi ekki verið fyrir hendi þó að hann hafi birst í almennri umræðu.

Að lokum, virðulegi forseti, var ræða hv. þm. Árna M. Mathiesens nokkuð góð þótt hún hafi kannski ekki tengst þessu efni nákvæmlega en þar voru hugleiðingar um af hverju krónan væri að gefa eftir. Ég hafði gaman af því að hlýða á þær hugleiðingar þar sem farið var aðeins yfir sviðið. Þá vakna upp spurningar hvernig slíkt fari saman að vera með gjaldeyrishöft en fleyta gjaldmiðlinum um leið. Við erum með takmarkað fjármagn og verðgildi þess ræðst af framboði og eftirspurn en um leið erum við með inngrip í kerfið. Ég hef stundum sett þetta upp eins og hver önnur kerfi, hvort sem það eru varnarkerfi eða önnur kerfi sem við þurfum að regla. Í þessu tilfelli flæðir fjármagn en við komum með lög sem við teljum að séu nauðsynleg vegna gjaldeyrishafta um leið viljum við að gjaldmiðillinn fljóti eða finni stöðugleika sem stýrist af framboði og eftirspurn

eins og hér hefur verið farið yfir. Hugleiðingar hv. þingmanns voru góðar og ég tel að ýmsir aðilar velti þessu fyrir sér, ekki bara á hv. Alþingi heldur líka á markaðnum. Það sem skiptir verulegu máli fyrir okkur er að koma fjármagni aftur á hreyfingu á næstu mánuðum og árum, að fjármagnið hreyfist. Ég ætla ekki að tala um hverjir setja það á hreyfingu en það skiptir máli að fjármagnið komist á hreyfingu þannig að ákveðnar afleiður verði í framhaldinu. Ef fjármagn er ekki á hreyfingu verður stöðnun. Við þurfum að koma okkur úr því ástandi sem við erum í með því að rísa upp og það má auðvitað líka gera með inngripi líkt og rætt hefur verið um varðandi ríkisfjármálin. Þar ræða menn um hugsanlega blandaðar leiðir en ég hvet þá til að kynna sér vel hagræna skiptingu ríkissjóðs því að hún segir margt um það sem á sér stað hjá ríkinu. Af þeim upplýsingum er hægt að sjá hvers vegna væri hægt að beita blandaðri leið gagnvart ríkisútgjöldum, tekjutilfærslum og/eða tekjum ríkissjóðs. Það er mjög auðvelt að lesa í tekjur ríkissjóðs og sjá hvernig þær myndast af markaðnum. Það tengist því m.a. að tekjurnar myndast af þeirri veltu sem er á markaðnum og því fjármagni sem er á hreyfingu hverju sinni. Þetta er einföld hringrás sem menn geta skoðað en inngripið er í mörgu líkt þessari löggjöf þar sem því er velt upp að ef þannig ástand skapast á mörkuðum að inngrip þurfi, liggur fyrir betur skilgreind leið en sú leið sem við vorum með.

Ég vil að lokum þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, formanni viðskiptanefndar, fyrir að hafa leitt þetta til lykta í nefndinni og náð fram þessari niðurstöðu þó að ég hefði viljað hafa hana með öðrum hætti. En ég geri ekki stóran ágreining um það á þessu stigi og mun líklega ekki gera það á neinu öðru stigi.

[11:40]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Frú forseti. Við ræðum nú í 3. umr. 409. mál þingsins um breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Eins og fram hefur komið fundaði viðskiptanefnd milli 2. og 3. umr. í gærkvöldi. Nefndarmenn voru sammála og sáttir við að fella niður þær breytingartillögur sem meiri hluti viðskiptanefndar lagði fram enda hafði mikið verið fjallað um þessa breytingartillögu á fundum nefndarinnar og ekki síst af hálfu þeirra gesta sem nefndin fékk.

Eins og fram hefur komið voru kröfuhafar afar ósáttir við breytingartillögurnar, sérstaklega ákvæði um að skilanefndirnar væru lagðar niður eftir sex mánuði, þ.e. svokallað sólarlagsákvæði á skilanefndirnar. Í breytingartillögunum sem meiri hluti viðskiptanefndar flutti, stendur í lið 2.c, með leyfi forseta:

„Við 3. tölul. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákvæði þetta fellur úr gildi sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara og skulu þá þau verk sem skilanefndir hafa sinnt samkvæmt framansögðu falla til slitastjórna. Þegar slitastjórn hefur tekið við verkefnum skilanefndar getur héraðsdómari eftir beiðni slitastjórnar skipað fleiri menn í slitastjórn en þeir mega þó ekki vera fleiri en fimm."

Framhaldsnefndarálitið sem hv. formaður viðskiptanefndar, Álfheiður Ingadóttir, greindi frá fyrr í dag, var afgreitt í gærkvöldi með öllum atkvæðum viðskiptanefndarmanna og í fullri sátt eins og áður kom fram. Frumvarpið sjálft fjallaði um nýjar reglur um slitameðferð fjármálafyrirtækja. Gert var ráð fyrir að skipuð væri sérstök slitastjórn sem hefur í raun og veru sömu heimildir um flest og skiptastjóri þrotabús. Slitastjórnin hefur það að markmiði, umfram það sem oftast er skilgreint í sambandi við skiptastjóra þrotabús, að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal með því að bíða eftir endatíma krafna fremur en að koma kröfum í verð sem fyrst. Þannig er einnig kröfuhöfum eðlilega gefinn kostur á að lýsa kröfum sínum til slitastjórnar og geta kröfuhafar með samsvarandi hætti og við gjaldþrotaskipti gætt hagsmuna sinna og átt þess kost að bera ágreining um réttmæti krafna sinna og um ákvarðanir og ráðstafanir slitastjórnar undir dómstóla. Þannig er með frumvarpinu komið verulega til móts við þær athugasemdir sem kröfuhafar höfðu gert allt frá bankahruninu. Þeir gerðu miklar athugasemdir við slit bankanna og vildu gera ferlið allt gagnsærra.

Áður hefur komið fram að upphaf þess frumvarps sem við nú ræðum í 3. umr. á rætur að rekja til neyðarlaganna frá 6. október 2008, nr. 125/2008. Einnig á það sér rætur í breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki frá 13. nóvember 2008, það eru lög nr. 129. Í þeim lögum, frá nóvember sem hafa verið gagnrýnd — en ég endurtek það sem ég sagði í gær um þessi mál að nóvemberlögin voru sett í tímapressu þannig að það gafst ekki nokkur tími til þess sem eðlilegt hefði verið að gera í nóvember til þess að vel væri að þeim staðið. Það þurfti að fara í heildarendurskoðun á kafla XII um fjármálafyrirtæki þannig að heiðarlega og rétt væri að verki staðið. Nóvemberumræðan gaf okkur ekki kost á að fara í heildarendurskoðun. Þar með vil ég lýsa mig mjög sátta við nóvemberlögin sem sett voru undir svo mikilli tímapressu og kváðu á um greiðslustöðvun í 24 mánuði, að aðstoðarmaður í greiðslustöðvun væri ráðinn af skilanefnd og málshöfðunarbann væri í gildi. Það var alveg ljóst þá þegar í nóvember að skoða þyrfti þetta. Ég er því mjög sátt við að við skulum nú upplifa að taka til 3. umr. í þinginu í dag þær breytingar og þær betrumbætur sem gerðar hafa verið í heildarendurskoðun á XII. kaflanum.

Viðskiptaráðuneytið fékk til þess þrjá sérfræðinga og verkefni þeirra var að skoða fjármálafyrirtæki heildstætt. Því verki var hrundið af stað strax 14. nóvember í kjölfar þess að lögin nóvember voru samþykkt 13. þess mánaðar 2008.

Til þessa verks fengust mjög hæfir einstaklingar og var það von manna í þáverandi meiri hluta viðskiptanefndar að verkinu mundi ljúka í janúar á þessu ári. Síðan hafa liðið nokkrir mánuðir og vegna tafa í þinginu á undanförnum vikum mætum við loksins til 3. umr. og lýsi ég mig mjög sátta við það. Í ferlinu var haft samráð við skilanefndir, við ráðgjafa þeirra, og var kynning haldin fyrir kröfuhöfum.

Afar margar umsagnir bárust um málið. Mig langar að vitna í umsögn frá laganefnd Lögmannafélags Íslands sem barst nefndinni í kjölfar þess að það er ritað, 22. mars 2009. Með leyfi forseta, kemur þar fram:

„Að mati laganefndar eru breytingar þær sem lagðar eru til með frumvarpinu á gildandi lögum til mikilla bóta en telja má ljóst að núverandi lagaumhverfi fjármálastofnana er engan veginn fullnægjandi til að leysa úr stöðu þeirra fjármálafyrirtækja sem starfa nú undir skilanefndum.

Þannig eru lagðar til nýjar almennar reglur um slitameðferð fjármálafyrirtækja þar sem almennar reglur gjaldþrotaréttarins eru lagðar til grundvallar, m.a. um innköllun, skiptastjórn og afstöðu til krafna, eftir atvikum með dómsúrlausn, en jafnframt tekið mið af sérstöðu fjármálafyrirtækja.“

Þeir sem fjölluðu faglega um frumvarpið voru á eitt sáttir um að það væri afar vandað og kominn tími til í ljósi þeirra aðstæðna sem við höfum upplifað í kjölfar bankahrunsins í október sl. að vera með þá löggjöf sem við getum farið með inn í fyrirsjáanlega framtíð og vonandi til lengri tíma, vandaða löggjöf sem tekur á þessum málum.

Þrátt fyrir að flestir umsagnaraðilar hafi verið mjög sáttir við frumvarpið faglega og efnislega ber vissulega að geta þess að kröfuhafar og reyndar starfsmenn skilanefnda voru ekki sáttir. Það sem þeir voru ekki sáttir við var áðurnefnt ákvæði um breytingar sem ég las upp varðandi svokallað sólarlagsákvæði, að leggja skyldi skilanefndirnar niður eftir sex mánuði.

Ég er með fyrir framan mig tölvupóst frá Virginiu Cooper þann 1. apríl sem talar fyrir hönd flestra þeirra kröfuhafa sem heimsóttu Ísland um þær mundir og hittust á óformlegum nefndarfundum kröfuhafa. Eins og áður hefur komið fram, m.a. í máli hv. þm. Gunnars Svavarssonar, eru fulltrúar kröfuhafanna ekki margir. Þeir voru flestir staddir hér á landi um mánaðamótin mars/apríl og funduðu með skilanefndum og forsvarsmönnum þeirra þriggja banka sem féllu í bankahruninu í október. Virginia Cooper segist tala fyrir hönd þeirra kröfuhafa og fulltrúa kröfuhafa sem mættir voru, um 50 manns. Hún segir að án undantekninga séu kröfuhafarnir og fulltrúar þeirra ósáttir við það ákvæði sem nú hefur verið gerð tillaga um að falli brott úr breytingartillögum sem meiri hlutinn hafði flutt áður, að þetta sólarlagsákvæði mundi vinna gegn þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram undanfarið hálft ár til þess að hámarka virði eignanna í þágu kröfuhafa og sannarlega líka í þágu okkar Íslendinga.

Mestar áhyggjur hef ég sem einstaklingur og sem Íslendingur af stöðu mála í Landsbankanum þar sem Icesave-reikningarnir eru beintengdir því að það takist að hámarka virði eigna gamla Landsbankans sem nú er í meðferð samkvæmt gildandi lögum og þá væntanlega þeim lögum sem Alþingi mun innan skamms samþykkja.

Náist að hámarka virði eigna Landsbankans — ég tek þetta sem dæmi — í samstarfi við kröfuhafa og skilastjórnir og -nefndir, má leiða líkur að því að við Íslendingar berum minni skaða og jafnvel engan fjárhagslegan skaða af Icesave. Það er óskandi því að þetta er eitt það mál sem hefur hvað mest angrað mig sem þingmann á yfirstöðnu þingi. Þótt margt hafi vissulega farið öðruvísi en ég hefði viljað eru þessi Icesave-reikningar alveg ótrúlega erfiðir okkur Íslendingum vegna þess að það er sannarlega ekki sök landsmanna hvernig fór.

Ég vona því að í kjölfar þess að við samþykkjum frumvarpið, sem er vonandi, og það verði að lögum, í dag eða fljótlega, haldi skilanefndirnar áfram samstarfi sínu við kröfuhafana og það takist að hámarka virði þeirra eigna sem að baki eru þannig að kröfuhafarnir geti skilið nokkurn veginn sáttir við Íslendinga. Vissulega tóku þeir áhættu eins og ljóst er en engu að síður skiptir miklu máli að ekki þurfi að selja eignir einmitt núna vegna þess að það er ekki nokkur markaður fyrir slíkar eignir.

Varðandi kröfuhafana og ábendingar þeirra um að þeir vildu gjarnan fá að halda áfram að vinna með skilanefndum vil ég taka fram að það er ósk mín og væntanlega okkar allra að skilanefndirnar ljúki störfum sem fyrst, þó innan þess markmiðs að hámarka virði eignanna sem að baki liggja vegna þess að það er engum hagur í því að draga þessa málsmeðferð. Það á að vera skynsemi í þessu. Skilanefndirnar eiga að starfa svo lengi sem þær þjóna því heildarmarkmiði að hámarka virði eigna bankanna og að vinna vel með þeim kröfuhöfum sem eiga kröfur í bú bankanna.

Að svo sögðu lýsi ég mig aftur mjög fylgjandi þeirri breytingu sem nú hefur orðið á milli 2. og 3. umr. á þessu frumvarpi. Ég var ein þeirra sem skrifuðu undir framhaldsnefndarálitið. Þar föllum við frá sólarlagsákvæðinu. Ég vona innilega að skilanefndirnar haldi áfram að vinna gott starf, að kröfuhafarnir vinni með þeim að því að fá sem mest fyrir eignirnar og að ljúka þessu ferli sem allra fyrst í eins mikilli sátt og verða má.

[11:54]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna orða hv. þingmanns um afstöðu kröfuhafa. Kröfuhafar eru að sjálfsögðu óánægðir. Þeir eru allir hundóánægðir vegna þess að þeir tapa peningum. Þeir hafa hins vegar engu að síður sæst á það ferli sem sett var upp með nóvemberlögunum sérstaklega með greiðslustöðvun til allt að 24 mánaða. Náðst hefur að fá viðurkenningu á því ferli á Evrópska efnahagssvæðinu, í Bandaríkjunum og í Kanada og er það vel.

Þess vegna er í bráðabirgðaákvæði II í því frumvarpi sem við erum með til 3. umr., því formi greiðslustöðvunar viðhaldið sem slíku enda þótt ákveðið slitaferli hefjist.

Það skiptir mjög miklu máli og mestu máli fyrir kröfuhafana nú, og það kemur greinilega fram í þeim umsögnum sem komu til nefndarinnar og einnig til ráðuneytisins við vinnslu þessa frumvarps, að kröfuhafar fái aðstöðu til þess að lýsa kröfum sínum, að þær verði innkallaðar. En til þess duga skilanefndirnar einfaldlega ekki. Þær starfa og hafa starfað í lagalegu tómarúmi og eru vanhæfar til þess að fjalla um réttmæti krafna vegna aðkomu sinnar að rekstri búanna.

Hér er verið að leggja upp með lögformlegt ferli sem er byggt á gjaldþrotaskiptalögunum sem njóta viðurkenningar og menn þekkja og er byggt á sama rétti og annars staðar í Evrópu.

Hvað varðar athugasemdir Virginiu Cooper, sem er lögmaður breskra sveitarstjórna sem hafa gert kröfu vegna Icesave-reikninganna, kom hún fyrir nefndina en tjáði sig ekki. En ég vil minna á að fjárlaganefnd breska þingsins telur ekki rétt að bæta sveitarfélögunum það sem þau töpuðu á Icesave heldur eingöngu góðgerðarsamtökum. (Forseti hringir.)

[11:56]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það sem kom fram í andsvari hv. formanns viðskiptanefndar. Allir kröfuhafar

eru hundóánægðir. Og það vill svo til að ég hitti nokkra fulltrúa kröfuhafanna, þeir voru allir sammála því og sögðu: Við erum allir hundóánægðir. Við töpuðum miklum fjármunum.

Hins vegar bentu þeir á að það væri vitað. Hitt væri óljóst, þ.e. hvernig þeir gengju síðan í burtu frá þessu ferli og hver tilfinning þeirra yrði gagnvart Íslandi, íslenskum lögum og íslensku umhverfi þegar málum lýkur. Munu þeir verða sáttir við það ferli sem við blasti eða ekki? Það er enginn ágreiningur um að þeir eru hundóánægðir. Það skiptir okkur máli ef þeir eru sáttir.

Það kom fram hjá hv. formanni viðskiptanefndar að þeir sættust á lögin frá í nóvember og fengin var viðurkenning á því ferli beggja vegna Atlantshafsins. Ég er líka sammála því að það er mjög mikilvægt fyrir kröfuhafana að slitastjórnir komi inn í, taki við kröfum og það ferli fari af stað.

Allir kröfuhafar og fulltrúar þeirra kröfuhafa sem við hittum eða fengum póst frá nefndu það að þeir vildu gjarnan halda áfram að vinna með skilanefndunum til að reyna að hámarka virði eignanna. Ég get tekið undir allt sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sagði en það breytir því ekki sem ég sagði áðan.

[11:59]

Dögg Pálsdóttir (S):

Frú forseti. Hér fer fram 3. umr. um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Þetta er lagafrumvarp og lagabreytingar sem nauðsynlegt er að gera í kjölfar hrunsins. Þetta frumvarp er skylt því sem við vorum að ræða í gær, þó að ég ætli ekki að bera þau að öðru leyti saman, þá ræddum við frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn og þó að þar séu allt aðrar heimildir eru þetta allt breytingar sem leiða af því sem yfir okkur dundi í október sl. þegar allir viðskiptabankarnir hrundu á örfáum dögum og fóru undir Fjármálaeftirlitið og sérstakar skilanefndir.

Réttarstaðan sl. haust áður en bankahrunið varð var sú að í XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki frá árinu 2002 voru ákvæði um endurskipulagningu fjárhags fjármálafyrirtækja, slit þeirra og samruna við önnur fjármálafyrirtæki. Þar voru settar reglur sem fyrst og fremst voru byggðar á ákvæðum tilskipana frá Evrópusambandinu, tilskipana sem við þurftum að leiða í lög vegna skuldbindinga samkvæmt EES-samningnum. Þessar reglur eru hins vegar því marki brenndar að þær höfðu ekki gert ráð fyrir því að algert hrun gæti orðið eins og við lentum í. Þegar við síðan lentum í þeim aðstæðum sem þá komu upp kom í ljós að reglurnar dugðu í raun og veru ekki, þær tóku ekki á þeim vandamálum sem við stóðum frammi fyrir. Þær gerðu ekki ráð fyrir því að það gæti komið upp nokkurs staðar í einu landi sú staða að allir viðskiptabankarnir mundu óska eftir því að þeir yrðu yfirteknir af fjármálaeftirliti landsins. Við þessu var brugðist af okkar hálfu bæði með neyðarlögunum og svokölluðum nóvemberlögum en það lá fyrir að hvor tveggja þau lög voru sett með svo skömmum fyrirvara og við þær aðstæður að það var ljóst að það þyrfti að endurskoða þau mjög fljótt og breyta til að setja upp regluverk sem væri skiljanlegt og kannski ekki síst gegnsætt þannig að allir gætu við unað. Það er það sem gert hefur verið í því frumvarpi sem hér hefur verið til umræðu.

Í því regluverki sem við erum að setja upp hefur verið byggt á þremur meginsjónarmiðum sem Evróputilskipunin frá 2001 hefur að leiðarljósi, ég skil það svo að í raun og veru séum við að setja upp regluverk þótt það horfi til þessara tilskipana þá er það engu að síður einstakt að það sé sett í löggjöf landa á Evrópska efnahagssvæðinu því önnur lönd hafa ekki þurft á sambærilegu ákvæði að halda. Hv. formaður viðskiptanefndar leiðréttir mig ef ég hef misskilið þetta. En það sem við höfum gert með þessu regluverki sem hér er verið að leggja til er að við höfum haft þau meginsjónarmið sem tilskipunin frá 2001 hefur að leiðarljósi, þ.e. að regluverkið byggi á því sem kallað er eining eða principal of unity, algildi eða principal of universality og jafnræði eða principal of non-discrimination. Þetta eru þau þrjú meginsjónarmið sem tilskipun byggir á og í skýringum eða athugasemdum með því frumvarpi sem við ræðum hér er rík áhersla lögð á að þessum meginsjónarmiðum hafi verið fylgt til hins ýtrasta jafnvel þótt það leiddi af sér óhagræði eða meiri vinnu, t.d. við tilkynningar við kröfuhafa, en leiðarljósið og grundvallaratriðið er að tryggja algert jafnræði innlendra og erlendra kröfuhafa fjármálafyrirtækja sem hafa starfsemi í fleiri en einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Það kom fram í orðaskiptum hv. þm. Guðfinnu Bjarnadóttur og hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur að kröfuhafar væru ekki ánægðir. Það er einu sinni svo þegar kemur að meðferð eins og þessi meðferð er, þ.e. slitameðferð á bönkum þar sem verið er að tryggja það að kröfuhafar fái sem mest, en það er eðli meðferðar af þessu tagi að auðvitað eru kröfuhafar ekki ánægðir, kröfuhafar eru aldrei ánægðir þegar fyrirtækið fer í þrot. Þrot þýðir nefnilega að kröfuhafar fá frá því að fá ekki neitt og upp í það að fá eitthvert hlutfall og stundum verulegan hluta krafna sinna. Það er nú einu sinni einkenni þrotameðferðar. Kröfuhafar verða aldrei ánægðir, þ.e. þeir verða aldrei ánægðir með niðurstöðuna á því hvað þeir fá upp í kröfu sína. Það leiðir af hlutarins eðli að þeir tapa stundum öllu af þeim kröfum sem þeir eiga en það sem er leiðarljós þeirra reglna sem hér er verið að kynna er að tryggja að kröfuhafarnir geti haft einhverja sannfæringu, eitthvað öryggi fyrir því að þeir sitji allir við sama borð, þeir fái allir sömu meðferð, það sé engin hætta á því að einn kröfuhafi fái eitthvað umfram annan. Ég skildi orðaskipti hv. þingmanna sem ég vísaði til áðan á þann hátt að vinnan í viðskiptanefnd hefði a.m.k. að einhverju marki leitt það í ljós að kröfuhafar þessara þriggja banka sem hér liggja undir hafi a.m.k. lýst sig sæmilega sátta bæði við það reglugerð sem sett var í því skyndi og með þeim hraða sem nauðsynlegur var sl. haust og eins að þeir séu sæmilega sáttir við það regluverk sem hér er verið að teikna upp. Þetta skiptir afar miklu máli því það er grundvallaratriði í allri meðferð af þessu tagi að allir sitji við sama borð.

Það er sem sé, virðulegi forseti, með þessu frumvarpi verið að setja nýtt regluverk um slitameðferð fjármálafyrirtækja. Það er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að fjármálafyrirtækið sjálft hafi frumkvæði að slíkri slitameðferð en það er þó gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið geti haft frumkvæði að því að taka yfirráð fjármálafyrirtækis. Það er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að um slitameðferðina gildi

að verulegu leyti sömu reglur og gilda um gjaldþrotaskipti. Það er auðvitað eðlilegt. Þar höfum við regluverk sem er þaulreynt og við þekkjum til hlítar vegna þess að því hefur verið beitt margsinnis með þeim árangri að það eru þekktar og vel nothæfar reglur. En eins og ég sagði áðan vorum við örugglega í ákveðnu frumkvöðulsstarfi á sviði lagasetningar þegar við lentum í þessari stöðu sem ekkert annað land hefur lent í, þ.e. að allir viðskiptabankarnir hrundu. Þess vegna væri út af fyrir sig áhugavert að heyra frá hv. formanni viðskiptanefndar hvort og þá hvaða viðbrögð við höfum fengið á þessar tillögur frá t.d. Evrópusambandinu af því að við höfum að leiðarljósi þau meginsjónarmið sem tilskipunin frá 2001 byggir á.

Það er gert ráð fyrir því að skipuð verði slitastjórn sem hafi sömu heimildir og skiptastjóri í þrotabúi. Það er auðvitað alþekkt að skiptastjóri í þrotabúi tekur við öllum réttindum og skyldum þrotabús og stjórnar í raun búinu. En bent er á það í athugasemdum með frumvarpinu að það gildi þó sú aðalregla að slitastjórnin eigi að hafa það að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækisins, þar á meðal með því að bíða eftir þörfum endatíma á útistandandi kröfum þess fremur en koma þeim fyrir í verð. Þetta er kannski ekki frábrugðið því sem skiptastjóra í þrotabúi ber að gera. Skiptastjóri í þrotabúi hefur ríkar heimildir til þess að hámarka, og ekki bara heimildir því hann hefur skyldur til að hámarka þær eignir sem í búinu finnast til að tryggja að sem mest komi til skiptanna. Það er því út af fyrir sig kannski ekkert nýmæli að þetta skuli vera með þessum hætti en það er kannski nýmæli að það skuli orðað skýrt. Eftir því sem ég þekki best hefur vinnuregla í þrotabúum skiptastjóra frekar verið sú að hann hinkrar við að koma eignum í verð ef hann veit að smábið getur orðið til að verðið verði hærra.

Það er áfram á það bent að hér sé verið að setja sambærilegar reglur og eru gagnvart gjaldþrotaskiptunum og að kröfuhafar geti með sama hætti og svipað og tíðkaðist með gjaldþrotaskipti gætt hagsmuna sinna og átt þess kost að bera ágreining um réttmæti krafna og um ákvarðanir og ráðstafanir slíkrar stjórnar undir dómstóla. Þetta er auðvitað ákaflega mikilvægt og snýr að þeim meginreglum sem ég vék að hérna áðan um að allir kröfuhafar séu jafnréttháir, þ.e. auðvitað innan sömu kröfuflokka því að kröfuhafar geta átt misréttháar kröfur, við megum ekki gleyma því. En þegar kröfuhafar eiga jafnréttháar kröfur þá skiptir miklu að þeir sitji allir við sama borð. Það skiptir auðvitað mjög miklu að ef þeir eru ósáttir við það sem slitanefnd eða slitastjórn er að gera þá geti þeir borið þann ágreining undir dómstóla. Það er auðvitað meginatriði að ákvarðanir af þessu tagi séu ekki endanlegar hjá slitastjórninni heldur geti þeir með þessum hætti farið til dómstóla alveg með sama hætti og í gjaldþrotameðferð getur kröfuhafi farið með ákvörðun skiptastjóra til dómstóla.

Ég rifjaði upp í upphafi að í gær var til umræðu frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á fjármálamarkaði út af heimildum þar sem m.a. stóð til að Fjármálaeftirlitið gæti einhliða ákveðið að kæra ekki þó að grunur væri um refsiverð brot þar sem t.d. væri ekki gert ráð fyrir því að neinar heimildir væru til að skjóta slíkum ákvörðunum neitt lengra. Þetta leiðir hugann að því að það er auðvitað algert grundvallaratriði í réttarríki að slíkum ákvörðunum sé hægt að skjóta til einhvers æðra stjórnvalds eða þá dómstóla eins og er í þessu tilviki því það má aldrei vera neinn grunur um að þetta séu einhvers konar tilviljanakenndar ákvarðanir og það verður að tryggja að ef kröfuhafi hefur grun um að eitthvað slíkt hangi á spýtunni þá geti hann látið á það reyna fyrir öðrum aðila. Þess vegna eru þessar leiðir fyrir kröfuhafa til að kæra ákvarðanir slitastjórnarinnar til dómstóla mjög mikilvægar.

Jafnframt er gert ráð fyrir því að slitastjórnin hafi heimild til að krefjast gjaldþrotaskipta á búi fjármálafyrirtækis. Allt eru þetta eðlilegar og nauðsynlegar heimildir. Það er sérstakt fagnaðarefni að milli 2. og 3. umr. hefur náðst samkomulag um að tveir stafliðir sem búið var að gera breytingartillögu um sem greinilega olli nokkrum óróa í hópi kröfuhafa, ekki síst c-liðurinn í 2. tölulið breytingartillögu á þskj. 858, að samkomulag hefur náðst um að fella þessar breytingar alfarið niður. Frumvarpið liggur því fyrir óbreytt í 3. umr. frá 2. umr. og fallið hefur verið frá þeim breytingartillögum, þær voru dregnar til baka. Ég held að ekki sé hægt að segja annað en að hér hafi verið unnið gott verk, bæði af hálfu viðskiptaráðuneytisins sem samdi þetta frumvarp og ekki síður af hálfu hv. viðskiptanefndar sem fór ítarlega yfir frumvarpið, fékk til sín marga gesti og gerði örfáar breytingar sem samstaða hefur náðst um. Að þetta frumvarp verði að lögum er örugglega eitt skref í áttina að því að leysa þann vanda sem við stöndum í eftir hrunið.

[12:14]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins til að bregðast við þeirri spurningu sem hv. þm. Dögg Pálsdóttir varpaði til mín varðandi hvort og hversu vel þetta rímaði við evrópskan rétt og tilskipanir Evrópusambandsins í þessum efnum. Það kom fram hjá fulltrúum viðskiptaráðuneytis fyrir nefndinni að þess hefði verið gætt enda er hér fyrst og fremst byggt á grunni gjaldþrotaskiptaréttarins, gjaldþrotaskiptalaganna sem njóta viðurkenningar og eru sniðin að evrópskum rétti og eru í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins þar um.

Þó er sérstaklega verið að taka tillit til sérstöðu fjármálafyrirtækja eins og hv. þingmaður nefndi. Það er ítrekað að það eigi fremur að bíða með sölu eigna en ég vil taka undir það sem hv. þingmaður sagði, að að sjálfsögðu gera það allir skiptastjórar og þarf ekki fjármálafyrirtæki til.

Ég vil ítreka það sem segir í nefndarálitinu um innleiðingu tilskipunar nr. 24/2001 og minna á það sem ég sagði í framsöguræðu minni við 2. umr. að þetta regluverk Evrópusambandsins dugði ekki til sl. haust þegar heilt fjármálakerfi hrundi. Það regluverk er auðvitað, eins og menn þekkja, til endurskoðunar á vegum Evrópusambandsins og við hér á landi þurfum auðvitað að fylgjast með því, því að fyrr en síðar mun það koma inn á okkar borð að laga íslenskan rétt og regluverk að því.

[12:16]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, formanni viðskiptanefndar, fyrir viðbrögð hennar við spurningum mínum. Það er auðvitað hárrétt ábending hjá henni

að regluverk Evrópusambandsins, eins og ég vék raunar að í ræðu minni, gerði ekki ráð fyrir hruni af þessu tagi, ekki frekar en regluverk Evrópusambandsins gerði ráð fyrir því, þar sem fjallað er um innstæðutryggingar, að allir reikningar gætu fallið. Við erum hér því ákveðnir frumkvöðlar í að bregðast við í landslagi sem enginn hafði áður séð fyrir.

Þess vegna trúi ég ekki öðru — af því hv. þingmaður benti á að það væri kannski út af ástandinu hér og svo sem annars staðar í heiminum, eða sérstaklega í Evrópu, að þó að við séum eina landið þar sem allt hefur hrunið hafa bankar hrunið í öðrum Evrópulöndum og þess vegna sé Evrópusambandið að endurskoða þessar reglur og væri svo sem athyglisvert að vita hvort þeir hugsanlega horfi til þess með hvaða hætti við brugðumst við og hvort þeir geti þá eitthvað lært af því hvernig við þurftum að bregðast við. Því mér er alveg kunnugt um það, t.d. vegna tengsla sem ég hef við fólk sem er í skilanefndum, að það vinnur alveg ótrúlega vinnu. Það er algerlega á nýju landsvæði, ókunnugu og óþekktu sem við erum að reyna núna að setja reglur.

Því væri áhugavert að vita hvort við séum að miðla til Evrópusambandsins upplýsingum um það hvernig við brugðumst við og hvernig það hefur gefist. Því það hlýtur að gagnast fyrir það að vita hvernig það regluverk sem smíðað er sem viðbrögð við því ástandi sem hér var fúnkerar. Að öðru leyti þakka ég hv. þingmanni fyrir greinargóð svör.

[12:18]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef í rauninni ekki hugmynd um það og veit ekki til þess að verið sé að miðla, eins og hv. þingmaður spyr um, reynslunni héðan til Evrópusambandsins. Mér hefur nú virst af því sem maður hefur frétt af þeim vettvangi, þar sem íslenskir fulltrúar hafa verið, að þeir hafi átt fullt í fangi með að skýra stöðuna og viðbrögðin.

Það er rétt sem hér hefur komið fram í umræðunum að neyðarlögin, nóvemberlögin og svo aftur þessi lagasetning núna, sem nemur nóvemberlögin að mestu úr gildi, að allt þetta hefur sætt mikilli gagnrýni. Menn hafa efast um réttmæti setningar neyðarlaganna með tilliti til kröfuhæðar innlána og eins náttúrlega sættu nóvemberlögin töluverðri gagnrýni. Ég er því ekki viss um að af miklu sé að miðla. En vinnan við búin, að skilgreina eignir búanna, er eflaust eitthvað sem aðrir gætu lært af. En ég reikna með að það sé einmitt það sem menn eru að gera alls staðar annars staðar í heiminum.

Ég minni á, af því hér hefur verið mikið rætt um kröfuhafa og afstöðu þeirra, að í Lehman Brothers fengu kröfuhafar 2%. Það er því víða óánægja og víða er verið að reyna að koma eignum í verð, ekki bara á Íslandi.

[12:20]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. og formanni viðskiptanefndar, Álfheiði Ingadóttur, fyrir andsvar hennar og svör við því sem ég innti hana eftir. Ég trúi hins vegar ekki öðru en að viðskiptaráðuneytið hljóti að láta Evrópusambandið fylgjast vel með því hvernig við höfum brugðist við málum. Því eins og ég sagði áðan hlýtur það að vera mikilvægt fyrir það að fá að heyra hvernig hefur verið brugðist við og hvernig það hefur gefist þannig að það geti þá að minnsta kosti flýtt sinni vinnu. Það er óþarfi að finna upp hjólið að því leyti sem við höfum kannski rambað niður á regluverk sem dugar.

Ég trúi ekki öðru en samskipti okkar við Evrópusambandið séu af þeim toga að þau séu gagnkvæm og við getum miðlað. Þó að tilefnið sé slæmt er það auðvitað alltaf ánægulegt að geta miðlað í hina áttina en ekki alltaf tekið við, eins og hefur nú kannski verið frekar hlutskipti okkar hingað til. Við höfum verið að aðlaga regluverk okkar að reglum Evrópusambandsins og það væri ánægjuleg tilbreyting ef regluverk Evrópusambandsins væri smíðað að þessu, a.m.k. í ljósi þess sem við settum upp af því við þurftum að bregðast við áður en aðrir gerðu það.

Eins og ég benti á í fyrra andsvari mínu og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir ýjaði að erum við auðvitað líka fórnarlömb þess að enginn sá þetta fyrir og þess vegna m.a. sitjum við í þeirri súpu sem við sitjum, ef við sitjum þá í henni, varðandi t.d. Icesave-reikningana. Því enginn gerði ráð fyrir að hrun yrði af því tagi og innstæðutryggingarnar sem settar voru miðuðu ekki við það að allt hryndi þó svo að við höfum a.m.k. tímabundið, hver svo niðurstaðan verður, verið neydd til þess að gangast þar við hlutum.

[12:22]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka upp þráðinn sem frá var horfið í ræðum hv. þingmanna um stöðu okkar gagnvart hinu evrópska regluverki. Tilefni þess að ég stend hér upp núna er fyrst og fremst það að mér þóttu umræður í morgun, þegar verið varað fjalla um bankahrunið og ásakanir í garð okkar sjálfstæðismanna af því tilefni, vera svo fráleitar og einkennilegar að síðan þegar komið er að því að ræða þetta frumvarp þá sést enn betur hve fráleitt það er að kenna Sjálfstæðisflokknum sérstaklega um það hvernig farið hefur fyrir íslenska bankakerfinu. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr athugasemdum með frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Þau áföll sem dundu yfir fjármálamarkaði heimsins haustið 2008 leiddu til nánast algerrar lánsfjárþurrðar og höfðu í för með sér hremmingar fyrir íslensk fjármálafyrirtæki sem vart eiga sér fordæmi í öðrum löndum. Áföllin leiddu m.a. til þeirra óvenjulegra aðgerða að stjórnir þriggja stærstu íslensku viðskiptabankanna, og raunar einu viðskiptabankanna hér á landi sem höfðu á hendi slíka starfsemi, óskuðu eftir því við Fjármálaeftirlitið 7. og 8. október 2008 að það gerði ráðstafanir til þess að taka yfir stjórn bankanna. Alþingi hafði brugðist við áður með setningu laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, nr. 125/2008“ — þetta eru svokölluð neyðarlög — „en lögunum var ætlað að taka á mjög sérstökum aðstæðum á fjármálamarkaði þar sem við blasti hrun fjármálakerfisins. Þessar aðstæður voru með öllu ófyrirsjáanlegar þegar reglur XII. kafla laga nr. 161/2002 voru settar. Sá tími, sem var til ráðstöfunar við samningu frumvarps þess sem varð að lögum nr. 125/2008 var mjög skammur og mikil óvissa ríkjandi. Með lögunum voru gerðar ýmsar breytingar á lögum nr. 161/2002, eink-

um XII. kafla þeirra. Má segja að með þeim hafi verið brugðist við neyðarástandi, sem m.a. fólst í falli bankanna þriggja, svo sem áður getur."

Fram kemur, virðulegi forseti, að hér var þannig ástand sem skapaðist á heimsmarkaði, fjármálamarkaði heimsins, haustið 2008 að það leiddi til nánast algerrar lánsfjárþurrðar á heimsmarkaði. Og að segja síðan í þingsal eins og gert var fyrr í dag að þetta sé eitthvert verk Sjálfstæðisflokksins að stofna til þessa ástands haustið 2008 er algerlega fráleitt. Ef það væri svo að þetta væri innlent vandamál og innlendar ástæður alfarið fyrir þessu hefðu menn að sjálfsögðu gripið á málinu með öðrum hætti en gert var með neyðarlögunum nr. 125/2008.

Neyðarlögin, virðulegi forseti, gera ráð fyrir því að skil séu á milli þeirrar starfsemi sem nú er í bönkunum og var færð úr þeim fjármálafyrirtækjum sem leituðu til Fjármálaeftirlitsins 7. og 8. október, þá var færður hluti af starfsemi þeirra yfir í þá banka sem nú eru starfandi, hina nýju banka, og skilinn eftir í svokölluðum skeljum eða leifar þeirra banka sem ekki var talið að ættu að fara inn í þá banka sem nú starfa. Það eru leifarnar sem við erum að fjalla um hér, leifarnar af þeirri bankastarfsemi sem var fram til haustsins 2008 og fram til þess tíma þegar Fjármálaeftirlitið tók að sér rekstur bankanna og skipti þeim upp með vísan til neyðarlaganna. Það er sá vandi sem við erum að glíma við, hvað gera á við þessar leifar, hvernig taka á á þeim málum og hvernig reynt er að bregðast við. Eins og hefur komið fram í umræðum í morgun er hugmyndin ekki síst sú að tryggja sem best að kröfuhafar sitji að sjálfsögðu við sama borð. Það er það sem er verið að fikra sig fram með og var gert með lögum í nóvember og nú er talið nauðsynlegt að breyta þeim lögum. Eins og fram kom hjá hv. formanni viðskiptanefndar má segja að þau lög séu gerð óvirk og þessi lög sem við erum að fjalla um í dag og eru nú komin til lokaafgreiðslu og góð sátt er um komi í staðinn fyrir hin.

Mér finnst að menn verði að hafa þetta í huga þegar fjallað er um málið og þegar litið er á þær umræður sem hér verða hvað eftir annað í þingsalnum um að það sé af innlendum orsökum, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi staðið þannig að málum og átján ára stjórnarseta hans sem hafi leitt til þessa ástands sem við erum að fjalla hérna um og lýst er í greinargerð og kallað að það leiddi til nánast algerrar lánsfjárþurrðar á heimsvísu. Menn verða að hafa þetta í huga þegar um þetta er fjallað, að við erum að takast á við þennan vanda. Við erum að takast á við þær leifar sem urðu eftir í bönkunum sem leituðu til Fjármálaeftirlitsins 7. og 8. október.

Þá komum við að Evrópureglunum. Hv. þingmenn ræddu það og hv. formaður viðskiptanefndar telur að það sem við erum að samþykkja hér samrýmist evrópskum reglum. Hann sagði jafnframt, og það hefur komið fram, að þessar reglur gerðu alls ekki ráð fyrir því að bankakerfið hryndi með þessum hætti. Því stöndum við frammi fyrir, bæði þegar við erum að fjalla um það hvernig standa eigi skil gagnvart þessum kröfuhöfum og einnig þegar fjallað er um Icesave-málið. Þar erum við líka staddir, Íslendingar, í þeim sporum að evrópskar reglur gilda en þær eru þess eðlis að þær gera ekki ráð fyrir slíku hruni. Í því efni höfum við, að mínu mati, því miður ekki haldið nægilega vel á okkar lagalegu réttarstöðu.

Ef við getum með samþykktum hér á Alþingi, eins og við erum að ganga frá núna, breytt þessum lögum og sett hér reglur sem jafnvel er óvíst að verði samþykktar af evrópskum yfirvöldum, hvers vegna getum við gert það varðandi þennan þátt málsins en ekki þegar kemur að því að velta fyrir sér spurningunni um svokallaða Icesave-reikninga og þá stöðu sem við höfum lent í á þeim vettvangi. Spurningarnar sem ég hef viljað halda til haga í því efni eru: Höfum við staðið á nægilega traustum lögfræðilegum grunni að öllum ákvörðunum okkar varðandi samskipti okkar við aðrar þjóðir vegna Icesave-reikninganna? Eða samskiptum við Evrópusambandið?

Það er augljóst að Evrópusambandið var skelfingu lostið yfir þeirri stöðu sem hefði getað komið upp ef Íslendingar hefðu ekki gengist í ábyrgð fyrir Icesave-reikningunum með þeim hætti sem gert var. Evrópusambandið sá þá fram á að allt kerfið í kringum þessi fjármálafyrirtæki kynni að hrynja, sem við tökum sérstaklega á í umfjöllun um þetta frumvarp. Hv. þm. Dögg Pálsdóttir vakti máls á því hvort ekki væri unnið þannig að málinu að þeirri reynslu sem við erum að glíma við, eða þeim erfiðleikum, væri miðlað til annarra, hvort reynslunni af þeim erfiðleikum sem við erum að takast á við sé ekki miðlað til Evrópusambandsins og inn í hið evrópska kerfi þannig að það sé á fleiri stöðum en varðandi Icesave-málið að Evrópusambandið kom fram við okkur af ótrúlegri hörku og með lögfræðiálit að vopni, að það sé þá á fleiri sviðum en á því sem menn velti fyrir sér lögfræðilegum álitaefnum og komi þá líka á framfæri við Evrópusambandið sjónarmiðum sem eiga þangað erindi.

Þetta vildi ég segja hér því að ég tel að þetta mál sé stærra en það sem lýtur að þeim sérgreindu atriðum sem leiddu til þess að þetta fór aftur inn í nefndina. Nefndin stóð náttúrlega frammi fyrir því, með ákveðnum breytingartillögum sem hún hafði gert, að kröfuhafarnir töldu að farið væri fram á þann veg að dregið gæti úr því trausti sem ætti að ríkja til þess að mál færu á þann veg að kröfuhafar væru sannfærðir um að fyllsta jafnræðis yrði gætt eða þá að þeir væru að vinna með aðilum sem hefðu þá þekkingu og reynslu að þeir mundu sjá til þess að sem hæst verð fengist fyrir þær leifar sem eru í þessum skeljum bankanna ef ég má kalla það svo. Ég vil leggja áherslu á það, virðulegi forseti, hve mikilvægt það er að koma fram gagnvart kröfuhöfunum á þann veg að augljóst sé að unnið sé af sanngirni og sátt eftir því sem kostur er.

Sú staða getur komið upp að kröfuhafar sem telja á sér brotið og telja að í gildi séu reglur á Íslandi sem séu ósanngjarnar og hygli einhverjum umfram aðra geti hugsanlega borið slík mál undir dómstóla í öðrum löndum. Fordæmi eru frá Bandaríkjunum þess efnis að kröfuhafi sem á kröfu í bú í öðru landi geti leitað til bandarísks dómstóls og fengið álit hans á því hvort reglurnar sem gilda um úthlutun á eignum skuldarans séu með þeim hætti að þær séu sanngjarnar. Ef menn fá niðurstöðu fyrir bandarískum dómstól um að slíkar reglur séu ósanngjarnar — segjum að bandarískt dómarinn segi sem svo: Ja, þessar reglur eru þannig úr garði gerðar að það er augljóst að verið er að mismuna kröfuhöfum, t.d. eftir þjóðerni eða eftir einhverjum öðrum slíkum reglum — geta menn í krafti þess beitt þeim dómi,

ekki endilega í viðkomandi landi, hér á landi, eða annars staðar þar sem reynir á slík mál heldur gagnvart viðkomandi fyrirtæki eða fyrirtækjum sem eru afleidd af því fyrirtæki eða rísa á grunni þess gjaldþrotabús sem til umræðu er.

Við erum búin að skipta bönkunum upp, annars vegar í þessi þrotabú og hins vegar starfandi einingar sem eru starfandi hér — menn geta þá, þegar þessar starfandi einingar eru að sinna viðskiptum á viðkomandi markaði, vísað í þennan bandaríska dóm, sem ég tek sem dæmi, og sagt sem svo: Hér er arftaki þessa þrotabús. Hann er hér í viðskiptum og nú vil ég í krafti þessa dóms ná í peningana mína. Það getur þá valdið þessum arftaka þrotabúsins erfiðleikum.

Þetta segi ég hér til að árétta þá skoðun sem hefur komið fram í máli formanns viðskiptanefndar, hv. þingmanns, og annarra þingmanna sem um þetta mál hafa rætt hversu mikilvægt er að gætt sé jafnræðis og sanngirni þegar fjallað er um réttarstöðu kröfuhafanna, hvort sem við erum þeirrar skoðunar að þeir eigi kröfur eða ekki, það er svo annað mál.

Hingað hafa komið erlendir menn og prófessorar, gjarnan er vitnað í prófessora þegar menn eru að fjalla um þetta, erlenda prófessora eða sérfræðinga — birst hafa greinar í blöðum og annars staðar þar sem menn hafa fullyrt að við ættum ekkert að sinna þessum kröfum. Við ættum að láta lánardrottnana, eða þá sem hafa treyst þessum fyrirtækjum fyrir fé sínu, sitja uppi með tjónið. Þeir hafi greinilega viljað taka mikla áhættu með viðskiptum við fyrirtæki sem stóðu ekki á traustari grunni en raun ber vitni, þeir verði sjálfir að sitja uppi með það, það sé ekki Íslendinga eða okkar skattgreiðenda að standa undir því.

Ég ætla ekki að fara út í þær umræður. Þær eru kapítuli út af fyrir sig, þær ábendingar sem við höfum fengið. Við erum hér að fjalla um frumvarp til laga sem snýst um réttarstöðu kröfuhafa og samskipti við þá og því vil ég segja að það er ákaflega mikilvægt að þessi lög standist, standist þá líka þessar evrópsku meginreglur og standist þá skoðun sem kröfuhafarnir geta látið málið fara í á öðrum vettvangi en hér. Yfirleitt er um að ræða alþjóðlegar kröfur og alþjóðleg viðskipti sem munu snerta traust í garð íslenskra fyrirtækja þegar fram líða stundir. Það getur varla verið leið okkar út úr þeim vanda sem við erum í núna að skapa þannig hindranir fyrir fyrirtæki sem vilja starfa hér á heilbrigðum grunni þegar fram líða stundir.

[12:37]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Björn Bjarnason ræddi evrópska regluverkið og Icesave og viðbrögð stjórnvalda við bankahruninu síðastliðið haust. Hann vitnaði til umræðna sem urðu hér í morgun, sem hv. þingmaður taldi fráleitar, og fjölluðu um ábyrgð Sjálfstæðisflokksins á því.

Þegar reynt er að svara þeim spurningum sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins reiða fram um það hverju við höfum að miðla til Evrópusambandsins eftir þá reynslu sem við höfum gengið í gegnum umliðinn vetur er sjálfsagt að velta því fyrir sér: Getum við miðlað úrvinnslu okkar á hruninu? Við erum nú þegar búin að stagbæta neyðarlögin einu sinni með nóvemberlögunum sem nú er verið að taka úr gildi í heilu lagi. Þar er því kannski ekki miklu að miðla fyrst við þurfum að breyta því öllu hér og nú.

Ég tel þó að nú sé málið komið í lögformlegan farveg í samræmi við gjaldþrotaskiptalögin og það sé vel. Ég hlýt að spyrja hvort að það sé kannski það hvernig ekki var brugðist við þrátt fyrir augljós hættumerki og viðvaranir sem komu fram í aðdraganda bankahrunsins — er það kannski það sem við þurfum að miðla til Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópusambandsins?

Þegar þeir hlutir eru skoðaðir sést gleggst hversu mikil ábyrgð Sjálfstæðisflokksins er á því hversu harður skellurinn varð hér síðastliðið haust, að hunsa allar viðvaranir og augljós hættumerki. Hitt er svo annað mál að það hentar ekki Sjálfstæðisflokknum að viðurkenna þá ábyrgð núna.

[12:40]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er efni í aðra ræðu hjá mér, ef svo ber undir, að fjalla um það hvernig bregðast hefði átt við þeim viðvörunum sem fram komu. Hv. þingmaður var sem formaður viðskiptanefndar m.a. að fjalla um frumvarp um breytingar á seðlabankalögunum. Gert var hlé á meðferð þess máls vegna þess að verið var að bíða eftir því hvað kæmi út úr skýrslu sem unnin var á vegum Evrópusambandsins um hvernig breyta ætti regluverki þess til að tryggja að stjórnvöld á vettvangi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins hefðu þau tæki í höndunum að geta brugðist við og tekið á málum á þann veg að málum yrði ekki komið eins og við kynnumst hér í september/október árið 2008.

Það var eins og þingmenn kynntust töluverð spenna hér í þingsalnum út af því máli. Það er alveg augljóst að það er ekki bara hér á Íslandi sem verið er að fjalla um það hvaða mekanismi, ef ég má orða það svo, virðulegi forseti, hefði þurft að vera í gang í aðdraganda þessa hruns til þess að menn hefðu getað gripið til þeirra ráðstafana sem þurfti. Haldnar hafa verið heilu ráðstefnurnar um það. Nýlega var haldinn svokallaður G-20 fundur sem m.a. snerist um það hvaða reglur ætti að setja til þess að koma í veg fyrir þetta. Að kenna Sjálfstæðisflokknum um að þessar reglur hafi ekki verið í gildi er álíka fráleitt og að kenna Sjálfstæðisflokknum um þá lánsfjárþurrð sem varð á heimsvísu.

Þessar rökræður leiða ekki til annars en þess að það er enn þá augljósara eftir en áður að hv. þingmaður kaus að fara inn á þessa braut að Ísland var í sömu sporum og önnur ríki þegar til þessara mála er leitað og hvarvetna eru menn núna að reyna að fara yfir það og gera betur með nýju regluverki.

[12:42]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki alveg viss um hvert hv. þingmaður er að leiða þessa umræðu. En það er rétt að svo sem eins og einn sólarhringur í langri vinnu hv. viðskiptanefndar, í tengslum við frumvarp til breytinga á lögum um Seðlabanka Íslands, var tekinn í að bíða eftir, skoða og greina fyrstu skýrslu sem fyrir lá á þeim tíma af hálfu Evrópusambandsins til undirbúnings á breytingu á regluverki hvað varðar bankastarfsemina.

Þar var Ísland, ef ég man rétt, nefnt í þrígang, íslenska dæmið. Það er staðreynd að þegar er farið að kenna það í hagfræði við erlenda háskóla hvað hér gerðist og hvernig bankahrunið varð. Ekki endilega það sem hér hefur verið rætt í morgun hvernig við höfum unnið úr því heldur hver aðdragandinn hafi verið. Við erum sjálf að setja upp rannsókn á því hvort þar hafi eitthvað saknæmt verið á ferð.

En ég ítreka það sem ég sagði áðan að viðvaranir, bæði til stjórnvalda og til bankanna sem slíkra, til Seðlabankans, og augljós hættumerki, sem sjá mátti í efnahagslífinu með viðvarandi öfugum viðskiptajöfnuði og vaxandi verðbólgu og mikilli skuldasöfnun bankanna erlendis, það hvernig þeir uxu íslensku hagkerfi að öðru leyti yfir höfuð — þessar viðvörunarbjöllur voru einfaldlega hunsaðar. Þess vegna, *frú forseti, varð skellurinn svo harður. Þar þýðir ekkert fyrir* Sjálfstæðisflokkinn að hlaupast undan ábyrgð.

[12:44]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að verið sé að rannsaka þetta við marga háskóla. Ég vona að það verði rannsakað mjög víða og menn komist að niðurstöðu um hvað hefði mátt fara betur í regluverkinu til þess að bankar yxu ekki eigin þjóðarbúi jafnhátt yfir höfuð og íslensku bankarnir gerðu. Það er um það sem þetta snýst. Það er um það sem þessi íslensku dæmi snúast um. Það er þá spurningin: Hvaða reglur þurfa að vera í gildi til þess að menn geti komið í veg fyrir að þróunin verði á þann veg sem hér varð?

Ég sé ekki í þessum dæmum, og ég hef lesið um þetta víða greinar og álit, að verið sé að víkja þannig að Sjálfstæðisflokknum eða íslenskum stjórnvöldum að menn séu að rannsaka það sérstaklega. Verið er að rannsaka hvaða tæki menn hafi haft til þess að stemma stigu við ofurvexti banka og til þess að taka á þeim málum. Það er það sem verið er að fjalla um á þessum alþjóðafundum.

Íslenska dæmið er til marks um það að bankastarfsemi getur þróast á þann veg að hún vaxi viðkomandi efnahagskerfi yfir höfuð, það er ekkert einsdæmi hér á Íslandi. Þótt við höfum stigið þetta skref og stöndum í stærsta og erfiðasta *stórfljótinu þegar þessi skriða fer yfir þá glíma aðrar* þjóðir við sama vanda í annarri mynd og þurfa að takast á við hann. Það er engin furða þó að menn vilji greina það og bera saman. Öll hagfræði virðist byggja mikið á samanburði og slíkum hlutum því það eru nú ekki nákvæmnisvísindi heldur er verið að læra af reynslunni. Ég vona að reynsla okkar Íslendinga verði til þess að forða mörgum frá sama vanda, að þeir geti komið upp regluverki ef það er nauðsynlegt til þess að sama þróun verði ekki og hér. En ég fullvissa hv. þingmann um að ekki er verið að fjalla um Sjálfstæðisflokkinn eða stjórn hans heldur er verið að fjalla um þær leikreglur sem giltu á þessu sviði hér á landi.

[Fundarhlé. — 12:47]

[13:31]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga, stjórnarfrumvarp um fjármálafyrirtæki og erum komin að umfjöllun um málið í 3. umr. eftir að hv. viðskiptanefnd hefur fjallað um það og unnið að mér sýnist mjög vel að yfirferð þess.

Rík ástæða er til þess, hæstv. forseti, að fara nokkrum orðum um þetta frumvarp, ekki síst vegna þess að í dag hefur farið fram mjög hörð umræða þar sem stjórnarliðar og einkum og sér í lagi hv. þingmenn, raunar fáir, úr flokki hæstv. fjármálaráðherra hafa leyft sér að nota umfjöllun um þetta mál og vísun til þess til sérstakra árása á Sjálfstæðisflokkinn. Þess vegna vil ég, hæstv. forseti, leggja nokkur orð inn í þessa umræðu því að ég lít svo á að þetta sé fullkomið ábyrgðarleysi þegar við erum að fjalla um eins mikilvægt mál og það frumvarp sem hér er til meðferðar og snýr að fjármálastofnunum okkar Íslendinga sem verið er *að reyna að endurreisa og bregðast við því alvarlega og* mikla hruni sem varð hjá bönkunum í kjölfar þess að hinn alþjóðlegi fjármálamarkaður nánast hrundi til grunna.

Meðal þess sem fær mig til að koma hingað upp er að ég tel nauðsynlegt að mótmæla þeim málflutningi sem ég nefndi áðan og gera athugasemdir við hann vegna þess að verið er að afvegaleiða almenning í landinu með þessari umræðu. Það er verið að afvegaleiða almenning í landinu og reyna að koma því inn hjá fólki að ástæðurnar fyrir bankahruninu séu allt aðrar en þær voru og að ekki hefði þurft að koma til þeirrar löggjafar sem hér er til meðferðar ef sjálfstæðismenn hefðu haldið með öðrum hætti á málum en raun ber vitni.

Hverjir hafa stjórnað okkar fallega landi á undanförnum árum? Vissulega hafa sjálfstæðismenn verið áhrifamiklir í því en við höfum verið í samstarfi við Alþýðuflokkinn, á árunum 1991–1995, síðan Framsóknarflokkinn og svo Samfylkinguna. Vinstri grænir þingmenn hika ekkert við, þrátt fyrir að vera í samstarfi við Samfylkinguna, að láta að því liggja að bankahrunið sé stjórnvöldum að kenna og þá væntanlega Samfylkingunni. Því má heldur ekki gleyma að Samfylkingin, þótt ung sé, er sprottin upp úr gamla Alþýðuflokknum og Alþýðuflokkurinn og Samfylkingin störfuðu með okkur sjálfstæðismönnum að stjórn mála í nærri sex ár. Ég trúi því ekki að þingmenn og ráðherrar Samfylkingarinnar sem unnu með okkur sjálfstæðismönnum, þótt *ýmislegt megi um það fólk segja, hafi ekkert lagt til verka.* Öðru nær. Nauðsynlegt er að rifja þetta upp vegna þess að það á ekki að láta fólk komast upp með slíkan málflutning eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hafði uppi, hún er raunar ekki í salnum þessa stundina en hún hefur verið hér í sókn og vörn fyrir þessum sjónarmiðum vinstri grænna um að ráðast á Sjálfstæðisflokkinn, oft og tíðum ansi einmana reyndar. Formaður þingflokks Vinstri grænna er hér öðru hvoru í gættinni en fyrst og fremst hefur það verið hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sem hefur staðið fyrir þessum stórundarlega málflutningi.

Aðeins að frumvarpinu en frumvarp það sem hér er til umfjöllunar er samið á vegum viðskiptaráðuneytisins og hæstv. viðskiptaráðherra mælti fyrir því á sínum tíma og hv. viðskiptanefnd hefur fjallað um málið. Það er alveg augljóst — *en skýtur mjög skökku við og er algerlega í* ósamræmi við vinnubrögð viðskiptanefndarmanna sem skrifa undir framhaldsnefndarálit án fyrirvara að mér sýnist, bæði stjórn og stjórnarandstæðingar — að þetta ágæta fólk í

viðskiptanefnd hefur lagt sig fram um að vinna sem best að endurbótum á þessu frumvarpi en það komu athugasemdir frá m.a. skilanefndum bankanna og ýmsum kröfuhöfum sem leiddi til þess að hv. viðskiptanefnd tók málið til meðferðar og m.a. á milli 2. og 3. umr. Það er unnið mjög vel að þessu máli að mér sýnist á vegum þingsins þrátt fyrir að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á frumvarpinu eins og verkast til.

Ástæður fyrir þessu frumvarpi, sem vonandi verður að lögum í dag, eru áföllin sem dundu yfir fjármálamarkaði heimsins haustið 2008. Þau áföll leiddu til nánast algerrar lánsfjárþurrðar og höfðu í för með sér hremmingar fyrir íslensk fjármálafyrirtæki sem vart eiga sér fordæmi í öðrum löndum. Það er nauðsynlegt að rifja þetta upp, jafnvel hér við 3. umr. verður að minna á þetta vegna þess, eins og ég sagði fyrr, að hv. þingmenn vinstri grænna og sumir þingmenn Samfylkingarinnar reyna að afvegaleiða almenning í landinu með þessari umræðu. Áföllin leiddu m.a. til þeirra óvenjulegu aðgerða að stjórnir þriggja stærstu íslensku viðskiptabankanna, og raunar einu viðskiptabankanna hér á landi sem höfðu á hendi slíka starfsemi, óskuðu eftir því við Fjármálaeftirlitið 7. og 8. október 2008 að það gerði ráðstafanir til að taka yfir stjórn bankanna. Alþingi hafði brugðist við áður með setningu laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, lög nr. 125/2008, en lögunum var ætlað að taka á mjög sérstökum aðstæðum á fjármálamarkaði þar sem við blasti hrun fjármálakerfisins. Þessar aðstæður voru með öllu ófyrirsjáanlegar þegar reglur voru settar um þau mál 2002. Ekki er ástæða til að rifja frekar upp aðdraganda málsins að öðru leyti en það þekkir nánast hvert mannsbarn hvílíkar afleiðingar það hafði þegar hin mikla lánsfjárþurrð í heiminum haustið 2008 leiddi til þessara hremminga allra.

Meginatriði þessa frumvarps er að lagt er til að settar verði nýjar reglur um slitameðferð fjármálafyrirtækja. Mjög hefur verið ýtt á eftir því að þingið kláraði þetta mál, lyki við að gera þessar breytingar. Stjórnendur fjármálafyrirtækjanna og þeir sem fara með málefni gömlu bankanna og þeirra fjármálafyrirtækja sem lenda í vandræðum, stjórnendur þar og þeir sem hafa haft með þau að gera, hafa lagt ríka áherslu á þessu yrði lokið. Reglur frumvarpsins gera ráð fyrir að fjármálafyrirtæki hafi sjálft frumkvæði að slíkri slitameðferð sem hér er verið að fjalla um en í bráðabirgðaákvæði er þó lagt til að Fjármálaeftirlitið geti einnig haft frumkvæði að því að taka yfir ráð fjármálafyrirtækis. Þetta kemur rækilega fram í greinargerð með frumvarpinu og síðan hefur frumvarpið tekið breytingum sem hv. þingmenn þekkja.

Í frumvarpinu er lagt til að um slitameðferðina gildi um margt sömu reglur og gilda um gjaldþrotaskipti. Gert er ráð fyrir að skipuð verði slitastjórn sem hafi um flest sömu heimildir og skiptastjóri þrotabús. Þar gildir þó sú aðalregla að slitastjórn skal hafa að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækisins, þar á meðal með því að bíða eftir þörfum efndatíma á útistandandi kröfum þess fremur en að koma þeim fyrr í verð. Það á þó ekki við ef telja má að hagsmunir kröfuhafa og eftir atvikum hluthafa eða stofnfjáreigenda séu meiri af því að ráðstafa slíkum réttindum á fyrri stigum til að ljúka megi slitameðferð. Allt eru þetta mjög viðkvæm og vandmeðfarin atriði en engu að síður geysilega mikilvægt að þetta sé skráð og skrifað skýrum stöfum í þessa löggjöf.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að gefin verði út innköllun þar sem kröfuhöfum gefst kostur á að vísa kröfum sínum til slitastjórnar og að afstaða verði tekin til þeirra, eftir atvikum með dómsúrlausn. Gerð er tillaga um að kröfuhafar geti með svipuðum hætti og tíðkast við gjaldþrotaskipti gætt hagsmuna sinna við slitameðferð og átt þess kost að bera undir dómstóla ágreining um réttmæti krafna sinna og um ákvarðanir og ráðstafanir slitastjórnar. Allt eru þetta aðgerðir sem mikilvægt er að hafa í huga þegar við fjöllum um frumvarpið.

Gerðar eru tillögur um að slitameðferð geti lokið með þeim hætti að fjármálafyrirtæki eigi þess kost, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, að hefja starfsemi á ný eða þá að eigendum, hluthöfum og stofnfjáreigendum, verði greiddir hlutir þeirra í fyrirtækinu að greiddum lýstum kröfum á hendur því. Þá er einnig gert ráð fyrir að slitastjórn geti leitað nauðasamnings við kröfuhafa og efnt hann og í framhaldi af því geti fjármálafyrirtæki annaðhvort hafið starfsemi að nýju, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, eða eignir þess verði greiddar hluthöfum eða stofnfjáreigendum. Loks er gert ráð fyrir að við tilteknar aðstæður sé slitastjórn skylt að krefjast gjaldþrotaskipta á búi fjármálafyrirtækis. Allt eru þetta svo sem kunnuglegir textar en er hluti af mjög mikilvægri og nauðsynlegri lagasetningu til að tryggja umhverfi og endurreisn fjármálafyrirtækjanna og skapa skilyrði til þess að hægt sé að ganga frá þeim mikla vanda sem fjármálafyrirtækin höfðu ratað í og margir hafa átt um sárt að binda og tapað miklum fjármunum í tengslum við þessar hremmingar allar.

Ástæða er til að rifja þetta aðeins upp með þeim hætti sem ég geri hér. Það verður að undirstrika það mjög rækilega að við hljótum að leggja ríka áherslu á að gætt sé jafnræðis og sanngirni í allri meðferð þessara mála hjá einstökum fjármálafyrirtækjum þegar kemur að uppgjöri og því að meta skyldur þrotabúa gagnvart kröfuhöfum. Það er afar mikilvægt að um það gildi skýrar reglur.

Aðeins að lokum, hæstv. forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því aftur hvernig stjórnarliðið og þá sérstaklega hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs reyna að nota þetta frumvarp eins og mörg önnur mál sem hér eru til meðferðar til árása á Sjálfstæðisflokkinn. Við sjálfstæðismenn höfum ekki hugsað okkur að taka því þegjandi og tökum á móti, enda um mjög ómálefnalegan málflutning að ræða. Við sjálfstæðismenn leggjum áherslu á að ganga hreint til verks, það á bæði við um vinnu við lagasetningu og breytingar á lögum í þinginu sem og það að ganga hreint til verks gagnvart kjósendum okkar núna í aðdraganda kosninganna þegar við leggjum upp þær línur sem við viljum að kosið sé um. Við teljum að að varast beri að kjósa yfir sig vinstri stjórn sem er staðráðin, að því er virðist, að koma í veg fyrir uppbyggingu stóriðnaðar, ógnar afkomu og stöðu íslensks sjávarútvegs, leggur á ráðin um skattahækkanir og gefur litla von um að hér verði á næstu árum hægt að snúa til sóknar í atvinnumálum. Það ber að harma.

Hæstv. forseti. Ég vona að okkur takist að ljúka afgreiðslu þessa máls (Forseti hringir.) í dag svo þessi löggjöf

geti tekið gildi og hægt verði að vinna eftir henni.

[13:47]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Mér fundust þær umræður sem spunnust í kringum ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar vægast sagt mjög sérstakar. Þar setti hv. þm. Álfheiður Ingadóttir enn einu sinni fram þau sjónarmið að bankahrunið á Íslandi væri Sjálfstæðisflokknum að kenna. Þetta er nokkurs konar slagorð sem Vinstri grænir og skoðanabræður í Samfylkingu þylja í sífellu. Þeir telja að með því að endurtaka lygina nægilega oft verði henni trúað.

Tiltölulega skammt er liðið frá bankahruninu og sandurinn er ekki fokinn af því sem þar gerðist, það liggur því ekki ljóst fyrir hvað átti sér stað. Ákveðnar vísbendingar eru þó til staðar, gerðar hafa verið ákveðnar kannanir og ákveðnar niðurstöður liggja fyrir. Þær niðurstöður benda til þess að bankahrunið sem hér varð, aðdragandi þess, sé af allt öðrum toga spunnið og sé ekki á ábyrgð þeirra pólitísku yfirvalda sem verið hafa við stjórn á Íslandi síðustu ár. Það er merkilegt að jafnvandaður og góður þingmaður og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar Alþingis, virðist ekki hafa kynnt sér þær skýrslur og þau sjónarmið sem fram hafa komið varðandi það hvað olli bankahruninu — hvort það var vegna þess, eins og hún hefur ítrekað haldið fram, að Seðlabanki Íslands hafi ekki gætt að vandamálum sem hafi verið að hrannast upp, hvort Fjármálaeftirlitið hafi ekki gætt að sér, eins og Vinstri grænir hafa hrópað aftur á bak og áfram, eða hvort ríkisstjórn Íslands hafi brugðist.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að skoða það sem tekið hefur verið saman og best liggur fyrir hvað þetta varðar. Við höfum m.a. fyrir framan okkur skýrslu sem Kaarlo Jännäri tók saman og birtist 30. mars 2009. Þeir hv. þingmenn sem hafa blandað sér í þessar umræður virðast einhverra hluta vegna annaðhvort ekki hafa kynnt sér þau sjónarmið sem þar koma fram eða vísvitandi viljað forðast að koma þeim sjónarmiðum að. Í skýrslu þessa finnska sérfræðings, sem var fenginn sérstaklega til þess að skoða hvað hefði gerst, sem er eiginlega fyrsta heildstæða skýrslan sem unnin er af óháðum aðila, sem mikið var kallað eftir, um það hvernig að hlutum var staðið og hvernig þetta var — þessi skýrsla virðist ekki rata inn í umræður á Alþingi. Mér finnst það mjög miður að umræður hér skuli ekki vera á hærra stigi en raun ber vitni, að kastað skuli vera fram einhverjum pólitískum sleggjudómum eins og komið hafa fram hér í morgun frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur og líka frá hv. þm. Merði Árnasyni.

Ég hef haldið því fram, og ég hef bent á það með rökum, að frumástæða bankahrunsins sé óeðlileg útlánastarfsemi bankanna sjálfra sem hafi hvorki með eftirlitsstjórnvöld né stjórnmálamenn að gera, hafi ekki með síðustu ríkisstjórn að gera eða þá sem þar stóðu í forsvari. Það liggur fyrir að það var ekki vilji eða ósk pólitískra yfirvalda að svona færi. Það liggur fyrir að þegar á árinu 2007 höfðu menn áhyggjur af því hvernig hlutirnir hefðu verið að þróast. Það liggur fyrir, miðað við skýrslu hins finnska sérfræðings, sem ég vísaði til, að seinni hluta ársins 2007 hafi það verið stefna þáverandi ríkisstjórnar, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka að draga úr stærð bankanna. Það var meðvitað, það var talið að bankarnir væru orðnir of stórir og að bregðast þyrfti við. Meðal annars þess vegna var Kaupþing, sem ætlaði sér að kaupa hollenskan banka, að því er mig minnir NIBC-bankann, knúið til að hverfa frá þeim kaupum. Það er bein aðgerð sem stjórnvöld beittu sér fyrir. Hefði það ekki verið gert hefði, eftir því sem best verður séð, gjaldþrot þess banka sennilega orðið mun fyrr og alvarlegra.

Það er athyglisvert atriði sem kemur fram hjá finnska sérfræðingnum, á bls. 16 í skýrslu hans. Hann vísar þar til þess með hvaða hætti íslenskt þjóðlíf hafi verið, hvernig brugðist hafi verið við þegar bankarnir hafi verið gagnrýndir. Hann bendir á að þeir sem hafi gagnrýnt bankana hafi ekki verið teknir alvarlega. Það þekki ég vel. Ég gagnrýndi íslenska banka og íslenska bankastarfsemi og hef gert það allt frá því á árinu 2002, með hvaða hætti þeir fóru fram, fram á árið 2007 og síðar. Finnski sérfræðingurinn segir, og ég get vottað að það er rétt, að þeir sem hafi gagnrýnt bankana og hvernig þeir störfuðu hafi ekki verið teknir alvarlega eða ekki vakið sérstaka athygli. Bankamennirnir, fjármálafyrirtækin, voru álitnir þjóðhetjur og fjölmiðlarnir kepptust við að leggja áherslu á hvað starfsemi bankanna væri stórkostleg. Þjóðin var hreykin af bönkunum sínum og þeim árangri sem þeir höfðu náð. Hann bendir m.a. á að möguleikar stjórnvalda til þess að hafa áhrif hafi verið mjög takmarkaðir miðað við það sem var í gangi í þjóðfélaginu og það verður að hafa það í huga. Það er athyglisvert að skoða hvaða áherslu þessi finnski sérfræðingur leggur á veikasta hluta lýðræðisins í landinu, fjölmiðlana, sem að mínu viti voru sú stofnun eða það vald — stundum kallað fjórða valdið í þjóðfélaginu — sem gjörsamlega brást. Það verður að láta hvern hafa það sem hann á skilið.

Það liggur líka fyrir og er staðfest að allt frá því haustið 2007 hafi eftirlitsstjórnvöld gert sér grein fyrir því að alvarleg vandamál gætu komið til í bankakerfinu. Vísað er til þess að í mars og apríl árið 2008 hafi verið haldnir ítrekaðir fundir og viðvaranir komið fram hvað þetta varðar. Það hafi þá legið fyrir að alvarlegir hlutir gætu gerst ef lánsfjárkreppa skylli á. Það liggur líka fyrir, virðulegi forseti, að bankastarfsemi og fjármálastarfsemi byggist á trausti. Ef traustið er ekki fyrir hendi þá hrynja fjármálafyrirtæki mjög fljótt, jafnvel þó að þau hafi möguleika til áframhaldandi starfsemi. Ég hjó sérstaklega eftir því í skýrslu hins finnska sérfræðings þar sem hann fjallar um ástæður bankahrunsins, á bls. 21, 30 og 32, að hann setur alla sök á starfshætti bankanna. Hann bendir á að alþjóðlega fjármálakreppan hafi vissulega orðið þess valdandi hvernig fór en hann bendir líka á að bankarnir hafi farið mjög óvarlega miðað við þá stöðu sem þeir hafi verið í. Þá talar hann um það hvernig bankamenningin hafi verið í landinu og þau vandamál sem þar hafi verið um að ræða og sérstaklega vekur hann athygli á því, á bls. 32 í skýrslunni, hvernig óbein áhætta hafi verið fólgin í íslenskri bankastarfsemi þar sem bankarnir hafi átt talsverða og jafnvel stóra hluti hver í öðrum. Með falli eins mynduðust gagnkvæm áhrif sem við urðum vitni að. Þetta er í hnotskurn það sem um var að ræða.

Einnig er hægt að benda á það, og reyndar kemur það fram í umræddri skýrslu, að bankarnir stóðust með ágætum

þau álagspróf sem þeir fóru í en undirliggjandi var ákveðinn vandi sem kom ekki fram við slík álagspróf sem nú hefur orðið ljós við frekari skoðun. Það liggur því fyrir að höfuðástæða bankahrunsins var það hvernig íslenskri bankastarfsemi var fyrir komið. Það liggur líka fyrir að krosseignatengsl ollu miklu vandamáli en höfuðábyrgðina á öllu þessu ber sá aðili sem skuldaði í bankakerfinu yfir 1.000 milljarða þegar bankahrunið varð og án þess að geta greitt til baka það sem þar var um að ræða. Hér er um svo gríðarlega fjárhæð að ræða að ljóst var að þar var komið út yfir öll mörk. Það er eðlilegt að fólkið í landinu spyrji hvernig í ósköpunum hafi staðið á því að meira og minna öll fjármálafyrirtæki landsins hafi verið búin að lána þessu eina fyrirtæki, þessum eina aðila eða fyrirtækjum honum tengdum, þ.e. Baugi, helsta styrktaraðila Samfylkingarinnar, langt umfram eðlilega hluti, án nauðsynlegra trygginga og umfram raunverulega fjárhagslega getu. Ef finna á einn aðila eða eina ástæðu sérstaklega innan lands fyrir því hruni sem varð þá er það fyrst og fremst því að kenna að þessum eina aðila var lánað langt umfram öll eðlileg mörk. Menn geta spurt sig að því hvernig hafi staðið á því að þessum aðila var lánað með þessum hætti. Var það vegna þess að orð viðkomandi voru alltaf tekin góð og gild? Var það vegna þess að viðkomandi fyrirtæki átti trausta málsvara í fjölmiðlum og einn stærsta stjórnmálaflokk landsins eða voru það einhverjar aðrar ástæður? Höfuðástæða bankahrunsins er sú að þessi eini aðili skuldaði yfir 1.000 milljarða í íslenskum fjármálafyrirtækjum þegar bankarnir hrundu.

Aðrir þætti sem valda síðan ójafnvægi í íslenska umhverfinu, sem ég hef iðulega gert að umtalsefni, t.d. verðtrygging lána og gengisbundin lán til einstaklinga, stafa fyrst og fremst af því að stjórnvöld gættu þess ekki að hafa hér gjaldmiðil og gjaldmiðilskerfi sem gæti gengið fyrir minnsta fjármálakerfi heims. Á það verður að minna í þessu sambandi að gengishrunið kemur á undan bankahruninu. Það er víti til varnaðar að vera með slíkan gjaldmiðil, við verðum þegar í stað að huga að því að taka upp breytta stefnu. Það er útilokað að láta heimilin í landinu sitja uppi með afleiðingar af því að verðtrygging fer upp úr öllu velsæmi og gengisbundnu lánin þróast með þeim hætti sem raun ber vitni. Huga verður að breyttum hlutum. Á sama tíma og ég lýsi yfir stuðningi við frumvarpið sem hér er um að ræða þá ítreka ég að það er rangt — það eru beinlínis vísvitandi rangfærslur — sem fram kom hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur áðan, að efnahagshrunið hafi verið íslenskum stjórnvöldum eða eftirlitsstjórnvöldum að kenna. Allar skýrslur og allar vísbendingar sýna fram á annað. Það verðum við að hafa í huga og við verðum að taka tillit til þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur, 3. umr.

Stjfrv., 410. mál (hærri vaxtabætur 2009). — Þskj. 932.

[14:02]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum enn og aftur við 3. umr. mál um hækkun á vaxtabótum og burt séð frá því að hv. nefnd sem um þetta mál fjallaði sneri málinu eiginlega við sem ég lét bóka í hv. nefnd að væri mjög óeðlilegt vegna þess að í raun var lagt fram nýtt frumvarp að miklu leyti. Það frumvarp hefur ekki fengið þrjár umræður á Alþingi eins og venja er til og hefur ekki verið sent til umsagnar fyrir utan það að ekki hafa fengist nauðsynlegir útreikningar á því hvernig þetta kemur út fyrir einstakar fjölskyldur eða hvernig þetta kemur út yfirleitt. Horfið var sem sagt frá því að miða við að lækka prósentu af vöxtum sem koma til frádráttar, eða hækka þá tölu, þá var ákveðið að miða við prósentu af skuldum sem er hámarkið og það var hækkað úr 5% í 7%. Það er því allt annar hópur sem fær núna vaxtabætur heldur en í upprunalegu frumvarpi sem lagt var fram og eiginlega er ekki hægt að sjá neitt sambærilegt í þessum tveimur frumvörpum sem við ræðum nú. Ég gerði athugasemd við þetta í hv. nefnd þegar það var til umræðu. Mér finnst þetta slæm vinnubrögð og er kannski til marks um hve mikill hraði er á mörgum málum sem við erum að afgreiða, því þá er töluverð hætta á því að mistök verði gerð í vinnslu mála og er það mjög miður ef hv. Alþingi flýtir sér einum of að semja frumvörp.

Ég ræddi líka annan þátt sem ég er ekki enn þá orðinn sáttur við, þ.e. að meiningin er að nota til þessa verkefnis eða þessara breytinga 2.000 milljónir eða 2 milljarða af afskaplega fáséðum milljörðum sem ríkissjóður á. Hann á þá reyndar ekki því að mikill halli er á ríkissjóði þetta árið og verður enn meiri á næsta ári. Hér er því verið að auka hallann. Mér finnst að þegar menn eru í slíkum aðgerðum þurfi að vanda sig alveg sérstaklega við hvert þessir fjármunir fara, þessar 2.000 milljónir sem menn hafa ætlað sér að setja í þetta verkefni. Mér finnst hæstv. ríkisstjórn sem flytur málið engan veginn takast að koma peningunum þangað sem þörfin er mest fyrir þá, heldur er þetta í rauninni holt og bolt yfir alla sem verið er að setja þessa peninga.

Nú er það svo, frú forseti, að hluti þjóðarinnar er í verulega miklum vanda. 9% af þjóðinni hafa misst vinnuna og það er eitthvað sem við viljum ekki og eigum ekki að sætta okkur við. Atvinnuleysi hefur aukist undanfarið eftir að ný ríkisstjórn kom til skjalanna en var reyndar mikið áður. Þessi hópur manna er í mjög miklum vanda. Fólk sem var með kannski 500–700 þús. kr. á mánuði, jafnvel milljón í bönkunum, fær allt í einu atvinnuleysisbætur upp á 230 þús. kr., ef ég man rétt, tekjutengdar í þrjá mánuði og síðan ótekjutengdar atvinnuleysisbætur eftir það sem eru um 160–170 þús. kr. fyrir skatt. Þetta er náttúrlega mjög mikið fall í tekjum hjá þeim einstaklingum sem lenda í þessu, svo maður tali ekki um ef bæði hjónin eru atvinnulaus. Þarna er vandinn sem við glímum við því þetta fólk hefur ekki burði til að borga af lánum, hefur ekki burði til að framfleyta fjölskyldunni eða standa undir þeim útgjöldum sem fjölskyldan var búin að gera skuldbindingar um með bílakaupum, íbúðarkaupum og öðru slíku. Þessi hópur er virkilega í vanda.

En svo er ákveðinn hópur þar fyrir utan sem hefur lækkað í tekjum og misst yfirvinnu og hreinlega lækkað í tekjum og síðan er enn einn hópurinn sem er með lán, bílalán og íbúðalán í erlendri mynt sem hafa hækkað ofboðslega mikið, ekki síst núna síðustu vikuna. Gengi erlendra mynta hefur hækkað óskaplega mikið, um 16% frá því að ný ríkis-

stjórn tók við. Þar er eitthvað að fara úrskeiðis sem við höfum ekki fengið almennilegar skýringar á frá hæstv. ráðherra. Þarna er vandinn. Vandinn er kannski 9% atvinnuleysi og verið er að giska á um 15% til viðbótar, þ.e. þeir sem eru með erlendu lánin eða hafa orðið fyrir tekjumissi eða tekjulækkun, það séu því um 25% sem eru í verulega miklum og alvarlegum vanda.

Það frumvarp sem við ræðum notar 2.000 millj. kr. til að dreifa á allt fólk burt séð frá þessum vanda og það er það sem ég talaði um að menn væru að gusa út peningum til allra í stað þess að einbeita sér að þeim sem eru virkilega í vanda. Mér finnst það vera mjög alvarlegt í þessu frumvarpi að menn skuli ekki horfa á þann hóp. Ég hefði t.d., frú forseti, gjarnan viljað sjá hvað hefði kostað mikið að hækka mörkin í tekjutengdu atvinnuleysisbótunum. Það hefði komið þeim hópi miklu betur að fá hærri tekjutengdar bætur, þ.e. nálgast þau laun sem fólk hafði fyrir, þannig að fallið yrði ekki eins mikið í tekjunum, eða þá lengja tímann úr 3 mánuðum í kannski 4–5 mánuði. Ég hefði viljað vita hvað slíkt hefði kostað og hvort ekki hefði mátt setja þessar 2.000 millj. kr. í þann farveg að hækka atvinnuleysisbætur eða lengja tímann þannig að verið sé að ráðast að rótum vandans þar sem hann er raunverulega til staðar. Ég fer ekkert ofan af því að ég held að mesti vandinn sé hjá þeim sem eru atvinnulausir. Minni vandi er hjá þeim sem hafa lækkað í tekjum og vissulega er mikill vandi hjá þeim sem eru með erlendu lánin en hann er annars eðlis og búið er að benda á leiðir í því að lengja í lánum og fresta greiðslum sem leysir þann vanda þeirra sem eru með gengistryggð lán. Vandi hinna sem eru atvinnulausir er mestur. Ég hefði viljað sjá þessar 2.000 millj. kr., frú forseti, í þann endann en ekki var fallist á þá lausn. Þetta er í sjálfu sér svipað og ríkisstjórnin er að gera í öðrum málum líka, eins og t.d. með séreignarsparnaðinn, og alveg ótrúleg niðurstaða fékkst í því máli. (Gripið fram í.) Nei, ég er að ræða, frú forseti, lausnir til að leysa vanda heimilanna og ég hefði viljað sjá að menn skoði hvar vandinn er mestur og það er hjá þeim sem eru atvinnulausir en ekki hjá almenningi almennt. Ég vara menn við að líta svo á að öll þjóðin sé í vanda. Það er kannski einn fjórði hluti þjóðarinnar sem er í miklum eða verulega miklum vanda en þessar aðgerðir, bæði séreignarsparnaðurinn og vaxtabæturnar, eru ætlaðar almennt öllum. Ég vara við því. Það er miklu skynsamlegra að nota þessa fjármuni markvisst til að bæta stöðu þeirra verst stöddu.

Ég er t.d. með lausn hvað varðar séreignarsparnaðinn og kom með breytingartillögu um að þeir sem væru í vanda gætu fengið séreignarsparnað sinn að fullu greiddan út með skuldaskilum þannig að lífeyrissjóðurinn gæfi út skuldabréf sem kröfuhafinn, banki yfirleitt, tæki gilt og var náttúrlega miklu betra en hafa einhvern einstakling í vanskilum sem skuldara. Og líka að skatturinn taki slíkt skuldabréf gilt sem er nákvæmlega sama sagan því skatturinn fær þá peningana nákvæmlega eins og hann hefði fengið þá ella. Þetta skuldabréf væri með sömu gjalddögum og séreignarsparnaðurinn sjálfur, háð aldri mannsins o.s.frv. og þá til mjög langs tíma en með sömu ávöxtun. Þetta hefði verið lausn sem hefði nýst þeim sem eru virkilega í vanda, þeim sem skulda og eru að missa húsin sín og eiga kannski 5 eða 10 milljónir í séreignarsparnaði. Það hefði verið eitthvað sem munaði um. En þessi milljón sem menn eru að fá sem gefur um 60–70 þús. kr. á mánuði í 9 eða 10 mánuði er engin bót. Mér finnst hæstv. ríkisstjórn vera mjög mislagðar hendur í því að bæta stöðu þeirra sem raunverulega þurfa á því að halda.

Það mál sem við ræðum er einmitt dæmi um það að verið er að setja peninga til allra sem njóta vaxtabóta hvort sem þeir eru atvinnulausir eða halda fullri vinnu og hafa jafnvel fengið launahækkanir undanfarið. Ekki má gleyma því að þó að sumir hafi lækkað í launum hafa aðrir fengið launahækkanir eins og kjarasamningar gerðu ráð fyrir og eru þar af leiðandi alls ekki í sérstaklega slæmri stöðu. Auðvitað hittir verðbólgan alla fyrir og hún var umtalsvert mikil og hefur verið undanfarin ár. Reyndar er verðbólgan horfin núna þannig að verðtryggð lán lækka um næstu mánaðamót, sem er mjög gleðilegt og ánægjulegt, og þá segir mér svo hugur, frú forseti, að menn munu hætta að tala um að afnema verðtrygginguna þegar hún er farin að henta fólki. Það vill nú oft verða þannig.

Ég gerði athugasemdir við frumvarpið af þessum tveim ástæðum. Ég batt ákveðnar vonir við að menn mundu sjá ljósið og draga það til baka og setja heldur 2 milljarða af afskaplega dýrmætu fé, sem ríkissjóður á ekki, markvisst þangað sem þörf er á og það er að mínu mati í atvinnuleysisbótum og hvergi annars staðar. Langsamlega besta aðferðin til að bæta stöðu heimilanna, þeirra sem verst eru sett, er að setja peninga í atvinnuleysisbætur. Ég vona að menn sjái ljósið og láti af þessum frumvörpum því þetta er annað frumvarpið sem við fáum frá hæstv. ríkisstjórn sem dreifir peningum almennt til allra, of lítið og of magurt og kemur ekki þeim hópum til góða sem virkilega þurfa á því að halda.

Ég hef heyrt af því, talandi um þessa milljón í séreignarsparnaði, að fólk er að kaupa fyrir hana ferðir til útlanda, og var það þó örugglega ekki markmiðið með þeim aðgerðum. Mér skilst að um 20 þúsund manns hafi ákveðið að taka út séreignarsparnað sinn. Ég vona að flestir þeirra noti það fé til að greiða niður skuldir og þá til að breyta þeim eða setja féð í annað innlánsform, borga af því skatta og eiga það svo inni á sparisjóðsbók. En ég hef heyrt dæmi um að menn séu að nota þetta í ferðalög og neyslu og það er einmitt það sem bent var á í því sambandi að 70 þús. kr. á mánuði er þægileg utanlandsferð. Hættan er sú að þegar menn fá peninga í svona mörgum litlum skömmtum þá fari þeir einmitt í neyslu.

Nú má segja, frú forseti, að það sé ágætt að örva neysluna því sparnaðurinn sé orðinn fullmikill hér á landi og það má til sanns vegar færa. Má t.d. nefna að ferðaskrifstofur, bílasalar og slíkir hafi orðið fyrir miklum búsifjum þegar neyslan dregst svona harkalega saman eins og reyndin hefur verið. En ef menn ætla sér að setja atvinnulífið í gang með þeim hætti þá eiga þeir líka að kalla barnið það sem það heitir og vera ekki að tala um að menn ætli að greiða út séreignarsparnaðinn til að bæta stöðu þeirra heimila sem verst eru sett því það gerir það ekki. Það frumvarp sem við ræðum, burt séð frá því sem gerðist í nefndinni sem breytti frumvarpinu algerlega og nýtt frumvarp kom, sem mér finnst varasamt, þá er ekki spurning að þeim 2.000 millj. kr.

sem ætlaðar eru í þetta verkefni er illa varið ef markmiðið er að bæta raunverulega stöðu þeirra heimila sem verst eru sett.

[14:17]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Hér er á ferðinni mál sem hefur tekið nokkrum breytingum í meðferð þingsins og eins og kom fram áðan hefur það tekið umfangsmiklum breytingum í meðförum efnahags- og skattanefndar þar sem gerð var raunar grundvallarbreyting á málinu. Ég held að hér sé um að ræða gott mál frá ríkisstjórninni. Hér er verið að bregðast við vanda fjölskyldna í landinu, þeim vanda sem hefur steðjað að eftir þær efnahagsþrengingar sem hafa dunið yfir þjóðina og raunar dunið yfir allan hinn vestræna heim.

Engu að síður er það svo að hér er fyrst og fremst verið að bregðast við tímabundnum vanda. Ég á ekki von á því að þetta sé tillaga sem muni endilega standa til lengri tíma heldur er þetta hugsað til að bregðast við núna. Flestar þær hugmyndir og tillögur sem hafa verið til meðferðar í þinginu undanfarna mánuði hafa verið í þeim anda að reyna að takast á við bráðavanda fjölskyldna og heimila til að mæta óvæntum erfiðleikum, óvæntum uppákomum og jafnframt uppákomum og erfiðleikum sem við jafnvel sjáum ekki endilega fyrir núna hversu stórar verða. Það hefur verið ákveðinn vandi í meðförum þingsins nú þegar verið er að takast á við einstök mál. Í því sambandi vil ég t.d. nefna málið um svokallaða greiðsluaðlögun þar sem mikill tími hv. allsherjarnefndar fór í að gera sér grein fyrir því hverjum þetta úrræði í því tilviki gagnaðist. Í því tilviki er tekin sú afstaða að gera breytingu heilt yfir gagnvart þeim sem þetta úrræði nýtist en við vitum ekki enn þá hversu stór vandinn er og við sjáum það kannski ekki endilega alveg strax og að vissu leyti er mönnum ákveðin vorkunn að gera sér grein fyrir hver hann er. Í umræðum og þeim gögnum sem fyrir þinginu hafa legið, m.a. frá greiningaraðilum, seðlabanka og fleiri aðilum, hafa menn verið að reyna að átta sig á því hvaða fjölskyldur það eru sem eru í mestum vanda. Það sem er óvenjulegt við þetta ástand núna er að um leið og tekjumissir hefur háð fjölskyldum mjög, nú er það svo að 600 börn búa við það að báðir foreldrar eru atvinnulausir, að slík heimili munu án efa lenda mjög hratt í vandræðum og það eru ófyrirséðar afleiðingar af slíkum vandræðum fyrir börn og fjölskyldur sem í því lenda.

Í því árferði sem var fyrir hrun tóku menn hér á landi líka töluverða áhættu í skuldsetningu heimila. Tekjur voru háar, menn gerðust bjartsýnir og tóku óþarflega mikla áhættu í mörgum tilvikum sem mun hitta fólk mjög illa fyrir á mörgum stöðum. Þann vanda eigum við eftir að sjá miklu betur þegar líða tekur á árið. Við sjálfstæðismenn — og raunar trúi ég að allir í þessum sal styðji aðgerðir sem eru til að hjálpa fólki. Sú aðgerð sem hér um ræðir mun nýtast í lok sumars þegar verið er að gera upp skattaárið og þá hygg ég að mjög brýnt sé fyrir okkur að kortleggja betur og reyna að gera okkur betur grein fyrir því hvaða hópar það eru sem munu lenda í hvað mestum vanda.

Það liggur í augum uppi, eins og ég nefndi áðan, að þær fjölskyldur sem hafa orðið fyrir tekjumissi, orðið fyrir því að missa jafnvel atvinnu sína eins og ég sagði áðan að tekjur heimilisins hafa tapast að öllu leyti, að það er alveg ljóst að vandi þeirra fjölskyldna er mjög mikill. Það er líka um að ræða þar sem annar aðili hefur misst vinnuna eða jafnvel þar sem dregið hefur verið úr tekjum vegna árferðisins þar eru menn að reyna að bjarga sér frá mánuði til mánaðar og á meðan er hætta á því að vandinn safnist að einhverju leyti upp. Þess vegna held ég að mál af þessum toga þar sem verið er að bregðast við vaxtabótakerfinu geti gagnast þessu fólki og ég held að það sé mjög mikilvægt og það komi fram í umræðunni að hér er um að ræða mál sem getur gagnast verulega.

Í öllum þessum tilvikum verður samt að hafa í huga að við höfum verið að grípa inn í kerfið með tímabundnum aðgerðum á ýmsum stigum mála. Við höfum verið að bregðast við málum hvað varðar fullnusturéttarfarið. Við höfum verið að fresta nauðungaruppboðum, gjaldtökum og slíku til að reyna að lengja tímann sem fólk hefur til að bjarga sér og jafnframt því höfum við verið að grípa til ýmissa tímabundinna ívilnana til að hjálpa fólki, frú forseti, í þeim vanda sem að steðjar.

Það styttist mjög í kosningar og það er óvenjulegt að þing sitji núna þegar einungis 10 dagar eru til kosninga. Í því sambandi er fróðlegt að fylgjast með að allir stjórnmálaflokkar hafa sínar skoðanir og hugmyndir um hvernig megi bregðast við þeim vanda sem að steðjar. Við höfum í vetur eða núna eftir áramót trúi ég, rætt töluvert þá leið sem Framsóknarflokkurinn hefur talað fyrir, svokallaða niðurfellingarleið, þar sem 20% af höfuðstól skulda eru strikaðar út, alveg án tillits til þess hvort viðkomandi fjölskylda sé í greiðsluvanda eða ekki. Mönnum hefur sýnst sitt hvað um þetta og áberandi hefur verið hvað þeim flokkum sem standa að ríkisstjórninni hefur þótt þetta óheppileg aðferð.

Ég get alveg fallist á að 20% niðurfellingarleið gagnvart þeim sem ekki ættu að þurfa á því að halda er kannski fulllangt gengið en þetta eru hins vegar alltaf hugmyndir inn í þann vanda sem hér er fram undan. Við sjálfstæðismenn höfum ekki talað fyrir þessari aðferð. Við höfum viljað líta svo á að okkar verkefni sé fyrst og fremst að reyna að létta á greiðslubyrði heimilanna og við höfum lagt fram hugmyndir um að á næstu þremur árum sé verulega dregið úr greiðslubyrði heimilanna og á móti lengt í lánum. Þetta hlýtur að þurfa að miðast við það hvernig staðan er á hverju einstöku heimili í landinu.

Þótt það sé flókið mál að líta á hvert einstakt tilvik og geti jafnvel verið kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð þá er það samt sem áður þannig að sérhvert tilvik er ólíkt öðrum og við sjáum það núna að ríkisbankarnir eru sumir hverjir farnir að velta fyrir sér hvernig þeir geta brugðist við þeim vanda sem hér er. Landsbanki Íslands hefur nú nýlega, eða Nýi Landsbankinn hefur nýlega lagt til leiðir handa fólki í greiðsluerfiðleikum þar sem þeir mæta fólki sem er í greiðsluerfiðleikum með því að bjóða því óverðtryggð lán. Ég hefði haldið að þetta væri eitthvað sem ríkisvaldið ætti að velta fyrir sér núna, hvernig hægt er að beita þessum nýju ríkisfyrirtækjum og hvetja þau til að mæta fólki í stað þess að boða oft mjög flókin úrræði með lagasetningu eins og við vorum að gera nýlega, t.d. þegar við vorum að breyta gjaldeyrisskiptalögunum. Það hefur verið mjög gott mál vegna þess að þar vorum við að bregðast við vanda

sem er orðinn mjög stór, við erum að reyna að forða fólki sem komið er í þannig vanda frá gjaldþroti. En við hljótum að leggja áherslu á það hér að þau úrræði sem við erum með í boði handa fólki séu einföld og skilvirk. Þá held ég að fyrst við búum við það núna að sitja uppi með alla þessa ríkisbanka þá þeir reyni að hjálpa fólki í vanda með því að koma með úrræði handa fólki, m.a. að bjóða breytingu á lánum og slíka hluti. Fólk geti leitað til viðskiptabanka síns, til þjónustufulltrúans og fengið úrlausn mála sinna þar í stað þess að fara í gríðarlega flókið ferli annars staðar. Fyrir utan að það skortir enn verulega á að þau úrræði sem þegar hafa komið fram frá þessari minnihlutastjórn hafi verið kynnt með fullnægjandi hætti gagnvart fólkinu í landinu og það held ég að sé ákveðið verkefni út af fyrir sig fyrir þessa minnihlutastjórn að snúa sér að.

En ég vildi bara koma inn í þessa umræðu mjög stuttlega fyrst og fremst til að segja að hér er um að ræða mál sem getur gagnast fólki og ég held að það sé sjálfsagt og eðlilegt að menn greiði fyrir þeim málum sem eru af þessum toga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 366. mál (styrkari skattframkvæmd og hömlur gegn skattundanskoti). — Þskj. 868, frhnál. 922.

[14:26]

Frsm. efh.- og skattn. (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, frá efnahags- og skattanefnd.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur nefndin fjallað um málið á ný og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti, Ingvar J. Rögnvaldsson og Guðrúnu Jennýju Jónsdóttur frá ríkisskattstjóra, Bryndísi Kristjánsdóttur frá skattrannsóknarstjóra ríkisins, Finn Oddsson og Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði, Ásgeir Margeirsson frá Geysi Green Energy, Stefán Pétursson frá Landsvirkjun, Elínu Smáradóttur frá Orkuveitu Reykjavíkur, Ásgeir Á. Ragnarsson og Áslaugu Gunnlaugsdóttur frá BBA-Legal, Gunnar Egil Egilsson og Völu Valtýsdóttur frá Deloitte hf. og Símon Þór Jónsson og Ágúst K. Guðmundsson frá KPMG hf.

Nefndin ræddi nánar um 1. gr. frumvarpsins um skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi og áhrif hennar á íslenskt viðskiptalíf í ljósi ríkjandi efnahagsaðstæðna. Skiptar skoðanir komu fram um þetta atriði.

Fulltrúar fjármálaráðuneytis áréttuðu að tilgangur ákvæðisins lyti ekki einvörðungu að því að koma í veg fyrir skattasniðgöngu heldur jafnframt að tryggja íslenska ríkinu eðlilega hlutdeild í verðmætasköpun hér á landi. Gætt hefði vaxandi tilhneigingar til að færa hagnað úr fyrirtækjum á formi vaxtatekna í stað arðgreiðslna sem almennt sæta skattlagningu. Einnig væri fyrirsjáanlegt við núverandi aðstæður í efnahagsmálum að vaxtagreiðslur úr landi færðust í aukana.

Öndvert við það sem nefndin tók fram í áliti sínu fyrir 2. umræðu málsins töldu Viðskiptaráð og fulltrúar þeirra orkufyrirtækja og endurskoðunarskrifstofa sem nefndin ræddi við að ákvæði tvísköttunarsamninga mundu í mörgum tilvikum ekki girða fyrir að skatturinn legðist á hinn erlenda lánveitanda, skattbyrði sem á endanum yrði borin af innlendum lántaka. Lánsfjármagns væri þar að auki víðar að leita en í ríkjum sem gerðir hafa verið tvísköttunarsamningar við.

Nefndin telur að framangreindar athugasemdir gefi tilefni til að skoða betur hvaða áhrif 1. gr. frumvarpsins geti haft á aðgang íslenskra fyrirtækja að erlendu lánsfé.

Nefndin leggur áherslu á að þegar að loknum næstu kosningum verði, með hliðsjón af tilgangi greinarinnar, haldið áfram að leita leiða sem tryggt geta íslenska ríkinu eðlilega hlutdeild í vaxtagreiðslum úr landi.

Nefndin ræddi hvort fresta ætti gildistöku greinarinnar eða fella hana brott. Nefndin telur í ljósi núverandi efnahagsaðstæðna að fyrrnefndi kosturinn geti raskað möguleikum íslenskra fyrirtækja til fjármögnunar. Taldi nefndin að það mætti alls ekki tefla því í neina tvísýnu og leggur því til að 1. gr. falli brott ásamt tengdum greinum. Það verði skoðað strax eftir kosningar hvernig ná megi þeim markmiðum sem greinin kveður á um og það verði skoðað af meiri gaumgæfni og meiri yfirvegun hvort þetta hafi áhrif á fjármögnunarleiðir íslenskra fyrirtækja á þessum tímum þegar fjármálakreppa ríkir í heiminum öllum og aðgangur að lánsfé er erfiðari en um áratugaskeið og það má að sjálfsögðu ekkert verða til að raska aðgengi íslenskra félaga að erlendu lánsfé núna þegar mest við liggur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. 1., 4., 5. og 9.–11. gr. falli brott.

2. 12. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2011 vegna tekna ársins 2010 og eigna í lok þess árs.

3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.

Undir álit þetta rita Björgvin G. Sigurðsson, formaður og framsögumaður, Pétur H. Blöndal, Ellert B. Schram, Gunnar Svavarsson, Árni Þór Sigurðsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Jón Bjarnason, Birkir J. Jónsson og Illugi Gunnarsson.

Töldum við nefndarmenn, bæði í minni hluta og meiri hluta, mikilvægt að nefndin sameinaðist ef þess væri kostur um þetta frumvarp og þær breytingar sem gera þyrfti og varð þessi tillaga okkar, að fella þetta ákvæði brott og skoða betur strax að loknum kosningum hvernig ná mætti markmiðunum, að lokum til þess að nefndin sameinaðist um málið og ritar öll undir álitið og er það mjög gott. Við fórum vel yfir málið í nefndinni og vörðum til þess miklum

tíma eins og nauðsynlegt var, málið er yfirgripsmikið og mjög mikilvægt í alla staði, allar greinar þess. Ástæða er til að þakka öllum okkar gestum sem mættu, sumir oftar en einu sinni, á nefndarfundi til að fjalla um þetta mikilvæga mál.

[14:32]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. formanni efnahags- og skattanefndar, Björgvini G. Sigurðssyni, fyrir framsögu sína en ég verð að segja að þetta mál kemur mér svolítið spánskt fyrir sjónir miðað við það hvernig orðalag framhaldsnefndarálitsins er. Hér er lagt fyrir Alþingi annað stjórnarfrumvarp þar sem viðkomandi þingnefnd leggur til að helmingur upphaflegu greinanna verði ekki lögfestur, þ.e. verði felldur niður. Það virðist í auknum mæli um það að ræða hjá ríkisstjórninni að kasta til höndunum við þá lagasmíð sem um er að ræða og lögð er fram á Alþingi. Ef borið er saman með hvaða hætti gangur þessa máls var og greinargerðar sem fylgdi frumvarpinu við upphaf málsins og það hvernig framhaldsnefndarálitið er nú orðað veltir maður fyrir sér hvort ekki sé full ástæða til að staldra við og hreinlega að láta hjá líða að gera nokkrar þær breytingar sem lagðar eru til þrátt fyrir einróma nefndarálit. Þá er spurning hvort í raun hafi verið unnið nægilega vel úr þessu máli, hvort ekki hafi verið um það að ræða að vilji hafi verið til að reyna að láta gott af sér leiða en ekki nægilega skoðað hvaða hliðarverkanir kynnu að fylgja því, það líti ef til vill þannig út að rétt sé af stað farið en endi hins vegar einhvers staðar á allt öðrum stað en til hafi verið ætlast eða til var stofnað.

Mér finnst einhvern veginn að við það að lesa framhaldsnefndarálitið og þær greinar sem eftir standa sé verulegur vafi í mínum huga að eðlilegt sé að taka þetta mál til afgreiðslu í þeim búningi sem það nú er, þrátt fyrir að nefndin hafi lagt til að helmingur upphaflegu lagagreinanna verði felldur út. Þetta voru 12 lagagreinar með gildistökuákvæðinu, sex efnisgreinar verða felldar út samkvæmt tillögu nefndarinnar og fimm standa eftir. Það er það sem um er að ræða.

Ég verð að viðurkenna að mér finnst að þegar um er að ræða ákveðnar breytingar á sköttum þurfi að liggja fyrir fullnægjandi og skýr rök til réttlætingar því að lagðar séu meiri byrðar á borgarana og/eða gerðar breytingar á þeim reglum sem þar um ræðir. Við erum að tala um mjög viðkvæma löggjöf og þá þýðir ekki að kasta til þess höndunum og sér í lagi ekki þegar um er að ræða hluti sem tengjast fjölþjóðlegum viðskiptum og atriðum sem varða kannski lögsögu sem við höfum takmarkað með að gera.

Í 3. gr., þ.e. einni þeirra greina sem standa eiga eftir í frumvarpinu samkvæmt tillögu nefndarinnar, segir:

„Skattaðili sem á beint eða óbeint hlut í hvers kyns félagi, sjóði eða stofnun sem telst heimilisföst í lágskattaríki skal greiða tekjuskatt af hagnaði slíkra aðila í hlutfalli við eignarhluta sinn án tillits til úthlutunar.“ — Hvað er átt við hér, af hagnaði slíkra aðila í hlutfalli við eignarhluta sinn án tillits til úthlutunar? Síðan kemur: „Hið sama á við um skattaðila sem stjórnar félagi, sjóði, stofnun eða eignasafni í lágskattaríki sem skattaðili hefur beinan eða óbeinan ávinning af. Tekjur þessar eru skattskyldar með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi.“

Þó að ég geti alveg virt þau sjónarmið og skoðanir sem þarna eru á bak við og tel þær góðra gjalda verðar, velti ég fyrir mér hvort nefndin hafi kannað það út í hörgul hvort þarna væru þær lagalegu forsendur að þjóðarétti til þess að gera þær breytingar svo sem hér er mælt fyrir. Mér þykir miður að hv. formaður efnahags- og skattanefndar skuli ekki vera í salnum en hann er ekki langt undan. En ég velti fyrir mér varðandi 3. gr. frumvarpsins hvort þær heimildir eru fyrir hendi að þjóðarétti til að gera þær breytingar á lögum sem mælt er fyrir um í 3. gr. og reyndar víðar.

Ég vil taka það fram að ég er hlynntur þeirri hugsun sem kemur fram í þessu lagaákvæði. Ég tel mjög mikilvægt að koma í veg fyrir að það verði til og hægt verði að nýta sér ákveðin skattaskjól sem þeir ríkustu í þjóðfélaginu geti nýtt sér og notið skattahagræðis sem öðrum stendur ekki til boða. Ég er fullkomlega sammála þeirri meginhugsun sem kemur fram í frumvarpinu en miðað við það hvernig til er stofnað og um hve óvandaða lagasmíð virðist vera að ræða sem hér er lögð fram af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrir Alþingi þá velti ég því fyrir mér hvort þetta atriði hafi verið nægilega kannað. Ég ítreka að ég tel mjög mikilvægt að reynt verði að ná til þeirra fjármuna, þess hagnaðar og þeirra tekna sem verða til hjá íslenskum aðilum í erlendum skattaskjólum eftir því sem að framast er kostur en þá verður að gæta þess að þau lagalegu úrræði að þjóðarétti séu til staðar og séu virk. Ég vil þess vegna spyrja hv. formann efnahags- og skattanefndar hvort gengið hafi verið rækilega úr skugga um hvort sú löggjöf sem verið er að gera tillögu um standist miðað við lagaskilyrði og mögulegt inngrip í hugsanlegan rétt annarra ríkja með tilliti til þjóðaréttar. Mér finnst að það sé ákveðinn vafi hvað þetta varðar og mér finnst ég ekki fá óyggjandi skýringu á því í þeirri greinargerð sem fylgdi frumvarpinu.

Það sem gerir það að verkum að ég er ekki alveg öruggur með það sem hér er um að ræða er m.a. það sem kemur fram í framhaldsnefndarálitinu þar sem segir „tryggja íslenska ríkinu eðlilega hlutdeild í verðmætasköpun hér á landi“ sem er góðra gjalda vert og síðan segir: „Einnig væri fyrirsjáanlegt við núverandi aðstæður í efnahagsmálum að vaxtagreiðslur úr landi færðust í aukana.“ Þá spyr ég: Er það svo að þetta sé réttmæt staðhæfing? Er það svo að á árinu 2009 sé fyrirsjáanlegt við núverandi aðstæður í efnahagsmálum að vaxtagreiðslur úr landi færist í aukana? Ég hefði einmitt haldið að þessu væri öfugt farið eins og stöðu mála er háttað hjá okkur núna. Ég vil gjarnan fá skýringu á þessu orðalagi líka, hvort það geti verið um það að ræða að þetta gerist í auknum mæli.

Í nefndarálitinu kemur síðan fram: „Öndvert við það sem nefndin tók fram í áliti sínu fyrir 2. umræðu málsins töldu Viðskiptaráð og fulltrúar þeirra orkufyrirtækja og endurskoðunarskrifstofa sem nefndin ræddi við að ákvæði tvísköttunarsamninga mundu í mörgum tilvikum ekki girða fyrir að skatturinn legðist á hinn erlenda lánveitanda, skattbyrði sem á endanum yrði borin af innlendum lántaka. Lánsfjármagns væri þar að auki víðar að leita en í ríkjum sem gerðir hafa verið tvísköttunarsamningar við.“

Þá segir: „Nefndin telur að framangreindar athugasemd-

ir gefi tilefni til að skoða betur hver áhrif 1. gr. frumvarpsins geti haft á aðgang íslenskra fyrirtækja að erlendu lánsfé."

Mér sýnist einmitt að þessi athugasemd og þessi sjónarmið sýni mjög vel að hér er nokkuð kastað til höndunum, að það voru önnur sjónarmið uppi eftir yfirferð nefndarinnar þegar málið var tekið til 2. umr. í þinginu. Síðan eru komnir nokkrir aðilar í millibilinu og þá er allt í einu komin önnur niðurstaða sem nefndin er einhuga um og mér finnst þetta líka kalla á skýringar. Ég efa ekki að það sé rétt niðurstaða sem nefndin kemst síðan að þar sem segir: „Nefndin telur að framangreindar athugasemdir gefi tilefni til að skoða betur hver áhrif 1. gr. frumvarpsins geti haft á aðgang íslenskra fyrirtækja að erlendu lánsfé." Að sjálfsögðu hlýtur það að skipta gríðarlega miklu máli. En hvernig stóð á því að farið var af stað með þetta mál án þess að það væri kannað strax í upphafi? Hvernig stendur á því að þetta atriði er fyrst að koma til skoðunar og umhugsunar og íhugunar þegar framhaldsnefndarálit kemur fram við 3. umr. málsins? Hér vil ég alls ekki láta liggja að því að hv. efnahags- og skattanefnd hafi ekki unnið vinnuna sína vel, mér sýnist á þessu framhaldsnefndaráliti að reynt hafi verið að tjasla í þau miklu og stóru göt sem þetta frumvarp er, þ.e. hvernig staðið var að þessari lagasmíð og frágangi og þá sýnist mér að eitthvað hafi skort á að greinargerð með frumvarpinu hafi verið með fullnægjandi hætti.

Síðan segir: „Nefndin leggur áherslu á að þegar að loknum næstu kosningum verði, með hliðsjón af tilgangi greinarinnar, haldið áfram að leita leiða sem tryggt geta íslenska ríkinu eðlilega hlutdeild í vaxtagreiðslum úr landi."

Ég spyr, virðulegi forseti: Er ekki eðlilegra, miðað við það frumvarp sem hér um ræðir, að taka frumvarpið í heild sinni til rækilegrar skoðunar en afgreiða ekki málið í einhverjum flýti rúmri viku fyrir kosningar, rétt fyrir þinglok, og fara algerlega að því sem er skoðun nefndarinnar, að leita leiða sem tryggt geti íslenska ríkinu eðlilega hlutdeild í vaxtagreiðslum hér á landi? Er ekki eðlilegt að þessir hlutir séu yfirfarnir gaumgæfilega og af natni til þess að um eðlilega og vandaða lagasmíð sé að ræða sem nær þeim tilgangi sem til er ætlast? Virðulegi forseti, mér finnst skipta miklu að þannig sé staðið að lagasmíð í landinu.

Nú er það svo að ég treysti mjög vel þeim einstaklingum sem hér koma að málum og hafa verið helstu málsvarar þar, þ.e. hv. þm. Björgvin G. Sigurðssyni, formanni nefndarinnar, og hv. þm. Pétri H. Blöndal sem skrifar undir þetta álit. Ég vænti þess að þeir, annar hvor eða báðir, geti komið með góðar skýringar vegna þeirra athugasemda, sjónarmiða og varnaðarorða sem ég hef haft hér uppi því að mér finnst miklu máli skipta, sérstaklega þegar um sérstakar álögur á borgarana er að ræða, skattalög, að vandað sé til verka og við náum þeim árangri sem að er stefnt, að eyða möguleikanum á því að menn geti komið eignum sínum og tekjum fyrir í skattaskjólum. Það er meginatriðið.

[14:47]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í mótmælunum í haust var töluvert mikið rætt um sjálfstæði Alþingis, hvernig það gæti staðið gegn ofurvaldi framkvæmdarvaldsins, sem menn nefndu svo, og hluti af því er einmitt hvernig nefndir þingsins starfa. Ég get ekki tekið undir það með hv. þm. Jóni Magnússyni að nefndir eigi ekki að breyta frumvörpum. Hv. efnahags- og skattanefnd hefur að mínu mati unnið mjög gott starf í því að benda á agnúa á frumvarpinu sem fyrir lá og fjallaði aðallega um lönd sem tvísköttunarsamningur hefur ekki verið gerður við en gætu verið möguleg lánsuppspretta fyrir landið — ég nefni Taívan, Japan, arabaríki, og gerði það í 2. umr. líka.

Mér finnst það góðs viti að nefndir þingsins taki sig til og geri frumvörpin skynsamlegri og það er einmitt verið að gera hér. Rætt var um að setja ákvæði inn með seinni gildistöku, en menn tóku þeim rökum að erlendir lánveitendur mundu líta á gild lög á Íslandi. Ef það stæði þar að þetta ákvæði ætti að taka gildi eftir eitt eða tvö ár, og lánssamningar eru yfirleitt til miklu lengri tíma, mundu þeir reikna með því að þetta væru lög sem væru í gildi. Mér finnst þetta vera jákvæð þróun og mér finnst að hv. efnahags- og skattanefnd eigi strax á nýju þingi eftir kosningar, hver sem henni stýrir, að taka sig til og vinna þetta mál sjálf. Það er hlutverk Alþingis að setja lög og ég vil að nefndir þingsins eigi miklu meira frumkvæði í því að semja og ritstýra lögum en verið hefur hingað til, ég vona að í breytingum frá hv. nefnd sé einmitt slíkt frumkvæði sýnt.

[14:50]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get alveg samþykkt það að efnahags- og skattanefnd hafi unnið gott og merkt starf hvað frumvarpið varðar. Ég er líka sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal um það að nefndir eigi að breyta frumvörpum, þannig er það gert og í sjálfu sér er ekkert við það að athuga. Það er hins vegar nokkuð sérstakt þegar innan við helmingur af efnisgreinum viðkomandi frumvarps stendur eftir. Miðað við það sem kemur fram í framhaldsáliti nefndarinnar virðist sem kastað hafi verið til höndunum varðandi hina upprunalegu lagasmíð. Hv. þm. Pétur Blöndal má ekki taka það sem gagnrýni á störf nefndarinnar, þvert á móti, ég efa það ekki að nefndin hafi unnið gott starf.

Með sama hætti og ég tel starf þingnefnda mjög mikilvægt — og skipta máli við það að bæta þau frumvörp sem fram koma, gera þau að því sem getur kallast vönduð lagasmíð — tel ég að í umræðum á Alþingi, af því að þingmaður á jú einungis kost á því að kynna sér út í hörgul mál þeirra nefnda sem hann situr í, sé það skylda mín að leita upplýsinga eins og ég geri með því að taka málið til umræðu, velta fyrir mér þeim atriðum sem mér finnst máli skipta, velta því upp hvort við séum að ná þeim árangri sem til er ætlast. Við erum alveg sammála um það, ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal, að leita beri allra leiða til að koma í veg fyrir að fólk geti komið fjármunum sínum fyrir í skattaskjólum þannig að allir beri eðlilega hlutdeild í því sem um er að ræða af tekjum og eignum. Það er spurningin um að um vandaða lagasmíð sé að ræða og ræða mín og fyrirspurnir eru fyrst og fremst til þess að spyrja hvort algjörlega hafi verið (Forseti hringir.) gengið úr skugga um það hvað þetta mál varðar.

[14:52]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að mér láðist að þakka honum fyrir ræðuna sem var ágætisinnlegg inn í það mál sem við ræðum hér, hann benti einmitt á að ákveðnir agnúar hefðu verið á því frumvarpi sem barst Alþingi frá hæstv. ríkisstjórn. Ég held við verðum samt að sýna ákveðna sanngirni hvað það varðar að ríkisstjórnin er að vinna á mjög stuttum tíma að mörgum málum á miklum hraða. Það er eðlilegt að eitthvað skolist til og þá reynir á nefndir þingsins, að þær vinni enn frekar og enn nákvæmar í því að betrumbæta þau frumvörp.

Við lifum á óvenjulegum tímum og þó að farið sé að hægjast um hefur engu að síður verið unnið mjög hart, bæði af hendi núverandi og fyrrverandi ríkisstjórna, að mörgum frumvörpum sem bæta bæði stöðu atvinnulífsins og heimilanna. Það fer ekki hjá því að þegar menn vinna svona mörg frumvörp á stuttum tíma skolist eitthvað til og þá reynir einmitt á nefndir þingsins, að þær gæti þess að ekki verði mistök í lagasetningu. Mér sýnist einmitt að hér hafi það tekist. Mér finnst það mjög jákvætt, frú forseti, að það skuli hafa tekist að finna á þessu agnúa. Ég reikna með því að hv. nefnd í nýju þingi leysi þetta mál á þann veg að komið verði í veg fyrir að menn noti skattasmugur til þess að koma hagnaði undan skatti og eins kannski sérstaklega að auka tekjur ríkissjóðs í þessum skömmum því að tekjur ríkissjóðs af þeim tekjum sem fara úr landi voru engar en ættu að öllu eðlilegu að vera einhverjar.

[14:54]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal fer sérstaklega fram á að menn virði ríkisstjórninni það til vorkunnar þegar um er að ræða óvandaða lagasmíð að um stuttan tíma hafi verið að ræða og nauðsynlegt hafi verið að hafa hraðar hendur. Ég skal líka taka undir með þingmanninum að þá reyni meira á þingnefndirnar.

Ég tel hins vegar ekki réttlætanlegt og tel ekki eðlilegt að ríkisstjórnin láti fara frá sér lagasmíð sem er ekki vönduð. Mér finnst það skipta miklu máli og það auðveldar að sjálfsögðu þinginu alla starfsemi sína ef vandað er til þeirra lagafrumvarpa sem ríkisstjórn setur frá sér. Ríkisstjórnin á að hafa, einmitt á því sviði sem hér er um að ræða, varðandi skattheimtu og álögur á borgarana, mikinn fjölda sérfræðinga til þess að aðstoða sig við að setja eðlilegar reglur hvað það varðar. Þar sem verið er að fara inn á svið þar sem reynir m.a. á alþjóðareglur og samspil fyrirtækja og aðila á innanlandsmarkaði og á erlendum markaði finnst mér mjög sérkennilegt að í upphafi hafi ríkisstjórnin ekki vandað betur til lagasmíðarinnar með þann sérfræðingahóp sem hún hefur til þess að skoða málin fyrir sig. Mér finnst mjög óeðlilegt að þetta skuli vera niðurstaðan, þ.e. að á milli 2. og 3. umr. málsins, við skoðun nefndarinnar á þeim tíma, skuli allt í einu uppgötvast að meira en helmingurinn af efnisákvæðum laganna getur ekki gengið upp.

[14:57]

Frsm. efh.- og skattn. (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum vel fyrir þeirra mál hér. Vissulega er tilgangurinn með þessu máli sá að girða fyrir skattsniðgöngu og koma í veg fyrir að eignir og tekjur sé fluttar í skattaskjól og ég held að það gangi eftir. Frumvarpið fékk ítarlega yfirferð í nefndinni og er stórt og mikið að vöxtum. Hvað varðar þjóðréttarlega stöðu og lagaleg úrræði tel ég að það standist fullkomlega og auðvitað er þetta alltaf með tilliti til þjóðaréttar annarra þjóða, að gera hlutina í samkomulagi við aðrar þjóðir eins og nú stendur yfir á milli allra vestrænna ríkja að komast í skattaskjólin þar sem þau hafa verið byggð upp.

Þetta er að mínu mati vönduð og ágæt lagasmíð og hér er um að ræða lagabót frá því sem upphaflega var. Ekki var kastað til höndunum í ráðuneytinu heldur var vel staðið að verki. Sem betur fer taka flest mál breytingum í nefndum og í meðförum Alþingis og mörg mjög róttækum og miklum breytingum. Það er að sjálfsögðu tilgangurinn með þinginu og nefndarstarfinu. Ráðuneytið smíðar drög að frumvörpum en þingið á að sjá um hina eiginlegu lagasmíð og ganga úr skugga um að allt standist.

Réttmætar ábendingar komu fram um það að ákvæði í frumvarpinu, um skattlagningu vaxtagreiðslnanna, gæti takmarkað mjög verulega, á þessum erfiðu tímum í heiminum öllum, fjármálalífi heimsins, aðgengi íslenskra fyrirtækja á ögurstundu að lánsfé. Þá þótti nefndinni, eftir mjög ágætan fund þar sem við fengum marga gesti, best að fella greinina brott. Ég lagði það fyrst fyrir nefndina hvort við ættum að fresta gildistökunni en það þótti mörgum nefndarmönnum ekki nógu langt gengið, það gæti hugsanlega orðið til þess að verða fyrirtækjunum til trafala út af því að þar væri bent á að þetta yrði það sem koma skyldi og því var lagt til að greinin yrði felld brott og málið skoðað betur. Um það sameinaðist nefndin og vönduð og ágæt vinna fór fram. Ég tel að vel hafi verið að verki staðið, bæði af ráðuneytinu og nefndinni.

[14:58]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er útilokað að taka undir það að um vandaða lagasmíð sé að ræða þegar fyrir liggur í framhaldsnefndaráliti að svo hafi ekki verið. Þegar talað er um að mál þarfnist nánari skoðunar liggur það alveg fyrir að málið, eins og það var lagt fram í upphafi, hefur ekki verið skoðað með eðlilegum hætti. Ekki verður annað lesið út úr framhaldsnefndarálitinu en einmitt sú niðurstaða.

Í annan stað liggur ljóst fyrir að ríkisstjórnir leggja aldrei fram drög að lagafrumvörpum, þær leggja fram lagafrumvörp. Þau lagafrumvörp eiga að vera fullmótuð og lýsa því sem ríkisstjórnir leggja til og hverju þær vilja ná fram. Það liggur fyrir að lagasetningarvaldið er í höndum Alþingis og það veltur á því hvort frumvarp sem kemur fram er samþykkt eða ekki. Þegar stjórnarfrumvarp kemur fram er um fullmótað frumvarp að ræða, það liggur fyrir að um er að ræða sjónarmið og skoðun framkvæmdarvaldsins, hvað það telur nauðsynlegt að verði lögfest til að ná ákveðnum markmiðum og ákveðnum árangri. Það er það sem ég er að

gagnrýna, virðulegi forseti, ég tel að þarna hafi ekki verið um nægjanlega vandaða lagasmíð að ræða, málið hafi ekki verið kannað til hlítar.

Ég spurði, virðulegi forseti, í ræðu minni hvort menn teldu að ákvæði eins og í 1. mgr. 3. gr. stæðist og væri í samræmi við þjóðarétt og hvort það markmið sem að er stefnt varðandi 3. gr. næðist, hvort gengið hafi verið úr skugga um að svo væri. Ég lýsti jafnframt sérstöku áliti mínu á þeim hv. þingmönnum Pétri H. Blöndal og Björgvini G. Sigurðssyni, (Forseti hringir.) taldi þá alls góðs maklega og taldi störf þeirra til fyrirmyndar — mér finnst því ánægjulegt að fá þá hér í andsvör.

[15:01]

Frsm. efh.- og skattn. (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir það og hans ánægjulegu þátttöku í þessu máli. Ég held að lengi megi fara yfir málin í nefndunum en ef nefndarmenn telja einhvern vafa leika á að tiltekin ákvæði hafi áhrif sem þurfi að skoða betur, sérstaklega á jafnviðsjárverðum og viðkvæmum tímum í efnahagslífi okkar eins og núna er engin spurning um að ákvæðin verða þá að bíða. Það verður að skoða það betur hvort sem það á við um þetta eða eitthvað annað. Þetta kom fram í mjög ítarlegri yfirferð nefndarinnar og ég er ánægður með að þetta varð niðurstaðan, það hefði ekki verið á það vað leggjandi að ógna stöðu þeirra félaga sem leita fjármögnunar erlendis. Nógu erfitt er að ná erlendu lánsfé inn í landið. Um er að ræða fyrirtæki sem ætla að virkja orkuna og byggja upp iðju sem framleiðir raunveruleg verðmæti og skapar arðbær störf, t.d. álverið í Helguvík. Ef og þegar sá fjárfestingarsamningur nær fram að ganga er talað um að 2–3 þúsund manns muni vinna við uppbyggingu álversins strax í september, 3–4 þúsund í nóvember. Þetta eru gríðarlega mikilvæg áform þegar höggið er hvað þyngst á mannvirkja- og þjónustugeirann, ekkert má verða til að raska slíkum áformum. Þess vegna taldi nefndin og sameinaðist um að þessi ákvæði biðu, þau féllu brott og yrðu skoðuð miklu betur.

Ráðuneytið vann samt sem áður jafn vel að málinu en kom ekki endilega auga á þetta. Til þess er þingið og til þess er nefndin. Allir ráðherrar sem flutt hafa mál til þings hafa séð þau taka breytingum og stundum nánast stakkaskiptum í meðförum þingsins. Það er ekkert annað en jákvætt heilbrigðisvottorð um að Alþingi standi vel að löggjöf og vinnu sinna mála.

[15:03]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni, formanni efnahags- og skattanefndar sérstaklega fyrir þessi svör. Eins og ég gat um í ræðu minni efast ég ekki um það markmið sem stendur að baki þeirri lagasmíð sem hér er um að ræða. Ég er sammála því og legg áherslu á að mér finnst skipta gríðarlegu máli að slík lagaumgjörð sé hér á landi að við getum leitað allra leiða að þjóðarétti til þess að ná og koma á eðlilegum skattalögum hvað varðar þá sem sett hafa fyrirtæki sín eða eignir í skattaskjól og sækja þau þaðan með einum eða öðrum hætti, svo notað sé alkunnugt orðalag.

En ástæða þess að ég vakti máls á þessu var að mér fannst vegna orðalags víða í framhaldsnefndarálitinu að full ástæða væri til að spyrja um hvort hugað hefði verið að ákveðnum þáttum. Sérstaklega vísaði ég til 3. gr. frumvarpsins hvað þetta varðar, þ.e. hvort gætt hefði verið ákvæða þjóðaréttar í því sambandi.

Ég sagði, virðulegi forseti, að ég teldi þá hv. þingmenn sem hér hafa komið upp til andsvara við ræðu minni, alls trausts verða. Þeir hafa komið fram með sjónarmið og rök sem ég met fullnægjandi sem málsástæður fyrir því að eðlilegt sé að taka undir þau sjónarmið sem nefndin hefur gert að komi fram í framhaldsnefndaráliti sínu. Ég get því lýst yfir stuðningi við frumvarpið svo breytt sem nefndin leggur til.

[15:05]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Án þess að vilja tefja framgang þessa máls má ég til með að tala eilítið um ákvæði 1. gr. Frumvarpið fjallar reyndar um töluvert mörg önnur atriði sem ekki var ágreiningur um og er svo sem í lagi að afgreiða að mati nefndarinnar.

Það er þó eitt atriði sem ég benti á að væri dálítið ankannalegt. Það er í 7. gr., með leyfi frú forseta, að fjármálafyrirtæki, endurskoðendur, lögmenn og aðrir aðilar skuli halda sérstaka skrá yfir þá viðskiptavini sína sem þeir veita skattaráðgjöf eða aðra þjónustu sem snertir umráð eða beina eða óbeina eignaraðild viðskiptavina að rekstri félaga, sjóða eða stofnana sem skráð eru erlendis eða eiga eignir þar. Er þeim skylt að láta skattyfirvöldum í té umrædda skrá ef þau beiðast þess.

Þarna er náttúrlega verið að finna kennitölur og einstaklinga sem gætu hafa fengið ráðgjöf sem menn telja að sé varasöm. Hins vegar held ég því miður, frú forseti, að það sé afskaplega auðvelt að fara í kringum þetta og það gera menn vegna þess að þeir geta veitt ráðgjöf yfir landamæri um allan heim í dag. Maður getur setið í Taívan og veitt ráðgjöf á Íslandi og öfugt. Það er hægt að veita ráðgjöf þvers og kruss og er dálítið erfitt að segja hver fær ráðgjöf. Til dæmis ef einhver maður ætlar að gera eitthvað sem ekki samræmist góðum siðum og hann óskar eftir ráðgjöf er honum bent á að hann fari á ákveðinn lista ef hann ætlar að kaupa þjónustu af þessu fyrirtæki, en hins vegar geti fyrirtæki í Taívan eða einhvers staðar í heiminum veitt honum sambærilega þjónustu. Þá fær hann ráðgjöfina þaðan í gegnum netið. Í rauninni hefur ekkert breyst nema það að reikningurinn kemur einhvers staðar frá útlöndum, hann borgar með gjaldeyri og fer ekki á neinn lista.

Ég bendi á þetta vegna þess að mér finnst menn vera þarna komnir dálítið langt yfir í stóra bróður-eftirlitshlutverkið og það er tiltölulega auðvelt að fara fram hjá því. En vonandi vilja sem fæstir slíka ráðgjöf og það er eiginlega verkefni næsta kjörtímabils að koma á góðum siðum og gagnsæi í allan markaðinn, allt viðskiptalífið og alveg sérstaklega hjá fjármálafyrirtækjunum.

Þá komum við að 1. gr. sem er mjög lúmsk vegna þess að rökin fyrir henni eru mjög augljós. Í fyrsta lagi að íslenska ríkið fái tekjur og ef gerður er tvísköttunarsamningur getur móttakandi vaxtateknanna dregið íslenska skattinn frá. Yfirleitt eru skattar erlendis hærri af fjármagnstekjum

en hér á landi þannig að í sjálfu sér breytist ekkert fyrir hann. Það eina sem gerist er að íslenska ríkið fær skatttekjur í vasann.

Í öðru lagi, sem er kannski meginmarkmið breytinganna, á að koma í veg fyrir að menn flytji peninga til skattaskjóla þar sem skattar eru litlir eða engir og ekkert eftirlit með fjármagninu að öðru leyti. Þessi tvö markmið eru í sjálfu sér ágæt og ekkert við þau að athuga. En þá rekumst við á það að heimurinn er ekki alveg svona einfaldur þegar komið er út fyrir landsteinana. Menn þurfa að huga að mörgu öðru, t.d. því að íslensk fyrirtæki, stórfyrirtæki á okkar mælikvarða, orkufyrirtækin og hálfopinber og opinber fyrirtæki þurfa á mikilli fjármögnun að halda næstu árin og áratugina og strax næstu mánuði. Þá er mjög mikilvægt að ekki sé verið að auka eða íþyngja þeim með lánveitingum.

Við skulum hugsa okkur að menn séu að leita að fjármagni til að bora eftir heitu vatni eða gufu til raforkuframleiðslu til þess að knýja álver í Helguvík eða eitthvað slíkt og þurfi til þess lán. Þeir séu búnir að leita á hefðbundnum mörkuðum og þar er orðsporið kannski ekki nægilega gott þannig að menn eru hræddir við að lána til Íslands. Þá leita þeir til annarra landa sem þeir hafa ekki leitað til enn þá eins og Taívan, arabaríkjanna eða Japans, þar er geysimikið um fjármagn vegna þess að þessar þjóðir allar hafa flutt út miklu meira en þær flytja inn í áratugi og eiga mikla gjaldeyrisvarasjóði, og þeir ætla að taka lán þarna. Segjum að í Japan séu ákveðnir vextir í boði sem eru markaðsvextir þar sem lánveitendur í því landi vilja fá og kemur í ljós að þeir þurfa að borga skatt til Íslands og geta ekki dregið hann frá skatti heima fyrir. Þá munu þeir að sjálfsögðu segja: Við viljum fá okkar vexti og engar refjar þannig að í rauninni þarf íslenska fyrirtækið að borga skattinn fyrir lánveitandann vegna þess að lánveitandinn segir: Ég get fengið ákveðna vexti í Japan og ef einhver skattur til íslenska ríkisins minnkar þessar vaxtatekjur vil ég fá þeim mun meiri vexti fyrir skatt þannig að ég haldi mínum tekjum sem ég get fengið hvort sem er fyrir fjármagn mitt hér á landi eða annars staðar. Það yrðu því íslensku fyrirtækin sem mundu borga þennan skatt og er ekki á kostnaðinn bætandi.

Síðan er það líka þannig að þegar erlendu fyrirtækin sjá að þetta er reglan hér á landi og ekki er búið að gera tvísköttunarsamninga verða þeir hræddir við að lána. Þetta getur jafnvel orðið til þess að þeir láni ekki neitt af því að þeir hafa frjálst val um hvort þeir lána til Íslands eða ekki. Þetta var rætt nokkuð ítarlega í nefndinni og varð niðurstaðan sú að menn ættu að bíða með þetta og setja ekki svona reglur sem eru auk þess ekki mjög algengar í öðrum löndum.

Þá komum við að þeim endanum sem eru skattaskjólin. Ég held að það séu allir á því að það þurfi að reyna að koma í veg fyrir að menn stofni hlutafélög einhvers staðar, á Tortólaeyju eða eitthvað slíkt og þá er spurning um að fara aðra leið sem bent hefur verið á, mér skilst að Norðmenn hafi farið þá leið. Það mætti hafa þetta þrískipt: Í fyrsta lagi ef vextirnir eru greiddir til landa sem gerður hefur verið tvísköttunarsamningur við verði lagður á þá skattur. Ef vextirnir eru greiddir til landa sem ekki hefur verið gerður tvísköttunarsamningur við og ekki er skattaskjól sé ekki greiddur skattur. Ef vextir eru greiddir til skattaskjóla sé settur á þá skattur.

Ég hygg að einhvern veginn svona muni niðurstaðan verða þegar hv. nefnd fer í gegnum þetta vonandi eftir kosningar og setur um þetta reglur þannig að ríkið fái sínar tekjur þegar um er að ræða tvísköttunarsamninga. Enginn skattur sé greiddur þegar um er að ræða lönd sem ekki hefur verið gerður tvísköttunarsamningur við og varðandi skattaskjólin, sem munu víst vera nokkuð skilgreint hugtak í alþjóðarétti, verði greiddur skattur til að koma í veg fyrir að menn komi tekjunum undan skattlagningu yfirleitt.

Hins vegar held ég að menn þurfi að skoða miklu betur hvar fyrirtæki fá áhættufé og lánsfé og að settar verði miklu gagnsærri reglur en hingað til hafa tíðkast. Ég hef einmitt flutt um það þingsályktunartillögu, 3. mars minnir mig, þar sem Alþingi skorar á viðskiptanefnd að flytja um það frumvarp, sem er líka nýmæli, um að búa til nýtt hugtak hlutafélaga sem eru gagnsæ hlutafélög en þau upplýsa um öll dótturfélög sín á netinu t.d. og alla eigendur sína sem ekki eru einstaklingar og veita ekki arð eða atkvæðisrétt til annarra hlutafélaga en þeirra sem eru gagnsæ. Þannig sé búið til nýtt net af gagnsæjum hlutafélögum. Svo er eitt ákvæði í viðbót sem er kannski það mikilvægasta að gagnsætt hlutafélag má ekki kaupa í eigendum sínum beint eða óbeint. Það á ekki kaupa upp fyrir sig og það má ekki heldur lána til eigenda sinna beint eða óbeint. Þannig er komið í veg fyrir hringamyndun þar sem peningastreymi er í hring eins og við höfum upplifað í mjög ríkum mæli hér á landi með krosseignarhaldi sem gerir fjármálakerfið mjög viðkvæmt fyrir áföllum. Það býr til peninga sem ekki eru til með því að lána til starfsmannanna með veði til hlutabréfakaupa, með veði í hlutabréfum sem er mjög óvenjulegt. Ég held að verkefni næstu ára — og það er mín sýn til framtíðar — sé að breyta atvinnulífinu þannig að eignarhald í fyrirtækjum verði gagnsætt og heiðarlegt og að bæði lánveitendur og fjárfestar gangi að því vísu hvernig eignarhaldinu er háttað. Þá hverfa fyrirtæki á Tortólaeyju sem eigendur vegna þess að þar er eignarhaldið ekki nægilega skýrt. Þegar búið er að búa til kerfi gagnsærra hlutafélaga munu önnur hlutafélög innan mjög skamms tíma ekki eiga neinn „séns“ vegna þess að gagnsæ hlutafélög mundu njóta velvildar fjárfesta og lánveitenda. Þannig held ég að við séum búin að koma á ákveðinni siðvæðingu í atvinnulífinu til nokkurra ára og alveg sérstaklega í fjármálakerfinu sem stoppar í öll þau göt sem við sjáum í dag á þessu kerfi. Við höfum orðið vitni að ótrúlegum lánveitingum og ótrúlegum hlutafjárkaupum í hringi.

Ég hugsa að verkefni næsta kjörtímabils verði einmitt það að breyta þessu og þar mun ég ekki liggja á liði mínu og mun nota alla mína krafta til að koma slíku kerfi í gegn. Mín sýn á vandann er mjög greinileg eftir þau áföll sem við höfum orðið fyrir, ég tel mig vera búinn að greina að einhverju leyti hvað olli þessum ósköpum sem urðu hérna sl. haust. Þegar búið er að greina vandann og finna út úr því hvað það var sem olli þessu getum við að sjálfsögðu farið að leita lausna og ég tel að eitt af því sé t.d. skattlagning á vexti á milli landa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bjargráðasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 413. mál (heildarlög). — Þskj. 851.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Listamannalaun, 3. umr.

Stjfrv., 406. mál (heildarlög). — Þskj. 852, brtt. 865.

[15:19]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu við frumvarp til laga um listamannalaun. Hér er ekki um neina efnislega breytingu að ræða heldur lagfæringu á bráðabirgðaákvæði I, en það skorti á samræmi milli talna um fjölda mánaðarlauna á árunum 2010–2011. Með þessari tillögu er því eingöngu verið að tryggja samræmi þannig að lögin í heild sinni séu í samræmi innbyrðis. Ekki er því um efnisbreytingu að ræða heldur í raun og veru bara lagfæringu á tölum sem virðast hafa brenglast í vinnslu, þ.e. frá frumtillögum og þar til endanlega var gengið frá hlutum og skiptingu milli ára.

Frú forseti. Hér er um einfalda tæknilega breytingu að ræða.

[15:20]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég hef nefnt það áður í umræðum hér á Alþingi að fjármagn er mjög knappt. Ríkissjóður er rekinn með gífurlegum halla, 150 milljörðum í ár, og verkefni næstu þriggja, fjögra ára er að vinna í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að því að ná þeim halla niður.

Hér er eitt af þeim frumvörpum sem hæstv. ríkisstjórn er að flytja sem eykur útgjöld ríkissjóðs, eykur þau á sama tíma og við þurfum að skera niður í heilbrigðiskerfi og úti um allt. Mér finnst þetta mjög misráðið, frú forseti, og ég hefði viljað sjá minnkun á listamannalaunum. Þó að menn séu með þau rök að þarna sé um atvinnusköpun að ræða gæti ríkið nákvæmlega eins aukið umönnunarstörf á spítölum og annars staðar í stað þess að skera þau niður, eða minnkað niðurskurðinn, við skulum orða það þannig. Ég tel ekkert ómerkilegra að sinna umönnun en að vinna við listamannastörf.

Ég hef mjög miklar efasemdir um þetta frumvarp, um að auka listamannalaun og tel að menn þurfi að fara miklu varlegar með fjármuni ríkissjóðs. Ef menn hafa virkilega peninga til ráðstöfunar, eins og ég gat um hér áðan um vaxtabæturnar, væri miklu skynsamlegra að beina þeim einmitt á þann stað þar sem þörfin er brýnust. Hvar skyldi þörfin nú vera brýnust, frú forseti, nema hjá þeim sem eru atvinnulausir? Þar er langmesta þörfin og langmesti vandinn. Ef menn hafa peninga til þess að setja úr ríkissjóði eiga menn að leggja þá í atvinnuleysisbætur, hækka prósentuna, lengja tímann sem menn geta verið á tekjutengdum atvinnuleysisbótum eða t.d. styrkja atvinnuleysingja til náms sérstaklega. Það er líka ein leið sem við getum notað ef menn skyldu hafa fundið einhvers staðar peninga í ríkiskassanum sem hægt er að eyða.

Að koma með hækkun á listamannalaunum hjá fólki sem jafnvel er í vinnu, er komið á sæmilega græna grein margir hverjir eða sumir hverjir, það finnst mér bara ekki vera nógu sniðugt í núverandi stöðu. Það getum við gert þegar við erum búin að koma atvinnulífinu aftur í gang og atvinnuleysið hefur minnkað niður í það sem við teljum viðunandi. Í mínum huga er kannski 1% til 2% atvinnuleysi eitthvað sem við sættum okkur við. Ég sætti mig ekki við 9% atvinnuleysi eins og er í dag og það fer vaxandi. Ég tel þess vegna að miklu skynsamlegra væri að nota þessa peninga til að endurhæfa eða endurmennta þá sem hafa orðið atvinnulausir, styðja við nýsköpun eða hækka atvinnuleysisbæturnar þannig að áfall á þær fjölskyldur verði minna en það sem nú blasir við.

Mér finnst hæstv. ríkisstjórn ekki vinna markviss, hún finnur ekki hvar vandinn er raunverulega til staðar og hún er ekki að leysa vanda þeirra fjölskyldna sem verst eru settar í þjóðfélaginu.

[15:24]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal og sérstaklega hvað það varðar þegar hann talaði um umönnunarstörf og ýmis önnur störf sem í sjálfu sér væru jafngild því sem um væri að ræða hvað þetta varðar, þ.e. að hér með þessu frumvarpi, í þeim tilgangi að efla listsköpun í landinu, er verið að leggja til að Alþingi veiti styrki sem þar um ræðir.

Miðað við það sem varaformaður Vinstri grænna sagði á framboðsfundi í Reykjavík í gær, hæstv. menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir, þar sem helstu bjargráð í því sem við erum að fást við í dag voru að hennar mati að lækka laun í landinu og hækka skatta, þá finnst mér það vera með nokkrum endemum að leggja fram frumvarp eins og það sem hér ræðir um, sem leiðir óhjákvæmilega til verulegs útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. (Gripið fram í.) Hæstv. menntamálaráðherra gat þess sérstaklega á umræddum fundi að það væri við gríðarlegan vanda að etja í ríkisfjármálum, svo mikinn vanda að það þyrfti að leita allra leiða til þess að ná því að stoppa upp í, eins og hún sagði, yfir 150 milljarða kr. gat í fjárlögum. (Gripið fram í.) Það liggur alveg fyrir að því miður var ekki tekið á vandanum með þeim hætti sem nauðsynlegt hefði verið að gera, að skera myndarlega niður til þess að ekki væri um að ræða —

Virðulegi forseti. Ég bið um að menn geti verið í samræðum annars staðar en í þingsal. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÞBack): Einn fund í þingsalnum.)

Ég bið hv. þm. Mörð Árnason að reyna að haga orðum sínum og vera ekki afbrýðisamur þó að ég nýti mér það málfrelsi sem þingmönnum er áskapað. Ég veit ekki annað en að hv. þm. Mörður Árnason hafi gert það líka og mælst ágætlega alveg eins og mér, (Gripið fram í.) og ef hér er um einhverja afbrýðisemi að ræða verður bara að virða hv. þm. Merði Árnasyni það til vorkunnar, en ég læt mér það í léttu rúmi liggja.

Ég var að vísa til þeirra sjónarmiða sem komu fram hjá hv. varaformanni Vinstri grænna í gær um þann vanda sem við væri að etja og með hvaða hætti á að standa að málum með endurnýjuðu stjórnarsamstarfi Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, en það er með því að gagnvart öllu venjulegu fólki, gagnvart öllum venjulegum ríkisstarfsmönnum á að lækka launin eins og varaformaður Vinstri grænna talar um og það á að hækka skattana, þetta eru bjargráðin.

George Orwell skrifaði svo snilldarlega í bók sinni *Animal Farm* um að fyrsta boðorð væri að öll dýrin væru jöfn en síðan þegar fram í sótti og valdstjórnin varð meiri og þyngri kom viðbót við þetta ákvæði, að öll dýrin eru jöfn en sum dýr eru jafnari en önnur. Það er einmitt það sem þetta frumvarp felur í sér að það er verið að taka út ákveðinn hóp sem á að njóta ákveðinna forréttinda, í sjálfu sér með ákveðnum jákvæðum formerkjum og hugsunarhætti, en samt sem áður eiga sum dýrin að vera jafnari en önnur. Á meðan aðrir þurfa að sæta kjaraskerðingu í framhaldi af því að um raunlækkun launa er að ræða vegna gengisfellingar, allt að um þriðjungi raunlækkunar launa, á í boði Vinstri grænna að lækka launin enn meir hjá opinberum starfsmönnum og þar til viðbótar á að hækka skattana og á sama tíma er verið að leggja til að ákveðinn hópur njóti ákveðinna forréttinda og hækkunar. Ég spyr: Er þetta eðlileg viðmiðun, er þetta eðlileg stefna?

Ég hlýt að segja að mér finnst það ekki og í sjálfu sér finnst mér þetta röng aðferðafræði, miðað við það krepputal sem kom fram (Gripið fram í.) og hefur komið fram hjá Vinstri grænum um það með hvaða hætti á að fara út úr þeim efnahagsþrengingum sem við er að glíma í landinu, að það eigi að fara út úr þeim með aukinni skattheimtu, sem mér finnst gjörsamlega fráleitt. Til þess að hjól atvinnulífsins geti snúist sem hraðast er einmitt spurningin um það með hvaða hætti við takmörkum afskipti ríkisvaldsins sem allra mest til þess að hægt sé að leysa úr læðingi þá krafta sem búa með þessari þjóð til þess að fólkið í landinu geti sýnt það sem í því býr til nýrra og atvinnuskapandi verkefna. Þau verða ekki til hjá valdstjórninni nema síður sé, og það er grundvallaratriði að hafa það í huga.

Mér finnst í raun skipta gríðarlega miklu máli að farið sé mjög varlega í alla útgjaldaauka. Við viljum öll að sjálfsögðu að ríkisvaldið geti tekið á þeim þáttum sem mestu máli skipta og geti stuðlað að þeirri velferð þar sem brýnast er að koma að. Það liggur alveg fyrir að þeir peningar sem teknir eru af einum þarf annar að borga. Það er bara einfaldlega sá hlutur sem við er að etja.

Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort það væri ekki ágætt fyrir þingmenn að taka eins og vikunámskeið, vikudvöl hjá innheimtumönnum ríkissjóðs til að átta sig á því með hvaða harmkvælum, iðulega, þeir fjármunir sem renna í ríkiskassann eru teknir frá skattgreiðendum. Spurningin er um það eftir slíka lexíu og slíkt nám hvort þingmenn væru jafnfúsir til þess að leggja til útgjaldaauka og ráðstafa ríkisfjármunum með jafnóábyrgum hætti og oft hefur verið gert í ríkisrekstrinum. Það finnst mér skipta máli, bæði hvað varðar tillögu eins og þá sem hér liggur fyrir svo og margar aðrar, að einmitt núna eins og árar í þjóðfélaginu þarf sérstaklega að gæta ráðdeildar og sparsemi. Mér sýnist ríkisstjórnin ekki gera það. Búið er að viðurkenna það í þeim orðræðum sem hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. menntamálaráðherra hafa haft uppi, formaður og varaformaður Vinstri grænna, á síðustu dögum að vandinn sé gríðarlega mikill, það sé mikill fjárlagahalli og það verði að gera eitthvað í því. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Það er víst rétt að þau hafa sagt að mikill fjárlagahalli væri þannig, það liggur alveg fyrir, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir. Það liggur algjörlega fyrir að foringjar þínir og leiðtogar hafa ítrekað sagt þetta (**Gripið fram í:** Satt og rétt frá.) — satt og rétt frá, vissulega. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég við hv. þingmann um að ávarpa forseta.)

Já, virðulegi forseti. Ég tel og var þeirrar skoðunar að óvarlega væri farið í fjárlagagerð síðast, að mun meira hefði þurft að skera niður eins og ég rakti ítrekað í þingræðum og taldi að verið væri að fara mjög óvarlega fram eins og málin hafa síðan þróast og eru að þróast með miklu tekjuhruni ríkisins sem var fyrirsjáanlegt. Fyrirsjáanlegt var þegar efnahagshrunið varð áður en fjárlögin voru afgreidd að um mikið tekjuhrun ríkisins yrði að ræða, að sjálfsögðu. Búið var að kippa ákveðinni meginstoð atvinnulífsins í burtu, ljóst var að um vaxandi atvinnuleysi og rauntekjulækkun yrði að ræða. Af sjálfu leiddi að þar með væri minna sem kæmi í ríkissjóð með óbeinum sköttum og síðan kæmi til raunverulegrar lækkunar á tekjusköttum. Þetta lá allt saman fyrir. Þess vegna er spurningin hvort eðlilegt sé að þetta Alþingi, þegar kosningar eru fram undan, gangi frá og samþykki lög sem hafa í för með sér aukin útgjöld. Væri ekki eðlilegra að það Alþingi sem kosið verður eftir rúma viku hafi með slíka löggjöf að gera? Mér finnst að það væri eðlilegra. Starfstími þessa þings er að renna út og sýna verður eðlilega aðgát og virðingu fyrir því Alþingi sem tekur við og binda ekki hendur þess í of miklum mæli, sérstaklega ekki hvað varðar útgjöld. Þess vegna finnst mér eðlilegt og ég tek það fram, virðulegi forseti, að ég tel að það verði heldur enginn héraðsbrestur þó að þetta frumvarp verði ekki að lögum á þessu þingi en yrði tekið fyrir á væntanlegu sumarþingi sem talað hefur verið um að verði boðað. Þá gætu menn skoðað það í ljósi þeirra aðstæðna sem þá liggja fyrir hvernig staða ríkissjóðs er, og þá geta menn skoðað hvort forsendur eða aðstæður séu til þess að samþykkja frumvarp sem þetta.

Nú er það svo að enginn stjórnmálamaður er á móti því að listsköpun verði efld. Það er í sjálfu sér markmið sem ég reikna með að allir séu sammála um en spurningin er hvernig það er gert. Ég er ekki sammála því að við höfum endilega valið farsælustu leiðina í að efla listsköpun í landinu. Ég tel ekki að við höfum valið þá farsælustu leið með að æviráða ákveðna listamenn á listamannalaunum í stað þess að haga því með öðrum hætti, t.d. að haga styrkveitingum og framlögum frá hinu opinbera á grundvelli þeirra verka sem listamennirnir leggja fram til listsköpunar hverju sinni, þ.e. á ári hverju. Mér finnst það skipta máli að þjóðin lifi í núinu og gangi frá hlutum í núinu en ekki í þátíðinni, að stutt sé við bakið á ungu fólki, nýju fólki sem er að hasla sér völl. Þeir sem hafa komið list sinni vel og rækilega til skila ættu almennt að vera betur staddir til þess að þola og standa af sér hlutina. Ég tel að við höfum að mörgu leyti búið til umgjörð sem er ekki framsækin til aukinnar list-

sköpunar og nýliðunar og til að koma ungum listamönnum til virkilegrar aðstoðar. Ég get ekki séð að þetta frumvarp sé til þess fallið og mér finnst líka að þessir hlutir séu eiginlega komnir í fullstofnunarlegan farveg til þess að geta náð því raunverulega markmiði sem vafalaust að er stefnt af hálfu hæstv. *menntamálaráðherra* með framlagningu frumvarpsins.

Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, liggur það fyrir sem stefna núverandi ríkisstjórnar, eftir því sem best verður séð, að það beri að vinna sig út úr vandanum hvað varðar ríkisfjármálin með því að hækka skatta á almenning í landinu og lækka laun ríkisstarfsmanna, jafnvel verulega. (Gripið fram í.) Við þær aðstæður — ég sagði jafnvel verulega, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, þannig að það sé alveg tekið rétt eftir. Ég átta mig náttúrlega ekki á því hvað hæstv. menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, átti við þegar hún talaði um að lækka launin, ég átta mig ekki á því hvað hún var að tala um að lækka launin mikið en það var sérstaklega tekið fram af hennar hálfu að það ætti að lækka launin. (Gripið fram í.) Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir getur þá væntanlega spurt varaformanninn sinn hvað hún hafi nákvæmlega átt við. Því miður er hæstv. menntamálaráðherra ekki í þingsalnum til þess að svara þeirri spurningu en ég gat ekki skilið annað miðað við það samhengi sem þetta var sett í en að það ætti þá að skila ríkissjóði því að um mun takmarkaðri útgjöld væri að ræða en ella. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir getur ef til vill skýrt þetta betur og gert betri grein fyrir þeim sjónarmiðum sem þarna komu fram.

Mér finnst skipta máli að jafnræðis sé gætt með borgurunum og það skiptir aldrei meira máli en einmitt núna.

[15:39]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Það hryggir mig vegna kynna minna af hv. þm. Jóni Magnússyni að hann skuli lýsa lífsskoðun sinni og heimsmynd með þeim hætti í ræðustól Alþingis að fjölgun listamannalauna sé borin saman við jafnræði svínanna í *Dýrabæ* Orwells. Mér þykir þetta satt að segja ósmekklegra en svo að það sé Jóni Magnússyni sæmandi og ætla þess vegna sjálfur að fyrirgefa honum þetta vegna þess að allir eiga leiðréttingu orða sinna nema andskotinn, sagði Elías Mar.

Þó er næstum því jafnsorglegt að hlýða á vitnisburð um vanþekkingu hv. þingmanns um svokallaða æviráðningu og óskir hans um að verkin séu studd því að það er einmitt það sem er gert. Sótt er um þessi laun samkvæmt áætlun um verk og þau eru til ákveðins tíma og það er svo sem ekki furðulegt að höfundar fái þau og listamenn aðrir oftar en einu sinni.

Mig langar hins vegar að spyrja þingmanninn um það annars vegar hvað hann eigi við með því að launin séu hækkuð með þessu frumvarpi. Og hins vegar langar mig að vita hvort hann sé að lýsa hér skoðunum alls Sjálfstæðisflokksins, og kannski sérstaklega vegna þess að hv. þm. Jón Magnússon er eini fulltrúi Sjálfstæðisflokksins hér í þingsalnum sem ekki er kostaður af FL Group og Landsbankanum en fyrra fyrirtækið lagði fram 30 milljónir til Sjálfstæðisflokksins árið 2007 og það síðara það sama, en það eru einmitt rétt rúmar 30 milljónir sem þessi verknaður kostar, að fjölga listamannalaunum í fyrsta sinn í 13 ár á Íslandi.

[15:41]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég reikna með að hv. þm. Mörður Árnason sé að vísa til þess að ég var ekki í Sjálfstæðisflokknum þegar þær styrkveitingar frá FL Group og Landsbanka Íslands voru veittar til hans, sem hv. þingmaður nefndi. Hins vegar verður það sama ekki sagt um hv. þm. Mörð Árnason, hann var í Samfylkingunni þegar hún tók við meiri og stærri fjárhæðum frá Baugi, sem ber nú mesta ábyrgð á efnahagshruninu á Íslandi, þ.e. hann var í Samfylkingunni þegar þessar styrkveitingar áttu sér stað og ber því fulla ábyrgð á því ásamt fyrrverandi formanni sínum, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, sem hér er að vísu ekki lengur til andsvara.

Varðandi það að hér hafi verið um einhverja ósæmilega tilvitnun að ræða sem ég gat um í ræðu minni þegar ég vísaði í hið þekkta verk Georges Orwells, *Animal Farm,* sem var nú skrifað eftir að George Orwell fór í heimsókn til fyrirmyndarríkis vinstri manna á sínum tíma, kommúnistaríkisins Sovétríkjanna. Eftir það skrifaði George Orwell bókina *Animal Farm*, þar sem ekki var verið að vega að einhverri stétt eða einhverju þar. Það er ámátlegur útúrsnúningur að taka það þannig fyrir.

Það sem George Orwell var að benda á — og þar kom samlíkingin mín í málið — var að það er nú einu sinni þannig að hjá valdstjórnarflokkum og valdstjórnarríkjum eru borgararnir metnir með misjöfnum hætti. Sumir eru æðri og merkilegri og eiga frekar að fá ákveðna hluti en aðrir. Það var sú tilvísun sem ég var ræða um, sérstaklega með tilliti til þeirra orða sem hæstv. menntamálaráðherra viðhafði á framboðsfundi sem sjónvarpað var í gær þar sem talað var um lækkuð laun og hækkaða skatta, sem mér fannst vera úr öllum takti miðað við það sem hér er verið að leggja til.

[15:43]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Nú er það svo að eitt af því fáa sem ég get ekki lært af Jóni Magnússyni er um George Orwell, þann ágæta enska rithöfund, sem var m.a. stríðsmaður á Spáni í borgarastyrjöldinni og studdi þar hreyfinguna PUM, sem var trotskíistahreyfing, og kynntist þar aðferðum Stalíns og kumpána hans og skrifaði síðan sín frægu verk 1984 og *Dýrabæinn* á undan, þannig að ég held að við skulum láta því lokið.

Það sem þingmaðurinn gerði hér hins vegar var það í raun og veru að hann líkti Katrínu Jakobsdóttur, hæstv. menntamálaráðherra, við félaga Napóleon og listamönnunum sem eiga að fá þessi laun, eða a.m.k. aukninguna, við svínin í *Dýrabænum*. Ef mönnum finnst það smekklegt hafa þeir öðruvísi smekk en ég. Ég þarf ekki meira um það að segja.

Ég vil hins vegar endurtaka spurningar mínar til hv. þm. Jóns Magnússonar. Önnur var um það þegar hann talaði um að hér væru hækkuð laun listamanna. Ég fékk henni ekki svarað en það var auðvitað svokölluð retórísk spurning, þ.e.

málrófsspurning, vegna þess að hér eru ekki hækkuð laun listamanna, þeim er fjölgað. Það er fjölgað um, hvað er það — (Gripið fram í.) ég man ekki hvað mikið, fyrirgefið, en laun þeirra eru ekki hækkuð, sem ég teldi nú hafa átt að gera en þeim er breytt með þeim hætti að sett er föst tala, 266.737 kr., sem eru heildarlaun, verktakalaun svokölluð, eða a.m.k. jafnandi við það og er nú ekki ýkja hátt, það er um það bil þriðjungur eða fjórðungur af því sem hv. þingmaður fær í laun á hverjum mánuði.

Hin spurningin sem ég ætlast til að hv. þingmaður svari er: Talar hann fyrir munn Sjálfstæðisflokksins? Talaði Pétur H. Blöndal fyrir munn Sjálfstæðisflokksins og tala hv. þingmenn Einar K. Guðfinnsson og Ragnheiður Ríkharðsdóttir fyrir munn Sjálfstæðisflokksins í afstöðu sinni til þessa máls? Það er gott að það liggi fyrir áður en kjördagur rennur upp.

[15:45]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. þm. Merði Árnasyni á að hver einasti talsmaður flokks talar með einum eða öðrum hætti fyrir munn síns flokks. Menn eru hins vegar bundnir af þeim flokkssamþykktum sem gerðar eru, það liggur fyrir. Í stórum flokkum, eins og við erum báðir í, ég og hv. þm. Mörður Árnason, rúmast fleiri en ein skoðun, eins og hv. þingmaður þekkir. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Mörður Árnason vísaði til sjónarmiða varðandi pólitískan feril Georges Orwells en hann kann betur hin marxísku fræði, reikna ég með, en ég geri, þó að ég hafi skoðað ákveðin inngangsatriði hvað það varðar. Þetta rit og sá útúrsnúningur sem hv. þm. Mörður Árnason var hér með, að tala um að verið væri að líkja hæstv. menntamálaráðherra við félaga Napóleon, sem er þekktur í þessari sögu, eða listamönnum við þá dýrategund sem fór með æðstu stjórn í *Dýrabænum*, er að sjálfsögðu hrein rangtúlkun á orðum mínum. Þegar ákveðin myndræn líking er notuð er ekki verið með samlíkingu hvað varðar umfjöllunarefni frumvarpsins. Samlíkingin náði ekki lengra en til þeirra orða sem hæstv. menntamálaráðherra lét falla í þeim umræðum sem um var að ræða og fóru fram og var sjónvarpað í gær, þ.e. um það að það ætti að hækka skatta og lækka laun, það var meginatriðið sem ég var að tala um. Það er verið að fjölga þeim sem eiga að njóta listamannalauna með því frumvarpi sem hér er um að ræða, það liggur alveg fyrir að það er verið að fjölga þeim. Það þýðir, og það er meginatriðið og það var það sem ég var að vekja athygli á, að verið er að hækka útgjöld ríkisins.

[15:47]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Marðar Árnasonar að mér finnst harla ósmekklegt af hv. þm. Jóni Magnússyni að nota hér það tilefni, þegar í fyrsta sinn í 13 ár er fjölgað þeim mönnum sem geta fengið listamannalaun í þessu landi — í 13 ár hefur ekki verið fjölgað í þessum hópi og að nota það tilefni til þeirra ávirðinga, ég vil bara kalla það það, sem fólgnar eru í samanburði hans við *Dýrabæinn* er ósmekklegt.

Ég er hingað komin til þess að árétta þá stefnu Vinstri grænna sem hæstv. menntamálaráðherra, varaformaður okkar, lýsti í gær, að við viljum taka á móti þessari kreppu og þeim skuldaklafa sem Sjálfstæðisflokkurinn skilur eftir á þjóðinni með því að verja störfin og jafna kjörin. Töluverð launalækkun hefur orðið á almennum markaði og það er nauðsynlegt að jafna kjörin, ekki bara launamun kynjanna heldur líka launamun á vinnustöðum þannig að þeir sem hæst hafa launin á opinberum stofnunum og í störfum leggi eitthvað af mörkum til þess að komist verði hjá hópuppsögnum, einkum í velferðarkerfinu, í heilbrigðisþjónustunni, í skólakerfinu og í félagsþjónustunni. Þetta er það sem skiptir máli og það er þetta sem varaformaður flokksins var að lýsa í gær og ég tek heils hugar undir og hafði reyndar skýrt út hér fyrr í dag.

[15:49]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil vel að gömlum aðdáendum og sporgönguaðilum gömlu Sovétríkjanna skuli svíða það sárt að vitnað sé í hið þekkta verk Geroges Orwells um *Dýrabæinn*. Ég skil vel þau hughrif sem það hlýtur að vekja hjá gömlum fylgjendum þeirrar stefnu sem þar var við lýði, (Gripið fram í.) sérstaklega eftir — hv. þm. Mörður Árnason hefur vafalaust einhvern tímann sungið: Sovét-Ísland, óskalandið – hvenær kemur þú? — að í ljós kom að þau sjónarmið og þær myndlíkingar sem voru í *Animal Farm* eftir George Orwell áttu allar við, þær voru allar réttmætar.

Að halda því fram að þegar notaðar eru myndlíkingar í máli sé verið að vega að einhverjum aðilum, verið að vega að íslenskum listamönnum eða verið að vega að hæstv. menntamálaráðherra er þvílíkur ruglútúrsnúningur að það nánast tekur því ekki að svara slíku — ég biðst afsökunar á að þurfa að nota óþinglegt orðbragð — endemis rugli eins og kom fram hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur nú og áður hv. skoðana- og baráttubróður, Merði Árnasyni, þó að þau séu ekki í sama flokki eins og stendur. (Gripið fram í.) Það er nú einu sinni þannig að þau sjónarmið sem komu fram og ég var að vísa til áttu sér vissa samlíkingu hvað þetta varðar og það vita fáir betur en hv. þm. Mörður Árnason, sem er lærður á íslenska tungu og þá líka líkingamál, hvernig slíkt er notað. Að ætla að fara að snúa út úr með þeim hætti sem hv. þingmenn Álfheiður Ingadóttir og Mörður Árnason (Forseti hringir.) gerðu hér í andsvörum sínum er ekki bara ómerkilegt (Forseti hringir.) heldur líka óréttlátt.

[15:52]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er átakanlegt að horfa upp á hv. þm. Jón Magnússon reyna að bjarga sér á hundasundi í land frá orðum sínum hér áðan. Ég verð að segja eins og er að það fer sjálfstæðismönnum bara betur að nota orðið „bull“ um það sem við segjum hér, eins og hv. þm. Kristján Þór Júlíusson sagði — sem frægt er orðið — í útvarpsviðtali um ofurstyrkina og greiðslurnar til Sjálfstæðisflokksins, 60 milljónirnar, þetta væri bara bull, gamalt bull.

Hér fellur hv. þm. Jón Magnússon beina leið ofan í gryfju kalda stríðsins og spólar þar eins og sjóðvitlaus maður á biluðum bíl. (Gripið fram í.) Ég bara spyr: Hvað hefur maðurinn lært, hv. þingmaður, þann tíma sem hann hefur

verið í Sjálfstæðisflokknum núna að nýju? Það er einhver lexía sem ég hélt að væri dauð og grafin en skýtur þó alltaf öðru hvoru upp kollinum hér í þingsölum, það er kaldastríðsgrýlan.

Ég átti von á því að geta farið hér í málefnalegar umræður við hv. þingmann. Mig langaði til að vekja athygli hans á frétt í *Fréttablaðinu* í dag þar sem skýrt er frá því að tekist hafi samkomulag um að fresta hækkun á launum sérfræðilækna, einingaverði sem átti að hækka um 9%, úr 266 kr. í 290 kr. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur náð þeim árangri að fresta þessari hækkun og það er vel að mínu mati. (Gripið fram í.) Það er einmitt í þeim anda sem varaformaður okkar, hæstv. menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, talaði í gær. Það á að jafna kjörin, þannig getum við varið störfin.

[15:53]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir talar um að menn séu komnir beina leið í einhverjar kaldastríðsumræður en það er ekki rétt. (Gripið fram í.) Ég átta mig hins vegar á því að hinum gömlu félögum, hv. þingmönnum Merði Árnasyni og Álfheiði Ingadóttur, sárnar að það sé rifjað upp og vísað til þeirra sjónarmiða sem þau tóku með sér og börðust fyrir á sínum tíma. (Gripið fram í.) Það er nú einu sinni þannig að það gleymir enginn pólitískri fortíð og það flýr heldur enginn pólitíska fortíð sína. Hver og einn verður bara að sætta sig við að þannig er það í lífinu. Það er ósköp eðlilegt að fólk sé mismunandi stolt af mismunandi köflum hvað það varðar. Ég skil vel að hv. þingmenn Mörður Árnason og Álfheiður Ingadóttir kveinki sér undan því þegar vísað er til þess í nútímanum hvernig flett hefur verið ofan af þeirri pólitísku fortíð og hvernig draumarnir brugðust gjörsamlega.

Það er alrangt að verið sé að fara í einhverjar kaldastríðsumræður, það er bara verið að vísa til þeirrar spurningar hvort við viljum leyfa frelsinu að njóta sín, gefa einstaklingsfrelsinu og athafnafrelsinu svigrúm til að dafna, eða hvort við viljum reyra hlutina í forsjá valdstjórnarinnar. (Gripið fram í.) Það er það sem mér sýnist vera að gerast í vaxandi mæli (Gripið fram í.) undir handhöfn þeirrar ríkisstjórnar sem hér er um að ræða, það er verið að reyra fleiri og fleiri hluti undir (Forseti hringir.) handhöfn valdstjórnarinnar sem mun leiða til alvarlegri (Forseti hringir.) efnahagsdýfu, kreppu og hruns en við höfum hingað til fengið að upplifa.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 15:56]

Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, frh. 3. umr.

Frv. allshn., 461. mál (heildarlög). — Þskj. 931.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:03]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, BjörkG, DPál, EMS, EBS, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, JM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KLM, KHeim, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

30 þm. (ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EyH, GMJ, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 934).

Fjármálafyrirtæki, frh. 3. umr.

Stjfrv., 409. mál (slitameðferð og kostnaður af störfum skilanefnda). — Þskj. 930, frhnál. 933, brtt. 858,2.c–d.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:04]

Brtt. 858,2.c–d kölluð aftur.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, BjörkG, DPál, EMS, EBS, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, JM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KLM, KHeim, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

30 þm. (ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EyH, GMJ, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 935).

Tekjuskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 410. mál (hærri vaxtabætur 2009). — Þskj. 932.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:06]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, BjörkG, DPál, EMS, EBS, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, JM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KLM, KHeim, LB, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

31 þm. (ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EyH, GMJ, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, MS, MÁ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:05]

Árni Þór Sigurðsson:

Herra forseti. Ég vil bara vekja athygli á því að hér er verið að greiða atkvæði við 3. umr. um mikilvægt frumvarp sem hækkar vaxtabætur um 30%. Þetta er ein af þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir til að koma til móts við þær fjölskyldur í landinu sem mest þurfa á því að halda. Ég fagna því sérstaklega að góð samstaða er um þetta mikilvæga mál og ég segi já.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 936).

Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 366. mál (styrkari skattframkvæmd og hömlur gegn skattundanskoti). — Þskj. 868, frhnál. 922.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:06]

Brtt. í nál. 922 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, BjörkG, DPál, EMS, EBS, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, JM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KLM, KHeim, LB, MS, MÁ, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (ÁKÓ) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EyH, GMJ, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, BjörkG, DPál, EMS, EBS, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, JM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KLM, KHeim, LB, MS, MÁ, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EyH, GMJ, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 937) með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Bjargráðasjóður, frh. 3. umr.

Stjfrv., 413. mál (heildarlög). — Þskj. 851.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:07]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, BjörkG, DPál, EMS, EBS, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, JBjarn, JM, KJak, KaJúl, KolH, KHG, KLM, KHeim, LB, MS, MÁ, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, EKG, EyH, GMJ, GSB, GÞÞ, HHj, HerdÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KVM, KÓ, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 938).

Tilhögun þingfundar.

[18:07]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðum um dagskrármálin er lokið. Er óskað atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? Ef svo er ekki skoðast hún samþykkt.

Listamannalaun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 406. mál (heildarlög). — Þskj. 852, brtt. 865.

[18:08]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Hér er komið til 3. umr. frumvarp til laga um listamannalaun en það frumvarp hefur legið fyrir þinginu til meðferðar og skoðunar. Það er kannski tímanna tákn um þær áherslur sem hér eru lagðar á vegum ríkisstjórnarinnar að lagt skuli vera fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um listamannalaun sem fela það annars vegar í sér að breyta lögum og fjölga þeim sem eiga aðgang að þessum sjóðum og um leið að tæma sjóði sem til voru á vegum menntamálaráðuneytisins til þessara verkefna en að öðru leyti gera út á lántökur. Af því að hv. 2. þm. Suðvest., hv. formaður fjárlaganefndar, gengur hérna fyrir ræðupúltið er ástæða til þess að rifja þetta upp. Það er verið að breyta lögum um listamannalaun og gera ráð fyrir lántöku. Enginn aur sjáanlegur, engin tekjuöflun, engin aukin tekjuöflun, eingöngu gert út á það að ríkissjóður taki meiri lán til þess að geta staðið við þær skuldbindingar.

Hér horfi ég á hæstv. heilbrigðis- og tryggingaráðherra sitjandi við hliðina á hæstv. menntamálaráðherra og væri fróðlegt að hafa fylgst með umræðum milli hæstv. ráðherra um þessi áform, annars vegar áform hæstv. heilbrigðisráðherra um niðurskurð, stórfelldan niðurskurð og lækkun framlaga til heilbrigðiskerfisins, og svo hins vegar tillögur hæstv. menntamálaráðherra sem leggur hér til með nýrri löggjöf aukin útgjöld úr ríkissjóði og gerir ráð fyrir áframhaldandi lántökum til að geta staðið við þessar skuldbindingar. Þetta er ótrúlegur tillöguflutningur, hæstv. forseti. Ég er ekki hissa þó að hv. þm., 6. þm. Norðvest., Guðjón Arnar Kristjánsson, horfi til mín í forundran, að hlusta á þessar staðreyndir máls.

Auðvitað er það skemmtilegt og ánægjulegt viðfangsefni að geta fjölgað þeim listamönnum sem geta sinnt list sinni í skjóli ríkisins. Það er verðugt verkefni um stundarsakir vonandi, á meðan þeir eru að koma sér á flot, skapa sér stöðu, skapa sér nafn og skapa sér aðstöðu til þess að sinna listinni. Síðan verður auðvitað að gera ráð fyrir því að sá dagur renni upp að listin hafi borið þann árangur að hún geti orðið meira sjálfbær en svo að það sé og þurfi að vera eilífðarásetningur ríkisins að halda fólki á listamannalaunum til þess að það geti haft framfæri. Það geta ekki verið áform okkar hér á Alþingi að standa þannig að málum.

Þess vegna hljótum við að skoða þetta frumvarp í því ljósi að hér er um sýndarmennsku að ræða. Það er verið að blekkja listamenn rétt fyrir kosningar til þess að styðja

stjórnarflokkana vegna þess að þeir séu að leggja fjármuni til stuðnings listgreinum í landinu. Þetta er óvenjulega ófyrirleitin framganga af hálfu stjórnmálaflokka og ég fordæmi slík vinnubrögð þegar á sama tíma er verið að berjast við að halda úti og verja heimilin í landinu. Það er ótrúlegt að hv. þingmenn skuli standa að þessum tillöguflutningi hér. Hvernig sem á það er litið, hversu jákvæð sem við viljum vera gagnvart listinni, auðvitað viljum við það öll hér í þinginu, en það eru takmörk fyrir þeim blekkingum sem hægt er að standa fyrir í aðdraganda kosninga. Þetta frumvarp er ekkert annað en enn einn blekkingaleikur Vinstri grænna sem standa fyrir því að reyna að telja fólki trú um að það sé verið að byggja upp atvinnulíf með auknum framlögum til listamannalauna í þeim tilgangi að auðvelda listamönnum að sinna list sinni.

Það er sorglegt að fylgjast með því að hæstv. heilbrigðis- og tryggingaráðherra og nú hæstv. menntamálaráðherra skuli ganga úr salnum undir þessum orðræðum vegna þess að þau treysta sér ekki til þess að horfa framan í þessa staðreynd um blekkingaleik, blekkingaleik stjórnmálamanna sem eru við völd nú um sinn og eru að nota ríkissjóð og gera út á lántökur í framtíðinni til þess að geta gefið þessi fögru loforð núna rétt fyrir kosningar.

Ég hafði þau orð við 2. umr. um þetta frumvarp að mér þætti þetta athyglisvert og allt hin ágætustu áform en þegar mér varð það ljóst að þrátt fyrir meðferð í nefndinni á milli 1. og 2. og 2. og 3. umr. væru engin batamerki af hálfu ríkisstjórnarinnar um það að reyna að tryggja þessum útgjaldaáformum traustari undirstöður en þær sem hér er gert ráð fyrir, að fjölga fólki á listamannalaunum gegn því að ríkissjóður taki lán.

Það er ástæða til þess að rifja það upp sem hér stendur í umsögn um þetta frumvarp frá fjármálaráðuneytinu. Hæstv. fjármálaráðherra, sem nú ásamt hæstv. menntamálaráðherra boðar launalækkun ríkisstarfsmanna um leið og boðuð er hækkun á sköttum landsmanna, á þeirra vegum er lagt fram frumvarp þar sem fjármálaráðherra segir frá því að það verði að taka lán fyrir pakkanum. Þetta eru vinnubrögð sem eru hreint með ólíkindum.

Umsögn frá fjármálaráðuneytinu um frumvarpið sem hér um ræðir, með leyfi forseta, er svohljóðandi:

„Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að þeim mánaðarlaunum sem úthlutað er sem starfslaunum fjölgi á þriggja ára tímabili um alls 400 þannig að á árinu 2012 verði samtals 1.600 mánaðarlaun til ráðstöfunar til starfslauna og styrkja í stað 1.200 mánaðarlauna nú. Í öðru lagi er lögð til sú breyting að mánaðarlaun starfslauna verði ákveðin upphæð, 266.737 kr., sem taki mið af breytingum á fjárlögum hvers árs. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir tveimur nýjum launasjóðum, fyrir hönnuði og sviðslistafólk, og að heiti á Tónskáldasjóði verði breytt í Launasjóð tónlistarflytjenda. Í fjórða lagi er lagt til að stjórn listamannalauna fái heimild til að flytja umsóknir á milli launasjóða. Í fimmta og síðasta lagi er gerð breyting á störfum stjórnarinnar, m.a. varðandi mótun stefnu og áherslna við úthlutun.

Helstu ákvæði sem gætu haft áhrif á útgjöld ríkisins eru fjölgun mánaðarlauna um 400 eða úr 1.200 mánaðarlaunum í 1.600 á þremur árum. Miðað við núgildandi mánaðarlaun listamanna sem eru 266.737 kr. mun fjölgun um 400 mánaðarlaun þýða samtals aukningu um 107 millj. kr. á útgjöldum ríkisins. Hækkunin skiptist þannig að árið 2010 fjölgar mánaðarlaunum um 145 eða samtals 38,7 millj. kr., árið 2011 er fjölgunin 130 mánaðarlaun eða 34,7 millj. kr. og árið 2012 er fjölgunin 125 mánaðarlaun eða 33,3 millj. kr. Einnig gætu útgjöld ríkissjóðs aukist vegna aukinnar umsýslu vegna fjölgunar mánaðarlauna og vinnu við stefnumörkun. Talið er að sú aukning vegna umsýslu sé þó óveruleg.

Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum ársins 2009 né í áætluðum útgjöldum næstu fjögur árin. Vegna mikils halla á ríkissjóði mun því þurfa að fjármagna útgjöldin með lántökum."

Ef við gengjum eins til verks gagnvart öllum hugsanlegum áhugamálum okkar er alveg augljóst hvert vinstri stjórnin sem er við völd og vill fá umboð kjósenda í næstu kosningum til þess að starfa áfram, mun stefna. Hún mun stefna í þá átt að auka ríkisútgjöldin. Að vísu eru áform uppi hjá hæstv. menntamálaráðherra um að lækka laun ríkisstarfsmanna þannig að það kann að vera að hún nái þar útgjaldalækkun til að geta jafnað þetta út, þetta eru svo sem ekki stórar fjárhæðir, en það er alveg ljóst að hér er tiltekin stefnumörkun á ferðinni hvað ríkisútgjöld varðar.

Engu að síður og ef aðstæður hefðu verið með öðrum hætti hefði auðvitað átt að forgangsraða og ég er ekki í vafa um að það væri hægt að hagræða með ýmsum hætti í ríkisrekstrinum til þess að tryggja grundvöll þessara útgjalda, tryggja grundvöll þess að hægt væri að halda úti stuðningi við listamenn eins og frumvarpið gerir ráð fyrir og samkvæmt þeim grunni sem var lagður á sínum tíma, 1991, þegar upphaflegu lögin voru samþykkt. Það er auðvitað partur af þeirri stefnumótun sem fyrri ríkisstjórnir settu fram og settu upp, að tryggja þennan stuðning við listamenn. Ég hef verið stuðningsmaður þess og það er partur af þeirri fortíð sem við sjálfstæðismenn erum svo stoltir af, að hafa getað eflt mennta-, menningar- og listalíf í landinu með margs konar aðgerðum af hálfu ríkisins, en við höfum lagt áherslu á að tryggja að fyrir því væri innstæða og það er það sem við sjálfstæðismenn gagnrýnum núna að það er engin innstæða fyrir þeirri viðbót sem hér er á ferðinni. Ég vænti þess að hæstv. menntamálaráðherra skýri það betur út í umræðunni hvernig hún hugsar sér í framtíðinni að tryggja að þetta komist fyrir innan ramma ráðuneytis síns, því ef eins er farið að á öllum sviðum, öllum þáttum útgjalda og rekstrar í menntamálaráðuneytinu, að gert sé ráð fyrir að útgjöld séu jöfnuð með lántöku, mun auðvitað horfa til mikilla vandræða.

Ég sé að menntamálanefnd hefur ekki verið einróma í stuðningi við þetta og er vísað til þess af hálfu 2. minni hluta menntamálanefndar að það hefði þurft að tryggja fjármuni til þess að forsvaranlegt væri að standa fyrir þessum auknu útgjöldum. Að öðru leyti óska ég hæstv. menntamálaráðherra alls hins besta í hennar mikilvæga starfi þá fáu daga sem ríkisstjórnin á eftir að starfa hér og veit af góðum vilja hennar til þess að sinna þeim verkefnum sem á vettvangi menntamálaráðuneytisins eru og við höfum átt orðræður um af því tilefni að fyrr var rætt um þetta frumvarp og til margs að vísa í þeim efnum. En við hljótum við þessa umræðu, þegar svo háttar til um hag ríkissjóðs, að

skoða bæði stórt og smátt og umfram allt gefa ekki undir fótinn um stuðning sem er ekki byggður á traustari grunni en hér ber við.

Það er afar mikilvægt að við þingmenn leggjum þær línur nú á síðustu dögum þingsins að við sýnum ábyrgð í öllum ákvörðunum okkar og ekki síst þegar kemur að ríkisútgjöldum, skattlagningarheimildum og öðru er það varðar. Það ber að harma að nú skuli heyrast úr herbúðum vinstri stjórnarinnar að bæði eigi að ráðast gegn heimilunum með launalækkunum og skattahækkunum. Það eru þau skilaboð sem við fáum þessa dagana og það eru þau skilaboð sem kjósendur í landinu þurfa að taka vel eftir þegar þeir ganga að kjörborðinu.

[18:23]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sturlu Böðvarssyni er mikið í mun að fara varlega og gæta að fjárlögum ríkisins á þessu ári og næstu árum. Undir það tökum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Við teljum að við séum að fara ábyrga leið með þeirri tillögu sem hér er lögð fram um að fjölga þeim einstaklingum sem geta fengið listamannalaun að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem segir til um í lögunum. Það er ekki gerð tillaga um að það geti hver sem er gengið inn og óskað eftir listamannalaunum. Listamaðurinn þarf að sýna fram á ákveðin verk, ákveðið ferli sem hann er að vinna að.

Það má líka minna á að fæstir listamenn geta í upphafi ferils síns haft viðurværi af listsköpun sinni. Það eru fáir sem hafa auðgast af listsköpun. Hinir eru allt of margir sem eiga erfiða ævi og þurfa að vinna aðra vinnu með.

Ég tel að það sé ábyrg fjármálastefna að vísa til fjárlaga 2010–2012 hvað þetta varðar. Það er ekki verið að hækka einstök laun listamanna. Það er verið að fjölga listamönnum sem hljóta laun og það er verið að fjölga störfum og vonandi að það verði meiri virðisauki af störfum þessara listamanna. Ég spyr hv. þingmann hvort hann telji þessa leið ekki bæði ábyrga og eins heillavænlegri við þær aðstæður sem nú eru, að leita ekki til auðmanna og fyrirtækja sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur treyst á að gæfu til þessarar starfsemi, (Forseti hringir.) listastarfsemi í landinu þar sem þeirra sjóðir eru tómir eða þá að viðkomandi aðilar eru farnir á hausinn.

[18:25]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er athyglisverður vinkill hjá hv. þm. Þuríði Backman. Það kann að vera skýringin á þessu að þeir listamenn sem gert er ráð fyrir að bætist við séu listamenn sem kunni að hafa notið stuðnings fyrirtækja, og eins og hún segir auðmanna. Ég vil ekki leggja neitt mat á það.

Ég tel að það kerfi sem við höfum sett upp og sjálfstæðismenn hafa borið ábyrgð á og settu á laggirnar með sérstakri löggjöf árið 1991, (**MÁ:** 1996.) 1991, lögin eru frá 1991, hv. þm. Mörður Árnason. Við erum að tala hér um lög sem við erum að breyta sem eru að grunni frá 1991. Svo það sé á hreinu.

Ábyrg leið, segir hv. þm. Þuríður Backman. Ég efast ekki um að það sé einlægur ásetningur hennar. Ég bendi einmitt á að þetta er ekki ábyrg aðferð, þ.e. að til þess að hægt sé að fjölga listamönnum á launum verði tekin lán af hálfu ríkissjóðs. Ég tel að það væri miklu ábyrgari leið að hagræða í ríkisrekstrinum. Ég get alveg verið sammála því að það sé æskilegt að fjölga listamönnum sem geti sinnt list sinni og því er ég mjög ánægður með að inn komi hönnuðir, sviðslistafólk og fleiri sem bætast í hópinn. Það er af hinu góða og ég hef mælt alveg sérstaklega með því.

En gagnrýni mín byggist á því að hér er sýndarmennska á ferðinni rétt fyrir kosningar. Það er verið að blekkja fólk, blekkja listamenn með því að lofa upp í ermina á sér með fjölgun þeirra sem (Forseti hringir.) geta fengið laun með (Forseti hringir.) lántöku. Í því felst gagnrýni mín.

[18:28]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er það svo að langfæstir listamann hafa möguleika á því að sækja í sjóði eins og Atvinnuleysistryggingasjóð þar eð þeir hafa ekki verið á launuðum vinnumarkaði. Þeim eru því í raun og veru allar bjargir bannaðar.

Í því mikla efnahagshruni sem við stöndum frammi fyrir og erum að reyna á allan hátt að standa vörð um þá atvinnu sem fyrir er í landinu og leggja grunn að nýrri atvinnustarfsemi þá er listin ekki síður mikilvæg til að efla frumkvæði og efla atvinnu einstakra listamanna. Það tel ég mjög mikilvægt.

Hv. þingmaður telur líklegt eða lítur svo á að þetta séu kosningaloforð, að vera að lofa þessari fjölgun þar sem svo illa árar og gerir það næstu árin. En þá vil ég spyrja: Hvers vegna í ósköpunum var stuðningur til listamanna ekki aukinn á þeim tíma sem lýst hefur verið sem velmektarárum í Íslandssögunni undanfarinna ára? Af hverju var fjöldi þeirra sem hlutu listamannalaun látinn standa í stað þegar hér átti allt að vera í blóma? Var verið að treysta um of á styrki frá, eins og ég sagði áðan, auðmönnum og fyrirtækjum, ekki til listamanna sjálfra, heldur til hinna ýmsu listastarfsemi sem listamenn hefðu þá getað haft atvinnu af eða farið inn í ákveðin verk sem voru þá styrkt af einkaaðilum? Er þetta ekki brostið? Er ekki brostin sú sýn sem nýfrjálshyggjan innleiddi hérna, að treysta á styrki og framlög frá auðmönnum? Eða eins og var sagt hér í ræðu fyrir fáum árum, að fá molana af borðum (Forseti hringir.) auðmannanna inn í listalífið.

[18:30]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki tekið undir þann málflutning sem hér er viðhafður. Ég lít ekki svo á að listamenn á Íslandi hafi þegið mola af borðum einhverra. Ég tel að listamenn á Íslandi sem hafa tekið að sér verkefni á vegum einkaaðila hafi verið að leggja fram verðmæta vinnu, verðmætasköpun og list en ekki að þiggja ölmusu. Ég lít ekki þannig á. Það er fjarri því.

Hafi listamenn þegið laun frá fyrirtækjum eða velmegandi fólki hefur það verið fyrir verðmæta vinnu. Þannig vil ég líta á þetta. Ég lít ekki svo á að listamannalaun séu ölmusa. Ég vona að hv. þingmenn Vinstri grænna líti ekki svo á að við séum að fjalla hér um ölmusu. Það mætti líta

svo á miðað við orð hv. þingmanns. Þetta er stuðningur við sköpun listamanna á mörgum sviðum. Ég tel að ýta eigi undir hann en það á ekki að gefa falskar vonir og það er það sem ég gagnrýni.

Ég tel að við hljótum að fagna því ef efnahagur fyrirtækja og hins opinbera á undanförnum árum hefur verið svo góður að hægt hafi verið að auka framlög til verkefna. Sem dæmi er til Listskreytingasjóður og honum er ætlað að styrkja vinnu við listsköpun í tengslum við opinberar byggingar. Ég tel að það sé af hinu góða, það er ekki ölmusa. Það er verið að kaupa verk, hugverk af mörgu tagi af öflugu, traustu og góðu listafólki. (Forseti hringir.) Ég hvet til þess að ekki sé verið að setja (Forseti hringir.) stuðning við listamenn með listamannalaunum í það samhengi að það sé ölmusa. Því fer fjarri.

[18:32]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Hún var falleg síðasta ræðan hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni þó að tæknilega væri hún raunar útúrsnúningur úr orðum þess sem þar kom á undan og veitti honum andsvar.

Um það er ekkert efast í þessum sal og hjá þeim sem þekkja til Sturlu Böðvarssonar að hann kann að meta listir og menningu og hefur staðið fyrir ýmsum framkvæmdum og verkum á því sviði, ekki síst þegar hann var sveitarstjórnarmaður á Snæfellsnesi. Þess vegna vekur furðu að hann skuli nú bætast í þann hóp sjálfstæðismanna sem leggjast gegn ofurlítilli fjölgun á listamannalaunum eftir þrettán ára stöðnun í þeim efnum einmitt á þeim tíma sem flokkur hans var við völd frá 1996, reyndar var sá flokkur við völd í átján ár.

Þeir sem hafa gert það eru hv. þingmenn Einar K. Guðfinnsson og Ragnheiður Ríkharðsdóttir í nefndaráliti minni hlutans. Pétur H. Blöndal og félagi hans Jón Magnússon töluðu hér áðan og lögðust gegn þessu og nú Sturla Böðvarsson. Eftir eiga að tala Dögg Pálsdóttir, Björk Guðjónsdóttir og Björn Bjarnason samkvæmt mælendaskrá. Allt saman háttvirtir og velmegandi þingmenn.

Þess vegna hlýtur maður að spyrja: Er eining um þetta í Sjálfstæðisflokknum þegar átta þingmenn virðast ætla að flytja sama málið? Er eining um þetta? Hefur þingflokkur Sjálfstæðisflokksins tekið þetta mál fyrir og ákveðið að leggjast gegn því og þá á hvaða forsendum? Og fyrst og fremst: Eru allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sammála um þetta? Það er það sem ég vil fá að vita.

Jón Magnússon svaraði því hér áðan. „Það eru margar vistarverur í húsi föður míns“, nokkurn veginn þannig sagði hann og gaf í skyn að það væri ef til vill ekki full eining um þetta í Sjálfstæðisflokknum. Þess vegna spyr ég Sturlu Böðvarsson sem er einn þingreyndasti maður sjálfstæðismanna og hefur góða yfirsýn yfir þann þingflokk: Talar hann hér (Forseti hringir.) í nafni alls þingflokks sjálfstæðismanna?

[18:34]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti vill vekja athygli hv. þingmanns á ávarpsvenjum sem gilda í þingsal.

[18:35]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Já, það er nú alveg nauðsynlegt fyrir hæstv. forseta að minna hv. þm. Mörð Árnason á siði og venjur og þingsköp hvað varðar ávörp, en það var ekki aðalatriðið heldur að leiðrétta hv. þingmann. Ég er ekki að leggjast gegn breytingum á þessum lögum. Ég leggst gegn því að staðið sé þannig að þessu að það sé enginn grundvöllur undir útgjaldaaukningu, það eru ekki skapaðar tekjur til þess að hægt sé að fjölga. Það er gagnrýni sjálfstæðismanna.

Ég tala fyrir mig hvað þetta varðar og ég er alveg sannfærður um að það sama gildir um aðra hv. þingmenn sem hafa gert athugasemdir við þetta frumvarp. Við vörum við því að gefa væntingar um aukin útgjöld sem eru byggð á sandi. Það er vandinn.

Ég hef jafnframt bent á að ég er sannfærður um að hæstv. menntamálaráðherra gæti innan síns útgjaldaramma forgangsraðað með öðrum hætti en þeim að láta þetta vera afgangsstærð í útgjöldum sínum. Og vegna þess að hv. þm. Mörður Árnason hefur unnið í fjármálaráðuneytinu veit ég að hann áttar sig vel á því að það þykir ekki góð latína. Það vekur furðu að fjármálaráðherra skuli sætta sig við að flytja hér frumvarp sem gerir ráð fyrir því að gert sé út á framtíðina og skuldasöfnun við þær aðstæður sem við búum við í dag í efnahag þjóðarinnar. Það þýðir ekkert að vísa til þess að þetta sé allt saman sjálfstæðismönnum að kenna, núna er Samfylkingin við völd og styður Vinstri græna sem eru í (Forseti hringir.) menntamálaráðuneytinu. Ég vænti þess að það sé einlægur stuðningur (Forseti hringir.) eða er Mörður Árnason á móti því að hæstv. menntamálaráðherra fái fjármuni til að halda úti þessum auknu útgjöldum?

[18:37]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Ég tek auðmjúkur og bljúgur við leiðbeiningum hv. þm. Sturlu Böðvarssonar um ávörp í fundarsal og hegðun í þingsal. Hinn snotri og geðprúði þingmaður hefur sýnt fordæmi í því efni sem okkur minni spámönnum ber að fara eftir.

Hann svaraði hins vegar ekki þeim spurningum sem að honum var beint. Þær voru þessar: Er þingflokkur Sjálfstæðisflokksins einhuga í andstöðu sinni við það frumvarp sem hér er flutt um fjölgun listamannalauna, óbreytta upphæð, því miður, á hvern mánuð í fyrsta sinn í þrettán ár frá árinu 1996? Hann svaraði því ekki.

Hann kom hins vegar með athugasemdir um fjármögnun málsins og auðvitað eiga þær rétt á sér en þetta er nú ekki í fyrsta sinn, forseti, sem menn hafa samþykkt til bráðabirgða fjármögnun á fyrsta og öðru ári eins og hér háttar til á þörfu verkefni. Og allra síst er hægt að ráðast á það nú vegna þess að eins og atvinnumarkaðnum er háttað er í raun og veru í heildarsamhenginu verið að flytja til fjármuni. Þeir 33,3 listamenn eða sem því nemur í mánaðarlaunum hefðu ella verið á launum annars staðar eða gengið atvinnulausir. Það verkefni sem við eigum fram undan hér á næstunni er að greiða atvinnulausum för, að grynnka á þeim hópi og auðvitað að lokum að skapa störf fyrir þá. Eitt af því sem fleiri listamannalaunamánuðir gera er einmitt það að vera uppspretta annarra starfa. Því að það er eins með

sprotafyrirtækin og listirnar að í kringum það verða til afleidd störf og verðmæti sem við vitum ekki hver eru fyrir.

Ég spyr aftur og vil fá svar núna: Er þingflokkur sjálfstæðismanna einhuga í því að (Forseti hringir.) leggjast gegn þessu máli? Og ég spyr af tiltekinni ástæðu, forseti.

[18:39]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg augljóst með tilliti til hinnar venjulegu orðræðu hv. þm. Marðar Árnasonar að hann er mér í raun og veru miklu meira sammála en hann vill vera láta. Hann er vanur að taka betur til í orðræðu hér en hann gerði. Ástæðan er sú að hann er í rauninni (Gripið fram í.) sammála því að svona eigi ekki að standa að málum, að tryggja ekki fjármuni. Sjálfstæðismenn og þingflokkur Sjálfstæðisflokksins eru algerlega sammála um það að við eigum ekki að standa þannig að málum að gera ráð fyrir lántökum. Við eigum að tryggja fjármuni til að hægt sé að fjölga fólki á listamannalaunum. Ég er alveg sannfærður um það, ekki síst með tilliti til þess að sjálfstæðismenn hafa haft þennan málaflokk í langan tíma og hafa ýtt mjög undir listsköpun og menningarstarfsemi hvers konar. Og stærstu framlögin ... (Gripið fram í.) Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir getur aldrei farið hér um salinn öðruvísi en að trufla þingmenn ræðustól. Hún getur það ekki. (Gripið fram í.) En hvað um það. Sjálfstæðisflokkurinn stóð fyrir umfangsmiklum menningarsamningum við sveitarfélögin um allt land, stórjók framlög til menningarmála (Gripið fram í.) og m.a. til listsköpunar. Sjálfstæðismenn geta því alveg kinnroðalaust talað um þessi mál vegna þess að við höfum staðið fyrir miklum úrbótum og endurbótum hvað þetta varðar.

Frumvarpið sem slíkt er góðra gjalda vert en grundvöllurinn fyrir tekjuhliðinni er ekki til og þess vegna segi ég: Hæstv. menntamálaráðherra kemur hér rétt fyrir kosningar með þessa tillögu, með stuðningi ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna, og það er sýndarmennska, (Forseti hringir.) einber sýndarmennska.

[18:41]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrstu segja að ég hafna því alfarið að þetta frumvarp sé sýndarmennska og mér finnast þau orð hv. þm. Sturlu Böðvarssonar ekki við hæfi. Eins og hv. þingmanni er kunnugt byggir þetta frumvarp á grunni frumvarps frá forvera mínum í starfi, hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, og má segja að ég hafi tekið við keflinu af henni, ekki síst í ljósi hins erfiða efnahagsástands sem nú er sem hefur haft mjög slæm áhrif á stöðu ýmissa listamanna. Við ræðum hér líka mikið um atvinnusköpun og ég tel að menningargeirinn eigi þar ekki vera undanskilinn.

Segja má að hagræn áhrif menningargeirans séu mikil á Íslandi. Við höfum séð vaxandi útflutningstekjur af þessum geira, við höfum séð mjög blómlegt menningarlíf á Íslandi sem við getum verið stolt af hvort sem litið er til bókmenningar okkar, tónlistarlífs eða myndlistarlífs, leikhúsanna, til kvikmyndanna sem hafa borið hróður okkar víða, og annars slíks þannig að ég tel að við megum ekki vanmeta hagræn áhrif menningarinnar.

Hvað varðar fjármögnun benti hv. þm. Sturla Böðvarsson sjálfur á í 2. umr. um þetta mál að ég hefði tekið við góðu búi af forvera mínum þar sem til eru fjárveitingar upp á 89 milljónir í þessum sjóðum, fjárheimildir sem ekki hafa verið nýttar. Hins vegar er rétt að það eru aukin útgjöld þarna til þriggja ára a.m.k upp á 17 millj. kr. og auðvitað í framhaldinu. Það lá alveg ljóst fyrir frá byrjun að ekki væri búið að tryggja fjármögnunina eftir þessi þrjú ár.

Ég lít hins vegar svo á að listamannalaun séu mjög mikilvæg hreinlega út frá menningarlegum rökum. Hér hefur verið nefnt í umræðunni að listin eigi að geta staðið undir sér og borgað sig en einnig hefur verið bent á að okkur sem er annt um okkar bókmenntir og ritmenningu, það yrði kannski lítið úr henni ef ekki væri einmitt t.d. fyrir Launasjóð rithöfunda. Þá vil ég bara nefna það dæmi sem Rithöfundasambandið hefur lagt fram um tekjur rithöfunda af bók sem kostar 4.500 kr. út úr búð og þykir mörgum dýrt. Ef það tekur rithöfund tvö ár að skrifa skáldsögu, sem er ekkert óeðlilegur tími, og bókin selst í þúsund eintökum, sem þykir ekki slæmt, þýðir það höfundarlaun upp á 625 þús. kr. sem verða árslaun upp á 300 þús. kr. Ég leyfi mér að segja að rithöfundar þessa lands gætu hreinlega ekki starfað eingöngu út frá markaðsforsendum í þeim geiranum þannig að það er mjög erfitt að hafa lífsviðurværi sitt eingöngu af því. Ég tel því að það séu mjög mikil menningarleg rök fyrir þessu.

Við höfum líka oft rætt í þessum sal um íslenska málstefnu. Hún hefur verið samþykkt hér sem þingsályktunartillaga og rætt hefur verið um að við þurfum að fella ýmislegt í lög sem henni tengist. Það hefur verið viðurkennt að það kostar að viðhalda jafnlitlu málsvæði og við búum á upp á rúmlega 300 þúsund hræður sem tala sitt sérstaka tungumál. Ég held að bókmenning, ég ætla sérstaklega að nefna hana, skipti þar höfuðmáli, að við lesum góðar bækur á íslensku og höldum áfram að skrifa bækur á íslensku. Það kostar vissulega og ég held að hið opinbera hafi ákveðnum skyldum að gegna í því samhengi, ekki síst í ljósi þess að það eru sennilega ekki miklar markaðsforsendur fyrir bókaútgáfu eða fyrir rithöfund að lifa af list sinni. Við höfum séð að þeir höfundar sem náð hafa árangri í gegnum árin, ég nefni Nóbelsskáldið okkar sem dæmi — auðvitað var hann iðulega á launum frá ríkinu og ekki hefðum við viljað sleppa því, og sama má segja um aðra höfunda.

Það er líka rétt sem hér hefur verið nefnt að ekki er verið að hækka launin sem þó var í upphaflegum tillögum sem miðuðust við annað efnahagsástand. Hér er reynt að fara eins þröngt fram og hægt er miðað við þessa fjölgun, að nýta þær heimildir sem þó eru til staðar og veittar hafa verið og fjölga þannig mánaðarlaununum um 400. Það er líka rétt að þeim hefur ekki fjölgað frá því 1997.

Mig langar líka að minna á að hér er verið að gera ákveðnar breytingar á sjóðunum bæði hvað varðar sviðslistarfólk, tónlistarflytjendur og hönnuði. Það er nýlunda sem ég held að skipti miklu máli fyrir listalífið, að fá sérstaka sjóði fyrir þessar greinar. Verið er að gera ýmsar breytingar á starfsumhverfi listamanna um leið, t.d. hvað varðar réttindi listamanna, en eins og hér hefur einnig verið bent á hefur réttur þeirra til atvinnuleysisbóta verið ákveðnum vandkvæðum háður, svo sem til fæðingarorlofs og annarra

slíkra opinberra réttinda.

Það er nokkuð ljóst að hér hafa menn að sjálfsögðu áhyggjur af fjármögnuninni og auðvitað snýst þetta líka um ákveðna forgangsröðun. Það liggur ekki fyrir að það þurfi endilega að taka lán til að mæta þessari fjölgun, hins vegar snýst þetta um hvernig við nýtum það fjármagn sem við höfum. Mín skoðun er sú að það að greiða listamönnum fyrir að sinna menningarstarfi sínu sé besta nýting á fjármagni sem við höfum því að ekki má gleyma því að þeir styrkir sem veittir eru, eru ekki veittir út frá neinum öðrum forsendum en faglegum og það eru fagnefndir sem velja þau verkefni sem eru styrkt. Það miðast við verkefnaáætlanir listamanna, þar er metinn ferill listamannanna fram að því og þau verkefni sem þeir sinna. Og ekki síst vegna þessara launa höfum við síðan horft á framgang íslenskra listamanna á alþjóðavettvangi. Ég nefni sem dæmi íslenska myndlistarmenn, ég nefni rithöfunda, ég nefni kvikmyndagerðarmenn og tónlistarmenn. Við sjáum að íslenskir tónlistarmenn hafa skapað sér ótrúlegan sess, ég get nefnt Sinfóníuhljómsveitina sem dæmi og hennar merka árangur með Grammy-verðlaunatilnefningu, en við sjáum líka aðra tónlistarmenn skapa sér alþjóðlegan sess og þetta er hluti af því.

Þetta er auðvitað grundvallarspurning: Hvað á ríkið, hið opinbera, að gera á krepputímum? Á það þá að skera niður í menningarmálum. Auðvitað verður að skera niður á öllum sviðum en ég held ekki að menninguna eigi að klippa burt, ég held að við verðum að horfa á það hvernig við forgangsröðum. Ég tel þetta góða nýtingu á fjármagni og ég tel mjög mikilvægt að við stöndum vörð um menninguna á svona tímum.

Margir hafa spurt mig hvort það sé ekki óþarfi á krepputímum og ég er alveg handviss um að svo er ekki því að þetta er eitt af því sem við byggjum okkar sjálfsmynd á. Þetta er eitt af því sem ég mundi kalla brýnt mál fyrir Íslendinga, að hér standi menningarstarf með blóma. Þetta er eitt af því sem tryggir búsetu í landinu. Og af því að hv. þm. Sturla Böðvarsson nefndi hér áðan menningarsamninga við einstök svæði landsbyggðarinnar tel ég að þeir séu einmitt gott dæmi um það hvernig menning hefur haft gríðarlega jákvæð áhrif á búsetuskilyrði víðast hvar um landið. Það hefur fólk um allt land rætt um við mig eftir að ég tók við ráðherraembætti mínu að menningin hefur skipt miklu máli fyrir búsetuskilyrðin á svæðinu. Við skulum því ekki vanmeta þátt menningarinnar í því sem gerir okkur að samfélagi, hún er hluti af innviðum samfélagsins sem við megum ekki vanrækja og sérstaklega ekki á krepputímum. Og af því að hér var rætt um hlut einkaaðila þegar kemur að listamönnum er alveg ljóst að það eru margir slíkir sem halda að sér höndum um þessar mundir sökum erfiðs árferðis og stykja ekki listamenn og þá tel ég að hið opinbera hafi ákveðnum skyldum að gegna.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt mikið en vil þó bara minna á að hér er um að ræða heimildir upp á 89 milljónir sem hafa verið veittar og ekki nýttar þannig að þessi útgjaldaauki upp á 17 milljónir mun ekki falla fyrr en á árinu 2012. Ég minni líka á að í frumvarpinu er kveðið á um að þetta verði endurskoðað m.a. út frá efnahagsástandi og það liggur alveg fyrir að við fjárlög hvers árs þarf að vega það og meta. Ég legg áherslu á að við höfum í huga hin menningarpólitísku rök í þessu máli sem ég held að þingmenn úr öllum flokkum geti verið sammála um að skipta miklu máli. Þetta er hluti af samfélagsinnviðum okkar og ég skil það vel að menn hafi hér áhyggjur af fjármunum en ég tel að málið snúist líka um forgangsröðun og hvernig við verjum peningunum. Ég tel að með því að verja þeim til þess að greiða listamönnum beint fyrir vinnu sína, í verkefnatengda vinnu með styrkjum sem veittir eru til sérstakra verkefna, fáum við mikið fyrir peninginn. Ég leyfi mér að minna á allt það lista- og menningarlíf sem staðið hefur með svo miklum blóma og við erum svo stolt af sem Íslendingar og er hluti af því sem gerir okkur að samfélagi.

[18:51]

Dögg Pálsdóttir (S):

Herra forseti. Við ræðum hér nýtt heildarfrumvarp til laga um listamannalaun sem á að leysa af hólmi gildandi lög frá 1991, tæplega 20 ára gömul lög. En eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu byggir þetta kerfi okkar um listamannalaun að grunni til á lögum frá 1967 þannig að þetta stuðningskerfi við listamenn í landinu er búið að vera hér á fimmta áratug.

Það er réttilega bent á það í athugasemdum að á þeim 20 árum tæpum sem liðin eru frá því að lög um listamannalaun voru sett árið 1991 hefur margt breyst, íslenskt samfélag ekki síst og listaumhverfið sömuleiðis. Okkur hefur fjölgað talsvert og það þýðir að listamönnum hefur fjölgað hlutfallslega líka, en jafnframt höfum við á þessu tímabili komið upp Listaháskóla haustið 1999. Þá varð umtalsverð fjölgun listamanna hér, það fjölgaði í þeim hópi fólks sem leitaði sér menntunar á þessu sviði af því að það varð auðveldara að afla sér menntunar en áður hafði verið. Það þýðir að ásókn í listamannalaun hefur aukist og mánaðarlaununum sem verið hafa til úthlutunar hefur ekki fjölgað á þessu tíambili. Þeim var fjölgað með lögunum frá 1991 yfir nokkurra ára tímabil og hefur ekki fjölgað frá 1997. Á það allt saman er réttilega bent í greinargerðinni.

Þar er sömuleiðis réttilega bent á að það er mjög misjafnt hvaða möguleika listamenn hafa til að afla sér tekna og á meðan listamenn eru að hasla sér völl og skapa sér nafn skiptir máli að þeir séu studdir. Ég hygg að við séum öll sammála um það, sama hvar við stöndum í flokki, að það er nauðsynlegt og mikilvægt að styðja við listamenn sem eru að feta sig áfram á listabrautinni til þess að gera þeim kleift að skapa sér nafn og geta sinnt listsköpun sinni þannig að þeir þurfi ekki að hafa allt of miklar áhyggjur af framfærslu sinni. Tekin eru áhugaverð dæmi í greinargerðinni sem hæstv. menntamálaráðherra nefndi líka í sinni ræðu áðan um rithöfund sem er að hasla sér völl og gefa út bók. En ef hann hefur árangur sem erfiði og verður vinsæll rithöfundur þarf hann ekki lengur á þessum stuðningi að halda.

Listgreinar eru líka mismunandi og þær eru mismunandi fallnar til þess að skapa tekjur. Þær eru mismunandi fallnar til þess að afla listamanninum nokkurra raunverulegra tekna sem hægt er að lifa sæmilega af, jafnvel þótt hann verði þekktur. Þess vegna er lagt hér til, virðulegi forseti, að mánaðarlaununum sem úthlutað verður, verði fjölgað yf-

ir þriggja ára tímabil úr 1.200 og í 1.600. Það er auðvitað góðra gjalda vert og ég hygg að í raun séum við öll sammála þeirri fjölgun.

Þær athugasemdir sem við sjálfstæðismenn höfum gert í umræðum um þetta frumvarp og sem glöggt koma fram í nefndaráliti 2. minni hluta eru þær að við höfum áhyggur af því í því árferði sem við búum nú við að þarna sé verið að stækka fjárlagagatið. Hér voru miklar og heitar umræður í morgun og talað um að það væri yfir 150 milljarða gat á fjárlögum þessa árs í boði Sjálfstæðisflokksins og sagt að til þess að hægt væri að stoppa í það gat og minnka það þyrfti bæði að lækka laun og hækka skatta. Það eru þau úrræði sem t.d. hæstv. menntamálaráðherra fór ítarlega yfir og hún á þakkir skildar fyrir að vera svo hreinskilin á kosningafundinum í gær.

Þá vakna spurningar um hvort þessi tímasetning sé sú rétta því að þótt það séu kannski ekki háar fjárhæðir sem um er að ræða — það kemur fram í kostnaðarmatinu að fjölgunin þýði 107 millj. kr. útgjöld ríkisins á ári miðað við núgildandi mánaðarlaun sem eiga að verða óbreytt, 266.737 kr., en síðan er reiknað með að þessi fjárhæð verði endurskoðuð árlega miðað við verðlagsþróun. Þetta eru rétt yfir 100 milljónir og einhvern veginn hefði maður haldið fyrir fram að þegar talað er um þann alvarlega fjárlagavanda sem hér er vissulega til staðar væru útgjaldaverkefni af þessu tagi ekki nákvæmlega þau brýnustu, hversu góð sem þau eru. Við getum tekið fjöldamörg verkefni og sagt að þau séu góð og þörf þó að þau kosti peninga en þegar við erum með fjárlagagat til að stoppa í er þetta ekki alveg það sem við þurfum mest á að halda um þessar mundir. Það er það sem málflutningur okkar hjá Sjálfstæðisflokknum beinist að. Við erum ekki á móti fjölgun listamannalauna, við teljum bara að aðstæður í samfélaginu séu núna með þeim hætti að hætt sé við því að í fjárlagavinnunni, hvort sem það verður á þessu ári, á næsta ári eða á þarnæsta ári, verði sagt um þetta mál: Því miður, við getum ekki staðið við þau loforð sem við höfum gefið um fjölgun. Þá teljum við betur heima setið en af stað farið því að það er ekki fallegt að byggja upp væntingar hjá listamönnum um að það muni nú fjölga í þessum hópi ef það fyrsta sem gert verður eftir að lögin eru gengin í gildi og þegar gera á fjárlög næstu ára er að það verði skorið niður. Það er fyrst og fremst það sem ábendingar okkar snúa að því að eins og fram kemur skýrt og skilmerkilega í nefndaráliti 2. minni hlutans leggjum við til að ekki verði hróflað við núgildandi lögum um listamannalaun. Það er ekki eins og við séum að tala um að að fella niður listamannalaun, alls ekki, við viljum viðhalda því kerfi sem hér er og um leið og aðstæður breytast og landið fer að rísa, sem það hlýtur að fara að gera, og tekjur ríkissjóðs aukast, verði þetta eitt af því sem þá verði skoðað.

Það eru örfá atriði, herra forseti, sem ég hnaut aðeins um þegar ég fór yfir þetta frumvarp og sem væri fróðlegt að fá svör við frá hv. formanni menntamálanefndar, hygg ég að hafi verið, sem var með málið í skoðun.

Ég velti því t.d. fyrir mér af hverju menn hafa ekki verið djarfari í því að setja t.d. þak á það hve oft hver listamaður getur fengið listamannalaun. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að stjórn listamannalauna hafi ítrekað hreyft þeirri hugmynd en hún hafi fallið í grýttan jarðveg hjá sumum heildarsamtökum listamanna og þess vegna sé ekki talið rétt að gera tillögu um að setja slíkt ákvæði inn í lögin þó að þau hafi sætt ákveðinni heildarendurskoðun. Ég velti því fyrir mér af hverju menn þora ekki að stíga þetta skref jafnvel þó að einhver heildarsamtök listamanna séu á móti því. Við hljótum í prinsippinu öll að vera sammála um það að listamannalaun, eins og mér fannst líka koma glöggt fram í máli hæstv. menntamálaráðherra, eru til að hjálpa listamönnum af stað á listabrautinni, hjálpa þeim til að hasla sér völl. Þeir eru óþekktir og það er verið að hjálpa þeim að koma sér áfram. Ég velti því fyrir mér hvað geri það að verkum að menn eru feimnir við að setja á þetta þak því að það mundi hugsanlega geta aukið nýliðunina í þessum hópi. Það kemur einmitt fram í greinargerðinni að það er mikilvægt að ákveðin og eðlileg nýliðun verði í hópi þeirra sem fá listamannalaun.

Ég hnýt líka um eitt, herra forseti, í skýringum með 4. gr. frumvarpsins. Í 4. gr. er talað um starfslaunin, að þau eigi að vera 266.733 kr., og síðan er talað um að þeir sem njóti starfslauna í sex mánuði eða lengur skuli ekki gegna fullu starfi og ýmsar fleiri ábendingar eru þar og í greinargerðinni, skýringunum, er skýrt tekið fram að gert sé ráð fyrir því að þessar greiðslur séu svokallaðar verktakagreiðslur, ekki launagreiðslur, sem þýðir að listamaðurinn þarf sjálfur að standa straum af greiðslum tryggingagjalds og hvað þetta allt saman heitir sem m.a. skapar honum rétt til atvinnuleysisbóta og annað slíkt. Í skýringunum er síðan bent á það, og sérstaklega tekið fram, nánast eins og menn séu að hreykja sér af því, að starfslaun séu veitt til listamannsins sjálfs og skuli þau greidd á kennitölu viðkomandi. Á síðustu árum hefur færst í vöxt að listamenn stofni einkahlutafélög um starfsemi sína og hafa ýmsir farið þess á leit að fá starfslaunin greidd á kennitölu einkahlutafélagsins. Slíkum beiðnum hefur verið hafnað til þessa á þeirri forsendu að verið sé að veita sjálfum listamanninum starfslaun en ekki fyrirtæki. Þarna finnst mér menn talsvert þröngsýnir, að þeir skuli ekki koma til móts við listamenn sem hafa séð ákveðið hagræði í því að halda tekjum sínum vegna listsköpunar sinnar inni í einkahlutafélagi, það virkar nefnilega þannig í einkahlutafélagi að menn verða svo að borga sér laun. Það kemur fram í greinargerðinni að þeir sem starfa sjálfstætt með þessum hætti þurfa meira að segja að reikna sér mánaðarlaun upp á 414 þús. kr. sem mér finnst að vísu alveg ótrúlega há fjárhæð, ég hefði haldið að hæstv. fjármálaráðherra ætti að byrja á því í kreppunni sem nú er að endurskoða þau mörk fyrir listamenn — en þetta var útúrdúr. En ég skora á, af því að ég tel að menntamálaráðuneytið geti breytt þessari framkvæmd hvernig sem lagatextinn er, hæstv. menntamálaráðherra að skoða þetta. Mér finnst þessi afstaða, að neita listamönnum sem fá þessi listamannalaun um að fá greiðsluna, sem er verktakagreiðsla, inn í einkahlutafélag sitt — þetta eru engin skattsvik, það er bara ákveðið hagræði fyrir listamanninn og við hljótum á þessum tímum að vilja koma til móts við listamenn og gera þeim lífið auðveldara, nógu erfitt er það samt. Ég skora á hæstv. menntamálaráðherra að skoða þetta því að ég tel að þetta sé bara spurning um framkvæmd en ekki um lagatextann sjálfan.

Það þriðja sem ég hnaut um, virðulegi forseti, og gaman væri að fá skýringar á, er að í lögin um listamannalaun frá 1991 var sett ákvæði, í 2. mgr. 9. gr., um listasjóð þar sem tekið er fram að listasjóður veitti einnig sérstök framlög til listamanna sem notið hefðu listamannalauna í nokkur ár, fyrir 31. desember 1991, og höfðu þá náð 60 ára aldri. Gott mál. Árið 1991 var sem sagt ákveðið að þeir sem þá voru orðnir sextugir skyldu geta haldið áfram að fá listamannalaun. Þetta ákvæði er núna sett inn í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu algerlega óbreytt sem þýðir að þeir einstaklingar sem í hlut eiga eru núna næstum því áttræðir. Með fullri virðingu fyrir fullorðnu fólki í listsköpun þá velti ég því fyrir mér hvort brýnast sé að halda þeim hópi inni í þessu stuðningskerfi. Eins og þetta hljómar núna þá eru þeir — þetta er algerlega óbreytt, í III. ákvæði til bráðabirgða segir, með leyfi forseta:

„Listamenn sem notið höfðu listamannalauna í nokkur ár fyrir 31. desember 1991 og höfðu þá náð 60 ára aldri skulu njóta sérstakra framlaga samkvæmt ákvörðun stjórnar listamannalauna."

Í greinargerðinni kemur fram að um 12 listamenn hafi verið að ræða á þessu ári. Á þeim tímum þegar við erum að forgangsraða og þurfum að nota fjármuni okkar til hins ýtrasta held ég að að skaðlausu hefði mátt fella þetta ákvæði til bráðabirgða út, þannig að þessir 12 styrkir sem fara til einstaklinga í kringum áttrætt, með fullri virðingu fyrir þeim, færu þá til yngri listamanna. Við skulum ekki gleyma því að þegar Íslendingar, listamenn sem aðrir, verða 67 ára og eldri komast þeir inn í stuðningskerfi almannatrygginga og fá þar bætur sem vissulega eru ekki nein ofrausn en það er þó opinber stuðningur. Eigum við ekki frekar að nota þessa peninga í þágu þeirra sem eru að byrja listamannsferilinn heldur en þeirra sem eru að eldast? Ég varpa þeirri spurningu fram og það væri líka fróðlegt að fá skýringu frá hv. formanni menntamálanefndar á því af hverju þetta ákvæði er óbreytt inni og ekkert gert við það í meðferð nefndarinnar.

[19:07]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Það er út af fyrir sig fróðlegt að hv. þm. Dögg Pálsdóttir skuli átelja frumvarpsflytjanda og meiri hluta menntamálanefndar fyrir það að taka þetta fé ekki frá hinum áttræðu listamönnum. Ástæða er til að spyrja hv. þingmann hvort hún viti um hversu mikið fé er að ræða á hvern mann og hvernig það muni þá nýtast hinum yngri. Þetta er nokkuð kaldlynt viðhorf en auðvitað er ákveðin hagsýni í því fólgin.

Hins vegar má benda hv. þingmanni á að flokksbræður hennar í minni hluta menntamálanefndar standa á móti öllum breytingum á þeim lögum sem nú eru í gildi. Í áliti þeirra segir að 2. minni hluti menntamálanefndar leggi til að ekki verði hróflað við núgildandi lögum um listamannalaun og heldur ekki þeim atriðum sem hv. þingmaður spurði um — og var út af fyrir sig sumt áhugavert sem hún vakti máls á þar. Hv. þingmaður þarf hins vegar að svara því við þessa umræðu hver afstaða hennar er til frumvarpsins. Er hv. þingmaður sammála hv. þingmönnum Ragnheiði Ríkharðsdóttur og Einari K. Guðfinnssyni um það að leggjast gegn fjölgun listamannalauna og líka þeim öðrum atriðum og breytingum sem í frumvarpinu felast?

Í öðru lagi spyr ég, herra forseti, hv. þingmann, eins og ég hef spurt aðra þá sjálfstæðismenn sem ég hef komist í tæri við í þessari umræðu: Er þingflokkur Sjálfstæðisflokksins einhuga í málinu? Hefur málið verið rætt í þingflokki Sjálfstæðisflokksins? Liggur fyrir að allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins ætli sér að leggjast gegn frumvarpinu? Er það þannig að það þurfi (Gripið fram í.) að þráspyrja um það því að enn hafa ekki svör borist við þessari (Gripið fram í.) spurningu? Sturla Böðvarsson vék sér fimlega undan því áðan að koma fram með þau.

[19:09]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst leiðinlegt að hv. þm. Mörður Árnason skuli hálfpartinn vera að snúa út úr orðum mínum þegar ég var að tala um þetta ákvæði til bráðabirgða. Ég tók það sérstaklega fram að ég bæri mikla virðingu fyrir öldnum listamönnum og ber sérstaka virðingu fyrir því að þeir haldi áfram listsköpun sinni. Ég benti á það — hv. þm. Mörður Árnason virðist ekki hafa heyrt það — að þegar þessir einstaklingar verða 67 ára þá komast þeir inn á annað stuðningskerfi ríkisins sem gefur þeim u.þ.b. 150 þús. kr. á mánuði í stuðning, ætli það sé ekki það. Ég benti einfaldlega á að á þeim tímum sem nú eru, þegar við viljum hámarka hvernig stuðningur af þessu tagi nýtist, sæi ég ekki af hverju ástæða er til að halda þessum stuðningi áfram þó að fullt tilefni hafi verið til að gera það árið 1991. Það var einungis sú ábending sem ég var með. Það verður að virða mér það til vorkunnar að ég var hvorki í nefndarstarfinu sem fór fram né heldur við 2. umr. Það kann vel að vera að þær skýringar hafi komið en þá þekki ég þær ekki og þess vegna spurði ég eftir þessu.

Ég held að ég þurfi ekki að svara hv. þm. Merði Árnasyni um hvernig ég ætla að greiða atkvæði um þetta frumvarp. Það kemur í ljós við atkvæðagreiðslu. Það verður hér atkvæðagreiðsla og þá kemur í ljós hvernig ég greiði atkvæði. Ég er búin að segja frá því hvaða hug ég ber til þessa máls. Ég er búin að segja að ég styð listamannalaun og ég er sammála samflokksmönnum mínum um það að við viljum ekki hrófla við núverandi kerfi. Við teljum að fjölgunin sé hálfgert blekkingabragð á þessum tímum og það er það sem við erum að segja. Þannig ætla ég að svara hv. þm. Merði Árnasyni og hann á þá örugglega eftir að gera athugasemdir við ef honum líkar ekki svarið en fleiri svör fær hann ekki frá mér í bili.

[19:11]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Hv. þingmaður kemst ósköp einfaldlega ekki undan þeim orðum sínum, meðan hún tekur þau ekki aftur, að hennar vilji stendur til þess að af þeim áttræðu listamönnum sem þarna er um að ræða verði teknir þeir litlu peningar sem þeir fá með þessum hætti og voru í lögunum frá 1991. Hún vísar þeim á annað stuðningskerfi ríkisins sem eru sem sé strípaðar tryggingabætur en um það er auðvitað að ræða. Þó að ég þekki ekki aðstæður hvers og eins sem hér kemur við sögu þá hygg ég að meiri hluti þeirra sé

þannig staddur, eins og margt fólk á þessum aldri, að lífeyrisréttindi þeirra eru afar takmörkuð. Undan þessu kemst hv. þingmaður ósköp einfaldlega ekki. Það er ekki meginmálið hér þó að það sé nokkuð kaldlynt af hv. þingmanni að koma með þessa athugasemd í þessari umræðu.

En það sem hv. þingmaður sagði hins vegar er að væntanleg andstaða hennar — a.m.k. efasemdir hennar, kannski situr hún hjá, kannski greiðir hún atkvæði með þessu að lokum, hún virðist vera hlynnt listamannalaunum í heild sinni — byggist á því að aðstæðurnar nú séu svo slæmar að ekkert megi hreyfa. Í raun og veru byggjast þær á því að það sé sérstaklega verið að gefa listamönnum einhverja peninga og taka þá frá öðrum. Meðan hæstv. menntamálaráðherra hefur upplýst að fyrstu tvö árin fjármagnast þetta af sjálfu sér nánast, með því að það eru peningar inni í starfslaunasjóðunum sem hægt er að nota í þetta fyrstu tvö árin og það er ekki fyrr en árið 2012 sem þarf að gera ráð fyrir þessu við fjárlagagerð ársins. Ég bið því hv. þingmann að lýsa því fyrir mér hvaða aðstæður nákvæmlega eru það núna sem valda þessu, ætlast hún til þess að þessar 80–90 millj. kr. í starfslaunasjóðunum séu þá teknar út úr starfslaunasjóðunum og settar eitthvað annað fyrst hún stendur á móti þessum breytingum? Enn spyr ég: Er þingflokkur Sjálfstæðisflokksins einhuga í því að standa á móti fjölgun þeirra sem njóta listamannalauna, hinni fyrstu í 13 ár?

[19:13]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg skelfilegt að mér skuli ekki takast að tala skýrar þannig að hv. þm. Mörður Árnason skilji. Ég veit ekki annað en hann sé sæmilega vel gefinn maður og ég tel mig sæmilega skýrmælta en samt tekst mér ekki að útskýra málið fyrir honum.

Það sem ég var að benda á varðandi þetta ákvæði til bráðabirgða — og það væri kannski ágætt að hv. þingmaður hlustaði og reyndi að skilja — er að það var sett inn árið 1991 um það að einstaklingar sem þá voru sextugir skyldu hafa þessa heimild. Ég var bara að spyrja af hverju verið er að viðhalda þessu ákvæði núna þegar þessir einstaklingar eru orðnir jafngamlir og raun ber vitni. (Gripið fram í.) Ég spyr líka hv. þingmann af því að það er hann sem er að snúa út úr orðum mínum og segja að ég sé svo vond við gamalt fólk. En það væri mjög fróðlegt að vita, og ég hef kallað eftir því að hv. formaður menntamálanefndar svari því, hvort þetta hafi komið til tals.

Ég man ekki betur en hv. þm. Mörður Árnason hafi tekið þátt í umræðunni í morgun þar sem var verið að tala um þetta skelfilega fjárlagagat sem er vissulega skelfilegt og okkur sjálfstæðismönnum er kennt um. Það er þess vegna sem mér finnst svo sérkennilegt að á sama tíma skuli flokkur fjármálaráðherra beita sér fyrir því að enn erfiðara verður að stoppa í gatið. Þetta er ekkert flókið og þetta er ekkert erfitt. Þetta eru bara ákveðnir útúrsnúningar hjá hv. þm. Merði Árnasyni. Ég held að hann sé mest að leika sér hérna, ég held að hann sé mest að stríða mér og það er allt í lagi, ég get alveg leyft honum það. (Gripið fram í.) En mér er fyrirmunað að skilja af hverju honum leikur hugur á að vita hvernig þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur tekið á þessu máli. Ég veit ekki til þess að hann eigi neina kröfu á því að vita hvort við höfum rætt það í þingflokki okkar. Hann verður bara að bíða í spenningi eftir að sjá hvernig við greiðum um þetta atkvæði.

[19:15]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða um frumvarp til listamannalauna. Með frumvarpinu er lagt til að fjölga mánaðarlaunum sem úthlutað er sem starfslaunum úr 1.200 í 1.600 eða um 400. Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Einar K. Guðfinnsson skrifuðu undir nefndarálit minni hluta og þar kemur fram að helstu ákvæði sem hafa áhrif á útgjöld ríkisins eru fjölgun mánaðarlauna um 400. Miðað við að fyrirhuguð mánaðarlaun verði 266.737 kr. þýðir það 107 milljón króna aukningu á útgjöldum ríkisins. Einnig er talið að útgjöld ríkisins gætu aukist vegna aukinna umsýslu vegna fjölgunar mánaðarlauna og vinnu við stefnumörkun.

Það er ekki gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum ársins 2009 eins og fram hefur komið og ekki er heldur gert ráð fyrir þessum áætluðu útgjöldum á næstu fjórum árum. Því þarf eins og segir hér, virðulegur forseti, vegna mikils halla ríkissjóðs að fjármagna útgjöldin með lántökum. Annar minni hluti fellst ekki á að það sé raunhæf leið til atvinnu- og verðmætasköpunar að auka útgjöld ríkisins með þeim hætti. Einnig leggur annar minni hluti til að ekki verði hróflað við núgildandi lögum um listamannalaun.

Er nema von, er nokkuð óeðlilegt að við sjálfstæðismenn skulum spyrja þeirrar spurningar, nú þegar árar eins og gerir og eftir efnahagshrunið, hvort ástæða sé til að fara þessa leið og fjölga listamannalaunum, þ.e. þeim sem geta þegið listamannalaun, við þessar aðstæður? Það hefur komið fram að við sjálfstæðismenn höfum ekkert á móti listamannalaunum, síður en svo, en við höfum áhyggjur af því að það stefni í lántökur vegna þessa máls. Maður spyr hvort það hafi verið skoðað og hvort ekki hefði verið möguleiki, t.d. vegna þeirra aðstæðna sem uppi eru í samfélaginu, að fjölga listamönnum en halda okkur innan fjárheimilda. Ég fagna því að verið sé að bæta hönnuðum, sviðslistafólki og tónlistarfólki inn á þennan lista og ég held að það sé algjörlega tímabært að gera það en spyr hvort það hefði mátt, án þess að auka útgjöldin á þessum lið, taka samt sem áður inn þessar nýju listgreinar. Við yfirlestur á frumvarpinu er annað sem vekur athygli mína, það er í 3. gr. frumvarpsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stjórnin gerir tillögu til ráðherra um stefnu og áherslur við úthlutun listamannalauna til þriggja ára í senn og hefur eftirlit með að skilyrðum um starfslaun sé fylgt. Stjórninni er heimilt að færa umsóknir á milli sjóða.“

Í ákvæði til bráðabirgða er fjallað um með hvaða hætti styrkirnir eigi að vera. Þar er greint frá því að listamannalaun árið 2010–2011 verði, eins og segir í bráðabirgðaákvæðinu, með leyfi forseta:

„Starfslaun og styrkir til hönnuða árið 2010 skulu miðast við 20 mánaðarlaun og árið 2011 við 35 mánaðarlaun. Starfslaun og styrkir myndlistarmanna árið 2010 skulu miðast við 360 mánaðarlaun og árið 2011 við 400 mánaðarlaun. Starfslaun og styrkir rithöfunda árið 2010 skulu miðast við 505 mánaðarlaun og árið 2011 við 530 mánaðar-

laun. Starfslaun og styrkir sviðslistafólks árið 2010 skulu miðast við 160 mánaðarlaun og árið 2011 við 175 mánaðarlaun. Starfslaun og styrkir tónlistarflytjenda árið 2010 skulu miðast við 150 mánaðarlaun og árið 2011 við 165 mánaðarlaun. Starfslaun og styrkir tónskálda árið 2010 skulu miðast við 130 mánaðarlaun og árið 2011 við 160 mánaðarlaun."

Hér finnst mér skjóta nokkuð skökku við að talað er um að stjórnin eigi að gera tillögu til ráðherra um stefnur og áherslur og þarna finnst mér þetta of fast neglt niður. Miðað við þetta getur stjórnin í raun ekki gert neinar breytingar á því hvernig hún vill haga þessum málum og miðað við það efnahagsástand sem nú er og eins og fram kom í máli hæstv. menntamálaráðherra áðan, að það sjást auknar útflutningstekjur vegna menningar þá spyr maður sig hvort það ekki hefði einmitt átt að breyta þessu með þeim hætti að stjórnin hefði það vald að geta ákveðið að eitt árið væri kannski þróunin í útflutningi menningar með þeim hætti að það ætti t.d. að leggja áherslu á rithöfunda. Við höfum séð að íslenskir rithöfundar hafa verið að hasla sér völl á undanförnum árum og gefið út mikið af íslenskum bókum þýddum á erlend tungumál. Síðan gæti röðin komið að tónlistarflytjendum eða hönnuðum en það er einmitt það sem við höfum séð að undanförnu að íslensk hönnun, og ég tala nú ekki um íslenska fatahönnun og að fatahönnuðir hafa verið að gera garðinn frægan og gera það mjög gott víða erlendis, vinna til verðlauna á mörgum sviðum. Það hefur sýnt sig að erlendir ferðamenn sem koma hingað sækjast mjög í íslenska fatahönnun. Þess vegna segi ég að það væri kannski hægt að leggja mesta áherslu á að styðja t.d. við þá listgrein eitt árið. Þarna hefði mér fundist að hefði mátt skoða betur hvort ekki hefði verið hægt að fara einhverja svona leið í því að styðja við bakið á menningunni.

Síðan má spyrja hversu langt á að ganga í því á næstu árum að fjölga listamannalaunum. Það hefur komið fram að með tilkomu Listaháskólans hefur ásókn í listamannalaun aukist verulega. Skal þá engan undra því í Listaháskólanum er mikill metnaður, mikil ásókn og þaðan útskrifast mjög öflugir nemendur á menningarsviðinu. Hlutverk Listaháskólans í þessu öllu saman er að efla framsækna hugsun í listum og menningu og örva hvers konar nýsköpun og þróun á öllum sviðum. Skólinn veitir listmenntun á háskólastigi og miðlar til samfélagsins þekkingu og fagmennsku í listum. Hann starfar í alþjóðlegu umhverfi og miðar við þá skóla í nágrannalöndunum sem þykja skara fram úr og þar ríkir mikill metnaður.

Við verðum sjálfsagt næstu tvö til þrjú árin að koma okkur upp úr því efnahagsástandi sem nú ríkir og það má vissulega spyrja hvort þetta sé byrjunin á frekari fjölgun á listamannalaunum. Hins vegar hef ég ekkert á móti því að *við séum með listamannalaun og ég er mikill aðdáandi* menningar á öllum sviðum og ég hef séð það í mínu kjördæmi, Suðurkjördæmi, þar sem gerður var menningarsamningur milli sveitarfélagsins og ráðuneytisins, eða menntamálaráðuneytisins og samgönguráðuneytisins, að síðan sá samningur var gerður, sem ég held að hafi verið einn síðasti samningurinn sem var gerður á þessu sviði fyrir einu og hálfu eða tveimur árum, að menning og menningartengd ferðaþjónusta hefur blómstrað í kjördæminu og ég tel að það sé mjög af hinu góða. Auðvitað viljum við öll styðja við og styrkja blómlegt menningarlíf og þess vegna er hugmyndin á bak við þessa samninga gríðarlega góð og jákvæð fyrir menningarlífið. Ég get vissulega tekið undir það sem hæstv. menntamálaráðherra sagði áðan í ræðu sinni að það er kannski einmitt við þær aðstæður sem eru í samfélaginu nú að það þarf að ýta undir menningarstarfsemi á öllum sviðum.

Ég tek undir það með þeim félögum mínum sem talað hafa á undan að við höfum ekkert á móti því að hér séu listamannalaun og jafnvel að þeim sé fjölgað að einhverju leyti en við höfum virkilegar áhyggjur af þeirri lántöku sem hér um ræðir. Það er ekki heppilegt í því árferði sem nú er, þegar fjárlagahallinn er jafnmikill og raun ber vitni þá er ekki viðbætandi að þurfa að taka lán til þess að bæta hag þessara hópa.

[Fundarhlé. — 19:29]

[20:02]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka til máls um þessar breytingar á lögunum um listamannalaun. Á sínum tíma þegar ég var menntamálaráðherra var þessum lögum breytt, árið 1996. Hér í umræðunni hafa komið fram fullyrðingar um að síðan hafi ekkert gerst á þessu sviði og látið hefur verið í veðri vaka að það hafi verið sleifarlag af hálfu okkar sjálfstæðismanna að ekki hafi neitt gerst varðandi listamannalaun eða menningarmál.

Ég mótmæli þessu harðlega. Það er mjög ósanngjarnt af þeim ræðumönnum sem hér koma og leggja þann mælikvarða á framlag okkar í menntamálaráðuneytinu, bæði í minni tíð og þeirra sem síðan hafa verið af hálfu Sjálfstæðisflokksins menntamálaráðherrar, að láta eins og það hafi verið aðgerðaleysi í menningarmálum. Það stenst enga gagnrýni og er mjög ósanngjarnt í garð þeirra sem hafa sinnt menningarmálum í menntamálaráðuneytinu á þessum árum og ber líka vott um að þeir sem þannig tala hafi í rauninni ekki fylgst með því hvað hefur verið að gerast og þeirri miklu breytingu, þeirri gífurlegu miklu breytingu sem orðið hefur í þátttöku opinberra aðila, menntamálaráðuneytisins og annarra opinberra aðila til þess að efla menningarlíf í landinu.

Hv. síðasti ræðumaður, Björk Guðjónsdóttir, minntist á það m.a. að hún hafi kynnst því sem sveitarstjórnarmaður og þingmaður í Suðurkjördæmi hve mikla þýðingu það hefði haft fyrir það kjördæmi að gerður var menningarsamningur við það milli ríkisins og sveitarfélaganna og hve miklu það hefur breytt fyrir menningarstarf í hennar kjördæmi.

Ég vil rifja það upp, virðulegi forseti, að á Austfjörðum voru menn að velta fyrir sér átaki til að efla menningarlíf og það var gróska í menningarlífi á mörgum stöðum á Austfjörðum. Og í minni tíð sem menntamálaráðherra hét ég Austfirðingum því að staðið yrði með samningsgerð að stuðningi af hálfu menntamálaráðuneytisins við Austfirði ef menn þar sameinuðust í öllu kjördæminu um ákveðna stefnu af sinni hálfu og forgangsröðun að því að menningarstarf varðaði. Það er skemmst frá því að segja, virðulegi forseti, að þetta gekk eftir. Austfirðingar tóku höndum sam-

an og skipulögðu og mótuðu sameiginlega stefnu í menningarmálum og á grundvelli þeirrar stefnu og þeirrar samstöðu var síðan fyrsti menningarsamningurinn gerður.

Þetta tel ég að hafi verið mikilvægt skref og það hefur síðan breiðst út um landið allt. Og ef ég skil það rétt sem fram kom í ræðu hv. þm. Bjarkar Guðjónsdóttur var Suðurkjördæmi síðasta kjördæmið til að gera slíkan samning við ríkisvaldið. Þar með hafa slíkir samningar verið gerðir við alla landsfjórðunga af hálfu menntamálaráðuneytisins.

Síðan gerðist það einnig, virðulegi forseti, að ákveðið var að koma á laggirnar sérstökum sjóði sem tengist Listahátíð í Reykjavík. Listahátíð í Reykjavík hefur einnig látið að sér kveða utan höfuðborgarsvæðisins og veittir hafa verið styrkir sem eiga að stuðla að því að efla menningarstarf um landið allt undir þessum merkjum.

Menn geta síðan deilt um hvort það hefði átt að forgangsraða frekar í þessa þágu eða að fjölga listamannalaunum. (Gripið fram í.) Á þessum tíma var eins og ávallt er takmarkað fjármagn og það varð að taka ákvarðanir og forgangsraða og móta stefnu sem studdist við öruggar fjárveitingar, því að engum hefði dottið í hug að gera menningarsamninga af hálfu ríkissjóðs á þann veg að tekið væri fé að láni til að standa straum af kostnaði við menningarsamningana.

Það er einmitt það sem við sjálfstæðismenn gagnrýnum helst varðandi það frumvarp sem hér liggur fyrir, að fjárveitingin er ekki tryggð, eins og segir í umsögn fjármálaráðuneytisins, með leyfi forseta:

„Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum ársins 2009 né í áætluðum útgjöldum næstu fjögur árin. Vegna mikils halla á ríkissjóði mun því þurfa að fjármagna útgjöldin með lántökum.“

Það hefði aldrei nokkrum manni dottið í hug að koma inn á hið háa Alþingi með menningarsamninga eða önnur slík áform og leggja það fyrir að tekin yrðu lán af hálfu ríkisins til að hrinda þeim áformum í framkvæmd. Það er sá þáttur í þessari stefnumörkun sem við erum að gagnrýna, því að það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, virðulegi forseti, að störfum og mótun þessarar stefnu lauk áður en núverandi ríkisstjórn tók við völdum 1. febrúar síðastliðinn. Það segir hér, með leyfi forseta:

„Ítarleg umræða fór fram á fundi 7. janúar sl. sem menntamálaráðuneyti hélt með stjórn listamannalauna og fulltrúum frá stjórn Bandalags íslenskra listamanna (BÍL), þ.e. fulltrúum frá Rithöfundasambandi Íslands, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Tónskáldafélagi Íslands, Félagi tónskálda og textahöfunda og Félagi íslenskra dansara fyrir hönd sviðslistafélaga um endurskoðun laganna og skiptingu mánaðarlaunanna. Á þeim fundi náðist samstaða um að efla starfslaunasjóðina sem allra fyrst, og því samþykktu félögin að hverfa frá kröfum um annars konar skiptingu á starfslaunasjóðunum á þessu stigi, en hvöttu til þess að stefnt yrði að heildarendurskoðun á lögum um listamannalaun hið allra fyrsta. Félögin féllust einnig á tillögu ráðuneytisins um að stofnaður verði sérstakur launasjóður hönnuða.“

Í kjölfar þessa fundar fóru fram frekari umræður um málið innan stjórnar Bandalags íslenskra listamanna og síðan var samþykkt á fundi þeirra 12. janúar ályktun þar sem segir:

„Stjórn BÍL lýsir yfir ánægju sinni með framkomna tillögu um listamannalaun og styður hana fyrir sitt leyti. Jafnframt telur stjórnin afar jákvætt að fá að fjalla um frumvarpið á þessu stigi málsins. Stjórnin álítur að rétt sé að skilja á milli tónlistarflytjenda og sviðslistafólks, sem hingað til hafa verið saman í listasjóði, með því að stofnaðir verði tveir aðgreindir sjóðir.“

Þetta er gert í tíð menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins. Það er því fráleitt að koma hér og segja að sjálfstæðismenn hafi lagt stein í götu þess að þetta næði fram að ganga. Þvert á móti var þessi stefnumörkun til undir handarjaðri menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins. En það sem við finnum að er það að fjármagn sé ekki tryggt heldur þurfi að taka fé að láni til standa við þessi fyrirheit eins og frumvarpið er hér kynnt.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það kemur mér mjög á óvart að hæstv. menntamálaráðherra sem leggur þetta frumvarp fram skuli gera það í ljósi þeirra ummæla sem nú eru á allra vitorði og eftir henni voru höfð á fundi í næsta nágrenni í gær, á kosningafundi þar sem hæstv. ráðherra sagði að nú væri brýnast að lækka laun og hækka skatta. Hæstv. ráðherra boðar þá stefnu að nú sé brýnast að lækka laun og hækka skatta og við erum að fjalla um frumvarp frá þessum sama ráðherra sem gengur út á það að brúa bil vegna þess frumvarps með því að taka lán. Hvaða jafnvægi og hvaða samræmi er í yfirlýsingum stjórnmálamanna sem þannig koma fram? Sem segja einn daginn að það sé nauðsynlegt að lækka laun og hækka skatta og standa svo hér og verja frumvarp sem gengur út á það að auka hallann á ríkissjóði og taka lán til að framkvæma það sem þeim er kappsmál að gera?

Ég tel að sjálfsögðu eðlilegt að fjölga starfslaunum listamanna en það er til lítils að gera það ef menn hafa ekki efni á því, ef það er svo að menn hafa ekki efni á því og ríkissjóður er þannig staddur að það er ekki svigrúm til þess. En síðan segir sami hæstv. ráðherra sem boðar þetta að það sé brýnast núna að lækka laun og hækka skatta.

Það er þessi þverstæða sem við erum að fjalla um og það þarf að fjalla um hana, menn þurfa að átta sig á því. Því að eins og kom líka fram í morgun á hinu háa Alþingi var vegið að okkur sjálfstæðismönnum og við sakaðir sérstaklega um, ja, ég veit ekki hvað, að það sé okkur að kenna að það sé 150 milljarða kr. halli á ríkissjóði. Þeir sem þannig tala koma hér síðdegis og flytja frumvarp um að auka þennan halla — í góðu skyni, um það er ekki deilt — en segja svo í hinu orðinu að það sé brýnast að lækka laun og hækka skatta.

Síðan er talað um það hér að það eigi að skapa fólki störf við núverandi aðstæður og þar á meðal listafólki sem er nauðsynlegt og sjálfsagt. En ég spyr: Hvers vegna hefur hæstv. menntamálaráðherra lýst því yfir að hún ætli að taka að sér kennslu? Væri ekki nær t.d. að bjóða listamönnum og fólki sem er menntað á þessu sviði að fara í kennslustörf ef það vantar fólk til að sinna kennslustörfum, að bjóða fólki að koma að því líka og afla sér tekna með þeim hætti? En ekki að hæstv. menntamálaráðherra lýsi því yfir að hún ætli sem þingmaður og hugsanlega sem ráðherra að taka að sér kennslu. Það væri fróðlegt að heyra hvað hv. formaður menntamálanefndar segir um slíka hluti. Hvort hann telji að

það sé eðlileg forgangsröð þegar við erum að fjalla um mál af þessu tagi og hæstv. ráðherra heldur því fram að það eigi að lækka laun og hækka skatta en lýsir því jafnframt yfir að hún ætli í hjáverkum að taka að sér að sinna kennslustörfum.

Mér finnst þetta allt með miklum ólíkindum. Það er þessi blær og þetta yfirbragð á þessu frumvarpi sem við sjáum ástæðu til að gagnrýna. Við erum ekki á móti því að leggja opinbert fé til menningarstarfs. Það hefur komið fram, það liggur fyrir og það er skýrt og við höfum beitt okkur fyrir því á undanförnum árum.

Mér hefði aldrei dottið í hug, hæstv. forseti, og ég hefði raunar aldrei búist við því að komist gæti í gegnum ríkisstjórn frumvarp sem flutt væri með þeim formerkjum að til þess að framkvæma það þyrfti ríkissjóður að taka lán. Og það hefðu samráðherrar mínir í þeim ríkisstjórnum sem ég hef setið í á undanförnum 12 árum örugglega sagt og spornað við fæti ef það hefði komið fram í umsögn fjármálaráðuneytisins sem hér stendur, með leyfi forseta:

„Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum ársins 2009 né í áætluðum útgjöldum næstu fjögur árin. Vegna mikils halla á ríkissjóði mun því þurfa að fjármagna útgjöldin með lántökum."

Ég hefði í sjálfu sér aldrei leyft mér að fara með slíkt frumvarp inn í ríkisstjórnina — þetta er með eindæmum — og hef ég þó verið í ríkisstjórnum þar sem hefur verið verulegur afgangur af ríkissjóði. Ég hefði örugglega þurft að rökstyðja það mjög vel ef ég hefði ætlað að forgangsraða með þessum hætti miðað við þau miklu framlög sem hafa farið til menningarmála á undanförnum árum.

Ég ætla ekki að sitja undir því í þessum sal að við sjálfstæðismenn höfum staðið illa að stuðningi við menningarmál á undanförnum árum. Þvert á móti hefur menningarstarf blómstrað vegna ýmissa aðgerða sem við höfum gripið til. Í þessu frumvarpi og greinargerð þess er m.a. vísað til hinna miklu áhrifa sem Listaháskóli Íslands hefur haft og hvað hann hefur lagt mikið af mörkum til þess að efla og styrkja grósku í íslensku í menningarlífi. Og það er einmitt með vísan til starfa hans og hins mikla áhuga sem er nú í framhaldsskólum á námi í hönnun og öðru slíku sem lagt er til að hér verði stofnaður sérstakur sjóður, starfslaun til þess að styrkja hönnuði. Þetta ber allt vott um mikla grósku og vaxandi áhuga á því að stunda menningarlíf og þessi gróska og þessi áhugi er m.a. tilkominn vegna þess hve ötullega við höfum stuðlað að því á undanförnum árum sem höfum borið ábyrgð á menntamálaráðuneytinu í umboði þings og okkar flokks og þetta frumvarp er ávöxtur af því. En það er náttúrlega frumskilyrði að menn geri ekki tillögur ef þeir hafa ekki efni á að framkvæma þær.

[20:17]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjálfstæðisflokkurinn telur sig hafa staðið vel að menningarmálum, að mati síðasta hv. ræðumanns. Þeim mun undarlegri var málflutningur hans þar sem hv. þingmaður hafði bókstaflega allt á hornum sér og fann þessu máli allt til foráttu, fór í langar skógarferðir til þess að útlista og setja í neikvætt samhengi hversu illur þessi málatilbúnaður væri, að mér heyrðist, allur saman.

Verið er að reyna að komast til móts við samfélag listamanna með því að gera fleirum kleift að njóta tiltekins stuðnings við listsköpun sína við erfiðar aðstæður í samfélaginu og eru nýttir betur þeir fjármunir sem til staðar voru. Í stað þess að hækka listamannalaun við færri er fleirum gefinn kostur á að njóta eitthvað lægri launa en ella væri og eru að verulegu leyti til fjármunir vegna þessara útgjalda. Það er engin dulur dregin á að það þarf að bæta einhverju við til þess að markmið frumvarpsins náist en það eru ekki háar fjárhæðir. Og að það standi einfaldlega réttar staðreyndir í kostnaðarmati um frumvarpið um að afla þurfi fjárheimilda á komandi árum fyrir þessu og að halli sé á ríkissjóði, sem þýðir að sjálfsögðu að ríkissjóður brúar bilið, mun ná endum saman með lánum — það gildir um öll útgjaldaverkefni af hvaða tagi sem þau eru. Það má segja sem svo að allur sá kostnaður sem bætt er við, af hvaða tagi sem hann er, sé hluti af hallanum af ríkissjóði.

Þannig er þetta mál einfaldlega vaxið. Spurningin er því þessi: Er hv. þingmaður andvígur þessari aðgerð? Vill hann bara að færri listamenn eigi kost á stuðningi og að fleiri séu á atvinnuleysisbótum eða að fleiri verði að leggja af listsköpun sína? Það væri fróðlegt að fá að heyra það, ef hv. þingmaður gæti aðeins komið að efni málsins.

[20:19]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvar hæstv. fjármálaráðherra var þegar ég flutti ræðu um þetta. Hann hefur greinilega ekki hlustað á hana, það er greinilegt af máli hans. Það er furðulegt að koma í ræðustól og tala um ræðu sem hæstv. ráðherra hefur ekki hlustað á. Ég ætla ekki að endurtaka hana enda hef ég ekki tíma til þess.

Það sem er hins vegar gagnrýnisvert í þessum máli og raunar með ólíkindum er að fjármálaráðherra sem stendur hér fyrir hádegi og lætur mikið yfir því að það sé óbrúanlegt bil á ríkissjóði, komi síðan eftir kvöldmat og telji að það sé sjálfsagt að fjármagna ný útgjöld með lánsfé. Hann stendur hér fyrir hádegi og skammar okkur sjálfstæðismenn fyrir það að hafa skapað einhvern ótrúlegan ríkishalla og kemur svo um kvöldmatarleytið og segir að það sé sjálfsagt að brúa bil með lánsfé í tilvikum sem þessum eða að frumvarpið sé flutt af hæstv. menntamálaráðherra sem hefur þann boðskap helstan núna að það sé brýnast að lækka laun og hækka skatta. Það er kosningaboðskapurinn nú, að brýnast sé að lækka laun og hækka skatta. Við fjöllum hér um frumvarp sem gengur út á að auka hallann á ríkissjóði og hæstv. fjármálaráðherra telur að slík gagnrýni jafngildi andstöðu við að hér séu starfslaun listamanna. Það er algjörlega rangt því að eins og ég benti á í ræðu minni er grunnurinn að þessu frumvarpi lagður af menntamálaráðherra í tíð Sjálfstæðisflokksins.

Það sem við erum að gagnrýna er meðferðin á fjármunum og tvískinnungurinn í málflutningi hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. menntamálaráðherra sem segir að það verði að lækka laun og hækka skatta.

[20:21]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er engu nær. Ætlar hv. þingmaður að styðja þetta frumvarp? Hvers vegna er öll sú geðvonska sem kemur fram í máli hans uppi höfð þegar þingmaðurinn er hugsanlega eftir sem áður stuðningsmaður málsins? Þá fer þetta nú að verða enn áhugaverðara.

Þetta mál er hluti af stórum aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar sem miðar að því að skapa um 6.000 störf á næstu missirum. Reynt var að fara í þær aðgerðir þannig að öllum tilkostnaði ríkisins í þeim efnum væri haldið í lágmarki. En vissulega eru víða á ferðinni ívilnandi aðgerðir eins og þær að hækka endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts og fleiri slíkar aðgerðir sem vissulega leggja tilteknar byrðir á ríkissjóð. En við teljum að það sé góð fjárfesting vegna þess að með þessu minnkar atvinnuleysi og kostnaður af atvinnuleysisbótum og annað í þeim dúr. Þetta frumvarp er hluti af því og það gat ekki orðið að veruleika nema því fylgdu lítils háttar viðbótarútgjöld fyrir ríkissjóð en þó er að verulegu leyti til fyrir þessu á þeim fjárlagalið sem þarna á í hlut.

Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins æfa sig mjög í útúrsnúningum á ummælum Katrínar Jakobsdóttur sem þeir kalla að hækka skatta og lækka laun. Hvað var hv. þm. Katrín Jakobsdóttir þar að ræða um? Hún var að ræða um mikilvægi þess að verja störfin, að jafna kjörin og verja störfin til að komast hjá stórfelldum uppsögnum og frekara atvinnuleysi. Ef menn hirða um að vitna rétt í fólk og gera því ekki upp skoðanir er þetta það sem verið var að vísa í. En það er auðvitað eftir öðru hjá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, sem eru algjörlega rökþrota í sínu málþófi og upphlaupum, að byggja bara á útúrsnúningum. Þeir hirða ekki um að ræða efnislega um hlutina. Það væri fróðlegt að fá góða efnislega umræðu um það hvernig getum við með slíkum aðgerðum reynt að tryggja að sem flestir opinberir starfsmenn og sem flest fólk í þjónustustörfum í samfélaginu haldi a.m.k. fastri vinnu þó að það þýði það að verði að draga ofan frá eitthvað úr launakostnaði. Er það (Forseti hringir.) ekki markmiðið, að reyna að berjast gegn atvinnuleysi og uppsögnum starfsmanna (Forseti hringir.) með öllum tiltækum ráðum eða hvað? Vill Sjálfstæðisflokkurinn frekar að fólki verði (Forseti hringir.) sagt upp í stórum stíl?

[20:24]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um listamannalaun. Það er flutt af hæstv. menntamálaráðherra og það kemur í ljós í frumvarpinu að ekki eru fjármunir til í ríkissjóði til þess að standa straum af þessu. En þessi sami hæstv. ráðherra gengur síðan fram, og er það staðfest af hæstv. fjármálaráðherra, og flytur okkur þá stefnu að það beri að lækka laun og hækka skatta. Það var það sem hæstv. fjármálaráðherra var að rökstyðja að væri skynsamleg stefna. Og síðan spyr hann mig hvort ég hafi einhverja aðra stefnu. Ég hef ekki þá stefnu að það eigi að ... (**Fjmrh.:** Jú.) Virðulegur forseti, fæ ég að tala hér?

Hæstv. fjármálaráðherra hlustar ekki á ræðuna þegar ég flyt hana, hann veit ekki um hvað ræðan snerist. Hann kemur hingað og fer síðan kalla þannig fram í að ég fæ ekki tækifæri til þess að svara honum þegar ég reyni að útskýra að ég hafi ekki þá stefnu að skynsamlegast sé nú að hækka skatta og lækka laun. Það er stefna menntamálaráðherra og kom fram í ræðu hæstv. fjármálaráðherra að þetta er líka stefna hans sem fjármálaráðherra. Hann kom með neðanmálsskýringu á því sem hæstv. menntamálaráðherra sagði í gær til þess að setja þau orð hennar um að nú væri brýnast að lækka laun og hækka skatta í þann búning sem hann telur að þau eigi að vera. En það kom ekki fram á þessum fundi sem hæstv. menntamálaráðherra var á í gær. Aðeins hefur komið fram það markmið sem hún lýsti þar og hefur verið haft eftir henni í fréttum í allan dag og menn velta fyrir sér hvað þýðir. Meðal annars hefur komið fram að talsmenn BHM hafa áhyggjur af því hvað þetta þýðir, um hvað er verið að tala. Þeir hafa sagt, ef ég heyrði rétt í fréttum, að þeir búist við því að það verði atgervisflótti í þeirra röðum vegna þessara ummæla því að það stangist alveg á við þau markmið að halda uppi opinberri þjónustu að ætla bæði að hækka skatta og lækka laun hjá opinberum starfsmönnum.

[20:26]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um listamannalaun og það er ástæða til að undirstrika það í upphafi ræðu minnar að auðvitað getur verið mjög gefandi fyrir þjóðfélagið bæði að treysta launakjör listamanna og einnig að stuðla að því að fleiri geti starfað og unnið vel að listsköpun sinni. Það á auðvitað við um ansi marga aðila að ef við gætum gert ýmsum kleift að starfa og vinna að hugðarefnum sínum þá gætum við vissulega búið til betra þjóðfélag og bætt og aukið umsvif á ýmsum sviðum. En það hafa verið ein af þeim rökum sem rætt hefur verið um í þessu samhengi, þ.e. að það geti líka verið góð fjárfesting fyrir þjóðfélag að fjárfesta með þessum hætti því það skili sér margfalt til baka ekki bara í þjóðfélagsgerðinni sem slíkri heldur líka í efnahagslífinu.

Ég vildi koma aðeins inn á það af því að hæstv. fjármálaráðherra var í pontu á undan mér að þetta frumvarp er alveg dæmigert kosningatrix en hæstv. fjármálaráðherra sagði, held ég megi segja nánast orðrétt, að til þess að þetta frumvarp geti náð fram að ganga þurfi að fjármagna það með lántökum. En það á þá við um allt, sagði hann. Þetta þóttu mér alveg stórkostlega sérkennilegar röksemdafærslur, auðvitað á það ekki við um allt því það er alveg ljóst að í ríkissjóð koma ákveðnar tekjur en allt sem eytt er umfram þær er eitthvað sem þarf að taka lán fyrir og því á þetta alls ekki við um allt.

Það er vissulega rétt sem líka hefur komið fram í máli hæstv. menntamálaráðherra, ekki bara í gær þegar hún var að tala um að hækka yrði skatta og draga úr launakostnaði, það hefur klárlega verið að hluta til, eins og fram kom hjá hæstv. fjármálaráðherra, til að verja störfin en það var líka sagt í þeim tilgangi að verja stöðu ríkissjóðs. Þá kemur að þessari miklu pælingu hvernig við getum stuðlað að því að efnahagshjólin snúist áfram og tryggt að neysla og eyðsla í þjóðfélaginu sé með þeim hætti að atvinnulífið njóti góðs

af. Með því að lækka laun er að sjálfsögðu minna til að borga skatta af og lækka laun og hækka skatta þýðir í rauninni að heildartekjur af sköttum þeirra aðila sem þá er verið að vísa til, opinberra starfsmanna lækka. Bæði lækkar skatturinn af launatekjunum og skatturinn sem verður til vegna neyslu, svokallaðir neysluskattar lækka auðvitað líka. Það sem gerist þá í þessu samhengi öllu saman er að hjól atvinnulífsins, þ.e. efnahagsumsvifin minnka. Þar með hægir á hjólum atvinnulífsins þannig að það markmið sem sett var fram nær ekki fram að ganga og markmiðið fer í rauninni að vinna í þveröfuga átt, þ.e. aðgerðirnar fara að vinna í þveröfuga átt við það markmið sem fram var sett.

Hins vegar hef ég tekið eftir því að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur afsalað sér ráðherralaunum, hann hefur gengið fram með það fordæmi að bæta stöðu ríkissjóðs með því að afsala sér ráðherralaunum og dregið þannig úr útgjöldum ríkissjóðs og það væri fróðlegt að spyrja — hæstv. fjármálaráðherra er reyndar ekki lengur í salnum — hvort það hafi verið fordæmisgefandi innlegg og fyrir aðra ráðherra í ríkisstjórninni. Þetta er vissulega dálítið sérstakt útspil hjá hæstv. heilbrigðisráðherra en það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. menntamálaráðherra og fjármálaráðherra leggi það líka til. Það er dálítið sérstakt að aðstoðarmaður ráðherra muni vera með hærri laun en hæstv. heilbrigðisráðherra þar sem ég hygg að aðstoðarmaðurinn sé með í kringum 700 þús. kr. á mánuði en þingfararkaupið er í kringum 500 þús. kr. Aðstoðarmaðurinn verður með miklum mun hærri laun en sjálfur ráðherrann en því hefur verið lýst yfir af fulltrúa BHM að það geti verið mjög varasamt að fara þessa leið, þ.e. ekki leiðina gagnvart ráðherrunum heldur leiðina gagnvart opinberum starfsmönnum. Þetta geti þýtt atgervisflótta, margt af okkar hæfileikaríka fólki flytji af landi brott því það mun ekki una slíkri skerðingu.

Þeir sjóðir sem nú er verið að bæta í eru launasjóðir til hönnuða. Ég hygg að það sé nýtt og ég fagna því í sjálfu sér að horft sé til þeirra eins og gert er með þessu frumvarpi. Launasjóður myndlistarmanna fær aukinn skerf, rithöfundar, sviðslistafólk, tónlistarflytjendur og launasjóður tónskálda.

Þar sem gert er ráð fyrir að við horfum á heildartöluna og ég hygg að einhverjir séu búnir að fara yfir það, þá er gert ráð fyrir að tekin verði lán til að fjölga mánaðarlaunum sem verði úthlutað á þriggja ára tímabili, alls um 400 mánaðarlaunum. Á árinu 2012 verða alls um 1.600 mánaðarlaun til ráðstöfunar, til starfslauna og styrkja í stað 1.200 mánaðarlauna eins og nú er. Við vitum það og það er tekið fram að misjafnt sé hvaða möguleika listamenn hafi til að afla sér tekna með listsköpun sinni. Í flestum tilvikum er sagt að tekjumöguleikar séu takmarkaðir. Ég get ekki tekið undir að það sé þannig í flestum tilvikum en auðvitað er það í mörgum tilvikum en það ku rétt vera að þetta geti skipt sköpum fyrir marga listamenn.

Að mörgu leyti hefur lítið verið gert úr þeim kostnaði sem fylgir þessu og í hinu stóra samhengi er það auðvitað rétt að þetta er ekki stór upphæð í sjálfu sér. En það kemur alltaf að þeirri spurningu og ég hef reynt að segja það hér margsinnis úr þessum ræðustóli að það skiptir auðvitað ofboðslega miklu máli hvernig við forgangsröðum þeim fjármunum sem við höfum milli handa. Ég hef alltaf litið svo á að hlutverk ríkisins væri að búa til umgjörð fyrir þegna landsins til að starfa í og þá kemur líka spurningin um hvernig umgjörðin eigi að vera. Dæmigerð breyting á umgjörð væri — þó að ég vilji ekki vera að gera neina sérstaka skattaundanþágu — t.d. ef allir sem legðu fyrir sig list fengju einhverja umbun, allir fengju sams konar umbun, t.d. skattafslátt ef þeir mundu starfa að ákveðnum verkefnum. Annað sem væri hægt að nefna í þessu samhengi væri ef við vildum hafa það að markmiði, eins og lagt er til grundvallar í þessu frumvarpi, að umsvifin í kringum þetta geti aukist með þeim hætti að þetta komi efnahagslífinu og ríkissjóði til góða þegar fram í sækir og ég ætla ekki að gera lítið úr því. Við sjáum það meira að segja að margir sem stunda list afla gjaldeyristekna fyrir þjóðarbúið og það á ekki bara við um kvikmyndageirann heldur á þetta líka við um t.d. rithöfunda þjóðarinnar. Þetta er auðvitað mikils virði.

Við getum hugsað okkur ef við tækjum þær 107 millj. kr. sem lagðar eru þarna til grundvallar og settum t.d. í ferðaþjónustu þá gætum við — og það hefur margsýnt sig að markaðssetning erlendis fyrir tiltölulega lága upphæð hefur skilað sér ofboðslega hratt í auknum gjaldeyristekjum, í auknum ferðamannafjölda til landsins — þá er það alveg klárt að það yrði partur í því að auka tekjur ríkissjóðs miklum mun hraðar og með sýnilegri hætti en hér gerist. Þar með hefðum við tækifæri til að rétta fyrr úr kútnum hvað varðar fjárlagahallann og þegar við hefðum náð tökum á fjárlagahallanum gætum við þegar kæmi að rekstrarafgangi farið í verkefni eins og þessi miklum mun frekar, þ.e. með því að forgangsraða öðruvísi gætum við aukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar hraðar og náð fyrr tökum á ríkissjóði til að fara í verkefni af þessum toga, í stað þess að taka eingöngu lán til að standa undir verkefni eins og hér er verið að fjalla um, þ.e. að auka laun til listamanna.

Mér er það minnisstætt þegar ég vann í samgönguráðuneytinu á sínum tíma hversu ótrúlega litlir peningar voru settir í landkynningu og lítil aukning sem skilaði í rauninni alveg ótrúlega miklu ótrúlega hratt. Ég held að þannig hefði peningunum verið mun betur varið. Ég verð líka að segja og ég hef oft komið inn á það úr þessum ræðustól að það er í rauninni ótrúlegt hvað við þingmenn fáum lítið að sjá það hvernig ríkisstjórnin hafði hugsað sér að ná tökum á ríkisfjármálunum. Við fáum ekki að sjá það en svo sjáum við endalausa eyðslu í hina og þessa hlutina. Það er ekkert vandamál og svo lesum við um það í blöðunum að búið sé að ná tökum á ríkisfjármálunum og búið að finna leið til að auka vægið milli tekna og eyðslu. Ég vil lýsa eftir því hvar þetta plagg er sem fram kom í auglýsingum, að mig minnir Samfylkingarinnar um að væri til staðar. Hvar er þetta plagg? Ég verð að segja að ég hugsa að ræða mín mundi hljóma svolítið öðruvísi ef það plagg væri komið fram, ef þessi jafnvægispunktur væri fundinn. Ég er búinn að fara inn á fullt af vefsíðum með slóðinni punktur is eitthvað og ég hef hvergi fundið þetta og farið inn í býsna virkar leitarvélar til að reyna að finna út úr þessu.

Hæstv. forseti. Það er hins vegar þannig með þetta mikla fjárlagagat sem við erum með að mann óar fyrir því að samþykkja lántökur eins og þessar því auðvitað vantar marga stuðning við þá starfsemi sem þeir eru í. Það er fullt

af frumkvöðlum sem eru nánast listamenn á sínu sviði, eftir því hvernig það er skilgreint, sem vantar fjármagn til að ýta úr vör góðum hugmyndum og mundu ekkert síður ná fram því sem sett er til grundvallar í þessu frumvarpi. (**Gripið fram í:** Skapa störf.) Skapa störf, mun hraðar en hér kemur fram og afleidd störf sem verða til í kringum þau þótt auðvitað verði líka til afleidd störf í kringum þetta. En að mínu mati hefði það ekki síður verið skynsamlegt.

Hins vegar eru mörg rök sem hér eru lögð fram hárrétt og auðvitað er það þannig að við öll sem sitjum á þingi og held ég flestir landsmenn, við vitum hversu mikils virði það er fyrir þjóðina að eiga öfluga og mikilsvirta listamenn og við vitum að þeir, nú sem áður, halda merki hennar hátt á lofti. Það skyldi þó ekki vera að það væri kannski eitt af því mikilvægasta sem við þyrftum að gera í dag. Ég vil þó undirstrika að þetta verður allt saman fjármagnað með lántökum, hér er dæmigert kosningatrix á ferðinni og það að búið sé að finna eitthvert jafnvægi milli ríkisútgjalda og fjáröflunar ríkissjóðs er mesta firra sem ég hef lesið um í einni auglýsingu síðan ég byrjaði í pólitík.

[20:41]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá miklu umræðu sem farið hefur fram um sérstaklega efnislitla breytingartillögu sem ég flutti við 3. umr. sem var aðeins tæknilegs eðlis og lagfæring á tölum. En það er augljóst mál að hún hefur vakið upp miklar tilfinningar og skoðanir sérstaklega hjá nokkrum hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Að vísu hefði verið betra ef a.m.k. nokkrir þeirra hv. þingmanna hefðu verið viðstaddir 2. umr. og hlýtt á leiðréttingar á málflutningi sumra hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem hafa verið endurteknar hér trekk í trekk. Ég verð því, virðulegi forseti, að eyða örfáum mínútum í það að endurtaka þær leiðréttingar.

Mikið er úr því gert að taka eigi gífurleg lán til þess að geta staðið undir þeim lagabreytingum sem hér eru boðaðar. Og hver skyldi nú þessi gífurlega upphæð vera sem virðist vera að setja ríkissjóð algerlega á hausinn að því er mér virðist, ekki bara í dag heldur á morgun og jafnvel í gær? Jú, það eru 17 milljónir sem þarf að brúa árið 2012. Það er nú allt og sumt sem felst í þessu frumvarpi.

Ég fer að halda að sumir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins óttist það að Sjálfstæðisflokkurinn komist til valda fyrir 2012 og það verði allt áfram í kalda koli. Ég held hins vegar að afar litlar líkur séu á því að Sjálfstæðisflokkurinn komist í ríkisstjórn fyrir 2012 og ég geri mér þess vegna mjög miklar vonir um að ástandið verði allt annað við gerð fjárlaga fyrir 2012 og við náum að eiga þær 17 milljónir til að bæta í þetta ágæta mál.

Það er hárrétt eins og kom fram hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni að frumvarpið er ættað frá fyrrverandi menntamálaráðherra, hv. þingmanni og varaformanni Sjálfstæðisflokksins. Þetta er meira og minna vinna undir stjórn varaformanns Sjálfstæðisflokksins. Þess vegna er það alveg með ólíkindum að hver hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins á fætur öðrum komi hér upp og rakki niður þá góðu vinnu.

Að vísu er þetta sett í alls konar búning og þá fyrst og fremst búning 17 milljónanna sem úr eru gerðar alls konar tölur sem ég hafði nú ekki fyrir að skrifa allar niður, en þær voru margar afar sérkennilegar. Og sviðsetningin hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni sló eiginlega öll fyrri met sem hér hafa verið slegin.

Hv. þm. Sturla Böðvarsson var samgönguráðherra til fjölda ára. Við sem sátum á þingi í þá tíð munum hinar stórkostlegu samgönguáætlanir sem ætíð var komið með á kosningaári. Það lá við að bæta ætti samgöngur um allt land á einu ári, allar það stórkostlegar að við höfum aldrei séð annað eins. En alltaf var það þannig að strax að loknum kosningum þegar kom að fjárlögum næsta árs þurfti að draga í land. Þá var ekki hægt að framkvæma. Þá var ekki til fjármagn.

Í því ljósi skilur maður auðvitað þann hugsunarhátt að hér sé bara um kosningatrix að ræða, einhver gífurleg blekking til þess að reyna að fá listamenn til að kjósa ákveðna flokka í kosningunum núna. 17 millj. kr. árið 2012. Já, þær eiga að gjörbreyta úrslitum komandi kosninga. Ég segi ekki annað en að gaman er þegar menn kasta steinum úr glerhúsi. En ég ætla ekki að fjalla meira um það. Mér finnst þessi málflutningur algerlega dæma sig sjálfan.

Það sem er fyrst og fremst mikilvægt er að komið hefur fram að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru efnislega sammála málinu. Þess vegna verður mjög fróðlegt — ég tók eftir því að hv. þm. Dögg Pálsdóttir bað hv. þm. Mörð Árnason að bíða spenntan eftir því — að sjá hvernig hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði. Ég tek undir það. Ég mun verða í því liði að bíða spenntur eftir því að sjá hvernig hv. þingmenn greiða atkvæði. Því efnislega eru hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins að því er mér virðist sammála málinu, enda væri annað óeðlilegt. Frumvarpið er unnið fyrst og fremst eins og komið hefur fram í máli menntamálaráðherra af fyrrverandi menntamálaráðherra, algjörlega. Það er því hárrétt hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni að vinnan er þaðan ættuð og ekkert nema gott um það að segja.

En að gera þessar 17 millj. kr. árið 2012 að þessu óskaplega máli og láta að því liggja að það geti orðið til þess að hv. þingmenn muni jafnvel greiða atkvæði gegn frumvarpinu verður bara að koma í ljós. Ég geri þá játningu, virðulegi forseti, að ég trúi því hreinlega ekki að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins muni greiða atkvæði gegn frumvarpinu. Hugsanlega munu einhverjir þeirra sitja hjá með þeirri skýringu að þetta séu slík útgjöld að ekki sé verjandi að bæta svona í. Við getum þess vegna verið hér langt fram á kvöld og fram á nóttina að ræða forgangsröðun allra fjármuna og velta því fyrir okkur hvað hver króna skilar til baka í ríkissjóð á hvað löngum eða stuttum tíma.

Til að stytta umræðuna ætla ég að vekja athygli hv. þingmanna á ágætri ritsmíð eftir Ágúst Einarsson, núverandi rektor á Bifröst, þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að fjármagni til menningar væri býsna vel varið því það skilaði sér ótrúlega vel og hratt til baka. Ég held því að við þurfum ekki á þessu stigi a.m.k. hafa svona miklar áhyggjur af þessum 17 millj. kr. árið 2012, að menn þurfi hugsanlega gegn betri vitund að greiða atkvæði gegn þessu ágæta frumvarpi. Ég trúi því ekki að svo verði.

Hv. þm. Dögg Pálsdóttir spurði nokkurra spurninga og

er auðvitað eðlilegt að velta því aðeins fyrir sér sem kom fram hjá hv. þingmanni. Ég held þó að í undirbúningsvinnslu málsins hafi ýmsir þessir þættir verið skoðaðir og niðurstaðan hafi einfaldlega verið sú að menn vildu ekki ganga svo langt í því að ramma hlutina inn, eins og hv. þingmaður velti upp, t.d. að setja þak á það hversu oft rithöfundar og listamenn gætu fengið úthlutað úr sjóðunum og eðlilegt væri að stjórnirnar mætu það hverju sinni en löggjafinn væri ekki að ganga svo langt, stjórnlyndið sé ekki svo mikið.

Ég held að einfaldast sé að svara hinum spurningunum með sama hætti, þ.e. að það sé mat bæði þeirra sem frumvarpið lögðu fram og hv. þingmanna í menntamálanefnd að menn vildu ekki beita slíku stjórnlyndi eins og það væri ef svo langt yrði gengið, eins og hv. þingmaður spurði um eða velti upp hvort hugsanlegt gæti verið.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að við séum að ljúka umræðunni um þetta ágæta frumvarp og ég endurtek þakkir mínar til hv. þingmanna hversu mikla umræðu frumvarpið hefur fengið. Ýmis sjónarmið hafa komið fram, að vísu að hluta til að mínu mati byggð á misskilningi og væri freistandi að rifja upp ýmislegt þegar hv. þingmenn verða mjög ábyrgir í tali — sem er auðvitað eðlilegt, ég tala nú ekki um á þessum síðustu tímum — og tala um það að líklega hafi það aldrei gerst að svo óábyrgt frumvarp færi í gegnum ríkisstjórn með stuðningi hæstv. fjármálaráðherra.

Ég hef velt því upp og það kom reyndar fram í ágætri umræðu, í 2. umr. um þetta ágæta frumvarp, að mikil og stór fjárfesting í tónlistarhúsi í Reykjavík hafi ekki verið afgreidd af þinginu með ábyrgðarfullu starfi vegna þess að það var gert með 6. greinar heimild í fjárlögum. Það var gagnrýnt að vísu, eins og ég rifjaði upp við þá umræðu, af ýmsum hv. þingmönnum og m.a. talsmanni Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd á þeim tíma. Þau aðvörunarorð sem þar voru viðhöfð náðu hins vegar ekki í gegn. Það segir mér fyrst og fremst það að við þurfum að breyta fjárreiðulögunum vegna þess að það er ekki tækt að svo stórar upphæðir, alveg burt séð frá því hvaða skoðanir hv. þingmenn hafa á framkvæmdinni sem slíkri, séu afgreiddar með slíkri heimild heldur á að fara yfir slíkt með sambærilegum hætti og gert er um slíkar upphæðir við aðrar framkvæmdir í fjárlögum. Þar er því verk að vinna og ég vona að það takist sem fyrst á nýju kjörtímabili að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru í þeim efnum.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið með þeirri ósk að við munum afgreiða frumvarpið í sem allra mestri sátt og hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins leggist í lið með stjórnarþingmönnum og greiði frumvarpinu atkvæði, en eðlilegt er að þeir minni á athugasemdir sínar um að þeir hafi gífurlegar áhyggjur af þessum 17 millj. kr. árið 2012.

[20:51]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson líkti þeim áformum um útgjöld sem hér er verið að ræða við frestanir vegna framkvæmda á sviði samgöngumála í minni tíð sem samgönguráðherra.

Ég verð að viðurkenna að þetta kom mér svolítið á óvart og rifjaði þá upp að ég held að þær frestanir sem þurfti stundum að fara í hvað varðaði framkvæmdir í vegagerð í minni tíð eru ekki í líkingu við þær frestanir og þann niðurskurð sem hv. þingmaður styður núna á vegum hæstv. núverandi samgönguráðherra, sem eru stærstu niðurskurðaraðgerðir á sviði samgöngumála sem um getur. Heil Sundabraut hverfur eins og dögg fyrir sólu og þar mætti lengi telja.

Þingmaðurinn nefndi hins vegar ekki þegar hann nefndi að það hefði þurft að fresta samgöngumannvirkjagerð í minni tíð, að boruð voru göng í Almannaskarð og Fáskrúðsfjarðargöng urðu að veruleika. Tenging um Hárekstaðaleiðina varð að veruleika þegar norður- og austurhluti kjördæmis hv. þingmanns var tengdur saman. Héðinsfjarðargöng voru opnuð nýlega, þ.e. síðasta sprengingin var framkvæmd. Hver tók ákvörðun um þá framkvæmd? Svo mætti lengi telja.

Mér finnst nú að verið sé að fara yfir lækinn að nota þetta sem árásarefni á mig vegna þess að ég vakti athygli á því að blekkingaraðgerðir væru hér í gangi, þegar rétt fyrir kosningar er tekin ákvörðun um það með þessu frumvarpi að fjölga listamönnum á launum með því að taka lán. Ég hef aldrei lýst mig mótfallinn því að þessar lagabreytingar væru gerðar. Ég (Forseti hringir.) hef gagnrýnt það því fjármagn er ekki tryggt (Forseti hringir.) til þessara aðgerða.

[20:54]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki að gera lítið úr þeim miklu samgöngubótum sem gerðar voru í tíð hv. þm. Sturlu Böðvarssonar í sæti samgönguráðherra. Þó ekki væri, því þar var býsna margt vel gert og allt gott um það að segja.

Ég velti því hins vegar fyrir mér, af því að ég áttaði mig ekki alveg á hinni stóryrtu ræðu hv. þingmanns um blekkingar sem hv. þingmaður endurtók hér aftur, hvort það gæti verið skýring á því að hv. þingmaður þekkti til slíkra vinnubragða rétt fyrir kosningar. Það var nú það eina sem ég var að velta fyrir mér. Mér finnst einhvern veginn á andsvari hv. þingmanns að eitthvað geti verið til í því. Ég áttaði mig hreinlega ekki á að þau orð mín mundu kalla fram slíka viðkvæmni, eins og fram kom í andsvari hv. þingmanns. Það hvarflaði ekki að mér að gera lítið úr þeim stórmerku ákvörðunum og þeim stórmerku og þörfu framkvæmdum öllum sem teknar voru í tíð hv. þingmanns. Þó ekki væri.

Hins vegar var mjög áberandi, eins og ég minnti aðeins á, að það var alltaf lagt mest í rétt fyrir kosningar og alltaf dregið mest úr rétt eftir kosningar. Það var það eina sem blasti við. En sem betur fer komust ýmsar framkvæmdir í gegn og eins og hv. þingmaður rifjaði upp erum við enn að sjá árangur af því og fyrir stuttu átti síðasta sprengingin sér stað í Héðinsfjarðargöngum og er það auðvitað hið besta mál.

En við skulum ekki gleyma því að Héðinsfjarðargöngin náðu líklega, ef ég man rétt, að verða kosningamál í a.m.k. tvennum ef ekki þrennum alþingiskosningum vegna þess að seinkun sem ákveðin var skömmu eftir einar alþingiskosningarnar varð býsna dýr, sem ég veit ekki betur en ríkissjóður hafi því miður þurft að greiða skaðabætur fyrir.

[20:55]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það er vont að hafa vonda siði fyrir börnunum má segja ef það vísar til þess að einhverju hafi verið lofað í minni tíð sem samgönguráðherra sem ekki hafi verið hægt að standa við og þess vegna sé í lagi að hafa uppi þau loforð sem hér er verið að fjalla um. Þetta er nú alveg afskaplega sérkennilegur málflutningur. En engu að síður er nauðsynlegt að fara yfir þetta mál í því ljósi sem ég hef gert og þess vegna geri ég athugasemdir við það sem hv. þingmaður sagði.

Ég hef lagt áherslu á að ekki má skapa væntingar sem ef til vill er ekki hægt að standa við. Menntamálaráðuneytið hefur marga milljarða í sínum ramma og ég benti hæstv. menntamálaráðherra á að þegar ákvörðunin var tekin um að leggja þetta frumvarp fram átti menntamálaráðherrann að tryggja fjármögnun til framtíðar innan síns ramma með hagræðingu, breytingum eða forgangsröð til góða fyrir þetta ágæta verkefni, að fjölga listamönnum á launum. Það er gagnrýnisatriðið sem ég hef haft uppi, að ramminn sé ekki nýttur til þess (Gripið fram í.) að kosta þau áform sem hér er verið að leggja af stað með.

Ég vona að hv. þm. Einar Már Sigurðarson gangi til verka sem allra fyrst í samstarfi við Vinstri hreyfinguna – grænt framboð um að tryggja að þeir fjármunir sem til þarf verði til staðar til að þessi áformuðu lög geti orðið að veruleika, að ekki verði bara loforð rétt fyrir kosningar sem gefur lítið í aðra hönd.

[20:58]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að þetta hefur verið rangur samanburður hjá mér að velta upp samgönguáætlunum og svo þessum litlu 17 milljónum. En ég gerði það í þeim tilgangi, eins og ég gerði tilraun til að koma frá mér áðan, að reyna að átta mig á því hvað stæði á bak við hin stóru orð hjá hv. þingmanni.

Þetta er vissulega ekki sambærilegt, það er hárrétt. Hér er verið að tala um 17 millj. kr. árið 2012. Í hinum tilfellunum var yfirleitt verið að tala um stórframkvæmdir og líklega milljónatugi, kannski hundruð á sama ári. En það var reyndar rétt fyrir kosningar.

Af því að minnst var á Héðinsfjarðargöngin voru rétt fyrir kosningar mjög miklar yfirlýsingar gefnar. Hins vegar var skömmu eftir kosningar allt dregið til baka. Það er mér mjög minnisstætt að hafa verið á nokkrum fundum á Siglufirði þegar þetta átti sér stað. Það er verst að sumir fyrrverandi hv. þingmenn skuli ekki enn vera hér í salnum til að geta rifjað það upp, ágætir flokksbræður hv. þingmanns. Þannig voru skapaðar miklar væntingar, mjög miklar væntingar til þessara framkvæmda. Og auðvitað var það rangt, ef það hefur verið tilfellið, að ekki var innstæða fyrir væntingunum vegna þess að það hafði nákvæmlega ekkert breyst í efnahagslegu tilliti á milli þessara ákvarðana. Meira að segja var gengið svo langt í því tilfelli að verkið var boðið út.

En hér erum við með þennan mikla málflutning hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins að tala um 17 milljónir árið 2012. Það er enginn að tala um neitt nýtt á þessu ári, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það verður engin breyting á þessu ári. Það verður breyting frá og með árinu 2010 og fjármagn er til í sjóðum fyrir þeirri aukningu alveg fram til ársins 2012.

Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að það er ótrúlega mikið gert úr þessum 17 milljónum árið 2012.

[21:00]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. 17 millj. árið 2012 er málflutningur hv. þingmanns. Ég segi eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson: Hvers vegna var ekki tekin ákvörðun um að hafa þetta innan ramma menntamálaráðuneytisins? Af hverju var ekki forgangsraðað í þágu þessara 17 millj. kr. árið 2012? Og af hverju stendur í umsögn fjármálaráðuneytisins: „Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum ársins 2009 né í áætluðum útgjöldum næstu fjögur árin. Vegna mikils halla á ríkissjóði mun því þurfa að fjármagna útgjöldin með lántökum“?

Er fjármálaráðuneytið að tala þarna um 17 millj. kr. árið 2012? Ég hef aldrei skilið kostnaðarumsagnir fjármálaráðuneytisins á þann veg. Ég held að hv. þingmaður sé hér í einhverjum blekkingaleik og ef hann vill stunda hann áfram getur hann gert það. Hann hefur frjálsar hendur til þess og ég mun ekki elta ólar við hann árið 2012 eða 2013 þegar það kemur í ljós að þessi tala hans er röng. Hún er sett fram til að gera þetta mál hálfhlægilegt, eins og hv. þingmaður flissar yfir eigin orðum, því að það er svo fáránlegt að halda að fjármálaráðuneytið sé með þessum orðum að tala um 17 milljónir árið 2012 að það nær ekki nokkru tali að hv. formaður menntamálanefndar þingsins komi hér og flytji þetta mál á þennan veg. Ef svo er að þetta rúmist innan ramma menntamálaráðuneytisins hvers vegna stendur þetta þá í þessari umsögn? Getur hv. þingmaður skýrt það? (**Gripið fram í:** Já, já.) Til hvers er hann í þessum orðaleik hér og blekkingaleik? Ég veit það ekki, ég skil ekki svona málflutning. Ef hann heldur að hann auki stuðning Sjálfstæðisflokksins við málið með svona málflutningi þá er það alger misskilningur.

[21:02]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar hv. þingmenn eru í ákveðnum leiðöngrum verða þeir auðvitað að fá að fara sína leið. Ég reyndi að tala afar skýrt áðan og líka í 2. umr. um það hvernig þessu máli væri háttað. Það vill svo til að hæstv. menntamálaráðherra gerði það líka í 1. umr. þannig að hér er bara um endurtekningar að ræða. Það er réttur hv. þingmanna að halda sínu máli fram með þeim hætti sem þeir velja. Ef hv. þingmenn velja þá leið að hlusta ekki á neitt sem sagt er og keyra síðan áfram sína leið burt séð frá því sem sagt hefur verið þá er ekkert við því að gera og hv. þingmenn verða bara að eiga það við sig hvernig þeir haga málflutningi sínum. Hver og einn hefur fullan rétt til þess.

Virðulegur forseti. Til að einfalda hlutina vil ég leyfa mér að vitna í orð hæstv. menntamálaráðherra við 1. umr.

en hæstv. ráðherra sagði m.a.:

„Kostnaðaraukinn vegna þessa á árinu 2010 yrði 38,7 milljónir, 34,7 á árinu 2011 og 33,3 á árinu 2012 miðað við verðlag í byrjun árs 2009, alls 106,7 millj. kr. Á móti þessum hækkunum koma til frádráttar fjárveitingar sem þegar hafa verið veittar til málaflokksins en ekki nýttar, samtals 89 millj. kr. ...“

Það þýðir, virðulegur forseti, ef þetta er reiknað að þarna er mismunur upp á 17 millj. kr. sem kemur að sjálfsögðu til með að þurfa að vera í fjárlögum fyrir árið 2012 ef það verður niðurstaðan að þessi upphæð verður veitt þá, en auðvitað er það sjálfstæð ákvörðun við gerð fjárlaga hvers árs hvaða upphæð verður þar inni. Þetta frumvarp er með sama hætti og mjög mörg önnur lagafrumvörp að fjárlögin skapa rammann. Þannig er málið.

Virðulegur forseti. Ef hv. þingmenn hafa ekki áttað sig á því að þetta snýst um 17 millj. kr. árið 2012 skilur maður auðvitað miklu betur málflutning hv. þingmanna.

[21:04]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég les umsögn fjármálaráðuneytisins og hún er upp á allt annað en hv. þingmaður var með, fjármálaráðuneytið er með allt annars konar ábendingar og ég er að vísa til þess. En hv. þingmaður kýs að vitna í hæstv. menntamálaráðherra sem nú segir að það sé brýnast í fjármálum hins opinbera að hækka skatta og lækka launin. Það sé það sem eigi að gera og beri að vinna að núna. Það hefur komið fram að málsvarar Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hafa stórkostlegar áhyggjur af þessum orðum ráðherrans og það verði atgervisflótti í stétt þeirra vegna þessara orða ráðherrans. Þetta er sá hæstv. ráðherra sem hv. þingmaður kýs að vitna til sem hins ómótmælanlega spámanns um það hvernig fjárhæð sé háttað. Síðan erum við að fjalla um frumvarp frá þessum hæstv. ráðherra, frumvarp sem fjármálaráðuneytið telur að leiði til aukinnar lántöku á vegum ríkissjóðs og þó að hæstv. menntamálaráðherra reyni að útskýra það á þann veg sem hv. þingmaður las verð ég að segja að ég treysti fjármálaráðuneytinu betur í þessu efni en hæstv. menntamálaráðherra. Það er kannski okkar ágreiningur.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvernig hann telji það samrýmast þeirri stefnu hæstv. menntamálaráðherra að nú sé brýnast að hækka skatta og lækka laun að flytja frumvarp sem þetta sem leiðir til þess að bilið í fjárhag ríkisins breikkar og það verður þörf fyrir auknar lántökur að mati fjármálaráðuneytisins.

[21:06]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Einar Már Sigurðarson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að ekki sé hægt að ætlast til þess að ég svari í stuttu andsvari stefnu hæstv. menntamálaráðherra í ræðuhöldum á framboðsfundum. Málið er hins vegar það að við erum að ræða í 3. umr. frumvarp til laga um listamannalaun. Ég held ég reyni að halda mig við það. Ég get fullyrt það við hv. þingmann að ef þær tölur sem hv. þingmaður fór með og margir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa farið með eru réttar og ef ég hefði komist að þeirri niðurstöðu að þau útgjöld öll mundu bíða okkar á næsta ári hefði ég aldrei samþykkt þetta frumvarp. Það er ósköp einfalt mál. Við yfirferð í nefndinni og skoðun á hlutunum og því að hafa fengið vitneskja um það, ekki bara frá hæstv. ráðherra heldur embættismönnum í menntamálaráðuneytinu, að þeir fjármunir væru til staðar þau ár sem ég nefndi áðan, í ljósi þess tel ég að við eigum að samþykkja frumvarpið. Ég tel alveg eins og ég veit að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins telja líka að efnislega sé frumvarpið gott.

Eini fyrirvari hv. þingmanna hefur verið þessi misskilningur sem ég gerði tilraun til að leiðrétta í 2. umr. Hæstv. menntamálaráðherra gerði tilraun til þess í 1. umr. að hafa áhrif á það að málið yrði ljósara. Hér við 3. umr. hef ég aftur gert tilraun til þess að vekja athygli á staðreyndum málsins og ég verð að segja að lokum, virðulegur forseti, að ég trúi ekki öðru en að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þegar þeir hafa yfirvegað málið og hugsanlega sofið á því a.m.k. eina nótt, komist að þeirri niðurstöðu að það sé eðlilegt að styðja þetta frumvarp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífsýnasöfn, 3. umr.

Stjfrv., 123. mál (skil milli þjónustusýna og vísindasýna o.fl.). — Þskj. 811, brtt. 887.

[21:08]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Við 3. umr. frumvarps til laga um lífsýnasöfn vil ég gera grein fyrir breytingartillögu sem hefur engar efnislegar breytingar í för með sér en er eingöngu tæknilegs eðlis. Við yfirlestur á frumvarpinu og við skjalaritun kom í ljós að tilvísun í 5. gr. átti við tvær málsgreinar í stað einnar. Við eigum því þessa breytingu árvökulum augum skjalalesara að þakka að hún er komin hér fram.

Þetta er eitt af þeim mörgu málum sem lögð voru fram á haustdögum af fyrrverandi ráðherrum. Þetta frumvarp um lífsýnasöfn var vel undirbúið og byggir á lögum sem sett voru 1. janúar 2001 og lögum um lífsýnasöfn sem hafa reynst vel fyrir utan það að í ljós hefur komið þegar farið var að vinna eftir lögunum að skilgreina þarf betur og aðgreina sýni, þ.e. að gera þarf greinarmun á sýnum sem safnað er vegna vísindarannsókna eingöngu og sýna sem safnað er vegna þjónustu við sjúklinga. Það eru mismunandi forsendur fyrir þessari sýnatöku, mismunandi notkun og mismunandi skilgreiningar á merkingum þessara sýna, hvort sem þau eru persónugreinanleg eða ekki. Þessi vitneskja hlóðst upp innan vísindasamfélagsins hjá þeim sem unnu við sýnatökur, geymslu og varðveislu sýnanna. Það voru einstaklingar úr þeirra eigin hópi, þ.e. sérfræðinganna, sem komu að því að semja þetta frumvarp enda voru litlar breytingar gerðar við það í meðförum nefndarinnar. Nefndin stendur einhuga að þessum breytingum og hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Þó að þessi lög um lífsýnasöfn séu tæknilegs eðlis og snerti ekki almenning í landinu dagsdaglega þá snertir þessi umgjörð, vinnsla og frágangur samt hvern og einn sem þarf

á því að halda að fara í rannsóknir, ýmist þjónusturannsóknir eða til gefa sýni til vísindarannsókna, og því mikilvægt að rétt sé með farið. Þetta skiptir miklu máli innan heilbrigðisþjónustunnar og þeirra sem vinna með sýnin, þetta eykur persónuöryggi og eykur öryggi í meðferð sýnanna. Ég er því mjög ánægð með að við skyldum í sameiningu í heilbrigðisnefnd klára að vinna þetta mál í jafnmikilli sátt og raun ber vitni.

[21:12]

Herdís Þórðardóttir (S):

Hæstv. forseti. Hér ræðum við í 3. umr. um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2000, um lífsýnasöfn, með síðari breytingum. Þetta er mál sem varðar mikilvæga þætti í heilbrigðisþjónustunni hér á landi. Megintilgangur frumvarpsins er að gera greinarmun milli lífsýna sem eru annars vegar tekin í vísindaskyni og hins vegar sem hluti af þjónustu við sjúkling og hluti af rannsókn við greiningu sjúkdóma. Þetta er ekki mál sem kostar beina fjármuni því að ekki er gert ráð fyrir að það leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

Frumvarpið byggir á lögum frá árinu 2000 og því er komin ákveðin reynsla á framkvæmd þessara þátta við meðhöndlun lífsýna. Í núgildandi lögum er ekki gerður greinarmunur á lífsýnum vegna vísindarannsókna og lífsýnum vegna þjónusturannsókna en með frumvarpinu er gerður greinarmunur á þessu og skilgreina þessar tvær tegundir sýna, annars vegar lífsýni sem tekin eru eingöngu í vísindalegum tilgangi til að undirbyggja ákveðnar rannsóknir og hins vegar þjónustusýni sem við þekkjum vel flest, þ.e. lífsýni sem tekin eru vegna heilbrigðisþjónustu við einstakling. Þar af leiðandi er gerður greinarmunur á lífsýnasafni vegna lífsýna og lífsýnasafni vegna þjónustusýna og gerðar eru mismunandi kröfur til hvors tveggja.

Í ýmsum tilvikum gerist það að lífsýni sem tekin eru vegna heilbrigðisþjónustu við einstakling eru síðan notuð sem vísindasýni í framhaldi. Þetta kom m.a. fram í umsögn frá læknadeild Háskóla Íslands þar sem því var vandlega lýst og jafnframt í umsögn frá Krabbameinsfélagi Íslands. Að öðru leyti voru umsagnirnar frá hinum ýmsu aðilum sem veittu umsögn um málið almennt mjög jákvæðar. Umsagnir komu frá 17 aðilum sem komu með mjög gagnlegar ábendingar sem nefndin tók tillit til sem kom hér fram í 2. umr. um þetta mál.

Í umsögn læknadeildar Háskóla Íslands um frumvarpið kemur m.a. fram að þær breytingar á lögum um lífsýnasöfn sem koma fram í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar séu allar til bóta. Mikilsvert sé að greint er betur á milli vísinda- og þjónustulífsýnasafna og viðeigandi ákvæði eru sett um mismunandi lífsýni í þeim. Lögð er áhersla á nauðsyn þess að hægt sé að geyma þjónustusýni með persónuauðkennum svipað og önnur gögn sem tengjast sjúkraskrám og hætta á misnotkun sé hverfandi miðað við áreiðanlegri sýnamerkingar og varðveislu sýna. Þessar breytingar bæti því lögin og sníði af þeim vankanta sem komið hafa fram við uppsetningu og rekstur lífsýnasafna.

Í umsögn frá Krabbameinsfélaginu kemur það sjónarmið fram og þar var líka vikið að varðandi Persónuvernd. Þar segir að Persónuvernd hefur krafist þess samkvæmt túlkun á lögum um lífsýnasöfn að lífsýni á lífsýnasafni frumurannsóknarstofu leitarsviðs Krabbameinsfélags Íslands skuli varðveita án persónuauðkenna. Þetta lífsýnasafn geymir leghálssýni.

Það var sjónarmið Krabbameinsfélagsins að óheppilegt væri að geyma slík sýni, ópersónugreinanleg sýni, og það væru ótvíræðir öryggishagsmunir þeirra kvenna sem tekin hafa verið leghálssýni hjá að sýnin séu varðveitt með kennitölum. Þeir telja að dulkóðun slíkra persónueinkenna sé fallin til þess að auka flækjustig og hættu á mistökum sem geti verið afdrifarík þegar verið er að bera saman fyrri og seinni sýni úr sömu konu. Það segir sig sjálft að hafa þann samanburð á milli sýna ef kona hefur farið í rannsókn þar sem tekið er leghálssýni á fyrri stigum og svo aftur á síðari stigum. Þá verður hægt að bera saman viðkomandi sýni en ef þau eru án persónuauðkenna geti það leitt til ruglings.

Krabbameinsfélagið leggur áherslu á að það sé til mikilla bóta að gerður skuli skýr greinarmunur á milli lífsýna sem tekin eru í þjónustuskyni og þeirra sem tekin eru til vísindarannsókna. Í nefndaráliti heilbrigðisnefndar kemur eftirfarandi fram:

„Nefndin vekur athygli á því sem fram kom við umfjöllun hennar að í ákveðnum tilvikum getur verið ómögulegt að dulkóða persónuauðkenni á rannsóknarsýnum. Var í því sambandi rædd umsögn Krabbameinsfélags Íslands þar sem fram kemur að dulkóðun leghálsstrokusýna á glerplötum geti valdið ruglingshættu og dregið úr öryggi þeirra kvenna sem þangað leita."

Nefndin vill taka fram að samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er í undantekningartilvikum með leyfi Persónuverndar heimilt að afhenda lífsýni með persónuauðkennum.

Nefndin ræddi þá tilhögun frumvarpsins að fela vísindasiðanefnd eftirlit með starfsemi lífsýnasafna. Lög um lífsýnasöfn gera ráð fyrir að landlæknir annist eftirlit með lífsýnasöfnun að því leyti sem það er ekki í höndum Persónuverndar og vísindasiðanefndar. Tekur nefndin undir sjónarmið í umsögn vísindasiðanefndar að ástæða sé til að setja slíka verkreglur um eftirlit.

Frumvarpið er í raun og veru frekar tæknilegs eðlis og sérhæft og tekur fyrst og fremst mið af reynslu síðustu ára. Lögin sem samþykkt voru á árinu 2000 voru nýmæli á þeim tíma en afskaplega nauðsynleg og hafa núna verið notuð sem grunnur varðandi lífsýni sem nú með þessu frumvarpi eru aðgreind annars vegar lífsýni og hins vegar sem þjónustusýni.

Virðulegi forseti. Almennt má segja um þetta frumvarp að það er vissulega tæknilegs eðlis en að öðru leyti snertir það mjög mikilvæga þætti sem varða persónuvernd einstaklinga. Við stöndum frammi fyrir því að hægt er með ýmsum hætti að afla sér upplýsinga um einstaklinga með aðgangi að t.d. niðurstöðum úr rannsóknum sem gerðar eru til að rannsaka heilbrigði fólks eða veikindi og er aldrei of varlega farið við að standa vörð um slíkar upplýsingar.

Hins vegar er upplýsingakerfi á heilbrigðisstofnunum með þeim hætti í dag, sem betur fer, að hægt er í ríkari mæli en áður að halda utan um aðgengi að slíkum upplýsingum.

Virðulegi forseti. Ég hef aðeins farið yfir þær umsagnir

sem þetta mál hefur fengið og ég hef séð að innan heilbrigðisnefndar hafa allir tekið vel á málinu. Það er jákvætt og þeir sem unnið hafa að þessu máli telja að þetta sé gott mál og góð samstaða er um það. Ég veit að það mun verða til hagsbóta fyrir heilbrigðiskerfið hér á Íslandi þegar fram í sækir. Þetta mál snertir marga og eins og formaður heilbrigðisnefndar gat um áðan skiptir mjög miklu máli að rétt sé haldið á spöðunum þegar þessi mál eru annars vegar. Það eykur öryggi og hlýtur að skipta máli fyrir þann einstakling sem á lífsýni að farið sé um það öruggum höndum.

Ég tel að þetta frumvarp sé af hinu góða sem fyrrverandi heilbrigðisráðherra okkar, Guðlaugur Þór Þórðarson, flutti hér í haust og fékk mjög góðar viðtökur. Ég tel að í framtíðinni eigi það eftir að koma okkur Íslendingum til góða. En eins og talað var um hér í upphafi voru aðeins gerðar tæknilegar breytingar á þessu frumvarpi sem formaður nefndarinnar gerði grein fyrir. Sjálfstæðismenn í heilbrigðisnefnd hafa stutt þetta mál og fyrrverandi formaður heilbrigðisnefndar, Ásta Möller, var í forustu fyrir það þegar við sjálfstæðismenn vorum með heilbrigðismálin í síðustu ríkisstjórn. Við stöndum heils hugar að baki þessu frumvarpi og munum samþykkja það.

[21:24]

Dögg Pálsdóttir (S):

Herra forseti. Við ræðum í 3. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um lífsýnasöfn. Eins og fram hefur komið í ræðum hv. þm. Þuríðar Backman, formanns heilbrigðisnefndar, og hv. þm. Herdísar Þórðardóttur er hér um að ræða tillögur sem gerðar eru til að sníða af ýmsa vankanta sem í ljós hafa komið á þessum lögum eftir hartnær tíu ára rekstur lífsýnasafna á grundvelli laganna.

Lög um lífsýnasöfn eru frá árinu 2000. Þau gengu í gildi 1. janúar 2001 og að baki samningu þeirra laga lá mikil og vönduð undirbúningsvinna þar sem erlendir sáttmálar og reglur á þessu sviði voru hafðar til hliðsjónar.

Tilgangurinn með því að sínum tíma að setja lög um lífsýnasöfn var fyrst og fremst sá að styrkja starfsemi lífsýnasafna sem voru á þeim tíma til hér á landi, hvetja til vísinda- og þjónusturannsókna, styrkja samstarf fagaðila hér á landi og samstarf íslenskra vísindamanna við erlenda starfsbræður.

Í gegnum áratugina urðu til hér mjög verðmæt söfn lífsýna. Það var á þeim tíma þegar persónuverndarákvæði voru með allt öðrum hætti en nú er. Það var látið átölulaust að áhugasamir vísindamenn söfnuðu þessum sýnum og kæmu upp lífsýnasöfnum sem feikileg verðmæti felast í af margvíslegum ástæðum. Í þeim felast verðmæti fyrir afkomendur þeirra sem þarna eru sýni frá en ekki síður fyrir alls kyns vísindarannsóknir.

En um síðustu aldamót var staðan orðin sú að tilvist þessara lífsýna sem aldrei hafði neitt leyfi fengist fyrir — sýnum í söfnunum hafði í raun verið safnað saman án þess að sjúklingarnir væru yfirleitt spurðir. Það er endurspeglun á öðrum tíðaranda en nú er. Það þótti því nauðsynlegt að setja um þau regluverk, fyrst og fremst til þess að tryggja persónuvernd og gæta kirfilega að henni. Þess vegna voru þessi ágætu lög um lífsýnasöfn sett.

Ég verð nú að viðurkenna að ég hef alltaf undrast hversu hljótt fór um setningu þessara laga og kannski ekki síður hversu hljótt fór um að þau væru gengin í gildi. Ég er búin að kenna heilbrigðisrétt í lagadeild um nokkurra ára skeið og lög um lífsýnasöfn eru eitt af því sem ég fer þar yfir. Í þessum lögum eru alls konar heimildir til söfnunar sýna sem byggjast á svokölluðu ætluðu samþykki og er ekkert hróflað við þeim ákvæðum með þeim breytingum sem hér eru gerðar. Ætlað samþykki er skilgreint í 3. gr. laganna og ég sé ekki að neitt sé hróflað við þeirri skilgreiningu í þeirri breytingu sem hér er lögð til þó að hún snúi vissulega að því að aðgreina betur en nú er gert annars vegar lífsýni sem safnað er í vísindaskyni og hins vegar lífsýni sem safnað hefur verið vegna þjónusturannsókna.

En með gildandi lögum — það er áfram það regluverk sem við komum til með að búa við — er hægt að safna saman þjónustusýnum á grundvelli ætlaðs samþykkis. Það byggir á 6. tölulið 1. mgr. 3. gr. laganna þar sem segir um ætlað samþykki, með leyfi forseta:

„Samþykki sem felst í því að lífsýnisgjafi hefur ekki lýst sig mótfallinn því að lífsýni sem tekið er honum við þjónusturannsókn verði varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni til notkunar samkvæmt 9. gr. enda hafi skriflegar upplýsingar um að slíkt kynni að verða gert verið aðgengilegar.“

Þessi lokasetning er mikið grundvallaratriði og að mínu mati hefur verið alger brotalöm í því að sjúklingar fengju nokkurn tíma upplýsingar um hana. Á þeim u.þ.b. 10 árum sem liðin eru frá því að þessi lög tóku gildi hef ég sjálf ótal sinnum farið í það sem kallað er þjónusturannsókn. Aldrei hefur mér verið gerð grein fyrir því að af því að ég sagði ekki neitt — ég þekki þessi lög af því að ég hef verið að kenna þau en ég hygg að flestir sjúklingar hafi ekki hugmynd um að þau séu til og því síður að ef úr þeim er dregið blóð eða annað sýni gefið séu þeir með þögninni að samþykkja að það sýni fari í safnið. Ég sé ekki betur af nefndarálitinu — og áður en ég kem að því þá eru í lögunum, í ákvæðum til bráðabirgða, skýr fyrirmæli um það að áður en lögin taki gildi ætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að fela landlæknisembættinu að annast ítarlega kynningu meðal almennings á lífsýnasöfnum og reglum sem gilda um söfnun og notkun lífsýna. Ég veit ekki til þess, hv. formaður nefndarinnar veit kannski um það, að slík kynning hafi farið fram. Og þessar skriflegu upplýsingar sem talað er um að eigi að vera til — ég hef aldrei orðið vör við að þær liggi frammi á nokkurri einustu rannsóknarstofu þar sem þjónustusýni eru tekin. Ég sé ekki betur en þetta sé ein af ábendingunum sem nefndin hefur fengið. Ég sé ekki betur af nefndarálitinu en nefndin taki undir þessar áhyggjur. Í nefndarálitinu er sagt, með leyfi forseta:

„Nefndin ræddi ábendingu sem fram kom um að í sumum tilvikum væri eðlilegra við framkvæmd þjónusturannsóknar að lífsýnagjafi væri spurður beint hvort hann óskaði eftir að takmarka viðbótarnotkun lífsýnis í stað þess að hann þyrfti að tilkynna þessa ósk sína til landlæknis.

Með hliðsjón af framansögðu áréttar nefndin einnig mikilvægi þess að lífsýnagjafar séu upplýstir um ætlað samþykki sitt og jafnframt að við gerð eyðublaða sem landlæknir annast skv. 4. mgr. 7. gr. laganna verði þeim gert kleift að binda bann við viðbótarnotkun við tilgreindar rannsóknir í stað þess að það taki undantekningarlaust til

allra lífsýna.“

Virðulegi forseti. Hér erum við komin að mjög mikilvægu kjarnaatriði varðandi þessi lög svo ágæt sem þau annars eru. Því að það er, hefur verið — svo fremi sem ekki verður brugðist við og hæstv. heilbrigðisráðherra og ráðuneyti hans fari t.d. í ákveðna kynningu til sjúklinga þá verður ástandið áfram eins og það er og miðað við þær ströngu reglur sem við búum við í dag um persónuvernd þá er það eiginlega ekki viðunandi lengur að sjúklingar geri sér enga grein fyrir því hvað þeir eru í raun að samþykkja í hvert sinn sem þeir fara í blóðrannsókn eða hvaða aðra rannsókn sem er. Þannig vill til að þegar við nýtum okkur heilbrigðisþjónustuna, förum í alls konar rannsóknir sem kalla á lífsýni, þá erum við fyrst og fremst að hugsa um það að eitthvað er að hrjá okkur eða þá að eitthvað þarf að kontrólera hjá okkur. Ég held að fæstum sem ekki þekkja til — og það eru mjög fáir almennt sem þekkja til — detti í hug að með þögninni séu þeir að samþykkja að sýni þeirra geti farið inn á lífsýnasafn. Þetta er í raun ævilöng varðveisla því þó svo að í 2. mgr. 2. gr., og það er ekkert hnikað við gildi hennar, skilgreint — reyndar er sagt að lögin taki ekki til tímabundinnar vörslu lífsýna sem safnað er vegna þjónusturannsókna og síðan er það skilgreint að með tímabundinni vörslu sé átt við vörslu í allt að fimmár. En svo segir lagaákvæðið meira. Það segir nefnilega að vísindasiðanefnd megi samþykkja lengri vörslu þannig að það er ekki sjálfgefið að sýnum sé eytt. Ef það væri sjálfgefið að þjónustusýnum væri eytt eftir fimm ár, út af því að um væri að ræða tímabundna vörslu, þá væri það kannski ekki jafnmikilvægt að sjúklingar gerðu sér grein fyrir þessu öllu saman. En af því að lögin opna fyrir það að vísindasiðanefnd megi samþykkja vörslu þjónustusýna til lengri tíma, og þá skuli vista þau á lífsýnasafni — og þær breytingar sem verið er að gera núna eru allar til að tryggja það að á einu lífsýnasafni séu söfn vísindasýna og þjónustusýna aðgreind, þjónustusýna sem fengin hafa verið með þessu ætlaða samþykki, þessu þegjandi samþykki sem fæstir sjúklingar gera sér grein fyrir að þeir gefa þegar þeir leita sér lækninga og fara í nauðsynlegar sýnatökur.

Ég held að það þurfi að gera eitthvað meira og það er ekki hægt að gera það með löggjöf en ég held að það sé mjög mikilvægt að í framkvæmdinni verði hlutast til um það að þau fyrirmæli sem sett voru skýr í bráðabirgðaákvæðið með lögunum frá árinu 2000 — það sé kannski ekki höndum seinna að fara að fara í þá kynningu þannig að þessar upplýsingar liggi allar fyrir á stofnunum sem sjúklingar leita til til að láta taka úr sér lífsýni vegna þjónusturannsókna. Ekki eru nema nokkrar vikur síðan ég fór sjálf í blóðrannsókn og þá lá ekkert fyrir — mér var ekkert sagt, ekki frekar en í öll hin skiptin í þessi tæpu 10 ár sem liðin eru frá því að þessi lög öðluðust gildi. Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi og ég er sannfærð um að hv. þingmaður, formaður heilbrigðisnefndar, er sammála mér í því. Það er því full ástæða til þess að heilbrigðisráðuneytið og hæstv. heilbrigðisráðherra hlutist til um það — og kannski ekki síst í tengslum við þær breytingar sem nú er verið að gera, þessar mikilvægu breytingar til að skilja á milli þjónustusýna og vísindasýna, skilja á milli þeirra í lífsýnasöfnunum, og allt þetta regluverk sem hér er verið að bæta til þess að gera þetta allt betra í framkvæmd — að nýta tækifærið til að vinda sér í þessa kynningu til almennings í landinu þannig að hann geri sér grein fyrir þessu. Við munum eftir umræðunni um gagnagrunninn 1998. Það voru ekki neinar smáumræður og þjóðfélagið lék nánast á reiðiskjálfi vegna þess sem þar var rætt, voru það þó allt saman ópersónugreinanlegar upplýsingar sem þar var um að tefla.

Við erum að tala um að þjónustusýnin eigi að varðveita með persónugreinanlegum hætti og raunar er sérstök áhersla lögð á það þó að vísindasiðanefnd hafi bent á að ekki eigi að gera það. Krabbameinsfélagið bendir hins vegar á veigamikil rök sem greinilega hafa verið látin vega þyngra þannig að það er lágmark að sjúklingar geri sér grein fyrir því að lífsýni sem úr þeim er tekið vegna þjónusturannsókna getur, án þess að þeir nokkru sinni viti um það, komi þar nokkru sinni nálægt, ratað til varanlegrar varðveislu í lífsýnasafni. Síðan er regluverk sem tryggir það að þeir geti sagt sig úr þessu en þeir vita ekkert af því heldur þannig að það segir sig sjálft að fólk er ekkert að segja sig úr þessu.

Virðulegi forseti. Jafnágætar og þessar breytingar eru og jafnmikilvægar og þær eru — þær sníða af þessum góðu lögum frá 2000 mjög mikilvæga vankanta sem reynslan hefur sýnt fram á — tel ég að þetta atriði, sem er ekkert nema framkvæmdaatriði, þetta er bara spurning um það hvernig við framkvæmum lög sem hér hafa verið sett, og það verður að segjast eins og er að framkvæmdarvaldið, heilbrigðisráðuneytið, sinnti ekki fyrirmælum laganna. Úr þessu tel ég að verði að bæta og úr því að þessi lagabreyting er að fara í gegn í góðu samkomulagi í þinginu er kjörið tækifæri að heilbrigðisráðuneytið einhendi sér í það þannig að þjóðin viti af því og geti þá gripið til aðgerða fyrir þá einstaklinga sem hafa miklar skoðanir á þessu. Það er til fullt af þannig fólki og það er lágmark að það viti af reglunum og til hvaða úrræða það getur gripið.

[21:39]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Dögg Pálsdóttur fyrir hennar orð og yfirferð yfir málið. Það er greinilegt að hún þekkir vel til laganna um lífsýnasöfn og gerir sér fyllilega grein fyrir því hvað það er mikilvægt að greina á milli þjónustusýna og vísindasýna og eins á milli lífsýnasafna sem eru lífsýnasöfn þjónustusýna og lífsýnasöfn vísindasýna. Ég tek hjartanlega undir ábendingar hennar um þá skyldu heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisráðherra, landlæknisembættisins, að fara í kynningu á lífsýnasöfnum og hvað þetta þýðir, hvað það getur þýtt að skila frá sér lífsýni, sama í hvaða formi það er, varðandi vörslu lífsýnanna. Að vísu má segja að 90% af þjónustusýnum er hent en það veit einstaklingurinn ekki. Hann veit ekki hvort sýnin verða geymd eða ekki og það er réttur hvers einasta manns að vita hvað verður svo um sýnið, hvort því verður hent eða hvort það verður geymt og þá hvernig.

Ég tek undir þessa hvatningu enda kemur það fram í nefndaráliti heilbrigðisnefndar að samhliða þessum breytingum hvetjum við til kynningar á málinu og á réttindum sjúklinga.

[21:41]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Þuríði Backman, formanni heilbrigðisnefndar, fyrir góðar viðtökur við ábendingum mínum. Ég heyri að við erum algerlega sammála um þetta atriði. Hv. þingmaður segir að 90% af þessum sýnum sé hent. Ég þekki ekki þær tölur en minni á það sem ég sagði áðan, sem er út af fyrir sig umhugsunarefni, að þessi mikilvægu lífsýnasöfn okkar, sem voru til árið 2000 eða raunar fyrr — þegar farið var af stað með samningu þessa frumvarps sem varð að lögum um lífsýnasöfn þá var til safn af sýnum sem allir héldu að hefði verið hent. Þar var um að ræða, ég veit ekki hvað við eigum að kalla það, söfnunaráhuga eða söfnunarárättu vísindamanna. Ég veit ekki hvort við eigum að segja framsýnna manna, við segjum núna að þeir hafi verið framsýnir af því að þessi söfn eru ákaflega mikilvæg. Það vekur líka upp ákveðnar spurningar af því að ef við hefðum á þeim tíma búið við það regluverk sem við búum við nú hefðu þessi söfn aldrei orðið til til ómælds skaða fyrir vísindasamfélagið hér.

Það er auðvitað verulegt umhugsunarefni hvort við erum, með því regluverki sem við erum að setja af stað núna og höfum sett af stað, að koma í veg fyrir að álíka söfnun geti átt sér stað fyrir framtíðina, ég skal ekki um það segja. En það er auðvitað ákveðið umhugsunarefni að þarna voru hlutirnir til í skjóli regluleysis, söfn sem allir eru sammála um að séu ómetanleg verðmæti, ekki bara fyrir einstaklinga og afkomendur þeirra sem þarna eiga sýni heldur fyrir vísindasamfélagið og þar með þjóðina alla.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir góð viðbrögð við ábendingum mínum.

[21:44]

Björn Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Þetta er merkilegt mál og mikilvægt sem við erum að fjalla um núna og ég tel að ræða hv. þm. Daggar Pálsdóttur sýni hve viðkvæmt og flókið þetta viðfangsefni er. Við sem vorum á þinginu 1998 munum þegar rætt var um gagnagrunn á heilbrigðissviði og þær miklu deilur sem urðu þá. Síðan var það mál sem við erum að fjalla um núna til umræðu árið 2000 þegar lögin um lífsýnasöfn voru sett og við erum enn að fjalla um það sama mál, breytingar á þeim lögum, nr. 110/2000, og það er eftirtektarvert að þetta mál fari þá hægu og hljóðlegu ferð í gegnum þingið eins og við vitum að hefur gerst og án þeirra deilna í samfélaginu sem urðu árið 1998 um einmitt mál sem varðar það atriði sem hv. þm. Dögg Pálsdóttir nefndi, þ.e. um ætlað samþykki, hvernig er farið með lífsýni og hvað er gert við þau, hvernig þetta allt er meðhöndlað og hvað er persónugreinanlegt og hvað er ekki persónugreinanlegt og hvað er dulkóðað. Öll þessi orð voru rædd í þaula og síðan kemur hv. þm. Dögg Pálsdóttir og les upp úr lögunum ákvæði um að upplýsa beri fólk um ákveðna þætti og segir réttilega, sem ég er henni sammála því ég hef sjálfur eins og ég held að flestir þingmenn hafi gert farið og þurft að láta taka úr mér blóðsýni að það hefur aldrei verið upplýst að þetta yrði varðveitt í einhverju safni nema ég segði eitthvað um það. Ég hef aldrei verið spurður spurninga af þessu tagi svo ég muni, slíkt hefur aldrei verið borið undir mig. Ég hefði að vísu samþykkt það og talið að það væri eðlilegt að stuðla að því eins og ég studdi á sínum tíma gagnagrunninn og þau mál sem hann varðaði, þá hefði ég samþykkt það hefði ég verið spurður. Ég leyfi mér að lesa upp úr lögum um lífsýnasöfn, nr. 110/2000, úr 3. mgr. 7. gr., með leyfi forseta:

„Hafi lífsýnum verið safnað vegna þjónusturannsókna eða meðferðar má ganga út frá ætluðu samþykki sjúklings fyrir því að lífsýnið verði vistað í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr., enda sé þess getið í almennum upplýsingum frá heilbrigðisstarfsmanni eða heilbrigðisstofnun.“

Þetta er náttúrlega grundvallarþáttur miðað við allar þær umræður sem voru um heilbrigðisgagnagrunninn og öll þau mál sem voru uppi um að menn óttuðust að það væri eitthvað sem væri óskýrt og það ætti að gera fólki og almenningi skýra grein fyrir því hvað þarna væri verið að gera við lífsýni þeirra og ef fólk vildi það ekki gæti það væntanlega stöðvað það samkvæmt þessu því það er gengið út frá ætluðu samþykki en þetta hefur ekki verið framkvæmt, ekki svo ég viti og sú kynning fór ekki fram sem gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæði laganna.

Ég segi bara, hæstv. forseti, ef ég leyfi mér að taka þetta mál sem dæmi um það þegar menn eru að tala um af hverju einhverju regluverki hafi ekki verið beitt til að koma í veg fyrir bankahrunið. Af hverju var ekki beitt einhverjum reglum sem menn kannski höfðu til að koma í veg fyrir bankahrunið? Við erum með skýrt ákvæði í lögum um að það beri að upplýsa almenning um einhverja þætti á heilbrigðissviðinu, mál sem var til mikilla deilna og ágreinings í þjóðfélaginu og það hefur komið fram og er að skýrast hér af því að við erum svo heppin að hafa í salnum lögfræðing sem er sérfræðingur á þessu sviði sem dregur þennan þátt fram.

Ég fagna því að hv. formaður nefndarinnar hefur lýst því að hún muni beita sér fyrir því að þetta verði skýrt og um þetta mál verði rætt við heilbrigðisyfirvöld og þau könnuð og ef þetta er rangt hjá mér og hv. þm. Dögg Pálsdóttur, þ.e. að þetta sé svo að menn séu almennt ekki upplýstir um þetta þá verði gerð gangskör að því á einhvern hátt þannig að þá sé hægt að benda á eitthvað. Kannski hangir uppi á vegg einhver regla um þetta sem við tökum ekki eftir sem förum og gefum blóð í þjónustu rannsókna þegar verið er að rannsaka okkur. Hér er um mál að ræða sem varðar okkur öll í raun og veru, hv. þingmenn og aðra landsmenn, og það er nauðsynlegt að fara um það vönduðum höndum og það er greinilegt að það frumvarp sem við erum að fjalla um er undirbúið af vandvirkni. Það hefur verið leitað til margra umsagnaraðila við gerð frumvarpsins og hv. þingnefnd hefur kallað til sín sérfróða aðila til að fara nánar yfir málið og skýra það.

Það kemur líka fram, virðulegi forseti, sem var líka ágreiningsefni þegar við vorum að fjalla um þessi mál á sínum tíma og ég leyfi mér að lesa úr áliti nefndarinnar, með leyfi virðulegs forseta.

„Nefndin vekur athygli á að við umfjöllun málsins lýsti vísindasiðanefnd þeirri skoðun sinni að sérstök ástæða væri til að þjónustusýni væru varðveitt án persónuauðkenna en eins og áður segir er ein helsta breyting frumvarpsins sú að heimila varðveislu þjónustulífsýna með persónuauðkenn-

um. Togast hér á tvenns konar sjónarmið, annars vegar krafan um leynd persónuupplýsinga og hins vegar um áreiðanleika upplýsinga.

Nefndin vekur athygli á því sem fram kom við umfjöllun hennar að í ákveðnum tilvikum getur verið ómögulegt að dulkóða persónuauðkenni á rannsóknarsýnum. Var í því sambandi rædd umsögn Krabbameinsfélags Íslands þar sem fram kemur að dulkóðun leghálsstrokusýna á glerplötum geti valdið ruglingshættu og dregið úr öryggi þeirra kvenna sem þangað leita. Nefndin vill taka fram að skv. 5. gr. frumvarpsins er í undantekningartilvikum, með leyfi Persónuverndar, heimilt að afhenda lífsýni með persónuauðkennum."

Hér er komið að kjarnaatriði í öllum þeim deilum sem voru meðal annars varðandi gagnagrunninn. Það er þessi munur annars vegar að varðveita sýni með eða án persónuauðkenna. Hér tekur nefndin undir það sjónarmið Krabbameinsfélagsins að það geti verið svo varasamt að dulkóða persónuauðkenni á rannsóknarsýnum að það er talið eðlilegt að fara ekki að þeim hugmyndum vísindasiðanefndar heldur fara að óskum Krabbameinsfélags Íslands, ef ég skil málið rétt. Þetta var m.a. ágreiningsmálið mikla og voru margar ræður og mörg álit og mikið rætt um þetta. Nú fjöllum við um þetta svona með þessum hætti og það hefur gerst frá árinu 1998, frá árinu 2000 að menn sjá að margt af því sem var sagt á sínum tíma og olli miklum deilum var kannski of dramatískt eða átti ekki við rök að styðjast og þróunin hefur orðið á þann veg að menn átta sig betur en áður á gildi þess að slíkar rannsóknir fari fram og að slík sýni séu notuð til rannsókna.

Hins vegar er það einkennilegt að orðið lífsýni vekur allt aðrar tilfinningar og allt önnur viðhorf þegar verið er að fjalla um annað en vísindarannsóknir á þessu sviði. Ég man eftir deilum í þingsalnum m.a. varðandi breytingu á útlendingalögunum og breytingar á lögum sem snerta rannsóknir á vegum lögreglu og þeirra yfirvalda sem eiga að halda uppi öryggi í landinu og þegar menn eru að tala um lífsýni þar virðist vera mun meiri tortryggni og mun meiri andstaða við að þau séu notuð í því skyni að upplýsa afbrot eða til að tryggja lífkenni eða auðkenni manna sem eru þess eðlis að lífsýni annars vegar eða annars konar persónueinkenni séu notuð. Á báðum sviðum hefur því orðið mikil þróun en að mínu áliti eru meiri deilur og meiri tortryggni í garð þess að menn séu að tala um lífsýni þegar réttargæslukerfið á í hlut heldur en heilbrigðiskerfið.

En það er hins vegar athyglisvert að velta því fyrir sér að lögregluyfirvöld hafa í samvinnu við lögregluyfirvöld, einkum í Bandaríkjunum, komið á samstarfi um lífsýni og lífsýnageymslur til að auðvelda upplýstrun á afbrotum. Einhverjir vinsælustu sjónvarpsþættir nú um rannsóknaraðferðir lögreglu byggjast m.a. á þeim rannsóknaraðferðum sem lögreglan notar, þar sem lífsýni eru lögð til grundvallar, ef ég má orða það svo, og alls kyns lífsýni eru lykillinn að því að upplýsa alvarleg afbrot. Við erum að fjalla annars vegar um lífsýni og lífsýnasöfn sem snerta heilbrigðiskerfið en það vekur athygli mína þegar ég sé nefndarálitið og þegar ég sé umsagnaraðilana að það virðist ekki hafa verið leitað til lögregluyfirvalda eða fengin umsögn þeirra um þetta því ég held að það sé mjög til þess fallið að auðvelda þingmönnum og öðrum skilning á því hvaða gildi lífsýni hafa fyrir lögregluyfirvöld og réttargæsluaðila ef t.d. hefði verið fengin umsögn frá lögreglunni og jafnvel Útlendingastofnun um slík lífsýni til að menn áttuðu sig á því að það er víðar sem menn nota lífsýni heldur en á sviði læknisfræðinnar og í heilbrigðiskerfinu. Þegar kemur að því að vinna úr lífsýnunum og sinna þeim þá er að vissu leyti samstarf við heilbrigðisyfirvöld en þó er lögreglan farin að búa sér þannig aðstöðu sjálf að hún getur stundað þessar rannsóknir og tekið á málum á eigin grunni og einnig hefur verið náið samstarf við aðila, t.d. á Norðurlöndum, við úrvinnslu á lífsýnum.

Hér er um mikilvægt mál að ræða, virðulegi forseti, mál sem snertir okkur öll og mál sem er nauðsynlegt fyrir þingið að fjalla ítarlega um. Hér hafa komið fram sjónarmið í umræðunum frá hv. þm. Dögg Pálsdóttur sem eru þess eðlis að það er full ástæða að mínu áliti fyrir þingnefndina sem og umboðsmann Alþingis gagnvart því kerfi sem við erum að tala um og á að njóta þess sem við erum að samþykkja, að koma því jafnframt á framfæri að farið sé eftir því sem í lögunum segir og að fólk sé upplýst um réttarstöðu sína þegar það fer til þjónusturannsókna og lífsýni eru tekin. Ég fagna því að hv. formaður nefndarinnar hefur tekið því þannig að hún muni beita sér í því máli og ég lýsi eindregnum stuðningi við þetta mál. Ég tel að málið sé lærdómsríkt að því leyti fyrir okkur hv. þingmenn annars vegar til að leggja mat á það hvernig við afgreiðum það núna og hvað það fer í góðri sátt í gegnum þingið miðað við þær hörðu og áköfu deilur sem ekki voru aðeins í þessum sal þegar fjallað var um gagnagrunninn, heilbrigðisgrunninn sem var kannski fyrsta atlaga okkar, ef þannig má að orði komast, að viðfangsefninu, og miðað við það hvernig þessum málum er háttað þar sem er alger samstaða um efnisatriðin en ábendingar koma fram um það að þrátt fyrir allar umræðurnar á sínum tíma sé kannski ekki nóg að gert í að upplýsa almenning um það hvað sé gert við þau lífsýni sem tekin eru. En ég get einnig tekið undir þau orð hv. þm. Daggar Pálsdóttur og eins og við kynntumst í umræðunum um árið að þau lífsýnasöfn sem eru til og urðu til við allt aðrar aðstæður en við erum að tala um núna eru ómetanleg og hafa náttúrlega ýtt mjög undir að Íslendingar hafa mjög ríkan skilning á gildi þess að þessum lífsýnum sé safnað, þau séu varðveitt og þau séu notuð til að greina sjúkdóma og til að stuðla að auknu heilbrigði í landinu.

[21:58]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir orðum hv. þm. Björns Bjarnasonar þegar hann talaði um lífsýni og lífsýnasöfn lögreglu eða dómsyfirvalda. Þau lífsýnasöfn sem við erum að fjalla um nú og frumvarpið tekur á eru lífsýnasöfn þjónustusýna. Það er þjónustusýni sem er vegna heilbrigðisþjónustu við einstaklinginn. Þjónustusýni er lífsýni tekið vegna heilbrigðisþjónustu við hvern einstakling. Lífsýnasafn vísindasýna er tekið vegna rannsókna á heilbrigðissviði þannig að hvorug þessara skilgreininga sem frumvarpið fjallar um nær yfir það lífsýnasafn sem hv. þingmaður var að vísa til. Við á hv. Alþingi þekkjum vel til þeirra möguleika sem lífsýni geta veitt lögreglurannsóknaryfir-

völdum vegna brota eða til persónuauðkenna en slík söfn falla ekki undir þau lífsýnasöfn sem þetta frumvarp fjallar um. Ég hefði áhuga á því að vita hvort slík söfn eru í raun og veru til og undir hvaða formerkjum þau eru þá geymd.

[22:00]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hafa verið hér umræður um þessi söfn og komið hafa fram fyrirspurnir í þinginu um þau. Það er vitað að lögreglan safnar slíkum gögnum og þau eru geymd miðlægt m.a. hjá alþjóðlegum lögreglustofnunum. Það eru strangar reglur sem gilda um hvernig þeim gögnum er safnað og hvernig með þau er farið. Ég tel að það sé mjög gagnlegt til þess að draga úr tortryggni í garð slíkra safna að tenging sé hér á milli þannig að hv. þingmenn sem fjalla um mál eins og þetta hefðu t.d. kallað til sín sérfræðinga varðandi þessi lífsýnasöfn til þess að það væri vitneskja í nefndinni. Það hefði mátt koma fram skoðun á því í nefndaráliti til að átta sig á stöðu þeirra mála því að eins og við erum sammála um, ég og hv. þingmaður, verður þetta sífellt meira lykiltæki til þess að upplýsa afbrot. Þess vegna er það mjög mikilvægt fyrir lögregluna og kemur fram í lögum um meðferð sakamála og öðrum lögum þar sem menn fjalla um réttarvörslukerfið.

Ég held að það væri gagnlegt til þess að auka öryggi og auka gagnkvæman skilning og hefði t.d. verið æskilegt við meðferð þessa máls að kalla líka til aðila á þessu sviði til þess að hv. heilbrigðisnefnd a.m.k. hefði getað aflað sér upplýsinga um þetta.

[22:02]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykja þessar ábendingar mjög áhugaverðar og ég tel rétt að nefndir þingsins, hvort sem það yrði heilbrigðisnefnd eða allsherjarnefnd, kynntu sér málið frekar. Þetta vekur upp hjá mér spurningar um hvort ekki sé rétt að skoða sérstaklega hvort um lífsýnasafn lögreglunnar, þó svo að það tengist alþjóðlegum gagnabönkum með ákveðnum reglum, þurfi ekki að gilda alveg sérstakar reglur, reglur sem varða söfnin og varðveislu slíkra safna. Ef þær eru ekki til tel ég mjög brýnt að þingið skoði þau mál alveg sérstaklega, hvort sem það verður heilbrigðisnefnd eða allsherjarnefnd sem gerir það.

[22:03]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fullvissa hv. þingmann um að reglurnar eru til og ekki væri hægt að nýta slík gögn nema af því að til eru opinberar reglur um meðferð þeirra. Það hefur hins vegar verið spurning um framkvæmdina vegna tengingar við hina alþjóðlegu aðila og ég held að DNA-rannsóknir á vegum lögreglu hér fari oft fram í Noregi og að leitað sé upplýsinga í Noregi, eins og oft hefur komið fram í fréttum þannig að þetta samstarf er fyrir hendi. Að sjálfsögðu væri ekki hægt að nota þessi sýni nema af því að það eru lagaheimildir til þess og reglur sem gilda um það.

Ég held hins vegar að það sé, eins og komið hefur fram í umræðum okkar hér, mjög gagnlegt að það sé ákveðin brú þarna á milli þannig að vitneskja liggi fyrir og menn átti sig á því að þessi lífsýni skipta máli ekki síður en þau sem notuð eru til læknisrannsókna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnaverndarlög og barnalög, 3. umr.

Frv. KolH o.fl., 19. mál (bann við líkamlegum refsingum o.fl.). — Þskj. 793, frhnál. 832.

[22:04]

Frsm. fél.- og trn. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég flyt hér framhaldsnefndarálit um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum og barnalögum frá félags- og tryggingamálanefnd. Það er á þskj. 832 og er 19. mál. Málið var lagt fram í haust og þá var 1. flutningsmaður á frumvarpinu hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Frá því að frumvarpið var lagt fram sem eitt af fyrstu málum þingsins, enda ber það lága tölu, hafa töluverðar breytingar orðið á því í meðförum félagsmálanefndar sem ég mun gera grein fyrir frekar í framhaldsnefndarálitinu.

Málinu var vísað aftur til nefndar að lokinni 2. umræðu og hefur hún fjallað um málið að nýju. Nefndin fékk á sinn fund Hrefnu Friðriksdóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og Bryndísi Helgadóttur og Jóhönnu Gunnarsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti eftir 2. umr. málsins.

Það kom ábending frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti þess efnis að ekki væri nauðsynlegt að fella inn í barnalög fortakslaus ákvæði um að óheimilt sé að beita barn líkamlegum og andlegum refsingum heldur sé nægilegt að slíkt bann sé í barnaverndarlögum, samanber fyrri breytingartillögur nefndarinnar. Bent var á að unnið væri að því í ráðuneytinu að endurskoða ákvæði barnalaga um forsjá, búsetu og umgengni. Því væri eðlilegt að bíða með breytingu á barnalögum þar til þeirri endurskoðun lyki.

Það kom fram hjá fulltrúum ráðuneytisins að þessari vinnu miðaði vel áfram og mætti búast við að endurskoðun málsins lægi fyrir núna fyrir haustþingið.

Ekki virðist vera ágreiningur um það hjá hlutaðeigandi ráðuneytum að nægilegt sé að bannið sé fært í barnaverndarlögin. Breytingar sem nefndin lagði til á barnaverndarlögum kveða skýrt á um refsinæmi þess að beita barn hvers konar ofbeldi eða sýna af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni. Á það við hver svo sem beitir ofbeldinu, þ.e. hvort sem um er að ræða foreldri eða forsjáraðila eða aðra. Nefndin telur því rétt að bíða með breytingu á barnalögum enda þurfi hugsanlega frekari skoðunar við hvað viðkemur orðalagi og staðsetningu ákvæðisins í lagatextanum. Nefndin áréttar jafnframt að aðrar breytingar sem nefndin lagði til og gerð er grein fyrir í nefndaráliti og breytingartillögum nefndarinnar, samanber þskj. 772 og 773, séu nægilegar til að bregðast við dómi Hæstaréttar í máli nr. 506/2008, og til að tryggja það að fulltrúi barnaverndarnefndar geti verið viðstaddur skýrslutökur af barni hjá lögreglu og fyrir dómi.

Nefndin hefur fengið þær upplýsingar að endurskoðun

barnaverndarlaga sem og vissra ákvæða barnalaga standi yfir. Lögin heyra hvor undir sitt ráðuneytið, hin fyrri undir félags- og tryggingamálaráðuneyti og hin síðari undir dóms- og kirkjumálaráðuneyti og eru sérfræðinefndir að störfum í báðum ráðuneytum. Nefndin beinir því til hlutaðeigandi ráðuneyta að hafa samráð um endurskoðunina og þær breytingar sem af henni leiðir. Þá telur nefndin að það yrði mjög til bóta ef mál yrðu tekin fyrir á þingi á sama tíma og á það var lögð áhersla í nefndinni þannig að hægt væri að hafa heildstæða umfjöllun um efni þeirra. Jafnframt ítrekar nefndin mikilvægi þess að hugtakanotkun í 99. gr. barnaverndarlaga verði skoðuð með tilliti til þess að nota annað orð í stað lauslætis. Vísar nefndin í því samhengi til þess að árið 2007 var gerð sú breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, að orðið vændi kom í stað lauslætis. Nefndin leggur þó áherslu á að sérstök sjónarmið varðandi börn verði höfð að leiðarljósi og notast verði við hugtak sem samrýmist verndarsjónarmiðum gagnvart börnum.

Auk þeirrar breytingar sem gerð er grein fyrir hér að framan leggur nefndin til aðrar smávægilegar breytingar til leiðréttingar á texta en ítrekar að þeim breytingum fylgir ekki breyting á inntaki eða merkingu ákvæða og vísar í þeim efnum til umfjöllunar í áliti nefndarinnar um málið og breytingartillagna á þskj. 772 og 773.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum „svo og“ í 1. efnismálslið komi: skýrslutöku, þannig að það sé alveg ljóst að ákvæðið eigi við um skýrslutöku.

2. Við 3. gr. Í stað orðanna „eða annarri vanvirðandi háttsemi, hótunum eða ógnunum“ komi: hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni.

3. Við 4. gr. Greinin falli brott.

4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson, Árni Johnsen, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Helga Sigrún Harðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir, Þuríður Backman, Kristinn H. Gunnarsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Jón Bjarnason stóðu að nefndarálitinu.

Ástæðan fyrir því að titillinn breytist er að með því að fella niður 4. gr. á þetta frumvarp til laga ekki lengur við um barnalög heldur eingöngu barnaverndarlög og er þar vísað til þess og því er treyst að við endurskoðun barnaverndarlaga og barnalaga verði litið til þeirra sjónarmiða sem hér koma fram í greininni og er ekki talin ástæða til þess að vera að fara inn í þá vinnu sem nú er í gangi.

Ég endurtek og ítreka að það er mikilvægt að endurskoða lögin, bæði barnalögin og barnaverndarlögin með tilliti til þess dóms sem féll á síðasta ári og gengið hefur undir nafninu „flengingardómurinn“, og taka tillit til aðstæðna barna í dag sem eru á svo margan hátt ólíkar því sem áður var bæði hvað varðar uppeldisskilyrði og betri meðvitund hjá þjóðinni. Þjóðin er upplýstari hvað varðar ýmsa þætti sem brjóta börn niður og skemma til framtíðar sem var litið fram hjá áður og trúlega að hluta til vegna þess að fólk gerði sér ekki grein fyrir því hvaða áhrif hlutir eins og einelti, ljót orð og vanhirða á ýmsum sviðum gætu haft á sálarlíf barna til lengri tíma. Síðan hafa bæst við nýjar ógnir eins og netnotkun og einelti gegnum netið, vændi í gegnum netið þar sem verið er að tæla og lokka ung börn eða ung börn notuð í því umhverfi sem þrífst í klámi og í öðru slíku umhverfi. Börn eru því að mörgu leyti óvarðari en þau voru áður og því er mikilvægt að vanda vel til verks, nota það orðalag sem bæði verndar börnin og sem notað er í dag, hafa möguleika til að grípa inn í sem allra fyrst ef einhver minnsti grunur er á misnotkun eða valdbeitingu eða illri meðferð á börnum, sama hvort það snýr að barnaverndinni eða refsingunum.

Hæstv. forseti. Ég tel að með þeirri niðurstöðu sem varð hjá nefndinni, sem breytir að mörgu leyti upphaflegu frumvarpi, er inntakið það sama. Ég treysti því að unnið verði enn frekar að innihaldi frumvarpsins eins og það var lagt fyrir í upphafi.

[22:15]

Dögg Pálsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér í 3. umr. frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum og barnalögum sem raunar breytist í breytingu á barnaverndarlögum í ljósi framhaldsnefndarálits sem hv. þm. Þuríður Backman hefur gert grein fyrir.

Upphaf málsins má rekja til frumvarps á þingskjali 19, sem ég sé ekki betur en að gervallur þingflokkur Vinstri grænna hafi lagt fram síðastliðið haust, hið mætasta og besta frumvarp, sem var skýr viðbrögð við dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra sem þá var nýfallinn, dómur sem síðan var staðfestur af Hæstarétti og ég mun víkja nánar að á eftir.

Það er hins vegar áhugavert, kannski ekki síst út af lagatæknilegum atriðum, hvað þetta frumvarp er búið að taka ótrúlegum breytingum í meðförum þingsins. Það stendur nánast ekki steinn yfir steini þó að innihaldið sé enn þá hið sama með annarri framsetningu sem er númer eitt, tvö og þrjú að tryggja að líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum eða réttara sagt líkamlegar refsingar eða andlegar refsingar séu refsiverðar. Því það er í raun kjarninn í þeim dómi sem ég ætla víkja að nánar á eftir að gildandi ákvæði 99. gr. barnaverndarlaga sé ekki nægilega traust stoð fyrir refsingu ef foreldri, forráðamaður eða einstaklingur með leyfi þess aðila refsar barni líkamlega eða andlega.

Kjarni málsins með þessu frumvarpi er að bæta, auka og efla vernd barna og ungmenna, og er það sérstakt ánægjuefni að þetta sé þingmannafrumvarp. Það sýnir hvað þingmenn geta brugðist snöggt við. Það er sérstaklega ánægjulegt að það skuli síðan hafa fengið meðbyr í gegnum þingið. Ég hygg að varla sé til, kannski örfá en þau eru a.m.k. fá dæmin um að þingmannafrumvarp fari alla leið í gegn á einu og sama þinginu.

Ég vona einlæglega að þetta sé vísbending um ný og breytt vinnubrögð hjá þinginu sem mér finnst að eigi að taka upp. Ég verð að viðurkenna að ég hef aldrei skilið þessa feimni þingmanna í að beita sjálfir lagasetningarvaldinu, þ.e. frumvarpstillöguvaldinu sem þeir skýrt hafa. Það

er ekkert sem kallar á að þingmenn sitji með hendur í skauti og bíði eftir því að framkvæmdarvaldið mati þá á frumvörpum sem hér eigi að afgreiða.

Það er nefnilega mjög oft alls konar mál, og þetta mál er mjög dæmigert um það, sem kalla á skjót og snögg viðbrögð, skjótar lagabreytingar og að bregðast þurfi við einhverju sem gerist en það getur stundum tekið framkvæmdarvaldið allt of langan tíma að bregðast við. Þó ég svo kaupi alveg þau rök sem hér eru lögð fram í framhaldsnefndarálitinu sem verða þess valdandi að 4. gr. frumvarpsins eins og það leit út eftir 2. umr. er hent út. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er ekki alveg glöð með að það skuli gert. Mér finnst þau rök að verið sé að endurskoða barnalögin, ákveðna þætti þeirra — í raun þekki ég þá vinnu því hún er m.a. afrakstur þess frumvarps sem ég sjálf lagði fram í fyrra og er raunar búin að endurleggja fram núna af því þar eru skiptar skoðanir um hluti. Í mínum huga er slík vinna stundum bara aðferð til að tefja mál, svo ég segi það hreint út. Ég hefði alveg getað hugsað mér að hafa 4. gr. inni þangað til barnalögunum verður breytt hvenær sem það verður gert.

En ég ætla svo sem ekki að vefengja þær ástæður sem gera það að verkum að hv. félags- og tryggingnefnd er samhljóða og sammála í því að fylgja þeim ábendingum sem komu frá embættismönnum og bíða þá með breytingar á barnalögunum eftir þeirri endurskoðun sem þar er í gangi. Ég ítreka að ég hefði gjarnan viljað sjá þessa breytingu á barnalögunum líka og tel að það hefði ekkert skaðað þótt hún kæmist strax í gegn.

En við búum við það að dómur féll 22. janúar 2009, fyrst héraðsdómur sem var staðfestur af Hæstarétti, í máli nr. 506/2008. Héraðsdómurinn var frá haustinu eða síðla sumars í fyrra, ef ég man rétt, a.m.k. einhvern tímann áður en frumvarpið var lagt fram í byrjun október 2008.

Þar voru málavextir þeir að ákærða, sambýlismanni móður, var gefið að sök að hafa rassskellt drengi hennar tvisvar eða þrisvar á beran rassinn svo fast að þeir hlutu roða af á rassinn. Þetta athæfi var talið varða af hálfu ákæruvaldsins við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga í kynferðiskaflanum og 2. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga sem er um líkamlegt ofbeldi.

Enginn vafi var um það að þessi háttsemi átti sér stað, bæði af framburði ákærða, hann sem sé viðurkenndi að hafa rassskellt drengina, og af skýrslu drengjanna mátti ráða hversu oft þetta hafði gerst. Hins vegar lá fyrir að móðir drengjanna virtist hafa samþykkt þetta athæfi og það virðist vera ákveðin þungamiðja í þessum dómi. Það að hún gerði það virðist gera það að verkum að þetta er ekki talið ofbeldisbrot.

Því er hafnað í héraðsdómi að þessi háttsemi ákærða hafi verið einhvers konar kynferðislegt ofbeldi. Því er hafnað að þessi háttsemi sé heimfærð undir 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. En síðan er það rökstuðningurinn sem verður þess valdandi að þetta er heldur ekki heimfært undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Í dómi héraðsdóms segir, með leyfi forseta:

„Almennt séð varðar það við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga að slá mann nauðugan á rassinn með flötum lófa svo að undan roðnar. Til þess er hins vegar að líta að hugsanlega tíðkast eitthvað, eða hefur tíðkast, að flengja börn. Verður að gæta að því að ekki verður öðruvísi litið á en að ákærði hafi flengt drengina með samþykki móður þeirra, í tilefni af því að þeir höfðu sýnt af sér óþekkt, þótt ekki liggi fyrir í hverju hún hafi falist. Hversu óviðurkvæmilegt sem það kann að virðast nú á tímum að flengja börn fyrir óþægð þykir ekki verða kveðið á um það hér að það varði refsingu, ef uppalandi barns tekur á því ábyrgð með samþykki sínu og nærveru, þegar til þess er litið að skilja verður ákvæði 1. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002“ — þ.e. barnaverndarlaganna — „svo að ekki sé þar lagt algert bann við því að börn séu beitt refsingum og líkamlegar refsingar þar ekki undanskildar, sbr. hins vegar a-lið 3. mgr. 82. gr. laganna, sem leggur bann við því að börn sem dveljast á heimili eða stofnun skv. 79. gr. séu beitt andlegum og líkamlegum refsingum.

Til vara er háttsemi ákærða heimfærð til nefnds ákvæðis 1. mgr. og einnig 3. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002. Samkvæmt 1. mgr. varðar það hvern sem beitir barn refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega, sektum eða fangelsi allt að þremur árum og samkvæmt 3. mgr. hvern sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar, sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Í þessu máli liggur ekkert mat fyrir á því að refsing sem ákærði beitti drengina með samþykki móðurinnar og að henni viðstaddri hafi verið til þess fallin að skaða þá andlega eða líkamlega. Ekkert liggur heldur fyrir um það að drengirnir hafi orðið fyrir slíkum skaða. Þótt það sé skoðun dómara að það sé óheppilegt og óæskilegt að flengja börn, er varhugavert að slá því föstu hér að það falli ætíð undir það að vera yfirgangur, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi í skilningi nefnds ákvæðis. Verður því ekki fallist á að verknaður ákærða verði heimfærður til ákvæða 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002. Samkvæmt þessu verður ákærði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins að því er varðar 1. tölulið ákærunnar.“

Hæstiréttur staðfestir þennan dóm með dómi sínum 22. janúar 2009 og segir þar í dómnum, með leyfi forseta:

„Með 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, er ekki lagt fortakslaust bann við því að foreldri eða annar maður með samþykki þess beiti barn líkamlegum aðgerðum til að bregðast við óþægð, heldur er refsinæmi slíkrar háttsemi háð því að gerðir hans séu til þess fallnar að skaða barnið andlega eða líkamlega. Ekki hafa verið færðar sönnur fyrir að háttsemi ákærða, sem 1. liður ákæru tekur til, hafi farið út fyrir þau mörk, sem þetta ákvæði felur í sér. Með þessari athugasemd en að öðru leyti með vísan til forsenda hins áfrýjaða dóms verður að staðfesta niðurstöðu hans.“

Af þessum dómi má að vísu ráða að ef ákæruvaldið hefði leitast við að kanna hvort þessar rassskellingar hefðu haft varanleg áhrif á börnin, ef á einhvern hátt hægt er að komast að því, væri hugsanlegt að niðurstaða dómsins hefði verið önnur. Ég les það a.m.k. úr rökstuðningi héraðsdóms og Hæstaréttar.

Ég hygg að eftir að dómur féll sem og staðfesting Hæstaréttar hafi allir verið um það sammála að við gætum ekki í nútímasamfélagi, þar sem við viljum slá skjaldborg

um börn og vernda þau fyrir hvers kyns ofbeldi, andlegu og líkamlegu, og hvers kyns vanvirðandi háttsemi, búið við það að líkamlegt ofbeldi, eins og rassskelling er, væri leyfileg. Við viljum ekki búa í slíku samfélagi. Það er ekki flóknara en það. Það var því mjög gott — og eins og ég hef áður sagt eiga þingmenn Vinstri grænna sérstakan heiður skilið fyrir að hafa brugðist svo skjótt við og lagt fram það frumvarp sem við erum nálægt því að samþykkja.

Með þessum breytingum mun það vonandi heyra sögunni til að framkoma sem umræddum drengjum var sýnd, þrátt fyrir samþykki forráðamanns, viðgangist lengur. Með þessu verða vonandi skýr og klár skilaboð til allra foreldra og forráðamanna að ekki er ætlast til að þeir hvorki framkvæmi sjálfir né samþykki að aðrir framkvæmi slíka háttsemi gagnvart börnum. Uppeldisfræðin er komin svo langt að aga á börn með öðrum hætti en refsingum, og það eru til alls kyns ögunaraðferðir. Það er hinn svokallaði blíði agi sem á að beita á börn þannig að þau geri sér grein fyrir hvenær þau eru að gera rétt eða rangt. Það á fyrst og fremst að tala við þau þannig að þau læri hvað sé rétt eða rangt. Líkamlegar refsingar eru ekki til þess fallnar.

En út af því sem kom fram hjá mér áðan um barnalögin þá megum við svo sem ekki horfa fram hjá því, þó ég hefði gjarnan viljað, að 2. mgr. 28. gr. barnalaganna hefði verið gerð skýrari þó svo að þar sé ákvæði sem sett var inn í barnalögin 2003, sem var nýmæli á þeim tíma, að í forsjá barns felist skylda foreldra til að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Sem auðvitað vekur spurningar um það brot, þó það sé ekki umfjöllunarefni hér, sem foreldrið sem átti umrædda drengi sýndi á sínum forsjárskyldum, að hafa samþykkt þá háttsemi sem þar var viðhöfð. En það er ekki umfjöllunarefni hér og ekki ástæða til að fara nánar út í það.

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp hefur farið í gegnum mjög mikla umræðu. Það hefur farið tvisvar í nefnd, búið er að margbreyta því og við sitjum hér með frumvarpið þannig að ekkert er eftir nema breyting á barnaverndarlögum af því það er samdóma álit þeirra embættismanna sem hingað hafa komið að það dugi. Í framhaldsnefndarálitinu sem liggur fyrir og hv. þm. Þuríður Backman kynnti voru gerðar nokkrar viðbótarbreytingar sem allar eru til þess fallnar að hnykkja og undirstrika enn betur að tryggja að það sé skýrt og klárt að háttsemi af því tagi sem samþykkt var með umræddum hæstaréttardómi geti ekki komið fyrir aftur.

Ég get lýst því yfir fyrir a.m.k. mína parta og ég hygg að ég tali þar fyrir þingflokk Sjálfstæðisflokksins að við styðjum þetta frumvarp eindregið enda hafa (Forseti hringir.) fulltrúar flokksins í nefndinni skrifað undir nefndarálitið fyrirvaralaust. Það er sérstakt (Forseti hringir.) fögnunarefni að frumvarpið er að verða að lögum.

[22:30]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Upphaf þess máls sem við ræðum hér, frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum og barnalögum, má rekja til sýknudóma eins og hér hefur verið sagt frá, fyrst í Héraðsdómi Norðurlands og síðan í Hæstarétti, sýknudóma yfir manni sem ákærður var fyrir að hafa rassskellt á beran botninn tvo unga drengi, 4 og 6 ára gamla, og strokið þeim síðan um rassinn og olíuborið á eftir.

Fráskildir foreldrar barnanna voru þeirrar skoðunar að ekki hefði verið rétt að refsa þeim fyrir óþægð með flengingum og kærðu manninn, sem var kærasti móðurinnar en bjó þó ekki með börnunum. Hann var kærður bæði fyrir kynferðisafbrot og fyrir líkamsárás. Það er dapurlegt að réttarfari í þessu landi skuli svo komið að allur vafi hafi verið túlkaður ákærða í hag og sem fyrr segir var hann fundinn sýkn sakar. Í dómnum er m.a.s. bent á að það varði við hegningarlög að slá mann nauðugan á rassinn en dómurinn vísar síðan til þess að það hafi tíðkast eitthvað að flengja börn og ekki sé lagt algjört bann við því í lögunum.

Mig langar til að vitna hér í grein sem birtist í *Morgunblaðinu* 22. mars sl. í kjölfar hæstaréttardómsins. Höfundur greinarinnar er Guðrún Kristinsdóttir, sem er prófessor í uppeldisgreinum við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Í dómnum er vísað í barnaverndarlög. Segir að þótt það sé skoðun dómara að það sé óheppilegt og óæskilegt að flengja börn sé varhugavert að slá því föstu að það falli ætíð undir yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi í skilningi 3. mgr. sömu laga, sem varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum."

Síðan segir höfundur greinarinnar:

„Þetta er túlkunaratriði og er mér ekki kunnugt í þaula hvernig ákvæðið hefur verið túlkað hingað til. Í almennum skilningi og með hliðsjón af því sem fram kemur hér að ofan tel ég þó ótvírætt að maðurinn hafi verið með yfirgang á heimili móður og í garð umræddra barna."

Lokaorðin í grein Guðrúnar Kristinsdóttur eru:

„Dómur af þessu tagi kann að ýta undir það viðhorf að líkamlegar hirtingar foreldra eða staðgengla þeirra, réttmætra eða óréttmætra, séu viðunandi hegðun."

Við þessum dómi var hart brugðist eins og hér hefur komið fram og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir var 1. flutningsmaður frumvarps til breytinga á lögum sem ætlað var að tryggja að það væri fortakslaust refsivert að beita börn líkamlegu ofbeldi og sérstaklega í refsingarskyni. Þessi dómur sem hér liggur fyrir — ég hlýt að mótmæla því sem fram kom hjá hv. þm. Dögg Pálsdóttur áðan um að um brot á forsjárskyldum hafi verið að ræða hjá viðkomandi móður þar sem forsjáraðilum er skylt að vernda börn sín gegn ofbeldi, andlegu og líkamlegu.

Mig langar að vitna aftur til þess sem Guðrún Kristinsdóttir prófessor segir, en hún hefur mikla þekkingu á ofbeldi og ofbeldissamböndum. Hún er einn af stofnendum Kvennaathvarfsins og hefur fylgt þessum málum eftir, heimilisofbeldi og ofbeldi gegn konum og börnum, um áratugaskeið. Í grein sinni í *Morgunblaðinu* 22. mars vísar hún til þess sem segir í dómnum og ber vott um að maðurinn, sem eins og ég nefndi áðan var kærasti og ekki sambýlismaður, hafi tekið stjórnina af konunni.

Eins og Guðrún segir hér:

„... en hann tók yfir vald hennar til að siða börnin með rassskellingum. Lýst er hvernig ákærði vildi fylgjast með hegðun barnanna, hann vildi vita um hvert einasta skipti sem þeir gerðu eitthvað af sér." — Ég minni á að þeir eru 4

og 6 ára gamlir. — „Hann ræddi við móðurina um að það þyrfti að refsa þeim með flengingum og tók yfir að gera það sjálfur. Þetta allt ber vott um þá stjórnsemi sem er einkennandi fyrir þá sem beita ofbeldi á heimilum."

Áfram:

„Bent er á að móðirin hafi samþykkt rassskellingarnar. Það segist hún reyndar hafa gert í fyrstu en síðan farið að leyna manninn því ef börnin voru óþekk. Í dómnum virðist mér mikið gert úr umræddu samþykki móður. Mun minna vægi fær það að hún dregur samþykkið til baka, leynir manninn óþægð barnanna og kemst þannig hjá því að hann haldi áfram hirtingum. Athygli vekur að konan sneiðir hjá því að segja manninum að hún vilji vera laus við þessa afskiptasemi hans."

Af þessu dregur prófessorinn þá ályktun að sambandið sem hér er vitnað til hafi ekki byggst á trausti og öryggi heldur á óöryggi og ótta en slíkt er einmitt algengt og einkennandi þar sem ofbeldi er á ferð.

Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram, herra forseti, vegna þess að eins ótrúlegt og það kann að virðast bera ofbeldissambönd af þessu tagi ákveðin einkenni sem hægt er að lesa í. Dómendum, bæði í Héraðsdómi Norðurlands og í Hæstarétti, virðist því miður hafa verið það fyrirmunað.

Í annarri grein sem birtist í *Morgunblaðinu* 8. mars eftir Vilhjálm Rafnsson, prófessor í heilbrigðis- og faraldsfræði, er fjallað um þetta mál. Vilhjálmur segir dóminn óhugnanlega lesningu og lærdómsríka. Hann bendir á að strax þegar *héraðsdómurinn féll á síðasta ári hafi forstjóri Barnaverndarstofu* bent á það opinberlega að vitað væri og viðurkennt af þeim sem best þekkja að líkamlegar aðgerðir sem uppeldisaðferð gætu verið mjög skaðlegar börnum. Þær væru niðurlægjandi fyrir börnin, brytu niður sjálfsvirðingu þeirra og sjálfsmynd.

Síðan segir Vilhjálmur Rafnsson prófessor:

„Ýmislegt í dómnum bendir til þess að hegðun flengjarans hafi ekki haft eingöngu með uppeldi að gera eins og hann heldur fram, heldur geti hafa verið kynferðisleg, en dómarar Hæstaréttar leiða þetta hjá sér og spyrja hann ekki af hverju hann var á ferð með olíu eftir flengingar sem drengirnir kveinkuðu sér ekki undan." (Forseti hringir.)

(**Forseti** (EMS): Forseti vill vekja athygli hv. þingmanns á því að þegar lesinn er upp texti ber að gera það með leyfi forseta.)

Já. Ég skal muna eftir því og hér lýkur tilvitnun, með leyfi forseta.

Það er ekki nema von að mönnum hafi brugðið þegar héraðsdómur birtist og ég tala nú ekki um þegar hæstaréttardómurinn birtist, og virðast dómendur hafa verið algjörlega úr takti við það sem menn almennt töldu að væri fest hér í lög, að það mætti ekki berja börn og það væri refsivert að refsa börnum með líkamlegum flengingum eða barsmíðum. En svo reyndist ekki vera að mati dómendanna. Þeir lokuðu þar að auki augunum fyrir öllu því sem benti til þess að um ofbeldissamband væri að ræða, ofbeldisfullan einstakling, og að þarna gæti hafa verið um kynferðislega athöfn að ræða um leið. Það var þess vegna mjög nauðsynlegt og er mjög mikilvægt að samþykkja frumvarpið sem hér um ræðir en það gerir það fortakslaust refsivert að beita börn andlegum eða líkamlegum refsingum með þessum hætti.

Hér hefur komið fram að um þingmannafrumvarp er að ræða sem hefur tekið gríðarlega miklum breytingum. Eins og hv. framsögumaður nefndarálitsins, Þuríður Backman, sagði áðan, tók frumvarpið bæði til barnalaga og barnaverndarlaga en þessir lagabálkar heyra annars vegar undir dómsmálaráðuneyti og hins vegar undir félags- og tryggingamálaráðuneyti. Málinu var upphaflega vísað í allsherjarnefnd en þaðan fór það yfir ganginn til félags- og tryggingamálanefndar með góðum stuðningi ráðherra barnaverndarlaga, Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Þar á bæ höfðu sömu hugsanir leitað á menn og í ráðuneytinu var vilji til þess að breyta sérstaklega þessum ákvæðum á sama hátt og hér er verið að gera. Enda þótt heildarendurskoðun stæði yfir vildu menn taka þetta ákvæði út og það varð niðurstaðan.

Hér hefur einnig komið fram að ekki aðeins er verið að endurskoða barnalögin á vegum dómsmálaráðuneytisins heldur einnig barnaverndarlögin í félags- og tryggingamálaráðuneyti. Er þess vænst að þeirri endurskoðun ljúki næsta haust og það er vel að nefndin sem hér skilar framhaldsnefndaráliti, á þskj. 832, ítrekar hversu mikilvægt það er að fá þessa lagabálka báða inn á sama tíma til þingsins. Ég vil minna á enn eitt atriði í sambandi við það, þ.e. að aðlögun íslenskra laga að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skal einmitt vera lokið fyrir 20. nóvember á þessu ári en þá verða 20 ár liðin frá því að hann var samþykktur.

Herra forseti. Ég tel að hér sé um mjög mikilvægt skref að ræða, mjög mikilvægt lagaákvæði, og ég fagna því sérstaklega, eins og hv. þm. Dögg Pálsdóttir gerði hér áðan, að þingið sjálft skuli grípa til þess að flytja, vinna og samþykkja *jafnmikilvægt mál* og þetta. *Annað mál sem mikið* hefur verið rætt um og er þingmannamál er frumvarp um ábyrgðarmenn sem hér var samþykkt fyrir 2–3 vikum, en það hefur ólíkt þessu, eins og bent hefur verið á, verið flutt einum tólf sinnum á undanförnum árum. Hér er verið að flytja þingmannafrumvarp sem mér sýnist að muni verða að lögum með stuðningi allra þingmanna allra flokka strax á morgun og það er vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 356. mál (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn). — Þskj. 606, nál. 843 og 862, brtt. 844 og 863.

[22:45]

Frsm. 1. minni hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá 1. minni hluta viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög sem varðar eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn.

Þetta frumvarp tekur til þriggja þátta, herra forseti. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting á ákvæðum laga um hlutafélög að skylda stjórn hlutafélags til að sjá til þess að hluta-

skrá, samanber 30. gr. laganna, geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa, hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt. Þá skuli stjórn félags leggja fyrir aðalfund samantekt um hlutafjáreign einstakra hluthafa, rétt þeirra til að greiða atkvæði og um breytingar sem orðið hafa á árinu. Sambærilegar upplýsingar skal stjórnin leggja fyrir um samstæðutengsl félagsins. Tilgangur þessara ákvæða frumvarpsins er að auka gagnsæi hvað varðar eignarhald og atkvæðisrétt í íslenskum hlutafélögum og koma þannig til móts við þá gagnrýni að á það hafi skort í íslensku viðskiptalífi.

Ég minnist þess er við ræddum þetta frumvarp fyrr í vor þá brast svolítið á með hlátri í þingsalnum þegar á það var bent að það ætti að hafa réttar upplýsingar í hlutaskrá og setja þyrfti sérstök lög um það. Mönnum þótti það eiginlega sjálfsagt, herra forseti, að svo væri. En það er ekki svo og það fengum við að sjá í blöðum bæjarins í gær þegar *Fréttablaðið* birti á 12. síðu sinni upplýsingar eða fréttaskýringu um eignarhald þingmanna í hlutafélögum, en þessi fréttaskýring og skrá var einmitt byggð á hlutaskránni sem hér um ræðir og við teljum öll, tel ég, hv. nefndarmenn í viðskiptanefnd, að rétt sé að setja í lög að hlutaskrá eigi að geyma réttar upplýsingar og skylda eigi stjórnir félaga til að sjá til þess.

Í þessari fréttaskýringu *Fréttablaðsins* í gær kemur fram að þingmenn séu tengdir minnst 55 félögum. Nú ætla ég ekki að segja neitt um þá flokka sem ég ekki þekki en það verður að viðurkennast að það vakti nokkra athygli mína og okkar í Vinstri grænum að þarna voru meðal níu þingmanna okkar ein fimm slík tengsl við, eins og hér sagði, hlutafélög, og okkur þótti það með nokkrum ólíkindum. Við nánari athugun kom í ljós það sem hér er lagt til að leiðrétta að hlutaskráin er einfaldlega röng, hún geymir úreltar upplýsingar, a.m.k. hvað varðar okkur þingmenn Vinstri grænna. Við nánari athugun, og það kemur fram í yfirlýsingu frá framkvæmdastjóra flokksins, kemur í ljós að þau tengsl sem hér eru rakin í hlutaskrá þar sem einn er sagður meðstjórnandi, einn er sagður endurskoðandi og meðstjórnandi, einn er sagður varamaður á tveimur stöðum, fimm svokölluð tengsl, þá er niðurstaðan sú að þarna er um að ræða tvö slík sæti. Sú sem hér stendur er varamaður í stjórn einkahlutafélags sem ber nafnið Plássið, og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson er stjórnarmaður Sjóminjasafnsins í Reykjavík þar sem hann gegnir reyndar stöðu varaformanns, en Sjóminjasafnið er ekki hlutafélag og ekki einkahlutafélag heldur sjálfseignarstofnun sem einnig eru geymdar upplýsingar um í hlutaskrá.

Herra forseti. Ég er ekki að rekja þetta vegna þess að þetta séu svo óskaplegir viðburðir eða fréttir heldur til áréttingar á því að hlutaskráin geymir einfaldlega ekki réttar upplýsingar á hverjum tíma. Þess vegna er hér lagt til að skylda stjórn félaga, hlutafélaga sérstaklega, til að sjá til þess að hlutaskráin geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa, um hlutafjáreign þeirra og um atkvæðisrétt. 1. minni hluti, sem ég mæli hér fyrir, leggur til að þetta ákvæði verði óbreytt og ég tel að svo sé einnig um 2. minni hluta viðskiptanefndar. Þetta var um fyrsta atriðið sem breytingar þessa frumvarps taka til.

Annað atriðið varðar áréttingu um að gæta skuli að kynjahlutföllum í stjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga sem og við ráðningu framkvæmdastjóra. Þar er lagt til að þetta verði tekið í lög eins og orðanna hljóðan er, með leyfi forseta, að gæta skuli að kynjahlutföllum í stjórnum.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli sundurliða upplýsingar um hlutfall kynja í stjórn og meðal framkvæmdastjóra, svo og hlutfall kynja meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra í skipulagi félags. Fyrir nefndinni var því hreyft og um það rætt að hér væri um of víðfeðma upplýsingagjöf að ræða og lögfesting þess kallaði á aukið skrifræði. Var vísað til þess að það væri fremur í takt við markmið frumvarpsins að einungis yrði tilkynnt um kynjahlutföll í stjórnendahópi félags og jafnvel bent á að ráða mætti kyn manna af nöfnum þeirra í tilkynningum sem nú eru sendar hlutafélagaskrá og þannig gæfi hlutafélagaskráin upplýsingar um kyn auk þess sem hún gæti skráð upplýsingar um kyn út frá þeim upplýsingum.

Nú er þess að geta, herra forseti, að í lögum um opinber hlutafélög, í 1. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög er kveðið á um að í stjórn opinbers hlutafélags skuli tryggt að sitji sem næst jafnmargar konur og karlar. Um það var rætt í nefndinni og kom fram frá þó nokkrum umsagnaraðilum að ákvæði þessa frumvarps þyrfti að vera afdráttarlausara en svo að mæla einungis fyrir um að gætt skuli að kynjahlutföllum. Sumir gesta nefndarinnar töldu reyndar að ganga ætti lengra, jafnvel í þá veru að mæla fyrir um 40/60 kynjakvóta og í því sambandi var m.a. vísað til norskra laga um það efni en í þeim er tilgreindur lágmarksfjöldi af hvoru kyni í stjórnum hlutafélaga í hlutfalli við fjölda stjórnarmanna. Við setningu norsku laganna var gefinn mjög rúmur tími til aðlögunar. Fyrsta skrefið var stigið með því að skylda, eins og er í íslenskum lögum, stjórnir opinberra hlutafélaga til þess að gæta að réttum hlutföllum kynja miðað við fjölda en síðan var almenna markaðnum eða almennu félögunum, hlutafélögunum, gefinn tími til aðlögunar áður en það var lögfest að svo skyldi einnig vera á þeim bæjunum.

1. minni hluti, sem ég mæli hér fyrir, telur að með þessu frumvarpi sé stigið skref í rétta átt. Sum okkar hefðu eflaust viljað ganga mun lengra en það er viðurkennt í nefndarálitinu að hér sé a.m.k. stigið skref í rétta átt og við bendum á að þær upplýsingar sem hér er rætt um að safna muni gagnast Jafnréttisstofu vel við eftirlit með framkvæmd jafnréttisáætlana. Við bendum á að nú þegar hvíla skyldur á félögum samkvæmt jafnréttislögum.

Samkvæmt úttekt Hagstofu Íslands, *Konur og karlar í áhrifastöðum 2008,* kemur fram að um níu af hverjum tíu framkvæmdastjórum, stjórnarformönnum og stjórnarmönnum fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri séu karlar. Í úttektinni segir einnig að á tímabilinu 1999–2007 hafi kynjaskipting stjórnarmanna og stjórnarformanna nánast verið sú sama allan tímann, 22% konur og 78% karlar. Á sama tímabili, frá árinu 1999–2007, hafi hlutfall kvenna í framkvæmdastjórnum aukist úr 15% í 19%. Þetta er afskaplega hægfara þróun, herra forseti, og ljóst að gera þarf eitthvað róttækt til að breyta því. Hér er stigið fyrsta skrefið, skref í rétta átt, með því að skylda menn til þess að gæta að kynjahlutföllum, segja má að þetta séu almenn hvatningarorð um að gætt skuli að jafnrétti kynjanna. 1. minni hluti telur mik-

ilvægt, verði frumvarpið að lögum svona, þetta ákvæði, að mjög grannt verði fylgst með framkvæmdinni og því hvort lögin nái þeim yfirlýsta tilgangi að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum í hlutafélögum og einkahlutafélögum, en hugsanlegt er að síðar þurfi að skoða aðrar leiðir og þar á ég við sérstakan aðlögunartíma eða beina lagasetningu.

Fyrsti minni hluti leggur til nokkra breytingu á þessu ákvæði, m.a. þá að sundurliðun upplýsinga um hlutföll kynja meðal starfsmanna nái aðeins til einkahlutafélaga og hlutafélaga þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ári. Er þetta gert til að undanskilja minnstu félögin þessari tilkynningarskyldu en þessi fjöldi samræmist ákvæðum jafnréttislaga um að félög af þessari stærð, þ.e. með fleiri en 25 starfsmenn á ársgrundvelli, skuli gera jafnréttisáætlanir eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Þá er einnig lagt til breytt orðalag þannig að í stað þess að veita skuli upplýsingar um hlutföll kynja „meðal starfsmanna eftir stöðu í skipulagi“, eins og sagði í upphaflega frumvarpstextanum, verði kveðið á um að veittar verði upplýsingar um hlutföll kynja meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins. Úr þessum upplýsingum mætti þá ráða hversu margir karlar og/eða hversu margar konur gegna stjórnunarstöðum í félagi miðað við heildarstarfsmannafjölda þess. 1. minni hluti leggur einnig til breytingu á orðalagi 2. málsl. 2. gr. og 2. málsl. 8. gr. í þá veru að skjóta inn orðunum „um stjórnir“ til að hnykkja á því að þær upplýsingar sem veita skal samkvæmt ákvæðum frumvarpsins um hlutföll kynja í störfum og stjórnum skuli samkvæmt ákvæðum frumvarpsins veita samhliða því að tilkynnt er um breytingar í stjórn félagsins en ekki þarf að tilkynna samstundis um minnstu breytingar í starfsmannahaldi. 1. minni hluti, sem ég mæli hér fyrir, telur að upplýsingagjöf af þessu tagi þjóni því hlutverki að gera sýnilegan hlut kvenna og karla í starfsemi félaga til þess að leiðrétta megi halla sem slík upplýsingagjöf kann að leiða í ljós. Þannig verði náð því markmiði frumvarpsins að stuðla að jafnari hlut kvenna og karla í áhrifastöðum í hlutafélögum og einkahlutafélögum með auknu gagnsæi og greiðari aðgangi að upplýsingum.

Herra forseti. Sem sjá má eru fulltrúar Sjálfstæðisflokks í hv. viðskiptanefnd ekki sammála okkur í þessum efnum og telja að takmarka beri upplýsingagjöf um hlutfall kynjanna við stjórnir félaga með þeim rökum m.a. að upplýsingagjöf um annað sé viðurhlutamikil og samrýmist ekki endilega tilgangi frumvarpsins.

Ég ítreka að röksemdirnar fyrir breytingum 1. minni hluta eru þær að nú þegar hvíla skyldur á félögum sem eru með 25 starfsmenn eða fleiri og því þótti okkur eðlilegt að miða við þann fjölda og með því takmarkast þessi upplýsingagjöf við sömu félög og undanskilur minnstu félögin.

Herra forseti. Þriðja breytingin sem þetta frumvarp hefur í för með sér, verði það að lögum, er tillaga um að við lög um hlutafélög verði bætt ákvæði um starfandi stjórnarformenn. Ákvæðið byggist m.a. á áliti nefndar um íslenskt viðskiptaumhverfi frá september 2004. Meiri hluti nefndarinnar lagði til að stjórnarformanni hlutafélags yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem féllu undir eðlileg störf stjórnarformanns. Í áliti nefndarinnar kom fram að hún teldi óæskilegt að stjórnarformenn væru í reynd hluti af framkvæmdastjórn félags enda væri eitt af hlutverkum stjórnarformanns að stýra eftirliti stjórnar með félaginu. Fram hefur komið að ákvæðið, sem hér er vísað til í frumvarpinu, er byggt á grein í dönskum lögum um hlutafélög en þar á það þó aðeins við um félög sem eru skráð á markað. Við umfjöllun um þetta atriði í nefndinni var bent á að danska ákvæðið væri umdeilt auk þess sem óljóst þætti hvað teldist „eðlilegur hluti starfa stjórnarformanns“. Þá var rætt um að ákvæðið gæti orðið íþyngjandi fyrir minni hlutafélög. Eins og hvað varðar kynjahlutfallið skildust þarna skyndilega leiðir milli sjálfstæðismanna í hv. viðskiptanefnd og fulltrúa Vinstri grænna, Samfylkingar og Framsóknarflokks. 1. minni hluti, sem ég mæli hér fyrir, bendir á að hérlendis starfa mörg stór félög sem ekki eru skráð á markaði og má geta þess að yrði gerð breyting þannig að 4. gr. frumvarpsins næði aðeins til skráðra félaga mundi hún einungis ná til 12 hlutafélaga á Íslandi. Það, herra forseti, væri þvert á markmið frumvarpsins og tillögur þeirrar nefndar sem var starfandi og skilaði af sér í september 2004 um íslenskt viðskiptalíf. 1. minni hluti ítrekar einnig í nefndarálitinu það hlutverk stjórnarformanns að hann skuli stýra eftirliti stjórnar með félagi. Því verður að telja hættu á hagsmunaárekstrum ef stjórnarformaður er jafnframt starfsmaður félagsins þar sem hann stjórnar þá í raun eftirliti með sjálfum sér. Með ákvæðinu er stefnt að því að minnka líkur á slíkum hagsmunaárekstrum en 1. minni hluti áréttar að stjórn félags getur eftir sem áður falið stjórnarformanni að vinna einstök verkefni fyrir hana.

Til að koma til móts við ábendingar sem borist höfðu leggur 1. minni hluti til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða um að heimilt verði að fresta framkvæmd ákvæða um starfandi stjórnarformann til næsta aðalfundar eftir aðalfund árið 2009. Er þannig, herra forseti, veittur tími til aðlögunar til að ráðrúm gefist til að koma málum þannig fyrir að samræmist ákvæðum laganna, verði frumvarpið að lögum. 1. minni hluti leggur einnig til lagfæringu á 7. gr. frumvarpsins.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins í hv. viðskiptanefnd leggja á hinn bóginn til að bann við starfandi stjórnarformanni verði takmarkað við þau félög sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda, en samkvæmt upplýsingum sem nefndinni bárust frá viðskiptaráðuneytinu þrengir þetta verulega og fækkar þeim félögum sem ákvæðið nær til. Eins og ég sagði áðan er mesta þrengingin eins og hún er í dönsku lögunum vegna aðstæðna hér á markaði og ef miðað væri við það mundi þetta aðeins ná til 12 hlutafélaga, en ákvæði frumvarpsins óbreytt að þessu leyti, eins og 1. minni hluti leggur til, tekur til um 800 hlutafélaga, stórra sem smárra. Endurskoðunarskyldan sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins leggja til að þetta takmarkist við mundi þrengja þennan hóp niður í um 550 hlutafélög og ég tel, herra forseti, óþarft að opna fyrir þá hagsmunaárekstra, sem hér er verið að reyna að koma í veg fyrir með banni við starfandi stjórnarformönnum, í 250 félögum eins og þarna er gert ráð fyrir.

Herra forseti. Á þskj. 844 er að finna þær fjórar breyt-

ingartillögur sem ég hef gert hér grein fyrir. Þær varða smálagfæringu en einkum ákvæði um að gæta skuli að kynjahlutföllum í stjórnum auk þess sem lagður er til aðlögunartími vegna banns við starfandi stjórnarformanni, en við fyrsta atriðið sem ég nefndi, aukið gagnsæi í störfum hlutafélaga og einkahlutafélaga, gerum við ekki breytingartillögu. Ég tel, herra forseti, óþarft að lesa breytingartillögurnar upp. Ég hef gert grein fyrir tilgangi þeirra og læt lokið máli mínu.

[23:07]

Frsm. 2. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S):

Hæstv. forseti. Frumvarpið sem hér liggur fyrir er eins og fram kom í ræðu hv. formanns viðskiptanefndar, Álfheiðar Ingadóttur, samansett af nokkrum efnisatriðum sem í sjálfu sér eiga kannski ekkert endilega mikið sameiginlegt nema það að viðkomandi atriði varða hlutafélög, þetta eru aðskilin efni. Það má segja að efnisþættirnir séu af þrennu tagi. Í fyrsta lagi breytingar sem lúta að því að auka gagnsæi í starfsemi hlutafélaga. Í öðru lagi upplýsingaskyldu vegna kynjahlutfalla bæði varðandi stjórn og starfslið fyrirtækja. Og í þriðja lagi breytingar sem varða stöðu hinna svokölluðu starfandi stjórnarformanna.

Eins og fram kom í ræðu hv. formanns nefndarinnar varð ekki full samstaða í viðskiptanefnd um alla þætti málsins. Það má segja að frekar hafi verið um áherslumun að ræða en að það hafi verið mikill efnislegur ágreiningur, það voru áhöld um hversu langt ætti að ganga í því að leggja þær skyldur á félög sem frumvarpið felur í sér. Það er þó rétt að geta þess í upphafi ræðunnar að góð samstaða var um þá þætti í starfsemi félaga sem lúta að því að auka gagnsæi í starfsemi hlutafélaga. Þar má benda á 1. gr. frumvarpsins sem fjallar annars vegar um það að stjórn félags skuli gæta þess að hlutaskrá geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma, sem er auðvitað áréttíng á einhverju sem ætti að vera sjálfsagður hlutur en er með þessum hætti klappað í stein með skýrari hætti en áður. Í b-lið 1. gr. er einnig lögð skylda á stjórn að færa í hlutaskrá upplýsingar um atkvæðisrétt hluthafa og skuli þar jafnframt geta allra þeirra samstæðutengsla sem hlutafélagið er í. Ég tel að þessi breyting geti verið mikilvæg til að auðveldara sé að átta sig á því bæði hverjir eiga hlutafélög og eins hverjir það eru sem fara með atkvæðisrétt og hvernig þeir hugsanlega tengjast. Þetta er afar mikilvægt.

Sama má segja um þá breytingu sem er að finna í 5. gr. frumvarpsins sem felur í sér að félagsstjórn skuli gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði og sambærilegar upplýsingar skuli liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutafélagið er í. 6. gr. og 7. gr. eru af sama toga Þessi ákvæði frumvarpsins eru mikilvæg til að auka gegnsæi, að það sé skýrara hverjir það eru sem eiga í hlutafélögum og hverjir það eru sem fara með atkvæðisrétt í hlutafélögum.

Til að gera langa sögu stutta þá hefur verið full samstaða um þessar breytingar í nefndinni. Þetta eru eðlilegar breytingar og má segja að þessi ákvæði hefðu hugsanlega þurft að vera fyrir hendi miklu fyrr í ljósi þeirra atburða sem átt hafa sér stað í íslensku viðskiptalífi þar sem við horfum nú fram á eða stöndum frammi fyrir þeirri stöðu að verulega erfitt getur verið að greina raunverulegt eignarhald á mörgum þeirra félaga sem hér starfa. Þetta frumvarp hefur að þessu leyti því mikilvæga hlutverki að gegna að opna þessar bækur, ef svo má segja, og gerir það að verkum að upplýsingar sem er að finna í hlutaskrá séu réttari og aðgengilegri en áður og á hverjum tíma liggi fyrir með miklu skýrari og afdráttarlausari hætti hverjir eru eigendur og hverjir fara með atkvæðisrétt. Vonandi verður það til þess, þegar þessi lagabreyting tekur gildi, að auðveldara verði að átta sig á eignatengslum og eignarhaldi í félögum og hugsanlega auðveldara að greina það ef um hagsmunaárekstra er að ræða eða ef einhverjir duldir hagsmunir eru fyrir hendi eins og oft eru grunsemdir um, t.d. þegar um er að ræða sterka aðila sem geta verið að skara eld að eigin köku innan hlutafélaga á kostnað annarra hluthafa, sem áreiðanlega má finna dæmi um í íslensku viðskiptaumhverfi í dag en er auðvitað meinsemd þegar litið er til starfsemi frjálsra fyrirtækja á markaði sem eiga að starfa í markaðsumhverfi þar sem hluthafar eiga að njóta réttar. Það er afar mikilvægt að feluleikur eins og hefur viðgengist víða í íslensku atvinnulífi verði stöðvaður. Við álítum, nefndarmenn allir, að þessar breytingar séu mikilvægar til að vinna gegn þeirri stöðu og bæta þar úr. Um þetta er samstaða og ekki gerðar athugasemdir við eða breytingartillögur, hvorki af hálfu 1. minni hluta né 2. minni hluta sem við sjálfstæðismenn stöndum að.

Nokkuð öðru máli gegnir um annan þátt frumvarpsins, þ.e. þann sem lýtur að upplýsingagjöf um kynjahlutföll. Þar er kannski ekki um að ræða grundvallarágreining milli 1. og 2. minni hluta nefndarinnar heldur erum við sjálfstæðismenn í 2. minni hluta þeirrar skoðunar að horfa eigi á stærð og umfang þess rekstrar sem í hlut á þegar verið er að taka ákvörðun um upplýsingagjöf að þessu leyti og að það verði að vera einhver skynsemi í upplýsingagjöfinni. Það verði að vera skýrt að hún þjóni einhverjum tilgangi og ekki sé um að ræða söfnun á upplýsingum eða söfnun á skýrslum og pappírum sem þjónar engum sérstökum tilgangi þegar upp er staðið.

Einhvern veginn hefur maður á tilfinningunni, eða það var alla vega mín tilfinning þegar við fjölluðum um þetta mál í nefndinni, að þrátt fyrir að vissulega byggju góð markmið um jafnrétti kynjanna að baki þessum tillögum frumvarpsins hefðu þær ekki verið hugsaðar til enda og það hefði kannski ekki verið hugleitt sérstaklega hvaða tilgangi öll sú upplýsingagjöf eða skylda til upplýsingagjafar þjónar sem þar er að finna.

Til þess að fara hratt yfir þessa þætti og athugasemdir okkar við frumvarpið leggjum við til að varðandi hlutafélög og raunar einkahlutafélög líka verði tekið út ákvæði sem varðar það að senda skuli hlutafélagaskrá upplýsingar um hlutföll kynja meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi. Við leggjum sem sagt til að þetta verði fellt út, bæði úr breytingartillögum sem varða lög um hlutafélög og lög um einkahlutafélög. Til þess að átta sig á því hvað hér er um að ræða er rétt að hafa í huga að frumvarpið leggur þá skyldu, eins og það er orðað, á bæði hlutafélög og einkahlutafélög að upplýsa hlutafélagaskrá ekki bara um

kyn framkvæmdastjóra, eins eða fleiri, eða kyn stjórnarmanna heldur hlutföll kynja meðal starfsmanna í öllum hlutafélögum í landinu og öllum einkahlutafélögum í landinu hvort sem um er að ræða stór félög eða lítil.

Það er vandséð hvaða tilgangi þetta þjónar. Það má alveg skilja það að í ljósi markmiða um jafnrétti kynjanna sé talið æskilegt að afla upplýsinga um kynjahlutföll meðal framkvæmdastjóra og í stjórnum, það er skiljanlegt. Það tengist því sem hv. formaður viðskiptanefndar fjallaði um hér áðan og sneri að því hvernig jafna mætti stöðu kynjanna hvað varðar setu í áhrifastöðum m.a. í viðskiptalífinu, það varðar framkvæmdastjóra og stjórnir. En þegar kemur að því að skylda öll félög í landinu, hvort sem um er að ræða hlutafélög eða einkahlutafélög, hvort sem um er að ræða stór fyrirtæki með fjölda starfsmanna eða smáfyrirtæki með fáa starfsmenn, til að upplýsa hlutafélagaskrá reglulega um stöðu og hlutföll karla og kvenna innan sinna vébanda held ég að löggjafinn væri gjörsamlega kominn út í móa, svo að ég leyfi mér að taka þannig til orða, alveg út í móa.

Tökum dæmi. Nú er vitað — ýmsar vinnumarkaðsrannsóknir og aðrar upplýsingar annarra stofnana kalla eftir hlutföllum kynjanna í einstökum starfsgreinum og starfsstéttum og þess háttar. Ég sé ekki hverju þessi upplýsingasöfnun á að bæta við. Ef við tökum bara dekkjaverkstæðið sem ég fer á tvisvar á ári, ef ég velti fyrir mér hlutföllum starfsmanna þar, þar eru kannski 10–12 starfsmenn og þeir eru allir karlmenn. Hvaða tilgangi þjónar það fyrir þetta ágæta fyrirtæki að senda upplýsingar um kynjahlutföll til hlutafélagaskrár? Hvað í ósköpunum á að gera með þær upplýsingar? Jú, það er vitað að þeir sem vinna á verkstæðum af þessu tagi eru í langflestum tilvikum karlar, en hvers vegna á að leggja þá skyldu á þessi félög að senda slíkar upplýsingar til hlutafélagaskrár og hvers vegna á að leggja þá skyldu á hlutafélagaskrá að hafa slíkar upplýsingar í fórum sínum? Ég átta mig ekki á hvað frumvarpshöfundar eru að fara í þessum efnum. (Gripið fram í.)

Við leggjum því til að þessum atriðum verði kippt út, bæði varðandi hlutafélög og einkahlutafélög, þannig að eftir standi að þessi félög þurfi að senda upplýsingar um kynjahlutföll meðal framkvæmdastjóra og í stjórn en hvað varðar starfsmenn að öðru leyti verði ekki um að ræða skyldu til upplýsingagjafar að þessu leyti. Ég held að jafnréttis kynjanna sé á engan hátt stefnt í voða þó að þessi breyting verði gerð og þeir aðilar sem að jafnréttismálum starfa geti þá sparað sér þá skriffinnsku sem felst í því að skoða þessar upplýsingar og geti þá einbeitt sér að því að vinna úr þeim upplýsingum sem einhverju máli skipta í staðinn.

Þess ber að geta að 1. minni hluti viðskiptanefndar leggur til ákveðna breytingu í þessum efnum sem auðvitað leiðir til þess að niðurstaðan verður ívið skárri verði sú breytingartillaga samþykkt. Þar er gert ráð fyrir að ekki sé skylt að gefa þessar upplýsingar varðandi starfsmenn nema í þeim félögum sem hafa 25 starfsmenn eða fleiri, það er þá viðmiðunin, þannig að allra smæstu félögunum er kippt út og væri það vissulega til bóta miðað við frumvarpstextann í sjálfu sér. En í ljósi þeirra sjónarmiða sem ég hef hér þegar rakið töldum við í 2. minni hluta sjálfstæðismanna í nefndinni miklu einfaldara og réttara að taka bara út þessa upplýsingagjöf sem varðar hlutföll kynja meðal starfsmanna þannig að tillaga okkar gengur lengra. Nái tillaga okkar ekki fram að ganga að þessu leyti er breytingartillaga 1. minni hluta viðskiptanefndar ívið skárri en frumvarpið í upprunalegri mynd.

Þriðja atriðið sem við erum að fjalla um í frumvarpinu lýtur að stöðu starfandi stjórnarformanna. Eins og fram hefur komið hefur sú þróun átt sér stað hér á landi eins og raunar víða erlendis að í félögum, kannski einkum stærri félögum, hafa stjórnarformenn í raun orðið starfsmenn, verið í föstu, fullu starfi sem stjórnarformenn og hafa þá yfirleitt verið nefndir starfandi stjórnarformenn. Þetta atriði hefur verið tekið til umræðu áður, eins og kom fram í ræðu hv. formanns nefndarinnar, í skýrslu um viðskiptaumhverfið á Íslandi sem lögð var fram árið 2004. Þá var fjallað um þetta og þar var að finna tillögu í þeim anda sem hér liggur fyrir sem fól í sér bann við því að stjórnarformaður væri í fullu starfi hjá félagi. Rétt er að rifja upp að þegar sú skýrsla kom út árið 2004 var það ákvæði gagnrýnt talsvert, m.a. af hagsmunasamtökum í atvinnulífinu, sem töldu að það væri of fortakslaust og gengi fulllangt. Það má segja að nálgun okkar sjálfstæðismanna í nefndinni byggist á því að sú stranga regla sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu eigi fyrst og fremst við stærri fyrirtæki en minni kröfur verði gerðar til smærri fyrirtækja. Er það í samræmi við margar aðrar reglur hlutafélagalaga þar sem strangari kröfur eru gerðar til stærri félaga, bæði á mælikvarða tekna, eigna, starfsmannafjölda eða fjölda hluthafa, hvort félög voru skráð á markað eða ekki.

Við teljum að þegar verið er að innleiða reglu af þessu tagi, bannreglu af þessu tagi, sé rétt að fara af ákveðinni gætni, m.a. til þess að ekki sé verið að leggja óþarfa byrðar eða kröfur á fyrirtækin, við þurfum að gæta þess. Þó að löggjafinn hafi það hlutverk að setja fyrirtækjum lagaramma verða ákvarðanir varðandi innri málefni félagsins að vera með þeim hætti að einhver sveigjanleiki sé fyrir hendi og fyrirtæki geti sjálf tekið ákvarðanir í þeim efnum og þar á meðal um þessa stöðu. Ég hygg nú, án þess að geta fært fyrir því neinar vísindalegar sannanir eða neinar rannsóknir, að í skýrslunni frá 2004 og raunar í frumvarpinu sem slíku sé bæði gert of mikið úr þeim vanda sem fylgir því að stjórnarformenn séu í starfi hjá félagi og eins að gefnar séu of miklar væntingar um það að sú breyting sem hér er boðuð skili einhverjum sérstökum árangri. Vissulega er það svo að þrátt fyrir að regla af þessi tagi tæki gildi yrðu áfram fyrir hendi möguleikar fyrir félagsstjórn til þess að fela stjórnarformanni viðamikil verkefni og umbuna honum eða launa honum í samræmi við það. Það er í sjálfu sér engin trygging fyrir því að þrátt fyrir að ákvæði af þessu tagi kæmist inn og menn gætu ekki lengur kallað sig starfandi stjórnarformenn yrði með einhverjum hætti unnt að fara fram hjá því án þess að það færi á nokkurn hátt í bága við lög.

Tillaga okkar gengur sem sagt út á það að þessi regla, bann við starfandi stjórnarformönnum, eigi fyrst og fremst við stærri félög og við völdum ákveðna viðmiðun í því sambandi. Við miðum þar við að starfandi stjórnarformenn megi ekki vera í félögum sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda í samræmi við 79. gr. laga um hlutafélög,

um skyldu félags til að samþykkja starfskjarastefnu fyrir félagið, en í 79. gr. er aftur vísað til 98. gr. laga um ársreikninga, nr. 108/2006, þar sem fram eru settar skýrar viðmiðanir um það til hvaða félaga þessi regla nær. Þar eru þrjár viðmiðanir, í fyrsta lagi að eignir félags nemi a.m.k. 120 milljónum, í öðru lagi að rekstrartekjur nemi 240 milljónum, á ári að sjálfsögðu, og í þriðja lagi að fjöldi ársverka á reikningsári séu 50 ársverk. Miðað er við að það nægi að eitt af þessum markmiðum sé uppfyllt, eignir upp á 120 milljónir, rekstrartekjur upp á 240 milljónir og fjöldi ársverka upp á 50 ársverk. Það sem við erum að segja er það að félög sem eru yfir þessum mörkum megi ekki hafa starfandi stjórnarformann, félög sem eru undir þessum mörkum megi í sjálfu sér hafa starfandi stjórnarformann. Ég verð að segja að þessar viðmiðanir gera ráð fyrir að ekki sé endilega um neitt sérstaklega stór félög að ræða. Ef við horfum upp á rekstrartekjur upp á 240 millj. kr., þrátt fyrir að samdráttur hafi orðið víða í íslensku atvinnulífi, eru félög með 240 milljónir í rekstrartekjur ekkert endilega óskaplega stór. Sama á við um eignir upp á 120 millj. kr., þó að vandi íslenskra fyrirtækja sé kannski í dag mikil skuldsetning frekar en eignastaða, eru 120 milljónir ekkert endilega mjög há upphæð ef um þokkalega stærð fyrirtækja er að ræða, fyrirtæki sem ekki hafa skuldsett sig óhóflega.

Á íslenskan mælikvarða eru 50 ársverk nokkuð stórt fyrirtæki, alla vega meðalstórt fyrirtæki, en það er samt sem áður þannig að þessar viðmiðanir eru að okkar mati hóflegar. Ekki er eingöngu verið að taka út allra stærstu félögin eða bara þau félög sem eru skráð á hlutabréfamarkaði, sem eru í dag aðeins tólf eins og fram kom í ræðu formanns nefndarinnar, trúlega er verið að tala um 550 fyrirtæki sem samkvæmt þessu mundu falla undir skilgreiningu laganna, það yrði sem sagt bannað að hafa starfandi stjórnarformann í 550 fyrirtækjum. Ég tel að í þeim hópi, þessara 550 fyrirtækja, séu nú eiginlega öll þau félög sem einhver ástæða sé til að hafa áhyggjur af í þessu sambandi. Það er mín tilfinning. Menn verða síðan að meta það hvernig reynslan verður af ákvæði af þessu tagi og hugsa það í framhaldi hvort ástæða sé til þess að útvíkka það með einhverjum hætti. En ég held að í þessari lotu sé ekki ástæða til að ganga lengra.

Bann við því að hafa starfandi stjórnarformann er ný regla í íslenskri löggjöf. Fyrirtækjum hefur verið þetta heimilt. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við það. Ég bendi á að sérstaklega í minni hlutafélögum þar sem hluthafar eru fáir og jafnvel sjálfir starfandi hjá félögunum getur ákvæðið um að bannað sé að stjórnarformaður sé starfandi hjá félaginu flækst nokkuð fyrir. Ég held að menn verði að horfa á það raunsætt. Þótt við höfum hér mismunandi hlutafélagaform, annars vegar hlutafélög og hins vegar einkahlutafélög, eru sum hlutafélög, kannski ekki síst þau félög sem stofnuð voru fyrir breytinguna þegar einkahlutafélög voru tekin upp, ekki ýkja stór. Það er kannski ekki ástæða til þess þegar við hugsum um heilbrigði íslensks viðskiptaumhverfis á heildstæðan hátt að hafa áhyggjur af slíkum félögum.

Með þessu leggjum við í 2. minni hluta viðskiptanefndar til þrjár breytingartillögur og þær endurspegla, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, frekar áherslumun en stóran efnislegan ágreining í þessum efnum. Við drögum annars vegar úr kröfum um upplýsingagjöf um kynjahlutfall meðal starfsmanna og hins vegar þrengjum við vissulega þann hóp fyrirtækja sem ekki mega hafa starfandi stjórnarformann. En ég undirstrika það enn og aftur að þrátt fyrir að sú breyting sem við leggjum til nái fram að ganga verða 550 fyrirtæki á Íslandi í þeirri stöðu að geta ekki haft starfandi stjórnarformenn. Það mundi ég segja að væri veruleg breyting, sérstaklega í ljósi þess hve algengt hefur orðið á síðustu árum að stjórnarformenn séu í fullu starfi, sérstaklega í ýmsum stærri félögum.

Varðandi frumvarpið að öðru leyti er ekki ástæða til að hafa fleiri orð. Ég vildi þó að lokum vekja athygli á einu sem kemur ekki sérstaklega fram í nefndaráliti okkar í 2. minni hluta en mér finnst þó rétt að komi fram við þessa umræðu. Það er að í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis sem fylgir þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir því að samþykkt þessa frumvarps muni leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð. Ég vildi nota þetta tækifæri í þessari umræðu að gera athugasemdir við það. Ég held að þarna skauti fjármálaráðuneytið dálítið létt yfir því að þær auknu kröfur um upplýsingagjöf til hlutafélagaskrár sem um ræðir munu væntanlega kalla á aukin umsvif hjá hlutafélagaskrá. Hún fær þarna nýtt verkefni, hún þarf að taka við nýrri tegund af upplýsingum sem þarf að skrá og varðveita og uppfæra með reglubundnum hætti. Og væntanlega mun hlutafélagaskrá hafa eitthvert eftirlitshlutverk í þessu sambandi með því að félög uppfylli skilyrði laganna og sendi þessar upplýsingar inn. Ég held að það sé mikið óraunsæi af hálfu fjármálaráðuneytisins að þetta muni ekki leiða til neins kostnaðar.

En í blálokin vildi ég geta þess að ég held að þingheimur ætti að huga að því að efla hlutafélagaskrá en ekki með því að fela hlutafélagaskrá upplýsingasöfnun um mál sem ekki skipta tiltakanlega miklu máli. Það er söfnun upplýsinga sem ekki verður séð að þjóni neinum sérstökum tilgangi. En á hinn bóginn held ég að það sé ástæða til þess að efla hlutafélagaskrá varðandi það að hún hafi burði til þess að kalla eftir þeim upplýsingum sem hafa raunverulega þýðingu í sambandi við ársreikninga, í sambandi við að vera með nýjar upplýsingar um stjórnir, stjórnarmenn, prókúruhafa og annað þess háttar sem skiptir raunverulega máli í viðskiptaumhverfinu. En mín tilfinning er sú að hlutafélagaskrá hafi á undanförnum árum fengið töluvert mikið af verkefnum til viðbótar við það sem áður var en hafi kannski ekki bolmagn til þess að sinna öllum þeim verkefnum sem henni ber í því sambandi.

En það varðar ekki hlutverk eða tilgang þessa frumvarps sérstaklega. Ég vildi bara nota þetta tækifæri til að koma því sjónarmiði á framfæri að það þyrfti að skoða stöðu og verkefni hlutafélagaskrár, sortera út þau verkefni sem þar skipta máli og tryggja að stofnunin hafi bolmagn til að sinna þeim. Ég held að það væri mikið og þarft verk fyrir stjórnvöld og þingið á næstu missirum sem er ákveðinn hluti af þeirri endurskoðun og enduruppbyggingu sem þarf að eiga sér stað varðandi viðskiptaumhverfið hér á landi og atvinnulífið þarf að tryggja að hlutafélagaskrá geti sinnt hlutverki sínu með öflugum hætti. Ekki að hlaða endalausum verkefnum á stofnunina heldur tryggja að hún geti sinnt kjarnaverkefnum sínum svo sómi sé að.

[23:36]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Ég tek að meginhluta til undir það sem hv. þm. Birgir Ármannsson hafði hér fram að færa en hefði nú viljað ganga nokkuð lengra í andstöðu við skrifræðisþjóðfélagið sem hér er í auknum mæli verið að innleiða.

Það getur verið um að ræða góðar hugmyndir og sjónarmið sem eru allra góðra gjalda verð og ég vil styðja. En það er hins vegar spurningin um hvað sé afsakanlegt að gera hvað varðar inngrip í frjálsa atvinnustarfsemi og hvernig einstaklingarnir haga lífi sínu, starfi og fyrirtækjarekstri sínum.

Hér skal tekið fram til þess að koma í veg fyrir misskilning að ég er mjög fylgjandi því að um jafnstöðu kynjanna sé að ræða og tel það ekki síður hlutverk karla að gæta að þeim sjálfsögðu mannréttindum að konur njóti sama réttar sem karlmenn og öfugt. Um er að ræða almenn mannréttindi í samfélagi. Síðan er spurningin hversu langt á að fara, hvað eðlilegt er að gera og hvaða inngrip eru heimil hvað það varðar í almennt líf og störf einstaklinganna. Með því frumvarpi sem hér er um að ræða er að vissu leyti gengið út á ystu brún hvað varðar ákvæði um kynjahlutföll.

Hlutafélög eru margvísleg og í meginhluta þeirra einkahlutafélaga sem hér eru starfandi eru hluthafar ekki margir, iðulega ekki nema einn. Í eins manns hlutafélagi verður ekki gætt að því sem segir í greinargerð með frumvarpinu, að hlutföll kynjanna séu sem nánast jöfn því að það er tæknilega ómögulegt. Í félagastjórnum í einkahlutafélögum er í flestum tilvikum — svo fremi sem þar eru fleiri en einn maður — um að ræða einhverja nána vini, félaga eða samstarfsmenn. Þarna er þá um að ræða félög sem oft eru stofnuð til þess að reka ákveðna starfsemi. Eigendurnir vinna í fyrirtækinu og eru þá í stjórn félagsins.

Það verður svolítið umhendis að ætla að gæta kynjahlutfalla eins og þegar einkahlutafélag er stofnað um rekstur bifreiðaverkstæðis sem við skulum segja að fimm karlar reki. Þá er spurningin: Er eðlilegt að gera kröfu til þess að einhverjir utanaðkomandi sitji í hlutafélagastjórnum til að gæta að kynjahlutföllum? Satt að segja finnst mér það ekki vera spurning um að gæta að einhverri jafnstöðu kynjanna heldur er verið að setja óeðlileg höft á starfsemi borgaranna í frjálsu þjóðfélagi. Það er það sem við verðum alltaf að varast að gera, að setja ekki óeðlileg höft á starfsemi borgaranna í frjálsu þjóðfélagi. Við verðum að gæta þess að borgarinn geti almennt hagað lífi sínu og starfi án þess að þurfa að fara eftir sérstökum forskriftum frá hinu opinbera í öllum greinum, og hinum minnstu þess vegna, í því hvernig hann hagar fjármálastarfsemi sinni þegar um hans eigið fyrirtæki er að ræða. Þess vegna geld ég varhuga við þeirri skrifræðishugsun sem opinberast í þessu frumvarpi. Við í 2. minni hluta viðskiptanefndar bendum sérstaklega á í nefndaráliti okkar að við gjöldum varhuga við því.

Þá koma önnur sjónarmið til skoðunar, m.a. orðalag frumvarpsins. Ef lesnar eru þær lagagreinar sem er þarna um að ræða birtast hin raunverulegu undirliggjandi lagaákvæði sem verið er að reyna að ná með löggjöfinni en ekki í viðkomandi lagaákvæðum og er það verulegur galli. En ég vík að því aðeins síðar.

En það sem ég tel hins vegar vera kost laganna er það sem getið er um í 1. gr. varðandi breytingar á 30. gr. laganna. Þar er kveðið á um nákvæmari reglur um hvernig hlutafélagaskrá skuli tekin saman og geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma sem skiptir gríðarlega miklu máli.

Af sama meiði eru ákvæði 5. gr. frumvarpsins þar sem er breyting á 3. mgr. 84. gr. laga um hlutafélög. Þar er kveðið á um að félagsstjórn skuli gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo sem um þær breytingar sem gerðar voru á árinu sem ég tel ákaflega mikilvægt að fá inn.

En síðan þegar skoðuð eru ákvæði laganna um 2. og 3. mgr. þar sem verið er að fjalla um kynjahlutföllin segir í 2. gr. frumvarpsins að við 1. mgr. 63. gr. laganna bætist við tveir nýir málsliðir sem orðist þannig:

„Einnig skal gætt að kynjahlutföllum í stjórnum annarra hlutafélaga.“

Og í 3. gr.:

„Gætt skal að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra ...“

En þegar talað er um að gætt skuli að kynjahlutföllum, hvernig á þá að skilja þann lagatexta? Miðað við orðalag ákvæðisins er þetta atriði sem eingöngu á að huga að. Í sjálfu sér er ekki tæk önnur skýring á lagaákvæðinu en að reynt sé að miða við að kynjahlutföll séu með ákveðnum hætti og þá sem jafnast hlutfall en ekkert frekar er kveðið á um hvað það varðar.

Þegar greinargerðin með frumvarpinu er lesin kveður heldur betur við annan tón. Þar sem fjallað er um 2. gr. frumvarpsins, þ.e. í greinargerðinni, er vísað til þess að miðað sé við að kynjahlutföll séu sem nánast jöfn. Greinina skuli skilja með þeim hætti. Það er öllu víðtækara ákvæði en í raun er verið að tala um miðað við orðalag lagaákvæðisins sjálfs. Miðað við það lögskýringargagn sem liggur fyrir, sem er greinargerðin, er ljóst að þetta skal vera með þeim hætti.

Ég tel að nokkuð annað gildi um hlutafélög almennt en um einkahlutafélög. Hlutafélög eru almennt stærri með meiri fjárhag og meiri rekstur þannig að hægt er að gera meiri kröfur til þeirra en ýmissa annarra fyrirtækja. Mér finnst hins vegar veruleg spurning um ákvæði 8. og 9. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að gæta skuli að kynjahlutföllum í stjórnum einkahlutafélaga og við ráðningu framkvæmdastjóra. Að mínu mati hefði verið eðlilegt að kveða á um það að þarna væru sett einhver ákvæði til viðbótar ef um inngrip væri að ræða í frjálsa atvinnu- og félagsstarfsemi svo sem hér er gert ráð fyrir, í sjálfu sér hefði verið eðlilegt að miðað væri við lágmarksstarfsmannafjölda, hlutafé eða umsvif fyrirtækisins. Þegar um lítil einkahlutafélög eða lítil fyrirtæki er að ræða er það skrifræði og tilkynningarskylda sem frumvarpið gerir ráð fyrir þeim nánast ofviða. Við í 2. minni hluta viðskiptanefndar höfum því valið þann kost að leggja til breytingar á 2. og 8. gr. laganna. Mér finnst það nokkur galli að það sé þá ekki orðað í greinum frumvarpsins sem er þó markmiðið, þ.e. að ná sem jöfnustu kynjahlutfalli í stjórnum félaga og við ráðningu framkvæmdastjóra — orðalagið er „einnig skal gætt að kynjahlutföllum“, mér hefði fundist eðlilegra að orða þetta skýrar.

Þó að ég hafi skrifað á álitið og sé einn af þeim sem mynda 2. minni hluta viðskiptanefndar finnst mér eiginlega farið á ystu brún hvað varðar inngrip í frjálsa félagastarfsemi með því sem hér er verið að leggja til. Ég er ekki viss um að ákvæði sem þessi skili einhverjum árangri sem máli skiptir varðandi það að tryggja jafna stöðu kynjanna. Því miður tel ég að lagaákvæði sem þessi séu fremur til þess fallin að búa til sýndarveruleika heldur en raunveruleika og það er ekki það sem löggjafinn ætlar sér að stefna að með frumvarpi af þessu tagi. Það eru ýmis önnur atriði sem skipta meira máli. Það sem ég hef talið skipta langmestu máli varðandi það að tryggja jafnstöðu karla og kvenna er það að um jafnstöðu sé að ræða hvað varðar launagreiðslur til kynjanna en þar tel ég að pottur sé helst brotinn.

Ég hef ítrekað bent á það, m.a. úr þessum ræðustól, að ég tel að sá hluti borgaranna sem nýtur jafnvel hvað minnst þeirrar jafnstöðu kynjanna sem við viljum stefna að séu konur í láglaunastörfum sem verða fyrir því að iðulega er gengið fram hjá þeim í sambandi við stöðuhækkanir. Þær njóta þess ekki að fá laun umfram taxta sem iðulega er um að ræða varðandi karlkynsstarfsmenn hjá sömu fyrirtækjum. Það er þar sem mér hefur virst skórinn kreppa þó að ástandið hafi tvímælalaust batnað á undanförnum árum. En ég get ekki séð að það að setja upp ákvæði eins og þetta, hvað varðar félagastjórnir og framkvæmdastjóra, muni endilega ná þeim tilgangi sem til er ætlast. Ég tel hins vegar að sú staðreynd að það nýtur almenns velvilja á hinu háa Alþingi að flytja frumvarp af þessu tagi, og það að sú meginhugsun jafnræðis sem þar er kveðið á um sé almennt viðurkennd, sýni að í þeim tilvikum sem hér er um að ræða, í þeim félögum sem um er að ræða, sé ekki lengur um raunverulegt vandamál að ræða. Þetta sýni það að í auknum mæli hafi þróunin verið á þann veg að kynjahlutföllin hafi verið að jafnast og þannig heldur það vonandi áfram. Ég er ekki viss um að það sé endilega verið að ýta undir þá þróun með því að setja þau lagaákvæði inn sem hér ræðir um.

Þar sem ég er einn af þeim sem skrifa undir nefndarálit 2. minni hluta stend ég að sjálfsögðu við það. Ég vænti þess að það lagafrumvarp sem hér liggur fyrir verði samþykkt með þeim breytingum sem 2. minni hluti viðskiptanefndar leggur til.

[23:52]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Frumvarpið er í 10 greinum og efnislega var samstaða í viðskiptanefnd um þær flestar. Þó var áherslumunur í nokkrum atriðum milli 1. og 2. minni hluta nefndarinnar eins og fram kom í máli hv. þm. Birgis Ármannssonar. Frumvarpið felur í sér þrjár breytingar á lögum um hlutafélög og ein þeirra nær einnig til einkahlutafélaga.

Fyrsta ákvæðið lýtur að því að auka gagnsæi um eignarhald og atkvæðisrétt í íslenskum hlutafélögum og má segja að það sé komið til af gagnrýni um skort á slíku gagnsæi, ekki síst þeirri gagnrýni sem heyrst hefur í kjölfar bankahrunsins. Þannig er stjórnum hlutafélaga gert að sjá til þess að hlutaskrár geymi réttar upplýsingar um hluthafa, hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt, einnig að stjórnin sjái um að á aðalfundi liggi fyrir samantekt um hlutafjáreign einstakra hluthafa, rétt þeirra til að greiða atkvæði og um breytingar sem orðið hafa á félaginu. Umræður um aukið gagnsæi í þessu samhengi eiga sér stað víðar í tengslum við stjórnarhætti í fyrirtækjum og samrýmist ákvæðið góðum stjórnarháttum a.m.k. í mínum skilningi á þeim. Þess má geta að varla ætti að þurfa að taka þessi ákvæði fram í þessum lögum. Það gefur augaleið að þessar upplýsingar hljóta að þurfa að vera réttar á hverjum tíma. Það er því fagnaðarefni og um það var alger samstaða í viðskiptanefnd að styðja þessi ákvæði.

Þá er fjallað um kynjahlutföll í stjórnum og að gætt skuli að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra. Ég er hjartanlega sammála því að eftirlit sé haft með kynjahlutföllum í stjórnum og framkvæmdastjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga. Jafnrétti kynjanna er alls ekki til að dreifa í stjórnum og stjórnunarstöðum í hlutafélögum okkar. Samkvæmt úttekt Hagstofu Íslands voru 9 af hverjum 10 framkvæmdastjórum, stjórnarformönnum og stjórnarmönnum fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri karlar. Á tímabilinu frá 1999–2007, næstum áratug, hefur kynjaskipting stjórnarmanna og stjórnarformanna nánast verið sú sama, 22% konur og 78% karlar. Á sama tímabili kemur fram að hlutfall kvenna í framkvæmdastjórnum hefur hækkað úr 15% í 19%. Í stjórnum stærri fyrirtækja á Íslandi hafa milli 85–95% stjórnarmanna verið karlar til langs tíma þannig að nauðsynlegt er að varpa kastljósi á þetta mál. Kynjaskipting í stjórnum hefur vart breyst á undanförnum áratug. Vonandi verður breyting á í kjölfar bankahrunsins.

Ein leið sem rædd hefur verið víða til að jafna kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja er að setja á svokallaðan kynjakvóta og hefur sú leið t.d. verið farin í Noregi. Ég hef eindregið verið þeirrar skoðunar að konur eigi að veljast í stjórnir á eigin verðleikum, á grundvelli hæfni og hæfis en alls ekki á grundvelli kynjakvóta. Hið sama vil ég segja um stöðu framkvæmdastjóra og forstjóra í félögum. Ég vil þó vissulega sjá jafnara hlutfall kvenna og karla því að þannig er eðlilegt að þróunin verði. Auk þess hafa konur í æ ríkari mæli sótt sér háskólamenntun og reynslu sem gerir þær vel hæfar til að sinna leiðtogastörfum, hvort sem um er að ræða stjórnar- eða stjórnunarstörfum. Ég vil þó segja að ef ekki sjást jafnari kynjahlutföll í stjórnum og stjórnun í kjölfar bankahruns má að mínu viti huga að því hvort setja eigi á kvótakerfi síðar meir. Þetta segi ég í ljósi þeirra karllægu gilda um kapp og áhættusækni sem virtust einkenna starfsemi ýmissa þeirra fyrirtækja sem að undanförnu hafa farið í þrot. Við þurfum meira jafnvægi í þekkingu og reynslu þeirra sem stjórna. Konur hafa sýnt að þær eru afar ábyrgar og meðal eiginleika þeirra sem ættu að gagnast stjórnum vel er svokölluð áhættumeðvitund og víðsýni. Þó að vissulega sé ekki algilt að eiginleikar séu karllægir eða kvenlægir þá er þetta í stóru myndinni upplifun mín á muni kynjanna. Þrátt fyrir að ég sé fylgjandi ákvæðum í 2. gr. og svo í 8. gr. frumvarpsins — þetta eru sams konar ákvæði, 2. gr. á við hlutafélög og 8. gr. á við einkahlutafélög — að hluta til, samanber það sem að ofan segir um kynjahlutfall og kynjahlutföll, leggur 2. minni hluti viðskiptanefndar, sem ég tilheyri, til breytingar á 2. og 8. gr. sem fjalla um upplýsingagjöf til hlutafélagaskrár um kynjahlutfall. Við teljum þá

upplýsingagjöf sem felst í niðurlagi lokamálsliða greinanna of viðurhlutamikinn en þar er kveðið á um að félag skuli í tilkynningum til hlutafélagaskrár sundurliða upplýsingar um starfsmenn félagsins samkvæmt stöðu þeirra eftir skipulagi. Það krefst mikillar vinnu að taka saman upplýsingar af slíku tagi og telur 2. minni hluti að upplýsingagjöf af þessu tagi samrýmist ekki yfirlýstum tilgangi frumvarpsins sem er að jafna hlut kynjanna í áhrifastöðum. Því leggur 2. minni hluti til að framangreindir málsliðir falli brott og eftir standi að félög skili sundurliðuðum upplýsingum um hlutföll kynja í stjórn.

Það eru í raun tvær setningar í þessum greinum, 2. og 8. gr., ég ætla að lesa síðari setninguna, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilkynningum til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn, ...“

Þetta er fyrri málsliður í seinni setningu og 2. minni hluti lýsir sig fylgjandi þessu. Ég ætla síðan, með leyfi hæstv. forseta, að lesa seinni málsliðinn sem ég tel að við ættum að láta niður falla sem og fulltrúar í 2. minni hluta viðskiptanefndar. Hann hljóðar svo:

„... svo og hlutföll kynjanna meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi.“

Þetta hljómar ekki rétt, þetta hljómar mjög skringilega og það kemur reyndar fram í nefndaráliti 1. minni hluta hv. viðskiptanefndar að sá minni hluti leggur til að setja tvær takmarkanir á 2. gr. og svo samsvarandi á 8. gr. Þessar tvær takmarkanir eru þær að þetta skuli aðeins gilda um fyrirtæki sem hafi 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli og í öðru lagi er lagt til breytt orðalag.

Ég ætla að endurtaka, með leyfi forseta, orðalagið sem 2. minni hluti vill að falli brott og síðan ætla ég að lesa orðalagið eins og 1. minni hluti vill breyta því — „svo og hlutföll kynjanna meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi.“ Þetta hljómar einhvern veginn mjög skringilega, enda er önnur takmörkun sem 1. minni hluti leggur til að breyta þessu sama orðalagi þannig að í stað þess að veita skuli upplýsingar um hlutföll kynja „meðal starfsmanna eftir stöðu í skipulagi“ verði kveðið á um að veittar verði upplýsingar um hlutföll kynja meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins. Núna á hlutafélagaskrá að hafa upplýsingar um það hvers konar kynjahlutfall er í stjórn viðkomandi hlutafélags og/eða einkahlutafélags, en þar að auki um hlutföll kynja meðal starfsmanna. Ég sé ekki að þetta þjóni nokkrum tilgangi, enda leggur 2. minni hluti til, eins og áður sagði, að ákvæðið verði hreinlega fellt út úr frumvarpinu og verði þá ekki að lögum.

Jafnréttislögin gera ráð fyrir að ákveðnar skyldur hvíli á félögum í tengslum við jafnréttismál. Í því ljósi vil ég undirstrika að ákvæði um upplýsingar um kynjahlutföll í stjórnum í þessu frumvarpi er hvatning til stjórna og aðstandenda félaganna um að gæta skuli að jafnrétti kynjanna. Ég tek undir það.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu lagt til í 4. gr. að við lög um hlutafélög verði bætt ákvæði um starfandi stjórnarformenn. Árið 2004 setti þáverandi hæstv. viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, á laggirnar nefnd um íslenskt viðskiptaumhverfi undir forustu Gylfa Magnússonar, núverandi hæstv. viðskiptaráðherra. Eins og fram kemur í nefndaráliti 1. minni hluta viðskiptanefndar lagði meiri hluti nefndar um íslenskt viðskiptaumhverfi, eins og sú nefnd var kölluð, til að stjórnarformanni hlutafélags yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem féllu undir eðlileg störf stjórnarformanns.

Í áliti nefndarinnar frá 2004 kom fram að hún teldi óæskilegt að stjórnarformenn væru í reynd hluti af framkvæmdastjórn félags, enda væri eitt af hlutverkum stjórnarformanns að stýra eftirliti stjórnar með félaginu. Fram hefur komið að ákvæðið er byggt á grein í dönskum lögum um hlutafélög en þar á það þó aðeins við um félög sem eru skráð á markaði. Danmörk er reyndar eina nágrannaríki okkar sem hefur lögfest ákvæði sem miðar að því að takmarka starfssvið starfandi stjórnarformanns. Í dönsku lögunum eru þrengri ákvæði en frumvarpið gerir ráð fyrir og vilji er til að setja ekki um of íþyngjandi skilyrði fyrir minni hlutafélög. Því leggur 2. minni hluti viðskiptanefndar til að ákvæðið nái einungis til félaga sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda sem er sama viðmið og í 79. gr. a laga um skyldu félags til að samþykkja starfskjarastefnu fyrir félagið.

Í nefndaráliti frá 2. minni hluta viðskiptanefndar kemur fram, með leyfi forseta:

„Annar minni hluti leggur til að tvenns konar breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Annars vegar eru lagðar til breytingar á 2. og 8. gr. sem fjalla um upplýsingagjöf til hlutafélagaskrár. Telur 2. minni hluti þá upplýsingagjöf sem felst í lokamálsliðum greinanna of viðurhlutamikla en þar er kveðið á um að félag skuli í tilkynningum til hlutafélagaskrár sundurliða upplýsingar um starfsmenn félagsins samkvæmt stöðu þeirra eftir skipulagi. Það krefst mikillar vinnu að taka saman upplýsingar af þessu tagi og telur 2. minni hluti upplýsingagjöf af þessu tagi ekki samræmast þeim tilgangi frumvarpsins að jafna hlut kynjanna í áhrifastöðum. Því leggur 2. minni hluti til að framangreind ákvæði falli brott og eftir standi að félög skili sundurliðuðum upplýsingum um hlutföll kynja í stjórn. Hins vegar leggur 2. minni hluti til að ákvæði 4. gr. frumvarpsins um starfandi stjórnarformenn verði takmarkað í þá veru að það nái einungis til félaga sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda sem er sama viðmið og er í 79. gr. a laga um hlutafélög um skyldu félags til að samþykkja starfskjarastefnu fyrir félagið.“

Sem áður sagði ná dönsku lögin einungis til þeirra félaga sem skráð eru á skipulega verðbréfamarkaði. Ef við nýttum okkur það viðmið að hafa þetta eins hér á landi og er í dönsku lögunum þá mundi frumvarpið og þá væntanlega lögin einungis ná yfir 12 hlutafélög því það voru einungis 12 skráð félög í Kauphöll Íslands þegar þessi umfjöllun átti sér stað í viðskiptanefnd 23. mars sl. og taldi 2. minni hluti viðskiptanefndar rétt að velja annað viðmið. Viðmiðið sem varð fyrir valinu er það sem áður var nefnt um endurskoðandaskylduákvæði og nær það yfir um 550 hlutafélög. Eins og fram kom í máli hv. formanns viðskiptanefndar nær frumvarpið yfir 800 félög.

Hv. þm. Jón Magnússon nefndi að við búum nú við þannig umhverfi í fyrirtækjarekstri okkar að sum hlutafélög eru afar smá og okkur þótti rétt að takmarka að vissu leyti til hversu margra og hvers konar félaga þetta ákvæði ætti að

ná. Þrátt fyrir að 2. minni hluti viðskiptanefndar vilji rýmka ákvæðið miðað við það sem fram kemur í frumvarpinu um starfandi stjórnarformenn og láta það ná einungis til þessara 500 félaga þá minni ég aftur á dönsku lögin. Ef við mundum sníða frumvarpið og lögin eftir þeim mundi það einungis ná til 12 félaga. Hvernig sem á starfandi stjórnarformenn er litið er algerlega ljóst í mínum huga að skilgreina þarf afar vel og afmarka skýrt verksvið og verkefni stjórnarformanns, hvaða verkefnum hann megi sinna og hvaða löggerninga hann megi gera í nafni félags. Þannig er 2. minni hluti sannfærður um að takmarka beri að starfandi stjórnarformenn ...

(**Forseti** (ÞBack): Einn fund í þingsalnum.)

Það beri að skoða mjög vel starfssvið starfandi stjórnarformanna, við vildum ekki útrýma þeim alveg, en þó þarf að vera ljóst að starfssvið þeirra þarf að vera afar skýrt afmarkað.

Um aðrar greinar frumvarpsins var nefndin nokkuð sammála. Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram:

„Gætt skal að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og skulu hlutafélagaskrá gefnar upplýsingar í tilkynningum til skrárinnar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra."

Ég gæti farið út í það að hugtakið framkvæmdastjóri er svolítið á reiki í íslenskum fyrirtækjarekstri. Samkvæmt hlutafélagalögum er framkvæmdastjóri kannski sams konar hugtak og forstjóri eins og það er stundum notað. Framkvæmdastjóri er oft notað um þá sem sitja í framkvæmdastjórn. Það mætti því gera ágreining um tæknileg mál í 3. gr. Við gerðum það hins vegar ekki og erum hlynnt því í 2. minni hluta að senda hvatningu til allra þeirra sem stunda fyrirtækjarekstur og starfsemi í hlutafélögum hér á landi til þess að jafnrétti aukist í framkvæmdastjórnum fyrirtækja sem og í stjórnum.

Þá ætla ég að lýsa mig fylgjandi því að 1. minni hluti var með breytingartillögu á bls. 3 í nefndaráliti sínu þar sem kemur fram ákveðinn aðlögunartími við ákvæðinu um starfandi stjórnarformenn og ég tel að það sé afar heppilegt.

[00:13]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Nokkuð er liðið á kvöld, klukkan farin að ganga eitt og það er mikilvægt að hæstv. forseti upplýsi um það hversu lengi standi til að vera fram í nóttina. Enn þá eru mörg mál á dagskrá sem eftir er að taka umræðu um, viðamikil mál, frú forseti. Mörg undanfarin kvöld fyrir páskafrí hefur Alþingi starfað sleitulaust fram á nótt — og einu sinni, frú forseti, var sú tíð að menn töldu, ekki síst vegna orða hv. fyrrverandi þingmanns, Lúðvíks Jósepssonar, að það væri nóg að halda áfram tvö kvöld í röð á nóttu þar til frí yrði gert. Ég fer því fram á það við frú forseta að hún geri grein fyrir því hvernig á að haga fundi í nótt, hvort forseti telji nauðsynlegt að halda áfram langt inn í nóttina svo að þeir sem hafa fjölskyldur og öðrum hlutverkum að gegna geti gert grein fyrir því og gert ráðstafanir í tæka tíð, frú forseti. (**Gripið fram í:** Hvaða ráðstafanir ætlarðu svo sem að gera núna?)

[00:14]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti getur upplýst og minnt hv. þingmann á að fyrr í kvöld bar forseti sem þá sat það upp fyrir þingheim að hér yrði heimild til að funda fram yfir miðnætti og fylgja dagskránni og við því varð þingheimur. Þó svo að nú sé komið rétt fram yfir miðnætti er dagskráin ekki tæmd og því mun forseti halda áfram með dagskrána.

[00:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstvirtur forseti. Við erum að fjalla um 10. mál á dagskrá. Á dagskránni eru 19 mál og ég efast ekki um að hæstv. forseti er búinn að gera einhverjar áætlun um það hvernig eigi að takast að ljúka þessari dagskrá í kvöld þar sem forseti telur sig hafa heimild fyrir því að ljúka dagskránni.

Það væri áhugavert að vita hvort forseti hefur einhverja áætlun um þetta og kannski áhugavert fyrir hæstv. forseta sem nú situr á forsetastóli að rifja upp orð þáverandi hv. þm. Ögmundar Jónassonar en núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, sem taldi að svona samþykkt væri algjörlega meiningarlaus orð og gæti ekki verið nokkur skapaður hlutur á bak við það. Það væri áhugavert að heyra skoðanir hæstv. forseta á þeim orðum (Forseti hringir.) hæstv. ráðherra Ögmundar Jónassonar.

[00:16]

Ásta Möller (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Klukkan er orðin tuttugu mínútur yfir tólf og við erum á tíunda máli á dagskrá. Eins og komið hefur fram eru 19 mál á dagskrá þingsins sem er dagsett miðvikudaginn 15. apríl en nú er kominn fimmtudagurinn 16. apríl.

Á dagskrá eru m.a. stór mál eins og endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, heimild til samninga um álver í Helguvík, um sjúkraskrár o.fl. Allt mál sem þingmenn hafa hug á að ræða. Við vitum náttúrlega ekki, og erum því að óska eftir að fá hæstv. forseta til þess að segja okkur hvað hann hugsar sér að halda lengi áfram fram eftir nóttu. Því ef svo er að hann ætli að halda áfram fram á nótt þá þurfum við að hringja út þá þingmenn sem höfðu hugsað sér að taka til máls í þeim málum sem ég nefndi. (Forseti hringir.)

[00:17]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Það var þannig í eina tíð að þáverandi hv. þm. Lúðvík Jósepsson skapaði þá hefð á þinginu að næturfundir skyldu ekki haldnir nema tvær nætur í röð. Ekki þótti tilhlýðilegt að halda lengur svo á málum nema tvær nætur í röð, að haldnir væru næturfundir. Undir þær óskir hafa seinna tekið hv. þm. Ögmundur Jónasson, núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra og fleiri. Ég sé hv. þm. Árna Þór Sigurðsson í salnum og ég veit að hann minnist þessa vegna áhuga síns á pólitík, þ.e. að hv. þm. Lúðvík Jósepsson taldi það alveg einsýnt þegar mikið var á dagskrá þingsins, alveg sama um hvaða mál var að tefla, að aldrei skyldi haldið áfram lengur en tvær nætur í röð með næturfundi.

Þess vegna hlýt ég að heita á hæstv. forseta núna þegar til þess er tekið að þetta er ábyggilega tíunda nóttin í röð, páskafrí reyndar inn á milli, sem (Forseti hringir.) þingið hefur starfað þar sem hafa verið stanslausir næturfundir. Hæstv. forseti hlýtur að þurfa að (Forseti hringir.) að víkja til þess hvernig hlutirnir hafa farið í þingsölum.

[00:18]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Sú var tíðin að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins vitnuðu til hugmyndafræði og hugmyndafræðinga sem kenndu sig meira í átt við hægri stefnu. En nú er það þannig að fyrrverandi þingmaður Lúðvík Jósepsson og (Gripið fram í.) hæstv. heilbrigðisráðherra eru orðnir helstu hugmyndafræðingar sem styðja málstað Sjálfstæðisflokksins eða hv. þingmanna þegar þeir tala um fundarstjórn forseta upp úr miðnætti.

Það er afar mikilvægt að hv. þingmenn fái að tjá sig í þinginu, þeir sem það vilja gera. Þannig hefur það verið í dag eins og undanfarna daga að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru mjög áhugasamir um að tjá sig um þau mál sem eru á dagskrá, hvort sem um er að ræða stór mál eða litlar breytingartillögur og flytja nokkuð ítarlegt mál. Mér þætti það mjög miður, virðulegi forseti, ef hæstv. forseta dytti það í hug að koma í veg fyrir að hv. þingmenn fái að tjá sig (Forseti hringir.) og koma skoðunum sínum á framfæri. En ég vil bara nefna það (Forseti hringir.) og ítreka að það er athyglisvert hvaða hugmyndafræðinga þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa helst að leiðarljósi í umræðunni.

[00:20]

Frsm. 2. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Í tilefni af þessu hugmyndafræðingatali hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar ... **(Gripið fram í:** ... Einar Olgeirsson líka.) Ég heyri að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson vill gjarnan blanda sér í umræðuna og bið forseta um að gefa honum tækifæri á eftir til þess að tjá sig um þetta efni. Það stendur honum kannski nærri að halda uppi merki Lúðvíks Jósepssonar í þessum sölum.

Það er nú þannig að við sjálfstæðismenn erum afskaplega víðsýnir og tilbúnir til að taka góðu hvaðan sem það kemur. Og ef góðir þingmenn og látnir sómamenn hafa lagt gott til málanna þá hljótum við að styðja það og taka það upp þó að okkur hafi greint á við þá um pólitísk sjónarmið.

Ég verð að vekja athygli hæstv. forseta á því sem hv. þm. Ólöf Nordal sagði að næturfundir hafa verið sennilega 10 þingdaga í röð (Forseti hringir.) eða eitthvað þess háttar og ég hygg að það sé nær einsdæmi (Forseti hringir.) og spyr hæstv. forseta hvað hún hyggist halda fundi lengi áfram.

[00:21]

Ásta Möller (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Í fyrri ræðu minni óskaði ég eftir því að fá upplýsingar frá hæstv. forseta um hversu lengi yrði haldið áfram og hvaða mál yrðu tekin fyrir næst. Eins og gefur að skilja erum við að skipuleggja störf okkar hér í þinginu og nú eru til umræðu hlutafélög og einkahlutafélög og eftir því sem ég kemst næst eru tveir þingmenn á mælendaskrá. Við vildum gjarnan fá að vita hvort önnur mál verða tekin fyrir í kjölfarið til þess að við gætum hringt í þingmenn og látið þá vita sem ætla að taka þátt í þeirri umræðu. Mér finnst það sjálfsögð kurteisi frá hendi hæstv. forseta að upplýsa okkur um þetta þannig að við getum gefið félögum okkar, hv. þingmönnum, færi á að bregða sér í hús.

[00:22]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Af því að hv. þm. Ásta Möller talaði um að það væri mikilvægt að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins gætu skipulagt sig þá ætla ég að hrósa þeim fyrir vel skipulagt málþóf sem hér hefur verið í nokkra daga. (Gripið fram í.) Ég vil segja það af þessu tilefni að þeir hafa tjáð sig mjög ítarlega um hin ýmsu mál, hvort sem þau eru lítil eða stór, og ætið hefur einhver verið tilbúinn að koma og ræða málið þegar sá síðasti hefur lokið máli sínu. Ég kom fyrst og fremst hér upp til þess að hrósa þeim fyrir skipulagt málþóf til þess að koma í veg fyrir (Gripið fram í.) þjóðareign á auðlindum og það að þjóðin geti látið fram skoðun sína í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[00:23]

Frsm. 2. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki alveg hvernig hv. þm. Lúðvík Bergvinsson skilgreinir stór mál og smá mál. Ég hef mínar eigin hugmyndir um það en ég tel að á þessum þingdegi höfum við klárað umræður um ýmis mál og sum af þeim eru bara prýðismál og gott að umræðu um þau er lokið. Önnur mál eru aftur síðri og gallaðri með einhverjum hætti eða hugsanlega ekki eins mikilvæg. Engu að síður hefur okkur miðað talsvert áfram í störfum þingsins þótt umræður hafi vissulega verið vandaðar og málefnalegar.

Þegar hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talar um málþóf þá held ég að hann verði að hafa í huga að fyrir ábyggilega tveimur vikum lögðum við sjálfstæðismenn upp með það að það væri ákveðinn fjöldi mála sem væri virkilega brýnn, mál sem hefðu raunverulega þýðingu fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu og ég er sannfærður um að (Forseti hringir.) við hefðum getað lokið þingstörfum fyrir (Forseti hringir.) tíu til tólf dögum ef við hefðum lagt áherslu á þau mál á þeim tímapunkti.

[00:25]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með félögum mínum, sjálfstæðismönnum, um að við söknum þess að fá ekki svör. Það er líka sérkennilegt að við skulum sitja undir ámæli hjá þingmönnum stjórnarmeirihluta fyrir það eitt að hafa gengið í smiðju meistaranna. Það vill svo til að það er margsinnis búið að benda okkur það og ég held að við séum farin að skilja það, að við erum búin að vera í stjórn í 18 ár og við erum nú í nýrri stöðu. En við erum svo heppin að við þurfum ekki að finna upp hjólið varðandi það hvernig við eigum að haga okkur. Við sjáum bara hvað þið gerðuð áður og gerum allt eins. Það er nákvæmlega það sem við erum að gera. Þess vegna vitnum við í þessa ágætu þing-

menn ykkar því þeir eru búnir að segja þetta allt áður. Við getum ekkert sagt það betur.

Ég ítreka að við hljótum að fá einhver svör við því hvort við eigum að vera hérna til hálftvö eða tvö eða þrjú eða fjögur, (Forseti hringir.) bara þannig að við getum þá skipt liði og lagt okkar svona inn á milli frekar en að dotta hérna í þingsalnum.

[00:26]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti telur sig hafa svarað því fyrr í kvöld að það var lagt upp með það að vera hérna eitthvað fram á nótt. Með tilliti til þess að dagskráin er bæði löng og hún er þung þá ræðst það auðvitað af þingmönnum sjálfum hversu ítarlega þeir vilja ræða í hverju máli hversu langan tíma það tekur að fara niður dagskrána. Því legg ég það í hendur þingmanna sem eru hér og taka þátt í dagskránni með málflutningi að taka þá tillit til þess hve áliðið er því það verður haldið áfram með dagskrána eitthvað fram eftir og tímalengdin fer eftir ræðulengd þingmanna.

[00:27]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Með allri vinsemd, eins og bent hefur verið á þá eru tveir ræðumenn eftir í 10. málinu, sem heitir hlutafélög og einkahlutafélög. Næst á dagskrá er 11. málið, sem heitir endurskipulagning þjóðhagslegra mikilvægra atvinnufyrirtækja og þar má sjá á dagskránni að muni vera tvö nefndarálit og breytingartillögur og ýmislegt sem greinilega kallar á umræðu og ekki síður að framsögumenn þessara nefndarálita verði til staðar. Nú hlýtur forseti að geta svarað okkur því hvort við eigum að fara að kalla út þessa framsögumenn nefndarálita, eða ætlar forseti að láta líða að því að menn geti ekki mætt til fundarins? Er það meining hæstv. forseta? Eða ætlar hæstv. forseti að sleppa þessu máli (Forseti hringir.) og taka næsta mál á dagskrá sem er (Forseti hringir.) um heimild til samnings um álver í Helguvík? Gæti hæstv. forseti svarað mér þessu? (Forseti hringir.)

[00:28]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Okkur er sagt að við ætlum að halda áfram eitthvað fram á nótt. Ég hef áður sagt undir þessum lið, um fundarstjórn forseta, að ég hef það mér til vorkunnar að ég er ekki mjög þingvön kona. En einhvern veginn er mér farið að sýnast að eitthvað fram á nótt þýði til kl. tvö og ég ætla að leyfa mér að spyrja, er það það sem við megum reikna með eða erum við að tala um eitthvað annað? Því þessar upplýsingar sem við höfum fengið eru mjög þversagnarkenndar, það er verið að tala um að það eigi að tæma dagskrána og það eru mál sem munu taka marga klukkutíma. Ég trúi ekki öðru en að Vinstri grænir þurfi að segja margt um Helguvík. Og hvar er þeirra lið sem ætlar að ræða um það mál? (**Gripið fram í:** Einn maður?) Ég trúi því ekki að það sé bara einn maður sem ætlar að ræða það miðað við það hversu þaulsetnir þeir hafa verið að setja þetta mál svo aftarlega á dagskrá að komist ekki til umræðu.

Mig langar bara (Forseti hringir.) til að fá svar við því hvort þetta þýðir að við eigum að vera hérna til u.þ.b. kl. tvö, (Forseti hringir.) það mundi hjálpa strax að vita það.

[00:30]

Forseti (Þuríður Backman):

Eins og forseti sagði áður fer það mikið eftir tímalengd ræðna þingmanna sjálfra hversu lengi verður haldið áfram.

[00:30]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Við erum í 2. umr. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Innihald frumvarpsins varðar eignarhald á hlutafélögum og einkahlutafélögum, kynjahlutverk og starfandi stjórnarformenn. Þetta frumvarp hefur verið í umræðunni innan nefndarinnar um eitthvert skeið og varðar, eins og ég vék að áðan, í fyrsta lagi breytingu á lögum um hlutafélög, í fyrsta lagi varðandi upplýsingagjöf um hlutaskrá eins og kemur fram í 1. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að stjórnin skuli gæta þess að hlutaskrár geymi réttar upplýsingar hverju sinni.

Ég verð að segja að sú krafa sem kemur fram í 1. gr. frumvarpsins er sjálfsögð og eðlileg krafa um að á hverjum tíma liggi fyrir upplýsingar um hverjir eru hluthafar og hve stóran hlut viðkomandi eiga í viðkomandi hlutafélagi. Það kom m.a. fram í ræðu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur fyrr í kvöld en hún benti á að í *Fréttablaðinu* í gær voru gefnar upplýsingar um störf þingmanna í hlutafélögum og einkahlutafélögum og í opinberum hlutafélögum. Hún benti sérstaklega á að þær upplýsingar sem byggt var á frá Creditinfo væru ekki réttar, ekki vegna þess að fyrirtækinu Creditinfo væri um að kenna heldur væru þær upplýsingar sem liggja í hlutafélagaskrá ekki réttar á hverjum tíma. Það er hlutur sem ekki gengur og í því samfélagi sem við lifum í nú þar sem hraðinn er mikill og upplýsingar eru mikilvægar og nauðsynlegar til þess að tryggja gagnsæi í viðskiptalífinu þá er þessi krafa og þetta frumvarp, sem gerir ráð fyrir því að hlutaskráin geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma, nauðsynlegt. Reyndar segir í núgildandi lögum að svo skuli vera en með þessu frumvarpi er hnykkt á því og ítrekað að þetta séu eðlilegar kröfur, m.a. til að hægt sé að sjá öll tengsl á milli eignaraðila og milli hlutafélaga.

Sá þáttur sem ég vildi helst ræða um í þessari umræðu varðar 2. gr. frumvarpsins, varðar kynjahlutföll í stjórnum hlutafélaga. Fyrir einhverjum missirum, sennilega var það vorið 2007 og þó gæti það hafa verið eitthvað fyrr, voru gerðar breytingar á lögum um opinber hlutafélög þar sem kom inn ákvæði um að í kjöri í stjórn opinbers hlutafélags skuli tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar en skilgreining á opinberu hlutafélagi er að það er félag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, á að öllu leyti beint eða óbeint í.

Á þeim tíma sem þetta ákvæði kom í lögin var töluverð umræða, ekki síst meðal kvenna á þingi um að eðlilegt væri að ríkið, íslensk stjórnvöld settu slík ákvæði í lög, enda væri ákvæði þess eðlis í jafnréttislögum sem ætti að tryggja jafnrétti kynjanna á öllum sviðum samfélagsins og alveg ljóst að tölur sem voru birtar á þeim tíma bentu til þess að

svo væri ekki varðandi stjórnun fyrirtækja. Ég held að sú umræða sem þá fór fram eigi ekki síður og jafnvel enn frekar rétt á sér í dag því að satt að segja hefur lítið miðað í jafnréttismálum innan atvinnulífsins frá þessum tíma. Meðal annars hefur komið fram að í júlí á síðasta ári, árinu 2008, voru 13 félög í úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands — sem er náttúrlega mun færri í dag eins og allir vita — og þar voru 18% stjórnarmanna konur en voru reyndar 7% á árinu 2004. Eitthvað hafði því þokast í rétta átt en að sama skapi hafði ekki verið mikil framför varðandi stjórnir aðildarfélaga í Samtökum atvinnulífsins. Á árinu 2004 voru 2% þeirra sem voru í stjórnum aðildarfélaga konur, 5 af 87 aðilum í stjórnum aðildarfélaga Samtaka atvinnulífsins, en voru komnar í 9% á árinu 2006. Einhver smáskref hafa verið tekin þó en engan veginn í þeim mæli sem eðlilegt má teljast.

Þessi umræða um konur í stjórnum hlutafélaga og konur í atvinnulífinu hefur verið í gangi um nokkuð langt skeið og það vakti m.a. athygli á sínum tíma þegar Norðmenn gerðu ákveðnar breytingar á sínum lögum og settu upp kynjakvóta í þau þar sem var áskilið að í stjórnum félaga yrðu ákveðin hlutföll, 40%, 60%, þ.e. að annað kynið yrði að lágmarki 40% í hlutafélögum. Það ákvæði í norsku lögunum hefur vakið athygli víða um heim og verið fylgst með hvernig það hefur gengið eftir og hvaða áhrif það hefur haft á stjórnun og í stjórnum fyrirtækja í Noregi. Ég hef ekki séð niðurstöður neinna rannsókna í þá veru hvaða áhrif þetta hefur haft en á hinn bóginn hefur verið meira áberandi umræða í þá veru að með því að setja ákveðnar reglur í þessa veru þá væri ákveðin hætta á því að konur yrðu valdar í stjórnir fyrirtækja ekki vegna eiginleika sinna heldur eingöngu vegna kynsins og jafnvel yrði hætta á því að konur yrðu sniðgengnar í ákvarðanatöku og ákvarðanir yrðu teknar utan stjórnanna sjálfra. Nú vil ég ekki taka afstöðu til þess hvort þessi umræða er réttmæt en samt er fyllilega ástæða til að hafa það í huga.

Á hinn bóginn geta fyrirtæki ekki litið fram hjá því að í þeim fyrirtækjum þar sem hlutverk kynjanna eru jafnari en þær tölur sem ég hef bent á innan fyrirtækja hér á landi, þ.e. eru á bilinu 10–20%, þá verður að segjast eins og er að í þeim fyrirtækjum þar sem hlutföll karla og kvenna eru jafnari, þar hefur verið sýnt fram á með rannsóknum að árangur slíkra fyrirtækja er betri þar en í fyrirtækjum þar sem stjórnin er einkynja. Við vitum það og sjáum, m.a. á rannsóknum sem gerðar hafa verið af þátttöku karla og kvenna í stjórnmálum, að áherslur karla og kvenna eru mjög ólíkar í stjórnmálum sem rökstyður mikilvægi þess að hafa sem jöfnust hlutföll karla og kvenna í stjórnmálum til að sé hægt að dekka öll svið samfélagsins. En eins og gefur að skilja er það þannig að karlar og konur búa í þessu landi og í heiminum öllum í nokkuð jöfnum hlutföllum.

Ég er með fyrir framan mig viðtal við Þór Sigfússon, núverandi formann Samtaka atvinnulífsins, en í viðtali við hann í *Viðskiptablaðinu* 9. maí 2008 segir hann m.a. að hann leggi áherslu á það í því fyrirtæki sem hann veitti forstöðu á þeim tíma, Sjóvá, hvað fjölbreytnin geti gefið mikið. Hann bendir á að fyrirtækið nýti alla krafta starfsmanna og reyni að stýra því þannig að kynjahlutföllin séu nálægt 50 á móti 50. Hann segir síðan, með leyfi forseta:

„Fjölbreytni í rekstri fyrirtækja getur skilað alvörupeningum. Þetta er bara bisness."

Hann segir jafnframt þá sögu að fyrir nokkrum árum síðan þegar hann vann hjá Norræna fjárfestingabankanum þá kom til landsins bankamaður frá Svíþjóð og heimsótti sjö fyrirtæki á Íslandi og svo segir hann, með leyfi forseta:

„Þegar við vorum búnir að heimsækja þau sagði hann við mig: „Ég er búinn að fara í sjö fyrirtæki og hitta um þrjátíu einstaklinga, allt karlmenn og líklega alla undir 35 ára aldri. Hvar er allt hitt fólkið?" Það er svolítill broddur í þessu. Einhæfnin getur verið varasöm og kannski er hún hluti af vandanum hjá okkur nú. Við þurfum að nýta betur það vinnuafl sem fyrir er og ekki bara bæði kynin heldur líka yngri kynslóðir." Þetta eru orð að sönnu.

Þá komum við aftur að því frumvarpi sem hér er til umræðu. Þar er gerð ákveðin tilraun til að hafa áhrif á val fyrirtækja á stjórnendum sínum, bæði í stjórnum fyrirtækjanna og í æðri stöðum innan fyrirtækjanna en eins og ég sagði áðan hefði maður haldið að ef markaðsöflin ættu að ráða ættu fyrirtækin að sjá sér hag í því að hafa sem allra mesta fjölbreytni í stjórnun fyrirtækja sinna til að geta metið og mætt kröfum neytenda og þeirra sem viðkomandi fyrirtæki veita þjónustu eða starfa fyrir.

Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp í lög um hlutafélög og lög um einkahlutafélög ákvæði um að gæta skuli að kynjahlutföllum í stjórnum og við ráðningu framkvæmdastjóra. Einnig er gert ráð fyrir að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli sundurliða upplýsingar um hlutfall kynja í stjórn og meðal framkvæmdastjóra, svo og hlutfall kynja meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra í skipulagi félags. Í nefndaráliti minni hluta viðskiptanefndar kom fram, með leyfi forseta:

„Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að hér væri um of víðfeðma upplýsingagjöf að ræða og aukið skrifræði. Var vísað til þess að það væri fremur í takt við markmið frumvarpsins að einungis yrði tilkynnt um kynjahlutföll í stjórnendahópi félaga. Bent var á að ráða mætti kyn stjórnarmanna af nöfnum þeirra í tilkynningum sem nú eru sendar hlutafélagaskrá og að hlutafélagaskrá gæti skráð upplýsingar um kyn."

Eitt er reyndar það að fá upplýsingar um þessa stöðu til að glöggva sig á þeirri þróun sem er hér á landi en ég tek undir með hv. þm. Guðfinnu Bjarnadóttur þegar hún segir að ef til vill þurfi ákveðna hvatningu til þess að ná ákveðnum markmiðum. Ég segi aftur á móti að mér finnst það sjálfsagt að fyrirtækið taki mið af því sem best er fyrir fyrirtækið og leiti jafnt til kvenna sem karla sem stjórnenda. En í nefndaráliti 2. minni hluta viðskiptanefndar eru gerðar tillögur um breytingar á frumvarpinu sem þegar hefur verið gerð grein fyrir og ég mun ekki fara nánar út í þar sem hv. þm. Guðfinna Bjarnadóttir hefur sérstaklega gert grein fyrir því í ítarlegri ræðu sinni.

Ég vil nefna það sérstaklega að staða kvenna í atvinnulífinu hefur ekki verið nægjanleg og samtök eins og Félag kvenna í atvinnurekstri hafa verið ötul í að kynna stöðu mála á hverjum tíma og hafa beitt ýmsum ráðum til að afla sjónarmiðum sínum fylgis. Þau hafa m.a. birt lista yfir konur sem eru tilbúnar til að taka sæti í stjórnum fyrirtækja, konur sem eru mjög hæfar og hafa yfirgripsmikla reynslu

og þekkingu í þessum málum og hafa m.a. bent á að menntun kvenna hefur aukist verulega á síðustu árum. Í eina tíð var það sagt að þegar konur menntuðu sig meira þá væri það sjálfgefið að hlutur þeirra í samfélaginu yrði meiri. Sú hefur reyndar ekki orðið raunin. Þegar við horfðum á það að konur eru 58% þeirra sem luku framhalds- og háskólanámi á árunum 2005–2006 og á síðustu árum hafa konur verið í meiri hluta þeirra sem útskrifast með æðri prófgráður en það hefur ekki endurspeglast í skipan í stjórnir félaga og kannski enn síður í stjórnunarstöðum innan fyrirtækja.

Það vakti þó athygli að eftir bankahrunið í haust var ekki síst leitað til kvenna til að taka yfir stjórnun bankanna. Það vakti sérstaka athygli úti í heimi að á þeim tíma sem verið var að skipa t.d. tvær konur sem bankastjóra í bönkunum þremur hér á landi var ég á vegum Alþingis í Genf og þingmenn annarra þjóða komu til mín með fréttir í blöðum sem birtust þar og vöktu sérstaklega máls á því að það væri athyglisvert að núna væru konur að taka við stjórn bankanna og töldu það gott merki um að Íslendingar væru framarlega í jafnréttismálum. Ég var lítið að hafa fyrir því að benda þeim á staðreyndirnar sem voru aðrar, þ.e. að hlutur kvenna í atvinnulífinu væri minni en efni standa til og lét í raun og veru þar við sitja að meðtaka boðskap þeirra sem þeim þótti ánægjulegur og mér í sjálfu sér þótti það gott en var ekki að benda á aðrar staðreyndir.

Það frumvarp sem hér er til umræðu er til þess fallið að vekja sérstaklega athygli á hlut kvenna í atvinnulífinu og vekja athygli á því að það er hægt að leita til annarra en fyrrverandi skólafélaga af sama kyni eða fótboltafélaga, það er hægt að ná betri árangri með rekstur fyrirtækisins með því að leita til kvenna til að stjórna.

Að lokum vil ég láta í ljós þá skoðun mína að ein af skýringunum á því hvað hlutur kvenna í atvinnulífinu er í raun og veru lítill er sá að hér á landi hefur það tíðkast að í þeim greinum sem konur sérstaklega mennta sig til, þ.e. í heilbrigðisgreinum og í menntamálum kennslu, þar er ríkisrekstur mjög viðamikill. Ég hef líka bent á að það er ákveðið merki um vantraust stjórnvalda á kröftum kvenna hve lítið hefur verið um að gerðir hafi verið samningar af stjórnvöldum um rekstur, m.a. innan skólakerfisins og innan heilbrigðiskerfisins og í því felist ákveðið vantraust á konur. Ef fleiri samningar væru um slík verkefni í umboði stjórnvalda mundum við strax sjá að konur spjara sig mjög vel við stjórnun fyrirtækja, hvort heldur eigin eða annarra og það er mín skoðun að stjórnvöld eigi í ríkari mæli að treysta konum fyrir slíkum verkefnum enda hafa þær sýnt að þær axla þá ábyrgð mjög vel og jafnvel betur en karlar. Í því sambandi bendi ég á Margréti Pálu Ólafsdóttur sem hefur vakið mikla athygli fyrir góðan rekstur á skólum innan Hjallastefnunnar sem hefur haft mikil áhrif á aðra ríkisrekna skóla. En í þessu frumvarpi er verið að hvetja til þess að önnur en opinber hlutafélög horfi til kvenna þegar skipað er í stjórnir og stjórnunarstöður innan fyrirtækja sinna.

[00:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Vakin var athygli á því áðan við þann forseta sem þá sat á forsetastóli að það mundi vera nokkuð liðið á nóttina og alls óljóst hvernig forseti ætlaði að haga hér afgreiðslu mála í nótt. Á það hefur verið bent að næsta mál á dagskrá er frumvarp um endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja og mér þætti ósköp vænt um að fá upplýsingar um það hjá forseta hvort kalla þurfi út fólk til að ræða það mál. Ég trúi ekki öðru en að forseti sé tilbúinn að veita okkur upplýsingar um það þar sem forseti hefur svona í seinni tíð sýnt allan vilja til þess að hafa eitthvert samstarf um það (Forseti hringir.) hvernig við ræðum mál hér. (Forseti hringir.) Hann hefur alla vega reynt að ræða það við formenn þingflokka en (Forseti hringir.) ég segi nú ekki að það hafi alltaf náðst góð niðurstaða. Ég trúi ekki öðru en að forseti sé tilbúinn (Forseti hringir.) að segja mér þetta.

[00:52]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti getur upplýst að mál 11 og 12 munu ekki verða hér á dagskrá heldur ætlar forseti að reyna að freista þess að ná 13. dagskrármáli, um sjúkraskrár, í gegn í kvöld ásamt 19. dagskrármáli, um veitingu ríkisborgararéttar, sem er til 1. umr., þannig að það sé upplýst hvaða markmið forseti hefur sett sér fyrir fund kvöldsins.

[00:52]

Frsm. 2. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Forseti hefur upplýst að 11. og 12. dagskrármál, annars vegar um endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja og hins vegar um heimild til samninga um álver í Helguvík, verði ekki tekin á dagskrá í kvöld en hæstv. forseti hefur ekki útskýrt af hverju þessi mál eru ekki tekin fyrir í kvöld.

Ég verð að segja að ég tel að þessi tvö mál séu virkilega þess virði að ræða þau. Ég styð annað en ekki hitt. Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt að það komi fram af hverju þessi mál eru tekin út og hvaða sjónarmið búa þar að baki, hvort það eru einhver geðþóttasjónarmið eða einhver málefnaleg sjónarmið á bak við það að þau eru tekin út en önnur ekki. Ég bið forseta að upplýsa um þann þátt.

Um leið vil ég minna forseta á að hér hefur verið allmikið um næturfundi og forseti þarf aðeins að velta því fyrir sér (Forseti hringir.) hvaða svip hann ætlar að hafa á þingstörfum næstu sólarhringa, (Forseti hringir.) því að miðað við þetta (Forseti hringir.) er ekki útlit fyrir að þessu ljúki (Forseti hringir.) fyrir hádegi á morgun að minnsta kosti.

[00:54]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég botna bara ekkert í þessu þinghaldi. Nú er kominn 16. apríl og við erum enn í þinginu að tala um hin ýmsu mál og nú er hlaupið fram og aftur í dagskránni. Það er þotið yfir mál nr. 11 og 12 en 12. mál á dagskrá er mál sem við sjálfstæðismenn höfum ítrekað óskað eftir að verði tekið á dagskrá. (**Gripið fram í:** Þúsundir starfa.) Mál sem skiptir miklu máli fyrir fólk hér á landi þar sem mörg þúsund störf eru undir. Þá er bara hlaupið yfir það, hæstv. forseti, sennilega vegna þess að það er enginn hér í húsinu til að tala um það af hálfu þeirrar minnihlutaríkisstjórnar

sem hér ræður. Þess í stað á að taka fyrir málið um sjúkraskrár.

Þetta gengur náttúrlega ekki, hæstv. forseti. Maður veit ekkert hvenær maður fer heim, kvöld eftir kvöld eru hér næturfundir. Það er alveg til háborinnar skammar hvernig þinghaldi er háttað og það er kominn tími til að forseti segi frá því hvenær þessum fundi ljúki í kvöld? Og á að halda svona áfram til 25. apríl? Ég bara spyr, hæstv. forseti. (**Gripið fram í:** Varla lengur.)

[00:55]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti getur upplýst það að markmið forseta hefur verið að ljúka þinginu sem allra, allra fyrst og til þess þarf að ljúka umræðu um þau mál sem hafa verið sett á dagskrá. Það er mat forseta að bæði 11. og 12. mál þurfi hugsanlega mjög langan tíma í umræðu og eðlilegt að eyða ekki nóttinni í það. Aftur á móti taldi ég þar sem sjúkraskrár hafa ekki verið í ágreiningi í þinginu að það hefði verið freistandi að ljúka því máli áður en við lykjum þingfundi í kvöld. Það er málefnalega ástæðan fyrir þessari uppröðun á dagskrá hjá forseta.

[00:56]

Ásta Möller (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Nú hefur hæstv. forseti upplýst hvernig málum verður hagað hér í nótt, þegar lokið hefur verið umræðu um hlutafélög og einkahlutafélög verður farið í sjúkraskrár. (Gripið fram í.) Það er ekkert því til fyrirstöðu af okkar hendi að taka þá umræðu. En þetta mál er mjög mikilvægt, ég veit t.d. að framsóknarmenn hafa lagt mikla áherslu á þetta mál og ég sé nú engan framsóknarmann hér í húsinu. Þeir hafa m.a. lagt fram sérstaklega þingsályktunartillögu til að ýta eftir þessu máli. Fyrst var það unnið í tíð hæstv. þáverandi ráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur. Ég tel að það væri kurteisi af hendi hæstv. forseta að ræsa út framsóknarmenn til að heyra hvort þeir hefðu ekki áhuga á taka þátt í umræðu um þetta mikilvæga mál.

[00:57]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Forseti vill vekja athygli á því að enn er til umræðu 10. mál á dagskránni, um hlutafélög og einkahlutafélög, þannig að það kemur að því síðar ef kalla þarf einhverja til umræðunnar í næstu málum.

[00:57]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé full ástæða til að þakka hæstv. forseta fyrir það núna klukkutíma eftir að við byrjuðum að spyrja hann að hann getur sagt okkur hvernig dagskráin eigi að vera í nótt. Mér er hins vegar er fyrirmunað að skilja af hverju ekki var hægt að segja þetta fyrir klukkutíma. Hvað hefur gerst á þessum klukkutíma sem gerir það að verkum að nú allt í einu er hægt að segja frá þessu? Mér líður eins og í leikskóla en það er kannski bara mín tilfinning en ekki eitthvað annað. Ég meina, við erum jú öll hérna fullorðið fólk. En alla vega er þetta áhugavert og gott að vita.

Vandinn er sá að sjúkraskrárfrumvarpið á að taka fyrir næst, og það er alveg hárrétt sem hv. þm. Ásta Möller benti á, en ég mundi líka gjarnan vilja að hæstv. heilbrigðisráðherra væri á staðnum því að þar koma inn verulegir fjármunir. Ef þetta kerfi á að virka og á að skila öllu því hagræði sem það getur skilað í heilbrigðiskerfinu, (Forseti hringir.) sem hlýtur að vera undirstaða núna á þessum tímum, (Forseti hringir.) þarf hann að vera hér til andsvara vegna þessa máls. Ég held að við ættum kannski að hlaupa yfir 13. liðinn og fara yfir í þann 19. og þá getum við öll verið glöð.

[00:59]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forseta er nokkur vandi á höndum. Sennilega er ræður um fundarstjórn forseta farnar að nálgast 500 og (Gripið fram í.) fyrir 15 mínútum eða svo fór hér fram ákveðin senna um fundarstjórn forseta. Þá var krafan skýr, öll mál af á dagskrá. Nú 15 mínútum síðar situr forseti uppi með kröfu um öll mál á dagskrá. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa talað hér í eina 14, 15 klukkutíma og því komið í veg fyrir að mál komist á dagskrá. Ég vil bara segja um þetta, virðulegi forseti: Þú átt alla mína samúð við að reyna að mæta kröfum hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins vegna þess að þær breytast á 15, 20 mínútna fresti og það getur verið þrautin þyngri að fylgja þeim eftir á þann hátt sem þær eru bornar hér fram.

[01:00]

Frsm. 2. minni hluta viðskn. (Birgir Ármannsson) (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni gengur illa að skilja af hverju áherslur okkar sjálfstæðismanna breytast í þessum efnum. Það gerist auðvitað eftir að fram eru komnar nánari upplýsingar um áform forseta um framhald þingstarfa. Við höfum vissulega kosið að þingstörfum í kvöld yrði lokið miklu fyrr og lögðum þar af leiðandi til að mál sem væru á dagskrá væru geymd, öll. En þegar fyrir liggur að forseti ætlar að keyra áfram langt fram á nótt er eðlilegt að við biðjum hæstv. forseta um að fara í ákveðna forgangsröðun að þessu leyti.

Ég vildi geta þess, hæstv. forseti, að frá 23. mars sl. hafa verið í þinginu tveir kvöldfundir, átta næturfundir, einn fundur á laugardegi og á þessum þremur vikum hafa venjulegir þingdagar aðeins verið tveir, aðeins tveir dagar þar sem þingfundi hefur lokið á skikkanlegum tíma. Það er enginn bragur á þessu.

[01:01]

Ólöf Nordal (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er ljómandi gott að fá hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hingað upp til að sýna okkur fram á það að hann kunni að telja alveg upp í 500 þær ræður sem hafa verið haldnar um fundarstjórn forseta. Ég spyr: Hversu margar af þeim ræðum hefur hann sjálfur haldið til að koma okkur í skilning um að hann kunni að telja? En það er annað mál.

Ástæðan fyrir því að ákveðinn hringlandi er í ræðum sjálfstæðismanna, eins og hann vill meina, er auðvitað sú

að hæstv. forseti er alltaf að skipta um skoðun um það hvað hann ætlar sér með þetta þinghald. Eina stundina á að halda áfram eitthvað fram á nóttina, það liggur ekki fyrir hvaða mál eigi að taka fyrir. Svo er farið fram og til baka í dagskránni, þessu málinu er sleppt og hinu málinu er sleppt. Nú liggur fyrir að við eigum að fara að taka fyrir 13. dagskrármál, um sjúkraskrár. Það er ekki nokkur maður hér í húsi sem hefur vit á þessu máli í alvöru. Finnst forseta það í lagi? Þetta er alveg fáránlegt. Hér er enginn af hálfu ríkisstjórnarflokkanna, enginn flutningsmaður þessa máls, og ég spyr: Finnst forseta það í lagi? Það er ekki nokkurt vit í því hvernig hæstv. forseti heldur á þessu þinghaldi.

[01:02]

Ásta Möller (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara í andsvar en ég held því fram að hér sé fólk af viti í stjórnarandstöðu, (Gripið fram í.) fólk sem hefur gott vit á þessu, m.a. fyrrverandi formaður heilbrigðisnefndar og líka formaður nefndarinnar sem samdi frumvarpið, hv. þm. Dögg Pálsdóttir. En það sem hefur komið í veg fyrir að frumvarpið fari í gegn, það hefur hvorki farið í gegn á þessu þingi né áður, er kostnaðurinn við það. Það hefur verið metið að það að hrinda frumvarpinu í framkvæmd svo að sómi sé að kosti einn milljarð kr. Við hljótum því að óska eftir því að bæði heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra komi í hús til að svara fyrir það hvernig þeir ætla að finna þennan milljarð sem mér þætti mjög vænt um að kæmi þarna inn með einhverjum hætti. Við hljótum hins vegar að fá að leita eftir þessum upplýsingum frá hæstv. ráðherrum, fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra, til að átta okkur á hvernig gangi að framfylgja frumvarpinu.

[01:04]

Dögg Pálsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Leikskólatilfinningin minnkar ekki neitt og nú hljótum við að fylgjast spennt með því hvort hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kann að telja upp í 1.000 þannig að við höldum bara áfram með athugasemdir um fundarstjórn forseta.

Ég ætla að ítreka það sem ég sagði í fyrri athugasemd minni um fundarstjórn forseta að sjúkraskrárfrumvarpið er heildarfrumvarp, þetta er fyrsta frumvarp sinnar tegundar. Ég ætla að halda því fram að þetta sé tímamótafrumvarp og mér finnst synd ef hér á enginn úr (Forseti hringir.) stjórnarliðinu að vera við umræðuna og ekki einu sinni hæstv. heilbrigðisráðherra sem þarf að svara mjög mikilvægum spurningum. Ég árétta það sem ég sagði áðan, í fyrri athugasemd minni, hvort ekki megi ná samkomulagi um það að við bíðum með sjúkraskrárfrumvarpið til morguns og þá geti verið hér fleiri þingmenn, ekki bara stjórnarandstöðuþingmenn sem kunna þetta upp á 10, og við förum yfir í veitingu ríkisborgararéttar og förum svo heim að leggja okkur.

[01:05]

Ármann Kr. Ólafsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt, ég var að koma í hús, hef reyndar fylgst með umræðum í gegnum sjónvarpið. Ég verð að segja að mér finnst þetta alveg ótrúleg fundarstjórn af jafnágætum forseta og hæstv. forseti er. Það er líka hreint með ólíkindum að horfa upp á þann ágæta hv. þm. Lúðvík Bergvinsson tala um að það sé einhver sérstök hugmyndafræði hvernig staðið sé að fundarsköpum hér. Hugmyndafræði, það er þá sérstök hugmyndafræði hjá Samfylkingunni, það er ekki nema von að hugmyndafræðin þar sé í molum. En mér finnst það með ólíkindum ef hér á að fara að hlaupa yfir í sjúkraskrárfrumvarpið. Hvaða rugl er þetta? Hvað er verið að fara? Á þá að kalla út allt það lið í þingmeirihlutanum sem hefur vit á þess máli? Er það tryggt, er það öruggt, hæstv. forseti?

[01:06]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Nú er búið að benda hæstv. forseta á að það þurfi að ræða sjúkraskrármálið mjög vandlega, að það muni taka nokkurn tíma og það sé jafnframt nauðsynlegt að a.m.k. heilbrigðisráðherra sé við þá umræðu og fjármálaráðherra líka. Nú er það algerlega ófrávíkjanleg krafa, held ég að megi orða það, að við fáum að vita hvort heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra séu í þessu húsi til að ræða þetta mál. (**Gripið fram í:** Og formaður heilbrigðisnefndar.) Ég tala nú ekki um formann heilbrigðisnefndar sem hlýtur að vera framsögumaður í þessu máli, framsögumaður nefndarálits. Vill hæstv. forseti ekki upplýsa okkur um það hvort hér verði þessir ágætu ráðherrar og þeir (Forseti hringir.) framsögumenn sem hér þurfa að vera til að ræða það mál. Ég skal gjarnan (Forseti hringir.) taka það fram að ég er tilbúin til að taka önnur mál sem eru framar á dagskránni eins og álverið í Helguvík (Forseti hringir.) sem er mjög nauðsynlegt að ræða.

[01:08]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tel að fundarstjórn forseta hafi verið með miklum ágætum og það sé ekkert upp á hana að klaga þrátt fyrir það sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins halda fram. Það er líka erfitt að átta sig á því hvað þeim gengur til þegar annars vegar er sagt að ekki sé hægt að ræða hér mál sem fjallar um sjúkraskrár vegna þess að það þurfi að ræða það svo mikið en síðan er boðið upp á að taka fyrir önnur mál sem líka þurfi mikla umræðu. Það stendur náttúrlega ekki steinn yfir steini í þessu. (Gripið fram í.) Hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur er vel kunnugt um það hvaða mál munu væntanlega kalla á umtalsverða umræðu.

Ég get upplýst um það að ég veit ekki betur en hv. formaður heilbrigðisnefndar sé á skrifstofu sinni í næsta nágrenni við þinghúsið og reiðubúinn að koma og ræða um sjúkraskrármálið ef á þarf að halda. En ég held að menn ættu að einbeita sér að því að ljúka umræðu um það mál sem hér er þó þrátt fyrir allt til umræðu nú, sem fjallar um hlutafélögin, að þeirri umræðu verði lokið (Forseti hringir.) og svo sjái menn til. Ég minni á að enginn ágreiningur var um (Forseti hringir.) það í upphafi þingfundar í dag að halda þessum fundi áfram fram á nótt.

[01:09]

Dögg Pálsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við erum í 2. umr. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög þar sem lagðar eru til breytingar á eignarhaldi, kynjahlutföllum og reglum um starfandi stjórnarformann. Eins og ýmis önnur frumvörp sem hér hafa verið til umræðu í dag á frumvarpið rætur að rekja til þess ástands sem hér skapaðist síðasta haust eftir hrunið, þ.e. að hluta til, og er þar þá fyrst og fremst um að ræða eignarhaldsákvæðin, önnur ákvæði eru sett með og ég mun koma nánar að því á eftir.

Það er sem sé þrennt sem gert er ráð fyrir að breyta í lögum um hlutafélög annars vegar og lögum um einkahlutafélög hins vegar og ég ætla að víkja fyrst að eignarhaldinu. Tilgangurinn með þeim breytingum sem lagðar eru til á lögum um hlutafélög er að auka gagnsæi í eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í íslenskum hlutafélögum. Það hefur nefnilega komið í ljós og er eitt af því sem talið er að hafi valdið margvíslegum vanda hér að í íslenskt viðskiptalíf hafi skort gagnsæi um þetta atriði. Þó að í gildandi lögum séu ákvæði sem gera ráð fyrir því að haldin sé hlutaskrá og hluthafaskrá er talið nauðsynlegt að styrkja þessi ákvæði með því að leggja berum orðum þá skyldu á stjórn hlutafélags að sjá til þess að hlutaskráin geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa og hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt.

Hins vegar er augljóst að slíkar upplýsingar einar og sér nægja ekki til að tryggja viðunandi gagnsæi. Þess vegna er einnig lagt til að geta þurfi allra samstæðutengsla sem félagið er í og er talið nauðsynlegt til að hægt sé að kortleggja allt eignarhaldið.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til er talið að gagnsæi um eignarhald og meðferð hluta verði meira en verið hefur. Til viðbótar fylgir þessum breytingum að hluthafar fá meiri og betri rétt til þess að fá frá stjórn upplýsingar um eignarhald, atkvæðisrétt og samstæðutengsl annarra hluthafa.

Síðan er gert ráð fyrir breytingum sem snúa að kynjahlutföllum í stjórnum og í æðstu stjórnum félaga og um starfandi stjórnarformenn. Þar sem félagar mínir hafa farið talsvert yfir kynjahlutföllin ætla ég að víkja næst að starfandi stjórnarformönnum. Fram kemur að ákvæði frumvarpsins byggi efnislega á niðurstöðum nefndar sem starfaði fljótlega upp úr 2000, var raunar skipuð í ársbyrjun 2004 og skilaði nefndin skýrslu einhverju seinna. Reyndar er spurning um hversu nauðsynlegt þetta ákvæði er og vil ég í því sambandi sérstaklega benda á umsögn Samtaka atvinnulífisins sem barst viðskiptanefnd. Breytingin sem lögð er til í frumvarpinu er sú að formaður félagsstjórnar megi ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

Þessi breyting er ákveðin viðbrögð við því að hér hefur verið sú þróun eða var, ég veit svo sem ekki hvort hún verður svo mikil eftir hrunið, en hún var augljós fyrir hrunið, að það færðist í aukana að stjórnarformenn væru í fullu starfi hjá því félagi sem þeir gegndu stjórnarformennsku í og gengu undir heitinu starfandi stjórnarformenn. Það er ekkert í gildandi lögum sem bannar þetta og ekkert sem bannar það að þetta sé fullt starf hjá stjórnarformanninum en það hefur þó almennt verið talið að stjórnarstarf sé hlutastarf. Yfir þetta er farið í umsögn Samtaka atvinnulífsins og á það bent að verkefni stjórnarformanns ráðist þá aðallega af stærð, eðli og umfangi fyrirtækis og ljóst að stjórnarmenn geti þurft að eyða það miklum tíma í stjórnarstörf að það jafngildi fullu starfi.

Í umsögn Samtaka atvinnulífsins er bent á það sem ég hef þegar nefnt að þessar tillögur í frumvarpinu byggi á niðurstöðu nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis, sem var skipuð í ársbyrjun 2004, en jafnframt er vísað til 51. gr. dönsku hlutafélagalaganna sem hafi að geyma sams konar ákvæði, nema það sé þó þrengra því að það sé takmarkað við félög sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Einnig er bent á í umsögn Samtaka atvinnulífsins að Danmörk sé eina nágrannaríki okkar sem hafi lögfest ákvæði sem miði að því að takmarka starfssvið starfandi stjórnarformanna og jafnframt á það bent að þetta ákvæði hafi sætt nokkurri gagnrýni í Danmörku. Danska ákvæðið hafi verið sett í kjölfar hneykslismáls sem kom upp í Danmörku snemma á tíunda áratugnum í fyrirtæki þar sem starfandi stjórnarformaður hafði gengið svo inn á verksvið framkvæmdastjórnar að það var alls óljóst um skilin milli daglegra starfa annars vegar og eftirlits og stefnumótunar hins vegar.

Það var og hefur verið mjög umdeilt í Danmörku að löggjafinn skyldi bregðast við einu tilteknu tilviki með þeim hætti sem gert var, þ.e. að setja almenn lög, og þess vegna er þetta sérstaklega áréttað í umsögninni og má ekki skilja hana á annan hátt en að verið sé að gjalda varhuga við því að íslensk stjórnvöld og þar með íslenski löggjafinn feti í sömu fótspor. Í umsögn Samtaka atvinnulífsins segir, með leyfi forseta:

„Dr. Erik Werlauff, prófessor við Álaborgarháskóla, hefur í gagnrýni sinni á danska ákvæðið haldið því fram að það skorti betri skýringar á ákvæðinu, þ.e. hvað átt sé við með því umfram það sem fyrir er í dönsku hlutafélagalögunum. Jesper Lau Hansen, prófessor við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla, hefur sömuleiðis gagnrýnt ákvæðið. Hann telur ákvæðið vera óskýrt þar sem með því sé reynt að koma til móts við pólitískar kröfur um að banna starfandi stjórnarformann sem sé andstætt því sem verið hefur viðurkennd venja. Niðurstaðan verði óskýr regla sem innihaldi margar undanþágur."

Umsagnaraðilinn, þ.e. Samtök atvinnulífsins, og Guðrún Björk Bjarnadóttir hérðasdómslögmaður sem undirritar hana fyrir hönd þeirra segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Þessa sömu gagnrýni má heimfæra upp á það frumvarp sem hér er til umfjöllunar. Ekki kemur fram í ákvæði frumvarpsins eða athugasemdum þess hvað teljist til „eðlilegs hluta" starfa stjórnarformanns. Er það því einkar óskýrt. Í frumvarpinu er síðan gerð sú undantekning að stjórnarmenn geti falið stjórnarformanni að vinna einstök verkefni fyrir stjórnina. Í athugasemdum með frumvarpinu er ekki skýrt hvers konar verkefni geti verið um að ræða. Undantekningarákvæðið er því einnig mjög óskýrt og óljóst og erfitt að sjá það ná tilgangi sínum."

Niðurstaða Samtaka atvinnulífsins, þegar kemur að þessum breytingum um starfandi stjórnarformenn, er sú að ef menn vilja halda sig við þetta sé eðlilegt að takmarka ákvæðið við félög á skráðum markaði eins og hafi verið gert í Danmörku, enda megi segja að þar liggi hagsmunir almennings sem fjárfesta í slíkum félögum sem löggjafinn vilji þá vernda. Því benda samtökin á að eðlilegt sé að gefinn verði ákveðinn aðlögunartími.

Eins og ég skil breytingartillögu 2. minni hluta viðskiptanefndar, en í henni eru Birgir Ármannsson framsögumaður, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Árni M. Mathiesen og Jón Magnússon, þá hafa þau tekið upp þessa ábendingu frá Samtökum atvinnulífsins og leggja til að um starfandi stjórnarformenn sé þessi afmörkun gerð samanber 2. tölulið í breytingartillögum á þskj. 863.

Ég ætla þá að vinda mér í að fjalla um þriðja og síðasta atriðið, en ekki þó sísta atriðið, sem felst í þessari lagabreytingu, þ.e. að reyna að hafa áhrif á kynjahlutföll þegar kemur að stjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga. Það er kunnara en frá þurfi að segja og á öllum að vera ljóst að kynjahlutföll í stjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga, sérstaklega hlutafélaga og þá hlutafélaga á markaði, að þar eru tölur mjög dapurlegar og hafa verið og breytast ekkert, sama hversu mikið um það er talað. Er þó skýrt í lögum um jafnan rétt karla og kvenna, nr. 10/2008, að atvinnurekendur eigi að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna í starfsemi sinni og á vinnumarkaði almennt. Í þeim lögum var meira að segja gengið svo langt — við ræddum þau raunar á þingi á síðasta ári — að setja þá skyldu á fyrirtæki og stofnanir, þar sem fleiri en 25 starfa, að þær ættu að setja sér jafnréttisáætlanir eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína og Jafnréttisstofa á að framfylgja því að þetta sé gert. Kannski er ekki komin mikil reynsla á það hvort þessar breytingar í lögunum frá 2008 hafi eitthvað að segja, ekki er nema röskt ár síðan þau gengu í gildi.

Með þeim ákvæðum sem kynnt eru í frumvarpinu er ákveðin viðleitni til þess að hvetja eigendur hlutafélaga til að gæta að kynjahlutföllum í stjórnum hlutafélagsins. Síðan eru lagðar ákveðnar tilkynningarskyldur á hlutafélögin, sem hv. þm. Birgir Ármannsson fór ágætlega yfir og ég ætla ekki að fjalla sérstaklega um það nema tíminn leyfi það, en ég ætla að halda áfram að tala um það ákvæði að gæta skuli að kynjahlutföllum. Þetta er dæmigerð stefnuyfirlýsing, þetta er hvatning en maður leyfir sér að — eða réttara sagt maður hefur ákveðnar áhyggjur af því að þetta muni engu breyta. Eins og ég nefndi áðan er búið að tala um kynjahlutföll í stjórnum hlutafélaga í mörg ár. Árlega eru birtar tölur um hversu margar konur og hversu margir karlar eru í stjórnum og árlega eru birtar tölur um hversu margir forstjórar eða framkvæmdastjórar fyrirtækja á markaði eru konur eða karlar. Hagstofan heldur þeim tölum saman og birtir þær reglulega og er sérstaklega vitnað til þess í athugasemdum með frumvarpinu að sérstakt verkefni er í gangi sem kallað er *Jafnréttiskennitalan* sem Rannsóknasetur vinnuréttar- og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst hefur unnið síðastliðin ár. Það sýnir að breyting á kynjahlutföllum í stjórnum er mjög hæg og jafnvel höfum við farið aftur á bak á stundum.

Það segir þó um kynjahlutföllin í þessari yfirlýsingu eða markmiðssetningu, ég get ekki kallað það neitt annað, að bæta við 1. mgr. 63. gr. laganna og 1. mgr. 65. gr. laganna nýjum málsliðum sem hljóða svo, með leyfi forseta:

„Einnig skal gætt að kynjahlutföllum í stjórnum annarra hlutafélaga.“

Í 65. gr. er það:

„Gætt skal að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra ...“ — Þetta snýr sem sé annars vegar að stjórnunum og hins vegar að framkvæmdastjóranum.

Í skýringum segir að markmiðið með þessu sé að stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum í hlutafélögum og einkahlutafélögum með auknu gagnsæi og greiðari aðgangi að upplýsingum.

Síðan eru þessar tilkynningarskyldur sem hv. þm. Birgir Ármannsson fór svo ágætlega yfir, en ég ætla bara rétt að segja að ég sé ekki tilganginn í því af hverju verið er að leggja þessar auknu tilkynningarskyldur á hlutafélög, ég tala nú ekki um þegar kemur að einkahlutafélögum, enda er í nefndaráliti 1. minni hluta viðskiptanefndar bent sérstaklega á það að með slíkum skyldum sé verið að setja of víðfeðma upplýsingagjöf á hendur félögunum og verið sé að auka skrifræðið.

Í áðurnefndri umsögn Samtaka atvinnulífsins sem ég hef þegar nefnt er bent á að það beri að tilkynna til hlutafélagaskrár breytingar á stjórnum. Við erum svo heppin á Íslandi að búa við nafnakerfi á einstaklingum að það leynir sér ekki hvort einstaklingurinn er karl eða kona. Með því að tilkynna til hlutafélagaskrár hvaða einstaklingar sitja í stjórn félags er hlutafélagaskrá hægur leikur, þ.e. að taka bara þær upplýsingar saman eða þá einhver af þeim aðilum sem þegar eru í því verkefni að halda utan um tölfræði á þessu sviði. Ég hef nefnt áður að Hagstofan gefur út rit, ég held að það sé gefið út árlega, *Konur og karlar í áhrifastöðum*, og síðan er það Rannsóknasetur vinnuréttar- og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst. Það er því eiginlega algjörlega óskiljanlegt af hverju í þessu frumvarpi er verið að leggja þessar kvaðir á hlutafélög, ég tala nú ekki um einkahlutafélög, að tilkynna og segja að í stjórninni séu X margar konur og Y margir karlar þegar móttakandi tilkynningar um stjórnarmenn getur hreinlega skoðað þetta sjálfur og sett upp þá tölfræði. Enda leggja félagar mínir í Sjálfstæðisflokknum til að þessum kvöðum verði aflétt og að þau atriði í frumvarpinu verði felld niður og hygg ég að það væri skynsamlegt ef á það væri fallist.

Áður en tími minn rennur út, virðulegi forseti, ætla ég að benda á að þó að ég sé svo sem í prinsippinu ekki á móti þessum fögru stefnuyfirlýsingum og áskorun um að jafna kynjahlutföll, þó að ég hafi ekki mikla trú á því að þau virki, skil ég ekki að þau skuli sett með nákvæmlega sama hætti inn í lögin um einkahlutafélög. Lög um einkahlutafélög eru allt öðru marki brennd en lögin um hlutafélög. Oftast er þar bara einn stjórnarmaður og lögin um einkahlutafélög voru sérstaklega sett til að gera fólki sem rekur lítil fyrirtæki hægara um vik. Áskoranir þar um að jafna sem mest kynjahlutföllin missa eiginlega marks vegna eðlis þeirra laga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 454. mál. — Þskj. 829.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–18. mál.

Fundi slitið kl. 01:31.

---

133. FUNDUR

fimmtudaginn 16. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Listamannalaun, stjfrv., 406. mál, þskj. 852, brtt. 865. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Lífsýnasöfn, stjfrv., 123. mál, þskj. 811, brtt. 887. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Barnaverndarlög og barnalög, frv., 19. mál, þskj. 793, frhnál. 832. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 356. mál, þskj. 606, nál. 843 og 862, brtt. 844 og 863. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 454. mál, þskj. 829. — 2. umr.
7. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 411. mál, þskj. 696, nál. 903 og 911, brtt. 912. — 2. umr.
8. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 664, nál. 884 og 910. — 2. umr.
9. Sjúkraskrár, stjfrv., 170. mál, þskj. 205, nál. 880. — 2. umr.
10. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, frv., 157. mál, þskj. 183, nál. 839. — 2. umr.
11. Almenn hegningarlög, frv., 342. mál, þskj. 583, nál. 885, brtt. 886. — 2. umr.
12. Ríkisendurskoðun, frv., 416. mál, þskj. 705, nál. 866. — 2. umr.
13. Skaðabótalög, frv., 438. mál, þskj. 747. — 2. umr.
14. Breyting á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, stjfrv., 359. mál, þskj. 610, nál. 860. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðaust.

Störf þingsins.

Stefna VG í efnahagsmálum – gengisfall krónunnar – orð heilbrigðisráðherra.

[10:32]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það hefur verið upplýst í fjölmiðlum og hér á þingi að eitt helsta kosningastefnumál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fyrir þessar kosningar sé að standa að launalækkun opinberra starfsmanna og leggja hærri skatta á heimilin í landinu. Áform vinstri flokkanna um þetta voru staðfest í umræðum á Alþingi í gær. Vinstri flokkarnir ætla að *sýna sitt rétta andlit, lækka launin* og hækka skattana. Það þarf auðvitað ekki að fara mörgum orðum um það hversu baneitraður sá kokteill er að lækka launin og hækka skattana. Í því felst ekkert annað en aðför að heimilunum í landinu (Gripið fram í.) sem nú berjast í bökkum.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst því yfir að hann ætli ekki að hækka skatta á heimilin í landinu og hafnar alfarið skattpíningu vinstri manna. Fólkið í landinu mun heldur ekki láta bjóða sér að laun verði lækkuð og skattar hækkaðir eins og Vinstri grænir ætla að gera. Miðstjórn Bandalags háskólamanna hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem miðstjórnin mótmælir hugmyndum ríkisstjórnarflokkanna um launalækkanir og skattahækkanir.

Það er greinilegt og vekur furðu að formaður BSRB, hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson, ætli sér ekki að gæta hagsmuna sinna félaga. Hann virðist ætla að standa að því að lækka laun opinberra starfsmanna á spítölum, í menntakerfinu, í umönnunarstéttunum og alls staðar þar sem ríkisvaldið getur farið ofan í vasa fólksins í landinu.

Nú styttist í kosningar og ég tel að almenningur í landinu eigi að fá að vita nánar um áform Vinstri grænna og Samfylkingar í þessum málum. Þess vegna spyr ég hv. þm. Árna Þór Sigurðsson: Hvað ætla vinstri grænir að lækka laun opinberra starfsmanna mikið (Forseti hringir.) og hversu háar verða skattahækkanirnar (Forseti hringir.) sem búið er að boða? Við krefjumst svara (Forseti hringir.) og heimilin í landinu eiga rétt á upplýsingum um þetta.

[10:34]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Sjálfstæðisflokknum er mikil vorkunn um þessar *mundir. Sjálfstæðisflokkurinn hefur orðið uppvís* að því að stunda spillingu og taka við háum greiðslum frá fyrirtækjum, (**Gripið fram í:** Segðu ...) væntanlega fyrir pólitíska velvilja eða í öðrum málum (**GMJ:** Nota rétt orð.) og hann hefur ákveðið að snúa vörn í sókn með því að bera öðrum á brýn alls konar hluti sem eru staðlausir stafir. [Háreysti í þingsal.] Hér segir hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson að helsta kosningastefnumál Vinstri grænna sé að standa að launalækkun og skattahækkun. (**ÓN:** Já.) Þetta er ósatt, (**ÓN:** Nei.) þetta er lygi (**ÓN:** Nei.) og Sjálfstæðisflokkurinn ætti, (**Gripið fram í:** Þetta er kjarni málsins.) ef hann ætlar að hafa einhverja sjálfsvirðingu, (Gripið fram í.) að hlusta á það sem sagt er. (Gripið fram í.) Það sem við höfum sagt er að það er búið að leggja auknar byrðar á almenning í landinu og það er Sjálfstæðisflokkurinn sem að

sjálfsögðu hefur gert það. Það á ekkert að auka byrðarnar. Það að mæta þessum byrðum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt á þjóðina (Gripið fram í.) og ég ætla að biðja þennan hv. þingmann að hafa sig rólegan, herra forseti. Það sem við höfum sagt er að taka þarf til eftir Sjálfstæðisflokkinn. (Gripið fram í.) Það er eins og í leikritinu um Kardimommubæinn, Soffía frænka er komin til að taka til eftir ræningjana. Það er það sem þarf að gera.

Við höfum einfaldlega sagt að við ætlum að segja þjóðinni satt. Sjálfstæðisflokkurinn segir, hv. þingmaður, að nú séu menn að sýna sitt rétta andlit. Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að vera með grímuna fyrir andlitinu. Hann ætlar að halda áfram að segja þjóðinni ósatt og koma aftan að kjósendum eins og hann hefur gert til þessa. Við segjum einfaldlega: Það þarf að takast á við þessar auknu byrðar. Það munu allir þurfa að taka eitthvað á sig. (Forseti hringir.) Almennt launafólk hefur tekið á sig launalækkun nú þegar. Það munu fleiri þurfa að gera. Það mun þurfa að auka tekjur ríkissjóðs. (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokkurinn hefur engin svör um það hvernig hann ætlar að standa að málum.

[10:36]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég kem upp út af öðru máli, út af yfirlýsingum hæstv. heilbrigðisráðherra í gær á fundi Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu sem ekki er hægt að túlka með öðrum hætti en sem árás á lækna landsins og aðra heilbrigðisstarfsmenn. Það var haft eftir honum að ávísanakerfi í heilbrigðisþjónustu, þ.e. að greiðsla fylgi sjúklingi, mundi leiða til þess að læknar færu að meðhöndla sjúklinga gegn meinum sem ekki væru til staðar. Dæmið sem hæstv. heilbrigðisráðherra tók var einhvern veginn á þann veg að ef fjármagn fylgi sjúklingum og sjúklingur fengi að velja lækni þýddi það að ef hann færi með 10.000 kall til sérfræðings á Akranesi út af eyranu sínu og sérfræðingurinn fyndi ekkert að eyranu mundi hann samt finna eitthvað að því eða í einhverju öðru líffæri til að ná í peninginn, það gerðu fjárvana stofnanir. Hér er hæstv. ráðherra ekki að tala um neina framtíðarmúsík, eitthvað sem gæti gerst ef ávísanakerfi yrði komið á. Ávísanakerfi er til staðar í dag í samningum við lækna og aðrar heilbrigðisstéttir gegnum sjúkratryggingar. Það hefur verið við lýði um áratugaskeið. Ávísanakerfið er með öðrum orðum það að greitt er fyrir hverja meðferð eða aðgerð sem sjúklingur gengur í gegnum.

Hæstv. heilbrigðisráðherra vegur með orðum sínum að að heiðri lækna og annarra heilbrigðisstétta þegar hann heldur því fram að þeir veiti ónauðsynlega meðferð, geri aðgerðir eða veiti meðferð sem ekki er þörf á til þess eins að fá greiðslu í hús, hvort heldur í eigin vasa eða viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Þessar ásakanir eru fáheyrðar og fordæmalausar og það er mikill óróleiki meðal heilbrigðisstétta vegna þessa. Þegar þær koma þar að auki í kjölfar yfirlýsingar forustumanna Vinstri grænna um launalækkun hjá opinberum starfsmönnum sem BHM og BSRB hafa þegar mótmælt hljóta heilbrigðisstarfsmenn sem eru þúsundir talsins að staldra við.

Ég spyr því hv. þm. Þuríði Backman um óviðurkvæmilegar ásakanir hæstv. heilbrigðisráðherra í garð fagmenntaðra heilbrigðisstarfsmanna og hvað þær segja um viðhorf Vinstri grænna til þessa stóra hóps opinberra starfsmanna. (Gripið fram í.)

[10:39]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Svar mitt til hv. þm. Ástu Möller er að hluta til svar til hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Sjálfstæðisflokkurinn stundar leik sem ég hélt að væri aflagður, (**Gripið fram í:** Nú?) hefði verið lagður af í lok kaldastríðsáranna, að þegar múrinn hrundi hefði sá málflutningur sem hér er hafður uppi verið lagður af.

Kaldastríðsáróðurinn, svart og hvítt, er hafður í frammi, skattahækkanir og lækkun launa glumdu hér í allan gærdag, orð eru slitin úr samhengi þegar þingmenn vita vel og vita betur hvað liggur að baki þeim orðum sem vitnað er til.

Sjálfstæðisflokkurinn og þær ríkisstjórnir sem Sjálfstæðisflokkurinn starfaði með skildu allt eftir í rúst. (Gripið fram í.) Þjóðarbúið er núna á mjög viðkvæmu stigi. Ríkissjóður er skuldum vafinn. Við verðum sem þjóð að koma okkur fram úr þeim miklu erfiðleikum sem við stöndum frammi fyrir. Það verður ekki gert með þeim hætti sem Sjálfstæðisflokkurinn segir núna, það eigi ekki að lækka skatta, það eigi eingöngu að fjölga störfum.

Ég get svarað spurningunni hvað varðar hæstv. heilbrigðisráðherra. Hann er þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, (Gripið fram í.) hann vinnur samkvæmt okkar hugmyndum, hann vinnur í anda samráðs og samstarfs, hann vinnur með trúnaðarmönnum stéttarfélaganna, hann vinnur með því að leita lausna, hann setur á starfsdaga með heilbrigðisstarfsmönnum. Það hefur aldrei komið til tals (Forseti hringir.) að lækka taxta. Það hefur komið til tals (Forseti hringir.) að þeir sérfræðingar sem eru á ofurlaunum taki þátt í því (Forseti hringir.) að spara og leggja eitthvað af sínum ofurlaunum fyrir lítið vinnuframlag.

[10:41]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Mig langar til að beina fyrirspurn til hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, formanns efnahags- og skattanefndar, vegna tíðinda sem mér finnst mjög uggvænleg, þ.e. vegna gengisfalls krónunnar undanfarnar vikur. Ég hef spurt hæstv. fjármálaráðherra að þessu, fékk ekki viðhlítandi skýringu á því hvað ylli þessu. Frá áramótum styrktist krónan reglulega fram undir stjórnarskipti og eitthvað fram yfir þau, mánuð fram yfir stjórnarskipti, en síðan hefur krónan fallið verulega. Þetta er mikið áhyggjuefni fyrir heimilin í landinu, sérstaklega þau sem eru með gengistryggð lán, bílalán og íbúðalán, en ekki síður fyrir allan almenning því að það er viðbúið að verðbólga fylgi í kjölfarið sem kemur niður á öllum þeim sem skulda verðtryggð lán.

Þetta er mikið áhyggjuefni og ég ætla að spyrja hv. formann efnahags- og skattanefndar hvort hann hafi á þessu einhverjar skýringar og viti hvað hægt sé að gera til að koma í veg fyrir þessa þróun. Er eitthvað að ákvörðunum Seðlabankans um stýrivexti, þessa nýja Seðlabanka sem hæstv. forsætisráðherra hefur skipað alfarið einn, bæði peningastefnunefndina og þennan norska seðlabankastjóra og

aðstoðarseðlabankastjórann og ber þar af leiðandi fulla ábyrgð á stýrivöxtunum? Seðlabankinn heldur uppi geysilega háum stýrivöxtum og það er spurning hvort þessir háu stýrivextir eigi þátt í því að fella krónuna í staðinn fyrir að styrkja hana.

[10:43]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Fall krónunnar um tæpan þriðjung fyrir 13 mánuðum markaði upphaf að miklu erfiðleikaskeiði í íslenskum þjóðarbúskap. Þá hófust miklar umræður um það hvernig mætti verja krónuna frekara falli og styrkja stöðuna í þeim erfiðleikum sem fram undan væru í heimsbúskapnum. Mest var rætt um að styrkja gjaldeyrisforðann og gera allt sem væri hægt að gera til að efla varnirnar sem við hefðum í þessum litla fljótandi gjaldmiðli og landamæralausa fjármálaheimi. Það gekk ekki eftir og krónan féll áfram út árið og endaði með gengishruni.

Núna eru ýmis batamerki eins og verðhjöðnun, vaxtalækkunarferli er hafið, vextir hafa verið lækkaðir um 2,5 prósentustig síðan peningastefnunefndin tók við í Seðlabankanum og ég held að mjög vel sé staðið að verki uppi í Seðlabanka. Menn eru að sjálfsögðu varfærnir í öllum örlagaríkum aðgerðum og verða að skoða hvernig það spilar saman við gengi krónunnar. Við styrktum gjaldeyrisvarnirnar um daginn eins og kunnugt er. Það mun skila sér. Það hefur skilað sér lítillega nú þegar, krónan styrktist lítillega í gær og aftur í morgun og ég held að hún muni styrkjast áfram enn um sinn. Það getur vel verið að það taki tíma. Mestu skiptir að ná samningum við eigendur krónu- og jöklabréfanna um hvernig gengið verður frá þeim málum.

Það hafa verið vextir af þessum bréfum á gjalddögum og það hefur fellt gengið. Á móti er skilaskylda á gjaldeyri og afurðum. Það er hagstæður vöruskiptajöfnuður þannig að batamerkin eru mörg. Mestu skiptir þó að ná utan um stöðu krónunnar af því að sé hún áfram veik eða haldi áfram að falla kemur það í veg fyrir frekari batamerki í íslensku efnahagslífi sem svo sannarlega eru í sjónmáli gangi það eftir að krónan styrkist en haldi ekki áfram að veikjast.

[10:45]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég held að það sé mikilvægt að við höldum áfram umræðu um efnahagsmálin og hvernig einstakir stjórnmálaflokkar ætla að standa að málum fyrir þær kosningar sem í hönd fara. Við vitum öll hvernig efnahagshrunið hefur leikið íslenskt samfélag, aukið skuldir ríkisins og aukið atvinnuleysi.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið mikinn að undanförnu við að reyna að beina sjónum að öðrum stjórnmálaflokkum en hann hefur hins vegar engu svarað sjálfur um það hvernig hann ætlar að standa að málum, hverjar séu lausnir Sjálfstæðisflokksins ef hann hefur einhverjar. Ég tel mikilvægt að fá svör við því og vil þess vegna spyrja formann þingflokks Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur: Hvaða þjónustu ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að hækka? Hvaða þjónustugjöld ætlar hann að hækka? Hann hefur sagt að hann ætli ekki að standa fyrir neinni skattahækkun en hvaða þjónustugjöld ætlar hann að hækka? Hvaða ný þjónustugjöld ætlar hann að leggja á? Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að hefja nýja rússíbanareið í einkavæðingu? Hversu mörgum störfum þarf að segja upp samkvæmt stefnu Sjálfstæðisflokksins? Verða það hjúkrunarfræðingar eða ljósmæður eða framhaldsskólakennarar? Hvernig ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að auka tiltrú og traust á stjórnmálum? Mun Sjálfstæðisflokkurinn opna allt sitt bókhald vegna kosninga? Mun hann opna bókhald frambjóðenda sinna vegna prófkjara? (**Gripið fram í:** Það er í lögum.) Og hvenær ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að biðja þjóðina afsökunar á afglöpum sínum?

[10:47]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég bið hv. þm. Árna Þór Sigurðsson um að kynna sér þau lög sem gilda um fjármál stjórnmálaflokka og jafnframt um fjármál þeirra sem fara í prófkjör. Um það gilda lög á Íslandi.

Það er alveg makalaust hvernig Vinstri grænir reyna að komast undan þeim orðum sem hafa fallið um það að nú eigi að ráðast í skattahækkanir og launalækkanir. Það er eina stefnan sem hefur komið frá Vinstri grænum. Eina stefnan sem þeir hafa getað kynnt til sögunnar eru skattahækkanir og launalækkanir. Þetta er stefna VG.

VG ákvað að fara í samstarf með Samfylkingunni sem bar ábyrgð á bankamálum þegar hrunið varð hér á fjármálamörkuðum. Nú hlýtur það að vera spurningin til VG: Hvernig ætla þeir að vinna okkur út úr kreppunni sem leiddi af þessu? Getur hv. þm. Árni Þór Sigurðsson svarað því? Eða eigum við að vinna okkur út úr kreppunni með skattahækkunum? Er það málið? (**Gripið fram í:** Það eru engin svör.)

Úrræðaleysi Vinstri grænna og Samfylkingarinnar í þessu ríkisstjórnarsamstarfi er æpandi. Þeir treysta sér ekki til að ræða hér fjárfestingarsamning um álverið í Helguvík. (Gripið fram í.) Af hverju skyldi það vera? Á ekki bara að ráðast í það að vinna þjóðina út úr kreppunni með skattahækkunum? Það er stefna VG. En atvinnumálastefnan er ekki til. (**Gripið fram í:** Hver voru svörin?) Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson ætti að svara því (Forseti hringir.) hver atvinnustefna VG er.

[10:49]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. En það er greinilegt að hv. þingmönnum Vinstri grænna líður illa þegar hér er talað um áform Vinstri grænna um að lækka laun og hækka skatta og ég skil það vel. Ég skil það vel vegna þess að það síðasta sem heimilin í landinu þurfa á að halda núna er þessi baneitraði kokteill sem Vinstri grænir eru að krukka hér saman, að lækka laun opinberra starfsmanna og hækka skattana.

Það þýðir ekkert að hlaupast undan merkjum og benda á Sjálfstæðisflokkinn með einhverjum smjörklípuaðferðum. Varaformaður Vinstri grænna lýsti því yfir í sjónvarpi á þriðjudaginn að Vinstri grænir vildu lækka laun opinberra starfsmanna (Gripið fram í.) og gerði enga fyrirvara um það. Það var ekki talað um neina ofurlaunaþega. Það var talað um alla opinbera starfsmenn. (Gripið fram í.) Það voru ekki gerðar neinir fyrirvarar og það þýðir ekkert að

benda á Sjálfstæðisflokkinn í því sambandi. Þetta er stefna Vinstri grænna og þeir ætla í ofanálag að hækka skattana á heimilin í landinu. Það er það sísta sem heimilin þurfa.

Hvar er formaður BSRB, hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson? Af hverju tekur hann ekki þátt í umræðunni hér? Hann ætti að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna, félagsmanna í BSRB, sem hann ætlar núna að fara að lækka launin hjá og hækka skattana í ofanálag. Ég lýsi furðu minni á því að forsvarsmaður Vinstri grænna, Ögmundur Jónasson, skuli ekki vera hér og taka upp hanskann fyrir sína menn.

Ég spurði hv. þm. Árna Þór Sigurðsson tveggja einfaldra spurninga: Hversu mikið ætla Vinstri grænir að lækka laun opinberra starfsmanna og hvað ætla Vinstri grænir í samstarfi við Samfylkinguna að hækka skattana mikið? Hv. þingmaður svaraði ekki þessari spurningu og ég skora á formann (Forseti hringir.) Vinstri grænna, hæstv. fjármálaráðherra (Forseti hringir.) Steingrím J. Sigfússon, að koma hingað upp og svara þessum einföldu spurningum. Heimilin í landinu (Forseti hringir.) eiga kröfu til þess að þeim verði svarað vegna þess að þetta er eitt brýnasta hagsmunamál þeirra.

[10:52]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég vil fá að taka hér undir athugasemdir sem komu fram hjá hv. þingmönnum Ástu Möller og Sigurði Kára Kristjánssyni. Í gær og í fyrradag fóru tveir ráðherrar frá Vinstri grænum mjög óvarlega fram. Í fyrsta lagi sagði hæstv. menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir í þætti í sjónvarpinu að lækka ætti laun opinberra starfsmanna. Svona yfirlýsingar eru ekki gefnar af ráðherrum við þær aðstæður sem við erum í í dag. Það er fullkomið ábyrgðarleysi að koma með svona einhliða yfirlýsingar. Svona umræður eiga að fara fram á milli aðila vinnumarkaðarins. Ég lýsi furðu minni á því að hæstv. menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir hafi slengt þessu framan í þjóðina í sjónvarpsþætti. Þetta er mjög ábyrgðarlaust.

Ég vil líka segja að orð hæstv. heilbrigðisráðherra í gær á málþingi Samtaka heilbrigðisþjónustufyrirtækja voru hæstv. ráðherra ekki til sóma. Þar var gengið allt of langt fram í því að kasta rýrð á störf lækna. Þar var farið fram með dylgjur og það var hæstv. ráðherra ekki til sóma. Íslenskt efnahagslíf er í mikilli kreppu núna og hæstv. ráðherrar verða að fara varlega með vald sitt. Þeir geta ekki, þó að flokkar þeirra mælist kannski vel í skoðanakönnunum, sagt hvað sem er. Vald ber að umgangast af virðingu og forðast það að koma málinu í meiri hnút en þörf er á. En báðir þessir hæstv. ráðherrar, Katrín Jakobsdóttir og Ögmundur Jónasson, hafa komið málum í meiri hnút en þörf var á með mjög óvarlegum og óábyrgum yfirlýsingum og ég geri athugasemd við það.

[10:54]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Hér úr allt annarri átt því að ég átti von á að til mín yrði beint spurningum um tónlistar- og ráðstefnuhús. Ég vil minna hér á minnisblöð og orðsendingar Ríkisendurskoðunar til þingsins sem ég hef gert grein fyrir um það að Ríkisendurskoðun telur að það séu lagaheimildir fyrir hendi vegna þessa.

Þá vil ég einnig minna á nýútkomna ársskýrslu Ríkisendurskoðunar sem við fjölluðum um fyrir hálfum mánuði og ég vil hvetja þingmenn til að kynna sér þessa ársskýrslu. Í henni er til að mynda afar fróðleg grein um framkvæmd fjárlaga sem ég hef verið talsmaður fyrir á þinginu. Ég vonast til þess að ný fjárlaganefnd sem tekur til starfa á sumarþingi muni taka skýrsluna til meðhöndlunar og greina frá efnisinnihaldi hennar.

Ég hef alla jafna verið mjög alvarlegur hér í tvö ár á þinginu en vil að lokum vegna ræðu hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar sem minnti hér á Soffíu frænku og sagði að í leikriti Thorbjörns Egners hefði Soffía frænka komið og tekið til eftir ræningjana þrjá. Thorbjörn Egner skrifaði mjög góð leikrit og ég meðhöndlaði þau sem SG-hljómplötur í 20 ár og vil minna hv. þm. Árna Þór Sigurðsson á það að leikritið endar með þeim hætti að Soffíu frænku er skilað og ræningjarnir þrír verða síðan að betri mönnum. Einn þeirra verður slökkviliðsstjóri og sá hinn sami giftist Soffíu frænku í leikritinu. Og ég velti því fyrir mér bara í lokin, af því ég hlustaði á þetta hjá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni, bíddu, eru einhver pólitísk skilaboð í þessum orðsendingum hans varðandi þetta mál? Maður verður auðvitað að kunna leikritið allt til enda.

[10:56]

Dögg Pálsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Út af orðum hv. þm. Gunnars Svavarssonar ættum við sjálfstæðismenn kannski að túlka þessi orð vinstri grænna sem bónorð um að fara í stjórn með þeim á næsta kjörtímabili. Það skyldi þó ekki vera?

En það var ekki út af þessu sem ég kem í ræðustól, virðulegi forseti, heldur ætla ég að fylgja hér eftir athugasemd frá hv. þm. Ástu Möller út af orðum hæstv. heilbrigðisráðherra í gær á fundi samtaka félaga sem starfa sjálfstætt í heilbrigðisstarfsemi þar sem hann með ótrúlegum hætti dró í raun og veru í efa heiðarleika heillar starfsstéttar, lækna. Beint var spurningum hér til hv. þm. Þuríðar Backman, formanns heilbrigðisnefndar, og ég verð að viðurkenna að ég hreinlega skildi ekki svör hennar því að mér fannst hún frekar vera svara einhverju um hærri skatta og lægri laun en hvaða skoðun hún hefði á þessum makalausu ummælum hæstv. heilbrigðisráðherra.

Það er grafalvarlegt mál, eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir fór hér líka mjög vel yfir, þegar hæstv. heilbrigðisráðherra víkur með þeim hætti sem hann gerði í gær að læknum og gefur það í skyn og raunar gefur það ekkert í skyn heldur segir það beint út að þetta séu allt saman einhverjir svikahrappar (**Gripið fram í:** Hvaða rugl er þetta?) og þeir misvirði allt það sem þeim hefur verið kennt og þær siðareglur sem þeir hafa undirgengist að fylgja í störfum sínum. Því að hann sagði það beint út að ef læknar fyndu ekkert að sjúklingi í því kerfi sem þarna var verið að benda á byggju þeir það til til að geta stungið peningnum í eigin vasa. Það var nákvæmlega þetta sem hæstv. heilbrigðisráðherra sagði. Ég kalla (Forseti hringir.) eftir skýrari svörum frá hv. þingmanni.

[10:58]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Það hefur verið venjan á hinu háa Alþingi að þingmenn verji ráðherra sína. En hér hefur verið beint fyrirspurnum til hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar út af hækkuðum sköttum og lækkun launa opinberra starfsmanna og til hv. þm. Þuríðar Backman varðandi orð heilbrigðisráðherra í gær. En engu er svarað. Þetta er hrópandi þögn. (**Gripið fram í:** Hverju svaraði ...?) Þeir hljóta að skammast sín svona fyrir þessi orð ráðherra sinna. (Gripið fram í.)

Það féllu í gær orð frá hæstv. heilbrigðisráðherra sem er algjörlega óviðunandi fyrir bæði lækna og aðrar heilbrigðisstéttir að sitja undir. Læknar starfa ekki í tómarúmi. Þeir eru með starfsfólk með sér sem vinna að sama markmiði. Ef læknar eru að svíkjast undan og stinga í vasa peningum fyrir verk sem ekki eru rétt unnin og þeir veita meðferð sem er ónauðsynleg standa ásakanirnar líka á samstarfsfólki þeirra. Þetta er með ólíkindum að hæstv. heilbrigðisráðherra ásaki heilbrigðisstarfsmenn landsins fyrir vinnusvik. Ekki er hægt að láta því ósvarað á hinu háa Alþingi og ég skora á hv. þm. Þuríði Backman að svara spurningu minni hér áðan.

Hvað segja þessi orð hæstv. ráðherra um viðhorf vinstri grænna til þessa stóra hóps opinberra starfsmanna? Þau orð sem voru látin falla í gær og birt eru m.a. á forsíðu Morgunblaðsins í dag eru með ólíkindum.

[11:00]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi ummæli hæstv. heilbrigðisráðherra í gær. Ég verð að segja að skinhelgi sjálfstæðismanna nú er með eindæmum. Ég man ekki betur en að hv. þm. Ásta Möller og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hafi mælt sérstaklega fyrir að tekin yrðu upp innritunargjöld á spítala fyrir síðustu áramót með þeim rökum að ef ekki væri komið á samræmi í gjaldheimtu væri verið að búa til hvata til að leggja fólk inn að óþörfu. Var þá verið að bera fólki á brýn óheiðarleika? Var þá verið að bera heilbrigðisstarfsfólki það á brýn, hv. þingmaður, að það væri óheiðarlegt? Auðvitað ekki. Auðvitað var verið að ræða um hvaða hvatar lægju í greiðslufyrirkomulagi í heilbrigðiskerfinu sem gætu haft áhrif til aukinna ríkisútgjalda og þyrfti að hafa stjórn á. Auðvitað var það það sem hæstv. ráðherra sagði í gær.

Þótt menn séu komnir í kosningabaráttu og séu málefnalausir eins og sjálfstæðismenn hefðu þeir átt að vara sig á að fara ekki slíkar málefnaleysiskollsteypur (Gripið fram í.) eins og hv. þingmaður er kominn í núna. Það sem er auðvitað dapurlegra en tárum taki er að sjá Sjálfstæðisflokkinn ganga til kosninga án nokkurrar stefnu í ríkisfjármálum. Hann kemur hér upp og þykist verja hag heilbrigðisstarfsmanna en hefur boðað að hann ætlar ekki að taka skatta og í því felast að sjálfsögðu uppsagnir ríkisstarfsmanna. Það er engin önnur lausn sem Sjálfstæðisflokkurinn býður upp á. Hann boðar 10.000–15.000 atvinnulausa opinbera starfsmenn. Þannig á að leysa efnahagsvandann með 10.000–15.000 opinberum starfsmönnum til viðbótar. Þannig ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að leysa málin því að hann ætlar ekki að hækka skatta, skattahækkanaflokkurinn mikli sem skilaði okkur þó raunaukningu í skattlagningu í stjórnartíð sinni, (**Gripið fram í:** Þetta er ekki ...) skattlagningaflokkurinn mikli sem hækkaði skatta fyrir áramót, (Gripið fram í.) brá ekki við það og boðaði frekari hækkanir á þessu ári. (Gripið fram í.) Sjálfstæðisflokkurinn stendur eftir með enga efnahagsstefnu og enga peningamálastefnu, enga stefnu í nokkrum málum [Háreysti í þingsal.] en kemur hér inn (Forseti hringir.) dag eftir dag á hinu háa Alþingi og boðar (Forseti hringir.) engar lausnir, sömu innantómu frasana (Forseti hringir.) og það á ekkert að gera til að leysa þann vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Mál til umræðu og lok þingstarfa.

[11:03]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Það hefur legið í loftinu að við færum að ljúka þingstörfum. Þannig stendur á að það á að kjósa eftir rétt rúma viku í alþingiskosningum þannig að umboði okkar lýkur tiltölulega fljótlega. Það væri mjög áhugavert að fá að vita hjá hæstv. forseta hvernig hann hugsar sér að haga þinghaldi í dag, hvaða mál verða til umræðu og hvort við megum búast við því að hæstv. forseti ætli að reyna að beita sér fyrir því að þingstörfum ljúki eða hvort við eigum t.d. von á því að ræða heimild til samninga um álver í Helguvík einhvern tíma í dag. Verður það e.t.v. eins og hefur verið undanfarna daga þegar hæstv. forseti hefur ekki treyst sér til að láta ræða um það mál? Ég hef ákveðnar grunsemdir um að það sé vegna þess að það er ekki alveg samstaða í ríkisstjórnarflokkunum um það mál, (Forseti hringir.) en hæstv. forseti hefur kannski aðrar skýringar á því af hverju það mál má ekki koma til umræðu.

(**Forseti** (EMS)**:** Umræðum um fundarstjórn forseta er lokið.)

(**ArnbS:** Ætlar forseti ekki að svara?)

Listamannalaun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 406. mál (heildarlög). — Þskj. 852, brtt. 865.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:07]

Brtt. 865 samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GuðbH, GSB, GSv, HerdÞ, JóhS, JBjarn, KJak, KaJúl, KHG, KHeim, LB, MÁ, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack.

8 þm. (ÁMöl, BjörkG, BBj, DPál, JM, PHB, SKK, SF) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ArnbS, AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, EKG, EyH, GMJ, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KVM, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, MS, ÓN, REÁ, RR, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:4 atkv. og sögðu

já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, EMS, EBS, GuðbH, GSv, JóhS, JBjarn, KJak, KaJúl, KHG, KHeim, LB, MÁ, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ÁMöl, JM, PHB, SKK.

9 þm. (BJJ, BjörkG, BBj, DPál, GMJ, GSB, HerdÞ, SF, StB) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ArnbS, AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KVM, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, MS, ÓN, REÁ, RR, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:07]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við greiðum atkvæði um að auka skuldir ríkissjóðs því að listamannalaunin verða ekki greidd með tekjum ríkissjóðs umfram gjöld, heldur eingöngu með skuldum ríkissjóðs. Það á að auka skuldir ríkissjóðs til að greiða þessi listamannalaun og ég er eindregið á móti því að á sama tíma og verið er að skerða þjónustu í heilbrigðisgeiranum, menntageiranum og alls staðar og þarf að ganga enn frekar í þá átt greiðum við aukin listamannalaun með því að auka skuldir ríkissjóðs. Nægar eru þær fyrir. Verkefni dagsins er að minnka skuldir ríkissjóðs en ekki auka þær. (Gripið fram í.) Þó að þetta sé ekki stór pakki er þetta smáviðbót sem ég er eindregið á móti. (Gripið fram í.)

[11:08]

Mörður Árnason:

Forseti. Nú vill svo til að fé í starfslaunasjóðunum nægir til þessa verks í tvö ár þannig að það er ekki fyrr en á árinu 2012 sem hv. þm. Pétur H. Blöndal þarf að hafa áhyggjur af þessu á fjárlögum. Mér er það mikil ánægja að fá að vera með í því að greiða atkvæði með þessu frumvarpi um fjölgun listamannalauna í fyrsta sinn í 13 ár og einmitt á þeim tímum sem það er bæði skynsamlegt og sanngjarnt að gera þetta.

Jafnframt er það mér mikil furða að Sjálfstæðisflokkurinn skuli einmitt á sömu tímum koma í bakið á varaformanni sínum sem ekki er hér staddur, Þorgerði K. Gunnarsdóttur, sem undirbjó þetta frumvarp og studdi það, a.m.k. í persónusamtali við mig fyrir 3–4 vikum, og hann skuli ætla sér núna að hefja popúlíska herferð þvert á vilja fyrrverandi menntamálaráðherra, hv. þingmanns, gegn listamönnum í landinu. (**Gripið fram í:** Hvar er varaformaður Sjálfstæðisflokksins?)

[11:09]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Ég mótmæli því alfarið að við sem greiðum atkvæði gegn þessu frumvarpi séum á móti listamönnum í landinu [Háreysti í þingsal.] eins og hv. þm. Mörður Árnason hélt fram. (**Gripið fram í:** ... á móti ...)

Með þessu frumvarpi erum við að fjölga einstaklingum sem taka listamannalaun hjá ríkinu og við þær aðstæður sem uppi eru í efnahagslífinu tel ég að ríkissjóður hafi ekki efni á að fjölga listamönnum, enda sýnir það sig í frumvarpinu að það á að fjármagna þessar launagreiðslur með lántökum. Það eru ekki til peningar fyrir þessum listamannalaunum nema sá fiskur liggi undir steini að Vinstri hreyfingin – grænt framboð ætli sér að fjármagna þau með því að lækka laun opinberra starfsmanna [Hlátur í þingsal.] eins og hæstv. menntamálaráðherra hefur boðað og hækka skatta á heimilin í landinu sem er það síðasta sem heimilin í landinu þurfa núna til að fjármagna (Forseti hringir.) mál eins og þetta. Við slíkar aðstæður get ég ekki greitt þessu frumvarpi atkvæði mitt. (Gripið fram í.)

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 942).

Lífsýnasöfn, frh. 3. umr.

Stjfrv., 123. mál (skil milli þjónustusýna og vísindasýna o.fl.). — Þskj. 811, brtt. 887.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:11]

Brtt. 887 samþ. með 35 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HerdÞ, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KJak, KaJúl, KHG, KHeim, LB, MÁ, ÓN, PHB, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack.

27 þm. (ArnbS, AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 943).

Barnaverndarlög og barnalög, frh. 3. umr.

Frv. KolH o.fl., 19. mál (bann við líkamlegum refsingum o.fl.). — Þskj. 793, frhnál. 832.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]

Brtt. í nál. 832 samþ. með 34 shlj. atkv.

[11:13]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég fagna því að við lögfestum nú ákvæði í barnaverndarlög þar sem staðfest er að það er refsivert og varðar sektum eða fangelsi allt að þremur árum að beita barn andlegum eða líkamlegum refsingum eða annarri vanvirðandi háttsemi, hótunum eða ógnunum. Þetta er ákaflega mikilvægt og verður væntanlega til þess að við þurfum ekki aftur að upplifa slíkt réttarhneyksli sem varð í fyrrahaust í héraðsdómi og aftur í Hæstarétti eftir áramótin þar sem karlmaður var sýknaður fyrir að rassskella tvo mjög unga drengi og klappa þeim síðan á beran botninn og olíubera á eftir. Þetta var hneyksli í mínum augum og ég fagna aðkomu hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra og ráðuneytis hennar að þessu máli og fagna líka frumkvæði hæstv. ráðherra Kolbrúnar Halldórsdóttur sem bar þetta mál inn í

þingið strax á haustdögum. Þetta er mikið fagnaðarefni og réttarbót fyrir börn í þessu landi.

Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HerdÞ, JóhS, JBjarn, JM, KVM, KJak, KaJúl, KHeim, LB, MÁ, ÓN, PHB, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack.

27 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:14]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að verið er að afgreiða þessar lagabreytingar sem eru í samræmi við endurskoðun á barnaverndarlögunum sem stendur nú yfir í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Ég þakka frumkvæði félags- og tryggingamálanefndar fyrir að taka upp þetta mál, lögfesta þingmannamál Kolbrúnar Halldórsdóttur í svipaða veru sem nefndin gerði ákveðnar breytingar á í kjölfar hæstaréttardóms í vetur. Sömuleiðis er verið að tryggja að barnaverndaryfirvöld fái að vera viðstödd yfirheyrslur á börnum. Þetta er mjög mikið framfaramál og ég þakka hv. félags- og tryggingamálanefnd fyrir frumkvæði í málinu og fagna því aftur að þessar miklu réttarbætur til handa börnum séu að verða að lögum.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 944) með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Hlutafélög og einkahlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 356. mál (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn). — Þskj. 606, nál. 843 og 862, brtt. 844 og 863.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:15]

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 863,1 felld með 24:11 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BjörkG, BBj, DPál, GSB, HerdÞ, JM, ÓN, PHB, StB.

nei: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSv, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHeim, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.

28 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 844,1 samþ. með 24:11 atkv. og sögðu

já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSv, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHeim, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMöl, BjörkG, BBj, DPál, GSB, HerdÞ, JM, ÓN, PHB, StB.

28 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 25:2 atkv. og sögðu

já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSv, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHG, KHeim, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.

nei: DPál, JM.

8 þm. (ÁMöl, BjörkG, BBj, GSB, HerdÞ, ÓN, PHB, StB) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjörgvS, BBj, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HerdÞ, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHG, KHeim, LB, MÁ, PHB, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack.

3 þm. (DPál, JM, ÓN) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ArnbS, AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, BjörkG, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 863,2 felld með 24:11 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BjörkG, BBj, DPál, GSB, HerdÞ, JM, ÓN, PHB, StB.

nei: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSv, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHG, KHeim, LB, MÁ, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.

28 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, SKK, SF, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4.–6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HerdÞ, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHG, KHeim, LB, MÁ, ÓN, PHB, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.

6 þm. (ArnbS, ÁMöl, BBj, DPál, JM, StB) greiddu ekki atkv.

27 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 844,2 samþ. með 25:4 atkv. og sögðu

já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSv, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHG, KHeim, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.
nei: ÁMöl, BBj, HerdÞ, StB.
7 þm. (ArnbS, BjörkG, DPál, GSB, JM, ÓN, PHB) greiddu ekki atkv.
27 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSv, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHG, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.
11 þm. (ArnbS, ÁMöl, BjörkG, BBj, DPál, GSB, HerdÞ, JM, ÓN, PHB, StB) greiddu ekki atkv.
28 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, KHeim, MS, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 863,3 felld með 24:12 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMöl, BjörkG, BBj, DPál, GSB, HerdÞ, JM, KVM, ÓN, PHB, StB.
nei: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSv, JóhS, JBjarn, KJak, KaJúl, KHG, KHeim, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.
27 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 844,3 samþ. með 25:3 atkv. og sögðu
já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSv, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHG, KHeim, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.
nei: BBj, HerdÞ, StB.
8 þm. (ArnbS, ÁMöl, BjörkG, DPál, GSB, JM, ÓN, PHB) greiddu ekki atkv.
27 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSv, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHG, KHeim, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.
11 þm. (ArnbS, ÁMöl, BjörkG, BBj, DPál, GSB, HerdÞ, JM, ÓN, PHB, StB) greiddu ekki atkv.
27 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

9.–10. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BjörkG, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HerdÞ, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHG, KHeim, LB, MÁ, ÓN, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.
7 þm. (ArnbS, ÁMöl, BBj, DPál, JM, PHB, StB) greiddu ekki atkv.
27 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 844,4 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 26:5 atkv. og sögðu
já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, JóhS, JBjarn, KVM, KJak, KaJúl, KHG, KHeim, LB, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack.
nei: ÁMöl, BBj, DPál, HerdÞ, StB.
4 þm. (ArnbS, BjörkG, ÓN, PHB) greiddu ekki atkv.
28 þm. (AtlG, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GAK, GÞÞ, HSH, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, JM, KÓ, KolH, KÞJ, KLM, MS, REÁ, RR, SKK, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 454. mál. — Þskj. 829.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:22]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Tilhögun þingfundar.

[11:23]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):
Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundir geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðum um dagskrármálin er lokið. Er óskað atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? Ef svo er ekki skoðast hún samþykkt.

Um fundarstjórn.

Viðvera ráðherra.

[11:24]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):
Hæstv. forseti. Um miðja síðastliðna nótt þegar forseti ætlaði að fara að taka þetta mál á dagskrá var farið fram á

það við hæstv. forseta að hér yrðu við umræðuna hæstv. heilbrigðisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra. Ég reikna með því að fyrst forseti ákveður að taka þetta mál á dagskrá núna hafi hann beitt sér fyrir því að við umræðu um þetta viðamikla mál væru hér hæstv. heilbrigðisráðherra, sérstaklega, og hæstv. fjármálaráðherra, sem ég sé í hliðarsölum. Má ekki treysta því, hæstv. forseti, að þeir verði við umræðuna því að að öðrum kosti sé ég ekki að þessi umræða geti farið fram?

[11:24]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns mun forseti að sjálfsögðu gera ráðstafanir til að koma boðum til hæstv. heilbrigðisráðherra um að óskað sé eftir því að ráðherrann sé viðstaddur umræðuna. Hæstv. fjármálaráðherra er viðstaddur og það verður beðið frétta af hæstv. heilbrigðisráðherra.

[11:25]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar. En ég fer fram á það við hæstv. forseta að hann geri hlé á fundum þar til hæstv. heilbrigðisráðherra getur verið í salnum. Ég tel að það sé afar mikilvægt og fullkomin nauðsyn á því að hæstv. heilbrigðisráðherra sé til staðar þegar þessi umræða fer fram. Nú vil ég inna hæstv. forseta eftir því hvort hann muni ekki gera hlé á fundum þar til hæstv. heilbrigðisráðherra getur látið svo lítið að vera til staðar í þingsalnum þegar við ræðum þetta stóra mál sem er mikið skipulagsbreytingamál í heilbrigðisþjónustunni.

[11:26]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns vill forseti endurtaka það að forseti mun að sjálfsögðu gera ráðstafanir til að koma boðum til hæstv. heilbrigðisráðherra. Þannig vill til að framsögumaður nefndarinnar er reiðubúinn til að halda framsögu sína og því lít ég svo á að við höfum a.m.k. þann tíma til að fá fréttir af ferðum hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég geri ráð fyrir að strax að lokinni þeirri ræðu verði hægt að koma skilaboðum til hv. þingmanna um það hvernig aðstæður hæstv. heilbrigðisráðherra eru.

[11:26]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að beita sér fyrir því að kalla hæstv. heilbrigðisráðherra hingað til umræðunnar. Vissulega er almenn samstaða um það innan þingsins að þetta mál, sem er unnið af fyrrverandi heilbrigðisráðherra, fari í gegn. Hins vegar er sá hængur á í þessu frumvarpi að ákvæðum þess verður ekki hrint í framkvæmd, ef frumvarpið verður að lögum, nema til komi fjármagn. Það hefur verið metið og í umsögn fjárlagaskrifstofunnar um frumvarpið kemur fram að það kosti 1,5 milljarða kr. að hrinda þessu í framkvæmd. Þess vegna er alger nauðsyn að hæstv. heilbrigðisráðherra sé í salnum til að gera okkur grein fyrir hvernig hann ætlar að fylgja eftir þessum lögum, ef frumvarpið verður að lögum, og jafnframt að hæstv. fjármálaráðherra verði einnig til svara.

[11:28]

Dögg Pálsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í máli annarra félaga minna í Sjálfstæðisflokknum stóð til að setja þetta mál á dagskrá kl. hálftvö í nótt. Við bentum á að það væri algerlega óviðunandi að gera það af því að hæstv. heilbrigðisráðherra var ekki í salnum þá og engin von til þess að hann væri á leiðinni.

Eins og hér hefur verið bent á er þetta frumvarp um sjúkraskrár veigamikið frumvarp sem gæti þýtt mjög mikla möguleika á hagræðingu í heilbrigðiskerfinu ef í það yrðu settir fjármunir. Talað er um að það þurfi að hagræða og spara í heilbrigðiskerfinu og þess vegna hlýtur það að skipta verulegu máli hver áform hæstv. heilbrigðisráðherra eru varðandi fjárveitingar í það kerfi sem við erum að leggja til að komið verði á. Það skiptir öllu að hæstv. heilbrigðisráðherra taki þátt í þessari umræðu og komi ekki þegar honum hentar heldur þegar umræðan byrjar. Ég árétta þær ábendingar (Forseti hringir.) að eðlilegt sé að geyma umræðuna þangað til hann kemur í salinn.

[11:29]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram er þetta stórt og mikið frumvarp sem hefur verið til meðhöndlunar í hv. heilbrigðisnefnd þar sem haldið hefur verið vel á málum af hálfu hv. formanns nefndarinnar, Þuríðar Backman. En ég verð líka að ítreka það að ef hæstv. forseti er ekki tilbúinn til að fresta umræðunni núna tek ég orð hans svo að hann muni gera það eftir framsögu formanns nefndarinnar hafi hæstv. heilbrigðisráðherra ekki látið sjá sig í salnum. Reyndar hefur vakið athygli að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur ekki oft látið sjá sig í þingsölum síðan hann tók við embætti, það er eins og hann forðist að vera hér til svara. Það er mjög sérkennilegt að sjá ekki hæstv. heilbrigðisráðherra hér þegar eftir því er kallað að hann komi og svari því hvernig hann ætli ná í fjármuni til að hrinda þessu frumvarpi í framkvæmd og hvað hann áætli að það spari á móti þegar það er komið í gagnið.

Sjúkraskrár, 2. umr.

Stjfrv., 170. mál (heildarlög). — Þskj. 205, nál. 880.

[11:30]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um sjúkraskrár. Ég vil vegna orða hv. þingmanna sem tóku til máls um fundarstjórn forseta taka undir það að þetta frumvarp, verði það að lögum, er mjög mikilvægt fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu. Það er áætlað að það kosti um 1,5 milljarða að koma því á eins og það liggur fyrir fullbúið, a.m.k. þá upphæð, en málið er þannig vaxið að þessum rafrænu sjúkraskrám er ekki komið á öllum í einu og því er mikilvægt fyrir heilbrigðisyfirvöld að hafa þann lagaramma sem þarf til að fullmóta þá stefnu um hvernig eigi að byggja upp til framtíðar rafrænar sjúkraskrár. Fjármagn getur síðan farið inn í þennan málaflokk og inn í

þessa uppbyggingu eftir því sem ríkissjóður og við höfum efni á. Ég tek því undir þetta, það er mikilvægt að hafa það í huga hvað þetta kostar en þetta sparar líka mikið og það er hægt að taka þetta í áföngum.

Hæstv. forseti. Ég vil segja að þó svo ég tali fyrir hönd hv. heilbrigðisnefndar að á þeim stutta tíma sem ég hef verið formaður nefndarinnar hefur það verið ósk mín og nefndarmanna að geta lokið þessu máli og sem betur fer tókst það því undirbúningur að frumvarpinu á sér nokkuð langan aðdraganda. Aðdragandinn hefur verið unninn með fagaðilum og það hafa mjög margir komið að undirbúningnum. Þetta er í annað skipti sem Alþingi hefur þetta frumvarp til meðferðar. Það var sent til mjög margra til umsagnar, bæði í fyrra skiptið og eins nú í vetur og frá því það var lagt fram fyrst og þar til það var lagt fram aftur núna á þessu þingi voru gerðar þó nokkrar breytingar á frumvarpinu með tilliti til umsagna sem borist höfðu enda báru þær umsagnir sem nú komu fram þess merki að það hafði verið unnið töluvert í frumvarpinu á milli þinga. Ég tel að að svo komnu máli sé varla hægt að ná meiri sátt um þetta frumvarp milli fagaðila, milli rekstraraðila, milli þeirra sem koma að notkun þessara sjúkraskráa og sérstaklega hvað varðar persónuvernd, vísindasiðanefnd og sjúklingahópa. Það er því ljóst að það væri mikill akkur að því að ljúka þessu máli núna og gera frumvarpið að lögum, lögum um sjúkraskrár, því að þörfin er mikil.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lesa upp nöfn allra þeirra sem komu fyrir nefndina og gáfu umsagnir og komu að athugasemdum nú á þessu þingi, fyrir utan allar þær umsagnir sem nefndinni bárust. En ég ætla að fara yfir nefndarálitið með nokkuð fljótum hætti.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlög um sjúkraskrár. Í frumvarpinu eru ákvæði sem lúta að færslu skránna, varðveislu og heimildum sjúklinga, heilbrigðisstarfsfólks og, eftir atvikum, annarra til aðgangs að þeim. Einnig eru þar ákvæði um miðlun sjúkraskráruppplýsinga með samtengingu sjúkraskrárkerfa og um heimildir heilbrigðisstofnana til reksturs sameiginlegra sjúkraskrárkerfa.

Nefndin vekur athygli á að frumvarpið er nú endurflutt en var áður flutt af heilbrigðisráðherra á 135. löggjafarþingi. Heilbrigðisnefnd þingsins sendi fyrra frumvarp fjölmörgum aðilum til umsagnar. Ráðuneytið fór yfir þær umsagnir sem bárust heilbrigðisnefnd og gerði eftir það ýmsar breytingar á frumvarpinu, m.a. hvað varðar rekjanleika færslu. Helstu álitaefni við samningu þess lutu að persónuvernd og aðgengi að sjúkraskrá.

Á fundum nefndarinnar kom fram að undanfarin ár hefðu heilbrigðisstofnanir og heilsugæslan í landinu notað rafrænar sjúkraskrár. Frumvarpið opnaði möguleika á samtengingu sjúkraskráa sem nú er ekki heimil nema til komi sameining stofnana. Samþykkt þess hefði í för með sér aukið hagræði í heilbrigðisþjónustu sem yki öryggi og velferð sjúklinga og sparaði kostnað við rekstur þjónustunnar. Umsagnir við frumvarpið voru almennt jákvæðar en sumir umsagnaraðilar töldu þó að ákvæði þess er varða rétt sjúklinga til að takmarka aðgang heilbrigðisstarfsmanna að upplýsingum úr skránni gætu rýrt markmið þess. Í tilefni af athugasemdum sem bárust fjallaði nefndin um ýmis efnisatriði frumvarpsins.

Nefndin ræddi almennt um aðgangshindranir þær sem leiða má af 7., 13., 19. og 21. gr. frumvarpsins og athugasemdir sem fram komu í umsögnum um að þær muni rýra notagildi heilbrigðisstarfsmanna af skránni á kostnað öryggis sjúklinga og verði auk þess kostnaðarsamar og flóknar í framkvæmd. Persónuvernd sjúklinga mætti tryggja eftir öðrum leiðum eins og þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna, eftirliti og viðurlögum. Enn fremur eigi sjúklingur samkvæmt 4. mgr. 14. gr. rétt á upplýsingum um hverjir afli upplýsinga úr sjúkraskránni, hvar, hvenær og í hvaða tilgangi.

Nefndin telur að þessar athugasemdir gefi ekki tilefni til að breyta frumvarpinu í grundvallaratriðum en útilokar ekki að framkvæmd eftirlits og rekjanleika leiði í ljós að hægt sé að slaka á aðgangshindrunum. Nefndin gengur út frá því að til séu lausnir sem tryggt geti rétta framkvæmd ákvæða frumvarpsins en bendir á að í orðalaginu „að því marki sem það er tæknilega mögulegt“ í 19. og 21. gr. felist aðlögunarfrestur.

Hæstv. forseti. Það er vandmeðfarið að uppfylla ýtrustu skilyrði hvað varðar persónuvernd og eins að sjá til þess að rafræn sjúkraskrá komi að fullum notum. Nefndin var sammála um að það væri betra að hafa persónuverndina og þau ákvæði sem lúta að henni í fyrirrúmi eins og er. Það væri þá betra að slaka á og sjá til hvernig kerfið virkar heldur en að sitja uppi með eitthvað sem við mundum síðar telja að hefði verið til skaða. Það er erfiðara að fara til baka. Þetta varðar þá sérstaklega viðkvæmar upplýsingar en fram komu ábendingar um að ekki væri þörf fyrir þá viðbótarflokkun upplýsinga sem birtist í orðalaginu „sérstaklega viðkvæmar sjúkraskráruppplýsingar“ í 2. mgr. 13. gr., samanber og 5. gr. frumvarpsins. Sjúkraskráruppplýsingar séu í eðli sínu viðkvæmar persónuupplýsingar en einstaklingsbundið sé hversu viðkvæmar. Þá hafi sjúklingur heimild til að takmarka aðgang við þann sem skráir og umsjónaraðila viðkomandi sjúkraskrár og ef til vill aðra tiltekna heilbrigðisstarfsmenn samkvæmt 7. gr.

Nefndin fellst ekki á að fella umræddа viðbótarflokkun brott úr frumvarpinu og telur að hún hafi raunhæfa þýðingu fyrir sjúklinga og hvetji til meiri aðgætni í meðferð upplýsinga sem þeir sjálfir álíta sérstaklega viðkvæmar. Nefndin tekur fram að sjúklingar verði ekki þvingaðir til að veita upplýsingar og telur einnig áríðandi að þeim gefist kostur á að fá skráðar upplýsingar í trúnaðarskrá sem enginn annar heilbrigðisstarfsmaður en sá sem skráir hafi aðgang að. Nefndin telur einnig brýnt að sjúklingar séu við færslu sjúkraskrár upplýstir um réttindi sín samkvæmt frumvarpinu, samanber 1. mgr. 7. gr.

Nefndin ræddi athugasemdir sem gerðar voru við þá tilhögun að jafna ákvörðun sjúklings um að takmarka aðgang heilbrigðisstarfsmanna að sjúkraskrá til höfnunar á meðferð, samanber 1. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Fram kom að aðeins í undantekningartilvikum mundi þetta eiga við og því bæri að túlka þessa heimild þröngt. Bent var á að aðgangur að réttum upplýsingum geti verið forsenda þess að unnt sé að tryggja rétta meðferð.

Nú færa margar heilbrigðisstéttir sjúkraskrár. Rafrænar sjúkraskrár eru færðar í mismunandi hugbúnaði og kerfum og tengjast með ólíkum hætti. Mótun heildarstefnu í notkun

rafrænnar sjúkraskrár er því mikilvægur þáttur samhliða undirbúningi að innleiðingu ákvæða þessa frumvarps.

Nefndin vekur athygli á að í 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins, samanber og 2. mgr. 6. gr., er gert ráð fyrir að heilbrigðisráðherra skilgreini í reglugerð þær tæknikröfur og staðla sem rafræn sjúkraskrárkerfi verði að uppfylla. Þá hefur komið fram að á vegum heilbrigðisráðuneytis hafi starfað nefnd sem unnið hefur að stefnumótun varðandi uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár. Hraði þeirrar uppbyggingar mun ráðast af fjárlögum en á móti kemur að frumvarpið er af mörgum talið vera forsenda frekari hagræðingaráforma og sparnaðar í heilbrigðisþjónustu.

Nefndin undirstrikar mikilvægi þess að ákvörðun um uppbyggingu sjúkraskráa liggi fyrir sem fyrst. Nefndin hvetur til þess að þegar verði unnið að skilgreiningu á kröfum og stöðlum fyrir hugbúnað á rafrænum sjúkraskrárkerfum og að tryggt verði fjármagn til þeirrar vinnu.

Nefndin ræddi álitaefni tengd því hver eigi rafræna sjúkraskrá. Kom fram að í frumvarpinu væri ekki tekin afstaða til þessa heldur væri mælt fyrir um vörslu sjúkraskrárinnar og heimildir til aðgangs að henni.

Við meðferð málsins kom fram sá skilningur fulltrúa heilbrigðisráðuneytis og landlæknis að sjúkraskrá gæti ekki verið eign í þeim skilningi sem almennt er lagður í það hugtak. Hún væri því hvorki eign sjúklings, heilbrigðisstarfsmanns né heilbrigðisstofnunar. Nefndin tekur undir framangreindan skilning.

Nefndin ræddi um aðgang annarra stétta en löggiltra heilbrigðisstétta að sjúkraskrá. Nefndin bendir á að ákvæði frumvarpsins sem að þessu lúta koma fram í 5., 13. og 24. gr. þess. Í 5. og 13. gr. er fjallað um færslu sjúkraskráa og aðgang annarra starfsmanna og nema. Þá er ráðherra heimilt að kveða nánar á um aðgangstakmarkanir og mismunandi aðgang, þ.e. lagskiptan aðgang, í reglugerð, samanber 24. gr. Nefndin tekur einnig fram í tilefni af athugasemdum að ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið skerði aðgangsheimildir samkvæmt öðrum lögum.

Nefndin ræddi um aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá samkvæmt 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Ákvæði frumvarpsins um aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá eru að mestu leyti sambærileg við núgildandi lög um réttindi sjúklinga. Fram kom að miðað við aðstæður núna þýðir þetta annaðhvort að sjúklingur situr fund með meðferðaraðila sem fer yfir þau atriði sjúkraskrárinnar sem sjúklingur óskar eftir og/eða að sjúklingur fær afhent pappírsafrit af sjúkraskránni, í heild eða að hluta, eftir aðstæðum. Hins vegar er gert ráð fyrir að í framtíðinni geti orðið um að ræða rafrænan aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Slíkt aðgengi sjúklinga er nú þegar til staðar sums staðar á Norðurlöndunum þar sem sjúkdómsgreiningar, meðferðir, legur og tímabókanir eru rafrænt aðgengilegar sjúklingum.

Afrit af sjúkraskrá miðast nú almennt við afrit á pappír. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins getur ráðherra með reglugerð heimilað að afrit verði afhent sjúklingi á öðru formi en pappír, t.d. á tölvudiski, minniskubbi eða með rafrænum hætti, enda sé öryggi upplýsinganna tryggt.

Í tengslum við 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins ræddi nefndin við hvaða aðstæður talið yrði að það þjónaði ekki hagsmunum sjúklings að afhenda honum upplýsingar úr eigin sjúkraskrá og hver mæti þá hagsmuni. Kom fram að aðeins kæmi til greina að beita þessari heimild í algerum undantekningartilvikum og að ákvæðið fæli ekki í sér breytingu frá gildandi lögum. Umsjónaraðili sé sá sem fyrst meti hagsmunina, landlæknir taki ákvörðun um hvort aðgangur skuli veittur, ákvörðunum hans megi skjóta til ráðuneytisins og loks geti hlutaðeigandi sjúklingar leitað með mál fyrir dómstóla.

Nefndin ræddi um aðgang aðstandenda að sjúkraskrá látins einstaklings samkvæmt 15. gr. frumvarpsins. Við umfjöllun í nefndinni kom fram að 1. mgr. greinarinnar endurspeglaði ekki nægilega vel þá framkvæmd sem viðhöfð væri, samanber orðalagið „ótvírætt samþykki“. Nefndin leggur því til að ákvæði laga um réttindi sjúklinga sem þetta varðar standi óbreytt en hvetur til þess að þau verði endurskoðuð.

Nefndin ræddi um færslu lágmarksupplýsinga í sjúkraskrá, samanber 6. gr. frumvarpsins. Fram kom það sjónarmið að í 1. tölulið 1. mgr. mætti láta þar við sitja að tilgreina kennitölu sjúklings. Fulltrúar heilbrigðisráðuneytis voru því ekki sammála og bentu á að upptalning töluliðarins þyrfti að samræmast alþjóðlegum stöðlum. Nefndin fellst á það en leggur jafnframt til að við upptalningu töluliðarins verði bætt nafni nánasta aðstandanda. Nefndin leggur einnig áherslu á að þrátt fyrir að 1. málsl. 1. mgr. sé orðaður í anda meðalhófs sé það ávallt háð mati viðkomandi heilbrigðisstarfsmanns hvaða upplýsingar sé nauðsynlegt að skrá vegna meðferðar sjúklings.

Þegar ritaðar eru sjúkraskrár eru ákveðin atriði sem eiga að koma fram og byggt er á samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Það er sjúkdómsgreining, tilefni komu, greining, meðferð o.s.frv. Það eru því alltaf ákveðin lágmarksatriði sem verða að koma fram og síðan er það í höndum viðkomandi starfsmanns hvernig hann skrifar sjúkraskrána. Þarna er verið að hvetja til þess að meðalhóf verði viðhaft, ekki stikkorð og ekki langar ritgerðir þannig að sjúkraskráin gagnist sjúklingnum sem best.

Hvað varðar varðveislu sjúkraskráa ræddi nefndin orðalag 11. gr. frumvarpsins og telur rétt að skýra það þannig að skylda til að varðveita sjúkraskrá falli ekki brott um leið og sjúklingur deyr. Það er mikilvægt að varðveita sjúkraskrárnar til lengri tíma.

Nefndin ræddi skilgreiningar frumvarpsins, einkum varðandi hugtökin „meðferð“ og „umboðsmaður sjúklings“. Nefndin bendir á að meðferð er skilgreind með sama hætti í frumvarpinu og í lögum um réttindi sjúklinga en hún leggur til skilgreiningu á hugtakinu „umboðsmaður sjúklings“. Það kemur m.a. fyrir í 7. og 14. gr. frumvarpsins. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum, hæstv. forseti:

„1. Við 3. gr. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Umboðsmaður sjúklings*: Forráðamaður sjúklings eða sá sem sjúklingur hefur veitt skriflegt umboð til að taka ákvarðanir varðandi sjúkraskrá sína eða heimild til aðgangs að henni.

2. Við 6. gr. Í stað orðanna „og hjúskaparstöðu“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: hjúskaparstöðu og nánasta aðstandanda.

3. Við 11. gr. Orðin „á meðan sjúklingur lifir" í 1. málsl. falli brott.

4. Við 13. gr. Orðin „heilbrigðisstofnun, starfsstofa heilbrigðisstarfsmanns eða heilbrigðisstarfsmaður sem veitir meðferð" í 2. mgr. falli brott.

5. Við 15. gr. Greinin orðist svo: Um aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

6. Við 26. gr. C-liður 1. tölul. falli brott.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson og Álfheiður Ingadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Fyrir utan þá sem hér stendur undirrita nefndarálitið hv. þm. Ásta Möller, Ellert B. Schram, Guðlaugur Þór Þórðarson, Pétur H. Blöndal, Eygló Harðardóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

Ég vil taka það sérstaklega fram, hæstv. forseti, að þetta frumvarp og vinnsla þess hefur verið með miklum ágætum. Það hefur verið flókið að fara í gegnum þetta mál. Margs er að gæta, sérstaklega hvað varðar persónuvernd. Það eru líka margir hlutir sem eru óútfærðir eins og hvernig tengja eigi saman miðlæg tölvuver, hvort í framtíðinni verði ein móðurstöð eða margar og hvernig þær verði þá samtengdar. Það er erfitt að spá fyrir hvað varðar tæknina í framtíðinni. Við sjáum að frændur okkar á hinum Norðurlöndunum eru komnir lengra en við í að nota rafrænar sjúkraskrár, hafa þær aðgengilegar fyrir sjúklinga þannig að hver einstaklingur getur sjálfur skoðað ákveðna þætti í sjúkraskrá sinni og verið beintengdari meðferðaraðilum sínum. Ég tel að þessi áfangi sé mikilvægur til að taka næstu skref og tel ekki ólíklegt að innan skamms tíma, árs eða tveggja ára þegar undirbúningsvinnunni við að uppfylla þetta frumvarp lýkur, muni koma til endurskoðunar á lögunum miðað við hvernig þeirri vinnu vindur fram. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að hv. heilbrigðisnefnd fylgist með vinnu við undirbúning innleiðingar frumvarpsins og laganna og að gott samstarf sé á milli ráðuneytis og landlæknisembættisins varðandi framhald málsins.

[11:52]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bíð enn þá eftir að hæstv. heilbrigðisráðherra láti sjá sig í salnum til að ræða þetta mál. En þar sem hv. þm. Þuríður Backman, formaður heilbrigðisnefndar, er hér og hefur lokið ræðu sinni langar mig þó að beina spurningu til hennar. Hún gerði reyndar ágætlega grein fyrir því hvernig hún sér framhald málsins en það kemur hins vegar mjög greinilega fram í umsögn með frumvarpinu frá fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að talið er að það þurfi 1.500 millj. kr. til að hrinda þessu verkefni í framkvæmd.

Ekki er hægt að lesa það af ákvæðum frumvarpsins að þessa peninga þurfi til en það er samt sem áður mat ráðuneytisins að leggja þurfi til þetta fjármagn að koma málinu áfram.

Fjölmargir umsagnaraðilar, m.a. læknaráð Landspítalans, leggja ríka áherslu á óhjákvæmilegt sé að sérstök fjárveiting fylgi uppbyggingu rafrænna sjúkraskráa. Það hefur jafnframt komið fram að rafræn sjúkraskrá getur falið í sér töluverðan sparnað í heilbrigðiskerfinu varðandi ýmsa vinnu. Til dæmis getur hún komið í veg fyrir hugsanlega tvítekningu eða margtekningu rannsókna og öll upplýsingamiðlun verður einfaldari, ódýrari aðgengilegri og þar af leiðandi líka ákvörðunartaka um meðferð sjúklinga. Þess vegna hlýt ég að spyrja hv. þingmann, í ljósi þess að margir hafa talið að ekki þurfi að bíða í 2–3 ár með að hrinda rafrænni sjúkraskrá í framkvæmd heldur þurfi eingöngu fjármagnið til: Hvernig sér hv. þingmaður fyrir sér að þessu máli verði fylgt eftir þannig að sómi sé að? (Forseti hringir.)

[11:54]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir orð hv. þingmanns eins og ég gerði í upphafi framsögu minnar að það kostar fjármagn að hrinda þessu frumvarpi í framkvæmd þegar það verður að lögum. Þegar er hafinn undirbúningur að því að vinna að þessari framtíðarsýn í ráðuneytinu, að koma á rafrænni sjúkraskrá. En það kostar heilmikið fjármagn ef það á að gera þetta á stuttum tíma og þarf að eyrnamerkja sérstakt fjármagn í undirbúninginn.

Því miður hefur efnahagslíf þjóðarinnar farið á hvolf. Það er allt annað núna en þegar frumvarpið var lagt fram í byrjun. Þá ríkti miklu meiri bjartsýni hjá þjóðinni og trúlega var þá talið að við gætum farið miklu hraðar í þetta en mér sýnist við geta í dag. Það er dýrt að vera fátækur. En mér finnst mikilvægt að horfa til þess hvað rafrænt sjúkraskrárkerfi getur og á að spara mikla fjármuni en það kostar að koma því á. Það verður að leggjast yfir hvað þessi upphafs- og undirbúningskostnaður er mikill og hvernig hægt er að koma kerfinu á. Mér finnst mjög mikilvægt að hraða þessari vinnu eins og hægt er. Það verður að vera fjármagn til þess en það mun skila sér til baka. En það er dýrt að vera fátækur þannig að þetta er höfuðverkur sem hæstv. heilbrigðisráðherra (Forseti hringir.) og fjármálaráðherra og síðast en ekki síst Alþingi (Forseti hringir.) með fjárlögum standa frammi fyrir að uppfylla.

[11:56]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svör hv. þingmanns segja mér hve mikilvægt það er að hæstv. ráðherra komi í salinn til að ræða þessi mál. Það kom fram í máli hv. þingmanns að verið er að vinna að framtíðarsýn í þessum málum af hálfu heilbrigðisráðuneytisins og mér þætti mikill fengur í því að fá fulltrúa framkvæmdarvaldsins hingað, hæstv. heilbrigðisráðherra, til að deila með okkur þessari framtíðarsýn.

Við gerum okkur öll grein fyrir í hvaða stöðu við erum í dag. En við þurfum líka að átta okkur á því að við erum að samþykkja frumvarp sem lögð er áhersla á að ljúka í dag eða á morgun og má segja að það sé sýnd veiði en ekki gefin meðan ekki liggur fyrir hvernig á að fjármagna þetta.

Það liggur jafnframt fyrir að við stöndum frammi fyrir því að skera niður í heilbrigðiskerfinu um 6,7 milljarða kr. Ekki hafa komið fram nægilegar upplýsingar frá hæstv. ráðherra um hvernig standa eigi að þessum niðurskurði, samt er komið fram yfir miðjan apríl. Ég fagna því að hæstv. heilbrigðisráðherra er kominn í salinn, hann getur þá svarað þessum spurningum á eftir. En ég tek undir með hv.

þm. að þetta mál er mjög mikilvægt og ég held að við getum rætt saman um hvernig hægt er að hrinda því í framkvæmd þannig að sá sparnaður sem talinn er koma úr kerfinu, bæði vinnusparnaður og jafnframt sparnaður varðandi endurtekningu á rannsóknum og meðferðum og sú nauðsynlega upplýsingamiðlun sem slíkt kerfi hefur í för með sér og sparnaður í þeim efnum, skili sér. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við komumst að niðurstöðu um hvernig hægt er að vinna að þessu verkefni þannig að heilbrigðisþjónustan og sjúklingar (Forseti hringir.) geti haft gagn af.

[11:59]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú þegar eru notaðar rafrænar sjúkraskrár og er ekki heimilt samkvæmt lögum að samtengja sjúkraskrár milli stofnana. Meðal annars þess vegna hafa stofnanir verið sameinaðar til að það sé alveg öruggt að færsla sjúkraskránna sé lögleg innan þeirra stofnana en verið er að senda hluta af rafrænum sjúkraskrám á milli sérfræðinga, fram og til baka, og það er bara mjög mikilvægt að við höfum lagaramma sem núverandi þjónusta fellur innan. Það er mjög óþægilegt fyrir alla aðila að vera með möguleika og starfsemi sem við vitum í raun að fellur ekki innan núverandi laga. Það eru ekki til nein sérstök lög um sjúkraskrár.

Að setja lög um sjúkraskrár og móta þá þann ramma sem við erum að gera hér auðveldar allan undirbúning að innsetningu rafrænna sjúkraskráa. Verið er að vinna að gerð rammans þó að vinnan fari hægar í gang og ekki sé hægt að innleiða lögin með sama hætti og vonir stóðu til fyrir tveimur árum þegar við héldum að við gætum fengið lán fyrir öllum hlutum eða hagað okkur eins og við gerðum á þeim tíma. Núna stöndum við frammi fyrir bláköldum veruleika, þ.e. 6,7 milljarða niðurskurði í heilbrigðisþjónustunni á þessu ári. Það verður að verja heilbrigðisþjónustuna og velferðarþjónustuna á næsta ári. Það er ekki hægt að ganga nær henni en gert hefur verið. Þótt útgjöldin séu mikil í byrjun er hægt að spara en það er dýrt að vera fátækur.

[12:01]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér er komið til 2. umr. frumvarp til laga um sjúkraskrár eftir meðhöndlun í hv. heilbrigðisnefnd. Málið hefur verið í vinnslu í nokkurn tíma, var lagt fram og mælt fyrir því á vorþingi 2008 og vísað til hv. heilbrigðisnefndar og sent til umsagnar strax um vorið. Síðastliðið haust var það lagt fram að nýju eftir að heilbrigðisráðuneytið hafði farið yfir umsagnir sem höfðu borist, mjög ítarlegar og góðar umsagnir sem höfðu borist til nefndarinnar. Málið var sem sé tekið aftur inn í heilbrigðisráðuneytið til að breyta frumvarpinu með hliðsjón af þeim athugasemdum sem höfðu borist.

Frumvarpið var unnið af hópi sérfræðinga undir forustu núverandi hv. þingmanns, Daggar Pálsdóttur, sem var skipuð formaður nefndarinnar en valinkunnt fólk með mikla þekkingu á þessu máli var með henni í nefndinni og nefni ég þar m.a. Matthías Halldórsson, núverandi landlækni.

Tilgangur frumvarpsins eða meginmarkmið með endurskoðun á lagareglum um sjúkraskrár er í fyrsta lagi að kveða með heildstæðum hætti á um færslu, varðveislu og aðgang að sjúkraskrám. Í öðru lagi að kveða skýrar á um lagaskyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa upplýsingar um meðferð í sjúkraskrár. Í þriðja lagi að kveða nánar á um rétt sjúklinga við færslu upplýsinga í sjúkraskrá. Og síðast en ekki síst að veita lagaheimild fyrir sameiginlegum sjúkraskrárkerfum og til samtengingar rafrænna sjúkraskráa svo unnt sé að miðla sjúkraskráruppplýsingum með rafrænum hætti milli heilbrigðisstarfsmanna sem hafa sjúkling til meðferðar.

Ekki höfðu verið til nein sérstök lög um sjúkraskrár í landinu heldur eingöngu tilvísun í lög um réttindi sjúklinga en að sjálfsögðu er það skylda heilbrigðisstarfsmanna að færa sjúkraskrár. En eins og kom hér fram er eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins að kveða skýrar á um lagaskyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa upplýsingar um meðferð í sjúkraskrár en slík lagaskylda lá ekki fyrir eins sérkennilegt og það sýnist að ekki skuli hafa verið fyrir hendi skýr lagaskylda um slíka færslu af hálfu heilbrigðisstarfsmanna sem bera ábyrgð á meðferð sjúklinga. En í öllum öðrum lögum er gert ráð fyrir að gögn liggi fyrir um sjúklinga og meðferð þeirra innan heilbrigðisstofnana.

Eitt atriði sem skiptir verulega máli í þessu sambandi kom fram hjá hv. þm. Þuríði Backman áðan en það er að ekki var til lagaheimild fyrir sameiginlegum sjúkraskrárkerfum, þ.e. að tengja sjúkraskrár milli heilbrigðisstofnana til þess að fá heildaryfirsýn yfir sjúkrasögu og meðferð sjúklinga. Það kom m.a. í veg fyrir að hægt væri að vinna með markvissum hætti að aukinni samvinnu milli heilbrigðisstarfsmanna á mismunandi sjúkrastofnunum til þess m.a. að nýta betur sérþekkingu heilbrigðisstarfsmanna á þeim stöðum og auka öryggi sjúklinga.

Hv. heilbrigðisnefnd fékk málið til sín í nóvember síðastliðnum. Mig minnir að mælt hafi verið fyrir málinu 23. nóvember og á þeim tíma var ég formaður hv. heilbrigðisnefndar og fylgdi málinu úr hlaði en að mestu leyti var þó unnið að málinu eftir áramótin. En það góða við þetta mál er að hérna erum við komin með fyrir framan okkur fyrstu heildstæðu löggjöfina um færslu og aðgang að sjúkraskrám og er það stórt skref eins og hefur komið fram í ræðum fyrr í dag.

Rafræn sjúkraskrá hefur verið í umræðunni um árabil og í rauninni þokast mjög hægt áfram. Samt sem áður hefur rafræn sjúkraskrá verið talin eitt brýnasta mál heilbrigðisþjónustunnar um nokkurt skeið, m.a. með tilliti til þess að í því gefast töluverðir möguleikar á hagræðingu innan kerfisins svo ég tali ekki um öryggi sjúklinga.

Þættir varðandi hagræðingu og starfsmat koma m.a. fram í umsögn skrifstofu fjármálaráðuneytisins þar sem greint er frá því hvert mat ráðuneytisins er á kostnaði af innleiðingu þess að koma rafrænni sjúkraskrá í gagnið fram til ársins 2011. Var það mat ráðuneytisins að það mundi kosta um 1,5 milljarða króna að innleiða rafræna sjúkraskrá.

Hins vegar er það ekki svo að við séum að hefja verkið, unnin hefur verið talsvert mikil undirbúningsvinna bæði innan ráðuneytisins og meðal stofnana og flestar heilbrigðisstofnanir eru vel tæknivæddar í þessum efnum. Spurningin er hvernig tengja á þetta saman þannig að úr verði ein

heild. Við höfum séð stefnumótun um rafræna sjúkraskrá og sú vinna var unnin á vegum heilbrigðisráðuneytisins fyrir nokkuð mörgum árum síðan. Þetta hefur því verið býsna lengi í umræðunni en það er eins og það hafi alltaf vafist fyrir stjórnvöldum að taka skrefið til fulls jafnvel þótt undirbúningur væri langt kominn, m.a. var starfsmaður innan heilbrigðisráðuneytisins starfandi um nokkurra ára skeið við að undirbúa verkefnið. Við fengum þær upplýsingar í hv. heilbrigðisnefnd fyrir nokkrum missirum að málið væri komið í þann farveg að í raun og veru skorti eingöngu peninga til að hrinda því í framkvæmd og þess vegna þykir mér gott að hæstv. heilbrigðisráðherra sé hér á staðnum til að svara spurningum mínum um þetta efni.

Ég held að við getum öll verið sammála um að þetta mál er mjög mikilvægt og það hefur m.a. verið nefnt sem ein af leiðum til að spara í heilbrigðiskerfinu. Ég benti m.a. á það í ræðu minni hér í haust að ég hefði rekist inn á heimasíðu þáverandi frambjóðanda til forseta í Bandaríkjunum, Hillary Clinton, sem hefur látið sig heilbrigðismál mikið varða og ein af tillögum hennar varðandi sparnað í bandaríska heilbrigðiskerfinu var að koma á rafrænni sjúkraskrá.

Það segir sig sjálft að í því umhverfi sem við erum og vegna þeirrar miklu tæknivæðingar sem hefur þegar átt sér stað innan heilbrigðiskerfisins ættum við að vera komin lengra á veg en aðrir og ég held að umhverfið hér á landi, þ.e. vilji fólks til að þess fara þessa leið og þekking heilbrigðisstarfsmanna til að fara þessa leið sé með þeim hætti að við ættum að geta verið þarna í fararbroddi.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Þuríðar Backman, formanns heilbrigðisnefndar, áðan að unnið væri að framtíðarsýn innan heilbrigðisráðuneytisins varðandi rafræna sjúkraskrá. Ég vil því spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra nánar um það í hverju sú framtíðarsýn felst og hvort sú vinna er komin á þann veg að hægt sé að sjá í hvaða skrefum hægt verður að taka þetta mál þegar frumvarpið verður orðið að lögum í dag eða á morgun öllu heldur. Það er mjög mikilvægt að vel sé að þessu staðið og heilbrigðisstarfsmenn sjái fram á að hægt sé að nýta þetta.

Vandinn er náttúrlega fjármagnið. Látið er að því liggja í umsögn fjármálaskrifstofunnar að að hluta til megi taka þetta fjármagn úr rekstri stofnananna en við vitum það jafn vel, ég og hæstv. heilbrigðisráðherra, að það er ekki mikið um laust fé innan heilbrigðisstofnana og ný verkefni kannski ekki í forgangsröð akkúrat núna. Því hljótum við að velta fyrir okkur hvar þetta fé verður tekið, hvort hugmyndin er sú að taka það einhvers staðar annars staðar frá og hvort þetta sé eitt af þeim forgangsatriðum sem þarf að skoða einmitt í þeim tilgangi að ná fram sparnaði til lengri tíma litið.

Ég er viss um að við þær aðstæður sem við búum núna og með þá hugkvæmni sem við vitum að íslenskir heilbrigðisstarfsmenn og tæknimenn innan heilbrigðiskerfanna búa yfir er hægt að finna leiðir sem kannski þóttu ekki fýsilegar við þær aðstæður sem bjuggum áður, þ.e. að neyðin kennir naktri konu að spinna eins og málshátturinn segir, að við finnum nýjar leiðir sem e.t.v. þóttu ekki fýsilegar þá.

Ég legg áherslu á að það komu mjög sterkar ábendingar frá þeim aðilum sem sendu hv. heilbrigðisnefnd bréf og gáfu umsagnir um frumvarpið um að tryggja þyrfti fjármagn til uppbyggingar rafrænnar sjúkraskrár. Þetta kemur fram hjá öllum þeim félögum sem við fengum umsagnir frá, Læknafélagi Íslands, Félagi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara, læknaráði Landspítalans, sem telur óhjákvæmilegt að sérstök fjárveiting fylgi uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár, og sömu athugasemdir komu frá Félagi íslenskra sjúkraþjálfara og Háskóla Íslands, en allir lögðu mikla áherslu á mikilvægi þessa verkefnis.

Við vitum að við stöndum frammi fyrir því að skera niður um 6,7 milljarða kr. í heilbrigðiskerfinu og við höfum nokkrum sinnum tekið umræðu um það á hinu háa Alþingi hvernig heilbrigðisráðherra ætlar að standa að niðurskurðinum. Við vitum hver staðan er á Landspítalanum, þar er unnið hörðum höndum að niðurskurði innan heilbrigðiskerfisins, en ég verð líka að segja að svo virðist sem starfsmenn Landspítalans sitji uppi með þá tilfinningu að þeir einir eigi að spara en það komi ekki sambærilegar kröfur á aðrar stofnanir um sparnað. Og ég heyri á heilbrigðisstarfsmönnum víða innan kerfisins úti á landi að þeim finnist skorta á betri leiðbeiningu frá ráðuneytinu um hvar eigi að bera niður, hvernig eigi að fara að því að ná þessum milljörðum króna í rekstri stofnana sem voru ekki of vel haldnar fyrir.

Þær skipulagsbreytingar sem boðaðar höfðu verið af fyrri heilbrigðisráðherra hafa verið dregnar til baka. Reyndar hef ég heyrt, og vil þá biðja hæstv. heilbrigðisráðherra staðfesta það, að þær skipulagsbreytingar sem boðaðar voru á Vesturlandi og hæstv. ráðherra dró til baka hafi nú verið dagsettar 1. júlí næstkomandi, þ.e. að heilbrigðisstofnanir sem starfa á Vesturlandi muni þrátt fyrir fyrri ákvörðun ráðherra sameinast 1. júlí næstkomandi. Bið ég hæstv. ráðherra að staðfesta það hér við mig og jafnframt, ef hann hefur tækifæri til að gefa mér upplýsingar um það, hvað leiddi til þess að ráðherrann breytti ákvörðun sinni og um hvaða upphæðir er að ræða í sparnaði vegna slíkra samninga?

Jafnframt hefur verið til umræðu á hinu háa Alþingi fæðingarþjónusta bæði á Suðurnesjum og á Selfossi og það kom fram hér í umræðu milli hv. þm. Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, sem nú er í framboði í Suðurkjördæmi, og hæstv. heilbrigðisráðherra að boðuð niðurlagning fæðingarþjónustu með tengdum skurðstofum á Suðurnesjum og á Suðurlandi hefði verið dregin til baka. En þá hlýt ég líka að spyrja hvort árleg sumarlokun fæðingarþjónustu á Selfossi og Suðurnesjum standi í ár eins og í fyrra eða hvort þeirri þjónustu verði haldið áfram í sumar óbreytt og þá með bakstuðningi skurðstofa. En ég minni jafnframt á að í umræðu hér fyrir nokkru milli hæstv. heilbrigðisráðherra og hv. þm. Eyglóar Harðardóttur um fæðingar í Vestmannaeyjum — eða hvort það var hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir, það má vera að ég hafi ruglast eitthvað í því — kom fram að fæðingarþjónusta í Vestmannaeyjum yrði lögð niður í sumar og þar verði sumarlokun.

Ég vil nota tækifærið þar sem hæstv. ráðherra er kominn í salinn en ég benti á áðan í umræðu um fundarstjórn forseta að hæstv. ráðherra hefur ekki mikið látið sjá sig í þingsölum upp á síðkastið og því hljótum við að nota tækifærið nú til að fá svör við þessum spurningum. En þær tengjast því máli sem hér er til umræðu að því leyti að gerð-

ar eru miklar kröfur um sparnað í heilbrigðiskerfinu, upp á 6,7 milljarða kr., og við höfum ekki fengið, þrátt fyrir marga fundi og ítrekaðar spurningar, nákvæmar upplýsingar um þá stöðu, hvort hæstv. ráðherra telji að hann muni ná niður þessum 6,7 milljörðum kr. og með hvaða hætti það verði gert þar sem sú aðferðafræði sem lagt var upp með í byrjun árs hefur verið dregin til baka að miklu leyti.

Á sama tíma og við erum með þetta mikilvæga frumvarp fyrir framan okkur erum við í þeirri kreppu, „dilemma“ — ef ég má sletta, með leyfi forseta — þeirri úlfakreppu að við erum með tæki fyrir framan okkur sem getur, þegar til lengri tíma er litið, leitt verulegs sparnaðar í heilbrigðiskerfinu og aukins öryggis sjúklinga en höfum ekki fjármagn til að hrinda því í framkvæmd og koma því í þann farveg að gagnist bæði heilbrigðisstofnunum og sjúklingum í landinu.

Í nefndaráliti heilbrigðisnefndar er gerð ítarlega grein fyrir því hvað kom til umræðu í nefndinni og hv. þm. Þuríður Backman hefur gert grein fyrir því með greinargóðum hætti, en það sem m.a. var rætt um voru aðgangshindranir og skilgreining á sérstaklega viðkvæmum persónuupplýsingum, en töluvert var rætt um það að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjúklingurinn sjálfur skilgreini hvað eru sérstaklega viðkvæmar persónuupplýsingar. Niðurstaðan var sú að gera ekki breytingar á frumvarpinu frá því sem áður var. Jafnframt var rætt hvort takmörkun aðgangs jafngilti höfnun á meðferð. Rætt var um uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár og hver væri eigandi rafrænnar sjúkraskrár og m.a. í kjölfar umræðu sem átt hefur sér stað árum saman hvort það væri sjúklingurinn sem ætti sjúkraskrána. En í frumvarpinu kom fram að ekki væri tekin afstaða til þess hver ætti rafræna sjúkraskrá heldur frekar farin sú leið að mæla fyrir um vörslu sjúkraskrárinnar og heimildir til aðgangs að henni. Það kom fram við meðferð málsins, eins og kemur fram í nefndarálitinu, sá skilningur fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins og landlæknis að sjúkraskrár gætu ekki verið eign í þeim skilningi sem almennt er lagður í það hugtak og hún væri því hvorki eign sjúklings, heilbrigðisstarfsmanna né heilbrigðisstofnunar. Nefndin tekur undir framangreindan skilning eins og segir í nefndarálitinu. Ég held að við höfðum ekki náð lengra með þetta mál, þetta er stöðugt í umræðunni hver sé eigandinn, en ég held að þetta sé skynsamleg niðurstaða.

Einnig var töluvert rætt um aðgang annarra stétta en skilgreindra heilbrigðisstétta og var þá ekki síst horft til þess að prestar og aðrir sem teljast ekki beinlínis vera heilbrigðisstarfsmenn en eru þó mikilvæg stétt starfandi innan sjúkrahúsanna þyrftu að hafa slíkan aðgang í ákveðnum tilvikum og við leiddum þá umræðu til enda.

Tími minn er búinn en ýmis önnur atriði komu til umræðu innan nefndarinnar. (Forseti hringir.) Og ég þakka fyrir það að hæstv. heilbrigðisráðherra er kominn í salinn til að svara spurningum mínum.

[12:21]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Það er mjög kærkomið að svara þeim spurningum sem beint hefur verið til mín, bæði spurningunum og kannski líka aðdróttunum af ýmsu tagi sem hafa komið fram í málflutningi þingmanna Sjálfstæðisflokksins það sem af er þessum degi.

Hv. þm. Ásta Möller segir að ég hafi ekki sést mikið í þingsölum að undanförnu. Það má til sanns vegar færa að ég hef ekki fylgst með öllum þeim ræðum sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa flutt hér í þingsal til að reyna að koma í veg fyrir að geirneglt verði inn í landslög og stjórnarskrá ákvæði þess efnis að tryggja eignarhald þjóðarinnar á auðæfum til lands og sjávar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur hamast hér dag eftir dag til þess að koma í veg fyrir að slíkt nái fram að ganga.

Hann hefur líka hamast gegn því að sett verði inn í lög okkar og reglur að þjóðin geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um brýn hagsmunamál. Ég hef að sjálfsögðu fylgst með þessu, stundum úr fjarlægð, og furðað mig á þeim málflutningi sem hér hefur verið uppi af hálfu Sjálfstæðisflokksins.

Ég hef hins vegar nýtt tíma minn sem heilbrigðisráðherra í að ræða við heilbrigðisstarfsmenn. Ég hef heimsótt allar helstu heilbrigðisstofnanir landsins, fjölmenna vinnustaði í öllum landshornum, og ég hef átt fundi með heilbrigðisstarfsmönnum, núna síðast í morgun átti ég fund með trúnaðarmönnum BHM, mjög góðan fund, ekki fund sem einkennist af málflutningi Sjálfstæðisflokksins hér í þingsal þar sem ummæli manna eru slitin úr samhengi. Ég verð, hæstv. forseti, að lýsa furðu á þeirri kosningabaráttu sem hér er háð af hálfu Sjálfstæðisflokksins og byggist fyrst og fremst á útúrsnúningum. Þetta er kosningabarátta útúrsnúninganna. Ég mun koma að því hér á eftir hvert hið sanna er varðandi hugmyndir okkar um kjarajöfnun og tilraunir okkar til þess að treysta kjörin hjá þeim sem starfa innan velferðarþjónustunnar en ekki hið gagnstæða eins og sjálfstæðismenn hafa haldið fram að fyrir okkur vaki, þ.e. að rýra þessi kjör, því fer fjarri og ég mun koma að því síðar.

Hv. þingmaður óskaði eftir því að ég upplýsti hvað væri að gerast varðandi sameiningu heilbrigðisstofnana á Vesturlandi, hvort ég hefði horfið frá fyrri ákvörðunum mínum um að af slíkri sameiningu yrði ekki, alla vega ekki í þeim mæli sem áður hafði verið fyrirséð. Ég hef ekki breytt ákvörðunum mínum. Ákvarðanir mínar voru einfaldlega að hlusta á hvað starfsfólk og forsvarsmenn þessara stofnana og sveitarstjórnir í sveitarfélögum sem þær þjóna vildu. Niðurstaðan varð sú að þær óska eftir því að renna saman í eina og Hvammstangi, sem hafði uppi efasemdir um slíkt, og Hólmavík, þar sem einnig voru uppi efasemdir, renna saman í heilbrigðisstofnun Vesturlands.

Fallið hefur verið frá ákvörðun um að sameina Patreksfjörð heilbrigðisstofnun Vestfjarða að ósk heimamanna enda töldu bæði Ísfirðingar og forsvarsmenn heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði það óráð að ráðast í þessa sameiningu. Út á þetta hefur starf mitt gengið, þ.e. að hlusta á heimamenn, hlusta á starfsmenn þessara stofnana, hlusta á stjórnendur þessara stofnana og hlusta á sveitarstjórnarfólkið og laga ákvarðanir okkar að þeirra vilja. Í þessum anda erum við að reyna að ná fram markmiðum fjárlaga fyrir þetta ár, sem samþykkt voru hér í lok desember, og kveða á um 6,7 milljarða niðurskurð í heilbrigðiskerfinu frá því sem gert var ráð fyrir í

fjárlögum sem kynnt voru hér á Alþingi í októberbyrjun á síðasta ári. Þetta er að takast.

Ég varð þess áskynja strax eftir að ég kom inn í heilbrigðisráðuneytið að menn byggðu þar á mjög ótraustum útreikningum, nánast óskhyggju, varðandi ávinning af sameiningu heilbrigðisstofnana. Þar voru engir traustir útreikningar að baki og þetta hef ég fengið staðfest hjá stjórnendum þessara stofnana. Ég hef hins vegar sagt á yfirreið minni um landið að enda þótt stofnanir tækju þá ákvörðun að ganga ekki inn í sameiningarferlið hvíldi eftir sem áður sú kvöð á þeim að ná hagræðingu og samlegðaráhrifum og að komast inn fyrir níðþröngan ramma fjárlaganna. Það markmið stendur eftir sem áður.

Í rauninni hefur ekki verið horfið frá þeirri meginhugsun að samnýta starfsemi á Landspítalanum annars vegar og hins vegar á svokölluðum Kragasjúkrahúsum, hvort sem er í Keflavík, á Reykjanesi, St. Jósepsspítala eða í Árborg, heilbrigðisstofnuninni á Selfossi. Í öllum tilvikum er unnið að því að vinna að skynsamlegri verkaskiptingu á milli þessara stofnana. Það er núna í ferli en jafnframt hefur verið gripið til ráðstafana sem draga úr tilkostnaði þessara stofnana. Það sem ég hef fengið í hendur bendir til þess að okkur sé að takast þetta ætlunarverk en þá í samráði og samstarfi við starfsfólkið. Þetta er að takast og ég tel að þetta sé eina leiðin til að ná tilætluðum árangri sem heldur, þ.e. að virkja starfsfólkið og virkja nærumhverfið.

Ég ætla að taka dæmi. Ein hugsun sem hafði verið sett fram varðandi niðurskurð var að loka Heilsugæslunni í Grindavík, annaðhvort að fullu eða að hálfu. Þetta var valkostur sem stjórnendur tefldu fram og hlutskipti þeirra er erfitt og ég stilli mér algjörlega upp við hliðina á þeim vegna þess að ég sem handhafi framkvæmdarvalds kappkosta að fylgja eftir lögum, fjárlögum. Stjórnendur eiga þarna erfitt — hlutskipti þeirra er afar erfitt að þessu leyti en spurningin er hins vegar: Á hvaða forsendum er þetta gert? Ég hef reynt að stýra þessu inn í farveg þar sem þetta er gert á forsendum fólksins en ekki byrjað á því að taka tillit til krafna sem koma frá viðskiptalífinu um að fá aðgang að sjúkrahúsi í Reykjanesbæ, svo að dæmi sé tekið, og laga síðan allar kerfisbreytingar að dyntum fjármagnsins og hagsmunaaðila á markaði. Þetta er í grundvallaratriðum munurinn á nálgun okkar og nálgun Sjálfstæðisflokksins sem hefur verið að reyna að opna velferðarkerfið, og sérstaklega heilbrigðiskerfið, fyrir viðskiptahagsmunum. Þetta er munurinn. Þetta er í grundvallaratriðum munurinn á stefnu okkar og þeirri stefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur rekið.

Hvernig við ætlum að ná þessu fram? Við höfum þegar stigið ýmis skref. Við náðum því t.d. fram að setja reglugerð sem reyndar lyfjafyrirtækin, innflytjendur lyfja, fulltrúar stórfyrirtækjanna í lyfjabransanum, eru að kæra okkur fyrir til Brussel, skjóta málunum til ESA — við náðum því fram að lækka lyfjakostnað um 1.300 millj. kr., 650 millj. kr. með lyfjareglugerð. Hæstv. fyrrverandi heilbrigðisráðherra hafði sett reglugerð, að vísu með rangri dagsetningu, sem hefði fært kostnaðinn niður um 100 milljónir. Sú reglugerð sem var sett eftir að ég fór í heilbrigðisráðuneytið lækkaði útgjöld ríkisins um 650 millj. kr.

Þetta var ekkert auðvelt mál. Það er ekkert auðvelt mál að stíga það skref að hækka verðlag á lyfjum, en við reyndum að gera það með þeim hætti að þeim yrði hlíft sem síst skyldi ætlað að axla meiri byrðar. Það eru atvinnulausir, það er barnafólkið og það eru þeir sem standa höllum fæti fjárhagslega í samfélaginu. Jafnframt erum við að reyna að færa lyfjanotkunina í þann farveg að ódýrustu lyfin séu notuð, að ódýrasti valkosturinn sé tekinn, að því tilskildu að það skipti sjúklinginn ekki máli. Ef um það er að ræða að fram komi aukaverkanir vegna lyfjatöku er málið sett í farveg sem tryggir að hagsmuna sjúklingsins sé gætt.

Hæstv. forseti. Áður en ég vík nánar að þingmálinu hér — ég held mig við þær spurningar sem settar voru fram — langar mig til að segja örfá orð um hvað átt er við þegar talað er um kjarajöfnun í kerfinu. Ég hef sagt að í þjóðfélaginu almennt hafi kjaragjáin, á milli þeirra sem mest hafa og hinna sem minnst hafa, verið að breikka, sú kjaragjá hefur verið að breikka. Þegar við tölum um kjarajöfnun felst í því hugtaki að þeir sem eru lægstir hækka, þeirra staða batnar. Staða þeirra sem tróna á toppnum, með ofurtekjur upp á margar milljónir á mánuði, ef ekki meira, versnar. Þetta er það sem átt er við með kjarajöfnun. Innan heilbrigðiskerfisins eru annars vegar til verktakar sem taka til sín milljónir á mánuði hverjum og hins vegar almenna launafólkið sem býr við allt önnur kjör og þar horfi ég til alls taxtalaunakerfisins. Það kerfi vil ég varðveita og ég vil koma í veg fyrir að launin þar lækki eða rýrni. Því miður hefur verðbólgan verið að rýra kjörin. Verðbólgan sem Sjálfstæðisflokkurinn skildi eftir sig, upp á 20%, hefur nagað í launakjörin, hún hefur vissulega gert það. Hún er sem betur fer á niðurleið núna og vonandi tekst okkur að koma böndum á hana eins og okkur tókst að gera í byrjun tíunda áratugarins þegar hér hafði geisað óðaverðbólga upp á 20–30%, okkur tókst að koma henni niður í 1–2% og dugði það um nokkurra ára skeið. Í því felst mikil vörn fyrir launafólk.

Kjör fólks ráðast ekki bara af launanum, þau ráðast líka af útgjöldunum og á hvoru tveggja þurfum við að sjálfsögðu að taka. Sjálfstæðisflokkurinn hefur í valdatíð sinni breytt skattumhverfinu hér í grundvallaratriðum. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn kom til valda árið 1991 var tekjuskattur einstaklinga 28% af tekjustofni ríkisins. Hann er 34% núna. Það er ekki bara það að tekjuskattar einstaklinga hafi vaxið sem hlutfall af tekjum ríkisins heldur hefur samsetningunni líka verið breytt vegna þess að hátekjufólkið var allt lagt í bómull, hátekjuþrepin voru afnumin en skattar voru í fyrsta skipti lagðir með ofurþunga á láglaunafólk, á öryrkja, aldraða og þá sem lægstar hafa tekjurnar. Það er þessu sem þarf að breyta og það er m.a. þetta sem við eigum við þegar við erum að tala um kjarajöfnun á Íslandi. Við erum ekki að tala um að lækka laun, við erum ekki undir nokkrum kringumstæðum að tala um að lækka almenna taxtalaunakerfið hjá hinu opinbera. Við viljum standa vörð um það kerfi en þeir sem hafa smurt milljónir þar ofan á þurfa að hugsa sinn gang enda vorkenni ég engum sem býr við ofurkjörin, og þá er ég að tala um fólk sem er með margfaldar tekjur á við það sem gerist í opinbera launakerfinu, ég vorkenni engum sem er í slíkri stöðu að herða tímabundið að sér. Um launakjörin almennt, um taxtalaunakerfið, viljum við að sjálfsögðu standa vörð og það mun ég gera eftir því sem ég mögulega get.

Varðandi það þingmál sem hér um ræðir, svo að ég víki að því og frá þeim spurningum sem að mér var beint, lagði ég áherslu á að þetta mál næði fram að ganga núna. Ég fagna því að það er komið hér í 2. umr. og hillir undir að það hljóti afgreiðslu þrátt fyrir það málþóf sem við höfum orðið vitni að hjá Sjálfstæðisflokknum, vegna þess að um þetta mál er almenn sátt. Ég veit að höfundur frumvarpsins, eða sú sem stýrði þeirri nefnd sem hannaði frumvarpið og situr hér gegnt mér í þingsalnum, hv. þm. Dögg Pálsdóttir, sem vann þar mjög gott starf, kann að hafa sitthvað að athuga við einstaka þætti þess og breytingar sem það hefur tekið. Það á eflaust við um marga sem að þessari lagasmíð standa að þeir gætu hugsað sér eitt eða annað á einhvern annan veg í einhverjum atriðum, en þegar á heildina er litið er þetta þverpólitísk sátt.

Mér fannst skipta miklu máli að málið kæmi fyrir þingið núna og lokaafgreiðslu þingsins með þá breiðu samstöðu að baki. Ég vil þakka öllum þeim sem komu þar að, sérstaklega verkstjóranum okkar hér í þinginu á sviði heilbrigðismála, hv. þm. Þuríði Backman, en einnig öðrum sem starfa í heilbrigðisnefnd eða hafa komið að þessu máli á einn eða annan veg. Þetta er lagagrunnurinn sjálfur, sem við samþykkjum vonandi hér, undir rafræna sjúkraskrá. Síðan er verkið eftir.

Ástæðan fyrir því að mér fannst mikilvægt að fá þetta mál fram núna er að þar eru komnar forsendur til að halda verkinu áfram. Þetta er dýrt og umfangsmikið en væri mjög æskilegt að halda áfram, ekki síst í ljósi þess að þeir sem koma að næstu stigum vinnslunnar eru úr atvinnugeira sem er nánast í rúst, þ.e. tölvugeirinn í þjóðfélaginu. Það væri mjög gott að geta stigið einhver skref og ég hef tekið það upp á vettvangi ríkisstjórnar. En heildarpakkinn er dýr, hann er hálfur annar milljarður kr. að því er ætlað er. En ég er alveg sammála því sem hér hefur verið bent á, að þegar til lengri tíma er litið er þetta til sparnaðar og hagræðingar. Þetta er ekki bara spurning um krónur og peninga, þetta er líka spurning, eins og hv. þm. Þuríður Backman hefur iðulega bent á, um markviss vinnubrögð og öryggi sjúklinga og öryggi heilbrigðiskerfisins, þannig að hvernig sem á málið er litið er þetta til góðs.

Aftur þarna stöndum við frammi fyrir hræðilegri mótsögn og hún er þessi: Það er dýrt að vera fátækur. Ódýrasta fjárfesting í heilbrigðiskerfinu eru forvarnir, er framlag til þeirra þátta sem koma í veg fyrir að við verðum veik, það er skynsamlegasta fjárfestingin í heilbrigðiskerfinu. En staðreyndin er sú að þegar við í raunveruleikanum stöndum frammi fyrir einstaklingi sem er þjáður af sjúkdómi sem er langt kominn viljum við lækna og líkna honum eða lina þjáningar fólks, þannig er það bara í veruleikanum að við verjum þá fjármagninu fremur til slíkra þátta en hins sem svona á kaldhamraðan hátt segir heilabúinu í okkur að skynsamlegra sé að verja fjármununum í. Þannig er þetta. Þetta er ákveðin mótsögn sem í þessu er fólgin en þetta er bara veruleikinn sem við stöndum frammi fyrir.

Ég mun kappkosta, nái þetta lagafrumvarp fram að ganga, sem var borið fram af síðustu ríkisstjórn, sem við höfum stutt — við höfum viljað veg þess sem mestan og fögnum þeirri þverpólitísku samstöðu sem hefur myndast um þetta. Ég vil gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að finna fjármuni á næstu mánuðum, missirum, til þess að halda þessu verki áfram. Ég tel það afar brýnt fyrir heilbrigðiskerfið, fyrir hag sjúklinganna, fyrir hag heilbrigðiskerfisins og heilbrigðisstofnananna, að þetta mál sofni ekki heldur verði þessari vinnu haldið áfram. Ég hef þegar tekið það upp í ríkisstjórn og mun ég ýta á eftir málinu á þeim vettvangi.

[12:41]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra í þessum efnum. Ég vil samt ekki alveg taka undir samlíkingu hæstv. ráðherra um forvarnir og rafræna sjúkraskrá vegna þess að í forvörnum erum við að taka ákveðnar ákvarðanir sem geta til lengri tíma komið sjúklingum eða einstaklingum til góða, en varðandi rafræna sjúkraskrá erum við ekki síður að tala um öryggi sjúklinga. Þá erum við að tala um að bráður vandi geti orðið. Ég mundi frekar setja það í flokk með bráðum vanda en forvörnum að skoða innleiðingu rafrænnar sjúkraskrár. Þarna erum við með tæki í höndunum sem getur, þegar það virkar, komið í veg fyrir að sjúklingur skaðist af vegna ónógra upplýsinga sem liggja annars staðar í kerfinu. Ég tel þetta mál því vera brýnna en hæstv. ráðherra virðist gera, ég vil a.m.k. leiða honum fyrir sjónir að skoða málið frá þessu sjónarhorni.

Ég spurði hæstv. ráðherra í ræðu minni áðan um fæðingar á Suðurnesjum og Suðurlandi og mér þætti vænt um að fá svar við því. Síðan verð ég að segja varðandi orð hæstv. ráðherra um kjarajöfnun — sem ég get í sjálfu sér ekki gert neinar athugasemdir við að skoða kjarajöfnun innan kerfisins, ekki síst innan hins opinbera geri ég ráð fyrir — að horft sé á þá samninga sem gerðir hafa verið milli ríkisins og starfsmanna ríkisins.

Ég verð að segja að ég skildi ekki orð hæstv. menntamálaráðherra þegar hún fortakslaust sagði: að lækka laun og hækka skatta, að einhver fyrirvari væri þar á. Það var ekki neitt verið að tala þar um kjarajöfnun, það var fyrst og fremst verið að tala um að lækka þyrfti laun opinberra starfsmanna.

[12:44]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)*:

Ég hygg, hæstv. forseti, að samhengið hafi verið spurning um hvort viðkomandi, í þessu tilviki hæstv. ráðherra, teldi æskilegra eða betri valkost að missa vinnuna eða að kjörin rýrnuðu og að svarið hafi verið á þá lund að frekar vildi hún halda vinnunni en að kjörin rýrnuðu. Það er enginn að tala um að lækka laun í kjarasamningum. Það er bara misskilningur hjá hv. þm. Ástu Möller ef hún telur að einhver sé að tala um það. Lögð hefur verið rík áhersla á það í allri umræðu við stjórnendur heilbrigðisstofnana af minni hálfu að virða kjarasamninga.

Það sem ég hef hins vegar gert er að taka það upp við sérfræðilækna sem áttu að fá hækkun upp á tæp 9% 1. apríl, að þeir skytu þeirri ákvörðun á frest, að við frestuðum henni til 1. júní þannig að okkur gæfist ráðrúm til að skoða þau mál í samhengi við kjaraþróun almennt í landinu. Þetta

er það eina sem gert hefur verið sem lýtur beinlínis að samningum. Hins vegar geta kjörin rýrnað með skipulagsbreytingum af ýmsu tagi og í þá átt eru menn að horfa, en ég hef lagt áherslu á að við allar slíkar skipulagsbreytingar verði hlíft þeim sem eru á lágum tekjum eða millitekjuhópum eftir því sem nokkur kostur er. Og að sjálfsögðu á ekki undir neinum kringumstæðum að rýra samningsbundin kjör, það er enginn að tala um það, ekki nokkur maður. Ég vil efla kjörin, ég vil bæta kjörin hjá fólki og allt mitt starf gengur út á það.

Í tíð fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra stóð til að leggja fæðingar af á Suðurlandi og í Keflavík. (Forseti hringir.) Það verður ekki gert, horfið var frá þeirri ráðstöfun að leggja fæðingar af á þessum stöðum.

[12:46]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mín spurning var miklu frekar hvort fæðingar verði lagðar niður í sumar eins og undanfarin sumur og hvað verði síðan í kjölfarið. Því það mátti ráða af orðum ráðherra á sínum tíma að fæðingum yrðu haldið áfram en ekki haldið uppi viðtekinni venju síðastliðinna ára að leggja niður fæðingar með skurðstofubakhjarl á þessum stofnunum.

Hins vegar verð ég að segja að hafi ég misskilið varðandi orð hæstv. menntamálaráðherra þá er ég ekki ein um það. Bandalag háskólamanna ályktaði í gær í þá veru og mótmælti frekari skerðingu launa og bentu þar m.a. á að háskólamenn hefðu þegar tekið á sig töluverða kjaraskerðingu í síðastliðnum mánuði. Það sama á við um umbjóðendur hæstv. ráðherra sem eru félagsmenn í BSRB. Þeir hafa jafnframt gefið til kynna að þeir væru ekki ánægðir með þessa yfirlýsingu sem beindust fyrst og fremst að opinberum starfsmönnum.

Síðan get ég ekki heldur látið hjá líða að geta þess, fyrst ég náði nú hæstv. heilbrigðisráðherra hér í dag, að í morgun fór fram umræða vegna orða hans á fundi í gær þar sem mátti skilja, og ekki bara ég skildi það þannig heldur líka allt læknasamfélagið og allar heilbrigðisstéttir, að ráðherrann væri að væna heilbrigðisstéttir um vinnusvik. Hann ásakaði lækna um að láta gróðasjónarmið ráða læknisfræðilegri greiningu og læknisfræðilegri meðferð.

Það voru ekki einungis læknar þar undir vegna þess að hið svokallaða ávísanakerfi, sem er ekkert annað en samningur heilbrigðisstofnunar og ríkisins um ákveðna meðferð gegn ákveðinni greiðslu, þar eru fleiri heilbrigðisstéttir undir, t.d. tannlæknar, sjúkraþjálfarar, hjúkrunarfræðingar og iðjuþjálfar fyrir utan lækna. (Forseti hringir.) Hæstv. ráðherra hlýtur að þurfa að svara þessum viðbrögðum, m.a. (Forseti hringir.) Læknafélags Íslands við orðum hans í gær.

[12:48]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi sjúkrahúsin á Suðurlandi og í Reykjanesbæ þá stóð til að leggja af fæðingaraðstoð í þeim bæjum einfaldlega af því að þær hefðu ekki bakhjarl skurðstofa. Þetta var hugsunin sem átti að framfylgja og Sunnlendingar mótmæltu mjög ákveðið. Sveitarstjórnarfólk, grasrótarsamtök, Kvenfélagasamband Suðurlands, svo dæmi séu tekin. Það var hlustað á þessar raddir og það voru fundnar aðrar leiðir og það var gert í samráði við þessa aðila og ég er að vonast til að góð sátt hafi náðst.

Hins vegar er alls staðar í heilbrigðiskerfinu kveðið á um sumarleyfi í samningum fólks. Það eru lokanir og það er dregið úr þjónustu tímabundið yfir sumartímann eins og alltaf hefur verið gert. Í bland vegna þess að það er ekki hægt að fá fólk til starfanna. Þá er þetta gert í samvinnu og góðu samstarfi milli sjúkrahúsanna þannig að öryggis sjúklinganna sé gætt og þeir fái þá bestu þjónustu sem völ er á. Þetta er í sjálfu sér ekkert nýtt. Þetta er nokkuð sem hefur verið við lýði og ræðst m.a. af samningsbundnum kjörum fólks.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur reynt að ýta undir misskilning varðandi ummæli um kjarajöfnun. Ég get glatt hv. þingmann með því að ég hef átt ágæta fundi með trúnaðarmönnum BHM í morgun þar sem misskilningur sem kann að hafa verið uppi hefur verið leiðréttur. Því var tekið afskaplega vel af hálfu þeirra sem þar voru.

Hv. þm. Ásta Möller verður ekki sökuð um hógværð í sjálfsmati þegar hún segist tala fyrir alla lækna í landinu og allar heilbrigðisstéttir, (Forseti hringir.) þar sem mat þeirra er að ég hefði verið að væna þessar stéttir um vinnusvik. Því bara fer fjarri að (Forseti hringir.) slíkt hafi vakað fyrir mér. (Forseti hringir.) Ég hef lagt mig eftir því (Forseti hringir.) og mun gera það, að eiga (Forseti hringir.) sem allra best (Forseti hringir.) samstarf við þessar stéttir (Forseti hringir.) sem ég ber fullt traust til.

[12:51]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég velti fyrir mér þegar ég hlusta á hæstv. heilbrigðisráðherra ræða um orð hæstv. menntamálaráðherra hvort hann sé í raun og veru að gera hæstv. menntamálaráðherra ómerkan eða ekki. Því þetta er talað í einhverjum hálfkveðnum vísum og gefið til kynna að einhverjar viðræður hafi farið fram og hann hafi talað við fólk sem sé sátt við málin á eftir því það lá alveg skýrt fyrir hjá hæstv. menntamálaráðherra að hún vildi bæði lækka laun og hækka skatta.

Ég óska eftir því að hæstv. heilbrigðisráðherra tali skýrar um þetta mál og hvort hann sé að segja okkur að hæstv. menntamálaráðherra, varaformaður Vinstri grænna hafi farið með rangt mál þegar hún sagði að þetta væri leiðin sem ætti að fara, þ.e. að lækka laun og hækka skatta og lækka laun hjá opinberum starfsmönnum. Enda sáum við strax í gær viðbrögð frá BHM og nú segir hæstv. ráðherra að hann hafi átt fund með fulltrúum þeirra í morgun og allir hafi farið sáttir frá þeim fundi. Ég held að hæstv. ráðherra skuldi okkur nánari skýringar á því hvað þeim fór á milli og hvernig þetta mál stendur í raun og veru.

Síðan er það hitt sem kom fram í *Morgunblaðinu* í morgun, virðulegi forseti, þar sem formaður Læknafélagsins telur ummæli hæstv. heilbrigðisráðherra ósmekkleg þegar hann gefur til kynna að svonefnt ávísanakerfi ýti undir oflækningar og það sé svo að það sé ekki hægt að treysta læknum á þann veg að þeir fari með fjármuni sem þeir geta

aflað sér á þann hátt að það sé ekki verið að gera einhverjar aðgerðir á fólki bara til að hagnast á því.

Þetta eru furðulegar yfirlýsingar af hendi hæstv. heilbrigðisráðherra og það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Ástu Möller að þetta sætir gagnrýni og kemur greinilega fram mikil reiði af hálfu lækna vegna þessara ummæla hæstv. ráðherra sem miðar greinilega að því að gera lækna tortryggilega (Forseti hringir.) og grafa undan trausti fólks á þeim.

[12:53]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því fer fjarri að ég kveði hér hálfkveðnar vísur. Staðreyndin er sú að ég hef átt fundi með heilbrigðisstarfsmönnum um landið allt, með trúnaðarmönnum verkalýðsfélaganna, með trúnaðarmönnum ASÍ, BSRB, BHM þar sem við höfum farið yfir þessi mál og m.a. rætt þær áherslur okkar að standa vörð um þjónustuna, standa vörð um störfin og hlífa sérstaklega þeim sem minnst hafa eða eru með meðaltekjur. Að ekki undir neinum kringumstæðum verði ráðist á gerða kjarasamninga. Við munum standa vörð um það. En það er ekki þar með sagt að það séu allir ánægðir.

Halda menn að menn séu ánægðir yfir því að Sjálfstæðisflokkurinn skili okkur þeirri arfleifð út úr þenslutímanum, meintu góðæri, að heilbrigðiskerfið á Íslandi dregur á eftir sér skuldahala upp á 2 milljarða rúma út úr þenslutímanum og inn í kreppuna? Auðvitað fagnar fólk ekki þeirri stöðu sem þar er uppi. Eða þeirri arfleifð sem Sjálfstæðisflokkurinn skildi eftir handa okkur, 20% verðbólgu sem hefur rýrt kjörin hjá fólkinu.

Nú er hins vegar komin á laggirnar ríkisstjórn sem er að reyna að snúa málinu við, er að reyna að jafna kjörin í gegnum skattakerfið og jafna kjörin í gegnum útgjöld heimilanna og að verja og treysta stöðu þeirra sem minnst hafa. Það er þetta sem við erum að reyna að gera gagnstætt því sem Sjálfstæðisflokkurinn gerði sem tók við þjóðarbúinu, tók við stjórn þjóðarskútunnar vorið 1991 þegar tekjuskattar einstaklinga (Forseti hringir.) voru 28% af tekjum ríkisins en eru núna 34%. (Forseti hringir.) Þetta er arfleifð Sjálfstæðisflokksins og nú (Forseti hringir.) reynir hann að drepa þessari arfleifð og umræðu um hana á dreif.

[12:55]

Björn Bjarnason (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra hefði átt að vera hér í gærkvöldi þegar við ræddum um stöðu fjármálafyrirtækja og breytingar á lögum vegna þeirra. Þá var m.a. farið yfir ástæður bankahrunsins og verið að greina þær. Hæstv. ráðherra hefði betur hlustað á það, þá hefði hann vitað að orð hans um ásakanir á hendur Sjálfstæðisflokknum út af þeim ósköpum sem yfir þjóðfélagið hafa gengið eru ekki réttar og standast ekki þegar litið er á önnur frumvörp sem við erum með til meðferðar í þinginu.

Hæstv. heilbrigðisráðherra lætur hins vegar hjá líða að svara spurningu minni sem laut að yfirlýsingum varaformanns Vinstri grænna um að það bæri að hækka skatta og lækka laun. Hæstv. ráðherra segir að hann hafi verið á fundum víðs vegar og talað fallega við umbjóðendur sína, hvort sem hann var þar sem ráðherra eða formaður BSRB í frí. Það veit ég ekki.

En umrædd yfirlýsing féll á mánudaginn var og nú er fimmtudagur. Hefur hæstv. ráðherra farið í þá ferð sem hann var að lýsa eftir að yfirlýsing hæstv. menntamálaráðherra varaformanns Vinstri grænna féll um að það væri stefnan að lækka laun og hækka skattana?

Ég leyfi mér að draga það í efa að hæstv. ráðherra hafi farið. Og hvaða útskýringar hefur hann gefið? Af hverju getur hann ekki sagt okkur hvaða útskýringar hann hefur gefið hæstv. ráðherra á þessum ummælum? Og hvernig hefur hann túlkað ummæli varaformanns flokksins á stöðunni og stefnu hans, þ.e. að lækka laun og hækka skatta? Það er þetta sem við viljum fá að vita en höfum ekki fengið nein svör við þótt við höfum spurt þráfaldlega um þetta undanfarna daga frá því að þessi fundur var haldinn, sem að vísu var víst á þriðjudagskvöld en ekki mánudagskvöld. Það er því enn þá skemmri tími liðinn frá því að yfirlýsingin var gefin þar til ráðherrann kemur nú og segir að hann hafi rætt við fjölda fólks. Hvað hefur hann sagt við þetta fólk? Hefur hann sagt að hæstv. menntamálaráðherra hafi (Forseti hringir.) sagt einhverja bölvaða vitleysu á þessum fundi?

[12:57]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)*:

Það sem vakir fyrir varaformanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og okkur öllum sem skipum þá sveit er að forða þjóðarbúinu sem best frá afleiðingum þeirrar óstjórnar sem Sjálfstæðisflokkurinn, öllum stjórnmálaflokkum fremur, er ábyrgur fyrir. Hann hefur leitt okkur út í það fen sem við erum komin út í.

Spurningin er núna hvernig við tökum á þessum vanda. Það sem við erum að reyna að gera er að koma í veg fyrir að skuldbindingum verði hlaðið upp á bak þjóðarinnar til frambúðar. Út á það gengur starf okkar. Gagnvart erlendum lánardrottnum, gagnvart lántökum sem Sjálfstæðisflokkurinn var búinn að gangast fyrir varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Út á þetta gengur starf okkar núna.

Síðan erum við að skoða leiðir til að brúa fjárlagahallann fyrir næsta ár. Og við segjum: Þar þarf að fara blandaða leið. Við viljum réttlátara skattakerfi, dreifa skattbyrðunum réttlátar. Ekki níðast á lágtekjufólkinu eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert, hann hefur alltaf sett hátekjumennina í bómull. En þetta sem við erum að tala um er kjarajöfnun og það skilur Sjálfstæðisflokkurinn ekki.

En hitt skilur þjóðin, það get ég fullvissað hv. þm. Björn Bjarnason um. Hún skilur það þegar Sjálfstæðisflokkurinn stendur hér í pontu dag eftir dag, nótt eftir nótt til að reyna að koma í veg fyrir að geirneglt verði inn í lög og stjórnarskrá ákvæði þess efnis að tryggja eignarhald þjóðarinnar á auðlindum. Vegna þess að við stöndum frammi fyrir þeirri hættu núna þegar lánardrottnar hafa læst í okkur klóm sínum að við missum þessar auðlindir úr landi og við ætlum að standa vörð um þær.

Það er ömurlegt að fylgjast með því og horfa upp á Sjálfstæðisflokkinn reyna að koma í veg fyrir það. (Forseti

hringir.) Og síðan er verið (Forseti hringir.) að drepa málunum á dreif og ég velti (Forseti hringir.) því fyrir mér, hæstv. forseti, hvort nokkur (Forseti hringir.) flokkur hafi nokkru (Forseti hringir.) sinni lagst eins lágt í kosningabaráttu (Forseti hringir.) að gera sér mat úr útúrsnúningum (Forseti hringir.) af því tagi sem við heyrðum frá hv. þm. Birni Bjarnasyni.

[Fundarhlé. — 13:00]

[14:31]

Dögg Pálsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við erum í 2. umr. um frumvarp til laga um sjúkraskrár og ræðum frumvarpið ásamt nefndarálíti sem fyrir liggur sem öll heilbrigðisnefnd stendur samhuga að. Þar eru lagðar til breytingar sem ég mun víkja að á eftir.

Áður en ég kem að því ætla ég aðeins að fjalla um, virðulegi forseti, sjúkraskrár og almennt um það frumvarp sem hér liggur fyrir. Sjúkraskrár eru persónugreinanlegar upplýsingar um sjúklinga, upplýsingar sem safnað hefur verið saman af starfsmönnum í heilbrigðisþjónustu, einkum læknum, vegna samskipta heilbrigðisstarfsmanna og sjúklinga. Þau samskipti hafa öll stafað af því að sjúklingur hefur talið sig þurfa að leita til heilbrigðiskerfisins vegna einhvers konar kvilla eða vandamála. Byrjað var að safna slíkum upplýsingum saman í skipulegar skrár fyrir margt löngu, sjálfsagt alveg frá þeim tíma að heilbrigðisstarfsmenn fóru að starfa. Það er hins vegar svo merkilegt að lagaumhverfið um sjúkraskrár hefur verið mjög fátæklegt svo ekki sé meira sagt og raunar er það svo að enn er ekki til í lögum neitt ákvæði sem segir að sjúkraskrá skuli færa. Á því er ráðin bót í því frumvarpi sem við fjöllum um.

Meginumfjöllunin og meginlagaumgjörðin sem sett hefur verið um sjúkraskrár á síðustu árum hefur snúið að aðgangi sjúklinga að sjúkraskrám. Í því felst að allir hafa gert ráð fyrir að sjúkraskrár væru til þó að hvergi séu um það lagaleg fyrirmæli. Í byrjun níunda áratugarins settum við fyrstu persónuverndarlögin. Þá var í fyrsta sinn sjúklingum heimilaður aðgangur að sjúkraskrám sínum. Það var hins vegar mjög takmarkaður aðgangur og var með þeim hætti að sjúklingur gat snúið sér til læknis og óskað eftir því að hann segði honum hvað stæði í sjúkraskránni hans. Þetta segir okkur og sýnir hvað réttindi sjúklinga hafa tekið stórstígum framförum og breytingum síðustu örfáu áratugina, að það skuli hafa fyrst verið — ætli það hafi ekki verið 1980 frekar en 1981 að í fyrstu persónuverndarlögunum voru ákvæði af þessu tagi og þá jafnframstæð og raun ber vitni.

Þegar læknalög voru endurskoðuð upp úr 1985 var talið nauðsynlegt að setja þar inn ákvæði sem heimilaði aðgang sjúklinga að eigin sjúkraskrám. Þar var líka sett ákvæði um hverjir skyldu eiga sjúkraskrár, því það var eitt af því sem mikil óvissa var um, þ.e. hverjir ættu sjúkraskrárnar. Raunar hafði reynt á það í hæstaréttardómi frá 1936 eða þar um bil. Þá hafði læknir fjarlægt sjúkraskrár af heilbrigðisstofnun og honum var gert með dómi að skila þeim til baka því talið var að þær væru ekki eign hans heldur stofnunarinnar.

Í læknalögunum frá 1988 voru þau merkilegu lagaákvæði sett annars vegar að sjúkraskrá væri eign þeirrar stofnunar sem hún er færð á eða þess læknis sem hana færði, og síðan var ákvæði þar um að sjúklingur eignaðist skýlausan rétt á aðgangi að eigin sjúkraskrá. Varla var blekið þornað á undirskrift forseta Íslands á þeim lögum, læknalögunum frá 1988, þegar upp kom mikill ágreiningur um hvernig túlka skyldi þessi lagaákvæði. Af þeim ágreiningi spruttu meira að segja málaferli og þeim var ekki til lykta ráðið í raun fyrr en upplýsingalögin voru sett 1996 og síðan með lögunum um réttindi sjúklinga 1997. Þá loksins var eiginlega hoggið á þann hnút og þá deilu sem verið hafði því það var túlkað svo, og það var meira að segja hv. Alþingi sem stóð að því, að settar voru inn girðingar í læknalögin sem þýddu það að sjúklingar áttu aðgang að sjúkraskrám sínum sem færðar voru eftir 1990 þegar breytingin var gerð, en þeir áttu ekki aðgang að sjúkraskrá sinni fyrir þann tíma.

Þessi deila stóð m.a. um það að heilbrigðisstarfsmenn, og þá fyrst og fremst læknar, höfðu áhyggjur af því að þegar þeir skrifuðu hjá sér þessar vinnunótur, sem þeir kölluðu, sem sjúkraskráin var, höfðu þeir kannski ekki gætt sín nægilega oft vel í orðfæri og slíku þannig að þeim fannst óþægilegt að sjúklingar skyldu allt í einu eiga skýlausan rétt á því að eiga aðgang að þeim skjölum. Þetta voru auðvitað óþarfa áhyggjur því að í flestum tilvikum höfðu læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn sem rita sjúkraskrár gætt þess að tala af nægilegri virðingu um sjúklingana og menn viku þessum mótbárum til hliðar og endanleg niðurstaða fékkst sem sé með lögunum um réttindi sjúklinga sem gengu í gildi 1. júlí 1997.

Þar voru gerðar mikilvægar breytingar á því ákvæði sem áður hafði verið við lýði og það var aftur Alþingi sem þar kom að málum því að þá var þessum fyrirmælum breytt um að sjúkraskrá væri eign stofnunar eða starfsmanns sem hana færði í það að varðveisluskylda var sett á þessa aðila, en það hangir enn sem ósvöruð spurning hver eigi sjúkraskrárnar. Þetta er talin ein af þeim eignum sem í raun og veru enginn á, ef svo má að orði komast. En það liggur í augum uppi að sjúkraskrár eru fyrst og fremst færðar í þágu og til hagsbóta fyrir sjúklinga og vegna meðferðar þeirra.

Lengi hefur verið fjallað um mikilvægi þess, eftir að tölvutækninni fleygði fram, að mikið hagræði gæti verið í því að tengja saman sjúkraskrár, því eins og þetta er núna er sjúkraskrá fyrir hvern sjúkling færð á hverjum þeim stað sem hann leitar eftir þjónustu. Við vitum hvernig heilbrigðiskerfi okkar er, við erum með fjölmargar heilbrigðisstofnanir, heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og síðan erum við með sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og til allra þessara aðila leita sjúklingar vegna meðferðar sem þeir telja sig þurfa á að halda.

Margsinnis hefur verið á það bent að ef hægt væri að tengja upplýsingarnar milli þessara veitenda heilbrigðisþjónustu mundi fást í fyrsta lagi talsvert betri mynd af stöðu sjúklingsins, m.a. með tilliti til þess að hann fengi ekki — það er kannski erfitt að orða það — of mikla þjónustu, ef svo má að orði komast, þannig að ekki sé verið aftur og aftur á örskömmum tíma að gera á honum sömu rannsóknirnar algjörlega að tilefnislausu. Það er nefnilega svo að sjúklingar hafa eðlilega ekki alveg yfirsýn yfir það hvers konar

rannsóknir þeir hafa verið sendir í. Athuganir sem hafa verið gerðar hafa leitt í ljós að þess eru dæmi að sjúklingur sem fer til nokkurra heilbrigðisstarfsmanna með stuttu millibili er kannski aftur og aftur sendur í sömu rannsóknirnar, margsinnis í sambærilegar röntgenrannsóknir og margsinnis sendur í sambærilegar blóðrannsóknir og aðrar rannsóknir. Ef hægt væri að samtengja sjúkraskrár frá fleiri en einum aðila mætti koma málum þannig fyrir að ekki væri verið að framkvæma sömu rannsóknirnar margsinnis á stuttum tíma. Þetta skiptir auðvitað máli og þess vegna hefur verið bent á hvað þjóðhagslega hagkvæmt er út frá fjölmörgum sjónarmiðum að hafa annars vegar rafrænar sjúkraskrár, þ.e. tölvufærðar, og hins vegar að heimilt sé að samtengja þær. Yfir þetta er ítarlega farið í athugasemdum við frumvarpið. Bent er á að með samtengingu rafrænna sjúkraskráa í gegnum heilbrigðisnet eða eftir atvikum sameiginlegum sjúkraskrárkerfum heilbrigðisstofnana sé lagður grunnur að því sem kallað hefur verið heildræn sjúkraskrá einstaklings ævilangt, þ.e. sjúkraskrá frá vöggu til grafar.

Kostirnir sem þessi skrá mundi hafa eru náttúrlega númer eitt, tvö og þrjú, — og er alltaf leiðarljósið í öllum þessum hugmyndum — aukið öryggi í greiningu, meðferð og umönnun sjúklingsins. Þá er auðveldara að sjá t.d. lyfjaofnæmi, hvaða lyf hann tekur eða hefur verið að taka, það getur tryggt að ekki sé verið að gefa honum önnur lyf sem geta þá komið þvert á verkun þeirra lyfja sem hann er að taka út af bæði samverkun og milliverkun. Sama gildir um rannsóknarniðurstöður, eins og ég benti á áðan. Tökum dæmi að sjúklingur hafi farið í blóðrannsókn fyrir mánuði og niðurstöðurnar úr henni liggja fyrir í sjúkraskránni og heilbrigðisstarfsmaður sem er með sjúklinginn til meðhöndlunar síðar áttar sig þá á því að ekki þurfi að senda hann í blóðrannsókn. Fyrri greiningar, meðferð og allt slíkt sem skráð er í samtengdum rafrænum sjúkraskrám eykur fyrst og fremst öryggi sjúklingsins. Þar með aukast gæðin í þjónustunni við sjúklinginn, hann fær skilvirkari þjónustu, miklu markvissari meðferð og minni líkur eru á endurtekningum eins og ég hef áður komið að. Það skiptir miklu máli því að bara það að senda sjúkling að óþörfu í t.d. röntgenmyndatökur með stuttu millibili, oft og mörgum sinnum, veldur því að sjúklingur fær geislamagn að óþörfu sem er mikil ástæða til að forðast.

Á þessari spýtu hangir það líka — og þar komum við að hagræðingarpartinum — að samtengingin gerir það að verkum að kostnaður vegna meðferðar getur orðið minni fyrir sjúklinginn, af því að í flestum tilvikum er einhver hluti sem sjúklingur þarf að borga vegna meðferðar og rannsókna, en ekki síður fyrir kerfið í heild. Þó að við séum með þjónustugjöld og notendagjöld í heilbrigðisþjónustunni er þorrinn af flestum rannsóknum greiddur af sameiginlegum sjóðum, þ.e. ríkissjóði, í gegnum sjúkratryggingar okkar. Þar er kannski þá helsti ávinningur sem snýr að heilbrigðiskerfinu sjálfu varðandi kostnað. Þetta er talið skila ánægðari sjúklingum og þar með betri lífsgæðum fyrir hann.

Ókosturinn við rafrænar sjúkraskrár er sá að með því að hafa eina sjúkraskrá frá vöggu til grafar er hægt að fá allt aðra mynd af sjúklingnum en kannski upphaflega var gert ráð fyrir, því að með því fyrirkomulagi sem er núna er bara brotakennd mynd á hverjum stað. En líka það að með rafrænum sjúkraskrám fjölgar mjög þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem hugsanlega komast inn í sjúkraskrá sjúklingsins. Þess vegna skiptir mestu máli þegar kemur að því að taka ákvörðun um það í fyrsta lagi að sjúkraskrár skuli færa, eins og gert er í frumvarpinu, og í öðru lagi að það skuli heimilt og stefnt að því að allar sjúkraskrár séu rafrænar, þá er það meginatriði að setja allar þær girðingar og alla þá varnagla sem nauðsynlegt er til að tryggja það að persónuvernd sjúklingsins sé alltaf höfð að leiðarljósi. Og það var það verkefni sem nefndin, sem samdi þetta frumvarp, fékk og það vill svo til að ég var formaður þeirrar nefndar. Nefndin var skipuð í byrjun október 2007 og fengum við skamman tíma til að vinna þetta verk. Árangurinn var það frumvarp sem hér liggur fyrir með nokkrum breytingum sem gerðar voru í kjölfar athugasemda eftir að frumvarpið var lagt fram á vorþingi í fyrra en það var tekið fyrir á ný á haustþingi en náði ekki fram að ganga.

Við höfðum fyrst og fremst tvennt að leiðarljósi í þessari vinnu, þ.e. að setja upp heildarlöggjöf um sjúkraskrár þar sem tekið yrði á öllum þáttum og númer eitt, tvö og þrjú að tryggja að í löggjöf væru fyrirmæli um að sjúkraskrár skyldi skrá, því eins og ég hef bent á er það ákveðin þversögn að það skuli hingað til aldrei hafa staðið í lögunum. Síðan er þetta mikilvæga ákvæði að sjúkraskrár skuli færðar á rafrænu formi eftir því sem unnt er, eins og fram kemur í 2. mgr. 4. gr., og svo síðan að setja upp það regluverk sem frumvarpið gerir um tengingar rafrænna sjúkraskrárkerfa sem um er fjallað annars vegar í V. kafla frumvarpsins og hins vegar VI. kaflanum.

Þegar við vorum að vinna þá vinnu horfðum við mjög til stefnumörkunar á vettvangi Evrópusambandsins, því við erum ekki ein í því að vera í svipaðri vinnu, við erum ekki þau einu sem höfum áttað okkur á því að með rafrænum sjúkraskrám og samtengingu sjúkraskráruppplýsinga er hægt að ná mikilli hagræðingu gagnvart kostnaði samhliða þeim viðbótarkosti að meðferð sjúklinganna verður miklu öruggari. Evrópusambandið hefur gengið þar mjög markvisst til verks og þar er sérstakur vinnuhópur sem hefur skoðað þessi mál. Eins og ítarlega er rakið í athugasemdum við frumvarpið horfðum mjög til þess hvaða fyrirmæli þar eru gefin um hvað skuli gera þegar lönd huga að því að setja löggjöf á þessu sviði.

Nefnd er í frumvarpinu hin svokallaða tilgangsregla um það að upplýsingar skuli ekki notaðar nema í samræmi við tilgang. Það er meðalhófsregla sem felur í sér að ekki eigi að safna meiri upplýsingum en nauðsynlegt er vegna meðferðar sjúklings. Það er áreiðanleikaregla um að reynt skuli að sjá til þess að upplýsingar séu eins áreiðanlegar og unnt er. Vissulega geta orðið mistök við færslu sjúkraskráa eins og við allar aðrar færslur og það getur verið sérstaklega bagalegt þegar kemur að sjúkraskrá. Það er upplýsingaréttur sem felur í sér að tryggja verði rétt sjúklinga til aðgangs að sjúkraskrám og að fá upplýsingar um hvernig hún er notuð, þ.e. að fá upplýsingar um hverjir aðrir hafa verið að fara í sjúkraskrá þeirra, og síðan öryggiskröfur sem fela í sér að gera verður ráðstafanir til að tryggja öryggi sjúkraskráupplýsinga og að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

Mjög var horft til alls þessa við vinnu á frumvarpinu á

síðustu stigum frumvarpsvinnunnar áður en nefndin skilaði af sér til ráðherra um mánaðamótin mars/apríl í fyrra. Þá leituðum við óformlegrar umsagnar hjá Persónuvernd og það var okkur í nefndinni mikil ánægja að Persónuvernd gerði þá þegar nánast engar athugasemdir, sem sýndi okkur það að okkur hafði tekist mjög vel til að setja þennan meðalveg sem er nauðsynlegur, þ.e. að tryggja að sjúkraskrá sé vinnuplagg fyrir heilbrigðisstéttir jafnframt því að persónuréttinda sjúklinga sé gætt. Vissulega hefur það komið fram og er á það bent í nefndarálitinu að heilbrigðisstéttum finnst jafnvel nóg um og of miklar girðingar séu í frumvarpinu, of miklar takmarkanir séu sem sjúklingar megi setja og hvort t.d. hefði þurft að minnka slíkar hindranir. Um þetta er fjallað í sérstökum kafla í nefndarálitinu. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að minnka þær. En jafnframt er líka mjög mikilvægt að hafa það í huga að ef sjúklingur tekur þá afstöðu að neita því að heilbrigðisstarfsmaður eigi aðgang sjúkraskrá hans, þá þýðir það í raun að hann sé að hafna meðferð.

Tíminn hefur liðið allt of hratt, virðulegi forseti, ég er ekki komin nema rétt í byrjun á umfjöllun minni um frumvarpið. Ég sé að ég kemst ekki lengra í bili því að ég ætlaði í máli mínu að fara sérstaklega í eina breytingartillögu en ég mun þá biðja um orðið aftur til að fara yfir hana. Ég fagna því sérstaklega að frumvarp þetta er hingað komið og ég vona einlæglega að okkur takist að samþykkja það áður en þingi er slitið.

[14:52]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum nefndarálit hv. heilbrigðisnefndar um frumvarp til laga um sjúkraskrár. Ég er í heilbrigðisnefnd þannig að ég skrifa undir nefndarálitið og verð að segja að vinnan gekk mjög vel í nefndinni. Ég vil hrósa formanni nefndarinnar fyrir gott starf. Farið var mjög ítarlega ofan í mál og menn skoðuðu umsagnir. En eins og flest frumvörp á þessum vetri er þetta unnið með nokkru hraði.

Það sem ég gerði athugasemd við og geri enn er þessi mikla samtenging gagna sem ég er alltaf dálítið hræddur við. Í eina tíð var rætt um gagnagrunninn sem Íslensk erfðagreining átti að fá til að vinna úr upplýsingar um erfðaeinkenni Íslendinga. Hér urðu mjög miklar umræður um það mál á sínum tíma vegna þess að menn óttuðust að stóri bróðir færi að ganga of nærri réttindum einstaklingsins. Það sem við upplifum hérna er einmitt slík skrá. Hún er að myndast fyrst út um allt í heilbrigðiskerfinu en síðan er verið að tengja saman meira og meira, sameina stofnanir, sameina kerfi og svo framvegis og hér er lokahnykkurinn sem er samræmd heilbrigðisskrá. Allt er þetta gert undir mjög góðum formerkjum. Þetta sparar pening. Þetta kemur í veg fyrir að menn fari í rannsóknir aftur og aftur sem er í rauninni óþolandi fyrir sjúklinginn og þetta kemur í veg fyrir að sjúklingur geti leitað til tveggja lækna samtímis sem nokkuð er um af því þeir treysta ekki lækninum og jafnvel komast þannig yfir lyf eða telja sig vita betur og geta verið að taka lyf sem hugsanlega geta skaðað sjúklinginn ef ekki er samræmi í lyfjagjöfinni, ef til dæmis tveir læknar annast sjúklinginn og gefa hvorum um sig lyf sem eru ágæt í sjálfu sér en geta haft mjög skaðleg aukaverkanir ef þau koma saman. Svona atriði eru rökin fyrir því að taka upp svona stórt allsherjarbatterí fyrir almenning. Svo er náttúrlega kostnaðaratriðið, það að geta haft allt á einni hendi, þægindin líka. Sjúklingurinn kemur til læknis og læknirinn veit alla hans sjúkrasögu með því að fara í tölvuna og fletta upp öllum gögnum og veit miklu meira um manninn en hann jafnvel sjálfur. Svo er líka í þessu frumvarpi lagt til að sjúklingurinn geti sjálfur fengið aðgang að sinni sjúkraskrá. Það er í sjálfu sér mjög gott. Það var dálítið rætt um hvort hann ætti að geta séð hverjir hafa skoðað sjúkraskrá hans og það er sjálfsagt að taka það inn. Þetta eru sem sagt kostirnir við það og rökin fyrir því að taka upp svona kerfi. En það sem menn kannski gæta ekki nægilega vel að er hvernig við verndum borgarann fyrir ríkinu, fyrir kerfinu. Nú er meira að segja komin kvöð um að menn skuli færa öll gögn inn í svona skrá. Það er sem sagt gengið enn þá lengra. Ég hef reyndar ekki enn þá fengið upplýsingar um það hvort mjög viðkvæmar upplýsingar eins og fóstureyðingaskrá og annað slíkt sem eru í rauninni ekki læknisfræðilegar upplýsingar skuli vera í svona skrá, en það er færð skrá yfir fóstureyðingar undir kennitölu. Ég hef aldrei skilið af hverju það er gert og af hverju þeirri skrá er ekki eytt jafnharðan af því að ég sé ekki að hún hafi neinn tilgang. Ég get ekki séð neinn tilgang með þeirri skrá.

Eins og hér hefur verið nefnt er gögnum safnað saman á einn stað. Aðalrökin eru sem sagt hagræðið. En þá koma líka upp alls konar vandkvæði eins og ég gat um áðan með stóra bróður en líka vandkvæði vegna þess að þessar upplýsingar kynnu að verða verðmæti í höndum aðila sem ekki eiga að hafa þær. Þá er ég að tala um tryggingafélög sem geta notað þau til að ákvarða iðgjald, fá upplýsingar um áhættu og ég er jafnvel að tala um glæpastarfsemi sem gæti nýtt þessar upplýsingar. Það verður því alltaf erfiðara og erfiðara að passa upp á að gögnin leki ekki í hendur aðila sem ekki eiga að hafa þau vegna þess að alltaf stækkar sá hópur sem kemst inn í kerfið. Þar af leiðandi er erfiðara að hindra að upplýsingarnar fari til þeirra sem ekki eiga að hafa þær. Nokkrir agnúar eru því á svona samansöfnun á upplýsingum og mér finnst sjálfsagt að benda á það í þessu samhengi þó að ég sjái þá miklu kosti sem eru við þessa skrá. Ég sé þá kosti að koma má í veg fyrir mistök ef menn eru með marga mismunandi lækna og ég sé líka kosti þess að menn þurfi ekki að fara í rannsóknir aftur og aftur. Það hefur komið fyrir og margar sögur eru af því að fólk hafi farið í rannsókn, blóðrannsókn til dæmis. Svo fer það á nýjan spítala. Þá þarf aftur að fara í blóðrannsókn og jafnvel þá þriðju og alltaf verið að rannsaka það sama og alltaf tekið sama blóðið, nýtt og nýtt blóð reyndar. Eins er með myndatökur og alls konar hluti sem hægt er að koma í veg fyrir þegar vitað er að myndin er til af því líffæri sem verið er að rannsaka. Ég lít nú þannig á, herra forseti, að kostir þessa kerfis séu töluvert meiri en gallarnir. En menn þurfa að vera mjög vakandi yfir þeim hættum sem af svona kerfi stafa, sérstaklega gagnvart glæpsamlegri notkun þess einhvers staðar annars staðar.

Maður sér reyndar ekki fyrir endann á því nú hvaða not má hafa af svona upplýsingum. Læknavísindin sem og tölvuvísindin og öll þessi upplýsingakerfi eru í mikilli þróun og það er mjög erfitt að sjá fyrir í dag hvað gerist bara

eftir ár eða hvað gerist eftir tíu ár. Það sem er kannski verst í þessu öllu er að afritataka er þannig oft og tíðum í dag að gögn eru spegluð milli tölva. Geymslurými er alltaf að lækka í verði. Menn fara mjög óvarlega með afritatöku. Það er jafnvel verið að afrita eða spegla, sem kallað er, gögn á milli landa. Menn geta lent í miklum vandræðum með að finna út úr því hvar afritin eru yfirleitt geymd, hvar gögnin séu á endanum geymd úti um allt, sem hefur bæði kosti og galla. En gallinn er sá að þá verður kannski auðveldara fyrir menn að komast í gögnin gegnum afritatöku.

Þetta eru þau atriði sem ég vildi benda á, herra forseti, í þessu sambandi en ég undirstrika aftur að hagur af þessu kerfi er greinilega meiri en hætturnar og neikvæðu hliðarnar.

Svo var nokkuð var rætt um aðgang að sjúkraskrá látinna, hvað gerist þegar maður deyr og upplýsingar um hann hætta að vera áhugaverðar og hafa gildi. Á þá að þurrka þær út. En þá kemur annar þáttur til sögunnar sem kannski var ekki ræddur nægilega vel og það er vísindaleg notkun þessara gagna. Það getur gefið mjög góða niðurstöðu um til dæmis virkni lyfja ef hægt er að skoða kannski 10–20 ár aftur í tímann hvernig þau virkuðu á einstaklinga eða hópa einstaklinga. Þess vegna getur verið gott fyrir læknavísindin og mannkynið að gögnunum sé ekki eytt þó að maðurinn látist. Mér finnst mörg sjónarmið hafa komið til umræðu í sambandi við þetta og vil taka það fram. En sérstaklega vildi ég undirstrika það að við erum í rauninni að taka upp svipað kerfi og um var rætt í sambandi við gagnagrunninn. Við erum að ganga öllu lengra því hér er verið að ræða um meðferð líka. Það er líka verið að ræða um hrein viðtöl fólks við lækninn sinn sem ekki var gert ráð fyrir í gagnagrunninum mikla. Í sjálfu sér eru sömu upplýsingar geymdar í þessum grunni og stóð til að geyma í gagnagrunninum þannig að ég vil að menn séu mjög vel vakandi yfir því til framtíðar að koma í veg fyrir þessa misnotkun eða það sem ég hef bent á og að menn segi ekki bara að þeir séu búnir að leysa vandamálið í eitt skipti fyrir öll. Þetta er eitthvað sem þarf að ræða aftur og aftur í framtíðinni vegna þess að menn eru í krafti hagkvæmni og alls þess að byggja upp mjög hættulegt kerfi. Það er hættulegt að því leyti að það geymir mjög viðkvæmar upplýsingar um einstaklinga sem væri hægt að nota gegn þeim eða á glæpsamlegan hátt. Þessu máli er því ekki lokið. Við erum að stíga eiginlega fyrsta skref í átt að mjög stóru kerfi og menn þurfa að vera mjög meðvitaðir um það hvert verið sé að stefna og hvað þeir eru að gera þannig að ekki hljótist af þessu stórslys.

[15:04]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sjónarmið hv. þm. Péturs Blöndals að auðvitað er mjög mikilvægt að vera vakandi yfir þeim hættum sem fylgja rafrænni skráningu sjúklingaupplýsinga og sjúkraskráruplýsinga og það er nákvæmlega það sem við gerðum í nefndinni sem samdi þetta frumvarp. Við vorum mjög meðvituð um þetta og raunar kemur fram í athugasemdum við frumvarpið að sumir telja að við höfum verið allt of vakandi við það. Ég tel því að í þessu frumvarpi séu allar þær girðingar sem nauðsynlegar eru.

Ég get hins vegar ekki hjá því komist að vera ósammála því að það sé með nokkrum hætti hægt að líkja þessu frumvarpi við lögin um gagnagrunn. Þetta eru alls óskyld mál. Í þessu frumvarpi sem við erum að fjalla um hér er talað um að hagnýta upplýsingatæknina í þágu sjúklinga með þeim jákvæðu afleiðingum að heilbrigðiskerfið getur hagrætt og þar með sparað.

Í gagnagrunnsmálinu var um það að ræða að þriðji aðili, utanaðkomandi aðili, aðili sem ekki var heilbrigðisstofnun, átti að fá aðgang að öllum sjúkraskráupplýsingum ef um það samdist við þá sem varðveittu skrárnar og geta notað þær með ópersónugreinanlegum hætti í þágu vísindarannsókna og einhverra heilsufarsrannsókna. Ég get sagt það fyrir sjálfa mig að ég var alla tíð á móti lögunum um gagnagrunninn og skildi aldrei tilgang þeirra laga. Ég bara mótmæli því að hægt sé að líkja á nokkurn hátt þessu frumvarpi um sjúkraskrár við lögin um gagnagrunn á heilbrigðissviði sem sem betur fer ætti að fella úr gildi því að þau áform hafa farið út um þúfur.

[15:06]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sem skilji á milli þessa gagnagrunns og gagnarunns Íslenskrar erfðagreiningar sé eignarhaldið. Það er eiginlega eingöngu svo því þarna er ríkið eigandi. Þarna eru læknar sem vissulega stunda vísindarannsóknir á sínu sviði nákvæmlega eins og hjá Íslenskri erfðagreiningu, læknar sem starfa sem sérfræðingar við háskólann, prófessorar og ég sé ekkert á móti því að þeir nýttu þessar upplýsingar í sínar vísindarannsóknir í háskólanum.

Herra forseti. Ég sé ekki stóran mun á því hvort einhver einstaklingur vinnur sem opinber starfsmaður við eitthvað eða hvort hann vinnur sem starfsmaður hjá einkafyrirtæki. Ég sé ekki stóran mun á því og alveg sérstaklega þegar tryggt er með þagmælsku og öðru slíku að sömu reglur gildi um það allt saman þá sé ég ekki stóran mun á því hvort eigandinn sé ríkið eða eitthvert hlutafélag.

[15:08]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrist að við hv. þm. Pétur Blöndal verðum seint sammála um þetta. En það er svo sem allt í lagi. Þá erum við bara sammála um að vera ósammála. Ég vil árétta að við erum að tala um sitt hvorn hlutinn. Frumvarp til laga um sjúkraskrár snýst um að setja upp regluverk um það hvernig við skráum sjúkraskrár í tölvum. Sjúkraskrár eru færðar, hafa verið færðar og hérna erum við að lögfesta að það skuli færa þær og við erum jafnframt að lögfesta að það sé hægt að gera í tölvum, þ.e. með rafrænum hætti og við erum líka að lögfesta það að hægt sé að tengja tölvukerfi fleiri en einnar stofnunar eða heilbrigðisstarfsmanns og við erum líka að lögfesta að það megi sameina sjúkraskrárkerfi fleiri en einnar stofnunar eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns. Allt þetta er unnið í þágu sjúklinga vegna meðferðar sjúklinga þegar þeir leita til heilbrigðiskerfisins.

Gagnagrunnurinn var af allt öðrum toga. Hann fólst í því að það átti að fara í sjúkraskrárnar, endurgera þær í

kerfi hjá þriðja aðila, fyrirtæki úti í bæ sem fékk einkarétt og borgaði stóra peninga fyrir til að koma þessu upp. Tilgangur gagnagrunnsins var að setja upp þetta kerfi úti í bæ. Við erum hér bara að setja umgjörð um nauðsynlega skráningu upplýsinga í þágu sjúklinga. Síðan auðvitað breytist aðgangur að þessum sjúkraskrárupplýsingum vegna til dæmis vísindarannsókna ekkert með þessu frumvarpi. Hann er nákvæmlega sá sami og hann var áður. Það er vísað í lögin um réttindi sjúklinga og raunar kemur fram í frumvarpinu að það er endurskoðun á þeim ákvæðum. Ég árétta því að að minni hyggju er alger misskilningur að halda að þetta frumvarp eigi nokkuð sameiginlegt með gagnagrunnslögunum.

[15:10]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Niðurstaðan er sú sama og það er meira að segja meira í þessum grunni en átti að vera í gagnagrunni Íslenskrar erfðagreiningar á sínum tíma. Niðurstaðan er sú sama. Öllum upplýsingum er hrúgað saman í einn grunn, í eina skrá þar sem hægt er að fá upplýsingar um manninn frá öllum hliðum. Eftir einhver ár fara menn örugglega að geyma líka erfðaupplýsingar þegar læknar fara að geta skannað erfðaefnið um leið og sjúklingur kemur til þeirra til að geta fundið ýmsa sjúkdóma. Niðurstaðan er sú sama. Þetta er stór grunnur, allur á einni hendi. Eigandinn er einn, ríkið reyndar, og ríkisstarfsmenn eru fólk bara eins og starfsmenn Íslenskrar erfðagreiningar. Ef sett eru sambærileg ákvæði um verndun gagnanna gagnvart þeim sem komast að grunninum þá er það nákvæmlega eins. Þó er einn munur á, herra forseti. Hver skyldi sá munur vera? Eftirlitsaðilinn í þessu dæmi er líka ríkið, er sami aðilinn og á þetta. Svo var ekki með grunn Íslenskrar erfðagreiningar því þar var eftirlitsaðilinn ríkið en eigandinn var hlutafélag og þá mundi ég telja að eftirlitið sé enn þá öruggara og skotheldara heldur en þegar sami aðilinn á að fara að tékka af sjálfan sig sem eiganda að gögnunum.

[15:12]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hljóðs áður en ég heyrði andsvar hv. þm. Daggar Pálsdóttur og vil taka heils hugar undir hvert einasta orð sem frá henni kom. Ég tel að grundvallarmunur sé á þessari rafrænu sjúkraskrá eða lagagrunni undir hana annars vegar og hins vegar hinum umdeilda gagnagrunni sem var til umræðu hér fyrir nokkrum árum. Það er sitt hvað að gera gagnagrunn sem á að þjóna sjúklingunum fyrst og fremst annars vegar og hins vegar hinu að gera gagnagrunn sem vissulega á að þjóna sjúklingum en fyrirtækjum eða öllu heldur fyrirtæki jafnframt með áherslunni á fyrirtæki. Menn sáu þá hættu í því efni að gagnagrunnurinn væri hugsaður sem verslunarvara og á tímabili jafnvel boðinn eða upplýsingar úr honum tryggingafyrirtækjum til kaups. Það fóru fram viðræður við þau. Ég er með gögn um það efni. Niðurstaðan er því ekki sú sama. Þó tæknin kunni að vera áþekk sem menn eru að horfa til þá er niðurstaðan allt önnur.

Síðan er hitt að varnaðarorð hv. þm. Péturs H. Blöndals eru umhugsunarverð og við höfum oft verið samherjar þegar persónuverndin er annars vegar. En í þessu efni, þegar skilgreina á gagnagrunninn og bera hann saman við gagnagrunninn sem hér var hvað umdeildastur fyrir nokkrum árum, þá er þessu ekki saman að jafna.

[15:14]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mundi nú segja að niðurstaðan væri sú sama. Það er verið að hrúga saman heilbrigðisupplýsingum á einn stað, í eina tölvu, þannig að niðurstaðan er sú sama en markmiðið með vinnslunni er annað. Markmiðið er sagt vera fyrir sjúklinginn og er það í fyrstu línu. En á endanum er það alltaf einhver sem hefur umsjón með þessum gögnum og þau verða að einhverju leyti notuð til vísindarannsókna bara eins og gögn Íslenskrar erfðagreiningar.

Þá er það spurningin um eftirlitið og hvernig koma megi í veg fyrir misnotkun og hvernig koma megi í veg fyrir að þetta verði verslunarvara ef menn skyldu vilja það. Það eru til dæmis miklar líkur á því að einhver læknir vilji fá Nóbelsverðlaun og fyrir hann eru þau jafnmikils virði og mörg hundruð milljónir. Hans mótívasjón, hans markmið er að fá Nóbelsverðlaunin og ef hann getur notað þessi gögn í þeim tilgangi þá er þetta orðin ákveðin markaðsvara þannig að við erum í þeirri stöðu að við erum komin með heljarinnar magn af gögnum á einn stað og við erum að reyna að byggja upp eitthvert eftirlit með því að það verði ekki misnotað á ýmsan máta. Ég bendi á að gagnagrunnur Íslenskrar erfðagreiningar hafði líka göfugt markmið. Hann hafði það göfuga markmið að bæta læknavísindin yfirleitt. Hann hafði það göfuga markmið að bæta heilsu sjúklinga um allan heim þannig að það vantaði ekkert upp á göfugu markmiðin. Þetta er bara spurningin um eignarhaldið. Ég einmitt bendi á það sem sérstaka hættu við þetta að sami aðilinn, þ.e. hið svokallaða ríkisvald hefur eftirlitið og á grunninn og allir starfsmennirnir sem vinna þarna eru starfsmenn þessa sama ríkisvalds, þessa sama eignaraðila, þessarar sömu lögpersónu sem er ríkisvaldið. Ég vara við því.

[15:16]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvernig kemur maður í veg fyrir að gagnagrunnur af þessu tagi verði misnotaður sem verslunarvara, að upplýsingar um heilbrigði fólks, að upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir tryggingar gangi kaupum og sölum? Hvernig kemur maður í veg fyrir það? Maður gerir það til dæmis með því að halda Sjálfstæðisflokknum frá völdum því þeir hafa innan borðs menn á borð við hv. þm. Pétur H. Blöndal sem vill markaðsvæða heilbrigðiskerfið, er því ekki fráhverfur að hér verði komið á einkatryggingum í heilbrigðismálum þar sem upplýsingar um einstaklinginn fari að skipta máli einmitt sem markaðsvara. Ég held að staðreyndin sé sú að Íslendingar almennt vilji leggja sitt af mörkum til vísindarannsókna hvað varðar upplýsingar um sína eigin sjúkdóma. Þetta hefur verið hið almenna viðhorf á Íslandi. Þegar sú hætta hins vegar blasti við að heilbrigðiskerfið yrði markaðsvætt þannig að upplýsingar um mig fara að skipta máli sem verslunarvara þá var annað upp á

teningnum. Þetta varð þess valdandi að andstaðan gegn gagnagrunninum á sínum tíma varð eins hatrömm og raun ber vitni. Það er ekki vegna þess að menn vildu ekki leggja sitt af mörkum til vísindarannsókna. Það var heldur hitt að menn höfðu áhyggjur af því að hugsjónir manna á borð við hv. þm. Pétur H. Blöndal yrðu að veruleika.

[15:17]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Með nákvæmlega sama hætti óttast ég að hugsjónir hæstv. heilbrigðisráðherra verði að veruleika, þ.e. að ríkið, hið alvolduga ríki viti allt um einstaklingana og geti misnotað það því að þekktustu og skuggalegustu dæmin í mannkynssögunni eru einmitt þegar ríkið beitir ofbeldi vegna þess að ríkið hefur bæði eftirlit og framkvæmd og er að öllu leyti allt í öllu. Það er miklu hættulegra heldur en þegar einkafyrirtæki eru með gögnin.

Ég óttast það mest af öllu að hæstv. heilbrigðisráðherra verði áfram við völd og byggi upp eitt allsherjarfyrirtæki, atvinnufyrirtæki ríkisins, þar sem hann „vílar og dílar“ og segir: „Þetta fyrirtæki á að lifa og þetta á að deyja.“ Ég óttast það mest af öllu. (Gripið fram í.) Ég óttast það mest af öllu að menn fari að skattleggja alveg undir drep og lækka laun. Ég óttast það mest af öllu.

Ég óttast ekki síður að hæstv. ráðherra verði áfram við völd heldur en hann óttist að ég verði hér áfram við völd þannig að þetta er gagnkvæmur ótti beggja aðila (Gripið fram í.) og það að ríkið eigi og hafi eftirlit með er miklu hættulegra heldur en ef ríkið hefur eftirlit og einhver annar á því þá verður eftirlitið raunverulegt. **(Heilbrrh.:** Þjóðin hefur öðlast reynslu af verkum Sjálfstæðisflokksins.)

[15:19]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Nú er það augljóst á þessari umræðu að hún mun taka býsna langan tíma. Meðal annars hefur hæstv. heilbrigðisráðherra blandað sér mjög í umræðurnar og ég veit ekki hvort hans upplegg er að vera hér í málþófi til þess að heimild til samninga um álver í Helguvík komist ekki á dagskrá. En, hæstv. forseti, ég held að það sé algerlega nauðsynlegt núna á þessum punkti að fresta umræðu um sjúkraskrár og taka fyrir 8. mál á dagskrá sem er heimild til samninga um álver í Helguvík.

Hæstv. forseti. Ég fer fram á það vegna þess hversu margir eru á mælendaskrá og hversu mikinn áhuga hæstv. heilbrigðisráðherra sýnir þessu máli — hann þarf greinilegan góðan tíma til að ræða þetta mál — að við getum núna tekið fyrir heimild til samninga um álver í Helguvík.

Ég leita eftir því við hæstv. forseta að hann breyti núna til, af því að hann hefur verið býsna glaður við að færa fram og aftur (Forseti hringir.) í dagskránni, og taki fyrir þetta merka atvinnumál.

[15:20]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til skýringar: Við erum að ræða mjög mikilvægt mál. Það hefur fengið góða umræðu. Breið pólitísk sátt er um málið. Það var flutt af fyrri ríkisstjórn. Það er stutt af þeirri ríkisstjórn sem nú situr. Málið er útrætt. Öll rök hafa komið fram. Það var hins vegar óskað eftir því sérstaklega að ég kæmi og væri við umræðuna og svaraði spurningum sem fram voru reiddar. Þetta kallar hv. þm. Sjálfstæðisflokksins núna málþóf. **(Gripið fram í:** Já, þú ert í málþófi.) Ég var að svara spurningum hv. þingmanns.

Hins vegar er þjóðin að verða vitni að mestu lágkúru í stjórnarandstöðu sem sögur fara af og verða vitni að því hvernig Sjálfstæðisflokkurinn rekur þessa kosningabaráttu á útúrsnúningapólitík, reynir að tína eitthvað út úr málflutningi manna **(Gripið fram í:** Skatta ...) og snúa út úr orðum manna. (Forseti hringir.) Þetta er óskaplega léttvægt og ég leyfi (Forseti hringir.) mér, hæstv. forseti, að nota hugtakið lágkúrulegt.

[15:22]

Björk Guðjónsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur um að við teljum mjög brýnt að frumvarpið um fjárfestingarsamninginn varðandi Helguvík komi hér á dagskrá eins og við sjálfstæðismenn erum margoft búnir að kalla eftir síðustu daga. Málið er stórt og brýnt vegna þess að það er atvinnuskapandi og það varðar þess vegna heimilin og fjölskyldurnar í landinu. Þó svo það mál sem við nú ræðum um sjúkraskrár sé mikilvægt mál og þau mál sem þarna koma á eftir á dagskránni þá tel ég að mun brýnna sé að Helguvíkurmálið nái fram að ganga og mun brýnna, virðulegi forseti, heldur en til dæmis það mál sem var til umræðu í gær og afgreiðslu í morgun um fjölgun listamanna á launum hjá ríkinu.

[15:23]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er dálítið sérstakt að hæstv. heilbrigðisráðherra tali hér um lágkúru, lágkúrulegan málflutning okkar sjálfstæðismanna þegar við vísum í orð varaformanns hans flokks, Katrínar Jakobsdóttur sem hefur lýst því yfir að lækka eigi laun opinberra starfsmanna vegna þess að hæstv. heilbrigðisráðherra er auðvitað formaður BSRB en virðist ekki treysta sér til að andmæla varaformanni sínum. Ég hef saknað hans í umræðunni um þetta. En ég skil vel að honum líði illa undir þessum lestri eigin varaformanns. En að tala um málflutning okkar sjálfstæðismanna hér sem málþóf og lágkúrulegan er eins og að kasta steinum úr glerhúsi. Man hæstv. heilbrigðisráðherra eftir því þegar hann stóð í þessari pontu í á sjöunda tíma til þess að fjalla um einn fjölmiðil, Ríkisútvarpið? (Forseti hringir.) Man hæstv. heilbrigðisráðherra eftir því (Forseti hringir.) þegar hann hvatti fyrrverandi hæstv. viðskiptaráðherra (Forseti hringir.) til þess að standa hér klukkutímum saman og lesa upp úr (Forseti hringir.) *Frelsinu* eftir John Stuart Mill í umræðum um fjölmiðlafrumvarpið?

[15:24]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(um fundarstjórn)*:

Já, það er ágæt bók, hæstv. forseti, *Frelsið* eftir John Stuart Mill og reyndar ein af mínum uppáhaldsbókum. Ég

get alveg fullyrt það við hv. þingmann að ég hef engu gleymt í tilraunum okkar til að bjarga því að Ríkisútvarpið yrði eyðilagt. Sjálfstæðisflokkurinn setti fram ein þrjú frumvörp (**SKK:** Enda tókstu þér ...) um það mál. Þau bötnuðu alltaf svona eftir því sem á leið en slæm voru þau framan af og ekki nógu gott það sem endanlega stóð eftir.

Hæstv. forseti. Við skulum ekki gleyma arfleifð Sjálfstæðisflokksins. Hann reynir núna með útúrsnúningum að drepa henni á dreif. Hann hefur keyrt íslenska þjóð út í mesta skuldafen sem sögur fara af. Arfleifð hans er 20% verðbólga sem rýrði kjörin í landinu. Arfleifð hans eru skuldir sem við erum núna að glíma við. (Forseti hringir.) Þetta er arfleifð Sjálfstæðisflokksins sem hann (Forseti hringir.) getur ekki hlaupist undan, hann verður að (Forseti hringir.) horfast í augu við og útúrsnúningar hér á (Forseti hringir.) útúrsnúninga ofan bjarga honum ekki (Forseti hringir.) frá (Gripið fram í.) því.

(**Forseti** (EMS)**:** Forseti vill minna hæstv. ráðherra og hv. þingmenn á að hér er talað um fundarstjórn forseta.)

[15:26]

Herdís Þórðardóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Við erum að tala um dagskrá þingsins og við sjálfstæðismenn teljum mjög brýnt að koma málefni um Helguvík á dagskrá. En ég ætla samt að nota tækifærið undir störfum forseta og gagnrýna hæstv. heilbrigðisráðherra og málflutning hans. Hann segir að þjóðin verði vitni að sögulegum atburði, að málþófi okkar sjálfstæðismanna. Ég er búin að sitja á Alþingi í tæp tvö ár og búin að vera í stjórnarmeirihluta. Hér hafa verið í stjórnarandstöðu Vinstri grænir og hvað erum við búin að horfa upp á? Við erum búin að horfa upp á það síðastliðið ár að þið, vinstri græn, hafið verið í endalausu málþófi. (**Gripið fram í:** Ræðukóngarnir.) Þið eruð ræðukóngarnir. Ég man að fyrstu mánuðina sem ég sat var talað um að ég væri með (Forseti hringir.) stystan ræðutíma hér á þingi en (Forseti hringir.) hæstv. fjármálaráðherra var með lengsta ræðutímann. Ég frábið (Forseti hringir.) mér það að við séum að tefja (Forseti hringir.) störf þingsins. Það eruð þið sjálf sem eruð að gera (Forseti hringir.) það sem eruð hér í stjórn. (**Heilbrrh.:** Af hverju eruð þið á móti þjóðareign á auðlindum?) Við erum það ekkert.

[15:27]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta til að segja hæstv. forseta frá því að nú fyrir stuttu lauk fundi í sérnefnd um stjórnarskrármál og á þeim fundi lögðum við sjálfstæðismenn fram tillögur, bæði sem varða 1. gr. frumvarpsins og 2. gr. frumvarpsins og við þá grein sem snýr að breytingum á stjórnarskránni leggjum við fram tillögu sem er orðrétt sú tillaga sem fulltrúar allra flokka stóðu að í stjórnarskrárnefnd 2007. Skemmst er frá því að segja að fulltrúar meiri hlutans í nefndinni höfnuðu þessari tillögu okkar og töldu ekki ástæðu til að ræða hana frekar í nefndinni og heldur ekki hugmynd okkar að þingsályktunartillögu um fjölskipaða (Forseti hringir.) nefnd til að fara yfir heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar á næstu tveimur árum. (Forseti hringir.) En þingsályktunartillaga frá okkur sjálfstæðismönnum og fleirum (Forseti hringir.) mun koma (Forseti hringir.) fram síðar í dag. Ég vil spyrja (Forseti hringir.) hæstv. forseta (Forseti hringir.) hvað hann (Forseti hringir.) hyggist fyrir um þingstörfin (Forseti hringir.) í ljósi (Forseti hringir.) þeirra upplýsinga (Forseti hringir.) sem nú hafa komið (Forseti hringir.) fram.

[15:29]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að tímamörk eru í umræðu um fundarstjórn forseta. (**ArnbS:** Ætlar forseti ekki að svara neinu af því ...?)

[15:29]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að mér er mjög brugðið. Ég er að koma af fundi stjórnarskrárnefndar þar sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram breytingartillögu á auðlindaákvæðinu og sú tillaga felur það í sér að gríma Sjálfstæðisflokksins er fallin. Loksins er gríma Sjálfstæðisflokksins fallin í stjórnarskrármálinu og allt talið um stjórnlagaþing var bara fyrirsláttur.

Sjálfstæðismenn lögðu til í nefndinni að setningin sem er núna inni í tillögunni og er svona, virðulegi forseti:

„Náttúruauðlindir í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi. "

Sjálfstæðisflokkurinn lagði til að þessi setning gufaði upp. Hún er ekki fyrir hendi í tillögum sjálfstæðismanna. Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að fella grímuna hér, virðulegi forseti. Þetta er stóri (Forseti hringir.) sannleikurinn á bak við stjórnarskrármálflutninginn (Forseti hringir.) sem er búinn að taka hér (Forseti hringir.) fjölmarga daga frá öðrum (Forseti hringir.) störfum.

[15:31]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það er með miklum ólíkindum hvað allt fer öfugt ofan í formann þingflokks Framsóknarflokksins þessa dagana, hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Það sem við sjálfstæðismenn erum að gera er að við erum að koma til móts við þær hugmyndir sem settar hafa verið fram, við erum að rétta fram sáttarhönd einu einni enn í þessu máli. Hvað erum við að gera? Við erum að leggja fram ákveðna túlkun varðandi 1. gr., þ.e. að ákveðið auðlindaákvæði komi inn í varðandi eignarráð og forsjá ríkisins á náttúruauðlindum. Við erum auk þess að koma til móts við þær hugmyndir sem settar voru fram um stjórnlagaþing þannig að farin verði vönduð leið. Það verði skipuð 25 manna nefnd til að gera úttekt á (Gripið fram í.) hvaða þörf er á breytingum á stjórnarskránni þannig að hægt verði að afgreiða þetta eins og gert er með síðuðum þjóðum, eins og gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndunum en ekki farið í það að skapa stjórnskipulega ringulreið eins og tillaga Framsóknarflokksins fól í sér.

[15:32]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég minni á það að ég spurði áðan um afstöðu hæstv. forseta til framhalds þingstarfanna í ljósi

þeirra upplýsinga sem fram hafa komið í sambandi við stjórnarskrármálið. Varðandi aðra þætti vil ég geta þess að við höfum gjarnan kosið að eiga nánara samtal við m.a. hv. þingflokksformann Framsóknarflokksins í sérnefndinni en því var hafnað. Ég hygg að ef við hefðum átt lengra samtal við hv. þingmann þá hefði ýmis misskilningur sem fram kemur í máli hennar skýrst frekar og vonandi verður það rætt þegar málið kemst á dagskrá. Þá vonast ég til þess, hæstv. forseti, að við getum rætt við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur af einhverri yfirvegun og málefnalega án þess að hún hreyti ónotum í menn og geri mönnum upp rangar sakir.

Ég minni hins vegar á að við sjálfstæðismenn höfum frá upphafi varað við þeim leiðangri sem farið var í í sambandi við flutning þessa frumvarps. Við höfum alltaf, frá upphafi bent á að það þyrfti að fara í þetta mál með öðrum og vandaðri hætti. Við lítum hins vegar svo á að útspil okkar í nefndinni sé til þess fallið að búa til ákveðinn samkomulagsgrundvöll og höfum verið til í að ræða það frekar innan nefndarinnar en ekki reyndist áhugi á því á þeim vettvangi. Við hörmum það auðvitað en vonumst til þess að síðar í umræðunni eða í síðari nefndarstörfum um þessi mál getum við hugsanlega komist að yfirveguðum niðurstöðum í þessum efnum, herra forseti.

[15:34]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér voru að koma fram mikilsverðar upplýsingar um að sérnefnd um stjórnarskrármál hafi lokið störfum eða lokið fundi sínum. Því legg ég til, hæstv. forseti, að við höldum þeirri dagskrá sem við höfum núna, ljúkum þeim málum sem við erum um það bil að ljúka, um frumvarp um sjúkraskrár. Um það mál er full samstaða og allir flokkar hafa lýst yfir að mikilvægt sé að gera það að lögum nú á þessu þingi. Að við klárum þá umræðu, förum síðan í umræðu um frumvarp til laga um stjórnarskrárbreytingarnar þannig að það sé hægt að ræða þær tillögur sem komu fram á fundi nefndarinnar, ljúkum 2. umr. og afgreiðum þetta eins og ber að gera milli 2. og 3. umr. og ljúkum þá umræðu um stjórnarskrárbreytingarnar. Eftir það er hægt að taka inn á dagskrána þau mikilvægu mál sem Sjálfstæðisflokkurinn berst fyrir, Helguvík o.fl. Göngum nú í þessa dagskrá eins og hún er og tefjum ekki umræðuna um frumvarpið um sjúkraskrár meira en ástæða er til, leiðum fram athugasemdir og förum vel yfir málið en látum þar við sitja.

[15:35]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst ég ekki þurfa að benda hv. þm. Þuríði Backman, einum af varaforsetum þingsins, á að lesa þingsköpin. En það er alveg ljóst af 53. gr. þingskapanna að stjórnarskrárfrumvarpið verður ekki tekið á dagskrá að loknu því máli sem nú er til umræðu. Það er vegna þess að þeir sem bera fram þá tillögu sem hér var kynnt munu leggja fram framhaldsnefndarálit og leggja fram breytingartillögur sínar og í þingsköpunum er kveðið skýrt á um að óheimilt sé að taka slíkt nefndarálit og slíkar tillögur fyrir fyrr en að liðnum einum sólarhring.

Hins vegar skil ég ekki af hverju hv. þm. Siv Friðleifsdóttir bregst svo illa við tillögum um það að í stjórnarskrá verði sagt að íslenska ríkið fari með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þeirra náttúruauðlinda sem ekki eru einkaeign og hafi eftirlit með nýtingu þeirra eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og að skipuð verði nefnd (Forseti hringir.) til að endurskoða stjórnarskrána (Forseti hringir.) og fara í heildarendurskoðun. (Forseti hringir.) Mér er algerlega óskiljanlegt af hverju hv. þingmaður bregst svo illa við slíkum hugmyndum.

[15:37]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti verður enn að vekja athygli á því að það eru tímamörk í þessum dagskrárlið og væntir þess að hv. þingmenn virði þau tímamörk. Það er líka ástæða til að vekja athygli á því að við erum að ræða um fundarstjórn forseta.

[15:37]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(um fundarstjórn)*:

Já, virðulegi forseti. Sjálfstæðismenn eru agalega hissa á því að manni sé misboðið. **(Gripið fram í:** Já.) Þeir hafa staðið hér og þruglað meira eða minna fram og til baka um stjórnarskrána í marga, marga daga. Svo kemur hið rétta í ljós á fundinum hjá okkur rétt áðan. Þar kemur Sjálfstæðisflokkurinn með það útspil sem hefur sjálfsagt alltaf legið á bak við í þessu máli. Útspilið er í auðlindunum. Það sem Sjálfstæðisflokkurinn passar sig á er að það vanti þessa setningu inn sem er grundvallaratriði: „Náttúruauðlindir í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi." Af hverju er þetta látið gufa upp, virðulegi forseti? Af hverju? Ég held að það sjái það allir.

Þessi tillaga þeirra grefur líka undan 1. gr. í fiskveiðistjórnarlögunum en þar segir að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Það stendur líka að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndi ekki eignarrétt eða (Forseti hringir.) óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. (Forseti hringir.) Nú er gríma Sjálfstæðisflokksins loksins fallin í málinu og það er rétt að þjóðin átti sig á því.

[15:38]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Forseti verður enn á ný að vekja athygli á þeim tímamörkum sem hér gilda og jafnframt að við erum að ræða fundarstjórn forseta.

[15:38]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en komið hingað til að taka undir með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Nú kemur Sjálfstæðisflokkurinn til dyranna eins og hann er klæddur. Nú er hann búinn að varpa af sér hamnum og kemur fram fyrir sjónir þingsins eins og hann er með sinn raunverulega tilgang fyrir því málþófi sem hann hefur staðið í linnulaust vikum saman. Sjálfstæðisflokkurinn hefur beitt þingið ofbeldi. Til hvers? Jú, til þess að koma út setningu í stjórnarskrárfrumvarpinu þar sem beinlínis er lagt til að bannað verði að það megi selja eða láta varanlega af hendi náttúru-

auðlindir í þjóðareign. Hér er Sjálfstæðisflokkurinn með grímulausum hætti að ganga erinda stórútgerðarinnar. Hann er að vernda hagsmuni sægreifanna og hann hefur haldið þinginu í gíslingu í þrjár vikur til að ná fram þessu marki, að vernda hagsmuni þeirra sem vilja eignast þjóðareignina. Sjálfstæðisflokkurinn sýnir það svart á hvítu að hann virðist bersýnilega vera reiðubúinn til að láta af hendi eða heimila að selt verði með varanlegum hætti það sem við höfum viljað kalla náttúruauðlindir í þjóðareign. Þetta er mergurinn málsins.

[15:40]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að mér finnast geðbrigði hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og hæstv. utanríkisráðherra undarleg. Það sem við vorum að gera var að rétta fram sáttarhönd í sérnefnd um stjórnarskrármálið. Við ætluðumst aldrei til að menn tækju því sem við vorum að segja eins og guð hefði sagt það og að það bæri að fara eftir því í einu og öllu, heldur var þetta okkar útspil til sátta í málinu.

Við leggjum áherslu á að koma til móts við þau sjónarmið að náttúruauðlindirnar sem ekki eru í einkaeignarrétti séu undir handhöfn ríkisins, við erum að koma til móts við það sjónarmið. Allt tal um annað hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur eða hæstv. utanríkisráðherra byggist á einhverri rangri lagatúlkun og rangri hugsun hvað þetta varðar. Gríman er fallin, segir hv. þm. Siv Friðleifsdóttir. Hvaða gríma? Það liggur fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn er tilbúinn til að standa að breytingu á stjórnarskrá og (Forseti hringir.) vill stuðla að því að fram fari vönduð vinna í því sambandi, (Forseti hringir.) til að það sé farið að með þeim hætti sem gert er með nágrannaþjóðum okkar til að koma á vandaðri stjórnarskrá.

[15:41]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér hafa mikil tíðindi verið sögð og af því tilefni var lögð fram spurning fyrir hæstv. forseta um það hvernig hann hygðist haga þinghaldi. Það er tillaga mín, eins og kom fram í upphafi umræðunnar, að við tökum nú fyrir 8. mál á dagskrá, heimild um samninga um álver í Helguvík og ég hvet hæstv. forseta eindregið til að taka það mál á dagskrá. Ég er sannfærð um að það er hægt að afgreiða það fljótt og vel og það skiptir gífurlega miklu máli. Í því felst að það er hægt að skapa fjölda starfa, þúsundir starfa. Ætlar hæstv. forseti að koma í veg fyrir að það geti gerst? Málið er á dagskrá og það er mér fullkomlega óskiljanlegt (Forseti hringir.) af hverju hæstv. forseti tekur það ekki á dagskrá núna.

[15:43]

Forseti (Einar Már Sigurðarson):

Vegna orða hv. þingmanns er rétt að upplýsa að það eru fjórir hv. þingmenn á mælendaskrá í því máli sem við erum að fjalla um. Forseti telur eðlilegt að hv. þingmenn fái að tjá sig um það mál.

[15:43]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ekki hef ég á móti því að 8. málið verði tekið á dagskrá. En það er Sjálfstæðisflokkurinn sem hefur vikum saman komið í veg fyrir að hægt væri að ræða Helguvík. Það er Sjálfstæðisflokkurinn sem hefur sett það mál í uppnám. Nú skammast hann sín og er að reyna að bjarga æru sinni í horn. (Gripið fram í.) Hins vegar kemur það fram og það er ákaflega mikilvægt að loksins kemur fram ástæðan fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið í þessu ofbeldi vikum saman. Hann er að ganga erinda þeirra sem vilja ekki girða fyrir að náttúruauðlindir verði seldar eða látnar af hendi með varanlegum hætti. (Gripið fram í.) Það sem nú er að koma fram er einfaldlega það að Sjálfstæðisflokkurinn er að ganga erinda útgerðarauðvaldsins í landinu. Hann er að ganga erinda LÍÚ. Hann er að koma í veg fyrir að þjóðarvilji nái fram að ganga með því að í stjórnarskrá verði bundið ákvæði sem fortakslaust (Forseti hringir.) bannar að náttúruauðlindir verði seldar eða framseldar. (Gripið fram í.) Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki það bann vegna þess (Forseti hringir.) að hann er að ganga erinda sægreifanna og kvótakónganna. (Gripið fram í.)

[15:44]

Björn Bjarnason (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög undarlegt að verða vitni að þessum umræðum. Við lögðum fram tillögu til sátta í sérnefndinni um stjórnarskrármálið og hv. þingmaður sem ræðst síðan á okkur fyrir að hafa kastað einhverri grímu vildi ekki einu sinni segja eitt einasta orð um málið í sérnefndinni, einmitt þegar tækifæri var til þess að taka þátt í umræðum um þetta, virðulegi forseti. Til þess þá líka að benda okkur á ef þetta væri svona stórhættulegt eins og nú kemur fram í þingsalnum. En að sjálfsögðu þar, eins og alls staðar annars staðar þegar menn lesa þessa tillögu okkar, virðulegi forseti, — og þess vegna er æskilegt að fá að vita hvernig forseti ætlar að haga fundarstörfum svo það sé hægt að ræða þetta mál til hlítar — vita náttúrlega allir að við erum ekki að taka þetta mál á þann hátt sem hv. þingmaður heldur fram. Það stendur í tillögu okkar að þetta verði í forsjá ríkisins, eign ríkisins og að meðferðin verði ákveðin af Alþingi.

[15:46]

Dögg Pálsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við höldum áfram umræðu um frumvarp til laga um sjúkraskrár sem er til 2. umr. Þar sem ég hætti í fyrstu ræðu minni var ég að tala um reglur sem vinnuhópur á vegum Evrópusambandsins hefur sett til hliðsjónar fyrir ríki sem hafa viljað feta þann veg sem við erum hér að feta, þ.e. að setja heildstæða löggjöf um sjúkraskrár. Ég fór yfir nokkrar reglur sem þar eru taldar grundvallarreglur varðandi meðferð persónuupplýsinga á þessu sviði.

Í þessu vinnuskjali frá Evrópusambandinu eru líka sett fram atriði um það hvað skuli hafa í huga og hvers beri að gæta þegar löggjöf er sett. Þar er fyrst og fremst lögð áhersla á sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga. Í öðru lagi að auð-

kenning sjúklinga og starfsfólks sé með tryggum hætti við færslu upplýsinga í sjúkraskrá og það er mjög mikilvægt atriði. Í þriðja lagi að beitt sé almennum og sérstökum aðgangstakmörkunum sem sjúklingur sjálfur getur haft áhrif á en hafa verður í huga og má aldrei gleyma því að meginreglan er sú að enginn hefur aðgang að sjúkraskrá nema heilbrigðisstarfsmaður sem starfar í þágu sjúklingsins. Þetta skiptir máli m.a. út af ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals og ummæla sem þar komu í andsvörum, mér þótti gæta talsverðs misskilnings um það regluverk sem við erum að setja af stað. Í fjórða lagi er talað um að skýrar reglur þurfi að vera um aðgang að rafrænum sjúkraskrám í öðrum tilgangi en vegna meðferðar sjúklinga og þá erum við m.a. að tala um aðgang vegna vísindarannsókna og eins og ég nefndi í andsvari mínu þá á ekkert að hrófla við þeim reglum. Þær verða áfram óbreyttar og þær eru hvorki í höndum ráðuneytis né einhvers eftirlitsaðila heldur kemur Persónuvernd þar að ásamt vísindasiðanefndum. Það á að gæta meðalhófs við skráningu og eingöngu skrá upplýsingar sem eru nauðsynlegar. Það verður síðan að gæta alls öryggis varðandi skráningar og síðan er fjallað um gegnsæi í upplýsingum, m.a. til að tryggja að sjúklingur geti sjálfur fengið upplýsingar um það sem er skráð í sjúkraskrá hans og hverjir hafa átt aðgang að henni.

Þegar við vorum að vinna *frumvarpið í nefndinni* var okkur m.a. bent á að það eru til og eru í þróun sjúkraskrárkerfi sem eru með þeim hætti að sjúklingar sjálfir — það er ekki fjarlæg framtíðarsýn — geta t.d. úr tölvunni heima hjá sér slegið inn kennitöluna sína og einhvers konar leyniorð og fá þá aðgang að ákveðinni síðu í sinni eigin sjúkraskrá, og geta þar m.a. séð hverjir hafa verið að skoða sjúkraskrána. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt og tryggir gegnsæi allra upplýsinga og hlýtur að skipta sjúklinga miklu máli.

Áður en tíminn flýgur frá mér öðru sinni ætla ég aðeins að víkja að þeim breytingum sem hv. heilbrigðisnefnd hefur lagt til við frumvarpið. Ég get lýst því yfir að ég er alveg sátt við allar þeirra nema eina og það er breyting sem kemur fram í 5. tölulið í breytingartillögunum í þskj. 880. Þar er lagt til að 15. gr., eins og hún er núna í frumvarpinu, falli í heild sinni út og í staðinn komi málsgreinin, með leyfi forseta:

„Um aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.“

Ég verð að lýsa því yfir, virðulegi forseti, að ég er mjög leið yfir þessari breytingu því ég tel að hún byggist á algerum misskilningi. Mér þætti fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá hv. formanni heilbrigðisnefndar hvernig það gat gerst að þessi 15. gr., sem mikil vinna var lögð í af hálfu nefndarinnar sem samdi frumvarpið, hafi verið þurrkuð út og vísað í lögin um réttindi sjúklinga sem eru algerlega óljós um það hvaða reglur gilda um aðgang að sjúkraskrám látinna einstaklinga.

Staðreynd málsins er sú að í lögum um réttindi sjúklinga er ekkert um það hvaða reglur gilda um aðgang að sjúkraskrá látins sjúklings. Túlka má lögin á þann veg að það sé enginn aðgangur. Það er hins vegar algerlega óforsvaranlegt *réttarástand þannig* að heilbrigðisráðuneytið, eftir því sem mér er best kunnugt, hefur a.m.k. einu sinni og jafnvel tvisvar kveðið upp úrskurð um það að veittur skuli takmarkaður aðgangur að sjúkarskrá látins sjúklings. Ég veit hins vegar til þess að mikill ágreiningur er milli heilbrigðisráðuneytisins og landlæknisembættisins, sem hefur hafnað slíkum aðgangi, um það hvort þetta sé heimilt. Eins og lögin um réttindi sjúklinga eru þá er alveg skýrt að ekki er gert ráð fyrir aðgangi að sjúkraskrá látins einstaklings þegar maður horfir á orðalagið yfir höfuð nema þá hugsanlega með dómsúrskurði. Það er hægt að fara til dómstóla og það er sú leið sem er aðalleiðin sem lögð er í 15. gr.

Við í nefndinni sem samdi frumvarpið, þ.e. nefndin sem hæstv. heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, skipaði á sínum tíma, lágum sérstaklega yfir þessu máli um aðgang að sjúkraskrá látinna og sú lagagrein, 15. gr., sem er þar í fjórum málsgreinum, var afrakstur þeirrar miklu yfirlegu. Mér kemur það því mjög á óvart að hún skuli þurrkuð út af borðinu með einu pennastriki án nokkurrar einustu almennilegrar skýringar sem ég get áttað mig á af lestri nefndarálitsins. Ég ítreka það því að ég óska eftir því að hv. formaður heilbrigðisnefndar útskýri hvað lá þar að baki.

Það regluverk sem ákveðið var að setja upp með 15. gr. í frumvarpinu var þríþætt: Í fyrsta lagi gæti háttað svo til, og þá var gert ráð fyrir því að sá réttur sjúklings væri kynntur — við vorum að ræða í gærkvöldi lífsýnasöfnin og *mikilvægi þess að sjúklingar vissu hvaða rétt þeir hefðu*. Við reiknuðum sem sé með því að sjúklingar gerðu sér grein fyrir því að þeir gætu skilið eftir umboð um það að eftir andlát þeirra væri ákveðnum aðilum heimilaður aðgangur að sjúkraskrá þeirra, við gerðum ráð fyrir því að hugsanlega væri sú staða uppi. Við gerðum okkur hins vegar grein fyrir því að ekki væri mjög líklegt að svo væri.

Meginþunginn í heimildum um aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings er í 2. gr. sem felur það í sér að opnað er fyrir aðgang í þeim algengustu tilvikum sem krafist er aðgangs að sjúkraskrá látins einstaklings. Oftast er beðið um aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings af því að aðstandendur halda að eitthvað hafi farið úrskeiðis í læknismeðferð sem sjúklingurinn fékk fyrir andlát sitt og þar séu hugsanlega möguleikar á bótakröfum fyrir hendi. Þess vegna erum við með 2. mgr. og hún er þungamiðjan í 15. gr., þ.e. að landlæknir fái lögbundna heimild til að opna sjúkraskrá í þessum tilvikum. Þetta er þungamiðjan. Síðan var gert ráð fyrir því að í öllum öðrum tilvikum — ef ekki lægi fyrir umboð, sem við áttum ekki von á að yrði algengt en væri ekki útilokað, ef óskað væri eftir aðgangi í öðrum kringumstæðum en þeim sem lúta að meintum mistökum, t.d. ef aðstandendur vildu komast í sjúkraskrá út af einhverjum erfðafræðilegum málum eða einhverju slíku, yrði aðstandandi að fara til dómstóla. Með þessari grein vorum við að staðfesta það fyrirkomulag eða það réttarástand sem talið er gilda í dag, þ.e. að það sé meginregla að aðgangur að sjúkraskrám látins einstaklings geti aldrei orðið nema samkvæmt dómsúrskurði.

Þar sem við opnum þetta í 2. mgr., með landlækni, ef um er að ræða grunsemdir um mistök, gerum við það samt að verkum að í 90–95% tilvika geta aðstandendur fengið aðganginn í gegnum landlækni. Ef landlæknir hafnar er kæruaðgangur til heilbrigðisráðherra eins og stjórnsýslulög gera ráð fyrir af því að þetta er stjórnsýsluákvörðun. Ég

verð því að viðurkenna að það veldur mér ómældum vonbrigðum ef við ætlum að ganga frá frumvarpinu á þann veg að við breytum 15. gr. með þeim hætti sem lagt er til í nefndarálitinu. Þá erum við, til viðbótar við að lögfesta þetta með rafrænu skráninguna og allt það, að taka út regluverkið um aðgang að sjúkraskrá látinna sem átti að verða þarna klárt og skýrt og setja það aftur í þann óvissufarveg sem það er í í dag og hefur verið í um langa hríð.

Ég óska eftir skýringum hv. formanns á því af hverju þetta er með þessum hætti jafnframt því sem ég skora á nefndina að taka þetta aftur til skoðunar milli 2. og 3. umr. og færa þetta til baka, til þess forms sem er í frumvarpinu.

[15:56]

Herdís Þórðardóttir (S):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um sjúkraskrár. Í frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlög um sjúkraskrár, heildarlög þar sem kveðið er með heildstæðum hætti á um færslur og varðveislu sjúkraskráa og meðferð sjúkraskrárupplýsinga.

Sjúkraskrár og sjúkraskrárupplýsingar eru þess eðlis að afar brýnt er að um þær gildi skýrar lagareglur og þá einkum með hliðsjón af þeim veigamiklu persónuverndarhagsmunum sjúklinga sem í húfi eru. Núgildandi ákvæði laga um sjúkraskrár er að finna í lögum um réttindi sjúklinga og fjalla þau fyrst og fremst um rétt sjúklinga til aðgangs að eigin sjúkraskýrslu. Aðrar reglur sem varða þætti sjúkraskráa, varðveislu þeirra og meðferð, er að finna í reglugerð um sjúkraskrá. Möguleikar sem felast í rafrænum sjúkraskrám og rafrænum sjúkraskrárkerfum eru til þess fallnir að bæta heilbrigðisþjónustuna og að auka öryggi sjúklinga. Nauðsynlegt er að skýrar lagareglur gildi um færslur rafrænna sjúkraskráa, samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa þannig að unnt sé að tryggja öryggi og upplýsingar í slíkum kerfum.

Meginmarkmið frumvarpsins eru fjögur. Í fyrsta lagi að kveða með heildstæðum hætti á um færslur, varðveislu og aðgang að sjúkraskrám og sjúkraskrárupplýsingum, í öðru lagi að kveða skýrar á um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa sjúkraskrár þegar meðferð er veitt, í þriðja lagi að skjóta lagastoðum undir meginreglur um sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga þegar kemur að færslu og meðferð sjúkraskráa þeirra og í fjórða lagi að veita lagaheimild til samtengingar rafrænna sjúkraskrárkerfa og lagaheimild fyrir sameiginlegum sjúkraskrárkerfum þannig að unnt sé að miðla sjúkraskrárupplýsingum með rafrænum hætti milli þeirra aðila sem hafa sjúkling til meðferðar og þurfa með hröðum og öruggum hætti á sjúkraskrárupplýsingum að halda vegna hennar.

Í 1. gr. frumvarpsins endurspeglast það meginsjónarmið sem frumvarpið byggist á og felur það í sér að sjúkraskrár séu fyrst og fremst hafðar til að tryggja öryggi og hagsmuni sjúklinga og að sjúkraskrárupplýsingar eigi eingöngu að nota í þeim tilgangi nema sérstök lagaheimild standi til annars. Samhliða þessu er meginreglan um sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga við færslu, varðveislu og meðferð sjúkraskráa lögfest en reglan felur í sér að sjúklingar eigi að meginstefnu að ráða því sjálfir hvort og þá hvaða heilbrigðisþjónustu þeir þiggja og þá jafnvel hvernig farið er með þær upplýsingar sem safnað er um þá í tengslum við veitingu þjónustunnar. Í frumvarpinu er skýrlega kveðið á um skyldur heilbrigðisstarfsmanna til að færa sjúkraskrár við veitingu heilbrigðisþjónustu. Ákvæði um þessa skyldu heilbrigðisstarfsmanna er ekki að finna í núgildandi lagaákvæðum um sjúkraskrár. Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði að sjúkraskrár skuli færðar rafrænt að því marki sem unnt er og að á heilbrigðisstofnunum og á starfsstofnunum heilbrigðisstarfsmanna skuli vera rafrænt sjúkraskrárkerfi.

Ýmsar aðrar breytingar felast í frumvarpinu. Má þar nefna að í frumvarpinu er nú skilgreint hver sé ábyrgðaraðili sjúkraskráa annars vegar og umsjónaraðila hins vegar og gerð grein fyrir ábyrgð og skyldum þessara aðila. Þá er lagt til að öðrum starfsmönnum í heilbrigðisþjónustu en heilbrigðisstarfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum verði veitt heimild til að færa tilteknar upplýsingar í sjúkraskrár og hafa aðgang að þeim enda hafi þeir undirgengist sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn.

Mig langar að vitna í 13. gr., um aðgang starfsmanna að sjúkraskrám, með leyfi forseta:

„Heilbrigðisstarfsmenn sem koma að meðferð sjúklings og þurfa á sjúkraskrárupplýsingum hans að halda vegna meðferðarinnar skulu hafa aðgang að sjúkraskrá sjúklingsins með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim. Umsjónaraðili sjúkraskráa getur veitt öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn og koma að meðferð sjúklings, heimild til aðgangs að sjúkraskrá hans að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfa þeirra í þágu sjúklingsins.“

Eins og áður segir felast veigamestu nýmæli frumvarpsins í heimildum til að samtengja rafræna sjúkraskrá og til að halda sameiginlegt sjúkraskrárkerfi. Telja menn að rafrænar sjúkraskrár og rafræn miðlun sjúkraskrárupplýsinga á grundvelli slíkra lagaheimilda muni innan fárra ára leiða af sér byltingu í heilbrigðisþjónustunni með tilliti til öryggis sjúklinga og gæða í heilbrigðisþjónustunni. Þá er talið að notkun rafrænna sjúkraskráa og rafræn miðlun sjúkraskrárupplýsinga geti haft í för með sér hagræðingu á ýmsum sviðum í heilbrigðisþjónustunni. Í heilbrigðisþjónustu getur aðgangur heilbrigðisstarfsmanna að mikilvægum upplýsingum sem skráðar eru í sjúkraskrá sjúklings ráðið úrslitum um meðferð og batahorfur. Rafræn sjúkraskrá opnar fyrir möguleika á aðgengi meðferðaraðila að sjúkraskrárupplýsingum um sjúklinga hvar og hvenær sem er.

Í dag er rafrænt aðgengi að sjúkraskrárupplýsingum að mestu bundið við þann stað þar sem upplýsingarnar voru skráðar. Þannig eru upplýsingar um heilsufar einstaklings dreifðar á marga staði, á heilsugæslustöðvum, á sjúkrahúsum og hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum. Þær eru annaðhvort í pappírsformi eða rafrænu formi og í mismunandi upplýsingakerfum sem hvorki er heimilt né mögulegt að tengja saman. Með samtengingu rafrænna sjúkraskráa gegnum heilbrigðisnet og eftir atvikum með sameiginlegum sjúkraskrárkerfum heilbrigðisstofnana er lagður grunnur að heildrænni sjúkraskrá einstaklings ævilangt.

Afar mikilvægt er að við tryggjum eins og framast er kostur öryggi sjúkraskrárupplýsinga og er afar mikilvægt að það sé haft í huga. Setja þarf skýrar skriflegar reglur, svo sem mælt er fyrir um í frumvarpinu, um aðgang og eftirlit og tryggja að allir heilbrigðisstarfsmenn hafi góða þekkingu og skilning á mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar um persónuupplýsingar í sjúkraskrám. Við setningu reglna um sjúkraskrár og meðferð sjúkraskrárupplýsinga er nauðsynlegt að gæta vel að vernd persónuupplýsinga í sjúkraskrám enda teljast allar sjúkraskrárupplýsingar til viðkvæmra persónuupplýsinga.

Mig langar, hæstv. forseti, til að vitna í umsögn sem barst heilbrigðisnefnd frá *Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga* en undir það ritar formaðurinn Elsa B. Friðfinnsdóttir.

Þar segir, með leyfi forseta:

„*Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga* gerir athugasemd við það að hjúkrunarfræðingur hafi ekki verið skipaður í nefnd þá er samdi frumvarpið í ljósi þess að skráning hjúkrunar er grundvallarþáttur í sjúkraskrá hvers einstaklings.“

Jafnframt segir í þessari umsögn frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, með leyfi forseta:

„Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um varðveislu sjúkraskráa. Hvorki í frumvarpinu né athugasemdum með því er með afgerandi hætti fjallað um hvernig beri að varðveita sjúkraskrárgögn úr rafrænum kerfum (hugbúnaði) og tækjabúnaði sem úreldast. Í þessu sambandi nægir að vísa til floppy-diska og disklinga sem í dag er nánast útilokað að nálgast gögn frá.

Í 10. gr. er fjallað um flutning sjúkraskráa. Ekki er með afgerandi hætti fjallað um að til þess að flutningur sjúkraskrár úr einu kerfi í annað geti orðið verða þessi tvö kerfi að geta talað saman og uppfylla ákveðna staðla. Vísað er til þess í 24. gr. að ráðherra skuli með reglugerð kveða á um *tæknikröfur* og staðla sem sjúkraskrárkerfi þurfa að uppfylla. En þar til þessi reglugerð er orðin að veruleika er óljóst hvernig þetta verður tryggt.

Þá telur stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga nauðsynlegt að skýrt komi fram hvernig fara skuli með sjúkraskrár við gjaldþrot fyrirtækja í rekstri heilbrigðisþjónustu.“ — Þetta finnst mér, hæstv. forseti, mjög athyglisverður punktur.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Í 13. gr. er fjallað um aðgang starfsmanna að sjúkraskrám. Þar er gert ráð fyrir að sjúklingur, eða umboðsmaður hans, geti bannað ákveðnum starfsmönnum, þar með nemum í starfsnámi, aðgang að sjúkraskrá sinni og að slík synjun um aðgang að sjúkraskrá „ ... geti jafngilt því, eftir atvikum, að sjúklingur hafni meðferð ...“. Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga telur óheppilegt að blanda þessu tvennu saman því það verður að vera sérstök ákvörðun sjúklings að hafna meðferð. Slík ákvörðun verður að vera skýrt skráð sem sjálfstæð ákvörðun, ekki hvað síst í réttarfarslegu tilliti.“

Jafnframt kemur Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga inn á 15. gr. og það er varðandi sjúkraskrár látinna einstaklinga eins og hér hefur verið komið inn á — hv. þm. Dögg Pálsdóttir og hv. þm. Pétur H. Blöndal gerðu grein fyrir því hér áðan og er töluvert merkilegt hvernig á þeim málum hefur verið haldið.

Áfram segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Í 15. gr. er fjallað um aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings. Ótvírætt samþykki sem rætt er um í þessari grein er óljóst. Hvað þýðir ótvírætt samþykki? Verður látinn einstaklingur að hafa orðað það í lifanda lífi að hann gefi samþykki sitt fyrir aðgangi að sjúkraskránni að sér látnum? Hvað með einstakling sem aldrei leiddi hugann að aðgangi að sjúkraskránni meðan hann lifði? Ber að túlka það sem ótvírætt samþykki eða ekki? Athugasemdir með frumvarpinu skýra þetta ekki heldur.“

Eins og kemur fram í nefndarálitinu frá hv. heilbrigðisnefnd segir hér um aðgang að sjúkraskrám látins einstaklings, með leyfi forseta:

„Nefndin ræddi um aðgang aðstandenda að sjúkraskrá látins einstaklings skv. 15. gr. frumvarpsins. Við umfjöllun í nefndinni kom fram að 1. mgr. greinarinnar endurspeglaði ekki nægilega vel þá framkvæmd sem viðhöfð væri, sbr. orðalagið „ótvírætt samþykki“. Nefndin leggur því til að ákveði laga um réttindi sjúklinga sem þetta varðar standi óbreytt en hvetur til þess að þau verði endurskoðuð.“

Eins og hv. þm. Dögg Pálsdóttir kom að hér áðan verður það ekki gert nema með dómsúrskurði. Ég tel sjálf að það sé ekki algengt að sjúklingar skilji eftir sig upplýsingar varðandi aðgang að sjúkraskrám þeirra, að ekki sé mjög algengt að slíkar heimildir séu fyrir hendi, að þeir leyfi það, þó að ég viti það ekki, en mér finnst það mjög ólíklegt.

Eins og ég kom inn á áðan er tilgangur laga þessara að setja reglur um sjúkraskrár þannig að unnt sé að veita sjúklingum eins fullkomna heilbrigðisþjónustu og kostur er á hverjum tíma og tryggja um leið vernd sjúkraskrárupplýsinga. *Við færslu og varðveislu sjúkraskráa og aðgang að* þeim skal mannhelgi og sjálfsákvörðunarréttur sjúklings virtur, þess gætt að sjúkraskrár hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að sjúkraskrárupplýsingar eru trúnaðarmál, og á það legg ég ríka áherslu.

Virðulegi forseti. Við samningu frumvarpsins hefur verið tekið tillit til stefnumörkunar á þessu sviði og tel ég afar mikilvægt að þeir sem fara höndum um sjúkraskrána — og að öllum þeim upplýsingum er varða trúnað við sjúkling sé vel til haga haldið.

Í nefndarálitinu kemur fram að á fundi nefndarinnar hafi komið fram að undanfarin ár hefðu heilbrigðisstofnanir og heilsugæslur í landinu notið rafrænna sjúkraskráa. Frumvarp þetta opnar möguleika á samtengingu sjúkraskráa sem nú er ekki heimil nema til komi sameining stofnana. Samþykkt þess hefur í för með sér aukið hagræði í heilbrigðisþjónustunni sem eykur öryggi og velferð sjúklinga og sparar kostnað við rekstur á þjónustu, samanber sameiningu heilbrigðisstofnana úti um land eins og fyrrv. heilbrigðisráðherra lagði til — *mig minnir* að það hafi verið í gær að hæstv. heilbrigðisráðherra sagðist ætla að halda sig við þær breytingar sem fyrrverandi heilbrigðisráðherra lagði til um sameiningu heilbrigðisstofnana á Vesturlandi. Þá er þetta mjög gott til sparnaðar eins og kemur fram hér í nefndarálitinu, þetta hefur í för með sér hagræðingu innan heilbrigðisþjónustunnar og sparnað sem við töluðum fyrir í síðustu ríkisstjórn. Fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, talaði fyrir því hve mikilvægt

væri að spara í heilbrigðiskerfinu og ná niður kostnaði og þar á meðal með sameiningu heilbrigðisstofnana — mig minnir að það hafi komið fram að einu aðilarnir sem litu jákvætt á sameiningu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni hafi verið á Vesturlandi, engin andmæli komu þaðan.

Virðulegi forseti. Frumvarp það sem hér er til umræðu varðar mikilsverða hagsmuni sjúklinga og við skulum gera okkur grein fyrir því að það eru mikilsverðir hagsmunir sem sjúklingar hafa yfir höfuð. Um er að ræða persónulegar upplýsingar um hvern og einn og það skiptir máli að þær liggi ekki á glámbekk. Verði frumvarpið að lögum mun það auka öryggi um sjúkraskrárupplýsingar og veita heimildir sem leitt geta til mikillar framþróunar við veitingu heilbrigðisþjónustu hér á landi.

[16:16]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um sjúkraskrár. Eins og fram hefur komið er frumvarpið afrakstur vinnu nefndar um sjúkraskrár sem sett var á laggirnar þann 2. október árið 2007. Nefndin starfaði undir forustu hv. þm. Daggar Pálsdóttur og skilaði störfum þann 10. apríl 2008.

Í nefndinni og nefndarstarfinu var sérstaklega litið til löggjafar Evrópusambandsins, ESB, þar sem til grundvallar eru nokkrar reglur sem nýtast við lagasmíði í tengslum við rafrænar sjúkraskrár. Meðal þessara viðmiðunarreglna eru svokölluð tilgangsregla, áreiðanleikaregla, upplýsingaregla og öryggisregla.

Tilgangsreglan er þannig að þar kemur mjög skýrt fram að ekki skal nota upplýsingar nema í samræmi við þann tilgang sem þeirra var aflað. Áreiðanleikareglan felur í sér öryggi í færslu upplýsinga, um áreiðanleika og réttmæti upplýsinga sem til staðar eru. Upplýsingareglan er sett m.a. til að tryggja aðgang sjúklings að sjúkraskrá en einnig til þess að sjúklingar viti hverjir hafa fengið aðgang að sjúkraskrá þeirra. Öryggiskrafan er þannig að m.a. er kveðið á um að óviðkomandi hafi ekki aðgang að sjúkraskrám og að öryggi gagna sé tryggt.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlög um sjúkraskrár. Það var lagt fyrir áður í kjölfar þess að nefndin skilaði af sér í apríl 2008. Þá var það lagt fyrir á 135. löggjafarþingi og nú er það flutt aftur á yfirstandandi þingi.

Ýmis álitamál voru við samningu frumvarpsins og í umræðu nefndarinnar og þar snerust álitamálin aðallega um persónuvernd og aðgengi að sjúkraskrám, einnig um uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár, verndun hennar og eignarhald á henni.

Eins og hv. þm. Dögg Pálsdóttir hefur þegar nefnt var lagaumhverfi um sjúkraskrár mjög ábótavant. Það vantaði lög um þær. Það var eiginlega gert ráð fyrir því í löggjöf undanfarinna áratuga að sjúkraskrár væru til staðar og umræðan á árum áður hefur aðallega snúist um aðgengi sjúklinga að þeim.

Í fyrstu persónuverndarlögum upp úr 1980 eða í kjölfar þeirra var kveðið á um það að sjúklingur eða einstaklingur gæti snúið sér til læknis til að fá upplýsingar um sína sjúkraskrá. Ýmislegt hefur því breyst og er um það bil að breytast með samþykkt þessa frumvarps, vonandi sem fyrst. En það hafa verið margir óvissuþættir í umræðunni líka, t.d. um eignarhald á sjúkraskrám. Er sjúkraskráin í eigu sjúkrastofnunar? Eða kannski læknisins eða annarra heilbrigðisstarfsmanna? Er eignarhaldið í höndum sjúklingsins? Svona álitamál hafa verið hér um nokkurt skeið.

Um miðjan tíunda áratug var í löggjöf gert ráð fyrir því að sjúklingar hefðu aðgang að sjúkraskrám eftir 1990. Þá höfðu læknar aðallega áhyggjur af því að mögulega væri eitthvað í orðafari í vinnunótum þess eðlis að þeir vildu ekki endilega gefa frjálsan aðgang til sjúklings að sínum gögnum. Þetta hefur ekki reynst, samkvæmt upplýsingum hv. þm. Daggar Pálsdóttur, vera eins flókið mál og margir höfðu áhyggjur af.

Hvað varðar réttindi sjúklinga upp úr 1990 var sjúkraskráin skilgreind þannig að hún væri ekki beint eign sjúkrastofnunar eða læknis heldur væri hún til varðveislu þar. Aftur var óljóst hver átti þessar sjúkraskrár.

Hver og einn sjúklingur getur sem betur fer leitað sér heilbrigðisþjónustu víða hér á landi, farið til heilsugæslustöðvar, á sjúkrahús eða til sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna. Ljóst er að það væri gott, ef það er mögulegt, að tengja rafrænt þær upplýsingar sem eru til um hvern og einn sjúkling. Þannig væri hægt að koma í veg fyrir tvíverknað, t.d. við rannsóknir eða það að mismunandi heilbrigðisstarfsmenn eða heilsugæslustöð og sjúkrahús sendu sama sjúkling aftur og aftur í sams konar rannsókn á stuttu tímabili.

Frumvarpið opnar möguleika á rafrænni samtengingu sjúkraskráa. Þannig verða þær samtengdar og aðgengilegar í þágu heilbrigðis einstaklinganna og í þágu öryggis þeirra. Sýnin er sú að heildræn sjúkraskrá einstaklings frá vöggu til grafar muni auka öryggi í meðferð og greiningu sjúklinga. Þar væri til staðar yfirlit yfir meðferðir, lyfjanotkun og ástand einstaklinganna.

Hver þekkir ekki sögur úr heilbrigðiskerfinu um tvíverknað, t.d. í rannsóknum? Ég á nokkrar. Það er ekki langt síðan að kær vinur minn fór á heilsugæslustöð, stuttu seinna til sérfræðings í Reykjavík og stuttu þar á eftir á sjúkrahús í Reykjavík. Í öllum tilvikum, við könnuðum það síðar meir, var verið að reyna að afla sömu upplýsinga með væntanlega dýrum rannsóknum sem hægt væri að koma í veg fyrir ef þarna væri samtenging.

Hver þekkir ekki dæmi um ávísun mismunandi lyfja sem mismunandi læknar ávísa til sama sjúklings? Þá er ég sérstaklega með í huga dæmi um aldraða. Ég hef t.d. dæmi frá ömmu minni heitinni. Það var einhvern tímann á því tímabili sem við óttuðumst alvarlega um heilsu hennar ömmu. Þá fórum við í rælni, ég og systir mín, að skoða í lyfjaskápinn hennar. Þá kom í ljós að á hverjum einasta morgni setti þessi yndislega gamla kona fyrir framan sig 13 lyf. Ég kann ekkert í lyfjafræði og ætla ekki að þykjast kunna neitt í lyfjafræði en ég get alveg sagt ykkur það að þessi kokkteill var beinlínis hættulegur. Lyfin sem amma mín heitin taldi vera læknandi urðu að einhvers konar súpu sem reyndist afar hættuleg. Ég ætla svo sem ekkert að rekja þá sögu miklu lengra en svo að við fórum með hana í hasti á gjörgæsludeild í kjölfarið og þar kom í ljós að hún var með hættulega eitrun vegna samverkandi og gagnverkandi og misvíxlandi áhrifa þessara mismunandi lyfja.

Ég þykist vita að flestir þingmenn og landsmenn þekki svona sögur. Þetta er ekki einungis hættulegt, sem mér finnst reyndar alvarlegasta málið, heldur er þetta hræðilega dýrt. Að búa til svona banvæna kokteila er alveg hræðilega dýrt.

Rafræn samtengd sjúkraskrá hefur þann möguleika að auka öryggi sjúklings, og ég trúi því að hún geri það, að minnka tvíverknað og þar með kostnað einstaklinga og ríkissjóðs, að það verði meira samræmi í ávísun lyfja og aukin gæði í allri þjónustu í heilbrigðiskerfinu, betri lífsgæði sjúklings og um leið minnkandi kostnaður.

Með rafrænum sjúkraskrám getur fylgt vandi í tengslum við perónuvernd enda kom það fram í starfi nefndarinnar og síðan í þingnefndinni. En samkvæmt upplýsingum frá hv. þm. Dögg Pálsdóttur teljast girðingar og varnaglar sem til staðar eru í frumvarpinu tryggja persónuvernd nokkuð vel. Einnig kom fram í máli hv. þingmanns að óformlegar umsagnir Persónuverndar hefðu verið jákvæðar, nánast engar athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarpið lýtur að öryggi sjúklings, aðgengilegra vinnuferli fyrir heilbrigðisstarfsmenn og þetta ætti að auka gæði meðferðar og fyrirbyggja mistök.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að meðal breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu séu eftirfarandi atriði:

Skýrlega er mælt fyrir um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa sjúkraskrár, í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf. Þá er tilgangur með færslu sjúkraskráa skilgreindur. Mælt er fyrir um að sjúkraskrár skuli færðar rafrænt að því marki sem unnt er. Rafrænt sjúkraskrárkerfi er skilgreint. Kveðið er á um heimild til að samtengja rafræn sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna og um réttindi sjúklinga í því sambandi. Þá er um það að ræða að lögfest er heimild til annarra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu og nema í starfsnámi í heilbrigðisvísindum til að færa tilteknar upplýsingar í sjúkraskrár og hafa aðgang að þeim, enda hafi þeir undirgengist sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldur og heilbrigðisstarfsmenn almennt. Þá er kveðið á um að nánar sé fjallað um rétt sjúklinga við færslu upplýsinga í sjúkraskrá. Kveðið er á um rétt sjúklings til að leggja bann við því að tiltekinn eða tilteknir heilbrigðisstarfsmenn hafi aðgang að sjúkraskrá hans. Skýrt er kveðið á um rétt sjúklings til að fá upplýsingar um það hverjir hafi skoðað sjúkraskrá hans, hvar og hvenær og í hvaða tilgangi. Settar eru skýrar reglur um aðgang að sjúkraskrám látinna einstaklinga.

Þetta kemur fram í frumvarpinu sem helstu breytingar með tilkomu væntanlegra laga sem byggja á frumvarpinu.

Uppbygging frumvarpsins er í sjö köflum. Þar er að sjálfsögðu inngangur. Síðan er talað um færslu sjúkraskráa, um varðveislu sjúkraskráa, um aðgang að sjúkraskrárupplýsingum, um samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa, um sameiginleg sjúkraskrárkerfi og VII. kafli er um ýmis ákvæði.

Þegar skoðuð eru nánar álitaefni og eins athugasemdir við frumvarpið kemur fram í nefndaráliti að helst voru 11 álitaefni til umræðu. Þessi 11 álitaefni eru reifuð í nefndaráliti hv. heilbrigðisnefndar og ætla ég að leyfa mér að telja þau upp.

1. Aðgangshindranir. Nefndin ræddi um þær og taldi að þær athugasemdir sem komu fram í meðförum frumvarpsins hafi ekki gefið tilefni til að breyta því. Þær aðgangshindranir sem lagðar eru til í frumvarpinu eru samþykktar af hv. heilbrigðisnefnd.

2. Sérstaklega viðkvæmar persónuupplýsingar. Fram komu ábendingar í nefndarvinnunni að ekki væri þörf fyrir þá viðbótarflokkun upplýsinga sem birtist í orðalaginu „sérstaklega viðkvæmar sjúkraskrárupplýsingar“, í 13. gr. og 5. gr. frumvarpsins. Nefndin féllst ekki á að fella umrædda viðbótarflokkun brott og telur brýnt að sjúklingar séu við færslu sjúkraskrár upplýstir um réttindi sín samkvæmt frumvarpinu.

3. Takmörkun aðgangs jafngildi höfnun á meðferð. Það kom fram að aðeins í undantekningartilvikum mundi þetta eiga við. Bent var á að aðgangur að réttum upplýsingum geti verið forsenda þess að unnt sé að tryggja rétta meðferð.

4. Uppbygging rafrænnar sjúkraskrár. Þetta tel ég vera grundvallaratriði, virðulegi forseti, vegna þess að mismunandi rafræn kerfi eru notuð á mismunandi stofnunum, sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og í einkareknum stofnunum. Í því álitamáli sem snýst um uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár kemur fram að mótun heildarstefnu í notkun rafrænnar sjúkraskrár væri mikilvægur þáttur samhliða undirbúningi að innleiðingu ákvæða þessa frumvarps. Rafræn samtenging byggir á því eins og okkur öllum er kunnugt að rafrænu kerfin geti talað saman, að þau séu þess eðlis að hægt sé að tengja þau. Því er lagt til að heilbrigðisráðherra skilgreini í reglugerð þær tæknikröfur og þá staðla sem rafræn sjúkraskrárkerfi verði að uppfylla. Þannig er augljóst að mikið verk er fyrir höndum við innleiðingu þessara laga, verði frumvarpið að lögum, sem ég held að við öll vonum á hinu háa Alþingi. En fram undan er gríðarlega mikil vinna, samræmingarvinna á þessum rafrænu kerfum.

5. Eigandi rafrænnar sjúkraskrár. Athyglisverð umræða og álitamál er spurningin: Hver á rafræna sjúkraskrá? Það kom fram að í frumvarpinu væri ekki tekin beinlínis afstaða til þessa heldur mælt fyrir um vörslu sjúkraskrárinnar og heimildir til aðgangs að henni. Í frumvarpinu er fyrst og fremst talað um vörsluna og aðganginn að sjúkraskránni. Fram kom sá skilningur fulltrúa heilbrigðisráðuneytis og landlæknis í nefndarvinnunni að sjúkraskrá gæti ekki verið eign í þeim skilningi sem almennt er lagður í það hugtak. Hún er samkvæmt þessu hvorki eign sjúklings, heilbrigðisstarfsmanns né heilbrigðisstofnunar. Nefndin tók undir þennan skilning.

6. Aðgangur annarra stétta en skilgreindra heilbrigðisstétta. Nefndin benti á að ákvæði frumvarpsins sem að þessu lúta í 5., 13. og 24. gr. tækju á þessum málum. Í 5. og 13. gr. er fjallað um færslu sjúkraskráa og aðgang annarra starfsmanna og nema, og ráðherra er heimilt að kveða nánar á um aðgangstakmarkanir og mismunandi aðgang í reglugerð, samanber 24. gr. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið skerði aðgangsheimildir samkvæmt öðrum lögum sem fjalla um aðgang.

7. Aðgangur sjúklings að eigin sjúkraskrá. Ákvæði frumvarpsins um aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá er að mestu leyti sambærileg við núgildandi lög um réttindi sjúklinga.

8. Aðgangur að sjúkraskrá látins einstaklings. Nefndin lagði til að ákvæði laga um réttindi sjúklinga sem þetta varðar standi óbreytt en hvetur til þess að þau verði endurskoðuð. Í máli hv. þm. Daggar Pálsdóttur komu fram efasemdir um að þetta ákvæði ætti að standa í samræmi við það sem áður greindi og hv. þingmaður var með tillögur um hvernig mætti gera það á annan veg sem ég hvorki þekki né ætla að reifa hér.

9. Uppfærsla sjúkraskrárupplýsinga. Fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins voru ekki sammála og bentu á að upptalning töluliðar, þ.e. 1. tölul. í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins þyrfti að samræmast alþjóðlegum stöðlum. Þarna kemur aftur að því að til þess að sýnin um samræmda sjúkraskrá og öryggi sjúklings gangi upp þarf samræmingu og staðla.

10. Varðveisla sjúkraskráa. Rétt þótti að skýra það að skylda væri að varðveita sjúkraskrá og sú skylda falli ekki brott um leið og sjúklingur deyr.

11. Skilgreiningar. Loks var rætt svolítið um skilgreiningaratriði.

Virðulegi forseti. Verði frumvarpið að lögum skapast með rafrænni sjúkraskrá einstaklings yfirsýn, öryggi, skilvirkni og gæði í umönnun sjúklings og auk þess sparnaður. Ég tel frumvarpið vera mikilvægt skref í þróun íslensks heilbrigðiskerfis og lýsi ánægju með að líklega verður það að lögum á allra næstu dögum ef ekki síðar í dag.

[16:36]

Útbýting:

Fiskimarkaðir og hvalveiðar, 392. mál, svar sjútv.- og landbrh., þskj. 939.

Framtíð Keflavíkurflugvallar og slökkvilið, 472. mál, fsp. GMJ, þskj. 941.

Frestun á fundum Alþingis, 473. mál, stjtill. forsrh., þskj. 946.

Vinnsla hvalafurða, 334. mál, svar sjútv.- og landbrh., þskj. 940.

[16:37]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um sjúkraskrár. Tilgangur laga þessara er að setja reglur um sjúkraskrár þannig að unnt sé að veita sjúklingum eins fullkomna heilbrigðisþjónustu og kostur er á hverjum tíma og tryggja um leið vernd sjúkraskrárupplýsinga.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði sérstök lög um sjúkraskrár. Núgildandi ákvæði laga um sjúkraskrár er að finna í lögum nr. 73/1997, um réttindi sjúklinga. Þau fjalla fyrst og fremst um rétt sjúklinga til aðgangs að eigin sjúkraskrám. Hefur öðrum reglum sem varða færslu sjúkraskráa, varðveislu þeirra og meðferð, verið fundinn staður í reglugerð nr. 227/1991, um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, sem sett voru á sínum tíma með stoð í læknalögum.

Telja verður að ýmis mikilvæg atriði sem þar er mælt fyrir um eigi betur heima í settum lögum frá Alþingi, svo sem um skylduna til færslu sjúkraskráa, tilgang sjúkraskráa, meginsjónarmið um sjálfsákvörðunarrétt og mannhelgi sjúklinga, hvaða upplýsingar skuli að lágmarki færðar í sjúkraskrár, reglur um örugga varðveislu þeirra og fleira. Þá hafa augu manna verið að opnast fyrir þeim möguleikum sem felast í rafrænum sjúkraskrám og rafrænum sjúkraskrárkerfum til að bæta heilbrigðisþjónustuna og ekki síst auka öryggi sjúklinga. Nauðsynlegt er að um færslu rafrænna sjúkraskráa, samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa og sameiginleg sjúkraskrárkerfi gildi skýrar lagareglur þannig að unnt sé að tryggja öryggi upplýsinga í slíkum kerfum, svo og persónuvernd sjúklinga og ekki síst sjálfsákvörðunarrétt þeirra þegar kemur að rafrænni miðlun sjúkraskrárupplýsinga á milli veitenda heilbrigðisþjónustu. Þá eru ákvæði laga um réttindi sjúklinga um sjúkraskrár og áðurnefndrar reglugerðar komin nokkuð til ára sinna og þarfnast endurskoðunar og lagfæringar í ljósi breyttra aðstæðna og lagaumhverfis í heilbrigðisþjónustu, sem og breyttra viðhorfa, m.a. um persónuvernd og sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga.

Að öllu samanteknu er ljóst að rík þörf er á endurskoðun lagareglna um sjúkraskrár hér á landi. Er frumvarpinu sem hér er lagt fram ætlað að mæta þeirri þörf.

Í frumvarpinu er farið yfir helstu breytingar sem lagðar eru til á frumvarpinu og þær eru tíundaðar í fjórtán liðum.

Þær eru m.a. að skýrlega er mælt fyrir um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa sjúkraskrár. Tilgangur með færslu sjúkraskráa er skilgreindur. Mælt er fyrir um að sjúkraskrár skuli færðar rafrænt að því marki sem unnt er. Rafrænt sjúkraskrárkerfi er skilgreint. Kveðið er á um heimild til að samtengja rafræn sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna og um réttindi sjúklinga í því sambandi. Heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna, tveimur eða fleirum, er veitt heimild til að ákveða, með leyfi ráðherra, að færa og varðveita sjúkraskrár sjúklinga sinna í sameiginlegum rafrænum sjúkraskrárkerfum. Ráðherra er veitt heimild til að kveða á um færslu rafrænna sjúkraskráa í reglugerð og kröfur sem rafræn sjúkraskrárkerfi þurfa að uppfylla. Skilgreint er hver sé ábyrgðaraðili sjúkraskráa annars vegar og umsjónaraðili hins vegar og ábyrgð og skyldur þessara aðila tilgreindar. Lögfest er heimild annarra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu og nema í starfsnámi í heilbrigðisvísindum til að færa tilteknar upplýsingar í sjúkraskrár og hafa aðgang að þeim, enda hafi þeir undirgengist sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldur og heilbrigðisstarfsmenn. Nánar er kveðið á um rétt sjúklinga við færslu upplýsinga í sjúkraskrá. Kveðið er á um rétt sjúklings til að leggja bann við því að tiltekinn eða tilteknir heilbrigðisstarfsmenn hafi aðgang að sjúkraskrá hans. Skýrt er kveðið á um rétt sjúklings til að fá upplýsingar um það hverjir hafi skoðað sjúkraskrá hans, hvar og hvenær og í hvaða tilgangi. Skýrar reglur eru settar um aðgang að sjúkraskrám látinna einstaklinga. Einnig er kveðið á um viðurlög vegna brota á lögunum og skyldu til að kæra mál til lögreglu ef verulegar líkur eru taldar á að brotið hafi verið gegn hagsmunum sjúklinga.

Ég tel, virðulegi forseti, að þetta frumvarp hljóti að vera mjög til bóta, þ.e. að sjúkraskár séu færðar rafrænt og að hægt sé að senda sjúkraskrár á milli staða, milli heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og þær fylgi þar með sjúklingi eins og fram hefur komið, þ.e. að á einum stað séu allar upplýsingar um viðkomandi sjúkling frá vöggu til grafar. Af þessu hlýtur að hljótast mikil hagræðing og betri og bætt

vinnubrögð og að ég tali nú ekki um þá ótvíræðu kosti sem þetta hefur í för með sér. Helsti kosturinn er auðvitað hið mikla öryggi sem felst í þessu. Einnig öryggi í greiningu, meðferð og umönnun sjúklinga, m.a. vegna greiðari aðgangs að upplýsingum, t.d. hvað varðar lyfjaofnæmi, lyfjatökur, samverkun lyfja, milliverkun lyfja, nýlegar rannsóknarniðurstöður, fyrri greiningar og meðferð á aukinni heildaryfirsýn almennt.

Einnig aukin gæði í þjónustu við sjúklinga, m.a. vegna skilvirkari þjónustu og markvissari meðferð. Minni líkur hljóta að vera á endurtekningum, t.d. á ýmsum rannsóknum, minni óþægindi fyrir sjúklinga og aukið öryggi í allri þjónustu. Jafnframt verður minni kostnaður bæði fyrir sjúklinga og heilbrigðiskerfið í heild, m.a. vegna aukinnar yfirsýnar og greiðari aðgangs að upplýsingum, síður endurtekning á rannsóknum, markvissari meðferð og skjótari þjónusta sem skilar að lokum ánægðari sjúklingum og vonandi betri lífsgæðum.

Í frumvarpinu er ýmislegt sem þarf að ræða þegar fjallað er um svo mikilvægt mál sem rafræna sjúkraskrá. Í nefndarálitinu er fjallað um aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá og þar segir að nefndin hafi rætt um aðgang sjúklinga að eigin sjúkraskrám samkvæmt 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Ákvæði frumvarpsins um aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá eru að mestu leyti sambærileg við núgildandi lög um réttindi sjúklinga. Fram kom að miðað við aðstæður núna þýðir þetta annaðhvort að sjúklingur situr fund með meðferðaraðila sem fer yfir þau atriði sjúkraskrárinnar sem sjúklingur óskar eftir og/eða að sjúklingur fær afhent pappírsafrit af sjúkraskránni, í heild eða að hluta, eftir aðstæðum. Hins vegar er gert ráð fyrir að í framtíðinni geti orðið um að ræða rafrænan aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Slíkt aðgengi sjúklinga er nú þegar til staðar sums staðar á Norðurlöndunum þar sem sjúkdómsgreiningar, meðferðir, legur og tímabókanir eru rafrænt aðgengilegar sjúklingum.

Ég held að þetta hljóti að vera gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir sjúklinga að þeir hafi þennan aðgang að einhvers konar eigin heimasíðu. Fái eigið aðgangsorð á eigin nafni inn á sjúkraskrá sína því ég held að það hljóti að geta komið sér mjög vel fyrir sjúklinga í mörgum tilvikum sem þurfa eflaust einhvern tíma að leita til annarra lækna en kannski þeirra sem hafa umsjón með sjúkraskrá viðkomandi sjúklings að hafa þá þann möguleika til þess að fyllsta öryggis sé gætt í meðferð hjá annarri stofnun eða öðrum læknum, að geta gefið viðkomandi lækni heimild til að fara inn á þá heimasíðu sem sjúklingurinn hefur yfir sjúkdómsgreiningu sína og hvaða meðferðir hafa verið gerðar. Einnig legu- og tímabókanir. Ég held að það hljóti að skipta gríðarlega miklu máli í öllu öryggi og í gæðum heilbrigðisþjónustunnar fyrir hvern og einn sjúkling að þessi möguleiki sé til staðar.

Ég hef oft í ræðum nefnt til samanburðar hvað sveitarfélögin eru að gera á ýmsum sviðum því sveitarfélögin í landinu eru oft framarlega í ýmsum málum. Þau er t.d. mjög framarlega í rafrænni þjónustu við íbúa sveitarfélaga. Þess vegna tel ég að það hljóti að þurfa að vera eitthvert samræmi milli rafrænnar þjónustu sveitarfélaga og ríkisins, að þjónusta ríkisins sé ekki mjög langt á eftir þjónustu sveitarfélaganna því auðvitað mun fólk sem venst því að nýta sér rafræna þjónustu sveitarfélaganna gera að sama skapi kröfur til ríkisins þegar það þarf á þeirra þjónustu að halda, að þjónustan sé með sama hætti.

Eins og ég sagði er rafræn þjónusta sveitarfélaga orðin gríðarlega mikil og sveitarfélög mjög framarlega í henni. Í því felst mikill sparnaður, mikill vinnusparnaður þar sem áður þurfti að ljósrita og eyða tíma í að leita er nú aðgengilegt íbúum á íbúavef sveitarfélaga. Þarna gildir það sama með ríkið og í heilbrigðismálum, að auðvitað sparast bæði tími hjúkrunarfólks og sjúklinga, þeir geta leitað rafrænt eftir upplýsingum á sjúkraskrá en þurfa hvorki að eyða eigin tíma né tíma heilbrigðisstarfsfólks í að sitja fundi og ljósrita gögn og taka ákvarðanir um hvað það er sem sjúklingur þarf á að halda úr sjúkraskránni sinni á hverjum tíma.

Sem dæmi um rafræna þjónustu sveitarfélaga og íbúavefi sveitarfélaga hafa íbúar víðast hvar, a.m.k. í stærstu sveitarfélögunum, aðgang að loftmyndum ef þeir þurfa á að halda. Þeir hafa aðgang að teikningum af íbúðarhúsi sínu, raflagnakerfinu og skólplögnum. Þetta er auðvitað allt mjög vinnu- og tímasparandi, bæði fyrir íbúðareiganda sem þarf á upplýsingunum að halda og getur nýtt sér tölvutæknina og skoðað þetta í tölvunni heima, í staðinn fyrir að þurfa að fara á viðkomandi bæjarskrifstofu eins og var fyrir mjög fáum árum og eyða tíma í að leita að teikningum eða leita að þeim gögnum sem viðkomandi þarf.

Þegar sveitarfélögin voru að koma sér upp slíkum gagnagrunni var það bæði kostnaðarsamt og tímafrekt. En það hefur sýnt sig að minnsta kosti hjá sveitarfélögunum þar sem ég þekki til að til lengri tíma litið er mikill sparnaður sem hlýst af því veita íbúum aðgang með þessum hætti. Ég hygg að hið sama hljóti að gilda í heilbrigðismálum, þetta er bæði tímasparnaður og eykur líka gæði þjónustunnar.

Þá má líka geta þess að þessir íbúavefir gefa íbúum fjöldann allan af tækifærum til að nálgast styrki eða niðurgreiðslur sem sveitarfélög veita og möguleika á að ráðstafa fjárhæðunum á vefnum. Allt þetta leiðir til þess að þegar fólk fer að tileinka sér íbúavefi sveitarfélaganna þá þykir fólki þetta svo þægilegt í alla staði að það hlýtur að ætlast til að ríkið sé að sama skapi tæknivætt hvað þetta snertir.

Einhverjar heilbrigðisstofnanir, heilsugæslustöðvar, hafa farið þá leið til að spara tíma sjúklinga og bið eftir því að koma til læknis ef sjúklingar þurfa að taka lyf, jafnvel alla ævi, að þeir þurfa ekki í hvert skipti sem þeir þurfa á lyfjunum að halda að fara á heilsugæslustöð til að hitta lækni heldur er sá möguleiki að senda óskina rafrænt inn á heilsugæslustöðina og fá rafrænan lyfseðil sendan í apótek eða lyfjaverslun til baka.

Þessir möguleikar eru fyrir hendi og þar sem ég þekki til nýtir fólk sér þá mjög mikið. Þetta er vísir að því að sjúklingum er hugleikið að geta nýtt rafrænt kerfi eins mikið og mögulegt er í allri þjónustu við hið opinbera, hvort sem það eru sveitarfélögin eða ríkið.

Virðulegi forseti. Ég tel að það frumvarp sem hér liggur fyrir sé að öllu leyti mjög gott frumvarp og muni bæta gæði í heilbrigðisþjónustunni og öryggi sjúklinga (Forseti hringir.) og því sé mjög brýnt að það nái fram.

[16:57]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Við erum í 2. umr. um frumvarp til laga um sjúkraskrár sem við höfum rætt hér í dag og höfum verið mikið með milli handanna í hv. heilbrigðisnefnd í vetur og unnið þar mjög góða vinnu. Fyrst var það vinna sem var unnin undir minni forustu í nefndinni en síðan tók hv. þm. Þuríður Backman, núverandi formaður heilbrigðisnefndar, við og leiddi málið til lykta.

Það er ánægjulegt að frumvarpið er unnið í góðri sátt milli stjórnmálaflokka og mikil samstaða er um að það nái fram að ganga. Þó hafa ákveðnar efasemdir komið fram um fjármögnun á verkefninu. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að það mun kosta um einn og hálfan milljarð að hrinda því í framkvæmd eða innleiða það fram til ársins 2011 og jafnframt kemur fram að ekki megi leiða það af ákvæðum frumvarpsins hver fjárfestingin er í þessu. Á hinn bóginn verður líka að segjast að undirbúningur þessa verkefnis hefur tekið langan tíma, verkefnið hefur verið lengi í undirbúningi. Meðal annars hefur starfsmaður í heilbrigðisráðuneytinu um árabil unnið að undirbúningi á því og enn þann dag í dag er mikil áhersla lögð á þennan þátt.

Mikil þekking á þessu sviði liggur í heilbrigðiskerfinu og þegar hafa verið innleidd kerfi innan heilbrigðisstofnana sem halda utan um sjúkraskrár með rafrænum hætti. Jafnframt hafa komið fram um það efasemdir að það kerfi sem notað hefur verið undanfarin ár, sem er hið svokallaða sögukerfi, verði notað til framtíðar. Allt er þetta enn í umræðunni og vil ég ekki fullyrða neitt á þessari stundu en það hefur verið rætt meðal heilbrigðisstarfsfólks að jafnvel þurfi að fara að vinna þetta kerfi frá grunni til þess að hægt sé að tengja kerfið saman um allt land.

Ekki fer á milli mála hve mikið notagildi er í að koma á rafrænni sjúkraskrá. Þó að fólk sæki sér yfirleitt þjónustu á sömu stofnunum eða til sömu aðila á hverjum tíma verður ekki fram hjá því litið að upplýsingar um sjúkrasögu sjúklinga liggja víða í kerfinu og mikill fengur er í því að leiða þær upplýsingar saman til þess að fá heildarmynd af sjúkrasögu sjúklingsins og hvernig brugðist hefur verið við heilsufarsástandi hans á hverjum tíma. Það er því ljóst að í þessu felst bæði aukið öryggi fyrir sjúklinginn og meiri upplýsingar liggja fyrir til grundvallar ákvörðunartöku um meðferð og aðgerðir og í því felst mikið öryggi fyrir sjúklinginn. Þar að auki kemur þetta í veg fyrir tvítekningu á rannsóknum eða aðgerðum.

Við vitum að fólk fer yfirleitt fyrst með heilsufarsvandræði til heimilislæknis og fer þar í ákveðnar rannsóknir. Síðan er viðkomandi jafnvel vísað til sérfræðings og þar eru gerðar aðrar rannsóknir og jafnvel þaðan inn á sjúkrahús og þar eru enn og aftur gerðar rannsóknir. Allar þessar rannsóknir eru þá hugsanlega gerðar á mismunandi rannsóknarstofum þannig að ekki er hægt að nýta fyrri rannsóknir eða sjá t.d. framgang sjúkdóms þegar hann er til staðar til þess að meta stöðu mála. Umræða um samtengingu sjúkraskráa hefur því átt sér stað um langt skeið hér á landi og mikill áhugi er meðal heilbrigðisstarfsmanna á að hrinda henni í framkvæmd. Einnig hefur verið bent á að slík samtenging rafrænnar sjúkraskrár fyrir alla Íslendinga geti orðið til þess að við verðum í fararbroddi fyrir þróun úti í heimi, gæti þess vegna orðið útflutningsvara því að samfélagið hér er sérstakt að því leyti að það er lítið, það er ungt og góð þekking liggur í samfélagi okkar. Fyrir utan þá þætti sem ég hef rætt um, um aukið öryggi og minni kostnað, er það ekki nokkur spurning að aukin gæði felast í þjónustu við sjúklinga, óþægindi sjúklinga verða minni, þeir þurfa ekki að fara á milli staða til þess að endurtaka t.d. rannsóknir sem notaðar eru á mismunandi stöðum.

Í nefndinni var töluvert rætt um öryggi sjúkraskrárupplýsinga og geymslu þeirra og á það hefur m.a. verið bent að öryggi sjúkraskráa í dag, þegar þær eru á pappírsformi, er ekki mikið. Aðgangur að slíkum upplýsingum er greiður. Á sjúkrastofnunum liggja sjúkraskrár inni á vakt og ýmsir hafa þar aðgang. Á heilsugæslustöðvum eru sjúkraskrár á pappírsformi oft í geymslum inn af móttöku sem er fyrir allra augum og þeir sem ætla sér að ná í slíkar upplýsingar gætu hugsanlega gert það ef þeir hefðu áform þar um.

Við höfum líka fylgst með þeirri þróun sem orðið hefur á sjúkrastofnunum þegar sjúkraskrár hafa verið færðar á rafrænt form. Er þá gert ráð fyrir því, eins og kemur fram í frumvarpinu, að heilbrigðisstarfsmenn sem þurfa á því að halda að komast inn í slíkar skrár fái aðgangsorð og slík aðgangsorð verði hægt að rekja. Allir sem fara þar inn þurfa þá að gera grein fyrir því af hverju þeir eru að fara inn í sjúkraskrána.

Við munum öll að ekki alls fyrir löngu kom upp mál á sjúkrastofnun hér á landi þar sem ákveðin stikkprufa var tekin á því hverjir hefðu farið í sjúkraskrá tiltekins sjúklings sem ekki var nafngreindur enda engin þörf á því, en það var þekktur einstaklingur. Menn reyndu að gera sér grein fyrir því hverjir hefðu skoðað sjúkraskrána og kom þá í ljós að einhverjir heilbrigðisstarfsmenn þurftu að gera yfirmanni sínum grein fyrir því af hvaða ástæðum þeir hefðu farið inn í þessa tilteknu sjúkraskrá. Í þessari tækni felst ákveðið aðhald, þ.e. að enginn afli sér persónuupplýsinga í heimildarleysi.

Frumvarpið er mikill fengur fyrir heilbrigðisþjónustuna en jafnframt hljótum við að lýsa ákveðnum áhyggjum yfir því að ekki er búið að tryggja fjármagn í þetta verkefni. Kostnaðurinn við það er um einn og hálfur milljarður króna en á móti kemur að í því felast töluverðir möguleikar á sparnaði innan heilbrigðisþjónustunnar sem þar að auki leiðir til aukins (Forseti hringir.) öryggis.

[17:08]

Dögg Pálsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við höldum hér áfram að ræða frumvarp til laga um sjúkraskrár. Í síðustu ræðu minni fjallaði ég um þá breytingu sem hv. heilbrigðisnefnd leggur til við 15. gr. Ég vænti þess að einhverjar skýringar komi frá formanni nefndarinnar, hv. þm. Þuríði Backman, í lok þessarar umræðu. Ég hef í millitíðinni verið að skoða þetta betur af því að ég átta mig ekki alveg á hvaða rök liggja að baki þeirri breytingu sem lögð er til, ég fór til upprifjunar að kíkja á þær athugasemdir sem bárust við meðferð frumvarpsins.

Eins og fram kemur í frumvarpinu var það lagt fram síðastliðið vor og hv. heilbrigðis- og trygginganefnd, eins og

hún hét þá, sendi það út til umsagnar. Frumvarpið var síðan tekið fyrir á haustþingi en náði ekki fram að ganga. Vinnubrögðin af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, eins og það hét þá, voru með þeim hætti að ég sem formaður nefndarinnar sem samdi frumvarpið var kvödd til og fór yfir þær umsagnir sem þá höfðu borist. Var það gert í góðu samstarfi við embættismenn ráðuneytisins og tekið var tillit til mjög margra — ef ég man rétt nánast allra — efnislegra athugasemda sem fram höfðu komið frá umsagnaraðilum sem sent höfðu umsögn til þingsins. Í þeirri mynd er frumvarpið síðan lagt fram í haust á þskj. 205 — þetta er raunar rakið í athugasemdum við frumvarpið.

Það kemur fram hvaða breytingar ráðuneytið gerði og 15. gr. var óhögguð frá því sem var. Engar breytingar voru gerðar á henni enda ekki talin ástæða til. Ég árétta það, sem fram hefur komið í annarri hvorri ræðu minni, að þetta fyrirkomulag, um aðgang að sjúkraskrám látinna, var eitt af stóru málunum í nefndinni. Við eyddum talsverðum tíma í að ákveða með hvaða hætti þessu yrði sem best fyrir komið, m.a. út af þeim þekkta ágreiningi sem verið hefur milli landlæknisembættisins og heilbrigðisráðuneytisins um það hvernig túlka eigi lögin um réttindi sjúklinga.

Frumvarpið var síðan lagt fram aftur í haust og einhverjar umsagnir bárust, ekki mjög margar enda búið að taka tillit til flestra umsagna. Ég kom síðan á fund hv. heilbrigðisnefndar í janúar þar sem farið var yfir frumvarpið. Ég minnist þess ekki að í neinum þeim umsögnum sem þá lágu fyrir nefndinni hafi sérstakar athugasemdir verið gerðar við 15. gr. Mér er það því talsvert umhugsunarefni hvaðan þær hugmyndir koma að breyta orðalagi með þeim hætti sem gert er í breytingartillögu nefndarinnar, ekki síst af því að því er að mínu mati breytt á versta veg sem hægt er, þ.e. að vísa í lögin um réttindi sjúklinga sem geyma nákvæmlega engin ákvæði um það hvaða reglur gilda. Þvert á móti hefur margsinnis komið upp lögfræðilegur ágreiningur um það hvaða reglur gilda um aðgang að sjúkraskrá látinna samkvæmt gildandi lögum um réttindi sjúklinga. Leyst hefur verið úr þeim ágreiningi með tilteknum hætti af hálfu ráðuneytisins og í andstöðu við embætti landlæknis sem telur að þetta eigi alltaf að vera með dómsúrskurði. Ég furða mig því á því að þessi leið skuli farin.

Ég hefði talið miklu skynsamlegra að sníða agnúa af 15. gr. — ef einhverjir eru, ég raunar sé ekki hvaða agnúar það eru. Ég tel að það sé betra að fara þarna hægt í opnun en hratt — frekar en að skila auðu með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu. Ég árétta því fyrirspurn mína til formannsins, hv. þm. Þuríðar Backman, um það (Forseti hringir.) hvaðan þessi breytingartillaga kom og hver séu rökin fyrir henni.

[17:13]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir mjög málefnalega umræðu sem verið hefur í dag um þetta frumvarp. Það lætur kannski ekki mikið yfir sér, það er tæknilegs eðlis að miklu leyti en skiptir sjúklinga miklu máli, réttindi þeirra, allt starfsumhverfi heilbrigðisþjónustunnar og þróun heilbrigðisþjónustunnar til framtíðar, meira að segja þróun sem við sjáum ekki alveg fyrir. Þess vegna er mjög mikilvægt að stíga varlega niður og vanda sig við verkið, sem ég tel að allir hafi gert. Ég þakka hv. þm. Dögg Pálsdóttur fyrir hennar vinnu að undirbúningi þess frumvarps sem fyrst var lagt fram og er grunnurinn að þeirri vinnu sem við vinnum nú.

Hægt væri að halda langar og miklar ræður og hefði örugglega verið gert við eðlilegar aðstæður í þjóðfélaginu. Ég tel að þá hefðu fleiri tekið til máls og verið hefði meiri umræða en verður í dag, en umræðurnar hafa verið góðar og málefnalegar og ég tel að mikilvægt að við náum að ljúka þessu máli. Ekki hefur verið farið yfir það á það mikilli hraðferð að við náum ekki að taka til greina og umhugsunar atriði sem stungið hafa í augu.

Hv. þm. Dögg Pálsdóttir, sem stóð að samningu fyrsta frumvarpsins, spyr hvaðan hugmyndirnar hafi komið varðandi breytingu á 15. gr. Því er til að svara að nokkrar athugasemdir komu við orðalag og m.a. kom athugasemd frá landlæknisembættinu um að til þess að fara inn í sjúkraskrá sjúklings þyrfti alltaf að liggja fyrir rökstuddur grunur um að eitthvað hefði farið úrskeiðis eða rökstudd ástæða fyrir því að fara í sjúkraskrána. Ég vil leyfa mér að segja það og fullyrða að það hafi verið heilbrigðisnefndarmenn sjálfir sem lásu 1. mgr. og töldu að hún mundi ekki ganga. Ef hún stæði óbreytt væri ekki hægt að komast inn í sjúkraskrá einstaklinga því að það er algjörlega í undantekningartilfellum sem fyrir liggur ótvírætt samþykki sjúklings um að fara megi í sjúkraskrána að honum látnum.

Með leyfi hæstv. forseta, stendur hér:

„Veita skal aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings þegar fyrir liggur ótvírætt samþykki hans um að veita megi viðkomandi aðila slíkan aðgang. Teljist samþykki sjúklings ekki ótvírætt skal umsjónaraðili sjúkraskrár án tafar vísa beiðni um aðgang að sjúkraskránni til landlæknis til ákvörðunar.“

Það var þetta ótvíræða samþykki sem við bendum á að liggi sjaldnast fyrir því að fæstir gera ráð fyrir dauðastundinni, að hún nálgist. Og þeir sem undirbúa sig undir hana hugsa kannski ekki endilega um sjúkraskrána á þeirri stundu heldur um allt aðra hluti. Það var því heilbrigðisnefndin sjálf sem taldi þetta vera það stíft að það ætti frekar að hafa þetta eins og það er í dag. En eins og segir í nefndarálitinu hvetur heilbrigðisnefndin til þess að lög um réttindi sjúklinga verði endurskoðuð m.a. með tilliti til þessa frumvarps sem verður að lögum og eins með tilliti til þess að verið er að vinna að breytingum á lögum um vísindarannsóknir o.fl. þannig að lög um réttindi sjúklinga verða að vera í stöðugri endurskoðun.

Við viljum auðvitað hafa eðlilegan og sanngjarnan aðgang nánustu aðstandaenda að sjúkraskrám og við fengum þær upplýsingar að fyrirkomulagið sem verið hefur fyrir hjá okkur og er gert grein fyrir í lögum um réttindi sjúklinga og eins í reglugerð um sjúkraskrár, er mjög sambærilegt því sem er í Danmörku og í Noregi þannig að við töldum okkur vera að fara að þeirri fyrirmynd. Það er það sem liggur fyrir hvað varðar þessa breytingartillögu.

Aftur á móti skil ég alveg rök hv. þm. Daggar Pálsdóttur þegar hún nefnir þessar tvær leiðir, að ef grunur vaknar eftir andlát um að eitthvað hafi farið úrskeiðis í meðferðinni sé það landlæknis að úrskurða um hvort veita eigi aðgang

að sjúkraskránni. Í dag er það þannig að viðkomandi læknir eða meðferðaraðili metur það alltaf og telji hann beiðni aðstandenda vera að tilefnislausu og að ekki sé ástæða til að fara í sjúkraskrána er því vísað til landlæknis þannig að ákveðið ferli er í gangi. Nú er það heilbrigðisráðuneytið sem sker svo úr um það, málið fer ekki beint í dómsúrskurð eins og hv. þingmaður hefur lagt til. Er það sérstaklega þegar beiðni um að fara í sjúkraskrá er vegna erfðafræðilegra upplýsinga að upp koma spurningar varðandi andlát og erfingjar fara að takast á um arfinn. Það eru þá peningarnir og arfurinn sem verða til þess að fólk vill fá réttar, fræðilegar upplýsingar og þarf alltaf dómsúrskurð til þess að fá þær.

Ég hef látið boða fund í heilbrigðis- og tryggingarnefnd strax við upphaf kvöldverðarhlés og vil að heilbrigðisnefndin fari yfir þessa grein með hliðsjón af því sem hér hefur komið fram því að við viljum auðvitað hafa þetta réttlátt en ekki svo harðlokað að það sé nær ómögulegt að komast í það. Ég tel að hið ótvíræða samþykki liggi sjaldnast fyrir eins og talað var um í frumvarpsgrein. Mér finnst rétt að við fjöllum um það á þessu stigi en eins og breytingartillaga heilbrigðisnefndarinnar segir erum við að vísa til þeirra laga sem eru í dag en hvetjum auðvitað til þess að lög um réttindi sjúklinga taki breytingum samkvæmt öðrum lagabreytingum sem verða. Ég held að það sé ekkert síður með tilliti til þess frumvarps sem nú liggur fyrir að endurskoða þurfi lög um réttindi sjúklinga. Ég veit ekki hvort þetta svarar hv. þingmanni en við förum þá vel yfir málið í kvöldverðarhléi.

Hvað varðar ræðu hv. þm. Péturs Blöndals um samtengingu gagna og alla þá möguleika sem skapast við að hægt sé að mynda svona stóra gagnagrunna þar sem allar upplýsingar um sjúklinga eru geymdar tek ég undir margar vangaveltur hans og varúðarorð. Okkur ber að fara varlega og þessir miklu tæknimöguleikar geta leitt okkur áfram kannski lengra en Persónuvernd nær að verja sjúklingana eða þá sem sjúkraskrárnar fjalla um, ég tek að því leytinu undir varúðarorð hans að við skulum fara varlega þegar við horfum á stóru myndina. Ég er aftur á móti algjörlega ósammála honum hvað varðar miðlægan gagnagrunn sem hér átti að koma upp því að þetta eru tveir gjörólíkir grunnar. Miðlægi gagnagrunnurinn átti jú að þjóna ákveðnu fyrirtæki út frá vísindarannsóknum og vera gagnagrunnur þess en sá gagnagrunnur sem við erum að byggja upp er gagnagrunnur sem á að þjóna sjúklingunum en ekki öfugt. Þó að niðurstöður vísindarannsókna hafi í þeim miðlæga grunni getað skapað grunn að betri lýðheilsu eða meðferð á sjúkdómum er þetta allt annars eðlis. Þær vísindarannsóknir sem hægt er að stunda og hafa aðgang að þeim gagnagrunni sem á svo að byggja upp fer samkvæmt lögum og reglum um vísindarannsóknir eru allt annars eðlis. Þær geta vonandi skapað sama grunn að bættri lýðheilsu og bættri meðferð sjúkdóma.

Hæstv. forseti. Það var þetta tvennt sem ég vildi svara og eins hvað varðar kostnaðinn sem stendur út af, það er mjög mikilvægt að gera þetta frumvarp að lögum þannig að hægt sé að vinna út frá þeim að útfærslu uppbyggingar á gagnagrunninum en hraði uppbyggingarinnar hlýtur að fara eftir því fjármagni sem hægt er að setja í þá uppbyggingu. Því miður drýpur fjármagnið ekki af hverju strái í dag en ég vona að hægt sé að fá sérstök framlög þrátt fyrir allt í þetta því að það mun spara ríkissjóði mikla fjármuni. Ég er alveg sannfærð um að við getum komist fram hjá tvíverknaði og við getum líka komist frá þeirri hugsun sem er í kerfinu í dag, að gera frekar meira en minna ef greitt er fyrir það. Það er mikilvægt og er fyrst og fremst fyrir öryggi sjúklinganna. Ég tel að það verði að koma í ljós hversu fljótt er hægt innleiða þessi lög.

[17:26]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að spyrja hv. þingmann og formann heilbrigðisnefndar varðandi 15. gr. sem verið hefur til umræðu í dag og mjög gagnlegar ábendingar sem komið hafa frá hv. þm. Dögg Pálsdóttur sem var formaður þeirrar nefndar sem samdi þetta frumvarp. Það vildi þannig til að ég var ekki á þeim fundi þar sem þessi sérstaka 15. gr. var til umræðu af ákveðnum ástæðum en ég er á nefndarálitinu og var því viðstödd þegar málið var afgreitt úr nefndinni. Ég fagna því að hv. þingmaður hefur kallað málið aftur inn til nefndar til þess að skoða það nánar, þær athugasemdir sem komu frá hv. þingmanni þar sem hún benti m.a. á tilvísun sem kemur fram í breytingartillögunni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Um aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga."

Það kemur reyndar fram í nefndarálitinu að tilvísunin er fremur óljós þar sem því er beint til þingsins að endurskoða ákvæði laga um réttindi sjúklinga hvað varðar sjúkraskrá. En þá velti ég því einmitt fyrir mér hvort það væri e.t.v. rétta nálgunin að gera þær breytingar á þessu frumvarpi sem síðan yrðu teknar upp í lög um réttindi sjúklinga, þannig að yfirstandandi þing mundi gefa leiðbeiningar um hvernig taka ætti á þessu máli í lögum um réttindi sjúklinga sem eru, (Forseti hringir.) eins og bent er á, ófullkomin.

[17:28]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst rétt að við notum núna þann fundartíma sem ég hef kallað til og við skoðum það með opnum huga út frá þeirri umræðu sem hér hefur verið og þeirri umræðu sem verður í nefndinni hvora leiðina við viljum fara. Fyrst og fremst viljum við tryggja virðingu við látna, við viljum tryggja rétt aðstandenda til að fá upplýsingar og við viljum ekki að gengið verði of langt í því að krefjast upplýsinga sem í raun og veru mætti ætla að sjúklingur vildi ekki að yrðu opinskáar.

[17:29]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að við munum taka þetta til umræðu á fundi heilbrigðisnefndar í kvöldverðarhléi, sem er gott, þannig að við getum leitt þetta mál til lykta. En mig langaði að spyrja hv. þingmann hvort það hefði verið eitthvert sérstakt ákvæði laga um réttindi sjúklinga sem nefndin hafði í huga þegar hún vísar í ákvæði laga um réttindi sjúklinga.

Í IV. kafla um meðferð upplýsinga í sjúkraskrá um aðgang að sjúkraskrá í lögum um réttindi sjúklinga get ég í

fljótu bragði ekki alveg séð hvaða ákvæði það er sem verið er að meina. Ef það er rétt niðurstaða hjá mér er því meiri ástæða til þess að orða ákvæðið með ákveðnari hætti til þess að ljóst sé hvernig við viljum að það líti út, hvernig eigi að tryggja aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings og með hvaða hætti við viljum að það sé gert. Ég tel að það sé einsýnt að við þurfum annaðhvort að skýra þetta ákvæði með vísan í sérstaka grein eða að koma þeim texta inn í frumvarpið sem við viljum að komi inn sem lagaskýring í greinargerð, hvernig við viljum að ákvæðið sé meðhöndlað.

Það er það verkefni sem fyrir okkur liggur en spurning mín var hvort nefndin hefði haft í huga eitthvert sérstakt ákvæði IV. kafla laga um réttindi sjúklinga í kaflanum um meðferð upplýsinga í sjúkraskrá og hvaða ákvæði það væri þá.

[17:32]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get upplýst að um trúnað og þagnarskyldu eftir andlát er vísað til 12. gr., það á við um meðferð heilbrigðisstarfsmanns gagnvart sjúkraskrá. Í 14. gr. er síðan vísað til reglugerðarákvæðis.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands. Þar með erum við þá komin í reglugerðina um sjúkraskrár en í 13. gr. segir að lækni sé skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár allrar eða að hluta. Í 14. gr. segir í framhaldinu að telji læknir það ekki þjóna hagsmunum sjúklings að afhenda afrit sjúkraskrár þá skuli læknir án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrár til frekari afgreiðslu.

Þetta kemur því fram í þremur greinum. Þess vegna má vera að það sé rétt að vísa einmitt til þessara greina, a.m.k. var sá grunnur sem við byggðum á talinn vera mjög svipaður og ákvæðin í dönsku og norsku lögunum.

[17:33]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Við höfum verið að ræða um ákvæði 15. gr. frumvarpsins um hvernig eigi að umgangast sjúkraskrá þegar sjúklingur er látinn. Ég vil þakka hv. formanni heilbrigðisnefndar góð svör í þá veru og ekki síst þau svör sem hún gaf mér nú síðast varðandi þá tilvísun sem hún hafði til hliðsjónar við samningu á þeirri grein og þeim breytingum sem eru lagðar til af hv. heilbrigðisnefnd á 15. gr. laganna.

En það er alveg ljóst að við þurfum að skoða þetta nánar í nefndinni því mikilvægt er að þetta ákvæði sé alveg skýrt því eins og kom fram í máli hv. þingmanns þá geta komið þau tilvik að það reyni á þetta og þegar á þetta reynir er það oft vegna ágreinings viðkomandi ættingja látins sjúklings.

En við höfum verið að fjalla vítt og breitt um þetta frumvarp og þar er m.a. rætt um ýmis grundvallaratriði varðandi sjúkraskrár og varðandi rafræna sjúkraskrá og sjúkraskrárkerfi. Í nefndinni var m.a. rætt um ýmis þau atriði eins og sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga hver er réttur sjúklinga varðandi aðgang að sjúkraskrá og aðrar upplýsingar sem liggja í sjúkraskrá.

Jafnframt var lögð áhersla á það í nefndinni að skoða hvernig hægt er að tryggja að færsla upplýsinga í sjúkraskrá væri með því að auðkenna það sjúklingi og auðkenna það starfsfólki sem hefur aðgang að slíkri skrá.

Í þriðja lagi var fjallað um hvernig aðgangstakmarkanir sjúklingar geta sjálfir haft áhrif á. En meginreglan er sú, eins og hefur komið fram fyrr í dag, að einungis þeir heilbrigðisstarfsmenn sem hafa sjúkling til meðferðar hafi aðgang að sjúkraskrá hans.

Við vitum að með því að samtengja sjúkraskrár með þessum hætti þá erum við að skapa möguleika á að einstaklingur sem liggur inni á sjúkrahúsi eða þar sem upplýsingar liggja fyrir um hann, geti orðið berskjaldaður þar sem á einum stað liggja mjög viðkvæmar upplýsingar um heilsufarssögu hans sem ýmsum getur þótt forvitnilegt að komast í. Jafnframt þarf því að skoða mjög nákvæmlega hvernig hægt er að vernda viðkomandi sjúkling.

Ég hef áður bent á að þær upplýsingar sem liggja þarna séu sambærilegar en þó með öðrum hætti og upplýsingar sem hægt er að nálgast t.d. hjá kreditkortafyrirtækjum eða bönkum þar sem hægt er að skoða neyslumunstur einstaklinga og fjölskyldna með heildstæðum hætti. Að sama skapi er hægt á einu bretti með samtengingu slíkra upplýsinga sem liggja í sjúkraskrá hægt að fá fullnægjandi upplýsingar um heilsufarssögu sjúklinga sem væri hægt að nota í annarlegum tilgangi, ef svo ber við. Því er mjög mikilvægt að vel sé frá öllu gengið varðandi aðgang að slíkum upplýsingum.

Jafnframt var töluvert rætt um það innan nefndarinnar hvaða upplýsingar er talið nauðsynlegt að skrá í sjúkraskrá. Það er nú ljóst að í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er heil grein, 6. gr., sem tekur á um það hvað það er, hvaða lágmarksupplýsingar eiga að liggja fyrir í sjúkraskrá. Ég tel það vera til mikilla bóta því oft er það svo að upplýsinga sem aflað er í sjúkraskrá eða getur verið, ég er ekki að segja að það sé oft, en það getur verið að þar liggi upplýsingar sem er ónauðsynlegt að afla. Því er mjög mikilvægt að fyrir liggi forskrift að því hverjar eru grunnupplýsingar sem aflað er og ekki sé verið að afla upplýsinga um það sem ónauðsynlegt er fyrir meðferð sjúklings. (Forseti hringir.)

[17:38]

Dögg Pálsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við erum áfram að ræða sjúkraskrárnar og ég var að átta mig á því til að skilja betur hvað felst í þeirri breytingu sem nefndin er að leggja til varðandi 15. gr. frumvarpsins. Þar segir að greinin eigi að orðast svo:

„Um aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga."

Í lögunum um réttindi sjúklinga er bara ein grein sem veitir einhvern aðgang að sjúkraskrám, það er 14. gr. Þar er ekki sagt eitt einasta orð um aðgang að sjúkraskrám látinna. Þess vegna er það mjög vafasamt að sú framkvæmd sem hefur verið viðhöfð af stjórnvöldum eigi sér lagastoð.

Ég fór yfir þá framkvæmd í fyrri ræðu minni þar sem ég sem benti á að þegar upp hefur komið ágreiningur um aðgang að sjúkraskrám látinna þá hefur málinu verið vísað til landlæknis. Landlæknir hefur hafnað því á þeirri forsendu að það sé ekki lagaheimild af því að 14. gr. laga um réttindi sjúklinga er alveg skýr. Þar er eingöngu heimill aðgangur fyrir sjúkling sjálfan eða umboðsmann hans.

Það sem ég er hins vegar að átta mig á núna þegar ég fer að skoða betur breytingar á ákvæði í 26. gr. frumvarpsins er að 14. gr. laganna er felld niður. 14. gr. laga um réttindi sjúklinga er felld niður. Í hennar stað á að koma setning, málsgrein sem hljómar svo, með leyfi forseta:

„Um meðferð upplýsinga í sjúkraskrá gilda ákvæði laga um sjúkraskrár.“

Með þeirri breytingu sem nefndin er að leggja til að 15. gr. hljóði svo að um aðgang sjúkraskrár látins einstaklings fari samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga er hreinlega verið að vísa í tómið eitt. Þarna hefur greinilega orðið einhvers konar yfirsjón af hálfu nefndarinnar þegar var verið að fara yfir þetta og ég svo sem viðurkenni það alveg að ég tók ekkert eftir þessu fyrr en núna áðan. Það er stundum að maður les ekki breytingarákvæðin. Þau fara stundum fram hjá manni og það getur verið hættulegt eins og í þessu tilviki. Því að einu heimildinni í lögunum um réttindi sjúklinga, 14. gr., á að breyta algjörlega efnislega með 26. gr. frumvarpsins.

Þarna er um að ræða grundvallaratriði í þessu öllu saman. Við höfum um margra ára skeið búið við það regluverk að aðgangur að sjúkraskrá er eingöngu heimill sjúklingi sjálfum og umboðsmanni hans. Það er talið að það sé ekkert sem réttlæti það að við andlát verði einhver ríkari aðgangur að sjúkraskránni. Nema að það séu einhver sérstök atvik sem réttlæta það og þau atvik séu þá af því tagi að það sé eðlilegt að dómur úrskurði hvort þau séu fyrir hendi.

Þrátt fyrir þetta hefur framkvæmdin verið með þeim hætti að í þeim tilvikum þar sem t.d. aðstandendur hafa talið sig þurfa aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings og látins ástvinar oft og tíðum, t.d. vegna grunsemda um að eitthvað hafi misfarist í læknismeðferð sem hefur valdið dauða eða verið meðvirkandi ástæða fyrir dauða, þá hefur framkvæmdarvaldið freistast til þess að túlka lögin svo að það sé hægt að veita þennan aðgang. Sá aðgangur á hins vegar enga lagastoð í 14. gr. laganna. Hún er algjörlega skýr. 14. gr. laganna um réttindi sjúklinga skilar algjörlega auðu hvað varðar aðgang að sjúkraskrá látinna. Enda var það hugsunin að það ætti ekki að vera aðgangur að sjúkraskrá látinna nema samkvæmt dómsúrskurði. Menn mega ekki að láta dómsúrskurði vefjast fyrir sér. Það er ekkert flókið að afla dómsúrskurðar. Það er bara beiðni og rökstuðningur og ef það er með þeim hætti að það eru sannfærandi rök þá heimilar dómur auðvitað slíkan aðgang. Þetta er eitt þeirra grundvallaratriða sem lögin um réttindi sjúklinga eru byggð á og ég þekki það svo sem líka því ég var formaður þeirrar nefndar sem samdi það frumvarp fyrir tíu árum síðan.

Það sem ég er hins vegar að benda á og er raunar í óformlegu samtali búin að benda hv. formanni heilbrigðisnefndar á, er að sú breytingartillaga sem nefndin leggur til gengur ekki upp af því að það er verið að fella (Forseti hringir.) sömu greinina niður. Ég held því að það sé hið besta mál að málið fari til umfjöllunar í nefnd milli 2. og 3. umr. og raunar er jafnvel spurning hvort við þurfum að (Forseti hringir.) að fresta umræðunni og kalla málið inn í nefnd svo við getum farið með breytingartillöguna með réttum hætti.

[17:44]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að benda á þetta sem blasir við þegar hlutirnir eru settir í samhengi, að þarna er með þeim breytingum sem nefndin leggur til verið að fara í hringi. Það er verið að vísa í ákvæði sem sama sem á eftir að fella út. En í sjálfu sér er reyndar ekki verið að vísa í neina sérstaka grein breytingartillögunnar heldur almennt um ákvæði laga um sjúkraskrár. En sá kafli, eins og hv. þingmaður bendir réttilega á, er felldur út, sá kafli sem fjallar sérstaklega um sjúkraskrár.

Því vildi ég spyrja hv. þingmann hvort hann sé sammála mér í því að til þess að laga þetta þurfi hreinlega að orða greinina með þeim hætti að það komi ótvírætt fram hvers konar aðgangur skuli vera að sjúkraskrá látins einstaklings. Með hvaða hætti hann skuli vera. Þessi tilvísun, sem náttúrlega gengur ekki samkvæmt því sem bent hefur verið á, sé tekin út. Hvort hann telji að það þurfi að gera það með þessum hætti eða hvort hann sjái einhverja aðra leið í því hvernig við getum leyst þetta mál.

En það er alveg ljóst að nefndin þarf að taka þetta inn til skoðunar á ný og það hefur þegar verið boðaður fundur eins og kom fram hjá hv. formanni nefndarinnar í kvöldverðarhléi. Ég held að við hljótum að skoða þetta nánar og koma með nýjar breytingartillögur í þessa veru.

[17:46]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég hef farið yfir í nokkrum ræðum um málið tel ég að 15. gr. sé bara býsna góð grein, hún eigi að standa eins og hún er, upphaflega greinin.

En til að mæta þeim sjónarmiðum sem nefndin hefur greinilega velt fyrir sér og ég út af fyrir sig hef alveg fullan skilning á, þá teldi ég að hægt væri að fella niður 1. mgr. því það er rétt að það er mjög sjaldan að einhver skilji eftir umboð þó það sé ekki útilokað. Ég minni t.d. á lögin um brottnám líffæra. Þar er gert ráð fyrir að einhver hafi fyrir fram hugsun á því að gefa líffæri sín. Þetta er kannski ekki alveg sambærilegt en engu að síður er fullt af forsjálu fólki sem hugsar fram í tímann.

Sú breyting sem ég sé væri sem sagt að fella niður 1. mgr. og halda hinum málsgreinunum inni þannig að við opnum fyrir að tiltölulega auðveldur aðgangur sé að sjúkraskrá látins einstaklings þegar um er að ræða að grunur sé um einhvers konar mistök og ættingjar vilja skoða hvort þeir leiti réttar síns. Það er í höndum landlæknis og ef landlæknir neitar þá er kæruleið til ráðuneytisins. Þetta er því ekkert voðalega flókin leið. Þá erum við búin að dekka sennilega 90% ef ekki 95% af þeim tilvikum sem kalla á aðgang að sjúkraskrám látinna. Og síðan yrði meginreglan fyrir restina af tilvikunum sú að lagaheimild þurfi, sem er stundum til staðar, eða þá dómsúrskurð.

Ég vil benda á og við megum ekki gleyma því að lagaheimild er í lögunum um meðferð persónuupplýsinga, þ.e. í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar eru aðgangsheimildir að sjúkraskrám í þeim tilvikum þegar þannig háttar til.

Ég held hins vegar, virðulegi forseti, — í ljósi þess að ég var að átta mig á þeirri eiginlega hringavitleysu sem

breytingin er í nefndarálitinu — að kalla þurfi til baka 5. tölulið breytingartillögunnar svo hann komi ekki til atkvæða núna (Forseti hringir.) í 2. umr. því ég sé ekki hvernig við getum í rauninni fjallað um það miðað við það sem fram hefur komið.

[17:48]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessar mikilvægu upplýsingar, enda þekkir hv. þingmaður þetta mál mætavel. Mér sýnist það vera einsýnt að við munum í nefndinni á eftir heyra sjónarmið bæði heilbrigðisráðuneytisins og landlæknis í þessa veru og það hljómar mjög skynsamlega í mín eyru að þetta sé gert með þeim hætti sem hv. þingmaður leggur til, þ.e. að fella niður 1. mgr. til að koma til móts við þau sjónarmið sem rakin eru í nefndarálitinu sem eru réttmæt, því það má teljast fremur óvenjulegt að fyrir liggi samþykki sjúklings fyrir lát hans hvort hann vilji heimila aðgang að sjúkraskrá. Þá yrði það reyndar ekki nema í þeim tilvikum þar sem vitað er að ágreiningur getur risið upp innan fjölskyldunnar sem krefst aðgangs að sjúkraskrá. Eins og hv. þingmaður bendir á er dómsúrskurður rétta leiðin í þeim tilvikum.

Ég tel að við þurfum að skoða þetta nánar og þakka hv. þingmanni enn og aftur fyrir að benda á þennan feil í frumvarpinu, þ.e. tilvísunin er með þeim hætti að hún gæti túlkast þannig að hún fari í hring. Ég bendi jafnframt á að í máli hv. formanns heilbrigðisnefndar kom fram áðan að hún nefndi fleiri en 14. gr. Hún nefndi einnig 12. gr. og við í nefndinni munum þá fjalla um 12. gr. (Forseti hringir.) laga um réttindi sjúklinga og munum því skoða þá tilvísan.

[17:50]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég fór yfir í ræðu minni er ekkert í lögum um réttindi sjúklinga sem heimilar aðgang að sjúkraskrám nema 14. gr. því 12. gr. er um þagnarskyldu og annað slíkt og hún hjálpar okkur ekkert. Þó að hún sé eftir þá breytir það engu. Það er 14. gr. sem er grunnurinn.

En ég ætla aðeins til áréttingar að nefna að við megum ekki gleyma lögunum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Það er vissulega ákveðið flækjustig í þessu regluverki um sjúkraskrár. Í lögunum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga erum við með ákvæði um hvernig hægt er að fara í slíkar upplýsingar. Þar eru viðkvæmar persónuupplýsingar sérstaklega skilgreindar í 8. tölulið 2. gr. eða sem sé 1. mgr. 2. gr. þar sem m.a. er talað um upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja,- áfengis- og vímuefnanotkun. Það er því alveg klárt og hefur verið túlkað þannig að aðgangur að sjúkraskrám getur í sumum tilvikum fallið undir þau lög.

Þá komum við að 9. gr. þessara sömu laga þar sem eru sérstakar heimildir, þ.e. lagaheimildir sem veita aðgang að sjúkraskrám umfram þá þetta frumvarp til laga um sjúkraskrár og lög um réttindi sjúklinga. Því þar er talað um að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, t.d. vinnsla heilsufarsupplýsinga, er óheimil, segir í lögunum um persónuvernd, nema að uppfyllt séu viss skilyrði. Og það er auðvitað alltaf samþykki, sérstök heimild í lögum og síðan segir í 8. tölulið:

„Vinnslan sé nauðsynleg vegna læknismeðferðar“ — það mundi vissulega aldrei eiga við um sjúkraskrá látins einstaklings — „eða vegna venjubundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu.“

Það er auðvitað ekkert útilokað að aðgangur að sjúkraskrá látins geti í einhverjum tilvikum fallið undir þetta ákvæði (Forseti hringir.) og það mundi þá koma til fyllingar 15. gr. hvernig sem hún mundi líta út að lokum.

[17:53]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs að nýju um frumvarp um sjúkraskrár sem við höfum rætt í dag og teljum vera til mikilla bóta fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu. En það var eitt atriði sem ég átti eftir að ræða frekar um og það var um aðgang annarra stétta en skilgreindra heilbrigðisstétta.

Eins og kemur fram í nefndarálitinu ræddi nefndin m.a. um athugasemdir sem komu fram í þá veru að aðrir en löggiltar heilbrigðisstéttir þurfi að hafa aðgang að sjúkraskrá og þurfi jafnvel að geta fært upplýsingar inn í sjúkraskrána. Ég á þá m.a. við sjúkrahúspresta og ýmsa aðra sem vegna starfa sinna þurfa að hafa aðgang að upplýsingum til þess að geta gegnt störfum sínum.

Í athugasemdum vísindasiðanefndar við samhljóða frumvarp á 135. þingi, segir, með leyfi forseta:

„Nefndin bendir á að aðrar stéttir sem vinna að heilbrigði fólks utan hinnar opinberu heilbrigðisþjónustu eða starfsstöðva heilbrigðisstarfsmanna en eru ekki heilbrigðisstarfsmenn í skilningi frumvarpsins, safna umtalsverðum og einatt viðkvæmum upplýsingum um hagi, líðan og heilsu einstaklinga sem til þeirra leita. Þrátt fyrir orðalag 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er óljóst hvort ákvæði þess nái yfir skráningu gagna sem jafna má sjá við sjúkraskrá í þessari starfsemi. Hér er t.d. átt við græðara.

Á sjúkrahúsum og víðar í heilbrigðiskerfinu starfar fólk sem veitir mikilvæga þjónustu sem ekki fellur undir læknisfræði, hjúkrun eða skyldar greinar. Hér má nefna presta, félagsráðgjafa, svo og starfsmenn með fjölbreytilega sérfræðikunnáttu sem veita margvíslega hagfræði- og rekstrarfræðilega og tæknifræði- eða raunvísindalega þjónustu við þætti í heilbrigðisþjónustunni, þar með talið í meðferð sjúklinga. Starfa sinna vegna þurfa prestar sjúkrahúsa og félagsráðgjafar að eiga aðgang að sumum upplýsingum sem eru skráðar í sjúkraskrá. Hag- og rekstrarfræðingar þurfa hins vegar annars konar upplýsingar sem skráðar eru vegna áætlana- og fjárlagagerðar og rekstrar sjúkrastofnana. Þeir hópar sem hér eru nefndir þurfa því aðeins aðgang að hluta af þeim upplýsingum sem eru færðar í sjúkraskrár. Ástæða kynni að vera til þess að skoða sérstaklega með hvaða hætti er unnt að lagskipta aðgangi að sjúkraskrám. Þannig fengju t.d. félagsráðgjafar eða sjúkrahúsprestar aðeins aðgang að þeim upplýsingum sem varðar samband þeirra við sjúkling sem í hlut á hverju sinni.

Hafa ber í huga að sjúkraskrá er jafnframt ákveðinn samskiptamiðill þeirra sem þjónusta sjúkling með einum

eða öðrum hætti. Þeir sem koma að umönnun sjúklings eða vinna að velferð hans en eru ekki heilbrigðisstarfsmenn í þröngum skilningi, t.d. prestar og félagsráðgjafar, ættu að eiga þess kost að koma á framfæri upplýsingum sem fylla í heildarmyndina og geta haft þýðingu fyrir ákvarðanir um meðferð.“

Þessi umræða var tekin í nefndinni en sökum þess að ég átti ekki kost á að vera viðstödd þá umræðu langaði mig til að spyrja formann heilbrigðisnefndar þar sem ekki er hægt að ráða af texta nefndarálitsins hvernig þetta mál var leyst. Mig langar að fá frekari upplýsingar frá hv. þingmanni hvernig hún sér fyrir sér svar við þeim spurningum sem vísindasiðanefnd leggur hér fyrir um aðgang annarra stétta að sjúkraskrá, og óska eftir því að hv. þingmaður svari mér á eftir.

[17:57]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Möller kom inn á mjög mikilvægt mál þegar kemur að færslu upplýsinga í sjúkraskrár en ég held að það sem hún vísaði í með umsögn vísindasiðanefndar sé kannski að einhverju leyti byggt á misskilningi, en ég læt hv. formanni heilbrigðisnefndar eftir að svara, því ég þekki ekki þá umræðu sem fram fór í nefndinni.

En ástæðan fyrir því að þetta var opnað með þeim hætti sem þarna var gert var sú að það liggur auðvitað fyrir að það er, eins og hv. þm. Ásta Möller rakti, fullt af starfsmönnum á sjúkrastofnunum sem þurfa og eru í samneyti við sjúklinga og þurfa að skrá upplýsingar í sjúkraskrá. Það var talið nauðsynlegt. Þessir hópar hafa nú þegar, a.m.k. upp að einhverju marki, verið að skrá upplýsingar í sjúkraskrá þó strangt til tekið sé það ekki heimilt. Þess vegna þótti nauðsynlegt að horfast í augu við þann veruleika og þess vegna er þetta mikilvæga ákvæði í 1. mgr. 5. gr. Þar segir:

„Einungis heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn er heimilt að færa sjúkraskráruppl ýsingar í sjúkraskrá.“

Kjarni málsins er að þess sé gætt kirfilega að þeir starfsmenn sem ekki eru heilbrigðisstarfsmenn þurfi að undirgangast þessa trúnaðar- og þagnarskyldu áður en þeim er heimilt að færa upplýsingar í sjúkraskrá.

Hins vegar er mjög mikilvægt að muna það líka að þagnarskylduákvæðið í lögunum um réttindi sjúklinga er útvíkkað ákvæði og það nær ekki eingöngu til heilbrigðisstarfsmanna. Það nær til allra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu og það er með ráðum gert að útvíkka það einmitt til þess að undirstrika mikilvægi þess (Forseti hringir.) að þeir sem í þessari þjónustu starfa séu alltaf bundnir trúnaði og þagnarskyldu.

[18:00]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni gott svar enda þekkir hún vel til málsins. En mig langaði í þessu sambandi að velta upp því sem kemur fram í umsögn vísindasiðanefndar sem undirrituð er af Birni Rúnari Lúðvíkssyni, formanni vísindasiðanefndar, þar sem bent er á að starfsstéttir sem ekki eru heilbrigðisstéttir, eins og prestar og félagsráðgjafar, færi ekki sínar upplýsingar í sjúkraskrár en þær upplýsingar gætu komið öðrum heilbrigðisstéttum sem taka ákvarðanir varðandi heilbrigðisvanda að gagni.

Mig langaði að vita hvort slík umræða hefði komið upp innan nefndarinnar sem samdi frumvarpið. Við erum svo heppin að hafa formann nefndarinnar á þinginu núna og getum því milliliðalaust rætt við hann en mig langaði að vita hvort þessi umræða hefði komið upp í nefndinni og hvort einhverjar lausnir hefðu komið þar fram á því.

Það er ljóst að í þeirri umsögn sem ég er að vitna hér til frá vísindasiðanefnd er lagt til að unnið sé að því að byggja upp gagnabanka um skilgreinda sjúkdóma og sjúkdómaflokka sem byggja á sjúkraskráruppl ýsingum sem m.a. eru tengdar persónugreinanlegum gögnum. Gagnabankarnir eru ekki eiginlegur hluti sjúkraskrár eins og kemur hér fram en þær upplýsingar sem mynda grunnana eru þó geymdar sem slíkar og í þessum gagnabönkum liggja, eftir því sem ég skil málið, upplýsingar sem eru ekki eingöngu frá heilbrigðisstarfsmönnum heldur einnig frá öðrum aðilum.

[18:02]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég man ekki betur en að þessar stéttir hafi komið til tals þegar við ræddum um þessa starfsmenn. Í 6. gr. frumvarpsins eru tilgreind þau lágmarksatriði sem skuli færð í sjúkraskrá. Síðan er bætt þar við að kveða eigi nánar á um færslu sjúkraskráruppl ýsinga í sjúkraskrá með reglugerð. Við erum komin á dálítið grátt svæði þegar við tölum t.d. um sjúkrahúspresta en það er alveg hugsanlegt að einhverjar upplýsingar frá þeim geti skipt máli. Ég tel að þetta sé eitt af því sem þurfi að höndla í reglugerð um hvað frekar megi skrá.

Þá komum við að því að það er alveg klárt að 5. gr. mundi heimila þessum stéttum slíkar færslur enda væru þær búnar að undirgangast trúnaðar- og þagnarskyldur og ég veit ekki betur en t.d. sjúkrahúsprestar geri það. Síðan er það líka alveg skýrt í 13. gr. að þar er gert ráð fyrir að aðrir en heilbrigðisstarfsmenn sem koma að meðferð geti farið í skrána og hafi aðgang að henni.

Í raun og veru má segja að gert sé ráð fyrir því í frumvarpinu að allir sem koma að meðferð sjúklings með einum eða öðrum hætti, hvort sem það eru heilbrigðisstarfsmenn eða aðrir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, hafi aðgang að sjúkraskránni innan þeirra marka sem starf þeirra er í þágu sjúklingsins. Mjög mikilvægt er að muna það að aðgangur að sjúkraskrá er alltaf takmarkaður við það sem verið er að vinna í þágu sjúklings. Ef vinna þeirra stétta sem hv. þm. Ásta Möller nefndi er sannanlega í þágu sjúklingsins, og ég efast ekki um að svo sé, getur opnast fyrir þeim aðgangur að sjúkraskrá með þeim skilyrðum sem lögin setja og að undangengnum þeim þagnar- og trúnaðarskyldum sem viðkomandi þarf að undirgangast.

[18:04]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessi

svör. Jafnframt langar mig til að ganga aðeins lengra í spurningum mínum af því að það kemur einmitt fram í umsögn vísindasiðanefndar að til eru gagnabankar sem teljast strangt til tekið ekki til sjúkraskráa er eru, ímynda ég mér, eins og kemur fram í umsögninni í kringum tiltekna sjúkdóma. Ég geri ráð fyrir að þetta séu gagnabankar sem aflað er upplýsinga til í vísindaskyni og byggi að vissu leyti á upplýsingum úr sjúkraskrám en eru um tiltekna sjúkdóma. Þá veltir maður fyrir sér varðandi slíka gagnabanka sem eru til hliðar við hina eiginlegu opinberu sjúkraskrá sem er til staðar á sjúkrahúsum, hvort lög um sjúkraskrár nái að einhverju leyti yfir þessa gagnabanka eða hvort þeir séu algerlega til hliðar og eingöngu hugsaðir til vísindarannsókna og háðir leyfi sem snýr að slíkum rannsóknum.

Mér finnst þessi athugasemd frá vísindasiðanefnd áhugaverð því að við vitum að til hliðar við sjúkraskrár liggur mjög gagnlegt safn upplýsinga sem getur komið að gagni fyrir tiltekna sjúklingahópa þegar slíkar upplýsingar eru tengdar saman. En vísindasiðanefnd veltir einmitt upp spurningunni um hvort lög um sjúkraskrár nái yfir þessar upplýsingar eða hvort leita þurfi í einhvern annan lagabálk þar um eða hvort þörf sé á því að innlima þessar upplýsingar í lög um sjúkraskrár með skýrari hætti þannig að það sé alveg ljóst um hvað er að ræða.

[18:07]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Ekki er vafi á því að með þessu frumvarpi er verið að stíga ágætt skref í þá átt bæði að samræma og koma á heilsteyptum sjúkraskrám sem, eins og það var orðað í umræðunni, ágætri umræðu sem hefur verið hér í dag, fylgir sjúklingi frá vöggu til grafar eins og kom fram hjá hv. þm. Dögg Pálsdóttur.

Ég vil taka það fram í upphafi að óvenjulegt er að búa að því við umræðuna að hafa hér formann þeirrar nefndar sem skrifaði þetta frumvarp og það er kannski ekki síst þess vegna sem svo margar spurningar hafa vaknað sem menn hafa viljað fá svör við í þessari umræðu. En allra fyrst vil ég taka það strax fram að mér finnst þetta mál vera mjög til bóta fyrir heilbrigðiskerfið í landinu. Það vekur hins vegar upp fjölmargar spurningar, sérstaklega siðferðislegar spurningar um það hvenær of langt sé gengið í því að opna eða hafa samræmdar sjúkraskrár. Nú eru þær orðnar rafrænar og þarna reynir mikið á öryggismál og alla slíka þætti.

Umsagnir bera með sér að vel hafi verið um hnútana búið við samningu frumvarpsins og það er sérstaklega áberandi að Persónuvernd, sem hefur mjög ríkar kröfur í málum af þessum toga, virðist hafa verið mjög sátt við frumvarpið eins og það kom frá nefndinni. Það er mjög ánægjulegt að svo skuli hafa verið og gefur til kynna að þarna hafi verið vandað mjög til verka.

Mig langaði til að blanda mér stuttlega í þessa umræðu ekki síst vegna þeirra orðaskipta sem hér hafa verið um aðrar stéttir sem hugsanlega mundu skrá gögn í sjúkraskrár og hvernig með slíkar stéttir eigi að fara, ekki síst vegna þess að hv. þm. Dögg Pálsdóttir vék örstutt að því áðan að hægt væri að útlista nánar í reglugerð hvernig fara skyldi með, ef ég hef skilið þetta rétt, aðrar stéttir sem hugsanlega vildu skrá gögn í sjúkraskrár. Maður veltir t.d. fyrir sér félagsráðgjöfum eða félagsfræðingum gagnvart sjúkdómum þar sem til slíkra aðila þarf að leita. Raunar kemur fram bæði í 13. gr. og 5. gr. að heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum, sem hlýtur þá að tiltaka slíka starfsmenn, frú forseti, sé heimil færsla í skrárnar svo og nemum í starfsnámi. En samt ber allt þetta mál það með sér að þarna sé fyrst og fremst verið að huga að þeim stéttum og því starfsfólki sem hefur beinan aðgang eða þýðingu gagnvart þeim sjúkdómi sem viðkomandi sjúklingur berst við. En það má alveg hugsa sér, eins og fram kom hér áðan og kemur ágætlega fram í athugasemdum vísindasiðanefndar, að um sé að ræða færslur sem hafi óbein áhrif á sjúkdóm viðkomandi og eigi ekki beinlínis við í sjúkraskrá.

Nú veit ég ekki hvort málið fer aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. Mér heyrðist kallað eftir því í dag. En vegna þeirra spurninga sem upp hafa komið í þessu máli einmitt um þessi atriði og ekki síst vegna þeirra orða hv. þm. Daggar Pálsdóttur að kveða mætti á um nánari útfærslu í reglugerð, telur þingmaðurinn — ég veit ekki hvaða skoðanir hv. þm. Þuríður Backman, framsögumaður nefndarálitsins, hefur á því — að slík ákvæði yrðu frekar skýrð nánar í lagatextanum en að þeim sé fyrir komið í reglugerð. Vegna þess að þegar um er að ræða svo viðkvæm mál eins og sjúkraskrár og þær upplýsingar sem þar fara inn held ég að það skipti verulegu máli að sem fæst atriði séu skilin eftir og sett undir reglugerðarvald ráðherra, heldur sé eins miklu komið fyrir í lagatextanum og mögulegt er.

Þetta er líka alltaf spurning í þessu efni: Hvaða upplýsingar eiga að vera í sjúkraskrá og hvaða upplýsingar geta verið í öðrum gagnagrunnum? Hér er í raun verið að taka svo stórt skref með því að hafa samræmda heilsteypta sjúkraskrá sem fylgir manni alla tíð, ég tala nú ekki um þegar slík skrá er orðin rafræn, að það er spurning hvaða mörk eigi að setja um það hvað eigi að vera í þeirri sjúkraskrá og hvað gæti hugsanlega verið áfram hluti af öðrum gögnum eins og við höfum þekkt fram til þessa.

Ýmsir viðkvæmir sjúkdómar geta herjað á fólk og á einhverjum tímabilum ævinnar geta menn lent í miklum áföllum, ég tala nú ekki um ef menn lenda í einhvers konar geðrænum áföllum í lífinu, ef ég tek sem dæmi slíka sjúkdóma, þá er afar mikilvægt að tryggt sé að þeir sem hafa aðgang að sjúkraskrám séu einungis aðilar sem hafa brýna nauðsyn til að komast inn í slík gögn. Og enn fremur, sem mér sýnist hafa verið nokkuð vel tilgreint í frumvarpinu, að sjúklingur geti, ef svo ber undir, lokað sjúkraskrá.

Mig langar líka til að leita svara við því hjá þeim sem því geta svarað — mér sýnist að hv. þm. Dögg Pálsdóttir sé best til þess fallin hér að svara spurningum um þetta frumvarp — er hægt að hugsa sér t.d. að sjúklingur geti lokað ákveðnum hluta sjúkraskrár, þ.e. lokað algjörlega fyrir sjúkraskrá að ákveðnu leyti, t.d. vegna sjúkdóms sem hugsanlega væri þess eðlis að viðkomandi vildi ekki slíkt kæmi upp?

Það er þessi þáttur, þessi mörk milli persónuverndar og meðferðar persónuupplýsinga í sjúkraskrám sem mér finnst hvað áhugaverðastur í þessu og mikilvægastur fyrir okkur, hæstv. forseti, ekki síst vegna þeirra mála sem urðu fyrir nokkrum árum þegar mikið var deilt hér á Alþingi um deCode-málið svokallaða og upp úr því hófst mikil umræða

á sviði siðfræðinnar um hvernig rétt væri að halda á málum í heilbrigðisvísindum. Það kom raunar líka fram að menn hafi kannski farið mun frjálslegar með gögn af spítölum hér áður fyrr en nú er gert og ég held að hvað sem segja má um hið fræga persónuverndarmál á þeim tíma hafi það a.m.k. haft þær afleiðingar að umræða í þjóðfélaginu um viðkvæmar persónuupplýsingar, ekki síst hjá þeim sem þurfa að leita sér lækninga, hafa stóraukist og tekið á sig miklu skarpari myndir ekki síst í fræðasamfélaginu og ég nefndi áðan siðfræðina. Vísindasiðanefnd hefur komið mjög mikið að því að veita umsagnir og blanda sér í umræðu um þessi mál og eins hefur það komið fram með afgerandi hætti hjá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og fleiri aðilum þar sem menn hafa „fókuserað" sérstaklega á þessa þætti.

Þetta mál eins og það liggur hér fyrir hefur verið í vinnslu ef svo má segja um tveggja ára skeið og ég held að það sé mjög gott að mál af þessum toga þar sem er um svo viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða hafi fengið þennan tíma til að þroskast í umræðu á þinginu. Málið náði ekki fram að ganga á síðasta þingi en ég á von á að það muni ná fram að ganga fyrir þinglok núna, enda virðist vera almenn sátt um meginefni frumvarpsins þótt vissulega sé hægt að velta fyrir sér þeim viðkvæmu málum sem ég nefndi hér, sérstaklega hvað varðar þær persónuupplýsingar sem eru í sjúkraskrám.

Hér eru settar mjög háar girðingar og varnaglar um persónuvernd. Við verðum alltaf að gæta sérstaklega að því þegar verið er að tala um gögn sem varða sjúkdóma og sjúkraskrár að alltaf sé horft til verndar sjúklingsins sjálfs og að hagur hans og vernd sé ávallt í fyrirrúmi. Það sama á líka að gilda um látna einstaklinga. Í 15. gr. frumvarpsins er nokkuð kveðið á um aðgang að sjúkraskrám látins einstaklings. Mér sýnist að þarna hafi mönnum tekist að girða fyrir það að ef ekki hefur verið nægilega frá þessu gengið fyrir lát fari ákveðið ferli í gang þannig að náinn ættingi geti gripið inn í málið hafi eitthvað farið úrskeiðis. Ég held að þetta skipti afar miklu máli í þessu efni.

Ég hef ekki haft tök á að rýna í frumvarpið að því leyti til að ef ágreiningur verður uppi t.d. eftir lát, hvernig fara eigi með gögn í sjúkraskrám, hvaða kæruleiðir eru opnar fyrir nánustu aðstandendur og hvernig með slíkt skuli fara og enn fremur það eftir hversu langan tíma eftir lát er þá hægt að vefengja meðferð gagna í sjúkraskrám. Ég held að það gæti líka skipt máli — það er einn af þeim þáttum sem komu til álita þegar deCode-málið svokallaða var til umræðu — hvað á að gera við öll þau miklu gögn sem til eru um látna einstaklinga á heilbrigðisstofnunum og hvort litið hafi verið til þess í frumvarpinu að girða sérstaklega fyrir meðferð á upplýsingum eða hvernig fara ætti með upplýsingar um látna einstaklinga og hversu lengi hægt er, eins og ég sagði áðan, að vefengja meðferð á sjúkraskrám.

Meðferð á persónuupplýsingum er ávallt afar vandmeðfarin og ekki síst þegar um er að ræða rafrænar sjúkraskrár og rafræn sjúkraskrárkerfi þar sem sjúkraskráruppplýsingar í slíkum kerfum verða alltaf aðgengilegri stærri hóp manna. Maður spyr sig að því þegar verið er að tala um hvaða starfsmenn á heilbrigðisstofnunum hafa aðgang að sjúkraskrám með þeim fyrirvörum og takmörkunum sem í frumvarpinu eru. Ég geri ráð fyrir að ef eitthvað misfærist með aðgang að sjúkraskrám, menn misnotuðu eða misbeittu aðgangi að sjúkraskrám, yrði farið með slíkt mál á grundvelli refsiviðurlaga. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir fangelsi og sektum allt að þremur árum sem viðurlög á ákvæðum þessara laga. Mig langar að spyrjast fyrir um hvort um væri að ræða önnur refsiúrræði í öðrum lögum, ég nefni í þessu sambandi almenn hegningarlög, hvort ákvæði slíkra laga gætu komið til kasta ef um stórkostleg brot á þessum lögum yrði að ræða.

Enn fremur þetta: Var það rætt í nefndinni, bæði í þeirri nefnd sem frumvarp þetta vann og á vettvangi ráðuneytisins, hvort æskilegt væri að hafa einhvers konar úrskurðarnefnd um þau atriði sem upp kæmu í þessum málum? Úrskurðarnefndir hafa nokkuð verið til umræðu á síðustu missirum, og ég spyr hvort æskilegt sé að fjölga slíkum nefndum, en oft á tíðum hefur verið um það fjallað hvort ekki væri rétt að fækka úrskurðarnefndum.

Það er náttúrlega mjög misjafnt eftir því um hvaða svið er að ræða. Hér er um að ræða mjög sértækt svið sem krefst mikillar sérþekkingar. Landlæknir hefur eftirlit með ákvæðum þessara laga en þegar um er að ræða atriði sem varða persónuleg málefni og mál sem eru mjög á vettvangi siðfræðinnar veltir maður óhjákvæmilega fyrir sér hvort þurft hefði að hafa aðkomu slíkra aðila öðruvísi, í einhvers konar úrskurðarnefnd. Ég er bara að forvitnast um hvort það hafi verið rætt í nefndinni hvernig fara skyldi með slíka hluti, sérstaklega þegar við erum að hefja þessa göngu um rafrænar sjúkrarskrár og samræmdar sjúkraskrár, meðan við erum að stíga þessi skref, hvort því hafi verið velt upp að það þyrfti að hafa einhvers konar sérfræðiþekkingu þegar kæmi að því að túlka ákvæði þessara laga ef ágreiningur yrði uppi. Mér finnst það fremur líklegt þegar um ákvæði af þessum toga er að ræða, að þau álitamál sem upp gætu komið gætu orðið býsna flókin, bæði lagalega séð og eins vegna þess hversu persónulegt málið er, að þarna þyrfti að gæta sérstaklega að einkalífi manna og friðhelgi, mannhelgi er það kallað í frumvarpinu, hygg ég, þar sem talað er um friðhelgi hvað varðar persónu manns og þau atriði sem varða heilsufar og sjúkrasögu fólks.

Að þessu sögðu öllu saman, þessum fyrirvörum og spurningum sem ég varpaði hér fram, væri fróðlegt að fá svör við því, vegna þess að ljóst er að frumvarpið, þegar það verður að lögum, mun ábyggilega nýtast mjög vel og skipta mjög miklu máli fyrir framgang í heilbrigðiskerfinu. Ég sé að þetta getur skipt verulegu máli fyrir sjúklinga þegar þeir leita sér lækninga. Við höfum sennilega öll reynt það á eigin skinni að ef gögn á milli sjúkrastofnana eru ekki til staðar, ekki liggur fyrir hvar fólk hefur áður leitað sér hjálpar eða hvaða rannsóknir fólk hefur farið í á fyrri stigum — fyrir sjúklinga og aðstandendur er oft erfitt að henda reiður á því hverjar þær eru aftur í tímann, hvers konar rannsóknir viðkomandi hefur farið í og slíkt og leita þarf upplýsinga — er hættan oft sú að menn fari þá aftur í það sama eða sú hætta gæti hugsanlega skapast. Það er óumdeilt að með frumvarpinu er verið að auðvelda mjög og bæta réttindi sjúklingsins og hag hans hvað varðar læknishjálp og slíka hluti, ég tala nú ekki um þegar við erum farin að taka þetta alveg frá barnæsku og maður vonast til þess að þetta gæti þá þýtt það að lækning eða aðstoð við slíkt ein-

faldaðist öll við frumvarpið ef að lögum verður.

Einnig er mjög ánægjulegt að sjá hversu mikil samstaða virðist vera á milli flokka um þetta mál. Þetta er náttúrlega ekki pólitískt má heldur fyrst og fremst mál sem varðar hag sjúklinga, það skiptir máli fyrir heilbrigðiskerfið. Þær spurningar sem vakna eru náttúrlega fyrst og fremst siðferðislegar og þær ganga þvert á öll flokkabönd, enda er mikill samhljómur á milli formanns nefndarinnar, Daggar Pálsdóttur, og hæstv. heilbrigðisráðherra, Ögmundar Jónassonar, um mikilvægi þess að frumvarpið nái fram að ganga og hversu mikilvægt skref það er á sviði heilbrigðisþjónustu í átt að öryggi sjúklinga. Það skal maður ávallt hafa í huga þegar að þessu kemur.

Mig langaði til að varpa fram þessum spurningum. Ég geri ráð fyrir að framsögumaður nefndarálits muni í lokaræðu sinni reyna aðeins að snerta á þeim flötum sem upp hafa komið. Mér finnst þetta fyrst og fremst vera spurning um að stíga afar varlega til jarðar þegar við tölum um persónuleg málefni, persónulegar upplýsingar. Þetta er óskaplega viðkvæmt mál og ef ágreiningur er uppi finnst mér skipta gríðarlega miklu máli að það sé mjög vel útfært í frumvarpinu hvernig með slíkan ágreining eigi að fara og að tryggt sé að úr slíkum málum leysist fljótt og vel þannig að óvissa ríki ekki í loftinu lengi hvað varðar ágreining af þessum toga.

Þess vegna spyr ég hvort það hafi komið til umræðu í nefndinni á þessum fyrstu stigum líftíma þessa lagafrumvarps sem ég á von á að verði að lögum núna fljótlega, hvort sérstaklega þurfi að huga að því og átta sig á því hvers konar mál muni koma upp þegar á það fari að reyna.

Að öðru leyti fagna ég málinu og vona að það fái góðan framgang með þeim athugasemdum sem ég hef gert grein fyrir.

[18:24]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólöf Nordal kom inn á mikilvæg málefni er snerta skil milli laga og reglugerða, hvað við setjum í lög og hvað við setjum í reglugerðir. Ábendingar hennar eru hárréttar um að stundum er nauðsynlegt að hafa ákveðna hluti í lögum en ekki að framkvæmdarvaldið hafi nánast óbundnar hendur um það hvernig útfæra megi hlutina í reglugerð.

Það sem réð því þegar við vorum að semja frumvarpið um hvað við skrifum í sjúkraskrá var meginatriðið það sem kemur mjög skýrt fram og ítarlega er rakið í skýringum með 6. gr., að færa eigi minna en meira, það var fyrsta reglan, og einungis eigi að færa í sjúkraskrá þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna meðferðar sjúklingsins. Það er skýrt undirstrikað í skýringunum að ekki er sjálfgefið að allar upplýsingar sem sjúklingurinn gefur rati í sjúkraskrána. Mjög mikilvægt er að hafa þetta í huga.

Þegar ég svaraði hv. þm. Ástu Möller um hvort eitthvað kynni að vera í samskiptum annarra stétta en heilbrigðisstétta sem starfa á sjúkrahúsum vísaði ég í að það yrði þá að koma í reglugerð því ég tel að það sé þá af þeim toga og ef það snertir ekki meðferðina kemur það auðvitað ekki.

Um það hvort hægt sé að loka sjúkraskrám vil ég árétta að í 7. gr. frumvarpsins er mjög skýrt að sjúklingur getur lokað sjúkraskrá sinni og raunar telja ýmsir sem komið hafa með athugasemdir að of langt sé gengið. Og síðan er m.a. bent á að ef sjúklingur lokar henni algjörlega sé það jafnvel höfnun á meðferð. En í 2. mgr. 13. gr. er líka viðbótarheimild ef um er að ræða sérstaklega viðkvæmar sjúkraskráruppl ýsingar sem sjúklingurinn þá skilgreinir. (Forseti hringir.) Passað var mjög kirfilega upp á öll þessi atriði og sjúklingar (Forseti hringir.) hafa óskoraðan rétt, enda er sjálfsákvörðunarréttur þeirra virtur.

[18:27]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja það sem skoðun mína að ég held að það sé mjög skynsamlegt af hálfu frumvarpshöfunda að ganga fremur lengra en skemur í því að kveða á um það hvað skuli vera í sjúkraskrá og um meðferð á opnun og lokun sjúkraskráa. Ég held að mjög skynsamlegt sé við þær aðstæður sem nú eru þegar menn eru að stíga þessi skref, að frumvarpið sé frekar strangt að þessu leyti og menn gætu þá frekar þegar á einstök ákvæði fer að reyna lagfært þau eftir því sem reynslan kennir manni en ekki að ganga of langt í því að hafa þetta matskennt eða frjálslegt. Ég er mjög ánægð með að það skuli hafa verið viðhorf frumvarpshöfunda að hafa alltaf númer eitt, tvö og þrjú friðhelgi og rétt sjúklinga. Ég held að það sé líka rétt að gera það í máli eins og hér er á ferðinni.

Aftur að reglugerðinni, ákvæði 24. gr. um reglugerð, mér finnst hún ekki kveða mjög nákvæmlega á um það — mér sýnist ráðherra hafa nokkuð frjálsar hendur með það hvernig hann kveður nánar á um færslu rafrænna sjúkraskráa, aðgang að þeim og aðgangsstýringu. Ég velti fyrir mér hvort til greina hafi komið af hálfu frumvarpshöfunda að hafa einhvers konar leiðbeiningar um hversu langt eigi að ganga í reglugerðinni, hvenær reglugerðin er komin svo langt að ástæða sé til að setja ákvæði af þessum toga í lagatextann. Vegna þess að ég sagði áðan að við skyldum hafa þetta nokkuð strangt þá held ég einnig að reglugerðarheimildin verði að vera nokkuð þröng og að eins lítið og hægt er sé skilið eftir handa ráðherranum til að meta. Það er vont fyrir ráðherrann (Forseti hringir.) og eðlilegt að löggjafinn komi að slíku.

[18:29]

Dögg Pálsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru hárréttar ábendingar hjá hv. þm. Ólöfu Nordal en það er þetta einstigi sem stundum er svo erfitt að feta varðandi reglugerðarheimildir. Ljóst er að þegar kemur að reglugerðarheimild ráðherra þegar kemur að færslu sjúkraskráa er hann bundinn af þeim skýru skýringum sem fram koma í 6. gr. um að skrá eigi minna en meira og einungis eigi að skrá það sem tengist beint meðferð sjúklingsins. Þó að reglugerðarheimildin virki kannski í fljótu bragði rúm eru samt talsverðar girðingar bæði í lagatextanum og eins í skýringum með einstökum ákvæðum sem gera það að verkum, að mínu mati, að það er takmarkað hvað hægt er að setja í reglugerðina. Því að eins og við vitum þarf reglugerð alltaf að hafa mjög sterka og trygga lagastoð, ekki bara reglugerðarsetningin sjálf heldur líka efni reglugerðarinnar.

Af því að ég gat ekki alveg svarað því nægilega fyllilega í fyrra andsvari vil ég árétta um rétt sjúklings til að hafna aðgangi, að ég er hjartanlega sammála því sem hv. þm. Ólöf Nordal segir. Í svona máli eins og við erum núna að feta er miklu betra að byrja þrengra, opna bara gáttina örlítið og fara svo smátt og smátt að opna meira ef í ljós kemur að takmarkanirnar eru of miklar heldur en að byrja á því að galopna og fara svo að loka. Það er alltaf miklu erfiðara. Við samningu þessa frumvarps tel ég að okkur hafi tekist að feta þennan gullna meðalveg sem tryggir sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga en án þess þó að hætta meðferð hans, og ef hann vill kirfilega loka er alveg ljóst að hann er í raun að hafna meðferð. Ég held því að okkur hafi tekist að fara þennan mikilvæga meðalveg sem síðan (Forseti hringir.) í lokin hefur að leiðarljósi sjálfsákvörðunarrétt hans.

[18:31]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur fram í frumvarpinu og í athugasemdum við 24. gr. um reglugerðarheimildina, að þar er t.d. vitnað til 2. mgr. og 6. gr. og fleiri greina þar sem verið er að þrengja að reglugerðarvaldinu. Það er alveg rétt.

En ég velti fyrir mér hvort kannski væri ástæða til að ítreka sérstaklega, ef til stendur að taka þetta mál inn á milli 2. og 3. umr., að í framhaldsnefndarálitinu kæmi líka fram að með slíka reglugerðarheimild skuli fara af mikilli gát. Vegna þess að alveg eins og kom fram hjá hv. þm. Dögg Pálsdóttur þá skulum við fara mjög gætilega þegar við fetum það einstigi sem þar er verið að fara. Þetta er mjög merkilegt mál. Hér er verið að byggja á þeirri umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu um nokkurra ára skeið, eins og ég nefndi í ræðu minni, ekki síst vegna þeirra deilna sem urðu um deCode-málið á sínum tíma og í raun og veru þá þróun sem það mál þurfti að fara í gegnum áður en það gat orðið að lögum sem var ósköp eðlilegt vegna þess að það var farið mjög hratt með fólk inn í þá umræðu. En ég held að það sé afskaplega mikilvægt í máli sem þessu þegar menn hafa vandað svo mjög til verka, að það sé ítrekað og að í raun og veru sé sá varnaglinn settur líka í nefndarálit að með reglugerðina skuli fara með mikilli gát. Það sé frekar þannig að ef vafi leikur á þá verði að breyta lögum til samræmis við þann vilja sem gæti hugsanlega komið fram.

Mér finnst þetta skipta gífurlega miklu máli. Þarna eru óskaplega mikilvægar og miklar persónuupplýsingar á ferðinni og það skiptir miklu máli að allir geti treyst því að þarna sé farið eins rólega og hægt er í þessu máli.

[18:33]

Dögg Pálsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Möller ræddi áðan um athugasemdir vísindasiðanefndar. Það gafst ekki tóm til að svara til hlítar vangaveltum hennar um hvort gagnagrunnar sem munu vera til staðar eigi að falla undir þessa nýju löggjöf um sjúkraskrár. Ég hef ekki haft tóm til að kynna mér þetta til fulls en í fljótu bragði sé ég ekki betur en að þeir gagnagrunnar sem vísindasiðanefnd vísar til hljóti að vera þeir gagnagrunnar sem er gert ráð fyrir að séu fyrir hendi og megi stofna á grundvelli laga um landlækni, 2. mgr. 8. gr. þeirra laga.

Þar er gert ráð fyrir að það séu heilbrigðisskrár sem landlæknir geti skipulagt og honum sé heimilt að færa. Það eru fæðingarskrár, skrá um hjarta- og æðasjúkdóma, skrá um taugasjúkdóma, krabbameinsskrá, slysaskrá, vistunarskrá heilbrigðisstofnana, samskiptaskrá heilsugæslustöðva, samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Ég held að þarna hljóti að vera a.m.k. einhver skörun á milli og þá sé eðlilegra að líta á að þessir grunnar séu af þeim toga heldur en að þetta séu grunnar sem falli undir sjúkraskrár. Ég held að við þurfum að varast það að fara of langt í að fella einhverja gagnagrunna sem ekki eru í raun sjúkraskrá, þó að það séu grunnar sem byggja á upplýsingum úr sjúkraskrám, undir sjúkraskrárlögin sem vonandi verða.

Það er nefnilega mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að hafa í huga að það er ekkert samasemmerki, þó að það hafi komið fram í umræðunni að ýmsir telji að svo sé, þá er ekki samasemmerki á milli rafrænna sjúkraskráa og gagnagrunna. Þetta er sitt hvor hluturinn og ég tel mjög varhugavert að blanda því tvennu saman.

En vegna umræðunnar sem hér hefur farið fram um 15. gr. frumvarpsins þá hef ég fengið ábendingu um að meðferð heilbrigðisráðuneytisins á því að úrskurða að aðgangur að sjúkraskrám látinna sé heimill, þ.e. þeir úrskurðir sem ráðuneytið hefur kveðið upp liggur fyrir að hafi kveðið upp, þó að landlæknir hafi upphaflega hafnað, þeir byggjast á 12. gr. laga um réttindi sjúklinga. Það stemmir við það að í nefndarálitinu er hætt við að fella út, þ.e. samkvæmt 26. gr. frumvarpsins, 3. og 4. málslið 12. gr. laga um réttindi sjúklinga, en í nefndarálitinu er gert ráð fyrir að hætt verði við að fella þetta út.

Ég hins vegar verð að viðurkenna að mér er algjörlega fyrirmunað að skilja hvernig hægt er að byggja úrskurði um aðgang að sjúkraskrám látinna á umræddri 12. gr. laga um réttindi sjúklinga. 12. gr. fjallar um þagnarskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu og síðan segir þar að þagnarskyldan haldist þó að sjúklingur andist og þó að starfsmaður láti af störfum. Síðan kemur: Mæli ríkar ástæður með því getur starfsmaður látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum hlutaðeigandi. Sé starfsmaður í vafa getur hann borið málið undir landlækni.

Ég hef alltaf túlkað þetta ákvæði svo og hef ekki vitað til að um einhvern ágreining væri að ræða í raun og veru, að þarna væri um að ræða huglæga þekkingu heilbrigðisstarfsmanns vegna samskipta hans við sjúkling. Þetta sé ekki eitthvað sem hann megi gefa upplýsingar um eftir að hann hefur farið í sjúkraskrána. Ég hef hvergi séð nein merki þess og raunar sé ekki hvernig menn geta túlkað þessa 12. gr. þannig að hún heimili aðgang að sjúkraskrá og því síður aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings. Um aðgang að sjúkraskrám er fjallað í 14. laga um réttindi sjúklinga. Enda heitir sú grein Aðgangur að sjúkraskrám.

Ég átta mig ekki á því með hvaða heimild þetta hefur verið túlkað með þessum hætti en ég taldi nauðsynlegt og rétt að láta þetta koma (Forseti hringir.) fram af því mér barst þessi ábending.

[18:39]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Við fjöllum hér um mál sem hefur í aðalatriðum áður verið til umræðu í þinginu þar sem frumvarpið er nú endurflutt. Það hafði áður verið endurflutt af þáverandi heilbrigðisráðherra á 135. þingi. Þetta mál hefur í sjálfu sér verið ágætlega reifað hér en meginmarkmið frumvarpsins er að sett séu sérstök lög um sjúkraskrár og að kveðið skuli með heildstæðum hætti á um færslu, varðveislu og aðgang að þeim. Þá er kveðið á um skýra lagaskyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa upplýsingar um meðferð í sjúkraskrá og kveðið nánar á um rétt sjúklinga við færslu upplýsinga í sjúkraskrá. Síðast en ekki síst er verið að veita lagaheimild fyrir sameiginlegum sjúkraskrárkerfum og til samtengingar rafrænna sjúkraskrárkerfa svo að unnt sé að miðla sjúkraskrárupplýsingum með rafrænum hætti milli heilbrigðisstarfsmanna sem hafa sjúkling til meðferðar. Þetta er gríðarlega mikilvægt atriði og við þekkjum það sem höfum þurft að leita til heilbrigðisstofnana, ólíkra heilbrigðisstofnana, að ekki sé talað um á ólíkum landsvæðum, að þetta er gríðarlega mikið atriði og mikill kostur ef þetta nær í gegn. Allir sem fjalla um þetta mál eru enda sammála um að hér sé gott mál á ferðinni og það verði til mikillar hagræðingar, ekki bara fyrir starfsmenn heilbrigðisstofnana heldur líka fyrir viðkomandi sjúklinga.

Ég hef stundum verið að spá í það, af því að oft hefur verið fjallað um að nauðsynlegt geti reynst fyrir sjúklinga sem hafa farið í greiningu — ég held að það sé hluti af því sem hefur verið að breytast á þessari upplýsingaöld og með þessari upplýsingabyltingu en fólk er farið að átta sig á því að gamla goðsögnin um að læknar, og jafnvel annað heilbrigðisstarfsfólk, séu óskeikulir og óbrigðulir, er ekki rétt. Svo er auðvitað ekki þannig og þess vegna er mikilvægt fyrir sjúklinga að geta leitað álits annars aðila. Sjúkraskrár eins og sú sem hér um ræðir munu þá nýtast sjúklingum vel við slíkt og að sjálfsögðu er mikil hagræðing af því fyrir viðkomandi lækna. Ég held að þetta hljóti að vera eitt af því sem hver og einn sjúklingur á að geta gert, þ.e. fengið mat fleiri en eins aðila á sjúkdómsgreiningu sinni og eins þeim meðferðum sem viðkomandi stendur frammi fyrir.

Það kom mér á óvart varðandi kostnaðarmatið að ef þetta nær fram að ganga verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Það kostar eitthvað að koma svona kerfi upp en það leiðir líka til gríðarlega mikillar hagræðingar. Engu að síður er þetta mjög gott mál.

Það hefur verið sagt hér að samtenging rafrænna sjúkraskráa og sameiginleg sjúkraskrárkerfi séu bylting í heilbrigðisþjónustu. Það hefur komið fram hjá mörgum, og m.a. úr þessum ræðustól, að hér sé hreinlega um byltingu að ræða. Eins og segir í greinargerðinni með frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Undirstaða þekkingar er upplýsingar og upplýst ákvörðunartaka byggist á þekkingu. Í heilbrigðisþjónustu getur aðgangur heilbrigðisstarfsmanns að mikilvægum upplýsingum sem skráðar eru í sjúkraskrá sjúklings ráðið úrslitum um meðferð og batahorfur. Þar gegnir rafræn sjúkraskrá lykilhlutverki. Rafræn sjúkraskrá opnar fyrir möguleika á aðgengi meðferðaraðila að sjúkraskrárupplýsingum um sjúklinga hvar og hvenær sem er. Í dag er rafrænt aðgengi að sjúkraskrárupplýsingum að mestu bundið við þann stað þar sem upplýsingarnar voru skráðar. Þannig eru upplýsingar um heilsufar einstaklings dreifðar á marga staði, t.d. á einni eða fleiri heilsugæslustöðvum, á einu eða fleiri sjúkrahúsum og hjá einum eða fleiri sjálfstætt starfandi sérfræðingum; í pappírsformi eða á rafrænu formi í mismunandi upplýsingakerfum, sem ekki er heimilt að tengja saman né er það í mörgum tilvikum mögulegt. Ef öryggi sjúklings, með tilliti til gæða þeirrar heilbrigðisþjónustu sem hann kann að þarfnast, er sett í forgrunn má segja að æskilegast væri að allar upplýsingar um heilsufar hans fylgi honum sjálfum, óháð skráningarstað upplýsinganna.“ — Þetta undirstrikar það sem ég kom inn á fyrr í ræðu minni, hæstv. forseti.

Við Íslendingar teljum okkur vera í fararbroddi þegar kemur að nýtingu upplýsingatækni. Á vegum ríkisstjórnarinnar hefur verið starfandi sérstök nefnd og hópur fólks sem hefur unnið að framgangi upplýsingatækninnar og upplýsingatæknisamfélagsins. Tölvueign hér er gríðarlega mikil og aðgangur að netinu, sé miðað við hlutfallslegan aðgang, er einna hæstur hér. Ég verð hins vegar að segja að mér hefur stundum fundist að við Íslendingar höfum ekki staðið okkur nógu vel í stjórnsýslunni þegar kemur að nýtingu upplýsingatækninnar. Þegar kemur að ýmsum ríkisstofnunum höfum við ekki gert nógu mikið í því að nýta okkur þá möguleika sem upplýsingatæknin veitir okkur. Einstaka stofnanir hafa þó skarað fram úr á þessu sviði. Mætti nefna ríkisskattstjóra í þeim efnum en hann hefur sýnt framúrskarandi árangur á því sviði að nýta sér upplýsingatæknina.

Mér sýnist einmitt að í þessu máli komum við til með að geta skarað fram úr í nýtingu upplýsingatækninnar. Við ættum með þessu að geta farið fram úr öðrum þjóðum hvað þetta varðar. Fyrir okkur er það einstaklega auðvelt miðað við margar aðrar þjóðir að nýta okkur þessa tækni í ljósi þess hversu vel tölvulæsir Íslendingar eru og hversu vel landið er uppbyggt á því sviði sem lýtur að fjarskiptakerfinu, sú mikla tenging og sú mikla flutningsgeta sem er í fjarskiptakerfinu gerir okkur mun auðveldara að nýta okkur upplýsingatæknina og þróa hana okkur til hagræðis. Ég held hins vegar að það þurfi að hugsa í lausnum á þessu sviði í miklu fleiri tilvikum en hér er gert. Miðað við allt má segja að þessi þróun um rafrænar sjúkraskrár, sem hefur verið mjög lengi í umræðunni — það er staðreynd, þetta hefur verið mjög lengi í umræðunni og því miður hefur meira verið talað en framkvæmt í þessum efnum. Þetta mál hefur þokast ótrúlega hægt áfram því að allir hafa verið sammála um nauðsyn þess að ganga í þetta verkefni og margir heilbrigðisstarfsmenn hafa sagt að þetta væri eitt brýnasta mál sem ráðast þyrfti í á vegum heilbrigðisþjónustunnar og á vegum heilbrigðisráðuneytisins.

Ég vil ítreka að mikil hagræðing er af þessu fyrir sjúklinga, hæstv. forseti, og fyrir heilbrigðisstarfsfólk. En burt séð frá öllu því hlýtur þetta líka að auka mjög á öryggi í öllu heilbrigðiskerfinu. Það hlýtur að skipta gríðarlega miklu máli varðandi öryggi sjúklinga að þeir aðilar sem taka við þeim geti fengið greiðan aðgang að upplýsingum, geti fengið upplýsingar á sem skemmstum tíma og geti lesið úr þeim þegar mikið liggur við – ekki bara þegar verið er

að færa sjúklinga frá einum spítala til annars heldur að geta fengið upplýsingar hvaðanæva að, upplýsingar af öðrum spítala eða frá öðrum heilbrigðisstofnunum, frá höfuðborgarsvæðinu eða öðrum stöðum á landinu.

Þá komum við að því, og það er eitt af því sem var mjög mikið í umræðunni þegar verið var að fjalla um annan gagnagrunn, að allar þær upplýsingar sem hér koma saman eru gríðarlega viðkvæmar og geta verið mjög dýrmætar fyrir marga aðila. Er ég þá ekki að tala um þá sem nota slíkar upplýsingar í þeim tilgangi að lækna eða þjónusta viðkomandi sjúklinga heldur þá sem vilja komast yfir þessar upplýsingar og hafa hag af því að þekkja sjúkraskrársögu einstakra aðila. Það gefur augaleið að ýmsir aðilar hafa hag af slíku. Það getur snúið að vinnuveitendum, að tryggingafélögum og slíkum aðilum. Gríðarlega mikil umræða varð um það, þegar verið var að tala um miðlægan gagnagrunn í kringum deCode, að mikilvægt væri að koma í veg fyrir að hægt væri að misnota slíkar upplýsingar. Ég man ekki betur en að menn hafi talað sig hása — hér á þingi, úti í þjóðfélaginu, úti um allt og ekki síst á meðal heilbrigðisstarfsmanna — um nauðsyn þess að dulkóða þær upplýsingar sem væru í þeim tiltekna gagnagrunni. Það er mikil hætta á að upplýsingar af þessu tagi verði misnotaðar og því er gríðarlega mikið traust lagt á þá aðila sem koma til með að hafa aðgang að þeim. Við þurfum ekki annað en að horfa á bankakerfið eða viðskiptalífið undanfarin ár — menn hafa átt það til að missa sig á ýmsum sviðum í því. Öll erum við breysk og við vitum að þær upplýsingar sem liggja fyrir í umræddum gagnagrunni eru þess eðlis að hætta er á að einstaka aðilar hagnýti sér þær með þeim hætti sem ekki getur talist æskilegt.

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað alveg sérstaklega um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga í sjúkraskrám. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við setningu reglna um sjúkraskrár og meðferð sjúkraskráruplýsinga er nauðsynlegt að gæta vel að vernd persónuupplýsinga í sjúkraskrám enda teljast allar sjúkraskrárupplýsingar til viðkvæmra persónuupplýsinga. Á þetta ekki síst við um rafrænar sjúkraskrár og rafræn sjúkraskrárkerfi þar sem sjúkraskráruplýsingar í slíkum kerfum verða óhjákvæmilega aðgengilegar stærri hópi heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna í heilbrigðisþjónustu en sjúkraskrár sem einungis eru varðveittar í pappírsformi. Verður í því sambandi að gæta að réttindum einstaklinga sem m.a. eru varin í stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindasáttmálum og almennri löggjöf. Koma hér m.a. til skoðunar ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en af þessum ákvæðum hefur sú regla m.a. verið leidd að sjúklingur eigi rétt til aðgangs að eigin sjúkraskrá og til að fá afrit af henni. Í þessu sambandi koma einnig til skoðunar lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga“ — og ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta hangi allt saman — „en skv. 1. gr. þeirra laga er markmiðið m.a. að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga.“

Talandi um persónuupplýsingar, hæstv. forseti, hef ég stundum verið að spá í það — ég held reyndar að sú umræða sem varð á sínum tíma um gagnagrunninn í tengslum við Íslenska erfðagreiningu hafi verið mjög mikilvæg og orðið til þess að við erum mjög meðvituð um að gæta verði vel að því að slíkar upplýsingar komist ekki í hendur rangra aðila. Að sama skapi erum við mjög meðvituð hér í þessu tiltekna máli um persónuupplýsingar. Það er merkilegt til þess að hugsa að ef við tölum um persónuupplýsingar er gríðarlega mikill aðgangur að þeim hjá þeim sem vinna í hinum ýmsu fyrirtækjum hingað og þangað í samfélaginu.

Tökum sem dæmi þá sem vinna hjá kreditkortafyrirtækjum. Nánast allt er borgað með kreditkortum hér á landi og í því tilviki gætu einstakir starfsmenn, talandi um heilbrigðismál, séð hvort einstakir aðilar kaupa t.d. mikið af lyfjum, hvort margar færslur séu úr apótekum hjá einstaka aðilum. Ég minnist þess ekki að menn hafi haft sérstakar áhyggjur af því hér en það er dæmi um það hvernig hægt væri að misnota upplýsingar. Ég þekki ekki hversu strangar reglur gilda um þá sem hafa aðgang að slíkum upplýsingum en ég fullyrði að þeir aðilar sem koma til með að hafa þær upplýsingar sem við ræðum hér þurfa að undirgangast miklu strangari reglur en þeir aðilar. Þeir aðilar sem um er að ræða, þeir sem vinna í bankakerfinu, hjá fjármálafyrirtækjum, hjá kreditkortafyrirtækjum, hafa aðgang að slíkum upplýsingum. Þeir gætu líka skoðað hversu oft viðkomandi færi til læknis. Það geta verið gríðarlega mikilvægar upplýsingar og mjög persónulegar.

Ýmsir hafa rætt um aðgang að ákveðnum tegundum af börum sem bjóða upp á fjölbreyttari þjónustu en gengur og gerist. Slíkar upplýsingar geta verið gríðarlega viðkvæmar og þannig mætti fara yfir hin ýmsu mál. Það er alveg á hreinu og vandlega merkt hvaða búðir mega t.d. selja áfengi. Menn gætu safnað saman upplýsingum um einstaka aðila hvað það varðar, enda kannski ekki tilviljun að mikið er um að peningavélar séu fyrir framan afgreiðsluútibú ÁTVR eða Vínbúðina. Fólk er orðið mjög meðvitað um þetta en ég er að reyna að draga það fram að það er mjög gott, hæstv. forseti, hve vel þess er gætt í frumvarpinu að virða persónuvernd.

Ég nefndi kreditkortin sem dæmi en ég held að huga þurfi að persónuvernd mun víðar. Fólk getur t.d. ekki keyrt á milli borgarhluta öðruvísi en (Forseti hringir.) að vera myndað nokkrum sinnum á leiðinni. Ég held að fara þyrfti vel (Forseti hringir.) ofan í saumana á því hvernig þær upplýsingar dreifast til einstakra aðila, hæstv. forseti.

[18:59]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Okkur hefur orðið tíðrætt um mikilvægi þess að veita heimild til skráningar rafrænna sjúkraskráa og hvað það hljóti að skipta miklu máli að sá möguleiki sé fyrir hendi að safna saman allri sjúkrasögu hvers einstaklings á einn stað og að sú skrá og sú vitneskja sem í þeirri skrá sé fylgi sjúklingi frá vöggu til grafar.

Þetta er mjög mikilvægt og mikið öryggisatriði fyrir sjúklinginn og þess vegna er mikilvægt að þetta frumvarp nái fram að ganga. Læknafélag Íslands tekur undir að það sé mikilvægt. En í umsögn þeirra um þetta atriði segja þeir, með leyfi forseta:

„Það er skoðun félagsins að það séu hagsmunir sjúklinga að ráðherra heimili að færðar séu og varðveittar sjúkraskrár sjúklinga í sameiginlegu rafrænu sjúkraskrárkerfi enda sé þar til greindum skilyrðum fullnægt. Því er það jafnframt skoðun félagsins að ráðherra hljóti að meginstefnu til að heimila slíkt sameiginlegt rafrænt sjúkraskrárkerfi.“

Í greinargerð með frumvarpinu um sjúkraskrár segir að tilgangurinn með færslu sjúkraskrár sé í meginatriðum þríþættur. Í fyrsta lagi að safna saman á einn stað heilsufarsupplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna meðferðar sjúklings og tryggja þannig samfellu þjónustunnar svo að hún verði markviss og örugg. Í öðru lagi þjónar sjúkraskrá mikilvægu hlutverki sem tæki heilbrigðisstarfsmanna til að miðla upplýsingum til annarra heilbrigðisstarfsmanna sem þurfa á þeim að halda vegna meðferðar sjúklings. Í þriðja lagi er færsla sjúkraskráa nauðsynleg til að unnt sé að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu, halda heilbrigðisskrár og vinna að gæðaþróun og gæðaeftirliti innan stofnana og starfsstofa og heilbrigðiskerfisins í heild. Ávallt verður þó að hafa í huga að sjúkraskrár eru fyrst og fremst nauðsynlegt vinnutæki heilbrigðisstarfsmanna vegna heilbrigðisþjónustu. Vel færð sjúkraskrá og aðgengilegar sjúkraskrárupplýsingar tryggja eins og unnt er að réttar ákvarðanir séu teknar um meðferð sjúklings.

Krafa um örugga varðveislu sjúkraskráa er einkum mikilvæg í tvennu tilliti. Í fyrsta lagi getur það skipt sköpum við meðferð sjúklinga að sjúkraskrárupplýsingar séu vel varðveittar og aðgengilegar. Óaðgengilegar eða glataðar sjúkraskrárupplýsingar gagnast engum. Þannig er krafan um örugga varðveislu fyrst og fremst sett fram í því skyni að tryggja að unnt sé að veita sjúklingi bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á á hverjum tíma. Í öðru lagi skiptir örugg varðveisla sjúkraskráa meginmáli þegar kemur að vernd sjúkraskrárupplýsinga en sjúkraskrár hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar. Allar sjúkraskrárupplýsingar eru trúnaðarmál. Verður því að haga vörslu sjúkraskráa þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

Eins og fram hefur komið er tilgangur með færslu sjúkraskrár fyrst og fremst að tryggja samfellu í heilbrigðisþjónustu þannig að hún verði markviss og örugg með hagsmuni sjúklings ætíð í huga. Til að svo megi verða skiptir mestu að sjúkraskrárupplýsingar séu aðgengilegar heilbrigðisstarfsmönnum þegar þeir þurfa á þeim að halda vegna meðferðar sjúklings.

Í frumvarpinu er einmitt skýrt mælt fyrir um rétt heilbrigðisstarfsmanna til aðgangs að sjúkraskrám í slíkum tilvikum. Þá er í kaflanum jafnframt kveðið á um aðgang sjúklinga að eigin sjúkraskrá. En meginreglan í því sambandi er að sjúklingur eigi rétt á fullum aðgangi að eigin sjúkraskrá og einnig til að fá afrit af henni.

Það tel ég að sé mikilvægt atriði í frumvarpinu að sjúklingur hafi fullan aðgang að sjúkraskrá sinni og auðvitað ætti það að vera og eins og hugmyndir hafa komið fram um að sjúklingur geti haft eigin heimasíðu þar sem mikilvægar upplýsingar um heilsufar hans koma fram. Hann þyrfti auðvitað að hafa sinn eigin aðgang og getað fylgst með hverjir hafa skoðað heilsufars- eða sjúkraskrá hans og gripið inn í ef eitthvað er þar sem sjúklingurinn er ekki ásáttur við.

Loks eru í kaflanum settar reglur um aðgang að sjúkraskrá látinna. Aðgang heilbrigðisyfirvalda að sjúkraskrám og reglur um aðgang vegna gæðaþróunar og gæðaeftirlits heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna.

Ljóst er að heimild til að veita beinan aðgang að sjúkraskrám sjúklinga með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa gerir það að verkum að aðgangur heilbrigðisstarfsmanna að sjúkraskrám sjúklinga verði víðtækari og í einhverjum tilvikum verður að gera ráð fyrir því að slíkur aðgangur gæti orðið víðtækari en sjúklingurinn kærir sig um.

Því er nauðsynlegt og skýrt kveðið á um rétt sjúklinga til að banna miðlun upplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa. Getur sjúklingur bæði í einstökum tilvikum og í eitt skipti fyrir öll lagt bann við því að upplýsingum úr sjúkraskrá hans sem vistuð er í rafrænu sjúkraskrárkerfi sé miðlað út fyrir kerfið. Getur bannið einnig tekið til tiltekinna sjúkraskrárupplýsinga og eru þessar reglur í samræmi við meginregluna sem lagt er til að lögfest verði í 2. gr. frumvarpsins um sjálfsákvörðunarrétt sjúklings við meðferð eigin sjúkraskrárupplýsinga.

Þetta skiptir auðvitað allt verulega miklu máli, að hugað sé að persónuvernd og að sjúklingur sjálfur geti ákvarðað hverjir fái aðgang að upplýsingum hans og geti bannað aðgang að þeim upplýsingum ef honum sýnist svo. Er það skilyrði fyrir leyfisveitingu ráðherra að sýnt sé fram á að sameiginlegt sjúkraskrárkerfi sé til þess fallið að tryggja betra öryggi sjúklinga og auka gæði heilbrigðisþjónustunnar.

Það er auðvitað grundvallaratriðið í þessu öllu saman að með þeirri leið sem hér er verið að fara með rafrænum sjúkraskýrslum og þeirri hagræðingu sem af því hlýst að geta með þessum hætti sent sjúkraskýrslur á milli stofnana eins og þurfa þykir. Það er fyrst og fremst hagræðingin og bætt þjónusta og bætt öryggi og persónuvernd sem skiptir mestu máli í þessu frumvarpi, virðulegi forseti.

[19:09]

Útbýting:

Heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, 474. mál, þáltill. ArnbS o.fl., þskj. 950.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 356. mál, þskj. 945.

Stjórnarskipunarlög, 385. mál, frhnál. minni hluta stjórnarskrárn. s., þskj. 948; brtt. minni hluta stjórnarskrárn. s., þskj. 949; frhnál. meiri hluta stjórnarskrárn. s., þskj. 951.

[19:10]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Hér hafa verið langar og miklar umræður í dag og í sjálfu sér ekki nema eðlilegt, við aðrar aðstæður hefðu þær kannski tekið enn þá lengri tíma. En ég vona að fram hafi komið gott innlegg og góðar upplýsingar til þess að hafa sem veganesti í þeirri vinnu sem undirbúningshópurinn hefur til þess að innleiða lögin þegar þetta verður orðið að lögum. Að fram hafi komið góðar leiðbeiningar til þeirra sem vinna málið áfram.

Miðað við þær umræður og athugasemdir sem hafa komið fram í dag þá nefndi ég það fyrr að það væri eðlilegt að hafa fund í heilbrigðis- og trygginganefnd og fara yfir 15. gr. og ég óska eftir því að málinu verði vísað til heil-

brigðisnefndar milli 2. og 3. umr.

Annars þakka ég fyrir góðar umræður og góðar undirtektir og þykist heyra það á öllum að mikill vilji sé fyrir því að afgreiða þetta frumvarp nú á þessu þingi og ég vona að það gangi eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisendurskoðun, 2. umr.

Frv. GSv o.fl., 416. mál (bættur aðgangur fjárlaganefndar að upplýsingum). — Þskj. 705, nál. 866.

[19:12]

Frsm. fjárln. (Ásta Möller) (S):

Virðulegi forseti. Í fjarveru formanns fjárlaganefndar Gunnars Svavarssonar og annarra stjórnarliða í fjárlaganefndinni flyt ég nefndarálit um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997. Frumvarpið kemur frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svein Arason, Inga K. Magnússon, Lárus Ögmundsson og Jón L. Björnsson frá Ríkisendurskoðun. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá fjármálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun.

Við meðferð málsins kom fram af hálfu Ríkisendurskoðunar að í framkvæmd geti reynst erfitt að veita fjárlaganefnd beinan aðgang að gögnum sem hún aflar á grundvelli rannsóknarheimilda sinna samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna. Nefndin leggur til að stofnunin hafi í þeim tilvikum heimild til að veita upplýsingar í formi skýrslna eða greinargerða sem hún hefur tekið saman um fjárhagsmálefni þeirra aðila sem umræddar rannsóknarheimildir taka til enda hindri það ekki eðlileg eftirlitsstörf fjárlaganefndar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 1. málsl. efnismálsgreinar 1. gr. bætist: eða leggja fram skýrslu.

Undir nefndarálitið rita ásamt þeirri sem hér talar hv. þm. Gunnar Svavarsson, formaður, Björgvin G. Sigurðsson, Ellert B. Schram, Guðjón A. Kristjánsson, Illugi Gunnarsson, Jón Bjarnason, Kristján Þór Júlíusson og Magnús Stefánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:15]

Út af dagskrá voru tekin 7.–8., 10.–11. og 13.–14. mál.

Fundi slitið kl. 19:35.

---

134. FUNDUR

föstudaginn 17. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Sjúkraskrár, stjfrv., 170. mál, þskj. 205, nál. 880. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Ríkisendurskoðun, frv., 416. mál, þskj. 705, nál. 866. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 473. mál, þskj. 946. — Ein umr. *Ef leyft verður.*
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 385. mál, þskj. 648, nál. 881 og 892, frhnál. 948 og 951, brtt. 805, 882, 917 og 949. — Frh. 2. umr.
6. Almenn hegningarlög, frv., 342. mál, þskj. 583, nál. 885, brtt. 886. — 2. umr.
7. Skaðabótalög, frv., 438. mál, þskj. 747. — 2. umr.
8. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 664, nál. 884 og 910. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n.
Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðaust.

[10:35]

Útbýting:

Framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 2004–2005, 2005–2006 og 2006–2007, 475. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 952.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

[10:36]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að beina fyrirspurn til fjármálaráðherra vegna samstarfsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það er þannig að eftir áfangaskýrsluna frá því í febrúar stóð til að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kæmi með aðra greiðsluna af láninu en það hefur dregist. Það er enn óútskýrt hvers vegna greiðslan frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur ekki enn þá borist og það er ástæða til að hafa áhyggjur af því að þetta kunni að vera ein af orsökunum fyrir því að gengi krónunnar gefur eftir. Það hefur gefið eftir síðan ríkisstjórnin tók við um 15%.

Í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar er lögð sérstök áhersla á að kynna áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég sakna þess nú þegar við komum hér saman til að slíta þingi að ekki hafi birst neinir tilburðir frá ríkisstjórninni til að kynna þessa áætlun sérstaklega og þar var líka talað um að leitað yrði leiða til að lækka vexti eins fljótt og kostur er og að fram kæmi tímasett áætlun um rýmkun

hafta. Hvað veldur því að önnur greiðsla frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur enn ekki borist? Eru þær tafir vegna aðstæðna í íslensku efnahagslífi? Hefur íslenskum stjórnvöldum mistekist að uppfylla einhver skilyrði og hangir þetta saman við rof á því loforði að stjórnvöld kæmu fram með tímasetta áætlun um afnám hafta eins og gert var ráð fyrir í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar?

[10:38]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég hef farið yfir þetta áður en það er sjálfsagt að gera það einu sinni enn. Aðaltöfin á þeirri tímaáætlun sem unnið var samkvæmt á haustmánuðunum, í nóvember og desember, varð í tíð fyrri ríkisstjórnar. Þannig var að fyrri ríkisstjórn — (Gripið fram í.) ef hornið á erfitt með að þola að heyra sannleikann er það vandamál þeirra sem þar sitja — átti að skila gögnum til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í lok desember. Það var farið fram á að fá að skila þeim gögnum í janúar. Síðan leið janúarmánuður eins og hann leið hér í íslensku samfélagi og það urðu stjórnarskipti um mánaðamótin. Þegar komið var í ráðuneytin í byrjun febrúar var öll sú vinna óunnin sem átti upphaflega að ganga til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í lok desember. Menn fengu undanþágu til að skila í janúar en vinnan var óunnin 1. febrúar.

Þetta er aðaltöfin í ferlinu. Síðan dróst það um u.þ.b. viku að sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kæmi og hún dvaldi næstum viku lengur en upphaflega hafði verið áætlað. Nokkurn veginn þetta skýrir nákvæmlega þá töf sem orðið hefur á fyrirtekt stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Talsmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins lauk á fundi vestan hafs fyrir viku lofsorði á það að íslensk stjórnvöld væru að vinna mjög faglega að þessum málum og það er ekkert upp á þá vinnu að klaga. Það stóð aldrei til að næsti skammtur af láninu yrði afgreiddur fyrr en stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins væri búin að taka endurskoðunarskýrsluna fyrir og gefa grænt ljós á hana. Um leið og það hefur gerst, þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tekur málið fyrir samkvæmt vinnuáætlun sinni, er þess að vænta að næsta greiðsla af láninu komi.

[10:40]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ekki skal lítið úr því gert að það eru mörg handtökin og margt verkið sem þarf að vinna við að endurreisa efnahagslíf okkar. Ef þetta eru skýringarnar, að verkefnið sé einfaldlega svona stórt, þurfum við að sýna einhverja biðlund en vonandi verður það ekki til þess að valda okkur frekara tjóni. Ég skil það svo að þess sé að vænta á næstunni að önnur greiðsla frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum berist samkvæmt samningi þar um. En hvenær kemur þá tímasett áætlun stjórnvalda um rýmkun haftanna eins og lagt var upp með þegar verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar var sett saman og sannarlega var það þannig á þeim tímapunkti að það lá alveg fyrir hver staða verkefna gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var? Ef hæstv. fjármálaráðherra var það ókunnugt hefði honum verið í lófa lagið að spyrja forsætisráðherra vegna þess að hún sat í þeirri ríkisstjórn sem kennt er um tafirnar.

Mér sýnist stefna í að (Forseti hringir.) loforðið um tímasetta áætlun um afnám haftanna verði ekki efnt.

[10:41]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Fyrst til að svara því sem hv. þingmaður vék að í fyrri ræðu sinni varðandi kynningu á samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það hefur verið gert og staðið við það loforð, ég hvet hv. þingmann til að fara inn á upplýsingaveituna island.is og þar er gögn að finna um það mál. Það liggur allt fyrir sem getur legið fyrir eðli málsins samkvæmt á þessu stigi málsins í þeim efnum.

Ég vek athygli á því líka að afgreiðsla margra annarra landa er að tefjast hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og miklum mun meira en enn er orðið í tilviki Íslands. Ég tel að í okkar tilviki séu þessi mál í mun traustari farvegi en þau hafa reynst hjá mörgum öðrum.

Vinnan við gjaldeyrismálin og það að ná utan um þann vanda sem vera jöklabréfanna í hagkerfinu hér skapar er í miklum forgangi hjá Seðlabankanum og ég vænti þess að þess sé ekki langt að bíða að menn fái af því fréttir hver verða næstu skref í því máli, mögulega nú á ársfundi Seðlabankans í eftirmiðdaginn. Ég get a.m.k. upplýst um að það er unnið að þessu hörðum höndum og það er í miklum forgangi að reyna að ná utan um þau mál.

Niðurstöður PISA-kannana.

[10:42]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Efnahagslíf okkar er í rúst eins og allar vita og það er mikilvægt að við náum að rífa okkur upp úr því. Til að geta gert það þurfum við að efla menntakerfið en sú klisja hefur gengið um þetta samfélag í langan tíma að við búum við svo öflugt menntakerfi. Því miður er það ekki alveg þannig. Við höfum frábæra kennara og jafnan aðgang að skólum en samt komum við illa út í samanburði við önnur lönd. PISA-kannanirnar sem eru gerðar meðal upp undir 60 landa sýna að við náum einungis miðlungsárangri og OECD hefur gagnrýnt yfirvöld fyrir það að þessi árangur telst alls ekki nægjanlegur miðað við það að *við verjum meira fjármagni en nokkur önnur þjóð innan* OECD á hvern nemanda. Þrátt fyrir að allir leggi sig fram er árangurinn ekki góður, í grunnskólunum sérstaklega, og okkur hefur hrakað milli kannana. Þetta er verulegt áhyggjuefni. Sú klisja sem sérstaklega Sjálfstæðisflokkurinn hefur haldið á lofti um að menntakerfið hér væri afar öflugt á ekki við rök að styðjast þegar við skoðum samanburðinn við önnur lönd, því miður, virðulegur forseti.

Þess vegna spyr ég hæstv. menntamálaráðherra út í þennan kerfislæga galla sem ég leyfi mér að halda á lofti að hljóti að vera í menntakerfi okkar. Þrátt fyrir góða kennara, þrátt fyrir jafnan aðgang er árangurinn ekki nógu góður. Hver telur hæstv. menntamálaráðherra að sé skýringin á því? Hver er skýringin á þessum slaka árangri? Og hvað hefur hæstv . menntamálaráðherra gert til að reyna að ná betri árangri til framtíðar litið í þessu kerfi, menntamálum þjóðarinnar? Það hlýtur að þurfa að byggja inn meiri hvata í kerfið til að ná betri árangri og þetta er svo brýnt mál núna

þegar við stöndum frammi fyrir því að þurfa að efla menntun í kerfinu til að geta sótt fram með íslenskt (Forseti hringir.) efnahagslíf og íslenskt velferðarkerfi til framtíðar.

[10:44]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur þessa fyrirspurn. Það er alveg rétt, það er margt til að hafa áhyggjur af ef við lítum á PISA-kannanir, kannski ekki síst þá könnun sem sýndi að lesskilningur íslenskra nemenda var langt undir því sem við höfðum ætlað enda höfum við yfirleitt talað um okkur sem mikla bóka- og söguþjóð. Ein af skýringunum er sú að þó að hér hafi orðið mikil fjölgun nemenda á háskólastigi og mikil gróska á því stigi hefur um leið þeim fjölgað hægt sem ljúka meira en grunnskólaprófi. Innbyrðis munur í menntakerfinu er mikill hér á landi og það er áhyggjuefni sem ég tel að við þurfum að horfa á, við þurfum að líta til þessa grunns og hvernig við getum bætt hann.

Það eru auðvitað ýmis tækifæri núna, ekki síst eftir að ný lög voru sett og setja á nýja námskrá. Mín trú er í raun og veru að okkar kerfi sé mjög bóknámsmiðað þrátt fyrir allt okkar tal um starfsnám, listnám og annað slíkt. Ég held að færin séu kannski núna í því að innleiða meiri skapandi hugsun, gagnrýna hugsun. Ég hef veitt því eftirtekt að hún er hvergi nefnd á nafn, virðist vera, í námskrám almennt sem ég held að ekki sé vanþörf á. Og líka þessi skapandi hugsun og aukin áhersla á listnám og listmenntun sem er liður í því að efla fjölbreytni í menntakerfinu.

Þó að það sé rétt sem hv. þingmaður bendir á, að við höfum jafnt aðgengi sem við getum verið stolt af, við höfum góða kennara og góða skóla, er skorturinn kannski helst í því að fjölbreytnin sé næg. Þar þurfum við að líta til sóknarfæra og þau eru til staðar.

Svo vil ég líka minna á að því má aldrei gleyma þegar mældur er árangur í menntakerfinu að hann helst í hendur við það hvernig nemendum líður í skólunum. Það getum við þó sagt að þar höfum við staðið okkur vel, íslenskum nemendum líður vel í skólum ef tekinn er almennur samanburður og við þurfum einhvern veginn að tengja þá vellíðan yfir í betri árangur í skólunum og nýta það. Það sem kannski vantar líka er það sem kallað er hvatar, motívasjón, fyrir nemendur, að það sé gaman að læra og þeir ráði dálítið sjálfir hvaða aðferðir þeir (Forseti hringir.) nýti í þeim efnum í samráði við kennara sína.

[10:47]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Hér minntist hæstv. menntamálaráðherra á lesskilninginn. Okkur hefur hrakað í lesskilningi. Við náum líka slökum árangri í stærðfræði og náttúrufræði og það er verulegt áhyggjuefni. Ég tel að við Íslendingar höfum ekki lagt nógu mikla áherslu á menntakerfið síðustu ár, því miður. Við höfum svolítið gleymt því að fara heildstætt yfir menntamálin og koma með nógu góðar tillögur til úrbóta. Þetta er stórt verkefni og ég er ekki að saka neinn um þessa stöðu en það er algerlega ljóst að við búum ekki við afar öflugt menntakerfi hér, árangurinn sýnir að það er ekki nógu gott. Þetta er stórpólitískt verkefni sem allir flokkar þurfa að taka á á næsta kjörtímabili.

Við þurfum að ná okkur upp úr efnahagslægðinni og það verður gert m.a. með því að efla menntakerfið þannig að kynslóðirnar sem koma geti hlúð betur að (Forseti hringir.) Íslandi á allan hátt.

[10:48]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þingmanni. Á fundi um menntamál sem haldinn var í Háskólabíói í gær með fulltrúum allra stjórnmálaflokka var bent á að þegar saman eru teknar stefnur flokkanna fyrir þessar kosningar eins og þær voru birtar í *Morgunblaðinu* núna nýlega var vart minnst á menntamál nema á einum stað var talað um aukna útvistun í kerfinu sem er ekki hægt að kalla sérstaka menntastefnu heldur fremur einkarekstrarstefnu. Það vekur okkur til umhugsunar um að það er vissulega þörf á því ef flokkarnir horfa á þetta út frá pólitíkinni. Við erum í öllum flokkum búin að ræða það hvernig menntakerfið eigi að vera okkar leið út úr kreppunni og ég er sammála því. En þá þurfum við líka að vita hvert við ætlum að fara og við þurfum auðvitað að horfa á grunninn, á læsið, sem er náttúrlega undirstaða alls, stærðfræðina og annað. Það skiptir máli að við horfum á menntun kennara í því samhengi og að við stuðlum að þeirri fjölbreytni sem ég nefndi áðan af því að við erum jafnólík og við erum mörg og það skiptir máli að nemendur fái eitthvað við sitt hæfi í kerfinu.

Byggðakvóti.

[10:49]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Herra forseti. Í gær var stofnað nýtt leikhús í Reykjavík niðri í Kaffivagni þar sem hæstv. sjávarútvegsráðherra var með sýningu. Sjálfsagt er það gott framlag í nýsköpun en þar var tilkynnt að fara ætti að afnema byggðakvóta á Íslandi. Mig langar til að benda hæstv. ráðherra á að byggðakvótinn var settur á til að bregðast við vanda sem upp kæmi í byggðum þegar byggðarlög misstu kvóta. Og nú á að taka þennan kvóta í burtu og dreifa honum yfir allt landið til að skakarinn geti notað hann. (**Gripið fram í:** Er það ekki gott?) Það er mjög slæmt þegar kvótinn er tekinn af byggðunum með þessum hætti sem var (Gripið fram í.) neyðarbrauð byggðanna og ástæðan fyrir því að það á að afnema hann er að reglurnar eru svo lélegar. Ég segi, hæstv. forseti: Ef reglurnar um úthlutunina eru lélegar er aðeins eitt að gera, það er að breyta reglunum og gæta þess að byggðir sem verða fyrir áföllum vegna aflabrests eða aflaskerðingar fái kvóta, til þess er þetta. Þetta útspil kom eins og búið væri að gefa frjálsar handfæraveiðar á Íslandi og meira að segja trillukarlar voru ánægðir og héldu að það ætti að fara að róa í maí. Svo þegar betur er að gáð kemur í ljós að ráðherrann segir nánast: Þegar ég er orðinn ráðherra í næstu ríkisstjórn verður þetta gert — með fullri virðingu, hæstv. sjávarútvegsráðherra. (Gripið fram í.) Ég hvet til meiri auðmýktar þó svo að skoðanakannanir sýni mikið fylgi.

[10:51]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það eru svolítil vonbrigði að þingmenn Frjálslynda flokksins eða a.m.k. þessi hv. þingmaður sem er örugglega í þingflokki Frjálslynda flokksins, skuli ekki taka þeirri tilraun vel sem hér á að gera með að auka (**Gripið fram í:** ... stjórn LÍÚ.) handfæraveiðar af því að við áttum oft um þetta viðræður á þingi, ég og formaður Frjálslynda flokksins, og höfum verið að mörgu leyti sammála því að æskilegt væri að reyna að fara í einhverja aðgerð af þessu tagi, að byrja allar ferðir á einu skrefi. Hér er verið að fara af stað með þetta fyrirkomulag.

Það er líka nýmæli ef Frjálslyndi flokkurinn er svo ánægður með óbreytt fyrirkomulag byggðakvótaúthlutunar að hann sjái eftir því sérstaklega. Það hefur ekki gengið mjög vel. Þessi útfærsla verður þannig að það verði tryggt eins og kostur er að hver byggð fái a.m.k. ígildi þess afla sem hún hafði í úthlutun byggðakvótans. Í þessum tillögum stendur að höfð verði hliðsjón af honum og reynt verði að tryggja með því að skipta landinu í veiðisvæði og sjá til þess að fjöldi veiðileyfa verði þannig að byggðirnar standi a.m.k. jafnvel og helst betur sem nemur því sem þarna verður aukið í pottinn. Að sjálfsögðu er ekki, nema síður sé, verið að hverfa frá byggðanálguninni í þessari aðgerð. (**Gripið fram í:** Er það ekki?) Aldeilis ekki. Það er einmitt megintilgangur þessara aðgerða fyrir utan að hleypa lífi í smábátaútgerð, vistvænar veiðar og minni sjávarbyggðirnar, að efla þessar byggðir en með öðrum aðferðum en hinar mislukkuðu aðgerðir byggðakvótaúthlutunarinnar hafa boðið upp á. Þeim kvóta hefur verið úthlutað með miklum harmkvælum eftir á eins og sést best á því að upp undir helmingur af byggðakvóta síðasta fiskveiðiárs er enn ónotaður. Og það er dálítið sérkennilegt að menn komi hér og tali eins og það sé sérstök eftirsjá í því og ekki megi prófa einhverja nýbreytni innan þessa fiskveiðistjórnarkerfis. Ja, öðruvísi mér áður brá (Forseti hringir.) með Frjálslynda flokkinn.

[10:53]

Karl V. Matthíasson (Fl):

Herra forseti. Ég verð aðeins að benda á að verið er að afnema byggðakvótann og það þarf ekkert að gera það þótt reglurnar hafi verið lélegar og þótt þessum heimildum hafi verið illa úthlutað. Það er hægt að breyta úthlutuninni og það er ekki búið að deila út byggðakvóta síðasta árs. Af hverju er ekki búið að því? Hver er sjávarútvegsráðherra í dag?

Síðan vil ég benda á að fyrir þinginu liggur frumvarp frá Frjálslynda flokknum um frjálsar handfæraveiðar en það hefur ekki mátt taka það til afgreiðslu í þinginu. Það sem hægt er að sjá út úr þessu öllu saman, eins og mátti skilja á orðum hæstv. sjávarútvegsráðherra í gær, er að Vinstri grænir hafa ekki nokkurn einasta áhuga á því að skera upp sjávarútvegskerfi sem er brýn nauðsyn fyrir byggðir landsins, útgerð landsins, atvinnulífið og til að útrýma þeirri spillingu (Forseti hringir.) sem kvótakerfið hefur leitt til á Íslandi og hefur komið okkur í gríðarleg vandræði. (Forseti hringir.) Og það er ömurlegt þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra (Forseti hringir.) kemur með dylgjur um Frjálslynda flokkinn (Forseti hringir.) og skoðanir hans á sjávarútvegsmálum.

[10:55]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég var engar dylgjur með. Ég lýsti bara undrun minni á því að þegar loksins koma fram tillögur um að ráðast í einhverjar breytingar og prófa eitthvað nýtt í þessu kerfi, auka frelsi í handfæraveiðum yfir sumarmánuðina í þágu minni sjávarbyggða (Gripið fram í.) — hverjir bregðast þá öndverðir við aðrir en Frjálslyndi flokkurinn? Á dauða mínum átti ég von, verð ég að segja. Ég veit vel um það að Frjálslyndi flokkurinn hefði viljað gera miklu meira og er með hugmyndir um ótakmarkaðar veiðar (Gripið fram í.) á handfæri upp á tugi þúsunda tonna (Gripið fram í.) ef því er að skipta. En það er dálítið sérkennilegt að það skuli einmitt vera Frjálslyndi flokkurinn sem tekur hugmyndum um breytingar til reynslu í þessu kerfi með þeim hætti sem þarna er gert.

Varðandi byggðakvótann og hvers vegna enn (Gripið fram í.) er ónýttur hluti af byggðakvóta fyrra fiskveiðiárs er það vegna þess að þar hafa komið upp tillögur um öðruvísi meðferð hans sem farið hefur í ferli. Það er yfirleitt vegna þess að sveitarstjórnir (Forseti hringir.) hafa óskað eftir einhverjum öðrum breytingum (Forseti hringir.) eða öðrum aðferðum við úthlutun og það hefur tafið úthlutunina en ekki ráðuneytið.

Stefna VG í efnahagsmálum.

[10:56]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það er óhætt að segja að heimilin og fjölskyldurnar í landinu óttist um sinn hag um þessar mundir sem eðlilegt er þegar aðstæður í efnahagslífinu eru eins og þær eru núna. En yfirlýsingar forustumanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að þeir áformi að lækka laun opinberra starfsmanna og hækka skattana á heimilin í landinu hafa ekki verið til þess fallin að auka bjartsýni fólksins í landinu, því miður.

Ég hef óskað eftir upplýsingum um það hvernig Vinstri grænir hyggist útfæra launalækkunar- og skattahækkunarstefnu sína sem ég hef kallað baneitraðan kokteil og aðför að heimilunum í landinu, einkum barnafjölskyldunum. (**Gripið fram í:** ... í síðustu ríkisstjórn.) Í gær upplýsti hæstv. fjármálaráðherra, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Steingrímur J. Sigfússon, því yfir að laun undir 250–300 þús. kr. yrðu ekki lækkuð. Ég skil þá yfirlýsingu þannig að opinberir starfsmenn sem eru með laun yfir 250–300 þús. kr. megi búast við launalækkunum. Það er mjög athyglisvert í ljósi þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér eru meðalheildartekjur í landinu 380 þús. kr. á mánuði. Vinstri grænir ætla sem sagt, komist þeir til valda, að lækka laun fólks sem er með minna en meðalheildartekjur í laun á mánuði sem er sérstaklega athyglisvert. Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra tveggja spurninga:

Hvað mega opinberir starfsmenn búa sig undir miklar launalækkanir (Forseti hringir.) eftir kosningar og hversu miklar verða þær skattahækkanir sem Vinstri grænir hyggjast beita sér fyrir?

[10:59]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er kærkomið tækifæri að geta brugðist við þessum ævintýralegu útúrsnúningum frá Sjálfstæðisflokknum sem eru aðalinnlegg þeirra í kosningabaráttuna núna. Sjálfstæðisflokkurinn hefur enga stefnu, engar tillögur, ekki neitt, byggir allan sinn málflutning núna á málþófi og útúrsnúningum á afstöðu annarra, allan. Það stendur ekki til að hrófla í einu eða neinu við föstum umsömdum kjörum, hvorki opinberra starfsmanna né annarra launamanna, það er alveg á hreinu. Við ætlum að verja þau en við ætlum að verja líka störfin þannig að það komi ekki til fjöldauppsagna opinberra starfsmanna sem verður niðurstaðan af því ef Sjálfstæðisflokkurinn kæmist nálægt völdunum. Það er algerlega á hreinu. Þess vegna er það betra að jafna vinnu og jafna kjör t.d. þannig að hægt sé að verja föst umsamin og óskert kjör, þá drægju menn frekar úr yfirvinnu, óunninni yfirvinnu, aukavöktum og öðru slíku og jafni þannig kjörin. En það er líka hægt að gera það þannig að þó að það séu kjör ofan á umsamin laun séu sett mörk fyrir því og það var í það sem ég vísaði á Akureyri í gær.

Hvað er Sjálfstæðisflokkurinn að gera þar sem hann fer með völdin? Hann er með flatar launalækkanir, flata kröfu á lækkun launa í Akureyrarbæ og Reykjavíkurborg niður úr öllum launastiganum. Þvílíkur tvískinnungur að bera það á aðra sem þeir eru sjálfir að gera. Sjálfstæðisflokkurinn hækkaði skatta um 11,5 milljarða fyrir áramót. Sjálfstæðisflokkurinn hækkað útsvar á Akureyri og er að lækka þar laun. Það er veruleikinn. Farið þið nú að koma út úr glerhúsunum, góðir sjálfstæðismenn.

[11:00]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Það er a.m.k. alveg ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn ætlar ekki að standa að því að hækka skattana á heimilin í landinu, nógu erfitt eiga þau fyrir. (Gripið fram í.) Það ætla hins vegar Vinstri grænir að gera og það þýðir ekkert fyrir formann Vinstri grænna að koma hérna upp og saka okkur sjálfstæðismenn um útúrsnúninga og hlaupa undan sínum eigin orðum. Forustumenn Vinstri grænna hafa lýst því yfir, þar á meðal varaformaður Vinstri grænna, að það eigi að lækka laun opinberra starfsmanna í landinu og það er kosningastefna Vinstri grænna að hækka skatta á heimilin í landinu. (**Heilbrrh.:** Útúrsnúningar.) Þetta er tvöfaldur löðrungur sem Vinstri grænir ætla að veita heimilunum í landinu og úr því að hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson kallar hér fram í furða ég mig á því að sá maður, sem einnig er formaður BSRB, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þegi þunnu hljóði og sætti sig við að hans eigin flokkur ætli að lækka laun sinna eigin (Forseti hringir.) skjólstæðinga. Öðruvísi mér áður brá, ég bjóst við öðru frá formanni (Forseti hringir.) BSRB en þessum viðbrögðum. (**ÁÞS:** Reyndu að segja satt.) Ég segi satt.

[11:02]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð ætlar að verja föst umsamin laun, að sjálfsögðu gilda kjarasamningar og laun. Það stendur ekki til að hrófla við því en við ætlum líka að verja störfin, við ætlum að reyna að forða því að mörg þúsund opinberir starfsmenn í viðbót lendi á atvinnuleysisskrá. Það skulu menn hafa í huga áður en þeir fara að leiða hugann að því að kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins skrifar góða grein í Morgunblaðið í dag þar sem hann fer yfir hringlandaháttt sjálfstæðismanna og skammast sín fyrir flokksbræður sína (Gripið fram í.) varðandi tal um skattahækkanir. Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að fara í tvo hringi í skattamálum síðan í desember. Í desember sagði fyrrverandi formaður flokksins: Það er ekkert hægt að útiloka um þörfina á frekari skattahækkunum. Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins voru þeir komnir í gamla gírinn, engar skattahækkanir. Í sjónvarpinu á föstudag fyrir hálfum mánuði sagði nýr formaður Sjálfstæðisflokksins: Það er ekki hægt að útiloka einhverjar skattahækkanir, bara ekki nýja skatta. Nokkrum dögum síðar var öðrum hringnum lokað: Nei, engar skattahækkanir.

Eigum við eftir að sjá þriðja hringinn (Forseti hringir.) hjá Sjálfstæðisflokknum fyrir kosningar, (Forseti hringir.) að það megi ýmist hækka eða ekki hækka skatta?

Málefni hælisleitenda.

[11:03]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Það eru ekki þau stórtíðindi hér til umræðu sem verið hafa í morgun, heldur málefni nokkurra útlendra manna sem hér hafa leitað hælis og verið vísað brott samkvæmt Dyflinnar-reglugerðinni. Það mál skilst mér að sé enn þá í gangi og ég spyr hæstv. dómsmálaráðherra um fréttir af því, hverjar þær séu og jafnframt hvort í undirbúningi séu einhvers konar breytingar eða a.m.k. hugleiðingar um breytingar á túlkun okkar á þessari reglugerð, einkum því sem varðar sendingu manna til Grikklands, sem vissulega er eitt af aðildarríkjum reglugerðarinnar en virðist ekki uppfylla þær kröfur sem reglugerðin gerir ráð fyrir um samræmt eftirlit og samræmda meðferð þeirra mála sem hér um ræðir.

[11:04]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegur forseti. Ég er spurð um stöðu kærumála sem til meðferðar eru í dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Ég get ekki tjáð mig um stöðu þeirra að öðru leyti en því að þau eru í vinnslu. Um er að ræða fimm mál. Eitt mál kom til sögunnar í fyrrahaust og hefur farið fram gagnaöflun í ráðuneytinu, bæði af hálfu ráðuneytisins og kæranda. Kærandi hefur sent inn gögn og ráðuneytið sömuleiðis aflað gagna.

Hvað varðar almennt stöðu mála um endursendingu á grundvelli Dyflinnar-reglugerðarinnar er ekki um að ræða neina stefnubreytingu almennt í þeim málum. Hins vegar hafa málefni hvað varðar Grikkland verið til umræðu og

skoðunar í nágrannalöndum okkar og eru hér einnig. Á Norðurlöndum fer fram endursending til Grikklands. Sums staðar eru málefni þeirra einstaklinga sem um ræðir skoðuð sérstaklega og á grundvelli þeirrar skoðunar eru þeir sendir til Grikklands. Síðan benda gögn frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna til þess að slík endursending sé ekki örugg. Undir það hefur Rauði krossinn tekið þannig að á grundvelli allra þessara gagna þarf að taka afstöðu. Það verður að sjálfsögðu gert þannig að rannsóknarskyldu stjórnvalda verði fullnægt.

[11:06]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra þessi svör. Að sjálfsögðu er ekki hægt að gefa hér út tilkynningar um það hvernig fer með mál þeirra manna sem eru í rannsókn en ég treysti því að dómsmálaráðherra vandi þá rannsókn og hagi úrslitum mála í samræmi við þá mannúðar- og lýðræðishefð sem hér hefur ríkt á flestum öðrum sviðum en í málefnum útlendinga og hælisleitenda. Við höfum ekki staðið okkur þar vel og þar er sárt að minnast afreka fyrrverandi hæstv. dómsmálaráðherra Björns Bjarnasonar sem nú situr í salnum sem hv. þingmaður.

Um Dyflinnar-reglugerðina vil ég segja að ég styð þátttöku okkar í henni. Ég tel að það sé jákvætt skref í evrópskri samvinnu. En við verðum líka að gæta okkar á því að þau ríki sem þar koma við sögu uppfylli þau skilyrði sem Dyflinnar-reglugerðin gerir ráð fyrir og þess vegna fagna ég orðum dómsmálaráðherra um Grikkland og aðstöðuna þar þar sem hún tekur í raun og veru (Forseti hringir.) undir með Rauða krossinum og Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna.

[11:07]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegur forseti. Ég kem hér upp öðru sinni vegna þess að ég gleymdi að svara síðari hluta spurningarinnar sem varðar það hvað fer fram núna varðandi endurskoðun þá sem ég hef tilkynnt að sé í gangi. Annars vegar er núna verið að fara yfir verkferla varðandi birtingu ákvarðana og brottvísanir. Embættismenn í dómsmálaráðuneyti, Útlendingastofnun og hjá ríkislögreglustjóra gera það. Einnig hef ég sett af stað endurskoðun reglna um málefni hælisleitenda, þ.e. hvað varðar lengd málsmeðferðar og önnur atriði. Þetta verður að skoða með tilliti til nýlegrar dómaframkvæmdar á Íslandi. Einnig verður að athuga dóma Mannréttindadómstólsins í þessu sambandi.

Sjúkraskrár, frh. 2. umr.

Stjfrv., 170. mál (heildarlög). — Þskj. 205, nál. 880.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:10]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 880,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 880,2–4 samþ. með 44 shlj. atkv.
6.–14. gr., svo breyttar, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 880,5 kölluð aftur.
15.–25. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 880,6 samþ. með 41 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Ríkisendurskoðun, frh. 2. umr.

Frv. GSv o.fl., 416. mál (bættur aðgangur fjárlaganefndar að upplýsingum). — Þskj. 705, nál. 866.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:15]

Brtt. í nál. 866 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EBS, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JBjarn, JM, KVM, KJak, KolH, KHG, KHeim, LB, MS, MÁ, ÓN, PHB, RR, SKK, SF, SJS, StB, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

23 þm. (ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BJJ, EKG, EMS, EyH, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, REÁ, SVÓ, VS, ÞKG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:14]

Gunnar Svavarsson:

Virðulegur forseti. Þó að kannski megi segja að umrædd tillaga sé lítilfjörleg er hún hins vegar stór í eðli sínu og mun hafa gríðarleg áhrif á störf þingsins á komandi mánuðum og árum. Með samþykkt þessarar breytingar hér í dag mun þingið hafa tækifæri til að fylgjast með svokölluðum E-hluta fyrirtækjum ríkisins sem eru núna 25 talsins og eru gerð upp í ríkisreikningi en eru ekki hluti af hinni eiginlegu framkvæmd fjárlaga sem fjárlaganefnd hefur alla tíð haft eftirlit með samkvæmt því sem Alþingi hefur lagt upp með.

Þar af leiðandi ítreka ég að þessi tillaga sem hér er samþykkt skiptir þingið og þingræðið miklu máli. Um leið þakka ég virðulegum forseta og hv. þingmönnum, sem komu að því í gær að koma því á dagskrá, fyrir snöfurmannleg viðbrögð.

1. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:16]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Um fundarstjórn.

Svar við fyrirspurn.

[11:16]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Mér barst í dag svar við fyrirspurn um vinnslu hvalafurða frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Það var með nokkuð daufu sinni sem ég las það svar því að þar var m.a. beðið um upplýsingar um hversu mikill hluti hvers dýrs af tiltekinni vertíð var nýttur í vinnslu, um hrefnur og langreyðar, um vinnslu í kjöt, spik/rengi, mjöl og lýsi og hvernig stæði á þeim mun sem þarna kynni að vera á. Svör sjávarútvegsráðherra voru þau að ráðuneytið hafi ekki þessar upplýsingar en þingmanninum er bent á að leita þeirra hjá fyrirtækinu Hval hf. eða Hrefnuveiðimönnum ehf.

Það hefur ekki upplýsingarnar, það hefur þá greinilega ekki áhuga á að leita þeirra, það lítur ekki svo á að því sé skylt að gera það.

Forseti. Ég tel að þessi svör séu ekki fullnægjandi og að ráðuneytið standi sig ekki í þeirri upplýsingagjöf sem það er skylt að vera í gagnvart þingmönnum á Alþingi Íslendinga og bið um að forseti leiti skýringa á þessum skrýtnu svörum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. (Gripið fram í.)

[11:18]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Ég ætladi ekki beinlínis að bera af mér sakir þó að mér þyki leitt að valda hv. þingmanni vonbrigðum með að svör úr ráðuneytinu séu ekki nægjanlega viðamikil eða með nægjanlega miklum upplýsingum. Ég verð hreinlega að játa það, er ekki best að vera heiðarlegur og segja satt? Ég hef ekki haft aðstöðu til að liggja yfir þessu sjálfur, alveg í einstökum atriðum. Ég hef þó aðeins getað litið yfir þessi svör áður en þau hafa farið frá mér eins og rétt og skylt er, enda ber ég ábyrgð á þeim. Það hefur mætt á ráðuneytinu að reyna að tína þarna saman einhver gögn þannig að ég þekki ekki nákvæmlega hvort það er einfaldlega vegna þess að þau hafi ekki borist, ekki fengist eða hvort ráðuneytinu hefur ekki gefist tími til að afla þeirra sem svarað er nákvæmlega með þessum hætti í því tiltekna tilviki sem hv. þingmaður spyr um.

Það er alveg sjálfsagt mál að halda áfram að aðstoða hv. þm. Mörð Árnason við að grafa í þessi mál. Hann hefur sýnt mikla elju í því að spyrja um þetta með nokkuð nákvæmum og sundurliðuðum fyrirspurnum og ég skal leggja mitt af mörkum til þess eins og ég get að tryggja að hv. þingmaður fái, þótt seint sé í einhverjum tilvikum, þessar upplýsingar. Það má að sjálfsögðu koma þeim til þingmannsins jafnvel þó að þing hafi lokið störfum.

[11:19]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Já, það var reyndar eins og mig grunaði, ég veit að fjármálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og landbúnaðarráðherra í einni persónu hefur mikið að gera á þessum fyrir vora þjóð svo alvarlegu tímum. Mig grunar að þarna hafi sjávarútvegsráðuneytið verið á sjálfstýringu og svarað eins og þess er vandi. Ég er sum sé ekki sáttur við þau svör að ráðuneytið hafi ekki upplýsingar um hvalafurðir sem það sannanlega hefur úr undirstofnunum sínum, þar á meðal Hafrannsóknastofnun, um fiskafurðir og á að hafa og á þá ef um það er spurt að fá þær fram og færa sönnur á þær upplýsingar eins og hægt er frá þeim fyrirtækjum eða aðilum sem um er að ræða.

Ég þakka hins vegar ágæt viðbrögð hins trausta fjármála-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og vænti stuðnings hans í því að grafast enn frekar fyrir um þessi efni á næstunni.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 473. mál. — Þskj. 946.

[11:20]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 16. apríl 2009 eða síðar, ef nauðsyn krefur.“

Tillagan skýrir sig sjálf.

[11:21]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Senn líður að lokum þessa þings og verður gengið til kosninga. Vafalaust hafa margir borið í brjósti miklar vonir um að sú minnihlutastjórn sem nú skilar innan skamms af sér völdum, skilar þeim til baka, skilar af sér umboðinu, mundi standa við stóru orðin, mundi nýta þennan skamma tíma sem hún hugðist starfa til að bæta ástandið enda var lagt upp með það í upphafi þessarar vegferðar að afar brýnt væri að ganga ekki til kosninga fyrr en undir vorið vegna þess að í millitíðinni átti að grípa til aðgerða sem brýnt væri að hrinda í framkvæmd.

Margir trúðu því að gripið yrði til raunhæfra aðgerða til að takast á við vanda heimila og fyrirtækja. Þær vonir eru nú brostnar, væntingum um að á starfstímanum mundi ríkisstjórnin laga ástandið hefur verið mætt með veikari krónu, auknu atvinnuleysi og endurreisn bankanna hefur tafist. Þeir flokkar sem nú sitja saman í ríkisstjórninni og hafa talað sig inn á það að halda áfram að starfa saman eftir kosningar eru ekki með uppi á borðum lausnir sem er líklegt að leiði til árangurs í þeirri erfiðu vegferð sem er fram undan. Ég verð að segja að ég tel að það hefði verið betra að ganga strax til kosninga þegar fyrri ríkisstjórn sprakk en núna vegna þess að engum dylst að ástandið í dag er verra í öllu tilliti en þegar lagt var upp í þessa vegferð með stuðningi Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.)

[11:23]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg ótrúleg ræða hjá formanni Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn taldi í janúar að það væri ekki rétt að kjósa fyrr en í fyrsta lagi í haust vegna

þess að það þyrfti svo umfangsmiklar og viðamiklar björgunaraðgerðir, (**Gripið fram í:** Leiðtogastjórn.) hvers konar ríkisstjórn sem hefði innt það af höndum. Svo illa mat Sjálfstæðisflokkurinn í janúar að búið væri að fara með íslenskt efnahagslíf og íslenskan þjóðarbúskap að það þyrfti upp undir ár til að reyna að greiða þannig úr málum að hægt væri að kjósa. (Gripið fram í.) Síðan gefst sú ríkisstjórn upp og ríkisstjórn er mynduð sem hefur innan við (**Gripið fram í:** Það var Samfylkingin sem gafst upp.) 90 daga til að reyna að greiða úr málum þannig að hægt sé að kjósa við bestu mögulegar aðstæður. Það tel ég að búið sé að gera. Í öllum aðalatriðum hefur þessi ríkisstjórn hrint í framkvæmd þeim málefnapakka, þeim stuðningsaðgerðum í þágu heimila og fyrirtækja sem hún lagði upp með að gera. Það sem hefur ekki náðst í gegn hefur Sjálfstæðisflokkurinn eyðilagt eins og lýðræðisumbæturnar með málþófi. Að hlusta svo á Sjálfstæðisflokkinn hér sem taldi íslenskt samfélag og þjóðarbú svo illa leikið í janúar að það þyrfti hátt í ár í björgunaraðgerðirnar (Gripið fram í.) skammast yfir því að allur vandinn skuli ekki hafa verið leystur á einu bretti á innan við 90 dögum. Flokkurinn sem hefur ekkert annað fram að færa hér í kosningabaráttunni en málþóf og útúrsnúninga ætti að fara varlega í að gagnrýna aðra. Ef marka má andrúmsloftið í samfélaginu og vísbendingar úr skoðanakönnunum er þjóðin ekki sama sinnis og Sjálfstæðisflokkurinn og það er vel og vonandi sannast það og sýnir sig þegar talið verður upp úr kjörkössunum laugardaginn 25. apríl nk. að Sjálfstæðisflokkurinn fær makleg málagjöld.

[11:25]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Meginatriði málsins er þetta: Ástandið í dag er verra en það var þegar ríkisstjórnin tók við. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjármálaráðherra, það hefði verið betra að nýta tímann til að bæta ástandið fram að kosningum. Það er nákvæmlega það sem við sögðum í lok janúar þegar ríkisstjórnin sprakk: Nú þarf að grípa til aðgerða til að bæta ástandið. Niðurstaðan af þessum leiðangri minnihlutastjórnarinnar er sú að ástandið hefur versnað þannig að tímanum hefur verið illa varið og það er meginatriði málsins. Tímanum í þinginu hefur m.a. verið varið (**LB:** Í málþóf.) í að setja ný met. [Háreysti í þingsal.] Virðulegi forseti. Það hafa verið sett met hérna, hvert metið á fætur öðru. (**Gripið fram í:** Í málþófi.) Sá sem á Íslandsmetið í málþófi (Gripið fram í.) situr hér sem hæstv. forsætisráðherra. Það met verður aldrei slegið. [Háreysti í þingsal.] Virðulegi forseti. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðbH): Forseti biður hv. þingmenn að gefa ræðumanni tækifæri til að flytja mál sitt.)

Virðulegi forseti. Tímanum hefur verið illa varið í að reyna að keyra hér í gegn mál í ágreiningi sem þjóðin biður ekki eftir. Þjóðin biður eftir lausnum fyrir fyrirtæki og heimili. Ríkisstjórnin hefur þess í stað ákveðið að verja tímanum í að setja ný met. Fjöldi næturfunda dag eftir dag, (Gripið fram í.) ný met á því sviði. (Gripið fram í.) Nýtt met (**Gripið fram í:** Leyfa sjálfstæðismönnum ...) í fjölda daga sem líður frá lokum þinghalds til kosninga. Og það átti líka að rjúfa 50 ára hefð (Gripið fram í.) hvað það snertir að gera ekki breytingar á stjórnarskránni nema að höfðu samráði við alla flokka. Þetta er það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera, þess vegna höfum við betur gengið til kosninga strax (Forseti hringir.) (**Gripið fram í:** Nú?) í stað þess að gera ástandið verra en ... [Háreysti í þingsal.]

[11:28]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Þetta er alveg kostulegt. Hver hafði þingrofsvald í lok janúarmánaðar sl.? Formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann sagði af sér í stað þess að fara til forsetans og óska eftir kosningum. Nú kemur arftaki hans og segir að þetta hafi verið mistök, það hefði átt að kjósa í janúar. Á þeim tíma sagði Sjálfstæðisflokkurinn: Það er þvílíkt verk að vinna að greiða hér úr neyðarástandinu í samfélaginu eftir 18 ára valdatíma okkar að við þurfum helst ár til þess. Hvað er búið að gerast síðan 1. febrúar til og með nú? Sjálfstæðisflokkurinn hefur hér á þingi stutt líklega upp undir 30 frumvörp frá ríkisstjórninni (**Gripið fram í:** Segðu svo að ...) sem lúta að því að búa um heimili og fyrirtæki í landinu. Með öðrum orðum, þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa talið öll þau mál svo góð að þeir hafa greitt þeim atkvæði. (Gripið fram í.) Að koma svo hér og [Háreysti í þingsal.] segja að ekkert hafi verið gert. Það rekur sig (**Gripið fram í:** Hvað hefur stjórnarandstaðan gert ...?) hvað á annars horn hjá aumingja Sjálfstæðisflokknum, það stendur ekki steinn yfir steini í þessum málatilbúnaði. Þetta er mesta ráðleysi sem ég hef nokkurn tímann séð hjá flokki viku fyrir kosningar svo maður tali ekki um birtingarmyndir þingflokks Sjálfstæðisflokksins á Alþingi síðustu daga þar sem geðvonska virðist ráða för (**Gripið fram í:** Nú?) (**Gripið fram í:** Ha?) fyrst og fremst. [Háreysti í þingsal.] Flokkurinn byltist hér í þvílíkum stellingum að ég (Gripið fram í.) [Hlátur í þingsal.] — já, ég skal gera það. Ég á ekkert sérstaklega við hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur en ég hef haft það á tilfinningunni að það hafi ekki legið neitt sérstaklega vel á hv. þingmönnum Birni Bjarnasyni og Sturlu Böðvarssyni. [Hlátur í þingsal.] (**Gripið fram í:** Hvernig fær maður vinstri kreppuna?)

[11:29]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er skiljanlegt að hæstv. fjármálaráðherra líði illa undir þessari umræðu vegna þess að ástandið hefur sannarlega versnað í tíð þessarar minnihlutastjórnar. Það er meginatriði málsins. Við höfum ekki breytt um skoðun á því að það hefði þurft að grípa til brýnni aðgerða og skapa hér ró á pólitíska sviðinu. Það hefði t.d. verið til þess fallið að smyrja betur og liðka fyrir samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, það hafa komið fram vísbendingar um að pólitískur óróleiki og óstöðugleiki hafi orðið til þess að tefja það ferli. Við skulum vera þess minnug líka að hæstv. páverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, lagði til að hér yrði skipuð þjóðstjórn. Það var tillaga hans. Það var ekki gengið að því (Gripið fram í.) heldur ákveðið að leggja [Háreysti í þingsal.] í þessa vegferð. (Gripið fram í.) Það voru mistök. (Gripið fram í.) Ekki er með nokkrum rökum hægt að halda því fram þegar atvinnu-

leysið hefur aukist, gjaldþrotum fjölgað, fleiri bankar farið á hausinn frá því að þessi ríkisstjórn tók við — (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðbH)**:** Gefa hljóð.)

— að hún hafi verið að vinna verk sem hafa skipt þjóðina máli. (Gripið fram í.)

[11:31]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég veit hreinlega ekki í hvaða veröld hv. þm. Bjarni Benediktsson lifir eða hvar hann hefur haldið sig frá 1. febrúar. Hefur það farið fram hjá hv. þingmanni, formanni Sjálfstæðisflokksins, að nær öll mál sem þessi ríkisstjórn lagði upp með 1. febrúar í verkáætlun sinni eru í höfn? Hver voru þessi verkefni? Það eru þó nokkuð mörg mál sem ég hef ekki tíma til að telja upp sem snúa að heimilunum í landinu. Sennilega eru þetta ein 15 atriði í verkáætlun sem munu hjálpa heimilunum í þeim erfiðleikum sem fram undan eru.

Hvað með fyrirtækin? Hv. þingmaður veit mætavel að við höfum lagt grunn að því að hér sé hægt að reisa við atvinnulífið. Við höfum lagt fram tillögur sem munu á næstu mánuðum og missirum skapa 6.000 störf. Hv. þingmaður veit líka mætavel að við höfum farið í aðgerðir sem munu endurreisa hér bankakerfið og endurskipuleggja það þannig að hægt sé að endurfjármagna það svo það geti hjálpað atvinnulífinu.

Hv. þingmaður veit mætavel að varðandi okkar alþjóðlegu skuldbindingar höfum við sett þær í þann farveg að þær munu fá farsælan endi. Þetta var allt í kaldakoli þegar þessi ríkisstjórn tók við. Sú fyrri hafði ekkert gert í þessum málum. (Gripið fram í.) Svo leyfir hv. þingmaður sér að koma hér upp og segir að ekkert hafi verið gert. (Gripið fram í.) Hvar er verðbólgan stödd núna? Er hún ekki á niðurleið? Ég veit ekki betur. Menn tala hér um 20% atvinnuleysi. Síðast í morgun vorum við að ræða skýrslu Vinnumálastofnunar um að atvinnuleysið er heldur á niðurleið og það eru laus störf hjá Vinnumálastofnun sem hægt er að sækja um. Mér finnst fráleitur málflutningur hjá formanni Sjálfstæðisflokksins undir þessum dagskrárlið að halda þessu fram.

Síðan ætla þeir að enda þinghaldið með því að gefa lýðræðinu langt nef. Það er (Forseti hringir.) það sem stendur upp úr í þessu þinghaldi hjá sjálfstæðismönnum.

[11:33]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra veit mætavel að flest þeirra mála sem hún vísar til að við höfum stutt og hafa verið afgreidd á þessu stuttu tímabili eiga rætur sínar að rekja til starfa fyrri ríkisstjórnar. (**BJJ:** Allt ...) Þetta á hæstv. forsætisráðherra að vita mætavel vegna þess að hún sat einmitt í þeirri ríkisstjórn. Það á við um fjölda aðgerða, (Gripið fram í.) eins og t.d. um útgreiðslu lífeyrissparnaðar, mál sem var búið að fullvinna í fjármálaráðuneytinu. (**Gripið fram í:** Þó ...) Margar aðrar slíkar aðgerðir voru komnar á lokastig þannig að það er ódýrt af þessari minnihlutastjórn að eigna sér allan ávinning af því að þessi mál skuli hafa komist í gegn á þessu stutta tímabili með okkar stuðningi og benda á það til vitnis um þann árangur sem þessi ríkisstjórn hefur náð. (**Gripið fram í:** Eigum við að ...?)

Árangurinn sem skiptir máli um þessar mundir mælist á efnahagslega sviðinu. Þar hafa hlutirnir þróast á verri veg og þegar talað er um að Sjálfstæðisflokkurinn hafi staðið í vegi fyrir lýðræðisumbótum er það rangt. (Gripið fram í.) Við tefldum fram breytingartillögum á stjórnarskránni sem ekki var fallist á og þá stóð til í fyrsta sinn í hálfa öld að þvinga slíkar breytingar fram án þess að fullt samráð væri haft við alla flokka. Frumvarpið var lagt fram í upphafi án þess að rætt væri við Sjálfstæðisflokkinn. Mótsagnirnar og þversagnirnar í því máli eru auðvitað með miklum eindæmum og það er von að þjóðinni blöskri að það mál hafi verið jafnmikið á dagskránni hér og ríkisstjórnin hefur ákveðið að hafa það. Það var í hennar valdi að setja önnur mál á dagskrá og eins og fram hefur komið höfum við greitt fyrir þeim og stutt þau þegar þau hafa skipt máli.

[11:35]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að Samfylkingin lagði drög að nokkrum þeim málum sem héldu svo áfram í þinginu. [Hlátur í þingsal.] Já, ég held að Samfylkingin hafi átt langmestan heiður af því sem þó var hrint í framkvæmd eða drög lögð að í tíð fyrri ríkisstjórnar sem snúa að heimilunum í landinu þó að fyrsta verk sjálfstæðismanna hafi verið að leggja til að ýmsum þeim aðgerðum yrði snúið við og þær dregnar til baka þegar við lentum í hremmingunum. Svona vinnur Sjálfstæðisflokkurinn. En við höfum þó náð fram ýmsum aðgerðum fyrir lífeyrisþega og fleiri.

Ég held að það sé hreint og beint þessum Sjálfstæðisflokki til skammar hvernig hann ætlar að ljúka þinghaldinu. Hver er tillaga sjálfstæðismanna að því er varðar lýðræðisumbætur sem fólkið kallar eftir? Það er að fara í gamla farið og leggja fram tillögu um að gamaldags stjórnarskrárnefnd verði skipuð. Það hefur verið gert í gegnum tíðina með litlum sem engum árangri undir forustu Björns Bjarnasonar. (**Gripið fram í:** Nú?) Hver var hin tillagan? Hún var að þeir fengju neitunarvald um það að ef hér yrðu samþykktar stjórnarskrárbreytingar hefðu þeir neitunarvald um það hvort þær færu fyrir þjóðina og það gætu þá liðið 2–3 ár þar til þetta færi fyrir þjóðina. (Gripið fram í.) Þannig vinna þeir. Þeir vinna alltaf með sérhagsmunum og gegn almannahagsmunum. Þannig vinnur íhaldið. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) (Gripið fram í.)

Varðandi heimilin í landinu og varðandi fyrirtækin er ýmislegt sem þessi ríkisstjórn hefur gert varðandi fjármálakerfið til að endurreisa það og bankana. Drög voru lögð og unnið að málum í tíð þessarar ríkisstjórnar og það er það sem skiptir máli. Það er skömm að því fyrir íhaldið sem alltaf telur sig málsvara atvinnuveganna að það skuli vera við í félagshyggjustjórninni sem höfum lagt grunninn að því að hér verði hægt að koma atvinnulífinu á lappirnar á nýjan leik. Það var ekki Sjálfstæðisflokkurinn. (Gripið fram í.)

[11:37]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hálfspaugilegt að hlýða á það að einungis málin sem Samfylkingin samdi í tíð fyrri ríkisstjórnar hafi skipt máli fyrir nýju ríkisstjórnina að koma á framfæri. Auðvitað höfum við dæmi um annað. (**Gripið fram í:** Árni Matt. ...) Við skulum reyna að hífa umræðuna aðeins upp á hærra plan. (Gripið fram í.) Meginatriðið er það og það verður ekki umflúið þegar talað er um að hér séu sagðir hlutir sem séu Sjálfstæðisflokknum til skammar að það er auðvitað til skammar að því sé haldið fram að atvinnuleysið sé heldur á niðurleið þegar atvinnulausum hefur fjölgað um 6.000 manns frá því að ríkisstjórnin tók við. Sú umræða er til skammar. (**Gripið fram í:** ... frá ykkur. 6.000 ...) (**Gripið fram í:** Hvers konar málflutningur er þetta?) Þetta eru staðreyndir málsins, þetta eru mín skilaboð á þessum tímapunkti. (Gripið fram í.) [Háreysti í þingsal.] Okkar niðurstaða var að ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðbH)**:** Forseti vill beina því til fólks að gefa ræðumanni tækifæri til að flytja ræðu sína.)

... það væri skynsamlegt að nýta tímann til að grípa til brýnna aðgerða í þágu atvinnulífs og heimila. Það hefur því miður ekki verið gert. Auðvitað hafa ýmis mál verið afgreidd hér og meira að segja í góðri sátt á þinginu. Flest eru þau mál þannig vaxin að þau voru fullkláruð og tilbúin [Háreysti í þingsal.] í tíð fyrri ríkisstjórnar.

[11:39]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson minnti mig dálítið á góða dátann Svejk þegar hann flutti ræðu sína áðan, (Gripið fram í.) þegar hann lýsti á hendur sér afrekum sem hann hefur alls ekki unnið. Góði dátinn Svejk stundaði nefnilega um tíma sölu á rottuhundum og hann hafði eina lykilreglu, hann laug upp á hundinn afrekum sem hann hafði alls ekki unnið, hirti peningana eins og hann gat og flúði svo eins og fætur toguðu inn á næsta bar þannig að enginn næði til hans.

Þegar hv. þm. Bjarni Benediktsson lýsti því að allt sem hér hefur verið gert hafi á einn eða annan hátt átt rætur sínar að rekja til afreka Sjálfstæðisflokksins og hugmyndafræði hans verð ég að segja eins og er að þá kom upp í hugann þessi gamla saga af góða dátanum Svejk.

Hv. þm. Karl Valgarður Matthíasson flutti örlitla tölu í morgun og rifjaði upp mikilvægi auðmýktarinnar, það væri mikilvægt að sýna auðmýkt og ég tala nú ekki um á þingi (Gripið fram í.) og í umgengni við valdið. Sú ríkisstjórn sem hér situr hafði 80 daga til að hreinsa upp eftir afrek Sjálfstæðisflokksins í 18 ár, (**Gripið fram í:** ... Samfylkingarinnar.) hafði 80 daga til að hreinsa upp eða vinna á efnahagshruninu og því ástandi sem er í samfélaginu eftir 18 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður kemur svo hér upp þegar verið er að fjalla um tillögu um slit á þinginu og undrast að 80 daga ríkisstjórninni hafi ekki tekist til fulls að hreinsa upp eftir brunarústir Sjálfstæðisflokksins. Þetta er með hreinum ólíkindum og sýnir að auðmýktin er víðs fjarri þegar umræða um þessa fortíð á sér stað á hinu háa Alþingi.

Auðvitað á hv. þingmaður að koma upp og biðjast afsökunar á 18 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins. Það væri til þess að sýna auðmýkt og sýna þjóðinni virðingu. En að koma hér upp og gagnrýna að þeirri ríkisstjórn sem nú situr skuli ekki hafa tekist að hreinsa fullkomlega til er með hreinum ólíkindum. Þessi ræða, virðulegi forseti, sem hv. þingmaður flutti hér þegar flutt hafði verið tillaga um þingfrestun verður örugglega lengi í minnum höfð, (**Gripið fram í:** Meðan land byggist.) líklega meðan land byggist því að afrek Sjálfstæðisflokksins á þessum 80 dögum eru að setja Íslandsmet í málþófi (**Gripið fram í:** Er Jóhanna ...?) því að aldrei fyrr [Háreysti í þingsal.] í nokkurri umræðu um nokkurt mál hafa verið fluttar á áttunda hundrað ræður, aldrei. (**Gripið fram í:** Stuttar og hnitmiðaðar.) Aldrei fyrr, rúmlega 700 ræður (**Gripið fram í:** Hvernig gekk?) og hv. þingmanni kemur á óvart að þessi ríkisstjórn hafi ekki leyst úr öllum vanda, ef ekki leyst lífsgátuna (Gripið fram í.) á þessum tíma meðan fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa barist gegn lýðræðisumbótum af meira afli en þekkist í þingsögunni og átt þátt í að hér voru fluttar á áttunda hundrað ræður til að koma í veg fyrir lýðræðisumbætur í samfélaginu. (Gripið fram í.) (Gripið fram í.) Þetta er með ólíkindum og þetta er hið raunverulega afrek Sjálfstæðisflokksins eftir að hann gekk úr skaftinu eftir 18 ára valdatíð. Fyrir þetta verður hans minnst á þessum tíma, virðulegi forseti.

Ég hvet hv. þm. Bjarna Benediktsson sem er nýkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins að koma upp, biðjast frekar afsökunar á valdatíð Sjálfstæðisflokksins og sýna raunverulega auðmýkt en ekki stíga hér fram eins og hann gerði og flytja þá ræðu sem hann flutti sem verður án efa lengi minnst í þingsögunni fyrir það sem þar kom fram.

[11:44]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti von á því að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson mundi nota tækifærið fyrst hann var að hvetja aðra til að biðjast afsökunar og biðjast þá afsökunar fyrir hönd Samfylkingarinnar og ráðherra hennar á ástandi stjórnmála hér þegar bankahrunið átti sér stað í haust. Ég geri ráð fyrir því — (**Gripið fram í:** ... viðskiptaráðuneyti.) og t.d. viðskiptaráðuneyti, hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Við erum að tala um það að sú ríkisstjórn sem er nú búin að starfa í 85 daga tók við völdum með miklar yfirlýsingar um að það ætti að slá skjaldborg um heimilin í landinu. Hún var mynduð til þess, að sögn, að verja heimilin og fyrirtækin. Það sem liggur á borðinu er að ekkert hefur þokast í þá átt. Þess í stað hefur ríkisstjórnin eytt tíma sínum í að reyna að koma hér fram í fullkomnu ósætti breytingum á stjórnarskrá sem hafa ekkert með heimilin og fyrirtækin að gera, ekki neitt. Það hefur verið með ólíkindum að fylgjast með þessu.

Hér var minnst á fjölda ræðna. Ég gæti farið út í svona talningu eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og t.d. bent á að sá þingmaður sem hefur flutt lengstu ræðuna í sögu Alþingis er nú forsætisráðherra. Sá þingmaður sem lengst hefur talað á Alþingi alla tíð, sá maður sem mundi vera ræðukóngur Alþingis a.m.k. síðustu 100 árin, situr nú og er fjármálaráðherra. Við getum farið út í alls konar samanburð að þessu leyti.

Ef við bara tökum kjarna málsins er það sem skiptir máli það að þessi ríkisstjórn var mynduð með fögrum loforðum. Hún hefur verið dugleg að halda blaðamannafundi, hún hefur verið dugleg að gefa yfirlýsingar en allar aðgerðir hafa látið á sér standa.

[11:46]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki einu sinni lína í þeirri orðræðu sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins flytja hér. Hv. þm. Bjarni Benediktsson (Gripið fram í.) kom hér og lýsti á hendur sér þvílíkum afrekum að hafa átt stóran þátt í öllum þeim fjölda lagafrumvarpa sem hér hafa verið samþykkt og lúta að heimilum og fyrirtækjum. Síðan kemur hv. þm. Birgir Ármannsson og segir að ekkert hafi gerst á þessum 80 dögum. Það væri mjög hyggilegt að hv. þingmenn samræmdu málflutning sinn í þessu, hvernig þeir ætli að haga þessu. En það er sami tónninn í ræðu hv. þm. Birgis Ármannssonar og í ræðu hv. þm. Bjarna Benediktssonar hvað það varðar að hann lýsir undrun sinni á því að núverandi ríkisstjórn sem styðst við þingmenn Framsóknarflokksins skuli ekki hafa náð að hreinsa upp fullkomlega 18 ára klúður Sjálfstæðisflokksins. (**Gripið fram í:** Það er annað að ...) Þetta er þvílíkur málflutningur að hann á sér vart hliðstæðu. Þess á milli, í öllu gönuhlaupinu og vitleysunni, hleypur hv. þingmaður í það að skammast út í núverandi hæstv. fjármálaráðherra. Honum hefur aldrei dottið í hug að taka þátt í því að flytja á áttunda hundrað ræður til að koma í veg fyrir lýðræðisumbætur. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Aldrei nokkurn tímann hefði hv. þingmanni (Gripið fram í.) dottið í hug að eyða tíma sínum í þinginu (Gripið fram í.) til að koma í veg fyrir lýðræðisumbætur í samfélaginu og flytja í því skyni, til að verja hagsmuni flokks og óbreytt ástand, á áttunda hundrað ræður eða eiga þátt í því að slíkur málflutningur yrði stundaður. Hvernig ætlar hv. þingmaður að útskýra framgöngu Sjálfstæðisflokksins á þessum tíma og af þessum sökum? Hefur núverandi ríkisstjórn og núverandi meiri hluti ekki komið nema u.þ.b. 50 frumvörpum í gegn (Forseti hringir.) sem er miklum mun meira en nokkurn tímann fór í gegn meðan (Forseti hringir.) við störfuðum með hv. þingmanni?

[11:49]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er margt mjög sérkennilegt í málflutningi hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Í fyrsta lagi, þótt við getum ekki farið út í langar útskýringar hér, er þetta tal um 18 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins og hrunið í haust fráleitt. Það er væntanlega líka Sjálfstæðisflokknum að kenna að fjármálakerfi um allan heim hafa fengið þung högg, að leiðtogar stærstu iðnríkja heims, Evrópusambandsins og annarra, sitja á neyðarfundum til að fjalla um viðbrögð við fjármálakreppunni — er það Sjálfstæðisflokknum að kenna? Að sjálfsögðu. (**Gripið fram í:** ... verra hér.) Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst því yfir að hann horfist í augu við að hafa gert mistök en að tala um 18 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins með þessum hætti er fráleitt, sérstaklega þegar um er að ræða þingmann úr ríkisstjórnarflokki sem átti þátt í því að stjórna landinu á síðustu árum. Sá flokkur ber að sjálfsögðu, eins og aðrir flokkar, ábyrgð á mörgu því sem úrskeiðis hefur farið, t.d. hvað varðar uppbyggingu á fjármálamarkaði, löggjöf um fjármálamarkaði og þess háttar hluti sem raunar allir þingflokkar eiga sinn þátt í. Sú löggjöf sem ríkti á fjármálamarkaði á Íslandi var í langflestum tilvikum á síðustu 10–15 árum samþykkt í fullu samráði, án athugasemda eftir fyrirskrift frá Evrópusambandinu.

Það er nú þannig, herra forseti, að þessarar ríkisstjórnar sem nú er að láta af völdum verður minnst fyrir fjölda yfirlýsinga, fyrir fjölda blaðamannafunda og fyrir stórar yfirlýsingar um markmið en ekki fyrir aðgerðir. (**Gripið fram í:** Þið hélduð enga blaðamannafundi eða hvað?) Við vorum ekki eins duglegir, ég játa það, hæstv. ráðherra, að halda blaðamannafundi og við gáfum út færri fréttatilkynningar. (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) [Háreysti í þingsal.] (Forseti hringir.) Hins vegar — hæstv. forseti, ég verð að ljúka máli mínu af því að það var gripið fram í fyrir mér (Forseti hringir.) og ég tafinn í ræðustól — er staðreyndin sú (Forseti hringir.) að þessi ríkisstjórn (Forseti hringir.) ber sjálf ábyrgð á því hvernig nú er komið (Forseti hringir.) og það er skelfilegt til þess að hugsa að hún ætli að starfa áfram að kosningum loknum.

[11:51]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla í ljósi ummæla hv. þingmanns a.m.k. að reyna að bera blak af Sjálfstæðisflokknum. Ég ætla að taka undir með hv. þingmanni, fjármálahrunið í heiminum er ekki Sjálfstæðisflokknum að kenna. (**Gripið fram í:** Ertu viss?) Já, ég ætla að setja fram þá fullyrðingu að efnahagshrunið í veröldinni sé ekki Sjálfstæðisflokknum að kenna. (Gripið fram í.) Nei, ég held að það sé ekki Sjálfstæðisflokknum að kenna, (**Gripið fram í:** En Samfylkingunni?) en ég ætla hins vegar að segja að engin þjóð í veröldinni, a.m.k. engin á Vesturlöndum, hefur farið jafnilla út úr efnahagshruninu í heiminum og það er Sjálfstæðisflokknum að kenna. (**Gripið fram í:** Hefur það ekki haft með bankamálin að gera?)

[11:52]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ræða hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar kom mér mikið á óvart vegna þess að það var hvorki mikil sannfæring í ræðunni né heldur var hún sanngjörn miðað við þær aðstæður sem við höfum búið við í þinginu að undanförnu. Mér finnst ekki mikill bragur yfir því að hv. þingmaður, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, gangi fram með þeim stóryrðum gagnvart fyrrverandi samstarfsflokki, Sjálfstæðisflokknum, eins og hann hafði hér í frammi. Ég vil minna aðeins á að eftir kosningarnar 2007 rifust Samfylkingin og Vinstri grænir um að komast í samstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Það er nauðsynlegt að rifja það upp hér. Og hvers vegna var það? Vegna þess að mat þeirra var að staða okkar Íslendinga, uppbygging hins íslenska samfélags á undanförnum árum, væri með þeim hætti að eftirsóknarvert væri að komast í samstarf við Sjálfstæðisflokkinn við stjórn landsins.

Þess vegna er mjög holur hljómur í ræðum á borð við þá sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson flutti áðan. Og að tala um

málþóf þegar flokkurinn hefur forsætisráðherra við stjórn landsins sem talaði í 10 klukkustundir er mikið öfugmæli, hvað þá að vinstri grænir tali um málþóf. Sjálfstæðismenn hafa staðið hér í málefnalegri umræðu, flutt stuttar ræður, við höfum ekki flutt ræður klukkutímum saman eins og hv. þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar gerðu á meðan þeir voru í stjórnarandstöðu. Ég hvet hv. þingmenn til að sýna sanngirni og ljúka þinginu að þessu sinni með meiri reisn (Forseti hringir.) en ræður hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar hafa bent til.

[11:55]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson kemur hingað upp og ber sig illa (**Gripið fram í:** Nei.) yfir því að dregið er fram að lítil auðmýkt eða sanngirni hafi falist í ræðu hv. þm. Bjarna Benediktssonar þegar hann steig í pontu í umræðunni um þingfrestun og lýsti undrun sinni á því að núverandi minnihlutastjórn sem styðst við Framsóknarflokkinn skuli ekki hafa bjargað öllu klúðri Sjálfstæðisflokksins undanfarin 18 ár. Það var efni ræðu formanns Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarna Benediktssonar. Finnst einhverjum skrýtið að mönnum hafi þótt þessi ræða algerlega laus við auðmýkt, algerlega laus við sanngirni, algerlega laus við þann veruleika sem við búum við? Finnst hv. þingmönnum skrýtið að við ræðuflutningi af þessum toga sé brugðist? Ég man a.m.k. ekki til þess að umræður af þessum toga hafi verið hafnar við umræðu um þingslit.

Síðan kemur hv. þm. Sturla Böðvarsson hér upp og vælir undan því að við orðræðu af þessum toga sé brugðist og hann kallar eftir sanngirni. Hann kallar eftir auðmýkt. Þeir sem hefja umræðu af þessum toga, standa á þeim palli sem þeir gera í umræðunni og kalla yfir sig það sem hér hefur átt sér stað, geta ekki og mega ekki væla undan þessari umræðu. Þeir mega taka þátt í henni og mæta henni með rökum, sanngirni og festu en ekki koma hér eins og hv. síðasti þingmaður, hálfvolandi í ræðustól.

[11:57]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að mæta umræðunni af sanngirni og festu, það var einmitt það sem skorti á í ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Það er oft þannig að sannleikanum verður hver sárreiðastur og það kom mjög skýrt fram í viðbrögðum hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra þegar hv. þm. Bjarni Benediktsson gerði grein fyrir því í þessari umræðu þegar við erum að ljúka þinginu og fjöllum um frestunartillöguna, að nánast lítill árangur hafi orðið af starfi ríkisstjórnarinnar sem ætlaði sér svo mikla hluti, auðvitað var ástæða til að vekja athygli á því við þessar aðstæður. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. Lúðvík Bergvinsson að kveinka sér undan þeirri orðræðu hér. Til þess tökum við þátt í umræðu á Alþingi, til að vekja athygli á því sem betur má fara en erum sanngjörn og málefnaleg. Það er aðalatriði málsins.

Ég tek undir það að við eigum að sýna auðmýkt. Alþingismenn eiga að sýna auðmýkt við þær aðstæður sem þjóðin stendur frammi fyrir. Við eigum að tala um lausnir en ekki áfellast aðra fyrir það sem viðkomandi hafa ekki gert. Við eigum að leggja upp lausnir í aðdraganda þessara kosninga. Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert það, ég skora á hv. þingmenn sem kenna sig við stjórnarliðið að gera það einnig og sýna auðmýkt í þessari umræðu.

[11:58]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst heldur betri tónn í síðari ræðu hv. þingmanns, hún var kannski meira í takt við það sem hv. þingmaður boðaði sjálfur. Staðreyndin er sú að þær lausnir sem hv. þingmaður kallar eftir að þeir stjórnmálaflokkar sem nú bjóða sig fram gefi út, lúta allar að því að leysa úr þeim vanda sem 18 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins hefur skapað. (**Gripið fram í:** Aleinn?) Meira og minna undir forustu Sjálfstæðisflokksins snúast þær kosningar sem nú eru fram undan leit að lausnum á þeim vanda sem 18 ára forustutíð Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn hefur skapað. Það er verkefnið. Og ég er sammála hv. þingmanni um að auðvitað á Sjálfstæðisflokkurinn að sýna auðmýkt við þessar aðstæður. Auðvitað á hann að tala af sanngirni en það var einmitt það sem hv. þm. Bjarni Benediktsson gerði ekki og rauf í raun og veru það samkomulag sem hér hafði náðst um að ljúka þingstörfum. Það var einmitt það sem gerðist, það var ekki sýnd sanngirni (**Gripið fram í:** Það var ekki málþóf.) og ekki auðmýkt í þessari umræðu. Í reynd var gerð sú krafa að eftir 18 ára afglöp Sjálfstæðisflokksins megi gagnrýna núverandi ríkisstjórn fyrir að hafa ekki hreinsað upp öll þau afglöp eða það tjón sem sá tími hefur valdið samfélaginu.

[12:00]

Útbýting:

Flug herflugvéla, 471. mál, svar utanrrh., þskj. 947.
Sjúkraskrár, 170. mál, frhnál. heilbrn., þskj. 953.

[12:00]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég vil inna forseta eftir því hvort það samkomulag sem okkur þingmönnum skildist að morgni dags að lægi fyrir um lok þingstarfa í dag haldi enn. Ég lít svo á að hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hafi rofið það samkomulag með framgöngu sinni hér í umræðu um frestun á fundum Alþingis og ég lít svo á að sjálfstæðismenn séu þar með ekki menn orða sinna í þessu fremur en öðru.

[12:01]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Eins og gengið var frá þessu samkomulagi í gær held ég að það haldi alveg enn þá. Það var ljóst að hv. þm. Bjarni Benediktsson mundi taka til máls sem hann gerði, hann hélt stutta ræðu um þingfrestunartillöguna. Hér hafa greinilega fleiri kvatt sér hljóðs um þessa tillögu og hafa einhverjar athugasemdir við tillöguna. Það eru allt stjórnarliðar eins og ég hef séð mælendaskrána. Ég veit ekki hvort ríkisstjórnarflokkarnir ætla að brjóta það samkomulag sem var gert í gær, það verður að koma í ljós og er áhugavert að heyra hvað hæstv. forseti segir um það. Það

var algerlega ljóst að af okkar hálfu, sjálfstæðismanna, að svona yrði gengið fram, að hér yrði flutt ein ræða af okkar hálfu um þingfrestunartillöguna. Síðan ráða aðrir flokkar (Forseti hringir.) hvernig þeir haga sér en það er brot á því samkomulagi sem var gert í gær.

[12:02]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Með tilliti til þess samkomulags sem mér var kynnt kvaddi ég mér ekki hljóðs í þessari umræðu. Ég hefði talið eðlilegt þegar til umræðu var ályktun um þingfrestun að þá hefðu talað forsætisráðherra og hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, svo sem til var ætlast. En það samkomulag sem kann að hafa verið fyrir hendi var að sjálfsögðu rofið af Samfylkingunni, af formanni þingflokks Samfylkingarinnar, með því að halda hér langa ræðu og veitast í þeim orðum með ósæmilegum hætti að okkur sjálfstæðismönnum að ýmsu leyti aftur á bak og áfram.

[12:03]

Árni Páll Árnason (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson rauf hér allar þingvenjur um framgöngu mála við umfjöllun um tillögu um þingfrestun. (Gripið fram í.) Hæstv. forsætisráðherra flutti hér að vanda slíka tillögu og það ávarp sem formaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins hefði átt að flytja er auðvitað með hefðbundnum hætti kveðja til Alþingis.

En hér efnir hv. þm. Bjarni Benediktsson til eldhúsdags með rakalausum ásökunum í garð ríkisstjórnarinnar og við það verður ekki unað. Auðvitað er ekki hægt að sitja undir því að formaður Sjálfstæðisflokksins misnoti aðstöðu sína með þessum hætti og veigri sér síðan við því að talað sé um verkleysi Sjálfstæðisflokksins, getuleysi hans í stjórn landsmála og af hverju við erum að fara í kosningar núna. Fyrst og fremst vegna þess að Sjálfstæðisflokkinn þraut örendið til þess að stjórna landinu.

[12:04]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Þessi umræða er mjög óvænt. Ég taldi að hér yrði flutt tillaga um þingslit og síðan yrði hún bara afgreidd. En þá ber svo við að formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, kemur hér upp í ræðustól með hríðskotabyssu í hendi og hefur skothríð í allar áttir og má segja að hér hafi meira og minna kviknað í öllu saman eins og við höfum orðið vitni að í umræðunni.

Þetta var gert með þeim hætti að blóðið tók að renna í hæstv. ráðherra Steingrími J. Sigfússyni. Það var svolítið gaman að því. Hæstv. ráðherra fór um stund úr ráðherrabuxunum og í gömlu stjórnarandstöðubuxurnar sínar og hækkaði róminn og síðan hafa menn hlaupið upp í andsvör hver á fætur öðrum. Þetta var allt mjög óvænt.

Það er að skella á hálfgerð eldhúsdagsumræða, virðulegi forseti, og ég beini því til hæstv. forseta að hann beiti sér fyrir því að við reynum einhvern veginn að ljúka þessari umræðu þannig að það verði ekki eldhúsdagur í allan dag. Ég legg til að það geti bara einn talað frá hverjum flokki og síðan verði þessari umræðu lokið.

En ég vil fá að rifja aðeins upp söguna, virðulegi forseti, við þetta tækifæri. Það er mjög óvænt að haldnar séu alþingiskosningar núna einungis tveimur árum eftir að við kusum síðast, það voru kosningar árið 2007. Hvað átti sér stað 2007? Þá fórum við í kosningabaráttu og það er alveg ljóst að útrásarvíkingarnir svokölluðu beittu sér í kosningabaráttunni og í aðdraganda hennar. (**Gripið fram í:** Og borguðu styrki.) Já, virðulegi forseti, hér er frammíkall: Borguðu styrki. Það er rétt. Þeir beittu líka fjölmiðlaveldi sínu og allir sem fylgjast með stjórnmálum og almennri þjóðmálaumræðu sáu hvernig útrásarvíkingarnir beittu fjölmiðlaveldi sínu til að koma á sinni óskastjórn. Þeirri óskastjórn var komið á. Útrásarvíkingunum varð að ósk sinni. Hér tók við stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar árið 2007.

Það var mjög lærdómsríkt að fylgjast með þeirri kosningabaráttu og taka þátt í henni. Á þeim tíma voru framsóknarmenn með ráðuneyti heilbrigðismála og ráðuneyti félagsmála og það var alveg með ólíkindum hvað t.d. Samfylkingin átti greiðan aðgang að fjölmiðlum í þeim málaflokkum og það var alveg með ólíkindum hvað það var erfitt fyrir okkur að koma sannleikanum á framfæri í gegnum fjölmiðla. Þetta var mjög lærdómsríkt, virðulegi forseti.

Óskastjórn útrásarvíkinganna tók við, Sjálfstæðisflokkur og Samfylking, og það var engin smáríkisstjórn. Hún naut stuðnings 43 þingmanna af 63. Það var ofurmeirihluti í þinginu með þessari óskastjórn. Stjórnarandstaðan var einungis með 20 þingmenn.

Hvað gerði svo óskastjórn útrásarvíkinganna? Hún gerði mest lítið. Hún byrjaði á því að sofa á vaktinni gagnvart því sem var að gerast í bönkunum. Það kviknuðu hér viðvörunarljós sem hún leit ekki á. Hún var meira að segja svo blind að í fjárlagagerðinni fyrir árið 2008 tókst þessari ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar að auka útgjöld ríkisins um 20%. Samt vorum við að koma úr kosningabaráttu, nýkomin úr kosningabaráttu og þá er ekki hefð fyrir því að auka mikið ríkisútgjöldin. Samt gerði þessi ríkisstjórn það.

Síðan horfði þjóðin upp á það að ríkisstjórnin, þessir flokkar, Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin, slógu hvor annan með Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu og það varð pattstaða. Sjálfstæðisflokkurinn vildi ekki gera neinar breytingar í Seðlabankanum og Samfylkingin vildi ekki gera neinar breytingar í Fjármálaeftirlitinu. Þetta horfðum við upp á um tíma.

Síðan var það eftir síðustu jól, í byrjun árs 2009 að ríkisstjórnin, ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar kom til leiks án nokkurra tillagna um úrbætur og það var hálfgert uppreisnarástand hér á götunum. Maður trúði því ekki að ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (KHG)**:** Forseti biður hv. þingmenn velvirðingar á trufluninni en hann óskar eftir því að þingmenn í hliðarsal gefi ræðumönnum gott næði til að flytja sitt mál.)

Takk fyrir, virðulegi forseti. Eftir jólin komum við hingað til starfa og þá voru engar tillögur hjá ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar á borðinu. Stór hluti þjóðarinnar mótmælti og það var byltingarástand hér á götunum og það var mjög sérstakt að verða vitni að því. Þá var ekkert annað að gera en að stokka hér upp á nýtt.

Ríkisstjórnin hrökklaðist frá, hún koðnaði niður. Fram-

sóknarflokkurinn ákvað þá að bjóða upp á það að verja minnihlutastjórn vinstri flokkanna falli með ákveðnum skilyrðum. Eitt af skilyrðunum var það að kosið yrði hið fyrsta, þ.e. 25. apríl, og það er að verða að veruleika. Það er mjög brýnt að ganga til kosninga í þessu ástandi. Það er brýnt að flokkarnir fái umboð til að taka á þeim erfiðu málum sem nú eru uppi.

Við lögðum líka fram sem skilyrði að tekið yrði á vanda fyrirtækjanna og vanda heimilanna. Það verður að segjast eins og er að við höfum orðið fyrir miklum vonbrigðum með vinstri flokkana í báðum þessum málum. Hvorki hefur verið tekið nógu röggsamlega á vanda heimilanna né fyrirtækjanna. Framsóknarflokkurinn lagði fram tillögur í 18 liðum um efnahagsvandann, úrlausnir í efnahagsvandanum. Við viljum lausnir. Sú róttækasta felur í sér 20% leiðréttingu á höfuðstól húsnæðislána og lána fyrirtækjanna.

Virðulegi forseti. Ég er eiginlega sannfærð um að þessi leið verður farin. Það er bara spurning um hvenær. Og ég vil nefna að áberandi og leiðandi fólk í hinum stjórnmálaflokkunum, nokkrir hafa meira og minna tekið undir þessar tillögur okkar framsóknarmanna um 20% leiðréttinguna. Ég nefni þar Tryggva Þór Herbertsson, sem er frambjóðandi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Norðausturkjördæmi, sem hefur tekið mjög kröftuglega undir þessar hugmyndir Framsóknarflokksins um 20% leiðréttingu. Ég vil líka nefna Lilju Mósesdóttur, sem er frambjóðandi Vinstri grænna, sem hefur þó nálgast þessi mál með örlítið öðrum hætti, þ.e. að veita niðurfellingu af húsnæðislánum um 4 millj. kr. en það er samt sami andinn í þeirri tillögu. Síðan vil ég líka nefna *Eirík Bergmann samfylkingarmann og hann hefur sagt opinberlega* að þessi leið sé sú eina færa. Það er okkar bjargfasta trú, virðulegi forseti, að þessi leið verði farin. Það er bara spurning um hvenær og hugsanlega er hægt að útfæra hana með eilítið öðrum hætti. En það þarf að fara í leiðréttingu bæði varðandi fyrirtækin og heimilin í landinu og það þarf að gera meira en núverandi ríkisstjórn hefur gert.

Greiðsluaðlögunarmálið er skref í rétta átt. Það er alveg ljóst að þó að 20% leiðréttingarleiðin yrði farin þyrfti samt hluti þjóðarinnar að fara í greiðsluaðlögun. Að sjálfsögðu höfum við stutt það mál hér en það er bara engan veginn nóg, virðulegi forseti.

Fjórða málið sem framsóknarmenn settu á oddinn varðandi það að styðja minnihlutastjórn og verja hana vantrausti í þinginu var stjórnlagaþing. Ég þakka vinstri flokkunum *sérstaklega fyrir röggsaman stuðning í því máli.* Þar hefur ekki borið neinn skugga á, þar hafa menn viljað klára málin og koma á stjórnlagaþingi sem þjóðin mundi kjósa. Þar væru hvorki þingmenn né ráðherrar í framboði heldur aðrir þjóðfélagsþegnar og stjórnlagaþingið mundi síðan útbúa drög að stjórnarskrá sem þjóðin fengi að kjósa um í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Stjórnarskráin er algerlega úrelt og ég ætla ekki að hafa mörg önnur orð um hana nema þau að hún felur í sér mjög samþjappað vald hér á landi og henni verður að breyta. Þar lögðust sjálfstæðismenn hins vegar algerlega þverir fyrir og töluðu hér í marga daga og aðallega um stjórnlagaþingið. Síðan kom í ljós í gær þegar þeir lögðu fram tillögur sínar í stjórnarskrárnefnd að þar var meira á bak við. Þeir leggja fram tillögu í auðlindamálum þar sem ákveðin setning hefur gufað upp, að náttúruauðlindir eigi að vera í eigu þjóðarinnar og þær megi ekki selja eða láta varanlega af hendi. Sú setning var bara látin gufa upp hjá Sjálfstæðisflokknum.

Sjálfstæðismenn hafa hindrað hér allar lýðræðisumbætur á stjórnarskránni og voru ekki einu sinni til í það þegar upp var staðið að breyta 79. gr., þ.e. hvernig breyta á stjórnarskránni, aðferðafræðinni, sem þeir þó voru búnir að segja bæði í þessum sal og utan hans að þeir vildu breyta, en þar var líka dregið í land. Það er mjög brýnt að þjóðin átti sig á því að Sjálfstæðisflokkurinn kom í veg fyrir allar breytingar á stjórnarskránni, stjórnlagaþingið og líka hinar greinarnar.

Við framsóknarmenn ákváðum strax eftir páska að draga stjórnlagaþingsmálið út af því að sjálfstæðismenn höfðu beitt sér af þvílíku offorsi gegn því, og sjá hvort þeir mundu (Gripið fram í.) gera eitthvað varðandi hin ákvæðin því að okkur grunaði að þeir vildu ekki breyta neinu. Það kom svo sannarlega í ljós, þeir vildu nefnilega engu breyta. Þó að við hefðum dregið stjórnlagaþingið út fór ekkert í gegn. Þetta sýnir kannski, virðulegi forseti, að líklega þarf að breyta þingsköpum þannig að ræðutími í 2. umr. verði takmarkaður til að við upplifum það ekki aftur að minni hluti þingmanna hertaki þingið, taki það algerlega í gíslingu og tali út í það óendanlega. Til dæmis hótaði hv. þm. Björn Bjarnason því að tala hér dag og nótt í þessu máli. Þetta er íhugunarefni og ég tel að á næsta kjörtímabili þurfi að ræða það hvort ekki eigi að takmarka umræðuna í 2. umr. þannig að minni hluti þingmanna geti ekki tekið þingið í gíslingu. Þannig er þetta í öðrum ríkjum, þar eru takmarkanir á umræðum. Ég tel að þetta sé íhugunarefni fyrir okkur líka, virðulegi forseti.

En ég vona að hægt sé að semja um það að þinginu fari að ljúka. Ég taldi að búið væri að semja um það en Sjálfstæðisflokkurinn kom hér upp og skaut í allar áttir. Þá er ekkert um annað að ræða en að allir komi sínum sjónarmiðum á framfæri og hef nú gert það fyrir hönd framsóknarmanna. Ég tel mikilvægt að við getum fljótlega gengið til kosninga þar sem þjóðin fái að velja hvaða flokka hún vill kjósa. Hvort hún vilji kjósa flokk eins og Framsóknarflokkinn sem er hófsamur miðjuflokkur sem hafnar öfgum til hægri og vinstri og vill jöfnuð í samfélaginu, réttlæti og sanngirni og meira lýðræði, eða hvort þjóðin vilji einhverja aðra flokka.

Ég vil líka, virðulegi forseti, minna þjóðina á það, og það er mín skoðun, að það væri ekki hagfellt fyrir hana ef *hér yrði hrein vinstri stjórn að kosningum loknum.* Það er ekki gott að fara út í öfgarnar hvorki til hægri né vinstri.

[12:18]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég sé mig tilknúinn að koma upp við þessa umræðu eins og hún hefur þróast, ég taldi að menn ætluðu að hafa verklagið með öðrum hætti en orðið hefur. Ég vil gera athugasemd við orð formanns Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarna Benediktssonar, sem sagði snemma í umræðunni að fyrrverandi forsætisráðherra hefði boðið fram það verklag, til þess að takast á við mikinn vanda þjóðarinnar, að komið yrði á þjóðstjórn. Ég kannast ekki við að slíkt boð hafi komið fram.

Ég veit að við sem vorum í stjórnarandstöðu á síðast-

liðnu hausti buðumst til að ganga til liðs við ríkisstjórnarflokkana og mynda þjóðstjórn um vandann sem þjóðin stóð frammi fyrir. Það á við um þann sem hér stendur. Ég minnist þess að Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, bauð það og ég held að ég fari rétt með að Steingrímur J. Sigfússon hafi líka boðið það. Þeirri tillögu var ekki tekið, henni var hafnað. Það þýðir ekkert að koma hér korteri fyrir kosningar og bera það á borð fyrir þjóðina af hálfu Sjálfstæðisflokksins og formanns hans að slík tillaga hafi komið frá fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins. Það eru ósannindi. Hún kom ekki. Það var ekkert hlustað á þetta tilboð á síðastliðnu hausti. Ég vildi aðallega leiðrétta þetta, hæstv. forseti, því það fer betur á að við förum hér með rétt mál. Þjóðin á ekki annað skilið af okkur í því alvarlega ástandi sem er í þjóðfélaginu en að það sé gert.

Auðvitað er það svo að nú þegar stefnir að þinglokum finnst okkur í Frjálslynda flokknum sárt til þess að vita að sumar af þeim tillögum sem við höfum lagt hér inn í þingið fái ekki neina afgreiðslu, m.a. tillaga okkar um hvernig taka eigi á vanda heimilanna, verðtryggingu fjárskuldbindinga, sú aðferð sem við lögðum til í því sambandi fékk því miður ekki afgreiðslu, þ.e. að finna leið til að skipta mjög hækkandi skuldum heimilanna á milli lántakenda og lánveitenda eftir ákveðinni aðferð.

Við söknum þess reyndar sérstaklega að fleiri tillögur hafi ekki fengið afgreiðslu. Ég minni á tillögu okkar um frjálsar handfæraveiðar sem hefur legið fyrir þinginu í fleiri mánuði og hefði verið ástæða til að klára, klára með því að afgreiða það áður en við göngum til kosninga þannig að við vissum að hverju væri stefnt en sætum ekki uppi með þá yfirlýsingu hæstv. sjávarútvegsráðherra að það verði útfært eftir kosningar. Tillaga Frjálslynda flokksins er algerlega ljós í þessu efni. Ég man ekki betur en að nokkrir þingmenn úr hópi núverandi stjórnarflokka hafi beinlínis tekið undir þessa tillögu okkar í málflutningi í vetur. Ég get svo sem nafngreint þá en sé enga ástæðu til þess, það liggur allt fyrir í þingskjölum, hæstv. forseti. Ég sakna þess að tillagan, þó að við höfum flutt hana í Frjálslynda flokknum, hafi ekki fengið brautargengi en menn geti svo komið og lýst því yfir sérstaklega að kosningum loknum að að því gefnu að þeir sitji við völd verði hægt að taka á slíkum málum.

Ég fagna því vissulega ef svo verður, að menn geti tekið á slíkum málum. En ég hefði talið að rétt væri að vinna að málsmeðferðinni eins og upphaflega var boðað hér í hv. Alþingi af okkur í Frjálslynda flokknum með tillöguflutningi okkar þar sem menn höfðu vissulega tekið undir þau áhersluatriði sem við höfum lagt fram.

Þegar þingi lýkur og við göngum til kosninga saknar maður þess að ákveðnar tillögur hafi ekki náð fram að ganga, tillögur sem við teljum að hefðu orðið til mikilla bóta fyrir þjóðina og sem hæstv. sjávarútvegsráðherra virðist nú einnig telja að sjálfsagt sé að taka upp en það verði ekki gert og unnið í því fyrr en eftir kosningar. Þetta er sem sagt kosningaloforð. Þetta er kosningaloforð þó að við höfum setið hér uppi með þingmál til afgreiðslu í þessum farvegi mánuðum saman, hæstv. forseti, og undir þann málflutning hafi verið tekið.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að þó þessi umræða sem hér hófst hafi þróast með þeim hætti sem hún hefur gert verði hægt að fylgja nokkurn veginn því samkomulagi sem menn gerðu um slit þingsins o.s.frv. og þau mál sem verða afgreidd í samkomulagi. Ég geri mér grein fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn er algerlega andvígur því að þjóðin fái til sín vald í sambandi við stjórnarskrárbreytingar. Hann hafnar því að þjóðin fái að greiða atkvæði um einstök mál. Hann hafnar því að auðlindir þjóðarinnar séu í þjóðareign og þær megi ekki selja eða láta varanlega af hendi.

Ég verð að segja að málsmeðferð Sjálfstæðisflokksins í stjórnarskrármálinu í heild sinni hefur valdið mér miklum vonbrigðum. Ég hef stundum haldið að í Sjálfstæðisflokknum væru einstakir menn sem vildu fylgja því fram að lýðræðið yrði aukið meðal þjóðarinnar. Verk þeirra og vinnulag hér í hv. Alþingi benda hins vegar til þess að svo sé ekki. Það er sárgrætilegt að svo skuli vera að menn vilji ekki að þjóðin fái þau réttindi sem verið var að leggja til í því þingmáli sem snýr að stjórnarskránni. Og að menn skuli svo á lokaskrefum þessa máls koma með sérstaka tillögu um að leggjast gegn því að þjóðin eigi auðlindir sínar og að tryggt sé að þær verði ekki seldar eða látnar varanlega af hendi — ég hefði eiginlega ekki trúað því að menn gengju svo langt. Hvað þá heldur hv. þm. Jón Magnússon sem var í Frjálslynda flokknum og flutti með okkur margar tillögur í aðra veru og hefur talað fyrir því árum saman að tryggja annan farveg. Ég harma að svo skuli vera komið fyrir sumum mönnum.

[12:26]

Jón Bjarnason (Vg):

Herra forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar, sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 16. apríl 2009 eða síðar, ef nauðsyn krefur.“

Út frá þessari tillögu sem hæstv. forsætisráðherra lagði fram hafa spunnist miklar umræður og hv. þm. og formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, reið á vaðið með miklum yfirlýsingum um stöðu mála og hvað gerst hefði að undanförnu. Reyndi hv. þingmaður og formaður Sjálfstæðisflokksins að hvítþvo Sjálfstæðisflokkinn af stöðu mála og kenna ríkisstjórn sem setið hefur í hundrað daga um það hvers vegna málum er svo komið sem raun ber vitni. Ríkisstjórn sem tók við af ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins sem hafði fullkomlega gefist upp á að takast á við þann vanda sem hún var búin að kalla yfir sig, ríkisstjórn sem var mynduð af Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Samfylkingunni, með stuðningi Framsóknarflokksins, og með stuðningi Frjálslynda flokksins í mörgum málum og samstarfi þar. Stjórnarandstöðuflokkarnir tóku höndum saman þó að flokkarnir, bæði Framsóknarflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn, keyrðu eðlilega á sínum málum og stýrðu þannig afstöðu flokka sinna.

Það var táknrænt að sjá hvernig formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, sýndi að Sjálfstæðisflokkurinn er að fara á taugum. Sjálfstæðisflokkurinn gerir sér grein fyrir því að 18 ára samfelldri stjórn hans er lokið, henni er lokið og þó fyrr hefði verið. Þetta hefur verið ríkisstjórn einkavæðingar og frjálshyggju.

Ég minnist þess hvernig við börðumst hér á Alþingi gegn einkavæðingu bankanna sem var upphaf þess sem á eftir fór, einkavinavæðingar bankanna, hvernig þeim var skipt upp á milli gæðinga þeirra ríkisstjórnarflokka sem þá voru, og í kjölfarið kom síðan þessi græðgisvæðing. Ég vil einnig minna á þá meintu og miklu ágalla kvótakerfisins sem var framsal á aflaheimildum og veðsetning á óveiddum afla, óveiddum fiski, sem varð undirrótin að því að efnahagslíf okkar og fjármálalíf fór í þrot.

Í fjárlögum sem fyrrverandi ríkisstjórn gerði er gert ráð fyrir 170 milljarða kr. halla. Það var ekki sú ríkisstjórn sem nú situr, sem skilaði fjárlögum inn með þeim hætti. Ég hefði vænst þess að formaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarni Benediktsson, hefði reynt að hefja flokkinn sinn upp á ný með því að biðja þjóðina afsökunar á 18 ára stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins sem leiddi yfir landið meira efnahagshrun en í nokkru öðru landi nú. Sú stefna sem rekin var af hálfu Sjálfstæðisflokksins hefur leitt þessa djúpu lægð yfir okkur sem er miklu dýpri en í öðrum löndum.

Það er þetta uppgjör sem nú er að fara fram. Það er þetta uppgjör sem fer fram í næstu kosningum. Það er spurningin um það hvort fólk vill aftur kjósa Sjálfstæðisflokkinn yfir sig, flokk sem ekki hefur enn beðist afsökunar á hruninu, og snúa aftur til þess tíma og þess stjórnarfars sem hann leiddi. Eða vilja menn kjósa sér nýjan farveg sem byggist á nýjum gildum, sem eru heiðarleiki, samhjálp og samvinna þar sem við berum öll byrðarnar saman. Við berum öll ábyrgðina saman. Við sækjum fram á grunni þeirra sóknarmöguleika sem við höfum, sem eru miklir. Íslensk þjóð er öflug, vel menntuð og dugleg þjóð sem er vön að vinna. Ef við losnum við þá græðgisvæðingu sem hefur tröllriðið húsum á undanförnum árum og tökum aftur inn hin sönnu góðu gildi er ég viss um að við munum bjarga okkur vel á næstu missirum í gegnum þá kreppu sem er.

Maður einn sagði við mig: Við getum hert ólina. Við getum tekið á okkur erfiða tíma ef við erum þess fullviss að ekki verði farið í sama farið. Ekki verði farið aftur í sama farið og ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins hefur keyrt í á undanförnum árum. Það er það sem við viljum fá tryggingu fyrir. Ég lofa því að við Vinstri græn munum ekki fara í það far. Við munum horfa fram veginn á nýjum forsendum og nýjum gildum þjóðinni til heilla. Ég vona að þegar þessu þingi lýkur og við göngum til kosninga verði nánast samfelldri ríkisstjórnartíð Sjálfstæðisflokksins til 18 ára lokið.

Við buðum þjóðstjórn í haust, því var hafnað. Við buðum aftur þjóðstjórn eftir áramót, því var líka hafnað. Við buðum þjóðstjórn í byrjun febrúar eða í lok janúar þegar ljóst var að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var hrunin, því var líka hafnað. Þá var ákveðið að fara út í þessa ríkisstjórn og hún hefur komið miklu í verk miðað við þann skamma tíma sem hún hefur haft. Ég óska þess, þjóðinni til heilla, að ríkisstjórnin geti haldið áfram að kosningum loknum og að við fáum ekki yfir okkur aftur ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins næstu 18 árin.

[12:33]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Frú forseti. Gamla ríkisstjórnin, ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, strandaði þjóðarskútunni. Það er aldrei góðs viti að láta brennuvarga vera í slökkviliðinu. Það sem er verra er að ný stjórn Vinstri grænna og Samfylkingar með stuðningi Framsóknar hefur ekkert gert sem skiptir máli. Eða svari hver fyrir sig, þeir sem reka heimili, hafið þið fundið einhverjar lagfæringar á stöðu ykkar? Hafið þið fundið fyrir því að hagur ykkar sé að lagast eða vænkast? Eða hjá þeim sem reka fyrirtæki?

Það er bara með ólíkindum hvernig staðan er og hún hefur ekki lagast. Fjórflokkurinn á að biðjast afsökunar. Það sem við þurfum að gera er að nýta auðlindir sjávar og landsins, spara eins og hægt er, skera niður og auka tekjur eftir því sem kostur er og skapa með því atvinnu og tekjur, útflutningstekjur. Við þurfum að auka veiðar og nauðsynlegt er að rödd Frjálslynda flokksins heyrist á Alþingi. Flokkar eiga að vera fyrir fólk en ekki öfugt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:40]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, HSH, HerdÞ, JóhS, JBjarn, JónG, JM, KVM, KJak, LB, MS, PHB, SF, StB, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

31 þm. (ÁKÓ, ÁJ, ÁMöl, BJJ, DPál, EKG, EMS, EBS, EyH, GÞÞ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KÞJ, KLM, KHeim, MÁ, ÓN, REÁ, RR, SKK, SJS, SVÓ, VS, ÞKG, ÖJ) fjarstaddur.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 957).

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 385. mál (stjórnlagaþing, náttúruauðlindir í þjóðareign og þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 648, nál. 881 og 892, frhnál. 948 og 951, brtt. 805, 882, 917 og 949.

[12:41]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég geri grein fyrir framhaldsnefndaráliti sem fulltrúi meira hluta stjórnarskrárnefndar, en ásamt mér standa að álitinu hv. þingmenn Atli Gíslason, Ellert B. Schram, Siv Friðleifsdóttir og Guðjón A. Kristjánsson.

Virðulegi forseti. Að mínu mati eru þær hugmyndir sem settar voru fram um breytingar á stjórnarskránni einhverjar þær merkustu til lýðræðisumbóta sem settar hafa verið fram í mjög langan tíma. Það vakti alveg sérstaka athygli mína að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem telja sig hafa komið í veg fyrir að þær hugmyndir geti orðið að veruleika, hafa lýst því yfir að þeir hafi unnið fullnaðarsigur, væntanlega á þjóðinni, og tekist að þeirra mati að koma í veg fyrir að merkar lýðræðisumbætur næðu fram að ganga. Meira að segja hv. þm. Björn Bjarnason, sem tjáði sig oft og iðulega í umræðum, lýsti því yfir sem fulltrúi minni hluta þingsins — en minni hluti þingsins hefur verið andvígur þessum breytingum — að hann mundi stunda málþóf a.m.k. fram á kjördag ef með þyrfti og taldi sig mann að meiri að stunda

slíkar æfingar (Gripið fram í.) til þess að koma í veg fyrir að meiri hluti þingsins næði því fram að tryggja að íslenska þjóðin mundi öðlast þær lýðræðisumbætur sem í þeim hugmyndum felast, aukin heldur að tryggt yrði með ákvæði í stjórnarskrá að náttúruauðlindir yrðu varanlega í þjóðareign. Það að telja sig hafa komið í veg fyrir að slíkar hugmyndir yrðu að veruleika telur Sjálfstæðisflokkurinn, eða hv. þingmenn hans, að í því felist fullnaðarsigur.

Við hljótum að spyrja eðli málsins samkvæmt — fullnaðarsigur á hverju? Því að þetta voru umbætur til handa þjóðinni. Væntanlega er þá um það að ræða að fulltrúar valdaflokks um óbreytt ástand hafa talið að með þeirri niðurstöðu að náist þessar hugmyndir ekki fram séu þeir að tryggja stöðu sína og hag sinn til framtíðar. Það er væntanlega sá fullnaðarsigur sem þeir telja sig hafa unnið nái þessar hugmyndir ekki fram að ganga.

Virðulegi forseti. Málið var tekið aftur til umfjöllunar í sérnefnd um stjórnarskrármál áður en 2. umr. lauk í því skyni að reyna að ná samkomulagi milli fulltrúa þingflokks Sjálfstæðisflokksins annars vegar og fulltrúa meiri hlutans hins vegar. Það var gert, virðulegi forseti, vegna þess að í umræðum á hinu háa Alþingi um þetta mál hafði ítrekað komið fram, í mýmörgum ræðum hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins, að þeir væru tilbúnir til að ná einhvers konar sátt eða lendingu um þrjár fyrstu greinar frumvarpsins, sem lúta í fyrsta lagi að því að náttúruauðlindir verði þjóðareign og þær verði ekki varanlega af hendi látnar, í annan stað að einfalda og auðvelda breytingar á stjórnarskrá m.a. í því skyni að niðurstaðan sé sú að ekki þurfi að fara fram alþingiskosningar í milli þar til breytingar á stjórnarskrá ná fram að ganga, og í þriðja lagi að almenningur geti haft frumkvæði að því að knýja á um að þjóðaratkvæðagreiðsla geti farið fram um málefni er lúta að almannahag. Þetta voru þau þrjú ákvæði sem ítrekað komu fram í andsvörum og ræðum sem talið var að mætti hugsanlega ná samkomulagi um. Á hinn bóginn hafa hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins verið samkvæmir sjálfum sér allan tímann að þeir voru algjörlega andvígir því að stjórnlagaþing næði fram að ganga.

Í því ljósi lýsti fulltrúi Framsóknarflokksins því yfir að hann vildi falla frá hugmynd um stjórnlagaþing ef það gæti orðið til þess að ná sátt um aðrar lýðræðisbreytingar og tryggingu á því að auðlindir yrðu varanlega í þjóðareign. Í því umhverfi var ákveðið að kalla málið til nefndar og leita sátta. Frá því er skemmst að segja að sú sátt tókst ekki og þess vegna var málið tekið út á nýjan leik og því var þetta framhaldsnefndarálit skrifað.

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að mér er nokkur vandi á höndum að fjalla um þær tillögur sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu fram í stjórnarskrárnefndinni. Vegna þess að svo undarlega vildi til að frá því að tillögur fulltrúa stjórnarskrárnefndar voru settar fram og kynntar sem sáttagrundvöllur í stjórnarskrárnefnd, tóku þær breytingum frá því að tillagan var kynnt í stjórnarskrárnefnd þar til hún var lögð fram á þinginu. (Gripið fram í.) Þetta er með hreinum ólíkindum og líklega óþekkt. Þetta er dæmi um hver hinn raunverulegi sáttavilji þingmanna Sjálfstæðisflokksins var í málinu. Með öðrum orðum, þeir lögðu fram í stjórnarskrárnefnd tillögur til viðræðna og umræða um þær dró fram að þeir töldu alveg fráleitt og vörðu það í umræðum í stjórnarskrárnefnd að sett yrði ákvæði um að auðlindir yrðu varanlega í þjóðareign. Þetta var tekið upp og spurt: Hvers vegna eru hv. þingmenn að leggja til að ákvæði þess efnis að lagt verði bann við framsali á náttúruauðlindum í þjóðareign, félli brott samkvæmt breytingartillögum þeirra? Svörin voru á þá leið að þetta væri ekkert síðra svona og þess vegna mætti vel ganga frá því á þann hátt.

Síðan er tillagan lögð fram á Alþingi breytt, sem sagt ekki sama tillaga og var kynnt í stjórnarskrárnefndinni. Mér er því dálítill vandi á höndum, virðulegi forseti, þegar ég fjalla um tillögu þá sem lögð var fram í stjórnarskrárnefnd, að hún hefur tekið breytingum frá því ... (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Á þeim tímapunkti slitnaði upp úr viðræðum vegna þess að hugmyndin um þjóðareign — eitt hennar megineinkenni er einmitt bann við varanlegu framsali á auðlindum. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu til að það yrði tekið út og töldu það síðan tilefni til sátta. (Gripið fram í.)

Í mínum huga þótti mér þetta vera skýrt dæmi um að áhugi hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins á því að ná sáttum í málinu hafi ekki verið til staðar. Ég vil þó líka segja að þær breytingar sem þeir hafa gert á sinni eigin tillögu, frá því að þeir lögðu hana fram sem sáttatillögu í stjórnarskrárnefnd þar til þeir lögðu tillöguna fram, eru til mikilla bóta og koma til móts við þau sjónarmið sem við settum fram í nefndinni. Og vel má vera að sú umræða sem fór fram í þingsalnum síðar um þá hugmynd sem þeir lögðu fram í stjórnarskrárnefnd hafi leitt til þess að þeir hafi ekki treyst sér til annars en að gera þessar breytingar og væntanlega metið þá sína pólitísku hagsmuni þannig að betra sé að hafa þetta inni og er það vel að þeir hafi séð að sér. Hins vegar hefði verið gott að það hefði komið fram í umræðunni í stjórnarskrárnefndinni þar sem málið var tekið fyrir til þess að reyna að ná sáttum í málinu. Þetta var innlegg þeirra í það mál.

Í annan stað vil ég nefna að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu einnig fram tillögu um það hvernig breyta mætti stjórnarskránni og lögðu þar fram sömu tillögu er ekki náði fram að ganga árið 2007, þá tillögu sem unnin var í stjórnarskrárnefnd sem starfaði á árunum 2005–2007. Þeir lögðu fram með öðrum orðum sömu tillögu. Þetta er reyndar tillaga að danskri fyrirmynd og var sett í dönsku stjórnarskrána árið 1953, ef ég man rétt, og frá þeim tíma hafa ekki verið gerðar breytingar á dönsku stjórnarskránni, sem m.a. ræðst af því að það er mjög flókin útfærsla. (Gripið fram í.) Þetta er það sem hv. þingmenn lögðu fram. Staðreyndin og veruleikinn er sá að þeirri sömu tillögu hafði verið hafnað (**Gripið fram í:** Af hverjum?) af formönnum flokkanna um morguninn fjórum eða fimm tímum áður en þessi tillaga var lögð fram. (Gripið fram í.)

Ég spyr: Felst í því raunveruleg tillaga til að ná sátt þegar fyrir liggur að sama tillaga hafði verið rædd á fundi formanna flokkanna, sem haldinn var m.a. í því skyni að reyna að ljúka þingstörfum og ná um það sátt þar sem þetta mál var einnig á dagskrá? Ég sat þann fund bara svo það liggi fyrir. Á þeim fundi var sem sagt lögð fram þessi sama sáttatillaga og henni var hafnað. Fjórum tímum síðar mæta þeir

hv. þingmenn til fundar við sérnefndina með sömu tillöguna og líta svo á að þeir séu að reyna að ná sátt og hafa jafnvel tjáð sig þannig í fjölmiðlum að þeir hafi haft raunverulegan áhuga á að ná sátt. Hið raunverulega verkefni þingmanna Sjálfstæðisflokksins, og það hefur komið hér fram þar sem minni hlutinn hefur barist mjög harðlega gegn þessu máli og sett Íslandsmet í umræðum á Alþingi í fjölda ræðna, var að koma í veg fyrir og standa vörð um óbreytt ástand. Það var í reynd verkefni sjálfstæðismanna í umræðunum. Það var erindið. Þess vegna var þetta leikrit sett upp þar sem menn reyndu að búa svo um hnútana að þeir væru raunverulega að reyna að ná sátt. Þessar tvær tillögur voru lagðar fram, tillaga sem var lögð fram í nefndinni sem tók síðan breytingum, það var sem sagt önnur tillaga lögð fram á þinginu en lögð var fram í nefndinni til ná sátt. Síðan leggja þeir fram sömu tillögu um breytingar á stjórnarskránni og var hafnað á fundi formanna fjórum, fimm tímum áður. (Gripið fram í.) Þetta er alveg með ólíkindum. Svo koma menn hér upp og segja: Ja, við vorum aldeilis tilbúnir að ná sátt, við vorum boðberar sáttarinnar. Þetta er alveg með ólíkindum.

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða, eins og ég gat um í upphafi máls míns, að mínu mati miklar lýðræðisumbætur og þetta er fullnaðarsigur hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins á þjóðinni, eins og þeir hafa lýst, fyrir flokksræðið og fyrir vörð um óbreytt ástand. Að mínu mati er aðeins töf á eðlilegum lýðræðisumbótum. Í sögunni verður það væntanlega svanasöngur hv. þm. Björns Bjarnasonar hér á hinu háa Alþingi að hann hafi verið tilbúinn til þess að stunda málþóf fram á kjördag til að koma í veg fyrir þessar lýðræðisumbætur. Það er mjög athyglisvert.

Hv. þm. Björn Bjarnason hefur einmitt gengið manna lengst í stóryrðum og fullyrðingum um niðurlægingu Alþingis sem var rótin að því að hv. þingmaður var tilbúinn að vera hér fram á kjördag. Niðurlæging Alþingis fælist í því að öðrum en þinginu yrði falin heimild til þess að endurskoða stjórnarskrána og leggja tillögur fyrir þjóðina. Í því fælist áður óþekkt niðurlæging. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur komið hér upp með hugmyndafræði hv. þm. Björns Bjarnasonar og sagt að önnur eins niðurlæging hafi ekki átt sér stað frá því að Alþingi var stofnað 930, það er ekkert minna.

Ég held að ástæða sé til að skoða þá fullyrðingu, ég held að ástæða sé til að fara aðeins yfir hana í hverju niðurlæging Alþingis fælist. Viðhorf hv. þm. Björns Bjarnasonar virðist mér vera það að uppspretta valdsins sé á Alþingi, ekki hjá þjóðinni. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að leggja honum það í munn, en uppspretta valdsins sé einmitt hjá Alþingi og það sé þjóðarinnar að velja inn á Alþingi hvar valdið er, fólk eða einstaklinga til að fara með þetta vald. (Gripið fram í.) Ég held að hv. þingmaður hljóti að túlka þetta svona, ég get ekki skilið hann á annan veg.

Hv. þm. Björn Bjarnason fór hins vegar ekkert í það stjórnlagaþing sem hér var haldið árið 1851, því 1851 var kosið á stjórnlagaþing persónukjöri, sem síðan var kallað þjóðfundurinn. Niðurlæging þingsins, eins og hv. þm. Björn Bjarnason leyfði sér að tala í ræðustól vegna þess að hugmyndin var að stofna stjórnlagaþing, er svo mikil að ekki yrði við unað og að hann skyldi tala og stunda málþóf í þágu mótmæla sinna við lýðræðisumbætur fram á kjördag. Staðreyndin er sú að þjóðfundurinn, stjórnlagaþing okkar, er svo hátt metið að stór mynd er af því stjórnlagaþingi á hinu háa Alþingi. Með öðrum orðum, Alþingi Íslendinga lítur ekki á það sem meiri niðurlægingu en svo að stór mynd af þjóðfundinum er einmitt í aðalanddyri þinghússins, (Gripið fram í.) að stór mynd er af þjóðfundinum, stjórnlagaþinginu sem kosið var á, kosnir voru 40 þjóðkjörnir fulltrúar inn á það stjórnlagaþing, tveir úr hverju kjördæmi, og kosið var inn á það í persónukjöri. Þetta er væntanlega eina viðmiðið sem hv. þm. Björn Bjarnason hefur þegar hann lýsir því að í því felist sérstök niðurlæging fyrir þingið að kosið skuli inn á stjórnlagaþing.

Ég held að rétt sé að rifja það upp og minna á að valdið allt er sprottið frá þjóðinni. Þjóðin getur kosið sér einstaklinga til þess að fara með þetta vald og getur kosið inn á stjórnlagaþing og stjórnlagaþing sækir vald sitt til þjóðarinnar og hefur á þann hátt möguleika á því að leggja tillögur fyrir þjóðina og endanlega er það þjóðin sem tekur um þetta ákvörðun. Þetta var hin mikla niðurlæging sem hv. þm. Björn Bjarnason taldi réttlæta að hann skyldi stunda málþóf sitt fram á kjördag til að koma í veg fyrir að meiri hlutinn næði hugmyndum sínum fram. Það var réttlætingin fyrir því.

Virðulegi forseti. Þar sem tíma mínum í þessari 1. umr. er að ljúka vil ég segja að það voru mér mikil vonbrigði að ekki væri hægt að ná sátt við Sjálfstæðisflokkinn, einn flokka af fimm hér á hinu háa Alþingi, sem barðist gegn þeim hugmyndum sem lagðar voru fram um breytingu á stjórnarskrá. Þetta tefur nauðsynlegar lýðræðislegar umbætur, það er það eina sem gerist. Í sögunni er ekki ólíklegt að hv. þm. Björn Bjarnason verði einmitt þekktur að því að hafa tekist að tefja um nokkur missiri nauðsynlegar lýðræðisumbætur á þessu sviði því að hv. þingmaður hefur leitt orðræðu og hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins, það eru líklega þau eftirmæli sem umræðan mun fá.

Þrátt fyrir að við á hinu háa Alþingi hefðum getað stytt umræðuna með breytingum ákváðum við að gera það ekki. Það hefur einungis verið gert einu sinni, árið 1949, í umræðunni um NATO þar sem þingið ákvað að ljúka umræðu og ganga til atkvæðagreiðslu. Það er ekki eðli þeirra stjórnmálaflokka sem hafa lagt þetta fram, þ.e. meiri hluta þingmanna á Alþingi, að leggja til slíkar hugmyndir. Þess vegna var það ekki gert og eins þar sem fram hefur komið að samkomulag er um að reyna að ljúka þinginu í dag er líklegt að þessar lýðræðisumbætur muni ekki ná fram að ganga. En væntanlega felst í því sú grunnhugsun sem býr að baki fullyrðinga hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins um að þeir hafi unnið fullnaðarsigur á þjóðinni.

[13:03]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér áfram í 2. umr. frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskránni en það varð að samkomulagi á fundi hér á dögunum að málið skyldi tekið aftur til nefndar. Hv. síðasti ræðumaður, Lúðvík Bergvinsson, stýrði nefndarfundum og ég held að allir sem hlustuðu á ræðu hv. þingmanns átti sig á hvers vegna ekki náðist samkomulag í nefndinni. Viðhorfið sem

birtist í ræðunni og viðhorfið sem birtist í garð okkar sjálfstæðismanna í þessu máli er þess eðlis að frá fyrsta degi var borin von að um það yrði nokkur sátt.

Við sögðum raunar, þingmenn Sjálfstæðisflokksins í sérnefndinni, í nefndaráliti sem við gáfum strax í upphafi þessarar umræðu, með leyfi forseta:

„Við meðferð þessa máls hefur verið gengið gegn þeirri venju að undirbúa breytingar á stjórnarskrá á þann veg að leitað sé samstöðu allra flokka. Þá hefur verið haldið þannig á málinu í sérnefnd um stjórnarskrármál að tillögu minni hluta nefndarinnar um leið til sátta í henni hefur verið hafnað. Á síðasta fundi sérnefndarinnar lýsti formaður hennar því einfaldlega yfir að tími sátta væri liðinn. Minni hluti sérnefndarinnar gagnrýnir þessa málsmeðferð harðlega og telur hana eina svo ámælisverða að vísa beri frumvarpinu frá að lokinni 2. umræðu um málið og flytur hér tillögu um það."

Þetta eru upphafsorð í nefndaráliti okkar sem lá fyrir hér og hefur legið fyrir í þeim umræðum sem hér hafa farið fram. Ég ítreka þau sjónarmið mín að ég er stoltur af því að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í þessum umræðum og ég er einnig stoltur af því sem fram hefur komið að hér hafa verið fluttar meira en 700 ræður í tilefni af þessu máli og í tengslum við það og í tengslum við viðleitni okkar sjálfstæðismanna til að leiða stjórn þingsins og ríkisstjórninni það fyrir sjónir að það væri eðlilegt að haga dagskrá þingsins á annan veg en gert er og gert hefur verið. Ég er tilbúinn, eins og ég hef sagt og hv. síðasti ræðumaður minnti á oftar en einu sinni í ræðu sinni, til að flytja hér margar ræður enn til þess að koma í veg fyrir að sú ósvinna nái fram að ganga að svipta Alþingi stjórnarskrárvaldinu, að það verði hér á Alþingi sem menn ræði og komist að niðurstöðu um stjórnarskrána og því verði ekki vísað frá þinginu og ekki tekið það vald af þinginu. Sú afstaða mín er óbreytt og breytir engu um það þótt vitnað sé til þjóðfundarins árið 1851 þegar aðstaða okkar Íslendinga til valds í eigin málum var allt önnur en hún er nú og alls ekki saman að jafna stöðu Alþingis á þeim tíma og stöðu Alþingis nú. Menn fjölluðu þar um stöðu Íslands innan danska ríkisins en ekki það sem við erum að tala um hér, hvort afsala eigi Alþingi valdi í hendur annarri stofnun sem er jafn laus í reipunum og kemur fram í tillögunum um breytingar á stjórnarskránni. Allar svona sögulegar tilvitnanir finnst mér bera meiri vott um skort á sögupekkingu en raunveruleikanum og minni á það sem kom fram hér í gær að þegar menn eru að slá um sig með þessum hætti, eins og að tala um Soffíu frænku, getur það hitt þá sjálfa verr en þann sem árásin á að beinast að. Ég held að svo sé líka þegar rætt er um það að bera saman stöðu Alþingis nú og á tíma þjóðfundarins árið 1851, það sýnir mér bara að menn hafa ekki þann skilning á þróun mála hér, hvorki stjórnskipunarmála né stjórnarfarsmála né réttarstöðu Íslands almennt, að bera þetta tvennt saman og ótrúleg vanþekking sem birtist í því. Ég gef því ekki mikið fyrir slíka sagnfræði og slíkar sagnfræðilegar samlíkingar.

Hitt, að segja að lýðræðisóvild okkar sjálfstæðismanna felist í því að vilja halda þessu valdi hjá Alþingi, er algjörlega fráleitt. Vandinn í þessu máli er sá að frá upphafi, frá fyrsta degi hefur verið beitt ólýðræðislegum aðferðum í tilrauninni til að knýja það fram. Strax á fyrsta degi og í fyrstu ræðu sem flutt var hér af hálfu okkar sjálfstæðismanna, af þáverandi þingbróður okkar, Geir H. Haarde, var því mótmælt að þessi málsmeðferð yrði viðhöfð og það hefur verið eins og óslitinn þráður í málflutningi okkar frá fyrsta degi að við sættum okkur ekki við að það sé brotin sú hefð sem hér hefur gilt um breytingar á stjórnarskránni allt frá árinu 1918. Það eru aðeins tvö tilvik, 1934 og 1959, þar sem farið hefur verið á svig við þá meginstefnu að leita sátta allra stjórnmálaafla í landinu til þess að vinna að breytingum á stjórnarskránni. Þetta hefur svo margsinnis komið fram að það er fráleitt að kenna það við óvild í garð lýðræðisins að við viljum viðhalda þessum aðferðum og þessum stjórnarháttum.

Það sem mér finnst hins vegar einkennilegt og get ítrekað hér er sú óvild sem komið hefur fram í máli margra þingmanna í garð Alþingis sjálfs, í garð þess að Alþingi hafi þetta vald í sínum höndum að breyta stjórnarskránni, og hefur valdið mér mestum vonbrigðum. Ég skil svo sem vel að prófessorar í háskóla Íslands, eins og prófessor Eiríkur Tómasson, telji sér sæma að ráðast á þingið og segja að þingið eigi ekki að fara með þetta vald og kenna því um og telja að slíkar kenningar hafi sannast nú af því að menn hafi ekki orðið sammála um þetta. Undirrótin að því að við stöndum í þessum sporum er aðferðin sem beitt var og það er sorglegt ef þau ráð að beita þessari aðferð eru komin frá mönnum sem teljast sérfræðingar utan þingsins og ætla síðan að beita því og tala um að það sé niðurlæging þingsins að þetta náist ekki fram hér vegna ósamlyndis. Að sjálfsögðu er það svo um mörg mál í þinginu að þau nást ekki fram vegna þess að menn eru ósammála um þau og þeim mun meiri ástæða er til að árétta mótmæli sín og andstöðu ef um breytingar á stjórnarskránni er að ræða.

Virðulegi forseti. Þegar við komum saman til fundar í sérnefndinni svonefndu, undir formennsku Lúðvíks Bergvinssonar, að morgni fimmtudags var farið yfir málið og það rakið hvernig það stæði og reifuð þau sjónarmið sem menn töldu og formaður sérstaklega taldi þá nauðsynlegt að reifa. Við sjálfstæðismenn fórum fram á hlé á fundinum til þess að við gætum ráðið ráðum okkar og komið síðan með tillögur af því að þess var óskað að við greindum frá því hvaða tillögur við hefðum þar sem við höfðum jú lagt áherslu á það að leitað yrði sátta. Það höfum við gert, virðulegi forseti, og hér liggja fyrir breytingartillögur okkar og nefndarálit sem ég get lesið því að það er mjög stutt:

„Við umræður í nefndinni lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram hugmynd að efnislegri sátt um 1. og 2. gr. frumvarpsins eins og sjá má á breytingartillögum minni hlutans. Þá var til viðbótar lögð fram tillaga til sátta um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Með samþykkt hennar væri lagður grunnur að vandaðri heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar í anda umræðunnar í þinginu undanfarna mánuði.

Því miður sló meiri hlutinn á útrétta sáttahönd sjálfstæðismanna í öllum framangreindum liðum."

Hér er tillaga til þingsályktunar sem er flutt af öllum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins auk hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og hún segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 25 manna

nefnd sem hafi það verkefni að leggja fyrir Alþingi tillögu að endurskoðaðri stjórnarskrá í tæka tíð fyrir 17. júní 2011 svo að álykta megi um hana á hátíðarfundi Alþingis í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar."

Það sem hér er lagt til er vinnuferli eins og segir í greinargerð með tillögunni sem er alkunnugt í öðrum löndum og þar er *sérstaklega nefnd til sögunnar Svíþjóð og það þykir* hafa tekist vel til við þá miklu vinnu sem þar hefur verið unnin á undanförnum árum við að endurskoða sænsku stjórnarskrána og við nefnum það til marks um góð vinnubrögð. Þessi tillaga er ekki hér á dagskrá en hún er hluti af því sáttaboði sem við kynntum á fundi sérnefndarinnar.

Síðan eru tvær efnisbreytingar, sú fyrri hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Íslenska ríkið fer með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þeirra náttúruauðlinda sem ekki eru í einkaeign og hefur eftirlit með nýtingu þeirra eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Slíkar auðlindir má hvorki selja né láta varanlega af hendi."

Þetta er grein sem nú í þessari mynd tekur mið af þeim umsögnum sem við höfum fengið í nefndinni. Komið hefur fram mjög ákveðin gagnrýni á hugtakið þjóðareign og talið að það væri of óljóst og ef það væri í raun og veru skilgreint eins og eðlilegt væri með hliðsjón af eignarrétti væri þar um ríkiseign að ræða. Það er það sem við erum að segja í þessu án þess að nota hugtak sem veldur greinilega miklum deilum og kallar á gagnrýnin viðhorf sem eru óþörf þegar verið er að breyta stjórnarskrá. Þar á að okkar mati allt að vera klárt og kvitt, það á ekki að vera með atriði í stjórnarskránni sem augljóslega eru til þess fallin að valda ágreiningi og deilum eins og kom fram varðandi umsagnir um þetta hugtak. Við tökum það því burt en segjum sem svo að þarna sé um forsjá ríkisins að ræða. Og það er athyglisvert að í tillögum auðlindanefndar, sem lagðar eru til grundvallar öllum umræðum um þetta mál, þjóðareignina, er sérstaklega vísað til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum og þegar þau lög eru skoðuð og farið yfir þau er augljóst að þar er verið að fjalla um ríkiseign, eign sem ríkið á og ákveður að hljóti þá umsýslu sem lögin mæla fyrir um. Það er ekkert í þessari tillögu okkar annað en að skýra þetta betur, að taka burtu þessi ágreiningsefni um hugtök sem menn átta sig ekki nákvæmlega á hvað þýða.

Síðan hafa orðið hér umræður og hv. formaður sérnefndarinnar og málsvari meiri hlutans gerði mikið veður út af því að við höfum lagt fram skjal í nefndinni sem síðan hafi tekið breytingum áður en við lögðum það fram í þingsalnum og telur hann að það sé einsdæmi í sögu þingsins, ef ég veit rétt. Ég held að það sé álíka áreiðanleg sagnfræði og að bera saman stöðu þjóðfundarins og Alþingis 1851 og stöðu okkar í dag, því að að sjálfsögðu hafa menn lagt fram í þingnefndum skjöl til umræðu í nefndunum og síðan, eftir viðbrögð í nefndinni, komið fram með önnur skjöl inn í þingið þegar þeir sjá hvernig viðbrögðin eru. Ef gefist hefði tóm til þess í nefndinni að ræða efnislega um þessa þætti, það var m.a. fyrirspurn um túlkun á því skjali sem við lögðum fram og þegar við heyrðum hvernig menn túlkuðu það og svör okkar, það var augljóst að það skjal sem við lögðum fram í nefndinni gaf tilefni til þess að túlka skoðanir okkar á rangan hátt, vildum við að sjálfsögðu forðast slíkan ágreining um eitthvað sem eru raunar deilur um keisarans skegg þegar litið er á efni málsins og við lögðum því þetta skjal hér fyrir.

Það er þetta skjal sem er til umræðu nú í þinginu og var hálf hlálegt fyrir okkur að fylgjast með því upphlaupi sem varð hér í gær þegar hv. þm. Siv Friðleifsdóttir rauk upp og gekk *greinilega á milli þingmanna til að espa þá til mót*mæla við okkur út af einhverju sem ekkert var og er ekki neitt, því að það liggur ekki fyrir annað en ímyndun þeirra sem fengu upphaflega plaggið í hendur hvað í því mundi standa þegar það yrði lagt fram í þingsalnum. Ég tel að þessar deilur séu eins og ég segi, deilur um keisarans skegg og tímasóun þegar litið er á þetta mál því að þessi tillaga okkar er alveg skýr eins og ég las hér og hef kynnt hana. Því þarf ekki að deila um það og setja það mál í einhvern annan búning en það er, nema menn vilji halda áfram að endurspegla *það andrúmsloft sem var í nefndinni og þá* óvild sem ávallt var sýnd þegar við sjálfstæðismenn vildum hreyfa hugmyndum til að kanna hvort það væri sáttagrundvöllur í starfi nefndarinnar. Á síðasta fundi nefndarinnar, áður en málið var tekið út úr henni, var sagt eins og ég las hér í upphafi að tími sátta væri liðinn þegar við vildum taka umræðu um málið og sögðum að það mundi spara mikinn tíma í þingsalnum ef nefndin gæfi sér tíma til þess að leita sátta í málinu. Það var ekki gert og því er málið statt núna í þeim ágreiningi sem það hefur verið frá upphafi. Sjónarmið okkar hafa skýrst og tillögur okkar liggja fyrir bæði varðandi efni málsins og eins varðandi málsmeðferðina, ef menn vildu taka tillögu okkar til þingsályktunar hér til afgreiðslu.

Virðulegi forseti. Við höfum unnið þetta mál málefnalega, við höfum skýrt okkar sjónarmið í umræðunum, margir hafa tekið til máls og margar ræður verið fluttar og sjónarmiðin eru algjörlega skýr. Okkur er því ekkert að vanbúnaði að halda umræðunni áfram á grundvelli hugmynda okkar og tillagna ef meiri hluti þingsins kýs að gera það. Okkur hefur hins vegar undrað að meiri hluti þingsins skuli ekki hafa áttað sig á því fyrr hver staða málsins væri í raun og veru, hvernig staða málsins væri og hvernig málum væri háttað í þessu, að við erum ósammála málsmeðferðinni og við erum ósammála ýmsum atriðum sem við höfum síðan gert tillögur um og sjáum fyrir okkur í þeirri mynd sem við höfum kynnt.

Hér var síðan vikið að því varðandi 2. gr. frumvarpsins þar sem við leggjum fram breytingartillögu, að það hafi verið eitthvert óhæfuverk af okkar hálfu að leggja þá tillögu fram af því að hún hafi verið rædd á einhverjum öðrum fundi en sérnefndarfundi og á einhverjum öðrum tíma en sérnefndarfundurinn var, formaður sérnefndarinnar hafi setið þann fund og þess vegna orðið mjög undrandi að fá þær tillögur aftur í hendurnar þegar við tillögumennirnir lögðum hana fram. Mér finnst þetta enn eitt dæmi, virðulegi forseti, um það hvernig á öllum þessum málum er tekið, annars vegar erum við sakaðir um að hafa lagt fram tillögu í nefndinni sem við höfum síðan betrumbætt og lagt fram í annarri mynd hér í þingsalnum og við hefðum vafalaust betrumbætt ef einhverjar umræður hefðu orðið um það í nefndinni, og hins vegar erum við sakaðir um að hafa lagt fram tillögu sem formaðurinn hefði séð áður á einhverjum

öðrum fundi sem við sátum ekki og þetta er talið okkur mjög til hnjóðs og vanvirðu.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt, ég tel að öll framganga meiri hlutans í þessu máli hafi verið á þann veg að í fyrsta lagi hafi verið borið við tímaskorti og síðan ómálefnalegum sjónarmiðum þegar slegið var á okkar framréttu sáttarhönd á fundi sérnefndarinnar í gær og síðan var komið hér upp í ræðustól síðdegis í gær og hugmyndir okkar affluttar og hrópað hástöfum að við hefðum misst einhverja grímu sem við höfum aldrei verið með í þessu máli, við höfum aldrei sett upp neina grímu í þessu máli. Eina fólkið sem ég hef séð með grímu við þinghúsið er fólkið sem hefur staðið hér fyrir utan og lét hana falla eftir að Vinstri græn komust í ríkisstjórnina. Það er eina fólkið sem ég hef séð með grímu í nágrenni við þinghúsið og hefur talið sér sæma að nálgast það með grímu. Við höfum verið án grímu í þessum umræðum, við höfum lagt okkar sjónarmið fram og við höfum kynnt þau og okkur er ekkert að vanbúnaði að halda þessum umræðum áfram. Eins og ég hef sagt hef ég góðan tíma fram að kosningum til að flytja hér fleiri ræður og ég mundi fagna því ef við gætum flutt svona þúsund ræður í tilefni af þessu máli. Við erum búin að tala hér núna rúmlega 700 sinnum, þingmenn, um þetta og ef við næðum þúsund ræðum til að verja heiður Alþingis (Gripið fram í.) væri það mjög til ánægjuauka og það yrði göfugt markmið, (Gripið fram í.) jafnvel tvö þúsund ræður til að verja heiður Alþingis, því að ég tel að aldrei verði fluttar nógu margar ræður hér til að verja heiður þingsins. Ég skora á þá hv. þingmenn sem hér eiga eftir að vera áfram við störf að gleyma ekki heiðri Alþingis og virðingu Alþingis þegar þeir ganga til starfa í þessum þingsal.

[13:22]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Björn Bjarnason hóf ræðu sína á því að vísa í þekkta karaktera úr leikhúsinu og vísaði þar m.a. í Soffíu frænku. Eftir að hafa hlýtt á mál hv. þingmanns verð ég að játa að hann minnir mig pínulítið á Gosa því hv. þingmaður ræddi um óvild í garð sjálfstæðisþingmanna og ræddi um óvild í garð þingsins.

Ég hef setið í stjórnarskrárnefnd frá upphafi og sáttatónninn sem hv. þingmaður telur sig hafa leitt er með þeim eindæmum að ég hef aldrei orðið vitni að slíkri framkomu nokkurs þingmanns hér í nefnd eins og hv. þingmaður sýndi hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur meðan hún leiddi þetta starf. Það hefur aldrei í þessu ferli örlað á sáttatilboði frá hv. þingmanni. (Forseti hringir.) En í lokin langar mig að spyrja hv. þingmann: Hvernig stóð á því að önnur tillaga var lögð til (Forseti hringir.) sátta í stjórnarskrárnefnd en sú tillaga sem síðan var lögð hér fram á hinu háa Alþingi?

[13:24]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að ræða bókmenntasmekk hv. þingmanns. Hér áður í umræðunni hefur hann vitnað í góða dátann Svejk og nú talar hann um Gosa.

Ég er ekki sérfræðingur í þessum bókmenntum og ætla ekki að taka þátt í umræðum um bókmenntasmekk þingmannsins. En ástæðan fyrir því að tillagan breyttist er auðvitað sú að hún var lögð fram til umræðu í nefndinni en lögð fram í endanlegri gerð hér. Það er náttúrlega sjálfsögð virðing við þá sem koma fram með sáttatillögur að þeir séu reiðubúnir til að laga þær að þeim sjónarmiðum sem koma fram ef það eru yfirleitt gerðar tilraunir til sátta. En þær hafa aldrei verið gerðar í þessari nefnd.

Ef hv. þingmaður er að saka mig um að hafa sýnt fráfarandi og forvera hans í formennsku í þessari nefnd einhverja óvirðingu þá voru málefnaleg rök fyrir öllum mínum skoðunum í því efni. Ef viðkvæmni hv. þingmanns er svo mikil að hann áttar sig ekki á því þá skal hann bara halda áfram að lesa Gosa.

[13:25]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tilefni bókmenntatilvitnana var upphafsorðræða hv. þingmanns, til að halda því til haga. En þetta þótti mér afar athyglisvert svar við fyrirspurn um það hvers vegna fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í sérnefndinni lögðu fram allt aðra tillögu í stjórnarskrárnefndinni en síðan kemur hér fram. Vegna þess að í nefndinni fór einmitt fram umræða um hvers vegna hv. þingmenn legðu til að fellt yrði brott m.a. ákvæði þess efnis sem eru í upphaflegu tillögunum um breytingar á stjórnarskránni, um að náttúruauðlindir verði ekki látnar varanlega af hendi. Hvorki seldar né afhentar.

Vegna þess að í umræðu um þann þátt í sérnefndinni í gær tóku hv. þingmenn til varna fyrir því að það þyrfti ekki að vera inni. Það er því aldeilis rangt hjá hv. þingmanni að halda því fram að það hafi ekki verið leitað eftir því hvort þetta megineinkenni á því náttúruauðlindaákvæði sem var inni, hvernig á því stæði (Forseti hringir.) að það væri tekið út á þann hátt sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til.

[13:26]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við höfum verið á sama fundinum. Að vísu virðist hv. þingmaður hafa setið marga fundi um þetta mál sem ég sat ekki.

En ég hins vegar segi að fram kom það sjónarmið á þessum nefndarfundi að það mætti gagnálykta á þann hátt frá tillögu okkar, sem við lögðum þar fram, sem við töldum rangt. Við töldum að það væri ekki hægt að gagnálykta á þann veg sem fullyrt var á fundinum og við vildum að sjálfsögðu ekki að það væri snúið út úr þessari tillögu á þann veg að það væri eitthvað óljóst vegna þess að menn færu að gagnálykta á rangan hátt út frá tillögu okkar. Við sáum það að sjálfsögðu í hendi okkar að til þess að koma í veg fyrir það þá væri nauðsynlegt að hafa það orðalag sem við höfum á tillögunni nú til þess að menn fari ekki að álykta á rangan hátt út frá tillögu okkar.

Ég sé ekki að stjórnmálamenn eigi að vera að deila um það að mið sé tekið af umræðum og að lagðar séu fram sem skýrastar tillögur til þess að valda ekki misskilningi. Það er það sem við höfum gert.

[13:27]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Björn Bjarnason sagði að við værum að deila um keisarans skegg. Það er ekki þannig, virðulegur forseti. Í gær lögðu þingmenn Sjálfstæðisflokksins fram tillögu um auðlindirnar og ég benti á það í ræðu í gær að inn í hana vantaði að náttúruauðlindirnar mætti ekki selja eða láta varanlega af hendi. Það vantaði inn í tillögu þeirra. Það vantaði líka inn í tillöguna að lýsa yfir eignarhaldi á auðlindunum, að þær væru í þjóðareigu.

Sjálfstæðisflokkurinn panikeraði síðan þegar við fórum að benda á þetta hérna í ræðustóli. Þeir hlupu til og settu þessa setningu inn varðandi það að hvorki megi selja né láta varanlega af hendi náttúruauðlindirnar. En sú setning er tilgangslaus nema að það fylgi með að náttúruauðlindirnar séu í þjóðareigu. Eignarhaldið verður að vera skýrt.

Sjálfstæðisflokkurinn passar sig á því að geta þess ekki í tillögu sinni hvernig eignarhaldinu á að vera háttað. Þjóðin á að eiga þessar náttúruauðlindir. Þjóðareign má hvorki selja né láta varanlega af hendi.

Ég spyr hv. þm. Björn Bjarnason: Af hverju getur Sjálfstæðisflokkurinn ekki gengið alla leið til okkar og fallist á orðalagið, að náttúruauðlindirnar séu þjóðareign? Þá hefur aðgangurinn merkingu, þ.e. að náttúruauðlindirnar megi ekki selja né láta varanlega af hendi. Þetta er ekki deila um keisarans skegg, þetta er deila um grundvallaratriði.

[13:29]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er deila um keisarans skegg að velta fyrir sér af hverju við leggjum fram þessa tillögu ef menn eru sammála efni tillögunnar. Mér heyrðist að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson væri sammála efni tillögunnar eins og hún er núna. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir telur hins vegar að við hefðum átt að nota áfram hugtakið þjóðareign sem hefur valdið miklum deilum.

Við teljum að það sé óskynsamlegt í stjórnarskránni eins og ég sagði í ræðu minni að nota hugtök þar sem eru jafnilla skilgreind og hugtakið þjóðareign. Þess vegna tökum við af skarið í tillögu okkar um það að ríkið fari með þessar eignir og það vita allir hvað felst í því að ríkið fer með eignir af þessu tagi. Það er miklu skýrara og afdráttarlausara og ekki til þess fallið að valda þeim deilum sem deilurnar um hugtakið þjóðareign valda.

[13:30]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er ekki svona að okkar mati og að mínu mati. Tillagan eins og hún liggur fyrir núna frá Sjálfstæðisflokknum er trix. Það vantar helminginn inn í hana. Það vantar að lýsa yfir eignarhaldi á auðlindinni. Það vantar að lýsa því yfir að hún sé þjóðareign. Annars hefur það enga merkingu að náttúruauðlindina megi ekki selja né láta varanlega af hendi.

Sjálfstæðisflokkurinn er greinilega enn við það heygarðshorn að vilja ekki fallast á tillögur meiri hluta þingmanna. Ætlar að þráast við áfram og koma í veg fyrir að við getum afgreitt þetta mál sem við höfum rætt svo lengi í svo mörg ár. Ég vil minna á að þetta var líka ákvæði sem var samið um í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á sínum tíma og náðist ekki í gegn þá frekar en nú. Ég bara spyr: Hvenær ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að hleypa þessu í gegn?

Það er alveg ljóst að við verðum að halda stjórnlagaþing eða með einhverjum hætti að ná þessum vilja fram af því við erum alveg sannfærð um að þjóðin vill hafa það þannig.

[13:31]

Frsm. minni hluta stjórnarskrárn. s. (Björn Bjarnason) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að þessu máli er ekki lokið. Það er klárt ef menn vilja koma orðinu þjóðareign inn í stjórnarskrána þá þarf að halda því áfram. Það er alveg skýrt. Það tókst ekki fyrir kosningarnar 2007 og við erum ekki með tillögu um það núna. Ég hef skilið það þannig að málinu sé að ljúka hér núna en umræðan verður að halda áfram.

Ég legg áherslu á að hv. þingmaður og aðrir læri af þeirri reynslu sem hér hefur skapast. Það þýðir ekki að fara fram með þetta mál á þessum grundvelli. Það verður að leita sátta og vinna þessi mál og þess vegna leggjum við fram þessa tillögu um að kosin verði nefnd, hlutfallskosningu, að menn fari í þessa vinnu með skipulegum hætti og leggi fyrir Alþingi ákveðnar tillögur eins og gert var vorið 1994 sem skiluðu síðan góðum árangri með breytingum á *mannréttindakafla* stjórnarskrárinnar.

[13:32]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Það fer ekki fram hjá neinum að það eru afar sterkar lýðræðiskröfur meðal þjóðarinnar, kröfur um að hún komi beint og milliliðalaust að mikilvægum málum og fái meira um sín mál að segja.

Gegn þeirri kröfu, sem mikill meiri hluti þjóðarinnar setur fram og krefst, telur Sjálfstæðisflokkurinn sig hafa unnið fullnaðarsigur. Ég vil fremur nefna þetta fullnaðarósigur þjóðarinnar, sigur valds Sjálfstæðisflokksins síðastliðin átján ár. Ósigur lýðræðisins. Hér hefur þjóðin tapað en hún hefur aðeins tapað orrustu. Hún hefur ekki tapað þessu stríði um aukið lýðræði.

Frú forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson orðaði það svo í ræðu í morgun að stjórnarskrármálið kæmi ekki heimilunum við og úrræðum í þágu heimilanna. Sérkennileg ummæli, sem ég veit að hann sneri fyrst og fremst upp á efnahagsástandið. En lýðræðið skiptir samt sköpum fyrir einstaklinga og fyrir heimilin. Það skapar þá grundvallarumgjörð heimilanna sem við viljum búa við, beint, milliliðalaust og gagnsætt lýðræði. Með gagnsæju, beinu, milliliðalausu lýðræði standa heimilin mun betur gagnvart stjórnvöldum. Rétt eins og þau standa betur með þeim lýðræðisumbótum sem gerðar voru á stjórnarskránni mannréttindakafla hennar árið 1995 og ná stjórnsýslulögum. Afar mikilsverður áfangi fyrir heimilin í landinu, hæstv. forseti. Afar mikilsverður.

Það er sagt að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi staðið frammi með útrétta sáttarhönd. Gallinn á þeirri sáttarhönd var sá, eins og ég upplifði hana, að það var ekki

flatur lófi borinn fram til friðar og sáttar heldur krepptur hnefi.

Það er aldeilis alrangt að það hafi ekki verið leitað sáttar um þetta mál. Ég vil aðeins fara yfir efnisatriði þess. 1. gr. varðar náttúruauðlindir, að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign og að þær megi ekki framselja varanlega. 2. mgr. í upphaflega frumvarpinu varðar sjálfbæra þróun sem ég tel afar mikilvægt atriði og hin þriðja varðar líffræðilega fjölbreytni og heilsusamlegt umhverfi. Ákvæði sem eru grundvallarþáttur í lífi manna í dag og hafa verið teknar inn í stjórnarskrár þjóða sem við berum okkur saman við.

Þessar tvær málsgreinar sættu ágreiningi. Við tókum þær út til sáttar. Að því er varðar 2. gr. um að auðvelda breytingar á stjórnarskránni þannig að þær færu undir þjóðaratkvæðagreiðslu, við breyttum líka orðalagi þar og fleiru. Um þriðju greinina gildir hið sama. Það er aukið lýðræði. En um 4. gr. var mikill ágreiningur. Þar rétti Framsóknarflokkurinn fram sáttarhönd og bauðst til að fella þá grein niður og berjast ekki fyrir henni. Það var slegið á hana.

Ég vil vekja athygli á því að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt hér á áttunda hundrað ræður þar af yfir fimm hundruð um fundarstjórn forseta. Langflestar snerust þær um formsatriði og málsmeðferð. Efnisatriðin voru lítt rædd. Ég kostaði kapps um að hlusta á þessar ræður allflestar, flestar úr þingsal og aðrar af skrifstofu minni í Vonarstrætinu.

Ég spurði í andsvörum um afstöðu sjálfstæðismanna til efnisins, margsinnis. Ég heyrði það að 1. gr. gæti gengið, 2. gr. gæti gengið og 3. gr. gæti gengið. Það þyrfti að miðla málum þar. Málamiðlunin sem kom á síðasta fundi nefndarinnar, sem var haldinn þar sem 2. umr. var frestað, var ekki málamiðlun. Okkur voru settir úrslitakostir og meira að segja þannig að það mætti framselja náttúruauðlindirnar. Það stóð greinilega í fyrstu tillögunum. Eins var með 2. gr., þar var Sjálfstæðisflokknum beinlínis fengið neitunarvald og þrengdir kostir til að breyta stjórnarskránni frá því sem nú er. Þetta voru auðvitað úrslitakostir.

Við teygðum okkur eins langt og kostur var en við mættum kröfum, óbilgjörnum kröfum, við mættum úrslitakostum. Þannig upplifði ég það. Ég hef margsinnis í starfi mínu sem lögmaður leitað sátta og átt sáttatilboð. Það eru sáttafundir en ekki til að taka á móti úrslitakröfum.

Mín skýring á málatilbúnaði sjálfstæðismanna í þessu stjórnarskrármáli er ein: Baráttan um völdin. Þeir eru að missa völd sem þeir hafa farið með óskorað í átján ár. Átján ára drottnunarvald. Slíkt drottnunarvald spillir og slíkt drottnunarvald og það að sitja við völd svo lengi hefur áhrif á hugsunarhátt manna. Það hefur birst mjög berlega í umræðunni um stjórnarskrármálið.

[13:39]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur stundum fyrir hér í þingsal að hv. þm. Atli Gíslason kastar af sér skikkju lögmannsins og íklæðist hempu lýðskrumarans og ýmislegt af því sem hann sagði áðan ber vitni um það. Til dæmis að andstaða okkar sjálfstæðismanna við frumvarpið sem hér er til umræðu og aðdraganda þess máls alls stafi af því að við viljum halda í einhver völd.

Ástæðan fyrir því að við beitum okkur gegn þessu frumvarpi hér á þingi er ekki út af einhverjum flokkshagsmunum. Alls ekki. Það eru engir flokkshagsmunir í húfi hér. Alls ekki. Ég bið menn að benda á þá flokkshagsmuni sem kynnu að vera fyrir hendi varðandi þessar breytingar. Mér er alveg óskiljanlegt hvernig menn halda því fram. Það hefur reyndar gerst áður í þessari umræðu.

Hæstv. forseti. Ég átti tvær mínútur en ekki eina.

(**Forseti** (GSB): Forseti hafði tilkynnt áður að það var ákveðið að stytta tíma í andsvörum og hver ræðumaður hefði eina mínútu.)

Þá verð ég að beygja mig undir það vald, hæstv. forseti. En ég nota þá bara tækifærið og ítreka mótmæli mín við aðdróttunum hv. þm. Atla Gíslasonar.

[13:41]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Það er orðið fremur regla, frú forseti, en undantekning að sjálfstæðismenn komi hér í ræðupúltið og gefi mönnum sem eru á annarri skoðun en þeir einkunnir. Og yfirleitt laklegar, skikkja lýðskrumara var eitt dæmi um það. Við höfum heyrt mörg svona dæmi í umræðunni. Þeim sem eru ósammála Sjálfstæðisflokknum eru valin einkunnarorð sem eru ekki þeim til sóma sem færa þau fram.

Það er eitt sem ég gleymdi að nefna í fyrri ræðu minni, frú forseti, þegar ég hlustaði á andsvörin. Það er það að Sjálfstæðisflokkurinn er klofinn í þessu máli í herðar niður. (Gripið fram í.) Mér virðist af andsvörum að meiri hluti í flokknum styðji þessar breytingar þó að þeir vilji einhverjar minni háttar tæknilegar útfærslur. En það virðist einhver minnihlutahópur í flokknum hafa stjórnað för.

Þær athugasemdir sem þeir vitna stöðugt í eru langflestar um málsmeðferð og form en menn eru efnislega sammála í 2. og 3. gr. og 1. mgr. 1. gr. (Forseti hringir.)

[13:42]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt. Mjög margar af athugasemdum okkar og athugasemdum umsagnaraðila lúta að málsmeðferð og formi. Andstaða okkar hefur auðvitað byggst á því að við höfum talið að sú málsmeðferð sem hér hefur verið höfð uppi frá því að ríkisstjórnin tók ákvörðun um að beita sér fyrir þessum stjórnarskrárbreytingum hefur verið, að mínu mati eins og ég hef sagt í nokkrum ræðum hér í þinginu, skólabókardæmi um það hvernig á ekki að breyta stjórnarskrá. Hvernig á ekki að haga vinnubrögðum í málum af þessu tagi. Hvernig á ekki að standa að málum þegar grundvallarlöggjöf lýðveldisins er í húfi.

Ég er viss um að hv. þm. Atli Gíslason þekkir þau skrif fræðimanna á sviði stjórnskipunarréttar sem fjalla um hvernig breyta eigi stjórnarskrá bæði innlendra og erlendra. Alls staðar eru ákveðin viðmið lögð til grundvallar (Forseti hringir.) varfærni, vönduð málsmeðferð og víðtæk sátt.

[13:43]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Er það rétt hjá mér að Sjálfstæðisflokkurinn sé klofinn í herðar niður í þessu máli, hv. þm. Birgir Ár-

mannsson? Það er staðreynd að í þessum ræðusal kom fram samþykki á 1., 2. og 3. gr. ef frá eru taldar 2. og 3. mgr. 1. gr.

Ég hlustaði á nokkur hundruð ræður sem snerust allar um það hvernig eigi að breyta og hvernig eigi ekki að breyta stjórnarskrá. Og maður skilur fyrr en skellur í tönnum. Þetta var orðið alveg á hreinu hjá mér eftir svona fimm ræður.

En þrátt fyrir að undirbúningur og málsmeðferðin væru ykkur ekki að skapi sjálfstæðismönnum, hvers vegna fórum þið aldrei í þá efnislegu vinnu að taka upp 1. mgr. 1. gr., 2. og 3. gr. þar sem meiri hluti sjálfstæðismanna var samþykkur þeim greinum?

[13:44]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það mál sem við ræðum hér varðar lýðræðisúrbætur í landinu og það hefur verið víðtæk samstaða um þetta mál ef ég dreg Sjálfstæðisflokkinn þar frá. Við höfum upplifað það upp á síðkastið í samfélaginu og ekki bara upp á síðkastið heldur í mörg ár, að við erum með of mikla samþjöppun valds í landinu. Það þarf að aðskilja valdaþættina og hugmyndin sem við bárum fram um stjórnlagaþing var einmitt til þess fallin að við gætum undirbúið nýja stjórnarskrá sem mundi aðskilja valdaþættina betur og gera stjórnarskrána nútímalegri. Hún er afar gamaldags, virðulegur forseti. Það þarf að aðskilja löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Löggjafarvaldið þarf að styrkja á kostnað framkvæmdarvaldsins. Það þarf að breyta hvernig hagar til varðandi dómsvaldið. Það þarf t.d. að koma á nýju ferli varðandi val á dómurum. Það blasir við og framkvæmdarvaldið þarf að sleppa tökunum af þinginu. Ráðherrar eiga ekki að eiga sæti á þinginu á sama tíma og þeir gegna ráðherraembætti. Þannig er það í Noregi og víðar.

Það eru fleiri úrbætur sem þarf að gera, virðulegur forseti, eins og breytingar á aðferðafræðinni við að breyta stjórnarskránni og það eru geysileg vonbrigði að Sjálfstæðisflokkurinn skuli ekki einu sinni hafa getað samþykkt tillöguna sem liggur fyrir varðandi aðferðafræði við að breyta stjórnarskrá. Það varð fljótt ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn mundi ekki samþykkja neitt sem snýr í áttina að stjórnlagaþingi. Síðan kom í ljós að þeir meintu ekki mikið með því sem við héldum að þeir hefðu talað um á fyrri tíð varðandi náttúruauðlindirnar í þjóðareigu. Þar hafa þeir hafa passað sig á því í tillögum sínum að nefna ekki að náttúruauðlindirnar eigi ekki að vera í þjóðareigu, lýsa ekki yfir eignarhaldi á náttúruauðlindunum og það er alveg með ólíkindum að þeir skuli ekki gera það eftir allt sem á undan er gengið. En svo kastar alveg tólfunum þegar Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki einu sinni fallist á aðferðafræðina við að breyta stjórnarskránni sem fjölmargir sjálfstæðismenn hafa sagt í pontu að væri hægt að afgreiða.

Útspil Sjálfstæðisflokksins í stjórnarskrárnefndinni var með þeim hætti að það var óaðgengilegt, líka gagnvart 79. gr., um aðferðafræðina við að breyta stjórnarskrá. Meiri hlutinn vildi að það væri hægt að breyta stjórnarskránni á þann veg að eftir að meiri hluti þingmanna væri búinn að leggja fram tillögu um það, eitthvert ákvæði í stjórnarskránni um að því yrði breytt, þá gæti þjóðin fengið að samþykkja slíkt ákvæði eða hafna með 25% atkvæðagreiðslu ef sá hluti mundi fylgja tillögunni, þ.e. 25% þjóðarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn vildi ekki fara þá leið, nei, Sjálfstæðisflokkurinn vildi koma sér í þá stöðu að auka líkurnar á því að þeir gætu notað neitunarvald í þinginu gagnvart breytingum á stjórnarskrá af því að þeirra tillaga var sú að það væri ekki einfaldur meiri hluti þingmanna sem gæti komið breytingum á stjórnarskrá til þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu heldur yrðu a.m.k. tveir þriðju þingmanna að samþykkja slíkt. Af hverju var þessi þröskuldur hækkaður hjá Sjálfstæðisflokknum úr einföldum meiri hluta upp í tvo þriðju? Jú, það á að reyna að auka líkurnar fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn gæti sett fótinn fyrir, stigið niður fæti gagnvart breytingum á stjórnarskránni.

Þeir lögðu líka til, sú tillaga var ekki nógu góð, að meiri hluti þingmanna gæti komið fram með breytingar á stjórnarskrá ef það væri einungis meiri hluti þingmanna en ekki tveir þriðju. Þá ætti tillagan að liggja, það áttu að fara fram alþingiskosningar og ef nýtt þing mundi samþykkja tillöguna þá mætti tillagan fara til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er erfiðara ferli en er í dag. Þetta var útspil sjálfstæðismanna til sáttar og þegar maður hlustar á sjálfstæðismenn dirfast að koma hérna upp í pontu og segja að það væri slegið á útrétta sáttarhönd, þá spyr ég, virðulegi forseti, á móti: Kanntu annan? Það nær engu tali að Sjálfstæðisflokkurinn skuli dirfast að halda því fram að þeir hafi rétt fram útrétta sáttarhönd. Þeir komu með tillögu sem er verri en sú sem liggur fyrir varðandi auðlindir í þjóðareigu og kemur fram með tillögu sem er miklu verri en sú sem fyrir liggur varðandi 29. gr., aðferðafræði við að breyta stjórnarskrá og slógu stjórnlagaþingið af og hælast svo um og segja að þeir hafi unnið fullnaðarsigur. Mikil skal skömm Sjálfstæðisflokksins vera í þessu máli, virðulegi forseti.

[13:50]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að svara öllu sem fram kom í ræðu hv. þingmanns. Ég kem nánar inn á það í ræðu á eftir. En það er eitt atriði sem ég vildi geta vegna þess hve hörðum orðum hún fór um þá tillögu sem við lögðum á borðið varðandi breytingar á stjórnarskrá, þ.e. 2. gr. frumvarpsins, ákvæðið sem gengur út á það hvernig eigi að breyta stjórnarskrá.

Af því að henni fannst fráleitt að þarna væri um sáttarboð að ræða þá vil ég minna á að þessi tillaga, orðrétt, var sameiginleg niðurstaða stjórnarskrárnefndar sem starfaði 2005–2007 og tillagan var m.a. undirrituð af hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, hæstv. ráðherra Steingrími J. Sigfússyni, hæstv. ráðherra Össuri Skarphéðinssyni, hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur, hv. fyrrverandi þingmönnum Jóni Kristjánssyni og Jónínu Bjartmarz úr Framsóknarflokki og svo okkur sjálfstæðismönnum. Hugmyndin á bak við þá tillögu var því málamiðlun milli allra flokka (Forseti hringir.) og okkur þótti ekki fráleitt að það mætti byggja nýja sátt á þeirri sátt (Forseti hringir.) sem náðist fyrir tveimur árum.

[13:52]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Jú, þessi tillaga er fráleit í stöðunni

sem er uppi núna, algerlega fráleit vegna þess að hún er svo þung í framkvæmd og jafnvel þó að þingmenn hafi fallist á eitthvað í einhverjum sáttarumleitunum og togi á fyrri tíð þá er ekki þar með sagt að menn vilji samþykkja það núna. Hlutirnir þróast, það eru framfarir í landinu og menn verða að taka sönsum í nýju umhverfi. Sjálfstæðisflokkurinn neitar að skilja það.

Í stað þess að leyfa þessari tillögu sem meiri hlutinn styður að fara fram, um að einfaldur meiri hluti þingmanna geti komið tillögu um breytingu á stjórnarskrá, ákveðnum atriðum hennar inn í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem 25% þjóðarinnar þurfa að samþykkja tillöguna, að leggja stein í götu þeirrar tillögu núna er algerlega fráleitt að mínu mati. (Forseti hringir.) Þessi sáttartillaga var mjög slæm (Forseti hringir.) og að sjálfsögðu var henni hafnað.

[13:53]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er enn þá óskiljanlegt hvers vegna hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og raunar aðrir sem tóku þátt í að mynda meiri hluta í sérnefnd um stjórnarskrármál, álíta að tillaga sem fyrir rétt tveimur árum var samstaða um milli flokka, (Gripið fram í.) níu stjórnmálamenn, fulltrúar fimm flokka undirrituðu þá tillögu og enginn var neyddur til að undirrita þá tillögu, hvernig er hægt að líta á þá tillögu sem einhvers konar ögrun. Þar var um málamiðlun að ræða milli ólíkra sjónarmiða. Ég veit ekki hvernig á að túlka orð hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, að við sjálfstæðismenn skyldum í þessu máli telja að það gæti horft til sátta að byggja á þeim grunni sem þá var ákveðinn. Mér finnst alveg fráleitt að taka málinu með þeim hætti. Það er ekki eins og þetta hafi gerst fyrir einhverjum áratugum. Þetta gerðist fyrir tveimur árum og margir af þeim sem tóku þátt í þeirri sátt fyrir tveimur árum sitja enn á þingi.

[13:54]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það ferli sem hv. þm. Birgir Ármannsson er að vitna til er síðasta tilraunin sem var gerð til að breyta stjórnarskránni. Þá settust flokkarnir niður og allt koðnaði niður, það kom ekkert út úr því af því að Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn voru aðallega að rífast um forsetaembættið. En það fæddist þessi mús, þessi málamiðlunartillaga um hvernig ætti að breyta stjórnarskránni og það var ekki góð tillaga. Þegar meiri hlutinn leyfir sér, allir flokkar nema Sjálfstæðisflokkurinn — nema hluti Sjálfstæðisflokksins ætti kannski að segja af því að hér komu þingmenn upp frá Sjálfstæðisflokknum og vildu fallast á 79. gr., en síðan kemur Sjálfstæðisflokkurinn upp og dustar rykið af þessari gömlu tillögu og vill fá hana í gegn, tillögu sem eykur líkurnar á því að Sjálfstæðisflokkurinn geti beitt neitunarvaldi á næsta kjörtímabili gagnvart því að breyta stjórnarskránni. Það sjá allir í gegnum þetta, virðulegi forseti. Að sjálfsögðu verður þessari tillögu hafnað hér.

[13:55]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það er sennilega rétt að taka málið upp þar sem hv. þingmenn voru að enda, um þá neyðarlausn sem menn reyndu að búa til í lok samstarfsins í stjórnarskrárnefndinni þegar menn sáu að það kom eiginlega ekkert út úr því. Það var svolítið neyðarlegt að sitja í þessu í tvö ár og koma ekki með einn einasta texta. Þar af leiðandi reyndi nefndin að teygja sig talsvert í því að reyna að finna einhvern farveg sem hugsanlega gæti opnað á það að þjóðin fengi að kjósa beint um stjórnlagabreytingar. En í þessari tillögu voru margar girðingar og þegar hún er skoðuð í ljósi tímans kemur auðvitað í ljós að þær girðingar eru gersamlega óviðunandi.

Þegar hv. þm. Birgir Ármannsson furðar sig á því að menn gætu breytt skoðunum sínum á tveggja ára fresti þá held ég að hv. þingmaður ætti að líta í eigin barm í því ferli sem við höfum verið í í stjórnarskrárnefndinni og hvað Sjálfstæðisflokkurinn hefur sagt og hvað hann hefur svo lagt til. Hvað ætli þeir segðu þingmenn Sjálfstæðisflokksins í umræðunni? Jú, 2. gr., já, allt í lagi með 2. gr. við getum alveg hugsað okkur að afgreiða hana. Þegar á átti að reyna með það þá var það ekki nokkur leið, komið inn með aukinn meiri hluta þingmanna og hærri girðingar o.s.frv. Mér finnst því að menn ættu ekki að vera að velta sér mikið upp úr því þó að menn skipti kannski um skoðun á tveggja ára fresti þegar Sjálfstæðisflokknum tekst að gera það dags daglega fram og til baka og aftur á bak og áfram, eins og í öllu þessu máli.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur auðvitað staðið þessa vakt vel, þ.e. vaktina gegn því að þjóðin fái aukin réttindi, hann hefur staðið þá vakt vel og dyggilega, haldið hundrað ræður um það eða mörg hundruð ræður. En út á hvað gengur sú vakt? Sú vakt sjálfstæðismanna hefur fyrst og fremst gengið út á það að vernda sérhagsmuni, tryggja sérhagsmuni gegn almannahagsmunum, vernda sérhagsmuni gegn almannahagsmunum, festa í sessi þau ákvæði sem hugsanlega gætu orðið með áframhaldandi óbreyttri stjórnarskrá og lögum, festa í sessi hefðarrétt íslenskra útgerðarmanna til að eiga aflaheimildirnar í sjónum og að þær erfist til barna þeirra, barnabarna og barnabarnabarna, um aldur og ævi. Það er hin sérstaka vakt sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið í öllu þessu máli.

Það er alveg með ólíkindum að upplifa það hvernig menn hugsa þessi mál, að vilja verja sérhagsmunina gegn almannahagsmunum og koma í veg fyrir að þjóðin eigi auðlind sína og að hana megi ekki selja eða láta varanlega af hendi. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að þetta veldur mér miklum vonbrigðum. (**Gripið fram í:** Það kemur ekki á óvart.)

Nýlega gekk einn þingmaður til liðs við Sjálfstæðisflokkinn úr röðum Frjálslyndra sem var búinn að skrifa um það í 6–10 ár að reyna að verja hagsmuni almennings í þessu máli, auðlindamálinu. Þvílík umskipti.

Það virðist svo að menn séu ævinlega tilbúnir til að falla frá sannfæringu sinni þegar þeir komast inn í Sjálfstæðisflokkinn og verja einhver allt önnur sjónarmið sem ganga gegn hagsmunum þjóðarinnar. (**Gripið fram í:** Þú þekkir flokkinn.) Ég var þar einu sinni og komst að þeirri niðurstöðu að þar gæti maður ekki verið ef maður ætlaði að reyna að fylgja sannfæringu sinni í þeim málum er varða auðlindir þjóðarinnar.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að það hefur valdið mér

vonbrigðum að Sjálfstæðisflokkurinn skuli hafa tekið þá vaktstöðu sem hann tók fyrir sérhagsmunum. Það hefur valdið mér vonbrigðum. Það verður líka að segjast alveg eins og er, hæstv. forseti, að það veldur mér einnig vonbrigðum hversu harðir sjálfstæðismenn voru á móti 3. gr., um það að þjóðin gæti fengið að kjósa um umdeild mál, mikil deilumál sem þjóðin átti rétt á að gengju til þjóðaratkvæðis og hún fengi að kjósa um. Það veldur mér vonbrigðum að menn skyldu hafa staðið þá vakt af slíkri hörku sem komið hefur í ljós.

Sjálfstæðismenn verða auðvitað að svara því gagnvart þjóðinni og væntanlega gera það í komandi kosningabaráttu, þeir sem þar verða, ekki endilega Björn Bjarnason eða aðrir sem ekki verða í þeirri baráttu, en þeir sem verða í þeirri baráttu verða að svara því hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn tekur sérhagsmunina fram fyrir almannahagsmuni og kemur í veg fyrir það með verkum sínum að þjóðin eignist auðlindir sínar um aldur og ævi og að þær megi eingöngu ráðstafa til nýtingar og notkunar en ekki láta varanlega af hendi eða selja varanlega. Og hitt líka, hvers vegna þjóðin getur ekki fengið til sín mál sem eru mikil hitamál í þjóðfélaginu til að greiða um þau atkvæði lýðræðislega þannig að meirihlutaviljinn komi í ljós. Við verðum auðvitað að beygja okkur undir það í þjóðfélaginu að það sem þjóðin vill, jafnvel þótt við séum ekki sammála málum sem ganga til þjóðaratkvæðis að meiri hlutinn ráði. Það er lýðræðið. Lýðræðið hefur ekki birst í vaktstöðu minni hlutans á Alþingi til að koma í veg fyrir framgang þessa máls, hæstv. forseti. Það er leitt að málið skyldi hafa endað svona.

[14:02]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að það er leitt að ekki skyldi nást samkomulag hér á Alþingi um breytingar á stjórnarskránni, ég tek undir það. Það er ekki vegna málatilbúnaðar Sjálfstæðisflokksins heldur vegna þess að þeir sem tóku að sér að leggja í þennan leiðangur gerðu það með þeim hætti að liðið sundraðist.

Vegna þess sem hv. þingmaður sagði hér um auðlindir þjóðarinnar vil ég minna á það að tillaga sem við gerðum um 1. gr. frumvarpsins hljóðaði þannig:

„Íslenska ríkið fer með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þeirra náttúruauðlinda sem ekki eru í einkaeign og hefur eftirlit með nýtingu þeirra eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Slíkar auðlindir má hvorki selja né láta varanlega af hendi."

Þennan texta, þessar tillögu, vildi Guðjón Arnar Kristjánsson ekki samþykkja. Hann getur ekki kennt Sjálfstæðisflokknum um þá sundrungu sem varð meðal flutningsmanna frumvarpsins. Það var forustan sem brást en ekki Sjálfstæðisflokkurinn.

[14:03]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Tillagan sem kynnt var í nefndinni var ekki sá texti sem hv. þingmaður las hér upp heldur texti með viðbótum sem menn töldu henta að setja inn til umræðu hér í Alþingi. Við í nefndinni höfnuðum ekki þeim texta sem hér var lesinn upp, hæstv. forseti.

[14:04]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mátti skilja á hv. þingmanni að hann væri samþykkur þessari breytingartillögu okkar sjálfstæðismanna og það er hún sem er hér til umfjöllunar. Umræðurnar sem fóru fram í nefndinni gengu að sjálfsögðu út frá þeim tillögum sem þar lágu fyrir. Í nefndinni fór engin umræða fram að öðru leyti en því að formaður nefndarinnar hélt ræðu, aðrir tóku ekki þátt í efnislegri umræðu eða gagnrýni á breytingartillögur okkar sjálfstæðismanna.

Áður en til fundarins kom — það hefur komið fram í umræðum af hálfu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að hann og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, sem sátu formannafund fyrr (Forseti hringir.) um morguninn, höfðu fyrir fram hafnað öllum (Forseti hringir.) tillögum Sjálfstæðisflokksins. Það er sannleikurinn í málinu. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki svaravert.)

[14:05]

Jón Magnússon (S) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það vantar hér tímaskrá. Ég vildi bera af mér sakir, ekki var talið að það gengi með öðrum hætti svo að ég verð að taka til orða undir fundarstjórn forseta.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hélt því fram í þingræðu áðan að ég hefði skipt um skoðun hvað varðar afstöðu til (Forseti hringir.) veiðiheimilda og það er ómaklegt.

Ég vil taka það fram að ekkert í því stjórnarskrárfrumvarpi (Forseti hringir.) sem hér er um að ræða hefur nokkra þýðingu hvað það varðar. Tíminn er ekki búinn. Hér var því ómaklega (Forseti hringir.) komið fram af manni sem er sjálfur kvótaeigandi.

[14:06]

Forseti (Þuríður Backman):

Fellur þetta undir ósk hv. þm. Jóns Magnússonar um að fá að taka til máls um fundarstjórn forseta? (Gripið fram í.)

[14:06]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Þessa dagana verðum við vitni að undarlegum og dapurlegum lokum á 18 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur þæfst hér og tafið framgang mikilla þjóðþrifabreytinga á stjórnarskrá lýðveldisins á undanförnum vikum. Hann hefur farið fram með fals og yfirdrepsskap. Hann hefur gefið í skyn að hann væri tilbúinn að standa að breytingum sem mundu tryggja þjóðareign á auðlindum, sem mundu auðvelda breytingar á stjórnarskrá, en svo stendur hann gegn því þegar á hólminn er komið. Ekki er orð að marka nokkurn hlut sem forustumenn Sjálfstæðisflokksins hafa sagt hér á undanförnum vikum.

Þeir standa gegn því að efna gamalt loforð sem þeir gáfu fyrst Framsóknarflokknum við ríkisstjórnarmyndun og svo Samfylkingunni við ríkisstjórnarmyndun 2007, um að sett yrði í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á auðlindum. Sú tillaga sem frá Sjálfstæðisflokknum kemur nú hljóðar upp á

að sett verði ákvæði í stjórnarskrána sem fjalli um allt annað en þjóðareign á auðlindum, sem fjalli um það hvernig fara skuli með handhöfn ríkisins á auðlindum sem ekki eru í einkaeigu. Það eru ekki ákvæði um þjóðareign á auðlindum vegna þess að orðið þjóðareign vantar einfaldlega í ákvæðið eins og lagt er upp með það.

Í hádegisfréttum útvarps voru leikin ummæli hv. þm. Geirs H. Haarde, hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og hv. þm. Bjarna Benediktssonar þar sem þau lýsa því öll yfir að þau séu tilbúin að styðja breytingar á stjórnarskrá sem auðveldi stjórnarskrárbreytingar í framtíðinni, þannig að ekki (Gripið fram í.) þurfi samþykki tveggja þinga til.

Þessi fyrirheit voru skýrt gefin. Alveg skýrt. Hvað gerist svo núna? Sjálfstæðisflokkurinn, til þess að standa vörð um óbreytt ástand, til að standa gegn því að þjóðin fái að koma að ákvörðunum um stjórnarskrána, leggur fram breytingartillögur sem munu þvert á móti torvelda breytingar á stjórnarskrá frá því sem nú er. Áskilja tvo þriðju þings til samþykktar og ef það tekst ekki þá dugir ekki lengur samþykki einfalds meiri hluta tveggja þinga heldur á til viðbótar að koma þjóðaratkvæðagreiðsla. Með öðrum orðum er verið að gera ríkari kröfur en nú eru um formlegheit við breytingar á stjórnarskrá. Það er verið að torvelda breytingar á stjórnarskránni.

Af hverju er verið að gera þetta? Spyr sá sem ekki veit. En maður hlýtur að geta sér þess til að Sjálfstæðisflokkurinn standi hér sem fyrr vörð um sérhagsmuni gegn almannahagsmunum. Hann er að verja hagsmuni kvótaauðvaldsins sem hann hefur verið að sendast fyrir undanfarin ár. Hann er að reyna að torvelda leið okkar til þess að breyta stjórnarskrá, til þess að við getum gengið í Evrópusambandið á næsta kjörtímabili. Sjálfstæðisflokkurinn gengur skýrt á bak orða sinna, það er engin leið að eiga orðastað við þennan flokk með siðuðum hætti hér í sölum Alþingis. Hann stendur ekki við nokkurn skapaðan hlut sem sagt er af hálfu forustumanna flokksins í umræðunni. Eftir stendur að höfuðerindi flokksins í stjórnarskrármálinu er að standa vörð um sérhagsmunina, koma í veg fyrir að ákvæði um þjóðareign á auðlindum verði samþykkt, koma í veg fyrir að auðvelt verði að breyta stjórnarskránni, gera það erfiðara og flóknara að breyta henni og gera það nær ómögulegt að breyta henni án tveggja þingkosninga, þvert á það sem fyrirheit voru gefin um áður.

Ekki er orð að marka yfirlýsingar Geirs H. Haardes, ekki orð að marka yfirlýsingar hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og ekki orð að marka yfirlýsingar hv. þm. Bjarna Benediktssonar. Öll eru þau orðin ómerkingar orða sinna. Sjálfstæðisflokkurinn gerir forustufólk sitt að ómerkingum orða sinna. Kemur þannig fram að það er greinilega ekkert að marka þau fyrirheit sem gefin eru af hálfu forustumanna flokksins.

Auðvitað torveldar þetta öll þingleg vinnubrögð, virðulegi forseti. Auðvitað er það ekki til mikils sóma að þurfa að horfa upp á vel á áttunda hundrað ræður Sjálfstæðisflokksins til þess að koma í veg fyrir að meiri hlutinn fái vilja sínum framgengt. Málþóf af þessum toga er einsdæmi í þingsögunni. Það er einsdæmi í þingsögunni að flokkur komi með þessum hætti í veg fyrir að meiri hluti fái að koma fram málum sem skýr þingmeirihluti er fyrir.

Þetta er dapurlegur endir, virðulegi forseti, á 18 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn sýnir þjóðinni nú með skýrum hætti fyrir hvað hann stendur. Flokkurinn vill standa í vegi fyrir því að þjóðareign verði tryggð á auðlindum í stjórnarskrá. Hann vill torvelda leið okkar í Evrópusambandið. Hann vill með öðrum orðum standa í vegi helstu framfaramála sem við þurfum að taka ákvörðun um og hann vill standa gegn rétti almennings til þjóðaratkvæðagreiðslna.

[14:12]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir að koma loks til þessarar umræðu. Þetta er fyrsta ræðan sem hv. þingmaður flytur um þetta mál hér í þingsalnum. Hann hefur gefið miklar yfirlýsingar í fjölmiðlum um efni þessa máls en ekki séð ástæðu til að halda eina einustu ræðu um það þar til nú að hann kýs að ausa úr skálum reiði sinnar yfir sjálfstæðismenn.

Mig langar að spyrja hv. þingmann tveggja spurninga: Telur hv. þingmaður að samþykkt frumvarpsins hefði verið fyrsta skrefið á þeirri leið sem flokkur hans, Samfylkingin, vill fara, þ.e. að taka upp fyrningarleið í sjávarútvegi og innkalla allar veiðiheimildir? Úr því að hv. þingmaður heldur því fram að Sjálfstæðisflokkurinn sé að koma í veg fyrir inngöngu Íslands í Evrópusambandið með því að samþykkja ekki frumvarpið (Forseti hringir.) spyr ég: Af hverju í ósköpunum var ekki lögð til breyting á stjórnarskránni (Forseti hringir.) af hálfu hv. þingmanns og flokks hans til þess að tryggja að hægt væri að ganga í Evrópusambandið? Frumvarpið hefur ekkert (Forseti hringir.) með það að gera.

[14:14]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sjálfstæðisflokkurinn hefur séð um ræðuhöld í þessu máli. Af hálfu Samfylkingarinnar hafa góðir félagar mínir flutt ágætar ræður og hef ég ekki séð ástæðu til að orðlengja það eða drepa umræðunni á dreif. Sjálfstæðismenn hafa séð um að draga hana á langinn. Það er alveg ljóst að meiri hluti þingsins vildi sjá í stjórnarskránni ákvæði um að auðlindir væru í almannaeigu, í þjóðareigu.

Það er líka ljóst að það ákvæði sem ætlunin var að hafa í 79. gr. stjórnarskrárinnar átti að gera það kleift að breyta stjórnarskránni með þjóðaratkvæðagreiðslu á miðju kjörtímabili. Það hefði t.d. einfaldað og auðveldað leið okkar í Evrópusambandið á næsta kjörtímabili og það eru brýnir hagsmunir atvinnulífsins. Ég legg til að hv. þingmaður fari að tala við atvinnulífið um hag þess, (Forseti hringir.) hann þykist jú bera hag þess fyrir brjósti, og átta sig á því hve (Forseti hringir.) mikilvægt það er að við höfum opnað þessa leið nú þegar (Forseti hringir.) ástand efnahagsmála er eins og það er.

[14:15]

Forseti (Þuríður Backman):

Ég bið hv. þingmenn um að virða ræðutímann, ein mínúta er fljót að líða og tíminn telur þegar margir fara fram yfir.

[14:15]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það væri óskandi að hv. þingmaður hefði verið meira við umræðuna og tekið þátt í henni vegna þess að þá mundi hann vita það að Sjálfstæðisflokkurinn lagði til breytingartillögur strax í upphafi umræðunnar til að tryggja það að 79. gr. yrði breytt til að hægt væri með auðveldari hætti en nú er að gera breytingar á stjórnarskránni. Þetta hefur legið fyrir frá upphafi og ótrúlegt að það skuli fara fram hjá hv. þingmanni, sem kemur hérna við lok umræðunnar og belgir sig út.

Ég vil líka benda hv. þingmanni á að hæstv. forsætisráðherra sagði við 1. umr., með leyfi forseta:

„Hv. þingmaður spyr hvort þau ákvæði sem eru í frumvarpinu haggi í engu núverandi kvótakerfi. Ég kom mjög inn á það atriði í máli mínu og tel mikilvægt að árétta að stjórnarskrárákvæði um náttúruauðlindir í þjóðareign muni ekki skerða réttindi þeirra sem hafa veiðiheimildir í kvótakerfinu eða svipta þá kvótanum."

Ef hv. þingmaður ætlar að halda því fram að sjálfstæðismenn séu að ganga hér einhverra sérhagsmuna, ganga hagsmuna LÍÚ eða þeirra sem eru handhafar kvótans, **(GMJ:** Ertu að þræta fyrir það?) þá er alveg ljóst (Forseti hringir.) að hæstv. forsætisráðherra sagði það sjálf í fyrsta andsvari sínu (Forseti hringir.) í þessari umræðu. Það er því ekki hægt að væna okkur um eitthvað (Forseti hringir.) sem hæstv. forsætisráðherra hefur sagt.

[14:17]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn er að berjast gegn þjóðareign á auðlindum, að það verði fest í stjórnarskrá. Hann hefur staðið gegn því árum saman og núna eyðileggur hann þetta frumvarp með málþófi og óþingræðislegum vinnubrögðum.

Eftir stendur líka að til stóð að einfalda breytingar á stjórnarskrá. Forustumenn Sjálfstæðisflokksins, Geir H. Haarde, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Bjarni Benediktsson lofuðu því öll að standa að slíku, hétu því héðan úr ræðustól Alþingis. Það er ekki að marka orð þessa fólks, ekki orð. Sjálfstæðisflokkurinn stendur ekki við fyrirheit forustumanna sinna. Hann leggur fram breytingartillögur sem fela í sér að torveldara verður að breyta stjórnarskránni, (Gripið fram í.) það verður flóknara, það dugar ekki lengur einfalt samþykki tveggja þinga samkvæmt þeim tillögum sem Sjálfstæðisflokkurinn leggur núna fram. Með öðrum orðum, Sjálfstæðisflokkurinn stendur ekki við orð af því sem hann segir. Hann gerir Geir H. Haarde að ómerkingi, hann gerir Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur að ómerkingi og hann gerir Bjarna Benediktsson að ómerkingi.

[14:18]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Öll þessi umræða um sameign þjóðarinnar og annað er varðar náttúruauðlindirnar er sérstök af hálfu Samfylkingarinnar. Ég hlýt að minna á að í lögum um stjórn fiskveiða, í 1. gr., er algjörlega gengið frá því, og þar höfðu sjálfstæðismenn forustu, að auðlindir sjávar væru sameign þjóðarinnar. Tillaga okkar er því að hluta til og að verulegu leyti til þess að undirstrika þær staðreyndir og koma í veg fyrir nokkurn misskilning í því efni.

Að öðru leyti verð ég að segja, hæstv. forseti, að það er mjög sorglegt hvað þessi ungi þingmaður leyfir sér að bera hér á borð fyrir okkur þingmenn af stóryrðum, ómálefnalegum stóryrðum, og ég hvet hann til þess, af því að ég veit að hann vill halda (Forseti hringir.) áfram í stjórnmálum, að ganga með öðrum hætti fram. (Forseti hringir.) Af því að hann er að hluta til Snæfellingur hvet ég hann alveg sérstaklega til þess að gera það.

[14:19]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Ég þakka föðurlegar ráðleggingar frá Snæfellingum.

Virðulegi forseti. Það er nokkurt misminni hjá hv. þingmanni að ákvæðið um sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum í lögum um stjórn fiskveiða sé komið þar inn fyrir tilverknað Sjálfstæðisflokksins. Það ákvæði kom inn við breytingar á lögunum árið 1990 að frumkvæði Alþýðuflokksins og það var Jón Sigurðsson, þáverandi viðskiptaráðherra, sem samdi það ákvæði. Það ákvæði var sem sagt sett inn af ríkisstjórn sem Sjálfstæðisflokkurinn átti ekki einu sinni aðild að. Því ákvæði var ætlað að sporna gegn þeirri einkavæðingu auðlindanna sem Sjálfstæðisflokkurinn var þá þegar byrjaður á.

Núna stendur Sjálfstæðisflokkurinn enn og aftur dyggan vörð um þau grundvallarsjónarmið að reyna að koma auðlindinni í hendur vildarvina og félaga og gegn (Forseti hringir.) þjóðareign á auðlindum.

[14:20]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má eiginlega segja að hv. þingmaður hafi gengið algjörlega beint í gildruna sem hann lagði út sjálfur vegna þess að hann vitnaði einmitt til þeirra laga frá 1990 sem eru undirrót að deilunum um stjórn fiskveiða og auðlindanýtingu, lögin frá 1990, um stjórn fiskveiða, þar sem framsalið var heimilað að undirlagi Alþýðuflokksins og hann gat réttilega um það. Framsóknarflokkurinn hafði forustu um það, höfundurinn er staðfestur hér af hv. þm. Árna Páli Árnasyni að hafi verið Jón Sigurðsson höfuðráðgjafi Samfylkingarinnar í efnahagsmálum. (Gripið fram í.) Já, höfundur framsalskerfisins. Það er mjög mikilvægt að fá þetta fram og er mikilvægt innlegg í þessa umræðu alla, en ég hvet hv. þingmann aftur til þess að gæta hófs í þessum umræðum öllum því að Alþingi þarf á því að halda að (Forseti hringir.) hér sé aukin virðing fyrir samstarfsmönnum í hópi þingmanna.

[14:22]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jón Sigurðsson á heiðurinn af 1. gr. eins og ég nefndi, ég ætla ekki að eigna honum heiðurinn af lögunum um stjórn fiskveiða að öðru leyti. (Gripið fram í.) Það eru nú aðrir sem eiga upphafið að þeim.

Það sem eftir stendur í þessu máli og er sá lærdómur sem þjóðin þarf að draga af framgöngu Sjálfstæðisflokksins er að Sjálfstæðisflokknum er greinilega ekkert heilagt þegar kemur að meðferð mála hér í þinginu, meðferð grundvallar-

mála. Það er ekki hægt að semja við flokkinn, ekki er hægt að taka trúanlegar yfirlýsingar forustumanna hans vegna þess að þeir hlaupast burt frá ítrekuðum loforðum. Flokknum finnst ekkert að því að gera formann sinn, fyrrverandi formann og varaformann flokksins alla að ómerkingum. Það gerir Sjálfstæðisflokkurinn purkunarlaust með því að koma með tillögur um að þrengja möguleika til að (Forseti hringir.) breyta stjórnarskránni þvert ofan í gefin loforð Geirs H. Haardes, (Forseti hringir.) Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og Bjarna Benediktssonar um að þau skyldu standa að því að gera breytingar auðveldari á stjórnarskránni.

[14:23]

Útbýting:
Ríkisendurskoðun, 416. mál, þskj. 955.
Sjúkraskrár, 170. mál, þskj. 954.

[14:23]

Sturla Böðvarsson (S):

Hæstv. forseti. Umræðan um stjórnarskipunarlögin heldur áfram. Gerð hefur verið grein fyrir framhaldsnefndaráliti nefndarinnar sem fjallaði um málið og gerð hefur verið grein fyrir þeim breytingartillögum og þeirri tillögu sem við sjálfstæðismenn höfum lagt fram við umræðuna.

Ég vil í upphafi máls míns undirstrika það alveg sérstaklega, vegna þess að hér hafa hv. þingmenn reynt að afflytja afstöðu okkar sjálfstæðismanna, að frá því fyrsta í þessari umræðu hefur komið skýrt fram af okkar hálfu að við viljum standa að breytingum á stjórnarskránni, breytingum sem gætu orðið til farsældar en ekki til þess að auka á óvissu í okkar íslenska samfélagi. Þess vegna bjuggumst við við því að forsætisráðherra, sem er 1. flutningsmaður að frumvarpinu, mundi leggja metnað sinn í það þegar hún komst til valda sem forsætisráðherra, að vinna að því að leggja fram frumvarp í sátt meðal flokka á Alþingi. Það fór á annan veg, því miður.

Við sjálfstæðismenn höfum lagt á það ríka áherslu, eins og ég sagði, að gera mætti breytingar á stjórnarskránni en við tökum ekki hverju sem er. Ég legg á það áherslu að við sjálfstæðismenn teljum að það sé hlutverk okkar, og við höfum skrifað undir eiðstaf um það, að vinna á grundvelli stjórnarskrárinnar. Við munum ekki og ég mun ekki standa að því sem þingmaður að ganga gegn Alþingi, ganga gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Því miður, hæstv. forseti, fór það svo að forsætisráðherra stóð þannig að málum að hún lagði allt á sig sem hugsast gat til þess að reyna að koma í veg fyrir að við sjálfstæðismenn gætum staðið að því frumvarpi sem hér er til meðferðar. Það er kannski ekki við öðru að búast eins og til þeirrar ríkisstjórnar var stofnað. Ríkisstjórnin var mynduð í kjölfar ofbeldisaðgerða og árása á Alþingishúsið þar sem menn voru hræddir til þess að hlaupa frá stjórnarsamstarfinu. Samfylkingin sveik samstarfsmenn sína í ríkisstjórn, byrjaði að hlaupa frá stjórnarsamstarfinu í haust og það var vitað og þekkt og fylgst með því hvernig Samfylkingin hagaði sér í stjórnarsamstarfinu, talaði gegn ríkisstjórninni sem hún var í. Því var ekki við öðru að búast en að það færi sem fór.

Hvað um það, við höfum að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að forsætisráðherra og ríkisstjórnin legði fram tillögur um breytingar á stjórnarskránni sem væru forsvaranlegar. Niðurstaða nær allra umsagnaraðila var að þessar breytingar væru óforsvaranlegar, illa unnar, allt of skammur tími til umfjöllunar og efnislega væru þær óforsvaranlegar. Það var á þeim grundvelli, málefnalegum grundvelli, sem við sjálfstæðismenn höfum lagst gegn frumvarpinu eins og það var lagt fram. Við höfum lagt okkur fram um að reyna að koma vitinu fyrir þá sem hafa unnið að málinu en því miður er breytingartillögum okkar hafnað.

Ég vil sérstaklega geta þess sem viðkemur breytingum á 1. gr. frumvarpsins og hér hefur verið nokkuð mikið til umræðu. Við lögðum okkur alveg sérstaklega fram, eins og fram kemur í breytingartillögunni, um að ná sáttum og leggja áherslu á að náttúruauðlindir okkar Íslendinga væru hvorki seljanlegar né látnar varanlega af hendi, ríkið hefði með þær að gera eins og fram kemur í breytingartillögu okkar.

Með sama hætti gátum við ekki fallist á það sjónarmið eða þá tillögu að setja á stjórnlagaþing þannig að tvö þing væru í gangi á sama tíma sem bæði gætu staðið að breytingum á stjórnarskránni. Það er þvílík aðstaða sem er algjörlega óforsvaranleg og á sér hvergi hliðstæðu í hinum vestræna lýðræðisheimi.

Hæstv. forseti. Ekki er tími til þess að fara efnislega ofan í þessar breytingartillögur okkar að öðru leyti, ég vísa bara til framsögumanns okkar hvað það varðar, en það liggur alveg ljóst fyrir að við sjálfstæðismenn gátum ekki fallist á tillögur sem gerðu ráð fyrir að ýta Alþingi Íslendinga til hliðar. Það er heilög skylda okkar alþingismanna að tryggja að Alþingi njóti virðingar og að við stöndum undir þeim kröfum sem gerðar eru til okkar sem hluta af löggjafarstarfinu.

Hæstv. forseti. Vegna þess að talað hefur verið um lýðræðisumbætur þá vil ég minna á að lýðræðisumbótunum sem áttu að verða, m.a. með breytingum á lögum um kosningar til Alþingis, var ýtt til hliðar og hefur ekki heyrst af þeim síðan.

Hæstv. forseti. Vegna þess að ég geri ekki ráð fyrir að halda mjög margar ræður hér til viðbótar á þessu þingi að sinni vil ég í lokin þakka þeim ágætu alþingismönnum sem hafa unnið með mér í gegnum tíðina, á vettvangi fjárlaganefndar, forsætisnefndar og í tengslum við starf mitt sem samgönguráðherra fyrir ánægjulegt samstarf. En umfram allt og ekki síður vil ég þakka skrifstofustjóra Alþingis og því góða fólki sem starfar á Alþingi fyrir góð störf og ánægjulegt samstarf.

[14:30]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að veita andsvar við því þakkarerindi sem hann flutti í lokin en vil þakka fyrir það samstarf sem við höfum átt. Það breytir ekki hinu að í fyrri hluta ræðunnar kviknuðu hjá mér nokkrar spurningar en ég mun ekki geta komið þeim öllum að.

Hv. þingmaður sagði í ræðu sinni: Við sjálfstæðismenn tökum ekki hverju sem er. Og hvað erum við að tala um?

Við erum að tala um auðlindir í þjóðareign sem var í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokksins 2003 og 2007. Við erum að tala um einföldun á breytingu á stjórnarskrárákvæði, við erum að tala um þjóðaratkvæði og við erum að tala um stjórnlagaþing eða að endurtaka leikinn frá þjóðfundinum 1851.

Hv. þingmaður sagði enn fremur: Við höfum skrifað undir eiðstaf að stjórnarskránni. Mig langar að vita, svo að það liggi ekki í lausu lofti, hvort hv. þingmaður er að bera flutningsmenn þessa máls og þá sem það styðja þeim sökum að þeir séu að brjóta ákvæði stjórnarskrárinnar (Forseti hringir.) með því að leggja til (Forseti hringir.) að þessar hugmyndir verði að veruleika?

[14:31]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við sjálfstæðismenn tökum ekki hverju sem er hér á Alþingi, það er alveg hárrétt og ég undirstrika það og endurtek. Við tökum m.a. ekki undir tillögur eða samþykkjum tillögur sem gera ráð fyrir því að Alþingi Íslendinga verði sett til hliðar og þar af leiðandi göngum við gegn þinginu. Þess vegna minntist ég á það að við vinnum eið að stjórnarskránni og við eigum að halda hana og ég tel að þess vegna þurfum við að fara eins varlega gagnvart breytingum á stjórnarskránni og nokkur kostur er, vinna það verk vandlega en það hefur því miður ekki verið gert að þessu sinni.

[14:32]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lít svo að hv. þingmaður sé ekki að saka okkur um að ganga gegn stjórnarskránni og það er gott að það sé hreinsað út úr umræðunni.

Mig langaði einnig að spyrja hv. þingmann hvort hann telji að það stjórnlagaþing sem efnt var til 1851 og hefur gengið undir nafninu þjóðfundurinn, burt séð frá því hver staða þingsins var á þeim tíma, það er ekki atriði í þessari umræðu, þá var efnt til stjórnlagaþings. Telur hv. þingmaður að sú ákvörðun að efna til stjórnlagaþings sé blettur á sögu þjóðarinnar? Eða hvernig má skilja það þegar hv. þingmaður segir að aldrei komi til álita að þingið sé sett til hliðar þegar verið er að tala um breytingar á stjórnarskrá — það var gert þegar þingið var endurreist 1845, staða þess hafði verið önnur, en þá var efnt til stjórnlagaþings í því skyni að endurskoða eða skapa stjórnarskrá, (Forseti hringir.) það var tilefni fundarins.

[14:34]

Sturla Böðvarsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er skemmtilegt að rifja upp þjóðfundinn frá 1851 sem sérstaklega er minnst í Alþingishúsinu með eftirminnilegri mynd í fordyrinu. Þar var gerð tilraun til eins konar stjórnlagaþings, það er rétt. Það lá við stórslysi þar. „Vér mótmælum allir," sagði Jón Sigurðsson (**Gripið fram í:** Hvers vegna var það?) sem hér vakir yfir okkur. Að bera þetta saman við aðstæður sem þá voru, löngu áður en við fengum fullveldi og löngu áður en lýðveldið og þingræðið fór að virka á Íslandi — þetta er algjörlega ósambærilegt. Ég tel að við eigum að fara að tillögu okkar sjálfstæðismanna, setja á fót öfluga og stóra nefnd sem leitar samstarfs vítt og breitt í samfélaginu, (Forseti hringir.) sem undirbýr breytingar á stjórnarskránni (Forseti hringir.) sem Alþingi Íslendinga fjallar um og afgreiðir.

[14:35]

Jón Magnússon (S):

Virðulegi forseti. Það hefur valdið mér miklum vonbrigðum að ekki skyldi nást sátt um hluta þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir og þá það sem lá undir hvað varðar 1. og 2. gr., sem ég taldi að raunhæft væri að sátt gæti náðst um. Við sjálfstæðismenn teygðum okkur til sátta hvað varðar orðalag 1. gr. og ég tel að enginn efnismunur sé á þeirri 1. gr. sem við leggjum til eða því sem er í tillögu meiri hluta nefndarinnar að því undanskildu að vikið er til orðalags sem fræðimenn telja að sé nákvæmara og eðlilegra.

Í þessum umræðum hefur það ítrekað komið fram að 1. gr. hafi eitthvað með fiskveiðistjórnarkerfið að gera eða það sem þar er um að ræða en það er rangt. Í þeirri greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur það fram og lesa má um það í athugasemdum á bls. 15 flutningsmönnum til glöggvunar ef þeir átta sig ekki á því hvað þeir voru að leggja til í upphafi. Það hefur ekkert með breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu að gera. Þess vegna eru þær aðdróttanir sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hélt fram í ræðustól á Alþingi, um að ég hefði gersamlega skipt um skoðun hvað varðar fiskveiðistjórnarkerfið, ómaklegar og rangar. Ég bendi honum á hans eigin orð í athugasemdum við frumvarpið, á bls. 15 í frumvarpinu sem lagt var til til stjórnarskipunarlaga, sem hann flytur. Ég lagði töluvert mikið á mig til þess að reyna að ná samkomulagi um 1. gr. og taldi að sátt ætti að geta náðst um þá tillögu sem við sjálfstæðismenn flytjum hér. Ég vona að það geti orðið að þingmenn samþykki þá tillögu, ég tel að hún hafi ákveðna þýðingu sem stefnuyfirlýsing.

Hv. þm. og formaður sérnefndarinnar, Lúðvík Bergvinsson, hefur líka haldið því fram að þær tillögur sem hér er um að ræða, sem við sjálfstæðismenn séum að hafna, séu merkustu tillögur til lýðræðisumbóta sem fram hafa komið. Þetta er rangt. Við sjálfstæðismenn höfum ekki hafnað einni eða neinni tillögu til lýðræðisumbóta ekki að einu eða neinu leyti. Við höfum bent á annmarka sem fram komu og viljað berjast fyrir því að greiðari leið væri til að breyta stjórnarskránni. Það er staðreyndin í málinu.

Þá hefur því líka verið haldið fram, m.a. af hæstv. forsætisráðherra og talsmönnum í sérnefnd um stjórnarskrármálið, að Sjálfstæðisflokkurinn sé með þessu að berjast gegn atriðum sem geti auðveldað aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Það er líka rangt. Ég vakti sérstaka athygli á því við 1. umr. frumvarpsins að það væri mjög sérstakt af flokki eins og Samfylkingunni sem segðist berjast fyrir því, og hefði það sem kosningastefnumál, að við sæktum um aðild að Evrópusambandinu að ekki væru gerðar nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá sem væri forsenda þess að Íslendingar gerðust aðilar að Evrópusambandinu.

Ég hef jafnframt sagt þá skoðun mína úr ræðustól á Al-

þingi að ég telji að það orki tvímælis að EES-samningurinn standist miðað við ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er því til hneisu fyrir Samfylkinguna að standa svo að málum og reyna að segja rangt frá um þau atriði sem raunverulega er verið að fjalla um og halda því fram að efni frumvarpsins sé allt annað en það raunverulega er. Til að koma til móts við þau sjónarmið að farið yrði í vandaða vinnu varðandi breytingar á stjórnarskrá lögðum við þingmenn Sjálfstæðisflokksins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fram tillögu um að skipuð yrði 25 manna nefnd, stór nefnd, til að fjalla faglega um þessi mál sem skilaði störfum á ákveðnum tíma. Þetta væri gert til að koma málinu í ákveðinn farveg, fara sömu leið og Svíar hefðu gert með mjög góðum árangri þannig að fullnaðarsamkomulag náðist um breytingar á stjórnarskrá hjá þeim. Þetta var innlegg okkar í umræðuna, jákvætt innlegg, til þess að ná fram lýðræðisumbótum í samræmi við það sem kröfur hafa verið um í þjóðfélaginu.

Virðulegi forseti. Með þetta í huga, og miðað við það sem ég lagði á mig til að reyna að ná samkomulagi, og meðnefndarmenn mínir margir, finnst mér miður að það skuli ekki hafa náðst. Ég hefði búist við því að jafnþingreyndur maður og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er legði meira á sig til að ná samkomulagi en raun bar vitni. Um leið og tillögur okkar sjálfstæðismanna komu fram var nánast látið eins og það skipti engu máli og þau orð sem sögð höfðu verið væru ósögð. Ekki virðist nást nein breyting á stjórnarskránni og mér finnst miður að þær tillögur sem við flytjum, um breytingar á 1. gr. og 2. gr., skuli ekki nást fram að ganga. Ég hefði talið að veruleg réttarbót væri að því.

[14:41]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins um það sem hér kom fram í lokin. Hv. þm. Birgir Ármannsson getur væntanlega staðfest að í heilan sólarhring var reynt að ná samkomulagi við sjálfstæðismenn. Þó nokkuð þokaðist en þeim hugmyndum sem þar fæddust eða hefðu getað leitt til sátta var hafnað. Það er best að það liggi þá fyrir og ég mun fara yfir það síðar.

Það er eitt atriði sem skiptir máli varðandi ræðu hv. þingmanns en það er að hv. þingmaður vísar til þess, og er þá að tengja við stjórnlagaþingið — og það finnst mér skipta máli vegna þess að hugmyndin um stjórnlagaþing snýst um það að taka málið út úr flokkunum, það er þetta flokksræði sem hefur verið gagnrýnt, og færa það til fólksins að velja fulltrúa sína til að setjast á stjórnlagaþing eins og gert var á þjóðfundinum 1851. Hugmynd Sjálfstæðisflokksins, þ.e. að flokkarnir á hinu háa Alþingi velji fulltrúa í nefnd til að endurskoða stjórnarskrá, er hins vegar allt annars eðlis. Það er dálítill misskilningur að bera þessar tvær hugmyndir saman. Þetta eru tvær hugmyndir af algerlega öndverðum meiði. Mér finnst hugmynd sjálfstæðismanna langt frá því að vera út úr kortinu en það er verið að leggja upp með allt aðra hugmyndafræði. Þess vegna er tillaga Sjálfstæðisflokksins engin tillaga til sátta í þeim efnum. Það er langur vegur frá því.

[14:43]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kemur inn á varðandi stjórnlagaþingið frá 1851 er byggt á ákveðnum sögulegum misskilningi. Ég held að hann þurfi að lesa Íslandssöguna sína betur ef hann telur að stjórnlagaþingið 1851 sé einhver tilvísun í það sem nú er að gerast, svo er ekki. Alþingi var allt annars konar fyrirbrigði og íslenskt þjóðfélag með öðrum hætti en nú er.

Hvernig getur hv. þm. Lúðvík Bergvinsson haldið því fram að stjórnlagaþingið og val á það hefði verið rifið úr höndum flokkanna ef kosið hefði verið á það með þeim hætti sem fyrirhugað var? Ég get ekki séð að það hefði verið nein breyting hvað það varðar. Hvernig var hægt að koma í veg fyrir stjórnskipulega ringulreið, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, þegar búið var að kjósa Alþingi til að fara með breytingar á stjórnlögum og kjósa síðan stjórnlagaþing til að fara með þessar breytingar á stjórnlögum. Það hefði leitt til stjórnskipulegrar ringulreiðar og það var það sem ég var á móti.

[14:44]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður er nýgenginn úr frjálslyndum flokki í íhaldsflokk. Það kannski endurspeglar það sem hér er á ferðinni. Sjálfstæðisflokkurinn hefur tekið afstöðu gegn þessum breytingum. Í raun og veru skiptir engu máli hvað hefur verið sett fram. Sjálfstæðisflokkurinn er algerlega andvígur þeim breytingum sem hér liggja fyrir og það liggur fyrir í þeim 850 ræðum eða svo sem hafa verið haldnar um þetta tiltekna mál. Hv. þingmaður segir að það hefði leitt til einhvers stjórnskipulegs slyss ef þetta hefði verið samþykkt. Það er ekki nema 2 til 3 ár síðan Austurríkismenn fóru þessa leið og enn hefur ekkert spurst af því stjórnskipulega slysi eða þeim áföllum sem sú þjóð varð fyrir. Þessi hræðsluáróður þeirra sem fyrst og fremst líta á það sem hlutverk sitt að standa vörð um óbreytt ástand er dæmdur til að falla ómerkur í umræðunni.

[14:45]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst svona orðhengilsháttur nánast ekki sæma virðingu Alþingis. Það er öldungis ljóst að ég innan stjórnarskrárnefndar eins og félagar mínir vildum beita okkur fyrir margvíslegum breytingum eins og m.a. koma fram í þeim tillögum sem við flytjum. Það er staðreyndin í málinu.

Hins vegar liggur fyrir og hefur alltaf legið fyrir að við vorum ekki fylgjandi þeim tillögum sem lágu fyrir um stjórnlagaþing. Það hefur ekkert með íhaldssemi eða frjálslyndi að gera. Það hefur með heilbrigða skynsemi að gera, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, að vera á móti svona fáránlegum tillögum eins og settar voru fram af meiri hluta sérnefndarinnar sem flutti þetta frumvarp um það stjórnlagaþing sem þar var um að ræða, enda breyttist þetta fram og til baka í meðförum af því að það var engin vitglóra í því sem menn voru að hugsa (Forseti hringir.) og það hefði leitt til stjórnskipulegrar ringulreiðar og þess vegna voru sjálfstæðismenn á móti því.

[14:46]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var þegar búið að boða það að fella út stjórnlagaþingið þannig að mér finnst að menn þurfi ekki að deila mikið um það, sú tillaga kom fram. Það var jafnvel búið að bjóða það að fella niður 3. gr. og þá stóð aðeins eftir 2. gr. og 1. gr.

Því miður náðu menn ekki saman um þær áherslur og útfærslur og þar komu fram breytingar af hálfu sjálfstæðismanna. Hv. þm. Jón Magnússon sagði að ég hefði verið með ómaklegar og rangar ásakanir í ræðu áðan og vænti ég þess að hann skýri það á eftir en til að átta mig á afstöðu hans spyr ég hv. þingmann hvort hann sé enn sama sinnis í því máli sem hann flutti með okkur í Frjálslynda flokknum að afnema beri veðsetningarrétt, sölurétt og leigurétt íslenskra útgerðarmanna en þeir haldi nýtingarrétti.

[14:47]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skoðanir mínar á fiskveiðistjórnarkerfinu hafa ekki breyst í neinu nema síður sé. Ég tel brýna nauðsyn bera til að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég átta mig hins vegar á að ég er í minni hluta í mínum flokki hvað það varðar. Ég vildi fara mun lengra og gera víðtækari breytingar en hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hvað það varðar að um raunverulega þjóðareign eða eign ríkisins yrði að ræða á fiskveiðiheimildunum. Það er staðreyndin í málinu.

Vegna þess sem hv. þm. Guðjón Arnar kom inn á, að búið hafi verið að fella niður 3. og 4. gr. þannig að málið hafi bara staðið um stjórnskipulega breytingu varðandi 1. og 2. gr., spyr ég: Miðað við þær tillögur sem við sjálfstæðismenn lögðum til var þá slíkur ágreiningur að það ætti ekki að vera hægt að ná samkomulagi um þetta, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson?

[14:48]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sjálfstæðisflokkurinn hefur tvisvar tekið þátt í því að setja í stjórnarsáttmála sína ákvæði um þjóðareign á auðlindum. Ég átta mig því ekki á hvaða viðsnúningur er núna á ferðinni, hvers vegna menn treysta sér ekki til að setja það í stjórnarskrána að náttúruauðlindir séu þjóðareign sem ekki megi selja eða láta varanlega af hendi. Hvers vegna eru menn að hártoga texta í kringum það sem flokkurinn hefur sjálfur sett í stefnumál sín þegar hann hefur komið að ríkisstjórnaraðild? Getur einhver hv. þingmanna í Sjálfstæðisflokknum skýrt það fyrir mér, því að svo virðist sem ekki sé hægt að færa fyrir því nein skynsamleg rök hvers vegna sjálfstæðismenn geta ekki fallist á ákvæðið?

[14:49]

Jón Magnússon (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyrði ekki að það kæmi neitt svar við þeirri spurningu sem ég spurði, hvernig á því gæti staðið að ekki hafi verið möguleiki að freista þess að ná samkomulagi um orðalag 1. og 2. gr. eftir að fyrir lá að við sjálfstæðismenn vorum í meginatriðum búnir að leggja fram atriði sem hefði átt að vera auðvelt fyrir meiri hlutann að gangast inn á miðað við þau orð sem hér höfðu fallið. En þannig er það og það þýðir ekkert um það að ræða.

Mér hefur fundist, því miður, og ég reikna ekki með að eiga eftir að standa oft upp í þessum ræðustóli, verulegur ágalli að hv. þingmenn hafa iðulega leyft sér að fara með rangan málflutning, halda fram hlutum sem standast ekki rök og standast ekki staðreyndir mála og það er ósæmilegt og hæfir ekki virðingu Alþingis.

[14:51]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla að víkja að nokkrum atriðum í þessu frumvarpi í ræðu minni en tíminn er knappur þannig að ég verð að fara hratt yfir sögu og get ekki drepið á alla þá þætti sem skipta máli.

Vegna þeirra orðaskipta sem áttu sér stað milli hv. þingmanna rétt í þessu um stjórnlagaþing og þess háttar verð ég að segja að stjórnlagaþingið var auðvitað ótækt eins og það var lagt upp í upprunalegu frumvarpi og það batnaði lítið, þó að það yrði vissulega ódýrara batnaði það lítið í þeirri útfærslu sem birtist í breytingartillögum meiri hlutans. Þess vegna skal það auðvitað viðurkennt að það var mikið framfaraskref í sambandi við meðferð þessa máls þegar fram kom að af hálfu flutningsmanna væri mönnum það ekki fast í hendi ef samkomulag gæti náðst að halda stjórnlagaþinginu inni. En bara til að undirstrika að það hefðu verið vandamál fylgjandi því að samþykkja frumvarpið eins og það kom upprunalega fram og reyndar eftir því sem það var í breytingartillögunum líka, m.a. vegna þess fyrirkomulags sem hv. þm. Jón Magnússon vék að áðan að á sama tíma og verið var að afgreiða stjórnarskrárbreytingar, sem annars vegar fólu í sér heimild fyrir Alþingi að fjalla um stjórnarskrárbreytingar eftir tilteknum reglum, átti að vera að störfum stjórnlagaþing sem gat breytt stjórnarskrá eftir tilteknum reglum. Það var þetta sem stakk í augun, var rökleysa að mati okkar sjálfstæðismanna og til þess fallið að skapa stjórnskipulega ringulreið.

Varðandi ákvæði frumvarpsins að öðru leyti hef ég margoft sagt að með vandaðri vinnu, vönduðum undirbúningi og víðtækri sátt hefði verið hægt að ná fram ýmsum af þeim atriðum sem þar er að finna og því hefur aldrei verið hafnað. En eins og kom fram hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni áðan fólust yfirlýsingar okkar sjálfstæðismanna um það að við værum reiðubúnir til að semja um útfærslu þeirra atriða sem þar er að finna ekki í sér skuldbindingu til að taka tillögunum eins og þær litu út af hálfu ríkisstjórnarflokkanna.

Í dag hefur hvað mest verið rætt um breytingartillögur okkar sjálfstæðismanna. Ég ítreka að breytingartillaga okkar varðandi ákvæðið um hvernig breyta eigi stjórnarskrá er orðrétt sama ákvæði og sátt var um í stjórnarskrárnefndinni í febrúar 2007 og því var ekki óeðlilegt að við sjálfstæðismenn teldum að það gætu verið forsendur til að nota þá niðurstöðu sem grundvöll sáttar núna. Við höfðum auðvitað væntingar um að það hefðu ekki orðið þær grundvallarbreytingar á sjónarmiðum manna að slíkt væri ómögulegt.

Varðandi hins vegar 1. gr. og vangaveltur um hana finnst mér rétt að hnykkja á því sem fram kom í andsvari hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar áðan að það sé rangt

og rangtúlkun að halda því fram að tillöguflutningur okkar sjálfstæðismanna í þessu máli feli í sér einhverja varðstöðu um hagsmuni kvótaeigenda eða kvótahafa. Ég minni á það, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gerði, að í framsöguræðu fyrir frumvarpinu tók hæstv. forsætisráðherra skýrt fram að svo væri ekki. Hún sagði, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að hafa í huga að þessu nýja stjórnarskrárákvæði er ekki ætlað að svipta menn þeim réttindum sem þeir hafa öðlast, svo sem afnotarétti af náttúruauðlindum eða atvinnuréttindum á grundvelli opinberra leyfa sem kunna að njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar sem óbein eignarréttindi. Með ákvæðinu er til dæmis ekki haggað við slíkum réttindum þeirra sem hagnýta jarðir og ýmis fasteignatengd réttindi eða stunda fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda."

Þetta sagði hæstv. forsætisráðherra í framsöguræðu sinni og þegar hv. þm. Geir H. Haarde spurði ráðherrann um þetta í umræðunni svaraði hæstv. forsætisráðherra, með leyfi forseta:

„Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr hvort þau ákvæði sem eru í frumvarpinu haggi í engu núverandi kvótakerfi. Ég kom mjög inn á það atriði í máli mínu og tel mikilvægt að árétta að stjórnarskrárákvæði um náttúruauðlindir í þjóðareign muni ekki skerða réttindi þeirra sem hafa veiðiheimildir í kvótakerfinu eða svipta þá kvótanum. Þau réttindi munu eftir sem áður njóta verndar sem atvinnuréttindi þeirra er stunda útgerð eða með öðrum orðum sem óbein eignarréttindi."

Það var sem sagt ekki ætlunin með stjórnarskrárfrumvarpinu hagga grundvelli núverandi kvótakerfis eða hagsmunum þeirra sem eru handhafar kvótans. Það að halda því fram að við með tillöguflutningi okkar séum með einhverjum sérstökum hætti að standa vörð um sægreifana eða útgerðarauðvaldið, svo vitnað sé til orða hæstv. utanríkisráðherra í gær, er auðvitað bara lýðskrum þegar horft er til þess að tillögur ríkisstjórnarflokkanna og félaga þeirra í þinginu ganga heldur ekki út á það að raska réttindum handhafa kvóta. Það var einfaldlega ekki inni í frumvarpinu. Það snerist ekki um það. Þess vegna er sú túlkun sem hér hefur verið mjög uppi af hálfu andstæðinga okkar sjálfstæðismanna alröng og á sér enga stoð í efni málsins.

[14:57]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér hið mikilvæga mál stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Ég vil óska eftir því við hæstv. forseta að hann kanni hvort formaður Sjálfstæðisflokksins sé einhvers staðar ínáanlegur og geti verið viðstaddur þessa umræðu. Ég þarf að eiga við hann orðastað vegna afstöðu og sjónarmiða Sjálfstæðisflokksins í þessu máli og ég óska eftir því að forseti kanni það hvort formaður Sjálfstæðisflokksins geti látið svo lítið að vera viðstaddur þessa umræðu.

[14:58]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég geri í sjálfu sér enga athugasemd við þá ósk hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar að kannað verði hvort formaður Sjálfstæðisflokksins geti verið við umræðuna. Á sama tíma og af sama tilefni vil ég leita eftir því hvort hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra geti verið viðstaddir umræðuna því vel getur verið að þeir ræðumenn Sjálfstæðisflokksins sem eiga eftir að tala geti átt erindi við þessa hæstv. ráðherra sem hafa ekki verið óskaplega miklir þátttakendur í þessari umræðu.

[14:58]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir ósk hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar um að formaður Sjálfstæðisflokksins verði viðstaddur þessa umræðu. Ég held að það sé mikilvægt að fram komi hvort ný forusta í Sjálfstæðisflokknum muni standa vörð á sama átt og sú gerði sem nú er farin. Ég held að það styrki umræðuna um lýðræðið á nýrri öld og gott að vita hvernig nýr formaður Sjálfstæðisflokksins muni leiða flokkinn í þeim efnum.

Ég vildi aðeins nefna það vegna þess að hér var óskað eftir viðveru forsætisráðherra að ég veit að hæstv. forsætisráðherra er á ársfundi Seðlabankans (**Gripið fram í:** Hann byrjar klukkan fjögur.) og áður en að því kom var hún á fundi með ríkissáttasemjara. Ég vissi af þessu. Hæstv. forsætisráðherra verður því fjarverandi um stund en það er meira en sjálfsagt að reyna að tryggja það að hæstv. forsætisráðherra verði viðstödd þessa umræðu um leið og mögulegt er. En hæstv. forsætisráðherra hefur ekki lagt lítið lóð á vogarskálarnar í þessari umræðu, hæstv. forsætisráðherra er 1. flutningsmaður málsins, (Forseti hringir.) og, hæstv. forseti, ég virði henni það til vorkunnar nú þegar 845 ræður hafa verið fluttar um málið að hún hafi ekki getað verið viðstödd þær allar.

[15:00]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að hæstv. forsætisráðherra vill leggja mjög mikið á sig til þess að þetta mál geti orðið að lögum. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að óska eftir því að hún sé hér viðstödd. Málið er þó á hennar forræði. Það er hún sem flytur málið. Það er hún sem hefur viljað framgang þess hér. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að hún fylgist með umræðum og framvindu málsins í þinginu og að ég tali nú ekki um aðra flutningsmenn þessa máls sem ekki hafa látið svo lítið að vera við umræðuna í dag sem var eiginlega búið að semja um að við mundum vera að ljúka um þessar mundir.

En hv. þm. (**Gripið fram í:** ... formaður Sjálfstæðisflokksins.) Árni Þór Sigurðsson hefur ákveðið að kalla hér eftir formanni Sjálfstæðisflokksins. Ég hlýt þá að spyrja hv. þingmann af hvaða tilefni það sé. Er það eitthvað í tillögum hæstv. forsætisráðherra sem þarf (Forseti hringir.) að ræða við formann Sjálfstæðisflokksins? (Forseti hringir.)

[15:01]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Fyrst menn eru farnir að biðja um að einstaka flutningsmenn málsins komi til þingfundar vil ég geta þess að ég gat þess í hljóði við forseta áðan hvort ég gæti ekki fengið hv. þm. Siv Friðleifsdóttur til fundarins en hún

skrifar undir framhaldsnefndarálit meiri hlutans og leggur til að málið verði rætt áfram óbreytt.

Þessi sami þingmaður hefur lagt til í fjölmiðlum að 4. gr. falli niður. Nú vil ég spyrja frú forseta: Hvað á maður að halda? Ég hef rætt þetta vandamál aftur og aftur, það vandamál að Framsóknarflokkurinn segist hafa fallið frá 4. gr. en samt sem áður leggur hann til seinna, eftir það, að frumvarpið verði rætt áfram óbreytt.

Á ég sem sagt að halda áfram að ræða um þennan tvískinnung, þessa rökleysu sem felst í því að tvö þing eigi að fjalla um breytingar á stjórnarskránni og bera þær undir þjóðina á sama tíma? Er búið að fella niður 4. gr.? Ég bara spyr.

[15:02]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Nú bregður svo við að sjálfstæðismenn taka það heldur óstinnt upp að óskað sé eftir því að formaður Sjálfstæðisflokksins sé viðstaddur þessa umræðu. (Gripið fram í.) Þeir setja upp einhvern svip og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir gerir kröfu um það að ég skýri fyrir henni hvaða erindi ég eigi við formann Sjálfstæðisflokksins.

Við höfum upplifað það í þessari umræðu, sem er orðin alllöng eins og allir vita, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa iðulega inn á milli í ræðum sínum óskað eftir því að einstakir ráðherrar komi til fundar og verði viðstaddir umræðuna. (Gripið fram í.) Þeir hafa oft komið hingað og verið viðstaddir þessa umræðu að nóttu sem degi og tekið þátt í henni. Þess hefur ekkert verið krafist að þingmenn Sjálfstæðisflokksins gerðu grein fyrir því hvað það væri sem þeir vildu eiga orðastað um við viðkomandi ráðherra. Þeir hafa komið og tekið þátt í þessari umræðu.

Ég óska eftir því að formaður Sjálfstæðisflokksins komi og verði viðstaddur þessa umræðu svo hægt sé að eiga við hann orðastað um stefnu og (Forseti hringir.) störf og framtíðarsýn Sjálfstæðisflokksins.

[15:04]

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárn. s. (Lúðvík Bergvinsson) (Sf) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það væri mjög æskilegt að sem flestir forustumenn flokkanna væru viðstaddir þá umræðu sem hér fer fram um þetta mikilvæga mál.

Á hinn bóginn vildi ég aðeins upplýsa hv. þm. Pétur H. Blöndal sem kom hér með athyglisverðan vinkil og ítrekaði fyrri ræður sem hann hefur flutt um það sem hann kallar rökleysu en ég sjálfur á mjög erfitt með að skilja rökleysuna sem í hans málflutningi hefur falist.

Framsóknarmenn lögðu til leið til sáttar til þess að ljúka málinu. Það var að hugmynd, sem þeir hafa barist mikið fyrir um stjórnlagaþing, yrði dregin til baka. Á sáttarhönd þeirra var slegið af fullum þunga og af þeim sökum þótti ekkert tilefni til að leggja fram sérstaka tillögu um að draga þá hugmynd til baka, þegar enginn vilji var hjá þeim stjórnmálaflokki sem telur það sitt helsta hlutverk að standa vörð um óbreytt ástand, að stíga skref í átt til sáttar.

[15:05]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Nokkur orð vegna ummæla hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar sem ég fagna að sé kominn til þessarar umræðu. Hann hefur lítinn þátt tekið í henni fram til þessa. Það hefði verið ánægjulegt að heyra meira í hv. þingmanni Árna Þór Sigurðssyni og fá sjónarmið hans fram. Ég minnist þess ekki að hafa séð hann mikið í ræðustól út af þessu máli eða heyrt sjónarmið hans. En hafi hann hlýtt á ræður okkar hinna þá hlýtur hann að átta sig á ýmsum göllum á þessu máli og það kemur vonandi fram í ræðu hans á eftir.

En ég vil taka það fram, hæstv. forseti, að ef stífar óskir eru um að einstakir hv. þingmenn eða einstakir hæstv. ráðherrar verði viðstaddir umræðuna þá væri kannski ráð að gera hlé á fundi og bíða eftir því að við fáum niðurstöðu um það hvernig verður með þá hv. þingmenn og hæstv. ráðherra sem óskað er eftir. Um leið væri gott að fá skýringar frá hæstv. forseta um það hvernig hún hyggst halda (Forseti hringir.) áfram þingstörfum í dag.

[15:06]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill upplýsa að þeim skilaboðum hefur verið komið til bæði ráðherra og þingmanna sem óskað hefur verið eftir og þess getið að óskað væri eftir að væru hér í þingsal við þessa umræðu. Við fáum síðan fréttir af því hvort úr því getur orðið.

Forseti vill einnig upplýsa, eins og þingmenn eiga að vita, að lagt var upp með dagskrá þingsins á þá leið að umræðu um alla dagskrárliði lyki um klukkan 17 í dag.

Forseti takmarkar ekki málfrelsi þingmanna. Það eru engin tímamörk sett hér á ræður þingmanna nema fullt samkomulag sé á milli þingflokka um ræðutíma og tímalengd ræðna.

[15:07]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég fagna því að hv. þm. Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins er kominn til þessar umræðu. Ég óskaði sérstaklega eftir því að hann yrði viðstaddur ef hann ætti þess nokkurn kost af því ég hafði áhuga á því að eiga nokkurn orðastað við hann um það mál sem hér er til umræðu.

Við erum að fjalla um frumvarp til stjórnarskipunarlaga, breytingar á stjórnarskránni sem lagt var fram fyrr á þessu þingi, fyrr í vetur af formönnum eða fulltrúum fjögurra stjórnmálaflokka, allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill áminna þingmenn um að það er eingöngu einn fundur í einu í þingsalnum.)

Fulltrúar fjögurra flokka af fimm eru flutningsmenn þessa frumvarps. Í meginatriðum eru efnisatriði frumvarpsins þau að bætt verði í stjórnarskrána ákvæði um að náttúruauðlindir skuli vera í þjóðareign. Í öðru lagi að aðferðinni við að breyta stjórnarskránni verði breytt og hún gerð straumlínulagaðri og einfaldari og því verði vísað til þjóðarinnar að breyta stjórnarskránni. Í þriðja lagi að tiltekinn hluti kjósenda geti krafist þess að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um mál sem varða almannahag. Og í fjórða lagi að bætt verði í stjórnarskrána ákvæði um stundarsakir um stjórnlagaþing.

Allt hefur þetta mál fengið ítarlega umræðu í þinginu og það kom fram strax í upphafi að sjálfstæðismenn gerðu og ætluðu sér að gera atlögu að því að reyna að stöðva það að þetta mál fengi framgang hér á vettvangi Alþingis. Í fyrsta lagi var í upphafi gerð athugasemd við formið á málinu. Það að ekki hefði verið haft samráð við Sjálfstæðisflokkinn um flutning málsins. Sjálfstæðismenn hafa lagt mikið upp úr því að ekki séu mörg dæmi um það í sögunni að þannig sé staðið að stjórnarskrárbreytingum. Engu að síður er það staðreynd að fjórir flokkar af fimm eru áhugasamir um að ná fram þessum breytingum á stjórnarskránni.

Það mátti líka ætla af málflutningi Sjálfstæðisflokksins í upphafi að hann væri sammála að minnsta kosti sumum þeirra breytinga sem hér voru lagðar til og það væri hugsanlegt að hægt væri að ná samstöðu um einhverjar breytingar á stjórnarskránni sérstaklega hvað varðaði auðlindir í þjóðareigu og að því er varðaði aðferðafræðina við að breyta stjórnarskránni.

Það eru því mikil vonbrigði þegar það kemur síðan á daginn að allur sá leiðangur sem lagt var í í þeim tilgangi að ná einhverri samstöðu um málið var til einskis. Það var sem sagt í raun bersýnilegt allan tímann að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði ekki að hleypa neinum af þessum ákvæðum stjórnarskrárbreytinga frumvarpsins í gegn.

Fyrst var gripið til formsins. Síðan var eitt efnisatriði af öðru tekið fyrir þar til ekkert stóð eftir. Sjálfstæðismenn hafa líka breytt um málflutning í þessu máli. Vegna þess að í upphafi og þegar lesnar eru ræður fulltrúa Sjálfstæðisflokksins við 1. umr. þá mátti draga þá ályktun að flokkurinn væri reiðubúinn til þess að standa að tilteknum hlutum.

Þess vegna var farið í það að reyna að leita sátta. Þess vegna var farið í það að kanna hvort samstaða gæti tekist um að tilteknir hlutar yrðu teknir út úr frumvarpinu eins og ákvæðið um stjórnlagaþingið og jafnvel um þjóðaratkvæðagreiðslur þó að það hafi verið mörgum okkar, þingmönnum, þvert um geð. Vegna þess að við teljum að þetta mál snúist ekki síst um að koma til móts við að endurspegla þá lýðræðishreyfingu, lýðræðisvæðingu, lýðræðiskröfur sem hafa endurrómað um samfélagið undanfarna mánuði, allt frá hruninu í haust.

Mér hefur þótt dapurlegt horfa á Sjálfstæðisflokkinn í þessari umræðu sökkva dýpra og dýpra í forarvilpu andlýðræðis. Því það er það sem við höfum verið að horfa upp á. Sjálfstæðisflokkurinn hefur sýnt það að hann er ekki reiðubúinn til þess að setja inn í stjórnarskrána ákvæði um að þjóðin eða tiltekinn hluti þjóðarinnar geti krafist þjóðaratkvæðis um tiltekin mál. Hann hefur ekki reynst reiðubúinn til þess að kveða á um sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindunum og hann hefur ekki reynst viljugur til þess að taka inn stjórnlagaþing og hann hefur ekki reynst fús til þess að gera breytingar á stjórnarskránni að því er varðar breytingar á aðferðarfræðinni, hvernig stjórnarskránni er breytt.

Þetta er dapurlegt, virðulegi forseti, og sýnir okkur að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði sér aldrei að ná neinni samstöðu um þetta mál. Mér hefur fundist að sjálfstæðismenn séu í raun ómerkingar orða sinna. Vegna þess að þegar það er skoðað hvernig þeir hafa staðið að vinnunni í sérnefndinni þá hafa þeir flúið úr einu vígi í annað. Þeir hafa breytt um afstöðu. Þeir hafa komið með tillögur sem búið var að fjalla um og hafna og síðan komið með ný skilyrði til þess að tryggja að Sjálfstæðisflokkurinn gæti haft úrslitaáhrif um það með hvaða hætti eða hvaða breytingar yrðu gerðar á stjórnarskránni til framtíðar, a.m.k. þegar horft er á stöðu þeirra á fylgi svona í sögulegu ljósi, sem vonandi sér nú fyrir endann á.

Það sem ég vil þess vegna spyrja formann Sjálfstæðisflokksins að, nýkjörinn formann Sjálfstæðisflokksins sem nú er kominn til starfa og maður hefði haldið að þegar hv. þm. Bjarni Benediktsson tæki við formennsku í Sjálfstæðisflokknum þá hefði mátt búast við nýrri sýn, nýjum vinnubrögðum af hálfu Sjálfstæðisflokksins: Hvar er lýðræðishugsjón Sjálfstæðisflokksins og Bjarna Benediktssonar snemma á 21. öldinni? Hvaða sýn hefur hann á það að þjóðin eigi sjálf að geta fengið að taka afstöðu til mikilvægra almannahagsmunamála? Hver er afstaða hans til þess að þjóðin eigi að geta tekið ákvörðun um það hvernig stjórnarskráin sjálf er? Er hann sem sagt sokkinn í þetta fen sem gamla valdaklíkan í Sjálfstæðisflokknum er í? Ætlar hann ekki að standa fyrir neinum breytingum, neinni lýðræðisvæðingu á vettvangi eða innan Sjálfstæðisflokksins?

Þetta eru spurningar sem brenna á okkur, virðulegi forseti, og við hljótum að velta því fyrir okkur hvort það verði engin endurnýjun, engin hugmyndafræðileg endurnýjun í Sjálfstæðisflokknum, engin ný sýn á lýðræði í samfélaginu með nýrri forustu Sjálfstæðisflokksins.

Það er þetta sem ég vildi, frú forseti, gjarnan eiga orðastað um við formann Sjálfstæðisflokksins og leita eftir viðbrögðum hans við þessum brýnu spurningum.

[15:15]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef oft áður tekið þátt í þessari umræðu og lýst sjónarmiðum mínum um hvernig þessu máli hefur verið best fyrir komið. Það er reyndar þannig að með þeim breytingartillögum sem sjálfstæðisflokksfulltrúarnir í stjórnarskrárnefndinni tefldu fram, þá kemur alveg skýrt fram að undir öllum kringumstæðum vill Sjálfstæðisflokkurinn að það sé þjóðin sem staðfesti breytingar á stjórnarskránni.

Þar var miðað við að sú tillaga sem kom fram hjá fulltrúum í stjórnarskrárnefnd árið 2007, sem allir flokkar skrifuðu upp á, yrði lögð til grundvallar við breytingar á 79. gr. Sjálfstæðisflokkurinn ályktaði einnig um það á landsfundi sínum að færa ætti í lög ákvæði um að þjóðaratkvæðagreiðslur færu fram þegar tiltekinn fjöldi þjóðarinnar óskaði eftir því.

[15:16]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvernig í ósköpunum stóð á því að Sjálfstæðisflokkurinn lagði þá fram í nefndinni tillögu sem áður hafði verið hafnað af formönnum stjórnmálaflokkanna? Hvernig stóð á því að Sjálfstæðisflokkurinn kom með nýja tillögu um að ekki mætti vísa málum, þ.e. breytingum á stjórnarskránni, til þjóðarinnar nema að aukinn meiri hluti Alþingis, tveir þriðju, mundi samþykkja slíkar breytingar? Af hverju kom Sjálfstæðisflokkurinn með tillögur um að gera breytingar á stjórnarskránni raunar enn flóknari en þær eru í dag?

Einhvern veginn lyktar það af því að það hafi verið gert til þess að koma í veg fyrir að mál færu til þjóðarinnar. Og það vekur mér undrun, ég segi það alveg eins og er. Mér finnst það sárt vegna þess að ég ber mikla virðingu fyrir nýjum formanni Sjálfstæðisflokksins. Ég hef haft trú á því að hann mundi innleiða nýja siði og nýja sýn í þessum málum í sinn flokk, en því miður er því ekki að heilsa eins og (Forseti hringir.) málflutningur (Forseti hringir.) og vinnubrögð Sjálfstæðisflokksins birtast okkur.

[15:17]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem skiptir máli er þetta: Tillagan sem sjálfstæðismenn, fulltrúar í stjórnarskrárnefndinni frá Sjálfstæðisflokknum, lögðu fram byggir á samkomulagi allra flokka frá því fyrir tveimur árum. Aðrar hugmyndir sem hafa verið uppi hafa verið þess eðlis að um þær hefur ekki verið full sátt.

Á þeim skamma tíma sem við höfum haft til ræða þetta mál á þinginu hefur lengst af verið reynt að þvinga málið fram með næturlöngum fundum, dag eftir dag svo sett hafa verið ný met. Það er ekki þannig að menn hafi af yfirvegun og af einhverri skynsemi lagt hér fram að höfðu samráði allra flokka og í kjölfarið á því hugmyndum sem líklegt væri að gætu fengið framgang á þinginu. Mál þetta var vanbúið frá upphafi og menn eiga ekki að standa svona að því að breyta stjórnarskránni.

[15:19]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það virðist sem sagt vera þannig að lýðræðisviðhorf Sjálfstæðisflokksins byggir á því að hann hafi neitunarvald um mál. Þannig birtist það hér. Af því að skoðanir Sjálfstæðisflokksins náðu ekki fram að ganga þá var hægt að stöðva framgang þessa máls.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að mikið hefur gengið á í íslensku samfélagi síðasta hálfa árið, og reistar hafa verið mjög háværar kröfur í samfélaginu um aukið lýðræði, um aukinn möguleika þjóðarinnar til að taka þátt í ákvörðunum sem teknar eru og varða hana miklu.

Á þetta eru fjórir stjórnmálaflokkar af fimm að hlusta en Sjálfstæðisflokkurinn ekki. Það hlýtur að valda okkur hinum mjög miklum vonbrigðum, frú forseti.

[15:20]

Kristrún Heimisdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Nú sér fyrir endann á ákaflega sögulegu þingi í sögu þjóðarinnar. Þetta þing hefur verið óvenjulegt í alla staði og atburðir hér innan þings og utan verða lengi í minnum hafðir.

Segja má að fyrir utan þinghúsið hafi risið sú gamla hefð frá því á þingtíma þjóðveldisins að menn gerðu háreysti og þannig haft áhrif á þingstörf. Menn geta svo spurt sig hversu gagnleg eða lýðræðisleg sú aðferð hafi verið. Hún á sér sem sagt stoð í sögu þessarar öldnu stofnunar. En í öllu falli er ljóst að Alþingi og allir þeir sem hér eru verða að rísa undir þeirri ábyrgð að breyta vinnubrögðum þingsins, að mæta þeirri umræðu sem stendur yfir í samfélaginu og að reisa við virðingu Alþingis.

Sumir kunna að vera þeirrar skoðunar að skoðanakannanir um virðingu fyrir stofnunum sé ekki endilega heilagur sannleikur en þegar staða Alþingis er orðin sú sem hún er núna í almennum skoðanakönnunum í landinu, sem almennt eru taldar vísindalegar, þá hljóta allir stjórnmálaflokkar og allir þeir sem tekið hafa sæti á Alþingi eða njóta lýðræðislegs umboðs til að starfa hér, að taka það til sín.

Hvernig svo sem til þeirra stjórnlagabreytinga var efnt sem hér hafa verið til umræðu síðustu vikur og hvaða svo sem óvenjulegu aðstæður það eru sem til þess hafa orðið hljóta það að vera mikil vonbrigði öllum þeim sem hafa mikinn áhuga á því að á Íslandi sé frjálslegt lýðræði, byggt á sterkum stjórnskipulegum grunni, að út úr þeirri umræðu komi ekki neitt.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur auðvitað skorið sig úr í umræðunni. Hægt var að hafa vissa samúð með því sjónarmiði Sjálfstæðisflokksins að stjórnlagaþingið og hugmyndin um það væri ekki fullkomlega hugsuð á þann besta veg sem mögulegur væri. En í ljósi þess að Framsóknarflokkurinn hafði lýst því yfir að endurskoða mætti þá tillögu — og hefur sú sem hér stendur fylgst af mikilli athygli með ræðum sjálfstæðismanna undanfarnar vikur — og í ljósi þess að sjálfstæðismenn höfðu margir margítrekað — þar á meðal helstu forustumenn eins og komið hefur fram í umræðunni, fyrrverandi formaður flokksins, núverandi formaður flokksins og varaformaður flokksins — lýst því yfir að flokkurinn væri fyllilega reiðubúinn til að gera ákveðnar breytingar — þ.e. að auðvelda breytingar á stjórnarskránni og margir höfðu í umræðunni, þar á meðal núverandi formaður flokksins, hv. þm. Bjarni Benediktsson, í ræðu sem ég hlýddi á gefið til kynna vilja til þess að lögfesta í stjórnarskrá þjóðareign á náttúruauðlindum — eru það gríðarleg vonbrigði að Sjálfstæðisflokkurinn skuli ekki vera reiðubúinn til þess að ná samningum um þessa tvo þætti þess máls sem hér liggur fyrir þinginu.

Ég vil sérstaklega benda á að auðvitað er það langsamlega æskilegast og í raun nauðsynleg lýðræðisleg krafa að stjórnarskrá sé breytt og henni sé þokað áfram í sem mestri sátt allra þeirra sem þátt taka í stjórnmálum, allra stjórnmálaflokka. En við megum ekki gleyma því að stjórnmál eru ekki einkamál stjórnmálaflokka. Stjórnmál eru hluti af breiðara lýðræðislegu samfélagi og það skiptir miklu máli. Við sjáum það af sögunni að við Íslendingar höfum verið í einhvers konar læstri stöðu. Okkur hefur ekki gengið vel að þróa stjórnarskrána og okkur hefur ekki gengið vel að breyta henni. Úr því verður að bæta. Við hljótum að verða að stíga út úr því ferli.

Ég nefndi áðan tvö atriði, annars vegar að auðvelda breytingu á stjórnarskránni, sem var tillaga stjórnarskrárnefndar er starfaði á síðasta kjörtímabili. Nefndin skilaði tillögunni til þingsins en ekki náðist að afgreiða hana fyrir síðustu kosningar. Það er með hreinum ólíkindum að ekki skuli hafa tekist að koma því máli í höfn og það ber að harma.

Hins vegar er um að ræða breytingu sem á sér mjög langa forsögu, með aðkomu allra flokka og meira að segja að tilteknu frumkvæði Sjálfstæðisflokksins. Ákvæðið um þjóðareign var nefnilega í upphafi mótað í nefnd sem sett var á stofn, ef ég man rétt, árið 1999 og Jóhannes Nordal,

fyrrverandi seðlabankastjóri, veitti forustu. Síðan er liðinn áratugur og stjórnarsáttmálar hafa tilgreint að breytingar skyldu gerðar í þessa átt og málið hefur satt að segja verið bæði þaulrætt og er þrautrætt. Og prófunin sem stjórnmálakerfið stóð frammi fyrir á þessum síðustu vikum var í raun það hvort Alþingi Íslendinga réði við að tryggja festu í stjórnarframkvæmd, skýra hið óskýra og leggja nýjan grundvöll að fiskveiðistjórnarkerfi sem hefur verið undirlagt réttaróvissu allt frá því 1982 þegar aflamarkskerfinu var komið á. Staðreynd er að fáum lögum í íslenska lagasafninu hefur verið breytt jafnoft á 27 árum. Breytingalögin eru öðru hvorum megin við fimmta tuginn. Ég hygg að enginn ábyrgur stjórnmálamaður hafi viðurkennt nokkru sinni að það hafi verið markmið laganna um stjórn fiskveiða að einkavæða auðlindina, fiskinn í sjónum, og breyta henni í kapítal sem yrði síðan spilapeningar í alls óskyldum atvinnurekstri á órafjarlægum svæðum.

Mér er mjög eftirminnileg heimsókn í Bolungarvík síðasta sumar þar sem kvótaeigandi stærði sig af fjárfestingum sínum í Reykjavík og öðrum háborgum heimskapítalismans, en þegar hann var spurður að því hvort hann hafi fjárfest eitthvað í heimabyggð þá hnussaði í honum og hann sagði: Svo vitlaus er ég ekki.

Það eru heldur engin rök, hinar holrómu upphrópanir úr fjarlægri fortíð, að endurskoðun framsalsveðsetningar og annarra einkaréttarlegra einkenna kvótans séu tilnefnd til að rústa þessum mikilvæga atvinnuvegi. Að mínu viti verður Sjálfstæðisflokkurinn að tala skynsamlegra en þetta og ég gæti líka bætt því við að hagsmunasamtök útvegsmanna þyrftu að gera það einnig.

Allir sem þekkja sögu kvótakerfisins, fræga dóma Hæstaréttar á síðustu árum og umræðuna miklu sem farið hefur fram meðal lærðra og leikra, atvinnufólks í greininni, fræðimanna og greinenda vita að það er tvennt sem hefur verið taumurinn á myndun einkaeignaréttar í kvótakerfinu. Í fyrsta lagi einkaréttarfyrirvarinn úr 2. gr. upphaflegu laganna 1982. Í öðru lagi hin almenna jafnræðisregla stjórnarskrárinnar.

Ég vil nota tækifærið til þess að vekja athygli á því sem horft hefur verið fram hjá í þessari umræðu og hefur með það að gera hvaða réttaráhrif breytingar geti haft, þ.e. innleiðing þjóðareignar í stjórnarskrá. Það hefur nefnilega algerlega verið horft fram hjá því til þessa að álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna markar tímamót í sögu kvótakerfisins. Einkum vegna þess að í því áliti felst að jafnræðisregla samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem jafnræðisregla stjórnarskrárinnar frá 1995 er m.a. byggð á og horft skal til sem lögskýringargagns, er beitt á íslenska kvótakerfið, ekki einungis framkvæmd þess núna, heldur tilurðina sjálfa. Hvernig veiðiheimildunum var upphaflega úthlutað, hvort það hafi verið sanngjarnt og réttlátt hvernig að því var staðið.

Ég ætla að rifja það upp að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar fylgdi í hvívetna starfsreglum á ferli mannréttindanefndarinnar, með svari sínu til hennar, og vinna við endurskoðun kerfisins hefði hafist í haust hefði fjármálakreppan ekki sett hér allt í uppnám. Núverandi ríkisstjórn er að sjálfsögðu bundin af þessu ferli og væntanleg ríkisstjórn er það einnig.

Í efnismiklu svari ríkisstjórnarinnar til nefndarinnar er gert ráð fyrir ýmsum leiðum til endurskoðunar og þar á meðal er í raun gert ráð fyrir fyrningarleið af einhverju tagi. Það er alveg ljóst að eignarréttarfyrirvarann frá 1982 þarf að styrkja og leiðin sem nefnd Jóhannesar Nordals, sem hann var formaður fyrir, fann um aldamótin 2000 er einfaldlega sú besta sem enn hefur komið fram og nýtur hér auðheyrilega — segi ég eftir að hafa hlýtt á ræður sjálfstæðismanna undanfarnar vikur — víðtæks stuðnings sem nær inn í alla flokka.

Ég bendi á að hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, talaði við þjóðina í sjónvarpinu í gær og hélt því fram fullum fetum að þjóðareignarhugtakið væri svo óskýrt að ekki væri hægt að nota það. Samt sem áður beitti hann því síðan sjálfur til að túlka hugsun sína og tjá þá hugsun sem hann hafði í málinu. Og ef það hefði ekki fallið um sjálft sig að halda því fram að hugtak sé ónothæft sem menn svo beita sjálfir í sömu setningu, þá veit ég ekki hvernig hægt er að halda nokkru fram.

Að halda því fram að þjóðareignarákvæðið rústi atvinnugreininni er einfaldlega neyðarlegt. Útfærslan sem hér lá fyrir var vissulega málamiðlun en að uppfylltum kröfum um skýrleika hefði þetta þing stigið sögulegt skref til þess að byggja upp útgerð við Ísland á dögum stórskuldugra útgerða og bindingar gervieigna einstaklinga á óveiddum fiski í erlendum bönkum. Það er svo mikilvægt að hafa það í huga að styrking almannaeignar eða þjóðareignar á kvóta og aflamarki gæti einmitt verið bjarghringur ýmissa þjóðhagslega mikilvægra fyrirtækja í sjávarútvegi og að endurskoðun kvótakerfisins sem hefur nú þegar verið ákveðin í svarinu til mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna mundi styrkja stöðu okkar sem viljum greina á milli spilapeninga áhættusækinna ungra karlmanna sem geysast um kasínóheiminn annars vegar og þeirra hinna sem nýta auðlindir landsins með útgerð, sem er alvöruatvinnurekstur.

Að mínu mati þarf Sjálfstæðisflokkurinn núna að rifja upp hvað það er að veita raunverulega forustu. Það að veita raunverulega forustu er ekki að hamra á hræðsluáróðri með hömrum sem þeim eru réttir af hagsmunagæslumönnum. Nú er einfaldlega svo að við erum öll á sama báti, eigendur útgerðarfélaga, fólkið sem hjá þeim vinnur, byggðarlögin og Ísland í heild. Einkaeignarréttur, ótakmarkað frjálst framsal og veðsetning eru alls ekki svörin við vanda okkar tíðar. Þau eru ekki fyrir útgerðarmenn, ekki fyrir byggðarlögin og ekki fyrir Ísland.

Þegar peningakröfur erlendra banka eru eins og þær eru nú er mikilvægt að við reisum öll varnarmúra svo þær nái ekki til auðlinda landsins.

[15:31]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá er loks komið að lokum 136. löggjafarþings. Eftir veru mína á þingi undanfarin tvö ár tel ég nauðsynlegt að fara gaumgæfilega í endurskoðun ekki bara á stjórnarskránni heldur líka á Stjórnarráðinu, á vinnubrögðum og starfsháttum Alþingis, það er svo margt sem þarf að skoða.

Það er þörf á að breyta stjórnarskránni, ég er algjörlega sannfærð um það. Hún þarf að þróast og hún hefur reyndar

verið að þróast eins og dæmin sanna. Mannréttindaákvæðið er dæmi frá 1995. Stjórnarskráin okkar er grundvöllur lýðræðis, mannréttinda, laga og réttar hér í landi. Ég þekki ekki dæmi þess að stjórnarskrárbreytingar hafi verið gerðar eða undirbúnar á þann hátt sem minnihlutaríkisstjórnin gerði. Mig langar því að spyrja hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur hvort hún þekki dæmi þess að stjórnarskrá hafi verið breytt á þann hátt sem við ræðum um núna (Forseti hringir.) með rúmlega mánaðarferli og -umræðu og hvort hún telji að slíkt séu fagleg vinnubrögð.

[15:33]

Kristrún Heimisdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir spurninguna. Það er auðvitað mjög sérkennilegt í íslenskri stjórnskipun að stjórnarskránni hefur alltaf verið breytt á svona stuttum tíma þegar horft er til sögunnar. Það er vegna þess að breyta þarf stjórnarskránni fyrir kosningar og oft og iðulega hefur það verið gert með miklu hraði. Ég er ekki gjörkunnug því hvernig þetta hefur verið gert í öðrum löndum en ég er þeirrar skoðunar að þessi íslenska hefð, sem byggist á því hvernig breytingaraðferðin hefur verið á Íslandi, sé ekki góð. Þess vegna sé mjög mikilvægt að komast út úr þeirri læstu stöðu sem ég nefndi áðan og þannig að hægt sé að gera þetta með öðrum hætti, sú aðferð sem stjórnarskráin mælir fyrir um hefur ekki reynst sérlega vel.

[15:34]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. og virðulegi forseti. Það sem mér er efst í huga á þessum tímamótum þegar þingi er að ljúka er að málið allt hefur frá mínu sjónarhorni lyktað af pólitískum hrossakaupum og það er svo ógeðfellt að hugsa um grundvöll lýðræðismannréttinda og laga og réttar ganga kaupum og sölum á þennan hátt. Ég þrái að sjá fagleg vinnubrögð, ég þrái að sjá vísindaleg vinnubrögð, ég þrái að sjá vinnubrögð sem við getum treyst á.

Ég endurtek spurningu mína til hv. þingmanns: Finnst þingmanninum að við hefðum aukið virðingu þingsins ef þetta frumvarp hefði náð fram að ganga á þann hátt sem það virtist á einhverjum tíma ætla að gera? Ég hefði talið það vera mikið slys vegna þess að hið faglega verður að fá að vera með og við eigum að ráðast í breytingar, ekki að vera hrædd við það. (Forseti hringir.) En við eigum að taka okkur tíma og ég minni á það enn fremur (Forseti hringir.) að í öðrum þjóðþingum — og ég kynnti mér þetta rækilega — það er að sjálfsögðu ákvæði í (Forseti hringir.) öllum rituðum stjórnarskrám sem ég hef heimildir um hvernig standa skuli að breytingum og (Forseti hringir.) þau ákvæði eru ekkert sett í gamni.

[15:35]

Kristrún Heimisdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög mikilvæg umræða og staðreyndin er auðvitað sú að í íslensku stjórnarskránni hefur frá upphafi verið kveðið á um hvernig henni skuli breyta. Staðreyndin er sú að sú aðferð hefur ekki reynst okkur vel vegna þess að ekki hefur tekist að þróa stjórnarskrána eftir því sem kröfur nútímans til frjálslynds lýðræðis hafa kallað eftir eða mundu kalla eftir. Og í raun og veru hafa Íslendingar aldrei sett sér eigin stjórnarskrá vegna þess að því verkefni var frestað 1944 þegar lýðveldið var stofnað.

Vegna þess sem þingmaðurinn sagði um fagleg vinnubrögð, þrána eftir vísindalegum vinnubrögðum og nýrri aðferðafræði í setningu laga og sérstaklega stjórnarskrár, vil ég bara benda á að ég held að ekki séu mörg dæmi um vandaðri vinnu en niðurstöðu auðlindanefndarinnar sem mig minnir að hafi komið út árið 2000. Þá voru forustumenn á sínum sviðum settir saman í kringum borð. Formaðurinn var, eins og ég nefndi áðan, fyrrverandi seðlabankastjóri, (Forseti hringir.) Jóhannes Nordal, og ég hefði haldið að Sjálfstæðisflokkurinn, sem skipaði þessa nefnd, mundi vilja fylgja því máli eftir en einhverra hluta vegna hefur það beðið í tíu ár, (Forseti hringir.) sem fyrir mér er óskiljanlegt.

[15:37]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil til að byrja með fagna því að hv. þm. Kristrún Heimisdóttir skuli taka þátt í þessari umræðu nú þegar líða tekur að lokum þingsins. Ég held að það hefði verið gagnlegt fyrir umræðuna ef hv. þingmaður hefði tekið meiri þátt í umræðunni á fyrri stigum (Gripið fram í.) og ég er sannfærður (Gripið fram í.) um að forseti hefði rýmkað til (Gripið fram í.) á mælendaskrá eins og honum er heimilt. — Hæstv. forseti, get ég fengið aukatíma vegna frammíkalla hérna? (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÞBack): Ég bið þingmenn að stilla mál sitt.)

Að öllu gamni slepptu tel ég rétt að gera athugasemd við þann hluta ræðu hv. þingmanns sem vék að kvótakerfinu. Nú liggur fyrir að ekki var ætlunin með frumvarpinu að breyta neinu varðandi kvótakerfið. Las hv. þingmaður frumvarpið einhvern veginn öðruvísi en hæstv. forsætisráðherra gerði hvað það varðar?

[15:38]

Kristrún Heimisdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að alþingismenn og Alþingi Íslendinga þurfi alltaf að virða valdmörk sín í allri umræðu. Þess vegna var ræða mín byggð á því að hugsa til þess hvernig ákvæði stjórnarskrárinnar með þjóðareignina innan borðs yrði túlkað fyrir dómstólum landsins og eftir atvikum yfirþjóðlegum dómstólum ef um það væri að ræða. Þess vegna setti ég fram þessar skoðanir og viðhorf í ræðu minni. Með allri virðingu fyrir öllum hæstv. ráðherrum og hv. þingmönnum er það bara svo að þegar texti er kominn í stjórnarskrá er það viðfangsefni dómstóla að túlka lögin og ég lýsti því hvernig ég sæi fyrir mér að sú túlkun færi fram.

Ég ítreka að ég er þeirrar skoðunar að þjóðareignarhugtakið, sú lausn sem nefndin, sem sett var á stofn til þess að ná sátt í íslensku samfélagi um kvótakerfið fyrir tíu árum, setti fram hafi verið mjög góð og þessu samfélagi hefði farnast betur ef við hefðum borið gæfu til þess að fylgja því á sínum tíma og miklu fyrr en við höfum gert.

[15:39]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem hv. þingmaður sagði um túlkun dómstóla er rétt. Það sem hjálpar dómstólum til að túlka lagaákvæði, þar á meðal stjórnarskrárákvæði, eru lögskýringargögn, m.a. greinargerð með frumvarpinu, ræða framsögumanns og slík gögn.

Í ræðu framsögumanns með frumvarpinu kemur skýrt fram, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að hafa í huga að þessu nýja stjórnarskrárákvæði er ekki ætlað að svipta menn þeim réttindum sem þeir hafa öðlast, svo sem afnotarétti af náttúruauðlindum eða atvinnuréttindum á grundvelli opinberra leyfa sem kunna að njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar sem óbein eignarréttindi. Með ákvæðinu er til dæmis ekki haggað við slíkum réttindum þeirra sem hagnýta jarðir og ýmis fasteignatengd réttindi eða stunda fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda."

Þetta ítrekaði framsögumaðurinn síðar. Hvað sem líður túlkun hv. þingmanns eru lögskýringargögnin þess eðlis að ætla má að dómstólar hefðu túlkað málið með þeim hætti að stjórnarskrárbreytingin (Forseti hringir.) hefði engin áhrif á kvótakerfið eins og það liggur nú fyrir.

[15:40]

Kristrún Heimisdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan um nauðsyn þess að virða valdmörk Alþingis, allra hv. þingmanna og hæstv. ráðherra. Ég verð að lýsa mig ósammála hv. þm. Birgi Ármannssyni að þessu leyti til (**Gripið fram í:** Lögskýringargögn ...) vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að hinn frægi vilji löggjafans, sem tíðkast hefur talsvert lengi á Íslandi að byggja á við lögskýringu, hafi verið mjög víkjandi á síðustu árum og að staðan sé miklu nær því sem ég lýsti áðan vegna þess að endurskoðunarvald dómstóla á Íslandi hefur styrkst mjög á sl. 15 árum eða svo, þökk sé aðild okkar að yfirþjóðlegum stofnunum. Vil ég þá láta fylgja með hvatningu mína til sjálfstæðismanna nær og fjær um að taka nú þátt í því með okkur jafnaðarmönnum að opna Ísland og tengja okkur frekar við yfirþjóðlegar stofnanir.

En kjarni málsins er sem sagt þessi: Ég er þeirrar skoðunar og tel að það sé í samræmi við það sem uppi er í lögfræði á Íslandi nútímans (Forseti hringir.) að það sé dómstólanna að túlka (Forseti hringir.) en að vilji löggjafans, hvort sem er framsögumanna, hv. þingmanna eða hæstv. ráðherra ráði ekki öllu um þetta.

Umræðu frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Frv. AtlG o.fl., 342. mál (bann við kaupum á vændi). — Þskj. 583, nál. 885, brtt. 886.

[15:42]

Frsm. meiri hluta allshn. (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta allsherjarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum þar sem lagðar eru til breytingar á 206. gr. almennra hegningarlaga með það að markmiði að gera refsivert að kaupa vændi eða heita öðrum ávinningi fyrir vændi. Jafnframt er lagt til að gert verði refsivert að greiða fyrir vændi barns yngra en 18 ára eða heita öðrum greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi barns.

Markmiðið með frumvarpinu er, eins og þingheimi er ljóst, að gera kaup á vændi almennt refsiverð og sporna með því við sölu á kynlífi. Með þessu er ábyrgðin á viðskiptunum færð til kaupandans þar sem mikill aðstöðumunur er á kaupanda og seljanda sem er iðulega knúinn áfram af einhvers konar neyð.

Mál hliðstæðs eðlis hafa oft verið lögð fram undanfarin ár en ekki náð fram að ganga. Samþykkt þessa þingmannafrumvarps í meiri hluta allsherjarnefndar er í samræmi við þá stefnumörkun sem ríkisstjórnin hefur þegar sett fram að þessu leyti um að gera beri kaup á vændi refsiverð. Að öðru leyti skýrir málið sig sjálft og ég ætla ekki að orðlengja það í ljósi þess að nú líður að þinglokum. Málið er fullupplýst í ljósi langrar umræðu um það á fyrri þingum.

Ég vil þó vekja athygli á því að á fundum nefndarinnar kom fram að í 202. gr. almennra hegningarlaga og í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er fjallað um það sama, þ.e. um refsinæmi þess að greiða barni undir 18 ára fyrir samræði eða önnur kynferðismök. Ákvæði frumvarpsins gengur þó lengra þar sem það nær einnig til þess þegar þriðja aðila er greitt fyrir slíkt. Því er gerð tillaga um ákveðna hreinsun og einföldun á lagaákvæðunum að því leyti að þar sem í 202. gr. er ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum en 206. gr. er almennt ákvæði um vændi séu ákvæði frumvarpsins eðlileg viðbót við þá síðarnefndu. Því er lagt til að 4. mgr. 202. gr. falli brott þar sem hún verður óþörf við þessa breytingu.

Undir álit meiri hluta allsherjarnefndar rita auk mín hv. þingmenn Álfheiður Ingadóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Árni Þór Sigurðsson og Siv Friðleifsdóttir.

[15:45]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, mál nr. 342. Innkoma þess í þingið og afgreiðsla þess í allsherjarnefnd var afar óvenjuleg. Á fundi allsherjarnefndar síðla vetrar var sett á dagskrá þetta ákveðna mál, frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum hvað varðar vændi. Það hafði ekki komið á dagskrá allsherjarnefndar þennan þingveturinn en á fundi nefndarinnar töldu menn að meiningin væri að hefja umræðu um málið, kalla til gesti og velta vöngum yfir málinu. Meiri hluti allsherjarnefndar lagði þá til að það yrði tekið út umræðulaust. Ég held að það sé einsdæmi að svona sé staðið að málum. Mér finnst það afar óheppilegt og raunar alveg fyrir neðan allar hellur að ekki hafi verið á það hlustað að þingmenn í allsherjarnefnd þyrftu að kynna sér þetta mál. Þess vegna stend ég sem einn fulltrúi í allsherjarnefnd hérna með þetta mál fyrir framan mig og hef engar forsendur til að tala um það í þingsalnum. Ekki var gefinn kostur á því í allsherjarnefnd að það yrði rætt, mál sem varðar breytingu á einum mikilvægasta lagabálki þjóðarinnar. Fulltrúi í allsherjarnefnd hefur ekki forsendu til að átta sig á því hvaða sjónarmið

liggja þarna að baki.

Óskað var eftir því að kallaðir yrðu til gestir. Óskað var eftir því að hæstv. dómsmálaráðherra kæmi fyrir nefndina og gerði grein fyrir þeim sjónarmiðum sem áður höfðu komið fram á hennar grundvelli þar sem hún fór fyrir nefnd sem fjallaði um þetta mál þegar það var tekið á dagskrá á síðasta kjörtímabili. Því var hafnað. Óskað var eftir því að formaður refsiréttarnefndar kæmi á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir sínum sjónarmiðum. Því var hafnað. Óskað var eftir því að prófessor í refsirétti kæmi fyrir nefndina og reifaði málið. Því var einnig hafnað. Óskað var eftir því að málið yrði tekið á dagskrá á næsta fundi allsherjarnefndar. Því var að sjálfsögðu, í samræmi við fyrri afgreiðslu í nefndinni, hafnað og málið tekið út þrátt fyrir að sjálfstæðismenn bæðu eindregið um að málið fengi einhverja umræðu þannig að menn gætu glöggvað sig á því og gert upp hug sinn til þess hvernig ætti að fara með það. Þess vegna var algjörlega ófært fyrir mig í allsherjarnefnd að móta mér skoðun á málinu eins og það var lagt upp af hálfu meiri hluta nefndarinnar.

Það áhugaverðasta við þetta allt saman var rökstuðningurinn fyrir því af hverju ekki þyrfti að ræða málið í allsherjarnefnd, af hverju ekki þyrfti að taka það almennilega á dagskrá, af hverju ekki ættu að koma gestir. Ástæðan var sú að málið hafði verið rætt á kjörtímabilinu 2003–2007. Þá hafði málið fengið mjög ítarlega umræðu, margir gestir höfðu verið kallaðir til, menn höfðu farið í ýmsa vinnu til að fara yfir málið þannig að það var alveg ljóst að málið var afskaplega vel unnið á kjörtímabilinu 2003–2007 og algjör óþarfi að ræða aftur. Ég sat ekki á þingi á kjörtímabilinu 2003–2007. Meiri hluti allsherjarnefndar sat ekki á þingi á því kjörtímabili heldur. Þingheimur allur hefur gjörbreyst enda varð mikil endurnýjun í kosningunum 2007.

Ágætur félagi í háskólanum, formaður allsherjarnefndar, Árni Páll Árnason, kom með mér á þing árið 2007. Hann tók ekki þátt í þeim merku umræðum sem urðu á þinginu í allsherjarnefnd á kjörtímabilinu 2003–2007 en það kom ekki í veg fyrir að hann tæki málið keikur út úr nefndinni og fyndist ekkert athugavert við að gera eins og hann gerði.

Hv. þm. Árni Páll Árnason hélt ræðu áðan og fór mikinn í gagnrýni sinni á Sjálfstæðisflokkinn í svokölluðu stjórnarskrármáli. Ég ætla ekki að fara efnislega inn í það mál eða hvernig það er tilkomið en hins vegar ætla ég að vitna í hv. þm. Árna Pál Árnason þar sem hann sagði í dag, með leyfi forseta:

„Sjálfstæðisflokknum er ekkert heilagt þegar kemur að meðferð mála í þinginu.“

Mér þykir skjóta ansi skökku við að hv. þm. Árni Páll Árnason kjósi að velja orð sín með þessum hætti. Ég vona að þessi atburðarás og sá atburður sem varð í allsherjarnefnd í kringum þetta mál hafi verið einsdæmi. Nefndin hefur unnið afskaplega gott starf á þessu kjörtímabili, bæði á meðan fyrri ríkisstjórn var við völd og líka undanfarna mánuði. Mikil samstaða hefur verið um málin og yfirleitt hafa menn viljað leita leiða til að leiða þau til lykta. Þess vegna var svo undarlegt, frú forseti, að formaður allsherjarnefndar og meiri hlutinn í allsherjarnefnd skyldu kjósa að gera þetta svona í stað þess að leyfa okkur að ræða málið. Ég vona svo sannarlega að þetta komi ekki fyrir aftur, að menn eigi það ekki framvegis á hættu að mál verði tekin út úr nefnd án þess að þau séu rædd.

Ég get sagt það fullum fetum að ég var ekki með fyrirframmótaðar skoðanir á því hvernig ég lít á þetta mál. Ég var ekki fyrir fram á móti því. Ég var mjög opin fyrir því, ég vildi bara fá umræðu um það í nefndinni. Þegar um er að ræða breytingar á hegningarlögum, hæstv. forseti, og þegar um er að ræða nefnd eins og allsherjarnefnd þar sem upp til hópa er farið mjög faglega yfir grundvallarlöggjöf í landinu er ekki hægt að taka mál út án þess að þau séu rædd nokkurn skapaðan hlut, án þess að gestir komi, án þess að umsagnir komi, og vitnað í afgreiðslu málsins á allt öðru kjörtímabili. Mér kemur ekkert við, frú forseti, hvað allsherjarnefnd hafði um þetta að segja á tímabilinu 2003–2007. Ég er ekkert endilega sammála þeim skoðunum sem þar komu fram. Til þess að ég geti mótað afstöðu mína í málinu verð ég að fá tækifæri til að tala við þá sérfræðinga og eiga líka orðastað við mína ágætu vini í allsherjarnefnd um málið. Þess vegna fannst mér þetta svo óskaplega leiðinlegt og þetta er aðaltilgangur minn hingað upp núna. Ég ætla ekki að ræða efni þessa máls, ég hef engar forsendur til þess, en ég bið þingmenn að hafa það í huga að þetta gerist ekki aftur, frú forseti.

[15:53]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Við ræðum nefndarálit hv. allsherjarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Flutningsmenn þess frumvarps sem við ræðum eru hv. þm. Atli Gíslason, Ágúst Ólafur Ágústsson, Árni Þór Sigurðsson, Þuríður Backman, Katrín Júlíusdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Eygló Harðardóttir og Helga Sigrún Harðardóttir auk þeirrar sem hér stendur.

Frú forseti. Í nefndarálitinu er mælt með því að þetta frumvarp verði samþykkt sem þýðir að kaup á vændi yrðu þar með gerð refsiverð. Þetta er öðru sinni sem hv. allsherjarnefnd afgreiðir málið með þessum hætti. Fyrir sex árum lagði hv. allsherjarnefnd fram nefndarálit og mælti með samþykkt frumvarpsins. Þá náði það hins vegar ekki endanlegri afgreiðslu þingsins og það er rétt að taka fram að sama mál hefur verið lagt fyrir þingið oftar en í þessi tvö skipti. Hér er lagt til að sænska leiðin svokallaða sem leidd var í sænsk lög á síðasta ári, frú forseti, verði í lög leidd, kaupandi vændis gerður ábyrgur og að það sé refsivert að kaupa kynlífsþjónustu.

Eins og menn vita er vændi ein birtingarmynd kynferðisofbeldis. Flutningsmenn og meiri hluti hv. allsherjarnefndar telja ekki forsvaranlegt að heimila eða loka augunum fyrir sölu og kaupum á kynlífi enda ekki ásættanlegt að líta á mannslíkamann sem söluvöru. Í þessu máli er viðurkenndur sá mikli aðstöðumunur sem er á þeim sem í krafti peninga hefur eiginlegt val um að kaupa eða kaupa ekki kynlífsþjónustu og aftur hins eða hinnar sem selur aðgang að líkama sínum til kynlífsathafna, oft út úr neyð eða tilneydd. Kaupandinn hefur lykilstöðu og er með þessu móti gerður ábyrgur.

Það þarf ekki að ítreka hversu þekkt tengsl vændis og mansals eru. Mýmörg dæmi um slíkt hafa komið fram í ná-

grannalöndum okkar og það er ekki hægt að loka augunum fyrir því að slíkt gerist einnig á Íslandi.

Ekki hafa farið fram margar rannsóknir á áhrifum þess að lögum var breytt í þessa veru í Svíþjóð en engu að síður hefur verið gerð ein marktæk rannsókn sem rakin er í umsögn Mannréttindastofu sem lögð var fyrir hv. allsherjarnefnd. Þar kemur fram að áhrifin hafa orðið þau að dregið hefur úr götuvændi sem þeir sem hafa lagt þetta mál fram telja til mikilla bóta í Svíþjóð.

Ég tel, frú forseti, að hér sé um mikilvægt skref að ræða. Það er í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn kynbundnu ofbeldi og það er mikilvægt að berjast gegn klámvæðingu samfélagsins, hvar sem er og hvenær sem er, klámvæðingu sem gerir út á markaðsvæðingu kvenlíkamans og nærist á kvenfyrirlitningu. Það er ekki hægt að varpa ábyrgðinni af vændi yfir á þann sem selur út úr neyð aðgang að líkama sínum. Það er nauðsynlegt að grípa til annarra ráðstafana. Það hefur sýnt sig að það að gera kaupandann ábyrgan er leið til þess að draga úr vændi og það er tímabært að það skref sé stigið hér á landi.

[15:57]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér er komið til umræðu frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, með síðari breytingum, lagt fram af ýmsum þingmönnum í núverandi stjórnarminnihluta með stuðningi Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.) Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði um refsinæmi þeirra er kaupa vændi þannig að hver sá sem greiðir eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Er frumvarpinu ætlað að lögfesta svokallaða sænska leið sem gerir kaup á vændi refsiverð en Norðmenn fetuðu nýlega í fótspor Svía með því að kveða á um refsinæmi þess að kaupa vændi.

Það kom fram hjá hv. þm. Ólöfu Nordal sem á sæti í allsherjarnefnd, en ég á reyndar ekki sæti þar, að málið hefði ekki verið rætt í nefndinni á þessu kjörtímabili og nýir þingmenn ekki komið að því. Það var samt sem áður afgreitt út úr nefndinni fyrir stuttu án umræðu og það er fáheyrt, ef ekki með öllu óheyrt, að slík málsmeðferð eigi sér stað innan nefndar, ekki síst þegar um er að ræða mál sem hefur verið umdeilt mjög lengi. Það er ámælisvert að nýjum þingmönnum skuli ekki hafa verið gefinn kostur á að skoða og ræða málið sín á milli. Við skulum hafa í huga að í síðustu kosningum sem voru fyrir tæpum tveimur árum voru nýir þingmenn um þriðjungur þingheims. Þó að það hafi komið fram að í einhverjum mæli voru þingmenn í allsherjarnefnd frá síðasta kjörtímabili voru þar jafnframt nýir þingmenn sem höfðu ekki fengið tækifæri til að kynna sér málið. Ég verð að segja að mér þykir það ámælisvert og ekki vinnubrögð sem á að taka til fyrirmyndar, öðru nær. Það hlýtur líka að vekja til umhugsunar að fyrir þessum vinnubrögðum standa þingmenn flokka sem telja sér til tekna að standa fyrir opinni lýðræðislegri umræðu, umræðu sem sumir vilja einnig setja annan stimpil á, samræðustjórnmál.

Þetta hljóta að vera ámælisverð vinnubrögð, ekki síst í ljósi þess að frá þeim tíma þegar þetta mál var til umræðu síðast, á síðasta kjörtímabili, hafa Norðmenn breytt afstöðu sinni til málsins, þ.e. á árinu 2007 komust þeir að þeirri niðurstöðu að þeir vildu ekki fara þessa sænsku leið og birtu þá ítarlega skýrslu með rökstuðningi um af hverju þeir völdu að fara ekki þá leið, m.a. með vísan í það að árangur sænsku leiðarinnar væri óljós. Mun ég fara aðeins nánar í það á eftir. Hv. þingmenn fengu sem sagt ekki tækifæri til að spyrjast fyrir um hvað olli því að Norðmenn skiptu um skoðun, tóku aðra afstöðu og lögleiddu hina svokölluðu sænsku leið.

Aðkoma mín að þessu máli er á þann veg að ég átti sæti í starfsnefnd á vegum þáverandi dómsmálaráðherra Björns Bjarnasonar sem kynnti sér á árinu 2005 mismunandi löggjöf um vændi og fleira á Norðurlöndum og víðar. Þessi nefnd starfaði í u.þ.b. ár og í henni áttu sæti hv. þáverandi þingmenn, og sumir núverandi, Kolbrún Halldórsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Gunnar Örlygsson sem var þá þingmaður Frjálslynda flokksins, Jónína Bjartmarz og síðan ég sem var þá varaþingmaður, en formaður starfshópsins var Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem jafnframt er núverandi dómsmálaráðherra. Skýrslan var gefin út í febrúar 2006. Nefndin komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu, þrír vildu fara þá leið sem lagt er til í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar en hinir þrír skiluðu tveimur álitum þar sem þeir komust að gagnstæðri niðurstöðu, þ.e. þeim þótti sænska leiðin ekki fýsileg.

Í raun má draga saman niðurstöðu þeirra sem voru mótfallnir því að fara þessa leið, m.a. með vísan í afstöðu Rögnu Árnadóttur, fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem var í raun og veru samhljóða og með sambærilegum rökum og við tvö, ég og Gunnar Örlygsson, tefldum fram. Ragna Árnadóttir, núverandi dómsmálaráðherra, segir m.a. í greinargerð sinni, með leyfi forseta:

„Það, sem vitað er um áhrif sænsku lagasetningarinnar, er þetta: Í kjölfar hennar minnkaði sýnilegt vændi, eða götuvændi, samkvæmt opinberum sænskum gögnum. Í sömu gögnum kemur einnig fram að ekki er vitað hvort dulið vændi hefur að sama skapi aukist. Þá fylgdi lagasetningunni í Svíþjóð sérstök fjárveiting sem gerði lögreglu kleift að einbeita sér að þessum málaflokki, og náðu aðgerðir hennar einkum til götuvændis. Þetta ber að hafa í huga þegar áhrif lagasetningarinnar eru metin.

Þegar metið er, hvort setja beri sams konar ákvæði í íslenska refsilöggjöf, verður í fyrsta lagi að athuga aðstæður hér á landi. Hér á allt annað við en í Svíþjóð, þar sem götuvændi dafnaði við fjölgun erlendra vændiskvenna, sem talið er að tengst hafi mansali og erfitt var að stöðva vegna sameiginlegra landamæra og nálægðar við önnur ríki. Hér er eftirlit við landamæri allt annað en í Svíþjóð og aðstæður til að sporna við mansali og vændi tengdu því allt aðrar og betri en þar. Því er það mitt álit að áður en ráðist er í lagasetningu að sænskri fyrirmynd eigi að taka mið af raunverulegum aðstæðum hér en ekki eins og þær voru í Svíþjóð árið 1999. Engin þjóð hefur enn fetað í fótspor Svía að þessu leyti, þótt þeir hafi vissulega verið fyrirmynd um margt."

Í framhaldi af því má geta þess að Norðmenn breyttu af-

stöðu sinni. Eins og kom fram áðan tóku þeir þá ákvörðun árið 2004 að fara ekki þá leið en hafa hins vegar snúið við því blaði. Nú held ég áfram að lýsa afstöðu Rögnu Árnadóttur, núverandi dómsmálaráðherra, þar sem hún segir, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi tel ég að möguleg varnaðaráhrif þess, að gera vændiskaup refsiverð, séu ofmetin. Vissulega má færa rök fyrir því að refsiákvæði mundi fæla frá löghlýðna og grandvara vændiskaupendur, en ekki er víst að ákvæðið hefði áhrif á aðra hópa vændiskaupenda. Lítið er vitað um þá karla, sem kaupa vændi á Íslandi, og því möguleg varnaðaráhrif óljósari en ella.

Í þriðja lagi tel ég rök standa til þess að refsiákvæði um vændiskaup yrði til þess að erfiðara yrði að ná til þeirra sem skipuleggja vændi, en það er hópur sem ég tel að þurfi síst að vernda, því að erfitt yrði að fá seljendur og kaupendur vændis til þess að vitna gegn þeim. Þeir einstaklingar, sem selja vændi, eru að líkindum háðir vændismiðlurunum á einn eða annan hátt, og því erfitt að fá þá til að vitna gegn þeim. Sama gildir um kaupendur, sem ættu þá á hættu lögreglurannsókn og e.t.v. ákæru ef upp um þá kæmist.

Í fjórða lagi tel ég það vera mikla einföldun að grundvalla refsiákvæði um kaup á vændi á því að ávallt sé aðstöðumunur á milli þess einstaklings sem selur vændi og einstaklings sem það kaupir. Aðstaða þeirra beggja getur til dæmis verið mjög bág.

Í fimmta lagi tel ég rétt að líta til gildandi laga á Íslandi og hvaða áhrif þau hafa haft. Samkvæmt íslenskum hegningarlögum er refsivert að greiða barni yngra en 18 ára fyrir samræði eða önnur kynferðismök. Á fundum starfshópsins komu fram upplýsingar um að stór hluti þeirra, sem stunda vændi á Íslandi, sé börn yngri en 18 ára. Þó virðist ekkert slíkt mál hafa komið til kasta lögreglu. Ekki hefur verið rannsakað í hverju varnaðaráhrif ákvæðisins felast. Ég tel rökrétt að rannsaka áhrif þeirra ákvæða, sem nú gilda um refsiverð vændiskaup af börnum, áður en löggjafinn ákveður að setja í lög ákvæði um refsiverð vændiskaup af fullorðnum.

Með vísan til framangreinds mæli ég ekki með því að farin verði sú leið að setja í lög ákvæði sem gerir kaup á vændi refsiverð og tel ég að huga eigi að öðrum úrræðum til þess að sporna við vændi."

Þetta var afstaða þáverandi skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, núverandi dómsmálaráðherra, Rögnu Árnadóttur, og ég tel mig hafa heimild fyrir því að hún hafi ekki breytt um skoðun í þessum efnum.

Nú eru sem sagt liðin þrjú ár frá því að þessi skýrsla kom fram og enn í dag liggja Svíar undir ámæli fyrir að hafa ekki látið vinna og birta niðurstöður rannsókna sem styðja fullyrðingu þeirra, um að hin svokallaða sænska leið hafi haft þau jákvæðu áhrif sem þeir hafa haldið fram. Á árinu 2005 fól Björn Bjarnason, þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, Ragnheiði Bragadóttur að semja drög að frumvarpi um breytingu á tilteknum ákvæðum um kynferðisafbrotakafla almennra hegningarlaga, m.a. þær greinar laganna sem snúa að vændi. Í umfjöllun hennar og greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram afstaða hennar. Hún telur að mjög takmarkaðar rannsóknir hafi farið fram hér á landi en að þær sem hafa verið gerðar bendi ekki síst til þess að vændi sé að finna meðal barna á aldrinum 13–18 ára. Þetta eru oft börn sem eru í vímuefnaneyslu, hafa verið misnotuð kynferðislega og standa félagslega höllum fæti. Þá virðist vændið vera stundað bæði af stúlkum og piltum. Reynsla þeirra sem starfa með þolendum kynferðisbrota bendir í sömu átt, þ.e. að vændi sé talsvert, einkum meðal barna og unglinga.

Rannsóknin sýnir einnig að stór hluti vændismarkaðarins er neðan jarðar enda alkunnugt að götuvændi tíðkast tæpast. Aðstæður hér eru því aðrar en í Svíþjóð þegar refsiákvæði um vændiskaup voru lögfest þar. Erfitt er að fullyrða nokkuð um hvaða almennu varnaðaráhrif lögfesting sænsku leiðarinnar muni hafa enda er ekkert vitað hverjir eru kaupendur vændis á Íslandi. Hugsanlega fælir sænska leiðin frá þá kaupendur sem talist geta „venjulegir viðskiptavinir", þ.e. þá sem kaupa þjónustu vændiskvenna sjaldan og stundum nánast fyrir tilviljun. Hins vegar er vafasamt að hún hafi áhrif á þá ofbeldisfyllri sem hafa sterkari vilja til háttseminnar. Í greinargerð Ragnheiðar Bragadóttur segir áfram, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því sem fram hefur komið er ljóst að ýmis sannfærandi rök hafa verið færð fram bæði með og á móti því að lögfesta hér refsiákvæði um vændiskaup. Lagabreytingar verða að taka mið af þjóðfélagsviðhorfum og aðstæðum hverju sinni. Því er nauðsynlegt að frekari rannsóknir fari fram á vændi á Íslandi, umfangi þess og eðli og hvernig best sé að taka á því, áður en lagðar eru til lagabreytingar í ætt við þá sem gerð var í Svíþjóð. Þá er það einnig verðugt rannsóknarefni hvað ræður því að vændi er svo lítt til meðferðar í réttarvörslukerfinu, ekki síst í ljósi þess að vitað er að það er stundað hér í einhverjum mæli. Það eru líka til önnur úrræði og væntanlega mun áhrifaríkari til að draga úr vændi en að refsa kaupendum þess. Refsing hefur í sjálfu sér aldrei verið heppileg leið til að leysa félagslegan vanda og ef aðrar leiðir eru færar á frekar að velja þær. Það þarf að finna orsök vandans og reyna að koma í veg fyrir að fólk leiðist út í vændi. Börn og unglingar sem sæta kynferðislegu ofbeldi, vanrækslu eða annarri misbeitingu eru áhættuhópur sem reynslan sýnir að getur orðið þolendur vændis, bæði sem seljendur og kaupendur. Markaðsvæðing kynlífs eykur líkur á að slíkir áhættuhópar byrji að stunda vændi. Því þarf að leggja áherslu á forvarnir, reyna að vernda þessi börn og unglinga, taka á starfsemi nektardansstaða og næturklúbba og vinna gegn þeim viðhorfum til kynlífs sem þeir standa fyrir. Ekki er ólíklegt að með jákvæðri og heilbrigðri fræðslu og upplýsingum um kynlíf megi breyta viðhorfi í þjóðfélaginu og draga úr eftirspurn eftir vændi. Með hliðsjón af framansögðu verður því ekki lagt til í frumvarpi þessu að lögð sé refsing við kaupum á vændi."

Bæta má við að í þeim gögnum sem nefndin sem ég vísaði til áðan og ég átti sæti í hafði til umfjöllunar kom einmitt fram, bæði í gögnum frá Dönum og Norðmönnum, að þeir teldu vændi félagslegt vandamál sem þyrfti að taka á með úrræðum sem veitt eru af félagslega kerfinu og heilbrigðiskerfinu. Þar leggja þeir áherslu á félagslega hjálp til kvenna og karla sem stunda vændi og styðja þau í að velja nýjar brautir. Jafnframt kemur m.a. fram í skýrslu Dana að áhersla er lögð á að leita þá uppi sem stunda vændi og

beina að þeim forvarnastarfi, ráðgjöf og draga úr skaða sem fylgir vændi, m.a. með ráðgjöf á internetinu. Þeir leggja sérstaklega áherslu á að hjálpa börnum og ungmennum sem eru í áhættuhópi með að stunda vændi. Þannig var það niðurstaða Dana, og reyndar Norðmanna á svipuðum tíma, að vændi væri félagslegt vandamál sem væri ekki hægt að leysa með refsingu.

Í nefndaráliti allsherjarnefndar frá árinu 2007 um breytingar á almennum hegningarlögum var jafnframt fjallað um breytingar á almennum hegningarlögum er varða vændi og kynferðisbrot. Í nefndaráliti fulltrúa flestra stjórnmálaflokka í allsherjarnefnd á þeim tíma, undirritað í mars 2007 af hv. þm. Bjarna Benediktssyni, Guðjóni Ólafi Jónssyni, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Björgvini G. Sigurðssyni, Birgi Ármannssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Kjartani Ólafssyni og Sigurði Kára Kristjánssyni en Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar og var samþykk áliti þessu með fyrirvara, kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi sænsku leiðina, með leyfi forseta:

„Miklar umræður spunnust meðal nefndarmanna um það hvort rétt væri að áskilja það að kaup á vændi væru refsinæm eins og lagt hefur verið til í þingmálum sem áður hafa komið til meðferðar nefndarinnar, svokölluð „sænsk leið“. Sú leið hefur þó þá ótvíræðu annmarka að hún færir vændið af götunum niður í undirheimana og að einhverju leyti yfir á veraldarvefinn og gerir það þannig ósýnilegra. Um leið verður erfiðara að ná til þeirra sem hafa milligöngu um það. Slíkt mundi hafa í för með sér aukningu á eftirliti lögreglu með brotum sem engir kærendur væru að. Nefndin bendir á að vændi er félagslegt vandamál og efast verður um að það verði leyst með refsingum. Niðurstaða nefndarinnar varð því sú að leggja þá breytingu að gera kaup á vændi refsinæm ekki til að svo komnu máli.“

Ég bendi sérstaklega á að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson og Kolbrún Halldórsdóttir voru samþykk áliti þessu og þar af Kolbrún Halldórsdóttir með fyrirvara. Þau eru jafnframt flutningsmenn málsins sem hér er til umræðu.

Í ræðutíma mínum hef ég rakið ákveðna þróun í þessu máli, þá umræðu sem hefur farið fram og þá umfjöllun sem skýrsla starfshóps sem kynnti sér mismunandi löggjöf um vændi og fleira á Norðurlöndum og víðar komst að, þar á meðal hæstv. núverandi dómsmálaráðherra, Ragna Árnadóttir, sem var formaður nefndarinnar, sem komst að þeirri niðurstöðu á þeim tíma að ekki væri æskilegt að fara þessa svokölluðu sænsku leið. Jafnframt hef ég bent á þá umfjöllun sem kom fram í frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum á 133. löggjafarþingi og unnin var af Ragnheiði Bragadóttur prófessor þar sem hún leggur til að þessi leið verði ekki farin og svo aftur niðurstöðu allsherjarnefndar á 136. löggjafarþingi sem ég las áðan.

Ég vil segja að lokum að álit mitt hefur ekkert breyst frá því að ég átti sæti í þeirri nefnd sem ég nefndi áðan, skýrslu starfshóps sem kynnti sér mismunandi löggjöf um vændi og fleira á Norðurlöndum og víðar, og byggi þá ekki síst á því að rannsóknir hafa ekki með neinum ótvíræðum hætti bent til þess að sænska leiðin hafi bætt aðstæður viðkomandi kvenna.

[16:15]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að koma í stutt andsvar við hv. þm. Ástu Möller vegna þess að hún vitnaði í nefndarálit frá árinu 2007 þar sem allsherjarnefnd var sammála um að afgreiða frá sér stórt og mikið frumvarp um meðferð sakamála, ef ég man rétt. Mjög margar verulega góðar úrbætur voru gerðar á þeirri löggjöf í þessu máli. Ég var áheyrnarfulltrúi í allsherjarnefnd á þessum tíma og fyrirvari minn, sem hún nefndi að hefði verið tekinn fram í niðurlagi nefndarálitsins að ég hefði haft um málið, laut nákvæmlega að þeim kafla sem hún vitnaði síðan til í nefndarálitinu. Ég vil meina að hv. þingmanni hefði mátt vera það ljóst þar sem hún veit sjónarmið mín varðandi vændi og ég tel ekki mikinn sóma að því að nota nákvæmlega þann kafla í nefndarálitinu sem hún veit að ég er andsnúin og hefði mátt segja sér sjálf að fyrirvari minn lyti að þegar hún fjallar um það mál sem við fjöllum hér um, að gera kaup á vændi refsiverð.

Fyrirvari minn var skýrður á þessum tíma og hv. þingmaður getur farið í ræðusafn Alþingis því til staðfestingar. Eins og segi tel ég að þingmanninum hefði mátt vera þetta ljóst og vil að það sé undirstrikað að fyrirvari minn við málið á þeim tíma, 2007, laut nákvæmlega að því sem hún vitnaði hér til, nefnilega umfjöllun þessarar allsherjarnefndar um að gera kaup á vændi refsiverð.

[16:16]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður og hæstv. ráðherra Kolbrún Halldórsdóttir hefur gert grein fyrir fyrirvara sínum frá þessum tíma og ég hef engu við það að bæta en verð að segja að ég sá ekki fyrr en ég leit á það plagg sem ég las úr áðan að það hefði verið með fyrirvara. Ég hafði tekið það þannig að hún hefði verið á móti þessu frumvarpi þannig að það kom mér á óvart þegar ég las það að þetta var sett svona upp. Ekki það, mér er vel kunnugt um fyrirvara hennar og hef ekkert við hann að athuga. Fyrirvarinn er kominn hér fram en á sama hátt liggur mín skoðun fyrir.

[16:17]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér er mikið gleðiefni að stíga í pontu í dag þegar sér fyrir endann á þessu máli sem að öllum líkindum verður afgreitt með atkvæðagreiðslu frá Alþingi Íslendinga síðar í dag. Ég vil bara segja að það er búin að vera mikil barátta í þinginu að fá þetta mál í gegn. Stundum hafa sjónarmið sveiflast þannig að það hefur verið hreinn og klár meiri hluti með þessu máli, það hefur jafnvel lent þar í samningalotum í niðurlagi þings að breytingartillögur varðandi málið hafa þurft að hverfa út af sjónarsviðinu og hafa ekki verið bornar upp vegna ólgu og óánægju bak við tjöldin með að mögulega væri meiri hluti fyrir málinu. Gangarnir hafa logað af umræðum og mikill hiti verið í þeim. Sjónarmið hafa sannarlega verið mjög skipt.

Nú lít ég svo á að baráttan sé að baki. Við erum að leiða þetta mál til lykta í dag og ég vil bara segja að eftir allt sem

á undan er gengið, alla þá baráttu sem mér er að mörgu leyti óskiljanleg, tel ég að niðurstaðan sé virkilega farsæl. Við getum vel við unað að á Alþingi Íslendinga skuli hafa myndast meiri hluti fyrir þessu máli, tryggur og traustur, og það segir mér að réttlætiskennd þingmanna hefur vaknað gagnvart því að hér sé um mikið réttlætismál að ræða, sanngirnismál og mannréttindamál.

Ég vil líka geta þess að í nýsamþykktri aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn mansali kemur skýrt fram að þau sem sitja nú við stjórnvölinn, í þessari ríkisstjórn, eru þeirrar skoðunar að mansal, klám og vændi séu svo nátengd að það beri að vinna gegn hverri og einni af þessum þremur birtingarmyndum kynbundins ofbeldis.

Við höfum breytt löggjöfinni talsvert mikið á síðustu árum varðandi klámið. Við höfum gert ákveðnar bragarbætur á löggjöf varðandi mansal en höfum átt erfitt með, eins og ég sagði áðan, að lenda þessu máli og tryggja að kaup á vændi verði gerð refsiverð þar sem ábyrgðin er sett á herðar þeim sem hana á auðvitað að bera, herðar þess sem hefur val í raun og veru um að segja nei. Við sem höfum talað fyrir þessu máli hingað til lítum svo á að sá eða sú sem leiðist út í vændi eigi aldrei neitt val.

Það að þessi ríkisstjórn skuli hafa samþykkt aðgerðaáætlunina sem ég nefndi og skuli vera að leiða þetta mál til lykta í dag segir okkur eitt, að það skiptir máli hverjir stjórna, hverjir eru við völd. Það skiptir máli fyrir hvaða sjónarmiðum er talað við ríkisstjórnarborðið.

Þetta mál hefur verið eins konar tákn fyrir femíníska stefnu. Femínistar hafa lagt mjög mikið til málanna og við sjáum það á umsögnunum sem þingheimi hafa borist með þessu máli í gegnum árin, hin femínísku sjónarmið, hreyfingar femínista, Femínistafélagið og femínísk félög hafa ævinlega pressað mjög á þingmenn að samþykkja þetta mál.

Nú finnst mér þetta vera staðfesting á því að femínísk sjónarmið ráði för við ríkisstjórnarborðið, kannski ekki í öllum málum en í öllu falli mjög mörgum. Við erum með þessum málum að færa hin femínísku sjónarmið út í þingsalinn, til þingheims alls, og það er með nokkru stolti sem ég leyfi mér að standa hér og segja að femínísk sjónarmið hafi náð yfirhöndinni á Alþingi Íslendinga í tilteknum málum. Þetta mál er í mínum huga verulega sterkt tákn um það.

Það er því með miklu stolti að ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, í þessari umræðu þegar hillir undir það að Alþingi Íslendinga samþykki að kaup á vændi verði gerð refsiverð.

[16:22]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Það er sérdeilis undarlegt að upplifa hér í dag að heyra sjálfstæðismenn tala gegn og koma í veg fyrir brýnar lýðræðisúrbætur sem felast í breytingu á stjórnarskránni en leggjast á sama degi gegn réttarbótum í þágu kvenna, í þágu kynfrelsis kvenna, sama daginn, leggjast gegn lýðræðinu og beita sér ekki fyrir réttarbótum í þágu kvenna, leggjast gegn þeim líka, hvort tveggja sagt af formsástæðum, fyrst og fremst af formsástæðum, vegna undirbúnings, ónógrar málsmeðferðar og þar fram eftir götunum. Sjálfstæðismenn nota formsástæður til að leggjast gegn tveimur lykilmálum. Ég dreg þá ályktun að sjálfstæðismenn séu efnislega á móti lýðræðisumbótum og efnislega á móti því að bæta réttarstöðu kvenna, efla kynfrelsi þeirra, á móti lýðræði en með vændi sem sjálfstæðismenn leiddu í lög vorið 2007 og hafa ekki fylgt eftir boðuðum félagslegum úrbótum á þessu sviði.

Ég ræddi þetta mál sem 1. flutningsmaður við 1. umr. og ætla ekki að lengja málið mjög mikið. Ég vil þó segja gagnvart þessum formlegu ástæðum sem bornar eru upp varðandi formið að málið hefur margsinnis komið fyrir Alþingi. Leitað hefur verið umsagna um það, það er útrætt. Öll sjónarmið liggja fyrir. Nú er bara spurning um að segja já eða nei, styðja eða vera á móti. Fjöldi umsagna hefur borist um málið, þær eru langflestar jákvæðar og ég minni á umsögn Mannréttindaskrifstofunnar um sænsku leiðina frá árinu 2007 þar sem bent er á að götuvændi í Svíþjóð hafi minnkað. Ég minni líka á umsögn Rannsóknastofu Háskóla Íslands í kvenna- og kynjafræðum um mikinn aðstöðumun milli kaupanda og seljanda vændis þar sem kaupandi hefði val um hvort hann kaupir en seljandi sjaldnast eða yfirleitt aldrei neitt val vegna þess að vændið er stundað vegna neyðar, vegna eiturlyfjafíknar o.fl.

Ég tek líka fram að Norðmenn hafa nýverið fetað í fótspor Svía og samþykkt sambærilega löggjöf og við erum með á lokasprettinum. Ég vil enn fremur halda því til haga, frú forseti, að í Gallup-könnun árið 2007 kom í ljós að 70% landsmanna styðja það að vændiskaup verði gerð refsiverð, að sænska leiðin verði farin. Ég vil líka halda því til haga að það er afar víðtækur fiðringur meðal kvennahreyfingarinnar við það að kaup á vændi verði gerð refsiverð. Ég minni á að haustið 2003 sendu 14 samtök þingmönnum áskorun um að leiða slíkt bann í lög. Þetta voru Bríet – félag ungra femínista, Femínistafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennaathvarfið, Kvennakirkjan, Kvennaráðgjöfin, Kvenréttindafélag Íslands, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Stígamót, tímaritið *Vera,* UNIFEM á Íslandi, Félag kvenna í læknastétt á Íslandi, Landssamband framsóknarkvenna og V-dagssamtökin. Í greinargerð með þessari áskorun er lögð áhersla á tengsl klámiðnaðarins og vændis og tekið undir það sjónarmið að vændi væri kynbundið ofbeldi sem bæri að vinna gegn. Undir þessa áskorun tökum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði heils hugar og ég er satt best að segja afar stoltur yfir því að fá tækifæri til að leggja þessu máli lið á lokasprettinum. Ég er afar þakklátur þeim sem hafa rutt brautina í þessum efnum, afar þakklátur þeim konum sem stóðu á bak við áskorunina frá árinu 2003 og ég held að ég halli á engan þótt ég nefni í lok ræðu minnar nafn hæstv. umhverfisráðherra Kolbrúnar Halldórsdóttur í þessu samhengi sem hefur verið vakin og sofin að vinna þessu máli framgang.

[16:27]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Maður hefur oft upplifað það þannig að hv. þingmaður upplifi sig með þeim hætti að hann sé einn helsti talsmaður lýðræðislegrar umræðu á Alþingi. Því vil ég biðja hv. þingmann sem á sæti í hv. allsherjarnefnd að lýsa fyrir okkur þeirri lýðræðislegu umfjöllun sem fór fram um málið á þessu kjörtímabili.

[16:28]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér gætir nokkurs misskilnings. Ég á ekki sæti í allsherjarnefnd.

[16:28]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig hafa flett því upp en ég trúi hv. þingmanni þegar hann segir að hann eigi ekki sæti í allsherjarnefnd en ég taldi mig hafa flett því upp áður en ég fór hingað upp í stól. Ég vil samt sem áður inna hann eftir þeirri lýsingu sem kom fram hjá hv. þm. Ólöfu Nordal áðan þegar hún lýsti því að hún kom sem nýr þingmaður í allsherjarnefnd í fyrsta sinn að málinu á þeim tímapunkti sem það var afgreitt út úr nefndinni. Hún sat ekki á þingi á síðasta kjörtímabili. Hún hefur ekki komið að málinu með neinum hætti. Hún kom inn í nefndina með opinn huga til að skoða þessi mál sem önnur mál en það fékk enga umfjöllun. Hún lýsti áðan í ræðu sinni að hún hefði óskað eftir því að fá til nefndarinnar hina ýmsu aðila, þar á meðal Rögnu Árnadóttur, núverandi dómsmálaráðherra, en því var ekki gegnt. Málið fékk enga umfjöllun í allsherjarnefnd og ég bið hv. þingmann sem er hokinn af reynslu að lýsa fyrir mér hver ætti að vera hin rétta lýðræðislega umfjöllun í þessu máli sem og öðrum málum á Alþingi þar sem byggir á því að góð niðurstaða náist með því að þingmenn ræði saman og nái niðurstöðu.

[16:30]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Sjálfstæðismenn eru orðnir ótrúlega áhugasamir um formlega meðferð mála. Fyrir mig sem hef þó ekki setið lengur á þingi en frá vorinu 2007 er þessi áhugi alveg nýkviknaður. Hann kviknaði við stjórnarmyndunina í febrúar. (Gripið fram í.) Við afgreiddum fyrir jól 20–30 frumvörp sem jafnvel fóru ekki í nefnd og jafnvel var gengið svo langt að boða nefndarfundi áður en umræða var liðin eða haldinn nefndarfundur áður en málið kom til umræðu. (**Gripið fram í:** Óskað umsagna ...) Og óskað umsagna. (**Gripið fram í:** ... nefnd.)

Þetta mál er þrælrætt (**Gripið fram í:** Ekki ...) og það er ekkert í þingsköpum sem segir að þó að nýir þingmenn komi á þing sé ekki unnt að byggja á þeirri vinnu sem unnin hefur verið á þingunum þar á undan. (Gripið fram í.) Það er ekkert sem mælir gegn því. Hv. þingmanni, sem vísað var hér til, var í lófa lagið að kynna sér allar þessar umsagnir, skila séráliti og taka efnislega afstöðu til málsins. Hún hefur haft til þess nokkrar vikur. Henni og Sjálfstæðisflokknum var ekkert að vanbúnaði að taka efnislega afstöðu til málsins í stað þess að skýla sér bak við formsástæður. (**ÁMöl:** Þetta er ástæðan fyrir ...)

[16:31]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég verð að segja varðandi þá umræðu sem hér hefur farið fram að ég skil ekki hvað Sjálfstæðisflokkurinn nennir að ströggla í þessu máli. Það er fyrir neðan allar hellur, finnst mér. Þetta er svo einfalt mál. Þetta eru tvær greinar, önnur er að lögin öðlist þegar gildi sem þarf ekki að útskýra. Og 1. gr. er tvær setningar sem hljóða annars vegar upp á að hver sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári og hins vegar að hver sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi barns undir 18 ára aldri skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Hvað er flókið við þetta? Þetta er ofboðslega einfalt. Hér með verður samþykkt að ekki má kaupa vændi. Ef það er gert skal viðkomandi borga sekt eða fara í steininn í eitt ár. Ef það er barn undir 18 ára skal viðkomandi borga sekt eða fara í steininn í allt að tvö ár. Er þetta mjög flókið, virðulegur forseti? Nei, þetta er svo einfalt. Samt er búið að ræða þetta í mörg ár, búið að fara með þetta í nefndir og ég veit ekki hvað og hvað.

Ég minnist þess að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson og fyrrverandi þingmaður Jónína Bjartmarz skiluðu séráliti um þetta á sínum tíma í risadoðranti þar sem farið var yfir málið. Þau skiluðu séráliti og sögðu: Við viljum fara sænsku leiðina. Það ekkert nýtt hérna á ferðinni. Það er búið að ræða þetta í mörg ár.

Kvennasamtökin sem hv. þm. Atli Gíslason las upp sendu frá sér ályktun árið 2003, fyrir sex árum. Það að fara að kvarta undan málsmeðferð er eins og hver annar brandari, virðulegur forseti, í svona einföldu máli þar sem menn hafa farið margoft í gegnum umræðuna. Ég veit að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur margoft tekið þetta mál fyrir.

Virðulegur forseti. Sú er hér stendur er einn af flutningsmönnum þessa máls sem og hv. þm. Eygló Harðardóttir og Helga Sigrún Harðardóttir úr Framsóknarflokknum. Svo eru líka á því fjölmargir þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar.

Ég er afar ánægð með að við séum að klára þetta mál í þinginu. Ég tel næsta víst að það klárist í atkvæðagreiðslu á eftir. Hér innleiðum við sænsku leiðina. Norðmenn hafa líka innleitt hana þannig að við erum að fara leið sem hefur reynst vel og er algjörlega sjálfsagt mál að fari hér í gegn og klárist.

Ég vil nefna að ein kvennasamtökin af þeim 14 sem ályktuðu um þetta haustið 2003 eru Landssamband framsóknarkvenna. Ég vil draga það sérstaklega fram. Þetta eru ein virkustu kvennapólitísku samtökin í landinu og hafa lengi verið, og ég er mjög stolt af því að þær hafi verið með í hópi mjög góðra annarra samtaka sem vilja veg og vanda kvenna sem mestan og vita að þetta er kvenfrelsismál.

Það hefur verið mjög sérstakt að upplifa hér hvernig kaupin hafa gerst á eyrinni við lok þessa þinghalds þar sem reynt er semja mál inn og út af þeim lista sem á að klára. Þetta mál náðist að hafa á listanum. Það náðist hins vegar ekki að halda á listanum öðru máli sem er eiginlega líka tilbúið til afgreiðslu, banni við nektardansi sem ég er flutningsmaður að ásamt fleiri flutningsmönnum Vinstri grænna og Samfylkingarinnar. Það mál klárast þá væntanlega á næsta þingi. (**Gripið fram í:** Á sumarþingi.) Kannski sumarþingi. (**Gripið fram í:** Í maí.) Ég er mjög ánægð með þetta mál og ætla ekki að lengja ræðutímann hér frekar. Ég styð það heils hugar og tel að þetta mál sé bara hafið yfir allt þetta tog sem hefur verið í þinginu.

Ég vil ljúka ræðu minni á því að þakka sérstaklega hv. þm. og hæstv. ráðherra Kolbrúnu Halldórsdóttur sem hefur staðið vaktina í þessu máli frá upphafi, og ekki bara í þessu máli heldur líka í nektardansmálunum. Ég held að hæstv. ráðherra geti verið stoltur af að hafa komið þessu máli í gegn með aðstoð okkar hinna.

[16:36]

Útbýting:

Minnisblöð, hljóðritanir o.fl. varðandi Icesave-ábyrgðir, 434. mál, svar forsrh., þskj. 956.

Staða Icesave-samningaviðræðna, 460. mál, svar fjmrh., þskj. 958.

[16:37]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna mjög þessum degi þar sem þetta mál er loksins að verða að veruleika eftir sex ára baráttu kvenna á Alþingi, og auðvitað karla líka. Fyrir tæplega sex árum tók ég einmitt þátt í því ásamt hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og öðrum konum sem hér áttu sæti á þingi, utan þingkvenna Sjálfstæðisflokksins, að leggja fram mál um að banna kaup á vændi.

Ég tel þetta mikinn og góðan dag fyrir okkur og ég fagna niðurstöðunni verulega. Hér birtist enn og aftur að samstaða er um þetta, víðtæk þverpólitísk samstaða utan Sjálfstæðisflokksins sem er einangraður í þessu máli eins og svo mörgum öðrum í þinginu þessa dagana. Ég fagna því að sjá líka hversu vel þingið virkar núna, að þingmannamál fái svona afgreiðslu.

Það þarf ekki að orðlengja að þetta mál er gríðarlegt réttlætismál vegna þess að ábyrgð þess sem kaupir líkama annars til sinna afnota hlýtur að vera veruleg. Það er aldrei jafnvægi í slíkum samskiptum. Þegar einn kaupir aðgang og afnot af líkama annarra með peningum býr sá sem selur líkama sinn yfirleitt við afar bágar félagslegar og fjárhagslegar aðstæður sem kaupandi færir sér í nyt í skjóli almennra hegningarlaga þar sem engin refsing er við því.

Skömmin á auðvitað ekki að liggja hjá þeim sem í neyð sinni selur líkama sinn heldur einmitt hjá þeim sem færir sér neyðina í nyt út frá fjárhagslegum yfirburðum. Vonandi tekst okkur einhvern tímann að útrýma vændi en auðvitað útrýmir þessi aðgerð ein og sér því ekki. Hins vegar innleiðir hún ákveðið gildismat og lýsir því gildismati sem við viljum viðhafa í samfélagi okkar. Við viljum líka að börnin okkar alist upp við það. Það er skref í átt að samfélagi þar sem virðing fyrir manneskjunni er höfð í hávegum og samfélagi þar sem eru skýr skilaboð um að maður kaupir ekki líkama annarrar manneskju til afnota út frá fjárhagslegum yfirburðum. Það eru skilaboðin með þessari lagasetningu og því fagna ég sérstaklega. Enn og aftur, þetta er mikill gleðidagur í mínum huga.

Ég fagna því líka með hve skeleggum hætti meiri hluti allsherjarnefndar afgreiddi þetta mál eftir að það var komið hingað inn og að við skulum standa hér tæpum tveimur mánuðum síðar og afgreiða þetta mál loksins og gera að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skaðabótalög, 2. umr.

Frv. allshn., 438. mál (frádráttarreglur). — Þskj. 747.

[16:40]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Örfá orð því að hér er mikið réttlætismál á ferð. Hér er um að ræða réttarbót fyrir þann hóp manna sem er hvað verst settur í landinu, þá sem hafa misst heilsu sína og vinnugetu í slysum og þá sem hafa misst maka sína í slysum.

Með þessu frumvarpi eru leiðrétt mistök sem voru gerð við lagasetningu á árinu 1998 og urðu til þess að af rétt dæmdum slysabótum eru nú dregnar frá allar bætur almannatrygginga og úr lífeyrissjóðum samanlagðar og útreiknaðar fyrir lífstíð viðkomandi manns eins og hún er útreiknuð miðað við meðallífslíkur.

Við þessi tímamót vil ég þakka þraustseigju þeirra lögmanna sem hafa allt frá lagasetningunni fyrir um 10 árum hvatt alþingismenn, og hv. allsherjarnefnd sérstaklega, til að leiðrétta þessi 10 ára gömlu mistök. Það gerum við væntanlega hér í dag, hv. allsherjarnefnd flytur þetta mál og ég vænti mikils af niðurstöðu þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heimild til samninga um álver í Helguvík, 2. umr.

Stjfrv., 394. mál (heildarlög). — Þskj. 664, nál. 884 og 910.

[16:42]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík. Nefndin hefur fjallað þó nokkuð ítarlega um málið og fengið fjölda aðila á sinn fund, frá verkalýðsfélögum, sveitarstjórnum, náttúruverndarsamtökum og fleirum. Sömuleiðis hafa okkur borist fjölmargar umsagnir sem tíundaðar eru í nefndarálitinu.

Á fund nefndarinnar komu einnig aðilar frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sem eru að vinna úttekt á hagrænum áhrifum stóriðjuframkvæmda á íslenskt efnahagslíf sem jafnframt er gerð grein fyrir í nefndarálitinu. Þá var leitað álits umhverfisnefndar Alþingis vegna umhverfisþátta málsins og jafnframt álits efnahags- og skattanefndar Alþingis á þeim þáttum frumvarpsins sem lúta að efnahags- og skattamálum. Báðar þessar nefndir skiluðu meirihluta- og minnihlutaálitum og eru þau öll sem fylgiskjöl í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar. Gerð er grein fyrir þeim.

Í frumvarpinu er iðnaðarráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands heimilað að gera samning við Norðurál Helguvík ehf. og eiganda þess, Century Aluminum Company, um að reisa álver í Helguvík á Reykjanesi.

Gert er ráð fyrir því að almennar reglur um skatta og önnur opinber gjöld gildi um félagið og starfsemina, með tilteknum frávikum sem eru tilgreind tæmandi í frumvarpinu. Eru þau frávik að mestu leyti sambærileg þeim sem

kveðið er á um í lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, og í lögum nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Frávik samkvæmt frumvarpi þessu eru þó nokkuð færri en í áðurnefndum lögum sökum breyttra skattalaga hér á landi síðan þau lög voru samþykkt.

Nefndin ræddi sérstaklega um ákvæði 4. gr. þar sem sett er fram sú aðalregla að félagið greiði alla almenna skatta og opinber gjöld hér á landi vegna álversins samkvæmt lögum sem gilda á hverjum tíma með þeim sérákvæðum sem eru tilgreind í greininni. Önnur ákvæði greinarinnar eru því tæmandi upptalning frávika frá aðalreglunni. Samkvæmt ákvæðinu er félagið sjálfstæður skattaðili og tryggt er að tekjuskattur félagsins á samningstímanum fari ekki yfir 15%, eins og er nú, og þá gilda sérreglur um stimpilgjöld og fyrningu eigna. Einnig gilda sérreglur um útreikning fasteignaskatts og um byggingarleyfisgjald og skipulagsgjald. Þá eru veittar undanþágur frá iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi. Þá eru ýmis öryggisákvæði varðandi upptöku nýrra skatta. Að lokum er gert ráð fyrir undanþágu frá rafmagnsöryggisgjaldi. Í þessari eftirgjöf á sköttum og gjöldum felst ríkisstyrkur sem skylt er að tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Í umræðum um málið komu fram athugasemdir við það að í frumvarpinu kynnu að felast ákvæði sem gengju gegn EES-samningnum og teldust ólögmætur ríkisstyrkur. Af þessu tilefni er rétt að taka fram að skylt er að tilkynna öll áform um ríkisstyrki til ESA. Nefndin hefur fengið upplýsingar um að fjármálaráðuneytið hafi sent tilkynningu um efni frumvarpsins þangað og að hún sé til meðferðar hjá stofnuninni en ekki liggur fyrir hvenær niðurstöðu er að vænta. Því fæst úr því skorið af hálfu stofnunarinnar hvort einhver ákvæði frumvarpsins gangi gegn reglum um ríkisstyrki.

Virðulegi forseti. Sú heimild sem hér er verið að veita í lögum á ekki að hamla eða breyta neinu þar um og mun taka mið af því. Til samanburðar má samt nefna að ef farið væri út í heildarfjárfestingu fyrir fullbúið álver með 360.000 tonna ársframleiðslugetu nemur ívilnunin í þessu tilfelli 0,9% af áætluðum stofnkostnaði. Ívilnun vegna fjárfestingarinnar í Reyðarfirði nam rúmu 1,8% af stofnkostnaði. Ívilnunin til Helguvíkur í þessu tilfelli er töluvert minni og þar af leiðandi ætti að vera góður möguleiki og geri ég ráð fyrir því að ESA eigi eftir að samþykkja þessa ívilnun þar sem hún er talsvert minni og Reyðarál var samþykkt.

Í umfjöllun um frumvarpið hefur komið fram gagnrýni á að félagið Norðurál Helguvík njóti sérkjara varðandi skattgreiðslur sem önnur fyrirtæki í landinu eiga ekki möguleika á að njóta. Í því sambandi er einkum gagnrýnt að tekjuskattshlutfall félagsins verði ekki hærra en 15% á samningstímanum. Í frumvarpinu kemur fram að erfiðleikar við fjármögnun verkefnisins réðu úrslitum um að stjórnvöld tóku þá ákvörðun að leita eftir heimild Alþingis til að ganga til samninga við félagið um sérkjör við skattgreiðslur. Slíkur samningur er talin forsenda þess að fjármögnun verkefnisins takist. Samningurinn hefur í för með sér að auðveldara verður fyrir fyrirtækið og lánardrottna að meta rekstrarhorfur álversins fram í tímann. Samningurinn felur í sér ríkisstyrk en meiri hluti nefndarinnar telur að með tilliti til stærðar verkefnisins og áhrifa þess á atvinnulíf, þar með talið afleiddra starfa og kaupa álversins á vörum og þjónustu, sé þessi styrkur réttlætanlegur og verði ekki byrði á ríkissjóði.

Nefndin fjallaði sérstaklega um 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. þar sem kveðið er á um heimildir Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Garðs til að semja um fyrirkomulag við álagningu fasteignaskatts, þ.m.t. um stofn til álagningar í stað fasteignamats. Um er að ræða frávik frá 2. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga sem kveður á um að stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skuli vera fasteignamat þeirra. Er þetta frávik sambærilegt þeim sem kveðið er á um í áðurnefndum lögum um álverið á Grundartanga og álverið á Reyðarfirði. Þó er sá munur á að í þeim lögum eru bæði skatthlutfall og skattstofn (viðmiðunarfjárhæð) ákvörðuð og tilgreind. Hvorki í ákvæðinu sjálfu í frumvarpinu né skýringum í greinargerð er að finna nánari afmörkun eða leiðbeiningar um það við hvað skattfjárhæðin geti miðast og heimild til samninga virðist vera án nokkurra takmarkana. Við meðferð málsins hjá nefndinni komu fram ábendingar um að í ákvæðinu væri líklega gengið of langt hvað framsal skattlagningarvalds varðar. Ábendingar komu einnig fram í umsögn meiri hluta efnahags- og skattanefndar um að skoða þyrfti samræmi umræddra samningsheimilda sveitarfélaganna við ákvæði stjórnarskrár. Þá var því einnig hreyft fyrir nefndinni að óbreytt kunni ákvæðið að brjóta í bága við 40. og 77. gr. stjórnarskrár sem báðar kveða á um að skattamálum skuli skipað með lögum. Af þeim dómum sem fjalla um þetta atriði má draga þá ályktun að heimild til framsals skattlagningarvalds verði að vera afmörkuð á þann hátt að stjórnvaldið hafi ekki algerlega frjálst mat um það hvort skattur sé lagður á og hversu hár skatturinn skuli vera. Meiri hlutinn fellst á þessi sjónarmið og leggur þess vegna til eina breytingartillögu við frumvarpið sem er þá á þessari grein þar sem fram kemur bæði skatthlutfall og skattstofn.

Virðulegi forseti. Þá voru einnig gerðar athugasemdir við það að fyrirliggjandi starfsleyfi og umhverfismat félagsins miðist við 250.000 tonna ársframleiðslugetu en samkvæmt frumvarpinu verður heimilt að gera fjárfestingarsamning vegna álvers með 360.000 tonna framleiðslugetu. Meiri hlutinn vill árétta að frumvarpið leggur ekki til nein frávik frá reglum um umhverfismat og starfsleyfi og félagið verður því að afla þeirra samkvæmt almennum heimildum. Í þessu frumvarpi er ekki kveðið á um neitt slíkt eða breytingar á fyrirliggjandi mati á umhverfisáhrifum eða þá fyrirliggjandi starfsleyfi. Heimild til samninga um sérreglur varðandi skatta munu þó alltaf að hámarki miðast við 360.000 tonna framleiðslugetu.

Virðulegi forseti. Að öðru leyti vísa ég í nefndarálitið hvað vinnu nefndarinnar varðar. Ég hef gert grein fyrir því og stiklað á því helsta sem um er fjallað í því áliti og gert grein fyrir breytingartillögum sem við gerum við frumvarpið og finna má í nefndarálitinu.

Virðulegi forseti. Ég vil jafnframt geta þess að ég held að fjárfestingarsamningurinn sem er áformað að gera á grundvelli þessara laga sem þetta frumvarp miðar að fjalli ekki — það er vert að taka það fram — á nokkurn hátt um sjálfa fjármögnun verkefnisins, raforkusölu eða það um-

hverfismat og starfsleyfi sem fyrir þurfa að liggja. Þetta frumvarp fjallar eingöngu um þann stuðning og það rekstrarumhverfi sem fyrirtækið mun búa við komi það hingað og reisi hér álver.

Mér þykir leitt að sjá að ekki hefur náð inn á dagskrá í lok umræðunnar þingsályktunartillaga sem hv. þm. Björk Guðjónsdóttir lagði fram um að gert verði mat og úttekt á samfélagslegum áhrifum þessara framkvæmda. Við afgreiddum þessi mál samhliða út úr nefndinni vegna þess að við töldum gríðarlega mikilvægt að þetta mat færi fram. Úttekt hefur verið gerð á áhrifum álversframkvæmdanna fyrir austan og hefur gefist mjög vel og skipt gríðarlega miklu máli.

Það er mikilvægt fyrir okkur þegar svona stórframkvæmdir eru á ferðinni að við séum með mat á áhrifum þeirra á samfélagið, og atvinnulífið líka. Því miður hefur ekki náðst inn á dagskrá að afgreiða þetta mál með en ég mæli svo sannarlega með því og mælist til þess og vona að við berum gæfu til þess á næsta þingi eftir kosningar að samþykkja það mál sem hv. þm. Björk Guðjónsdóttir lagði hér fram og ljúka því.

[16:53]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Við 1. umr. um þetta mál tók ég skýrt fram að ég styð ekki það frumvarp sem hér er lagt fram til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík sem byggt er á fjárfestingarsamningi við Century Aluminum og Norðurál. Þetta þarf í rauninni engum að koma á óvart enda andstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til verkefna af þessu tagi ríkisstyrktra og stórkarlalegra stóriðjuframkvæmda þekkt.

Andstæðingar okkar hafa gert nokkuð mikið úr því að hér sé á ferð ríkisstjórnarfrumvarp og þeim finnst greinilega undarlegt að þeir flokkar sem starfa saman í þessu minnihlutasamstarfi í þinginu skuli ekki ganga í takt í þessum efnum.

Af þessu tilefni leyfi ég mér að minna þingheim á að þetta frumvarp er arfur frá fyrri ríkisstjórn. Þetta er arfur frá ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar en á tíma þeirrar ríkisstjórnar skrifaði hæstv. iðnaðarráðherra, þáverandi og núverandi, Össur Skarphéðinsson, undir fjárfestingarsamninginn sem hér liggur fyrir. Með þeirri undirskrift var áskilið að ráðherrann flytti samninginn inn í þingið.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð tekur ekki ábyrgð á verkum fyrri ríkisstjórnar og af því tilefni var í þingflokki *Vinstri grænna* 4. mars sl. gerð svofelld yfirlýsing vegna málsins sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs staðfestir að iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, hefur heimild til að leggja fram á Alþingi frumvarp til fullnustu skuldbindinga frá tíð fyrrverandi ríkisstjórnar við Norðurál Century Aluminum um skattaleg atriði vegna áforma um álver í Helguvík. Iðnaðarráðherra er kunnug andstaða þingmanna Vinstri grænna við málið og að þeir hafa ekki heitið stuðningi við það á Alþingi."

Undir þetta bréf ritaði fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs Jón Bjarnason sem er formaður þingflokks okkar.

Frú forseti. Ég vil líka í upphafi máls míns nefna að við í Vinstri grænum höfum margoft verið ásökuð á undanförnum vikum um að við værum að tefja það að þetta mál kæmi til afgreiðslu í þinginu. Það er alrangt. Það er kolrangt. Það er Sjálfstæðisflokkurinn einn og óstuddur sem hefur heiðurinn af því að við erum að fara að ræða þetta mál í mjög mikilli tímaþröng á síðasta degi þingsins sem þýðir að það mun fá allt of litla umfjöllun í þingsal og miklum mun færri komast að til að fjalla um það. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt á áttunda hundrað ræður til að tefja fyrir þingstörfum undanfarnar vikur.

Það verður ekki sagt um okkur vinstri græn að við þorum ekki að leggja sannfæringu okkar fram fyrir þingið og standa með henni, jafnvel þó að við séum í minni hluta. Við erum ekki að reyna að hindra slíka afgreiðslu í þinginu eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert undanfarnar vikur eins og kristallaðist í dag þegar sá flokkur kom í veg fyrir að meiri hluti þingsins fengi að neyta þess lýðræðislega réttar sem á að vera aðalsmerki þessa þings, að ganga til atkvæða um mikilsverð mál.

Frú forseti. Ég sagði að ég legðist eindregið gegn þessu frumvarpi og lýsti afstöðu þingflokks Vinstri grænna. Ástæðurnar fyrir afstöðu okkar er að finna á þskj. 910 í áliti minni hluta iðnaðarnefndar sem er sú sem hér stendur og minnihlutaálitum fulltrúa Vinstri grænna í efnahags- og skattanefnd annars vegar og umhverfisnefnd hins vegar. Þau nefndarálit er að finna með nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar sem þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Yfirlýstur tilgangur þessa frumvarps er að ætlunin sé að tryggja álfyrirtækinu Norðuráli Helguvík ehf. og eiganda þess, Century Aluminum Company, lánsfé til framkvæmda við álverið sjálft. ég ætla, frú forseti, að hlaupa aðeins á rökunum fyrir andstöðu okkar við þessi áform.

Þar er fyrst til að telja að umhverfismat framkvæmda gerir ráð fyrir heimild til að reisa álver fyrir 250.000 tonn á ári en í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir samningi um álver sem anni framleiðslu allt að 360.000 tonnum. Hér er um óásættanlegt ósamræmi að ræða og engar skýringar fengust á því í nefndinni hvernig á því stæði.

Í öðru lagi hafa ekki verið metin umhverfisáhrif tengdra framkvæmda, svo sem línulagna og virkjanaframkvæmda, til að fæða þetta álver.

Í þriðja lagi eru losunarheimildir samkvæmt frumvarpinu miðaðar við úthlutun sem tekur til áfanga með ársframleiðslu á allt að 150.000 tonnum af áli en ekki 360.000 tonnum eins og samningurinn gerir ráð fyrir. Enn og aftur er um hrópandi ósamræmi að ræða.

Í fjórða lagi bendum við á að arðsemisútreikningar byggjast á þessum háu tölum, 360.000 tonna framleiðslu. Arðsemisútreikningarnir og yfirlýsingar stuðningsmanna frumvarpsins um fjölda nýrra starfa við byggingu og rekstur fyrirhugaðs álvers byggja þar með á óraunhæfum forsendum sem ég hef rakið. Minni hlutinn telur að með því séu vaktar falskar vonir um að álverið muni í eitt skipti fyrir öll leysa atvinnuleysi í byggðum á Reykjanesi.

Þetta er afskaplega óábyrgur málflutningur. Í gær voru 1.873 á atvinnuleysisskrá á Suðurnesjum. Þeim hafði fjölgað um 50 frá síðustu áramótum og þar er um að ræða 1.095 karla og 778 konur. Ég leyfi mér að fullyrða að þessi samn-

ingur mun ekki leysa vanda þessa fólks hér og nú og ekki á næstu mánuðum og jafnvel ekki á næstu árum vegna þeirrar miklu óvissu sem um verkefnið ríkir að öðru leyti og ég mun koma að á eftir.

Í fimmta lagi er orkuöflun til verkefnisins mjög ótrygg og orkulindir á Hengilssvæðinu og á Reykjanesi munu ekki duga fyrir fullbyggt álverið, sem á að framleiða 360.000 tonn á ári, án þess að verðmæt háhitasvæði á þeim svæðum verði eyðilögð. Álverið mun þannig verða gríðarleg orkusuga sem mun leiða til þess að engin orka verður til ráðstöfunar til annarra og vistvænni verkefna.

Það er ljóst að komi þessi samningur til framkvæmda eins og hann liggur nú fyrir með 360.000 tonna framleiðslugetu verður gengið afar nærri orkulindunum á suðvesturhorninu. Líklega yrði þá ekkert eftir af orkukostum á því svæði nema virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Nái samningurinn fram að ganga gæti það af þeim sökum einum eyðilagt möguleika á verndun Þjórsár og gengið gegn vilja heimamanna í einu blómlegasta landbúnaðarhéraði landsins.

Þjóðin á heimtingu á því að fá að vita nákvæmlega hvaðan fullbyggð álverksmiðja í Helguvík hyggst fá orkuna sem enn hefur ekki verið samið um. Ég vek athygli á því að fylgiskjal númer 1 með nefndaráliti minni hluta iðnaðarnefndar er samningur Flóahrepps og Landsvirkjunar um skipulag og undirbúning virkjunar við Urriðafoss í Þjórsá af tilteknum ástæðum. Ég hef kannski tíma til að koma að því máli á eftir.

Í sjötta lagi er vert að benda á vegna orkuöflunarinnar að hér er um að ræða ágenga en ekki sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda sem að endingu mun leiða til þurrðar þeirra. Þá er ég að tala um jarðhitavinnsluna á Hengilssvæðinu. Þar hafa verið gefnar yfirlýsingar um að menn ætli sér að fara í ágenga nýtingu. Menn ætla að fleyta rjómann ofan af orkuauðlindunum þar, fullnýta holurnar í 30–40 ár, ganga frá þeim dauðum og hvíla þær síðan í jafnlangan tíma. Það þýðir að það verður endalaus orkuvinnsla, hola eftir holu á þessum svæðum.

Þess utan, frú forseti, eru einungis 10–12% orkunnar nýtt þegar gufa frá jarðhitavirkjunum er notuð til þess eins að framleiða raforku. Ég vek athygli á því að hér er bara um mengandi sóun á orkulindum að ræða.

Í sjöunda lagi er nöturlegt að með þessum samningi er verið að veita starfsemi sem hefur í för með sér útblástur gróðurhúsalofttegunda og aðra losun mengandi úrgangsefna 20 ára skilyrðislausa undanþágu frá umhverfisgjöldum og umhverfissköttum eins og lagt er til í frumvarpinu. Við teljum rétt að leggja á starfsemi sem hefur í för með sér losun mengandi efna þá kvöð að útblásturinn verði hreinsaður til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á lífríki og heilsu manna. Engin tilraun er gerð til þess með þessu frumvarpi og það átelur minni hluti iðnaðarnefndar harðlega eins og kemur fram á blaðsíðu 3 í nefndaráliti. Ég bendi á að gróðurskemmdir sem hefur orðið vart í kringum jarðhitavirkjanir á Hellisheiði og Reykjanesi hafa nýlega verið raktar til slíkrar losunar, einkum til brennisteinsvetnis H_2S sem er skaðlegt heilsu manna í miklum mæli.

Álverið í Helguvík mun valda verulegri losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur um 13% af heildarlosun Íslendinga á viðmiðunarári Kyoto-bókunarinnar frá árinu 1990. Ég leyfi mér að lýsa verulegum efasemdum um að Ísland geti uppfyllt alþjóðlegar samningsskuldbindingar sínar verði af byggingu og rekstri álvers í Helguvík.

Enn er ýmislegt ótalið sem skýrir andstöðu okkar við þetta frumvarp, frú forseti. Ég ætla að víkja næst að raforkuverðinu. Skemmst er frá því að segja að ekkert hefur verið upplýst um raforkuverð til fyrirhugaðs álvers og minni hluti iðnaðarnefndar gerir athugasemdir við það. Lágt orkuverð til mengandi stóriðju hefur leitt til verulegrar hækkunar á orkuverði til annarra orkunotenda og með því telur minni hlutinn augljóslega brotið gegn jafnræðissjónarmiðum og að það sé sérstaklega ámælisvert gagnvart öðrum orkunotendum sem nýta orkuna í vistvænni framleiðslu, svo sem garðyrkjubændum sem eru stórnotendur orku og stunda vistvæna starfsemi en þeir bændur hafa einmitt orðið nýlega fyrir skerðingu á umsömdum greiðslum ríkisins á raforkuverði.

Þá er enn ótalinn, frú forseti, sá mikli afsláttur sem hér er veittur á gjöldum og sköttum til þessa fyrirhugaða álvers. Helsti efnahagslegi ávinningur landsins af starfsemi stóriðju í eigu erlendra aðila er greiðsla skatta í ríkissjóð. Arðurinn af rekstrinum, ef einhver er, flyst úr landi til hinna erlendu eigenda. Minni hlutinn telur óforsvaranlegt að með fyrirhuguðum samningi um álver í Helguvík séu takmarkaðar mögulegar heimildir ríkisins til að afla tekna í ríkissjóð með veigamiklum frávikum sem þar koma fram frá reglum um skatta og gjöld á 20 ára samningstíma. Ég tel það sérstaklega ámælisvert nú þegar sýnt er að við Íslendingar þurfum að hækka gjöld og hækka skatta. Þá hefur því fyrirtæki sem hér um ræðir verið komið í einstakt skattaskjól. Samningurinn gerir ráð fyrir að félagið greiði aldrei hærri tekjuskatt en 15% og skiptir þá engu þótt tekjuskattshlutfall annarra lögaðila muni hækka á gildistíma ákvæðisins. Með þessu er í reynd verið að binda almennt skatthlutfall félagsins til frambúðar og tryggja því tiltekin skattfríðindi umfram önnur álver og annan iðnað í landinu.

Töluverðar líkur eru á því að mismunun af þessu tagi kunni að fara í bága við EES-samninginn og teljast ólögmætur ríkisstyrkur. Það er vert að benda á að samningar um álver í Reyðarfirði og á Grundartanga veita svigrúm fyrir 18% tekjuskatti en eins og allir vita er tekjuskattsprósentan núna 15% og því er með samningnum um Helguvík gengið lengra í sérstökum skattalegum undanþágum álfyrirtækja. Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneyti er núvirtur ríkisstyrkur til álvers í Helguvík, miðað við 20 ára samningstímann, áætlaður um 16,2 milljónir bandaríkjadala.

Ég er þess fullviss að hin álverin tvö, á Grundartanga og Reyðarfirði, munu að sjálfsögðu sækjast eftir sömu skattafsláttum og hér er verið að veita þriðja álverinu. Hér er því ekki aðeins verið að takmarka möguleika ríkisins til skattlagningar á þessu álveri heldur mun það kalla á hið sama hjá hinum álverunum tveimur enda þótt tekjuskattur yrði hækkaður á allan annan iðnað í landinu. Þá er hér komið skattaskjól fyrir þessi fyrirtæki.

Ég vil í þessu sambandi benda á að álit Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, á því hvort um ólögmætan ríkisstyrk upp á 16,2 milljónir bandaríkjadollara er að ræða liggur enn ekki fyrir. Ég hefði talið eðlilegt að bíða eftir niðurstöðu til að

mynda ESA og eftir skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um þjóðhagsleg áhrif stóriðju á Íslandi, að það hefði legið fyrir áður en samþykkt hefði verið heimild til handa iðnaðarráðherra um að semja um byggingu álvers í Helguvík.

Frú forseti. Álverð hefur farið lækkandi á heimsvísu og álframleiðsla hefur dregist verulega saman. Verulegar efasemdir eru því um hvort réttlætanlegt sé á viðskiptalegum og þjóðhagslegum forsendum að ráðast í uppbyggingu fleiri álvera á Íslandi. Auk þess eru allar líkur á að lánsfé til byggingar álvers, virkjanaframkvæmda og línulagna sé dýrt og í raun afar takmarkað. Orkuflutningur til álversins er einnig ótryggur í ljósi þess að sveitarstjórn Ölfuss hefur eindregið lagst gegn því að leggja raflínurnar í gegnum sveitarfélagið.

Í nefndaráliti minni hluta iðnaðarnefndar er bent á erfiða fjárhagsstöðu móðurfélags Norðuráls sem ég hef kynnt mér nokkuð betur eftir að nefndarálitið var lagt fram. Álverð hefur á einu ári lækkað um helming, úr u.þ.b. 3.000 dollurum í 1.500 dollara á einu ári og nú er það svipað og það var á árinu 2003. Century Aluminum sem er móðurfélag Norðuráls á Grundartanga og hyggst reisa álverið í Helguvík hefur þegar lokað einu álveri sínu í Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum. Samkvæmt tilkynningu frá höfuðstöðvunum var ástæða lokunar lágt heimsmarkaðsverð á áli. Við lokun álversins er talið að tæplega 680 manns muni missa vinnuna.

Þá sýna ársreikningar fyrirtækisins frá árinu 2008 gríðarlegt tap, samtals um 900 milljónir bandaríkjadollara. Það var í ljósi þess sem Logan Kruger, stjórnarformaður Century Aluminum, sagði 20. febrúar sl., daginn eftir að tilkynnt var um 700 milljóna dollara tap á síðasta ársfjórðungi 2008, að áform um uppbyggingu í Helguvík væru í endurskoðun.

Það er vert að taka fram að útlitið hefur ekki batnað síðan þetta gerðist og hlutabréf í Century Aluminum lækkuðu um 20% 30. mars sl. og aftur næsta dag um 21%, þann 31. mars. Þann 7. apríl sl. lækkaði Moody's lánshæfismat Century Aluminum vegna neikvæðra framtíðarhorfa í rekstri fyrirtækisins. Lánshæfismatið var lækkað úr B2 í CAA3. Og við Íslendingar munum hvað gerðist þegar lánshæfismat bankanna var lækkað úr A í B. Við erum að tala hér um lækkun úr B í C sem er gríðarlega mikil lækkun og þýðir í rauninni að það eru talsverðar líkur á því að fyrirtækið geti ekki staðið undir skuldbindingum sínum. Það er ekkert öðruvísi.

Áhyggjurnar sem Moody's segist hafa af eiginfjárstöðu fyrirtækisins eru eðlilega raktar til niðursveiflunnar sem er á álmörkuðunum. Matsfyrirtækið segir að þrátt fyrir að Century hafi tekið stór hagræðingarskref í starfsemi fyrirtækisins í Bandaríkjunum sé hún ólíkleg til að skila hagnaði næstu missirin. Moody's segir enn fremur að eftir að Century lokaði álveri sínu í Vestur-Virginíu og dró úr framleiðslu í öðru í Kentucky sé erfitt fyrir það að draga frekar úr framleiðslu sinni í Bandaríkjunum vegna samningsskuldbindinga. Century er skuldbundið til að halda áfram að framleiða álið jafnvel þó að þeir tapi á því. Einnig bendir þetta matsfyrirtæki á að þrátt fyrir að álver Century á Grundartanga sé mjög hagkvæmt sé ólíklegt að fjármagn flæði þaðan og dugi til þess að viðhalda núverandi starfsemi samstæðunnar á sjálfbæran hátt.

Þá er þess að geta að nýlega var vakin í Bandaríkjunum hópmálssókn gegn Century Aluminum af hálfu fjárfesta sem keypt höfðu hlutabréf í fyrirtækinu á síðasta ári og fram til 1. mars sl. Þeir telja að hlutabréfaverð félagsins hafi ekki verið rétt skráð á þeim tíma.

Hlutabréf í Century Aluminum hafa hríðfallið eins og ég nefndi áðan. Þau voru í gær 3,76 dollarar en voru fyrir ári milli 70 og 80 dollarar. Í gær höfðu þau lækkað um 2%.

Frú forseti. Ég hlýt að vekja athygli þingheims á þessari stöðu vegna þess að samningurinn við íslensk stjórnvöld, ívilnandi samningur upp á 16,2 milljónir dollara, er væntanlega metinn sem verðmæt eign hins erlenda félags og getur þess vegna eftir atvikum runnið til kröfuhafa eða gengið kaupum og sölum eins og aðrar eignir.

Frú forseti. Lokaorð mín eru þau að sá samningur sem hér liggur fyrir brýtur gegn markmiðum um sjálfbæra þróun. Hann hamlar náttúruvernd og hann hefur ekki í heiðri græna og sjálfbæra atvinnustefnu. Auk þess bendi ég á að sérstakar ívilnanir geta komið harkalega niður á uppbyggingu annarra atvinnugreina en slíkt hefur ekki verið tekið með við gerð samningsins.

Ég hvet þingheim til að skoða þetta mál út frá öðru sjónarhorni en því sem hér var helst uppi 2007 og fyrir þann tíma, að það væri bara fínt að fara í meiri orkuframleiðslu og framleiða meira ál. Hlutirnir hafa breyst. Við þurfum að nýta orkuna okkar til vistvænnar starfsemi, til fjölbreyttari iðnaðarstarfsemi. Áliðnaðurinn er ekki sá bjargvættur sem menn telja. Það var dapurlegt að hlusta á oddvita Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi í gær þegar einu atvinnutækifærin sem hann gat talið upp voru störf í álverum í Helguvík og á Bakka. Það kom frá flokknum sem ætlar að skapa 20.000 störf. Þau verður ekki að finna í þessum álverum.

Ég tel þetta mjög slæman samning eins og væntanlega hefur orðið ljóst af ræðu minni og nefndarálitinu sem er allmiklu ítarlegra en ég hef haft tök á að fara yfir hér. Ég hvet þingheim til að fresta afgreiðslu þessa samnings og skoða málið betur því að margt er að í samningnum.

[17:17]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hafa sett mál sitt fram með mjög skörulegum og málefnalegum hætti. Hv. þingmaður veit að ég er henni að ýmsu leyti ósammála um þetta mál en geri mér hins vegar grein fyrir því að mörg þeirra raka sem hún setti fram eiga stuðning vísan. Það er ekkert launungarmál að ég hef stutt þetta mál, ekki síst með tilliti til atvinnuástands en ég vil hins vegar gera lýðum það algjörlega ljóst að ég hef aldrei sagt að þessi samningur eða þetta verkefni verði til þess að útrýma atvinnuleysi á Suðurnesjum en ég hef horft til atvinnuleysisstigsins.

Það er tvennt sem mig langar til þess að nefna sérstaklega: Þessi samningur verður ekki staðfestur fyrr en úrskurður er kominn frá ESA, svo að það liggi alveg ljóst fyrir. Í öðru lagi talaði hv. þingmaður töluvert um ágenga nýt-

ingu jarðhita bæði á þessu svæði og á Hengilssvæðinu. Ég vil þess vegna að það komi algjörlega skýrt fram að ég hef falið starfshópi um rammaáætlun að setja starfsreglur þar um. Einn af þeim sem leiðir það starf er t.d. sá maður sem flokkur minn og flokkur hv. þingmanns hafa veitt þann trúnað að sitja í stjórn Landsvirkjunar. Það þýðir væntanlega að flokkur hv. þingmanns hefur fulla trú á þeim einstaklingi, sem er okkar fremsti sérfræðingur á sviði jarðhita eða meðal þeirra fremstu, þó að ég gæti talið upp nokkra góða líka þar til viðbótar.

Ég hef jafnframt lýst því yfir hér í þessum stóli tveimur sinnum að ég hyggist, verði ég áfram iðnaðarráðherra, að þær reglur verði staðfestar: Ég ætla mér ekki að heimila ágenga nýtingu jarðhita. Ég hef haldið sérstakt erindi um það tveimur sinnum og lýst nákvæmlega skoðunum mínum á því og ég fylgi þeirri reglu sem Gro Harlem Brundtland setti fyrst fram í frægri skýrslu að við eigum að skila auðlindunum í sama horfi til komandi kynslóða og við tókum við þeim. Þetta er grundvallaratriði af minni hálfu. Ég segi ekki að hv. þingmaður hafi sakað mig um það en (Forseti hringir.) ég vil að það liggi alveg ljóst fyrir hvaða afstöðu ég hef til nýtingar jarðhita.

[17:19]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst af þessum orðum ráðherra að samningurinn verður ekki staðfestur fyrr en úrskurður kemur frá ESA. Það kann að vera eftir einhverjar vikur eða svo. Þegar Kárahnjúkasamningurinn var samþykktur hér á Alþingi leið um það bil hálfur mánuður þangað til staðfesting kom frá ESA.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé tilbúinn til þess að bíða eftir næsta árshlutauppgjöri frá Century Aluminum — það er væntanlegt jafnvel núna fyrir kosningar — og skoða hvað verður um þennan samning ef horfur fyrirtækisins halda áfram að versna.

Ég fagna orðum hæstv. ráðherra um að hann muni sjá til þess í embætti sínu að ekki verði fleyttur rjóminn ofan af orkuauðlindum okkar í jarðhitanum. En ég hlýt að spyrja: Hvaðan á þá orkan að koma? Hvaðan á þá orkan til Helguvíkur að koma, til 360 þús. tonna álversins í Helguvík? Og hvaðan á orkan að koma í alla vistvænu framleiðsluna og starfsemina eins og í gagnaverum og öðru ef ekki á að fara þá leið sem orkufyrirtæki eins og Orkuveita Reykjavíkur ætla sér að fara?

[17:21]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er a.m.k. í gadda slegið að orkan á ekki að koma úr neðri Þjórsá, það kemur alveg skýrt fram í þeim samningum og þessu frumvarpi, það kemur sérstaklega fram í samningnum.

Hv. þingmaður ræddi um fjárhagsstöðu Norðuráls. Það er rétt að það komi a.m.k. fram, hvernig sem þróunin er núna með tilliti til þess að það eru miklar dýfur og þrengingar á alþjóðlegum mörkuðum, að Norðurál var skuldlaust við lánastofnanir árið 2008 og það var með sterka sjóðsstöðu. Fyrirtækið greiddi upp skuldir sínar á árinu 2007 með rekstrarafgangi, að vísu líka með framlagi frá móðurfélaginu Century Aluminum. Það er einmitt hinn lági skattur sem við deilum stundum um sem gerir það að verkum að það er hagkvæmt að láta hagnaðinn koma fram hér á landi í samstarfi af þessu tagi.

Hv. þingmaður reifar þann möguleika að fyrirtækið verði fjárvana og framselji réttindin. Þá verð ég að segja eftirfarandi: Í samningnum kemur alveg skýrt fram að á byggingartímanum er óheimilt að framselja réttindi og skyldur til annarra aðila nema allir aðilar samningsins samþykki, þar með talið ríkið. Hv. þingmaður bendir réttilega á að sú staða kynni þá að koma upp að kröfuhafar mundu taka verkefnið yfir til þess að tryggja efndir gagnvart lánasamningum. Ef sú staða kemur upp er það rétt hjá hv. þingmanni að þeim yrði að heimilt yrði að framselja þessi réttindi en um það framsal yrði að gera sérstakan samning sem ríkið verður að eiga aðild að. Ég tel nú að það sé ákaflega ólíklegt að slíkt framsal yrði gert í óþökk ríkisins. Hv. þingmaður, sem hefur lýst yfir nokkurri pólitískri ást á mér og mínum flokki, verður hugsanlega í næstu ríkisstjórn og það mundi þá upp á hana standa, ef þessi staða kæmi upp, að taka slaginn við bola þann sem hér stendur um þau mál. (Gripið fram í.) Ég hef yfirleitt — þó ekki í þessari umræðu — í þeim viðureignum sem ég hef átt við hv. þingmann í gegnum ævina — þær eru margar og flestar jákvæðar — farið halloka.

[17:23]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mun ekki standa á mér að taka þann slag með hæstv. ráðherra eftir kosningar að verja hagsmuni Íslendinga gagnvart erlendum auðhringum, það er alveg á tæru.

Staðan er sú að það er ekki aðeins Century Aluminum sem tapaði gríðarlega á síðasta ári, það eru þrengingar í áliðnaðinum um allt í heiminum. Við erum hér með risastór félög. Alcoa tapaði líka gríðarlega á síðasta ári, 500 millj. dollara, þó að það sé ekki jafnmikið og Century Aluminum sem töpuðu 900 milljónum. Það er ekkert launungarmál að innan skamms tíma geta öll álverin á Íslandi verið komin á eina hendi og ég er hér að tala um Rio Tinto.

Við skulum aðeins hugleiða hvað við erum þá búin að setja mikið af okkar eggjum í sömu körfu, í nákvæmlega sömu körfu. Það er ein af ástæðunum fyrir því að ég geld mikinn varhuga við þessu. En ég er til í að taka slaginn með hæstv. ráðherra til að verja hagsmuni Íslands gegn erlendum auðhringum hvenær sem er.

[17:24]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Atvinnuleysi á Suðurnesjum er núna að nálgast 15%. Með því að byggja álver í Helguvík er hægt að skapa þrjú til fjögur þúsund störf. Auðvitað getum við haft skoðanir á því hvort það er sanngjarnt eða réttlátt eða gáfulegt að byggja álver en fram hjá þeim staðreyndum er ekki hægt að horfa að okkur vantar virkilega störf. Í nútímaálverum eru 30% af störfum kvennastörf þannig að það

hjálpar til í því atvinnuleysi sem við búum við á Suðurnesjum og skiptir verulega miklu máli að þetta gangi eftir.

Skatttekjur af fyrirtækinu verða miklar í gegnum tíðina þegar það er komið í gang og byrjaður alvörurekstur í fyrirtækinu. Einnig mun tekjuskattur renna í ríkissjóð af launum starfsfólks, útsvarstekjur renna í sveitarsjóð sem og hafnargjöld. Ég neita því ekki að auðvitað væri gaman og gott ef hægt væri að búa til áliðngarða við hliðina á þessum álverum sem ynnu úr álinu ýmiss konar vörur. Þeir mundu skapa störf við hliðina á álverunum. En ekki er bent á neinar lausnir sem komast í hálfkvist við það sem álver gera. Þess vegna spyr ég hv. þm. Álfheiði Ingadóttur: Hvað leggið þið til (Forseti hringir.) í atvinnulegum skilningi? Komið þið einu sinni með það.

[17:29]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Já, herra forseti, þrjú til fjögur þúsund störf í álveri í Helguvík, 1.873 á atvinnuleysiskrá í gær á Suðurnesjum. Ég vil spyrja hv. þm. Grétar Mar Jónsson á móti: Þessi tala, þrjú til fjögur þúsund störf, er hún miðuð við 250 þúsund tonna álver, eins og umhverfismatið gerir ráð fyrir eða er hún miðuð við 360 þús. tonna álver eins og samningurinn gerir ráð fyrir? Eða er þetta kannski miðað við 150 þús. tonna álver eins og loftslagsheimildirnar gera ráð fyrir?

Það er nefnilega ekki á vísan að róa í þessu, hv. þingmaður, og þær tölur sem fleygt hefur verið um atvinnusköpun í þessu verkefni eru bara ekki réttar, þær byggja ekki á raunhæfum forsendum. Það er allt á floti með þetta verkefni. Ég hef bent á það hér að leyfin eru ekki til staðar. Ég hef líka bent á að orkuöflunin er öll í uppnámi. Það er ekki til orka fyrir þessa starfsemi sem lofar þrjú til fjögur þúsund störfum.

Ég hef líka bent á að orkuflutningurinn er í uppnámi. Sveitarstjórnin í Ölfusi vill ekki hleypa línunum í gegn, segir að það verði banabiti í iðnaðarframleiðslu í sveitarfélagi sínu. Ég hef líka bent á að staðan á álmörkuðum er þannig að það er afskaplega lítil von um að þar batni eitthvað á næstu missirum. Verið er að loka álverum alls staðar í heiminum. Ég hef líka bent á að skuldastaða móðurfélagsins, Century Aluminum, er ekki beysin þegar Moody's breytir lánshæfismatinu úr B2 niður í CAA3.

Það er því margt að athuga áður en menn fullyrða að þarna séu þrjú til fjögur þúsund störf. Ég minni á að störfin í álverum eru einhver þau dýrustu sem hægt er að skapa. Það er hægt að skapa miklu fleiri störf fyrir sömu peninga í öðrum iðngreinum.

[17:29]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sami söngurinn sem við heyrum frá Vinstri grænum þegar verið er að tala um stóriðju eða að virkja yfir höfuð og breytist ekki neitt í því, við fáum engin ný rök í málinu. Talið er að á Suðurnesjasvæðinu sé verið að nýta um 200 megavött og að þau geti farið upp í tvö þúsund megavött ef djúpborunarverkefnin, tilraunaverkefnin sem eru í gangi, ganga upp.

Auðvitað er það áhyggjuefni ef Hitaveita Suðurnesja, Orkuveita Reykjavíkur, Landsvirkjun og Landsnet fá ekki fjármagn til að fara í þær framkvæmdir. Ég lít þannig á að það sé verkefni stjórnvalda að tryggja að þessi fyrirtæki nái því fjármagni sem til þarf til þess að geta skapað þessi störf.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir talar hér um að það séu bara 18 hundruð og eitthvað atvinnulausir á Suðurnesjum, (**ÁI:** Nú mótmæli ég ...) Þá skulum við segja að ef hægt væri að koma þeim í vinnu í álveri væri miklu náð fram og þurrkað út það atvinnuleysi sem er, þó að það væru bara milli 1.800 og 1.900 manns sem fengju vinnu við það að byggja álver. En það er ljóst að í álveri er áætlað að tæplega 1.000 manns hafi þar fasta vinnu og svo eru afleidd störf hér og þar í kringum það, ýmiss konar þjónustustörf. Við þurfum á þessum störfum að halda, það er ekki spurning um það og þess vegna styð ég þetta frumvarp. Það veldur mér vonbrigðum þegar fólk eins og það sem er í þessari vinstri grænu-grúppu, svokölluðu stjórnmálaafli, skuli ekki taka sér tak og reyna að koma með lausnir á atvinnumálum fólks.

[17:31]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að stæla hér við hv. þm. Grétar Mar Jónsson. Sami söngurinn, segir hann, og ég segi: Sömuleiðis, takk. (Gripið fram í.) Við vinstri græn höfum, sérstaklega núna á undanförnum dögum, lagt fram tillögur okkar í atvinnumálum og er alveg ljóst að þar tölum við um ódýrari uppbyggingu, meiri möguleika á því að búa til störf með fjölþættari iðnaði en hér er um að ræða. Ég ætla ekki að fara nánar út í það.

Það er hins vegar alveg ljóst að Frjálslyndi flokkurinn hallar sér í að verða fjórði stóriðjuflokkurinn á Alþingi og mér finnst það miður. Mér finnst það miður því að það samrýmist ekki hans afstöðu í öðrum málum sem hefur verið miklu nær fólkinu í landinu en auðhringjunum. Og við Grétar Mar Jónsson vil ég segja að lokum að djúpborunarverkefni sem á að skila Suðurnesjum 2000 megavöttum er í það minnsta 40 ár inn í tímann.

[17:33]

Árni M. Mathiesen (S):

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þetta mál skuli vera tekið til umræðu. Það er búið að vera nokkuð lengi á dagskránni en hefði verið hægt fyrir nokkrum vikum síðan að taka það fyrir og afgreiða það frá þinginu ef hæstv. forseta hefði sýnst svo. Það hefur aldrei staðið til af hálfu okkar sjálfstæðismanna að tefja framgang þessa máls á einn eða annan hátt frekar en við höfum tafið þau mál önnur sem til þjóðþrifa horfa og verið hafa á dagskrá og afgreidd.

Það er dálítið sérstakt að hlusta á umræður eins og hér hafa farið fram, stælur um hversu mörg störfin verða sem álverið skapar á uppbyggingartímabilinu, þegar álverið er tekið til starfa og þar fram eftir götunum. Hvort þarna verði svona stórt álver eða heldur stærra álver eða enn þá stærra álver. Sannleikurinn er einfaldlega sá, og er miður að sú staða sé uppi hjá okkur, að hér er um verulegt atvinnuleysi að ræða. Það er ekki um marga stóra fjárfestingarkosti fyrir

okkur að velja. Það er ekki mikið um að menn vilji koma hingað og festa hér fé og skapa þannig störf með eigin fjármagni.

Þetta verkefni er langsamlega stærsta verkefnið sem við sjáum fram á að geti farið af stað í fyrirsjáanlegri framtíð og haft einhver veruleg mælanleg áhrif á það atvinnuleysi sem hér er til staðar, sérstaklega á því svæði landsins þar sem atvinnuleysi er hæst í dag.

Reynt er að kasta rýrð á þann samning sem lagður er fyrir í frumvarpsformi. Þessi samningur er að öllu leyti sambærilegur hvað efnisatriði varðar við aðra samninga sem gerðir hafa verið. Ef eitthvað er er um heldur minni skattaívilnanir að ræða en verið hefur í öðrum sambærilegum samningum. Hér hefur verið reynt að efast um að hann stæðist samninginn um Evrópska efnahagssvæðið en út frá því sem ég nefndi, út frá öðrum samningum sem samþykktir hafa verið af ESA, er ekki nokkur einasta ástæða til þess að efast um að þessi samningur muni ekki verða samþykktur af Eftirlitsstofnun Evrópska efnahagssvæðisins.

Frekar en að vera tortrygginn gagnvart því sem hér er lagt fram og staglast um hvort þetta séu mörg eða fá störf ættum við að fagna því að við skulum yfirleitt vera með mál eins og þetta til umræðu í þinginu. Mál sem leiðir til fjárfestingar, skapar störf í uppbyggingu, skapar störf til framtíðar og skapar okkur útflutningstekjur í framtíðinni til þess að bæta stöðu okkar í viðskiptum við útlönd. Það er því full ástæða til þess að fagna þessu máli og ég treysti því að við klárum afgreiðslu þess áður en þingstörfum lýkur í dag og það leiði til þess að þær framkvæmdir sem um ræðir fari af stað bæði fljótt og vel og skili Suðurnesjunum og Íslandi öllu miklum og ómældum arði í framtíðinni.

[17:37]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég held að ég geti tekið undir hvert einasta orð sem sá sem talaði á undan mér, hv. þm. Árni Mathiesen, sagði. Ég fagna því mjög að þetta mál sé loksins komið á dagskrá og til umræðu á hinu háa Alþingi og allt tal, eins og í máli hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur um að Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið að tefja þetta mál, er náttúrlega þvílík fjarstæða að það tekur engu tali. Það er minnihlutaríkisstjórnin sem fer með dagskrárvaldið hér í þinginu eins og ítrekað hefur komið fram núna á síðustu dögum. Hún hefði haft það í hendi sér hvenær sem er að setja þetta mál á dagskrá og ekki tefja fyrir því og senda óvissuskilaboð út á markaði sem eru mjög alvarleg skilaboð á þessum tíma.

Þessi framkvæmd er mjög mikilvæg í margvíslegu tilliti. Hún er mikilvæg út frá hagsmunum fyrirtækisins vegna þess að ákveðið er að byggja upp fyrirtæki á hagkvæman hátt með hagkvæma og hreina orku.

Þessi framkvæmd er ekki síður mikilvæg út frá hagsmunum Suðurnesja því að eins og komið hefur fram og verið tiltekið skapast fleiri þúsund störf, hvort sem það er við uppbyggingu eða til framtíðar. Ég tek undir með hv. þm. Grétari Mar Jónssyni, það eru störf sem skipta máli og eru mjög mikilvæg, einkum og sér í lagi á þessum tíma þegar fjöldi manns er atvinnulaus á Suðurnesjum.

En þetta er ekki síður mikilvægt út frá hagsmunum Íslands og Íslendinga allra og þeirri atvinnuuppbyggingu sem við þurfum að fara í á næstu missirum til þess að koma okkur út úr þessari blessuðu kreppu.

Verið er að senda skilaboð út um allan heim. Norðurál er nefnilega eitt fárra íslenskra fyrirtækja sem nú um stundir hefur tækifæri og möguleika til þess að fá fjármögnun úti í hinum stóra heimi. Og við þær aðstæður sem við glímum við nú eru fjárfestingarsamningar af þessu tagi nauðsynleg forsenda til þess að það gangi eftir. Við vitum að lánastofnanir erlendis fylgjast mjög grannt með framvindu mála hér og allt það hik sem verður á svona framkvæmd og sem orðið hefur, sendir ekki góð skilaboð til þeirra sem ætla sér að fjármagna svona verkefni.

Það er skylda okkar að tryggja að umhverfið verði stöðugt og gott og að við getum boðið fjárfestum, hvort sem þeir eru erlendir eða innlendir, upp á bestu mögulegu aðstæður eins og hægt er. Það er allt mjög mikilvægt, ekki síst í núverandi árferði þegar mikið liggur við.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Það kemur allt fram í áliti nefndarinnar og meirihlutaálitum hv. iðnaðarnefndar og efnahags- og skattanefndar þar sem lykilatriði verkefnisins eru tiltekin.

Eftir þá umræðu sem spannst hér áðan get ég ekki annað en nefnt það sem allt snýst í rauninni um. Þetta snýst allt saman um pólitík og mismunandi hugmyndafræði. Það kom svo glögglega í ljós þegar hv. þm. Álfheiður Ingadóttir ræddi áðan um hver hugmyndafræði þeirra og nálgun gagnvart atvinnulífinu er og hugsunin gagnvart skattlagningu á atvinnulífið.

Ég held að það hafi kristallast hér að í augum fylgismanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er atvinnulífið fyrst og fremst hressilegur skattstofn. Hann er ekkert annað. Það kom svo bersýnilega í ljós þegar þingmaðurinn talaði áðan að hún fann allt því til foráttu að þessi samningur skyldi gerður. Hér væri verið að grafa undan einhverjum möguleikum á því að hafa eins háa skattprósentu og við gætum hugsanlega einhvern tímann hugsað okkur að setja á þetta ágæta fyrirtæki. Hún notaði orðalagið „að læsa félagið inni“ í 15% skatti.

Ég var í gær stödd á fundi þar sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs talaði um að það væri verið að „bólusetja“ fyrirtækið fyrir skattahækkunum. Ef það er ekki einhver undarlegur hugsanagangur þá — ég á bara ekki orð yfir það. Þarna koma pólitísk hugmyndafræði, pólitískur ágreiningur og pólitísk sýn á hlutina glögglega fram.

Ég lít svo á að þarna séum við að tryggja sterkan, stöðugan og fastan atvinnuveitanda á svæði sem svo sannarlega þarf á því að halda. En hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sér bara fyrirtæki sem ekki er hægt að hækka skatta á. Og ég fagna því að hæstv. fjármálaráðherra, sem ég held að deili skoðunum hv. þingmanns, er genginn hér í salinn. (Gripið fram í.) Hvað sagði ráðherrann? (Gripið fram í.) Ég sé atvinnutækifæri og ég sé verðmætasköpun á svæði sem þarf svo sannarlega á því að halda. En hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sér fyrirtæki sem ekki er hægt að hækka skatta á. Ég sé tekjur inn í samfélag sem þarf svo sannarlega á því að halda en hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sér bara ofsjónum yfir því að ekki sé mögulega hægt að hækka skatta einhvern tímann í framtíðinni á þessu fyrirtæki.

Ég segi bara fyrir mig að ef það er spurningin um að fá

minni part af stærri köku en stóran part af minni köku leyfi ég mér að fullyrða að þessi fjárfestingarsamningur tryggi til framtíðar að það verði einhver skattstofn á þessu svæði sem mun gefa tekjur til framtíðar.

Það kom líka berlega í ljós í máli hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur og í andsvörum hennar og viðræðum við hæstv. iðnaðarráðherra að þessi minnihlutaríkisstjórn, sem er ætlað vera hér í örfáa daga í viðbót, er nokkurs konar með eða á móti ríkisstjórn. Hún getur í krafti lýðræðisins að eigin áliti verið með stefnu bæði með og á móti í sama málinu. Hæstv. iðnaðarráðherra og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar sem eru með þessu máli — sem eru nú reyndar ekki allir þingmenn Samfylkingarinnar, geri ég fastlega ráð fyrir, en þeir sem ég gruna um að vera mótfallnir þessu máli eru nú ekki hér í salnum — mæla þessu mikið bót og eru búnir að tala hér hátt og snjallt fyrir þessu máli og ég fagna því. Ég fagna því að þeir eru þeirrar skoðunar.

(Gripið fram í.) Hver fór með málið í gegn? Það er gott að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir spyr að því, ég skal lesa upp nöfn þeirra sem eru á nefndarálitinu. Það eru nefnilega Katrín Júlíusdóttir, formaður iðnaðarnefndar, Einar Már Sigurðarson, líka samfylkingarmaður, Björgvin G. Sigurðsson, líka samfylkingarmaður, þau eru sem sagt þrjú. (Gripið fram í.) Síðan eru fjórir aðrir þingmenn og ég get ekki betur séð en að það séu þrír sjálfstæðismenn og einn framsóknarmaður þannig að þetta er sannkallað samvinnuverkefni (Gripið fram í.) Samfylkingar með okkur sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum.

En með-og-á-móti-ríkisstjórnin getur verið bæði með og á móti sama málinu, segir hv. þm. Álfheiður Ingadóttir. Hún hélt því fram að það væri vegna þess að þetta væri arfur frá gamalli tíð, þau gerðu þetta svona og gætu ekki stoppað málið af því að þetta væri minnihlutastjórn.

Ég leyfi mér að efast um það og ég leyfi mér að halda því fram að verði þessir tveir flokkar — og guð forði því — í samvinnu í ríkisstjórn eftir kosningar held ég að þetta sé nefnilega einmitt línan. Þessir flokkar munu ekki ná saman um eitt eða neitt og munu vera með sitt hvort minnihlutaálitið í hvaða máli sem við getum hugsað okkur að verði lögð fram þegar þeir eru ekki sammála. Þá munum við reyna að treysta á t.d. eins og í svona málum að Samfylkingin, sem er tilbúin að leggja í orkufrekan iðnað, mun treysta á að fá okkur sjálfstæðismenn og jafnvel framsóknarmenn með í málinu og skilja vinstri græna eftir með hjáróma minnihlutaálit eins og verið er að gera núna.

Þeir kjósendur Vinstri grænna sem halda að með því að kjósa geti þeir komið í veg fyrir og stoppað öll mál sem Vinstri grænir eru einir á móti og hafa sérstakar skoðanir á — ég leyfi mér að fullyrða að þeir muni bara sitja eftir og hafa minnihlutaskoðanir eins og alltaf. Samfylkingin muni þá treysta á vel hugsandi og þenkjandi fólk til að hjálpa sér með góð mál í gegnum þingið þegar þingmenn, eins og sá sem hér labbar fram hjá, geta ekki komið sér saman um þessi mál.

En virðulegi forseti. Ég þakka kærlega fyrir að forseti hefur komið þessu ágæta máli á dagskrá og ég hlakka mjög til að sjá þessa framkvæmd verða að veruleika sem er góð framkvæmd og mun styrkja og styðja við atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. Við hv. þm. Katrín Júlíusdóttir getum notið þess að vera sammála í þessum málum, kæri þingmaður.

[17:48]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek heils hugar undir það með hv. þingmanni, ég fagna því mjög að þessi fjárfestingarsamningur er á dagskrá og verður afgreiddur frá þinginu. Ég held að hann skipti töluverðu máli og renni stoðum undir það að verkefnið gangi eftir, enda hefur verið unnið að honum um margra mánaða skeið. Hann var kominn á teikniborðið og tilbúinn í tíð fyrri ríkisstjórnar og iðnaðarráðherra fór með hann inn í ríkisstjórn og Alþingi í febrúar. Formaður iðnaðarnefndar leiddi hann síðan í gegnum sína nefnd. Ég held að við eigum bara að fagna því mjög að þetta verkefni verður vonandi frekar að veruleika eftir að þessi samningur er kominn fram.

Það sem stendur okkur Íslendingum núna næst er að auka framleiðslu í landinu, verðmætasköpun og fjölga verðmætum og góðum störfum. Það skiptir öllu máli og þess vegna eigum við að fagna því að þetta verkefni er komið fram um leið og við eigum að bera virðingu fyrir skoðunum þeirra sem eru því andstæð og vilja nýta orkuna í annað. Það gengur þvert á flokka hvernig fólk vill standa að uppbyggingu í atvinnulífi, hvort menn eru með eða á móti einstökum verksmiðjum eða hvort menn vilja byggja upp öðruvísi iðnað, gagnaver, álþynnuverksmiðjur eða annað. Niðurstaða er samt fengin í þetta mál. Sveitarfélögin suður frá og stjórnmálamenn á Alþingi í miklum meiri hluta eru því fylgjandi að byggt verði álver í Helguvík og það er mikið fagnaðarefni.

Þarna gætu orðið þúsundir starfa strax í haust við uppbygginguna. Það er tæpt ár síðan við fyrrverandi fjármálaráðherra tókum skóflustungu að þessu verkefni. Síðan hefur töluvert mikið verið byggt þarna og milljarðar settir í verkefnið. Vonandi fjölgar þeim mjög. Þess vegna eigum við að fagna því að þetta mikil og breið pólitísk samstaða hafi náðst um málið, bæði á Alþingi og heima í héraði. Á Suðurnesjunum er nokkuð órofa samstaða um þetta verkefni. Þar verður maður ekki var við nokkra einustu merkjanlegu andstöðu við málið, heldur mikla eftirvæntingu eftir því að þetta mikilvæga atvinnuverkefni gangi fram og því vildi ég spyrja hv. þingmann hvort við ættum ekki að fagna því að þetta gangi fram (Forseti hringir.) í staðinn fyrir að gera lítið úr skoðunum þeirra fáu sem eru á móti.

[17:50]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get fagnað með hv. þingmanni og tek undir að það er mjög gott að þetta sé komið í framkvæmd.

Ég var ekki að gera lítið úr einum eða neinum skoðunum í ræðu minni áðan. Ég ber virðingu fyrir skoðunum annarra og ég ber virðingu fyrir skoðunum hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur. Það sem ég fetti fingur út í hér var stefnuleysi og ósamstæð stefna í ríkisstjórn. Ég var að gagnrýna að ríkisstjórn sem er skipuð tveimur flokkum sem ætla sér að fara hér áfram í ríkisstjórnarsamstarf fái þeir til þess umboð eru algjörlega hvor á sínum endanum þegar kemur að þessu

verkefni. Ég set spurningarmerki við það sem kjósendur standa frammi fyrir núna þegar þeir ganga að kjörborðinu. Hver verður stefna með-og-á-móti-ríkisstjórnarinnar? Hvort verður stefna þeirrar ríkisstjórnar sem yrði þá mynduð fylgjandi framkvæmdum sem þessum og tilbúin til að beita pólitískum vilja og pólitískri stefnu í þágu þess að byggja upp svona verkefni eða á móti þess háttar samningum og þess háttar verkefnum? Það var það sem ég var að fetta fingur út í.

Ég ber mikla virðingu fyrir andstæðum skoðunum en mér þykir verra þegar þær er að finna innan sömu ríkisstjórnar um svona grundvallaratriði, sérstaklega þegar það er innan ríkisstjórnar sem verið er að mynda á teikniborðunum úti um allt miðað við það sem maður heyrir. Þessir tveir flokkar eru búnir að gefa það út að þeir vilji ekki vinna með neinum öðrum. Á hverju eiga kjósendur von? Eiga þeir von á að með-og-á-móti-ríkisstjórnin verði með orkufrekum iðnaði eða verður með-og-á-móti-ríkisstjórnin á móti orkufrekum iðnaði?

[17:52]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Helguvík verður ekki byggð nema einu sinni. Nú erum við að ná fram þessum áfanga hér sem verður vonandi til þess að álverið rísi og fari á fullt, þær framkvæmdir sem nú þegar eru hafnar af miklum krafti eins og stóð á forsíðu Víkurfrétta í vikunni undir fyrirsögninni: Það verður ekkert hik á Helguvík. Ég tel allar líkur á því að þetta verkefni gangi fram, Norðuráli gangi áfram vel að fjármagna verkefnið og það verði til þess að störfum fjölgi, tekjustofnar sveitarfélaga og íbúa á Suðurnesjum og suðvesturhorninu eflist og batni verulega.

Ég held að hvaða ríkisstjórn sem tekur við eftir kosningar verði með því að auðlindir Íslands, orkan í iðrum jarðar og fallvötnin, verði nýttar. En auðvitað hafa flokkar og fólk þvert á flokka mismunandi skoðanir á því hvernig eigi að nýta orkuna, hvað eigi að ganga langt hverju sinni og með hvaða hætti. Það er ekkert annað en gott, heilbrigt og jákvætt að flokkarnir spegli litróf í því.

Mestu skiptir að ná samstöðu um svona grundvallaratriði, svona stórbrotin verkefni í atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun í samfélaginu eins og álverið í Helguvík. Ég hef stutt það um langt skeið og er ánægður með að þessi samningur skuli nú ganga fyrir þingið. Að honum hafa margir unnið og eiga þakkir skildar fyrir það. Það er góð samstaða um málið í þinginu og því er engin ástæða til að gera lítið úr því að einhverjir stjórnmálamenn og flokkar hafi aðrar áherslur í þessu en við sem styðjum málið. Það er bara svoleiðis sem það er.

Auðvitað starfa gjörólíkir flokkar saman til lengri og skemmri tíma. Flokkarnir sem voru í síðustu ríkisstjórn eru gjörólíkir, hægri sinnaður íhaldsflokkur annars vegar og jafnaðarmannaflokkur hins vegar, en menn reyna að ná saman um mikilvæg verkefni. Það eiga menn að bera gæfu til að gera í þinginu líka, þvert á flokka og þvert á ríkisstjórnarsamstarf, að mikilvægustu málin gangi fram hverju sinni sé um það góð samstaða eins og þetta verkefni hér, að álver rísi í Helguvík.

[17:55]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nefnilega lykilatriði að um þetta verkefni er mikil samstaða í þinginu, um það er ekki deilt. Það er nákvæmlega það sem kemur fram þegar við horfum til þess hverjir skrifa undir meirihlutaálitið.

Það er heldur ekki um það deilt að ósamstaða er um þetta mál í ríkisstjórninni og hv. þingmaður vék sér fimlega undan því að nefna það í ræðu sinni. Hann talaði bara um að við þyrftum að bera virðingu fyrir skoðunum annarra. Ég ítreka að ég ber alla virðingu fyrir skoðunum annarra en mér þykir verra að þær séu margar innan sömu ríkisstjórnar þegar um svo merkilegt og mikilvægt verkefni er að ræða.

Hv. þingmaður nefndi einmitt fyrrverandi ríkisstjórn, fráfarandi ríkisstjórn, sem við vorum bæði aðilar að, ég sem þingmaður og þingmaðurinn sem bankamálaráðherra. Það er alveg rétt að þeir flokkar eru mjög ólíkir og um mörg mál vorum við ekki sammála — enda hvernig fór sú ríkisstjórn? Hún fór ekki vel, blessunin, og fór frá völdum einmitt vegna þess að ekki var næg samstaða um grundvallarmál í þeirri ríkisstjórn. Þess vegna segi ég að þegar gerðir eru samningar, ekki síst þegar gerðir eru stjórnarsáttmálar, verða svona hlutir að liggja fyrir. Maður getur borið alla virðingu fyrir andstæðum skoðunum, en þá verður líka að liggja fyrir að þegar menn eru búnir að gera samkomulag um ákveðin atriði í ríkisstjórnarsamstarfi haldi þeir hlutir. Það er nákvæmlega það sem ég vil leyfa mér að halda fram að hafi klikkað í seinustu ríkisstjórn, það var sífellt verið að tala um hluti sem var vitað að ekki væri samkomulag um. Þess vegna velti ég fyrir mér þessum tveimur flokkum í ríkisstjórn. Í framhaldi af kosningunum núna leyfi ég mér að draga í efa að um þessi mál, sem menn hafa andstæðar skoðanir á, verði (Forseti hringir.) endanleg samstaða. Þau verða dregin fram og það verður talað (Forseti hringir.) um þau þrátt fyrir alla stjórnarsáttmála. Ég leyfi mér að halda þessu fram.

[17:57]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hér er loks komið til umræðu það mál sem við sjálfstæðismenn höfum ítrekað kallað eftir til umræðu hér undanfarna daga. Margsinnis höfum við óskað eftir því við hæstv. forseta að hann breyti dagskrá þingsins þannig að hægt væri að ræða þetta mál á undan öðrum. En nú er málið komið á dagskrá og er það vel.

Eins og flestir hljóta að sjá er um mjög mikilvægt atvinnuskapandi mál að ræða, ekki einungis fyrir Suðurnesin þar sem álverið mun rísa í sveitarfélögunum Garði og Reykjanesbæ, heldur munu þessar framkvæmdir og starfsemin, þegar hún hefst á árinu 2011, hafa jákvæð áhrif langt út fyrir Reykjanesið.

Í meginatriðum felur þetta frumvarp í sér heimild til ríkisstjórnar Íslands og iðnaðarráðherra fyrir hennar hönd að veitt verði heimild til að semja við Norðurál Helguvík ehf. og eiganda þess um álver í Helguvík í samræmi við ákvæði frumvarpsins um að Norðurál reisi og reki álver til framleiðslu á allt að 360.000 tonnum af áli á ári. Einnig felur frumvarpið í sér undanþágu Norðuráls frá ýmsum almenn-

um reglum vegna rekstrar álversins.

Helstu undanþágurnar snúa að frávikum frá reglum um skatta og gjöld. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þessi frávik séu sambærileg þeim sem kveðið er á um í lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga og á Reyðarfirði og heldur minni ef eitthvað er.

Efnahagshrunið síðastliðið haust hafði mikil áhrif á framkvæmdirnar við álverið í Helguvík, m.a. vegna þess að íslenskir bankar ætluðu að sjá um fjármögnun framkvæmda Norðuráls. Á sama tíma hefur heimskreppan valdið lækkun á álverði og eftirspurn eftir áli hefur minnkað vegna samdráttar á flestum sviðum framleiðslu í heiminum. Hins vegar má ætla að eftirspurn eftir áli muni aukast um leið og efnahagur á Vesturlöndum fer batnandi.

Aðdragandann að byggingu álvers í Helguvík má rekja allt til ársins 2004 þegar forsvarsmenn Norðuráls komu á fund Reykjanesbæjar til að kynna sér aðstæður í Helguvík fyrir álver sem þeir vildu ráðast í að byggja. Æ síðan hefur verið unnið að því að þetta verkefni verði að veruleika. Er skemmst frá því að segja að þetta verkefni Norðuráls í Helguvík hefur allan tímann notið mikils stuðnings og velvildar íbúa á Suðurnesjum. (**Iðnrh.:** Og í iðnaðarráðuneytinu.) Og í iðnaðarráðuneytinu, eins og hæstv. iðnaðarráðherra skaut hér inn í. Einnig er mikill og almennur áhugi á framgangi verkefnisins hjá verkalýðsfélögum, atvinnulífinu, verktökum, verkfræðingum, arkitektum og iðnaðarmönnum, svo eitthvað sé nefnt. Ljóst er að mörg störf muni skapast jafnt við framkvæmdina sjálfa og þegar álverið tekur til starfa.

Eins og fram kemur í nefndaráliti leitaði nefndin eftir umsögnum fjölmargra aðila þar á meðal sveitarfélaga á Suðurnesjum. Álit bárust frá sveitarfélögunum Garði, Vogum og Reykjanesbæ. Í álitum þessara sveitarfélaga kemur mjög skýrt fram að þau binda miklar vonir við álversframkvæmdir og leggja ríka áherslu á mikilvægi álversframkvæmda í Helguvík fyrir atvinnulíf og íbúa á Suðurnesjum.

Einnig komu fyrir iðnaðarnefnd fulltrúar verkalýðs- og sjómannafélags Suðurnesja sem höfðu mjög sterkar skoðanir á nauðsyn þess fyrir atvinnulífið á Suðurnesjum að álver rísi í Helguvík. Þeir bentu á máli sínu til stuðnings að mesta atvinnuleysi á landinu er á Suðurnesjum en samkvæmt tölum sem mér bárust í gær eru 1.879 manns á Suðurnesjum skráðir án atvinnu sem skiptast þannig að það eru 1.089 karlar og 790 konur.

Í álveri eru fjölmörg störf fyrir bæði kynin, ekkert síður konur en karla. Má ætla að álver í Helguvík komi til með að létta á atvinnuleysi kvenna einkum þar sem Norðurál er með þá stefnu að ráða konur ekki síður til starfa en karla. Fjölmörg störf eru í álveri sem henta konum jafnt sem körlum. Þegar atvinnuástandið er með þeim hætti sem nú blasir við er ekki hægt að hafna verkefni eins og þessu. Samdráttur í byggingariðnaði er mikill á Suðurnesjum eins og annars staðar á landinu og mun því verkefni eins sem þetta hafa mjög jákvæð áhrif á byggingartíma álversins.

En ég get vissulega tekið undir það með hv. þm. Álfheiði Ingadóttur og hæstv. iðnaðarráðherra að álverið verður ekki til þess að útrýma atvinnuleysi á Suðurnesjum enda er sífellt verið að kanna önnur atvinnutækifæri á svæðinu.

Virðulegi forseti. Allt frá því að varnarliðið fór af landi brott hefur atvinnuleysi á Suðurnesjum verið viðvarandi. Þegar varnarliðið fór má segja að rúmlega 700 störf hafi horfið af vinnumarkaðnum og ekki hefur enn tekist að skapa þau störf að nýju. Álver í Helguvík gefur því fólki á Suðurnesjum von um vel launuð framtíðarstörf. Þá er ljóst að bæði á byggingartíma álvers og eftir að starfsemin hefst mun álverið veita fjölda háskóla- og tæknimenntaðra einstaklinga atvinnu. Í stóriðju er talið að um 40% starfsfólksins sé með háskóla- eða tæknimenntun. Þá eru ekki taldir með arkitektar og sérfræðingar og verkfræðistofur sem m.a. þjónusta þessi fyrirtæki. Álver í Helguvík mun því hafa mikil og margvísleg áhrif á atvinnulífið á Suðurnesjum.

Starfsemi álvera byggist mjög á þjónustu utanaðkomandi fyrirtækja. Á síðasta ári greiddi Norðurál um 25 milljarða til þjónustufyrirtækja, orkufyrirtækja og í laun og launatengd gjöld. Þar af námu greiðslur til þjónustufyrirtækja um 10 milljörðum kr. Það er því eftir miklu að sækjast fyrir atvinnulífið á Suðurnesjum að álver rísi í Helguvík.

Þegar varnarliðið fór af landi brott hægðist á starfsemi fjölmargra þjónustufyrirtækja sem höfðu fyrst og fremst þjónustu af varnarliðinu. Nú sjá þessi fyrirtæki möguleika á að auka starfsemi sína að nýju með tilkomu álversins.

Gert er ráð fyrir að álverið verði byggt í fjórum 90.000 tonna áföngum og að ársframleiðsla þess verði allt að 360.000 tonn. Áætlað er að álverið taki til starfa á seinni hluta árs 2011 og að fjöldi starfsmanna í fullu starfi verði þá um 210 talsins. Við gangsetningu fjórða áfanga er áætlaður starfsmannafjöldi 540 manns í fullu starfi en áfangaskipting og byggingartími mun taka mið af orkuöflun álversins auk annarra aðstæðna.

Það er því ekki nema von að sveitarfélögin á Suðurnesjum, aðilar vinnumarkaðarins og ekki síst allur almenningur á Suðurnesjum séu hlynnt því að álver rísi í Helguvík. Jákvæðni gagnvart þessum framkvæmdum í Helguvík nær langt út fyrir Suðurnesin ef marka má nýjustu skoðanakannanir en samkvæmt skoðanakönnunum *Fréttablaðsins* sem birtist í blaðinu um páskana kom fram að 57,5% aðspurðra sögðu já við álveri í Helguvík.

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að koma hjólum atvinnulífsins af stað að nýju. Það er álit Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands að gott svigrúm sé til stórframkvæmda á árinu 2009–2011 þar sem slaki verður í hagkerfinu á þessu tímabili að öðru óbreyttu. Sökum aukinnar þátttöku innlends verkafólks munu auknar framkvæmdir ekki valda miklum usla á vinnumarkaði. Þá má búast við jákvæðum áhrifum á gengi íslensku krónunnar og auknar framkvæmdir valdi því að vextir verði hærri en ella.

Það er mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að frumvarp þetta verði nú að lögum m.a. vegna þess að fjárfestingarsamningurinn mun styðja Norðurál Helguvík við öflun fjármagns og tryggja þannig framvindu framkvæmda við álversuppbygginguna í Helguvík

Auk mikilvægis framkvæmdanna fyrir atvinnulífið á Suðurnesjum og á Suðvesturhorninu og þeirra jákvæðu breytinga sem það mun hafa á tekjustofna sveitarfélaga, húsnæðismarkaðinn og atvinnumarkaðinn almennt þurfum við Íslendingar á því að halda á þessari stundu að sjá fram á að það sé raunverulega verið að gera eitthvað til að koma atvinnulífinu af stað aftur og skapa ný atvinnutækifæri. Því

ber að fagna. Auk þess sem verkefnið mun hafa margvísleg jákvæð hliðaráhrif eins og kom fram hjá fulltrúum sveitarfélaganna á Suðurnesjum sem komu fyrir iðnaðarnefnd. Allir mæltu þeir eindregið með að frumvarpið yrði samþykkt og skjóta með því styrkari stoðum undir atvinnulífið á Suðurnesjum eftir langt skeið atvinnuleysis, virðulegi forseti.

[18:09]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Nú sér væntanlega fyrir endann á langþráðu baráttumáli sem skiptir miklu máli fyrir þjóðina í heild, fyrir atvinnustöðu og uppbyggingu atvinnu á Suðurnesjum, fyrir stöðu heimilanna á Suðurnesjunum, stöðu atvinnusköpunar á Suðurlandi og í landinu í heild.

Reikna má með að um 400 störf muni skapast í álverinu í Helguvík á frumframleiðslustigi en alls um 1.100 störf með störfum tengdum álverinu sjálfu. Á byggingartíma má reikna með á þriðja þúsund starfa á Suðurnesjum og víðar, til að mynda með línulögnum, kísilversmöguleikum og fleiri þáttum og verkefnum. Reiknað er með að álverið í Helguvík verði byggt í fjórum áföngum, 90.000 tonn í hverjum áfanga. Að loknum áfanga 2, þegar framleiðslan getur farið í 180.000 tonn, má reikna með frekari framleiðslu varnings úr áli og nú þegar hefur meiri hluti sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ lagt drög að því með aðstandendum álversins í Helguvík. Framleiðsluverksmiðjur úr áli gætu verið á Suðurlandsundirlendinu með tilkomu nýs Suðurstrandarvegar sem er á lokastigi fyrri hluta, 35 kílómetra vegalengd, en seinni hlutinn, 15 kílómetrar, verður boðinn út fyrir næsta haust ef framvindan gengur fram sem horfir.

Virðulegi forseti. Tafir á framgangi málsins í höndum ríkisstjórnar Vinstri grænna og Samfylkingar er vissulega mikið áhyggjuefni. Málið hefur verið tafið af ríkisstjórninni til afgreiðslu Alþingis. Fáir töldu vera hindrun fyrir framgangi uppbyggingar álvers í Helguvík á byrjunarreit, ekki síst með tilliti til þess áfalls sem varð á Suðurnesjum við óvæntu og skyndilegu brotthvarfi bandarískra hersins á Keflavíkurflugvelli þar sem nær þúsund manns misstu vinnu sína. Sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum, sér í lagi í Reykjanesbæ, hafa brugðist við af miklum metnaði og ákveðni, djörfung og bjartsýni, og margt hefur áunnist eftir svo mikið áfall sem varð.

Viljayfirlýsing um byggingu álvers á Bakka við Húsavík gekk lengra en hvað Helguvík snertir en hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson skrifaði þá undir viljayfirlýsingu um fjárfestingarsamning varðandi Bakka. Nú hefur viljayfirlýsing stjórnvalda varðandi álver í Helguvík verið dregin von úr viti. Slíkt sleifarlag hæstv. ríkisstjórnar á viðkvæmum og viðsjárverðum tímum er vítavert og jaðrar við skemmdarverk í möguleikum á mikilli atvinnusköpun á Íslandi. Allar tafir í framgangi slíkra stórverkefna sem bygging álvers er, geta valdið því að vænleg og örugg verkefni geta fallið milli skips og bryggju. Tafir og mismunandi yfirlýsingar stjórnvalda eru stórhættulegar í þessum efnum og illt er að núverandi stjórnarflokkar hafi gefið misvísandi yfirlýsingar út og suður.

Fjárfestingarfyrirtæki láta ekki teyma sig á asnaeyrunum þegar ýmsir aðrir valkostir standa til boða í öðrum löndum. Eftir er að sjá hvort fjáröflunarmöguleikar til smíði álvers í Helguvík hafi versnað því að drátturinn á framgangi þessa máls og sleifarlagið allt hefur haft mjög neikvæð áhrif í stöðunni. Nú sér vonandi og væntanlega fyrir endann á þessu máli, og þótt fyrr hefði verið, virðulegi forseti.

[18:15]

Helga Sigrún Harðardóttir (F):

Herra forseti. Hér er til umræðu eitt stærsta hagsmunamál Suðurnesjamanna til áratuga en eins og fram hefur komið í umræðunni hafa þeir orðið illa úti í atvinnumálum að undanförnu.

Ég sakna þess að hæstv. iðnaðarráðherra skuli ekki vera í salnum en ég vil hæla honum, og alveg sérstaklega fyrir að hafa lagt umhverfisstefnu Samfylkingarinnar frá árinu 2007 á hilluna í bili.

Fyrir tveimur árum tók varnarliðið sig upp og hélt vestur um haf með allt sitt hafurtask með tilheyrandi atvinnu- og tekjumissi fyrir þetta landsvæði, Suðurnesin. Í framhaldinu var komið á þróunarfélagi sem hefur með höndum uppbyggingu á svæðinu og leggur sitt af mörkum við að koma á fót verkefnum sem skapað geta ný tækifæri. Margt hefur verið gert þar ágætlega, t.d. með uppbyggingu á háskólasamfélagi, og ýmislegt var í burðarliðnum og er kannski enn þá. Mörg, kannski flest, þeirra verkefna sem unnið var að hafa verið sett í frost eða salt vegna efnahagskreppunnar sem vonandi hefur ekki farið fram hjá neinum.

Það má líka nefna að síaukinn ferðamannastraumur til landsins gerði uppbyggingu í tengslum við flugsækna starfsemi mögulega þó að staða flugstöðvarinnar hafi vissulega verið betri en hún er núna. Nú blasir þar við samdráttur eins og alls staðar annars staðar.

Eins og staðan er í dag, 17. apríl 2009, mælist atvinnuleysi yfir 17% á Suðurnesjum og hvergi annars staðar á landinu hefur það náð tveggja stafa tölu enn þá. Meðaltalið á landinu öllu var innan við 9% í mars en í dag ganga tæplega 1.900 manns um bæina og mæla göturnar. Þeim fer ört fjölgandi.

Því þarf engum að dyljast að verkefni við uppbyggingu álvers í Helguvík gæti orðið til þess að rétta verulega af þann mikla halla sem finna má á Suðurnesjum því að fátt annað virðist í farvatninu sem er í líkingu við stærðina sem þetta verkefni býður upp á. Sumir virðast halda að við höfum enn þá efni á að velta fyrir okkur hvort við eigum að nýta náttúruauðlindir okkar. Mér finnst, virðulegi forseti, svolítill 2007-bragur á því. Draumalandið var ekkert annað en sæmilegur draumur. Blákaldur veruleikinn blasir nú við þegar við erum vöknuð.

Þessir sömu og velta fyrir sér hvort við eigum að nýta náttúruauðlindir okkar eru líka að velta fyrir sér hvort ekki sé betra að gera eitthvað annað en að reisa álverksmiðju. Því miður eru þær hugmyndir ekki komnar lengra en það að menn velta fyrir sér alls konar hugmyndum, sem er ágætt út af fyrir sig og fínt að menn hugsi sem mest um nýsköpun og ný tækifæri, en eins og sakir standa er varla tími til að velta slíku fyrir sér öllu lengur hvað þetta varðar því að Suðurnesjamenn geta ekki beðið.

Það er áætlað að ársverk við byggingu álversins verði um 4.300 og að jafnaði verði um 950 manns þar beinlínis

við störf en til viðbótar skapist afleidd störf. Það má gera ráð fyrir að á heildina litið verði þarna 8.000–9.000 ársverk.

Í umræðunni undanfarið hafa menn farið mikinn í andstöðu sinni við atvinnuuppbyggingu í Helguvík á forsendum umhverfissjónarmiða. Það hefur svo sem komið fram í umræðunni í dag hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur sem var í minni hluta í iðnaðarnefnd og skilaði þar séráliti. Menn hafa jafnvel talað um að vaktar séu falskar vonir um að álver í Helguvík muni leysa í eitt skipti fyrir öll atvinnuleysið í byggðum á Reykjanesi. Málflutningur af þessu tagi er fullkomlega óásættanlegur og ekki til neins annars en að slá ryki í augu fólks og drepa málinu á dreif. Álveri í Helguvík er sem betur fer ekki ætlað það hlutverk að skapa atvinnu í eitt skipti fyrir öll, enda þyrfti tvö til að útrýma því atvinnuleysi sem menn horfa upp á þar í dag.

Það verður því af metnaði haldið áfram að vinna í þróunarverkefnum og nýsköpun um ókomna tíð ef ég þekki mitt heimafólk. Menn ættu að horfa í augun á því fólki sem þarna gengur um án atvinnu án þess að nokkur önnur von sé í sjónmáli en þessi metnaðarfulla uppbygging í Helguvík. Ég endurtek að draumalandið var ekkert annað en sæmilegur draumur á meðan allt lék hér í lyndi.

Hvar og hvernig ætla vinstri grænn að skapa 9.000 ársverk? Ekki er fjallagrösunum fyrir að fara á Reykjanesinu. Þráhyggja manna í tali um losun gróðurhúsalofttegunda í landi þar sem yfir 70% orkunnar eru sjálfbær er í fullkomnu ósamræmi við markmiðið ef menn horfa á þessi mál í hnattrænu samhengi. Það er gott að setja sér góð og göfug markmið, virðulegi forseti, en menn verða að hafa efni á þeim. Þeir verða að sýna fram á að þjóðin hafi efni á því að nýta ekki orkuna með þessum hætti. Þeir verða að benda á raunverulegar lausnir, virðulegi forseti, en ekki bara eitthvað annað.

Í fallegu ljóði segir, með leyfi forseta: Landslag væri lítils virði ef það héti ekki neitt. Landslag er einskis virði ef allir eru dauðir úr hungri og geta ekki notið þess. Fólk hlýtur að njóta vafans í þessum efnum og við hljótum að taka hag fjölskyldnanna, heimilanna, barnanna og fólksins sjálfs fram yfir væntingar og langanir um fullkomna náttúruvernd þar sem ekki má hrófla við einni einustu mosaþembu.

Hafi menn einhverja minnstu glóru um hvar þeir geti mögulega grafið upp 9.000 ársverk væri það vel þegið en þau þurfa að koma á u.þ.b. næstu 10 mínútum, virðulegi forseti, því að tíminn er að renna út. Fólk vill fá að vinna. Það vill sjá fyrir sér með sómasamlegum hætti. Það vill geta borgað af lánunum sínum og það vill geta gefið börnunum sínum að borða. Það vill halda reisn sinni og virðingu. Það er mikilvægast, virðulegur forseti, að mínu mati að fólk gangi framar löngunum sem við höfum ekki efni á á þessum tíma. Ef erlent fjármagn streymir inn í landið í ofanálag segi ég: Já, takk, fyrir hönd umbjóðenda minna á Suðurnesjum. Ég er reyndar viss um að það gera ýmsir fleiri og það hefur svo sem komið fram í máli sjálfstæðismanna dag.

Í tilefni af ummælum hv. þm. Árna Johnsens um sleifarlag ríkisstjórnarinnar í þessu máli skulum við alveg hafa það á hreinu að það voru sjálfstæðismenn sem hafa lagt þetta brýna mál að veði með málþófi og málfundaæfingum um allt og ekkert hér undanfarið með tilheyrandi röskun á þingstörfum til að koma í veg fyrir að eðlilegar og langþráðar lýðræðisumbætur sem njóta stuðnings meiri hluta þjóðarinnar nái fram að ganga. Það hefur verið gert undir forustu og stjórn þeirra sem hér hafa setið lengst og haft mest völdin í fanginu.

Ég ætla reyndar að neita mér um að leggja mat á það hvernig farið var með þau völd. Ofbeldið var stutt af flestum eða öllum öðrum þingmönnum sjálfstæðismanna sem með framgöngu sinni halda áfram að bregðast trúnaði við þjóð sína, áður í meiri hluta og við stjórn en nú í minni hluta.

Virðulegi forseti. Ég tel að sjálfstæðismenn megi skammast sín ofan í rassgat. Ég held að ég láti það verða mín síðustu orð í þinginu. (Gripið fram í.)

[18:22]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Herra forseti. Ég minntist á að atvinnuleysi á Suðurnesjum væri mikið. Ég hélt að það væri 15–16% en eftir því sem best er vitað er það orðið 17–18%. Það þrengir að hjá mörgum og þess vegna er þessi álversuppbygging mjög af því góða og þetta er það sem við þurfum að gera.

Ég held að á morgun verði flaggað á flestum heimilum á Suðurnesjum og þetta verður hátíðisdagur ef við berum gæfu til þess á eftir að samþykkja frumvarpið þegar það fer í atkvæðagreiðslu. Það verða margir á morgun bjartsýnni á Suðurnesjum en þeir hafa verið. Við getum eflaust fagnað vel og innilega þegar búið verður að greiða atkvæði um málið sem ég trúi ekki öðru en að verði samþykkt. Ég held ekki að nein teikn séu á lofti um annað.

Þegar búið verður að byggja þetta upp í framtíðinni, 3.000–4.000 manns verða búin að vera með vinnu í 2–3 ár og þegar þetta verður komið í gang af fullum krafti, verða þúsund manns þarna meira eða minna í fastri vinnu. Væntanlega verða orkufyrirtækin sem selja orku til þessa álvers, bæði Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur, sterkari en áður. Þetta mun skapa þeim meiri möguleika til að halda áfram að afla orku á Suðurnesjum, Hellisheiðinni og víðar. Vonandi tekst Landsvirkjun líka vel til við að afla meiri orku sem við getum notað til að skapa atvinnu og afla gjaldeyristekna fyrir þjóðina. Á þessu lifir fólkið, að hafa atvinnu, og þjóðin lifir á því að geta selt einhverjar afurðir. Svo sannarlega vonast ég til þess að á morgun geti menn flaggað á Suðurnesjum.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til bæði í landbúnaði og sjávarútvegi að fjölga störfum. Við höfum lagt til að meira verði veitt af fiski sem skapar mörg störf. Við höfum lagt til að farið verði í ákveðnar aðgerðir í landbúnaði til að skapa fleiri störf og spara gjaldeyri. Síðast en ekki síst höfum við lagt til að byggð verði tvö álver, annað í Helguvík og hitt á Bakka. Ef maður leggur til þessi störf sem við í Frjálslynda flokknum erum að tala um — við höfum lagt það í vana okkar í vetur að tala í lausnum — ef 3.000–4.000 manns fá vinnu við álverið í Helguvík og annað eins á Bakka erum við að tala um mikla atvinnuuppbyggingu í þessum tveimur verkefnum. Auðvitað snýst þetta ekki bara álverin heldur líka fyrirtækin sem vinna að orkuöflun, framleiða orku og byggja upp orkuverin sjálf sem verið er að tala um. Þá erum við að tala um

7.000–8.000 störf. Við giskum á 5.000 störf í sjávarútvegi og jafnvel 1.000 í landbúnaði. Við erum að tala í lausnum. Það er gott að fyrsta skrefið í þessum lausnum sé að við samþykkjum núna að hefja að fullu framkvæmdir í Helguvík.

[18:26]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég tek undir hvert orð í ræðu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur. Ég hélt satt best að segja að svona stórkarlaleg „fix" álbræðsluþungaiðnaðar, sem minnir mann óneitanlega á uppbyggingu í Ráðstjórnarríkjunum á sínum tíma, heyrði sögunni til eftir efnahagshrunið. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Grétar Mar Jónsson vísar til framtíðarinnar og hann telur hér upp ótrúlega mörg störf. Framtíðin er komin á Austurlandi í kringum Reyðarál og Fjarðabyggð. Hún er ekki góð. Þar er atvinnuleysi. Þar stendur fjöldinn allur af íbúðum auður (Gripið fram í.) og því fer fjarri að þar hafi verið sú uppbygging sem menn hugðu. Þá voru fluttar (Gripið fram í.) nákvæmlega sömu ræður og hér hafa verið fluttar um störfin í þessar atvinnugrein.

Staðreyndin er sú að fyrir austan starfa, ef ég man rétt, 400 manns í álverinu og talið er að afleiddu störfin séu 400. Líti maður hins vegar til byggðanna í kring, til Þórshafnar og Vopnafjarðar sem byggja á okkar hefðbundnu greinum sjávarútvegi og til Hornafjarðar þar sem fjölbreytnin ræður ríkjum, er staðan mun betri. Lítum svo aðeins á Reykjanesið, á það skelfilega atvinnuleysi sem þar er. Það hvarflar ekki að mér að efast um að þarna verði til störf. En þá er atvinnuleysið bundið við Reykjanesbæ þar sem einsleitnin hefur verið og menn hafa gleymt sjávarútvegi. Í Grindavík er atvinnuleysið aðeins 2% þó að það sé 14% eða 15% á Reykjanesinu öllu.

Fjölbreyttur atvinnurekstur, að leyfa þúsund blómum að blómstra, er það sem kemur hjólum atvinnulífsins í gang. (**Gripið fram í:** Að láta hundrað blóm blómstra.) Að láta hundrað blóm blómstra, að skapa rekstrarumhverfi fyrir einstaklinginn, að hverfa fá ríkisstyrkjum. Það er það sem gefur störfin. Margt smátt gerir eitt stórt. Þessi framkvæmd er afar dýru verði keypt.

Þeir samningar sem gerðir hafa verið við álverin með leyndarraforkuverði — menn vita jú flestir að þeir borga tífalt minna verð fyrir orkuna en aðrir atvinnurekendur í landinu — eru afar dýru verði keyptir. Og þegar bent er á að fortíðarsamningar út af Reyðaráli og fleiri séu sambærilegir er það eins og Megas segir: „Svo skal böl bæta að benda á eitthvað annað" verra eða þá jafnslæmt. Þetta eru ekki samningar sem markaðshyggjumenn geta staðið uppréttir og horft á. Þetta er ákveðin forsjárhyggja. Ríkið er að búa til störf ofan frá en þau spretta ekki úr grasrótinni. Ríkið á að hlúa að atvinnurekstri og skapa tækifæri í atvinnurekstri, umbúnað, rekstrarumhverfi, sjá til þess að menn eigi aðgang að þolinmóðu fjármagni á eðlilegum og heiðarlegum vöxtum en ekki að kosta því til sem hér hefur verið gert.

Ef maður horfir þá til þess til hvers er kostað og ef maður lítur svo á 4. gr. í frumvarpinu um tekjuskattsákvæðin, 15%, um að félagið skuli undanþegið iðnaðarmálagjaldi, um sérreglur varðandi fyrningu, um sérreglur varðandi stimpilgjöld — félagið er undanþegið ákvæðum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raflagna og skipulagsgjöldin eru lægri. Það er undanþegið breytingum ákvæða laga um tekjuskatt. Það greiðir aðra skatta samkvæmt tekjustofnum sveitarfélaga í fasteignagjöld en þeir sem starfa innan sama bæjarfélags. Félagið á ekki að greiða umhverfisskatt þrátt fyrir meginreglur um mengunarbætur: Þeir sem menga eiga að bæta, þeir eiga að borga.

Þarna ber allt að sama markinu, 16,2 milljónir dollara er afslátturinn frá ríkinu og maður spyr: Hvers eiga önnur fyrirtæki í Reykjanesbæ að gjalda sem borga öll þessi gjöld? Af hverju fær þetta fyrirtæki þessa ríkulegu meðgjöf meðan önnur fyrirtæki á svæðinu, jafnvel stórfyrirtæki, fá ekki þessa meðgjöf? Og af hverju er raforkuverðinu stillt svo lágt að það rétt hrekkur yfir kostnaðarverðið?

Það horfir ekki vel fyrir álframleiðslu í heiminum í dag og það horfir ekki vel fyrir Kárahnjúkavirkjun þó að ég voni hið besta. Þar eru arðsemisútreikningar miðaðir við 1.300 kr. fyrir tonnið á ári, ef ég man rétt. Það er komið niður fyrir 1.400 kr. Það horfir illa og ég hef áhyggjur. Ég hef af því áhyggjur að þjóðin muni til frambúðar tapa á þessu nema það verði mikil uppsveifla í notkun á áli sem ekkert útlit er fyrir næstu árin.

Hvernig geta sjálfstæðismenn réttlætt að atvinnureksturinn í landinu sitji ekki við sama borð og hvernig geta sjálfstæðismenn réttlætt slíka ríkisstyrki? Hvernig geta sjálfstæðismenn réttlætt að félaginu sé heimilt að semja um framsal á samningnum? Hvernig er það hægt?

Á blaðsíðu 28 í frumvarpinu í grein III er kveðið á um, með leyfi herra forseta:

„... að þar til álverið hefur framleiðslu geti yfirfærsla hluta Century í félaginu ekki átt sér stað nema með samþykki ríkisstjórnar Íslands. Ekki skal synja eða fresta slíku samþykki með ósanngjörnum hætti þegar um er að ræða [(a)] framsal til samstarfsaðila Century sem hefur aðsetur í OECD-landi ..." o.s.frv.

Þessir samningar eru milljarða virði jafnvel þótt þeir fari ekki af stað, þ.e. á grundvelli 150.000 tonna losunarheimilda og á grundvelli raforkuverðsins og á grundvelli skattaívilnana sem aðrir njóta ekki. Century getur selt og framselt samstarfsaðila samninginn fyrir milljarða tugi. Ég fullyrði það. Kvóti í losun verður dýrari með hverju ári sem líður og eftirsóttari, sérstaklega í ljósi ráðstefnunnar í Kaupmannahöfn. Stefnt er að því að draga úr losun um 20% fram til ársins 2020 þannig að þeir verða gríðarlega verðmætir.

Ég verð líka að segja það í þessu samhengi, herra forseti, að talið er að hvert starf í álbræðslu kosti 150–200 milljónir, hvert einasta starf. Hvað gæti fólkið í Reykjanesbæ gert ef það fengi andvirði hundrað starfa eða um 15 milljarða til atvinnusköpunar? Ég hygg að fyrir hvert starf í álveri séu unnt að skapa tíu í eðlilegum rekstri þar sem hundrað blóm blómstra.

Fyrir 400 störf er hægt að skapa 4.000. Ég hef rætt þetta við sveitarstjórnarmenn á Hornafirði. Þeir segjast geta skapað tugi starfa, 100, 150, 200 varanleg störf fyrir 1,5 milljarða eða 1 milljarð eða minna.

Hvað er að gerast á Reyðarfirði? Þar er jú atvinnuleysi. Þessi samningur stenst engin markaðs- eða hagnaðarsjónar-

mið. Hann stenst engin gróðasjónarmið. Og þessi samningur mun hafa vond ruðningsáhrif á Reykjanesið, fyrir Bláa lónið eins og forstöðumenn þar hafa lýst, fyrir Reykjanesþjóðgarð, fyrir Reykjanesið sem eldfjallaþjóðgarð. Álverið er í anddyri Reykjanesbæjar þannig að það verða ruðningsáhrif. Menn munu hverfa úr öðrum atvinnugreinum inn í álverið vegna þess að þar eru borguð hærri laun. (**Gripið fram í:** Er það ekki gott?) Það er gott en það skapar vandræði hjá hinum. (**Gripið fram í:** Já.)

Svo vil ég nefna það líka og það verður að hafa það í huga að okkur sárvantar gjaldeyri. Það liggur fyrir og hefur verið sýnt fram á að 65% af tekjum álvers fyrir kaup á aðföngum, hráefni og öðru sem afla þarf frá útlöndum standa 35% eftir. Talið er að í 20 ár, sem er tími til að borga niður virkjunina, fari þessi 35% í niðurgreiðslu erlendra lána sem óhjákvæmilega verður að taka í þær virkjanir sem þarf til að reka þetta álver.

Álverið, álbræðslan, mun ekki gefa okkur gjaldeyristekjur á næstu árum 20 árum. (Gripið fram í.) Það er gnægð atvinnutækifæra á Suðurnesjum ef skapað er rekstrarumhverfi, að ég tali nú ekki um ef Reykjanesbær fengi 100 milljarða til ráðstöfunar eða hagsmunaaðilar þar. Þar er Reykjanesþjóðgarður. Það er vísindasetur á Keflavíkurflugvelli. Þar er Bláa lónið þar sem stórkostleg uppbygging hefur átt sér stað og getur orðið alheimsdæmi. Þar eru gríðarleg áform um uppbyggingu sem veitir hundruðum eða þúsundum manna vinnu ef rétt er að hlutum staðið. Því verð ég að halda til haga í þessari ræðu. Þetta eru ekki tómir plúsar, því fer fjarri.

Því miður er það svo að það er engin trygging fyrir því eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur lýst, að verkið fari af stað en menn voru jafnvel svo bjartsýnir í ræðum á þingi í fyrri viku að það gæti skapað 13.000 háskólanemum störf í sumar. Það er bara ekki rétt. Við megum ekki gefa íbúum Reykjanesbæjar gyllivonir.

Ég vil að endingu vísa til þess að ég skilaði sem fulltrúi í minni hluta umhverfisnefndar umsögn frá minni hlutanum þar sem koma fram alvarlegar ábendingar um mengunina. Það kemur reyndar fram í umsögn meiri hlutans. Þar koma fram alvarlegar ábendingar um að losunarheimildir séu bara fyrir 150.000 tonn og að eftir eigi að meta aðra þætti. Tengdir þættir hafa ekki verið metnir og það liggja ekki fyrir þjóðhagslegir útreikningar, arðsemisútreikningar. Af hverju ekki? Af hverju erum við í gamla farinu og fyrir efnahagshrunið að upplýsa ekki um orkuverðið? Hvernig getur Alþingi samþykkt samning þegar orkuverðið liggur ekki fyrir? Allir álframleiðendur í heiminum, stórfyrirtækin, vita hvert kaupið er á eyrinni á Íslandi, þeir vita það. Þeir sem ekki fá að vita það er almenningur. Af hverju ekki? Af hverju er verið að halda þessu leyndu á nýja Íslandi sem við ætlum að byggja upp á grundvelli gamalla góðra gilda með gegnsæi og lýðræði? Það gengur ekki.

Ég ítreka það. Af hverju fá bændur ekki að sitja við sama borð í orkuverði? Garðyrkjubændur? Af hverju fá þeir það ekki sem eru stórnotendur í orku og er nú nýbúið að skera niður við þá um 70 millj. kr.? Bóndi einn í Borgarfirði fékk reikning um daginn sem þýddi 700 þús. kr. hækkun á síðasta tímabili. Það logar allt stafnanna á milli í Samtökum garðyrkjubænda. Svo fá þeir að horfa upp á að álver fái orkuverð á útsöluprís. Hvað með sjávarútveginn? Hvað með alla aðra starfsemi í landinu? Af hverju fá þeir ekki orkuna á sama verði?

Ég hygg að fyrirtækin í landinu og almenningur borgi þennan brúsa. Við höldum því líka fram að með þessu álveri sé vandséð hvernig við getum uppfyllt skuldbindingar okkar varðandi útblástur, losun gróðurhúsalofttegunda.

Með umsögn minni fylgdi úrdráttur úr *ritinu Græn framtíð* sem er stefnumörkun okkar í umhverfismálum. Ég vil lesa smábút úr því, með leyfi herra forseta:

„Vinstri hreyfingin – grænt framboð aðhyllist sjálfbæra orkustefnu með það að markmiði að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutta orku af hólmi stig af stigi jafnhliða því sem gætt sé varúðar- og verndarsjónarmiða. Markvisst verði dregið úr orkusóun og gerðar áætlanir um umtalsverðan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Stóriðja og stórvirkjanir í þágu mengandi iðnaðar samrýmast ekki sjálfbærri orkustefnu. “

Stóri gallinn við þennan samning — og ég tala af fullri einlægni um það — er að við erum búin að ráðstafa verulega mikilli orku sem við gætum notað til orkusparandi aðgerða — í sjávarútveginum, í skipaflotanum, í fiskimjölsverksmiðjum. Það sparar okkur verulegan gjaldeyri. Sums staðar er það keyrt á olíu. Ég nefni þau tækifæri sem blasa við í vetnisframleiðslu. Það er örstutt í að við náum upp tækni þar, 20–25 ár er stuttur tími í lífi þjóðar. Það blasa við tækifæri varðandi rafmagnsbíla. Það eru ekki mörg ár í að bílar verði knúnir áfram með rafmagni. Við eigum á grundvelli þeirrar orku sem við ráðstöfum til Helguvíkur gríðarleg tækifæri til orkusparandi og gjaldeyrissparandi aðgerða, allt í þágu þjóðarbúsins.

Mér þykir miður, herra forseti, að þeim tækifærum skuli með þessum samningi sólundað. En ég vona að þetta verkefni gangi þó sem allra best og þær væntingar sem bundnar eru við það rætist.

[18:43]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Álver á Reyðarfirði hefur fjölgað störfum en ekki fækkað. Hvernig væri á Reyðarfirði í dag ef 800 manns hefði ekki atvinnu af álverinu á því svæði? Þeir væru sjálfsagt flúnir til Reykjavíkur eða farnir til útlanda eða eitthvert ef þeir hefðu ekki atvinnu í álverinu á Reyðarfirði.

Það eru rök sem ekki er hægt að trúa eða hlusta á. Við höfum gott dæmi í Hafnarfirði þar sem álverið var byggt fyrir 1970 og hefur verið Hafnfirðingum bara til góðs allan þann tíma sem það hefur verið starfrækt þar. Er löngu búið að borga upp Búrfellsvirkjun með því álveri.

Vinstri grænir tala um að grasrótin eigi ekki möguleika en nú eru þeir búnir að vera í ríkisstjórn og höfðu tækifæri til að breyta ýmsu bæði í landbúnaði og sjávarútvegi. Það hefur staðið á því hjá Vinstri grænum að gera það og svo tala þeir bara um að það þurfi að gera eitthvað annað.

Það er alltaf eitthvað annað. Það vantar allar raunhæfar tillögur. Hvernig á að fá peninga í eitthvað annað og hvað á að gera til þess að hægt sé að koma þessu í gang?

Verið er að tala um mismunun en hvað eru niðurgreiðslur í landbúnaði? Hvað er ríkisstyrkurinn í sjávarútvegi? Við

erum alltaf að mismuna atvinnugreinum. Við gerum það í landbúnaði til þess að lækka neytendaverð og halda bændastéttinni gangandi. Við erum með ríkisstyrki í sjávarútvegi — gjafakvótakerfið er auðvitað ekkert annað en ríkisstyrkur. En Vinstri grænir hafa ekki lagt fram neinar hugmyndir um að breyta því og þeir halda meira að segja áfram að brjóta mannréttindi á (Forseti hringir.) fólki í sjávarútvegi.

[18:45]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bendi hv. þm. Grétari Mar Jónssyni á að hverfa austur á Egilsstaði og í Fjarðabyggð og kynna sér af eigin raun hver staðan er þar, hver nútíðin er þar sem átti að vera framtíð fyrir sjö til níu árum. Ég skora á hv. þingmann að kynna sér það. Væntanlega hefur hann hlustað á kosningaþátt úr Norðausturkjördæmi þar sem voru viðtöl við íbúa þaðan.

Staðreyndin er sú að þar var sagt að skapa ætti 3.000–5.000 störf, það hefur ekki orðið. Og það er merkilegt að skoða hvað annar atvinnurekstur sem var þar hefðbundinn á svæðinu hefur hopað. Það er líka mikið atvinnuleysi þar en ekki á fjörðunum sem eru norðar eða sunnar, það er bara staðreynd. Ruðningsáhrifin hafa verið slík. (Gripið fram í.) Eitthvað annað? Ég fullyrði það af reynslu úr mínu kjördæmi, hv. þingmaður, að um leið og við náum vöxtunum verulega niður munu hundruð starfa og atvinnuverkefni losna þar úr læðingi. Ég nefni bleikju, ég nefni garðyrkjuna, ég nefni bændur, ég nefni kornrækt. Það er mjög margt en við eigum ekki að vera það stalínísk að koma ofan frá heldur leyfa fólkinu í landinu að búa þetta til og hafa rekstrarumhverfi til þess, búa til eðlilegt rekstrarumhverfi sem blóm geta sprottið upp úr, búa til jarðveg og hlúa að því sem aðrir eru að gera. Við eigum ekki að koma með hugmyndir ofan frá.

Ég vil líka nefna það, og það veit hv. þm. Grétar Mar Jónsson, að við flytjum út 50–60 þús. tonn á ári af óunnum fiski. Ég veit ekki betur en að tillaga mín þess efnis væri að til bráðabirgða yrði það ekki gert á meðan atvinnuástandið væri sem verst, þá mundum við stöðva það. Ég vildi leysa það í samráði. Hv. þingmaður hefur talað um að við gætum reist tíu frystihús, hann veit betur en ég hversu mörg störf eru þar.

[18:47]

Grétar Mar Jónsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru fimm millj. kr. árslaun hjá verkamanni sem vinnur í álveri. Það eru á bilinu 30–40% hærri laun við að vinna í álveri en í annarri verkamannavinnu. Ég minni líka á að 25–30% af störfum í álverum í dag eru orðin kvennastörf þannig að álver eru bara ágætur vinnustaður miðað við margt annað. Uppgangur í Bláa lóninu, í sprotafyrirtækjum og ýmsu öðru — það þarf ekkert að stoppa þó að það sé byggt álver. Að lækka raforkuverð til garðyrkjubænda er óháð álverum. (**Gripið fram í:** Nú? Hver á þá að borga niðurgreiðslurnar?) Það þarf ekkert að greiða það niður, það er hægt að taka það með ýmsum kostnaði.

Til að byggja upp nýtt Ísland verður að nýta alla möguleika til þess að skapa atvinnu og gjaldeyri, það er það sem við þurfum að gera á Íslandi. Við þurfum að tala í lausnum eins og við í Frjálslynda flokknum, eins og við höfum verið að gera í gegnum tíðina. (Gripið fram í.) Við tölum í lausnum, hvernig er hægt að afla meiri gjaldeyris og skapa fleiri störf eins og ég kom inn á áðan. Ef vilji væri fyrir hendi væri hægt strax á þessu ári að auka störf um 12–13 þúsund. En það vantar viljann og líka nýja hugsun í Vinstri græna í sambandi við grunnatvinnuvegina, bæði landbúnað og sjávarútveg. Þess vegna er nauðsynlegt að þau í Vinstri grænum sem tala á móti álverum, á móti stóriðju og bera fyrir sig að auðhringir megi ekki koma inn í landið með peninga því að það sé svo hættulegt — það er það sem er að og (Forseti hringir.) þar þurfa Vinstri grænir að taka sig á.

[18:49]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Hv. þm. Grétar Mar Jónsson stendur í miðjum brimskaflinum og rífur kjaft, (Gripið fram í.) stólpakjaft. (Gripið fram í.) Ég flutti hér ræðu, hv. þingmaður, þar sem ég studdi rökum m.a. sköpun gjaldeyris. Ég nefndi tölur, ég nefndi að 65% færu í aðföng, 35% færu í að borga niður erlend lán. Svo kemur hv. þingmaður hér upp og segir: Þetta er svo gjaldeyrisskapandi. (Gripið fram í.)

Ég bið hv. þingmann að svara mér með rökum og (Gripið fram í.) skiptast á málefnalegum andsvörum við mig en ekki standa gapandi uppi í brimskaflinum og koma ekki með nein rök á móti. Hv. þingmaður nefndi ekki óunna fiskinn sem fluttur er út og fjölmargar tillögur sem við höfum verið með í atvinnumálum, svo fjölmargar. Við höfum líka flutt fram dæmalaust góða sjávarútvegsstefnu (Gripið fram í.) sem mér finnst skorta hjá Frjálslynda flokknum, ég verð að segja alveg eins og er.

Að halda því svo fram, herra forseti, að það sé óháð álverum að lækka orkuverð til garðyrkjubænda, hvernig fæst það út? Eru álverin einhver eyja, sjálfstætt fríríki, og kemur ekkert málinu við hvað kostar að afla orku þangað? Það verður að skoða þessi mál í heildstæðu samhengi. Allur atvinnurekstur og heimili í landinu borga raforku en álverin borga raforkuverðið á verði sem er það lítið yfir kostnaðarverði að heimilin og atvinnureksturinn borga mun meira en þau þyrftu að gera. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) — Borga mun meira en þau þyrftu að gera.

[18:51]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég stenst ekki mátið að veita andsvar við ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar, sem var alveg makalaus ræða og rökstuðningur hans er alveg með ólíkindum.

Mig langar aðeins til að fara inn á einn þátt — það voru margir þættir sem hv. þingmaður kom inn á — en það eru gjaldskrármálin. Hv. þingmaður fór yfir að það væri líklega um tíu sinnum lægra verð sem álverin greiða fyrir raforkuna. Það er með ólíkindum hvernig fulltrúar Vinstri grænna koma að þessari umræðu. Við vitum það í fyrsta lagi að álver nota raforku að fullu og öllu í 24 stundir á sólarhring. Þau nota orkuna í 365 daga á ári, alveg fullt afl. Gerðir eru langtímasamningar upp á tugi ára um kaupin. Flutningurinn, sem er kannski hvað stærsti liðurinn í orkuverði heimilanna, er miklum mun ódýrari þar sem orkan er flutt í

miklu hærri spennu en gert er í dreifikerfi til almennings og fyrirtækja almennt, þannig að flutningurinn er miklu ódýrari til svona stórnotenda. Orkutapið er miklu minna þegar er verið að flytja orkuna með þessum hætti.

Þess vegna er ótrúlegt að hlusta á þennan rökstuðning og málflutning, að ekki skuli vera tekið tillit til kostnaðarins sem liggur til grundvallar því að skaffa álveri orku í 20, 30 ára samningi og með þeim hætti sem ég hef farið yfir hér. Hvernig í ósköpunum eru útreikningarnir og aðferðafræðin (Forseti hringir.) hjá Vinstri grænum? Ég vildi gjarnan fá að heyra um það.

[18:53]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hingað flytja álbræðslurnar hráefni sitt um 6 þús., jafnvel 10 þús. km leið yfir sjó frá löndum þar sem er orka, jafnvel græn orka fallvatna. Maður spyr sig: Af hverju leggja þau á sig að flytja hráefnið yfir hálfan hnöttinn? Af hverju skyldi það nú vera? Jú, það er vegna þess að við seljum orkuna til þeirra á undirverði, á verði sem er það lægsta sem þekkist í heiminum. Við getum selt þessa orku til vistvænnar framleiðslu, jafnvel stórnotenda, fyrir hærra verð. Garðyrkjubændur eru stórnotendur, allir garðyrkjubændur landsins samanlagt eru stórnotendur. Ég hef ekki séð tölur fyrir því að flutningskerfið til þeirra sé ýkja mikið dýrara eða öðruvísi en til álbræðslna sem þurfa sérlínur.

Hér eigum við línur allt í kringum landið, hv. þingmaður, og frá þeim stofnlínum eru lagðar línur stuttan veg til flestra garðyrkjubænda. Af hverju ætti flutningskostnaður þá að vera svo miklu minni til virkjana — nema að það er auðvitað meiri orka flutt um strengina? Það réttlætir ekki að við bjóðum orkuna á því lága verði að það bitni á almenningi og öðrum atvinnurekstri í landinu. Sú var tíðin að inni í raforkulögum stóð að það mætti ekki, sú var tíðin að sagt var að Búrfellsvirkjun, þegar hún væri búin að borga sig upp, mundi lækka raforkuverð heimilanna. Það hefur ekki gerst, því miður.

[18:55]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í því andsvari sem ég fékk frá hv. þm. Atla Gíslasyni opinberaði hann algjörlega þekkingarleysi sitt á orkuflutningum og orkusölusamningum til stóriðju og til annarra notenda. Á meðan slík vitneskja er ekki í forðabúri Vinstri grænna er ekki nema von að þeir hafi málflutning sinn sem raun ber vitni og ég get engu þar um breytt. Þeir verða hreinlega að fá kynningu frá þeim sem selja raforku og standa að grunnkostnaði við flutninginn á orkunni.

Garðyrkjan hefur komið svolítið til tals og ég vil þeirri atvinnugrein allt hið besta í orkumálum. Það er rétt eins og hv. þm. Atli Gíslason sagði, raforkan á síðasta tímabili hefur hækkað gríðarlega. Ég stóð að því ásamt fleirum að gera aðlögunarsamning fyrir þá atvinnugrein sem miðaði að því að þeir fengju orkuna á sambærilegu verði við það sem var í nágrannalöndunum á þeim tíma, frá Noregi og Kanada. Nú stendur þannig á spori að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra endurnýjaði samninginn við garðyrkjubændur um orkuverð og ég veit það fyrir víst að þeir geta á engan hátt fellt sig við þær hugmyndir sem sá ráðherra, sem kemur frá Vinstri grænum, leggur upp með.

Nú skora ég á hv. þm. Atla Gíslason að beita sér fyrir því að það verði meira en orðin tóm varðandi garðyrkjuna fyrir kosningar og þau málefni sem Vinstri grænir standa að. Standið þið nú að því að koma til móts við þá atvinnugrein sem þið hafið möguleika og tækifæri til þar sem fjármálaráðherrann og landbúnaðarráðherrann kemur frá ykkur og er með samning sem er óundirritaður (Forseti hringir.) og upp í loft í dag.

[18:58]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Hv. þm. Kjartan Ólafsson segir mig hafa opinberað vanþekkingu mína. Það er líklega alveg hárrétt hjá honum. Það er vegna þess að orkuverðið er hernaðarleyndarmál, það er ekki hægt að nálgast þetta af fullri þekkingu á meðan það liggur ekki fyrir. (**Gripið fram í:** Til garðyrkjubænda?) Hvernig stendur á því að við getum ekki fundið og reiknað út arðsemisútreikninga? Það gæti töluglöggur maður eins og t.d. hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gert ef hann fengi þetta í hendurnar. (Gripið fram í.)

Ég ætla síðan að segja við hv. þm. Kjartan Ólafsson: Fyrri ríkisstjórn fór í það ólánsverk að skera niður flatt á hvað sem fyrir varð, heilbrigðisþjónustuna, bændur og alla sem fyrir urðu í staðinn fyrir að forgangsraða. Það var arfur sem fjármálaráðherra fékk eftir fjármálaríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins. Það hefur tekist með stífri vinnu að ná samningum út af búvörusamningunum. (**Gripið fram í:** Nei. ...) — Niðurskurður sem lögmenn bænda töldu vera lögbrot og ég er sammála þeim. Unnið hefur verið að því hörðum höndum að leiðrétta þessi lögbrot fyrrverandi ríkisstjórnar gagnvart garðyrkjubændum. Það mál er því miður ekki í höfn en að því er unnið. Það er öðruvísi staðið að verki en hjá fyrri ríkisstjórn sem skar flatt á allt sem fyrir varð. Breytti þar engu þótt það væru aldraðir og öryrkjar, heilbrigðisþjónusta eða börn, engin minnsta félagslega hugsun var fólgin í því. (Gripið fram í.)

[19:00]

Kristinn H. Gunnarsson (U):

Virðulegi forseti. Sá samningur sem hér er til umræðu og bíður lögfestingar á sér aðrar fyrirmyndir sem á undan hafa gengið. Það má vissulega taka undir efasemdir sem komið hafa fram í umræðunni hvort rétt sé að gera slíka sérsamninga um skattalega meðferð við einstök fyrirtæki sem öll eru meira og minna í sömu atvinnugrein. Sérsamningar eru frávik frá almennum reglum og það er heillavænlegra til lengri tíma að styðjast við almennar reglur sem öll fyrirtæki undirgangast en að semja frávik í einstökum tilvikum, sérstaklega þegar horfur eru slæmar og stjórnvöld eiga óhægt um vik og þurfa að ganga að samningum sem að öðrum kosti væru ekki taldir ásættanlegir.

Það má taka undir þau sjónarmið að menn eigi að forðast það eins og kostur er en það er erfitt að taka undir að aldrei eigi að gera slíka samninga því að einmitt við aðstæður eins og nú verðum við að gera fleira en gott þykir þegar atvinnuleysið er staðreynd. Þá hvílir sú skylda á stjórnvöldum að nýta öll þau tækifæri sem í boði eru til að

draga úr því sem fyrst.

Það sem ég vildi benda á er að þessi framkvæmd er gríðarlega stór á efnahagslegan mælikvarða í litlu hagkerfi eins og á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu með frumvarpinu er um að ræða 400 milljarða kr. framkvæmd sem er hátt í að vera jafnmikil fjárhæð og nemur útgjöldum ríkissjóðs í eitt ár eða um fjórðungi til 30% af landsframleiðslu eins árs. Slíkt er mjög stór framkvæmd í svo litlu hagkerfi. Þó að hún sé ekki alveg jafnstór og Kárahnjúkavirkjun og álverið í Reyðarfirði slagar þessi framkvæmd langleiðina upp í þær framkvæmdir og var bent á að fyrr hefði ekki verið hjá neinni evrópskri þjóð svo stór einstök framkvæmd sem þessi var á þeim tíma mæld á þá mælikvarða sem við notum, þ.e. landsframleiðslu og umsvif ríkissjóðs.

Það ber að fara mjög varlega í svona stórar framkvæmdir. Það er hætt við því að ef menn slaka á í efnahagsstjórninni komi það niður á heildarhagsmunum eins og segja má að hafi að sumu leyti gerst með Kárahnjúkavirkjun og álverið í Reyðarfirði. Ég studdi þá framkvæmd og styð hana enn, ég tek það fram svo það fari ekki á milli mála. Hinu ber þó ekki að neita að staðfestuna í efnahagsstjórninni hefur vantað á undanförnum árum. Það leiddi til þess að gengi íslensku krónunnar var hærra en ella hefði þurft að vera ef nægilegt aðhald hefði ríkt í ríkisfjármálum. Það bitnaði á atvinnufyrirtækjum í útflutningsgreinum og auðvitað fyrst og fremst á landsbyggðinni. Það gerði því atvinnustarfsemi erfiðara fyrir um nokkurra ára skeið en þurfti að vera vegna þess að stjórnmálamennirnir stóðu sig ekki nægilega vel.

Vissulega kom fleira til sem setti efnahagslífið úr skorðum, eins og gríðarlega mikið framboð á ódýru lánsfé, eins og verið hefur á undanförnum árum, sem leiddi til mikillar skuldsetningar, bæði atvinnufyrirtækja og heimila. Einkaneyslan fór á mikið flug og kaupmáttur jókst mjög mikið á stuttu tímabili og að baki þeirri aukningu var ekki að öllu leyti eitthvað raunverulegt eins og síðar kom í ljós.

Þessar aðstæður gætu hæglega komið upp aftur og ég mæli þessi varnaðarorð núna jafnvel þótt ekki sé útlit fyrir það á næstu 2–3 árum að menn þurfi að glíma við þær aðstæður. Hlutirnir breytast á ekki lengri tíma en reiknað er með í þessu, gert er ráð fyrir því að framkvæmdir standi til 2015, þ.e. næstu sex ár, og á því tímabili gætu orðið, sérstaklega á seinni þremur árunum, aðrar aðstæður en eru í dag. Þá reynir mjög á að stjórnvöld læri af reynslunni af síðasta stóra álveri og virkjunarframkvæmdum og gæti þess að haga efnahagsstjórninni og sérstaklega ríkisfjármálastjórninni með þeim hætti að það skaði ekki almenna hagsmuni, sérstaklega atvinnufyrirtækja í útflutningsgreinum.

Það versta við þau slæmu áhrif sem hafa orðið vegna þess að menn stóðu sig ekki nógu vel í efnahagsstjórninni er að landsbyggðin hefur fyrst og fremst goldið þess. Ýmis byggðarlög á landsbyggðinni, á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum og að nokkru leyti á Suðurlandi, hafa goldið þess að menn höfðu ekki staðfestu til að vinna þau verk sem þeir áttu að gera. Það er hætt við því að þetta gerist aftur eða gæti gerst. Ég vil minna á það og biðja menn að hafa í huga að endurtaka ekki sömu mistökin og gerð hafa verið hvað þetta varðar.

Ég vil líka benda á annan þátt í þessu máli sem er sjálf auðlindanýtingin. Þetta mál bendir á það mál sem mjög mikið hefur verið rætt undir öðru formi hér í þingsölum undanfarnar vikur sem er ákvæði í stjórnarskrá. Það skiptir miklu máli að þær auðlindir sem verið er að nota hér séu nýttar innan lands í innlendu hagkerfi og nýttar þeim sem búa hér á landi til hagsbóta. Þess vegna þarf að setja í stjórnarskrá lýðveldisins ákvæði sem tryggja að þær auðlindir sem fyrst og fremst nýtast almenningi til að bæta lífskjör hans uppfylli þessi skilyrði. Það verður að gera með því að skilgreina margar hverjar þeirra sem þjóðareign og tryggja að þeir sem nýta auðlindirnar geri það hér innan lands og borgi fyrir það. Þetta þarf allt að fara saman, virðulegi forseti, til að tryggja að ávinningurinn af nýtingunni verði almenningi til heilla en ekki örfáum einstaklingum innan lands eða erlendis. Það vantaði inn í stjórnarskrárfrumvarpið í fyrsta lagi að skilgreina hvaða auðlindir eiga að vera þjóðareign, háðar þessum skilmálum, því að það var ekkert að finna um það í frumvarpinu. Þess vegna lagði ég fram breytingartillögu um það sem skilgreindi fiskstofnana en ekki hvað síst, og það lýtur að þessu máli, um orkuauðlindir landsins, bæði orkuna í rennandi vatni og orkuna í heitu vatni sem kemur úr iðrum jarðar sem þjóðarauðlind. Ég minni á þær breytingartillögur sem eiga sína forsögu og lagðar voru fram fyrst fyrir rúmum áratug af fleiri þingmönnum en mér. Það skiptir miklu máli að orkan sem er undir yfirborði jarðar verði skilgreind sem þjóðareign en falli ekki sem einkaeign til landeigenda. (**MÁ:** Þú hefur aldeilis hjálpað til með það.) Ég hef komið að því, virðulegi forseti, og mun halda áfram að reyna að gera slæmt mál skárra. (**MÁ:** ... stjórnarskrána ...) Það geri ég með breytingartillögum mínum sem ég vænti að hv. þm. Mörður Árnason hafi lesið gaumgæfilega og kannist við á þingskjölum eldri en frá flokksbræðrum okkar á þeim tíma. (**MÁ:** ... Sjálfstæðisflokknum ...) Það stendur ekki á hv. þm. Merði Árnasyni að greiða fyrir þingstörfum og gera mönnum kleift að flytja mál sitt truflunarlaust því að honum hættir til að hafa skoðun á öllu sem menn segja og vilja koma henni á framfæri jafnvel þótt hann hafi ekki orðið.

Það er nokkuð sem menn verða að búa við í þessum þingsal meðan þetta er svona.

Síðan vil ég benda á að það er ekki sjálfgefið að auðlindir þjóðarinnar séu nýttar hérlendis. Það er ekki sjálfgefið að fiskstofnarnir verði nýttir hér innan lands af fyrirtækjum sem starfa hérlendis og af vinnuafli sem býr í íslensku hagkerfi. Þess vegna þarf að hafa skilgreiningarnar í lagi og það þarf að vera í stjórnarskránni sjálfri en ekki í almennum lögum.

Það skiptir líka máli hvað varðar orkuna. Það er hægt að flytja orkuna milli landa og verður mjög auðvelt innan fárra ára með sæstreng og öðrum þeim nýjungum sem menn munu koma á á komandi tímum. Það verður eftirsótt af hálfu fyrirtækja erlendis, sérstaklega innan Evrópusambandsins, að komast yfir auðlindirnar og geta nýtt þær sér til hagsbóta. Í öðrum hagkerfum en því íslenska, flytja orkuna um streng til að skapa atvinnu í verksmiðjum á meginlandi Evrópu, (Gripið fram í.) sem vantar hana. Það er auðvitað sjónarmið út af fyrir sig sem er vel skiljanlegt af hálfu þeirra sem búa þar en við þurfum að horfa á hagsmuni þeirra sem búa hér og ætla að vera hér. Þess vegna þurfum

við að tryggja þá hagsmuni með ákvæðum eins og þeim sem ég gat um að þyrftu að vera í stjórnarskrá. Ég skil ekki, virðulegi forseti, hvernig það gat farið fram hjá núverandi ríkisstjórn og þeim flokkum sem styðja hana til verka í stjórnarskrármálinu að flytja raunverulegar tillögur um þetta mikilsverða efni og skilja það eftir sem auða bók fyrir alþingismenn framtíðarinnar til að leika sér með í almennri löggjöf.

Allt of miklir hagsmunir eru settir í hendurnar á mönnum með allt of frjálsum hætti.

Vatnsaflið er heldur ekki alveg endurnýjanleg og ótímabundin auðlind. Orkan í rennandi fallvatni ræðst af m.a. snjósöfnun og við sjáum að a.m.k. nú á tímum og væntanlega næstu áratugi munu jöklarnir hopa. Það getur farið svo innan skamms tíma, ekki margra áratuga, að jöklar landsins hverfi meira og minna. Þá verður vatnsmagnið til að virkja miklu minna. Menn þurfa að gæta að því þegar þeir nýta þessa orku um þessar mundir, eða reikna út hvort eigi að nýta hana eða ekki, að hún verður ekki hér um alla framtíð. Það sem menn nýta ekki af virkjanlegri orku getur verið þorrið þegar þar að kemur og menn ætla að líta til þess. Þetta er eitt sem menn þurfa að hafa í huga og gá að þegar þeir meta gildi þess að nýta eða nýta ekki þá orku sem er í rennandi vatnsafli.

Síðan er gufuaflið eða jarðhitinn sem er í iðrum jarðar sem eflaust á eftir að verða okkur notadrýgst þegar fram líða stundir. Þar tek ég svolítið undir gagnrýni sem fram hefur komið um að menn treysti mjög mikið á orkulind sem er ekki mikið rannsökuð og er notuð í dag með mjög lítilli nýtingu og er eiginlega ekki forsvaranlegt að fara svona með jarðhitann eins og gert er í þeim efnum. Nýting á gufuafli er um 10% — ég sé að í þingskjali stendur 10–12%. Hér áður fyrr þegar ég var kunnugur þessum málum lærði ég að það væri um 9% nýting á jarðgufu og það er auðvitað engin hemja að fara svona með orkuna, að nota aðeins 9% eða 10% af henni en 90% fari út í andrúmsloftið.

Menn þurfa auðvitað að þróa þetta þannig að þeir nái betri tökum á og fari betur með þá orku sem kemur með þessum hætti.

Í öðru lagi hefur ekki verið rannsakað nægilega mikið hversu varanlegt þetta er, hversu mikið megi ganga á jarðhitann. Það liggur nokkuð ljóst fyrir að ef menn ganga fram eins og gagnvart Helguvík og ætla sér að treysta nær eingöngu á borholur og jarðhita, renna menn dálítið blint í sjóinn varðandi hversu stöðugur sá hiti er. Því meira sem menn dæla upp úr holunum því dýpra sekkur jafnvægispunkturinn í þeim efnum og menn ganga á það sem fyrir er. Það þarf að hvíla svæðið í einhvern tíma til að láta það jafna sig og er ekki vitað hversu hratt gengur á svæðið, hversu mikið megi taka og hvað tekur langan tíma að láta jafna sig. Það er varasamt að byggja stóra orkusölu á orkulind sem er ekki meira rannsökuð en raun ber vitni.

Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegi forseti, en undirstrika að ég er alls ekki andvígur því að nýta þessa orku. Það á að gera það en menn hafa farið dálítið fram úr sér í þeim efnum á síðustu árum.

Ég vil líka vara við því að opinber fyrirtæki gangi mjög fram eins og gerst hefur á síðustu árum með því að ráðast í stórfelldar virkjunarframkvæmdir, nánast eingöngu með lánsfé. Hitaveita Reykjavíkur var nánast skuldlaust fyrirtæki ekki fyrir svo löngu síðan. Nú er Orkuveita Reykjavíkur mjög skuldsett fyrirtæki. Landsvirkjun er líka mjög skuldsett. Ég held reyndar að bæði þessi fyrirtæki eigi fyrir skuldunum, þau hafa orkusölu sem á að tryggja þeim, ef ekkert óvænt kemur upp á, tekjur til að standa undir skuldum. Ég held að það séu réttir útreikningar. En mikil skuldsetning þýðir hins vegar að fyrirtæki er mjög viðkvæmt fyrir óvæntum áföllum og það er það sem getur komið upp á og gerist af og til eins og gerðist síðasta haust — óvænt áföll sem breyta öllum forsendum og þá sitja menn uppi með skuldirnar en skerta getu til að standa undir þeim. Þess vegna er mjög varasamt að safna miklum skuldum í örfá fyrirtæki. Menn eiga að forðast það eins og heitan eldinn að safna meiri skuldum í þau fyrirtæki sem þegar er búið að skuldsetja mikið.

Ég held að menn þurfi að fara að huga að því að greina í sundur næstu virkjanaframkvæmdir frá þeim sem eru fyrir Landsvirkjun til að reyna að dreifa áhættunni og minnka líkurnar á því að Landsvirkjun verði fyrir skakkaföllum ef eitthvað ber út af í áhættusömum fyrirtækjum. Mér finnst vera töluverð áhætta í fyrirtæki sem er byggt mjög mikið á jarðgufuafli.

Að þessum varnaðarorðum sögðum ítreka ég þá afstöðu mína að það eigi að nýta þessar auðlindir og það eigi að gera það með þeim arðsömu tækifærum sem fyrir hendi eru og ég hef enga ástæðu til að vefengja að áformin um byggingu álvers í Helguvík séu arðbær og styð þau því.

Ég vil þó segja að lokum, virðulegi forseti, að þegar ráðist er í slíka framkvæmd taka menn ákvarðanir sem snerta þjóðfélagið allt, taka ákvarðanir sem breyta afstöðu manna eða stöðu þeirra í öðrum byggðarlögum og að sumu leyti til hins verra, sérstaklega þegar menn gera það með sérstökum samningum um ríkisstuðning umfram það sem fer inn á eitt tiltekið svæði og önnur njóta ekki. Það er eðli ríkissamninga, hvort sem það á við um Helguvíkursamninginn, Austfjarðasamninginn eða Hvalfjarðarsamninga, að reyna að koma á fót atvinnufyrirtæki á tilteknu landsvæði til að efla atvinnulíf og byggð þar með beinum fjárstuðningi úr ríkissjóði. Þá skekkja menn stöðuna gagnvart öðrum byggðarlögum sem ekki njóta ríkisstuðningsins. Norðurland og Vestfirðir hafa farið mjög halloka í þessum ríkisstyrkjasamningum. Þó að þeir séu góðir fyrir þau svæði sem í hlut eiga hafa hin svæðin að sumu leyti goldið þess. Það verður að gera þá kröfu til stjórnvalda þegar þau ákveða ríkisstuðning fyrir ákveðin svæði, sem er réttlætanlegt við tilteknar aðstæður, að þau geri aðstæður sambærilegar á öðrum landsvæðum til að vinna á móti áhrifunum af ríkisstuðningnum. Það getur varla verið afstaða stjórnvalda, og ég trúi því ekki á hæstv. iðnaðarráðherra, að markmiðið með byggingu álvers í Helguvík sé að fá fólk til að flytja sig vestan af fjörðum til Suðurnesja, að fækka fólki á Vestfjörðum og fjölga á Suðurnesjum. Ég hef enga trú á að það sé markmiðið en það mun gerast ef ekki verður gripið til einhverra mótvægisaðgerða eða gagnaðgerða til að vinna á móti þessum ríkisstuðningi.

Á þetta vildi ég leggja áherslu, virðulegi forseti, og hvet hæstv. iðnaðarráðherra til að hafa það í huga að hann ber skyldur ekki bara við þau landsvæði þar sem álver eru reist

heldur líka við þau landsvæði þar sem álver eru ekki reist. Ekki síður hefur hann skyldur við þau landsvæði því að þau eiga við ákveðna erfiðleika að glíma vegna framkvæmdanna, erfiðleika sem koma fram í hærra gengi og hugsanlega hærri verðbólgu. Þetta tvennt, áhrifin af framkvæmdunum og ríkisstuðningnum, leggst því gegn þeim landsvæðum sem eru utan áhrifasvæða þeirra landsvæða sem ríkisstuðningurinn beinist að.

Að svo sögðu, virðulegi forseti, ítreka ég niðurstöður mínar til þessa tiltekna þingmáls og ég mun styðja það.

[19:19]

Mörður Árnason (Sf):

Forseti. Þetta mál má ræða á marga vegu. Ég kýs að gera það út frá ræðu minni við 1. umr. um málið. Þar lýsti ég því yfir að það væri afar erfitt fyrir mig að styðja þetta frumvarp og benti á a.m.k. ein 11 atriði sem stæðu að baki þeirri afstöðu minni auk almennra efasemda um þá stórkarlastefnu sem undanfarna áratugi hefur viðgengist hér í atvinnuuppbyggingu og framkvæmdum og ég tel að sé ekki leiðin til Nýja Íslands eftir það fjárhagslega og siðferðilega hrun sem við höfum orðið vitni að í vetur.

Við 2. umr. er sjálfsagt að athuga þessi 11 atriði, a.m.k. einhver þeirra, hvernig þau hafa verið tekin fyrir í störfum hinnar háu iðnaðarnefndar á Alþingi og í þeim tveimur öðrum nefndum sem skilað hafa áliti sínu til iðnaðarnefndar. Í fyrsta lagi kvartaði ég yfir því að hér væri verið að gefa heimild til samninga við eitt fyrirtæki og engar almennar reglur væru lagðar fram um ívilnun af þessu tagi sem auðvitað kemur vel til greina og ætti að bera fram. Ekki væri óeðlilegt að slíkt væri til um fjárfestingar af ýmsu tagi, innlendar og erlendar, og væri þá þannig að hægt væri að taka tillit til mismunar atvinnufyrirtækjanna eða framleiðslufyrirtækjanna, verksmiðjanna, svo sem þáttar þeirra í mengun og orkuverðs sem fyrirtækin geta greitt, væntanlegan skatthagnað af fyrirtækjunum, hvort þau auka fjölbreytni í atvinnulífinu o.s.frv. Það er ekki gert og meiri hluti nefndarinnar kemst einungis að þeirri niðurstöðu að tyggja það eftir frumvarpstextanum eða nefndarálitinu, með þínu leyfi, forseti:

„... að erfiðleikar við fjármögnun verkefnisins réðu úrslitum um að stjórnvöld tóku þá ákvörðun að leita eftir heimild Alþingis til að ganga til samninga við félagið um sérkjör við skattgreiðslur. Slíkur samningur er talin forsenda þess að fjármögnun verkefnisins takist."

Það liggur engin sjálfstæð athugun að baki því hvort þessi samningur er forsenda þess að fjármögnun verkefnisins takist, heldur er þetta tekið upp í álitinu og ekkert um það fjallað. Síðan kemur sú lína í áliti meiri hlutans að hann telji, með leyfi forseta:

„... að með tilliti til stærðar verkefnisins og áhrifa þess á atvinnulíf, þ.m.t. afleiddra starfa og kaupa álversins á vörum og þjónustu, þá sé þessi styrkur réttlætanlegur ...".

Þarna er gefin lína um ríkisstyrki í framtíðinni, virðist vera, og það er athyglisvert að það sem í raun og veru er talið fram er stærð verkefnisins og hugsanleg kaup álversins á vörum og þjónustu.

Það er heldur dapurlegur rökstuðningur og raun og veru málflutningur á sómamörkum því að meiri hluti iðnaðarnefndar hafði fengið vísbendingar um það frá fleirum en mér, aumingja mínum, að um þetta þyrfti að fjalla.

Um skattamálin kemur það svo fram í áliti minni hluta efnahags- og skattanefndar að samningurinn gengur í raun og veru lengra en sá samningur sem sögð er fyrirmynd þessa samnings, þ.e. samningurinn um álverið í Reyðarfirði sem gefur svigrúm fyrir 18% tekjuskatt, væntanlega vegna þess að þá var 18% tekjuskattur í landinu, en þessi aðeins 15% þannig að að samþykktri þessari heimild er möguleiki að mismuna álfyrirtækjunum innbyrðis. Ég tel það alveg kostulega stöðu sem meiri hluti iðnaðarnefndar hefur sjálfsagt ekki áttað sig á.

Í öðru lagi taldi ég í ræðu minni við 1. umr. um málið að hér væri um að ræða 3 milljarða kr. styrk til álfyrirtækisins en um það er engin umfjöllun, hvorki hjá meiri hluta iðnaðarnefndar né meiri hluta efnahags- og skattanefndar og því verður að taka það þannig að þessi tala og aðrar sem nefndar hafa verið séu sannar og réttar. Ekki hefur farið fram nein sjálfstæð athugun hjá nefndunum um þetta og þær treysta þá væntanlega upplýsingum iðnaðarráðuneytisins og nú- og fyrrverandi hæstvirtra iðnaðarráðherra sem ég gerði líka, 3 milljarðar miðað við 30 ár. Þá verður líka að taka fram sem erfitt er að meta, að þetta er líka skattafesting. Þetta er ekki skattafesting í þriðjung aldar eins og talan 3 milljarðar miðast við heldur skattafesting í 40 ár. Samningurinn er þannig að hann skal gerður til 20 ára en álverið getur framlengt að eigin ósk um önnur 20 ár samkvæmt grein 17.3 í samningsuppkastinu. Það er enginn smátími.

Dofri Hermannsson, félagi minn og meðframbjóðandi, rifjaði það upp eða sagði um þetta að hann yrði áttræður þegar þessum 40 árum lyki. Ég verð þá 96 ára, það er svona hár aldur. Ég verð að vísu enn þá vel sprækur alþingismaður að berjast fyrir jafnaðarstefnunni og umhverfisvernd (Gripið fram í.) en það er nokkuð langur tími sem álverinu er gefinn með skattana. Það væri fróðlegt að vita, miðað við tilteknar forsendur, hvað þetta kostar í mati fjármálaráðuneytisins eða iðnaðarráðuneytisins eða Evrópumati sem þetta þarf að fara í.

Í þriðja lagi, forseti, spurði ég um þjóðhagslega hagkvæmni miðað við þær umræður sem verið hafa um þjóðhagslega hagkvæmni álvera og annarrar stóriðju síðustu ár og nánast áratugi þar sem traustir hagfræðingar og aðrir fræðimenn hafa gagnrýnt þann stóra sannleik sem hér ríkti fyrrum um hina gríðarlegu arðsemi af stóriðju af þessu tagi. Ég bendi á nýlega umfjöllun um þetta, bæði grein Sigurðar Jóhannessonar í bókinni *Uppbrot hugmyndakerfis* og grein Indriða H. Þorlákssonar, núverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu. Í báðum greinum er komist að þeirri niðurstöðu að arðsemi sé miklum mun minni en hér hefur yfirleitt verið látið. Indriði H. Þorláksson segir um þetta, með leyfi forseta:

„Í heild má segja að efnahagslegur ávinningur Íslands af starfsemi stóriðjuvera sé lítill og hafi farið minnkandi á síðustu árum."

Það sem nefndin virðist hafa gert í þessu samkvæmt meirihlutaálitinu er að hún kallaði til tvo hagfræðinga eða hagfræðinema, þá Daða Kristófersson og Svein Agnarsson, sem vinna í Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og skrifa þar einhvers konar skýrslu um gagnrýni OECD á stóriðjustefnu

Íslendinga. Þeirri skýrslu er ekki lokið hjá Hagfræðistofnun HÍ, sem er raunar ekki óumdeild. Hagfræðistofnun hefur framleitt pappíra sem mönnum hefur svelgst á, en sleppum því. Iðnaðarnefnd er hér að fræðast um skýrslu sem þessir tveir höfundar eru með í smíðum. Sú skýrsla hefur ekki fengið faglega gagnrýni, hún hefur ekki verið ritrýnd í neinum fagtímaritum og er ekki almenn eða opin. Það er engin leið að átta sig á því hvað í henni stendur.

Þessi vinnubrögð meiri hluta iðnaðarnefndar eru mér ekki að skapi. Þetta er það eina sem nefndin gerir til að ná utan um þjóðhagslega arðsemi af eigin völdum og tekur annars mark á því sem áður hefur verið sagt. Hvað segja þessir menn? Þeir segja eitt og annað, þeir segja m.a. það sem er fín niðurstaða að stórframkvæmdir séu heppilegar í niðursveiflu. Það segja þeir Daði Kristófersson og Sveinn Agnarsson, málvinir meiri hluta iðnaðarnefndar. Það var kannski ekki alveg nýtt, að stórframkvæmdir séu heppilegar í niðursveiflu. Það er aldagömul speki, að stórframkvæmdir séu heppilegar í niðursveiflu, kannski á okkar öldum — ég segi öldum — frægastar sem hluti af nýgjafarstefnu Delanos Roosevelts Bandaríkjaforseta í kreppunni miklu og þurfti ekki þá Daða Kristófersson og Svein Agnarsson til að segja okkur þetta.

Í fjórða lagi, forseti, kom ég fram með upplýsingar sem hæstv. iðnaðarráðherra aflaði mér í svari við fyrirspurn um þjóðhagslega hagkvæmni annars vegar ferðaþjónustunnar og hins vegar stóriðjunnar. (**Iðnrh.:** Það var gott svar.) Og það var gott svar, svo sannarlega. Þar kom m.a. fram að verðmætishlutfall — eins og við skulum kalla það — af þjóðarframleiðslu hjá ferðaþjónustunni hefur verið 16% að meðaltali á síðustu árum en 8% af álverunum. Ferðaþjónustan hefur tvöfalt hlutfall í þjóðarframleiðslu á við álverin en hér er aðeins um að ræða fjárfestingar. Ef maður tekur bara reksturinn eru tölurnar þannig að í ferðaþjónustunni er 13–17% en 2–5% í áliðnaðinum. (Gripið fram í.) Þessi iðnaður er sá sem við ætlum að styrkja með 3 milljarða kr. framlagi á þessu tímabili og með þeim skattafslætti sem þetta kann að fela í sér. (**Gripið fram í:** Ferðaþjónustan ...) Um þetta, forseti, segir meiri hluti iðnaðarnefndar ekki nokkurn skapaðan hlut, þó er hún líka ferðamálanefnd. Í áliti meiri hluta iðnaðarnefndar eru aldrei nefndir neinir valkostir, aldrei fjallað um annað en þetta eina, álver og málatilbúnaðinn í kringum það. Hvergi er fjallað um annan orkufrekan iðnað eða framtíðargreinar ýmsar, bara plús eða mínus álver og stórvirkjanir. Þessi málatilbúnaður, sem er auðvitað ekki nýr hjá meiri hluta iðnaðarnefndar, minnir satt að segja mest á bifvélavirkjann í Spaugstofunni, þennan sem reiðir upp hamarinn og hefur kjörorðið „Allt vill lagið hafa."

Í fimmta lagi, forseti, (Gripið fram í.) — mér er í raun og veru sama hverjir hlusta hér, ég flyt mál mitt líka til þjóðarinnar — vakti ég athygli á því eins og reyndar fleiri að það álver sem hér um ræðir, sem gera á samninginn um á að vera 360.000 tonn samkvæmt frumvarpinu en umhverfismat liggur ekki fyrir nema um 250.000 tonn. Sem betur fer var í nokkuð vandaðri umsögn meiri hluta umhverfisnefndar vakin sérstök athygli á því, með leyfi forseta, að mat Skipulagsstofnunar „snýr eingöngu að umhverfisáhrifum af fyrirhuguðu álveri" — þ.e. miðað við 250.000 — „en ekki tengdum framkvæmdum". Meiri hluti umhverfisnefndar segir enn fremur:

„Umhverfismat Skipulagsstofnunar byggist jafnframt á álveri með sömu framleiðslugetu og getið er í starfsleyfi, þ.e. 110 þúsund tonnum minni en framleiðslugetu samkvæmt samningi. Vekur meiri hlutinn athygli á þessu misræmi."

Meiri hluti iðnaðarnefndar gerir ekki nokkurn skapaðan hlut með þessa ábendingu. Það er kannski ekki rétt að hún geri ekki nokkurn skapaðan hlut, heldur viðurkennir hún að „fabrikkan" hafi ekki starfsleyfi. Og það er ekki umhverfismat umfram 250.000 en skýrir ekki fyrir okkur hvers vegna það var ekki eðlilegt að miða fjárfestingarsamninginn við þessi 250.000 heldur klykkir út með því að meiri hlutinn telji að þó sé þetta réttlætanlegt — það er þetta orð, „þó", sem ekki er útskýrt. Okkur er ekki sagt hvers vegna ekki var þá hægt að setja reglur um viðbótarstærðina síðar og af hverju ekki er lögð til þá enn þá meiri stækkun því að talan er komin frá álfyrirtækinu og forgangsmönnum um álverið. Það er ekkert sjálfstætt mat sem liggur að baki þessari tölu frá ráðuneytinu og endar röksemdafærsla frá meiri hluta iðnaðarnefndar um þetta efni.

Í sjötta lagi benti ég á að ófrágengið væri um raflínur á Reykjanesskaga og nágrenni og það er einfaldlega um það að segja að iðnaðarnefnd hefur ekki áhuga á þeim þætti málsins. Umhverfisnefnd fjallar heldur ekki beinlínis um það en bendir þó á að umhverfismatið sé ekki frágengið við tengdar framkvæmdir. Hér á að fara í þessa samningagerð án þess að umhverfismat liggi fyrir um neitt annað en þessi 250.000 tonn. Það finnst mér ekki ábyrg afstaða, ég segi það hér með.

Í áttunda lagi, forseti, spurði ég hvort þetta þýddi ekki að hugsanlegt álver á Bakka væri úti vegna losunarheimilda og umfangs í hagkerfinu. Í öðru lagi hvort þetta væri ekki þannig að öll hin nýja stóriðja, mengunarminni eða mengunarlaus jafnvel, sem við höfum kallað stundum sætu stóriðjuna að gamni okkar, á orkusvæðinu suðvestanlands, sé ekki hreinlega búin nema þá að veitt verði til hennar rafmagn annars staðar að en frá jarðhitaorkuverunum á Reykjanesskaga og nágrenni. Þá væri auðvitað fyrst spurt um þær áætlanir sem uppi eru um neðri hluta Þjórsár. Um þetta fjallaði meiri hluti iðnaðarnefndar alls ekki, þar er ekkert um orkukosti eða möguleika á annarri orkufrekri atvinnustarfsemi, gagnaverum, sólkísilverksmiðjum eða álíka. Þar er ekkert um Þjórsá neðri sem sumum hefði þó þótt tilefni til miðað við mannaskipanina í nefndinni þegar álitið þar var afgreitt.

Í níunda lagi talaði ég svolítið um starfarökin, ég kallaði það „blackmail" á ensku slangurmáli vegna þess að „fjárkúgun", íslenska orðið, dugar ekki yfir það. Þegar verkefni af þessu tagi er fundið út reyna menn að reikna út sem allra glannalegast hvað þeir geta þá framleitt mörg störf og vegna þess að ekki er borið saman við neina aðra kosti eru menn nánast „blackmailaðir" með því: Ætlar þú að vera á móti 300 störfum, 500 störfum, 8.000 störfum eða 11.000 störfum? Var það ekki sú tala sem hv. þm. Árni Johnsen nefndi í gær, sem er glannalegastur glannanna?

Ég spurði í þessari ræðu minni hvort ekki væru þá sömu rök á bak við að geyma geislavirkan úrgang í Loðmundar-

firði eða bjóðast til að hafa Gvantanamó-fangelsið í Hnífsdal. Um þetta er svo sem engin umfjöllun frá nefndinni nema þá að telja upp sömu störfin þannig að hún situr við sama keip þar og sýnir ekki þann frumleika sem maður hefði kannski ætlast til af vandaðri vinnu í þessari nefnd.

Í tíunda lagi spurði ég sérstaklega um stöðu Century Aluminum sem er það fyrirtæki sem hér um ræðir vegna þess að Ágúst Þórhallsson hafði þá skrifað á vefsíðuna amx grein sem hét þessu nafni: Munu lánardrottnar Century Aluminum taka yfir Norðurálverkefnið?

Þar við bætast auðvitað nýlegar fréttir af gengi Alcoa og fréttir um álverð og stöðu álframleiðslunnar sem lesa má um í *Fréttablaðinu* í dag. Þar kemur fram að sjaldan eða aldrei hafa verið til jafnmiklar álbirgðir í heiminum og Kínverjar safna nú sérstaklega upp áli hjá sér sem þeir ætla svo að setja út á markað þannig að það er engin von til þess að álverð hækki í náinni framtíð og ósennilegt að álfyrirtækin vilji leggja út í ný ver. (Gripið fram í.)

Þá komum við að lokum að ellefta atriðinu sem ég spurði um á sínum tíma, samningurinn er hér sagður, fram og aftur í þessum deilum milli einstakra stuðningsmanna og hópa af þeim hér á þinginu og í samfélaginu, forsenda Helguvíkurálversins. Menn segja hér, eins langir og stuttir og þeir eru, að það sé beinlínis beðið eftir þessari samþjöppun, menn bíði með öndina í hálsinum eftir því að Alþingi Íslendinga komi þessum samningi í gegn. Þá standi jakkafataklæddir menn á flugvöllum Evrópu og Ameríku með gljáandi leðurklæddar stresstöskur með fullt af peningum, með 400 milljarða í vasanum að bíða eftir í farsímanum sínum að Alþingi Íslendinga hafi samþykkt þetta hér. Það er mikil ábyrgð að halda þessu fram og segja jafnframt að þegar þetta verður samþykkt hér á þinginu verði atvinna yfirfljótandi á Suðurnesjum með þúsundum afleiddra starfa og gríðarlegum kaupum á vöru og þjónustu um land allt. Það er mikil ábyrgð að halda þessu fram, forseti. Sömu stjórnmálamenn verða þá líka að æfa sínar ræður sem þeir ætla að flytja eftir tvo mánuði, hálft ár, við næstu kosningar ef þetta gerist ekki og það kemur í ljós að þetta frumvarp skiptir engu máli. Þetta er síðasta málið á síðasta efnisfundi þingsins á síðasta degi þessa mikla tíðindavetrar og samt vita allir í raun að þessi afgreiðsla skiptir ekki máli fyrir sjálft verkefnið, nánast engu máli. Því miður ræðst það ekki hér á Alþingi hvort þetta verður að veruleika, því miður. Menn geta blásið sig út í ræðustóli, barið sér á brjóst í fjölmiðlunum og þakkað sér þennan mikla árangur en þetta ræðst bara ekki hér.

Dofri Hermannsson, varaborgarfulltrúi og frambjóðandi Samfylkingarinnar, snjall og góður drengur af Dalaættum, hefur sagt þetta betur en ég. Ég ætla að ljúka ræðu minni með tilvísun í hans orð á netinu, með leyfi forseta:

„... það er búið að tala framkvæmdina svo mikið upp að það er pólitískt erfitt — einkum fyrir frambjóðendur í kjördæminu — að taka á málinu af skynsemi. Fáir vilja gefa færi á sér sem stjórnmálamanninum sem brá fæti fyrir 4.000 þúsund störf. Eða voru þau kannski orðin 8.000?

Þetta kann að vera klók afstaða fyrir stjórnmálamann. Og þó.

Þegar búið er að byggja upp miklar væntingar hjá kjósendum um fleiri þúsund störf verða vonbrigðin mikil þegar öllum er ljóst að ekkert verður af framkvæmdum. Verra verður það þó þegar kemur á daginn að af því það var búið að binda alla virkjanlega orku og áætlanir í áformum um Helguvíkurálver missa íbúar í Reykjanesbæ, Grindavík og Þorlákshöfn af gríðarlega mikilvægum tækifærum. Smærri verksmiðjum í umhverfisvænum iðnaði sem skapa mun fleiri störf og meiri virðisauka á hvert MW og staðnum betri ímynd."

Þetta var Dofri Hermannsson. Mörður Árnason segir hér:

Meiri hluti iðnaðarnefndar hefur gefið út álit sem er óvandað, þar sem ekki er tekið á þeim hlutum sem er hægt að ætlast til að þingnefndir taki á í máli af þessari stærð. Það er ósköp einfalt, meiri hluti iðnaðarnefndar eða aðrir flutningsmenn þessa máls hér eða á Suðurnesjum eða í samfélaginu hafa ekki breytt afstöðu minni til frumvarpsins sem hér liggur fyrir.

[19:39]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir afar efnismikla ræðu þar sem kom fram fjöldinn allur af nauðsynlegum upplýsingum þegar þessu máli er fylgt úr hlaði á lokasprettinum. Mig langar til að spyrja hv. þingmann að einu vegna þess að það vill svo til að einn af stóru flokkunum á Alþingi er einmitt flokkurinn sem hv. þingmaður situr fyrir á Alþingi og ég veit að hv. þm. Mörður Árnason og félagi hans sem hann nefndi í ræðu sinni oftar en einu sinni, Dofri Hermannsson, skrifuðu fyrir Samfylkinguna stefnu í umhverfismálum fyrir síðustu kosningar 2007, stefnuna *Fagra Ísland*. Mig langar til að vita hvort hv. þm. Mörður Árnason lítur svo á að sú umhverfisstefna sé nú með þessum gerningi og stuðningi Samfylkingarinnar við hann orðin að marklausu plaggi og þýðingarlausu eða þýðingarlitlu, hafi það plagg einhvern tíma haft einhverja þýðingu.

[19:40]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Ég kaus í þessari ræðu að flytja mín sjónarmið. Það vill svo til að þau njóta mikils stuðnings innan Samfylkingarinnar bæði í flokknum sjálfum og reyndar í þingliði Samfylkingarinnar og ekki síður meðal stuðningsmanna, en um daginn kom í ljós í könnun að meiri hluti almennings hafði tekið mark á þeim áróðri sem hafður hefur verið í frammi. Að vísu studdi meiri hluti stuðningsmanna Samfylkingarinnar álverið en um 44% stuðningsmanna hennar voru á móti því.

Ég tel ekki að umhverfisstefna okkar sem við höfum kennt við *Fagra Ísland* sé úr gildi fallin með þessum gerningi hér, þessu vandræðamáli sem Samfylkingin tók í arf frá síðustu ríkisstjórn og VG hefur ákveðið að láta fara í gegnum þingið af pólitískum ástæðum sem ekki eru kannski fagrar en ákaflega skiljanlegar.

Fagra Ísland gerði ráð fyrir því að við felldum þessi átök og eðlilegar deilur um nýtingu orkuauðlindanna í ákveðinn farveg með vandaðri rammaáætlun sem nú heitir *Um vernd og nýtingu náttúrusvæða*, og lagði fram lista yfir

þau svæði sem væri sjálfsagt að taka út fyrir þann sviga og ákveðna aðferðafræði í bæði náttúruverndarmálum og loftslagsmálum sem enn gildir. Ég skal hins vegar viðurkenna að ég átti ekki von á því þegar við Dofri settumst niður að beiðni þáverandi formanns flokksins og bjuggum til uppkast að þessari stefnu að ég stæði hér í þeim sporum að þurfa að horfa upp á þessa álverssamþykkt að aðeins tveimur árum liðnum.

[19:42]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hef nokkra samúð með hv. þingmanni að hann skuli nú standa hér í ræðustóli og flytja innblásna ræðu, vel samda, það var mikil vinna lögð í ræðuna, og hann skuli þurfa að viðurkenna það hér fyrir þingi og þjóð að stór hluti kjósenda sem kýs flokkinn skuli vera sama sinnis. Ég verð að segja það að Samfylkingin tók ekki þetta mál í arf frá síðustu ríkisstjórn óbeðin. Hún ákvað það upp á eigin spýtur að taka málið í arf og í fóstur og koma því í gegnum þingið.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð ákvað hins vegar að leggjast ekki gegn því að málið yrði tekið í gegnum ríkisstjórn. Hvað það kann að hafa vegið þungt á metunum við myndun síðustu ríkisstjórnar, þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, skal ég ekki segja, um það veit ég ekki, en það er skjalfest að Vinstri hreyfingin – grænt framboð formúleraði *málið þannig* að það var ekki lagst gegn því að iðnaðarráðherra fengi að taka málið í gegnum ríkisstjórn. Stuðningur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við þetta mál og þingmanna þess flokks hefur alla tíð verið ljós og hann á *eftir að koma í ljós í atkvæðagreiðslu á eftir.* En eins og ég segi, mitt sjónarmið er það að það leiki nokkur vafi á umhverfisstefnu Samfylkingarinnar eftir þann gerning sem hér er að fara í gegn með meirihlutastuðningi Samfylkingarinnar.

[19:44]

Mörður Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Ég kaus að lýsa í þessari ræðu afstöðu minni til þessa máls með ýmsum rökum og athugasemdum og hyggst ekki fara mikið lengra í því. Við erum sammála, ég og hæstv. umhverfisráðherra, í afstöðu okkar til málsins og í ýmsu öðru sem varðar umhverfismál þó að við séum í tveimur flokkum enn þá af ástæðum sem sprottnar eru af öðrum hlutum.

Ég get bara endurtekið þetta: Nei, ég tel að umhverfisstefna Samfylkingarinnar sé í fullu gildi. Ég veit að mikill meiri hluti forustumanna Samfylkingarinnar vill einlæglega koma henni í brúk enda hefur ekki verið neitt lát á, hvað eigum við að segja, flaggskipi þessarar áætlunar eins og það hefur komist í gegnum tvær ríkisstjórnir, rammaáætluninni. Ég bind miklar vonir við það að þegar þessum áfanga lýkur í því verki geti skapast ný undirstaða sem m.a. kemur *í veg fyrir slys eins og hér kynni að vera í uppsiglingu*, nefnilega það að allar orkulindir á Reykjanesskaga, allar tækar orkulindir — nema maður tali um stórslys, stórumhverfisslys — renni aðeins á þennan stað. Síðan verði ekki meira eftir fyrir annan orkufrekan iðnað en orka úr vatnsaflsvirkjunum eða jarðhitavirkjunum sem ekki verður við unað að nýttar séu með þessum hætti og þá er kannski ágætt að vísa til ágætrar ræðu sem á köflum var og Kristinn H. Gunnarsson flutti hér áðan, um verðmæti orkulindanna fyrir Íslendinga í bráð og lengd.

[19:46]

Kjartan Ólafsson (S):

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að byrja ræðu mína á því að fagna eins og þeir þingmenn sem hafa hér talað og styðja það frumvarp sem hér liggur fyrir. Auðvitað eigum við að fagna þegar við sjáum fram á að það er að nást endir á mál sem hefur verið lengi í vinnslu og menn hafa trú á því að þarna sé verið að vinna verkefni sem muni skapa mikla atvinnu. Það er einmitt það sem samfélagið þarf í dag.

Ég verð hins vegar, frú forseti, að viðurkenna að eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar er ég uggandi um málið eins og hann fór yfir þetta frumvarp og eins og hann horfir á málið frá sínum bæjardyrum. Ég verð að viðurkenna að ég get ekki að fullu og öllu treyst Samfylkingunni til að fylgja þessu máli til enda eins og þarf að gera, því miður.

Auðvitað erum við sammála um að nýta náttúruauðlindir okkar, eins og vatnsafl og gufu til atvinnuuppbyggingar, til gjaldeyrissköpunar. Það er hlutur sem við þurfum að gera og vinna að og það hefur verið gert um langan tíma, og ég vil taka undir öll þau orð sem hafa lotið að þeim þætti málsins. Ég vil fara inn á tvo þætti málsins sem er annars vegar álit meiri hluta umhverfisnefndar, þar sem ég á sæti, og fara örlítið yfir það álit og hvað þar kemur fram, og svo *vil ég aðeins fara yfir þann þátt sem mér finnst að hv. þing*menn Samfylkingarinnar hafi ekki greint frá og farið yfir og það er hvernig á að skaffa orku í það álver sem hér um ræðir.

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst fara yfir umsögn umhverfisnefndar sem hún gaf iðnaðarnefnd en þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrir liggur að Skipulagsstofnun hefur skilað áliti um mat á umhverfisáhrifum og er helsta niðurstaða stofnunarinnar sú að fyrirhugað álver í Helguvík muni ekki valda neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á umhverfi eða samfélag.“

Þetta er auðvitað afar mikilvægt í þeirri miklu umræðu sem hér hefur farið fram um umhverfisþátt þessa máls.

„Stofnunin bendir þó réttilega á að matið snýr eingöngu að umhverfisáhrifum af fyrirhuguðu álveri en ekki tengdum framkvæmdum. Þá eigi þeir virkjunarkostir sem orkuveitendur álversins hyggjast nýta eftir að fara í umhverfismat.“

Síðan segir áfram um mengunarþáttinn, með leyfi forseta:

„Niðurstaða líkanreikninga er þó að styrkur efnanna í andrúmslofti“, þ.e. brennisteinstvíoxíði, „vegna útblásturs frá álverinu verði innan umhverfismarka og viðmiðana sem *sett hafa verið á Íslandi og í Evrópusambandinu.*“

Þetta er afskaplega mikilvægt að við höfum á hreinu. Svo segir áfram:

„Nánar er kveðið á um skyldur rekstraraðila til umhverfisvöktunar í 5. kafla starfsleyfis sem Umhverfisstofnun hef-

ur gefið út.

Í umhverfismati Skipulagsstofnunar kemur skýrt fram að álver í Helguvík muni hafa verulega neikvæð áhrif vegna losunar gróðurhúsalofttegunda enda reiknast losunin um 13% af heildarlosun Íslendinga viðmiðunarár Kyotobókunarinnar 1990. Álverið hefur nú fengið úthlutað 539 þúsund losunarheimildum frá úthlutunarnefnd losunarheimilda sem jafngildir 150 þúsund tonnum áls á ári.“

Svo mörg voru þau orð í þessum kafla og auðvitað þarf engan að undra það að gróðurhúsalofttegundir aukast við þessa framkvæmd, það vita allir sem þekkja til.

Frú forseti. Ég ætla aðeins að fara frekar í það sem meiri hluti umhverfisnefndar segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir samningi um álver sem anni framleiðslu á allt að 360 þúsund tonnum á ári en einungis hefur verið úthlutað losunarheimildum fyrir allt að 150 þúsund tonn á ári. Þá er starfsleyfi Umhverfisstofnunar vegna álversins gefið út vegna reksturs álvers í Helguvík með allt að 250 þúsund tonna ársframleiðslugetu á áli og er gildistími þess til ársloka 2024. Bæði losunarheimildir og starfsleyfi gera því ráð fyrir minni ársframleiðslu en áætlaðri framleiðslugetu álversins samkvæmt þeim samningi sem í frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að gera. Umhverfismat Skipulagsstofnunar byggist jafnframt á álveri með sömu framleiðslugetu og getið er í starfsleyfi, þ.e. 110 þúsund tonnum minni en framleiðslugetu samkvæmt samningi. Meiri hlutinn vekur athygli á þessu misræmi.“

Svo mörg voru þau orð og undir þetta ritar meiri hluti hinnar virðulega nefndar umhverfisnefndar og samþykkir þar með þessa framkvæmd.

Síðan langar mig aðeins að vitna í nefndarálit frá minni hluta iðnaðarnefndar þar sem undir skrifar hv. þm. Álfheiður Ingadóttir. Hv. þingmaður víkur að því og segir í texta þar sem hún vitnar til blaðaviðtals við sveitarstjóra Ölfuss að það séu möguleikar á að flytja alla raforku Þjórsárvirkjana á Suðurnes. Mér finnst eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sé með þeim orðum að segja að það eigi að virkja Neðri-Þjórsá. Ég get auðvitað fagnað því að Vinstri grænir skuli vera með það í texta hér og vitna til þess með þeim hætti sem hér er gert, að neðri hluti Þjórsár verði virkjaður, en um leið eru þeir að reyna að koma upp óeiningu milli sveitarfélaganna á Suðurlandi og á Suðurnesjum, í sama texta og sama kafla þar sem sagt er að sveitarstjóri Ölfuss muni ekki heimila línulögn. Þarna finnst mér, frú forseti, að við þurfum að staldra aðeins við og fara yfir málið.

Það er einfaldlega ekki nærri búið að virkja alla þá orku sem mögulegt er að virkja á Suðurnesjum. Það er einungis farið að bora tilraunaholur í Krýsuvík þannig að af því svæði má kannski fá um 300 megavött. Á Reykjanesi eru jafnframt fleiri svæði sem hægt er að virkja til þess að fullnægja þeirri orkuþörf sem álverið í Helguvík hefur samkvæmt þeim leyfum sem ég hef farið hér yfir. Það er eðlilegt og sjálfsagt að heimaaðilar á Suðurlandi, eins og þeir aðilar sem eru í forsvari fyrir sveitarfélagið Ölfus, fyrir sveitarfélögin við Þjórsá, Tungnaársvæðið, Gnúpverja- og Skeiðahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, það er eðlilegt að þeir aðilar og forsvarsaðilar þeirra sveitarfélaga vilji atvinnuuppbyggingu tengda þeirri orku sem framleidd er á því svæði, það er bara ofur eðlilegt. Með sama hætti hafa Skagfirðingar talað um þá orkunotkun sem hugsanlega kæmi til í Skagafirði við virkjanir þeirra fljóta sem þar eru. Ég held að við eigum að ganga þannig um þetta mál að við séum ekkert að ljúka þeim virkjunarframkvæmdum og þeim virkjunarmöguleikum í þessu landi með því að virkja fyrir álverið í Helguvík, það er bara einfaldlega ekki svo.

Mér fannst hins vegar dálítið sérkennilegt að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, sem er hér einhvers staðar í hliðarherbergjum, viki ekki einu orði að því hvernig ætti að afla orkunnar. Sá hv. þingmaður hefur verið á móti því alla tíð að það verði virkjað í neðri hluta Þjórsár. Mér finnst skorta á að þingmenn Samfylkingarinnar hafi talað skýrt um það hvernig og hvar eigi að virkja og hvernig þeim málum eigi að vera háttað. Hv. þingmaður, sem er þingmaður Suðurkjördæmis, situr ekki í salnum, hann fylgist ekki með umræðunni og fer í felur til þess að þurfa ekki að tala um þessi mál, atvinnuuppbyggingu í Suðurkjördæmi og þá orku sem þar er óbeisluð.

Ég veit að hæstv. iðnaðarráðherra hefur skrifað grein um það og hefur skilning á því, sá ágæti ráðherra, að heimaaðilar vilji nýta orkuna í héraði. Ég treysti því að sá ráðherra, á meðan hann fær að vera í stól iðnaðarráðherra, muni styðja það áfram eins og hann hefur gert hingað til að aðilar geti nýtt þá orku sem beisluð er í héruðunum sem næst virkjunarstað. Það er það sem ég vil koma skýrlega á framfæri, frú forseti, að það er hlutur sem við eigum að gera enda er það hagkvæmast að nýta orkuna sem næst upprunanum, það vitum við. Þá verður minnst umhverfismengun, ef svo má að orði komast, með línulagnir, landsvæði sem fara undir háspennulínur, við minnkum það eins og hægt er með því að vera með notkunina sem næst upprunanum. Það er hlutur sem er líka hagkvæmnismál vegna þess að það eru töp, það eru þrátt fyrir allt gríðarlega mikil töp við flutninga á orku og það er það sem við þurfum að minnka sem mest og láta sem flestar byggðir landsins fá að njóta þeirrar orku sem er aflað í heimabyggð og má þar nefna að á Suðurlandi er eitt stærsta orkubú landsins og mest orkan framleidd en er nánast öll flutt úr héraði. Það er það sem ég vil koma skýrlega á framfæri að þeir aðilar fylgist grannt með hvernig þessum málum vindur fram.

Ég verð að endurtaka að ég hef áhyggjur af því hvernig hv. þm. Mörður Árnason talaði hér áðan.

[19:58]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður átaldi hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson fyrir að vera ekki hér í salnum þegar hann hélt ræðu sína. Nú er það þannig að fæstir þingmanna Sjálfstæðisflokksins eru hér í salnum undir þessari gagnmerku ræðu hv. þingmanns. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom hins vegar hér upp áðan og lýsti skoðun sinni með mjög ítarlegum hætti.

Hins vegar getur hv. þm. Kjartan Ólafsson ekki gert neina sérstaka kröfu, og það er ekkert tilefni til þess, á kollega sinn úr kjördæminu, hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson um að hann lýsi yfir einhverri afstöðu varðandi það hvort orka eigi að koma til Helguvíkurframkvæmdar úr Neðri-Þjórsá. Ég sem iðnaðarráðherra hef bara séð fyrir

því, það liggur alveg skýrt fyrir að Neðri-Þjórsá verður ekki virkjuð til þess að finna orku í Helguvík. Ég hef margsinnis sagt það og ekki bara sagt það heldur getur hv. þingmaður lesið það sjálfur út úr þeim samningi sem iðnaðarráðuneytið gerði á sínum tíma. Þetta er í gadda slegið.

Sömuleiðis er það alveg ljóst eins og ég hef sagt í þessari umræðu áður að stjórnvaldið, a.m.k. meðan það er í mínum höndum, mun ekki heimila að menn ráðist með ágengum hætti í nýtingu jarðorkunnar sem er að finna á svæði þeirra tveggja orkufyrirtækja sem koma að þessu máli. Ég hef sagt það algjörlega skýrt að ég hef gefið starfshópi um rammaáætlun skýr fyrirmæli um það að vinna starfsreglur um það með hvaða hætti eigi að nýta jarðorkuna með sjálfbærum hætti. Ég hef sagt það úr þessum stóli að ég hyggst staðfesta þær reglur óbreyttar og þar hafa valist fremstu sérfræðingar þjóðarinnar til þess að vinna. Það liggur sem sagt alveg ljóst fyrir að þó að ég hafi lagt fram þennan samning er hann ekki í sjálfu sér nokkurs konar óútfyllt ávísun um að menn geti aflað orkunnar með hvaða hætti sem er og það er algjörlega klárt og kvitt að í Neðri-Þjórsá verður ekki farið vegna þessara framkvæmda.

[20:00]

Kjartan Ólafsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir andsvarið. Það er tvennt sem kemur þar fram — eða þrennt í raun, hann bregst ekki sem fóstri hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar og svarar fyrir hann hér. Það er góður greiði. Ég fagna því að hæstv. ráðherra vill að orkan verði nýtt sem næst upprunanum og í heimahéraði. Jafnframt kemur fram í þessu ágæta andsvari að hæstv. ráðherra geti hugsað sér að virkja neðri hluta Þjórsár og ég held að það sé þessari þjóð og samfélagi okkar til góðs að við nýtum þá orku. Það er einhver hagkvæmasti orkukostur sem við eigum að nýta rennslisvatnið í Þjórsá þar sem búið er að byggja upp alla miðlunina. Það eru rennslisvirkjanir sem kosta lítið og þessi orka verður okkur gjöful og góð.

[20:01]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ver alla mína félaga, ekki bara hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Ég hef t.d. varið fullkomlega málfrelsi hv. þm. Marðar Árnasonar sem hefur allt aðra skoðun á þessu máli en ég. Ég tel að hann hafi fullan rétt til að koma hingað eins og hann hefur gert og flutt mál sitt með sterkum rökum, ég er þeim bara ósammála.

Hv. þingmaður hefur sérstakar gáfur til að túlka, er það vel. Ég sem iðnaðarráðherra hef margsinnis sagt að það kunni hugsanlega að koma til minna kasta að skera úr um deilumál varðandi hvort neðri Þjórsá verði virkjuð. Til að ég geti sinnt þeirri skyldu sem þá mundi á mér hvíla, m.a. rannsóknarskyldunni sem er gríðarlega rík í stjórnsýslulögum, hef ég gætt þess mjög vendilega að ég hef aldrei látið uppi hver afstaða mín er til þess hvort virkjað verði í neðri Þjórsá. Ástæðan er einfaldlega sú að sú ákvörðun, ef það verður ég sem tek hana, verður ekki tekin fyrr en búið er að uppfylla rannsóknarskylduna og skoða það mál til hlítar. Það tilefni hefur ekki gefist vegna þess að Landsvirkjun hefur aldrei komið með bón til mín um að neðri Þjórsá verði virkjuð, það verður að vera algjörlega skýrt.

Ég hef, eins og meiri hluti þeirra sem styðja minn flokk, lýst yfir að við þessar aðstæður styðji ég Helguvíkurframkvæmdina. Ég hef gert það vegna þess að með tilliti til atvinnuleysisstigs núna er ljóst að sú framkvæmd mun skapa fjölda starfa á þeim tíma þegar efnahagslægðin er dýpst og þegar atvinnuleysið ris hæst. Það skiptir máli fyrir mig og ég geri mér alveg grein fyrir því að á þessu eru skiptar skoðanir og ég hef sagt hér í umræðunum, m.a. í tilefni af ræðu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur, að ég ber fulla virðingu fyrir hennar rökum og rökum hv. þm. Marðar Árnasonar. Ég hef teflt fram mínum mótrökum og vona að menn virði þau líka. En ég vil að (Forseti hringir.) afstaða mín til neðri Þjórsár og tengsla hennar við þessa framkvæmd sé algjörlega skýrt.

[20:04]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég vildi fá einmitt að koma hér upp og vera, að ég held, síðasti ræðumaður á þessu þingi. Það er sérstaklega ánægjulegt að við séum einmitt að fjalla um þetta mál, fjárfestingarsamninginn varðandi Helguvík. Ástæðan fyrir því að ég gleðst svona yfir þessu eru þær upplýsingar sem koma fram um fjölda starfa sem skapast við þetta verkefni. Talað er um að áætluð ársverk við byggingu álversins verði um 4.300 og fjöldi starfa muni ná hámarki á árinu 2011 og verði þá 1.200–1.500 auk þess sem áætlað er að í kringum framkvæmdina verði afleidd störf um 8.000–9.000 ársverk í heildina.

Í tilefni þess vildi ég gjarnan lesa, (**Iðnrh.**: Má ekki nota hjálpar...?) með leyfi forseta (**Iðnrh.**: Og iðnaðarráðherra.) — og iðnaðarráðherra, leiðara úr dagblaðinu *DV*. Þar segir, með leyfi forseta:

„Andri Snær Magnason rithöfundur dregur upp hjákátlega mynd af hjákátlegu landsbyggðarfólki í heimildarmynd sinni *Draumalandinu* sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum. Andri birtir myndskeið af fögnuði Húsvíkinga og Reyðfirðinga yfir álversframkvæmdum, sem virðist fádæma heimskulegur í ljósi drungalegs boðskapar myndarinnar.

Sú skoðun að Íslendingar ættu að beita sér gegn verksmiðjum og „bara gera eitthvað annað“ skaut rótum í þjóðarsálinni á þeim tíma sem uppgangur í þjóðfélaginu var drifinn áfram af stórfelldum lántökum. Þjóðfélagið virtist vera ósigrandi. Allt gekk upp þótt lítið væri reynt. Þegar allt kemur til alls var það sá hæfileiki Íslendinga að taka lán, taka áhættu, stunda spillingu og veðsetja verðmætin sem olli góðærinu síðustu ár. Út frá þessari forsendu, að allt kæmi af sjálfu sér, spratt hugmyndin um að Íslendingar gætu auðveldlega sleppt því að framleiða verðmæti, án sérstakra afleiðinga. Öfgar afturhaldssinna spretta úr hinu fyrrta samfélagi, rétt eins og frjálshyggjustefna Sjálfstæðisflokksins á sama tíma.

Margt fólk úti á landi dreymir um að starfa við eitthvað annað en sjávarútveg eða sauðfjárrækt en verður að horfa upp á drauma sína dofna eða flytja burt. Ólíkt því sem margir náttúruverndarsinnar halda fram, gat fólk á Reyðarfirði ekki ákveðið að vinna bara við eitthvað annað. Í

frjálsu hagkerfi verður einhver að vilja borga fyrir vinnuna. Blind trú á því að álver leysi allt er skaðleg en trúin á að sprotar spretti sjálfkrafa um víðan völl óháð markaðslögmálum er engu betri.

Útsýnið frá Austurvelli er mjög takmarkað. Það sýnir ekki fábreytileikann í atvinnumálum margs landsbyggðarfólks. Andri Snær hæðist að fögnuði fólksins sem sá drauma sína rætast um að brjótast út úr einhæfni fiskvinnslu. Skilaboð hans til landsbyggðarfólksins eru í grófum dráttum: Þið getið bara gert eitthvað annað. Líkt og fólkið hafi ekki reynt það sem minnsti grundvöllur var fyrir. Viðhorfið gagnvart fólkinu minnir um margt á meint viðbrögð Frakkadrottningarinnar Marie Antoinette við bón múgsins um brauð: „Geta þau ekki bara borðað kökur?" Öfgafullir náttúruverndarsinnar og frjálshyggjumenn byggja kröfur sínar á þetta reddast-hagfræði."

Nýtt Ísland verður að hreinsa sig af þessu. Því tel ég mjög við hæfi þegar við förum í kosningar, þar sem við erum að fara að velja þá sem munu stjórna landinu og byggja upp hið nýja Ísland, að við ljúkum þinginu á þessu máli þar sem við ætlum að skapa raunveruleg störf, störf sem munu byggja á raunverulegri framleiðslu á raunverulegum verðmætum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Frv. AtlG o.fl., 342. mál (bann við kaupum á vændi). — Þskj. 583, nál. 885, brtt. 886.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:11]

Brtt. 886,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 27:2 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, EKG, EyH, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, KJak, KaJúl, KolH, KHeim, LB, MS, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BBj, JM.

17 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjörkG, DPál, GMJ, GSB, HerdÞ, KVM, KÓ, PHB, REÁ, RR, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KHG, KÞJ, KLM, ÓN, SKK, VS) fjarstaddir.

Brtt. 886,2 samþ. með 25:3 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, EyH, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHeim, MS, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: BBj, JM, KÓ.

16 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjörkG, DPál, EKG, GMJ, GSB, HerdÞ, PHB, REÁ, RR, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMöl, BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KHG, KÞJ, KLM, LB, ÓN, SKK, VS, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 28:3 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, EKG, EyH, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHeim, LB, MS, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BBj, JM, KÓ.

15 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjörkG, DPál, GMJ, GSB, HerdÞ, PHB, REÁ, RR, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KHG, KÞJ, KLM, ÓN, SKK, VS) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 27:3 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, EyH, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHeim, LB, MS, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BBj, JM, KÓ.

16 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BÁ, BjörkG, DPál, EKG, GMJ, GSB, HerdÞ, PHB, REÁ, RR, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KHG, KÞJ, KLM, ÓN, SKK, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Skaðabótalög, frh. 2. umr.

Frv. allshn., 438. mál (frádráttarreglur). — Þskj. 747.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:12]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Heimild til samninga um álver í Helguvík, frh. 2. umr.

Stjfrv., 394. mál (heildarlög). — Þskj. 664, nál. 884 og 910.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:13]

1. gr. samþ. með 36:9 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JóhS, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KHeim, LB, MS, PHB, REÁ, RR, SF, SVÓ, StB, ÖS.

nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, KJak, KolH, MÁ, SJS, ÞBack, ÖJ.
18 þm. (BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KVM, KÞJ, KLM, ÓN, SKK, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 37:9 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JóhS, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KHeim, LB, MS, PHB, REÁ, RR, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÖS.
nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, KJak, KolH, MÁ, SJS, ÞBack, ÖJ.
17 þm. (BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KVM, KÞJ, KLM, ÓN, SKK, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 884,1 samþ. með 37:8 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JóhS, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KHeim, LB, MS, PHB, REÁ, RR, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÖS.
nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
17 þm. (BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KVM, KÞJ, KLM, ÓN, SKK, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 37:9 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JóhS, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KHeim, LB, MS, PHB, REÁ, RR, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÖS.
nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, KJak, KolH, MÁ, SJS, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (ÞSveinb) greiddi ekki atkv.
16 þm. (BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KVM, KÞJ, KLM, ÓN, SKK, VS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 884,2 samþ. með 38:8 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JóhS, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KHeim, LB, MS, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÖS.
nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, KJak, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (MÁ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KVM, KÞJ, KLM, ÓN, VS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 36:9 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JóhS, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KHeim, LB, MS, PHB, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÖS.
nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, KJak, KolH, MÁ, SJS, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (ÞSveinb) greiddi ekki atkv.

17 þm. (BÁ, BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KVM, KÞJ, KLM, ÓN, REÁ, VS) fjarstaddir.

6.–9. gr. samþ. með 38:9 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JóhS, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KHeim, LB, MS, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÖS.
nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, KJak, KolH, MÁ, SJS, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (ÞSveinb) greiddi ekki atkv.
15 þm. (BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KVM, KÞJ, KLM, ÓN, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 20:16.

---

135. FUNDUR

föstudaginn 17. apríl,
að loknum 134. fundi.

Dagskrá:

1. Sjúkraskrár, stjfrv., 170. mál, þskj. 954, frhnál. 953. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Ríkisendurskoðun, frv., 416. mál, þskj. 955. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Almenn hegningarlög, frv., 342. mál, þskj. 959. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Skaðabótalög, frv., 438. mál, þskj. 747. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Heimild til samninga um álver í Helguvík, stjfrv., 394. mál, þskj. 960. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 454. mál, þskj. 829. — 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:17]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1.–5. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GMJ,

GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JóhS, JM, KaJúl, KolH, KHG, KHeim, LB, MS, PHB, REÁ, RR, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KVM, KJak, KÓ, KÞJ, KLM, ÓN, SKK, VS) fjarstaddur.

Sjúkraskrár, 3. umr.

Stjfrv., 170. mál (heildarlög). — Þskj. 954, frhnál. 953.

[20:18]

Frsm. heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti um frumvarp til laga um sjúkraskrár. Nefndin ræddi 15. gr. frumvarpsins í tilefni af ábendingum sem fram komu við 2. umr. frumvarpsins og fékk á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur frá heilbrigðisráðuneyti og Kristján Oddsson frá landlæknisembættinu.

Við umræður í nefndinni kom fram að aðgangur að sjúkraskrá látins einstaklings hafi verið heimilaður með stoð í 12. gr. laga um réttindi sjúklinga þar sem fjallað er um þagnarskyldu og heimild til upplýsingagjafar eftir lát sjúklings. Nefndin telur að 15. gr. frumvarpsins, eins og hún lagði til að henni yrði breytt við 2. umr., sé ekki nægilega skýr og leggur til að þar komi fram að aðgangur að sjúkraskrá látins einstaklings sé heimill nánum aðstandendum með þeim skilyrðum og takmörkunum sem þar greinir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 15. gr. Greinin orðist svo: Mæli ríkar ástæður með því er umsjónaraðila sjúkraskrár heimilt að veita nánum aðstandanda látins einstaklings, svo sem maka, foreldri eða afkomanda, aðgang að sjúkraskrá hins látna með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum hlutaðeigandi. Telji umsjónaraðili sjúkraskrár vafa leika á réttmæti þess að veita slíkan aðgang skal hann án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til ákvörðunar um hvort aðgangur að sjúkraskránni skuli veittur. Landlæknir skal afgreiða erindið innan átta vikna. Ákvörðun landlæknis um aðgang að sjúkraskrá hins látna er kæranleg til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

Mörður Árnason, Ellert B. Schram, Guðlaugur Þór Þórðarson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir framhaldsnefndarálitið rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Ásta Möller, Álfheiður Ingadóttir, Eygló Harðardóttir og Dögg Pálsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:20]

Brtt. í nál. 953 samþ. með 48 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JóhS, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KHeim, LB, MS, MÁ, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (BÁ, BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KÞJ, KLM, ÓN, VS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 961).

Ríkisendurskoðun, 3. umr.

Frv. GSv o.fl., 416. mál (bættur aðgangur fjárlaganefndar að upplýsingum). — Þskj. 955.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:21]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JóhS, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KHeim, LB, MS, MÁ, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (BÁ, BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KÞJ, KLM, ÓN, VS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 962).

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Frv. AtlG o.fl., 342. mál (bann við kaupum á vændi). — Þskj. 959.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:25]

Frv. samþ. með 27:3 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, EyH, GuðbH, GAK, GSv, HSH, JóhS, KVM, KJak, KaJúl, KolH, KHeim, LB, MS, MÁ, SF, SJS, SVÓ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BBj, JM, KÓ.

16 þm. (ArnbS, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BjörkG, DPál, EKG, GMJ, GSB, HerdÞ, PHB, REÁ, RR, SKK, StB, ÞKG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KHG, KÞJ, KLM, ÓN, VS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:22]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það mun hafa verið á útmánuðum árið 2000 sem við hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman og sá sem hér stendur fluttum í fyrsta sinn frumvarp með hliðstæðu efni. Það frumvarp sem hér er að verða að lögum er sem sagt afrakstur 10 ára baráttu. Það naut ekki mikils stuðnings í byrjun og fáir tóku undir þau sjónarmið sem þar var fyrst hreyft í íslenskum stjórnmálum, að við ættum að breyta okkar rétti í þá átt að kaup á vændi yrðu gerð refsiverð.

Með þessum gleðilegu tímamótum sem hér eru að verða kemst íslenskt réttarfar að mínu mati loksins í það horf sem það hlýtur eftirleiðis að verða, að refsivert sé að kaupa sér aðgang að líkama annarrar manneskju. Í mínum huga erum við að upplifa stóran dag í kvenfrelsisbaráttu. Ég fagna þessum tímamótum sérstaklega.

[20:23]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er afar gleðilegt að við erum að ganga til atkvæða um svokallað vændismál. Héðan í frá verður refsivert að kaupa vændi og þeir sem gera það skulu borga sekt eða fara í fangelsi í allt að eitt ár. Ef um barn undir 18 ára aldri er að ræða getur fangelsisvistin varað allt að tveimur árum.

Ég vil nefna að Landssamband framsóknarkvenna var meðal þeirra 14 kvennasamtaka sem ályktuðu sérstaklega um þetta mál árið 2003. Ég vil líka nefna að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson og fyrrverandi þingmaður, Jónína Bjartmarz, voru á þessari skoðun þegar málið var skoðað í nefnd. Þrír hv. þingmenn frá Framsóknarflokknum eru á þessu máli, sú sem hér stendur og einnig hv. þm. Eygló Harðardóttir og Helga Sigrún Harðardóttir.

Þó að ég haldi þessu til haga vil ég sérstaklega taka fram að hæstv. umhverfisráðherra Kolbrún Halldórsdóttir hefur barist fyrir þessu máli (Forseti hringir.) í öll þessi ár og það er sómi að því að við göngum núna til atkvæða um það. Ég þakka henni sérstaklega (Forseti hringir.) fyrir ötula baráttu og það hefur verið ánægjulegt að geta stutt hana.

[20:24]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég óska okkur öllum hjartanlega til hamingju með daginn í dag, Alþingi Íslendinga og Íslendingum öllum með þennan stóra áfanga, ekki bara í kvennabaráttu heldur í mannréttindabaráttu. Það er brotið í blað í Íslandssögunni með samþykkt þessa frumvarps og ég tek undir með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem talaði á undan mér, það eru margir sem hafa komið að þessum málum, m.a. hæstv. núverandi umhverfisráðherra, Kolbrún Halldórsdóttir, margar þær þingkonur sem eru núna í þessum sal og aðrir þingmenn. Þetta er stór dagur í íslenskri kvennabaráttu.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 963).

Skaðabótalög, 3. umr.

Frv. allshn., 438. mál (frádráttarreglur). — Þskj. 747.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[20:26]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við greiðum atkvæði um breytingu á skaðabótalögum, frumvarp sem hv. allsherjarnefnd flytur. Þetta mál hefur verið til meðferðar hjá nefndinni í býsna mörg ár, fyrst á síðasta kjörtímabili. Það er mikið fagnaðarefni að frumvarpið sé nú að verða að lögum vegna þess að það felur í sér mikla réttarbót fyrir hóp tjónþola sem hafa orðið fyrir miklu tjóni en þurft að sæta því að bætur þeirra hafa verið skertar með afskaplega ósanngjörnum hætti vegna skerðingarákvæða skaðabótalaganna eins og þau eru nú.

Með samþykkt þessa frumvarps heyrir þessi ósanngirni sögunni til gagnvart fólki sem verður fyrir tjóni og á um afskaplega sárt að binda. Ég fagna þessu frumvarpi og hvet alla til að greiða því atkvæði sitt.

[20:27]

Árni Páll Árnason (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur verið lengi á borði allsherjarnefndar og nú náðist samstaða um að afgreiða það út og leggja fyrir Alþingi. Sú löggjöf sem sett var um skaðabótalög árið 1999 hefur reynst að mörgu leyti ágætlega en er líka gölluð að ýmsu leyti. Þetta tiltekna atriði hefur valdið mörgum miklu tjóni og er með eindæmum óréttlátt. Það veldur því jafnvel að eftirlifandi makar þurfa að sæta skerðingu á bótum vegna bóta sem hinn látni hefði fengið frá almannatryggingakerfinu hefði hann lifað, svo ótrúlega óréttlátt er það kerfi sem við erum nú að afnema. Ég óska þingheimi til hamingju með að hafa náð saman um þessa réttarbót.

[20:28]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við afgreiðum hér mikið réttlætismál, réttarbót fyrir þann hóp manna sem er einna verst settur í okkar samfélagi, það fólk sem hefur misst heilsuna og misst vinnugetu í slysum og fólk sem hefur misst maka sinn í slysum. Það er mikilvægt að nú eru leiðrétt þau mistök sem voru gerð á sínum tíma við setningu skaðabótalaganna 1999, fyrir 10 árum, sem urðu til þess að af rétt dæmdum bótum fyrir slys eru dregnar allar bætur almannatrygginga og greiðslur úr lífeyrissjóði fyrir lífstíð. Þetta er mikilvæg réttarbót fyrir þennan hóp manna. Ég fagna þessu sérstaklega og því frumkvæði og þeirri þrautseigju þeirra lögmanna sem á undanförnum 10 árum hafa hvatt þingmenn, sérstaklega hv. alþingismenn í allsherjarnefnd, til að breyta þessum lögum.

[20:29]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Allsherjarnefnd sammæltist um að klára það réttlætismál sem við göngum nú til atkvæða um. Það er mjög ánægjulegt, þetta er búið að taka langan tíma, þetta er frekar flókið mál en núna tókst í allsherjarnefnd að ganga frá þessu þannig að við göngum ánægð til atkvæða og þá þarf ekkert að skoða þetta mál, a.m.k. ekki í bili. Nú er verið að gefa fólki mikla réttarbót sem það hefði ella ekki átt kost á. Ég segi já.

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JóhS, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KHeim, LB, MS, MÁ, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (BÁ, BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KÞJ, KLM, ÓN, PHB, VS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 964).

Heimild til samninga um álver í Helguvík, 3. umr.

Stjfrv., 394. mál (heildarlög). — Þskj. 960.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[20:31]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég kem hér upp til að fagna því að þetta mál, heimild til samninga um álver í Helguvík, sé loksins að verða að lögum. Við sjálfstæðismenn styðjum það heils hugar og höfum beðið lengi eftir því að fá það rætt á hinu háa Alþingi. Það er okkur sönn ánægja að liðsinna hinni rauðgrænu ríkisstjórn sem ber nafn sitt með rentu miðað við hvernig taflan var hér útleikin áðan og okkur er mikil ánægja að geta aðstoðað ríkisstjórnina í þessu góða máli. Þetta er góður dagur fyrir íbúa á Suðurnesjum og fyrir landsmenn alla og vonandi fyrsta skrefið sem við Íslendingar stígum nú í átt að betri og bjartari framtíð í atvinnumálum.

Frv. samþ. með 38:9 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JóhS, JM, KaJúl, KÓ, KHG, KHeim, LB, MS, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞKG, ÖS.

nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, KJak, KolH, MÁ, SJS, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (ÞSveinb) greiddi ekki atkv.

15 þm. (BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KVM, KÞJ, KLM, ÓN, VS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:32]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Sem aldrei fyrr er grundvallaratriði að efla atvinnusköpun í landinu til heilla heimilum og atvinnulausum svo og þjóðinni í heild. Nær þúsund manns misstu óvænt vinnu á Suðurnesjum fyrir nokkrum missirum og álver í Helguvík mun veita 400 störf í frumframleiðslu en alls 1.100 störf með afleiddum störfum.

Á byggingartíma verða til á þriðja þúsund störf á Suðurnesjum og víðar að loknum tveimur áföngum af fjórum. Með 180.000 tonna framleiðslugetu er stefnt að fullvinnslu úr áli sem getur skapað hundruð nýrra starfa og bæjarstjórnarmeirihluti sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ hefur nú þegar hafið undirbúning á framvindu þess möguleika. Meðal annars á þessum forsendum segjum við sjálfstæðismenn já.

[20:33]

Björk Guðjónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frumvarp er nú að verða að lögum. Það mun styðja það að mjög mikilvægt atvinnuskapandi mál verði að veruleika. Annað viðlíka verkefni er alls ekki í sjónmáli á Íslandi á næstunni. Suðurnesjamenn og Íslendingar þurfa nú sem aldrei fyrr á því að halda að sjá að raunverulega sé verið að gera eitthvað í atvinnumálum þjóðarinnar. Álver í Helguvík mun hafa mjög jákvæð áhrif á atvinnulífið og þess vegna segi ég já.

[20:34]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Við framsóknarmenn styðjum heils hugar heimild til samninga um álver í Helguvík. Við teljum þau álver sem nú eru rekin í landinu, í Straumsvík, á Grundartanga og á Reyðarfirði, mjög mikilvæg, þau skapa fjölmörg störf og skapa okkur miklar gjaldeyristekjur. Við styðjum því þau verkefni sem hefur verið mest rætt um í þessu sambandi, þ.e. bæði Helguvík og Bakka á Húsavík. Það er mjög mikil þörf fyrir ný störf inn í landið núna og auknar gjaldeyristekjur, hér eigum við mjög mikla græna orku og það er eðlilegt að nýta hana.

Það vekur talsverða furðu að Vinstri grænir og líka þingmaður Samfylkingarinnar (**Gripið fram í:** Varaþingmaður.) skuli ekki geta stutt þetta mál, já, varaþingmaður, og svo að fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra og núverandi alþingismaður, Þórunn Sveinbjarnardóttir, getur ekki stutt það. (Forseti hringir.) Þetta vekur mikla furðu af því að það er (Forseti hringir.) þörf á nýjum störfum og það er þörf á gjaldeyristekjum inn í landið.

[20:35]

Umhverfisráðherra (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Hún er að mínu mati dapurleg, framtíðarsýn þeirra sem þykir það sjálfsagt að fórna enn fleiri dýrmætum náttúruperlum en orðið er fyrir uppbyggingu á mengandi þungaiðnaði og láta sér í léttu rúmi liggja að arðurinn af starfseminni hverfi úr landi ofan í djúpa vasa eigenda alþjóðlegra auðhringja sem hingað til hafa legið undir ámæli fyrir herfilega eyðingu vistkerfa á Indlandi, í Brasil-

íu, Ástralíu og Jamaíku þar sem rauð drulla blönduð vítissóda hrúgast upp og eyðileggur bæði búsvæði manna og dýra. Á sama tíma er hér talað um að auðlindirnar eigi að vera í þjóðareigu.

Hæstv. forseti. Framtíðarsýn okkar, vinstri grænna, gengur út á sjálfbæra atvinnu- og orkustefnu. Við auðlindanýtingu samkvæmt slíkri stefnu þarf að gæta varúðar og varúðarnálgun og vistkerfisnálgun eru lykill í slíkri stefnu. Innan hennar er ekki rúm fyrir frekari uppbyggingu mengandi (Forseti hringir.) stóriðju. Ég segi nei.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 965).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 454. mál. — Þskj. 829.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:38]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, BjörkG, BBj, DPál, EKG, EyH, GMJ, GuðbH, GAK, GSv, HSH, HerdÞ, JóhS, JM, KVM, KJak, KaJúl, KÓ, KolH, KHG, KHeim, LB, MS, MÁ, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (BÁ, BJJ, BjarnB, EMS, EBS, GSB, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KÞJ, KLM, ÓN, VS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:37]

Gunnar Svavarsson:

Virðulegur forseti. Ég segi já. Takk fyrir mig. Gangi ykkur, hv. þingmönnum, vel og starfsmönnum þingsins. Takk fyrir, búið. [Hlátur í þingsal.]

[20:38]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Um leið og ég fagna því að Íslendingum hefur fjölgað um eina 18 vil ég líkt og hv. þm. Gunnar Svavarsson segja: Takk fyrir mig. Þetta eru búin að vera ánægjuleg 14 ár og hér hefur maður kynnst mörgum. Ég vil segja að þrátt fyrir að á köflum hafi blásið hér um þingsali ganga allir, held ég, sæmilega sáttir frá þessum leik. Ég óska, líkt og Gunnar, þingheimi velfarnaðar og segi líkt og hann: Takk fyrir mig.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 966).

Þingfrestun.

[20:39]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Háttvirtir alþingismenn. Nú er komið að lokum síðasta þingfundar þessa þings. Vegna þess mikla efnahagsáfalls sem þjóðin hefur orðið fyrir voru þeir flokkar sem standa að ríkisstjórninni sammála um það við myndun hennar að efna sem fyrst til almennra alþingiskosninga þannig að Alþingi og ríkisstjórn hefðu skýrt umboð í ljósi breyttra aðstæðna. Þær kosningar verða 25. apríl nk. og þann dag rennur jafnframt út það umboð sem við alþingismenn fengum í kosningunum fyrir tæpum tveimur árum.

Það mátti sjá strax á fyrsta degi þessa löggjafarþings að það yrði sögulegt. Sú varð og reyndin. Efnahagshrunið og sú ólga sem varð í þjóðfélaginu í kjölfar þess setti skýrt mark á þingstörfin. Umbrotin sem urðu í haust leiddu til þess að á þingi varð að afgreiða mikilvæg þingmál með skjótum hætti til að takast á við þann bráðavanda sem við blasti. Ber að þakka þingheimi öllum fyrir samstillt og skjót viðbrögð á hinum örlagaríku haustmánuðum. Á vetrar- og vorþinginu var áfram tekist á við brýn viðfangsefni sem við blöstu í kjölfar bankahrunsins. Hefur mikill fjöldi þingmála verið afgreiddur á vorþingi með það að markmiði að leysa vanda heimila og fyrirtækja. Má segja að stór hluti þeirra laga sem afgreidd hafa verið á þessu þingi tengist þeim efnahagsáföllum sem við höfum gengið í gegnum.

Þá verður þessa þings ekki síður minnst fyrir það að stjórnarskipti urðu 1. febrúar sl. þegar ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tók við. Er þetta í fyrsta sinn síðan 1979, þ.e. í heil 30 ár, sem minnihlutastjórn er við stjórnvölinn. Sömuleiðis eru 30 ár liðin frá því að þing var síðast rofið fyrir mitt kjörtímabil. Einnig verður að nefna að aldrei hefur Alþingi setið að störfum jafnnærri alþingiskosningum og nú hefur orðið. Það er því ljóst að þetta þing mun eiga sinn sess í sögubókum.

Þrátt fyrir að þingstörfin hafi staðið skemur en á hefðbundnu þingi vegna þingrofsins hafa afgreidd þingmál í reynd verið litlu færri en á öðrum reglulegum þingum. Alls voru afgreidd 100 frumvörp sem lög og jafnframt hafa verið samþykktar 13 þingsályktanir. Ég vil í því sambandi sérstaklega vekja athygli hv. alþingismanna á því að á þeim stutta tíma sem minnihlutastjórnin hefur setið hafa fleiri nefnda- og þingmannafrumvörp verið afgreidd á Alþingi en sést hefur um langt árabil. Afgreidd frumvörp frá nefndum eru 17 og frá þingmönnum eru þau fimm. Að þessu leyti hefur sú breyting að hér starfar minnihlutastjórn sett mark sitt á störf Alþingis. Þetta er vonandi vísbending um aukið frumkvæði Alþingis í lagasetningu.

Kosningar eru ávallt tímamót og við lok þessa kjörtímabils munu margir alþingismenn hverfa af þingi. Sumir hafa ákveðið að bjóða sig ekki fram til endurkjörs, aðrir hafa ekki hlotið framgang í prófkjörum og enn aðrir eiga ekki afturkvæmt hingað í þennan sal eins og gerist og gengur.

Í þeim hópi alþingismanna sem hafa ákveðið að sækjast ekki eftir endurkjöri er forveri minn í embætti forseta Alþingis á þessu kjörtímabili og á þessu þingi, Sturla Böðvarsson. *Hann hverfur nú af þingi eftir 18 ára þingsetu.* Ég þakka honum fyrir góð og farsæl störf hans við stjórn þingsins og þá forustu sem hann hefur veitt í því að efla þingið. Ég þakka honum einnig góð kynni um langt árabil og óska honum alls hins besta í framtíðinni.

Í vor hverfa af þingi margir forustumenn flokkanna með langa þingreynslu að baki. Í þeim hópi eru einstaklingar sem gegnt hafa trúnaðarstörfum á Alþingi og aðrir sem

þingflokkarnir hafa falið ráðherrastörf. Við höfum áður kvatt Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra og fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins, og Valgerði Sverrisdóttur, fyrrverandi utanríkis- og iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og í fyrrahaust kvöddum við Guðna Ágústsson, fyrrverandi formann Framsóknarflokksins. Þá lætur nú af þingmennsku Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra og fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar. Vil ég fyrir hönd þingheims óska Ingibjörgu Sólrúnu góðs bata í þeim veikindum sem hún á við að stríða og óska henni alls hins besta í framtíðinni.

Nokkrir þingmenn sem hafa verið í forustu á Alþingi og ríkisstjórn hafa tilkynnt að þeir muni ekki sækjast eftir endurkjöri; en í þeim hópi eru fyrrverandi ráðherrar, þeir Árni M. Mathiesen, Björn Bjarnason og Magnús Stefánsson, enn fremur Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, og Kristinn H. Gunnarsson, 5. varaforseti Alþingis sem tvívegis áður var formaður þingflokks. Auk Kristins láta nú tveir aðrir varaforsetar af þingmennsku. Það eru þau Einar Már Sigurðarson og Guðfinna S. Bjarnadóttir. Ég þakka þeim og öðrum varaforsetum fyrir ágæta samvinnu við stjórn þinghaldsins. Þá vil ég nefna að nú lætur af þingmennsku Ellert B. Schram sem er aldursforseti þingsins að lífaldri. Hann tók fyrst sæti á Alþingi 1971, fyrir tæpum fjórum áratugum, og hefur tekið sæti á Alþingi með hléum þrisvar sinnum.

Öllum þessum þingmönnum og öðrum þeim sem láta af þingmennsku og ég hef ekki nefnt þakka ég fyrir störf þeirra í þágu þings og þjóðar og óska þeim alls hins besta á komandi árum.

Oft heyrast þær raddir að það sé mikilvægt fyrir lýðræðið að veruleg endurnýjun verði í þingmannahópnum við hverjar alþingiskosningar. Reyndin er sú að talsverð endurnýjun verður í kjölfar kosninga og e.t.v. meiri en flestir gera sér grein fyrir. Á undanförnum áratugum hefur endurnýjun í þingmannahópnum þannig verið að jafnaði hátt í 30%. Stundum hefur hún verið áberandi mikil eins og 1991 þegar 25 nýir þingmenn komu til þings, nærri 40% þingmannahópsins. Við síðustu alþingiskosningar, vorið 2007, voru nýliðar litlu færri, 24. Margt bendir svo til þess að veruleg breyting verði á skipan Alþingis eftir þær kosningar sem nú fara í hönd.

Þótt erfitt sé og ekki viðeigandi að spá í úrslit komandi kosninga má gera ráð fyrir að meira en helmingur þingmanna á næsta þingi muni hafa tveggja ára þingreynslu eða skemmri. Það má taka undir þau sjónarmið að regluleg endurnýjun á Alþingi sé góð og mikilvæg, en hitt skiptir ekki síður miklu að samfella sé í starfi Alþingis og að mikilvægi reynslunnar sé ekki vanmetið.

Ég heiti einnig á alþingismenn og öll þau stjórnmálasamtök sem nú leita eftir stuðningi kjósenda og ganga til leiks með orðsins brand að vopni að heyja góða og heiðarlega kosningabaráttu sem megi verða okkur öllum til sóma.

Að lokum þakka ég alþingismönnum og starfsfólki Alþingis fyrir gott samstarf þann tíma sem ég hef gegnt starfi þingforseta.

[20:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forseta hlýjar og góðar óskir í garð okkar þingmanna og fjölskyldna okkar. Í nafni okkar þingmanna þakka ég forseta fyrir það samstarf sem við áttum á þessum erfiða og óvenjulega þingvetri. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans góðs og gjöfuls sumars og alls hins besta í bráð og lengd.

Enn fremur færi ég skrifstofustjóra Alþingis og starfsliði öllu alúðarþakkir okkar alþingismanna fyrir mikla lipurð og aðstoð við okkur þingmenn í oft mjög erfiðum aðstæðum. Sérstök ástæða er til að minnast þess og þakka starfsfólki fyrir það æðruleysi sem það sýndi við ótrúlegar aðstæður sem sköpuðust í þinginu við atburðina sem áttu sér stað við Alþingi í janúarmánuði.

Ég þakka einnig þeim fjölmörgu þingmönnum sem nú láta af þingmennsku fyrir gott samstarf og óska þeim alls hins besta á nýjum vettvangi.

Kosningabaráttunni hefur að þessu sinni verið gefinn óvenjustuttur tími. Ég vil því láta í ljós þá ósk og von að kosningabaráttan fram undan verði drengileg og þjóðinni til heilla. Ég bið hv. alþingismenn að taka undir þessi orð mín og óskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[20:47]

Forseti (Guðbjartur Hannesson):

Ég þakka hv. 5. þm. Norðaust., Arnbjörgu Sveinsdóttur, fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum.

Ég endurtek þakkir mínar og óskir til hv. þingmanna og alls starfsfólks Alþingis.

[20:47]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 136. löggjafarþings, frá 16. apríl 2009 eða síðar, ef nauðsyn krefur.

Gjört á Bessastöðum, 16. apríl 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 136. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Fundi slitið kl. 20:48.